Alþingi 1992

ÞINGSETNINGARFUNDUR

mánudaginn 17. ágúst.

Þingsetning.

Árið 1992, mánudaginn 17. ágúst, var hundraðasta og sextánda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það nítugasta og fimmta aðalþing í röðinni en hundrað þrítugasta og fyrsta samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Árni Bergur Sigurbjörnsson steig í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.
2. Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.
3. Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.
4. Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.
5. Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.
6. Davíð Oddsson, 1. þm. Reykv.
7. Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.
8. Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.
9. Eiður Guðnason, 4. þm. Vesturl.
10. Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.
11. Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Reykv.
12. Finnur Ingólfsson, 11. þm. Reykv.
13. Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.
14. Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.
15. Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.
16. Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.
17. Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv.
18. Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.
19. Guðrún Helgadóttir, 14. þm. Reykv.
20. Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.
21. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
22. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
23. Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.
24. Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.
25. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv.
26. Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.
27. Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.
28. Jóhanna Sigurðardóttir, 12. þm. Reykv.
29. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.
30. Jón Baldvin Hannibalsson, 7. þm. Reykv.
31. Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.
32. Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.
33. Jón Sigurðsson, 4. þm. Reykn.
34. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.
35. Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn.
36. Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.
37. Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv.
38. Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv.
39. Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.
40. Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.
41. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
42. Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.
43. Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.
44. Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.
45. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
46. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
47. Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.
48. Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.
49. Salome Þorkelsdóttir, 2. þm. Reykn.
50. Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.
51. Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.
52. Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.
53. Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.
54. Stefán Guðmundsson, 4. þm. Norðurl. v.
55. Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.
56. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
57. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.
58. Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.
59. Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.
60. Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.
61. Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.
62. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
63. Össur Skarphéðinsson, 17. þm. Reykv.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis kom forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir):

Hinn 7. ágúst 1992 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Samkvæmt lögum nr. 31 1. júní 1992, um samkomudag reglulegs Alþingis 1992 o.fl., sbr. síðari mgr. 35. gr. stjórnarskrárinnar, skal reglulegt Alþingi 1992 koma saman mánudaginn 17. ágúst 1992.

Um leið og ég birti þetta, að tillögu forsætisráðherra, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Al-

þingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 7. ágúst 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um setningu Alþingis mánudaginn 17. ágúst 1992."

Samkvæmt bréfi því sem ég nú hef lesið lýsi ég yfir því að Alþingi Íslendinga er sett. Ég óska þingmönnum öllum þeirrar gæfu að umræður hér í þingsölum megi verða farsælar og ákvarðanir gifturíkar eftir að allar hliðar mála hafa verið kannaðar.

Ég bið yður að minnast ættjarðarinnar.

[Þingheimur stóð upp og **fjármálaráðherra, Friðrik Sophusson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tóku þingmenn undir þessi orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi þar til kosning forseta Alþingis hefur farið fram. Ég bið aldursforseta, Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf., að ganga til forsetastóls.

Aldursforseti (Matthías Bjarnason):

Ég býð alla hv. alþingismenn velkomna til þingstarfa. Sömuleiðis býð ég starfsfólk þingsins velkomið til starfa og óska því allra heilla í störfum þess.

Þessum fundi verður nú frestað til kl. 5 síðdegis en þá verður stuttur fundur til þess að útbýta þingskjölum. Síðan er ráðgert að framhald þessa þingsetningarfundar verði á miðvikudaginn kl. 13.30. — [Fundarhlé.]

Útbýting þingskjals:

Evrópskt efnahagssvæði, 1. mál, stjfrv., þskj. 1.

Fundi frestað.

ÞINGSETNINGARFUNDUR (frh.)

miðvikudaginn 19. ágúst,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.
2. Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.
3. Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa:
   a. allsherjarnefnd, 9 manna,
   b. efnahags- og viðskiptanefnd, 9 manna,
   c. félagsmálanefnd, 9 manna,
   d. fjárlaganefnd, 11 manna,
   e. heilbrigðis- og trygginganefnd, 9 manna,
   f. iðnaðarnefnd, 9 manna,
   g. landbúnaðarnefnd, 9 manna,
   h. menntamálanefnd, 9 manna,
   i. samgöngunefnd, 9 manna,
   j. sjávarútvegsnefnd, 9 manna,
   k. umhverfisnefnd, 9 manna,
   l. utanríkismálanefnd, 9 manna og 9 varamanna.
4. Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

Fjarvistarleyfi höfðu:

Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Kristín Einarsdóttir, 18. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Einkaleyfi og vörumerki, 3. mál, stjfrv., þskj. 3.
Gjaldeyrismál, 5. mál, stjfrv., þskj. 5.
Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, 16. mál, frv. HÁ o.fl., þskj. 16.
Húsgöngu- og fjarsala, 10. mál, stjfrv., þskj. 10.
Innflutningur, 6. mál, stjfrv., þskj. 6.
Íslenskt ríkisfang og EES, 15. mál, stjfrv., þskj. 15.
Kjaradómur, 19. mál, stjfrv., þskj. 19.
Lánasjóður íslenskra námsmanna, 17. mál, frv. SvG o.fl. þskj. 17.
Neytendalán, 14. mál, stjfrv., þskj. 14.
Samkeppnislög, 9. mál, stjfrv., þskj. 9.
Staðlar, 4. mál, stjfrv., þskj. 4.
Verðbréfasjóðir, 12. mál, stjfrv., þskj. 12.
Verðbréfaviðskipti, 11. mál, stjfrv., þskj. 11.
Verðbréfaþing Íslands, 13. mál, stjfrv., þskj. 13.
Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, 2. mál, stjfrv., þskj. 2.
Vog, mál og faggilding, 7. mál, stjfrv., þskj. 7.
Þingsköp Alþingis (forsætisnefnd, ræðutími o.fl.). 18. mál, frv. PP o.fl., þskj. 18.
Öryggi framleiðsluvöru, 8. mál, stjfrv., þskj. 8.

Kosning forseta.

Aldursforseti (Matthías Bjarnason):

Samkvæmt 3. gr. þingskapa skal nú kjósa forseta Alþingis. Í þeirri grein segir að þeir einir séu í kjöri sem tilnefndir eru og eigi hreyfa andmælum við því. Óska ég hér með eftir tilnefningum.

Tilnefning hefur borist um Salome Þorkelsdóttur, 2. þm. Reykn., og fer nú fram skrifleg kosning. Ég vil biðja þingverði að útbýta atkvæðaseðlum. Áður en atkvæðagreiðslan hefst vil ég minna á að það er aðeins Salome Þorkelsdóttir sem er í kjöri. Ef aðrir kynnu að fá atkvæði verður litið á það sem ógilda seðla.

Gengið var til forsetakosningar. Atkvæði féllu þannig að **Salome Þorkelsdóttir**, 2. þm. Reykn., hlaut 38 atkv., auðir seðlar voru 21 og einn seðill ógildur.

Aldursforseti (Matthías Bjarnason):

Samkvæmt þessu er Salome Þorkelsdóttir rétt kjörin forseti Alþingis. Ég óska henni til hamingju með kosninguna og vil árna henni allra heilla í störfum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Háttvirtir alþingismenn. Ég þakka það traust sem mér er sýnt með því að kjósa mig forseta Alþingis nú í þriðja sinn. Ég þakka aldursforseta hlý orð og árnaðaróskir í minn garð.

Sem fyrr lít ég á mig sem forseta alls þingsins. Í því felst að ég vil sjá til þess að sérhver þingmaður fái að njóta réttar síns í þessum sal. Réttur þingmanna samkvæmt stjórnarskrá og þingsköpum er mikill en honum fylgir líka sú ábyrgð að sýna sanngirni og tillitssemi og á það að sjálfsögðu jafnt við um stjórnarþingmenn sem stjórnarandstöðuþingmenn.

Skyldur forseta felast m.a. í því að gæta þess að þingsköp séu haldin og að starf Alþingis fari þannig fram að sómi sé að. Það liggur í eðli þessarar stofnunar að hún er í senn helsti pólitíski vettvangur landsmanna en um leið þarf hún að vera þess megnug að komast að niðurstöðu máls og afgreiða þau að lokinni nauðsynlegri umfjöllun og athugun.

Síðan hin mikla og róttæka breyting varð á skipulagi Alþingis á sl. ári hafa orðið töluverðar umræður um þingstörfin. Ég hygg að það sé mat flestra þingmanna að vel hafi tekist til með þá breytingu þótt ýmislegt megi enn færa til betri vegar, bæði í hinum skráðu og óskráðu leikreglum hér.

Okkur þingmönnum er vissulega hollt að hlusta eftir þeirri umræðu sem fram fer í þjóðfélaginu um störf Alþingis, ekki síst þar sem sú mynd sem birtist þjóðinni er ekki alltaf sú sem við mundum kjósa.

Skömmu eftir að þingstörfum lauk sl. vor sendi ég formönnum þingflokka nokkrar ábendingar og hugmyndir um breytingar á þingsköpum sem ég taldi að til greina kæmu með hliðsjón af starfi þingsins sl. vetur. Nú liggur fyrir að samkomulag hefur tekist um nokkur atriði sem hiklaust má telja til bóta. Sérstaklega vil ég lýsa ánægju minni með þá sátt sem orðið hefur um skipan forsætisnefndar þingsins og trúi að eigi eftir að hafa farsæl áhrif á störf okkar á þessu þingi.

Alþingi hefur breyst mjög mikið á undanförnum tveimur þremur áratugum. Skipulag þingsins hefur tekið miklum breytingum, starfsaðstaða alþingismanna hefur batnað og nefndir þingsins starfa nú allt árið. Þetta er mikil breyting frá því sem áður var en í fullu samræmi við þá þróun sem orðið hefur í nágrannalöndum okkar á sama tíma. Þessi þróun miðar að því að efla enn frekar starfsemi Alþingis sem helsta vettvangs stjórnmálaumræðu í landinu. Ég er sannfærð um að þessi þróun muni halda áfram, staða Alþingis styrkjast enn frekar og áhrif löggjafans aukast.

Það þing sem nú er að hefjast er óvenjulegt að því leyti að það hefst nokkru fyrr en venja er til og fyrirsjáanlegt er að verkefni þess nú á fyrstu mánuðum verða óvenjuviðamikil. Ég á þar við umfjöllun og afgreiðslu samninga um Evrópskt efnahagssvæði. Ég tel að afgreiðsla þessa umfangsmikla máls verði að sumu leyti prófsteinn á Alþingi og starfshætti þess. Það er einlæg von mín að vel takist til svo að Alþingi verði sómi að.

Um leið og ég endurtek þakkir mínar til alþingismanna fyrir það traust sem mér er sýnt með því að trúa mér fyrir þessu embætti er það einlæg ósk mín að með okkur haldist gott og farsælt samstarf.

Afbrigði um kosningu varaforseta og fastanefnda.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Samkvæmt 3. gr. þingskapa skal nú fara fram kosning varaforseta. En þar sem í vændum er breyting á ákvæðum þingskapa um tölu þeirra leggur forseti til að veitt verði afbrigði frá þingsköpum til að kosning varaforseta geti farið fram á morgun. Enn fremur hefur komið fram ósk frá þingflokki Alþýðubandalagsins um að kosningu til fastanefnda samkvæmt 13. gr. þingskapa verði frestað. Forseti leggur því til að greidd verði samtímis atkvæði um þessi afgrigði, þ.e. annars vegar varðandi kjör varaforseta og hins vegar varðandi kosningu í fastanefndir.

Forseti vill biðja þingmenn um að greiða atkvæði úr því sæti sem þeir höfðu á síðasta þingi. Sýnist forseta að þannig sé nú skipað í sæti í salnum svo atkvæðagreiðslan ætti að geta hafist.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 58:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: EH.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

3 þm. (HÁ, JGS, KE) fjarstaddir.

Sætaskipun.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú verður hlutað um sæti þingmanna samkvæmt 3. gr. þingskapa. Forseti mun nú lesa nöfn þingmanna af lista og biður þá að ganga hingað að forsetaborði og draga tölu. Hefst nú sætaúthlutun.

Sætaúthlutun fór á þessa leið.

2. sæti hlaut Vilhjálmur Egilsson,
3. sæti hlaut Páll Pétursson,
4. sæti hlaut Svavar Gestsson,

5. sæti hlaut Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
6. sæti hlaut Geir H. Haarde,
7. sæti hlaut Jóna Valgerður Kristjánsdóttir,
8. sæti hlaut Ólafur Ragnar Grímsson,
9. sæti hlaut Ingibjörg Pálmadóttir,
10. sæti hlaut Ólafur Þ. Þórðarson,
11. sæti hlaut Lára Margrét Ragnarsdóttir,
12. sæti hlaut Ragnar Arnalds,
13. sæti hlaut Kristinn H. Gunnarsson,
14. sæti hlaut Jóhann Ársælsson,
15. sæti hlaut Össur Skarphéðinsson,
16. sæti hlaut Einar K. Guðfinnsson,
17. sæti hlaut Kristín Ástgeirsdóttir,
18. sæti hlaut Rannveig Guðmundsdóttir,
19. sæti hlaut Tómas Ingi Olrich,
20. sæti hlaut Gunnlaugur Stefánsson,
21. sæti hlaut Karl Steinar Guðnason,
22. sæti hlaut Valgerður Sverrisdóttir,
23. sæti hlaut Margrét Frímannsdóttir,
24. sæti hlaut Guðjón Guðmundsson,
25. sæti hlaut Sigbjörn Gunnarsson,
26. sæti hlaut Sturla Böðvarsson,
27. sæti hlaut Pálmi Jónsson,
28. sæti hlaut Jón Helgason,
29. sæti hlaut Guðrún Helgadóttir,
30. sæti hlaut Stefán Guðmundsson,
31. sæti hlaut Sólveig Pétursdóttir,
32. sæti hlaut Árni Johnsen,
33. sæti hlaut Guðni Ágústsson,
34. sæti hlaut Jóhannes Geir Sigurgeirsson,
35. sæti hlaut Sigríður A. Þórðardóttir,
36. sæti hlaut Egill Jónsson,
37. sæti hlaut Guðmundur Hallvarðsson,
38. sæti hlaut Halldór Ásgrímsson,
39. sæti hlaut Kristín Einarsdóttir,
40. sæti hlaut Steingrímur Hermannsson,
41. sæti hlaut Árni M. Mathiesen,
42. sæti hlaut Matthías Bjarnason,
43. sæti hlaut Anna Ólafsdóttir Björnsson,
44. sæti hlaut Steingrímur J. Sigfússon,
45. sæti hlaut Eyjólfur Konráð Jónsson,
46. sæti hlaut Eggert Haukdal,
47. sæti hlaut Finnur Ingólfsson,
48. sæti hlaut Ingi Björn Albertsson,
49. sæti hlaut Hjörleifur Guttormsson,
50. sæti hlaut Árni R. Árnason,
51. sæti hlaut Jón Kristjánsson,
52. sæti hlaut Björn Bjarnason,
53. sæti hlaut Guðmundur Bjarnason.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Út af dagskrá eru tekin 2. og 3. dagskrármálið. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi.

Til næsta fundar verður boðað kl. 2.30, eftir 20 mín. Fundi er slitið.

2. FUNDUR

miðvikudaginn 19. ágúst,
að loknum þingsetningarfundi.

Dagskrá:

Þingsköp Alþingis, frv., 18. mál, þskj. 18. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Útbýting þingskjala:

Frjáls atvinna og búseturéttur innan Evrópska efnahagssvæðisins, 21. mál, stjfrv., þskj. 21.

Hópuppsagnir, 20. mál, stjfrv., þskj. 20.

Vinnumarkaðsmál vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði, 22. mál, stjfrv., þskj. 22.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þar sem of skammt er liðið frá útbýtingu þess eina máls sem er á dagskrá þarf að leita afbrigða um að það megi koma á dagskrá og til afgreiðslu og verður þeirra afbrigða nú leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Þingsköp Alþingis, 1. umr.

Frv. PP o.fl., 18. mál (forsætisnefnd, ræðutími o.fl.). — Þskj. 18.

Flm. (Páll Pétursson):

Frú forseti. Á þskj. 18 liggur fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis. Flutningsmenn eru auk mín Geir H. Haarde, Svavar Gestsson, Össur Skarphéðinsson og Kristín Ástgeirsdóttir. Þetta frv. er flutt í samræmi við samkomulag sem tekist hefur á milli allra þingflokka um breytingar á þingsköpum Alþingis. Meginefni þess felst í breyttri skipan forsætisnefndar og nokkrum breytingum sem varða ræðutíma þingmanna og ráðherra.

Samkvæmt frv. verður forsætisnefnd skipuð sjö þingmönnum, forseta og sex varaforsetum. Breytingin miðar að því að gera öllum þingflokkum kleift að fá aðild að forsætisnefnd en þó þannig að einnig sé höfð hliðsjón af þingstyrk flokkanna.

Gerð er tillaga um að breyta nokkuð ræðutíma þingmanna. Ræðutími fyrirspyrjanda og ráðherra í fyrirspurnatímum er styttur þannig að þeir mega aðeins tala í tvær mínútur í síðara sinn í stað þriggja mínútna fyrir fyrirspyrjanda og fimm mínútna fyrir ráðherra eins og nú er.

Ræðutíma við óundirbúnar fyrirspurnir er breytt þannig að fyrirspyrjandi og ráðherra mega tala þrisvar en aðeins tvær mínútur í fyrsta sinn og ekki lengur en eina mínútu í annað og þriðja sinn. Þetta leggjum við til í þeirri von að orðaskipti þingmanna og ráðherra verði líflegri og hnitmiðaðri og þetta nýmæli í þingsköpunum, sem óundirbúnu fyrirspurnirnar eru, njóti sín betur með þessum tímareglum. Ég hygg að þetta nýmæli hafi mælst mjög vel fyrir á síðasta þingi. Það er ekki gert ráð fyrir að aðrir þingmenn geti blandað sér í orðaskipti fyrirspyrjanda og ráðherra í óundirbúnu fyrirspurnunum eins og í hefðbundnum fyrirspurnatíma.

Ræðutími málshefjanda og viðkomandi ráðherra í hinum styttri utandagskrárumræðum, hálftíma umræðunum, er lengdur úr þremur mínútum fyrir málshefjanda og tveimur mínútum fyrir ráðherra í fimm mínútur fyrir báða í fyrra sinn. Ræðutími þeirra í síðara sinn verður tvær mínútur eins og annarra þingmanna sem taka þátt í umræðunni. Þetta er gert vegna athugasemda sem fram hafa komið um að ræðutími málshefjanda og ráðherra sé of knappur í þessum umræðum.

Þá verður ræðutími þingmanna til að gera athugasemdir um gæslu þingskapa og um atkvæðagreiðslu eða til að bera af sér sakir styttur úr fimm mínútum í þrjár.

Í 2. gr. frv. er settur skilafrestur á þær skýrslur sem Alþingi hefur samþykkt að ráðherrar geri og er miðað við 10 vikur en engin tímamörk eru í núgildandi þingsköpum.

Um þessar breytingar tókst, frú forseti, gott samkomulag. Frv. er flutt af fulltrúum allra þingflokka og eftir því sem ég veit best hefur það verið samþykkt í öllum þingflokkum. Það er ekki ástæða að mínu mati til að senda frv. til nefndar. Ég vil nota tækifærið til að þakka fulltrúum annarra þingflokka fyrir góðan vilja til að leysa þetta ágreiningsmál. Það eru veruleg ágreiningsmál fram undan til umfjöllunar á þinginu og ég tel heppilegt að þetta mál skuli hafa verið leyst friðsamlega.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég tel mjög eðlilegt að gerð hafi verið tilraun til þess milli þingflokka að lagfæra þingsköp að því er varðar stjórn þingsins, forsætisnefnd þess. Ég fagnaði því þegar fram kom vilji til þess að taka á því máli. Mér finnst hins vegar að niðurstaðan sem hér er verið að kynna okkur sé alllangt frá því sem æskilegt væri sem uppskera af þessu starfi. Ég tel það í raun skyldu mín að gera grein fyrir þeim sjónarmiðum, ekki ósvipað því og ég gerði í mínum þingflokki en skal þó ekki lengja hér mál umfram þarfir.

Mér sýnist að sú tillaga sem hér er gerð, að fjölga í forsætisnefnd þingsins úr fimm í sjö, sé á vissan hátt að fara úr öskunni í eldinn í sambandi við yfirstjórn þingsins. Ég hef stutt það sjónarmið að allir þingflokkar ættu fulltrúa í forsætisnefnd og hef talið að það væri gilt og gott sjónarmið eins og skipan þingflokka er háttað á Alþingi og hefur verið alllengi, að menn geti búið við fimm manna forsætisnefnd þar sem hver þingflokkur hefði sinn fulltrúa. Ég tel það mjög miður að verið sé að hækka þessa tölu af ýmsum ástæðum. Ég tel að sú tillaga sem hér liggur fyrir um hlutfallskosningu í þessa nefnd með hliðstæðum hætti og gerist í þingnefndum sé á grundvallarmisskilningi byggð. Forsætisnefnd þingsins er ekki nefnd þar sem vegast á atkvæði, þar sem menn greiða atkvæði um mál og úrslit mála. Í forsætisnefnd þingsins, eins og þingsköpin voru útbúin, þau sem enn eru í gildi, er aðeins eitt atkvæði, þ.e. atkvæði aðalforseta þingsins sem sker úr ef ágreiningur er í nefndinni. Það er mjög eðlileg skipan mála. Verkefni aðalforseta þingsins hlýtur að vera það að laða saman sjónarmið, skapa samstöðu um mál og gera forsætisnefndina að raunverulegri stjórn þingsins sem hafi eitthvert vægi gagnvart þingflokkum og hefji sig með vissum hætti yfir karp og deilur milli þingflokka. Að líta svo til að sitjandi ríkisstjórn þurfi að hafa einhvern meiri hluta í forsætisnefnd er sjónarmið sem ég fæ ekki skilið og held að leysi ekki nokkurn vanda, hvað þá það markmið að gera fulltrúana í forsætisnefndinni samábyrga. Ég heyrði það frá einhverjum formanni þingflokkanna, ég held það hafi verið formaður þingflokks Alþfl. sem þau ummæli voru höfð eftir, að hér lægi fyrir tillaga sem lyti að því að nú væru menn samábyrgir í þessari nýju forsætisnefnd þingsins. Ef nokkuð er er verið að færa þetta sundur með því að setja hér inn kerfi með meiri hluta stjórnarfulltrúa í forsætisnefndinni og stjórnarandstöðuna í skýrum minni hluta tölulega séð, atriði sem skipta engu máli upp á afgreiðslu mála því forsetinn er sá sem hefur endanlegt vald í nefndinni.

Ég tel að við endurskoðun þingskapa síðast, eins og hún endurspeglast í 9. og 10. gr. gildandi þingskapa, hefði verið vænlegra að setja málin upp með svolítið öðrum hætti, þ.e. að forsætisnefndin er stjórn þingsins, forsetinn er einn úr forsætisnefnd og það er jú formið, en hann er tekinn sér, hann er tekinn út úr. Ég tel að það beri að minnka bilið á milli forseta þingsins og varaforsetanna, reyna að koma með skýrari hætti inn ákvæði um að það beri að leita samstöðu í forsætisnefndinni og það sé í rauninni jafnara á með mönnum í þessari stjórn þingsins heldur en núverandi þingsköp mæla fyrir. En það er annar handleggur. Hér er verið að breyta í allt aðra átt. Ég hef áhyggjur af þessu vegna Alþingis og ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, að segja það í örfáum orðum hvernig að þessum málum er staðið í nágrannalöndum okkar. Ég er ekki viss um það sé öllum þingmönnum ljóst.

Lítum fyrst til Danmerkur, sem við höfum lítið til í sambandi við stjórnskipun okkar að mörgu leyti og okkar stjórnarskrá er vaxin að nokkru leyti upp úr dönsku stjórnarskránni og dönsku stjórnkerfi. Þar er einn forseti og fjórir varaforsetar sem mynda forsætisnefnd þingsins. Nú sem stendur, eða líklega frá 1990, vill svo til að forseti þingsins er hægri maður, H.P. Clausen, og varaforsetarnir úr öðrum þingflokkum. Það hefur síður en svo verið regla í danska þinginu að forsetar þingsins fylgdu ríkjandi stjórn. Þvert á móti hafa þar áður en H.P. Clausen tók við forsetastarfi setið sós-

íaldemókratar á forsetastóli nánast svo lengi sem elstu menn muna og lengst af þeim K.B. Andersen. Ætli við ættum ekki að hugleiða það hvernig nágrannalönd okkar búa við slíkt kerfi.

Í Noregi er þetta nokkuð flóknara. Þar eru menn með það kerfi sem við yfirgáfum, með tveimur deildum og sameinuðu þingi. Þar er eins konar sex manna forsætisnefnd, þ.e. aðalforseti þingsins og varaforseti Stórþingsins og síðan forseti og varaforseti úr deildum, óðalsþingi og lögþingi. Þessir þrisvar sinnum tveir, sex manns, mynda þar forsætisnefnd og síðan eru varamenn þeirra ef allt er talið sex talsins sem geta komið inn í þetta kerfi hjá Norðmönnum. Og hver skyldi vera forseti norska þingsins? Hann heitir Jo Benkow og er hægri maður og búinn að vera lengi og gegna starfi sínu með sóma og góðu samkomulagi í andstöðu við hvað snertir flokkspólitíska lit við sitjandi ríkisstjórn. Varaforseti er þessa stundina Kristi Kolle Grøndahl í Stórþinginu frá sósíaldemókrötum.

Í Svíþjóð er forseti og þrír varaforsetar. Nú er forsetinn í Ríkisdeginum sænska úr hægri flokki eða Moderatarne, Ingegerd Troedsson, sem kom þar inn sem forseti í aðdraganda stjórnarmyndunar ríkisstjórnar Carls Bildts sem nú situr. Áður var þar forseti Thage Peterson, sósíaldemókrati eins og forverar hans margir, ég má segja í ríkisstjórnum bæði borgaraflokka og sósíaldemókrata. Og vel að merkja: í Svíþjóð er forsetadæmið hafið yfir flokkadrætti með vissum hætti eins og það er í Noregi og Danmörku. Þetta hefur lukkast.

Ég held að menn þurfi að leggjast undir feld ef þeir ætla að ná einhverjum vitlegum og viðunandi tökum á stjórn Alþingis í framtíðinni og búa til eitthvað annað en þá tillögu sem liggur fyrir. Við gátum, ef pólitískur vilji var fyrir hendi til þess að nota gildandi þingsköp og hleypa að fulltrúum allra þingflokka á Alþingi, leyst þennan hnút með skaplegum hætti. Ég tel í rauninni, virðulegur forseti, að það hefði þurft að taka á mörgum fleiri málum sem einmitt lúta að því að gera stjórn og stjórnarandstöðu dálítið samábyrga um stjórn þingsins í reynd með því m.a. að deila formennsku í nefndum þingsins og það sé ekki meginregla að þar þurfi að sitja stjórnarliðar. Á þann hátt reyndu menn að ná saman um lögin, þ.e. um formið, til þess að friðurinn geti verið skaplegur og menn geti náð að leysa þau verkefni sem á Alþingi eru lögð.

Ég vildi, virðulegur forseti, gera grein fyrir þessum sjónarmiðum mínum, ekki vegna þess að ég geri mér neina von um að þau verði til þess að breyta því sem hér er gerð tillaga um og skiptir ekki máli hvort ég læt það afskiptalaust við atkvæðagreiðslu eða lýsi andstöðu minni við það. Ég vildi skýra mitt mál að þessu leyti og ég vil hvetja þingið til að líta á þessi mál, ekki til að setjast á rökstóla á þessu þingi um það heldur til að hugsa málið. Auðvitað verðum við að vona að við komumst bærilega af með þá skipan sem hér er verið að leggja til, jafnóskynsamleg og hún er. Ég óska þeim sem í það verkefni ganga allra heilla og nýkjörnum forseta velfarnaðar í starfi.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Í gær náðist samkomulag þingflokksformanna um breytingar á lögum um þingsköp Alþingis. Nái breytingarnar fram að ganga verður tryggt að allir þeir flokkar og stjórnmálasamtök sem nú eiga sæti á Alþingi fá aðild að forsætisnefnd þingsins. Þessu fögnum við þingkonur Kvennalistans að sjálfsögðu enda teljum við það fyrirkomulag eðlilegt. Því er þó ekki að leyna að við viljum sjá stjórn þingsins með þeim hætti að hún sé hafin yfir karp um meiri hluta og minni hluta. Hefði sú skoðun verið ríkjandi hjá núverandi ríkisstjórnarmeirihluta fyrir ári síðan hefði þingið eflaust siglt lygnari sjó sl. vetur enda kann það ekki góðri lukku að stýra að neyta ætíð aflsmunar.

Forsætisnefndinni ber að standa vörð um sjálfstæði og virðingu Alþingis og hafa að leiðarljósi að það er Alþingi sem setur framkvæmdarvaldinu starfsramma en ekki öfugt. Löggjafarsamkundan er ekki og á ekki að vera þjónn ríkisstjórnarinnar. Því á stjórn þingsins að vera óháð því hverjir skipa meiri hluta hverju sinni.

En, virðulegi forseti, í þeirri von að það frv. til laga, sem samkomulag hefur orðið um, verði til að bæta starfsanda þingsins stöndum við kvennalistakonur að þeim breytingum sem hér eru til umræðu og munum greiða þeim atkvæði okkar. Þetta vildi ég láta koma hér fram, virðulegi forseti, fyrir hönd míns þingflokks.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé í raun og veru býsna mikilvæg varnarlína fyrir þingræðið sem við höfum í undirbúningsnefnd þessa frv. náð samkomulagi um enda þótt ég sé sammála þeim sjónarmiðum í öllum meginatriðum sem fram komu í máli hv. 4. þm. Austurl. og hv. 18. þm. Reykv. Staðreyndin er sú að allan sl. vetur voru hér mikil átök um skipan forsætisnefndarinnar og um vinnubrögð á Alþingi. Ein ástæða þess var sú að flokkarnir komust ekki allir að stjórn þingsins með þeim hætti sem við töldum þá eðlilegt. Nú hefur orðið samkomulag um skipan sem tryggir að allir flokkar, sem hér eiga fulltrúa núna, geti komist að forsætisnefndinni og í hana og það er aðalatriðið í mínum huga.

Hins vegar er það svo að aðferðin við að koma nefndinni saman er umdeilanleg og mætti margt um segja. Ég bendi á að það er ekki verið að taka upp hlutfallskosningu með því frv. sem núna liggur fyrir heldur hefur hún áður verið í gildandi þingsköpum. Segja má að tillögur frv. sem hér um ræðir flokkist í þrennt:

1. Breytingar á forsætisnefndinni þar sem verið er að ráða til lykta deilum sem um þau mál voru á síðasta þingi.

2. Gert er ráð fyrir því að breyta tímasetningum að því er varðar takmarkanir í ýmsum umræðum ýmist til rýmkunar eða þrengingar.

3. Þá er gert ráð fyrir því að ráðherrum verði gert að skila skýrslum eigi síðar en 10 vikum eftir að skýrslubeiðni kemur fram.

Ég tel að um þetta eigi að geta náðst góð samstaða

hér á hv. Alþingi og ég tel að það sé skynsamlegt að lenda málinu þannig og reyna síðan um leið að skapa sem víðtækasta varnarlínu fyrir þingræðið með þeirri afgreiðslu á breytingum á þingskapalögum sem hér er gerð tillaga um og þingflokkur Alþb. samþykkti fyrir sitt leyti að heimila mér að standa að. Ég gerði grein fyrir því í nefndinni sem undirbjó frv. að hv. 4. þm. Austurl. mundi lýsa sjónarmiðum sínum við þessar umræður svo sem hann hefur gert.

Ég hef svo sem ekki fleira um þetta mál að segja, virðulegi forseti, en tek undir heillaóskir til forsetans. Ég segi að lokum: Auðvitað má margt um þessa þingskapadeilu segja sem staðið hefur í eitt ár eða rúmlega það. Ég tel hins vegar ekki við hæfi af minni hálfu að hefja þá umræðu hér á þessum degi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hæstv. forseti hafði í sínu ávarpi til þingmanna uppi ýmis orð sem þingmenn allir geta tekið undir og mun nú reyna á efndirnar því að eitt af því sem kom fram þar var að mál skyldu afgreidd þegar þau hefðu fengið hæfilega umfjöllun. Ég hygg að það sé mjög skynsamlegt að standa þannig að verki og er eindreginn stuðningsmaður þess. Hins vegar hlýtur það að kalla á nokkra umræðu um þingsköpin að nú eru þau brotin upp og tekin fyrir á þann hátt að almenningur í landinu mun líta svo á að menn séu að sníða af þeim verstu annmarka sem á þeim eru.

Ég get ekki stillt mig um að víkja þá að því atriði sem mér finnst mest afturför á Alþingi Íslendinga. Það er að hægt sé að halda uppi nefndarfundum án þess að meiri hluti nefndarmanna sé mættur til fundar. Þau ár sem ég hef setið á þingi hefur verið reynt að leggja mikið kapp á það að ná mönnum til nefndarfunda. Það var litið svo á að nefndirnar væru þær síur í þinginu sem ættu að tryggja það að mál færu ekki illa undirbúin í gegnum Alþingi Íslendinga.

Nú þarf ekki lengur meiri hluta til þess að hægt sé að halda uppi fullu nefndarstarfi. Það er hægt að setja nefndarfund og hefjast handa að fullu. Mér er það óskiljanlegt hvernig menn geta litið svo á að nefndirnar séu þær síur sem þær þurfa að vera með þessum vinnubrögðum. Ég hygg að það sé ákaflega þarft verk fyrir forsætisnefndina að kynna sér það hvaða áhrif þetta hefur haft á mætingar til starfa í nefndunum. Ég verð að segja eins og er að þetta finnst mér vera aðalatriðið í því sem hefði þurft að endurskoða.

Í 2. gr. er það ákvæði að ljúka skuli skýrslugerð innan 10 vikna og vissulega tek ég undir að það er jákvætt atriði að ráðherrar verði að ljúka slíkri skýrslugerð og leggja það á borð þingmanna. Hitt hlýtur að vera umhugsunarefni, af því að það þarf þó nokkurn hóp manna í þinginu til þess að hægt sé að biðja um skýrslu, að það sé skýlaust ákvæði að sú skýrsla komi til umræðu. Það er ekkert sem tryggir að skýrslan komi til umræðu. Ráðherra getur sem sagt lagt skýrsluna á borð þingmanna en komið sér svo undan því að hún sé rædd eins og reynsla var af á liðnum vetri ef hann taldi það ekki heppilegt að ræða umrædda skýrslu.

Ég tel að það sem sett er hér upp síðar skipti kannski ekki öllu máli. Það mun reyna mjög á það hvort forseti er það stjórnsamur að eðlisfari að hann haldi mönnum við þau tímamörk sem hér eru sett. Ef niðurstaðan verður fyrst og fremst sú að þeir hógværari í þinginu fari eftir þessu en hinir vaði uppi er árangur enginn og forseta vissulega vandi á höndum í þessum efnum. Ég tel nefnilega nokkurs virði að þingsköpin séu á þann veg að þau verði ekki brotin.

Mér skilst að sum mál séu þess eðlis að menn telji að þau eigi ekki að fara til nefndar. Það er umhugsunarefni því að um leið og menn telja sín verk svo fullkomin að þau þurfi ekki að fara til nefndar erum við að breyta Alþingi Íslendinga úr því að vera þing í það að vera fundur. Það er fróðlegt þrátt fyrir allt að bera þetta tvennt saman því að fundarsamþykktir eru misjafnar að gæðum þó að greindir menn sitji á fundunum eins og menn hafa löng kynni af. Ég tel þess vegna að það sé nokkur mælikvarði á það hvað hæstv. forseta er mikil alvara varðandi vönduð vinnubrögð hvernig staðið verður að framhaldi þessa máls.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram af minni hálfu og míns þingflokks að við erum eftir atvikum ánægð með það samkomulag sem náðst hefur í þessu efni. Það er alveg ástæðulaust að rekja aðdraganda þeirra breytinga sem nú er gerð tillaga um. Sú saga er flestum hér í salnum áreiðanlega í fersku minni. Það sem skiptir máli á þessari stundu er að samkomulag hefur náðst þar sem komið er til móts við þau meginsjónarmið sem uppi hafa verið í þessum efnum að því er varðar forsætisnefndina. Það er tryggt með þessum breytingum að allir flokkar sem nú eiga sæti á Alþingi fái aðild að forsætisnefnd þingsins. Það er jafnframt tryggt að þingflokkar njóti hlutfallslegs þingstyrks síns.

Síðan eru í frv. aðrar breytingar sem menn urðu sammála um að gera, einkum að því er varðar ræðutíma, og ég tel að þær skipti allar nokkru máli þótt hver um sig sé e.t.v. lítilvæg.

Ég vil gjarnan segja það í framhaldi af þeim umræðum sem þegar hafa orðið um þetta mál að eflaust má margt að gildandi þingsköpum finna. Það varð hins vegar ekki samkomulag um aðrar breytingar en þær sem hér eru enda var ekki um að ræða neina heildarendurskoðun á þingsköpunum að þessu sinni. Ég tel hins vegar ekki að þetta sé í síðasta sinn sem lögum um þingsköp verður breytt og ég tel að menn hljóti að hafa það jafnan til athugunar hvort skynsamlegt geti verið síðar meir að breyta öðrum atriðum í þessum lögum eftir því sem samkomulag kann að nást um og eftir því sem reynslan sker úr um. Það hefur hins vegar ekkert samkomulag verið gert eða ákvörðun tekin um neina slíka vinnu í framhaldinu. Ég tel hyggilegast að láta það ráðast hvað menn gera varðandi frekari endurskoðun þingskapa. Ég vænti þess að þau mál verði til umfjöllunar á vettvangi þingflokksformanna eftir því sem efni og aðstæður gefa ástæðu til.

Ég vil að lokum taka undir með 1. flm., hv. þm. Páli Péturssyni, og þakka meðnefndarmönnum mínum í þeirri nefnd sem undirbjó frv. og flytur það. Ég tel að þeir hafi allir lagst á eitt um að reyna að ná samkomulagi í deilumáli sem vissulega var erfitt viðureignar og ég tel að eftir atvikum megi allir bærilega við una.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 57 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS, AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, SalÞ.

1 þm. (StG) greiddi ekki atkvæði.

5 þm. (HÁ, IBA, KE, PJ, ÞorstP) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir sjónarmiðum mínum til málsins. Ég sé enga ástæðu til þess að bregða fæti fyrir það að málið fari til 2. umr. en mun sitja hjá við lokaafgreiðslu málsins og ég segi já.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég er samþykkur því markmiði, sem kemur fram í 1. gr. frv., að allir flokkar eigi aðild að forsætisnefnd Alþingis. Ég tel hins vegar að sú leið að fjölga í forsætisnefnd, sem hér hefur verið valin, sé ekki skynsamleg og þjóni ekki því markmiði að gera forsætisnefndina samhentari en áður var með fyrra fyrirkomulagi. Ég tel að því markmiði hefði mátt ná með því að stærstu flokkarnir fimm ættu aðild að forsætisnefnd eins og vitnað var til að væri í danska þinginu.

Ég tel líka að það ætti að breyta 9. gr. þingskapa þannig að forsætisnefnd bæri ábyrgð á rekstri Alþingis en ekki forseti einn eins og geinin hefur verið skilin.

Ég er að sjálfsögðu samþykkur því að vísa frv. til 2. umr. en mun sitja hjá við afgreiðslu síðar. Ég vil jafnframt árna nýkjörnum forseta heilla í starfi og þeim sem kjörnir verða í forsætisnefndina og vonast að sjálfsögðu til þess að þeim takist sem best að vinna úr því formi sem hér er verið að ákveða. Ég segi já.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst að mönnum hafi mistekist við að lagfæra nýsett þingsköp og breytingarnar eru því miður ekki til bóta og munu ekki auka skilvirkni í störfum Alþingis. Ég mun því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

3. FUNDUR

miðvikudaginn 19. ágúst,
að loknum 2. fundi.

Dagskrá:

Þingsköp Alþingis, frv., 18. mál, þskj. 18. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þar sem of skammt er liðið frá 1. umr. þess eina máls sem hér er á dagskrá, þingsköp Alþingis, þarf að leita afbrigða um að það megi koma á dagskrá og til umræðu og verður þeirra afbrigða nú leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 54:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE.

nei: ÓÞÞ.

1 þm. (StG) greiddi ekki atkv.

7 þm. (HÁ, IBA, KHG, KE, RA, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Þingsköp Alþingis, 2. umr.

Frv. PP o.fl., 18. mál (forsætisnefnd, ræðutími o.fl.). — Þskj. 18.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE.

5 þm. (HG, JGS, JHelg, ÓÞÞ, StG) greiddu ekki atkv.

7 þm. (HÁ, IBA, KE, RA, StH, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2.–6. gr. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE.
3 þm. (HG, ÓÞÞ, StG) greiddu ekki atkv.
6 þm. (HÁ, IBA, KE, RA, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE.
2 þm. (ÓÞÞ, StG) greiddu ekki atkv.
7 þm. (GunnS, HÁ, IBA, KE, RA, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

4. FUNDUR

miðvikudaginn 19. ágúst,
að loknum 3. fundi.

Dagskrá:
1. Þingsköp Alþingis, frv., 18. mál, þskj. 18. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — 1. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Þar sem of skammt er liðið frá 2. umr. fyrsta dagskrármálsins, þingsköp Alþingis, þarf að leita afbrigða um að það megi koma á dagskrá og til umræðu og verður þeirra afbrigða leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
1 þm. (StG) greiddi ekki atkv.
7 þm. (HÁ, IBA, JBH, KE, ÓÞÞ, RA, ÞorstP) fjarstaddir.

Þingsköp Alþingis, 3. umr.

Frv. PP o.fl., 18. mál (forsætisnefnd, ræðutími o.fl.). — Þskj. 18.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
3 þm. (HG, JHelg, StG) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EKJ, HÁ, IBA, KE, ÓÞÞ, RA, ÞorstP) fjarstaddir.
Frv. afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 26).

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Út af dagskrá er tekið 2. dagskrármálið. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

5. FUNDUR

fimmtudaginn 20. ágúst,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:
1. Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. gr. 68. gr.
2. Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa:
a. allsherjarnefnd, 9 manna,
b. efnahags- og viðskiptanefnd, 9 manna.
c. félagsmálanefnd, 9 manna.
d. fjárlaganefnd, 9 manna.
e. heilbrigðis- og tryggingarnefnd, 9 manna.
f. iðnaðarnefnd, 9 manna.
g. landbúnaðarnefnd, 9 manna.

h. menntamálanefnd, 9 manna.
i. samgöngunefnd, 9 manna.
j. sjávarútvegsnefnd, 9 manna.
k. umhverfisnefnd, 9 manna.
l. utanríkismálanefnd, 9 manna og 9 varamanna.
3. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi höfðu:
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Kristín Einarsdóttir, 18. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:
Jarðhitaleit í Austur-Skaftafellssýslu, 24. mál, fsp. HG, þskj. 24.
Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, 25. mál, stjfrv., þskj. 25.

Kosning varaforseta.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og kjósa skyldi. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

1. varaforseti: Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.,
2. varaforseti: Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
3. varaforseti: Guðrún Helgadóttir, 14. þm. Reykv.,
4. varaforseti: Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.,
5. varaforseti: Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv.,
6. varaforseti: Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Ég óska öllum varaforsetum til hamingju með kosninguna og býð þá velkomna til starfa og vænti þess að við megum eiga gott samstarf.

Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Allsherjarnefnd.
Sólveig Pétursdóttir (A),
Jón Helgason (B),
Björn Bjarnason (A),
Kristinn H. Gunnarsson (B),
Sigbjörn Gunnarsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Ólafur Þ. Þórðarson (B),
Ingi Björn Albertsson (A),
Anna Ólafsdóttir Björnsson (B).

2. Efnahags- og viðskiptanefnd.
Vilhjálmur Egilsson (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Ingi Björn Albertsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Jóhannes Geir Sigurgeirsson (B),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Guðjón Guðmundsson (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B).

3. Félagsmálanefnd.
Guðjón Guðmundsson (A),
Ingibjörg Pálmadóttir (B),
Eggert Haukdal (A),
Kristinn H. Gunnarsson (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Jón Kristjánsson (B),
Gunnlaugur Stefánsson (A),
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (B).

4. Fjárlaganefnd.
Sturla Böðvarsson (A),
Guðmundur Bjarnason (B),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Jón Kristjánsson (B),
Árni Johnsen (A),
Árni M. Mathiesen (A),
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir (B),
Gunnlaugur Stefánsson (A),
Guðrún Helgadóttir (B).

5. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Ingibjörg Pálmadóttir (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Sigbjörn Gunnarsson (A),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Finnur Ingólfsson (B),
Sigríður Anna Þórðardóttir (A),
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (B).

6. Iðnaðarnefnd.
Pálmi Jónsson (A),
Páll Pétursson (B),
Guðjón Guðmundsson (A),
Svavar Gestsson (B),
Össur Skarphéðinsson (A),
Finnur Ingólfsson (B),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Tómas Ingi Olrich (A),
Kristín Einarsdóttir (B).

7. Landbúnaðarnefnd.
Egill Jónsson (A),
Guðni Ágústsson (B),

Eggert Haukdal (A),
Ragnar Arnalds (B),
Össur Skarphéðinsson (A),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Jóhannes Geir Sigurgeirsson (B),
Árni R. Árnason (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B).

8. Menntamálanefnd.
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Valgerður Sverrisdóttir (B),
Árni Johnsen (A),
Svavar Gestsson (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Ólafur Þ. Þórðarson (B),
Björn Bjarnason (A),
Tómas Ingi Olrich (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B).

9. Samgöngunefnd.
Pálmi Jónsson (A),
Stefán Guðmundsson (B),
Árni M. Mathiesen (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Sigbjörn Gunnarsson (A),
Árni Johnsen, (A),
Guðni Ágústsson (B)
Sturla Böðvarsson (A),
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir (B).

10. Sjávarútvegsnefnd.
Matthías Bjarnason (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Árni R. Árnason (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Össur Skarphéðinsson (A),
Stefán Guðmundsson (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Vilhjálmur Egilsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B).

11. Umhverfisnefnd.
Tómas Ingi Olrich (A),
Jón Helgason (B),
Árni M. Mathiesen (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Gunnlaugur Stefánsson (A),
Árni R. Árnason (A),
Kristín Einarsdóttir (B),
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Ólafur Ragnar Grímsson (B).

12. Utanríkismálanefnd.
Aðalmenn:
Geir H. Haarde (A),
Steingrímur Hermannsson (B),
Björn Bjarnason (A),
Ólafur Ragnar Grímsson (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Páll Pétursson (B),
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Árni R. Árnason (A),
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (B).

Varamenn:
Tómas Ingi Olrich (A),
Guðmundur Bjarnason (B),
Árni M. Mathiesen (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Jón Helgason (B),
Vilhjálmur Egilsson (A),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Anna Ólafsdóttir Björnsson (B).

Evrópskt efnahagssvæði, 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Komið hefur fram ósk frá 1. þm. Norðurl. v. fyrir hönd stjórnarandstöðunnar um að gert verði hlé á þessum fundi í þrjá stundarfjórðunga. Jafnframt er óskað eftir því að fundur verði með nýkjörinni forsætisnefnd. Forseti getur að sjálfsögðu ekki annað en orðið við þessari ósk. Verður því gert hlé á þessum fundi í þrjú korter. — [Fundarhlé].

Fundi er fram haldið í Alþingi. Áður en umræðan hefst vill forseti geta þess að viðræður hafa farið fram milli fulltrúa þingflokka og forseta og forsætisnefndar um það hvernig þessari umræðu verður háttað. Fyrirkomulag umræðnanna verður þannig að umræðan hefst nú og mun væntanlega halda áfram í næstu viku. Jafnframt mun frv. til stjórnarskipunarlaga frá stjórnarandstöðunni, sem lagt verður fram innan skamms, tekið til umræðu í næstu viku og áður en 1. umr. um EES-frumvarpið lýkur.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:
Virðulegi forseti. Áður en umræða hefst um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði vil ég láta eftirfarandi koma fram af hálfu Alþb.:

Í fyrsta lagi hefur að ósk okkar verið dreift í dag til allra þingmanna tveimur álitsgerðum um stjórnarskrána og EES-samninginn. Önnur þeirra er frá prófessor í stjórnsýslurétti við Háskóla Íslands, Birni Þ. Guðmundssyni, og hin er frá dr. Guðmundi Alfreðssyni. Þessar álitsgerðir hafa borist utanrmn. Alþingis og í þeim er kveðið mjög afdráttarlaust á um það að dómi þessara færu fræðimanna stangist samningurinn á við stjórnarskrána og ekki sé hægt að afgreiða hann án breytinga á stjórnarskrá.

Það er einnig nauðsynlegt að það komi fram að báðir þessir sérfræðingar setja fram sínar greinargerðir eftir að fjórmenningar utanrrh. skiluðu áliti. Í báðum þessum greinargerðum, sem nú liggja á borðum alþingismanna, kemur fram efnismikil og afdráttarlaus gagnrýni á þau rök sem fjórmenningar utanrrh. settu

fram og þau jafnvel kölluð ævintýramennska í lögfræði.

Þess vegna er það nauðsynlegt að hér fari fram sem fyrst umræða um stjórnarskrárþátt EES-málsins áður en haldið er áfram á þeirri löngu leið sem er efnisleg umfjöllun um samninginn. Við fögnum því að í næstu viku fer fram umræða um stjórnarskrárfrumvarp sem stjórnarandstöðuflokkarnir hafa ákveðið að flytja og þökkum forseta þingsins og forsætisnefnd fyrir þá ákvörðun að í næstu viku verði tekið fyrir frv. okkar um breytingu á stjórnarskránni og rætt áður en 1. umr. um EES-samninginn lýkur.

Ég vil einnig geta þess að þingflokkur Alþb. sendi forseta þingsins, Salome Þorkelsdóttur, og forsætisnefnd sérstakt bréf um stjórnarskrána og EES-samninginn í dag og það var kynnt á þessum fundi.

Ég vil enn fremur setja þá ósk fram frá okkur að þessar tvær greinargerðir sem borist hafa utanrmn. frá prófessor Birni Þ. Guðmundssyni og Guðmundi Alfreðssyni verði prentaðar sérstaklega á vegum Alþingis næstu daga þannig að allur almenningur geti haft aðgang að þeim en ekki bara þingmenn. Álit sérfræðinganefndar utanrrh. var birt í heild sinni í víðlesnasta dagblaði landsins og það er eðlileg lýðræðisleg krafa að almenningur fái líka aðgang að álitsgerðum Björns Þ. Guðmundssonar og Guðmundar Alfreðssonar.

Enn fremur er það ljóst að fjölmargt annað í undirbúningi málsins liggur ekki fyrir en um það getum við rætt nánar síðar. Þessi sjónarmið vildi ég að hér kæmu fram.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Eins og þingmönnum er kunnugt var í maí sl. gert samkomulag milli forustumanna flokkanna um að hefja umræður um samninga um Evrópskt efnahagssvæði í ágúst hér á Alþingi. Þetta samkomulag stendur af okkar hálfu og við erum tilbúin til umræðna um samninginn. Hins vegar er það álitamál hvort þetta samkomulag stendur af hálfu stjórnarflokka eins og við höfum þegar reifað í bréfi til forustumanna þeirra og bent á að það vanti enn tvíhliða fiskveiðisamning, það vanti fjölda frumvarpa sem ættu að fylgja samningnum og viðaukar séu enn að berast til þingmanna.

Alvarlegast í þessu máli er þó stjórnarskrárþáttur þess en frá því í maí sl. hafa utanrmn. Alþingis borist þrjár álitsgerðir um stjórnarskrármálið. Tvær þessara álitsgerða telja ótvírætt að svo mikill vafi leiki á því að samningurinn standist stjórnarskrána að ekki sé réttlætanlegt að Alþingi samþykki samninginn án breytinga á stjórnarskránni. Alþingi, forseti þess og forsætisnefnd hljóta eðli málsins samkvæmt að láta það til sín taka með einum eða öðrum hætti þó að það hafi ekki enn verið gert.

Ég vil vekja athygli þingmanna á þessum álitsgerðum sem lágu hér á borðum þeirra í morgun. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að þeir kynni sér álitsgerðirnar áður en þær koma hér til umræðu. Ég vil benda á að þessar álitsgerðir hljóta að koma til umræðu við 1. umr. um frv. um hið Evrópska efnahagssvæði vegna þess að með öðrum hætti getum við ekki tekið stjórnarskrármálið upp fyrr en þá í næstu viku. Efnisumræða um samninginn og stjórnarskrármálið hlýtur því með einum eða öðrum hætti að tengjast 1. umr. um það frv. sem hér liggur fyrir.

Ég vil því taka undir þá ósk sem hér var sett fram af hálfu Alþb. að 1. umr. um þetta mál verði frestað eftir ræðu utanrrh. þannig að þingmenn sem koma til fundar eftir helgi séu inni í þeirri stjórnarskrárumræðu sem hlýtur eðli málsins samkvæmt að fara fram.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Í vor gerðum við samkomulag um meðferð EES-málsins, þ.e. við ákváðum að koma hér saman til að ræða það hinn 17. ágúst og við þá samþykkt viljum við standa. Ýmislegt hefur að vísu gerst síðan og frá hendi ríkisstjórnarinnar hefur ekki verið staðið við öll þau fyrirheit sem þar voru gefin. Það eru ókomin fram veigamikil frv. sem tengjast þessu máli og hljóta að þurfa að koma til umfjöllunar áður en hægt er að ganga frá málinu til nefndar. Tvíhliða samningur um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir hefur ekki verið gerður enn þá en búist var við því í vor að hann lægi fyrir þegar við kæmum til þingfundar 17. ágúst. Og síðast en ekki síst þá hafa komið fram ný gögn og mjög veigamikil varðandi stjórnarskrárþátt málsins. Hann liggur því miklu ljósar fyrir nú en hann gerði þá. Ég var t.d. ekki sannfærður um að samningurinn bryti formlega í bága við stjórnarskrána þegar við gengum frá samkomulaginu í vor.

Þetta stjórnarskrármál er óháð hinni efnislegu afstöðu sem menn kunna að taka til EES-samningsins og það ætti raunar engum að vera meira kappsmál en ríkisstjórninni sjálfri að ganga formlega frá þeim þætti þannig að ekki léki vafi á og augljóst væri að samningurinn bryti ekki í bága við íslensku stjórnarskrána. Þjóðréttarsamningur sem brýtur í bága við stjórnarskrá er ógildur og vafalaust vill ríkisstjórnin gera gildan samning, ekki ógildan. Það ætti að vera fyrsta verk ríkisstjórnarinnar að beita sér fyrir nauðsynlegri stjórnarskrárbreytingu ef hún vill lögfesta þennan samning.

Við höfum leitað eftir samstarfi við ríkisstjórnina um þann þátt málsins. Það hafa orðið hæg viðbrögð úr þeim herbúðum og við munum leggja fram frv. til breytingar á stjórnarskránni innan örstutts tíma. Ég fagna því að forsætisnefnd hefur (Forseti hringir.) — frú forseti, ég er alveg að ljúka máli mínu — ákveðið að verða við ósk okkar um það að ljúka ekki 1. umr. um EES-samninginn fyrr en 1. umr. hefur farið fram um stjórnarskrárfrv. sem við munum flytja.

Varðandi lokaafgreiðslu EES-málsins vil ég að það komi fram að stjórnarskrármálið verður að vera útkljáð áður en hægt er að lögfesta þennan samning eða ganga til lokaafgreiðslu hans á Alþingi.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Í 119. gr. þess samnings sem hér á að taka til umræðu stendur, með leyfi forseta:

„Viðaukar, svo og gerðir sem vísað er til í þeim og aðlagaðar eru vegna samnings þessa, skulu auk bók-

ana vera óaðskiljanlegur hluti samningsins."

Ég nefni þetta hér vegna þess að enn vantar mikið á að fram séu komnir þeir efnisþættir sem vísað er til í 119. gr. samningsins. Það liggja hér á borðum alþingismanna nálægt 5.000 blaðsíður af verki sem að mati utanrrn., að ég best veit og stendur til að reiða fram, eru hátt í 10.000 síður. Sé litið á þetta efnismagn, og er ég þá ekki að leggja dóm á innihald, þá vantar mjög mikið upp á að það liggi fyrir þinginu það efni sem tilheyrir samningnum, nálægt 4.000–5.000 síður í blaðsíðum talið. Ég hygg að ólokið sé að þýða hluta af þessu efni. Það er ekki aðeins að fjöldi frumvarpa, líklega nálægt þrem tugum, sé ókominn til þingsins heldur mikið safn efnis sem er óaðskiljanlegur hluti samningsins samkvæmt orðanna hljóðan í samningnum sjálfum.

Ég beini því til hæstv. forseta og spyr hvort skrifstofa Alþingis hafi farið yfir það hvort fyrir þinginu liggi það efni sem á að ræða undir þeim dagskrárlið sem er á dagskrá þessa fundar, þ.e. samningur um Evrópskt efnahagssvæði.

Ég nefni líka, vegna þess að það hefur verið rætt fyrr í sambandi við þetta mál, varðandi 6. gr. samningsins sem varðar dóma Evrópudómstólsins sem á að beita við túlkun á samningnum og eru þannig óaðskiljanlegur hluti hans í raun, að þeir dómar liggja hér ekki fyrir. Þeir hafa ekki verið reiddir fram sem hluti málsins. Hæstv. utanrrh. greindi frá því 19. maí sl. þegar þessi mál voru rædd hér að það stæði ekki til að þýða þessa dóma og leggja þá fyrir sem hluta af málinu. Það tel ég afar alvarlegt atriði og ég vildi vekja athygli á þessari stöðu mála áður en gengið er til umræðunnar.

Útbýting þingskjala:

Tollalög, 26. mál, stjfrv., þskj. 27.

Vörugjald af ökutækjum, 27. mál, stjfrv., þskj. 28.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið, um heimild fyrir Íslands hönd til að fullgilda samning um Evrópska efnahagssvæðið, samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls og samning um fastanefnd EFTA-ríkjanna. Þessir samningar voru undirritaðir í Óportó 2. maí 1992, með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Frumvarp það sem hér er lagt fram á sér langan aðdraganda. Sjálfur frumvarpstextinn var lagður fram á síðasta Alþingi. Efni þessa samnings hefur verið til umræðu á vettvangi ríkisstjórna, Alþingis og utanríkismálanefndar undanfarin þrjú ár. Margir mætir menn hafa lagt fram mikið starf við gerð þessa samnings. Sérstaklega vil ég nota þetta tækifæri og þakka ágætt samstarf sem ég hef átt við undirbúning og gerð samningsins við forustumenn þriggja stjórnmálaflokka, auk náinna samstarfsmanna í eigin flokki.

Það er upphaf þessa máls að Steingrímur Hermannsson þáv. forsrh. samþykkti svokallaða Óslóaryfirlýsingu leiðtoga EFTA-ríkjanna frá 15. mars 1989. Um sameiginlegar stofnanir samningsaðila segir í yfirlýsingunni, með leyfi forseta, að „... upplýsingaskipti um fyrirhugaða löggjöf, ráðgjafarstarf, gagnkvæma viðurkenningu um sambærilega löggjöf og ákvarðanatöku *fari fram tímanlega. Þessu ætti að fylgja eftir með öflugu* og öruggu eftirliti með fullnustu dóma og sameiginlegri meðferð á lausn deilumála."

Þá segir einnig í Óslóaryfirlýsingunni sem leiðtogar EFTA samþykktu:

„Við munum gera nauðsynlegar ráðstafanir til að styrkja það kerfi sem við höfum til eftirlits og framkvæmdar á samningsskuldbindingum, til þess að tryggja samræmda og samhæfða framkvæmd og túlkun þeirra á öllu Evrópska efnahagssvæðinu."

Til viðbótar er þess að geta að þáv. hæstv. forsrh. gerði grein fyrir sérstökum fyrirvörum Íslendinga á fundinum. Mikilvægasti fyrirvarinn, sá er laut að sameiginlegum stofnunum Evrópska efnahagssvæðisins, hljóðar svo:

„Við getum aldrei gefið okkur á vald yfirþjóðlegum stofnunum. Við getum aldrei afsalað okkur fullveldinu eða rétti okkar til þess að taka eigin nauðsynlegar ákvarðanir til að tryggja afkomu okkar og sjálfstæði."

Ekkert slíkt vald er framselt í samningnum enda ljóst af stöðu mála við starfslok síðustu ríkisstjórnar að forustuflokkur hennar, Framsóknarflokkurinn, stóð heils hugar að niðurstöðum sem þá höfðu fengist.

Formaður Alþýðubandalagsins reyndist einnig hollráður í fjármálaráðherratíð sinni. Hann lagði samninganefndinni til aðstoðarmann sinn, lagði fram í nafni fjmrn. afar jákvæða umsögn um ávinning íslensks þjóðarbúskapar af samningnum og taldi að málið ætti ekki að vera til fyrirstöðu áframhaldandi ríkisstjórnarsamstarfi þáv. stjórnarflokka.

Síðast en ekki síst vil ég nefna til sögunnar hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og þakka honum samstarf sem hvergi hefur borið skugga á. Þótt helstu atriði samninganna væru útkljáð þegar samstarf okkar hófst, reyndist endaspretturinn um margt erfiður, einkum þegar svo virtist um tíma sem Evrópubandalagið hygðist jafnvel hverfa frá gerðu samkomulagi.

Ég vil einnig, virðulegi forseti, nota þetta tækifæri til að flytja þakkir mínar þeim hundruðum hæfustu embættismanna íslenska ríkisins, sem undanfarin þrjú ár hafa lagt á sig ómælda vinnu við að gera þennan samning vel úr garði. Afrakstur iðju þeirra er nú lagður fyrir Alþingi Íslendinga. Samningurinn sjálfur, greinargerð sem skýrir öll ákvæði hans, þýðingar helstu gerða sem vísað er til og ýmiss konar stoð- og upplýsingaefni liggur nú fyrir þingheimi í aðgengilegu formi. Það er því ekki ætlun mín að taka fyrir að þessu sinni einstök atriði samningsins og skýra þau. Það bíður frekari umræðu á Alþingi og í starfsnefndum þingsins.

Allar þær breytingar sem gera þarf á íslenskri löggjöf liggja fyrir í þeim liðlega 60 frv. sem tekin verða fyrir á þessu þingi og rædd sérstaklega. Við upphaf þessa þings kýs ég heldur að ræða almennt hvernig samningurinn getur nýst okkur Íslendingum og tryggt stöðu okkar í viðsjálum og hverfulum heimi í örri þró-

un en mun jafnframt leitast við að svara nokkrum spurningum sem varpað hefur verið fram í hinni almennu umræðu um þetta hið mikla mál að undanförnu.

Fyrst vil ég víkja nokkrum orðum að samkomulagi um þingmeðferð EES-samningsins. Hinn 8. maí sl. var gert samkomulag milli allra þingflokka um meðferð samningsins og lagafrumvarpa sem honum tengjast. Þar segir að stefnt skuli að því að flest lagafrumvörp fái afgreiðslu fyrir lok septembermánaðar og málsmeðferðinni allri verði lokið fyrir nóvember. Nýlega barst ríkisstjórninni bréf frá stjórnarandstöðuflokkunum um að aðstæður væru nú verulega breyttar og þeir geti ekki staðið við gerðan samning. Borið er við að breyta þurfi stjórnarskrá hugsanlega, að framlagning fylgifrumvarpa hafi tafist og að tvíhliða sjávarútvegssamningur við Evrópubandalagið sé ekki tilbúinn.

Ég ætla að leyfa mér að láta í ljós þá von, virðulegi forseti, að orð muni standa í þessu samkomulagi. Það er ekki rétt að aðstæður hafi breyst og ég vona að þeim misskilningi hafi verið eytt. Alltaf hefur legið fyrir að skoðanir væru skiptar um stjórnarskrármálið. Afgreiðsla fylgifrumvarpa hefur gengið nokkurn veginn eftir þeirri tímaáætlun sem lögð var fram í maí og frávik frá henni hafa verið óveruleg. Sjávarútvegssamningarnir eru sem kunnugt er tveir. Meginsamningurinn liggur fyrir en eftir er að ganga frá nokkrum tæknilegum útfærsluatriðum í hinum. Þar er nokkurn veginn fyrir séð hver ramminn verður.

Virðulegi forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja hvernig alþjóðasamstarfi um viðskipti hefur fleygt fram á undanförnum árum og áratugum. Með bættum samgöngum og fjarskiptum aukast tækifæri til viðskipta milli landa. Leitast er við að ryðja úr vegi viðskiptatálmunum, ekki aðeins tollum heldur einnig tæknilegum viðskiptahindrunum af ýmsu tagi. Þjóðir heims gera sér æ betur grein fyrir því að það er engum til góðs að múra sig af og einangra sig frá öðrum þjóðum. Jafnvel Albanir hafa séð villu síns vegar, þótt seint væri, og leita nú á vit alþjóðlegs samstarfs. En hindrunum verður ekki rutt úr vegi nema tryggt sé að öryggis- og heilbrigðiskröfur séu uppfylltar. Múrarnir falla þá því aðeins að hægt sé að treysta því að farið hafi verið eftir settum reglum í þjónustustarfi eða við framleiðslu þeirrar vöru sem í boði er. Þetta traust fæst ekki nema helstu reglur um framleiðslu og atvinnustarfsemi, sem tengist útflutningi, séu samræmdar. Ekki er síður mikilvægt að traust eftirlit sé með því að eftir settum og samþykktum reglum sé farið.

Fáar þjóðir eru jafnháðar utanríkisverslun og við Íslendingar. Aðföng til framleiðslu, nauðsynleg tæki við rekstur allra atvinnuvega og neysluvarningur almennings ýmiss konar er að mestu innfluttur. Undir þessu verða tekjur af útflutningsatvinnuvegum okkar að standa. Greiður aðgangur að helstu mörkuðum okkar er okkur því hvorki meira né minna en lífsnauðsyn. Þann aðgang fáum við með því að fara eftir þeim reglum sem gilda um alþjóðaviðskipti og taka á okkur þær skuldbindingar sem fylgja.

Ég á ekki von á því að nokkur hér inni vilji í alvöru leggja til að Ísland ætti að segja sig frá alþjóðasamkomulaginu um tolla og viðskipti, GATT og gerast þannig útlagi í alþjóðaviðskiptum eða freista þess að hverfa aftur til fortíðar í sjálfsþurftarbúskap. Umræðan snýst því ekki um það hvort íslenska ríkið megi taka á sig alþjóðlegar skuldbindingar heldur um það hversu víðtækar þær eigi að vera og hvernig íslenskum hagsmunum verði best borgið.

Ég geng út frá því, virðulegi forseti, að t.d. GATT-aðild sé sú lágmarksþátttaka í alþjóðlegu viðskiptasamstarfi sem okkur Íslendingum sé nauðsynleg ef við viljum hafa eitthvert öryggi í viðskiptum okkar við aðrar þjóðir en eiga ekki afkomu okkar undir annarra náð.

Þá vaknar spurningin: Getur GATT-aðildin dugað ein sér? Komumst við af með hana eina?

Bandaríkin töldu t.d. lengi vel GATT duga sér, enda hafa utanríkisviðskipti þar minna vægi en með flestum öðrum þjóðum og Bandaríkin hafa hingað til talið sig hafa í fullu tré við flesta í tvíhliða samningum. Nú er þó svo komið að jafnvel Bandaríki Norður-Ameríku telja GATT-reglur ekki ganga nógu langt í viðskiptum við sínar nánustu viðskiptaþjóðir. Bandarísk stjórnvöld hafa því nýlega stofnað til mun víðtækari skuldbindinga við grannríkin Kanada og Mexíkó innan fríverslunarsvæðisins NAFTA.

Hvert sem litið er annars staðar í heiminum er verið að stofna til umfangsmeira fríverslunarsamstarfs innan einstakra svæða. Suður-Ameríkuþjóðirnar, hluti Suðaustur-Asíu og síðast en ekki síst Evrópuþjóðir reyna að samræma reglur og aflétta hindrunum sín í milli. Þeim þjóðum sem kjósa að standa utan slíks samstarfs er að vísu ekki meinaður aðgangur að mörkuðum þessara þjóða nema í undantekningartilvikum en samkeppnisstaða þeirra er ótraust og þau bera æ skarðari hlut frá borði eftir því sem viðskiptasamstarf á fríverslunarsvæðum verður nánara.

Eftir því sem hindrunum fækkar innan slíks samstarfssvæðis leita meiri viðskipti í farvegi innan þess. Því gagnkvæma trausti sem byggist upp innan svæðis, þar sem viðskiptaaðilar venjast því að tryggt sé að sambærilegt eftirlit er með öryggi og gæðum, fylgir einnig vantraust og tortryggni gagnvart varningi utan svæðisins, jafnvel þótt reynt sé að vega upp á móti því með öflugu markaðsstarfi.

Ég tel því yfir vafa hafið að tæpt verði að treysta á GATT-reglur einar í samstarfi okkar við Evrópuþjóðir. En þessar sömu Evrópuþjóðir taka við ⅘ hlutum af útflutningi okkar Íslendinga. Vissa stoð má finna í fríverslunarsamningi okkar við Evrópubandalagið frá árinu 1972 en umfang hans er svo miklu minna að hann gefur engan veginn sömu tækifæri eða vaxtarmöguleika fyrir íslenskt atvinnulíf og þessi samningur um Evrópska efnahagssvæðið.

Þeir þrír stjórnmálaflokkar sem stóðu að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar samþykktu sem kunnugt er umboð til forsrh. fyrir leiðtogafund Evrópubandalagsins og EFTA í Ósló á útmánuðum 1989. Þessir þrír stjórnmálaflokkar höfnuðu því að beita sér fyrir tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið um endurbæt-

ur á gamla fríverslunarsamningnum.

Á seinasta kjörtímabili studdi Sjálfstfl. samninga um Evrópska efnahagssvæðið en þó með ítrekuðum fyrirvörum um að tvíhliða samningar kynnu að vera nauðsynlegir til að tryggja íslenska fiskveiðihagsmuni. Sjálfstfl. stendur nú að sjálfsögðu einhuga að baki niðurstöðu samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Nægir í því sambandi að minna á ágæta grein hv. þm. Björns Bjarnasonar í Morgunblaðinu 4. júní sl. þar sem hann leiðir af því rök að hin góða niðurstaða sem fékkst með EES-samningnum sé því til staðfestingar að í „viðræðum við Evrópubandalagið náum við betri árangri í fylgd með öðrum en einir og óstuddir."

Hlutverkin virðast því eitthvað hafa víxlast á hinu pólitíska leiksviði eftir kosningar nú þegar Alþýðubandalagið reynir að sannfæra sjálft sig um að unnt sé að gera betri kaup við Evrópubandalagið með tvíhliða samningi en þeim sem hér liggur fyrir. Manni skilst að það þurfi ekki annað en að senda samningsdrögin íslensku út til Brussel og þá megi vænta þess að þau komi til baka undirrituð með næsta pósti. Ég á að vísu ekki von á því að nokkur maður, sem kynnt hefur sér samskipti Íslands og Evrópubandalagsins á undanförnum árum, leggi trúnað á slíkar skyndilausnir.

Fríverslunarsamningur sá sem náðist við Evrópubandalagið 1972 var Íslendingum hagstæður og það var vel að verki staðið hjá þeim mönnum sem um hann véluðu. En ástæða þess að hagstæðir samningar náðust þá var ekki síst sú að þótt fríverslunarsamningarnir væru að formi til tvíhliða var samið við öll EFTA-ríkin í einu. Fríverslunarsamningar EFTA-ríkjanna eru að mestu leyti samhljóða. Þá þótti ekki stætt á því að skilja Ísland eitt EFTA-ríkja eftir. Þá sem nú skilaði samstaða okkar með EFTA-ríkjunum okkur beinhörðum árangri í samningum við Evrópubandalagið.

Segja má að frá þeim tíma hafi ekki linnt tilraunum íslenskra stjórnvalda, hverrar ríkisstjórnarinnar á fætur annarri þar sem allir flokkar utan einn af núverandi þingflokkum hafa átt sæti, til þess að bæta enn kjör íslenskra útflutningsafurða á Evrópumörkuðum. Hver ríkisstjórn á fætur annarri hefur gert tilraun til þess að fá Evrópubandalagið til að fella niður tolla á saltfiski og öðrum sjávarafurðum en því miður ekki haft erindi sem erindi. Samningar fást nefnilega ekki eftir pöntun. Það eitt að fá Evrópubandalagið til að setjast að samningaborði er langur ferill og torsóttur.

Það tók ráðherraráð Evrópubandalagsins upp undir ár að koma sér saman um það að semja skyldi við EFTA-ríkin um Evrópska efnahagssvæðið. Það tók aðra sex mánuði að gefa framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins umboð til samninga. Þetta þótti nokkuð vel að verki staðið því að jafnan tekur ráðið sér mun lengri undirbúningstíma þar sem öll aðildarríkin verða að samþykkja samningsumboð og markmið. Það var síst vanþörf á öllum þeim pólitíska þrýstingi sem ráðamenn EFTA-ríkjanna gátu beitt til að fá Evrópubandalagið að samningaborðinu. Minna má á að samningaviðræður Sviss og Evrópubandalagsins um tryggingaviðskipti stóðu yfir í 17 ár.

Tvíhliða samningaviðræður hefðu aldrei skilað neinum viðlíka árangri í okkar helstu hagsmunamálum og við höfum nú náð fram. Síst vil ég verða til þess að efast um einlægni og velvild ýmissa ráðamanna Evrópubandalagsins sem sótt hafa Ísland heim á undanförnum árum og sagst vilja okkur vel. Engu að síður þá tel ég tryggara að hafa samning í höndum sem tryggir okkur gagnkvæman rétt. Kurteislegar vináttuyfirlýsingar í skálarræðum í opinberum heimsóknum eru góðra gjalda verðar en gleymast stundum þegar að samningaborðinu kemur. Þetta kemur í ljós þegar menn kynna sér þá samninga sem Evrópubandalagið hefur nýlega gert við þær þjóðir sem næst því standa, menningarlega og landfræðilega, þ.e. við þjóðir Mið- og Austur-Evrópu og reyndar samninga sem þeir hafa nýlega gert við Færeyjar sem eru svo nátengdar einu aðildarríkjanna, Danmörku.

Lítum aðeins á samninga frænda okkar Færeyinga við Evrópubandalagið. Evrópubandalagsríkið Danmörk hefur sem kunnugt er beinna hagsmuna að gæta af efnahagsþróun í Færeyjum. Samskiptum ríkjanna er svo háttað að Danir fara með fiskveiðisamninga við Evrópubandalagið fyrir hönd Færeyinga þótt þeir geri það ekki fyrir hönd sjálfra sín. Mikilvægi sjávarafurða er umtalsvert meira fyrir Færeyinga en fyrir Íslendinga. Árið 1990 nam útflutningur sjávarafurða þeirra til Evrópubandalagsins 77% af heildarvöruútflutningi þeirra. En þetta sama ár var útflutningur sjávarafurða til Evrópubandalagsins um 56% af okkar vöruútflutningi.

Danir gerðu nýjan fríverslunarsamning við Evrópubandalagið 2. des. 1991 fyrir hönd Færeyinga. Ef tölur um fiskútflutning Færeyinga til Evrópubandalagsins árið 1990 eru settar inn í þann samning er niðurstaðan sú að um 10% af tollum sem lagðir hefðu verið á eftir tollskrá, ef enginn samningur hefði verið fyrir hendi, standa eftir. Ef sambærileg aðferð er notuð við útflutning Íslendinga til Evrópubandalagsins sama ár, þ.e. að setja útflutningstölur þess árs inn í þær tollalækkanir sem náðust með EES-samningnum er niðurstaðan sú að þar standa einungis eftir um 3,5% af upphaflegum tollum. Auk þess er samningur Færeyinga ósveigjanlegur að því leyti að þeir þurfa að sæta magnkvótum, miðað við núverandi útflutning þeirra.

Þessu til viðbótar gengu Færeyingar frá mun umfangsmeiri tvíhliða samningi við Evrópubandalagið um skipti á veiðiheimildum. Þannig gefa Færeyingar veiðiheimildir á þorski, ýsu, ufsa, karfa og kola en fá í staðinn tegundir á borð við makríl, sandál, brisling og kolmunna. Veiðum Evrópubandalagsflotans er skipt niður eftir tegundum og tíma. Fjöldi skipa sem fær að vera á veiðum á hverjum tíma á hverri tegund er breytilegur. Engu að síður geta á annað hundrað skipa verið að veiðum á hverjum tíma innan færeyskrar fiskveiðilögsögu. Eftirlitsákvæði í samningnum eru langt frá því að vera jafnströng og í rammasamningi Íslands og EB, sem undirritaður var í Óportó 2. maí 1992.

Lítum frekar á reynslu þjóða af tvíhliðasamningum við Evrópubandalagið. Pólland, Ungverjaland og Tékkóslóvakía gerðu aukaaðildarsamning við Evrópubandalagið, einnig í lok síðasta árs. Það er vert í þessu

samband að hafa í huga að þessi ríki njóta ómetanlegs pólitísks velvilja innan Evrópubandalagsins, jafnt meðal stjórnmálamanna og almennings í Evrópu. Þjóðarleiðtogar hafa gefið sverar yfirlýsingar um nauðsyn þess að styðja við bakið á þessum nýfrjálsu þjóðum og nægir í þessu sambandi að minna á yfirlýsingar François Mitterrand og Helmuts Kohl, auk sérstakrar vináttu Margrétar Thatcher við þessi ríki, sem núverandi forsætisráðherra, John Major, tók í arf.

Hver var niðurstaða samninganna? Niðurstaða samninganna var að Póllandi, Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi er gert að aðlaga sig að hagkerfi Evrópubandalagsins á sjö árum. Til samanburðar má geta þess að Grikkland, Portúgal og Spánn fengu aðlögunartíma í kringum 20 ár, fyrst í aukaaðildarsamningi og síðar í sérákvæðum í aðildarsamningi. Fjárhagsleg aðstoð, sem þessi ríki geta átt aðgang að, er óveruleg í samanburði við þá hjálp sem frá upphafi var veitt fyrrnefndum ríkjum, Grikklandi, Portúgal og Spáni. Þó áttu þau því láni að fagna í samanburði við nýfrjálsu ríkin í Mið- og Austur-Evrópu að þar var fyrir hendi markaðskerfi, þótt veikburða væri.

Evrópubandalagið fær í sinn hlut fullan aðgang fyrir framleiðsluvörur sínar að mörkuðum Mið- og Austur-Evrópuríkjanna. Helstu útflutningsvörur þeirra eru hins vegar útilokaðar frá markaði EB. Þar má nefna iðnaðarhráefni, kol, stál, vefnaðarvöru, landbúnaðarafurðir, skófatnað, sjávarafurðir o.s.frv. Þær útflutningsvörur sem þannig eru í tvíhliðasamningum þessara ríkja við Evrópubandalagið eru útilokaðar, ýmist varanlega eða fyrstu sjö árin, taka yfir helming af mögulegum útflutningi hvers þessara ríkja um sig.

Þá eru enn frekari hömlur á frjálsum vöruviðskiptum þar sem samkeppnisreglum verður ekki beitt á samræmdan hátt, auk þess sem varla er hægt að tala um möguleika vinnandi fólks í Mið-Evrópu til að hasla sér völl innan Evrópubandalagsins.

Þetta er niðurstaðan af tvíhliða samningum nánustu grannþjóða Evrópubandalagsins sem njóta sérstakrar pólitískrar velvildar forustumanna og almennings í þessum löndum. Mundu samningar af þessu tagi duga okkur?

Fríverslunarsamningur Íslands og EB frá 1972 hefur vissulega reynst okkur Íslendingum vel. Fríverslun hefur leitt til aukinnar samkeppni sem kemur neytendum og framleiðendum til góða, auk þess sem útflutningsmarkaðir fyrir íslenskar afurðir opnuðust að hluta.

Það er löngu ljóst að samningurinn frá 1972 dugir ekki lengur. Hann nær ekki til mikilvægra útflutningsafurða; hann setur þróun fiskvinnslu á Íslandi skorður með því að takmarka og hindra útflutning á unnum afurðum; hann tekur ekki til þjónustuviðskipta og gefur því t.d. íslenskum skipa- og flugfélögum ekkert svigrúm. Þannig leysir fríverslunarsamningurinn gamli við Evrópubandalagið ekki þau vandamál sem fylgja tæknilegum viðskiptahindrunum.

Allir samkeppnisaðilar okkar verða trúlega einhvern tímann í framtíðinni aðilar að Evrópubandalaginu. Með tuttugu ára gamlan fríverslunarsamning einan að vopni verður samkeppnisstaða Íslands óviðunandi með öllu. Ef hér á landi á að haldast full atvinna og ef þjóðartekjur eiga að aukast á ný þarf á fjárfestingu að halda í íslensku atvinnulífi. EES-samningurinn tryggir að útflutningur héðan mun sæta sömu kjörum og innlend framleiðsla á mörkuðum aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins; tollskoðun og innflutningseftirlit verður einfaldað til muna. Greiðari markaðsaðgangur og bætt samkeppnisstaða gerir fjárfestingu í íslensku atvinnulífi vænlegri kost, jafnt fyrir innlenda sem erlenda aðila. Þennan ávinning er engin leið að fá á grundvelli gamla tvíhliða fríverslunarsamningsins.

Þrátt fyrir atbeina Dana og þrátt fyrir það að upphafsstaða þeirra við samningagerð var betri en okkar, því að Færeyingar höfðu óátalið flutt inn tollfrjálst til Danmerkur um áratuga skeið, fá frændur okkar Færeyingar lakari tollaívilnanir fyrir sjávarafurðir á EB-markaði en Íslendingar fengu með EES-samningnum og þurfa að auki að láta í staðinn miklar veiðiheimildir. Hvaðan kemur mönnum yfirleitt sú fullvissa að Ísland muni sækja gull í greipar Evrópubandalagsins í tvíhliða viðræðum við það?

Alþýðubandalagið hefur eitt flokka hér á hinu háa Alþingi fundið upp á því að rétt sé að gera aukaaðildarsamning við EB um ýmsa þætti fjórfrelsisins en án sameiginlegra stofnana til eftirlits og úrskurða um ágreining. Reynslan í þessu efni er ólygnust til svara. Við sjáum hverju slíkir samningar hafa skilað hinum nýfrjálsu þjóðum í Mið- og Austur-Evrópu þrátt fyrir það að þær njóti mikillar pólitískrar velvildar.

Eftir stendur við þessa skoðun að óskalistar duga okkur ekki. Eftir stendur að EES-samningurinn færir Íslendingum ávinning langt umfram það sem aðrar þjóðir hafa mátt una við í tvíhliða samningum við Evrópubandalagið. Samflot Íslands með hinum EFTA-ríkjunum varð til þess að fórnarkostnaðinum af samningnum var dreift; frændur okkar Norðmenn og aðrar bandalagsþjóðir okkar í EFTA léttu sérstaklega byrðar okkar þegar kom að því að standa vörð um íslenska grundvallarhagsmuni í sjávarútvegsmálum.

Árangur EES-samninganna tekur af tvímæli um að sú leið að semja með hinum EFTA-ríkjunum um stofnun Evrópska efnahagssvæðisins skilaði Íslendingum langsamlega bestum niðurstöðum. Án samstöðu EFTA-ríkjanna og framlags þeirra til samninganna, t.d. í formi veiðiheimilda, sjóðsframlaga og samgönguréttinda um Alpana, var borin von að Íslendingar hefðu náð viðlíka hagstæðri niðurstöðu einir á báti. Enda máttum við ganga að því sem vísu fyrir fram, ella að Evrópubandalagið hefði krafist einhliða veiðiheimilda í staðinn fyrir tollfrjálsan markaðsaðgang fyrir sjávarafurðir ef ekki hefðu aðrir komið til til þess að tryggja heildarjafnvægi samningsins. Þessi samningsárangur náðist þrátt fyrir það að Evrópubandalagið næði hvorki fram kröfum sínum um einhliða veiðiheimildir jafngildar tollalækkunum né heldur stífum kröfum um rétt til fjárfestingar í fyrirtækjum sem stunda fiskveiðar í íslenskri fiskveiðilögsögu.

Vilji menn gera samning um eitthvað annað og meira en markaðsaðgang, þ.e. um hlutdeild í hinu

fjóreina frelsi, er ljóst að slíkur samningur opnar engar dyr, nema eftirlit með samningsskuldbindingum sé tryggt. Það er skiljanlegt að Evrópubandalagið hafi takmarkaðan áhuga á að opna samstarf upp á gátt við ríki utan bandalagsins, fallist þau ekki einu sinni á að eftirlit sé haft með því hvort staðið verði við gerða samninga.

Í málum af þessum toga er ekki nóg að setjast niður, eins og formaður Alþb. hefur gert, og skrifa tvíhliða samning við EB á hné sér og kynna hann síðan sem sérstakt samningsafrek. Menn geta óáreittir skrifað eigin óskalista og áskilið sér öll hugsanleg réttindi og vísað á bug samsvarandi skyldum. En þegar öllu er á botninn hvolft þá þarf tvo til — það þarf tvo til að skrifa undir hvern þann samning sem gerður er og óskhyggjan gerir í því efni enga stoð.

Virðulegi forseti. Víkjum nú nokkrum orðum að viðskiptahagsmunum okkar Íslendinga.

Beinar fjárfestingar fyrirtækja í löndum utan Evrópubandalagsins í fyrirtækjum innan bandalagsins hafa aukist gífurlega á seinni árum. Öll vilja fyrirtækin tryggja stöðu sína á innri markaði Evrópubandalagsins þegar hann kemur að fullu til framkvæmda um næstu áramót. Fjárfestingar íslenskra fyrirtækja hafa til þessa ekki verið nema brot af því sem aðrar Norðurlandaþjóðir hafa fjárfest innan Evrópubandalagsins þótt einungis sé miðað við hlutfallstölur. En fjárfestingardæmið er af því tagi að það minnir okkur á að atvinnulífið grípur einfaldlega til sinna eigin ráða og flytur starfsemi sína að verulegu leyti inn fyrir múra Evrópubandalagsins ef stjórnvöld sitja með hendur í skauti og gera ekki skyldu sína til að tryggja aðgang að þessum markaði á jafnréttiskjörum.

Okkar val stendur á milli þess að lenda utan tollmúra og hætta á að atvinna og fjármagn leiti úr landi inn á markað Evrópubandalagsins eða gera raunhæfa samninga sem gera okkur kleift að skapa skilyrði fyrir blómlegu atvinnulífi, vexti þess og viðgangi á okkar eigin landi.

Íslenskt atvinnulíf þarf fyrr eða síðar að laga sig að breyttum aðstæðum í Evrópu, um það eru allir sammála, hvort sem er innan eða utan viðskiptabandalaga, eða hætta að öðrum kosti á stöðnun og jafnvel hnignun. Okkar leið var ekki að sækja um inngöngu í Evrópubandalagið heldur að ná samningum um Evrópskt efnahagssvæði til að tryggja áhrif okkar og ávinning í alþjóðlegum viðskiptum og samstarfi svo sem best er kostur.

Árið 1991 var fob-verðmæti útflutnings Íslands ríflega 91,5 milljarðar króna. Af því var flutt til EES-landa fyrir rúmlega 68 milljarða króna en það samsvarar tæplega 75% af útflutningi þess árs. Til samanburðar var fob-verðmæti útflutnings okkar til Bandaríkjanna 12,6% og til Japans 7,9% á sama ári. Ef við lítum á innflutninginn eru tölurnar þessar: Innflutningur til Íslands var ríflega 101,5 milljarðar króna á cif-verði. Af því komu tæp 70% frá löndum Evrópska efnahagssvæðisins, rúm 10% frá Bandaríkjunum og 7,4% frá Japan. Þessar tölur segja meira en nokkuð annað um mikilvægi viðskipta okkar við lönd Evrópska efnahagssvæðisins.

Virðulegi forseti. Í skýrslu minni til Alþingis í október 1990, í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, rakti ég helstu áhersluatriði okkar Íslendinga í samningunum um Evrópska efnahagssvæðið. Fyrsta mál á dagskrá var að vörusviðið yrði að ná til sjávarafurða; að samkeppnisskilyrði skyldu vera jöfn; að bókun 6 skyldi halda gildi sínu, hvort sem af EES-samningnum kynni að verða eða ekki.

Næst tók ég fram að eignarhald erlendra aðila í íslenskum náttúruauðlindum yrði ekki umsemjanlegt; að varnaglaákvæði yrði sett um frjálsan atvinnurétt og að ekki yrði slakað á kröfum um öryggi, hollustuhætti og umhverfisvernd.

Árangurinn liggur nú fyrir skjalfestur á borðum hv. alþingismanna. Þegar samningurinn er að fullu kominn til framkvæmda mun sjávarútvegurinn í fyrsta sinn í sögunni standa nokkurn veginn jafnfætis keppinautum sínum og annarri iðnaðarframleiðslu á því markaðssvæði sem tekur við ⅓ hlutum sjávarvöruútflutnings okkar. Noregur, sem í EFTA-samningum hafði aðlögunartíma til ársloka 1993 til þess að koma á fríverslun með fiskafurðir, til þess að afnema ríkisstyrki, mun verða að flýta þeirri skuldbindingu um eitt ár. Bókun 6 mun halda gildi sínu á hverju sem dynur. Erlendum aðilum verður ekki heimilt að fjárfesta í sjávarútvegi eða orkulindunum, nema við hér á Alþingi Íslendinga kjósum svo.

Eignarhald ríkis eða sveitarfélaga í fyrirtækjum sem nýta orkuauðlindir okkar brýtur ekki í bága við þennan samning. Varnaglaákvæði fékkst fram, ekki aðeins um atvinnurétt, heldur alla hluta samningsins. Hægt verður að grípa til þess hvenær sem stjórnvöld telja hættu bera að höndum. Haldið verður uppi fyllstu kröfum um öryggis- og hollustuhætti og víða mun samningurinn leiða til hertra krafna um umhverfisvernd og vinnueftirlit.

Í sömu skýrslu frá því í október 1990 áréttaði ég meginmarkmið samningsins á fjórum meginsviðum. Að því er varðaði vöruviðskipti væri stefnt að því að koma á fríverslun á grundvelli samræmdra samkeppnisreglna, fyrir utan landbúnað og sjávarútveg; að útvíkka vörusvið samningsins þannig að hann tæki til fiskafurða og tiltekinna landbúnaðarafurða; að afnema allar magntakmarkanir; að jafna starfsskilyrði atvinnuvega gagnvart skattheimtu og gjaldtöku; að ná fram sérstökum ákvæðum vegna greiðslujafnaðarörðugleika aðildarríkja; að afnema undirboðstolla innan EES; að einfalda upprunareglur; að afnema tæknilegar viðskiptahindranir; setja samræmdar reglur um ríkisstyrki; að opna markaði fyrir opinber innkaup og framkvæmdir; að samræma reglur um hugverkarétt; að koma á skaðsemisábyrgð framleiðenda vegna vöru; að endurbæta reglur um viðskipti með kol og stál og auka samstarf um vissa þætti orkumála. Öll þessi samningsmarkmið hafa náð fram að ganga.

Í samningum um fjármagns- og þjónustuviðskipti voru markmiðin skilgreind á þá leið að stefnt væri að sameiginlegum markaði fyrir bankaþjónustu, þjónustu verðbréfafyrirtækja og annarra fjármálastofnana, t.d.

vegna vátryggingastarfsemi, fjarskiptaþjónustu, upplýsingaþjónustu, kvikmyndaframleiðslu og útvarps og sjónvarps. Frelsi skyldi ríkja í flutningastarfsemi og fjármagnsflutningum milli landa. Öll hafa þessi markmið náð fram að ganga.

Meginmarkmiðið varðandi atvinnu- og búseturétt var að koma skyldi á frjálsum atvinnu- og búseturétti fyrir launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga og fjölskyldur þeirra innan EES á grundvelli almennu reglunnar um jafnan rétt á við ríkisborgara í því landi þar sem atvinnan er stunduð. Afnema skyldi alla mismunun vegna þjóðernis varðandi almenn lífsskilyrði í því landi þar sem vinnan er innt af hendi, svo sem vegna ráðningar- og starfsskilyrða og félags- og efnahagslegra skilyrða. Tryggja skyldi jafnan rétt til almannatrygginga og rétt til þátttöku í verkalýðsfélögum. Aðgangur að menntun og starfsþjálfun skyldi vera frjáls, komið skyldi á gagnkvæmri viðurkenningu prófa, samræmingu á aðgangi að einstökum starfsgreinum og viðurkenningu á sambærilegri starfsþjálfun. Komið skyldi á fót samvinnu þeirra sem fylgjast með vinnumarkaðsmálum og einfalda landamæraeftirlit. *Öll hafa þessi samningsmarkmið náð fram að ganga.*

Loks lögðum við áherslu á rétt EFTA-ríkjanna til þátttöku í áætlunum Evrópubandalagsins um rannsóknir og þróun, menntamál, umhverfismál, neytendavernd, félagarétt, *málefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja*, félagsleg réttindi, hagtölur, ferðamál, almannavarnir o.fl. Stefnt var að nánu samráði ríkjanna varðandi stefnu í menntamálum, rannsókna- og þróunarstarfi, samræmingu á löggjöf á þessum sviðum þar sem þörf krefur, auk þátttöku í rekstri tiltekinna verkefna á sviði menningarmála. Öll hafa þessi markmið náð fram að ganga í þessum samningi.

Því hefur verið haldið fram að með EES-samningnum sé verið að yfirtaka einhver ókjör af nýjum lögum sem séu jafnvel margfalt viðameiri en gervallt íslenska lagasafnið. Þær fullyrðingar standast reyndar ekki ef menn skoða þær nánar. Íslenska lagasafnið mun telja samtals 1.385 blaðsíður. Sá hluti EES-samningsins sem væntanlega verður lögfestur og öll fylgifrumvörp hans, rúmlega 60 að tölu, eru að öllum líkindum innan við 50 blaðsíður í íslenska lagasafninu. EES-samningurinn í heild, með viðbótaryfirlýsingum, bókunum og viðaukum er í heild sinni um 10.000 blaðsíður. Að stærstum hluta er það þjóðréttarsamningur sem hefur ekki lagagildi á Íslandi. Eftir gildistöku samningsins verða hins vegar settar íslenskar reglugerðir, sem taka mið af samningnum. Blaðsíðufjöldinn verður hins vegar *einungis brot af áðurnefndri heildartölu þótt erfitt sé* að meta hann nákvæmlega á þessari stundu. Þann blaðsíðufjölda á náttúrlega að bera saman við blaðsíðufjölda gildandi íslenskra reglugerða sem skipta tugþúsundum en er ekki að finna í lagasafni.

Margir þeir sem lagst hafa gegn EES-samningnum hafa viðurkennt að fjölmargt nýtilegt og gagnlegt sé að finna í reglum þeim sem Evrópubandalagsríkin tólf hafa komið sér saman um varðandi framleiðslu og viðskipti. Reyndar hefur um árabil verið tekið tillit til ekki einasta norrænnar heldur evrópskrar löggjafar við frumvarpasmíð hér á landi. Það skýrir ef til vill hvers vegna nauðsynlegar lagabreytingar vegna EES-samningsins eru þrátt fyrir allt ekki meiri að vöxtum en raun ber vitni.

Einhliða aðlögun að markaðsreglum Evrópubandalagsins getur hins vegar aldrei skilað okkur neinu öryggi eða neinum réttindum. Nauðsynleg viðurkenning á íslenskum afurðum og þjónustu á markaðnum fæst aðeins með því að viðskiptaþjóðirnar innan Evrópska efnahagssvæðinsins skuldbindi sig til slíkrar viðurkenningar samkvæmt umsömdum reglum.

Virðulegi forseti. Ég hef hér tíundað nokkuð samningsniðurstöðurnar eins og þær lágu fyrir í stórum dráttum í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og ég árétta það að þessi árangur náðist að mestu leyti í tíð fyrrv. ríkisstjórnar við samningaborðið. Í mars 1991, réttum mánuði fyrir síðustu alþingiskosningar, lagði ég enn fram skýrslu á Alþingi um stöðu samningaviðræðna að beiðni nokkurra þingmanna Sjálfstfl. Í þessari skýrslu var staða samningaviðræðnanna skýrð og þau atriði tíunduð sem samkomulag hafði þá þegar náðst um en í *öðrum tilvikum var lýst stöðu samningsaðila*. Að gefnu tilefni langar mig til fróðleiks til að minnast á ýmis atriði í þessari skýrslu til Alþingis.

Samningskaflinn um fjárfestingar var að fullu tilbúinn á þessum tíma. Það eina sem gerðist á lokasprettinum var að fyrirvarinn sem við sóttum svo hart að fá við fjárfestingum erlendra aðila í sjávarútvegi fékkst viðurkenndur síðar. Að öðru leyti var allur kaflinn um fjármagnsmarkaðinn tilbúinn eins og hann lá fyrir og liggur fyrir.

Samningsákvæði um ákvarðanatöku innan EES voru fullmótuð þegar hér var komið sögu. Þá lá allt fyrir um þátttöku sérfræðinga EFTA-ríkjanna í ákvarðanatökunni, um rétt samningsaðila til þess að taka mál upp til endurskoðunar í EES-ráði og nefnd, hvenær sem er, að ógleymdri grundvallarreglunni um að engin ákvörðun yrði tekin innan Evrópska efnahagssvæðisins nema með samþykki allra samningsaðila, þ.e. um neitunarvald hvers einstaks ríkis. Allt lá það fyrir.

Ákvæði um eftirlit með framkvæmd samningsins voru ekki endanlega frágengin í tíð síðustu ríkisstjórnar. Engu að síður var ljóst að unnið yrði eftir svokallaðri tveggja stoða lausn, þannig að um yrði að ræða sérstaka eftirlitsstofnun EFTA. Þessu til staðfestingar segir í skýrslu minni til Alþingis í tíð fyrrv. ríkisstjórnar orðrétt á þessa leið, með leyfi forseta:

„Samkeppnisreglunum er ætlað að tryggja að jöfn samkeppnisskilyrði ríki á EES-svæðinu ... Þess vegna hafa EFTA-ríkin, við uppbyggingu eftirlits af þeirra hálfu, talið eðlilegt að taka viðeigandi tillit til þess fyrirkomulags, sem ríkir innan framkvæmdastjórnar EB við framkvæmd samkeppnisreglna."

Þessu fylgir síðan upptalning á valdsviði framkvæmdastjórnarinnar innan bandalagsins og er þar m.a. skýrt tekið fram hvernig unnt er að leggja á sektir við brotum á samkeppnisreglum. Þá er í skýrslunni vísað til niðurstaðna ráðherrafundar EFTA og EB í árslok 1990, m.a. með þessum orðum:

„Ráðherrar tóku fram að samningamenn ynnu nú á þeim grundvelli að sett yrði upp sjálfstæð EFTA-stofnun til að beita samkeppnisreglum. Slík stofnun ætti að hafa samsvarandi umboð og hlutverk og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins."

Þetta var árið 1990 og þetta er niðurstaðan eins og hún liggur fyrir.

Ég legg á það áherslu, virðulegur forseti, að eins og málin stóðu við samningaborðið í fyrra ríkisstjórnarsamstarfi var þessum tillögum aldrei mótmælt hvort heldur þær tóku til eftirlitsstofnunar eða dómstóls. Ákvæði samningsins um dómsvald á Evrópska efnahagssvæðinu voru að vísu í annarri mynd á tíma síðustu ríkisstjórnar en nú. Þá var nefnilega gert ráð fyrir sameiginlegum dómstóli Evrópska efnahagssvæðisins, dómstóli sem hefði vald til að kveða upp forúrskurði með skýringum á ESS-samningnum og viðaukum sem yrðu bindandi fyrir dómstóla í aðildarríkjum, sem yrðu bindandi fyrir íslenska dómstóla. Þannig var samningsákvæðið í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Niðurstaðan samkvæmt þeim samningi sem hér er lagður fyrir Alþingi varð hins vegar sú að stofnað verður til sérstaks EFTA-dómstóls sem hægt er að leita til eftir forúrskurðum en þeir forúrskurðir eru einungis leiðbeinandi fyrir ríkin sem að Evrópska efnahagssvæðinu standa.

Þannig er ljóst að það sem breyst hefur í EES-samningnum á lokastiginu hvað dómsvald varðar frá tíð síðustu ríkisstjórnar er það að staða dómstólsins er veikari en hún var og það er enn tryggara nú en áður að dómsvald innlendra aðila verður ekki framselt úr landi.

Það lá alltaf fyrir að EES-samningurinn var gerður með það í huga að orð skyldu standa. Það var kveðið á um það frá upphafi að við værum að semja um gagnkvæm réttindi og samsvarandi skyldur samningsaðila. Því var ávallt ljóst frá upphafi að um yrði að ræða sameiginlegar stofnanir samningsaðila til að fylgjast með framkvæmd samningsins. Eða eins og segir í skýrslu minni til Alþingis frá í mars 1991, með leyfi forseta:

„Samræmd framkvæmd og túlkun á EES-reglum í öllum aðildarríkjunum er forsenda þess að markmiðum samningsins verði náð. Ljóst er að samningsaðili sem samið hefur um að beita sameiginlegum reglum í samskiptum við aðra getur ekki einn ráðið ferðinni við túlkun reglnanna. Sameiginlegar stofnanir samningsaðilanna eru óhjákvæmilegar til eftirlits. Ef samið verður um sameiginlegar samkeppnisreglur sem gilda í viðskiptum á milli einstaklinga og fyrirtækja yfir landamæri ríkja beinist eftirlitið að viðskiptaaðilunum sjálfum. Í samningaviðræðum um sjálfstætt eftirlit með sameiginlegum samkeppnisreglum hafa EFTA-ríkin gengið út frá að ákvörðun eftirlitsstofnunar sem beinist að einstaklingi eða fyrirtæki er gerst hefur brotlegt verði ekki hægt að fullnægja nema fyrir atbeina þar til bærra stjórnvalda í aðildarríkjunum." — Eins og niðurstaðan reyndar er.

Virðulegi forseti. Þá vil ég víkja að því sem hafið er yfir allan vafa. Í greinargerðum um þetta mál í tíð fyrrv. ríkisstjórnar er það engum vafa undirorpið að við töldum valdsvið sameiginlegra stofnana samræmast stjórnarskránni. (**ÓRG:** Þú taldir það.) Þetta er auðvelt að færa sönnur á, hv. þm.

Ég vil af þessu tilefni enn vitna í skýrslu sem lögð var fram hér á hinu háa Alþingi í tíð fyrri ríkisstjórnar, sem ég hef áður vitnað til, frá því í mars 1991. Þar segir, virðulegur forseti, á þessa leið:

„Mörg fordæmi eru til í þjóðréttarsamningum sem Alþingi hefur fullgilt sem fela í sér sambærileg dæmi um viðurkenningu á aðfararhæfi sekta og annarra ákvarðana stjórnvalda og dóma í öðrum ríkjum. (Sjá t.d. lög nr. 30/1932, um Norðurlandasamning um viðurkenningu dóma, lög nr. 11/1972, um aðstoð í skattamálum, lög nr. 93/1962, um innheimtu meðlaga.) Íslendingar hafa einnig samþykkt lögsögu alþjóðadómstóla undir þeim sáttmálum sem þeir eru aðilar að, samanber t.d. Mannréttindadómstól Evrópuráðsins. Íslenska stjórnarskráin hefur eins og framangreind dæmi bera með sér verið túlkuð með tilliti til aukins samstarfs þjóða og þróunar á alþjóðavettvangi. Telja verður að þær hugmyndir sem varða valdssvið sameiginlegra stofnana á Evrópska efnahagssvæðinu falli innan ramma stjórnarskrárinnar eins og hún hefur verið túlkuð fram að þessu."

Þetta var greinargerð til Alþingis Íslendinga um afstöðu Íslands til þessara samninga eins og hún var í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Því má bæta við að ef rekja ætti fleiri dæmi um það hvernig Alþingi Íslendinga hefur samþykkt með lögum aðfararhæfi dóma, sekta, erlendra dómstóla og stjórnvalda þá eru þau dæmi fleiri. M.a. voru samþykkt lög bæði um gerðardóma og um aðfararhæfi í tíð fyrrv. ríkisstjórnar sem byggja á þeirri grundvallarreglu að Alþingi setur lög þar sem slíkt aðfararhæfi dóma og stjórnvaldsúrskurða erlendra aðila er viðurkennt. Þessi dæmi má rekja allt frá árinu 1932, þ.e. áður en núverandi stjórnarskrá íslenska ríkisins var sett og síðan allan tímann á lýðveldistímanum.

Virðulegi forseti. Þessi skýrsla var sem fyrr sagði lögð fyrir Alþingi í mars 1991. Ég vek athygli á því að hún var aldrei tilefni til athugasemda frá samráðherrum mínum, aldrei. Þeir gerðu hvorki þá né ella, þegar þetta mál var til umfjöllunar á vettvangi ríkisstjórnar, neinar athugasemdir við meðferð utanrrm. í þessum málum. Til frekari glöggvunar er rétt að minna á ummæli tveggja þáv. samráðherra minna um Evrópska efnahagssvæði frá því um mánaðamótin apríl/maí 1991 þegar stjórnarmyndun var til umræðu að loknum síðustu alþingiskosningum. Þá var spurst fyrir um afstöðu Alþýðubandalagsins og þá sérstaklega hv. 4. þm. Austurl. Hjörleifs Guttormssonar, til samninganna um Evrópska efnahagssvæðið. Það var sérstaklega spurt hvort Hjörleifur Guttormsson yrði til að eyðileggja málið í áframhaldandi samstarfi þáverandi stjórnarflokka.

Um afstöðu Hjörleifs til málsins sagði hv. 8. þm. Reykn. aðspurður í sjónvarpi hinn 21. apríl orðrétt, með leyfi forseta:

„Alþýðubandalagið hefur stuðlað að því að viðræður um álver hafa getað haldið áfram með eðlilegum

hætti. Viðræður um Evrópskt efnahagssvæði hafa haldið áfram með eðlilegum hætti ...“ Ekkert óeðlilegt við það, enginn ágreiningur um það.

„Nú er ástæða að nefna það sem dæmi að þegar við mynduðum ríkisstjórnina á einni viku haustið 1988 þá lá fyrir [segir hv. 8. þm. Reykn.] að tveir af þingmönnum Alþýðubandalagsins, þeir Skúli Alexandersson og Geir Gunnarsson, voru á móti þeirri stjórnarmyndun. Engu að síður stóð þingflokkur Alþýðubandalagsins heill með þeirri ríkisstjórn að öllum lykilmálum hennar og ég lýsi því hér að þingflokkur Alþýðubandalagsins mun standa heill að stefnu þeirrar ríkisstjórnar sem við munum mynda hér ...“ Ein tilvitnun í viðbót í 8. þm. Reykn. í sama samtali í sjónvarpi, virðulegur forseti:

„...ég ætla bara að segja að minn flokkur mun standa heill og óskiptur með slíkri ríkisstjórn, það er ljóst.“

Hv. 1. þm. Austurl. segir um Evrópumálin og samvinnu milli Alþýðu- og Framsóknarflokks í Tímanum hinn 25. apríl 1991:

„Við höfum unnið af fullum heilindum saman að málinu og við erum reiðubúnir að gera það áfram.“

Ég hef rakið hvernig við unnum að málinu í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Þetta eru allt saman yfirlýsingar um að standa heilir og óskiptir að málinu enda ekkert óeðlilegt við það hvernig á málinu var haldið, virðulegi forseti.

Hv. þingmenn, ráðherrar í síðustu ríkisstjórn, sátu í þeirri ríkisstjórn og fjölluðu að sjálfsögðu á fjölmörgum ríkisstjórnarfundum um samningaviðræðurnar um Evrópska efnahagssvæði sem stóðu í tvö ár. Á þeim tíma var afstaða stjórnarflokkanna til samninganna að sjálfsögðu eitt af meiri háttar málum í stjórnarsamstarfinu og því eðlilega mjög oft til umræðu, jafnt innan ríkisstjórnar og í stofnunum stjórnarflokkanna. EES-samningurinn, sem hér er lagður fyrir Alþingi, er í öllum meginatriðum í samræmi við þau samningsdrög sem fyrir lágu við lok starfstímabils síðustu ríkisstjórnar, virðulegi forseti.

Ég tel það vissulega fullreynt að betri kosta er ekki völ í samskiptum okkar við Evrópubandalagið á þessum tíma. Ég á ekki von á því að í bráð skapist aftur þær sögulegu aðstæður sem gerðu þennan árangur mögulegan. Ef EES-viðræðurnar hefðu frestast af einhverjum ástæðum um 1–2 ár er ég ekki viss um að hægt hefði verið að leiða þær til lykta. EES-samningurinn gefur okkur sögulegt tækifæri til þess að koma samskiptum okkar við Evrópubandalagið við þá markaði sem okkur eru lífsnauðsynlegir í viðunandi og varanlegt horf.

Norðurlandaþjóðirnar stefna hver á fætur annarri inn í Evrópubandalagið, hvernig sem þeim mun nú vegna í þeim samningum og hversu langan tíma sem það mun taka þær. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið gefur okkur einnig færi á að halda áfram þeim tengslum sem skapast hafa við frændþjóðir á Norðurlöndum. Um þetta fjallar t.d. hv. 1. þm. Austurl. í nýlegri blaðagrein og segir þá á þessa leið, með leyfi forseta:

„Ef við stöndum einir utan við EES er líklegt að við munum verða einangraðir á ýmsum sviðum í norrænu samstarfi. Frelsin fjögur yfirtaka margt af því sem menn hafa náð fram í norrænu samstarfi, eins og t.d. norræna vinnumarkaðinn. Hann hefur verið okkur mjög þýðingarmikill í gegnum tíðina, en með frjálsum flutningi vinnuafls innan Evrópu munu reglur EB og EES yfirtaka þetta hlutverk. Sama má segja um mörg önnur svið og ekki er sjálfgefið að norrænt samstarf haldi áfram á þeim sviðum, sem EES yfirtekur.“ Þetta eru orð hv. 1. þm. Austurl., Halldórs Ásgrímssonar. Ég get vissulega tekið undir þau. (**Gripið fram í:** Hvenær?) Í nýlegri blaðagrein, ég er ekki með dagsetninguna.

Það hefur oft gerst að mér hafa ranglega verið eignuð orð á þá leið að allt hafi í þessum samningum fengist fyrir ekkert. Hið rétta er að samningsaðilum okkar þótti sem Ísland hefði engu fórnað en fengið fram full réttindi. Þetta var afstaða sem var yfirlýst af varaforseta bandalagsins að samningunum loknum. Þetta eru hans orð en ekki mín. Ég veit að mörgum finnst það samstarf sem við nú hyggjumst hefja við aðrar Vestur-Evrópuþjóðir vera helst til umfangsmikið. Vissulega er það svo að ekki eru allir þættir þess jafnáhugaverðir. Ég á t.d. ekki von á því að þær 1.800 blaðsíður af gerðum sem hv. 4. þm. Austurl. spurði hér eftir áðan, sem fjalla t.d. um bifreiðaframleiðslu, um framleiðslu vélknúinna ökutækja eða landbúnaðardráttarvéla sem við höfum enn ekki tekið upp hér á landi, snerti íslenskt atvinnulíf í bráð. (**Gripið fram í:** Er búið að þýða hann?) Sama máli gegnir t.d. um skipaskurði og járnbrautasamgöngur. Til að svara fyrirspurn hv. þm. skal þess getið að að langsamlega stærstum hluta þá liggja þessar gerðir fyrir í íslenskri þýðingu. Þar hefur forgangsröðin verið sú að fyrst hefur verið unnið að þýðingu þess sem þegar er til í íslensku efnahagslífi og hefur því eitthvert praktískt gildi. En yfirlit um stöðu þessara gerða og þýðing þeirra er eftir því sem ég best veit tilbúið, ég veit að það er tilbúið og átti að senda öllum þingflokkum í dag. Ég hygg því að þar komi fram greinargóð svör við spurningum hv. þm.

Það er alveg rétt að samningurinn er víðtækur og nær til fleiri sviða en íslenskt atvinnulíf gerir í dag. En ég spyr: Er það frekar galli en kostur? Hver veit hvað framtíðin ber í skauti sér? Öll vonumst við til þess að íslenskt atvinnulíf vaxi og dafni og verði fjölbreyttara en það hefur verið. Innihaldsrýr samningur hefði sett framtíðarþróun atvinnulífs hér þess vegna þrengri skorður en æskilegt væri. Skemmst er að minnast t.d. að ekki þótti ástæða til þess á sínum tíma, þegar verið var að véla um fríverslunarsamningnn 1972, að láta hann ná til stáls frá Íslandi. Tæpum 20 árum síðar þurfti svo að grípa til sérstakra samningaumleitana þegar stálframleiðsla hófst hér á landi með útflutning til EB fyrir augum. Tilraunin tókst að vísu ekki í það skiptið en við vonum að það gangi betur í annað sinn.

Virðulegi forseti. Undanfarin ár hefur Ísland eitt Vestur-Evrópuríkja búið við samdrátt í þjóðarframleiðslu. Við nýtingu auðlinda hafsins erum við ekki aðeins komin að endimörkum vaxtar heldur verðum við

beinlínis að draga úr sókn í mikilvægustu nytjastofna. Atvinnuleysi gerir nú vart við sig á ný og sú hótun vofir yfir okkur að það nái að festa sig í sessi ef stöðnun atvinnulífsins reynist viðvarandi og ef ekki er bryddað upp á nýjungum í íslensku atvinnulífi og framleiðslustarfi.

Við þessar aðstæður, virðulegi forseti, er það ábyrgðarhluti að hafna samningi sem í fyrsta skipti gefur helstu útflutningsafurðum Íslands, sjávarafurðum, sambærileg kjör á við þau sem iðnvarningur hefur notið um áratugi. Áralangri baráttu gegn saltfisktollum er lokið með sigri. Allir tollar falla niður strax í upphafi á mikilvægustu sjávarafurðavöruflokkum en aðrir tollar munu síðan lækka í áföngum um 70% þannig að eftirstöðvar tolla, þegar samningurinn er að fullu kominn til framkvæmda, verða það lágir að þeir munu ekki verka sem viðskiptahindrun.

Undantekningarnar eru lax, makríll, síld, rækja, ein tegund hörpudisks og leturhumar. Ég vek þó athygli á því að þessar undantekningar, sem eru í samningnum vegna þess hversu harðsótt mál fiskveiðihagsmunir nokkurra aðildarþjóða Evrópubandalagsins var, snerta okkur minna en t.d. félaga okkar Norðmenn, t.d. vegna þess að tollfríðindi á rækju voru tryggð samkvæmt bókun 6 og þau haldast. Makrílveiðar höfum við ekki stundað við Ísland í stórum stíl, tollar á laxi eru lágir og undanþágan sem ég nefndi áðan snertir ekki íslenskan hörpudisk. Í ljósi þessa má segja að okkar hlutur hafi verið allgóður.

Niðurfelling tolla hefur af samtökum sjávarútvegsins sjálfra verið metin á 2 milljarða á ári. Þá eru ekki tekin með í reikninginn þau tækifæri sem nú skapast í fyrsta sinn fyrir unnar neytendavörur sem ekki seldust áður vegna tollmúra. Nýjar og hertar reglur Evrópubandalagsins um heilbrigðiseftirlit með innfluttum sjávarafurðum hefðu getað orðið okkur alvarlegur trafali í viðskiptum um næstu áramót. En EES-samningurinn tryggir að íslensk heilbrigðisvottorð, okkar eigin heilbrigðisvottorð, verða þá tekin fullgild.

Til þessa hafa tollmúrar komið í veg fyrir þróun í íslenskum fiskiðnaði að því er varðar margt. Ég nefni einungis fersk flök og reyktan fisk en fjölmargar aðrar unnar tegundir sjávarafurða gæti ég nefnt. Það hefur verið erfitt um vik að nýta sér tækifærið til þess að komast með afurðir okkar beint inn á neytendamarkaði. Þau færi sem hér skapast verða þegar fram í sækir miklu stærri ávinningur af þessum samningi en beinar tollaniðurfellingar einar sér. Það er af þessum ástæðum sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið mun reynast landsbyggðinni á Íslandi, þar sem sjávarútvegurinn er uppistaða atvinnulífs, sérstök lyftistöng í atvinnulegu tilliti.

Evrópubandalagið hefur einnig skuldbundið sig til frekara samstarfs um framkvæmdaþætti eins og einföldun og hraðafgreiðslu í sambandi við tolla. Íslenskar framleiðsluvörur verða viðurkenndar á Evrópubandalagsmarkaði samkvæmt íslenskum stöðlum og íslenskum heilbrigðisvottorðum og tæknilegum viðskiptahindrunum verður rutt úr vegi. Hið sama gildir að sjálfsögðu um Evrópubandalagsafurðir hér á okkar smáa heimamarkaði. En jafnvel í því efni fengum við undanþágur. Ég get t.d. nefnt hættuleg efni þar sem við getum og okkur er alveg heimilt án þess að rjúfa þennan samning að setja strangari reglur, t.d. um asbest, kvikasilfur, óson-eyðandi efni, o.fl.

Samstarf á sviði orkumála er að vísu ekki mjög umfangsmikið samkvæmt þessum samningi, en mun þó styrkja verulega stöðu okkar sem orkuútflytjanda til Evrópu. Íslenskir verktakar hafa lýst því yfir að þeir taki fegins hendi þeim nýju tækifærum sem nú bjóðast vegna opnunar útboðsmarkaða á EES-svæðinu enda hafa í raun allir stærstu verksamningar hérlendis á vegum ríkis og sveitarfélaga verið boðnir út til þessa á alþjóðlegum útboðsmarkaði, ólíkt því sem tíðkast víða í samnings- eða aðildarlöndum. Sú skuldbinding sem við tökum á okkur er ekki önnur en sú að taka hagstæðasta tilboði sé það víst að þau séu fyllilega sambærileg og það getur varla talist þröngur kostur út frá okkar sjónarmiði.

Vernd hugverkaréttinda verður tryggari eftir að samningur þessi gengur í gildi. Vera má að einhverjir sem stundað hafa það að taka hugmyndir erlendis frá ófrjálsri hendi harmi það en vernd íslenskra hugvitsmanna og möguleikar á því að koma hugmyndum sínum í verð á erlendum mörkuðum verða að sama skapi betri.

Lengi, virðulegi forseti, höfum við þann steininn klappað að reyna að laða hingað erlent fjármagn en með misjöfnun árangri, fyrst og fremst í því skyni þó af okkar hálfu að reyna að koma orkulindum okkar í verð. Skilyrði orkufreks iðnaðar batna til muna verði EES-samningurinn staðfestur, einfaldlega vegna þess að með honum afsalar EB sér rétti til undirboðsaðgerða en þær hafa vofað yfir jafnt álvinnslu sem járnblendi hér undanfarin ár og voru t.d. eitt af áhyggjuefnum Norðmanna út af sambærilegum útflutningsgreinum.

Í iðnþróuðum þjóðfélögum hefur hagvöxtur undanfarin ár ekki síst falist í vexti þjónustugreina. Ísland er þar engin undantekning. Árið 1989 voru þjónustuviðskipti orðin 61% af vergri landsframleiðslu. Þau voru 53% árið 1973. Frjálsræði í þjónustuviðskiptum milli ríkja hefur farið vaxandi hér sem annars staðar en með samningnum, þeim sem hér liggur fyrir, er þó fyrst samið um gagnkvæm réttindi og öryggi í þeim málum.

Ég hef ekki orðið þess var að miklum ótta hafi verið lýst af hálfu íslenskra banka, vátryggingafélaga, verðbréfasjóða, flugfélaga, skipafélaga eða öðrum þjónustufyrirtækjum vegna opnunar markaðarins enda telja þessi fyrirtæki sig vel samkeppnisfær. Viðskiptavild og sterk staða á markaðnum gefur þeim gott forskot á erlenda keppinauta, en nýir möguleikar opnast við aukið frjálsræði.

Með þessum samningnum opnast líka nýjar leiðir fyrir íslenska atvinnustarfsemi að leita fyrir sér á Evrópumarkaði. Aðgangur að láns- og áhættufé verður auðveldari og greiðari. Tækifæri til nýsköpunar verða þar af leiðandi fleiri. Gera má ráð fyrir að aukin samkeppni í vöru- og þjónustuviðskiptum og hagkvæmari

viðskiptahættir leiði til lækkunar verðlags og lækkunar vaxta sem hvort tveggja er í þágu almennings, neytenda og fyrirtækja. Hver sá sem skoðar umsagnir helstu íslenskra stofnana sem um samninginn hafa fjallað getur ekki efast um þetta.

Það væri mikill misskilningur, virðulegi forseti, ef menn héldu að þessi samningur snerist einungis um hagsmuni atvinnulífs og fyrirtækja. Það er ekki minna um vert að með honum er nýr vettvangur opnaður ungu fólki jafnt sem hinum eldri til þess að leita út fyrir landsteinana, bæði til náms og til starfa í lengri eða skemmri tíma. Þátttaka í rannsóknarverkefnum Evrópuríkja verða íslenskum rannsóknum og vísindum lyftistöng. Reynslan sýnir að framlag til verkefna á borð við COMETT eða ERASMUS hefur þegar skilað sér með vöxtum og vaxtavöxtum til baka í beinhörðum peningum og er þá ótalið það sem mest er um vert, þ.e. niðurstöður rannsóknanna sjálfra.

Gert er ráð fyrir að Íslendingar greiði um 3,5 milljónir króna til COMETT-áætlunarinnar árlega. Sammennt, samstarfsnefnd atvinnulífs og skóla, sem sér um framkvæmd svokallaðrar COMETT-áætlunarinnar á Íslandi, er rekin fyrir 12 milljón króna styrk frá COMETT svo að eitt dæmi sé nefnt. Allar umsóknir Sammenntar voru samþykktar. Samtals hlutu Íslendingar rúmlega 18 milljón króna styrk á tveimur árum sem jafngildir alla vega tvöföldu framlagi okkar og sem er langt umfram það sem kom í hlut annarra, t.d. Norðurlandaþjóða. Á þessu ári hafa Íslendingar sótt um styrki vegna þessa samstarfs upp á 30 milljónir og fengið vilyrði fyrir 23 milljónum. Stærst þeirra verkefna sem hlaut styrk er samstarfsverkefni fyrirtækja nokkurra þjóða sem Íslendingar leiða og felur í sér rannsóknir á gæðamati á sjávarafurðum og reglum um það. Samtals fengust um 16,5 milljónir króna til þessa mikilvæga verkefnis. Þetta er aðeins nefnt hér sem dæmi um það hvernig rannsóknir og vísindi munu styrkjast í kjölfar þessara samninga.

ERASMUS-áætlunin hefur að markmiði að gefa æskufólki tækifæri til að nema í öðrum löndum en heimalandi sínu. Nú í haust fara fyrstu íslensku ungmennin til annarra landa EES-svæðisins til að kynnast menningu þeirra og tungu á vegum ERASMUS. Þegar hafa 48 nemendur fengið loforð um styrk til að sækja háskóla utan Íslands en skilyrði fyrir námsdvöl nemenda erlendis er að heimaskóli þeirra, Háskóli Íslands, viðurkenni námsdvölina sem hluta af námi þeirra við heimastofnunina.

Eftir að samningur þessi öðlast gildi verður Ísland fullgildur þátttakandi í mun fleiri samstarfsáætlunum. Sem dæmi um slíkt má þar nefna Æsku í Evrópu sem hefur að markmiði að gefa ungu fólki, sem ekki stundar háskólanám, tækifæri til að dvelja um tíma í einhverju ríkja Evrópubandalagsins.

Virðulegi forseti. Það er engu líkara þegar við hlustum á málflutning andstæðinga þessa samnings en einhver ólæknandi vanmetakennd liggi að baki andstöðu margra við samninginn. Grundvallarforsenda málflutnings ýmissa andstæðinga hans virðist vera sú að Íslendingar geti ekki verið samkeppnishæfir á við aðrar þjóðir; að íslenskt þjóðfélag geti ekki þrifist í samfélagi þjóðanna nema sem verndaður vinnustaður þar sem stjórnvöld skammta almenningi aðgang að heiminum sem fyrir utan er. Leifar af þessum hafta- og skömmtunarhugsunarhætti fyrri tíma einkenna í allt of ríkum mæli málflutning þeirra sem vara við þessum hagstæða samningi. Þetta er ekkert nýtt. Þetta er hundgamalt. Það væri e.t.v. ekki úr vegi að minnast þess að hugmyndir af þessu tagi má rekja úr annálum Íslandssögunnar langt aftur í tímann. Ég nefni hér eitt dæmi.

Það var árið 1816, hinn 27. ágúst, að merkur klerkur, séra Þorvaldur Böðvarsson í Holti skrifaði bréf til hins fræga Íslandsvinar, Rasmusar Christians Rask og segir þar orðrétt, með leyfi forseta:

„Mjög þykja oss óskyggilegar þær fréttir, sem sumir höndlunarmenn okkar hafa látið út berast í sumar, þ.e. að jöfur ætli að leyfa öllum þjóðum ótakmarkaða höndlun við Ísland, og hinir, sem fyrir eru, skuli eftir hendinni leggja sína höndlunarstaði í eyði. Hér eigi að verða einungis þrír kaupstaðir, Reykjavík, Grundarfjörður og Akureyri. Þá vildi ég vera burtu héðan. Einasta bótin er, að ég vona, að þetta sé hermt heldur skakkt og ekki nema á aðra hliðina. Mig langar ekki eftir meiri höndlunarfríheitum en við höfum notið bæði í sumar og í fyrra og hefi þá trú að ásigkomulag vort að svo stöddu leyfi þau ekki stærri."

Þeir sem lesið hafa málflutning Jóns Sigurðssonar forseta í Nýjum félagsritum um nauðsyn þess að Íslendingar ryfu fjötra einokunar af landinu og nytu kosta fríverslunar í milliríkjaviðskiptum eins og aðrar þjóðir hafa íhugað fyrir sér tvo ólíka skóla sögulega séð í hugsun og umfjöllun um íslensk málefni og samskipti Íslands um umheiminn. Ef við berum niður í Nýjum félagsritum, ritsmíðum Jóns Sigurðssonar forseta, þá er eins og hann hafi haft þessa tilvitnun í höfuðklerkinn í Holti í huga þegar hann setur eftirfarandi orð á blað því að þau eru eins og svar við þessu. Í Nýjum félagsritum segir Jón Sigurðsson orðrétt á þessa leið:

„Það munu enn sumir óttast að útlendir menn muni setjast í atvinnuvegu landsmanna, þá sem ábatamestir eru, og bera Íslendinga sjálfa ofurliði, af því hinir séu ötulli og auðugri. En þessu er ekki að kvíða," segir Jón Sigurðsson forseti, „því fyrst er ekki svo mjög að óttast að aðsókn að landinu verði meiri en þarfir þess og verslunarmegin leyfa, og því næst er landið ekki svo vel rómað í öðrum löndum, að menn muni gjörast til að flytjast þangað í sveitum. Þess vegna er ekki að óttast að aðsókn til landsins verði óðari en svo sem svarar framförum þess, og þá er landsmönnum innan handar að hafa jafnan yfirráðin, en þökk mætti þeim vera á að njóta styrks annarra og læra af þeim það sem þeim má til góðs verða og landinu, og á þennan hátt er slíkt metið í öðrum löndum. Þegar borin verður umhyggja fyrir að Íslendingar nái menntun og kunnáttu í hverri stétt sem þeim er ætluð, eins og fyrr hefur verið drepið á, þá er ekki að kvíða að þeir muni ekki geta átt þátt í sérhverju fyrirtæki, og komist jafnfætis ennum útlendum, því enginn hefur enn fríað þeim vits og gáfna, þó þeir hafi verið grunaðir um græsku þá, sem réttu

nafni heitir gúnguskapur, og afskiptaleysi um hag sjálfra sín og landsins."

Þetta eru orð Jóns Sigurðssonar forseta og að sjálfsögðu hef ég engu við þau að bæta.

Virðulegi forseti. Það hefur verið reynt æ ofan í æ í þessu máli eins og sambærilegum málum sem upp hafa komið í sögu lýðveldisins að magna upp ótta við samskipti af þessum toga. Sérstaklega hafa menn reynt að magna upp ótta við samræmdar samkeppnisreglur og eftirlit innan EFTA með því að eftir þeim sé farið. Satt að segja skýtur hér skökku við. Það var meginkeppikefli EFTA-ríkjanna sjálfra að öðlast þessar reglur, fá þessar reglur settar. Við töldum það eitt helsta hagsmunamál okkar í þessum samningum að fá viðurkenningu fyrir því að eftir þessum reglum skyldi farið, að fá eftirlit með þeim, að fá sameiginlegan úrskurðaraðila vegna þess að það var augljóslega okkar hagsmunamál. Þessar samkeppnisreglur eru settar til þess að tryggja hag lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þær eru settar til þess að koma í veg fyrir að auðhringir geti misnotað sér markaðsráðandi aðstöðu eða hin stærri ríki geti beitt afli hnefaréttarins í þessum samskiptum. Öflugt eftirlit með því að samkeppnisreglur séu virkar og virtar er engri þjóð í þessum samningum eins mikilvægt og okkur sjálfum, engri þjóð. Það kemur satt að segja á óvart þegar ólíklegustu menn gera þetta að meginádeiluefninu og þegar ólíklegustu menn eru farnir að bera slíkan kvíðboga fyrir hag auðhringa í þessu viðskiptasamstarfi.

Lítum á hvaða augum íslenskar stofnanir, ráðuneyti, rannsóknastofnanir, aðildarfélög atvinnulífs, sérfræðingar, hafa litið samninginn um Evrópskt efnahagssvæði og þann ávinning sem honum fylgir, þau tækifæri sem hann skapar. Þar verður mér fyrst fyrir að vitna til skýrslu fyrrv. fjmrh.: Evrópa 1992 og ríkisfjármálin, en þar segir:

„Ef íslenskt efnahagslíf lagar sig ekki að breyttum aðstæðum í Evrópu, verður hætta á stöðnun í efnahagslífinu, auknum viðskiptahalla, verðbólgu og atvinnuleysi. Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið skapast ný tækifæri til vaxtar í atvinnulífinu sem hefur þurft að þola samdrátt, stöðnun og vaxandi atvinnuleysi. Þjóðarbúið sjálft, ríkissjóður, fyrirtækin, launþegar og neytendur hagnast á þessum samningi ýmist með beinum eða óbeinum hætti," segir í þessari skýrslu fyrrv. fjmrh., formanns Alþb., Ólafs Ragnars Grímssonar.

Alþýðusamband Íslands bendir réttilega á það í greinargerð sinni um EES-samninginn í sumar að innihald hans ætti að gefa íslenskum fyrirtækjum betri samkeppnisskilyrði. En eigi samningurinn að fela í sér aukinn hagvöxt verði bæði stjórnvöld og atvinnulíf að vera vel á verði og hafa frumkvæði til að nýta sér þá möguleika sem bjóðast.

Það minnir mig á að ríkisstjórnin hefur nýlega samþykkt að fjórðungi þess fjár, sem aflað verður við sölu á hlut ríkisins í ríkisfyrirtækjum, verði varið til rannsókna og nýsköpunar í íslensku atvinnulífi. Sú aðstoð er auðvitað einungis viðbót við þau tækifæri sem skapast með þátttöku í rannsóknastarfsemi og þróunarverkefnum innan ramma samstarfssamninganna sem ég nefndi áður.

Svo aftur sé vitnað til Alþýðusambandsins þá er það rétt að EES-samningurinn getur skapað íslenskum fyrirtækjum nauðsynlegar forsendur fyrir nýjum fjárfestingum og vöruþróun sem gætu skapað aukna vinnslu hér á landi og aukinn virðisauka og fjölgað arðbærum störfum.

Í kynningarriti Vinnuveitendasambands Íslands um Evrópska efnahagssvæðið segir, með leyfi forseta:

„Ef samningurinn verður samþykktur gefst Íslendingum kostur á að taka þátt í nýju tímabili aukinnar hagsældar í Evrópu. Neytendur hér á landi sem annars staðar innan efnahagssvæðisins munu njóta lægra vöruverðs, launþegar eiga möguleika á fleiri og tryggari atvinnutækifærum og fyrirtæki njóta betri og jafnari samkeppnisskilyrða."

Félag íslenskra iðnrekenda er ekki í vafa um að aukið frjálsræði og samkeppni muni leiða til hagsbóta fyrir iðnaðinn enda fara ¾ hlutar útflutningsiðnaðar til sölu í EB-ríkjum. Virkt eftirlit með því að farið verði eftir leikreglum Evrópska efnahagssvæðisins er smærri fyrirtækjum sérstaklega mikilvægt að þeirra mati og gefur þeim tækifæri til að verjast óheiðarlegri samkeppni stærri fyrirtækja.

Í skýrslu Þjóðahagsstofnunar, „Íslenskur þjóðarbúskapur og Evrópska efnahagssvæðið," segir að margar iðngreinar hérlendis standi allvel þar sem viðskiptahindranir hér séu yfirleitt minni en í Evrópubandalaginu og íslensku greinarnar opnari fyrir milliríkjaviðskiptum en sambærilegar greinar í EB. Aðlögun að reglum EB ætti að stuðla að minni viðskiptahindrunum en nú eru til staðar, auk þess sem reglur um ríkisafskipti verða færðar í sambærilegt form og innan EB.

EES-samningurinn felur í sér gagnkvæm réttindi og skuldbindingar um opnun þjóðfélagsins og aukna samkeppni á öllum sviðum í stað einokunar, fákeppni og verndarstefnu sem of lengi hefur bitnað á neytendum og launþegum í formi hærra vöruverðs og þjónustu en ella þyrfti að vera.

Frjálsir flutningar fjármagns auka samkeppni lánastofnana. Vextir munu ráðast á alþjóðlegum mörkuðum og þar af leiðandi verða þeir í samræmi við vexti í öðrum EES-löndum. Aukið frelsi og samkeppni leiða til hagræðingar og lægra vöruverðs. Hagræðing á Íslandi og betri útflutningsmöguleikar verða til þess að landsframleiðslan mun vaxa og verðlag lækka. Meiri umsvif og aukin eftirspurn leiðir til aukins hagvaxtar svo sem m.a. kemur fram í auknum tekjum ríkissjóðs.

Samkeppni verður ekki aðeins milli fyrirtækja á opnum alþjóðlegum mörkuðum. Hún verður einnig milli ríkja og stjórnkerfa sem þurfa að skapa eigin þegnum sambærilegt starfsumhverfi og lífskjör. Þetta mun leiða til samræmingar á skattlagningu ríkis og sveitarfélaga til einföldunar stjórnkerfis, m.a. með það að markmiði að lækka kostnað og stytta boðleiðir, t.d. með fækkun og stækkun sveitarfélaga, lífeyrissjóða, samruna banka, lánastofnana og fyrirtækja. Þetta er allt saman hvati í þessa átt og í þessa átt ber okkur að stefna.

Evrópska efnahagssvæðið skapar möguleika á hagkvæmari verkaskiptingu í efnahagslífinu en nú er, bæði á milli opinberra aðila og einkaaðila. Stefnan í Evrópu, þar með talið á Íslandi, er að sjálfsögðu að halda stöðugleika í gengismálum. Hlutverk hagstjórnar verður enn frekar en nú að skapa atvinnulífinu ramma í peningamálum, gengismálum og ríkisfjármálum og tryggja eðlileg rekstrarskilyrði sem allir þurfa að laga sig að.

Ég hef áður, virðulegi forseti, vikið að hlut sjávarútvegsins í þessum samningum. Síðustu 20 árin hefur mikilvægi markaðar Evrópubandalagsins og reyndar Evrópska efnahagssvæðisins fyrir sjávarafurðir farið vaxandi, ekki síst eftir að helstu viðskiptalönd okkar eins og Bretland, Danmörk, Portúgal og Spánn gengu í bandalagið.

Nú er svo komið að 70%–80% af heildarútflutningi sjávarafurða fer á Evrópska efnahagssvæðið. Á síðasta ári voru greiddir um 2 milljarðar króna í tolla af innflutningi íslenskra sjávarafurða þangað. Hinar nýju leiðir sem opnast fyrir íslenskan sjávarútveg á mörkuðum Evrópska efnahagssvæðisins, þegar tollarnir falla niður, eru auðvitað stóra tækifærið fyrir sjávarútveginn og fyrir fiskvinnsluna.

Mikilvægi þess fyrir Íslendinga er óumdeilt. Við höfum hins vegar sjaldan litið á þau viðskipti út frá sjónarmiði markaðarins, viðskiptaaðilans. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar hefur árlegur fiskafli Evrópubandalagsins til manneldis verið um 4 millj. tonna á undanförnum árum eða sex til sjö sinnum meiri árlegur afli en við berum á land. Þessu til viðbótar flytur Evrópubandalagið inn annað eins magn á hverju ári, tæpar 4 millj. tonna. Við þetta má svo bæta að þrátt fyrir það að í Evrópubandalaginu séu um 2 millj. manna taldar hafa atvinnu af sjávarútvegi og þjónustu við hann mælist sjávarútvegurinn varla í þeirra hagskýrslum. Hann telst aðeins skila um 0,14% til landsframleiðslu Evrópubandalagsins. Samsvarandi tala á Íslandi er yfir 16% en hlutur í vöruútflutningi er vel yfir 70%.

Útflutningur sjávarafurða okkar til Evrópubandalagsins er um 8% af fiskinnflutningi þess og um 4% af samanlögðum veiðum þeirra sjálfra og innflutningi. Ef við Íslendingar hefðum fest utan tollmúra Evrópubandalagsins með okkar sjávarafurðir var fullkomin hætta á því að við hefðum líka fest í því fari að vera hráefnisútflutningsnýlenda þessara miklu markaða. Afleiðingar þess þarf ég ekki að orðlengja um. Það hefði auðvitað fyrst og fremst bitnað á landsbyggðinni á Íslandi. Það hefði bitnað á fólkinu í þeim byggðarlögum þar sem sjávarútvegurinn er uppistaða atvinnulífsins. Það hefði þýtt að atvinnan hefði flust í vaxandi mæli úr landinu.

Þetta þýðir að þessi viðskiptasamningur um Evrópska efnahagssvæðið er sennilega ekki neinum í okkar þjóðfélagi jafnmikilvægur og sjávarútveginum og því fólki sem þar starfar, sjómönnum og fiskvinnslufólki vegna þess að hann léttir af sjávarútveginum byrðum, hann brýtur niður tollmúrana sem hafa haldið honum í skorðum, hann skapar honum tækifæri fyrir vöruþróun og nýjungar, hann skapar honum stórkostleg tækifæri til nýrrar markaðssóknar, hann skapar ný störf, hann eykur verðmæti sem eftir verða í höndum íslenskra handa. Enginn einn þjóðfélagshópur mun þegar fram í sækir eiga jafnmikið undir þessum samningi og fólkið sem starfar í sjávarútveginum og fólkið sem býr á landsbyggðinni.

Menn skyldu því ætla að hagsmunasamtök í sjávarútvegi lýstu sérstakri ánægju sinni með niðurstöður þessara samninga. Þau gerðu það að vísu en drógu það til baka og sögðust ætla að bíða með það þar til endanleg niðurstaða hefði fengist í tvíhliða samningum við Evrópubandalagið um sjávarútvegsmál. Nú hafa þessir sömu talsmenn sjávarútvegsins lýst yfir stuðningi við samninginn en segjast þó gera það með fyrirvara þar til tvíhliða samningurinn liggur fyrir.

Það er að sjálfsögðu gott til þess að vita að þar fara varkárir menn. Á þessu sviði samninganna mæddi mest á okkur Íslendingum af öllum EFTA-þjóðum sem í samningagerðinni stóðu. Við höfðum forustu lengst af um þessa samningagerð og þar var harðast að okkur sótt. Við fengum fram nær fullkomið tollfrelsi fyrir íslenskar sjávarafurðir, við fengum fram algera undanþágu frá frelsi til fjárfestinga í sjávarútvegi, við fengum fram undanþágu frá staðfesturétti í sjávarútvegi, við fengum fram viðurkenningu á íslenskri heilbrigðisvottun fyrir sjávarafurðir. Við fengum þetta fram án þess að gengið væri að kröfum Evrópubandalagsins um einhliða veiðiheimildir í staðinn fyrir tollaívilnanir. En talsmenn sjávarútvegsins eru kröfuharðir menn, vonandi til sjálfra sín eins og til annarra og bíða átekta.

Að því er varðar samninginn um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum þá var gengið frá nótuskiptum milli Evrópubandalagsins og Íslands um þau mál 2. maí. Skýrsla um þann samning var lögð fyrir á 115. löggjafarþingi. Sá samningur kveður á um helstu atriði bæði í fyrirhuguðum rammasamningi EB og Íslands um samstarf í sjávarútvegi og þeim árlega framkvæmdasamningi sem gengið verður frá um skipti á veiðiheimildum. Samningurinn frá 2. maí er ákvarðandi um öll þau atriði sem þar eru tilgreind.

Helstu atriði samningsins eru að Evrópubandalagið skuli fá veiðiheimildir á tilgreindum svæðum í efnahagslögsögu Íslands, allt að 3.000 tonnum af karfaígildum. Samkvæmt reglugerð sjávarútvegsráðuneytisins nr. 367/1991 er hér um að ræða jafnvirði 1.500 tonna af þorski. Íslendingar fá á móti heimild til þess að veiða 30.000 tonn af loðnukvóta Grænlendinga sem EB hefur keypt en það er jafngildi 1.800 tonna af þorski samkvæmt sömu reglugerð. Meðal þeirra skilmála sem settir hafa verið og samkomulag hefur náðst um, með fyrirvara um heildarlausn, er að fjöldi veiðileyfa verði takmarkaður, að engin verksmiðjuskip verði leyfð, koma og brottför úr fiskveiðilögsögu skuli tilkynnt, að allar íslenskar reglur um fiskvernd og veiðar verði virtar og að íslenskur eftirlitsmaður verði um borð á kostnað útgerðar.

Þau atriði sem eftir standa og bíða framhaldsfunda samninganefndanna varða einkum hvaða fyrirkomulag skuli haft ef veiðar á öðrum hvorum stofninum bregð-

ast. Að því er varðar tímamörk þarf þessi samningur að liggja fyrir fyrir áramót, ef heildarsamningarnir eiga þá að taka gildi, en ég fæ ekki séð að það ætti að þurfa að tefja afgreiðslu á EES-samningnum hér í þinginu.

Virðulegi forseti. Örfá orð um landbúnaðinn og Evrópska efnahagssvæðið. Það er gamall íslenskur málsháttur að enginn sé bóndi nema hann kunni að barma sér. Af málflutningi einstakra forvígismanna íslensks landbúnaðar hefði mátt ráða að þessi samningur þrengdi mjög kosti íslenskra bænda. Hið rétta er að landbúnaðurinn fellur nær allur utan samningssviðsins og áhrif samningsins á íslenskan landbúnað eru því hverfandi. Það hefði eflaust gert samningsstöðu Íslands auðveldari á ýmsum sviðum, ekki síst til þess að tryggja okkur markaðsaðgang fyrir sjávarafurðir, ef hægt hefði verið að bjóða EB- og EFTA-ríkjunum greiðari aðgang að íslenskum markaði fyrir unnar landbúnaðarafurðir. Það var hins vegar ekki reynt í þessum samningum enda bíður sú skipulagsbreyting niðurstöðu GATT-samninganna sem vonir standa til í heimsbyggðinni að takist kannski á næsta ári.

Hitt er rétt að önnur EFTA-ríki gengu mun lengra í frjálsræðisátt í landbúnaðarviðskiptum en við gerðum. Stefnt var að samræmingu heilbrigðisreglna á öllu EES-svæðinu fyrir dýr og kjöt. Hin EFTA-ríkin samræmdu reglur sínar því sem tíðkast innan EB. Ísland var eina EFTA-ríkið með algera undanþágu frá öllum þessum reglum. Öll önnur EFTA-ríki gengu frá samningum við EB um greiðari viðskipti með unnar landbúnaðarafurðir. Ísland stóð eitt fyrir utan þá samningsgerð. Gengið var frá samræmdum lista yfir iðnaðarvörur úr landbúnaðarhráefni sem ekki mættu sæta innflutningsbanni. Ísland er eina landið sem heldur innflutningsbanni á varningi af þeim lista.

Loks var samið um tollaívilnanir á suðrænum ávöxtum, grænmeti og blómum en þar var aðeins aflétt innflutningshömlum yfir hávetrartímann á örfáum grænmetis- og blómategundum. Hömlurnar falla aðeins niður á þeim tíma sem tíðkast hefur að flytja inn þessar vörur undanfarin ár. Þannig var ýtrasta tillit tekið til verndarstefnusjónarmiða forustumanna íslenskra bænda. En af viðbrögðum þeirra má hins vegar ráða aftur hið fornkveðna að sjaldan launar kálfur ofeldið.

Að því er varðar önnur markaðssvæði þá er stundum sagt að við séum að vanrækja aðra möguleika okkar með því að ganga til nánar samstarfs við Evrópuþjóðir, jafnvel að við séum að loka á aðra markaði. Því fer víðsfjarri. Samhliða EES-samningunum hefur verið unnið að fríverslunarsamningum við Mið- og Austur-Evrópuríkin, Tyrkland og Ísrael. GATT-viðræðurnar halda áfram og innan ramma þeirra höfum við staðið í tvíhliða viðræðum við Japan og Kóreu, ríki í Suðaustur-Asíu, Brasilíu og Bandaríkin. Verið er að kanna möguleika á samningum innan þess ramma við Argentínu og fleiri Suður-Ameríkuríki.

Það er ekkert ákvæði í þessum samningum sem bindur hendur okkar um viðskiptasamninga við önnur ríki. Ekki neitt. Við erum fullkomlega frjálsir að því að beina viðskiptum okkar þótt það ráðist að sjálfsögðu af markaðskjörum.

Við höfum leitað hófanna hjá Bandaríkjunum um víðtækara fríverslunarsamstarf. Svar við því er að þau mál munu ekki skýrast fyrr en GATT-viðræðunum, Úrúgvæ-lotunni, er lokið. EES-samningurinn skerðir á engan hátt svigrúm okkar til þess að efla samstarf okkar við aðrar þjóðir, eins og ég sagði áðan, en þess er hins vegar ekki að vænta að vægi annarra heimshluta í viðskiptum okkar verði viðmóta mikið og við Evrópu, ekki af pólitískum ástæðum eða stjórnvaldsástæðum eða samningatæknilegum ástæðum. Það eru einfaldlega þeir markaðir sem næst liggja og best bjóða þar sem eftirspurn, studd kaupmætti, er fjölbreyttust. Það hefur því verið út frá hagsmunamati útflytjenda sjálfra sem vægi þessara markaða í okkar útflutningsmynstri hefur vaxið. Það hlýtur að vera forgangsverkefni að tryggja stöðu Íslands á þeim markaði sem tekur við 80% af útflutningsafurðum landsins í verðmætum talið. Að sjálfsögðu munum við halda áfram að greiða fyrir viðskiptum á öðrum mörkuðum og við aðrar þjóðir og ekkert kemur í veg fyrir það.

Ég hef hér, virðulegi forseti, farið yfir og lýst hverra kosta við höfum átt völ. Okkar nánasta umhverfi í pólitísku og viðskiptalegu tilliti hefur breyst mjög ört á undanförnum árum. Viðbrögð allra Evrópuþjóða hafa verið að tryggja sína hagsmuni, að ganga til nánara samstarfs og mjög margar þeirra stefna að því sem lokatakmarki að ganga í Evrópubandalagið. Á þessari stundu bendir ekkert til þess að Evrópubandalagið sé reiðubúið til þess að gera undantekningar frá grundvallarreglum sínum um sameiginlega sjávarútvegsstefnu en án slíkra undantekninga kemur aðild Íslands að því bandalagi ekki til greina.

Í þessari stöðu verðum við að meta það kalt og rólega hvernig okkar hagsmunum verður best borgið án allrar óskhyggju eða pólitískra fyrirframhleypidóma. Við höfum nú í hendi samning sem tryggir íslenskum fyrirtækjum og einstaklingum full réttindi á okkar lífsnauðsynlega Evrópumarkaði. Samningar þessir náðust fram, ekki síst fyrir tilstyrk félaga okkar í EFTA sem innan tíðar geta verið orðnir aðilar að Evrópubandalaginu. Með þennan ávinning staðfestan höfum við traustan grunn til þess að standa á í viðskiptum okkar við Evrópubandalagið í framtíðinni. Þessi samningur blífur. Í honum eru uppsagnarákvæði, það er rétt, en hann blífur, hann getur verið varanleg skipan í viðskiptasamskiptum okkar við stækkað Evrópubandalag. Fyrir liggja yfirlýsingar forráðamanna Evrópubandalagsins um það að samningsniðurstaðan sem slík standi þótt hugsanlega kunni menn einhvern tímann síðar í framtíðinni að breyta þeim ákvæðum samningsins sem lúta að yfirstjórn.

Andstæðingar þessa samnings kjósa hins vegar að varpa öllu því sem áunnist hefur fyrir róða, setja jafnvel fram ævintýralegar og glæfralegar kenningar um að nú eigum við bara að láta þetta eiga sig og byrja viðræður upp á nýtt í tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið.

Mér finnst það bera vott um mikið alvöruleysi að tala svo. Ekki síst í ljósi þess hvernig umhorfs er í okkar þjóðarbúskap. Ég held að fyrir þeim mönnum,

sem eru lítt fáanlegir til þess að ræða af alvöru og kosti þessa samnings og galla en vilja beina talinu að allt öðrum og óskyldum hlutum, vaki eitthvað allt annað, þeir hafi einhver pólitísk markmið. En alla vega er það svo að á þeim hvílir sú kvöð ef þeir mæla með því að þessum samningi verði hafnað að bjóða upp á aðra og raunhæfari kosti en óskirnar einar eða drauminn.

Virðulegi forseti. Mál af þessum toga hafa löngum fyrr skipt þjóðinni í andstæðar fylkingar nánast burt séð frá raunsæju, hlutlægu mati á samningsákvæðum sem slíkum. Hver kannast ekki við setningar eins og þessar:

Tilvitnun eitt:

„Við skulum ekki gleyma því, að Ísland er og verður útkjálki í Evrópu. Ef Ísland rennur inn í stóra efnahagsheild mun að því stefna að landið verði fyrst og fremst útibú fyrir erlenda auðhringi og veiðistöð fyrir samevrópskan markað. Aðildin að EES er einmitt spor í þessa átt."

Tilvitnun tvö:

„Við alþýðubandalagsmenn lítum svo á að sjálfstæðið sé forsenda, sem ekki megi fórna. Við erum ekki einir um það sjónarmið, sammála okkur eru menn úr öllum stjórnmálaflokkum á Íslandi. Hér er um slíkt stórmál að ræða að um það má ekki taka ákvörðun, án samþykkis þjóðarinnar."

Tilvitnun þrjú:

„Augljóst er að aðild að EES væri aðeins áfangi stjórnarflokkanna inn í enn þá stærri heild. Ýmis EES-ríki knýja nú mjög fast á um aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu, og er það síst ofmælt að EES sé eins og sakir standa anddyri og biðsalur Efnahagsbandalagsins. Ef við göngum í EES eru því allar líkur á að aðild að Efnahagsbandalaginu komist óhjákvæmilega á dagskrá á næstu árum."

Tilvitnun fjögur:

„Er það bakdyraleið íslensks auðvalds og væntanlegra leppa erlendra auðhringa inn í Efnahagsbandalag Evrópu sem verið er að laumast í með inngöngunni í EES?"

Þetta eru fjórar tilvitnanir teknar nánast eins og kylfa ræður kasti úr Alþingistíðindum. (Gripið fram í.) Allir þessir orðaleppar hljóma nefnilega gamalkunnugir. Það er ekkert nýtt í þessu. Þeir eru ekki nýir af nálinni. Það eina sem ég hef gert í þessum tilvitnunum, það eina, er það að ég tók út orðið EFTA og setti orðið EES í staðinn. Þetta eru gömlu ræðurnar sem alþýðubandalagsmenn fluttu gegn inngöngu okkar í EFTA árið 1969 og árið 1970. Og það eina sem þurfti að gera var að setja EES í staðinn og þú heyrir allar sömu ræðurnar aftur og við eigum eftir að heyra þær aftur „ad nauseam", eins og það heitir, í síbylju núna á næstu dögum. (**GÁ:** Hvað sagði Hannibal?) (**ÓRG:** Hvernig væri að lesa fyrir okkur úr Hannibal?) Hannibal og þingflokkur hans, hv. þm., Samtök frjálslyndra og vinstri manna, greiddi atkvæði með aðild Íslands að EFTA. Það er merkilegt, virðulegi forseti, að þessar aldarfjórðungsgömlu tilvitnanir í málflutning Magnúsar heitins Kjartanssonar, Þjóðviljaritstjóra og fyrrum heilbrrh., í málflutning hv. þm. Svavars Gestssonar, fyrrum Þjóðviljaritstjóra og fyrrum heilbrrh. og menntmrh., og málflutning Ragnars Arnalds, fyrrum formanns Alþb. og fyrrum hæstv. ráðherra — þetta voru tilvitnanir úr ræðunum þeirra — þetta voru ræðurnar sem þeir fluttu 1969–70 um það að nú væri verið að selja Ísland, nú væri verið að afsala fullveldinu, nú væri verið að svíkjast aftan að þjóðinni, farga sjálfstæðinu, glata fullveldinu. Og allt væri þetta samsæri, hið stóra samsæri auðvaldsins, um það að ganga inn í Evrópubandalagið, þá kallað Efnahagsbandalagið. Þetta voru fullyrðingarnar þeirra. Það þarf ekkert að gera út af fyrir sig annað en að spyrja þessa háttvirtu menn: Var þjóðin svikin með þátttöku Íslands í EFTA árið 1970? Er Ísland ekki enn þá fullvalda ríki? Voru hv. þm. ekki ráðherrar fullvalda ríkis eftir að þeir sögðu þessi orð? Gerðu þeir eitthvað til þess að koma okkur út úr EFTA þegar þeir komu til valda? Meintu þeir eitthvað með þessum landráðabrigslum sínum? Nei, ekki neitt. Þetta eru dauð og ómerk orð. Þau eru ekki nothæf, ekki brúkleg lengur. Eða hversu oft er hægt að selja sama landið, virðulegur forseti?

Ég held, virðulegi forseti, að þessum málflutningi verði vart betur svarað en með tilvitnun í ágæta samantekt sem unnin var fyrir utanrrn. og ætluð til kynningar á þessu mikla máli. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta.

„Evrópska efnahagssvæðið er lausn sem tvímælalaust fellur að hagsmunum Íslendinga. Með því uppskera Íslendingar verulegan hluta þess ábata, sem hlýst af aukinni samvinnu Evrópuþjóða, án þess að tapa yfirráðum þjóðarinnar yfir auðlindum, sem eru grundvöllur efnahagslífs þjóðarinnar. Með því geta Íslendingar beitt því valdi og þeim áhrifum sem fullveldinu fylgja, án þess að framselja mikilvæga þætti þess til fjölþjóðlegra stofnana. Íslendingar ætla sér ekki að vera hornkerlingar í samfélagi Evrópuþjóða, heldur skipa þar virðingarsess."

Hver er höfundur þessara orða? Hann heitir Einar Karl Haraldsson og gegnir nú starfi framkvæmdastjóra Alþb.

Þeir eru fáir orðnir eftir sem efast um að frelsi í viðskiptum og atvinnuháttum er þjóðarbúskap allra þjóða til góðs. Megininntak EES-samningsins er fjórfrelsið svonefnda sem tryggja á frelsi í viðskiptum með vörur og þjónustu, frjálsa fjármagnsflutninga og frjálsa för launafólks um svæðið. Þrátt fyrir þessa grundvallarafstöðu, jákvæða afstöðu til þessara framtíðarviðskiptahátta var talið rétt og um það samstaða í fyrrv. ríkisstjórn að við hlytum af okkar hálfu að fara að með gát og að við kysum að takmarka þetta frelsi með fyrirvörum. Til eru þeir sem mæla samningsárangur í fjölda fyrirvara og þeim til hugarhægðar vil ég fara yfir þá fyrirvara sem gerðir voru og hver niðurstaðan er.

Meginfyrirvarar Íslands við meginreglum fjórfrelsisins í samningaviðræðunum voru fáir en stórir og komu ágætlega fram í ræðu hæstv. fyrrv. forsrh. sem hann flutti áður en hann samþykkti fyrir hönd þáv. ríkisstjórnar Óslóaryfirlýsinguna sem er grundvöllur þessa

máls. Þessir fyrirvarar snerust um fjárfestingar í sjávarútvegi, um eignarhald á orkulindum og fasteignum, um hættuna á röskun á vinnumarkaði og um innflutning landbúnaðarvara. Fyrirvararnir voru fleiri, það er gamalkunnugt mál úr eldri skýrslum, en þessir eru þeir sem máli skipta. Þess vegna vil ég víkja að því hvernig þessum fyrirvörum er nú fyrirkomið.

Um fyrsta fyrirvarann, um takmörkun á fjárfestingum erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi, þarf ég ekki að vera margmáll. Hann náðist fullkomlega. Núgildandi lög um fjárfestingar erlendra aðila mega halda gildi sínu og það verður því unnt að útiloka fjárfestingar útlendinga í útgerð og frumvinnslu ótímabundið og jafnvel að gera erlendum fyrirtækjum sem eiga einhverja óbeina aðild skylt að losa sig við hlutabréf.

Hér verða menn að hafa það á hreinu að fyrirvarinn í samningnum er algjörlega skýr og afdráttarlaus og varanlegur. En kjarni málsins er sá að við getum framkvæmt þetta eins og við sjálfir kjósum með löggjöf frá Alþingi. Auðvitað getur það verið álitamál hversu langt við viljum ganga og hvernig við viljum skilyrða hina óbeinu eignaraðild, leyfa hana að einhverju leyti eða hafna henni, það er bara okkar mál, fyrirvarinn náðist.

Næsti fyrirvari var um skorður við eignarhaldi erlendra aðila í orkulindum. Það mál stendur þannig að EES-samningurinn sem slíkur gerir enga kröfu um að einstaklingum eða fyrirtækjum, hvort heldur er innlendum eða erlendum, sé heimilt að eiga orkulindirnar eða orkuverin. Það fyrirkomulag sem við höfum haft í þessu máli, eignarhald í stórum dráttum ríkisins eða sveitarfélaga, brýtur ekki í bága við þennan samning. Ef við viljum halda því kerfi áfram getum við gert það án þess að gerast brotlegir í þessum samningi. Hins vegar gerir samningurinn þá almennu kröfu að innlendum og erlendum aðilum sé ekki mismunað. Ef ríkisvaldinu er tryggður einkaréttur til þess að eiga eða nýta orkulindir þá eru útlend fyrirtæki þar með að sjálfsögðu útilokuð. Þess vegna þurfti ekki að halda til streitu hinum upphaflega fyrirvara í þessu máli vegna þess að samningurinn er ekki þess eðlis að við þurfum að hverfa frá núverandi skipan.

Ef við hins vegar viljum taka af allan vafa sem er í núgildandi löggjöf okkar sjálfra um eignarhald á orkulindum, fallvötnum eða almenningum er okkur í sjálfsvald sett að gera það. Og í þeim skrám um fylgifrumvörp EES-samningsins sem lagðir voru fram seinast 18. maí þegar stjórn og stjórnarandstaða gerðu með sér samkomulag um málsmeðferðina voru boðuð frumvörp af hálfu iðnrh. um eignarhald á jarðhita og fallvötnum. Ef menn vilja taka af öll tvímæli um það með varanlegum hætti að orkulindirnar séu þjóðareign þá samrýmist það fyllilega þessum samningi. Það er pólitískt álitamál sem við útkljáum hér alveg án tillits til þess hvernig þessi samningur er. Það skýrir að við þurftum ekki að halda til streitu neinum fyrirvara að því er þetta varðar.

Þriðji fyrirvarinn varðaði fyrst og fremst spurninguna um kaup erlendra aðila á bújörðum. Í XII. viðauka við EES-samninginn er undanþága fyrir Ísland til 1. jan. 1996, þ.e. tímabundin aðlögun frá reglum samningsins um erlendar fjárfestingar í fasteignum. Samningurinn heimilar kaup EES-borgara á fasteignum í atvinnuskyni en ekki fjárfestingarskyni eingöngu. Fram að þeim tíma, fram til 1996, er unnt að ákveða ýmiss konar hindranir í lögum eða stjórnsýslaframkvæmd við fasteignakaupum, umfram það sem þegar gildir, og þær eru nú ærnar. T.d. er unnt að binda eignarhald á fasteignum því skilyrði að menn skuli búsettir á því svæði þar sem fasteignin er, eins og fram kemur í álitsgerð sem var samin um þetta mál sérstaklega að beiðni dóms- og kirkjumrh. og landbrh. frá því í júní 1992. Slíkar hindranir mættu ekki fela í sér mismunun á grundvelli þjóðernis formlega séð en gætu gert það í reynd, eins og t.d. með búsetuskilyrðinu, eins og núgildandi reglur í nokkrum EB-löndum gera.

Í október 1990, í tíð þáv. ríkisstjórnar, sendi ég ríkisstjórninni greinargerð um stöðu EES-viðræðnanna þar sem fram kom að íslensk löggöf setur Íslendingum þegar svo þröngar skorður varðandi fjárfestingar í bújörðum, samanber t.d. jarðalög, að möguleikar útlendinga til fjárfestinga á þessu sviði hlytu að teljast takmarkaðir. Undanþága frá reglum um erlendar fjárfestingar ætti því að vera óþörf sem slík en ég hvatti til þess að sett yrði af stað vinna við að skoða vandlega alla þá lagasetningu sem hér kemur til álita, skoða þá fyrirvara, þau skilyrði, þær takmarkanir sem í gildi eru og hvort ástæða þætti til að herða á þeim. Þáv. hæstv. landbrh. hefur sjálfur lýst því yfir hér á þingi að hann hafi verið ósammála þessu og ekki unnið að því. Núv. hæstv. landbrh. hefur sérfræðinga að störfum við að skoða þetta mál. En ég vek á því athygli að hér eru tímamörkin rýmri en ella vegna þess að það er tímabundin undanþága til 1996. Þetta mál er því í höndum landbrh. Af hálfu utanrrn. hefur vissulega verið bent á ýmsa möguleika, bæði að því er varðar nýtingarskilyrði og búsetuskilyrði, að því er varðar spurningar um að herða forkaupsréttarákvæði, bæði að því er varðar sveitarfélög og ríki. Einnig hefur verið minnt á að lög um náttúruvernd veita stjórnvöldum víðtækar heimildir til þess að friðlýsa landsvæði ef þörf krefur og nýleg lög um umhverfisvernd og fleiri lög taka til þessa.

Sem dæmi um lög sem takmarka fasteignarréttindi má nefna m.a. ábúðarlög, orkulög, skipulagslög, námulög, lög um fuglaveiðar og fuglafriðun, lax- og silungsveiðilög. Einnig má nefna skipulagslög sem kveða á um forkaupsréttarákvæðin. Nánar er fjallað um þessar takmarkanir allar í áðurnefndri álitsgerð en ég vil einnig vekja athygli hv. þm. á því hvernig t.d. Norðmenn hafa komið þessum málum fyrir í löggjöf hjá sér þar sem gerð er mjög rækilega grein fyrir í greinargerð með staðfestingarfrumvarpinu í norska Stórþinginu og vísa þingmönnum á að kynna sér það.

Varðandi þann ótta sumra að erlendir aðilar kaupi hér jarðir sem laxveiðiréttindi fylgja og útiloki síðan aðgang Íslendinga að laxveiðinni, þá tel ég þá hættu ekki vera meiri við gildistöku EES-samningsins en nú er. Útlendingum er frjálst nú þegar að kaupa öll laxveiðileyfi sem á annað borð eru til sölu, ár frá ári eða fram í tímann. Það eru ekki margir dagar frá því það

heyrðist í fjölmiðlum hér að verðlagið á þessum gæðum væri orðið svo hátt að útlendingar, jafnvel vellríkir, teldu sig ekki lengur hafa efni á því, ekki vera samkeppnishæfa um að stunda þetta mjög svo eftirsóknarverða útvistarsport vegna þess að það væri orðið svo dýrt. EES-samningurinn breytir engu í þessu tilfelli, ekki nokkrum sköpuðum hlut.

Að lokum má minna á öryggisákvæðið, 112. gr. samningsins, í þessu sambandi. Hún heimilar Íslandi að grípa einhliða til ráðstafana ef upp koma alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í tengslum við framkvæmd samningsins. Ísland gaf út sérstaka yfirlýsingu af því tilefni sem er birt og var ekki mótmælt af hálfu EB, þar sem segir að vegna einhæfs atvinnulífs þjóðarinnar og fámennis geti Ísland gripið til öryggisráðstafana ef framkvæmd samningsins leiðir til alvarlegrar röskunar jafnvægis á fasteignamarkaðnum.

Þetta ákvæði er svo rúmt, það tekur ekki bara til fasteigna, það tekur til alls samningsins, við höfum margrætt það hér hvað síðan fylgir, en það er enginn vafi á því að þetta öryggisákvæði má nota með einhliða ákvörðunum. Síðan er að taka afleiðingunum sem er þá spurningin, ef til þessa örþrifaráðs er talið nauðsynlegt að grípa, um gagnráðstafanir sem verða að vera hlutfallslega í sama vægi og beiting öryggisráðstafana hjá viðkomandi þjóð. En álitamálum um þær gagnráðstafanir má hins vegar vísa til gerðardóms.

Að því er varðar röskun á vinnumarkaðnum þá verð ég einfaldlega að segja það álit mitt að EES-samningurinn er ekki líklegur til þess að hafa neinar umtalsverðar breytingar á því í för með sér. Heildarfjöldi erlendra ríkisborgara á Íslandi var 4.812 manneskjur samkvæmt manntali 1. des. 1990. Það telst vera 1,9% af íbúafjölda. Af þessum 4.812 voru 2.768 taldir vera vinnandi fólk á vinnumarkaðnum. Af þeim var langsamlega stærstur hlutinn, 1.754, frá EES-löndunum, en þar af 932 frá Norðurlöndum sem þegar höfðu þennan rétt samkvæmt norræna vinnumarkaðssamningnum. Það er þá afgangurinn, 822 einstaklingar sem fá rétt til starfa á Íslandi með EES-samningnum þar sem Norðurlandabúar höfðu hann þegar fyrir.

Lítum á reynslu annarra. Þrátt fyrir tæplega 20 ára aðild Danmerkur að Evrópubandalaginu er aðeins rúmt hálft prósent íbúa landsins ríkisborgarar annarra EB-ríkja, þar af meira en helmingur frá næstu grannríkjum og helstu viðskiptalöndum Dana, þ.e. Bretlandi og Þýskalandi. Þrátt fyrir nokkurt atvinnuleysi í Danmörku eru lífskjör þar góð og mætti því ætla að þar þætti mönnum eftirsóknarvert að búsetjast ef þeir hafa gagnkvæm réttindi samkvæmt EB-samningum.

Miðað við reynslu Dana er erfitt að ímynda sér stórkostlega fólksflutninga frá löndum EB til Íslands.

Ef við lítum á tölur um búsetuþróun og röskun á atvinnumarkaðnum vegna frjálsra fólksflutninga milli landa kemur á daginn að á þeim rúmlega þremur áratugum sem frjáls atvinnu- og búseturéttur hefur verið við lýði innan EB hefur fjöldi borgara annarra ríkja bandalagsins ekki aukist meira en svo, svo dæmi séu tekin, að í Þýskalandi eru þeir um 2% og í Frakklandi 2,8% af mannfjölda landanna hvors um sig. Þó er erum við hér að tala um tvö af efnahagslegum stórveldum bandalagsins, lönd þar sem atvinna var nóg þegar þessir flutningar mestan part áttu sér stað og þar sem stjórnvöld í viðkomandi löndum sóttust beinlínis eftir því að fá fólk til starfa og búsetu í viðkomandi löndum og þar sem hefðir eins og t.d. í Frakklandi eru langvarandi fyrir því að hafa frjálslega innflytjendapólitík.

Ef við athugum aftur dæmið sem ég nefndi frá Danmörku þá hefur landið verið aðili að sameiginlegum vinnumarkaði Norðurlanda síðan 1954 og hluti af vinnumarkaði EB síðan 1973. Þó eru borgarar samanlagt frá öllum EFTA-ríkjum og öllum EB-ríkjum sem kosið hafa að taka sig upp og flytjast til þessara elskulegu frænda okkar ekki nema alls innan við 1% af íbúafjöldanum.

Könnun á vegum félmrn. og Alþýðusambands Íslands bendir til þess að fjölgun erlendra ríkisborgara gæti orðið um 5% á ári til aldamóta og þannig vaxi heildarfjöldi þeirra úr tæpum 5.000 í hugsanlega 7.500. Þetta er mat Alþýðusambandsins og félmrn.

En að lokum þarf einnig að benda hér á öryggisákvæðið vegna þess að Ísland getur gripið til öryggisráðstafana ef alvarleg röskun jafnvægis verður á vinnumarkaði vegna meiri háttar flutninga starfsfólks sem beinast að sérstökum svæðum, störfum eða atvinnugreinum.

Það er ástæða til þess, virðulegi forseti, að leggja áherslu á þetta öryggisákvæði vegna þess að menn hafa gjarnan í umræðunni viljað gera lítið úr því. Það kemur í staðinn fyrir fjölda fyrirvara sem annars hefði þurft að setja hugsanlega víðs vegar í samninginn. Samkvæmt því má ítrekað grípa einhliða til þess ef upp koma alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum, á sérstökum svæðum eða landinu í heild. Beita mætti ákvæðinu ef erfiðleikar væru yfirvofandi. Ef til kæmi mundi Ísland sjálft meta skilyrðin fyrir beitingu þess, hvort þau eru fyrir hendi. Gerðardómur getur ekki vefengt þá ákvörðun en hann gæti metið hvort ráðstafanirnar væru í réttu hlutfalli við þá erfiðleika sem þeim var ætlað að leysa. Ég vísa aftur í hina sérstöku yfirlýsingu af Íslands hálfu um það við hvaða skilyrði við munum beita ákvæðinu og þar sem EB gaf ekki út gagnyfirlýsingu verður að líta svo á að túlkunin af okkar hálfu sé óumdeild.

Niðurstaða mín er því sú að öllum meginfyrirvörum Íslands í samningaviðræðunum við Evrópubandalagið var haldið til haga, afdráttarlaust, þótt hitt sé rétt að þeir eru í nokkrum tilvikum í öðru formi en þeir voru settir fram upphaflega. Það eru sérstök undanþáguákvæði sem veita vernd gegn erlendum fjárfestingum í sjávarútvegi. Það er á okkar valdi með eigin löggjöf að tryggja sameiginlegt eignarhald þjóðarinnar yfir orkulindum og einnig að því er varðar áhyggjur manna varðandi bújarðir. Með almenna öryggisákvæðinu er okkur veitt trygging fyrir röskun á fasteignamarkaði og á vinnumarkaði og svo til allar kröfur hagsmunaaðila í landbúnaði hafa verið teknar til

greina, t.d. um takmarkanir á innflutningi landbúnaðarafurða. Það er þess vegna ekki rétt sem menn hafa verið að reyna að segja að fyrirvörunum hafi verið sleppt, fallið hafi verið frá þeim, þeir látnir eiga sig. Og það er þess vegna ekki rétt að niðurstaða samningsins sé að því er þetta varðar önnur en lagt var upp með í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar.

Virðulegi forseti. Allnokkrar umræður hafa orðið á undanförnum mánuðum um það hvort samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði samrýmist stjórnarskrá Íslands eða ekki. Eins og ég rakti áðan var tekið fullt tillit til þess í utanrrn. meðan á samningum um EES stóð hvort ákvæði samningsins brytu í bága við stjórnarskrá. Höfuðáhersla var á það lögð í samningunum af Íslands hálfu í tíð beggja þeirra ríkisstjórna sem um það hafa vélað að samningarnir mættu ekki brjóta í bága við íslensk stjórnskipunarlög. Um það mál hafa allir helstu stjórnlagafræðingar EFTA-ríkjanna og lagadeildar EFTA verið kvaddir til ráðuneytis allan samningstímann.

Í tilefni af þessum skoðanaskiptum sem orðið hafa hér innan lands, virðulegi forseti, vil ég leyfa mér að vitna í merka þingræðu um stjórnarskrármál, sem flutt var á Alþingi Íslendinga árið 1967. Höfundur þessara orða var á sinni tíð talinn merkasti stjórnlagafræðingur Íslands, að öðrum ólöstuðum, en hann var Bjarni heitinn Benediktsson forsætisráðherra. Hann sagði í þessari þingræðu 1967: „...einmitt í þeim löndum, þar sem stjórnarfar er einna óstöðugast og mest ringulreið hefur iðulega komið upp í stjórnarháttum, þar hafa verið settar bæði flestar og ítarlegastar stjórnarskrár." Og Bjarni Benediktsson heldur áfram, virðulegi forseti: „...jafnvel gamlar stjórnarskrár hafa ekki staðið á móti eðlilegri þróun og í raun og veru gerbreytingu þeirra þjóðfélaga, sem hafa búið við þessi gömlu stjórnarskrárákvæði. En vitanlega er það svo, að þó að bókstafurinn sé enn sá sami í mörgum atriðum, er margt skilið öðruvísi en áður og öðruvísi framkvæmt. Framkvæmdin hefur fylgst með tímanum, en stjórnlögin sjálf hafa haldist til öryggis og til frekari tryggingar fyrir réttarskipun í landinu og samhengi um stjórnarhætti."

Að íslenskum rétti er það dómsmál, að lokinni lagasetningu, eina leiðin til að fá endanlega niðurstöðu í ágreining af þessum toga. Það er hins vegar sjálfsagt og eðlilegt að fara að öllu með gát og gera allt sem unnt er til að eyða óvissu. Nákvæmlega þess vegna skipaði ég nefnd sérfræðinga, sem í sátu þeir menn sem reynslu sinnar vegna og sérþekkingar sinnar vegna og starfa sinna vegna sem prófessorar m.a. í þjóðarétti og stjórnskipunarrétti eru vafalaust taldir hæfastir manna til þess að skila um þetta hlutlausri og hlutlægri álitsgerð. Þeir skiluðu einróma áliti og komust afdráttarlaust að þeirri niðurstöðu að ekkert í þessum samningi bryti í bága við íslensku stjórnarskrána.

Helstu niðurstöður nefndarinnar voru að löggjafarvald væri ekki framselt erlendum aðilum með samningnum, enda yrði engin lagaregla bindandi á hinu Evrópska efnahagssvæði nema með samþykki Alþingis. Það er afdráttarlaust og óvefengjanlegt. Heimilt sé skv. 2. gr. stjórnarskrárinnar að fela eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólnum eftirlitsvald á þröngu sviði samkeppnisreglna, án þess að framkvæmdar- eða dómsvald sé framselt með samningnum, enda styðjist það við svo mörg fordæmi úr fyrri löggjöf frá Alþingi Íslendinga sem séu sannanlega sambærileg að um þetta þurfi ekki að deila. Þar við má svo bæta að hér er um að ræða vald til að tryggja eftirlit með sameiginlegum reglum, sem gilda utan íslenskrar lög- og dómsögu og féllu að óbreyttu ekki undir íslenska dómstóla.

Til þess að skýra þetta betur vil ég, með leyfi forseta, vitna beint í niðurstöður nefndarinnar svo ég leggi þeim engin orð í munn. Í lokaorðum segir, virðulegi forseti:

„Eina greinin í stjórnarskránni, sem hugsanlega gæti að lögum staðið því í vegi, að samningarnir yrðu gerðir, er 2. gr. Hún er þannig:

„Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.""

Varðandi spurninguna um framsal löggjafarvalds er niðurstaða sérfræðinganefndarinnar þessi, orðrétt, með leyfi forseta:

„Þessi atriði teljum við að ráði úrslitum um það að ákvæði EES-samningsins um setningu reglna eru samrýmanleg 2. gr. íslensku stjórnarskrárinnar."

Um framkvæmdarvaldið segja þeir orðrétt, með leyfi forseta:

„Við teljum því, að þær reglur varðandi framkvæmdarvaldið, sem hér hefur verið rætt um, séu ekki andstæðar 2. gr. íslensku stjórnarskrárinnar."

Nefndin kemst að sömu niðurstöðu varðandi dómsvaldið en samantekið hljóða niðurstöður hennar svo, með leyfi forseta:

„Hér að framan höfum við komist að þeirri niðurstöðu, að EES-samningurinn og fylgisamningar hans eða sú lagasetning sem af þeim leiðir brjóti ekki í bága við íslensk stjórnskipunarlög, ef þetta er metið út frá einstökum ákvæðum samningsins."

Og að lokum segja þeir orðrétt, með leyfi forseta:

„Við höfum tekið til athugunar, hvort sameiginleg áhrif samninganna geti falið í sér óheimilt valdaframsal, þó að einstök ákvæði skoðuð hvert fyrir sig geri það ekki. Við teljum það ekki vera."

Skýrari og afdráttarlausari getur niðurstaðan ekki orðið. Ég tel engan sannfærandi vafa kominn fram sem haggi þessari niðurstöðu.

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram að menn eru ekki á eitt sáttir um þá niðurstöðu sem sérfræðinganefndin komst að, hvorki í röðum stjórnarandstæðinga né í röðum lögfræðinga eins og fram hefur komið. Eftir stendur að eina leiðin sem fær er að íslenskri stjórnskipun til þess að fá hlutlaust álit í þessu máli er sú leið sem þegar hefur verið farin. Það er að sjálfsögðu svo að það er ekki til annarra að leita í okkar þjóðfélagi en manna sem gegna höfuðembættum í Háskóla Íslands í stjórnskipunarrétti og þjóðarétti eða hafa gegnt störfum í Hæstarétti Íslands sem þeir voru að vísu leystir frá með sérstöku leyfi dómsmrn. Það

getur enginn maður með sjálfsvirðingu staðið uppi í þessum ræðustól og reynt að ómerkja þessa niðurstöðu með vísan til þess að þessir menn hafi verið keypt handbendi utanrrh. Og ég verð nú satt að segja að gera athugasemd við þá þingskapaumræðu sem fór hér fram áðan, eða öllu heldur þá ættfræði sem fram kom í máli hv. 8. þm. Reykn. þegar hann sagði: „Fjórmenningar utanrrh." Mér er ekki kunnugt um þennan skyldleika. Hér er um að ræða þá fjóra menn sem að bestu manna yfirsýn var unnt að kveðja til vegna sérfræðiþekkingar þeirra, vegna þess að þeir eru fræðimenn starfandi við Háskóla Íslands. Þeir gegna þeim störfum að fjalla á prófessorsstóli við háskólann um stjórnskipunarlög og þjóðarétt. Til hverra annarra áttì að leita eftir áliti sem við hljótum að geta gengið út frá að sé ekki keypt álit heldur hlutlausar niðurstöður sem varða fræðimannsheiður þessara manna?

Það er ekki nýtt að lögfræðinga greini á um álitaefni. Getið þið nefnt mér nokkra lögfræðinga sem eru sammála um eitthvert mikilsvert mál? Það er afar sjaldgæft. (Gripið fram í.) Það er ekki nýtt að þá greini á. (**Gripið fram í:** Þessa fjóra.) Og það er ekkert nýtt í þingsögunni að talsmenn stjórnarandstöðu komi upp og segi að eitthvert stjfrv. eða eitthvert frv. sem um er verið að fjalla brjóti í bága við stjórnarskrána að þeirra áliti. Slíkar ræður heyrum við oft á hverju einasta þingi.

Kjarni málsins er þessi: Það var engin leið að leita eftir hlutlausu, fræðilegu áliti önnur en sú sem farin var. Síðan er spurningin þessi: Er nóg að einhverjir aðilar, hvort heldur þeir eru talsmenn stjórnarandstöðunnar á þingi eða lögfræðingar sem lýsa öðru áliti, er einhver önnur leið til þess að fá úr slíkum álitamálum skorið? Fyrst er að gera það sem unnt er til þess að eyða vafanum. Það er svo annað mál að ef menn eru ekki allir sammála í þessu efni, þá er það nokkuð umhendis að ætla að túlka ólíkar skoðanir sem menn hreyfa í pólitískum álitaefnum sem einhvern vafa í lögfræðilegum efnum.

Eins og þingheimur veit mætavel er því mjög oft haldið fram í pólitískri umræðu að eitt og annað í löggjöf eða stjórnarframkvæmd samrýmist ekki stjórnarskránni. Ég held að það væri beinlínis óðs manns æði að ætla sér að fylgja þessari vafakenningu fram og breyta stjórnarskránni í hvert skipti sem einhverjir menn hreyfa slíkum efasemdum. Hversu oft værum við þá að hringla með þessa ágætu stjórnarskrá? Má ég nefna nokkur dæmi?

Ágætur lögfræðingur, prófessor við Háskóla Íslands, Sigurður Líndal, hefur nýlega haldið því fram í ítarlega rökstuddu riti að því sem næst gjörvöll löggjöf íslenska ríkisins um landbúnaðarmálefni sé brot á stjórnarskránni í mörgum greinum. Sami prófessor vakti athygli á því bréflega að hann væri þeirrar skoðunar að þau lagaákvæði um framsal í hendur ráðherra sem varða fiskveiðistjórnunarlögin séu brot á stjórnarskránni. Þetta er eitt skýrt dæmi um ágætan lögfræðing sem hefur gert grein fyrir því að þetta er hans skoðun og hann hefur rökstutt þá skoðun. Hefur það nokkuð farið fram hjá mér eða hefur það gerst að einhver hér á hinu háa Alþingi hafi rokið upp til handa og fóta og sagt að nú sé slíkur vafi, nú leiki slíkur vafi á um búvörulöggjöfina „in toto" að nú verði bara að breyta stjórnarskránni eða nú leiki slíkur vafi á um kvótaúthlutanir að nú verði að breyta stjórnarskránni? Eða höfðu menn þetta til siðs virkilega t.d. svo að ég vitni til alþingisumræðna sem fram fóru af fjölmörgum tilefnum á löngu tímabili 1960–1971 þegar virtur fræðimaður sat hér sem stjórnmálaleiðtogi og lýsti þeirri skoðun sinni býsna oft í mörgum og ólíkum málum að tiltekið mál væri brot á stjórnarskránni? Hvernig brugðust stjórnvöld við? Var það svo í hvert skipti sem einhver lýsti þessari skoðun sinni, jafnvel þótt virtir fræðimenn ættu í hlut, að þá hafi menn rokið til og breytt stjórnarskránni? Er stjórnarskráin eitthvað sem menn eiga að rjúka til og breyta ef einhver lýsir yfir efasemdum um eitthvað? Er það eðli stjórnarskrárinnar? Auðvitað ekki.

Það er kannski ástæða til þess að nefna sérstaklega eitt dæmi, nýlegt. Því var haldið fram í tíð fyrrv. ríkisstjórnar af ákaflega vel virtum forustumönnum launþegasamtaka úti í bæ, BHMR, og reyndar ýmsum mjög virtum þingmönnum þáverandi stjórnarandstöðu, að setning bráðabirgðalaga um launamál, nr. 89/1990, stæðist ekki ákvæði stjórnarskrárinnar. (**ÓRG:** Það var nú aðallega Davíð Oddsson.) Lögfræðingar voru ekki ásáttir í málinu. Lögfræðinga greindi á í málinu. Lögfræðingar skrifuðust á í blöðum og höfðu mjög ólíka skoðun á málinu. Sumir færðu rök fyrir því að þetta væri brot á stjórnarskránni, aðrir sögðu: Nei, það er alls ekki svo. Hvað gerði hæstv. þáv. forsrh. og hæstv. þáv. fjmrh., þeir sem helst hafa gerst talsmenn vafakenningarinnar í stjórnarskrármálinu? Ruku þeir til og breyttu stjórnarskránni? Að sjálfsögðu ekki, það hvarflaði ekki að þeim. Þeir gerðu það sem rétt var.

Málið fór sinn venjulega og eðlilega gang í gegnum dómskerfið þar sem var skorið úr því endanlega fyrir dómstól sem er eina leiðin, eina aðferðin í íslensku kerfi til þess að kveða upp endanlega úr um þetta vegna þess að við höfum engan sérstakan stjórnlagadómstól sem getur skilað áliti um slíkt álitaefni fyrir fram. Það mál verður einfaldlega að reka fyrir dómstólum þannig að það verður ekki skorið úr þessari lögfræðiþrætu endanlega fyrr en með dómsniðurstöðu. Það eina sem við getum gert þangað til er að gera það sem í okkar valdi stendur til þess að leita álits þeirra sem sérstaklega stendur þannig á í íslensku þjóðfélagi að þeir eiga að heita og vera og starfa sem sérfræðingar í viðeigandi málefnum. Og ef menn eru að tala um að leita til sérfræðinga, þá er það nú almennt svo, skilst mér, í læknisfræðinni að ef menn eru eitthvað veilir fyrir hjartanu, þá leita menn til hjartasérfræðinga en ekki til nýrnasérfræðinga og það getur verið dálítill munur á því, því að það eru ekki allir lögfræðingar sérfræðingar í þjóðarétti og stjórnskipunarrétti.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að kveða upp neinn salómonsdóm, enda ekki til þess bær í þessu máli. En undir lok þessarar ræðu langar mig til að vitna enn til þess stjórnmálamanns og stjórnlagafræðings sem not-

ið hefur hvað mests álits, bæði lögfræðinga og almennings í landinu sem er Bjarni heitinn Benediktsson. Hann sagði í ræðu:

„... það er fyrst og fremst stjórnmálaákvörðun sem er verið að taka þegar [stjórnarskrár]breytingu á að gera. Það er ákvörðun um það eftir hvaða reglum eigi að starfa að stjórnmálum í landinu og hvaða rétt borgararnir eigi að hafa. Þetta er ekki fræðilegt atriði nema að sáralitlu leyti ..."

Einstakir þingmenn og þingflokkar hafa lýst áhuga sínum á því að vilja breyta stjórnarskránni. Ég hef sjálfur átt aðild að því í stjórnarskrárnefnd að lýsa hugmyndum og tillögum um breytingar á stjórnarskránni. Til þess hafa menn allan rétt. Þetta er hins vegar útrætt mál út af fyrir sig fræðilega séð. Fyrir því eru engar forsendur að krefjast breytinga á stjórnarskránni með lögfræðilegum rökum hvað sem líður pólitískum skoðunum og hagsmunum. Það staðfesti álit þeirra sérfræðinga sem til voru kvaddir og gerst þekkja til. Ég vil þess vegna taka undir með hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur þegar hún sagði eftir að álit sérfræðinganefndarinnar lá fyrir að Alþingi yrði að taka pólitíska afstöðu til ólíks mats einstakra lögfræðinga í þessu máli. Það er laukrétt. Málið er í höndum Alþingis. Málið er í höndum hvers einasta alþingismanns að gera upp hug sinn í þessu efni. Alþingi er hæstiréttur í þessu máli.

Ef menn eru efnislega ósammála því sem er að finna í EES-samningnum, þá ræðum við það að sjálfsögðu hér á hinu háa Alþingi. En ég held að orð Bjarna Benediktssonar, fyrrum forsætisráðherra, séu góð áminning um að sérhver stjórnarskrárbreyting er í eðli sínu eins og hver önnur pólitísk spurning og það er rangt af mönnum að klæða sig í gervi lögfræðinga í fræðideilum til þess að ljá pólitísku deilumáli einhvern fræðilegan blæ.

Virðulegi forseti. Því hefur líka verið haldið fram að það sé sjálfsagt og eðlilegt að bera EES-samninginn undir þjóðaratkvæði. Hér sé slíkt stórmál á ferðinni að Alþingi einu sé ekki treystandi til þess að taka um það ákvörðun. Það mætti kannski taka sem dæmi um hver vegur Alþingis er orðinn í hugum sumra, bæði innan og utan Alþingis.

Þetta mál gefur hins vegar ekkert sérstakt tilefni til þess að umbylta okkar stjórnarháttum. Slíkt valdaafsal Alþingis væri að mínu mati alls ekki sjálfsagt og að mínu mati heldur ekki eðlilegt. Ég held að Alþingi hafi gengið allt of langt í að afsala sér völdum, oft á tíðum í þeirri von að komast sjálft frá ábyrgð í erfiðum málum. Ég tel að þessi þróun hafi átt þátt í minnkandi virðingu Alþingis á undanförnum árum.

Hugmyndir um að bera hin margvíslegustu mál undir þjóðaratkvæði eru ekkert nýjar af nálinni. Ég tók t.d. dæmi af því hér áðan í umræðum fyrir tæpum aldarfjórðungi um inngönguna í EFTA að sú krafa var reist mjög af stjórnarandstæðingum þá að þetta væri svo mikilsvert mál að það yrði að bera það undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu sem var auðvitað að nokkru leyti yfirvarp fyrir því að þurfa ekki að bera ábyrgð á málinu sjálfu, taka efnislega afstöðu til málsins sjálfs. En treysti Alþingi sér ekki til þess að taka afstöðu til málsins af því að það er svo flókið og viðamikið, hvaða hugsun felst þá í því að varpa því frá sér til annarra? Þessar kenningar eru ekki nýjar af nálinni. Þær höfum við heyrt frá lýðveldisstofnun í ýmsum myndum og þær hafa skotið upp kollinum víða. Þeim hefur alltaf verið hafnað að vandlega íhuguðu máli. Má ég enn vitna til þess hvernig okkar merkasti stjórnlagafræðingur leit á málið þegar slíkt mál var rætt hér á Alþingi 1967? Þá sagði Bjarni heitinn Benediktsson:

„Að hér þurfi að gera sérstakar ráðstafanir til breytinga á stjórnarháttum vegna samskipta við önnur ríki, fæ ég ekki séð. Okkur hefur í heild lánast þau vel og ég tel t.d. ekki að það væri mikill vinningur þó að fara ætti að bera hin viðkvæmustu utanríkismál undir þjóðaratkvæði, svo sem vikið er að. Það er yfirleitt reynsla, þar sem þjóðaratkvæði hafa verið að þau verka mjög í íhaldsátt. Það er bæði í Sviss og eins á Norðurlöndum, þar sem þau hafa verið prófuð."

Þannig mælti stjórnlagaprófessorinn og þáv. forsrh., Bjarni Benediktsson, í umræðu á Alþingi um þjóðaratkvæðagreiðslukröfur. Ég tel reyndar eins og hann að til séu mál sem eðlilegt er að bera undir þjóðaratkvæði. En EES-samningurinn er að mínu mati ekki eitt þeirra. Við núverandi aðstæður mundi þjóðaratkvæðagreiðsla um EES snúast um allt annað en samninginn sjálfan. Atkvæði mundu falla í stórum dráttum eftir flokkspólitískum línum. Þrátt fyrir mikið átak til þess að kynna EES-samninginn þá benda skoðanakannanir til þess að landsmenn lýsi því yfir, þeir lýsa því beinlínis yfir í skoðanakönnunum, að þeir telji sig ekki hafa nægilega þekkingu á þessum samningi, sem er miður þar sem flestir þeirra sem hafa lagt það á sig að kynna sér samninginn og taka það fram í skoðanakönnunum, lýsa sig fylgjandi honum. Slíkt er ekkert óeðlilegt því að hann er viðamikill og það vex mörgum í augum hér á hinu háa Alþingi þótt grundvallarreglur hans séu út af fyrir sig einfaldar.

Fyrir mitt leyti vil ég ekki stuðla að því að umbylta því stjórnarfyrirkomulagi sem ákveðið var í stjórnarskrá vorið 1944 og góð sátt hefur ríkt um mestallan lýðveldistímann. Samkvæmt okkar stjórnskipunarvenjum er Alþingi kosið til þess að taka ákvarðanir af þessu tagi og munu stjórnarflokkarnir standa eða falla með þeirri ákvörðun sinni. Kjósendur fá tækifæri til þess að eiga síðasta orðið í næstu kosningum. Ef þeim finnst sú ákvörðun hafa verið röng er þeim í lófa lagið að kjósa þá flokka sem mundu segja Ísland úr Evrópska efnahagssvæðinu, sem þeir geta gert með árs fyrirvara samkvæmt ákvæðum samningsins. Þetta er hinn eðlilegi og lýðræðislegi framgangsmáti samkvæmt okkar stjórnskipun.

Virðulegi forseti. Íslenskt samfélag hefur tekið miklum breytingum á undanfarinni öld. Við urðum fullvalda fyrir rúmum 70 árum og sjálfstæði okkar er tæplega hálfrar aldar gamalt. Sá samningur sem hér er lagður fyrir Alþingi kveður á um ýmis réttindi okkur til handa. Hann leggur okkur skyldur á herðar og hann gefur okkur líka tækifæri til nýrrar sóknar.

Í aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu felst tæki-

færi fyrir okkar þjóð, vit hennar og framtak. Við tengjumst betur þeim þjóðum sem okkur standa næstar og styrkjum íslenska þátttöku í menningar- og menntasamstarfi í Evrópu. Þessi samningur reynir líka á getu okkar og sjálfstraust til að standa í samstarfi við aðrar þjóðir á jafnréttisgrundvelli. Treystum við okkur til að leggja á okkur þá sömu mælistiku og við viljum leggja á aðra, láta sömu reglur gilda um okkar viðskipti og við viljum láta gilda í viðskiptum annarra?

Ekki mundi ég víkjast undan því að axla minn hlut af ábyrgðinni á því að hafa náð fram þessum samningum. En mergurinn málsins er hins vegar sá að það voru sérstakar sögulegar ástæður fyrir hendi sem leiddu til þess að við gátum gripið tækifærið og náð þessum samningi einmitt á þessum tíma. Við hefðum ekki náð honum fyrr og við hefðum ekki náð honum síðar. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir þessa sögulega þenkjandi þjóð að grípa núna hið sögulega tækifæri.

Þessi samningur er í höndum Alþingis sem verður að gera það upp við sig hvort lögfesta eigi samninginn eða ekki. Alþingi verður að gera annað tveggja, eins og ævinlega þegar um er að ræða staðfestingu á þjóðréttarsamningum, að samþykkja hann eða fella eftir því sem hugur manna stendur til. Þjóðin mun fylgjast með því sem hér fer fram og þeim málflutningi sem hér verður hafður í frammi.

Ég vitnaði hér á undan til nærri 25 ára gamalla ummæla sem enn eru viðhöfð óbreytt. Ég held að það verði engum til framdráttar lengur að fitja aftur og aftur upp á gömlum landráðabrigslum og ásökunum um landsölu. Ég hef rakið góðar og gildar ástæður fyrir því hvers vegna íslenskur þjóðarhagur mælir með samþykkt samningsins um Evrópskt efnahagssvæði en það er Alþingi sem með valdið fer. Það er ljóst að íslenskum hagsmunum verður ekki borgið með því að við veljum okkur framtíð utan alþjóðasamstarfs um viðskipti, gagnkvæm réttindi og skyldur. Ísland er fámennt eyland sem lifir og hrærist í nánum samskiptum við aðrar þjóðir. Það segir okkur menningarsaga okkar, atvinnusaga okkar, viðskiptasaga okkar. Að þessum kjarna málsins vék Jón Sigurðsson forseti í grein í Nýjum félagsritum árið 1842, með leyfi forseta:

„Þannig er auðséð hversu allt er samtvinnað hvað öðru og þegar eitt er leyst þá þarf að leysa allt ef landinu á að verða fullt gagn af breytingunni en annars verður hún einungis af hálfu eður litlu gagni.

En jafnframt og beðið er um verslunarfrelsi þurfa landsmenn og að leggjast á eitt að afla sér þekkingar á verslunarmálefnunum svo þeir geti vitað hag sinn og fengið skynbragð á að sjá hvað við tekur og hvers þeir þurfa að gæta, því ekki er neinum að vænta að steiktar krásir fljúgi í munn honum sofanda þótt verslunin verði látin laus. Atorku, sparsemi og kunnáttu þarf alls staðar og á öllum tímum ef vel á að fara, en því framar sem fleiri sækja að og keppast á og því betur sem þeir eru menntaðir sem við mann keppa."

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. utanrmn.

Útbýting þingskjals:

Lagaákvæði er varða samgöngumál vegna EES-samningsins, 28. mál, stjfrv., þskj. 29.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Komið hefur fram ósk frá þingflokkum Alþb. og Kvennalista um að fresta umræðunni nú að lokinni ræðu hæstv. utanrrh. og mun forseti verða við því. Því verður þessari umræðu frestað til næsta fundar.

Umræðu frestað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

6. FUNDUR

mánudaginn 24. ágúst,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi höfðu:

Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.,
Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Eiður Guðnason, umhvrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.,
Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Halldór Blöndal, landbrh.,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vesturl.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.

Erindi lagt fram á lestrarsal:

Frá bæjaryfirvöldum í Famagusta á Kípur.

Útbýting þingskjala:

Stjórnarskipunarlög, 29. mál, frv. StH o.fl., þskj. 30.
Stjórnarskipunarlög, 30. mál, frv. RA o.fl., þskj. 31.
Vegasamband hjá Jökulsárlóni, 23. mál, þáltill. HG o.fl., þskj. 23.
Þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild Íslands að EES, 31. mál, þáltill. ISG o.fl., þskj. 32.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 24. ágúst 1992.

„Þar sem Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl., er á förum til útlanda í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að beiðni hans, með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Austurl., Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri, Seyðisfirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti.

Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsfl."

Jónas Hallgrímsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Tilkynning hefur borist um að utanrmn. hafi kosið Björn Bjarnason formann og Rannveigu Guðmundsdóttur varaformann.

Forseti vill geta þess að fundahald í dag er fyrirhugað með þeim hætti að fundur geti staðið hér allt fram til kl. 6 og frestast því þingflokksfundir sem því nemur. Þetta er gert í samkomulagi við alla þingflokka.

Afbrigði um stefnuræðu forsætisráðherra.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti vekja athygli á því að í samkomulagi forustumanna flokkanna frá því 8. maí 1992 um þingmeðferð EES-samningsins á Alþingi er gert ráð fyrir að stefnuræða forsrh. verði á hefðbundnum tíma, þ.e. í byrjun október. Í samræmi við þetta er í þeirri starfsáætlun sem forsætisnefnd hefur afgreitt og send verður þingmönnum í dag stefnt að því að stefnuræðan verði flutt þriðjudaginn 6. okt. Í 73. gr. þingskapa eru hins vegar bein ákvæði um að innan tíu daga frá setningu Alþingis skuli forsrh. flytja stefnuræðu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Þess vegna er þörf á að veita formlega afbrigði frá þingsköpum þannig að þetta samkomulag geti gengið eftir og sú ætlan forsætisnefndar að stefnuræðan verði flutt 6. okt. Nú fer því fram atkvæðagreiðsla um hvort þingið veiti afbrigði frá 73. gr. þingskapa til að stefnuræða forsrh. verði flutt 6. okt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 38:1 atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, JHall, KSG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

nei: MF.

24 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GÁ, GunnS, HBl, IBA, JGS, KHG, KÁ, MB, ÓÞÞ, RA, SighB, StG, SJS, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegur forseti. Ég læt mig að vísu litlu skipta þótt meðlimir landbn. séu fjarverandi, mér skilst að þeir séu á útreiðartúr um Austfirði, en hitt þykir mér öllu lakara að hæstv. forsrh. er ekki viðstaddur við þessa umræðu. Ég læt þess getið og vona að hann birtist fljótlega. Ég tel að hér séu mörg atriði sem við hann þurfi að ræða.

Þetta frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið lætur ekki mikið yfir sér, það er ekki nema fimm greinar. Hins vegar þegar frv. er skoðað kemur fljótlega í ljós að á bak við það eru mörgum sinnum fimm greinar og reyndar fleiri þúsund blaðsíður. Kemur það strax fram í 1. gr. frv., sem ég ætla að leyfa mér að lesa hér, með leyfi forseta. Í 1. gr. frv. segir:

„Heimilt er að fullgilda fyrir Íslands hönd:

1. Samning um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn), þ.e. meginmál samningsins, bókanir við hann og viðauka, ásamt gerðum sem í viðaukunum er getið milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þessara bandalaga annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992;

2. samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992;

3. samning um fastanefnd EFTA-ríkjanna sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992."

Síðan segir í 2. gr.:

„Meginmál EES-samningsins skal hafa lagagildi hér á landi. Sama gildir um ákvæði bókunar 1 við samninginn og ákvæði 9. tölul. VIII. viðauka g-liðar" o.s.frv.

„Ákvæði EES-samningsins, bókunarinnar og viðaukanna, sem vísað er til í 1. mgr., eru prentaðir sem fylgiskjöl 1–4 með lögum þessum.

3. gr.: „Skýra skal lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja."

4. gr. „Ráðherra, sem í hlut á, getur, ef sérstök nauðsyn krefur, sett reglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd EES-samningsins."

Þetta er sem sagt miklu meira en fimm greinar. Hér hefur komið áður fram í umræðunum að samtals eru

þær blaðsíður sem að baki liggja, þótt ekki fái þær allar beinlínis lagagildi hér, líklega nálægt 10.000. Ég hef fengið í hendurnar eins og aðrir hér eitthvað um það bil 5.000 síður og ég skal viðurkenna að mér hefur ekki tekist að fara í gegnum það allt.

En í raun er miklu fleira. Okkur ber skylda til að taka tillit til niðurstaða dómstóls EB og eins og fram kemur í samningnum skulu reglur EB og reglur þær, sem samþykktar eru hjá EES, ganga fyrir íslenskum lögum og reglum og ber okkur skylda til að sjá svo til þegar á reynir.

Ég verð að segja það fyrir mitt leyti að mér finnst satt að segja umhugsunarefni að frv. sem þetta skuli vera flutt hér sem frv. til laga en ekki frv. til stjórnarskipunarlaga, ekki síst eftir þá miklu umræðu sem hefur orðið hérlendis um frumvarpið og stjórnarskrána sem ég mun koma að síðar.

Ég efa ekki að virðulegur forseti hefur skoðað mjög vandlega þessar umsagnir allar og hefur fallist á að þetta frv. skuli þannig flutt, en ekki sem frv. til stjórnarskipunarlaga. Engu að síður hlýt ég að geta þess hér í upphafi að mér finnst þetta mjög umhugsunarvert og spurning hvað er hægt að teygja og toga stjórnarskrána mikið.

Ég ætla ekki í þessum orðum mínum að svara í raun miklu af því sem kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. Hæstv. utanrrh. hefur nú ferðast um heiminn í þrjú ár, *sérstaklega Evrópu, og verið lengur með höfðingjum* þar en hér heima hjá okkur, og ég hélt satt að segja að við mundum fá að heyra föðurlega ræðu hjá hæstv. ráðherra, svona ræðu eins og „statesmen" flytja eins og kallað er erlendis. En svo var nú ekki. Hann kaus að fara heldur á því sem hann kallaði einu sinni „á rauðu ljósi" og kastaði ýmsu fram sem vissulega verður einhvern *tímann svarað en ég ætla að mestu leyti að leiða* hjá mér.

Ég tel rétt að rekja aðeins í upphafi aðdraganda þessa samnings og koma þá nokkuð inn á þann hlut sem við framsóknarmenn eigum í því að gengið var til þessarar gerðar. Ég vil minna á það að þótt lengi hafi verið rætt um nauðsynlega samninga á milli EFTA og EB *komst það mál þó ekki á skrið fyrr en með ræðu* Delors, framkvæmdastjóra Evrópubandalagsins, sem hann flutti í janúar 1989. Þar lýsti hann því yfir að Evrópubandalagið vildi standa að því að koma á samkomulagi sem byggðist á tveggja stoða lausn — og ég bið menn að taka eftir því — tveggja stoða lausn. Og hann skýrði það með því að þessar tvær stoðir ættu að vera *jafnréttháar. Þær ættu að vera jafnsterkar enda sáu* allir að það sem á þessu hlyti að hvíla gæti aldrei staðið á annarri stoðinni, það yrðu að vera tvær jafnsterkar stoðir. Það var þessi ræða sem við höfðum til meðferðar í ríkisstjórninni þegar ákveðið var að fara til viðræðna með leiðtogum EFTA-ríkjanna í Ósló í mars 1989.

Ég flutti þar þau skilaboð frá ríkisstjórninni að við Íslendingar værum reiðubúnir til að taka þátt í þessum viðræðum en af ýmsum sérástæðum hér heima þá hlytum við að gera sérstaka fyrirvara sem hæstv. ráðherra kom reyndar réttilega inn á. Og eins og hæstv. utanrrh. sagði mótuðust þessir fyrirvarar síðan skýrar í allri vinnslu málsins á næstu mánuðum eftir þennan Óslóarfund. Í fáum orðum sagt má segja að þeir hafi verið þessir:

1. Engar fjárfestingar erlendra aðila í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða.

2. *Engar fjárfestingar erlendra aðila í orkulindum.*

3. Eignarhald erlendra aðila á landi takmarkast við nauðsynlegt land vegna atvinnureksturs.

4. Engar yfirþjóðlegar stofnanir aðrar en sameiginlegur dómstóll.

5. Heimild til að takmarka fólksflutninga til landsins.

Ég vil sérstaklega staldra við atriði nr. 4, sem hæstv. utanrrh. sleppti í síðari upptalningunni í ræðu sinni, þegar hann fór yfir það hvernig þessum fyrirvörum hefur verið fullnægt.

Þetta var eitt meginatriðið í ræðu minni í Ósló, að við Íslendingar gætum ekki gengist undir vald yfirþjóðlegra stofnana. Hins vegar þegar málið hafði nokkuð verið *unnið og fór að þróast þá urðum við* sammála um það í síðustu ríkisstjórn að líklega væri það skárri kostur fyrir okkur en ekki að fallast á einn sameiginlegan dómstól en sem hefði mjög takmarkað svið.

Ég verð að viðurkenna það nú eftir að ég hef fengið álitsgerðir sérfræðinganna, bæði fjórmenninga hæstv. utanrrh. og álitsgerðir annarra sérfræðinga, að líklega *var þetta röng ákvörðun hjá okkur þá nema* við hefðum orðið að breyta stjórnarskránni til að Alþingi gæti samþykkt og heimilað að jafnvel takmarkað svið færi undir sameiginlegan dómstól. Það verður að segjast bara eins og er að við vorum ekki komnir það langt að gera okkur grein fyrir því. En mér sýnist alveg ljóst núna að ef úr þessum sameiginlega dómstóli hefði orðið þá hefði orðið að breyta stjórnarskránni til að á það mætti fallast. Staðreyndin er vitanlega sú að hinar yfirþjóðlegu stofnanir eru orðnar miklu, miklu meiri en menn gerðu sér grein fyrir á þessum tíma.

Það er rétt sem hæstv. utanrrh. leggur áherslu á, við stóðum að því að þessar viðræður hófust. Staðreyndin er sú að við framsóknarmenn teljum að við hljótum að taka virkan þátt í því alþjóðlega samstarfi sem nú fer vaxandi á milli þjóða. Okkur er ljóst að við lifum að sjálfsögðu ekki ein í þessum heimi, samstarfið verður stöðugt nánar og fleiri þau stóru verkefni sem þjóðirnar verða að taka á sameiginlega. Ég get nefnt nokkur, t.d. hafréttarsáttmálann sem við höfum beitt okkur fyrir að gerður var sameiginlega á milli þjóðanna, mannréttindamálin sem við hljótum að taka þátt í og viljum taka þátt í, umhverfismálin sem við leggjum mikla áherslu á að verði sameiginleg og verði tekið hart á, teljum nauðsyn ef bjarga á þessum hnetti sem við lifum á. Einnig er ljóst að við Íslendingar, sem erum mjög háðir erlendum viðskiptum, hljótum að búa eins og við getum í haginn fyrir þau viðskipti og að því var fyrst og fremst stefnt með þátttöku í þeim samningi sem hér er nú til umræðu.

Hæstv. utanrrh. minntist nokkuð á það í ræðu sinni hvaða afstöðu menn hefðu haft til fríverslunarsamningsins á sínum tíma, árið 1970, og fór þar með upp úr

nokkrum ræðum sem ég ætla ekki að tala um. Ég var fylgjandi þeim samningi þá og var að sumu leyti á öndverðum meiði við ýmsa af mínum flokksmönnum. Ég taldi rétt að ganga til þess samnings. Ég hef hins vegar oft velt því fyrir mér síðan hvað við höfum haft upp úr þeim samningi. Það væri gaman að heyra ef einhver gæti sagt mér það hér. Við höfum jú haft það upp úr þeim samningi að helmingurinn af íslenskum iðnaði er farinn úr landinu. Þegar iðnrekendur mættu hjá utanrmn. var í raun og veru það eina sem þeir sögðu eða a.m.k. það sem bar mest á að með því að ganga til samnings núna um hið Evrópska efnahagssvæði verði íslensk stjórnvöld neydd til að búa í haginn fyrir iðnaðinn eða búa iðnaðinum hér sömu starfsskilyrði og iðnaðurinn nýtur í okkar meginsamkeppnislöndum. Kannast einhver við þessi orð? Þetta er nákvæmlega það sama og forsvarsmenn iðnaðarins sögðu 1970. Að með því að ganga í EFTA þá neyddust íslensk stjórnvöld til þess að skapa iðnaðinum hér sömu skilyrði og enn á að gera það sama.

Það var dálítið fróðlegt í utanrmn. þegar þar mætti maður sem er mjög vel að sér í þessum málum öllum, forstjóri Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, og sagði að það setti að sér óhug þegar hann sæi glýjuna í augum iðnrekenda við þessi orð, að með samningnum ættu þeir að fá sömu starfsskilyrði og iðnaður í Evrópu og þeir áttu reyndar að fá 1970 þau sömu starfsskilyrði. Hann nefndi nákvæmlega það sem ég nefndi áðan. Hvað hefur unnist? Helmingurinn af íslenskum iðnaði hefur farið úr landi og það hallar satt að segja því miður stöðugt undan.

Nei, við höfum staðið okkur illa í því, það verður að viðurkennast, að skapa íslenskum iðnaði viðunandi skilyrði. Við höfum haldið hér ýmsum sköttum og álögum sem ekki þekkjast annars staðar eins og aðstöðugjaldi. Enn þá er karpað um það hvort eigi að afnema aðstöðugjaldið. Nú segir iðnaðurinn: Nú neyðist ríkisstjórnin til að afnema aðstöðugjaldið svo eitthvert dæmi sé nefnt. Kannski er það rétt. Vitanlega áttum við að hafa manndóm til að lagfæra slíka hluti áður. Ég tek það fram að ég er alveg eins í sök að þessu leyti eins og aðrir sem að stjórnmálum hafa komið þennan tíma. Staðreyndin er vitanlega sú að við getum án nokkurs samnings skapað þessi skilyrði öll fyrir iðnðinn hér.

Það er að heyra á hæstv. utanrrh. að hann sjái bjargráðið núna helst og eitt í þessum samningi um hið Evrópska efnahagssvæði, bjargráðið fyrir íslenskt atvinnulíf þar sem stefnir í 6% atvinnuleysi. Þetta eru mikil mistök og hættuleg mistök. Í samningnum sem slíkum felst ekkert bjargráð, ekki neitt. Það felst í okkur sjálfum. Ég vil ráðleggja hæstv. ráðherrum að lesa Reykjavíkurbréf Morgunblaðsins, þau síðustu sem hafa birst, t.d. það sem birtist á sunnudaginn, þar sem er á kurteislegan máta varpað fram þeirri hugmynd hvort við séum ekki á rangri leið með thatcherismann og reaganismann sem hér eru reknir af hæstv. ríkisstjórn. Það segir beinlínis að hér á landi fylgi stjórnvöld stefnu Breta og Bandaríkjamanna og þar er rakið ítarlega hvernig náið samstarf ríkisvaldsins og atvinnulífsins í Þýskalandi, Frakklandi og Japan hefur gjörsamlega snúið dæminu við. Sérstaklega hafa Þýskaland og Japan brunað fram úr og eru löngu komin fram úr Bretum og bruna jafnvel fram úr Bandaríkjamönnum.

Menn ættu að taka sig til og lesa bók, af því að Morgunblaðið vísar í margar fróðlegar bækur, bókina eftir dr. Thorow sem er forstjóri Sloan-stofnunarinnar frægu hjá MIT í Bandaríkjunum sem hann kallar á ensku „Head to head". — Ég veit ekki hvernig á að þýða það, „augliti til auglitis", eða „haus í haus", það er ekki góð þýðing. Þar talar hann um þá árekstra og átök sem eru og hafa verið á milli þeirra þjóða sem ég hef nú nefnt og rekur vandlega hvernig reaganisminn og thatcherisminn hafa farið með Bandaríkin.

Nei, bjargráðið er ekki EES. Því fer víðs fjarri og það er hættulegt ef menn binda sig við það og telja að þar sé eitthvað sem bjargar íslensku þjóðfélagi. Nei. Ég ætla alls ekki að segja að utanrrh. sjálfur hafi fundið upp orðin „allt fyrir ekkert". Hann notaði þau með ljóma í augum hér í fyrra. Það getur vel verið að einhver hafi komið þeim inn í hans háttvirta koll. En engu að síður finnst mér það oft liggja í orðunum að þarna fáist mikið fyrir lítið. Dettur mönnum það virkilega í hug að þarna fáist mikið fyrir lítið, svo ég taki nú kurteislega til orða?

Það er rétt sem hæstv. utanrrh. sagði að það er gagnkvæmt að því leyti til að viðskiptafrelsi fæst á báða bóga að mestu leyti. Það eru að vísu margir annmarkar þar á, t.d. hefur EB neitað að taka skipaiðnaðinn í þetta samkomulag sem er eitt af því mikilvægasta fyrir okkur. Það á að halda áfram að styrkja hann. Það á að halda áfram að styrkja sjávarútveginn. Það er kannski þess vegna sem hæstv. ríkisstjórn hefur tekið þann kostinn nú að styrkja íslenskan sjávarútveg sem er allt annað mál og satt að segja afar hættulegt og alvarlegt mál.

Það er hins vegar alls ekki hægt að segja að þetta sé gagnkvæmt á öllum sviðum. Ég held að allir geti t.d. viðurkennt að hið örsmáa íslenska þjóðfélag er í gífurlega miklu meiri hættu fyrir ýmiss konar yfirtöku en hin risastóru þjóðfélög Evrópu. Ég held það óttist ekki nokkur maður að jafnvel stærstu íslensku fyrirtækin leggi undir sig einhvern atvinnurekstur í Evrópu, ég held það óttist enginn og kemur sjálfsagt aldrei til greina. En jafnvel þótt Hagkaup og Bónus sameinist þá munar stóru hringana í Evrópu ekkert um að gleypa þá á einni nóttu og þurfa jafnvel ekki nóttina til, þeir geta gert það með kvöldverðinum.

Hvað halda menn t.d. að stóru þýsku bankana muni um það að yfirtaka íslensku bankana? Hvað halda menn að þá muni um það? Ég veit það dettur engum í hug að íslenskur banki geti náð slíkum tökum í Evrópu að hann verði þar ráðandi. Menn verða að hafa opin augu fyrir þessu og vernda hið örsmáa íslenska þjóðfélag fyrir slíku eins og frekast er kostur. Ég kem að því síðar að mér finnst það ekki hafa verið gert eins og vera ber á ýmsum sviðum. Það er því hættulegur misskilningur að halda að þetta sé gert í jafnræði. Þetta er alls ekki jafnræði. Það getur aldrei verið jafnræði á milli ofurrisans og hinnar ofurlitlu þjóðar. Það getur

aldrei verið þegar allt er opnað upp á gátt. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir að ég heyrði hann ekki nefna það í sinni ræðu að 18% kratanna, að mig minnir, samþykktu það á flokksþinginu að ganga í EB og það þykir mér meira en nóg. Hann nefndi það ekki í sinni ræðu en fyrir þá sem þannig hugsa skiptir kannski ekki máli hvenær við verðum yfirteknir af risaveldunum í Evrópu.

Eitt er það atriði enn sem mér finnst vert að minnast á af því ég minntist á bókina áðan. Mér finnst menn ekki gera sér grein fyrir því til hvaða leiks við erum að ganga. Við erum að gerast þátttakendur í þessum átökum, eins og dr. Thorow kallar það, á milli Evrópu, Þýskalands, Japans og Bandaríkjanna, og við ætlum að ganga inn í raðir Evrópu, að vísu með EES óbeint en inn í markaðinn þar og þá væntalega að okkar litla leyti styrkja þá í baráttunni við hin efnahagsrisaveldin. Þau átök munu verða ráðandi hér á næstu áratugum. Á því er ekki nokkur minnsti vafi og alls ekki séð fyrir endann á því hvernig fer.

Hæstv. utanrrh. talaði mikið um GATT og ég er honum að öllu leyti sammála. GATT eru athyglisverð samtök en GATT er alls ekki í anda þessara samtaka. Svo ég vitni aftur í þennan prófessor við Sloan-stofnunina þá telur hann að þegar þessar markaðseiningar eru mótaðar verði GATT gleymt því það hentar t.d. alls ekki Evrópu að standa að víðtækum GATT-samningum enda hefur hæstv. utanrrh. við þau tækifæri, þegar um GATT hefur verið rætt hér á hinu háa Alþingi, kallað EB þríhöfða þurs. Er það ekki rétt? Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra. Þetta eru einhver hin mestu eiginhagsmunasamtök sem til eru og miða bara þráðbeint að því að verða hið risastóra efnahagsveldi heimsins. Þau ætla að verða það með því að ná yfir Evrópu. Þau gleypa fljótlega Tékkóslóvakíu, Pólland, Ungverjaland o.s.frv. og þá er það orðinn markaður upp á — ekki 380 millj. eins og nú, heldur 400–500 millj., og þegar Rússland er komið inn verða þetta 600–800 millj. og þá fær fátt við þá ráðið.

Ég held nefnilega að við þurfum að hafa þessa mynd mjög í huga þegar við ákveðum hvar við ætlum að standa í þeirri heimsmynd sem er að koma upp. Ameríkumarkaðurinn er okkur enn afar mikilvægur og við þurfum að halda honum og Japansmarkaður er stöðugt vaxandi. Ég er því þeirrar skoðunar að um leið og við göngum til samstarfs við EB á einhvern máta, með þessum samningi endurbættum eða tvíhliða samningi, þá þurfum við að gæta þess afar vel að hafa fullt frelsi til samskipta við önnur markaðssvæði. Ég er ekki eins sannfærður um það, eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðherra, að þar höfum við fullt frelsi. Það er skýrt tekið fram að gera má samninga en þó er samningurinn um EES alltaf æðri og aðrir samningar sem við gerum mega aldrei ganga neitt á skjön við samninginn við EES. Og hver dæmir? Þeir sem dæma eru dómstólarnir í Evrópu en ekki við, ef slíkur samningur er gerður.

Ég ætla svo að fara í nokkur atriði þessa samnings. Ég ætla fyrst að fara yfir ályktun sem gerð var á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins 3. maí sl. Sumir hafa minnst á það, og ég hef oft verið að því spurður, af hverju Framsfl. sé ekki reiðubúinn að gera upp hug sinn í þessu máli. Ég svara því til að við viljum sjá öll kortin, fá öll spilin á borðið. Við teljum vissulega, þar sem við stóðum að því að koma þessum samningum af stað, að okkur beri skylda til að skoða hann í heild sinni og töldum ekki fært þess vegna að taka endanlega afstöðu þegar þessi fundur var haldinn í maí. Með leyfi forseta, segir svo:

„Miðstjórnarfundur Framsfl. ályktar að stuðningur við aðild Íslendinga að hinu Evrópska efnahagssvæði komi ekki til greina nema eftirgreindum skilyrðum sé fullnægt:

1. Samningurinn standist ákvæði stjórnarskrárinnar.

2. Í stað þeirra fyrirvara sem ekki fengust viðurkenndir verði hagsmunir landsins tryggðir með einhliða lagasetningu á Alþingi.

3. Tvíhliða samningur um fiskveiðar reynist ásættanlegur enda sé eftirlit með veiðum erlendra aðila fullnægjandi sem og önnur ákvæði hans.

4. Tryggt verði að Íslendingar hafi fullar heimildir til þess að leggja jöfnunargjald á innfluttar landbúnaðarafurðir.

5. Formlega verði viðhorf Evrópubandalagsins kannað til breytinga á samningi um Evrópskt efnahagssvæði í tvíhliða samningi Íslendinga og Evrópubandalagsins ef og þegar önnur EFTA-ríki hafa gerst aðilar að EB. Að slíkri breytingu verði stefnt."

Síðan segir: „Verði ofangreindum skilyrðum fullnægt hafa Íslendingar tryggt sér það sem þeim er mikilvægt í samskiptum við þjóðir Vestur-Evrópu, sérstaklega frjálsan aðgang fyrir framleiðslu Íslendinga á markaði þar. Þess er jafnframt vænst að öllum verði þá ljóst að aðild að Evrópubandalaginu kemur ekki til greina."

Eins og kemur fram í þessari ályktun teljum við framsóknarmenn afar mikilvægt að undirstrika það og fá það samþykkt og viðurkennt af hæstv. ríkisstjórn að aðild að Evrópubandalaginu kemur ekki til greina. Þess vegna töldum við afar mikilvægt að fá markaða þá stefnu strax að þessi samningur breyttist í tvíhliða samning þegar önnur EFTA-ríki hafa fengið aðild að Evrópubandalaginu.

Þá er þess að geta að 8. maí var gert samkomulag milli flokkanna um meðferð þessa máls og þarf ég ekki að lesa það, svo oft hefur verið farið yfir það. Í því fólst í fáum orðum að þing átti að koma saman aftur 17. ágúst, eins og varð en fyrir þann tíma áttum við að fá í okkar hendur samkvæmt skrá þau fylgifrumvörp og fylgiskjöl sem nauðsynleg eru til að geta gert sér grein fyrir þessum samningi. Ég er ekki að segja að lofað hafi verið sjávarútvegssamningi, það væri ekki rétt, en ég hygg að allir hafi gert sér vonir um að hann lægi fyrir og enginn getur deilt um að það er mikilvægt að hafa þann samning áður en endanlega er gengið frá þessu máli.

Hvernig hefur þá verið við þetta staðið? Því miður vantar mikið á að ýmis þau frumvörp sem áttu að vera komin fram séu komin. Í minnisblaði frá nefndadeild

Alþingis 19. ágúst sl. er t.d. getið nokkurra frv. sem ég tel að varpi ljósi á það að við framsóknarmenn a.m.k. teljum afar erfitt að taka endanlega afstöðu til efnisþátta samningsins fyrr en þau liggja fyrir. Þau eru:

1. Frv. til laga um breytingu á lögum um skipun opinberra framkvæmda og lögum um opinber innkaup. Verður tilbúið í haust, von var á því 15. júní.

2. Frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Verður tilbúið í haust, von var á því 15. júní.

3. Frv. til laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Tilbúið í haust, von var á því 15. júní.

4. Frv. til laga um aðrar lánastofnanir. Tilbúið í haust, von var á því 15. júní.

5. Frv. til laga um samvinnufélög. Tilbúið 1. sept.

6. Frv. til laga um breytingu á lögum um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri. Tilbúið 15. okt.

6. Frv. til laga um hlutafélög. Tilbúið 15. okt.

8. Frv. til laga um breytingu á lögum um bókhald. Tilbúið 1. janúar 1993.

Hér eru ýmist mikilvæg frv. sem verða ekki tilbúin fyrr en nokkuð er liðið á þinghaldið í vetur og hér eru mörg mikilvæg frv. sem áttu að koma fram í júní en eru ekki komin fram enn. Þetta voru frv. sem áttu að fara til efh.- og viðskn.

Iðnn. segir að von sé á þremur málum til viðbótar í haust:

1. Frv. til laga um eignarrétt á auðlindum neðan yfirborðs jarðar. Var væntanlegt 15. júní. Ég hygg að það hafi komið einhver drög að þessu frv. en hafi verið send til baka til heimahúsa.

2. Frv. til laga um virkjunarrétt fallvatna. Var væntanlegt 15. júní.

3. Frv. til laga um höfundarrétt á iðnhönnun. Tilbúið 15. ágúst.

Í landbn. eru mjög mikilvæg mál. Frv. til laga um breytingu á jarðalögum og e.t.v. á ábúðarlögum sem enn þá hefur ekki neina dagsetningu en er sagt að sé væntanlegt um 15. okt. Það varðar væntanlega það sem hæstv. utanrrh. rakti ítarlega í sinni ræðu um ýmiss konar varnagla og girðingar sem unnt er að setja fyrir eignarhaldi útlendinga á jörðum. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá upptalningu. Hann nefndi þar fjölmörg atriði, miklu fleiri en t.d. sérfræðingarnir þrír nefndu, sem skrifuðu litlu bláu bókina um þetta mál. Þar kom mér ýmislegt á óvart því þar mátti skilja svo að erfitt verði að ganga lengra en þegar er gengið í dag.

Ég fagna því sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. og treysti hans orðum um að ýmislegt af því sem hann taldi upp verði í því frv. sem hér verður lagt fram.

Af þessu má ljóst vera að þingmenn hafa alls ekki verið í þeirri stöðu sem þeir gerðu sér vonir um þegar samningurinn var gerður 8. maí til að geta rætt þetta mál í grunninn nú. Auk þess mun ekki vera búið að þýða, eins og hér hefur verið upplýst, nema um það bil helmling af þeim skjölum sem þurfa að fylgja þessu máli, hvað þá dómsúrskurði og margt fleira sem er kannski inni í því falið.

Eitt af því stóra sem hefur gerst í meðferð málsins er að yfirlit frá nefnd þeirri sem hæstv. utanrrh. skipaði í stjórnarskrármálið kom á nokkurn veginn tilsettum tíma og ber að fagna því. Þessi nefnd hefur verið kölluð fjórmenningar hæstv. utanrrh. svo menn viti við hvað ég á. Jafnframt hefur komið fram álit annarra virtra lögfræðinga, prófessors Björns Þ. Guðmundssonar, prófessors í stjórnlagarétti, og dr. Guðmundar Alfreðssonar þjóðréttarfræðings. Því verður ekki neitað að þessar skýrslur hafa varpað mjög svo nýju ljósi og skýrara ljósi á stjórnarskrárþátt málsins. Mér sýnist, eftir að þetta er komið fram, að það verði að ræða þetta mál frá tveimur hliðum. Annars vegar er það sem ég vildi gjarnan kalla hina tæknilegu hlið. Leyfir stjórnarskráin að svona þjóðréttarsamningur sé gerður að landslögunum? Leyfir hún það framsal valds sem í honum felst? Hinn þátturinn er svo efnishlið samningsins að sjálfsögðu en vitanlega getur svo farið að jafnvel þótt menn séu sáttir við efnishlið samningsins treysti þingmenn, sem hafa svarið eiðstaf að stjórnarskránni, sér ekki til að standa að þessum samningi ef þeir telja að stjórnarskrárþætti hans sé ábótavant. Því er ekki að neita að strax og ég las skýrslu fjórmenninganefndarinnar sannfærðist ég um að þar væri mörgu ábótavant.

Við höfum hér nokkur flutt sérstakt frv. til stjórnskipunarlaga sem á að taka af allar efasemdir í þessum málum og veita heimild til þess að framselja vald ef það er samþykkt með þremur fjórðu hlutum atkvæða hér á hinu háa Alþingi en um það mál ræði ég að sjálfsögðu síðar og skal ekki fara út í það. Ég tel þó rétt að taka fram að það er almennt frv. því okkur er ljóst að mjög líklega þurfum við Íslendingar að framselja eitthvert vald, t.d. ef við staðfestum mannréttindasamning Evrópuráðsins eða umhverfismálunum verði þannig hagað að eitthvert yfirþjóðlegt vald komi þar til sem ég held að verði að gerast ef koma á skikkan á þau mál. Engu að síður verðum við að skoða þennan samning núna með tilliti til stjórnarskrárinnar eins og hún er.

Eins og ég sagði áðan brá mér þegar ég las skýrslu fjórmenninganna. Það er best að segja fyrst að allir sem hafa fjallað um þetta mál staðfesta að í stjórnarskránni er ekkert sem beinlínis heimilar framsal valds. Hins vegar komast fjórmenningarnir að þeirri niðurstöðu að þar sé heldur ekkert, og það er rétt, sem bannar framsal valds og því megi framselja það. Hins vegar vöknuðu strax hjá mér miklar efasemdir við ýmsar setningar í þessari skýrslu eins og þegar látið er að því liggja að í 2. gr. stjórnarskrárinnar, sem fjallar um skiptingu ríkisvaldsins, megi jafnvel láta sér detta í hug að þar sé ekki verið að fjalla eingöngu um íslenskt framkvæmdarvald eða íslenskt dómsvald. Mér brá þegar ég las þetta. Ég verð að taka undir með Birni Þ. Guðmundssyni sem vísar þessu alfarið á bug og spyr: Hvernig dettur mönnum í hug að þeim, sem sömdu stjórnarskrána, hafi komið til hugar að skipta ætti valdi út til erlendra valdhafa? Ég held að það komi ekki til mála, ég held að það sé hrein fjarstæða. Sömuleiðis finnst mér afar erfitt að fóta mig á þeirri meginniðurstöðu að þetta sé í lagi vegna þess að það vald sem er

framselt sé vel afmarkað á takmörkuðu sviði og ekki verulega íþyngjandi fyrir íslenska aðila. Hver ætlar að dæma í hverju tilfelli? Hvar eru mörkin? Því miður höfum við ekki stjórnlagadómstól hér og væri þörf á að hafa hann. En hver ætlar við þær aðstæður sem hér eru að dæma um þetta? Ætlar einfaldur meiri hluti Alþingis að taka að sér að meta það hvenær það er verulega íþyngjandi, vel afmarkað o.s.frv.? Fyrirtæki sem fengi sekt upp á einhverja tugi milljóna kann að vera lítið á alþjóðlegan mælikvarða og lítið fyrir íslenskt þjóðarbú í heild en það gæti verið íþyngjandi fyrir þetta einstaka fyrirtæki eða einstakling sem fengi á sig dóm. Ég held því að hér verði að draga skýr mörk. Ég verð að segja það með mikilli virðingu fyrir þeim ágæta manni dr. Bjarna Benediktssyni, sem utanrrh. vísaði mikið til, að mér fannst ekki farið með þær tilvísanir á réttan máta. Ég les þær svo að þar komi fram mjög mikil virðing fyrir stjórnarskránni. Hann segir að vísu í einni tilvitnuninni að það sé stjórnmálaleg ákvörðun þegar stjórnarskránni er breytt. Það er rétt. Það er stjórnmálaleg ákvörðun þegar stjórnarskránni er breytt. Þá gera menn það vitanlega vitandi vits, stjórnmálalega. Hvað vilja stjórnmálaforingjar í landinu heimila mikið með stjórnarskránni? En ég skil aldrei ummæli hans svo að hann sé að mæla því bót að stjórnarskráin sé teygð og toguð eins og mér finnst gert í þessu áliti fjórmenninganna.

Það er æðimargt í ályktunum Björns Þ. Guðmundssonar og Guðmundar Alfreðssonar sem vert væri að fara hér í. Ég vil ekki hafa þetta mál mitt allt of langt en ætla þó að stikla á nokkrum atriðum. Eitt atriði finnst mér afar ótrúlegt. Það er þegar svo lærðir og ágætir menn, eins og þeir sem í fjórmenninganefndinni sátu, segja beinlínis að það kunni svo að fara að meira vald sé framselt og með alvarlegri afleiðingum en þeir geri sér á þessu stigi grein fyrir. Það verði bara að sjá til hvað Hæstiréttur gerir í þessu sambandi og reyndar hef ég heyrt þau orð falla hjá fleiri stuðningsmönnum samningsins. Björn Þ. Guðmundsson segir, með leyfi forseta:

„Að mínu viti dugar ekki lögfræðilega að reyna að sýna fram á að formlega sé í lagi að lögfesta EES-samninginn en ef hins vegar komi síðar í ljós að ákvæði hans brjóti í bága við stjórnarskrána sé unnt að bregðast við því samkvæmt ákvæðum hennar sjálfrar."

Sem sagt að þá sé hægt að koma með stjórnarskrárbreytingu og gera þetta í lagi gagnvart stjórnarskránni. Hafa menn hugleitt það hvernig ástandið yrði hér eftir 3–4 ár þegar þetta fjórfrelsi er allt saman komið til framkvæmda ef Hæstiréttur úrskurðaði þá að eitthvert atriði samningsins stæðist ekki stjórnarskrána? Það mundi náttúrlega þýða að sú gerð, sem ríkisstjórnin stefnir nú Alþingi í að gera, yrði ólögmæt. Hvað um alla þá gjörninga sem væru byggðir á þessum samningi, á frelsi um viðskipti, frelsi um fjármagnsflutninga, frelsi um fólksflutninga, frelsi um þjónustu? Hvað yrði um þá alla ef Hæstiréttur úrskurðaði að þeir væru ólöglegir? Dettur mönnum virkilega í hug að þá gæti Alþingi hlaupið saman og breytt stjórnarskránni, haft svo kosningar og samþykkt breytinguna á ný og þar með væri allt það sem gerst hefði á undanförnum árum komið í lag? Ég held að jafnvel verkfræðingur eins og ég hljóti að sjá að það gengi aldrei nokkurn tíma upp, hvað þá lögfræðingur eins og hæstv. forsrh. Ég er sannfærður um að hann veit að þetta gengi aldrei upp því að vitanlega væri þá það sem menn hefðu gert í góðri trú á fjórum árum allt hin mesta lögleysa. Mér fannst ótrúlegt að þessir lærðu lögfræðingar skyldu leyfa sér að leggja þetta fyrir okkur.

Síðan eru nefnd ýmis fordæmi í nefndinni og þar er nú eitt sem mér finnst dálítið erfitt að kyngja. Líklega er það hárrétt að Alþingi hefur iðulega gengið lengra en rétt er við að framselja vald innan lands. Ég geri hins vegar mjög mikinn greinarmun á því að framselja vald innan lands eða til erlendra aðila og eins og prófessor Björn segir, með leyfi forseta:

„Við röksemdafærslu má það ekki vera leiðandi sjónarmið að eitthvað sem áður hafi verið gert, hvort heldur er með lagasetningu, stjórnsýsluákvörðunum eða dómum, og talið hefur verið vafasamt að hefði nægilega stoð í stjórnarskránni, réttlæti það í þessu máli að slaka megi á kröfum um stjórnskipulegt gildi laga."

Þetta er vitanlega alveg hárrétt. Þótt einhver glæpur hafi áður verið framinn réttlætir hann ekki glæpinn að nýju. Ef einhverju hefur verið stolið má ekki stela að nýju af því að einhver gerði það í gær eða fyrradag. Það liggur náttúrlega í hlutarins eðli og hlýtur hver heilvita maður að sjá að svona röksemdafærsla gengur ekki. Við eigum vitanlega að bæta okkur og reyna að koma í veg fyrir slíkt framsal valds.

Prófessor Björn leggur á það ríka áherslu að miklu víðtækari rannsókn þurfi að fara fram á því um hvaða framsal valds hefur verið að ræða. Hann rekur nokkuð hvernig vald hefur verið framselt, t.d. hér innan lands þegar ráðherra framselur vald til síns embættismanns og er ábyrgur fyrir hans gerðum. Hann nefnir presta sem látið hafa af störfum í þjóðkirkjunni, þeim hefur með lögum verið veitt heimild til þess að gefa saman hjón en vel að merkja í umboði viðkomandi þjóðkirkjuprests. Það er kannski gott, táknrænt að gefa saman hjón. Ég vil ekki telja að hæstv. utanrrh. hafi verið gefið vald til þess að gefa okkur og hin Evrópuríkin saman. Ég held að því fari víðs fjarri. Svo segir hann:

„Þess eru hins vegar engin dæmi að íslenskt framkvæmdarvald hafi í þessum skilningi verið framselt til erlends stjórnvalds. Þau þrjú dæmi sem fjórmenninganefndin tekur úr samningnum á sviði norrænnar samvinnu, til styrktar niðurstöðum sínum, falla ekki undir slíkt valdframsal í skilningi stjórnskipunar og stjórnsýsluréttar."

Um þetta fjallar reyndar Guðmundur Alfreðsson einnig ítarlega og vekur athygli á því að í þessum samningum eru það Íslendingar erlendis sem gerst hafa brotlegir á einhverju sviði og þar með gengið undir vald dómstóla þar sem þeir eru. Hins vegar ef Íslendingur brýtur hér á Íslandi gagnvart einhverju af Norðurlöndunum, þá getur dómstóll á Norðurlöndunum ekki dæmt hann þar sem hann er búsettur hér á landi. Þarna er vitanlega reginmunur á. EFTA-dómstóllinn og eft-

irlitsstofnunin dæma menn búsetta hér fyrir brot á þessum sameiginlega samningi fyrir allt svæðið. Það er engin heimild til að skjóta þeim dómi undir íslenska dómstóla eins og nú er hægt í langflestum tilfellum. Auk þess er þetta norræna dæmi gagnkvæmt, þ.e. að við Íslendingar dæmum þá Norðurlandabúa sem eru hér á Íslandi samkvæmt samningi um gagnkvæm atvinnuréttindi. Ef einhver gerist brotlegur hér, þá dæmum við hann fyrir íslenskum dómstólum. Þetta er allt annað. Við höfum engan rétt til að dæma slíkt í þessum EES-samningi.

Björn Þ. Guðmundsson fjallar líka um innlenda eða erlenda stjórnvaldshafa og segir: „Það er alveg ljóst samkvæmt stjórnskipunarrétti að með stjórnvöldum í 2. gr. stjórnarskrárinnar er einungis átt við innlenda stjórnvaldshafa en ekki erlenda og ekki heldur þjóðréttarlegar stofnanir." Þetta hélt ég satt að segja að hverjum hugsandi manni hlyti að vera augljóst, eins og ég nefndi áðan. Það er ekki í 2. gr. verið að gefa neitt til kynna á milli lína að það megi afsala valdi til erlendra stofnana. Slíkt kæmi vitanlega ekki til greina.

Mér þótti athyglisvert að sjá að efasemdir prófessorsins vöknuðu á nákvæmlega sama stað og mínar. Prófessorinn segir hér: „Lögfræðinganefnd utanrrh. kemst í grófum dráttum að þeirri niðurstöðu að um heimilt framsal framkvæmdarvalds sé að ræða vegna þess að reglurnar um vald stofnana EFTA séu vel afmarkaðar og feli ekki í sér verulegt valdframsal sem talið verði íþyngjandi í ríkum mæli, enda varði það milliríkjaviðskipti. Einmitt hér vakna efasemdir mínar sem ég mun reyna að rökstyðja nánar," og mér þótti gott að sjá að prófessorinn hafði sett spurningarmerki við þessar setningar.

Hann fjallar um þær heimildir sem þessar stofnanir hafa. Hann segir: „M.a. hefur eftirlitsnefndin heimild til að ákvarða sektir og févíti sem verða beint aðfararhæfar hér á landi. Þessar ákvarðanir, og raunar margar fleiri, verða ekkk bornar undir íslenska dómstóla heldur einungis undir EFTA-dómstólinn til endanlegrar úrlausnar eða þá EB-dómstólinn." Þessu verða menn að taka eftir. Íslenskur ríkisborgari búsettur hér á landi sem fær á sig dóm EFTA-dómstólsins eða neikvæða niðurstöðu EFTA-eftirlitsnefndarinnar getur ekki skotið málinu undir íslenskan dómstól. Hann er bundinn af þessu, þetta er endanlegt og meira að segja aðfararhæft hér á landi. Og áfram segir prófessorinn:

„Þetta felur með öðrum orðum í sér að ákveðinn hluti íslensks refsivalds er framseldur til þjóðréttarlegra stofnana, þ.e. vald sem nú er í höndum þar til bærra innlendra stofnana. Verður að leggja áherslu á að hér er um sjálfa ákvörðanatökuna að ræða, sem lýtur beint að einstaklingum og fyrirtækjum hér á landi á bindandi hátt og þeir aðilar geta ekki borið lögmæti ákvarðananna undir íslensk stjórnvöld eða dómstóla. Þetta er í mínum huga aðalatriðið. Þar við bætist að þessar ákvarðanir verða beint aðfararhæfar hér á landi gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum."

Ég held að flestum hljóti að vera ljóst að hér er um afar alvarlegt og umhugsunarvert atriði að ræða. Ég fæ ekki séð að þetta sé á svo takmörkuðu sviði o.s.frv., eins og nefndin hefur rakið og oft hefur verið vísað til, þ.e. ekki um verulegt valdaframsal að ræða, ekki íþyngjandi og svo afmarkað, að við getum látið það eins og vind um eyru þjóta. Þetta er á sviði fjórfrelsisins og það er ekki mjög takmarkað svið; viðskiptamál, fjármál, fólksflutningar og þjónustuviðskipti. Þetta eru satt að segja ekki svo afmörkuð svið og æðimargt sem getur fallið þar undir. Prófessorinn rekur það svo hvernig þetta er á allt annan máta hér. Hann rekur það m.a. að hér á landi eru dómstólarnir sjálfir og dómararnir undir vissri gagnrýni. Þá ber að velja samkvæmt mjög ákveðnum reglum sem við höfum ekki nokkur tök á að tryggja að verði hjá þessum erlendu alþjóðlegu stofnunum. Dómarar þurfa að hafa ákveðna menntun o.s.frv. sem aldrei verður tryggt. Svo segir hann: „...og síðast en ekki síst getur hann [þ.e. hinn íslenski þegn] borið mál sitt undir dómstóla." Þ.e. ef Íslendingur verður fyrir einhverju aðkasti hér heima, t.d. ef sýslumaður dæmir hann eða undirréttur þá getur hann farið með málið til Hæstaréttar. Íslendingur getur ætíð skotið ákvörðun stjórnvalda sem hann er óánægður með undir íslenska dómstóla. — „Með EES-samningnum hefur íslenskur þegn afsalað sér þessu öllu til stofnana EFTA og EB," að sjálfsögðu á þessum takmörkuðu sviðum. Prófessorinn kemst að þeirri niðurstöðu að „... við erum því að framselja hluta ríkisvalds okkar til þjóðréttarlegs aðila sem engin reynsla er fengin af hvernig starfar."

Nú er það út af fyrir sig ekki umdeilt að við erum að framselja vald, meira að segja sérfræðingar utanrrh. staðfesta það. En hér er velt upp ýmsum fleiri atriðum, t.d. þeim að við höfum enga reynslu af þessum dómstólum og getum ekkert metið þá fyrir fram.

Prófessorinn, sem er prófessor í stjórnlagarétti, dregur þetta svo saman í sínum niðurstöðum og leggur aftur áherslu á það. Varla hvarflaði að nokkrum Íslendingi, segir hann, þá, þ.e. þegar stjórnarskráin var samið, að við mundum framselja ríkisvald til erlendra aðila eða þjóðréttarlegra stofnana og fullyrðir að það sé óþekkt að vald sé framselt til útlanda.

Prófessorinn segir að lokum hér: „Með því framsali ríkisvalds, sem hér er til umræðu, er ekki einasta þjóðréttarlegum stofnunum falið bindandi ákvörðunarvald á tilteknum sviðum gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum á Íslandi, heldur afsala sömu aðilar sér þeirri réttarvernd sem þeir njóta samkvæmt íslenskum lögum og m.a. er fólgin í því að mega bera athafnir stjórnvalda undir umboðsmann Alþingis, undir æðra stjórnvald og að lokum dómstóla."

Ég hef nú hlaupið nokkuð hratt yfir þessa greinargerð prófessors Björns en ég kemst ekki hjá því einnig að fara nokkrum orðum um það sem dr. Guðmundur Alfreðsson segir. Rétt er að vekja athygli á þjóðréttarsamningum og landslögum þar sem ég er ekki viss um að allir hafi gert sér grein fyrir því. Menn segja: Við höfum gert fjöldann allan af þjóðréttarlegum samningum, og vitanlega er það rétt, en hér er um það að ræða að gera þjóðréttarlegan samning að landslögum. Dr. Guðmundur leggur áherslu á það að ætíð þegar um þjóðréttarlegan samning er að ræða sem ekki

hefur verið gerður að landslögum, þá ráða landslög. Jafnvel þó við semjum um einhvern hlut við aðra þjóð og gerumst við skulum segja brotlegir gagnvart þeim samningi, þá er það íslenskur dómstóll sem verður að dæma það samkvæmt íslenskum lögum. Þjóðréttarsamningurinn sem slíkur er ekki þar með orðinn að landslögum. Það er stóri gerningurinn sem liggur í þessum fimm greinum hæstv. utanrrh. að gera þennan fleiri þúsund síðna samning að landslögum. Dr. Guðmundur leggur áherslu á að það verði að fara mjög varlega í samanburð á alþjóðlegum skuldbindingum sem Ísland hefur þegar gengist undir og þeim yfirþjóðlegu skuldbindingum sem felast í EES-samningnum. Og vitanlega er það alveg ljóst sem þjóðréttarfræðingurinn segir að í 21. gr. stjórnarskrárinnar felst ekki sjálfstæð og sérstök heimild til að gera þjóðréttarsamninga sem breyta stjórnarskránni. 21. gr. heimilar forseta Íslands að gera þjóðréttarsamninga en það er útilokað að túlka þá grein þannig að forseta heimilist t.d. að gera þjóðréttarsamning sem breyti stjórnarskránni og stjórnarháttum hér á landi.

Ég ætla að grípa niður á nokkrum stöðum. Lögfræðingurinn fjallar um þetta mjög skipulega, fyrst löggjafarvaldið, og vekur t.d. athygli á því sem er nokkuð umhugsunarvert að undirbúningur lagafrumvarpa flyst frá íslenskum stjórnvöldum, þ.e. ríkisstjórn og þingmönnum, til erlendra aðila, til sérfræðinga hjá EB fyrst og fremst, þ.e. ef breyta þarf samningnum þá á það uppruna sinn þar. Okkur er sagt að vísu og kemur nú fram í frægri skýrslu hollenska formanns samninganefndar EB, Van der Pas, þar kemur að vísu fram að þetta er bara til málamynda, segir hann, svona til að leyfa okkur að vera með. Við höfum þar ekki neinn atkvæðisrétt og ekki neinn ákvörðunarrétt. Þetta er atriði sem mér finnst algjörlega hafa farið fram hjá mönnum. Frumkvæðið er þar. Og meira að segja eins og hér er rakið, eftir að þetta er nú gengið í gegnum EFTA-ráðið og komið til Íslands, þá hefur Alþingi Íslendinga ekki rétt til að breyta einum stafkróki í þessum samningi. Engu. Sem sagt, það er annaðhvort að segja já eða nei. Og þannig eru Alþingi og íslensk stjórnvöld vitanlega svipt mjög mikilvægum frumkvæðisrétti og þó Alþingi hafi formlegt neitunarvald, þá er efni laganna ráðið annars staðar.

Guðmundur rekur síðan vandlega þau fordæmi sem hér hafa verið nefnd og nefnir t.d. að það er vitanlega allt annað að flytja vald á milli innlendra aðila en til yfirþjóðlegra erlendra stofnana. Og hann fjallar síðan um yfirtöku á dómum og úrskurðum EB-dómstólsins og segir þar, með leyfi forseta:

„Dómarnir eru ekki eingöngu lögskýringar- eða túlkunargögn" eins og mátti skilja á nefnd hæstv. utanrrh. „Þeir eru nauðsynlegur hluti lagasamræmingarinnar og óumflýjanlegur hluti hins nýja EES-réttar. Þeir geta í reynd haft bein réttaráhrif, þar sem eftirlitsstofnun og dómstóll EFTA eiga að beita þeim í ákvörðunum, sem mundu koma til fullnustu á Íslandi."

Það er vitanlega rétt að dómarnir eru ekki lögtekn ir en af því sem ég hef getað lesið mig til um dómana sýnist mér aftur og aftur í raun þetta koma fram í sjálfum samningnum og fylgiskjölum hans. Dómarnir eru langtum meira en túlkunargögn. Þeir geta verið ráðandi um lagasamræmingu.

„Viðeigandi dómar EB-dómstólsins", segir hér jafnframt, „t.d. um samkeppnisreglurnar, eru hins vegar ekki skráðir í EES-samningnum. Það er bara almenn tilvísun til þeirra og þeir ekki tilgreindir." Þegar ég las þetta fór ég að hugleiða hvort þetta gæti virkilega verið rétt og ég sé að þetta er rétt. Það er náttúrlega hreint ótrúlegt að okkur er ætlað hér að samþykkja þennan samning með tilvísun í lagabókstaf sem á að fá gildi að landsrétti án þess að viðkomandi gögn séu lögð fram í frumvarpsformi. Reyndar sé ég það á þeim frumvörpum sem eru að koma fram núna, t.d. eitt sem við sáum í morgun, að þar er í raun og veru bara örstutt grein sem segir: Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð gildi ákveðinna hluta hjá EFTA og EB. Síðan eru felld úr gildi fjöldamörg önnur frumvörp. Ég trúi því nú satt að segja ekki að hv. þm. láti það yfir sig ganga að samþykkja slíka opna heimild til ráðherra án þess að hafa séð allt það sem að baki liggur.

Að sjálfsögðu er það einnig mikilvægt sem lofað er með tilvísun í lagasamræmingu á EES-svæðinu að EFTA-ríkin muni tryggja með lögum að EES-reglur gangi framar öðrum landslögum.

Um eftirlitsstofnunina segir lögfræðingurinn:

„Í 2. gr. stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um að forseti og önnur stjórnvöld fari með framkvæmdarvaldið. Í 13. gr. segir að forsetinn láti ráðherra framkvæma þetta vald. Samkvæmt 14. gr. bera ráðherrar ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum. Það er enginn vafi á því að stjórnarskráin á hér við íslenska ráðherra og íslensk stjórnvöld." Þarna þykir Guðmundi eflaust nauðsynlegt að árétta þetta vegna þeirra efasemda sem komu fram hjá sérfræðingum utanrrh. „Það er engin undantekning gerð í þessum greinum um framsal á framkvæmdarvaldi út úr landinu og það hefur aldrei verið gert með þessum hætti þannig að engin eru fordæmin." Hann fjallar síðan um fordæmin.

„Samkvæmt EES-samningnum, greinum 108–110 mun eftirlitsstofnunin fá víðtækt vald til að hafa eftirlit með framkvæmd lögfestra samningsskuldbindinga. Hið sama getur gilt um framkvæmdastjórn EB í þeim tilfellum þegar ákvarðanir falla undir hana samkvæmt ákvæðum samninganna. Sérfræðinganefndin telur réttilega upp eftirfarandi ákvarðanir sem eftirlitsstofnunin hefði heimild til að taka og sem snúa að íslenskum einstaklingum og fyrirtækjum," og svo hefst upptalningin: „bindandi yfirlýsingar um brot, bindandi fyrirmæli um skyldubundin viðbrögð, tímabundnar bindandi bráðabirgðaráðstafanir, rannsóknaraðgerðir á vettvangi (t.d. bókhaldsrannsóknir), og aðfararhæfar sektir og févíti."

Mér varð að orði þegar ég sá þessa upptalningu hvort menn teldu virkilega að hér væri um afmarkaða og lítt íþyngjandi svið að ræða, hvernig mönnum geti dottið það í hug? Og maður spyr sjálfan sig þegar maður les slíka skilgreiningu: Hvar eru mörkin? Væri t.d. unnt á þessari skilgreiningu að setja okkur Íslendinga inn í Evrópubandalagið?

Allmikið hefur verið talað um fordæmi og um fordæmi að þessu leyti sem varða framkvæmdarvaldið fjallar Guðmundur og segir um það sem upp er talið af fjórmenningunum sem ég ætla að lesa hér, með leyfi forseta:

„Strax í upphafi orða sinna um framkvæmdarvaldið telur sérfræðinganefnd utanrrh. upp tilfelli þess að Ísland hafi „fullgilt marga alþjóðasamninga sem leggja ríkinu umfangsmiklar skyldur á herðar". Þeir nefna sáttmála Sameinuðu þjóðanna, Norður-Atlantshafssamninginn og stofnskrá og mannréttindasamning Evrópuráðsins og sérstaklega lög um lagagildi samninganna um réttindi Sameinuðu þjóðanna, lög um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðsins og lög um lagagildi varnarsamningsins, sem gerður var á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins. Allt er þetta gott og blessað, en kemur bara málinu ekki við", segir doktorinn.

„Þessi fordæmi eru í eðli sínu engan veginn sambærileg við það sem mundi gerast samkvæmt EES-samningnum. Í engu áðurnefndra tilfella hefur framkvæmdarvald, og ekki heldur löggjafar- eða dómsvald, verið flutt út úr landinu. Í öllum tilfellunum er um þjóðréttarlegar skuldbindingar að ræða og í þeim tilvikum, sem þær hafa verið lögfestar, hvílir lokaákvörðunarvaldið yfir íslenskum þegnum hjá íslenskum aðilum samkvæmt íslenskum landsrétti og samkvæmt íslenskum túlkunum á þjóðaréttinum í samræmi við landslög." Vitanlega hlýtur hver einasti maður í raun að sjá þetta. Við getum nefnt t.d. varnarsáttmálann. Oft hafa ýmis atriði hans vegna komið fyrir íslenska dómstóla.

En það er líka fróðlegt sem kemur fram í sérfræðinganefndinni. Ég ætla að lesa hér áfram:

„Sérfræðinganefndin telur líka upp dæmi þess að íslenskir dómstólar geti beitt erlendum réttarreglum um viðskiptamál og fjölskyldurétt og hún blandar alþjóðlegum einkamálarétti eða lagaskilarétti inn í þá umræðu. Þeir bæta því að vísu við að slík beiting erlendra reglna „varðar ekki beint það álitaefni, sem hér er til umfjöllunar, þar sem ekki er samkvæmt lagaskilarétti um að ræða að erlendum stjórnvöldum sé fengið vald til að gefa fyrirmæli sem gilda eiga hérlendis.""

Og vitanlega má segja að þetta sé kjarni málsins. Það er ekki verið að fela erlendum stjórnvöldum það vald sem hér er um að ræða í þessu tilfelli.

„Útlend stjórnvöld eða dómstólar fá samkvæmt Norðurlandasamningunum [sem ég gat um áðan] aldrei lögsögu yfir íslenskum einstaklingum eða fyrirtækjum, nema þeir hafi sjálfir með gerðum sínum komist undir vald erlendrar lögsögu." Yfir þetta fór ég áðan.

Hér er einnig fjallað ítarlega um dómstólana og skal ég stytta það eins og ég get en hann vekur athygli á því að dómarnir verða endanlegir gagnvart íslenskum einstaklingum og fyrirtækjum. Þeir eru aðfararhæfir að landsrétti o.s.frv. Um þetta hef ég reyndar þegar fjallað og ætla ekki að lengja mál mitt með því að nefna það aftur og sama á við um eftirlitsstofnunina.

Guðmundur Alfreðsson fjallar einnig verulega um þessi orð nefndarinnar: „afmarka, takmarka, ekki verulega íþyngjandi valdaframsal". Nú hef ég þegar lýst minni undrun á þeim orðum og skal ekki endurtaka það hér.

Með öðrum orðum, virðulegi forseti, þetta er önnur hlið þessa stóra máls. Er okkur Íslendingum, jafnvel þótt við séum sáttir við efnisatriði samningsins, fært að gera þennan þjóðréttarsamning að íslenskum lögum eins og stjórnarskráin stendur nú? Ég segi nei. Mér sýnist tvímælalaust að til þess vanti í stjórnarskrána heimild. Ég vek athygli á því að önnur Norðurlönd hafa áttað sig á þessu fyrir alllöngu. Mig minnir að Norðmenn hafi breytt sinni stjórnarskrá líklega 1968 eða 1969 og a.m.k. Svíar og Danir hafa sett í sína stjórnarskrá ákvæði sem heimilar þrátt fyrir önnur atriði stjórnarskrárinnar að aukinn meiri hluti á þingi geti samþykkt að framselja vald til erlendra yfirþjóðlegra stofnana. Þeir áttuðu sig sem sagt á því hvaða breytingar eru að verða í heiminum og þetta kynni að verða nauðsynlegt. Því miður höfum við Íslendingar ekki gert það þrátt fyrir áratuga langa skoðun á stjórnarskránni. Eins og stjórnarskráin stendur er þetta því að mínu mati alls ekki hægt og það er þess vegna sem við höfum nokkur lagt fram frumvarp til breytinga á stjórnarskránni, reyndar ekki bara út af þessum samningi, en sem mundi gera það kleift fyrir þá sem það vilja að samþykkja hann en einnig út af öðrum alþjóðlegum skuldbindingum sem við göngumst undir.

En hvað er þá um hina efnislegu hlið samningsins? Ég ætla aðeins að fara yfir þau atriði. Það er rétt hjá hæstv. utanrrh. að við sáum um þetta með erlendu fjárfestinguna og breyttum lögunum og það er formlega staðfest í samningnum og ekki vefengt og því fögnum við að sjálfsögðu. Að vísu fannst mér hæstv. utanrrh. láta að því liggja að þessum ákvæðum ætti að breyta og maður hefur heyrt það frá hæstv. fjmrh. og bíð ég spenntur að sjá þá breytingu. Ég vona bara að hún feli ekki í sér undanhald að þessu leyti sem því miður heyrist krafist hjá nokkrum hagsmunaaðilum í vandræðum. En þarna held ég að við verðum að standa afar vel á bremsunum og koma í veg fyrir að við missum tökin á erlendri fjárfestingu í sjávarútvegi.

En það er fleira sem við nefndum. Ég nefni í öðru lagi eignarrétt á landi umfram það sem þarf til atvinnureksturs. Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. að í skýrslu sem hann lagði fyrir fyrri ríkisstjórn, mig minnir að það hafi verið fyrir lok október 1990, kemur fram frá aðalsamningamanni að ekki muni fást sá fyrirvari að takmarka megi jarðakaup. Þá var sú ríkisstjórn fullkomlega sammála um að það yrði þá að tryggja þetta eftir öðrum leiðum. Og þar voru nefndar nokkrar leiðir, t.d. að áskilja ákveðna búsetu í landinu áður en kaupa megi nytjajarðir eða landareign umfram það sem þarf til atvinnureksturs. Það er hins vegar hárrétt að í þeirri ríkisstjórn voru menn ekki á eitt sáttir hvort bæri að fara þá leið eða einhverja aðra eða jafnvel hvort halda ætti þessum fyrirvara lengur til streitu. Sú ríkisstjórn sem nú er hefur setið nokkuð á annað ár og enn höfum við ekki séð neitt frv. sem á að tryggja þennan rétt en séð heldur, fannst mér nú, neikvæða skýrslu lögfræðinga um þessi mál þar sem má

skilja að þetta sé nægilega tryggt í dag með þeim forkaupsrétti sem sveitarfélög hafa.

Við framsóknarmenn erum þessu algerlega ósammála. Við teljum að búa þurfi miklu, miklu betur um hnútana og ég endurtek að ég fagna því sem hæstv. utanrrh. taldi upp í þessu sambandi, en þetta höfum við hins vegar því miður ekki séð og það er slæmt að fá ekki að sjá það frv. fyrr en í október, ef ég man rétt eftir upptalningunni. Þetta mun ráða mjög miklu um efnislega afstöðu okkar til samningsins.

Þeir eru til sem óttast ekki slík kaup erlendra aðila og meira að segja hitti ég einn sem sagði: Hverju máli skiptir hver á landið? En ég held að það sé ekki nokkur einasti maður hér inni sem þannig hugsar, sem betur fer. Ég vil bara leggja áherslu á það að þeir munu margir verða í þrengslum, mengun og óhreinindunum erlendis sem vilja eignast íslenskt land jafnvel þótt hér rigni og blási stundum dálítið nístingur af norðri. Þeir munu verða margir. Þeir munu verða margir sem vilja eignast hér ekki endilega eins og oft hefur verið nefnt laxveiðiár, heldur bara útivistarsvæði, þar sem þeir geta gengið um sæmilega frjálsir án þess að vera með grímu fyrir andlitinu.

Ég legg á þetta mjög ríka áherslu og ég treysti því að hæstv. utanrrh. sjái til þess að það frv. sem hér verði flutt verði mjög ítarlega úr garði gert. Hinu fæ ég svo ekki neitað að þegar maður sér að Danir fengu inn í Maastricht-samkomulagið sjálft vissan fyrirvara um jarðakaup Þjóðverja í Danmörku spyr maður sjálfan sig: Var þessu haldið nóg til streitu? Gáfust menn ekki upp of snemma? Var ekki hægt að fá þetta viðurkennt vegna fámennis landsins? Eflaust er of seint um þetta að tala, en mér sýnist nú að þarna hafi Danir staðið að sumu leyti betur að máli. Þeir vöknuðu upp við þann ljóta draum að Þjóðverjar voru að leggja undir sig strendurnar á Jótlandi og það land sem æskilegast og girnilegast þótti og fengu þá inn jafnvel á seinasta stigi samningsins ákvæði sem veitir þeim vissa undanþágu. (**HG:** Og felldu svo málið.) Og felldu þó málið, það er alveg hárrétt hjá hv. þm., þrátt fyrir þetta. Og nú virðast fleiri ætla að fella þetta mál kannski.

Þá eru það að sjálfsögðu fleiri atriði sem við höfum nefnt. Það er í fyrsta lagi eignarhald á orkulindum landsins og ég er sammála því sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að líklega er þetta í lagi í sambandi við vatnsföllin því þar hefur ríkið í dag einkarétt til að virkja. En ég vek athygli á því að í hvítu bók ríkisstjórnarinnar er fram tekið að einkavæða eigi orkufyrirtækin og þá er ekki hægt að einkavæða orkufyrirtækin og meina erlendum aðilum innan EES að taka þátt í þeirri einkavæðingu. Ég hef reyndar spurt um það hér aftur og aftur hvort þetta ákvæði hvítu bókarinnar standi enn, hvort menn séu ekki reiðubúnir að afskrifa það í ljósi þeirra upplýsinga sem komnar eru fram í sambandi við EES-samninginn. Svo þarna virðist ríkisstjórnin taka heldur létt á þessu máli ef trúa má hvítu bókinni. Ég legg að vísu ekki mikið upp úr henni en sumir kunna að gera það. Um jarðhitann gildir hins vegar öðru máli. Þar hefur ríkisvaldið ekki einkarétt til að virkja og hæstv. iðnrh. hefur boðað frv. um það efni. Ég vona að það komi. Það má tryggja með ýmsu móti. Rætt hefur verið um að ríkið öðlist eignarrétt af orku fyrir neðan ákveðið dýpi. Það þarf ekki einu sinni að vera þannig, ríkið getur öðlast einkarétt til að virkja ákveðið afl, 3.000 kílóvött eða eitthvað svoleiðis. Ef ég man rétt þá er það þannig með vatnsvirkjun. Því eru margar leiðir til þessa sem alls ekki þurfa að íþyngja einstaklingunum í raun og sem munu halda gagnvart þessum samningi.

Okkur er ljóst að ekki hafa fengist fullnægjandi möguleikar til þess að takmarka fólksflutninga en við höfum hins vegar ekki gert það að skilyrði. Við treystum því að 118. gr., ef ég man rétt, veiti okkur þann fyrirvara sem getur gert okkur kleift að stöðva of mikla fólksflutninga til landsins. Ef hér verður orðið 6% atvinnuleysi fljótlega eins og spáð er verða kannski fáir sem hingað sækja en ekki er ég þó að mæla með þeirri vörn.

Við höfum líka nefnt það að tryggja þurfi að við höfum heimild til að leggja jöfnunargjald á innfluttar landbúnaðarafurðir. Hæstv. utanrrh. fór mörgum orðum um það og taldi að bændum hefði verið vel sinnt í þessum samningi og taldi reyndar að þar sannaðist að sjaldan launar kálfurinn ofeldið. Ég er ekki sammála hæstv. utanrrh. Mér sýnist að í 5. gr. viðauka við bókun 3 séu mörg spurningarmerki því að í 2. tölul. þeirrar greinar segir m.a., með leyfi forseta:

„Að því er Ísland varðar skal það hámark verðjöfnunarfjárhæða sem lagðar eru á við innflutning og gert er ráð fyrir 9. gr. bókunarinnar ekki gilda um Ísland vegna vara ...“ — og svo eru þær taldar upp. Síðan segir:

„Upphæð aðflutningsgjalda sem lögð eru á við landamærin skal þó aldrei vera hærri en það sem Ísland leggur á innflutning frá nokkrum samningsaðila árið 1991.“

Það vekur í fyrsta lagi vissa spurningu af hverju þarna er miðað við 1991 en við önnur ríki janúar 1992. En svo er sú staðreynd að þessar vörur hafa fæstar verið fluttar til landsins og engin gjöld voru því á þær lagðar. Og hvað þýðir það? Ég veit að utanrrn. hefur verið spurt en svörin hafa verið afar óljós. Jafnvel hafa svörin verið þau að það þýði ótakmarkað verðjöfnunargjald. Fróðlegt væri að heyra frá hæstv. viðskrh. hvort það getur staðist. Ég veit að leitað hefur verið eftir svari frá Brussel, en menn brosa þar bara út í annað og vilja ekkert svara slíkum kjánalegum spurningum. Þetta verðum við vitanlega að fá miklu nánar upplýst: Hvað má Ísland leggja á þessar innfluttu landbúnaðarafurðir?

Síðan kemur það atriði sem ég segi ekki síst stórt í þessu sambandi, vitanlega eru þau öll stór, og það er sú ályktun okkar framsóknarmanna að strax beri að undirbúa breytingu á þessum samningi í tvíhliða samning þegar hin EFTA-ríkin hafa gengið í Evrópubandalagið. Mér hefur ekki tekist að fá svar frá hæstv. utanrrh. við þessari tillögu. Ég hef spurt að því hér í ræðustól hvort ekki mætti ganga til þess verks og fengið afar óljós svör. Að vísu fengum við miklu ljósari svör frá aðstoðarframkvæmdastjóra Evrópubandalags-

ins, Andriessen, sem sagði ítarlega aðspurður í sjónvarpi að það ætti ekkert að vera þessu til fyrirstöðu, ef íslensk stjórnvöld leituðu eftir því, og skýrði vel í hverju það fælist. Hann taldi að að sjálfsögðu yrði að breyta greinunum um hinar sameiginlegu stofnanir og eftirlitið og dómstólana o.s.frv. og þetta liggur alveg í hlutarins eðli. Nú væri fróðlegt að vita hvort hæstv. utanrrh. hefur ekki hugleitt þetta mál og væri fróðlegt að vita hvort hann er ekki tilbúinn að beita sér fyrir því að formlega verði farið fram á þetta.

Ég er sannfærður um að þetta mundi hjálpa æðimörgum Íslendingum til að fóta sig á þessum samningi þegar til framtíðar er litið og gæti jafnvel orðið til þess að auka eitthvað stuðning við hann.

Efnislega er því mörgu ábótavant, mjög mörgu ábótavant við samninginn og ég skal ekki segja hvort tekst að bæta úr því með einhliða lagasetningu hér heima fyrir. Við bíðum eftir því að fá að sjá slíkt og bíðum eftir svörum við nokkrum spurningum. Hinu er svo ekki að neita að hin hlið málsins, það sem ég kalla tæknilega hlið málsins, er öllu verri. Ég hef áður sagt það hér að mér þykir ljóst, og ljósara með hverjum degi og þegar ég les samninginn oftar og álit lögfræðinganna, að ekki er hægt að gera þennan samning að óbreyttri stjórnarskrá. Það er ekki hægt. Því er vitanlega afar mikilvægt að fá að vita hvort ríkisstjórnin vill stuðla að því að þeim, sem geta fylgt samningnum efnislega að uppfylltum ýmsum skilyrðum, sé gert það kleift með því þá að breyta stjórnarskránni. Við höfum flutt hér á hinu háa Alþingi frv. til stjórnlagabreytinga þar sem heimild yrði veitt til slíks.

Ég get því miður ekki óskað hæstv. utanrrh. til hamingju með þennan samning, hann hefur barist í þessu ötullega og baki brotnu í þrjú ár og ég vorkenni honum allt það streð. Mér finnst ekki hafa fengist úr þessum samningi það sem við gerðum okkur vonir um þegar af stað var farið. Mér finnst að við höfum orðið að undirgangast miklu, miklu meira en við gerðum okkur grein fyrir 1989 þegar farið var af stað í þessa svokölluðu tveggja stoða lausn á samkomulagi EFTA og EB. Þetta er ekki tveggja stoða lausn. Hún er það alls ekki. Þetta er ein stoð og ein hækja. Það er ekki hægt að kalla þetta meira og hækjan er því miður við.

Nú er mér ljóst að við litlir Íslendingar eigum ekki alls kostar við stórveldin og getum ekki skrifað okkar samning þótt sumir hafi tekið að sér að gera það að vísu, við getum ekki gert það, en það er ágætt að gera drög og sjá hvernig á það reynir. Við hljótum að verða að undirgangast ýmislegt. Staðreyndin er hins vegar sú að einmitt vegna okkar smæðar er okkur afar mikilvægt að vanda allan þann gjörning sem við gerum og alla þá samninga sem við gerum við alþjóðlegar stofnanir og samtök. Og við skulum aldrei láta okkur detta í hug að þessar ágætu þjóðir sem við erum að semja við séu að gera okkur Íslendingum einhvern greiða. Mér finnst það stundum liggja í orðunum eins og verið sé að gera okkur greiða, að þeir vilji gjarnan hafa okkur með og hafi gaman af því. Menn segja jafnvel að það sé engin hætta að þeir seilist í þennan litla markað hér.

Nýlega var mér sagt eftir einum forsvarsmanni stórs bresks fyrirtækis sem var spurður þeirrar spurningar hvort þeim dytti í hug að fara að opna markaði hér á Íslandi. Já, vitanlega, sagði hann. Íslendingurinn sem spurði, hváði og sagði: Hvað hafið þið að gera í þennan 260 þúsund manna markað? — Þá sagði hann: Staðreyndin er vitanlega sú að þessir 260 þúsund Íslendingar versla jafnmikið og milljón Bretar. Það er líklega mikið til í þessu. Íslendingar versla afar mikið og ég yrði ekkert undrandi þótt það litla sem við höfum séð sé aðeins brot af því sem á eftir að koma. Menn munu seilast hingað til þess að ná þessum markaði og menn verða einnig að gæta þess að menn munu ekki bara gera það til að ná markaðnum heldur til að ná hér meiri áhrifum.

Við Íslendingar höfum kynnst því hvernig er að vera undir erlendu kaupmannsvaldi. Okkar feður og forfeður brutust undan því valdi. Þjóðin sameinaðist í því að brjótast undan því, gerði það með samtakamætti og var þá þó fátæk þjóð. Ég er hræddur um að okkur gengi verr að brjótast undan alþjóðlegu peninga- og kaupmannavaldi í dag. Því vil ég ljúka þessum orðum mínum með því að biðja hæstv. utanrrh., sem ég veit að er góður og gegn Íslendingur, að gæta sín mjög á því sem gert er og búa svo um hnútana að ekki þurfi að verða stórslys.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Síðasti ræðumaður, hv. þm. Steingrímur Hermannsson, vék í upphafi máls síns nokkuð að því að lýsa vonbrigðum sínum með framsöguræðu hæstv. utanrrh. fyrir þessu máli. Ég get einnig tekið undir það að ég undraðist nokkuð framsöguræðu hæstv. utanrrh. og hún olli mér líka vonbrigðum vegna þess að hæstv. ráðherra var að kynna hér fyrir þinginu niðurstöðu þriggja ára vinnu í máli sem hann hefur sjálfur kallað stærsta mál lífs síns og flestir eru sammála um að er eitt stærsta mál sem komið hefur til meðferðar á Alþingi Íslendinga í áratugi. Ræðan var hins vegar lítt málefnaleg og efnisleg. Hún var fyrst og fremst tilraun til samfelldra árása á þá sem leyfðu sér að draga ágæti verkanna í efa og aðferðirnar voru satt að segja frekar í ætt við það sem tíðkast á karpfundum en það sem maður hélt að virðulegur, hæstv. utanrrh. íslenska lýðveldisins mundi gera þegar hann færði þinginu þennan samning. Þótt ég sé sammála hv. þm. Steingrími Hermannssyni og það hafi valdið mér vonbrigðum með hvaða hætti hæstv. utanrrh. kaus að leggja málið fyrir Alþingi, þá vil ég hins vegar mótmæla því að þessi ræða hafi verið í stíl þeirra ræðuhalda sem fram fóru „á rauðu ljósi“ en því lýsti hv. þm. Steingrímur Hermannsson. Ég get fullvissað hann um það að þær ræður voru miklu betri. (**StH:** Ég var þar nú ekki.) Þar að auki var þingmaðurinn þar ekki þótt hann hefði óneitanlega nokkurn áhuga á þeim fundahöldum.

Mér varð að orði, og get svo sem látið það fljóta hér með, þegar ég hafði hlýtt á ræðu hæstv. utanrrh. og var að ná mér eftir undrun mína hvernig ráðherrann kaus að fara í þetta, að þessi framsöguræða hæstv. ut-

anrrh. hefði verið ágætisræða handa hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni til þess að flytja hér á fjórða eða fimmta degi umræðnanna, þ.e. árásar- og hártogunarræða í stíl þeirra skrifa sem Alþýðublaðið hefur tamið sér í sumar um þetta mál.

Kannski var það ætlun hæstv. utanrrh. að koma með þessum ræðuflutningi í veg fyrir að efnisleg og málefnaleg umræða fari fram um málið hér á Alþingi. Að leggja freistingar fyrir okkur hin með þessum ræðustíl til þess að vita hvort við vildum ekki ganga með honum niður á þetta plan umræðunnar. En ég vil segja það strax í upphafi að ég er ekki tilbúinn til þess og ég mun ekki hér í þessari ræðu minni verja löngu máli til þess að svara þeim skætingi, útúrsnúningum, hálfsannleika og rangfærslum sem komu fram í ræðu hæstv. utanrrh.

Mér fannst heldur ekki sæmandi að hæstv. utanrrh. skyldi telja það við hæfi að hæðast að forustumönnum íslensks sjávarútvegs í framsöguræðu sinni fyrir málinu hér á Alþingi, fannst það ekki sýna styrk málstaðarins að til slíks þyrfti að grípa. Og mér fannst dálítið sérkennilegt að kjósa að vitna orðrétt í hönnunarverk sem utanrrn. fékk unnið fyrir sig og gera það að orðum eins af forustumönnum Alþb. En eitt af því mörgu sem utanrrn. hefur gert er að afhenda auglýsingafyrirtæki ræður hæstv. utanrrh., skýrslur Björns Friðfinssonar ráðuneytisstjóra og vinnuplögg úr ráðuneytinu og biðja menn að koma þessu á mælt mál fyrir almenning í landinu og flytja síðan þann texta hér sem skoðanatexta þeirra manna sem unnu þetta stílverk fyrir utanrrn. Er málstaðurinn virkilega svona veikur, hæstv. utanrrh., að það þurfi í framsöguræðu að *grípa til bragða af þessu tagi?*

Staðreyndin er sú að ef litið er til síðustu ára þá hefur enginn íslenskur stjórnmálamaður fengið jafnmörg tækifæri jafnoft og jafnlengi og fengið jafnmikla fjármuni úr sjóðum hins opinbera til þess að kynna málstað sinn fyrir þjóðinni eins og hæstv. utanrrh. hefur fengið í þessu máli. Hann hefur haft greiðan aðgang að öllum fjölmiðlum landsins í tvö til þrjú ár í þessu máli. Hann hefur gefið út sérstakt kynningarrit og sent það inn á hvert heimili í landinu. Hann hefur gefið út upplýsingarit þar að auki og ráðið sérstaka menn í utanrrn. til þess að svara spurningum almennings og eitt af víðlesnustu dagblöðum landsins hefur vikum og mánuðum saman verið opið fyrir slíkum svörum ráðuneytisins. Engu að síður, eftir allt þetta, þá segir ráðherrann hér sem svar við spurningunni við þjóðaratkvæðagreiðslu: Þjóðinni er ekki treystandi til þess að *dæma þetta mál því þjóðin veit ekki hvað* í málinu felst. Skoðanakannanir sýna að þeir sem hafa kynnt sér það, þeir eru með, en hinir sem skoðanakannanir sýna að séu jafnvel fleiri, sem eru á móti, þeir bara vita ekki hvað þeir eru að segja.

Ráðherra, sem er kominn á þennan vegarspotta í meðferð málsins eftir allt það sem honum hefur boðist í þessu máli og eftir allt það sem hann hefur haft yfir að ráða í málinu til að kynna þjóð sinni málið, á í raun og veru ekki annan kost en að velja sér nýja þjóð eða hætta störfum ella. Því þessi yfirlýsing um íslensku þjóðina í framsöguræðu hæstv. utanrrh. var nánast fáheyrð í lýðræðisríki. Það sýnir líka veikan málstað hæstv. ríkisstjórnar í málinu og vantrú hennar á rök sín að hún í fyrsta lagi virðist ætla að hafna því að stjórnarskránni sé breytt til þess að öruggt sé að samningurinn standist stjórnarskránni. Hún virðist líka í öðru lagi ætla að hafna því að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um málið og hún hefur síðan séð sérstaka ástæðu til þess að ryðja formanni utanrmn. á síðasta þingi úr stóli vegna þess að hann hafði leyft sér að hafa sjálfstæðar efasemdir um málið. Svona starfa bara hræddir menn. Menn sem trúa ekki á eigin málstað, eru ekki fullvissir um það að þjóðin endurgjaldi traustið og vilja gera allt sem hægt er til að forðast að þjóðin fái að dæma þeirra verk. Það er það sem hæstv. utanrrh. er að gera og ríkisstjórnin með neitunum sínum, að forðast að þjóðin fái að dæma verk þeirra. Í stærsta máli íslenska lýðveldisins er það auðvitað betri vitnisburður en allt annað um það hve veikan málstað hæstv. utanrrh. telur sig hafa hér að verja, sérstaklega fyrir okkur sem þekkjum hann vel, vitum að hann er af baráttuglöðum ættum, hefur fengið marga erfðaeiginleika þess manns sem treysti sér best til að heyja allar þær orustur sem í boði voru og nauðsyn var að fara í, að þá skuli hæstv. utanrrh. segja: Nei, ég þori ekki að leggja þennan samning í dóm þjóðarinnar, hvorki nú í haust með stjórnarskrárbreytingu, né í þjóðaratkvæði.

Það er líka athyglisvert, og ég mun koma að því síðar, að hæstv. utanrrh. hefur upp á síðkastið sagt að sjávarútvegssamningur Íslands og Evrópubandalagsins muni hugsanlega ekki liggja fyrir fyrr en um næstu áramót. Það sem löngum var kjarnaatriðið af hans hálfu í túlkun málsins, sjávarútvegsmálin, eru komin á þann veg að svo fullkomin óvissa ríkir um sjávarútvegssamning Íslands og Evrópubandalagsins að ráðherrann treystir sér ekki til að tryggja Alþingi það að sá samningur liggi á borðum þingmanna áður en þeir greiða atkvæði um EES-samninginn þótt sjávarútvegssamningur Íslands og Evrópubandalagsins sé formlega hluti EES-samningsins. Eins og kunnugt er hefur Evrópubandalagið kveðið svo á í samningnum sjálfum og fylgigögnum hans að það muni ekki fyrir sitt leyti staðfesta EES-samninginn fyrr en sjávarútvegssamningurinn liggur á borðinu. Ég ætla bara að vona að hæstv. utanrrh. sé einn um þessa skoðun og dragi hana þá til baka, því það væri auðvitað illt í efni ef hæstv. ríkisstjórn ætlaði virkilega á haust- og vetrarmánuðum í hræðslu sinni við stöðu málsins og ótta sínum við að leggja það í heild sinni á borð þings og þjóðar að knýja í gegn atkvæðagreiðslu um EES-samninginn hér á Alþingi án þess að fullbúinn og endanlegur sjávarútvegssamningur Íslands og Evrópubandalagsins liggi fyrir. Ég vil segja það strax við hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn að það er málsmeðferð sem ekki mun ganga vegna þess að slíkur samningur er skilyrði staðfestingar af hálfu Evrópubandalagsins og hann hefur líka ávallt verið skoðaður sem skilyrði staðfestingar af hálfu Íslands og er það enn frekar nú þegar í ljós er kominn grundvallarágreiningur milli samninganefndar Íslands annars vegar og samninganefndar Evrópu-

bandalagsins hins vegar í sjávarútvegsmálum eins og ég mun koma að síðar.

Virðulegur forseti. Almennu rökin fyrir samningnum um Evrópskt efnahagssvæði voru og eru þau að samningurinn muni breyta svo skilyrðum í atvinnulífi og efnahagsmálum á Íslandi að hann muni leiða til hagvaxtar, aukinnar atvinnu og almennra framfara í landinu. Um þetta mætti fara mörgum orðum en ég ætla ekki að gera það hér. Mér fannst það hins vegar merkilegt að hæstv. utanrrh. skyldi ekki víkja að því neinu í sinni framsöguræðu að í sömu vikunni og Alþingi kemur saman til að fjalla um EES-samninginn birtir Vinnuveitendasamband Íslands þá spásögn sína að fyrsta ár hins Evrópska efnahagssvæðis verði metár í atvinnuleysi á Íslandi. Vinnuveitendasamband Íslands spáir nú allt að 6% atvinnuleysi á næsta ári og jafnvel þótt farið sé aftur til áranna undir lok áratugsins 1960–1970 ná þau ekki því að slíkt atvinnuleysi hafi þá verið í okkar þjóðfélagi. Er það ekki merkilegt að þrátt fyrir öll fyrirheitin, sem áttu að felast í EES-samningnum, skuli vantrú forustumanna í íslensku atvinnulífi, stjórnenda fyrirtækjanna, forsvarsmanna sjávarútvegs, iðnaðar og verslunar, á framþróun í íslensku efnahagslífi vera með þeim hætti að samtök þeirra hafa nú komist að þeirri niðurstöðu að hið fyrsta ár Evrópska efnahagssvæðisins verði algert metár í atvinnuleysi á Íslandi? Það ætti að minnsta kosti að vera tilefni til að staldra aðeins við og hætta að nota sum af glæsiorðunum sem hæstv. utanrrh. hefur tamið sér í kynningu á þessum samningi, glæsiorð sem smátt og smátt hafa orðið til þess að almenningur vantreystir því sem ráðherrann segir í málinu. Hver er skýringin? Hver er skýringin á því að fyrirtækin og forsvarsmenn atvinnulífsins á Íslandi hafa komist að þeirri niðurstöðu og hafa þar með í reynd greitt atkvæði með vantrausti á því að EES-samningurinn, a.m.k. í upphafi, muni fela í sér veruleika þeirra væntinga sem búist var við?

Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði felur það í sér að við verðum hluti af innri markaði Evrópubandalagsins. Það er kjarninn, hinn efnislegi kjarni í samningnum hvað sem líður einstökum greinum eða stjórnskipulegum þætti. Hvað er að gerast á hinum innri markaði Evrópubandalagsins um þessar mundir og á næstu árum? Jú, það liggur nú fyrir. Fyrir nokkru síðan birti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn í Washington — ein virtasta stofnun ef ekki sú virtasta á sviði ráðgjafar í efnahagsmálum í veröldinni, sem hefur sérstakt stjórnskipulegt vald frá aðildarríkjum sínum til að láta slíka ráðgjöf í té — skýrslu í lok júlímánaðar þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að á næstu árum mundi atvinnuleysið í Evrópubandalaginu í kjölfar Maastricht-samkomulagsins aukast, um 3 milljónir manna mundu bætast í hóp atvinnulausra. Eða með öðrum orðum: Megineinkenni innri markaðar Evrópubandalags á næstu árum er aukið atvinnuleysi. Það vita auðvitað allir að þegar menn tengjast markaðssvæði með þeim hætti sem í þessum samningi felst þá geta þeir ekki bara valið úr eitt einkenni eða tvö heldur kemur markaðurinn í heild sinni til með að virka með sams konar hætti. Við getum ekki gerst aðilar að innri markaði Evrópubandalagsins og sagt: Svo viljum við einangra okkur frá þessu eða þessu. Þess vegna eru auðvitað öll hagfræðileg rök fyrir því að um leið og við munum þá fá í okkar hlut mörg önnur einkenni innri markaðarins munum við líka taka við atvinnuleysisvofunni sem nú er orðin veruleiki í Evrópubandalaginu á næstu árum. Þetta er ekki hræðsluáróður, þetta eru einfaldlega þær staðreyndir sem menn þurfa að horfast í augu við, sérstaklega þeir sem bera ábyrgð á íslenskri hagstjórn, íslensku atvinnulífi og íslensku launafólki.

Það er ekki aðeins að þessi skoðun komi fram í þessari sérstöku skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, IMF, heldur birtist einnig í hinu virta blaði The European í síðustu viku ítarleg grein í viðskiptablaði þess blaðs þar sem því er líst hvernig hið mikla atvinnuleysi Evrópubandalagsins, innri markaðarins, sé í raun og veru að riðla öllum áformum forsvarsmanna ríkja Evrópubandalagsins um hagþróun, hagvöxt og efnahagslegar framfarir á næstu árum. Í greininni, sem er eftir þekktan hagfræðing og fræðimann við Trinity College í Cambridge, John Eatwed, kemur fram að atvinnuleysið í Evrópubandalaginu, svo notað sé orðalag greinarinnar, sé svarti bletturinn á hinum iðnvædda heimi eða eins og segir í greininni, „the black spot of the industrialized world", þar sem yfir 16 milljónir manna séu atvinnulausar og fjórðungur þeirra undir 25 ára aldri. Eða með öðrum orðum atvinnuleysi ungs fólks að afgerandi hluta. Við þessar 16 milljónir munu að dómi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins bætast aðrar þrjár á næstu 3–4 árum. Það verða því yfir 20 milljónir manna atvinnulausar á þeim innri markaði sem hér er lagt til að Ísland verði hluti af.

Auðvitað verðum við að ræða það með fullum efnislegum rökum. Verður þá hægt að einangra Ísland frá þessu höfuðeinkenni innri markaðarins, 20 milljón manna atvinnuleysi? Ég held að efnislega svarið hljóti að vera nei og ég bið þá sem svara öðruvísi að rökstyðja hér í umræðunum hvernig þeir ætla að fara að því, hvernig þeir ætla að fara að því að halda Íslandi einangruðu frá þessum höfuðþætti innri markaðarins.

Jafnframt kemur fram í þessari úttekt The European frá síðustu viku að þetta erfiða efnahagsástand atvinnuleysisins í Evrópubandalaginu og á innri markaðnum sé að gera það að verkum að fjárfesting í skólum, í heilbrigðiskerfi og í vegagerð sé öll að dragast saman vegna þess að lönd Evrópubandalagsins hafi ekki lengur efni á henni.

Á undanförnum árum hafa verið dregnar upp ákveðnar glansmyndir í góðri trú, ég vil leggja áherslu á það, í góðri trú, af því að helsti drifkraftur hagþróunarinnar á síðasta áratug þessarar aldar og í upphafi næstu yrði í Evrópubandalaginu. En það virðist bara vera að koma á daginn að þessar vonir hafi reynst rangar. Þvert á móti séu innan Evrópubandalagsins að koma fram slík efnahagsleg veikleikamerki að aðalumræðuefnið er: Hvernig á að lækna þennan sjúka mann Evrópu og Evrópubandalagið? Fróðlegt er að skoða Ítalíu vegna þess að fyrir tveimur til þremur

árum var víða vitnað til þess að Ítalía væri eitt besta dæmið um þann árangur sem hefði náðst af hagþróun innan Evrópubandalagsins og þeim þáttum sem tengjast helstu einkennum innri markaðarins. Núna er umræðan hins vegar á þann veg hvernig hægt sé að forða hruni ítalska hagkerfisins.

Ég vil þess vegna í upphafi þessarar umræðu biðja menn, hvað sem líður skoðun manna á stjórnarskrá, sjávarútvegssamningi og öðru slíku, að horfa á það í alvöru hvort það kunni ekki að vera rétt að sú efnahagslega hugmyndafræði, sú hagræna kenning um hagþróun, hagvöxt, aukna atvinnu og framfarir sem átti að fylgja í kjölfar aðlögunar okkar að innri markaði Evrópubandalagsins í gegnum EES hafi einfaldlega reynst röng í tímans rás? Og ef við ætlum að tryggja okkur hagsæld hér á Íslandi, fulla atvinnu og efnahagslegar framfarir, þá eigi það a.m.k. fyllilega rétt á sér að ræða það á Alþingi hvort við ætlum virkilega að verða hluti af innri markaði sem verður með 20 milljónir atvinnuleysingja á næstu árum.

Ég vil einnig í upphafi þessarar umræðu vekja athygli á því að á síðustu vikum hefur verið gengið frá samkomulagi milli Bandaríkjanna, Mexíkó og Kanada um efnahagslegt fríverslunarsvæði Norður-Ameríku þar sem þessar fjölmennu þjóðir með hátt í 400 milljónir manna ætla að verða eitt efnahagslegt markaðssvæði. Ég hef tekið eftir að í umræðunnni hér heima, gott ef ekki einnig í ýmsum ummælum hæstv. utanrrh., hefur verið látið að því liggja að þessi samningur Bandaríkjanna, Kanada og Mexíkó, sem gengur yfirleitt undir heitinu NAFTA, sé ósköp keimlíkur samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Það er þess vegna mjög athyglisvert að lesa lýsingar á því, sem komið hafa fram núna á síðustu vikum, í hverju munurinn á fríverslunarsvæði Norður-Ameríku og Evrópska efnahagssvæðinu og Efnahagsbandalaginu hins vegar er fólginn. Ég óskaði eftir því í utanrmn. í morgun að Alþingi Íslendinga yrðu útveguð gögn um fríverslunarsamning Bandaríkjanna, Kanada og Mexíkó svo við gætum borið rækilega saman þessa tvo samninga. Það kemur í ljós, af þeim greinum sem birtar hafa verið í alþjóðlegum blöðum og tímaritum á síðustu vikum, að fjölmargt af því sem hæstv. utanrrh. hefur talið höfuðnauðsyn að hafa í svona samningum, stofnanaverkið allt sem m.a. veldur þessum erfiðleikum sem snerta stjórnarskrá lýðveldisins, að nánast ekkert slíkt er í fríverslunarsamningi Bandaríkjanna, Kanada og Mexíkó. Þar eru engar eftirlitsstofnanir í ætt við þær sem eru í Evrópubandalaginu og á að koma upp á Evrópska efnahagssvæðinu. Þar er ekki verið að knýja fram sams konar reglur um öryggi eða það sem á ensku er kallað „safety standard". Þar er ekki verið að knýja fram samræmingu á fjölmörgum öðrum sviðum framleiðslu sem snertir öryggi vörunnar, umhverfiskröfur, heilbrigðiskröfur eða fjölmargt annað. Þar er heldur ekki að finna mjög útfærða stofnanabyggingu til að ráða niðurlögum í deilumálum heldur mjög takmarkaða stofnanauppbyggingu á því sviði. Það er satt að segja mjög merkilegt, bæði út frá almennu sjónarmiði og út frá hagsmunum Íslands, að horfa á það að á síðustu tveimur til þremur árum hafa tvær sveitir manna setið við verkefni sem felur í sér að búa til stærra efnahagslegt viðskiptasvæði. Önnur hefur verið undir forustu embættismanna Frakka, Þjóðverja og Ítala, þ.e. ríkjanna sem fræg hafa orðið fyrir embættismannabáknið og regluveldið í Evrópu á þessari öld, ríkisvaldið sem hið skipulagða og uppbyggða vald embættiskerfisins. Hins vegar hefur verið sveit manna frá Bandaríkjunum, Kanada og síðar Mexíkó, en fyrst Bandaríkjunum og Kanada, sem hafa greinilega verið mótaðir af annarri hugmyndafræði, hafa viljað forðast það að bákn embættismennsku og skriffinnsku, vald ráðuneyta og stjórnkerfisstofnana væri dirfkraftur í hinum efnahagslega samningi.

Niðurstaðan er svo sú að Bandaríkin, Kanada og Mexíkó hafa náð samningi um fríverslunarsvæði án mikils stofnanabákns eða valds fyrir „bírókrata" eða miðstjórnarvald. Við erum hins vegar beðin um það hér að skrifa upp á samning þar sem embættismannaveldið í Brussel, hvað sem um það má segja að öðru leyti, verður aðaldrifkrafturinn í ákvarðanatökunni ásamt embættismannavaldi EFTA. Ég nefni þetta í upphafi umræðunnar vegna þess að það hefur nokkuð borið á því að menn hafi þá sögulegu einsýni að segja: Það er bara til ein lausn á því hvernig þjóðir koma sér upp stærri efnahagssvæðum og skilyrðum til efnahagslegra framfara og það er lausn Evrópubandalagsins og EFTA í EES. Ég held þess vegna að þegar gögnin koma til Alþingis um samninginn um NAFTA, Fríverslunar- og efnahagssvæði Norður-Ameríku, þá verði mjög fróðlegt fyrir okkur að bera þau saman við niðurstöðu þeirra verka sem hæstv. utanrrh. hefur mælt fyrir hér.

Ég vil einnig geta þess að ég hef óskað eftir því í utanrmn. að skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um vaxandi atvinnuleysi á þeim innri markaði, sem við erum að gerast aðilar að með þessum samningi, verði einnig lögð fram í utanrmn. og hér á Alþingi. Það blasir þess vegna við, hæstv. utanrrh., gagnstætt því sem ráðherrann hefur sagt á undanförnum árum að á upphafsári EES ríkir meiri svartsýni og meiri deyfð yfir áformum í íslensku atvinnulífi en undanfarna áratugi. Forustumenn atvinnulífsins á Íslandi hafa a.m.k. ekki trú á því að þessi samningur muni í upphafi opna nein ný lönd í þessum efnum.

Það var satt að segja nokkuð annar tónn í framsögu fyrir þessu máli en var í skýrslu hæstv. utanrrh. til Alþingis í marsmánuði á þessu ári. Ég lái þess vegna engum þótt hann velti því fyrir sér hvort eigi að trúa utanrrh. í mars eða utanrrh. í ágúst vegna þess að báðir ganga ekki upp saman. Í mars sagði hæstv. utanrrh. í skýrslu sinni til Alþingis: „Hinar pólitísku forsendur sem leiddu til EES-samninganna virðast ekki eiga við lengur, hvorki við EB né EFTA."

Ráðherrann sagði fleira. Hann sagði ástæðu til þess að varpa fram þeirri spurningu hvort hin hraða rás viðburðanna hefði hlaupið fram úr hugmyndasviðum hins Evrópska efnahagssvæðis. „Hefur EES, í ljósi breyttra aðstæðna, glatað tilgangi sínum? Trúir því einhver," spurði hæstv. utanrrh. í skýrslu sinni til Alþingis í

mars, „að Evrópskt efnahagssvæði fáist staðist sem tveggja stólpa brú, sem hvílir annars vegar á stólpa útvíkkaðs Evrópubandalags með 17 aðildarríkjum og 370 millj. íbúa og hins vegar á brúarstólpa Íslands og Liechtensteins, með innan við 300 þúsund íbúa?"

Í ljósi þess að þessar tilvitnanir voru meginefnið sem utanrrh. glímdi við í skýrslu sinni í mars og svaraði þeim á þann veg að hann lagði til að Íslendingar létu stjórnkerfi sitt hefja umfjöllun til undirbúnings aðildarumsókn að EB, þá skuli í langri framsöguræðu hans nú vera hálf lína — segi og skrifa hálf lína — um þá staðreynd að hin EFTA-ríkin hafa öll ákveðið að yfirgefa EES og sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Ég hélt satt að segja að í framsöguræðunni yrði vikið nokkuð ítarlega að því hver yrðu framtíðartengsl Íslands við Evrópubandalagið í ljósi þeirra gerbreyttu aðstæðna að þeir sem lögðu upp í þess för með okkur hafa ákveðið að yfirgefa okkur. En það var ekki gert. Hæstv. ráðherra getur velt því fyrir sér að það kunni að líða þrjú ár til fimm ár þangað til það gerist. Staðreyndin er engu að síður sú að við Íslendingar erum í stöðu farþegans sem settist upp í rútu með hinum EFTA-ríkjunum og stóð í þeirri meiningu að það ætti að keyra í áfangastaðinn EES. En þegar rútan er lögð af stað tilkynna allir í rútunni þessum farþega, Íslendingi, að nú sé búið að ákveða nýja stefnu fyrir alla hina, þeir ætli að keyra til EB eða fara heim með bílstjóranum sjálfum sem ræður greinilega stýrishjólinu í rútu hins Evrópska efnahagssvæðis.

Utanrrh. lagði ekkert slíkt fyrir þingið. Hann varði töluverðu máli í það að gera lítið úr hugmyndum um tvíhliða samning milli Íslands og EB. Ég mun koma að því síðar. En ef hæstv. utanrrh. gerir svona lítið úr hugmyndum um tvíhliða samning Íslands og EB, þá er hann auðvitað óbeint að segja að það sé enginn annar valkostur fyrir Ísland en að ganga í EB þegar hin ríkin eru búin að yfirgefa Evrópska efnahagssvæðið því að þá blasir ekkert annað við Íslandi en annaðhvort tvíhliða samningur við EB eða aðild að bandalaginu sjálfu.

Staðreyndin er auðvitað sú að gagnstætt því sem haldið var fram í upphafi, þegar Delors hafði flutt hina frægu ræðu sína, þá erum við ekki að ræða hér eitthvert varanlegt kerfi, samskipti EFTA-ríkjanna og EB, heldur erum við að ræða tímabundið fyrirkomulag sem öll önnur EFTA-ríki nema við hafa ákveðið að yfirgefa. Við getum metið það mismunandi hvað það muni taka þau langan tíma. Það veit auðvitað enginn okkar og allra síst hæstv. utanrrh. sem sagði í sumar að það yrði bið á því að Evrópubandalagið færi að ræða við Svía. Nú er Evrópubandalagið búið að ákveða að ræða við Svía en það veit þetta enginn. Það eitt vitum við að allir hinir hafa ákveðið að yfirgefa EES. Það er staðreynd. Þeir hafa markað þá stefnu sína. Við getum velt vöngum yfir því á hve löngum tíma þeim muni takast að koma henni í framkvæmd en stefnan er orðin ljós. Stefna Evrópubandalagsins er líka ljós vegna þess að Evrópubandalagið samþykkti á leiðtogafundi sínum í Lissabon að breyta stefnunni á þann veg að taka EFTA-ríkin inn í EB og þar með að leggja Evrópska efnahagssvæðið til hliðar. Bæði Evrópubandalagið og hin EFTA-ríkin hafa því ákveðið þá stefnu að leggja Evrópska efnahagssvæðið niður innan fárra ára. Það er auðvitað furðulegt að utanrrh. lýðveldisins Íslands skuli ekki víkja einu orði að þessari stefnumótun leiðtogafundar Evrópubandalagsins í Lissabon í framsöguræðu sinni í gær.

Verkefni okkar á Alþingi er þess vegna ekki bara að meta þennan samning sem slíkan heldur einnig að meta hvaða stefnu við teljum skynsamlegasta í samskiptum Íslands og Evrópubandalagsins af því að þeir sem voru okkur samferða í upphafi þessarar ferðar hafa ákveðið að fara annað.

Áður en ég kem að ýmsum efnisþáttum þessa samnings vil ég víkja örfáum orðum að gefnu tilefni að því samkomulagi sem gert var milli forustumanna flokkanna hér í vor. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson hefur að vísu rakið það nokkuð og ekki ástæða til að endurtaka það hér. Það er hins vegar staðreynd að mörg lykilfrumvörp um opinberar framkvæmdir, um skattamál, um banka, um lánastofnanir, um eignarhald á auðlindum, um jarðalög og fjölmargt annað, sem áttu að vera komin 15. júní, eru ekki komin enn.

Það er líka staðreynd í öðru lagi að frumvörp sem hafa borist eru mjög í skötulíki og almennt hefur komið fram í mörgum nefndum þingsins að þau eru á engan hátt fullbúin. Nýjasta dæmið var lagt fram í utanrmn. í morgun. Ég ætla að rekja það í örfáum orðum hér til þess að spyrja hæstv. ríkisstjórn: Er það virkilega svona sem hæstv. ríkisstjórn stefnir að því að uppfylla samkomulagið við okkur í vor um frumvörp sem eigi að leggja fram? Í utanrmn. í morgun var lagt fram frá utanrrh. frv. til laga um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana. Frv. er þrjár greinar. Í 3. gr. segir, og ég byrja aftast, að með þessu frv. verði felldir úr gildi átta lagabálkar. Það er lagabálkur um réttindi Sameinuðu þjóðanna frá 1948, lagabálkur um Alþjóðasiglingamálastofnunina frá 1960, lagabálkur um Norræna fjárfestingarbankann frá 1976, lagabálkur um Þróunarsjóð Færeyja, Grænlands og Íslands frá 1987, lagabálkur um Norræna þróunarsjóðinn frá 1989, lagabálkur um réttarstöðu samnorrænna stofnana frá 1989, 5. gr. laganna um varnir gegn pyndingum og fleira. Hvað á að koma í staðinn fyrir þessa átta lagabálka? Jú, það á að koma í 1. gr. sem segir bara: „Alþjóðastofnanir skulu njóta friðar og forréttinda hér á landi svo sem kveðið er á um í alþjóðasamningum." Svo er talið upp í stuttum fimm liðum hverjir það eru: fulltrúar, sendimenn, starfslið alþjóðastofnana o.s.frv. en síðan kemur 2. gr.: „Hlutaðeigandi ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laganna."

Er þetta blærinn á lagasetningu á grundvelli samningsins um Evrópskt efnahagssvæði? Er það svona sem á að uppfylla ákvæðið um að það þurfi að koma til fjöldi nýrra íslenskra laga, að hér sé stórum hópi íslenskra laga ýtt út af borðinu og síðan sagt í einni stuttri grein: Ráðherra á bara að ákveða þetta? Við höfum hér á Alþingi á undanförnum árum verið að gagnrýna mjög harðlega aukið vald framkvæmdarvaldsins í lagasetningu. Við samþykktum meira að segja á sl.

vori sérstök lög um meðferð opinberra fjármuna sem áttu að marka þáttaskil í því að löggjafarvaldið væri hjá löggjafanum og framkvæmdarvaldið væri ekki að taka sér vald á sviði ráðstöfunar fjármála og ríkisfjármála sem ættu að vera hjá þinginu. Forustumenn á þessum sviðum voru m.a. núv. hæstv. heilbrrh., hv. þm. Karl Steinar Guðnason, hv. þm. Pálmi Jónsson og fjölmargir aðrir. Það er auðvitað hróplegt ósamræmi að telja það mikil tíðindi sl. vor að setja slík lög til þess að treysta vald löggjafans og draga úr valdi framkvæmdarvaldsins en ætla svo að húrra hér í gegnum Alþingi aragrúa frumvarpa vegna EES-samningsins þar sem hundruð ef ekki þúsundir ákvæða í íslenskum lögum eru numin brott. Síðan er bara ákveðið að kontóristarnir í ráðuneytinu eigi að fá að ákveða þetta með reglugerðum. Er þetta lýðræðisþróunin? Er þetta nútíminn sem verið er að boða með EES? Er þetta sú lýðræðishugsjón og sú kenning um valddreifingu og ábyrgð löggjafans sem margir hafa talað fyrir með réttu á undanförnum árum?

Ég hef líka séð drög að frv. frá landbrh. þar sem allar greinar frv. hljóðuðu á þann veg: „Landbúnaðarráðherra er heimilt í reglugerð ...“ Það verður auðvitað að segjast alveg skýrt við hæstv. ríkisstjórn að þegar við náðum samkomulagi um það í vor að reyna að greiða fyrir afgreiðslu frumvarpa hér í þinginu sem tengdust efnislegri meðferð EES-málsins, þá var það ekki á þeim grundvelli að þau frumvörp væru bara í þeim búningi að ráðherrunum og kontóristunum í ráðuneytum væri falið ígildi lagasetningarvalds á hundruðum eða þúsunda sviða sem áður hefur verið talið eðlilegt að væri hjá Alþingi og enginn vissi hvernig ráðherrarnir mundu fara með það vald í reglugerð. Ég vil svo minna á það í þessu sambandi að það er ekki langt liðið síðan hæstv. forsrh. taldi nauðsynlegt að leggja fram á ríkisstjórnarfundi greinargerð prófessors Sigurðar Líndals þar sem hann hélt því fram að samþykkt Alþingis um að fela ráðherra með reglugerð að ákveða heildarafla væri brot á stjórnarskránni. Og ég spyr: Hvernig getur forsrh., sem telur málið svo mikil vægt að hann leggur þá greinargerð sérstaklega fyrir á ríkisstjórnarfundi og biður stjórnskipaða nefnd í sjávarútvegsmálum að taka hana til meðferðar og viðkomandi ráðuneyti, staðið að því að sama ríkisstjórn sé að leggja til stórfelldari aukningu í reglugerðarvaldi íslenskra ráðherra en menn hafa nokkru sinni séð dæmi um? Það gengur auðvitað ekki upp. Það gengur auðvitað ekki upp að standa á tröppum Stjórnarráðsins, eins og hæstv. forsrh. Davíð Oddsson gerði í sumar, og segja: Þetta er mjög alvarlegt mál þessi greinargerð Sigurðar Líndals. Þetta verður að skoða mjög rækilega áður en lengra er haldið, og gera svo kröfu til þess að Alþingi samþykki núna á næstu vikum meira reglugerðarvald til handa íslenskum ráðherrum en nokkur dæmi eru um í sögu lýðveldisins. Þess vegna vil ég segja það alveg skýrt að þau frumvörp sem eiga að tengjast EES-samningnum verða auðvitað efnislega að vera fullbúin frumvörp. Það dugir ekki að koma með einhverja bastarða hér inn í þingið eða örverpi sem eru á þá leið að frv. er bara ein grein og síðan er ráðherra falið að ljúka málinu með allsherjarreglugerðarvaldi. Slíkri nauðgun á löggjafarvaldinu munum við ekki taka þátt í og ég vænti þess að hæstv. ríkisstjórn muni endurskoða vinnubrögð sín í þessum efnum.

Virðulegi forseti. Ég vék að því hér áðan að í raun og veru er hinn stóri þáttur þessa máls framtíðarskipan samskipta Íslands og Evrópu. Það tengist síðan því hvernig við Íslendingar ráðum við það verkefni að tryggja efnahagslegar framfarir í okkar landi, tryggja ungu fólki atvinnu, skapa grundvöll fyrir framfarir, aukinn kaupmátt og alhliða sókn atvinnulífsins í landinu. Vegna þessa mikla máls var Alþb. fylgjandi því að látið yrði á það reyna í samningum EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins hvort hægt væri að ná fram í slíkum samningum þeim grundvallarkröfum sem Íslendingar hafa sett fram í tæplega 20 ár í viðræðum sínum við Evrópubandalagið. Hverjar voru þær grundvallarkröfur? Þær voru að Evrópubandalagið viðurkenndi að meginútflutningsvörur Íslendinga, sjávarafurðir, nytu sams konar réttinda á markaði Evrópubandalagsins og meginútflutningsvörur Evrópubandalagsins, iðnaðarvörur, nytu á íslenska markaðnum. Þetta var kjarninn í kröfugerð okkar Íslendinga. Ástæðan fyrir því að Alþb. taldi skynsamlegt að fara í þann leiðangur í samfloti með hinum EFTA-ríkjunum var sú að EFTA-ríkin höfðu samþykkt að gera kröfur Íslendinga um fríverslun með fisk að sameiginlegu áhersluatriði EFTA-ríkjanna. Auðvitað var það veigamikill þáttur í upphafi málsins að hin EFTA-ríkin höfðu í fyrsta sinn fallist á að standa með okkur Íslendingum í þessari kröfugerð.

Hvað fólst í kröfugerð okkar? Það voru tvö grundvallaratriði. Í fyrsta lagi að opinbert styrkjakerfi í framleiðslu sjávarafurða yrði afnumið líkt og opinbert styrkjakerfi í framleiðslu iðnaðarvara þannig að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki sætu við sama borð og iðnaðarfyrirtæki Evrópubandalagsins hvað varðaði markaðsstöðu, eða frjálsir viðskiptahættir í orðsins fyllstu merkingu ríktu á hagsmunasviðum beggja. Hin meginkrafan var að Evrópubandalagið viðurkenndi grundvallarregluna um tollfrelsi sjávarafurða. Tollfrelsi er eins og við vitum grundvallareinkenni frjálsra viðskiptahátta. Og þegar EFTA-ríkin höfðu fallist á að standa með okkur í þessum grundvallarkröfum voru það auðvitað veigamikil tímamót fyrir Íslendinga í samskiptum við Evrópubandalagið. Það verður hins vegar að segja það alveg skýrt við lok þessarar ferðar að hvorug þessara krafna okkar Íslendinga náðist fram. Evrópubandalagið hafnaði bæði kröfunni um frjálsa viðskiptahætti á sviði sjávarútvegs og kröfunni um grundvallarregluna um tollfrjáls viðskipti. Eða með öðrum orðum, Evrópubandalagið hélt til streitu sérhagsmuna- og verndarstefnu sinni í þessum málum. Og við Íslendingar stöndum þess vegna í dag í nákvæmlega sömu sporum hvað sjávarútvegsmálin snertir að því frátöldu að Evrópubandalagið hefur fallist á nokkrar tollalækkanir sem vissulega eru mikilvægar svo langt sem þær ná en gegn veiðiheimildum Evrópubandalagsins í íslenskri lögsögu. Þess vegna var það auðvitað skynsamlegt á árinu 1989 að ganga þessa götu

eins langt og hægt var án þess að rjúfa samstöðu EFTA-ríkjanna. Og þess vegna vorum við þeirrar skoðunar í ríkisstjórninni 1989 að það væri rétt fyrir Íslendinga að láta reyna á hagsmunamál okkar í samfloti með hinum EFTA-ríkjunum, en það verður hins vegar að hafa kjark til að horfast í augu við það af hálfu hæstv. utanrrh. að það skilaði ekki nema bara mjög takmörkuðum árangri, en það er staðreynd sem hæstv. utanrrh. hefur aldrei viljað horfast í augu við.

Auk þessarar kröfugerðar í sjávarútvegsmálum settum við fram fjölmarga aðra fyrirvara varðandi auðlindir, varðandi réttindi á ýmsum sviðum, varðandi fullveldi og annað. Margir þeirra fyrirvara komu fram í ræðu hæstv. þáv. forsrh. Steingríms Hermannssonar í Ósló. Í desembermánuði 1990 lagði hins vegar utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson fram í ríkisstjórn greinargerð þar sem hann lýsti þeirri niðurstöðu sinni að Evrópubandalagið væri ekki tilbúið að fallast á þessa sérstöku fyrirvara Íslands. Það eina sem Evrópubandalagið væri tilbúið að fallast á væri fyrirvarinn varðandi fjárfestingar útlendinga í sjávarútvegi. Allt annað yrði að vera með almennum hætti. Og þegar hæstv. utanrrh. lýsti þessari niðurstöðu sinni í ríkisstjórninni í desember 1990 kom auðvitað strax í ljós að hvorki af hálfu Alþb. né af hálfu Framsfl. var vilji fyrir því að halda málinu áfram á þessum grundvelli. Og hæstv. utanrrh. fékk ekki afgreitt í þeirri ríkisstjórn samningsumboð til að halda á fyrrverandi fyrirvörum með þessum hætti, enda lýsti ráðherrann því sjálfur yfir að ein meginástæðan fyrir því að hann kaus stjórnarsamstarf með Sjálfstfl. var að Sjálstfl. var reiðubúinn að veita honum skilyrðislaust umboð til þess að ljúka EES-samningunum. Á fyrsta ríkisstjórnarfundi Davíðs Oddssonar í ráðherrabústaðnum í byrjun maí 1991 fékk hæstv. utanrrh. þetta skilyrðislausa umboð. Vegna þessa hefur mér fundist bæði frásögn hæstv. utanrrh. og ýmissa annarra af samningaferlinu ekki vera í neinu samræmi við þá atburðarás sem við allir þekkjum sem sátum í þessari ríkisstjórn og skil satt að segja ekki alveg hvaða tilgangi hæstv. ráðherra telur að það þjóni að gefa ranga mynd af þeirri atburðarás. Ég mun svo koma nánar að því síðar með hvaða hætti ég tel að frávarfið frá þessum fyrirvörum skapi margvíslega erfiðleika í efnahagslífi Íslendinga á næstu árum ef þessi samningur verður samþykktur.

Mig langar einnig að víkja nánar að því hvað hafi breyst nú árið 1992 þegar samningarnir liggja fyrir frá því sem gert var ráð fyrir í upphafi samninga. Það er mjög mikið. Fyrsta atriðið er auðvitað það, eins og hér hefur komið fram, að grunnhugmyndinni um tveggja stoða viðskiptakerfi í Evrópu hefur verið hafnað af Evrópubandalaginu annars vegar og hinum EFTA-ríkjunum hins vegar. Og í stað þess að upp sé tekin tveggja stoða lausn jafnréttháRra aðila er tekið upp kerfi þar sem Evrópubandalagið er aðalákvörðunaraðilinn eins og ég mun koma að á eftir og þar að auki yfirlýst af hálfu hinna EFTA-ríkjanna að þau muni sækja um inngöngu í Evrópubandalagið sjálft.

Í öðru lagi hefur það auðvitað breyst að nú liggur fyrir samningur sem hefur skapað slíka umræðu hér í landinu um stjórnarskrána og EES-samninginn að ljóst er að grundvallarspurningin um stjórnarfarslegt sjálfstæði Íslands og ákvarðanavald Alþingis, ríkisstjórnar og íslenskra dómstóla er orðin veigamikill þáttur í samþykki eða synjun á þessum samningi þar sem það lá hins vegar alveg ljóst fyrir á árinu 1989 og árinu 1990 og var margyfirlýst, t.d. af hálfu okkar alþýðubandalagsmanna, m.a. í sérstökum samþykktum þingflokks Alþb. sem kynntar voru opinberlega, að tryggt yrði að ekki væri um að ræða neitt afsal á stjórnarfarslegu fullveldi eða sjálfstæði Íslendinga. Nú deila sérfræðingar hins vegar um það, ekki hvort um fullveldisafsal sé að ræða, um það er ekki deilt, það er deilt um það hvort fullveldisafsalið sé svo mikið að það þurfi að breyta stjórnarskránni eða ekki.

Í þriðja lagi er það líka ljóst að sá samningur sem hér liggur á borðum opnar erlendum aðilum fullan aðgang til jafnréttis við íslenska aðila til að eignast hér orkufyrirtæki, vatnsból, lönd, jarðir og aðrar náttúruauðlindir svo framarlega sem þær eru ekki í opinberri eign. Þannig að eina örugga varnarlínan til þess að tryggja að þessar auðlindir, orkulindirnar, orkufyrirtækin, vatnsbólin, vatnsveiturnar, jarðirnar og annað séu í höndum Íslendinga er að þjóðnýta það allt saman, gera það allt saman að eign ríkis og sveitarfélaga. Það er eina örugga tryggingin samkvæmt þessum samningi. Og það er satt að segja ansi hart að á tímum vaxandi efasemda um kosti ríkisrekstURS eða opinberra umsvifa í efnahagslífi skuli þessi svokallaða frjálslyndisríkisstjórn á Íslandi knýja á um að Íslendingar samþykki samning þar sem eina tryggingin fyrir því að um leið sé ekki verið að afsala réttindum þjóðarinnar á auðlindunum í hendur útlendinga sé að ríkið eða sveitarfélögin eignist það allt saman. Er það virkilega þannig að það sé vilji Sjálfstfl. og Alþfl. að auka umsvif ríkisins í hagkerfinu með auknu eignarhaldi af þessu tagi? Það efast ég um. Og hver er þá niðurstaðan? Niðurstaðan hlýtur þá að verða sú að útlendingar eigi á grundvelli jafnréttisreglunnar í þessum samningi að hafa möguleika til að kaupa hlutabréf í orkufyrirtækjunum, kaupa jarðir þar sem vatnsbólin eru, kaupa vatnsveiturnar sjálfar þegar þær verða einkavæddar o.s.frv. Og ég satt að segja skil ekki af hverju þeir talsmenn Sjálfstfl., sem bæði styðja einkavæðinguna og EES-samninginn, hafa ekki kjark til að játa þessu hér í þingsalnum því að það er auðvitað mjög athyglisvert að þeir skjóta sér undan því að horfa á þennan þátt málsins.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson var enn að lýsa bjartsýni sinni með það hér áðan að hægt væri að setja girðingar um þessi efni í lög og hans helsta haldreipi í þeim efnum voru orðin orð hæstv. utanrrh. í framsöguræðu hans í þinginu þrátt fyrir það að sérfræðingar ráðuneytanna hafa komist að annarri niðurstöðu. Ég vil segja það alveg skýrt að það var niðurstaða okkar í Alþb. eftir að við höfðum farið ítarlega yfir þetta mál í sumar að það væri ekki hægt að setja slíkar girðingar. Eina girðingin væri opinber eign á öllu saman. Því erum við andvígir. Við erum andvígir því að ríkið og sveitarfélögin fari að eignast þetta allt saman. Ég heyri

hins vegar að jafnvel hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson er að reyna að mana menn út í það hvort þeir vilji nú ekki samþykkja lög um að ríkið eignist þetta allt saman og verður fróðlegt að sjá Sjálfstfl. standa að því á Alþingi. En við teljum það hvorki æskilegt né gerlegt. Þess vegna segjum við alveg skýrt við þingið og þjóðina: Þessi samningur er þannig að það er ekki hægt að setja aðrar girðingar sem halda en ríkiseignarhaldið eða eignarhald sveitarfélaganna.

Í fjórða lagi var reiknað með því í upphafi að í samningunum tækist að fá Evrópubandalagið til að samþykkja að íslenskur sjávarútvegur fengi að sitja við sama borð og iðnaðarframleiðsla Evrópubandalagsins. Þeirri kröfu var hafnað.

Það má svo einnig nefna það hér í fimmta lagi að þegar þessir samningar hófust var Evrópubandalagið enn þá fyrst og fremst viðskiptabandalag, en á samningstímanum tók það ákvörðun um að breyta sjálfu sér í sambandsríki, stefna að pólitískum og stjórnarfarslegum samruna á grundvelli einingarlaganna og Maastricht-samkomulagsins þannig að það er auðvitað alveg ljóst að það Evrópubandalag í kjölfar Maastricht-samkomulagsins sem yrði megingerandi ákvörðunartökunnar innan hins Evrópska efnahagssvæðis er töluvert annað en það Evrópubandalag sem var við lýði þegar samningarnir hófust.

Það hefur svo einnig í sjötta lagi breyst frá upphafi viðræðnanna að allir sem að þessu máli komu fyrstu missirin trúðu því, ef dæma má orð þeirra, að hér væri um að ræða varanlegt kerfi sem ekki mundi bresta á næstu árum eða inn í næstu öld. Það hefur hins vegar ekki orðið eins og ég hef rakið þannig að vegabréfið inn í 21. öldina, svo að notuð séu þau einkunnarorð sem hæstv. utanrrh. valdi sér þegar hann kynnti samninginn um allt land á sérstökum fundum, mun einfaldlega renna út löngu áður en 21. öldin gengur í garð og hæstv. ráðherra hefur kosið að segja þjóðinni ekki frá því hvaða vegabréf hann telji að hún eigi þá að hafa.

Virðulegi forseti. Alþb. hefur á vormánuðum og í sumar lagt mikla vinnu í að fara yfir þennan samning. Við höfum haldið fjölmarga fundi í flokknum til að fjalla um hann, bæði í kjördæmisráðum og í flokksfélögum. Við höfum leitað til fjölmargra sérfræðinga og höfum lagt mikla vinnu í að fara yfir alla helstu þætti málsins. Að því leyti má segja að flokkurinn hefur verið tilbúinn til þess að skoða málið með opnum huga. Það er ekkert mál sem við höfum á undanförnum árum lagt jafnmikla flokkslega vinnu í að meta eins og þessi samningur. Niðurstaða okkar varð síðan sú, eins og fram kom á miðstjórnarfundi, sem haldinn var í sumar í kjölfar ráðstefnu sem var lokaáfangi þessarar umfjöllunar, að samningurinn fæli ekki í sér hina ákjósanlegu leið fyrir Ísland í framtíðarsambúð við Evrópubandalagið. Þar lögðum við hins vegar til tvíhliða samning sem ég mun koma að hér á eftir. Ég mun lýsa höfuðeinkennum hans og hvernig hann tengist þessum EES-samningi en aðalatriði málsins er hins vegar það að við töldum ekki að hin upphaflegu markmið sem sett voru þegar þessi samningsgerð hófst hefðu staðist.

Það hefur nokkuð verið að því vikið í umræðum bæði hér á Alþingi og úti í þjóðfélaginu hverjir komi til með að fara með valdið á hinu Evrópska efnahagssvæði. Hvaða stofnun ræður ferðinni og ýmsir svokallaðir sérfræðingar og aðrir hafa reynt að draga fram lýsingar þar sem þess er getið að sérfræðingar EFTA-ríkjanna munu fá að koma að málinu og þannig eigi að ríkja nokkurt jafnræði milli EFTA-ríkjanna og EB í ákvarðanatöku innan EES. Það er þess vegna fróðlegt að lesa niðurstöður næstæðsta manns Evrópubandalagsins, Frans Andriessens, í þessu efni en sú niðurstaða kom fram í viðtali í íslenska ríkissjónvarpinu 22. maí. Fréttamaður sjónvarpsins spyr Frans Andriessen að því hver sé skoðun hans á þeirri fullyrðingu að í samningum um Evrópskt efnahagssvæði fái EFTA-löndin engin raunveruleg áhrif á löggjöf samanborið við EB-ríkin. Eru þér sammála þessu viðhorfi? spyr fréttamaðurinn þennan næstæðsta mann Evrópubandalagsins. Svar Frans Andriessens er svohljóðandi orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Já, það er rétt og það er gert með vilja. Sjáðu til, það sem við höfum reynt er að beita eins mikið og hægt er reglunum sem flytja réttindi til aðila sem eru ekki í Evrópubandalaginu. Við megum ekki gleyma því að þið eruð ekki aðilar að Evrópubandalaginu og þið verðið sjálf að meta ástæður þess að þið eruð ekki aðilar. Þannig var ástandið þegar samningaviðræðurnar hófust. Ekkert EFTA-landanna hafði sótt um aðild að Evrópubandalaginu þegar viðræðurnar hófust 1989.

EFTA-ríkin eru ekki aðilar að klúbbnum. Þess vegna ákveða EFTA-ríkin ekki reglur klúbbsins. Það er á grundvelli þessarar staðreyndar sem við höfum skapað stofnanakerfi. Markmið þess er að veita sem bestan aðgang og áhrif í ákvarðanaferlinu en þó þannig að ákvarðanatakan sjálf er algerlega í höndum stofnana Evrópubandalagsins, þ.e. hjá ráðherraráði Evrópubandalagsins og Evrópuþinginu. Ég tel að það sé rétt að segja að ef þið eruð tilbúin að vera tengd svo náið stofnanauppbyggingu Evrópubandalagsins, þið eruð tilbúin að láta löggjöf bandalagsins taka gildi hjá ykkur í framtíðinni án þess að þið eigið fulla aðild að ákvarðanatökunni sjálfri, þá geti það verið betra að vera fullgildur meðlimur í klúbbnum, auðvitað. En það er ákvörðun sem löndin verða að taka sjálf. Það sem við reyndum að gera er að segja: Allt í lagi. Af einhverri ástæðu eruð þið ekki meðlimir í klúbbnum en þið viljið vera tengd honum eins náið og hægt er. Hvað getið þið gert til að tengja þetta tvennt saman, að vera ekki meðlimir í klúbbnum og vera nátengdur klúbbnum? Við höfum fundið leið og stofnanir til þess. En ég get vel ímyndað mér að þegar fólk skoðar málið nánar dragi það þá ályktun að betra sé að vera meðlimur í klúbbnum. Auðvitað þarf klúbburinn að ákveða hvort þið verðið meðlimir eða ekki. Og þá erum við komin að því sem við ræddum um í upphafi samtals okkar, skilyrðin af okkar hálfu, skilyrðin sem umsóknarlöndin setja o.fl. Með því að ganga inn í Evrópubandalagið gangið þið inn í kerfi þar sem á ýmsum sviðum eru teknar ákvarðanir með tilskildum meiri hluta. Það merkir að þið látið af hendi töluvert af ykkar eigin rétti

eða, ef þú vilt orða það þannig, fullveldi ykkar.

Ef þið eruð fyrir utan eigið þið enga aðild að ákvarðanatöku meiri hlutans en þið getið sagt: Ég fellst ekki á hana. Á vissan hátt er fullveldi ykkar því betur tryggt fyrir utan en fyrir innan. Ég held hins vegar ekki að það sé hið raunverulega vandamál. Raunverulega spurningin er: Eru hagsmunir ykkar betur tryggðir í klúbbnum en fyrir utan? Mér virðist það ljóst. Þá hafið þið raunveruleg áhrif á ákvarðanatökuna, jafnvel ef það er meirihlutaákvörðun, þá verður tekið tillit til hagsmuna ykkar. Því er betra að vera inni í klúbbnum en fyrir utan hann. En hvort þið viljið vera fyrir innan eða utan þá er ekki mitt að ráðleggja ykkur, það er ákvörðun sem hvert land þarf að taka fyrir sig."

Þetta svar Frans Andriessens, næstæðsta manns Evrópubandalagsins, fulltrúa þess gagnvart öðrum ríkjum, ætti að vera skyldulesning hjá öllum þeim sem eru að reyna að meta hvert er hið raunverulega inntak stofnanakaflanna í EES-samningnum. Eða er það kannski þannig, hæstv. utanrrh., að til þess að eyðileggja þessi ummæli Frans Andriessens ætli hæstv. utanrrh. að velja honum álíka háðsyrði og Sigmundi Guðbjarnarsyni háskólarektor þegar hann leyfði sér að vera á annarri skoðun en hæstv. utanrrh., álíka háðsyrði og féllu hér í framsöguræðu í garð forustumanna íslensks sjávarútvegs og álíka háðsyrði og ráðherrann hefur valið Hannesi Jónssyni opinberlega. Nei, auðvitað dugir það ekki. Hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnin verða að horfast í augu við það að þessi höfuðfulltrúi Evrópubandalagsins sagði íslensku þjóðinni alveg skýrt í Ríkissjónvarpinu 22. maí hvernig ákvarðanatakan innan EES verður. Hann sagði orðrétt þegar hann var spurður: „Er það rétt að EFTA-löndin hafi engin raunveruleg áhrif á löggjöfina samanborið við EB?" — Þá segir Frans Andriessen: „Já, það er rétt og það er gert með vilja að EFTA-löndin hafa engin raunveruleg áhrif í samanburði við EB-löndin." Og hann bætir við til að gera það alveg skýrt: „Ákvarðanatakan sjálf er algjörlega í höndum stofnana Evrópubandalagsins." Þið eruð ekki aðilar að klúbbnum og þið getið þess vegna ekki fengið að ráða löggjöfinni í klúbbnum en þið viljið beygja ykkur undir þau lög sem þið hafið ekki ákveðið og þess vegna höfum við búið til EES.

Þessi færi embættismaður, þjálfaður í áratugi í skóla evrópskra stjórnmála var ekki að leyna neinu. Hann var ekki að taka þátt í blekkingarleik utanrrh. og annarra gagnvart íslenskri þjóð þar sem reynt er að halda því fram hvað eftir annað að það sé jafnræði með EFTA-ríkjunum og EB í þessum samningi. Frans Andriessen afhjúpar þá blekkingu afdráttarlaust í þessu viðtali.

Ég vona þess vegna að umræðan hér á Alþingi og með þjóðinni verði ekki lengur á þeim grundvelli að ábyrgir aðilar haldi því fram að það sé jafnræði með EFTA-ríkjunum og EB í Evrópska efnahagssvæðinu.

Embættismenn EFTA-ríkjanna verða spurðir en valdið til ákvörðunar er hjá EB. Við getum hafnað lögum hér á Alþingi, það er líka rétt. En Alþingi á enga inngöngu í það að breyta efnisinnihaldi þeirra laga því eins og Frans Andriessen sagði: Það er gert með vilja að EFTA-löndin hafa engin raunveruleg áhrif á löggjöf EB.

Frans Andriessen er hins vegar ekki einn um það að tala svona skýrt. Hér hefur fyrr í umræðunum verið vikið að ummælum embættismanns framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, Van der Pas, þar sem hann hefur sagt það alveg skýrt að það eina sem var vandamál í samningaviðræðunum var að koma því í kring að EFTA-löndin fengju það á tilfinninguna — svo vitnað sé orðrétt í skýrslu Van der Pas — að þau gætu haft einhver áhrif vegna þess, og ég vitna orðrétt í skýrslu Van der Pas, að „...ljóst að er að það er afar óþægilegt fyrir EFTA-ríkin að standa frammi fyrir gerðum hlut," þ.e. „fait accompli" á frummálinu, væri óþægilegt, væri tilfinningamál. En það var ekkert verið að dylja veruleikann í skýrslu embættismanns framkvæmdastjórnarinnar um grundvallareðli EES-samninganna.

Þess vegna er það auðvitað þannig að sá samningur sem við erum að fjalla hér um felur það í sér að það efnislega vald sem hefur á þessari öld verið í höndum Alþingis verður að verulegum hluta fært til embættismanna EB og embættismanna EFTA eða til framkvæmdarvalds hinna alþjóðlegu stofnunar Evrópubandalagsins og til framkvæmdarvalds EFTA. Alþingi getur sagt já eða nei en það hefur litla sem enga möguleika til efnislegra breytinga. Það er athyglisvert að í skýrslu fjórmenninga utanrrh. er að því vikið að það verði síðan vandamál fyrir Alþingi og stjórnvöld hvernig eigi að leysa úr þessari flækju.

Menn geta haft þá skoðun, eins og ég hef heyrt hjá ýmsum, að það séu slík tregðulögmál hér á Alþingi á vettvangi lýðræðisins til þess að samþykkja efnahagslegar framfarir að það sé bara gott að fela embættismannavaldinu í Brussel og embættismannakerfi EFTA þetta frumkvæði. Ég er ósammála þeirri skoðun og ég held að það frv. sem ég lýsti hér áðan í þremur greinum, þar sem megingreinin felur ráðherra allt reglugerðarvald á vettvangi laganna, sé bara lítill forsmekkur að því sem koma skal. Þess vegna er nauðsynlegt að þeir sem á Alþingi Íslendinga eru að mæla með samningnum hafi kjark og heiðarleika til þess að ræða lýsingu Frans Andriessens hér í umræðunum um málið.

Virðulegi forseti. Löngum var það þannig í meðferðinni á EES-samningnum að því var haldið fram að sjávarútvegsmálin væru aðalþátturinn. Málið snerist um fisk fyrst og fremst. Ég lái engum þótt hann hafi dregið þá ályktun oft og mörgum sinnum af ummælum t.d. núv. hæstv. utanrrh., að samningurinn snerist fyrst og fremst um fisk.

Þegar við sátum saman í ríkisstjórn þá sat ég undir löngum ræðum frá hæstv. utanrrh. þar sem hann lýsti stjórnlist sinni í samningaviðræðunum. Sú stjórnlist gekk út á það að knýja hagsmuni Íslands í sjávarútvegsmálum fram með þeim hætti að þegar kæmi að lokaáfanga EES-samningsins hefði Ísland stöðu til þess að stöðva EES-viðræðurnar hinar stóru þar til kominn væri sjávarútvegssamningur sem Íslendingar gætu unað. Þetta var stjórnlistin. Á lokastundu yrðu EFTA

og EB að samþykkja sjávarútvegskröfur Íslands, annars yrði ekkert EES. Auðvitað mátti færa viss rök fyrir þessari stjórnlist. Ég dró hana að vissu leyti í efa. Taldi skynsamlegt að láta reyna á það fyrr að ná niðurstöðu í sjávarútvegsviðræðum Íslands og EB. Hver er nú niðurstaðan? Niðurstaðan er þveröfug við þessa stjórnlist hæstv. utanrrh. Hún er sú að EES-samningarnir eru fullfrágengnir en Íslendingum hefur enn ekki tekist að ganga frá sjávarútvegssamningi sínum við EB og það sem meira er, sá samningur er í fullkomnu strandi. Hann er í strandi vegna þess að það er kominn upp grundvallarágreiningur milli Íslands og EB um landhelgismálið, um rétt útlendinga til að veiða í íslenskri lögsögu og hvort ríkisstjórn Davíðs Oddssonar ætlar að samþykkja það sem allar ríkisstjórnir frá ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar hafa neitað, að veita Evrópubandalaginu veiðheimildir gegn tollalækkunum. Það er auðvitað furðulegt að hæstv. utanrrh. skuli leggja málið fyrir Alþingi án þess að hafa kjark eða heiðarleika til þess að rekja rækilega hvernig þessar samningaviðræður standa. En fyrst hann gerði það ekki er alveg nauðsynlegt að gera það hér í umræðunni.

Hvað var sagt í lok vetrar og á fyrstu vordögum? Að gengið yrði frá sjávarútvegssamningnum á þremur viðræðufundum. Eftir fyrsta viðræðufundinn var sagt: Þetta gekk nokkuð vel.

Eftir annan viðræðufundinn var sagt: Jú, þetta gekk nú svona og svona, okkur tókst hins vegar ekki að ljúka því, við munum gera það á þriðja fundinum. Hvað gerðist á þriðja fundinum? Stál í stál. Grundvallarágreiningur milli Íslands og EB.

Síðan átti að halda fjórða viðræðufundinn áður en Alþingi kæmi saman til að fjalla um EES-samninginn. Það var hætt við hann. Af hverju var hætt við það? Vegna þess að málin voru enn þá stál í stál. Og nú segir hæstv. utanrrh.: Ég veit ekkert hvenær þessi sjávarútvegssamningur verður tilbúinn, ég hef ekki hugmynd um það hvort það verður fyrr en um áramót. Eða með öðrum orðum: Hæstv. utanrrh. ætlar virkilega að knýja á um það að Alþingi Íslendinga samþykki eða hafni EES-samningnum án þess að sjávarútvegssamningur Íslands og Evrópubandalagsins liggi fyrir. Hann þorir ekki að láta það sjá dagsins ljós að EB er að knýja á um það að fá hér veiðiheimildir á móti tollalækkunum. Eða með öðrum orðum: Hann þorir ekki að láta það sjá dagsins ljós að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er að hlaupa frá því grundvallaratriði í landhelgismálum Íslendinga sem allar ríkisstjórnir frá ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar hafa staðið fast við.

Sem betur fer hefur hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson ekki tekið þátt í þessum blekkingarleik. Hann hefur í umræðum við fjölmiðla látið það koma skýrt fram í hverju þessi grundvallarágreiningur er fólginn. Á fundi utanrmn. í sumar komu að minni ósk fulltrúar sjútvrn. og fulltrúar hagsmunaaðila í sjávarútvegi og þeir staðfestu það einnig að um grundvallarágreining væri að ræða. Og hver er hann þessi grundvallarágreiningur? Jú, hann er þessi: Í minnisblaðinu sem hæstv. utanrrh. gekk frá í tengslum við Óportó-undirritunina er orðalag sem Evrópubandalagið skilur á þann veg að það sé nóg að ávísa um veiðiheimildir á loðnu þótt algjörlega óvissar séu og gegn því eigi Evrópubandalagið að fá að veiða karfa sem öruggt er að veiðist. Með öðrum orðum: Evrópubandalagið hafnar því að það sé fiskur á móti fiski. Evrópubandalagið hafnar því að það sé tryggt að loðna komi til Íslendinga gegn karfa til EB. Kemur ekki til greina, segja samningamenn EB. Það stendur ekki í þessu plaggi utanrrh. og ef Evrópubandalagið færi að fallast á það að þetta væri fiskur á móti fiski væri það, eins og fram kemur í frásögn Morgunblaðsins, grundvallarbreyting sem væri fordæmi sem Evrópubandalagið gæti ekki fallist á. Evrópubandalagið heldur því til streitu. Það má einnig ráða af ummælum hæstv. utanrrh. að hann sé tilbúinn að fallast á þann skilning Evrópubandalagsins að samningurinn sé á þann veg að Íslendingar fái orðalag um heimild til að veiða loðnu en það sé algjörlega mál Íslendinganna hvort þeim takist að ná í hana. Það vita auðvitað allir hér í salnum og allir Íslendingar að loðnan er fiskur sem hagar sér þannig að það veit enginn hvort við höfum tryggingu fyrir því að ná þessum viðbótarheimildum eða ekki. Í staðinn fái Evrópubandalagið heimild til að veiða karfa sem örugglega er að hægt að ganga að á hverju einasta ári. Eða með öðrum orðum verði kerfið þannig að Evrópubandalagið geti örugglega veitt sína aflahlutdeild en fullkomin óvissa um hvort Íslendingar geti veitt loðnuna. Á móti komi síðan tollalækkanir. Með öðrum orðum samningur sem allar íslenskar ríkisstjórnar hafa hafnað að gera. Það vitum við sem höfum setið í ríkisstjórn að enginn vandi var að fá svona samning hjá EB fyrir fyrrverandi utanrrh. eða sjútvrh. Það var enginn vandi fyrir Matthías Bjarnason eða Einar Ágústsson að fá svona samning hjá EB. Og það var enginn vandi fyrir Steingrím Hermannsson, Halldór Ásgrímsson eða Benedikt Gröndal að fá svona samning hjá EB. Það hefði ekki verið neinn vandi fyrir forsætisráðherra eins og Geir Hallgrímsson eða Ólaf Jóhannesson eða Steingrím Hermannsson að koma með svona samning frá EB. En er það virkilega þannig að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, ætli sér að koma með svona samning við EB til þingsins? Er grundvallarágreiningur í ríkisstjórninni um málið? Annað verður ekki ráðið af frásögnum fjölmiðla. Þorsteinn Pálsson, hæstv. sjútvrh., virðist samkvæmt frásögnum fjölmiðla standa fast á fyrri stefnu allra íslenskra ríkisstjórna frá ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar. Utanrrh. virðist hins vegar vera tilbúinn að víkja frá henni. Þegar þessi grundvallarágreiningur er kominn fram í dagsljósið, bæði við EB og innan ríkisstjórnarinnar, þá gengur það auðvitað ekki upp að ætla sér að afgreiða EES-samninginn án þess að sjávarútvegssamningurinn liggi hér á borðinu og við getum séð nákvæmlega hvað í honum felst. Það verður enginn feluleikur liðinn í sjávarútvegs- og landhelgismálum okkar Íslendinga. Ef þetta er svona lítið mál, hæstv. utanrrh., að koma minnisblaðinu frá Óportó í samning, eins og ráðherrann hefur sagt hvað eftir annað á undanförnum mánuðum, er þá ekki best að drífa sig í það? Og á hverju stendur, hæstv. ráðherra? Stendur á því að

ráðherrann ætlar að fara aftan að íslensku þjóðinni? Ætli fyrst að láta þingið samþykkja EES og láta það síðan koma í ljós eftir að búið er að svíkja stefnu íslenskra ríkisstjórna frá 1974 í landhelgismálinu og stilla kannski hæstv. sjútvrh. Þorsteini Pálssyni upp líkt og gert var í Hagræðingarsjóðsmálinu að hann geti valið milli þess að segja af sér eða styðja slíkan sjávarútvegssamning? Er það svona sem á að fara að málinu? Láta ljúka EES hér og stilla síðan sjútvrh. og þinginu upp við vegg?

Í Morgunblaðinu 18. júlí sl. segir í aðalfrétt á baksíðu: „Fiskveiðisamningur Íslands og EB, ráðherra greinir á um kröfur á hendur Evrópubandalaginu." Þar segir með leyfi forseta:

„Þorsteinn Pálsson sjávarútvegsráðherra sagði í samtali við Morgunblaðið í gær að síðustu samningafundirnir hefðu gengið bæði vel og illa. Um mörg atriðanna væri nú endanlegt samkomulag, eða útlit fyrir að hægt yrði að ná góðu samkomulagi." Síðan kemur tilvitnun í ráðherrann: „„Það hefur hins vegar strandað á einu þýðingarmiklu atriði sem er gagnkvæmni í framkvæmd. Við höfum lagt á það áherslu að fyrsta viðmiðun verði loðnuvertíð og það fari eftir veiðiárangri hennar hvort EB fái fullan kvóta af karfa," sagði Þorsteinn. Hann sagði að Evrópubandalagið hefði hins vegar sagt að þeir vildu einungis bera saman útgefnar veiðiheimildir."

Í Morgunblaðinu 21. júlí er á bls. 2 meginfrétt þar sem segir að ekkert hafi orðið úr samningfundi Íslands og EB og það sé stefnt að viðræðum í haust vegna þess að samningaviðræður Íslands og EB, eins og segir í yfirfyrirsögn, eru í strandi. Þá segir í fréttinni:

„Í Brussel komust aðalsamningamenn beggja aðila að þeirri niðurstöðu að ekkert hefði gerst frá síðasta fundi sem gæfi tilefni til þess að halda samningafund." Enn fremur segir í þessari frétt að Evrópubandalagið telji að það sem forsvarsmenn íslensks sjávarútvegs hafa lýst að sé frumskilyrði í málinu séu nýjar kröfur hjá Íslendingum sem ekki hafi legið fyrir þegar samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði var undirritaður sl. vor. „Bandalagið hefur gert undirritun fiskveiðisamnings að skilyrði fyrir því að Íslendingar fái tollfríðindi fyrir sjávarafurðir sínar á Evrópumarkaði samkvæmt EES-samningnum. Náist ekki samningar um skipti á veiðiheimildum milli Íslands og EB er gildistaka EES-samningsins því í óvissu. EB er þeirrar skoðunar að eigi samningaviðræður að hefjast að nýju í haust, verði Íslendingar að hafa breytt afstöðu sinni."

Það er kannski kjarni málsins að EB hefur ákveðið að setja Íslendinga í þá spennitreyju sem utanrrh. ætlaði upphaflega í sinni stjórnlist að hafa í höndum Íslands, að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði taki ekki gildi af hálfu Evrópubandalagsins nema Íslendingar samþykki að falla frá grundvallaratriðum í landhelgismálum sínum frá 1974. Það er auðvitað eðlileg og sjálfsögð krafa að forsrh. og sjútvrh. greini í þessum umræðum ítarlega og tæpitungulaust án þess að draga nokkuð undan hvernig þessar viðræður standa að þeirra mati vegna þess að hæstv. utanrrh. kaus, því miður, að fara með mjög misvísandi og villandi lýsingar á þeim efnum í framsöguræðu sinni hér fyrir helgina.

Það er líka athyglisvert að í Morgunblaðinu 19. júlí er birt yfirlitsgrein eftir sérstakan fréttaritara Morgunblaðsins í Brussel, Kristófer M. Kristinsson, sem hefur haft það að atvinnu að flytja ítarlegar fréttir af þessum vettvangi. Hann segir í þessari grein að EB muni hafna algerlega kröfum Íslendinga og EB telji að ekki komi til greina að semja um veiðiheimildirnar á grundvelli þeirra hugmynda sem sjútvrh. Íslands hefur sett fram. EB telji það ekki koma til greina að semja um veiðiheimildirnar á þeim grundvelli. Síðan segir í niðurlagi þessarar greinar hins sérstaka fréttaritara Morgunblaðsins í Brussel, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú telja samningamenn flest benda til þess að samningarnir dragist fram á haust og af hálfu EB er það skilyrði fyrir samningum að Íslendingar, hið minnsta, leggi fram önnur og meira sannfærandi rök fyrir kröfum sínum. Það kunna hins vegar að vera skiptar skoðanir um það hvort líta beri á samninginn í heild og að sama skapi í samhengi við EES-samninginn eða hvort einblína beri á einstakar málsgreinar hans. Það er hins vegar ljóst að sé samningurinn metinn út frá þeim tollaívilnunum sem Íslendingar eiga í vændum um næstu áramót," og ég vek athygli þingheims á þessu orðalagi: „Það er hins vegar ljóst að sé samningurinn metinn út frá þeim tollaívilnunum sem Íslendingar eiga í vændum um næstu áramót er verið að viðurkenna tengingu á milli aðgangs að mörkuðum EB fyrir aðgang að fiskimiðum við Ísland, en slík tenging hefur verið frágangssök af hálfu Íslendinga frá upphafi viðræðnanna."

Það er kannski eðlilegt að hæstv. utanrrh. kjósi helst að þegja algerlega í sinni framsöguræðu um þennan hluta málsins, fara háðsorðum um forustumenn í íslenskum sjávarútvegi sem hafa skilyrt samþykki sitt við EES-samninginn því að niðurstaða fáist í þessu máli. Það hefði verið meiri sæmd fyrir ráðherrann að greina þinginu hispurslaust frá sannleikanum í málinu í stað þess að velja forustumönnum sjávarútvegsins þau háðsyrði sem hann kaus að fara með í sinni framsöguræðu.

Ég vil einnig vekja athygli þingsins á því að Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, hefur í Félagstíðindum Starfsmannafélags ríkisstofnana birt mjög fróðlega grein um þetta mál þar sem forstjórinn segir alveg afdráttarlaust að ef fallist verði á þennan grundvöll Evrópubandalagsins í málinu sé verið að ganga gegn þeirri stefnu sem Íslendingar hafa fylgt allt frá því að Matthías Bjarnason lýsti henni í viðurvist Jakobs Jakobssonar og fjölmargra annarra forustumanna í íslensku þjóðlífi og sjávarútvegi fyrir tæpum 20 árum. Það er þess vegna því miður ljóst að sjávarútvegsmálin, sem talin voru brýnasta hagsmunamál Íslendinga í þessum samningi, eru nánast í jafnmikilli óvissu í dag og þau voru fyrir ári síðan. Það sem er hins vegar ljóst er að Evrópubandalagið hefur hafnað grundvallarkröfum Íslendinga um frjáls viðskipti á sviði sjávarútvegs og er enn að reyna að knýja fram að fá veiðiheimildir í íslenskri lögsögu á móti tollalækkunum.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson vék hér í nokkuð löngu máli að stjórnarskrárþætti þessa máls. Við þingmenn stjórnarandstöðunnar höfum einnig flutt sérstakt frv. til þess að þingið geti tekið afstöðu til þess að breyta stjórnarskránni áður en samningurinn verður lögtekinn. Ég ætla ekki að (**Gripið fram í:** Borinn undir atkvæði.) Já, borinn undir atkvæði, það er rétt, hv. þm. Borinn undir atkvæði. Ég ætla ekki hér í þessari ræðu að fara mörgum orðum um stjórnarskrárþáttinn. Ég vil í fyrsta lagi taka undir öll þau atriði sem komu fram hjá hv. þm. Steingrími Hermannssyni. Hann fór mjög málefnalega og mjög rækilega yfir þann þátt málsins. Það gefst einnig tækifæri til þess að ræða það sérstaklega þegar mælt verður fyrir frv. um stjórnarskrárbreytingu þannig að ég ætla á þessu stigi aðeins að víkja örfáum orðum að þeim álitsgerðum sem hafa komið fram.

Ég vil í fyrsta lagi lýsa því einnig sem minni skoðun að ég varð mjög undrandi á greinargerð fjórmenninga utanrrh. Hún var mun meira veikburða en ég átti von á og það hefur reyndar líka komið greinilega í ljós að hún hefur á engan hátt sannfært marga af færustu lögfræðingum landsins. Í greinargerðinni kemur þó fram, og það er kannski kjarni málsins, að fjórmenningar utanrrh. viðurkenna að í samningnum felist fullveldisafsal. Það er auðvitað merkilegt í ljósi þess að hæstv. utanrrh. hefur hvað eftir annað fullyrt það að í samningnum sé ekkert fullveldisafsal. Stóra fréttin, þegar skýrsla sérfræðinga utanrrh. var birt, var því auðvitað sú að þeir ómerktu þá fullyrðingu hæstv. utanrrh., bæði hér á þingi og víðs vegar á vettvangi þjóðlífsins, að samningurinn fæli ekki í sér neitt fullveldisafsal. Það var hins vegar skoðun fjórmenninga utanrrh. að þetta fullveldisafsal væri ekki það mikið og væri það takmarkað að ekki þyrfti að breyta stjórnarskránni þess vegna. Ég tel því nokkuð mikið áfall fyrir hæstv. utanrrh. að fá þann dóm frá sínum eigin sérfræðingum, þeim sem hann valdi sjálfur, að samningurinn feli í sér fullveldisafsal.

Ég vil líka lýsa því að mér finnst það orðalag, sem fram kemur í skýrslunni á bls. 16, að ekki sé tekið fram í 2. gr. stjórnarskrárinnar að stjórnvöldin, framkvæmdarvald, löggjafarvald og dómsvald, skuli vera alíslensk stjórnvöld, hljóti að verða í sögunni einhver furðulegasta setning sem sérfræðingum í lögum hefur dottið í hug að senda frá sér í áliti. Er svo komið í lagadeildinni að jafnvel prófessorinn í stjórnskipunarrétti, Gunnar G. Schram, sem ég sé að situr hér í hliðarsal, er búinn að gleyma fræðiritum prófessors Einars Arnórssonar um Alþingi og frelsisbaráttuna og fræðiritum Björns Þórðarsonar um Alþingi, frelsisbaráttuna, sjálfstæðisbaráttuna og stjórnarskrárdeilurnar á Alþingi og annað sem því tilheyrir? Alþingi Íslendinga hafa satt að segja þótt þessi fræðirit Einars Arnórssonar og Björns Þórðarsonar svo merk að þau voru gefin út í sérstakri hátíðarútgáfu sem meginuppistaðan í sögu Alþingis og skipa þess vegna sérstakan virðingarsess í útgáfum af hálfu þjóðþingsins. Í þeim fræðiritum prófessors Einars Árnasonar og Björns Þórðarsonar kemur auðvitað greinilega fram að öll þessi mikla saga snerist um íslensk stjórnvöld og ekkert annað. Kannski er það orðið þannig í hinum lögfræðilegu skúmaskotum að orðið sé nauðsynlegt að lesa aftur grunntexta prófessoranna sem mótuðu íslenskan stjórnskipunarrétt, þeirra Einars Arnórssonar og Björns Þórðarsonar.

Ég gæti tekið hér langan tíma ef ég kysi að lesa upp úr hinum merku fræðiritum þessara tveggja frumkvöðla íslensks stjórnskipunarréttar en ég ætla ekki að gera það við þetta tækifæri. Grundvöllurinn sem fjórmenningar utanrrh. byggja hins vegar meginálit sitt á er að vegna þess að ekki er tekið fram að þetta séu alíslensk stjórnvöld sé bara hægt að ganga fram hjá stjórnarskránni að öðru leyti.

Er til einhver tegund manna sem eru al-Íslendingar sem þessi stjórnarskrá á að taka til? Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir segist tilheyra þeim hópi en það er nú auðvitað í gamni sagt af hennar hálfu. Auðvitað er ekki til neinn hópur manna sem eru al-Íslendingar. Það eru bara til Íslendingar og íslensk stjórnvöld og kjarni þess hugtaks hefur a.m.k. verið nægilega ljós til að hann þyrfti ekki að draga í efa fyrr en sérfræðingar utanrrh. finna upp þetta furðulega ... (Gripið fram í.) Ég skal ekkert um það segja hvað þeir hafa átt hér við. Það getur hv. þm. rætt síðar í þessum umræðum. En það er hins vegar ljóst að þessi greinargerð varð á engan hátt til þess að eyða vafanum, þvert á móti. Daginn eftir að hún kom fram birtist viðtal við formann Lögmannafélags Íslands, Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmann, í Tímanum. Hvað segir hann um álitsgerð fjórmenninga utanrrh.? Hann gefur henni einkunnarorðin „léttleiki í lögfræði". Formaður Lögmannafélags Íslands segist ekki hafa sama léttleika í þessum efnum og fjórmenningar utanrrh. (**GHelg:** Kannski þessi óbærilegi léttleiki?) Já, menn gerast nú mjög skáldlegir hér í frammíköllum og það er kannski við hæfi að sumir, sem að þessum málum hafa staðið læsu Kundera betur en margt annað. En ég ætla ekki að blanda mér í það í þessari ræðu.

Það er auðvitað athyglisvert að formaður Lögmannafélags Íslands velur þessari greinargerð fjórmenninga utanrrh. einkunnarorðin „léttleiki í lögfræði" og dr. Guðmundur Alfreðsson, sem er einn fremsti íslenski lærdómsmaðurinn í alþjóðarétti, velur henni einkunnarorðin „ævintýramennska í lögfræði". Tveir af fremstu lögmönnum Íslands, formaður Lögmannafélagsins og einn mesti lærdómsmaður Íslendinga í alþjóðarétti, hafa dæmt greinargerðina með þessum hætti. Ragnar Aðalsteinsson segir einnig í þessu viðtali að niðurstaða fjórmenninga utanrrh. sé í raun ekki byggð á mjög traustum forsendum. Í meginatriðum er hún byggð á huglægu mati. Þeir gefa sér ákveðnar forsendur sem þeir eru óvissir um sjálfir.

Þetta var upphafið að umræðu lögfræðinga um skýrslu fjórmenninganna. Síðan gerist það, eins og hér hefur komið fram, að prófessor í stjórnsýslurétti við Háskóla Íslands, Björn Þ. Guðmundsson, sendi frá sér greinargerð til utanrmn. þar sem hann hafnar í einu og öllu meginniðurstöðu fjórmenninga utanrrh. Á bls. 15–19 í greinargerð Björns Þ. Guðmundssonar eru rak-

in fjölmörg atriði sem hann telur sýna að EES-samningurinn brjóti í bág við stjórnarskrána og hann hafnar meginhugmyndunum og niðurstöðunum í álitsgerð *fjórmenninga utanrrh.*

Síðan sendir dr. Guðmundur Alfreðsson ítarlega greinargerð til utanrmn. þar sem hann tekur fyrir fullyrðingar fjórmenninga utanrrh. lið fyrir lið. Og það er auðvitað mjög athyglisvert að lesa hvernig hann rekur það með mikilli nákvæmni að ekki sé hægt að finna neitt annað dæmi um það að erlendum aðilum hafi verið falið sambærilegt vald og hér er gert í þessum samningi.

Það verður mjög fróðlegt að hlusta á hæstv. forsrh. í þessari umræðu vegna þess að samkvæmt stjórnskipun lýðveldisins ber forsrh. sérstaka ábyrgð gagnvart meðferð stjórnarskrárinnar. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson stendur þess vegna í þeim sporum að þurfa að vega það og meta hvort hann ætlar að vera forgöngumaður þess, þrátt fyrir þau álit sem hér liggja fyrir í utanrmn. þingsins, að brjóta stjórnarskrána með þeim hætti sem færð hafa verið rök að. Ef það er hægt að lögtaka þennan samning án þess að breyta stjórnarskránni, þá vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Hvar telur hann að girðingarnar í stjórnarskránni séu? Hvar eru girðingarnar í stjórnarskránni ef virkilega er hægt að toga hana og teygja með þessum hætti? Ég trúi því nú ekki fyrr en ég sé það gerast í þinginu að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson láti hafa sig í það að koma fram gagnvart stjórnarskrá lýðveldisins með þessu ábyrgðarleysi.

Hefur Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður einhverra hagsmuna að gæta í þessu máli? Það held ég ekki. Ég held þvert á móti að hann hafi látið að því liggja á opinberum vettvangi að hann sé frekar meðmæltur efnislegu innihaldi EES-samninganna. Engu að síður afneitar hann niðurstöðu fjórmenninga utanrrh. með þeim hætti sem hér hefur verið lýst.

Hefur dr. Guðmundur Alfreðsson einhverja hagsmuni í þessu máli? Nei. Þvert á móti mætti segja að ungur fræðimaður tæki mikla áhættu varðandi starfsframa sinn í þágu íslenskrar þjóðar, að ganga fram með þeim hætti sem hann hefur gert greinilega í berhögg við vilja t.d. hæstv. utanrrh. Það má því ætla út frá *mannlegum sjónarmiðum að það þurfi nokkuð til til að* ungur embættismaður eins og Guðmundur Alfreðsson, sérfræðingur sem á væntanlega langan og glæsilegan feril fram undan í lífi sínu og hefur hlotið mikið traust á alþjóðavettvangi, kjósi að ganga fram með þessum hætti. Og ég tel að það þurfi líka töluvert til að prófessor í stjórnsýslurétti við Háskóla Íslands, sem hefur heldur ekki neinna hagsmuna að gæta í þessu máli, kjósi að dæma verk samkennara sinna, eins og prófessor Björn Þ. Guðmundsson gerir í álitsgerð sinni, a.m.k. hefur það ekki verið algengt innan Háskóla Íslands, þar sem ég þekki til, að menn hafi sérstaklega að eigin frumkvæði tekið sér það fyrir hendur að andmæla með svo afdráttarlausum hætti því sem samkennarar þeirra hafa lagt fram í nafni fræða.

Það liggur hér fyrir að þrír virtir, lærðir lögfræðingar, og enginn þeirra hefur sérstaka persónulega eða pólitíska hagsmuni í þessu máli, hafa komist að afdráttarlausum niðurstöðum. Ég vona að hæstv. forsrh. kjósi að hugleiða það mjög alvarlega hvort ekki næst samkomulag um það á Alþingi að breyta stjórnarskránni, t.d. *a þann veg sem við höfum lagt til eða á* annan veg ef menn eru með hugmyndir um það svo að við getum í sameiningu tryggt að ekki komi til þess að dæmt verði stjórnarskrárbrot með lögtöku þessa samnings.

Ég vil líka segja það við hæstv. forsrh. að ef hann telur ekki unnt að verða við þeirri ósk að stjórnarskránni sé breytt, þá tel ég það lágmarkskröfu að samþykkja þá tillögu að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla. Það er alveg ljóst að um þetta mál eru miklar deilur. Það er óheppilegt að þjóð skiptist í andstæðar fylkingar út af málum af þessu tagi til langs tíma. Með því að vísa málinu í dóm þjóðarinnar gangast bæði þeir sem eru með samningnum hér á þingi og þeir sem eru á móti honum undir það að gera þjóðina að hæstarétti í máli sem fyrst og fremst snertir hagsmuni þjóðarinnar. Slík þjóðaratkvæðagreiðsla snertir ekki tilveru ríkisstjórnarinnar sem stjórnarskrárbreyting og alþingiskosningar gætu aftur á móti gert svo að sú viðkvæmni að vilja varðveita meiri hluta ríkisstjórnarinnar á Alþingi ætti ekki að vera ofarlega á blaði þegar þessi ósk er metin. Það er hægt að láta þingið starfa með eðlilegum hætti þó að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um samninginn t.d. í nóvembermánuði eða byrjun desember.

Það liggur líka fyrir að samtök eins og Alþýðusambandið, BSRB og fjölmörg önnur samtök, t.d. Neytendasamtökin sem eru hlynnt samningnum efnislega, hafa stutt kröfu um þjóðaratkvæði. Og ég bið hæstv. forsrh. að hugleiða það á næstu vikum hvort það er ekki skynsamlegt til þess að finna málinu ákveðinn farveg, bæði hér á þinginu og með þjóðinni, að setja það í dóm þjóðarinnar með þessum hætti. Þar með væri auðvitað meðferð málsins á þingi að öðru leyti auðveldari, bæði hvað snertir tíma og innihald og ég vona að forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar hugleiði það á næstu vikum að þau rök, sem hæstv. utanrrh. flutti fyrir að neita þjóðaratkvæðagreiðslu, eru auðvitað á engan hátt gild.

Virðulegi forseti. Mér er nokkur vandi á höndum vegna þess að ég hef viljað greiða fyrir því að aðrir fulltrúar stjórnarandstöðunnar, eins og t.d. hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, gætu flutt a.m.k. meginhluta *af sínu máli áður en þingfundi lýkur í dag. Hins* vegar er það þannig að bæði hefur það reynst taka lengri tíma hjá mér að fara yfir þetta mál og kannski líka hjá þeim sem var á undan mér í ræðustólnum en við ætluðum. Ég er þannig staddur í ræðu minni að eiga eftir að víkja að megintillögu okkar alþýðubandalagsmanna um tvíhliða samning milli Íslands og Evrópubandalagsins sem við höfum gert að meginuppistöðu í okkar afstöðu til þessa máls og því er ekki að leyna að það gæti tekið nokkurn tíma að fara yfir það allt saman. Ég vil þess vegna segja fyrir mitt leyti að ég er tilbúinn til að umræður standi eitthvað fram yfir kl. 6 sem upphaflega var ætlað frekar en reyna að klippa alveg á það eins og gert var ráð fyrir fyrir helgi

þegar mennn töluðu saman um málið. En ég skal hins vegar reyna að hlaupa yfir þessa þætti hraðar en ég ætlaði mér og áskil mér þá rétt síðar í umræðunni til að gera því betri skil en ég get gert við þessar aðstæður.

Niðurstaða Alþb. í umfjöllun um þennan samning var að atburðarásin hefði hagað því á þann veg að í raun og veru stæðu Íslendingar bara frammi fyrir tveimur kostum. Annars vegar væri að fylgja hinum EFTA-ríkjunum inn í Evrópubandalagið og hins vegar að gera tvíhliða samning við Evrópubandalagið um viðskipti og efnahagsmál. Niðurstaða okkar varð sú að gera tillögu um slíkan samning og ég lét, sem formaður flokksins, sérfræðinga útbúa sýnishorn að slíkum samningi svo að menn gætu séð í grófum dráttum hvernig hann gæti litið út. Hæstv. utanrrh. hefur kosið að fjalla sérstaklega um þá hugmynd í blaðagrein í Morgunblaðinu sem birtist sama daginn og hann flutti framsöguræðu sína hér á Alþingi og fagna ég því að sjálfsögðu þó mér finnist það hafa tekið ráðherrann nokkuð langan tíma að svara þeirri grein. En í Morgunblaðinu 8. júlí rakti ég ítarlega hvað fælist í slíkum tvíhliða samningi og færði rök að því að það væri skynsamlegt fyrir Íslendinga að hefjast nú þegar handa um gerð slíks samnings. Ég tók svo eftir því að hv. þm. Steingrímur Hermannsson tók í raun og veru undir það sjónarmið í ræðu sinni áðan. Hann óskar eftir því að hæstv. utanrrh. svari því hvort hann sé reiðubúinn til þess að Íslendingar óski nú þegar eftir formlegum viðræðum við Evrópubandalagið um gerð slíks tvíhliða samnings milli Íslands og Evrópubandalagsins sem taki við þegar Evrópska efnahagssvæðið víkur burt vegna inngöngu annarra EFTA-ríkja í Evrópubandalagið. Þar með liggur það fyrir, hæstv. utanrrh., að forustumenn tveggja stærstu stjórnarandstöðuflokkanna hafa á Alþingi gert það að tillögu sinni að farið verði í slíkar formlegar viðræður um tvíhliða samning. Það getur vel verið að hæstv. ráðherra finnist að hægt sé að afgreiða tillögu okkar með þeim hætti sem hann gerði í grein í Morgunblaðinu og ég mun svara á þeim vettvangi en hins vegar vil ég vekja athygli hans á því að þegar sá maður, sem var forsrh. Íslands þegar samningaferillinn hófst og flutti fyrir Íslands hönd stefnu landsins á Óslóarfundi leiðtoga EFTA-ríkjanna á sínum tíma, leggur einnig til að formlega verði nú þegar óskað eftir því að fram fari viðræður milli Íslands og EB um tvíhliða samning þá ber hæstv. utanrrh. og ríkisstjórn auðvitað skylda til þess að taka á því máli efnislega og málefnalega.

Tillaga Alþb. var á þá leið að höfuðatriði slíks tvíhliða samnings væri í fyrsta lagi að sjálfstæður tvíhliða viðskiptasamningur milli Íslands og EB verði m.a. byggður á viðskiptaþáttum EES-samningsins, sérstökum sjávarútvegssamningi og bókun 6 í samningum við EB sem verið hefur í gildi síðan 1976. Í öðru lagi verði framkvæmd tvíhliða samnings milli Íslands og Evrópubandalagsins einfaldari í sniðum en framkvæmd EES-samningsins. Eingöngu verði sett á fót samstarfsnefnd um eftirlit og gerðardómi beitt verði deilumál um framkvæmd samningsins ekki útkljáð. Pólitísk vandamál verði leyst í ráðherraviðræðum. Í þriðja lagi verði í tvíhliða samningi Íslands og EB m.a. byggt á hugmyndum um frjálsa vöruflutninga, fólksflutninga, þjónustustarfsemi, fjármagnsflutninga og almenna samkeppni auk þess sem hafðar verða til hliðsjónar reglur Norðurlandanna um vinnumarkað og búseturétt og afdráttarlaus réttur Íslendinga til að skipa forræði og eignarhaldi á auðlindum til lands og sjávar verði tryggður með sérstökum lögum.

Í fjórða lagi að í samningi um viðskipti verði einnig fjallað um samvinnu Íslands og EB á öðrum sviðum svo sem varðandi rannsóknir og þróun, umhverfismál, menntun og menningu. Og að lokum verði í tvíhliða samningi engin atriði sem brjóti í bága við stjórnarskrá eða taki efnislegt og formlegt löggjafarvald á Íslandi úr höndum Alþingis og þjóðar.

Ég hef í grein í Morgunblaðinu rakið að í grófum dráttum koma þrjár leiðir til greina á næstu árum í samskiptum Íslands og EB. Sú fyrsta sem hæstv. utanrrh. virðist vera fylgjandi er að gera ekki neitt annað en að afgreiða bara EES-samninginn og sitja svo með hendur í vösum og sjá til hvað atburðarásin í Evrópu ber í skauti sér. Ég hafna algerlega slíkri afstöðu. Ég tel hana ábyrgðarlausa og ég tel hana óraunsæja og hún er í engu samræmi við það sem er nauðsynlegt til að gæta hagsmuna Íslands. Sérstaklega er hún út í hött þegar allar aðrar EFTA-þjóðir ætla að halda áfram í viðræðum við Evrópubandalagið um sín hagsmunamál.

Önnur leiðin er fólgin í því að staðfesta EES-samninginn en fara jafnframt í formlegar viðræður við Evrópubandalagið um tvíhliða samning Íslands og Evrópubandalagsins sem taki við þegar Evrópska efnahagssvæðið líður undir lok. Það er vissulega hægt að færa ýmis rök fyrir þessari leið. Ég tel megingalla hennar hins vegar vera þann, sem ég mun víkja að síðar í þessum umræðum, að stofnanakerfi EES var miðað við allt annan veruleika en nú blasir við. Það var í upphafi miðað við að EFTA-ríkin ætluðu sér saman að vera áfram utan EB en nú blasir það við að þegar stofnanakerfi EES fer að virka munu önnur EFTA-ríki en við fyrst og fremst taka mið af því að nota það stofnanakerfi til að sýna Evrópubandalaginu að þau ætli sér að vera góðir aðilar að Evrópubandalaginu, ekki að EES heldur að Evrópubandalaginu. Og þess vegna munu þau lúta því ákvörðunarvaldi sem Frans Andriessen lýsti mjög rækilega í þeirri tilvitnun sem ég flutti áðan, því ákvörðunarvaldi Evrópubandalagsins í einu og öllu því þeim er nauðsyn að sanna það á viðræðutímanum að þeim sé alvara að vilja gangast undir ákvarðanavald Evrópubandalagsins. Ísland er því orðið eina landið innan stofnana EES sem hefur aðra hagsmuni, þ.e. að ætla sér að búa varanlega við þennan samning. Þar af leiðandi er líklegt að Ísland muni í mjög ríkum mæli verða eini aðilinn á næstu árum sem segir nei við hinum og þessum hugmyndum Evrópubandalagsins um reglur sem eiga að taka gildi innan EES og þar með ef Ísland heldur því til streitu koma í veg fyrir að ríkin sem stefna inn í EB geti tekið þær upp á aðlögunartímanum.

Ég held að þessi leið sé í reynd ófær, hún sé ekki skynsamleg vegna þess að í henni er ekki horfst í augu við þá grundvallarbreytingu hvort sem mönnum líkar betur eða verr að hin EFTA-ríkin hafa tekið upp aðra stefnu en við. Þau sem við lögðum af stað með í þessa ferð hafa yfirgefið farartækið sem við ætluðum að ferðast með.

Þá er eftir þriðji kosturinn, að segja við Evrópubandalagið: Við teljum að tvíhliða samningur sé æskilegt form fyrir varanleg samskipti Íslands og EB vegna þess að við ætlum ekki að sækja um aðild að Evrópubandalaginu og fara strax í að gera þann samning þannig að við getum búið örugg við slíkan víðtækan tvíhliða samning við Evrópubandalagið en erum ekki trufluð af atburðarás þar sem hin EFTA-ríkin ætla sér annað. Og ég skil satt að segja ekki hvers vegna menn vilja ekki horfa af alvöru á þessa leið nema tilgangurinn sé að undirbúa Ísland undir inngöngu í EB. Tilgangurinn sé sá sem hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson lýsti í viðtali við norsk blöð á sl. sumri. Það megi að vísu ekki tala um það núna meðan EES-umræðan sé í gangi á Alþingi en auðvitað sé tilgangurinn sá að ganga í EB. Það eru þess vegna fleiri tilvitnanir í Jóna Sigurðssyni en þær sem hæstv. utanrrh. fór með sem eru fróðlegar í þessu máli.

Það sýnishorn af samningi sem ég lagði fram á fréttamannafundi er auðvitað bara lagt fram sem sýnishorn, ekki vegna þess að við teljum að samningurinn þurfi endilega að vera þannig. En ég taldi hins vegar skynsamlegt að fá sérfræðinga til að glíma við þetta verkefni svo að menn gætu haft eitthvað í höndunum til þess að miða við. Hæstv. utanrrh. hefur kosið að segja: Það mun verða óskaplega erfitt að ná fram einhverju öðru í viðræðum við EB en því sem við höfum nú í höndum. Það er bara fullyrðing hæstv. utanrrh. Hann hefur ekki verið reiðubúinn að láta á það reyna. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson spurði hann að því í vor á Alþingi hvort hann væri ekki tilbúinn til að láta reyna á hverjar yrðu undirtektir EB í þeim efnum. Hæstv. utanrrh. sagðist þá ætla að ræða málið lauslega við Frans Andriessen. Það hafa engar frásagnir komið af þeim viðræðum. Auðvitað er málið þannig að hæstv. utanrrh. vill ekki láta reyna á þetta og fyrir því eru ýmis pólitísk og persónuleg rök sem ég ætla ekki að fara út í. En íslenska þjóðin getur hins vegar ekki sætt sig við að persónuleg afstaða og metnaður eins manns ráði þessari ferð.

Ég vil að lokum segja í þessari umræðu að málið er stórt og það mun ráða miklu um þróun íslensks þjóðfélags á næstu árum. Ríkisstjórn, sem er ekki reiðubúin að tryggja að stjórnarskráin sé þannig úr garði gerð að samningurinn standist hana örugglega vegna þess að ríkisstjórnin óttast úrslit í þingkosningum, er ríkisstjórn sem trúir ekki á eigin málstað. Ríkisstjórn, sem ekki þorir að láta þjóðina dæma samninginn í einfaldri þjóðaratkvæðagreiðslu, ráðgefandi fyrir þingið, er líka ríkisstjórn sem greinilega trúir ekki á eigin málstað. Og ríkisstjórn, sem virkilega ætlaði sér að ganga þá braut að knýja á um það að Alþingi afgreiði samninginn án þess að samningur í sjávarútvegsmálunum liggi fyrir, er ríkisstjórn sem er að brjóta þá grundvallarstefnu sem Íslendingar hafa staðið sameinaðir um til þessa.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Áður en ég hef mál mitt verð ég að láta það koma fram að ég treysti mér ekki til að lofa því að ég geti lokið því fyrir kl. 6 og veit raunar ekki hversu mikið fram yfir kl. 6 mál mitt mun taka, en það verður þá að metast af forseta á þeirri stundu hvort ég eigi að halda áfram eða fresta máli mínu til morguns.

Það mál sem hér er hafin umræða um er án efa eitt umfangsmesta og afdrifaríkasta mál sem Alþingi Íslendinga hefur haft til umfjöllunar um langt árabil. Þetta hefur raunar komið fram hjá öllum þeim sem hafa talað á undan mér. Um þetta eru ekki skiptar skoðanir.

Það sem fyrir okkur þingmönnum liggur er að kynna okkur, rökræða og rannsaka og síðan samþykkja eða synja milliríkjasamningi sem er viðameiri og flóknari en aðrir slíkir sem gerðir hafa verið í sögu íslenska lýðveldisins. Verkefnið sem okkur þingmönnum er ætlað að vinna er stórt og tíminn sem okkur er skammtaður til þess er naumur, reyndar allt of naumur miðað við alvöru málsins. Það sem fyrir okkur liggur er að taka afstöðu sem þarf bæði að standast dóm samvisku okkar og sögunnar. Á því er nefnilega enginn vafi að afstaða okkar í þessu máli mun verða skráð á spjöld sögunnar þótt flest annað sem við gerum hér á hinu háa Alþingi falli í gleymskunnar dá.

Þegar hæstv. utanrrh. flutti þingheimi boðskap sinn sl. fimmtudag var hann því án efa að tala fyrir stærsta máli sem mun koma til hans kasta á ferli hans sem utanrrh. Í þessa ræðu munu sagnfræðingar framtíðarinnar leita þegar þeir reyna að átta sig á þeim ágreiningi sem uppi er um aðildina að hinu Evrópska efnahagssvæði. En hvaða pólitísku hugmyndir munu þeir finna í ræðu hæstv. utanrrh.? Hvaða framtíðarsýn munu þeir finna þar, hvaða markmið? Þeir munu fljótlega átta sig á því að árið 1992 var svo komið fyrir Alþýðuflokknum — Jafnaðarmannaflokki Íslands að forusta hans hafði gert fyrrum formann Sjálfstfl., Bjarna Benediktsson, að leiðtoga lífs síns. Til hans vitnaði formaður Alþfl. í öðru orðinu og til sameiningartákns íslensku þjóðarinnar, Jóns Sigurðssonar forseta, í hinu. Nöfn gamalla forvígismanna jöfnuðar og jafnréttis voru víðs fjarri góðu gamni. Þeir munu líka átta sig á því að árið 1992 var svo komið að forusta Alþfl. hafði engar pólitískar hugmyndir fram að færa, bara lummulegar og útjaskaðar spælingar, sóttar í ófrjótt dægurþras stjórnmálanna. Það er ekki hátt risið á slíkri pólitík né heldur metnaðarfullir menn sem hana bera fram.

Með afstöðu okkar til EES-samningsins erum við þingmenn gerendur í mjög mikilvægum málum. Nú er það okkar að skynja og meta hvort hagsmunum Íslendinga sé betur borgið innan ramma þjóðríkisins frá 1918 eða með því að flytja hluta af valdi þess til fjölþjóðlegra stofnana í Evrópu. Í augum margra liggur svarið í augum uppi. Sumir segja að íslensk þjóð megi aldrei selja nokkurt vald úr landi því þá sé þess

skammt að bíða að hún glati frelsi sínu og ráði ekki lengur örlögum sínum. Óskert fullveldi sé forsenda sjálfstæðis og velsældar. Aðrir halda því fram að fullveldishugtakið hafi glatað merkingu sinni og hagsmunir þjóða séu svo samofnir að þeirra verði ekki lengur gætt nema með því að framselja vald til sameiginlegra stofnana. Forsenda friðar og velsældar sé aukinn samruni þjóðríkja. Báðir þessir hópar hafa nokkuð til síns máls en þó eru fleiri fletir á málinu en þeir vilja vera láta.

Ef við lítum í kringum okkur í heiminum í dag þá blasir við okkur að þau ríki, sem búa við mesta hagsæld, jöfnuð og jafnrétti, eiga það öll sameiginlegt að lýðræðið stendur þar föstum fótum, þar hefur verið blandað hagkerfi og þar er þjóðríkið tiltölulega sterkt. Norðurlöndin eru kannski besta dæmið um þetta. Þó að ég sé þeirrar skoðunar að þjóðríkið sé ekkert markmið í sjálfu sér, það sé sögulegt fyrirbæri og þar af leiðandi ekki óumbreytanlegt stjórnkerfi, þá verðum við engu að síður að fara varlega í að skerða fullveldi þess. Ástæðan er einfaldlega sú að við höfum enn ekki dottið ofan á neitt annað stjórnkerfi sem er þess umkomið að tryggja þeim sem undir það heyra sambærileg lífsgæði. Enn sem komið er er öryggi og velferð þegnanna best tryggt með þrískiptingu valdsins hjá ákveðnum og vel afmörkuðum yfirvöldum. Evrópubandalagið og jafnvel enn frekar Evrópska efnahagssvæðið riðlar þessari skiptingu, flækir stjórnkerfið og dregur úr lýðræði.

Góður og gegn finnskur sósíaldemókrati og sagnfræðingur, sem á sæti í þingmannanefnd EFTA, sagði á fundi nefndarinnar nýlega að kjarninn í samrunanum í Evrópu væri sá að markaðsöflin væru að yfirtaka fullveldi þjóðríkisins og deila því aftur niður á yfirþjóðlegar stofnanir annars vegar og svæðabundin samtök og sveitarfélög hins vegar.

Segja má að þessi þróun hafi í raun verið staðfest með Maastricht-samkomulaginu sem miðar einmitt að því að gera EB að pólitískri einingu með því að afnema því sem næst neitunarvald einstakra ríkja og koma á skuldbindandi samstarfi á fleiri sviðum en áður, svo sem utanríkis- og varnarmálum. Það sem byrjaði sem samvinna sex ríkja á sviði verslunar og viðskipta er nú á góðri leið með að verða að pólitískri einingu, tólf til tuttugu ríkja — hver veit hversu mörg þau verða innan tíðar.

Í raun má segja að þetta sé ekki óeðlileg þróun. Þegar markaðurinn er orðinn einn og efnahagssamvinnan mjög náin skapast þörf fyrir að koma á pólitískri byggingu sem hentar henni. Eftir atvikum ætla menn svo að nota þessa pólitísku byggingu til að tryggja að markaðsöflin hafi frítt spil eða til að koma ákveðnum böndum á markaðsöflin.

Innan EB takast því á tvö meginsjónarmið. Annars vegar nýfrjálshyggjan og hins vegar ákveðin ríkishyggja. Fjármagnið og „bírókratían" takast á og eiga glæsilega fulltrúa sem eru frjálsir eins og fuglinn og fara mun hraðar yfir en venjulegir holdlegir menn. Þess sjást nú líka æ víðar merki að venjulegu fólki þykir nóg um hraðann. Það óttist aukna miðstýringu og minnkandi lýðræði og sé í auknum mæli tortryggið í garð Efnahagsbandalagsins. Danir felldu Maastricht, í Frakklandi eykst andstaðan við það hraðbyri og stuðningur við aðild að EB minnkar í Svíþjóð. En hvað sem okkur finnst um EB og samrunaþróunina í Evrópu þá eru bæði fyrirbærin staðreynd og munu án efa hafa mótandi áhrif á stjórnmál í álfunni um langt árabil. Hvort tveggja mun því hafa veruleg áhrif á íslenskt samfélag, hvort sem við verðum utan eða innan EES eða EB. Aðlögun er því nauðsynleg. Það er gömul saga og ný að til frambúðar er ekki hægt að byggja upp samfélag í einu landi sem víkur í veigamiklum atriðum frá því sem tíðkast í öllum nágrannalöndum. Framsæknir sósíalistar í upphafi aldarinnar áttuðu sig á þessu þó aðrir og skammsýnni héldu fast við hugmyndina um sósíalisma í einu landi og við vitum öll hvernig fór með hana. Um það hefur heldur ekki verið deilt mér vitanlega að aðlögun er nauðsynleg. Það sem menn hefur greint á um er hversu langt eigi að ganga í þessari aðlögun, hvort við eigum að stíga skref inn í samrunaferlið eða ekki. EES er tvímælalaust slíkt skref og menn verða að stíga það með opin augu, þ.e. þeir verða að gera sér grein fyrir því að með því að taka slíkt skref hefur verið mörkuð stefna í tiltekna átt. Þá aukast líkurnar á að leiðin verði gengin til enda inn í Efnahagsbandalagið og að halda öðru fram er ekki annað en sjálfsblekkingar eða pólitískar sjónhverfingar.

Með því að gerast aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði eru Íslendingar að gerast þátttakendur í innri markaði Efnahagsbandalagsins sem byggir öðru fremur á hugmyndum frjálshyggjunnar. Á þeim markaði á frjálst flæði vöru og fjármagns að skila okkur lægra vöruverði, auknum kaupmætti, meiri framleiðslu, auknum hagvexti og þar af leiðandi meiri lífsgæðum, eftir því sem okkur er tjáð. Þannig hafa menn reiknað út að þegar innri markaðurinn verður kominn að fullu til framkvæmda muni hagvöxtur í Efnahagsbandalaginu aukast um 4,5%, verðlag muni lækka um 6,1%, afkoma hins opinbera batna um 2,2% og atvinnuleysi minnka til muna. Menn tala m.a. um að 6 milljónir nýrra starfa muni verða til. Ljóst er að hugmyndirnar um hinn innri markað höfðu ákveðna sálfræðilega þýðingu til að byrja með sem birtist í því að ákveðinn bati gerði vart við sig í efnhagslífi aðildarríkja EB eftir að þær höfðu verið formfestar í einingarlögum Evrópu árið 1986. Nú eru hins vegar blikur á lofti. Atvinnuleysi hefur aukist í flestum ríkjum EB frá 1989 og nú eru því sem næst 16 milljónir íbúa í aðildarríkjunum án atvinnu. Í helmingi ríkjanna er atvinnuleysið yfir 10% og meðal ungs fólks er það 17,5%. Atvinnuleysið er talsvert meira meðal kvenna en karla og verst kemur það niður á ungum konum. Á Ítalíu og Spáni er tæp 40% kvenna undir 25 ára aldri án atvinnu og í Frakklandi fjórða hver og þessar tölur eru fengnar frá OECD.

Fjölgun starfa í þessum löndum hefur fyrst og fremst verið í svokölluðum óhefðbundnum störfum, þ.e. hlutastörfum, árstíðabundnum störfum, gerviverktöku og fleiru sem skapar þeim sem störfunum sinna

litla sem enga réttarstöðu. Á þetta ekki síst við um konur.

Hagvöxturinn lætur líka bíða eftir sér eins og nýju atvinnutækifærin. Ef marka má spár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins mun Maastricht-samkomulagið reyta 0,4–0,8% af hagvextinum til viðbótar því sem þegar er. Markmiðin með hinum innri markaði eru því ekki auðsótt, batinn er sýnd veiði en ekki gefin. Á þetta er m.a. bent í raunsæju riti frá Þjóðhagsstofnun sem ber titilinn „Íslenskur þjóðarbúskapur og Evrópska efnahagssvæðið". Þar segir einmitt: „Ávinningurinn er alls ekki óhjákvæmilegur, kemur ekki á silfurfati." — Síðan segir, í lokaorðum þessa rits Þjóðhagsstofnunar, með leyfi forseta:

„Höfuðniðurstaða þessara athugana er sú að mögulegur ávinningur af þátttöku Íslands í EES sé fyrir hendi. Ekki er um mjög stórar fjárhæðir að ræða á hverju ári á þjóðhagslegan mælikvarða, en hér er um varanlegan ávinning að ræða. Hver króna í varanlegum tekjuauka jafngildir um 18 króna greiðslu í eitt skipti fyrir öll, sé miðað við 6% raunvexti. Þannig jafngildir varanleg aukning einkaneyslu um 0,7% um 24.000 kr. á ári á hverja fjögurra manna fjölskyldu, sem núvirt, miðað við 6% raunvexti, jafngildir um 425.000 króna eingreiðslu." — Þeir segja að þetta sé lægsta talan, en hæsta talan jafngildi eingreiðslu á hverja fjögurra manna fjölskyldu sem jafngildi um 1,8 millj. kr. Þetta er sem sagt ávinningurinn sem Þjóðhagsstofnun sér mögulegan.

Þeir sem ákafast hafa prísað aðildina að hinu Evrópska efnahagssvæði sjá þar bara kosti en enga galla. Þeir halda því mjög stíft fram að það sé mikið í húfi fyrir Íslendinga að samþykkja samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Þeir benda á að tollar á íslenskum sjávarafurðum muni lækka umtalsvert á mörkuðum EB og þar með skapist ný tækifæri hér innan lands til að fullvinna sjávarafurðir og flytja ótollaðar á erlenda markaði. Þá sjá þeir ný söknarfæri fyrir íslenskan iðnað á erlendum mörkuðum og að atvinnustarfsemi almennt í landinu muni njóta góðs af því að hægt verði að fá erlent áhættufjármagn í íslensk atvinnufyrirtæki. Það muni aftur draga úr innlendum og erlendum lántökum og vaxtagreiðslum og stuðla að lækkandi vöxtum.

Það má vissulega færa nokkur rök fyrir þessari framtíðarsýn á Evrópska efnahagssvæðinu. Það er ljóst að samningamönnum Íslendinga tókst að ná fram talsverðri tollalækkun á sjávarafurðum eða sem nemur 1,5–2 milljörðum króna á ári miðað við núverandi útflutning. Þetta gæti skapað fiskvinnslunni í landinu rýmri aðstæður. Hins vegar verða menn að hafa það í huga að eftirspurnin er mest eftir óunnum fiski. Það er því mestur hagnaður af slíkum útflutningi fyrir þá sem selja fisk og útflytjendur taka auðvitað fyrst og fremst mið af því hvaðan mestur hagnaður kemur, ekki af því hvað skapar flest störf í landi.

Mig langar í því sambandi að vitna til erindis sem Rannveig Sigurðardóttir, hagfræðingur BSRB, flutti á ráðstefnu á Egilsstöðum um helgina þar sem hún fjallaði einmitt um konur og hið Evrópska efnahagssvæði. Þar bendir hún m.a. á að reynsla Dana, sem nú þegar njóta tollfríðinda fyrir fullunnar fiskafurðir, gefi ekki ástæðu til bjartsýni. Hlutfall fullunnins fisks af heildarútflutningi Dana til EB-landa sé lítið hærra en Norðmanna þó að Norðmenn njóti ekki lægri tolla eins og Danir gera.

Þá segir hún að markaðsfræðingar telji að mestur vaxtarbroddur sé í útflutningi fersks fisks til Evrópu beint til neyslu og sá útflutningur skapar ekki störf í landi, eins og við vitum.

En það má sem sagt færa ákveðin rök fyrir því að þetta sé hagkvæmt fyrir fiskútflutning okkar og fiskvinnslu. En maður hlýtur þó að spyrja sig hverjir hinir nýju möguleikar eru fyrir aðrar atvinnugreinar, t.d. iðnaðinn og verktakastarfsemina. Mér er ekki alveg ljóst hverjir þessir nýju möguleikar eru, enda fátt um svör þegar farið er út í þá sálma. Svo er að heyra að menn óttist ekki aukna samkeppni á innlendum markaði á þessum sviðum, t.d. þegar skylt verður að bjóða út á erlendum markaði eða markaði Evrópska efnahagssvæðisins opinberar framkvæmdir sem eru yfir 380 millj. kr. og opinber innkaup sem eru yfir 10 millj. kr. Menn bera fyrir sig fjarlægðarvernd og segja að hún muni koma íslenskum fyrirtækjum til góða, eða þá einfaldlega að þeir bera það fyrir sig að samkeppni sé af hinu góða. En fjarlægðin felur ekki bara í sér vernd, hún er líka hindrun. Það er erfitt fyrir lítil fyrirtæki að hasla sér völl á fjarlægum markaði þar sem margir eru um hituna. Það er auðvitað ekki ómögulegt, en íslensk iðn- og verktakafyrirtæki hljóta engu að síður flest hver að þurfa að treysta á innanlandsmarkað hér eftir sem hingað til.

Ég vil taka fram að vissulega væri það kostur ef hægt væri að laða erlent áhættufjármagn hingað til lands. Ég tala ekki um ef það mætti verða til að draga úr erlendum lántökum og skjóta fleiri stoðum undir íslenskan atvinnurekstur. En ef að líkum lætur vilja útlendingar helst fjárfesta í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum og almenn sátt er um að það skuli ekki heimilað. Það er kveðið skýrt á um þetta bann í íslenskum lögum og eins í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Það er líka ástæða að hafa í huga að hvorki EES, EB né aðildin að þessum tveimur bandalögum er nauðsynleg forsenda þess að hingað leiti erlendir fjárfestar. Við gætum sem best laðað þá hingað ef fyrir hendi væri stöðguleiki í efnahagslífi og arðvænlegir fjárfestingarmöguleikar. Ef ekki væri stjórnað hér með tilskipunum frá degi til dags og kollsteypum og allar siðaðra manna reglur brotnar í samskiptum ráðherra við þá sem undir valdsvið þeirra heyra.

Það hefur sjálfsagt ekki farið fram hjá þingmönnum hvorki nú né áður að ég hef miklar efasemdir um sjálfan grundvöll Evrópubandalagsins og grundvöll hins Evrópska efnahagssvæðis, þ.e. ég hef efasemdir um sjálfa hugmyndafræðina sem að baki býr. Ég á einfaldlega erfitt með að sætta mig við að fjármagnið og markaðurinn stjórni för, standi ofar mennsku okkar, svo vitnað sé frjálslega í þá ræðu sem flutt var yfir okkur þingmönnum við þingsetningarathöfnina í Dómkirkjunni. Að frelsi vöru og fjármagns sé æðra og

meira frelsi en frelsi einstaklinganna til að velja og hafna. Þeir sem kunna bara tvö pólitísk hugtök, frjálslyndi og stjórnlyndi, mundu sjálfsagt ekki geta gert betur en að flokka þessa afstöðu mína til stjórnlyndis. En mér er nær að halda að hún eigi meira skylt við stjórnleysi og rótgróna andúð á því að lúta valdi.

Innan EB er aftur á móti talsvert framboð af stjórnlyndu frjálslyndi, en þar ráða sósíaldemókratar miklu og eiga þar margan vellaunaðan bírókrat. Við þurfum þó ekki að fara til EB til að leita að þess konar stjórnlyndi, það lýsti langar leiðir af ræðu hæstv. utanrrh. og formanns Alþfl. á fimmtudaginn. Það þykja ekki merkileg skáld sem láta frasana hugsa fyrir sig og það eru heldur ekki merkilegir stjórnmálamenn eða stjórnmálaskríbentar sem það gera. Það hefur verið talsvert áberandi á undanförnum missirum, bæði í stjórnmálum og fjölmiðlum að menn velti sér upp úr hugtökunum frelsi og frjálslyndi, án þess að gefa nokkurn gaum að því sem að baki býr. EES er slíkum mönnum tákn um hvort tveggja. En ég spyr: Hvað á það skylt við frelsi eða frjálslyndi að þrýsta Almannavörnum ríkisins til að taka upp neyðarnúmerið 112? Af hverju megum við hér á landi ekki verða ásátt um að nota 0 eða 000 eða bara eitthvað allt annað númer, ef okkur hentar svo? Hvað á það skylt við frelsi og frjálslyndi að skikka okkur til að nota ákveðna tegund af innstungum eða eyrnarhlífum eða einhverju öðru sem til stendur að setja í staðla? Ekkert. Það má færa góð og gild rök fyrir því að þetta sé öruggast og hagkvæmast fyrir alla aðila, en ég frábið mér allt frelsishjal um slíka hluti.

Það má í raun færa sterkari rök fyrir því að hin heilaga krafa um einsleitni, sem er auðvitað ekki annað en andstaðan við fjölbreytni, feli í sér stjórnlyndi og frelsisskerðingu.

Í náttúrunni og á flestum sviðum mannlífsins er fjölbreytni talin kostur og ein af forsendum velsældar og frelsis. Í allri samrunaþróuninni í Evrópu þar sem aukin áhersla er á einsleitni er ástæða til að óttast um þessi gildi. Það er ástæða til að ætla að skatta- og efnahagsstefna leiti alls staðar í Evrópu í sama farið. Enginn þori að fara fram úr öðrum í velferðarmálum, umhverfismálum og öðrum málaflokkum sem kosta umtalsvert fé og skipta einstaklingana miklu. Þetta verði eins og stóru samflotin í kjaramálum, það gangi hvorki né reki að bæta lífskjörin af því að frumkvæðið fær ekki að njóta sín. Í því sambandi má vitna til löggjafar um umhverfismál í Danmörku. Danir segja að það hafi ekkert gerst í umhverfismálalöggjöf hjá þeim á undanförnum árum vegna þess að þeir eru alltaf að bíða eftir hinum ríkjunum í EB. Þeir bíða eftir því að hin ríkin nái þeim lögum sem Danir höfðu sett áður. Ég vil líka í þessu sambandi vitna bara til orða fjármálaráðherrans okkar í DV sl. laugardag. Þar kemur m.a. fram að hann er að íhuga og ríkisstjórnin íhugar skattalækkun og íhugar líka niðurskurð í velferðar- og menntunarmálum. Rökin eru þessi, með leyfi forseta:

„Eitt af því sem hlýtur að vera til skoðunar eru skattalögin. Við verðum að átta okkur á því að við erum að fara inn í samstarf við þjóðir þar sem skatthlutföll eru með öðrum hætti en hér á landi. Það kemur því að sjálfsögðu til greina að líkja eftir þeim skattalögum sem þar gilda og á þann hátt freista þess að íslensk atvinnufyrirtæki verði samkeppnishæf við þau."

Með öðrum orðum: Samlögunarferlið eða aðlögunarferlið er byrjað í skattamálum og yfirleitt endar það með því að menn sækja í það far að vera með svipaða löggjöf og þeir sem skemmst hafa gengið. Niðurskurður í velferðar- og menntamálum er í rauninni atlaga að þeirri þjónustu sem er styrkasta stoðin undir atvinnuþátttöku kvenna í öllum löndum.

Rök sem lúta að öllum þeim gæðum sem aðild að EES hafi upp á að bjóða ná því ekki mjög vel eyrum mínum. Ég held líka að þjóðin falli ekki fram og tilbiðji þá menn sem segja við hana: Allt þetta skal ég gefa þér. Þau rök, sem einna mest vægi hafa sem meðmæli með aðild að EES, eru að mínu viti þau að EB sé að verða eins og virki sem loki æ meira að sér. Það geti skapað umtalsverða erfiðleika fyrir smáríki eins og Ísland að verða viðskila við þá sem eru fyrir innan virkisveggina. Það er auðvitað hin raunverulega ástæða fyrir því að æ fleiri ríki sækja þangað inn. Það er lokunin. Ekki einhver „absolútt" gæði sem búi í EB og hvergi annars staðar. Og ég verð að hrósa hæstv. utanrrh. fyrir að hafa heldur dregið úr þar sem þykkast var smurt áður þegar hann og ekki síður kollegi hans í viðskrn. voru að reyna að selja þjóðinni þennan samning. Það hefur heldur verið þynnt lagið þar sem drýgst var smurt.

Stofnanaþáttur samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði hefur alla tíð vafist fyrir mér og hef ég ítrekað gert hann að umtalsefni hér í þingsalnum. Hef ég margsinnis bent á það framsal á valdi sem í honum felst og í umræðu sem hér fór fram í apríl sl. sagði ég m.a. að það ætti ekki að þurfa að deila um það hvort í honum fælist fullveldisframsal ef tekið væri mið af þeirri skilgreiningu sem lægi að baki íslenska fullveldinu frá 1918. Heldur ættu menn þá að deila um hitt hvort slíkt framsal væri óhjákvæmilegt og réttlætanlegt við núverandi aðstæður. Hvort efnahagslegar, pólitískar og sögulegar ástæður geri visst fullveldisframsal nauðsynlegt. Benti ég þingmönnum sérstaklega á að skoða hvernig fara á með deilumál á hinu Evrópska efnahagssvæði. Og því miður verð ég að segja að þessir varnaglar, sem ég sló þá í apríl, hafa, ef dæma má niðurstöður lögfræðinga, reynst réttir.

Með aðferðum hinnar pólitísku lögfræði, sem ef marka má Jón Steinar Gunnlaugsson miðast við að túlka lögin valdhöfunum í hag, má reyndar sýna fram á að lítið sem ekkert valdaframsal eigi sér stað á hinu Evrópska efnahagssvæði. Það sé a.m.k. svo vel afmarkað og lítt þyngjandi að réttlætanlegt hljóti að teljast. Þá sé í stjórnarskránni að finna meginreglur sem undantekningar séu frá, en ekki grundvallarreglur sem ekki megi sveigja. Í þessa veru rökfæra mætir lögfræðingar sem utanrrh. valdi til að gefa sér álit um málið.

Eins og Ragnar Aðalsteinsson, formaður Lögmannafélag Íslands, benti á eru þeir víða í áliti sínu á hálum ís og skauta hratt yfir. En það kann vel að vera

að þessi lögfræði standist fyrir dómstólum þó hún þyki hæpin í hugum venjulegs fólks. Á það ber þá að líta að stjórnarskráin var einu sinni sett venjulegu fólki til verndar.

Það mætti víða grípa niður í þessa álitsgerð fjórmenninganna og það hafa m.a. þeir ræðumenn gert sem hér hafa talað á undan mér. En það er ljóst af álitsgerðinni, eins og hér hefur verið bent á, að þeir telja að um visst valdaframsal sé að ræða, eða eins og segir hér á blaðsíðu 24:

„Við teljum að reglurnar um vald stofnana EFTA séu vel afmarkaðar og feli ekki í sér verulegt valdaframsal sem talið verði íþyngjandi í ríkum mæli. Verður að telja að stjórnarskráin heimili framsal stjórnvalds sem er takmarkað með þessum hætti og varðar milliríkjaviðskipti."

Með öðrum orðum kemur skýrt fram að þarna er um ákveðið framsal að ræða. Spurningin stendur þá um það hvort stjórnarskráin heimili slíkt eða ekki. Og eins og við vitum kom það bæði fram í álitsgerð Björns Þ. Guðmundssonar og Guðmundar Alfreðssonar að þeir voru þeirrar skoðunar að stjórnarskráin heimlaði alls ekki slíkt framsal.

Þá segir í þessari álitsgerð líka, undir liðnum Önnur atriði, með leyfi forseta:

„Þá er hugsanlegt að reynslan leiði í ljós að það reynist ekki rétt sem við byggjum á um framkvæmdarvaldið og dómsvaldið," — þar eru þeir að segja að það sé ekki framsal á framkvæmdarvaldi og dómsvaldi — „þ.e. að reglurnar um vald stofnana EFTA séu vel afmarkaðar, að þær feli ekki í sér verulegt valdaframsal og séu ekki í þyngjandi í ríkum mæli" — sem er þeirra niðurstaða. — „Einnig er hugsanlegt að í samkeppnismálum komi til meiri afskipta en hér er reiknað með. Við teljum ólíklegt að forsendur okkar að þessu leyti reynist rangar. Við teljum jafnframt að engin nauðsyn sé til að ráðast nú í breytingar á stjórnarskránni vegna þessa möguleika. Ef fram kemur síðar að slíkra breytinga sé þörf er Ísland að þjóðarétti skuldbundið til að gera þær."

Röksemdafærsla af þessu tagi er geysilega veik þegar við erum að tala um stjórnarskrá Íslands, hvort samningur sem við erum að gera standist stjórnarskrá Íslands. Enda viðurkenna þeir hér að það megi færa rök fyrir því að ýmislegt sem þeir hafa rakið í sinni álitsgerð standist ekki. Þeir segja, með leyfi forseta:

„Við teljum að vísu að færa megi nokkur rök gegn einstökum þáttum í því, sem hér að framan er rakið, en við teljum þó að niðurstöður okkar orki ekki tvímælis í þeim mæli að tilefni sé til að draga þá ályktun að samningarnir í heild leiði til þess að breyta þurfi stjórnarskránni, ef þeir taka gildi."

Í mínum huga er þetta mjög lítt afgerandi orðalag sem er að finna í þessari álitsgerð. Og að þeir skuli segja „að niðurstöður okkar orki ekki tvímælis í þeim mæli að tilefni sé til að draga þá ályktun að samningarnir í heild leiði til þess að breyta þurfi stjórnarskránni" er það veikt orðalag að það hlýtur að vinna með þeim efa sem er um stjórnarskrárþátt þessa máls.

En þetta er sem sagt ekki eina álitið sem fyrir liggur. Nýlega hafa komið fram tvö álit sem svara röksemdum fjórmenninganna. Hið fyrra er, eins og ég vék að áðan, frá Birni Þ. Guðmundssyni, prófessor í stjórnsýslurétti, og hið síðara frá Guðmundi Alfreðssyni þjóðréttarfræðingi. Þessi álit ganga bæði gegn áliti fjórmenninganna og það er skýr og ótvíræð niðurstaða þeirra beggja að svo mikill vafi leiki á því að samningurinn um EES standist gagnvart stjórnarskránni að ekki megi taka áhættuna af því að lögfesta hann að stjórnarskránni óbreyttri.

Hér væri hægt að færa fram margt úr álitsgerðum þessara manna og ég ætla í sjálfu sér ekki að gera það en menn hafa tínt ýmislegt til úr álitsgerð Guðmundar Alfreðssonar. Mig langar því aðeins að tæpa á örfáum atriðum sem koma fram í álitsgerð Björns Þ. Guðmundssonar. Um þessa skoðun fjórmenninganna, að stjórnarskráinn hafi inni að bera meginviðhorf, segir hann m.a., með leyfi forseta:

„Íslenska stjórnarskráin er ekki margorð. Hún hefur að geyma algjörar grundvallarreglur (danska grundprincip) stjórnskipunar okkar. Fara verður mjög varlega í að líta svo á að í henni felist venjulegar meginreglur eins og oft er sagt um almenn lög, sem svo ýmsar undantekningar séu frá, t.d. eins og í skattalögum." Þannig að hann svarar þeirri röksemd fjórmenninganna að hún feli í sér meginreglur með þessum hætti.

Þá má nefna hér af því að fjórmenningarnir komast að því að ekki sé um að ræða framsal á framkvæmdarvaldi í gegnum m.a. eftirlitsstofnun EFTA, þar sem þess séu dæmi að það hafi verið framselt vald til erlendra aðila, erlendra dómsvalda, með því að gera ýmsa dóma aðfararhæfa hér á landi. En þá segir Björn:

„Þess eru hins vegar engin dæmi að íslenskt framkvæmdarvald hafi í þessum skilningi verið framselt til erlends stjórnvalds. Þau þrjú dæmi sem fjórmenninganefndin tekur úr samningnum á sviði norrænnar samvinnu, til styrktar niðurstöðum sínum, falla ekki undir slíkt valdaframsal í skilningi stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar."

Áfram mætti halda með þessa álitsgerð og hér segir m.a.:

„Með EES-samningnum hefur íslenskur þegn afsalað sér þessu öllu" — þ.e. því að geta leitað til innlends stjórnvalds um það hvort dómur yfir honum standist — „til stofnana EFTA og EB. Þetta skiptir verulegu máli við mat á álitaefninu, því að stjórnarskráin er ekki eingöngu til að kveða á um stjórnskipun okkar heldur og ekki síður til að vernda réttindi þegnanna." Þetta held ég að menn ættu að hafa í huga við þessa umræðu. Þetta er ekki eingöngu til að vernda stjórnskipunina heldur líka til að vernda þegnana.

Við þetta dæmasafn mætti bæta ýmsu úr álitsgerð Guðmundar Alfreðssonar, en ég ætla að láta það bíða þar til við förum hér í stjórnarskrárumræðu um þetta mál. En ég get ekki látið hjá líða að nefna hér eitt dæmi úr álitsgerð sem Ólafur Walter Stefánsson, Stefán Már Stefánsson og Tryggvi Gunnarsson gerðu fyrir dómsmrh. og landbrrh. um EES og fasteignir á Íslandi. Af því að einn af álitshöfundum þar stóð líka að

þeirri álitsgerð sem unnin var fyrir utanrrh. þá vakti það athygli mína að kveðið er miklu fastar að orði í álitsgerðinni um fasteignir á Íslandi heldur en í hinni lögfræðilegu álitsgerð sem utanrrh. var skilað. Þar segir nefnilega, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af þessum ákvæðum" — það er búið að rekja ákveðin ákvæði í samningnum — „og að öðru leyti með hliðsjón af réttaröryggi og þeirri samræmingu á lagareglum sem stefnt er að með EES-samningnum verður að öðru jöfnu að teljast eðlilegt að líta svo á að EFTA-ríkin muni í raun taka við nýrri lagasetningu óbreyttri. Lagaflækjur sem af því leiddi að vissir hlutar EES-samningsins féllu úr gildi til bráðabirgða yrðu verulegar en auk þess má búast við því að slík réttarstaða ylli einstaklingum og lögaðilum á svæðinu réttaróvissu sem ekki yrði við unað. Því er hér gengið út frá því að innan EB sem slíks og annars staðar innan EES muni ekki aðeins gilda í aðalatriðum sömu efnisreglur við gildistöku samningsins heldur einnig eftir það."

Þeir benda sem sagt á það að lagaflækjurnar, sem af því yrðu ef ríki EFTA tækju ekki upp lagareglur Efnahagsbandalagsins, yrðu slíkar að ekki yrði við unað og skapaði réttaróvissu og stefndi réttaröryggi í vissa hættu.

Þar sem ég er að nefna hér þennan stjórnarskrárþátt málsins og þá umræðu sem hefur verið um hann á opinberum vettvangi, þá langar mig aðeins til að fjalla um orð utanrrh. sl. fimmtudag, sérstaklega þegar hann vitnaði til mín í máli sínu. Þau orð sem hann vitnaði til voru orð sem ég lét falla eftir að álit fjórmenninganna hafði verið kynnt utanrmn. Og það má segja að í samræmi við sitt stjórnlynda frjálslyndi hafi ráðherrann lagað orð mín svolítið til þannig að þau féllu betur að efni ræðu hans og hentuðu Alþýðublaðinu betur. Það sem ég sagði var að það álit fjórmenninganna að samningurinn stæðist stjórnarskrána væri enginn hæstiréttur. Að álit fjórmenninganna væri enginn hæstiréttur. Eins og önnur hugvísindi væri lögfræðin opin fyrir túlkunum. Aðrir lögfræðingar hefðu aðra skoðun en fjórmenningarnir svo stjórnmálamenn stæðu eftir sem áður uppi með vafann og yrðu að taka pólitíska ákvörðun í málinu en ekki pólitíska afstöðu til málsins eins og utanrrh. leggur mér í munn. Ég sagði t.d. í DV þann 8. júlí sl.: „Við fáum ekki lögfræðinga til að úrskurða af eða á, það þarf að taka pólitíska ákvörðun. Ef vafinn er stór þá verður að leggja fram tillögu um breytingu á stjórnarskránni." Þetta voru orð mín, „taka pólitíska ákvörðun". Og hún verður auðvitað ekki tekin annars staðar en hér á Alþingi og við verðum síðan að vega og meta þær álitsgerðir sem fyrir liggja.

Frá því þetta var sagt hefur vafinn aukist. Tvær álitsgerðir hafa komið fram eins og vitnað var til hér áður sem eru beinlínis andsvör við og gagnrýni á álitsgerð fjórmenninganna sem þá lá ein fyrir. Við þingmenn þurfum í sjálfu sér ekki að taka afstöðu til þess hver þeirra er rétt eða réttust. Við þurfum bara að taka afstöðu til vafans. Er vafinn það lítill að ekki þurfi að hafa af honum áhyggjur? Eða er hann það mikill að ekki sé réttlætanlegt að hleypa honum ekki að sér vegna pólitískrar afstöðu til EES-samningsins? Þetta er sú afstaða sem við þingmenn verðum að gera upp við okkur. Við þurfum að taka afstöðu til vafans. Er hann lítill eða er hann mikill? Burt séð frá því hvað okkur finnst svo persónulega rétt eða rangt í þessum málum.

Umfjöllun utanrrh. um vafann í framsöguræðu hans sl. fimmtudag bendir til að utanrrh. hafi vondan málstað að verja. Svo langt er seilst í röksemdafærslunni. Mig langar til að vitna hér til orða hans, með leyfi forseta. Hann sagði:

„Eins og þingheimur veit mætavel er því oft haldið fram í pólitískri umræðu að eitt eða annað í löggjöf eða stjórnarframkvæmd samrýmist ekki stjórnarskránni. Það væri óðs manns æði að ætla sér að fylgja þessari vafakenningu og breyta stjórnarskránni í hvert sinn er slíkar raddir heyrast." Og hann heldur áfram: „Hér má nefna að prófessor Sigurður Líndal hefur haldið því fram nú nýlega að ýmis atriði í stjórnkerfi búvöruframleiðslunnar og sjávarútvegsins brjóti í bága við stjórnarskrána. Ef vafakenningunni er fylgt út í æsar er þá væntanlega rétt að breyta stjórnarskránni tafarlaust og eyða þessum vafa. Ég hef ekki heyrt nokkurn þingmann halda því fram að það beri að gera. Álit prófessors Sigurðar Líndals verður hins vegar að sjálfsögðu haft til hliðsjónar þegar kemur að endurskoðun á stjórnkerfi fyrrnefndra atvinnugreina."

Stjórnlyndi utanrrh. er svo algert að honum dettur ekki annað í hug en að ef rök bendi til þess að lög sett á Alþingi stangist á við stjórnarskrána þá liggi beinast við að breyta stjórnarskránni en ekki lögunum. Breyta stjórnarskránni en ekki lögunum. Það er það fyrsta sem kemur upp í huga hans. Það má ekki hrófla hér við mannanna verkum á Alþingi þann tíma sem hann hefur hér setið. Væri ekki miklu viðurhlutaminna að endurskoða lögin? Er ráðherrann ekki sammála um að sú leið væri greiðfærari en að fara í stjórnarskrárbreytingu þó að röksemdir af þessu tagi, eins og hjá Sigurði Líndal, komi fram.

Vandamálið varðandi EES-samninginn er hins vegar annars eðlis. Við getum nefnilega ekki breytt samningnum þannig að enginn vafi leiki á því að hann standist stjórnarskrána. Þó við gjarnan vildum fara þá einföldu leið og breyta samningnum þannig að við getum verið viss um að hann standist stjórnarskrána, þá er sú leið ekki fær. Samningurinn er frágenginn og við getum aðeins gert annað tveggja: Hafnað honum eða samþykkt og ég segi að breyttri stjórnarskrá þá.

Dæmið sem ráðherra nefndi í ræðu sinni, þ.e. tilvitnunin í Sigurð Líndal, er í rauninni afspyrnuvont vegna þess að þetta dæmi er annars eðlis. Þar er bara um einfalt lagasukk íslenskra stjórnvalda að ræða, ekki alþjóðlegan samning sem ekki má hrófla við.

Talandi um lagasukk þá er rétt að víkja aðeins að þeim flókna lagavef sem umlykur allan stofnanaþátt samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Eins og menn vita verður EB-réttur, eins og hann er tekinn upp í samningnum, ríkjandi réttur hér á landi í þeim málum sem eru á samningssviðinu. Er mjög skýrt kveðið á um þetta í bókun 35 og í 3. gr. frv. Í þessu sam-

bandi er reyndar rétt að vekja athygli á þeirri ábendingu Guðmundar Alfreðssonar að 3. gr. frv. gangi skemur en bókun 35 og því sé greinin ekki stjórnskipulega marktæk. Ég ætla að leyfa mér að vitna hér í þessi orð Guðmundar. Hann segir, með leyfi forseta:

„Miðað við orðalag og tilgang bókunar 35, sem er hluti af milliríkjasamningi, er hér alls ekki um túlkunarreglur að ræða“ — þ.e. að túlka beri lög í samræmi við hið Evrópska efnahagssvæði — „heldur skyldu eða skuldbindingu. Sem skuldbinding getur hún ekki talist stjórnskipulega marktæk eins og áður sagði. 3. gr. lagafrv. um túlkunarreglu einvörðungu gengur hins vegar skemur en milliríkjasamningurinn og brýtur sennilega ekki í bága við stjórnarskrána, en hún er ekki í samræmi við þjóðréttarskuldbindinguna. Það er hætt við því að í deilumálum mundu dómstólar EES og EB taka mið af þjóðaréttinum.“

Í þessu sambandi má geta þess að á fundum hjá þingmannanefnd EFTA hefur m.a þetta mál komið upp. Og þar hafa menn, t.d. Mats Hellström, sósíaldemókrati frá Svíþjóð, orðað það að þingmenn EFTA-ríkjanna þyrftu að hafa með sér eitthvert samráð um það hvernig þetta er tekið upp í einstök frv. vegna þess að það virðist vera mismunandi með hvaða hætti menn ætla að lögtaka það að EB-rétturinn eigi að hafa forgang umfram landsrétt. Og ég held að það væri ástæða fyrir utanrmn. að skoða það sérstaklega hvernig menn setja þessa reglu í frv. einstakra EFTA-ríkja.

Þessu til viðbótar má nefna að mörg ákvæði EES-samningsins fá bein réttaráhrif hér á landi, þ.e. menn geta skapað sér réttarstöðu með tilvísun til þeirra, byggt kröfu á þessum ákvæðum samningsins. Þetta er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt. Það er ekkert óeðlilegt að menn geti skapað sér ákveðna réttarstöðu með tilvísun til milliríkjasamnings sem Ísland er aðili að. Það óeðlilega er að túlkun EB-dómstólsins, sem við Íslendingar eigum enga aðild að, skuli fá bein réttaráhrif hér á landi, en það gerist þegar EES-ákvæði, þ.e. ákvæði sem eru í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði, eru efnislega samhljóða ákvæðum Rómarsáttmálans. Þessi réttaráhrif verða augljós þegar 6. gr. samningsins er lesin og 3. og 4. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA. 6. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni ber við framkvæmd og beitingu ákvæða samnings þessa að túlka þau í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp fyrir undirritunardag samnings þessa, ...“ — Þar er það sem sagt tekið fram „fyrir undirritunardag samnings þessa“.

Í 3. gr. samningsins um stofnun eftirlitsstofnana og dómstól EFTA, segir í 2. lið:

„Við túlkun og beitingu EES-samningsins og samnings þessa skulu eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóllinn taka tilhlýðilegt tillit til þeirra meginreglna sem mælt er fyrir um í viðkomandi úrskurðum dómstóls Evrópubandalaganna sem kveðnir eru upp eftir undirritunardag EES-samningsins ...“ — Þar er það komið inn að taka skuli tillit til þeirra dóma sem kveðnir eru upp í Efnahagsbandalaginu eftir undirritunardag þessa samnings.

Það hefur komið á daginn að lagavefur samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði er svo flókinn að lögspekingar eiga ekki auðvelt með að finna leið í gegnum hann, hvað þá leikmenn í fræðunum. Og eins og Björn Bjarnason, nýkjörinn formaður utanrmn., benti réttilega á í grein um Evrópska efnahagssvæðið skömmu fyrir síðustu kosningar, þá má færa rök fyrir því að óskýrar réttarreglur vegi að fullveldi þjóða. Ég vil svo bæta því við að þær draga líka úr réttaröryggi. Við skulum taka dæmi: Lögspekingar segja að sá hluti samningsins sem er fullgiltur samkvæmt 1. gr. frv. — 1. gr. frv. kveður á um það að ákveðinn hluti þessa samnings skuli fullgiltur — hafi aðeins gildi að þjóðarétti og bindi þar af leiðandi aðeins íslenska ríkið. Þetta á við um flesta viðauka og gerðir sem þar er vísað til. Hins vegar hafi sá hluti sem er lögtekinn skv. 2. gr. frv. gildi að landsrétti og nái þar af leiðandi til einstaklinga og lögaðila. Ef eitthvað í viðaukanum eigi að fá gildi að landsrétti þurfi því að lögtaka það í sérstökum fylgifrumvörpum.

Í 7. gr. samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði segir engu að síður að allar gerðir sem vísað sé til í viðaukunum skuli teknar upp í landsrétt og í 119. gr. segir, eins og hér hefur verið vitnað til áður:

„Viðaukar, svo og gerðir sem vísað er til í þeim og aðlagaðar eru vegna samnings þessa, skulu auk bókana vera óaðskiljanlegur hluti samningsins.“

Hv. 4. þm. Austurl. vék að því hér á fimmtudaginn að þessir viðaukar, sem eru óaðskiljanlegur hluti samningsins, liggi ekki enn fyrir og það er rétt. En það er ástæða til fyrir menn að hafa það í huga að viðaukarnir, bókanirnar, eru óaðskiljanlegur hluti samningsins.

Með öðrum orðum: Viðaukar, sem okkur er sagt að öðlist ekki gildi að landsrétti af því þeir eru bara fullgiltir ekki lögteknir, eru engu að síður óaðskiljanlegur hluti samningsins, samkvæmt orðum samningsins sjálfs. Þessi skilningur, að viðaukarnir séu óaðskiljanlegur hluti samningsins, er lögfestur með lögtöku meginmáls samningsins, því það á að lögtaka meginmál þessa samnings með þessum skilningi að viðaukarnir séu óaðskiljanlegur hluti. Þegar svo er kveðið á um það ítrekað í samningnum og víðar að skýra beri landslög og reglur til samræmis við samninginn þá á það við um samninginn allan, líka viðaukana. Það á að skýra lög, landslög og reglur til samræmis við samninginn allan, viðaukana líka.

Skerðing á réttaröryggi, sem ég vék að áðan, á ekki bara rót sína að rekja til þess að lagavefurinn sem hér er um að ræða er flókinn. Það hefur sitt að segja hvernig Alþingi stendur að því að lögtaka gerðir EB. Áhugamönnum um hið Evrópska efnahagssvæði, ekki bara hér á landi, þetta á auðvitað við um öll EFTA-ríkin, er umhugað að stytta sér leið í þessu máli og þeir gera það m.a. með bókun 1, bókuninni um hina altæku aðlögun sem svo er kölluð. Með þeirri bókun víkja þeir sér undan því að umskrifa gerðir EB með tilliti til EES. Ef vel ætti að vera ættu þeir auðvitað að taka gerðirnar og taka út alls staðar þar sem stendur

EB og setja þar inn EES og setja inn viðeigandi yfirvöld á Evrópska efnahagssvæðinu, en þeir gera það ekki. Þeir taka gerðirnar allar eins og þær koma fyrir af kúnni og gefa svo út lesleiðbeiningar í bókun 1, bókuninni um hina altæku aðlögun. Allt þetta verður svo vægast sagt sérkennilegt þegar Íslendingar lögtaka í heilu lagi EB-gerð sem þeir þurfa svo að læra að lesa og túlka út frá EES. Ég ætla að nefna dæmi um það hvernig þessi lögtaka á að fara fram, eða menn eru með hugmyndir um það hvernig þetta eigi að fara fram. Fyrir Alþingi liggja nú nokkur frv. sem sum hver eru vægast sagt sérkennileg, sérstaklega þegar þetta er haft í huga, og ég ætla að nefna hér tvö. Það er frv. til laga um frjálsa för launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins og frv. til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða íslenskt ríkisfang vegna aðildar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Það nægir að vitna hér til frv. um frjálsa för launafólks. 1. gr. þess frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í 2. tölul. 5. viðauka, reglugerð 1612/68 EBE, eins og henni var breytt með reglugerð 312/76 EBE, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, skal hafa lagagildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af 5. viðauka bókun 1 [það er lesleiðbeiningin, bókun 1] við samninginn og öðrum ákvæðum samningsins. Reglugerðir EBE þar sem vísað er til í 1. mgr. eru prentaðar sem fylgiskjal með lögum þessum."

Síðan kemur 2. gr. um þriggja manna nefnd sem á að skipa til að hafa eftirlit með framkvæmd þessara laga, þá kemur 3. gr. sem segir að ráðherra geti með reglugerð gefið nánari fyrirmæli og svo 4. gr. um að lögin öðlist gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlist gildi að því er Ísland varðar.

Svona líta þessi frv. nú út, þ.e. í 1. gr. erum við að lögtaka gerðir Efnahagsbandalagsins eins og þær eru skrifaðar af Efnahagsbandalaginu og það er vísað til þess hvernig við eigum að lesa þessar gerðir vegna þess að bókun 1 er tekin hér inn í 1. gr. (**Forseti:** Forseti verður að biðja hv. þm. að fresta ræðu sinni ef ekki er komið að því að hún ljúki henni. Ekki hefur náðst samkomulag um að halda hér áfram svolítið lengur til þess að hv. þm. geti lokið sinni ræðu og sá sem næstur er á mælendaskrá sem til stóð að mundi ljúka sinni ræðu í dag. Því verður fundinum frestað núna ef hv. þm. vildi fresta sinni ræðu.)

Ég skal fúslega verða við því, ég á enn svolítið eftir þannig að það duga mér ekki neinar örfáar mínútur til að ljúka máli mínu svo ég fresta að sjálfsögðu ræðunni.

Umræðu frestað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

7. FUNDUR

þriðjudaginn 25. ágúst,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi höfðu:

Eiður Guðnason, umhvrh.,
Jón Sigurðsson, viðskrh.

Útbýting þingskjala:

Staða samþykkta EB um mitt ár 1991, 33. mál, fsp. KE, þskj. 34.

Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, 34. mál, stjfrv., þskj. 35.

Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, 32. mál, stjfrv., þskj. 33.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Tilkynning hefur borist um kjör eftirtalinna embættismanna í fastanefndum Alþingis:

Samgn.: Formaður Pálmi Jónsson, varaformaður Sigbjörn Gunnarsson.

Félmn.: Formaður Rannveig Guðmundsdóttir, varaformaður Guðjón Guðmundsson.

Allshn.: Formaður Sólveig Pétursdóttir, varaformaður Sigbjörn Gunnarsson.

Heilbr.- og trn.: Formaður Sigbjörn Gunnarsson, varaformaður Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Sjútvn.: Formaður Matthías Bjarnason, varaformaður Össur Skarphéðinsson.

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (frh.):

Virðulegi forseti. Þegar ég gerði hlé á máli mínu í gær, þá var ég að tala um hinn flókna lagavef sem mun ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu. Ég ræddi m.a. um það hvernig íslensk stjórnvöld hygðust standa að lögtöku ýmissa gerða Efnahagsbandalagsins og sem að mínu mati er algerlega ófullnægjandi þar sem á að taka í lög með einni grein heilmiklar reglugerðir frá Efnahagsbandalaginu.

Ég ræddi líka lítillega um réttaráhrif dóma EB-dómstólsins og mig langar til þess að fara örlítið nánar út í þau mál hér. Menn hafa auglýst eftir þessum dóm-

um og sagt að nauðsynlegt sé að þeir liggi fyrir í íslenskri þýðingu þar sem þeir munu hafa bein réttaráhrif hér á Íslandi ef Evrópska efnahagssvæðið verður að veruleika. Aðrir hafa haldið því fram að þessir dómar séu bara lögskýringargögn og þar af leiðandi dugi að hafa þau tiltæk á erlendum tungumálum. Ég vil hins vegar halda því fram að þessir dómar muni hafa bein réttaráhrif hér á landi, að einstaklingar muni geta sótt sinn rétt á grundvelli þeirra og ég ætla að rökstyðja það aðeins nánar.

Í þessum umræðum, bæði í nefndum þingsins og hér á þingi, hefur mikið verið fjallað um hina svokölluðu bókun 35 og hún hefur m.a. komið fyrir í öllum þeim lögfræðilegu álitsgerðum sem við höfum séð. Í bókun 35 er stök grein sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna tilvika þar sem getur komið til árekstra á milli EES-reglna sem komnar eru til framkvæmdar og annarra settra laga, skuldbinda EFTA-ríkin sig til að setja, ef þörf krefur, lagaákvæði þess efnis að EES-reglur gildi í þeim tilvikum."

Þetta orðalag er mjög óyggjandi, þ.e. þau skuldbinda sig til að setja lagaákvæði sem gefi EES-reglum forgang.

Íslenska ríkisstjórnin hefur farið þá leið í frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið að lögtaka þetta í 3. gr. frv. með þessum hætti, með leyfi forseta: „Skýra skal lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja."

Þetta orðalag er alls ekki eins óyggjandi og bókun 35 og Guðmundur Alferðsson bendir einmitt á það í sinni álitsgerð að það sé varla stjórnarfarslega marktækt að gera þetta með þessum hætti. Ég er alveg sannfærð um það að ef af þessu verður einhver málarekstur, þá muni bókunin gilda gagnvart EFTA-dómstólnum. EFTA-dómstóllinn mun notast við bókunina þegar hann fjallar um þetta mál en ekki frumvarpsgreinina eins og hún hljómar hér á landi.

Ég talaði um að EB-dómar hefðu bein réttaráhrif. Við skulum ímynda okkur að íslenskur einstaklingur telji á sér brotinn rétt og sæki sinn rétt byggðan á EES-reglum, þ.e. hann telji að íslensk stjórnvöld eða íslenskir aðilar fari ekki að eða hafi ekki lögtekið EES-reglur með einhverjum hætti eða fari ekki eftir þeim og hann sækir sinn rétt út frá þessum reglum og þessar reglur sem hann er að byggja sinn rétt á séu efnislega samhljóða reglum hjá Efnahagsbandalaginu, EB-reglum. Málið færi fyrir íslenskan dómstól og það er ákvæði um það og heimild til þess í samningnum að íslenskur dómstóll geti leitað eftir forúrskurði hjá EFTA-dómstólnum og það getur verið á báðum dómstigum. Það er auðvitað engin skylda að gera þetta en við skulum setja sem svo að dómstóllinn nýti sér þessa heimild til að leita eftir forúrskurði hjá EFTA-dómstólnum. Fái EFTA-dómstóllinn slíka beiðni um túlkun á efnisgrein EES-samningsins eða reglna sem af honum leiða og þessi efnisgrein sé samhljóða efnisgrein hjá Efnahagsbandalaginu, þá kannar EFTA-dómstóllinn náttúrlega dóma EB-dómstólsins, enda er 3. gr. samningsins um EFTA-dómstólinn á þá leið að honum beri að taka fullt tillit til dómsúrlausna EB-dómstólsins. Þar af leiðandi þegar hann fer að búa til sinn forúrskurð, þá leitar hann auðvitað til þess hvernig EB-dómstóllinn túlkar þessar tilteknu reglur. Forúrskurðurinn byggir því væntanlega á dómapraxís EB-dómstólsins. Hann getur varla gert annað.

Þá geta menn auðvitað sagt að íslenskir dómstólar séu ekki bundnir af forúrskurði EFTA-dómstólsins og það er alveg rétt, þeir eru ekki bundnir, þeir eru ekki skyldugir til þess að fara eftir honum. En ef litið er á bókun 35 sem ég las hérna áðan, þá verður ekki séð hvernig þeir komast fram hjá því að fara eftir þessum forúrskurðum vegna þess að bókunin kveður skýrt á um það að EES-reglur eigi að gilda þar sem til árekstra komi.

Að auki má benda á það að eitt af verkefnum hinnar sameiginlegu EES-nefndar á m.a. að vera að tryggja einsleitni í túlkun EB- og EES-reglna, þ.e. að þær séu ekki túlkaðar mismunandi, hjá Efnahagsbandalaginu og svo hjá EFTA-ríkjunum. Komi upp misræmi í túlkun t.d. dómstólanna, EB-dómstólsins og EFTA-dómstólsins, þá á sameiginlega EES-nefndin að hafa áhrif á þennan dómapraxís. Hún á að reyna að sjá til þess að ekki sé þarna mismunur á túlkun. Það sem hlýtur að leiða af þessu er að hún hafi áhrif á EFTA-dómstólinn, ekki EB-dómstólinn vegna þess að EB hefur gert skýra bókun um það í þessum samningi að niðurstaða sameiginlegu EES-nefndarinnar megi ekki hafa áhrif á fordæmisrétt EB-dómstólsins og þá stendur bara eftir EFTA-dómstóllinn. Og talandi um fordæmisrétt EB-dómstólsins, þá verðum við líka að hafa í huga að ef þetta á að notast hér á landi til að túlka lög og reglur sem leiða af samningnum, þá er EB-dómstóllinn það sem kallað er „prógressívur" dómstóll, þ.e. hann dæmir út frá markmiðum Efnahagsbandalagsins og markmið Efnahagsbandalagsins er aukinn samruni.

En af hverju er ég nú að rekja þetta hér? Ástæðan er sú að þegar þetta er allt lesið saman, greinar 105 og 111 í samningnum, bókanir Efnahagsbandalagsins vegna þessara greina, bókun 35, bókun um forúrskurði EFTA-dómstólsins, grein 3 í samningnum um EFTA-dómstólinn og 3. gr. frv., þegar þetta allt er lesið saman, þá er niðurstaðan sú að hér er á ferðinni mjög flókinn vefur sem hylur þá staðreynd að það er EB-dómstóllinn sem ræður för. Það eru hans dómar sem blífa. Og þeir hafa þar af leiðandi bein réttaráhrif.

Það má hugsanlega færa fyrir því ákveðin rök að formsatriðum sé fullnægt, þ.e. að dómsvald sé formlega ekki flutt úr landi vegna þess að öllum formsatriðum sé til haga haldið eins og að íslenskir dómstólar séu ekki bundir af forúrskurðum o.s.frv. En efnislega er ákveðið dómsvald flutt úr landi og sömu sögu er að segja um löggjafarvaldið. Efnislega er löggjafarvald flutt úr landi á málasviði samningsins. Það má segja að formlega séð þurfi Alþingi að samþykkja eða synja. En það er EB eitt sem getur haft frumkvæði að nýjum lögum sem gilda eiga á Evrópska efnahagssvæðinu og við getum einungis samþykkt eða synjað.

Ég vitnaði hér í gær í álit fjórmenninganna og ég

ætla að gera það aftur vegna þess að það er orðið athyglisvert í dag í ljósi greinar sem birtist í Morgunblaðinu nú í dag eftir Lúðvík Ingvarsson, fyrrv. prófessor við Háskóla Íslands. Þetta tiltekna atriði sem ég vitnaði í í álitsgerð fjórmenninganna hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við teljum að vísu að færa megi nokkur rök gegn einstökum þáttum í því sem hér að framan er rakið," þ.e. í þeirra niðurstöðu, í þeirra álitsgerð, „en við teljum þó að niðurstöður okkar orki ekki tvímælis í þeim mæli að tilefni sé til að draga þá ályktun að samningarnir í heild leiði til þess að breyta þurfi stjórnarskránni ef þeir taka gildi." Og svo halda þeir áfram og segja: „Þá er hugsanlegt að reynslan leiði í ljós að það reynist ekki rétt sem við byggjum á um framkvæmdarvaldið og dómsvaldið." Og síðan segja þeir hvað það er, á hverju þeir byggja. Og áfram halda þeir: „Einnig er hugsanlegt að í samkeppnismálum komi til meiri afskipta en hér er reiknað með. Við teljum ólíklegt að forsendur okkar að þessu leyti reynist rangar." — Þeir telja ólíklegt að þær reynist rangar, en þeir telja það ekki óyggjandi. — „Við teljum jafnframt að engin nauðsyn sé til þess að ráðast nú í breytingar á stjórnarskránni vegna þessa möguleika. Ef fram kemur síðar að slíkra breytinga sé þörf, er Ísland að þjóðarétti skuldbundið til að gera þær."

Þessi tilvitnuðu orð fjórmenninganna verða mjög athyglisverð, eins og ég sagði, í ljósi þessarar greinar eftir Lúðvík Ingvarsson sem birtist í Morgunblaðinu í dag og það er kannski ástæða til þess að geta þess einmitt í sambandi við grein Lúðvíks að hann vitnar í Bjarna Benediktsson, fyrrum formann Sjálfstfl., en þegar Bjarni Benediktsson talaði hér á Alþingi sem formaður Sjálfstfl. og sem ráðherra, forsrh., dómsmrh., þá var það ekki aðeins sem stjórnlagaprófessor heldur sem stjórnmálamaður. Hann var ekki að gefa fræðilegt álit þegar hann stóð í þessum ræðustól og fjallaði um mál heldur að tala sem stjórnmálamaður og það kemur einmitt skýrt fram í grein Lúðvíks og hann rekur það svolítið.

Það var dálítið athyglisvert að Lúðvík skyldi einmitt gera Bjarna Benediktsson að umtalsefni í þessari grein vegna þess að honum hefur kannski hvað mest verið hampað hér af utanrrh. í þessari umræðu allri um stjórnarskrármálið, um þjóðaratkvæðagreiðslu og annað slíkt. Hér er ítrekað vitnað til hans eins og einhvers leiðtoga Alþfl. í þessum málum og satt að segja hljómaði það dálítið sérkennilega.

En ég ætla að lesa hérna nokkur atriði úr grein Lúðvíks. Hann fjallar um mannréttindasáttmálann sem menn hafa ekki verið á eitt sáttir um hvort stæðist stjórnarskrá eða ekki. Og hann vitnar hér m.a. í Bjarna Benediktsson sem var dómsmrh. þegar samningurinn var samþykktur hér á Alþingi, reyndar bara með þingsályktun, og talaði Bjarni Benediktsson fyrir málinu. Lúðvík segir að með samningsgerðinni, þ.e. þegar Íslendingar gerðust aðilar að Mannréttindasáttmála Evrópu, hafi verið á tvennan hátt brotið gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar. Hann segir:

„Í sáttmálanum er erlendum dómstóli veitt æðsta dómsvald um íslensk málefni á tilteknu sviði, þar sem Hæstiréttur Íslands var áður æðsta dómstig."

Síðan vitnar hann til þess að Alþingi hafi samþykkt gildistöku mannréttindasáttmálans með þingsályktun en í 59. gr. stjórnarskrárinnar segir:

„Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum."

Það hefur sem sagt ekki staðist að samþykkja samninginn með einfaldri þingsályktun og þá hafi það heldur ekki staðist að samþykkja það dómsvald sem Mannréttindasáttmálinn felur í sér að óbreyttri stjórnarskrá. Síðan segir hann, með leyfi forseta:

„Frá upphafi bar Mannréttindasáttmáli Evrópu það með sér," — hann segir frá upphafi — „að í honum fólst afsal ríkisvalds, þ.e. dómsvalds á því réttarsviði sem hann fjallar um. Má t.d. um þetta benda á 49., 52. og 53. gr. sáttmálans. Hann geymir reyndar líka ákvæði sem fela í sér að erlent stjórnvald er að nokkru leyti sett yfir íslenska handhafa löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, sbr. 32. gr." Og svo segir hann:

„Í hæstaréttardóminum, sem vitnað er til fyrr í þessari grein, segja dómendur að af ræðu dómsmálaráðherrans [þ.e. Bjarna Benediktssonar] verði ráðið að ríkisstjórnin hafi talið að Mannréttindasáttmáli Evrópuráðsins hafi verið í samræmi við íslensk lög þegar hann var gerður, en eftir það hafi mörg ákvæði hans verið nánar skýrð við meðferð kærumála." — Sem sagt sama og gæti gerst með þennan samning um Evrópskt efnahagssvæði. Ýmis ákvæði yrðu nánar skýrð og þá yrði það lýðum ljóst að þarna væri um brot á stjórnarskrá að ræða. En hann heldur því hins vegar fram að þetta hafi í rauninni blasað við í upphafi rétt eins og gerist með samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Og svo segir hann:

„Dómsmálaráðherrann hefir ekki veitt því athygli að ákvæði sáttmálans gátu rekist á lögboðna meðferð opinberra mála í héraði ..." Og áfram heldur hann:

„Mörgum mun finnast að aðild að Mannréttindasáttmála Evrópuráðsins hafi hingað til aðeins leitt gott af sér fyrir Íslendinga þrátt fyrir það að aðildin hafi aldrei verið samþykkt á Alþingi með löglegum hætti. Af þessu mega þeir, sem þykir aðildin góð, ekki draga þá ályktun að allir milliríkjasamningar, sem samþykktir verða með ólöglegum hætti á Alþingi, muni aðeins leiða til góðs." Og hann segir:

„Mistökin, sem urðu við samþykkt aðildarinnar að sáttmálanum, eiga að vera öllum en þó einkum handhöfum löggjafarvaldsins, alþingismönnum og forseta Íslands, alvarleg áminning um að viðhafa alla gát þegar gerðir eru milliríkjasamningar sem e.t.v. stríða gegn stjórnarskránni."

Þetta eru sem sagt orð Lúðvíks Ingvarssonar og hann boðar í lok þessarar greinar aðra grein þar sem hann segist ætla að ræða um eiðfestan trúnað handhafa löggjafarvalds við stjórnarskrána og það verður fróðlegt að sjá að hvaða niðurstöðu hann kemst í því máli.

Ég hef fjallað um þennan flókna lagavef sem er á Evrópska efnahagssvæðinu og ég hef haldið því fram að hann dragi úr réttaröryggi eins og hann blasir við. Við vitum að íslenskir lögfræðingar kvarta mjög und-

an því og ég man eftir því að síðast sá ég það held ég í einhverri grein eftir Davíð Þór Björgvinsson, sem reyndar er einn af þeim sem hefur gefið álit á stjórnarskrárþætti málsins, að hann kvartaði undan því hvað íslenskur almenningur þekki illa rétt sinn. Ef svo er, ef íslenskur almenningur þekkir illa rétt sinn, þá hlýtur maður að spyrja hvernig það verði þegar Evrópska efnahagssvæðið verður að veruleika. Hversu vel mun fólk þá þekkja sinn rétt? Ég er hrædd um að það muni þekkja hann ansi illa.

Ég hef í ræðu minni nær eingöngu dvalið við meginlínur samningsins en ekki farið út í einstaka þætti hans fyrir utan stofnanaþáttinn. Þegar samningurinn er lesinn vakna hins vegar auðvitað ótal spurningar sem enn hafa engin svör fengist við jafnvel þó maður hafi haft tækifæri til að bera spurningarnar upp. Því svo virðist nefnilega sem flest það sem vitað er um samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði hafi verið sett á prent og þess vegna fást fá skýr svör við öllum þeim spurningum sem vakna þegar hinn prentaði texti er lesinn. Þar er öll vitneskjan saman komin. Ég skal nefna nokkur dæmi um spurningar sem varpað hefur verið fram en ekki fengist viðhlítandi svör við.

Í fyrsta lagi hefur sú spurning verið borin upp, bæði í utanrmn. og að því er ég held í efh.- og viðskn., hvort Íslendingum sé heimilt samkvæmt samningnum að viðhalda núverandi skipulagi í sölu- og markaðsmálum í sjávarútvegi. Hvort það standist samninginn að enginn geti selt eða flutt úr landi saltsíld nema hljóta til þess löggildingu síldarútvegsnefndar. Hvort Sölusamtök íslenskra fiskframleiðenda, þ.e. SÍF standist ákvæði þessa samnings. Svörin hafa vísað til beggja átta. Þau hafa bæði verið já og nei.

Ástæðan fyrir því að um þetta er spurt er 4. gr. í bókun 9, en það er sjávarútvegsbókunin og sameiginleg yfirlýsing samningsaðila um túlkun þessarar sjávarútvegsbókunar. 2. tölul. í þessari 4. gr. sjávarútvegsbókunarinnar hljóðar svo:

„Löggjöf varðandi markaðsskipulag sjávarútvegs skal breytt þannig að hún raski ekki samkeppni."

Þetta er í rauninni nokkuð opið en síðan er til sameiginleg yfirlýsing um samþykkta túlkun á 1. og 2. mgr. 4. gr. bókunar 9 um viðskipti með fisk og aðrar sjávarafurðir. Og þetta er kannski dálítið dæmigert fyrir hvernig maður þarf að lesa sig í gegnum þennan samning. Þetta er eins og „babúska", það er alltaf eitt inni í öðru og erfitt að komast að kjarnanum. Þar er sem sagt til ákveðin túlkun og hún er svona:

„Enda þótt EFTA-ríkin taki ekki upp réttarreglur bandalagsins varðandi sjávarútvegsstefnuna er litið svo á, þar sem vísað er til löggjafar um markaðsskipulag, að röskun á samkeppni sem rekja má til slíkrar löggjafar verði metin í tengslum við meginreglur í réttarreglum bandalagsins varðandi sameiginlegt markaðsskipulag."

Ég verð að játa það að ég þarf eiginlega að fá lesleiðbeiningar við þennan texta því hann er ekki gegnsær og ekki auðvelt að skilja nákvæmlega hvað þarna er átt við. En sú spurning hlýtur að vakna, og ég óska eftir því að fá skýr svör um það frá utanrrh. — og ég veit að það er ekki bara á mínum vörum — hvort heimilt sé að viðhalda þessu skipulagi eða ekki. Það hlýtur bara að vera annaðhvort já eða nei.

Í öðru lagi hafa menn ekki verið á eitt sáttir um það hvernig túlka beri 9. gr. bókunar 3 um landbúnaðarvörur. Bókun 3 er um landbúnaðarvörur. Bændasamtökin óttast að vegna orðanna hljóðan í bókuninni og viðbætis við hana verði ekki heimilt að leggja breytileg jöfnunargjöld á innfluttar mjólkurvörur, fyrst og fremst jógúrt. Ástæðan fyrir þessum ótta bændastéttarinnar er sú að það er tekið fram í undanþáguákvæði varðandi Ísland að upphæð aðflutningsgjalda sem lögð eru á við landamæri skuli aldrei vera hærri en það sem Ísland leggur á innflutning frá nokkrum samningsaðila árið 1991. Og málið er það að innflutningur á mjólkurvörum hefur hingað til verið bannaður og þar af leiðandi hafa Íslendingar eins og gefur að skilja ekki lagt nein aðflutningsgjöld á þessar vörur. Og hvernig á þá að fara að ef miða á við aðflutningsgjöldin eins og þau voru 1991?

Því hefur verið haldið fram af utanrrh. og aðalsamningamanni Íslendinga, Hannesi Hafstein, að hefð sé fyrir því í alþjóðlegum samningum að túlka innflutningsbann eins og toll eða aðflutningsgjöld „ad infinitum", eins og þeir hafa sagt, þ.e. að bannið sé ótakmarkaður tollur, ótakmörkuð innflutningsgjöld. Ef svo er, og þetta er nú allt saman í sómanum, þá hlýtur sú spurning að vakna hvernig á því standi að Finnar og Norðmenn hafa farið fram á sérstakar undanþágur vegna innflutningsbanns sem verið hefur á tilteknum vörutegundum og þar af leiðandi tollfrelsi, eins og segir orðrétt á bls. 89 í greinargerð með þessu frumvarpi. Þeir hafa beðið um undanþágur vegna innflutningsbanns sem verið hefur á tilteknum vörutegundum og þar af leiðandi tollfrelsi. Hvernig er hægt í einum og sama samningnum að túlka ýmist innflutningsbann sem toll „ad infinitum" eða sem tollfrelsi? Hvernig er það hægt í einum og sama samningnum? Hvor skilningurinn er réttur? Hvort er þetta tollfrelsi eða tollur „ad infinitum"?

Í þriðja lagi hafa margir haft áhyggjur af jarðakaupum erlendra aðila hér á landi. Og það hefur komið upp í umræðunni hér á undanförnum dögum. Þær áhyggjur sitja mjög djúpt í þjóðarsálinni sem eðlilegt er enda hefur land alltaf verið talið ein af mikilvægustu auðlindum jarðar og eignarhald á landi er rótgróið tákn um sjálfstæði einstaklinga og sjálfstæði þjóða. Ég held því að sá ótti sitji mjög djúpt í þjóðarsálinni hvað sem mönnum finnst um hann að öðru leyti.

Því hefur ævinlega verið haldið fram af íslenskum ráðamönnum að ekkert vandamál sé að setja girðingar í jarða- og ábúðarlög sem í raun mismuni útlendingum þó að það sé bannað samkvæmt samningnum. Það er markmiðið auðvitað með þessum girðingum, sem verið er að tala um, að mismuna útlendingum þó það sé í rauninni bannað. Það sé hægt að fara einhverjar fjallabaksleiðir í því máli og utanrrh. hefur nefnt nokkrar slíkar í sinni framsögu. Mér virðist hins vegar af lestri álitsgerðar sem samin var að beiðni dóms- og kirkjumrh. og landbrh. um fasteignamálin að

það sé ekki svo einfalt mál að setja slíkar reglur. Mér sýnist að það verði tæplega gert nema með því að skerða um leið verulega rétt Íslendinga sjálfra í eigin landi.

Það er hægt að setja í lög ákvæði þess efnis að rétt til að kaupa sumarbústað eða jarðnæði til frístundaiðkunar skuli þeir einir hafa sem búsettir hafa verið tiltekinn tíma á Íslandi. Það er í sjálfu sér ekki vandamálið. Slíkt er hægt að setja í lög. En vandamálið er hinn svokallaði staðfesturéttur, þ.e. rétturinn til að stofna og starfrækja fyrirtæki hér á landi og kaupa fasteignir til rekstursins. Þessi réttur á að vera tryggður á hinu Evrópska efnahagssvæði. Hann hafa allir íbúar og lögaðilar innan Evrópska efnahagssvæðisins hvar sem er á svæðinu. Þannig getur hvaða fyrirtæki og einstaklingur sem er af þessu svæði keypt íslenskt jarðnæði sem ekki er lengur nýtt til landbúnaðar og sett þar upp ferðamannaþjónustu af einhverju tagi í krafti staðfesturéttarins. Við það eignast þessi aðili öll náttúruleg hlunnindi sem jörðinni fylgja og réttinn til að nýta þau, hvaða hlunnindi sem það nú eru.

Á það hefur verið bent að setja megi í lög skýrari ákvæði um forkaupsrétt sveitarfélaga og jafnvel ríkisins á öllu jarðnæði þess vegna. En hætt er við að það stæðist ekki dóm EFTA-dómstólsins ef þessum forkaupsréttarákvæðum væri beitt til þess eins að koma í veg fyrir eignaraðild erlendra ríkisborgara, enda væri það mismunun. Og þetta kemur fram í álitsgerð þremenninganna, sem tóku saman álitsgerð um fasteignir fyrir dómsmrh. og landbrh., að það mætti ekki beita því eingöngu til að koma í veg fyrir eignaraðild útlendinga því það væri hrein og klár mismunun samkvæmt samningnum.

Það er hægt að hafa ýmsar skoðanir á þeim álitamálum sem ég hef nefnt hér varðandi einkarétt til fiskútflutnings og menn geta haft þá skoðun að það sé bara ágætt að brjóta niður þann einkarétt, hann eigi engan rétt á sér lengur. Menn geta líka verið þeirrar skoðunar að það sé ágætt að koma í veg fyrir verðjöfnunargjöld á jógúrt og opna íslenskan fasteignamarkað fyrir útlendingum, allt sé þetta hið besta mál. Menn geta haft þá skoðun. En þá eiga þeir líka að segja það fullum fetum og stíga meðvituð skref í þær áttir en þröngva ekki slíkum breytingum upp á þjóðina eftir einhverjum bakdyraleiðum, eftir þessum samningi og síðan stöndum við andspænis einhverju sem er gerður hlutur.

Varðandi sjávarútvegssamninginn þá hefur verið á það bent hér að hann er ófrágenginn enn þá. Niðurstaða hans skiptir auðvitað verulegu máli fyrir sjálfan samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Enda er það yfirlýst af hálfu EB að tvíhliða samningar um fiskveiðar — ég vitna beint í samninginn: „séu hluti af heildarniðurstöðu samningaviðræðnanna og grundvallarþáttur í samþykki þess á EES-samningnum." Það er grundvallarþáttur í samþykki Efnahagsbandalagsins á samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Þannig ætti sjávarútvegssamningurinn líka að horfa við íslenskum þingmönnum. Enda er það eins og að skrifa undir óútfylltan víxil að samþykkja hér á Alþingi frv. um hið Evrópska efnahagssvæði án þess að sjávarútvegssamningurinn sé frágenginn. Nú veit ég ekki hvort það verður utanrrh. eða sjútvrh. sem mun bera slíkan samning hér upp, það yrði líklega utanrrh., en hvernig hyggjast þeir ganga frá því máli hér á þingi? Hyggjast þeir bera hann sérstaklega upp sem þjóðréttarsamning eða hvernig yrði farið með það mál? Eða mundu þeir bara einfaldlega ganga frá sjávarútvegssamningnum að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði samþykktum og gera það bara innan vébanda ríkisstjórnarinnar? Við þessu hafa ekki fengist viðhlítandi svör enn þá.

Virðulegur forseti. Undir lok ræðu sinnar sl. fimmtudag vék hæstv. utanrrh. aðeins að hugmyndinni um að bera aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu undir dóm kjósenda. Innan tíðar mun væntanlega gefast tækifæri til að ræða það mál ítarlega hér á þingi þar sem komin er fram þáltill. um þjóðaratkvæðagreiðslu um samninginn. Ég get hins vegar ekki á mér setið að svara hér lítillega léttvægum rökum utanrrh. gegn því að þjóðin fái að segja sitt álit. Meginrök hans voru þau, svo vitnað sé beint, „að slíkt valdaafsal þingsins væri hvorki sjálfsagt né eðlilegt" og að hann vildi ekki „stuðla að því að umbylta því stjórnarfyrirkomulagi sem var ákveðið í stjórnarskrá árið 1944 og hefur ríkt góð sátt um allan lýðveldistímann" eins og hann sagði. Að auki taldi hann landsmenn ekki í stakk búna til að taka afstöðu til samningsins. (**Gripið fram í:** Hannibal var ekki hrifinn af þessu.) Nei, hann vitnaði heldur aldrei til gamalla krata í ræðu sinni.

En skelfing finnst mér þetta nú vera hallærisleg rök frá jafnaðarmanninum Jóni Baldvini. (Gripið fram í.) Mér finnst þetta hallærisleg rök frá jafnaðarmanninum Jóni Baldvini, manninum sem stærir sig gjarnan af því í tímaritsviðtölum að vera ekki bundinn af hefðum eða viðjum vanans. Nú er hann svo bundinn af viðjum vanans að hann vill alls ekki stuðla að því að umbylta stjórnarfyrirkomulaginu sem var komið á árið 1944. Eigi hann í brösum með hefðirnar má benda honum á að í raun er hið pólitíska vald hjá þjóðinni. Hið pólitíska vald er hjá þjóðinni. Hún hefur aftur framselt það til fulltrúa sinna, m.a. á þingi. Og þegar þessir fulltrúar leita svo eftir áliti þjóðarinnar með ráðgefandi atkvæðagreiðslu eru þeir að styrkja umboð sitt en ekki afsala sér því. Þeir eru að stunda samráð og ákvörðunin er eftir sem áður þeirra. Honum til huggunar má líka segja það að með þessu er ekki verið að bylta neinu stjórnarfyrirkomulagi frá 1944, því við ætlum ekki að afnema lýðveldið. Það stendur ekki til. Íslenskt stjórnarfyrirkomulag var í rauninni ákveðið með fullveldinu 1918 og stjórnarskránni 1920 en ekki 1944. Og ef með er talin þjóðaratkvæðagreiðslan um afstöðuna til dansk-íslensku sambandslaganna árið 1918 hefur fjórum sinnum farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla hér á landi síðan þessu stjórnarfyrirkomulagi var komið á. Fjórum sinnum.

Það er oft löng leið frá kjósanda til fulltrúa hans á þingi. Í almennum kosningum er kosið um fjölmörg mál í einu og þær segja í raun harla lítið um afstöðu kjósenda í einstöku tilteknu máli. Og ég held að það

eigi við um þingmenn allra flokka að þeir viti harla lítið um afstöðu umbjóðenda sinna til samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Það er líka alls ekki gefið að sú afstaða fari eftir flokkspólitískum línum. Hún gæti alveg farið eftir einhverjum byggðapólitískum línum eins og flokkspólitískum. Það er ekkert gefið í þeim efnum.

Utanrrh. gerði orð Jóns Sigurðssonar forseta, í Nýjum félagsritum, að sínum lokaorðum hér á fimmtudaginn. Og það var út af fyrir sig vel til fundið. Mér finnst að hann ætti að festa þessi orð sér vel í minni og brýna það sérstaklega fyrir samráðherra sínum og nafna forsetans, sem virðist sjá samninginn í hillingum, a.m.k. ef marka má málflutning hans á ýmsum fundum, að hafa hugföst þau orð forsetans, Jóns forseta, að engum sé „að vænta að steiktar krásir fljúgi í munn honum sofanda þótt verslunin verði látin laus. Atorku, sparsemi og kunnáttu þarf alls staðar og á öllum tímum".

Örlög þessarar þjóðar þau ráðast nefnilega innan lands og það eru engar „patentlausnir" til á vandamálum okkar. Við getum sem hægast klúðrað okkar málum öllum hvort heldur sem er innan eða utan Evrópska efnahagssvæðisins eða Efnahagsbandalagsins. Aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða Efnahagsbandalaginu er ekki upphaf alls, ekki rök í öllum málum og leysir ekki allt.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Þeir þrír ræðumenn, hv. þm., sem hér hafa talað á undan mér hafa tínt til æðimörg rök og sagt ýmislegt af því sem þarf að segja í þessu máli þannig að að því leyti til get ég stytt ræðu mína nokkuð, en langar þó til að segja nokkur orð.

Fyrst vil ég tala um stjórnarskrárþátt málsins. Þrátt fyrir að hér sé ákveðið að fram fari á morgun umræða um frv. til laga um breytingar á stjórnarskránni þá gaf hæstv. utanrrh. boltann upp í framsöguræðu sinni með þessu lagafrumvarpi.

Ég tel að það þurfi djarfa menn til þess að fullyrða það opinberlega að EES-samningurinn samræmist íslensku stjórnarskránni. Þeir sem eru læsir á íslenskt mál geta orðið sér úti um sérprentun af stjórnarskránni og EES-samninginn og fylgigögn og borið þetta saman. Þá sjá allir sem sjá vilja að mörg ákvæði samningsins og fylgigagna hans eru ósamrýmanleg stjórnarskrárákvæðum. Og það gildir alveg einu þótt hæstv. utanrrh. hafi valið fjóra kunna lögfræðinga til að semja greinargerð um að samningurinn standist stjórnarskrána. Þeirra greinargerð minnir um margt á varnarræðu verjanda sakbornings. Þeir láta þess getið í niðurlagi greinargerðar sinnar að stjórnarskránni megi breyta eftir á. Það væru vond og forkastanleg vinnubrögð. Þjóðréttarsamningur sem ekki fellur að stjórnarskrá er ógildur að lögum og allt sem hefði verið gert á grundvelli samningsins væri ógilt ef Hæstiréttur felldi þann dóm að nokkrum árum liðnum að stjórnarskrá og samningur stönguðust á. Raunar er allur málatilbúnaður hæstv. utanrrh. varðandi stjórnarskrárþáttinn sérlega ámælisverður.

Í fyrravetur lögðu þingmenn úr stjórnarandstöðuflokkunum fram till. til þál. um að sett yrði á fót óháð lögfræðinganefnd til að kanna stjórnarskrárþáttinn. Í nefndina skyldi tilnefna fulltrúa: Dómarafélag Íslands tvo, lagadeild Háskólans tvo og Lögmannafélag Íslands tvo. Þetta þorði hæstv. utanrrh. ekki að fallast á. Og sýnir það svo ekki verður um villst að hann veit það sjálfur að hann er á þunnum ís. Hann greip til þess örþrifaráðs að velja sjálfur tilgreinda lögfræðinga, ágæta menn í sjálfu sér en alla tengda málatilbúnaðinum. Tveir þeirra höfðu meira að segja sjálfir unnið að samningagerðinni og voru þarna að meðhöndla barnið sitt. Annar þeirra var um tíma alþingismaður fyrir Sjálfstfl. Og þó ég leyfi mér ekki að draga í efa lögvísi hans þá veit ég af reynslunni, eins og reyndar sumir hér inni líka, að hann er nú ekki óskeikull. Til forustu í nefndinni valdi hæstv. utanrrh. kunnan sjálfstæðismann, hæstaréttardómara og mikinn Evrópusinna. Og loks valdi hæstv. utanrrh. einn ráðuneytisstarfsmann í þennan hóp.

Þessir fjórmenningar utanrrh. leystu sitt verkefni, þó með fyrirvörum sem utanrrh., sem er mikill herforingi, hefur sjálfsagt ekki ætlast til. Hins vegar hefur hann áreiðanlega tekið gildar margar röksemdir þeirra, t.d. þá að stjórnarskrá Íslands tæki það hvergi fram að um væri að ræða alíslensk stjórnvöld sem skyldu fara með framkvæmdarvaldið á Íslandi, svo að einungis sé tíunduð ein röksemd úr málsvörninni fyrir því að samningurinn stæðist stjórnarskrárákvæði. Og þrátt fyrir það að fjórmenningar utanrrh. séu allir snjallir lögmenn, þá var ég aldrei í vafa um hver yrði niðurstaða þeirra og það sást nú bara strax á valinu. Auðvitað voru það fleiri en við hæstv. utanrrh. sem vissu fyrir fram að hvaða niðurstöðu þeir mundu komast. Mörgum dögum áður en þeir skiluðu málsvörninni sagði flokksþing Alþfl. frá því hver niðurstaðan yrði.

Utanrmn. hefur kannað stjórnarskrárþætti þessa máls talsvert og kallað fyrir nefndina marga þá lögfræðinga sem lærðastir eru í þjóðarétti og líklegastir til að gefa marktæka umsögn. Dr. Guðmundur Alfreðsson þjóðréttarfræðingur hefur unnið fyrir nefndina álitsgerð, og reyndar þó tvær. Þá hefur nefndinni borist álitsgerð prófessorsins í stjórnsýslurétti við Háskóla Íslands og hann á raunar eftir að koma til fundar við nefndina. Niðurstaða flestallra þeirra manna sem nefndin hefur kvatt á sinn fund hefur verið sú að stjórnarskrá beri að breyta vilji menn fullgilda þennan samning. Þetta segja þeir án tillits til hvort þeir eru meðmæltir þessari samningagerð eða ekki. Greinargerðir þeirra dr. Guðmundar Alfreðssonar og Björns Þ. Guðmundssonar prófessors ættu raunar að vera skyldulesning alþingismanna og svo vel vill til að þær eru prentaðar sem fylgiskjöl með frv. til stjórnlagabreytingar. Raunar er líka prentuð þar álitsgerð fjórmenninga utanrrh. vegna þess að þegar hún er lesin grannt, þá sést að hún er náttúrlega mjög sterk röksemd fyrir því að stjórnarskránni verði að breyta þó að niðurstaða þeirra í orði kveðnu sé önnur.

Einn þeirra sem taldi að stjórnarskránni yrði að breyta fékk þá spurningu frá fulltrúa Alþfl. á fundi í

utanrmn. hvort hann hefði komist að sömu niðurstöðu, þ.e. að stjórnarskránni yrði að breyta, hefði honum verið falið af ríkisstjórninni að sanna það að samningurinn stæðist stjórnarskrána. *Ég held að engum utanríkismálanefndarmanni dyljist að rök þeirra gesta nefndarinnar sem telja að stjórnarskránni þurfi að breyta sé miklu sterkari og trúverðugri heldur en hinna enda þótt* sumir utanríkismálamenn kjósi að setja kíkinn fyrir blinda augað og þykjast ekki taka eftir neinu af hagkvæmnisástæðum. Einn af þeim mönnum sem hlustað hefur með opnum huga á þau rök sem fram hafa verið færð í utanrmn. er hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Hann hefur ekki gengið að þessu verkefni með lokuð augu og menn sjá nú hvernig flokkur hans launaði honum það að vinna sitt verk samviskusamlega.

Frú forseti. Mig langar að nefna nokkrar greinar stjórnarskrárinnar þingheimi til upprifjunar. Stjórnarskrá okkar stendur vörð um fullveldið og vilji menn skerða fullveldið að hluta til eða afsala því, þá þarf að breyta stjórnarskránni en 2. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.

Þegar í þessari grein er samningurinn ekki samrýmanlegur í mörgum atriðum. Fyrst með löggjafarvaldið. Löggjafarvaldið er með þessari samningagerð skert og fært til annarra. Alþingi hefur að vísu að forminu til *neitunarvald* en því verður mjög torvelt að beita og óraunhæft að gera ráð fyrir því að því verði beitt. Með samningnum undirgöngumst við að breyta fjölmörgum *gildandi íslenskum lögum. Ríkisstjórnin hefur boð*að flutning breytinga á yfir 80 lögum sem afleiðingu af lögfestingu EES-samningsins. Þessar lagabreytingar *gerir Alþingi áður en samningurinn öðlast gildi* eða veit um þessar breytingar þannig að við vitum hvað við erum að gera og getum út af fyrir sig hætt við að lögfesta samninginn. Hitt er verra að eftir að samningurinn hefur verið lögtekinn, þá verðum við nauðugir viljugir að lögtaka ýmislegt sem Evrópubandalagið kann að ákveða. Við undirgöngumst sem sagt að lögtaka það sem við vitum ekkert hvað kann að verða. Við undirgöngumst að lögtaka reglur sem EB kann að setja í framtíðinni og þetta er út af fyrir sig alveg tvímælalaust skerðing á löggjafarvaldinu og samræmist ekki 2. gr. stjórnarskrárinnar, hvorki að efni né anda. Ég vil minna á 36. gr. stjórnarskrárinnar en hún hljóðar svo:

„Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi."

Ég tel að með orðinu „frelsi" sé þarna ekki einungis átt við það að ekki megi hneppa Alþingi í tukthús eða þröngva því með valdi. Orðið „frelsi" hefur víðtækari merkingu. Það hlýtur einnig að merkja að Alþingi sé frjálst að ákvarðanatöku sinni. Eftir að hafa undirgengist að lögtaka bindandi reglur sem Evrópubandalagið kann að setja er ekki hægt að halda því fram að frelsi Alþingis sé óheft. Ég minni á 48. gr. stjórnarskrárinnar sem hljóðar svo:

„Alþingismenn eru einungis bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum."

Ekki er það í samræmi við anda þessarar greinar að *alþingismenn skuli eftir lögfestingu samningsins* verða bundnir við reglur sem Evrópubandalagið kann að setja. Alþingi hefur iðulega verð gagnrýnt fyrir það að *hneigjast til að vera afgreiðslustofnun fyrir ríkisstjórn* á hverjum tíma. Eftir lögfestingu þessa samnings verður Alþingi ekki einungis afgreiðslustofnun fyrir ríkisstjórn heldur verður Alþingi öðrum þræði afgreiðslustofnun fyrir Evrópubandalagið.

Frú forseti. Mig langar að fara nokkrum orðum um framkvæmdarvaldið. 13. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Forseti lætur ráðherra framkvæma vald sitt.

Ráðuneytið hefur aðsetur í Reykjavík."

14. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál."

Þessi ákvæði ber að skoða í samhengi við það sem segir um framkvæmdarvaldið í 2. gr. að forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fari með framkvæmdarvaldið.

Í málsvörn fjórmenninga utanrrh. segir svo á bls. 16, með leyfi forseta:

„Í 2. gr. stjórnarskrárinnar er talað um forseta lýðveldisins og önnur stjórnvöld samkvæmt öðrum landslögum. Ekki er tekið fram að þetta skuli vera alíslensk stjórnvöld og hugsanlegt er að alþjóðastofnanir séu stjórnvöld eftir 2. gr."

Þetta þykir mér ótrúleg röksemdafærsla hjá fjórmenningum utanrrh. og sýnir það í hve miklum vandræðum þeir hafa verið í málsvörninni að þeir skuli, *löglærðir mennirnir*, telja sig þurfa að grípa til svona röksemda. Enn fremur segja þeir á bls. 24:

„Við teljum að reglurnar um vald stofnana EFTA *séu vel afmarkaðar og feli ekki í sér verulegt valda*framsal sem talið verði íþyngjandi í ríkum mæli."

Á þessa langsóttu röksemd fjórmenninganna er ekki heldur hægt að fallast. Hér er um verulegt valdaframsal að ræða og verður að telja það íþyngjandi í ríkum mæli.

Ég leyfi mér að vitna, með leyfi forseta, *til* greinargerðar eins af okkar lærðustu þjóðréttarfræðingum, dr. Guðmundar Alfreðssonar, þá hina fyrri sem hann lagði fyrir utanrmn. Dr. Guðmundur segir svo:

„Lítum fyrst á framkvæmdarvaldið. Samkvæmt EES-samningnum, greinum 108–110, sem eru nánar útfærðar í samningnum um eftirlitsstofnun og dómstóla EFTA, mun eftirlitsstofnunin fá víðtækt vald til að hafa eftirlit með framkvæmd samningsskuldbindinganna. Hið sama getur gilt um framkvæmdastjórn EB í þeim tilfellum þegar ákvarðanir falla undir hana samkvæmt ákvæðum samninganna. Eftirlitið með samkeppnisreglum kemur hér sérlega til skoðunar því það er skýrt tekið fram í 110. gr. EES-samningingsins að ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA verði aðfararhæfar gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum, þ.e. þær koma

beint til fullnustu að landsrétti án þess að innlend stjórnvöld eða innlendir dómstólar hafi þar nokkuð um efnishliðina að segja. Eftirlitsstofnunin er sjálfstæð stofnun og eftirlitsmennirnir, þar með talinn íslenski eftirlitsmaðurinn, mega ekki taka við fyrirmælum frá ríkisstjórnum aðildarríkjanna. Þarna er sem sagt um alþjóðlega framkvæmdarvaldsaðila að ræða sem getur tekið ákvarðanir sem mundu verða bindandi á Íslandi.

Í 2. gr. stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um að forseti og önnur stjórnvöld fari með framkvæmdarvaldið. Í 13. gr. segir að forseti láti ráðherra framkvæma þetta vald. Í 14. gr. segir enn fremur að ráðherrar beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum." Og dr. Guðmundur undirstrikar orðið öllum. „Það er enginn vafi á því að stjórnarskráin á hér við íslenska ráðherra og íslensk stjórnvöld. Það er engin undantekning gerð í þessum greinum um framsal á framkvæmdarvaldi út úr landinu og það hefur aldrei verið gert með þessum hætti þannig að engin eru fordæmin. Þetta kemur enn betur í ljós með tilliti til 14. gr. stjórnarskrárinnar þar sem það er útilokað að ráðherrar geti borið ábyrgð á stjórnarframkvæmdum og endanlegum ákvörðunum eftirlitsstofnunar EFTA þar sem hún heyrir alls ekki undir þá. Hér vaknar því greinilega spurning um stjórnarskrárbrot."

Frú forseti. Þetta var tilvitnun í álitsgerð dr. Guðmundar Alfreðssonar þjóðréttarfræðings.

Mig langar enn fremur með leyfi forseta að vitna til álitsgerðar prófessorsins í stjórnsýslurétti við Háskóla Íslands, dr. Björns Þ. Guðmundssonar, er lögð var fyrir utanrmn. Þar segir á bls. 11:

„Lögfræðinganefnd utanrrh. kemst í grófum dráttum að þeirri niðurstöðu að um heimilt framsal framkvæmdarvalds sé að ræða vegna þess að reglurnar um vald stofnana séu vel afmarkaðar og feli ekki í sér verulegt valdaframsal sem talið verði íþyngjandi í ríkum mæli, enda varði það milliríkjaviðskipti. Einmitt vakna hér efasemdir mínar sem ég mun nú reyna að rökstyðja nánar", segir Björn.

Ég er búinn að víkja að því hver það sé sem standi að valdaframsalinu og held ég áfram að vitna til álitsgerðar prófessorsins og mun því næst fjalla um það hvað framselt er með EES-samningnum. Rétt er að geta þess strax að flest af því sem hér segir um framsal framkvæmdarvalds á einnig við um framsal dómsvalds svo sem raunar kemur fram í áliti fjórmenningananefndarinnar. Í því efni skipta hér meginmáli þær ákvarðanir hinna þjóðréttarlegu stofnana sem snúa beint að einstaklingum og lögaðilum hér á landi og eru bindandi fyrir þá að landslögum án þess að nokkrar íslenskar stofnanir komi þar nærri.

Fyrst er rétt að geta þess að eftirlit með framkvæmd EES-samningsins er annars vegar í höndum framkvæmdastjórnar EB og dómstóla EB sem fara með eftirlitið í aðildarríkjum EB og hins vegar í höndum eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins sem fara með eftirlitið í EFTA-ríkjunum. Ég held mig einungis við valdssvið eftirlitsstofnunar EFTA. Hún hefur að mínu viti töluvert víðtækar heimildir til að taka ákvarðanir sem beinast gegn einstaklingum og lögaðilum hér á landi. M.a. hefur eftirlitsnefndin heimild til að ákvarða sektir og févíti sem verða beint aðfararhæfar hér á landi. Þessar ákvarðanir og raunar margar fleiri verða ekki bornar undir íslenska dómstóla heldur einungis undir EFTA-dómstólinn til endanlegrar úrlausnar eða þá EB-dómstólinn ef um svokölluð blönduð samkeppnismál er að ræða. Þetta felur með öðrum orðum í sér að ákveðinn hluti íslensks refsivalds er framseldur til þjóðréttarlegra stofnana, þ.e. vald sem nú er í höndum þar til bærra innlendra stofnana, þar á meðal stjórnvalda. Verður að leggja áherslu á að hér er um sjálfa ákvörðunartökuna að ræða sem lýtur beint að einstaklingum og fyrirtækjum hér á landi á bindandi hátt og þeir aðilar geta ekki borið lögmæti ákvarðana undir íslensk stjórnvöld eða dómstóla. Þetta er í mínum huga aðalatriðið. Þar við bætist að þessar ákvarðanir verða beint aðfararhæfar hér á landi gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum.

En hvað felst nánar í þessu? Víkjum fyrst að því hvernig slíkar ákvarðanir eru nú teknar hér á landi og höldum okkur einungis við fésektir sem eru ein tegund refsinga eins og áður segir.

Samkvæmt íslenskum rétti er heimild til að ákvarða mönnum að greiða fésektir í höndum dómstóla fyrst og fremst en einnig stjórnvalda á vissum sviðum, t.d. sýslumanna og lögreglustjóra. Ef við höldum okkur við stjórnsýsluna, þá er þess fyrst að geta að stjórnsýsluhafar inna störf sín af höndum að viðlagðri ábyrgð. Til þess að mega hafa hana með höndum verða þeir að fullnægja margvíslegum skilyrðum, t.d. um menntun. Ákvarðanataka þeirra er samkvæmt íslenskum lögum bundin af ýmsum form- og efnisreglum. Gerist stjórnsýsluhafarnir sekir um brot í þessum efnum getur það bæði varðað þá ábyrgð, svo og hið opinbera. Aðgerðir þeirra geta enn fremur leitt til þess að ákvarðanir þeirra verði metnar ógildar. Til þess að staðreyna það höfum við ýmis réttaröryggistæki sem eru fólgin í því sem ég nefni stjórnsýslueftirlit. Það skiptir mestu máli að telji maður rétt á sér brotinn í stjórnsýslunni getur hann borið fram kvörtun við umboðsmann Alþingis. Hann getur leitað til æðra stjórnvalds og síðast en ekki síst getur hann borið mál sitt undir dómstóla. Með EES-samningnum hefur íslenskur þegn afsalað sér þessu öllu til stofnana EFTA og EB. Þetta skiptir verulegu máli við mat á álitaefninu því að stjórnarskráin er ekki eingöngu til þess að kveða á um stjórnskipun okkar heldur og ekki síður til þess að vernda réttindi þegnanna. Það eru mikilvæg réttindi þegna í sérhverju þjóðfélagi að þeir geti borið mál sitt undir stofnanir í eigin landi sem byggja úrlausnir sínar fyrst og fremst á réttarheimildum sem taldar eru gilda í landinu og eru í samræmi við þær réttarhugmyndir sem þjóðin hefur um sjálfa sig.

Víkjum þá að þriðja atriðinu sem athuga verður í sambandi við valdaframsal yfirleitt, þ.e. hverjum valdið er framselt. Hér er um að ræða stofnanir sem komið er á fót með þjóðréttarsamningi. Þeim er ætlað að vera æðstu eftirlitsaðilar, sem starfsemi sem lýtur alveg sjálfstæðum lögum og reglum (réttarkerfi) settum af þessum stofnunum og eru því í raun nýtt fyrirbrigði

í sögunni. Grunnur þeirra laga og reglna sem byggist á réttarhefð sem er okkur að ýmsu leyti framandi. Þar við bætist að EES og EB einkennir miðstýring, þ.e. framkvæmdarvaldið ræður þar mestu. Reglurnar varðandi EES eru alveg nýjar og ekkert hefur reynt á þær enn þá. Við erum því að framselja hluta ríkisvalds okkar til þjóðréttarlegs aðila sem engin reynsla er fengin af hvernig starfar. Þetta leiðir til þess að við mat á því hvort ákvæði EES-samningsins brjóti í bága við stjórnarskrá okkar verður að gefa sér forsendur sem framtíðin kann að leiða í ljós að ekki eru réttar af því að engin reynsla er af þeim fengin.

Frú forseti. Niðurstöður prófessors Björns eru þessar:

„Lögfræðilegt mat í þessum efnum er erfiðara fyrir þá sök að um er að ræða lögfestingu þjóðréttarsamnings en ekki venjulegs lagatexta. Það leiðir af eðli máls að ákvæði þjóðréttarsamninga byggjast að lokum á flóknu samkomulagi um orðalag og merkingu. Afleiðing þess verður að textinn er oft svo loðinn að erfiðara er að gefa honum nákvæma lögfræðilega merkingu en þegar um venjulegan lagatexta er að ræða. Þess vegna gerir t.d. fjórmenninganefndin margháttaða fyrirvara af sinni hálfu þrátt fyrir þá lokaniðurstöðu, sem hún lætur frá sér fara.

Ef litið er á stjórnarskrárviljann einan, þ.e. það sem vakti fyrir Íslendingum þegar þeir settu sér stjórnarskrá, þykir mér alveg ljóst að hann teldi valdaframsalið samkvæmt EES-samningnum óheimilt. Því til stuðnings nægir að nefna þær aðstæður sem Íslendingar bjuggu við þegar stjórnarskráin var sett. Það hefur varla hvarflað að nokkrum Íslendingi þá að við mundum framselja ríkisvald til erlendra aðila eða þjóðréttarlegra stofnana.

Þjóðréttarlegar stofnanir, eins og hér um ræðir, eru ekki stjórnvöld í skilningi 2. gr. stjórnarskrárinnar samkvæmt gildandi stjórnskipunarrétti. Mat á EES-samningnum og ákvæði 2. gr. stjórnarskrárinnar um framkvæmdarvaldið verður því ekki á því byggt.

Stjórnsýsluhafar í landinu vinna verk sitt að viðlagðri ábyrgð á ákveðnum sviðum sem þeir ber bæði réttur og skylda til að rækja og mega ekki fela það öðrum. Í ráðuneytum viðgengst þó svonefnt innra framsal, þ.e. ráðherra felur öðrum starfsmönnum í ráðuneytinu framkvæmd valds síns. Sú ákvarðanataka er hins vegar ætíð á ábyrgð viðkomandi ráðherra, rétt eins og hann hefði staðið sjálfur að verki. Framsal framkvæmdarvalds samkvæmt stjórnsýslurétti til utanaðkomandi aðila, þegar lögbær aðili er til í landinu á því sviði, er mjög sjaldgæft hér innan lands. Óþekkt er að slíkt framsal eigi sér stað til útlanda.

Fjórmenninganefnd utanríkisráðherra telur að þrátt fyrir ákvæði 2. gr. stjórnarskrárinnar sé valdaframsal heimilt á vel afmörkuðum og takmörkuðum sviðum. Kemst hún að þeirri niðurstöðu að í þessu tilviki sé þeim skilyrðum fullnægt. En hvar á að draga mörkin? Hvenær er svið ekki svo nægilega vel afmarkað eða ekki nógu takmarkað til þess að um óleyfilegt valdaframsal sé að ræða? Mat í þessu efni tel ég svo vandasamt og afdrifaríkt að varhugavert sé að láta hinn almenna löggjafa um það.

Með EES-samningnum er íslenskt refsivald framselt að hluta. Slíkt vald er svo mikilsvert að óverjandi er að það verði fengið öðrum en dómstólum og stjórnvöldum þeim, sem getur nú í stjórnarskránni, nema þá að breyta henni.

Með því framsali ríkisvalds, sem hér er til umræðu, er ekki einasta þjóðréttarlegum stofnunum falið bindandi ákvörðunarvald á tilteknum sviðum gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum á Íslandi, heldur afsala sömu aðilar sér þeirri réttarvernd sem þeir njóta samkvæmt íslenskum lögum og m.a. er fólgin í því að mega bera athafnir stjórnvalda undir umboðsmann Alþingis, undir æðra stjórnvald og að lokum dómstóla.

Hér er um að ræða hluta ríkisvalds sem framselt er í hendur fyrirbrigðis sem er nýtt á alþjóðavettvangi og engin reynsla er fengin af. Stjórnskipun þess byggir á réttarhugmyndum og réttarhefðum sem eru í veigamiklum atriðum frábrugðnar þeim forsendum sem stjórnskipan okkar byggist á.

Að lokum er rétt að ítreka það sem nú hefur verið sagt um framsal framkvæmdarvalds á í veigamiklum atriðum við um framsal dómsvalds samkvæmt EES-samningnum."

Frú forseti. Þetta var úr álitsgerð Björns Þ. Guðmundssonar prófessors.

Frú forseti. Þá vil ég fara nokkrum orðum um dómsvaldsframsal EES-samningsins. Í 2. gr. stjórnarskrár segir: „Dómendur fara með dómsvaldið."

Að vísu er ekki tekið fram að hér sé átt við alíslenska dómendur og hefur fjórmenningum utanríkisráðherrans láðst að tína til þá röksemd í málsvörninni. Ég gef mér samt sem áður að stjórnarskráin eigi við alíslenska dómendur og vona að ekki sé ágreiningur um það.

59. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo: „Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum."

Í 60. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda."

Í 61. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum."

E.t.v. er hvergi gengið lengra í samningnum gegn stjórnarskránni. Fjórmenningar utanríkisráðherrans leggja meira að segja ekki í að loka augunum fullkomlega fyrir því.

Ég mun nú, frú forseti, vitna aftur til hinna skilmerkilegu álitsgerða sem liggja fyrir utanrmn., fyrst til álitsgerðar dr. Guðmundar Alfreðssonar, þjóðréttarfræðings:

Snúum okkur nú að dómsvaldinu. Það er í rökréttu framhaldi af umfjöllun okkar um eftirlitsstofnun EFTA þar sem ákvörðun hennar má skjóta til EFTA-dómstólsins.

Um EFTA-dómstólinn er ákvæði í greinum 108 og 110 EES-samningsins, svo og í samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA. Þar kemur skýrt fram, að dómsvald dómstólsins yrði mjög víðtækt um eftirlitið með framkvæmd EES-samningsins og það gæti á ýmsan hátt haft bæði bein og óbein áhrif að landsrétti, t.d. varðandi ríkisstyrki og opinber innkaup. Á sviði

samkeppnisreglna eru dómarnir endanlegir, þeir eru aðfararhæfir að landsrétti og þá má ekki bera efnislega undir innlenda dómstóla.

„EFTA-dómstóllinn er hugsaður sem sjálfstæð stofnun og íslenskur dómari, sem þar mundi sitja, yrði óháður íslenskri dómaskipan. Íslenskir aðilar, bæði einstaklingar og fyrirtæki, sem teldu sig hafa verið órétti beitta af eftirlitsstofnuninni, yrðu þá að sækja sín mál fyrir þessum yfirþjóðlega dómstól, sem mun væntanlega sitja í Genf, eða til Luxemborgar í þeim tilfellum, sem EB-dómstóllinn hefði dómssögu. Landinn gæti ekki leitað réttar síns fyrir íslenskum dómstólum í málum, sem myndu falla undir þessa alþjóðlegu dómstóla."

Það er ólíklegt að 34. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA stangist á við stjórnarskrána þar sem forúrskurðir EFTA-dómstólsins yrðu í formi álitsgerðar en ekki bindandi dóms. Bókun 34 með EES-samningnum hlýtur hins vegar að valda verulegum vandkvæðum. Þar er heimilað einfaldlega að útgefinni tilkynningu EFTA-ríkis, að dómstólar í EFTA-ríkjunum láti EB-dómstólinn kveða upp forúrskurði með bindandi skýringum á EES-samningnum. Svona samningsákvæði eru greinilega ekki marktæk að óbreyttri stjórnarskrá.

Í 2. gr. stjórnarskrárinnar er sagt að dómendur fari með dómsvaldið.

Samkvæmt 60. gr. stjórnarskrárinnar skera dómendur úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda og hér undirstrikar dr. Guðmundur orðið „öllum". Þetta mundu þeir ekki geta gert að því marki sem framkvæmdarvaldið hefur verið framselt til eftirlitsstofnunar EFTA og dómsvald til EFTA-dómstólsins. Það er enn og aftur enginn vafi á því að stjórnarskráin á hér við íslenska dómendur og íslenska dómstóla. Þetta er stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og 2. gr. um þrískiptingu innlends valds er í beinu framhaldi af 1. gr. um þingbundna stjórn.

Til viðbótar má benda á 61. gr. um sjálfstæði dómara sem gerir greinilega ráð fyrir innlendri málsmeðferð. Stjórnarskráin geymir enga heimild til framsals á dómsvaldi út úr landinu, þ.e. til dómstóla, sem gætu kveðið upp bindandi dóma sem kæmu beint til fullnustu að landsrétti og verður að telja slíkt óheimilt að óbreyttri stjórnarskrá.

Varðandi framkvæmdarvalds- og dómstólaþættina hefur verið bent á að það megi hugsanlega bera saman vald eftirlitsstofnunar og dómstóls EFTA við þær viðurkenningar á aðfararhæfi erlendra stjórnsýsluathafna og erlendra dóma sem við höfum gengist undir samkvæmt fáeinum alþjóðasamningum og þá aðallega Norðurlandasamningum. Nánari athugun leiðir þó í ljós að þarna er tvennt ólíkt á ferðinni. Útlendir dómstólar fá samkvæmt síðastnefnda samningnum aldrei dómssögu yfir íslenskum einstaklingum eða fyrirtækjum nema þeir hafi sjálfir með gerðum sínum komist undir vald erlendrar dómssögu. Á EES-svæðinu getur hins vegar EFTA-dómstóllinn fengið lögsögu án þess að hinir sömu aðilar hafi aðhafst nokkuð til að kalla hann yfir sig. Ég verð þess vegna að telja að þessi samanburður eigi ekki rétt á sér.

Það er ekki heldur rétt að bera stofnanir á EES-svæðinu saman við núgildandi EFTA-samning eða Mannréttindadómstól Evrópu í Strassborg.

Ólafur Jóhannesson skrifar í bók sinni, Stjórnskipun Íslands, að það sé meginregla íslensks réttar að þjóðréttarreglur teljist ekki til landslaga, það beri að túlka lög til samræmis við þjóðarétt eins og frekast er unnt, en þjóðaréttur víkur fyrir landsréttinum ef til árekstur kemur. Við búum sem sagt við tvö réttarkerfi, landsrétt og þjóðarétt. Það er því sitt hvað þjóðréttarskuldbindingar og landslög. Ríkið getur orðið brotlegt að þjóðarétti gagnvart öðrum ríkjum, en slíkar skuldbindingar fá ekki gildi innan lands gagnvart þegnunum fyrr en um þær hefur verið fjallað af til þess bærum innlendum aðilum. Hæstiréttur hefur margsinnis staðfest þessa meginreglu. Þetta eru reglurnar sem gilda enn um samskipti okkar við EFTA og Evrópuráðið.

Nú er því haldið fram í framhaldi af dómi frá 1990 þar sem Hæstiréttur tók af skarið um aðskilnað framkvæmdar- og dómsvalds og vitnaði til Mannréttindasamnings Evrópuráðs að þessi meginregla hafi kannski breyst. Ég tel að svo sé ekki enda höfðu verið sett lög um aðskilnað umboðsvalds og dómsvalds áður en Hæstiréttur kvað upp dóm sinn og þessi lög eru nefnd *meðal dómsforsendna*.

Ég hef fulla samúð með þeirri skoðun Ragnars Aðalsteinssonar í tímariti lögfræðinga, 1. hefti 40. árg. í júní 1990, að mannréttindasamningar skulu innleiðast í landslög og það er hægt að gera eins og málin standa í dag. En eins og málin standa í dag gera hvorki íslensk stjórnskipun né þjóðarétturinn greinarmun á mannréttindasamningum og öðrum milliríkjasamningum í þessu samhengi.

Ég hallast frekar að niðurstöðu Jóns Steinars Gunnlaugssonar í tímariti lögfræðinga, 4. hefti 41. árg. í des. 1991, þess efnis að engin varanleg breyting hafi orðið á íslenskum rétti varðandi réttarheimildirnar í framhaldi af nefndum dómi Hæstaréttar. Jón Steinar tiltekur yngri dóm Hæstaréttar þar sem tekið er af skarið um þessa niðurstöðu. Það er einnig athyglisvert að enginn hefur stungið upp á því að dómar Mannréttindadómstólsins fengju sjálfkrafa gildi af landsrétti. Enn sem áður þurfa Alþingi og forseti eða þá Hæstiréttur að taka af skarið.

Og þetta segir dr. Guðmundur Alfreðsson.

Síðan vil ég, herra forseti, vitna til greinargerðar Björns Þ. Guðmundssonar, prófessors í stjórnsýslurétti.

„Varðandi dómsvaldið sérstaklega verður því hér aðeins vikið að tveimur atriðum.

Ég hef miklar efasemdir um að það sé rétt hjá fjórmenninganefndinni að túlka megi EES-samninginn þannig að dómar EB-dómstólsins séu einungis leiðbeinandi en ekki bindandi fyrir dómstóla og stjórnvöld *hér á landi. Þrátt fyrir þá takmörkun sem gerð er í* samningnum, þ.e. að dómarnir skipti máli og séu efnislega samhljóða, tel ég miklu líklegra að reynslan muni leiða í ljós að líta beri svo á að hér sé um bind-

andi fordæmi að ræða, enda segir skýrum stöfum að það beri að fara eftir þeim þegar svo stendur á sem í EES- og ESE-samningunum segir. Þessa skoðun byggi ég ekki síst á víðtækri túlkun EB-dómstólsins sjálfs á hlutverki sínu og valdsviði.

Hitt atriðið sem ég vil vekja athygli á," segir Björn Þ. Guðmundsson prófessor, „varðar 60. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir að dómendur skeri úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Um þetta segir fjórmenninganefndin einungis: „Þessi regla varðar valdskiptinguna milli hinna þriggja þátta ríkisvaldsins en ekki lögverkanir þjóðréttarsamninga. Ef það sem segir í 2. gr. stjórnarskrárinnar heimilar gerð þeirra samninga, sem hér er fjallað um, hefur ákvæði í 60. gr. ekki sjálfstæða þýðingu með þeim hætti, að það geti leitt til annarrar niðurstöðu."

Það er rétt, sem hér segir, að ákvæðið hefur ekki sjálfstæða þýðingu varðandi þá spurningu hvort nú megi lögfesta EES-samninginn að óbreyttri stjórnarskrá, en þar með er ekki öll sagan sögð. Það er að mínu viti villandi að segja einungis að 60. gr. varði valdskiptinguna milli hinna þriggja þátta ríkisvaldsins.

Það sem ég nefni dómstólaeftirlit nær til þess aðhalds sem fólgið er í úrskurðarvaldi dómstóla annars vegar um stjórnskipulegt gildi laga og hins vegar um lögmæti stjórnsýslu. Þegar sagt er að dómstólar eigi úrskurðarvald um stjórnskipulegt gildi laga er átt við þá grundvallarreglu íslensks réttar að dómstólar skeri úr um það hvort lög séu í samræmi við stjórnarskrána og að ekki skuli farið eftir þeim lögum sem að efni til eru andstæð henni. Það er einnig meginregla í íslenskum rétti að dómstólar eigi úrlausn um allar ákvarðanir og athafnir stjórnvalda nema þær séu sérstaklega teknar undan dómsvaldi þeirra, annaðhvort samkvæmt settum lögum eða eðli máls, sbr. 2. gr. og 60. gr. stjórnarskrárinnar. Í þessari meginreglu felst að dómstólar eiga úrskurðarvald um það hvort stjórnvöld hafi verið bær eða hæf til þess að taka ákvörðun og hvort þau hafi gætt réttra lagareglna við meðferð máls, hvort heldur um er að ræða ákvarðanir almenns eðlis, eins og t.d. setningu reglugerða, eða ákvarðanir í einstöku máli. Almennt er þó viðurkennt að framangreind meginregla um úrskurðarvald dómstóla geti sætt takmörkunum. Réttarþróunin hefur hins vegar verið sú að dómstólar telja sig bæra til þess að dæma um athafnir framkvæmdarvaldshafa í mjög ríkum mæli.

Túlkun 60. gr. stjórnarskrárinnar er mikilsvert og vandasamt fræðilegt úrlausnarefni. Bæði ég og fjórmenninganefndin hafa komist að þeirri niðurstöðu að með EES-samningnum sé dómsvald framselt að hluta til dómstóla EFTA og EB. Þegar af þeirri ástæðu hefði verið nauðsynlegt að víkja nánar að inntaki 60. gr. stjórnarskrárinnar vegna hinna bindandi réttaráhrifa ákvarðana þessara dómstóla.

Varðandi þessi síðastnefndu álitaefni ber að leggja áherslu á að rannsóknum mínum á þeim er hvergi nærri lokið fremur en á hugsanlegu framsali íslensks löggjafarvalds með lögfestingu EES-samningsins."

Heildarniðurstaða Björns prófessors er þessi:

„Á grundvelli viðurkenndra lögskýringaraðferða stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar tel ég vafa leika á að framsal það á framkvæmdar- og dómsvaldi sem felst í EES-samningnum og hér um ræðir, standist gagnvart gildandi réttarreglu 2. gr. stjórnarskrárinnar. Þennan vafa tel ég svo mikinn að ekki megi taka áhættuna af því að lögfesta EES-samninginn að óbreyttri stjórnarskrá.

Hér lýkur tilvitnun í greinargerð Björns Þ. Guðmundssonar prófessors.

Mig langar til að nefna atriði til viðbótar. Dómendur skulu skv. 61. gr. í embættisverkum sínum einungis fara eftir lögum.

Í 103. gr. EES-samnings segir svo: „...skal ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar gilda til bráðabirgða meðan stjórnskipulegum skilyrðum hefur ekki verið fullnægt, ..."

Sannarlega hafa íslenskir dómendur eftir lögfestingu EES-samnings í mörg horn að líta. Þeir verða ekki einungis að dæma eftir íslenskum lögum, heldur fá ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar gildi til bráðabirgða. Þá verða þeir að dæma í samræmi við dóma EB-dómstólsins sem ekki verða einu sinni aðgengilegir á íslensku máli. Þá er réttaröryggi Íslendinga skert og þeir eiga á hættu að verða dæmdir af erlendum mönnum fyrir athafnir hér á landi og eru dómar útlendinganna aðfararhæfir á Íslandi. Það er með engu móti hægt að fallast á að þetta samrýmist stjórnarskránni.

Mig langar enn fremur til að nefna 69. gr. stjórnarskrárinnar sem hljóðar svo:

„Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagabót til."

Vel kann til þess að koma að framkvæmd EES-samningsins höggvi nærri þessari grein.

67. gr. stjórnarskrárinnar kemur einnig til álita sem óbein afleiðing af þessari samningagerð. 67. gr. hljóðar svo:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; Þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir."

Eitt af frv. ríkisstjórnarinnar í kjölfar þessarar samningagerðar er þess efnis að þjóðnýta auðlindir í jörðu neðan 100 m, þar með talin jarðefni, málmar, olía, vatn og jarðhiti. Fram að þessu hefur jarðhiti og vatn tvímælalaust fylgt jarðareign, sbr. t.d. lög frá 1940 og vatnalögin frá 1923, svo og nokkra hæstaréttardóma, svo sem umdeildan Tunguhver á Svartsengi.

Ekki er gert ráð fyrir því í frv. ríkisstjórnar að gjald komi fyrir, heldur er hér um hreina eignaupptöku að ræða. Rökin fyrir því að þetta sé nauðsynlegt eru þau að með þjóðnýtingu séu auðlindirnar fremur áfram í eigu Íslendinga en ef þær væru áfram í einkaeign eftir að aðrir íbúar EES-svæðisins fá heimild til þess að eignast hér lendur og auðlindir.

Ég vísa til ótal yfirlýsinga utanríkisráðherra um þetta efni bæði innan þings og utan.

Sennilega er óhjákvæmilegt að samþykkja frv. ef EES-samningurinn verður lögfestur. Það yrði þá fórnarkostnaður landeigenda, einstaklinga og sveitarfélaga og aðgangseyrir þeirra að Evrópsku efnahagssvæði. 67.

gr. stjórnarskrár veitir þá ekki lengur vernd eignarréttarins eins og hún hefur gert.

Ég minni á að undanfarna daga hefur bóndi uppi í Kjós verið að bora eftir heitu vatni. Hann er kominn 800 m ofan í jörðina og búinn að fá þar flóandi heitt vatn. Þennan rétt hefði hann ekki ef frv. hefði orðið að lögum.

Herra forseti. Eins og ég hef að framan rakið er í mínum huga enginn efi á að stjórnarskrárbreytingar er þörf eigi EES-samningurinn að taka gildi og ég er ekki einn um þá skoðun. Eins og ég hef rakið hafa ýmsir af færustu lögfræðingum þjóðarinnar látið opinberlega svipaða skoðun í ljósi. Ég hef vitnað í alllöngu máli, sem ég taldi nauðsynlegt, til þjóðréttarfræðingsins dr. Guðmundar Alferðssonar og prófessorsins í stjórnsýslurétti, Björns Þ. Guðmundssonar. Ég nefni formann Lögmannafélags Íslands, Ragnar Aðalsteinsson, Eirík Tómasson, hæstaréttarlögmann og háskólakennara, og marga aðra.

Norska stjórnarskráin er mjög lík þeirri íslensku og þar í landi er ekki ágreiningur um að í samningnum felist framsal á valdi. Þar verður því að reyna á sérnorskt stjórnarskrárákvæði um meðferð mála sem felur í sér framsal á valdi til alþjóðlegra stofnana. Í íslensku stjórnarskránni er ekki hiðstætt ákvæði. Hins vegar mælir 79. gr. stjórnarskrár okkar fyrir um stjórnarskrárbreytingar, samþykkt frv., kosningar og samþykkt á óbreyttu frv. á nýju þingi. Þá leið er óhjákvæmilegt að fara nú vilji menn virða stjórnarskrána og gera gildan þjóðréttarsamning.

Þess bera að geta að við alþingismenn unnum drengskaparheit að því að halda stjórnarskrána þegar við tókum sæti á Alþingi. Fyrir þessu er mælt í 47. gr. stjórnarskrárinnar. Ég trúi því ekki að óreyndu að meiri hluti þingmanna vilji ekki virða drengskaparheit sitt og standa að stjórnarskrárbreytingu. Stjórnarandstaðan vonast eftir samkomulagi við stjórnarflokkana um að slík stjórnarskrárbreyting fari fram. Við höfum flutt frv. til stjórnlagabreytingar og það frv., ef að stjórnlögum verður, mun heimila framsal valds og gerð slíkra samninga sem hér er verið að gera. Hitt er þó mikilvægara að í framtíðinni yrði fenginn lögmætur farvegur fyrir lögfestingu samninga sem fela í sér framsal á valdi enda sé fyrir því aukinn meiri hluti á Alþingi. Það kæmi í veg fyrir að óprúttnir stjórnarherrar í framtíðinni freistuðust til stjórnarskrárbrota sem styddust við einfaldan þingmeirihluta.

Ég trúi því ekki að óreyndu að stjórnarflokkarnir fallist ekki á þessi rök okkar en standi að þeirri stjórnarskrárbreytingu enda eiga þeir mest undir því að gera gildan samning þar sem þeir sem stjórnarflokkar bera höfuðábyrgð á málinu.

Það sjónarmið hefur heyrst frá áköfustu fylgismönnum EES-samningsins að forseti geti með vísan til samþykkis einfalds meiri hluta Alþingis skrifað undir lög um EES-samning. Ég er ekki á sama máli. 2. gr. stjórnarskrár er svo fortakslaus að ekki kemur til greina að Alþingi geti samþykkt að hundsa hana og forseti lýðveldisins geti með 21. gr. skert ákvæði 2. gr. Þá er þess að geta að forseti lýðveldisins hefur skyldur skv. 10. gr. stjórnarskrár en hún hljóðar svo:

„Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt."

Núverandi forseti vann þetta drengskaparheit síðast 1. ágúst sl. Það er rétt að geta einnig 26. gr. stjórnarskrárinnar en hún hljóðar svo:

„Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu."

EES-málið er þannig í eðli sínu að sjálfsagt er að gefa þjóðinni tækifæri til að taka afstöðu til þess. Þetta er afdrifaríkasta ákvörðun sem tekin hefur verið frá stofnun lýðveldisins og stjórnarandstaðan hefur flutt tillögu um að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram. Þjóðaratkvæðagreiðsla, sem bæri að með slíkum hætti, yrði að sjálfsögðu aðeins ráðgefandi og óháð nauðsynlegri stjórnarskrárbreytingu en mikilvæg leiðbeining fyrir Alþingi eigi að síður. Þá hefur stjórnarandstaðan einnig flutt frv. til breytingar á stjórnarskránni til að móta farveg, ef samþykkt yrði, fyrir þjóðaratkvæðagreiðslur í framtíðinni.

Í framsöguræðu sinni fyrir EES-frumvarpinu á fimmtudaginn var fjallaði hæstv. utanrrh. með dæmalausum hætti um hugmyndina um þjóðaratkvæðagreiðslu. Hann taldi efnislega — hvar er hæstv. utanrrh.? Nú fer ég að sakna hans. Vill ekki herra forseti sjá til þess að hæstv. utanrrh. komi í salinn. (Gripið fram í.) Það verður að hafa það. Hann verður að láta það yfir sig ganga. (**Forseti:** Forseti er að gera ráðstafanir til þess að utanrrh. komi í salinn.) Herra forseti. Ég veit að vísu að það er kominn mikill ferðahugur í hæstv. utanrrh. Hann ætlar til Spitzbergen en ég hélt að hann ætlaði ekki að fara fyrr en í fyrramálið og vona að hann sé ekki farinn þangað. — Ég býð hæstv. utanrrh. velkominn í salinn. Í framsöguræðu sinni fyrir EES-frumvarpinu á fimmtudaginn var fjallaði hæstv. utanrrh. með dæmalausum hætti um hugmyndina um þjóðaratkvæðagreiðslu. Efnislega taldi hann þjóðina of vitlausa til að unnt væri að bera þetta EES-mál undir hana. Og það sem meira var, hæstv. forsrh. tók í sama streng í sjónvarpsviðtali í gær. Hann beitti einnig gamalkunnum útúrsnúningum og aulafyndni eins og honum er tamt þegar hann hefur ekkert bitastætt til mála að leggja og engin rök fyrir afstöðu sinni. Þeim félögum er auðvitað nokkur vorkunn að vantreysta þjóðinni. Hún gerði þeim á grundvelli úrslita síðustu kosninga kleift að komast í valdastóla. Þeir blekktu að vísu þjóðina og sögðust ætla að gera annað en þeir gerðu að kosningum loknum. Þess vegna er það rangt hjá þeim að halda því fram að íslenska þjóðin sé eitthvert samsafn af aulum sem ekki geta tek-

ið afstöðu til mála þrátt fyrir það að í síðustu kosningum hafi þjóðinni orðið á mikil og dýrkeypt mistök.

Framsöguræða hæstv. utanrrh. fyrir þessu máli væri efni í langa gagnrýni en ég ætla nú að geyma mér hana að mestu til síðari tíma en aðeins bera til baka örfáar af missögnum hæstv. ráðherra. Einn fyrirvarinn sem þáv. forsrh. Steingrímur Hermannsson setti fyrir hönd Íslands í Ósló vorið 1989 var svohljóðandi:

„Við getum aldrei gefið okkur á vald yfirþjóðlegum stofnunum. Við getum aldrei afsalað okkur fullveldinu eða rétti til þess að taka eigin nauðsynlegar ákvarðanir til að tryggja afkomu okkar og sjálfstæði."

Hæstv. utanrrh. leyfði sér í ræðu sinni að telja að þessi fyrirvari hefði verið uppfylltur. Þetta tel ég mikla kokhreysti hjá honum og því fari fjarri að þessi fyrirvari sé uppfylltur. Hæstv. utanrrh. vitnaði til þess í ræðu sinni að í skýrslu sinni til Alþingis í mars 1991 hafi hann talið, eins og hann sagði, að hugmyndir sem varða valdsvið sameiginlegra stofnana á Evrópska efnahagssvæðinu falli innan ramma stjórnarskrárinnar eins og hún hefur verið túlkuð fram að þessu.

Hæstv. utanrrh. telur sem sagt að vegna þess að samráðherrar hans gerðu ekki athugasemdir væru þeir samþykkir þessu. Þetta gæti nú verið misskilningur. Skýrsla utanrrh. er skýrsla hans en ekki skýrsla ríkisstjórnarinnar, ekki skýrsla ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Þótt enginn hafi mótmælt gerir það ekki niðurstöður ráðherrans réttari. Ósannindi verða ekki sannleikur þó að enginn beri þau til baka.

Hæstv. utanrrh., og það þótti mér skemmtilegt hjá honum, vitnaði til skrumauglýsingar sem hann hafði sjálfur keypt auglýsingastofuna Athygli til að sjóða saman upp úr ræðum sínum. Þar taldi hann sig aldeilis hafa sannleiksvitnið í þeim starfsmanni auglýsingastofunnar sem textann sauð á aðgengilegt alþýðumál. Utanrrh. hefði alveg eins getað vitnað í sjálfan sig í þessu tilfelli. Þetta leiðir hins vegar hugann að því hvernig málflutningur utanrrn. í þessu máli hefur verið. Auglýsingastofur eru keyptar til að setja saman skrumauglýsingar og skrumbæklinga og þetta er kallað kynning á EES-málinu. Ég mun spyrja að því síðar hver kostnaður hafi hlotist af þessari kynningarstarfsemi en sjálfsagt á eftir að bætast við svo það er ekki tímabært að gera það strax.

Herra forseti. Ég hef rætt í nokkuð löngu máli um stjórnarskrárþátt málsins og ræðu hæstv. utanrrh., framsögu fyrir frv. Mig langar til að fara örfáum orðum um þennan samning efnislega. Utanrmn. hefur á þessu ári og þó sérstaklega í sumar lagt mikla vinnu í að kanna efni EES-samningsins og þó mikil vinna sé eftir í utanrmn. áður en málið er fullkannað eru margir þættir þess orðnir sæmilega ljósir. Ég hef, herra forseti, reynt að nálgast þetta mál með opnum huga sem trúnaðarmaður flokks míns. Ég vil varast óraunhæfa bjartsýni en jafnframt varast alla fordóma. Ég vil lýsa þeim hagsbótum sem á grundvelli þessa samnings er raunhæft að vænta en jafnframt gera mér grein fyrir þeim göllum sem á samningnum eru og öfugt við talsmenn ríkisstjórnarinnar mun ég ekki þegja yfir göllunum og tíunda bara kostina. Ég mun tíunda hvort tveggja.

Það sem hér fer á eftir er frásögn af því, á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram hafa komið í utanrmn., hvernig ég tel að þjóðfélag okkar breytist ef við gerumst aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Ég byrja á sjávarútveginum.

Kynning af hendi ríkisstjórnarinnar á þessu máli öllu er mjög ámælisverð, eins og ég hef áður sagt, og hæstv. utanrrh. hefur verið látinn göslast áfram með málið. Hann hefur talað um kosti þessa samnings fögrum orðum og yfirdrifið í mörgum tilfellum stórlega þær hagsbætur sem í samningnum felast en hann hefur þagað vandlega yfir annmörkum samningsins og a.m.k. í einu tilfelli beinlínis sagt rangt frá. Þar á ég við langhalamálið í tvíhliða veiðisamningi um gagnkvæmar veiðiheimildir. Utanrrh. talaði um langhala löngu eftir að ljóst var að Evrópubandalagið sætti sig ekki við neitt nema karfa. Þeir voru ekki til viðtals um langhala en samt hélt hæstv. utanrrh. áfram að láta sem svo að langhali væri inni í þessu dæmi.

Langhalamálið varð til þess að samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi dró til baka stuðningsyfirlýsingu sína með samninginn. Það voru augljós sárindi hæstv. ráðherra í ræðu sinni í gær eftir þá rassskellingu. Hann er því ekki gróinn. Þessi fiskveiðisamningur hefur ekki enn þá verið gerður og þó er hann eitt af grundvallaratriðum sem verða að liggja fyrir áður en frv. kemur til atkvæða.

Varðandi þennan fiskveiðisamning sérstaklega, þá er það mikið vafaatriði hvort rétt sé að hverfa frá þeirri grundvallarstefnu, sem Íslendingar hafa haft til margra ára í samskiptum við Evrópubandalagið, að láta ekki veiðiheimildir í staðinn fyrir tollaívilnanir. Það er ómótmælanlega gert með þessum tvíhliða samningi. Margupplýst er að fiskveiðisamningurinn er gerður að kröfu EB og var algert skilyrði fyrir myndun Evrópsks efnahagssvæðis. Þrjú þúsund tonn af karfa, sem Evrópubandalaginu er ætluð í fyrstu lotu, væri búsílag fyrir okkur Íslendinga í þeim þrenginum sem skapast vegna skerðingar á heimilaðri veiði á Íslandsmiðum. Andvirði 3.000 tonna karfaafla verður líka að reikna með mínus-megin þegar hagsmunir sjávarútvegsins af samningnum eru reiknaðir til fjár. Loðnuafla þann sem menn hafa verið að tala um mundum við Íslendingar í flestum tilfellum geta fengið án nokkurs leyfis frá EB. Og ef menn á annað borð vilja hleypa veiðiflota Evrópubandalagsins inn á Íslandsmið, sem ég tel í sjálfu sér mjög varhugavert, jafnvel þótt nokkrar tollaívilnanir komi á móti, þá tel ég afstöðu hæstv. sjútvrh. vera hyggilega að halda til streitu að fyrst veiði Íslendingar loðnuna áður en EB-flotanum er sleppt lausum í karfann.

Það hefur raunar legið fyrir alla tíð síðan 1972 að við gætum fengið felldan niður tollinn á saltfisknum ef við hleyptum flota EB inn í landhelgina. Við erum svo sem ekki búnir að bíta úr nálinni með fiskveiðiflota Evrópubandalagsins á Íslandsmiðum. Endurskoðunarákvæði fiskveiðisamningsins bjóða upp á síauknar kröfur frá Evrópubandalaginu um veiðiheimildir. Fiskimenn Evrópubandalagsins hafa þar að auki getið sér afleitt orð hvar sem þeir hafa farið, hvort sem það er

við Nýfundnaland eða annars staðar. Þeir eru kunnir að svindli og rányrkju.

Varðandi þær tollaívilnanir, sem í samningnum felast, þá eru þær líka sýnd veiði en ekki gefin. Við ráðum ekki fiskverði á meginlandinu. Hér er ekki um að ræða fríverslun með fisk eins og við vildum upphaflega fá. EB-ríkin geta stórspillt samkeppnisstöðu okkar með styrkjum til eigin útgerða eða niðurgreiðslum og þess vegna er það fjarstæða að vera að reikna saman hve mikið tollaívilnanirnar mundu gefa okkur og leggja til grundvallar fortíðina og búast við að tollalækkunin skili sér öll í hækkuðu fiskverði. Það er þar að auki langsennilegast að útflutningur á ósunnum fiski eða lítt unnum vaxi með auknu frjálsræði innan Evrópsks efnahagssvæðis. Það eru algerlega óraunhæfir draumórar að störfum í fiskiðnaði hér fjölgi og afkoma fiskibæjanna batni í kjölfar EES-samnings. Störfum hér fækkar vafalítið í fiskiðnaði og þá er sennilegt að okkur haldist ekki uppi sú útflutningsstýring sem við höfum ástundað undanfarið því að hún raskar auðvitað samkeppnisstöðu og frelsi á markaðnum.

Það er mjög mikilvægt að í samningnum er viðurkennt að við megum halda áfram gildandi lögum um eignarhald Íslendinga á útgerð og frumfiskvinnslu. Það eru hins vegar slæm tíðindi þegar nú upp á síðkastið hafa heyrst raddir um að við ættum að slaka á þessum íslensku lögum. Þetta er meira að segja komið inn í ríkisstjórnina. Fjármálaráðherra er farinn að láta þá skoðun í ljósi. Hvað varðar fullvinnslu afla hér á landi, þá lendir hann að einhverju leyti í höndum útlendinga innan skamms ef við getum sætt okkur við að skaffa ódýrara vinnuafl en fæst á meginlandinu og betri starfsskilyrði fyrir fyrirtæki þeirra. Ég læt máli mínu um sjávarútveg lokið í bili.

Hvað landbúnaðinn varðar þá tel ég að þar hafi tekist mjög slysalega til því að með þessari samningsgerð er opnað fyrir talsverðan innflutning búvara hingað til lands sem fram að þessu hafa verið framleiddar hér.

Undantekningarákvæðið við bókun 3, 5. gr. er mér þyrnir í augum sérstaklega. Þar er kveðið á um að jöfnunargjöld við innflutningi til landsins skuli aldrei vera hærri en þau voru 1991 en þá voru þau hverfandi lítil. Ísland er sem sagt galopið fyrir innflutningi mjólkurvara sem gæti numið 15–20% af neyslu landsmanna. Utanrrn. hefur vissulega gagnstæðan skilning á þessu ákvæði. En það er líka gagnstæður skilningur við a.m.k. sum Evrópubandalagsríkin. Ég vil vitna til umræðna á Alþingi 16. maí sl. Þar upplýsti hæstv. iðnrh. að þetta mál yrði útkljáð á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar. Bændur mega bíða í óvissu þangað til.

Það var upplýst, og það finnst mér meginatriðið, að umrætt ákvæði var sett inn í samninginn eða bókunina að kröfu Evrópubandalagsins 4. des. sl. Úr því að ákvæðið var sett inn að kröfu Evrópubandalagsins þá verður að álíta að Evrópubandalagið hyggist notfæra sér það. Það á samkvæmt 19. gr. EES-samningsins að standa í samningaþófi um landbúnaðarþáttinn á tveggja ára fresti og eins og þar segir: „Samningsaðilar skuldbinda sig ... til að auka smám saman frjálsræði í viðskiptum við landbúnaðarafurðir."

Þá er þess að geta að 5. gr. í bókun 3 er rangt þýdd á íslensku í þeim textum sem við höfum verið að vinna með. Enski textinn á þessari grein er miklu óþægilegri og vonandi gildir ekki það sama um aðra hluta íslensku þýðingarinnar á samningnum. Að vísu fann dr. Guðmundur Alfreðsson því miður ranga þýðingu annars staðar í samningnum eins og hann getur um í greinargerð sinni til utanrmn.

Varðandi þennan landbúnaðarþátt verður einnig að geta vandaðrar álitsgerðar sem unnin var að tilhlutan dóms- og kirkjumrh. og landbrh. um EES-samninginn og fasteignir á Íslandi. Þar segir að löggjöf okkar verði að vera með þeim hætti að veita útlendingum beinan og jafnan rétt á við landsmenn til að eiga fasteignir hér, þar með taldar jarðir, laxveiðiár, hlunnindi, auðlindir o.s.frv. Sumir hafa trúað því að unnt sé að setja upp girðingar sem hald er í. En það virðist ekki vera skoðun þessara álitsgefenda, því miður. Þeir benda þó á að hugsanlega megi binda eignarrétt við búsetu og nýtingu enda gangi þá það sama yfir Íslendinga og útlendinga. Þá telja þeir að fjárfestingarlögunum verði að breyta vegna EES og afnema takmörkun sem nú er í gildi á rétti útlendinga til að eignast virkjunarrétt vatnsfalla og jarðhita hér á landi.

Ég tel að hér sé um mjög mikinn galla á samningnum að ræða. Þetta er ekki sambærilegt við eignarhaldið í útgerð og frumfiskvinnslu vegna þess að í samningnum er sérstaklega tekið fram að núverandi lög, þegar sett lög Íslendinga, um það efni megi standa áfram. Þetta er því ekki sambærilegt við þann forgang sem við Íslendingar höfum samningsbundinn og bókfestan um eignarhald á útgerð og frumfiskvinnslu.

Ég trúi því ekki að ekki hefði verið hægt að halda betur á hagsmunum Íslendinga ef vilji hefði verið fyrir hendi. Það hefur raunar verið sinnt smærra viðviki og ómerkilegra en þessu. Það var sett inn undantekningarákvæði til þess að vernda einokun Húsatrygginga Reykjavíkur í tryggingafrelsinu. En því miður, héðan af verður ekki stafkrók breytt í þessum samningi og það er ekki sýnilegur vilji hjá ríkisstjórninni til að vernda forgang Íslendinga að eigin landi. Einu sinni æddi hæstv. utanrrh. um landið, fór á hundrað fundi og spurði: Hverjir eiga Ísland? Hið rétta svar þá var nátt-úrlega Íslendingar. En það verður ekki fullgilt í framtíðinni ef EES-samningurinn öðlast gildi hér.

Herra forseti. Ég ætla að láta tali mínu um landbúnaðarþáttinn lokið í bili og víkja að iðnaðinum.

Þeir talsmenn iðnaðarins sem komið hafa til fundar við utanrmn. hafa yfirleitt verið hlynntir stofnun Evrópsks efnahagssvæðis. Þeir telja sig sjá möguleika opnast í kjölfar þess. Hins vegar er rétt að hafa það í huga að iðnaðurinn hefur í tvo áratugi búið við tollfrelsi svo þessi samningur breytir út af fyrir sig litlu að því leyti. Það er rétt að geta þess að talsmenn iðnaðarins hafa þó þann fyrirvara á stuðningnum að ríkisvaldið verði að létta af sköttum og bæta starfsskilyrði iðnaðarins. Ég tel að væntingar þeirra séu ekki raunhæfar og á ekki von á því að ríkisvaldið treysti sér til að fullnægja öllum kröfum þeirra. Það er rétt að hafa í huga, eins og komið hefur fram hér í umræðunum,

reynsluna af EFTA. Við inngöngu okkar í EFTA var hér talsvert blómlegur iðnaður, t.d. fata- og húsgagnaiðnaður. Þá voru talsmenn iðnaðarins mjög bjartsýnir á að aukið frelsi mundi efla íslenskan iðnað. Það þekkja allir þá raunasögu. Helstu iðngreinar hafa ekki staðist samkeppni frelsisins og eru nú rústir einar.

Á hinn bóginn fær íslenskur iðnaður sennilega í einhverjum mæli ódýrt erlent vinnuafl sem kann að verða honum til hagsbóta en jafnframt missa Íslendingar auðvitað störf í iðnaði. Það má búast við að iðnaðarmenn flytjist hingað í einhverjum mæli og hefji hér starfsemi. Það kann að koma neytendum vel, ef þeir verða ekki dýrseldir, en ekki þeim sem missa störfin til þeirra.

Hvað verslunina varðar þá eru líkur á að við myndun Evrópsks efnahagssvæðis komi útlendingar til með að yfirtaka einhvern hluta verslunar hér. Þess er skemmst að minnast þegar Hagkaup yfirtók Bónus á dögunum. Þá skýrði Jóhannes, forstjóri Bónus, frá því að sér hefði borist tilboð í fyrirtæki sitt frá verslunarkeðjum í Danmörku og Þýskalandi. Hann vildi heldur láta Hagkaup yfirtaka fyrirtæki sitt, væntanlega af þjóðhollustu. Vafalaust mundi þátttaka útlendrar verslunarkeðju lækka hér vöruverð í bili og það væri neytendum til tímabundinna hagsbóta. Á hitt ber að líta að við höfum slæma reynslu af því er útlendingar önnuðust verslun hér og það er ekki víst að hinir lágu prísar héldust.

Talsmenn flutningastarfsemi virðast ekki óttast aukna samkeppni og það væri betur að þeir hefðu rétt fyrir sér. Bankastarfsemi hér breytist vafalítið við myndun Evrópsks efnahagssvæðis og sennilega munu erlendar bankastofnanir hefja hér einhverja starfsemi. Það gæti út af fyrir sig leitt til lækkunar vaxta og það væri af hinu góða. Vinnuveitendur fagna margir hverjir aðild að Evrópsku efnahagssvæði og vænta sér þá væntanlega ódýrara vinnuafls að utan.

Mér er ráðgáta hvernig forusta margra verkalýðssamtaka hefur tekið á þessu máli. Margir forustumenn stéttarfélaga eru nefnilega ótrúlega jákvæðir þó að það eigi ekki við um þá alla. Sumir þeirra loka augunum fyrir því að við erum að gerast aðilar að efnahagssvæði þar sem atvinnuleysi er fast í kringum 10%. Með svipuðu lögmáli, eins og vatnið rennur undan brekkunni, hlýtur atvinnuleysi hér að aukast til stórra muna og innstreymi erlends vinnuafls hlýtur að taka atvinnu frá Íslendingum og atvinnuleysisstig hér að verða svipað og annars staðar á svæðinu.

Það er rétt að minna á að þeir sem koma til landsins koma til með að vinna á strípuðum töxtum. Það verður að borga þeim taxtana en atvinnurekendur geta komist hjá því að greiða þeim alls konar duldar greiðslur og fríðindi sem Íslendingar njóta. Þess má geta að útlendingarnir þurfa félagslega þjónustu til jafns við Íslendinga og það kostar okkur auðvitað einhverja fjármuni.

Myndun Evrópsks efnahagssvæðis kemur til með að hafa veruleg áhrif á stærri sveitarfélög og ríkisstofnanir. Skylt verður að efna til útboða á svæðinu í meiri háttar vörukaup og stærri verksamninga. Þá getur íhaldið í Reykjavík t.d. ekki gaukað hagstæðum verkefnum eða gróðavænlegum viðskiptum að gæðingum sínum lengur. Það mun hljótast verulegur kostnaður af því að bjóða út á svona stórum markaði og kostnaður eykst við gerð útboðsgagna. Það þarf að koma á fót opinberri stofnun sem annast samskipti hvað varðar upplýsingar og opinber útboð á Evrópumarkaði á kostnað sveitarfélaganna, a.m.k. að hluta til.

Þá er svigrúm sveitarfélaga til örvunar eða björgunaraðgerða í atvinnulífi þrengt. Eftir myndun EES-svæðis getur sveitarfélag ekki ívilnað fyrirtæki í sveitarfélaginu án þess að taka áhættu af því að vera sakað um að raska eðlilegri samkeppnisstöðu og hér er ég að tala um stærri fyrirtæki.

Hver áhrif verða á ríkisfjármálin er erfitt að sjá fyrir. Það er rétt að geta þess að hér er skattheimta lægri en annars staðar á EES-svæðinu að Portúgal frátöldu. Það er líklegt að hún leiti jafnvægis við önnur EES-ríki. Þá þyngist bein skattheimta á almenning. Hins vegar er virðisaukaskattur hér hærri og líklegt að hann lækki en beinir skattar hækki.

Kaupmáttur launa hér er með því hæsta sem þekkist á EES-svæðinu. Það kynni að breytast og kaupmáttur kynni að verða svipaður og annars staðar.

Síðan umræður um EES hófust hefur mikið vatn til sjávar runnið. Þá var talað um tveggja stoða lausn þar sem önnur stoðin væri EFTA og hin Evrópubandalagið. Útkoman hefur orðið önnur. Hér er ekki um samstarf tveggja rétthárra aðila að ræða. Evrópubandalagið er allsráðandi og EFTA er engin stoð, einungis hækja, eins og það var orðað hér í gær, eða hjáleiga frá Evrópubandalaginu. E.t.v. sést þetta hvergi betur en ef við athugum feril dómstólaþáttarins. Evrópubandalagið heimtaði meiri hluta dómaranna. Það dugði ekki að mati Evrópudómstólsins og samningnum var breytt og fundin lausn þar sem Evrópubandalagið ræður raunverulega öllu.

Það er líka fróðlegt að kynna sér viðhorf Evrópubandalagsins til þessarar samningagerðar. Nokkrir hv. þm. hafa haft tækifæri til þess, m.a. í gegnum þingmannanefnd EFTA, að hitta að máli þingmenn úr Evrópubandalagslöndum og ræða þessi mál við þá. Það er sannarlega ekki í öllum tilfellum mjög uppörvandi. Það væri fróðlegt fyrir alþingismenn að kynna sér yfirlýsingu Van der Pas, sem er embættismaður framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, um þennan samning sem hann flutti á fundi viðskiptanefndar Evrópubandalagsins 30. okt. 1991 í Brussel.

Þessi háttsetti embættismaður lýsti samningnum og það verður að líta á það sem túlkun Evrópubandalagsins. Þar birtist aldeilis grímulaust viðhorf herraþjóðarinnar sem lýsti réttleysi hjálendunnar. EFTA-ríkin eiga ekki von á góðu ef andi Van der Pas kemur til með að ríkja í framtíðarsamskiptum eins og því miður verður að gera ráð fyrir.

Framtíð þessa samnings er óviss. Önnur EFTA-ríki en Ísland hafa ýmist sótt um innlimun í hið þýsk-evrópska stórríki eða ætla að gera það fljótlega og jafnvel hér á landi eru hæstv. ráðherrar og þeirra handlangarar farnir að tala opinskátt um möguleika á aðild

Íslands að Evrópubandalaginu. Þetta sýnir okkur að með Evrópsku efnahagssvæði er ekki verið að tjalda nema til einnar nætur. Jafnvel þótt önnur EFTA-ríki ætli inn í Evrópubandalagið þá leggja þau mikla áherslu á fullgildingu EES-samningsins. Þetta gera þau vegna þess að þau líta á samninginn sem stórt skref inn í Evrópubandalagið. Það skyldi þó aldrei vera viðhorf ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar líka? Ég bið menn að athuga að innan Sjálfstfl. hafa nú tekið öll völd Evrópusinnarnir, Evrópubandalagssinnarnir. Ég nefni dæmið af því hvernig hv. þm. formanni utanrmn., Eyjólfi Konráði, var bolað úr formennskunni til að skapa þar svigrúm fyrir hv. þm. Björn Bjarnason sem hefur óþreytandi skrifað dálk eftir dálk um kosti þess fyrir Íslendinga að fylgjast vel með og vera ekki seinir á sér í samskiptum við Evrópubandalagið. Þeir sem eru á hraðferðinni til Brussel eru búnir að ná töglum og högldum í Sjálfstfl. Það skiptir líka máli við mat á þessu máli öllu. Ef hér væri um að ræða varanlegt form á samskiptum Íslands og Evrópubandalagsins þá væri vel. En ef hér er aðeins um að ræða áfangastað inn í Evrópubandalagið þá er illa því ég held það væri fátt sem við Íslendingar gætum gert óskynsamlegra en að ganga þar inn.

Ein fáránlegasta röksemd talsmanna þessa samnings er að með honum komum við til með að hafa áhrif á gang mála í Evrópu. Ég hef ekki trú á því. Þetta er bara rugl.

Önnur langsótt röksemd er þegar menn sem alla tíð hafa, eins og hæstv. utanrrh., gefið skít í norrænt samstarf fara allt í einu að tala um hættuna af því að einangrast frá öðrum Norðurlandaþjóðum. Mér er e.t.v. ljósara en flestum þingmönnum öðrum gildi norrænnar samvinnu og sá ávinningur sem við höfum á undanförnum áratugum haft af henni. En það breytir því ekki að við megum ekki kaupa norræna samvinnu eða félagsskap annarra Norðurlanda með því að elta þau inn í Evrópubandalagið.

Það er líka rétt fyrir okkur að gera okkur grein fyrir að með samningi þessum skerðast möguleikar okkar til samskipta og samninga við ríki utan EES og það nægir að benda á 120. og 121. gr. EES-samningsins.

Dettur nokkrum manni í hug, hefði Ísland verið aðili að EES-samningi 1971, að við hefðum getað fært efnahagslögsögu okkar út í 200 mílur? Mér finnst það ósennilegt.

Framsfl. studdi upphaflega hugmyndina um myndun Evrópsks efnahagssvæðis enda væri fullnægt ákvæðum um stranga fyrirvara sem þáv. forsrh. Steingrímur Hermannsson setti fram fyrir Íslands hönd þegar EFTA gekk til þessara viðræðna eins og margrakið hefur verið hér í þessum umræðum.

Samningur sá sem hér liggur fyrir er allt annar en sá sem við vonuðumst eftir að gerður yrði. Fyrirvarar okkar eru ýmist orðnir útvatnaðir eða þá horfnir með öllu. Núverandi ríkisstjórn hefur haldið klaufalega á þessu máli og hafi hún skömm fyrir það.

Við heildarmat á þessum samningi tel ég að hafa beri í huga að sá ávinningur sem hæstv. utanrrh. telur vera af samningnum er mjög ýktur. Einhver ávinningur kann að verða fyrir sumar greinar sjávarútvegs en það kann að vera dýru verði keypt annars staðar í þjóðfélaginu.

Með samningi þessum opnast tvímælalaust tækifæri og bætt aðstaða fyrir þá sem ætla að flytja til meginlandsins en tvímælalaust er hann til óheilla fyrir marga þá sem eftir sitja og ætla að halda áfram að vera Íslendingar.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Í upphafi máls míns vil ég þakka hæstv. utanrrh. hina yfirgripsmiklu framsöguræðu er hann flutti fyrir máli þessu sl. fimmtudag. Þar var kjarna EES-samningsins, sögu hans og áhrifum og stöðu Íslands á alþjóðavettvangi, lýst með prýðilegum hætti. Ég er sammála niðurstöðu ráðherrans um það hvernig samningsgerðin stóð við stjórnarskiptin 30. apríl 1991. Einnig tek ég undir afstöðu hans til hinna ólíku, lögfræðilegu viðhorfa sem komið hafa fram um það hvort samningurinn brjóti í bága við íslensku stjórnarskrána eða ekki.

Hér er til umræðu frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið. Verði frv. samþykkt veitir Alþingi ríkisstjórninni heimild til að fullgilda samninginn um EES, sem er milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins, og einnig samninga milli EFTA-ríkjanna innbyrðis um að koma á fót eftirlitsstofnun EFTA og dómstóli EFTA og jafnframt fastanefnd EFTA-ríkjanna.

Að mínu mati eru fjórar meginástæður fyrir því að Alþingi samþykki lagafrv. með það fyrir augum að EES-samningurinn geti tekið gildi 1. jan. 1993. Í fyrsta lagi er samþykkt samningsins í samræmi við þá stefnu sem ríkisstjórnir Íslands hafa með þingmeirihluta að baki sér fylgt allt frá því um miðjan níunda áratuginn þegar umræður um nánara samstarf EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins hófust. Þá þegar voru teknar ákvarðanir um að efla þetta samstarf og í ársbyrjun 1989 setti Jacques Delors, forseti framkvæmdastjórnar EB, fram tillögur um hvernig að því skyldi staðið. Var tekið jákvætt í þær af leiðtogum EFTA-ríkjanna á sögulegum fundi í Ósló í mars 1989 og það var upphaf þess starfs sem leiddi síðan til þess að ritað var undir EES-samninginn í Óportó í Portúgal 2. maí sl.

Í öðru lagi næst með samningnum mikilvæg viðurkenning samningsaðilanna á sérstöðu Íslands, ekki síst að því er varðar sjávarútvegsmál. Með samningnum hefur þannig verið unnið að gæslu íslenskra sérhagsmuna. Ég er þeirrar skoðunar að samleið með EFTA-ríkjunum hafi verið nauðsynleg til að þessi niðurstaða fengist. Það yrði því fráleitt að rjúfa samstöðu með EFTA-ríkjunum nú og stofna að nýju til óvissu í samskiptum okkar við Evrópubandalagið með tilmælum um tvíhliða viðræður. Slík ákvörðun nú væri ekki aðeins tímaskekkja heldur stofnaði íslenskum hagsmunum í hættu.

Í þriðja lagi er ekki gengið inn á valdsvið íslenskra stjórnvalda með samningnum á þann veg að það brjóti í bága við stjórnarskrána. Hér er stofnað til samnings um milliríkjaviðskipti og sett ákvæði um hvernig tekið skuli á álitaefnum er rísa af því að samningurinn er

gerður. Nýtt réttarsvið verður til og jafnframt stofnanir til að gæta öryggis á því. Þetta öryggisatriði er einkum mikilvægt fyrir hinar smærri þjóðir sem eiga aðild að samstarfinu. Það eru vísvitandi rangfærslur eða ótrúlegt þekkingarleysi að halda því fram að í þessum samningi felist eitthvert allsherjarafsal á íslensku sjálfstæði eða verið sé að færa Íslandssöguna aftur til þess tíma þegar landið var hluti af Danmörku. Alþingi og önnur íslensk stjórnvöld hafa fjölmörg úrræði til að tryggja sérstöðu Íslands þar sem þess er talin sérstök þörf í samstarfinu svo sem varðandi eignarhald á náttúruperlum landsins.

Í fjórða lagi er samningurinn æskilegur grunnur að sambandi okkar við aðildarríki Evrópubandalagsins og EFTA sem við hljótum að rækta áfram í sama anda og til þessa. Á miklum óvissu- og breytingatímum í alþjóðastjórnmálum og ekki síst í Evrópu er nauðsynlegt fyrir okkur eins og aðrar þjóðir að nota þau tækifæri sem gefast til að efla eigin hag með nánari samvinnu. Það gerum við með þessum samningi. Hann veitir okkur í senn þann kost að láta staðar numið eða halda áfram til nánara samstarfs.

Ræður fulltrúa stjórnarandstöðunnar um þetta mál hér í gær og í dag gefa ekki miklar vonir um að víðtæk samstaða takist hér á Alþingi um afgreiðslu þess. Kvennalistinn hefur allt frá upphafi verið andvígur þátttöku Íslands í evrópsku samstarfi eins og það er mótað með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Þess vegna þarf afstaða fulltrúa þess flokks ekki að koma á óvart. Hitt hlýtur að vekja athygli og undrun að formenn Alþb. og Framsfl. flytja nú ræður um þetta mál sem skilja mætti á þann veg að þeir hefðu aldrei lagt því í einlægni lið sitt eða brotið það til mergjar. Ég segi að það hljóti að vekja undrun þar sem þessir tveir menn voru forsrh. og fjmrh. í þeirri ríkisstjórn sem lagði grunninn að samningsgerðinni og mótaði meginstefnuna í henni allt þar til í apríl á síðasta ári þegar segja má að aðeins frágangsatriði varðandi samninginn um Evrópska efnahagssvæðið væru eftir. Segir mér svo hugur að þegar fram líða stundir verði kollsteypa þessara tveggja flokksformanna í þessu mikilvæga máli talin til marks um ótrúlegan tvískinnung og pólitíska hentistefnu. Mun ég hér á eftir víkja frekar að málflutningi þeirra.

Þótt flokkspólitískur ágreiningur sé um málið á hann ekki að tefja fyrir framgangi þess á Alþingi. Það er síður en svo nýlunda að ágreiningur sé um afdrifarík utanríkismál hér í þingsölunum. Margt í þeim ágreiningi sem nú er uppi minnir á fyrri væringar um þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi. Hrakspár andstæðinga samninga Íslands við önnur ríki hafa sem betur fer ekki ræst til þessa og er ástæðulaust að ætla að þær rætist frekar í þessu tilviki en öðrum.

Forustumenn stjórnmálaflokkanna fimm hafa gert með sér samkomulag um það hvernig að þinglegri afgreiðslu málsins skuli staðið og hafa þingnefndir starfað í samræmi við það. Hljóta þeir sem að samkomulaginu stóðu að leggja metnað sinn í að við það verði staðið og hefur ekkert það gerst sem hindrar að svo megi verða.

Samkvæmt frv. sem hér liggur fyrir er ætlunin að lögfesta meginmál EES-samningsins. Hann fær þar með lagagildi hér á landi þannig að tryggt sé að íslenskir ríkisborgar geti byggt rétt sinn á honum. Jafnframt er lagt til að bókun 1 verði lögfest en hún fjallar um almenna aðlögun að þeirri löggjöf sem gilda skal innan EES-svæðisins. Loks er lagt til að þær mikilvægu undanþágur sem Íslandi eru veittar í tveimur viðaukum með samningnum um fiskveiðar og fiskvinnslu verði einnig lögfestar.

Þessum aðalsamningi um Evrópska efnahagssvæðið fylgja síðan 22 viðaukar og 49 bókanir. Vísað er til um 1.400 reglugerða og tilskipana Evrópubandalagsins í viðaukunum og hafa þessir bálkar verið lagaðir að Evrópska efnahagssvæðinu. Þessa viðauka og bókanir á ekki að leiða í lög hér með sama hætti og aðalsamninginn. Hins vegar verður efni viðaukanna tekið upp í um 60 fylgifrumvörpum með samningnum sem hin einstöku ráðuneyti leggja fyrir Alþingi um margvíslega málaflokka sem undir þau heyra. Við upphaf þessa þings höfðu samtals 27 fylgifrumvörp verið send til meðferðar í þingnefndum en 28 voru væntanleg. Sú staðreynd að ætlunin sé að taka mið af 1.400 reglugerðum og tilskipunum Evrópubandalagsins lá fyrir þegar á árinu 1989 þegar samningaviðræðurnar hófust. Þær hófust á þeim grunni að lagður skyldi til grundvallar lagabálkur Evrópubandalagsins og það er hann sem menn vísa til þegar rætt er um þessar 1.400 reglugerðir og tilskipanir. Allt frá upphafi þess að lagt var af stað í þessa ferð lá það fyrir að á þessum grunni yrði byggt og á þeim grunni stöndum við enn þegar unnið er að því að laga íslenska löggjöf að samningnum og því sem honum fylgir. Fyrir utan þetta löggjafarstarf vegna EES-samningsins þarf atbeina Alþingis vegna fullgildingar á ýmsum samningum er tengjast EES-samningnum eða samningaviðræðunum með einum eða öðrum hætti. Má þar nefna samninga milli EFTA-ríkjanna sérstaklega, um stofnun eftirlitsnefndar og dómstóls og um fastanefnd EFTA en heimild um þessa fullgildingu er að finna í frv. sem hér er til umræðu.

Í tengslum við EES-samninginn hefur verið unnið að lausn á óútkljáðu deilumáli milli Evrópubandalagsins og Íslands varðandi samstarf í sjávarútvegsmálum. Hófust umræður um það skömmu eftir að samningar tókust um lausn fiskveiðideilunnar vegna 200 mílnanna. Hefur þeim verið haldið áfram í mislöngum lotum í um 15 ár eða svo. Á árinu 1981 lágu fyrir drög að sjávarútvegssamningi milli aðilanna en þá eins og endranær strandaði á kröfu Evrópubandalagsins um aðgang að íslenskri fiskveiðilögsögu fyrir tollaívilnanir fyrir íslenskan fisk á EB-mörkuðum.

Í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar á árunum 1988–1991 fóru fram viðræður við EB um gagnkvæm fiskveiðiréttindi svo sem frægt varð í hörðum orðasennum sjútvrh. og utanrrh. þeirrar ríkisstjórnar fyrir síðustu þingkosningar. Voru þessar viðræður liður í tilraunum til að ná samkomulagi um sjávarútvegssamning milli Íslands og Evrópubandalagsins og héldu þær áfram eftir stjórnarskiptin samhliða því sem unn-

ið var að því að ljúka EES-samningnum. Helstu efnisþættir um hin gagnkvæmu fiskveiðiréttindi eru nú kunnir og hafa verið ræddir oftar en einu sinni í utanrmn. Alþingis. Samningaviðræðunum sjálfum er hins vegar ekki lokið, sem kunnugt er, en frá þessum samningi verður ekki gengið án atbeina Alþingis.

Við 1. umr. um það frv. sem hér liggur fyrir tel ég ekki ástæðu til að rekja einstök atriði í EES-samningnum. Hins vegar vil ég víkja nokkrum orðum að þeim þætti málsins sem stjórnarandstæðingar hafa kosið að gera að meginþætti þess, það er spurningunni um það hvort gerð samningsins brjóti í bága við stjórnarskrána.

Stjórnarskrár eru misjafnlega úr garði gerðar. Sagan segir okkur að í þeim ríkjum þar sem þær hafa verið ítarlegastar og háfleygastar hefur stundum verið minnst eftir þeim farið. Einræðisherrar hafa jafnan reynt að blekkja þegna sína og umheiminn með því að efna til mikillar áróðursherferðar í kringum setningu nýrrar stjórnarskrár sem átti að tryggja öllum allt. Plaggið hefur reynst því marklausara eftir því sem áróðurinn hefur verið meiri í þessum ríkjum. Þar sem ekki er rituð stjórnarskrá hins vegar er auðvelt að laga hana að breyttum aðstæðum og hafa lýðræðislegir stjórnarhættir og virðing fyrir mannréttindum oft dafnað best í þeim löndum þar sem ekki eru ritaðar stjórnarskrár eða ekki eins fastbundnar og við eigum t.d. að venjast hér í okkar landi og auðveldara að breyta þeim heldur en á landi. (**ÓÞÞ:** Er það ekki Bretland eitt af Vesturlöndum?)

Ágreiningur um aðferðir við að túlka stjórnarskrárákvæði hefur löngum verið uppi meðal lögfræðinga. Hann verður ætíð fyrir hendi og getur birst í ólíkum myndum. Í Morgunblaðinu í morgun mátti t.d. lesa í grein eftir fyrrv. lagaprófessor að Alþing hefði tvíbrotið stjórnarskrána með því að samþykkja fullgildingu á Mannréttindasáttmála Evrópu með þingsályktun. Þessi niðurstaða hlýtur að koma þeim í opna skjöldu sem sótt hafa mál fyrir þessum dómstóli til að tryggja rétt sinn gagnvart íslenska ríkisvaldinu. Spyrja má hvort íslenska ríkið hefði átt að nota þá málsástæðu í vörn sinni fyrir mannréttindadómstólnum að aðild Íslands að honum væri stjórnarskrárbrot, ekki einfalt heldur tvöfalt stjórnarskrárbrot. Lögfræðilegar rökræður taka þannig á sig ýmsar myndir en þær eru nauðsynlegar til að unnt sé að glöggva sig á álitaefnum sem uppi eru.

Að mínu mati gefur það t.d. sérstakt gildi þátttöku Íslands í Evrópska efnahagssvæðinu að nauðsynlegt er að fara yfir ýmsa mikilvæga íslenska lagabálka og sníða þá að evrópskum kröfum. Þetta er síður en svo nýnæmi í íslenskum rétti því að hann hefur frá alda öðli byggst á erlendum fyrirmyndum, einkum norrænum. Nú má segja að evrópska stoðin verði öflugri en hin norræna í þessu efni. Það er fráleitt að láta eins og það sé einhver umbylting í íslenskri lagasmíð að leitað sé erlendra fyrirmynda eða tekið mið af því sem gerist í lagasetningu erlendis. Þetta hefur alls ekki leitt til þess að frumkvæði Alþingis hafi verið hafnað og svo verður ekki heldur með EES-samningnum.

Í þeim umræðum sem fram hafa farið um stjórnarskrána vegna EES-samningsins hefur því verið haldið á loft að Alþingi geti ekki fullgilt hann af því að höfundar stjórnarskrárinnar sáu samninginn ekki fyrir. Með slíkri túlkun á stjórnarskránni er ekki litið á hana sem undirstöðu til að standa á við töku mikilvægra pólitískra ákvarðana heldur sem þröngan og ósveigjanlegan ramma sem setji pólitísku starfi og framvindu þjóðfélagsins þröngar skorður. Ég hallast að því að stjórnarskráin sé traustur grunnur til að standa á en það eigi ekki að líta á hana sem haft sem útiloki íslenska ríkið í eðlilegri samvinnu við aðrar þjóðir. EES-samningurinn mótar rammann um slíka eðlilega samvinnu Íslands við aðrar þjóðir.

Á borð þingmanna hafa verið lagðar fjórar lögfræðilegar álitsgerðir um stjórnarskrána og EES. Í fyrsta lagi álitsgerð hinna virtu fjögurra lögfræðinga er utanrrh. fól að kanna málið og komust að þeirri niðurstöðu að aðild að samningnum bryti ekki í bága við stjórnarskrána. Í öðru lagi greinargerð frá Davíð Þór Björgvinssyni, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, þar sem hann telur að aðild að samningnum sé ekki stjórnarskrárbrot. Í þriðja lagi greinargerð frá Birni Þ. Guðmundssyni, prófessor í stjórnsýslurétti við lagadeild Háskóla Íslands, þar sem hann telur vafa á því að samningurinn brjóti í bága við stjórnarskrána og vill þess vegna að henni sé breytt. (**ÓÞÞ:** Er hann ekki virtur líka?) Og í fjórða lagi greinargerð frá Guðmundi Alfreðssyni, lögfræðingi hjá Sameinuðu þjóðunum í Genf, sem telur að stjórnarskráin yrði brotin ef Alþingi samþykkti EES-samninginn. (**ÓÞÞ:** Nýtur hann ekki virðingar?) Væri hér um fjölskipaðan dóm að ræða þyrfti enginn að efast um niðurstöðuna. Fimm dómarar telja ekki um stjórnarskrárbrot að ræða, einn er í vafa og hinn sjöundi telur að brotið sé gegn stjórnarskránni. Er umhugsunarvert að þessi niðurstaða í hinum skriflegu lögfræðilegu gögnum sem fyrir þingmenn hafa verið lögð skuli vekja jafnsterk viðbrögð og raun ber vitni um hjá stjórnarandstöðunni. Hefur hún nú lagt fram frv. til breytingar á stjórnarskránni af þessu tilefni.

Á það hefur verið bent að samhliða því sem þingmenn taki mið af fræðilegum ábendingum um stjórnarskrána og efni hennar hafi þeir axlað þá skyldu að taka pólitískar ákvarðanir. Ég leyfi mér að fullyrða að það er pólitík en ekki lögfræði sem ræður því að stjórnarandstaðan leggur eins mikla áherslu á stjórnarskrárþátt þessa máls og við höfum kynnst hér í þingsalnum. Vil ég nú víkja aðeins að þeim ræðum sem hér voru fluttar í gær af formönnum Framsfl. og Alþb.

Eins og ég sagði áður, þegar litið er á pólitískar umræður hér annars vegar og framvinduna í samningaviðræðunum um EES hins vegar kemur á óvart svo ekki sé meira sagt að þeir menn sem gegndu ráðherrastörfum í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar skuli telja ákvæðin um dómstól og eftirlitsstofnun EFTA brjóta í bága við stjórnarskrána og eina helstu ástæðuna fyrir því að þeir geti ekki samþykkt EES-samninginn eða hafi efasemdir um hann. Hæstv. utanrrh. hefur bent á að í tíð ríkisstjórnar Steingríms Her-

mannssonar, þar sem Jón Baldvin Hannibalsson var einnig utanrrh., hefði ríkisstjórn Íslands verið tilbúin að fallast á strangari ákvæði um valdsvið dómstóls og eftirlitsstofnunar á Evrópska efnahagssvæðinu sem mælt er fyrir um í endanlegri gerð samningsins, eða eins og hæstv. utanrrh. sagði í framsögu sinni, með leyfi forseta:

„Þannig er ljóst að það sem hefur breyst í EES-samningnum hvað dómsvald varðar frá því í tíð síðustu ríkisstjórnar er að staða dómstólsins er veikari en hún áður var og enn tryggara en áður að dómsvald innlendra aðila verður ekki selt úr landi."

Þetta sagði hæstv. utanrrh. um dómstólinn. Hann minnti einnig á þá staðreynd að í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar var samþykkt að koma á fót EFTA-stofnun sem hefði samsvarandi umboð og hlutverk og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins. Síðan gerðist það að í síðustu skýrslu sem utanrrh. ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar gaf Alþingi um stöðu EES-málsins fyrir kosningar í apríl 1991 segir, með leyfi forseta:

„Telja verður að þær stofnanir sem varða valdsvið sameiginlegra stofnana á Evrópska efnahagssvæðinu falli innan ramma stjórnarskrárinnar eins og hún hefur verið túlkuð fram að þessu."

Það er fráleitt að ætla að ráðherrum í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hafi ekki öllum verið kunnugt um að efasemdir væru uppi um það hvort ýmis ákvæði EES-samningsins stæðust kröfur stjórnarskrárinnar. Einn af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar, hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, vakti t.d. máls á þessu atriði sérstaklega sem fylgdi áliti Evrópustofnunefndar vorið 1990 þar sem hann taldi að vafasamt væri að EES-samningurinn stæðist ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar. Í ræðu sem hv. 7. þm. Reykn., Steingrímur Hermannsson, flutti á Alþingi hin 17. des. sl. í umræðum utan dagskrár um úrskurð Evrópudómstólsins og EES sagði hann m.a. með leyfi hæstv. forseta:

„Ég fyrir mitt leyti og við í síðustu ríkisstjórn féllumst á það að samþykkja EES-dómstól, þótt sannarlega megi færa að því rök að sé yfirþjóðleg stofnun, vegna þess að við töldum að þar hefðum við aðgang að aðila sem gæti kveðið upp úrskurð í deilumálum okkar við EB og það væri betra fyrir smáþjóð, eins og oft hefur komið fram hjá hæstv. utanrrh., að hafa aðgang að slíkum aðila en hafa aðgang að engum."

Hvað hefur breyst að þessu leyti síðan í desember 1991? Svarið við þessari spurningu er einfalt. Hið yfirþjóðlega vald EFTA-dómstólsins hefur minnkað. Er þess vegna ástæða til þess að ætla að frekar sé nú verið að brjóta gegn stjórnarskránni en þegar hv. þm. Steingrímur Hermannsson var forsrh.? Ég held að allir, sem líta hlutlægt á málið, telji að svo sé alls ekki.

Mér finnst eðlilegt að sú ósk sé sett hér fram við ríkisstjórnina, sem nú situr, að með öllum tiltækum ráðum verði leitast við að fá úr því skorið hvernig ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar stóð að þeirri skýrslu sem utanrrh. lagði fram á Alþingi fyrir hennar hönd í mars 1991. Ótvíræðar upplýsingar um þetta munu auðvelda mat á því hvort það eru pólitísk viðhorf eða tillit til fræðilegrar niðurstöðu varðandi stjórnarskrárþátt málsins sem ráða ferðinni hjá þeim flokkum er áttu fulltrúa í síðustu ríkisstjórn en eru nú í stjórnarandstöðu. (**SvG:** Hvort ræður ferðinni hjá þér?)

Ég tel að öll lögfræðileg viðhorf er snerta stjórnarskrána og EES-samninginn séu komin fram. Frekari umræður um málið meðal fræðimanna og lögfræðinga eiga ekki eftir að leiða neitt nýtt í ljós. Nú er það hins vegar hlutverk okkar alþingismanna að taka af skarið í þessu efni eins og öðrum er varða EES-samninginn. Ég ítreka það sem ég sagði hér áður að það er fráleitt að draga þær ályktanir af þessum samningi að með honum séum við að afsala okkur þeim víðtæku réttindum sem menn láta að liggja í ræðum sínum í þinginu og það sé rétt mat og byggt á samningnum sjálfum og efnisákvæðum hans, sem segir í skýrslu hinna virtu lögfræðinga er utanrrh. fól að kanna þetta mál, að hér er um afmarkað og skýrt tilvik að ræða varðandi það hvar eftirlitsstofnun EFTA og dómstóll EFTA geta haft afskipti af íslenskum málefnum.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson lét að því liggja í ræðu sinni í gær að það gæti orðið íþyngjandi fyrir lítil íslensk fyrirtæki og einstaklinga hér á landi að þessu eftirliti yrði komið á fót og að dómstóllinn starfaði. Þetta er byggt á miklum misskilningi og það er ljóst að því aðeins geta þessar stofnanir látið að sér kveða hér á landi, eins og segir, að heimild eftirlitsstofnunarinnar sé bundin við að um sé að ræða fyrirtæki sem eru af tiltekinni stærð og sem hafa meira en 5% markaðshlutdeild á þeim markaði sem um er að ræða og heildarveltu upp á 200 millj. ECU eða 15 milljarða íslenskra króna og þurfa bæði þessi skilyrði að vera uppfyllt. Aðeins í slíkum tilvikum getur eftirlitsstofnunin og dómstóllinn haft afskipti af starfsemi fyrirtækjanna. Það er því með öllu rangt að halda því fram í þessum ræðustóli að þessi samningur geti með einhverjum hætti orðið íþyngjandi fyrir einstaklinga og lítil íslensk fyrirtæki eins og það var orðað. En í sjálfu sér væri það æskilegt að einstaklingar hér á landi og íslensk fyrirtæki yrðu það öflug að það þyrfti að veita þeim aðhald með þessum hætti en því miður virðist það eiga langt í land.

Það eru þessi ákvæði sem menn verða að hafa í huga, þessi atriði í samningnum sem menn verða að hafa í huga þegar þeir líta á þær niðurstöður sérfræðinganna fjögurra þar sem sagt er að samningurinn snerti sérgreind, vel afmörkuð atriði. Hér er um milliríkjasamning að ræða, það er um milliríkjaviðskipti að ræða, það er um það að ræða að skapað er nýtt réttarsvið og á því réttarsviði gilda þessar reglur og geta þessar stofnanir látið að sér kveða. Það er með öllu ástæðulaust að gera því skóna að þær geti farið að hlutast hér til um innanlandsmál. Íslensk fyrirtæki sem starfa á íslenskum markaði verða að uppfylla þau skilyrði sem hér voru nefnd og ýmis fleiri sem menn geta kynnt sér ef þeir lesa þær skýrslur og greinargerðir sem fyrir okkur hafa verið lagðar. Eins og segir í greinargerð hinna virtu fjögurra lögfræðinga sem utanrrh. hvatti til, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir standa aðeins samkeppnisreglur samninganna. Þær varða samkeppni í viðskiptum milli samningsaðila, það er milliríkjaviðskipti. Eins og nánar er rakið hér að framan teljum við eftirtalin atriði ráða niðurstöðunni:

1. Það er íslensk réttarregla að við sérstakar aðstæður beri að beita erlendum réttarreglum hér á landi,
2. dæmi eru til þess, að ákvarðanir erlendra stjórnvalda gildi hér á landi og þær séu aðfararhæfar,
3. dæmi eru til þess, að erlenda dóma megi framkvæma hér á landi,
4. vald það, sem alþjóðastofnunum er ætlað með samningnum, sem hér er fjallað um, er vel afmarkað,
5. þetta vald er á takmörkuðu sviði,
6. það er ekki verulega íþyngjandi fyrir íslenska aðila.

Við erum þeirrar skoðunar, að þessi atriði tekin saman leiði til þess, að það sé heimilt að fela áðurnefndum alþjóðastofnunum það vald á sviði samkeppnisreglna, sem um ræðir í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og fylgisamningum hans. Í 2. gr. stjórnarskrárinnar felst meginregla, sem margar og mikilvægar undantekningar eru frá að því er varðar valdmörk innlendra aðila. Nokkrar undantekningar frá henni eru einnig í gildandi íslenskum lögum að því er varðar erlenda valdhafa. Þess er sérstaklega að geta að því er dómsvaldið varðar, að ákvæði um svonefnda forúrskurði leggja ekki bindandi skyldur á íslenska aðila og skipta hér ekki máli."

Þetta eru að mínu mati rétt rök og menn verða að hafa það meginatriði í huga þegar þeir ræða um samninginn að hann gildir um afmarkað svið, gildir varðandi milliríkjaviðskipti og gildir fyrir fyrirtæki sem eru af ákveðinni stærð og geta þannig haft markaðsáhrif á öllu samningssvæðinu.

Það atriði sem nú er einnig komið fram og kom fram hér í gær, þ.e. hugmynd stjórnarandstöðunnar um að breyta stjórnarskránni, finnst mér — ég ætla ekki að lengja mál mitt mjög, virðulegi forseti — nauðsynlegt að ræða í þessu samhengi. Eins og kunnugt er þá liggur hér fyrir frv. um að stjórnarskránni skuli breytt á þann veg að það þurfi aukinn meiri hluta Alþingis til þess að samþykkja, eins og segir í frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða á hvers konar fullveldisrétti í íslenskri lögsögu, framsal einhvers hluta ríkisvalds til fjölþjóðlegrar stofnunar eða samtaka eða ef þeir horfa að öðru leyti til breytinga á stjórnhögum ríkisins nema samþykki Alþingis komi til. Slíkt þingmál telst því aðeins samþykkt að þrír fjórðu alþingismanna greiði því atkvæði."

Ég lít þannig á í ljósi þeirra umræðna sem voru í síðustu ríkisstjórn varðandi stjórnarskrárþátt þessa máls að með þessu sé stjórnarandstaðan í raun og veru að búa sig undir frekari ákvarðanir um þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi en hér um ræðir. Ég byggi það á skýrslunni sem utanrrh. lagði fram í nafni ríkisstjórnarinnar í mars 1991 þar sem tekið er af skarið um það að ekki sé um stjórnarskrárbrot að ræða þótt EES-samningurinn sé staðfestur. Síðan segir í lok skýrslu utanrrh. og það eru lokaorðin í skýrslunni áður en kemur að kafla sem heitir Öryggisákvæði, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessu sambandi má hins vegar benda á að ef litið er til þróunar alþjóðamála almennt má vænta aukinnar þátttöku Íslands í samvinnu þjóða á fjölmörgum sviðum efnahagsmála, menningarmála, mannréttindamála og ekki síst umhverfismála. Í ljósi þessarar þróunar er full ástæða til að kanna þörf á nýju ákvæði í stjórnarskrána sem kvæði skýrt á um heimildir til þátttöku í alþjóðasamstarfi."

Ég held að það verði að skoða breytingahugmyndir, sem stjórnarandstaðan hefur kynnt hér, þannig að hún sé að velta fyrir sér frekara samstarfi og fyrrverandi stjórnarflokkarnir tveir, Alþb. og Framsfl., séu næsta samstiga í því mati sem kemur fram í þessari skýrslu sem var lögð fram í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar að frekara alþjóðasamstarf þurfi hugsanlega ríkari meiri hluta á Alþingi en nú er mælt fyrir um í stjórnarskránni. Mér finnst að það kunni að mega túlka þetta eins og margir þessara ágætu þingmanna hafa verið iðnir við að túlka orð og ummæli andstæðinga sinna sem hugmyndir um aðild að Evrópubandalaginu. Ég held að það sé auðvelt að túlka þetta á þann veg að þeir séu að búa sig undir umræðurnar um aðild að Evrópubandalaginu og vilji að þetta mál beri að með þeim hætti eins og frv. þeirra um breytingu á stjórnarskránni gerir ráð fyrir og þurfi þennan aukna meiri hluta á Alþingi til að samþykkja slíka ráðstöfun. Það er í beinu samhengi við þessa skýrslu sem hæstv. utanrrh lagði fram og ég tel að það eigi að skoða þetta mál í því ljósi og ræða á þeim forsendum.

Það var furðulegt að heyra hér æfingar hv. 8. þm. Reykn. þegar hann var að reyna að útskýra hina nýju stefnu Alþb. varðandi afstöðuna til Evrópubandalagsins. Ég held að þeirri stefnu hafi verið best lýst í grein sem fyrrv. aðstoðarmaður hv. þm. ritaði í Pressuna 2. júlí sl. þegar hann fjallaði um þessa nýju stefnumótun Alþb. í Evrópumálunum, þ.e. Mörður Árnason sem var aðstoðarmaður Ólafs Ragnars Grímssonar í fjármálaráðherratíð hans. Hann sagði í þessari grein, með leyfi hæstv. forseta:

„Niðurstaða Alþb. í málinu verðskuldar sinn sess í stjórnmálaskólum framtíðarinnar og verður sjálfsagt skoðuð vandlega í dæmatímum í pólitískri algebru. Hún er í stuttu máli sú að sega bæði nei og já, nei við EES-samningnum en já við megininnihaldi hans öllu. Við eigum ekki að gera EES-samninginn með EFTA-ríkjunum. Hins vegar eigum við að gera EES-samninginn einir og sér." Og virðulegur greinarhöfundur og aðstoðarmaður hæstv. þáv. fjmrh. Ólafs Ragnars Grímssonar segir einnig, með leyfi hæstv. forseta: „Aðeins eitt gleymdist og það var sjálft viðfangsefnið, EES-samningurinn eins og hann liggur fyrir með kostum og göllum. Ávinningur Íslendinga af þessum samningi, áhættan sem honum fylgir og ekki síður áhættan við að hafna honum, samningsstaðan í fram-

haldinu. Það gerðist sem sé eins og oft áður í pólitískri umfjöllun á Íslandi að dæmið reiknaði sig sjálft en málið sem um átti að véla varð út undan vegna þess að það skorti hugrekki til að ræðast við í hreinskilni og takast á um málefnin án bellibragða."

Þetta er hin glögga lýsing á ástandinu innan Alþb. sem lyktaði með þessari furðulegu niðurstöðu sem hv. formaður þess reyndi að gera grein fyrir hér í gær og fáir botna í og átta sig á til hvers er gert annars en að reyna að ná samstöðu innan flokksins um einhverja stefnu í Evrópumálunum úr því að flokkurinn þorir ekki að standa við þá stefnu sem hann fylgdi meðan hann lagði grunninn að þeim samningum sem við erum nú að fjalla um þegar hann átti sæti í ríkisstjórn og hv. formaður flokksins gegndi embætti fjmrh. Ég tel, hæstv. forseti, að það hafi verið sýnt fram á og liggi alveg ljóst fyrir að fyrir þeim mönnum sem nú hafa talað hér af hálfu stjórnarandstöðunnar, sérstaklega formönnum Framsfl. og Alþb., sé það eitt verkefni þeirra og viðfangsefni að þeirra mati í þessu máli að gera þennan samning tortryggilegan af pólitískum ástæðum án þess að fyrir liggi nokkur grundvallarbreyting frá því að þeir sjálfir stóðu fyrir því sem forustumenn í ríkisstjórn Íslands að þessi samningur yrði gerður. Ég held að það liggi einnig ljóst fyrir að þær hugmyndir, sem hér hafa verið reifaðar af stjórnarandstæðingum um þá miklu hættu sem stjórnkerfi Íslands sé búin vegna þessa eða um það sé að ræða að verið sé að brjóta í bága við stjórnarskrána, fá ekki staðist. Meðal þeirra lögfræðinga sem um málið hafa fjallað, ef menn vilja taka mið af þeim, er aðeins einn af sjö, sem hafa lagt fram skriflegar álitsgerðir, sem telur að verið sé að brjóta í bága við stjórnarskrána. Það er okkar hlutverk hér að taka af skarið. Það er okkar hlutverk að taka hina pólitísku ákvörðun. Við hljótum að byggja hana á eigin sannfæringu. Ég vona að menn hafi þrek til þess en byggi hana ekki á misskilningi og rangtúlkunum.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað alveg augljóst mál að í framhaldi af ræðu hv. 3. þm. Reykv. er óhjákvæmilegt að mjög ítarleg umræða fari fram um þetta mál og allan aðdraganda þess. Það er auðvitað ljóst og liggur fyrir að það hefur orðið grundvallarbreyting á þessu máli í tíð núv. ríkisstjórnar. Fyrrv. ríkisstjórn samþykkti aldrei umboð til utanrrh. til þess að ganga frá samningum. Það var aldrei gert. Það var ekki gert fyrr en með sérstakri samþykkt núv. ríkisstjórnar 5. maí 1991 að núv. utanrrh. fengi umboð til að halda samningum áfram með þeim hætti sem hann svo gerði. Pólitískt bera því þeir stjórnarflokkar sem stóðu að fyrri ríkisstjórn enga ábyrgð á þeirri lendingu sem hæstv. utanrrh. hefur beitt sér fyrir.

Hitt er einna athyglisverðast við ræðu hv. 3. þm. Reykv. þegar hann upplýst að hæstv. utanrrh. setti stjórnarskrármálið á dagskrá í mars 1991 í margnefndri skýrslu. Nú hefur hæstv. utanrrh. snúið við blaðinu eftir að hann gekk í vinnumannasveitina hjá hv. 3. þm. Reykv. og hæstv. forsrh. Hæstv. utanrrh. er nú ekki tilbúinn til þess að fjalla um stjórnarskrármálið með sama hætti og hann vildi í fyrrv. ríkisstjórn. Þessi ummæli og upplýsingar hv. 3. þm. Reykv. eru afhjúpandi fyrir þá niðurlægjandi vinnumennsku sem hæstv. utanrrh. gegnir í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Ég vil að gefnu tilefni taka fram að þegar óskað er eftir andsvari gefi þingmenn það til kynna með því að óska eftir því að veita andsvar.

Í öðru lagi langar mig einnig til þess að vekja athygli á orðalagi í 56. gr. þingskapa þar sem segir: „Forseti getur leyft þingmönnum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar." Það táknar samkvæmt minni túlkun „strax og þær hafa verið fluttar", þ.e. þegar næsti ræðumaður er kominn í stólinn, þá er sá tími liðinn.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. 9. þm. Reykv. að það er brýnt að fá það upplýst hvernig að þessu máli var staðið í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og ég setti einmitt fram sérstaka ósk í ræðu minni um það að núv. ríkisstjórn upplýsti okkur um það, ef þess væri nokkur kostur, hvernig að þessari skýrslugerð var staðið í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og þeim niðurstöðum sem þar er að finna, hvort það er eins og hv. þm. vill vera láta og hefur viljað vera láta í blaðagreinum m.a. að hann hafi ekkert vitað um þetta, hér sé skjal sem hann hafi aldrei komið neitt nálægt og aldrei séð, eða hvort hægt er að staðfesta það með öðrum hætti að ríkisstjórnin hafi um þetta fjallað. Ég tel að það sé ákaflega brýnt og beini því til hæstv. forsrh. að sé þess nokkur kostur að fá þetta upplýst, m.a. í tilefni af ræðu hv. 9. þm. Reykv. sem sat í síðustu ríkisstjórn, þá verði það gert. Hitt er alrangt að ætla að túlka orð mín þannig að ég hafi verið að segja það að utanrrh. hefði í þessari skýrslu talið að það þyrfti að breyta stjórnarskránni vegna EES. Þvert á móti segir í skýrslunni að þess þurfi ekki, en vegna frekara alþjóðasamstarfs þurfi hugsanlega að velta því fyrir sér.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað mjög mikilvægt að hv. 3. þm. Reykv. er orðinn svona fróðleiksfús og vill kynna sér staðreyndir mála og það verður örugglega enginn vandi að hjálpa honum með það og við skulum leiða þá hluti fram í þessari umræðu sem nauðsynlegir eru.

Kjarni málsins er sá sem hann birti hér áðan að í síðustu ríkisstjórn ræddi utanrrh. með opinskáum hætti þann möguleika að það yrði e.t.v. að breyta stjórnarskránni. Það liggur alveg fyrir. Það liggur fyrir í þeim *tilvitnunum sem fram komu í ræðu hv. þm. hér áðan.*

Það er líka merkilegt, virðulegi forseti, við þessa umræðu sem fram hefur farið í dag að virða það fyrir sér hver hefur orðið lendingin í Sjálfstfl. og hin málefnalega breyting á forustu utanrmn. Eftir þessa ræðu hv. 3. þm. Reykv. skilur maður af hverju hann og félagar hans töldu óhjákvæmilegt að reka hv. 4. þm.

Reykv. úr formannssæti í utanrmn. af því að sá síðarnefndi leyfði sér að hafa sjálfstæða skoðun.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 3. þm. Reykv. og formaður utanrmn. sagði hér í ræðu sinni áðan að auknar lögfræðilegar umræður um EES-samninginn ættu ekki eftir að leiða neitt nýtt í ljós um þennan samning og eftir því sem ég gat best heyrt var hann eiginlega að frábiðja sér frekari umræður um það mál.

Það vakti hins vegar athygli mína að hann er farinn að telja í dóminn rétt eins og forsrh. gerði hér fyrir skömmu. Nú hafa sjö sagt skoðun sína og hann taldi að fimm hefðu þá skoðun að ekki væri um brot á stjórnarskrá að ræða, einn hefði sagt að það væri brot, einn hefði ekki haft skoðun. Og þá er það spurning hvort það sé nú ekki orðið mikilvægt að öll lögfræðingastéttin fari að úttala sig um þetta mál svo að við getum haldið áfram að telja, einn hér, einn þar, einn hér, einn þar. En hvaða máli skiptir það? Það er ekki fjöldinn sem úttalar sig um þetta sem skiptir máli, heldur hversu þung rökin eru sem menn mæla fram og því hljótum við þingmenn að velta fyrir okkur.

En hvað varðar þessa stjórnarskrárbreytingu, og ég er ein af þeim sem stend að frv. get ég alveg svarað hv. 3. þm. Reykv. því að auðvitað er ég a.m.k. að vissu leyti að búa mig undir frekara alþjóðasamstarf með þessum tillöguflutningi, enda liggur það í loftinu að það getur mjög auðveldlega gerst, og það á tímabili þessarar ríkisstjórnar, að hér komi fram t.d. tillaga um aðildarumsókn að Efnahagsbandalaginu.

Ef við ætlum að lögtaka Mannréttindasáttmálann, hvernig ætlum við þá að fara með hann? Þá þurfum við að fara með hann eftir einhverjum lögformlegum leiðum og þess vegna er sjálfsagt að við reynum að tryggja það hér á Alþingi og hafa áhrif á það hvernig það verði gert. Ég tel ekki að það vinni gegn þessari tillögu að reikna með því að til ferkara alþjóðasamstarfs geti komið.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. sagði réttilega að ég hefði fallist á sameiginlegan dómstól í fyrri ríkisstjórn. Ég gat þess reyndar í minni ræðu að svo hefði verið því að ég taldi að þannig væri hagsmunum smáríkis betur borgið. En ég sagði einnig í minni ræðu að mér hefði orðið ljóst þegar ég fór að skoða stjórnarskrána nánar að það hefði ekki verið unnt nema breyta stjórnarskránni að veita þar heimild. Ég vil leyfa mér að fullyrða að ef þannig hefði verið haldið á málum, ef sú ríkisstjórn setið áfram, hefði stjórnarskránni verið breytt. Ég hefði a.m.k. beitt mér fyrir því og ég efa ekki að þeir aðrir flokkar sem tóku þátt í þeirri ríkisstjórn hefðu fallist á að gera nauðsynlega breytingu á stjórnarskránni. Þetta er vitanlega grundvallaratriði.

Mér þótti í öðru lagi afar fróðlegt að heyra hv. þm. fullyrða að úrskurðir eftirlitsstofnunarinnar gætu aldrei orðið íþyngjandi, eða verulega íþyngjandi, hvernig það er nú orðað af lögfræðingunum fjórum, fyrir íslensk fyrirtæki. Nú er jafnvel ekki vitað hvernig hinn íslenski markaður verður flokkaður. Það er ekki vitað t.d. hvort litið verður á Ísland sem sérstakan markað. Hvernig í ósköpunum getur þá nokkur maður á þessari stundu fullyrt að ákvarðanir eftirlitsstofnunarinnar verði ekki íþyngjandi fyrir íslensk fyrirtæki? Eða gæti það ekki orðið íþyngjandi fyrir íslensk fyrirtæki að fá á sig sektir upp á einhverjar milljónir eða tugi milljóna? Ég held að þetta sé fullyrðing sem fær alls ekki staðist. Þarna er enn ein mikil óvissa í sambandi við þennan samning.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins í tilefni af þessu segja að ég get ekki sett mig í þau spor sem hv. 7. þm. Reykv. stendur hér í og segir að ef hann hefði áfram verið forsrh., þá hefði hann beitt sér fyrir stjórnarskrárbreytingu. Ég get ekki staðið í þeim sporum. Ég get hins vegar staðið í þeim sporum og lesið úr skýrslu sem ríkisstjórn hans gaf út (**Gripið fram í:** Nei.) þar sem hann telur að það hafi ekki þurft að breyta stjórnarskránni. (**Gripið fram í:** Það er rangt.) Og á þeim tíma var talað um að EES-dómstóllinn hefði miklu meira vald heldur en sá EFTA-dómstóll sem við erum nú að ræða um (Gripið fram í.) og hann hafi jafnvel átt að hafa vald til þess að gefa bindandi forúrskurði sem hefur verið fellt á brott og ýmsir sérfræðingar töldu á þeim tíma að væri það atriði varðandi þetta sem helst varðaði íslensku stjórnarskrána. Engu að síður er hér skýrsla úr forsætisráðherratíð hv. 7. þm. Reykn. sem segir að það hefði ekki þurft að breyta stjórnarskránni. En ég get náttúrlega ekki staðið í þeim sporum að velta því fyrir mér hvað hv. þm. hefði gert ef hann hefði fengið styrk hér á Alþingi til þess að gegna áfram störfum forsrh. Það getur kannski enginn sagt um en mér finnst að þær kollsteypur sem hann og hv. formaður Alþb. hafa tekið í þessu máli séu pólitískar kollsteypur sem byggjast ekki að neinu leyti á virðingu fyrir stjórnarskránni.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tíð fyrri ríkisstjórnar hafði alls ekki nein athugun farið fram á því hvort það stæðist stjórnarskrána að samþykkja sameiginlegan dómstól. Alls ekki. Það er ekki fyrr en sú athugun fer fram, sú vandlega athugun sem hæstv. utanrrh. beitti sér fyrir, að mér verður ljóst, ég viðurkenndi það í minni framsöguræðu, að sú ætlun okkar að hafa sameiginlega dómstól hefði alls ekki staðist. Ég sagði líka í minni ræðu að það hefði ekki breytt út af fyrir sig minni skoðun um sameiginlegan dómstól en hefði fullvissað mig um að það verður að breyta stjórnarskránni til þess að slík ákvörðun verði tekin. Þetta er hið rétta í málinu og ég vil að það komi hér fram.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Þá er andsvörum lokið. Hv. 8. þm. Reykn. hefur óskað eftir því að bera af sér sakir skv. 55. gr. þingskapa og hann hefur þriggja mínútna ræðutíma.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að blanda mér inn í orðaskipti hv. þm. Steingríms Hermannssonar og hv. þm. Björns Bjarnasonar, en hv. þm. Björn Bjarnason kaus að ráðast hér sérstaklega á mig um leið og hann var að svara hv. þm. Steingrími Hermannssyni. Því miður hlustaði ég ekki á ræðu hv. þm. Björns Bjarnasonar hér áðan. Ég mun lesa hana af athygli vegna þess að hún hefur greinilega verið mjög merkileg jómfrúrræða hins nýja formanns utanrmn. Venjulega hefur það verið þannig að þeim sem falinn er sá trúnaður að vera formaður í utanrmn. íslenska lýðveldisins reyna nú frekar að vera menn sátta en það er alveg greinilegt að hinn nýi formaður ætlar sér aðallega að vera maður skylminganna og árásanna og flytja með sér í formannsstólinn í utanrmn. svipuð viðhorf og vinnubrögð og maður kynntist hér á síðasta þingi í framgöngu hans gagnvart stjórnarandstöðunni. Og það er auðvitað slæmt ef það verður stíllinn að formaður utanrmn. verði í fararbroddi árásarliðsins og gangi jafnvel enn lengra en hæstv. utanrrh. í framsöguræðu sinni hér.

Nú er það þannig og hefur hvað eftir annað komið fram að í desember 1990 lagði hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson fram í ríkisstjórninni greinargerð um það hvernig hann mundi láta falla frá fyrirvörunum sem ríkisstjórnin hafði verið sammála um fram að þeim tíma. Hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson fékk þetta ekki afgreitt í síðustu ríkisstjórn. Hann fékk það ekki afgreitt, hvorki Framsfl. né Alþb. vildi fallast á þær tillögur sem ráðherrann flutti í ríkisstjórninni. Það hefur komið fram og það er staðreynd málsins og það er lágmarkskrafa að hv. þm. Björn Bjarnason virði sannleikann í þessum efnum. Það er þess vegna alrangt sem hann heldur hér fram að þau sjónarmið, sem flutt voru í skýrslu utanrrh., ekki skýrslu ríkisstjórnarinnar heldur í þingskjali sem ber með réttu heitið „Skýrsla utanríkisráðherra" í mars 1991, væru sjónarmið ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Þau voru þau ekki frekar en allt það sem kom fram í skýrslu utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar í mars á þessu ári voru sjónarmið ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, enda þurfti núv. hæstv. forsrh. að frábiðja sér hér í frægri ræðu á Alþingi mörg þau sjónarmið sem komu fram í þeirri skýrslu utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar. Ég vil þess vegna biðja hv. þm. að halda sig við sannleikann í þessu máli og vera ekki að eigna okkur í Alþb. né Framsfl. þau sjónarmið sem komu fram í skýrslu Jóns Baldvins Hannibalssonar sjálfs til Alþingis í mars 1991 þegar því hafði verið hafnað í ríkisstjórninni að hann fengi umboð til þess að ganga frá málinu á þeim grundvelli sem hann lagði fram í desember. En kannski er málstaður hv. þm. Björns Bjarnasonar á þann veg að hann leggur ekki í það að halda uppi vörn fyrir EES-samninginn hér á grundvelli sannleikans.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Hv. 3. þm. Reykv. óskar eftir að bera af sér sakir og má hann tala í þrjár mínútur.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég hef áður sett fram þá ósk — og mér finnst ástæða til þess eftir ræðu hv. 8. þm. Reykn. til þess að bera af mér þær sakir að ég fari hér með rangt mál — þá hef ég sett fram þá ósk til hæstv. forsrh. og eftir tilmæli einnig frá hv. 9. þm. Reykv. að það verði upplýst nákvæmlega hér í þinginu hvernig að þessari skýrslugjöf hæstv. utanrrh. í mars 1991 var staðið þannig að ekkert fari á milli mála um það og ekki sé verið að bera menn röngum sökum varðandi það atriði og menn standi hér upp og láti eins og þeir hafi aldrei verið í þeirri ríkisstjórn eða staðið að þeim verkum sem þar voru unnin.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Að gefnu tilefni vil ég taka fram að ég upplýsti hv. þm. um það áðan að umræðunni um andvör væri lokið. Nú hafa tveir hv. þm. óskað eftir því að bera af sér sakir og það hefur verið leyft. Nú hefur hv. 8. þm. Reykn. aftur beðið um orðið til þess að bera af sér sakir og mun ég verða við beiðni hans, en vil ítreka að umræður um andsvör fara fram skv. 56. gr. en ekki samkvæmt þingsköpum um að bera af sér sakir.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka forseta fyrir góðvild hans. Ég vil ekki liggja undir því að ég sé að bera hv. þm. Björn Bjarnason röngum sökum. Ég tek eindregið undir ósk hans um að það verði upplýst hvernig gengið var frá skýrslu hæstv. utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar í tíð síðustu ríkisstjórnar. Sú skýrsla var aldrei afgreidd af hálfu þeirrar ríkisstjórnar, aldrei, þannig að ég fagna því ef það verður upplýst alveg skýrt og skorinort með hvaða hætti það var gert þannig að hv. þm. geti haldið sig við sannleikann framvegis og það verður þá kannski til þess að umræðan hér í heild sinni verður málefnalegri. Ég vil þess vegna styðja þessa ósk og vona að þetta verði gert sem fyrst.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Út af þessari beiðni um að gera þetta sem allra fyrst, þá get ég upplýst það að skýrsla þessi var rædd sem handrit í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og þar er bókað að málið hafi verið ítarlega rætt mánuði áður en málið er lagt fyrir Alþingi.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þetta samspil hæstv. forsrh. og Björns Bjarnasonar er nú greinilega skýringin á því hvers vegna hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson var settur af, að Sjálfstfl. þurfti á því að halda að einhver sem var greinilega svo nátengdur forsrh. að hann vissi hvaða skjöl forsrh. var með á borðinu fyrir framan sig eða í tösku sinni, gæti talað hér í umræðunum og reitt þetta fram með þessum hætti og verður auðvitað mjög gaman að fylgjast með þessu leikræna samspili hins nýja formanns utanrmn. og forsrh. á næstunni.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég tek lítið

mark á þessum upplestri hæstv. forsrh. og óska eftir því að það sé rækilega lagt fram hvernig með þetta mál var farið í tíð síðustu ríkisstjórnar, hvenær það sé bókað að skýrslan hafi verið samþykkt í ríkisstjórninni, hvenær það hafi verið bókað að hún hafi verið lögð fram í nafni ríkisstjórnarinnar og annað í þeim dúr, hve langar umræðurnar voru, hvaða sjónarmið komu þar fram og annað þessu tengt. Ég óska jafnframt eftir því að það verði þá upplýst um leið fundargerð ríkisstjórnarinnar þar sem kom fram að ég og aðrir mótmæltu tillögum utanrrh. í desember, hvaða sjónarmið við settum fram í janúar, hvernig stóð á því að málið var aldrei afgreitt í ríkisstjórninni og hvers vegna hæstv. utanrrh. fagnaði því svo að á fyrsta fundi ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar fékk hann loksins þetta umboð í ráðherrabústaðnum í byrjun maí Það væri æskilegt að sú fundargerð yrði einnig lögð fram. Ég vil þess vegna óska eftir því hér að allar fundargerðir ríkisstjórnarinnar frá og með desember 1990 þar sem EES-málin hafa verið til umræðu fram að deginum í dag verði lagðar fram. Það er formleg ósk mín hér og ég vona að forsrh. verði jafngóðfúslega við þeirri beiðni og þeirri ósk sem hér var sett fram áðan. Við höfum ekkert að fela í þeim efnum og ég fagna því að þær fundargerðir ríkisstjórnarinnar verði allar lagðar fram. (**ÖS:** Hvað með sítrónublekið?)

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. EES-samningnum hefur verið lýst sem umfangsmesta og mikilvægasta milliríkjasamningi sem við höfum gert og markmið hans að efla viðskipti og styrkja efnahagstengsl samningsríkjanna kemur strax fram í 1. gr. hans. Um EES-samninginn hefur þegar orðið mikill ágreiningur, umræðan heit og tilfinningaþrungin og ljóst af þeirri umfjöllun sem nú hefur farið fram hér á Alþingi að afgreiðsla þessa máls getur orðið átakasöm. Stundum finnst mér umræðan á þann veg að ætla mætti að við værum að ræða aðild að EB með því valdaframsali sem óumdeilt felst í að ganga í Evrópubandalagið en ekki þann þjóðréttarsamning 19 ríkja sem EES-samningurinn er, samning sem gert er ráð fyrir að hægt sé að segja upp með eins árs fyrirvara. — Forseti, ég óska að endurtaka þessa setningu: Samning sem gert er ráð fyrir að hægt sé að segja upp með eins árs fyrirvara.

Það hefur verið bent á þá staðreynd að ef Alþingi samþykkir EES-samninginn þá verður hann hluti íslenskra laga og fær lagagildi á Íslandi sem og í hinum ríkjunum 18. Þar með geta einstaklingar og fyrirtæki leitað réttar síns fyrir íslenskum dómstólum í málum sem eru innan íslenskrar lögsögu og á valdi innlendra dómstóla. Og Íslendingar leita þess réttar sem þeir fá samkvæmt samningnum fyrir dómstólum í ríkjunum 18.

Ég veit ekki hvort þeir sem fylgjast með þessari umræðu gera sér grein fyrir að umræðan um valdaframsal beinist ekki síst að eftirlitsstofnun og dómstól EFTA. Þær stofnanir sjá um að farið sé að samkomulagi milli þjóða um viðskiptareglur sem samið er um, alþjóðlegar reglur eða alþjóðalögsögu. Séríslenskar reglur og það sem varðar íslensk lög fer fyrir íslenska dómstóla. En markmið samkeppnisreglna er að ná til fjölþjóðafyrirtækja á markaði. Þær ná ekki til fyrirtækja nema markaðshlutdeild fyrirtækis á svæðinu sé yfir 5% og velta þess 15 milljarðar króna. Sá möguleiki er því eingöngu fræðilegur en vart raunverulegur að íslensk fyrirtæki gætu náð slíkri markaðshlutdeild eða veltu.

Þeir lögfræðingar sem utanrrh. fékk til að leggja mat á hvort EES-samningurinn ásamt fylgisamningum bryti á einhvern hátt í bága við íslensk stjórnskipunarlög, komust að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki. Þeir telja hvorki að einstök ákvæði, skoðuð hvert fyrir sig, né sameiginleg áhrif samninganna geti falið í sér óheimilt valdaframsal.

Lögfræðingafélag Íslands stóð fyrir fjölmennum fundi í sumar þar sem sett voru fram andstæð sjónarmið um EES og stjórnarskrána. Mjög hefur verið vitnað í viðhorf annars framsögumannanna, Guðmundar Alfreðssonar, sem telur EES-samning ekki samrýmast stjórnarskrá, en minna hefur farið fyrir því að vísa til sjónarmiða Davíðs Þórs Björgvinssonar sem telur að lögfræðileg rök standi ekki til þess að það sé nauðsynlegt að breyta stjórnarskrá vegna EES-samningsins. Það var ekki hægt að skilja annað en sú væri einnig skoðun síðustu ríkisstjórnar sem hún setti fram fyrir rúmu ári en formenn Alþb. og Framsfl. hafa reyndar hafnað aðild að skýrslu utanrrh. hér í umræðunni nú. Já, það var nefnilega í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar sem lagður var grunnur að okkar Evrópusamstarfi, að það yrði gegnum þátttöku í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þess vegna vakti það vonir um mikla samstöðu stóru flokkanna á Alþingi í þessu mikilvæga máli þegar samkomulag varð um óbreytta stefnu varðandi EES eftir að núverandi ríkisstjórn tók við völdum. En það er því miður bara í útlöndum sem flokkar hafa sömu skoðun í stjórn og stjórnarandstöðu og vísa ég í því efni til frænda okkar í Svíþjóð.

Þegar Svíar ákváðu að leggja inn umsókn um aðild að Evrópubandalaginu komst Ingvar Carlsson svo að orði í ræðu sem sjónvarpað var beint að fjórir stærstu flokkarnir á sænska þinginu hefðu komið sér saman um að Svíþjóð sækti um aðild að Evrópubandalaginu. Þegar svo stjórnarskipti höfðu orðið sl. haust var Carl Bildt forsætisráðherra spurður hvort búast mætti við breyttum áherslum í Evrópumálunum. Hann svaraði því til að varðandi Evrópumálin skipti það engu hvort forsætisráðherrann héti Carl Bildt eða Ingvar Carlsson því í þessu mikilvæga máli hefðu þeir sett fram sameiginlega afstöðu.

Það voru vonbrigði að Alþb. ákvað að breyta um afstöðu til EES.

Hin stóra pólitíska staða í dag er sú höfuðáhersla sem lögð er á breytingu á stjórnarskránni og þar með að knýja fram kosningar. Eins og umræðan er mætti ætla að tekist væri á um málið af tveim fylkingum sem skiptust í ættjarðarsinna annars vegar og hálfgert landsölufólk hins vegar. Þá sem vildu standa vörð um menningararfinn og sjálfstæði okkar annars vegar og þá sem létu sig þá mikilvægu þætti engu varða hins

vegar. Þessi mynd er alröng. Við erum að leita bestu færra leiða í samskiptum okkar við næstu nágrannaþjóðir til hagsbóta fyrir þjóðina og með batnandi hag í framtíðinni að leiðarljósi. Þeir sem vilja standa að því að við gerumst aðilar að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði telja það hagsmuni okkar Íslendinga að eiga slík samskipti við önnur lönd. Hér er ekki um að ræða óafturkræft afsal á landinu okkar. Við gerumst aðilar að samstarfi sem við getum sagt okkur frá með eins árs fyrirvara ef okkur svo býður.

Vissulega er samningurinn umfangsmikill og mikilvægur en menn tala eins og hér sé stórbylting fram undan. Ekki vöknum við 1. janúar og sjáum Evrópufánann á Alþingishúsinu. Við verðum áfram fullvalda sjálfstæð þjóð en með tengsl okkar við grannþjóðir í föstum skorðum á þann hátt að við eigum greiðan aðgang í viðskiptum hver við aðra og njótum gagnkvæmra réttinda. Við fáum með samningnum innkomu á innri markað EB án aðildar að EB sem ég tel mikið afrek. Og þótt stundum mætti halda annað þá erum við alls ekki með þeirri umræðu sem hér fer fram að ræða aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu eða fjalla um Maastricht-samkomulagið.

Varðandi það að við eigum aðra möguleika, svo sem kost á tvíhliða samningi, þá er það mín skoðun að hafi einhvern tímann verið flötur á tvíhliða samningi milli Íslands og EB þá sé hæpið að reikna með slíkum möguleika að þessum samningi felldum ef slíkt yrði raunin. En EES-samningur getur hins vegar þróast í tvíhliða samning síðar ef önnur EFTA-lönd fara öll í EB.

Það er enn og aftur ástæða til að benda á að með sínum samningi fá Færeyingar lakari tollaívilnanir fyrir sjávarafurðir á EB-markaði en Íslendingar fá með EES-samningnum og Færeyingar þurfa samt að láta af hendi miklar veiðiheimildir að auki.

Að mörgu leyti fellur bein umfjöllun um hvað séu hagsmunir okkar í skuggann af umræðunni um önnur en tengd atriði, en þjóðin á rétt á að við ræðum þessi mál efnislega. Ég tel það óumdeilt hve þessi samningur er okkur mikilvægur varðandi viðskipti og framleiðslu, almennt varðandi atvinnumál og þar með efnahagslega fyrir þjóðina alla.

Margir óttast að samningurinn opni á að fjöldi fólks haldi hingað í atvinnuleit sökum atvinnuleysis í Evrópu og taki þá vinnu sem hér er að hafa frá Íslendingum. Þjóðfélagsgerð okkar er þannig að eftirlit og öll umræða gerir það auðvelt að fylgjast mjög vel með framvindu. Við röskun á vinnumarkaði má beita svokölluðu öryggisákvæði og ég minni á rétt atvinnurekenda til að gera kröfu um íslenskukunnáttu vegna starfs en það telst ekki mismunun.

Við skulum líta til þess að þrátt fyrir 15 ára aðild Dana að EB er aðeins rúmt hálft prósent íbúa landsins ríkisborgarar annarra EB-ríkja þrátt fyrir nálægð þeirra landfræðilega við önnur lönd EB. Við verðum að sjálfsögðu á varðbergi í þessum efnum, en ótti af þessu tagi má ekki verða til þess að við höfnum samningnum.

Það er líka ótti í umræðunni um landbúnað, en varðandi tollavernd hefur það komið fram að heimilt er að beita jöfnunargjöldum í sama mæli og tollum áður. Ísland fékk reyndar svo til fullar undanþágur fyrir landbúnaðinn. Samið var um innflutning nokkurra tegunda grænmetis og afskorinna blóma á ákveðnum tíma árs og afurða sem ekki eru framleiddar hér á landi.

Það er hins vegar varðandi fasteigna- og landakaup sem þarf að setja sérstök ákvæði í lög svo við tryggjum að bújarðir og landareignir verði á forræði okkar Íslendinga í framtíðinni. Um þetta mál erum við sammála og ljóst að heimilt er að setja ýmis varnarákvæði í lög sem eru okkur vörn þó í raun geri ákvæðið sem slíkt ekki upp á milli Íslendinga og íbúa innan EES-svæðisins. Ákvæði um búsetu eiganda á bújörð hefur t.d. gengið vel á Írlandi og í Danmörku mega þeir einir sem eru búsettir í landinu eiga sumarbústaði.

En ég hlýt að spyrja: Hvað líður frv. um þetta mál? Sú töf sem orðið hefur á því að frv. um þetta efni komi fram gerir það eitt að vekja tortryggni og ástæðulausan ótta fólks.

Í lokakafla skýrslu OECD um Ísland frá í sumar segir að á síðasta ári hafi ríkt bjartsýni um að þáttaskil væru fram undan í íslenskum efnahagsmálum og að efnahagsbati væri í fyrsta sinn fram undan síðan 1987. En þessar vonir rættust ekki og hagvöxtur var lítill 1991 og horfur eru á áframhaldandi kyrrstöðu á næstu missirum. Má rekja þessa öfugþróun að mestu til versnandi ytri skilyrða. Þorsk- og loðnuafli drógust saman þrátt fyrir hagstæð skilyrði í sjónum. Enn fremur segir í skýrslunni að efnahagshorfur til skamms tíma mótist öðru fremur af væntanlegum fiskafla og þróun fiskverðs og að horfur í þessum efnum séu ekki uppörvandi. Heimsmarkaðsverð á fiski var hátt á sl. ári og búist er við að fiskverð lækki á næstu árum, en hækki ekki.

Þó fjallað sé um aðra þætti í skýrslunni ætla ég að láta mér nægja þessar tilvísanir í markaðsspá varðandi fiskinn, svona í framhaldi þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað um aflasamdráttinn og ástand þorskstofnsins. Þetta er það efnahagsumhverfi sem blasir við.

Við höfum verið að flytja út óunninn fisk í gámum í stórum stíl, en það hefur aftur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir fiskvinnsluna og atvinnu fiskvinnslufólks. Samningurinn um EES skiptir sköpum fyrir sjávarútveginn að mínu mati og þar með er hann mjög mikilvægur fyrir þau byggðarlög úti um land sem byggja sitt á afkomu í sjávarútvegi. Þarna opnast okkur 380 milljón manna markaður því niðurfellingar á tollum gera okkur mögulegt að flytja út betur og meira unninn fisk en það skapar vinnu hér heima. Þarna erum við að tala um fersk flök, saltfisk og almennt unnar fiskafurðir. Það hefur borgað sig að flytja út óunninn ferskan fisk af því að það hefur verið tollur á flökum og unnum fiskafurðum. Með EES-samningnum fá Íslendingar tollfrjálsan aðgang að EB-markaði fyrir 96% af fiskafurðum sínum.

Atvinnuleysi er nú meira en verið hefur áður hérlendis. Atvinnuleysi er eitthvert það mesta böl sem yfir þjóð gengur því það að vera nýtur þegn og hafa verk að vinna skiptir miklu máli fyrir hvern einstakling og

sjálfstæði hans sem manneskju. Við erum að upplifa breytta tíma hvað þennan þátt varðar og við getum ekki einfaldað þann vanda sem við stöndum frammi fyrir ef ekki tekst að snúa stöðu atvinnumála við. Þjóð sem byggir að stórum hlut á fiski og gat áður fyrr mokað upp fiski svo lengi sem vinnufúsar hendur voru til staðar, verður að bregðast við þeim vanda þegar þessi undirstöðuatvinnugrein er að bresta.

Þá ber okkur skylda til að skila þessum þjóðarauði okkar áfram á verðmætasta hátt. EES-samningurinn er m.a. leið til þess að skapa meiri verðmæti úr sjávarauðlind okkar. Nýlega kom fram að íslensk fyrirtæki leiða nú rannsóknarverkefni um notkun vélmenna, eða róbota, í fiskvinnslu. Sú nýbreytni mun eins og önnur bætt tækni skapa ný og léttari störf í fiskvinnslu. Þetta merka verkefni er unnið fyrir rannsóknarstyrk frá Evrópubandalaginu. Það er afar mikilvægt að við fáum aðgang að rannsóknar- og þróunarverkefnum því alþjóðleg samvinna er þýðingarmikil í að leysa þau rannsóknarverkefni og önnur þau vandamál sem upp koma og liggja þvert á öll landamæri. Það er dýrt fyrir hverja þjóð að fást við verkefni ein og sér og eins er það oft nauðsynlegt að alþjóðleg samvinna eigi sér stað um verkefnið. Má þar nefna bæði umhverfisþætti, nýtingu á auðlindum hafsins, auk allra þeirra þátta sem snerta atvinnulíf og tækniþróun og alþjóðlega samkeppnisstöðu. Með EES-samningnum fá EFTA-löndin fulla aðild að rannsóknarverkefnum sem spanna vítt svið. Fyrir okkur er þetta ómetanlegt, skapar atvinnu fyrir það unga fólk sem við höfum verið að kosta til skólagöngu og er grunnforsenda þess að okkur takist að halda ungu fólki með sérþekkingu í landinu, en missum það ekki í hendur annarra þjóða þar sem betri tækifæri bjóðast. Aðgangur okkar að rannsóknar- og þróunarsjóðum Evrópubandalagsins er tryggður með samningnum án þess að við þurfum að gerast aðilar að EB.

Við Íslendingar höfum ávallt verið jákvæð gagnvart öllu samstarfi á alþjóðavettvangi og oft getið okkur orðstír langt út fyrir þau mörk sem ætla mætti að smæð okkar sem þjóð setti okkur. Við höfum líka ástundað að starfa í samfloti með öðrum á alþjóðavettvangi og ber þar að nefna Norðurlandasamstarfið helst. Í því samstarfi höfum við notið fulls jafnræðis í samskiptum og uppskorið í hlutfallinu þjóð á móti þjóð þó í tilkostnaði væri ekki krafist framlags af okkar hálfu nema í minna mæli.

Nefna má samvinnu norrænna sjóða og Alþjóðabankans, til dæmis fiskveiðiverkefni í Malaví og samning við Slippstöðina á Akureyri um skipasmíðar í kjölfar hans, sem og mikilvæga samninga sem íslensk ráðgjafarfyrirtæki hafa fengið í kjölfar verkefna sem þessir aðilar hafa veitt fjármagni til.

Halldór Ásgrímsson fjallaði í blaðagrein um norrænt samstarf og þróunina í Evrópu. Með leyfi forseta, vil ég grípa niður í þessa grein á þremur stöðum. Hann segir:

„Ef við verðum aðilar að EES mun staða okkar á næstu árum verða svipuð og hinna Norðurlandanna. Ef við stöndum einir utan við EES er líklegt að við munum verða einangraðir á ýmsum sviðum í norrænu samstarfi."

Enn fremur segir hann:

„Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að EES verði að veruleika. Það hefur oft verið ástæða til svartsýni, en mér þykir ólíklegt að þróunin verði stöðvuð úr því sem komið er. Ég geng út frá að Íslendingar muni taka þátt í því starfi og verða aðilar að samningnum eins og upphaflega var stofnað til. Þótt ýmis atriði samningsins valdi óánægju geri ég ráð fyrir að heildaráhrif hans séu með þeim hætti að það sé mjög erfitt fyrir Íslendinga að standa utan við hann."

Og síðasta tilvitnun í grein Halldórs er þessi, með leyfi forseta:

„Ég tel að þátttaka okkar í norrænu samstarfi styðji aðild okkar að EES ef hagstæð niðurstaða fæst að öðru leyti. Ég tel jafnframt að aðild okkar að EES krefjist öflugs samstarfs Norðurlandanna og því verðum við að leggja áherslu á að efla það og treysta. Þetta á ekki síður við ef nágrannaþjóðir okkar verða allar aðilar að EB."

Ég tek undir þessi orð og þá áherslu sem lögð er á samflot sem og gott og öflugt Norðurlandasamstarf okkar. Í samfloti Norðurlandanna höfum við átt þátttökumöguleika í ýmsu alþjóðasamstarfi, samstarfi á fullkomnum jafnréttisgrundvelli með réttindi umfram aðrar smáþjóðir. Þannig hefur það verið styrkur okkar að aðrar þjóðir standa með okkur og bakka okkur upp í okkar samningaumleitunum þannig að við náum stöðu með stuðningi þeirra sem við hefðum vart náð fram ein og sér. Þannig höfum við ótrúlega mikil áhrif í alþjóðasamstarfi sem hluti heildar.

Þegar við stöndum frammi fyrir vandasömu vali, þegar efinn hefur verið kveiktur um það sem fyrir liggur, er oft einfaldast að segja sem svo: Við vitum hvað við höfum, en við vitum ekki nægilega vel hvað við fáum. Þess vegna skulum við hafa vaðið fyrir neðan okkur og segja nei.

Málið er bara ekki svona einfalt. Við vitum ekki hvað við munum hafa, hvaða stöðu við verðum í ef við höfnum samningi eins og þeim sem við stöndum nú frammi fyrir að afgreiða.

Ég talaði áðan um hve samningur Færeyinga við EB skilaði þeim litlu og sama má segja um þær þjóðir Austur-Evrópu sem leitað hafa beinna samninga. Það getur falist meiri ábyrgð í því að segja nei, ef við með því komum til með að standa utan við alþjóðasamstarf sem t.d. hin Norðurlöndin eiga hlut að. Að segja nei er ekki að velja óbreytt ástand. Samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja mun þá ekki standa í stað heldur versna vegna betri aðgangs keppinauta að Evrópumarkaði. Það getur haft bein áhrif á atvinnustigið í landinu og á lífskjör fólks hér. Og ávinningar okkar vegna Norðurlandasamstarfs geta líka gengið okkur úr greipum.

Ég trúi að með þátttöku í Evrópska efnahagssvæðinu leggjum við grunn að betra efnahagslegu umhverfi fyrir okkar þjóð sem nú þarf svo mjög á að halda að okkur takist að snúa stöðnun í sókn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil vekja athygli forsetadæmisins á því að vegna þeirra 10 þúsund blaðsíðna sem eru á borðum þingmanna sem og fjölmargra lagafrumvarpa sem flutt hafa verið og á að ræða hér á næstunni, þá gæti verið ástæða til þess að koma upp einhverri aðstöðu fyrir þingmenn sem eru að ræða málin til þess að hafa heimildir handbærar í ræðustól. Þetta mæli ég sérstaklega með tilliti til 2. umr. um málið.

Ég mun, virðulegur forseti, fara yfir nokkur atriði sem snerta þetta geysilega viðamikla mál sem hér er til umræðu og leyfa mér að ræða um nokkra þætti þess en hitt er ljóst að það er mjög langt frá því að við getum farið yfir málið nema rétt stiklað á nokkrum þáttum sem ástæða væri til að fara yfir. Það er það víðfeðmt eins og fram hefur komið. Ég vil í upphafi míns máls vekja sérstaka athygli á því að sá samningur, sem hér er til umræðu, er samkvæmt orðanna hljóðan í honum sjálfum ígildi laga. Það er verið að lögfesta þennan samning og veita honum lagagildi með því frv. sem hér er til umræðu og í samningnum sjálfum, 119. gr. hans, er einmitt skýrt að því vikið að samningurinn eigi að hafa lagagildi sem og bókanir og allir viðaukar sem honum fylgja. Þetta verður ekki skilið með öðrum hætti en þeim að við séum að lögfesta þetta mál í heild sinni a.m.k. með þeim hætti að þegar til koma álitamál sem snerta þennan samning sem hugsanlega yrðu lögð fyrir dómstóla til þess að skera úr um ágreining þá er það dagljóst að allt efni samningsins hefur lagalega stöðu að því er samningsaðila snertir. Í ljósi þess hljótum við að ræða þetta mál hér.

Það er hins vegar ástæða til þess áður en farið er að víkja að einstökum atriðum málsins að skyggnast dálítið um garðann í hinum vestræna heimi sem við höfðum kallað svo og raunar ekki eingöngu þar heldur í heiminum öllum vegna þess að við erum með þessari tillögu, ef samþykkt væri, að festa okkur inn í alþjóðlegt samstarf með áður óþekktum hætti. Við værum að skipa okkur í eina af þremur meginviðskiptablokkum eða viðskiptabandalögum hinna iðnvæddu ríkja, í þessu tilviki Vestur-Evrópu. Hinar stóru heildirnar tvær eru Norður-Ameríka sem var að ganga frá sérstökum samningi sem stundum hefur verið kallaður fríverslunarsamningur, sem er tæpast réttnefni því að hann er miklu víðtækari en það, og skammstafaður NAFTA og síðan þriðja stórveldið í þessu samhengi sem er Japan. Fyrir utan þessar þrjár stóru heildir er síðan það sem stundum er kallað þriðji og fjórði heimurinn, þó að það séu ríki sem eru mjög misjafnlega á vegi stödd hvað snertir efnahagslegar aðstæður og þróun en hafa haldið saman á alþjóðavettvangi síðan 1971 þegar þau stofnuðu hóp hinna 77 ríkja sem nú skipa nær 130 ríki og fylkja liði á alþjóðavettvangi í mjög mörgum og veigamiklum málum, ekki síst á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og ráðstefnum sem haldnar eru á þeirra vegum. Og hvernig er nú ástandið, virðulegur forseti, í hinum iðnvædda hluta heimsins, þeim ríkjum sem við mesta velmegun búa, hvernig eru horfurnar hjá þeim annars vegar og hins vegar hjá hinum fátækari hluta?

Það hefur heyrst í máli manna við þessa umræðu að áhyggjur eru miklar vegna þess mikla og ört vaxandi atvinnuleysis sem ríkir á Vesturlöndum, í Vestur-Evrópu og í Norður-Ameríku sérstaklega. Síðasti ræðumaður vék að þessu og lýsti áhyggjum sínum en var með væntingar um að sá samningur sem hér er ræddur verði til að ráða þar bót á og bægja atvinnuleysisvofunni frá okkur Íslendingum. Ég held að við þurfum að skoða nánar þessi mál og þetta samhengi.

Það ríkir kreppa á Vesturlöndum í efnahagslífi, djúptækari kreppa en menn hafa séð um langt skeið. Hún er ekki sambærileg við aðstæður á fjórða áratugnum vegna þess hversu mjög margt hefur breyst í baklandinu, en ef við lítum á atvinnuleysið eitt saman, þá er það nú að verða meira en verið hefur um tíu ára skeið og Efnahags- og samvinnustofnunin, OECD, gerir ráð fyrir því að í löndum hennar nái atvinnuleysið á þessu ári, 1992, 30 millj. manna sem formlega eru skráðir atvinnulausir innan OECD-ríkjanna og vaxi þessi fjöldi um 5,5 millj. á þessu ári.

Í Evrópubandalaginu eru horfurnar ekki bjartar að þessu leyti. Þar er atvinnuleysi að verða viðlíka og var fyrir svona tíu árum síðan. Það hafði farið svolítið minnkandi fram til 1989 eða svo en síðan hefur aftur sigið á ógæfuhlið í þessum efnum og gert er ráð fyrir af kontórum bandalagsins sjálfs sem fara yfir þessi mál að meðalatvinnuleysi í Evrópubandalagslöndunum tíu nemi 10% að meðaltali og verði þá komið upp undir 20% þar sem verst lætur. Þetta eru hinar efnahagslegu aðstæður að því er snertir atvinnuna í því bandalagi sem EFTA-ríkjunum er ætlað að tengjast með samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Á Norðurlöndunum hefur einnig hallað á ógæfuhliðina og það mjög ört, alveg sérstaklega í Finnlandi þar sem atvinnuleysi er nú um eða yfir 15%. Aðstæður Finna eru vissulega nokkuð aðrar og sérstæðar vegna samskipta og viðskipta þeirra við fyrrverandi Sovétríkin, markaðar sem nú hefur hrunið að verulegu leyti og er skýring á því hversu Finnland tekur sig mjög út úr að þessu leyti, en einnig í Svíþjóð og í Noregi er atvinnuleysið hraðfara vaxandi og komið upp í áður ómældar hæðir. Það sama er á döfinni hér þar sem atvinnuleysi er einnig ört vaxandi og menn eru að bera sig saman um það hvort reikna megi með því að það geti farið upp í allt að 6% eða eitthvað minna á komandi vetri eða næsta ári.

Ég nefni þetta, virðulegi forseti, vegna þess að uppi er málflutningur sem ég tel vera á miklum misskilningi byggðan og í rauninni vera mjög einfeldnislegur ef menn eru að gera því skóna að þess megi vænta að efnahagslegar aðstæður á Íslandi fari batnandi á næstunni við það að gera þennan samning. Ég held að þessu sé öfugt farið og gæti flutt mörg rök fyrir því að ástæða sé til að ætla að þessu sé öfugt farið. Auðvitað kemur aðgerðarleysi núv. ríkisstjórnar í atvinnumálum inn í þá mynd sem blasir við okkur Íslendingum, sú furðulega stefna sem hér hefur ríkt í atvinnumálum þar sem stjórnvöld skipta sér í rauninni ekki af nokkrum hlut, telja það beinlínis ekki í sínum verkahring að stuðla að jákvæðari þróun í atvinnulífi nema liggja á bæn gagnvart erlendum auðfélögum eins og

hæstv. iðnrh. hefur gert um árabil og biðja þau um að koma til að fjárfesta í álbræðslu. Allir vita hvernig það mál stendur og þarf ég ekki að vera með neitt svartsýnisraus sem ég hef stundum verið sakaður um í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Ekki eru það Evrópubúar ...) Þetta svartsýnisraus kemur nú úr herbúðum ráðherrans sjálfs, það kemur úr stjórnarherbúðum þar sem menn eru að vara við því, auðvitað með réttu, að mál sé komið til að hætta að mæna á þetta góss sem hæstv. iðnrh. hefur varið sínum kröftum sem eru talsverðir um fjögurra ára skeið til þess að draga hér að landi. Þetta hefur auðvitað haft veruleg áhrif á aðgerðir hérlendis á sviði atvinnumála og í efnahagsmálunum almennt til hins verra og það eru því miður ekki horfur á því að þarna sé nein breyting í vændum, ekki nokkur breyting. Þvert á móti á að treysta á lukku hins óhefta markaðar sem við erum að ganga inn í með því að gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði, með því að lögbinda hið svokallaða fjórfrelsi hér á Íslandi sem er kjarninn í þessum samningi. Allt annað er aukaatriði í þessum samningi og það er fáheyrt, virðulegur forseti, að menn skuli koma hér og tala um að tollalækkanir á íslenskum sjávarafurðum séu sá mælikvarði sem menn eigi að leggja á þetta mál og það sé vegna þeirra eitthvað nálægt tveggja milljarða rúmt reiknað í tollahagsbótum sem menn eigi að skrifa upp á þennan samning. Og það er sérstaklega verið að ákalla fólk á landsbyggðinni til þess að gerast þátttakendur, til að hlaupa undir bagga og ýta á eftir þessu skipi til Evrópu.

Það væri hægt að gefa málflutningi af þessu tagi ýmsar einkunnir. Satt að segja vil ég ekki vera að flytja þau orð úr þessum ræðustóli sem sæmdu þeim málflutningi sem hæstv. utanrrh. hafði uppi þegar hann mælti fyrir þessu máli. En það er önnur hlið á þessu máli sem hefur verið lítið rædd en ég vil koma að næst sem tengist einmitt þeirri kreppu sem nú ríkir á Vesturlöndum og fer dýpkandi. Það er spurningin um hvort menn eru í grundvallaratriðum þegar á heildina er litið á villigötum í sambandi við efnahagsstarfsemi og viðskiptahætti á Vesturlöndum.

Hér til vinstri handar mér er framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands sem vermir bekki á þingi og hann lyftir brúnum og setur auðvitað upp spurningarmerki með mér um það vegna þess að í ljósi hinnar dýpkandi kreppu sem nú er í gangi hljóta menn að spyrja sig að því hvort það faðirvor sem hér er sungið um hinn óhefta markað, óskorað markaðsfrelsi á öllum sviðum án inngripa af opinberri hálfu og stýringar sé sá elexír sem sé líklegur til að gagna heimsbyggðinni, gagna fólkinu í löndunum. Ég veit ekki hvað framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands hefur farið náið yfir þau atriði sem snúa að umhverfismálum í heiminum í tengslum við efnahagsstarfsemi. Ég vænti þess vissulega að sá hv. þm. sem og aðrir þingmenn hafi gefið þessu gaum og ég veit um þingmenn sem vart hafa komist hjá því að leggja þar rækilega við hlustir á þessu ári, þ.e. þeir sem voru í ferð sem ég var þátttakandi í á sl. vori á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Rio de Janeiro sem haldin var í júnímánuði. Ég held hins vegar að það væri þörf á því að taka málefni þau sem þar voru rædd til umfjöllunar á Alþingi Íslendinga og fá hið fyrsta frá hæstv. umhvrh. skýrslu um störf og umræður á þessari heimssamkomu sem ekki var nú minna virt en svo af þjóðarleiðtogum að þangað komu ekki færri en 118 fulltrúar sem var gefið það heiti og hleypt var að sporöskjulaga borði sem þeir settust að við lok ráðstefnunnar. Þar vantaði að vísu forsrh. Íslands í hópinn en forseti Íslands var þar mættur og það sæti vel skipað.

Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að átta okkur á því að sú gata sem verið er að vísa á er blindgata. Hún verður ekki gengin með þeim hætti sem lagt er upp með mikið lengur og það í raunverulegri merkingu þess orðs. Vegna þess að iðnaðarstarfsemin, iðnvæðingarbrautin, sóunarbrautin í sambandi við efnisleg gæði leiðir fyrr en varir, og það í tíma næstu kynslóðar eða þar næstu, í fullkomið óefni verði ekki horfið af þessari braut nú. Á umhverfisráðstefnu í Ríó töluðu menn um ekki mætti verða nein bið á, róttæk breyting yrði að nást fram fyrir aldamót, á næstu átta árum, ef von ætti að vera til þess að menn stýrðu fram hjá hengifluginu varðandi þær takmarkanir sem við blasa í umhverfislegu tilliti vegna efnahagslegra umsvifa eins og nú er að þeim staðið á Vesturlöndunum í hinu heiftarlega kapphlaupi viðskiptablokkanna þriggja sem ég nefndi í upphafi og sem verið er að leggja til að Ísland verði einn aðilinn að. Ég vænti þess að framkvæmdastjóri Verslunarráðsins og fleiri, sem kunna að setja spurningarmerki eða hrista höfuðið eins og hann, eigi eftir að blanda sér í umræðuða til að greina frá sínum viðhorfum til þessara mála, gera grein fyrir því hvernig þeir sjá lausnir í þessum efnum, hver er þeirra vegvísir, örfá atriði til að undirstrika þetta því að það mætti lengja þennan lestur nokkuð mikið.

Það er alveg ljóst að það er ekki vinnandi vegur, það er ekki kleift að ná upp lífskjörum í hinum svonefnda þriðja heimi, heiminum utan við blokkina stóru, eitthvað í líkingu við það sem er meðaltalið í Evrópu núna, þótt ekki sé farið upp í það sem best gerist, vegna þess að hinar umhverfislegu takmarkanir leyfa það ekki, gera það ekki kleift þótt beitt væri fullkomnustum tæknilegum búnaði og svokölluðum mengunarvörnum í þessu skyni.

Þetta eru hin hörðu lögmál þess lokaða umhverfis sem við búum við í hnattrænum skilningi þessa máls. Þrátt fyrir geiminn erum við með lofthjúpinn afmarkaðan og takmarkaðan og hann tekur ekki við nema takmörkuðu magni af þeim efnum sem þar er verið að bæta við vegna iðnaðarstarfseminnar, vegna framleiðslustarfseminnar, víða um lönd. Hvað þá að auka við í þeim mæli sem yrði með réttmætri sókn þjóða þriðja heimsins, yfirgnæfandi meiri hluta mannkyns sem að hluta til lifir á hungurstigi og sveltur heilu hungri eins og menn þekkja úr fréttum.

Ég held það væri ástæða til þess, virðulegi forseti, að ekki aðeins Alþingi heldur líka ríkisstjórn landsins settist á rökstóla vegna þessara þátta og spyrði sig þeirra spurninga: Eigum við Íslendingar að slást í þessa för? Eigum við að undirrita trúarjátningu hins óhefta

markaðar og gerast þátttakendur í honum og binda okkur inn í hann í staðinn fyrir að halda svigrúmi til þess að móta sjálfstæða stefnu í þessum stóru málum og velja okkur samfylgd í þessum stóru málum?

Einn þáttur þessa ófarnaðar sem við erum þátttakendur í og sem einkennir efnahagsstarfsemi Vesturlanda, að ekki sé talað um það sem við blasir eftir hrunið í Austur-Evrópu. En það eitt saman breytir ekki neinum megindráttum úr myndinni vegna þess að í aðalatriðum var þar fylgt sama framleiðslumunstri og fylgt er á Vesturlöndum.

Ég held það væri ástæða til að setjast yfir þau efni. Ég vil t.d. leyfa mér að benda hv. þm. á rit, sérrit sem tímaritið Der Spiegel gaf út fyrr á þessu ári og fjallar um innri markaðinn í samhengi umhverfismálanna. Það er dálítill doðrantur. Þar er farið yfir málin og farið yfir sviðið og ég hvet sem flesta til að kynna sér efni þessa rits. Þar er yfirskriftin á þessari sérútgáfu Der Spiegel, Evrópa án landamæra, Alarm für die Umwelt á þýskunni, háski fyrir umhverfið.

Kynnið ykkur efni þessa rits, það er ekki meðmæli, hvorki með innri markaði Evrópubandalagsins, sem er það sem um er fjallað fyrst og fremst en sem bætir enn í ef það á að tengja Norðurlöndin, Austurríki og Sviss við þessa viðskiptaheild.

Það gegnir satt að segja furðu, virðulegur forseti, að þeir finnast sem eru að mæla með þessum samningi með sérstöku tilliti til umhverfismála og vísa á þennan samning um Evrópskt efnahagssvæði sem alveg kjörna úrlausn í þeim efnum.

Ég las í Lesbók Morgunblaðsins fyrir nokkrum vikum eitt slíkt innlegg. Ég hef að vísu ekki heyrt ræður um það á Alþingi nýlega en svo langt er seilst til lokunnar, svo mikil er villan í þessu máli — og svo eru menn að vísa á ákvæði í þessum samningi, því vissulega er minnst á umhverfismál í þessum samningi en þau eru þar skörinni lægra en allt annað og ekkert bindandi í þeim efnum og alveg sérstaklega tekið fram í samningnum að þar sem ákvæði fjórfrelsisins og umhverfisins mætast eða rekast á, þá eru það vörurnar, verslunin, viðskiptin, fjármagnið, sem eiga að ráða ferðinni.

Þetta getið þið lesið í 74. gr. samningsins þar sem um þetta er fjallað og sem notað var m.a. af einum aðalupphafsmanni fyrir þessari vegferð, Gro Harlem Brundtland, sem maður vildi gjarnan sjá í öðru samhengi en í EES-samhengi því hún hefur vissulega komið við sögu á alþjóðavísu í umhverfismálum. Hún var einmitt að vitna til þessarar greinar ásamt fleirum til huggunar löndum sínum og öðrum sem hafa áhyggjur af því hvað þessi samningur þýði í samhengi umhverfismálanna. En þar stendur: „Þær ráðstafanir sem um getur í 74. gr. eru því ekki til fyrirstöðu að einstakir samningsaðilar láti strangari verndarráðstafanir halda gildi sínu eða grípi til þeirra, enda samrýmist það samningi þessum."

Þær viðræður sem nú standa yfir á vegum GATT, almenna samkomulagsins um viðskipti og tolla, tengjast þessu máli einnig án þess að ég ætli að fara langt út í þá sálma. Þar er í rauninni verið að reyna að lögbinda eða festa í sessi á vegum GATT í hinum svonefndu Úrúgvæ-viðræðum þetta opna kerfi, þessi lögmál sem Vesturlönd hafa verið að reyna að móta fyrir sig og fjölþjóðafyrirtækin á Vesturlöndum hafa verið potturinn og pannan á bak við. Að reyna að festa þau í sessi og gera þau að heimslögmáli í sambandi við viðskipti. Það heyrast rök í þá áttina að þetta eigi að vera sérstök blessun fyrir þriðja heiminn.

Ég held að menn þurfi að skoða þessi mál ögn betur áður en þeir taka undir staðhæfingar af þeim toga. Það verður auðvitað ekki undið ofan af þessum þáttum í neinum skjótum svifum, það er ekki þess vegna sem ég er að nefna það hér að menn geti vænst þess að ná endurskoðun á þessari vegferð með einhverjum skjótum sviptingum. En upphafið er þó að gera sér vandann ljósan. Einn þátturinn í Úrúgvæ-viðræðunum og þeim drögum sem þar liggja fyrir að samkomulagi er að setja á laggirnar stjórn yfir GATT sem kölluð er „Multilateral Trade Organization" eða MTO og það er sérstakur viðauki í GATT-samningunum sem fyrir liggja sem eru starfsreglurnar fyrir þessa stjórn. Og ég held að menn, sem mestar vonir binda við þetta samkomulag, ættu að kynna sér þær.

Það er t.d. athyglisvert varðandi þetta MTO, þessa yfirstjórn GATT sem á að fara að setja upp, að þar er gert ráð fyrir, samkvæmt ákvæðum í þessu uppkasti að reglum, að þar verði meirihlutaákvarðanir teknar. Og hvað skyldi nú vera mikið fjallað um umhverfismálin í því samhengi? Þau eru nefnd í eitt einasta skipti í almennum inngangskafla. Það eru áhyggjurnar sem menn hafa á þessum vettvangi sem skiptir þó sköpum um það hvernig umhverfismál munu þróast í heiminum. Það eru áhyggjurnar sem menn hafa af því og tengingin á milli ákallsins frá umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Ríó annars vegar og þeirrar samkomu sem rekin er undir Úrúgvæ-merkinu á vegum GATT.

Heldur einhver að menn fóti sig með vinnubrögðum á alþjóðavísu af þessum toga? Hér er alvara á ferðum, alvara fyrir okkur. Að vísu munum við hjara af án þess að fá bakslaginn mikla frá móður náttúru sem kemur innan skamms ef ekki tekst að beygja af en það verða þá í síðasta lagi börnin eða barnabörnin okkar sem súpa seyðið að því að ekki sé horft lengra fram í tímann í þessum efnum.

Ég veit það að þeir munu vafalaust finnast sem telja að það mál sem hér er flutt sé eins konar svartagallsraus, sem eigi lítið erindi inn í umræðu um þetta mál. En ég óttast ekki dóma af þeim toga og ég mæli þetta í fyllstu alvöru og með hvatningu til Alþingis að taka einnig þetta sjónarhorn með þegar verið er að fjalla um þennan samning vegna þess að það á þar heima, alveg skilyrðislaust, og ætti í rauninni að vera einn undirstöðuþátturinn í sambandi við athugun þessa máls.

Við erum komin í 1. umr. um lagafrv. sem er afraksturinn af ferð sem var fitjað upp á á árinu 1988 og formlega gengið frá í marsmánuði 1989. Ég tek eftir því að mönnum er gjarnt að byrja á því að rifja upp í þessu samhengi ræðu sem Delors nokkur, forseti framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, flutti 17. janúar 1989 og markaði upphaf þessa máls. Svona rétt eins og

þetta hafi vaxið út úr höfðinu á forseta framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Málið er nú ekki þannig, en það hefur í rauninni allt of lítið komið fram um það og verið um það fjallað hvernig þetta varð til. Hvernig varð þessi skapnaður til eða vísir að þessum skapnaði sem leitt hefur til þeirrar umræðu sem hér fer fram?

Ég hef stundum nefnt þetta á fundum með utanrrh., svona rétt til þess að halda honum við efnið og söguna. Ég ætla að gera það hér í örstuttu máli. Þrýstingurinn á inngöngu í Evrópubandalagið hefur verið vakandi á Norðurlöndum um áratugaskeið. Það var reynt að ýta Norðmönnum inn í Evrópubandalagið 1970–1971. Það var raunar gerð atrenna hér á Íslandi upp úr 1960 í þessa átt og ég bið menn að hafa það í huga þegar þeir dæma afstöðu manna á sínum tíma til EFTA. Hana ber að sjálfsögðu að skoða í ljósi þess að þeir sem andæfðu gegn EFTA skynjuðu það svo að það væri fyrsta ákvarðandi skrefið til inngöngu í Evrópubandalagið rekið áfram af viðreisnarstjórninni sem hér var við völd í nærri tólf ár. Það var auðvitað veigamikill þáttur í rökum manna sem vöruðu við inngöngu í EFTA á sínum tíma. En þeir sem hafa verið að sækja þetta mál um langt skeið, fyrst og fremst hagsmuni stórfyrirtækja, alveg sérstaklega innan fjölþjóðafyrirtækjanna hinna sænsku, sem eru auðhringir á heimsmælikvarða sumir hverjir með útibú og tengsl í 100 löndum og jafnvel meira, og stórfyrirtækja í Noregi. Þessi þrýstingur hefur verið vakandi og hann hefur fengið hljómgrunn öðru hvoru, fyrst og fremst pólitískan hljómgrunn hjá sósíaldemókrötum fyrir utan hægri flokkana suma hverja. Og það sem gerðist á árinu 1988 var að skandinavísku kratarnir og þeir sunnar í Evrópu báru sig saman á fundum, ég vil ekki segja leynifundum, en það fór ekkert hátt um þessa fundi, að nú þyrfti að ráða ráðum og taka eitthvað til bragðs því nú yrði þessi innganga í Evrópubandalagið að fara að gerast. *Þeir bundust samtökum um það — í þeim hópi* er nefndur Delors, því hann er krati, sósíaldemókrat og hefur held ég verið lengst af, í náinni samvinnu við Gro Harlem Brundtland því hún réði fyrir EFTA í hálft ár 1988 — að nú skyldi lagt til atlögu. Og íslensku kratarnir, þar á meðal hæstv. utanrrh. var tekinn auðvitað með inn í þetta dæmi og skrifaði upp á þessa vegferð. Það var ekki búið að athuga málið mjög náið, það var bara ákveðið af íslenska Alþfl. eins og sósíaldemókrötunum á Norðurlöndum og sunnar í Evrópu að demba sér til sunds. Binda fyrir bæði augu hvað snerti afleiðingar, taka kúrsinn og demba sér til sunds helst inn í Evrópubandalagið en sennilega yrði að fara þarna milliskref, búa til þetta sem við ræðum hér, þennan skapnað — hið Evrópska efnahagssvæði.

Það voru alveg sérstaklega þær pólitísku hindranir sem menn sáu á vegi í Noregi og í Svíþjóð, m.a. í Noregi af fyrri reynslu, að það væri ekki svo auðhlaupið að ná því milliliðalaust að koma þessum löndum beint inn í Evrópubandalagið. Það hefur hins vegar komið í ljós síðan þessum ráðum var ráðið að það hefur verið hert á ferðinni og við höfum orðið vör við hvernig aðstæður eru nú í hinum EFTA-ríkjunum þar sem búið er að leggja inn umsóknir þar sem formaður norska krataflokksins, Gro Harlem Brundtland, stendur nú frammi fyrir því að reyna að knýja sinn flokk að meiri hluta til fylgis við að leggja inn umsókn um inngöngu í Evrópubandalagið. Sú hin sama og átti hvað mestan þátt í að ríða netin í sambandi við EES. Auðvitað hefur þetta komið síðan aftur og aftur, ekki bara frá viljugum sjálfstæðismönnum, sem lengi er búið að dreyma um að geta tengst Evrópubandalaginu sem nánast og það eru vissulega þeir sem núna fara með völdin í Sjálfstfl. sem eru á þeim báti, heldur af hálfu Alþfl. Og ég vil aðeins nefna það að svo snemma sem 16. mars lesum við það í flokksblaði utanrrh. eftir fundahöld í Kaupmannahöfn að það sé hans mat að ef Noregur og Svíþjóð fari inn í Evrópubandalagið þá hljóti Íslendingar að fylgja á eftir. Reyndar ber þessi grein í flokksblaðinu, Alþýðublaðinu frá 16. mars 1990, þá skemmtilegu yfirskrift: Við Íslendingar erum flóttamenn frá Evrópu.

Síðan hefur það verið rifjað upp í þessari umræðu og ég þarf ekki að bæta um betur enda er um nóg annað að tala að fara hér yfir ræðu utanrrh. við umræðuna í mars 1992. En ég hvet menn eindregið til þess að gera það og lesa alveg sérstaklega bls. 12 og svona aftur að bls. 19. Ekki þarf að fara yfir meira til að sjá hvert ferðinni er raunverulega heitið. Og þeir, sem láta sér detta í hug, eins og heyrist á manni og manni, að það verði eitthvað staldrað við í þessu Evrópska efnahagssvæði eða það sé hugmyndin að gera það, skulu bara kynna sér verk Jóns Hannibalssonar, hæstv. utanrrh. og Davíðs Oddssonar, formanns aldamótanefndar Sjálfstfl. Halda menn að þeir hlaupi frá þessum hugmyndum og við eigum að taka þá trúanlega hér á Alþingi þegar þeir eru að reyna að sverja slíkt af sér, jafnvel núna nokkrum mánuðum eftir að þeir hafa flutt allt, allt annan boðskap í rituðu máli og alvarlegri skýrslu til Alþingis Íslendinga?

Nú er þess vissulega að gæta að svo getur auðvitað farið að hraðferðin inn í Evrópubandalagið gangi ekki upp með þeim hætti sem forustumenn í EFTA-ríkjunum eru að gera sér vonir um. Eitt það athyglisverðasta, þegar þessi mál eru skoðuð, eru auðvitað þau miklu veðrabrigði sem hafa orðið í öllum EFTA-ríkjunum að heita má, misjafnlega skörp veðraskil, á viðhorfum almennings til þessa samruna sem hér er verið að boða sem sérstakt fagnaðarerindi. Ég hugsa að það hefðu þótt tíðindi fyrir ári síðan eða rösklega það ef menn hefðu spáð því að brátt yrði meiri hluti almennings í Svíþjóð á móti því að ganga inn í Evrópubandalagið. Meiri hluti í Noregi hefur nú haldist um allnokkurt skeið, nokkuð traustur meiri hluti gegn hugmyndinni um að ganga í Evrópubandalagið og allir vita hvernig fór í Danmörku þó að þar hafi menn verið að greiða atkvæði um lokaáfangann eða ákveðið skref að lokaáfanganum að því stórríki Evrópu sem er fyrir stafni samkvæmt hugmyndum þeirra sem ráða ferðinni.

Já, fagnaðarerindið, hinn óhefti markaðsbúskapur, og ég segi óhefti vegna þess að það er það sem er um að ræða, að taka allar lokur úr og láta fjármagnið óheft

ráða ferðinni. Það þýðir í raun að afhenda völdin og baráttuna um völdin stórfyrirtækjunum, auðfélögunum, nokkur hundruð auðfélögum sem eru að reyra sitt net æ fastar, auðvitað með ólíka hagsmuni en eru í rauninni þau sem í vaxandi mæli hafa undirtökin í iðnríkjunum og móta stefnuna. Það er svo sem ósköp skiljanlegt þegar við horfum á þá mynd eins og hún liggur fyrir að það sé ekki mjög mikið fjallað um umhverfismál og áhyggjur af þeim þáttum í sambandi við efnahagsstefnuna í sambandi við þessi mál.

Aðeins meira varðandi umhverfismálin í tengslum við þennan samning. Ég vil nefna það vegna þess sem hér er oft sagt og hefur verið sagt í sambandi við þetta mál nánast frá byrjun. Það voru hugmyndir um að við þyrftum fyrirvara varðandi orkumálin. En síðan var fljótlega staðhæft að það væri engin ástæða til þess vegna þess að samningurinn fjallaði ekkert um orkumál og þau yrðu ekki hluti af þessum samningi. Ég vil biðja menn að athuga sinn gang aðeins betur áður en þeir taka það fyrir gott og gilt.

Evrópubandalagið er einmitt þessa mánuðina að fjalla mjög mikið um orkumál og gera orkumálin og orkuframleiðslu og aðgang að orkulindum að hluta af innri markaðnum. Þetta er kallað á þeirra máli „deregulering" orkumarkaðarins, brjóta upp það sem kallað er einokunarfyrirtæki í sambandi við orkuframleiðslu, gera tenginetið að sameiginlegum farvegi sem selt sé inn á og þar sem menn geti keppt um viðskiptin. Og í undirbúningi eru „direktív", sem svo eru köllud á máli EB, samþykktir og tilskipanir varðandi þessa þætti. Ætli það sé nú alveg víst að þessar tilskipanir eigi ekki eftir að koma inn á borð okkar Íslendinga, inn á Alþingi? Ef svo er litið á að þetta sé hluti af hinu frjálsa flæði þá kæmi ekkert á óvart að inn á borð EES-nefndar, ef hún einhvern tíma verður til, sameiginlegu nefndarinnar, komi slíkar tilskipanir með ósk um það að EFTA-ríkin skrifi upp á þær og gerist þátttakendur einnig að þessu leyti. Samningurinn sem ræddur var nokkuð hér á þingi í fyrra um Orkusáttmála Evrópu var vísir að þessu og það á meira eftir að fylgja.

Eitt vil ég nefna hér, ekki síst af því að á meðal okkar á þingi er fólk sem hefur afskipti af málefnum Landsvirkjunar, eins og raunar Alþingi allt sem kýs stjórn fyrirtækisins, þá er það auðvitað sérstakt umhugsunarefni sem þarna er á ferðinni í Brussel í sambandi við tilskipanir varðandi orkumálin. Og ég held satt að segja að þær hugmyndir sem hafa verið uppi um að fara að flytja út orku frá Íslandi með sæstreng, að þar geti orðið á brattann að sækja ef sú skipan mála verður sem þarna er verið að draga á teikniborðinu, draga útlínurnar að, í sambandi við orkumarkaðinn. Ég á eftir að sjá þá aðila sem ábyrgjast slíka fjárfestingu og tryggja þau viðskipti sem til þyrftu að koma og til kaupa á orkunni frá íslenskum stórvirkjunum sem menn hafa verið að gæla við að ætti að framleiða til flutnings um þennan sæstreng. Ég mun hreyfa þessu máli í öðru samhengi innan tíðar en nefni þetta vegna þess að auðvitað er orkuþátturinn, kannski ekki sérstaklega í íslensku samhengi en í heildarsamhengi umhverfismálanna og efnahagsstarfseminnar, undirstöðuþáttur fyrir alla starfsemi og undirstöðuuppspretta þeirrar mengunar sem ég hef gert að umtalsefni sem fylgifisk iðnvæðingarinnar og þeirrar sóunarstarfsemi sem einkennir efnahagsstarfsemi Vesturlanda.

Þá vil ég, virðulegur forseti, víkja svolítið að þeirri staðhæfingu, sem m.a. mátti heyra hjá hæstv. utanrrh., að við Íslendingar værum að fá happdrættisvinning í sambandi við þennan samning og við mættum alls ekki missa af honum vegna þess að þá væri ekki bjart fram undan. Þá fengjum við í rauninni ekkert í staðinn. Þá væri voðinn vís. Þessu er bætt við um leið og menn vísa á horfurnar í íslensku efnahagslífi, vaxandi atvinnuleysi o.s.frv. Og ég held að það sé nauðsynlegt og ég man ekki betur en það kæmi áskorun frá hæstv. utanrrh. einmitt um það að menn fjölluðu um þennan þátt máls, hvað ef þessum samningi er vísað frá? Ég held að menn þurfi einmitt að skoða þá stöðu opnum augum og átta sig á því að það er mjög langt frá því að það sé einhver voði á ferðum fyrir atvinnulíf og efnahagslíf á Íslandi út af fyrir sig vegna þess að við vísuðum þessum kaleik frá okkur. Sú er alls ekki raunin og sá áróður sem uppi er hafður í því sambandi eru falsrök, það eru blekkingar framreiddar til þess að hræða menn til fylgis við þennan samning. Við skulum líta ögn á þessa stöðu.

Ef þessi samningur nær ekki fram að ganga á Alþingi eða annars staðar þar sem um hann er fjallað og þar sem hann þarf að fá stuðning þá stendur þar eftir að því er Ísland varðar að við höfum í fullu gildi fríverslunarsamninginn milli Íslands og Evrópubandalagsins frá 1972 sem tók gildi 1976 að loknu þorskastríði. Um það er ekki deilt. Sá samningur mun halda gildi sínu og að sjálfsögðu verður það opið fyrir okkur Íslendinga að sækja á um breytingar á þeim samningi okkur til hagsbóta og það hljótum við að gera. Sá samningur hefur verið metinn alla tíð síðan hann var gerður sem einn besti samningur sem Ísland hefur gert viðskiptalega séð og í rauninni tekur fram öðrum samningum sem önnur EFTA-ríki gerðu um svipað leyti við Evrópubandalagið. En hvað er það í þessum samningi sem kallar svo á skjótar úrbætur? Vissulega bókun 6 og tollarnir á sjávarafurðum. Við getum öll verið sammála um að við þurfum að knýja þar á um breytingar. Það eru okkar hagsmunir. En þeir hagsmunir eru ekki það stórir að þeir skipti í rauninni nokkru teljandi máli þegar verið er að líta á þetta svið í heild sinni og allt það sem verið er að keyra okkur inn í í sambandi við fjórfrelsið. Eða heyra menn hvaða tölur eru þar nefndar? Þær tölur ber að sjálfsögðu að taka með fyrirvara í sambandi við hagræði vegna tolla. Það er talað um hámark 2 milljarða. Allir eru sammála um að ekki er hægt að reikna slíkt einhliða sem óhagræði útflytjenda, í þessu tilviki Íslands með sjávarafurðir, þannig að mikið er hægt að draga frá. En auðvitað eru ákveðnir þættir inni í þessu máli sem varða þróun á afurðum og slíku sem við lokum ekki augunum fyrir. Aðrir þættir, sem snúa að þessum EES-samningi í samanburði við þann fríverslunarsamning sem við höfum í höndunum, eru ekki mjög

veigamiklir að því er snertir vörusviðið sérstaklega. Ég ætla aðeins að líta á nokkur atriði sem því tengjast. Ef yfir það er litið og á einstaka þætti þá er alveg ljóst að þar eru ákvæði sem eru bæði plús megin og mínus megin að því er snertir þær breytingar sem um er að ræða.

Varðandi útflutning og innflutning á iðnaðarvörum þá eru þær tollfrjálsar samkvæmt fríverslunarsamningnum sem við búum við og spurningin um upprunareglur, sem hefur verið borin fram sem hagræði fyrir okkur að fá breytingar á, er ekki það veigamikil að það skipti neinum sköpum fyrir utan að það ætti að vera auðvelt að fá viðurkenningu og samkomulag um að beita upprunareglum sem þarna er um að ræða, milli Íslands og Evrópubandalagsins, byggja þær samningslega inn í okkar samskipti þannig að við getum notið þess hagræðis og báðir aðilar að verulegu leyti sem þar er um að ræða.

Í þessu samhengi er oft vísað á tæknilegar viðskiptahindranir í sambandi við viðskipti með iðnvarning, með annað en sjávarafurðir, að það sé verið að afnema tæknilegar viðskiptahindranir á milli landa. Það mál er ekki flóknara en svo að við Íslendingar höfum verið fullir þátttakendur í starfi sem lýtur að því að afnema tæknilegar viðskiptahindranir nú um árabil og verðum þátttakendur í því hvað líður þessum samningi. Við erum aðilar að Evrópusamstarfi í sambandi við staðla og slík málefni og munum njóta og erum að uppskera þá kosti sem menn telja vera að því að samræma að þessu leyti. Þetta atriði skiptir þannig í rauninni engu teljandi máli í samhengi þessa samnings.

Eitt af því sem snertir þáttinn varðandi vörur og viðskipti er einkaleyfi ríkisfyrirtækja sem á að leggja niður samkvæmt 16. gr. samningsins, sem er í samræmi við 37. gr. Rómarsáttmálans sem hér er verið að innleiða. Þetta kallar á breytingar hjá okkur en erum við viss um að það séu breytingar til bóta að leggja af fyrirtæki eins og t.d. Lyfjaverslun ríkisins og Áfengisverslun ríkisins sem að líkindum og ég segi að líkindum mun fylgja með þó að um það sé ágreiningur milli aðila og fullyrt af þeim sem mæla fyrir þessum samningi að Áfengisverslunin komi ekki inn í þetta samhengi? Ég bið þá sem segja já eins og framkvæmdastjóri Verslunarráðsins sem hlýðir hér á mál mitt að áður en menn segja óhikað já við því t.d. að það sé til bóta að slá af Lyfjaverslun ríkisins og þá starfsemi sem hún hefur staðið fyrir að fara yfir svar heilbrrh. sem reitt var fram af tilefni fyrirspurnar sem ég bar fram á þinginu í vor. Og ég bið menn einnig að fara yfir umræður vegna fyrirspurnar að því er snertir Áfengisverslun ríkisins sem einnig var rædd sem og spurninguna um það hvaða áhrif þessi samningur hefur á aðstöðu yfirvalda, tollyfirvalda og annarra í sambandi við ávana- og fíkniefni, mál sem við erum minnt allóþyrmilega á nær dag hvern sem mikinn og vaxandi vanda í okkar þjóðfélagi.

Að því er snertir t.d. lyfjaþáttinn, þá er það alveg ljóst að menn eru að bjóða heim stórauknum innflutningi á lyfjum, stórauknum erfiðleikum að meta lyf og fylgjast með þeim. Ef litið er til reynslu nágrannaþjóða eins og Dana og Breta, sem eru aðilar að Evrópubandalaginu og hafa haft þetta kerfi hjá sér, þá búa þeir við hæsta lyfjaverð sem um getur í Vestur-Evrópu þannig að líkurnar á því að þessi svokallaða aukna samkeppni sem þarna eigi að fylgja í kjölfarið varðandi lyf og innflutning lyfja sé sýnd veiði en ekki gefin. Ég hef ekki skoðað málið í samhengi þeirra breytinga sem hæstv. heilbrrh. er að berjast fyrir með ærnu erfiði og sveita í sambandi við lyfjamálefni og tilkostnað en mér er til efs að sú breyting, sem hér er í uppsiglingu með því að leggja af Lyfjaverslun ríkisins og innleiða í rauninni gerbreytt kerfi í sambandi við lyfjadreifingu í landinu sérstaklega, muni auðvelda baráttu hans að þessu leyti.

Einn er sá þáttur sem snýr að þessu sviði sem ég vil líka gera að umtalsefni og það eru opinber innkaup. Það hefur lengi verið þyrnir í augum hins óhefta markaðsbúskapar að ekki skuli vera full opnun í sambandi við viðskipti opinberra aðila og það skuli ekki vera tryggð útboð í hólf og gólf sem víðast en það er hluti af þeirri blessun sem á að innleiða með þessum samningi um EES, innan ákveðinna takmarkana þó að því er snertir upphæðir. Og þau liggja nálægt 15 millj. króna fyrirmælin sem varða opið útboð, að því er snertir innkaup og nálægt 400 millj. kr. að því er varðar verklegar framkvæmdir. Ég mæli þetta eftir minni. Ég held að það sé nærri lagi að viðskipti sem eru undir þessum mörkum þurfa ekki að fara í heildarútboð innan alls svæðisins vel að merkja en allt sem liggur yfir verða menn skuldbundnir til að setja í allsherjarútboð og þýða á öll tungumál Evrópubandalagsins og Evrópska efnahagssvæðisins. Þetta verður svolítið tafsamt gæti ég trúað og gæti orðið angurefni fyrir ýmsa fyrir utan það að hér er auðvitað verið að koma í veg fyrir að menn geti með nokkrum hætti beitt innlendum markaði til hagsbóta fyrir framleiðslustarfsemi í landinu. Þar erum við komin inn í það samhengi sem er náttúrlega ástæða til að líta á varðandi þennan samning. — Hvar er nú hv. varaformaður utanrmn.? Ég ætlaði að beina því til hennar af því að hún ræddi sérstaklega um atvinnuleysið sem hún hélt að við værum að ráða bót á með þessum samningi.

Ég held að það sem hér er á ferðinni að því er snertir þátttöku Íslands í þessu galopna efnahagskerfi, þessum innri markaði, feli ekki í sér miklar líkur á að það verði til að efla íslenskan þjóðarbúskap eða möguleika okkar til að styrkja okkar heimamarkað og þann iðnað sem hér hefur verið þrátt fyrir afskiptaleysi og fáskipti stjórnvalda, verið að berjast um til þess að halda lífi. Og þrátt fyrir allt hefur honum tekist það því menn hafa lagt mjög hart að sér. En margt hefur hins vegar fallið fyrir samkeppninni í þessum efnum. Ég er ekki að segja að við eigum að hafna samkeppni eða markaðsbúskap sem slíkum. Það er ekki mitt mál. Ég er að vekja athygli á þeim breytingum sem verið er að innleiða með þessum reglum og alveg sérstaklega að því er varðar opinber innkaup. Ég held t.d. að sú stefna sé góð sem stjórn Landsvirkjunar hefur lofsamlega reynt að ástunda á undanförnum árum, á meðan hún hafði nokkur umsvif, það hefur dregið úr þeim nú í

seinni tíð, að horfa til með innlendum aðilum. Stjórn Landsvirkjunar leyfði sér það í sambandi við viðskipti, um uppbyggingu virkjana, línulagnir og fleira. Nú eru menn fljótir að reka sig upp í þakið, 400 millj. eða svo í þeim stóru tölum sem snerta þau viðskipti. Ég er hræddur um að það verði þrengra fyrir, t.d. hjá fyrirtæki eins og Landsvirkjun og öðrum sem fyrir stórframkvæmdum standa, að horfa til með innlendum fyrirtækjum og leyfa þeim að njóta frekar hagsbóta af viðskiptum en erlendum aðilum samkvæmt galopnu útboði sem hér er kveðið á um og er ótvírætt og verður að sjálfsögðu fylgt eftir alveg yfir í dómstóla ef fyrirtækin sem þarna eiga í samkeppni telja hag sínum borgið með því.

Eitt er það sem hæstv. utanrrh. nefndi og ég vil út af fyrir sig taka undir að getur talist til hagsbóta almennt séð varðandi þær reglur sem hér er reynt að innleiða og sem þeir menn færa sér til tekna sem bera fram þennan samning. Það eru undirboð. Evrópubandalagið skuldbindur sig til að falla frá „anti-dumping"-aðgerðum, undirboðsrefsingum vegna svokallaðra undirboða. Við skulum minnast þess um leið og við lítum á þann þátt málsins að það hafa verið sárafá tilvik þar sem á þetta hefur reynt, nánast ekki hér á Íslandi nema ef menn vilja rekja viðskipti Íslenska járnblendifélagsins með einhverjum þætti, vegna tengsla við Elkem, til mótaðgerða Evrópubandalagsins. EB hefur hótað refsiaðgerðum gagnvart Norðmönnum. Hversu oft? Jú, sjö sinnum, síðan 1970 hafa þeir beitt sínum reglum um aðgerðir gegn undirboðum og aðeins í fjórum tilvikum hefur það leitt til þess að það hefur verið samið um lágmarksverð og sæst á það en aldrei verið beitt refsitollum. Þau eru nú ekki mörg tilvikin sem blasa við í sambandi við þetta. Á móti kemur síðan að menn hafa skrifað upp á samkeppnisreglur Evrópubandalagsins í heild sinni og reglurnar varðandi ríkisstuðning, að falla frá ríkisstuðningi í sambandi við stuðning við fyrirtæki sem er njörvað inn í þennan samning. Það ber að leggja af ríkisstuðning í sambandi við rekstur fyrirtækja. Allt sem snýr að rekstri fyrirtækja verður með öllu óheimilt að veita fé í af opinberri hálfu, bæði ríkis og sveitarfélaga, en með ákveðnum reglum eru heimildir til þátttöku í fjárfestingum í vissum mæli. Þetta eru atriði sem varða fríverslunarsamninginn sem við höfum í hendi annars vegar og hins vegar EES-samninginn, sérstaklega að því er varðar vörusviðið og það sem tengist því.

Nú hefði ég gjarnan, virðulegur forseti, viljað hafa hæstv. ráðherra í salnum. Ég hef ekki gert athugasemdir þó að hann hafi vikið sér aðeins frá en ég vil snúa máli mínu til hans og óska eftir að hann verði viðstaddur.

Virðulegur forseti. (**Forseti:** Forseti hefur gert ráðstafanir til að hæstv. utanrrh. verði í salnum.) Ég þakka og vona að úr rætist fljótlega. Á meðan við hinkrum við eftir hæstv. ráðherra vil ég lesa hér lauslega þýdda tilvitnun sem hljóðar þannig:

„Ég hef samúð með þeim sem vilja minnka frekar en auka efnahagsleg tengsl milli þjóða. Hugmyndir, þekking, vísindi, gestrisni og ferðalög, þetta eru hlutir sem í eðli sínu ættu að vera alþjóðlegir. En ætíð þegar það er skynsamlegt og framkvæmanlegt skulu framleiðsluvörur vera unnar í heimalandinu og umfram allt ættu efnahagsmál að vera fyrst og fremst mál hverrar þjóðar."

Ég veit ekki hvort ég á að endurtaka þetta, hvort menn hafa náð þessu. Ég vil síður lesa þetta á ensku. Þetta er að vísu lausleg þýðing. Ég get gert það svo öllu sé til skila haldið:

„I sympathize with those who would minimize rather than those who would maximize economic entanglements among nations. Ideas, knowledge, science, hospitality, travel, these are things which should of their nature be international. But let goods be homespun whenever it is reasonable and conveniently possible and above all let finance be primarily national."

(**Gripið fram í:** Þetta er atómljóð.) Nei, þetta er ekki atómljóð. En ég greip þessa tilvitnun með mér hér og finnst við hæfi að reiða hana hér fram á meðan við hinkrum eftir ráðherra. Ég vil gjarnan fá getgátur um það úr þingsal hver muni vera höfundurinn að þessu. (Gripið fram í.) Það er ekki á vörum manna hér. Hann heitir John Maynard Keynes. Það er kannski framkvæmdastjóra Verslunarráðsins til umhugsunar að rýna í þann mæta mann, Keynes, sem hefur ekki verið talinn af verri endanum í hagfræðingaliði Vesturlanda á síðari tímum.

Hæstv. ráðherra. Ég fór hér yfir nokkur atriði og saknaði þess að þú skyldir ekki vera viðstaddur (**Utanrrh.:** Ég hlustaði.) þar sem ég var að bera saman aðstöðu okkar annars vegar með fríverslunarsamninginn í hendi og EES-samninginn að því er varðar vörusviðið og það sem því tengist. Niðurstaða mín er sú, hvað snertir þennan þátt málsins, að þá sé mjög langt frá því að við séum á flæðiskeri stödd og ástæða sé til þess að gera sérstaklega mikið úr erfiðleikum okkar Íslendinga við að byggja áframhaldandi sókn á því sem við höfum í hendi að þessu leyti. Við þetta vil ég bæta þeim samningum sem við höfum gert við Evrópubandalagið upp á síðkastið sem varða hin svokölluðu jaðarmálefni. Það var einmitt að þeim vikið í ræðu hæstv. ráðherra þar sem hann tíundaði þá sem eitt af ávinningum þessa samnings, þá þætti sem varða menntamál og menningarmál, rannsóknir og þróun. Mér finnst það með því grófara sem fram er reitt af hálfu þeirra sem mæla með þessum samningi að taka þessa þætti með þegar þeir gylla málið. Sannleikurinn er sá og liggur auðvitað fyrir að við höfum verið þátttakendur í markvissri vinnu nú um margra ára skeið á grundvelli svokallaðrar Lúxemborgaryfirlýsingar frá 1984 um að bæta samskipti okkar og tryggja hagsmuni okkar að því er varðar Evrópubandalagið og samskiptin við það og auðvitað gagnkvæm samskipti með tvíhliða samningum. Hæstv. utanrrh. svaraði hér góðfúslega spurningu minni um það hvaða samningar eru frágengnir sem tvíhliða samningar Íslands og Evrópubandalagsins að þessu leyti. Það var við fyrirspurn sl. vor og það svar er að finna á þskj. 961 frá síðasta þingi. Ég vil aðeins leyfa mér að hlaupa yfir fyrirsagnirnar á þessum samn-

ingum sem þegar liggja fyrir og margir hafa verið í undirbúningi. Það eru samningar um einföldun formsatriða í vöruviðskiptum, frágengið, samningur um sameiginlegar innflutningsreglur, sem svo eru kallaðar, samningur milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu til að koma á samstarfi á sviði starfsjálfunar í tengslum við framkvæmd á COMETT 2, samningur milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um tölvugagnaviðskiptakerfi fyrir viðskipti, rammasamningur um samvinnu á sviði vísinda og tækni milli Íslands og Evrópubandalaganna, samningur milli EFTA-ríkjanna annars vegar og Efnahagsbandalags Evrópu hins vegar um upplýsingaskipti vegna tæknilegra reglugerða, samningur milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu til að koma á samstarfi á sviði menntunar og þjálfunar innan ramma ERASMUS-áætlunarinnar, samstarfssamningur milli Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands um starfsáætlun til að örva alþjóðasamstarf og nauðsynleg samskipti evrópskra vísindamanna í rannsóknum, samstarfssamningur milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um rannsóknir og þróun á sviði umhverfismála, vísindi og tækni til verndar umhverfinu, svokallað STEP, og evrópsk áætlun um veðurfarsfræði og náttúruvá eða EPOCH en sá samningur hafði ekki verið birtur þegar þetta svar var fram reitt. Hér er sem sagt um að ræða fjölmarga frágengna tvíhliða samninga við Evrópubandalagið á sviðum sem kölluð eru jaðarmálefni í samhengi EES-samningsins. Margir fleiri samningar eru í undirbúningi og enginn ástæða til þess að ætla annað en hægt sé að vinna af fullum krafti að gerð þeirra í góðri samvinnu við Evrópubandalagið þó að þessi EES-samningur falli fyrir borð. Ég er að nefna þetta hér vegna þess hversu óréttmætt og fráleitt það er að skreyta sig með jaðarsviði í sambandi við þennan EES-samning þó að það sé auðvitað jafnsjálfsagt ef menn gera þennan samning að fella þau samskipti að mörgu leyti undir hann. Ég tel að það sé ekki óskynsamlega ráðið og geti verið til bóta þó ég hafi ekki farið sérstaklega ofan í það út frá stjórnarformi þess.

Ég hef með þessum hætti vakið athygli á stöðunni að því er varðar vörusvið. Ég vil bæta því við að í Noregi, þar sem þessi mál eru til umræðu, ekki ósvipað og á Alþingi Íslendinga, Stórþingið hefur hafið umræðu um þessi efni, vísa andstæðingar þessa samnings á þann samning sem Norðmenn gerðu 1972 sem fótfestu og undirstöðu sem menn standa á eftir að hafa vísað frá EES-samningi. Það liggur einnig fyrir að að 11 þjóðhagfræðingar í Noregi af 15 sem eru í prófessorsstöðum við norska háskóla gáfu frá sér yfirlýsingu í fyrra þar sem þeir lýsa yfir, lauslega þýtt: „Það eru engar knýjandi efnahagslegar ástæður til fyrir því að Noregur þurfi að ganga inn í EES eða gera EES-samning. Þvert á móti getur norskt efnahagslíf staðið betur með endursamningi á grundvelli fríverslunarsamningsins."

Þetta er álit rösklega tveggja þriðju hluta prófessora í hagfræði við norska háskóla. Þetta álit var gefið út í fyrra og er nokkru lengra. Menn geta fengið aðgang að því. Ég er ekki að reiða það hér fram vegna þess að ég telji að menn þurfi alltaf að hafa rétt fyrir sér í slíku en það er upplýsandi að heyra þetta hljóð frá vísum mönnum sem fjalla um efnahagsmál í næsta grannríki og sem eru að fást við sama samning og hér er til umræðu.

Virðulegi forseti. Ég ætla þá að víkja að þeim þáttum þessa samnings að því er snertir aðra þætti fjórfrelsisins, eins og fjármagnshreyfingar sem eru teknar sem einn af fjórum þáttum þessa máls. Ég vil segja um þann þátt málsins að auðvitað er engin ástæða fyrir okkur Íslendinga að gera samning um að innleiða hér frjálsar fjármagnshreyfingar og útiloka þar með að við getum beitt þeim tækjum í okkar efnahagsstarfsemi sem við höfum þurft að beita oft og mörgum sinnum á liðinni tíð og getum þurft að beita vegna aðstæðna í íslensku efnahagslífi en erum að kasta fyrir róða með því að skrifa upp á óheftar fjármagnshreyfingar í samhengi þessa samnings. Við erum með því að skuldbinda okkur til að grípa ekki til gagnráðstafana þó að illa horfi í íslensku efnahagslífi og freistandi væri að geta beitt aðferðum eins og vöxtum, breytingum á vöxtum eða breytingum á gengi. Slíku erum við að vísa frá með þessum samningi og það er ekki lítil breyting á möguleikum til stjórnunar í íslensku efnahagslífi, burt séð frá því hvernig menn líta á fjármagnshreyfingar einar út af fyrir sig. Það er mikill munur á því hvort menn opna fyrir þær í einhverjum mæli tímabundið eða hvort menn njörva þær niður og afvopna sig með þeim hætti sem hér er verið að gera að því er snertir þennan þátt.

Þá er það atriði sem snýr að fjárfestingum. Ég skal ekki dvelja lengi við þann þátt fjórfrelsisins, svo mikil ástæða sem þó væri til að gera hann hér að umtalsefni. Það eitt liggur fyrir sem undanþága sem gengið var frá í þessum samningi og við skulum vona að standi í sambandi við fjárfestingar að við getum með löggjöf sett hömlur á fjárfestingar í fiskveiðum og í frumvinnslu sjávarafurða. Þetta er vissulega gott svo langt sem það nær. Hitt liggur líka fyrir, og menn heyra raunar nú þegar, að farið er að kalla á það úr vissum áttum að einnig þarna eigum við að fella girðingarnar, einnig þarna eigum við að opna fyrir fjárfestingar erlendra aðila. Svo eru aðrir, t.d. framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands, sem hafa haldið því fram að það sé í raun ómögulegt, ekki framkvæmanlegt að viðhalda þessum hindrunum í sambandi við fjárfestingar í sjávarútvegi. Það er vissulega ástæða til að taka undir þau varnaðarorð þótt þau séu kannski ekki mælt vegna þess að viðkomandi hafi áhuga á því að viðhalda slíkum girðingum, eins og þetta er stundum kallað. Ég held að sá vinningur sem sumir óska að ná í í sambandi við fjárfestingar erlendis frá í íslensku atvinnulífi geti látið bíða eftir sér. Þar geta menn reitt fram jákvæða þætti og neikvæða almennt séð. Ég held að menn geti þurft að bíða nokkuð lengi eftir því að fá eitthvert verulegt fjármagn erlendis frá inn í íslenskt atvinnulíf, a.m.k. eigi það ekki að vera stór þáttur til þess að hvetja menn til að skrifa upp á þennan samning, fyrir utan það að vissulega geta menn hagað siglingu í þeim efnum eftir íslenskri löggjöf og eftir eigin mati. Þeir þurfa ekki að gera þennan samning til að

opna á þessu sviði ef það er af meiri hluta manna metið nauðsynlegt eða æskilegt. Þetta var varðandi fjárfestingarþáttinn.

Þá aðeins varðandi fólksflutningana sem er fjórði þáttur fjórfrelsisins svonefnda sem hér er verið að skrifa upp á. Það er atriði sem hefur fengið að mínu mati allt of litla umræðu til þessa. Ég held að þar séu menn á verulegri hættuslóð að því er snertir ákvæði þessa samnings og alveg sérstaklega í ljósi þeirrar þróunar sem er í nágrannalöndunum og er í Vestur-Evrópu almennt um atvinnuleysi. Ég held að menn eigi að fara varlega í að draga samasemmerki milli reynslunnar af ákvæðum norræna samningsins varðandi frjálsræði fólks til atvinnu innan Norðurlanda og hins vegar í samhengi EES-samnings. Þar fyrir utan er sú einhliða yfirlýsing, sem liggur fyrir af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar í þessum efnum, gagnslítil svo ekki sé sagt gagnslaus. Ég held að það verði afar lítið hald í því máli gagnvart EES þó að sú ósk eða sú yfirlýsing og viðhorf liggi fyrir af Íslands hálfu og við megum vænta, eins og menn vita, gagnaðgerða varðandi hvaðeina sem við mundum hafna eða standa einhliða að. Samningurinn gerir ráð fyrir gagnaðgerðum að þessu leyti. Ég held að það sé ekki nein jákvæð uppspretta þarna á ferðinni fyrir íslenskt launafólk í sambandi við fólksflutningana heldur sé þarna mjög margt að varast. Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vitna í stuttu máli í erindi sem framkvæmdastjóri BHMR, Birgir Björn Sigurjónsson, flutti um þessi efni á landsfundi Samstöðu um óháð Ísland, ég held að það hafi verið 12. maí sl., þar sem vikið var að stöðu Íslands í EES-viðræðunum varðandi þennan þátt sérstaklega:

„Staða Íslands í þessum viðræðum hlýtur hins vegar að mótast af þeirri staðreynd að Íslendingar ráða yfir dýrmætum fiskimiðum og möguleikum til hagkvæmrar orkuframleiðslu. Íslendingar búa þannig yfir afurðum sem EB-ríkin vantar, helst sem hreint hráefni eða sem hálfunnar afurðir fyrir iðnaðinn. Auk þess hefur Ísland hingað til reynst drjúgur markaður fyrir iðnvarning EB-landanna. Ísland ætti því að vera fýsilegur samstarfsaðili fyrir EB-ríkin gagnstætt öðrum EFTA-ríkjum. Ef Íslendingar ganga inn í áform um evrópskan efnahagssamruna eða gerast aðildarríki EB, mundi Ísland fá hlutverk hráefnasalans og það mundi leiða til vaxandi einhæfni atvinnulífs. Ísland yrði jaðarsvæði í enn ríkari mæli en nú er. Hagkvæmni og hagfræðilega skynsamleg verkaskipting innan Evrópsks efnahagssvæðis kann að mæla með slíkri sérhæfingu og opinn fjármagnsmarkaður mundi færa fiskveiðiréttindin og fiskveiðarnar í tímans rás til þess horfs sem ríkti þegar erlend stórútgerðarfyrirtæki sópuðu miðin en Íslendingar veiddu á handfæri við fjöruborðið. Þessi þróun gæti raunar átt sér stað án þátttöku í samruna Evrópu ef íslensk yfirráð eru ekki tryggð yfir náttúruauðlindunum. Þátttaka Íslands í áformum um samruna Evrópu mundi leiða til stórminnkandi atvinnu í landinu, eins og spáð er almennt um EB og einkum jaðarsvæði þess. En hlutverk landsins sem hráefnaframleiðanda mundi auka sveiflubundna mannaflaþörf.

Aðild íslendinga að sameiginlegum evrópskum vinnumarkaði mundi annars vegar opna erlendu láglaunafólki leið úr tugmilljónaatvinnuleysi á meginlandinu í íslenska jaðarbyggð þar sem oft myndast tímabundin þörf fyrir mikinn fjölda ófaglærðs fólks. En í EB-ríkjum er einnig viss skortur á sérhæfðu vinnuafli. Einn sameiginlegur vinnumarkaður gæti greitt götu margra sérmenntaðra Íslendinga úr íslensku atvinnuleysi á vit vellaunaðra starfa í EB þar sem sérhæfni þeirra nyti sín. Heildaráhrifin á íslenskum vinnumarkaði yrðu þau að inn í landið flyttist á þennan hátt evrópskt atvinnuleysi og launamisrétti af áður óþekktri stærðargráðu."

Þetta voru orð framkvæmdastjóra BHMR varðandi EES, einkum að því er snertir fólksflutningana. Ég vildi nefna þessi varnaðarorð í þessari umræðu án þess að fjalla ítarlega um þetta efni. Það væri þó þörf fyrir sérstaka umræðu um málið og hlýtur það að koma til frekari skoðunar í sambandi við lagabreytingar og aðra meðferð málsins.

Ég mun þá, virðulegur forseti, víkja að þeim þætti sem mörgum hefur orðið tíðrætt um, þ.e. að stjórnarskrárþætti málsins þó að það mál verði sérstaklega til umræðu í sambandi við fram komin frumvörp til breytinga á íslensku stjórnarskránni. Ég hlýt að nefna það í þessu sambandi að það er langt síðan ég hafði áhyggjur af íslensku stjórnarskránni í sambandi við þennan samning. Ég held raunar að það sé ástæða til af þessu tilefni að minna á bókun sem ég lagði fram í utanrmn. 13. mars 1989 vegna fundar forsrh. EFTA-ríkjanna sem þá stóð fyrir dyrum. Það varðar málið almennt og ég held að það sé á réttum stað að rifja það upp hér að hluta til. Ég vitnaði þar til ákveðinna atriða í þessari yfirlýsingu sem Evrópustefnunefnd var kynnt og dagsett var 7. mars 1989 og varð tilefni sérstakra utandagskrárumræðna á Alþingi að mig minnir 9. mars. Eftir að hafa vitnað í einstök efnisatriði segir í þessari bókun:

„Eins og ofangreind atriði í þessari stefnuyfirlýsingu bera með sér er hér verið að undirbúa samþættingu EFTA og Evrópubandalagsins að því er varðar þau meginatriði sem tengjast innri markaði EB. Hugtakið Evrópskt efnahagssvæði, sem fyrst kom fram í Lúxemborgaryfirlýsingu forsætisráðherra EFTA- og EB-ríkja 1984, er hér notað sem merkimiði fyrir þessi áform. Rætt er um að þróa sameiginlega ákvarðanatöku og byggja upp stofnanalega farvegi milli EFTA og EB til að ná þessum markmiðum, stilla saman löggjöf o.s.frv. Hér er lítt dulbúið verið að hvetja til þess að breyta EFTA í grundvallaratriðum úr fríverslunarsamtökum sjálfstæðra þjóðríkja í yfirþjóðlegan vettvang."

Síðan segir: „Drögin að stefnuyfirlýsingu Óslóarfundarins eiga sér enga stoð í samþykktum eða ályktunum Alþingis Íslendinga. Á þeim vettvangi eru samskiptamál EFTA og Evrópubandalagsins að heita má óræddd ef frá er talin umræða utan dagskrár 9. mars sl. Íslenskir ráðherrar hafa því engan stuðning af samþykktum frá Alþingi til yfirlýsinga af því tagi sem hér liggja fyrir í drögum. Það er því í góðu samræmi við

það sem að ofan greinir," stendur þarna, „að Steingrímur Hermannsson forsrh. lýsti því yfir í umræðunni í sameinuðu þingi 9. mars sl. að Íslendingar muni ekki, og það er orðrétt, „ekki fallast á neinar yfirþjóðlegar stofnanir eða neitt slíkt." Við sama tækifæri sagði forsrh. einnig á Alþingi orðrétt: „Við höfum alltaf haft fyrirvara í sambandi við frjálsa flutninga fjármagns, alltaf fyrirvara í sambandi við frelsi í þjónustu og við höfum alltaf haft fyrirvara um frjálsa flutninga vinnuafls. Á þessu hefur ekki orðið nokkur minnsta breyting.""

Síðan segir: „Forsrh. kynnti drögin að yfirlýsingu leiðtogafundar EFTA á fundi með Evrópustefnunefnd Alþingis 10. mars sl. og utanrrh. sat einnig þann fund. Þar greindi forsrh. frá því að hann mundi í ræðu á fundinum í Ósló leggja fram bókun eða jafngildi bókunar fyrir Íslands hönd. Í henni yrði gerður skýr fyrirvari af Íslands hálfu varðandi yfirlýsingu fundarins og hann mundi í því sambandi vísa til sérstöðu Íslands.

Ég tel þá fyrirvara" — og það er sá sem hér talar — „sem forsrh. hefur lýst af sinni hálfu varðandi þetta mál vera réttmæta og nauðsynlega. Á fundi hans með Evrópustefnunefnd" — ég bið menn að taka eftir því, það er fundur sem haldinn var 10. mars 1989 — „lýsti ég þeirri skoðun minni að ég teldi að forsh. ætti ekki að ljá nafn sitt við þau drög að yfirlýsingu Óslóarfundarins sem þar voru kynnt. Ég er enn sömu skoðunar og tel raunar að þeir fyrirvarar sem forsrh. hefur kynnt á Alþingi og í Evrópustefnunefnd jafngildi því að Ísland sé ekki aðili að yfirlýsingu fundarins verði hún í meginatriðum svipuð og í drögunum sem dagsett eru 7. mars 1989."

Ég læt nægja þessa tilvitnun og bókun sem er nokkru lengri sem ég lagði fram í utanrmn. tveimur dögum áður en gengið var frá yfirlýsingunni í Ósló í mars 1989. Ég lét þessari bókun þá fylgja sérstaka tillögu í utanrmn. um víðtæka athugun á viðskiptalegum hagsmunum Íslands. Sú tillaga lá í nefndinni og liggur fyrir í gögnum utanrmn. um það hvernig ég taldi að ætti að taka á okkar viðskiptalegu hagsmunum í stað þessa uppleggs, þeirrar ferðar sem þarna var verið að leggja út í.

Þetta skýrir kannski þá afstöðu sem ég hafði til þessa máls alla tíð sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var að störfum. Á því varð ekki breyting. Ég lagði mig hins vegar fram um það í tíð þeirrar ríkisstjórnar að fylgjast sem nánast með málinu, framvindu þess og hafði óvenjugóða aðstöðu til þess sem fulltrúi Alþb. bæði í Evrópustefnunefnd á þessum tíma sem og í utanrmn. þingsins. Ég kom á framfæri við þingflokk minn í rituðu mál og munnlega fjölmörgum atriðum um þróun málsins eins og það blasti við mér eftir að hafa kynnt mér málin á vettvangi þessara nefnda. Inn í það samhengi kom stjórnarskrármálið og áhyggjur vegna þess. Ég nefni hér aðeins sem dæmi úr þeirri umræðu að ég kom á framfæri við þingflokk minn í febrúar 1990 áhyggjum varðandi stjórnarskrána íslensku í sambandi við þær stofnanir sem hugmyndir voru um að byggja upp í kringum Evrópskt efnahagssvæði. Þar segir á minnisblaði:

„Rómarsáttmálinn er lög í öllum EB-ríkjum og auk þess afleidd löggjöf af honum, svonefndar reglugerðir og tilskipanir. Er það allt æðra löggjöf þjóðþinga landanna og bindandi fyrir aðildarríkin, einnig niðurstöður og úrskurðir EB-dómstólsins. Þessi staða m.a. gerir erfitt fyrir með tilliti til stjórnarskrár Íslands svo og væntanlegur EES-dómstóll. Hlutur þjóðþinga EFTA-landanna mundi skerðast stórlega við slíka samningsgerð þar eð þau afsöluðu sér lögsögu í reynd á því sviði sem reglur innri markaðarins ná til."

Þann 3. septebmer 1990 minni ég enn á þetta mál á minnisblaði til þingflokksins þar sem segir: „Stofnanaþáttur vegna EES-svæðis liggur mjög óskýrt fyrir og engar greinargerðir komið fram síðasta hálfa árið þar að lútandi. Þó er ljóst að gert er áfram ráð fyrir sérstöku pólitísku EES-ráði, eftirlitsstofnun og sérstökum EES-dómstól sem mér virðist stangast á við gildandi íslensk stjórnarskrárákvæði."

Síðan gerðist það raunar áður en þessi síðasta tilvitnun var fest á blað að Evrópustefnunefnd skilaði sérstakri áfangaskýrslu til Alþingis sem er sjöunda rit í ritröð Evrópustefnunefndar. Þar fjallaði ég sérstaklega um skerðingu stjórnarfarslegs sjálfstæðis í tengslum við hugmyndir um þennan samning og ég vil leyfa mér að vitna hér til þess álits í sambandi við þá umræðu sem fer hér fram en þar segir, með leyfi forseta. Ég tek fram að þessi áfangaskýrsla er gefin út í maí 1990. Ég hygg að ég hafi fest þetta á blað í aprílmánuði, sennilega fyrri hluta aprílmánaðar, vegna þess að nokkur aðdragandi var að útgáfu ritsins.

„Í könnunar- og undirbúningsviðræðum EFTA og EB um Evrópskt efnahagssvæði hefur verið reynt að móta sameiginlegar tillögur um stofnanir, eftirlit og úrskurðaraðila, dómstóla á EES-svæðinu. Í marslok 1990 var staðan samt sú að mati beggja að verulega bæri enn á milli og að þessi mál verði ekki útkljáð fyrr en í samningaviðræðum. Af þeim mörgu hugmyndum sem settar hafa verið á blað um þessi atriði er þó ljóst að báðir aðilar eru komnir langt inn á svið yfirþjóðlegra stofnana og ræða fullum fetum um skerðingu á löggjafar- og dómsvaldi viðkomandi þjóðríkja, bæði að formi og enn frekar að innihaldi. Ágreiningurinn milli viðræðuaðila EFTA og EB snýst um það hversu langt eigi að ganga í valdaafsali til sameiginlegra stofnana og um kröfu EFTA-ríkjanna um að fá áhrif á stefnumótun innan EB. Einstök EFTA-ríki, þar á meðal Ísland, sjá fram á að þessar hugmyndir brjóti í bága við hugmyndir stjórnarskráa ríkjanna. Komi til myndunar Evrópsk efnahagssvæðis, EES, er talið óhjákvæmilegt að lögfesta viðkomandi ákvæði, sem eru afar mikil að vöxtum, til að þau öðlist réttaráhrif fyrir einstaklinga, lögpersónur og stjórnvöld á svæðinu öllu. Er þá gert ráð fyrir að EES-lög hafi forgang framar landslögum og EES-réttur muni þar með ryðja landslögum úr vegi, hliðstætt því sem gilt hefur innan EB. Fyrirhugað er að koma á sameiginlegri stofnun til ákvarðanatöku, svonefndu EES-ráði, þar sem sæti eiga ráðherrar eða embættismenn í umboði þeirra. Ráð þetta mundi starfa á grundvelli EES-samningsins sem hefði lagagildi og eitt af verkefnum ráðsins væri að þróa þann samning með því að setja afleiddar reglur sem einnig hefðu laga-

gildi. Þannig fengi ráðið í heild löggjafarvald.

Rætt hefur verið um mikið púsluspil til að stilla saman sjónarmið EB og EFTA í þessu ráði áður en hvor aðili taki nokkra endanlega ákvörðun um mál er varða EES. Gert er ráð fyrir að EFTA-ríkin tali að öðru jöfnu einum rómi í ráðinu. Þá er óleyst vandamál á hvaða stigi þjóðþing kæmi inn í þetta ákvarðanaferli til að EES-ákvarðanir fái formlegt lagagildi og hafi bein réttaráhrif.

Enn skýrar er talað um EES-úrskurðaraðila, þ.e. dómstól sem einn hefði víðtækt umboð til þess að tryggja það að EES-reglur verði virtar. Gert er ráð fyrir að hann starfi í nánum tengslum við EB-dómstólinn og yrði skipaður dómurum frá honum og frá ríkjum EFTA. Sem kunnugt er skýrir EB-dómstóllinn lög og túlkar þau, svo og rétt Evrópubandalagsins og eru dómstólar einstakra ríkja bundnir af niðurstöðu hans. Dómstóllinn tryggir þannig samræmda lagatúlkun í öllum EB-ríkjum.

Við vissar aðstæður er æðstu áfrýjunardómstólum í EB-ríkjum skylt að óska eftir svonefndum forúrskurðum EB-dómstólsins og eru þeir bindandi. Að hliðstæðu kerfi virðist stefnt innan EES þannig að dómstólum væri í vissum tilvikum skylt að leita forúrskurðar EES-dómstóls um túlkun og beitingu EES-réttar. Þetta virðist hins vegar" — segir þarna í þessu áliti *mínu — „í augljósri andstöðu við 2. og 61. gr.* íslensku stjórnarskrárinnar þar sem dómsvaldið er skipað með íslenskum lögum. Framsal þess í hendur erlendra aðila er hvergi heimilað og stjórnsýsluaðilum og löggjafarvaldi eru settar skorður að því er varðar fyrirmæli til dómara. Hér blasir því við valdaafsal sem *vart gæti orðið að veruleika nema að undangenginni* stjórnarskrárbreytingu.

Grundvöllurinn að formlegum samningaviðræðum um EES felur þannig í sér stórfellda skerðingu innlends löggjafar- og dómsvalds og afsal þess til yfirþjóðlegra stofnana. Spurningin sem ósvarað er varðar aðeins útfærslu á því valdaafsali."

Þetta læt ég, virðulegur forseti, nægja sem tilvitnun í álitsgerð frá vorinu 1990 um stöðuna eins og hún blasti þá við mér sem fulltrúa í Evrópustefnunefnd Alþingis, miðað við þá pappíra og umræðu sem fram hafði farið á vettvangi nefndarinnar. Ég vil nefna það í þessu samhengi að eitt af því sem Evrópustefnunefnd aðhafðist þennan vetur, 1989–1990, var að ræða einmitt og reyna að draga fram upplýsingar um væntanlegan stofnanaþátt EES-samnings. Í því sambandi fengum við á fund nefndarinnar Stefán Má Stefánsson lagaprófessor til viðræðna um þetta mál, en hann starfaði þá þegar, og var búinn að starfa þá um skeið, á vegum utanrrn. við að fara ofan í samninginn með tilliti til stjórnarskrárinnar, eða hugsanlegra árekstra við stjóranrskrána.

Ég hef ekki farið ofan í það hvenær Stefán kom á fund nefndarinnar, mig minnir að það hafi verið tvívegis, eftir áramótin, ég held í febrúar og marsmánuði 1990. Í öllu falli var það á fyrri hluta ársins, fyrstu þremur mánuðum ársins. Hann reifaði mál sitt munnlega á þessum fundum. Við gengum eftir því að hann léði okkur skriflegar greinargerðir sem hann kvaðst hafa látið í té eða hafa handa á milli. Hann varð við því með einhverjum hætti sem ég man ekki hvort að gerðist þannig að hann sendi þær til mín persónulega eða hvort þeim var dreift á vettvangi nefndarinnar í heild. Það hlýtur að vera hægt að sjá af gögnum nefndarinnar. Síðan gerðist það, vegna þess að ég vildi fá þetta frá utanrrn. sjálfu á þessum tíma og herjaði á það að fá þessi málsgögn þaðan send, að mér barst þann 18. apríl 1990 frá utanrrn. greinargerð eftir Stefán Má Stefánsson lagaprófessor, sem hann hafði sent Hannesi Hafstein ráðuneytisstjóra, Sverri Hauki Gunnlaugssyni sendiherra og ráðuneytinu. Ég ætla að lesa fylgibréfið. Þar stendur:

„Hjálagt sendist þér samkvæmt samtali yðar við Hannes Hafstein skýrsla Stefáns Más Stefánssonar prófessors um forúrskurði og dómstól EES. Vinsamlegast athugið að skýrslan er vinnuskjal um efni sem er í frekari athugun hjá höfundi en ekki greinargerð til birtingar að hluta eða öllu leyti."

Með þessu fylgdi þetta málsgagn sem ég má segja að mér hafi borist litlu fyrr frá Stefáni persónulega eða verið dreift á vettvangi nefndarinnar.

Í þessum álitsgjörðum Stefáns er fjallað með athyglisverðum hætti um stöðuna eins og hún lá fyrir þá. Það er fróðlegt, bæði vegna þeirrar umræðu sem nú liggur fyrir og er í gangi sem og vegna þess álits sem Stefán Már hefur sent frá sér sem einn af fjórum fulltrúum í nefnd utanrrh., að líta á þessa pappír þó það liggi á mér sú kvöð að birta þá ekki sem móttakandi þeirra á sínum tíma, en þetta eru nú að verða söguleg atriði.

Ég vil í þessu sambandi minna á það að þeir þættir, sem snerta bæði EES-dómstól og dómskerfi í þessum samningi, sem og forúrskurði, tóku miklum breytingum í tímans rás á meðan á þessum samningaviðræðum stóð 1990, alveg sérstaklega, og reyndar á fyrri hluta árs 1991, þangað til frá var gengið. Ég vil aðeins eftir minni — og bið hæstv. ráðherra aðeins að hlýða á það ef hann vill nema og telur einhvers virði að ég rifji þetta upp — að þannig voru mál að gert var ráð fyrir í málsreifun veturinn 1989 og 1990 EES-dómstól með meiri hluta dómara frá EB-dómstólnum og minni hluta frá EFTA. Þannig var þetta allt þar til 14. des. 1991 að dómstóll Evrópubandalagsins í Lúxemborg sló þetta hugverk af vegna stofnanaþáttarins, vegna árekstra við Rómarsamninginn sem leiddi til uppnáms um skeið og varð til þess að dómstólaþátturinn sérstaklega var tekinn til endurvinnslu og endurmats og það var púslað saman nýju kerfi, þessum EFTA-dómstól, sem varð niðurstaðan í þessu samhengi og menn kannast við. Ég held það hafi verið 14. febrúar sem viðbrögðin lágu fyrir frá dómstólnum í Lúxemborg varðandi hina nýju skipan mála og síðan var samningurinn undirritaður líklega 13. maí eða í byrjun maí 1992 sem samningurinn er loks endanlega frágenginn.

Þá er þess að geta varðandi forúrskurðina að það voru miklar hugmyndir um það að innleiða þessa forúrskurði með ósköp hliðstæðum hætti og þeir eru

praktíseraðir í Evrópubandalaginu. Á þeim bæ hins vegar hefur þetta þróast samkvæmt hefð, þau atriði sem snúa að forúrskurðum. Það eru engin ákvæði í sjálfum Rómarsáttmálanum sem byggt er á varðandi forúrskurðina heldur hafa þeir þróast svona sem praxís í Evrópubandalaginu og það eru engin bundin ákvæði um það að dómstólum þjóðlanda í Evrópubandalaginu sem leita forúrskurða séu skuldbundin til að fara eftir þeim. Það hefur ekki verið njörvað niður á pappír samningsbundið í Evrópubandalaginu nema þá kannski í Maastricht-sáttmálanum sem ég man ekki hvort tekur á þessu atriði. Hins vegar hefur þetta þróast þannig að í reynd hafa dómstólar í EB-ríkjum tekið fullt og óskorað mið af niðurstöðu og leiðsögn dómstólsins í Lúxemborg, forúrskurða dómstólsins í Lúxemborg.

Það var ósköp eðlilegt að menn horfðu dálítið á þetta atriði, einnig Stefán Már Stefánsson, og litist ekki á blikuna miðað við nefndar greinar stjórnarskrárinnar. Samt voru menn að vinna með þessa forúrskurði býsna lengi og við gengum út frá því að þetta mundi verða inni hjá utanrrh. og hjá EFTA, það horfði svo, en það gerðist þó, líklega seint í apríl eða öndverðum maí 1991 að þessu er kippt út. Og þegar fundað er á vegum EFTA til að gera málin upp, ég held það hafi verið 13. maí 1991, þetta er sagt allt eftir minni, þá er birt áfanganiðurstaða og átti að fara í lokasóknina sem átti tvímælalaust að ljúka fyrir júlílok þá um sumarið, þá voru þessir forúrskurðir allt í einu úti, ekkert að sjá um þá, þeir eru horfnir. Við sögðum sem litum á þetta: Ja, þið eruð komnir fram hjá einu jarðsprengjusvæði af mörgum varðandi stjórnarskrána. Jú, þeir voru nú þeirrar trúar, bæði aðalsamningamaður og ég held ráðherra líka að þetta stæðist allt stjórnarskrána, það væri ekki þess vegna, og það væri eftirsjá, ég man vel eftir því að þeir sögðu að það væri eftirsjá að þessir forúrskurðir væru fallnir út. En þannig leit þetta út á lokasprettinum sem menn væntu að yrði þá um sumarið.

En síðan gerist það að þessir forúrskurðir ganga aftur, koma aftur inn, að vísu í svolítið öðru samhengi en þeir höfðu legið fyrir áður og nú er þannig um hnútana búið að þeir eru sem sagt teknir inn en það er sett, eins og þið þekkið úr ákvæðum samningsins og bókunum sem fylgja þeim, að það þurfi að fjalla sérstaklega um þetta mál og lögfesta það sérstaklega og það þurfi breytingu á stjórnarskránni til þess að gera þetta gildandi. Þá viðurkenna menn það með þessum sérkennilega hætti sem fyrir liggur í samningnum að það standist ekki ákvæði stjórnarskrárinnar, að lögleiða þetta eins og það liggur fyrir í samningstextanum sjálfum og ætla að komast fram hjá stjórnarskrárbreytingunni með því að segja: „den tid, den sorg". Þetta er sem sagt heimild fyrir ríkisstjórnir í EES-löndunum til þess að leita eftir forúrskurði hjá EB-dómstólnum. Heimild. Og ráðherrann hefur sagt og á sjálfsagt eftir að endurtaka það: Ja, við höfum eiginlega ákveðið að nota ekkert þessa heimild, og hér liggur það fyrir að það þurfi að breyta lögum til þess. En ég spyr hér: Er þetta nú hægt? Er hægt að ganga fram með þeim hætti að ætla að lögfesta hér samning með þessum ákvæðum inni og hafa síðan aðeins í greinargerð með frv. það álit að það þurfi sérstök lög til þess og það þurfi að breyta stjórnarskránni?

Ég held að þetta gangi ekki upp og ég bið menn sem fjalla um þessi atriði í þingnefndum að líta á þessa refilstigu og þessa króka fram hjá keldunni sem hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnin er að reyna að fara varðandi þetta mál sérstaklega. Og vel að merkja, ef leitað er úrskurða þá er gengið svo langt í þessu að þeir skuli vera bindandi. Það er alveg ótvírætt í samningstextanum. Þá skuli niðurstaða Evrópudómstólsins vera bindandi. Þannig liggur málið fyrir okkur hér og nú.

Virðulegur forseti. Það mætti mjög margt segja um þennan stjórnarskrárþátt. Ég flutti svo ásamt þremur öðrum hv. þm. tillögu hér á síðasta vetri, í febrúarmánuði, um EES-samning og íslenska stjórnskipun þar sem við lögðum til að sett yrði á fót óháð nefnd til þess að fara ofan í þessa sauma, nefnd sex aðila, tilnefndra af þremur aðilum, Dómarafélagi Íslands, lagadeild Háskóla Íslands og Lögmannafélagi Íslands, til þess að setjast á rökstóla, hlusta á þingflokka og aðra sem vildu koma sínum áhyggjum á framfæri, fara yfir málið og reiða fram álit. — Þetta mátti ekki sjást, á þetta mátti ekki hlusta af hálfu stjórnarliðsins hér á Alþingi. Það var aðeins formaður utanrmn. sem í umræðunni tók undir þessa tillögu, en honum var auðvitað alveg bannað að hreyfa sig í nefndinni með þetta mál og hann var þar í framboði alveg fram undir það síðasta sem væntanlegur formaður og menn verða að skilja hans aðstöðu út frá því, ég vil a.m.k. hafa þann velvilja í hans garð að líta á hans aðstöðu, að hann skyldi ekki afgreiða tillöguna frá nefndinni með stjórnarandstöðunni, með þeim meiri hluta sem hægt væri að mynda um þetta mál í nefndinni, til þingsins. En það hefði auðvitað verið betra fyrir alla aðila og alveg sérstaklega fyrir ríkisstjórnina. Hv. þm., fyrrverandi formaður utanrmn., hefði ekki gert ríkisstjórninni meiri greiða heldur en að afgreiða þessa tillögu þannig að þingið hefði tekið á henni og þessi vettvangur hefði orðið til. Og til að reyna að hjálpa ríkisstjórninni fram hjá þessum jarðsprengjusvæðum sem hún er stödd á með þetta mál allt saman, gagnvart því sem æðst er í íslenskri stjórnskipan, sjálfri stjórnarskrá lýðveldisins, þá sendi ég utanrmn. bréf þann 7. ágúst sl. og óskaði eftir því að þessi tillaga yrði tekin fyrir og afgreidd úr nefndinni til þáverandi þings sem hefði t.d. 16. ágúst sl. getað komið saman, afgreitt málið, sett þennan vettvang á laggirnar ef menn hefðu talið ástæðu til þess til viðbótar við þær mörgu ágætu álitsgerðir sem fyrir liggja.

Ég er að nefna þetta hér til þess að sýna mönnum að það er ekki nein ný bóla á ferðinni af minni hálfu og margra annarra að hafa áhyggjur af íslensku stjórnarskránni, lýðveldisins okkar í sambandi við þennan samning. Mér finnst það satt að segja með fádæmum að menn skuli vera að reyna að setja á svið loddaraleik af því tagi sem hér fór fram í dag í andsvörum að lokinni ræðu núv. formanns utanrmn. og reyna að leiða getur að því að núv. stjórnarandstaða hafi engar áhyggjur efnislega af þessu máli heldur sé bara að

reyna að bregða fæti fyrir ríkisstjórnina í sambandi við þetta mál.

Ég verð að segja það að ummæli hv. þm. Björns Bjarnasonar í þessari umræðu, að því er snerti stjórnarskrána okkar, *ollu mér miklum vonbrigðum*. Hæstv. utanrrh. hafði reynt að lyfta föður hans til vitnis í sambandi við þetta mál sérstaklega. Það var drengilega gert með tilliti til alls og alls af hæstv. utanrrh. Auðvitað reynir hann að tjalda því sem til er. Hann dró upp orð Bjarna Benediktssonar, svona tekin kannski eitthvað úr samhengi, ég hef ekki farið ofan í það, í sambandi við þetta mál, en hér kemur síðan hv. þm. Björn Bjarnason og segir okkur í rauninni að með þetta plagg megi fara eins og mönnum sýnist og þeir séu bestir sem mest gera af því að fara með sem frjálslegustum hætti um stjórnarskrár og dró til einræðisherra, fallna og kannski lifandi, sem settu oft einhverjar voða fínar *stjórnarskrár, svona upp á punt, og gerðu svo ekkert* með þær. Er þetta málflutningur sem er boðlegur á Alþingi Íslendinga? Mér finnst það ekki. Til hvers erum við að halda formi og vernda form í störfum Alþingis með undirritun þingmanna sem fyrsta gjörningi hér á þingi að undirrita drengskaparheit að stjórnarskrá lýðveldisins?

Ég lýsi hryggð yfir þessum málflutningi og ég ræð ríkisstjórninni að taka þann þátt sem snýr að þessum samningi, stjórnarskrárþáttinn upp hið fyrsta, eins og vera ber, og bera hér sjálf fram tillögur um breytingar á stjórnarskránni eða slást í hóp með okkur stjórnarandstæðingum sem stöndum að baki fram komnum frumvörpum og hreinsa frá þennan þátt áður en þeir ætla að reyna að troða þessum samningi fram til afgreiðslu á Alþingi Íslendinga. Ég spái því að það verði ansi djúpt á því að Alþingi taki þetta mál, þennan samning til efnislegrar afgreiðslu ef þannig á að standa að verki, ef þannig á að halda á máli að því er varðar íslenska stjórnskipun.

Það er mikil bjartsýni að ímynda sér það að hægt sé að ganga yfir Alþingi Íslendinga með þeim hætti sem mér heyrist að hér séu hugmyndir um af hálfu talsmanna ríkisstjórnarinnar og ég er alveg sannfærður um það að þeir eru margir í stuðningsliði ríkisstjórnarinnar sem almennt séð hafa stutt ríkisstjórnina sem ekki munu verða reiðubúnir til að ganga þá götu með henni. Ég tel líka, eins og fram kom hjá hv. þm. Steingrími Hermannssyni, að það væri mjög illa farið ef menn ætluðu að fara að reyna að þröngva þessum samningi í afgreiðslu án þess að hafa tekið á stjórnarskrárþætti málsins sérstaklega og afgreitt hann sér á parti áður en samningurinn kemur til efnislegrar afgreiðslu hér á þingi.

Virðulegur forseti. Það er margt sem freistandi er að *ræða um í sambandi við þetta stóra mál. Ég á hér* margt órætt. En ég ætla senn að ljúka mínu máli því að það gæti þess vegna orðið tvisvar eða þrisvar sinnum lengra ef ég ætti að víkja að því sem þörf væri að ræða hér í sambandi við 1. umr. málsins.

Hver er staða þessa máls á Alþingi? Hver er hugur þingmanna til þessa máls? Ég hef gert stjórnarskrárþáttinn að umræðuefni og endurtek það ekki. En hvernig liggur málið efnislega hér á Alþingi hvað snertir afstöðu og viðhorf manna? Ég vil halda að það sé langt frá því að það sé ráðið að þessi samningur hafi meirihlutafylgi í þinginu. Ég hef heyrt það áhyggjuefni hjá einlægu stuðningsfólki núv. stjórnarflokka að því er snertir þetta mál að þeir þingmenn Sjálfstfl. og Alþfl., sem ætla sér að fylgja þessu máli eftir og styðja það í afgreiðslu, eru ekki í takt við það fólk, sem veitt hefur þeim umboð hér á Alþingi, a.m.k. margir hverjir. Það er ég fullviss um.

Ég þekki að vísu betur til úti á landi heldur en hér í höfuðborginni. Og ég fullyrði að þetta mat mitt að því er snertir landsbyggðina og afstöðu fólks þar til þessa samnings, þá eru þar yfirgnæfandi gagnrýn viðhorf og örugglega drjúgur meiri hluti sem er andsnúinn þessum samningi. Mér finnst að það sé kominn tími til fyrir þingmenn að ræða þessi efni við sína umbjóðendur, *opna hug sinn og efasemdir, koma þeim á* framfæri og fá aðstoð í opinni umræðu til þess að átta sig á þessu viðamikla máli.

Það eru tveir þingflokkar hér á Alþingi sem hafa þegar kynnt afstöðu sína til málsins, Alþb. og Kvennalistinn, og lýst andstöðu við samninginn og reitt fram rök af margvíslegu tagi til stuðnings máli sínu. Framsfl. sem er í stjórnarandstöðu með þessum flokkum hefur ekki enn þá gert upp hug sinn. Það er auðvitað alveg ljóst að Framsfl. hefur að líkindum örlög þessa máls í hendi sinni. Ef það á að vera von til þess að hægt sé að vísa þessum óheillasamningi frá hér á Alþingi, þá þarf atfylgi og stuðningur, óskoraður stuðningur þingmanna Framsfl. að koma til og eru þá ekki nema 27 talsins ef stjórnarandstaðan leggur saman sínar reytur, sín atkvæði og atfylgi. En ég er nokkuð viss um að það er nægur efniviður gagnrýninna viðhorfa og efasemda inni í stjórnarflokkunum sjálfum til þess að tryggja þá viðbót sem þarf við sameinaða stjórnarandstöðu hér á Alþingi og fella þennan samning ef einhvern tíma reynir á hann hér í afgreiðslu þinginu.

Ég skora á alla þingmenn að leggja sig fram um það og gera það upp við sig fyrr en seinna því að það lækkar ört í stundaglasinu, tíminn líður hratt. Við þurfum á því að halda að átta okkur á þessari stöðu og bera okkur saman hér í þinginu um þessi mál á meðan við förum yfir þau frumvörp sem liggja fyrir og samninginn sjálfan og fylkjum liði, þeir sem sammæli eiga í þessu stóra máli, til þess að hjálpa hæstv. utanrrh. í niðurstöðu sem ein fær samræmst íslenskum hagsmunum og verður honum sem öðrum fyrir bestu þegar til lengri tíma verður litið. Það er enn þá ráðrúm til að snúa frá í þessari siglingu og við eigum að tryggja það að niðurstaðan verði með þeim hætti sem samræmist hagsmunum þjóðarinnar, alveg sérstaklega *til lengri tíma litið*.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Austurl. er kunnur að því hér á hinu háa Alþingi að vera afar nákvæmur maður í orðavali, hvort sem hann talar eða skrifar. Hann vitnaði hér áðan í sérálit sitt með skýrslu Evr-

ópustefnunefndar sem hann sagði að hefði verið lögð fram í maí 1990 og þar vitnaði hann orðrétt í skýrsluna, með leyfi forseta:

„Einstök EFTA-ríki, þar á meðal Ísland, sjá fram á að þessar hugmyndir brjóti í bága við stjórnarskrá ríkjanna." Hér er verið að tala um valdaafsalið til sameiginlegra stofnana, þar á meðal dómstólsins.

Ég vil spyrja hv. þm. að því þegar hann orðar þetta svo að einstök EFTA-ríki, þar á meðal Ísland, sjái fram á það að þessar hugmyndir brjóti í bága við stjórnarskrá ríkjanna, er hann þá ekki að tala um stjórnvöld í hverju landi? Fyrst hann orðar þetta svo, þá skil ég það svo að stjórnvöld á Íslandi á þessum tíma hafi séð fram á það að hugmyndirnar um m.a. sameiginlegan dómstól EES brytu í bága við stjórnarskrána.

Í framhaldi af þessu held ég að það sé rétt að taka það fram að þegar hv. þm. ræddi hér áðan um loddaraleik sem komið hefði fram í andsvörum, þá tók ég það sem fullvíst að hann væri þar að tala um viðbrögð Steingríms Hermannssonar, ekki síst í ljósi þess að ræðumaðurinn, hv. 4. þm. Austurl., hefur gert mjög nákvæmlega grein fyrir því hvernig hann hafi bent á það strax á árinu 1990 að EES-dómstóllinn og forúrskurðir hans brytu í bága við stjórnarskrána og nefndi sérstaklega plagg sem er dagsett frá árinu 1990. Ég held því að það hljóti að vera ljóst að þegar ráðherrann sjálfur, Steingrímur Hermannsson, fullyrðir það að sér hafi ekki verið kunnugt um neinar efasemdir um að stjórnarskrá lýðveldisins heimilaði þennan dómstól og forúrskurði hans, að það hljóti að vera loddaraleikur og ég lít svo á að Hjörleifur Guttormsson hafi verið að ræða um þennan loddaraleik nema hann skýri það nánar hér.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í sambandi við fyrirspurn hv. þm. Tómasar Olrich þá var það svo varðandi umræðu í EFTA-ríkjunum á þessum tíma, fyrri hluta árs 1990 og raunar allt frá hausti 1989, að þar voru ýmsar efasemdir uppi varðandi stofnanaþáttinn og stjórnarskrár landanna. Þetta varðaði Sviss kannski alveg sérstaklega en þessar raddir voru líka uppi á Norðurlöndum, í Svíþjóð og í Noregi, ekki háværar frá talsmönnum ríkisstjórna heldur voru þær inni á þjóðþingunum. Og ég lít nú svo til að þjóðþingin séu hluti stjórnvalds í hverju landi og þegar ég orða þetta svo, þá er ég áreiðanlega að vísa til umræðna sem komið höfðu fram af hálfu aðila sem voru að fjalla um þessi mál, ekki endilega ríkisstjórna heldur einnig á þjóðþingum landanna. Ég hafði ekkert fyrir mér á þeim tíma að af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar lægi það mat fyrir sem eitthvert heildarmat að ákvæði samningsins kynni að brjóta í bága við íslensku stjórnarskrána en gerði mínar tilraunir til þess að koma þessum áhyggjum mínum á framfæri.

Varðandi túlkun á mínum ummælum hér áðan, þá ætla ég ekki að fara í neinar ritskýringar varðandi þau. Ég vísaði til þess sem kom fram í máli formanns utanrmn. og þess framhalds sem af því spratt og hafði þá í huga sérstaklega þau viðbrögð sem hér komu fram, m.a. af hálfu forsrh. í tilefni athugasemda í umræðunni.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Hér kom fram í ræðu hv. 4. þm. Austurl., sem e.t.v. hefði frekar átt að koma fram í þingskaparæðu, að það er mjög bagalegt hve erfitt er að hemja gögn hér í ræðupúltinu. Það er nánast vonlaust í þessu hallandi púlti að koma fyrir þeim gögnum sem eðlilegt gæti verið að menn hefðu með sér í ræðustól þegar þessi umræða fer fram og þá er ég fyrst og fremst að hugsa um 2. umr. þessa máls, ekki þá sem nú fer fram. Þar sem hæstv. meginforseti var ekki við þegar þessi ósk kom fram, þá vil ég taka undir þetta sjónarmið og vænti þess að það verði tekið til athugunar af yfirstjórn þingsins.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti þakkar hv. 2. þm. Vestf. fyrir að vekja athygli á þessu atriði og mun að sjálfsögðu taka það til vinsamlegrar athugunar.

Enn eru tíu á mælendaskrá í þessari umræðu en ekki var gert ráð fyrir að þessi fundur stæði lengur en til kl. 7 og því verður þessari umræðu nú frestað.

Umræðu frestað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

8. FUNDUR

miðvikudaginn 26. ágúst,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Stjórnarskipunarlög, frv., 29. mál, þskj. 30. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafði:

Sólveig Pétursdóttir.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Tilkynning hefur borist um kjör formanna og varaformanna í eftirtaldar fastanefndir:

Efh.- og viðskn.: Formaður Vilhjálmur Egilsson, varaformaður Rannveig Guðmundsdóttir.

Menntmn.: Formaður Sigríður Anna Þórðardóttir,

varaformaður Rannveig Guðmundsdóttir.

Umhvn.: Formaður Gunnlaugur Stefánsson, varaformaður Tómas Ingi Olrich.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. StH o.fl., 29. mál (samningar við önnur ríki). — Þskj. 30.

Flm. (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Stjórnarskráin íslenska er ekki gömul. Lýðveldisstjórnarskráin er frá 1944 en er að vísu byggð á eldri stjórnarskrá sem við fengum 1920 eftir fullveldið og rekja má hana enn lengra, allt til 1874 og jafnvel til dönsku grunnlaganna sem svo eru kölluð. Þangað rekur íslenska stjórnarskráin vissulega sínar ættir. Og því nefni ég það hér að í því frv. sem við flytjum er rétt að hafa í huga ýmsar breytingar sem gerðar hafa verið á stjórnarskrám hinna Norðurlandanna, þ.e. fyrst og fremst Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar og ég mun koma að síðar.

Stjórnarskráin hefur lengi verið í endurskoðun enda tímar mjög breyttir bæði hér innan lands og í kringum okkur og mönnum hefur þótt ljóst að lagfæra þyrfti ýmislegt í stjórnarskránni þannig að hún samræmist þeim kröfum sem nú eru gerðar. Hafa nefndir starfað að þessu en fáar breytingar hafa þó verið gerðar nema þær sem tengjast helst kosningum til Alþingis. Mörgu hefur verið hreyft í þessum nefndum. Ég fyrir mitt leyti tel miður að ekki hefur tekist að ljúka þeirri endurskoðun stjórnarskrárinnar sem að hefur verið stefnt.

Í því frv. til stjórnarskipunarlaga sem hér liggur fyrir er þó aðeins hreyft við einu atriði. Í þessu frv., eins og ég mun lýsa nánar síðar, er veitt heimild til þess að framselja til erlendra alþjóðastofnana hluta af ríkisvaldinu. Í stjórnarskránni eru fyrst og fremst tvær greinar sem líta þarf á í þessu sambandi. Í fyrsta lagi er það 2. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar um skiptingu ríkisvalds. Þar segir, með leyfi forseta:

„Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið."

Og í 21. gr. stjórnarskrárinnar er forseta heimilað að gera samninga við önnur ríki. Þar segir, með leyfi forseta:

„Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til."

Hér er ekki minnst á framsal ríkisvalds. Um þetta hefur orðið mikil umræða nú í sambandi við skoðun á samningi um Evrópska efnahagssvæðið og hafa túlkanir þar gengið nokkuð á misvís. Segja má í örstuttu máli að nefnd þeirra fjögurra lögfræðinga sem hæstv. utanrrh. skipaði hafi komist að þeirri niðurstöðu að þar sem ekki er beinlínis bannað að framselja hluta af ríkisvaldinu, þá megi álykta sem svo að það sé heimilt, enda sé það takmarkað o.s.frv., eins og áður hefur verið rakið hér á Alþingi. Hins vegar hafa aðrir lögfræðingar, og þá fyrst og fremst prófessor Björn Þ. Guðmundsson og dr. Guðmundur Alfreðsson, komist að andstæðri niðurstöðu og ályktað sem svo: Þar sem ekki er nefnt að framselja megi ríkisvald, þá er það óheimilt. Þetta er vitanlega mjög samandregin niðurstaða af minni hálfu. Ég vil ekki lengja umræðuna með því að fara aftur ítarlega í þessa hluti eins og ég gerði í umræðu um EES í fyrradag. Þó ætla ég að nefna örfá atriði sem varða þetta almennt. Í áliti lögfræðinganna fjögurra segir á bls. 16, með leyfi forseta:

„Í 2. gr. stjórnarskrárinnar er talað um forseta lýðveldisins og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskránni og öðrum landslögum. Ekki er tekið fram að þetta skuli vera alíslensk stjórnvöld og hugsanlegt er að alþjóðastofnanir séu stjórnvöld eftir 2. gr. Það er með öðrum orðum til skoðunar hvort í 2. gr. stjórnarskrárinnar felist heimild til að ákveða með lögum að þættir framkvæmdarvaldsins skuli vera í höndum alþjóðastofnana."

Ég held að þetta orð „skuli" hljóti að vera villa því að varla getur það verið hugsunin að „þættir framkvæmdarvalds skuli vera í höndum alþjóðastofnana" heldur að þeir megi vera í höndum alþjóðastofnana. Þessu vísar prófessor Björn alveg sérstaklega á bug og vekur athygli á því í sinni ítarlegu greinargerð að þegar stjórnarskráin er samin kemur ekki til mála að þeir sem stjórnarskrána sömdu hafi haft það í huga að framvísa mætti einhverju valdi þessarar þjóðar sem hún var þá að fá með sínu sjálfstæði til erlendra stofnana og sama gerir Guðmundur Alfreðsson. Þetta er vitanlega mjög alvarlegt ágreiningsmál og hlýtur að leiða menn til hugsunar um það hvort ekki er nauðsynlegt að koma slíku á hreint ef ég má orða það svo.

Allir lögfræðingarnir sem um þetta skrifa eru út af fyrir sig sammála um það að í 21. gr. sem slíkri felst ekki heimild fyrir forseta til að breyta stjórnarháttum þessa lands. En með því að túlka þessar greinar saman kemst þó nefnd lögfræðinga að því að takmarkað valdaframsal teljist heimilt.

Lögfræðingarnir Björn Þ. Guðmundsson og Guðmundur Alfreðsson leggja hins vegar ríka áherslu á það að til þess að heimilt verði að framselja hluta ríkisvalds — ég endurtek það: ríkisvalds — sem er ekki nefnt í 21. gr., þá þurfi breytingu á stjórnarskránni og ætla ég, með leyfi forseta, að lesa heildarniðurstöðu Björns Þ. Guðmundssonar. Þar segir:

„Á grundvelli viðurkenndra lögskýringaraðferða stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar tel ég vafa leika á að framsal það á framkvæmdar- og dómsvaldi sem felst í EES-samningnum og hér um ræðir standist gagnvart gildandi réttarreglu 2. gr. stjórnarskrárinnar. Þennan vafa tel ég svo mikinn að ekki megi taka áhættuna af því að lögfesta EES-samninginn að óbreyttri stjórnarskrá."

Og um þetta segir einnig dr. Guðmundur Alfreðsson m.a. í sinni álitsgerð, með leyfi forseta:

„Í stjórnarskrám margra nágrannaríkja okkar eru ákvæði sem heimila aðild að yfirþjóðlegum stofnunum. 93. gr. norsku stjórnarskrárinnar frá 1962 er fyrirmynd af þessu tagi. Samkvæmt henni þarf aukinn meiri hluta atkvæða í Stórþinginu þegar um er að ræða valdaframsal til alþjóðastofnana. Ekkert slíkt ákvæði er í íslensku stjórnarskránni. Það er því haldlítið að álykta sem svo að stjórnarskrárvandamál komi ekki upp hér á landi þar sem slíkur vandi risi ekki í öðrum samningsríkjum. Aðstæðurnar eru einfaldlega ekki sambærilegar vegna þess að viðeigandi stjórnarskrárákvæði eru öðruvísi að orðalagi og efni."

Og enn segir dr. Guðmundur:

„Það er mín niðurstaða eftir nákvæma skoðun á þessum atriðum og dæmum öllum að breyta þurfi stjórnarskránni og beita til þess 79. gr. hennar þegar frv. til laga um EES kemur til afgreiðslu Alþingis og forseta."

Sú grein sem vísað er þarna til er að sjálfsögðu sú grein sem fjallar um hvernig fara á með breytingar á stjórnarskránni, samþykkja tvisvar á hinu háa Alþingi og almennar kosningar fari fram á milli.

Ég ætla svo að lokum að kalla til vitnis, ekki versta vitnið, sjálfan hæstv. utanrrh., og ég vil reyndar byrja með því að þakka hv. 3. þm. Reykv. fyrir að hafa bent okkur á þessa ágætu skýrslu sem hæstv. utanrrh. lagði fyrir hið háa Alþingi í maí 1999, þ.e. skýrslu utanrrh., Jóns Baldvins Hannibalssonar, til Alþingis um stöðu samningaviðræðna um Evrópska efnahagssvæðið. Hún er dagsett í maí 1999, (**Gripið fram í:** 1991.) fyrirgefið, árið 1991 að sjálfsögðu, en hún var lögð fyrir ríkisstjórnina í mars og rædd þar nokkuð. Í þessari skýrslu frá mars 1991 segir hæstv. utanrrh. á bls. 21, með leyfi forseta:

„...ef litið er til þróunar alþjóðamála almennt má vænta aukinnar þátttöku Íslands í samvinnu þjóða á fjölmörgum sviðum efnahagsmála, menningarmála, mannréttindamála og ekki síst umhverfismála. Í ljósi þessarar þróunar er full ástæða til að kanna þörf á nýju ákvæði í stjórnarskrána sem kvæði skýrt á um heimildir til þátttöku í alþjóðasamstarfi."

Það er varla hægt að leggja þetta fram skýrar og ég tel þetta einhver bestu rökin fyrir þeirri breytingu sem hér er flutt. En af því að þessi skýrsla var nokkuð tekin til umræðu í gær þykir mér einnig rétt að fara yfir önnur atriði hennar sem varða þó fyrst og fremst EES en geta varðað þetta mál líka. Hér kemur fram að mál sameiginlegs dómstóls stóðu allt öðruvísi á þeim tíma en nú er orðið. Hér segir m.a. um yfirþjóðlegt eða samþjóðlegt vald, með leyfi forseta:

„Í samningaviðræðum um sjálfstætt eftirlit með sameiginlegum samkeppnisreglum hafa EFTA-ríkin gengið út frá að ákvörðun um eftirlitsstofnanir sem beinast að einstaklingi og fyrirtæki sem gerst hefur brotlegt verði ekki hægt að fullnægja nema fyrir atbeina þar til bærra stjórnvalda í aðildarríkjunum."

Og enn segir: „EES-dómstóllinn yrði ekki æðri dómstólum í aðildarríkjunum. Fari landsdómstóll ekki eftir túlkun EES-dómstólsins í málinu, þá gildir niðurstaða landsdómstólsins gagnvart aðilum málsins."

Hér er náttúrlega um svoleiðis gjörsamlega breytingu að ræða frá því sem nú er sem við höfum farið hér ítarlega yfir við það sem lokið er af 1. umr. um EES-málið, þar sem nú er orðið svo að bæði eftirlitsstofnunin og EFTA-dómstóllinn hafa beinan rétt til fullnustu á sínum dómum hér á landi og landsdómur er ekki þeim æðri, það er ekki hægt að áfrýja niðurstöðum þessara aðila til landsdóms eins og hér er skýrt tekið fram að gert var ráð fyrir að unnt væri þegar málið var á þessu stigi.

Eins og málið stóð þar olli þetta að sjálfsögðu nokkrum efasemdum, það hefur þó gjörbreyst nú til hins verra. Ég held að enginn efist nú reyndar í hjarta sínu um að það sem hér er verið að gera er brot á 2. gr. stjórnarskrárinnar og 21. gr. heimilar alls ekki, eins og ég hef rakið, á því er ekki nokkur minnsti vafi, hún heimilar alls ekki framsal hluta ríkisvaldsins. Það er með öðrum orðum ekki minnst á neitt framsal ríkisvalds í þeirri grein.

Ég nefndi hér áðan að aðrar Norðurlandaþjóðir hafa séð fyrir þessu og breytt sinni stjórnarskrá. Það gerir danska stjórnarskráin. Þar er komin inn í 20. gr. að heimilt er að framselja hluta ríkisvalds þrátt fyrir önnur ákvæði þeirrar stjórnarskrár til, eins og segir á dönskunni „til mellemfolkelige myndigheder" eða til alþjóðlegra stofnana eins og við höfum kallað það. Og þá er þess krafist að sé um slíkt að ræða, þá skuli það samþykkt með fimm sjöttu hlutum atkvæða á þeirra þingi.

Sömuleiðis hefur við þessu verið séð með breytingu sem gerð var 1962 á norsku stjórnarskránni og það er 93. gr. Þar er svipað komist að orði, að heimilt sé að framselja til alþjóðlegra stofnana vegna alþjóðlegra samninga sem Noregur hefur gert. Þó vil ég taka fram, til alþjóðlegra stofnana sem Noregur er aðili að. Það er sérstaklega tekið fram í 93. gr. norsku stjórnarskrárinnar að það megi framselja hluta ríkisvalds, enda sé það samþykkt með þremur fjórðu hlutum atkvæða á Stórþinginu norska.

Í sænsku stjórnarskránni er einnig um þetta fjallað og reyndar sérstakur kafli þar sem fjallar um hugsanlegt framsal valds og þar er ósköp svipað að orði komist í þessu sambandi. Í X. kafla sænsku stjórnarskrárinnar er sérstakur kafli sem fjallar um samninga við önnur ríki. Og í 5. gr. þess kafla segir að slíkt framsal sé heimilt ef það er ákveðið af fimm sjöttu hlutum þeirra sem greiða atkvæði og a.m.k. þrír fjórðu hlutar meðlima þingsins eru því sammála.

Hér hafa því þær þjóðir sem hafa stjórnarskrár svipaðar og okkar talið nauðsynlegt að breyta stjórnarskránni, því öll koma þessi ákvæði inn eftir að stjórnarskráin er upphaflega samin, breyta henni í það horf að heimila megi afsal ríkisvalds að hluta en þá með auknum meiri hluta á þingi.

Í því frv. sem ég mæli nú fyrir er tekið það ráð að breyta 21. gr. stjórnarskrárinnar. Breytingin felst fyrst og fremst í því að þar er bætt inn tveimur atriðum í setninguna. Það er í fyrsta lagi talið rétt að þar sem talað er um afsal eða kvaðir á landi að bæta við „eða á hvers konar fullveldisrétti í íslenskri lögsögu" og með

fullveldisrétti í íslenskri lögsögu er að sjálfsögðu átt við bæði lofthelgi, landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunnið. Það nær til þess alls. Og bæta svo við því sem kemur beint að því máli sem hér hefur verið til umræðu og bæta við: „framsal einhvers hluta ríkisvalds til fjölþjóðlegrar stofnunar eða samtaka."

Þetta er meginbreytingin sem hér er lögð til. Við teljum að með þessu sé forseta þar með gert heimilt að staðfesta slíka alþjóðlega samninga. Vitanlega er ljóst að honum var áður heimilt með samþykki einfalds meiri hluta á Alþingi að staðfesta erlenda samninga sem jafnvel fólu í sér afsal og kvaðir á landi eða einhverja breytingu á stjórnhögum ríkisins en honum er ekki heimilað eins og stjórnarskráin er nú skrifuð, að framselja einhvern huta ríkisvalds til fjölþjóðlegrar stofnunar.

Við teljum hins vegar að öll þessi atriði, hvort sem um er að ræða afsal eða kvaðir á landi eða hvers konar fullveldisrétti í íslenskri lögsögu eða breytingu á stjórnhögum landsins og ég tala nú ekki um framsal einhvers hluta ríkisvalds til fjölþjóðlegrar stofnunar, þá eigi að krefjast aukins meiri hluta á hinu háa Alþingi. Hér er lagt til að sá aukni meiri hluti verið þrír fjórðu hlutar alþingismanna. Það merkir að sjálfsögðu að þar er átt við alla alþingismenn, þrjá fjórðu allra alþingismanna.

Um þetta mál vitanlega ræða og leggja fram á annan máta eins og fjóra fimmtu eða fimm sjöttu eða hvað annað og flm. þessa frv. eru vissulega til umræðu um alla þá hluti ef hv. þm. eða sú nefnd sem fær þetta til meðferðar kýs að hafa annan hátt á. Vitanlega má hugsa sér að samþykkja EES-samninginn sem slíkan með því að samþykkja sem stjórnarskrárákvæði að þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar verði heimilt að gera þennan samning um Evrópska efnahagssvæðið. Þá yrði það tekið sem einstakt tilfelli en yrði að fara með það samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar. Við töldum hins vegar að rétt væri og orðið nauðsynlegt, eins og hæstv. utanrrh. bendir á í sinni skýrslu frá því í fyrra, að setja ákvæði í stjórnarskrár í eitt skipti fyrir öll sem heimili að afsala einhvers hluta ríkisvalds til fjölþjóðlegrar eða alþjóðlegrar stofnunar. Og það gerum við vegna þess að það er æðimargt sem bendir til þess, svo ég vitni aftur til hæstv. utanrrh., sem gefur til kynna að við Íslendignar þurfum að eiga miklu nánara samstarf við fjölþjóðlegar stofnanir. Ég vil alveg sérstaklega benda á Mannréttindadómstól Evrópu. Dr. Guðmundur Alfreðsson telur ekki unnt að lögfesta þann alþjóðasamning án breytinga á stjórnarskránni því með honum erum við að framselja hluta af ríkisvaldinu. Í dag er þetta að sjálfsögðu þjóðréttarsamningur og þá eru íslenskir dómstólar honum æðri og þeir hafa síðasta orðið í þeim málum sem þaðan koma. Við erum með öðrum orðum ekki bundnir þótt við kjósum að sjálfsögðu að fylgja því sem Mannréttindadómstóllinn úrskurðar. Og ef það á að breytast þá sýnist okkur sem þetta frv. flytjum að alveg ljóst sé að það þurfi að setja ákvæði í stjórnarskrána.

Sama má segja um málefni eins og umhverfismálin. Ég sé fyrir mér og vil lýsa því að ég vona að árangur af Ríó-ráðstefnunni verði sá að á þeim málum verði tekið af mikilli festu. Og ég tel alveg ljóst að ef það á að gerast þá hlýtur að koma til einhver yfirþjóðleg stofnun, einhver stofnun sem getur skipað fyrir í þessum efnum, getur sektað þá aðila sem brjóta umhverfisreglur sem þjóðirnar koma sér saman um. Ég skal viðurkenna að ýmislegt á þessari ráðstefnu olli mér a.m.k. vonbrigðum og sú andstaða sem kom fram þar hjá ákveðnum aðilum gegn því að setja sem allra fyrst svona strangar reglur kann að tefja þessi mál eitthvað. En ég fyrir mitt leyti efast ekki um það að þessi afar alvarlegu mál munu ná fram. Mönnum verður stöðugt ljósara að það verður ekki svo búið í þessum heimi að fram haldi sem horfir með mengun og spillingu umhverfis. Þarna hlýtur að koma einhver alþjóðleg stofnun sem hefur vald yfir öllum þjóðum þegar að þessu kemur. Við höfum ekki heimild til þess í dag að gangast undir slíkt yfirþjóðlegt vald.

Hæstv. utanrrh. nefnir líka menningarmálin en ég sé nú ekki fyrir mér að þar sé þetta eins líklegt. Þó kann það vel að vera og hann hefur eflaust breiðari yfirsýn yfir það en ég. Á ferðum sínum um heiminn hefur hann kannski rekist á eitthvað þar sem hann telur líklegt að samþykkja þurfi sem yfirþjóðlegt vald. En það sem ég hef þegar nefnt, þ.e. þessir víðtæku viðskiptasamningar, efnahagssamningar við Evrópu og mannréttindamálin og umhverfismálin eru næg til þess að ljóst má öllum vera að við þurfum að breyta stjórnarskránni til að geta tekið þátt í þessum stóru málum.

Ég sagði áðan að við flm. þessa frv. getum fallist á breytingar og við getum fallist á að fara aðrar leiðir ef menn óska. Við gætum jafnvel fallist á, tel ég, að breyta stjórnarskránni á þann máta sem ég sagði áðan að samþykkja á þessu stigi eingöngu EES-samninginn með kosningum á milli samþykkta Alþingis. En það breytir ekki hinu að fyrr en síðar þarf að koma varanlegt ákvæði í stjórnarskrána. Fyrr en síðar. Og ég held reyndar miklu fremur fyrr heldur en síðar.

Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Við höfum þegar rætt ítarlega um þessi mál óbeint og ég veit að hér eiga ýmsir fleiri eftir að taka til máls. Ég legg til, virðulegur forseti, að að þessari umræðu lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og sérstakrar stjórnlaganefndar sem gert er ráð fyrir að þurfi að kjósa þegar um slík mál er að ræða.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ræða mín nú verður aðeins endurtekning á því sem ég sagði í gær því það gætir sama misskilnings í máli hv. síðasta ræðumanns og kom fram hjá hv. 9. þm. Reykv. í gær varðandi það úr skýrslu utanrrh. sem ég las upp, að utanrrh. lýsir því yfir áður en þessi lokaklausa kemur, sem hv. síðasti ræðumaður las, að EES-samningurinn brjóti ekki í bága við stjórnarskrána. Ráðherrann er að ræða um það sem gerist eftir að EES-samningurinn hefur verið gerður. Og þar sem hv. síðasti ræðumaður fjallaði um hlutverk dómstólsins þá var hann að ræða um forúrskurði og forúrskurðarkerfi sem hugmyndin var að koma á laggirnar. Nú hefur verið fallið frá því kerfi þannig að

þessi tilvitnun á ekki við og er alveg úr í hött að vera að blanda því máli inn í samninginn eins og hann varð í endanlegri gerð því að þessu forúrskurðarkerfi hefur verið breytt. Þá vil ég einnig leiðrétta það að ef við erum með sömu skýrsluna, þá stendur á minni kápu mars 1991, en hvorki maí né ártalið 1999. Það var í mars 1991 sem þessi skýrsla er dagsett.

Flm. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að leiðrétta mismæli mín sem urðu áðan. Ég veit að hann meinti ekkert nema vel með því. Það er rétt, skýrslan er frá mars 1991. En ég vil vekja athygli á því að þó að rétt sé að EES-dómstóllinn sé ekki lengur í samningnum þá er kominn annar dómstóll, reyndar tveir, EFTA-dómstóll og EB-dómstóll. Og það breytir alls ekki því að EES-samningunum var alls ekki lokið þegar þessi skýrsla var gerð. Langt frá því, langt frá að þeim væri lokið. Samningarnir voru þá í burðarliðnum og mjög margt gerðist eftir að þessi skýrsla var samin. Og það er með tilliti til þess sem ég las áðan sérstaklega þessa setningu: „Fari landsdómstóll ekki eftir túlkun EES-dómstólsins í málinu þá gildir niðurstaða landsdómstólsins gagnvart aðilum málsins." Hér átti að vera sameiginlegur EES-dómstóll og hann átti ekki að vera æðri landsdómstóli. Og sömuleiðis eins og ég las áðan, ég bið afsökunar á að þurfa að endurtaka það, að framkvæmd samkeppnisreglna átti aðeins að vera að framfylgja í heimalandinu fyrir atbeina þar til bærra stjórnvalda. Þ.e. íslensk stjórnvöld urðu þar milligönguaðili við framkvæmd á niðurstöðum þessarar eftirlitsstofnunar. Þetta er hvort tveggja í raun horfið út. — Horfið út, jú. Það er horfið út. Það þýðir ekkert að hrista höfuðið yfir því. Við höfum farið hér vandlega yfir það að landsdómstóll er ekki lengur til kvaddur þegar um úrskurði dómstólanna í Evrópu er að ræða sem nú eru raunar orðnir tveir. Og það er með tilliti til þessara staðreynda sem utanrrh. kemst að þeirri niðurstöðu að hann standist sjórnarskrána eins og áður var. Það er sama og með Mannréttindadómstólinn, íslenskir dómstólar hafa síðasta orðið, og því stenst hann stjórnarskrána nema hann verði gerður að landslögum.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi síðustu ummæli þá er það nú ekki rétt að íslenskir dómstólar hafi síðasta orðið ef málum er vísað til Mannréttindadómstóls Evrópu. Það er ekki rétt því að þar eru dómstólar bundnir af því að fara eftir því sem Mannréttindadómstóllinn ákveður. Og hér er ekki um það að ræða. Það sem hv. þm. las upp er þetta forúrskurðakerfi sem fallið hefur verið frá. Áfram er eins og þarna var talað um að fullnustuhæfi niðurstöðu EFTA-dómstólsins núna og EES-dómstólsins var ótvírætt. Það þarf atbeina íslenskra stjórnvalda til að hrinda þessu í framkvæmd hér á landi. En þeir breyta ekki efnislegri niðurstöðu þessarar stofnunar hvort sem hún heitir EES-dómstóllinn eða EFTA-dómstóllinn. Það er algerlega fráleitt að vera nú að lesa upp ákvæði varðandi þetta forúrskurðarkerfi því að því kerfi — og það var alveg rétt sem hv. þm. sagði — samningnum var ekki lokið á þessu skeiði en það voru strangari ákvæði í samningsdrögum á þessum tíma heldur en endanleg niðurstaða varð. Og það er það sem hefur breyst varðandi þessa forúrskurði.

Þetta getum við farið yfir í lengra máli og er ástæða til að athuga og gaumgæfa betur því þennan misskilning þarf að leiðrétta. Og það er alveg ljóst að þessu forúrskurðarkerfi hefur verið breytt og það breyttist á síðari stigum málsins.

Flm. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er líklega til lítils að vera að deila um þetta hér úr ræðustól. En það vill nú svo til að ég þekkti þennan samning nokkuð vel eins og hann stóð. Og þó það væri að vísu ekki mjög ítarlega rætt um þetta í ríkisstjórninni þá ræddi ég um þetta allítarlega á þeim tíma við þá menn sem í því voru. Og staðreyndin er sú að bæði lokavald eftirlitsstofnunarinnar og dómstólsins hefur stórum aukist af því að EB taldi ekki fært að hafa það eins og var. — Það þýðir ekkert að hrista höfuðið yfir því. Ég tel mig gjörþekkja þetta mál. Og ég held að það sé rétt að við tökum þetta vandlega upp í utanrmn.

Ég verð að viðurkenna að ég hef þá misskilið Mannréttindadómstólinn ef við erum skyldugir til að fara eftir niðurstöðum hans. Það er þjóðréttarsamningur og hann er ekki æðri landslögum. Hins vegar má segja að það sé hefð hér að gera það. Það dettur engum í hug að ganga þar gegn. Við höfum breytt hér lögum af því að Mannréttindadómstóllinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að þau væru ekki rétt hjá okkur. En það er út af fyrir sig ekki skylda. Það er ekki lagaskylda til þess. Og það er ekki að ástæðulausu að dr. Guðmundur vekur athygli á því að til að geta gert þennan samning að landslögum þá þurfi að breyta stjórnarskránni. Það er í athugun núna hjá hæstv. dósmrh., ef ég veit rétt, að gera hann að landslögum og þá erum við bundnir af því sem þar kann að verða úrskurðað.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Mál þetta sem hv. 7. þm. Reykn. mælti hér fyrir áðan ber að með nokkuð sérstökum og sérkennilegum hætti. Það kom fram í upphafi þings að stjórnarandstöðuflokkarnir, formenn þeirra flokka og þingflokka, óskuðu eindregið eftir því að samhliða umræðunni um hið Evrópska efnahagssvæði færi fram umræða um frv. til stjórnarskipunarlaga sem flutt yrði. Það frv. hefur nú komið fram en það má segja að það sé nokkuð erfitt að fóta sig á hver séu raunverulegu tengsl þess frv. við EES-málið sjálft. Það kom reyndar hér fram í ræðu 1. flm. að setningar í skýrslu utanrrh. frá því í mars 1991 væru besta röksemdin fyrir þörfinni á því að setja slík lög eða breyta stjórnarskránni með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir. En ef það er svo þá eru ekki bein tengsl við EES-málið við flutning þessa máls því utanrrh. tekur sérstaklega fram í skýrslu sinni að sá samningur eða lögilding hans —

og ekkert hefur breyst í þeim efnum sem breytir því — stangist ekki á við stjórnarskrána en hins vegar geti í framtíðinni verið ástæða til þess að setja ákvæði í stjórnarskrá sem auðveldi mönnum að flytja tiltekna þætti ríkisvaldsins til alþjóðlegra stofnana. Og ef þetta eru rökin eins og flm. tók fram þá er málið alls ekki tengt eða bundið við EES-málið á nokkurn hátt, nema þá eingöngu sem tilefni þess að málið fer af stað.

Ef við skoðum flm. og aðstöðu þeirra flokka, þá er líka dálítið erfitt að fóta sig á málinu vegna þess að það kom fram í ræðu 1. flm. hér áður, þegar EES-málið sjálft var rætt — eða það mátti skilja hann svo a.m.k. — að það væri góður vilji fyrir því hjá Framsfl. að styðja málið að uppfylltum nokkrum auðuppfylltum skilyrðum ef stjórnarskráin heimilaði slíkt. Því má skilja það svo að 1. flm. og flokkur hans séu að flytja þessa breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins til að gera þetta kleift þannig að sá annmarki verði nú ekki fyrir hendi sem þeir telja að sé fyrir hendi.

Hinir tveir flutningsflokkarnir hafa allt aðra skoðun á málinu. Þeir eru á móti EES-samkomulaginu þannig að það er afskaplega merkilegt að þeir skuli þá sameinast Framsfl. við að reyna að skapa þessi skilyrði til að koma málinu yfir þá stjórnarskrárhindrun sem Framsfl. telur vera í veginum, (Gripið fram í.) því að það er alveg hárrétt mat hjá Framsfl. að ef þetta næðist fram og þessi annmarki væri á stjórnarskránni, þá mundi stuðningur Framsfl. nægja og ekki þyrfti að koma til atbeini Kvennalista og Alþb. eftir að þessi breyting hefði verið gerð. Þess vegna er dálítið sérkennilegt að þetta skuli bera að með þessum hætti.

Í annan stað má horfa á málið með öðrum hætti. Stjórnarflokkarnir, ríkisstjórnin, telur ekki að löggilding samningsgerðarinnar um Evrópskt efnahagssvæði brjóti í bága við stjórnarskrána, og ekki sé um að ræða afsal á fullveldisrétti þjóðarinnar. Og stjórnarflokkarnir eru andvígir því að afsala fullveldisrétti þjóðarinnar. Þess vegna mundu þeir ekki vilja í sjálfu sér setja ákvæði í stjórnarskrá sem gerði þinginu það auðveldara að afsala sér fullveldisrétti þjóðarinnar eins og skilja mætti að flm. teldu hins vegar ástæðu til að gera, þ.e. að í framtíðinni yrði það með þeim hætti að þingið, ef nægilegur fjöldi þingmanna sameinaðist um það, gæti breytt fullveldisþættinum eða veikt hann í samningum við önnur ríki eða alþjóðlegar stofnanir án þess að rjúfa þyrfti þing og þjóðin kæmist þar með með puttana í málið. Menn vilja í eitt skipti fyrir öll koma stjórnarskránni þannig fyrir að þessi breyting þyrfti ekki að gerast með þeim hætti heldur væri hægt að gera þetta allt saman innan þingsins. Þetta sýnir út af fyrir sig afskaplega sérkennilega hlið á þessu máli svo ekki sé meira sagt.

Stjórnarskráin eða stjórnarskrár almennt eru sá grundvöllur sem löggjöf þjóða byggir á og ég hygg að það geti allir verið sammála þeim mæta fræðimanni Ólafi Jóhannessyni að menn eigi ekki að fara hvatvíslega í það að breyta stjórnarskránni. En hér virðist einmitt það vera að gerast að allmargir þingmenn og flokkar vilja fara hvatvíslega í það að breyta stjórnarskránni því eins og hv. 1. flm. gat um þá er stjórnarskrárnefnd starfandi. Í henni eiga sæti hinir mætustu menn og það væri náttúrlega eðlilegast ef menn vildu ekki fara hvatvíslega í breytingar á stjórnarskránni að mál eins og þetta væri rætt innan vébanda hennar en ekki flutt með þessum hætti hér í þinginu, a.m.k. ekki látið svo heita að málið væri með þessum hætti tengt EES-málinu. Og ef við hugsum út frá hagsmunum Framsfl., sem virðist vilja með þessu frv. tryggja það að EES-samningarnir geti gengið í gegn þvert ofan í hagsmuni hinna flm., þá getur maður reyndar velt því fyrir sér lögfræðilega hvort þessi breyting, ef þeirra afstaða er rétt varðandi 2. gr. stjórnarskrárinnar, mundi nægja. Ef þau sjónarmið, sem uppi eru hjá sumum fræðimönnum eins og menn hafa greint ítarlega frá hér í þinginu, eru rétt, að 2. gr. sé í veginum fyrir þessum samningi, þá er a.m.k. lögfræðilega hæpið að þessi breyting mundi leysa þar úr öllum vanda þannig að ég tel að menn hafi kannski ekki hugsað þetta nægilega vel, þetta sé einmitt dæmi um það að menn hafi gengið þvert gegn ráðum góðra manna eins og Ólafs Jóhannessonar hvatvíslega til þessarar hugmyndar um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Menn geta náttúrlega út af fyrir sig skoðað vel sinn gang í þeirri nefnd sem kosin verður þannig að þetta þarf ekki að hafa nein alvarleg eftirköst og þá geta menn séð að þarna stangast dálítið á bæði hagsmunir flutningsflokkanna og sjónarmið og reyndar er breytingin tæpast nægjanleg ef það er sjónarmið Framsfl. að 2. gr. stjórnarskrárinnar girði fyrir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eða löggildingu hans.

Nú er það þannig, sem er náttúrlega merkileg tilviljun, að það fer fram lögfræðileg deila hér um stjórnarskrána og lögfræðin virðist ganga í þá áttina að stjórnarflokkarnir hafi í meginatriðum eina lögfræðilega skoðun og stjórnarandstaðan aðra lögfræðilega skoðun. Ég hygg að það geri fáir ráð fyrir því að lögfræðin þróist nákvæmlega með þessum hætti. Það séu önnur og vísindalegri sjónarmið sem þar blasi við mönnum. En þetta er nú staðreyndin sem blasir við í þinginu. Ég geri fastlega ráð fyrir því að það sé tilviljun að lögfræðin skuli hneigjast niður með þessum hætti. En umræðurnar um stjórnarskrána og EES-samninginn sérstaklega geta út af fyrir sig verið mjög gagnlegar og nauðsynlegar, en ég tel að flutningur þessa frv. geri það ekki að verkum að menn geti í hinum fyrri þættinum um EES-málið sjálft látið hjá líða að ræða þar ítarlega um stjórnarskrárþáttinn því að í raun er erfitt að átta sig nákvæmlega á því hvernig þetta frv. tengist beint ákvörðun þingsins sem taka verður um að fullgilda samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði.

Grundvöllur þessarar umræðu hér og niðurstöður eru þau lögfræðilegu álit sem liggja fyrir. Ég ætla ekki að fara í einstökum atriðum hér og nú út í þessi álit eða álitsgerðir. Það munum við hins vegar fá tækifæri og tóm til að gera í umræðum um samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Ég tel að við eigum ekki að gera neinn mannamun í sjálfu sér á þeim fræðimönnum sem skilað hafa skriflegum álitsgerðum. Ég tel að við getum öll verið sammála um að þetta séu allt gagnmerkir fræðimenn og ekkert út á persónur þeirra að

setja eða þekkingargrundvöll þannig að við höfum ekki aðrar leiðir færar hér í þinginu þegar við gerum upp við okkur hvert og eitt okkar afstöðu en að horfa á málatilbúnaðinn hjá hverjum og einum eða í hverri skýrslu eða greinargerð fyrir sig, vega og meta þau rök sem þar liggja fyrir og eftir það gera upp okkar hug. Ég hygg að það sé enginn vafi á því að hér hafa margir ágætir menn lagt að vísu mismunandi sjónarmið fram, þau séu öll í því formi að þau séu mjög boðleg til þess að vera grundvöllur umræðu og okkar verkefni er þá fyrir hvert okkar eftir rannsókn á þeim að meta hvaða röksemdir við teljum vera tryggastar og leiða til réttastrar niðurstöðu. Ég fyrir mitt leyti, eins og menn geta ímyndað sér, hef gert það upp við mig. Ég tel að ekki sé vafi á því að lögsetning eða löggilding hér í þinginu á EES-samningnum standist hina íslensku stjórnarskrá.

Það eru ekki eingöngu þeir sem hér hafa skilað inn skriflegum greinargerðum sem hafa lagt til mála. Einnig hefur verið vitnað í greinar annarra manna. Sá ágæti maður, fyrrum prófessor, Lúðvík Ingvarsson hefur skrifað tvær greinar í Morgunblaðið eða réttara sagt eina grein í tveim hlutum og hér hefur verið vitnað til þeirrar greinar m.a. af 10. þm. Reykv.

Grein Lúðvíks er út af fyrir sig dæmi um það í hvaða átt umræður um þessa hluti geta þróast. Þegar hann ræðir um framgöngu fyrrum dómsmrh. 1951, mann sem hann reyndar ber hið mesta lof á í grein sinni, þá telur hann að þeim manni hafi orðið á og hann hafi staðið ekki bara fyrir einu heldur tveimur brotum á stjórnarskrá landsins. Þeir sem þekkja til sögu þessa mæta manns sem þar átti í hlut vita hversu þunglega hann hefði tekið slíkum ásökunum í lifandi lífi og auðvitað er slæmt að um minningu hans skuli vera fjallað með þeim hætti. En ég vek athygli á því að í grein Lúðvíks kemur fram, og það er athyglisvert ef þingið hefur gerst sekt um tvöfalt stjórnarskrárbrot, þá tekur Lúðvík fram að enginn annar hafi rætt málið í þinginu en ráðherrann þannig að væntanlega hafa ekki verið miklar efasemdir uppi í þeim efnum þá. Ég býst við að aðrir í þáverandi ríkisstjórn, þar á meðal landbrh. og samgrh., grandvar lögfræðingur, Hermann Jónasson, hafi ekki heldur talið að hann væri að standa að tvöföldu stjórnarskrárbroti þegar þessi málatilbúnaður átti sér stað í þinginu. En það er auðvitað miður að umræðuna um mál af þessu tagi núna skuli bera að í grein þessa annars ágæta lögfræðings og fyrrum kennara okkar sumra hér inni.

En í sambandi við þennan þátt og ummæli prófessorsins, þá er eitt athyglisvert vegna þess að það hefur margoft komið réttilega fram að íslenskri stjórnskipun eigum við engan annan endanlegan kost til að ljúka málinu þannig að ekki sé vafi eða eigi að vera vafi lengur. A.m.k. á það að vera endir allra deilna eins og sagt er um úrskurði Hæstaréttar. Hvort sem úrskurðir Hæstaréttar eru alltaf réttir, þá eru þeir að okkar skipan að þessu leyti til endir allra deilna. En ég vek athygli á því varðandi einmitt þennan þáttinn, hið tvöfalda stjórnarskrárbrot sem á að hafa gerst fyrir 40 árum síðan, að þá hafa mál sem hafa byggst á þeirri samþykkt margoft komið til kasta Hæstaréttar og Hæstiréttur hefur aldrei talið í 40 ára sögu að þar hafi átt sér stað hvorki eitt hvað þá heldur tvö stjórnarskrárbrot. Mér finnst að prófessorinn fyrrverandi, sá ágæti maður Lúðvík Ingvarsson hefði átt að hafa þetta hugfast þegar hann skrifaði þessar hugleiðingar. (**ÓÞP:** Hafa ráðherrar verið dæmdir fyrir að brjóta íslensk lög?) Ég er að fjalla um tiltekinn þátt í grein Lúðvíks Ingvarssonar sem hann telur að hafi byggst á tvöföldu stjórnarskrárbroti í málum sem margoft hafa verið reist á þessum sama sáttmála og enginn hefur haldið því fram þar að stjórnarskráin hafi verið brotin. Ég tel því að þrátt fyrir þessa grein sé minning þeirra góðu lögfræðinga í ríkisstjórninni, Hermanns Jónassonar og Bjarna Benediktssonar, að þessu leyti til algjörlega hrein og engin ástæða til að halda því fram að þeir hafi rofið það heit sem þeir hafa undirritað rétt eins og við og framið tvöfalt stjórnarskrárbrot.

Það má segja að í þessum umræðum og reyndar í þessum greinum öllum hafi mönnum birst mismunandi hugsanagangur varðandi stjórnarskrána, eðlilegur hugsanagangur og þekktur, nánast um það með hvaða hætti og hversu fast eigi að túlka hana, hvort nánast eigi að túlka hana samkvæmt bókstafnum og þá í þrengsta skilningi þess orðs eða hvort stjórnarskráin geti í túlkunum tekið breytingum án atbeina löggjafans. Ég er auðvitað í þeim hópi sem tel að túlkun á stjórnarskránni hljóti að tengjast breyttum tímum og það sé nánast það sem er ofan á alls staðar í henni veröld og þrengsti bókstafsskilningur í þeim efnum eigi ekki við og passi ekki. Ég vil í þessu sambandi fá að vitna hér í stuttan kafla eftir dr. Bjarna Benediktsson þar sem hann skrifar, með leyfi forseta:

„Í þeim löndum sem sett hafa skrifaðar stjórnarskrár hefur reynslan orðið sú að þótt ákvæðin hafi verið hin sömu eða svipuð í upphafi hefur framkvæmdin orðið harla ólík í hverju landi. Það er sem sé óhagganleg staðreynd að stjórnskipun hvers lands þroskast á löngum tíma og mótast mjög af aðstæðum öllum. Hefur í þessu farið á sama veg hér á landi og annars staðar. Flest eða öll ákvæði núgildandi íslensku stjórnarskrárinnar hafa að vísu einhverjar fyrirmyndir í erlendum stjórnarskrám, en samt hefur framvindan orðið með sérstökum hætti hér. Er hægt að nefna ýmis dæmi þess að fyrirmæli sem ætlunin var að taka upp eftir erlendri fyrirmynd í fyrstu hafi í framkvæmd verið skilin hér allt öðruvísi en í landinu sem fyrirmyndarinnar var leitað í. Þetta er skiljanlegt. Stjórnarskrárákvæði eru yfirleitt fáorð. Af hinum fáorðu fyrirmælum hefur því fremur leitt mjög mismunandi framkvæmd í hverju landi fyrir sig. Alveg eins og þetta hefur farið fram til þessa verður það sjálfsagt einnig héðan í frá. Þó að menn taki erlendar fyrirmyndir og breyti gildandi stjórnarskrárákvæðum til samræmis við þær er engan veginn víst að tilgangurinn náist. Aðstæður og öll atvik eru yfirleitt svo ólík að nær öruggt má telja að framkvæmdin verði með allt öðrum hætti en í því landi sem fyrirmyndin var sótt til þannig að stjórnarskrár sem hafa sama textann hafa í túlkun lotið allt öðrum lögmálum eftir löndum og eftir tíma."

Og reyndar af því að hv. 1. flm. vitnaði til þess að hér væri einmitt verið að fara eftir því sem annars staðar og erlendis hefur gerst, þá vil ég gjarnan, með leyfi forseta, bæta við örstuttum kafla í beinu framhaldi:

„Þetta ber mönnum að hafa í huga þegar endurskoða skal og breyta ákvæðum stjórnarskrárinnar. Auðvitað er sjálfsagt að kynna sér eftir föngum hinar bestu erlendu fyrirmyndir en öruggast er og haldbest mun reynast að byggja sem mest á þeirri reynslu sem fengin er í íslensku þjóðlífi en apa ekki umhugsunarlítið eftir því sem vel kann að hafa reynst erlendis en allsendis er óvíst að eigi við okkar hætti."

Þetta er tilvitnun og henni lauk þar með og ég held að þetta hafi verið þörf tilvitnun.

Eins og ég nefndi, þá hafa verið mjög mismunandi skólar uppi í þessum efnum með hvaða hætti eigi að túlka stjórnarskrána. Mér fannst til að mynda á ræðum hv. 4. þm. Austurl., sem er nú ekki hér, í salnum í gær og reyndar hjá flestum talsmönnum stjórnarandstöðunnar, þar á meðal hv. 8. þm. Reykn., vera rík tilhneiging til þess að túlka stjórnarskrána afskaplega þröngt. Þó það kunni að henta af pólitískum ástæðum í stöðu málsins í dag þá vara ég við því að menn geri það almennt og haldi frekar við prinsippið í þeim efnum og miði sig frekar við þau sjónarmið sem ég var að vitna í í riti dr. Bjarna Benediktssonar.

En það hafa fleiri ágætir fræðimenn fjallað um þetta með mjög skynsamlegum hætti og er nú ljóst að til margra fræðimanna verður auðvitað að leita þegar menn eru að velta fyrir sér skoðunum í þessum efnum. Ég vil til að mynda nefna ritverk ágæts fræðimanns sem fjallar einmitt um þennan þáttinn, um túlkunina en þar segir, með leyfi forseta, um túlkun:

„Ýmis ákvæði stjórnarskrárinnar hafa í reynd annað gildi en formlegt orðalag gefur til kynna. Þau eru í verki túlkuð á annan veg. Slík túlkun getur verið í því fólgin að tilskildum rétti er ekki beitt, hann reynist dauður bókstafur. Dæmi um slíkt er að enginn forseti hefur beitt því neitunarvaldi gagnvart staðfestingu lagafrumvarpa sem forseta er veitt í 26. gr. stjórnarskrárinnar. Túlkunin getur líka birst í öðrum veruleika en orðalag stjórnarskrárinnar gefur til kynna. Dæmi um slíkt er vald stjórnmálaflokka á Alþingi til að ákveða fjölda ráðherra og skiptingu ráðuneyta þótt stjórnarskráin feli forseta það verkefni. Hlutverk forsetans er eingöngu að tilkynna það sem aðrir hafa ákveðið."

Hér er einmitt mjög skynsamlega, rétt eins og hjá dr. Bjarna Benediktssyni, vikið að því með hvaða hætti eigi að túlka stjórnarskrána. Hv. 4. þm. Austurl. las í gær upp kafla eftir Keynes, bæði á íslensku og ensku, og lét okkur geta áður en hann nefndi nafnið, hver hefði nú skrifað þennan texta og enginn okkar gat, enda var það erfiðara vegna þess að dr. Keynes sat ekki í salnum. En ef menn mundu vilja geta um þennan texta sem ég var að lesa, um hina frjálslegu túlkun, þá hlýtur nú einhver að geta getið um þennan fræðimann. (Gripið fram í.) Já, hann situr þarna. Hv. 8. þm. Reykn. Hann vill túlka stjórnarskrána með þessum hætti í sínum fræðilegu ritgerðum. Ég held að það sé afskaplega skynsamlegt af honum og mér fannst þessi kafli miklu skynsamlegri heldur en hjá þingmanninum sem talaði um málið hér fyrir fáeinum dögum síðan.

Varðandi málsmeðferðina á þessu máli þá held ég að a.m.k. mín sjónarmið hljóti að vera þau að þar sem málið tengist ekki að neinu verulegu leyti hinu Evrópska efnahagssvæði, þá verði það auðvitað rætt sem venjulegt stjórnarskrármál í þessari sérstöku nefnd, ítarlega. Ég er ekki að gera lítið úr þessari hugmynd, alls ekki. Ég vek hins vegar athygli á ýmsum þverstæðum sem fram hafa komið. Menn verða að skoða það mjög vandlega. En síðan væri kannski eðlilegast að málið gengi til þeirrar stjórnarskrárnefndar sem menn hafa sameinast um að hafa starfandi og er skipuð hinum mætustu mönnum sem við öll höfum traust á. En auðvitað verður nefndin sjálf og að lokum þingið sjálft að ákvarða með hvaða hætti málsmeðferðinni verður að lokum hagað.

Flm. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti ræða hæstv. forsrh. — hvernig orðar hann það? — afskaplega sérkennileg að mörgu leyti. Hæstv. forsrh. tók sér fyrst fyrir hendur að sýna að þessi tillaga tengdist ekkert EES en sagði svo á eftir að við framsóknarmenn teldum okkur geta samþykkt EES ef svona stjórnarskrárbreyting yrði. Augljóslega tengist hún EES. Hún tengist bara miklu fleiru. Ég vísa aftur í hæstv. utanrrh. máli mínu til stuðnings.

Mér þótti líka afskaplega sérkennilegt að hlusta á hæstv. forsrh. orða það svo að stjórnarflokkarnir væru því andsnúnir að framselja vald. Jafnvel fjórmenningar utanrrh. staðfesta að um framsal valds er að ræða. Þeir segja það hvað eftir annað að vissulega sé um framsal valds að ræða en það sé ekki með ólögmætum hætti og það sé ekki um of íþyngjandi. Það sé takmarkað o.s.frv. Hér á því að framselja vald með því að teygja og toga stjórnarskrána. Ég tek undir það með hæstv. forsrh. að ég er sannfærður um að þeir menn sem þá stóðu að því sem sumir töldu brot á stjórnarskránni gerðu það áreiðanlega ekki vísvitandi. En hér er vísvitandi verið að framselja hluta af ríkisvaldinu. Það er margsinnis staðfest. En það er ekki heimilað í 21. gr. stjórnarskrárinnar. Það er hvergi nefnt þar.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að þingmaðurinn hafi tekið eftir því og hann sér það þá í ræðu minni að ég talaði jafnan um að hvorki ég né ríkisstjórin teldi að í EES-samningnum fælist fullveldisafsal. Ég tók það margoft fram og ég hygg að þingmaðurinn þurfi ekkert að misskilja það. Hann getur séð það þegar hann les þennan texta. Ég talaði meira að segja venju fremur hægt.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Í upphafi er mikilvægt að setja það alveg skýrt fram að slík breyting á stjórnarskránni, sem hér er gerð tillaga um, er alls ekki nauðsynleg

vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Um það mál liggja fyrir afdráttarlausar niðurstöður hinna færustu lögfræðinga. EES-samningurinn fer ekki í bága við stjórnarskrá lýðveldisins. Auðvitað á ekki að breyta stjórnarskrá í hita hins pólitíska leiks. Í öllum lögfræðiálitum sem fram hafa komið í þessu máli leggja menn að sjálfsögðu áherslu á að stjórnarskráin sé grundvallarskjal sem aðeins megi breyta að vel athuguðu máli. Mér finnst það líka vera til umhugsunar fyrir þingheim hvort það væri Íslendingum álitsauki að breyta leikreglunum á lokastigi eftir að hafa staðið í samningum við samstarfsþjóðir sínar í þrjú ár samfleytt? Einnig má spyrja hvort Alþingi eigi nú að rjúka til í skyndingu að gera breytingar á stjórnarskrá og stofna til þingkosninga með þeim óróa og óvissu sem fylgja mundi við ríkjandi efnahags- og fjármálaaðstæður. Miklu réttara, virðulegur forseti, væri að ná samkomulagi um stjórnarskrárbreytingarnar eftir yfirvegun á breiðum grundvelli milli allra stjórnmálaflokka, eins og sem betur fer hefur verið venjan í sögu lýðveldisins, sé mönnum alvara með tillögunum um stjórnlagabreytingar.

Flutningsmenn gefa í greinargerð þessa frv. sem ástæðu fyrir flutningi þess að þeir vilji heimila með ótvíræðum hætti að lögfesta megi alþjóðlega samninga þótt þeir feli í sér framsal á valdi til fjölþjóðlegrar stofnunar eða samtaka enda yrði til þess áskilinn aukinn meiri hluti á Alþingi. Í frv. er þessi aukni meiri hluti settur sem þrír fjórðu hlutar alþingismanna. Þetta segja flm. nauðsynlegt vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði sem nú er til meðferðar í þinginu.

En er þetta í raun og veru tilgangur frv.? Það sem flutningsmönnum virðist reyndar þóknanlegast er að samþykkt frv. þeirra kæmi í veg fyrir staðfestingu EES-samningsins, valdi þannig þingrofi og nýjum kosningum. Frv. er rökstutt í lok greinargerðarinnar með því að það eyði þeirri áhættu sem í því felst að Alþingi samþykki EES-frv. sem síðar kynni að verða úrskurðað ólögmætt. Ég vil, virðulegur forseti, leyfa mér að halda því fram að í þessu efni sé um algerlega þarflausar áhyggjur að ræða eins og ítarlegar athuganir lögfræðinga hafa leitt í ljós. Um lagalega hlið þessa máls liggur fyrir afdráttarlaust álit fjögurra sérfræðinga sem veita fullnægjandi svör um það mál. Þar er enginn vafi talinn á því leika að samningurinn samrýmist stjórnarskránni.

Auðvitað eru skiptar skoðanir meðal lögfræðinga ekki ný bóla, líka um stjórnarskrármálefni. Það er einmitt þess vegna sem reynir á þingmenn hvort þeir geta sjálfir tekið á málum í samræmi við sína samvisku og þarfir þjóðfélagsins. Það er fullkomlega ástæðulaust að tefja eða flækja EES-málið með slíkum frumvarpsflutningi sem hér er til umræðu. Séu flutningsmenn andvígir EES-samningunum eiga þeir auðvitað að fara beint framan að því máli en ekki leggjast í neina stjórnlagakróka.

Lítum nú nánar á tillögugrein frv. Þegar hún er skoðuð hljóta menn að álíta að annað tveggja vaki fyrir flutningsmönnum. Annaðhvort eru þeir með frv. í raun og veru að staðfesta þann skilning, að vísu með gagnályktun, að ekkert sé því til fyrirstöðu að óbreyttri stjórnarskrá að samþykkja megi EES-samninginn. Þetta er reyndar að mínu viti rétt skoðun. Eða hins vegar að þeir vilji raunverulega beinlínis opna stjórnskipulega leið fyrir verulegt valdframsal vegna alþjóðasamninga. Er það ætlun þeirra að fara út í stórfellt valdframsal? hljóta menn að spyrja. En þá má líka spyrja hvort þessi tillaga um breytingu á einni grein stjórnarskrárinnar, 21. gr., stangist ekki á við grundvallarreglur 2. gr. stjórnarskrárinnar um það hverjir fari með ríkisvaldið. Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að benda á að á því máli er ekki tekið í frv. eða greinargerð þess, eins og þörf væri á, væri þetta raunverulega ætlun flutningsmanna.

Mér finnst auðvitað nauðsynlegt að það komi skýrt fram hvað það er sem í raun og veru vakir fyrir þeim. Vilja þeir samþykkja EES-samninginn en telja sig skorta til þess stjórnarskrárheimild eða eru þeir í reynd andvígir honum? Af ræðu hv. 1. flm. frv., Steingríms Hermannssonar, við umræðurnar um EES í fyrradag mátti ráða að hann vildi samþykkja EES að því tilskildu að stjórnarskránni yrði breytt. Er þetta rétti skilningurinn? Eru flutningsmenn efnislega samþykkir EES eða eru þeir andvígir samningnum? Þingið og þjóðin hlýtur að ætlast til þess að þeir geri grein fyrir þeirri efnislegu afstöðu sinni. Eða er í reynd verið að nota þessa stjórnarskrártillögusmíð til að þyrla upp pólitísku moldviðri og breiða yfir óeiningu í röðum stjórnarandstæðinga í þessu mikilvæga máli? Að mínu áliti er það afar óheppilegt, svo ekki sé meira sagt, að nota stjórnskipunarmálefni lýðveldisins í þessu skyni. Þau þarf að ræða af íhygli og yfirvegun. Reyndar er að störfum eins og á hefur verið bent, og hefur verið um árabil, sérstök stjórnarskrárnefnd.

Virðulegur forseti. Í umræðunum um EES-málið að undanförnu og nú síðast í orðaskiptum þeirra hv. 7. þm. Reykn. og hv. 3. þm. Reykv. á þessum fundi hefur verið nokkuð vikið að umfjöllun um þessi mál í síðustu ríkisstjórn. Í skýrslu sem Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. gaf Alþingi um stöðu samningaviðræðna um Evrópska efnahagssvæði í mars 1991, sem hv. 7. þm. Reykn. hefur hér nokkuð vitnað til, var að sjálfsögðu m.a. fjallað um EES-samningana og stjórnarskrána. Um drög að þeirri skýrslu var ítarlega rætt í þáv. ríkisstjórn en þar er sérstaklega fjallað um þá þætti málsins sem ástæða virtist til að skoða í ljósi íslensku stjórnarskrárinnar.

Mér finnst, virðulegur forseti, nauðsynlegt að setja efnisatriði þessa máls skýrt fram á þessum fundi. Í lok þessarar skýrslu frá í mars í fyrra segir, með leyfi forseta, þótt í því felist nokkur endurtekning: „Telja verður að þær hugmyndir sem varða valdsvið sameiginlegra stofnana á Evrópska efnahagssvæðinu falli innan ramma stjórnarskrárinnar eins og hún hefur verið túlkuð fram að þessu."

Tveir flutningsmenn frv. sem hér er til umræðu, hv. alþingismenn Steingrímur Hermannsson og Ólafur Ragnar Grímsson, áttu báðir sæti í þeirri ríkisstjórn sem athugasemdalaust lagði þessa skýrslu fyrir þing-

ið. Þær breytingar sem orðið hafa á EES-samningunum, síðan þessi skýrsla var skrifuð, eru í þá átt að EES-samningarnir falli enn betur en fyrr innan ramma stjórnarskrárinnar. Þar á ég ekki síst við það að í stað sameiginlegra EES-stofnana eru komnar sérstakar EFTA-stofnanir, bæði dómstóll og eftirlitsstofnun, þar sem Íslendingar hafa enn skýrari stöðu og áhrif en var í samningsdrögunum í mars 1991. Ég nefni sem dæmi að dómar EES-dómstóls sem þá var fyrirhugaður áttu t.d. að vera bindandi. Nú verða dómar EFTA-dómstólsins aðeins leiðbeinandi.

Vegna ummæla hv. 7. þm. Reykn., hv. 1. flm. þessa frv., um þetta efni hér áðan (**SvG:** Var þm. að mismæla sig. Eru dómar aðeins leiðbeinandi?) — nei, ég var ekki að mismæla mig — er nauðsylegt að það komi fram að um aðfararhæfi úrskurðastofnana á hinu sameiginlega Efnahgassvæði að á íslenskum lögum hafa ekki verið gerðar neinar breytingar frá því sem var í mars 1991 en það mátti skilja af orðum hv. 7. þm. Reykn. að hann teldi að svo hefði verið. Það er ekki. Það er þess vegna mikið umhugsunarefni að þessir hv. þm. og um leið formenn tveggja stjórnarandstöðuflokka skuli nú í ljósi þessarar forsögu málsins og aðdraganda þess kjósa að knýja fram umræður um stjórnarskrármál í beinu samhengi við EES-samninginn. Auðvitað er það rétt, eins og hér hefur komið fram á þessum fundi, að það má ævinlega skoða stjórnarskrána í ljósri breyttra tíma en óháð EES-samningnum að þessu sinni.

Í lokaorðum skýrslu utanrrh. frá því í mars 1991 segir einmitt, eins og hv. 7. þm. Reykn. vitnaði til hér áðan og ég leyfi mér að endurtaka þá tilvitnun: „Í þessu sambandi má hins vegar benda á að ef litið er til þróunar alþjóðamála almennt má vænta aukinnar þátttöku Íslands í samvinnu þjóða á fjölmörgum sviðum efnahagsmála, menningarmála, mannréttindamála og ekki síst umhverfismála. Í ljósi þessarar þróunar er full ástæða til að kanna þörf á nýju ákvæði í stjórnarskrána sem kvæði skýrt á um heimildir til þátttöku í alþjóðasamstarfi."

Mér virðist það eðlilegt verkefni stjórnarskrárnefndarinnar, sem nú starfar undir forustu hv. 1. þm. Vestf., að fjalla um þetta og önnur stjórnarskrármálefni. En mig langar til að endurtaka, virðulegur forseti, að það var niðurstaða fyrri ríkisstjórnar, eins og þeirrar sem nú situr, að EES-samningarnir samræmist ákvæðum stjórnarskrárinnar. Það hefur verið tekið skýrt fram alla tíð að þeir brjóti ekki í bága við hana. Hins vegar, og ég undirstrika hins vegar, var þá þegar á það bent að kanna mætti þörf á nýju ákvæði í stjórnarskrána um heimildir til þátttöku í alþjóðasamstarfi.

Ég vil líka benda á að fyrri ríkisstjórn undir forsæti hv. 7. þm. Reykn., Steingríms Hermannssonar, taldi EES-samningana sjálfa ekki gefa tilefni til stjórnarskrárbreytinga enda hefði þá verið eðlilegast að flytja slíkar tillögur fyrir þinglok 1991 í mars. Það gerðu þeir menn ekki sem nú flytja þetta frv. til stjórnlagabreytinga.

Virðulegur forseti. Lítum nú nokkru nánar á tillögurnar sem hér er gerð um breytingar á 21. gr. stjórnarskrárinnar. Í greinargerðinni er sagt að hér sé lagt til að upp verði tekinn svipaður háttur og tíðkast í stjórnarskrám Norðurlanda. En hvernig er þessu farið? Norsk stjórnarskrárákvæði eru ekki síst nefnd til sögunnar í þessu máli. Þá þurfum við að huga að því að í Noregi er við lýði allt annað stjórnskipunarkerfi varðandi þjóðréttarsamninga en hér á landi. Samninga sem hafa í för með sér lagabreytingar má væntanlega telja sambærilega við breytingar á stjórnarhögum í 21. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Slíkir samningar þurfa samþykki einfalds meiri hluta á þingi eins og fram kemur í 26. gr. norsku stjórnarskrárinnar. Hliðstæð grein í okkar stjórnarskrá, hin 21., kveður hins vegar einnig skýrt á um heimild fyrir Alþingi til að samþykkja samninga þótt þeir feli í sér kvaðir eða afsal á landi eða landhelgi en sambærilega heimild er ekki að finna í 26. norsku stjórnarskrárinnar.

Þá hefur það verið nefnt að í 93. gr. norsku stjórnarskrárinnar eru ákvæði sem sérstaklega heimila Stórþinginu að gera undantekningar frá stjórnarskránni. Þar er sérstaklega kveðið á um að heimilt sé með auknum meiri hluta að fela alþjóðastofnunum vald sem samkvæmt stjórnarskránni er falið stjórnvöldum. Þetta ákvæði er ekki bundið við staðfestingu á þjóðréttarsamningi heldur er þar um að ræða almenna heimild til að víkja frá ákvæðum í stjórnarskrá sem eru eða telja má vera sambærileg 2. gr. íslensku stjórnarskrárinnar en þar eru ákvæði um það hverjir fari með hið þrígreinda ríkisvald. Reyndar felur þessi 93. gr. í norsku stjórnarskránni í sér heimild til að fela slíkt vald alþjóðastofnunum.

Af þessum fáu orðum má draga þá ályktun að samanburður við norska stjórnskipan segi ekkert um það hvort heimilt sé að samþykkja EES-samninginn á grundvelli 21. gr. íslensku stjórnarskrárinnar eða ekki. Ákvæði 26. gr. norsku stjórnarskráinnar er annars eðlis en ákvæði 21. gr. okkar stjórnarskrár. Fullyrðingarnar um það að nauðsynlegt sé að bæta við nýju ákvæði vegna EES eiga ekki við nein slík rök að styðjast.

Í þessu sambandi er líka rétt að nefna að í greinargerð með samningunum um EES til norska Stórþingsins er þeirri spurningu varpað fram hvort 26. gr. í norsku stjórnarskránni nægi ekki í raun og veru til þess að staðfesta EES þótt hún sé miklu þrengri að orðalagi en 21. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Niðurstaða Norðmanna er sú að það sé einungis sá þáttur EES-samningsins sem lýtur að eftirlitsvaldi með samkeppnisreglum sem valdi því að ekki sé víst um heimild 26. gr. Það er því engum blöðum um það að fletta að það er í hæsta máta villandi að vísa til Noregs og norsks réttar um fordæmi fyrir þessum tillöguflutningi.

Þá vil ég líka, virðulegur forseti, leyfa mér að benda á að 93. gr. norsku stjórnarskrárinnar, sú sem helst er til vitnað í greinargerðinni með frv., var sett í norsk lög á sínum tíma vegna hugsanlegrar aðildar Noregs að Evrópubandalaginu en ekki EES. Henni er nú beitt þar í landi af því að hún er þar á lögbókinni við meðferð EES-samningsins eingöngu vegna eftirlits með sam-

keppnisreglum þ.e. áskilinn er aukinn meiri hluti við samþykkt hans.

Mig langar, virðulegur forseti, til að víkja hér nokkrum orðum að því að sömu flutningsmenn og standa að flutningi á þskj. 30 standa að flutningi annars frv. um stjórnlagabreytingu á þskj. 31 um þjóðaratkvæði, m.a. sérstaklega um alþjóðasamninga. (**Gripið fram í:** Er það mál á dagskrá?) Spurningin sem ég vildi hreyfa hér, virðulegur forseti, er sú hvort tillögurnar á þskj. 30 og 31 geti í raun og veru farið saman. Ef við gefum okkur það að báðar tillögurnar yrðu samþykktar sem stjórnarskrárbreytingar þá kynni gangur ímyndaðs máls að verða sá að samningur sem samþykktur hefði verið af þremur fjórðu hlutum þingheims, þ.e. með atkvæðum 48 þingmanna, samkvæmt nýrri 21. gr., gæti þurft að ganga til þjóðaratkvæðis samkvæmt ákvörðun þriðjungs alþingismanna, 21 þingmanns, eftir nýrri 46. gr. sem tillaga er um. Þetta gætu meira að segja að hluta til verið sömu mennirnir sem áður samþykktu samninginn. Maður hlýtur því að spyrja: Hvers vegna ætti Alþingi sem a.m.k. að þremur fjórðu hlutum hefði samþykkt slíkan samning að vísa honum aftur til þjóðarinnar. Hér er ekki eingöngu um talnadæmi að ræða, hér er vakin mikilvæg spurning og álitamál um sjálfan grundvöll löggjafarstarfsins og löggjafarvaldsins sem mér virðist að flutningsmenn þessara tveggja tillagna, en það eru sömu mennirnir, hafi hvorki fjallað um né gaumgæft.

Ég bendi líka á að í frv. á þskj. 31 um þjóðaratkvæði er enginn frestur gefinn vegna málskots samkvæmt hugsanlega nýrri 46. gr. Ekki er hægt að skilja annað af þessu frv. en að þriðjungur þingmanna hafi ótakmarkaðan tíma til að krefjast málskots til þjóðarinnar. Í því segir að vísu að nánari reglur um framkvæmd skuli setja með lögum. Á það má hins vegar benda að með almennum lögum væri ekki unnt að þrengja rétt þingmanna til málskots af því tagi sem hér eru gerðar tillögur um. Einnig má spyrja varðandi sama mál: Hvers vegna er milliríkjasamningum einum gefið það mikilvægi í málinu að hægt sé að skjóta þeim til þjóðarinnar eftir að þeir hafa verið afgreiddir í Alþingi? Er ekki hugsanlegt að önnur mál séu fólkinu jafnmikilvæg og slíkir samningar?

Virðulegi forseti, eins og hv. 2. þm. Vestf. benti á, hefur þetta að nokkru leyti verið útúrdúr. En þó bendi ég á að hér eru málin samantvinnuð og nátengd eins og dæmið sýndi sem ég tók áðan.

Ég vil því víkja hér að frv. sem er beinlínis á dagskrá. Viðbótin sem tillagan er gerð um við 21. gr. felur reyndar í sér að sú grein yrði að mestu svipt sínu gildi. Næði breytingin fram að ganga er ljóst að hið sama mundi gilda um þjóðréttarsamninga hvort sem þeir fela í sér kvaðir á landi eða landhelgi eða afsal á fullveldisrétti, hugtak sem reyndar er ekki skilgreint nánar í frv. eða grg. þess. T.d. virðist ljóst, að undir sömu meðferð yrðu seldir aðildarsamningur við Evrópubandalagið, svo ég taki nú dæmi, eða fiskveiðisamningur við Færeyjar. Hvort tveggja þyrfti samþykki þriggja fjórðu hluta þingheims og 21 alþingismaður gæti skotið hvoru sem væri undir þjóðaratkvæði. Aðrir samningar sem féllu væntanlega hér undir væru landhelgissamningar, sbr. samningana 61/1976 og núgildandi samninga við Belga, Norðmenn og Færeyinga, samning um aðild að EFTA og að Sameinuðu þjóðunum og fleira.

Þá verður ekki annað séð í fljótu bragði en að frv. til staðfestingar á samningum á borð við samninginn um hefðbundinn herafla í Evrópu og samninginn um Alþjóðakjarnorkumálastofnunina gætu orðið tilefni þjóðaratkvæðagreiðslu á Íslandi vegna heimilda samkvæmt þeim samningum til þess að kanna og líta eftir efndum á skyldum sem þessir samningar fela í sér.

Virðulegi forseti. Er þetta virkilega stjórnarfar sem þingheimur sækist eftir? Auðvitað væri það almennt talað ekki óeðlilegt að síðar tekið verði upp ákvæði í íslensku stjórnarskrána um sérstaka meðferð og e.t.v. aukinn meiri hluta þegar um er að ræða aðild Íslands að alþjóðastofnunum sem fara með víðtækt samþjóðlegt vald ef einhvern tíma kæmi til slíks. Þennan kost bæði má og á gjarnan að ræða og skoða vandlega og vitaskuld er sú stjórnarskrárnefnd sem nú starfar rétti vettvangurinn til að taka það mál upp og skila um það áliti til þingsins. En það þarf bæði vandaðan undirbúning og víðtæka samstöðu um slíka breytingu ef hún á að verða þjóðinni til gagns. Ef slík samstaða næðist mætti t.d. hefja slíkar breytingar í sambandi við næstu þingkosningar.

Þá er einnig rétt að taka fram að út af fyrir sig þarf enga stjórnarskrárbreytingu til þess að þingið geti vísað óafgreiddu lagafrumvarpi til þjóðarinnar ef þingmenn treysta sér ekki að taka afstöðu til máls. Það er hægt að gera með almennum lögum. Þetta nefni ég af því að samtímis stjórnlagafrumvörpunum á þskj. 30 og 31 er lögð fram á þskj. 32 þáltill. um þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þegar litið er á þessar hugmyndir í samhengi má auðvitað spyrja sig hvort þingmenn hafi ekki kjark til að afgreiða mál sem þinginu berast. Það má spyrja um það hvort þingið væri ekki með þessu að skjóta sér undan ábyrgð með því að vísa málum til þjóðaratkvæðis. Efasemdir nokkurra lögfræðinga, sem ég geri ekki lítið úr, um það hvort EES-samningurinn samrýmist stjórnarskránni er alls ekki fullgild ástæða til svo róttækrar ráðstöfunar. Enn síður þegar þess er gætt að þorri þeirra lögfróðu manna, sem hafa tjáð sig um þetta mál, er þeirrar skoðunar að EES-samningarnir samrýmist stjórnarskránni.

Virðulegi forseti. Því frv. sem við ræðum hér í dag verður að sjálfsögðu vísað til sérnefndar samkvæmt ákvæðum 42. og 32. gr. laga um þingsköp. Sú nefnd hlýtur að íhuga það mjög vandlega. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að þetta frv. er í raun alls ekki tengt EES-samningunum og það má alls ekki hafa það að yfirvarpi til þess að flækja EES-málið eða tefja framgang þess á Alþingi. Sannleikurinn er sá að íslenskt þjóðarbú þarf meira en nokkru sinni fyrr á þeim tækifærum til hagvaxtar að halda sem EES-samningurinn felur í sér. Það er almennt viðurkennt að aðild að EES mun með aukinni samkeppni stuðla að lægra vöruverði og lægri vöxtum á Íslandi og einnig treysta

atvinnugrundvöllinn í landinu. Þess vegna þurfum við að afgreiða EES-samninginn sem fyrst. Hann færir okkur vitaskuld engan fyrirhafnarlausan ávinning en hann gefur möguleika til framfara sem annars færu forgörðum.

Í ræðum stjórnarandstæðinga í umræðunum um EES-frumvarpið hefur verið hamrað á því að mikið atvinnuleysi ríki nú í Evrópulöndum og atvinnuástand hér á landi sé ekki tryggt. Þeir hafa haldið því fram leynt og ljóst í þessum ræðum að atvinnuleysið mundi aukast á Íslandi ef Ísland tengist EES. Þetta er fjarstæðukenndur málflutningur. Mig langar t.d. að nefna að öll hagsmunasamtök atvinnulífsins og stéttarfélaga eru sammála um að EES-samningurinn færir með sér möguleika á aukinni atvinnu og þá gildir einu hversu varfærin þau annars eru að öðru leyti í umsögnum sínum um þennan samning.

Tveir hv. þingmenn, 8. þm. Reykn. og 4. þm. Austurl., hafa í ræðum sínum í gær og í fyrradag útmálað böl atvinnuleysisins réttilega. Þeir hafa reyndar minnst á kreppuárin milli stríða. Ég tel alveg sérstaka ástæðu að minna á að það er almennt viðurkennt sem hagsöguleg staðreynd að það var einangrunarstefnan sem mörg ríki gripu til á þessum árum sem varð þess valdandi að heimskreppan á fjórða áratugnum varð jafnþrálát og alvarleg og sagan greinir.

Mig langar líka að víkja að því að 1. flm. þessa frv., hv. 7. þm. Reykn., Steingrímur Hermannsson, hélt fram þeirri firru í umræðum um EES-frv. í fyrradag að helmingurinn af íslenskum iðnaði hefði lagst af og flust til útlanda á þeim tíma sem liðinn er frá því Íslendingar gerðust aðilar að EFTA. Þetta eru óbreytt orð hans og hann sagði reyndar: Þetta eru afleiðingarnar af þessum samningi.

Þetta er alrangt, þetta er hrein fjarstæða. Hið rétta er eins og þingmenn geta auðveldlega kannað og sannfært sig um að íslenskur iðnaður hefur á þessum árum náð þokkalegum hagvexti og haldið hlut sínum í þjóðarbúskapnum ótrúlega vel þessi 20 ár. Þetta er þeim mun athyglisverðara þegar samanburður er gerður við iðnþróun í nágrannaríkjum okkar þar sem miklu meira hefur dregið úr hlut iðnaðarins í atvinnulífinu en raun ber vitni hér allra síðustu ár. Sumar greinar hafa vaxið og dafnað, aðrar hafa að vísu dvínað eins og gerist í samkeppni og EES mun gefa íslenskum iðnaði og þjónustu nýja möguleika. Á okkar dögum er flestum ljóst, og ég vona sem allra flestum þingmönnum, að til þess að sigrast á efnahagskreppu er fríverslun milli landa nauðsynleg. Einmitt fríverslun af því tagi sem EES-samningurinn felur í sér.

Þess vegna er sá boðskapur hið mesta öfugmæli sem stjórnarandstæðingar hafa reynt að læða að fólki í ræðum sínum að þykjast ætla að forðast atvinnuleysið með því að hafna aðild að EES. Slík íhalds- og varnarviðbrögð við aðsteðjandi vanda eru beinlínis hættuleg efnahag landsins. Nú ríður á að þingmenn vegi og meti af skynsemi það sem vinnst og það sem tapast með aðild að EES og taki efnislega afstöðu til málsins en fari ekki út í aðra sálma á örlagastund. Þá mun þjóð eins og Íslendingar hafa sérstaklega mikið að vinna á þeirri gagnkvæmni og þeim aðgangi að markaði og sameiginlegum stofnunum sem felst í EES-samningnum eins og hann liggur fyrir nú. Þannig munum við ná árangri, ekki með einangrunarstefnu.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við höfum heyrt að hæstv. ráðherra, sem hér talaði síðast, er fljótur að gera muninn á réttu og röngu. Nefnd utanrrh., sem skilaði áliti í öndverðum júlímánuði, hafði varla komið því til ríkisstjórnar þegar ráðherrann kvað upp úr með það að nú þyrfti ekki lengur vitnanna við. Nú væri dómurinn fallinn og ég vitna orðrétt í flokksblaðið, Alþýðublaðið, 8. júlí, orð ráðherrans voru þessi: „Nú er ekkert því til fyrirstöðu að Alþingi geti lögfest EES-samninginn samkvæmt þeirri áætlun sem ríkisstjórnin náði samkomulagi um við stjórnarandstöðuna í vor. Stjórnarandstæðingar sumir hverjir hafa reynt að víkja sér undan umræðunni um efnisþætti EES-samningsins og ekki síst hafa þeir drepið á dreif augljósum jákvæðum áhrifum hans á íslenskt efnahagslíf með fullyrðingum um að hann samræmist ekki stjórnarskránni. Nú komast þeir ekki lengur upp með það." — Og í lokin segir blaðið: „Jón sagði að nauðsynlegt hefði verið að eyða öllum vafa um það hvort EES-samningurinn færi á einhvern hátt í bága við íslensku stjórnarskrána. Það hefur nú verið gert, sagði Jón Sigurðsson að lokum."

Menn skulu íhuga hver mælir þessi orð. Það er ráðherra í ríkisstjórn Íslands sem lætur þetta frá sér fara *og það eftir að komin er álitsgerð frá hópi lögfræðinga* sem utanrrh. hæstv. setti á laggirnar sem viðbrögð við tillögu á Alþingi um að stofna nefnd lögfræðinga, óháða stjórnmálaflokkum, til þess að gefa Alþingi álit um málið. Hverjir skipuðu þessa fjögurra manna nefnd utanrrh.? Tveir af þeim voru í raun alls ekki bærir um að fjalla um málið þar sem þeir voru búnir að starfa að málinu á vegum ríkisstjórnarinnar. Þetta er auðvitað öllum ljóst og er viðurkennt í hópi allra lögfræðinga sem ég hef talað við að þessir menn eru vanhæfir í þessu samhengi. Ekki til að hafa skoðun á málinu, en til þess að vera fulltrúar í nefnd til þess að reiða fram álit til stjórnvalda væru þeir vanhæfir. Svo ekki fari á milli mála við hverja ég á er annar þeirra búinn að starfa á vegum dómsrh. en hinn á vegum utanrrh., prófessor í háskólanum, og veitt álitsgerðir um málið. Síðan eiga þeir að koma og veita þarna álit. Þetta er röksemdarfærsla sem gengur ekki upp. (**Forseti:** Ég verð að biðja hv. þm. að ljúka máli sínu.) Það hef ég gert.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar að færa sérstakar þakkir til hv. 4. þm. Austurl. fyrir að lesa upp orð mín í Alþýðublaðinu frá 8. júlí. Því miður kom ég þeim ekki að í ræðu minni áðan, en ég þakka honum sannarlega fyrir að hafa flutt þingheimi þetta því þar stendur hvert orð enn óhaggað. Ég vísa til föðurhúsanna ávirðingum þingmannsins á hendur þeim ágætu fræðimönnum sem störfuðu í fjögurra manna nefndinni sem

utanrrh. skipaði. Valið í þá nefnd var mjög vandað. Þar eru kennarar í stjórnskipunarrétti og Evrópurétti, hæstaréttardómari og sá starfsmaður dómsmrn. sem kunnugastur er gerð þessara alþjóðasamninga. Þarna var sannarlega reynt að velja til starfa þá sem gerst þekktu til.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Þrír hv. þingmenn hafa óskað eftir því að ræða andsvör. Þeir geta ekki gert það innan 15 mínútna markanna ef allir tala í fullan tíma. Þess vegna mun ég úrskurða að ein mínúta verði ræðutími í seinni umferð til þess að tryggja að allir hv. þingmenn komist að í máli sínu.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Ekki þarf mörgu við að bæta út af fyrir sig eftir þetta svar, en ég vek athygli á því að hæstv. forsrh. gekk ekki fram með sama hætti og hæstv. viðskrh. Hann lagði lögfræðingana að jöfnu sem reitt höfðu fram álit, en dró ekki fram einhvern hæstarétt sem hæstv. viðskrh. hefur fengið í áliti þessara fjögurra lögfræðinga sem settir voru í nefnd til að fara yfir málið.

Ég vil líka vekja athygli á því að vorið 1990 lagði ég fram skriflega í áliti til Alþingis það sjónarmið að samningurinn, eins og þá horfði um hann, stæðist ekki stjórnarskrána.

Ég vil líka bæta því við, virðulegur forseti, að það er mjög sérkennilegt ef það á að vera bannorð að fjalla um stjórnarskrána og bera fram brtt. við stjórnarskrána þegar jafnríkt tilefni liggur fyrir eins og þetta og vera að flækja það inn í efnisþætti málsins eins og það komi málinu við. (Forseti hringir.) Ég vek athygli á því, virðulegur forseti, að hæstv. viðskrh. sjálfur minnti á það að Norðmenn breyttu stjórnarskrá sinni í aðdraganda áformaðrar inngöngu í Evrópubandalagið 1971 af því tilefni. Hann kom því í rauninni sjálfur fram með gagnrök við málflutning sinn.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil alls ekki hafa það af hv. 4. þm. Austurl. að hann hafi fyrr í sögu þessa máls lýst efasemdum sínum um það að samningurinn væri í samræmi við stjórnarskrána. Hins vegar vísa ég því algjörlega frá að ég hafi hafnað sem ómerkum álitum eða skoðunum lögfræðinga sem fram hafa komið í málinu. Það er nú einu sinni þannig, virðulegi þingforseti, að í máli sem þessu verða menn á endanum að gera það upp við sig hvorum megin hryggjar þetta liggur. Sú niðurstaða var fengin eins og til var stofnað í júlí. Auðvitað eru á málinu margar hliðar en niðurstaðan er ein og hún er fundin rétt, sú að samningurinn samrýmist íslensku stjórnarskránni.

Enginn hefur nefnt bannorð í sambandi við breytingar á stjórnarskrá. Hins vegar verða hv. þm., eins og hv. 4. þm. Austurl., að þola að mál, eins og stjórnarskrártillagan sem hér er rædd, séu rædd frá ýmsum hliðum (Forseti hringir.) og mig langar að endurtaka tilvitnun hæstv. forsrh. í hófsamleg ummæli (**Forseti:** Ég verð að vekja athygli ráðherrans á því að ræðutími hans er búinn.) hv. 8. þm. Reykn. um það hvernig fara skuli með stjórnarskrárbreytingar.

Flm. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki tíma til að ræða stjórnarskrárþáttinn en ég furða mig á því að viðskrh. gaf þessa yfirlýsingu sína í byrjun júlí. Aðrar skýrslur komu síðar, bæði dr. Guðmundar og prófessors Björns og ég er að velta því fyrir mér hvort hann hafi nokkurn tíma lesið þær, eða hafa þær ekki haft nokkur áhrif?

Ég kom hins vegar til að svara þeirri fullyrðingu hans að engin breyting hefði orðið á EFTA-stofnuninni frá því að skýrslan var gefin í mars 1991. Þetta er alrangt og þykir mér satt að segja ótrúlegt hjá svo, eins og alþjóð veit, fróðum og nákvæmum manni. (**Gripið fram í:** Veit alþjóð það?) Já, ég held það, ég held það hafi oft komið fram.

Í skýrslunni frá mars 1991 segir, með leyfi forseta: „Sérfræðingar um samkeppnisreglur fjalla nú um hlutverk eftirlitsstofnana á sviði samkeppnisreglna. Ef samið verður um að EFTA-eftirlitsstofnun geti kveðið á um sektir eða rannsókn á bókhaldi fyrirtækja verður fullnusta slíkra ákvarðana að vera í höndum þar til bærra yfirvalda í aðildarríkjunum."

Hér fer náttúrlega ekkert á milli mála að verið er að semja. Í raun og veru er verið að byrja að semja um hlutverk eftirlitsstofnunarinnar. Hvaða hlutverk fær hún svo samkvæmt þeirri upptalningu sem er í skýrslu fjórmenninganna? Hún fær í fyrsta lagi það hlutverk að gefa bindandi yfirlýsingar um það hvort tilteknar aðgerðir brjóti í bága við samkeppnisreglur EES. Hún fær heimild til að gefa tímabundnar bindandi bráðabirgðaráðstafanir gegn fyrirtækjum, hún fær heimild til að framkvæma rannsóknaraðgerðir gegn fyrirtækjum á vettvangi, m.a. bókhaldsrannsóknir, hún fær heimild til að ákveða sektir og févíti sem er aðfararhæf hjá fyrirtæki o.s.frv. Svo segir hér:

„Ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar um þau atriði sem nú hafa verið greind verða ekki bornar undir dómstóla í aðildarríkjum heldur undir EFTA-dómstólinn til endanlegrar úrlausnar." Ég held að öllum hljóti að vera ljóst að það varð gjörbreyting, það varð bylting á því sem menn höfðu áður í huga um eftirlitsstofnun EFTA.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get fullvissað hv. 7. þm. Reykn. um að ég hef kynnt mér álitsgerðir þeirra dr. Guðmundar Alfreðssonar og prófessors Björns Þ. Guðmundssonar mjög vandlega. Í þeim er að finna ýmislegt efni sem er til fróðleiks og upplýsinga um eðli málsins. En niðurstöðuna sem þeir komast að get ég ekki fallist á. Hún nægir ekki til þess að við gerum hér stjórnlagabreytingar. Þetta vona ég að þingmaðurinn virði og skilji.

Ég vildi líka nefna það af því að hann heldur því enn fram að íhlutunarréttur stofnana á EES-svæðinu um málefni íslenskra manna sem segja sig undir lögsögu þeirra með því að stunda viðskipti á EES-svæðinu hafi aukist frá því stofnanafyrirkomulagi sem ráðgert var í mars 1991. Þar verður að svo stöddu að

standa fullyrðing gegn fullyrðingu. Hún er sú af minni hálfu að það sé nú minna um slíkt en var í þeirri stofnanatilhögun sem ráðgerð var í mars 1991. En ég legg til að þetta mál verði kannað í smáatriðum í utanrmn. undir öruggri forustu hv. 3. þm. Reykv. sem þegar hefur upplýst nokkuð um málið á fundinum.

Flm. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki er við mig að deila í þessu máli, það er þá við hæstv. utanrrh. Hann segir í skýrslu sinni frá í mars 1991 að ef samið verður um þetta eftirlit þá verður það svo og svo. Þar kemur greinilega fram að verið er að byrja að taka á því máli. Ætlar hæstv. ráðherra að segja mér að ekkert hafi breyst í þeirri meðferð? Jú, eðlilega hefur mjög mikið breyst. Í mars lá alls ekki fyrir hvert yrði hlutverk þessarar eftirlitsstofnunar samkvæmt skýrslu flokksbróður hæstv. ráðherra, hæstv. utanrrh.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get einungis endurtekið þegar ég kem í þennan ræðustól það sem ég sagði áðan að eftirlitsstofnunin og hlutverk hennar var þegar allskýrt mótað þegar þessi skýrsla var gefin. Þess vegna hefði þeim ráðherrum sem létu sig málið varða í fyrri ríkisstjórn átt að vera fullkunnugt um það.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. sagði í ræðu sinni að afstaða manna til stjórnarskrárinnar ætti að fara eftir þeirra samvisku og hagsmunum þjóðfélagsins. Nú er það svo að hér er ofsagt og það verulega. Það á aðeins að fara eftir þeirra samvisku. Þar mun m.a. reyna á samvisku hæstv. forseta sem að vísu slapp við að þurfa að sverja það með hönd á helgri bók að vinna eið að stjórnarskránni heldur skrifaði undir drengskaparheit þrátt fyrir að margir þeir sem þurfa að fara með mikil völd þurfa að vinna eið að stjórnarskránni. Hins vegar hefði hæstv. viðskrh. ekki þurft að geta annars í ræðu sinni en að hann væri andvígur því að fara í kosningar og allur þingheimur hefði skilið hvers vegna. Það var alveg fullnægjandi. Hvort efnahagsástandið er rök fyrir því að hann er andvígur er ákaflega hæpið að taka trúanlegt. Ástæðan fyrir því að hann vill ekki kosningar er trúlega sú að hann óttast um ráðherradóm sinn og það er mjög skiljanlegt og það skilur þingheimur líka. En af því að forseti heldur mönnum mjög strangt við efnið þá ætla ég ekki að ræða hér það atriði sem fjallar beint undir þingsköp en mun biðja um orðið varðandi það á eftir.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er hárrétt athugað hjá hv. 2. þm. Vestf. að í 48. gr. stjórnarskrárinnar segir einföldum orðum: „Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína". Hitt er svo annað að ég geri ráð fyrir því að fyrir flestum okkar sem hér störfum vaki hagsmunir þjóðfélagsins og þess fólks sem við störfum með og fyrir „og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum" svo ég vitni nú aftur í 48. gr. Hitt er annað mál að ég er ekki alveg viss um að það verði mjög trúverðugt að hv. 2. þm. Vestf. ætli sér að taka að sér það hlutverk að verða samviskubit þjóðarinnar í þessu máli.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. að hann hefur lýst yfir að ég hafði rétt fyrir mér. Það verður ekki hægt að gera meiri kröfur til hans í þessu máli.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns geta þess að hæstv. utanrrh. óskaði eftir því í samtölum við okkur forustumenn stjórnarandstöðuflokkanna að við samþykktum að hann færi á fund utanríkisráðherra Norðurlanda sem stendur í dag og á morgun og mundum ekki gera athugasemd við það þó hann væri ekki hér við hluta umræðunnar. Féllst ég á það fyrir mitt leyti að því tilskildu að 1. umr. um þetta stjórnarskrárfrumvarp lyki ekki fyrr en hæstv. utanrrh. kæmi til baka. Ég vil minna á þetta í upphafi máls míns enda tel ég að það sem gerst hefur í umræðunni til þessa sanni gildi þess fyrirvara að ekki er hægt að halda umræðunni áfram til loka nema hæstv. utanrrh. komi og tjái sig um það sem hér hefur komið fram bæði um hans eigin skýrslu frá í mars 1991 og umræður í síðustu ríkisstjórn.

Í gær urðu hæstv. forsrh. og hv. þm. Björn Bjarnason til þess að setja þetta mál inn í sérkennilegan farveg. Hv. þm. Björn Bjarnason hélt því áfram í andsvörum í dag við ræðu 1. flm. þessa frv., hv. þm. Steingríms Hermannssonar. Þess vegna er óhjákvæmilegt í upphafi máls míns að víkja að þeim ranga málflutningi og sérkennilegu sviðsetningu sem forsrh. og hv. þm. Björn Bjarnason stóðu fyrir í sameiningu í gær.

Hv. þm. Björn Bjarnason skoraði hvað eftir annað á þá sem með málin hefðu að gera að upplýst yrði hvernig var farið með skýrslu hæstv. utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar í síðustu ríkisstjórn. Og eins og við manninn mælt fór hæstv. forsrh. að taka fundargerðir ríkisstjórnarinnar upp úr tösku sinni undir ræðu hv. þm. Björns Bjarnasonar. Þegar ég tók svo undir þessa ósk, vegna þess að ég taldi að hv. þm. Björn Bjarnason hefði farið rangt með eðli meðferðarinnar í tíð síðustu ríkisstjórnar, þá reis hæstv. forsrh. upp undir liðnum þingsköp og flutti þingheimi endursögn fyrrv. forsrh. af því sem stæði í fundargerð ríkisstjórnarinnar. Það er mjög alvarlegt mál að þessi endursögn hæstv. forsrh. var fölsk, hún var fölsuð. Fundargerðin er alls ekki með þeim hætti sem hæstv. forsrh. gaf þingheimi til kynna í gær. Auðvitað er mjög alvarlegt mál þegar forsrh. flytur þingheimi efni fundargerða ríkisstjórna, sem hann átti ekki sæti í en er nú vörslumaður fyrir, með þeim hætti að bæði þjóðin og þingið fékk falska mynd af því sem í fundargerðinni stendur.

Þess vegna er óhjákvæmilegt í upphafi að leiðrétta þá fölsun sem hæstv. forsrh. fór með í gær. Ég mun svo síðar víkja að málflutningi hv. þm. Björns Bjarna-

sonar sem er í algerri mótsögn við eigin orð hans fyrir ári eins og ég mun einnig sýna fram á. Ef einhver orð standa ekki í þessu máli þá eru það orð hæstv. forsrh. og orð hv. þm. Björns Bjarnasonar.

Ég óskaði eftir því í gær þegar hæstv. forsrh. var búinn að kveða sér hljóðs undir liðnum þingsköp að allar fundargerðir síðustu ríkisstjórnar frá desember á árinu 1990 þar sem fjallað væri um Evrópska efnahagssvæðið yrðu birtar. Ég endurtek þá ósk hér og endurtek einnig þá ósk mína að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson, fyrst hann hóf þennan birtingarleik, hafi þá einnig vilja til að birta það sem fram hefur komið í tíð hans eigin ríkisstjórnar um ákvarðanir ríkisstjórnarinnar í EES.

Hæstv. forsrh. sagði orðrétt í gær:

„Herra forseti, út af þessari beiðni um að gera þetta sem allra fyrst, þá get ég upplýst það að skýrsla þessi var rædd sem handrit í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og þar er bókað að málið hafi verið ítarlega rætt mánuði áður en málið er lagt fyrir Alþingi."

Hvenær var málið lagt fyrir Alþingi? Málið er lagt fyrir Alþingi samkvæmt upplýsingum prentuðum í skjölum þingsins 11. mars 1991. Hvenær er fundurinn í ríkisstjórninni sem hæstv. forsrh. var að vitna til? Hann er 5. mars 1991. Þessi fullyrðing er því fölsk þar sem þjóðinni var gefið til kynna að mánuði áður en skýrslan var birt á Alþingi þá hefðum við setið í ríkisstjórninni og rætt þessa skýrslu. Hún er fölsk. 11. mars er þar að auki mánudagur, 10. mars sunnudagur, 9. mars laugardagur. Gerum því skóna að skýrslan hafi verið prentuð í ríkisprentsmiðjunni Gutenberg 8. eða 9. mars, þá líða í hæsta lagi tveir til þrír virkir dagar frá því að málið er tekið fyrir í ríkisstjórninni og þar til prentun í Gutenberg sem dreift er 11. mars fer fram.

Í öðru lagi sleppti hæstv. forsrh. lykilorði í fundargerðinni og það var auðvitað engin tilviljun. Hæstv. forsrh. sleppti því sem segir í fundargerðinni undir 7. lið: „Utanrrh. dreifði til upplýsingar handriti að skýrslu utanrrh." Allir þeir sem starfað hafa í ríkisstjórnum vita auðvitað að grundvallarmunur er á því þegar ráðherra leggur fram skjal í ríkisstjórn, sem ríkisstjórnin á að taka afstöðu til, og þegar ráðherra leggur fram í ríkisstjórn skjal til upplýsingar. Það vita allir sem við þetta borð í gamla Stjórnarráðshúsinu hafa unnið mánuðum og árum saman. Auðvitað var það ekki tilviljun að hæstv. forsrh. sleppti orðunum „til upplýsingar" í endursögn sinni á fundargerðinni hér. Ef hann hefði haft það með þá hefði hann því sannað málflutning okkar sem sátum í þessari ríkisstjórn að skýrslan var aldrei afgreidd í ríkisstjórninni af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Í þriðja lagi gaf hæstv. forsrh. það til kynna með orðavali sínu að það hefði liðið þannig tími frá því að utanrrh. leggur málið fram í ríkisstjórninni og menn hafi síðan skoðað skýrsluna og svo hafi menn komið saman til að ræða hana ítarlega. Það er líka rangt. Það var ekki þannig. Henni er dreift á borðin til upplýsingar um leið og málið er tekið fyrir þannig að það var útilokað að nokkur ráðherra gæti rætt skýrsluna út frá efni hennar á þeirri stundu vegna þess að hann hafði engan tíma til að lesa hana. Enda var það ekki ætlun hæstv. utanrrh. Hann lagði hana fram til upplýsingar. Ekki til að afstaða yrði tekin til hennar eða um hana færi endanleg efnisleg umræða. Þess vegna er rangt að mánuður hafi liðið frá því að skýrslan var tekin fyrir í ríkisstjórninni og þar til hún birtist Alþingi. Það eru kannski tveir til þrír virkir dagar. Í öðru lagi er rangt að skýrslan hafi verið lögð fyrir ríkisstjórnina til efnislegrar umfjöllunar og afstöðu. Hún var eins og ég hef lesið upp úr fundargerð ríkisstjórnarinnar eingöngu lögð fram til upplýsingar vegna þess að hæstv. utanrrh. fór með málið með sama hætti og hann hefur ávallt gert og ég held fyrirrennarar hans einnig, að skýrslur hans til Alþingis væru hans eigið mál og um þær væri ekki fjallað efnislega í ríkisstjórn. En auðvitað leggur hann þær fram til upplýsingar svo að menn hafi þær í höndunum áður en þeim er dreift á borð þingmanna. Það er auðvitað allt annað en þegar lögð eru fram frv. ríkisstjórnar sem beðið er um efnislega afstöðu til.

Ég fagnaði því í gær að hæstv. forsrh. skyldi vilja birta þessar fundargerðir vegna þess að ég vissi nákvæmlega hvernig atburðarrásin var. En ég harma að hæstv. forsrh. skyldi með orðum sínum gefa falska mynd af því sem gerðist. Ég tel þess vegna enn brýnni nauðsyn á því að þjóðin fái að sjá þessa texta alla og ég hvet til þess. Bæði frá tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og frá tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Varla á það að vera feimnismál fyrir þjóð okkar að hún fái að sjá hvað ríkisstjórnir hennar tvær, sem um þetta mál hafa fjallað, hafa aðhafst á þeim tímum sem málið hefur verið til umfjöllunar.

Virðulegi forseti. Það er þess vegna alveg ljóst, þrátt fyrir upplestur hæstv. forsrh. hér, og það er einnig hæstv. núv. utanrrh., Jóni Baldvini Hannibalssyni ljóst, að þessi skýrsla var lögð fram í hans nafni sem hans yfirlýsing og hans skjal en á engan hátt stefnuyfirlýsing eða afstöðulýsing síðustu ríkisstjórnar. Ef málefnafátækt forustumanna Sjálfstfl. er hins vegar þannig hér á Alþingi að þeir telja nauðsynlegt að halda slíkum rangfærslum fram verða þeir auðvitað að gera það upp við sjálfa sig. En það er ekki í samræmi við sannleikann í málinu og nauðsynlegt að fjalla um það frekar þegar hæstv. utanrrh. kemur til þings.

Hv. þm. Björn Bjarnason sagði í dag í þessari umræðu, í andsvari, að það væri fráleitt að skilja skýrslu utanrrh. frá mars 1991 á þann veg sem Steingrímur Hermannsson gerði, að utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson hefði talið í skýrslunni að það þyrfti að breyta stjórnarskránni til að auðvelda þátttöku í EES.

En hvað segir hv. þm. Björn Bjarnason sjálfur um þessa skýrslu 26. mars 1991? Er hann þá á sömu skoðun og hann er nú? Nei, það er hann ekki. Það er reyndar mjög fróðlegt, eins og ég gerði í morgun, og ég þakka hv. þm. Birni Bjarnasyni fyrir að hafa óbeint orðið til þess að ég fór og las greinarnar sem hann birti í Morgunblaðinu í mars og apríl í fyrra til þess að kynna mér og rifja upp hvað hann sagði þá, ekki bara um þetta atriði heldur líka um EES, eðli samningsins og hvernig samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði hlyti að vera forleikur að inngöngu í Evrópubandalag-

ið, eins og hv. þm. Björn Bjarnason segir t.d. 16. apríl í Morgunblaðinu 1991, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir sem hafa kynnt sér umræðurnar um EES og þær vonir sem bundnar eru við samningaviðræður EFTA og EB í ríkisstjórnum EFTA-landanna vita að þar líta menn á EES sem fyrsta og annað skrefið inn í Evrópubandalagið."

Þar vita menn að EES er fyrst og annað skrefið inn í Evrópubandalagið og hv. þm. Björn Bjarnason segir meira, með leyfi hæstv. forseta:

„EES-samningagerðin er skipulegasta átak sem gert hefur verið til að opna Íslandi og öðrum EFTA-ríkjum leið inn í Evrópubandalagið."

„...skipulegasta átak sem gert hefur verið til að opna Íslendingum leið inn í Evrópubandalagið", segir núv. formaður utanrmn. íslenska lýðveldisins um EES-samninginn. Ég spyr hv. þm. Björn Bjarnason: Hafði hann rangt fyrir sér í apríl í fyrra? Eða er hann enn sömu skoðunar og hann var í apríl í fyrra en hefur kosið að þegja um hana nú af því að það hentar ekki að segja það? Það er ekki bara einu sinni, ekki bara tvisvar heldur oftar í þessum greinum frá í fyrra sem núv. formaður utanrmn. Alþingis, sá maður sem var svo mikilvægt að koma í það sæti að virðingarmaðurinn Eyjólfur Konráð Jónsson var felldur í þingflokki Sjálfstfl., sá maður, Björn Bjarnason, segir alveg skýrt að EES-samningurinn sé skipulegasta átakið til þess að koma löndum inn í EB.

Hv. þm. segir reyndar meira. Hann segir í greininni 26. mars:

„Með EES hefur markvisst verið stefnt að því að innleiða hér á landi ákvæði úr Rómarsáttmálanum, stofnskrá EB og 70–80% af lagabálki Evrópubandalagsins."

Ég held að núv. formaður utanrmn. íslenska lýðveldisins skuldi bæði þinginu og þjóðinni svar við þeirri spurningu: Er hann enn á þessari sömu skoðun eða hefur hann breytt um skoðun? Hann hefur ekki nú, þegar við erum að ræða þessa samninga, kynnt þjóðinni þá afdráttarlausu skoðun sína frá í fyrra að EES-samningurinn sé skipulegt átak til að opna Íslandi leið inn í Evrópubandalagið, svo að ég noti hans óbreyttu orð, skipulegt átak til að opna Íslandi leið inn í Evrópubandalagið.

Hv. þm. Björn Bjarnason segir reyndar margt fleira. Hann segir Í Morgunblaðinu 26. mars um skýrslu utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar frá í mars 1991:

„Þessi hugleiðing" og þar vitnar hann til þeirra orða í skýrslu utanrrh. sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson gerði að umtalsefni hér „um nauðsyn þess að breyta stjórnarskránni er nýmæli í umræðum um þátttöku í EES. Er hún sett fram af utanrrh. einum eða byggist hún á umræðum á bak við tjöldin í ríkisstjórninni eða meðal forustumanna stjórnarflokkanna sem hafa gumað af nánu samstarfi sínu um öll meginmál?"

Þessi tilvitnun er merkileg vegna þess að í þessari tilvitnun viðurkennir Björn Bjarnason það rétta, að skýrslan er skýrsla utanrrh. þótt hann hafi í umræðum hér kosið að tala alltaf um hana sem skýrslu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Hann telur meira að segja í greininni sérstaka ástæðu til þess að spyrja um það hvort við hinir, ég og hv. þm. Steingrímur Hermannsson, höfum rætt þessa skoðun við utanrrh. Auðvitað vissi hv. þm. Björn Bjarnason í fyrra að þetta var sýrsla utanrrh. Það kemur hvað eftir annað fram í þessum greinum í Morgunblaðinu þó að hann kjósi hér í umræðum að hafa allt aðra skoðun. Hvílíkur „jómfrúr-debut" hjá formanni utanrmn. íslenska lýðveldisins. Hv. þm. segir fleira um skýrslu utanrrh., með leyfi hæstv. forseta. Hann segir í þessari blaðagrein:

„Við lestur þessarar nýjustu skýrslu utanrrh. vaknar sú spurning", ég bið þingmenn að taka eftir því, „hvort stjórnarfarslegu flækjurnar sem þarna er lýst séu í raun skynsamlegasti kosturinn fyrir okkur Íslendinga."

Það sem hann lofsyngur nú þegar hann segir: Þetta hefur ekkert breyst frá því í mars og apríl í fyrra, hefur ekkert breyst sagði hann í gær, sagði hann í apríl í fyrra að væru slíkar stjórnarfarslegar flækjur að það sé spurning hvort það sé skynsamlegasti kosturinn fyrir okkur Íslendinga. Og síðan bætir hann við: „Enginn veit hvernig stjórnarháttum á Evrópska efnahagssvæðinu verður háttað. En réttarstaða okkar gagnvart því er óljósari en gagnvart Evrópubandalaginu sjálfu."

Maðurinn sem stóð hér í gær og sagði: Það hefur ekkert breyst frá í fyrra, sagði í fyrra: Þetta er svo óljóst að réttarstaða okkar gagnvart Evrópska efnahagssvæðinu er óljósari en réttarstaðan gagnvart Evrópubandalaginu. Þetta var dómur formanns utanrmn. íslenska lýðveldisins. Ég vil segja að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, fyrrv. formaður utanrmn., hefur aldrei tekið jafnafdráttarlaust til orða um stjórnarfarslegu flækjurnar í EES eins og hv. þm. Björn Bjarnason gerði í þessum dómi sínum í fyrra. Þeir útlendingar sem lesa um íslensk stjórnmál í blöðum og greinum hljóta að álykta sem svo að Sjálfstfl. væri að hefja til vegs hinn mikla efasemdarmann um ágæti EES, byggt á greinum og skoðunum hans þegar hann taldi málið liggja fyrir. En það er ekki búið. Hv. þm. Björn Bjarnason sagði líka, með leyfi hæstv. forseta:

„Auðvelt er að færa fyrir því rök að meiri hætta steðji að fullveldi þjóðar þegar óvissa er um réttarreglur í samskiptum ríkja en þegar þær eru skýrar." Eða svo ég lesi þetta í samhengi, með leyfi hæstv. forseta: „Enginn veit hvernig stjórnarháttum á Evrópska efnahagssvæðinu verður háttað. Réttarstaða okkar gagnvart því er óljósari en gagnvart Evrópubandalaginu sjálfu. Auðvelt er að færa rök fyrir því að meiri hætta steðjar að fullveldi þjóða þegar óvissa er um réttarreglur í samskiptum ríkja en þegar þær eru skýrar."

Hér er ekki verið að tala neina tæpitungu. Hér er sagt í fyrsta lagi: Það er meiri óvissa gagnvart íslensku fullveldi í réttarreglum EES en í samskiptum okkar við Evrópubandalagið og það er auðvelt að færa fyrir því rök. Þingmaðurinn segir að af því stafi sérstök hætta fyrir fullveldi þjóðar. Það liggur við að maður spyrji: Hvað varð um þennan mann sem skrifaði þessar skýru og afdráttarlausu greinar í fyrra þegar hann segir okkur nú að málið hafi þá legið fyrir skýrt og ljóst og ræðst á okkur, mig og hv. þm. Stein-

grím Hermannsson, fyrir það að málið hafi verið svo skýrt og ljóst í fyrra að við séum með einhverja pólitík í málinu. Ég vil ekki á þessu stigi nota sömu orð um hv. þm. Björn Bjarnason. Ég vil, þar til annað kemur í ljós, telja að hann standi enn við þessi orð sín því að þau eru afdráttarlausari en nokkur annar þingmaður hefur viðhaft um EES að undanskildum hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Auðvitað skuldar maður, sem hefur tekið sæti fyrir borðsendanum í utanrmn. íslenska lýðveldisins og vill vera vandur að virðingu sinni, þjóðinni og þinginu skýringar á því: Er hann enn á þessari skoðun eða hefur hann breytt um skoðun og hvað hefur svo breyst? Eða var þetta allt rangt sem þingmaðurinn sagði í fyrra?

Hann sagði meira. Hann sagði nefnilega meira. Hann sagði líka, með leyfi hæstv., forseta 26. mars þegar hann var að fjalla um skýrslu utanrrh.:

„Í stuttu máli eru þarna lögð á ráðin um það hvernig æðstu stofnanir ríkisins" þ.e. íslenska ríkisins, „verða lagaðar að stjórnarstofnunum Evrópska efnahagssvæðisins. Hvergi hafa endanlegar ákvarðanir verið teknar," sagði hann 26. mars í fyrra um skýrsluna frá 11. mars sem hann segir núna að hafi lýst öllu eins og það varð endanlega. En bætir svo líka við: „Hvergi hafa endanlegar ákvarðanir verið teknar. Í öllum tilvikum er farið inn á nýjar og ákaflega óljósar brautir."

Maðurinn sem sagði hér í gær: Þetta er allt saman eins og það var fyrir kosningar í fyrra. Nú eru engar óljósar brautir. Við hv. þm. Steingrímur Hermannsson erum sakaðir um það að segja eitt í dag og annað á morgun. Hvers konar er þetta eiginlega?

Hv. þm. Björn Bjarnason segir reyndar meira. Hann segir einnig í þessari grein: „Hvergi kemur fram í skýrslu utanrrh. að neitunarvald sé viðurkennt á vettvangi EES." Það kemur hvergi fram að dómi Björns Bjarnasonar í skýrslu utanrrh. að Íslandi hafi neitunarvald á vettvangi EES. Nú er það hins vegar ein meginuppistaðan í málflutningi utanrrh. að Ísland hafi þetta neitunarvald. Ég vil þá spyrja manninn Björn Bjarnason, sem hefur sagt hér í þingsalnum að ekkert hafi breyst frá því að við Steingrímur Hermannsson fórum úr ríkisstjórn: Hvenær kom þetta neitunarvald inn? Var það áður eða eftir að við fórum úr ríkisstjórn? Það er ekki bæði sleppt og haldið í þessum málflutningi, hv. þm. Björn Bjarnason.

Alvarlegustu ummælin í þessum greinum Björns Bjarnasonar, sem hann birti í aðdraganda kosninganna í fyrra þegar hann var að kynna þjóðinni að hér væri á ferðinni maður sem vildi vanda málflutning sinn í utanríkismálum, eru auðvitað þar sem hann segir afdráttarlaust að Evrópska efnahagssvæðið sé fyrsta og annað skrefið inn í Evrópubandalagið, svo ég vitni aftur í hans óbreyttu orð. Þá liggur það ljóst fyrir að formaður utanrmn. íslenska lýðveldisins hefur sagt það alveg skýrt að Evrópska efnahagssvæðið sé fyrsta og annað skrefið inn í Evrópubandalagið. Hann hefur einnig í þessum greinum rakið það mjög rækilega hvernig við deildum á fundi þar sem við vorum þrír, ég og hv. þm. og hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson, fyrir kosningarnar í fyrra. Þær greinar eru auðvitað nægilegur vitnisburður um það að honum var fyllilega ljós skoðanaágreiningur minn og hæstv. utanrrh. fyrir ári síðan. En kannski er ekkert að marka það sem hv. þm. Björn Bjarnason segir. Kannski er þetta bara eins og þegar menn voru á Morgunblaðinu og skrifuðu eitt í dag og annað á morgun. Hann segir m.a. 17. apríl um núv. hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson og ég geri það að lokaorðum tilvitnana í hv. þm. Björn Bjarnason. Hann segir um hæstv. utanrrh., sem hann hælir, eini maðurinn hér í þingsalnum sem hefur hælt núv. utanrrh. fyrir ræðu hans og málflutning. Hv. þm. Björn Bjarnason sagði 17. apríl í lok deilna sinna við hæstv. utanrrh. um þessa skýrslu því sá maður sem deildi aðallega við hæstv. utanrrh. í fyrra um skýrsluna var einmitt hv. þm. Björn Bjarnason. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Lesendur Morgunblaðsins hafa getað kynnst því af orðaskiptum okkar Jóns Baldvins hér í blaðinu að til næsta lítils er að eiga orðastað við hann um alvörumál, jafnvel á hans eigin verksviði."

Þetta sagði formaður utanrmn. um þann utanrrh. sem hann ætlar að þjóna í formannssæti í utanrmn., að það sé til lítils að eiga orðastað við hann um alvörumál, jafnvel á sviði utanríkismála. En hann sagði meira um utanrrh., með leyfi hæstv. forseta:

„Hann [þ.e. utanrrh.] velur þann kost að víkja sér undan og neita að viðurkenna staðreyndir þegar við hann er rætt með vísan til þeirra."

Utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson neitar að viðurkenna staðreyndirnar, sagði Björn Bjarnason þjóðinni fyrir ári síðan um þetta mál, EES-málið, vegna þess að þessi ummæli komu í kjölfar ritdeilna þeirra í Morgunblaðinu um þessi mál og önnur utanríkismál á þessum tíma.

Virðulegi forseti. Þetta er auðvitað allt saman frekar dapurlegt. Það er auðvitað dapurlegt að forsætisráðherra, sem er tiltölulega nýr í starfi, skuli fyrstur forsætisráðherra verða til þess að taka hér fundargerðir og lesa þær upp í þingsalnum án þess að ræða um það við fyrirrennara sína, en látum það nú vera. En að gera það þá með þeim hætti að um beina fölsun er að ræða í endursögninni, það er dapurlegt. Og það er líka dapurlegt að nýr formaður utanrmn. skuli hreykja sér svona hátt í umræðunni og tala af svona miklum þjósti til okkar hinna, dómharður og skylmingafús þegar við höfum hans eigin orð um þetta stjórnarskrármál, um skýrslu utanrrh., um EES og eðli þess að vera innganga í EB, forleikur, fyrsta og annað skref, skipulegt átak til inngöngu í EB. Maður veit satt að segja ekki hvort maður á að halda áfram orðaskaki við menn sem eru komnir á þessi vegamót í umræðunni eða hvort maður á einfaldlega að vorkenna þeim og láta þar við sitja.

Auðvitað hefur margt breyst frá því að utanrrh. flutti þinginu skýrslu sína í fyrra. Ég ætla bara að nefna þrjú atriði sem hann segir í skýrslunni að séu á einn veg en hafa orðið á annan og öll þau atriði snerta stjórnarskrárþátt málsins í höfuðatriðum.

Það er í fyrsta lagi að utanrrh. segir í þessari skýrslu á bls. 19, með leyfi virðulegs forseta:

„Ef samið verður um að EFTA-eftirlitsstofnunin geti kveðið á um sektir eða rannsókn á bókhaldi fyrirtækja verður fullnusta slíkrar ákvörðunar að vera í höndum þar til bærra yfirvalda í aðildarríkjunum."

Nú er það auðvitað ljóst og er eitt af megineinkennum þess samnings sem við erum að fjalla hér um og er eitt af lykilatriðum í umfjöllun lögfræðinga um það hvort samningurinn stenst stjórnarskrá eða ekki, að hinar erlendu stofnanir hafa beina leið til þess að fullnusta úrskurði sína hér á Íslandi. Og það er ekki hægt fyrir nein íslensk stjórnvöld að draga þá niðurstöðu í efa. Þau geta eingöngu fjallað um það hvernig fullnustan var framkvæmd. Þetta er auðvitað alveg ljóst.

Í öðru lagi kemur það skýrt fram á bls. 21 í skýrslunni að utanrrh. fullyrðir að gengið hafi verið út frá því um sjálfstætt eftirlit með sameiginlegum samkeppnisreglum hafi EFTA-ríkin talið að ákvarðanir eftirlitsstofnunar, sem beinast að einstaklingi eða fyrirtækjum sem gerst hefur brotlegt, verði ekki hægt að fullnægja nema fyrir atbeina þar til bærra stjórnvalda í aðildarríkjum. — Og aftur er þetta áréttað með þessum hætti. En auðvitað er niðurstaðan önnur. Það þarf engin stjórnvöld til þess að ákveða þessa fullnustu. Hún er skylda og hana verður að framkvæma og eina áfrýjunin sem íslenskir þegnar eiga er um aðferðina við framkvæmdina.

Síðan er auðvitað þessi fullyrðing að fari landsdómstóll ekki eftir túlkun EES-dómstólsins þá gildi niðurstaða landsdómstólsins gagnvart aðilum máls. Það vita auðvitað allir að er ekki.

Ég verð því satt að segja að lýsa undrun minni á því hvers vegna þessir tveir leiðtogar Sjálfstfl., hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og hv. nýkjörinn formaður utanrmn., Björn Bjarnason, hafa kosið að gera þessa skýrslu utanrrh. að meginuppistöðunni í málflutningi sínum hér í málinu, skýrslu utanrrh. frá í mars 1991. Ég sé satt að segja ekki hvaða akk þeir sjá í því nema þeir hafi gert það í trausti þess að í fyrsta lagi mundum við ekki birta það sem í fundargerð ríkisstjórnarinnar stóð. Við mundum láta forsrh. komast upp með það að endursegja það mjög frjálslega. Þeir hafi skákað í því skjólinu að við mundum gera það. Og í öðru lagi hafi hv. þm. Björn Bjarnason skákað í því skjólinu að fáir hafi nennt að lesa greinar hans í mars og apríl í fyrra og a.m.k. væru þeir fáu búnir að gleyma því sem þar stóð. En ég get fullvissað þingmanninn um það að ég hef ávallt sýnt honum þá virðingu að lesa alla þá texta sem hann hefur birt undir nafni og líka marga aðra sem hann birti undir dulnefni á undanförnum árum en ég sá á handbragðinu hvaðan voru ættaðir. Og ég mun halda því áfram.

Virðulegi forseti. Það er líka mjög leitt að forustumenn ríkisstjórnarinnar báru ekki gæfu til þess hér á síðasta þingi að samþykkja þá tillögu frá okkur í stjórnarandstöðunni um að óháðir aðilar væru látnir velja þá menn sem ættu að meta það hvort stjórnarskráin væri með þeim hætti að EES-samningurinn stangaðist á við hana. Vandamál af þessu tagi koma oft upp og í ýmsum öðrum löndum er farið þannig með þau að ýmist er til sérstakur stjórnarskrárdómstóll sem metur slík mál eða menn hafa komið sér saman um virðulegar nefndir eða ráð sem láta þinginu í té álit.

Ég get upplýst það hér að ég sagði við vin vinn og samflokksmann, hv. þm. Hjörleif Guttormsson, þegar hann kynnti þá tillögu í okkar þingflokki að fá óháða aðila valda af lagadeild Háskólans, Dómarafélagi Íslands og Lögmannafélaginu, af því að mér var ljóst að hann hefði sett fram þá skoðun að samningurinn kynni að brjóta í bága við stjórnarskrána, að hann yrði þá að taka þá áhættu og við öll yrðum að taka þá áhættu að þeir menn sem valdir væru af óháðum aðilum mundu túlka málið á annan veg en hann hefði gert.

Nú veit ég að ég þarf ekki að lýsa hér fyrir þinginu hvað EES-málið hefur verið mikið og stórt mál í huga hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og hve hann hefur sótt málflutning sinn í því máli af miklum ákafa, svo mjög að mörgum hefur oft ofboðið. Engu að síður var hann tilbúinn að taka þá áhættu að leggja málið í dóm sérfræðinga sem valdir væru með óháðum hætti. En ríkisstjórnin var ekki tilbúin til þess. (**Forseti:** Forseti verður að vekja athygli hv. þm. á því að nú er tíma sem þessum fundi er ætlaður að ljúka og vildi því spyrja hv. þm. hvort hann er kominn að því að ljúka sinni ræðu eða hvort hann vill fresta henni til næsta fundar.) Virðulegi forseti. Ef ekki hefði komið til þessi sérkennilega framganga hæstv. forsrh. og hv. þm. Björns Bjarnasonar hér fyrr í dag og í gær, þá hefði mér nægt sá tími sem ég hef nú notað til þess að fjalla efnislega um frv. En ég á því miður eftir smástund til þess að gera það og kýs þess vegna að gera hlé á ræðu minni.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjala:

Álit EFTA-dómstóls um skýringu samnings um EES, 35. mál, stjfrv., þskj. 36.

Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl. vegna EES, 36. mál, stjfrv., þskj. 37.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá en hann hefst kl. 10.30 í fyrramálið. Fundinum er slitið.

9. FUNDUR

fimmtudaginn 27. ágúst,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Stjórnarskipunarlög, frv., 29. mál, þskj. 30. — Frh. 1. umr.

2. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi höfðu:
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Jónas Hallgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.,

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Borist hefur tilkynning um kjör formanns og varaformanns í iðnn.: Formaður Össur Skarphéðinsson, varaformaður Pálmi Jónsson.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. StH o.fl., 29. mál (samningar við önnur ríki). — Þskj. 30.

Ólafur Ragnar Grímsson (frh.):
Virðulegi forseti. Ég gerði hlé á ræðu minni í gær og hafði þá rétt hafið að vekja máls á því að stjórnarandstöðuflokkarnir fluttu í vor tillögu um að Alþingi bæði lagadeild Háskóla Íslands, Dómarafélag Íslands og Lögmannafélag Íslands að velja sex menn í nefnd sem mundi meta það hvort samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði stangaðist á við stjórnarskrána. Ég hafði bent á það að í ýmsum löndum er talið nauðsynlegt að hafa annaðhvort sérstakan stjórnarskrárdómstól til þess að fjalla um atriði af þessu tagi eða hafa nefnd valinkunnra manna sem standa utan við vettvang stjórnmálanna og segja álit sitt á deiluefnum af þessu tagi. Hvorugt hefur fastan sess í okkar stjórnkerfi. Hins vegar var tillaga okkar stjórnarandstöðunnar efnislega á þann veg að koma á fót vegna þessa sérstaka máls slíkum óháðum vettvangi valinkunnra manna.

Tillaga okkar var sú að það yrðu ekki stjórnmálaöflin í landinu, ekki flokkarnir eða þær stofnanir sem þeir stjórna sem veldu slíka menn heldur væru það þrír aðilar sem skipa sérstakan virðingarsess í röðum íslenskra lögfræðinga og á starfsvettvangi og menntavettvangi lögmannastéttarinnar í landinu, lagadeild Háskóla Íslands, Dómarafélag Íslands og Lögmannafélag Íslands.

Ég rakti það hér mjög lauslega að í mínum þingflokki benti ég 1. flm. þessarar væntanlegu tillögu og hugmyndasmiði þess að fara þessa leið, hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, á það að með þessari aðferð væri hann og við vissulega að taka þá áhættu að niðurstaða þessara manna yrði á annan veg en hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafði áður sagt og fram hefur komið í umræðum hér á þessu þingi. Ég tel það hins vegar sýna pólitíska yfirsýn og víðsýni að bæði hann, sem eins og allir vita í þessum sal hefur verið einhver mesti ákafamaður í gagnrýni á þennan samning, og aðrir voru reiðubúnir að leggja málið í dóm slíkra aðila sem á engan hátt væru valdir af fulltrúum hins pólitíska valds. Og það er því miður að hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnin var ekki reiðubúin til að gera slíkt hið sama. Hún var ekki reiðubúin að leggja málið í mat og dóm aðila sem valdir væru af öðrum en pólitískum valdhöfum. Hæstv. utanrrh. og hæstv. ríkisstjórn kaus að fara þá leið að velja með pólitísku valdi þá sem beðnir voru um álit. Það er mjög miður í stórmáli af þessu tagi og ég er viss um að hver einasti þingmaður í þessum sal veit í hjarta sínu að ef við hefðum sameinast um það sl. vor á þinginu að biðja lagadeild Háskólans, Dómarafélagið og Lögmannafélag Íslands að velja sex manna ráð af þessu tagi og hefðum nú í höndum þeirra niðurstöðu, á hvorn veginn sem hún hefði farið, þá væri málið allt öðruvísi statt.

Segjum nú að þessir sex aðilar valdir með þessum hætti hefðu komist að sömu niðurstöðu og fjórmenningar utanrrh. Þá lægi málið þannig fyrir að stjórnarandstaðan hefði haft frumkvæði að því að sú leið var farin, ríkisstjórnin hefði fallist á hennar tillögu og við mundum öll lúta þeim úrskurði.

Mér finnst það sýna pólitískan vanþroska, skort á yfirsýn og skynsemi af ríkisstjórninni að hafna þeirri leið á sl. vori. Og það er auðvitað merkilegt að t.d. hæstv. utanrrh. var ekki reiðubúinn að taka sömu áhættu af úrskurði óháðra aðila og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Var það vegna þess að hæstv. utanrrh. hafði vantrú á eigin málstað? Var það vegna þess að hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnin treysti sér ekki til þess að láta Dómarafélagið, lagadeild Háskólans og Lögmannafélagið velja í dóminn? Þeir vildu að utanrrh. veldi sjálfur í dóminn.

Auðvitað þarf ekki að hafa mörg orð um það að dómur sem valinn er með þessum hætti af einum málsaðila er ekki marktækur. Það vita auðvitað allir. Hann er ekki marktækur. Það tíðkast hvergi í réttarríkjum að dómur sem valinn er bara af öðrum málsaðilanum sé marktækur. Það er grundvallarregla réttarríkisins að það verða óháðir aðilar að velja í dóminn. Hvernig væri það fyrir Hæstarétti ef sá sem stefnir veldi alltaf dómendurna? Halda menn að það yrði tekið mark á úrskurðum slíks Hæstaréttar? Nei, auðvitað ekki. En það var það sem gerðist í þessu máli. Annar málsaðilinn valdi í dóminn. Og svo koma menn hér með heiðarleikasvip eins og hæstv. viðskrh. og segja: Þar með er málinu lokið. Hann sagði reyndar strax sama morguninn og hann kom með skýrsluna á fund utanrmn.: Þar með er málinu lokið. Auðvitað lyktar þetta allt af pólitík.

Nokkrum vikum áður en fjórmenningar utanrrh. skiluðu niðurstöðu var flokksþing Alþfl. búið að fá fullvissu fyrir því að fjórmenningarnir mundu þjónusta málstað utanrrh. vegna þess að flokksþing Alþfl. taldi það við hæfi að álykta á þá leið sem hér segir í samþykkt flokksþingsins frá í júní, með leyfi hæstv. forseta:

„En niðurstöður þeirra munu væntanlega eyða efa-

semdum um að samningarnir standist heimildir stjórnarskrárinnar til þjóðréttarlegra skuldbindinga."

Flokksþing Alþfl. er látið álykta um það hver verði væntanlega niðurstaða fjórmenninganna. Slík var vanvirða utanrrh., formanns Alþfl., fyrir grundvallarreglum réttarríkisins að hann gat ekki beðið eftir niðurstöðunni heldur lét flokksþing sitt segja þjóðinni hver niðurstaðan yrði.

Auðvitað ber að harma það að ríkisstjórnin hafði ekki pólitíska kjark til þess að fara að grundvallarleikreglum réttarríkisins í þessu máli og þess vegna er málið í þeim hnút sem raun ber vitni. Og maður veltir því fyrir sér: Hvað er það sem gerir það að verkum að ríkisstjórnin undir forustu utanrrh. og með liðsinni forsrh., því ég tel að í þessu máli hafi utanrrh. forustu en ekki forsrh., er í fyrsta lagi ekki reiðubúin að setja þetta álitamál í hendur á mönnum sem þingið sjálft í heild sinni kemur sér saman um að láta óháða aðila velja? Í öðru lagi er ríkisstjórnin ekki reiðubúin til þess að láta þjóðina dæma samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hvað óttast hún? Og í þriðja lagi er hún ekki reiðubúin að bíða eftir því að sjávarútvegssamningurinn liggi fyrir ef marka má orð utanrrh. sem ætlar sér að knýja fram samþykki á EES-samningnum hér á Alþingi án þess að *sjávarútvegssamningurinn* við Evrópubandalagið liggi fyrir. Ég hef ekki heyrt hæstv. forsrh. lýsa þessu yfir og ég ætla að vona að í lengstu lög að hæstv. forsrh. láti í þessum efnum hæstv. utanrrh. ekki stjórna sér og sjái til þess að málið verði ekki endanlega afgreitt hér á Alþingi fyrr en sjávarútvegssamningurinn liggur fyrir. Og svo mætti auðvitað í fjórða lagi bæta því við að hæstv. ríkisstjórn þolir það ekki að í formannssæti í utanrmn. sitji maður sem er svo vandur að virðingu sinni að hann hefur uppi heiðarlegar efasemdir.

Ef litið er á allt þetta, þá hlýtur niðurstaðan að vera sú að ríkisstjórnin hefur annaðhvort svo mikla vantrú á eigin málstað eða óttast vanmátt sinn í að sannfæra þjóðina að hún leggur ekki í það að láta óháða aðila meta, láta þjóðina meta eða hafa sjálfstæða menn í forustu í málinu í þinginu. Þetta er ekki traustvekjandi.

Ég tók líka eftir því að hæstv. utanrrh. notaði sem röksemd í framsöguræðu sinni hér fyrir samningnum þegar hann var að hafna þjóðaratkvæðagreiðsu um EES-samninginn að skoðanakönnun hefði sýnt að þeir sem mest vissu um málið væru með en hinir sem minnst vissu um málið væru á móti. Það kann að vera rétt. En ég spyr: Hvaða könnun var þetta? Því hefur ekki verið svarað og ég leyfi mér að fullvissa þingið um það að ekki hafa verið birtar opinberlega niðurstöður úr könnunum þar sem þetta hefur komið fram. En ég hef reyndar frétt, og ég vil spyrja að því hér hvort það er rétt, að utanrrn. hafi látið skoðanakannanastofnun, mér er sagt Gallup, framkvæma fyrir sig skoðanakönnun fyrir nokkrum vikum síðan um afstöðu þjóðarinnar til EES-samninganna og margvíslegra þátta þess máls og úrslitin séu slík að með niðurstöðu þessarar könnunar sé farið sem algert hernaðarleyndarmál í utanrrn. Þessi könnun hefur verið borguð af opinberu fé. Ef þetta er rétt, að utanrrn. hafi látið framkvæma slíka könnun, þá hefur hún verið borguð af opinberu fé. Ég geri þess vegna kröfu til þess hér og nú að þegar í dag verði því svarað skýrt og skorinort hvort utanrrn. hafi látið framkvæma slíka könnun og greitt fyrir sérstaka könnun á undanförnum mánuðum um afstöðu þjóðarinnar til EES. Ef það er rétt þá óska ég eftir því að þegar í dag verði lögð á borð þingmanna heildarúrslit þeirrar könnunar. Öll gögnin, svörin við öllum spurningunum og þingið hafi möguleika til þess að láta vinna úr könnuninni. Ríkissjóður Íslands er ekki einkasjóður utanrrh. eða Alþfl. Og ef utanrrh. hefur látið ríkissjóð Íslands greiða slíka könnun, þá ber honum að opinbera niðurstöðurnar. Við erum sem betur fer ekki í leyniríki þar sem utanrrh. getur látið kaupa kannanir um vilja þjóðarinnar og haldið þeim svo leyndum af því að þær passa ekki í kramið. Það er ekki leyniþjónusta á Íslandi og Gallup er ekki leyniþjónusta utanrrn. Ef þetta er rétt, að slík könnun hafi verið gerð — og ég spyr: er það rétt? — þá ber að leggja niðurstöðurnar þegar í dag á borð alþingismanna.

Þess vegna segi ég við starfandi utanrrh.: Ég óska eftir því að það verði upplýst hér í dag skýrt og skorinort: Keypti utanrrn. slíka könnun á undanförnum *mánuðum eða á síðasta ári*? Hefur utanrrn. keypt sérstakar kannanir um EES-málið af einhverju tagi, annaðhvort sérstakar spurningar inn í t.d. kannanir Félagsvísindastofnunar eða sjálfstæðar kannanir hjá öðrum? Hvað er hið rétta í þessu máli og hvar eru niðurstöðurnar? Ef slíkar kannanir hafa verið keyptar þá óska ég eftir því að þegar í stað verði öll gögn þeirra kannana lögð á borð þingsins vegna þess að þær hljóta að vera opinber gögn, einkum og sér í lagi þegar hæstv. utanrrh. hefur vitnað í niðurstöður slíkra kannana sem meginrök fyrir því að hafna tillögunni um þjóðaratkvæði.

Þegar hæstv. utanrrh. kaus sjálfur að velja í dóminn í stað þess að treysta óháðum aðilum fór hann þá leið að velja fjóra færa lögfræðinga. Það er alveg ljóst að Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari, Gunnar G. Schram prófessor, Stefán Már Stefánsson prófessor og Ólafur Walter Stefánsson, skrifstofustjóri í ráðuneytinu, eru allt saman færir lögfræðingar. Enginn dregur það í efa. En það er auðvitað ekki traustvekjandi að tveir þessara manna hafa með margvíslegum hætti unnið að málinu sjálfir fyrir ríkisstjórnina. Þeir höfðu unnið að því frv. um EES sem við erum að fjalla um og voru þess vegna beðnir um að segja álit sitt á því hvort það frv. sem þeir höfðu unnið við vikum eða mánuðum saman stæðist stjórnarskrána eða ekki. Auðvitað er það ekki traustvekjandi að menn séu beðnir um að dæma eigin verk með þessum hætti, því það lá auðvitað í hlutarins eðli að ef þeir teldu málið brjóta í bág við stjórnarskrána hefðu þeir þegar í upphafi vinnunnar sagt við *dómsmrh. og ríkisstjórnina og utanrrh.* að að sjálfsögðu væri ekki hægt að leggja málið með þessum hætti fyrir þingið heldur yrði fyrst að breyta stjórnarskránni. Þannig að þeir voru fyrir fram búnir að taka afstöðu í verkum sínum. Hvers vegna þurfti að skipa helming fjórmenninganna með þessum hætti? Taka þá tvo menn sem höfðu unnið við að semja frv.

Var það vegna þess, enn og aftur, að hæstv. utanrrh. þorði ekki að hleypa óháðum mönnum í verkið? Ég spyr. Við eigum marga færa lögfræðinga í okkar landi. En það þurfti einmitt að velja tvo af fjórum sem fyrir fram voru búnir að taka afstöðu. Var það vegna þess að utanrrh. vildi líkt og flokksþing Alþfl. geta sagt þjóðinni fyrir fram hver yrði niðurstaða þessarar nefndar?

Hinir tveir eru auðvitað virtir lögfræðingar, ekki dreg ég það í efa, en ég segi það alveg hiklaust að ég taldi ekki heppilegt að velja þá í nefndina. Hvers vegna ekki? Gunnar G. Schram, ágætur fræðimaður, en hefur auðvitað unnið á síðustu 2–3 árum margvísleg verk fyrir ríkisstjórnina og ráðuneytin á vettvangi alþjóðamála og heldur því áfram, meira að segja verið í leyfi frá Háskóla Íslands til þess að þjónusta ríkisvaldið með þessum hætti. Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari hefur eins og kunnugt er setið í Mannréttindadómstól Evrópuráðsins um langt árabil og gegnt þar ágætis störfum, getið sér gott orð á þeim vettvangi. En það vita líka allir að almenn viðhorf hans í málunum eru hlynnt þessari Evrópuþróun. Ég segi það ekki í neinum ásökunarstíl, heldur er það bara einfaldlega eðli málsins. Þess vegna er það auðvitað þannig að ekki bara tilurð þessarar nefndar í sjálfu sér, að hún er sett upp vegna þess að utanrrh. þorði ekki að láta lagadeildina, Dómarafélagið og Lögmannafélagið velja nefndina, heldur er einnig skipan hennar á þann veg að það er ekki traustvekjandi.

Samt sem áður er álitið á þann veg að það eitt hlaut að staðfesta verulegar efasemdir manna um það hvort EES-samningurinn stæðist stjórnarskrána. Og það er auðvitað það merkilega að jafnvel þessi fjórmenningahópur utanrrh. treysti sér ekki með óyggjandi rökum, án nokkurs vafa að segja: Þetta er í lagi. Hann treysti sér ekki til þess. Heldur vefur svar sitt inn í fyrirvara og huglægar forsendur sem þeir gefa sér með mjög hæpnum hætti. Þess vegna var það auðvitað mjög athyglisvert að strax daginn eftir að álitið er birt þá segir einn af fremstu hæstaréttarlögmönnum þessa lands, sá maður sem lögmannastéttin hefur valið til þess að gegna formennsku í sínum samtökum, Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, að hann hafi ekki sannfærst af þessu áliti fjórmenninga utanrrh.

Ég skal taka það hér fram að það hefur komið fram á öðrum vettvangi að Ragnar Aðalsteinsson er ekki andstæðingur EES-samninganna efnislega, ef menn halda það. Það er hann ekki. Hann hefur meira að segja farið frekar jákvæðum orðum um þá almennu þjóðfélagsþróun og þróun í utanríkismálum sem leitt hefur til þessara samninga. En hann hefur auðvitað burði til að greina á milli þess sem er efnisleg afstaða til EES-samninganna og spurningin um stjórnarskrána. Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, formaður Lögmannafélags Íslands, segir um álit fjórmenninganna, með leyfi virðulegs forseta:

„Þeirra niðurstaða er sú að um íþyngjandi valdaframsal sé að ræða."

Fjórmenningar utanrrh., eftir allt saman, jafnvel þessi hópur sem valinn var með þeim hætti sem ég hef gert að umfjöllun, getur ekki annað en komist að þeirri niðurstöðu að hér sé um íþyngjandi valdaframsal að ræða.

En svo bætir Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður við: En fjórmenningar utanrrh. — og ég vitna orðrétt, með leyfi virðulegs forseta — „eftir að hafa beitt huglægu mati að þetta framsal sé ekki svo verulegt og ekki íþyngjandi í svo ríkum mæli að það sé brot á stjórnarskránni."

En hann segir meira, með leyfi virðulegs forseta: „Þeir bæta síðan við að ef þær forsendur sem þeir nota breytist, t.d. að afskipti EFTA-stofnananna af samkeppisreglum og framkvæmd þeirra verði meiri en forsendur þeirra geri ráð fyrir, þá þurfi að skoða málið aftur og þá kunni að þurfa að breyta stjórnarskránni. Þannig að niðurstaða þeirra er í raun ekki byggð á mjög traustum forsendum og í meginatriðum er hún byggð á huglægu mati. Þeir gefa sér ákveðnar forsendur sem þeir eru óvissir um sjálfir."

Í raun og veru ættu stjórnmálamenn sem eru vandir að virðingu sinni, eins og t.d. hæstv. iðn.- og viðskrh., Jón Sigurðsson, eftir slík ummæli Ragnars Aðalsteinssonar að gæta sín í orðavali og haga sér ekki eins og einhver veraldarinnar „besservisser", bæði hér í ræðustól á Alþingi og í opinberri fjölmiðlaumfjöllun. Ég verð að segja eins og sagt var hér í gær hæstv. forsrh. það til hróss, að hann hefur ekki treyst sér til þess að tala í þeim „besservissera"-tón sem hæstv. iðn.- og viðskrh. hefur gert í þessu máli, enda er hæstv. forsrh. lögfræðingur, en hæstv. iðn.- og viðskrh. bara hagfræðingur, svo ég noti orðalag sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson hefur stundum notað um sjálfan sig hér á Alþingi.

Ragnar Aðalsteinsson segir fleira. Hann segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Einnig er spurningin um hvaða túlkunaraðferðum er beitt á stjórnarskrána. Þeir túlka hana með hliðsjón af þeirri þróun sem á sér stað í Evrópu og víðar. Það er út af fyrir sig aðferð en setur enn meiri óvissu í niðurstöðu þeirra."

Með öðrum orðum: Ragnar Aðalsteinsson bendir á að fjórmenningar utanrrh. nota ekki túlkunarhefð íslenskrar lögfræði, nota ekki túlkunarhefð íslensks stjórnskipunarréttar í þessu máli, heldur fara út í hina almennu þróun í Evrópu sem, eins og allir vita, er byggð á allt annarri lögfræðihefð því suður-evrópska lögfræðihefðin og franska lögfræðihefðin er af allt öðru tagi en sú íslenska og norræna stjórnskipunarhefð sem við höfum haft hér í heiðri. Það er þannig verið að blanda saman gerólíkum grundvallarsjónarmiðum í lögfræði, fræðilega séð, til þess að teygja sig í þá átt að reyna að fá út það svar að þetta sé í lagi. Ég held að þetta sé í fyrsta sinn sem virtir íslenskir lögfræðingar leyfa sér að fara inn í hina framandi suður-evrópsku lögfræðihefð til þess að lesa túlkun á hinni norrænu stjórnskipun inn í vafamál í íslensku stjórnarskránni.

Vegna þess að hæstv. forsrh. kaus að gera mér þann heiður að setja mig á sama stall í fræðilegu ritúali og virðingarröð Sjálfstfl. og Bjarna heitinn Benediktsson, fyrrv. forsrh. og lagaprófessor, — og þakka ég að

sjálfsögðu fyrir það „komplíment" sem þar kemur fram — þá er það auðvitað öllum ljóst að í þeirri umræðu sem bæði dr. Bjarni Benediktsson setti fram á sínum tíma og ég og fleiri hafa einnig gert í umfjöllun um þessi atriði, er gerður verulegur greinarmunur á því sem er annars vegar breytingar á valdi í gegnum túlkun og reynslu innan viðkomandi stjórnskipunar, þ.e. milli þeirra aðila sem sannanlega mynda það þjóðríki sem stjórnskipunin er byggð á og svo hins vegar færsla á valdi út fyrir þjóðríkið sjálft, inn á annan vettvang til annarra aðila.

Ég hef að vísu ekki lesið mikið um þessi efni frá dr. Bjarna Benediktssyni með kerfisbundnum hætti nýverið, ég gerði það fyrir nokkuð löngum tíma síðan í tengslum við önnur störf, en ég minnist þess ekki að hafa fundið kafla — þó kunna þeir að vera til, það væri fróðlegt ef hægt væri að reiða þá fram — í fræðiritum dr. Bjarna Benediktssonar þar sem hann með skýrum hætti segir að gegnum túlkun á íslensku stjórnarskránni sé hægt að flytja með afgerandi hætti vald út úr þjóðríkinu sjálfu og yfir til alþjóðlegra stofnana.

Í öðru lagi er auðvitað mikilvægt að átta sig á því að í fyrri umræðum um eðli stjórnskipunarlaga á almennum, fræðilegum grundvelli er það auðvitað alkunn staðreynd að í sumum ríkjum, t.d. í Bandaríkjunum og ýmsum ríkjum í Evrópu, þó ekki hjá okkur eða norrænum ríkjum sem hafa hliðstæða stjórnskipun og við, tíðkast með afgerandi hætti að þróa stjórnarskrána í gegnum viðurkennda venju eða túlkun hæstaréttar á pólitískum grundvelli. Skýrasta dæmið um það er t.d. bandaríska stjórnskipunin þar sem það er jafnvel deiluatriði í forsetakosningum, eins og nú, hvernig hæstiréttur kunni að verða skipaður af forsetanum. Allt þetta er auðvitað mjög fróðlegt og vissulega er ég reiðubúinn að taka þátt í umræðum um það, en mér finnst það með engum hætti duga sem rök til þess að eyða vafanum sem tvímælalaust er uppi í þessum efnum.

Það er auðvitað líka athyglisvert að Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður lýkur ummælum sínum um skýrslu fjórmenninga utanrrh. á þann veg að greinilega séu þeir að framkvæma það sem annar lögfræðingur, Guðmundur Alfreðsson þjóðréttarfræðingur, hafi kallað „að beygja og brjóta stjórnarskrána". Í heildinni segir Ragnar Aðalsteinsson: „...beiti ég meiri varkárni í mínum aðferðum sem lögmaður, ég hef ekki sama léttleika í þessu og þeir."

Nú vita það allir sem til þekkja að Ragnar Aðalsteinsson hefur getið sér það orð í lögmannastétt, sem m.a. hefur gert hann að einum færasta hæstaréttarlögmanni þessarar borgar og þessa lands og skapað honum þann sess að lögmannastéttin velur hann til forustu í sínu félagi, vegna þess að hann er vandaður og varkár lögfræðingur og hann velur orð sín af mikilli gaumgæfni. Þess vegna er það auðvitað mjög harður dómur frá Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni þegar hann afgreiðir álit fjórmenninga utanrrh. á þann hátt að það sé byggt á „léttleika í lögfræði" — léttleika í lögfræði.

Auðvitað veit Ragnar Aðalsteinsson hverjir skipa fjórmenningahópinn. Hann veit að hann er að segja álit sitt á tveimur prófessorum við háskólann, einum hæstaréttardómara og skrifstofustjóranum í dómsmrn. Engu að síður velur hann þessi orð.

Auðvitað er margt í þessu áliti fjórmenninga utanrrh. sem vissulega væri þess virði að vekja athygli á. Ég ætla ekki að gera það hér nema á örfáum atriðum. Á bls. 11 í þeirri útgáfu sem við fengum í utanrmn. þar sem verið er að reyna að komast í kringum þá staðreynd að auðvitað verður lagasetningarvald Alþingis nánast svipur hjá sjón þegar og ef EES-samningurinn verður staðfestur, segja fjórmenningarnir á þessa leið:

„Náist hins vegar samkomulag í sameiginlegu EES-nefndinni um nýja EES-reglu tekur hún gildi ef og þegar uppfyllt eru skilyrði stjórnskipunarréttar allra samningsaðila. Oftast þarf að leggja samningsbreytinguna fyrir Alþingi. Síðan getur þurft lagabreytingu, en reglugerðarbreyting byggð á lagaheimild getur verið nægileg. Við þetta allt er þörf á samstarfi íslenskra stjórnvalda og Alþingis." — Samstarfi íslenskra stjórnvalda og Alþingis. Alþingi er sem sagt ekki að þeirra dómi hluti af íslenskum stjórnvöldum. Merkilegur hugmyndaheimur.

Það er hins vegar alveg ljóst að svar þeirra við þessari flækju er að það þurfi að koma á nýju samstarfi íslenskra stjórnvalda og Alþingis. Það kemur þó fram í þessari skýrslu fjórmenninganna. Það sé þörf á því. Þeir sem taka mark á þessari skýrslu, eins og hæstv. viðsk.- og iðnrh. og hæstv. forsrh. og utanrrh., þurfa þá auðvitað að svara því hér í þinginu: Hvað hugsa þeir sér um þetta samstarf íslenskra stjórnvalda og Alþingis í þessu lykilatriði við framkvæmd og breytingar EES-reglnanna? Hvað á að breytast? Hvernig á að koma þessu samstarfi fyrir? Hverjar eru nýjungarnar í starfsháttum Alþingis og samskiptum þess við framkvæmdarvaldið sem þá eiga að eiga sér stað, vegna þess að fjórmenningar utanrrh. segja: Það verður að koma til ný tegund af samstarfi Alþingis og íslenskra stjórnvalda. — Og verður mjög gaman þegar við á Alþingi förum að hafa samstarf við íslensk stjórnvöld á EES-svæði. Það liggur við að þessi menn séu komnir með hugann hálfan út í Brussel og komnir með vegabréfið blátt með gylltum stjörnum, fyrst þeir ekki einu sinni strika svona út úr sínum eigin texta og segja þá kannski bara „stjórnvalda og Alþingis", fyrst þeir vildu halda fram þeirri kenningu að Alþingi væri ekki hluti af stjórnvöldum. Nei takk, þeir segja: samstarfið milli íslenskra stjórnvalda og Alþingis. Makalaus setning. Á örugglega eftir að lifa lengi í lögfræði og sögu þjóðarinnar. Svona álíka og hin setningin sem er hér síðar í álitinu á bls. 16 sem lykilröksemd hjá fjórmenningunum, með leyfi virðulegs forseta:

„Ekki er tekið fram [í 2. gr. stjórnarskrárinnar] að þetta skuli vera alíslensk stjórnvöld og hugsanlegt er að alþjóðastofnanir séu stjórnvöld eftir 2. gr."

Virðulegi forseti. Ég held líka að þessi setning muni lifa lengi sem fádæmi um það sem mönnum dettur í hug. Að segja núna árið 1992 að vegna þess að forustumenn sjálfstæðisbaráttunnar, Jón Sigurðsson sem

hér er á veggnum, Jón Guðmundsson, ritstjóri Þjóðólfs, Benedikt Sveinsson eldri og Benedikt Sveinsson yngri — og er nú synd að Halldór Blöndal skuli ekki vera í salnum en Björn Bjarnason er í salnum. — Landvarnarflokkurinn. Og vegna þess að forustumenn Landvarnarflokksins, Benedikt Sveinsson yngri, faðir Bjarna Bendiktssonar, skyldi ekki láta sér það til hugar koma að setja í stjórnarskrána að þetta yrðu að vera alíslensk stjórnvöld, þá sé þetta í lagi. Skúli Thoroddsen, Hannes Hafstein, Einar Arnórsson, Sigurður Eggerz, aumingja mennirnir, allir foringjar íslenskrar sjálfstæðisbaráttu höfðu ekki hugmyndaflug til að láta sér detta í hug að segja í stjórnarskránni: Alíslensk stjórnvöld. Þeir voru haldnir þeirri þjóðernishyggju og þeirri einfeldni, að dómi fjórmenninga utanrrh., að þeir létu sér nægja að segja: Íslensk stjórnvöld. Benedikt Sveinsson yngri, Benedikt Sveinsson eldri, Jón Sigurðsson, Sigurður Eggerz, Einar Arnórsson, hann er langur listinn sem er dæmdur með þessari setningu í greinargerð fjórmenninganna.

Nei, auðvitað er þessi setning fjórmenninganna út í hött, þessi röksemdafærsla fáránleg, gegnsæ í hæsta máta. Og það er ekki samboðið skynsömum mönnum að byggja afstöðu sína á svona röksemdafærslu.

En það er auðvitað merkilegt að þessar tvær setningar, lykilsetningar sem ég hef hér vitnað til, að það þurfi að koma á samstarfi milli íslenskra stjórnvalda og Alþingis. Alþingi er ekki hluti af íslenskum stjórnvöldum í hugarheimi þessara manna. Og af því að það stendur ekki alíslenskur í stjórnarskránni, þá sé bara heimilt að fíra ríkisvaldinu út til útlanda, yfir til Brussel og Evrópubandalagsins, án takmarkana. Og Jón Sigurðsson er á veggnum og situr uppi með þá skömm að hafa ekki látið sér detta það í hug í Nýjum félagsritum að segja þar að það yrðu að vera alíslensk stjórnvöld.

Virðulegi forseti. Það er auðvitað þannig að sú greinargerð sem fjórmenningar utanrrh. settu fram stenst á engan hátt einfalda, fræðilega gagnrýni. Og það er líka mjög merkilegt í ljósi þess sem ég las í gær af ummælum hv. alþm. Björns Bjarnasonar fyrir ári síðan um þann stjórnskipulega óskapnað sem hann taldi EES vera og valdi því orð sem ég vitnaði til í gær og eru þingmönnum væntanlega í fersku minni. Stjórnarfarsleg flækja, sagði hann um EES-samninginn. Enginn veit hvernig stjórnarháttum á Evrópska efnahagssvæðnu verður háttað, sagði Björn Bjarnason fyrir ári síðan og að réttarstaða Íslendinga væri enn óljósari gagnvart því heldur en Evrópubandalaginu sjálfu. Réttarstaða Íslendinga sjálfra enn óljósari. Þá er hv. þm. Björn Bjarnason engu að síður í dag reiðubúinn að falla frá öllum þessum orðum sínum vegna álits fjórmenninganna. Nei, auðvitað er það þannig ef það er einhver í þessum sal sem er að hlaupa frá fyrri skoðunum sínum af pólitískri hentisemi, þá er það hv. þm. Björn Bjarnason því að hann skuldar þjóðinni og þinginu skýringu á því hvort og þá hvers vegna hann hefur breytt um skoðun frá því fyrir ári síðan. Hvort og þá hvers vegna. Og fyrr en hann gerir það hér á Alþingi þá verður hann að lúta því lögmáli sem utanrrh. er tamast á tungu að orð skulu standa. Orð skulu standa. Og ég árétta það sem ég sagði í gær, að það er auðvitað sérstök nauðsyn að hv. þm. Björn Bjarnason geri það vegna þess að hann hefur nú verið valinn til þess trúnaðarstarfs ekki bara Sjálfstfl. heldur íslensku þjóðarinnar að vera formaður í utanrmn. lýðveldisins. Og það er rétt að þeir gleymi því ekki í Sjálfstfl. að lýðveldið er ekki flokksdeild í fulltrúaráði Sjálfstfl. í Reykjavík, lýðveldið er okkar allra. Og sá maður sem hefur verið kjörinn til formennsku í utanrmn. íslenska lýðveldisins ber sérstaka ábyrgð vegna þess að hans orð hafa á innlendum og alþjóðlegum vettvangi meira vægi en orð annarra þingmanna. Og þetta veit ég að hv. þm. Björn Bjarnason veit og honum er það fullkunnugt. Þess vegna skuldar hann þjóðinni og þinginu skýringar á því hvort hann hefur breytt um skoðun frá því í fyrra.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson og fleiri hafa rakið hér mjög rækilega þær álitsgerðir tvær sem fram hafa komið í utanrmn., önnur frá prófessor í stjórnsýslurétti, Birni Þ. Guðmundssyni, og hin frá Guðmundi Alfreðssyni þjóðréttarfræðingi. Ég vil aðeins vitna hér í örfá atriði í álitsgerð Björns Þ. Guðmundssonar, með leyfi forseta:

Í fyrsta lagi segir hann:

„Ef litið er á stjórnarskrárviljann einan, þ.e. það sem vakti fyrir Íslendingum þegar þeir settu sér stjórnarskrána, þykir mér alveg ljóst að hann teldi valdframsalið samkvæmt EES-samningnum óheimilt. Því til stuðnings nægir að nefna þær aðstæður sem Íslendingar bjuggu við þegar stjórnarskráin var sett. Það hefur varla hvarflað að nokkrum Íslendingi þá að við myndum framselja ríkisvald til erlendra aðila eða þjóðréttarlegra stofnana.

Í öðru lagi segir prófessorinn:

„Framsal framkvæmdarvalds samkvæmt stjórnsýslurétti til utanaðkomandi aðila, þegar lögbær aðili er til í landinu á því sviði, er mjög sjaldgæft hér innan lands. Óþekkt er að slíkt framsal eigi sér stað til útlanda."

Prófessorinn í stjórnsýslurétti við Háskóla Íslands segir að það sé óþekkt að slíkt framsal til útlanda hafi átt sér stað, en það er einmitt það sem verið er að gera með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði.

Í þriðja lagi segir prófessor Björn Þ. Guðmundsson:

„Með EES-samningnum er íslenskt refsivald framselt að hluta. Slíkt vald er svo mikilsvert að óverjandi er að það verði fengið öðrum en dómstólum og stjórnvöldum þeim, sem getur nú í stjórnarskránni, nema þá að breyta henni."

Prófessorinn í stjórnsýslurétti, Björn Þ. Guðmundsson, sem hefur skrifað fjölmargar fræðibækur og lærdómsrit í lögfræði á undanförnum áratugum, segir hér alveg afdráttarlaust að það sé ekki bara verið að framselja vald Alþingis og stjórnsýslustofnana heldur er verið að framselja það vald sem er kannski mikilvægast sem grundvallarþáttur í réttarríkinu, refsivaldið sjálft, út úr landinu. Og það sé ekki hægt að gera nema með breytingum á stjórnarskránni.

Sjálfstfl. hefur sagt oft að hann vilji vernda rétt einstaklingsins, það sé grundvöllurinn í tilveru Sjálfstfl. Hann telji réttarríkið og lýðræðisríkið vera grundvallarþátt stjórnskipunar siðaðra manna. Það undrar mig að það skuli vera svo létt mál fyrir núverandi forustumenn Sjálfstfl. að standa að þessum samingi þegar þeir menn, sem falinn hefur verið trúnaður að sitja á kennarastóli um þessi efni við Háskóla Íslands, benda með svo afgerandi hætti á það að verið sé að framselja sjálft refsivaldið gagnvart einstaklingunum út úr landinu. Hvar er nú um frelsi einstaklingsins? Hvar er nú um rétt borgaranna gagnvart ríkisvaldinu? Hvar er nú um sjálfstæði þess sem sóttur er til saka? Er það allt saman týnt og gleymt af því að það þarf að þjóna þeirri kröfu Jóns Baldvins Hannibalssonar að fá að vera áfram í ríkisstjórn? Er það virkilega svo að öllum prinsippum Sjálfstfl. sé ýtt til hliðar til þess að þjónusta utanrrh.?

Prófessor Björn Þ. Guðmundsson segir fleira. Hann segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Með því framsali ríkisvalds, sem hér er til umræðu, er ekki einasta þjóðréttarlegum stofnunum falið bindandi ákvörðunarvald á tilteknum sviðum gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum á Íslandi, heldur" — og ég bið forustumenn Sjálfstfl. að hlusta vel, „afsala sömu aðilar sér þeirri réttarvernd sem þeir njóta samkvæmt íslenskum lögum ..."

Það er ekki bara verið að framselja refsivaldið. Það er verið að afsala réttarverndinni sem einstakingurinn nýtur. Og ég spyr enn á ný: Er allt talið um frelsi einstaklinganna, sjálfstæði þeirra gagnvart valdhöfum, réttur þeirra til að verja sig, réttarríkið sjálft, er það allt svo léttvægt að það sem allir vita að er fyrst og fremst pólitískt metnaðarmál fyrir hæstv. utanrrh., að hann fái að ráða efnismeðferð málsins, sé ofar þessu öllu? Hér segir sá maður sem prófar íslenska lögfræðinga á þessum sviðum, ræður því með einkunnagjöf sinni hverjir fara í lögmannastétt á Íslandi, hverjir verða dómarar, einn af þeim, Björn Þ. Guðmundsson, sem hefur þetta vald falið af forseta lýðveldisins að úrskurða um hæfni laganemanna, hann segir hér alveg afdráttarlaust að það sé verið að afsala réttarvernd einstaklinganna út úr landinu. Þeirri réttarvernd, eins og segir orðrétt í áliti hans, sem „er fólgin í því að mega bera athafnir stjórnvalda undir umboðsmann Alþingis, undir æðra stjórnvald og að lokum dómstóla."

Það var talin mikil réttarbót að embætti umboðsmanns Alþingis var sett á laggirnar. Prófessor Gunnar Thoroddsen, doktor í lögfræði, forustumaður Sjálfstfl., forsætisráðherra, hafði um langa hríð vakið athygli á þeirri nauðsyn og í stjórnarskrárnefnd var það talinn mikilvægur þáttur og þingið féllst á það og fyrrverandi prófessor, Gaukur Jörundsson, núverandi umboðsmaður Alþingis, hefur með glæsibrag gert embætti umboðsmanns Alþingis að veigamiklum þætti í réttarvernd einstaklinganna á Íslandi. Hér segir hins vegar að með EES-samningnum sé að verulegu leyti verið að víkja þeirri réttarvernd til hliðar. Er þetta svona einfalt að það megi bara gera það án þess að staldra við og tryggja að rétt sé gert?

Að lokum vil ég vitna hér í það sem Björn Þ. Guðmundsson segir einnig, með leyfi virðulegs forseta:

„Hér er um að ræða hluta ríkisvalds sem framselt er í hendur fyrirbrigðis" — fyrirbrigðis, takið eftir orðalaginu, „sem er nýtt á alþjóðavettvangi og engin reynsla er fengin af. Stjórnskipun þess byggir á réttarhugmyndum og réttarhefðum sem eru í veigamiklum atriðum frábrugðnar þeim forsendum sem stjórnskipun okkar byggist á."

Það vill svo til að í þessum orðum prófessors Björns Þ. Guðmundssonar kemur fram svipuð afstaða til stjórnskipunar Evrópska efnahagssvæðisins og kom fram í grein hv. þm. Björns Bjarnasonar í Morgunblaðinu 26. mars í fyrra. Þar talaði hann einmitt um stjórnarfarslegar flækjur og að enginn vissi hvernig stjórnarháttum á Evrópska efnahagssvæðinu yrði háttað og réttarstaða Íslendinga gagnvart því yrði mun óljósari en gagnvart Evrópubandalaginu sjálfu. Það er athyglisvert að prófessor Björn Þ. Guðmundsson staðfestir þannig í áliti sínu þær skoðanir sem hv. þm. Björn Bjarnason setti fram fyrir ári síðan.

Virðulegi forseti. Álit Guðmundar Alfreðssonar hefur einnig verið gert hér að umtalsefni. Ég hef auðvitað ekki háskólapróf í lögfræði eins og menn vita, en þó er það nú þannig að ýmsir þættir stjórnmálafræðinnar tengjast stjórnskipunarréttinum innan lögfræðinnar þannig að þeir sem fást við a.m.k. þær kennslugreinar sem ég annaðist á sínum tíma við Háskóla Íslands innan félagsvísindadeildar þurfa að tengja sína umfjöllun að nokkru við stjórnskipunarréttinn, eins og reyndar hefur komið fram í tilvitnunum sem hæstv. forsrh. flutti hér. Þess vegna tel ég að þeir sem þá fræðilegu þjálfun hafa á vettvangi félagsvísindanna hafi auðvitað vissa hæfni til þess að gera sér almenna grein fyrir því hvort röksemdafærsla lögfræðinga í stjórnskipunarrétti sé sterk eða veik, ekki hvað sé hið endanlega rétta heldur hvort röksemdafærslan sé sterk eða veik. Ég vil segja það hér alveg skýrt að sú greinargerð, sem dr. Guðmundur Alfreðsson sendi Alþingi, utanrmn. þingsins, í þessum mánuði er ótrúlega sterk. Hún er ótrúlega skýr og sterk sem fræðilegt verk að mínu mati og það þarf ansi mikla burði til þess að hafna því. Ef ég væri í sporum fjórmenninga utanrrh. og vildi varðveita fræðilegan heiður minn, þá teldi ég nauðsynlegt að svara ítarlega þeim sjónarmiðum sem fram koma hjá dr. Guðmundi Alfreðssyni.

Það dugir auðvitað ekki fyrir dr. Gunnar G. Schram að koma bara í útvarpið og afgreiða það með einhverjum fáeinum almennum setningum. Ekkert nýtt. Ekkert nýtt. Ekki vildi ég sitja sem prófessor við Háskóla Íslands og fá frá afburðanemanda mínum sem Guðmundur Alfreðsson tvímælalaust var, einn af afburðanemendum sumra þessara manna við Háskóla Íslands, frá þeim Íslendingi sem lokið hefur glæsilegu doktorsprófi frá fremsta lagaskóla veraldar, Harvard Law School, sem að dómi allra er fremsti lagaskóli veraldar, glæsilegu doktorsprófi og á grundvelli þess valinn ungur maður, ótrúlega ungur, til mikilla trúnaðarstarfa á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þar sem einhver harðasta alþjóðlega samkeppnin fer fram þegar menn eru

valdir í þau störf. Að slíkur maður þótt ungur sé að árum legði fram fræðiverk af því tagi sem hans greinargerð er, þá vildi ég ekki sitja áfram sem prófessor við Háskóla Íslands án þess að svara því ítarlega og fræðilega. Og það verður fróðlegt að fylgjast með því hvort einstaklingar úr fjórmenningahópi utanrrh. gera það eða ekki. Ég tel að ef þeir gera það ekki þá sé það vegna þess að þeir treysta sér ekki fræðilega til þess að hrekja sjónarmið Guðmundar Alfreðssonar svo óyggjandi sé.

Í sjálfu sér er óþarfi að endursegja í ræðustólnum fjölmargt af því sem fram kemur í þessu áliti. En ég vil þó vekja athygli þingmanna á því að hvergi hefur dr. Guðmundur Alfreðsson tekið afstöðu gegn EES-samningnum efnislega, nema síður sé. Hann verður þess vegna með engu móti settur í hóp manna sem efnislega séu á móti EES-samningnum. Það er allt annað mál. Og hann hefur reyndar sérstaklega vandað sig til þess að gefa það til kynna.

Ég vil líka vekja athygli manna á því að sá starfsvettvangur sem dr. Guðmundur Alfreðsson hefur fengist við er auðvitað mjög mótaður af umræðu alþjóðlegra sérfræðinga um ríkisvaldið, um mannréttindi, um stöðu einstaklingsins gagnvart alþjóðlegum stofnunum og ríkisstofnunum, um réttarstöðu einstaklinganna í heimi þeirra breytinga sem við höfum orðið vitni að. Mér finnst hans greinargerð bera glæsilega vitni yfirsýn þessa unga fræðimanns.

Það er einnig mjög athyglisvert að í greinargerðinni bendir hann á þátt sem mjög lítið hefur verið ræddur af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Það er það að með EES-samningnum er stigið tröllaukið skref, tröllaukið skref í að auka vald framkvæmdarvaldsins á kostnað löggjafarvaldsins. — Mér finnst nú synd að hæstv. heilbrrh. Sighvatur Björgvinsson skuli ekki vera hér í salnum. Mér er reyndar til efs að það samrýmist samkomulagi eða a.m.k. skilningnum í samkomulagi okkar hér á Alþingi um meðferð þessa máls að enginn ráðherra Alþfl. skuli vera við þessa umræðu, virðulegi forsrh. Ég sakna þeirra ekki, en ég bið virðulegan forsrh. að hafa það í huga að það er kannski ekki alveg kórrétt að fyrst utanrrh. er fjarverandi og við gerðum ekki athugasemd við það, skuli hinn svokallaði staðgengill hans flýta sér út úr salnum eftir tæplega klukkustundar viðdvöl og enginn annar af ráðherrasveit Alþfl., mér vitanlega, hér á vettvangi. Ég ætla ekkert að biðja um að það sé náð í hann. En mér finnst þetta nú ekki alveg kórrétt.

Margir forustumenn Alþfl. og reyndar Sjálfstfl. einnig, m.a. sá virðulegi þingmaður sem nú situr á forsetastól, hv. þm. Pálmi Jónsson, hafa með réttu á undanförnum árum talið það mjög mikilvægt að styrkja löggjafarvaldið, að styrkja löggjafarvaldið og draga úr áhrifavaldi framkvæmdarvaldsins. Og m.a. í því skyni voru sett hér lög sl. vor, veigamikil lög, sem t.d. ýmsir utan þings, Morgunblaðið, DV og fjölmargir aðrir, töldu tímamótalagasetningu. Það tók að vísu tvö, þrjú ár, virðulegur forseti, að koma þeim í gegn, en það tókst. Og það var talinn mikill áfangi. Þar með væri búið að styrkja löggjafarvaldið Alþingi og draga úr því sérstaka valdi sem framkvæmdarvaldið hafði haft á undanförnum árum og áratugum. Nú er allt í einu í EES-samningnum komið með þunga vagna í þessari hraðlest og völdunum mokað frá Alþingi yfir til framkvæmdarvaldsins í hverjum vagninum á fætur öðrum. Mokað frá Alþingi yfir til framkvæmdarvaldsins. Og ég spyr þá menn sem í alvöru hafa verið samferða okkur hinum um að styrkja löggjafarvaldið á kostnað framkvæmdarvaldsins á grundvelli lýðræðishugsjónanna: Er þetta líka bara allt í lagi? Er þetta eitthvað sem menn gera bara í haust? Sjálfsagt mál þannig að allt hitt sem búið er að tala um á undanförnum árum verður eins og ómerkilegt peð í þeim samanburði? Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að ræða það hér við meðferð málsins, einkum þegar kemur að frumvörpunum, fylgifrumvörpunum með EES-samningnum, með hve stórfelldum hætti er verið að rýra vald Alþingis og færa embættismönnum og ráðuneytum og alþjóðlegum stofnunum og ráðherrunum meira vald en þeir hafa nokkru sinni haft í íslenskri stjórnskipun.

Mér finnst líka alvarlegt og ég vek á því athygli hér að dr. Guðmundur Alfreðsson hefur bent á misvísandi þýðingu á lykilgrein í EES-samningnum, 6. gr. Þessi ábending hans knýr auðvitað á um það að menn skoði með alvarlegum hætti hvort í íslenska textanum sem ráðuneytið hefur gengið frá sé verið að gefa — ég vil nú ekki segja vísvitandi — villandi mynd af innihaldinu. Ég átti satt að segja ekki von á því að það væri hægt að finna gagnrýni stað um þýðingar á slíkum lykilatriðum í samningnum. En fyrst þessi ábending hefur komið fram þá er auðvitað nauðsynlegt að gera það.

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið og rétt er að árétta hér aftur þá varð dómur Ragnars Aðalsteinssonar, formanns Lögmannafélagsins, um álit fjórmenninga utanrrh. sá að það væri léttleiki í lögfræði. Dr. Guðmundur Alfreðsson velur túlkun fjórmenninganna þá einkunn, orðrétt, með leyfi virðulegs forseta: „Þetta er ævintýramennska í lögfræði." Ævintýramennska í lögfræði. Auðvitað veit hinn ungi fræðimaður dr. Guðmundur Alfreðsson að hann er þar að dæma fyrrum kennara sína, hann er að dæma virðingarmenn í íslenskri lögfræðingastétt. Það vita líka allir að mönnum er annt um virðingu sína í íslenskri lögfræðingasétt. Um það er hægt að reiða hér fram mörg dæmi frá síðustu áratugum. Þess vegna segi ég aftur: Ekki vildi ég sitja undir því sem kennari við háskólann og prófessor í fræðigrein að vera sakaður um ævintýramennsku af einhverjum mesta afburðarnemanda sem ég hefði haft, manni sem lokið hefði doktorsprófi frá fremsta skóla veraldar í lögfræði Harvard Law School. Þá mundi ég fara heim til mín og leggja vikur og mánuði í það að reyna að afsanna þennan dóm eða segja af mér ella. Því þetta eru ekki léttvæg orð.

Það er þess vegna staðreynd að tveir af fremstu lögfræðingum Íslands, formaður Lögmannafélagsins og lærðasti Íslendingur í alþjóðarétti, hafa annars vegar dæmt álit fjórmenninganna sem léttleika í lögfræði og hins vegar sem ævintýramennsku í lögfræði. Engu að síður segir maðurinn sem flúði hér úr salnum, hæstv. viðskrh., að álit fjórmenninganna leysi málið.

Virðulegi forseti. Það er einnig rétt að vekja rækilega athygli á því sem Guðmundur Alfreðsson segir um það sem í skýrslu fjórmenninganna er kallað „afmarkað", „takmarkað" og „ekki verulega íþyngjandi" valdaframsal". Það er líka mjög harður dómur, mjög harður dómur um þá niðurstöðu fjórmenninganna.

Hann segir einnig í 65. lið álitsgerðarinnar, með leyfi virðulegs forseta:

„Það er umdeilt í samtímanum og líka umdeilanlegt hvort og að hve miklu leyti ríkið skuli láta hluta af sínu fullveldi í hendur yfir- eða samþjóðlegra stofnana. Þetta er framkvæmt í alvöru í aðeins einni alþjóðastofnun, það er EB, og nú er stefnt að því sama í EES þótt ekki sé það í jafnríkum mæli. Það er samt algjört einsdæmi í stofnanagrein þjóðaréttarins að lagt sé til að ríki skuli framselja yfirþjóðlegt framkvæmdar- og dómsvald til alþjóðastofnunar sem viðkomandi ríki er ekki aðili að. Þetta er kannski ekki meiri háttar álitamál í löndum sem eru að sækja um og búast við aðild í náinni framtíð [þ.e. aðild að Evrópubandalaginu]. Fyrir ríki sem er ekki að sækja um aðild hljóta hins vegar fullveldis- og ríkishugtökin og það sem í þeim felst að koma til skoðunar. Engin bein svör fást við þessari spurningu við lestur stjórnarskrárinnar eða í ritum um íslenskan stjórnskipunarrétt vegna þess að engum hefur dottið þessi firra í hug fyrr en nú."

Firra, engum hefur dottið í hug þessi firra fyrr en nú, segir dr. Guðmundur Alfreðsson um álit fjórmenninganna. Ég segi aftur: Ef þeir svara ekki þessari greinargerð dr. Guðmundar Alfreðssonar ítarlega og með rökstuddum hætti þá stendur hún. Þá stendur hún. Vegna þess að öll lögmál hins fræðilega starfs í háskólum og í samfélagi fræðimanna eru þess eðlis að hafi prófessor og forustumaður í fræðigrein fengið í hendur dóm og álitsgerð af manni með þann sess í fræðigreininni bæði innan lands og erlendis, sem dr. Guðmundur Alfreðsson, samkvæmt námsárangri sínum og doktorsprófi sínu frá Harvard Law School tvímælalaust hefur, og svarar ekki ítarlega og rökstutt greinargerðinni, þá er hann að játa sig sigraðan fræðilega. Hann er að játa sig sigraðan fræðilega. Þannig eru lögmálin í heimi fræðanna.

Það eru auðvitað margir fleiri sem hafa sagt að samningurinn standist ekki stjórnarskrána þótt hv. þm. Björn Bjarnason vilji gera lítið úr því og sé byrjaður að telja. Það er t.d. athyglisvert að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur í blaðaviðtölum í sumar látið það álit sitt í ljósi. Hann hefur einnig gegnt lögmannsstörfum um langt árabil og hefur núna orðið að líða fyrir það að hafa leyft sér þá sjálfstæðu skoðun. Ég held að það séu engin dæmi þess að forustumaður í stjórnmálaflokki sem situr í ríkisstjórn hafi talið sig tilknúinn til þess að refsa fyrir slíkan málflutning að setja mann úr forustu í nefnd á vettvangi þingsins fyrr en nú. Ég held að það sé ekki hægt að nefna neitt annað dæmi. Og það er ekki dæmi sem ég vildi hafa í minni æviskrá sem frumkvöðull að. En forsrh. kaus að hafa það í sinni æviskrá að hann hefði fyrstur manna gengið inn á þá braut.

Virðulegur forseti. Ég tók eftir því að hæstv. forsrh. sagði ítrekað að þessu máli ætti að vísa til stjórnarskrárnefndar sem væri starfandi. Hins vegar tók nú sem betur fer hæstv. iðn.- og viðskrh. það fram að eðlilegt væri að kjósa hér samkvæmt þingsköpum sérstaka nefnd til þess að fjalla um þetta frv. Og ég vona a.m.k. að (**Forsrh.:** Ég tók það fram sjálfur.) Þá þakka ég fyrir það. Ég hef þá eitthvað misskilið ráðherrann, þessa umfjöllun hans um að vísa málinu eða að málið gengi — ég held að hann hafi notað það orðalag — til stjórnarskrárnefndar sem situr utan þings undir forustu Matthíasar Bjarnasonar. Og er nú mikilvægt að Matthías Bjarnason njóti þó þessa trausts enn þá að rétt sé að vísa málinu til hans. En sá misskilningur er þá leiðréttur og það er ekki ætlun stjórnarinnar að gera annað en að fylgja venju í þinginu að vísa málinu til eðlilegrar meðferðar.

Virðulegi forseti. Ég hafði ætlað að segja hér nokkur orð vegna sérkennilegrar ræðu hæstv. iðn.- og viðskrh., en hann er nú farinn og ég tel það satt að segja ekki skipta miklu máli hvað hann sagði í þessari umræðu og tel því miður að hann hafi kosið að taka á þessu máli á þann hátt að það er ekki vænlegt til áframhalds. En ég vil að lokum árétta það að í okkar huga er þetta mál mjög mikilvægt. Við erum að gera tilraun til þess að halda í heiðri stjórnskipan íslenska lýðveldisins. Tryggja það að stjórnarskráin haldi sínum sessi sem grundvallarskjal í okkar lýðræðisskipan. Við vorum og ég leyfi mér að segja, við erum enn reiðubúin til viðræðna og samvinnu við ríkisstjórnina ef hún vill hafa einhvern annan hátt á þessu máli en við erum hér að leggja til. Við skrifuðum sérstaklega ríkisstjórninni til þess að árétta það. Ég setti fram fyrir hönd Alþb. í júlímánuði þá ósk að forustumenn flokkanna ræddu saman um málið, stjórnarskrárvandann, áður en þing kæmi saman. Því miður var ekki orðið við þeirri ósk. Því miður var það þannig að utanrrh. vildi ekki hlusta á neitt annað en sína eigin rödd í þessu máli. Ég vona hins vegar að í meðferð málsins á næstu vikum muni opnast hugur forustumanna ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Og ég bið þá einnig að hugleiða að í þessu samhengi höfum við líka flutt tillögu um þjóðaratkvæði. Það er auðvitað mjög víðtækur stuðningur við þá ósk í þjóðfélaginu. Mjög víðtækur stuðningur. Langt úr fyrir raðir stjórnarandstöðuflokkanna, langt út fyrir þær raðir.

Ég vil að lokum biðja bæði ráðherrana og einstaka þingmenn ríkisstjórnarflokkanna að hugleiða það hvort það sé ekki farsælt, hvað sem líður ágreiningi manna um það hvort þetta stangast á eða stangast ekki á við stjórnarskrána, hvað sem líður ágreiningi manna um efnisatriði EES-samningsins, að láta þann dómara sem er okkur æðri og við sækjum vald okkar frá, þjóðina sjálfa, segja sitt álit. Ég held að það mundi skapast miklu meiri friður um málið í framtíðinni ef það yrði gert. Og ég spyr: Eru ekki nægileg ófriðarefnin og átakaefnin í okkar litla samfélagi þó við förum nú ekki að bæta þessari olíu á þann eld? Það er til einföld leið í þeim efnum. Það er að láta þjóðina dæma málið í almennri atkvæðagreiðslu í nóvember eða desember á þessu ári. Ég held líka að það mundi greiða fyrir allri

meðferð málsins hér á þinginu. Ef þjóðin segði já, þá mundi þingið að sjálfsögðu beygja sig undir það, virða þá niðurstöðu. Ef þjóðin segði nei, þá mundu menn auðvitað líka gera það. Satt að segja skil ég ekki þá menn sem vilja ekki fara þessa einföldu leið málinu sjálfu til framdráttar.

Ég bið þess vegna þá ágætu menn sem stýra verkum í ríkisstjórnarflokkunum að hugleiða það á næstu vikum hvort það er ekki skynsamlegast að í septembermánuði eða í byrjun október, næðum við saman um það hér á Alþingi að láta slíka atkvæðagreiðslu fara fram.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gefst nú tækifæri til þess að svara efnislega hlutum sem fram komu í máli þingmannsins og er ekki fært að gera hér. Að vísu hygg ég að í hans löngu ræðu, sennilega tveggja tíma ræðu hafi hann naumast vikið orði að því máli sem á dagskrá er, eða frv., sem kannski er von. En ég taldi hins vegar nauðsynlegt þar sem svo kann að virðast sem ég hafi hagað orðum mínum ógætilega hér fyrr og þingmaðurinn mun hafa skilið mig svo að ég legði hann sem mann og fræðimann að jöfnu við Bjarna Benediktsson, þá er það misskilningur.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi ræða kemur mér ekki á óvart. Ég var nokkurn veginn alveg viss um að það hefðu verið mistök hjá forsrh. í hans ræðu að leggja mig að jöfnu við Bjarna Benediktsson og hann ætti í raun og veru að vera mér þakklátur fyrir það að gefa honum tækifæri til þess að gera það alveg skýrt að svo væri ekki og geri ég í sjálfu sér enga athugasemd við það.

En hitt þótti mér auðvitað merkilegt að þegar forsrh. bað hér um orðið til andsvara, þá skyldi hann ekki treysta er til að segja eitt einasta orð um það sem var þó meginefni mitt í ræðu minni um málflutning hæstv. forsrh., þ.e. þær falsanir sem hann flutti hér þegar hann las upp úr fundargerð ríkisstjórnarinnar. Það var auðvitað athyglisvert að í andsvarinu var ekki orð um það.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi setning og reyndar það sem þingmaðurinn hefur áður sagt sýnist best hvaða mann hann hefur að geyma. Það var upplýst hér að kröfu hans sjálfs og annarra að þær fullyrðingar sem hann hefur haldið á lofti, bæði við menn opinberlega og við menn hér í frammíköllum um að utanrrh. hefði ekki rætt skýrslu í ríkisstjórn, voru ósannindi og tal hans um falsanir þar sem ónákvæmni var af minni hálfu, að þetta hefði verið kynnt með 30 daga fyrirvara eins og mátti skilja af mánuði en ekki 10 daga fyrirvara eins og mun hafa verið niðurstaðan, kom til vegna þess að handrit það sem dreift var í ríkisstjórninni var merkt í febrúar en skýrslan í þinginu var merkt í mars.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var auðvitað líka mjög athyglisvert vegna þess að hæstv. forsrh. vék náttúrlega ekki að lykilatriðinu sem var í umfjöllun minni um þetta mál, þ.e. að það stendur skýrt í fundargerð ríkisstjórnarinnar að hæstv. utanrrh. hafi lagt þetta fram til upplýsingar. Það var orð sem hæstv. forsrh. sleppti alveg í endursögn sinni hér á Alþingi. Og það vita allir, m.a. núv. hæstv. forsrh., að skjöl eru yfirleitt lögð fram með tvennum hætti í ríkisstjórn. Annars vegar eru þau lögð fram til upplýsingar og hins vegar til þess að til þeirra sé tekin afstaða. Og utanrrh. gerði það alveg skýrt að hann var ekki að leggja þessa skýrslu fram til þess að það yrði tekin til hennar afstaða, enda var það ógerningur vegna þess að hann lagði hana á borðið á sömu mínútunum og átti að ræða hana. Og það var auðvitað útilokað að menn gætu hraðlesið skýrsluna á fimm mínútum og tekið þátt í umræðunni. Hún hafði ekki verið lögð fram fyrir fundinn og hvers vegna ekki? Jú, vegna þess að það var ekki ætlunin að hún yrði rædd, til þess að til hennar væri tekin afstaða. Hún var bara lögð fram til upplýsingar í ríkisstjórninni til að ráðherra sæi hana áður en hún var prentuð. Auðvitað var málið rætt eins og oft var í ríkisstjórninni þegar menn settu fram sín sjónarmið í málinu almennt. Það kemur reyndar fram í fundargerðinni sem forsrh. las ekki að þar var aðallega vikið að fiskveiðimálum Norðmanna.

Hvernig forsrh. fær það svo út að milli 5. mars og 11. mars séu 10 dagar, það er stærðfræði sem ég lærði a.m.k ekki í mínum skóla. En látum það vera, hann kannski reynir að upplýsa það hér einhvern tíma síðar að hann sagði fyrst að það var mánuður. Svo var bent á það að það væri rangt. Nú segir hann: Það voru 10 dagar. Fundurinn var 5. mars. Plagginu var dreift hér 11. mars. Hvernig það eru 10 dagar, það skil ég ekki.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar í gær og hann endurtók það nú í svari við andsvari forsrh. að skýrsla utanrrh. frá mars 1991 hefði verið lögð fram til upplýsingar en ekki til þess að ríkisstjórnin tæki afstöðu til hennar, eins og þetta skipti í raun og veru efnislegu máli hér.

Þótt sú staðhæfing Ólafs Ragnars Grímssonar sé rétt í sjálfu sér að utanrrh. hafi lagt skýrslu sína fram til upplýsingar, hvað kom þá í raun og veru í veg fyrir það að ráðherrar í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tækju afstöðu til málsins? Ef ágreiningur um skýrsluna var svo djúpstæður sem hv. 8. þm. Reykn., Ólafur Ragnar Grímsson, vill vera láta skiptir varla máli hvernig formið var á birtingu skýrslunnar í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar. Ágreiningur um svo mikilsverð mál hlaut að leiða til vandræða í stjórninni, jafnvel til stjórnarslita.

Eftir því sem hér hefur verið upplýst var einnig djúpstæður ágreiningur um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnulífi Íslendinga í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar. Hvers vegna var þessi ágreiningur ekki opinberaður fyrst ekki tókst að leysa hann í ríkisstjórn? Hvers vegna hafði hann ekki áhrif á ríkis-

stjórnarsamstarfið? Hvers vegna sátu þáverandi ráðherrar sem fastast á þessum ágreiningi? Hvers vegna sátu ráðherrarnir svona fast í ráðherrastólum sínum þrátt fyrir þennan grundvallarágreining?

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ekkert nýtt 5. mars að það væri ágreiningur í ríkisstjórninni milli ráðherra um samningana um EES. Það vissu allir sem sátu við það ríkisstjórnarborð. Hvers vegna ekki? Jú, vegna þess að að mig minnir þann 28. des., alla vega seinni part desember, hafði utanrrh. lagt fram tillögur í ríkisstjórn um það hvernig samningsumboð hann fengi til þess að halda áfram samningaviðræðum frá ríkisstjórninni í heild. Það samningsumboð var aldrei afgreitt. Það vissu allir við ríkisstjórnarborðið að það var ekki afgreitt mál af hálfu ríkisstjórnarinnar. Og þess vegna þurfti ekkert að endurtaka það þó að ráðherrann upplýsti það á fundinum að hann ætlaði að leggja fram á Alþingi svar sitt við fyrirspurn frá Þorsteini Pálssyni og nokkrum öðrum þingmönnum Sjálfstfl. vegna þess að sú skýrsla sem hann var að leggja fram var ekki sjálfstæður gerningur. Hún var svar við fyrirspurn frá þingmönnum Sjálfstfl. um beiðni um þessa sérstöku skýrslu þar sem þeir lögðu fram sérstakar spurningar. Og það vita auðvitað allir að það tíðkast aldrei í ríkisstjórn að vera að ræða svör einstakra ráðherra við fyrirspurnum eða skýrslubeiðnum sem hér eru lagðar fram á Alþingi þó að skýrslurnar séu auðvitað lagðar fram til upplýsingar og kynningar í ríkisstjórninni. Ég reikna t.d. með að iðnrh. hafi lagt fram til upplýsingar í síðustu ríkisstjórn skýrslu sína um iðnaðarmál sem við báðum um á síðasta þingi. Ég reikna líka með að hæstv. heilbrrh. hafi lagt fram til upplýsingar í ríkisstjórn skýrslu sína um málefni aldraðra sem við báðum um á síðasta þingi. Þetta er auðvitað algengt fyrir alla þá sem hafa unnið í ríkisstjórn.

Það var hins vegar aldrei með neinum hætti farið í launkofa með ágreininginn milli mín og utanrrh. í þessu máli og þar vil ég nú kalla enn á ný hv. þm. Björn Bjarnason til vitnis. Hann segir í grein í Morgunblaðinu 16. apríl í frásögn af fundi um EES-samninginn sem fór fram í þeim mánuði, tilvitnun orðrétt: „Var harkan mest í deilum þeirra Jóns Baldvins Hannibalssonar utanrrh. og Ólafs Ragnars Grímssonar fjmrh." Björn Bjarnason staðfestir það að þegar í apríl var það eitt af höfuðeinkennum málsins að harkan var mest í deilum hæstv. utanrrh. og þáv. fjmrh.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka Ólafi Ragnari Grímssyni fyrir að hafa staðfest það hér að honum þótti sætt í ríkisstjórn þrátt fyrir þennan djúpstæða ágreining.

En ég hef aðra athugasemd að gera. Í máli hv. þm. kom það fram hér áðan að hann taldi það vera meinbug á starfi fjórmenninganefndar utanrrh. að í störfum sínum að EES-samningunum sjálfum hefðu tveir af fjórmenningunum þegar bundið sig við þá afstöðu að EES-samningurinn væri innan ramma stjórnarskrárinnar. Að öðrum kosti hefðu þeir hlotið að koma fram með ábendingar um hugsanleg stjórnarskrárbrot áður. En það var einmitt það sem einn af þessum fjórmenningum gerði. Hann kom fram með álit, hann kom fram með slíka aðvörun á árinu 1990 eins og hv. 4. þm. Austurl. upplýsti hér í gær. Mér finnst nú sennilegt að trúnaðarsamband milli hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og hv. 4. þm. Austurl. sé það mikið þrátt fyrir allt að þessar upplýsingar hefðu átt að ganga á milli þeirra þó svo að ráðherrann hafi ekki séð þetta álit á því tímabili sem líður frá 1990 í febrúar, ef ég man rétt, þetta álit var undirritað hinn 25. febr., og fram að þeim tíma þegar þessi skýrsla hér er birt þar sem fullyrt er að engin stjórnarskrárbrot séu fólgin í EES-samningnum.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í andsvari hv. þm. Tómasar Inga gætir þess misskilnings að ég hafi verið að vísa til vinnu þessara tveggja manna, Stefáns Más Stefánssonar og Ólafs Walters Stefánssonar fyrir mörgum missirum síðan. Ég var fyrst og fremst að vísa til þess sem fram kom í utanrmn. að þeir tveir hefðu verið aðalvinnumenn ríkisstjórnarinnar á síðustu mánuðum í að undirbúa þetta frv. um Evrópskt efnahagssvæði sem liggur hér á borðum þingmanna, þingskjalið sjálft. Og það var auðvitað með mínum hætti mjög mikill ljóður á tilurð þessarar nefndar að þeir sem höfðu undirbúið sjálft þingskjalið, frumvarpið, voru síðan látnir meta það hvort þingskjalið stæðist stjórnarskrána eða ekki. (**TIO:** Fékk ráðherrann álit Stefáns Más Stefánssonar frá febrúar 1990?) Ég bið þingmanninn forláts, ég man nú ekki hvort — nei, samkvæmt þingsköpum á hann að vísu ekki rétt á að koma hérna aftur en ég er alveg reiðubúinn að ræða þetta mál við þingmanninn áfram hér í umræðunum þannig að við stöndum jafnfætis og hann eigi rétt til að koma aftur í ræðustólinn og við skulum halda þá þessum þræði áfram síðar.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Við ræðum hér frv. til stjórnarskipunarlaga sem lagt er fram vegna þess að það er ætlun ríkisstjórnarinnar og stuðningsmanna hennar að keyra í gegnum Alþingi lagafrv. um Evrópskt efnahagssvæði þó það sé mat virtra lögfræðinga að EES-samningurinn samrýmist ekki stjórnarskránni.

Í gær talaði hæstv. forsrh. og sagðist eiga erfitt með að fóta sig, eins og hann orðaði það, á því hvað við ættum við með því að flytja þetta frv., þ.e. tengsl milli þessa frv. og EES-málsins. — Ég sé ekki hæstv. forsrh. hér í salnum. Ég hefði gjarnan viljað hafa hann viðstaddan. Ég hafði ætlað mér að ræða við hann um þetta mál þar sem það er óhjákvæmilega á hans málasviði þó að auðvitað hefði verið æskilegt að utanrrh. hefði verið hér einnig en það er þó alla vega lágmark að hæstv. forsrh. sé viðstaddur. Er hann ekki í húsinu, virðulegi forseti? (**Forseti:** Forseti skal gera ráðstafanir til þess að athuga hvort forsrh. er ekki hér í húsinu og við umræðuna. — Forseti vill taka fram að það er verið að leita að hæstv. forsrh. og væntir þess að hann komi fljótlega.) Ég þakka forseta fyrir. Ég hinkra, eða vill

forseti að ég víki úr ræðustóli á meðan beðið er? (**Forseti:** Við skulum fá svör við því hvort forsrh. kemur ekki. — Forsrh. kemur alveg rétt í þessu og ef ræðumaður óskar að gera hlé á ræðu sinni þangað til hann kemur, þá er það auðvitað frjálst og getur þess vegna verið í ræðustólnum en ella farið í sæti sitt. — Forsrh. er kominn og heldur þá hv. 15. þm. Reykv. áfram ræðu sinni.)

Virðulegur forseti. Það gleður mig að sjá að hæstv. forsrh. ætlar að vera hér og hlýða á mál mitt. Mér þykir rétt að hann fái nokkra skýringu á því hvers vegna þetta frv. er flutt, alla vega þá skýringu á því hvers vegna ég er einn af flm. þessa frv. og Kvennalistinn telur eðlilegt að flytja frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins. En hann átti erfitt með að fóta sig á þessu, eins og hann tók til orða í gær, og átti mjög erfitt með að sjá tengslin þarna á milli. En eins og hann e.t.v. veit mjög vel, þá er í 21. gr. stjórnarskrárinnar að finna ákvæði um heimild til forseta Íslands til samningsgerðar við önnur ríki. Feli slíkir samningar í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins þarf samþykki Alþingis að koma til.

Þetta ákvæði er búið að vera í stjórnarskránni efnislega alveg frá því 1920 og hefur kannski ekki verið mikill ágreiningur um túlkun þess þangað til núna. En það er ekkert sem stendur í því sem leyfir framsal á ríkisvaldi. Við sem stöndum að þessu frv. teljum ekki að Alþingi sé heimilt að samþykkja EES-samning að óbreyttri stjórnarskrá. Það eru engin ákvæði í stjórnarskránni, hvorki þessari grein né öðrum greinum sem heimila Alþingi að framselja ríkisvald til fjölþjóðlegra stofnana. Um það er ekki deilt að EES-samningur gerir ráð fyrir framsali ríkisvalds en lögfróðum mönnum ber ekki saman um hvort þetta framsal er heimilt samkvæmt stjórnarskránni. Raunar efast sumir um að Alþingi hafi verið heimilt að gera ýmsa samninga þar sem þeir hafa falið í sér ákveðið eða mjög takmarkað framsal á ríkisvaldi. Það hefur verið nefnt t.d. aðild Íslands að Sameinuðu þjóðunum, Mannréttindasáttmálum, ýmsir Norðurlandasamningar hafa verið tíndir til og fleira hefur verið nefnt í þessu sambandi. En þótt menn hafi komist að því að stjórnarskráin hafi e.t.v. verið brotin einu sinni eða jafnvel oftar veitir það enga heimild til að gera það enn og aftur. Slík rök eiga á engan hátt rétt á sér að mínu mati þótt jafnvel hæstaréttardómarar leyfi sér að nota slík rök en það gerðist ekki alls fyrir löngu í viðtali við hæstaréttardómara í útvarpinu.

Varðandi EES-samninginn, þá fæli samþykkt hans í sér valdaframsal í verulegum mæli til alþjóðastofnana, þ.e. stofnana EFTA og EES sem Ísland yrði þá aðili að en einnig til EB sem Ísland á ekki aðild þótt EES-samningurinn yrði samþykktur, a.m.k. ekki sjálfkrafa. Þarna á ég ekki síst við EB-dómstólinn og lagasetningarvald sem verður að meira eða minna leyti hjá EB á sviði samningsins.

Í umræðunum hér í gær sagði hæstv. iðnrh., sem því miður er ekki hér en ég vænti þess að hæstv. forsrh. muni skýra honum frá þeirri umræðu sem hér fer fram þar sem hann virðist greinilega ekki sjá sér fært að vera hér viðstaddur, en hann sagði í umræðunum í gær að það væri ekki um neitt framsal á valdi að ræða til EFTA eða EB og tók m.a. fram að úrskurðir EFTA-dómstólsins væru aðeins leiðbeinandi, eins og hann orðaði það. Þetta kom nokkuð á óvart þar sem á því sem fram kemur í þessum samningi og þeim plöggum sem við höfum hér, er ekki hægt að sjá annað en að úrskurðir EFTA-dómstólsins séu bindandi á því sviði sem þeir eru með vald til, þ.e. sem hann á að dæma. Í þeim plöggum sem við höfum, þ.e. bæði í 110. gr. og einnig í nánari útskýringum, þá segir, með leyfi forseta:

„Hlutverk EFTA-dómstólsins er í meginatriðum þríþætt. Í fyrsta lagi dæmir EFTA-dómstóllinn í málum er varða ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA vegna framkvæmda EES-reglna í EFTA-ríkjum. Í öðru lagi dæmir hann í deilumálum er upp kunna að koma á milli EFTA-ríkjanna innbyrðis vegna framkvæmdarinnar á EES-reglum. Í þriðja lagi getur EFTA-dómstóllinn til að stuðla að samræmdri túlkun gefið dómstólum í aðildarríkjunum ráðgefandi álit um túlkun EES-reglna."

Þannig er í tveim fyrstu tilvikunum alveg greinilegt að þar er um að ræða að EFTA-dómstóllinn hefur það hlutverk að dæma. Og það er ekkert um það að þetta séu neinar leiðbeiningar. Það stendur jafnframt í 10. gr. að dómstólar í aðildarríkjunum geti ekki endurmetið sektarákvörðun eftirlitsstofnana dómstóla EB og EFTA-dómstólsins. Það er alveg greinilegt að þarna er um endanlegar ákvarðanir að ræða. Enda kemur greinilega fram í áliti fjórmenninga utanrrh., sem hæstv. iðnrh. tekur nú mest mark á af öllum álitum sem fram hafa komið og ég tek mikið mark á því áliti líka, en þar segir, með leyfi forseta, eins og það er prentað á bls. 24 í þskj. 30:

„Ákvarðanir eftirlitsstofnunarinnar um þau atriði sem nú voru greind" — það er búið að lýsa því á undan, ég hirði ekki um að lesa það — „(þar á meðal ákvarðanir um févíti og sektir) verða ekki bornar undir dómstóla í aðildarríkjunum heldur undir EFTA-dómstólinn til endanlegrar úrlausnar eða EB-dómstólinn ef um svonefnd blönduð samkeppnismál yrði að ræða."

Þannig kemur greinilega fram í áliti fjórmenninganna að þarna er um bindandi niðurstöður að ræða. Það stenst því ekki það sem hæstv. iðnrh. sagði hér í gær. (**Gripið fram í:** Það er ekki í fyrsta skipti.) Það skal ég ekki um dæma.

Á bls. 55 í þessu sama þingskjali segir Björn Þ. Guðmundsson um þetta sama atriði sem hæstv. iðnrh. virtist að vísu ekki vera eins áfjáður í að taka mark á og taldi hann ekki alveg eins virtan og aðra lögfræðinga, hann verður að hafa sínar skoðanir á því, en þar segir hann, á bls. 55, með leyfi forseta, þar sem hann gagnrýnir m.a. fjórmenningana:

„Ég hef miklar efasemdir um að það sé rétt hjá fjórmenninganefndinni að túlka megi EES-samninginn þannig að dómar EB-dómstólsins séu einungis leiðbeindi en ekki bindandi fyrir dómstóla og stjórnvöld hér á landi. Þrátt fyrir þá takmörkun sem gerð er í samningnum" — og þá er hann að tala um þetta þriðja

atriði sem þarna er um að ræða — „þ.e. að dómarnir skipti máli og séu efnislega samhljóða, tel ég miklu líklegra að reynslan muni leiða í ljós að líta beri svo á að hér sé um bindandi fordæmi að ræða, enda segir skýrum stöfum að það beri að fara eftir þeim þegar svo stendur á sem í EES- og ESE-samningunum segir. Þessa skoðun byggi ég ekki síst á víðtækri túlkun EB-dómstólsins sjálfs á hlutverki sínu og valdsviði."

Það er því greinilegt að um einhvern misskilning er að ræða hjá hæstv. iðnrh. eins og kollegi hans hæstv. utanrrh. notar svo oft þegar menn eru að túlka þetta EES-mál.

Ég tel einnig að ótvírætt sé um verulegt afsal á dómsvaldi að ræða í bókun 34, þar sem um er að ræða að EB-dómstóllinn á að túlka EES-reglurnar fyrir dómstóla EFTA-ríkjanna og skuli dómsúrskurðir þeirra vera bindandi. Ég tel að þarna sé einnig um verulegt framsal að ræða á dómsvaldi en ætla hins vegar ekki að ræða það sérstaklega hérna. Þetta er einungis í tilefni ummæla hæstv. iðn.- og viðskrh. sem hér talaði í gær.

Stjórnarflokkarnir eru á móti því að afsala fullveldi þjóðarinnar, sagði hæstv. forsrh. hér í gær. Og að því er virtist þá notaði hann það sem rök gegn þessu frv. Ég áttaði mig alls ekki á hvað ráðherrann átti við. Telur hann að eitthvað í þessu frv. fjalli um afsal fullveldis? Það er auðvitað af og frá og hef ég ekki heyrt nokkurn alþingismann tala um að það komi til greina að afsala hér fullveldi þjóðarinnar. Auðvitað er þetta aðeins hártogun af hans hálfu. En hann bætti við að stjórnarflokkarnir vildu heldur ekki veikja fullveldið, ef ég man rétt og tók rétt eftir, en það er einmitt það sem verið er að gera með þessum samningi og það án þess að samstaða sé um að gera það, hvorki hér á Alþingi né meðal þjóðarinnar.

Forsrh. sagði einnig að það væri að hans mati óeðlilegt að þjóðin kæmi ekki að málum og vildi meina að það frv. sem hér er til umræðu mundi minnka líkurnar á því að þjóðin gæti haft áhrif ef t.d. íslensk stjórnvöld ákvæðu að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Ég er honum sammála að því leyti til að það á auðvitað að spyrja þjóðina álits á slíkum málum en þetta frv. kemur ekki á nokkurn hátt í veg fyrir það.

Ég vil einnig benda honum á að ásamt þessu frv. flytja fulltrúar frá öllum stjórnarandstöðuflokkunum frv., sem reyndar eru ekki til umræðu hér og skal ég ekki fjalla sérstaklega um þau, á þskj. 31 og 32. Á þskj. 31 er frv. til stjórnarskipunarlaga þar sem einmitt er gert ráð fyrir að þjóðin sé spurð um álit þegar um er að ræða samninga eins og t.d. samninga um Evrópskt efnahagssvæði eða eitthvað á svipuðum nótum. Einnig hefur stjórnarandstaðan lagt fram till. til þál. um að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild Íslands að Evrópubandalaginu. Hæstv. forsrh. hlýtur því að vera algerlega sammála þessu þar sem hann sagði hér í gær að það ætti auðvitað að spyrja þjóðina í mikilvægum málum, ég man ekki hvernig hann orðaði það nákvæmlega, en ég tók það þannig að hann teldi að það væri rétt að þjóðin væri spurð, t.d. ef til ingöngu í Evrópubandalagið kæmi, eða sú spurning yrði tekin upp. Nú er það alveg ljóst að EES-samningurinn er stórt skref inn í Evrópubandalagið eða eins og hv. þm. Björn Bjarnason, nýkjörinn formaður utanrmn., segir bæði fyrsta og annað skrefið inn og þá er kannski bara það þriðja eftir. Því er mjög eðlilegt að þjóðin verði spurð í þessu efni og hlýt ég að gera ráð fyrir því að forsrh. styðji þá tillögu.

Hins vegar er iðnrh. algjörlega á móti því að þjóðin fái að segja álit sitt. Hann spurði m.a. hér í gær hvers vegna Alþingi ætti að vísa málinu til þjóðarinnar. Þessi hæstv. ráðherra telur lýðræðið ekki skipta miklu máli. Það á að vísa málinu til þjóðarinnar vegna þess að hún hefur rétt á að segja til um hvort hún vill að gerðar verði svo róttækar breytingar á íslensku þjóðfélagi eins og EES-samningurinn gerir ráð fyrir. Vald hans og ríkisstjórnarinnar er ekki eins mikið og hann heldur samkvæmt stjórnskipun. Þó svo að í raun megi kannski segja að hér ríki ráðherraveldi, þá eigum við sem sitjum hér á Alþingi sem fulltrúar þjóðarinnar auðvitað að vinna gegn því að ráðherrarnir hafi fyrsta, annað og þriðja orðið í þessum málum og að þingmenn hafi í rauninni ekkert annað að segja en já og amen við því sem ríkisstjórnin segir og stjórnarandstaðan reyni svo að berjast á móti en geti litlu um þokað.

Ráðherrann hélt reyndar áfram og taldi að ekki væri hægt að breyta stjórnarskránni nú, og það var ein af hans höfuðrökum gegn þessu frv. sem við nú ræðum, vegna þess að því mundi fylgja svo mikill órói og óvissa. Það var greinilega óþægilegt fyrir hann að hugsa sér að ró hans í viðsk.- og iðnrn. yrði raskað. (**Gripið fram í:** Hann vildi ekki kosningar.) Hann vildi ekki kosningar, það er alveg rétt. Ráðherrann vill ekki kosningar vegna þess að honum líður vel þar sem hann er. Hann hefur mikil völd og telur sig hvorki þurfa að taka tillit til þess sem Alþingi gerir nema í eins litlum mæli og hægt er og alls ekki það sem þjóðin hefur að segja. Ég vil nefnilega benda ráðherranum á að lýðræðið tekur sinn tíma og það verður að kosta það erfiði og þann tíma sem þarf. Það er ekki hægt að hagræða lýðræðinu eftir því sem ráðherrum þóknast og finnst mér rök hans vera alveg með ólíkindum. Það næsta sem maður gæti vænst með svona rökum væri að það væri best að taka bara upp einræði þar sem það væri auðvitað bæði fljótvirkast og skilvirkast og þyrfti þá ekki að spyrja nokkurn mann.

Kvennalistinn hefur ávallt lagt mikla áherslu á lýðræði og það var strax árið 1986 að þáv. þingkonur Kvennalistans á Alþingi lögðu fram till. til þál. um að unnið yrði að því að breyta stjórnarskránni á þann hátt að hægt væri að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu með ákveðnum hætti. Þar var gert ráð fyrir að þriðjungur þingmanna gæti farið fram á það og tíundi hluti kosningabærra manna. Þetta var sú tillaga sem þá var rædd og vakti hún heilmikla athygli úti í þjóðfélaginu en hlaut því miður ekki stuðning því þá hefðum við kannski verið komin eilítið lengra í þessu máli en við erum nú.

Í umræðunni um EES-samninginn bæði hér á Alþingi sem og annars staðar í þjóðfélaginu hafa menn verið nokkuð sammála um að ef samningurinn yrði

staðfestur væri um framsal á ríkisvaldi að ræða og breytingar yrðu á stjórnarhögum ríkisins. Menn deila hins vegar um hvort valdaframsalið sé óverulegt eða hvort um veigamikið framsal á löggjafarvaldi, framkvæmdarvaldi og dómsvaldi sé að ræða.

Í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi verður að samþykkja EES-samninginn með auknum meiri hluta á þingum landanna vegna þess að þar er samningurinn talinn fela í sér skerðingu á fullveldi ríkjanna. Og það er mjög merkilegt að sama niðurstaða skuli ekki vera hér á landi.

Íslenskir fræðimenn á sviði lögfræði deila um hvort EES-samningurinn standist ákvæði stjórnarskrárinnar, sérstaklega með tilliti til framsals á ríkisvaldi. Þess vegna er þetta frv. flutt, einmitt þess vegna. Ég vonast sérstaklega til þess að hæstv. forsrh. átti sig á því að það er ekki nein tilviljun að þetta er flutt núna. Það er vegna þessara deilna sem upp hafa komið. Þó að frv. sé almennt orðað og taki ekki sérstaklega á EES-samningnum þá er það auðvitað flutt nú af tilefni þess að í honum felst að okkar mati verulegt valdaframsal.

Hæstv. forsrh. skildi ekki af hverju Kvennalistinn væri að leggja fram þetta frv. og auðvelda þannig samþykkt þess og gera sem sagt þar með Framsfl. kleift að samþykkja EES-samninginn. Ég skal ekkert segja um það hvaða afstöðu Framsfl. tekur efnislega til EES-samningsins. Það kom að vísu fram hjá formanni flokksins hér í umræðunum fyrir nokkru að hann teldi að Framsfl. gæti samþykkt samninginn, eða alla vega talaði hann fyrir sig, gæti samþykkt samninginn að breyttri stjórnarskrá. Ég skal ekkert segja um það hvort þetta er almenn samþykkt Framsfl. (**Gripið fram í:** Hver svarar því?) Það verður hver að svara fyrir sig. Ég svara ekki fyrir Framsfl. En þingkonur Kvennalistans vilja ekki að samþykktir þingsins brjóti í bága við stjórnarskrána jafnvel þó þær séu á móti málinu sjálfu eins og á við t.d. í þetta skipti. Auðvitað ætti sú afstaða okkar að vera ljós og forsrh. ætti að vita það eins og aðrir að við höfum lagst gegn samþykkt samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Það eru ein rök auðvitað að hann stríði gegn stjórnarskránni, að okkar mati, eða það eru veigamikil rök sem benda til þess, en það eru ekki aðalrök okkar og hafa ekki verið í gegnum tíðina þó það séu auðvitað þau rök sem gera það að verkum að við teljum að Alþingi geti alls ekki samþykkt samninginn. Þess vegna stöndum við auðvitað að þessu frv. Vegna þess að það breytir ekki því hvaða afstöðu fólk hefur síðan til málsins á eftir, en við viljum ekki að Alþingi brjóti stjórnarskrána. Það hlýtur forsrh. að vera alveg ljóst og ætti hann ekki að vera undrandi á því að við séum meðflutningsmenn á þessu frv. og flytjum aðrar tillögur í tengslum við það.

Í febrúar sl. á síðasta löggjafarþingi var lögð fram till. til þál. um að skipuð yrði nefnd óháðra aðila sem segði álit sitt á því hvort samþykkt EES-samningsins standist óbreytta stjórnarskrá. Þetta hefur verið mikið rætt hér og gerð grein fyrir henni svo ég geri það ekki. En hæstv. utanrrh. lagðist gegn samþykkt þessarar tillögu og vildi greinilega einn ráða því hverjir skipuðu nefndina og kom hann fram hér á Alþingi með mjög einkennilegum hætti sama dag og þessi tillaga var til umræðu og tilkynnti að hann væri búinn að skipa nefnd til þess að gera úttekt á þessu máli. Eins og svo oft áður þá vildi hann fá að ráða öllu, vildi fá að stjórna Alþingi. Þeir vilja svo oft fá að ráða, þessir ráðherrar, hvernig Alþingi starfar og geta ekki sætt sig við að þar fari fram sjálfstæð skoðun á málum. Menn sem styðja stjórnina verða að standa og sitja eins og þeir vilja. Þingið mátti sem sagt ekki láta fara fram skoðun á því hvort samþykkt EES-samnings stæðist ákvæði stjórnarskrárinnar. Hér á landi ríkir nefnilega ekki venjulegt lýðveldi, heldur má kannski kalla það ráðherraveldi eins og ég sagði áðan.

En utanrrh. skipaði nefnd fjögurra manna sem skyldi segja álit sitt á því hvort EES-samningurinn stæðist stjórnarskrána. Forsrh., sem samkvæmt reglum um Stjórnarráðið fer með mál sem varða stjórnskipan lýðveldisins, fékk ekki einu sinni að skipa mann í nefndina. Athugun á vegum ríkisstjórnarinnar um aðild að EES í tengslum við stjórnarskrána hefði eðlilega átt að vera á vegum forsrn. (**Forseti:** Forseti hafði greint frá því að ætlunin væri að gera hlé á fundinum. Ég vil því spyrja hv. ræðumann hvort hann sé u.þ.b. að ljúka ræðu sinni. Ef ekki verð ég að óska eftir því að hann geri hlé á ræðu sinni meðan fundi er frestað.) Virðulegur forseti, ég á ekki mjög langt mál eftir en ég tel það þó það langt að ef meiningin er að gera hlé á fundinum þá væri kannski eðlilegra að ég gerði hlé á máli mínu. — [Fundarhlé.]

Virðulegur forseti. Ég vona að það sé ekki merki um það að hv. þm. telji sig þetta mál engu skipta að svo fáir eru hér í þingsalnum því að það hlýtur að vera öllum þingmönnum mikið alvöruefni ef hætta er á því að Alþingi samþykki lög sem stríða gegn stjórnarskránni. Ég vona svo sannarlega að það sé ekki merki um það að þingmenn telji sig þetta engu skipta sem hér birtist.

Ég hafði í fyrri hluta ræðu minnar farið yfir ástæður þess að við teljum nauðsynlegt að flytja frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskránni, þar sem yfirgnæfandi líkur eru til þess að ef samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði verður samþykktur, þá muni það verða brot á stjórnarskrá lýðveldisins. Ég skýrði það einnig fyrir forsrh., þar sem hann taldi það mjög óljóst eða reyndar óskiljanlegt af hverju Kvennalistinn teldi sig þurfa, eins og hann orðaði það, að hjálpa Framsfl. við að styðja þetta mál. En það þarf kannski ekki að endurtaka það að auðvitað erum við kvennalistakonur algerlega andvígar því að nokkurt það mál sem er samþykkt á Alþingi stríði gegn stjórnarskránni óháð því hvort við erum samþykkar því eða ekki.

Ég var þar komin sögu að ég var að lýsa því að mér þætti það mjög sérkennilegt að hæstv. forsrh. skyldi ekki einu sinni fá að skipa mann í nefnd utanrrh. þar sem auðvitað hefði verið miklu eðlilegra að athugun á vegum ríkisstjórnarinnar á EES-samningnum í tengslum við stjórnarskrána hefði átt að vera á vegum forsrn. Ég geri út af fyrir sig enga athugasemd við og það er

alls ekkert athugvert við það þó að hæstv. utanrrh. vilji fá nokkra lögfróða menn til að segja álit sitt á samningnum. En að telja að niðurstaða þeirra komi í stað athugana óháðra aðila er auðvitað fjarstæða. Auðvitað hefur hæstv. utanrrh. talið sig hingað til vera þann eina sem má fjalla um þetta mál og enginn annar hafi neitt um það að segja, hafi alla vega ekki neitt vit á því.

Eins og menn muna voru sl. vor nokkrar deilur um þetta atriði á milli hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. þar sem ekki virtist vera alger samstaða um það hver færi með málið, þ.e. EES-samninginn, eftir að búið var að undirrita hann af hálfu ríkisstjórnarinnar eða af hálfu utanrrh. Ég tel ekkert athugavert við það þó að utanrrh. vilji fá einhverja menn til að segja álit sitt. Ég tel hins vegar að þessir menn geti alls ekki komið í stað þeirra óháðu aðila sem stjórnarandstaðan taldi að ætti að fá til þess að segja álit sitt og kom m.a. fram í tillögu sem lögð var fram á Alþingi í febrúar á síðasta þingi en því miður fékkst hún ekki samþykkt. Ég er ekki að segja að þessir ágætu menn, þ.e. lögmennirnir fjórir sem voru fengnir til, séu ekki góðir og gegnir lögfræðingar. En álit þeirra var hæstv. utanrrh. og Alþfl. ljóst fyrir fram. Það kom m.a. fram í ályktun Alþfl. og var einnig fullyrt í forustugrein Alþýðublaðsins þann 23. júní. Í samþykkt flokksþings Alþfl. kom greinilega fram að þeir vissu hvað út úr þessari könnun mundi koma og sögðu að greinilegt væri að EES-samningurinn fæli ekki í sér framsal á valdi þjóðríkja. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Flokksþingið leggur áherslu á að fullyrðingin um að EES-samningarnir feli í sér framsal löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds eða að samningarnir séu brot á stjórnarskrá Íslands hafi hvergi verið fundinn staður svo að trúverðugt sé." Og svo kemur: „Þjóðréttarfræðingar á vegum EB- og EFTA-ríkjanna sem og Lagastofnun hafa hvergi staðfest slíkar fullyrðingar."

Síðan segir einnig í forustugrein Alþýðublaðsins frá 23. júní að niðurstaðan í öllum EFTA-ríkjunum sé sú að samningurinn feli ekki í sér framsal á löggjafarvaldi. Þetta er auðvitað einkennileg niðurstaða í ljósi þess að í öllum EFTA-ríkjum þarf að staðfesta samninginn með auknum meiri hluta í þingum landanna vegna þess, eins og ég sagði áðan, að samningurinn er *talinn fela í sér skerðingu á fullveldi rikjanna.*

Niðurstaða fjórmenningahópsins var enda í samræmi við fullyrðingu flokksþings Alþfl. og þess sem skrifaði forustugrein Alþýðublaðsins þann 22. júní, þ.e. að EES-samningurinn og fylgisamningar hans brjóti ekki í bága við íslensk stjórnskipunarlög.

Þessi niðurstaða þeirra er þó langt frá því að vera ótvíræð. Þeir segja nefnilega í sínu áliti ef ég má, með leyfi forseta, lesa það. „Hugsanlegt er að þau ákvæði sem hér geta skipt máli geti öll saman leitt til þess að samningarnir verði ekki taldir samrýmast stjórnarskránni, þó að hvert ákvæði metið sér í lagi geri það. Við teljum að vísu að færa megi nokkur rök gegn einstökum þáttum í því sem hér að framan er rakið en við teljum þó að niðurstöður okkar orki ekki tvímælis í þeim mæli að tilefni sé að draga þá ályktun að samningarnir í heild leiði til þess að breyta þurfi stjórnarskránni ef þeir taka gildi." Ég vil endurtaka þetta að „...niðurstöður okkar orki ekki tvímælis í þeim mæli ..." Hvað meina mennirnir? Það er greinilegt að þeir sjálfir eru ekki mjög öruggir í sinni niðurstöðu. Svo segir áfram:

„Þá er hugsanlegt að reynslan leiði í ljós að það reynist ekki rétt sem við byggjum á um framkvæmdarvaldið og dómsvaldið, þ.e. að reglurnar um vald stofnana EFTA séu vel afmarkaðar, að þær feli ekki í sér verulegt valdaframsal og séu ekki íþyngjandi í ríkum mæli." En ég vil taka fram að þeir eru búnir að segja áður að þær séu íþyngjandi. Það er bara hversu mikið sem þeir eru að leggja mat á. Síðan segir áfram: „Einnig er hugsanlegt að í samkeppnismálum komi til meiri afskipta en hér er reiknað með. Við teljum ólíklegt að forsendur okkar að þessu leyti reynist rangar." Þeir eru ekki vissir. „Við teljum jafnframt að engin nauðsyn sé til að ráðast nú í breytingar á stjórnarskránni vegna þessa möguleika. Ef fram kemur síðar að slíkra breytinga sé þörf er Ísland að þjóðarétti skuldbundið til þess að gera það."

Þetta er þeirra niðurstaða og er greinilegt að fjórmenningarnir byggja sína greinargerð og sína niðurstöðu á mjög hæpnum forsendum svo að ekki sé meira sagt.

Dr. Guðmundur Alfreðsson þjóðréttarfræðingur og Björn Þ. Guðmundsson, prófessor í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands, hafa jafnframt lagt fram greinargerðir um málið þar sem fram kemur að þeir telja að samningurinn brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Ég ætla ekki að rekja í löngu máli það sem fram kemur í þeirra álitum þar sem það hefur verið gert mjög skilmerkilega hér af öðrum ræðumönnum en vil þó aðeins gera örfá atriði að umtalsefni og lesa upp úr þeirra álitum, með leyfi forseta. Álit dr. Guðmundar Alfreðssonar er birt m.a. sem fskj. með frv. og vil ég fá að vitna til þess sem er á bls. 76. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Ég hef lýst þeirri skoðun minni að það er margt í EES-samningnum og fylgiheimildum um vald EFTA- og EES-stofnana, sem ýmist brýtur í bága við eða orkar tvímælis miðað við gildandi stjórnskipunarlög. Hér hlýtur að vakna viðbótarspurning. Getur frjálst og fullvalda *ríki, með tilvísun í 1. og 2. grein stjórnarskrárinnar,* framselt framkvæmdar- og dómsvald til alþjóðastofnunar, sem við erum ekki aðilar að? Í kaflanum um löggjafarvald lýsti ég því einnig hve stóran þátt EB mundi fá við mótun og samningu efnisreglna á EES-svæðinu." Þetta er úr áliti Guðmundar Alfreðssonar sem hefur komist að því að samþykkt samningsins mundi stríða gegn stjórnarskránni. Jafnframt segir hann í sínum lokaorðum:

„Það hefur komið fram í lögfræðilegri umræðu um stjórnarskrána og EES að stjórnarskránni skuli breytt frekar en að taka áhættu á broti ef vafi er á ferðinni um stjórnskipulegt lögmæti EES-samningsins. Ummæli um „grátt svæði" benda til svipaðra efasemda. Ég geng lengra og held því fram að ákvæði í samningnum brjóti greinilega í bága við stjórnarskrána eins og

hún stendur í dag, en ég tek undir þá skoðun að stjórnarskráin skuli njóta efasemda af þessu tagi." Án þess að ég viti það þá býst ég við að Guðmundur sé þarna m.a. að vísa til fundar sem Lögfræðingafélag Íslands hélt á Hótel Sögu í vor þar sem þessi sjónarmið voru yfirgnæfandi, þ.e. að það væri svo mikill vafi á ferðinni að breyta þyrfti stjórnarskránni þó að ekki væri alveg öruggt að það væri nauðsynlegt. Ég get t.d. nefnt Eirík Tómasson sem var fundarstjóri á þessum fundi og setti fram þetta sjónarmið. Hann taldi að það væri eðlilegt að stjórnarskráin nyti vafans og svo er um fleiri sem hafa tjáð sig um þetta mál þó að það hafi kannski ekki allir viljað ganga eins langt og Guðmundur Alfreðsson og segja að það sé að þeirra mati ekki neinn vafi á því að þetta brjóti í bága við stjórnarskrána. Síðan segir hann áfram, með leyfi forseta:

„Í þessu samhengi er nauðsynlegt að ítreka að sérfræðinganefnd utanrrh. er í vafa um eigin niðurstöður. Nefndin segir berum orðum bæði í meginmáli og lokaorðum að það geti þurft að breyta stjórnarskránni seinna ef forsendur hennar reynast rangar hvað varðar afmörkun og umfang valdaframsalsins og íþyngjandi ákvarðana útlendra stofnana. Ummæli nefndarinnar eru þess vegna beinlínis viðurkenning á efasemdunum. Í mínum huga á að breyta stjórnarskránni fyrst en ekki seinna í slíkum tilfellum og ekki bara fresta breytingunni fram að næstu reglubundnum kosningum; þá er ekki rétt að farið skv. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Þessi skoðun á sér stuðning í áður greindum tilvísunum í lögin um ráðherraábyrgð." En þau ætla ég mér ekki að lesa hér. Og þess vegna er niðurstaða Guðmundar sem ég ætla að leyfa mér að lesa:

„Það er mín niðurstaða eftir nákvæma skoðun á þessum atriðum og dæmum öllum að breyta þurfi stjórnarskránni og beita til þess 79. gr. hennar, þegar frumvarpið til laga um EES kemur til afgreiðslu Alþingis og forseta."

Þetta voru hans lokaorð og ég trúi því ekki að menn efist um að Guðmundur sé einn af þessum virtu lögfræðingum sem m.a. hæstv. iðnrh. lagði svo mikla áherslu á að segðu álit sitt. Það væri a.m.k. erfitt fyrir hvern mann að efast um að hann hafi þekkingu og getu til þess að segja álit sitt á þessu máli þar sem hann er einn fremsti þjóðréttarfræðingur landsins og þótt víðar væri leitað. Það að efast um að þarna sé fræðilega að málum staðið er auðvitað út í hött.

Björn Þ. Guðmundsson hefur einnig sagt álit sitt á þessu máli og ætla ég ekki að rekja í löngu máli hans greinargerð því að á sama hátt hafa menn auðvitað lesið hér heilmikið upp úr hans áliti. Ég get þó ekki stillt mig um að taka hér nokkrar tilvitnanir upp úr hans greinargerð og vil, með leyfi forseta, fá að vitna til 5. kafla eða kafla sem er á bls. 40 í greinargerð með þessu frv. Þar segir hann:

„Verði teflt á tæpasta vað í þessum efnum getur sú staða komið upp að handhafar löggjafarvalds, alþingismenn, hafi sett æðstu handhafa dómsvalds í þá stöðu að síðar geti þeir ekki annað en talið EES-samninginn standast stjórnarskrána vegna þess að önnur niðurstaða leiddi til slíkrar röskunar í þjóðfélaginu að nálgaðist ómöguleika í framkvæmd.

Við röksemdafærslu má það ekki vera leiðandi sjónarmið að eitthvað sem áður hefur verið gert, hvort heldur er með lagasetningu, stjórnsýsluákvörðunum eða dómum, og talið hefur verið vafasamt að hefði nægilega stoð í stjórnarskránni, réttlæti það í þessu máli að slaka megi á kröfum um stjórnskipulegt gildi laga."

Þarna leggur Björn áherslu á það sem ég hef reyndar sagt áður að þó að e.t.v. einhvern tíma hafi verið vafi á því eða komi í ljós núna að vafi hafi verið á því að Alþingi hafi haft heimild til ákveðinnar lagasetningar, þá getur það alls ekki verið eðlilegt að þar með megi brjóta stjórnarskrána eins oft og maður vill eftir það. Það kemur auðvitað ekki til álita.

Björn Þ. Guðmundsson segir enn fremur síðar: „Með EES-samningnum er íslenskt refsivald framselt að hluta. Slíkt vald er svo mikilsvert að óverjandi er að það verði fengið öðrum en dómstólum og stjórnvöldum þeim, sem getur nú í stjórnarskránni, nema þá að breyta henni.

Með því framsali ríkisvalds, sem hér er til umræðu, er ekki einasta þjóðréttarlegum stofnunum falið bindandi ákvörðunarvald á tilteknum sviðum gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum á Íslandi, heldur afsala sömu aðilar sér þeirri réttarvernd sem þeir njóta samkvæmt íslenskum lögum og m.a. er fólgin í því að mega bera athafnir stjórnvalda undir umboðsmann Alþingis, undir æðra stjórnvald og að lokum dómstóla."

Sá ræðumaður sem talaði hér á undan mér gerði einmitt þetta síðasta atriði að umræðuefni, að með þessum samningi er verið að svipta íslenska ríkisborgara þeim rétti sem þeir hafa nú til að skjóta máli sínu til umboðsmanns Alþingis. Það er einmitt það atriði sem Björn Þ. Guðmundsson leggur áherslu á í sínu áliti og verð ég að lýsa sérstökum áhyggjum mínum ef þessi samningur gerir það að verkum að íslenskir ríkisborgarar hafa ekki lengur möguleika á að skjóta málum sínum til umboðsmanns Alþingis. Það er auðvitað afar slæmt og ég trúi því ekki að menn séu sáttir við þau ákvæði samningsins sem fjalla um þetta eða sem gera það að verkum að umboðsmaður Alþingis getur ekki lengur fjallað um mál sem heyra undir hann, þ.e. þau svið samningsins. Ég vil einnig fá, með leyfi forseta, að lesa hér lokaniðurstöðu Björns Þ. Guðmundssonar en hún er svona:

„Á grundvelli viðurkenndra lögskýringaraðferða stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar tel ég vafa leika á að framsal það á framkvæmdar- og dómsvaldi sem felst í EES-samningnum og hér um ræðir, standist gagnvart gildandi réttarreglu 2. gr. stjórnarskrárinnar. Þennan vafa tel ég svo mikinn að ekki megi taka áhættuna af því að lögfesta EES-samninginn að óbreyttri stjórnarskrá."

Þetta er hans niðurstaða. Ég trúi því ekki að menn ætli ekki að taka neitt mark á þeim mætu mönnum sem þarna tala. Eins og ég sagði áðan eru þetta ekki þeir einu sem hafa sagt álit sitt. Þetta eru þeir sem hafa sent inn greinargerðir. En það hefur margoft komið fram bæði hér úr þessum ræðustól og eins í fjölmiðlum að Ragnar Aðalsteinsson, formaður Lögmannafélagsins,

hefur látið í ljós þá skoðun að það sé eðlilegra að breyta stjórnarskránni.

Ég minntist áðan á Eirík Tómasson. Ég vil einnig minnast á grein Lúðvíks Ingvarssonar í Morgunblaðinu fyrir nokkrum dögum þar sem sama skoðun kemur fram og ekki geri ég lítið úr áliti hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, fyrrv. formanns utanrmn. sem hefur einnig látið í ljós miklar efasemdir um að samþykkt samningsins standist stjórnarskrána. Auðvitað mega menn ekki hafa slíkar skoðanir og það kostaði Eyjólf Konráð Jónsson embættið því að það má ekki vera á móti ráðherrum, það getur verið hættulegt.

Það leikur því mikill vafi á því hvort það mikla valdaframsal, sem EES-samningurinn gerir ráð fyrir, er heimilt samkvæmt stjórnarskránni. Ég fyrir mitt leyti tel að rök lögfræðinga utanrrh. séu lítt sannfærandi og að greinilegt sé að samþykkt EES-samningsins væri brot á stjórnarskránni. Ég vil taka fram, vegna þess sem hv. þm. Björn Bjarnason, formaður utanrmn., sagði í ræðu sinni í fyrradag, að miklu fleiri af þeim lögmönnum sem hafa tjáð sig opinberlega telja að breyta þurfi stjórnarskránni ef staðfesta á EES-samninginn. Ef hann ætlar að fara í talningu með og á móti stjórnarskrárbreytingunni held ég að hann lendi fljótlega í vandræðum. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi hversu margir eru með eða á móti. Það sem skiptir máli er að komið hafa veigamikil rök fram sem hníga í þá átt að breyta þurfi stjórnarskránni ef ætlunin er að staðfesta EES-samninginn. Þingmenn geta alls ekki horft fram hjá þessari staðreynd, ekki einu sinni nýskipaður formaður utanrmn. Það hefði mátt ætla af orðum hans hér í umræðunni í fyrradag að hann teldi stjórnarskrána ekki það merkilegt plagg að það þyrfti að umgangast hana með varúð. Að sjálfsögðu sagði hann það ekki beinum orðum en það mátti skilja það á hans orðum. Hann talaði svo gáleysislega um ákvæði stjórnarskrárinnar. Ég vil ekki umgangast stjórnarskrána eins og hvert annað pappírsplagg, það er alveg á hreinu. Hún er ekkert pappírsgagn sem við getum farið með eins og okkur sýnist.

Ég vil taka það fram vegna orða hv. 7. þm. Reykn., formanns Framsfl., Steingríms Hermannssonar að ég tel að þjóðaratkvæðagreiðsla komi ekki í stað breytingar á stjórnarskránni. Ef ég heyrði rétt, þá taldi hann að það kæmi til greina af hans hálfu að ef þjóðaratkvæðagreiðsla yrði um samninginn að þá þyrfti ekki að breyta stjórnarskránni. Þessu er ég algerlega ósammála. Auðvitað hefur það ekkert með það að gera. Ég get hins vegar tekið það fram að ég tel að það eigi að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla um þennan samning eins og ég held að ég hafi verið búin að segja fyrr í máli mínu.

Markmið frv. er að eyða þeim vafa sem upp hefur risið um stjórnskipulegt gildi EES-samningsins áður en Alþingi tekur samninginn til endanlegrar afgreiðslu og jafnframt að endurskoða ákvæði 21. gr. stjórnarskrárinnar um samninga við önnur ríki. Það er óverjandi að einfaldur meiri hluti á Alþingi geti framselt ríkisvald eða lagt verulegar kvaðir á íslenskt landsvæði, landhelgi eða lofthelgi. Til þess að slíkt geti átt sér stað þarf annaðhvort að vera tryggt að umtalsverður meiri hluti alþingismanna sé því fylgjandi eða meiri hluti þjóðarinnar gefi samþykki sitt í almennri atkvæðagreiðslu. Við eðlilegar aðstæður ætti slíkt valdaframsal aldrei að geta farið fram að þjóðinni forspurðri.

Stjórnarandstaðan hefur sameinast um að flytja tvö frumvörp um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins og eru þau auðvitað á vissan hátt samtengd. Við ræðum hér eingöngu breytingu á 21. gr. stjórnarskrárinnar en umræða um hitt frv. verður auðvitað síðar. Jafnframt er á þskj. 32 till. til þál. um þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta vil ég leggja áherslu á í tengslum við þetta mál þó að það verði auðvitað rætt frekar síðar. Þessi mál eru auðvitað samtengd þó að ekki sé nauðsynlegt að samþykkja þau öll, þau geta verið samþykkt eitt eða öll eftir atvikum þó að ég voni auðvitað að menn geti samþykkt öll þessi þrjú mál. Ég tel ekki hægt annað og við sem flytjum frv. teljum ekki annað verjandi en að þjóðin fái að taka afstöðu til þess hvort Ísland eigi að gerast aðili að EES. Frv. gerir ráð fyrir að það þurfi þrjá fjórðu hluta alþingismanna til að samþykkja millirríkjasamning ef í honum felst framsal á ríkisvaldi til fjölþjóðlegra stofnana eða samtaka. Þetta ákvæði er mjög svipað ákvæði í norsku stjórnarskránni og ég tel að það sé algert lágmark að þrír fjórðu hlutar þingsins samþykki slíka samninga. Í stjórnarskrám Dana og Svía er gert ráð fyrir því að það þurfi fimm sjöttu hluta þinganna til þess að framselja ríkisvald á sama hátt og gert er með EES-samningi eða aðild að EB. Ég tel alveg koma til greina að breyta þessu hlutfalli þannig að það verði hærra eða eitthvert annað hlutfall ef menn telja það eðlilegra.

Með frv. yrðu einnig sett skýr ákvæði um hvernig með skuli fara ef gerðir eru samningar sem fela í sér ákveðið framsal á ríkisvaldi og afsal og kvaðir á landi, eins og segir í greininni. Til að forseti Íslands geti staðfest slíkan samning þurfa sem sagt þrír fjórðu hlutar alþingismanna að samþykkja hann fyrst. Þessi fjöldi, 48 þingmenn, eins og þingið er skipað núna miðað við 63 þingmenn, er samsvarandi ákvæði í 11. gr. stjórnarskrárinnar. Þar er einnig gert ráð fyrir að þrjá fjórðu huta þingmanna þurfi til ef forseti lýðveldisins er leystur frá embætti. Það er kannski ekki síst þess vegna sem þessir þrír fjórðu hlutar eru valdir en það er auðvitað ekkert heilagt mál.

Eins og ég sagði áðan þá þarf í Danmörku, Svíþjóð og Noregi að hafa aukinn meiri hluta. Það hafa sem sagt verið gerðar breytingar á stjórnarskrám þeirra landa sem heimila ákveðið og afmarkað framsal á ríkisvaldi með samþykki aukins meiri hluta þinganna. Þar eru greinar sem heimila þetta en ég ætla ekki að tíunda þær neitt sérstaklega. Nefnd sú sem fær frv. til meðferðar útvegar sér þetta auðvitað hér á Alþingi, bókasafnið hefur afrit af öllum lögum Norðurlandanna.

Það sem mig langar til að vekja athygli á er kannski sérstaklega fyrir hæstv. viðskrh. Hann sagði í ræðu sinni í gær að sú breyting sem í frv. felst og sú breyting sem lögð er til á þskj. 31, þ.e. að á eftir 45. gr. stjórnarskrárinnar komi ný grein sem feli í sér að þriðj-

ungur alþingismanna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu, gætu alls ekki farið saman. Honum þótti óskiljanlegt að hægt væri að samþykkja bæði þessa breytingu, sem við ræðum hér, og hina breytinguna. Ég verð, virðulegi forseti, að fá að skýra það út fyrir hæstv. viðskrh. þó að hann sé ekki viðstaddur, hann mun kannski geta aflað sér upplýsinga í þingtíðindum á eftir, að nákvæmlega sams konar ákvæði er í dönsku stjórnarskránni. Að vísu þarf fimm sjöttu hluta atkvæða á þinginu til þess að samþykkja slíkt framsal valds sem t.d. fólst í Maastricht-samkomulaginu. Þó svo að þingið samþykkti það með yfirgnæfandi meiri hluta, þá var samt skv. 42. gr. dönsku stjórnarskrárinnar ákveðið að vísa málinu til þjóðarinnar sem felldi það eins og kunnugt er. (Gripið fram í.) Það var ekki endanlega búið að greiða atkvæði um það en það var nokkuð ljóst að meiri hluti þingsins var samþykkur samkomulaginu þar sem þingmenn voru búnir að lýsa því yfir. Það var alveg ljóst enda eru núna alger vandræði í Danmörku vegna þess að þingmenn vita ekki hvað þeir eiga að gera vegna þess að þeir eru að meiri hluta til ósáttir við niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar sem þeir verða auðvitað að fara eftir samkvæmt stjórnarskránni. Það getur því mjög vel farið saman að hafa í stjórnarskránni ákvæði þess efnis að málum skuli vísað til þjóðarinnar, algerlega óháð því hvort þingið hefur samþykkt málið eða ekki. Þjóðin hefur auðvitað síðasta orðið. Í því felst lýðræði.

Þessar breytingar á stjórnarskrám landanna voru gerðar vegna þess að það var ekki talið að nútímaleg samskipti milli þjóða væri hægt að stunda með þeim hætti sem þessar þjóðir teldu eðlilegt nema breyta stjórnarskránni. Það getur auðvitað oft þurft að framselja hluta valds þó að margir telji, og sjálfsagt margir hér á þinginu sem telja það einnig, að það eigi ekki að veita neina heimild til að framselja vald til alþjóðlegra stofnana þó svo að það geti auðvitað reynst nauðsynlegt í ýmsum málum. Ég get nefnt t.d. umhverfismál í því sambandi.

Stjórnarskrá Íslands byggir á norrænum stjórnskipunarrétti og má því álykta sem svo að það sé ekki síður þörf á að breyta stjórnarskránni hér en í nágrannalöndunum þó að ég telji það að sjálfsögðu ekki veigamikil rök í málinu vegna þess að það hlýtur auðvitað að vera fyrst og fremst okkar eigin mat hvort breytinga sé þörf á okkar stjórnarskrá. Það er mat virtra lögfræðinga að EES-samningurinn samrýmist ekki stjórnarskránni, eins og hér hefur verið rakið, og það má alls ekki efast um stjórnskipulegt gildi þeirra milliríkjasamninga sem Ísland gerir. Því er brýn þörf á þeirri stjórnarskrárbreytingu sem frv. gerir ráð fyrir.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 15. þm. Reykv. sagði að ég hefði misskilið það að í frv. stjórnarandstöðuflokkanna kæmi fram, eftir að sú breyting hefði náð fram að ganga sem þar væri lýst ef samþykkt yrði, að þá væri búið að skapa skilyrði fyrir framsal á fullveldisrétti. Þingmaðurinn sagði að það væri rangt, það væri eingöngu land eða ríkisvald sem þar væri um að ræða. Það hefði engum dottið í hug að skapa skilyrði fyrir því að framsal á fullveldisrétti mætti eiga sér stað. En þingmaðurinn virðist ekki hafa lesið tillöguna sem hún er sjálf meðflutningsmaður að. Þar segir:

„Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða á hvers konar fullveldisrétti í íslenskri lögsögu, framsal einhvers hluta ríkisvalds til fjölþjóðlegrar stofnunar eða samtaka eða ef þeir horfa að öðru leyti til breytinga á stjórnarhögum ríkisins nema samþykki Alþingis komi til. Slíkt þingmál telst því aðeins samþykkt að þrír fjórðu alþingismanna greiði því atkvæði."

Ef þetta yrði samþykkt, þá yrði með þessari skipan, þeirri skipan að þrír fjórðu alþingismanna samþykktu, hægt að framselja hvers konar fullveldisrétt, hvorki meira né minna. Þingmaðurinn var einmitt að leiðrétta mig í upphafi hvað þetta snertir. Ég vek athygli á því til að mynda að ef þetta hefði náð fram að ganga þyrfti ekki að breyta stjórnarskrá til þess að við gætum gerst aðilar að Evrópubandalaginu. Það þyrfti tvímælalaust að gera í dag. Þess þyrfti ekki ef þetta hefði verið lögtekið og stjórnarskrá breytt í þessa veru.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni að stjórnarflokkarnir væru á móti því að afsala sér fullveldi þjóðarinnar. Það var það sem ég sagði að ég hefði engan heyrt tala um að verið væri að ræða um það. Ég margtók fram að enginn vill það. Ef hæstv. forsrh. vill skilja þetta frv. svo, þá skulum við bara breyta því. Það hefur margoft komið fram að ef hann telur að við getum á einu bretti með þremur fjórðu hlutum atkvæða afsalað okkur fullveldi þjóðarinnar til alþjóðastofnunar án þess að það komi neitt annað til, þá skulum við breyta þessu ef svo er. Ég tel að það felist svo mikið valdaframsal í EES-samningnum að það sé alls ekki heimilt samkvæmt stjórnarskránni eins og hún er núna. Ef forsrh. telur að það mikla valdaframsal sé heimilt nú, þá get ég ekki séð af hverju hann telur að það þurfi endilega að breyta stjórnarskránni ef ríkisstjórnin ákveður að við eigum að sækja um aðild að EB. Í EES-samningnum er um verulegt valdaframsal að ræða og, eins og fram hefur komið hér vegna upplesturs úr ræðum formanns utanrmn., þá er þetta fyrsta og annað skrefið inn í Evrópubandalagið. Hvers vegna er þá hægt að afsala því valdi ef það er ekki hægt samkvæmt túlkun forsrh. með inngöngu í EB? Ég átta mig ekki alveg á þessari röksemdafærslu. En ég ítreka að ef það væri til samkomulags um breytingar á þessari grein þannig að við gætum sammælst um það væri ég fyrsta manneskja til að samþykkja það.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. meinar það sem hann segir, sem ég efast ekkert um, þá er alveg ljóst í mínum huga að þingmaðurinn getur ekki greitt atkvæði með því frv. sem hann er flutningsmaður að því að hér stendur að með samþykki þriggja fjórðu hluta alþingismanna sé hægt að afsala hvers konar fullveldisrétti,

hvorki meira né minna, hvers konar fullveldisrétti Íslendinga. Ef þingmaðurinn meinar það sem hann er að segja er algerlega ljóst að þessi þingmaður a.m.k. getur ekki greitt frv. atkvæði sem hann er þó flutningsmaður að.

Ég ætla ekki að greiða frv. atkvæði og því þarf enga samninga við mig í þeim efnum en hv. þm. verður bersýnilega að eiga mjög árangursríkar samningaviðræður við sjálfan sig eftir að þetta er upplýst því að hv. þm. sagðist ekki geta hugsað sér að koma þessari skipun á en hann leggur það til að þrír fjórðu alþingismanna geti afsalað sér hvers konar fullveldisrétti þjóðarinnar. Þetta er afskaplega afgerandi.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú þarf ég að lesa nákvæmlega fyrir hæstv. forsrh., með leyfi forseta:

„Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða á hvers konar fullveldisrétti í íslenskri lögsögu, framsal einhvers hluta ríkisvalds til fjölþjóðlegrar stofnunar eða samtaka eða ef þeir horfa að öðru leyti til breytinga á stjórnhögum ríkisins nema samþykki Alþingis komi til." Og það verður að samþykkja það með þremur fjórðu hlutum atkvæða. Það er ekkert verið að gefa ... (Gripið fram í.) Hvers vegna í ósköpunum vill forsrh. þá veita það mikla framsal ef hann vill lesa þetta með þessum augum, hvernig í ósköpunum getur hann þá lesið íslensku stjórnarskrána eins og hann hafi leyfi til að framselja það mikla vald til EB-, EES-stofnana og EFTA-stofnana sem hann ætti þó að gera með einföldum meiri hluta? (Gripið fram í.) Því miður er þetta misskilningur hjá forsrh.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til stjórnarskipunarlaga og samkvæmt þingskjali eru flutningsmenn Steingrímur Hermannsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Kristín Einarsdóttir, Páll Pétursson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Ragnar Arnalds.

Meðal þessara hv. þm. eru tveir þingmenn sem gegndu ráðherraembættum í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og annar þeirra situr hér fyrir framan mig og er ég þakklátur fyrir það að hann ætlar að hlýða á mál mitt en hinn, 1. flm. frv., er ekki hér í salnum. Ég sé mig hins vegar neyddan til þess að ræða allmikið um störf fyrri ríkisstjórnar. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson stýrði þeirri ríkisstjórn og því vil ég óska eftir því að 1. flm. þessa frv. sé viðstaddur umræðuna. Ef ekki er hægt að verða við þessari ósk minni vil ég fara fram á það að ég fái að gera hlé á máli mínu þangað til 1. flm. frv. sér sér fært að vera í þingsal. (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til að athuga hvort 1. flm. frv. sé í húsinu og verður úr því skorið innan skamms. — Það er upplýst að 1. flm. frv. er ekki viðstaddur. Hann er að sinna störfum í bankaráði Landsbankans og verður því eigi hér að svo stöddu. Óskar ræðumaður að fresta ræðu sinni?) Hann óskar þess.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Mér sýnist að þingstörfin ætli að ganga hægt fyrir sig í dag. Ég vil eiginlega ógjarnan tala um þetta mál nema hér sé a.m.k. viðstaddur forsrh., hann er sjálfsagt einhvers staðar skammt undan, og viðskrh. Viðskrh. lagði talsvert inn í þessa umræðu í gær og það er ýmislegt í mínu máli sem beinist beinlínis að honum. Hann er þar að auki settur utanrrh. þar sem utanrrh. er erlendis og ég vil síður tala hér án þess að hafa hann viðstaddan. Mér er því dálítill vandi á höndum sem ég óska eftir að forseti skeri úr með einhverjum hætti. Er enginn í forsetastólnum? (**ÖS:** Það varð ljós.) Það varð ljós. Þetta er öflugur maður, Össur Skarphéðinsson, þingflokksformaður Alþfl. Hann getur kveikt á perum í sínum flokki.

Þá er mér ekkert að vanbúnaði að tala hér. Erindi mitt upp í þessa pontu er eiginlega fyrst og fremst það að fjalla lítillega um þau rök sem komu fram í gær gegn breytingu á stjórnarskránni og komu bæði fram hjá hæstv. forsrh. og utanrrh. En nú sakna ég forsrh. (**Forseti:** Forsrh. er nýfarinn úr húsinu, þurfti að bregða sér frá. Ég vil spyrja ræðumann hvort hann geti tekið þann kafla ræðu sinnar sem varðar það sem hann hefur hugsað sér að ræða við hæstv. viðskrh. meðan beðið er eftir forsrh. eða hvort hann vill gera hlé á ræðu sinni.) Ég vil gera hlé á ræðu minni vegna þess að ég er hér beinlínis komin í pontuna til þess að svara ýmsu sem kom fram í máli hæstv. forsrh. í gær og reyndar viðskrh. Það samtvinnast mjög og verður ekki í sundur slitið frekar en þessir tveir ráðherrar. Ég óska eftir að gera hér hlé á máli mínu. — [Fundarhlé.]

Tómas Ingi Olrich (frh.):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir það að hv. 1. flm. frv. til stjórnskipunarlaga, hv. þm. Steingrímur Hermannsson, er kominn hingað í salinn. Það er mikils virði að þingmenn sjái sér fært að gera hlé á öðrum störfum sínum til þess að koma hér og fylgja eftir þeim málum sem þeir eru flutningsmenn að.

Það er eðlileg málsmeðferð að taka þann þátt umræðunnar um hið Evrópska efnahagssvæði sem veit að stjórnarskránni fyrir í upphafi umræðnanna. Það er að sjálfsögðu undirstöðuatriði að þessi mikilvægi samningur sé gerður á grundvelli þeirra heimilda sem stjórnarskráin veitir. Stjórnarskrá lýðveldisins er sá grunnur sem löggjafinn byggir sitt starf á. Sá grunnur er þó ekki aðeins fólginn í bókstafnum sjálfum heldur og í því hvernig sá bókstafur hefur verið túlkaður. Þótt stjórnarskrá lýðveldisins sé ekki ýkjagömul á hún sér þó sína sögu. Hún hefur lifað með stofnunum þjóðarinnar og hefur verið þeim leiðbeining. Óhjákvæmilegt er því að líta á það sem hluta af þessum grundvelli hvernig venja hefur skapast um túlkun stjórnarskrárinnar. Fordæmi eru hluti af þeim leiðbeiningum sem við höfum um skilning okkar á henni.

Þeim grunni sem stjórnarskráin er verður ekki breytt af litlu tilefni. Efasemdir duga ekki í þeim efnum. Þar verða til að koma gild rök. Það er að sjálfsögðu jafnalvarlegt að breyta ekki stjórnarskránni vegna EES-samningsins, ef til þess standa gild rök, eins og

það er alvarlegt frumhlaup að krefjast breytingar á stjórnarskránni ef til þess standa einungis efasemdir en ekki skýr efni. Áhugi á stjórnarskrárþætti EES-málsins er eðlilegur og sjálfsagður. Allir þjóðkjörnir þingfulltrúar, allir þjóðkjörnir fulltrúar þessarar löggjafarsamkundu, taka alvarlega þann eið sem þeir hafa unnið í samræmi við 47. gr. stjórnarskrárinnar. Þessi áhugi er hluti af lífi stjórnmálamannsins og er með öllu ótengdur stundarhagsmunum flokka og einstakra þingmanna. Þessi áhugi á stjórnarskránni vaknar því ekki við það eitt að loftvog fellur eða vindar snúast. Þessi áhugi fæðist ekki 1. maí 1991, hann verður ekki til 20. júní 1992 eða 6. júlí 1992. Með öðrum orðum verður að gera þá kröfu til alþingismanna að þeir fari ekki með stjórnarskrármál í krafti stundarhagsmuna sinna. Öll mál eiga nokkurn aðdraganda. Svo er einnig með það mikilsverða mál sem þetta sumarþing er helgað og svo er einnig með það mál sem hér er á dagskrá í dag.

EES-samningurinn á sér alllangan aðdraganda, eins konar forleik sem er óaðskiljanlegur hluti af því flókna máli sem hér er til umfjöllunar. Þeir sem hafa í ríkisstjórn tekið þátt í samningaferlinu um EES-samninginn og eru samábyrgir fyrir þeim heildarskrefum sem þar hafa verið stigin verða að sýna fram á það að þeir hafi á öllum stigum málsins sýnt stjórnarskrárþætti þess tilhlýðilega athygli. Þeir þurfa að sýna fram á samhengi í athöfnum og orðum ef þeir ætlast til þess að verða marktækir kallaðir í umræðunni um hugsanlega meinbugi á samþykkt samningsins að því er stjórnarskrá lýðveldisins varðar. Telja verður því eðlilegt að skoða stjórnarskrármálið frá tveimur hliðum. Annars vegar frá hinni efnislegu hlið málsins, þ.e. efnisleg rök fyrir því sjónarmiði að samningurinn um Evrópska efnahagsvæðið brjóti í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, en síðan gagnrýni þeirra sem segja að svo sé ekki. Hins vegar verður að skoða stjórnarskrárþátt EES-samningsins í ljósi samningaferilsins og athuga á hvern hátt var farið með þennan þátt málsins af hálfu þeirra sem frá upphafi samninga 1989 fram til vors 1991 fóru með málið og báru gagnvart þjóðinni ábyrgð, ekki aðeins á samningamálinu sem slíku heldur einnig á tengslum þess við önnur mál og það fyrst og fremst við stjórnarskrá lýðveldisins.

Ég vil í þessu sambandi leggja sérstaka áherslu á það að skv. 8. gr. laga um stjórnarskrá Íslands sem styðst við 15. gr. stjórnarskrárinnar heyra stjórnarmálefni undir ráðuneyti eftir ákvæðum reglugerðar. Samkvæmt reglugerð nr. 96/31. des. 1969 fer forsrn. með mál sem varða skipan lýðveldisins og stjórnarfar almennt. Forsrh. á hverjum tíma stendur það því nær en öðrum ráðherrum að huga að því hvort samningar sem Íslendingar gera við aðrar þjóðir brjóta í bága við stjórnarskrána. Því verðum við að gera ráð fyrir því að þingmaður sem hefur nú sýnt sérstakan næmleika og áhuga á stjórnarskrárþætti EES-málsins hafi ekki síður verið innblásinn áhuga á þeim þætti málsins þegar hann gegndi annarri og meiri ábyrgðarstöðu. Ganga verður út frá því að hv. 7. þm. Reykn., Steingrímur Hermannsson, hafi látið fylgjast grannt með þessum hætti er hann var forsrh. og hafði aðrar skyldur og meiri en þingmaður en naut jafnframt þeirra forréttinda umfram þingmenn að hafa meira svigrúm innan síns ráðuneytis til að láta athuga þennan þátt málsins sem verðugt var. Jafnvel þótt hann hafi ekki nýtt þau forréttindi af einhverjum ástæðum kemur einnig til álita hvort aðvaranir um stjórnarskrárþáttinn, sem líklegt verður að telja að rekið hafi á fjörur forsrn. strax á árinu 1990, hafi orðið efni til þess að á þeim bæ rumskuðu menn til vitundar um hugsanlegan árekstur EES-samningsins við stjórnarskrána. Verður hér á eftir vikið að þessum þætti málsins einungis en umfjöllun um efnisatriði ágreiningsins um EES-samninginn og stjórnarskrána vikið til hliðar að sinni.

Þegar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hóf feril sinn höfðu samningaviðræður um EES-samninginn staðið frá því á árinu 1989, fyrst í mynd könnunarviðræðna en á árinu 1990 sem formlegar samningaviðræður. Samningamálin voru að sjálfsögðu undir yfirstjórn utanrrh. sem birti skýrslur um framvindu mála. Síðasta skýrsla af þessu tagi sem birt var í forsætisráðherratíð Steingríms Hermannssonar var gerð að beiðni ellefu þingmannna Sjálfstfl. Hún er frá því í mars 1991 en hefur nú orðið tilefni til umræðna í þingsölum. Í þeirri skýrslu kemur m.a. fram að samkomulag varð þá um að settur yrði upp sameiginlegur EES-dómstóll í tengslum við EB-dómstólinn sem dæma mundi í deilumálum aðila og tryggja samræmda túlkun EES-reglna í öllum aðildarríkjum eins og segir í skýrslunni. Í hugmyndum beggja samningsaðila var gert ráð fyrir að leita mætti til EES-dómstólsins um forúrskurði sem væru bindandi enda var EB-dómstóllinn hluti af EES-dómstólnum en það er áréttað að EB-dómstóllinn hefur alltaf litið svo á að forúrskurðir sínir væru bindandi.

Af hálfu EB var gert ráð fyrir því að hægt yrði að leggja fyrir EES-dómstólinn spurningar um túlkun á þeim ákvæðum samningsins sem lægju til grundvallar í deilumálum og einnig var gert ráð fyrir kerfi sem heimilaði dómstólum í aðildarríkjunum að leita eftir forúrskurði um túlkun EES-reglna gagnvart landslögum. EFTA-ríkin töldu á hinn bóginn forúrskurðarkerfi nauðsynlegt til að tryggja samræmda framkvæmd samningsins. Þótt ekki hafi verið endanlega á þessu stigi málsins gengið frá hlutverki dómstólsins var það þó í meginatriðum búið að skilgreina mikilvæg verksvið á þessu sviði.

Í skýrslu utanrrh. er fjallað um það hvort samningurinn í þeirri mynd, sem hann hafði þá tekið á sig, bryti í bága við stjórnarskrá lýðveldisins. Segir þar orðrétt, með leyfi forseta:

„Telja verður að þær hugmyndir sem varða valdsvið sameiginlegra stofnana á Evrópska efnahagssvæðinu falli innan ramma stjórnarskrárinnar eins og hún hefur verið túlkuð fram að þessu."

Ólíklegt er að þessi skýrsla hafi ekki verið borin undir ráðherra í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar. Ekki er að finna nein merki þess að niðurstaða skýrslu utanrrh. hafi orðið tilefni til mikilla efasemda samráðherra utanrrh. í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar um réttmæti þessarar niðurstöðu sem veit

í þessu tilfelli að stjórnarskrármálinu sem er undirstöðuatriði og heyrir sérstaklega undir forsrh. Var þó í þessari ríkisstjórn enginn sérdeilis óframfærinn maður að náttúru ellegar ófús að ganga á vit fjölmiðla ef til þess stóðu góð efni, jafnvel minni efni en hér var um vélað. Ekki hefur mér vitanlega verið bókaður á þessum tíma hósti né stuna úr þessari átt sem túlka mætti sem efasemdir um að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði, eins og hann var þá á veg kominn, félli innan ramma stjórnarskrár lýðveldisins Íslands og á ég þá við ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar. Þessi sérkennilega og háværa þögn gildir um alla ráðherra í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, hygg ég, enda var ekki sætt fyrir þá ráðherra í ríkisstjórninni ef ágreiningur var um svo mikilvægt atriði.

Ekki var þó öllum rótt í stjórnarskrármálum í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Fyrir liggur álit samið af einum þeirra fjórmenninga sem nú njóta lítillar tiltrúar stjórnarandstöðunnar. Það var samið af Stefáni Má Stefánssyni og hafði hann samið álitið fyrir fund undirnefndar lagasérfræðinga um dómstól EES. Álitið fjallaði um forúrskurði dómstólsins og er dagsett 25. febr. 1990 eða rúmu ári áður en umrædd skýrsla utanrrh. var birt. Höfundur álitsins er varfærinn í ályktunum. Hann kemst þó að þeirri niðurstöðu að sennilega verði sú ályktun dregin að forúrskurðir séu tæplega heimilaðir að óbreyttri stjórnarskrá ef vald til að kveða þá upp er falið alþjóðlegum úrskurðaraðila.

Álit af þessu tagi, birt svo snemma, hefði átt að vekja af þyrnirósarsvefni þá annars grandvöru áhugamenn um stjórnarskrármálefni sem þá sátu í ráðuneytum og þá fyrst og fremst sjálfan forsrh., hv. þm. Steingrím Hermannsson.

Ólíklegt verður að teljast að þessu plaggi hafi verið haldið leyndu fyrir þeim sem öðrum fremur bar ábyrgð á stjórnarskrármálinu. Væri fróðlegt að fá um það upplýsingar hvort þetta skjal var þekkt í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og þá hvaða viðbrögð það vakti þar. Væri einnig ákjósanlegt að fá um það upplýsingar hvort þessi skýrsla var rædd í utanrmn. á þessum tíma, en þá gegndi framsóknarmaðurinn Jóhann Einvarðsson formennsku í þeirri nefnd. Í nefndinni áttu einnig sæti eftirtaldir hv. þm. sem nú eiga sæti á Alþingi: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Einarsdóttir, Karl Steinar Guðnason og Eyjólfur Konráð Jónsson.

Það væri einnig fróðlegt að vita hvort þessi skýrsla hefur komið til umræðu í Evrópustefnunefnd. Það kom þó fram í þingræðu hjá hv. 4. þm. Austurl. Hjörleifi Guttormssyni að hann hafi haft þessa skýrslu undir höndum 18. apríl 1990 og sá þingmaður hefur ekki legið á skoðunum sínum um stjórnarskrármálefni og komið þeim á framfæri með ýmsum hætti, t.d. í blaðagreinum og þá m.a. í einni blaðagrein sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sá sérstaka ástæðu til að svara í Tímanum og kem ég að því síðar.

Ég tel það því fullvíst að sjónarmiðin sem koma fram í skýrslu Stefán Más Stefánssonar um forúrskurði EES-dómstóls hafi verið kynnt í Evrópustefnunefnd, ellegar þau sjónarmið komið þar fram þegar fræðimaðurinn mætti á fundi nefndarinnar.

Í skýrslu Evrópustefnunefndar, sem lögð var fram á 112. löggjafarþingi, birtir Hjörleifur Guttormsson langt og ítarlegt sérálit þar sem segir m.a. að einstök EFTA-ríki, þar á meðal Ísland sjái fram á að hugmyndir um valdaafsal til sameiginlegra stofnana EB og EFTA brjóti í bága við stjórnarskrár ríkjanna. Í þingræðu hér í gær í svari við andsvari þess sem hér stendur, upplýsti hv. 4. þm. Austurl. að í því orðalagi sem þarna er notað, að einstök EFTA-ríki sjái fram á að hugmyndir um valdaafsal brjóti í bága við stjórnarskrá ríkjanna, hafi ekki verið átt við ríkisstjórn á þeim tíma heldur við þingmenn sem falla undir þessa skilgreiningu ríkishugtaksins.

Hjörleifur víkur þó einnig sérstaklega að hugmyndum um EES-dómstól og forúrskurði hans sem dómstólum ber að leita eftir í vissum tilvikum og telur hann það vera í augljósri andstöðu við 2. og 61. gr. stjórnarskrárinnar.

Framsfl. gegndi forustuhlutverki í ríkisstjórn fyrir síðustu kosningar. Hann gekk til kosninga í krafti þeirra áfanga sem náð hafði verið í samningamálum EFTA og Efnahagsbandalags Evrópu í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og lýst var í skýrslu utanrrh. í mars 1991. Rúmum mánuði áður hafði þáv. forsrh. skrifað grein í Tímann, það mun hafa verið 8. febr. 1991, til þess að róa einn af þáverandi stjórnarliðum, hv. þm. Hjörleif Guttormsson, eins og ég gat um hér áðan. Greinin hét ábúðarmiklu og eftirminnilegu nafni. Greinin hét „Evrópskt efnahagssvæði, ótti á misskilningi byggður".

Í greininni segir m.a., með leyfi forseta:

„Sem þátttakendur í Evrópsku efnahagssvæði höfum við tögl og hagldir áfram í okkar málum." Steingrímur Hermannsson viðurkennir að með samningum takmarki Íslendingar sjálfsákvörðunarrétt sinn á sviði viðskipta og efnahagsmála en mælir með því að það verði gert. Hann teflir EES-samningnum gegn fullri aðild að EB og telur að þar skilji á milli lífs og dauða — svo, með leyfi forseta, sé vitnað orðrétt í grein hans.

Aðild að EB jafngildir afsali fullveldis þjóðarinnar að mati þáverandi forsrh. Það var því í krafti EES-samningsins eins og hann hafði þróast í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannsonar sem Framsfl. gekk til kosningabaráttunnar undir merkinu, ef ég man rétt, X-B ekki EB. Í krafti þess samnings sem þá var meira bindandi en sá samningur sem nú er um fjallað taldi Framsfl. undir forustu Steingríms Hermannssonar sig geta kynnt sig sem sóma, sverð og skjöld íslensks fullveldis. Í krafti samningsáfanga sem að mati ríkisstjórnar Steingríms Hermannsonar brutu ekki í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, lagði formaður Framsfl. málið undir dóm kjósenda og taldi að kosningarnar í apríl 1991 væru í raun eins konar þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild að EB eða ekki. Þeir sem kusu Framsfl. voru að kjósa EES-samninginn og hafna aðild að EB, að mati þáverandi forsrh. Þessi málatilbúnaður var afdráttarlaus. Hann verður að skoða ljósi þess að í skýrslu utanrrh. í ríkisstjórn Steingríms Hermann-

sonar var fjallað um stjórnarskrármálið og því lýst yfir að samningurinn væri innan ramma stjórnarskrárinnar þó þar væri samkomulag um EES-dómstól þar sem sitja áttu dómarar EB-dómstólsins. Sá dómstóll átti að geta kveðið upp bindandi úrskurði, um það atriði hafði komið fram skýrsla Stefáns Más Stefánssonar þar sem hann varaði við því að forúrskurðarvald EES-dómstólsins bryti sennilega í bága við stjórnarskrá lýðveldisins.

Þrátt fyrir það gerði hv. þm. Steingrímur Hermannsson, þáv. forsrh., EES-samninginn eins og hann var þá, að sínu merki, lagði nafn sitt og Framsfl. við hann og gerði sig í krafti hans að sérstökum stríðsmanni íslenskra fullveldishagsmuna.

Það verður því ekki undan því vikist, í raun og veru hvorki fyrir Alþb. né einkum fyrir Framsfl., að skýra það fyrir alþjóð hvers vegna þeir kusu að mæla með EES-samningnum fyrir kosningar og telja hann þá samrýmast stjórnarskránni, en telja nú að endanlegur samningur standist hana ekki. Það sem breyst hefur er þó á þann veg að endanlegur samningur er minna bindandi að því er dómstólaþáttinn varðar, en sá samningur sem fyrir lá fyrir kosningarnar í apríl 1991.

Það verður ekki annað séð af þessum samanburði en að það sé ekki um það að ræða, hvorki fyrir Alþb. né Framsfl., að taka afstöðu til þess sem samið er um, heldur til þess eingöngu hver semur. Hvort sem það var þaulsætni ráðherra í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og ást þeirra á ráðherrastólum sem varð virðingu þeirra fyrir stjórnarskránni yfirsterkari fyrir kosningar ellegar svo var að þeir í einlægni trúðu því sem þeir voru þá að gera, en láta núna ást sína á völdum ýta sér út í að afneita afkvæmi sínu og krefjast kosninga til að breyta stjórnarskránni, er afstaða þeirra að mínu mati ekki frambærileg. Það ber vott um virðingarleysi fyrir stjórnarskrá lýðveldisins ef henni er beitt fyrir sig í flokkspólitísku valdatafli og gegn slíkum gjörningum á stjórnarskráin að vera varin.

Ég gat þess í upphafi máls míns að samningur sá, sem hér er til umfjöllunar og frv. til stjórnarskipunarlaga sem hér er rætt um tengjast mjög náið, ætti sér aðdraganda, eins konar formála, sem væri óaðskiljanlegur hluti af málinu sjálfu. Að líkum mun þetta mál eiga sér eftirmála sem mun ekki hafa minni stjórnmálalega þýðingu í framtíðinni en aðdragandinn sjálfur hefur fyrir efnislega umfjöllun um EES-samninginn í dag.

Ef svo fer að EES-samningurinn verður samþykktur á Alþingi í trássi við fullyrðingar stjórnarandstöðunnar um að samningurinn brjóti í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, hljóta slíkar lyktir að leiða til þess að stjórnarandstaðan axlar mjög skýrar siðferðislegar skuldbindingar gagnvart þjóðinni. Stjórnarandstaðan skuldbindur sig til þess í raun að nota fyrsta tækifæri sem gefst til þess, þegar og ef hún hefur til þess styrk á Alþingi, að segja upp EES-samningnum og gangast fyrir stjórnarskrárbreytingu, eða að Íslendingar verði þá utan EES að öðrum kosti.

Ég held að þetta verði að koma skýrt fram hér og undandráttarlaust. Þeir sem greiða atkvæði gegn EES-samningnum á þeirri forsendu að hann brjóti í bága við stjórnarskrá lýðveldisins skuldbinda sig til þess að ganga úr Evrópska efnahagssvæðinu jafnskjótt og þeir hafa til þess burði á Alþingi ef samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið verður samþykktur nú á þessu þingi.

Í þingræðu sl. mánudag fjallaði hv. 7. þm. Reykn. um sinn þátt í þessu máli þegar hann stýrði ríkisstjórn á árunum 1989–1991, þegar EES-samningaviðræður hófust og komust í það horf sem lýst er í skýrslu utanrrh. frá í mars 1991. Í máli hv. þm. kom það skýrt fram að í síðustu ríkisstjórn urðu menn sammála um að líklega væri það skárri kostur fyrir okkur en ekki að fallast á einn sameiginlegan dómstól, en sem hefði mjög takmarkað svið, eins og ég hef tekið niður hjá mér í minnisblöðum mínum og er haft eftir hv. þm. Steingrími Hermannssyni.

Síðan viðurkennir hann í ræðu sinni nú, eftir að hann hefur fengið álitsgerðir sérfræðinganna, að líklega hafi þetta verið röng ákvörðun hjá ríkisstjórninni sem hann gegndi forustuhlutverki í og var sérstaklega ábyrgur fyrir stjórnarskrármálinu. Ríkisstjórnin hefði átt að breyta stjórnarskránni.

Og að lokum klykkir hv. þm. Steingrímur Hermannsson út með því að segja orðrétt, með leyfi forseta: „Það verður að segjast eins og er að við vorum ekki komnir það langt að gera okkur grein fyrir því.“ — Ja, það verður að segjast eins og er að grunleysi hv. þm. Steingríms Hermannssonar, eins og þingmaðurinn lýsir því nú, er með ólíkindum.

Eins og fram hefur komið lá fyrir álit Stefáns Más Stefánssonar í febrúar 1990 þar sem því er lýst að bindandi forúrskurðir brjóti sennilega í bága við stjórnarskrá lýðveldisins. Þessi álitsgerð lá fyrir, þótt hv. 7. þm. Reykn. hafi lýst því yfir skýrt og skilmerkilega hér á hinu háa Alþingi í gær að alls ekki nein athugun hafi farið fram á því hvort það stæðist stjórnarskrána að samþykkja sameiginlegan dómstól.

Hv. 4. þm. Austurl. sem þá átti sæti í Evrópustefnunefnd hafði plagg Stefáns Más með höndum og það þegar í apríl 1990 og ég endurtek það að sá þingmaður lá ekki á skoðunum sínum og liggur aldrei á skoðunum sínum.

Vorið 1990 er birt skýrsla Evrópustefnunefndar þar sem þingmaðurinn fjallar sérstaklega um árekstra við stjórnarskrána. Hvernig gat þessi umfjöllun farið fram hjá þeim manni, hv. þm. Steingrími Hermannssyni, þáv. forsrh., sem fór í Stjórnarráðinu með mál er varða stjórnskipan lýðveldisins og bar því sérstaka ábyrgð á þessu máli?

Nú er það svo að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson naut sérstakrar virðingar af hálfu þáv. forsrh. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson sýndi hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifi Guttormssyni, þann sérstaka sóma að skrifa honum opið bréf í málgagni Framsfl., Tímanum, 8. febr. 1991 undir fyrirsögn sem ég hef þegar vitnað í, með leyfi forseta: Evrópskt efnahagssvæði, ótti á misskilningi byggður.

Ég geri fastlega ráð fyrir því að þáv. forsrh., hv. þm. Steingrímur Hermannson, hafi lesið greinina sem hann var að svara í Tímanum. Í grein hv. 4. þm. Aust-

url., Hjörleifs Guttormssonar, er sérstaklega fjallað um stjórnarskrármálið og þar segir þingmaðurinn, með leyfi forseta:

„Væntanlega mundi þessi dómstóll [þ.e. EES-dómstóllinn] einnig gefa út svokallaða forúrskurði um túlkun á einstökum greinum samningsins, en slíkir forúrskurðir eru bindandi ... Í rauninni sé ég ekki hvernig slíkt afsal dómsvalds getur samrýmst ákvæðum stjórnarskrár Íslands." — Þetta segir í grein Hjörleifs Guttormssonar sem þáv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, sá sérstaka ástæðu til að svara.

Er hægt að ætlast til þess að því sé trúað að á þessum tíma hafi þáv. forsrh., sem var ábyrgur fyrir stjórnarskrármálefnum, ekki hugleitt þessi stjórnarskrármál, ekki verið kominn svo langt, eins og hann segir sjálfur hér í þingræðu?

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson bar það einnig á borð fyrir þingheim í ræðu sl. mánudag að nú væru hinar yfirþjóðlegu stofnanir orðnar miklu meiri en menn gerðu sér grein fyrir á þessum tíma. En þessu er öfugt farið. Að því er dómstólakafla samningsins varðar er þessu einmitt öfugt farið. Það er ekki í þessum samningi, EES-samningnum, gert ráð fyrir að EES-dómstóll hafi það hlutverk að skera úr deilum samningsaðila og kveða upp bindandi forúrskurði.

Virðulegi forseti. Ég hef í máli mínu lagt áherslu á að greina frá því hvernig staðið var að því í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar að huga að hugsanlegum árekstrum EES-samningsins við stjórnarskrá lýðveldisins. Ég hef einkum fjallað um þátt þess ráðherra í þeirri ríkisstjórn sem samkvæmt lögum bar skylda til að sinna þessum þætti.

Ég tel það hafið yfir allan vafa að þáv. forsrh., hv. þm. Steingrími Hermannssyni, var fullkunnugt um hugmyndir þeirra sem töldu forúrskurði EES-dómstólsins brjóta í bága við stjórnarskrána. Ég tel hins vegar að hann hafi ekki sinnt því að láta skoða þau mál þó það hafi verið skylda hans samkvæmt lögum og þó hann hafi haft til þess alla þá aðstöðu sem forsrn. býður upp á. Áhugi hans sem 1. flm. þessa frv. til stjórnarskipunarlaga á þessu mikilvæga máli, vaknar því fyrst þegar hann sér stjórnmálalega stundarhagsmuni í því að krefjast breytinga á stjórnarskrá lýðveldisins þar eð slíkar breytingar verða ekki gerðar án þess að til kosninga sé boðað.

Ég tel að stjórnarskrá lýðveldisins og umfjöllun um hana eigi að vera hafin yfir slík viðhorf. (**SvG:** En hver er skoðun þingmannsins á dagskrármálinu?) Skoðun þingmannsins á dagskrármálinu? Hann hefur skýrt það að hann ætli að taka þennan þátt málsins til umfjöllunar nú og muni geyma sér hinn þar til síðar en hann mun vissulega taka þátt í þeirri umræðu.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar menn flytja fortíðarræður eins og síðasti hv. þm. þá er afar mikilvægt að menn fari rétt með. Hv. þm. sagði hér áðan að Alþb. hefði í kosningunum mælt með samþykki EES-samningsins í síðustu alþingiskosningum, lagði svo út af því og dæmdi okkur hart. Þetta er rangt hjá þingmanninum. Alþb. mælti ekki með EES-samningnum í síðustu alþingiskosningum. Alþb. sagði þá eins og það hafði sagt áður og reyndar eftir kosningar einnig, sagði reyndar líka á landsfundi flokksins mörgum mánuðum eftir síðustu alþingiskosningar, að við mundum meta samninginn í heild sinni þegar hann lægi allur fyrir.

Ég vil enn á ný, eins og ég hef gert fyrr í þessum umræðum, leiða hv. þm. Björn Bjarnason til vitnis. Hann segir í frásögn af sérstökum umræðufundi um EES sem við vorum á, hann og ég og utanrrh., og frásögnin birtist í Morgunblaðinu 16. apríl. Þar segir Björn Bjarnason, með leyfi virðulegs forseta:

„Þegar Jón Baldvin sagði að 98% samningsins væri lokið sagði Ólafur Ragnar það rangt eða samið hefði verið án umboðs og vitundar ríkisstjórnarinnar."

Í sömu grein segir Björn Bjarnason að mest harkan á þeim fundi hafi verið í deilum Jóns Baldvins Hannibalssonar og Ólafs Ragnars Grímssonar.

Þannig að ég bið hv. þm. Tómas Inga Olrich að vanda meðferð sína á sannleikanum í frásögn hans af því hvernig málið stóð fyrir síðustu þingkosningar og fara ekki rangt með lýsingar á málflutningi okkar alþýðubandalagsmanna og leggja síðan sjálfur út af eigin rangfærslu.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar ég er að túlka viðhorf Alþb. fyrir kosningar þá er ég fyrst og fremst að líta á hvað þeir gerðu en ekki hvað þeir sögðu.

Eins og kom fram hér í umræðunni í dag, þá töldu þeir ágreininginn sem uppi var innan stjórnarliðsins, og þeir hafa lýst hér fjálglega, ekki vera tilefni til þess að rjúfa stjórnina. Þeir fóru til kosninga með þennan samning sem sitt plagg.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er nú nánast barnalegt að segja að Alþb. hafi farið út í kosningarnar með EES-samninginn sem sitt plagg. Ég er búinn að útskýra það mjög rækilega hver afstaða okkar var. Við vildum fylgjast með samningaviðræðunum, sjá hvað út úr þeim kæmi. Hins vegar höfðum við neitað því allt frá í desember 1990 að utanrrh. fengi umboð ríkisstjórnarinnar til að halda áfram samningaviðræðunum á þeim grundvelli sem hann vildi. Og núv. hæstv. utanrrh. fékk ekki það umboð fyrr en í maí. Hvers vegna var ekki látið á það mál reyna innan ríkisstjórnarinnar? Það var mjög einföld skýring á því. Það var vegna þess að lykilfundur milli Evrópubandalagsins og EFTA þar sem á það hefði reynt fór ekki fram fyrr en eftir kosningarnar. Sá fundur fór ekki fram fyrr en eftir kosningar. Þess vegna reyndi aldrei á það á tímabilinu frá í desember og fram að kosningum að mætt væri af hálfu Íslands með fullu umboði ríkisstjórnar á samningavettvangi EFTA og EB. En auðvitað er það alveg hárrétt hjá þingmanninum að þegar að því hefði komið þá hefðum við auðvitað haldið okkar skoðunum fast fram. Hann er hins vegar ekki með rétta tímaröð á þessu öllu saman og verður þess vegna að sætta sig við það að söguskoðunin, sem hann er að reyna að finna

stað í ræðu sinni hér, hún er einfaldlega röng.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel nauðsynlegt að minna á að það hefur ekki verið leiðrétt hér að sá mikli og djúpstæði ágreiningur sem var innan ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar var ekki leiddur til lykta af ríkisstjórninni og það var setið á honum. Og ekki nóg með það, heldur var því lýst yfir af þessum flokkum að þeir vildu starfa saman áfram eftir kosningar þannig að þeir hljóta að hafa haft sameiginlegan málefnagrundvöll í meginmálum. Og miðað við þá áherslu sem þeir leggja nú á stjórnarskrármálið, réttilega, þá hljótum við að líta svo á að stjórnarskrárþátturinn í þessu máli hafi verið meðal þeirra meginmála sem ekki var hægt að þola ágreining um.

Flm. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst þakka hv. þm. fyrir að gera mér viðvart svo ég mætti heyra hans stórmerku ræðu. Ég held hins vegar að hv. þm. þurfi að kynna sér miklu betur allan aðdraganda málsins og ætti m.a. að fara vandlega yfir skýrslu utanrrh. sem hér hefur verið til umræðu frá því í mars 1991. En eins og þar kemur afar greinilega fram þá eru öll þessi mál í mótun. Hv. þm. ætti að lesa blaðsíðu 19, 20 og 21, þar sem fram kemur að eitt af meginágreiningsmálunum á þeirri stundu er hvaða vald EES-dómstóllinn sem þá var talað um ætti að hafa. Síðan varð meira að segja ekkert úr þessum EES-dómstóli eins og hv. þm. veit mætavel. Og ég get fullvissað hv. þm. um það að með festu var staðið á því sem ég gaf fyrir hönd ríkisstjórnarinnar yfirlýsingu um í Ósló í mars 1989 að ekki yrði um yfirþjóðlegt vald að ræða. Ég hef hins vegar sagt að við leiddum hugann að því að það kynni að vera betra fyrir hagsmuni Íslands að fallast á dómstól til að skera úr um mjög takmörkuð ágreiningsmál. Því máli var alls ekki lokið þegar þessi skýrsla var skrifuð og fyrri ríkisstjórn fór frá. Ég hef meira að segja sagt hér að ef komið hefði í ljós, eins og nú hefur komið í ljós, að slíkur dómstóll kynni að brjóta í bága við stjórnarskrána þá hefði ég talið sjálfsagt í þeirri ríkisstjórn að breyta stjórnarskránni þótt það hefði vitanlega kostað kosningar á milli tveggja þinga. Ég er sammála hv. þm. um að það kemur ekki til mála að láta það standa í vegi. Ég satt að segja skildi hv. þm. þannig að hann vildi fara mjög varlega með stjórnarskrána. Og ég skildi hv. þm. þannig að hann hefði talið að samningurinn eins og hann var í lok síðustu ríkisstjórnar hafi verið brot á stjórnarskránni. Er þann það þá ekki núna einnig? (Forseti hringir.) Ég vek athygli á greinargerð Guðmundar Alfreðssonar og Björns Þ. Guðmundssonar, m.a. um forúrskurðina sem Guðmundur Alfreðsson skrifar um á blaðsíðu 16 þó ég hafi ekki tíma til að til að lesa hann.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 7. þm. Reykn. sagði að í EES-málunum hefðu öll mál verið í mótun. Það kann að vera að hægt sé að orða þetta svo. Engu að síður var það þannig í þessum samningaviðræðum að þegar búið var að stíga ákveðin skref þá var ekki hægt að stíga þau til baka. Það hefur komið mjög skýrt í ljós í sambandi við fyrirvarana að eftir að búið var að fallast á að sleppa ákveðnum fyrirvörum, t.d. í sambandi við landakaupamálin, þá var ekki hægt að taka þá upp aftur. Þannig gekk þetta í gegnum allt samningaferlið að þegar á þessum tíma var rætt um það eins og kemur fram í skýrslu utanrrh. að settur yrði upp EES-dómstóll sem hefði bindandi forúrskurði. Þetta atriði fór raunar ekki út úr samningamálunum fyrr en í maí 1991 ef ég man rétt. Og það verður einnig að taka það fram að í andsvari sínu, sem er að vísu mjög tímabundið, og ég geri ráð fyrir því að hv. 7. þm. Reykn. muni koma að því síðar hér í umræðunum því hann hefur tækifæri til þess, þá minntist hann ekki einu orði á það hvernig hefði staðið á því að þrátt fyrir ýmsar ábendingar hefði hann ekki sinnt á nokkurn hátt athugun í forsrn. á þessum þætti málsins sem veit að stjórnarskrármálinu.

Flm. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég leiðrétta að ég sagði ekki að öll mál viðvíkjandi EES hafi verið í mótun, ég sagði viðvíkjandi EES-dómstólnum og dómstólaþættinum. Og að allt sem hafi áður verið talið samþykkt hafi ekki verið tekið upp að nýju, ég vísa aftur í skýrslu hæstv. utanrrh. Neðst á bls. 19 segir: „Í lok janúar 1991 setti EB fram munnlega nýjar hugmyndir um EES-dómstólinn." Meira að segja eftir að margir héldu að grundvallaratriðin væru samþykkt þá komu algjörlegar nýjar hugmyndir um EES-dómstólinn og svo var vitanlega um margt fleira. Svo það má vel vera að það sé rétt hjá hv. þm., sem hann taldi sig hafa eftir mér, að þetta hafi allt verið í mótun en svo var þó ekki að mínu mati. Sumt sem einfaldara var var þegar afgreitt.

Af því að ég hef aðeins tíma þá vil ég jafnframt upplýsa það að vitanlega var fylgst vandlega með stjórnarskrárþættinum. Minn aðstoðarmaður, sem var lögfræðingur, sem við erum hvorugur, hafði það verkefni t.d. að fylgjast með honum og gera mér ljóst hvað þar væri að gerast. Og ég efa ekki að lögfræðingar utanrrn. hafi haft sömu vinnureglu og reynt að gera sér grein fyrir því stöðugt hvort þarna kynni að vera eitthvað sem gengi gegn stjórnarskránni. Dómstólsmálið var hins vegar alls ekki komið það langt að það væri fært að leggja það fyrir úrskurð þar til bærra fróðra lögfræðinga um þessi mál. Það var ekki fyrr en síðar að það yrði gert. Og ég þarf ekki að endurtaka það að ef sá úrskurður hefði leitt í ljós að það yrði að breyta stjórnarskránni þá væri sjálfsagt að gera það. Og mig langar til að vita: Er hv. þm. hræddur við að ganga til kosninga fyrst hann lagðist svo gegn því að þetta yrði gert nú af því að það þyrfti kosningar? Hvernig lítur hv. þm. á það? Ég trúi því ekki að hann sé hræddur við það.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í þessu sambandi vitna orð-

rétt, með leyfi forseta, í skýrslu utanrrh. þar sem segir á bls. 19 um EES-dómstól:

„Í samningaviðræðunum hafa EFTA-ríkin talið að samkomulag væri um að settur yrði upp sameiginlegur EES-dómstóll í tengslum við EB-dómstólinn, sem dæma mundi í deilumálum aðila og tryggja samræmda túlkun EES-reglna í öllum aðildarríkjunum." (Gripið fram í.)

Miðað við þetta og þær upplýsingar sem ég hef haft hér (Gripið fram í.) og borið fram í ræðu minni þá tel ég að á þessu stigi málsins hefði verið gjörsamlega óafsakanlegt fyrir forsrh. sem bar ábyrgð á stjórnarskrármálum að láta ekki skoða þennan þátt alveg sérstaklega, ekki síst með tilliti til þeirra upplýsinga sem honum höfðu borist.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Andsvörum er lokið. Hv. 10. þm. Reykv. gerði hlé á ræðu sinni hér fyrr í dag og heldur nú áfram máli sínu.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (frh.)**:**

Virðulegi forseti. Nú mætti ætla að mér væri ekkert að vanbúnaði að halda hér áfram ræðu minni þar sem forsrh., sem ég óskaði sérstaklega eftir að væri viðstaddur, er nú mættur í salinn. En þá er hinn sem ég óskaði eftir floginn, sem er viðskrh. Ég sé hann ekki hér í salnum og vil gjarnan fá að vita eitthvað um hvort hann heyrir mál mitt eða hvort hann er yfirleitt í húsinu. (**Forseti:** Forseti skal láta athuga það. — Hæstv. viðskrh. mun koma innan stundar.) Ég þakka fyrir. Ég ætla þá í trausti þess að hefja mál mitt hér aftur. Ástæða þess að ég bið um að þessir tveir ráðherrar séu hér viðstaddir er ekki síst sú að þeir lögðu báðir talsvert til umræðunnar hér í gær og erindi mitt í þennan ræðustól var fyrst og fremst að svara ýmsu því sem fram kom í þeirra máli sem ég tel að þurfi að leiðrétta eða svara með öðrum hætti.

Forsrh. gerði það sérstaklega að umtalsefni í ræðu sinni í gær að það væri ekki það sama sem vekti fyrir öllum stjórnarandstöðuflokkum með flutningi þessa frv. Og það sama átti reyndar við um viðskrh. Hann hafði líka áhyggjur af mismunandi afstöðu stjórnarandstöðunnar í þessu máli yfirleitt. Forsrh. sagði að Kvennalistinn og Alþb. væru á móti samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og spurði hvernig á því stæði að þessir tveir flokkar vildu hjálpa til við að ryðja úr vegi hindrun, auðvelda Framsfl. að samþykkja þetta mál. Það er von að sá spyrji með þessum hætti sem setur pólitísk klókindi ofar efnisafstöðu til mála, því þannig hlýtur forsrh. að hugsa fyrst hann spyr með þessum hætti. Það sem þetta mál snýst auðvitað um eru grundvallaratriði. Það eru grundvallaratriði að gerðir Alþingis standist stjórnarskrá burt séð frá því hver efnisleg afstaða manns til málsins er. Hvort sem maður er fylgjandi máli eða á móti því þá skiptir það máli að maður sé viss um að það sem samþykkt er hér á Alþingi standist stjórnarskrá.

Við flytjum hér líka, eins og forsrh. er kunnugt, þáltill. um þjóðaratkvæði um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Við kvennalistakonur hefðum kosið við þessa stjórnarskrárbreytingu sem hér liggur fyrir, og það var hinum stjórnarandstöðuflokkunum ljóst, að fá inn í þessa grein ákvæði um bindandi þjóðaratkvæði þegar um fullveldisframsal eða framsal á fullveldisrétti væri að ræða. Við hefðum viljað fá slíkt ákvæði inn í sjálfa 21. gr. og við hefðum viljað lúta niðurstöðu í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu þannig að hún yrði bindandi. En um þetta var ekki full samstaða hjá stjórnarandstöðunni og við kusum að hafa greinina svona en eins og ég sagði þá flytjum við líka þáltill. um að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði fari fyrir þjóðaratkvæði. Og ef ég stend að slíkri tillögu, að senda mál í þjóðaratkvæði, þá tel ég mjög mikilvægt að ég geti verið sannfærð um að það mál sem ég vil senda í þjóðaratkvæði standist stjórnarskrána. Það sé ekki verið að biðja þjóðina um að segja álit sitt á máli sem jafnvel að mati ýmissa fræðimanna stenst ekki stjórnarskrá. Þannig að þó það væri ekki af öðru en út frá grundvallarprinsippum þá er hægt að standa að slíkri tillögu, bæði þáltill. og þessari stjórnarskrárbreytingu, án tillits til efnislegrar afstöðu til þess máls sem hér er til umfjöllunar.

Mér finnst að í máli ráðherranna og reyndar fleiri manna, þess hefur einnig gætt nokkuð í áliti fjórmenninganna sem gerðu álitsgerð um stjórnarskrárþátt málsins fyrir utanrrh. að mér finnst menn rugla svolítið með grundvallaratriði og meginatriði og mér finnst menn nota þessi hugtök svolítið eftir hentugleikum. Þannig segir t.d. viðskrh. í ræðu sinni í gær að stjórnarskráin sé grundvallarskjal sem aðeins megi breyta að vel athuguðu máli. Samt er þessi maður tilbúinn til að taka undir lögfræðilegt álit um stjórnarskrármálið þar sem segir að stjórnarskráin geymi meginreglur. Ekki grundvallarreglur heldur meginreglur. Þegar hann þarf hins vegar að tala hér gegn stjórnarskrárbreytingu, þá er þetta orðið svo mikið grundvallarskjal að það má alls ekki breyta því þannig að mér finnst menn nú rökfæra hér dálítið eftir hentugleikum.

Þá má á það benda að stjórnarandstaðan stendur sameiginlega að því að flytja hér annað frv. sem gerir ráð fyrir því að inn í stjórnarskrána komi ný grein, 46. gr., þar sem kveðið sé á um þjóðaratkvæði. Ef menn lesa það nú saman, breytinguna sem við leggjum til á 21. gr. og síðan þessa nýju grein, þá mætti t.d. forsrh. verða það ljóst að nái þetta hvort tveggja fram að ganga, þá er tryggt að þjóðin getur komist með puttana í málið. Hann hafði mestar áhyggjur af því að fullveldisframsal gæti hugsanlega átt sér stað án þess að þjóðin kæmist með puttana í málið. Með öðrum orðum: Það yrði ekki gert með því að leggja hér fram breytingu á stjórnarskránni, rjúfa þing og boða til kosninga og þar af leiðandi kæmist þjóðin ekki með puttana í málið, en ef þessi nýja grein næði hér fram að ganga, þá er tryggt ef þingmenn á annað borð eru gæddir einhverri sanngirni og einhverri réttsýni og lýðræðishugmyndum að þjóðin komist með puttana í málið. (**Forsrh.:** Ég var eingöngu að ræða það frv. sem var á dagskrá.) Já, það kann að vera að ráðherrann hafi eingöngu verið að ræða það frv. sem var á dagskrá en

það gildir nú ekki um hæstv. viðskrh. því ég veit ekki betur en hann hafi rætt hérna ein þrjú mál í einni og sömu ræðunni, bæði þessa stjórnarskrárbreytingu varðandi 21. gr., hann ræddi líka tillöguna um nýja 46. gr. og hann ræddi líka EES-samninginn. Og ég er hér bæði að tala við forsrh. og viðskrh. og svara því sem kom fram í þeirra ræðum þannig að það er óhjákvæmilegt að þetta blandist hér saman. Ég skal ekki angra forsrh. með því að gera mikið mál úr því en þetta varð að koma fram hér. Ég get vel geymt mér umræðuna um 46. gr. breytta þar til síðar.

Þá varð ég vör við það hér í gær, svo að ég angri aðeins forsrh. áfram með því að fjalla lítillega um annað mál sem liggur hér fyrir þinginu, þ.e. þessi nýja 46. gr., þá varð ég vör við það í ræðu hæstv. viðskrh. að hann skildi ekki alveg hvað þar var á ferðinni. Hann setti upp gang ímyndaðs máls hér í þinginu ef sú breyting á stjórnarskránni næði fram að ganga og hann sagði að ímyndaður gangur máls gæti orðið sá að samningur sem samþykktur hefði verið af þremur fjórðu hlutum þingheims, þ.e. atkvæðum 48 þingmanna samkvæmt nýrri 21. gr., gæti þurft, eins og hann sagði, að ganga til þjóðaratkvæðis samkvæmt ákvörðun þriðjungs alþingismanna, 21 þingmanns eftir nýrri 46. gr. Hann sagði að þetta gætu meira að segja að hluta til verið sömu mennirnir sem áður samþykktu samninginn, þ.e. sömu mennirnir og léðu samningnum atkvæði sitt gætu hugsanlega staðið að því að vísa samningnum til þjóðarinnar. Hann sagði einnig að hann hlyti að spyrja hvers vegna Alþingi, sem a.m.k. að þremur fjórðu hlutum hefði samþykkt slíkan samning, ætti að vísa honum aftur til þjóðarinnar og hann var mjög undrandi. Hann sagði einnig að hér væri ekki um talnadæmi eitt að ræða. Hér væri vakin mikilvæg spurning og álitamál um sjálfan grundvöll löggjafarstarfsins og löggjafarvaldsins og sagði að sér virtist sem flm. þessara tveggja tillagna, þ.e. um breytingu á 21. gr. stjórnarskrárinnar og nýja 46. gr., þeir menn, sem væru flm. þessara tillagna, hefðu ekki fjallað um eða gaumgæft þetta mál.

Flm. hafa mjög gaumgæft þetta mál og fjallað um það. Ég get a.m.k. svarað því fyrir mig hér. Það sem mér finnst hins vegar opinberast í þessum málflutningi viðskrh. er algjör skortur á lýðræðislegum þankagangi. Og ég get svarað þeirri spurningu ráðherrans þegar hann spyr: Hvers vegna ætti Alþingi, sem a.m.k. að þremur fjórðu hlutum hefði samþykkt slíkan samning, að vísa honum aftur til þjóðarinnar? Ég get svarað þeirri spurningu með mjög einföldum orðum: Þeir ættu að vísa honum til þjóðarinnar af því að þeir bera virðingu fyrir þjóðinni og þeir bera virðingu fyrir rétti þjóðarinnar til að velja sér örlög. Þess vegna gætu þeir léð slíkum samningi atkvæði sitt en jafnframt greitt því atkvæði sitt að þjóðin fengi að segja skoðun sína. Að vísa máli til þjóðarinnar, máli sem snýr að fullveldisframsali, það styrkir stjórnarfarið vegna þess að valdið er einu sinni komið frá þjóðinni, hæstv. viðskrh.

Ég ætla að rifja upp með viðskrh. það sem segir í mannréttindayfirlýsingunni frönsku frá 1789: „Allt þjóðfélagsvald á rætur sínar hjá þjóðinni“, hæstv. viðskrh. Og hann spurði líka hvernig á því stæði að milliríkjasamningum einum væri gefið það mikilvægi að hægt væri að skjóta þeim til þjóðarinnar eftir að þeir hefðu verið afgreiddir á Alþingi. Þessu má líka svara með mjög einföldum hætti, virðulegur viðskrh. Ástæðan er sú að við viljum tryggja að þjóðin komist örugglega með puttana í fullveldisframsal eins og forsrh. talaði hér um í gær. Við viljum tryggja að hún komist með puttana í fullveldisframsal, að þingmenn, þingheimur, færi ekki erlendum aðilum það vald sem þjóðin framseldi til þeirra nema spyrja hana álits. Auðvitað væri hugsanlegt að sú staða kæmi upp að þrír fjórðu þingmanna samþykktu fullveldisframsal og síðan næðist ekki þriðjungur fyrir því að vísa því til þjóðarinnar. Það væri satt að segja mjög sérkennilega samansett þing sem tæki að sér að framselja fullveldi í einhverjum mæli án þess að bera það undir þjóðina. Það er engin hefð fyrir því í nágrannalöndum okkar að leggja til aðild t.d. að Efnahagsbandalaginu án þess að bera það undir þjóðina. Ég held að ég fari rétt með þegar ég segi að núv. forsrh. hafi m.a. lýst því yfir að slíkt bæri að bera undir þjóðina. Ég óttast ekki að það gæti gerst að svo ólýðræðislegur þingheimur sæti hér að hann gengi fram hjá þjóðinni.

Viðskrh. sagði hér í gær að hann hefði nokkrar áhyggjur, hvort hann orðaði það nákvæmlega þannig, af mismunandi afstöðu stjórnarandstöðunnar. Hann spurði eitthvað á þá leið hvort flutningsmenn þessa stjórnarskrárfrumvarps vildu samþykkja samninginn en teldu sig ekki hafa til þess heimild samkvæmt stjórnarskránni eða ekki. Við því þyrftu að fást skýr svör hvort þeir sem flytja breytingu á stjórnarskránni vilja samþykkja samninginn um Evrópskt efnahagssvæði eða ekki. Ég hlýt að spyrja á móti: Hverju breytir efnisafstaða okkar fyrir ráðherra? Hverju mundi það breyta t.d. í afstöðu ráðherrans ef við lýstum því nú yfir öll sem eitt að við værum tilbúin til að samþykkja samninginn að frágenginni stjórnarskrárbreytingu á Alþingi, kosningum og nýju þingi? Hverju mundi það breyta? Mundi það gera ráðherrann tilkippilegan til að fara í slíka stjórnarskrárbreytingu? Yrði hann þá tilkippilegur? Mér finnst það satt að segja mjög sérkennilegur þankagangur. Annaðhvort erum við að fjalla hér um stjórnarskrána og hugsanlegt brot á henni eða ekki og það kemur efnisafstöðu okkar til málsins ekki við. Viðskrh. verður að gera upp við sig stjórnarskrárþátt málsins óháð efnisatriðum. En þankagangur þessa alþýðuflokksráðherra er reyndar mjög sérkennilegur eins og ég vísaði til áðan varðandi skort á hinum lýðræðislega þankagangi. Hann sagði nefnilega hér í gær að óráðlegt væri að fara út í kosningar við núverandi efnahagsástand með tilheyrandi óróleika á vinnumarkaðnum. Um það er það að segja að ekkert neyðarástand er hér á landi sem réttlætir það að lýðræði og stjórnarskrá sé vikið til hliðar. Það er ekki hægt að rökfæra með þessum hætti þegar stjórnarskrá og lýðræði á í hlut. Þetta er hættuleg röksemdafærsla, virðulegur viðskrh., því það má réttlæta hvers kyns ósóma með tilliti til bágs efnahagsástands ef mönnum sýnist svo. Þetta er engin Sómalía. Fólk gengur ekki hér um með

betlistaf. Það er engin ástæða til að víkja grundvallarmálum til hliðar vegna slæms efnahagsástands sem út af fyrir sig er ekki deilt um. Þetta eru ekki rök í málinu. Einu gildu rökin snúa að vafanum, hvort vafinn sé stór eða lítill, virðulegur viðskrh.

Það hefur ekki farið fram hjá þingmönnum og hefur satt að segja verið svolítið sérkennilegt hvernig fyrrv. formaður Sjálfstfl., fyrrv. forsrh. og dómsmrh., Bjarni heitinn Benediktsson, hefur svifið hér um sali, yfir og allt um kring. Í sjálfu sér er það ekkert óeðlilegt kannski. Hann var virtur stjórnlagaprófessor á sinni tíð og sat lengi á Alþingi og lagði margt til málanna. Það er ekki óeðlilegt. Það er hins vegar óeðlilegt með hvaða hætti menn tala hér um þennan ágæta heiðursmann.

Forsrh. vitnaði hér lítillega í gær í grein Lúðvíks Ingvarssonar, sem ég hafði áður gert að umtalsefni, og sagði að það væri miður að fjallað skyldi hér á þingi um minningu Bjarna heitins Benediktssonar með þeim hætti sem gert var í þeirri grein. Honum hefðu líkað þessar ásakanir afar illa, eins og ég held að forsrh. hafi sagt. Ég verð að segja að ég hef ekki smekk fyrir því að taka menn í goðatölu, ég hef ekki smekk fyrir því. Öll mannanna verk þurfa að sæta gagnrýni og það á auðvitað líka við um verk Bjarna heitins Benediktssonar. Hans verk eru ekki hafin yfir alla gagnrýni. Ég tel að minningu manna, hans eða annarra, sé enginn greiði gerður með því að hefja þá á slíkan stall og ég efast um að Bjarna heitnum Benediktssyni hefði líkað það að um hann væri fjallað með þeim hætti. Fyrrverandi formenn Sjálfstfl., allir sem einn, verða auðvitað að lúta sama lögmáli og aðrir dauðlegir menn, að verk þeirra og gerðir verði að sæta gagnrýni. Það á vonandi líka við um hæstv. forsrh., að þegar frá líður megi verk hans sæta gagnrýni seinni tíma þingmanna hér á Alþingi.

Þá er rétt að benda á það að fræðimennska og stjórnmálabarátta fara ekki alltaf hönd í hönd og kannski var tilvitnun hæstv. forsrh. í fræðiritgerð eftir hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson órækasti vitnisburður um það að fræðimennska og stjórnmálabarátta fara ekki alltaf hönd í hönd. Þetta var því, fannst mér, óþarfa viðkvæmni hjá forsrh. þó að látið sé að því liggja í blaðagrein að hugsanlega hafi verið um stjórnarskrárbrot að ræða þegar Mannréttindasáttmálinn í Evrópu var borinn undir Alþingi. Það vakti reyndar athygli mína að forsrh. mótmælti því ekki efnislega að þarna hefði hugsanlega ekki verið farið rétt að hlutunum á Alþingi.

Því geri ég þetta að umtalsefni hér að Mannréttindasáttmálinn er einn þeirra milliríkjasamninga sem mikilvægt er að setja einhver ákvæði um í stjórnarskrá hvernig fara skuli með, með hvaða hætti hægt verði að gefa honum gildi á Íslandi þannig að það verði að lúta dómum hans. Þetta er ein leiðin, sú sem við bendum hér á, þessi breyting á 21. gr.

Hæstv. forsrh. spurði líka þeirrar spurningar hvort þessi breyting á 21. gr. nægði ef 2. gr. stjórnarskrárinnar stæði í vegi fyrir því að hægt væri að samþykkja samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, hvort það dygði þá að breyta 21. gr. með þeim hætti sem gerð er tillaga um. Svipaðra spurninga spurði hæstv. viðskrh. Mér hefði nú fundist það verðugt verkefni fyrir þessa tvo ráðherra að glíma sjálfir við að svara því. Nú er forsrh. sjálfur löglærður maður þannig að honum hefði ekki átt að vera skotaskuld úr því að leggja eitthvað til þeirrar umræðu hvort hann teldi að 21. gr. dygði þrátt fyrir að menn teldu að samningurinn stangaðist á við 2. gr. stjórnarskrárinnar. Því er kannski til að svara að Danir hafa mjög svipaða 2. gr. og við í sinni stjórnarskrá. Því eina sem munar er að þar kemur konungsvaldið til. En þeir hafa líka grein í sinni stjórnarskrá sem leyfir framsal á afmörkuðu fullveldi með auknum meiri hluta og reyndar eru þeir með þjóðaratkvæðagreiðslu inni í því stjórnarskrárákvæði hjá sér. Þetta dugði þeim a.m.k. til að ganga inn í Efnahagsbandalagið og þeir vísuðu málinu reyndar til þjóðaratkvæðis þá.

Norðmenn hafa svipaða 2. gr. og við. Síðan hafa þeir sína 93. gr. sem heimilar visst framsal með auknum meiri hluta á þingi og það dugir þeim t.d. hvað varðar EES-samninginn og það mundi að margra mati þar duga þeim inn í Efnahagsbandalagið. Hins vegar, af því að menn ganga ekki til mikils framsals á fullveldi án þess að bera það undir þjóðina, þá hafa þeir ákveðið og lýst því yfir að það verði þjóðaratkvæði um inngönguna í EB og það var það 1972. Þess vegna ætti þetta ákvæði að nægja okkur til þess að samþykkja samninginn um Evrópskt efnahagssvæði ef mönnum býður svo við að horfa.

Viðskrh. kom inn á Norðmennina í gær og samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Hann vitnaði til greinargerðar með frv. um lögtöku eða fullgildingu samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, þ.e. greinargerðar með frumvarpi norsku ríkisstjórnarinnar. Viðskrh. sagði í sínu máli hér, að aðeins eftirlitsþátturinn í samningnum gerði það að verkum að norsk stjórnvöld teldu 26. gr. þeirrar stjórnarskrár ekki nægja til að samþykkja samninginn á norska þinginu. Það væri eftirlitsþátturinn sem gerði það að verkum að þeir notuðu 93. gr. og hann sagði: „aðeins eftirlitsþátturinn". Það er í rauninni allnokkuð og það er kannski ekki síst eftirlitsþátturinn sem tekist er á um í öllum þessum stjórnarskrárdeilum. Í prinsippinu virkar eftirlitsþátturinn alveg eins gagnvart okkur Íslendingum og Norðmönnum. Ef Norðmenn telja að eftirlitsþátturinn geri það að verkum að þeir þurfi aukinn meiri hluta á þingi, þeir þurfi að beita 93. gr., þá held ég að það liggi í augum uppi að þarna er um eitthvert fullveldisframsal að ræða. Ég hef undir höndum þessa norsku greinargerð með frv., sem er mikið plagg. Mig langar til þess að lesa aðeins upp úr henni fyrir þingheim þannig að það sé ljóst hvernig þetta mál horfir við Norðmönnum. En áður en ég geri það, þá langar mig til þess að minna á að menn hafa sagt að þessar samkeppnisreglur muni ekki snerta okkur Íslendinga vegna þess að það þurfi 5% markaðshlutdeild að lágmarki til þess að falla undir samkeppnisreglurnar og það þurfi 15 milljarða kr. veltu hjá fyrirtæki til þess að falla undir þessar reglur. Varla nokkurt íslenskt fyrirtæki sé með svo

mikla markaðshlutdeild eða svo mikla veltu að hætta sé á að það falli undir samkeppnisreglurnar. Þess vegna hafa m.a. lögfræðingarnir, sem utanrrh. skipaði í sérstaka nefnd, sagt að framsalið væri ekki það mikið eða það íþyngjandi að ástæða væri til að gera stjórnarskrárbreytingu ef ég man röksemdafærsluna rétt.

Í þessari greinargerð frá norska þinginu, þeir eru að tala um þessa reglu, 5% markaðshlutdeild og 15 milljarða kr. veltu, segir, með leyfi forseta:

„Í þessu sambandi er mikilvægt að gera sér grein fyrir að krafan um veltu er reiknuð út frá sameiginlegri veltu allra fyrirtækjanna sem taka þátt í samvinnu. Bagatel-reglan" — eða smæðarreglan eða hvað við getum nú kallað hana — „undanskilur þess vegna ekki norsk fyrirtæki sem eru í samvinnu við fyrirtæki með mikla veltu. Þegar um er að ræða samstarf margra lítilla aðila mun bannið gilda ef sameiginleg velta þeirra er meiri en kveðið er á um í smæðarreglunni," þ.e. ef norskt fyrirtæki, jafnvel tiltölulega lítið norskt fyrirtæki, er í samvinnu við stórt fyrirtæki sem nær þessari veltu, þá getur norska fyrirtækið lent undir þessum samkeppnisreglum. Þetta er alveg skýrt í norsku greinargerðinni. Ég verð ekki vör við að þetta sé útskýrt í íslensku greinargerðinni með þessum hætti og reyndar vekur furðu mína að það skuli ekki gert.

Þá segir eftir mikla umfjöllun hér um stjórnarskrármálið í norsku greinargerðinni — ég verð að lýsa furðu minni á því að viðskrh. skuli ekki vilja hlusta á þetta þar sem hann gerði þessa norsku greinargerð að umtalsefni í gær og ég hafði hugsað mér að lesa upp úr henni honum til fróðleiks af því að hann var að gera hana að umtalsefni. — Er hann langt undan, virðulegur forseti, eða heyrir hann mál mitt? (**Forseti:** Ég skal láta athuga það hvort hæstv. viðskrh. er enn þá í húsinu.) Er eitthvað vondur stóllinn? Fer illa um hann í ráðherrastólnum? (**Forseti:** Hæstv. iðnrh. hefur gengið í salinn, hv. þm.) Eins og ég gat um áðan vaknar sá grunur að það fari ekki mjög vel um ráðherrann í ráðherrastólnum en ég skal ekki þreyta hann hér með löngu máli. Það er bara örlítill lestur eftir upp úr greinargerð með norska frv. um fullgildingu samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Mér finnst ástæða til að ráðherrann hlusti á þetta fyrst hann var að gera þessa greinargerð Norðmannanna að umtalsefni í gær. Það segir hér í greinargerðinni eftir allnokkra umfjöllun um stjórnarskrárþátt þessa máls:

„Niðurstaða þessarar umfjöllunar er að Stórþingið verður að samþykkja fullgildingu EES-samningsins og EFTA-samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn í samræmi við þann framgangsmáta sem lýst er í 93. gr. stjórnarskrárinnar." Og síðar segir: „Ástæðan fyrir þessu er framkvæmd samkeppnisreglnanna í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði og í EFTA-samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól. Að öðru leyti eru engin ákvæði í EES-samningnum eða fyrrnefndum EFTA-samningi sem gera notkun 93. gr. nauðsynlega. Það er öðru fremur EFTA-samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn sem kallar á notkun 93. gr."

Það er sem sagt eftirlitsþátturinn og eins og ég vék að áðan þá dugir ekki að segja að þessi bagatel-regla muni fría okkur frá eftirlitsþættinum vegna þess að jafnvel tiltölulega lítið íslenskt fyrirtæki getur fallið undir þessar samkeppnisreglur ef það er í samvinnu við eitthvert stærra fyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu. Ég held því að með því að vitna til norsku greinargerðarinnar í gær hafi viðskrh. lagt mikilvæg rök inn í þessa umræðu, rök fyrir því að það þurfi stjórnarskrárbreytingu til þess að rétt sé og lögformlega að þessum málum öllum staðið.

Ráðherrann sagði í gær að það væri ekki rétt að tefja og flækja málið um hið Evrópska efnahagssvæði með því að flytja hér frv. til breytingar á stjórnarskránni og ræða það á þingi. Mér finnst að ráðherrann ætti að taka þetta upp sjálfur og ég er sammála honum. Það er engin ástæða til þess að tefja eða flækja málið. Það er bara að gera breytingu á stjórnarskránni og að þeirri breytingu gerðri kemst auðvitað enginn undan því á Alþingi, hvorki í stjórn né stjórnarandstöðu, að gera málið efnislega upp og standa klár á efnislegri afstöðu sinni í þessu máli og það er það sem ráðherrann vill ef ég hef skilið hann rétt.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þessar umræður um EES-málið og ekki síst stjórnarskrárþátt þess eru auðvitað með þeim hætti að mér liggur við að segja að það væri eðlilegt og óhjákvæmilegt að hver einasti þingmaður gerði grein fyrir afstöðu sinni. Hér er komið að grundvallarþætti, kjarna sjálfrar stjórnskipunarinnar. Ég tel að miðað við þann eiðstaf sem við höfum öll undirritað, þá sé okkur skylt að fara mjög vandlega yfir þetta mál, þ.e. stjórnarskrárþáttinn, stjórnskipunarþátt þess. Ég tel að það sé í raun og veru ekki við hæfi að reyna að losa sig frá afstöðu í þessu máli með því að liggja í fortíðarfundargerðum eins og hér hefur dálítið verið gert eða með öðrum skylmingaæfingum af því tagi. Ég tel að málið sé alvarlegra en svo að við getum ýtt því frá okkur með því að setja í gang, mér liggur við að segja, hefðbundnar, almennar pólitískar umræður. Málið er miklu alvarlegra og miklu stærra. Þetta er vissulega stærsta málið sem fjallað hefur verið um á Alþingi frá því að lýðveldið var stofnað. Þetta er stærsta mál sem fjallað hefur verið um á Alþingi Íslendinga frá því að lýðveldið var stofnað og það mun, ef samþykkt verður, hafa víðtækari áhrif en öll önnur mál sem til þessa hefur verið fjallað um á Alþingi og man ég þó eftir máli eins og EFTA-málinu og fleiri heitum deilumálum sem verið hafa á dagskrá undanfarna áratugi. Þess vegna erum við stödd á sögulegri stund og verðum sem alþingismenn að gera það upp við okkur hvaða afstöðu við höfum í einstökum atriðum og getum ekki látið neinn segja okkur hvaða afstöðu við eigum að hafa. Við getum ekki, eins og hæstv. forsrh. benti á í gær eða fyrradag, látið okkur nægja að skipa okkur í stjórnarlið og stjórnarandstöðu. Málið ristir í raun og veru miklu dýpra en svo að við höfum leyfi til þess. Auðvitað kann svo að fara að þeir sem fylgja stjórninni verði flestir sammála í máli af þessu tagi og þeir sem fylgja stjórnarandstöðunni verði flestir sammála.

Auðvitað kann svo að fara. Hitt er engu að síður óhjákvæmileg skylda hvers einasta alþingismanns að taka sjálfstæða afstöðu í máli af þessu tagi, vega það og meta og velta því fyrir sér: Er ég að gera rétt eða rangt? Því hér er ekki verið að taka ákvarðanir um atriði í fyrirkomulagi íslenska ríkisins á árinu 1993. Hér er ekki verið að ákveða fyrirkomulag á innheimtu virðisaukaskatts, ekki verið að ákveða hvernig haga skuli framkvæmdum í vegamálum í Norðurl. e. eða annars staðar á árinu 1993, ónei. Hér er verið að taka ákvörðun um skipan meginþátta íslenska þjóðfélagsins inn í framtíðina til margra áratuga og mér finnst að okkur alþingismönnum beri í raun og veru skylda til að nálgast málið með þessu hugarfari. Þess vegna verð ég að segja alveg eins og er að mér fannst t.d. málflutningur hv. 3. þm. Reykv. fyrr í umræðunni ekki leiða okkur inn í þann veruleika sem umræðan þarf að hrærast í. Hún á ekki að vera pex, hún á að vera umræða sem bendir til þess að við tökum þann eiðstaf alvarlega sem við undirritum sem alþingismenn. Það er kjarni þessa máls að mínu mati.

Út af fyrir sig vil ég segja það hér, virðulegi forseti, að vafamálin varðandi stjórnarskrána hefur flestum verið býsna vel til skila haldið, m.a. með þeim hætti að menn hafa lesið upp úr álitsgerðum sem birst hafa frá lögfræðingum, öllum virtum. Það er full ástæða til að hlusta á þá og ástæðulaust að ýta því frá sér sem þeir segja af því að það kunni að vera mönnum óheppilegt eftir því hvar þeir standa í hinni almennu stjórnmálaumræðu.

Málið snýst að mínu mati efnislega og formlega um þrennt, og þá er ég að tala um EES-málið. Það snýst í fyrsta lagi um spurninguna um það hvort við Íslendingar viljum taka inn á okkur hið svokallaða fjórfrelsi á öllum eða flestum sviðum. Um það ræðum við undir dagskrárlið nr. 2 sem liggur fyrir fundinum í dag.

Í öðru lagi ræðum við um stjórnarskrárþáttinn og hvort ákvæði EES-samningsins samrýmast íslensku stjórnarskránni og hvort aðild okkar að EES-kerfinu samrýmist íslensku stjórnarskránni.

Í þriðja lagi hljótum við að velta því fyrir okkur, sem ég ætla aðallega að fjalla um í ræðu minni vegna þess að hinu hafa verið gerð ítarleg skil, hvort það samrýmist íslensku stjórnarskránni að við að hluta til a.m.k. setjum okkur inn í stjórnkerfi Evrópubandalagsins sem við erum ekki aðilar að.

Auðvitað er það svo að meiri hluti Alþingis hefur fulla heimild samkvæmt lögum og stjórnarskrá að taka tilteknar ákvarðanir. Fjórmenningahópur utanrrh. telur t.d. að heimilt sé að framselja tiltekið vald á takmörkuðu og skýrt afmörkuðu sviði. Setjum svo að málin standi þannig og að um sé að ræða framsal til aðila sem við ákveðum að verða þátttakendur í. En spurningin er hins vegar þessi: Stenst það stjórnarskrána og þá skyldu sem við höfum sem alþingismenn að við framseljum tiltekið vald til stofnunar, félags, til alþjóðasamtaka sem við erum ekki í, þ.e. til Evrópubandalagsins? Stæðist það að við tækjum ákvörðun um að framselja tiltekið vald, þó að á takmörkuðu sviði væri, inn í alþjóðasamtök, t.d. einhvers staðar allt annars staðar á hnettinum? Kæmi til greina að við ákvæðum að afsala okkur tilteknu valdi þó að á takmörkuðu sviði væri, t.d. til samtaka Afríkuríkja, Norður-Ameríkuríkja eða hvað?

Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að þann tíma sem ég hef hugsað um EES-málið, sem er orðinn alllangur því ég átti t.d. aðild að síðustu ríkisstjórn, er afstaða mín sú að skynsamlegt sé að kanna mjög rækilega hvort rétt sé að Íslendingar gerist aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Ég tel það skynsamlegt. Og burt séð frá því hvaða afstöðu menn kunna að hafa haft til síðustu ríkisstjórnar tel ég að það hafi verið skynsamleg ákvörðun. Ég tel jafnframt að það hefði að mörgu leyti verið auðveldara t.d. fyrir mig sem stjórnmálamann, ef ég hefði getað tekið þá ákvörðun að standa að þessari niðurstöðu varðandi fjórfrelsið burt séð frá málinu að öðru leyti. En ég hlýt að játa það úr þessum ræðustól að það sem réð úrslitum um persónulega afstöðu mína að lokum í þessu máli var ekki fyrst og fremst fjórfrelsið og þeir þættir þó að þar megi auðvitað fjölmargt gagnrýna. Það sem mér finnst langsamlega stærst í þessu máli er það að með þessu er verið að gera tillögu um að við afsölum hluta af valdi okkar í hendur alþjóðlegum samtökum sem við erum ekki í.

Ég heyrði það t.d. á hv. þm. Tómasi Inga Olrich áðan, sem flutti nokkurn fortíðarfyrirlestur, að hann kvaðst vilja fara vandlega yfir þessi mál og taka þátt í umræðunni um þau. Ég tek það sem góðviljaða yfirlýsingu af hans hálfu um að hann vilji umgangast þau með opnum huga. Ég tók eftir því að hæstv. forsrh. tók þannig til orða að ég tel að ætla megi að hann vilji skoða stjórnarskrármálin, kannski ekki endilega í því samhengi sem þau eru af hálfu stjórnarandstöðunnar en e.t.v. í einhverju öðru samhengi. Ég tel það mikilvæga yfirlýsingu af hálfu hæstv. forsrh. sem er sá maður sem ber meiri ábyrgð í þessu máli en nokkur annar maður inni í þessum sal. Og ég verð að segja að mér fannst það mjög sérkennilegt við þessa fjórmenninganefnd utanrrh. að hæstv. forsrh. skyldi ekki eiga þar beinan fulltrúa. Hæstv. forsrh. getur út af fyrir sig sagt að nefndin hafi verið tilnefnd í samráði við sig og þarna séu valinkunnir menn sem hafi starfað lengi í Sjálfstfl. og allt svoleiðis, en það er ekki það sem kemur þessu máli kannski við. Staðreyndin er auðvitað sú að það eðlilega hefði verið að hæstv. forsrh. hefði skipað nefndina til þess að fara yfir stjórnarskrána úr því að málið var sett í hendur ríkisstjórninni á annað borð sem var röng aðferð að okkar mati. En auðvitað átti forsrh. sjálfur að fara með þetta mál, miklu frekar en utanrrh., og það er skothent miðað við verkaskiptingu Stjórnarráðsins að utanrrh. skuli hafa tekið þetta mál í sínar hendur með þeim hætti sem hann gerði, þar sem hann skipar nefnd sem á að fjalla um hans eigin handarverk. Auðvitað hefði verið eðlilegra að hæstv. forsrh. hefði sinnt því máli vegna þess að hann er sá aðili sem er ábyrgari eða á að vera ábyrgari en allir aðrir í máli af þessu tagi.

Ég tel þess vegna, virðulegi forseti, með hliðsjón af því að í áliti fjórmenninganna er mjög lítið fjallað um

EB-þátt málsins, hljóti ég sem alþingismaður að geta kallað eftir því að sá þáttur verði skoðaður alveg sérstaklega.

Í álitsgerð fjórmenninganna er farið yfir stjórnkerfi hins Evrópska efnahagssvæðis lið fyrir lið og þar eru menn sýknaðir af valdaframsali á svo að segja öllum sviðum. En það er hvergi með nægjanlega skýrum hætti farið yfir það í álitsgerð fjórmenninganna hvernig það samrýmist íslenskri stjórnskipun að við framseljum Evrópubandalaginu, sem við erum ekki í, hluta af því valdi sem við höfum. Ég verð að segja fyrir mitt leyti, virðulegi forseti, að ég tel að ég hafi enga heimild til þess sem alþingismaður að taka slíka ákvörðun jafnvel þó ég væri ofstækisfullur áhangandi fjórfrelsisins að öðru leyti. Það kemur ekki því máli við sem ég er að ræða hér sérstaklega.

Dr. Guðmundur Alfreðsson fjallar um þetta mál á síðum 18–20 í greinargerð sinni, sem hv. þm. hafa barið augum og haft á borðinu hjá sér nú um nokkurt skeið. Þar segir hann m.a. í minnisgrein 61:

„Ég hef lýst þeirri skoðun minni að það er margt í EES-samningnum og fylgiheimildunum um vald EFTA- og EES-stofnana sem ýmist brýtur í bága við eða orkar tvímælis miðað við gildandi stjórnskipunarlög. Hér hlýtur að vakna viðbótarspurning. Getur frjálst og fullvalda ríki, með tilvísun í 1. og 2. gr. stjórnarskrárinnar, framselt framkvæmdar- og dómsvald til alþjóðastofnunar sem við erum ekki aðilar að?"

Í kaflanum um löggjafarvald lýsti Guðmundur því rækilega hve stóran þátt Evrópubandalagið mundi fá samkvæmt þessum samningsdrögum við mótun og samningu efnisreglna á EES-svæðinu.

Síðan segir dr. Guðmundur Alfreðsson, með leyfi forseta:

„Sérfræðinganefnd utanríkisráðherra viðurkennir fullum fetum í skýrslu sinni (t.d. á bls. 15, 21 og 22) að samkvæmt EES-samningnum myndu framkvæmdastjórn og dómstóll EB," — ekki bara dómstóllinn heldur líka framkvæmdastjórn EB — „fá, í vissum málaflokkum, vald til að kveða upp endanlegar ákvarðanir sem yrðu aðfararhæfar á Íslandi."

Þetta viðurkenna fjórmenningarnir. Þetta er ekki uppdiktun mín eða annarra stjórnarandstæðinga eða þá Guðmundar Alfreðssonar. Það er viðurkennt af fjórmenningunum að framkvæmdanefnd EB og dómstóllinn fái í vissum málaflokkum vald til að kveða upp endanlegar ákvarðanir sem yrðu aðfararhæfar á Íslandi. Slík tilfelli eru víða nefnd í greinargerð Guðmundar Alfreðssonar og hann segir enn fremur:

„Spurninguna um valdaframsal til alþjóðastofnunar, sem við erum ekki aðilar að, afgreiðir sérfræðinganefnd utanríkisráðherra með einfaldri staðhæfingu (bls. 24–25):

„Ekki verður talið skipta máli í þessu sambandi þótt eftirlits- og ákvörðunarvaldið sé í afmörkuðum tilvikum í höndum eftirlitsaðila EB. Skipting valds milli eftirlitsnefndar EFTA og framkvæmdastjórnar EB í þessum tilvikum helgast af nauðsyn í viðskiptum milli ríkja, það er afmarkað og skýrar heimildir liggja því að baki. Það er einnig gagnkvæmt að vissu marki, enda eru bæði EB og EFTA-ríkin aðilar að hinu nýja réttarkerfi sem komið er á með EES-samningnum."

Það er gagnkvæmt aðeins að því marki sem snýr að efnisreglunum sem koma hvort sem er frá EB. Ofangreind tilvitnun var um framkvæmdarvaldið; síðar í skýrslunni skrifa sérfræðingarnir (bls. 26), að hið sama gildi um dómsvald sem dómstóll EB getur haft í samkeppnismálum."

Með öðrum orðum, það er algerlega kristalstært að hér er verið að flytja vald til samtaka sem við ætlum ekki að ganga í og það er viðurkennt, ekki af mér, ekki af stjórnarandstöðunni fyrst og fremst heldur af fjórmenningunum sjálfum. Það er viðurkennt af þeim mönnum sem hafa skrifað sérfræðiskýrsluna fyrir utanrrh. Og ég endurtek að ég tel óhjákvæmilegt að hæstv forsrh. geri sérstaka grein fyrir þessu máli. Mín skoðun er reyndar sú að hæstv. forsrh. ætti að taka stjórnarskrárþáttinn í sínar hendur af utanrrh. og láta rannsaka þennan þátt málsins sérstaklega. Og ég skora á hæstv. forsrh. að sýna þá reisn, þann skörungsskap og þá virðingu fyrir Alþingi Íslendinga og stjórnarskránni að taka málið til sérstakrar athugunar þar sem verið er að hengja okkur inn í samtök sem við höfum aldrei sótt um aðild að.

Eins og allir hér vita, er það þannig að þegar menn ganga í félög vilja þeir um leið hafa áhrif á lög, reglur og stefnu þeirra félaga. Þegar Íslendingar setja sig undir reglur EB með EES-samningnum erum við þar eins og áheyrnarfulltrúar með tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Ég geri ráð fyrir því að allmargir munu taka undir með þeim erlendu blaðamönnum sem hafa skrifað mikið um EES-samninginn og undrast það, þeir undrast það erlendu blaðamennirnir, að hugsanlegt EES-ríki skuli sætta sig við þá niðurlægjandi stöðu, sem felst í því að verða aðili að EES, að verða að hlíta EB án þess að vera aðili að því. Og þá kem ég kannski að því sem ég tel eitt það háskalegasta við þetta mál og það er að þær raddir munu koma upp í framhaldi af hugsanlegri samþykkt á samningnum um EES að illskárra sé að ganga í EB af því að þar geti menn a.m.k. haft áhrif að nafninu til. Þetta er sá hrikalegi pólitíski veruleiki sem við verðum að horfast í augu við.

Það er út af fyrir sig rétt að við erum ekki að ganga í EB með EES-samningnum. En það er jafnrétt að með því að stíga þetta skref værum við að ýta undir þau sjónarmið að rökrétt væri að ganga í EB á eftir til þess að hafa áhrif á reglur innan Evrópubandalagsins sem okkur yrði gert að hlíta af því að við værum í Evrópska efnahagssvæðinu. Ég tel þess vegna, virðulegi forseti, að þarna sé kannski komin ein meginhættan við þetta mál, að í því felist það að við séum að stíga skref inn í fordyri Evrópubandalagsins þar sem við munum lenda, mér liggur við að segja nauðug viljug, af því að málin verða sett upp með þeim hætti og vegna þess að þjóðin mun ekki þola þá niðurlægingu sem felst í því að verða að taka við reglum sem við höfum engin áhrif á að setja.

Það hefur verið sagt að aðild að Evrópska efnahagssvæðinu væri í raun og veru aukaaðild að Evrópubandalaginu og m.a. bent á þá staðreynd að samn-

ingurinn um EES er beinlínis byggður á ákvæðum Rómarsamningsins um aukaaðild að EB. Bent hefur verið á að með þessum samningi sem hér er til umræðu muni EFTA-ríkin taka yfir stóran hluta af löggjöf Evrópubandalagsins og geta engu breytt en EB taki hins vegar ekki við neinu, ekki stafkrók úr lögum frá EFTA-ríkjunum. Og það hefur verið á það bent hvað gríðarlegt magnið er sem felst í EES-lögunum eða drögunum eins og þau liggja nú fyrir og að gera megi ráð fyrir að Alþingi muni, ef við verðum aðilar að EES, neyðast til þess að samþykkja 40–60 lög á ári frá EB án þess að við getum haft nokkur áhrif á eina einustu setningu í þessum textum. Við afgreiðum í þessari virðulegu stofnun í venjulegu þinghaldi, sennilega 90–110 lagafrumvörp, ef ég man rétt. Við höfum komist upp í eitthvað hærri tölu og stundum er þetta eitthvað aðeins lægra. En hér er verið að leggja það til að við tökum upp sjálfvirkt færiband sem setur okkur í þá stöðu að við neyðumst til þess að taka inn 40–60 lagafrumvörp sem koma beint frá EB og við getum engu breytt um, nema náttúrlega segja okkur úr samtökunum. Þannig að í sjálfu sér er verið að setja Íslendinga í algjörlega óþolandi og niðurlægjandi stöðu. Það er af þessari ástæðu, virðulegi forseti, sem ég endurtek áskorun mína til hæstv. forsrh. að það mál sem lýtur að Evrópubandalagshliðinni verði tekið til sérstakrar skoðunar af því að um það er lítið sem ekkert fjallað í skýrslu fjórmenninga utanrrh.

Virðulegi forseti. Mér finnst ekki mikil ástæða til þess að vera að karpa um hlutina eins og hæstv. viðskrh. setur þá upp. Hann flutti það sem rök gegn stjórnarskrárbreytingu að það yrðu að fara fram kosningar. Það eru engin rök, satt að segja. Þetta er svo lágkúrulegt að það er varla hægt að tala um það. Auðvitað er það þannig að ef við þingmenn erum þeirrar skoðunar að það þurfi að breyta stjórnarskránni og ef menn telja það rétt, gera menn það burt séð frá því hvort kosningar eru í vændum eða ekki. Ég get út af fyrir sig skilið að það sé nokkuð snúið fyrir hæstv. utanrrh. að hugsa sér kosningar um þessar mundir, en það er annað mál. Mér finnst að við eigum að reyna að lyfta málinu af þessu plani og koma því í annan farveg.

Að lokum, virðulegi forseti, í þessu stutta innleggi mínu, ætla ég að rifja upp það sem segir í riti Ólafs Jóhannessonar um stjórnskipun Íslands á bls. 100 í síðari útgáfu, með leyfi forseta:

„Stjórnarskráin er öllum öðrum landslögum æðri og rétthærri. Byggist það eigi aðeins á efni hennar, heldur einnig, og reyndar fyrst og fremst, á vandaðri setningarhætti. Stjórnarskráin er sett af öðrum aðila en almenn lög. Stjórnarskrárgjafann verður því glöggt að greina frá almenna löggjafanum. Liggur af þeim sökum í augum uppi, að önnur lög mega ekki brjóta í bág við stjórnarskrána, hvorki að setningarhætti né efni. Þetta á þó ekki við þau ákvæði stjórnarskrárinnar, sem hún heimilar sjálf að breyta með lögum."

Ég vek athygli á ný á setningunni „Stjórnarskrárgjafann verður því glöggt að greina frá almenna löggjafanum."

Ég held að þetta sé staðreynd sem okkur er öllum afar vel kunn, en mönnum kann stundum að gleymast í hita leiksins.

Staðreyndin er sú að ef við tökum ákvörðun um að samþykkja stjórnskipunarákvæði EES-samningsins sem leiðir okkur inn í stjórnkerfi EB þá tel ég að hætta sé á að við séum í raun og veru að rugla saman þeirri skyldu sem við höfum, annars vegar sem hluti af löggjafarsamkomunni og hins vegar sem almennir kjósendur í þessu landi. Þá sé veruleg hætta á því að Alþingi væri að taka fram fyrir hendurnar — á hverjum? — Stjórnarskrárgjafanum.

Og ég endurtek á ný áskorun mína til hæstv. forsrh. að þau atriði sem lúta að spurningunni um Evrópubandalagið verði tekin til sérstakrar skoðunar og við veltum því fyrir okkur í fullri alvöru hvert við erum að fara með þjóðina, með þjóðinni og þjóðin með okkur. Hver er það sem hefur skyldur fremst í því skipi sem við erum stödd á í dag fyrir utan hinn virðulega forseta þingsins? Það er forsrh. landsins. Hvert ætlar hann með þessa þjóð? Getur það verið að hann vilji fara þannig fram með hluti af þessu tagi að þeir verði ekki skoðaðir til hlítar? Að menn sullist í gegnum þetta eins og hver önnur frumvörp og hverjar aðrar þingsályktunartillögur og aðrar skýrslur og utandagskrárumræður sem hér fara fram? Ég trúi því ekki, virðulegi forseti, að núv. forsrh. eða nokkur annar forsrh. gæti ekki betur að starfsskyldu sinni en svo. Ég trúi því þvert á móti, miðað við þær yfirlýsingar sem hæstv. forsrh. gaf í umræðunum í gær, að hann hljóti að vera tilbúinn til þess að vanda sig við málið til hins ýtrasta, svo og allir þingmenn flokks hans og annarra flokka á Alþingi, þannig að við gerumst ekki sek um að brjóta þá grundvallarreglu sem segir: Stjórnarskrárgjafinn er eitt, hinn almenni löggjafi er annað og menn mega ekki undir neinum kringumstæðum blanda þessu tvennu saman vegna þess að þá eru þeir að bregðast skyldu sinni, þeirri skyldu sem menn hafa tekist á hendur að framfylgja með heiðarlegum opnum hætti með því að undirrita eiðstaf.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. að það er örugglega vilji allra sem þetta þing skipa að huga mjög vandlega að þessum hætti og auðvitað taka menn stjórnarskrána afskaplega alvarlega. Ég vek einnig athygli á því að að þingsköpum mun fara fram sérstaklega vönduð athugun á þessum þætti vegna þess að sérstök nefnd verður til kosin til þess að fjalla um þetta mál og hefur ekki önnur verkefni. Ég er viss um að það er vilji allra sem skipa í þá nefnd, þingflokkanna, að sú nefnd muni gaumgæfa alla þá þætti sem fram hafa komið. Ég hef áður sagt að ég telji þau lögfræðiálit sem fram hafa verið sett frá báðum aðilum, ef svo mætti segja, þó ég sé ekki að skipa þeim í fylkingar, séu góður grundvöllur fyrir málefnalegar umræður um málið.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þessi

svör. Ég tel þau vera góð og skil vel að þau skuli ekki ná mikið lengra á þessu stigi málsins. Ég tel mjög mikilvægt að forsrn. taki málið í sínar hendur. Það hefur komið í ljós að það er venjan og eðlilegt að forsrn. taki á málum af þessu tagi en að utanrrn. sé ekki að vasast með þau eins og hvert annað fagráðuneyti. Ég tel því æskilegt að á því verði sérstaklega tekið, einkum þeim þætti sem lýtur að stjórnskipun Evrópubandalagsins og að forsrn. sinni þessu máli sérstaklega, jafnframt því sem Alþingi Íslendinga hlýtur að sjálfsögðu, samkvæmt þingsköpum, að fjalla um það í sérstakri þingnefnd.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er búið að segja margt vel í þessari umræðu og ég vil láta það koma fram að ég er ákaflega ánægður með málflutning þeirra stjórnarandstæðinga sem hér hafa tekið til máls bæði í þessari umræðu og í umræðunni um lögfestingu EES-frv. fyrirfarandi daga. En ég kemst ekki hjá því að láta í ljósi óánægju með vissa þætti umræðunnar og þá fyrst með þann fréttaflutning sem sjónvarpið hefur ástundað af henni. Þar hefur það hent að Ríkissjónvarpið hefur birt glefsur úr ræðum manna sem gefa alranga mynd af umræðunum og ræðum þeirra. Áhorfendur fá sem sagt ekki rétta mynd af skoðunum einstakra ræðumanna. Ég ligg t.d. undir því, eftir fréttaskot sem birt var úr ræðu sem ég flutti fyrir tveimur dögum, að vera sérstakur talsmaður EES-samningsins. Það er ég ekki í þeirri mynd sem hann endanlega varð. Það liggur alveg ljóst fyrir. Það mátti skilja svo að hv. 7. þm. Reykn., Steingrímur Hermannsson, flokksbróðir minn, væri það líka. Svo er ekki. Ég er ekki meðmæltur þessum samningi og tala ekki fyrir honum í þinginu en ég reyni hins vegar að segja hlutlaust frá og tíunda bæði kosti og galla. Og ég þori nú ekki annað en taka þetta fram í upphafi máls míns til þess að koma í veg fyrir að í fréttum Ríkissjónvarpsins í kvöld verði það haft eftir mér að ég telji að EES-samningurinn samræmist stjórnarskrá því að það tel ég að hann geri ekki. Ég færði rök fyrir þessu í ræðu minni um frv. um EES og vísa til þeirra. Það skiptir reyndar litlu máli þó að sjónvarpið gefi ranga mynd af ræðum því að við höfum þó alltaf vörn í því að Alþingistíðindin birta ræður okkar orðréttar og geyma þær þar til framtíðar. Þó að einhver smámisskilningur kunni að koma upp á grundvelli fréttamats einstakra sjónvarpsmanna getum við vísað til Alþingistíðinda og þau sýna það svart á hvítu hvert viðhorf okkar hefur verið til mála. Þetta var nú lítils háttar útúrdúr, að gefnu tilefni.

Hitt er miklu verra og alvarlegra í þessu máli hvernig sumir talsmenn ríkisstjórnarinnar, og þá á ég sérstaklega við þrjá herra sem sitja allir í salnum, hv. 3. þm. Reykv. Björn Bjarnason, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson, hafa talað í þessum umræðum. Og ég verð að segja að ég trúi því ekki að þeir túlki sjónarmið allra liðsmanna ríkisstjórnarinnar á Alþingi. Ég gjörþekki nefnilega marga af liðsmönnum ríkisstjórnarinnar sem eiga sæti á þingi og veit að þeir eru vandir að virðingu sinni og er ábyggilega ekki sama um það drengskaparheit sem þeir á sinni tíð unnu skv. 47. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. þeir hétu því að viðlögðum drengskap, eins og við allir, að halda íslensku stjórnarskrána.

Ég ætla að byrja á því að nefna ræðu hv. 3. þm. Reykv. Björns Bjarnasonar eða ræður því að hann hefur tekið hér oftar en einu sinni til máls, bæði um stjórnarskrárfrv. og um EES-frv. Ég óttast að ræður hans verði ekki til þess að flýta meðferð málsins og sennilega verða formannaskipti í utanrmn., sem þingflokkur Sjálfstfl. hefur ákveðið, til þess að seinka meðferð málsins í nefndinni. Hv. 4. þm. Reykv. Eyjólfur Konráð Jónsson, sem um langt skeið hefur verið formaður utanrmn., kappkostaði gott samstarf við alla nefndarmenn. Þó hann hafi verið pólitískur andstæðingur minn allan þann tíma sem ég hef átt sæti á Alþingi og skoðanir okkar í mörgum tilfellum ekki farið saman, vil ég að það komi fram að undir forustu hans tel ég að utanrmn. hafi unnið vel að þessu máli. Í nefndinni hefur t.d. enginn tími farið í pólitísk átök sem kannski hefði verið ástæða til að búast við að gætu komið upp. Sem formaður reyndi hann að greiða úr öllu og ástunda skipuleg vinnubrögð við könnun málsins. Ég hygg að hann hafi litið á sig sem formann og leiðtoga allrar nefndarinnar en ekki sem sérstakan handlangara hæstv. ríkisstjórnar eða hæstv. utanrrh. Og undir stjórn hans hefur nefndin unnið af samviskusemi og gætt vandaðra vinnubragða. Hv. þm. reyndi í formannstíð sinni að verða við óskum bæði stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga við upplýsingaöflun og kvaðningu manna fyrir nefndina og þess vegna var góður friður í nefndinni undir stjórn hans. En hann er enginn undanfari í kapphlaupinu til Brussel og það hefur komið honum í koll vegna þess að nú hafa Brusselfararnir tekið öll völd í Sjálfstfl. og hv. 4. þm. Reykv. Eyjólfi Konráð Jónssyni verið sparkað af meiri hluta þingflokks sjálfstæðismanna. Hv. 3. þm. Reykv. hefur verið settur formaður í utanrmn.

Nú vil ég að það komi fram að ég met hv. 3. þm. Reykv. ákaflega mikils og ég les greinar hans með athygli, bæði þær sem hann skrifar undir nafni og eins þær sem birtast með öðrum hætti í Morgunblaðinu. Ég er að vísu ósammála flestu sem hann lætur frá sér fara því ég hef aðrar skoðanir en hann á mjög mörgum þjóðmálum. En ég viðurkenni að hann er vinnuhestur, hreinskilinn og baráttufús. Ég tel að hann sé mjög hentugur fyrir hið stóra blað Morgunblaðið, höfuðmálgagn Sjálfstfl. um fjölda ára, hentugur til þess að halda órofnum þræði við fortíðina, passa að kommúnisminn gleymist ekki og minna á að kalda stríðið hafi verið og sé jafnvel enn. Ég met hann mikils sem djarfan talsmann fornra sjónarmiða og út af fyrir sig bar ég traust til hans og vænti góðrar forustu hans fyrir utanrmn. En sú von mín hefur óneitanlega dvínað nokkuð við að hlusta á ræður hans hér. Ef hann færir þennan anda, sem hann hefur lagt hér inn í þessar umræður, inn í utanrmn. óttast ég að hann valdi því tæpast að hafa forustu um vönduð vinnubrögð í nefndinni eða greiða fyrir afgreiðslu EES-málsins. Hann kemur ekki hér fram í ræðustól sem forustumaður utanrmn. Hann kemur hér

miklu fremur fram sem fótgönguliði fyrir ríkisstjórnina. Það flýtir ekki fyrir störfum utanrmn. ef hann flytur þann tón inn í nefndina.

Ræða hæstv. iðnrh., Jóns Sigurðssonar, í gær olli mér líka vonbrigðum. Ég met hann líka mikils. En fullyrðingar þær sem hann hafði hér við í gær standast fæstar. Mér finnst hann tala af ótrúlegu gáleysi um stjórnarskrá lýðveldisins en hún á náttúrlega að standa hvort sem gott er í ári eða vont og, eins og hann sagði, hverjar sem þarfir þjóðfélagsins eru. Stjórnarskráin breytist ekki þó að þarfir þjóðfélagsins kunni að vera einhverjar. Það gefur manni ekki heimild til þess að fúska með stjórnarskrána, alls ekki. Stjórnarskrá lýðveldisins stendur og hana verður að halda hvort sem gott er eða vont í ári og hvort sem ríkisstjórnin stendur vel eða illa í landinu á hverjum tíma. Bágborið efnahagsástand eða óvinsæl ríkisstjórn afsakar ekki í sjálfu sér eða réttlætir með neinum hætti stjórnarskrárbrot. Það eru til tvö máltæki sem við öll kunnum og ég ætla að nefna. Nauðsyn brýtur lög er annað og hitt er: Víkingar fara ekki að lögum. Að mínu mati eru þetta hvort tveggja óskynsamleg máltæki og geta með engu móti flokkast undir spakmæli. Þessi máltæki eru búin til af yfirgangsmönnum til þess að réttlæta yfirgang og misgerðir en mér fannst hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson og starfandi utanrrh. þar til hinn rétti utanrrh. kemur með norðanvindinum frá Spitzbergen einhvern tíma núna um helgina. (Gripið fram í.) Það ætla ég að vona. Ég ætla að vona að hann komi frá Spitzbergen. (Gripið fram í.) Mér þætti sjónarsviptir að því ef hæstv. utanrrh. ætti ekki afturkvæmt frá Spitzbergen og legaðist þar. Það veit ég að hv. þm. og formanni þingflokks Alþfl. þætti líka. Þó að ég viti að hann dái núv. starfandi utanrrh. mjög mikið hygg ég að honum þætti vænt um að hinn kæmi heim.

Mér fannst hæstv. viðskrh. og starfandi utanrrh. ganga fram í þessari umræðu eins og víkingur sem vill laga lögin að þörfum sínum og þörfum þjóðfélagsins og ríkisstjórnarinnar, ekki kannski bara lögin heldur sjálfa stjórnarskrána. Nauðsyn má aldrei brjóta lög, hvað þá heldur stjórnarskrá. Það er alveg sama hvaða pólitískir hagsmunir ríkisstjórnar eru í húfi. Svo eru ráðherrar núv. ríkisstjórnar að tala um það að pólitískir stundarhagsmunir ráði afstöðu okkar stjórnarandstæðinga í þessum EES-málum. Pólitískir stundarhagsmunir ráða ekki afstöðu okkar í stjórnarandstöðunni. Það eru pólitískir stundarhagsmunir sem ráða afstöðu ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin vill lögtaka EES-samninginn. Ræðumenn Sjálfstfl. eða stjórnarflokkanna, sem hér hafa talað, vilja hins vegar af hagkvæmnisástæðum ekki fara að eðlilegum starfsháttum við lögfestinguna. Mér líður illa að horfa upp á þessa léttúð ráðherranna og ég bið menn að taka eftir því að ég nota orðið léttúð en ekki ófyrirleitni því ég er kurteis maður. Ég tel að þeir noti léttúð í umgengni sinni við stjórnarskrána þessa dagana.

Svo kem ég að hæstv. forsrh. Ég treysti því að hann heyri mál mitt þótt ekki sé hann í sínu sæti þessa stundina. (**Gripið fram í:** En við tökum eftir því að þú segir.) Ég vil biðja hv. þm. að doka við og bíða eftir því sem ég hef að segja við hæstv. forsrh. — Getur frú forseti gert ráðstafanir til þess að forsrh. sé hér nær svo ég megi eiga við hann lítinn orðastað? — Ég býð hæstv. forsrh. velkominn í salinn og þakka honum fyrir að sýna mér það langlundargeð að hlusta á mig.

Mér finnst að hæstv. forsrh. tali í öðru orðinu um að hann vilji standa vörð um stjórnarskrána og telur að frv. sem hér er á dagskrá slaki um of á kröfum stjórnarskrárinnar við gerð milliríkjasamninga. Hann hefur e.t.v. nokkuð til síns máls í því efni og sjónarmið hans að því leyti til er að vissu leyti virðingarvert ef ekki kæmi til að í hinu orðinu vill hann lögtaka EES-samninginn. En þetta fer bara ekki saman. Þetta stangast á.

Nú veit ég það að hæstv. forsrh., kunningi minn, er ekki kleyfhugi og fer það þess vegna illa að koma hér fram annaðhvort sem dr. Jeckyll eða mr. Hyde. (**Gripið fram í:** Eða þá hringhugi. Það eru bara tvær tegundir.) Ég legg engan dóm á það. Ég fullyrði hins vegar að hæstv. forsrh. er ekki kleyfhugi í eðli sínu. Ég bið hv. 8. þm. Reykn. að spara hér athugasemdir sínar þar til hann fær orðið síðar í umræðunum.

Ég sagði áðan að ég væri að vissu leyti sammála forsrh. sem vill ekki opna stjórnarskrána of mikið og því vil ég hlusta á röksemdir hans. Ég tel að við eigum að búa við afdráttarlausa stjórnarskrá eins og okkar stjórnarskrá raunverulega er. Á hitt ber þó að líta að það er skárra að opna smugu þannig að hægt sé að staðfesta t.d. mannréttindasáttmála og umhverfissáttmála án stórfelldra tilfæringa svo sem stjórnarskrárbreytingar. Áskilinn er í tillögu okkar aukinn meiri hluti á Alþingi. Ég hefði persónulega viljað að meiri hlutinn væri stærri, t.d. fimm sjöttu hlutar þingheims, en samkomulag varð um að krefjast þriggja fjórðu. Þetta ákvæði sem við viljum setja í 21. gr. ásamt því að gera hana miklu fyllri en hún er í núverandi mynd gefur ákveðna tryggingu fyrir því að óprúttnir stjórnmálamenn með tæpu meirihlutavaldi á Alþingi geti ákveðið að afsala svo og svo miklu af fullveldi þjóðarinnar. Á þetta ákvæði reynir ekki hér og nú við lögfestingu EES-samningsins. Verði stjórnarskrárbreytingin samþykkt, eins og ég ætla að vona, á þessu þingi þá verður þingrof, efnt til kosninga og stjórnarskrárbreyting samþykkt á nýju þingi. Í þessum kosningum verður að sjálfsögðu ekki einungis kosið um stjórnarskrárbreytinguna. Það verður kosið um EES-samninginn, stefnur flokka í þjóðmálum og flokkar og menn dæmdir af verkum sínum. Það er þetta sem hæstv. ríkisstjórn eða a.m.k. sumir ráðherrarnir óttast framar öðru og þess vegna vilja þeir ekki stjórnarskrárbreytingu og eru tilbúnir eða virðast tilbúnir til að loka augunum fyrir brotum á stjórnarskránni, tilbúnir til að gleyma í bili því drengskaparheiti sem þeir unnu þegar þeir tóku sæti á Alþingi í fyrsta sinn. Ég trúi því ekki að meiri hluti Alþingis sé tilbúinn að taka með svona léttúðugum hætti á drengskaparheiti sínu. Ég trúi því ekki. Það sem ynnist við samþykkt þessa stjórnarskrárfrumvarps væri að, að því samþykktu, hefðum við fengið aukna tryggingu í stjórnarskrá og aukið aðhald, að hún yrði ekki brotin af óprúttnum og naumum meiri hluta á Alþingi. Það er það sem réttlætir þessa stjórn-

arskrárbreytingu. Það mætti eins hugsa sér í þessu tilfelli stjórnarskrárbreytingu varðandi EES-málið, þ.e. eins og hv. frummælandi, 7. þm. Reykn., nefndi í framsöguræðu sinni, að setja inn í stjórnarskrána „þrátt-fyrir-ákvæði", að þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrár mætti staðfesta EES-samninginn.

Hv. þm. Svavar Gestsson sem hér var næstur á undan mér í ræðustólnum talaði um hinn ægilega veruleika en mér fannst hann ekki telja hann mjög nærtækan, þ.e. inngöngu Íslands í Evrópubandalagið. Ég tel að innganga Íslands í Evrópubandalagið sé því miður komin á dagskrá hjá hluta ríkisstjórnarinnar og hluta stuðningsliðs hennar. Ég vil ekki segja hvað sá hluti er stór en þær raddir eru farnar að heyrast úr stjórnarherbúðunum og engin leið er til þess að loka eyrunum fyrir þeim og láta sem ekkert sé. Inngangan í Vestur-Evrópusambandið sem ríkisstjórnin ákvað að sækja um, þ.e. hernaðarstoð Evrópubandalagsins, er til merkis um þetta. Kosningastefnuskrá Alþfl. fyrir síðustu kosningar var til merkis um það. Aldamótanefnd Sjálfstfl., undir forustu Davíðs Oddssonar sem nú er forsrh., fyrir síðasta flokksþing Sjálfstfl. var aðvörun. Skýrsla utanrrh. í fyrravor til Alþingis var aðvörun. Blaðaviðtöl hæstv. viðskrh. í norskum blöðum í sumar eru meira en lítil aðvörun. Yfirlýsingar formanns fjárln., hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar, og ýmissa fleiri minni spámanna eru líka aðvörun sem við getum ekki látið eins og vind um eyru þjóta. Síðast en ekki síst nefni ég skrif hv. 3. þm. Reykv., Björns Bjarnasonar. Síðasta dæmið varðandi skrifin hjá hv. 3. þm. Reykv. ætla ég að rifja upp enn og aftur, þ.e. það sem hann sagði í Morgunblaðinu þriðjudaginn 16. apríl 1991. Þar sagði hann:

„Þeir sem hafa kynnt sér umræðurnar um EES og þær vonir sem bundnar eru við samningaviðræður EFTA og EB í ríkisstjórnum EFTA-landanna (utan Íslands?) vita að þar líta menn á EES sem fyrsta og annað skrefið inn í Evrópubandalagið." Og síðar í sömu grein sagði hann: „EES-samningsgerðin er skipulegasta átak sem gert hefur verið til að opna Íslandi og öðrum EFTA-ríkjum leið inn í Evrópubandalagið."

Þetta var og er sjálfsagt enn skoðun hv. 3. þm. Reykv. Hann hefur skrifað hverja greinina eftir aðra í sumar um það að Íslandi beri vandlega að hugleiða inngöngu í Evrópubandalagið. Hann hefur með aðdáunarhreim lýst afstöðu Finna sem tóku kollsteypu og sjá sér nú þann eina bjargræðisvott í neyð sinni, sem vissulega er ákaflega mikil, að ganga í Evrópubandalagið. Síðasta dæmið sem varar okkur við hvert stefnir eru formannsskiptin í utanrmn. Það liggur ljóst fyrir að hv. 4. þm. Reykv., Eyjólfur Konráð Jónsson, vill ekki ganga í Evrópubandalagið og vinnur gegn því opinberlega. Þess vegna sparkaði meiri hluti þingflokks sjálfstæðismanna hv. þm. úr stóli formanns utanrmn. og setti þar hv. 3. þm. Reykv., Björn Bjarnason, mann sem hvað eftir annað hefur lýst áhuga sínum á inngöngu í Evrópubandalagið. Hann er pólitískur undanfari í kapphlaupinu til Brussel. Og fjárinn má vita hvort þessi ríkisstjórn, sem við höfum hér í landinu, freistaðist ekki til að nota einfaldan meiri hluta á Alþingi til þess að knýja fram inngöngu Íslands í Evrópubandalagið, þvert á stjórnarskrána og gæti þá vitnað til þess að sú hefð hefði skapast að fara ekki nákvæmlega eftir stjórnarskránni. Hún gæti vitnað til þessa að í desember eða janúar eða hvenær sem það nú verður, þá hefði Alþingi samþykkt lögfestingu EES-samningsins þrátt fyrir stjórnarskrárákvæði þar um. Svo gætu Brussel-fararnir fengið einhverja nafnkennda lögfræðinga til þess að skrifa álitsgerð um að ekki væri verulega íþyngjandi að ganga í Evrópubandalagið og sviðin væru vel afmörkuð og ekki væri tekið fram í 2. gr. íslensku stjórnarskrárinnar að hér skyldu alíslensk stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið. Hver veit. Ég er ekki óttalaus.

Mig langar til þess hér og nú að leiðrétta misskilning, svona svo öllu sé til skila haldið, sem kom fram í ræðu hv. 15. þm. Reykv., Kristínar Einarsdóttur, fyrr í dag þar sem hún hafði misskilið ummæli hv. 7. þm. Reykn., Steingríms Hermannssonar. Hann mismælti sig hér að vísu í ræðustól og sagði einu sinni þjóðaratkvæðagreiðsla í gær í staðinn fyrir stjórnarskrá en leiðrétti sig síðan strax aftur, en leiðréttingin virðist hafa farið fram hjá hv. þm. og það er okkur öllum ljóst að þjóðaratkvæðagreiðsla sem færi fram nú í haust er einungis leiðbeinandi fyrir Alþingi en breytir ekki stjórnarskrá eða heimilar að brjóta hana. Ég er meðflm. að þáltill. um að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um EES-samninginn. Sú tillaga er alveg óháð þessu frv.

Það er sjálfsagt að lofa þjóðinni að segja álit sitt á EES-málinu. Það er afdrifaríkasta mál sem hér hefur verið á dagskrá, a.m.k. frá lýðveldisstofnun og sennilega lengur. Ummæli hæstv. utanrrh. í framsögu með EES-frv. þóttu mér hrokafull í meira lagi og eru mér mikil hneykslunarhella þar sem hann efnislega sagði að þjóðin væri of vitlaus til þess að óhætt væri að bera málið undir hana. Nú skil ég að vísu þessi ummæli öðrum skilningi heldur en ég gerði þegar þau voru sögð eftir þær upplýsingar sem fram komu í morgun, þ.e. að utanrrn. hafi keypt Gallup-stofnunina til að gera skoðanakönnun, en af því að utanrrn. líkaði ekki niðurstöður skoðanakönnunarinnar einhverra hluta vegna, þá liggur ráðuneytið á þessum niðurstöðum og birtir þær ekki og felur þar með upplýsingar sem keyptar voru fyrir opinbert fé. Ég vil nota þetta tækifæri, frú forseti, til þess að taka undir kröfu hv. 8. þm. Reykn., Ólafs Ragnars Grímssonar, um að þessi könnun verði birt og ekki bara þessi könnun heldur líka spurningarnar sem hugsanlega gætu hafa verið leiðandi í einhverjum atriðum.

Ef ég væri spurður einn góðan veðurdag af Gallup hvort ég teldi mig þekkja EES-málið vel, mjög vel, þá veit ég ekki nema mér veðist tunga um tönn vegna þess að margt er mér óljóst í því máli enn þó að ég þykist vita þó nokkuð um það og hafi eytt löngum tíma bæði í Evrópustefnunefnd, utanrmn., þingmannanefnd EFTA og víðar til þess að kynna mér þetta mál.

Ég tel að það sé öllum fyrir bestu að niðurstöður þessarar könnunar, svo og hvernig hún var unnin, verði birtar.

Ég tel enn fremur óhjákvæmilegt eftir það sem á

undan er gengið að fundargerðir ríkisstjórnarinnar þar sem EES-málið hefur verið til umræðu, þ.e. bæði fundargerðir síðustu ríkisstjórnar og eins þeirrar sem nú situr, verði birtar. Hæstv. forsrh. braut hefð, og ég hef a.m.k. ekki orðið vitni að því hér á Alþingi áður að forsrh. hafi farið að lesa úr fundargerðum, hvorki sinnar ríkisstjórnar né annarra, með þeim hætti sem hér var gert í gær. Það er a.m.k. mjög óvenjulegt. En fram hafa komið hjá hv. 8. þm. Reykn., Ólafi Ragnari Grímssyni, ásakanir um að hæstv. forsrh. hafi farið með fölsun í upplestri sínum, þ.e. að hann hafi ekki tekið það fram að skýrsla hæstv. utanrrh. hafi verið lögð fram til upplýsingar á fundinum, sleppt því að taka það fram að hún hafi verið lögð fram til upplýsingar. Þetta eru mjög alvarlegar ásakanir og ég held að það sé líka öllum fyrir bestu að botn fáist í þetta mál og það verði að birta allar fundargerðir ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar þar sem bókað hefur verið um EES-málið vegna þess að ef ekki er eytt og bornar til baka hinar alvarlegu ásakanir hv. 8. þm. Reykn., Ólafs Ragnars Grímssonar, á hæstv. forsrh. um að hafa misfarið gróflega með sannleikann, þá skil ég ekki hvernig hæstv. forsrh. getur setið. Í mörgum löndum yrðu ráðherrar að segja af sér ef þeir gætu ekki afsannað svona ásakanir.

Frú forseti. Ég ræddi ítarlega um stjórnarskrárþátt EES-málsins í ræðu minni á þriðjudaginn var, í fyrradag, og ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði þá en vil þó aðeins hlaupa á nokkrum greinum stjórnarskrárinnar til að öllu sé til skila haldið í þessari umræðu. 2. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið."

Ég tel að öll atriði þessarar greinar þarfnist athugunar og þær séu brotnar annaðhvort að efni eða anda nema hvort tveggja sé. Löggjafarvaldið er skert. Við verðum að taka við löggjöf sem aðrir setja. Við höfum að vísu formlega neitunarvaldið, getum ekki beitt því og erum tilneydd að lögtaka — nú veit ég ekki hvort það eru 40 frumvörp á ári eða 40 lög eins og hv. síðasti ræðumaður sagði eða hvort þau eru fleiri eða færri. En allt um það, þá verðum við að setja lög eftir forskrift.

Það má líka minna á að samkvæmt 36. gr. stjórnarskrárinnar er Alþingi friðheilagt og enginn má raska friði þess né frelsi. Alþingi á að vera frjálst að ákvarðanatöku sinni. Það er það ekki með nokkrum hætti eftir að við verðum að vinna að lagasetningunni eftir forskrift.

Það er jafnframt tekið fram í stjórnarskránni að alþingismenn megi ekki fara eftir neinum reglum frá kjósendum sínum, þeir eigi að fara eftir samvisku sinni. Það geta þeir ekki lengur ef þeir verða að fara eftir reglum frá kjósendum úti í Evrópubandalaginu. Þetta var um löggjafarvaldið sem ég tel að sé skert og þvingað með EES-samningnum.

Varðandi framkvæmdarvaldið er sömu sögu að segja. Hluti framkvæmdarvaldsins er fluttur úr landi og það gildir mig algerlega einu þó að fundist hafi fjórir lögfróðir menn úti í bæ sem haldi því fram, noti það sem röksemd að það sé ekki tekið fram í 2. gr. stjórnarskrárinnar að um alíslensk stjórnvöld sé að ræða sem eigi að fara með framkvæmdarvaldið, og það sé heimilt að framselja það svo og svo mikið til útlanda. Ég nefni það að ekki bara alþingismenn skv. 47. gr. stjórnarskrárinnar vinna drengskaparheit að því að halda hana og eru þar af leiðandi ábyggilega í talsverðum vandræðum, þeir sem langar til að samþykkja EES-samninginn en hafa unnið þetta drengskaparheit. Samkvæmt 10. gr. stjórnarskrárinnar vinnur líka forseti Íslands eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni er hann tekur við störfum. Forseti Íslands vann þetta heit síðast 1. ágúst sl.

Varðandi dómsvaldið, þá flyst það að hluta til úr landi og ég vitna til 59. gr. stjórnarskrárinnar: „Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum."

Ég vitna til 60. gr. stjórnarskrárinnar: „Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda."

Ég vitna til 61. gr. stjórnarskrárinnar: „Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum."

Allt er þetta fyrir bí meira og minna ef þessi samningur verður lögtekinn.

Það er nokkuð sama hvar þessari blessaðri stjórnarskrá okkar er flett. Spurningarnar vakna hvarvetna.

Í 69. gr. segir: „Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til." Hæglega getur komið til þess að þessi 69. gr. samræmist ekki að anda til þeim samningi sem hér er lagt til að verði lögfestur.

Í 67. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir."

Ég hef séð drög að frv. frá hæstv. ríkisstjórn þar sem hún vill reyna að vernda auðlindir í jörðu í höndum Íslendinga með því móti að taka þær af einstaklingum sem sannanlega eiga þær og hafa lögverndaðan rétt skv. 67. gr. stjórnarskrár til þess að eiga þær og þjóðnýta og án þess að verð komi fyrir. Svona mætti lengi telja.

Hæstv. utanrrh. taldi í framsöguræðu sinni á fimmtudaginn var fyrir frv. um EES-samninginn að, eins og hann orðaði það, álitsgerð fjórmenninganna — ég man nú ekki hvort hann kallaði þá fjórmenninga en ég held að hann hafi notað svo stórt orð sem sérfræðingar — hafi orðið til að eyða vafa. Ég er ekki frá því að þarna hafi hæstv. utanrrh. ratast satt á munn. Ég er ekki frá því en ekki með þeim skilningi sem hann lagði í það. Þessi álitsgerð eyddi öllum vafa í mínum huga, þ.e. ég hélt að svo kynni að vera að samningurinn bryti ekki í bága við stjórnarskrá. En eftir að ég var búinn að lesa málsvörn þeirra fjórmenninga utanrrh. þá var ég ekki í nokkrum vafa, þeir voru búnir að eyða mín-

um vafa. Eftir að hafa lesið hana var ég viss um það að úr því að þeir ekki fundu haldbærari rök en þeir settu fram, þá væru þau ekki finnanleg og þar af leiðandi væri ekki nokkur vafi á því að stjórnarskránni þyrfti að breyta eða það væri ekki hægt að lögtaka þennan samning samkvæmt okkar stjórnarskrá.

Ég bendi hv. þm. á fskj. I með frv. til stjórnarskipunarlaga á þskj. 30 þar sem 1. flm. er Steingrímur Hermannsson og við nokkur ásamt honum. Fylgiskjal I er það fylgiskjal sem við teljum styðja það hvað ríkast að nauðsyn sé að breyta stjórnarskránni og eina helstu sönnunina fyrir því að EES-samningurinn samrýmist ekki íslensku stjórnarskránni, það er álit fjórmenninga utanrrh. Síðan vitnum við líka til gagnmerkra álitsgerða dr. Guðmundar Alfreðssonar þjóðréttarfræðings og prófessorsins í stjórnsýslurétti við Háskóla Íslands, Björns Þ. Guðmundssonar.

Það væri freistandi að fara nokkrum orðum um útúrsnúninga hæstv. utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar sem hann hafði í ræðu sinni á fimmtudaginn var og um stjórnarskrárbrot fyrirfarandi ára. Það hafa vissulega komið fram álitamál um hvort tiltekin lög samræmdust íslensku stjórnarskránni. Ég nefni álitsgerðir frá Sigurði Líndal um framleiðsluráðslögin og um úthlutun kvóta. Nú vil ég ekki leggja dóm á það hvort Sigurður Líndal prófessor hefur rétt fyrir sér, en það dettur auðvitað engum í hug eins og hæstv. utanrrh. lét liggja að í útúrsnúningum sínum að breyta stjórnarskránni út af því. Ef svo fer að við komumst að því með haldbærum rökum að lögin samrýmist ekki stjórnarskránni, þá auðvitað breytum við lögunum en ekki stjórnarskránni í þessu tilfelli.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. Tómas Ingi Olrich ræddi hér nokkuð afstöðu Framsfl. í ræðu sinni hér fyrr í dag og hann dró mjög rangar ályktanir í máli sínu. Framsfl. studdi ákvörðunina um það að ganga til samninga um myndun Evrópsks efnahagssvæðis, setti fram ákveðna fyrirvara. Fyrirvararnir eru ekki inni í lokagerð samningsins. Þessi samningur er allt annar samningur en við ætluðumst til að gerður yrði. Hann er ekki sú tveggja stoða lausn um samskipti EFTA annars vegar og Evrópubandalagsins hins vegar sem við vonuðum að hann yrði og það lá alltaf fyrir allan tímann að við mundum þurfa að meta lokaniðurstöður samningsins, hvort hann væri aðgengilegur eða aðgengilegur ekki. Ég vildi mjög gjarnan að EES-samningurinn væri það aðgengilegur að hann væri hagstæður Íslendingum. Það vildi ég sannarlega. En því miður er þetta annar samningur en við vonuðumst eftir að gerður yrði. Ég var að vona það í síðustu kosningabaráttu, bæði fyrir og eftir, að EES-samningurinn og aðild að Evrópsku efnahagssvæði yrði valkostur fyrir Íslendinga gegn EB, þ.e. að menn yrðu ásáttir um að Evrópskt efnahagssvæði væri fullnægjandi fyrir Ísland og hættu þessari stórhættulegu ásókn um að fjötra Ísland inni í Evrópubandalaginu sem ég teldi einhverja mestu ógæfu sem yfir okkur gæti dunið af mannavöldum. En sú von er dáin. Afstaða núv. valdhafa hefur því miður deytt þessa von mína. Þeir knýja á um lögfestingu EES-samningsins vegna þess að þeir telja hana vera skref inn í Evrópskt efnahagssvæði. Og hv. 3. þm. Reykv. sagði eins og ég vitnaði til áðan: „EES-samningsgerðin er skipulegasta átak sem gert hefur verið til að opna Íslandi og öðrum EFTA-ríkjum leið inn í Evrópubandalagið." Vitnaði ég hér, með leyfi forseta, til blaðagreinar í Morgunblaðinu eftir títtnefndan hv. 3. þm. Reykv., Björn Bjarnason. Og ég er alveg viss um það að þessir menn, þessir áköfu baráttumenn fyrir inngöngu Íslands í Evrópubandalagið, verða ekki til friðs þó að EES-samningurinn verði samþykktur. EES-samningurinn verður ekki varanlegur áfangastaður fyrir Ísland að þeirra mati. Þeir halda áfram. Þeir vilja bara hafa þetta fyrir áningarstað.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Andsvar mitt snýst öðrum þræði um þá röngu yfirlýsingu hv. síðasta ræðumanns að ég hafi lýst sérstökum áhuga á því að Ísland gerðist aðili að Evrópubandalaginu. Það hef ég hvergi gert. Ég hef hins vegar talað um nauðsyn þess að kannaðir væru kostir og gallar þess að Ísland stæði utan bandalagsins.

Hv. síðasti ræðumaður vitnaði einnig í greinar sem ég hef ritað eins og hér hefur verið gert áður í umræðunum. Hann gerði það rétt, en það hefur ekki verið gert hingað til. Hv. 8. þm. Reykn. gerði það einnig en sleit það þannig úr samhengi og rangfærði að ekki var heil brú í þeim málflutningi.

Varðandi það sem ég sagði í þessum greinum þá stend ég að sjálfsögðu við það allt saman og tel að það frv. sem hér er til umræðu, sem hv. talsmenn frv. og flm. forðast að ræða eins og heitan eldinn, að því er mér virðist, sé enn ein varðan sem menn verða að skoða ef hugað er að för Íslands inn í Evrópubandalagið. Hér er flutt frv. um breytingu á stjórnarskránni sem heimilar framsal á íslensku ríkisvaldi til fjölþjóðlegrar stofnunar. Ég tel að þetta frv. sé enn ein varðan á þeirri leið sem menn hljóta að skoða ef Ísland gengur inn í Evrópubandalagið, eins og ég tel að samningurinn um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu sé slík varða. Hins vegar er það náttúrlega undir hverjum og einum komið hvort hann fer þær leiðir sem vörðurnar vísa. Það er unnt að líta á þetta sem áfanga og endapunkt og það fer náttúrlega eftir mati hvers og eins. En ég tel að hér hafi stjórnarandstaðan lagt fram frv. sem verði að skoða sem enn eina vörðu á leiðinni inn í Evrópubandalagið og hún er að gera því skóna að það þurfi ákveðinn meiri hluta á þingi til þess að framselja íslenskt ríkisvald til fjölþjóðlegrar stofnunar. Það er ekki gert með aðild að EES-samningnum en það yrði að sjálfsögðu gert ef Ísland gerðist aðili að Evrópubandalaginu.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Reykv. fyrir það að koma með þetta andsvar því það gefur mér tækifæri til þess að segja honum og öðrum sem heyra vilja að ég tel að við þurfum ekki að kanna kosti og galla við að ganga inn í Evrópubandalagið. Við sjáum þá þegar það mikla galla að það gerir okkur það algjörlega óað-

gengilegt og það er ekkert annað en sjálfsblekking að ímynda sér að kostir þess kunni að vera svo miklir að þeir yfirskyggi gallana. Við vitum um nokkra af þeim ókostum sem því fylgja, ekki bara sameiginlega fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins sem við getum með engu móti verið aðilar að. Ég nefni líka mikilsverð atriði eins og stjórnfrelsi og fullveldi lýðveldisins og framtíð þjóðarinnar í þessu landi. Það er misskilningur hjá hv. 3. þm. Reykv. ef hann heldur að það litla stjórnarskrárfrv. sem hér liggur fyrir á þskj. 30 sé einhver varða á leiðinni inn í Evrópubandalagið. Það er það ekki. Þetta er fótakefli eða þröskuldur, hindrun sem við vitandi vits viljum setja upp til þess að hann og hans líkar hnjóti um og tefji för þeirra í kapphlaupi þeirra til Brussel.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn gerist það að flm. þessa frv. forðast að ræða kjarna þess. Frv. snýst um það að með ákveðnum meiri hluta á Alþingi sé unnt að framselja íslenskt ríkisvald til fjölþjóðlegrar stofnunar. Um það snýst þetta frv. og það er hin mikilvæga breyting sem verið er að gera á stjórnarskránni samkvæmt frv. Við getum ekki gerst aðilar að Evrópubandalaginu nema að framselja hluta ríkisvaldsins eða ríkisvaldið til Evrópubandalagsins, þannig að ég sé ekki annað en það verði að túlka þetta sem vörðu á leiðinni ef menn ætla að ganga inn í Evrópubandalagið, þá sé þetta hugmynd þeirra manna, sem að þessu standa, hvernig að því skuli staðið. Þetta frv. snertir ekkert spurninguna um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu þó að ræður flm. snúist að mestu leyti um það og þeir forðist að gera þingheimi og þjóðinni grein fyrir því hvað í raun og veru felst í þeirra eigin frv.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Við getum ekki gerst aðilar að EES öðruvísi en afsala hluta af fullveldi okkar og það er búið að rekja það nákvæmlega hér í þessum umræðum og ég þarf ekki að endurtaka það. Kjarni þessa frv. er ekki að opna leið inn í Evrópubandalagið. Kjarni þess er að stoppa þá menn sem eru á harðahlaupum þangað eða setja upp hindrun fyrir óprúttna stjórnmálamenn til þess að reyna að koma í veg fyrir það slys að þeir flæki okkur inn í Evrópubandalagið með tæpum meiri hluta á Alþingi.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Hv. 8. þm. Reykn. hefur óskað eftir að bera af sér sakir.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það var auðvitað mjög athyglisvert að hv. þm. Björn Bjarnason lagði ekki í það að biðja um orðið hér með venjulegum hætti til þess að svara því sem ég sagði í umræðunum um hann og hans málflutning og hans greinaskrif, heldur kaus hann undir andsvaralið, þar sem hann veit að ég á ekki rétt á að tala, að svara mér með grófum ásökunum í minn garð. Þetta kalla ég nú hvorki karlmannlegt né drengilegt en er auðvitað vitnisburður um veikan málstað þingmannsins.

Þingmaðurinn sagði hér að ég hefði farið rangt með tilvitnanir í hann. Ég fór með tvær tilvitnanir sem snerta mál efnislega um afstöðuna til EB. Sú fyrri var að EES-samningarnir eru skipulegasta átak sem gert hefur verið til að opna Íslandi og öðrum EFTA-ríkjum leið inn í Evrópubandalagið. Þetta stendur í öðrum dálki greinarinnar sem birtist í Morgunblaðinu 16. apríl 1991 og það er ekkert rangt við þetta. Þetta sagði þingmaðurinn.

Að vísu má að nokkru leyti kannski finna orðum hans stað vegna þess að í seinni tilvitnuninni þá sleppti ég að lesa það sem hann sagði utan Íslands, spurningarmerki í sviga, þar sem hann átti þá við ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar. En það breytir engu um efnislega fullyrðingu hans í greininni sem er á þá leið: „Þeir sem hafa kynnt sér umræðurnar um EES og þær vonir sem bundnar eru við samningaviðræður EFTA og EB í ríkisstjórnum EFTA-landanna (utan Íslands?) vita að þar líta menn [þ.e. í hinum EFTA-löndunum] á EES sem fyrsta og annað skrefið inn í Evrópubandalagið." Þannig að þetta eru engar falsanir, þetta eru bara orðin sem þingmaðurinn sendi frá sér í aðdraganda kosninganna. En það er svo margt fleira að finna í þessum skrifum hans sem ég hef ekki enn þá rakið hér og ég vil þá gera það hér og nú vegna þess að þingmaðurinn er hvað eftir annað búinn að segja að það sé fráleitt að túlka skýrslu Jóns Baldvins Hannibalssonar frá mars 1991 svo að þar sé verið að segja, þ.e. í skýrslu utanrrh., að það þurfi að breyta stjórnarskránni vegna EES. En hvað sagði Björn Bjarnason í greininni sem birtist í Morgunblaðinu 26. mars um sama atriði, með leyfi forseta:

„Hvað hefðu framsóknarmenn sagt ef í ályktun Sjálfstfl. hefði verið gefið í skyn, eins og í skýrslu utanrrh., að breyta þyrfti stjórnarskránni til að auðvelda þátttökuna í EES."

Nú hefur þingmaðurinn staðið hér dag eftir dag og sagt að það standi ekkert í skýrslu utanrrh., en í greininni var það eitt aðaltilefni árása á Framsfl. að koma því á framfæri alveg skýrt að slíkt væri vissulega gefið í skyn í skýrslu utanrrh.

Útbýting þingskjals:

Friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana, 41. mál, stjfrv., þskj. 42.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Eitt er sameiginlegt og reyndar ánægjulegt í ræðum þeirra manna sem tekið hafa þátt í þessari umræðu og það er að menn vilja ástunda vönduð vinnubrögð þegar tillögur koma upp um breytingar á stjórnarskránni. Síðastur vitnaði um þetta hv. 1. þm. Norðurl. v. og gerði það að mörgu leyti vel. Það er að sjálfsögðu hárrétt athugað hjá þeim ágæta þingmanni að stjórnarskrá breyta menn ekki vegna einhverra dægurmálahræringa. Slíkar gárur eiga ekki að breyta henni.

Um hitt finnst mér fremur orka tvímælis sem hann

sagði að honum fyndist það fánýtt sjónarmið að lögin og stjórnarskráin ættu að þjóna fólkinu og þörfum samfélagsins. Ég held honum hafi eitthvað skotist þegar hann mælti þessi orð, en um hitt er ég honum einlæglega sammála að við þurfum að vanda vinnubrögðin ef breyta skal stjórnarskrá lýðveldisins og það vona ég og veit að sú nefnd þingsins sem sérstaklega verður kosin til þess verks mun hafa í huga þegar hún tekur til við sitt vandasama verk.

Það vakna margar spurningar þegar hreyft er tillögu við eina grein í stjórnarskránni eins og gert er í þskj. 30 og reyndar þskj. 31 líka sem fylgir því, um þjóðaratkvæði. Og það er þess vegna sem ástæða er til þess. Hv. 10. þm. Reykv., sem því miður er nú ekki lengur á meðal vor, lagði á það ríka áherslu, réttilega, að menn ástunduðu lýðræðislegan þankagang og ástunduðu lýðræðisleg vinnubrögð í hvívetna. Það er að sjálfsögðu alveg rétt. Hins vegar fannst mér að sá ágæti þingmaður hefði e.t.v. þurft að hugleiða vegna þess ímyndaða dæmis sem ég tók hér í ræðu minni í gær, hvað það er sem felst í 1. gr. stjórnarskrárinnar, sem eins og þingmönnum er vel kunnugt hljóðar svo: „Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn." Því hv. 10. þm. Reykv. komst ákaflega nálægt því í sinni ræðu að halda því fram að þingbundnir stjórnarhættir væru ekki lýðræðislegir, en þar vil ég leyfa mér að gera mikinn ágreining við þingmanninn og tel að við verðum að virða þessa grein stjórnarskrárinnar í hvívetna og það er eðlilegt að spurningar vakni um það hvort víðtæk beiting þjóðaratkvæðis fari þar vel saman við þetta mikilvæga ákvæði.

Þetta er að sjálfsögðu enn eitt dæmið um það að spurningar vakna þegar hreyft er breytingum á stjórnarskrá og fulltrúalýðræðið, sem er og verið hefur eitt helsta einkenni okkar stjórnarfars á lýðveldistímanum og lengur, sem betur fer, er að sjálfsögðu meðal þeirra atriða sem við hljótum að taka þar til athugunar.

Í öðru lagi vildi ég víkja að því sem hv. 10. þm. Reykv. nefndi um samanburð á íslenskum og norskum stjórnarháttum og stjórnskipunarrétti. Álitamálið sem hv. 10. þm. Reykv. hreyfði um rökin samkvæmt norskum stjórnskipunarrétti til þess að óska þar í landi eftir auknum meiri hluta við afgreiðslu á tillögu um staðfestingu samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, styðst að sjálfsögðu við norska stjórnskipun. Hún er einfaldlega öðruvísi en okkar. Samanburður við hana segir þess vegna ekkert um það hvort heimilt sé að samþykkja EES-samninginn á grundvelli 21. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Ákvæði 26. gr. hinnar norsku sem til var vitnað í ummælum þingmannsins eru annars eðlis — ég endurtek: annars eðlis — en ákvæði 21. gr. okkar stjórnarskrár og fullyrðingar um það að nauðsynlegt sé að bæta við nýju ákvæði vegna EES eiga því alls ekki við nein slík rök að styðjast. Þetta er m.a. eitt af því sem okkar lögfróðustu menn hafa vandlega kannað og m.a. vegna þess að hér hefur verið nefnt nokkuð um framkvæmd eftirlitsstofnunar EES-svæðisins, eins og hún er hugsuð, á sinni eftirlitsskyldu og um aðfararhæfi úrskurða slíkrar stofnunar, þá er ástæða til að minna á að meðal þess sem lögfræðingarnir hafa dregið fram við umræðurnar um stjórnarskrárhæfi þessa samnings er einmitt sú staðreynd að á Íslandi hafa ítrekað verið sett lög um aðfararhæfi erlendra yfirvaldsúrskurða og dómsúrskurða, bæði varðandi sifjamál, hjúskap, ættleiðingu og lögráð, um skattamál, í fjármálaráðherratíð hv. 8. þm. Reykn. Ólafs Ragnars Grímssonar, um almenn ákvæði um úrlausnir eða ákvarðanir erlendra dómstóla eða yfirvalda eða sáttir sem gerðar eru fyrir þeim með aðfararheimild á Íslandi. Fyrir þeirri lagasetningu stóðu þeir Halldór Ásgrímsson og Steingrímur Hermannsson sem mæltu fyrir því máli í deildum þingsins og var reyndar samþykkt hér á árinu 1989.

Ég ætla ekki að fara að tíunda þessi lögfræðilegu rök, en þarna er um það að ræða að framkvæma megi hér alerlenda úrskurði og dóma að íslenskum aðfararlögum.

Þetta er mjög mikilvægt í þessu máli og að sjálfsögðu ástæða til þess að gaumgæfa það vel og það var reyndar, eins og hér hefur komið fram, eitt helsta verkefni lögfræðinganna sem utanrrh. fékk til þess að kanna þetta mál, hvort þarna væri um að ræða stjórnarskrárhæfan samning í þessum skilningi. Niðurstaða þeirra varð sú að hann væri það.

Þetta er að sjálfsögðu ekki vitnisburður um neina léttúð í stjórnarskrármálefnum eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. lét hér að liggja að ríkt hefði hjá ríkisstjórninni í þessu máli. Því fer víðs fjarri. Þetta mál var tekið mjög föstum tökum, bæði í fyrri ríkisstjórn og þeirri sem nú starfar. Niðurstaðan hjá báðum stjórnum varð hin sama, að þetta væri stjórnarskrárhæfur samningur.

Virðulegi forseti. Mig langar að víkja hér örfáum orðum að því sem kom fram í máli hv. 8. þm. Reykn. fyrr á þessum fundi. Í fyrsta lagi verð ég að játa það að hv. 8. þm. Reykn. virðist sýnna um að leggja öðrum lífsreglurnar en að halda þær, því hann ítrekaði hér í sinni ræðu að menn skyldu gæta að sér í orðavali, vera varkárir í vali orða, en í sömu andrá sakaði hann utanrrh. um að vanvirða grundvallarreglur réttarríkisins í meðferð sinni á EES-málinu. Þetta eru stór orð og geta ekki staðið án þess að þeim sé mótmælt og því miður er hæstv. utanrrh. ekki staddur hér á fundinum til þess að gera það sjálfur, sem ég veit að hann bæði mundi gert hafa og mun gera því slík staðleysa á sér enga stoð í veruleikanum og finnst hvergi nema í hugarheimi hv. 8. þm. Reykn. (**ÓRG:** Lestu bara lögfræðiálitið.) Þá kem ég að því, virðulegi þingmaður, — ég skil það vel að þingmanninum finnist miður að hafa orðið það á að nota þessi stóru orð að þarflausu, ástæðulausu og ekki með drengilegum hætti.

Ég kem þá að því sem hv. 8. þm. Reykn. vék að í sínu máli og reyndar hv. 1. þm. Norðurl. v., þar sem að því var látið liggja að utanrrn. lægi á gögnum um afstöðu almennings til EES og ég vil taka það fram í þessu máli að það hefur verið gerð fyrir utanrrn. skoðanakönnun. Hún var framkvæmd í júlímánuði af fyrirtækinu ÍM Gallup til að kanna það hvað fólk teldi sig vita um EES-samninginn og hvaða þætti hans það teldi sig helst skorta upplýsingar um. Þessi könnun var fyrst og fremst ætluð sem starfstæki fyrir ráðuneytið til þess

að útbúa sem bestar upplýsingar fyrir fólk um þetta mál. Könnun þessari var lokið rétt um miðjan þennan mánuð. Niðurstöður úr henni hafa síðan verið notaðar í utanrrn. við það að fara yfir þau gögn sem notuð hafa verið til að kynna EES-samninginn og við undirbúning á nýju efni.

Það var að sjálfsögðu, og er, ætlun ráðuneytisins að þessi könnun yrði gerð opinber þegar vinnu við hana væri lokið. Allar staðhæfingar um leynimakk — og ég man nú ekki betur en hv. 7. þm. Reykn. notaði orðið leyniþjónustu — eru þá með öllu tilhæfulausar. Það er fróðlegt að í þessari könnun kemur fram að fólkið í landinu treystir fjölmiðlunum og Alþingi best til að miðla upplýsingum um EES-samninginn. Það liggur því alveg ljóst fyrir að til þess að ná upphaflegum tilgangi þessarar könnunar var alveg bráðnauðsynlegt að alþingismenn og fjölmiðlar fengju upplýsingar um hennar niðurstöður til þess að gera sér enn betur grein fyrir þeirri miklu ábyrgð sem á þeim hvílir í þessu efni. Ég vil þess vegna, með leyfi forseta, gera hér grein fyrir yfirliti þessarar stofnunar, ÍM Gallups, yfir niðurstöður þessarar könnunar og hef nú þann lestur, en tek það fram að þessu yfirliti frá ÍM Gallup verður dreift hér á borð þingmanna á þessum fundi. En yfirlitið er á þessa leið:

„Dagana 10.–28. júlí sl. framkvæmdi ÍM Gallup skoðanakönnun um þekkingu fólks á EES-samningnum og því sem hann hefur í för með sér. Könnunin, sem framkvæmd var fyrir utanrrn., félmrn. og iðn.- og viðskrn., náði til 1.200 manns á aldrinum 15–69 ára á landinu öllu. Liðlega 70% svöruðu spurningunum og endurspegla svarendur þjóðina í öllum veigamestu atriðum.

Markmið könnunarinnar var að kanna hversu vel fólk hefði kynnt sér EES-málið, hvort þekkingin hefði áhrif á afstöðuna og hvaða atriði samningsins fólk hefði kynnt sér. Könnunin var hönnuð með tilliti til þess að hægt væri að nota hana við vinnslu kynningarefnis sem miðaðist þá við að kynna þau atriði sérstaklega sem þjóðin hefði ekki kynnt sér nægilega vel.

Fólk var almennt séð sammála um það að þátttakan í EES væri til hagsbóta fyrir innlendan iðnað, mundi leiða til lægra vöruverðs hér á landi og að aukin samkeppni milli banka leiddi til vaxtalækkunar.

Um þessi mál var að mestu leyti samstaða í öllum aldurshópum. Fólk var einnig mjög visst um það að samningurinn fæli í sér heimild til evrópsks vinnuafls til að koma hingað til lands og vinna og einnig að Íslendingar gætu farið til Evrópu í atvinnuleit.

41,4% úrtaksins treystu sér ekki til að taka afstöðu til þátttökunnar í EES, 26,9% voru fylgjandi en 31,7% andvígir. Fram undir fimmtugsaldurinn var fólk meira fylgjandi en andvígt en þá snerist afstaðan alveg við. Karlar voru líklegri til að vera fylgjandi en konur og sem dæmi má nefna að ríflega 46% karla á aldrinum 35–44 ára voru fylgjandi þátttökunni. Konur eru óákveðnari í afstöðu sinni.

Það kom fram í könnuninni að stjórnmálaskoðanir, búseta, starf og kynjaskipting hefur ekki veruleg áhrif á afstöðu fólks. Aldur og áhyggjur af fullveldisframsali, of miklar fjárfestingar Evrópubúa í atvinnulífinu og stjórnun fiskveiða réðu mestu um afstöðu fólks. Fólk hafið fyrst og fremst áhyggjur af fullveldisframsali og var eldri aldurshópurinn þar fremstur í flokki. Einnig hafði fólk áhyggjur af stjórnun fiskveiða og flutningum evrópsks vinnuafls hingað til lands. Stjórnarskráin var ekki ofarlega á áhyggjulistanum hjá þorra almennings.

Fólk hafði þó ekki kynnt sér málið vel. Einungis 1,2% svarenda hafði kynnt sér málefnið mjög vel. En 79,2% frekar illa, mjög illa eða ekkert. Eftir því sem fólk hafði kynnt sér málið betur þeim mun jákvæðari afstöðu tók það til þátttökunnar í Evrópska efnahagssvæðinu. (Gripið fram í.) Skýr greinarmunur var gerður á EES annars vegar og EB hins vegar. Fjölmiðlar og Alþingi voru þeir aðilar sem fólk treysti best til að miðla sér upplýsingum um samninginn.“

Hér lýkur lestri á þessu yfirliti ÍM Gallups. Auðvitað get ég ekki svarað fyrir það sem þar stendur því það er að sjálfsögðu samið af þessari hlutlausu könnunarstofnun. En ég vil láta þess getið virðulegur forseti, að nánari skýrsla fyrirtækisins um þessa könnun verður að sjálfsögðu kynnt utanrmn. og verður það gert alveg á næstunni.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var nú svo fjöldamargt sem kom fram í ræðu hæstv. viðskrh. að það væri ástæða til þess og óhjákvæmilegt að halda þessari umræðu dálítið áfram og það væri auðvitað best að halda henni áfram í dag því það er nauðsynlegt að svara sumu af því sem fram kom í máli hans ítarlega. En aðalatriðið er það að utanrrn. hefur látið fara fram könnun, skoðanakönnun. Utanrrn. ætlaði ekki að birta þá könnun fyrr en það var knúið til þess í dag. Niðurstaða könnunarinnar er sú að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra sem afstöðu hafa tekið er á móti aðild að EES. Það er að vísu ljós í myrkri að þau 1,2% sem hafa kynnt sér málið mjög vel eru tiltölulega jákvæð miðað við alla hina, að sögn hæstv. ráðherra. Og það kom líka fram í þeirri yfirlýsingu sem hæstv. ráðherra las áðan til hvers könnunin var gerð. Markmið könnunarinnar er að afla efnis til að nota við hönnun kynningarefnis á vegum utanrrn. Við hönnun kynningarefnis. Með öðrum orðum við heilaþvottaraðferð sem utanrrn. ætlar að beita sér fyrir í þessu máli.

Hér hefur í dag, virðulegur forseti, utanrrn. verið afhjúpað þannig að ódrengilegum og óheiðarlegum vinnubrögðum í þessu máli að það er algjörlega óhjákvæmilegt að þetta mál og vinnubrögð ráðuneytisins í þessu efni fái sérstaka meðferð.

Ég kvaddi mér hins vegar hljóðs, virðulegur forseti, sérstaklega til að mótmæla því þegar hæstv. viðskrh. fullyrti að notkun þjóðaratkvæðis í því máli sem hér um ræðir stangaðist á við 1. gr. stjórnarskrárinnar af því að þar er talað um að landinu sé stýrt af þingbundinni stjórn. Satt að segja hef ég aldrei heyrt aðra eins fjarstæðu. En það er alvarlegt umhugsunarefni þegar starfandi utanrrh. telur að það sé í raun og veru ekki hægt að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu af

því að hún stangist á við 1. gr. stjórnarskrárinnar, af því að þar er kveðið á um þingbundna stjórn.

Ég tel, virðulegur forseti, að upplýsingar hæstv. viðskrh. hafi verið gagnlegar en þó alveg sérstaklega sú staðreynd að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar er andvígur samningnum um Evrópskt efnahagssvæði.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég að sjálfsögðu mótmæla því sem hv. 9. þm. Reykv. sagði hér síðast. Því fer fjarri að það liggi fyrir að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar sé andvígur EES-samningnum. Þvert á móti liggur fyrir að fólk er óráðið í afstöðu sinni til málsins. Það er helsta niðurstaða þessarar könnunar.

En víkjum nú að öðru. Ég vil líka láta það koma fram að ég mótmæli því harðlega að hér hafi einhver afhjúpun á utanrrn. farið fram. Það liggur alveg ljóst fyrir að þessi könnun var og verður birt opinberlega. Hæstv. utanrrh. vitnaði til hennar í framsöguræðu sinni fyrir EES-frumvarpinu fyrir viku. Og að láta sér detta það í hug að það hafi á einhvern hátt vakað fyrir honum eða hans starfsmönnum í ráðuneytinu að halda þessu frá þinginu eða almenningi er fullkomin fjarstæða og á ekki við nein rök að styðjast.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Staðreyndin liggur fyrir í þessu máli. 31,7% er á móti, 26,9% með og þegar skoðað er hlutfall þeirra sem afstöðu tóku þá liggur það fyrir að meiri hluti þeirra sem afstöðu tók er andvígur aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Og það liggur líka fyrir í annan stað, virðulegi forseti, að utanrrn., mér liggur við að segja, með leyfi forseti, snautaðist ekki til að upplýsa þetta fyrr en það var knúið til þess í umræðum hér á Alþingi í dag. Og þetta auðvitað kemur upp um strákinn Tuma, staðfestir það að það er með óheiðarlegum hætti verið að reyna að nota peninga skattborgaranna til að hanna áróðursefni á vegum utanrrh. inni í utanrrn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta þætti ágætt ef menn vildu huga að orðavali sínu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það liggur fyrir í því sem fram hefur komið á þessum fundi að hv. 9. þm. Reykv. er hraðlæs maður. En ég held að hann hafi dregið ályktanirnar fullhratt af því sem hann las svona hratt og endurtek að það sem er helsta niðurstaða þessarar athugunar ef litið er á þennan þátt einan er hversu óráðið fólk er í afstöðu sinni til málsins. Og ég endurtek að því fer víðs fjarri að það hafi verið eða sé á nokkurn hátt ætlun utanrrn. að hafa einhverja launung um þessa könnun.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Út af þessari könnun þá vekur það athygli mína að 1,2% þóttust vita allt um málið og þeir hafa væntanlega verið því fylgjandi ef lesa má milli línanna í þessum auglýsingatexta. En hann skyldi þó aldrei hafa verið unnin af auglýsingastofunni Athygli? Ég óska eftir því að við fáum þessa könnun eins og hún leggur sig, spurningarnar og lýsingu á hvernig hún var gerð. Ég tek ekkert mark á því þó hún komi litprentuð frá einhverri auglýsingastofu, ég vil fá hana hreina og klára.

Mig langar til að vitna til álitsgerðar dr. Guðmundar Alfreðssonar út af orðum hæstv. viðskrh. hér áðan. En þar segir á bls. 16:

„Það er ekki rétt að bera saman EES-samninginn og núgildandi EFTA-samning eða mannréttindasamning Evrópuráðsins þrátt fyrir ákvæði í þessum samningum um lausn deilumála. Niðurstöður stofnana samkvæmt síðarnefndu samningunum varða þjóðréttarlegar skuldbindingar og fá ekki sjálfkrafa gildi að landsrétti. Það er ekki heldur sambærilegt að tala um tilfelli þegar íslenskir dómstólar beita útlendum reglum því að þá eru íslenskir dómstólar að verki og hafa lokaorðið. Hið sama gildir um Norðurlandasamninga um gagnkvæmt aðfarar- eða fullnustuhæfi dóma frá þessum löndum (sjá athugasemdir um aðfararhæfar stjórnsýsluathafnir í kaflanum um framkvæmdarvaldið)."

Varðandi þetta með þarfir þjóðfélagsins sem ég vitnaði til og hæstv. viðskrh. hnaut um í ræðu minni, þá segir hann í ræðu sinni, og ég les hér úr henni kafla, með leyfi forseta:

„Auðvitað eru skiptar skoðanir" — segir hæstv. viðskrh. — „meðal lögfræðinga ekki ný bóla, líka um stjórnarskrármálefni. Það er einmitt þess vegna sem reynir á þingmenn hvort þeir geta sjálfir tekið á málum í samræmi við sína samvisku og þarfir þjóðfélagsins." — Ég endurtek: „og þarfir þjóðfélagsins". — „Það er fullkomlega ástæðulaust að tefja eða flækja EES-málið með slíkum frumvarpsflutningi sem hér er til umræðu."

Þetta er herhvöt, menn eiga að loka augunum og stinga sér til sunds. Þarfir þjóðfélagsins gera vangaveltur um stjórnarskrána lítils virði.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í andsvari sínu óskaði hv. 1. þm. Norðurl. v. eftir frekari og nánari upplýsingum um könnun sem gerð hefur verið á vitneskju fólks og afstöðu til samninganna um hið Evrópska efnahagssvæði. Við þeirri ósk verður orðið bæði í svörtu og hvítu, hugsanlega jafnvel í lit, ég þekki ekki nægilega vel í hvaða formi þetta hefur verið frá gengið en það verður kynnt m.a. í hv. utanrmn. þar sem hv. 1. þm. Norðurl. v. skipar sæti.

Um önnur orð sem féllu í andsvari þingmannsins ætla ég ekki að segja margt. Ég hélt reyndar að orðin að stinga sér til sunds hefðu alveg sérstaka heiðursstöðu í Framsfl. og þó alveg sérstaklega í Norðurl. v.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Í þingmannahópi Norðurl. v. er að vísu mikill sundmaður einn. En með því að loka augunum og stinga sér í það sem menn ekki vita hvað er, það er ekki neinn heiður í Norðurl. v.

Þarfir þjóðfélagsins réttlæta það ekki að mínu mati að umgangast stjórnarskrána með léttúð. Og ég mun óhræddur halda því fram jafnvel þótt hæstv. viðskrh. þyki það flækja málið að vera að tala um stjórnarskrá.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vona að við hv. 1. þm. Norðurl. v. og ég getum orðið sammála um það að hvorki stjórnarskrána né þarfir almennigs, þarfir þjóðfélagsins megi umgangast af léttúð. Þetta er náttúrlega það mikilvæga í þingstörfunum sem okkur ber að sjálfsögðu jafnan að virða. En af því að sundmennt þingmanna Norðurl. v. var nefnd þá get ég frætt hv. 1. þm. Norðurl. v. um það að ég átti ekki við Ragnar Arnalds þegar ég vitnaði til þessara fleygu orða, að nú lægi helst fyrir að stinga sér til sunds. Það var forveri hv. 1. þm. Norðurl. v. sem sagði þau orð á sínum tíma.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér hafa gerst merkir atburðir. Eftir fyrirspurn mína í dag og kröfu um að það yrði upplýst hvort utanrrn. hefði látið framkvæma leynikönnun á kostnað almennings til þess að þjónusta áróðursdeild ráðuneytisins þá neyðist hæstv. viðskrh. hér og nú til að staðfesta að þetta er rétt. Þetta er rétt. En hann hefur ekki manndóm í sér til þess að gera það í nafni utanrrn. heldur les hér upp fréttatilkynningu sem markaðsrannsóknarfyrirtækið hefur verið knúið til að gefa út í dag. Hvenær var þessi könnun framkvæmd? Henni var lokið fyrir mánuði síðan. Það kemur fram að henni var lokið 28. júlí, fyrir mánuði síðan. Hvað tekur langan tíma að vinna úr svona könnunum á tölvuöld? Tvo til þrjá daga. Þannig að niðurstaða þessarar könnunar hefur legið fyrir fyrstu daga ágústmánaðar. Enda er það fyrir viku síðan sem utanrrh. notar þessa könnun sem meginröksemd sína fyrir að hafna þjóðaratkvæðagreiðslu um EES hér á Alþingi. Það er því alveg ljóst að utanrrn. ætlaði sér ekki að birta þessa könnun, það er búið að liggja á þessari könnun og halda henni leyndri í mánuð, notar opinbera fjármuni til að þjónusta áróðursdeild Alþfl. í utanrrn.

Og hvers vegna er þessi könnun feimnismál? Jú, hún er feimnismál fyrir utanrrn. vegna þess að af þeim sem tóku afstöðu eru u.þ.b. tæplega fjórðungi fleiri sem eru á móti EES-samningnum en þeir sem eru með. Það eru tæplega fjórðungi fleiri sem eru á móti samningnum en sem er með honum. Og það er auðvitað slík niðurstaða eftir allar áróðursherferðir utanrrn. og svo það að eftir allar áróðursherferðirnar, tugi milljóna sem búið er að verja í þetta, bækling sem utanrrn. hefur sent með formála utanrrh. inn á hvert heimili í landinu, þá segja tæplega 80% að þeir viti frekar lítið um málið. Þannig er þessi könnun slíkur áfellisdómur yfir verkum utanrrn. og innihaldi EES-samningsins að það er skiljanlegt að utanrrn. hafi farið með hana sem algjört hernaðarleyndarmál í heilan mánuð þó að hér í dag hafi það verið knúið til að segja loksins sannleikann í málinu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það vefst reyndar fyrir mér og gerir vafalaust fyrir fleirum hvernig eitthvað sem gerðist á þessum þingfundi knúði hæstv. utanrrh. til þess að skýra frá niðurstöðum þessarar könnunar fyrir viku. Það hlýtur nú jafnvel hv. 8. þm. Reykn. að viðurkenna með mér að sé dálítið erfitt umhugsunarefni. Finnst þingmanninum og öðrum sem um málið hafa spurt þetta beri vitni um það að einhverju hafi átt að halda leyndu? Ég vísa til föðurhúsanna öllum ásökunum um það að hér hafi verið framkvæmd einhver leynikönnun á kostnað almennings. Og ég vildi eiginlega rifja það upp að meðal þess sem hv. 8. þm. Reykn. telur sér til ágætis er það að hann vilji ástunda nútímaleg vinnubrögð í almannatengslum og upplýsingaþjónustu við fólk. Ég held að hann sé nú kominn út á hálan ís ef hann ætlar að tala um milljónakostnað við útbreiðslu á áróðursefni í stjórnmálum, úr ráðuneytum og embættum sem tengjast ríkisstjórn.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram og held að það sé alveg yfir allan vafa hafið að í þessu máli liggja hlutirnir alveg ljóst fyrir og verða kynntir í nánari atriðum. Þetta yfirlit er að sjálfsögðu samið á ábyrgð ÍM Gallups, en ekki utanrrn.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað athyglisvert að utanrrn. hefur enn ekki treyst sér til þess að verða við síðari ósk minni í dag að könnunin yrði lögð hér á borð þingmanna. Hún er til í ráðuneytinu, það er enginn vandi að koma með hana hingað, það tekur ekki nema hálftíma að ljósrita hana, en utanrrn. þorir ekki að koma með hana í dag á borð þingmanna heldur í staðinn er þetta auglýsinga- og hönnunarfyrirtæki og könnunarfyrirtæki látið útbúa matreidda fréttatilkynningu þar sem þó kemur fram að fólk hafi fyrst og fremst haft áhyggjur af fullveldisframsali. Hver er ástæðan fyrir því að utanrrn. þorir ekki að leggja könnunina á borðin hér í dag? Auðvitað er það hægt. (**GHelg:** Það voru bara 14 sem höfðu kynnt sér málið.) Það er enginn vandi að gera það, en það er ekki gert. Og það er ekki einu sinni játað hér að það verði gert á borð þingmanna. Nei, það á að gera það í utanrrmn. þar sem ríkir trúnaður. Ráðherrann hefur sagt hér hvað eftir annað að hann ætli bara að leggja þetta fram í utanrrmn.

Og hvað víkur að því sem utanrrh. sagði í framsöguræðu sinni, þá sagði hann ekki þar að þetta væri könnun sem hefði verið pöntuð af utanrrn. Það sagði hann ekki. Hann greindi ekkert frá því að utanrrn. hefði sérstaklega notað almannafé til þess að láta gera könnun til grundvallar áróðursstarfsemi sinni, heldur fór hann mjög óljósum orðum um tilefni og einkenni slíkrar könnunar þannig að menn gátu af orðum utanrrh. alveg eins ætlað að þetta hefði verið Félagsvísindstofnun háskólans eða einhvernir óháðir aðilar. Og það er ekki fyrr en maður fer að spyrjast fyrir um það eftir að utanrrh. flytur ræðu sína hjá hinum ýmsu aðilum í þjóðfélaginu sem það kemur í ljós að enginn kannast við þessa könnun. En það er hins vegar upplýst hér

í dag eftir að gengið hefur verið á starfandi utanrrh., þá loksins kemur hann og viðurkennir að vissulega hafi utanrrn. fyrir mánuði síðan látið gera þessa könnun. En hann hefur ekki manndóm í sér til þess að leggja hana í heild sinni hérna á borðin.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átta mig ekki alveg á því hvers vegna hv. 8. þm. Reykn. óskar svona eindregið og fast eftir því að fá alla pappírana á borðið því að mér heyrist nú á honum að hann telji sig fullvel vita hvar þeir séu niður komnir og hvað í þeim standi þannig að hann virðist þekkja málið betur en hann lætur í skína og það sýnir enn betur að á þessu máli hefur engin launung verið eða leynd úr því að hv. þm. er svona vel kunnugt um tilurð þessarar könnunar, inntak hennar, umfang og hvar hún sé staðsett. Það er meira en ég veit.

En ég tek það fram vegna þess sem hér var áður sagt um það að hún yrði fyrst lögð fram í utanrmn. þá er það að sjálfsögðu af tilliti til þeirrar nefndar og virðingu fyrir hennar störfum, að þar sé hinn eðlilegi vettvangur að kynna þetta mál og ég vona að hv. 8. þm. Reykn. sé mér sammála um það.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þegar hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson kom að máli við mig og óskaði eftir góðfúslegu leyfi og umburðarlyndi okkar að mega fara til Svalbarða á fund utanríkisráðherra Norðurlanda þótt umræðan væri hér um stjórnarskrármál EES, þá sagði ég að það væri að vísu sjálfsagt að gera það af okkar hálfu en það væri með því skilyrði að ráðherrann kæmi til umræðunnar áður en henni lyki vegna þess að hann er maðurinn sem bað um skýrslu fjórmenninganna og nú er það orðið upplýst hér að hann er líka maðurinn sem lét gera könnun fyrir mánuði síðan þar sem m.a. er spurt um afstöðu þjóðarinnar til stjórnarskrármálsins, afstöðu þjóðarinnar til fullveldisafsals. Það kemur fram í þessari fréttatilkynningu að utanrrn. hefur látið spyrja almenning um stjórnarskrána og fullveldisafsal án þess að segja frá því hér í umræðunum. Ég á bara eftir þann rétt að tala einu sinni, í síðara skiptið í þessum umræðum og ég verð að segja eins og er, virðulegi forseti, sérstaklega með tilliti til þess að við höfum nú verið hér síðan kl. hálfellefu í morgun, að mér finnst nánast ófært, sérstaklega í ljósi þessara upplýsinga um huldukönnun, við skulum ekki nota annað orð á þessu stigi en huldukönnun utanrrn., og ákvarðanir utanrrh. í þeim efnum því að það er auðvitað hann, Jón Baldvin Hannibalsson, sem tók þá ákvörðun og tók ákvörðun um að birta það ekki í þinginu þegar það kom hér saman, ekki starfandi utanrrh. þannig að það er raunar ekki hægt að eiga neitt orðastað við hann um það mál. Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, óska eftir því að þessari umræðu verði frestað þar til hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson kemur hingað sjálfur og getur verið hér til svara þannig að við sem eigum bara eftir eitt skipti, síðara skipti okkar, séum ekki knúnir til þess að eyða því þegar eingöngu starfandi utanrrh., sem greinilega veit mjög lítið um þetta mál, er viðstaddur. Ég vildi því beina því til virðulegs forseta, hvort það er ekki farsælt að gera þetta með þessum hætti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hafði hugsað sér að fresta þessari umræðu að lokinni ræðu hv. 8. þm. Reykn. sem hér er á mælendaskrá næst, en ef hv. þm. óskar eindregið eftir því að umræðunni verði frestað nú áður en hann hefur sitt mál, þá mun forseti verða við því. En það var ekki meiningin að ljúka þessari umræðu í dag heldur einungis að fresta henni en að leyfa hv. þm. að tala sem er hér á mælendaskrá. (**ÓRG:** Ég vil a.m.k. fá að geyma mína ræðu þar til Jón Baldvin Hannibalsson er kominn til umræðunnar.)

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég get mjög vel fallist á þá tillögu um tilhögun funda um þetta mál sem hv. 8. þm. Reykn. gerði hér áðan og ég heyrði að virðulegur forseti hafði hvort sem er í hyggju og tek undir að það sé æskilegt að við lok umræðunnar verði hæstv. utanrrh. nærstaddur.

Umræðu frestað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Út af dagskrá er tekið 2. dagskrármálið. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

10. FUNDUR

mánudaginn 31. ágúst,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr.

2. Stjórnarskipunarlög, frv., 29. mál, þskj. 30. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi höfðu:

Jónas Hallgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Áhrif EES-samnings á sveitarfélögin, 38. mál, fsp. KHG og HG, þskj. 39.

Fiskistofa, 44. mál, stjfrv., þskj. 45.

Hlustunarskilyrði útvarps á Stöðvarfirði og í Breiðdal, 39. mál, fsp. HG, þskj. 40.

Jöfnun verðlags, 40. mál, frv. RA og MF, þskj. 41.

Kynning á EES-samningi gagnvart sveitarfélögum, 37. mál, fsp. HG og KHG, þskj. 38.

Meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, 45. mál, stjfrv., þskj. 46.

Ríkismat sjávarafurða, 43. mál, stjfrv., þskj. 44.

Umhverfismál og upplýsingamiðlun, 42. mál, stjfrv., þskj. 43.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Tilkynning hefur borist um kjör formanns og varaformanns í fjárln.: Formaður Karl Steinar Guðnason og varaformaður Sturla Böðvarsson.

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 1. umr.

Stjfrv, 1. mál. — Þskj. 1.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hæstv. utanrrh. finnst sennilega skörin vera farin að færast upp í bekkinn þegar einn af hinum vanþakklátu oföldu kálfum, sem hann ræddi um í framsöguræðu sinni, kemur í þennan ræðustól til að taka þátt í umræðu um frv. hæstv. ríkisstjórnar um Evrópskt efnahagssvæði, sem við hv. alþm. erum víst allir sammála um að getur orðið afdrifaríkasta mál sem Alþingi hefur fengið til meðferðar frá stofnun lýðveldisins. Ég vek ekki athygli á þessum ummælum hæstv. utanrrh. í framsöguræðu hans um íslenska bændur vegna þess að það sé nýlunda að heyra slíkt hjá honum, heldur vegna þess að mér finnast þau skýrt dæmi um það skítkast og skæting sem einkenndu ræðuna í stað málefnalegra skýringa á kostum og göllum þessa mikilvæga málefnis.

Rauður þráður í ræðunni voru ásakanir um tvöfeldni í garð fyrrv. samstarfsflokka í ríkisstjórn sem stóðu að samþykkt um að ganga til samninga um Evrópska efnahagssvæðið með ákveðnum fyrirvörum árið 1989, af því að við viljum nú skoða með gagnrýnum augum útkomuna þegar hún er smátt og smátt að birtast okkur í hinu gífurlega pappírsflóði sem er að koma á borð þingmanna.

Þegar ákvörðunin um að EFTA-ríkin gengju til samninga við Evrópubandalagið var tekin árið 1989 taldi ég að þá værum við fyrst og fremst að ganga til samninga um útvíkkun á þeim viðskiptasamningum sem við höfum innan EFTA og með bókun 6 við Evrópubandalagið, ekki stefna að pólitískum samruna eins og virðist leiða af þeim gögnum sem nú eru lögð fyrir okkur. Sú staðreynd kemur hins vegar víða fram og birtist mér m.a. í erlendri fréttaskýringu, rétt eftir að Danir felldu Maastricht-samkomulagið, þar sem sagði að að því felldu þá mundi það skilja Dani eftir í lakari stöðu en EFTA-löndin sem hafa sameinast Evrópubandalaginu í Evrópsku efnahagssvæði eða áforma að gera það. Það gefi EFTA-löndunum tækifæri til að hafa áhrif á lög hins sameiginlega markaðar Evrópubandalagsins sem muni skapa grundvöll og löggjöf þess. Fáum mun hægt að telja trú um að við getum ráðið miklu um lagasetningu Evrópubandalagsins en eftir að við höfum tengst eða gengið í Evrópska efnahagssvæðið, þá tengir það okkur og EFTA-ríkin Evrópubandalaginu nánar en Danir eru án Maastricht-samkomulagsins samkvæmt þessari fréttaskýringu. Það er því ekki aðeins réttur þeirra sem samþykktu að fara í þessar viðræður árið 1989 að vita hvaða ávinning við gætum fengið úr úr þeim að fara eftir hinum hollráðu ábendingum og áskorunum um að skoða hvert einasta atriði þeirra með gagnrýnu hugarfari heldur beinlínis skylda. Ábyrgð þeirra er að sjálfsögðu meiri en annarra ef hrapallega tekst til. Jafnvel þó við hefðum séð fyrir niðurstöður samningsins í smáatriðum árið 1989 og verið samþykk þeim væri engu að síður nauðsynlegt að skoða þær nú í nýju ljósi vegna alls þess sem gerst hefur á alþjóðavettvangi síðan og flestir viðurkenna að hafi skapað breytta heimsmynd.

Ég ætla ekki að rekja þá breytingu en læt nægja að nefna aðeins andstöðu Dana við Maastricht-samkomulagið og þau áhrif sem hún virðist hafa haft á viðhorf almennings í mörgum löndum hins væntanlega Evrópska efnahagssvæðis til þessarar bandalagsstefnu. En að sjálfsögðu byggist sú viðhorfsbreyting á mati af þeirri reynslu sem þessar þjóðir hafa fengið eftir því sem tíminn líður.

Í frétt í blaðinu The European, sem var í setustofu okkar þingmanna í síðustu viku, er sagt að nú væru eins miklar líkur til að Frakkar felldu Maastricht-samkomulagið í almennri þjóðaratkvæðagreiðslu í næsta mánuði. Í þessari frétt er eftirfarandi setning um Maastricht-samkomulagið í lauslegri þýðingu, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú hafa meira að segja sumir háttsettir embættismenn í Evrópubandalaginu viðurkennt að Maastricht-samkomulagið hafi verið úr tengslum við almenningsálitið og þar með að það hafi átt skilið höfnun Dana. Einn þeirra sagði um leið og hann lýsti undrun á dirfsku samningsins: Við sjáum nú að samningurinn gekk of langt á sviði pólitískrar samvinnu og var ekki líklegur til að geðjast neinum."

Hér er sett fram sú skoðun að kerfið í Brussel sé búið að byggja upp sinn eigin heim sem ekki er í tengslum við raunveruleikann. Þetta kerfi reyni svo að auka völd sín og áhrif í andstöðu við vilja og hagsmuni fólksins.

Það eru því lítil sannindi í ásökun hæstv. utanrrh. í framsöguræðu hans um óyfirstíganlega vanmetakennd þeirra Íslendinga sem vilja beita rökréttri hugsun og heilbrigðri dómgreind við ítarlega skoðun á þessu örlagaríka máli. Þvert á móti höfum við, sem það viljum gera, svo mikla trú á kostum landsins og viti, þekkingu og framtaki þjóðarinnar að við teljum að hún eigi margra góðra kosta völ ef rétt er á málum haldið.

Það er að vísu erfitt að ætla sér að keppa við þá skýjaborg sem hæstv. utanrrh. ætlar samningnum að reisa hér þar sem gullgæsirnar hans eiga að koma fljúgandi til þeirra sem á þær vilja kalla. En á meðan hæstv. ráðherra finnur þeirri skýjaborg ekki fastari grundvöll að standa á en fram kom í ræðu hans er erfitt að treysta því að hún muni veita okkur skjól. Þar gætu þó skýr svör við einföldum spurningum veitt nokkrar upplýsingar. Því vil ég spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann ætli EES-samningnum að skapa hér svipað ástand í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum og nú er í Evrópubandalagslöndunum. Þar er margt hægt að bera saman, en ég nefni aðeins eitt. Við vitum að þar er gífurlegt atvinnuleysi sem óttast er að fari enn vaxandi. Í fréttum frá Bretlandi, sem liggur okkur næst, var í sumar sagt að allt að þriðjungur ungs fólks í sumum borgum hefði enga atvinnu. Afleiðingarnar væru örvænting, upplausn og óeirðir sem enginn kynni ráð við. Þar í landi fleyta samt sjálfsagt margir rjómann ofan af á kostnað þess hluta þjóðarinnar sem kaffærist. Er það slíkt samfélag sem hæstv. utanrrh. vill skapa hér? Eða telur hæstv. ráðherra líklegt að þegar Íslendingar verða komnir undir hina stóru sæng Evrópska efnahagssvæðisins muni þar verða einhver staður sem veiti okkur betri yl en öðrum? Er ekki líklegra að það verði hinir sterkari sem þar nái í bestu aðstöðuna jafnvel þó við vantreystum ekkert yfirlýsingum í skálaræðum, sem hæstv. ráðherra ræddi um og við skiljum mætavel að ráðherrarnir kjósi stundum að gleymdust fljótt.

En ef við viljum hvorki leiða yfir okkur ástand sem nú er í Evrópubandalagslöndunum né teljum líklegt að okkar hlutur verði þar betri en annarra, telur hæstv. utanrrh. þá að innganga Íslands og annarra EFTA-landa í Evrópska efnahagssvæðið muni bæta svo hag Evrópubandalagsins að það sé eftirsóknarvert að rugla reytum okkar sem mest saman með þeim?

Við sem spyrjum slíkra spurninga og óskum eftir svörum við þeim fáum ásakanir um að vilja hafa þetta gullna tækifæri af þjóðinni. Jafnframt er bæði beint og óbeint gefið í skyn að þjóðinni yrði varpað út í ystu myrkur einangrunar og fátæktar og allar bjargir bannaðar þar sem þetta tækifæri komi aldrei aftur ef það verður ekki notað nú. Það er þessi einstrengingslegi málflutningur sem vekur líka þá spurningu af hverju málstaðurinn þurfi á honum að halda. Það hefði óneitanlega verið meira traustvekjandi ef hæstv. utanrrh. hefði líka vikið eitthvað að hinni hliðinni. Hver verður t.d. beinn útlagður kostnaður okkar af aðildinni? Hvert verður gjald okkar til EFTA vegna þess kerfis sem þar þarf að koma upp? Hve há verður greiðsla okkar til byggðastyrkja í Evrópubandalagslöndunum? Verður hún margföld á við það sem núv. hæstv. ríkisstjórn telur rétt að verja til byggðamála á Íslandi? Og hversu marga þarf íslenska ríkisstjórnin að ráða til að vinna á sínum vegum að EES-málum bæði hérlendis og erlendis? Og hver er áætlaður kostnaður við það?

Í lögum er ákvæði um að áætlun um aukin útgjöld skuli fylgja frumvarpi. Af hverju minntist hæstv. utanrrh. ekkert á það sem lagaskylda er að gera í framsöguræðu sinni eða greinargerð með frv.? Og að lokum má spyrja: Hvað hafa margir nú þegar verið ráðnir til starfa og hver verður kostnaðurinn við það á þessu ári, hvernig sem afgreiðslu samningsins um Evrópska efnahagssvæðið reiðir af hér og í öðrum EFTA-löndum?

Ég tel líka að það sé lágmarkskrafa að við fáum skipurit til að skýra í grófum dráttum allt þetta flókna kerfi sem við eigum að beygja okkur undir. Hvað á að koma á fót mörgum stofnunum, nefndum og ráðum og hvernig eiga málefni okkar að ganga þar á milli Heródesar og Pílatusar? Ef málin hefðu verið kynnt þannig fyrir þjóðinni á myndrænan hátt í stað orðavaðals eins og í framsöguræðu hæstv. ráðherra, þá hygg ég að þjóðin fengi næga þekkingu til að taka afstöðu til málsins.

Í útvarpsspjalli á laugardaginn kom fram sú ábending að gagnlegra hefði verið fyrir hæstv. ráðherra að leita til Námsgagnastofnunar til að útbúa eitthvert slíkt efni í staðinn fyrir að snúa sér að auglýsingastofum um útgáfu áróðursbæklinga.

Að sjálfsögðu vöknuðu fjölmargar aðrar spurningar undir framsöguræðu hæstv. utanrrh. Þegar hann ræddi um bókun 3 við samninginn þar sem kveðið er á um jöfnunargjöld á unnar landbúnaðarvörur, vék hann ekkert að því sem kom fram í umræðum um það mál á Alþingi á sl. vori. Þá sögðu hæstv. landbrh. og viðskrh. að ágreiningur væri milli íslensku ríkisstjórnarinnar og Evrópubandalagsins um skilning á ákvæði sem hæstv. utanrrh. féllst á að setja inn í samninginn að kröfu Evrópubandalagsins 4. des. 1991 um að þau skuli aldrei eða undir engum kringumstæðum, eins og

segir í frumtextanum, vera hærri en árið 1991.

Hæstv. viðskrh. var þá svo hreinskilinn að segja, með leyfi forseta, að „orðalagið hefði mátt vera þéttara. En úr því verður bætt á vettvangi samningsaðila eins og ákvæði segja til um í samningnum. Málið verður útkljáð á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar sem ákvæði eru um í samningnum." Með öðrum orðum, við eigum að samþykkja samninginn enda þótt við vitum ekki nema í honum séu ákvæði sem skerða markað íslenskra mjólkurvara um 10%. Samkvæmt ummælum hæstv. viðskrh. fæst niðurstaða um það ekki fyrr en eftir að samningurinn hefur tekið gildi, sameiginlega nefndin tekin til starfa, ágreiningnum vísað til hennar og hún fellt úrskurð sinn.

Aðrar EFTA-þjóðir eins og Norðmenn og Finnar, sem gerðu sérstakar bókanir til að tryggja hagsmuni sína á þessu sviði, hafa reyndar ekki verið í neinum vafa um að Íslendingar sömdu algjörlega af sér. Þrátt fyrir þessi tilvitnuðu orð hæstv. viðskrh. á Alþingi í vor gaf landbrh. út eftirfarandi yfirlýsingu í tengslum við gerð búvörusamnings varðandi töku jöfnunargjaldanna. Þau mál töldu fulltrúar framleiðenda vera óljós og ófullnægjandi vegna þess að skýringar stjórnvalda höfðu ekki fengist. Í þeirri yfirlýsingu segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Til fulltrúa ríkisins í samninganefnd við búvörusamninga.

Ríkisstjórnin hefur fjallað um fyrirspurn fulltrúa ríkisins í samninganefnd við búvörusamninga varðandi yfirlýsingu um álagningu og töku verðjöfnunargjalda af unnum innfluttum landbúnaðarafurðum í væntanlegum EES-samningi sem kemur fram í erindi til ríkisstjórnarinnar frá 10. ágúst sl.

Ríkisstjórnin staðfestir að tekin verða að fullu breytileg gjöld skv. 2. gr. bókunarinnar um almenna meginreglu verðjöfnunar við innflutning vara sem falla undir tollflokka sem taldir eru upp í 1. málsgr. 2. tölul. í 5. gr. í viðbæti 1 við bókun 3 með EES-samningi.

Af öðrum vörum sem falla undir bókunina fer hins vegar eftir 2. málsgr. 2. tölul. 5. gr. í viðbæti 1.

Fulltrúum ríkisins er hér með falið að kynna fulltrúum bænda í samninganefndinni hvernig fyrirhugað sé að að framkvæmd verði staðið samkvæmt ofanskráðu. — Halldór Blöndal."

Hér fullyrðir ríkisstjórnin að jöfnunargjöld verði tekin þrátt fyrir fyrrnefnd ummæli hæstv. viðskrh. þar sem hann segir að um heimild til þess að taka þau verði ekki vitað fyrr en sameiginlega nefndin hafi útkljáð ágreining. Því hlýtur sú spurning að vakna hvort það var ósatt sem hæstv. viðskrh. sagði á Alþingi í vor þegar hann sagði að það lægi ekki fyrir fyrr en að löngum tíma liðnum. Eða af hverju segja ráðherrar eitt í dag og annað á morgun um þetta atriði? Og af hverju minntist hæstv. utanrrh. ekkert á þennan ágreining heldur fullyrti að samningurinn bitnaði ekki á landbúnaðinum?

Fyrst og fremst er þó ástæða til að spyrja: Af hverju varð hæstv. utanrrh. við kröfu Evrópubandalagsins um að bæta þessu fráleita ákvæði inn í samninginn 4. des. 1991, einum og hálfum mánuði eftir að hann sagði Alþingi að loknum fundi 22. okt. að samningurinn væri fullfrágenginn og tilbúinn til undirritunar? Sagði hann Alþingi þá ósatt? Enn fremur má spyrja: Hefur hæstv. ráðherra gert margar aðrar slíkar breytingar á samningnum að kröfu EB eftir að hann sagði Alþingi að samningurinn væri fullfrágenginn? Eru mörg önnur atriði í samningnum sem nú þegar er ágreiningur um skilning á milli ríkisstjórnarinnar og Evrópubandalagsins sem verða að bíða eftir úrskurði sameiginlegu nefndarinnar til að fá niðurstöðu um? Fyrir utan það sem allir vita um fiskveiðisamninginn og enn er ófrágenginn. Er það virkilega svo að það skipti ekki öllu máli hvað stendur í samningnum og fylgigögnum hans? Sú spurning vaknar eftir það sem kom fram á viðræðufundum EFTA og Evrópubandalagsins um framkvæmd landbúnaðarmála fyrr í sumar. Þar vildu fulltrúar Evrópubandalagsins lítt hlusta á rök EFTA-fulltrúanna og sögðu að svona væri þetta hjá Evrópubandalaginu og þannig skyldi það vera því þangað yrðu EFTA-löndin hvort sem er komin innan skamms. Það er reyndar í samræmi við mörg ákvæði samningsins um að ekkert megi stangast á við dóma og úrskurði Evrópubandalagsins.

Erfitt var að skilja hæstv. utanrrh. þegar hann ræddi um forúrskurði dómstóla sem hann taldi Íslendingum mikilvæga. Hann virtist telja það jákvætt að Evrópubandalagsdómstóllinn hafnaði sameiginlegum dómstól svo niðurstaðan varð sérstakur EFTA-dómstóll, hliðstæður EB-dómstólnum.

107. gr. samningsins fjallar um þetta og er hún þannig, með leyfi forseta:

„Í bókun 34 eru ákvæði er gefa EFTA-ríki kost á að heimila dómstóli eða rétti að biðja dómstól Evrópubandalaganna að ákveða túlkun EES-reglna."

1. gr. bókunar 34 er þannig, með leyfi forseta:

„Þegar vafi leikur á túlkun ákvæða í samningnum, sem að efni til er eins og ákvæði í stofnsáttmálum Evrópubandalagsins, með áorðnum breytingum eða viðbótum, eða gerðum sem samþykktar hafa verið samkvæmt honum, í máli sem er fyrir dómstóli eða rétti í EFTA-ríki, getur dómstóllinn eða rétturinn, telji hann það nauðsynlegt, beðið dómstól Evrópubandalaganna að taka ákvörðun í slíku máli."

Hér er á báðum stöðum talað um dómstól Evrópubandalaganna. Er varla hægt að skilja annað á orðanna hljóðan en hér sé átt við einn sameiginlegan dómstól, eða hver er skýringin á þessu orðalagi þegar kemur hins vegar fram að dómstólarnir eiga að vera tveir?

Í athugasemdum með 107. gr. segir hins vegar svo m.a., með leyfi forseta:

„Með 107. gr. og bókun 34 við EES-samninginn er opnað fyrir þann möguleika að dómstólar í EFTA-ríkjunum geti leitað eftir forúrskurði til EB-dómstólsins ef vafi rís um túlkun á þeim reglum EES-samningsins sem eru eins og EB-réttur. Forúrskurður felur í sér að EB-dómstóllinn úrskurðar um túlkun á EES-reglu áður en dómstóll í aðildarríki kveður upp endanlegan dóm í máli sem byggist á slíkri EES-reglu. Dómstólar í EFTA-ríkjunum væru bundnir af slíkum úrskurði ef eftir honum væri sótt."

„Skilyrði fyrir heimild dómstóla í EFTA-ríkjunum til að leita eftir forúrskurði til EB-dómstólsins er að viðkomandi ríki hafi tilkynnt um að það ætli að nota bókun 34 og heimila dómstólum sínum að sækja forúrskurði til EB-dómstólsins. Bókunin getur ekki tekið gildi fyrir Ísland án slíkrar tilkynningar. Enga nauðsyn ber til þess að gefa slíka tilkynningu. Slík heimild til handa íslenskum dómstólum mundi krefjast lagaheimildar og jafnvel stjórnarskrárbreytingar. Ekkert EFTA-ríki hefur gefið til kynna að það komi til með að heimila dómstólum að nota þessa heimild.

Í samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls er gert ráð fyrir að EFTA-dómstóllinn hafi vald til að gefa álit um túlkun á EES-reglum samkvæmt beiðni frá dómstólum í aðildarríkjum. Slík álit yrðu ekki bindandi fyrir íslenska dómstóla."

34. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun dómstóls er þannig, með leyfi forseta:

„EFTA-dómstóllinn hefur lögsögu til að gefa ráðgefandi álit varðandi túlkun á EES-samningnum. Komi upp álitamál í þessu sambandi fyrir dómstóli í EFTA-ríki getur sá dómstóll eða réttur, ef hann álítur það nauðsynlegt til að geta kveðið upp dóm, farið fram á að EFTA-dómstóllinn gefi slíkt álit. EFTA-ríki getur í eigin löggjöf takmarkað rétt til að leita eftir slíku ráðgefandi áliti við dómstóla og rétti geti úrlausn þeirra ekki sætt málskoti samkvæmt landslögum."

Eins og fram kemur hér er 107. gr. túlkuð svo að um tvo dómstóla sé að ræða. En af hverju talaði hæstv. utanrrh. aðeins um EFTA-dómstólinn í ræðu sinni? Ætlar ríkisstjórnin ekki að nota heimildina um forúrskurð EB-dómstólsins? Af hverju finnst hæstv. ráðherra mikilvægt að leita forúrskurðar EFTA-dómstólsins, í stað þess að treysta á dómgreind íslenskra dómara, en ekki til EB-dómstólsins?

Í athugasemdum með frv. til laga um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samningsins um EES, sem nú hefur verið lagt fram frá dómsmrh., segir, með leyfi forseta:

„Álitið á aðeins að vera ráðgefandi, eins og segir í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins, og bindur það því ekki héraðsdómara við úrlausn máls, þótt vissulega verði að telja að eftir því yrði að öðru jöfnu farið, að því leyti sem úrlausnin veltur á álitaefninu."

Hæstv. dómsmrh. virðist því telja að íslenskur dómari sé mjög háður slíkum forúrskurði þó ekki sé kveðið eins fast að orði og um EB-úrskurði enda erfitt að sjá hvaða staða er að ganga gegn honum. Það kom líka skýrt fram í máli hv. 10. þm. Reykv. fyrr í þessari umræðum að hér er aðeins verið að fara krókaleið að því markmiði að EB-úrskurði skulum við hlíta.

Drög dómsmrh. að frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum sem varðar réttarfar, atvinnuréttindi og fleira vegna aðildar að samningnum um EES voru lögð fyrir allshn. fyrir skömmu og því frv. hefur verið dreift á hv. Alþingi.

Við athugun nefndarinnar á þessu frv. komu fram margar spurningar. Í athugasemdum við 3. gr. frv. er fjallað um bókun 5, um stofnsamþykkt EFTA-dómstólsins, og segir þar m.a. að í 23. gr. samþykktarinnar sé byggt á því að vitnaleiðslur fari fram fyrir dómstólunum sjálfum í samræmi við starfsreglur dómstólsins. EFTA-dómstóllinn geti kvatt vitni eða sérfræðing fyrir sig. Í tengslum við þá heimild, segir eftirfarandi í íslenskri þýðingu á 26. gr. hennar:

„Reynist vitni óáreiðanlegt eða rjúfi vitni eða sérfræðingur eið skal EFTA-ríki fara með slíkt brot á sama hátt og brot gegn dómstóli sínum á sviði einkaréttar. Hlutaðeigandi EFTA-ríki skal í því tilviki fara í mál við viðkomandi fyrir það til bærum dómstóli."

Því næst segir: „Þessi þýðing ákvæðisins er ekki í samræmi við frumtexta greinarinnar."

Nú hljóta alltaf að geta gerst mistök við þýðingu á svo miklu og erfiðu efni eins og samningurinn og öll fylgigögn hans eru. Hins vegar eru liðnar nokkrar vikur síðan þetta kom í ljós og formaður allshn. hafði þá þegar sent þennan texta til umsagnar margra aðila áður en hann var lagður fyrir nefndina. Þannig var með frv. dómsmrh. búið að tilkynna fjölmörgum aðilum nokkru áður en hæstv. ráðherra flutti sína ræðu að þýðing samningsins væri í einhverjum atriðum ekki í samræmi við frumtextann. Þrátt fyrir það sér hæstv. ráðherra enga ástæðu til að sýna hv. alþm. þá tillitssemi að hafa fyrirvara um það í framsöguræðu sinni og benda á þau atriði sem þegar er vitað um.

Í þessu frv. hæstv. dómsmrh. kemur einnig hvað eftir annað fram að dómar Evrópudómstólsins hafi mikil áhrif á framkvæmd reglna og tilskipana Evrópubandalagsins sem við eigum nú að lögfesta. Hæstv. utanrrh. hefur líka hvað eftir annað lýst því hér yfir að engin þörf sé fyrir hv. alþm. að hafa neina vitneskju um það hvað í þeim stendur þegar spurt er um þýðingar á þeim.

Í frv. er einnig ákvæði um rýmkun á réttindum til fasteignakaupa en ekki til að þrengja þau, og segir m.a. í grg., með leyfi forseta:

„Það leiðir af III. hluta samnings um Evrópska efnahagssvæðið og viðaukum V, VII og XII að veita verður ríkisborgurum annarra samningsríkja sama rétt til fasteignakaupa hér á landi og íslenskum ríkisborgurum að því leyti, sem það er nauðsynlegt til að nýta þau réttindi sem samningurinn veitir til frjálsra fólksflutninga, staðfestu og þjónustustarfsemi. Með ákvæðum 20.–23. gr. frumvarpsins eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 19/1966 um eignarrétt og afnotarétt fasteigna þessu til samræmis.

Í 22. gr. frumvarpsins er gengið út frá því að sá, sem nýtur ofangreindra réttinda, þurfi ekki að afla sérstaks leyfis til fasteignakaupa hér á landi."

Um þetta efni er einnig fjallað í álitsgerð þeirra Ólafs Walters Stefánssonar, Stefáns Más Stefánssonar og Tryggva Gunnarssonar sem þeir gerðu fyrir dómsmrn. og landbrn. Þar er margítrekað að allar takmarkanir á landslöggjöf sem fela í sér misrétti EES-þegna eru andstæðar EB-rétti og bannaðar. Og jafnframt að dómstóll EB hafi mikil áhrif við þróun fordæmisreglna á þessu sviði því það séu dómar hans sem skipti hér máli.

Enn fremur segir þar, með leyfi forseta:

„Í öllum tilvikum er það þó skilyrði að reglurnar séu með þeim hætti að þeim sé beitt þannig að ekki feli í sér mismun gagnvart þeim sem getur byggt rétt á EES-reglum samkvæmt framansögðu.

Sá sem kaupir fasteign hér á landi með stoð í EES-rétti samkvæmt framangreindu verður væntanlega ekki beittur misrétti með hliðsjón af þjóðerni sínu við hóflega öflun fasteigna til tímabundinnar dvalar, t.d. sumarbústaða. Öflun lands og jarða verður aðeins bundin skilyrðum t.d. um búsetu sem ekki fela í sér misrétti."

Það er því vandséð að mikið hald sé í girðingum hæstv. utanrrh. um þá möguleika sem hann telur að séu fyrir hendi til að hindra landakaup útlendinga á meðan ekki kemur nokkur stafur á blaði um það frá ríkisstjórninni, enda verðum við alltaf að hafa það í huga að það er ekki vilji Íslendinga, hugkvæmni við byggingu girðinga eða lög frá Alþingi sem ræður því hvernig framkvæmdin verður heldur fyrst og fremst túlkun Evrópubandalagsins.

Hæstv. utanrrh. hæddist að kjarnleysi forustumanna sjávarútvegsins fyrir að þora ekki að mæla með samningnum þrátt fyrir að hann muni að mati hæstv. ráðherra verða lyftistöng til fjölbreyttra atvinnuhátta. Ekki skal lítið gert úr gildi þess að skapa sjávarútveginum betri kjör. En ég hef í sumar komið í fleiri en eitt frystihús þar sem fiskur er unninn í neytendapakkningar í miklu magni og seldur beint í erlendar verslanir, tollfrjáls með góðu verði. Það er því alrangt að tollur sé á öllum unnum fiski til Evrópubandalagsins og tollur komi í veg fyrir alla vöruþróun, þvert á móti, þarna var um fullunnar neytendapakkningar að ræða.

Hæstv. utanrrh. vitnaði í fríverslunarsamning Bandaríkjanna og Kanada máli sínu til stuðnings í framsöguræðu sinni. Þessi málflutningur hæstv. ráðherra gefur mér tilefni til að vitna í nokkur atriði um undirbúning og framkvæmd þess samnings sem koma fram í kanadískri bók er kom út á síðasta ári. Höfundur hennar heitir Mel Hurtig. Er hann fyrirlesari, rithöfundur og stjórnmálamaður sem hefur verið heiðraður af mörgum kanadískum háskólum og fengið fjölda annarra viðurkenninga. Í upphafi bókarinnar segir hann m.a., með leyfi forseta, að í ársbyrjun 1985 hafi áætlun kanadísku ríkisstjórnarinnar verið að byrja að mynda andstöðu svo að um mitt ár var það augljóst að ríkisstjórnin þyrfti mikið áróðursátak. Fríverslunarsamningurinn var ákaft gylltur fyrir Kanadamönnum sem allra meina bót við öllu því sem þjakaði Kanada. Aldrei fyrr í sögu þjóðarinnar hafi svo miklu afli og svo miklum peningum verið veitt í svo öfluga fjölmiðlabaráttu sem ætluð var til að hafa áhrif á skoðanir fólks og niðurstöðu kosninga. Ríkisstjórnin með nokkrum héraðsstjórnum í félagi við stórfyrirtækin, bæði innan og utan Kanada, varði fjármagni sem á sér enga hliðstæðu til að sannfæra Kanadamenn um að hinn áformaði fríverslunarsamningur væri ekki aðeins nauðsynlegur heldur væri hann örugglega allra meina bót fyrir efnahagsvandamál þeirra. Mest af hinum mörgu tugum milljóna dollara sem eytt var í þessa baráttu kom annaðhvort frá skattgreiðendum eða frá aðilum sem ekki voru gefnar upplýsingar um hverjir væru. Mikið kom frá fyrirtækjum sem stjórnað var af erlendum aðilum.

Þegar lokasamningurinn var loksins kynntur almenningi til skoðunar 11. des. 1987 hafi margt óvænt komið í ljós. Samningamenn Kanada höfðu látið undan á mörgum mjög mikilvægum sviðum, mjög mikið var slakað á reglum um hindrun á eignaraðild Bandaríkjamanna, heimildir Kanada til að stjórna eigin orkubirgðum og orkuverði voru stórlega skertar og tilslökun á hlut Kanada í auðlindum sínum. Allan tímann var kanadísku þjóðinni kynntur samningurinn sem var undirritaður undir því yfirskini að þeir væru að losna við tolla. Neysluvöruverð mundi lækka og útflutningur verða auðveldari með öruggum aðgangi að Bandaríkjamarkaði. Raunverulega var tollalækkun aðeins lítill hluti af víðtækum lista yfir mikilvæg svið viðræðna. Um mörg þeirra vissi þingið, fjölmiðlar og kanadíska þjóðin ekki en Kanada lét af hendi verslanir, jarðir, hús og verksmiðjur til að fá það sem kynnt var sem „öruggur aðgangur". Það er nú augljóst að hann fengu þeir ekki. Fyrstu tvö ár samningsins hefur viðskiptajöfnuður við Bandaríkin versnað, ekki batnað, bandarísk lög, ekki alþjóðalög, eru oftast lögð til grundvallar við lausn á viðskiptaárekstrum Kanada og Bandaríkjanna.

Eftir að GATT-samningur í Tókíó 1979 var kominn til framkvæmda voru tollar á iðnaðarvörum frá Kanada til Bandaríkjanna aðeins 4% af tollskyldum vörum. 80% af kanadískum útflutningi til Bandaríkjanna var tollfrjáls. Augljóslega voru tollar ekki hindrun fyrir mestan hluta af útflutningi Kanada til Bandaríkjanna. Í mörg ár hafði Kanada haft jákvæðan viðskiptajöfnuð við nágrannann í suðri.

Það ótrúlega gerðist að meðan samningamenn Kanada veittu margar örlagaríkar eftirgjafir, svo að möguleikar þeirra til að skipuleggja eigin framtíð og stjórna eigin efnahag minnkuðu mjög, allt til þess að fá öruggan aðgang að Bandaríkjamarkaði og losna við hinn litla toll sem eftir var, þá leyfðu þeir bandarískra dollaranum að hækka nærri því um 25% frá því að fríverslunarsamningurinn kom á dagskrá í Kanada og þangað til hann tók gildi 1989. Ótrúlegt. Kanadamenn létu af hendi stjórn á eigin landi til að losna við toll sem nam 2–3% og á sama tíma var samþykkt áætlun sem lagði 25% refsigjald á allan kanadískan útflutning til Bandaríkjanna. Hið háa gengi Kanadadollars bæði hindrar útflutning og eykur innflutning. Hvernig gat Kanada verið svo heimskt að fara inn á leikvöll samningsins og senda lið út á völlinn með þunga járnkúlu og sverar keðjur hárra vaxta og tilbúið hátt gengi dollarans?

Kanada á nú í miklum efnahagslegum og stjórnmálalegum erfiðleikum. Þeir sem trúa á eigið land og telja mikilvægt að halda tilveru sinni skulu gera það sem þeir geta til að kynna þessar upplýsingar fyrir vinum, ættingjum og samborgurum. Ef Kanada ætlar að halda velli verður að fella ríkisstjórn Mulroneys í næstu kosningum og það verður að mynda í staðinn ríkisstjórn sem hefur afl og visku til að ógilda hinn hræðilega samning og færa Kanada aftur þau grund-

vallarverðmæti sem flestir Kanadamenn hafa lengi virt og eflt: sanngirni, samúð, lýðræðislegar endurbætur, jafnrétti og efnahagsstefnu sem virðir mannleg verðmæti.

Ég ætla ekki að draga þessa umræðu með lengri endursögn úr þessari bók en margt er í henni sem er áreiðanlega gagnlegt fyrir hv. alþm. að lesa. Ég vil því bæta henni við þau gögn sem hv. 8. þm. Reykn. benti á að gott væri að kynna sér um þennan samning. En í tilvitnunum sem ég las kemur fram að kanadíska ríkisstjórnin hefur fallið fyrir freistingunni að oftúlka þýðingu tollalækkunarinnar eins og mér virðist hæstv. utanrrh. okkar gera í framsöguræðu sinni.

Þar kemur líka fram að stórfyrirtækin í Kanada vörðu gífurlegu fjármagni, bæði innlendu og erlendu, til að fá samninginn samþykktan. Stórfyrirtækin litu því ekki svo á að hann væri í þágu hagsmuna neytenda eins og hæstv. utanrrh. reyndi að telja okkur trú um, heldur væri þetta aukna frelsi fyrst og fremst í þágu stórfyrirtækjanna. Það er vegna þróunar síðustu ára að rekstur er í ört vaxandi mæli að færast í hendur fárra alþjóðlegra stórfyrirtækja. Það kemur m.a. fram í matvæladreifingum þar sem þau geta þá sett framleiðendum stólinn fyrir dyrnar um afurðaverð en ákveðið verð til neytenda án tillits til þess sem þau greiða framleiðendum og margfaldað þannig gróða sinn. Slíkt er að sjálfsögðu í anda frjálshyggjunnar sem er kjarninn í þeirri stefnu sem Evrópubandalagið og þar af leiðandi EES á að byggjast á, eins og m.a. kom fram í ræðu hv. 10. þm. Reykv. hér í umræðunni. Í bók Mel Hurtigs kemur fram hvernig reynslan í Kanada strax á fyrstu árum fríverslunarsamnings þeirra sýnir að sú stefna er að brjóta niður velferðarkerfi þeirra og skapa hinn harða og tillitslausa heim frjálshyggjunnar.

Ég hef minnst hér á örfá af þeim fjölmörgu atriðum sem við alþingismenn þurfum á næstu vikum og mánuðum að taka tillit til við meðferð og afstöðu okkar til þessa örlagaríka máls sem hér er til meðferðar og jafnframt varpað fram nokkrum spurningum og athugasemdum um efni sem hljóta að hafa áhrif á þá afstöðu. Að sjálfsögðu verðum við alltaf mjög háð því sem er að gerast á alþjóðavettvangi hvernig sem við skipum okkur í hóp annarra þjóða. Spurningin er hins vegar hvort við eigum að afsala íslensku ríkisvaldi rétti til að taka ákvarðanir um framvindu mála hérlendis á mörgum sviðum fyrir það að telja sjálfum okkur trú um að geta haft einhver áhrif innan hins stóra bandalags, þó að talsmenn Evrópubandalagsins hafi reyndar sagt skýrt í greinargerð að slíkt sé algjör blekking, eða hvort við eigum að afþakka hugsanlegan, óljósan ávinning og halda rétti okkar til að taka ákvarðanir á eigin spýtur eftir því sem okkur finnst skynsamlegast á hverjum tíma.

Fyrir meira en þremur árum setti hæstv. utanrrh. sér það markmið að ná fram þessum samningi. Þá var heimurinn annar en hann er í dag. Síðan hefur hæstv. ráðherra unnið af ofurkappi að ná þessu markmiði, m.a. að mynda núv. ríkisstjórn til að tryggja sér nógu marga til að styðja hann hér á Alþingi athugasemdalaust. Það er því mannlegt að vilja keyra hann hér í gegn án efasemda og gagnrýni þó að í hann vanti ýmsar forsendur sem í byrjun voru taldar algjört skilyrði fyrir gerð hans. En jafnvel þó þeim skilyrðum hefði verið fullnægt hlýtur að verða að meta það vel hvort hugmynd sem fæddist í veröld sem var eigi við í dag.

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Mig langar til þess í upphafi máls míns að fjalla aðeins um hugtak sem ég kalla leikreglur í viðskiptum. Þessar leikreglur getum við nefnt að séu öll okkar viðskiptalöggjöf, reglugerðir, stjórnvaldsfyrirmæli og jafnvel stjórnarskráin sjálf sem ráða því við hvaða skilyrði atvinnulífið starfar af hálfu stjórnvalda, hvernig skyldum og réttindum er skipað. Þessar leikreglur í víðtækasta skilningi eru nefnilega mjög ráðandi um það hvernig atvinnulífi hverrar þjóðar vegnar, hvort það nýtur skilyrða til hagvaxtar, hvort réttindi og skyldur eru óljós, hvort fyrirtæki þurfa að þola geðþóttaákvarðanir eða hvort þau búa við tiltölulega stöðugt lagalegt umhverfi þar sem þeir sem standa í rekstri geta verið þokkalega vissir um hvað býr þeim, hvað kemur, hvað má, hvað má ekki og hvernig þeirra starf allt saman getur þróast.

Það er grundvallaratriði í skilningi á sögu og því hvernig hagvöxtur óx á Vesturlöndum á sínum tíma að rekja það til þróunar þessara leikreglna, sérstaklega þróunar eignarréttarins og ýmissa framfara einmitt á sviði viðskiptalöggjafar. Um langan aldur hafði það verið eilíft viðfangsefni þeirra sem réðu ferð í stjórn lands að sjá til þess að það væri hægt að brauðfæða íbúana. Það var sífellt viðfangsefni hvernig ætti að auka framleiðslu jafnhratt og íbúafjöldi jókst og í rauninni var það um langan aldur að lífskjör stóðu nokkurn veginn í stað. Það er ekki fyrr en kannski fyrir svona 200 árum að viðskiptalöggjöf fer að taka þeim breytingum að skilyrði skapast fyrir framfarir. Þetta gildir enn þann dag í dag og það má segja að undirstaða framfara á Vesturlöndum hafi einmitt verið þessar breytingar sem hafa verið að gerast í löggjöfinni ekki síður heldur en þær tækniframfarir sem harfa orðið á þessum tíma. Lykilatriðið í viðskiptalöggjöf sem skilar árangri er einmitt að það sé skýrt kveðið á um réttindi og skyldur og kannski fyrst og fremst að í löggjöfinni ríki gagnkvæmni, að það sem veiti einum rétt skapi öðrum skyldur og að þetta standist nokkurn veginn á bæði milli einstaklinganna og fyrirtækjanna. Það er líka afar mikilvægt fyrir framþróun í atvinnulífi hvers lands að það sé einhver stöðugleiki í löggjöfinni þannig að fyrirtæki sem eru að starfa þurfi ekki að búast við því að löggjöfinni sé umturnað, það séu gerðar viðamiklar breytingar á einni viku sem breytir mjög starfsskilyrðum, heldur er nauðsynlegt að það sé sá stöðugleiki að menn geti svona nokkurn veginn verið vissir um hvað bíður þeirra eftir mánuð eða ár. Á þessu byggjast t.d. allar fjárfestingar og allar þær ákvarðanir sem teknar eru til lengri tíma.

Það hefur líka sannast í uppbyggingu á þessum leikreglum í viðskiptum að markaðshagkerfi hefur í grundvallaratriðum yfirburði yfir það hagkerfi sem kennt er

við sósíalisma, svo maður tali ekki um hvers kyns útgáfur af einræði og vanþróuðum hagkerfum þar sem menn hafa reynt alls kyns tilraunir á þessu sviði. Og það er líka athyglisvert að þetta markaðshagkerfi hefur líka reynst best til þess að fást við þau vandamál sem upp koma þegar við reynum að auka hagvöxt. Ég nefni t.d. sérstaklega í þessu sambandi umhverfismál. Ef við lítum til þess hvaða lönd hafa náð bestum árangri í umhverfismálum og hvar menn hafa mesta virðingu fyrir umhverfinu, hvar menn telja mest á ríða að viðhalda náttúrunni og níðast ekki svo á henni með framförum og fjárfestingum og umbreytingum að hún líði fyrir, þá er það einmitt í hinum vestræna heimi. Í kommúnistaríkjunum fyrrverandi horfa menn upp á hver náttúruspjöllin eftir önnur. Í þriðja heimnum er stórkostlegt virðingarleysi fyrir náttúrunni mjög víða og í rauninni er það einungis í þeim löndum sem kenna sig við markaðshagkerfi þar sem einhverjar umtalsverðar framfarir hafa orðið á þessu sviði. Það er líka í þessum löndum þar sem atvinnulíf og þeir sem eru að reka fyrirtækin eru hvað helst meðvitaðir um þessa þætti. Rauði þráðurinn í umfjöllun atvinnulífssamtaka um umhverfismál er einmitt að huga að því sem kallað er sjálfbær þróun, að atvinnulífið gangi ekki svo nærri umhverfinu að það komi í veg fyrir framþróun þess þegar fram líða stundir. Þetta er stefnumörkun sem hvarvetna á sér stað og þetta á sér einungis stað einmitt í okkar heimshluta þar sem við höfum valið okkur þær leikreglur að hafa markaðshagkerfi.

Við í okkar vestræna heimi gerum líka þær kröfur á hendur atvinnulífinu að það haldi uppi lífskjörum sem eru sambærileg eða ekki síðri en þar sem annars staðar tíðkast í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við og það eru einmitt þau lönd í heiminum sem hafa náð hvað mestum árangri í efnahagsmálum. En til þess að geta uppfyllt slíkar kröfur þarf atvinnulífið líka að búa við leikreglur, starfsskilyrði sem gerir því kleift að ná slíkum árangri. Þetta er kannski grundvallartriði þegar við fjöllum um þennan samning um hið Evrópska efnahagssvæði sem hér liggur fyrir. Þetta er spurning um það hvaða leikreglur við viljum að íslenskt atvinnulíf búi við, spurning um það hvort þessar leikreglur eigi að vera áreiðanlegar og spurning um það hvort þessar leikreglur eigi að skapa mönnum réttindi og skyldur sem séu í senn sanngjarnar og hvetji til árangurs.

Eitt megineinkenni hagvaxtar í heiminum á undanförnum árum hefur verið mikil aukning utanríkisviðskipta. Þetta er kannski eitt megineinkenni þeirrar uppsveiflu í efnahagslífi sem varð á síðasta áratug. Á áratugnum þar á undan, þ.e. á áttunda áratugnum, var almenn stöðnun í heimsviðskiptum og almenn stöðnun í efnahagslífi. Ástæðan fyrir því var fyrst og fremst sú að í kjölfar olíukreppu og hækkandi orkuverðs gripu mörg ríki til verndaraðgerða, aðgerða sem virkuðu hamlandi á milliríkjaviðskipti en þegar kom fram á níunda áratug breyttu mörg ríkin um stefnu og menn sneru við blaðinu og fóru að leggja mikið upp úr utanríkisviðskiptum. Þetta hefur verið algert lykilatriði í hagvexti á síðustu árum. Það hefur skipt sköpum í því hvort þjóðum hefur vegnað vel eða ekki, hvort þeim hefur tekist að byggja upp sterkar alþjóðlegar samkeppnishæfar útflutningsgreinar sem gætu markaðssett sínar vörur á hvaða markaði sem er í heiminum. Það hefur líka verið einkennandi í þessari þróun að ríkin hafa verið að opna sína markaði, menn hafa verið að taka upp sambærilegar leikreglur, menn hafa verið að hverfa frá ríkisstyrkjum og menn hafa verið að stuðla að því að samkeppni gæti aukist. Þetta þurfum við líka að hafa í huga þegar við ræðum samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði.

Eitt í viðbót sem við skulum velta fyrir okkur er spurningin um það hvernig þessar leikreglur í viðskiptum, sem eru meira og minna að verða sambærileg milli þeirra þjóða sem eru að ná mestum árangri, koma við það sem við köllum fullveldi og það hugtak eða sjálfstæði, og hvernig þetta kemur líka heim og saman við okkar umfjöllun um þennan samning. Því er haldið fram að með því að skrifa undir samning sem þennan, þar sem við tökum upp hinar sameiginlegu reglur varðandi utanríkisviðskipti á stóru sviði, séum við að draga úr okkar fullveldi, skerða okkar sjálfstæði. (**ÓÞÞ:** Samkvæmt því sem sérfræðingar utanrrn. segja, skjalfest plagg.) Það hefur stundum verið rætt að hagfræðingar hafi ýmsar skoðanir á hlutunum og það gildir ekki síður um lögfræðinga að þeir hafa mismunandi skoðanir á hlutunum, enda væru þeir líklega ekki sú stétt sem þeir eru í dag ef það ekki væri þannig. En það sem mig langar til að velta fyrir mér í þessu sambandi er hin viðskiptalaga hlið þessa máls.

Ef við skrifum ekki undir samning sem þennan og erum í rauninni ekki aðilar að neinum milliríkjasamningi um viðskipti, hvernig skyldi það þá koma út fyrir eitthvert fyrirtæki, íslenskt fyrirtæki sem stundar milliríkjaviðskipti?

Nú er það svo að íslensk fyrirtæki, hvort sem þau flytja inn vörur eða flytja út vörur, starfa á fjármagnsmarkaði, taka lán eða kaupa vörur til fjárfestinga frá útlöndum þurfa að skrifa undir samninga við erlenda aðila. Þetta eru yfirleitt samningar milli einkaaðila. Stundum eiga opinberir aðilar hlut að máli, en ég vil fullyrða að í öllum þessum samningum, kannski með örfáum undantekningum, er miðað við það að erlendir dómstólar skeri úr ef deilur verða. Eins og staðan er í dag eru íslenskir aðilar sjálfir að afsala til útlanda í sínum deilumálum dómsvaldi og úrskurðarvaldi á flestum þeim sviðum sem viðskiptin eru á. En með samningnum sem við höfum fá okkar fyrirtæki smárétt, ekki mikinn, en einhvern rétt og í þessu samhengi get ég ekki tekið undir það að með samningnum sem slíkum séum við að afsala okkur fullveldi eða afsala okkur réttindum. Við erum þvert á móti að fá meiri rétt en við mundum ella hafa.

Við getum líka velt því fyrir okkur hvað gerist að óbreyttu ef íslenska ríkið lendir upp á kant við erlent ríki vegna ríkisstyrkja eða einhverra aðgerða í okkar atvinnulífi eða vegna einhverra annarra ástæðna. Nú er það svo í þeim fríverslunarsamningum sem við höfum í dag að ef eitthvað kemur upp þá eru heimildir til aðgerða og gagnaðgerða ef ekki næst saman og því fyr-

irkomulagi er að hluta til haldið í samningnum sem við höfum nú. Hvaða bolmagn halda menn að íslenska ríkið hafi til þess að beita viðskiptaþvingunum og hvaða bolmagn halda menn að önnur ríki hafi til þess að beita okkur viðskiptaþvingunum? Ég vil halda því fram að við höfum býsna lítið bolmagn, við höfum býsna litla möguleika til þess að ná fram okkar rétti ef eitthvað bjátar á. En með samningnum fáum við þó smámöguleika, ekki mikla.

Ég vil t.d. nefna það í þessu sambandi að í þeim milliríkjadeilum sem hafa verið líklega mestar í sögu okkar lýðveldis, þ.e. í þorskastríðunum við Breta, þá datt okkur ekki í hug að við hefðum bolmagn til þess að beita Breta einhverjum viðskiptaþvingunum. Við nefndum það stundum að réttast væri að útiloka breskar vörur frá íslenska markaðnum. En við hættum við það samstundis og það var nefnt vegna þess að við vissum að það mundi skaða okkur en ekki Breta. Mín niðurstaða er sú að með því að skrifa undir þennan samning séum við í raun að fá meiri rétt en við höfum, að við séum að styrkja okkar fullveldi.

Eitt einkenni á efnahagsþróun og þróun atvinnulífs nú á tímum er að rekstur er meira og meira að verða alþjóðlegur. Fyrirtæki eru með starfsemi í mörgum löndum, fyrirtæki selja á markaði í mörgum löndum, byggja upp alþjóðleg vörumerki og gera ýmsar slíkar ráðstafanir til þess að geta aukið starfsemi sína og bætt lífskjör. Þetta er líka grundvallaratriði fyrir okkur ef við viljum byggja upp okkar útflutning. Okkar sjávarútvegur mun í framtíðinni meira og minna þurfa að þróast einmitt í samstarfi við erlenda aðila. Við getum ekki selt okkar vörur á erlenda markaði nema með því að byggja upp öfluga starfsemi erlendis og tengja okkur við erlend fyrirtæki.

Mikið hefur verið rætt í þessum umræðum um stjórnarskrármálið, hvort það væri nauðsynlegt að breyta stjórnarskránni eða ekki. Ég verð að segja það að mér finnst það afar óheppilegt, svo ekki sé meira sagt, að síðasta ríkisstjórn sem hafði mikið vald á þessu máli skyldi ekki sjálf á þeim tíma gera þær ráðstafanir sem þeir sem í henni sátu telja nú nauðsynlegar. Ef allt hefði verið eðlilegt í þessu máli hefði síðasta ríkisstjórn að sjálfsögðu lagt fram tillögu og frv. til breytingar á stjórnarskránni fyrir síðustu kosningar og fengið það afgreitt þá í því skyni að það væri hægt að taka á málinu nú þegar samningurinn liggur fyrir.

Ég ætla ekki að bæta við neinu um lögfræðileg efni þess sem menn ræða í sambandi við stjórnarskrána. Ég vil hins vegar benda á eitt sem mér finnst að menn taki ekki mikið á en það er að heimilt er að segja þessum samningi upp með 12 mánaða fyrirvara og á það benda fjórmenningarnir í sinni álitsgerð. En þá vaknar auðvitað sú spurning: Eru þeir sem mæla í mót samningnum nú tilbúnir til þess að lýsa því yfir að þeir ætli sér að segja þessum samningi upp þegar og ef þeir komast til valda? Megum við eiga von á því við næstu kosningar að núverandi stjórnarandstaða mæti með það baráttumál að segja samningnum upp? (**Gripið fram í:** Hvaða samningi?) Um hið Evrópska efnahagssvæði. (**SJS:** Það þarf ekki, hann verður aldrei samþykktur.) Það þarf ekki, segir hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. En ég vil minna á í þessu sambandi að þegar EFTA-samningurinn var samþykktur þá gengu Alþb. og Framsfl. ekki til kosninga vorið 1971 með það að markmiði að segja þeim samningi upp þrátt fyrir að Alþb. væri á móti honum. Og meira en það, næsta ríkisstjórn þar á eftir gerði samning við Evrópubandalagið, fríverslunarsamning, mjög hliðstæðan EFTA-samningnum og þannig hygg ég að muni fara fyrir, ja, segjum Alþb. ef svo ólíklega skyldi nú vilja til að það kæmist aftur í ríkisstjórn, að það mun ekki segja þessum samningi upp.

Annað sem kemur líka til er að það má búast við því, og ég er raunar viss um að Alþingi mun samþykkja þennan samning og að það verður ekki samþykkt frv. til breytinga á stjórnarskrá. En mun stjórnarandstaðan, ef hún kemst til valda eftir næstu kosningar, þá flytja frv. til laga um breytingar á stjórnarskránni til þess að bæta úr því sem er gert á hennar hlut að því sem þeir telja? Og eigum við von á því fyrir næstu kosningar, ef svona gengur eftir, að stjórnarandstaðan muni boða í raun tvennar kosningar ef þeir komast til valda? Ég hygg að nauðsynlegt sé að við fáum svör við þessu í umræðum um þetta mál á næstu vikum.

Það mætti fjalla mikið um þennan samning, af hverju hann er til kominn, um innri markaðinn að Evrópubandalaginu, þýðingu hans, af hverju við þurfum að taka þátt í þessu og af hverju við munum gera það. Ég vil einungis segja það að ef við skoðum Íslandssöguna, þá er í rauninni alveg ótrúlegt hvað hlutir hér á Íslandi hafa þróast í samræmi við það sem er að gerast og hefur verið að gerast í Evrópu og hvernig atburðir í Evrópu hafa haft áhrif á það sem gerist hér. Við getum þess vegna sagt sem svo að landnám Íslands hafi orðið vegna atburða í Noregi. Við tókum kristni á svipuðum tíma og aðrir. Síðan misstum við sjálfstæði. Það má halda því fram að stór ástæða fyrir því að við misstum það á sínum tíma hafi einmitt verið klúður í viðskiptalöggjöf okkar. Það má halda því fram. Við skiptum um sið, aflögðum kaþólskan og tókum upp lúterskan í kjölfarið á breytingum í Evrópu. Við viðurkenndum danskt einveldi í kjölfar breytinga sem urðu í Evrópu. Uppgangur þjóðernishyggju á síðustu öld hafði víðtæk áhrif hér og var kannski ástæða þess að okkur tókst að ná sjálfstæði. Á þessari öld erum við ekki ósnortin af þeim breytingum sem verða í Evrópu. Á kreppuárunum tókum við upp stjórnarhætti sem voru við lýði í Evrópu og í helstu viðskiptalöndum okkar. Eftir stríð erum við að vísu tíu árum á eftir því sem gerist. Við viðhöldum innflutningshöftum tíu árum eftir að Evrópubúar og helstu viðskiptalönd okkar hafa aflagt þau. Við göngum í EFTA tíu árum eftir stofnun þess. Þetta er í rauninni í fyrsta sinn sem við ræðum samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði að við tölum um að fylgja þeirri þróun sem hefur verið í viðskiptum í Evrópu á þessari öld á sama tíma og hún gerist. Yfirleitt höfum við verið tíu árum á eftir tímanum. En ég held að það hljóti að vera lykilatriði í þessu öllu saman ef við Íslendingar ætlum okkur að ná

sömu lífskjörum og sama hagvexti og gildir í kringum okkur að við verðum að fylgjast með þróuninni.

Nokkuð hefur verið rætt um hvort Evrópska efnahagssvæðið sé varanlegt fyrirkomulag, hvort við munum á næstu árum þurfa að gjörbreyta samningnum og hvort atburðir í Evrópu og stækkun Evrópubandalagsins muni gera þetta allt saman að einhverri hringavitleysu. Að sjálfsögðu liggur það fyrir núna að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði verður ekki varanlegt fyrirkomulag fyrir flest EFTA-ríkin. Við munum innan eins árs, tveggja eða þriggja ára þurfa að gera upp hug okkar gagnvart Evrópubandalaginu. Margir geta gert upp hug sinn gagnvart Evrópubandalaginu með því að segja strax nei og afgreitt málið í einni slíkri stuttri setningu. Nei. En við erum ekki ein í heiminum. Við munum þurfa að svara þeirri spurningu hvort við viljum gerast aðilar, sækja um aðild að Evrópubandalaginu með almennilegri, alvarlegri úttekt á því hvað það þýðir fyrir okkur og hvað ekki. Síðan á grundvelli slíkrar úttektar þurfum við að ákveða hvort við viljum sækja um aðild eða ekki. Þetta er allt of stórt mál til þess að hafa svör eins og já eða nei á hraðbergi.

Alveg er sama þótt menn afgreiði slík mál í einni hendingu núna með því að vera fullvissir um að þeir vilji ekki sækja um aðild. Á endanum hljóta það að verða hagsmunir okkar, hagsmunir atvinnulífsins, hagsmunir þjóðarinnar, markmið okkar hvað við viljum, hvort við viljum sambærileg lífskjör og eru í Evrópu sem ráða því hvort við sækjum um aðild eða ekki.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjala:

Kjaradómur og kjaranefnd, 46. mál, stjfrv., þskj. 47.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 47. mál, stjfrv., þskj. 48.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. StH o.fl., 29. mál (samningar við önnur ríki). — Þskj. 30.

Flm. (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegur forseti. Ég sé að forsrh. er ekki staddur hér og heldur ekki utanrrh. en ég vildi gjarnan hafa þá viðstadda umræðuna. (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til að gera þeim báðum viðvart en báðir hæstv. ráðherrar eru í húsinu.) Á ég þá að hinkra við? (**Forseti:** Ef hv. þingmaður vill ekki hefja ræðu sína fyrr en þeir eru komnir í salinn þá er allt í lagi — ég vona að það verði engin stund — þeir hljóta að vera rétt ókomnir.) Já, ég vil gjarnan hafa þá viðstadda.

Virðulegur forseti. Í framsögu minni fyrir þessu máli ræddi ég þær álitsgerðir sem fram hafa komið frá lögfræðingum og m.a. þær efasemdir sem koma fram hjá þeim fjóru sérfræðingum sem utanrrh. skipaði og mjög ákveðnum niðurstöðum bæði frá dr. Guðmundi Alfreðssyni og prófessor Birni Þ. Guðmundssyni. Ég las einnig upp úr skýrslu utanrrh. frá í mars 1991 þar sem hann lýsir nauðsyn þess að gera breytingar á stjórnarskránni vegna þeirra ýmsu þjóðréttarlegu samninga sem nauðsynlegt muni verða að lögfesta.

Ég verð að segja eins og er að það veldur mér miklum vonbrigðum að stjórnarsinnar hafa brugðist afar illa við þessu og vísað öllum þessum lögfræðilegu álitum á bug. Sérstaklega kom mér á óvart ræða hæstv. viðskrh. sem virtist eingöngu vilja byggja á áliti fjórmenninganna og gaf ekkert fyrir önnur álit sem hafa komið fram. Ég var einnig undrandi að hlusta á hæstv. forsrh. nota mestan tíma sinn til þess að lýsa því að áður hefði verið gengið á snið við stjórnarskrána að mati lögfræðinga, meira að segja tvisvar í einu og sama málinu eins og hæstv. forsrh. rakti. Ég minnist þess hins vegar ekki að fyrir hafi legið svo afgerandi álit lögfræðinga í neinu máli, a.m.k. sem ég hef kynnt mér, þegar málin voru til afgreiðslu. En það er hárrétt að komið hafa fram fjölmargar ábeindingar um það eftir á að ákveðin mál fái ekki staðist stjórnarskrána. Ég held að ef svo ákveðin álit hefðu komið fram, t.d. í þeim tilfellum sem hæstv. forsrh. rakti þegar málin voru til meðferðar, hefðu þeir mætu menn sem að þeim málum stóðu hugsað sig um tvisvar áður en þau hefðu verið lögfest. Ég vil líka segja það að ég geri mjög mikinn mun á því að færa vald á milli stofnana hér heima eða t.d. að Alþingi veiti framkvæmdarvaldinu ríflegt umboð ef ég má orða það svo, eða að færa vald til erlendra alþjóðlegra eða fjölþjóðlegra stofnana. Mér finnst afarmikill munur vera á þessu.

Nokkra furðu mína vekur hvað menn virðast rugla saman ýmsum alþjóðlegum samningum sem við höfum gerst aðilar að eins og Mannréttindasáttmála Evrópu, varnarsáttmálanum og því sem verið er að gera nú, þ.e. að lögfesta þann þjóðréttarsamning sem fyrir liggur um EES. Á þessu er mjög mikill munur og má þar t.d. vísa á bls. 96 í bók Ólafs Jóhannessonar, Stjórnskipun Íslands, þar sem mjög skýrt er tekið fram að á þjóðréttarsamningi og landslögum er mikill munur. Ólafur Jóhannesson segir þar að túlka beri lög til samræmis við þjóðarétt eins og frekast er unnt en þjóðarétturinn víkur fyrir landsréttinum ef til áreksturs kemur. Þetta er vitanlega kjarni þessa máls. Með því sem nú er verið að gera þá er verið að gera þjóðréttarsamninginn að landsrétti. Það er þess vegna sem við, sem þetta frv. flytjum, teljum að það fái ekki staðist stjórnarskrána.

Ég ætlaði mér einnig að ræða dálítið um það sem kom fram hjá hv. þm. 5. þm. Norðurl. e. fyrir helgina. Ég sé að hann hefur vikið sér úr salnum — ég sé að hann er kominn í salinn. Ég sagði að ég ætlaði að koma dálítið nánar að því sem hv. 5. þm. Norðurl. e. ræddi hér en ég gat í þeim athugasemdum sem ég gerði við ræðu hans. Hv. þm. ræddi töluvert um álit sem Stefán Már Stefánsson hafði gefið á sínum tíma og er með það álit í höndunum. Það álit var gefið fyrir vinnuhóp þriggja aðila í utanrrh. og fjallaði ekki síst um forúrskurðina sem hann telur að standist ekki stjórnarskrána. Í dag er viðurkennt að forúrskurðirnir

standast ekki stjórnarskrána. En fjórmenningarnir leggja það til hliðar vegna þess að þá þarf íslenskur dómstóll að biðja um forúrskurð. Þess vegna segja þeir: Það er ekki raunhæft mál í dag. Það er ekki nema íslenskur dómstóll biðji um forúrskurð að yrði að breyta stjórnarskránni til að dómstóllinn gæti beðið um hann því hann á að verða bindandi. Inn á þetta gat ég ekki komið eins og ég hefði viljað. Eins og kemur mjög greinilega fram einmitt af þessari ástæðu í skýrslu hæstv. utanrrh. á bls. 21, sem ég er nú reyndar margbúinn að lesa hér, en ætla að lesa einu sinni enn, með leyfi forseta: „Forúrskurðirnir fjalla um túlkun á þjóðaréttarskuldbindingum innan EES en samkvæmt íslenskum rétti ber að túlka íslensk lög í samræmi við þjóðaréttarskuldbindingar. EES-dómstóllinn yrði ekki æðri dómstólum í aðildarríkjunum. Forúrskurðarkerfið byggir hins vegar á samstarfi EES-dómstólsins og landsdómstóla. Fari landsdómstóll ekki eftir túlkun EES-dómstólsins í málinu þá gildir niðurstaða landsdómstólsins gagnvart aðilum málsins."

Ég hef ekki litið á þetta með forúrskurðina í málinu eins og það er núna, það er á ósköp svipaðan máta sem alvarlegasta málið, alls ekki. Ég hef litið á það sem algert aukamál. Það er ýmislegt annað, valdaframsal, sem ég hef rakið mjög og ætla ekki að fara að endurtaka og kemur mjög greinilega fram hjá bæði Birni Þór Guðmundssyni og Guðmundi Alfreðssyni og sömuleiðis frá Ragnari Aðalsteinssyni og reyndar mætti nefna fleiri. Þar er þetta beina valdaafsal t.d. til eftirlitsstofnunarinnar, sem getur ákveðið fésektir, og til EES-dómstólsins. Auk þess er löggjafarvaldið í raun selt úr landi og allur undirbúningur undir frumvörp af þessu tagi er ekki hérna heima heldur hjá embættismönnum erlendis eins og ég rakti mjög ítarlega í framsöguræðu minni sem ég tel fyrst og fremst varða við stjórnarskrána. Það var óþarfi að breyta stjórnarskránni út af þessu áliti Stefáns um forúrskurðina. Reyndar hefur hvað eftir annað verið sagt hér af valdamönnum að þetta komi ekki til af því að íslenskir dómstólar muni ekki biðja um slíka forúrskurði. Þá er það í lagi ef þeir biðja ekki um forúrskurði. En þeir geta ekki beðið um forúrskurði jafnvel þótt þeir vildu nema að breyttri stjórnarskrá. Í raun og veru er sem sagt ýmislegt annað framsal valds.

Ég vil geta þess að í utanrmn. fengum við Björn Þ. Guðmundsson prófessor á föstudaginn til viðtals og það var afar fróðlegt viðtal. Ég hefði gjarnan viljað að sem flestir hefðu hlustað á það. Prófessor Björn segir að hann sé ekkert endilega á móti EES-samningnum, hann tekur enga afstöðu til þess. Hann rakti á mjög fræðilegan máta á þessum fundi ástæðurnar fyrir efasemdum sínum. Hann lét okkur m.a. hafa ljósrit af kafla úr mesta fræðiriti sem skrifað hefur verið í Danmörku um stjórnarskrána og er eftir prófessor Max Sørensen og fjallar um þessi mál eins og þau litu út í Danmörku áður en 20. gr. var tekin í dönsku stjórnarskrána árið 1953. Ég vil eindregið leggja til að þeir sem á annað borð hafa áhuga á þessu máli og vilja skoða það — eins og ég veit að hæstv. forsrh. hlýtur að hafa — verði sér úti um þessa bók eða a.m.k. þennan kafla. Ef ég má lesa hér aðeins, með leyfi forseta, á minni menntaskóladönsku sem er ekki allt of góð: Hér segir prófessorinn:

„Herved melder sig imidlertid særlige forfatningsmæssige problemer. Det er et fundamentalt og gennemgående princip i dansk forfatningsret, at retlig myndighed overfor borgerne udføres af de organer, der direkte er indsat ved grundloven." — Eða með öðrum orðum að valdið yfir borgurunum er algjörlega á hendi þeirra sem stjórnarskráin ákveður og það er sem sagt 2. gr. stjórnarskrárinnar hjá okkur.

Svo segir hann áfram: „Ganske vist kan lovgivningsmagten indenfor visse grænser overføre sin egen kompetence til andre organer, og den kan i et vist omfang forrykke kompetencefordelingen mellem domstole og administration men heraf følger ikke, at den kan overføre beføjelser til organer, der står udenfor det danske forfatningssystem."

Hann kemst að þeirri niðurstöðu að það geti vel verið, eins og hæstv. forsrh. hefur rakið hér, að löggjafarvaldið framvísi einhverju af sínu valdi til annarra innlendra aðila, þ.e. framkvæmdarvaldsins eða dómstóla, en það komi alls ekki til mála að stjórnarskráin danska, sem er grunnurinn að okkar stjórnarskrá, heimili það að flytja vald til stofnunar sem er utan Danmerkur, utan danska ríkisvaldsins. Hann segir hér áfram:

„I mangel af anden løsning måtte man derfor antage, at hvis Danmark ønskede at blive medlem af en international organisation, der skulle kunne udføre retslige myndigheder direkte over danske borgere, uden om dansk forfatnings retslige myndigheder, måtte det ske ved, at det i det enkelte tilfælde vedtage sem beslutning eftir fremgangsmåden for grundlovsændringer."

Hann segir sem sagt hér að ef Danir hafi viljað gerast aðili að alþjóðlegri stofnun sem hefði eitthvert vald yfir borgurunum þá hefði orðið að breyta stjórnarskránni og svo rekur hann það hér nánar og þess vegna var það gert 1953. Þetta er langur kafli og mjög margt fróðlegt í honum, en ég ætla ekki að lesa meira.

Þetta vísar beint í þær furðulegu vangaveltur fjórmenninganna að 2. gr. íslensku stjórnarskrárinnar gæti þýtt erlend framkvæmdarvald eða dómsvald sem ég held vitanlega að allir sjái að getur ekki átt sér stað. Því finnst mér að þessi umfjöllun um dönsku stjórnarskrána, sem er svo lík þeirri íslensku, eigi mjög mikið erindi til þeirra sem vilja skoða það mál sem hér er til umræðu.

Það er líka fróðlegt að prófessor Björn vakti athygli okkar á því að Stefán Már Stefánsson, sem er sérfræðingur í Evrópurétti, skrifaði með skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir 1988 grein sem fjallar um þörf á lögfestingu þjóðréttarsamninga. Þar kemst Stefán að þeirri niðurstöðu að ef það eigi að lögfesta þjóðréttarsamninga sem hafi eitthvert yfirþjóðlegt vald þurfi að breyta stjórnarskránni. Hann segir hér, með leyfi forseta:

„Hins vegar er hugsanlegt að Ísland verði aðili að alþjóðastofnun í framtíðinni sem samkvæmt ákvæðum

viðkomandi þjóðréttarsamnings getur tekið ákvarðanir sem hafa bein réttaráhrif þannig að það bindi stjórnvöld viðkomandi ríkis í sérhverju tilliti svo og borgara þess með sama hætti og lög.

Það er lögskýringaratriði hverju sinni hvort þjóðréttarsamningurinn feli í sér slíkar heimildir."

Síðan segir hann: „Komi til þjóðréttarsamninga af þessu tagi verður að ætla að breyta þurfi stjórnarskránni því óbreytt leyfir hún tæpast framsal lagasetningarvalds til annarra ríkja eða alþjóðastofnana."

Þetta segir sjálfur Stefán Már sem menn hafa vitnað töluvert í. Það er fróðlegt að hans skoðun skuli hafa breyst, eins og kemur fram í skýrslu fjórmenninganna, því í skýrslu fjórmenninganna er viðurkennt, beinlínis viðurkennt, að um framsal valds er að ræða sem hefur áhrif á íslenskt ríkisvald og á borgara þessa lands. Það gerir eftirlitsstofnunin með sínum ákvörðunum um fésektir og fjölmargt fleira og það gera reyndar dómstólar einnig og allur löggjafarferillinn sem gert er ráð fyrir hjá EES.

Þannig má enn draga fram fjölmargt sem er fróðlegt. Reyndar vil ég geta þess hér að prófessor Björn lagði mikla áherslu á að um þetta færi fram fræðileg umræða. Hann telur sem sagt að það sé ekki nóg, eins og hæstv. viðskrh. telur fyrir sig, að lesa skýrslu fjórmenninganna sem er ekki mjög fræðilegt gagn heldur þurfi að fara fram fræðileg umræða um þetta mál. Mér finnst sjálfsagt að sú sérstaka nefnd sem kjörin verður til að fjalla um þetta mál láti fara fram slíka fræðilega umræðu um málið, helst fyrir opnum tjöldum ef hægt er.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þetta mjög. Hér spurði hv. þm. Vilhjálmur Egilsson að því hvort stjórnarandstaðan muni þegar hún kemst til valda — ég held það sé óhætt að orða það svo — breyta stjórnarskránni. Svarið við því er að það verður æði mikið sem þarf að hreinsa til þegar hún kemst til valda. Vitanlega má segja að það sé dálítið seint að breyta stjórnarskránni nokkrum árum eftir að búið er að brjóta hana og gæti orðið mjög vandmeðfarið. En ég vil svara því fyrir mitt leyti að ég tel sjálfsagt að skoða þennan EES-samning þá og með tilliti til stjórnarskrárinnar og gera úr því það besta sem hægt er. Ég skal ekki segja hvort best yrði að segja honum upp, hann taldi það ekki koma til greina, en það mætti líka, eins og ég hef hvað eftir annað bent á og við framsóknarmenn höfum samþykkt, hefja þegar viðræður við Evrópubandalagið um að breyta þessu í tvíhliða samning og ganga þá þannig frá honum og stjórnarskránni að slíkur tvíhliða samningur fái staðist. Það er kannski eitt allra stærsta atriðið og forða okkur með því frá þeim þjóðarvoða sem því mundi fylgja ef menn færu að álpast inn í Evrópubandalagið sjálft.

Ég skal ekki hafa um þetta mörg fleiri orð. Það er hygg ég að allra mati sem skoða málið án hræðslu við kosningar eða eitthvað þess háttar enginn vafi á því að vald er framselt, á því er ekki nokkur vafi. Það viðurkenna allir aðilar.

Ég vil líka leyfa mér að fullyrða að þeir sem skoða þetta grannt og fara í gegnum þau gögn sem liggja fyrir hljóti í hjarta sínu að viðurkenna að 2. gr. íslensku stjórnarskrárinnar heimilar ekki að selja ríkisvald úr landi til yfirþjóðlegra stofnana. Þar er átt við innlendar stofnanir og eingöngu innlendar stofnanir. Þetta kemur svo greinilega fram, líka í sambandi við dönsku stjórnarskrána og fleira mætti rekja í þessu sambandi.

Ég held satt að segja að hæstv. ríkisstjórn mundi mjög vaxa af því að gera breytingu á stjórnarskránni og hreinsa til í þessu eins og hæstv. utanrrh. leggur til í skýrslu sinni frá mars 1991. Ég held að hún mundi vaxa svo af því að það gæti jafnvel orðið hættulegt fyrir okkur stjórnarandstæðinga.

Við erum ekki að flytja þetta frv. vegna kosninganna. Við erum að flytja þetta vegna þess að það þarf að breyta stjórnarskránni vegna ýmissa alþjóðlegra samninga og ég hef sagt að fyrir mitt leyti vil ég breyta stjórnarskránni til þess að þeir sem geta hugsað sér að fylgja EES-samningnum geti það samvisku sinnar vegna.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það að eftir því sem fleiri flutningsmenn þessa frv. flytja ræður hér, þeim mun erfiðara á ég með að átta mig á því um hvað þetta mál snýst. Frv. þeirra snýst um að það verði heimilað að framselja íslenskt ríkisvald með ákveðnum hætti. Það er hins vegar staðreynd að það er mat þeirra fjögurra lögfræðinga, sem hafa komið hér við sögu og vitnað hefur verið til, að þeir telja ekki nauðsynlegt að breyta stjórnarskránni vegna EES-samningsins. Það taldi hv. ræðumaður sjálfur, Steingrímur Hermannsson, fram til þess að kosningar fóru fram á sl. vori og m.a. í svari til Hjörleifs Guttormssonar í Tímanum 8. febrúar 1991, tekur hann alveg af skarið um það að hið yfirþjóðlega vald sem felist í dómstólnum, sem hann ber saman við Mannréttindadómstólinn í Strassborg og ýmsa gerðardóma sem Ísland hefur átt aðild að, sé ekki þess eðlis að það þurfi að breyta stjórnarskránni.

Ég verð að viðurkenna það, virðulegur forseti, að ég skil ekki þennan málflutning. Annaðhvort verða menn að flytja mál sitt til stuðnings frv. sem þeir flytja en ekki til þess að tala um allt annað. Það er ekki verið að færa slíkt vald til EFTA-stofnananna að nauðsynlegt sé að breyta stjórnarskránni.

Flm. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Hv. þm. hefur endurtekið það nokkuð oft hér í ræðustól að ekki sé þörf á að breyta stjórnarskránni. Mig langar til að spyrja hv. þm. hvort honum þótti ekki fróðlegt að hlusta á Björn Þ. Guðmundsson prófessor á fundinum hjá okkur á föstudaginn og hvort það breytti í engu hans skoðun á málinu. Hefur hv. þm. farið yfir það sem ég rakti áðan, eftir Max Sørensen, danska prófessorinn og skoðað hvernig sá þekkti og frægi fræðimaður leit á dönsku stjórnarskrána áður en henni var breytt, þegar hún var sem sagt eins og stjórnarskráin okkar núna? Er það virkilega svo að þetta hafi ekki minnstu áhrif á svo skarpan og gegnan mann eins og hv. þm. er? Það þykir mér ótrúlegt. Þá

hlýtur að vera eitthvað annað sem bindur hv. þm. við að það megi ekki breyta stjórnarskránni.

Ég rakti áðan að málið var alls ekki komið á það stig, þegar síðasta ríkisstjórn fór frá, að það þyrfti að taka afstöðu til breytinga á stjórnarskránni. Okkur var ljóst að forúrskurðir fengju ekki staðist gagnvart stjórnarskránni. En forúrskurðir, eins og ég rakti áðan, eru minnsti hluti þessa máls í raun og veru því þeir eru undir dómstólum viðkomandi ríkis komnir, þ.e. ef dómstóllinn biður um þá yrði að breyta stjórnarskránni.

Málið er núna komið á lokastig. Nú liggur það fyrir í heild sinni, upplýst að um valdframsal er að ræða — það upplýsa fjórmenningarnir, það upplýsa margir, margir fleiri, og slíkt valdaafsal má að okkar mati alls ekki eiga sér stað nema stjórnarskránni verði breytt.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni að það var ákaflega fróðlegt að hlusta á Björn Þ. Guðmundsson í utanrmn. en ég verð að segja það að hans röksemdir og umræðurnar þar breyttu ekki þeirri skoðun minni að EES-samningurinn brýtur ekki í bága við stjórnarskrána.

Ég vil einnig leyfa mér, virðulegi forseti, að vitna til þess sem hv. 7. þm. Reykn. sagði í fyrrnefndri blaðagrein. Hann sagði:

„Ég er þeirrar skoðunar að slíkur dómstóll geti verið eins mikilvægur fyrir okkur ef ágreiningur rís og fyrir aðrar þjóðir innan EES. Við megum ekki ala með okkur þá minnimáttarkennd að okkar hlutur hljóti að vera fyrir borð borinn í slíkum dómstóli. Við mundum eiga þar dómara og höfum menn sem geta flutt okkar mál, ekki síður en aðrir."

Þetta er kjarni málsins. Það er ekki verið að framselja neitt vald. Það er verið að koma á fót dómstóli til að dæma um ákveðið réttarsvið sem við erum að skapa og það er ekki hægt að bera EES-samninginn saman við Evrópubandalagið. Þess vegna er ekki hægt að ályktа af orðum Max Sørensens um EES um það sem hann var að segja þegar hann var að ræða um aðild að Evrópubandalaginu. Það er ekki hægt að bera þessa ólíku hluti saman.

Flm. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst um Max Sørensen. Í því sem ég las áðan er ekkert minnst á Evrópubandalagið heldur bara á framsal valds og Max Sørensen segir: Stjórnarskráin heimilar ekki framsal valds úr landi jafnvel þó að það tíðkist innan lands.

Þetta er skólabókardæmi um það sem hér hefur gerst. Hvort það er aðild að EB eða öðrum alþjóðasamtökum skiptir út af fyrir sig ekki máli þó að miklu meira framsal valds sé að sjálfsögðu þegar um EB er að ræða.

Ég sagði í minni framsöguræðu að ég hefði talið dómstól betri leið fyrir okkur og því var það mál skoðað. En ég sagði líka í minni framsöguræðu að að fengnum slíkum álitum lögfræðinga um dómstólinn hefði ég talið sjálfsagt að breyta stjórnarskránni og efna til kosninga. Og það vil ég endurtaka hér. Ég fullyrði að ég hefði beitt mér fyrir því eins og málin eru og stóðu.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hv. 7. þm. Reykn. að forúrskurðirnir væru ekki vandamál nú. Ég vek athygli þingheims á þessari setningu. Það er að sjálfsögðu grundvallaratriði að forúrskurðirnir eru ekki vandamál nú. Það er að sjálfsögðu ástæðan fyrir því að m.a. fræðimenn eins og Stefán Már Stefánsson líta svo á að samningurinn, eins og hann er nú, sé ekki brot á stjórnarskránni. Það sem ég var að ræða um í minni ræðu fyrr var að eins og EES-samningurinn var hugsaður í tíð fyrri ríkisstjórnar var inni ákvæðið um forúrskurði EES-dómstólsins sem er öðruvísi myndaður, hefur öðruvísi skuldbindingar en EFTA-dómstóllinn hefur nú og það var gert ráð fyrir því að slíkir úrskurðir yrðu bindandi. Það var einmitt um þetta atriði sem Stefán Már Stefánsson hafði gefið álit og taldi að þarna gæti verið um að ræða brot á stjórnarskránni.

Auðvitað hljótum við að líta á í hvaða farvegi þetta samningamál var á meðan Steingrímur Hermannsson, hv. 7. þm. Reykn., var forsrh. en ekki að líta á málið í ljósi þess hvernig það lítur út nú eftir að Evrópudómstóllinn er m.a. búinn að komast að þeirri niðurstöðu að einmitt þetta atriði, um forúrskurði EES-dómstólsins, samrýmist ekki hans eigin valdsviði. Það lá ljóst fyrir fyrir kosningarnar í maí að það var einmitt það sem einkenndi EES-dómstólinn, hann hafði það valdsvið, svipað valdsvið eins og EB-dómstóllinn hafði, m.a. til að gefa forúrskurði sem eru bindandi.

Flm. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er orðið heldur leiðigjarnt að endurtaka sig svo oft hér. Forúrskurðirnir voru ekki vandamálið þá eða nú. Ég las úr skýrslu utanrrh., sem ég vona að hv. þm. taki trúanlega, þar sem hann segir — ég skal lesa þetta í þriðja eða fjórða sinn:

„Fari landsdómstóll ekki eftir túlkun EES-dómstólsins í málinu þá gildir niðurstaða landsdómstólsins gagnvart aðilum málsins."

Þeir eru bindandi fyrir þá sem báðu um og kunna að biðja um forúrskurðina. Þar sem landsdómstóllinn er æðri forúrskurðinum — þessi málsgrein fjallar um forúrskurðinn, ég las hana alla áðan, ég vona að ég þurfi ekki að lesa hana í heild sinni — og annaðhvort þarf að biðja um forúrskurði eða þeir eru ekki æðri landsrétti, þá eru þeir ekki brot á stjórnarskránni. Ég er með alla skýrsluna frá Stefáni Má. Hann fjallar um það ef það verður sett í landslög að forúrskurði skuli fá. En hæstv. utanrrh. gerði sér að sjálfsögðu grein fyrir því að það var ekki hægt. Þess vegna stóðu samningar þannig þegar skýrslan var gerð í mars 1991 að forúrskurðir áttu ekki að vera æðri landslögum. Þess vegna brutu þeir ekki í bága við stjórnarskrána.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að hv. þm. Steingrímur Hermannsson vitnar hér mjög stíft í

skýrslu utanrrh. sem hann hefur keppst við ásamt hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að lýsa yfir að ekki hafi verið samstaða um í ríkisstjórn. Ég hef hins vegar sýnt fram á það að með ýmsum hætti hafði hv. þm., þegar hann gegndi forsætisráðherraembætti, borist upplýsingar um það að hugsanlega væri þarna um að ræða ákvæði sem brytu í bága við stjórnarskrána. Og þá spyr ég: Lét hann fara fram á vegum síns embættis sérstaka sjálfstæða athugun á þessu máli eða treysti hann þáv. og núv. utanrrh. Jóni Baldvini Hannibalssyni fyrir því að sjá um þetta mál eingöngu?

Flm. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bar mikið traust til hæstv. utanrrh. í þá tíð en hins vegar hafði ég líka lögfræðing, sem var minn aðstoðarmaður, sem fylgdist með þessum málum. Ég held að vel hafi verið gengið frá forúrskurðunum.

Hér segir Stefán Már í skýrslunni, með leyfi forseta: „Í heild má segja að það sé óumdeilt að forúrskurðir dómstóls EB séu bindandi fyrir þann dómstól aðildarríkis sem óskaði eftir forúrskurði."

Það er því alltaf um það að ræða að dómstóllinn óski eftir forúrskurði. Þetta er löng skýrsla og margt fróðlegt í henni. Hv. þm. getur fengið hana lánaða ef hann vill. Það var alltaf um það að ræða að óska eftir forúrskurði og það er í lagi eins og kemur fram hjá fjórmenningunum. Annars er maður farinn að endurtaka sig svo oft að það er orðið þreytandi. Það minnir mann á orðin um að skvetta vatni á ákveðna dýrategund. Ég vona að ég þurfi ekki að gera það mikið oftar.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði hálfpartinn búist við því að hæstv. utanrrh. mundi kjósa að koma hér inn í umræðuna fyrst hann er kominn til þings. Við stjórnarandstöðuflokkarnir höfðum samþykkt að hefja umræðuna þótt hann væri fjarverandi. Ég vil segja það í upphafi, virðulegi forseti, að ég er út af fyrir sig tilbúinn að fresta ræðu minni ef hæstv. utanrrh. vill taka til máls. Það er búið að segja svo mikið um hann og hans verk og hans skýrslur og hans sjónarmið í umræðunni fram að þessu að það er satt að segja óeðlilegt að halda henni áfram án þess að ráðherrann taki til máls. Ég er því tilbúinn, þó ég hafi verið næstur í röðinni, að bíða með mína ræðu ef hæstv. ráðherra vill koma inn í umræðuna núna. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðherra vill geyma það eitthvað svo ég mun þá víkja að þeim þáttum sem ég ætla að nefna.

Fyrst er að segja frá því að þegar hæstv. ráðherra var í burtu spurðist ég fyrir um það sl. fimmtudag hvort það væri virkilega rétt að gerð hefði verið skoðanakönnun í utanrrn. eða á vegum utanrrn., um viðhorf þjóðarinnar til EES-samningsins og utanrrn. hefði ekki enn þá birt þessa könnun. Þessi fyrirspurn mín varð til þess að hæstv. iðnrh., sem var staðgengill hæstv. utanrrh., fór í það með miklu írafári að láta skoðanakannanafyrirtækið senda út fréttatilkynningu síðdegis á fimmtudag um þessa könnun en þó þannig að þar voru algjörlega valin úr fáein atriði sem um var spurt en alls ekki nefnd önnur.

Ég óskaði svo eftir því í þessari umræðu hvað eftir annað að þessi könnun sem væri opinbert gagn, kostuð af opinberu fé, yrði lögð hér á borð þingmanna. Hæstv. utanrrh. varð ekki við þeirri ósk og hefur ekki orðið við henni enn. Ég vil enn á ný ítreka það að þessi könnun verði lögð fram hér í þjóðþinginu vegna þess að hún hefur eingöngu verið lögð fram í utanrmn.

Hins vegar þegar þessi könnun er skoðuð fer maður að skilja hvers vegna hún hefur verið feimnismál í utanrrn. Það er auðvitað alveg ljóst að meginniðurstöður þessarar könnunar eru í senn áfellisdómur um verk utanrrh. og áfellisdómur yfir stefnu hans og ríkisstjórnarinnar gagnvart EES-samningnum. Það kemur í ljós í þessari könnun að aðeins 13% þjóðarinnar bera traust til utanrrn. varðandi kynningu á EES-samningnum. Þrátt fyrir það að utanrrh. hefur knúið það fram hér á Alþingi hvað eftir annað að hann einn fái fjármuni úr opinberum sjóðum sem núna nema mörgum milljónum króna til þess að kynna EES-samninginn leiðir þessi könnun það í ljós að aðeins 13% Íslendinga lýsa því yfir aðspurðir hverjum þeir treysti best til að miðla þjóðinni upplýsingum um EES, að þeir treysti utanrrn. og öðrum ráðuneytum best til þess. Hins vegar treysta 31,8% Alþingi og 27,7% treysta fjölmiðlunum. Það eru um 60%, hæstv. utanrrh., sem treysta Alþingi og fjölmiðlum betur en utanrrn. til þess að kynna þjóðinni EES-samninginn. Þegar utanrrn. hefur sjálft látið gera könnun af þessu tagi, þó það hafi skiljanlega verið feimnismál af hálfu ráðuneytisins að leggja hana fram, þá blasir það auðvitað við hæstv. utanrrh. að við verðum að einhenda okkur í það hér á Alþingi að flytja fjármunina sem eru í fjárlögum yfirstandandi árs til kynningarstarfs á vegum utanrrn. á EES-samningnum yfir til Alþingis og til fjölmiðlanna. Við hljótum rökrétt að bregðast við þessum niðurstöðum í könnun utanrrn. með því að láta þá sem þjóðin treystir til að kynna samninginn efnislega fá fjármunina en ekki láta þá vera áfram hjá þeim sem þjóðin treystir greinilega ekki.

Ég vil segja það vegna þess að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson er hér í salnum og ég vil biðja forsrh. að hlusta á það, þótt hann sé í hliðarsal, að það er mikil traustsyfirlýsing í garð fyrrv. formanns utanrmn. að í þessari könnun utanrrn. skuli flestir treysta Alþingi til að kynna EES-samninginn. Sá maður sem hefur stýrt verkum á Alþingi varðandi EES-samninginn er hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Það er glæsilegt fyrir hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson að það skuli næstum því þrisvar sinnum fleiri Íslendingar treysta honum en utanrrh. til að kynna efni EES-samningsins. Það var því alla vega ekki hægt að sækja efnivið í þessa könnun til að koma hv. þm. úr formannsstöðu í utanrmn. Það vekur hins vegar athygli að það var einmitt um sömu mundir og hæstv. utanrrh. fékk efni þessarar könnunar í hendur, að þjóðin treysti hv. þm. Eyjólfi Konráði Jónssyni betur en honum, að hann fór að gera

kröfu um það við forsrh. að hv. þm. Eyjólfi Konráði Jónssyni yrði vikið úr formennsku í utanrmn. Það er ekki eina atriðið sem þessi könnun varpar ljósi á í atferli hæstv. utanrrh. síðustu vikurnar, *því margt sem* hefur valdið manni undrun síðustu vikurnar í atferli hæstv. utanrrh. skýrist þegar maður sér þessa könnun.

Annað atriðið er afstaðan til tvíhliða samningsins. Ég var satt að segja dálítið undrandi á því að sama daginn og hæstv. utanrrh. mælti fyrir EES-samningnum hér á Alþingi birti hann í Morgunblaðinu veigamikla grein, nærri því tvær síður, til þess að svara grein minni um stefnu Alþb. um tvíhliða samning Íslands og Evrópubandalagsins sem hafði birst í Morgunblaðinu u.þ.b. einum og hálfum mánuði áður. Í einn og hálfan mánuð þagði utanrrh. um málið. Sama daginn og hann mælir fyrir EES-samningnum á þingi birtir hann breiðsíðu í Morgunblaðinu til að ráðast á tillöguna um tvíhliða samning, tillögu okkar alþýðubandalagsmanna. Ég velti því fyrir mér þennan morgun hvernig stæði á þessari tímasetningu. Af hverju er ráðherrann að koma núna, einum og hálfum mánuði síðar, og sýna okkur þá virðingu í Alþb. og mér sérstaklega, að sama daginn og hann ávarpar þingið og þjóð sína um þennan EES-samning þá kemur breiðsíða á móti tillögunni um tvíhliða samning? Jú, skýringin kemur í þessari könnun. Vegna þess að í könnuninni kemur það í ljós að utanrrn. er í u.þ.b. mánuð búið að hafa það í höndunum að fleiri Íslendingar styðja stefnu okkar alþýðubandalagsmanna um tvíhliða samning en þeir sem styðja stefnu utanrrh. og ríkisstjórnarinnar um EES-samninginn. Andstaðan gegn tvíhliða samningi milli Íslands og Evrópubandalagsins er minni en andstaðan við EES-samninginn, eða með öðrum orðum, utanrrh. varð að horfast í augu við þá döpru staðreynd fyrir hann, en ánægjulegu fyrir okkur í Alþb., að könnun utanrrn. sjálfs leiddi það í ljós að meiri stuðningur var við okkar stefnu en stefnu hans og ríkisstjórnarinnar þótt hann sé búinn að hafa yfir tvö ár til að kynna þjóðinni sína stefnu, búinn að hafa milljónir úr opinberum sjóðum til að kynna þjóðinni sína stefnu, búinn að hafa herskara af embættismönnum og fjölmiðlafyrirtækjum og auglýsingastofum til að kynna þjóðinni sína stefnu. En við í Alþb. höfum ekki fengið krónu til að kynna okkar stefnu. Ein grein eftir formanninn birtist í Morgunblaðinu og síðan fréttatilkynningar eftir miðstjórnarfund okkar í júlímánuði en samt nýtur tillaga okkar um tvíhliða samning meiri stuðnings en EES-samningur utanrrh. (**ÖS:** Hvernig skýrir það tímasetninguna?) Það skýrir þá tímasetningu, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að utanrrh. vissi það að þjóðin studdi okkar stefnu meira en hans eigin stefnu. Þess vegna var það brýnt fyrir hann að ráðast fram á ritvöllinn í Morgunblaðinu sama daginn og hann mælti fyrir EES-samningnum á Alþingi til að reyna að höggva gegn þeirri tillögu okkar um tvíhliða samning milli Íslands og Evrópubandalagsins sem nýtur meiri stuðnings. (**ÖS:** Vissi hann það ekki einum og hálfum mánuði fyrr?) Nei, það vissi hann ekki einum og hálfum mánuði fyrr, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, og er nú tími til kominn að þingmaðurinn fari að lesa sér til í málunum áður en hann heldur áfram að kalla fram í í þingsalnum því það er alveg greinilegt að staðreyndirnar hafa eitthvað brenglast í hans huga.

Könnun utanrrn. leiðir það í ljós að þegar Íslendingar eru spurðir hvort þeir séu sammála því að það sé hægt að ná hagstæðari samningi um EES í tvíhliða viðræðum milli Íslands og EB þá eru 33,5% af heildinni sammála því en 20,8% eru ósammála. — Er nú skiljanlegt að bæði hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. séu farnir úr salnum vegna þess að það er mjög erfitt að hlusta á þessar staðreyndir. Ég vil hins vegar, virðulegi forseti, ítreka að það var eitt af því sem við ætluðumst til þótt við værum „líberal" í því að ráðherrann gæti farið í burtu að þá yrði hann þó hérna við umræðuna þegar hann væri kominn. — Það ánægjulega auðvitað fyrir okkur í Alþb. er að í stuðningsmannahópi allra stjórnmálaflokka á Íslandi, líka Alþfl., kemur fram meiri stuðningur við tvíhliða samninginn en andstaða. Það er meiri hluti af kjósendum Alþfl., hæstv. utanrrh., sem er sammála þeirri skoðun að tvíhliða samningur sé hagstæðari en EES-samningurinn. Það er meiri hluti kjósenda Sjálfstfl. sem er sammála því að tvíhliða samningur sé hagstæðari fyrir Ísland en EES-samningurinn. Svo er auðvitað meiri hluti kjósenda Framsfl., Alþb. og Kvennalistans sammála því að tvíhliða samningur sé hagstæðari fyrir Ísland en EES-samningurinn. Með öðrum orðum nýtur tillaga okkar alþýðubandalagsmanna í þessu máli, tillagan um tvíhliða samning milli Íslands og Evrópubandalagsins í stað EES-samningsins, meiri stuðnings í kjósendahópi allra stjórnmálaflokka í landinu. Þrátt fyrir alla þá fjármuni, allan þann tíma og allan þann mannafla sem utanrrh. er búinn að hafa til að kynna sinn málstað þá hafnar þjóðin honum. Maður skilur því ósköp vel hvers vegna þessi könnun var feimnismál í utanrrn. og farið með hana nánast eins og jarðsprengju sem enginn mátti stíga á. En það er ekki búið. Það kemur líka fram í þessari könnun að minni hluti kjósenda Sjálfstfl. er fylgjandi EES-samningnum. Það er aðeins 41,6% af kjósendum Sjálfstfl. fylgjandi EES-samningnum. Ég tel það ekki síður merkilegt hvað kjósendur Alþfl. velja. Það eru 52,8% af kjósendum Alþfl. sem eru fylgjandi EES-samningnum. Eða með öðrum orðum, utanrrh. er með 2,8% umfram 50% í sínum eigin kjósendahópi. Könnun utanrrn. leiðir það í ljós að séu stuðningsmenn ríkisstjórnarflokkanna lagðir saman þá er minni hluti í stuðningsliði ríkisstjórnarflokkanna sammála EES-samningnum.

Hvílík niðurstaða. Hvílík niðurstaða fyrir ráðherrann, að í fyrsta lagi séu bara 13% þjóðarinnar sem treysta honum til að kynna samninginn en yfir 60% sem treysta Alþingi og fjölmiðlum. Í öðru lagi sé mun meira fylgi við tvíhliða samninginn milli Íslands og EB, sem Alþb. hefur lagt til, en við EES-samninginn og sá stuðningur sé í kjósendahópi allra stjórnmálaflokka á landinu, líka Alþfl. Í þriðja lagi komi það í ljós að í stuðningsmannasveit Sjálfstfl. og Alþfl., ef saman er lagt, sé það minni hluti kjósenda ríkisstjórnarflokkanna sem styður EES-samninginn.

Ég spyr, hæstv. utanrrh.: Hvaðan kemur hið lýð-

ræðislega umboð að ætla sér að fara í gegn með slíkan samning hér í þinginu án þjóðaratkvæðagreiðslu? Utanrrn. sjálft hefur haft frumkvæði að því að gera könnun sem styður það að ríkisstjórnarflokkarnir hafa ekki lýðræðislegt umboð, hvorki frá þjóðinni né sínum eigin kjósendum til að staðfesta þennan samning hér á Alþingi. Ég hugsa að utanrrh. eigi eftir að sjá mikið eftir því að hafa beðið um þessa könnun því hún er satt að segja einhver versti dómur sem nokkur ráðherra á Íslandi hefur fengið um sína meginstefnu og sín verk og ekki getur hann dregið könnunina í efa vegna þess að hún er gerð af hans ráðuneyti og á hans ábyrgð.

Þar að auki, virðulegi utanrrh., leiðir þessi könnun í ljós að það er rangt sem ráðherrann sagði í framsöguræðu sinni á Alþingi, að atkvæði um EES-samninginn mundi í stórum dráttum falla eftir flokkspólitískum línum. Þetta sagði ráðherrann orðrétt í framsöguræðu sinni. Þetta reynist bara vera skrök, svo maður noti hversdagslegt orð, þegar maður fær loksins í hendur leynikönnun utanrrn. því í leynikönnun utanrrn. kemur það einmitt í ljós að afstaðan til samningsins, bæði andstaðan og stuðningurinn, gengur þvert á hinar flokkspólitísku línur. Staðreyndirnar eru því alveg þveröfugar við það sem hæstv. utanrrh. sagði í sinni framsöguræðu og er það nú ekki það eina sem hann fór rangt með. Það kemur t.d. í ljós að andstaðan gegn samningnum er í öllum stjórnmálaflokkum. Það eru um 10% kjósenda Alþfl. á móti samningnum, 50% af kjósendum Framsfl., um 20% af kjósendum Sjálfstfl., 57% af kjósendum Alþb. og 43% af kjósendum Kvennalistans ef tekið er af heild.

Stuðningurinn er 52,8% í Alþfl., 18% í Framsfl., 42% í Sjálfstfl., 16% hjá kjósendum Alþb. og 13% hjá kjósendum Kvennalistans. Það er einmitt þannig, virðulegi ráðherra, að þegar staðreyndirnar eru skoðaðar vekur það athygli að þetta gengur þvert á allar flokkalínur.

Ég skil satt að segja ekki af hverju hæstv. ráðherra sá nauðsyn á því að falsa þessar staðreyndir í framsöguræðu sinni nema hann hafi ætlað að skáka í því skjólinu að könnunin yrði aldrei birt. Hann ætlaði að skáka í því skjólinu að könnunin yrði leyniplagg utanrrn. Það vekur auðvitað athygli að gagnstætt því sem hæstv. iðn.- og viðskrh. sagði á Alþingi sl. fimmtudag, segir aðstoðarmaður utanrrh., Þröstur Ólafsson, sá maður sem ráðherrann hefur sýnt einna mestan trúnað á undanförnu ári, í viðtali við Tímann alveg skýrt, með leyfi forseta, að „...könnunin hafi ekki verið hugsuð til birtingar". (**Utanrrh.:** Að athuguðu máli.) Ja, það stendur nú ekkert að athuguðu máli (**Utanrrh.:** Það er þarna á milli lína.) heldur stendur að þetta hafi fyrst og fremst átt að vera vinnuplagg fyrir ráðuneytið en ekki verið ætlað til birtingar.

Nú ætla ég ekkert að dæma það hér hvor segir satt og hvor segir ósatt, starfandi utanrrh., Jón Sigurðsson, hér í þingsalnum sl. fimmtudag eða aðstoðarmaður ráðherra, Þröstur Ólafsson, í viðtali við Tímann. Það er í sjálfu sér aukaatriði í málinu á þessu stigi. Það er alla vega ljóst að utanrrn. hafði ekki frumkvæði að því að birta þessa könnun. Birtingin var knúin fram vegna fyrirspurnar minnar og kröfu hér í þingsalnum sl. fimmtudag.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því beint: Er hann ekki sammála því að niðurstaða þessarar könnunar hljóti að leiða til þess að þeir fjármunir, sem eru til ráðstöfunar til kynningar á EES-samningnum, hljóti nú að fara til Alþingis og fjölmiðlanna til þess að þeir aðilar sem þjóðin treystir annist kynninguna svo utanrrn. verði bara að horfast í augu við það að það eru ekki nema rétt rúm 10% af almenningi sem treystir því og þess vegna sé nauðsynlegt fyrir okkur að almenningur fái upplýsingar frá þeim sem hann treystir?

Mér fannst líka sérkennilegt að könnunarfyrirtækið var látið túlka niðurstöðurnar á þann veg í fréttatilkynningu sinni að þjóðin hefði ekki mikla þekkingu á málinu. Ég veit ekki alveg hver var tilgangur þeirrar túlkunar eða hvort þetta var einfaldlega hugsun þeirra sem fréttatilkynninguna sömdu. Ég vil hins vegar segja það að þegar maður skoðar könnunina þá er ekki hægt að vera sammála þessari túlkun. Í fyrsta lagi kemur það fram að þegar spurt er um einstök efnisatriði eins og vinnumarkað, fjárfestingar og fjölmargt annað, þá telur yfirgnæfandi meiri hluti almennings sig hafa nægar upplýsingar til þess að mynda sér skoðun. Sú spurning sem könnunarfyrirtækið leggur út af og utanrrh. hefur sjálfur greinilega verið að reyna að leggja út af í framsöguræðu sinni er þannig sett fram að menn eru beðnir að meta það sjálfir hvort þeir hafi nægja þekkingu á málinu. Það er auðvitað allt annað heldur en mat á því hvort sú þekking er fyrir hendi.

Ég hitti ágætan lækni á málverkasýningu um helgina. Hann tók sem dæmi að ef hann væri spurður í skoðanakönnun: Hefur þú nægja þekkingu á læknisfræði? Þá mundi hann segja nei, hann hefði ekki nægja þekkingu á læknisfræði. Þannig að ef menn eru spurðir: Hefurðu nægja þekkingu á viðkomandi máli, þá eru það ekki nema örfáir menn eins og hv. þm. Björn Bjarnason, formaður utanrmn. sem upplýst hefur verið að er einn af þessu 1,7% í könnuninni sem taldi sig hafa nægja þekkingu. Þar að auki endurspeglar það í raun og veru ekki kjarna málsins. Ég hef hitt menn sem hafa sagt það atriði, að mér virðist, að það sé ekki hægt að tryggja eignarhaldið á landinu, girðingarnar gagnvart jarðakaupum útlendinga muni ekki halda. Þessir menn hafa sagt: Það er mér út af fyrir sig alveg nægilegt til þess að hafna samningnum. Ég þarf ekkert að lesa 10 þúsund blaðsíður til þess

Annað atriði sem menn hafa nefnt er að í 4. gr. samningsins er 350 milljónum manna veittur sams konar réttur og íslenskir ríkisborgarar hafa haft í efnahagslífi okkar fram að þessu. Og menn hafa sagt: Við viljum varðveita þessi forréttindi íslenskra ríkisborgara og þetta eitt er mér alveg nægilegt til þess að vera á móti samningnum.

Spurning könnunarfyrirtækisins um þekkingarmat almennings sjálfs segir þannig einfaldlega ekki neitt. Ef ég hefði verið í sporum utanrrh., þá hefði ég frekar hampað hinum atriðunum til þess að sýna þó að kynningarstarfið hefði einhvern árangur borið heldur en

vera orðinn svo aðþrengdur í vörninni vegna þjóðaratkvæðagreiðslutillögunnar að það sé nauðsynlegt að reiða fram svörin við atriðum af þessu tagi.

Það hefur einnig komið fram í utanrmn. og í svörum utanrrn. sl. fimmtudag gagnvart fyrirspurnum mínum að þetta er ekki í fyrsta sinn sem utanrrn. gerir slíka könnun. Í desember í fyrra var birt hér könnun á vegum Félagsvísindastofnunar. Við lásum niðurstöður þeirrar könnunar með athygli í Morgunblaðinu. Þar voru m.a. veitt svör við því hve stór hluti þjóðarinnar kynni vel að meta störf utanrrh. að EES-samningnum og hve stór hluti þjóðarinnar kynni lítt að meta störf utanrrh. Það kom ekki fram í neinum blöðum sem birtu þessa könnun í desember að þessi könnun hefði verið unnin fyrir utanrrn. Það má vera að það hafi kannski komið fram í útvarpi eða sjónvarpi en ég held að það hafi hvergi komið fram í blöðum og eitt er víst að það kemur ekki fram í skýrslu Félagsvísindastofnunar um þessa könnun vegna þess að Félagsvísindastofnun lætur þess hvergi getið að það hafi verið utanrrn. sem var verkbeiðandi og greiðandi að þeirri könnun.

Ég vil segja við virðulegan utanrrh. að mér finnst það ekki alveg við hæfi að utanrrn. sé hvað eftir annað að láta framkvæma pólitískar kannanir af þessu tagi þar sem spurt er um viðkvæma hluti á verksviði ráðuneytisins, svarendur flokkaðir eftir því hvaða stjórnmálaflokk þeir aðhyllast og hvað þeir kjósi í þingkosningum og þessi gögn síðan notuð sem grundvöllur auglýsingastarfsemi kynningaráróðurs og málflutnings í utanrrn. án þess að segja alveg skýrt þegar fyrri könnun er birt af hálfu Félagsvísindastofnunar: Þetta er verk sem utanrrn. bað um og utanrrn. greiddi. Og án þess að tilkynna þá hér á þinginu strax við upphaf umræðunnar að utanrrn. hefði látið gera nýja könnun og niðurstöður þeirra yrðu kynntar þinginu í stað þess að þegja um það þunnu hljóði vikum saman að slík könnun hefði verið gerð og niðurstöður hennar lægju nú fyrir og hefðu legið fyrir í margar vikur í utanrrn. Slík vinnubrögð vekja tortryggni.

Ég verð að vísu að hæla ráðherranum fyrir það að í seinni könnuninni lagði hann ekki út í það að láta spyrja almenning hvaða álit hann hefði á utanrrh. sem var eitt af þeim atriðum sem spurt var um í fyrri könnuninni. (**ÖS:** Hvernig var það þá?) Ég heyri nú greinilega að formaður þingflokks Alþfl. hefur mikinn áhuga á að fá að vita hver var afstaða almennings til utanrrh. í þessari könnun. Ég tel það nú ekki vera neitt aðalatriði í þessu máli en hins vegar má segja að utanrrh. hefði mátt fá aðeins hærri einkunn í almenningsálitinu en hann fékk í þessari könnun. Það sem ég er að segja, (Forseti hringir.) ég skal gera hlé eftir örfáar sekúndur, virðulegi forseti, mér finnst óeðlilegt að ráðherra sé að nota opinbera fjármuni í ráðuneytunum til þess að spyrja almenning hvaða skoðun hann hafi á ráðherranum og flokka þau svör eftir stjórnmálaskoðunum og hvaða flokka menn kjósa í þingkosningum án þess að segja það þá alveg skýrt opinberlega þegar könnunin er birt að það sé viðkomandi ráðherra og ráðuneyti sem hafi staðið fyrir þeirri könnun. (**Forseti:** Nú er fundartími á enda í dag. Ef hv. þm. á eftir aðeins stutta stund til að ljúka sínu máli, þá mundi forseti umbera það en að öðru leyti vildi forseti biðja hv. þm. að fresta ræðu sinni.) Virðulegi forseti. Það er nú svo sem ekki mjög löng stund sem ég á eftir en ég held hins vegar að það væri ógerningur að ljúka ræðu minni á þeim fáeinu mínútum sem forseti hefur í huga vegna þingflokksfunda og er því reiðubúinn að gera hlé á ræðu minni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá frestar hv. 8. þm. Reykn. ræðu sinni og þessari umræðu er frestað.

Umræðu frestað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

11. FUNDUR

þriðjudaginn 1. sept.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr.

2. Stjórnarskipunarlög, frv. 29. mál, þskj. 30. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi höfðu:

Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.

Útbýting þingskjala:

Samkeppnislög, 9. mál, brtt. 50, SJS.

Skoðanakönnun á þekkingu fólks á EES, 48. mál, fsp. ÓÞÞ, þskj. 50.

Útboð á vegum dómsmálaráðuneytisins, 51. mál, fsp. FI, þskj. 53.

Útboð á vegum félagsmálaráðuneytisins, 52. mál, fsp. FI, þskj. 54.

Útboð á vegum forsætisráðuneytisins, 53. mál, fsp. FI, þskj. 55.

Útboð á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, 54. mál, fsp. FI, þskj. 56.

Útboð á vegum iðnaðarráðuneytisins, 55. mál, fsp. FI, þskj. 57.

Útboð á vegum landbúnaðarráðuneytisins, 56. mál, fsp. FI, þskj. 58.

Útboð á vegum menntamálaráðuneytisins, 57. mál, fsp. FI, þskj. 59.

Útboð á vegum samgönguráðuneytisins, 58. mál, fsp. FI, þskj. 60.

Útboð á vegum sjávarútvegsráðuneytisins, 59. mál, fsp. FI, þskj. 61.

Útboð á vegum umhverfisráðuneytisins, 60. mál, fsp. FI, þskj. 62.

Útboð á vegum utanríkisráðuneytisins, 61. mál, fsp. FI, þskj. 63.

Útboð á vegum viðskiptaráðuneytisins, 62. mál, fsp. FI, þskj. 64.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 49. mál, fsp. KHG, þskj. 51.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Tilkynning hefur borist um kjör formanns og varaformanns í landbn.:

Formaður Egill Jónsson, varaformaður Össur Skarphéðinsson.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti upplýsa að í dag eru fyrirhugaðar tvær utandagskrárumræður samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða. Annars vegar er það umræða að ósk hv. 4. þm. Suðurl., Margrétar Frímannsdóttur, um Kópavogshælið og hins vegar umræða að ósk hv. 5. þm. Suðurl., Guðna Ágústssonar, um fíkniefnavandann. Það er fyrirhugað að fyrri utandagskrárumræðan hefjist kl. 4 eða um það leyti og sú síðari um eða upp úr kl. 6.

Þá vill forseti jafnframt geta þess að hér er gert ráð fyrir að fundur geti orðið áfram í kvöld.

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum að fjalla um frv. sem kveður á um að við skulum fullgilda fyrir Íslands hönd samning um hið Evrópska efnahagssvæði og ekki bara samninginn heldur viðauka við hann, bókanir og gerðir sem í viðauka er getið. Það er því ekki rétt að við séum aðeins að fullgilda samninginn um EES, við erum jafnframt að taka í lög allt sem honum fylgir og öll þau lög og reglugerðir sem gilda innan Evrópubandalagsins og snerta fjórfrelsið. Það munu vera um 60% af lagabálkum Evrópubandalagsins sem falla undir það.

Þegar ég byrjaði fyrir einu ári að kynna mér hvað fælist í því fyrir okkur ef við gerðumst aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði var því mjög haldið á lofti af forsvarsmönnum þessa samnings að stærstu hagsmunir okkar sem snertu þennan samning fælust í því að fá tollfrjálsan markað fyrir helstu útflutningsvörur okkar, þ.e. sjávarafurðir. Þar höfum við haft hingað til verulegar tollaívilnanir samkvæmt svokallaðri bókun 6 sem oft er vitnað til. Þar höfum við notið tollfrelsis á um 50% af útflutningi á sjávarafurðum til Evrópubandalagsins. Það var árið 1990 samkvæmt útflutningsskýrslum. Því til viðbótar höfum við notið verulegra tollfríðinda á 17% af útflutningi sjávarafurða. Þarna er því um að ræða tæp 70% af útflutningi sjávarafurða sem við höfum notið ýmist tollfrelsis á eða verulegra tollfríðinda.

Hvað er það þá sem við fáum með þessum samningi? Í athugasemdum með samningnum segir að hlutfall tollfrjálsra sjávarafurða aukist úr rúmlega 60%, eins og það er orðað þar, í 90%. Það er talið jafngilda 1,7–2 milljörðum kr. og menn horfa á þetta og hugsa sem svo að þarna sé nú um álitlega upphæð að ræða. En menn skyldu athuga að þetta er ekki það sem við fáum í okkar hlut, alls ekki. Við borgum ekki tollana. Og það er ekki þar með sagt að þessi lækkun komi þeim neytendum til góða sem ætla að kaupa fiskinn okkar. Við sjáum mörg dæmi þess að lækkun í heildsölu kemur ekki fram í smásölu og því skyldi annað gilda um þetta? Það má allt eins gera því skóna að þetta hafi ekki teljandi áhrif á sölumöguleika okkar á fiskafurðum erlendis. Það er vert að skjóta því inn í að það hefur kostað okkur nokkur hundruð milljónir að standa í þessum samningaviðræðum og það „batterí" sem þarna er verið að setja upp kostar okkur líklega um 1 milljarð kr. árlega í greiðslu fyrir alls konar nefndastörf, ferðalög, framlög í Þróunarsjóð EB o.fl. og er þá ekki meðtalinn allur sá viðbótarkostnaður sem við hljótum að lenda í hér innan lands. Endanleg tala liggur vitaskuld ekki fyrir og verður ekki fyrr en fyrsti ríkisreikningur verður tilbúinn þar sem kostnaðurinn kemur þá í ljós verði þetta frv. um Evrópskt efnahagssvæði samþykkt hér á hinu háa Alþingi.

Í framhaldi af umræðu um tolla má benda á að ríkissjóður verður líka af tekjum í formi fjáröflunartolla sem voru á árinu 1991 940 millj. kr. á vörum frá löndum hins Evrópska efnahagssvæðis. Með samningi um Evrópskt efnahagssvæði erum við að afsala okkur eigin ákvörðunarvaldi um þessar tekjur ríkisins. Hins vegar ef við erum ekki innan Evrópsks efnahagssvæðis getum við sjálf ákveðið á hvaða vörur við leggjum innflutningstolla og hvenær við breytum þeim eða fellum þá niður ef það þjónar hagsmunum okkar. Í þessu sem svo mörgu öðru erum við að afsala okkur eigin ákvörðunarvaldi.

Ég ætla að ræða örlítið meira um sjávarútvegsmálin og EES. Samkvæmt frv. átti að leggja fram frágenginn sjávarútvegssamning um gagnkvæmar veiðiheimildir. Það hefur enn ekki tekist að koma honum

saman. Það sem vitað er er að búið er að opna landhelgina fyrir erlendum skipum. Á sama tíma og við höfum haft það markmið að losna við erlend skip úr fiskveiðilögsögunni á nú að hleypa skipum Evrópubandalagsins inn í hana samkvæmt þeim drögum sem fyrir liggja. Skip Evrópubandalagsins fá sem svarar veiðiheimildir fyrir 3 þús. tonnum af karfa og á móti eigum við að fá 30 þús. tonn af loðnukvóta Grænlendinga sem Evrópubandalagið hefur keypt. Í þessu sambandi er rétt að vitna í ræðu sem Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, flutti á aðalfundi Samstöðu hinn 9. maí sl. en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Íslendingar buðu sl. sumar skipti á langhala og loðnu. Hvorki höfðum við nýtt langhalann né Evrópubandalagið loðnuna svo látið var líta út sem hér væri um „pappírsviðskipti" að ræða. Þetta gerbreyttist hins vegar þegar Evrópubandalagið krafðist þess að fá að veiða hér 3 þús. tonn af karfa. Þess ber að geta að karfinn er að sjálfsögðu einn af okkar fullnýttu stofnum þannig að veiðar útlendinga hafa það í för með sér að draga verður úr afla íslensku togaranna sem veiðum útlendinganna nemur. Í stað þessa skyldum við fá 30 þús. tonn af loðnu, þ.e. veiðiheimildir sem Evrópubandalagið hefur keypt af Grænlendingum og við gætum nýtt í stað þeirra 3 þús. tonna af karfa sem Evrópubandalagið fengi að veiða hér.

Aðalatriði þess sem ég er að reyna að koma hér til skila," segir Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, „er sú staðreynd að veiðiheimildir þær sem Grænlendingar selja Evrópubandalaginu eru engin viðbót við þá loðnu sem er á Íslands-, Grænlands-, Jan Mayen-svæðinu. Þetta er hluti af því sem við viljum kalla íslenska loðnustofninn. Ef Íslendingar ætla í raun og veru að semja um gagnkvæm veiðiréttindi og afsala sér 3.000 tonnum af karfa nær auðvitað engri átt að þiggja í staðinn loðnu sem við fengjum hvort sem væri."

Þetta segir Jakob Jakobsson og ég hef þar engu við að bæta. Þetta eru staðreyndir málsins. Ég tel því að það sem sagt var í upphafi þessara EES-viðræðna, að þær væru fyrst og fremst til að fá niðurfellingu tolla af sjávarafurðum í löndum EB og ekki kæmi til greina að hleypa erlendum skipum inn í okkar fiskveiðilögsögu, sé hvorugt lengur til staðar.

Menn skyldu líka taka eftir því að í fyrstu var ekki svo mikið sem talað um fjórfrelsið. Það var ekki aðalmarkmiðið. Nú á það hins vegar að vera aðalfengur okkar af þessum samningaviðræðum.

Vík ég þá aðeins af hinu fjórþætta frelsi. Frjálsir fólksflutningar er hið fyrsta. Þurfum við á því að halda? Það hafa ekki verið miklar hömlur á okkur Íslendingum til að setjast að í öðrum löndum og dæmi um að fólk hafi ýmist fengið atvinnu hjá öðrum eða stofnað eigin fyrirtæki. Við þurfum ekki samning um Evrópskt efnahagssvæði til þess. Hvað varðar það sem fram kom í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, að nauðsynlegt sé fyrir okkur að vera innan Evrópsks efnahagssvæðis til að geta fengið að vera með í evrópsku rannsóknarstarfi, að þá veit hún það áreiðanlega að slík samvinna hefur verið í gangi og er ekki skilyrt því að vera innan Evrópsks efnahagssvæðis. En hvað með þann ótta sumra að hingað flykkist erlent vinnuafl frá atvinnuleysissvæðum Evrópubandalagsins? Ráðamenn svara að það sé engin hætta á því, þar munum við nefnilega njóta fjarlægðarverndar. Vel má það vera en skyldi þá ekki þessi sama fjarlægð vera okkur hindrun þegar kemur að því að leita inn á markaði Evrópubandalagsins sem nú eiga að vera okkur öllum opnir, bæði fyrir sjávarafurðir og iðnaðarvörur? Skyldi þá ekki fjarlægðin vera hindrun í að komast inn á markaðina? Það er erfitt að ná markaðshlutdeild og þó að fiskurinn sé okkar stærsta útflutningsafurð, þá er hann aðeins lítill hluti þess fisks sem þarf til manneldis í Evrópubandalagslöndum. Það eru því ekki miklar líkur á að okkur gangi vel að leggja undir okkur markaði EB með fullunnar sjávarafurðir eins og margir virðast halda, fyrir utan það að markaðsfræðingar telja að mesti vaxtarbroddurinn sé í útflutningi á ferskfiski beint til neytenda og öll þróun síðustu ára hnígur í þá átt. Erum við ekki að fjölga frystitogurum? Vegna hvers? Vegna þess að það er sú framleiðsla sem borgar sig best í dag og mesta eftirspurnin er eftir. Þeir sem leyfi hafa til að veiða fiskinn, þeir sem eiga kvótann, taka fyrst og fremst mið af því hvað gefur mestan hagnað og munu ekki fara að basla við það að framleiða fullunnar fiskafurðir með tilheyrandi hallarekstri eins og dæmið lítur út. Þeim kemur það ekkert við þótt það skapi fleiri störf í landi.

Ef við lítum til reynslu Dana og Norðmanna um hlutfall fullunnins fisks í heildarútflutningi þá styður það þessa kenningu. Fiskvinnslufyrirtæki í Evrópu hafa líka ákveðið forskot á markaðnum og njóta nálægðar við hann eins og ég sagði áðan en eru okkur hindrun.

Með frjálsum fólksflutningum má líka leiða að því líkur að erfiðara verði um eftirlit á landamærum enda yfirlýst stefna Evrópska efnahagssvæðisins að slaka þar á. Gætum við ekki átt von á auknu flæði af fíkniefnum sem samkvæmt síðustu fréttum eru alltaf að aukast og á að ræða utan dagskrár í dag? Það virðist svo sem eftirlit okkar með innflutningi fólks megi ekki vera minna en það er. Og ég spyr því hæstv. utanrrh.: Hvað verður gert til að stemma stigu við því að enn meira flæði fíkniefna verði hingað til lands með tilheyrandi afleiðingum? Á að auka útlendingaeftirlitið á sama tíma og yfirlýst stefna Evrópubandalagsins er að slaka á eftirliti á landamærunum?

Frjáls flutningastarfsemi er mikilvægur hluti af Evrópska efnahagssvæðissamningnum. Sá hluti sem snertir okkur mest snýr að samgöngum á sjó og í lofti. Í sjóflutningum höfum við búið við samkeppni erlendra aðila bæði beint og óbeint. Það hefur leitt til lækkunar á farmgjöldum og framleiðniaukningar hjá skipafélögum sem hefur komið fram í lækkuðu vöruverði. Samkvæmt samningnum má ekki mismuna með magntakmörkunum eða forgangi að flutningum. Ekki eru í sjónmáli sérstakar eða miklar breytingar við hugsanlega þátttöku okkar í Evrópska efnahagssvæðinu. En þó hefur ekki enn verið gengið frá reglum um gagnkvæman aðgang að strandflutningum innan Evrópu-

bandalagsins og þá væntanlega innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í þessu sem öðru er ákvarðanavaldið tekið frá okkur. Við megum ekki semja við þriðju lönd um farmskiptingu. En í þessum málaflokki er EB fyrst og fremst að styrkja sína kaupskipaútgerð. Og það getur verið að okkar fyrirtæki verði sökum smæðar ekki samkeppnisfær.

Það vakti athygli mína að í Morgunblaðinu hinn 27. ágúst sl. var grein um samdrátt hjá Eimskip og að tekjur hafi dregist saman um 13% að raungildi fyrstu sex mánuði ársins. Þar segist Hörður Sigurgestsson forstjóri gera ráð fyrir að fækka starfsmönnum um 35–40 manns og að búist sé við áframhaldandi samdrætti í flutningum á næsta ári. Orðrétt segir hann, með leyfi forseta:

„Við teljum að í flutningalegu tilliti verði árið 1993 áframhaldandi þungt og geti orðið þyngra en árið 1992."

Ég spyr nú bara: Hefur maðurinn gleymt því að þann 1. janúar nk. eigum við að vera orðnir aðilar að innra markaði EB? Eða getur það verið að það hafi engin teljandi áhrif á stöðu fyrirtækjanna? Það er þá að minnsta kosti annað en þau rök sem borin eru á borð fyrir okkur, það að staða viðskipta okkar á alþjóðamarkaði muni stórlega batna.

Ákvæðin um frjálsa vöruflutninga getur einnig haft þau áhrif að við missum íslensk skip undir svokallaðan þægindafána. Og þar með missa íslenskir farmenn störf til annarra sem skipafélögin geta þá ráðið á lægri launum en kjarasamningar kveða á um. Þá hef ég einnig rekið augun í að reglugerð EB nr. 613 1991, um tilfærslu skipa frá einni skipaskrá til annarrar innan EB-ríkja, getur haft sitt að segja. Samkvæmt henni getum við t.d. ekki neitað að skrá skip sem hefur gild skírteini og fullnægir kröfum fyrra heimalands. Við getum ekki sett okkar skilyrði fyrir tækni- og öryggisútbúnaði skipsins og við þekkjum að slíkar reglur eru mjög mismunandi milli landa. Við getum því átt á hættu að hér séu skráð skip sem ekki fullnægja þeim öryggiskröfum sem við gerum til okkar skipa í dag. Og vilji menn kynna sér þetta þá er þetta á bls. 147 í frumvarpinu.

Í flugsamgöngum verður aukið frelsi innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þar hafa verið í gildi ýmsar hömlur á frjálsri samkeppni á milli flugfélaga. En það hefur ekki eintóma kosti í för með sér. Það getur að vísu orðið til þess að samkeppni aukist í millilandaflugi sem mundi skila sér til neytenda í lækkuðum fargjöldum a.m.k. til að byrja með. En er ekki hætt við að þegar risanum í flugrekstrinum hefur tekist að drepa af sér minni fyrirtækin, eins og við sjáum oftlega dæmi um, verði þeir einir á markaðnum og geta þá ráðið verðlagningunni?

Við verðum í þessu sem öðru að huga að því að þegar hinn óhefti markaður tekur völdin þá er ekki víst að okkar fyrirtæki standist þær kröfur sem gerðar eru. Lítil og meðalstór fyrirtæki — en samkvæmt skilgreiningu Evrópubandalagsins eru það fyrirtæki þar sem starfa færri en 500 manns — munu eiga erfitt með að standast samkeppni frá stærri og hagkvæmari rekstrareiningum. Og nú geta menn leitað í huga sér hvaða fyrirtæki á Íslandi eru með meira en 500 manns í vinnu.

Stefnt er að því að öll höft á skiptingu sætaframboðs í flugi verði afnumin hinn 1. jan. 1993 og ekki má mismuna flugfélögum í innanlandsflugi eftir skrásetningu þeirra innan ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og alls ekki aðgang að flugvelli sem um fara meira en 30 þús. farþegar á ári. Undir þetta falla flugvellirnir í Reykjavík, Keflavík, á Ísafirði, Egilsstöðum, Akureyri og í Vestmannaeyjum. Þá eru einnig í endurskoðun reglur sem gera á til flugmanna og nýjar kröfur um tæknilega getu flugfélaga. Reyndar get ég ekki séð að við þurfum Evrópskt efnahagssvæði til að gera strangari kröfur til flugmanna eða um tæknilega getu flugfélaga. Okkur er í sjálfsvald sett að vinna að öryggisatriðum í flugi innan IATA, alþjóðasambands flugfélaga. Og við getum sett okkar eigin reglur um fjárhagslega og tæknilega getu flugfélaga til að fá rekstrarleyfi.

Í kaflanum um fjarskipti segir að opnað sé fyrir frjálsan markaðsaðgang á sviði hvers kyns fjarskipta nema símtalaþjónustu. Þar er ætlunin að við tökum í gildi alls kyns tilskipanir EB og reglur m.a. um farsíma, boðkerfi, um stafræn þráðlaus viðskipti, um stöðlun, um að aðskilja eftirlit og rekstur, svo eitthvað sé nefnt. Þetta kallar á margs konar breytingar hér á landi og reglugerðafár sem trúlega þarf ekki samþykki Alþingis fyrir heldur verður meðal þess sem ráðherra tekur sér vald til að gera eins og oft er um reglugerðir. Í því sambandi vil ég geta þess að komið er fram eitt frv. til laga sem varðar samgöngumál. Það er eins konar bandormur þar sem aðallega er verið að gefa ráðherra heimild til að setja þær reglur á sviði samgöngumála sem kveðið er á um í XIII. viðauka EES-samningsins um flutningastarfsemi.

Í fjarskiptamálum hefur Ísland þó aðlögunartíma til 1995 ef frv. um Evrópskt efnahagssvæði verður samþykkt.

Ég hef hér nokkuð gert að umtalsefni frjálsa fólksflutninga og flutningastarfsemi. Til viðbótar fjórfrelsinu er svo fjármagn og þjónusta. Ýmsir virðast halda að erlent fjármagn muni streyma inn í okkar smáu og illa stöddu fyrirtæki. Það er auðvitað fráleitt. Hvað er það helst sem erlendir aðilar hefðu hug á? Trúlega að ná aðstöðu til að nýta þær auðlindir sem við eigum enn nóg af, eins og vatn, orku og óspillta náttúru. Um sjávarútvegsfyrirtæki er ekki að ræða, a.m.k. ekki að svo stöddu þar sem girt hefur verið fyrir þátttöku erlendra aðila með löggjöf sem var, að mig minnir, samþykkt fyrir tæpum tveimur árum. Að öðru leyti vísa ég til þess sem segir í bæklingi fjmrn., Evrópa 1992 og ríkisfjármálin. Þar segir svo um efnahagsleg áhrif aðlögunar að EB, með leyfi forseta; „...að búast megi við að viðskiptakjör batni þar sem verð á innfluttum vörum lækki en að vísu geti kreppt að innlendum samkeppnisgreinum." Það er mergurinn málsins. Við erum með þessum samningi að hleypa öllu lausu. Við ráðum þróuninni ekki sjálf. Við getum ekki farið okkur hratt eða hægt eftir atvikum og vilja okkar sjálfra.

Frjálshyggjan ræður, svo einfalt er það. En það verður kannski ekki einfalt að snúa við ef og þegar við sjáum að við megum okkur lítils í hlutfalli við Evrópurisana.

Ég hef, eins og ég sagði í upphafi, í u.þ.b. eitt ár leitast við að skoða kosti og galla á þeim samningi um Evrópskt efnahagssvæði sem við erum að fjalla hér um. Ég taldi eins og sjálfsagt margir aðrir að það hlytu að vera sterk rök fyrir því að við gerðumst aðilar að slíkum samningi. Ég hef bara ekki fundið nein haldbær rök.

Í upphafi samningaviðræðna lagði Kvennalistinn til að farið yrði frekar í gerð tvíhliða samnings um viðskipti en að búa til þetta Evrópska efnahagssvæði. Mér sýnist fleiri og fleiri vera að komast á þá skoðun. Og *ég fæ ekki betur séð en að við hefðum getað náð* viðunandi viðskiptasamningi með því og jafnframt haldið óskertu ákvarðanavaldi okkar. Ég get ekki tekið undir það sem hv. þm. Björn Bjarnason segir í grein í Morgunblaðinu og utanrrh. vitnaði til í framsögu, að í viðræðum við EB náum við betri árangri í fylgd með öðrum en einir og óstuddir. Það getur líka verið okkur *hindrun* að þurfa að taka mið af hagsmunum hinna EFTA-ríkjanna við þessa samningagerð. Og það hefur vafalaust verið hindrun. Með venjulegum fríverslunarsamningi þyrftum við heldur ekki að standa frammi fyrri því að viss ákvæði samningsins um Evrópskt efnahagssvæði stangist á við stjórnarskrána.

Virðulegi forseti. Ég hef gert að umtalsefni ýmis sérmál í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Ég tel að á undan mér hafi það margir gert stjórnarskrárþátt málsins að umtalsefni að ég vildi ekki eyða miklum tíma í að ræða það. En það er þó það sem fyrst og fremst þarf að ræða og ná niðurstöðu um, hvort það *standist stjórnarskrá landsins* að gera þennan samning. Hvort við erum þar að brjóta sérstaklega 2. gr. stjórnarskrárinnar. Við getum ekki látið þær aðvaranir sem virtir lögfræðingar og þjóðréttarfræðingar senda frá sér sem vind um eyru þjóta. Við getum heldur ekki hundsað vilja fjölmargra landsmanna sem vilja að þjóðaratkvæðagreiðsla fram fari um þetta mál. Það er ekki hægt að afgreiða á þann hátt sem utanrrh. gerir, að fólk hafi ekkert vit á þessu og þess vegna þýði ekkert að leggja slíkt undir dóm almennings.

Að líkja samningnum um Evrópskt efnahagssvæði við hvern annan fríverslunarsamning er líka fráleitt. Hann á ekkert skylt við það. *Í samningnum* er valdaframsal til yfirþjóðlegra stofnana eins og stofnana Evrópubandalagsins sem við erum ekki aðilar að. Og slíkt er óheimilt samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það eins og ég sagði áðan, enda margir gert það á undan mér og ekki þörf á að endurtaka það allt. En í því frv. sem hér er til umræðu höfum við ekki færi á að breyta neinu. Það er tilbúinn samningur sem við ætlum að lögtaka. Annaðhvort segjum við já eða nei. Samþykkjum það óbreytt eða fellum. Ef það verður samþykkt mun það verða fyrsta skrefið í löngum ferli laga og reglugerða *í framtíðinni sem við höfum engin áhrif á. Framvegis* yrðum við að gangast undir stóran hluta af lögum og reglugerðum Evrópubandalagsins og höfum engin áhrif á málatilbúnað. Vilja alþingismenn það? Vilja þeir skerða rétt Alþingis til að setja landinu lög? Vilja þeir taka þá áhættu að samþykkja samning, sem að áliti hinna færustu manna, brýtur í bága við stjórnarskrá landsins?

Virðulegi forseti. Ég skora á hvern og einn að skoða þetta mál vel og vandlega.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hygg að þetta mál sé stærsta málið sem Íslendingar hafa tekið fyrir á Alþingi frá því að við slitum sambandinu við Dani. Ég hygg að allt frá þeim tíma hafi það verið stefna hvers einasta Íslendings að við þyrftum að halda áfram að styrkja stöðu okkar sem sjálfstæðrar þjóðar en ekki hitt að sjálfstæðið væri okkur fjötur um fót. Það er ærið umhugsunarefni hvernig það getur gerst að nú stöndum við frammi fyrir því að hver ræðumaðurinn eftir annan metur það svo að með því að afsala hluta af fullveldi íslensku þjóðarinnar — það má deila um hve stórum hluta — þá muni Íslendingar hafa af því efnahagslegan ávinning. Vopnaburðurinn er slíkur að það minnir á gömlu kenninguna hjá Filippusi Makedoníukonungi, sem sagði: „Enginn borgarmúr er svo hár að asni klyfjaður gulli komist ekki yfir hann.“ Og vissulega er þessi fullyrðing enn í fullu gildi.

Við *höfum upplifað* það að *hafin er stórkostleg* rannsókn í Sovétríkjunum á því hvort íslenskir kommúnistar hafi verið landráðamenn eða ekki. Hvort þeir hafi látið selja sig erlendu stórveldi til stuðnings. Menn hafa lagt það á sig að fletta þar upp gögnum fram og til baka og merkilegt nokk, þeir eru hirðumenn með skjöl þar úti. Þeir brenna þeim ekki, þeir telja rétt að hægt sé að skoða þau. Það lengsta sem menn hafa komist til þessa í rannsókninni miklu er að forstjóri fyrir íslenskri bókaútgáfu, sem gaf út bækur frá Sovétríkjunum, er staðinn að því að hafa tekið lán og þegið að lánið var afskrifað.

Vissulega er það umhugsunarefni hversu stóra bita menn geta þegið án þess að það hafi áhrif á þeirra stefnu. En hitt er líka umhugsunarefni að það er alger leynd yfir öllum skjölum utanrrn. frá heimsstyrjöldinni síðari. Má vænta þess að núv. utanrrh. vinni að því að þessari skjalaleynd verði aflétt því að þetta eru að verða mestu leyniskjöl sögunnar? Það er búið að *opinbera flestöll önnur gögn* í Ameríku en þessi. Hvaðan kemur þá krafan um að þessi gögn séu ekki opinberuð? Er það frá íslenska Alþfl.? Og hvers vegna segir sá það sem hér stendur? Vegna þess að eini foringi Íslendinga í stjórnmálum sem hefur lýst því yfir að hann hafi þegið erlent fé var forustumaður Alþfl., Benedikt Gröndal. Hver kannast ekki við þá yfirlýsingu? Og hann lofaði íslenskri þjóð að gera grein fyrir því hvaðan peningarnir væru komnir, hve miklir og hvernig þeim yrði varið. Þessi skýrsla hefur aldrei verið lögð fyrir íslenska þjóð. Okkur var sagt að þessir peningar kæmu frá norsku verkalýðshreyfingunni. Hver *trúir* því að hægt sé að láta samþykkja reikninga í norsku verkalýðsfélagi þar sem stendur: Peningar send-

ir til Íslands til þess að efla Alþfl. uppi á Íslandi? Trúir nokkur maður því að endurskoðandi hafi samþykkt aðra eins hringavitleysu? Trúir nokkur Íslendingur því að þetta sé satt? Hvaðan komu peningarnir sem Benedikt Gröndal var með á sínum tíma? Og hversu mikla peninga hefur íslenski Alþfl. þegið erlendis frá í gegnum tíðina? Það er eins og Ísland sé blómagarður í kosningum. Það eru rauðar kratarósir út um allt, innfluttar. Hvaðan kemur þetta fé? Það skyldi þó ekki vera að það væri komið að skuldadögum og kerling vildi hafa nokkuð fyrir snúð sinn. (Gripið fram í.) Það er engin rós án þyrna, hv. formaður þingflokks Alþfl. Og það eru þyrnarnir sem núna eru farnir að þéttast að.

Auðvitað höfum við engan sérfræðing á borð við hv. 5. þm. Norðurl. e. í rannsóknastarfsemi til þess að fara ofan í þessi mál. Ég geri ráð fyrir því að þetta rosalega mál þarna fyrir norðan sem ekki er enn upplýst hlyti að verða upplýst á næstunni ef hann tæki sér hlé frá þingstörfum og færi í að skoða það. En kannski verður það þetta mál sem hann tekur fyrir, þ.e. fjármagn Alþfl.

Ég hygg að það sé aðeins eitt mál fyrir norðan sem mönnum hefur fundist með ólíkindum, þegar grímuklæddur maður ryðst inn í hús, notar eggvopn til að hafa fram vilja sinn gagnvart konu og hótar að drepa börnin hennar. Ég veit ekki um neitt mál á Akureyri sem hefur verið jafnviðbjóðslegt og þetta mál. En ég hélt að það ætti ekki sérstaklega inn í þessa umræðu í nákvæmri skýringu. Ég hélt að menn skildu fyrr en skylli í tönnum. En hvernig stendur þá á því að peningarnir sem komu til Alþfl. forðum og aldrei var gerð grein fyrir hafa algerlega horfið út úr myndinni þegar menn ræða nú um það sem hér er að gerast?

Fyrrv. formaður utanrmn. þessa þings hefur á seinustu þingum fyrst og fremst verið frægur fyrir það að hann hefur viljað sækja meiri rétt fyrir Íslendinga en hans samtíð hefur sennilega skynjað að væri hægt. Þar á ég við deiluna við Breta út af hugsanlegum olíulindum á gráu svæði eða svæði sem Íslendingar eiga fullan kröfurétt til. En niðurstaðan er sú að hann hefur verið settur af.

Þessi sami þingmaður varð eitt þjóðfrægur fyrir það að hann vildi standa á vissum prinsippum í réttindum manna varðandi atvinnufrelsi, keypti sér hrút, átti byssu, hvort hann hafði keypt hana eða fengið hana gefins veit ég ekki, og hótaði að skjóta hrútinn. Það hafði enginn samúð með hrútnum. Menn hugleiddu það ekki einu sinni að hrúturinn hefði sjálfstæðan vilja og rétt til lífsins. Það fylgdust allir með því hvað skotmaðurinn ætlaðist fyrir og hvort hann hefði óskertan rétt til að drepa hrútinn. Ég veit ekki hvort hv. 4. þm. Reykv. gerði sér grein fyrir því þá að það yrðu hlutverkaskipti í rullunni og hann mundi hafna í hlutverki hrútsins. Það merkilega gerðist að stórskyttan sem tók að sér að sjá um verkið tapaði eiginlega allri athygli. Athygli þjóðarinnar snerist við. Hlutverkið sem hafði verið aðalhlutverkið, þ.e. skotmannsins, varð ákaflega lítils virði vegna þess að sá sem var í hlutverki hrútsins gaf út þá yfirlýsingu sem stendur eftir óbrotgjörn: Heldur segi ég af mér þingmennsku en að brjóta stjórnarskrána. Sú yfirlýsing gerði það að verkum að allri íslenskri þjóð varð ljóst hvers vegna það væri ekki hægt að hafa þennan mann sem formann utanrmn. Það gekk hreinlega ekki upp miðað við stöðu mála.

Víkjum ögn betur að því sem er að gerast í pólitíkinni í heiminum í dag. Það er vonlaust annað en fara nokkuð vítt yfir sviðið vegna þess að Íslendingar, sem yfirleitt eru ekki mjög hógværir, hafa lýst því yfir samkvæmt skoðanakönnun framkvæmdri af utanrrn., iðnrn. og félmrn. að þekking þeirra á EES-málum sé frekar lítil. Við verðum að fara aftur til heimsstyrjaldarinnar síðari og örlítið lengra því eitt af slagorðum Þjóðverja og ástæðan fyrir því að þeir fóru í þetta stríð var krafa Þýskalands um lífsrými. Hver kannast ekki við gömlu kröfuna um lífsrými? Og hvers vegna kröfðust Þjóðverjar lífsrýmis? Vegna þess að nýlenduveldi heimsins voru búin að niðurnjörva viðskiptahættina um heim allan. Það var búið að útbúa slíkt viðskiptanet að nýlenduveldin höfðu það í hendi sér að stór svæði áttu enga viðskiptalega möguleika við neina þjóð aðra en nýlenduherrana. Dálítið merkilegt að Ísraelsmenn hafa sama háttinn á gagnvart Aröbunum á herteknu svæðunum. Ef þeir ætla að selja eitthvað sem á að fara til útlenda, þá verða Arabarnir fyrst að selja það Ísraelsmanni og hann að selja það úr landi. Ákaflega einföld aðferð til þess að hafa stjórn á hlutunum.

Eftir heimsstyrjöldina síðari blasti það við að fjármálamenn Evrópu kæmust að þeirri niðurstöðu að Bandaríkin væru svo stór, með svo mikinn heimamarkað, að ríki sem hefði aðeins 50 millj. eða 70 millj. manna heimamarkað, gæti ekki keppt við ríki sem hefði 200 millj. manna heimamarkað eða meira. Niðurstaðan varð sú að þeir ákváðu að reynda að mynda bandaríki Evrópu. Ég ætla ekki að deila á þá hugmynd. Það var út af fyrir sig þeirra hugmynd að það væri tvennt sem mundi vinnast. Í fyrsta lagi mundu þeir skapa iðnaðinum það lífsrými sem hann þyrfti, viðskiptarými, og svo mundi það draga úr líkunum á styrjöldum innan þessa svæðis. En það má ekki gleymast að tvisvar á þessari öld hefur Evrópa logað í styrjöldum. Gott og vel. Rómarsáttmálinn varð að veruleika. Hluti iðnríkja Evrópu skrifaði undir Rómarsáttmálann. Rómarsáttmálinn er ekkert annað en grunnstefnuskrá bandaríkja Evrópu. Það voru önnur ríki í Evrópu. Forusturíki þeirra þá var Bretland sem ekki vildi stofna bandaríki Evrópu en vildi engu að síður vinna að auknu viðskiptafrelsi í álfunni. Þau stofnuðu fríverslunarbandalag. Þessa sögu þekkja flestir. Engu að síður er nauðsyn að rifja hana nú upp. Þegar Bretland tekur þá ákvörðun að ganga inn í Efnahagsbandalagið og fleiri lönd með, þá stækkaði enn kjarninn sem hafði ákveðið að stofna bandaríki Evrópu. Enn var viss hópur ríkja fyrir utan sem vildi freista þess að ná samningum við þetta nýja stórveldi sem var að rísa og viðræðurnar um EES fóru af stað. Þá hafa menn spurt: Hver var niðurstaðan? Var niðurstaðan ekki góð? Niðurstaðan liggur fyrir. Flest ríkin telja að samningurinn sé það slæmur að það sé betri kostur að gerast aðili að EB. Ég segi fyrir mig: Við stöndum núna á þeim tímamótum að við þurfum að gera það upp við okkur: Ætl-

um við inn í EB eða ætlum við ekki inn í EB?

Björn Bjarnason, hv. 3. þm. Reykv., núv. formaður utanrmn., hefur með sanni undirstrikað það að samþykkjum við EES erum við búnir að taka fyrsta og annað skrefið inn í EB. Þurfa menn að efast um að þetta sé rétt? Þurfa menn að efast um það? Hví skyldi hann vera að halda þessu fram nema af því að hann telur að svo sé? Ég held þess vegna að það sé tímabært að Íslendingar geri það upp við sig að ef þeir halda áfram núna og samþykkja þennan samning, sem vissulega er brot á stjórnarskránni, má gera ráð fyrir því að enn þá stærra hlutfall af viðskiptum Íslendinga verði við þetta svæði en það er í dag. Og um leið og við flytjum fleiri og fleiri egg í sömu körfuna, þeim mun veikari stöðu höfum við til að standa fyrir utan.

Ég hef litið svo á að það fari ekki á milli mála að stjórnarskrá Íslands sé svo auðskiljanlegt plagg að sérhver Íslendingur sem er læs og vill ekki lesa allt í gegnum annarra gler hlýtur að átta sig á hinum einföldu orðum þegar talað er um skiptingu valdsins. Þegar talað er um það að dómarar fari með dómsvald, þingið og forsetinn með löggjafarvaldið og forsetinn felur ráðherrum umboð sitt með framkvæmdarvaldið, þá þarf ekki að lesa þetta með einhverjum hugleiðingum um að það standi hvergi að þetta sé alíslenskt framkvæmdarvald, og því sé engin krafa um að þetta sé alíslenskt framkvæmdarvald. Það er engin krafa um það að ráðherrarnir séu alíslenskir. En að framkvæmdarvaldið sem þarna er átt við geti verið annað en íslenskt er náttúrlega slík hártogun og slík ósvífni gagnvart heilbrigðri skynsemi að mann undrar að menn láti sér detta í hug að halda slíku fram.

Hins vegar verður það að segjast eins og er að þeir eru margir vel metnir og virtir lögfræðingarnir sem hafa með réttu sagt þjóðinni satt um þessa hluti og reyna ekki með hártogunum að halda því fram að venjulegir menn séu ekki læsir um þessa hluti. Ef það er rétt að venjulegur maður sé ekki læs á stjórnarskrána, þá er það mesta ósvífnin sem framkvæmd er í þessum sal að fara fram á það að menn vinni drengskaparheit að því að virða hana. Hvernig er hægt að krefjast þess af mönnum að þeir vinni drengskaparheit og virði það sem þeir vita ekki hvað er? Er það hægt? Er hægt að fara fram á það að menn vinni drengskaparheit að einhverju sem þeir hafa ekki hugmynd um hvað er? Með þeirri kröfu er beinlínis verið að krefjast þess að hver einasti alþingismaður sé svo viti borinn og sé læs að hann geti af eigin dómgreind metið þessa hluti. Krafan er þessi og það þýðir ekkert að láta sér detta það í hug að einhverjir aðrir eigi að meta þetta.

Hins vegar er rétt að Alþingi Íslendinga vildi láta kjósa nefnd. Það vildi fara fram á að lögfræðilegir sérfræðingar yrðu látnir segja sitt álit. En hvað gerist þá? Utanrrn. með utanrrh. í broddi fylkingar stormar fram á völlinn og yfirtekur verkefnið. En eitt ætla ég að segja varðandi það atriði. Til forna var eitt af því athyglisverða í dómkerfi Íslendinga það að það mátti ryðja dóm sem kallað var. Maður sem var borinn sökum mátti fara fram á að viss hluti dómaranna viki úr dómarasæti vegna þess að hann prívat og persónulega treysti þeim ekki. Hann taldi þá einhverra hluta vegna ófæra um að taka heiðarlega afstöðu.

Niðurstaðan sem blasir við núna þegar álit fjórmenninganna er skoðað er því miður sú að þjóðin treystir þeim ekki. Af ýmsum ástæðum hafa menn ástæðu til að ætla að þeir séu vanhæfir til þessa verks af ýmsum persónulegum ástæðum. Og það er furðulegt þegar formaður utanrmn. talar þeim til háðungar um virðingu þessara manna. Það gengur ekki að menn endurskoði eigin verk. Hluti þeirra vann að samningsgerðinni. Ég sé að sumir í salnum skrifa nú jafnhratt og þeir geta og er það vel.

Ég ætla að víkja hér að áliti Bjarna Hannessonar um það hver séu þrjú aðalatriði þessa máls. Álitið er svo stutt að enginn sérfræðingur hefði látið sér detta í hug að hafa það svona stutt því þá hefði hann ekki getað sent nema mjög lélegan og lágkúrulgan reikning fyrir unnið verk. Það gengur nefnilega ekki að koma aðeins með örstutt álit og heimta háa þóknun fyrir. Með leyfi forseta hljóðar þetta svo:

„1. EES-samninginn er tæpast hægt að flokka undir samstarfssamning sjálfstæðra ríkja heldur verulega stóran áfanga að samrunaferli til stofnunar fjölþjóðlegs stórríkis með þannig innri lögmálum að a.m.k. Íslendingar eiga ekkert erindi inn í það risaríki.

2. Engar forsendur eru fyrir afsali sjálfstæðis vegna ófriðarhættu að því er Ísland varðar.

3. Ævarandi endurnýjanlegur þjóðarauður er mjög mikill pr. einstakling, svo sem sjávarafli, raforka og jarðhiti ásamt miklu landrými pr. íbúa og tiltölulega ómengaðs vistkerfis og því möguleikar á að Íslendingar gætu efnahagslega og pólitískt séð haft bestu lífskjör sem gerast og munu verða möguleg hér á þessum hnetti um ókomna tíð ef þeir kunna með þjóðarauðinn að fara og eru það því alger afglöp að tengjast öðrum ríkjum á þann veg að erlendir aðilar gætu náð tökunum á einhverjum af þessum auðlindum. En það eru í ríkum mæli opnaðir ýmsir augljósir og duldir möguleikar erlendra ríkja innan EES-samningsins til að ná tangarhaldi á fyrrgreindum þjóðarauð."

Álitið liggur fyrir. Ég efa að það væru margir Íslendingar sem gætu dregið upp þessa mynd í styttra máli. Við skulum örlítið fara yfir stöðuna efnahagslega. Áður en ríkisstjórnin kom til valda vorum við í 6. eða 7. efsta sæti með þjóðartekjur á mann. Við höfum hæst farið í 4. sæti. Það er ekki skrýtið þó að þeir sem hafa horft á slíka sigurgöngu komist að þeirri niðurstöðu að nú beri að afsala fullveldinu. Japanir standa okkur ofar, það er rétt. Og Sviss. Á seinasta áratug var hagvöxtur á Íslandi jafnmikill og í Vestur-Þýskalandi. En það hefur verið meiri hagvöxtur innan EB og hvers vegna? Vegna þess að ástandið í Portúgal og á Spáni var svo aumt að það gat ekki annað en batnað. En hvað með stórríkið sem verið er að tala um í þessum texta? Man nokkur hér inni eftir því að eftir heimsstyrjöldina fyrri þurftu Þjóðverjar að skrifa undir það að þeir hefðu engan her, og hvernig her stofnuðu þeir? Þeir stofnuðu leikfangaher. Það getur nú ekki verið hættulegur her. Hvernig her máttu þeir stofna eftir

heimsstyrjöldina síðari? Þeir máttu engan her stofna eftir heimsstyrjöldina síðari nema bara til innra eftirlits hjá þeim sjálfum. En hvað er gert í dag? Búið er að stofna Evrópuherinn. Vita menn það ekki? Búið er að stofna Evrópuherinn. Halda menn virkilega að stórveldið Evrópa ætli aldrei að nota þann her? Hvenær hafa Frakkar og Þjóðverjar stofnað her sem þeir hafa aldrei ætlað að nota? Er mannkynssagan þá einskis virði til að lesa hana yfir og best að þurrka hana út úr öllum skólum og spara þannig útgjöld til menntamála? Er þessi þjóð orðin svo friðelskandi vegna þess að klerkar heimsins séu búnir að predika svo yfir henni að enginn maður hugsi nú um annað en bróðurkærleikann? Hver hefði trúað því fyrir nokkrum árum að Balkanskaginn mundi loga eins og hann logar í dag? Hver hefði trúað því? En hvað stóð í gömlu bókunum, gömlu kennslubókunum um þetta efni? Balkanskaginn var kallaður púðurtunna Evrópu. Ég veit ekki hvort það stendur enn í kennslubókunum að Balkanskaginn sé púðurtunna Evrópu. En hitt er mér ljóst að þeir drepa þar menn með sömu aðferðum og við hreindýrin hér á Íslandi, skotið á færi. Það er aðferðin. Ekki að það sé verið að velja einhvern ákveðinn mann sem þurfi að taka fyrir, heldur koma menn sér fyrir í góðri aðstöðu með gott skotvopn og miða svo á allt kvikt. Þetta er hin friðelskandi Evrópa sem blasir við, samfélagið sem við viljum komast inn í.

Í Þýskalandi voru þeir að dæma hjón fyrir þrælahald á þessu ári. Það var tyrknesk kona sem hafði verið gefin húsmóðurinni. Hún hafði verið gefin henni til eignar eins og við gefum ketti og hunda þegar vel liggur á okkur hér uppi á Íslandi. Meðferðin er miklu verri en venjuleg meðferð á húsdýrum hér, miklu verri. Þrælahald. Dæmdur fyrir þrælahald í Þýskalandi. Ég verð að segja eins og er að burt séð frá því að ég hef ekki áhuga á því að íslenska þjóðin afsali sér sjálfstæðinu, þá spyr ég: Er þetta þá besti félagsskapurinn? Eru nýlenduveldin gömlu besti félagsskapurinn sem Ísland getur fundið? Svo vill til að þetta er kannski eina þjóðin sem með amerískum hraða getur komist inn í EB ef menn vilja, þeir geta notað þýsku leiðina. Hvaða aðferð notuðu Þjóðverjar? Þeir sameinuðu bara Austur-Þýskaland Vestur-Þýskalandi og þar með var Austur-Þýskaland komið inn í EB. Við gætum náttúrlega farið alveg eins að og sagt: Þetta var misskilningur hjá honum Jóni Sigurðssyni. Við höfum aldrei verið annað en hérað í Danmörku, og þar með erum við náttúrlega komnir inn í EB með ævintýralegum hraða. Það þarf enga samningamenn, engan utanrrh., það þarf engan Jón Baldvin í sendiferðir úti með skjalatösku og hatt til að leysa þetta mál. Nei, ef það er það sem íslenska þjóðin vill, komast inn í EB, þá er leiðin opin, það er þýska leiðin. Hún er svo fljótfarin að það tekur ekki nema mánuð að framkvæma hana.

Ég verð að segja eins og er að þetta leiðir hugann að öðru sem því miður er nú einn af þessum stóra misskilningi sem leiðréttist oft ekki frekar en það að sums staðar á Íslandi er talað um vestur og norður sem gagnstæðar áttir og sömuleiðis alls konar annar misskilningur á ferðinni. Þeir sem eru hér eru ekki Evrópubúar. Landfræðilega séð tilheyrir þetta svæði Ameríku. Það liggur alveg ljóst fyrir, er vísindalega sannað, þarf ekki einu sinni sérfræðinga. Samkvæmt landrekskenningu meginlandanna, nú vona ég að mesti sérfræðingur þeirra norðanmanna, hv. 5. þm. Norðurl. e., taki vel eftir, samkvæmt landrekskenningunni liggur sprungan á land á Reykjanesi ekki langt frá vitanum og stefnir á Þingvöll. Þar eru skiptin. Svo er hún nálægt Grjótagjá við Kröflu fyrir norðan í Mývatnssveit. Önnur sprunga kemur svolítið austar á land á Suðurlandi þannig að það má deila hvorum megin Sunnlendingar eru. En hitt liggur ljóst fyrir. Reykvíkingar, Hafnfirðingar, Kópavogsbúar og Seltjarnarnes ásamt Keflavík eru allt Ameríkanar (Gripið fram í.) ekki Evrópubúar fyrir fimm aura. Akureyringarnir líka Ameríkanar. Það er ekki skrýtið þó að það sé hættulegt að ræða þessar staðreyndir. Það er alvarlegt mál. Það er eitthvað af Evrópubúum á Austfjörðum og í Norður-Þingeyjarsýslu og Suðurlandið er gráa svæðið í þessu, þ.e. er það sprungan á Reykjanesi sem við eigum að taka alvarlega sem gengur í gegnum Almannagjá eða eigum við að miða við hitt gosbeltasvæðið? Einu sinni þóttu Lakagígar merkileg gosstöð og ekki síður virðuleg í þessum efnum. Það væri hægt að líta á hana sem stöðina sem væri á hryggnum. En þetta er náttúrleg svo alvarlegt mál að varla er hægt að ræða það því að þá hafa það náttúrlega ekki verið Íslendingar sem fundu Ameríku. (**Gripið fram í:** Hvorum megin er ...?) Þá liggur það alveg ljóst fyrir að það voru Norðmenn sem fundu Ameríku því að þeir komu hingað fyrst og þar með voru þeir búnir að finna þetta fræga land. (**ÁRÁ:** Er það ekki vegna þess sem þú varst að segja áðan, Ameríkanar?) Norðmenn. (**Gripið fram í:** Þarna kemur jarðfræðingurinn.) Nú hefur einn vaknað og ekki fylgst með þessu. Þetta hendir alltaf annað slagið og ekkert við því að segja þó að menn fái sér miðdegisdúr.

En samkvæmt kenningunni um rek meginlandanna þá blasir það við að Ísland tilheyrir bæði Evrópu og Ameríku og það er styttri leið frá þessu eylandi til næsta svæðis í Ameríku en til Evrópu. Það er nefnilega styttra til Grænlands en til Færeyja. Ég ætla ekki að gera þetta að neinu aðalatriði þessa efnis. En þeir sem hafa nú reynt að finna einfalda lausn í þessu mikla máli og sagt: Við erum Evrópubúar, þess vegna eigum við að fara inn í þetta svæði, þeir verða að fara að endurskoða sinn hug þegar meiri hluti þjóðarinnar er Ameríkanar.

Hins vegar ætla ég að víkja að öðru sem veldur mér meiri óhug í þessu sambandi en flest annað og það er sú staðreynd að ef stefna Efnahagsbandalags Evrópu í viðskiptamálum verður stefna heimsins þá þýðir það þriðju heimsstyrjöldina, hvorki meira né minna, vegna þess að hvert ríki sem með tollmúrum segir öðru ríki stríð á hendur, er að koma af stað ófriði. Hömlurnar sem þessar þjóðir hafa sett eru því miður svo alvarlegar að það vekur upp þá hugmynd hvort kaupauðgisstefnan gamla, einokunarstefnan, sé draumurinn á bak við allt saman, þ.e. þeir vilja ekki frjáls heimsviðskipti. Þeir vilja ríkjablokkir sem stríða innbyrðis með

peningana að vopni en skotvopnin tiltæk í Evrópuher ef með þarf. Hvernig varð Bandaríkjunum við þegar þau fréttu um stofnun Evrópuhersins? Fögnuðu ekki Bandaríkjamenn þegar þeir fréttu stofnun Evrópuhersins? Það var enginn fögnuður í Washington, enginn fögnuður. Og það var breskur ráðherra, sumir segja að hann hafi nú verið fullur, íhaldsráðherra, sem hélt því fram að nýja ríkið væri raunverulega bara Stór-Þýskaland sem verið væri að stofna. Thatcher mótmælti. Engu að síður hefur hún haldið því af og til fram að Bretar eigi ekki að fylgja inn í þann samruna, það eigi ekki að ganga of langt í samruna Evrópu. Það er viss þjóðernishyggja í Thatcher og e.t.v. er það skýringin á því að hv. 1. þm. Vestf. færði mér hana sérstaklega að gjöf á framboðsfundi á Reykhólum í seinustu kosningum, sagði að við framsóknarmenn mættum eiga Thatcher, þetta væri framsóknarkerling. Það er nefnilega athyglisvert að Bretar skynja ógnina af nýjum Evrópuher. Bretar skynja þá ógn og lái þeim það hver sem vill.

Í Austur-Evrópu fer frelsisþeyr um lönd í dag, frelsisþeyr þannig að hugmyndir þeirra ganga svo langt að skipta í smærri ríki ýmsum ríkjum sem þar voru eins og Tékkóslóvakíu. Ég tel þetta að vísu mjög misráðið hjá þeim. Ég tel að þeir eigi ekki að gera þetta. Ég tel að þeir eigi að reyna að umbera menn af ólíku þjóðerni innan sömu landamæra, það sé það sem allar þjóðir verði að gera í framtíðinni. En engu að síður er það ómótmælanlegt að þar er þróunin í áttina til lýðræðis, í áttina til þess að fólkið sjálft ráði, það verði þjóðirnar sjálfar sem ráði. En hvað sagði höfuðpaurinn yfir Efnahagsbandalaginu þegar Danir, sem aldrei hafa kunnað að ganga í takt, tóku ákvörðun að fella Maastricht-samkomulagið? Það verður að koma manneskjulegra andliti á þetta Efnahagsbandalag. Sem sagt, það var áróður og aftur áróður sem þeir vildu koma á framfæri.

Ég vil halda því fram ef menn ætla að keyra Vestur-Evrópu hraðar saman til samstöðu en fólkið vill þá geti þeir setið þar uppi með sömu vandamálin og þeir sitja uppi með í Júgóslavíu í dag. Varla var búið að fella Berlínarmúrinn þegar nýnasistar héldu sinn fyrsta opna löglega fund í Berlín. Hvað gerðist núna fyrir nokkrum dögum? Það sem gerðist var einfaldlega það að lögreglulið Þýskulands, sem er talið eitthvert það harðsnúnasta, hopaði fyrir nýnasistum og hleypti þeim inn í byggingu sem það átti að verja, um 1.500 manna lögreglulið. Það skyldi þó ekki vera að hin gömlu sannindi að sagan endurtaki sig eigi fullan rétt á sér.

Haft er eftir núverandi hæstv. utanrrh. að þetta bandalag muni allt gliðna í sundur. Þær fréttir bárust hingað heim. Hvort hann hefur verið að gera sér glaðan dag þegar sú yfirlýsing var gefin ætla ég ekki að dæma um, ég var ekki viðstaddur. En stundum er sagt að enginn skyldi trúa ófullum Íslendingum.

Hér er boðað að við séum ekki að afhenda nema örlítið brot af fullveldinu, svo lítið brot að það taki því varla að ræða það. En Danir töldu að búið væri að afhenda nóg í kóngsins Kaupmannahöfn af fullveldi dönsku þjóðarinnar. Þeir töldu að búið væri að afhenda nóg og sannleikurinn er sá að Efnahagsbandalagið er lýðræðislegur óskapnaður. Í Bandaríkjunum kjósa menn forseta. Þjóðin sjálf kýs forsetann. Það er lýðræði. En að ráða framkvæmdastjóra sem valdamesta mann er ekkert lýðræði. En því er haldið fram af sumum að þjóðirnar séu hreinlega of heimskar til að standa í kosningum og merkilegt er það þegar hæstv. íslenski utanrrh. lýsir því yfir að vegna þekkingarleysis á EES sé íslenska þjóðin ófær um að taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál. Hvað er utanrrh. raunverulega að segja? Hann er að segja að íslenska þjóðin sé of heimsk til að greiða atkvæði um þetta mál. Hann er að segja að íslenska þjóðin sé svo heimsk að hún geti ekki búið við lýðræði. Það er það sem utanrrh. er að segja því að orðið heimskur þýðir fyrst og fremst þekkingarskortur, þ.e. sá sem er heimaalinn var ekki talinn jafn vel að sér þekkingarlega séð og sá sem hafði ferðast um. Og niðurstaðan hjá utanrrh. er sú að íslenska þjóðin sé of heimsk til að ákveða örlög sín í þessum efnum. Það þurfi súpermann til að leysa þetta, hvorki meira né minna. Þessi niðurstaða er fengin með skoðanakönnun þar sem spurt var: Hefur þú þekkingu á þessum málum? Örfáir menn sögðust hafa þessa þekkingu. Upplýst hefur verið að hv. formaður utanrmn., 3. þm. Reykv., var einn af þeim sem var spurður og hann hafði þessa þekkingu. Það væri hægt að spara mikið í íslenska skólakerfinu ef menn hefðu á sínum tíma áttað sig á því að það þyrfti ekki svona flóknar spurningar og notaðar eru að staðaldri á prófum. Það hefði einfaldlega verið hægt að spyrja: Ertu búinn að kynna þér námsefnið fyrir veturinn vel, illa eða sæmilega? Þrír krossar og svo hefði mátt gefa fyrir. Hálfs mánaðar, þriggja vikna eða mánaðar vinna hjá skólanum hefði sparast hefðu menn haft vit á því að hafa eins skilmerkilegar spurningar og þeir höfðu, þessir sem lögðu þetta fyrir þjóðina og spurðu einfaldlega: Hefur þú kynnt þér samninginn um Evrópska efnahagssvæðið nægilega vel? Litið var svo á að það væri öruggt að þeir sem sögðu já hefðu gert það. Hinir sem af hógværð sinni sögðust ekki hafa kynnt sér það nægilega vel voru dæmdir svo þekkingarsnauðir, svo heimskir að þjóðaratkvæðagreiðsla væri óhæf. Niðurstaðan er sú að Danir búa við það að hafa svo greinda þjóð að þeir geta búa við lýðræði. Þar var höfð þjóðaratkvæðagreiðsla. Franskir ráðamenn telja að Frakkar séu svo greind þjóð að þar sé hægt að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu, en utanrrh. Íslands er sannfærður um að íslenska þjóðin sé svo heimsk að ekki sé hægt að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu í landinu. Nú er komið að því að hugleiða það hvort íslenskir sjálfstæðismenn taka kveðjunni.

Önnur skoðanakönnun var framkvæmd fyrir nokkru um þessi mál. Þar kom í ljós að sumir af kjósendum Alþfl. töldu að Ísland væri þegar komið í EB. En ekkert varð vart við þennan misskilning hjá sjálfstæðismönnum. Og nú er það spurning: Telja forustumenn Sjalfstfl. íslensku þjóðina svo heimska að ekki sé hægt að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál? Er það niðurstaðan? Er svo komið fyrir Sjálfstfl. að hann skrifar undir slíkt? Það er makalaus niðurstaða. Í

hverju einasta lýðræðisríki yrði sagt: Það verður að upplýsa málið þar til þjóðin er fær um að dæma því að hún á rétt á að dæma. En hitt er svo alvarlegt mál að allt bendir til þess að taka verði kennsluréttindin af hæstv. utanrrh. vegna þess að hann hefur einn allra haft þá fjármuni undir höndum sem ætlaðir hafa verið í þetta fræðslustarf. Og hver er niðurstaðan? Honum hefur alfarið mistekist að eigin sögn að fræða þjóðina um málið. Og þjóðin treystir honum ekki heldur. Það er kannski ekki síður alvarlegt.

Ég hef hlustað á þá kenningu að það hljóti að vera stórkostleg réttindi fyrir Íslendinga að mega fara til útlanda, til Evrópu og fá sér þar atvinnu. Og auðvitað sé sjálfsagt að við leyfum öllum útlendingum sem vilja koma til Íslands frá Evrópu að starfa hér. Það eru nokkrar stéttir sem búa við þá sérstöðu að það er hægt eins og hv. 11. þm. Reykn. vakti athygli á, það er hægt að gera þá kröfu til þess að menn kunni íslensku ef þeir sinna þeim störfum. En stór hluti íslensku þjóðarinnar hefur ekki þá brjóstvörn að hægt sé að gera það að skilyrði að mennirnir kunni íslensku. Þetta er ríki með um 250.000 manns. Þetta er ekki 50 milljóna ríki. Ekki er mikið verk að skipta um þjóð sem er ekki fjölmennari en þetta, skipta um þjóð í þessu landi.

Hér hafa menn verið að tala um að reisa álver. Álverið verður boðið út verði það reist. Verktakarnir verða trúlega erlendir og vinnuaflið einnig. Ég ætla að fullyrða að enginn getur fylgst með því að það verði farið að íslenskum lögum um það varðandi kaupgreiðslur og fleira. Ef það er ekki hægt, ef það er búið að taka þennan rétt af okkur að mega vísa mönnum úr landi, þá höfum við enga möguleika til að fylgjast með því að stórfyrirtækin virði þá launataxta sem hér eru. Við höfum enga möguleika til þess. Talað er um að reisa á Austurlandi stórvirkjun. Það yrðu trúlega einnig erlendir verktakar sem næðu því verki og það yrðu líka erlendir verkamenn sem ynnu verkið. Mér er ljóst að það eru hlunnindi fyrir þá Íslendinga sem ætla að yfirgefa landið og flytja til útlanda, það eru hlunnindi fyrir þá að geta farið upp í næstu flugvél og sagt farvel og sest að í Evrópu, eigi þeir möguleika á að fá þar störf. Það væri þá hugsanlega best menntaði hluti þjóðarinnar sem hefði þann ávinning. Þær útflutningsbætur er ég aftur á móti ekki reiðubúinn að greiða með hluta af fullveldi landsins.

En hvað með frelsi fjármagnsins? Að mínu viti er það fjármagn sem er í umferð í landinu svo lítið að ef við mundum líkja þessu við að menn væru að spila póker, þá hefðu Íslendingar ekki einu sinni auraráð til þess að mega sjá á spilin hjá hinum. Þeir hefðu ekki einu sinni auraráð til þess að leggja í borðið það sem þyrfti til þess að mega sjá á spilin hjá hinum. Hver væri styrkleikinn við spilaborðið? Þessi þjóð hefur farið sigurgöngu eftir að hún varð efnahagslega frjáls og við eigum að halda áfram að vinna að efnahagslegu sjálfstæði hennar og frelsi. Við eigum ekki að hopa núna og hleypa erlendum aðilum á nýjan leik inn í íslenska lögsögu.

Eitt af því merkilega við þetta mál er að það er lagt hér fram, það er hér á dagskrá og það er hér til umræðu án þess að öll gögn málsins séu komin fram. Að mínu viti er það þvert brot á þingsköpum.

Ég tel að þeir sem í dag láta sig dreyma um að hægt sé með lögum að girða fyrir yfirtöku á landi og auðlindum ef við skrifum undir þennan samning átti sig ekki á því að önnur ríki eru að fara inn í EB. Ísland eitt og sér stæði eftir og þeim mun meiri hluti af okkar viðskiptum sem verður við þetta svæði þeim mun veikari erum við til þess að varðveita efnahagslegt sjálfstæði á eftir. Þess vegna er það grundvallaratriði að Íslendingar greiði úr utanríkisviðskiptum sínum. Með leyfi forseta vil ég lesa upp ályktun um utanríkismál sem samþykkt var af ungum framsóknarmönnum á Egilsstöðum. Ég tel að það sé nauðsyn vegna þess að svo hefur verið um fjallað af fjölmiðlum í landinu að alþýða Íslands fær alranga mynd af því hvað þetta unga fólk var að samþykkja.

„Ályktun um utanríkismál.

24. þing Sambands ungra framsóknarmanna, haldið að Egilsstöðum dagana 28.–30. ágúst 1992, telur að hag Íslands sé best borgið utan efnahagsbandalaga. Það á að vera höfuðmarkmið stjórnvalda á hverjum tíma að skapa sem best tengsl við öll helstu markaðssvæði heimsins.

Íslendingar hafa í gegnum árin notið góðs af hnattstöðu sinni og beint sínum viðskiptum í austur og vestur eftir því hvar hagstæðast hefur verið að eiga viðskipti. Þessari sérstöðu Íslands ber að halda á lofti og byggja á henni þegar mótuð er framtíðarstefna í utanríkisviðskiptum okkar. Íslendingar verða að vinna að því öllum árum að koma sér í þá aðstöðu að verða miðja í viðskiptalegum og menningarlegum skilningi. Við verðum að sýna þor til að haga samskiptum við umheiminn þannig að við einangrumst ekki innan ákveðinna viðskiptablokka hvort sem það yrði EB eða eitthvað annað.

Á seinni árum hafa iðnríki heimsins tekið til við að stofna viðskiptabandalög sem hafa það að markmiði að auka hagvöxt innan bandalaganna. Þessi bandalög byggja á auknu frjálsræði í streymi vöru og þjónustu en jafnframt eru byggðir múrar til að verjast utanaðkomandi áhrifum. Þessi þróun mun auka enn á þann mismun sem er á fátækum og ríkum þjóðum í dag og getur aldrei orðið framtíðarlausn. Íslendingar eiga að ganga á undan og gera þá kröfu í alþjóðaviðskiptum að tekin verði upp fríverslun á öllum sviðum en ekki taka þátt í að einangra fátækari þjóðir frá þeim ríku með bandalagsþátttöku.

Ljóst er að iðnríki heimsins eiga í sífellt meiri vandræðum með að halda uppi hagvexti og er þetta hagvaxtarkapphlaup búið að taka stóran toll af umhverfi okkar á jörðinni.

Ungir framsóknarmenn telja að ekki verði að einblína á ódýrar tímabundnar lausnir í okkar utanríkisviðskiptum heldur leita nýrra leiða og stefna að lausn sem er varanleg og hentar öllum þjóðum heims. Íslendingar eiga að stefna að gerð víðtækra viðskiptasamninga við ríki EB og jafnframt við Bandaríkin og Japan og vinna markvisst að því að verða miðstöð fyrir viðskipti milli þessara svæða og einnig fyrir við-

skipti annarra þjóða inn á þessi svæði."

Þetta er stefnan, hv. 3. þm. Reykv. Þetta er stefnan sem við munum fylgja sem styðjum það sem hér hefur verið lagt fram. Og þetta er stefnan sem mun tryggja sjálfstæði þessarar þjóðar.

Því er mjög veifað að með því að skrifa undir þetta samkomulag getum við farið að flytja okkar fiskafurðir fullunnar til Evrópu. En vita þessir menn hvernig hafnarborgir Evrópu standa að þessum málum? Þar er veittur í dag um 50% styrkur til þess að byggja upp fyrirtæki sem fullvinna fisk. Þar er kerfið þannig að ef fyrirtæki tekur mann af atvinnuleysisskrá og hefur hann í vinnu, t.d. nýtt fyrirtæki sem tæki hóp slíkra manna og hefði í vinnu, fengi það um 80% af launanum sem það greiddi í styrk og þetta mundi fjara út á fimm árum. Halda menn að hægt sé að keppa við svona styrkjakerfi, halda menn það virkilega? Eru menn svo bláeygir að þeir skilji ekki hvað verið er að gera? Það er verið að þrýsta Íslendingum niður á frumframleiðslustigið nema við beinum viðskiptunum það mikið til annarra svæða jarðarinnar að þeir eigi ekki nein tök á okkur.

Það er búið að halda því fram sem staðreynd að ef saltfisktollarnir verði felldir niður verði það Íslendingar einir sem fái allan ávinninginn af slíku. Hvers lags skilningur á viðskiptum er á bak við slíkt rugl? Auðvitað munu það verða neytendurnir í viðkomandi löndum sem munu að verulegu leyti fá þann ávinning. Það er einu sinni heimsmarkaður með fisk og það eru líka markaðir hér á Íslandi. Ef sá sem er að salta getur ekki keypt fisk á uppboðsmarkaðnum, þá hefur hann engan fisk til að salta. Þess vegna verður hann að fá það verð sem í dag er fylgt miðað við þessa tollaviðmiðun til þess að geta saltað fiskinn og selt hann út. Við mundum aldrei fá nema brot af þessum ávinningi þó að tollarnir yrðu felldir af. Hitt fengju neytendurnir. Þeir mundu fá afganginn. Haldið þið að spænskir neytendur mundu una því að horfa á það að um leið og tollurinn yrði lækkaður mundi fiskurinn hækka sem samsvaraði því? Eru menn trúaðir á að slík niðurstaða yrði að veruleika?

Þegar ég horfi til framtíðar í viðskiptum þjóða og landa, þá trúi ég því að ef takast eigi að tryggja frið á þessari jörðu verði að koma í veg fyrir að efnahagsbandalög á borð við Efnahagsbandalag Evrópu marki stefnuna í heimsviðskiptum. Það sé grundvallaratriði að það gerist ekki. En ég ætla að bæta við: Það hrokafulla lið sem stýrir málum í Evrópu í dag gleymir því að það stýrir gömlum þjóðum. Það er engin heimsálfa eldri en Evrópa ef meðalaldur íbúanna er tekin. Hún er eins og gamalmennahæli borið saman við hinar heimsálfurnar. Þar er ekki æskunnar her í slíkum mæli og var um seinustu aldamót. Þetta þýðir einfaldlega, ef horft er á þetta, að það eru engar líkur á því að Evrópa vinni efnahagsstríð ef hún setur það fram eins og hún er að gera í dag. Það eru allar líkur á því að Japan og iðnveldi Asíu annars vegar og Ameríka hins vegar muni hafa betur í þessum viðskiptum. Ég held að á einföldu máli mætti segja að Íslendingar væru að veðja á vitlausan hest ef þeir ætluðu að taka ákvörðun um að ganga inn í eitthvert stórveldið, þá værum við að veðja á vitlausan hest.

Það getur vel verið að sumum finnist það skrýtið að þeir séu til sem setjast niður við samningaborð en ná ekki samningum og skrifa ekki undir. Sumir líta svo á að ef menn setjast niður hljóti það að leiða til þess að menn nái samningum. Niðurstaðan í þessum samningum var sú að EB færði sig ekki um eitt einasta hænufet. Þeir gáfu nákvæmlega ekkert eftir á neinu sviði. Þeir héldu öllu sínu. Hinar þjóðirnar, sem voru að semja við þá, komust að þeirri niðurstöðu að það væri betra að ganga í EB en að una samningnum. Það eru hinar sögulegu staðreyndir sem liggja fyrir. Ég held að sá félagsskapur, nýlenduveldin gömlu í Evrópu, sé ekki sá félagsskapur sem Íslendingar eigi að leggja mest upp úr. Ég er sannfærður um að við getum nánast ekki fengið verri félagsskap og það þýðir lítið að benda á það að á Norðurlöndum sé gott fólk. Munu Norðurlöndin ráða í þessu nýja ríki í Evrópu?

Hið nýja ríki í Evrópu er með fullkomnustu glæpasamtök heimsins innan sinna vébanda, mafíuna. Hvaðan voru sérfræðingarnir og skytturnar fengnar sem voru notaðar til þess að skjóta seinustu dómarana sem menn vissu heiðarlega í æðstu embættisstöðum á Ítalíu? Hvar höfðu þær verið þjálfaðar? Í Þýskalandi. Það fór ekkert á milli mála. Úr Þýskalandi komu skytturnar sem voru fengnar til þess að koma heim til Ítalíu til þess að skjóta seinustu dómarana sem mafían taldi það heiðarlega að þeim yrði að ryðja úr vegi. Inn í þetta samfélag telja menn að eigi að sigla, alveg sérstaklega til þess að íslenska þjóðin eigi framtíðarvon.

Ég segi nú fyrir mig, það er hægt að stinga hausnum í sandinn. Strúturinn gerir það vegna þess að það er skynsamlegt hjá strútnum að gera það, vegna þess að það er búið að rannsaka það af náttúrufræðingum að þegar hann stingur hausnum í sandinn, þá lítur hann út eins og brúskur í eyðimörkinni og rándýrin telja að þar sé ekki um strút að ræða. En ef þeir apar eru til í heimi mannfólksins sem telja að það sé lausn fyrir þá að stinga hausnum í sandinn, þá er um mikinn misskilning að ræða. Búkurinn er svo ólíkur umhverfinu að það fer ekkert á milli mála og það leysir ekkert þó að þeir stingi hausnum í sandinn. Engin lausn. En ef það er tilfellið að lélegur árangur íslenska Alþfl. í kosningum í gegnum árin og sú staðreynd að þrátt fyrir peningana sem þeir hafa fengið erlendis frá til að halda flokknum uppi og Benedikt Gröndal lofaði að gera grein fyrir á sínum tíma sé ekki hægt að ná árangri og ekki um annað að gera en sameina íslenska Alþfl. krötunum í Evrópu, hafa hann hér eins og hvert annað útibú í framtíðinni, þá getur vel verið að þetta sé sú lausn sem ákveðnir hópar sækjast eftir. En er svo komið fyrir sjálfstæðismönnum í þessu landi, það má vel vera að það sé komið svo fyrir sjálfstæðismönnum í þinginu, að það sé Evrópukratisminn sem þeir ætli að tryggja, að þeir ætli að tryggja honum lífsrými á Íslandi? Einu sinni var þessu landi stjórnað af mönnum sem töldu að það væri ekki skylda Íslendinga að tryggja Þjóðverjum lífsrými á Íslandi.

Ég vil halda því fram að það séu alvarleg mistök ef

menn veikja efnahagslegt sjálfstæði þessarar þjóðar með því að halda áfram á þeirri braut að flytja meir af viðskiptunum til Vestur-Evrópu. Við þyrftum með réttu að koma því viðskiptahlutfalli niður fyrir 50% af útflutningi Íslendinga til þess að hafa þann styrkleika að þeir hefðu okkur ekki í hendi sér. Þegar Bretarnir settu á okkur löndunarbann á sínum tíma, þá þoldum við það bann vegna þess að við gátum beint viðskiptunum annað. Við vorum ekki með það hátt hlutfall í viðskiptum við Breta. Mér finnst að þessi draumur sem menn hafa verið að byggja upp geti verið draumur ákveðinna manna sem treysta sér ekki til þess að standa í veruleikanum, vilja hafa drauminn, vilja fá að njóta draumsins og búa við hann einan, ekki heim veruleikans. Það hendir vissa menn að það er eitthvað annað sem tekur yfir og þeir yfirgefa heim veruleikans og hverfa inn í heim draumsins. Ef svo er komið fyrir Sjálfstfl. að hann telur þjóðina of heimska til að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu, eins og hæstv. utanrrh. telur, þá er það alvarlegt mál. Væri ekki nær að taka sér tíma og kynna þessi mál fyrir þjóðinni þannig að þjóðin segði: Nú hef ég áttað mig á því um hvað þetta mál snýst. Þegar það lægi fyrir, yrði það íslenska þjóðin sem fengi sjálf að velja sín örlög. Ef meiri hluti íslenskrar þjóðar vill þetta, þá játa ég það sem lýðræðissinni að ég mundi lúta því. Mér þætti það þungbært en ég mundi lúta því. En ef þetta er tekið með ofbeldi, með valdaráni án þess að virða stjórnarskrána, með hreinu valdaráni og ofbeldi, þá lofa ég engu um að lúta slíkum ákvörðunum. Þeir sem telja að það sé hægt að vinna þannig hafa gleymt því á hvaða tíma þeir lifa. Lýðræðið er ekki fullkomið, það vitum við öll. En þeir sem telja sig geta bent á eitthvert stjórnkerfi sem er betra verða þá að koma með það. Það er ekki nóg að segja eins og íslenski utanrrh.: Íslenska þjóðin hefur ekki þekkingu á þessu, hún er ekki dómbær um þetta. Hún er ekki fær um að búa við lýðræði, er niðurstaðan af slíkri röksemdafærslu. Það gengur einfaldlega ekki upp og það vona ég að ef menn ætla að hella þessu yfir þjóðina og hafna því að hún fái að segja álit sitt á því af því að það liggur fyrir skoðanakönnun sem segir að Íslendingar séu á móti þessu, þá hjálpi guð þeim því það er ekki víst að það verði neinir menn sem rétti þeim lið í þeim hildarleik og því ófriðarbáli sem af slíku getur hlotist.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Landið virðist nú vera ríkisstjórnarlaust, a.m.k. hér í þingsalnum. Ég vil óska eftir því að hæstv. utanrrh. og gjarnan líka hæstv. forsrh. verði nærstaddir. Eins hef ég undir lok máls míns ætlað mér að eiga orðastað við hæstv. sjútvrh. ef hann getur verið viðstaddur umræðuna, annaðhvort núna eða síðar ef henni skyldi verða frestað sem mér býður í grun að verði um fjögurleytið. Ég geri hæstv. forseta sem sagt aðvart um þessar óskir svo þær geti þá greitt fyrir framgangi málsins. Fyrst nægir mér nærvera hæstv. utanrrh. sem er hér á tali við einn af sérfræðingum sínum í hliðarsölum og ég sný máli mínu fyrst til hæstv. utanrrh.

Það er enginn vafi á því, enda tyggur það hver eftir öðrum úr þessum ræðustóli, að þessir samningar eru eitt allra stærsta mál, ef ekki stærsta mál, sem Íslendingar hafa tekið fyrir á lýðveldistímanum. Ég hygg að það sé a.m.k. eitt af því sem menn geta orðið sammála um, í stjórn og stjórnarandstöðu, bæði meðmælendur og gagnrýnendur þessa samnings. Þetta er allnokkur staðreynd til að ganga út frá og skiptir m.a. máli í því sambandi, sem mikið er rætt um og hefur verið rætt um, hvort þetta mál verðskuldi að vera borið sérstaklega undir dóm þjóðarinnar. Það hlýtur að hafa þar nokkur áhrif hversu stórt málið er.

Ég ætla í þessari ræðu ekki að fara ítarlega út í þá þætti sem mikið hefur verið talað um síðustu sólarhringana, þ.e. stjórnarskrárbreytingar, þjóðaratkvæðagreiðslu og annað því um líkt. Það hafa aðrir gert í löngu máli og ég sé ekki mikla ástæðu til að bæta þar við efnisrökum en mun lítillega koma inn á það pólitíska séð í lokin. Ég ætla að ræða nokkra afmarkaða efnisþætti málins, fyrst og fremst öryggisákvæði og beitingu þeirra, sem lítið hefur verið talað um fram að þessu það ég best veit. Ég ætla að ræða landakaup og rétt útlendinga hér til fjárfestingar og ég ætla að ræða sjávarútvegsmál.

Ég vil segja það fyrst til að skýra málin í byrjun, og kemur mönnum sjálfsagt ekki á óvart miðað við þá afstöðu sem minn flokkur hefur tekið, að það er mín niðurstaða í heildina séð að þessi samningur sé tilraun sem mistókst. Gallarnir á þessum samningi, þessari niðurstöðu fyrir Ísland, vegi þyngra en kostirnir, því miður. Það hefði vissulega verið ánægjulegt ef hér hefði legið fyrir niðurstaða sem til frambúðar hefði getað varðað samskipti Íslands við önnur Evrópuríki með fullnægjandi hætti og verið á þann veg að stjórnmálaöfl í landinu hefðu getað sameinast um hana. Það hefði vissulega verið mjög mikilsverð niðurstaða en svo er ekki eins og allir vita. Í fyrsta lagi er hin efnislega niðurstaða samninganna mjög umdeild og af því leiðir að það hefur síður en svo tekist samstaða um þá niðurstöðu sem nauðsynleg hefði verið.

Ég var í hópi þeirra sem höfðu vissar efasemdir um það frá upphafi að Ísland og íslenskir hagsmunir ættu samleið í þessum viðræðum með hinu iðnvæddu löndum meginlands Evrópu. Ég var þar sérstaklega með í huga þá miklu sérstöðu sem íslenskt efnahagslíf og atvinnulíf býr við og þá ríku sérhagsmuni sem við þurfum fyrst og fremst að leggja áherslu á í þessu sambandi og öðrum slíkum þegar um viðskiptatengsl og viðskiptasamskipti okkar við önnur lönd er að ræða. Jafnvel Noregur, sem helst er talinn eiga samleið með Íslandi hvað sjávarútvegshagsmuni snertir, er þar í gjörólíkri stöðu. Útflutningsverðmæti sjávarafurða frá Noregi er, ef ég man rétt, orðið innan við 10% á sama tíma og það nær 80% hér. Þó vissulega sé það svo varðandi t.d. Vestur- og Norður-Noreg að niðurstaða þessara samninga skipti miklu máli hvað sjávarútveg þar snertir er Noregur í heild sinni í allt annarri stöðu en við. Ísland er þarna með algerlega sérstaka stöðu og hagsmunir þess eru ólíkir öllum öðrum.

Ég verð að segja í öðru lagi, herra forseti, að ég

hafði efasemdir um samningaaðferðir hæstv. utanrrh. Það á ekki að koma honum á óvart þó að það sé sagt hér úr þessum ræðustóli. Margoft var það til umræðu í síðustu ríkisstjórn og ég lýsti margsinnis efasemdum mínum um að sú aðferð sem hæstv. utanrrh. beitti og gumaði nokkuð af væri skynsamleg. Í grófum dráttum var hún þannig — mér þætti vænt um að hæstv. utanrrh. gæti í fyrsta lagi hlustað á þetta og í öðru lagi staðfest að ég fari rétt með — að úrslitahagsmunir Íslands áttu að ráðast á lokaspretti samningaviðræðnanna. Kenning hæstv. utanrrh. var sú að með því að geyma úrslitahagsmunaatriði Íslands þangað til í lokin mundi ekki verða látið stranda á því og það mundu þá verða aðrir, sem til þess að ná samningalotunni í heild sinni saman, mundu greiða kostnaðinn. Þetta var formúlan hjá hæstv. utanrrh. sem reyndist síðan röng, sem gekk ekki upp. Það sáu menn ljósast af því að enn eru úrslitaatriðin hvað Ísland snertir, þ.e. samstarfssamningur Íslands og Evrópubandalagsins um sjávarútvegsmál, ekki frágengin. Það sem gerðist ósköp einfaldlega á lokasprettinum var hið gagnstæða. Ef Ísland ætlaði að vera með eitthvert múður varðandi slík sérhagsmunamál og tittlingaskít, að mati þessara stóru herra úti í Evrópu, þá gerðist auðvitað það sem menn máttu sjá fyrir, að því var ýtt út af borðinu og sagt: Semjið um þetta seinna ykkar á milli. Við förum ekki að láta þessa stóru hagsmuni iðnaðarríkjanna, milljónaþjóðanna, stranda á svona pexi um úldna síld eða hvað það nú er sem þið eruð að tala um þarna, Íslandsmenn og Evrópubandalagið. Því fór þetta svona. Það er að vísu rétt að tollaumgjörðin náðist fram í samningaferlinu sjálfu en niðurstaðan þar varð auðvitað ekki sú sem æskilegust hefði verið.

Ég vil láta þessar almennu athugasemdir koma hér fram um leið og ég rökstyð þá niðurstöðu mína að þetta sé tilraun sem ekki tókst, gallarnir séu fleiri en kostirnir og því er auðvitað víðs fjarri að samningakröfur Íslands hafi náð fram að ganga. Við fengum ekki fríverslun með fisk. Mjög margir voru talaðir inn á stuðning við það að fara í þetta viðræðuferli út á þá kröfu að það væri slíkt úrslitahagsmunamál fyrir Ísland ef fríverslun með fiskafurðir næðist fram að það væri réttlætanlegt að stinga sér í þessar viðræður. Menn vísuðu til þeirrar niðurstöðu sem orðið hafði í samningum eða samstarfi EFTA-ríkjanna um fríverslun með fiskafurðir og lögðu glaðbeittir upp í viðræðuferlið með þessa kröfu á oddinum. Hvar er hún nú? Hún er úti í ysta hafsauga, náðist ekki fram. Tollfrelsi með fiskafurðir náðist ekki einu sinni fram. Það situr að mestu leyti við hið sama hvað sjávarútvegsmálin snertir. Allt er óbreytt Evrópubandalagsmegin.

Önnur meginkrafa Íslands og fyrirvari forsrh. í Ósló var: Engar yfirþjóðlegar stofnanir, ekkert yfirþjóðlegt vald, fullt vald þjóðanna þó þær geri með sér svona samning sem aðallega verði um viðskipti. Hvar er sú krafa? Hvar er sá fyrirvari?

Þriðja krafan var sú, og ekki aldeilis ný af nálinni, að verja landhelgi Íslands. Að sjálfsögðu kæmi ekki til greina að slaka á þeirri kröfu sem allar ríkisstjórnir hafa fylgt frá því að við færðum landhelgina út fyrst, að við værum að sækja okkur þar aukin réttindi, ýta útlendingum út og það kæmi ekki til greina að stíga það skref til baka. Enga samninga um tollafríðindi eða viðskiptafríðindi fyrir veiðiheimildir, verja íslensku landhelgina. Hvar er sú krafa? Hún tapaðist líka. Þess vegna held ég að frægasta setning allrar þessarar umræðu verði öfugmælið sem lengi mun lifa, að við Íslendingar höfum fengið „allt fyrir ekkert". Það er að vísu rétt, held ég, sem hæstv. utanrrh. hefur reynt að minna á að hann sé ekki höfundur þeirrar setningar í sjálfu sér heldur hafi hann tekið hana upp frá öðrum. Ekki ætla ég að þrátta um það hver á höfundarréttinn að þessari snilld, þessu mikla öfugmæli, mér liggur við að segja öfugmæli aldarinnar, að Íslendingar hafi fengið allt fyrir ekkert í þessum samningum. Svo var ekki. Því getur að sjálfsögðu enginn skynsamur maður haldið fram og mætti margt um það segja.

Þá ætla ég, herra forseti, að víkja aðeins að öryggisákvæðinu. Hæstv. utanrrh. vísar yfirleitt í þær heimildir sem einstök ríki hafi til að beita öryggisákvæði ef á bjátar varðandi t.d. atvinnumál eða önnur slík viðkvæm atriði svo veruleg röskun blasi við hjá þjóðum. Það er yfirleitt svar hæstv. utanrrh. sem er skiljanlegt þegar spurt er eftir því hvað varð um þennan eða hinn fyrirvarann, þá er vísað öryggisákvæði. Þeir eru allir þarna, segir hæstv. utanrrh., í öryggisákvæðinu. Gott og vel og við skulum þá fara aðeins ofan í þetta öryggisákvæði. Hvernig er það? Til hvers dugar það? Þau er að finna í 111. og 112.–114. gr. í samningnum sjálfum, þau ákvæði sem þarna eiga við. Þar skiptir máli í fyrsta lagi hvernig þau eru upp sett, í öðru lagi hvernig þau eru skilyrt og hvernig beiting þeirra yrði túlkuð og hvernig henni yrði tekið af gagnaðilum okkar. Í þriðja lagi skiptir réttur gagnaðilanna til gagnráðstafana máli og í fjórða lagi skiptir svo máli, sem lítið hefur verið talað um en er að mínu mati úrslitaatriði í þessu sambandi, sá gerðardómur sem samningsaðilar geta skotið deilumálum til sem leiða af beitingu öryggisákvæða.

Því er haldið fram að beiting öryggisákvæðanna sé einhliða réttur og það er rétt svo langt sem það nær. En það er hins vegar mjög villandi að halda því fram og segja ekkert meira af ástæðum sem ég ætla að koma betur að.

Það skýrist af því að þegar fjallað er um öryggisráðstafanirnar í 112.–114. gr. og það orðalag þekkja menn hygg ég og óþarft að lesa það því menn eiga að vera orðnir kunnugir þessum textum. En í grófum dráttum gengur það þannig að í 112. gr. segir: „Ef upp koma alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum, sem líklegt er að verði viðvarandi, getur samningsaðili gripið einhliða til viðeigandi ráðstafana með þeim skilyrðum og á þann hátt sem mælt er fyrir um í 113. gr.

Slíkar öryggisráðstafanir skulu vera takmarkaðar, að því er varðar umfang og gildistíma, við það sem telst bráðnauðsynlegt til þess að ráða bót á ástandinu. Þær ráðstafanir skulu helst gerðar sem raska minnst framkvæmd samnings þessa."

Ákvæðið sjálft er skilið og takmarkað og það er þrengt að því mjög með þessu orðalagi. Það hljóta allir að viðurkenna. Síðan er fjallað nánar um tilhögun þessa í 113. gr. og um rétt gagnaðilanna til mótráðstafana í 114. gr.

Það er ljóst af lestri þessara plagga að réttur til að grípa til öryggisráðstafana er einhliða, þ.e. mönnum ber að vísu að tilkynna það til samstarfsaðilanna og það á að halda fundi og ræða það hvort ekki sé hægt að leysa þetta erfiða mál, t.d. vaxandi atvinnuleysi fiskverkafólks á Íslandi, án þess að grípa til öryggisráðstafana. En náist ekki niðurstaða hefur Ísland þennan rétt, það er ljóst og ég dreg ekki nokkra dul á það, ég er sammála því. En hversu langt nær hann? Hann nær eingöngu til þess að grípa til öryggisráðstafana. Rétturinn dugar ekki til þess að ráða í hverju þær ráðstafanir eru fólgnar, hve lengi þær endast eða hversu víðtækar þær eru vegna þess að ef samningsaðilarnir gera ágreining við okkur um þessar ráðstafanir og sá ágreiningur leysist ekki innan þriggja mánaða í sameiginlegu nefndinni, þá geta þeir skotið því til gerðardóms sem úrskurðar um umfang og gildistíma ráðstafananna. Um þann gerðardóm er fjallað í 111. gr. Það segir svo, með leyfi forseta, í samningstextanum:

„Varði deilumál umfang eða gildistíma öryggisráðstafana, sem gripið er til í samræmi við 3. mgr. 111. gr. eða 112. gr., eða umfang jöfnunarráðstafana, sem gerðar eru í samræmi við 114. gr., [þ.e. gagnráðstafanir] og hafi sameiginlegu EES-nefndinni ekki tekist að leysa deiluna þremur mánuðum eftir þann dag er málið var lagt fyrir hana getur hver samningsaðila sem er vísað deilumálinu til gerðardóms samkvæmt málsmeðferð sem mælt er fyrir um í bókun 33. ... Gerðin er bindandi fyrir deiluaðila."

Þá hlýtur maður að spyrja sig: Hver er þá orðinn þessi einhliða réttur? Hvers virði er þetta öryggisákvæði í raun orðið? Ég leyfi mér að halda því hér fram, þótt hæstv. utanrrh. sé víðs fjarri eins og venjulega, að þetta öryggisákvæði, sé svona um hnútana búið, sé nánast gagnslaust af því að það liggur auðvitað í hlutarins eðli að ef við færum að beita því þannig að það kæmi illa við einhvern hinna samningsaðilanna, þá gera þeir að sjálfsögðu við okkur ágreining. Ef við gefum ekki eftir á þriggja mánaða tímabili þá vísa þeir væntanlega deilunni í gerðardóm og hvað gerir gerðardómurinn? Hann dæmir og úrskurðar á grundvelli samningsins. Auðvitað. Það verða þau fyrirmæli sem gerðardómurinn fer fyrst og fremst eftir. Hann mun segja: Menn eiga að virða samninginn. Öryggisákvæðin eru skilyrt, þau eiga að valda sem minnstri röskun á samningnum og þau eiga að brjóta sem minnstan rétt á gagnaðilum þess sem deilunni veldur. Það er því alveg augljóst mál að þegar þetta er komið inn í það samhengi er það orðið næsta gagnslaust. Við skulum t.d. hugsa okkur hvaða samúðar Ísland mundi njóta ef við teldum okkur knúða til þess að beita öryggisákvæðum vegna þess að það hefði verið innstreymi af erlendu verkafólki í okkar fiskvinnslu sem vel gæti hugsast, jafnvel þó að atvinnuástand hér væri ekki sérstaklega gott. Því miður þekkjum við tilhneigingu í þá átt að ráða hingað fólk sem sættir sig við lakari kjör og lakari aðbúnað en íslenskt verkafólk sem betur fer gerir nú orðið. Við skulum segja að hér væri kominn slatti af Portúgölum sem ynni í saltfiskverkun og það væri farið að þrengjast um atvinnu af þessu tagi fyrir Íslendinga sjálfa. Þá er ákveðið að grípa til öryggisákvæðisins. Það er ákveðið að taka upp á nýjan leik atvinnuleyfi fyrir þessa útlendinga. Reglurnar eru þannig að það verði þá að gilda um alla jafnt, það verður að gilda um allar hinar þjóðirnar í EES. Það er ekki bara hægt að setja það á Portúgali því að ráðstafanirnar skulu gilda gagnvart öllum samningsaðilum, segir í 3. tölul. 111. gr.

Hvað gera Portúgalir? Við skulum segja að einhver umboðsmaður fyrir verkafólk í Portúgal ætli ekki að una þessu. Hann heimtar að þessi fjandi sé ekki þolaður, þetta fólk eigi sama rétt til atvinnu á öllu efnahagssvæðinu og þetta sé mismunun. Halda menn að Portúgalir færu að heimta þá að Íslendingar þyrftu að sækja um atvinnuleyfi í Portúgal á móti? Ég held ekki. Það skiptir þá engu máli. Þeir mundu ósköp einfaldlega reisa ágreining við Ísland og krefjast þess að öryggisákvæðinu væri ekki beitt og/eða umfang þessara ráðstafana væri ekki svona mikið, þær fælust í einhverju öðru. Þeir mundu e.t.v. segja: Í staðinn fyrir að taka upp atvinnuleyfi fyrir Portúgali í íslenskum saltfiski, þá skuluð þið bara grípa til atvinnuskapandi aðgerða. Þið skuluð bara koma á fót nýrri atvinnustarfsemi fyrir þetta fólk þannig að allir hafi atvinnu en ekki brjóta samninginn með þessu. Þeir gera ágreining. Sá ágreiningur fer fyrir sameiginlegu nefndina, hann leysist ekki á þremur mánuðum eða þá hann leysist með því að Ísland gefi eftir, ella kemur til gerðardómur. Hver halda menn að verði staða Íslands að beita þessu öryggisákvæði gagnvart t.d. 5% atvinnuleysi, sem kynni að vera til staðar á ákveðnu svæði, gagnvart þjóðum sem sjálfar búa við 15–20% atvinnuleysi? Það mundi enginn hafa samúð með Íslendingum. Málstaður okkar væri afar veikur við slíkar aðstæður og það er næsta víst að gerðardómurinn mundi falla Íslandi í óhag. Aðstaða okkar til að verja hinn fámenna og viðkvæma íslenska vinnumarkað, t.d. með þessu öryggisákvæði, yrði að mínu mati mjög slök.

Það mætti fara um þetta mörgum fleiri orðum, herra forseti, en ég ætla ekki að gera það. Auðvitað getur þetta átt við um fjölmörg atriði önnur en vinnumarkaðinn. Það gæti átt við um landakaup, þetta gæti átt við um ýmiss konar ójafnvægi eða röskun sem væri að verða á okkar högum vegna ákvæða þessa samnings. Í öllum tilvikum er rammi þessa öryggisákvæðis eins. Það er mjög veikt að mínu mati og fráleitt að halda því fram að það sem slíkt komi í staðinn fyrir beina fyrirvara á ýmsum samningssviðum. Það er rugl. Og ég skil ekki í raun og veru hvernig menn sem hafa lesið textann frá og með 111.–114. gr. sem og bókun 33 geta haldið slíku fram. Það er fjarstæða. Hér er um svo aumlegt ákvæði að ræða og sá sem ætlaði að fara að beita því væri í svo vondu ljósi gagnvart hinum samningsaðilunum að mér er til efs að menn mundu nokkurn tíma leggja út í að reyna að nota það. Þeir

verða auðvitað ekki mjög vinsælir í klúbbnum fína sem færu út á þá braut yfirleitt.

Því hefur verið haldið fram að þetta ákvæði sé sambærilegt því sem við Íslendingar höfum haft í norræna sáttmálanum um sameiginlegan vinnumarkað Norðurlanda. Því fer sömuleiðis órafjarri að svo sé og er þó ólíku saman að jafna, stöðu okkar Íslendinga gagnvart hinum Norðurlöndunum þar sem kaupmáttur er svipaður og hér og lífskjör sambærileg og félagsleg réttindi svipuð eða okkar aðstæðum t.d. ef við færum að mæta innstreymi vinnuafls frá láglauna- og atvinnuleysissvæðunum í Suður-Evrópu. Það yrði líklegast að slíkt innstreymi kæmi frá láglauna- og atvinnuleysissvæðunum í Suður-Evrópu, Portúgal, Suður-Ítalíu, Grikklandi jafnvel þar sem er 15–20% atvinnuleysi. Halda menn að þeir hefðu mikla samúð með Íslendingum ef þeir ætluðu að beita öryggisákvæðum gagnvart slíku? Ég held ekki. (**Gripið fram í:** Eða hinu fátæka Bretlandi.) Eða hinu fátæka Bretlandi sem er ekki fallega á sig komið eftir thatcherismann eins og hv. þm. Alþfl. er ólatur við að minna á.

Herra forseti. Ég hef farið aðeins yfir þetta atriði varðandi öryggisákvæðið sem lítið hefur verið rætt til þessa það ég best veit. Mér þykir auðvitað leiðinlegt að þurfa að gera það að utanrrh. fjarstöddum. Ég held að ég hafi ekki verðskuldað það að hann tolli ekki augnablik í þingsalnum þegar reynt er að ræða við hann hér efnislega um afmarkaða þætti samningsins. Ég skal fúslega játa að ég hef á köflum verið farinn að sakna þess að menn tækju þátt í þessari umræðu á þann hátt að taka fyrir einstaka efnisþætti, einstakar greinar og ræða þær ítarlega. Ég hef verið að reyna að gera það hér. Ég hef haldið mig algerlega við fjórar greinar í samningnum og reynt að ræða þær og mótmæli því að hæstv. utanrrh. og ábyrgðaraðili málsins sé hér víðs fjarri lon og don.

Ég ætla þá í öðru lagi, herra forseti, að svo miklu leyti sem tíminn leyfir, að ræða um landakaup og rétt útlendinga til fjárfestinga hér á grundvelli þessa samnings. Menn hafa dvalið þar mest við kaup á jarðnæði eða landi. Það er svo sem skiljanlegt en auðvitað er rétt að minnast þess að réttur útlendinga til fjárfestinga hér er að sjálfsögðu ekki bundinn við landið eitt. Hann er altækur, fullt frelsi til fjármagnsflutninga og fjárfestinga er ein af grundvallarreglum svæðisins og það kemur mjög víða við. Ég held að menn hafi í ýmsum tilvikum alls ekki áttað sig á því hversu víða það kemur við, jafnvel okkar gildandi og nýlega löggjöf um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri sem og auðvitað allar fjárfestingar erlendra aðila í einkaþágu sem falla utan laganna um fjárfestingar í atvinnurekstri. Menn mega ekki gleyma því að á báðum þessum sviðum opnast fullt frelsi. Þeir sem þekkja samninginn vita að þetta kemur inn í hann á mörgum stöðum, bæði í markmiðsgreinar samningsins, í inngang hans og síðan í 40. gr. og kaflann um fjárfestingarfrelsið. Ég bendi mönnum á að fá sér lög um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri, fletta þar upp á bls. 2 og lesa í gegnum þann texta og skoða hversu mörgu þetta breytir. Ég er ekki viss um að allir hafi áttað sig á því. Þar eru níu tölusettir liðir sem fjalla um takmarkanir sem fjárfestingum erlendra aðila eru settar. Í fyrsta lagi gagnvart sjávarútveginum, síðan rétti íslenska ríkisins, sveitarfélaga og ríkisborgara varðandi virkjunarréttindi. Síðan er ákvæði sem takmarkar mögulegan eignarhlut útlendinga í flugrekstri við 49%. Í fimmta lagi mega erlendir aðilar ekki eiga meira en 25% hlutafjár í íslenskum banka samkvæmt gildandi lögum. Í sjötta lagi er fjárfesting erlends ríkis eða fyrirtækis í eigu erlends ríkis í atvinnurekstri hér á landi óheimil nema með sérstöku leyfi ráðherra. Í sjöunda lagi eru takmarkanir á heildarfjárfestingum erlendra aðila og mega þær ekki fara yfir 250 millj. kr. á hverju almanaksári og ekki verða meiri en 25% í hverri atvinnugrein fyrir sig o.s.frv. Öll þessi ákvæði munu sæta breytingum af ákvæðum samningsins um fjármagnsflutninga og frelsi til fjárfestinga sem og ákvæðum um staðfesturétt og atvinnufrelsi á samningssvæðinu.

Mest hefur verið rætt um áhrifin varðandi kaup á landi og ég ætla að fara svolítið yfir það mál. Fyrir því eru m.a. ákveðnar ástæður að sá þáttur hvað varðar stöðu mála í tíð síðustu ríkisstjórnar hefur nokkuð verið til umræðu og ekki allt rétt og gáfulegt sem um það hefur verið sagt. Staðan var ósköp einfaldlega sú í fyrri ríkisstjórn að það var afdráttarlaus afstaða mín allan þann tíma sem ég fór með málefni jarða á Íslandi að Ísland ætti að hafa varanlegan fyrirvara hvað varðaði rétt útlendinga til fjárfestinga í landi og jarðnæði. Ég fór rækilega yfir það mál og kunni reyndar fyrir ágætlega þau lög sem koma helst við sögu, þ.e. jarðalög og ábúðarlög, og mér voru þegar ljósir vankantarnir á því að ganga frá þessu máli með nokkrum öðrum hætti en þeim að Íslendingar hefðu þarna varanlegan fyrirvara. Ég var m.a. með það fordæmi í huga sem er að finna í Danmörku í þessum efnum. Þrátt fyrir aðild að Evrópubandalaginu hafa Danir varið fyrirvara sinn varðandi landakaup í gegnum þykkt og þunnt, meira að segja í gegnum Maastricht og ástæðan er ósköp einföld. Þeir hafa áttað sig á því sem gefur auga leið að það var eina varanlega tryggingin fyrir því að unnt væri að sporna gegn því að land og landréttindi í stórum stíl færðist í hendur útlendinga ef svo bæri undir. Ég tel og taldi allan tímann og sú afstaða mín kom margoft fram að við Íslendingar yrðum að ná inn í þennan samning ef af honum yrði varanlegum fyrirvara hvað varðaði rétt útlendinga til uppkaupa á landi í einkaþágu. Þá á ég við öllu öðru landi en því sem væri nauðsynlegt athafnarými fyrir atvinnurekstur. Ég setti þessa skoðun fram strax á fyrsta ári könnunarviðræðna, m.a. á fundi á Þingvöllum sem haldinn var sérstaklega um þetta mál sumarið 1989. Afstaða mín kom margoft fram á þeim mánuðum sem í hönd fóru og hún er enn óbreytt. (Gripið fram í.) Það var alltaf verið að halda fundi, hæstv. forsrh. Ég þarf að fletta því betur upp ef ég á að fullyrða það, en mig minnti að í fyrsta sinn sem við fórum yfir í þetta á sérstökum fundi á Þingvöllum hafi það verið sumarið 1989 en það var líka fundur á árinu 1990, það er rétt.

Síðan þróuðust málin þannig eins og menn muna

að utanrrh. fór fram á það í nóvember 1990 eða um mánaðamótin nóvember/desember 1990 að hann mætti halda áfram í samningaviðræðunum og falla frá öllum kröfum um varanlega fyrirvara af Íslands hálfu fyrir utan þann eina sem væri á sjávarútvegssviðinu og að mati utanrrh. þyrfti ekki að flokkast sem varanlegur fyrirvari þar sem ekki væri um fríverslun með sjávarvörur að ræða. Ég lýsti þá sem áður afdráttarlausri andstöðu við þetta og krafðist þess að áfram yrði það ófrávíkjanleg krafa Íslands að við gætum varið okkur í þessum efnum. Eins og menn síðan muna fór það þannig að utanrrh. fékk aldrei umboð frá fyrri ríkisstjórn til að falla frá fyrirvörunum og það sem kann að hafa gerst á tímabilinu desember 1990 til og með 5. maí 1991 er á ábyrgð hans eða samningamanna hans hvað þetta snertir.

Ég var þeirrar skoðunar, og hef enn frekar styrkst í þeirri afstöðu eftir að hafa skoðað málin nú þegar samningurinn liggur fyrir, að það væri miklum vandkvæðum bundið að binda þannig um hnúta ef ekki væri um varanlegan fyrirvara á samningnum að ræða að það gæti haldið. Sú ástæða er þar að mínu mati langstærst að málin eru í þannig fari hjá okkur Íslendingum hvað eignarhald á jarðnæði snertir í landinu að um leið og við ætlum að fara að setja í lög einhver takmarkandi ákvæði þá munu þau bitna á miklum fjölda fólks innan lands. Jarðalögum hefur ekki verið framfylgt í ströngum skilningi þeirra um áratuga skeið, ekki ábúðarlögum heldur. Eigendur jarða hafa ekki verið skyldaðir til að búa á jörðunum. Eigendur jarða hafa ekki verið látnir sinna fjallskilum eða annast girðingar eins og heimilt væri samkvæmt lögum. Hvers vegna ekki? Vegna þess að hundruð jarða á Íslandi, heilmikið jarðnæði, heilmikil landréttindi eru í eigu þéttbýlisbúa sem ekki hafa búsetu á jörðunum. Hvernig ætla menn að setja girðingar í lög, hvernig ætla menn að setja takmarkandi ákvæði án þess að það bitni á þessum fjölda fólks? Það er ákaflega vandséð. Þegar maður skoðar það sem nýjast hefur veri dregið fram í dagsljósið í þessum efnum, m.a. skýrslu nefndar á vegum tveggja ráðuneyta eða þriggja, þ.e. á vegum dóms- og kirkjumrh. og landbrh., kemur þetta auðvitað ljós sem mátti vera þeim ljóst sem til þekktu.

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hæstv. forseta hvort þetta hafi gengið svona til alla umræðuna að ráðherrarnir, sem eru hér ábyrgðarmenn málsins, hverfi úr salnum þegar þeim sýnist þannig að þegar maður er að beina til þeirra máli sínu þurfi maður stanslaust að hafa augun á þeim til þess að vera viss um að þeir séu við. Er það hugsun hæstv. forseta að það sé eðlilegt að umræðan gangi með þessum hætti að hér sé yfirleitt enginn af hæstv. ríkisstjórn viðstaddur? Þá sjaldan þeir koma hingað er það í mýflugumynd og eru þeir þó ekki allir smáir að vöxtum heldur er það með þessum myndræna hætti séð að þeir eru hér í mýflugumynd. Ég kann ekki við þetta, hæstv. forseti, og mun ekki halda áfram máli mínu öllu lengur við þessar aðstæður. (**Forseti:** Forseta langar að benda hv. þm. á að hér hafði verið tilkynnt að fram færi utandagskrárumræða um eða upp úr kl. 4. Ef vel stendur á og hv. þm. er ekki um það bil að ljúka ræðunni þá væri hann kannski tilbúinn að fresta henni. En ef hv. þm. er um það bil að ljúka ræðunni þá gefur forseti honum að sjálfsögðu tækifæri til þess ef það eru ekki margar mínútur. En varðandi spurningu um viðveru hæstv. ráðherra í salnum verður fátt um svör hjá forseta annað en að samkvæmt töflu eru hæstv. ráðherrar staddir í húsinu og það er eins og gengur og gerist að menn eru svolítið á hreyfingu en forseti væntir þess að þeir fylgist vel með þessari umræðu eins og væntanlega hv. þm. þótt þeir séu ekki alltaf til staðar inni í salnum.)

Hæstv. forseti. Ég þakka þessi orð. Í sjálfu sér stendur hvorki vel né illa á í ræðunni að hætta. Að því leyti stendur vel á að ég hef engan áhuga á að tala yfir tómum stólum. Það eina góða við það er að þeir slitna ekki á meðan ráðherrarnir sitja ekki í þeim, en ég hef ekki áhuga á að flytja mál mitt við þær aðstæður. Ég gerði grein fyrir því í upphafi máls míns hvernig ég ætlaði að haga því og við hvaða ráðherra ég óskaði að eiga orðastað og í hvaða röð og hafði nú vonast til þess að það mundi greiða fyrir umræðunum og ég ætla þá að endurtaka það. Ég er að ræða um landakaup og hafði óskað eftir því að utanrrh. og forsrh. yrðu viðstaddir. Síðan hugðist ég koma inn á sjávarútvegsmál og það er þá rétt að koma þeirri ábendingu á framfæri við hæstv. forseta að gera sjútvrh. aðvart um það þegar umræðan heldur áfram að ég vildi gjarnan að hann væri viðstaddur. (**Forseti:** Hæstv. sjútvrh. er í salnum.) Oft kemur góður þá getið er og ég mun þá að sjálfsögðu verða við tilmælum hæstv. forseta og gera hlé á máli mínu meðan önnur mál komast hér á dagskrá.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Staða Kópavogshælis.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og tilkynnt var í upphafi fundarins fer nú fram utandagskrárumræða samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaga. Þessi umræða fer fram að beiðni hv. 4. þm. Suðurl., Margrétar Frímannsdóttur, og mun hún beina orðum sínum til hæstv. heilbrrh. Forseti telur ástæðu til að minna á þær breytingar sem gerðar voru á því ákvæði þingskapalaga sem snýr að lengd ræðutímans. Framsögumaður og hæstv. ráðherra, sem málið varðar, hafa fimm mínútur hvor í fyrri umferð og tvær mínútur hvor í hinni síðari. Aðrir þingmenn og ráðherrar hafa tvær mínútur allt að tvisvar sinnum. Hefst nú umræðan og til máls tekur hv. 4. þm. Suðurl.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár mótmæltum við stjórnarandstæðingar harðlega þeirri aðferð ríkisstjórnarinnar að beita flötum niðurskurði á

ríkisstofnanir í sparnaðar- og samdráttarskyni án tillits til stöðu þeirra eða hlutverks. Við vöruðum við alvarlegum afleiðingum þessarar stefnu og bentum á nauðsyn þess að forgangsraða verkefnum og leggja mat á mikilvægi þeirra áður en ákvarðanir væru teknar. En ríkisstjórnin kaus að láta varnaðarorð okkar sem vind um eyru þjóta og afleiðingarnar eru að koma í ljós.

Nýjasta og eitt versta dæmið er staða Kópavogshælis eins og fram hefur komið í fréttum undnfarna daga. Stjórnendur hælisins, sem er heimili 135 þroskaheftra einstaklinga, hafa fengið ráðningarsamninga endursenda með þeim skilaboðum að ekki mætti auglýsa störf laus til umsóknar eða ráða í störf sem losna vegna þess að heimilið hafði eytt umfram heimildir. Á yfirliti yfir launakostnað Kópavogshælis frá 1. ágúst sl. kemur fram að búið er að eyða rúmum 6 millj. kr. umfram heimildir en það segir þó ekki alla söguna. Á sama yfirliti kemur fram að launagreiðslur heimilisins á tímabilinu janúar til júlí 1992 eru um 9,5 millj. kr. lægri en launagreiðslur voru á sama tímabili árið 1991 miðað við verðlag þessa árs. Launagreiðslur hafa lækkað á milli ára um 6% að raungildi.

Einnig kemur fram að settum stöðum hefur fækkað um 11 á sama tíma og að yfirvinna hefur dregist verulega saman. Yfirvinnustundum hefur fækkað um 7.937 stundir á fyrstu sjö mánuðum þessa árs miðað við sama tíma í fyrra. Þetta er umtalsverður sparnaður sem náðst hefur með góðri samvinnu stjórnenda og starfsmanna.

Launagreiðslur hafa ekki verið lægri að raungildi þegar litið er til síðustu þriggja ára. Í bréfi sem framkvæmdastjórinn skrifar stjórnarnefnd Ríkisspítalanna 25. ágúst sl. kemur fram að önnur rekstrargjöld eru 2 millj. kr. lægri en á sama tíma í fyrra. Þrátt fyrir þennan mikla sparnað og samdrátt er staða Kópavogshælis þannig að kostnaðurinn er 6,1 millj. kr. umfram heimildir sem sýnir svo að ekki verður um villst að vistheimilinu hefur verið gert að spara langt umfram það sem eðlilegt getur talist og raunhæft.

Þegar umrædd beiðni Kópavogshælis um ráðningu starfsmanna var send vantaði starfsfólk í 29 stöður. Nú hefur heimild fengist til að ráða í 19 þeirra þannig að 10 þeirra eru ómannaðar enn þá. Þetta er tímabundin lausn sem hefur það m.a. í för með sér að dregið verður úr þjónustu á stoðdeildum og þjálfun vistmanna og starfsemi leikfangasafns verður hætt. Hvergi á landinu er á einum stað jafnstór hópur einstaklinga með jafnmikla þörf fyrir hjálpartæki til að auka þroska sinn fyrir hvers konar sjúkraþjálfun, fyrir andlega og líkamlega aðhlynningu og umhyggju. Hér er um að ræða þroskaheftar og líkamlega fatlaðar manneskjur og heimili þeirra. Hér er ekki um það að ræða að hægt sé að loka deildum og senda vistmenn á einhvern annan stað. Starfsemi þessa heimilis fyrir fatlað fólk fellur ekki undir lög um málefni fatlaðra, svo einkennilegt sem það nú er. Það er hluti af rekstri Ríkisspítalanna og vistmennirnir hafa því ekki sama rétt og aðrir fatlaðir. Á meðan þeir búa á Kópavogshæli — og sumir vistmanna dvelja þar ævilangt — er ekki hægt að líta öðruvísi á en þeir séu sviptir þeim rétti sem aðrir fatlaðir njóta samkvæmt nýjum lögum um málefni fatlaðra sem taka gildi í dag. Ég leyfi mér að draga í efa að þetta fyrirkomulag standist reglur um mannréttindi, að hér sé ekki um mannréttindabrot að ræða.

Lög um málefni fatlaðra heyra til hæstv. félmrh. Það hefur ítrekað komið fram hjá þeim ráðherra, m.a. við umræðu og afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár að framlög til þessa málaflokks væru síst minni nú en áður og flatur niðurskurður ríkisstjórnarinnar komi lítið eða ekkert niður á málefnum fatlaðra. Það má vera að niðurstöðutölur úr ríkisrekstri styðji þessi orð hæstv. félmrh. Það veit ég ekkert um. En hitt er víst að Kópavogshælið er þar undanskilið. Þetta er heimili fyrir fatlaða sem heyrir undir Ríkisspítalana og þar af leiðandi til heilbr.- og trmn.

Vissulega eru það stjórnendur Ríkisspítalanna sem ákveða framlög til Kópavogshælis af þeim fjárveitingum sem Ríkisspítarnir fá á fjárlögum. Ábyrgð þeirra á rekstri heimilisins er því töluverð. Það firrir hins vegar ekki heilbr.- og trmrh. eða Alþingi ábyrgð á rekstri heimilisins. Tillögur og ákvarðanir um fjárveitingar koma þaðan. Það er á ábyrgð þessara að sjá til þess að Kópvogsheimilið hafi það rekstrarfé sem þörf er fyrir til þess að þeir einstaklingar sem þar búa fái nauðsynlega þjónustu.

Í bréfi frá stjórnendum Kópavogsheimilisins kemur fram að verið er að færa starfsemi stofnunarinnar mörg ár aftur í tímann með því að krefjast sparnaðar umfram það sem þegar hefur náðst. Það er í raun verið, hv. þm., að breyta heimilinu í geymslustað.

Það er sérkennilegt að þurfa að beina orðum sínum til hæstv. heilbrrh. varðandi úrbætur í málefnum þessara fötluðu einstaklinga sama dag og lög um málefni fatlaðra taka gildi, lög sem hæstv. félmrh. og öll hagsmunasamtök þessa fólks börðust fyrir og töldu mikla réttarbót. Vistmenn á Kópavogshæli eru utan ramma þessara laga. Flestir þeir einstaklingar sem dvelja á Kópavogshæli eru úr hópi þeirra sem greinast alvarlega eða mjög alvarlega þroskaheftir. Heildarfjöldi þessara einstaklinga á landinu öllu er samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef milli 300 og 400. Þar af eru 135 á Kópavogshæli. Það er hátt hlutfall og sýnir mikilvægi þess starfs sem fer fram á þessu heimili betur en nokkuð annað. Í ljósi þessara upplýsinga sem við nú höfum, og þökk sé fjölmiðlum fyrir að vekja athygli okkar á þessu, þá eru nokkur atriði sem ég bið hæstv. heilbrrh. að svara.

Er honum kunnugt um það hvort Kópavogshælið var látið taka á sig hlutfallslega meiri niðurskurð en aðrar rekstrareiningar Ríkisspítalanna og þá að teknu tilliti til þess sparnaðar sem áður hafði náðst? Mun ráðherra beita sér fyrir frekari framlögum til Kópavogshælis? Verður það tryggt að vistmenn þar njóti sama réttar og þeir sem búa á stofnunum sem falla undir lög um málefni fatlaðra?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð til þess að leiðrétta það sem fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns um að það hafi verið framkvæmdur flatur niðurskurð-

ur á stofnunum heilbr.- og trmrn. Það er ekki rétt. Í fjárlögum var framkvæmdur flatur niðurskurður um 5% eins og menn vita. 3% voru síðan skilin eftir í sérstökum sjóði sem hægt var að úthluta úr til umræddra stofnana. Sú úthlutun átti sér stað í fullu samráði við forsvarsmenn umræddra stofnana og það voru fjögur atriði sem gengið var út frá þegar því fé var deilt niður:

1. Að ekki þyrfti að koma til lokunar á skurðstofum og skerðingar bráðaþjónustu.
2. Að fæðingaraðstöðu yrði hvergi lokað á landinu.
3. Að ekki yrði dregið úr heimahjúkrun eða aðhlynningu aldraðra.
4. Að litlu heilsugæslustöðvarnar þyrftu engan niðurskurð að taka á sig.

Þannig var ráðstafað úr umræddum sjóði svo að í reynd var ekki um flatan niðurskurð að ræða heldur misháar fjárveitingar til hinna einstöku stofnana til baka og það er e.t.v. skýringin á því að þessi aðgerð virðist ætla að takast.

Um þetta sérstaka viðfangsefni sem hér er rætt um, Kópavogshælið, er það að segja að engar upplýsingar hafa borist til heilbr.- og trmrn. um sérstök vandamál á Kópavogshælinu, hvorki frá stjórnendum þess né heldur frá stjórnendum Ríkisspítala. Við höfum fengið mörg erindi frá stjórnendum Ríkisspítala þar sem lýst hefur verið ýmsum vandkvæðum sem stjórnendur þar eiga við að fást. Ekkert af þessum erindum hefur varðað Kópavogshælið. Við höfum ekki heldur enn fengið neinar upplýsingar að frumkvæði stjórnenda Kópavogshælis um sérstök vandamál þar. Ég mun hins vegar eiga fund með þeim í fyrramálið að þeirra ósk. Að minni ósk hefur ráðuneytisstjórinn í heilbr.- og trmrn. rætt við forstöðumann heimilisins í dag og ég hef sjálfur rætt við forsvarsmenn Ríkisspítala, stjórnarformann að vísu, en ekki framkvæmdastjóra því til hans hefur ekki náðst. Sú umfjöllun sem við í heilbrrn. höfum séð um málið hefur því til þessa öll farið fram í fjölmiðlum.

Í skýrslu sem ég fékk frá framkvæmdastjóra og stjórnarformanni Ríkisspítala kemur fram að þeir telja að umræddur vandi hafi verið leystur á fundi með stjórnendum Kópavogshælis sl. miðvikudag. Í skýrslunni sem er frá formanni stjórnarnefnda, Árna Gunnarssyni, og forstjóra Ríkisspítalanna, Davíð Á. Gunnarssyni, segir, með leyfi forseta:

„Á fundi sem forstjóri Ríkisspítalanna átti með yfirmönnum hælisins um miðja síðustu viku voru lagðar fram mjög markvissar tillögur um það með hvaða hætti ná mætti sparnaði sem eftir lifði af árinu. Í grundvallaratriðum var ákveðið að fara eftir þessum tillögum. M.a. þess vegna kom það forráðamönnum Ríkisspítala mjög á óvart hvernig umræður um þessi mál hafa þróast. Ekki hafði verið talið að á ferðinni væri sá stóri vandi sem forráðamenn Kópavogshælis réðu ekki fram úr."

Þetta segir í skriflegri skýrslu þeirra. Ég er með tillöguna sem samþykkt var um þessi mál á fundinum með ráðamönnum Kópavogshælis 28. ágúst 1992. Þingmönnum er frjálst að kynna sér hana ef þeir vilja, en tímans vegna ætla ég að láta hjá líða að lesa þá tillögu upp. Fyrir u.þ.b. viku virtist því fullt samkomulag hafa tekist um það að ráða fram úr þeim vandamálum sem upp hafa komið í þessu efni.

Ég vil aðeins taka það fram að ekki eru nema fimm dagar síðan að formanni stjórnar Ríkisspítala var ljóst að þarna var eitthvert vandamál á ferðinni.

Að beiðni minni hefur landlæknir farið í dag og rætt við starfsmenn Kópavogshælisins. Hann gaf mér skýrslu rétt áðan og gaf mér heimild til þess að hafa eftir sér hér að hann teldi enga sérstaka ástæðu til neinna frekari aðgerða. Hann taldi að góður starfsandi væri á þessu heimili og hann tók það sérstaklega fram og heimilaði mér að hafa það eftir sér að eftir viðræður við starfsfólkið teldi hann að fjölmiðlaumfjöllunin eins og hún hefði verið að undanförnu væri algjörlega ástæðulaus og ekki að tilhlutan starfsmanna hælisins.

Um fjárhagsmál Kópavogshælisins er það að segja að eins og önnur starfssvið innan Ríkisspítalanna þá þurftu þeir að taka á sig að leysa rekstrarvanda vegna lækkaðra fjárveitinga. Gerð var áætlun strax í upphafi ársins 1992 um hvernig að þessu skyldi staðið og hún lög fyrir starfsmennina og fyrstu fimm mánuði ársins var ekki annað að sjá en allt gengi eftir, þ.e. að um 8% sparnaður í rekstri hefði náðst og að verulegur sparnaður í launakostnaði hefði náðst. Hins vegar virðist eitthvað hafa farið úrskeiðis í rekstrinum í mánuðunum júní og júlí þannig að Kópavogshælið var komið fram úr fjárheimildum í lok júlímánaðar um 5 millj. kr. en var á sama tíma í fyrra komið fram úr fjárlagaheimildum um 11,5 millj. kr. Vandamálið í rekstri Kópavogshælisins var því minna sem þessu nemur, um mitt þetta ár en á miðju sl. ári.

Ég vil taka fram og endurtek það, virðulegi forseti, og skal svo láta máli mínu lokið að sinni, að þessi mál voru leyst á fundi með forstjóra Ríkisspítala fyrir viku. Sú fjölmiðlaumfjöllun sem verið hefur að undanförnu kom honum á óvart. Landlæknir telur hana ástæðulausa. Ég sjálfur hef ekki um annað frekar um þetta mál að segja en að ég mun eiga viðtöl við þá forráðamenn sem óskað hafa eftir að ná fundi mínum á morgun. En ég verð að segja eins og er, virðulegi forseti, að samkvæmt þeim efnisatriðum sem ég hef fengið upplýst um þetta mál þá hlýt ég að vera sammála landlækni um það að fjölmiðlaumfjöllunin eins og hún hefur verið um þetta mál virðist vera með öllu tilefnislaus.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Málefni Kópavogshælis er til umræðu vegna yfirvofandi samdráttar í þjónustu við 134 fatlaða einstaklinga sem búa þar, en Kópavogshæli er langstærsta stofnun fyrir þroskahefta á Íslandi. Kópavogshæli er rekið eins og sjúkrastofnun undir heilbrrn. enda þótt aðeins 20–30 vistmenn þurfi á beinni sjúkravistun að halda. Hinir 100 gætu vistast á sambýli væri til sambýli í landinu fyrir þessa einstaklinga því þeir þurfa fyrst og fremst umönnun, hvatningu og þjálfun.

Mikil umræða var um málefni Kópavogshælis í vor þegar ný lög um málefni fatlaðra voru samþykkt á Al-

þingi. Þá var samþykkt að nefnd yrði skipuð til að móta framtíðarskipulag um stofnunina. Því er eðlilegt að spurt sé hvað líði vinnu þessarar nefndar. Við sem samþykktum þessi lög trúðum því statt og stöðugt að verið væri að endurskoða alla starfsemi stofnunarinnar.

Um langan tíma hefur verið um það mikil umræða að fækka vistmönnum og flytja þá yfir á sambýli. Því er spurt: Hvað hyggst hæstv. heilbrrh. í samvinnu við hæstv. félmrh. gera í þeim málum á næstunni og er einhver markviss vinna í gangi í þessum efnum?

Við vitum vel að það tekur langan tíma og kostar mikla peninga, en það þarf að hefja þessa vinnu. Starfsfólk og vistmenn á Kópavogshæli eiga heimtingu á að vita hver framtíð heimilisins er. Það er ekki hægt að bíða í þessari óvissu.

En vandamálið er það sem blasir við nú þegar 30 starfsmenn hætta störfum og aðeins má ráða 19 í staðinn. Það segir okkur að það verður minni umönnun fyrir hina 134 einstaklinga en verið hefur. Því hljótum við að spyrja: Er ekki hægt að spara á einhverjum öðrum sviðum? Hefur hæstv. heilbrrh. skoðað hvort hægt sé að spara í „óverheddinu" eins og sagt er, í staðinn fyrir að spara í umönnun þessara einstaklinga. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti, ég er að ljúka máli mínu. En allir fatlaðir eiga rétt á að njóta sömu þjónustu hvar sem þeir eru vistaðir.

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Í meðferð frv. til laga um málefni fatlaðra sem afgreitt var sem lög frá Alþingi í vor og tekur gildi í dag, eins og þið hafið heyrt, var m.a. komist að samkomulagi um að þáttur Kópavogshælis yrði tekinn sérstaklega fyrir nú í sumar. Ég tjáði þann skilning minn á hlutverki hælisins að þar væri sannanlega stór hópur sjúkra þroskaheftra sem þyrfti á stöðugri hjúkrun og eftirliti læknis að halda. Því mætti telja hluta Kópavogshælis til sjúkrastofnunar. Hins vegar er mikill hluti stofnunarinnar heimili og það mjög vel búið heimili eða sambýli, ef menn vilja kalla það svo, og vinnustaður fyrir alvarlega þroskahefta.

Framkvæmdir á Kópavogshæli undanfarin ár hafa aðallega byggst á fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra en einnig söfnun aðstandenda. Ég vil benda á að ef túlka á málefni Kópavogshælis núna eftir nýjum lögum um málefni fatlaðra sem sjúkrahúss, þá er þar með lokað fyrir aðgang að Framkvæmdasjóði fatlaðra og litlar líkur, miðað við fjárveitingar til heilbrigðismála, að sú æskilega uppbygging sem þar á að verða muni nokkru sinni sjá dagsins ljós. Fatlaðir á Kópavogshæli eiga sama rétt og aðrir fatlaðir. Það er því réttmæt krafa að þeir sitji við sama borð og aðrir fatlaðir um úthlutun úr Framkvæmdasjóði fatlaðra.

Þar sem starfsemi Kópavogshælis hefur á undanförnum árum verið tengd starfsemi félmrn. í þessum málaflokki hefði ég óskað að hæstv. félmrh. gæti verið hér viðstödd og spyrja, eins og hv. 2. þm. Vesturl., hvort nefnd sú sem skipa átti um framtíðarhlutverk Kópavogshælis hafi lokið störfum.

Enn fremur vil ég óska eftir upplýsingum frá hæstv. heilbrrh. hvernig ákvörðun um þann mikla niðurskurð sem Kópavogshæli hefur mátt þola var tekin og hvort ráðuneytið telji þann niðurskurð samræmast þeirri umfangsmiklu starfsemi sem þar fer fram og ekki er með góðu móti hægt að minnka eða flytja á milli stofnana.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Þingmenn á undan mér hafa minnt á þá nefnd sem átti að skipa eða félmn. Alþingis lagði a.m.k. til að skipuð yrði til þess að tryggja réttarstöðu þeirra íbúa sem byggja Kópavogshæli. Mig langar til þess að upplýsa það hér að þessi nefndarskipun getur ekki verið á verksviði félmrh., hún hlýtur að vera á verksviði heilbr.- og trmrh. vegna þess að Kópavogshæli fellur undir heilbr.- og trmrn. sem sjúkrastofnun. Því var beinlínis beint til heilbr.- og trmrh. að hann léti skipa þessa nefnd og í nál. meiri hluta félmn. sem allir stóðu að utan einn fulltrúi, segir:

„Meiri hluti nefndarinnar telur eðlilegt að félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra, stjórnarnefnd Ríkisspítalanna og stjórnarnefnd í málefnum fatlaðra tilnefni sinn fulltrúa hver og jafnframt skipi heilbr.- og trmrh. formann án tilnefningar."

Þannig tel ég að við hljótum að geta spurt heilbr.- og trmrh. sem er hér í dag, hvort þessi nefnd hafi verið skipuð og hvað hún hafi gert.

Virðulegur forseti. Ég held að vandi Kópavogshælis liggi að hluta til í því að Kópavogshæli er skilgreint sem sjúkrahús. Það er verið að reka sjúkrahús fyrir fólk sem er í raun ekki veikt, það er fatlað. Af þeirri fötlun geta auðvitað leitt ýmis veikindi, en það er fyrst og fremst fatlað og þetta fólk þarf að eiga sitt heimili, það á ekki að búa á sjúkrahúsi alla sína ævi. Þarna eru margir einstaklingar sem búa við það að vera með 14 öðrum fötluðum einstaklingum og eiga að búa með þeim alla sína ævi. Þannig getur þetta ekki haldið áfram. Þess vegna verður að búa svo um hnútana að það fólk sem þarna er komist á sambýli og það fái þá þjónustu sem ný lög um málefni fatlaðra bjóða upp á, þ.e. sveigjanlega og einstaklingsbundna þjónustu sem beinist að þörfum hvers og eins en ekki þeirrar stofnunar sem hlut á að máli.

Ég talaði um að vandi Kópavogshælisins lægi að hluta til í þessu vegna þess að ég held að það sé dýrara að reka þessa þjónustu sem sjúkrahús eins og nú er gert með öllum þeim toppum — virðulegur forseti, verð ég að segja, sem þarna eru og ég held að fjármunirnir fari ekki alltaf þangað sem mikilvægast er. Í þessu sambandi langar mig að benda á grein sem birtist í Morgunblaðinu sl. laugardag þar sem er verið að tala um sparnað á Sahlgrenska sjúkrahúsinu en þar segir:

„Það er ekki vænlegt að vera með tvíhöfða stjórnun þar sem annar aðilinn fer með fjármálin og hinn ber faglega ábyrgð á starfinu."

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Sú uppákoma að þetta mál skuli vera rætt einmitt í dag, 1. sept., á gildistökudegi nýrra

laga um málefni fatlaðra, segir okkur dálitla sögu um það hvernig að því var staðið á síðasta þingi. Menn skildu eftir óleyst mál, sáu ekki fram úr þeim og gáfu sér ekki tíma til að setjast yfir þau og finna lausnina. Þess í stað brugðu menn á það ráð að setja í nál. bænarskjal til heilbr.- og trmrh. um að skipa nefnd sem hann hefur augljóslega ekki gert.

Þessi framgangur málsins hefur síður en svo einfaldað þau vandamál sem menn eru að glíma við á Kópavogshæli. Vandamálið er einfalt, of margir vistmenn eru á hælinu miðað við pláss og fjárveitingar. Það kom skýrt fram sl. vor hvaða úrræðum menn vildu beita. Það var að útskrifa svo marga vistmenn sem unnt væri yfir á sambýli. Til þess þarf fé en ekki er að sjá að það hafi fengist til þeirra verka.

Annað vandamál sem hrjáir vistmenn á Kópavogshæli er að þeir eru algjörlega réttlausir gagnvart lögum um málefni fatlaðra, þrátt fyrir að á það hafi verið bent í umfjöllun um frv. um málefni fatlaðra bæði af framkvæmdastjóra Kópavogshælis og foreldra- og vinafélagi hælisins. Báðir aðilar tóku sérstaklega fram í umsögn sinni að þeir óskuðu eftir ákvæði til bráðabirgða um að vistmenn nytu sömu réttinda og aðrir fatlaðir samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Þær breytingar sem menn gerðu á lögum um málefni fatlaðra, þar með talið breytingin um Framkvæmdasjóð fatlaðra, hefur síður en svo auðveldað úrlausn þessa máls.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það er dálítið dapurleg niðurstaða sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur komist að um það hver séu vandamál Kópavogshælis. Vandamálið snýst fyrst og fremst um fjölmiðlana. Fjölmiðlarnir eru enn einu sinni að gera honum einn grikkinn. Ég varð fyrst var við þetta mál í sjónvarpsfréttum fyrir tveimur dögum, þegar Ríkissjónvarpið átti viðtal við hæstv. fjmrh. og spurði hann um vandamál Kópavogshælisins. Hann þvertók fyrir að auka fjármagn til Kópavogshælis, þó svo að þar væri um erfiðleika að ræða. Þessi viðbrögð fjmrh. væru mjög skiljanleg ef svo virtist sem ætli að stefna í að öll stóru orðin um fjárlögin stæðu sem áttu að byggja á traustum grunni og hallinn átti vera bara 4 milljarðar. En nú þegar Ríkisendurskoðun kemst að þeirri niðurstöðu eftir hálft ár að hallinn á fjárlögum muni vera um 9,5 milljarðar kr. eru þessi viðbrögð óskiljanleg vegna þess að fjármálastjórn viðkomandi fjmrh. og ríkisins eru í einni rúst.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur í vetur, vor og sumar verið í hlutverki miskunnsama Samverjans. Hann hefur farið um landið með vasana fulla af peningum og komið inn á heilbrigðisstofnanir og opnað þar deildir til þess að koma í veg fyrir að hinir miskunnarlausu stjórnendur viðkomandi stofnana gætu náð sér niður á fólkinu. Hann er enn í þessu hlutverki og hefur það eftir landlækni að vandamálin séu engin. Það er merkilegt ef hæstv. heilbr.- og trmrh. telur að það séu engin vandamál á stofnunum sem eru komnar 6 millj. kr. fram yfir það sem þær mega í fjárlögum. Nú eru það engin vandamál þótt stofnanir séu komnar langt fram yfir það sem þær mega og er auðvitað skýringin á því hvernig komið er hjá ríkisstjórninni í fjármálastjórn ríkisins. Það er erfiðara að spara á Kópavogshæli en nokkurri annarri stofnun í landinu. Það vita þeir sem þar hafa komið nærri. Fyrrv. heilbr.- og trmrh. áttaði sig á því í maí 1989 þegar menn fóru svipaðar leiðir í niðurskurði og nú og skrifaði bréf til stjórnarnefndar Ríkisspítalanna og óskaði eftir því og gaf út þá stefnu að sparnaðurinn það árið ætti ekki að koma niður á Kópavogshæli af þeirri ástæðu að þar er ekki hægt að spara eftir hefðbundnum leiðum eins og þeim sem farnar hafa verið innan heilbrigðis- og tryggingakerfisins.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til að þakka fyrir að málefni Kópavogshælis séu tekin hér til umræðu þó auðvitað beri að harma að það skuli vera gert við þær aðstæður að ekki sé tími til þess að ræða málin eins ítarlega og óhjákvæmilegt er vegna þess að vandi Kópavogshælis er flókinn og á sér langa sögu.

Stjórnarnefnd Ríkisspítalanna fékk upplýsingar um þann vanda sem hér er verið að ræða nú þann 25. ágúst sl. og þá var ákveðið í stjórnarnefndinni að fela forstjóra að taka á því máli og það virðist hafa verið gert með því að heimila ráðningu 19 manna í stað þeirra sem höfðu látið af störfum.

Ég held að vandi Kópavogshælis sé hins vegar ekki þarna. Ég tel að vandinn sé fyrst og fremst framtíðarstefnumörkun sem þar þarf að eiga sér stað og að Kópavogshæli hafi í raun og veru liðið fyrir að menn hafa ekki treyst sér til að taka á málefnum þess af myndugleik og höggva á skipulagshnúta, m.a. á milli félmrn. og heilbrrn.

Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að fylgja fast fram þeirri stefnu sem mótuð var fyrir 10 árum eða svo. Þá voru vistmenn á Kópavogshæli 200. Þeir eru núna 135. Það hefur með öðrum orðum tekist að standa þannig að málum að einn þriðji þess fólks sem þarna var er núna á sambýlum af ýmsu tagi. En það verður að ganga lengra á þessu sviði. Mín skoðun er sú að heilbrrn. og félmrn. eigi nú að móta þá stefnu að a.m.k. 70–80 þeirra einstaklinga sem þarna eru komist mjög fljótlega á sambýli. Ég tel að staðan sé þannig að verulegur hluti þess fólks sem þarna er geti vistast á sambýlum og ég segi: Það eru tiltölulega fáir, innan við tugur þeirra manna sem þarna er, sem þurfa á stöðugri, daglegri læknisþjónustu að halda. Þarna eru síðan allmargir einstaklingar, 30 eða 40 einstaklingar, sem þurfa auk þess á reglulegri hjúkrunar- og sjúkraþjálfun að halda. Þessa framtíðarstefnu fyrir Kópavogshælið þarf að móta vegna þess að ef við gerum það ekki, þá munu vandamál þess vaxa á komandi árum og það er okkur öllum, sem hér sitjum, til skammar að taka ekki með myndugum hætti á málum þessa fólks sem þarna er.

Að lokum þetta virðulegi forseti: Staðreyndin er auðvitað sú að stjórnskipulag Ríkisspítalanna er gersamlega úrelt. Stjórnskipulag Ríkisspítalanna í heild verður að taka til endurmats og færa fjármálalegar

ákvarðanir og heimildir til þeirra út til fagsviðanna og tengja það hinum faglegu ákvörðunum á hverjum tíma. Það er útilokað að mínu mati eftir þá reynslu sem ég hef að stýra Ríkisspítölunum með þeim hætti sem reynt er að gera þó að það hafi tekist furðuvel og Ríkisspítalarnir hafi sparað meira og betur en nokkur önnur sjúkrastofnun á þessu ári.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð nú að segja að ég er afar óhress með að þeim spurningum sem ég bar hér fram fyrir hæstv. heilbrrh. hefur ekki verið svarað, ekki á nokkurn hátt, aðeins með því að þarna sé enginn vandi til staðar í dag. Það er vandi þegar dregið er úr þjónustu á stoðdeildum og dregið úr þjálfun vistmanna, þar sem búa 135 fatlaðir einstaklingar sem eru í hópi þeirra rúmlega 300 einstaklinga sem greinast mjög alvarlega þroskaheftir. Það er vandamál. Hvort sem úr því hefur verið bætt að hluta til með því að heimila ráðningu í 19 stöður þá er vandi til staðar og hann hverfur ekki. Ef Kópavogsheimilinu verður gert að mæta þeirri framúrkeyrslu á fjárlögum, sem nú blasir við, með enn frekari niðurskurði fram að áramótum eða, eins og talað var um við samþykkt fjárlaga, ef stofnunin færi fram úr fjárlagaheimildum þá yrðu þær að mæta því á næsta ári. Þá væri vandinn enn meiri og stærri.

Það er e.t.v. framtíðarlausn að flytja þá einstaklinga eða hluta þeirra sem þarna eru yfir á sambýli. Það er e.t.v. framtíðarlausn. En við verðum að horfa til heimilisins á meðan og þeirra einstaklinga sem þar dvelja þar til sú lausn verður að veruleika. Með því að draga úr þjónustu í dag erum við að minnka möguleika þessara einstaklinga til þess að fara á sambýli í framtíðinni. Ég vil endilega skora á hæstv. heilbrrh., sérstaklega í tilefni dagsins af því að nú ganga í gildi þau lög sem við samþykktum eftir áskoranir frá félagasamtökum og hæstv. félmrh. sem ég hefði gjarnan vilja sjá hér, að svara því nú hvort þeim einstaklingum sem þarna eru verða tryggð sömu réttindi og aðrir fatlaðir hafa.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Hv. 11. þm. Reykv. er afskaplega ósýnt um að fara rétt með. Ég hafði það ekki eftir landlækni að það væru engin vandamál á Kópavogshælinu. Það eru vandamál á mörgum deildum Ríkisspítala, þar á meðal á Kópavogshælinu. Það sem ég hafði eftir landlækni var að hann teldi ekki ástæðu til að hafast frekar að en gert var í samkomulaginu milli stjórnenda Kópavogshælis og forstjóra Ríkisspítalanna þann 28. ágúst.

Það var spurt hér: Hver ber ábyrgð á þessum niðurskurði? Ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar gera það að sjálfsögðu. Stjórn Ríkisspítalanna var hins vegar falið að framkvæma þá niðurstöðu sem við, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, samþykktum við fjárlagagerðina. Ég tel að sú afgreiðsla stjórnarnefndar Ríkisspítala hafi verið eins vel unnin og framast var kostur af þeirra hálfu. En ábyrgðin er að sjálfsögðu okkar allra.

Ég vil taka undir það sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði áðan. Meginatriði málsins er auðvitað það sem hann lýsti: hver er framtíðin? Kópavogshæli starfar samkvæmt reglugerð sem tók gildi þann 1. júlí 1986. Með henni var ákveðið að hlutverk stofnunarinnar væri að taka til þjálfunar, uppeldis og vistunar vangefinna sem sakir fötlunar sinnar verða að dveljast á sjúkrahúsi. Stefnan hefur verið að útskrifa aðra sem geta dvalið á sambýlum. Það hefur verið gert vegna þess að fækkað hefur verið á Kópavogshæli um rúmlega 40 á þessum sex árum og það er áfram stefnan að reyna að útskrifa þá einstaklinga sem geta dvalið á sambýlum. Engu að síður er það mat stjórnenda stofnunarinnar að það sé líklegt að þörf sé á um 100 vistunarrýmum á Kópavogshæli til þess að vista þá þroskaheftu einstaklinga sem þurfa á læknishjálp að halda að staðaldri. Þeir eru ekki allir á Kópavogshælinu nú. Þeir eru dreifðir um ýmsar aðrar stofnanir sem hafa þurft að sinna þessu fólki.

Ég vil aðeins taka það fram í lokin, sem ég bið þingmenn að hugleiða, að með breytingu á lögunum um málefni fatlaðra sem gengu í gildi í dag urðu miklu meiri breytingar en menn gera sér kannski ljóst vegna þess að á milli félmrn., menntmrn. og heilbrrn. voru mörg grá svæði þar sem þessar lagabreytingar taka af tvímæli. Heilbrrn. er nú að skoða tilflutning sem þarf að verða vegna þessara nýju laga sem ganga í gildi í dag. Það er ekki bara Kópavogshælið, sem kemur þar til skoðunar og hvaða breytingar þarf að gera þar, heldur eru það viðfangsefni eins og Heyrnar- og talmeinastöð, Sjónstöð, Sogn og þau erfiðu mál ýmissa geðfatlaðra einstaklinga sem heilbrrn. hefur verið að reyna að leysa að undanförnu án þess að njóta til þess sérstaks stuðnings geðlækna. Nú er hætt við því að þau mál falli undir lög um málefni fatlaðra og ég er ekki alveg viss um það, virðulegi forseti, að sú breyting sé, a.m.k. í þeim efnum, til heilla fyrir þá einstaklinga sem heilbrrn. hefur stundum með nokkrum vandkvæðum verið að reyna að verja án kannski allt of mikils stuðnings frá læknastéttinni. (Gripið fram í.) Ég var að skýra frá því, virðulegi forseti, að heilbrrn. er að undirbúa tillögur, ekki aðeins um Kópavogshæli heldur allar aðrar stofnanir sem þarf að flytja vegna þessara laga um málefni fatlaðra. Það er ekki bara Kópavogshæli sem þar kemur til sögunnar heldur allar aðrar stofnanir. Auðvitað tínum við þær ekki upp úr tíu pokum þó að kannski megi segja að það hafi verið aðferð fyrrv. heilbrrh. að tína þær upp úr tíu pokum eða kannski öllu heldur aðstoðarmanns hans.

Útbýting þingskjals:

Ríkisendurskoðun, 63. mál, stjfrv., þskj. 65.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Mér sýnist á öllu að okkur hafi skotist heldur illa þegar við endurskoðuðum þingsköpin og hefðum við kannski átt að hafa sérstök ákvæði um núv. hæstv. heilbrrh. Þó að það gildi almennar reglur um aðra ráðherra og þingmenn, þá þyrfti að hafa sérstakar reglur um núv. hæstv. heilbrrh. og heilbrrh.

yfirleitt, a.m.k. svo lengi sem hann heitir Sighvatur Björgvinsson því að staðreyndin er sú að hann svaraði ekki lykilspurningu sem er þessi: Hvað hefur nefndin gert sem var ákveðið að skipuð yrði og lýst yfir í vor þegar lögin um málefni fatlaðra voru afgreidd? Það er algerlega óhjákvæmilegt að svar við þessri spurningu fáist hér, virðulegi forseti, því að ella hangir meðferð þessa máls í algerlega lausu lofti gagnvart þingheimi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill benda á að það er upplagt að bera fram fyrirspurn til hæstv. ráðherra um þetta efni ef þingmenn sjá ástæðu til.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Síðari ræða hæstv. heilbrrh. kom mér verulega á óvart, einkum og sér í lagi þær efasemdir sem fram komu í máli hans um einstakar breytingar í nýsettum lögum um málefni fatlaðra. Það var nefnilega þannig að hæstv. ráðherra var gefinn kostur á því að gefa umsögn um frv. og hún barst, snubbótt, stutt og á þann veg að hæstv. ráðherra hefði kost á því að koma athugasemdum sínum og ábendingum á framfæri við umfjöllun málsins á Alþingi. Frá honum heyrðist hvorki hósti né stuna við meðferð málsins á þingi en ég heyri það á efasemdum hans að það hefði betur farið og betra fyrir lögin og þingheim að ráðherrann hefði látið eitthvað frá sér fara úr ræðustól á þingi á þeim tíma þegar það átti við en ekki nú.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það mætti eins setja inn í lög um þingsköp að hv. þm. Svavar Gestsson hefði leyfi til þess að kveðja sér hljóðs til efnislegra umræðna undir dagskrárliðnum um þingsköp. (**SvG:** Það er góð hugmynd.) Það er góð hugmynd. En þá þyrfti líka að setja inn í lög um þingsköp að tilmæli þingnefnda um nefndarskipan jafngiltu ákvörðun ráðherra um að það skyldi gert. Málið er mjög einfalt. Þetta verður lagt fyrir Alþingi, lagabreytingar í kjölfar þeirrar afgreiðslu sem varð á Alþingi í fyrra um málefni fatlaðra. Það þarf að breyta þar mörgum lögum, m.a. um þær stofnanir sem ég taldi upp. Ég mun að sjálfsögðu hafa um það samvinnu við félmrn. og fjmrn., eins og beðið var um, en ég er ekki tilbúinn að gera það þannig að tína fram eina og eina stofnun í einu heldur vil ég gera það fyrir allar þær stofnanir samtímis sem þessi nýju lög um málefni fatlaðra gera að verkum að sennilega þarf að flytja frá heilbrrn. til félmrn.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp vegna orða hæstv. heilbr.- og trmrh. sem ég get ekki túlkað á annan hátt en þann að það sé í rauninni ekki tekið mark á nefndum þingsins, á meirihlutaáliti þingnefndar sem þar að auki er stjórnað af hv. 11. þm. Reykn., Rannveigu Guðmundsdóttur, sem er flokkssystir ráðherrans. Það var mál sem var unnið í samráði við félmrh. sem er líka flokkssystir ráðherrans. Og það var með vilja gert, virðulegur forseti, að nefndin setti fram tilmæli til heilbr.- og trmrh. um að þessi nefnd yrði skipuð en ákvað ekki að skipa hana sjálf vegna þess að málið er á málasviði heilbr.- og trmrh. en ekki félmrh. Þar af leiðandi væri félmn. að fara yfir á svið heilbr.- og trmrh. ef hún legði þetta til. Mér finnst dálítið sérkennilegt að nú skuli ráðherra koma og nánast segja að þessi tilmæli séu að engu höfð.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Aðeins til upplýsingar. Þingnefndir geta ekki skipað nefndir til að fjalla um mál á verksviði framkvæmdarvaldsins.

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

Steingrímur J. Sigfússon (frh.):

Hæstv. forseti. Ég var að beina máli mínu til þeirra hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. og óska eftir því að þeim verði gert aðvart um að umræðan sé að hefjast á nýjan leik. (**Forseti:** Forseti hefur nú þegar gert ráðstafanir til þess að gera hæstv. ráðherrum viðvart.) Þá er bara spurningin, hæstv. forseti, hvort það hafi verið nógu róttækar ráðstafanir. Það bólar ekkert á þeim enn þá. (**Forseti:** Forseti er bjartsýnn á að ráðstafanirnar beri árangur.)

Ég hafði, hæstv. forseti, verið að fara hér aðeins yfir landakaup og fjárfestingarréttindi útlendinga sem leiða af ákvæðum þessa samnings og valda miklum breytingum, bæði almennt í atvinnulífi en líka á sviði fjárfestingarfrelsis hvað einkahagi snertir og rétt manna til eignakaupa og landakaupa í eiginhagsmunaskyni eða einkaþágu. Ég hafði áður reyndar rætt lítillega um öryggisákvæði, 111.–114. gr. samningsins, og ætla að vísa í þá umræðu aftur að lokum. Ég tel nauðsynlegt að rifja upp í fáeinum setningum það sem ég hafði sagt um aðdraganda þessa máls í tíð fyrri ríkisstjórnar, þ.e. þessi umdeildu ákvæði sem varða rétt útlendinga til að kaupa hér jarðnæði og land og/eða hins vegar séð möguleika okkar Íslendinga til þess að tryggja nokkurt forræði okkar sjálfra hér í landinu á landaréttindum.

Það var mín skoðun og hún kom oft fram, bæði innan ríkisstjórnar og utan í tíð síðustu ríkisstjórnar, að eini umbúnaðurinn að þessu leyti sem dygði okkur væri varanlegur og ótímasettur fyrirvari í samningnum. Það var því mín krafa til utanrrh. og samningamanna hans allan tímann að eftir slíkum fyrirvara yrði leitað. Ég féllst aldrei á það í tíð fyrri ríkisstjórnar að frá því yrði horfið enda veitti fyrri ríkisstjórn hæstv. utanrrh. aldrei umboð til að hverfa frá fyrirvörum af ýmsu tagi sem Íslendingar höfðu sett fram í samningaviðræðunum. Það var ekki fyrr en 5. maí 1991 sem slíkt var afgreitt á fundi ríkisstjórnarinnar sem þá hafði

tekið við völdum. Sannfæring mín byggði m.a. á þeirri þekkingu á jarðalögum og framkvæmd þeirra sem ég hafði sem landbrh. og ég hef styrkst í þeirri niðurstöðu nú við yfirferð á málinu á nýjan leik eftir að samningurinn liggur fyrir og eftir að nefnd sú, sem dóms- og kirkjumrh. og landbrh. skipuðu til að athuga þetta mál, hefur skilað sinni niðurstöðu.

Ég þóttist sjá það og það liggur reyndar í augum uppi að það yrði ákaflega miklum vandkvæðum bundið að setja hér í lög takmarkandi ákvæði hvað varðaði réttindi manna til að kaupa sér jarðnæði sem ekki hefðu umsvifalaust í för með sér verulega mismunun gagnvart þeim sem í hlut ættu og vildu kaupa sér slíkt jarðnæði eftir að samningurinn gengi í gildi og hinum sem eiga fyrir land eða jarðnæði í landinu. Sú staðreynd blasir við okkur, eins og ég sagði áðan, að hundruð þéttbýlisbúa eiga jarðir eða landnæði af ýmsu tagi án þess þó að þeim fyrirmælum sem í lögum eru hafi verið framfylgt hvað snertir skilyrði um búsetu á jörðunum eða skilyrði um að þeir sinni fjallskilum eða annist viðhald girðinga eða annað því um líkt sem þar getur hugasnlega komið til. Það er allmikil einkaeign á landi og eins og ég sagði, þótt mér vitanlega hafi ekki farið nein sérstök könnun fram á því hversu mörg hundruð tilvika það eru, þá er ljóst að þau tilvik eru fjölmörg þar sem þéttbýlisbúar eiga hluta úr jörðum eða heilar jarðir án þess að sitja þær eða nýta nema að mjög takmörkuðu leyti.

Þegar þessi mál voru til umræðu í nóv. og des. 1990 og á fyrstu mánuðum ársins 1991 er rétt að menn muni eftir því að samningamálin voru sem slík í verulegri óvissu og með öllu óljóst hvaða niðurstaða yrði þar enda rak þá hver uppákoman aðra sem stofnaði málinu í heild sinni í mikla óvissu. Það er einnig rétt að minnast þess að þá var kominn sá tími þegar hæstv. utanrrh. eða samninganefndarmaður Íslands númer eitt kom með þá ósk að nauðsynlegt væri til þess að halda áfram viðræðum að EFTA-ríkin og þar með talið Ísland féllu frá öllum kröfum um varanlega fyrirvara.

Það var kosið til Alþingis næsta vor, eins og menn muna, og þingið lauk störfum í marsmánuði ef mig misminnir ekki. Sá tími sem var til stefnu til að skoða þau mál í framhaldi af þessum breyttum aðstæðum hefði því hvort sem er verið mjög skammur.

Ég minni á þetta hér vegna þess að það hefur stundum komið fram í umræðum að það hafi verið mikil vanræksla af hálfu hæstv. fyrrv. landbrh., þess sem hér talar, að hafa ekki umsvifalaust sett lög með girðingum sem hefðu tryggt um aldur og ævi að útlendingar gætu ekki keypt sér jarðnæði hér. Það er ákaflega sérkennilegur málflutningur ef málin eru betur skoðuð.

Í fyrsta lagi liggur það fyrir að þegar samningsniðurstaðan er fengin þarf að breyta fjölmörgum lögum á Íslandi og öllum þeim lögum sem stangast á við ákvæði samningsins. Það skiptir þá ekki máli hvort þau hefðu verið sett t.d. í febrúar 1991 eða löngu fyrr. Hefðu menn því í fullkominni óvissu um það hver niðurstaða málsins yrði við þessar aðstæður, veturinn 1990–1991, í þessu eina tilviki rokið til og sett fyrir fram einhver lagaákvæði til þess að verja sig fyrir hugsanlegri samningsniðurstöðu síðar, þá hefði það hvort sem er ekki haldið ef þau ákvæði brytu í bága við samningana nú. Það liggur í augum uppi. Þeim hefði þá orðið að breyta rétt eins og um hundrað öðrum ákvæðum í jafnmörgum frumvörpum sem rignir inn í þingið núna. Ég held að þeir menn sem halda því fram að okkur hefði verið einhver vörn í lagabreytingum þennan vetur séu að gera sig seka eða afhjúpa mikinn misskilning á eðli þessa máls — eða hvað?

Er það ekki þannig ef við hefðum t.d. sett í landslög í febrúar 1991 að eingöngu ljóshærðir Íslendingar mættu kaupa jarðir á Íslandi — hvers virði væru þau lagaákvæði verið nú ef við ætlum að gerast aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði? Einskis. Það fyrsta sem menn hefðu orðið að gera væri að breyta þeim, fella allt úr gildi, vegna þess að það er bannað að mismuna mönnum eftir þjóðerni.

Spurningin er eingöngu þessi: Getum við sett einhver takmarkandi ákvæði sem gera það að verkum að við þurfum ekki að óttast að mikið innstreymi verði hér á erlendu fjármagni og að útlendingar kaupi hér upp land í stórum stíl til einkanota, þannig að það þrengist mjög um fyrir okkur sjálfum í okkar eigin landi, sem ekki mismunar mönnum á grundvelli þjóðernis og brjóta þar af leiðandi ekki grundvallarreglur samninganna? Það er hægt, það eru ýmsir möguleikar í því, en þær reglur bitna þá jafnt á Íslendingum sem öðrum, að sjálfsögðu. Þar liggur nefnilega hundurinn grafinn og það er það sem ég held að menn hafi ekki áttað sig á þegar þeir í einfeldni sinni trúðu því að það væri auðvelt að leysa þennan vanda með lagasetningu hér innan lands. Það er ekki auðvelt, þvert á móti er það mjög snúið. Ég held að þegar menn skoða þetta betur komist þeir að raun um að það hafi orðið mikið slys í þessum samningum, ef menn á annað borð vilja vera aðilar að þeim og ef menn á annað borð vilja ekki taka áhættu gagnvart því að jarðnæði færist í stórum stíl á hendur útlendingum, að ekki var haldið inni varanlegum fyrirvara hvað þetta snertir. Það var eina trausta leiðin í þessum efnum. Ég skal rökstyðja dálítið nánar þessa fullyrðingu, hæstv. forseti.

Það er líka ástæða til að minna á það hér, vegna þessarar sérkennilegu umræðu um að menn hafi misst af einhverju gullnu tækifæri þessa tvo, þrjá mánuði veturinn 1990–1991 sem menn hefðu haft til stefnu, að núv. ríkisstjórn er búin að sitja við völd í næstum eitt og hálft ár og af þeim tíma hefur Alþingi lengstan hluta verið starfandi. Henni hefði svo sem ekki verið mikið að vanbúnaði að setja þessi lög ef menn eru þeirrar skoðunar á þeim bæ að þetta sé einfalt mál.

Við getum byrjað á því að spyrja okkur hvers virði sé í þessu sambandi forkaupsréttur ríkis og sveitarfélaga. Það hefur verið nefnt að hægt sé að leysa þetta einfaldlega með forkaupsrétti ríkis og sveitarfélaga, bæta inn í lögin, t.d. til viðbótar forkaupsrétti sveitarfélaganna, forkaupsrétti ríkisins. Hafa menn trú á því að sá forkaupsréttur verði mikils virði ef hér verður á annað borð mikil ásókn í land? Hafa menn trú á því að menn muni vera tilbúnir að reiða fram þá fjármuni sem þarna yrði um að tefla? Alla vega ekki sveitarfélögin.

Það er alveg á hreinu. Þau sveitarfélög, sem hér ættu væntanlega helst hlut að máli, eru einmitt ekki fær um að keppa við stóreignamenn sem reitt gætu fram verulegar fjárhæðir til að kaupa sér laxveiðiár, vatnsréttindi eða önnur slík hlunnindi, hrossaræktarjarðir eða því um líkt.

Það er út af fyrir sig hugsanlegt að forkaupsréttur ríkisins héldi, sem samhliða umtalsverðum peningum yrði beitt til þess að yfirbjóða jafnan útlendinga sem hér væru að leita eftir jarðnæði. Það er ljóst. En eru menn trúaðir á að menn séu tilbúnir til þess að leggja hundruð milljóna á ári í slík jarðakaup og safna þar með á nýjan leik á hendur ríkisins jarðnæði í stórum stíl? Er það vilji núverandi ríkisstjórnar að auka þannig ríkisumsvif í stórum stíl hvað forvöltun á landi snertir? Það eru þá fréttir fyrir mig. Ég ætla ekki að taka afstöðu til þess en það væru fréttir fyrir mig ef þessi ríkisstjórn einkavæðingarinnar væri tilbúin til að taka á þessu máli þannig. Hæstv. forsrh. er e.t.v. tilbúinn að svara því. Sér hann það sem aðferð í þessu sambandi og er þá pólitískur vilji fyrir því að beita henni í hans ríkisstjórn?

Ég tel að forkaupsrétturinn sé ákaflega lítils virði í þessu sambandi og einskis virði gagnvart sveitarfélögunum. Hann hefur á umliðnum árum verið ákaflega lítils virði í raun og veru í þeim tilfellum þar sem helst hefði þurft á honum að halda því þau sveitarfélög hafa yfirleitt ekki haft bolmagn til að keppa við þá aðila sem hafa haft fjármagn og vilja komast yfir jarðnæði.

Menn hafa hins vegar ekki haft miklar áhyggjur af því vegna þess að málin hafa þróast þannig á Íslandi, því miður leyfi ég mér að segja, að það hefur ekki verið skortur á jarðnæði. Satt best að segja er Ísland sennilega það land Evrópu, ef frá eru talin allra vanþróuðustu svæðin og kannski austurhlutinn, þar sem jarðnæði er auðvitað langsamlega ódýrast. Verðið á landi hér, t.d. í hekturum, er auðvitað bara brot af því sem það er þegar kemur út á þéttbýlissvæðin í Evrópu.

Frændur vorir Danir hafa lengi haft af því miklar áhyggjur að þýskir auðmenn mundu leggja undir sig Danmörku og kaupa þar lönd og réttindi í stórum stíl undir sumarbústaði eða sjálfa sig til veiða eða skemmtana. Þeir hafa þrátt fyrir allt varið í gegnum þykkt og þunnt sérstakar undanþágur sínar sem heimila þeim að takmarka eða banna kaup útlendinga á jarðnæði í Danmörku, sumarbústaðalandi og lóðum. Meira að segja í gegnum Maastricht-samningana hafa Danir varið þetta ákvæði og eru þeir þó að því leyti miklu betur settir en við að landbúnaðarlöggjöf þeirra er með sjálfkrafa innbyggðum takmörkunum gagnvart þeim mönnum sem geta keypt jarðir. Þeir þurfa að uppfylla vissa menntunarkröfur og þeir þurfa að búa á jörðunum. „Landbrugspligtin" danska er einmitt þannig úr garði gerð. Engu slíku er til að dreifa hér. Hér er jarðnæði margfalt ódýrara þannig að ef maður legði það sem mælikvarða ættu hætturnar að verða meiri hér.

Ég held, hæstv. forseti, að þetta tal um að í raun og veru sé auðvelt að leysa þetta mál með innlendri lagasetningu, girðingum eins og menn kalla það, sé í fyrsta lagi óútskýrt, í öðru lagi óraunhæft og í þriðja lagi á misskilningi byggt. — Og það er nokkur skaði að hér skuli vera svona lítið um framsóknarmenn í salnum því það er auðvitað óhjákvæmilegt, herra forseti, að ræða þetta mál lítillega við framsóknarmenn. (**VE:** Við erum tveir framsóknarmenn í Sjálfstfl.) Það eru e.t.v. einhverjir menn sem liggja undir framsóknarmennskugrun þótt þeir tilheyri öðrum flokkum en það dugar ekki. Ég hefði mjög gjarnan viljað að einhverjir framsóknarmenn gætu hlustað á þessa umræðu (Gripið fram í.) og ýmsir fleiri auðvitað hafa jafngott af þessari skynsamlegu umræðu eins og endranær.

Staðreyndin er sú að þegar menn fara að skoða hvernig þeir ætla að breyta jarðalögum og ábúðarlögum án þess að brjóta jafnræðisregluna og án þess að valda uppnámi gagnvart þeim hundruðum Íslendinga sem eiga jarðnæði fyrir, þá er það ekki einfalt mál. Því miður og öðru nær.

Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að vísa í álit þessarar nefndar sem er að mörgu leyti ágætt og ég þakka fyrir að það var unnið að beiðni dóms- og kirkjumrh. og landbrh. Á bls. 72–73 er að finna umfjöllun um núverandi framkvæmd jarðarlaga og ábúðarlaga sem ég hef gert að umtalsefni og er alveg nauðsynlegt að menn átti sig á ef menn ætla að vera umræðuhæfir í þessum efnum, þ.e. þekki aðstæðurnar í landinu eins og þær eru og framkvæmd þessara laga eins og hún hefur mótast vegna aðstæðna á Íslandi undanfarin ár og undanfarna áratugi.

Það segir neðarlega á bls. 72, með leyfi forseta, í þessu ágæta áliti:

„Þá ber einnig að hafa í huga að fjölmargar jarðir sem unnt væri að nýta til landbúnaðarframleiðslu eru nú nýttar til annars og oft í eigu aðila sem ekki býr á jörðinni. Þannig eru margar jarðir nýttar til sumardvalar eigenda og í þágu tómstunda þeirra, svo sem til veiði og reiðhestahalds.

Á þetta er bent hér til að minna á þá grundvallarreglu EES-samningsins og EB-réttar að óheimilt er að mismuna einstaklingum og lögaðilum á grundvelli ríkisfangs á þeim sviðum sem samningurinn tekur til. Þannig gætu stjórnvöld samkvæmt jarðarlögum og ábúðarlögum ekki tekið upp strangari framkvæmd þeirra laga þegar útlendingar sem nytu réttar samkvæmt EES-samningum ættu í hlut heldur en þegar um væri að ræða Íslendinga."

Þetta er svona. Og menn verða auðvitað að muna eftir þessari stöðu í landinu. Það er á misskilningi byggt að málið sé svo einfalt að það sé hægt að segja: Allir þeir sem ætla að eiga jarðir á Íslandi verða að búa á þeim allt árið. Það er á misskilningi byggt að það sé svo einfalt að hægt sé að segja: Allir þeir sem ætla að eiga jarðnæði verða að vera bændur með bændaskólapróf og þeir verða að stunda búskap. Það er ekki hægt nema kasta í burtu þeim hundruðum Íslendinga sem eiga með lögformlegum og réttum hætti jarðnæði í dag. Og hvað ætla menn að gera við þá? Ef menn ætla ekki að brjóta réttinn á þeim og reka þá í burtu eru menn augljóslega orðnir í vanda gagnvart jafnræðisreglunni. Það er auðvitað það sem skýrslu-

höfundar viðurkenna með raunsæjum hætti. Þeir fara síðan yfir það hvernig þetta sé í öðrum löndum, Noregi, Svíþjóð og Danmörku og nefna stöðuna þar sérstaklega, eins og ég gerði áðan, „landbrugspligtina" og þær kröfur aðrar, m.a. menntunarkröfur, sem Danir nota til þess að tryggja starfandi bændum forgang að landi í sínu ríki og dugar alveg þar vegna þess hvernig aðstæðurnar eru. Skýrsluhöfundar klykkja út með því að segja:

„Þannig setja Danir ýmis skilyrði um búsetu og þekkingu þeirra sem eignast bújarðir þar í landi en hér á landi er raunveruleikinn sá að fjöldi bújarða er í eigu einstaklinga sem hafa fasta búsetu annars staðar og ekki hafa verið teknar í lög kvaðir um tiltekna lágmarksþekkingu þeirra sem keypt geta bújarðir og rekið þar búskap. Aðstæður hér á landi eru því með nokkuð öðrum hætti en í þessum löndum," segir þar og það er rétt.

Ég held að menn verði að átta sig á því og því fyrr því betra og væri mikið til bóta held ég og mundi komast eitthvað meiri skynsemi í þetta girðingatal og jarðnæðistal ef menn tækju sig t.d. til og læsu þessa skýrslu vandlega. Þar segir á bls. 98 í niðurstöðukafla:

„Þessi ákvæði..." og síðan er vitnað í tiltekinn dóm hjá Evrópubandalaginu, „sýna nægjanlega að ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga standast EB-rétt vegna þess að þau gilda jafnt um íslenska aðila og erlenda. Með sama hætti standast þessi lög EES-samninginn. Hins vegar má ekki beita ákvæðum jarðalaga, t.d. 2. mgr. 6. gr. um hvað telja skuli andstætt hagsmunum sveitarfélags, á þann hátt að erlendum mönnum eða félögum sé mismunað miðað við íslenska aðila. Mismunun gæti og falist í því ef forkaupsrétti sveitarfélags væri beitt til þess að koma í veg fyrir eignaraðild þeirra sem kynnu að geta byggt á EES-reglum ..."

Með öðrum orðum, ef t.d. hæstv. forsrh. ákvæði að setja inn í lög forkaupsrétt íslenska ríkisins og síðan tækju Íslendingar til við að beita honum þannig að þeir keyptu jafnan jarðir sem útlendingar byðu í en ekki þær sem Íslendingar byðu í, þá er það óheimilt. Það er mismunun. Málin eru því ekki svona einföld. Menn verða auðvitað að átta sig á því að þessi grundvallarregla gengur í gegnum allt, í gegnum þykkt og þunnt, ekki bara lagabókstafinn, heldur líka framkvæmdina. Ef sveitarfélög eða ríki verða ber að því að ætla að mismuna mönnum á grundvelli þjóðernis, þó að lagaákvæðin standist samninginn, þá er það brot engu að síður. Forkaupsréttur ríkis brýtur ekki ákvæði EES-samningsins og forkaupsréttur sveitarfélags með vissum skilmálum brýtur ekki ákvæði samningsins. Skýrsluhöfundarnir eru sammála um það og það er ég einnig. Ef beiting þeirra er á þann veg að hún mismunaði mönnum er það að sjálfsögðu brot.

Ég held því, herra forseti, að sú umræða sem farið hefur fram um þetta sé í raun og veru í allt of miklum fyrirsagnarstíl og menn hafi ekki lagt það á sig, ekki nennt því eða hvað það á nú að kallast, að fara svo rækilega ofan í málin að þeir vissu hvað þeir væru að tala um. Menn hrópa: Girðingar, girðingar. Framsóknarmenn halda miðstjórnarfundi og segja bara girðingar, girðingar og þetta á allt að vera í lagi. En hvernig girðingar? Hvernig eiga þær að standast? Hvernig eiga þær að virka? Úr hverju eiga þær að vera? Gaddavír eða lögum eða framkvæmd? Þessu verður að svara. Eiga þær bara að vera fjárheldar eða eiga þær að stoppa norðanvindinn? Þegar ég fer ofan í þessi mál kemst ég æ betur að því að þetta er meira og minna byggt á sandi, því miður, vegna þess að samningsákvæðin, grundvallarreglurnar, eru það sterkar. Þær þyrma engu, mönnum líðst engin mismunun. Það er verið að búa til eitt ríki í þessum skilningi þar sem allir þegnarnir eru jafnir og ég held það muni vefjast mjög fyrir mönnum, og þó löglærðari séu en ég, að finna leið fram hjá þessum stóra þröskuldi til þess að tryggja einhver forréttindi Íslendinga sjálfra í eigin landi gagnvart þessum hlutum. Það er bannað. Það er verið að afnema hér með samningnum heimild okkar, möguleika okkar, þó sjálfstæðir eigum að teljast, til þess að búa við forréttindi í okkar eigin landi hvað svona hluti snertir. Það er verið að leggja það niður og það er ágætt að menn átti sig á því, m.a. sá þingmaður sem hér á eftir að tala næst á eftir mér, hv. 3. þm. Austurl., Egill Jónsson. Honum er þetta kannski vel ljóst og hefur lengi verið. (**EgJ:** Ég er ekki á mælendaskrá.) Þá væri mál til komið að þú gerðir ráðstafanir til þess að komast þangað sem snarast.

Ég held, herra forseti, að ég þurfi ekki að fara mikið rækilegar ofan í þetta. Ég gæti gert það, ég hef kembt þetta svo sem þokkalega að ég tel, síðustu dagana fyrir utan þá þekkingu sem ég hafði á þessu fyrir. Mín niðurstaða er ósköp einföld: Ég hef enga færa leið séð enn þá sem dugar til að vera okkur Íslendingum einhver öryggisventill sem mark er á takandi í þessum efnum sem ekki rekst á tvær óyfirstíganlegar hindarnir, þ.e. annars vegar 4. gr. samningsins, grundvallargreinina, sem og ýmsar aðrar markmiðsgreinar svo sem 40. gr. samningsins o.s.frv. um bann við mismunun. Hin hindrunin er aðstæður sem fyrir eru í landinu í þessum efnum. Gildandi löggjöf og framkvæmd hennar, eins og hún er á Íslandi í dag, er hinn þröskuldurinn.

Ég bið þá menn sem hafa lausnina og hafa fundið það sem ég hef verið að leita að en hef ekki fundið að koma með það fram í dagsljósið og útskýra það fyrir mér og væntanlega fleirum lið fyrir lið, efnislega og nákvæmlega hvernig þeir ætla að gera þetta svo það strandi ekki á öðrum hvorum eða báðum þessara tveggja þröskulda.

Eitt hlýtur að lokum að koma upp í hugann í þessum efnum. Það er hversu augljósar slíkar girðingar mættu vera til þess að þær yrðu ekki umsvifalaust dæmdar ólöglegar. Ég spyr t.d. hæstv. utanrrh.: Telur hann það ekki ærið vandasamt verk að semja slíka löggjöf undir opinni umræðu um að tilgangurinn sé sá að takmarka réttindi útlendinga hér, með öðrum orðum mismunun, því að við erum ekki að tala hér á lokuðum fundi, að breyta íslenskum lögum þannig að það yrði alveg gagnsætt að tilgangurinn væri að reisa girðingu? Er hæstv. utanrrh. ekki hræddur um að þeir íbúar Evrópska efnahagssvæðisins erlendis, sem vildu láta

reyna á rétt sinn hér, mundu fara ofan í samninginn og segja: Samkvæmt inngangi hans, 1. gr. hans, 3. gr. hans, 4. gr. hans, 40. gr. hans er hér verið að brjóta á mér rétt og ég ætla að sækja hann. Þeir mundu segja: Ég uni því ekki að ég geti ekki fjárfest eins ég ætla mér uppi á Íslandi. Og málið gengur ósköp einfaldlega áfram. Er hæstv. utanrrh. ekkert hræddur um að slíkar girðingar yrðu dæmdar ólöglegar á grundvelli hinna almennu ákvæða og markmiðssetningar samningsins? Ég er ansi hræddur um að menn hljóti að vera þar á mjög þunnum ís. Það hefur vakið athygli mína, t.d. í einu tilviki, að samninganefndarmenn hafa greinilega verið hræddir um að tiltekið fyrirkomulag gæti gengið til dómstóla og þar dæmt ólöglegt, dæmt að það stríddi gegn markmiðum og almennum ákvæðum og grundvallarreglum samningsins. Ég á hér við fyrirkomulag á Norðurlöndunum með áfengiseinkasölu. Menn hafa sagt sem svo að einkasala ríkisins á áfengi hér brjóti engin sérstök ákvæði samningsins. En eitthvað hefur nú komið við menn í þeim efnum, (Gripið fram í.) það er nú gott ef Verslunarráðið er hér með aðrar upplýsingar og formaður efh.- og viðskn. þar á ofan. Það vakti alla vega athygli mína að í rökstuðningi fyrir þeirri sérstöku bókun sem ríkisstjórnir fjögurra Norðurlanda kusu að gera um áfengiseinkasölur, og af einhverjum ástæðum töldu þeir sig knúna til að gera bókun ... (Gripið fram í.) Hæstv. utanrrh. verður e.t.v. svo vænn að koma hér upp og skýra það fyrir okkur á eftir hvers vegna ríkisstjórnir Norðurlandanna fjögurra sem ekki eru í EB sáu ástæðu til að gera þessa bókun. Það er skýrt á bls. 96 í greinargerð með frv. Þar segir:

„Til þess að tryggja stöðu sína enn frekar ef til þess kæmi að þetta atriði kæmi fyrir dómstóla hafa Norðurlöndin fjögur, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð, gefið yfirlýsingu við samninginn þar sem áréttað er að áfengiseinkasala sé mikilvægur þáttur í stefnu þessara ríkja í heilbrigðis- og félagsmálum." (**VE:** Svo bættu Austurríkismenn við landbúnaðarmálum.) Það var skynsamlegt hjá þeim enda voru þeir að hugsa um það. Þarna er bersýnilega verið að gefa í skyn, og sá ótti hlýtur að hafa blundað í samningamönnum, að það kynni að reyna á þetta ákvæði fyrir dómstólum og það kynni að fara svo að það yrði dæmt ólöglegt. Til þess að styrkja fyrir fram málflutningsaðstæður sínar setja Íslendingar og hinar Norðurlandaþjóðirnar þrjár í EFTA fram sérstaka bókun þar sem þær ætla að reyna að verja ákvæðið á þeim grundvelli að það sé hluti af heilbrigðis- og félagsmálastefnu í viðkomandi löndum. Spurning mín er þessu skyld. Með hverju ætlum við að verja girðingarnar sem beinlínis mismuna útlendingum varðandi jarðakaup á Íslandi þegar þær ganga fyrir dómstóla? Liggur það ekki í hlutarins eðli, ef tilgangur slíkrar lagasetningar er greinilega að hindra aðgang útlendinga, að hún verður dæmd ólögleg? Hún verður dæmd brot á samningnum af okkar hálfu. Það er það sem ég held vegna þess að því miður undirbyggðu menn ekki stöðu okkar til að halda slíkum sérréttindum okkur sjálfum til handa í landinu. Ég held að hæstv. utanrrh. hafi þar kannski gert mestu mistökin eða fengið þyngsta kjaftshöggið af öllum í þessum samningaviðræðum vegna þess að þetta kann vel að verða banabiti samningsins. Það nægir að vitna í þau viðhorf framsóknarmanna að þetta girðingartal sé úrslitaatriði um þeirra afstöðu. Ef þeim færi nú eins og mér, framsóknarmönnunum sem nenntu að fara ofan í samninginn, og kæmust að þessari sömu niðurstöðu, yrðu þeir þá ekki að greiða atkvæði gegn honum. Ég vænti þess og svo kynni að fara um fleiri. Er það t.d. alveg öruggt mál að þingmenn Sjálfstfl. séu tilbúnir til að kyngja þessum óljósu hugmyndum um girðingar sem enginn hefur útfært hvernig eigi að vera og hvernig eigi að standast ákvæði samningsins. Þetta er, herra forseti, meira og minna skrifað í skýin. Það er í raun og veru furðulegt að standa hér núna í byrjun septembermánaðar 1992 og ræða þetta á jafnóljósum forsendum hvað varðar frammistöðu stjórnvalda og vinnu að þessum málum eins og raun ber vitni. Hvar er frv. hæstv. landbrh. um breytingar á jarðalögum og ábúðarlögum sem á að vera þessi girðing? Það hefur lítið farið fyrir því. Mér er ekki kunnugt um að svo mikið sem uppkast hafi borist landbn. til skoðunar og það er staðfest hér. Samt er viðurkennt að það sé úrslitaatriði a.m.k. eins stjórnmálaflokks um afstöðu hans til samningsins. Það eina sem fyrir liggur sem kallast getur vinna af hálfu stjórnvalda er þessi ágæta skýrsla sem dóms- og kirkjumrh. og landbrh. létu vinna. Hún staðfestir og er rökstuðningur að meira og minna leyti fyrir því sem ég hef verið að segja, að þetta girðingatal er byggt á sandi.

Herra forseti. Ég ætla þá að ljúka umfjöllun minni um þetta mál og þykir sjálfsagt ýmsum nóg komið. Ég ætla ekki að gera málefni landbúnaðarins að umtalsefni að öðru leyti, m.a. vegna þess að hér bólar lítið á hæstv. landbrh. Það hefur reyndar verið komið inn á nokkur atriði í því sambandi áður af hv. 2. þm. Suðurl. ef ég man rétt, þar á meðal það vafasama orðalag sem lenti inn í texta samningsins hvað varðar réttindi Íslendinga til að leggja á jöfnunargjöld og fleira í því sambandi. Það var að mínu mati til mikillar bölvunar að landbúnaðarmálin skyldu blandast inn í þessar samningaviðræður yfir höfuð. Það gerðist því miður á lokakafla samninganna vegna kröfu Evrópubandalagsins sem eins og kunnugt er var tilkomin af þörf þeirra fyrir að rétta hlut hinna fátækari svæða á suðursvæði Evrópubandalagsins til að auðvelda þeim leið inn á markaði hinna velmegandi EFTA-ríkja með sínar suðrænu landbúnaðarvörur.

Að lokum, herra forseti, ætla ég að taka hér lítillega fyrir málefni sjávarútvegsins. Ég er þakklátur fyrir að hæstv. sjútvrh. skuli heiðra okkur með nærveru sinni. Ég tek það fram að það sakar auðvitað ekki að hæstv. forsrh. og utanrrh. fylgist með þessu líka. Því hefur verið haldið fram og það má út af fyrir sig til sanns vegar færa að helstu hagsbætur Íslendinga samkvæmt þessum samningi felist í sjávarútvegshlið hans og sumir segja að jafnvel einu hagsbætur Íslendinga, sem mælanlegar eru í einhverjum tölum eða einhverju skipta, liggi þar aðrar en ýmis önnur almenn áhrif sem við gætum sótt okkur sjálfir meira og minna með eig-

in lagasetningu eða eigin aðlögun að breytingunum í Evrópu. Það má til sanns vegar færa.

Það er sjálfsagt að byrja á því sem rétt er að í samningsniðurstöðunni felast ákveðnar hagsbætur fyrir okkur Íslendinga í formi tollalækkana og tollaniðurfellingar af sjávarvörum. Það er alveg morgunljóst og því ber enginn maður á móti, hvorki þeir sem eru heittrúaðastir á þennan samning né hinir, a.m.k. ekki ég þó að ég sé gagnrýninn á mjög marga þætti hans að öðru leyti. Þetta atriði er að sjálfsögðu okkur til góðs en við þurfum held ég að varast mjög að ofmeta ávinningana af samningnum á sviði sjávarútvegs og þar með á þjóðarbúskap okkar. Stundum er svo gáleysislega með hlutina farið að það er talað um alla tollaniðurfellinguna brúttó eins og hreina hagsbót okkur til handa rétt eins og við höfum borgað þessa tolla alla saman eins og þeir leggja sig.

Nú rekur mig ekki minni til að t.d. íslenskir saltfiskframleiðendur hafi þurft að borga með ávísunum tollana niður á Spáni. Ég man ekki heldur eftir því þegar við erum að flytja inn bíla, t.d. ef maður er að kaupa sér japanskan bíl eins og undirritaður ekur á, að Japanir hafi sent mér ávísun fyrir tollinum. Ég hef ekki rekist á það. Þvert á móti hefur það yfirleitt gripið mig þannig að ég þyrfti að borga þennan fjandans toll ofan á kaupverð bílsins. Það sé því ekkert hagsmunamál þeirra hjá Subaru eða Toyotu eða hvað það nú er að þessir tollar séu svona eða hinsegin uppi á Íslandi. Þeir framleiða bílinn og senda hann af stað á ákveðnu verði og svo hleður þetta bara utan á sig á leiðinni. En við skulum samt vera það sanngjörn í umfjöllun um þetta að viðurkenna að auðvitað eru tollaniðurfellingarnar til góða, okkur til hagsbóta, af tveimur ástæðum. Við getum reynt að ná í einhvern hluta af verðinu til okkar, keppa við neytandann um það að ná einhverju af þessu. Hitt er þó kannski ekki síður mikilvægt og það er að lægri tollar og lægra verð á vörunni til neytandans gæti þýtt meiri sölu og það er vissulega jákvætt líka, þýðir sterkari stöðu vörunnar á markaði.

Það er ekkert fráleitt að mínu mati að fjalla um þetta undir þeim formerkjum og með þeirri þumalputtareglu að skipta ávinningunum til helminga milli framleiðandans og neytandans og segja sem svo: Það er ekki ólíklegt að það fari um það bil þannig að saltfiskkaupendurnir, neytendurnir á Spáni og Ítalíu, fái helminginn og við helminginn, skiptum þessu bara til helminga, og það er ekki verri nálgun en hver önnur. Og hvað erum við þá að tala um mikla fjármuni í þessu sambandi? Eru það slíkar fjárhæðir fyrir íslenskan þjóðarbúskap sem stundum er látið af? Ég held ekki. Það sem við erum að tala um eru kannski um 2 milljarðar kr. í heildartollum, greiddum af útfluttum sjávarafurðum, langmestan hluta þess á Evrópubandalagið. Helmingurinn af því er þá kannski svona 1.000 millj. ef við sættumst nú á það til einföldunar í umræðunni að skipta þessu til helminga milli framleiðenda og neytenda. Það eru ekki stærðir þegar maður ber þær t.d. saman við sveiflur í íslenskum sjávarútvegi, sveiflur í afurðaverði upp á tugi prósenta, jafnvel innan ára, sem skipta í raun og veru sköpum þegar maður ber það saman við allar aðrar breytur í dæminu við stöðugt ástand og að því tilskildu að við fengjum þetta reglulega til okkar. Þá munar vissulega um þetta en eru ekki að mínu mati þær stærðir sem stundum er látið í veðri vaka. Ég geri þó ekki lítið úr því t.d. að þetta mun styrkja stöðu saltfiskframleiðslunnar sérstaklega og það er vissulega af hinu góða, ekki síst í því samhengi að saltfiskverkunin er víða rekin í minni þéttbýlisstöðunum og af ýmsum minni fyrirtækjum vítt og breitt um landið, sem eru mikilvæg í atvinnustarfseminni hver á sínu svæði, og auðvitað margir kostir því samfara að styrkja þá mynd.

Varðandi ávinninginn af þessum samningi í sjávarútveginum að öðru leyti en því sem nemur hinum beinu tollaniðurfelllingum verð ég að segja eins og er að hversu vandlega sem ég reyni að fara yfir það, þá finn ég ekki mikið satt best að segja. Því er stundum haldið fram að með þessari samningsniðurstöðu séu að opnast einhverjir geysilegir möguleikar, sem áður hafi verið lokaðir, til stóraukinnar fullvinnslu á íslenskum sjávarafurðum. Ég held að það sé misskilningur. Ég held að það sé verulegur misskilningur og að mörgu leyti hættulegur vegna þess að menn taka þetta kannski sem einhver trúarbrögð um að þarna sé bara lausnin fundin, hið stóra ljós í myrkrinu, EES og bara margföldun verðmæta í sjávarvörum. Það er engin margföldun þó að við fáum felldan niður kannski 500 millj. kr. toll af saltfiski. Það er gott í sjálfu sér en það verður engin margföldun í sjávarútvegi.

Staðreyndin er auðvitað sú að meginkrafa okkar um fríverslun með fisk náðist ekki fram. Í öðru lagi náðist ekki fram tollfrelsi með sjávarafurðir. Það þarf því að semja sérstaklega um hverja nýja tegund og hverja vöru sem ekki er tekið á í samningnum sérstaklega. Í þriðja lagi, og það er kannski neikvæðast af öllu, urðum við að láta eftir 3 þús. tonna veiðiheimildir í íslenskri landhelgi til þess að liðka með einum eða öðrum hætti fyrir þessari samningsniðurstöðu. Það er óþarfi að hafa um það þau orð að með þessu hafi hæstv. utanrrh. brotið það blað í sögunni að hann hafi látið veiðiheimildir fyrir viðskiptafríðindi. Auðvitað blasir við að þetta var af hálfu Evrópubandalagsins úrslitaatriði og það ætti að segja okkur ýmislegt og verða okkur nokkurt umhugsunarefni.

Ég held að hæstv. utanrrh. ætti líka að kynna sér hvernig fjallað var um þessa samningsniðurstöðu á Spáni og í Portúgal af hálfu viðsemjenda okkar. Hvað töldu þeir sig vera að vinna með þessum 3.000 tonna veiðiheimildum í íslenskri landhelgi? Þeir töldu sig vera að brjóta niður varnarmúr Íslendinga sem enginn hafði komist í gegnum um árabil. Íslendingar höfðu staðið fastir fyrir og harðneitað öllum óskum um veiðiheimildir í íslenskri landhelgi og harðneitað að semja um tollfríðindi fyrir veiðiheimildir. Það er enginn vafi á því að sá ávinningur sem Evrópubandalagið sér í þessu sín megin frá, þ.e. fiskveiðiþjóðirnr sem gera út úthafsflota, er ekki bara þessi 3.000 karfaígildi. Hann er líka sá að brjóta Íslendinga á bak aftur, opna íslensku landhelgina, koma löppinni milli stafs og hurðar. Það er það hættulega í þessu máli. Enda er það svo,

sem betur fer, að þegar maður fer út um landið og ræðir við sjómenn, þá hittir maður fjölmarga sem segja ósköp einfaldlega: Þetta er nóg til þess að ég er á móti þessum samningi. Ég vil ekki sjá hann. Ég vil ekki hleypa erlendum flota inn í landhelgina á nýjan leik. Mér er alveg sama hvað er á þessum 10 þúsund blaðsíðum að öðru leyti. Ég vænti þess að einhverjir fleiri en ég hafi rekist á slíka heiðursmenn á bryggju eða um borð einhvers staðar við sjávarsíðuna.

Svo bætist það auðvitað við, sem verða má mönnum ærið umhugsunarefni í þessu sambandi og er það atriði sem strandar á í samningaviðræðum Íslendinga og Evrópubandalagsins um samskiptasamning á sviði sjávarútvegs, að Evrópubandalagið kýs auðvitað að líta á þetta sem veiðiheimildir, sem þeim er í sjálfsvald sett að nýta eða nýta ekki, ef þeir ekki ná þeim eins og þeim sýnist og rúmast innan samkomulagsins. Það er auðvitað ákaflega sérkennilegt að síðan hafi orðið árangurslausir samningafundir vegna þeirrar kröfu Íslendinga að hér sé um að ræða skipti á veiði en ekki veiðiheimildum.

Mig langar til að spyrja hæstv. utanrrh., það er nú tilraunarinnar virði, herra forseti, að spyrja ráðherrann einnar beinnar spurningar og hún er þessi: Kemur það til greina að slá af þessari grundvallarkröfu okkar Íslendinga að hér sé um að ræða skipti á veiði sem verði að ganga þannig fyrir sig að fyrst þurfi Íslendingar að veiða þessi 30 þús. tonn af loðnu og þá geti hinir fengið karfa, þ.e. langhalann sem breyttist í karfa á einni nóttu? Það væri fínn titill á ævintýri, snoturri ævintýrasögu ef menn vildu semja ævintýrabók fyrir börnin sín, Langhalinn sem breyttist í karfa. Þetta hjómar eins og ævintýri. Mér finnst það mikilvægt að hæstv. utanrrh. svari því skýrt og skorinort og ætti ekki að gera annað en að styrkja samningsstöðu hans að mæta þarna næst og segja: Ég er með þá yfirlýsingu á bakinu sem ég gaf á Alþingi að það komi ekki til greina að slaka á þessu atriði. Ef hins vegar verður slakað á því, sem er ósk Evrópubandalagsins, þá segir það sína sögu um það hvaða augum þeir líta á þessar veiðiheimildir. Það mundi nefnilega segja meira en mörg orð um það hvernig þeir vilja líta á þessar veiðiheimildir sem fyrsta skrefið inn í íslensku landhelgina. Svo er það annað mál, þessi dæmalausu skipti á loðnu, sem við höfum hvort sem er veitt fyrir ekki neitt, og langhalanum sem breyttist í karfa. Það var í ágætri blaðagrein kallað að greiða sigurlaunin úr eigin vasa þegar þeir komu heim kumpánarnir, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. með þessa niðustöðu.

Mig langar, herra forseti, að ræða aðeins betur þær óljósu væntingar sem ýmsir binda við stórkostlega þróunarmöguleika í íslenskum sjávarútvegi sem opnist með þessum samningi. Staðreyndin er sú að þegar ég fer að skoða það, þá hef ég ekki komið auga á mjög mikið. Það ætti að ganga betur að selja saltfiskinn okkar og það er gott en einhvern veginn hef ég haft það á tilfinnungunni að hefðbundin saltfiskverkun sé ekki það sem menn hafa aðallega verið að tala um sem stóraukna þróunarmöguleika í íslenskum sjávarútvegi. Vissulega geta verið þróunarmöguleikar þar og eru í gangi svo sem neytendapakkningavinnsla á saltfiski og fleira því um líkt. En lítum aðeins á þetta innan frystingarinnar. Hvernig er staðan þar í dag? Hverju breytir þessi EES-samningur um frystinguna og alla fullvinnslu á frystri vöru á markaði Evrópubandalagsins? Svarið er: Engu. Sú fullvinnsla sem er í gangi í dag og helst er í þróun í landinu er vinnsla á frosnum afurðum í neytendapakkningar og það eru engar tollahindranir í vegi fyrir henni eins og málin standa í dag. Samningsniðurstaðan breytir engu. Frystihúsin á Dalvík, í Hrísey og á Húsavík eru þegar að vinna fisk í neytendapakkningar á frystu formi. Fiskurinn er skorinn niður í smábita, pakkað í plast, fjóra lítla bita, rétt upp í nös á ketti í hverja öskju, í fínar umbúðir, verðmerkt, meira að segja þannig að sú vara sem er framleidd á Húsavík er verðmerkt í belgískum frönkum, tilbúin í stórmarkaðina þar. Það þarf ekki einu sinni að verðmerkja hana þegar hún kemur í markaðinn. Henni er hent beint upp í hillu og síðan er henni strokið yfir tölvukassann á leiðinni út og verðmerkingin frá Húsavík gildir. Um þessa vinnslu breytir samningurinn engu. Hvar halda menn að líklegast sé að einhverjir umtalsverðir þróunarmöguleikar í átt til aukinnar fullvinnslu og vinnslu í neytendapakkningar á íslenskum sjávarvörum liggi annars staðar en í frystingunni? Hvaða önnur form vörunnar halda menn að séu líkleg til þess að verða þarna í stórum stíl á ferðinni sem hin endanlega fullvinnsla beint í örbylgjuofninn eða beint í stórmarkaðinn? Ég spyr. Ég held að það verði ekki fersk flök sem þar verða fyrirferðarmest en ég kem þó betur að því.

Í öðru lagi held ég að menn ættu að spyrja sig þeirrar spurningar hvernig þróunin er í íslenskum sjávarútvegi í dag og hvort hún bendi í þá átt að einhverjar opnanir samkvæmt þessum samningi muni skipta sköpum fyrir okkur á næstu árum. Hvað með þróunina sem helst blasir við mönnum núna, flutning vinnslunnar út á sjó, flutning á veiðivinnslu eða útgerðarháttum frá ísfiskveiðum yfir í frystiskip? Hverju breytir samningurinn fyrir þann flutning? Engu auðvitað því að um tollamál frystu vörunnar er búið eins og allir vita. Þær fréttir sem við fáum núna einu sinni, tvisvar eða þrisvar í viku um að áform séu uppi um að breyta enn nýjum togara í frystiskip benda ekki beinlínis til þess að þróunin í íslenskum sjávarútvegi sé í þá átt að með niðurstöðu þessa samnings séu að opnast einhverjir stórkostlegir nýir möguleikar. Þvert á móti. Meira og meira af aflanum er að færast yfir í fryst form og um það breytir samningurinn engu. Hver ísfisktogari sem hverfur úr rekstri í stað nýs frystiskips þrengir auðvitað að þeim hluta veiðanna og vinnslunnar sem eftir er á því formi að geta nýtt sér eitthvað samkvæmt þessum samningi.

Það sem menn helst horfa á í þessum efnum eru fersk flök eða söltuð. Við skulum aðeins fara yfir það og velta því fyrir okkur hvort líklegt sé að í íslenska sjávarútveginum séu þá að opnast með þessum samningi einhverjir stórkostlegir möguleikar sem geti aukið hér verðmætasköpun og vinnu og skili sér í útflutningi á ferskum flökum. Mín niðurstaða er sú að það

geti vel orðið um einhvern afmarkaðan og tiltekinn þróunarþátt í íslenskum sjávarútvegi að ræða en hann verði aldrei nema lítið brot af þeirri vinnslu og þeim útflutningi sem við komum til með að stunda. Það verða ekki forsendur til þess að hann verði meiri og hann á að mínu mati ekki að verða meiri vegna þess að menn verða auðvitað að taka fisk úr einhverri annarri verkunaraðferð yfir í hinn ferska útflutning. Hvaðan ætla menn að taka hann? Ætla menn t.d. að draga úr frystingunni og auka í staðinn útflutning á ferskum flökum? Er það það sem þeir ætla að gera? Og er það þá þróun í átt til aukinnar fullvinnslu? Svarið er nei. Það er þróun til baka vegna þess að það er langlíklegast að það sem hér er á ferðinni verði tiltölulega lítt hantéruð flök þar sem fiskinum væri rennt í gegnum eina flökunarvél, *í mesta lagi roðflettur og síðan hent* á ís og sendur út í kössum. Það er ekki merkileg fullvinnsla. Það er að vísu betra en að senda fiskinn út ísaðan heilan. Ef við værum á sama tíma að draga úr frystingu og fullvinnslu á því sviði, þá er það ekki endilega skref fram á við. Sama á við um það ef við værum að draga úr verðmætustu pakkningum fyrir saltfisk. Ég held því að menn verði að setja hlutina í samhengi og ekki trúa á svona kennisetningar. Í hverju liggja þessir þróunarmöguleikar? Ég held að þeir sem halda ræður um slíkt skuldi okkur útlistun á því. Ég spyr hæstv. sjútvrh.: Hvar eru tillögurnar? Hvar er stefnumörkunin um það hvernig íslenskur sjávarútvegur á að nýta sér möguleika EES-samningsins? Hvar er áætlunin? Hvar er fjárstuðningurinn til þess að íslenskur sjávarútvegur geti gert það? Hann er hvergi. Ekkert af þessu liggur fyrir. Það eru engar tillögur, það hafa engar tillögur verið mótaðar um það af hálfu ríkisstjórnarinnar, svo að ég viti til, hvernig sjávarútvegurinn á þá að nýta sér þessa möguleika. Það liggur *engin skýrsla fyrir, það liggur engin stefnumörkun fyrir*. Engir fjármunir hafa verið teknir frá í þessu skyni. Þetta eru ekkert nema innantómar fullyrðingar. Getur það ekki verið að ástæðan fyrir því að forsvarsmenn sjávarútvegsins hafa verið jafnvarkárir í yfirlýsingum sínum og raun ber vitni sé sú að þeir viti hve holt er undir þessari umræðu, að þeir átti sig á því að það gerist ekkert sjálfkrafa í þessum efnum? Það verður engin vinnslubylting í íslenskum sjávarútvegi þó að þessi samningur sé gerður þó að Alþfl. haldi það. Alþfl. ræður sem betur fer blessunarlega litlu um íslensk sjávarútvegsmál og hefur lítið vit á þeim. Þannig er nú það.

Þegar maður ber þetta t.d. saman við stöðuna þegar Íslendingar gengu í EFTA, þá er það mjög umhugsunarvert. Hverju var ekki haldið fram þá? Að hér yrði stórkostleg bylting í íslenskum iðnaði og við mundum framleiða húsgögn og flytja þau út og þá opnaðist milljónamarkaður. Menn sáu iðnvæðinguna blása út á Íslandi ef við gengjum í EFTA. Þá opnast svo óskaplegir þróunarmöguleikar í íslenskum iðnaði, sögu menn. Það opnast svo geysilegir markaðir. Hvar er þetta í dag? Hvar er húsgagnaiðnaðurinn? Hvar er skógerðin? Hvar er skipasmíðaiðnaðurinn? Hvar er markaðshlutdeild í málningarvöruframleiðslu, sápuframleiðslu, sælgætisframleiðslu o.s.frv. Hvað varð um möguleikana, tækifærin miklu sem áttu að opnast íslenskum iðnaði við inngönguna í EFTA? Þó var sá munurinn að fyrir lá stefna stjórnvalda. Menn lögðu hér mikla peninga í sjóði til að byggja iðnaðinn upp fyrir þessa samkeppni og menn gáfu honum aðlögunartíma til þess að hann gæti staðið sig í þeirri samkeppni sem var í vændum. Samt er niðurstaðan ekki betri en raun ber vitni í fjölmörgum greinum íslensks útflutningsiðnaðar og samkeppnisiðnaðar. Þegar maður svo sér hvað varðar þessa möguleika sjávarútvegsins sem núna eiga að opnast að þá liggur ekkert fyrir af hálfu stjórnvalda í formi stefnumörkunar eða tillagna, í formi fjárstuðnings, í formi einhvers konar áætlunar um það hvernig sjávarútvegurinn geti breytt vinnslu sinni og nýtt sér þessa möguleika, skapað meiri verðmæti og fleiri störf. Þetta eru allt saman góðlátlegar væntingar og vonir skrifaðar í skýin. Ég verð að játa fyrir ykkur, góðir áheyrendur, að ég er því miður ekki meiri bjartsýnismaður en það, og tel ég mig þó vera þokkalega staddan í þeim efnum, að ég fyllist kvíða um að þetta sé ekki sjálfgefið, þetta séu fuglar í skógi en ekki í hendi. Ég tel mig hafa verulega ástæðu til að óttast þetta. Þar nægir auðvitað að nefna eitt til viðbótar þessu öllu og það eru aðstæður íslensks sjávarútvegs til að höndla þessa möguleika. Hvernig stendur greinin til þess að leggja út í nýjar fjárfestingar, gjörbreyta vinnsluháttum sínum, mennta nýtt starfsfólk og sækja fram á nýjum mörkuðum? Hvernig eru aðstæður fyrirtækjanna til að gera þetta í dag? Ég mundi segja að það væru kannski tvö eða þrjú fyrirtæki sem ættu einhverja smámöguleika til að geta þetta, hefðu enn þá lánstraust eða fjármagn til að ráðast í breytingar, gætu eitthvað lagt í markaðssetningu eða þjálfun og þróun nýrra vinnsluaðferða. Staðan er auðvitað sú að greinin er rekin með 14% tapi eða verður það á næsta ári miðað við þann fjárfestingarkostnað sem samtök fiskvinnslustöðva ganga núna út frá, hún skuldar 100 millj. kr. en veltir 75 millj. Þá geta menn aðeins gert sér í hugarlund hvernig aðstæður manna eru til þess að nýta þessa möguleika.

Ég óska eftir því að hæstv. sjútvrh. og hæstv. utanrrh. komi hér inn í þessa umræðu og fari yfir það hvernig þeir hugsa sér að íslenskur sjávarútvegur standi undir þeim væntingum sem til hans eru gerðar í þessu sambandi, að nýta sér einhver stórkostleg sóknarfæri til aukinnar verðmætasköpunar og framleiðni á grundvelli þessa samnings. Hvar er áætlunin, hæstv. sjútvrh.? Liggur hún í því að breyta Guðbjörginni í frystiskip, Sléttanesinu í frystiskip, Otto Wathne í frystiskip o.s.frv.? Liggur hún kannski í því að setja sjávarútveginn á Íslandi á hausinn eins og er verið að gera? Telja menn að upp úr rústunum rísi þessi öflugi atvinnuvegur sem nýtir sér alla þessa þróunarmöguleika?

Það bjuggust ýmsir við tíðindum frá Bolungarvík í dag en þau komu ekki sem betur fer, a.m.k. ekki í dag og vonandi ekki allra næstu daga. Er það þannig sem þetta á að gerast? Ég spyr. Mér er sagt að í Alþfl. séu það alger og óumdeild trúarbrögð að það muni renna upp slík gullöld og gleðitíð í sjávarútveginum um leið

og samningurinn gengur í gildi að annað eins sé fáheyrt. Verðmætasköpunin muni margfaldast, svo og vinnslan og atvinnan. Gengur nú hér í salinn hv. alþm. sem mun hafa flutt um þetta hjartnæma ræðu. (**Gripið fram í:** Og leiðari Alþýðublaðsins í dag.) Mikil ósköp, ekki þarf nú að nefna það. Alþýðublaðið er náttúrlega heltekið af þessari trú. (**Gripið fram í:** Þú ert ekki búinn að lesa leiðarann enn þá.) Það er auðvitað mjög ánægjulegt að menn eru bjartsýnir og ég er ekki að lasta góða trú manna. En það þurfa að vera innstæður fyrir henni. Mér duga ekki almennar væntingar hvort sem þær eru í leiðurum í Alþýðublaðinu eða annars staðar. Ég vil fá að sjá rökin. Ég vil fá að sjá eitthvað handfast i þeim efnum. Ég hef ekki séð það enn þá hvað íslenskan sjávarútveg snertir, því miður. Þvert á móti óttast ég margt í sambandi við örlög hans í þessari nýju og hörðu samkeppni á komandi árum. Ég tel að mörgum spurningum sé ósvarað um það að honum vegni yfir höfuð betur í hinu nýja umhverfi EES-samnings en honum hefur áður gert. Eina greinin sem ég er nokkuð sannfærður um að hann muni njóta góðs af og styrki er saltfiskverkunin. Það situr síst á mér sem hóf mína launavinnu í saltfiski, að haka salt hér í gamla daga, að lasta það. (Gripið fram í.) Er aldrei að vita nema ég bregði mér aftur í það. Það verður a.m.k. frjórra en að sitja hér á Alþingi þegar búið er að svipta þessa stofnun öllu sjálfræði og senda til Brussel. Ég er ekki viss um, hv. þingflokksformaður Alþfl., að ég hafi þá áhuga á því að sitja hér mikið lengur. En þetta er nú svona.

Ég leyfi mér að halda því fram að ástæðan fyrir því að forsvarsmenn íslensks sjávarútvegs hafa verið mjög varkárir í yfirlýsingum um þetta mál og drógu það ákaflega lengi við sig að gera svo mikið sem að lýsa yfir stuðningi við sjávarútvegsþátt málsins sé sú að þar á bæ átti menn sig á því að þetta er ekki eins einfalt og Alþfl. heldur, að það sé bara hægt að smella fingrum og segja EES og íslenskur sjávarútvegur sé þar með kominn á sóknarbraut. Málið liggur reyndar þannig enn þann dag í dag að ekki er fyrir hendi fyrirvaralaus stuðningur samtaka í sjávarútvegi við þennan samning og eru þeir þó bara að horfa á sjávarútvegshliðina. Ég hef ekki trú á því að þeir hafi stórfelldar áhyggjur af því hvort útlendingar kaupi hér laxveiðijarðir eða hrossakot. Ég held að það valdi þeim ekki andvökum. Þeir eru fyrst og fremst að skoða sjávarútveginn, útkomu hans úr þessu máli. Og ég spyr: Ef hún er ekki glæsilegri en svo að þeir treysta sér ekki til að lýsa yfir fyrirvaralausum stuðningi við málið hvernig lítur þá pakkinn út í heild sinni? Mér finnst von að spurt sé.

Mig langar til að nefna nokkur atriði í viðbót, herra forseti, sem eru óskylds eðlis eftir að ég hef lokið umfjöllun um öryggisákvæðin, jarðakaupin og sjávarútveginn. Það fyrsta eru ummæli hæstv. utanrrh. um að það sé hlutverk dómstóla eða Hæstaréttar að skera úr stjórnarskráróvissu varðandi EES-málið. Ég verð að segja alveg eins og er að þó ég hafi nokkurt dálæti á hæstv. utanrrh. og telji hann vaskan mann og honum ýmislegt vel gefið, þá hef ég mína fyrirvara gagnvart honum. (**Gripið fram í:** Frambærilegur.) Hann hefur reynst nokkuð frambærilegur. En hann er líka brokkgengur. Nú er það þannig að þeir sem þekkja eitthvað til hesta vita að brokkgengir hestar geta verið ágætir en það þarf að síða þá dálítið til og hafa taumhald á þeim. Af ýmsu heldur göróttu sem hæstv. utanrrh. bar á borð fyrir okkur í framsöguræðu sinni hér tel ég þó að málsvörn hans hafi verið langverst í tveimur tilvikum. Það er þegar hann ræddi stjórnarskrármálið og þjóðaratkvæðagreiðslumálið. Það sem vakti sérstaka athygli mína var þegar hæstv. utanrrh. virtist snúa sig frá því að ekki væri ástæða til að breyta stjórnarskránni. Hann sagði: Það er sjálfsagt að reyna að eyða óvissunni eins og hægt er en síðan er það hlutverk dómstólanna að skera úr um það. Hvað er maðurinn að segja með þessu? Hvað er hæstv. utanrrh. að segja um samninginn með þessu? Hann er í grófum dráttum að segja að hann sé tilbúinn til þessa að skella okkur Íslendingum inn í þá hrikalegu óvissu sem því væri samfara að efasemdunum varðandi stjórnarskrárþáttinn, það hvort samningurinn stæðist stjórnskipunina, yrði bara vísað til dómstóls og svo sætu menn eða stæðu með öndina í hálsinum í eitt eða tvö ár og biðu eftir niðurstöðu af því hvort þetta væri löglegt eða ekki. Er það virkilega svo að hæstv. utanrrh. sé tilbúinn til þess að kalla þessa réttaróvissu yfir menn? Við skulum aðeins fara yfir það hvernig þetta gæti gerst.

Það gæti í grófum dráttum gerst þannig að íslenskt fyrirtæki fengi orðsendingu frá eftirlitsstofnun eða það yrði dæmt í sektir eða með öðrum hætti yrði fyrir valdi hinnar erlendu stofnunar sem öðlast hefur lögsögu á Íslandi. En íslenska fyrirtækið segði nei. Ég uni þessu ekki, ég ætla ekki að borga þetta, ég ætla ekki að beygja mig undir þetta vegna þess að ég tel að lögsaga hins erlenda aðila sé ólögleg, að hún standist ekki stjórnarskrána á Íslandi og þess vegna uni ég ekki niðurstöðunni. Fyrirtækið fer svo með málið fyrir dóm. Hvað gerist ef Hæstiréttur Íslands, mínus Þór Vilhjálmsson væntanlega sem vonandi mundi átta sig á því að hann væri nú ekki fullkomlega hæfur í málinu, dæmir svo að lögsaga hins erlenda aðila standist ekki stjórnarskrána? Þar með þurfi hinn íslenski aðili ekki að beygja sig undir úrskurð eða dóm þess. Hvað gerist? Málið er allt í uppnámi og eins og lögfræðingar hafa orðað það mundi það skapa slíka réttaróvissu hér að önnur eins hefði aldrei þekkst. Maður hlýtur að spyrja sig: Er það virkilega svona sem hæstv. utanrrh. sættir sig við að eyða vafanum? Er hann tilbúinn í þetta eða hvernig átti að skilja orð hans hér um að það væri hlutverk dómstóla að eyða þessari óvissu að svo miklu leyti sem það væri ekki gert fyrir fram með einhverjum æfingum af því tagi sem hann hefur viðhaft, að kalla til fjóra menn og láta þá skrifa skýrslu?

Auðvitað getur það ekki orðið niðurstaða Alþingis að svona eigi að eyða óvissunni. Alþingi getur ekki sjálfu sér samkvæmt gengið þannig frá málinu. Alþingi hlýtur að eyða óvissunni. Alþingi hlýtur að sjá til þess að þetta stóra mál fari ekki héðan fyrr en það er þá öruggt og alveg pottþétt að slík óvissa og upplausn skapist ekki á síðari stigum málsins. Hvernig gerir Alþingi það? Með því að breyta stjórnarskránni, ef það

telur það vissara, til að taka af allan vafa um að það fái ekki málið í hausinn aftur. Er ég þó eingöngu að fjalla um hina tæknilegu hlið málsins og þá sem snýr að þolendum úti í þjóðfélaginu og sleppi því að halda einhverja hjartnæma ræðu um eiðinn sem við höfum allir samþykkt o.s.frv. Það hafa aðrir gert og farist miklu betur en mér.

Þessi furðulegu orð hæstv. utanrrh. urðu mér verulegt umhugsunarefni og af því að hæstv. dómsmrh. er hér væri fróðlegt að heyra hans viðhorf í þessum efnum. Er hæstv. dómsmrh. sammála því viðhorfi utanrrh. að þetta sé sniðug leið til að láta útkljá vafaatriði varðandi stjórnarskrána?

Aðrir hafa, eins og ég hef áður sagt, rætt ítarlega um stjórnarskrárþáttinn og líka það hvort þetta stóra *mál skuli borið undir dóm þjóðarinnar. Ég sé í sjálfu* sér ekki ástæðu til að fjölyrða mikið um það. Ég verð bara að segja, eins og ég hef sagt áður, að mér finnst það vera talsverð mótsögn í málflutningi eins og hæstv. *utanrrh. a.m.k. og fleiri menn hafa hér að mínum dómi* gert sig seka um, að koma í öðru orðinu og segja að þetta sé stærsti samningur sem lýðveldið Ísland hafi nokkurn tímann gert, að þetta sé mikilvægasta mál sem við höfum staðið frammi fyrir á lýðveldistímanum og jafnist helst við gamla sáttmála hvað örlög þjóðarinnar snertir, og segja svo í hinu orðinu að það sé engin ástæða til að bera þetta undir dóm þjóðarinnar. Samrýmist þetta mjög vel ef þetta er stærsta mál sem Íslendingar hafa tekið til umfjöllunar á lýðveldistímanum? Er þá ekki meiri ástæða til að bera það undir dóm þjóðarinnar en nokkur önnur úr því það er svona stórt? Ég er ekkert að draga úr því að það er stórt og mikilvægt.

Þeir hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. hafa látið ýmis málblóm falla þegar þeir hafa fjallað um þessi þjóðaratkvæða- og stjórnarskrármál. Hæstv. forsrh. sagði t.d. að þetta væri ekki heppilegt mál til að leggja fyrir þjóðina. Ég vil gjarnan heyra hæstv. forsrh. útskýra með dæmum hvað séu heppileg mál til að bera undir þjóðina. Eru það svona lítil og snotur og heppileg *mál, hæstv. forsrh.? Sem sagt ekki þetta. Hvernig* eru þessi heppilegu mál sem er hægt að bera undir þjóðina?

Hæstv. forsrh. mun líka hafa sagt að lítt hugsuðu máli í útvarpsviðtali að það væri svona og hinsegin ef þjóðin kæmist með puttana í málið. (Gripið fram í.) Er þetta ekki rétt, eða hvað sagði hæstv. forsrh. nákvæmlega? Það er rétt að hann komi þá og útskýri það. (**Gripið fram í:** Fingurna.) Fingurna, það er mikill munur á puttum og fingrum í mínum huga. En alla vega hafa þessi ummæli hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. vakið nokkra athygli í landinu. Þjóðin er nefnilega dálítið upptekin af þessu máli núorðið að mínu mati og fylgist nokkuð með fjölmiðlaumfjöllun um það eftir atvikum eins og hún á kost á. Það fer ekki hjá því að viðhorf hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. til þjóðarinnar, eins og það birtist í þeirra afstöðu, varðandi *stjórnarskrárþáttinn og þjóðaratkvæðagreiðslu. Hvað er* hæstv. utanrrh. að segja þegar hann talar um að þjóðin sé ekki nógu vel upplýst um þetta mál til þess að réttlætanlegt sé að leggja það í dóm hennar? Þetta eru alvarleg orð. Annað tveggja er að hæstv. utanrrh. telji þjóðina ekki hafa haft aðgang að upplýsingum, ekki hafa haft forsendur til að kynna sér málið eða hitt að hann treystir ekki dómgreind hennar, telur hana ekki færa um það. Hvort tveggja er jafnalvarlegt. Ef þjóðina vantar upplýsingar þá þarf að koma þeim á framfæri, gera þær aðgengilegar. Hinu mótmæli ég og neita að trúa að jafnmætur maður og hæstv. utanrrh. á margan hátt er hafi ekki meira álit á dómgreind Íslendinga en þetta.

Getur verið að þrátt fyrir vísbendingar úr skoðanakönnunum um að meiri hluti þjóðarinnar sé andvígur þessu máli og þrátt fyrir þau fjölmörgu lögfræðiálit sem komið hafa fram, þar sem verulegar efasemdir eru *settar fram, ef ekki beinlínis fullyrt að málið standist* ekki stjórnarskrána, þá ætli stjórnarmeirihlutinn að keyra þetta mál í gegn og daufheyrast við hvoru tveggja, óskum manna um lögformlega afgreiðslu á þessu máli með stjórnarskrárbreytingum og því að þjóðin fái að segja sitt álit. Er það virkilega þannig að þessir þingmenn, sem sitja á þingi og styðja ríkisstjórnina, treysti sér til að axla ábyrgð í þessu stærsta máli lýðveldistímans og gera það með þessum hætti undir bullandi ágreiningi um það hvort málið sé í raun og veru þingtækt þar sem það stangist á við stjórnarskrána og þrátt fyrir eindregnar óskir sameinaðrar stjórnarandstöðunnar, studdar þúsundum og tugþúsundum landsmanna, studdar vísbendingum og skoðanakönnunum, eigi að troða þessu máli hér í gegn, mér liggur við að segja á nokkrum mánuðum og skella skollaeyrunum við öllum óskum, réttmætum og rökstuddum?

Ég verð að segja eins og er að það er ekki mikil reisn yfir því. Það er væntanlega ekki sú glæsta afgreiðsla á málinu sem hæstv. utanrrh. hefur í villtustu draumum sínum látið sér detta í hug að hann fengi hér á þingi. Að berja menn til þess, að troða þessu hér í gegn undir bullandi ágreiningi um það hvort það sé tækt gagnvart stjórnarskránni og daufheyrast við ósk*um tugþúsunda Íslendinga um að málið verði borið* undir þjóðaratkvæði.

Þegar svo er komið, eins og gerðist hér fyrir nokkrum dögum, að þeir menn úr stjórnarliðinu sem hafa leyft sér að setja fram efasemdir í þessum efnum úr og vilja að varlega sé farið, eru afhöfðaðir, eru settir frá, þá fer nú að harðna á dalnum. Hvaða ástæður aðrar höfðu menn til að setja af fyrrum formann utanrmn., sem hefur með langan og mikinn orðstír að baki hvað varðar utanríkismál og þjóðréttarmál okkar Íslendinga, aðrar en þær að hann hafði leyft sér að tala af þó nokkurri virðingu um íslensku stjórnarskrána og taka af tvímæli um að hann vildi fara varlega gagnvart henni.

Ég trúi því auðvitað ekki enn að svo mikil sé fylgispekt allra þingmanna stjórnarliðsins við sína húsbændur, hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh., að menn taki *frekar áhættuna af því að gerast stjórnarskrárníðingar* en að fylgja sannfæringu sinni. Ég trúi því ekki enn og ætla að bíða með það alveg þangað til það verður orð-

ið hér að dapurlegri niðurstöðu að gefa mér slíkt.

En mér finnst það satt að segja harla léttúðugt hvernig á köflum hefur verið fjallað um þá þætti málsins og lítil reisn yfir því svo ekki sé meira sagt. Væri ekki meiri manndómur í því fólginn af hálfu hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. að leggja sjálfa sig undir í þessu máli, að setja það í þjóðaratkvæði, að standa fyrir þeirri kynningu meðal þjóðarinnar á málinu sem menn treystu að væri fullnægjandi til að hún gæti myndað sér heilbrigða skoðun í þessu sambandi? Ef menn eru jafnsannfærðir um ágæti samningsins og þeir láta ættu þeir ekki að óttast að málið verði kynnt fyrir þjóðinni, eða hvað? Eða hvað er það sem menn eru hræddir við? Er það hugsanlega það að menn hafi svo mikla ást á ráðherrastólunum tíu við útvegginn, stólunum sem menn sitja sjaldan í og þeim tveimur til þremur árum sem þeir gætu húkt í þeim lengur, að þeir daufheyrast við öllum óskum um lýðræðislega afgreiðslu á þessu máli, stjórnarskrárbreytingu og þjóðaratkvæði?

Að sjálfsögðu væri hægt að ná um það samkomulagi að þannig yrði staðið að báðum málum eða öðru hvað tímasetningu snertir að það gæti allt saman gerst á tilskildum tíma. Yrði það vilji meiri hluta þjóðarinnar að samþykkja samninginn eða yrði það niðurstaða manna að stjórnarskrárbreyting þyrfti að fara fram, yrði hvort tveggja gert með þeim hætti að eftir sem áður gæti Ísland orðið aðili að samningnum. Það er enn nægur tími til stefnu í þeim efnum. Ég er sannfærður um að stjórnarandstaðan er fyrir sitt leyti tilbúin til samninga við hæstv. ríkisstjórn um slíkan framgangsmáta ef vilji er fyrir hendi.

Herra forseti, og ég er alveg að ljúka máli mínu svo forseti þarf ekki að lemja meira í bjölluna. Ég veit að það á að fara að taka fyrir nýtt mál eins og venjulega þegar ég er að tala. Þá er umsvifalaust rokið til og sett nýtt mál á dagskrá og allt í lagi með það. — En ég er alveg sannfærður um það og ætla að hafa það mín síðustu orð að stjórnarandstaðan er tilbúin til að stuðla að samkomulagi um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu og/eða stjórnarskrárbreytingar. Ég a.m.k. fyrir mitt leyti býð slíkt fram. Að allra síðustu er það svo þannig, hæstv. forsrh., að þjóðin þín, þjóðin okkar, mun auðvitað una niðurstöðunni með allt öðrum hætti ef hún hefur verið ákvörðuð í lýðræðislegri kosningu. Auðvitað er það besta, heiðarlegasta og traustasta aðferðin til að afgreiða þetta örlagaríka mál, að gera það á þann hátt sem lýðræðið gerir ráð fyrir þegar mikinn vanda ber að höndum, að meiri hlutinn ráði.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill að gefnu tilefni taka fram að það var ekki ætlun hans að skerða hér ræðutíma. Þingmanni var heimilt að fresta ræðu sinni hefði hann óskað eftir því. Tveir þingmenn hafa óskað eftir að veita andsvör við ræðu hv. þm. og tekur þá fyrst til máls hæstv. forsrh.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það væri mjög margt sem svara þyrfti í þessari löngu ræðu hv. þm. Ég vil aðeins víkja að einu atriði vegna þess að þingmaðurinn hélt því fram að bæði ég og hæstv. utanrrh. hefðum látið ógætileg orð falla í garð þjóðarinnar. Það var auðvitað ekki svo og hefur ekki gerst og er rangt hjá honum. Hann nefndi það sérstaklega að ég hefði fundið að því ef svo kynni að fara að þjóðin fengi að fara með puttana í málið. Þegar ég sagði þá setningu var ég að fjalla um tillögu eða frumvarp, sem stjórnarandstöðuflokkarnir hafa flutt hér, frumvarp sem gengur út á það að auðvelda þinginu afsalið á fullveldisrétti landsins, hvers konar fullveldisrétti landsins. Ég sagði einmitt þá að með þeim hætti, ef menn þyrftu að skerða fullveldisrétt landsins og vildu það, þá þyrfti ekki lengur, ef þetta væri orðið að lögum í stjórnarskrá, að grípa til þess úrræðis að breyta stjórnarskránni, efna til kosninga og samþykkja stjórnarskrárbreytingu á nýjan leik. Með þeim hætti kæmist þjóðin ekki með puttana í málið, með þeirri tillögu sem þið, hv. stjórnarandstæðingar, hafið lagt fram. Það er nefnilega hárrétt hjá hv. 9. þm. Reykv. að stjórnarskrárgjafinn er annar og hinn almenni löggjafi er annar. Þrátt fyrir að þingið greiði atkvæði í bæði skiptin þá eru kosningar á milli, það er kostur á nýjum þingmönnum til að fjalla um málið ef þjóðin kýs. Með frumvarpi ykkar er verið að koma í veg fyrir það að hinn almenni stjórnarskrárgjafi, sem hv. 9. þm. Reykv. vitnaði til og vitnaði í bók Ólafs Jóhannessonar, komist að málinu. Það var það sem átt var við þegar puttarnir voru nefndir sérstaklega. Ég bið þingmanninn að fara rétt með það, það er mikilvægt.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir vænt um að hæstv. forsrh. staðfestir að hann hafi látið ummæli falla af þessu tagi, að þjóðin kæmist með puttana í málið, og verið að fjalla um þessi Evrópumál í því samhengi. Það er ekki tími til þess hér í andsvörum að fara yfir þá útúrsnúning sem hv. þm. Björn Bjarnason og hæstv. forsrh. hafa verið að reyna gagnvart frumvarpsflutningi stjórnarandstöðunnar. Málið liggur þó í einfaldleik sínum þannig að hæstv. núv. ríkisstjórn er að reyna að berja upp meiri hluta hér á hinu háa Alþingi, þ.e. einfaldan meiri hluta, til að afsala fullveldi, til að flytja vald úr landi. Það frv. sem stjórnarandstaðan flytur er hins vegar öryggisráðstöfun af því tagi að slíkt sé ekki hægt, að einfaldur meiri hluti þingmanna geti aldrei tekið slíka ákvörðun, það þurfi stóraukinn meiri hluta til þess að hægt sé að gera slíkt. Ef hæstv. ríkisstjórn tekst að berja upp 32 eða jafnvel 34 þingmenn til að samþykkja þetta valdaafsal, eru ekki jafnsterk rök fyrir því að þá væri betur komið inn í íslensku stjórnarskrána ákvæði af því tagi sem frv. stjórnarandstöðunnar gerir ráð fyrir?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sá er munurinn á stjórnarandstöðunni og stjórnarliðinu að stjórnarliðar telja og hafa fyrir því rökstudd álit, sem eru vel og röklega upp byggð, að ekki sé verið að ganga á fullveldi landsins með þessum samningum. Stjórnarliðar telja að það eigi ekki

að auðvelda það að þingmenn, jafnvel aukinn meiri hluti, geti afsalað sér hvers konar fullveldi landsins með einfaldri samþykkt á þinginu. Það undarlega hefur gerst og það er afskaplega undarlegt í þessu máli, ég tel það reyndar regin pólitísk mistök, að stjórnarandstaðan hefur í vandræðum sínum í málinu flutt frv. til stjórnlagabreytingar, að auðvelda þinginu án kosninga að afsala sér hvers konar fullveldi landsins. Ég hefði aldrei trúað því fyrir fram að stjórnarandstöðunni yrði svona hált á málinu og mundi lenda í þeim vandræðum að láta slíkt frv. frá sér fara.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega með ólíkindum að tími í umræðum um alvörumál af þessu tagi skuli þurfa að fara í útúrsnúninga og hundalógík af því tagi sem hæstv. forsrh. temur sér og kom skýrt fram hér áðan. Það er með ólíkindum að hæstv. forsrh. skuli reyna að draga umræðuna niður á það plan. Ég verð að segja það alveg eins og er. Ég teldi sæmra að hæstv. forsrh. fjallaði efnislega um þau rök sem stjórnarandstæðingar hafa sett fram í þessu máli og rökstyðja það óhrekjanlega að verið er að flytja vald út úr landinu. Meira að segja sérfræðinganefnd utanrrh. viðurkennir að um valdaafsal er að ræða en það sé að vísu vel afmarkað og hæfilega takmarkað og þess vegna sleppi þetta. Svo kemur forsrh. hér og ætlar að ráðast á stjórnarandstöðuna, sem er að reyna að reisa varnir við, þannig að sú óhæfa eigi sér ekki stað að einfaldur meiri hluti þingmanna taki þetta mál til afgreiðslu án þess að breyta stjórnarskránni eða leita eftir áliti þjóðarinnar.

Í öðru orðinu segja stjórnarsinnar: Það eru fordæmi fyrir alls konar valdaafsali. Við erum aðilar að mannréttindasamningum og norrænum samningum og þar er flutt vald út úr landinu svo þetta er allt í lagi með EES. En í hinu orðinu kemur svo hæstv. forsrh. upp með málflutning af þessu tagi og ræðst á stjórnarandstöðuna sem vill búa betur um hnútana en gert er í gildandi íslenskri löggjöf svo það geti aldrei gerst og vonandi gerist það aldrei aftur að þjóðin sitji uppi með svo ógæfusama ríkisstjórn að hún ætli sér að pína slíkt mál í gegn sem þetta með einföldum meiri hluta ef hann verður þá barinn upp hér.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður varði löngum tíma í það að fjalla um spurninguna um rétt erlendra manna til þess að kaupa hér land á grundvelli EES-samningsins. Ég vil aðeins láta það koma fram að hv. ræðumaður var landbrh. á árunum 1989–1991 þegar þær reglur voru mótaðar sem nú eru í þessum samningi. Það liggur fyrir að hann aðhafðist ekkert í þessu máli, hann lét hjá líða að gera þær ráðstafanir sem hann nú telur nauðsynlegt að gerðar verði. Það hefur komið fram einnig að þetta aðgerðarleysi hans er af mörgum talið koma í veg fyrir það að unnt sé að gera nauðsynlegar ráðstafanir í málinu.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sé það fyrir mér að hv. þm. Björn Bjarnason hann verður gæfumaður í embætti sínu sem formaður utanrmn. Hann verður farsæll og mikill mannasættir í þeim störfum ef svo heldur fram sem horfir. Ég held það hafi gerst svo til í hvert einasta sinn sem einhver stjórnarandstæðingur hefur flutt efnislega ræðu og farið yfir einhverja þætti þessa máls að hv. formaður utanrmn. hafi komið í andsvörum á eftir honum með ómerkilega útúrsnúninga. Í hverju málinu á fætur öðru. Ég fylgdist hér með umræðunni heilan dag í síðustu viku og ég held að það hafi gerst í hvert einasta skipti. Í staðinn fyrir að reyna að svara efnislega og rökræða við þingmenn kemur hv. þm. Björn Bjarnason, nýkjörinn formaður utanrmn. með láði, upp á eftir mönnum með ómerkilega útúrsnúninga af þessu tagi sem hér voru fluttir áðan. Ég segi nú fyrir mig, hæstv. forseti, líka af því að ég fór inn á þetta efni í ræðu minni, ég nenni ekki að svara þessu. Ég hef miklu meira áhuga á því að ræða um þetta eintak, hv. þm., nýkjörinn formann utanrmn. og spá í framtíðina, hversu mikill farsældarmaður hann verður í sínum störfum því hann byrjar ekki dónalega, það verður að segja.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þar sem hv. síðasti ræðumaður kvaðst hafa fylgst náið með umræðum í síðustu viku ætti hann að vita að hv. þm. Steingrímur Hermannsson, forsrh. í þeirri stjórn þar sem hann var landbrh., gat þess sérstaklega í sinni ræðu að þessi meðferð fyrrv. landbrh. hefði verið ámælisverð.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg nú að þegar ræða Steingríms Hermannssonar, fyrrv. forsrh., verður lesin komi í ljós að hann hafi ekki viðhaft þessi orð og bætist það við önnur afreksverk hv. þm. Björns Bjarnasonar að hann getur ekki farið rétt með eða haft rétt eftir orð manna hér. Mig rekur ekki minni til að þessi orð hafi fallið.

Varðandi það hins vegar að þetta kunni að vera eitthvað umhendis hjá framsóknarmönnum og þeir grípi til ýmissa ráða í nauðvörn sinni og þröngri stöðu eins og gengur, þá hef ég fullan skilning á því. Ef þeim framsóknarmönnum er pínulítið skjól í því núna næstu dagana að fara aftur fyrir öxlina á mér sem fyrrv. landbrh. þá er það guðvelkomið. Það er allt í lagi með það. En þeir þurfa enga hjálp frá hv. þm. Birni Bjarnasyni við það.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Fíkniefnavandinn.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Eins og hafði verið tilkynnt úr forsetastóli fer nú fram utandagskrárumræða skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaga að ósk hv. 5. þm. Suðurl. og er umræðuefn-

ið fíkniefnavandinn. Tímamörk eru þau að enginn má tala oftar en tvisvar, málshefjandi og viðkomandi ráðherra eigi lengur en fimm mínútur í fyrra sinn og eigi lengur en tvær mínútur í síðara sinn. Aðrir þingmenn og ráðherrar eigi lengur en tvær mínútur í senn.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég hef kosið að ræða hér utan dagskrár á hinu háa Alþingi stærsta vandamál þessa þjóðfélags, stærsta heilbrigðisvandamál mannkyns. Þar á ég við neyslu og sölu á eiturlyfjum.

Atburðir síðustu daga eru með þeim hætti að Alþingi og ríkisstjórn verða að gera upp við sig hvernig Íslendingar ætla að taka á þessum vanda og mæta þeirri hryllilegu veröld afbrota og glæpa sem er að verða daglegur viðburður hér í borginni. Ætla Alþingi og ríkisstjórn að hopa undan glæpalýðnum eða hefja markvissar aðgerðir sem mynda gagnsókn. Hundrað ungmenni hefur fíkniefnaneyslan lagt að velli hér á landi á stuttum tíma. Talið er að önnur 500 ungmenni á aldrinum 13–19 ára séu djúpt sokkin í eiturlyf. Heimilin og fjölskyldurnar skipta þúsundum sem í örvæntingu horfa á ástvin sinn sökkva dýpra og dýpra. Hinir helteknu þurfa læknis við, dópsalarnir eiga enga miskunn skilið.

Málið er í mínum huga fjórþætt. Það þarf að efla og styrkja starf lögreglunnar, herða tolleftirlitið, þyngja refsingar yfir sölumönnum og þeim sem flytja efnið inn í landið og auka forvarnastarf.

Þjóðin hefur nú kynnst því í gegnum síðustu atburði við hvaða aðstæður og í hvaða farveg baráttan við eiturlyfjasala hefur færst. Lögreglan glímir við menn sem beita eggvopnum, eru valdir að árekstrum og lífshættulegum hraðakstri þar sem líf samborgaranna skiptir engu máli. Lögreglan beitir tálbeitu og leggur gildrur fyrir hina forhertu glæpamenn. Allt minnir þetta fremur á spennuþrungna hasarmynd en blákaldan veruleika á fögru ágústkvöldi í Reykjavík.

Hæstv. dómsmrh. Nú horfir þjóðin agndofa og spyr: Hvað ætla Alþingi og ríkisstjórn að gera til að takast á við þessa dauðans alvöru? Málið er að vísu margþætt. Niðurskurður fjármagns á síðustu árum hefur bitnað á löggæslunni í landinu. Hér í Reykjavík og um allt land hefur bæði verið beitt flötum niðurskurði og sérstökum yfirvinnuniðurskurði svo skiptir tugum og hundruðum milljóna. Í Reykjavík einni nemur niðurskurðurinn á yfirvinnunni þriðjungi á sl. fimm árum eða 85 þús. klukkustundir sem jafngildir 70 ársstörfum. Sama hefur gerst úti um land. Sumarráðnum mönnum við löggæslustörf hefur á milli ára fækkað úr 60 í fyrra niður í 25 í sumar. Það sama á sér stað annars staðar vegna þess flata niðurskurðar sem beitt var við síðustu fjárlagagerð. Allt ber að sama brunni. Þegar sala og neysla eykst á eiturlyfjum og málin verða sífellt erfiðari viðfangs er fjármagnið skorið niður til löggæslunnar. Þetta gengur ekki upp. Við erum nú ekki betur varin en það að fullyrt er að aðeins 5–10% efnanna sem til landsins berast finnist við tollleit. 90–95% komast í umferð í landinu.

Ég spyr því hæstv. dómsmrh.: Mun hann gera kröfu um aukið fjármagn til lögreglunnar nú við fjárlagagerðina? Eiga þær sögur við rök að styðjast að enn eigi að beita flötum niðurskurði á lögregluna í landinu við þessar aðstæður? Mér er t.d. tjáð að átta stöðugildi til viðbótar sem lögreglustjóri Reykjavíkur fer fram á í svokallað götueftirlit kosti 22,5 millj. en sé lykilatriði til nýrrar sóknar.

Það er líka alvarlegur hlutur að það er fullyrt að í mörgum bæjarfélögum úti um land fái hassneytendur árum saman að lifa í friði án þess að ráðist sé í grenin. Ég vil spyrja: Hvernig hyggst dómsmrh. styrkja tollgæsluna? Örfáir menn ráða ekki við þetta þunga verkefni. Öllum ber saman um að notkun hunds sé lykilatriði. Þeir eru duglegir og næmir og eru í senn fyrirbyggjandi. Þeir hræða dópsalana og ekki síður það lið sem nú þiggur peninga fyrir að bera efnin inn í landið, fólk sem ekki er á skrá hjá lögreglu. Hasshundur verður að vera til staðar í helstu tollhöfnum landsins eða hreyfanlegur á milli staða, svo og tollpóststofunni.

Að lokum vil ég með örfáum orðum minnast á refsilöggjöfina sem ég óttast að sé allt of vinsamleg afbrotamönnum og refsingar vægar. Ég vil því spyrja hæstv. dómsmrh. að lokum: Hefur hann í hyggju að þyngja refsingar við sölu eiturlyfja eða beita sér fyrir nýrri löggjöf? Ég tel að það beri að þyngja refsingar. Það eigi að gera bæði með þyngri fangelsisdómum og að menn sleppi ekki svo vel sem gerst hefur. En það má einnig gera með léttvægari refsingum sem kunna að hafa enn þá þyngri áhrif. Þá á ég við það að þeir sem staðnir eru að því að bera fíkniefnin inn í landið sæti því að nafn og mynd verði birt í fjölmiðlum, svo og að í ofanálag verði þeir að sæta ferðabanni út úr landinu næstu fimm árin.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. málshefjanda fyrir að taka þetta mál til umræðu hér á hinu háa Alþingi. Það er vissulega rétt sem fram kom í hans máli að hér er um að ræða eitt af mikilvægustu viðfangsefnum sem stjórnvöld, heimili og skólar í landinu þurfa að takast á við. Það er rétt að hér er við alvarlegan vágest að etja sem þjóðin öll þarf að takast á við með sameiginlegu átaki. Það er eðlilegt að menn beini augunum einkanlega að þætti lögreglunnar í þessu máli. Hann er mjög mikilvægur og getur skipt sköpum í þessari baráttu en við náum aldrei tökum á þessari baráttu nema með mjög víðtæku samstarfi lögregluyfirvalda, forvarnastarfi, fræðslustarfi í skólum og umhyggju á heimilum og leiðbeiningum foreldra. Allt þetta mun ráða úrslitum í þessari baráttu.

Að því er varðar spurningu hv. þm. um það hvort fjárveitingar verði auknar til lögreglunnar vegna fíkniefnarannsókna þá geri ég fyllilega ráð fyrir því að hv. þm. sé kunnugt að það er ekki unnt að greina frá því hverjar verða tillögur einstakra ráðuneyta í tilteknum verkefnum fyrr en fjárlagafrv. verður lagt fram. Það er regla sem ég veit að hv. þm. er kunnugt um.

Hann spurði sérstaklega um það hvort ekki væri ástæða til þess að tollgæslan fengi hund til notkunar. Það er rétt að minna á að hún hefur fengið hund og

tollgæslumenn hafa verið sérþjálfaðir við notkun hans.

Að því er varðar spurningu um þyngri refsingar þá hygg ég að refsilöggjöfin sjálf hafi að geyma býsna víðtækan refsiramma. Hitt er svo alltaf matsatriði hversu þungir dómar eru kveðnir upp innan þessa ramma sem refsilöggjöfin kveður á um og dómarar verða að meta í hverju tilviki.

Í Reykjavík starfar sérstök deild lögreglumanna. Þar eru 14 lögreglumenn sem vinna að rannsókn og forvarna- og fræðslustarfi í þessu efni. Þeir hafa landsumboð og geta komið lögregluliði annars staðar á landinu til aðstoðar ef þörf krefur. Sums staðar úti á landi *starfa lögreglumenn sem hafa fengist við þessi viðfangsefni.* Því miður koma þau víðast hvar upp og er þess vegna nauðsynlegt að skipuleggja þessi mál með það í huga að þau eru ekki bundin við höfuðborgina eða þéttbýlið eitt. Segja má að þessi deild lögreglunnar sé eina deild lögreglunnar í Reykjavík sem hefur vaxið á undanförnum árum. Það er rétt að fjárveitingar til lögreglumála hafa verið hlutfallslega skornar niður með því að þær hafa staðið í stað um nokkurra ára bil. Lögreglan hefur leyst sívaxandi verkefni með aukinni hagræðingu en á sama tíma og dregið hefur verið saman á öðrum sviðum löggæslustarfseminnar hefur tekist að auka umsvif fíkniefnalögreglunnar og nú starfa við hana hlutfallslega jafnmargir og við sambærilegar deildir í höfuðborgum annarra Norðurlanda. Eigi að síður má hyggja að ýmsum umbótum á þessu sviði og atriðum sem lúta að því að styrkja þessa deild.

Ég ákvað á sl. vetri að hefja skoðun á skipulagi löggæslunnar í landinu og skipaði sérstaka nefnd í því skyni sem jafnframt hefur það sérstaka verkefni að endurskoða lög um lögreglumenn. Þessi nefnd hefur m.a. fjallað um það hvernig fíkniefnarannsóknum verður best fyrir komið. Það hefur komið til álita hvort skynsamlegt gæti verið að hin stærri afbrotamál á þessu sviði heyrðu undir Rannsóknarlögreglu ríkisins en lögreglan í Reykjavík og annað lögregluliið hefði með höndum minni afbrotamál af þessu tagi. Hér er um nokkuð flókið úrlausnarefni að ræða en er eitt af þeim atriðum sem eru til athugunar. Ég vænti þess að endurskoðun á skipulagi löggæslunnar í landinu verði *lokið nk. áramót og að hún muni leiða til enn meiri* styrkingar á löggæslustarfinu.

Ýmis önnur atriði, frú forseti, koma hér til álita. Fyrir milligöngu ræðismanns Íslendinga í Flórída er að komast á samband við lögregluyfirvöld í Flórída og ætlunin er að njóta leiðsagnar sérfræðinga í fíkniefnarannsóknum og fíkniefnaafbrotum til þess að styrkja löggæslustarfið hér enn frekar. Fyrir nokkrum mánuðum var samstarfsnefnd ráðuneyta í þessum efnum endurskipulögð og komið á fastara form með því að formennska hennar heyrir nú undir menntmrn. en fór áður á milli þeirra ráðuneyta sem hér eiga hlut að máli. Ég vænti þess að það muni koma meiri festu á starf þeirrar nefndar.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það eru vissulega alvarlegar fréttir sem við fáum yfir okkur þessa dagana í fíkniefnamálum. Þessi mál heyra undir fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík en deildin á þó að þjóna öllu landinu. Það kom fram í máli Böðvars Bragasonar lögreglustjóra á fundi í fjárln. fyrir skömmu að tollvörðum og fleirum tækist að ná um 4% af þeim fíkniefnum sem koma inn í landið á meðan hlutfall annarra þjóða, t.d. Dana, væri 5–10%. Þetta er þó aðeins leikur með tölur. Enginn veit hvað markaðurinn er stór. Í dag starfa 14 manns í fíkniefnadeildinni og það hefur fækkað um einn frá árinu 1988, þá voru þeir 15. Yfirvinnukvóti þeirra er 980 tímar á mánuði en þyrfti helst að vera 1.400–1.500 tímar á mánuði sem mundi *þá kosta 6–6,5 millj. í auknum launagreiðslum.*

Mörg dæmi eru um það að menn sem eru að vinna að þessum málum geri það í sjálfboðavinnu vegna þess að yfirvinnukvótinn er búinn. Það er ekki einfalt mál að bera saman stöðu þessara mála á milli landa. Danir hafa t.d. rýmri réttarfarsheimildir en við hvað varðar rannsókn slíkra mála og það getur haft sitt að segja. En það getur líka verið spurning um meira sjálfstæði fíkniefnadeildarinnar til að ráða sínum málum og þá komum við að því hvort það sé eðlilegt að slík rannsóknardeild sem á að þjóna öllu landinu heyri undir lögreglustjóraembættið í Reykjavík. Deildin er sett við hlið deilda sem hún á í raun ekki samleið með. Sakarefni í málum sem fíkniefnadeildin vinnur að getur kallað á allt að 10 ára fangelsisdóm. Þar er því um mjög alvarleg brot að ræða og alls ekki brot sem friðþægt er fyrir með sektum. Huga þarf að skipulagsbreytingum á fíkniefnadeildinni og hafa samráð við þá menn sem þar vinna. Það þarf einnig að skipuleggja þetta starf úti um landið en á stórum hluta landsins er þessum málum lítið eða ekkert sinnt þó að það sé vitað að þar fari fram dreifing fíkniefna. Vandamálið er stórt en við vitum bara ekki hversu stórt það er.

Ég vil leggja áherslu á það að lokum að í fíkniefnamálum þarf að stórefla forvarnastarf. Það er það eina sem skilar okkur árangri til framtíðar.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er fjallað um utan dagskrár er stórt og viðamikið og þingmönnum er *þröngur stakkur skorinn að þurfa að koma með sjónarmið* á tveimur mínútum. Ég vil geta þess að þingmenn Alþfl. hafa á liðnum þingum flutt tillögur um auknar varnir gegn vímuefnum þar sem m.a. hefur verið lögð áhersla á sjálfstæði fíkniefnalögreglunnar og að sami aðili fari með rannsókn fíkniefnamála á landinu öllu og hafi sjálfstæðan fjárhag. Ég minni jafnframt á það frv. sem kom inn í þingið sl. vor sem heilbrrh. flutti og fjallar um samræmdar aðgerðir í þessum málum.

Fíkniefnasviðið er eitt þriggja sviða innan rannsóknardeildar lögreglunnar í Reykjavík en hefur fengið aukið vægi og er gert að sinna beiðnum annars staðar að af landinu eins og hér hefur komið fram. Það er þess vegna mjög nauðsynlegt að tryggja þessum þýðingarmikla hluta löggæslunnar sjálfstæðan fjárhag og gera það kleift að sinna þessum málum. Fíkniefnaneysla og ofbeldi helst í hendur eins og hér hefur kom-

ið fram og hvort tveggja eykst hröðum skrefum og veldur óhugnaði og ótta á heimilunum í landinu. Það er því nauðsyn á samræmdum aðgerðum en eitt mikilvægasta atriðið er að tryggja stöðu fíkniefnalögreglunnar. Hún hefur unnið öflugt og þögult starf og að baki hverri aðgerð sem ber árangur liggur mikil vinna. Lögreglan á hól skilið fyrir að hafa náð að upplýsa og afstýra innflutningi á efni, t.d. í umræddu máli sem framsögumaður vísaði til í upphafi og þar með að afstýra því að hættulegt efni færi hér á markað. Ég tel að forvarnir allar séu afar mikilvægar en að afstýra því að efni komi inn í landið er mikilvægast af öllu.

Ég fagna svari dómsmrh. og treysti því að úrbætur verði mjög virkar. Ég bendi á í lok máls míns að á árinu 1990 var lagt hald á umtalsvert af fíkniefnum en það var lagt hald á 13 byssur, 985 skot og 29 hnífa. Þetta var árið 1990 og það segir okkur hvert við stefnum.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Um 15 ára skeið hefur orðið mikil aukning á tegund glæpa sem tengjast fíkniefnum. Um sex ára skeið hefur vantað fjármagn til lögreglustarfsemi í Reykjavík að sögn lögreglustjóra og hefur athyglin beinst sérstaklega að fíkniefnadeild lögreglunnar sem þó hefur notið nokkurrar sérstöðu innan þess embættis.

Heimur fíkniefnanna er harður, heimur sem er lítt kunnur á Íslandi og við uppljóstrun á starfsemi, sem þar á sér stað, þarf að beita öðrum vinnubrögðum og kostnaðarsamari en hingað til hafa tíðkast á Íslandi. Ég vil taka undir það sem málshefjandi sagði í þessu máli, það þarf að styrkja grunninn í baráttu gegn fíkniefnum á allan hátt á Íslandi og það kostar peninga. Það þarf að styrkja stöðu fíkniefnadeildarinnar, annaðhvort innan lögreglunnar, gera hana vigtarmeiri þar og sjálfstæðari, eða innan starfsvettvangs Rannsóknarlögreglu ríkisins. Það er um tvennt að ræða í þeim efnum. Ég tel óeðlilegt að skapa sjálfstæða fíkniefnalögreglu en það þarf að auka hana með tryggu landsumboði.

Það er jafnframt ljóst að starfsmenn fíkniefnalögreglu hafa á undanförnum mánuðum unnið kauplaust við uppljóstrun mála. Má þar nefna kókaínmálið frá síðasta sumri. Það liggur fyrir. Það á auðvitað ekki að vera þannig. En menn sem vinna af áhuga á sínu starfi og sjá fyrir endann á hlutum hafa lagt á sig erfiði umfram það sem til var ætlast þegar peningarnir voru uppurnir.

Ég vil vekja athygli á því og lýsa ánægju minni með að formaður fjárln., hv. þm. Karl Steinar Guðnason, lýsti því yfir í fréttum fyrir fáeinum dögum að fíkniefnamál og styrking þeirra væri til sérstakrar umræðu og umfjöllunar í fjárln. Ég vil jafnframt lýsa yfir ánægju með ummæli hæstv. dómsmrh. um að verið sé að vinna að nýjum og breyttum vinnubrögðum í sambandi við baráttuna gegn þeim vágesti sem fíkniefni eru.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Guðna Ágústssyni fyrir að hreyfa þessu máli en það er mjög þarft og um leið vil ég þakka hæstv. dómsmrh. skýr svör. Atburðir síðustu daga og vikna minna okkur á að við lifum orðið hér í dálítið breyttum heimi. Reykjavíkurborg er að verða eins og hver önnur stórborg úti í heimi og ber öll einkenni þess sem minna okkur á það að fíkniefnaneysla, fíkniefnasala, hnífstungur og líkamsárásir eru að verða því miður daglegt brauð. Innflutningur fíkniefna eykst stöðugt og við eigum mjög erfitt með að koma þar við aðgerðum. Þetta eru auðvitað dæmigerð einkenni á hvaða stórborg í heiminum sem er. Þetta eru dæmigerð einkenni á borg þar sem atvinnuleysi er að halda innreið sína og þar sem atvinnuleysi hefur fest rætur. Það eru þeir alvarlegu hlutir sem hér eru að gerast að mínu viti. Reynslan segir okkur það erlendis frá, frá Bretlandi, frá Bandaríkjunum, að eftir því sem atvinnuleysið er meira, því meira verður ofbeldið. Auðvitað mun það sama gilda hjá okkur því miður. Það er því viss hætta á að við séum að fara inn í ákveðinn vítahring sem við eigum erfitt með að komast út úr og af því hef ég og ég veit margir fleiri miklar áhyggjur. Þá er auðvitað spurningin sú, hvað er þá til ráða?

Framkvæmdastjórn Landssambands lögreglumanna ályktaði 29. ágúst sl. og, með leyfi forseta, ætla ég að fá að vitna í þá ályktun:

„Öllum má vera ljóst að lögreglan á undir högg að sækja þar sem svo mjög hefur dregið úr fjárveitingum til hennar á undanförnum árum. Hún lítur á það sem hlutskipti sitt að halda uppi lögum og reglu í þessu landi. En sé henni sökum fjárskorts gert ókleift að sinna því verkefni er það upphafið að óöld sem ekki er séð fyrir endann á."

Ég vil spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hann taki ekki undir þá fullyrðingu sem hér er sett fram af hálfu Landssambands lögreglumanna. Ég skil það auðvitað mjög vel að það er erfitt fyrir hann á þessari stundu að gefa það út hvort fjárveitingar til lögreglunnar í Reykjavík muni aukast eða minnka á næsta ári. Hins vegar er það ljóst að formaður fjárln. Alþingis hefur lýst því yfir opinberlega að hann ætli að beita sér fyrir auknum fjárveitingum til lögreglunnar í Reykjavík og því ber sérstaklega að fagna.

Árni M. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Þetta mál sem hér um ræðir er ekki nýtt af nálinni. Það hefur verið vakin athygli á því allítarlega að undanförnu og vil ég þá sérstaklega vísa til ályktunar Landssambands lögreglumanna frá því 20. mars sl.

Störf lögreglumanna í fíkniefnalögreglu eru að mörgu leyti öðruvísi en störf annarra lögreglumanna. Þeir þurfa að starfa sjálfstæðar en aðrir lögreglumenn. Þeir þurfa að fara út til þess að finna afbrotin því að þau eru yfirleitt ekki kærð til hinnar almennu lögreglu. Málin sem þeir vinna að taka lengri tíma og það eru þau stóru mál sem hindra það að efnin komist út á markaðinn og þeir glæpamenn, sem þeir eru að eiga við, leggjast oft miklu lægra en nokkurt okkar getur ímyndað sér. Lögreglumennirnir þurfa því meira sjálf-

stæði og meira svigrúm en þeir hafa í dag og betri starfsaðstæður. Landsumboð þeirra þarf að vera betur skilgreint þannig að aðgerðir þeirra geti verið beinskeyttari.

Lögreglustjórinn í Reykjavík kom á fund fjárln. í síðustu viku og þar var hann spurður um það hversu miklum fjármunum væri varið til fíkniefnalögreglunnar í Reykjavík. Því miður gat hann ekki svarað þessari spurningu og því er erfitt fyrir okkur nefndarmenn að gera okkur grein fyrir því hvernig fjárhag deildarinnar er háttað og hversu miklu eða hvort þarf að bæta þar verulega við.

En það er önnur hlið á þessu máli sem ég vil vekja athygli á og það er eftirspurnin. Við þurfum að hyggja að forvörnum og kynningarstarfi fyrir foreldra og börn. Þar á ríkisvaldið hauk í horni sem eru frjáls félagasamtök sem þessum málum hafa sinnt af nokkrum dugnaði og þar virðist krónan oft duga betur en hjá hinu opinbera. Ég held að okkur ætti að vera það ljóst að börn og unglingar sem taka þátt í heilbrigðu félags- og íþróttastarfi leiðast síður út á þær villigötur sem hér um ræðir.

Gunnlaugur Stefánsson:

Frú forseti. Lögreglumenn vinna erfið störf og oft við hættulegar aðstæður. Þetta er okkur öllum ljóst. Ég fagna yfirlýsingu hæstv. dómsmrh. um að löggæslumálin séu nú í endurskoðun og þá á ég við skipulag þeirra. Það má setja spurningarmerki við það skipulag að fíkniefnadeild lögreglunnar skuli öll vera undir lögreglustjóranum í Reykjavík. Spurningin er sú hvort með þeim hætti sé landsbyggðinni þjónað eins vel og kostur er. Þessar umræður hafa fyrst og fremst snúist um ástand þessara mála hér í Reykjavík og nágrenni en það þarf líka að víkja þessu máli og þessari athugun að þeim aðstæðum sem ríkja á landsbyggðinni. Ég vona að hæstv. dómsmrh. taki glöggt tillit til þess í þessari endurskoðun.

Á bls. 317 og 318 í fjárlagafrv. sem lagt var fram sl. haust fyrir yfirstandandi ár er fjallað m.a. um löggæslumál. Það vekur athygli við lestur skýringa um löggæslumálin að þar er hvergi minnst á fíkniefnadeildina eða á nauðsyn á hækkun framlaga til hennar. En það er þó getið nokkurra hækkana á framlögum til ýmissa deilda löggæslustarfsins. Ég ráðlegg þingmönnum að lesa fjárlagafrv. og skoða hvað þar stendur. Ekki gefst tími til að lesa það hér. Það kann að vera að þegar fjárlagafrv. verður lagt fram núna eftir nokkrar vikur megi sjá orðið „fíkniefnadeild" eða „fíkniefnamál" þar á skrá og kannski einhverja hækkun í kjölfar þeirra umræðna sem nú þegar hafa farið fram.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Mér er ljóst að það er alveg á mörkunum að rými sé fyrir þessa stuttu ræðu mína. Ég vil aðeins leggja það inn í þessa annars ágætu umræðu, og þakka málshefjanda hennar fyrir, að hér erum við kannski ekki að tala við alveg réttan aðila. Vissulega leikur lögreglan mikið hlutverk í baráttunni gegn eiturlyfjum í þessu landi en við hefðum átt að hafa hér hæstv. fjmrh. líka því að það er ekki við hæstv. dómsmrh. einan að sakast. Tollvarslan er auðvitað mikilvægur baráttuaðili í þessu máli vegna þess að lögreglan tekur ekki við málinu fyrr en efnin eru komin inn í landið og þurfi að efla löggæsluna þarf ekki síður að efla tollgæsluna um land allt því að það eru ekki þeir sem neyta þessara lyfja sem eru stærstu kaupendurnir erlendis. Það eru ólíklegustu aðilar sem flytja efnin inn í landið og þess vegna er ekki nóg að huga að stöð Leifs Eiríkssonar. Það þarf að líta á hverja einustu höfn í þessu landi. Fyrr en við getum komið í veg fyrir að þessi efni flytjist inn í landið held ég að lögreglan fái hvergi rönd við reist. Síðan gæti hæstv. ríkisstjórn rætt það á sínum næsta fundi hvort ástandið í þjóðfélaginu sé nú beinlínis þannig vaxið um þessar mundir með vaxandi atvinnuleysi, versnandi fjárhag heimilanna og með öðru slíku sem fólk verður að búa við, menn geta spurt sig á þeim góða fundi hvort líklegt sé að þessi mál fari batnandi við þær aðstæður.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. hans svör og þingmönnum hlut þeirra í þessari umræðu. Ég þakka hv. 5. þm. Austurl. þær upplýsingar að fjárln. muni beita sér fyrir auknu fjármagni til fíkniefnalögreglunnar.

En ég vil vekja sérstaka athygli á því að það er ekki síður álit lögreglunnar að nú beri að styrkja hina almennu lögreglu til varnarbaráttunnar. Fíkniefnalögreglan er sterk deild. En þeir þurfa styrk inn í hina almennu lögreglu eins og ég gat um í minni ræðu. Ég vænti þess að við öll og hin íslenska þjóð, sem oft á eina sál, leggist öll á eitt að útrýma eiturlyfjaneyslu. Ég tel að Alþingi eigi að marka stefnu þar sem ráðgert væri á næstu 4–5 árum að gera fíkniefnaneyslu útlæga úr landinu. Fyrsta skrefið er aukið fjármagn og að styrkja og treysta starf og starfsaðstöðu lögreglumannsins. Síðan er það auðvitað hið almenna forvarnastarf sem hér hefur verið minnst á. Hér hefur verið komið inn á það að auðvitað eru mörg óveðursský á himni. Það hefur gerst á Íslandi á einu ári að atvinnuleysi ungs fólks á aldrinum 18–24 ára hefur fimmfaldast. Það er viðurkennt um allan heim að atvinnuleysinu fylgir aukin fíkniefnaneysla.

Það eru fleiri óveðursský á lofti. Mikill niðurskurður til skólanna og menntamála er boðaður. Það er boðaður nú 800 millj. kr. niðurskurður til skólanna á þessu hausti í þessari fjárlagagerð. Það eru alvarleg tíðindi og það liggur fyrir að þau ungmenni sem hrekjast úr skólum eru líklegri til þess að feta inn á glæpabrautir. Þetta vil ég minna hér á. Það er mikilvægt, sagði landlæknir í útvarpi í morgun, að ungmennin eignist próf og starfsréttindi. Það er eitt aðalmál fangelsanna í dag að tryggja að þeir sem þar hafa færst inn á hringekju glæpanna fari út með réttindi til þess að geta snúið sér að heilbrigðu starfi þegar út er komið.

Ég vil að lokum leggja áherslu á það að þetta mál er margslungið og margbrotið. En það á við það eins

og fleira að viljinn er aflið sem við þurfum að virkja til varnar ungu fólki í þessu landi.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég íterka þakklæti mitt til þeirra þingmanna sem hafa tekið þátt í þessari umræðu. Hún hefur um margt verið athyglisverð og ég hygg til góðs fyrir það málefni sem er til umræðu. Það er athyglisvert að þrátt fyrir þann mikla vanda sem hér er við að etja og hefur komið fram í máli hv. þm. að er mikill, þá hefur ekki komið fram gagnrýni á störf lögreglunnar að þessum málum. Þvert á móti hygg ég að alvarlegir atburðir síðustu vikna hafi miklu fremur sýnt að lögreglan býr þrátt fyrir allt yfir miklum styrk, góðum mannafla og góðu skipulagi til þess að takast á við þessi verkefni þó að vissulega sé rétt að þar megi úr mörgu bæta og sérstaklega þurfi að hyggja að skipulagsmálunum eins og ég gat hér um hér áðan.

Ég vil taka undir það sem fram kom hjá hv. 3. þm. Reykn. að félagasamtök hafa unnið hér mikið starf og við væntum þess að eiga áframhaldandi góða samvinnu við þau. Það er líka rétt að þetta vandamál er ekki einskorðað við höfuðborgina. Ég átti nýlega fund í litlu bæjarfélagi úti á landi með kennurum og foreldrum þar sem vandamál af þessu tagi komu upp og sannfærðist um hversu mikilvægt það er að þessir aðilar, foreldrarnir og kennararnir, geti átt gott samstarf við lögregluna um forvarnir og viðbrögð þegar mál af þessu tagi koma upp.

Tollgæslan gegnir hér einnig mikilvægu hlutverki, það er rétt sem fram kom í máli hv. 14. þm. Reykv. Við skulum líka gera okkur grein fyrir því og ég hygg að um það geti menn verið sammála að þegar harðnar á dalnum í þjóðfélaginu og við horfumst í augu við atvinnuleysi, þá skapast aðstæður sem auka á þennan vanda. Þær geta leitt til þess að hættan verður meiri og það hlýtur við slíkar aðstæður að hvetja okkur til meiri árverkni og ákveðnari vinnubragða í þessu efni.

Að lokum ítreka ég svo þakklæti mitt til málshefjanda og hv. þingmanna fyrir málefnalegar umræður um þetta mikilvæga mál. — [Fundarhlé.]

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég hafði ekki síst hugsað mér að ræða við hæstv. sjútvrh. og langar til að fá að vita hvort hann muni verða hér í kvöld. (**Forseti:** Hæstv. sjútvrh. er á fundi austur á Selfossi en ef óskað er eftir hans viðveru hér mun hann koma á fundinn.) Ég geri ráð fyrir að það sé kannski ekki þægilegt fyrir hann að koma frá Selfossi núna og ég er komin í pontu og á kannski ekki heimtingu á því að hann komi ef ég hef ekki beðið um það fyrir fram. Ég vona hins vegar að einhver geti borið honum þessi tíðindi og geri ráð fyrir því að hæstv. forsrh. eða utanrrh. verði í salnum við umræðuna. Ég þykist mega treysta því eins og verið hefur við þessa umræðu. (**Forseti:** Forseti tekur undir það með hv. þm. að hún treystir því líka að þessir hæstv. ráðherrar verði hér á fundinum.) Eru þeir í húsi? (**Forseti:** Þeir eru ekki komnir í húsið en forseti mun kanna hvort ekki sé rétt liðið að því að þeir láti sjá sig í þinginu.) Það mundi duga mér að þeir kæmu en ég kæri mig ekki um að hefja mál mitt fyrr en þeir eru komnir ef það er í lagi að hafa það þannig. (**Forseti:** Forseti missti af því hvað hv. þm. sagði.) Ég er að biðja um að ég þurfi ekki að byrja fyrr en þeir eru komnir. (**Forseti:** Þá verður forseti að biðja hv. þm. um að fresta sinni ræðu. Fundinum verður þá frestað um nokkrar mínútur.) — [Fundarhlé.]

Jóhann Ársælsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að lýsa yfir vonbrigðum mínum með það að hér eigi að fara fram umræða við þessar aðstæður um þetta mál. Forseti lagði mikla áherslu á það í viðræðum við okkur fulltrúa þingflokkanna að þessi umræða héldi áfram í dag og kvöld. Ég taldi nokkuð einsýnt að hún yrði þá með eðlilegum hætti og hér yrðu mættir forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar sem eiga hlut að máli. Nú er hæstv. utanrrh. hér einn mættur fyrir ríkisstjórnina. Ég tel að það sé lágmarkið ef á að fara fram umræða um þetta mál að hér séu staddir bæði forsrh. og hæstv. utanrrh. og svo eftir atvikum þeir fagráðherrar sem eiga hlut að máli eftir því sem ræðumenn telja tilefni til að ræða við þá. Mér finnst satt að segja að þessi umræða, sem ég tel mjög mikilvæga, eigi það skilið að menn sinni henni á eðlilegan máta, að hér séu ekki haldnir einhverjir málamyndafundir og ætlast til þess að hv. þm. haldi ræður yfir tómum sölum og án þess að tala við þá sem eiga að vera oddvitar ríkisstjórnarflokkanna í málinu.

Kristín Ástgeirsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég kom því miður hér inn í salinn eftir að síðasti ræðumaður hóf mál sitt en ég vil óska eftir svörum forseta við þeim athugasemdum sem hér komu fram. Ég vil geta þess að, eins og við öll vitum, þá erum við að ræða gríðarlega yfirgripsmikið mál sem nær til vel flestra ráðuneyta og við þingkonur Kvennalistans höfðum með okkur ákveðin verkaskipti þannig að hver og ein tekur fyrir þá málaflokka sem heyra undir þær nefndir sem viðkomandi þingkona er í. Þar af leiðandi er ekki óeðlilegt að óskað sé eftir því að þeir ráðherrar sem þeim málum stjórna séu hér viðstaddir. Ég vil taka undir með varaþingflokksformanni Alþb. varðandi það að ráðherrar séu hér viðstaddir. Það er ekki bara verið að ræða samninginn sjálfan heldur hvernig hann snertir íslenskt þjóðfélag og mér finnst það eðlileg krafa að sem flestir ráðherrar séu hér viðstaddir. Þar af leiðandi er umræða við þessar kringumstæður nánast út í hött.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hafði upplýst hv. 9. þm. Reykn., sem er næstur á mælendaskrá og var reyndar kominn hér í

stólinn þegar fundi var frestað fyrir nokkrum mínútum, um að sá ráðherra sem hún hafði óskað eftir að ræða sérstaklega við, þ.e. hæstv. sjútvrh., væri á leiðinni frá Selfossi. Hann verður væntanlega kominn innan ekki langs tíma. Hæstv. utanrrh., sem hefur forsvar fyrir þessu máli, er hér á fundinum. Forseti telur að það ætti að vera hægt að hefja þessa umræðu á þeim forsendum að hæstv. sjútvrh. kemur innan stundar og hæstv. utanrrh. er hér mættur.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég er nokkuð undrandi á því hvernig forseti þingsins hyggst haga störfum í þessu máli. Þess var farið á leit við okkur í stjórnarandstöðunni í síðustu viku að við greiddum fyrir málum með því að halda áfram umræðu um þetta mál og stjórnarskrármálið sérstaklega þótt utanrrh. væri fjarverandi og samþykktum við það. Við erum einnig reiðubúin til þess að vera hér á kvöldfundi til að ræða málið. En við gerum þá eðlilegu kröfu að þeir þrír eða fjórir ráðherrar í ríkisstjórninni sem málið snertir sérstaklega séu hér viðstaddir. Málið er væntanlega svo mikilvægt að þeir verða að geta ráðstafað sínum tíma þannig að þegar í eitt skipti, og það í fyrsta skipti, er verið að ræða þetta mál á kvöldfundi þá séu þeir ekki að sinna öðru. Þeir hafa a.m.k. sagt okkur að málið sé svo mikilvægt að það verði að hafa forgang fram yfir önnur mál sem við höfum óskað eftir að séu rædd. Við í Alþb. höfum látið í ljós ósk um að fá að ræða hér sjávarútvegsmál, við höfum óskað eftir því að frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna sé tekið á dagskrá í vikunni. Það er mjög brýnt vegna þeirrar stöðu sem námsmenn eru í og við erum reiðubúin til þess að vinna að þessu máli með eðlilegum hætti. En það er eins með okkur og Kvennalistann, við höfum líka haft verkaskiptingu í okkar málflutningi. T.d. tók hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon jarðakaupin fyrir í dag og það var auðvitað mjög bagalegt að landbrh. var ekki viðstaddur þá umræðu þótt fyrirheit hafi verið gefið um það að landbrh. legði fyrir þingið frv. þess efnis. Engu að síður féllst þingmaðurinn Steingrímur J. Sigfússon á það að ræða þann þátt málsins þótt landbrh. væri fjarstaddur. Það er auðvitað ekki hægt að gera þetta svona.

Ég hef ekki mikinn áhuga á því að þetta þing verði eins og síðast að við þurfum að nota ræðustólinn á Alþingi til þess að ræða vinnubrögðin hér í þingsalnum. Ég vil þess vegna spyrja virðulegan forseta að því hvort forsætisnefnd hafi komið saman til að ræða þessa starfstilhögun í þessari viku og síðan rætt við forustumenn þingflokkanna, formenn þingflokkanna og staðgengla þeirra. Ég hélt að með því að allir flokkar ættu fulltrúa í forsætisnefnd væri hægt að skapa grundvöll til þess að við gætum skipulagt störfin þannig að við vissum nákvæmlega hvað væri næst og það væri hægt að gera þetta með eðlilegum hætti.

Ég vil beina því til forseta að hún svari spurningu minni um umræður í forsætisnefnd um þetta mál og ítreka það að nauðsynlegt er að allir þeir fagráðherrar sem menn vilja ræða við, og þeir eru ekki mjög margir, verði hér á fundi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mun gera ráðstafanir til þess að athuga hvort hæstv. forsrh. getur komið á fundinn. Forseti vissi ekki að hann væri upptekinn annars staðar en eins og fyrir getur komið geta ráðherrar þurft að sinna óvæntum gestum og þess vegna ekki hægt að gera ráðstafanir því viðvíkjandi varðandi fundarhaldið. Eins og hér hefur komið fram þá er kvöldfundur — sem að vísu er gert ráð fyrir í starfsáætlun að geti orðið á þriðjudögum — en búast má við því að þessi fjarvera hæstv. forsrh. hafi verið ákveðin áður en til kvöldfundar var boðað. Forseti hefur ekki haft tækifæri til að kynna sér það en mun gera það eins fljótt og hægt er.

Forseti hélt fund með formönnum þingflokka í morgun og ræddi tilhögun fundarhalds í dag og næstu daga eins og forseta ber að gera samkvæmt þingsköpum. Þar kom fram að það mundi verða fundur í kvöld þar sem haldið yrði áfram að ræða þau mál sem eru á dagskrá. Einnig var rætt um hvernig mætti halda áfram með fundarhaldið í vikunni og formenn þingflokka geta því væntanlega upplýst það á fundi með sínum þingflokkum.

Þá væntir forseti þess að það sé hægt að hefja umræðuna á ný og vill einu sinni enn bjóða hv. 9. þm. Reykn. að taka til máls.

Anna Ólafsdóttir Björnsson (frh.):

Virðulegi forseti. Enn á ný verð ég að byrja ræðu mína á fyrirspurn. Ég þakka fyrir það að brugðist var skjótt við og gengið frá því af forseta hálfu að hæstv. utanrrh. væri hér. Jafnframt þá er ég alveg sátt við það að hafa hæstv. sjútvrh. í stað hæstv. forsrh. þar sem ég á í minni ræðu frekar erindi við hann og tel það jafnvel afskaplega góð skipti. Mig langar einungis til að fá að vita hvort eða hvenær er að vænta komu hæstv. sjútvrh. Fyrst á annað borð er verið að kalla hann af fundi á Selfossi vegna óskar minnar þá vil ég að sjálfsögðu að það nýtist á þann hátt að hann verði hér við ræðu mína. Það er einungis ein og hálf blaðsíða fram að þeim kafla í ræðu minni er ég fer að fjalla um sjávarútvegsmálin. Ég get að sjálfsögðu byrjað á þeim ef það er betra. (**Forseti:** Forseti leggur til að hv. þm. hefji nú sína ræðu og sjáum svo til hvernig gengur þegar hv. þm. hefur flutt þessa eina og hálfu blaðsíðu. Með bjartsýni má búast við því að hæstv. sjútvrh. verði jafnvel kominn þegar svo langt er komið í ræðu hv. þm.) Gott og vel, ég er kannski ekki fyllilega sátt við þetta en ég skal ekki flækja málið að svo stöddu meira og hef nú mál mitt.

Virðulegi forseti. Frelsi og fiskur skipta íslensku þjóðina miklu máli. Fiskurinn er og verður undirstaða frelsis okkar og sjálfsforræðis á meðan allt að 80% útflutningstekna Íslendinga eru vegna sjávarfangs. Til þess að geta selt fisk þarf ekki einungis, eins og málsvarar EES-samninga segja, að fá lækkaða á honum tolla til nokkurra mikilvægra viðskiptalanda. Það þarf líka að hafa fullt forræði yfir fiskimiðum okkar og að sjálfsögðu að nýta það forræði skynsamlega.

Þetta veit íslenska þjóðin þótt hún viti ekki deili á stafasúpunni EES, EB, EFTA eða VES þá veit hún að

stjórnarskrána ber að virða og fiskimiðin þarf að vernda. Það kom glöggt í ljós í þeirri könnun sem gerð var nýverið fyrir utanrrn. og við höfum mörg hver haft undir höndum. Við megum raunar gjarnan hafa það hugfast að það er ekki svo ýkja mikill munur á aðild Íslands að EES og EB t.d., en það er mjög mikill munur á því hvort við höfum fullt forræði yfir landhelgi okkar eða ekki. — Ég verð að fá að skjóta því inn að mér þykir snögglega hafa verið brugðist við og fagna að sjálfsögðu komu hæstv. sjútvrh. (Gripið fram í.) Við skulum ekki flækja málið enn þá meira með því að blanda dómsmálum inn í þetta.

Ég vil, hæstv. ráðherra, til upplýsingar geta þess að ég byrjaði mál mitt á því að benda á að frelsi og fiskur skipta íslensku þjóðina miklu máli og ég geri ráð fyrir að hann sé mér sammála um það.

Það er áreiðanlega ekki tilviljun að í þessari könnun eru býsna margir Íslendingar sem óttast það að ef Íslendingar verða þátttakendur í EES missum við stjórn á fiskveiðum. Í könnuninni kemur raunar fram að 31,4% þeirra sem spurðir voru óttast það mikið. 30,6% óttast það nokkuð. Þarna erum við komin yfir 60%. Einungis 9,4% óttast það lítið og 28,6% óttast það ekki neitt. Þetta er auðvitað feikilega mikið og ekki síst fyrir það að af þeim sem spurðir voru tóku 94,7% afstöðu. Það út af fyrir sig er töluvert mikið meira en í flestum öðrum spurningum hér. Þetta er greinilega mál sem brennur mjög á fólki og svo sannarlega ekki að ástæðulausu. Ég verð raunar að viðurkenna að þessi umræða, sem er áreiðanlega mjög nauðsynleg, er ekki komin upp af fullum krafti enn þá. Er okkur e.t.v. um að kenna sem höfum verið að sinna mjög mikilvægu máli, þ.e. stjórnarskrármálinu.

Ég ætla ekki að skorast undan því að segja nokkur orð um stjórnarskrármálið þótt ég hafi sem betur fer fleiri með mér í því. Innan þingflokks Kvennalista er verkaskipting og hún er á þann veg að ég hef sérstaklega velt fyrir mér sjávarútvegsmálunum og sett stjórnarskrárumræðuna meira og minna í annarra hendur. Það þýðir hins vegar ekki að ég hafi ekki skoðun á málinu. Ég ætla að leyfa mér að geta hennar hér í þessari umræðu.

Ég tel, eins og ýmsir ræðumenn, og að maður tali nú ekki um virta fræðimenn að EES-samningurinn stangist á við stjórnarskrána. Rökin hafa öll komið fram í þessari umræðu og vil ég aðeins bæta því við að framsal valds í hendur yfirþjóðlegra stofnana er í mínum huga hvorttveggja í senn brot á stjórnarskrá og jafnframt alvarlegur gerningur sem gerir það erfiðara fyrir hvern einstakling að nálgast og skilgreina yfirvaldið sem ræður mörgum mikilsverðum þáttum í lífi hans. Ég vil ekki síður leggja áherslu á síðara atriðið. Mér finnst í rauninni ekki þurfa að ræða það fyrr, það ætti að vera svo augljóst að við brjótum ekki stjórnarskrána.

Varðandi fyrra atriðið verð ég að viðurkenna að mér finnst það hreint óskiljanlegt að láta sér detta í hug að stjórnarskráin sé slíkt plagg að það sé allt í lagi að athuga hvort hún haldi, svona eins og öryggisnet. Það á að stökkva niður og athuga hvort netið haldi eða ekki. Og bíða svo eftir úrskurði dómstóla og breyta stjórnarskránni á eftir ef þessir dómstólar sýna fram á að stjórnarskrárbrot hafi verið framið. Ég fagna sjálfsögðu nærveru hæstv. dómsmrh. núna í þessari umræðu, sem kom með sjútvrh.

Það hefur komið fram að jafnvel fjórmenningar utanrrh. loka augunum ekki fyrir því að sú gæti orðið niðurstaða dómstóla að samningurinn brjóti í bága við stjórnarskrána. Við getum ekki leyft okkur að vanvirða stjórnarskrána og gera hana að tilraunaplaggi. Ég er þeirrar skoðunar að enga ákvörðun megi taka, rétta eða ranga, nema hún standist stjórnarskrá. Því finnst mér einboðið að fyrst verði að breyta stjórnarskránni og síðan að láta reyna á það hvort framselja eigi vald til EES. Það er að mínu mati ekki fýsilegur kostur og það er fleira en eitt sem veldur því enda hef ég enga trú á að þrír fjórðu hlutar þingheims séu reiðubúnir til slíks eins og nauðsynlegt væri ef frumvarp stjórnarandstöðunnar um stjórnarskrárbreytingu verður að lögum. Það vita stjórnarsinnar og því leita þeir býsna langt eftir rökum gegn hinni sjálfsögðu kröfu okkar.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta en vil þó að láta það koma hér fram að ég tel alls ekki forsvaranlegt að ljúka þessu máli um inngöngu Íslands í EES eða því að hafna inngöngu í EES án þess að spyrja íslensku þjóðina álits. Ég mun væntanlega fá tækifæri til að fjalla nánar um það er tillaga þess efnis frá stjórnarandstöðunni verður tekin til umfjöllunar.

Eins og þegar hefur komið fram hef ég hugsað mér í þessari ræðu að einbeita mér að því sem ég tel alvarlegast nú, þ.e. að með EES-samningunum afsölum við okkur bæði frelsi og forræði yfir stjórn landsins og ekki síður yfir fiskimiðunum. Ég hef efasemdir um að við höfum rétt til þess. Ég held að það alvarlegasta sem við erum nú að fjalla um séu hinar fyrstu veiðiheimildir Evrópubandalagsþjóðanna. Táknrænar veiðiheimildir geta að mínu mati í framtíðinni reynst okkur mjög hættulegar.

Ég átti þess kost í gærmorgun að spjalla við nokkra þingmenn á Evrópuþinginu og í huga þeirra, sem ég ræddi við, var ekki nokkur vafi á því að fast yrði þrýst á Íslendinga að afsala sér frekari veiðiheimildum til Evrópubandalagsins þegar við værum orðin aðilar að EES. Þessu getum við sneitt hjá með því að hafna aðild að EES. Þegar við erum komin inn í EES er ég hrædd um að samningsstaða okkar verði önnur og verri. Þessir þingmenn Evrópuþingsins eru svo sannarlega ekki þeir einu sem ég hef heyrt lýsa þessari skoðun og því miður er ég hrædd um að sú skoðun sé öldungis rétt. Ég held að þetta sé kjarni málsins og að þessi aðgöngumiði okkar að tollaívilnunum sé allt of dýr til að nokkurn tímann verði hægt að sætta sig við hann. Þótt ekki kæmi fleira til, sem auðvitað er, þá fyndist mér mjög alvarlegt að gera svona tvíhliða fiskveiðisamning og opna landhelgi okkar fyrir framtíð sem við munum ekki hafa mikla stjórn á ef að líkum lætur.

Það er auðvitað afskaplega erfitt að ræða mál sem byggjast á grunsemdum, skoðunum manna og því sem að maður óttast að verði. Það er ekki þar með sagt að

það sé ekki nauðsynlegt að gera það en það er afskaplega fátt sem hendur festir á. Þess vegna er hollt að líta á hvernig staðreyndirnar blasa við okkur núna og jafnframt hver saga þessa máls hefur verið, ekki síst í sjávarútvegsmálunum.

Ef við víkjum að tvíhliða samningnum, eins og hann horfir við okkur núna, orð einhvers staðar úti í loftinu, því ekki eru þau komin á blað, þá er auðvitað fyrst og fremst ámælisvert að okkur skuli vera gert að ræða samninginn nú áður en ljóst er hvernig hann lítur út fullbúinn með öllum þeim texta sem við munum beint og óbeint sæta og verða sett undir. Enn alvarlegra er þó að þetta er ekki einasta dæmið heldur er feikilega margt óklárt enn þá í sambandi við þennan samning. Það segir okkur að við erum ekki að ræða neitt sem við vitum hvernig lítur út. Við erum að ræða það hvernig málin verða ef allt fer eins og búist er við.

Ég er í rauninni enn ekki komin yfir undrunina yfir því að fiskveiðisamningurinn skuli ekki vera hér og nú á borðum okkar þannig að við getum rætt á ábyrgan og málefnalegan hátt raunverulegan texta hans. Þess í stað verðum við að styðjast við skoðun samningamanna okkar á því hvernig gengur. Því miður höfum við ekki fengið mjög nákvæmar heimildir um hvernig þau mál ganga. Þaðan af síður gefur það manni tilefni til bjartsýni að líta yfir farinn veg í þessum málum og allar þær fullyrðingar sem fokið hafa. Ég minnist þess eftir að ég tók sæti á þingi haustið 1989 að hafa æ ofan í æ heyrt ráðamenn fullyrða að við Íslendingar yrðum ekki til viðræðu um annað en fulla fríverslun með fisk og að við fengjum niðurfellingu á tollum. Ég minnist þess líka að ekki var til umræðu að veita aðgang að landhelgi okkar. Það þarf ekki gott minni til að muna það. Síðan breyttist þetta, ég vil segja í orðhengilsháttum um það hvort það væri kannski verjanlegt að veita gagnkvæmar veiðiheimildir en ekki einhliða veiðiheimildir EB til handa í okkar lögsögu. Ég veit að það eru ýmsir sem gera þarna mikinn greinarmun á. Ég er ekki ein þeirra. Ég tel að þarna sé í rauninni verið að karpa um formsatriði en stóra málið náðist í gegn hjá EB, þ.e. aðgangur að fiskimiðunum okkar.

Loks núna stendur karpið um það hvort við séum að tala um fisk á móti fiski eða veiðiheimild á móti veiðiheimild. Það er hægt að veita veiðiheimildir út og suður án þess að þær út af fyrir sig segi nokkuð um fenginn afla og um það hefur umræðan að sjálfsögðu snúist. Í rauninni er þessi langhalavitleysa sem við höfum þurft að horfa upp á svo mikil raun að best væri að þurfa að ræða hana ekki neitt frekar. Ég vona að einhver muni eftir langhalanum sem átti að verða skiptimynt okkar í þessum pappírsviðskiptum. Langhalinn var sem sagt aðgöngumiði okkar að því að það væri hægt að gera samninga við Evrópubandalagið um veiðiheimildir sem væru ekki veiðiheimildir eða hugsanlegar veiðiheimildir. Hv. 6. þm. Vestf. hefur fyrir hönd okkar kvennalistakvenna þegar rakið þetta mál nokkuð og m.a. vísað í ummæli Jakobs Jakobssonar um þessi meintu pappírsviðskipti á veiðiheimildum.

Mig langar til að bæta við nokkrum ummælum manna á þeim tímapunkti þegar ljóst varð að langhalinn var allt í einu orðinn að vel veiðanlegum karfa og þar með traustum aðgöngumiða Evrópubandalagsins að fiskimiðum okkar. Í frétt í Ríkissjónvarpinu frá 27. nóv. 1991, þegar þetta allt skall á segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Evrópubandalagið krefst þess að veiða eingöngu karfa í íslenskri fiskveiðilögsögu annars falli það frá samkomulaginu um EES. Utanrrh. var harðlega gagnrýndur á Alþingi í dag fyrir að hafa blekkt þingmenn og þjóðina með því að kynna samkomulagið á þann veg að tveir þriðju hlutar kvóta EB hér við land yrðu langhali. Þá telur samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi sig hafa fengið villandi upplýsingar um samkomulagið."

Síðar í þessari frétt er haft eftir Magnúsi Gunnarssyni, formanni SAS, sem er samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi, með leyfi forseta:

„Núna kemur það upp á fundi sem við erum boðaðir á í gær í einhverju feiknarlegu offorsi með klukkutíma fyrirvara að við verðum að gefa eftir og láta þá hafa full 3.000 tonn af karfa og menn eru kannski búnir að gleyma því að í forsögunni að þessu máli öllu saman hefur það verið meginröksemd manna, sem hafa viljað samþykkja það yfir höfuð að við færum í að skipta á veiðiheimildum og útlendingar kæmu hér inn í landhelgina, að við værum þarna að skipta fyrst og fremst á vannýttum fiskstofnum. Á því byggja menn þessar skoðanir og um það hefur verið talað allan tímann. Það er líka alveg ljóst að Evrópubandalagið er búið að tala um það allan tímann að það vilji frekar karfa heldur en langhala og það eru engar fréttir fyrir okkur. En eins og málið hefur verið kynnt þá höfum við gengið úr frá því og við höfum kynnt það þannig fyrir okkar félögum."

Mér er alla vega mjög minnisstætt þetta upphlaup sem varð vegna karfans sem allt í einu var kominn þarna upp á matarborðið. Ég held að þetta sé ákveðin lexía í því hvernig málið hefur verið kynnt og eins hvers við eigum að vænta. Lærdómurinn sem við getum dregið af þessu þrasi, sem ég er hér að rekja, er að Evrópubandalagsþjóðirnar ætla sér að ganga langt í þessum samningum við okkur. Þær ætla að neyta aflsmunar og vona að við höldum áfram að gefast upp eins og við höfum gert og eins og við höfum gert að því er virðist mjög léttilega, a.m.k. sumir þeirra sem hafa verið í samningaviðræðunum. Þetta finnst mér mjög afleitt hlutskipti.

Hvernig standa samningamálin nú? Er það bara spurningin um fisk á móti fiski sem stendur í þeim EB-mönnum, það að Íslendingar krefjist þess að fá veiðanlega loðnu fyrir karfann? Ég óttast að fleira fylgi á eftir, ekki vegna þess að ég vantreysti þeim íslensku samningamönnum sem með þetta mál fara heldur vegna reynslu okkar af Evrópubandalaginu sem sífellt hefur verið að ganga lengra og lengra í að beygja okkur undir sinn vilja. Okkur er svo sem sagt að eftirlit verði fullnægjandi um borð í veiðiskipunum á kostnað útgerðanna meira að segja, Spánverjanna og Portúgalanna og að um það verði hægt að semja og um þetta sé eiginlega búið að semja. Vonandi að það reynist

rétt. Við munum svo sannarlega þurfa á því að halda ef við göngum til EES-samstarfs að eftirlit sé í góðu lagi. Við höfum hreinlega ekki burði til þess að kosta slíkt eftirlit sjálf eða að gæta okkar miklu fiskimiða ef það mættu ekki koma eftirlitsmenn um borð.

Okkur er jafnframt sagt að ekki verði leyfðar svokallaðar blandaðar veiðiferðir, þ.e. að skip geti veitt hluta af afla sínum annars staðar og komið svo á Íslandsmið og lokið sér af. Það mundi gera eftirlit mjög erfitt. Ég vona sannarlega að það verði engar blandaðar veiðiferðir leyfðar því þá verður eftirlitið í molum. Ef við verðum komin inn í EES verður kannski erfitt að ganga frá málum og bæta. Ég held að ef um eitthvað verður samið sem bitastætt er verði það hér og nú, ekki síðar.

Okkur er líka sagt að öll vandamál í sambandi við tvíhliða fiskveiðisamningin séu leyst svo og önnur vandamál, svo sem ákvæði um fjölda veiðiskipa og túlkanir á því hvernig fjöldinn er reiknaður. Mér finnst hart að ræða þetta undir þeim formerkjum sem ég þó er að gera núna og tel nauðsynlegt fyrst ekki er annað að hafa. Við erum ekki að ræða hér samning sem við höfum í hendi. Við erum að ræða skoðanir samningamanna, hugsalega bjartsýnna samningamanna.

Hvað eigum við og hvað megum við ganga langt áður en við vitum um hvað við erum að semja í sambandi við auðlindina okkar viðkæmu, fiskimiðin, sem okkur gengur nógu illa að ganga sómasamlega um sjálf? Það er ekki að undra þótt forsvarsmenn samtakanna í sjávarútvegi, sem ég gat áðan um, hafi ekki enn treyst sér til að taka endanlega afstöðu með EES-samningnum og geri þá sjálfsögðu kröfu að sjá sjávarútvegssamninginn svartan á hvítu. Ég vil því sambandi vekja athygli á því að nýjustu ummæli Magnúsar Gunnarssonar eru einmitt á þann veg að það sé ekki hægt að taka af skarið og segja að samtökin muni styðja EES-samningana á meðan þessir samningar liggja ekki fyrir. Lái þeim hver sem vill, mér finnst það svo sjálfsagt. En þetta er þeim mun athyglisverðara þar sem okkur hefur verið talin trú um að tollaívilnanirnar, sem við höfum vissulega fengið, eigi að bjarga sjávarútveginum og fiskvinnslunni og gott ef ekki allri atvinnusköpun á Íslandi.

Það er auðvitað alltaf fróðlegt að skoða þessar tollalækkanir og bera þær saman við núgildandi tolla á íslenskum fiskafurðum eftir að við fengum tiltölulega góða samninga við Evrópubandalagið með bókun 6. Samkvæmt málflutningi sumra stjórnarsinna mætti ætla að verið væri að færa tolla úr 100% í ekki neina. Það er auðvitað ekki rétt. Við erum að tala um dæmi sem hefur stundum verið metið upp á tæpa tvo milljarða fyrir þjóðarbúið og þá er ekki talinn með neinn kostnaður af gildistöku við samninginn. Auðvitað er hann verulegur og það hefur verið rakið hér mjög ítarlega. Sá kostnaður hefði auðvitað ekki komið til nema að óverulegu leyti ef menn hefðu borið gæfu til að einbeita sér að tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið eins og við kvennalistakonur höfum alla tíð talið mun heillavænlegra. Ég man ekki betur en hæstv. sjútvrh. í sinni stjórnarandstöðutíð hafi verið í hópi þeirra sem töldu að það væri rétt. Hann leiðréttir mig þá ef ég fer ekki rétt með.

Svo ég geri grein fyrir þeim tölum sem ég legg hér til grundvallar er, samkvæmt því sem ég er með, verið að tala um að með EES-samningunum fari tollar á íslenskar fiskafurðir innan EB úr tveimur milljörðum í 230 millj. kr. þegar öll ákvæði samningsins eru komin til framkvæmda eftir nokkur ár. Þar væri því um 1,7 milljarða kr. að ræða. Eftir á að koma í ljós hvort þessi tollalækkun skilar sér til neytenda og gerir vöruna samkeppnishæfari því um það snýst málið. Hv. síðasti ræðumaður sem talaði hér fyrr í dag leyfði sér að giska á að ávinningurinn af þessum tollalækunum hann mundi skiptast u.þ.b. til helminga milli söluaðila og neytenda. Ég hef því miður engin tök á að meta þetta en vil alla vega vekja athygli á því því að ég man ekki hvort hæstv. sjútvrh. var viðstaddur ræðu hans. Þetta er þá bara til upplýsingar.

Ég hefði gjarnan viljað ræða sjávarútvegsmál og einkum þennan ókomna samning undir betri kringumstæðum. Ég geri ráð fyrir að bæði tækifæri og tilefni muni gefast til þess. Þó eru vonir okkar sem vildum gjarnan sjá um hvað verið er að ræða ekki mjög miklar eftir síðustu yfirlýsingar. Við höfum hreinlega ekki hugmynd um hvenær þessi samningur liggur fyrir. Við höfum ekki hugmynd um hvernig hann lítur út eða mun líta út og við höfum í rauninni ekki hugmynd um hvort við höfum einhverja samningsaðstöðu eða ekki. Það út af fyrir sig er óskaplega vont vegna þess að þarna vantar svo veigamikinn þátt inn í umræðuna að allt það sem ég hér segi byggist á getgátum. Það getur vel verið að við verðum að byrja þessa umræðu frá grunni ef mikil frávik verða eða kollsteypur verða í þessum samningum. Við höfum svo sannarlega dæmi um slíkt áður. Kannski verður næst rætt um einhvern allt annan tonnafjölda.

Ég ætla að geta um fleiri atriði er varða hugsanlega aðild Ísland að EES. Ég vil fyrst nefna þá röskun sem verður á vinnumarkaði og spurninguna um það hvort fyrirvarar okkar um þau efni dugi. Við þurfum að gera lagabreytingar, eins og gengur, til að uppfylla þau skilyrði sem eru í EES-samningnum um frelsi launþega til flutninga og frjálsa þjónustustarfsemi. Í EES-samningnum er m.a. um að ræða eftirfarandi grein, 28. gr., sem er í nokkrum liðum:

„1. Frelsi launþega til flutninga skal vera tryggt í aðildarríkjum EB og EFTA-ríkjum.

2. Umrætt frelsi felur í sér afnám allrar mismununar milli launþega í aðildarríkjum EB og EFTA-ríkjum sem byggð er á ríkisfangi og lýtur að atvinnu, launakjörum og öðrum starfs- og ráðningarskilyrðum.

3. Með þeim takmörkunum sem réttlætast af allsherjarreglu, almannaöryggi og almannaheilbrigði felur það í sér rétt til þess að:

a. þiggja atvinnutilboð sem raunverulega eru lögð fram;

b. að fara að vild í þeim tilgangi um yfirráðasvæði aðildarríkja EB og EFTA-ríkja;

c. dveljast á yfirráðasvæði aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis í atvinnuskyni í samræmi við ákvæði í lög-

um og stjórnsýslufyrirmælum um starfskjör ríkisborgara þess ríkis;

d. dveljast áfram á yfirráðasvæði aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis eftir að hafa starfað þar.

4. Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um störf í opinberri þjónustu."

Þetta er ekkert smáræði sem við eigum að undirgangast. Ég ætla fyrst að taka fyrir þennan fjórða lið því mér finnst rétt að geta þess að skilgreining um hvað sé opinber þjónusta hefur ekki verið alls kostar ljós. Í riti ASÍ og BSRB, EES og íslenskur vinnumarkaður, segir um þá skilgreiningu:

„Tilhneiging hefur verið vaxandi í þá átt að skilgreina þessi störf mjög þröngt þannig að væntanlega verður um mjög takmarkað svið að ræða. Hér er alls ekki verið að tala um opinbera starfsmenn í heild, eins og við skilgreinum þá, heldur þá fyrst og fremst starfsmenn við her, lögreglu, öryggisgæslu, dómstóla o.s.frv. þar sem þjóðaröryggi getur verið í húfi."

Mér finnst full ástæða til að taka þá ákvörðun núna með opin augu hvort við höfum tilefni til þess nú að opna íslenskan vinnumarkað einmitt í þann mund sem við virðumst vera að sigla inn í kreppu sem á sér ekki mörg fordæmi á Íslandi. Ég ætla mér ekki að fara út í umræðu um hvers eðlis sú kreppa er eða hverjum hún er að kenna. Ég tel að hún sé að huta til af manna völdum, það sé ekki bara hægt að kenna týndum þorskum þar um.

Við vitum hvert atvinnuástand er í EES-löndunum og höfum fram til þessa verið fullfær um að sjá okkur sjálf fyrir vandamálum þótt við förum ekki að flytja þau inn. Það er mikill munur á þungum þrýstingi á atvinnumarkaði og því varnaglaorðalagi að gera ráð fyrir stórfelldri röskun á íslenskum vinnumarkaði. Ég á eftir að sjá hver sest í dómarasætið og dæmir um það hvenær hafi orðið stórfelld röskun. Mótrök EES-sinna eru auðvitað þau að við séum að opna dyr fyrir Íslendinga erlendis. Í Evrópubandalagslöndunum er ekki bara tímabundið atvinnuleysi heldur langvarandi alvarlegt atvinnuleysi mjög víða. Ég get því ekki séð annað en að þessar dyr leiði okkur beint inn í kústaskápinn. Það er auðvitað líka umhugsunarefni hvort við höfum áhuga á að byggja upp vinnukarkaðinn eins og víða tíðkast á Evrópubandalagssvæðinu, t.d. á Ítalíu, þar sem ungir karlmenn flytjast búferlum til iðnaðarsvæða, búa þar í vinnubúðum en eftir sitja í þorpunum konur, börn og gamalmenni. Þá er kústaskápurinn kannski skárri.

Það er kannski að hætta sér út á hálan ís að nefna óbein áhrif á vinnumarkaðinn en eigi að síður er það óhjákvæmilegt. — Ég get gert hlé á ræðu minni á meðan þeir eru að ljúka háværum samræðum hér í hliðarherbergi nokkrir ágætir menn. (**Forseti:** Forseti vill biðja menn að hafa hljótt í hliðarsölum.) Ég held að þeir hefðu líka gott af að hlusta. (**Gripið fram í:** Þeir heyra.) Í nokkur ár hafa verkalýðsfélög og fleiri hagsmunaaðilar reynt með öllum tiltækum ráðum að tryggja að félagsleg réttindi innan Evrópubandalagsins og Evrópsks efnahagssvæðis yrðu tryggð. Þetta hefur að nokkru leyti tekist fyrir harðfylgi þessara aðila. En lengi vel var félagslegi þátturinn óskrifað blað í ítarlegu reglugerðarfargani Evrópubandalagsins sem annars var. Fjórfrelsið hefur nefnilega aldrei byggst á frjálsu flæði fæðingarorlofs eða neinu slíku. Það er tvennt sem mér finnst kvíðvænlegt varðandi tilflutning félagslegra réttinda milli landa. Það er auðvitað jákvætt að það skuli vera hægt að flytja félagsleg réttindi milli landa en á hinn bóginn finnst mér að kerfið muni verða of þungt í vöfum til að menn þekki sinn rétt og nýti hann. Flest þekkjum við líklegast dæmi af því að fólk viti ekki af lífeyrissjóðsrétti sínum, slysabótarétti, veikindadagarétti eða ýmsu fleiru sem eru almenn félagsleg réttindi. Tilfærsla félagslegra réttinda innan EES mun ekki gerast sjálfkrafa, um hana þarf að sækja. Ég veit að verið er að útbua reiðinnar ósköp af eyðublöðum í Tryggingastofnun og vissulega verða margir sem láta sér umhugað um að kynna þennan rétt fyrir fólki. En ég held samt sem áður að þetta verði vandamál.

Hitt er ekki síður áhyggjuefni en það er það sem kallað hefur verið „social-dumping" á ensku og ég hef leyft mér að hráþýða sem félagslega gengisfellingu. Ég sé fyrir mér framleiðendur á vörum eða þá sem bjóða fram einhverja þjónustu segja við forsvarsmenn stéttarfélaga þeirra manna sem vinna hjá þeim: Ef þið eruð með einhvern derring þá flytjum við vinnsluna til Portúgals því flæðið er jú svo frjálst að það er ekki nokkurt mál. Hvernig ætli það verði að sækja launahækkanir og aukin félagsleg réttindi við slíkar aðstæður? Ég varpa þeirri spurningu til þeirra sem hér hlusta og ég mun jafnframt varpa þessari spurningu til þeirra aðila sem kannski helst þurfa að fjalla um hana því mér þykir sem sum stéttarfélög hafi verið afskaplega andvaralaus í þessum efnum og það er slæmt.

Það er ýmislegt smálegt sem ég hef verið að hnjóta um þegar ég hef verið að lesa mig í gegnum allar þessar blaðsíður í sumar sem þegar liggja fyrir og er ég þó hvergi nærri komin í gegnum það. Hins vegar með góðri samvinnu hefur okkur kvennalistakonum tekist að fara í gegnum býsna stóran hluta þessa efnis. M.a. höfum við verið að gera athugasemdir við það og kyngjum því ekki eins og ekkert sé að það verði leyfðar hér auglýsingar á lyfjum sem ekki eru lyfseðilsskyld ef við göngum í EES. Viljum við þetta? Ég er ekki viss um að það samrýmist okkar draumum um frelsi, að frelsið felist í að fá að auglýsa magnyl eða panodil. Ég held hreinlega að við séum að sækjast eftir öðru og raunverulegra frelsi. Einhver hættumerki eru varðandi merkingar á skaðlegum aukaefnum. Réttur markaðarins er nefnilega þegar til á að taka alltaf sterkastur. Það eru oft taldar samkeppnishömlur sem við mundum telja eðlilega vernd. Það má t.d. ekki merkja öll aukefni vöru nema með leyfi Evrópubandalagsins eða „stóra bróður". Þessi ofstýring er ekki af hinu góða.

Loks langar mig til að fjalla um einn þátt þessa stóra máls sem ég held að sé ekki síst alvarlegur og við ættum nú að vera farin að þekkja nokkuð vel. Það er hið ólýðræðislega kerfi sem EB og EES er. Það hefur margt verið sagt í þessum sölum að undanförnu um

framsal valdsins. Ég vil gera að umræðuefni hér framsal valds frá Alþingi til Evrópubandalagsins. Það sem við blasir er að nú mun okkur á Alþingi verða gert að fá fjölmörg frumvörp lögð fyrir Alþingi einungis til samþykktar en ekki til synjunar. Í raun og veru er það einmitt þetta sem gerist ef við ákveðum að gerast aðilar að EES. Ég ætla ekki að fara út í smáatriði á framkvæmd þessari en þetta er einfaldlega það sem við munum standa frammi fyrir ef við göngumst undir það að samræma löggjöf okkar lögum Evrópubandalagsins á því málasviði. Sum þessara mála eru áreiðanlega hin mætustu og raunar mál sem við gætum léttilega lögtekið án þess að ganga um leið í EES og undir þær skuldbindingar sem því fylgir. Önnur mál eru áreiðanlega þannig að þau þarfnast nánari skoðunar eða eru jafnvel beinlínis neikvæð fyrir Íslendinga. Nægir þar að nefna þau vafasömu ákvæði er varða landakaup eða skort á fyrirvörum o.fl., hættuna sem við leggjum orkulindir okkar í og ýmislegt fleira. Þarna er bæði um að ræða lög sem við lögtökum og eins það að við gerum ekki þá fyrirvara sem nauðsynlegir eru eða teljum okkur vera að setja upp einhverjar girðingar sem síðan halda ekki. Ef ég væri útlendingur og ágirntist hér jörð og það væri búið að setja upp einhverjar girðingar sem ég teldi brjóta minn rétt mundi ég að sjálfsögðu sækja minn rétt fyrir dómstólum og sennilega vinna það miðað við þá fyrirvara sem helst hefur verið vísað til. Að vísu eru forkaupsréttarákvæðin, sem vísað er til, mögulegi en ekki ef um stóra fjármuni er að tefla. Hugmyndir um að hafa ákvæði sem ganga jafnt yfir Íslendinga og útlendinga um að krefjast skuli búsetu á Íslandi í nokkur ár áður en jörð eða fasteign er keypt eru auðvitað út í hött. Ef ég væri þessi útlendingur sem færi að láta á þetta reyna mundi ég að sjálfsögðu benda á það og hafa rétt fyrir mér að það eru miklu meiri líkur á því að Íslendingur hafi verið búsettur í fimm ár á Íslandi áður en hann vill kaupa fasteign eða jörð en útlendingur. Þar af leiðandi er þetta náttúrlega ekkert nema mismunun. En það gæti vel verið að það þyrfti að láta reyna á það fyrir dómstólum. Það er ekki að ástæðulausu að Danir hafa kosið að festa girðingar í Maastricht.

Einn angi þessa framsals, sem ég tel að við séum að gangast undir með því að gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði, er fjarlægð valdsins og skrifræðið. Það er því miður svo að þjóðin veit harla lítil deili á stafasúpunni eins og ég gat um hér í upphafi máls míns. Það er að mínu mati ekki vegna fáfræði almennings heldur vegna þess að okkur vantar upplýsingar, almenning vantar upplýsingar um staðreyndirnar á bak við stafina. Það er í rauninni þannig að þetta mál hefur verið gert flókið og það hefur hreinlega orðið til þess að setja það í hæfilega fjarlægð og almenningi er ekki ætlað að fjalla um það. Það er svona hér um bil verið að segja að almenningi komi það ekkert við. Jú, alveg guðvelkomið ef þið nennið að lesa 10.000 bls., það er ekki víst að þið skiljið þessi hugtök. Það er nú æ ofan í æ að koma í ljós að flestir, jafnvel hinir sleipustu og slyngustu menn ruglast í þessu og ég er þar sjálf áreiðanlega ekki undanskilin. En jafnvel við, sem höfum varið nokkrum tíma í þetta og viljum hafa það sem sannara reynist, við lendum í vanda vegna þess að skrifræði skapar fjarlægð. Þjóðin hefur hins vegar skoðun og þekkingu á landhelginni og fullveldinu en ekki endilega á framandlegum stofnunum. Þessar stofnanir eru svo sem ekki kunnuglegar eða aðgengilegar okkar fulltrúum á Alþingi. Skrifræðið í Brussel hefur t.d. birst okkur núna á þessu ári þannig að í vetur munum við alþingismenn þurfa að taka málefnalega og áreiðanlega heilsteypta og ábyrga afstöðu til frumvarps sem lagt hefur verið á borð okkar hérna. Það heitir frumvarp til laga um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum. Um þetta mál eigum við, vesælir þingmenn, að fjalla í römmustu alvöru geri ég ráð fyrir, og taka ákvörðun um það hvort frv. sé góð og nauðsynleg viðbót við lagaflóru okkar.

Mig langar til skýringar þeim sem ekki vita um hvað frv. fjallar að lesa 1. og 2. gr. laganna fyrir þingheim hér, með leyfi forseta:

„1. gr. Sá sem hannar svæðislýsingu smárása í hálfleiðara hefur einkarétt til hagnýtingar hennar samkvæmt lögum þessum.

Nú hafa tveir menn eða fleiri sameiginlega hannað svæðislýsingu smárása í hálfleiðara og framlög þeirra verða ekki aðgreind hvert frá öðru sem sjálfstæð verk og eiga þeir þá saman einkarétt til hagnýtingar svæðislýsingarinnar samkvæmt lögum þessum. Hvor aðili um sig getur krafist bóta vegna skerðingar á réttinum.

Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum er háð því að um nýsköpn sé að ræða, annaðhvort í heild eða að hluta.

Ef einstakir þættir svæðislýsingarinnar eru almennt þekktir er verndin háð því að samsetning einstakra þátta svæðislýsingarinnar uppfylli skilyrði um nýsköpun. Skilyrði er að um eigið verk uppfinningamannsins sé að ræða og að það sé almennt ekki þekkt á sviði hálfleiðarratækni.

Vernd samkvæmt lögum þessum tekur ekki til hugmynda, ferla, kerfa, tækni eða upplýsinga sem svæðislýsingin hefur að geyma en teljast ekki til hennar sjálfrar."

Þegar hér er komið sögu er að sjálfsögðu rétt að fá skýringu á því hvað þessi hugtök sem hér er verið að fjalla um þýða. Í fljótu bragði mætti halda að þau væri að finna í 2. gr. Ég ætla alla vega, ef það er einhver skarpari hér en ég, sem ég treysti alveg, að lesa upp skýringarnar, með leyfi forseta, en það er 2. gr.:

„Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. Hálfleiðari er fullbúin vara eða vara á framleiðslustigi, sem

a. er samsett úr ýmsum efnum, þar á meðal einu lagi af hálfleiðaraefni,

b. hefur eitt lag eða fleiri lög af leiðandi efnum, einangrandi efnum eða hálfleiðaraefnum þar sem lögum er raðað eftir fyrirframgefnu þvíviddarmynstri og

c. til stendur að nota hana annaðhvort eingöngu eða m.a. í rafeindatæki." (**Gripið fram í:** Er þetta úr stefnuskrá Kvennlistans?) — Nei. Þetta er hluti af EES.—

„2. Svæðislýsing smárása á hálfleiðara er teikning af uppröðun samverkandi hluta sem hver rás er samsett úr, hvernig sem þetta mynstur er áfest eða áritað,

a. sem sýnir þrívíddarmynstur allra laganna sem mynda smárásir hálfleiðara og

b. þar sem hver hluti teikningarinnar hefur að geyma mynstur eða hluta af mynstri á yfirborði hálfleiðara á ákveðnu stigi í framleiðslu þess."

Hér hefur þegar einn þm., hv. 17. þm. Reykv., gert sig beran að því að hafa ekki hugmynd um um hvað var verið að ræða þar sem hann hélt að þetta væri úr stefnuskrá Kvennalistans sem sýnir náttúrlega í hverjar ógöngur við erum komin. (**Gripið fram í:** Fyrir Kvennalistann.) Fyrir hv. þingmann, það leynir sér ekki.

Þetta segir okkur auðvitað nákvæmlega hvað það er mikil firra þegar farið er að bera á borð fyrir fólk efni sem það skilur ekki og gerir sig kannski ekki að fíflum þótt það skilji ekki. Ég held ekki.

Ég spyr auðvitað á þessu stigi málsins: Eru menn einhvers vísari? Ég býst ekki við því og ég vona svo sannarlega að þingmenn fari ekki að láta eins og fólkið sem þóttist sjá nýju fötin keisarans, sem engin voru, og þora ekki að afhjúpa vankunnáttu sína í þessum málum. Vera má að það leynist einhver sérfræðingur í þessum málum meðal okkar, aldrei skal ég þvertaka fyrir það.

Ég gæti svo sem gert aðra tilraun til að uppfræða þingheim og vísa til athugasemda við þetta frv. en ég held að hver verði bara að lesa fyrir sig, t.d. upphaf athugasemda við þetta lagafrv. sem er að finna á bls. 3. Þar eru aftur miklar útlistingar sem ég ætla ekki að kvelja ykkur með hér. Það verður bara hver að lesa fyrir sig.

Ætla mætti að hér væri um bráðbrýnt mál að ræða, mál sem ekki þyldi bið. Mál sem yrði að kynna a.m.k. iðnn. svo ekki kæmi til ófremdarástands á Íslandi (Gripið fram í.) ef frv. yrði nú ekki tilbúið áður en gildistaka þessa samnings væri hugsanlega komin hér endanlega á dagskrá. Fyrirgefðu, ég heyrði ekki innskotið, það getur vel verið að það hafi verið mikilvægt eða upplýsandi. (Gripið fram í.) Mér leyfast víst ekki samræður þó öðrum geri það. (**Forseti:** Má ég biðja hv. þm. að hefja ekki samræður sín á milli í þingsal.) Ég var þegar búin að taka fram að mér leyfist það ekki þótt öðrum leyfist það kannski.

Ég vil enn í þessu sambandi vísa til athugasemda við frv. til að upplýsa hvort þetta er það brýnasta sem við þurfum um að fjalla, eða brýnt, ég bið ekki um meira. Með leyfi forseta, gríp ég hér niður þar sem að segir:

„Á þessari stundu er engin framleiðsla smárása á Íslandi. Erfitt er að gera sér grein fyrir hvort svo muni verða í næstu framtíð. Þó er ólíklegt að allt ferlið frá hönnun til framleiðslu verði til staðar hér á landi á næstunni. Til þess þarf sérfræðinga á þessu sviði, en þá er ekki að finna hér á landi nú. Flest fyrirtæki sem framleiða smárásir og standa í hönnun eru stór fjölþjóðafyrirtæki eða smærri fyrirtæki sem hafa stórfyrirtæki sem bakhjarl."

Um þetta frv. er okkur þingmönnum eigi að síður ætlað að fjalla af fullri ábyrgð. Mér finnst þetta öfgafulla dæmi því miður ekkert gamanmál heldur eitt af mörgum dæmum um að okkur er ætlað vera stimpileða afgreiðslustofnun fyrir einhverja sérfræðinga eða kannski bara fyrir þýðendur. Ég veit ekki einu sinni hvort það er fyrir sérfræðinga, kannski bara fyrir lunkna þýðendur. Þetta er sem sagt skrifræði og kerfisþjónkun og ég sætti mig ekki við að taka þátt í slíku. Okkur er ætlað að segja já við því sem við ekki viljum og jafnvel því sem við ekki skiljum. Enn lengri er þó leiðin frá hinum almenna borgara til handhafa valdsins. Við getum þó alla vega rifið hér kjaft í beinni útsendingu þó það hafi kannski engin bein áhrif.

Fram til þessa hefur þjóðin haft áfrýjunarrétt á fjögurra ára fresti og getað sagt hug sinn til sjórnmálamanna. Stjórnmálamenn hafa að vísu þurft að glíma við forræðishyggju ráðuneyta og annarra þjóna framkvæmdarvaldsins, ég nefni engin nöfn. Enn lengri er þó leiðin til valdsins í Brussel og þar er ekki skipt um á fjögurra ára fresti. Við getum ekki haft neinar kosningar þar. Mér finnst það háskalegt að framselja vald til andlitslauss skrifræðis og mér finnst það einkum háskalegt lýðræðinu. Það er alveg sama hvar þetta skrifræði er.

Ég læt þá lokið máli mínu en ég treysti því að hæstv. sjútvrh. sé hér enn því að ég átti eftir að spyrja hann og raunar utanrrh. líka, sem áreiðanlega er búinn að forða sér fyrir löngu, eins og venjulega. Ég á sem sagt erindi við hæstv. sjútvrh. sérstaklega og það eru tvær spurningar. Ég sé að hann hlustar og mér þykir vænt um það.

Hvenær er að vænta frétta af áframhaldandi viðræðum út af sjávarútvegssamningnum sem við líklegast bíðum öll eftir? Mun hæstv. ráðherra sjá til þess að hvergi verði hvikað frá kröfum um að það komi veiði á móti veiði en ekki bara veiðiheimild á móti veiðiheimild? Að við fáum sem sagt veiðanlega loðnu og að gengið sé tryggilega frá því að þetta sé veiði á móti veiði en ekki heimild á móti heimild. Þessari spurningu beini ég raunar líka til hæstv. utanrrh. og ég treysti því að boðskipti innan ríkisstjórnarinnar séu þau að þetta muni komast á leiðarenda. Ég held að hver einasti þingmaður hefði gott af að svara þessari spurningu, vel á minnst. Það er ein spurning í viðbót, hæstv. ráðherra: Telur hæstv. ráðherra það líklegt að við höfum einhverja viðspyrnu gegn því ef Evrópubandalagsþjóðirnar munu sækja á um frekari veiðiheimildir? Ef svo er, hver er sú viðspyrna?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar):*

Frú forseti. Ég gat ekki hlýtt á alla ræðu hv. 9. þm. Reykn. en ég tók eftir því að ein af meginástæðunum fyrir því að hv. þm. mælti hér gegn aðild Íslands að þessum samningi virtist sú að þingmaðurinn hafði komist að raun um að þjóðin teldi í skoðanakönnun að við værum að missa tök á fiskveiðilandhelginni með þessum samningi. Hv. þm. veit þó mætavel, eftir að hafa lesið þessa samninga, að í engu eru skert yfirráð

okkar yfir fiskveiðilandhelginni í samningunum. Það er býsna furðulegt ef heill stjórnmálaflokkur eins og Kvennalistinn byggir afstöðu sína í svo veigamiklu máli sem þessu á því hvað fólk heldur í skoðanakönnunum að sé efnisinnihald samninga en ekki á því hver er hin raunverulega efnislega niðurstaða í samningunum sjálfum. Er það virkilega svo að Kvennalistinn byggi afstöðu sína í öðrum málum á röksemdafærslu eins og þessari? Það væri full ástæða til að fá nánari skýringar á því af hálfu talsmanna Kvennalistans sem jafnan hafa notið þess álits að taka málefnalegan þátt í umræðum og málefnalega afstöðu til þeirra viðfangsefna sem hér eru til umfjöllunar. En að byggja afstöðu sína á röksemdafærslu eins og þessari kemur manni mjög á óvart ekki síst þar sem Kvennalistinn á í hlut.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil vel að hæstv. ráðherra hætti sér ekki út í málefnalega umræðu heldur fari út í að upplýsa smámisskilning.

Mínar áhyggjur eru, og ég rökstuddi þær mjög vel, (**Gripið fram í:** Hvaða misskilning?) — þetta var misskilningur hans — mínar áhyggjur eru þær að þjóðin hafi rétt fyrir sér. Ég gat þess mjög skýrt að ég hef áhyggjur af því að þjóðin hafi rétt fyrir sér, að við munum missa forræði yfir fiskveiðilögsögu okkar og ég rökstuddi það mjög ítarlega. Það er tvennt sem veldur þessum áhyggjum mínum. Annars vegar það að með þessum veiðiheimildum sem upphaflega áttu nú að verða sýndarveiðiheimildir, en eru að verða alvöruveiðiheimildir núna, að þá séum við að opna okkar fiskveiðilögsögu og við munum ekki getað staðið á móti þessum þrýstingi. Hins vegar það að á meðan við höfum ekki nokkurn samning á borðinu þá höfum við auðvitað ekki hugmynd um hvort samningamenn hafa getað náð viðunandi samningum miðað við þær forsendur sem þeir gefa sér. Ég tók það raunar skýrt fram að ég teldi þá samninga ekki einu sinni viðunandi. Þetta tel ég mjög ábyrga afstöðu og mér þykir fyrir því að hæstv. ráðherra skuli ekki hafa tekið eftir því að það var nákvæmlega þetta sem ég hafði áhyggjur af. Ég vil gjarnan biðja um svör.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það má vera að hér sé um misskilning að ræða. Ég skildi þó svo ræðu hv. þm. svo að afstaða hennar og ég ætla Kvennalistans í þessu máli byggist á því sem Kvennalistinn hefur lesið í skoðanakönnunum, hvað fólk, sem þar svaraði spurningum, telur að sé efnisinnihald samningsins.

Ég vil spyrja hv. þm.: Hefur hann lesið samninginn? Ef svo er, hvar í samningnum eru ákvæði sem kveða á um það eða benda til þess að við séum að gefa eftir fullveldisyfirráð okkar yfir fiskveiðilandhelginni? Hvergi. Það er eitt meginatriðið í þessum samningum að við undirgöngumst ekki á nokkurn hátt sameiginlega fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins. Það hefur frá öndverðu verið talinn meginstyrkurinn í því að leita samninga með þessum hætti að við þyrftum ekki á nokkurn hátt að undirgangast sameiginlega fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins. Ég spyr hv. þm.: Hvar í ósköpunum í þessum samningum, á hvaða blaðsíðu, eru ummerki um að við séum að undirgangast fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins? Ég hef hvergi séð það. Mér þætti gaman ef hv. þm. vitnaði í þá grein og tilgreindi á hvaða blaðsíðu sú grein er í samningnum sem vísar til þess að við séum að undirgangast sameiginlega fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins. Frá öndverðu hefur það nefnilega verið meginatriði þessara samninga að við erum ekki að gera þetta. Það eru ekki niðurstöður í skoðanakönnunum sem ráða því hvert er efnisinnihald þessara samninga heldur samningurinn sjálfur svo sem hann er undirritaður. Það er kjarni málsins og á þeim grundvelli eiga menn að taka afstöðu og út frá þeim efnisatriðum eiga menn að ræða í þessari umræðu. Hitt get ég svo tekið undir að það er full ástæða ef hv. þm. er reiðubúinn að taka þátt í því að koma því skilmerkilega út til fólksins í landinu að hér er um mikinn misskilning að ræða og ákvæði af þessu tagi er hvergi að finna í samningnum. Ef hv. þm. vill taka þátt í að koma þeim skilaboðum út til fólksins í landinu þá fagna ég þeirri góðu samvinnu.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Ég harma einlæglega, virðulegi foresti, ómálefnalegt svar hæstv. ráðherra. Í fyrsta lagi er það auðvitað alveg fráleitt að við myndum okkur skoðanir út frá skoðanakönnunum. Það vill bara svo til að þjóðin og Kvennalistinn eru í þessum málum sammála, að þarna sé ákveðin áhætta tekin.

Í öðru lagi. Ég hef aldrei fullyrt að við göngumst undir fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins með þessu. Hins vegar vil ég ítreka það enn og aftur að ég hef séð áhættu og hættu í því fólgna að við hleypum Evrópubandalagsþjóðum inn í okkar landhelgi. Ég tel að það verði til þess að við verðum ekki í neinni stöðu til að veita viðspyrnu ef þær sækja á um meira. Ég rakti sögu sem gaf svo sannarlega tilefni til þess að vera hræddur um þetta. Svo lýsi ég eftir texta af því að það var verið að spyrja hvar í samningnum stendur að við séum að gangast undir fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins. Auðvitað hvergi. Okkur vantar einmitt allan texta um sjávarútvegsmál sem máli skiptir og það er það sem ég var að kvarta undan. Við erum ekki búin að fá þennan samning í hendurnar og það er meira en ámælisvert. Það er algjörlega ótækt.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér fyrr í kvöld var lýst eftir því hvort hæstv. forsrh. mundi vera væntanlegur til þessa fundar og ég vil ítreka þá ósk af minni hálfu vegna þess að ég hafði hugsað mér að eiga við hann nokkurn orðastað í tilefni af ummælum sem hann hefur látið falla um ýmis mál fyrr í þessum umræðum og sérstaklega um aðdraganda málsins og ekki síst um afstöðu hans til þess hvernig hann hyggst birta fundargerðir ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Ég held að það sé þess vegna óhjákvæmilegt að biðja um það,

hæstv. forseti, að hæstv. forsrh. verði kvaddur hér til fundar. Sömuleiðis hefði ég viljað nefna það við virðulegan forseta að hingað verði kallaður hæstv. félmrh. vegna þess að ég hafði hugsað mér að ræða við hæstv. félmrh. um þau mál í evrópska efnahagssamningnum sem hér er á dagskrá, mál sem snerta verkalýðshreyfinguna og málefni hennar og ég tel að það sé nauðsynlegt að hæstv. félmrh. sé þá viðstaddur. (**Forseti:** Forseti mun að sjálfsögðu verða við þeirri beiðni að láta kanna hvort hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. eiga þess kost að koma hingað. Til upplýsingar skal þess getið að hér í húsinu eru staddir tveir hæstv. ráðherrar, hæstv. sjútvrh. og hæstv. utanrrh. En nú mun verða kannað hvort umræddir hæstv. ráðherrar geta komið.) *Ég þakka hæstv. forseta fyrir góð viðbrögð við minni ósk* og ég mun þá hefja ræðu mína í trausti þess að þessir hæstv. ráðherrar birtist hér innan tíðar.

Ég vil aðeins víkja nokkrum orðum áður en ég kem að málinu sjálfu eins og það stendur í dag að aðdraganda þessa máls og það geri ég m.a. í tilefni af umræðum sem hér hafa farið fram af hálfu hv. 3. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Norðurl. e. sem hafa aðallega velt sér upp úr fortíð og aðdraganda málsins en hafa ekki gert heiðarlega grein fyrir afstöðu sinni til samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði eins og hann liggur fyrir núna.

Kjarni málsins varðandi aðdragandann eins og málið stendur í dag má segja að birtist í upphafsyfirlýsingu Steingríms Hermannssonar, þáv. forsrh., á fundi leiðtoga EFTA-ríkjanna í Ósló 14. og 15. mars 1989. Þá sagði þáv. hæstv. forsrh., með leyfi forseta:

„Með tilvísun til þessarar lauslegu lýsingar á stöðu Íslands leyfi ég mér að treysta því að ykkur megi vera ljóst að full aðild að Evrópubandalaginu er ekki í myndinni fyrir okkur. Við getum aldrei gefið okkur á vald yfirþjóðlegum stofnunum. Við getum aldrei afsalað okkur fullveldinu eða rétti okkar til þess að taka *eigin nauðsynlegar ákvarðanir til að tryggja afkomu* okkar og sjálfstæði. Við verðum ætíð að hafa sjálfir stjórn á náttúruauðlindum Íslands sem eru grundvöllur tilveru okkar. Við teljum ekki að fjarlægt vald muni nokkru sinni geta haft þá stjórn á viðkvæmum náttúruauðlindum að okkar hagsmuna sé gætt." (**Forseti:** Forseti vill upplýsa hv. þm. um að útilokað virðist vera að hæstv. forsrh. geti komið til þinghússins en það er verið að reyna að ná til hæstv. félmrh. samkvæmt upplýsingum þingvarða.) (Gripið fram í.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir svörin og þó að hv. 3. þm. Reykv. sé í húsinu, þá dugir það nú ekki í þessu tilviki. Mér er þess vegna nokkur vandi á höndum, hæstv. forseti, hvernig ég á að haga máli mínu hér. Ég hafði hugsað mér að víkja nokkrum orðum að hæstv. forsrh., ekki síst út af þessu fundagerðarmáli sem hann hóf umræður um fyrir nokkru. En ég vil spyrja hæstv. forseta hvort þess er að vænta að hæstv. félmrh. sé væntanlegur í húsið. (**Forseti:** Samkvæmt upplýsingum þingvarða fyrir örstuttri stundu var verið að kanna það en það lá ekki fyrir og forseti mun tilkynna það um leið og fréttir berast.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir þessi svör og mun halda áfram ræðu minni um hríð þar til ljóst verður hvort hæstv. félmrh. kemur hér í húsið.

Ég hafði rakið nokkrar setningar úr upphafsyfirlýsingu Steingríms Hermannssonar forsrh. frá 14. og 15. mars 1989. Og þar kemur það alveg skýrt fram að páv. forsrh., og reyndar formaður Framsfl., setur skýra fyrirvara í þessu máli fyrir sína hönd sem stjórnmálaleiðtogi og fyrir hönd páv. ríkisstjórnar og meiri hluta Alþingis. Ég verð að segja það alveg eins og er að ef við berum þessa yfirlýsingu saman við efnisatriði samningsins í smáatriðum, þá kemur bersýnilega í ljós að það hefur ekki tekist í samningsferlinu að uppfylla þessar yfirlýsingar þannig að í mínum huga er það þannig að ef þeir framsóknarmenn t.d. ætluðu sér að styðja samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, sem ég veit ekkert um, þá sýnist mér augljóst að þeir verði að rökstyðja það með algjörlega nýjum hætti af því að samningsdrögin eins og þau liggja fyrir núna eru ekki í samræmi við þær yfirlýsingar sem páv. forsrh. og formaður Framsfl. gaf á sínum tíma í upphafi málsins.

Páv. ríkisstjórn gerði sérstaka samþykkt með bókun þann 29. nóv. 1989. Í þeirri bókun er skýrt tekið á málum og ég leyfi mér að lesa hana, með leyfi forseta. — Ég vil spyrja hvort utanrrh., hann er í húsinu alla vega, gæti ekki komið hingað, leyft sér aðeins að kíkja á þessa þingmenn smástund sér til sjálfsagt sárra leiðinda. (**Forseti:** Forseti vill biðja þingvörð að kalla til hæstv. utanrrh.) Í bókuninni 29. nóv. 1989 sem var samþykkt í páv. ríkisstjórn segir svo, með leyfi forseta:

„Utanrrh. hefur gert ríkisstjórn og Alþingi grein fyrir sameiginlegum könnunarviðræðum EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið um víðtækara samstarf ríkjanna 18 sem aðilar eru að EFTA og EB. Utanrrh. mun áfram taka þátt í undirbúnings- og samningaviðræðum þessara aðila sem byggðar verða á sameiginlegum niðurstöðum könnunarviðræðna, þar með talið þeim fyrirvörum sem Íslendingar hafa sett fram." — Það voru þeir fyrirvarar sem ég var að vitna til úr ræðu fyrrv. hæstv. forsrh. frá í mars 1989. — „Jafnframt því sem fylgt verður eftir í þessum viðræðum sameiginlegri kröfu EFTA-ríkjanna um fríverslun með fiskafurðir innan hins væntanlega Evrópska efnahagssvæðis verður haldið áfram tvíhliða viðræðum Íslendinga við Evrópubandalagið og aðildarríki þess með það að markmiði að trygja tollfrjálsan aðgang fyrir íslenskar sjávarafurðir að mörkuðum Evrópubandalagsins og stöðu íslensks sjávarútvegs að öðru leyti. Náið samráð verður haft innan ríkisstjórnarinnar og við utanrmn. Alþingis á öllum stigum málsins."

Svo mörg voru þau orð. Og í tilefni af þessari samþykkt ríkisstjórnarinnar gerir þingflokkur Alþb. sérstaka samþykkt sem birt er með þessari samþykkt ríkisstjórnarinnar á sínum tíma. Þessi sérstaka ályktun þingflokks Alþb. er frá 29. nóv. 1989 þar sem mjög afdráttarlaust kemur fram hverjir eru þeir fyrirvarar sem Alþb. hefur við áframhald þessara viðræða sem stjórnarflokkur á þeim tíma. Ég ætla ekki að fara nákvæmar út í það að sinni að lesa þennan fyrirvara eða þessa samþykkt en vísa til hennar í stórmerku riti Evr-

ópustefnunefndar á bls. 233 og 234.

Hver var svo afstaða stjórnmálaflokkanna? Hvað sögðu stjórnmálaflokkarnir hver um sig að öðru leyti á sínum tíma? Framsfl. gerði samþykkt um þetta mál á miðstjórnarfundi 25. nóv. 1989 og gerir þar í raun og veru orð forsrh. að sínum og hnykkir á verulega þar sem fundur miðstjórnar Framsfl. 25. nóv. 1989 segir:

„Fundurinn ítrekar sérstaklega að frjáls verslun með sjávarafurðir án þess að í staðinn komi veiðiheimildir fyrir erlenda aðila er forsenda fyrir þátttöku okkar Íslendinga í frjálsum markaði Vestur-Evrópu. Fundurinn leggur einnig áherslu á að hið viðkvæma íslenska peningakerfi verður að styrkja og gera virkara en það er nú áður en unnt er að samþykkja fullt frelsi fjármagnshreyfinga." — Þetta er eitt af skilyrðum Framsfl. á þeim tíma. — „Áður verður jafnframt að setja skýr lög sem tryggja að erlendir fjármagnseigendur nái ekki eignarhaldi á auðlindum landsins eða á fyrirtækjum sem þær nýta." — T.d. í sjávarútvegi en ekki eingöngu í sjávarútvegi. — „Þess verður einnig að gæta að meginþættir samninga um fjármagnsflutninga til og frá landinu verði ætíð í höndum Íslendinga sjálfra."

Og í fjórða lagi segir þessi miðstjórnarályktun Framsfl.:

„Fundurinn tekur jafnframt undir það að nauðsynlegt er að Íslendingar geti gripið í taumana ef miklir flutningar vinnuafls til landsins valda erfiðleikum í atvinnumálum."

Með öðrum orðum: Miðað við yfirlýsingu forsrh. og miðað við þær samþykktir sem Framsfl. gerði á sínum miðstjórnarfundi í nóvember 1989 er augljóst mál að það mundi vera verulega úrleiðis fyrir þennan sama flokk að styðja samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eins og hann stendur í dag. Auðvitað getur vel verið að þeir framsóknarmenn finni rök til þess en þeir verða þá að sýna það með sérstökum og nýjum rökum.

Nú skyldu menn ætla að sá flokkur sem á utanrrh. — eða sem utanrrh. á, ef við eigum kannski að orða það þannig eftir seinasta flokksþing Alþfl. (**Forseti:** Forseti lofaði að upplýsa hv. þm. um hvort hugsanlegt væri að hæstv. félmrh. kæmi í húsið. Til hennar næst ekki þannig að ég á varla von á að það takist.) (**Utanrrh.:** Félmrh. er erlendis.) (**Forseti:** Félmrh. er erlendis, segir hæstv. utanrrh. sem nú er kominn hingað.) Virðulegi forseti. Ég verð þá að vænta þess að hæstv. utanrrh. svari spurningum fyrir hæstv. félmrh. Mér er tjáð að hæstv. félmrh. sé nú staddur í Riga að flytja erindi um íslenska velferðarkerfið en það eru væntanlega einu löndin í heiminum þar sem um þessar mundir er hægt að hæla sér af íslenska velferðarkerfinu eins og það er og það er von að varaformaður Alþfl. skuli vera sendur þangað. Ekki er svo miklu af að má hér í þessu landi.

En hvað sagði þá Alþfl. áður en lagt var af stað í samningana um Evrópskt efnahagssvæði? Hvað sagði hann? Eru samningarnir eins og utanrrh. og formaður Alþfl. kemur með þá í samræmi við það sem Alþfl. lýsti yfir? Alþfl. sagði t.d.: Óskað verði aðlögunartíma og öryggisákvæða varðandi atriði þar sem mikil frávik eru milli evrópskra reglna og íslenskra og á sviðum þar sem smæð og einhæfni atvinnulífs á Íslandi gerir slíkt nauðsynlegt, þar á meðal að því er varðar fjármálastarfsemi og frjálst fjármagnsflæði.

Varðandi fjármagnsmarkaðinn telur Alþfl. að ekki þurfi varanlegri undanþágur en allt að 3–4 ára aðlögunartíma, breytilegan eftir aðstæðum. Forsenda þess að hugsanlegur samningur um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu verði ásættanlegur fyrir Ísland er afdráttarlaus þátttaka í stjórnarákvörðunum svæðisins. Með öðrum orðum: Þegar yfirlýsingar Alþfl. í aðdraganda samningsins eru lesnar, þá kemur það í ljós að samningurinn stenst ekki einu sinni þær kröfur sem formaður Alþfl. gerði til sjálfs sín áður en lagt var af stað í þetta ferli og þó að við lifum á tímum þar sem það sem gerðist í gær virðist vera orðin fjarlæg saga, þá er það auðvitað óhjákvæmilegt fyrir okkur sem erum í stjórnmálum að reyna að líta yfir sviðið til lengri tíma og átta okkur á því hvað hefur verið að gerast. En þó verð ég að segja það, virðulegi forseti, að allra mestum tíðindum sætir það samt að lesa álit Sjálfstfl. frá þeim tíma áður en lagt var af stað, Sjálfstfl., flokks Eyjólfs Konráðs Jónssonar, Björns Bjarnasonar, Tómasar Inga Olrich svo ég nefni samnefnarana sem ég sé hér fram undan. (**Gripið fram í:** Þversniðið.) Þversniðið. Hvað segir Sjálfstfl. þegar lagt er af stað? Sjálfstfl. segir:

„Fulltrúar Sjálfstfl., Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur H. Garðarsson og Ragnhildur Helgadóttir, fagna þeirri mikilvægu samstöðu sem náðst hefur í Evrópustefnunefnd en leggja höfuðáherslu á eftirfarandi:

1. Hvergi verði hvikað frá þeirri stefnu sem ríki Evrópubandalagsins viðurkenndu með bókun 6 frá 1972 sem gildi tók við lok þorskastríða 1976 að Íslendingar einir ættu réttindin til fiskveiða innan 200 mílna efnahagslögsögunnar og breytingar á þeirri stefnu komi ekki til greina." (**EKJ:** Rétt.) Einn samnefnarinn sagði rétt en hinir þegja.

„Eignaraðild útlendinga að fiskveiði- og fiskverkunarfyrirtækjum verði áfram óheimil, sbr. lög nr. 33/1922. Þegar verði teknar upp viðræður við Evrópubandalagið um viðauka við bókun 6 til leiðréttinga vegna breyttra aðstæðna." (**EKJ:** Allt rétt.) Allt rétt. „Á sama hátt ráði Íslendingar einir þeim fullveldisréttindum yfir landgrunninu utan 200 mílna sem þeim ber eftir 76. gr. hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Samningum við nágrannaríkin um sameiginleg landgrunnsréttindi verði hraðað." (**EKJ:** Réttast af öllu.) Ég þakka fyrir þá viðurkenningu fyrir upplestur á þessari ályktun sem ég hef fengið hér ítrekað úr salnum. Það er greinilega rétt lesið. En staðreyndin er hins vegar sú að þarna var greinilega á ferðinni allt annar stjórnmálaflokkur en sá sem núna stendur að samningunum um Evrópskt efnahagssvæði, allt annar stjórnmálaflokkur. Og hvernig er það með formann utanrmn. sem núna hefur allt í einu hlaupið úr salnum? Hann er gjarnan að brigsla einkum framsóknarmönnum um það að þeir hafi snúið við blaðinu í þessu máli. En hann skuldar þingheimi og þjóðinni rök fyrir því að

Sjálfstfl., ef það er svo, skuli hafa horfið frá öllum grundvallaratriðum stefnu sinnar varðandi þennan samning frá árinu 1989. Öllum.

Hæstv. sjútvrh. var þá formaður Sjálfstfl. Hann hefur enga grein gert fyrir því hverju sæti sú kúvending sem flokkur hans hefur tekið í þessu máli, en það er auðvitað augljóst mál að hér er á ferðinni hrein kúvending og um allt aðrar áherslur og allt aðra hluti að ræða en eru í þessum samningsdrögum núna.

Þetta taldi ég mjög mikilvægt að kæmist hér á framfæri, virðulegi forseti, sérstaklega út af þessu aðdragandatali þeirra hv. þm. Björns Bjarnasonar og Tómasar Inga Olrich. Ef það er einhver flokkur sem skuldar Alþingi og þjóðinni skýringu á breyttri stefnu og nýjum áherslum í þessu máli, þá er það Sjálstfl. Það vekur að vísu athygli mína að þingmenn Sjálfstfl. hafa yfirleitt ekki talað í þessu máli. Þeir hafa yfirleitt ekki kvatt sér hljóðs, hvorki um stjórnarskrármálið né heldur um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Það vekur athygli mína. Þeir hafa sárafáir beðið hér um orðið og það kann auðvitað að vera að á bak við það séu þær skýringar að þeir vilji sumir halda í stefnu síns eigin flokks eins og hún var samþykkt og afgreidd á sínum tíma. Eða er einhver önnur ástæða fyrir því? Hafa þeir verið beðnir vinsamlegast um að þegja, eða hvað? Og ætla þeir þá að gera það? Ég trúi því ekki því í þessum hóp eru margir vaskir menn sem láta ekki segja sér að þegja. Auðvitað mun reynslan skera úr um það hver afstaða þeirra verður að lokum í þessu efni en hitt er alveg ljóst að eini flokkurinn sem hefur tekið hér vinkilbeygju í þessu máli er Sjálfstfl. Það liggur fyrir eftir þessum samþykktum sem ég hef hér lesið upp.

Auðvitað má segja hér, virðulegi forseti, að þessi samningur og allt þetta mál sé nauðaeinfalt og í sjálfu sér þurfi ekki um það mjög mikil ræðuhöld. Málið snýst um það að ætlunin er að koma á Evrópsku efnahagssvæði þar sem forréttindi þau sem fylgja ríkisborgararétti í hverju landi eru afnumin. Samkvæmt samningnum er í raun og veru bannað að mismuna mönnum eftir þjóðerni á öllu samningssviðinu. Allt tal ýmissa ágætra manna t.d. um girðingar í þessu sambandi er að mínu mati meira og minna út í hött vegna þess að girðingar sem þjóna hagsmunum t.d. Íslendinga í málinu mundu augljóslega brjóta í bága við undirstöður samningsins sjálfs þannig að menn þurfa í raun og veru ekkert að eyða tíma í að ræða það mál. En ég ætla áður en kemur að almennum atriðum í samningnum sjálfum að leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh. út í nokkur atriði í frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið. Það er frv. sem er upp á fimm greinar.

Ég hef ekki orðið var við það að hæstv. ráðherra gerði grein fyrir því hvað greinar 3 og 4 þýða. 3. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Skýra skal lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja."

Ég spyr hæstv. utanrrh.: Með hvaða hætti er ætlunin að framkvæma þetta þannig að einstök ráðuneyti og ráðherrar gangi þannig frá reglum og stjórnvaldstilskipunum að í engu stangist á við þessa grein? Er ætlunin að setja upp ritskoðunarprófapparat í utanrrn. sem á að passa upp á það að enginn ráðherra eða ráðuneyti fari nokkurn tímann í tilkynningum sínum út fyrir þessa grein? Hvernig á að framkvæma hana?

Svo ætla ég að spyrja hér um 4. gr. sérstaklega sem er satt að segja alveg ótrúleg og jafnvel þó að menn ætli sér að samþykkja þennan samning þá botna ég ekkert í því að menn sem vilja vanda vinnubrögð sín í lagasetningu geti látið sér detta það í hug að samþykkja þessa 4. gr. eins og hún stendur. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ráðherra, sem í hlut á, getur, ef sérstök nauðsyn krefur, sett reglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd EES-samningsins."

Ráðherra sem í hlut á getur sett reglur um framkvæmd samningsins nánast eins og honum sýnist. Þetta jafngildir því að segja: Við skulum afnema lagasafnið, hafa þar stjórnarskrána og setja aftast í stjórnarskrána nýja grein sem orðast svo: Ráðherra, sem í hlut á, getur, ef sérstök nauðsyn krefur, sett reglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd stjórnarskrárinnar. — Og þar með punktur.

Hér er með öðrum orðum um að ræða opið reglugerðarsetningarvald fyrir ráðherra, gjörsamlega opið, og án allra efnislegra leiðbeininga. Í öllum lögum er það þannig að það er tiltekið að ráðherra setji reglugerð á grundvelli þessara laga, þessa kafla eða með hliðsjón af þessari grein, o.s.frv. Ég man eftir því t.d. að fyrir allmörgum árum vorum við gagnrýndir mjög harðlega fyrir opin reglugerðarákvæði í frv. sem flutt var af þáv. forsrh., Ólafi Jóhannessyni. Því ákvæði var síðan breytt þannig að viðkomandi fagráðherrar voru settir inn í málið í öllum tilvikum. En hér er það í raun og veru þannig að það er sagt: Hvaða ráðherra sem er getur sett hvaða reglur sem er um nánari framkvæmd á EES-samningnum.

Ég er algjörlega sannfærður um það, virðulegi forseti, að hér er um að ræða opnara framsal til framkvæmdarvaldsins af hálfu löggjafarsamkomunnar heldur en áður hefur verið gerð tillaga um. Ég segi fyrir mitt leyti, jafnvel þó ég væri hlynntur þessum samningi að öðru leyti en vildi vanda mig við vinnubrögð á Alþingi Íslendinga, gæti ég ekki skrifað upp á þessa setningu. Hún er fyrir neðan allar hellur. Ég bendi á það að fyrir allmörgum árum var hér maður á Alþingi Íslendinga sem Vilmundur hét Gylfason sem flutti um það langar ræður og gerði miklar kröfur um að löggjafarsamkoman fylgdist með framkvæmdarvaldinu og það yrði passað að ráðherrar misnotuðu ekki reglugerðarvald sitt. Ég tel að Vilmundur Gylfason hafi í þessu efni oft gengið mjög langt, en ég get rétt ímyndað mér hvaða orð hefðu verið notuð um tillögu af þessu tagi. Þetta gengur auðvitað ekki. Hér er verið að misbjóða löggjafarvaldinu og ég skora á Alþingi, utanríkismálanefndarmenn og aðra sem um þetta mál fjalla, að beina sérstöku kastljósi að þessari grein vegna þess að hún er algjörlega fráleit, eins og hún lítur út, burt séð frá þessum samningi að öðru leyti eða

stjórnarskrármálinu t.d. að öðru leyti sem hér er mikið rætt.

Varðandi samninginn sjálfan þá má segja að kjarni málsins komi með skýrum hætti fram í 4. gr. og það þurfi í sjálfu sér ekki mikið um það að segja. Þar stendur:

„Hvers konar mismunun á grundvelli ríkisfangs er bönnuð á gildissviði samnings þessa nema annað leiði af einstökum ákvæðum hans."

Það þarf ekki mikið meira að segja um þennan samning. Þetta er lykillinn að þessari galdralæsingu, þessu fjölmúlavíli sem hæstv. utanrrh. er að leggja fyrir Alþingi.

Í raun og veru er mjög athyglisvert að lesa greinargerðina um þessa grein einmitt þar sem það er talið upp nákvæmlega hvaða undanþágur eru heimilar frá 4. gr. Hvaða undanþágur eru heimilar frá þessari grein? Þær eru sex, samkvæmt greinargerðinni á bls. 81.

Í fyrsta lagi: „Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að gerðar séu efnislegar kröfur, t.d. um tungumálakunnáttu umsækjenda í starf eða um að vara eða þjónusta sem falboðin er hæfi íslenskum aðstæðum." — Þetta eru tvö atriði, má segja.

Í öðru lagi: „Sérstakar undanþágur eru tilgreindar frá þessari meginreglu annars staðar í samningnum. T.d. er hægt að áskilja ríkisborgararétt þegar ráðið er í stöður á vegum ríkisins, sem fela í sér sérstakt trúnaðarsamband við vinnuveitanda." — Hér er um að ræða lögreglumenn og slíka aðila. — „Ef allsherjarregla, almannaöryggi eða almannaheilbrigði krefst er einnig hægt að láta sérstakar reglur gilda um erlenda ríkisborgara. Loks má geta þess að tekin eru af öll tvímæli um það í samningnum [eins og það er orðað hér] að Ísland og Noregur geti takmarkað aðgang erlendra ríkisborgara að fyrirtækjum í sjávarútvegi," o.s.frv.

Svo er hægt að setja strangari reglur um ýmsan varning eða starfsemi svo fremi þær reglur gildi jafnt um Íslendinga sem erlenda ríkisborgara og valda ekki hindrunum í milliríkjaviðskiptum innan EES.

Á blaðsíðu 81 í samningsskjalinu eru allar hugsanlegar undanþágur tíndar upp, allar. Þetta er tæmandi upptalning á þeim undanþágum sem heimilt er að veita samkvæmt samningsdrögunum eins og þau líta út. Þess vegna er það fyrir girðingavini alveg sérstaklega fróðlegt að lesa þennan kafla á bls. 81 í greinargerðinni því þar eru taldar upp allar þær hugsanlegu undanþágur sem hér er um að ræða.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að fara yfir einstök atriði í þessu skjali vegna þess að önnur atriði hafa ýmist verið rædd eða þá að þau skýrast mjög skýrt út frá þessum þætti. Ég ætla þó aðeins að víkja að því sem hér hefur verið sagt um forúrskurðina og einkum þeim þætti varðandi forúrskurði sem eru í þessu plaggi. Í þessu plaggi er gert ráð fyrir forúrskurðum og að forúrskurðir verði bindandi, en það er jafnframt sagt í greinargerðinni að þetta ákvæði verði ekki notað nema með sérstakri samþykkt Alþingis, lögum og/eða breytingum á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Þetta ákvæði er ekki í lagi að mínu mati. Það segi ég vegna orða sem fallið hafa fyrr í þessum umræðum. Ég segi það vegna þess að þetta ákvæði er partur af samningnum auðvitað. Menn eru að samþykkja að taka forúrskurðakerfið hér inn á þetta blað þó það þurfi nýja samþykkt í lögum eða stjórnarskrá til þess að koma því í notkun. Það er alveg augljóst mál og við þekkjum það sem höfum lesið eitthvað um samningsferlið að Evrópubandalagið gerði þetta ákvæði um forúrskurðina að ströngu skilyrði af sinni hálfu við afgreiðslu málsins, þannig að hér er auðvitað um það að ræða að Evrópubandalagið, samningsaðilinn, telur að hér sé mjög mikilvægt ákvæði og þess vegna er útilokað fyrir menn að ætla sér, eins og utanrrh. og reyndar einn og einn maður í stjórnarandstöðunni, að ýta þessu máli frá og segja að þetta sé algjört smámál. Þetta er ekki smámál. Það er nauðsynlegt að átta sig á því að þetta er þarna inni og það er skilyrði og það er partur af þessu máli.

Varðandi samninginn að öðru leyti ætla ég út af fyrir sig ekki að fara yfir einstakar greinar í honum, það væri svo sem hægt að finna eitt og annað og það er jafnvel hægt að finna hér skemmtilega hluti sem gætu kannski orðið mönnum til nokkurrar umhugsunar á síðkvöldum. Það fyndnasta í plagginu, hæstv. utanrrh., er undanþágan fyrir Húsatryggingar Reykjavíkur. Húsatryggingar Reykjavíkur á bls. 135 — ég sé að ráðherrann er að fletta þessu skjali, hægri síðu, það fer vel á því. Hvað eru Húsatryggingar Reykjavíkur? Það er einokunarfyrirtæki sem Reykjavíkurborg hefur komið upp í sambandi við húsatryggingar. Við Reykvíkingar verðum að tryggja okkur hjá Húsatryggingum Reykjavíkur, annað er algjörlega óheimilt. Það er bannað að tryggja hjá Vátryggingafélaginu eða hvað þær nú heita þessar sjoppur allar. Það er bannað. Húsatryggingar Reykjavíkur hafa notið skattfrelsis. Þær hafa ekki einu sinni borgað skatta, þetta einokunarfyrirtæki Sjálfstfl. í Reykjavík. Og niðurstaðan er sú að í öllum þessum haug sem ég sé að þingmenn hafa fyrir framan sig, eins og hv. 8. þm. Reykn., í öllum þessum haug, þar sem menn hafa læðst eins og lýs fyrir hverja einustu setningu og milli línanna alls staðar og skoðað með stækkunargleri og í smásjá hvert einasta orð, þá lögðu þeir það á sig þessir miklu snillingar, þessir lúsiðnu embættismenn sem eiga alla mína samúð, að biðja um undanþágu fyrir Húsatryggingar Reykjavíkur. Einokunarfyrirtæki Sjálfstfl. í Reykjavík.

Ég mundi hafa haft gaman af því að heyra hvernig þeir hafa borið orðin Húsatryggingar Reykjavíkur fram á frönsku í þessum viðræðum. Og það veit hv. 5. þm. Reykn. best hér inni hvernig það er gert. Það er gjörsamlega kengfyndið að hugsa sér það að þessi flokkur samkeppnisfrelsisins, viðskiptafrelsisins á Íslandi sem leggur hérna fram fleiri, fleiri tugi þúsunda síðna af pappírum í viðskiptafrelsi, gerir út sérstakan leiðangur til að biðja um áframhaldandi undanþágu á einokun fyrir Húsatryggingar Reykjavíkur. Enda tók ég eftir því að fulltrúar Sjálfstfl. í heilbr.- og trn. voru heldur kengslegir þegar ég var að ræða þetta þar á sínum tíma og voru ekki mjög samkeppnisfrjálsir í framan meðan sú umræða fór fram. Það er auðvitað alveg með ólíkindum, þetta lið og svo þykist það vera að stuðla að einhverju frelsi í viðskiptum. Alveg með

ólíkindum. Þeir fundu tryggingafélag niðri í Sviss, í einhverju þorpi í Sviss (**Gripið fram í:** Og í Þýskalandi.) og eitt eða tvö í Þýskalandi þar sem var svipað kerfi þar sem menn höfðu komið því á að láta alla tryggja hjá einum og sama aðila og láta þennan sama aðila borga fyrir slökkviliðið. Þessir höfuðsnillingar, *embættismenn utanrrh.* og Reykjavíkurborgar, lögðu saman á einni góðri Viðeyjarstund og sögðu: Allt skal frjálst nema tryggingarnar í Reykjavík. Ja, þvílíkt.

Og þannig er það, virðulegi forseti, að þrátt fyrir allt er þetta ekki allt jafnhundleiðinlegt og menn geta ímyndað sér af því að sjá þessa hauga því þarna leyndist þó hlutur sem var býsna fyndinn satt best að segja og kom upp um strákinn Tuma og þetta samkeppnisfrelsislið sem reytir einlægt hár sitt og skegg fyrir samkeppnisfrelsinu þegar peningarnir eru yfirleitt annars vegar — nema Húsatryggingar Reykjavíkur. Húsatryggingar Reykjavíkur! Ja, til hamingju, hæstv. utanrrh. Þvílíkt og annað eins. Kerfisskelfirinn mikli, formaður Alþfl., hann fór með Húsatryggingar Reykjavíkur í leiðangur niður til Evrópu og lét Frakka og Þjóðverja og Breta og hvað þeir nú heita allir, skrifa Húsatryggingar og bera það fram á hinum aðskiljanlegu tungum Evrópu. Kannski flæmsku líka. Ja, þvílíkt.

Nei, virðulegi forseti, því miður er það nú svo að þessir haugar eru ekki skemmtiatriði af þessu tagi nema að mjög takmörkuðu leyti. Það sem ég vildi víkja næst að í sambandi við þennan samning er sú staðreynd að Alþýðusamband Íslands hefur fjallað um þessi mál og það hefur gjarnan verið sett þannig upp af ýmsum aðilum, hef ég tekið eftir, að Alþýðusambandið væri jafnvel bara hlynnt þessu. Það er ekki rétt uppsetning mála. Staðreyndin er sú að Alþýðusamband Íslands hefur sett fjöldann allan af skilyrðum að því er þetta mál varðar. *Fjöldann allan af skilyrðum.* Ég vil inna hæstv. utanrrh. eftir því hvernig þau skilyrði standa.

Í greinargerð miðstjórnar Alþýðusambands Íslands um Evrópskt efnahagssvæði segir svo m.a., með leyfi forseta:

„Alþýðusamband Íslands hefur fylgst náið með framgöngu þessa máls frá upphafi. Í janúar 1990 lýsti miðstjórn sambandsins yfir stuðningi við þá leið sem ákveðin var með samningum á milli EFTA og EB. Af hálfu ASÍ hefur þó alltaf komið skýrt fram að stuðningur við samningana væri háður ýmsum skilyrðum. ASÍ hefur stutt fyrirvara íslenskra stjórnvalda varðandi atvinnu- og búseturéttindi og möguleika útlendinga til þess að taka þátt í atvinnurekstri sem byggist á nýtingu íslenskra náttúruauðlinda.

Meginfyrirvari ASÍ hefur þó tengst þróun félagsmála innan EES og *af hálfu sambandsins hefur alltaf* komið skýrt fram að EES-samningurinn megi ekki að nokkru leyti verða til þess að grafa undan réttindum launafólks á Íslandi."

Síðan segir í greinargerð Alþýðusambandsins:

„Eftir að samningum um Evrópskt efnahagssvæði lauk í október á síðasta ári gerði sambandsstjórn ASÍ tvær ályktanir um samninginn.

Í fyrsta lagi ályktaði sambandsstjórn að efna ætti til þjóðaratkvæðagreiðslu um samninginn.

Í öðru lagi var ályktað um efni samninganna og dregnar fram bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar."

Sambandsstjórn taldi kosti samningsins fyrst og fremst felast í bættum markaðs- og vinnslumöguleikum fyrir íslenskar sjávarafurðir sem nauðsynlegt sé að nýta á sem bestan hátt. Sem neikvæðar hliðar var bent á hættu á yfirráðum erlends fjármagns og hættur vegna opnunar vinnumarkaðarins. Bent var á að á þessum sviðum sé innlend lagasetning nauðsynleg og m.a. var þess krafist að sett verði *innlend löggjöf* og aðrar viðhlítandi ráðstafanir samhliða samningnum sem komi m.a. í veg fyrir undirboð útlendinga á íslenskum vinnumarkaði eins og hv. 9. þm. Reykn. ræddi rækilega í ræðu sinni hér áðan.

Það er gert ráð fyrir því, virðulegi forseti, að þessi mál verði sérstaklega rædd á alþýðusambandsþingi núna í haust, kemur fram í þessari greinargerð.

Alþýðusambandið segir t.d. um stjórnarskrárþáttinn að á hann beri að leggja sérstaka áherslu og hann beri að vanda og að fram skuli fara þjóðaratkvæðagreiðsla um þetta mál. Þarna er Alþýðusambandið í raun og veru *í mjög góðu samspili* við aðra aðila sem fjallað hafa um þennan samning á undanförnum árum og undanförnum missirum og mánuðum en einnig í mjög góðu samspili við fjölda aðila sem tóku afstöðu t.d. á sínum tíma til samninganna um EFTA, Fríverslunarbandalag Evrópu. Þá var það þannig að Samtök frjálslyndra og vinstri manna voru nýstofnuð sem stjórnmálaflokkur — og ég hygg að hæstv. utanrrh. kannist við þann flokk. — Sá flokkur studdi EFTA-samninginn á sínum tíma en sá flokkur og forustumenn hans, og einkum formaður, Hannibal Valdimarsson, lagði sérstaka áherslu á nauðsyn þess að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla *um samninginn á sínum tíma.* Alþýðusambandið er trútt þessari stefnu sem mörkuð hefur verið af Alþýðusambandinu um áratuga skeið og kemur fram í greinargerðinni sem ég var að vitna til.

Í öðru lagi — ég nefni númer eitt sem sagt þjóðaratkvæðið — eru *ákvæðin um félagafrelsið* þannig að Alþýðusambandið hefur miklar áhyggjur af þeim. Þar segir:

„Alþýðusamband Íslands krefst þess að íslensk stjórnvöld hviki ekki frá afstöðu sinni í þessu máli ef til þess kemur að þessir sáttmálar taki gildi á Evrópska efnahagssvæðinu og geri ítarlega fyrirvara um stöðu félagsmála hér á landi þannig að sú framkvæmd sem verið hefur í þeim efnum gildi áfram."

Ég spyr líka hæstv. utanrrh.: Hvað með þennan þátt? Hinn félagslega þátt og þær kröfur sem Alþýðusambandið hefur gert í þeim efnum?

Og ég spyr *um atvinnumálin sem er þriðja meginskilyrði* Alþýðusambandsins. Þar segir:

„Alþýðusambandið bendir á mögulega samvinnu stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um þróunaráætlun í atvinnumálum þar sem t.d. væri lögð áhersla á samvinnu á milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja og fyrirtækjaneta. Alþýðusamband Íslands telur átak í atvinnumálum og iðnþróun vera innanlandsmál þar sem

öruggur og hagstæður aðgangur að Evrópumarkaði gæti stuðlað að því að vel takist til."

Hvar er þetta átak í atvinnumálum sem Alþýðusamband Íslands gerir kröfu um?

Í fjórða lagi hefur Alþýðusambandið ýmislegt að athuga við tilhögunina að því er varðar frjáls atvinnu- og búseturéttindi. Um það segir Alþýðusambandið:

„Alþýðusamband Íslands bendir á að upphaflegir fyrirvarar Íslands um einhliða möguleika á takmörkun innstreymis erlends vinnuafls náðu ekki fram. Þess í stað mun gilda almennur öryggisfyrirvari um alla þætti samningsins. Í samningnum er einhliða yfirlýsing frá íslenskum stjórnvöldum um að öryggisfyrirvarinn verði fyrst og fremst notaður af Íslands hálfu varðandi vinnumarkað og fasteigna- og landakaup. Ekki er sýnt hvaða þýðingu þessi yfirlýsing hefur en öllum ætti að vera ljóst að möguleikar íslenskra stjórnvalda til þess að stöðva tilflutning erlends launafólks eru mun verri innan ramma EES-samningsins en á samnorræna vinnumarkaðnum." — Ég spyr utanrrh. einnig um þetta atriði.

Og Alþýðusambandið heldur áfram í þessari greinargerð:

„Alþýðusamband Íslands hefur miklar áhyggjur af því að opnun vinnumarkaðarins geti falið í sér hættu á undirboðum hvað varðar laun og réttindi. Nauðsynlegt er að tryggja með innlendri lagasetningu og öðrum aðgerðum að slíkt geti ekki gerst. Eitt af því sem einkennir almenna vinnumarkaðinn hér á landi er að í mörgum tilfellum er langt bil á milli umsaminna taxta og raunverulegra greiddra launa. Núgildandi lög um starfskjör launafólks kveða á um að samningar á milli aðila vinnumarkaðarins skuli gilda sem lágmark fyrir alla vinnu sem unnin er hér á landi. Þetta býður þeirri hættu heim að aukið frelsi útlendinga til starfa hér á landi verði til þess að launum verði þrýst niður að taxtakaupi. Við slíkt verður ekki unað og því er nauðsynlegt að finna leiðir til þess að koma í veg fyrir það." — Ég spyr hæstv. utanrrh. í þessu sambandi í fimmta lagi: Hvaða leiðir eru færar í þeim efnum?

Enn fremur segir Alþýðusambandið:

„Samkvæmt núgildandi reglum þarf að leita álits stéttarfélaga vegna atvinnuleyfa allra útlendinga nema Norðurlandabúa. Samkvæmt EES-samningnum þarf ekki að leita umsagnar stéttarfélaga vegna íbúa frá EES eftir að samningurinn tekur gildi. Ljóst er að þessi breyting mun draga mikið úr möguleikum stéttarfélaganna til þess að hafa áhrif á kjör þeirra útlendinga sem hingað koma frá Evrópska efnahagssvæðinu."

Alþýðusambandið ræðir einnig sérstaklega í greinargerð sinni um það sem kallað er „vinna handan landamæra" og segir um það orðrétt, með leyfi forseta:

„Hinn nýi sameiginlegi markaður opnar möguleika á því að fyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins taki að sér verkefni innan annarra ríkja en þessi möguleiki er hluti af frjálsri þjónustustarfsemi. Þetta mun auka samkeppni sem bæði geta haft jákvæð og neikvæð áhrif á íslenskt atvinnulíf. Þannig geta fyrirtæki náð betri nýtingu og afkastagetu en spurningin er hvort íslensk fyrirtæki séu of smá til þess að geta nýtt sér þessa möguleika að einhverju marki."

Og síðan segir Alþýðusambandið:

„ASÍ gengur að því vísu að ráðstafanir verði gerðar bæði innan lands og innan EES sem komi í veg fyrir misnotkun á grundvelli þessara nýju möguleika og bendir þar á þær lágmarksreglur sem verið er að setja í hina félagslegu framkvæmdaáætlun Evrópubandalagsins. Koma verður í veg fyrir misnotkun vegna vinnu handan landamæra í byggingar- og verktakastarfsemi.

ASÍ treystir því að ríkisstjórnin leggi fram lagafrumvarp og geri aðrar viðhlítandi ráðstafanir sem tryggi að þessar kröfur nái fram að ganga." — Og ég spyr í sjötta lagi: Hvar er þetta frv.?

Hér hef ég með öðrum orðum, virðulegi forseti, farið yfir greinargerð Alþýðusambands Íslands eins og hún birtist sl. sumar og lagt fyrir hæstv. utanrrh. nokkrar spurningar. Í þessari greinargerð Alþýðusambandsins er vikið að fleiri atriðum, t.d. ríkisstyrkjum til skipasmíðaiðnaðarins. En menn vita það kannski ekki að þannig er frá hlutum gengið í sambandi við Evrópska efnahagssvæðið að Evrópubandalagsríkin geta haldið áfram að styrkja sinn skipasmíðaiðnað þannig að íslenskur skipasmíðaiðnaður stendur jafnhöllum fæti eftir í samkeppninni og hann hefur gert til þessa við niðurgreiddan iðnað í þessum löndum. Með öðrum orðum, virðulegi forseti, það er rangt sem haldið hefur verið fram að verkalýðssamtökin hafi fortakslaust samþykkt fyrir sitt leyti á neinn hátt að Ísland gerðist aðili að Evrópsku efnahagssvæði. Það er langt frá því. Alþýðusambandið hefur t.d. í þessari greinargerð sett fram milli 10 og 20 skilyrði sem öll eru með þeim hætti að það er í raun og veru alveg óhjákvæmilegt að utanrrh. svari hér við þessar umræður hvort hann ætlar að verða við þessum kröfum ASÍ og ef svo er, þá hvernig.

Virðulegi forseti. Ég hafði í sjálfu sér hugsað mér að víkja hér að ýmsum fleiri atriðum en á hins vegar nokkuð óhægt um vik þar sem hæstv. forsrh. sem þarf auðvitað að svara fyrir ríkisstjórnina í heild í málum þeim sem hér eru á dagskrá er fjarri, einkum og sér í lagi vegna þess að þessi hæstv. ráðherra hefur veist mjög harkalega að fyrrv. ríkisstjórn í þessu sambandi. Ég mun því bregða á það ráð, virðulegi forseti, að ætla mér tíma við umræðuna síðar til þess að gera grein fyrir ýmsum málum nánar en ætla að koma hér aðeins að nokkrum grundvallaratriðum og fyrst því sem fram kom í máli hv. þm. Vilhjáms Egilssonar hér í gær sem flutti satt að segja alveg stórmerka ræðu. Hún var svo hreinskilin.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sagði í raun og veru að hér værum við að taka nýjan sið. Hv. þm. vísaði til þess að Íslendingar hefðu á undanförnum öldum tekið við nýjum siðum annars staðar að með ýmsum hætti. Ég man ekki hvort hann vitnaði beinlínis til kristnitökunnar en ég man ekki betur en hann hafi vitnað a.m.k. til siðaskiptanna í þessu efni. Og það kann út af fyrir sig að vera að það sé þannig að ýmsir telji að þetta sé býsna fjarstæðukennt hjá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni. En ég er nú ekki viss um að það sé alveg

eins fjarstæðukennt og menn vilja vera láta og mönnum kann að sýnast í fljótu bragði. Staðreyndin er að sú hugmyndafræði sem liggur á bak við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði flæðir yfir um þessar mundir og þess vegna kann mönnum að virðast að við eigum kannski fáa aðra kosti en að ákveða að taka við Evrópsku efnahagssvæði eins og það er.

Út af fyrir sig er það mín skoðun að ég tel að Íslendingar geti undir engum kringumstæðum og eigi ekki að einangra sig frá helstu viðskiptalöndum sínum að einu eða neinu leyti og það var þess vegna sem Alþb. fyrir sitt leyti ákvað á sínum tíma að það væri rétt að Íslendingar tækju þátt í þessum viðræðum um Evrópskt efnahagssvæði. Við töldum að það væri skynsamlegt og óhjákvæmilegt og það er í samræmi við þessa afstöðu að ég er að lýsa þessum skoðunum mínum hér. Hitt er hins vegar spurningin og það er það grundvallaratriði sem við stöndum frammi fyrir: Hvernig gerist þetta? Með hvaða hætti og undir hvaða formerkjum? Um það er ágreiningurinn.

Ég heyrði að það var vitnað hér í einn merkan samtíðarmann á dögunum um það að Alþb. hefði ekki tekið afstöðu til fjórfrelsisins heldur bara til rammans. Staðreyndin er auðvitað sú að það er hugsanlegt að setja málin þannig upp þó að það hafi ekki verið gert af hálfu Alþb. Alþb. tók afstöðu til allra þessara þátta í sínum ályktunum. En auðvitað er hugsanlegt að greina þessa hluti með vissum hætti í sundur. Það er auðvitað hugsanlegt að finna mann sem segir: Ég styð fjórfrelsið en ég er andvígur stofnanaþættinum vegna þess að ég tel að hann stangist á við stjórnarskrána. Og það er líka hugsanlegt að finna mann sem segir: Ég styð fjórfrelsið og ég tel stjórnarskrárþættina í lagi að því er varðar EES en ég tel þá ekki í lagi að því er varðar Evrópubandalagsþáttinn. Og ég held að menn megi ekki í útúrsnúningaleik hér, eins og hv. þm. Björn Bjarnason, setja hlutina upp eins og hann hefur gert hér aftur og aftur að menn hljóti í raun og veru að dæma þessa hluti alla með svo að segja einni handasveiflu, í einu höggi. Málið er aðeins flóknara en svo að það sé skynsamlegt og mér finnst að við eigum að geta gert þá kröfu hvert til annars í jafnalvarlegu máli og því sem hér um ræðir að við reynum að fara yfir það á sæmilega vitsmunalegu plani og skiptumst á skoðunum um það eins og það liggur fyrir en ekki með því að gera hvert öðru upp skoðanir, hvorki í fortíð, nútíð né framtíð.

En það er rétt út af fyrir sig sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson segir að það er bersýnilegt að hér er um að ræða *tiltekna hugmyndafræði, tiltekna hugmyndalínu* sem er á bak við þetta mál. Það er út af fyrir sig rétt. Munurinn hins vegar — og ef ég man rétt þá nefndi hv. þm. Vilhjálmur Egilsson kristnitökuna. (**Gripið fram í:** Já, hann gerði það.) En í kristnitökunni voru undanþáguákvæði. *Þar máttu menn blóta á laun og éta* hrossakjöt. Staðreyndin er sú að þessi samningur sem við erum hér að tala um er miklu lakari að þessu leytinu til. Menn mega hvergi hreyfa sig eins og samræmist íslenskum hagsmunum ef þeir í einhverju örlitlu stangast á við þessi fræði þannig að það er í raun og veru gengið lengra í því að selja Ísland í þessum samningi undir hinn nýja sið heldur en í þeim milliríkjasamningi sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson nefndi hér og mun hafa verið gerður í kringum árið 1000. Hér er í raun og veru róið fyrir hverja vík og sagt: Menn skulu gegna á öllum sviðum. Öllum. Hrossakjötið og blótið á laun í þessum textum, þessum þúsundum síðna er Húsatryggingar Reykjavíkur. Þær eru það hrossakjöt og það blót á laun sem mönnum leyfist eftir hinum nýja sið hins mikla kerfisskelfis, Jóns Baldvins Hannibalssonar, hæstv. utanrrh.

Hitt sem var ekki síður merkilegt í ræðu hv. þm. Vilhjálms Egilssonar var það að hann viðurkennir að menn hljóti í framhaldi af þessum samningi að ræða um aðild að Evrópubandalaginu og það gerir hv. þm. Björn Bjarnason í raun og veru líka. Hv. þm. Björn Bjarnason áskilur sér bersýnilega allan rétt til þess að taka það mál fyrir í svo að segja beinu framhaldi af þeim umræðum sem nú eru í gangi um Evrópskt efnahagssvæði. Mér segir svo hugur um að þess sé ekki langt að bíða að þessir hv. þm. muni fara að halda hér langar og ítarlegar ræður um það að við hljótum að ganga í Evrópubandalagið. Hv. þm. Björn Bjarnason er svo vinsamlegur að orða þetta þannig að þetta sé varða á þeirri leið. Hann telur reyndar að stjórnarandstaðan sé líka að flytja frv. um vörðu á þessari leið og þakkar stjórnarandstöðunni samt ekkert fyrir það sem hann ætti þó að gera til að vera sjálfum sér samkvæmur sem hann er nú reyndar sjaldan, þessi þingmaður, þegar um þessi mál er að ræða vegna þess að hann er mest í útúrsnúningaleikjum. Látum það nú vera.

Spá mín er sú að þessir menn, leiðtogi Verslunarráðsins og formaður efh.- og viðskn. Alþingis, og hv. þm. Björn Bjarnason muni hér áður en mjög langur tími líður, ég segi ekki áður en næsta ár er allt, koma með beinar tillögur um það að við athugum rækilega hvort við eigum ekki að verða aðilar að Evrópubandalaginu með beinum hætti. Það er augljóst af því hvernig þessir menn haga orðum sínum að þeir hafa allt opið í þessu efni, *allt opið og það þarf nú ekki að tala mikið* um Alþfl. í því sambandi vegna þess að hann hefur alltaf verið til í verk af þessu tagi. Ég tel líka að þessir menn muni í umræðum um málin á næsta ári og þegar fram á það kemur hafa með sér einn þátt sem ég gerði hér að umræðuefni fyrr í umræðum um þessi mál og var lagt út með býsna sérkennilegum hætti í sjónvarpsfréttum í gærkvöldi en það er það að samkvæmt reglum EES er það EB sem ræður. EB hefur tillöguréttinn. Við höfum ekki tillögurétt. Við höfum málfrelsi. *Við höfum málfrelsi en ekki tillögurétt í raun og veru.* Og að við munum standa frammi fyrir því þegar reglugerðarfargan Evrópubandalagsins fer að hvolfast hér yfir á næsta ári og þarnæsta, þá munum við segja margir: Hvert er þá orðið okkar starf? Hver er þá orðinn okkar hlutur? Og er þröngt fyrir dyrum okkar kotkarla hér í þessari stofnun þegar hinir stóru aðilar senda hina miklu pósta hingað inn og við sitjum hér með stimplana og færibandið og segjum já takk og já takk og já takk, vegna þess að auðvitað er það þannig að eftir að menn eru á annað borð komnir hérna

inn í samtök af þessu tagi, þá munu þeir auðvitað ekki fara að vísa frá ýmsum málum sem þarna er um að ræða vegna þess að þar er um að ræða hreinar tæknilegar afgreiðslur. En eftir stendur það að við þingmenn á Alþingi Íslendinga erum í niðurlægjandi færibandsafgreiðslu, ekki fyrir ríkisstjórn Íslands heldur í raun og veru fyrir Evrópubandalagið. Og það er þetta sem þessir menn ætla sér að bjóða okkur.

Það var mjög merkilegt viðtal sem kom snemma á þessu ári í sjónvarpinu þar sem Árni Snævarr fréttamaður greindi frá því hvernig þessi mál eru í Danmörku, og nú eru Danir í Evrópubandalaginu þannig að málið er ekki að öllu leyti sambærilegt, að sjálfsögðu ekki, en það er sambærilegt að því er samningssviðið varðar. Árni Snævarr sagði 21. apríl sl., með leyfi forseta:

„25 af 152 lagafrumvörpum sem lögð voru fram á danska þinginu á fyrri helmingi síðasta árs voru í raun aðeins staðfestingar á því sem þegar hafði verið ákveðið á vettvangi Evrópubandalagsins í Brussel.“ — 25 af 152 lagafrumvörpum. — „Þetta hlutfall, eitt af hverjum sex frumvörpum, er þó hærra í ákveðnum málaflokkum, t.d. iðnaðar- og samgöngumálum og fimm af sjö frumvörpum sem fjölluðu um landbúnað voru EB-frumvörp.

Ekki er síður athyglisvert að líta á fjölda lagalega bindandi ákvarðana af hvaða tagi sem þær eru. Á síðasta ári töldust 3.200 reglur sem gilda í Danmörku jafnt og öðrum EB-ríkjum hafa verið settar í Brussel, en á sama tímabili hafa aðeins 964 lög og reglugerðir sem gilda í Danmörku verið settar að frumkvæði Dana.“

Þetta eru hlutföllin þarna og auðvitað ber að endurtaka það svo að öllu sé til skila haldið að það er ekki þar með sagt að það verði nákvæmlega sömu hlutföll hér. En hitt er auðvitað alveg ljóst að það er fjöldinn allur af slíkum málum sem mun berast hingað inn í þingið og menn verða að samþykkja, menn verða að hneigja sig og beygja og þá er ég sannfærður um að einn og einn þingmaður, jafnvel úr Sjálfstfl., mun segja: Þetta gengur ekki. Ég læt ekki bjóða mér þetta. Frekar fer ég bara þarna inn til að hafa áhrif á það hvað verður sent til Íslands upp að Austurvelli.

Það er þessi staðreynd sem menn eins og hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, og hv. 3. þm. Reykv., Björn Bjarnason, treysta á að sé aðeins fyrsta skrefið og menn muni síðan halda áfram inn í Evrópubandalagið af því að við erum eins og við erum. Við sættum okkur ekki við niðurlægjandi færibandaafgreiðslu fyrir miðstöð Efnahagsbandalags Evrópu.

Um þetta atriði hafa hins vegar þessir þingmenn Sjálfstfl., sem hér hafa talað eða Alþfl. enn síður auðvitað ekki rætt nokkurn hlut. Hefur nokkur alþýðuflokksmaður talað fyrir utan hv. 11. þm. Reykn. og hæstv. utanrrh.? Auðvitað ræða menn þetta ekki mikið en þetta er þó grundvallaratriði.

Þá kem ég að því: Er það þannig að hæstv. utanrrh. sé sem einstaklingur og sé sem alþingismaður svo viss um að hann sé að gera rétt í þessu máli að hann telji það við hæfi fyrir sig og sína samvisku að láta þetta ganga yfir þjóðina? Mér heyrist hann ætla að gera það og mér heyrist hann vera sannfærður um að þetta sé rétt og hann ætli að kýla þetta áfram hvað sem það kostar. Ávinningarnir sem hann hefur rakið eru í raun og veru allt of litlir að mínu mati miðað við þá áhættu sem hér er uppi. En ég verð að segja það alveg eins og er, virðulegi forseti, að maður spyr sig að því aftur og aftur: Til hvers er þessi samkoma? Hvað eru menn að gera hér sem láta sér það í léttu rúmi liggja að bjóða Alþingi upp á þessi ósköp sem fram undan eru?

Það er stundum verið að tala um virðingu fyrir Alþingi. Stundum er verið að biðja þjóðina um að bera virðingu fyrir Alþingi, en ég spyr: Berum við virðingu fyrir okkar eigin verkum? Erum við alltaf örugglega að vanda okkur eins og við lifandi getum? Svarið er: Nei, við erum ekki að því. En mín skoðun er sú að við eigum a.m.k. í máli af þessu tagi að vanda okkur eins vel og við lifandi getum og leita spurninga alveg innst í hugskot okkar um það, ekki hvort við erum að gera rétt gegn einhverjum hér á Alþingi, einhverjum öðrum flokki eða fyrir okkar flokk heldur fyrir þá þjóð sem spyr að leikslokum og þarf að búa við þennan samning og samningsákvæði um nokkur ókomin ár, sennilega ekki mjög mörg af því að ég spái því, og endurtek það að verði Ísland aðili að þessum samningi, þá spái ég því að fyrir lok næsta árs muni heyrast hér á Alþingi raddir sem segja: Við skulum halda áfram. Og þess vegna segi ég við þá sem eru núna tvístígandi: Það er mikil ábyrgð lögð á herðar þeim mönnum sem segjast vera á móti Evrópubandalaginu en ætla í raun og veru að líta á þetta mál sem einhverja varnarlínu í þeim efnum. Það er svo fullkomin fjarstæða að það tekur engu tali. Þetta er engin varnarlína í þessu máli. Engin varnarlína.

Ég hafði, virðulegi forseti, hugsað mér að ræða hér nokkuð um undirbúninginn að þessum málum að öðru leyti, m.a. varðandi iðnaðinn og hvernig að þeim málum er staðið, hvernig hæstv. iðnrh. hefur staðið að þeim málum, en ég sé að hann er ekki vakandi frekar en aðrir ráðherrar hér þannig að ég nenni ekkert að vera að eyða tíma í að varpa sérstaklega orði á hann. Hæstv. iðnrh. hefur mikla reynslu í þessum efnum, Hann skrifaði skýrslu fyrir ríkisstjórnina árið 1970 þegar aðildin að EFTA var á dagskrá og benti á margar mjög gagnlegar hugmyndir í þróunarmöguleika íslensks iðnaðar, afar fróðlegar, þar sem væri hægt að ná alveg gífurlegum möguleikum fyrir íslenskan iðnað. Það frumlegasta í þessu sérfræðingaáliti sem hann skrifaði, m.a. ítarlega um prjónlesiðnaðinn, niðursoðið og niðurlagt grænmeti, húsgagna- og innréttingasmíði, sem er nú eiginlega horfin á Íslandi en hann rakti ítarlega þá möguleika að Íslendingar yrðu bráðum allir að vinna við að framleiða stóla og borð fyrir Evrópu, hundrað þúsund borð, milljón stóla, var einhvern tíma sagt — en það frumlegasta af öllu í þessari skýrslu hæstv. iðnrh. er það þar sem hann bollaleggur verulega möguleika Íslendinga til skartgripasmíði. Hann telur að það muni réttlæta mjög aðildina að EFTA að Íslendingar leggist hér í gífurlega skartgripasmíði. Og þá var það nú þannig að ríkisstjórnin

sem þá var var með áætlanir um stórfelld tækifæri af ýmsu tagi í íslenskum iðnaði og hafði tekið frá smápeninga í því skyni, einhverjar milljónir. Sú stjórn sem nú situr er ekki einu sinni með peninga í þessu sambandi. Hún er ekki að gera neitt til þess að tryggja það að sjávarútvegur eða iðnaður geti notað þessa möguleika sem menn eru að telja sér trú um að séu á þessum pappírum. Það er ekkert verið að gera. En í sjálfu sér nenni ég ekki að tala mikið við hæstv. iðnrh. um þetta mál, alla vega ekki á þessum fundi þar sem hann er í burtu þó að það hefði kannski verið gaman fyrir þingheim á þessum kvöldfundi að heyra lesið upp úr greinargerð þessa núv. iðnrh. um skartgripasmíði Íslendinga frá árinu 1970. Ég ætla ekki að fara ítarlegar út í það, virðulegi forseti. Og þar sem hæstv. forsrh. getur heldur ekki vaknað, þá ætla ég heldur ekki að ræða ítarlega um þau mál sem snúa að honum en aðeins að benda á að frá því að hafist var handa við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði á sínum tíma hefur margt breyst. Það hefur margt breyst. Ekki aðeins hefur stefna Sjálfstfl. breyst að því er virðist í grundvallartriðum, ekki aðeins höfum við breyst með ýmsum hætti sem hér erum heldur hafa allar aðstæður breyst í grundvallaratriðum. Og það viðurkenna allir og meira að segja hæstv. utanrrh.

Hæstv. utanrrh. sagði í skýrslu sinni til Alþingis í mars 1992, með leyfi forseta: „Þegar samningarnir um EES hófust fyrir þremur árum var heimurinn allur annar en hann er nú."

Í öðru lagi sagði hann: „Hinar pólitísku forsendur sem leiddu til EES-samninganna virðast ekki eiga við lengur, hvorki við EB né EFTA." — Þetta sagði hæstv. utanrrh.

Í þriðja lagi: „Hefur hin hraða rás viðburðanna hlaupið fram úr hugmyndasmiðum hins Evrópska efnahagssvæðis? Hefur EES í ljósi breyttra aðstæðna glatað tilgangi sínum?" — Þetta er líka tilvitnun í hæstv. utanrrh.

Og svo segir hæstv. utanrrh. í þessari sömu skýrslu, orðrétt: „Trúir því einhver að Evrópska efnahagssvæðið fái staðist sem tveggja stólpa brú sem hvílir annars vegar á stólpa útvíkkaðs Evrópubandalags með 17 aðildarríkjum og 370 millj. íbúa og hins vegar á brúarstólpa Íslands og Liechtensteins með innan við 300 þús. íbúa?" — Þetta var tilvitnun í utanrrh.

Þessar staðreyndir sem hér eru upp úr skýrslu utanrrh. frá árinu 1991 blasa allar við í dag auðvitað enn þá skýrar en þá þegar þetta var skrifað. Þetta var skrifað af mikilli framsýni af hæstv. ráðherra. Ég held að við þurfum öll að gera okkur grein fyrir því að hafi þessi lausn, sem menn telja sig finna í Evrópska efnahagssvæðinu, verið vafasöm fyrir þremur árum, þá er hún enn þá hæpnari í dag.

Ég hef orðið var við það, virðulegi forseti, að einn og einn þingmaður telur þó að í þessum málum felist einhver lausn á alvarlegustu efnahagsvandamálum Íslands í dag. Ég hef orðið var við það að einn og einn þingmaður er að skrifa leiðara í stjórnarmálgögnin og telur að aðild að Evrópsku efnahagssvæði geti orðið sérstaklega til þess að leysa úr atvinnuvandamálum fólks víðs vegar um landið. Og ég segi við þá menn sem skrifa svona leiðara og halda þessu fram: Það er ljótt að blekkja fólk með þessum hætti. Það er ljótt.

Ég tók eftir því að hv. 11. þm. Reykn. flutti hér afskaplega fallega og bjartsýna ræðu um hið Evrópska efnahagssvæði og hvað það gæti í raun og veru leyst úr miklum vanda fyrir íslenskt efnahagslíf. Það er blekkingastarfsemi. Og ég vil líka segja það að ég er viss um að þingmaðurinn gerir sér ekki grein fyrir því út fyrir sig. En ég tel að málflutningur af þessu tagi sé hrein og klár blekkingastarfsemi og ekkert annað. Þess vegna verð ég að segja það hér, virðulegi forseti, að mér fyndist með hliðsjón af þessu, stjórnarskrárþættinum, þeim skoðanakönnunum sem liggja fyrir, að þá ættu utanrrh. og forustumenn Sjálfstfl. að athuga það mjög vandlega hvort ekki er skynsamlegra að ýta þessu máli til hliðar um sinn og athuga mjög gaumgæfilega hvert þetta mun leiða okkur og hvað við getum haft upp úr þessu.

Ég sagði það hér fyrr í kvöld í minni ræðu að þetta mál væri í raun og veru þríþætt. Það væri í fyrsta lagi spurningin um fjórfrelsið svokallaða, í öðru lagi spurningin um það hvort stofnanaþátturinn stangaðist á við stjórnarskrána eða ekki og í þriðja lagi væri það Evrópubandalagsþátturinn og það að Evrópubandalaginu er fengið mjög mikið vald með þessu. Ég skal alveg játa það hér, virðulegi forseti, úr þessum ræðustól að það var þetta síðasta sem réði í raun og veru algjörum úrslitum um mína persónulegu afstöðu að lokum í þessu máli. Það að Evrópubandalaginu er fengið eins mikið vald og kemur t.d. fram í 6. gr. samningsins gerir það að verkum að ég tel að ég geti með engu móti sem alþingismaður stutt samning af þessu tagi. Ég geti það ekki. Út af fyrir sig tel ég að vafinn sem hreyft er af lögfræðingunum sé nægilega rík ástæða til þess að setja þetta mál í dóm þjóðarinnar, stjórnarskrá eða þjóðaratkvæði. En ég viðurkenni út af fyrir sig að um það geta verið deildar meiningar. Ég hef mína skoðun á því. En það að ætla sér að afhenda hluta af ríkisvaldinu þrígreinda í hendurnar á samtökum sem við erum ekki í, það megum við ekki gera. Við megum ekki gera það. Jafnvel þó svo sé að einhverjir okkar hafi átt aðild að þessum málum á fyrri stigum, þá megum við undir engum kringumstæðum láta það henda að við gerum þjóðinni það að við afhendum hana og hagsmuni hennar inn í samtök þar sem við ráðum engu og tökum í staðinn upp niðurlægjandi færibandavinnu fyrir aðila sem við erum ekki hluti af. Og ég trúi því ekki að það finnist margir þingmenn hér í salnum nú og næstu daga sem láta bjóða sér það, jafnvel þó þeir séu í stjórnarflokkunum vegna þess að þeir eiga auðvitað eins og allir alþingismenn og allir Íslendingar sjálfstæða æru, alltaf í öllum málum en frekar í þessu máli en nokkru öðru máli sem hefur verið lagt fyrir Alþingi frá því að lýðveldið var stofnað á Íslandi.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 9. þm. Reykv. vék hér nokkuð að afstöðu sjálfstæðismanna um það bil sem fyrri ríkis-

stjórn tók þá ákvörðun að hefja þessa samninga og taka boði Evrópubandalagsins um það að yfirtaka 70–80% af allri löggjöf Evrópubandalagsins. Það er vissulega rétt sem fram kom hjá hv. þm. að Sjálfstfl. lagði þá áherslu á að reyna til þrautar tvíhliða samninga við Evrópubandalagið. Vegna hvers? Vegna þess að við bentum þá þegar á að líklegt væri að aðrar EFTA-þjóðir mundu fyrr en síðar gerast aðilar að Evrópubandalaginu og við bentum á að það væri hluti af þessum samningum að yfirtaka svo stóran hluta af löggjöf Evrópubandalagsins. En hverjir komu í veg fyrir það að við þessum óskum yrði orðið? Það voru m.a. ráðherrar Alþb., hv. 9. þm. Reykv. sem með valdaaðstöðu sinni í páv. ríkisstjórn kom í veg fyrir að þetta yrði reynt. Við töldum á hinn bóginn, og það kom fram í afstöðu okkar þá, að það væri Íslendingum mjög mikilvægt og nauðsynlegt að tengjast þeirri nýju efnahagssamvinnu sem hefur verið að ryðja sér til rúms í Evrópu með samningum og við mundum styðja samningaviðræður með öðrum EFTA-þjóðum um Evrópska efnahagssvæðið ef okkar megintillögur næðu ekki fram að ganga og við höfum staðið við það.

Skaftfellskir vatnamenn hafa gjarnan sagt að það væri hið mesta óráð að snúa hestunum við í miðju straumvatninu. Og ég held að það væri hið mesta óráð nú að fara að snúa við þegar við erum að ná landi í þessum samningum. En ef hv. þm. hefði á sínum tíma haft skilning á þessum sjónarmiðum, þá hafði hann tækifærið þá. Hann notaði það til annars og allar staðreyndir í þessu máli sem hann ber fyrir sig nú voru ljósar þá.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þetta hreinskilna svar og sérstaklega finnst mér athyglisvert að hann skuli áfram undirstrika stefnu Sjálfstfl., undirstrika þá stefnu sem Sjálfstfl. hafði. Hann segir að vísu að það hafi einhverjir menn komið í veg fyrir það að hann framkvæmdi þessa stefnu á sínum tíma. Hann rökstyður afstöðu sína í dag, ekki með því að stefnan sé röng, hann ítrekar stefnu Sjálfstfl., heldur með því að hann hafi lélega vatnahesta og treysti sér ekki til að snúa við í miðju fljótinu. Og þá vil ég segja við hann: Það eru fleiri hér í þingsalnum en Alþfl. Það eru fleiri vatnahestar til heldur en hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Bestu vatnamenn snúa ekki reiðhestum sínum við í miðju straumvatninu og allra síst þegar þeir eru að koma að landi handan árinnar.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Það er ljóst, virðulegi forseti, að hæstv. sjútvrh. treystir ekki sínum vatnahestum um þessar mundir. Ég skil hann vel.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eftir að hafa gagnrýnt þann sem hér talar og raunar fleiri þingmenn Sjálfstfl. fyrir að hafa snúið sér of mikið að fortíðinni, þá sneri hv. 9. þm. Reykv. sér að fortíðinni sem eðlilegt er að gera og gerði grein fyrir því hvernig hann lítur á aðdraganda þessa máls sem er óhjákvæmilega hluti af öllu hinu pólitíska dæmi, öllum hinum stjórnmálalega bakgrunni þessa máls.

Það sem mig langar til að vekja athygli á er að það virðist hafa komið þingmanninum gjörsamlega á óvart að þessi samningur er byggður á forsendum Evrópubandalagsins. Í skýrslum frá 1990 er skýrt að jafnvel á árinu 1989 var ljóst vegna þess sem hafði komið fram í starfi stjórnarnefndar EFTA og EB að samningarnir yrðu að byggjast á því að fella viðeigandi reglur bandalagsins sem þegar hefðu verið mótaðar og sem aðilar mundu skilgreina sameiginlega á einn eða annan hátt í samning sem sameiginlegan lagagrundvöll fyrir það Evrópska efnahagssvæði sem komið yrði á. Þetta var ljóst frá upphafi og þess vegna spyr ég hv. þm.: Hvernig stendur á því að þetta kemur honum á óvart nú?

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er misskilningur hjá hv. þm. Það sem hann þarf að muna eftir í þessu sambandi er það að þegar lagt var af stað, þá var gert ráð fyrir svokallaðri tveggja stoða lausn, þar sem gert var ráð fyrir því að EFTA-ríkin annars vegar og Evrópubandalagið hins vegar mynduðu stoðir sem hefðu a.m.k. formlega tiltölulega jafna stöðu. Breytingar urðu svo á þessu við meðferð málsins síðar þannig að það kom mér út af fyrir sig ekkert á óvart að við værum að semja við Evrópubandalagið. Það sem gerðist var hins vegar það að að lokum ákváðu menn að taka upp annað stjórnkerfi en um hafði verið talað. Og það er líka ljóst að í framtíðinni þegar öll þessi ríki sem voru með okkur í samningunum eru búin að sækja um aðild að EB, þá verður þetta engin tveggja stoða lausn lengur. Þá er ekki hægt að tala um stoð EFTA-megin eins og hv. þm. veit og skilur og m.a. kom mjög glöggt fram í tilvitnun í hæstv. utanrrh. sem ég las upp hér áðan.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að hv. þm. hafi ekki svarað mér fyllilega. Ég var að tala um að það hefði verið boðið upp á að EFTA-ríkin gerðust aðilar að grunni sem var kominn frá Evrópubandalaginu.

En annað mál sem mig langar einnig til að færa hér í tal er það að nú virðist það koma hv. þm. Svavari Gestssyni mjög á óvart að í 4. gr. þessa samnings standi: „Hvers konar mismunun á grundvelli ríkisfangs er bönnuð á gildissviði samnings þessa nema annað leiði af einstökum ákvæðum hans.“ Þetta getur tæplega komið þingmanninum á óvart vegna þess að í skýrslu frá 1990 er afnám mismununar vegna þjóðernis skilgreint sem meginmarkmið EES-samningsins þannig að þetta hefur legið fyrir frá upphafi og ég spyr þá: Hvernig getur boðskapur eins og sá sem er í 4. gr. samningsins komið eins og þruma úr heiðskíru lofti yfir þingmanninn nú?

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er einnig misskilningur hjá hv. þm. Þetta kom ekki eins og þruma úr heiðskíru lofti yfir mig. Ég var að útskýra það áðan að 4. gr. er auðvitað lykillinn að þessu fjölmúlavíli sem samningurinn er í heild og meginatriði málsins. Hins vegar var það þannig að þegar menn voru að fjalla um þessi mál í tíð síðustu ríkisstjórnar, þá var gert ráð fyrir ákveðnum efnislegum fyrirvörum, t.d. á sviði landbúnaðar, sjávarútvegs, orkumála og fleiri þátta. Hæstv. utanrrh. óskaði þá eftir því að allir þessir fyrirvarar yrðu settir til hliðar og það var þess vegna sem hann fékk aldrei samningsumboð hjá fyrrv. ríkisstjórn til þess að ljúka þessu máli. Samningsuppboð fékk hann ekki fyrr en 5. maí 1991 í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég varpaði fram því sjónarmiði hér fyrr í kvöld að það væri fullkomlega óeðlilegt að umræða um svo mikilvægt mál eins og þetta færi fram á þann hátt að ýmsir mikilvægustu ráðherrar málsins væru fjarverandi. Nú hefur það komið í ljós að hv. þm. Svavar Gestsson varð að víkja frá fjölmörgum efnisatriðum sem hann ætlaði að taka hér til meðferðar vegna þess m.a. að hæstv. forsrh. var ekki við umræðuna og hefur þó hæstv. forsrh. borið hv. þm. Svavar Gestsson og okkur þingmenn Alþb. sem vorum ráðherrar í síðustu ríkisstjórn mjög þungum sökum, en kýs hins vegar að haga vinnubrögðum sínum með þeim hætti að taka veislur fram yfir þá umræðu sem hér er í kvöld til þess að komast hjá því að þurfa að eiga orðastað við þingmenn. Þetta gengur auðvitað ekki að ráðherrar og það forsrh. geti með þessum hætti skotið sér hjá því að taka þátt í umræðunni og þingmenn verði að sleppa veigamiklum þáttum úr sínu máli vegna þessa. Þetta er eitt stærsta málið ef ekki það stærsta sem fjallað hefur verið um í áratugi á þessu þingi og það er ekki hægt, virðulegi forseti, að bjóða þingmönnum upp á það að ráðherrar geti borið þá sökum og síðan ekki mætt til umræðunnar þegar þess er óskað.

Ég óskaði eftir því við forseta þingsins hér fyrr í kvöld að það yrði skýrt nánar með hvaða hætti ætti að fara með umræðuna því að forseti þingsins getur ekki sett okkur þingmenn í þá stöðu að við getum ekki nýtt málfrelsi okkar í þessum umræðum vegna fjarveru ráðherra, og það forsrh. landsins, sérstaklega í máli sem er talið svo mikilvægt að þjóðþingið er kallað saman í ágústmánuði til þess að fjalla um það. Þetta er fyrsti kvöldfundurinn um málið og þá hafa ráðherrarnir nær allir nema utanrrh. og sjútvrh. einhverju öðru að sinna. Ég vil þess vegna mælast til þess að annaðhvort verði gert hlé nú svo að menn geti ráðskast um framhaldið eða þá að þessum fundi verði lokið hér og nú, kl. hálftólf, en það gengur ekki að setja þingmenn, m.a. þá sem eru hér næstir á mælendaskránni í sömu stöðu og hv. þm. Svavar Gestsson. Það gengur ekki, virðulegi forseti. Þess vegna óska ég eftir því að gert verði hlé á fundinum í einhverjar mínútur þannig að hægt sé að ræða við forseta þingsins um málið því að það er upplýst að forsætisnefnd hefur ekkert komið saman síðan hún var kosin til þess að ræða störf í þinginu og á ekki að koma saman fyrr en 9. sept., sem er svo sérkennilegt að maður á varla orð yfir það að ný forsætisnefnd á að koma saman á sinn fyrsta vinnufund 9. sept., svo þá verður að beina þessum orðum til forseta þingsins. Ég óska eftir að gert verði hlé á fundinum svo að hægt sé að ræða framhaldið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hefur ákveðið að verða við því og verður nú þessum fundi frestað í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fundi er fram haldið í Alþingi. Þessari umræðu verður nú frestað til fundar á fimmtudaginn og málið tekið út af dagskrá.

Umræðu frestað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Annað dagskrármálið er tekið út af dagskrá. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Fundi er slitið.

12. FUNDUR

miðvikudaginn 2. sept.,
1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kjaradómur, stjfrv., 19. mál, þskj. 19. — 1. umr.
2. Kjaradómur og kjaranefnd, stjfrv., 46. mál, þskj. 47. — 1. umr.
3. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, stjfrv., 47. mál, þskj. 48. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi höfðu:

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Eiður Guðnason umhvrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.,
Finnur Ingólfsson, 11. þm. Reykv.,
Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. v.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Jóhanna Sigurðardóttir félmrh.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,

Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjals:
Lánafyrirgreiðsla við húseigendur, 65. mál, fsp. JÁ, þskj. 67.

Um þingsköp.
Beiðni um utandagskrárumræðu.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:
Virðulegi forseti. Ég kveð mér hér hljóðs um gæslu þingskapa þar sem í dag er liðin nákvæmlega vika síðan ég bað um utandagskrárumræðu af lengri gerðinni um stöðuna í atvinnu- og efnahagsmálum. Forseti tók þeirri beiðni vel. Sömuleiðis hæstv. forsrh. sem sagðist vera tilbúinn í umræðuna. Ég tók því hins vegar með skilningi að það kynni að dragast fram í þessa viku að þessi, að mínu mati og ég held að mati mikils meiri hluta þjóðarinnar, brýna umræða færi fram. Nú þegar komið er fram í miðja þessa viku og engin svör hafa enn komið um það hvenær þessi umræða fari fram þá hlýt ég að spyrja virðulegan forseta hvort ekki styttist í þessa umræðu. Með fullri virðingu fyrir umræðu um Evrópskt efnahagssvæði þá er þetta það mál sem öðru fremur brennur á þjóðinni í dag.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Forseti tekur undir að það mál sem hv. 6. þm. Norðurl. e. óskar eftir að ræða utan dagskrár brennur á þjóðinni í dag. Það er rétt sem fram kom í hans máli að forseti tók vel beiðni um að hér mætti fara fram utandagskrárumræða um þetta mál. En jafnframt svaraði forseti því til að undir eins og 1. umr. um það mál sem þetta þinghald á fyrst og fremst að fjalla um, EES-frumvarpið, væri lokið þá gæti þessi utandagskrárumræða farið fram. Forseti var bjartsýnn og taldi möguleika á að það gæti gerst í þessari viku. Vikan er nú ekki enn alveg liðin, morgundagurinn er eftir. Hv. þm. og forseti hittust hér fyrir utan dyrnar í morgun og ræddu þetta aðeins þá og niðurstaða þess samtals var einmitt sú, og það er eina svarið sem forseti getur enn þá gefið, að við sjáum hvernig málin þróast á morgun. Svo framarlega sem við sjáum fyrir endann á umræðunni um EES-málið þá mun svo sannarlega verða orðið við þeirri ósk að hefja þessa utandagskrárumræðu.

Forseti vill jafnframt geta þess að fyrir liggur beiðni frá þingflokki Alþb. um sams konar utandagskrárumræðu eða hliðstæða, þ.e. um sjávarútvegs- og atvinnumál. Þetta var m.a. eitt af því sem forseti taldi sig eiga erindi við þingflokksformenn um í gærmorgun, að kanna möguleika á að ljúka EES-umræðunni, hugsanlega í gær með tilliti til þess að þessi utandagskrárumræða mætti fara fram á morgun. En málið stendur enn þá opið og forseti getur því miður ekki gefið önnur svör en hún hefur gefið nú.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:
Virðulegi forseti. Ég hef í þessu máli viljað sýna stjórn þingsins allt það umburðarlyndi sem mögulegt er, m.a. vegna þess að ný forsætisnefnd er að fóta sig við stjórn þingsins. Ég hlýt hins vegar að benda forseta á það að samkvæmt eðli málsins þá fer utandagskrárumræða fram um mál sem eru svo brýn að þau geta ekki beðið eftir að komast að samkvæmt þeirri eðlilegu þingmálaröð sem er í gangi á hverjum tíma. Ég held að sá sem hér talar og virðulegur forseti séu alveg sammála um það að hér er um að ræða mál sem er það brýnt að mjög nauðsynlegt er að það verði tekið á dagskrá.

En ég ítreka hér hver er andi þingskapanna gagnvart slíkum beiðnum um utandagskrárumræðu auk þess sem ég minni á ummæli hv. 4. þm. Reykv., fráfarandi formanns utanrmn., að það liggi nú ekkert á með þessa EES umræðu. Því held ég að það sé miklu brýnna að við komum atvinnumálaumræðu hér í gang og við brýnum ríkisstjórnina í þeim málaflokki.

Jóhann Ársælsson:
Virðulegur forseti. Mér finnst þetta ótrúlega mikil stífni af hendi hæstv. forseta, að vilja ekki ljá máls á að taka þessar umræður á dagskrá. Eins og menn sjá hafa þrjú mál verið tekin inn á dagskrá þessa fundar. Það hefur verið afstaða forseta að þessar umræður, sem hefur verið beðið um núna utan dagskrár, kæmu ekki á dagskrá fyrr en búið væri að ræða til enda EES-málið, stjórnarskrármálið og þau mál sem núna eru á dagskránni. Mér finnst þetta ótrúlega mikil stífni einfaldlega vegna þess að EES-umræðan er ekki það langt komin. Við vitum ekkert hvort henni getur lokið á einum, tveimur eða jafnvel þremur dögum. Auk þess er utanrmn. að fást við það mál og hefur ekki gert það að skilyrði að 1. umr. um það hér í þinginu ljúki áður en hún fjallar um það. Hún er sem sagt með það í umfjöllun þannig að það tefur ekki meðferð málsins að því leyti. Þess vegna hefði ósköp auðveldlega mátt fresta þeirri umræðu eða a.m.k. leyfa svona brýnum umræðum eins og við erum að tala um að komast fram fyrir.

Ég sé ekki hvers vegna svona er staðið að málum. Mér finnst að það þurfi að ræða þetta alvarlega í forsætisnefndinni og finnst mjög undarlegt að heyra fréttir af því að fyrsti raunverulegi fundur nýkjörinnar forsætisnefndar eigi ekki að fara fram fyrr en 9. þessa mánaðar. Það er aldeilis ótrúlegt. Það er kominn svolítill spotti síðan við kusum þessa nefnd og mér finnst undarlegt að heyra fréttir af því að hún skuli ekki eiga að koma saman fyrr en 9. þessa mánaðar til þess að ræða um framhaldið á þingstörfunum. Ég varð fyrir verulegum vonbrigðum með það því að ég hafði bundið vonir við að það samkomulag, sem varð um að kjósa þá nefnd, yrði til þess að hjálpa til við að ná samkomulagi um að stjórna þinginu eðlilegar en gert var í fyrravetur. Mér finnst margt benda til þess á þeim hlutum sem við höfum verið að ræða undanfarna daga að það sé veruleg stífni á ferðinni gagnvart því að stjórna þessu með samkomulegi við stjórnarandstöð-

una og ég harma það ef þinghald ætlar að fara þannig af stað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill leiðrétta þann misskilning, sem reyndar kom líka fram í gærkvöldi í umfjöllun um þingsköp hjá öðrum hv. þm., að það er ekki rétt að forsætisnefndin hafi ekki komið saman síðan hún var kosin. Fyrir utan þann fund sem var haldinn á fyrsta klukkutímanum eftir að hún var kosin þá kom hún saman til fundar 20. ágúst. Og það stóð til að forsætisnefndin kæmi saman til fundar í dag. En af eðlilegum ástæðum, vegna fjarveru þriggja forsætisnefndarmanna, varð því miður að fresta þeim formlega fundi um eina viku. Hins vegar verður samráðsfundur með forsætisnefndinni, þeim sem eftir sitja hér, væntanlega síðar í dag sem nú þegar hefur vonandi verið boðað til.

Forsætisnefndin starfar skv. 10. gr. þingskapalaga og formlegur fundur verður haldinn næsta miðvikudag — af þeim ástæðum sem ég hef nú þegar gert grein fyrir. Og ég vænti þess að forsætisnefndin eigi eftir að sanna að það sé farsæl lausn sem þar hafi verið fundin og hún eigi eftir að eiga gott samstarf eins og ég hef reyndar lýst yfir áður, strax eftir að hún var kosin.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er eflaust þörf á að ræða störf forsætisnefndarinnar eftir að hún hefur nú verið kjörin á þann hátt að stjórn og stjórnarandstaða eiga þar sína fulltrúa því það sköpuðust nokkuð óvenjulegar aðstæður hér í fyrra. Í 10. gr. þingskapalaga stendur einmitt: „Forsætisnefnd skipuleggur þinghaldið.“ Ég veit ekki hvaða skilning hæstv. forseti leggur í þessa setningu. En svo mikið veit ég að þegar ég kom af fundi þingflokksformanna í gær með drög að þinghaldi þessarar viku þá hafði fulltrúi Kvennalistans í forsætisnefnd hvorki heyrt það plagg né séð. En það er kannski ekki meiningin að forsætisnefnd komi nálægt skipulagi hverrar viku. Það skýrist kannski hér í framhaldinu.

En það er fyrst og fremst þessi utandagskrárumræða sem mig langar að gera að umræðuefni. Ég vil taka undir það að ég tel afar brýnt að við fáum umræðu um atvinnu- og efnahagsmál. Það hafa verið að koma fram upplýsingar um stöðu ríkissjóðs og það hvernig ríkisstjórninni hefur gjörsamlega mistekist í sinni efnahagsstefnu, fyrir utan það alvarlega ástand í efnahagsmálum sem við stöndum frammi fyrir. Ég tel þetta ástand fyllilega réttlæta það að umræða um EES-samninginn verði frestað í einn dag. Einn dagur til eða frá breytir litlu um afgreiðslu þess samnings, enda er unnið að honum og fylgimálum hans í nefndum þingsins. Ég veit ekki annað en að utanrmn. hafi haldið sínu starfi áfram þó að ekki sé búið að vísa samningnum til hennar. Þannig að ég skora á forseta að verða nú við þeirri beiðni og hleypa þessari utandagskrárumræðu að. Það skiptir ekki sköpum í afgreiðslu EES-samningsins þó að sú umræða verði leyfð.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Að gefnu tilefni sér forseti ástæðu til að lesa hér 72. gr. þingskapalaga. Þar stendur:

„Foreti skal hafa reglulega samráð við formenn þingflokka, eða fulltrúa þeirra, um skipulag þingstarfa og leggja fyrir þá til umfjöllunar starfsáætlun þingsins og áætlanir um þingstörf hverrar viku.

Enn fremur skal forseti hafa samráð við formenn þingflokka um fyrirkomulag umræðna um mikilvæg mál ef ætla má að umræður verði miklar.“

Það var samkvæmt þessari síðari málsgrein sem forseti boðaði til þess fundar sem formenn þingflokka voru boðaðir á í gærmorgun og væntir þess að sá misskilningur sé þá ekki lengur fyrir hendi að forseti hafi farið þar rangt að.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil gera athugasemd við orðalag frú forseta hér áðan þegar hún komst þannig að orði að þetta þing væri kvatt saman til að fjalla um EES-samninginn. Eins og allir vita þá er þetta reglulegt Alþingi, 116. löggjafarþing. Það var kvatt saman svo snemma vegna þess m.a. að EES-samningurinn var til meðferðar og um það var samið að víkja frá þingsköpum um stefnuræðu forsrh. og fjárlagafrv., að það þyrfti ekki að takast til meðferðar fyrr en í október. Það var undantekningin. En ég vil leggja áherslu á að þetta er ekki aukaþing um EES, þetta er reglulegt Alþingi og það verður að ganga hér að störfum með þinglegum og eðlilegum hætti. Mér finnst það persónulega óskynsamleg vinnubrögð að leggja ofurkapp á að ljúka 1. umr. um EES-samninginn. Utanrmn. vinnur að málinu, enda er búið að mæla fyrir því, við höfum í höndum rök hæstv. utanrrh. og ýmislegt hefur komið þar fram nú þegar í 1. umr. sem utanrmn. getur haft til hliðsjónar við starf sitt, þannig að öðru máli gildir um það mál en önnur frv. Ég tel að það mundi ekki seinka meðferð málsins neitt þó einhver önnur mál væru tekin til meðferðar jafnframt áður heldur en 1. umr. lyki. Ég vil fara fram á það við frú forseta að hún hugleiði það og heimili þessar bráðnauðsynlegu umræður utan dagskrár og hugleiði hvort ekki væri skynsamlegt að setja dagskrármál upp með öðrum hætti en hér hefur verið gert.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Enginn þeirra þingmanna sem hér hafa talað hefur minnst á það atriði sem gerir þessa umræðu enn þá brýnni en áður var, sem er það að undir miðnætti í gærkvöldi gerðist það að hæstv. félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir tjáði sig í seinni fréttum og sagði frá því að samkvæmt lögum bæri þeim sem segðu upp fleiri en fjórum starfsmönnum að tilkynna það til félmrn. og í hundruðum og þúsundum streymdu inn uppsagnir fólks í landinu. Hæstv. félmrh. bætti því við að hér stefndi í það atvinnuástand í þjóðfélaginu sem gerðist í EB-löndunum. Og hæstv. félmrh. taldi í gærkvöldi að brýnt væri fyrir Alþingi og ríkisstjórn að ræða þessi mál og marka nýja stefnu. Ég vek athygli á þessu hér, hæstv. forseti, að þetta atriði í málflutningi

hæstv. félmrh. gerir það að verkum að krafan um að umræða utan dagskrár um stefnu ríkisstjórnarinnar í atvinnu- og efnahagsmálum fari fram í þessari viku er mikilvægari en fyrr. Það eru ekki bara við sem óttumst það ástand sem er að myndast í þjóðfélaginu sem höfum áhyggjur heldur brennur þessi eldur heitastur á þúsundum Íslendinga sem þessa daga eru vegna stefnu ríkisstjórnarinnar að fá uppsagnarbréfin sín. Þess vegna skora ég á forseta Alþingis að verða við þeirri beiðini og lýsa því yfir hér að þessi umræða fari fram eigi síðar en á morgun, enda hefur hæstv. forsrh. lýst því yfir sjálfur að hann sé tilbúinn í þessa umræðu. Hún þolir enga bið.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér finnst það nokkuð miður ef þingfundir eiga nú að fara að hefjast með þeim hætti sem svo oft var á síðasta þingi með því að langur tími fari í umræður um gæslu þingskapa.

Ég tel að hér hafi ekkert það komið fram í ræðum manna um gæslu þingskapa sem ekki hefði verið hægt að taka upp og leysa á fundum utan þessa salar, annaðhvort á vettvangi þingflokksformanna eða forsætisnefndar.

Ég vil leyfa mér að gera athugasemd við orðalag hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. sem hér kom upp áðan og gerði athugasemd við orðalag forseta. Vitanlega er það rétt hjá honum að þetta er reglulegt þing en vitanlega er það líka ljóst að það var boðað á þessum tíma vegna samningsins um EES og ef ekki væri fyrir hann þá væri hv. þm. Páll Pétursson væntanlega enn norður í landi á búi sínu að ganga frá sínum heyfeng eða undirbúa réttir.

Kjaradómur, 1. umr.

Stjfrv., 19. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 19.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. sem er að finna á þskj. 19, það er 19. mál þingsins. Þetta frv. er flutt af hæstv. ríkisstjórn og er frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem sett voru hinn 3. júlí á þessu sumri.

Í greinargerð með bráðabirgðalögunum koma fram ástæður þess að lögin voru sett á sínum tíma og þar kemur eftirfarandi fram, orðrétt, með leyfi forseta: „Nauðsynlegt sé að breyta þeim laga- og efnisreglum, sem niðurstöður Kjaradóms hvíla á, þannig að þær taki mið af stöðu og afkomuhorfum þjóðarbúsins og almennum launabreytingum í kjarasamningum annarra launþega í landinu. Á þessu ári hafi tekist að treysta stöðugleika í efnahagslífi þjóðarinnar. Ein mikilvægasta forsenda þessa stöðugleika felist í kjarasamningum við þorra launafólks um hóflegar launahækkanir. Afar brýnt sé að varðveita þennan stöðugleika og þá samstöðu, sem náðst hafi til að mæta þeim áföllum, sem þjóðarbúið hafi orðið fyrir. Niðurstöður Kjaradóms frá 26. júní sl. tefli þessum árangri í mikla tvísýnu. Staðfesting þessa komi m.a. fram í yfirlýsingum aðila á vinnumarkaði."

Síðan kemur sjálft frv. Það er efnislega á þá leið að Kjaradómi er gert skylt með lagaákvæði að taka tillit til viðbótarefnisatriða þegar dómurinn ákvarðar laun þeim sem undir dóminn heyra. Þessi efnisatriði eru annars vegar að taka tillit til stöðu og þróunar kjaramála á vinnumarkaði og hins vegar efnahagslegrar stöðu þjóðarbúsins og afkomuhorfa þess.

Þess skal getið að þetta síðara atriði var í lögum áður en lögum um Kjaradóm var breytt með nýjum lögum árið 1986.

Síðan segir í bráðabirgðalögunum, í síðari mgr. 1. gr., með leyfi forseta:

„Telji Kjaradómur ástæðu til að gera sérstakar breytingar á kjörum einstakra embættismanna eða hópa skal þess gætt að það valdi sem minnstri röskun á vinnumarkaði."

Þarna er í raun opnað fyrir Kjaradóm að taka tillit til sérstakra hópa. Og síðan segir í bráðabirgðaákvæði að Kjaradómur skuli svo fljótt sem verða má, og eigi síðar en 31. júlí 1992, kveða upp nýja úrskurði á grundvelli þessara laga.

Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin stóð frammi fyrir erfiðu vandamáli þegar Kjaradómur kvað upp sinn úrskurð og ákvað laun, hinn 26. júní í fyrra. Staða ríkisstjórnarinnar var afar þröng (Gripið fram í.) — á þessu ári, ætlaði ég að segja, ég biðst afsökunar á því. Ég tel hins var að viðbrögð ríkisstjórnarinnar hafi að öllu leyti verið rétt og mun rökstyðja það í mínu máli.

Fyrst langar mig til þess að rekja nokkuð aðdraganda bráðabirgðalagasetningarinnar.

Eins og ég hef áður sagt var kveðinn upp dómur Kjaradóms, hinn 26. júní sl. Í niðurstöðum Kjaradóms koma fram verulegar breytingar á launum og kjörum þeirra sem undir dóminn heyra, bæði til hækkunar og lækkunar ef tekið er tillit til heildarlauna eins og þau koma fram í ákvörðuninni og til samanburðar við það sem heildarlaun eru fyrir ákvörðunina að teknu tilliti til annarra launa en venjulegra daglauna. Í því sambandi vísa ég til rökstuðnings dómsins. Þar segir m.a. orðrétt, með leyfi forseta, og á það vil ég leggja áherslu:

„Kjaradómur ítrekar enn að laun þau sem hann ákveður nú séu heildarlaun og ekki skuli greitt aukalega fyrir venjubundin störf þó að vinnutími sé að jafnaði lengri en 40 stundir á viku. Greiðsla fyrir ómælda yfirvinnu fyrir venjubundin störf ætti að vera með öllu óheimil því að í raun er hún ekkert annað en kauphauki."

Að öðru leyti en þessu vitna ég til rökstuðnings dómsins sem öllum hv. þm. og raunar, hygg ég, allri þjóðinni er kunnugt um.

Ég minni á að minni hlutinn, eða einn kjaradómsmaður, var með sératkvæði. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um réttmæti niðurstöðu dómsins og allra síst þeirrar röðunar sem fram kemur af hálfu dómsins. Ljóst er þó, og ég held að allir geti verið sammála um það, að ákvörðunin sem dómurinn tók á þessum tíma

var ekki í samræmi við þá kjarasamninga sem þá höfðu nýlega verið gerðir.

Hinn 29. júní skrifaði hæstv. forsrh. bréf til Kjaradóms sem ég kýs að lesa, með leyfi forseta, en það hljóðar svo orðrétt:

„Kjaradómur, bréf til Jóns Finnssonar, hæstaréttarlögmanns, formanns.

Vísað er til úrskurðar Kjaradóms, dags. 26. júní sl., um launabreytingar sem taka eiga gildi 1. júlí nk. Ljóst er að niðurstaða Kjaradóms stangast í veigamiklum atriðum á við þá þróun sem orðið hefur á hinum almenna launamarkaði og er ekki í takt við framvindu íslensks efnahagslífs um þessar mundir. Það er mat ríkisstjórnarinnar að hinn nýfallni kjaradómur sé til þess fallinn að skapa mikinn óróa í þjóðfélaginu og gæti hæglega rofið þá samstöðu sem náðst hefur um að þjóðin vinni sig sameiginlega út úr þeim efnahagslegu þrengingum sem nú er við að glíma.

Því beinir ríkisstjórnin því eindregið til Kjaradóms að hann taki úrskurð sinn þegar til endurmats eða kveði upp nýjan úrskurð sem ekki sé líklegur til að hafa þær afleiðingar sem að framan er lýst."

Undir þetta bréf ritar síðan hæstv. forsrh., Davíð Oddsson.

Kjaradómur svaraði þessu erindi forsrh. með því fyrst að vitna til lagaákvæða, síðan segir í bréfi Kjaradóms orðrétt, en það bréf er dagsett degi síðar, eða hinn 30. júní sl.:

„Kjaradómi ber að byggja ákvörðun sína á tveimur grundvallarþáttum samkvæmt þessari lagagrein [ég skýt því hér inn að þá er átt við 6. gr. laga nr. 92/1986]:

a. Að innbyrðis samræmis sé gætt á milli launa þeirra sem undir dóminn heyra.

b. Að laun séu á hverjum tíma séu í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgða.

Um margra ára skeið hefur Kjaradómur byggt á tiltekinni röðun embætta í launakerfi sem tekur mið af umfangi og ábyrgð starfa. Óverulegar breytingar hafa verið gerðar á þessari röðun á undanförnum árum og á það einnig við nú. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja hafa stjórnvöld hins vegar raskað verulega þessu launakerfi Kjaradóms með mjög misháum aukagreiðslum til embættismanna. Ljóst er að þessar greiðslur byggjast ekki nema að litlu leyti á mismunandi vinnuframlagi embættismanna.

Eins og fram kemur í forsendum Kjaradóms er nú svo komið að launagreiðslur þær sem fjmrn. og önnur ráðuneyti ákveða nema allt að 50% af þeim launum sem Kjaradómi ber lögum samkvæmt að ákveða. Ekki verður séð að þessi háttur samrýmist ákvæðum laga um Kjaradóm.

Hér má nefna sem dæmi nýlega ákvörðun fjármála- og dómsmálaráðuneytis um laun sýslumanna sem er raunar endurnýjun á eldri ákvörðun um sama efni, en samkvæmt henni nema laun sýslumanna, að meðtaldri þóknun fyrir innheimtustörf, frá 260.000–380.000 kr.

Þegar á heildina er litið telur Kjaradómur að með ákvörðun dómsins nú hafi verið litið til þeirra launakjara sem viðkomandi embættismenn hafa notið að undanförnu. Vegna þess innbyrðis samræmis sem dóminum er skylt að hafa að leiðarljósi var hins vegar óhjákvæmilegt að þeir sem ekki hafa notið aukagreiðslna hækkuðu í launum en nokkrir munu lækka samkvæmt niðurstöðunni.

Þá hefur Kjaradómur litið til launa í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist við þá forstöðumenn sem falla undir ákvörðun Kjaradóms.

Kjaradómur ákveður laun um 170 starfsmanna og kjörinna fulltrúa, auk um 130 presta.

Starfsmenn ríkisins sem fá greidd laun hjá launadeild fjmrn. munu vera um 16.000 talsins. Ekki verður séð að lögbundin lagfæring sem nú er gerð á launakerfi dómsins þurfi að raska öðrum launakerfum í landinu.

Einn dómenda, Jón Þorsteinsson, vísar til viðhorfa í sératkvæðum sínum.

Með vísan til framanritaðs telur Kjaradómur að hvorki séu efnisleg né lagaleg rök til þess að endurupptaka þá kjaradómsúrskurði sem upp voru kveðnir hinn 26. þ.m. og verður því að hafna tilmælum ríkisstjórnarinnar."

Undir þetta rita síðan fimm kjaradómsmenn.

Það eru tvö atriði sem ég vil gera að umtalsefni, annars vegar þar sem segir: „Ekki verður séð að lögbundin lagfæring sem nú er gerð á launakerfi dómsins þurfi að raska öðrum launakerfum í landinu". Það mun koma síðar í ljós að full ástæða var til að ætla að svo gæti orðið, enda breytti Kjaradómur þessu áliti sínu sem kemur fram í síðari forsendum, þ.e. forsendum fyrir síðari úrskurði dómsins hinn 12. júlí sl.

Hitt er það atriði að það er enn minnst á Jón Þorsteinsson og sératkvæði hans. Í því sératkvæði kom efnislega fram að hann taldi þá röðun sem Kjaradómur komst að vera rétta, en taldi óhyggilegt að ganga jafnhratt fram um breytingar og meiri hlutinn vildi gera og taldi að einungis ætti að taka í áföngum nokkur skref í samráði við fjmrn.

Þennan sama dag, 30. júní sl., þegar bréf Kjaradóms barst þar sem því var synjað að endurskoða dómsniðurstöðuna, kom ríkisstjórnin saman til fundar og gerði svofellda ályktun. Með leyfi forseta, mun ég lesa hana alla:

„Ríkisstjórnin ritaði Kjaradómi bréf 29. þ.m. þar sem hún lýsti þungum áhyggjum af áhrifum tveggja dóma sem Kjaradómur kvað upp 26. þ.m. á framvinduna á almennum vinnumarkaði. Beindi hún þeim tilmælum til Kjaradóms að hann tæki þessa tvo dóma til endurmats í því ljósi. Kjaradómur hefur í dag synjað þessum tilmælum og sagt „að hvorki séu efnisleg né lagaleg rök" til slíkrar endurupptöku.

Lögfræðilegir ráðunautar ríkisstjórnarinnar telja að stjórnarskrá lýðveldisins setji því skorður að lög séu sett til að afnema eða breyta þessari niðurstöðu Kjaradóms.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að endurskoða lög um Kjaradóm og mun leggja fram frv. um það efni þegar er þing kemur saman á ný. Við þá endurskoðun verði

tryggt að lögin skyldi dóminn til að hafa hliðsjón af afkomuhorfum þjóðarbúsins og stöðunni á hinum almenna vinnumarkaði. Þá verður að skilgreina betur en nú er gert hvað telst til þeirra launa og starfskjara sem dómurinn ákveður.

Þegar ný lög hafa tekið gildi skal svo fljótt sem verða má kveðinn upp nýr dómur um kjör þeirra sem falla undir dómsögu Kjaradóms.

Ríkisstjórnin mun nú þegar í samræmi við forsendur þær sem Kjaradómur byggir á endurskoða og fella niður eða lækka yfirvinnu og nefndalaun og hlunnindi sem ekki eru bundin í kjarasamningum, jafnt hjá þeim embættismönnum sem Kjaradómur tekur til og öðrum ríkisstarfsmönnum."

Hér lýkur þessari ályktun ríkisstjórnarinnar og ég vek athygli á því sem segir í henni að lögfræðilegir ráðunautar ríkisstjórnarinnar hafi talið að stjórnarskrá-in setji því skorður að lög — og þá er auðvitað átt við hvort heldur sem er bráðabirgðalög eða lög sett af Alþingi — verði sett til að afnema eða breyta þessari niðurstöðu Kjaradóms, enda var sú leið ekki farin.

Nú er staða málsins sú að endurskoðað lagafrv. liggur fyrir. Ég vil einnig að það komi fram við þetta tækifæri að júlílaunum var breytt í hátt við kjaradóminn sem upp var kveðinn 26. júní. Þannig fengu ráðherrar, alþingismenn, prestar og hæstaréttardómarar verulega hækkun launa sinna fyrir þennan eina mánuð, flestir hverjir. Ég veit um a.m.k. einn sem hefur kvartað yfir því að hafa verið hýrudreginn, en ég vona að það leiðréttist. (**Gripið fram í:** Fleiri en einn.) Fleiri en einn, kallar annar og verður að sjálfsögðu úr því bætt. En á sama hátt voru laun mjög margra embættismanna lækkuð þar sem frá heildarlaunum voru dregnar þær greiðslur sem eru aukavinna ýmiss konar.

Þá vil ég einnig að það komi fram og vil ítreka að lögfræðileg álit lágu fyrir um það hvað hægt væri að gera í þessari stöðu.

Strax og ljóst var, virðulegi forseti, að Kjaradómur taldi sig ekki geta tekið upp og endurskoðað dóm sinn varð ljóst að ekki var friður um þessa ákvörðun í þjóðfélaginu. Hinn 1. júlí, daginn eftir að bréfið barst til ríkisstjórnarinnar frá Kjaradómi, kom yfirlýsing eða öllu heldur ályktun frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og í lok þeirrar ályktunar, sem var nokkuð löng, segir þetta orðrétt:

„Rökrétt framhald af svokölluðum leiðréttingum Kjaradóms er að samsvarandi kauptaxtahækkanir verði látnar ganga til félagsmanna BSRB. Ef ríkisvaldið hafnar slíku jafngildir það viðurkenningu á því að sjálfskömmtun yfirmanna og geðþóttaákvörðun Kjaradóms eigi að ráða gerð launakerfisins.

Stjórn BSRB hefur lagt áherslu á réttláta tekjuskiptingu í þjóðfélaginu og á þeirri forsendu er þessum niðurstöðum mótmælt. Það vekur athygli að fulltrúar atvinnurekenda skuli lýsa hneykslan á niðurstöðum Kjaradóms. Þetta er sérstaklega eftirtektarvert þegar haft er í huga að Kjaradómur réttlætir gjörð sína m.a. með hliðsjón af tekjum einstaklinga í „sambærilegum" störfum á almennum markaði."

Hér lýkur tilvitnun í ályktun Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Alþýðusamband Íslands samþykkti ályktun sama dag, hinn 1. júlí sl., og þar kemur fram eftirfarandi, orðrétt, með leyfi forseta:

„Þeir samningar, sem gerðir hafa verið á almennum vinnumarkaði, hafa tekið mið af erfiðu efnahagsástandi og haft sem meginmarkmið að ná verðbólgu niður. Með úrskurði Kjaradóms er gengið þvert á þá stefnu sem þar var mörkuð. Úrskurðurinn gengur þvert á markmið ríkisstjórnarinnar um stöðugleika í efnahagslífinu. Standi hann hlýtur allt launafólk að krefjast sömu hækkunar.

Ríkisstjórnir hafa sett bráðabirgðalög af minna tilefni og ekkert er því til fyrirstöðu að kalla Alþingi saman með stuttum fyrirvara til þess að gera út um málið. Það eru engin rök fyrir því að fresta meðferð málsins fram í ágúst og enn síður fyrir því að taka enga afstöðu til þess hvað þá eigi að gerast.

Miðstjórn og formenn landssambanda ítreka að verði úrskurður Kjaradóms látinn standa gerir Alþýðusambandið kröfu til þess að félagsmenn sambandsins fái sömu hækkun og æðstu embættismenn ríkisins og þeirri kröfu hlýtur að verða fylgt eftir af þunga. Það væri ábyrgðarleysi að ætla lágtekjufólki að sitja eftir á meðan aðrir hækka um tugi prósenta."

Daginn áður, sama dag og Kjaradómur svaraði bréfi ríkisstjórnarinnar, hinn 30. júní, var í DV viðtal við ýmsa stjórnmálaforingja og þess skal getið að flestir þeirra fóru varlega og gáfu ekki skeleggar yfirlýsingar út um niðurstöðu dómsins á því stigi málsins. Ein undantekning var þó á þessu, en það var hv. 8. þm. Reykn., formaður Alþb., sem sagði í viðtali við DV eftirfarandi, með leyfi forseta:

„„Þessi úrskurður Kjaradóms er nánast eins og út úr leikhúsi fáránleikans," sagði Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Alþb., um niðurstöðu Kjaradóms. Ólafur Ragnar sagðist undrandi á að fulltrúi fjmrh. í Kjaradómi hefði verið í meiri hlutanum. Hann sagði að ef fulltrúi fjmrh. hefði tekið undir með minni hlutanum, það er fulltrúa félmrh., teldi hann víst að hinir þrír hefðu aldrei gengið gegn vilja beggja ráðherrafulltrúanna.

„Það er tvennt sem virðist koma til greina til að koma í veg fyrir að þetta komi til framkvæmda, annars vegar lagasetning og hins vegar að dómurinn afturkalli úrskurðinn," sagði Ólafur Ragnar. Hann sagði að ríkisstjórnin yrði að koma í veg fyrir að 25–100% launahækkun til helstu embættismanna ríkis og kirkju kæmi til framkvæmda.

Þá sagðist Ólafur Ragnar ekki sjá að þeir embættismenn, sem ættu samkvæmt úrskurðinum að lækka í launum, mundu gera það. Að lokum má geta þess að Ólafur Ragnar sagðist aldrei hafa, þegar hann var ráðherra, skrifað upp á aukavinnu fyrir ráðuneytisstjórann eða aðra undirmenn sína."

Hér lýkur þessari frétt. Þessi frétt lýsir reyndar afstöðu formanns Alþb. og varð á þeim tíma a.m.k. að teljast vera skoðun Alþb. á niðurstöðum Kjaradómsins, en það er tvennt sem ég vil gera athugasemdir við.

Annars vegar þar sem hann víkur að fulltrúa fjmrh. Í því sambandi vil ég geta þess að sá fulltrúi fjmrh. var skipaður af fyrrv. fjmrh., hv. 8. þm. Reykn., og þess ber að geta að fulltrúar ráðherranna hafa ekki samráð við ráðherra heldur ber þeim að fara að lögum um Kjaradóm. Í öðru lagi má geta þess að hv. 8. þm. Reykn., fyrrum fjmrh., ber að sjálfsögðu fulla ábyrgð á aukavinnugreiðslum undirmanna sinna, bæði þeirra sem heyra undir Kjaradóm og annarra, og skiptir þá engu máli hvort ritað er upp á reikning eða ekki. Þetta vil ég að komi hér fram vegna þess að saklaus lesandi þessa viðtals gæti ályktað sem svo að ekki hafi verið greidd yfirvinna til kjaradómsdæmdra manna í fjmrn. eða hafi það verið gert, þá hafi það verið gert án leyfis ráðherrans. Ég vil af sérstöku tilefni og gefnu taka það fram að slíkar greiðslur voru fyrir hendi með fullu samþykki fyrrv. fjmrh. Og það er afar nauðsynlegt að þetta komist til skila til þess að menn sitji ekki undir því að haldið sé að þeir hafi tekið sér fé í óleyfi. Reyndar er það svo og ég kýs að skíta því hér — skjóta því hér inn, ætlaði ég nú að segja, hitt væri nú varla gæfulegt hér í ræðustólnum, en það er sérhver ráðherra, (Gripið fram í.) — ég heyri að menn hafa fullan skilning á þessum orðum mínum hér — sérhver ráðherra ber að sjálfsögðu ábyrgð á greiðslum til sinna undirmanna. (Gripið fram í.) Vona ég að menn jafni sig á þessu mismæli eða réttara sagt hvernig orð þessi voru fljóttekin til baka með viðeigandi hætti.

Næst vil ég að það komi fram að föstudaginn 3. júlí ákvað ríkisstjórnin með tilliti til þess hvernig mál höfðu þróast — og þá er ég að sjálfsögðu að vísa til ályktana aðila vinnumarkaðarins og yfirlýsinga einstakra stjórnmálaforingja, og þó einkum eins — að grípa til þess að gefa út bráðabirgðalög. Í því sambandi vil ég leggja áherslu á eftirfarandi:

1. Þau lög, sem hér eru til umræðu og voru sett 3. júlí, eru ekki launalög.

2. Lögin afnámu ekki ákvörðun dómsins.

3. Lögin fjölguðu þeim efnisþáttum sem dómurinn skyldi bygga ákvörðunina á.

4. Lögin skylduðu dóminn að kveða upp nýjan úrskurð fyrir 1. ágúst.

5. Lögin opnuðu möguleika til að breyta kjörum einstakra manna eða hópa ef sérstakar aðstæður mæltu með því. Í því sambandi held ég að rétt sé að upplýsa að þá hafði ríkisstjórnin sérstaklega í huga annars vegar presta og hins vegar dómara.

6. Þá vil ég að það komi fram að að mínu áliti hafði Kjaradómur verulegt svigrúm til að taka á málinu. Hins vegar hlaut hann að taka sérstakt tillit til nýrra efnisatriða.

Hinn 12. júlí kvað síðan Kjaradómur upp nýjan úrskurð. Það er óþarfi fyrir mig að lesa þann úrskurð upp. Honum hefur verið dreift og hann er vel þekktur meðal hv. alþm. og þjóðarinnar en þó vil ég lesa hér tvö atriði. Í fyrsta lagi segir dómurinn nú í forsendum hins nýja dóms:

„Þessi launaákvörðun" — og þá er dómurinn að vísa til sinnar fyrri ákvörðunar — „olli miklu uppnámi hjá samtökum launþega og atvinnurekenda en í maí sl. hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði um 1,7%."

Ég vil undirstrika þetta því að í forsendum hins síðari dóms lítur dómurinn á þetta sem nýtt atriði til að taka tillit til þegar niðurstaðan fæst. Og síðar í forsendunum segir svo, með leyfi forseta, orðrétt:

„Við samanburð á 1. mgr. 6. gr. laganna og ákvæðum bráðabirgðalaganna í 2. og 3. mgr. er ljóst að þær skorður sem bráðabirgðalöggjafinn hefur sett Kjaradómi útiloka að hann geti gætt innra samræmis í launaákvörðun og uppfyllt þá skyldu sína skv. 1. mgr. 6. gr. laganna að ákveða laun embættismanna, ráðherra og alþingismanna í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Hin nýja viðmiðun við þróun kjaramála á vinnumarkaði er ekki í samræmi við meginreglur 1. mgr. 6. gr. sem er því í reynd gerð óvirk.

Ákvæði bráðabirgðalaganna um „*tillit til stöðu og þróunar á vinnumarkaði*" er óljóst. Við skýringu á því þykir verða að líta til greinargerðar með bráðabirgðalögunum þar sem segir að „nauðsynlegt sé að breyta þeim laga- og efnisreglum sem niðurstöður Kjaradóms *hvíla á, þannig að þær taki mið af ... almennum* launabreytingum og kjarasamningum annarra launþega í landinu." Með hliðsjón af forsendum og tilurð bráðabirgðalaganna og yfirlýsingu ráðherra um forskrift að nýrri ákvörðun Kjaradóms er það niðurstaða dómsins að skýra verði lögin á þann veg að aðstæður í þjóðfélaginu nú leyfi ekki meira en 1,7% almenna hækkun á launum þeirra sem undir kjaradómsákvarðanir heyra.

Í síðar mgr. bráðabirgðalaganna, nú 3. mgr. 6. gr., er gefið færi á að gera breytingar á kjörum einstakra embættismanna eða hópa. Síðari hluti ákvæðisins um að þess skuli gætt að það valdi sem minnstri röskun á vinnumarkaði vísar væntanlega til viðbragða aðila vinnumarkaðarins, en þau viðbrögð treystir Kjaradómur sér ekki til að meta. Kjaradómur lítur svo á að með bráðabirgðalögunum hafi löggjafarvaldið í reynd tekið í sínar hendur þær launaákvarðanir sem Kjaradómi er ætlað að taka. Verður ekki annað séð en fyrri launakerfum, þ.e. launakerfi Kjaradóms og launaákvörðunum fjmrn. og annarra ráðuneyta sem í gildi voru fyrir kjaradómsúrskurði 26. júní sl., sé ætlað að haldast *enn um sinn.*" — *Hér lýkur lestrinum.*

Við þetta hef ég athugasemdir. Ég tel að það sé ekki rétt, það er mín skoðun að það sé ekki rétt ályktun sem kemur fram í forsendum dómsins. Ég tel að með setningu laganna og með þeim nýju efnisatriðum sem inn í lögin komu hafi dómurinn haft meira frelsi, meira svigrúm en hann segir hér í sínum forsendum. Hins vegar get ég ekki nú frekar en áður deilt við Kjaradóm um niðurstöðurnar því að þær eru óumdeilanlegar, þ.e. þeim verður ekki breytt nema af öðrum dómstólum. Raunar ætti það nú að koma fram að kjaradómur er í eðli sínu ekki dómstóll í lögfræðilegri merkingu þess orðs heldur lögbundinn gerðardómur en það skiptir kannski ekki öllu máli í þessu sambandi. (Gripið fram í.) Þetta eru sérstök lög og er sams konar gerðardómur og t.d. yfirskattanefnd þannig að dómstólar geta fjallað um niðurstöðu dómsins og eru til þess bærir að breyta þeim niðurstöðum. Það er önnur

saga og kemur satt að segja ekki þessu máli við.

Það sem kannski skiptir máli og ég ætlaði að kalla fram með þessari athugasemd — og ég held að það sé mikilvægt að átta sig á því — er að ég tel að í raun hafi dómurinn getað komist að hvorri niðurstöðunni sem var á grundvelli beggja laganna, þ.e. það hafi ekki skipt máli um niðurstöðuna hvor lögin voru í gildi. Ég bendi á það máli mínu til stuðnings að í 6 ár eða um það bil lét dómurinn viðgangast að breyta einungis launum þeirra sem undir Kjaradóm falla í hátt við almennar launabreytingar og þó heldur lakar og minna en almennar launabreytingar voru í þjóðfélaginu og ég sé ekki betur en síðari lögin gefi svigrúm þótt það svigrúm sé að sjálfsögðu mun þrengra enda var þeim breytingum ætlað að knýja Kjaradóm til þess að koma saman á ný og taka tillit til nýrra efnisástæðna. En það má ekki rugla þessu saman við það að það er ekki verið að setja lög á niðurstöðu dómsins.

Virðulegi forseti. Í framhaldi af þessu sem ég hef nú rakið er eðlilegt að spyrja þeirrar spurningar hvort þessi bráðabirgðalög standist 28. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta munu vera fyrstu bráðabirgðalög sem sett hafa verið eftir að þeirri grein var breytt á sínum tíma.

Þegar skoðað er hvort brýna nauðsyn hafi borið til, þá er að mínu áliti augljóst að það skilyrði er fyrir hendi, bæði formlega og efnislega. Í því sambandi er einfaldast að vitna til þess fræðimanns sem oftast er vitnað til en það er Ólafur Jóhannesson, stjórnlagaprófessor og fyrrum forsætisráðherra, einnig sem fræðimann dr. Bjarna Benediktsson, sem einnig var stjórnlagaprófessor og fyrrum forsætisráðherra. Þá vil ég benda á ræðu Steingríms Hermannssonar fyrrum forsætisráðherra sem mælti fyrir bráðabirgðalögum haustið 1990 og síðast en ekki síst ræðu hv. þm. Páls Pétursssonar 1. þm. Norðurl. v. sem var frsm. meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar þegar bráðabirgðalög sem sett voru sumarið 1990 voru til umræðu en þar dregur hann skýrt fram í sínu máli rökstuðning sem á við nákvæmlega jafn vel í þessu máli og því máli sem þá var flutt.

Breytingar sem gerðar hafa verið á þessari lagagrein breyta engu um skilyrðin sem eru tilnefnd í greininni og má í því sambandi vitna til athugasemda við lagafrv. en í athugasemd við 5. gr. sem síðar varð 6. gr. frv., segir orðrétt, með leyfi forseta: „Hér er því ekki um að ræða breytingu á þeim skilyrðum sem verið hafa fyrir útgáfu bráðabirgðalaga.“ — Þetta sýnir að löggjafinn var ekki að breyta þeim skilyrðum sem sett hafa verið frá upphafi í stjórnarskrána og eru nú í 28. gr. hennar.

Ég gæti, virðulegi forseti, farið mörgum orðum um þetta atriði. Þetta er mál sem hefur oftsinnis verið til umræðu. Ég hef aflað mér verulegra gagna og það er kannski rétt að það komi fram að það hefur ætíð verið svo að það hefur verið talið að löggjafinn, í þessu tilfelli bráðabirgðalöggjafinn, ríkisstjórnin, leggi endanlegt mat á það hvort hin brýna nauðsyn sé fyrir hendi. Að vísu örlar á því í dómi bæjarþings í máli Bjarnheiðar Guðmundsdóttur, en það er þetta mál sem stundum hefur verið kallað mál BHMR. Þar segir í dómi undirréttar að bráðabirgðalögin hafi allfrjálsar hendur um þetta mat en þó ekki óbundnar með öllu. Í þeim dómi er heimild dómstólanna skýrð þannig að þeirra sé fyrst og fremst að meta hvort sú brýna nauðsyn sem bráðabirgðalöggjafinn telur vera á setningu bráðabirgðalaga sé studd nægjanlegum rökum svo ljóst megi vera að um sýnilega misbeitingu heimildarinnar sé ekki að ræða. — Hér er ég að vitna til undirréttardóms, hæstaréttardómur hefur ekki gengið en mun væntanlega ganga núna í haust í þessu máli sem auðvitað er mjög mikilvægt fyrir alla framvindu þessara mála á sviði íslensks réttar.

Ég held að menn séu svo almennt sammála um þetta atriði að það þurfi ekki að eyða fleirum orðum um það en skal fúslega gera það síðar ef ég verð inntur eftir því.

Næsta spurning sem hlýtur þá að vakna er sú hvort ríkisstjórninni hafi borið að kalla Alþingi saman. Í fyrsta lagi vil ég benda á að í raun og veru hefur ekkert það gerst sem breytir í sjálfu sér því að nú eigi frekar en áður að kalla þing saman. Það lá verulega á að gera þessa breytingu sem gerð var með bráðabirgðalögunum. Þegar var byrjað að greiða út laun samkvæmt niðurstöðu dómsins. Ef það átti að freista þess að knýja á um endurskoðun dómsins, þá hlaut það að taka talsverðan tíma. Alþingi yrði kallað saman og yrði þá að fjalla um málið og loks að kjósa nýjan dóm væntanlega og hann þyrfti að fá svigrúm til að kveða upp nýjan úrskurð.

Þess ber að geta að það er nánast útilokað að kalla saman þing á grundvelli þingskapalaga án þess nú og tryggja það að lagafrumvörp eins og bráðabirgðalög eða ný frumvörp sem koma í stað bráðabirgðalaga nái fram að ganga á örstuttum tíma. Aðrar þjóðir hafa átt við þessi vandamál að stríða, sem ég tel vera vaxandi vandamál íslenska þingsins, en það er sú kreppa sem kemur upp í lýðræðinu þegar málfrelsi þingsins er svo mikið sem raun ber vitni án þess að nægilegur tími sé gefinn til þess að menn geti þá talað saman. Það getur ekki farið saman fullt málfrelsi og takmarkaður fundartími nema að slíkt bitni á sjálfu lýðræðinu.

Danir hafa og höfðu áratugum saman áhyggjur af þessu og nú er svo komið í Danmörku að þar þekkist ekki að bráðabirgðalög séu gefin út. Jafnvel þegar stærstu atburðir eiga sér stað í danskri sögu og kalla þarf saman þing til þess að taka afar stórar ákvarðanir, þá gerist það með þeim hætti að einungis það eina mál er til afgreiðslu og það er afgreitt á einum degi — á einum degi, segi ég hér. Ég nefni t.d. olíuskattinn sem settur var á á sínum tíma og eins hið stóra mál þegar Danir, þetta forna heimsveldi, tók á það ráð að senda herskip til Persaflóa á sínum tíma sem auðvitað var stórmál fyrir Dani sem höfðu ekki átt í stríði áratugum saman og ekki af neinu afli árhundruðum saman. Það tók einn dag að kalla þingið saman og taka þessa ákvörðun. Og ég spyr þá sem þekkja til starfa Alþingis, bæði þá sem eru hér inni í salnum og hina sem á hverjum degi geta horft á störf þingsins hér hvort þeir trúa því og treysta að hægt sé að kalla saman þingið og láta það starfa eins og einhver stakk upp

á í 10 eða 20 mínútur eða í einn dag til þess að fjalla um mál á borð við þau sem koma upp og er nauðsyn að gera breytingar á lögum um.

Ég vil nú aðeins fara frekar inn á þetta atriði því að þetta tel ég vera mjög mikilvægt fyrir framtíð mála og hvort hægt verði í framtíðinni að búast við því að ríkisstjórnin kalli frekar Alþingi saman en að gefa út bráðabirgðalög. (**Gripið fram í:** Það hefur nú verið styttri og markvissari framsaga ráðherra hjá Dönum.) Ég taldi, hv. þm., að það væri full ástæða fyrir Alþingi að fjalla þannig um þetta mál sem er afar viðkvæmt í mörgum skilningi, bæði vegna þess að hér er um að ræða bráðabirgðalög og eins vegna þess að hér er verið að fjalla um bráðabirgðalög sem efnislega hafa áhrif á laun og kjör þingmanna sjálfra, þá taldi ég það skyldu mína að hér kæmu fram allar þær upplýsingar sem þyrftu að koma fram í dagsins ljós og ég vona að hv. þm. fyrirgefi mér það þó ég ræði þetta mál svo ítarlega jafnvel þótt það taki nokkrar mínútur enda gat þessi umræða ekki hafist strax í upphafi af ástæðum sem ég hygg að hv. þm. viti hver var. Hitt er svo annað mál að hv. þm. hefur tækifæri til þess að fjalla um þetta mál svo og annað mál sömu tegundar í þeirri nefnd sem hann á sæti í og vænti ég þess að þar eigi ég hauk í horni og hann þurfi þá ekki sjálfur að eyða tíma þingsins hér á eftir en geti komið sínum sjónarmiðum fram þar ef hann er mjög tímabundinn í dag. (**Gripið fram í:** Ráðherrann greiðir stöðugt fyrir umræðum og flýtir fyrir meðferð málsins.)

Kem ég nú að því atriði sem ég tel mjög mikilvægt þegar fjallað er um þann þátt hvort kalla skuli þing saman því ég tel það vera bagalegt að ekki sé hægt að kalla þing saman og leysa úr málum með löggjöf í stað þess að gefa út bráðabirgðalög. Þannig var að þegar stjórnarskránni var breytt síðast, þá stóð til að setja inn í þingskapalög sérstakt ákvæði um það hvernig hægt væri að greiða fyrir þingstörfum þegar stæði sérstaklega á. Í frv. sem hv. þm. Páll Pétursson, Guðrún Helgadóttir, Kristín Einarsdóttir, Hjörleifur Guttormsson og fleiri fluttu var að finna ákvæði sem síðar fór inn í frv. sem flutt var af öllum þingflokkum um þingskapalög. Þetta ákvæði var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þegar brýna nauðsyn ber til getur forsrh. gert tillögu um að ræðutími þingmanna og annarra ráðherra en þess sem mælir fyrir stjfrv. sé takmarkaður við 8 mínútur og ræðutími framsögumanna meiri og minni hluta nefnda við 15 mínútur. Hverjum þingmanni skal þá einungis heimilt að tala einu sinni við hverja umræðu og framsögumanni tvisvar en eigi fleiri en tveimur þingmönnum að framsögumanni meðtöldum frá hverjum þingflokki. Slík tillaga forsrh. skal borin undir atkvæði umræðulaust."

Og í yfirliti sem fylgdi með frv. segir svo um umræður í f-lið, með leyfi forseta:

„Sérstök takmörkun umræðna eftir tillögu forsrh. er leyfð þegar brýna nauðsyn ber til að hraða afgreiðslu þingmáls. Þetta er einkum hugsað í tengslum við afgreiðslu frumvarpa til staðfestingar bráðabirgðalaga."

Og í stjórnskipunarlagafrumvarpinu segir svo í lok greinargerðar með 5. gr. sem fjallar um bráðabirgðalög, með leyfi forseta:

„Þess má geta að í drögum að þingskapalögum eru ákvæði sem koma eiga í veg fyrir að staðfestingarfrumvörp falli vegna óeðlilega langra umræðna."

Ég vona þegar þetta er sagt að menn átti sig á því að þetta náði ekki í gegn. Þetta féll út úr frv. Og ég hygg að þetta sé ein af ástæðunum fyrir því að ekki verður hjá því komist að ríkisstjórnir, ekki einungis sú sem nú situr heldur ríkisstjórnir í framtíðinni, munu hugsa sig tvisvar um áður en þær hyggjast kalla þing saman fremur en að beita bráðabirgðalagaákvæðinu sem út af fyrir sig er ekkert við að segja að ríkisstjórnir geri og hafi gert um árabil. Ég vek athygli á þessu vegna þess að af einhverjum ástæðum fór þetta þingskapaákvæði ekki inn í lögin á sínum tíma eins og ætlast var til þegar stjórnarskránni var breytt.

Ég vil geta þess, virðulegur forseti, að þegar bráðabirgðalögin voru sett var tiltölulega stutt til þings og þess vegna ljóst að staðfestingarfrv. yrði til umræðu mjög fljótlega. Ég vil einnig, virðulegur forseti, geta þess að flutt hefur verið nýtt frv. og staðið þannig við efnisyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og ég hef óska eftir því að það frv. megi eiga efnislega samleið til nefndarinnar sem um málið fjallar, efh.- og viðskn., og vænti þess að málin verði skoðuð saman. Ég kynnti það frv. fulltrúum stjórnmálaflokkanna áður en það var lagt fram og ég legg áherslu á að það mál nái fram að ganga á yfirstandandi þingi og minni á að bráðabirgðalög þarf að staðfesta, ef gömlu lögin eiga ekki að rakna upp, áður en 6 vikum er lokið af þinginu. Það þýðir að ljúka verður afgreiðslu þessa máls áður en þing fer heim og tekur sér leyfi sem mér skilst að um sé samkomulag síðar í þessum mánuði.

Það er freistandi hér að eyða ýmsum misskilningi sem komið hefur upp varðandi það frv. Það er aðeins eitt atriði sem ég vil nefna af því að ég heyrði frá því að prestar hefðu gert athugasemd við það frv. Án þess að það sé hér til umræðu vil ég geta þess að þrátt fyrir fjölmörg rök þess efnis sem fram hafa komið um að prestar ættu að standa utan við ákvarðanir Kjaradóms og kjaranefndar var það gert, ekki síst fyrir mín orð, að stétt prestanna er látin falla undir lögin um Kjaradóm og kjaranefnd. Ég tel að það sé mikilvægt og bendi á að hlutverk kjaranefndar samkvæmt því frv. er að hluta til hlutverk Kjaradóms áður og bendi á að þessi eina stétt sem nú fellur undir kjaranefndina var að sjálfsögðu stétt sem áður tók laun samkvæmt kjarasamningum við ríkið og það má alls ekki rugla því saman við að hér sé verið að ráðast á kirkjuna eða draga úr sjálfstæði hennar. Vísa ég að öðru leyti til greinargerðar með því frv.

Virðulegi forseti. Ég er kominn að lokum míns máls. Ég hef heyrt það á frammíköllum að mönnum hefur þótt þessi lestur æðilangur. Ég vil einungis af því tilefni segja að ég tel að það sé afar mikilvægt að við áttum okkur á því hér hvernig við hyggjumst taka á bráðabirgðalöggjafarvaldinu í framtíðinni og hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til þess að við sleppum fram hjá því og getum kallað Alþingi saman. Um

það hljóta umræðurnar að snúast um þetta tiltekna frv. En við megum heldur ekki gleyma því að fyrir liggur annað frv. um sama efni og ég tel að það sé mikið í húfi fyrir alþingismenn og alla þá sem þurfa að hlíta niðurstöðu Kjaradóms að þessi mál fái efnislega afgreiðslu á yfirstandandi þingi. Ég tel að það sé bæði þingi og þjóð fyrir bestu.

Að þessum orðum töluðum legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var nokkuð undrandi á þessari framsöguræðu hæstv. fjmrh. Þar að auki mismælti hann sig nú hér í ræðunni, eins og menn muna, nokkuð skemmtilega og sérkennilega en það hefur kannski verið vegna þess að það sem var á undan í ræðunni efnislega var nú æðisérkennilegt. Ég skil satt að segja ekki hvers vegna hæstv. fjmrh. var að leggja þennan krók á sig til þess að fara að segja að það sem ég hafði sagt um yfirvinnugreiðslur í minni ráðherratíð hjá yfirmönnum ráðuneytisins hefði ekki verið rétt. Ég skil satt að segja ekki tilefni þess.

Það vill nú svo til að hér í hliðarsal situr sá embættismaður sem ráðherrann hafði með sér hingað til þingsins og ég bið hann nú persónulega forláts að ég neyðist til þess að víkja að því hér vegna ummæla hans núverandi embættismanns. En þegar sá embættismaður gegndi yfirmannsstöðu í ráðuneytinu sendi hann yfirvinnureikninga til mín sem ég skrifaði ekki upp á og voru sendir út aftur. Þetta hefur hann staðfest hér í hliðarsal þannig að ég satt að segja skil ekki hvað ráðherranum gengur til að vera að draga þetta mál hér með þessum hætti inn í þessa framsöguræðu. Ég er alveg reiðubúinn að ræða málið við ráðherrann síðar og ítarlegar eða við annað tækifæri. Ég hef óskað eftir því að fá símasamband við Magnús Pétursson, núv. ráðuneytisstjóra, hann er hins vegar á ferðalagi, en vildi strax nota þetta tækifæri til þess að mótmæla þessum sérkennilega efnisþætti og sá embættismaður fjmrn. sem hér situr í hliðarsal hefur staðfest að a.m.k. í hans tilviki var það rétt sem ég sagði um málið.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að hv. þm. hafi ekki verið í þingsal þegar ég ræddi um þetta mál (**ÓRG:** Ég hlustaði í gegnum hátalarann.) eins og staðfest er hér í frammíkalli, en það sem ég var að lýsa var yfirlýsing hv. þm. þar sem hann sagðist undrast á Kjaradómnum en af því að ég las hér textann og í textanum komu fram tvö efnistriði sem ég þurfti að gera athugasemd við, þá leyfði ég mér það. Annað var um fulltrúa fjmrn., sem ekki var minnst á í andsvari hv. þm. og ég tel það vera þá á þann veg að hv. þm. samþykki það sem ég sagði um það. Um hitt atriðið sem hv. þm. minntist á, þá er hann að gera athugasemd við það að ég hafi bent á að þeir sem tóku yfirvinnu, bæði kjaradómsmenn og aðrir í ráðuneytinu á hans tíma, gerðu það auðvitað á ábyrgð ráðherrans og það hefur ekkert með það að gera hvort ráðherrann skrifaði upp á yfirvinnuna eða ekki. Þetta vil ég láta koma fram vegna þess að menn skildu ummæli fyrrv. ráðherra og núv. hv. þm. á þann veg að þeir sem hefðu tekið sér yfirvinnu og voru kjaradómsmenn hefðu gert það að ráðherra forspurðum. Einfaldast er fyrir mig að spyrja hv. þm.: Tók ráðuneytisstjóri fjmrn. yfirvinnu án þess að hæstv. ráðherra sem þá var og núv. þm. hefði hugmynd um það eða var það gert með leyfi ráðherrans og vitund hans og vilja? Ef hv. þm. getur svarað því, þá er það allt í lagi. Að öðrum kosti sitjum við uppi með þá stöðu að viðkomandi ráðuneytisstjóri og reyndar aðrir sem tóku laun í ráðuneytinu hafi tekið sér yfirvinnuna sjálfir og þá þarf auðvitað að ræða það mál á þeim grundvelli.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð æ meira undrandi á ræðuflutningi hæstv. fjmrh. Fyrst segir hann að það sem ég hafi átt við eða átt að tala um hafi verið að það sem gerðist í ráðuneytinu væri allt á ábyrgð ráðherrans. Auðvitað er það rétt. Það er á ábyrgð ráðherrans, ég hef aldrei skotið mér undan því, hæstv. ráðherra. En ég var hins vegar spurður í þessu blaðaviðtali hvort ég hefði skrifað upp á yfirvinnureikninga sem er alveg nákvæm og skýr spurning og ég svaraði nei við því, ég hefði ekki gert það. Það vill svo til að við höfum hér í hliðarsal þann embættismann sem var hagsýslustjóri, annar af tveimur æðstu yfirmönnum undir fjármálaráðherra í fjármálaráðherratíð minni og hann hefur staðfest það hér við mig í einkasamtali í hliðarsalnum undir ræðu fjmrh. að hann hafi sent mér yfirvinnureikninga sem ég skrifaði ekki upp á og sendi út aftur.

Nú vill hins vegar núv. hæstv. fjmrh. fara að leiða það inn í málið hvort viðkomandi ráðuneytisstjórar hafi tekið sér yfirvinnu án þess að hafa til þess heimild frá ráðherranum. Það er nú satt að segja þannig áburður hér í ræðustól á Alþingi af hálfu hæstv. fjmrh. í garð æðstu yfirmanna ráðuneytisins að ég kýs að ræða það fyrst við viðkomandi yfirmenn alla. Ég hef þegar gert það við þann sem situr hér í hliðarsal, Indriða H. Þorlákssson. Það voru tveir aðrir sem gegndu þessum stöðum í minni tíð, Sigurgeir Jónsson og Magnús Pétursson, og ég mun að sjálfsögðu ræða við þá. En núv. fjmrh. verður hins vegar að eiga þessa furðulegu yfirlýsingu sína hér við embættismenn sína sjálfur. Varðandi það fyrra atriði sem hann nefndi, þá tel ég það vera skýrt að þeir menn sem ég skipa sem fjmrh. í stöður og eru áfram í þeim stöðum sem fulltrúar fjmrn. og fjmrh. eru auðvitað fulltrúar þess fjmrh. og fjmrn. sem er við völd hverju sinni. Þeir eru ekki áfram persónulegir fulltrúar mínir eftir að ég hef farið úr ráðuneytinu. Ég hef nú satt að segja aldrei heyrt svona frumlega skýringu.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir það að það skuli fram hér að það sé gerður skýr greinarmunur á því að skrifa upp á eða bera ábyrgð á og hafa vit-

und um og vilja hverjar yfirvinnugreiðslur eru. Vegna þess að þetta er mjög mikilvægt mál fyrir þá sem hér eiga í hlut, þá skil ég það svo og ég þakka hv. þm. fyrir það að hann hafi að sjálfsögðu samþykkt yfirvinnuna og að það sem hér er eftir honum haft þýði einungis það að hann hafi ekki skrifað upp á þessa yfirvinnu sjálfur. Og það er það sem skiptir öllu máli að menn fái að vita vegna þess að þessi ummæli hv. þm. voru kannski af eðlilegum ástæðum misskilin af æðimörgum eins og kom fram í frekari umræðum um þetta mál í blöðum. En ég þakka hv. þm. hreinskilni hans hér í umræðunni.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að þegar stjórnarskránni var breytt síðast í tengslum við þingskapalögin, þá var það markmið löggjafans, markmið allra flokka að þrengja verulega svigrúm bráðabirgðalöggjafans frá því sem verið hafði. Það er engin spurning um það. Og þó að menn hafi horfið frá fyrstu hugmyndum í þeim efnum að því er varðaði meðferð mála hér á Alþingi, þá lá þessi vilji löggjafans fyrir, þingmanna úr öllum flokkum sem fluttu það frv. sem svo að lokum varð að lögum. Þess vegna verð ég að segja það, virðulegi forseti, að ég tel það hættulegan skilning og mjög alvarlegt umhugsunarefni þegar hæstv. fjmrh. segir í framsöguræðu sinni fyrir fyrstu bráðabirgðalögunum sem sett eru eftir að stjórnarskránni var breytt, að ríkisstjórnin hafi kosið að setja bráðabirgðalög af því að hún óttaðist að það færi fram umræða á Alþingi. Það auðvitað gengur ekki að láta yfirlýsingu af þessu tagi frá hæstv. fjmrh. í þessu tilviki fara hér fram í þingsalnum án þess að henni sé mótmælt og það vil ég gera sérstaklega sem aðili að þeim nefndum sem sömdu þingskapalagafrumvörpin eins og þau voru í lokagerð sinni.

Í öðru lagi vil ég segja við hæstv. fjmrh. að um það eru mýmörg dæmi að Alþingi hafi á nokkrum mínútum eða nokkrum klukkustundum afgreitt mál þegar mikið hefur verið talið liggja við, m.a. í tengslum við niðurstöður kjaradeilna af ýmsu lagi, setningu laga um gerðardóma eða úrskurðaraðila í viðkvæmum kjaradeilum sem hefðu getað haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðfélagið í heild. Þá var það svo hvað eftir annað að fulltrúar allra flokka beittu sér fyrir því að um þau mál fóru fram mjög stuttar umræður á Alþingi og þess vegna gat ríkisstjórnin auðvitað beitt sér fyrir því að kalla Alþingi saman. Hún hefur enga afsökun og ummæli fjmrh. stríða gegn viðhorfum löggjafans þegar stjórnarskránni var breytt síðast í þessu efni.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er misskilningur sem kemur fram í máli hv. þm. Svo segir í greinargerð með greininni, 5. gr. sem síðar varð 6. gr. stjórnarskipunarlaganna:

„Í fyrsta lagi eru lagðar til smávægilegar breytingar á orðalagi 1. mgr. vegna breytingar á starfstíma Alþingis. Orðin „milli þinga" falla brott en í staðinn koma orðin „þegar Alþingi er ekki að störfum." Hér er því ekki um að ræða breytingu á þeim skilyrðum sem verið hafa fyrir útgáfu bráðabirgðalaga."

Í öðru lagi er síðan fjallað um mánaðarfrestinn sem lengdist í sex vikur og þar segir m.a.:

„Mánaðarfresturinn er settur í því skyni að Alþingi taki svo fljótt sem auðið er afstöðu til bráðabirgðalaga sem gefin hafa verið út meðan það sat ekki að störfum svo að það réttarástand sem bráðabirgðalög hafa skapað standi sem styst eftir að löggjafarvaldið hefur tekið til starfa á ný. Þess má geta að í drögum að þingskapalögum eru ákvæði sem koma eiga í veg fyrir að staðfestingarfrv. falli vegna óeðlilega langra umræðna." Það er augljóst hjá öllum þeim sem skoða þetta mál, og ég hef látið skoða það mjög rækilega, að það var ekki tilgangur löggjafans að breyta þessum skilyrðum eins og ranglega hefur hér verið haldið fram.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þess eru auðvitað engar forsendur eða aðstæður að fara ítarlega yfir aðdraganda þessa máls. Ég fullyrði hins vegar á ný að það var vilji löggjafans að þrengja að möguleikum bráðabirgðalöggjafans með síðustu stjórnarskrárbreytingu og ég segi: Fyrir því eru mýmörg dæmi að Alþingi og fulltrúar allra flokka hafi fallist á að taka mál í gegnum þingið með mjög miklum hraða þegar mikið hefur legið við.

Ég tel hins vegar óhjákvæmilegt út af ummælum hæstv. fjmrh. að um þetta mál verði sérstaklega fjallað ef ekki í þessari umræðu þá síðar við meðferð þessa máls vegna þess að ég tel að hann sem ráðherra málsins fari ranglega með forsendur þess og það er hættulegt upp á framhaldið.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð enn á ný að hryggja hv. þm. með því að þetta er misskilningur sem hann heldur hér fram. Það breytir hins vegar ekki því að útgáfa bráðabirgðalaga og umfjöllun bráðabirgðalaga í þinginu eru efni sem þingmenn eiga að sjálfsögðu að ræða mjög nákvæmlega og ég skal ekki undan því skorast því að ég hef sjálfur af því áhyggjur að það skuli ekki vera hægt með góðu móti samkvæmt þingskapalögum að kalla saman Alþingi og ná fram nýjum lögum á tiltölulega skömmum tíma eins og öðrum þjóðum hefur tekist. Um það get ég verið hv. þm. sammála en að hinu leytinu er það misskilningur sem hann hefur hér haldið fram.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil þakka þá nýbreytni forseta að þeir vísa gjarnan í þær greinar í þingskapalögum sem við eiga þegar þeir gera grein fyrir sínum úrskurði eða afstöðu. Sérstaklega hefur þetta verið áberandi með vinnubrögð hjá hv. 5. þm. Austurl.

Nú hefur það aftur á móti gerst að tveir hæstv. ráð-

herrar hafa í skrifuðum ræðum sem þeir hafa komið með hér í ræðustól tekið sér það bessaleyfi að tala fyrir málum sem ekki eru á dagskrá samhliða því máli sem verið er að ræða. Þetta gerði hæstv. iðnrh. þegar hann eyddi í ræðu um EES stórum hluta af sínum ræðutíma einnig í að ræða stjórnarskrárfrv. sem hér hafði verið lagt fram. Þetta gerði hæstv. fjmrh. þegar hann í ræðu um bráðabirgðalög gerir að umræðuefni annað frv. sem hann hyggst flytja. Ég hefði talið eðlilegt undir slíkum kringumstæðum að hæstv. ráðherra hefði leitað eftir því hjá forseta að fá að tala fyrir báðum málunum samtímis. Þá hefði fyrri hluti ræðunnar getað farið í það að útskýra hve brýn nauðsyn var að setja bráðabirgðalögin og seinni hlutinn í að útskýra að þau væru svo vitlaus að það yrði að setja önnur lög strax á eftir. Þetta hefði getað orðið mjög fróðleg ræða og skemmtileg.

En því stend ég hér upp að ég óska eftir að fá að vita það hvort almennum þingmönnum leyfist það sama, þ.e. að fara vítt yfir völlinn gagnvart frumvörpum sem hér er búið að leggja fram en ekki taka á dagskrá því að það er óhjákvæmilegt að það sé upplýst af forseta hvort réttur ræðumanna sé jafn í þessum efnum eða hvort ráðherrar hafa fengið á bak við einhver sérstök mannréttindi hér í þinginu hvað þetta snertir.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þetta er að sjálfsögðu mjög athyglisvert mál sem hér er bryddað upp á. Ég vil taka það fram að í mínu máli hér áðan ræddi ég um stjórnarskrána, um þingskapalög, um frv. til staðfestingar laganna, um lög um Kjaradóm, bæði fyrr og nú, og um fyrirliggjandi lagafrv. um Kjaradóm. Öll þessi lög og lagafrumvörp höfðu að sjálfsögðu mikla þýðingu fyrir efni þess máls sem var á dagskrá sem var frv. til staðfestingar laga um bráðabirgðalög. Ég vil að þetta komi hér fram af því að ég tel að allir þingmenn hafi rétt á því þegar þeir fara með framsöguræðu fyrir einstökum málum að nefna til sögunnar bæði lög, lagafrumvörp og annað það sem tengist beinlínis efni þess máls sem á dagskrá er og vil láta þennan skilning minn fá að koma hér fram við þessa þingskapaumræðu.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill taka fram að auðvitað er miðað við það að þingmenn og ráðherrar að sjálfsögðu jafnframt ræði það mál sem á dagskrá er. Ráðherrar hafa þar ekki neinn frekari rétt en aðrir til að fara út fyrir efnið. Það hefur hins vegar hingað til ekki verið gerð athugasemd við það þó að menn minnist á önnur frumvörp í ræðum sínum en eru til umræðu en að sjálfsögðu er miðað við þá meginreglu að menn ræði það mál sem á dagskrá er.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir hans svar. Það verður ekki skilið á annan veg en þann að heimilt sé þrátt fyrir það að eitt mál sé hér á dagskrá að taka fyrir þau hin tvö hin merkilegu frumvörp sem hér liggja frammi um sama efni.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill taka fram að hér er verið að ræða fyrsta málið á dagskrá og er miðað við að það mál sé rætt við þessa umræðu en önnur mál verða tekin eftir röð á dagskrá. Það getur hins vegar verið eðli málsins samkvæmt í lagi að minnast á önnur frumvörp þótt ekki að það sé mælt fyrir þeim öllum í einu eða þau rædd í einu lagi. Það er ekki miðað við það heldur er aðeins á dagskrá nú Kjaradómur, stjfrv., 19. mál á þskj. 19.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég ætla að ræða það dagskrármál sem hér er til umræðu og ekki þau fylgifrumvörp eða tengd frumvörp sem næst koma á dagskránni.

Við höfum nú hlustað á hæstv. fjmrh. flytja mikla langloku fyrir þessu staðfestingarfrv. um bráðabirgðalögin og sá var nú sannarlega ekki að flýta þingstörfunum með þessari ræðu. Meiri parturinn af ræðunni var náttúrlega óþarfur, en þó eru í henni atriði sem ástæða er til að gera athugasemdir við og óhjákvæmilegt er að gera athugasemdir við.

Það er náttúrlega auðfundið á hæstv. fjmrh. að hann skammast sín fyrir þessa frammistöðu hjá sér og hjá ríkisstjórninni. Ríkisstjórnin hefur staðið afar klaufalega að þessu máli og fjmrh. þar fremstur í flokki. Málsmeðferðin er óþingleg og óskynsamleg. Það var auðvitað andi og ætlun okkar þegar við breyttum stjórnarskránni að afnema, og við afnámum nánast heimildina til útgáfu bráðabirgðalaga af því að okkur þótti bráðabirgðalagasetning í þjóðfélaginu hjá fyrirfarandi ríkisstjórnum, og þar er ég ekki að undanskilja flokksbræður mína, hafa keyrt úr hófi og við vildum takmarka svo sem frekast væri kostur eða jafnvel banna setningu bráðabirgðalaga. Og það er grundvöllurinn undir því að nú stendur Alþingi allt árið. Það er grundvöllurinn undir því til þess að ríkisstjórnin þurfi ekki eða hafi ekki afsökun eftir atvikum til að grípa til bráðabirgðalaga. Við hins vegar treystum okkur ekki til þess þegar til kastanna kom að fella alveg út heimildina til bráðabirgðalagasetningar. Þau tilvik geta komið upp í ófriði, í náttúruhamförum að nauðsynlegt sé að lagasetning geti gengið með skjótari hætti en svo að unnt sé að kalla Alþingi saman. Hins vegar kom hvað eftir annað fram í ræðu hæstv. fjmrh. óvirðing á Alþingi og að hann telur að það hefði verið svo tímafrekt að fjalla um málið hér á Alþingi. Það er náttúrlega fjarri lagi að nota svona röksemdir og ég vil mótmæla hans óvirðulega tali um þessa stofnun. Það var ósæmilegt.

Niðurstaða í þessu máli hefði ekki þurft að taka mjög langan tíma ef ráðherra hefði nú verið laginn og snjall sem hann var því miður ekki. Það hefði verið hægt að kynna málið og ræða það í efh.- og viðskn., kveðja hana saman til fundar fyrst, leggja síðan málið fyrir Alþingi og ég hef ekki trú á því að hér hefðu þurft að verða svo langar umræður um það að ástæða væri til að óttast að neinu væri spillt.

Sú hugsun sem fram kom hjá ráðherranum er náttúrlega alveg forkastanleg að það sé svo seinlegt að láta löggjafarsamkomu þjóðarinnar fjalla um lögin að það væri miklu betra að gera það bara sjálfur og vera fljótur að. Þetta eru hugaróra einræðisherra og er ekki boðlegt og alls ekki á að líðast og mönnum á ekki að haldast það uppi ómótmælt að tala eða hugsa svona.

Varðandi efnisatriði þessa máls, þá voru kjaradómslögin, sem hæstv. fjmrh. var að afnema, sett í fjármálaráðherratíð hæstv. núv. sjútvrh., Þorsteins Pálssonar. Þetta voru lög nr. 92 frá 31. des. 1986. Ég átti tækifæri til að koma dálítið að þessari lagasetningu sem formaður fjárhags- og viðskiptanefndar, eins og nefndin hét þegar þessi lög voru sett. Að baki lagasetningarinnar um Kjaradóm var sú hugsun að koma upp óháðum og sjálfstæðum dómstóli sem ákvæði tilgreindum opinberum starfsmönnum laun. Við munum þá tíð, a.m.k. sum okkar, að Alþingi ákvað launakjör þingmanna og ráðherra. Það sætti mjög mikilli gagnrýni úti í þjóðfélaginu að alþingismenn væru að ákveða sjálfum sér laun og þar af leiðandi hurfum við að því ráði að kasta okkur undir Kjaradóm og hlíta úrskurði hans.

Í 6. gr. laganna um Kjaradóm er dómendum skylt að gæta innbyrðis samræmis í launum þeim sem hann ákveður og jafnframt er honum skylt að sjá um að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar.

Þegar þessi lög voru sett á sínum tíma, þá sýndist okkur þetta vera fullnægjandi og skynsamlega kveðið á um þá forskrift sem Kjaradómur skyldi fara eftir. Því verður hins vegar ekki á móti mælt að Kjaradómur hefur verið býsna svifaseinn í ákvörðunum sínum og honum hefur á undanförnum árum gengið fremur illa að fara eftir þessari forskrift laganna. Það hefur skapast mjög mikið misræmi innbyrðis á milli rauntekna þeirra sem taka laun samkvæmt Kjaradómi, m.a. vegna nefndalauna og ómældrar yfirvinnu hjá sumum. Mér finnst það ekki réttlátt að margir starfsmenn ráðuneytanna séu á hærri launum en t.d. ráðherrarnir og sama gildir um starfsmenn hins opinbera hvarvetna í þjóðfélaginu. Mér finnst það ekki skynsamlegt að forstjóri Ríkisspítalanna t.d. hafi miklu hærri laun en heilbrrh.

Það tekur ekkert betra við ef gerður er samanburður á launum kjaradómsþola annars vegar og launum stjórnenda einkafyrirtækja á almennum markaði eða forustumanna launþegasamtaka eða félagssamtaka hins vegar. Ég tel ekki rétt að forseti ASÍ hafi t.d. tvöföld laun á við félmrh. eða framkvæmdastjóri LÍÚ tvöföld laun á við sjútvrh. svo að bara tvö dæmi séu tekin. Í blöðunum í sumar hefur töluvert verið fjallað um rauntekjur einstakra toppa í atvinnulífi og reyndar í opinberum stöðum líka og það kemur náttúrlega í ljós að Kjaradómur hefur ekki sinnt því hlutverki sínu að gæta þarna eðlilegs samræmis.

Ég tel að það sé ákaflega mikilvægt að launastefnan í landinu sé hófsöm en ég bendi á að það getur verið hættulegt að hafa dómara eða löggjafa eða handhafa framkvæmdarvalds ákaflega illa launaða þá þegar af þeirri ástæðu að það verður þá fyrr en seinna skortur á hæfum mönnum til þess að annast framkvæmdarvaldið, löggjafarstarfið eða dómsvaldið eða til þess að dæma. Efnahagslegt sjálfstæði er í sjálfu sér ákaflega mikilvægt og maður sem er í peningavandræðum er að öðru jöfnu opnari fyrir því að láta annarleg sjónarmið eða jafnvel mútur hafa áhrif á afstöðu sína heldur en sá sem býr við sæmilegt efnahagslegt öryggi. Ég vil sem sagt meina að loksins þegar Kjaradómur mannaði sig upp í sumar að kveða upp dóm og færa klukkuna til nútímans, þá hafi Kjaradómur verið að reyna að vinna eftir þeim lögum og þeim forskriftum sem hann hafði. Það var hins vegar alveg augljóst að þjóðfélagslega var niðurstaða dómsins óheppileg og eðlilegt að gripið væri til einhverra gagnaðgerða og ég er ekki að gagnrýna ríkisstjórnina fyrir það í sjálfu sér. Kjaradómur hefði auðvitað getað náð innbyrðis samræmi á milli kjaradómsþola, t.d. með þeim hætti að úrskurða forseta Íslands 1,7% hækkun og raða síðan í samræmi við það, en ég tel að forseti Íslands eigi að vera hæstur ríkisstarfsmanna, hækka einhverja kannski lítillega en þá hefði hann jafnframt orðið að stórlækka aðra. Og í þessari kjaradómsumræðu allri hefur athyglin beinst að þeim sem Kjaradómur lyfti, þeim sem Kjaradómur hækkaði en ekki þeim sem Kjaradómur ætlaði að lækka í launum. En það var ein af þeim forsendum sem Kjaradómur gaf út þegar hann birti dóminn að ríkisútgjöldin ættu ekki að hækka verulega við þær breytingar sem dómurinn lagði til.

Það var náttúrlega ekki eðlilegt heldur að þeir sem dómurinn kom verst við, þ.e. þeir sem Kjaradómur ætlaði að skerða hlutinn hjá, yndu því glaðir. Ráðuneytisstjórnarnir vildu auðvitað vera áfram miklu hærri en ráðherrarnir. Og þeir sem sáu fram á lækkun blésu auðvitað að eldi þeim sem kviknað hafði í almenningsálitinu og þetta endaði með því að ráðuneytisstjórarnir létu ráðherrana fara að beita sér í málinu. „Yes, minister." Það tókst nú ekki reglulega lánlega til hjá blessaðri ríkisstjórninni þegar hún fór að beita sér í málinu. Fyrst skrifuðu þeir Kjaradómi bréf og báðu hann að gera svo vel og éta dóminn ofan í sig sem Kjaradómur gerði ekki. Í staðinn fyrir þá að kalla saman Alþingi og setja lög sem ekki hefðu í för með sér stórfellda röskun á vinnumarkaði, gripu þeir til þess óyndisúrræðis, þessa óþinglega óyndisúrræðis af því að þeir voru hræddir við Alþingi, af því að þeir nenntu ekki að standa fyrir máli sínu hér, af því að þeir vildu ekki eyða tíma í það að fara með lýðræðislegum hætti að málum, þá ruku þeir til og settu þessi klúðurslegu bráðabirgðalög, þ.e. fjmrh. tók raunverulega launaákvarðanirnar í eigin hendur. Auðvitað sér hæstv. fjmrh., sem er greindur og gegn maður, hvílíkt klúður þetta var hjá honum og það var náttúrlega auðfundið á ræðu hans hér áðan hve mikið hann skammaðist sín fyrir þessa frammistöðu.

Nú hefur hæstv. fjmrh. látið semja frv. til nýrra laga um Kjaradóm. Hann bað þingflokka stjórnarandstöðunnar að taka þátt í því með sér. Við neituðum því. Við framsóknarmenn kærum okkur ekki um að taka þátt í þessum leik, enda er illa og óviturlega til hans

stofnað en ég ætla ekki að fara að ræða næsta dagskrármál, þ.e. frv. til laga um nýjan Kjaradóm og kjaranefnd. Mér sýnist að klúðrið haldi þar áfram. Þessi svokallaða kjaranefnd sem þar er lagt til að sett verði upp verður náttúrlega raunverulega bara málpípa fjmrh. Hann skipar hana að mestu leyti og þeir sem verða að lúta niðurstöðum kjaranefndar eru raunverulega að lúta launaskömmtun fjmrh.

Ég ætla sem sagt, frú forseti, ekki að ræða það þingmál. Ég vek athygli á því að þessi bráðabirgðalög, sú hrákasmíð sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir og ber alla ábyrgð á fellur úr gildi eftir fáeinar vikur, líklega einar þrjár vikur. Það er verkefni þingsins að ræða hina nýju skipan sem vafalaust þarfnast ítarlegrar umræðu og vandlegrar meðferðar í Alþingi og í þingnefnd. Mér segir svo hugur að það staðfestingarfrv. sem hér er til umræðu lognist út af og verði aldrei staðfest þannig að hæstv. fjmrh. hefði getað komist hjá því að halda sína löngu afsökunarræðu hér áðan.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira, frú forseti. Mér sýnist að ríkisstjórninni hafi mistekist í þessu máli eins og reyndar flestum öðrum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það má segja að kjarni þessa máls sé fyrst og fremst sé tvíþættur, þ.e. annars vegar efnisinnihaldið sem hér hefur nokkuð verið rætt en hins vegar er það svo aðferðin eða vinnubrögðin sem hæstv. ríkisstjórn greip til í vanda sínum eftir að fyrir lá úrskurður Kjaradóms á dögunum.

Ég mun aðallega ræða þetta síðarnefnda þar sem ég lít svo á að það sé á margan hátt eðlilegra að ræða hin almennu efnisatriði sem lúta að starfi Kjaradóms og skipan mála þar undir þeim dagskrárlið sem hér er nr. 2 og kemur væntanlega til umræðu næst á eftir þessum. Þar er verið að fjalla efnislega um lagaákvæði um Kjaradóm og að mörgu leyti eðlilegra umræðunnar vegna að menn haldi sig þá við efnisþættina þar.

Staðreyndin er sú að hér er að baki mikil hrakfallasaga þar sem eru viðbrögð hæstv. ríkisstjórnar við hinum óvænta úrskurði Kjaradóms sem féll 26. júní sl. Niðurstaðan hefur orðið mönnum talsvert umræðuefni nú þegar, þ.e. sú lending hæstv. ríkisstjórnar að ákveða eftir langan fund að kvöldi dags að senda bifreið með bráðabirgðalög upp á Akranes og láta forseta Íslands rita þar undir, undir miðnættið þann dag rétt eins og líf þjóðarinnar beinlínis lægi við að ljúka þessu nú öllu saman á fáeinum klukkutímum.

Áður en ég ræði þann þátt sérstaklega ætla ég að rifja málið lítillega upp eins og það kom fyrir frá og með úrskurði Kjaradóms 26. júní ef ég man rétt og rekja mig í gegnum ferilinn þangað til ríkisstjórnin komst að þessari skrýtnu og óvæntu og furðulegu niðurstöðu sinni, sem afar fá rök standa fyrir að mínu mati, að setja bráðabirgðalög.

Það er ljóst að mönnum kom úrskurður Kjaradóms á margan hátt á óvart. A.m.k. hygg ég að svo hafi verið að fæstir hefðu átt von á því eftir þá löngu kyrrstöðu sem ríkt hafði varðandi starfsemi Kjaradóms sem um árabil hafði nánast ekki hróflað við launum þeirra starfsmanna sem undir hann heyrðu þrátt fyrir umtalsverðar breytingar úti á vinnumarkaðnum, að þá skyldi dómurinn, loksins þegar hann á annað borð fór út í efnislegar breytingar, taka þar jafnrösklega til hendinni og raun varð á. Mjög háar prósentutölur stungu sérstaklega í augun og þá eins og við mátti búast aðallega þær sem til hækkunar voru á launum einstakra starfsmanna eða hópa. Minna fór fyrir hinu að rætt væri um þá niðurstöðu sem dómurinn taldi vera að með þeim breytingum sem hann gerði og jöfnuðust nokkuð út, þær sem voru til lækkunar og hækkunar, væri ekki um umtalsverðar breytingar á heildarútgjöldum ríkisins vegna launa þessa hóps að ræða. Engu að síður er það svo að dagana 26. og 27. júní eru það fyrst og fremst þessar hækkanir sem eru fyrirferðarmiklar í umfjöllun fjölmiðla.

En fyrstu viðbrögð hæstv. ríkisstjórnar vekja líka nokkra athygli í ljósi þess sem síðar varð. 28. júní er viðtal við hæstv. forsrh. Davíð Oddsson í Morgunblaðinu og þar segir hann:

„Hæpið er að ríkisstjórnin geti breytt dómi Kjaradóms, segir Davíð Oddsson eftir sérstakan ríkisstjórnarfund um málið í gær." Sem sagt, sá fyrsti af mörgum ríkisstjórnarfundum var haldinn 27. júní og eftir þann fund er niðurstaða hæstv. forsrh. í viðtölum við fjölmiðla sú að það sé hæpið að ríkisstjórnin geti hróflað við þessari niðurstöðu. Í fréttinni segir, með leyfi forseta, m.a. þetta: „...ríkisstjórnin væri nú að kanna lagalega stöðu dómsins og hvort hún eða löggjafarvaldið gæti á einhvern hátt breytt úrskurði hans og nefndi hann [þ.e. forsrh.] að í því sambandi væri setning bráðabirgðalaga til athugunar. Hann sagði þó að það væri mat þeirra lögfræðinga sem stjórnin hefði leitað til að afar hæpið væri að hægt væri að grípa til slíkra úrræða." — Ég endurtek: að afar hæpið væri að hægt væri að grípa til slíkra úrræða. — Þetta segir hæstv. forsrh. ekki í neinu fljótræði að ætla má, heldur eftir að ríkisstjórnin er búin að halda heilan fund um málið og hafa tvo sólarhringa til að kynna sér niðurstöðu dómsins.

Síðan fer í gang sú leikflétta sem menn þekktu að hæstv. forsrh. skrifar Kjaradómi bréf, sem var merkileg hugkvæmni af hálfu hæstv. forsrh., og fer fram á það við hann að hann breyti niðurstöðu sinni, og hlýtur nú að teljast með fádæmum í sögunni að menn fari fram á það við óháðan dómstól eða óháðan aðila sem hefur dómstólsígildi eða stöðu samkvæmt stjórnskipun landsins (**Gripið fram í:** Þetta var í Sovétríkjunum.) að hann breyti sinni efnislegu og rökstuddu niðurstöðu sem dómsorði og rökstuðningi og öllu saman hafði verið upp kveðinn. En hugkvæmni hæstv. ríkisstjórnar var engu að síður slík að það var ákveðið að senda bréf til Kjaradóms og fara vinsamlega fram á það við hann að hann breytti niðurstöðunni. Þetta gerist sömuleiðis 28. júní.

Strax næsta dag, a.m.k. er það komið í fjölmiðla 30. júní, liggur fyrir að Kjaradómur hafnar tilmælum ríkisstjórnarinnar og þurfti ekki langan tíma til. Kjaradómur sá einfaldlega ekki út frá þeim lögum sem hann starfaði samkvæmt að neinar forsendur væru til þess að

taka upp sinn fyrri dóm og lái þeim hver sem vill. Þetta gaf að líta og umfjöllun um þetta í blöðunum 30. júní.

Í fjölmiðlum þessa daga voru sömuleiðis viðtöl við fjölmarga forustumenn launafólks og aðila á vinnumarkaði sem allir eða flestir töldu niðurstöðu Kjaradóms óheppilega og hún mundi hafa mikla röskun í för með sér og stofna í uppnám þeim kjarasamningum sem gerðir höfðu verið. Blöðin tóku til við að skrifa um þetta leiðara. Sá fyrsti af mörgum sem Morgunblaðið skrifaði um þetta mál var 30. júní undir fyrirsögninni „Kjaradómur í kreppu." Í fjölmiðlum komu sömuleiðis fram upplýsingar um hversu mikil útgjöld ríkisins vegna elli- og eftirlaunalífeyrisgreiðslna mundu aukast vegna niðurstöðu dómsins. Hæstv. félmrh. kom aldrei þessu vant fram á sjónarsviðið með geislabaug um höfuðið og afþakkaði launahækkunina og sagðist mundu beita sér fyrir því að stöðva framgang dómsins.

Síðan kemur næsti þáttur. Næsti fundur ríkisstjórnarinnar er 30. júní og frá niðurstöðu hans er sagt í morgunblöðunum 1. júlí, fundur sem stóð fram á kvöld, væntanlega annar í röðinni sem sérstaklega var boðaður um kjaradómsmálið. Og hver var niðurstaðan þá? Jú, hún var sú að ríkisstjórnin mundi, úr því að Kjaradómur var ekki svo vinsamlegur að taka upp dóminn að hennar tilmælum, ekkert aðhafast frekar í málinu fyrr en þing kæmi saman. Þá yrði lagt fram frv. til laga um endurskoðun á lögum um Kjaradóm. Niðurstaðan stendur og í frétt í Morgunblaðinu 1. júlí undir fyrirsögninni „Ákvörðun ríkisstjórnarinnar segir: Lög um Kjaradóm verði endurskoðuð." Með leyfi forseta áfram:

„Eftir fund ríkisstjórnarinnar í gærkvöldi tilkynnti Davíð Oddsson forsætisráðherra ákvörðun hennar vegna úrskurðar Kjaradóms þann 26. júní." Yfirlýsing forsætisráðherra fer á eftir og aðdragandi málsins síðan rakinn og segir: „Kjaradómur hefur í dag synjað þessum tilmælum," þ.e. að taka upp dóminn „og sagt að hvorki séu efnisleg né lagaleg rök til slíkrar endurupptöku" og sendi nú Kjaradómur ríkisstjórninni skeytið til baka með þessum orðum. Fyrir því sem hæstv. forsrh. fór fram á að Kjaradómur gerði voru hvorki efnisleg né lagaleg rök. Hvað var Kjaradómur að segja þarna? Hann var að segja að það sem forsrh. fór fram á við dóminn væri óheimilt, ólöglegt. Í ákvörðun ríkisstjórnarinnar í greinargerðinni frá 1. júlí segir áfram, með leyfi forseta:

„Lögfræðilegir ráðunautar ríkisstjórnarinnar telja að stjórnarskrá lýðveldisins setji því skorður að lög séu sett til að afnema eða breyta þessari niðurstöðu Kjaradóms."

Hvar eru þessir lögfræðilegu ráðunautar ríkisstjórnarinnar nú? Og vel að merkja, hæstv. forseti, hvar er hæstv. forsrh. sem ég teldi nú að ætti að sjá sóma sinn í að vera viðstaddur umræðuna. Hér er það sem sagt skjalfest í yfirlýsingu frá ríkisstjórninni sjálfri að hennar eigin lögfræðilegu ráðunautar hafi ráðið frá því að reyna að hrófla við þessari niðurstöðu Kjaradóms með lögum. Svo segir áfram í yfirlýsingunni og það var niðurstaða ríkisstjórnarinnar 1. júlí: „Ríkisstjórnin hefur ákveðið að endurskoða lög um Kjaradóm og mun leggja fram frumvarp um það efni þegar þing kemur saman á ný."

Þetta var niðurstaða ríkisstjórnarinnar 1. júní (**Gripið fram í:** 30. júní.) eða 30. júní sem síðan er sagt frá í fjölmiðlum að morgni 1. júlí af því að þetta var kvöldfundur hjá ríkisstjórninni. Þegar málin standa á þessum punkti er alveg ljóst að ríkisstjórnin telur sér ekki fært að hrófla við þessari niðurstöðu með lögum, að því er best verður skilið út frá þessum texta, hvort sem heldur er bráðabirgðalögum eða almennri lagasetningu og það er álit þeirra lögfræðilegu ráðunauta sem ríkisstjórnin styðst við. Síðan er bætt um betur og frá þessu er svo ítarlega sagt í umfjöllun í fleiri fjölmiðlum: Orð skulu standa, dómar skulu standa. Hvorki efnisleg né lagaleg rök eru til þess að taka þetta upp. Lögfræðilegir ráðunautar ríkisstjórnarinnar vara við því að reyna að hrófla við þessum niðurstöðum með lögum. Og ég er með frekari umfjöllun um þetta úr fjölmiðlum hér fyrir framan mig.

Morgunblaðið kemur svo út 2. júlí og þá er enn leiðari um þetta mál. Annar leiðarinn í Morgunblaðinu í röð á örfáum dögum sem er helgaður þessu máli. Og hver er fyrirsögn hans? „Örlagarík mistök." Og leiðaranum lýkur með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Með einni rangri ákvörðun á kvöldfundi þessarar stjórnar er stefnt í voða mesta árangri sem Íslendingar hafa náð í efnahagsmálum í tvo áratugi." Og vel að merkja, þessarar stjórnar er nánar tiltekið ríkisstjórn Íslands sem Morgunblaðið er þarna að fjalla um.

Sömu daga héldu samtök launafólks fjölmenna fundi og áskoranir bárust víða að frá þeim og fleiri aðilum í þjóðfélaginu um að Alþingi kæmi saman til að taka á þessu máli. Forustumenn stjórnarandstöðunnar lýstu sig reiðubúna til þess að koma til þings og það var almenn krafa af hálfu aðila vinnumarkaðarins og fleiri aðila.

En Morgunblaðið segir ekki skilið við málið með leiðaranum sínum 2. júlí heldur birtir það lögfræðiálit þeirra þriggja ráðgjafa ríkisstjórnarinnar sem til höfðu verið kallaðir eins og þau leggja sig. Hver er niðurstaðan þar? Í lögfræðiáliti Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns segir og fyrirsögnin er valin í samræmi við það: „Dómurinn ekki felldur niður með stjórnvalds- eða lagaboði."

Í áliti Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl. segir: „Hæpið að breyta megi Kjaradómi með bráðabirgðalögum." Og í textanum er í raun og veru kveðið fastar að orði en þetta. Eindregið ráðið frá því að láta sér detta í hug að breyta bráðabirgðalögum. Og í lögfræðiáliti Eiríks Tómassonar segir einnig, með leyfi forseta:

„Sú spurning vaknar í þessu sambandi hvort unnt sé á grundvelli 28. gr. stjórnarskrárinnar að gefa út bráðabirgðalög um launakjör embættismanna og annarra ríkisstarfsmanna sem lög nr. 92/1986 taka til. Um það má vissulega deila hvort skilyrði séu til þess að gefa út slík lög, en bráðabirgðalög ber ekki að setja nema brýna nauðsyn beri til. Enn sem komið er hafa dóm-

stólar ekki lýst því yfir að bráðabirgðalög brjóti í bága við stjórnarskrána vegna þess að brýna nauðsyn hafi skort til útgáfu þeirra. sbr. nú síðast héraðsdóm í svonefndu BHMR-máli uppkveðnum 13. mars 1991. Af þessum dómi verður hins vegar ráðið að dómstólar áskilja sér rétt til þess að kanna í hverju einstöku tilviki hvort bráðabirgðalöggjafinn hafi gengið of langt í þessu efni og er það mín skoðun að til þess geti komið að dómstólar lýsi bráðabirgðalög ógild vegna þess að ekki hafi borið brýna nauðsyn til útgáfu þeirra. Þess vegna ræð ég frá því að sú leið verði farin í þessu tilviki." Þetta segir í þriðja og síðasta lögfræðiálitinu sem ég vitna hér til og ríkisstjórnin hafði í höndunum þegar hún var að skoða þessi mál fyrstu daga júlímánaðar.

Málið liggur sem sagt svona. Í eigin yfirlýsingu 1. júlí vísar ríkisstjórnin í lögfræðiálitin sem séu svo afdráttarlaus að það sé ekki talið gerlegt að hrófla við þessari niðurstöðu hvorki með bráðabirgðalögum né öðrum lögum. Í lögfræðiálitunum sjálfum sem Morgunblaðið birti daginn eftir geta menn lesið þetta hver fyrir sig.

Mogginn er svo upptekinn af þessu að leiðarinn daginn eftir er enn helgaður málinu og þá er fjallað um álit lögfræðinganna. Niðurstaða Morgunblaðsins er sú að enn sé svigrúm fyrir Alþingi til að grípa inn í málið en það verði þá að koma saman til þess að gera það. Aftur vitna ég í niðurlag leiðarans en þar segir:

„Ríkisstjórn og Alþingi hafa því enn svigrúm til að breyta þeim úrskurði Kjaradóms sem stefnir í voða miklum þjóðarhagsmunum. Þess vegna er nauðsynlegt og eðlilegt að Alþingi verði kallað saman þegar eftir helgi og þar verði sett sú löggjöf sem dugar til þess að tryggja hagsmuni þjóðarinnar í bráð og lengd."

Þar með liggur afstaða Morgunblaðsins fyrir, afstaða aðila vinnumarkaðarins, stjórnarandstöðunnar, afstaða yfirleitt allra sem höfðu tjáð sig um málið og ríkisstjórnarinnar líka því að hún var sammála. Í yfirlýsingu 1. júlí telur hún að bráðabirgðalagasetning eða önnur lagasetning komi ekki til greina heldur eigi að kalla þingið saman eða bíða eftir því að það komi saman og að þá verði lagt fram nýtt frv. um endurskoðun á lögunum um Kjaradóm. Og enn er haldið áfram og 3. júlí segir í blöðum:

„8–10 þúsund manna útifundur krefst þess að Alþingi verði strax kvatt saman. Ríkisstjórnin útilokar ekki að Alþingi verði kallað saman, segir forsrh. Félmrh. segist ekki treysta sér til að þiggja hækkun Kjaradóms."

Þetta voru forsíðufréttirnar eða sverustu fyrirsagnirnar í fjölmiðlunum þessa daga. Hvað er ríkisstjórnin að hugsa þarna? Hún er að hugsa um að kalla þingið saman, forsrh. útilokar ekki að láta undan þeim þrýstingi sem þarna er orðinn. (Gripið fram í.) Garminum Katli, þ.e. Alþýðublaðinu, verður ekki gleymt, hann er hér aftar í bunkanum. Ég ætla ekki að þreyta fundarmenn á því að fara mikið ítarlegar ofan í þetta. Ég er hér með myndarlegan bunka af upplýsingum um þetta og Alþýðublaðið er einhvers staðar inni í honum því að í leiðara þess einn daginn var einmitt tekið undir það sjónarmið að eðlilegast og skynsamlegt við þessar aðstæður væri að kalla saman Alþingi þannig að málgagn annars stjórnarflokksins, þ.e. Alþfl., hafði þessa afstöðu svo maður hlýtur eiginlega að spyrja sig: Hvaðan kom ríkisstjórninni þessi ótrúlega hugmynd í kjölfar allrar umræðunnar þar sem allir sem höfðu tjáð sig um málið voru á einu máli um að lagasetning væri yfir höfuð hæpin og bráðabirgðalög út úr myndinni? Hin almenna krafa í þjóðfélaginu var að þing kæmi saman og reynt yrði að finna leið til þess að afstýra voða í þessum málum. Engu að síður gerðust þau undur sem nú skal vikið að og sömuleiðis má lesa margt um í fjölmiðlum að á álnarlöngum fundi á Þingvöllum kemst ríkisstjórnin að þeirri ótrúlegu niðurstöðu, þvert ofan í fyrri yfirlýsingu, fyrri ákvarðanir, ráðleggingar lögfræðinga sinna, þvert ofan í sjónarmið yfirleitt allra þeirra sem áður höfðu fjallað um málið, að setja bráðabirgðalög. Og auðvitað tóku þau bráðabirgðalög af dóminn, hæstv. fjmrh., láttu ekki svona. Hver varð niðurstaðan af setningu þeirra bráðabirgðalaga? Hvað myndu löglærðir menn segja um þær æfingar að reyna að halda því fram að það hafi ekki staðið til að hrófla við dómnum á nokkurn hátt með þessari lagasetningu? Auðvitað urðu það efnisáhrif bráðabirgðalaganna að dómurinn gekk til baka allur eins og hann lagði sig. Allir vita að þegar farið er lögfræðilega ofan í saumana á slíkum hlutum er horft á réttaráhrifin en ekki bara það formsatriði að það sé ekki sjálfur dómurinn sem tekinn sé beint af í lagasetningunni heldur farin sú krókaleið að pína dóminn til þess að dæma upp á nýtt, allt óðruvísi og ómerkja þar með fyrri ákvörðun. Og það mun hæstv. ríkisstjórn fá að reyna þegar mál verður dómtekið eða dæmt, sem mér skilst að hún standi nú frammi fyrir, að þessi röksemdafærsla er á ærið veikum grunni byggð.

Virðulegur forseti. Niðurstaða ríkisstjórnarinnar á hinum fræga fundi á þingvöllum varð engu að síður sú að lausnin væri að setja bráðabirgðalög og ég hef mikið velt því fyrir mér hvers vegna. Hvers vegna í ósköpunum valdi hæstv. ríkisstjórn þá leið í ljósi allra þeirra aðstæðna sem lágu fyrir í málinu og ég hef gert grein fyrir? Er það virkilega þannig að stolt einhverra í ríkisstjórninni sé slíkt að þeir fari frekar út í ógöngur sem þessar heldur en að viðurkenna að þeim hafi orðið á og að láta undan kröfu og óskum annarra. Var það vegna þess að stjórnarandstaðan hafði þá afstöðu að þing ætti að koma saman sem hæstv. forsrh. og ríkisstjórn hans gat ekki hugsað sér að fara þá leið? Var það vegna þess að aðilar vinnumarkaðarins vildu að Alþingi yrði kallað saman sem ríkisstjórnin gat ekki hugsað sér að fara þá leið? Því efnisástæðurnar eru ekki fyrir hendi. Það er rangt sem hæstv. fjmrh. sagði áðan að það hefði eitthvað verið því til fyrirstöðu að kalla þingið saman og láta það taka á þessu máli. Í ljósi þess að hér kemur í fyrsta sinn til beiting bráðabirgðalaga samkvæmt nýjum ákvæðum stjórnarskrárinnar er þetta auðvitað stóralvarlegt mál sem hér er á ferðinni. Og það er algerlega óhugsandi að hæstv. fjmrh. sleppi frá þeirri umræðu með jafnbillegum hætti og hann reyndi í framsöguræðu og andsvörum áðan. Ég trúi því ekki að

menn séu svo minnislausir að ætla að sleppa Sjálfstfl., sem hafði hæst allra á þinginu 1990–1991 um að afnema ætti bráðabirgðalagaréttinn, við slíka leikfimi og loftfimleika í röksemdafærslum. Ég trúi því ekki. Staðreyndin er auðvitað sú að ef menn lesa hina nýju 28. gr. stjórnarskrárinnar, sem er sjálfsagt að gera hér með leyfi hæstv. forseta, og 35. gr. (Gripið fram í) — hér eru auðvitað ekki aðrir en þeir sem hafa áhuga á þessu máli og það er eðlilegt. Það þurfa ekki fleiri að vera hér. Þeir sem hafa ekki áhuga á stjórnarskránni eða stórmálum geta verið annars staðar mín vegna. (Gripið fram í.) 28. gr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum.“ Þessi setning er innan hornklofa í nýjustu prentun stjórnarskrárinnar vegna þess að hún bættist við 1991. „Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi þegar er það er komið saman á ný.“

35. gr. kveður hins vegar á um samkomudag og starfstíma Alþingis og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn fyrsta dag októbermánaðar eða næsta virkan dag ef helgidagur er og stendur til jafnlengdar næsta árs hafi kjörtímabil alþingismanna ekki áður runnið út eða þing verið rofið.“

Í umræðunni nú hefur þegar verið nefnt það samhengi sem þessar breytingar voru í, að þingið skyldi *starfa allt árið og stjórn þess og nefndir væru virkar og vakandi allt árið*. Ein meginröksemdin fyrir því var sú að með því yrði heimild til setningar bráðabirgðalaga í raun og veru óþörf. Þar með væri hægt að kalla þingið saman með mun styttri fyrirvara en áður var hægt og það sem er þó mikilvægara í þessu sambandi er að þar með gæti þingið tekið til starfa umsvifalaust, vegna þess að forsetinn situr. Það þarf ekki að kjósa þinginu stjórn, ekki að kjósa nefndir og því er þinginu ekkert að vanbúnaði að hefja umfjöllun um mál á fyrstu mínútu eftir að það hefur fund hvenær ársins sem er samkvæmt hinni nýju stjórnarskrá. Auðvitað var það hugsun manna, ég bið hæstv. fjmrh. að hugsa sinn gang áður en hann heldur lengra út á þann þunna ís, að með þessu yrði bráðabirgðalagavaldið meira og minna óþarft. Er það nú ekki a.m.k. hyggilegt fyrir hæstv. fjmrh. að fara yfir ræður Sjálfstfl. frá umræðum um þetta mál 1990–1991 áður en hann segir mikið meira? Ég er ansi hræddur um að hann eigi eftir að reka sig á og þar yrði um hastarlegar mótsagnir í málflutningi að ræða miðað við það sem hann reyndi að segja áðan. Ekki var, virðulegur forseti, ófærðinni fyrir að fara þann 3. júlí í sumar, ef ég man rétt. Það vill svo til að þennan dag var ég staddur norður í landi í einstakri blíðu, sem reyndar var um allt land, þannig að þetta voru einhverjir sólríkustu og bestu dagar sumarsins og ekki ófærðinni fyrir að fara. Ekki var það ástæðan til þess að ekki var hægt að kalla þing saman að ætla mætti að menn yrðu veðurtepptir hist og her um landið.

Nei, hæstv. forseti. Það þarf ekkert að mylja það meira með sér. Það voru engar frambærilegar ástæður fyrir því að kalla Alþingi ekki saman. Engar. Það var ekkert því til fyrirstöðu að þingið kæmi saman með fárra daga fyrirvara eða sólarhringa og það gat hafið störf, umfjöllun um þetta mál þegar í stað. Það þurfti engum tíma að eyða til þess að kjósa því nýja forustu eða skipa störfum þess með öðrum hætti eins og gera hefði þurft ef nýtt þing hefði tekið til starfa og gera þarf í upphafi hvers nýs þings að hausti.

Eitt atriði enn er óhjákvæmilegt að nefna í þessu sambandi sem ég tel nú að afhjúpi meira en nokkuð annað hina skelfilegu nekt ríkisstjórnarinnar í þessu máli og það eru ákvæði frv. sjálfs, sem sagt þau að það hafi legið svona mikið á að setja bráðabirgðalög 3. júlí sl. að ekki hafi verið hægt að kalla þingið saman og afgreiða þau á næstu sólarhringum með eðlilegum hætti þó svo að Kjaradómi sé síðan ekki ætlað að skila niðurstöðu í málinu fyrr en 31. júlí. Í ákvæði til bráðabirgða segir:

„Kjaradómur skal svo fljótt sem verða má, og eigi síðar en 31. júlí 1992, kveða upp nýja úrskurði á grundvelli þessara laga.

Gildistaka hinna nýju úrskurða skal miðast við 1. ágúst 1992.“ Það er tæpur mánuður til stefnu, hæstv. fjmrh., samkvæmt ákvæðum í ykkar eigin frv. Og hvernig á þá að sannfæra okkur um það að tíminn hafi verið svo naumur að óhjákvæmilegt hafi verið að grípa til bráðabirgðavaldsins? Það er ekki hægt. Það gat engum sköpum skipt fyrir Kjaradóm hvort hann hafði 25 daga, 27 daga eða 28 daga til að vinna þetta verk sem þarna átti að ætla honum. Það þýðir ekki að telja okkur trú um það þannig að sjálf meginröksemdin og sú sem stjórnarskráin gengur út frá að verði að vera fyrir hendi hrynur þegar farið er ofan í efnisatriði frv. *sjálfs því auðvitað er það alveg ljóst að nauðsynin* verður að vera svo brýn, þ.e. svo aðkallandi að það sé ekki tími til neins annars en að setja bráðabirgðalög. Hérna inni í efri deild heitinni eru orðabækurnar íslensku ef menn vilja fletta upp á orðinu „brýn“ og orðskýringum því fylgjandi. En ætli við skiljum það ekki nægilega vel, allir sem hér erum að eiga orðaskipti.

Nei, hæstv. forseti. Ég tel að þetta sé satt best að segja ákaflega dapurlegt og ríkisstjórnin sjálf sé þarna í svo hrikalegri mótsögn við sjálfa sig, hafi farið slíka kollhnísa í málinu að mér er til efs að maður hafi séð annað eins. Ég hvet menn til þess að hafa samband við bókasafn Alþingis, fá hjá því blaðaúrklippurnar frá 26. júní til og með 3. júlí sem þingið safnar og flokkar niður undir hausnum kjaramál og fara í gegnum þær. Ég vænti þess að það þætti fleirum en mér fróðleg lesning að sjá þessa ótrúlegu kollhnísa sem ríkisstjórnin fór þarna í málinu. Það má e.t.v. reyna að finna í því einhverjar skýringar á þessari hrapallegu niðurstöðu.

Síðan er ekki mikið meira að gera í sjálfu sér í málinu en að hv. nefnd sem þetta fær til umfjöllunar hlýtur auðvitað að kanna það sjálfstætt og á sínum eigin forsendum hvernig málið liggur m.a. gagnvart ákvæðum 28. og 35. gr. stjórnarskrárinnar. En ég verð að játa þá fáfræði mína hér að mér er ekki alveg ljóst hvað á

að gera við þær aðstæður að ríkisstjórnin hafi þegar gripið til bráðabirgðalagavalds sem ekki reynist síðan vera fyrir hendi, eða ef svo fer. Og þegar svo það bætist við að þolandi úti í þjóðfélaginu hefur þegar höfðað mál, þá verður málið að mörgu leyti enn snúnara. Hvernig er þá eðlilegast að leiða það til lykta, ef t.d hv. efh.- og viðskn. kemst að þeirri niðurstöðu, eða einhverjir aðrir aðilar sem á vegum þingsins færu að skoða það, að bráðabirgðalagarétturinn hefði ekki verið virkur við þessar aðstæður? Það er það sem hæstv. ríkisstjórn þarf að sýna okkur fram á með einhverjum haldbetri rökum en þeim að hugsanlega hefðu einhverjir þingmenn nýtt sér málfrelsið hér og það hefði kannski tekið einhverja klukkutíma að afgreiða þetta mál eða þess vegna sólarhringa. Þó svo væri var lögunum ekki ætlað að hafa áhrif að undangenginni umfjöllun Kjaradóms fyrr en 1. ágúst þannig að það var tæpur mánuður til stefnu.

Hæstv. forseti. Það líður nú senn að hefðbundnum þingflokksfundatíma og ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég á kost á því að skoða málið í þeirri nefnd sem væntanlega fær það til umfjöllunar. Ég þykist hafa fyrir mitt leyti gert nægjanlega grein fyrir því að það eru auðvitað stórfelldar efasemdir uppi um að það hafi á nokkurn hátt verið samrýmanlegt hugsun og orðanna hljóðan í þeim greinum stjórnarskrárinnar sem við eiga að hæstv. ríkisstjórn greip við þessar aðstæður til setningar bráðabirgðalaga. Ég held að hæstv. ríkisstjórn hafi sér fátt til málsbóta í þeim efnum og allra síst Sjálfstfl. en talsmenn hans höfðu manna hæst hér um það á sínum tíma að þetta rúma bráðabirgðalagavald væri óþolandi og það þyrfti að afnema. Ég var þeirrar skoðunar og vil láta hana koma hér fram að lokum um þennan þátt málsins að menn litu svo á að þessi bráðabirgðalagaréttur sem þarna stæði enn þá eftir þrátt fyrir stjórnarskrárbreytinguna væri næstum að segja einhverar leifar, einhverjar fornminjar sem menn reiknuðu ekki með að yrði gripið til eða grafnar upp framar nema þá hugsanlega þannig að við einhverjar algjörlega afbrigðilegar aðstæður eins og þegar náttúruhamfarir hefðu gengið yfir, ófriður eða menn við einhverjar mjög erfiðar aðstæður í vitlausri tíð um hávetur gætu ekki af tæknilegum ástæðum náð Alþingi saman, þá gæti þetta út af fyrir sig hugsast. En það væri þá eitthvað af því tagi sem hlyti að eiga við.

Efnislega, hæstv. forseti, ætla ég ekki að hafa um þetta mörg orð að þessu sinni þar sem ég mun geyma mína umfjöllun um það þangað til frv. sjálft um Kjaradóm kemur á dagskrá, 2. dagskrármál þessa fundar. Ég vil eingöngu segja það að málið er að því leyti til á ýmsan hátt vandasamt að það má færa ýmis rök fram fyrir hinni efnislegu niðurstöðu Kjaradóms, bæði með henni og móti. Það er líka ljóst að aðstæður voru mjög erfiðar til þess að úrskurður af þessu tagi gæti komið til framkvæmda hvað sem mönnum sýndist um hann að öðru leyti, hvort sem menn hefðu nú meiri eða minni samúð með þeim tilfæringum sem Kjaradómur var að reyna að gera. Það eru allt saman efnisatriði sem mér finnst sjálfsagt að ræða og nauðsynlegt er að gera, en ég tel að sé heppilegast að halda algerlega utan við þennan stjórnarskrárþátt málsins eða bráðabirgðalagasetningarþátt sem ég hef hér fyrst og fremst gert að umtalsefni og læt fyrir mitt leyti nægja að þessu sinni við þennan hluta umræðunnar.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örstutt. Í fyrsta lagi tel ég mig hafa sýnt fram á í fyrri ræðu minni að skilyrði til bráðabirgðalagaútgáfu hafa ekkert breyst og vitnaði þar til texta. Í öðru lagi vil ég benda á að málsókn hafði líka hafist þegar bráðabirgðalög voru til umræðu á sínum tíma vegna bráðabirgðalaganna 1990 og breytti auðvitað engu um meðferð máls á þingi. Það er hins vegar annað mál og rétt umræðuefni hversu æskilegt það er að beita bráðabirgðalögum en ég tel að þurfi að breyta þingsköpum til þess að liðka til fyrir því að hægt sé að kalla þing saman og afgreiða slík mál með snöggum hætti. En aðalatriðið er þetta sem ég ætlaði að taka á og það er varðandi lögfræðilegu álitsgerðirnar sem lágu fyrir. Ég tel að það þurfi að gera ríkan greinarmun á því hvort sett eru lög á niðurstöðuna eða hvort sett eru lög sem breyta efnisþáttunum sem niðurstaðan byggir á. Og það er þetta atriði sem ég var að reyna að leggja áherslu á í mínu máli og bendi á að lögfræðingarnir sögðu að það skipti ekki máli hvort um bráðabirðgalög eða önnur lög væri að ræða. Það væri vafasamt hvort hægt væri að setja lög á niðurstöðu dómsins en ég held að það hafi engum dottið í hug að það mætti ekki breyta lögunum um Kjaradóm og óska eftir því með lögum að hann endurskoðaði afstöðu sína og kvæði upp nýjan dóm.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að hæstv. fjmrh. hafi alls ekki útskýrt hér eða flutt nein frambærileg rök fyrir því að það séu einhverjir þeir erfiðleikar eða einhverjar þær hindranir í vegi fyrir því að kalla þingið saman og láta það fjalla um mál af þessu tagi sem slíkt strandi á. Ég hjó eftir því í ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan að hann talaði um það eins og það væru einhverjir sérstakir vankantar eða meinbugir á því, og hann vitnar nú í þingsköpin. Ég bið hæstv. fjmrh. að tala þá skýrar og útskýra fyrir okkur hvað það er í þingsköpunum eða starfsháttum þingsins sem gerir það að verkum að ekki er hægt að kalla það saman við svona aðstæður. Er það það að menn hafi ótamarkaðan ræðutíma eða málfrelsi eða hvað er það, hæstv. ráðherra? Er það það að málin þurfa að fara í gegnum þrjár umræður? Hvernig sér hæstv. fjmrh. þetta fyrir sér? Að það verði tekið af mönnum málfrelsið og þetta verði bara ein umræða og þetta verði bara ein handaupprétting? Hvað er hæstv. fjmrh. að fara hér út í? Er ekki holt undir þeim málflutningi að stjórnarskrárvarin réttindi þingmanna hér í þessari stofnun séu þrándur í götu vinnubragða þegar svona stendur á? Er það ekki dálítið hættulegur málflutningur, hæstv. fjmrh., að skjóta sér á bak við það að slíkt sé svo tímafrekt og seinlegt að það gangi ekki? Munurinn á að kalla þingið saman og setja hér lög með venjulegum hætti og hinu að grípa til bráðabirgðalag-

anna er náttúrlega ærinn þegar horft er til þeirrar áhættu sem framkvæmdarvaldið tekur með því annars vegar að leggja fram frv. á þingi og leita eftir stuðningi við það samkvæmt venjulegum aðferðum þingræðisins en hins vegar að taka lögin í eigin hendur.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ræddi nokkuð ítarlega í minni framsöguræðu um þennan þátt sem ég tel að sé umræðunnar virði, þ.e. hvernig hægt er að breyta reglum þingsins til þess að meiri möguleiki sé á því að þing verði kallað saman heldur en nú er í íslenskum lögum og benti á í því sambandi að Danir fara þannig að þegar þing þarf að kalla saman þar vegna atriða sem áður kostuðu bráðabirgðalög að þá lýkur þingið slíku starfi á einum degi. Ég held að það gæti til að mynda orðið okkar þingi til eftirbreytni. það sem ég segi hér og nú er ekki nein ásökun í garð núverandi stjórnarandstöðu heldur er einungis verið að skýra frá því að ég tel að þingið hafi alls ekki lokið því starfi sem hófst með síðustu breytingum heldur hafi verið fallið frá því og ég skýrði þetta mjög rækilega í minni ræðu. Sjálf breytingin á stjórnarskipunarlögunum var ekki breyting sem að neinu leyti raskaði skilyrðum 28. gr. eins og alls staðar hefur komið fram. Þingið heyktist hins vegar á því að klára málið og breyta þingskapalögum þannig að tryggt væri að þegar brýna nauðsyn bæri til, þá væri hægt að kalla þingið saman og afgreiða mál í einni svipan.

Það var einungis þetta og ég tel þetta vera þarfa umræðu einmitt um þennan þátt málsins og tel að bæði þingmenn í stjórn og stjórnarandstöðu ættu að setjast yfir þetta tiltekna mál.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get alveg tekið undir það með hæstv. fjmrh. að það væri ekkert óeðlilegt við það að menn settust niður við að ræða þennan afmarkaða þátt málsins. Vilja menn hafa sérstök ákvæði um það að þing geti komi saman með óvenjulegum hætti og starfað í skamman tíma og þá jafnvel giltu að einhverju leyti sérstakar reglur um málsmeðferðina? Þetta hefðu allt saman getað verið frambærileg rök hjá hæstv. ríkisstjórn að færa fyrir sig ef hún hefði kannað hvort það mundi stranda á andstöðu stjórnarandstöðunnar, ef þingið yrði kannað, að slík fyrirmæli eru ekki í þingsköpunum. Það var ekki gert, hæstv. fjmrh. Óráðið var slíkt á ríkisstjórninni á Þingvöllum að mér er ekki kunnugt um að það hafi verið með neinum hætti leitað eftir því við stjórnarandstöðuna, sem auðvitað var þó skylt að gera, hvort hægt væri að ná samkomulagi um það að þingið kæmi saman og lyki þessu máli í samkomulagi með einhverjum skjótum hætti. (**Gripið fram í:** Alþb. var búið að lýsa því yfir að ...) Alþb. var búið að gera þingflokkssamþykkt að það fyrir sitt leyti væri reiðubúið til þess að stuðla að slíku og ég held að aðrir forustumenn stjórnarandstöðunnar hafi í fjölmiðlaviðtölum gert slíkt hið sama. Ég heyrði það ótrúlega — (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Ég vil nú fá lengri tíma, virðulegi forseti, því að hér eru verulegar frátafir vegna strákskaps í þingflokksformanni Alþfl. En það ótrúlega skeði að hæstv. forsrh. bar fyrir sig blaðafregnir um að það virtist ekki vera fullkomin samstaða um það hvernig ætti að taka á málinu ef marka mætti einhverjar yfirlýsingar sem einhverjir og einhverjir þingmenn höfðu gefið við fjölmiðla eða í viðtölum og þess vegna hefði þetta ekki verið hægt. Auðvitað hefði ríkisstjórnin a.m.k. að lágmarki átt að óska eftir formlegum fundum með forustumönnum stjórnmálaflokkanna og stjórnarandstöðunnar og ganga þá frá því að ekki væri um það að ræða að samkomulag gæti orðið um afgreiðslu málsins á þingi og þess vegna væru ekki forsendur til annars en bráðabirgðalaga. Það hefði þá frekar verið einhver lágmarksmálsvörn til í þessu fyrir hæstv. ríkisstjórn ef hún hefði nennt að leggja þetta á sig. En eins og ég segi, hæstv. forseti, og lýk ég nú máli mínu, óráðið var þvílíkt hjá ríkisstjórninni á Þingvöllum að henni hugkvæmdist ekki einu sinni þetta. — [Fundarhlé.]

Útbýting þingskjala:

Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, 66. mál, frv. SJS o.fl. þskj. 68.

Hlunnindatekjur á ríkisjörðum, 68. mál, fsp. MF, þskj. 70.

Íslenskt sendiráð í Japan, 64. mál, þáltill. HG o.fl., þskj. 66.

Lyfjalög, 50. mál, frv. FI o.fl., þskj. 52.

Niðurskurður kennslu í skólakerfinu, 67. mál, fsp. SvG, þskj. 69.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hvar mundi nú hæstv. fjmrh. vera staddur? (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess að láta kanna það.) Ég kýs að bíða þar til upplýst hefur verið hvar hann er niður kominn og hvort hans er von. — Þar birtist ráðherrann.

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um Kjaradóm. En hér eru einnig á dagskrá önnur mál sem snerta Kjaradóm og kjaranefnd, þ.e. nýjar tillögur um það hvernig þessum málum skuli skipað. Þar eru í upp siglingu að mínum dómi afar spennandi umræður sem m.a. snerta stöðu og skipan kirkjunnar í stjórnkerfinu. En ég ætla að sjálfsögðu að láta þá umræðu bíða og snúa mér að því máli sem hér er á dagskrá, sem eru bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar sem sett voru í sumar.

Að mínum dómi snýst þetta mál einkum um þrennt. Í fyrsta lagi stjórnarhætti og réttmæti þess að beita bráðabirgðalögum. Í öðru lagi launastefnu ríkisstjórnarinnar og samningsfrelsi í landinu. Og í þriðja lagi það sem ég vil kalla samtryggingu og lögregluaðgerðir aðila vinnumarkaðarins sem felast í því að þvinga alla sem einn inn í óumbreytanlegan farveg launasamninga. Þetta er að mínum dómi inntak þessa máls. Ég ætla að byrja hér á því að ræða um fyrirbærið bráðabirgðalög og hvernig ríkisstjórnin hefur haldið á því máli.

Eins og menn eflaust muna setti fyrrv. ríkisstjórn

bráðabirgðalög á kjarasamninga BHMR í júlí 1990 sem voru mjög umdeild lög. Rökstuðningur ríkisstjórnarinnar fyrir þeim lögum var sá að sú 4% launahækkun, sem félagsmenn BHMR höfðu samið um og var niðurstaða margendurtekinna samninga ríkisins og Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, átti að mati ríkisstjórnarinnar að leiða til svo afdrifaríkra afleiðinga í kjaramálum, á launamarkaðnum að nauðsynlegt væri að setja bráðabirgðalög á þessa samninga þó að fallinn væri dómur Félagsdóms sem leiddi rök að þveröfugri niðurstöðu. Þegar þessi lög komu til meðferðar hér á þingi voru þau harðlega gagnrýnd af hálfu Sjáflstfl. og reyndar Kvennalistans. Ég nefni Sjálfstfl. hér á undan sérstaklega vegna þess að nú situr hann í ríkisstjórn og hefur staðið að því að beita bráðabirgðalögum í nokkuð hliðstæðu máli, máli sem snýst um kaup og kjör.

Í kjölfar hinna miklu umræðna um bráðabirgðalögin á BHMR var gerð lagabreyting sem þrengdi nokkuð heimildir ríkisvaldsins til þess að setja bráðabirgðalög og ég held að það efist ekki nokkur um það þrátt fyrir orð hæstv. fjmrh. hér í dag að tilgangur þeirra lagabreytinga var sá að koma í veg fyrir að bráðabirgðalögum yrði beitt með þessum hætti sem raun hefur orðið á. Þar að auki var þingskapalögum breytt og kveða m.a. á um að Alþingi starfi nú allt árið og felur það í sér að hægt er að kalla Alþingi saman nánast hvenær sem er. Ég get ekki fallist á þau rök sem fram komu í máli hæstv. fjmrh. í dag þess efnis að það hefði reynst nánast illframkvæmanlegt að kalla Alþingi saman. Ég held að slíkt hefði mátt gerast með örstuttum fyrirvara og það hefði verið hin rétta leið í málinu ef ríkisstjórin taldi svo brýna nauðsyn bera til að breyta lögum.

Hér hefur verið vitnað í bók Ólafs Jóhannessonar um stjórnskipun Íslands. Samkvæmt hans túlkun á fyrst og fremst að beita bráðabirgðalögum þegar brýna nauðsyn ber til. Hann nefnir sem dæmi erfiðleika í atvinnulífi, svo sem vorharðindi, óþurrkatíð og aflabrest, styrjöld sem vofir yfir eða er byrjuð, drepsótt í mönnum eða fénaði o.s.frv. Þessar röksemdir minna nú nokkuð á gamla tíma en engu að síður held ég að það sé augljóst mál að enga slíka brýna nauðsyn bar til að þessu sinni að það lægi svo mikið á að setja bráðabirgðalög að það væri ekki hægt að kalla þing saman. Þetta leiðir auðvitað hugann að þeim stjórnarháttum sem hér ríkja og það hvernig ríkisstjórn eftir ríkisstjórn kýs að beita valdi sínu til hins ýtrasta, því það er auðvitað það sem verið er að gera í þessu máli. Lög eins og þessi verða auðvitað ekki aftur tekin. Þessum ákvörðunum verður ekki breytt.

Ég get tekið undir það með fjmrh. að það er vissulega þarft að ræða það hvernig að þessum málum skuli staðið því að eins og þetta fyrirkomulag er þá er það algjörlega óásættanlegt. Það þarf auðvitað að vera til slík heimild þegar virkilega kreppir að eða hættuástand ríkir. En að ríkisvaldið noti þessa lagaheimild aftur og aftur til þess að grípa inn í kjarasamninga, til þess að rifta gerðum samningum eða hreinlega sem efnahagsráðstafanir eins og við þekkjum dæmi um, er ekki lýðræðislegt og þetta eru ekki stjórnarhættir sem við eigum að iðka hér. Þetta er ekki til fyrirmyndar. Ég tek undir það að við hér á Alþingi tökum góða umræðu um það hvernig þessum málum megi verða betur stýrt.

Hæst. fjmrh. minntist á það — og var greinilegt á hans máli og jafnvel fleiri að pirringurinn er byrjaður. Það eru varla liðnar tvær vikur af þingi áður en farið er að ræða það hvað menn séu málglaðir í þessum ræðustól, jafnvel þó verið sé að ræða eitthvert stærsta og afdrifaríkasta mál sem komið hefur til umræðu á Alþingi frá því að lýðveldið var stofnað, mál sem í raun og veru krefst þess að hver einasti þingmaður tjái afstöðu sína. Hitt er annað mál að menn mættu kannski vera agaðri í máli og ég tala nú ekki um málefnalegri og fjalla meira um inntak þess samnings og afleiðingar hans fyrir land og þjóð. En það þarf auðvitað að ríkja samkomulag um það hvernig umræðum skuli háttað á Alþingi. Og ég get tekið undir það að ég væri reiðubúin til að fara í umræður um bæði bráðabirgðalög og það hvernig gera megi umræðuna markvissari hér á Alþingi því ég ætla að segja það enn einu sinni að þau vinnubrögð sem hér tíðkast og sá vinnutími sem fólki er boðið upp á í þessari stofnun eru ekki siðaðra manna háttur að mínum dómi. Nóg um það í bili. En ég ítreka að mér finnst að þessi ríkisstjórn eins og sú fyrri hafi misnotað rétt sinn til setningar bráðabirgðalaga. Ég er þeirrar skoðunar að ekki hafi ríkt sú nauðsyn sem ríkisstjórnin taldi vera fyrir þessum bráðabirgðalögum. Það kemur auðvitað til af því hvað þarna var á ferðinni, út á hvað dómur Kjaradóms gekk. Við kvennalistakonur höfum lýst því yfir að við töldum að Kjaradómur væri að mörgu leyti að leggja út á mjög merkilega braut í sínum dómi. Hann fór út í það að stokka upp launakerfi ríkisins, hann dró fram heildarlaunagreiðslur ákveðinna hópa og hækkaði suma en lækkaði aðra. Meginniðurstaðan varð sú að þessi breyting átti ekki að valda miklum útgjöldum fyrir ríkissjóð. Við töldum að ríkisvaldið hefði átt að nota þetta tækifæri til þess að fara út í bráðnauðsynlega uppstokkun á launakerfi ríkisins. Þetta launakerfi er tvöfalt, í því er mikill feluleikur, það felur í sér ákveðna sjálftöku og það er engan veginn réttlátt. Og ef við horfum á launakerfi ríkisins í heild þá stöndum við frammi fyrir því að þar þarf veruleg uppstokkun að eiga sér stað og að meðal starfsmanna ríkisins ríkir mikil óánægja með kaup og kjör.

Nú geta menn auðvitað sagt: Hvað á að gera í efnahagsþrengingum? Hvernig á að bregðast við? Ég svara því þannig að það þarf að jafna kjörin. Það þarf að taka upp launaskiptinguna og jafna kjörin. Og þarna gafst tækifæri til þess. Menn mega ekki og eiga ekki að gefa sér það að við séum komin með eitthvert óumbreytanlegt launakerfi þar sem engu megi breyta. Og þegar VSÍ og ASÍ rísa upp á afturlappirnar og kvarta og kveina og halda uppi þeirri stefnu sem þeir hafa fylgt árum saman um að engu megi breyta, engu raska þá séu sendar eftirlitssveitir á hvern þann sem vogar sér að gera samninga sem eitthvað ganga á skjön við þá sem ASÍ og VSÍ hafa samið um. Þetta er launa-

kerfi, launastefna sem gengur ekki. Mér þætti gaman að vita hvernig þeir menn sem telja sig vera fylgjandi frjálsu markaðskerfi og frjálsum samningsrétti, geta rökstutt það að veita frelsi á sem flestum sviðum viðskiptalífsins en þegar kemur að kaupi og kjörum fólks þá er allt þar niðurneglt og engu má breyta. Ég get ekki séð að slíkt gangi upp í frjálsu þjóðfélagi. Við erum einfaldlega á móti því að binda kjörin með þessum hætti sem gert hefur verið, vegna þess að það launakerfi sem við búum við er óréttlátt. Og það er ekki síst óréttlátt gagnvart konum þessa lands. Einn megintilgangur Kvennalistans, ein meginástæðan fyrir því að við erum hér er sú að við viljum bæta kjör kvenna og gera þeim kleift að sjá sjálfum sér og sínum farborða. En sú launastefna, sem hér ríkir og ríkisvaldið er hluti af, viðheldur þessu launamisrétti. Menn tyggja það hér hver eftir öðrum að engu megi breyta.

Þegar þessi umræða var í hámarki í sumar þá sendum við m.a. frá okkur svar til Morgunblaðsins sem spurði Kvennalistann hver væri hans stefna í þessu máli. Og ég ætla að leyfa mér að lesa þetta svar hér því að það felur í sér flest það sem við teljum okkur hafa að segja í þessu máli, með leyfi forseta:

„Kvennalistakonur hafa lengi verið þeirrar skoðunar að það launakerfi sem við búum við þarfnist verulegra endurbóta og uppstokkunar. Við teljum að á undanförnum árum hafi verið farnar mjög svo vafasamar leiðir í kjarasamningum. Við okkur blasir að launamunur fer vaxandi og feluleikurinn dafnar meðal þeirra sem betur mega sín meðan hópar launafólks vinna samkvæmt umsömdum smánartöxtum.

Launakerfið mismunar körlum og konum. Stórum hópum er haldið niðri ár eftir ár á meðan skapast hefur eins konar neðanjarðarkerfi aukagreiðslna og yfirvinnu, unninnar og óunninnar, sem einkum nær til karla. Atvinnurekendum er harðlega bannað að hækka laun starfsmanna sinna og fá yfir sig VSÍ-forustuna ef þeir voga sér að bæta launin, enda æ fleiri sem semja um duldar greiðslur og gera einkasamninga. Í stað þess að fagna því þegar glufur myndast í þessu heilfrysta launakerfi tekur verkalýðsforustan nú að sér að verja óbreytt ástand. Vei þeim sem einhverju vilja breyta.

Með ríkjandi launastefnu er verið að festa í sessi láglaunastefnuna og koma í veg fyrir allar leiðréttingar, þar með talið að draga úr launamisrétti kynjanna. Það mætti halda að það sé náttúrulögmál að enginn megi gera betri kjarasamninga en annar og þau launahlutföll sem nú ríkja milli hópa verði að haldast óbreytt.

Árum saman hefur verið samið í skugga vaxandi erfiðleika í atvinnulífinu og þess samdráttar sem þegar er orðinn og boðaður er. Það er augljóst að við verðum öll að taka á okkur áföllin og þeir því meira sem betur standa. Því hlýtur leiðin á tímum sem þessum að vera sú að breyta tekjuskiptingunni og jafna kjörin.

Kjaradómur sinnti lagaskyldu sinni og felldi úrskurð sem fól í sér verulega tilfærslu greiðslna innan þess hóps sem úrskurðurinn nær til. Stór hópur lækkaði í launum, aðrir hækkuðu. Kjaradómur gerði tilraun til að brjótast út úr herkví feluleiksins og afhjúpaði um leið þann mikla launamun sem ríkir í þjóðfélaginu en mörgum virðist hafa verið ókunnugt um. Kjaradómur reyndi að taka á neðanjarðarlaunakerfi ríkisins og hafði til viðmiðunar ýmsa hópa úti í þjóðfélaginu, þar á meðal forustumenn VSÍ og ASÍ við ákvörðun launa. Niðurstaðan skall eins og blaut tuska á andlit láglaunafólks en þar er ekki við Kjaradóm að sakast heldur þann veruleika sem við búum við í launamálum, veruleika sem þarf að breyta. Með því að grípa til aðgerða gegn úrskurði Kjaradóms lætur ríkisstjórnin líta svo út sem hún hafi gert eitthvað sem máli skiptir í launamálum. Sannleikurinn er þó sá að úrskurður Kjaradóms breytir engu um launamisréttið í landinu og með því að hafna honum er verið að framlengja líf neðanjarðarkerfisins, ýta undir feluleikinn og fá fólk til að sætta sig betur við bág kjör sín. Bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar leysa heldur engan vanda heldur er honum sópað undir teppið. Mun eðlilegra hefði verið að Alþingi tæki á málinu með rækilegri skoðun.

Það vekur furðu að Morgunblaðið, sem blaða harðast hefur gagnrýnt rétt ríkisstjórna til setningu bráðabirgðalaga á undanförnum árum, slær nú úr og í þrátt fyrir breytt lög sem heimila að Alþingi verði kallað saman með skömmum fyrirvara. Hvað veldur?

Eftir örfáar vikur verða upplýsingar um tekjur landsmanna lagðar fram á skattstofum landsins. Þá gefst gullið tækifæri til að skoða tekjuskiptingu þjóðarinnar. Þá geta menn t.d. skoðað hvað leiðtogar verkalýðsins, vinnuveitendur, ritstjórar og aðrir þeir sem harðast gagnrýna Kjaradóm, bera úr bítum. Væri ekki nær að horfast í augu við veruleikann og hefjast handa við uppstokkun á launakerfinu og breytingu á tekjuskiptingunni í átt til aukins réttlætis?

Ekki stendur á okkur kvennalistakonum að leggja okkar af mörkum til þeirrar vinnu. Umræðan um Kjaradóm snýst einmitt um tekjumun í þjóðfélaginu, réttlæti í launamálum og skipbrot þeirrar launastefnu sem hér hefur verið rekin um árabil af samflotinu mikla. Skúta þeirra hefur nú steytt á því skeri sem e.t.v. mun sökkva henni."

Þetta var svar sem við sendum Morgunblaðinu að gefnu tilefni og þarna kemur flest það fram sem mér finnst skipta máli í þessu sambandi sem er ekki síst það gullna tækifæri sem ríkisstjórnin missti af. En í framhaldi af þessu vaknar auðvitað sú spurning: Hver er launastefna ríkisstjórnarinnar? Hvernig ætlar hún að halda áfram? Ætlar hún að láta þessa óánægju sem ríkir, sérstaklega meðal háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna sem ekki hefur enn þá verið samið við þó samið hafi verið við flest önnur samtök launafólks, gerjast áfram? Hver á stefnan að vera? Eins og ég nefndi fyrr, þá erum við að ræða þennan viðamikla og víðtæka samning um Evrópskt efnahagssvæði og eins og menn vita felur hann í sér frjálsa fólksflutninga á milli landa á hinu Evrópska efnahagssvæði og það þýðir væntanlega að ýmsir muni hugsa sér til hreyfings og þá ekki síst þeir sem eiga möguleika á því að fá störf í öðrum löndum. Ég tel víst að þar verði ýmsir sér-

fræðingar efstir á blaði, þeim muni reynast einna auðveldast að fá vinnu á hinu Evrópska efnahagssvæði og ég spyr hæstv. fjmrh.: Heldur hann að launakjör á Evrópska efnahagssvæðinu muni ekki hafa áhrif hér á landi? Heldur ríkisstjórnin að hægt verði að halda áfram þessari launastefnu, að halda launum fólks svo niðri með þeim hætti sem hér hefur verið gert? Hvernig á að leysa þetta? Að mínum dómi getur þetta auðvitað virkað í báðar áttir, bæði til þess að menn standi loksins frammi fyrir því og komist ekki hjá því að greiða sérfræðingum og vel menntuðu fólki laun í samræmi við það sem gerist í öðrum löndum, en við erum þar langt á eftir öðrum, hins vegar gæti þróunin líka orðið sú — einmitt vegna launastefnunnar, hvernig samið er um mjög lága taxta, en það eru reyndar konur sem einkum eru á töxtunum einum saman — að menn freistuðust til þess að ráða hingað láglaunavinnuafl, t.d. frá atvinnuleysissvæðunum, þ.e. að því tilskildu að sjálfsögðu að hér verði vinnu að fá. Þetta getur því virkað í báðar áttir og hugsanlega orðið til þess að auka launabilið hér á landi sem er nú ærið fyrir.

En þó að launabilið sé breitt þá þýðir það ekki að það megi engu breyta og að þessi stigi sem búinn hefur verið til sé óumbreytanlegur. Við verðum að hugsa til framtíðar í þessum efnum og einmitt að hugleiða það hvernig við ætlum að halda í okkar sérmenntaða fólk. Ég get nefnt það sem dæmi að ýmsir þeir sem hafa verið að spá í það hvað muni gerast í kjölfar hins Evrópska efnahagssvæðis hafa einmitt bent á það að hér kunni að verða atgervisflótti, einmitt að sérfræðingarnir leiti úr landi vegna þess hvað fólk er orðið langþreytt á þeim kjörum sem hér er boðið upp á.

Það er einn hópur sérstaklega sem ekki er hægt að komast hjá því að ræða í þessu samhengi og það er auðvitað prestastéttin sem hefur fengið yfir sig tvenn bráðabirgðalög á þremur árum. Við vitum að þeir eru afar óánægðir með sín kjör. Þegar Dagblaðið gerði úttekt á sköttum ýmissa hópa nú í sumar voru m.a. prestar dregnir fram í dagsljósið og þá kom auðvitað í ljós að nokkrir þeirra eru mjög þokkalega launaðir, ekki síst þeir sem eru í öðrum störfum með prestsþjónustunni, en í þessum hópi voru þessir örfáu sem njóta einhverra hlunninda. En ef litið er á prestastéttina í heild þá sést launin eru bara rétt í meðallagi. Þetta er auðvitað algerlega óviðunandi. Menn viðurkenna fyrst að prestastéttin hafi dregist langt aftur úr og að launakjör þeirra séu með þeim hætti að ekki verði við unað, samþykkja hér á Alþingi að þeir fari undir Kjaradóm. Síðan leggja þeir sín mál fyrir Kjaradóm, vinna þar mikið og gott starf og kynna sína stöðu, Kjaradómur samþykkir að mjög brýnt og nauðsynlegt sé að leiðrétta launakjörin, en þá kemur ríkisvaldið og setur á þá bráðabirgðalög og tekur af þeim þessar úrbætur sem menn voru þó sammála um að þeir ættu skilið að fá. Þessi niðurrifsstarfsemi ríkisvaldsins er auðvitað gjörsamlega óþolandi. Við eigum eftir að ræða hér betur um kjör presta og þeirra stöðu, en hér getur ríkisvaldið verið að hleypa af stað mikilli skriðu sem bæði getur orðið til góðs og ills ef hún leiðir af sér uppreisn í kirkjunni eins og prestar hóta nú.

Ég ætla ekki að fara mikið út í stöðu annarra hópa sem Kjaradómurinn fjallar um en menn eru afar feimnir t.d. við að ræða kjör alþingismanna og vilja helst ekki anda út úr sér orði um það mál, en að mínum dómi eru þau kjör alls ekki viðunandi, alls ekki nógu góð. Mér finnst það vera orðið alvarlegt mál þegar fólk neitar að taka sæti á framboðslistum vegna þess hvað það lækkar í launum. Við höfum dæmi hér inni á þingi um fólk sem hefur lækkað verulega í launum við það að setjast hér inn og það hefur komið upp sú staða að það er jafnvel erfitt að fá varamenn til þess að taka hér sæti vegna þess að þeir lækka verulega við það í launum. Og eins og vinnuálagi er háttað í þessari ágætu stofnun, hinu háa Alþingi, þá tel ég mjög brýnt að það fáist úrbætur í launamálum alþingismanna og þá ekki síst alþingismanna hér á þéttbýlissvæðinu, þ.e. á suðvesturhorninu. Ég er þeirrar skoðunar að launamunur sé óeðlilega milli Reykjavíkurþingmanna og landsbyggðarþingmanna þó að ég sé ekki þar með að segja að ég vilji neitt af þeim taka eða þeir séu of sælir af sínu.

Ég held að ég hafi nefnt flest það sem mér finnst skipta máli í þessu samhengi. Ég ítreka þá skoðun mína að ég tel ekki hafa verið rök fyrir þessum bráðabirgðalögum. Ég tel að þessi kjaradómur hefði, eins og ég hef áður nefnt, gefið ríkisstjórninni tækifæri til þess að fara út í nauðsynlega uppstokkun á launakerfinu. Ég tel að eðlilegra hefði verið að kalla Alþingi saman í kjölfar þeirra lagabreytinga sem gerðar voru á síðasta ári og ég tel mjög brýnt að ríkisvaldið, ríkisstjórnin leggi nú vinnu í það verk að móta launastefnu sem stenst til lengdar þannig að þessari styrjöld sem ríkið hefur staðið í við sína starfsmenn nú um allnokkurt árabil ljúki með friðarsamningum.

Hæstv. fjmrh. nefndi ýmislegt í sinni ræðu sem vert væri að minnast hér á og ég ræddi nokkuð áðan um það hvernig fara skuli með bráðabirgðalagavaldið. Hann sagði einmitt það sem mér finnst vera kristallinn í þessari umræðu sem var það að dómurinn var ekki í samræmi við þá kjarasamninga sem gerðir höfðu verið. Kjaradómi bar að fara að settum lögum. Honum bar að meta og ákveða kjör þeirra sem undir hann heyra með tilliti til þess sem gerist á almennum vinnumarkaði. Staðreyndin er einfaldlega sú að laun á almennum vinnumarkaði eru í takt við það sem Kjaradómur ákvað. Þessi dómur fól ekki í sér mikla útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð þó að hún væri nokkur og þar komum við inn á lífeyrisgreiðslur til embættismanna sem er auðvitað mál sem þarf að skoða og spurning hvort það kerfi sem þar er á sé réttlætanlegt. Ég lít þannig á að seinni niðurstöðu Kjaradóms, eftir að hann hafði fengið á sig lögin, beri að túlka þannig að í rauninni hafi Kjaradómur fleygt málinu í ríkisvaldið og sagt: Hafið þið þetta, fyrst hann var gjörsamlega hunsaður og hans niðurstaða því að hann skildi málið eftir algjörlega óleyst. Það er enn þá algjörlega óleyst hvernig farið skuli með launakjör þessa hóps sem undir Kjaradóm heyrir en reyndar eru komin hér fram frumvörp sem ég fæ reyndar ekki séð að

breyti þeirri stöðu þó að þau nálgist málið á annan hátt.

Fjmrh. sagði líka, og endurtók það sem hann sagði í sumar, að dómurinn hafði meira svigrúm en ég held að niðurstaða dómsins túlki þá skoðun þeirra að úr því sem komið var, þá skyldi ríkisstjórnin bara leysa þetta mál og þeir ætluðu ekki að fara í eitthvert millispil, enda þýddi þessi niðurstaða að þeirra tilraun til uppstokkunar var hafnað af hálfu ríkisstjórnarinnar. Og það eins og ég hef margnefnt hérna finnst mér kannski vera það versta í þessu máli öllu saman.

Þar sem við kvennalistakonur teljum að það hafi ekki borið þá brýnu nauðsyn til að setja þessi lög sem þarf til slíkrar lagasetningar og erum ósammála inntaki, eða eigum við að segja bakgrunni þessara laga, þá treystum við okkur að sjálfsögðu ekki til þess að styðja þetta lagafrv.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ekki veit ég hvort sjálfstæðismenn gera sér grein fyrir því að þeirra málflutningur í gegnum tíðina hér á Alþingi Íslendinga, þegar þeir hafa sagt að alþingi götunnar ætti ekki að stjórna þessu landi, er orðinn hlægilegur, aumkunarverður því að dómstóll götunnar tók yfir. Og huglausir ráðherrar skríða undir pilsfaldinn hjá hæstv. félmrh. Það er ömurlegt að horfa á þetta lið. Ömurlegt. Og ég skil það vel að hæstv. fjmrh. sem talaði hér áðan, hafi ekki treyst sér *til þess að tala fyrir þessu frv. til laga nema jafnframt* að tala fyrir máli sem ekki var á dagskrá, þ.e. nýjum lögum um Kjaradóm og þannig undirstrika að lögin væru svo vitlaus að það væri ekki hægt að láta þau standa, ekki einu sinni út þetta þing. Það hefði nú verið gaman að láta lögin eins og hæstv. ríkisstjórn hefur sett þau fram, bráðabirgðalögin, standa næstu fimm árin og sjá hvernig þeim liði, þessum sérfræðingum sem við Drekkingarhyl sömdu þennan texta og ákváðu að koma honum á framfæri. En það unga þinglið sem lét kjöldraga sig með þessum hætti, til hvers er það hæft? Hvenær hafa huglausir menn staðið sig og staðið fyrir sínu? Það hefur aldrei gerst. Ég hefði satt best að segja ekki trúað því að það unga lið sem komið var hér inn væri svo huglaust sem raun ber vitni.

Hvernig halda menn að það gangi upp í siðmenntuðu þjóðfélagi að allt vald sé á einni hendi hjá framkvæmdarvaldinu? Ef framkvæmdarvaldinu líka ekki dómarnir, þá er bara farið í að breyta þeim. Það var heilt stórveldi að líða undir lok sem starfaði á þennan hátt, Sovétríkin. Hver man ekki eftir því þegar þeir gerðu hlé á Jalta-ráðstefnunni forðum og Churchill sagði við Stalín að hann öfundaði hann af því að þurfa ekki að burðast með neðri deildina. (Gripið fram í.) Og Stalín hafði fullan skilning á því að það væri ljóta bölið.

Hérna höfum við verið minnt á það í dag að við eigum það undir náð framkvæmdarvaldsins hvort þingið eigi að kalla saman á þessum tíma. Við erum minnt á það. Menn hafa verið með hortugheit yfir því að mönnum skyldi detta í hug að líta svo á að þingið ætti að hafa á því sjálfstæðar skoðanir hvað hér yrði tekið fyrir. Nei, það er merkilegur hlutur að menn láti sér detta það í hug að leggja til í lagatexta eins og hér stendur í 1. gr. frv. um breyting á lögum nr. 92/1986, um Kjaradóm, með síðari breytingum. Þar stendur svo, með leyfi forseta:

„Enn fremur skal Kjaradómur við úrlausn mála taka tillit til stöðu og þróunar kjaramála á vinnumarkaði, svo og efnahagslegrar stöðu þjóðarbúsins og afkomuhorfa þess.

Telji Kjaradómur ástæðu til að gera sérstakar breytingar á kjörum einstakra embættismanna eða hópa skal þess gætt að það valdi sem minnstri röskun á vinnumarkaði."

Gott og vel. Hvaða spámaður á að vera í Kjaradómi og sjá það fyrir hverjar afleiðingarnar eru? Hvaða spámaður er það? Er það stjörnuspámaður? Einhver kerling með svartan kassa eins og hún var notuð hér um árið? Hvað er það sem menn eru að tala um í þessu sambandi? Hver setur svona lagað í lög, annað eins rugl? Hver hefði niðurstaðan orðið ef hæstv. fjmrh. hefði verið búinn að upplýsa að það væri 12 milljarða halli á ríkissjóði á árinu? Hver hefði þá niðurstaðan orðið? Fiskifræðingarnir búnir að koma með allar sínar kenningar um hrun stofnanna? Hvað var það sem ekki var hægt að sjá dagsins ljós? Hvað var það? Hvað var það, hv. 5. þm. Norðurl. v.? Veit hann hvað það var? Það var sú staðreynd að forstjórar þessa lands hafa á þjóðarsáttartímabilinu stórhækkað sín laun. Það var sú staðreynd að félmrh. hefur ekkert fylgst með því að laun sveitarstjóra og borgarstjóra og bæjarstjóra hringinn í kringum landið hafa verið að stóhækka á sama tímabili. Það var sú staðreynd sem ekki mátti segja frá að forustumenn launþegahreyfingarinnar höfðu stórhækkað sín laun fram yfir það sem þeir höfðu samið um fyrir sitt fólk. Það eru nefnilega málaliðar sem stýra þeirri hreyfingu í dag. Það eru ekki menn sem uxu upp innan hreyfingarinnar og komust þar til valda, heldur ráðnir menn, málaliðar eins og forseti ASÍ er í dag, sá rauðskeggjaði, málaliði. Og hvaða fjölskyldutekjur skyldi þessi málaliði hafa á mánuði? Ætli það sé ekki hátt í 900 þúsund? Hvaða tekjur ætli framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands hafi? Eða framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna? Það er sagt að hann sé með um 700 þús. Nú geispar hæstv. fjmrh. Það er ekki skemmtilegt að þurfa að þylja þetta yfir blessuðum manninum. (**Gripið fram í:** Þetta heldur vöku fyrir okkur.) Þetta heldur vöku fyrir mönnum sem vildu gjarnan sofa og ekki þurfa að standa í því stappi að standa upp heiðarlega og ræða þessi mál. Auðvitað bar ríkisstjórninni þegar ljóst var hve stórkostlegar hækkanir höfðu orðið hjá samanburðarhópunum að þrýsta á um það að þeirra laun yrðu lækkuð. En í staðinn láta menn það gerast að forseti ASÍ kemur sperrtur og segir: Við krefjumst sömu launa. Gott og vel. Ætli ráðherrarnir séu ekki sáttir ef þeir hefðu sömu laun, að maður tali nú ekki um aðra í hópnum? En hvað var það sem Kjaradómur undirstrikaði og var kannski erfiðast fyrir ráðherrann af öllu saman að kyngja? Það var að það ætti að fara eftir dómnum og þar eru það ekki

núverandi ráðherrar einir sem eru sekir heldur ráðherrar í gegnum tíðina sem hafa verið að greiða ómælda yfirvinnu til ákveðinna gæðinga í stjórnkerfinu og hafa ekki virt dóminn. Hæstaréttardómurum Íslands hefur verið haldið á strípuðum töxtunum við dóminn. En öðrum hefur verið greidd ómæld yfirvinna. Og nú voru allt í einu fyrirmæli um það að farið skyldi eftir dómnum. Rosalegt ástand. Hæstv. fjmrh. mátti ekki gauka seðlum yfir borðið eða undir borðið eins og honum datt í hug. Hann skyldi allt í einu láta fara eftir dómnum. Þetta er ekki efnilegt að tarna.

Nei. Það er ömurlegt í einu orði sagt að svo huglausir menn skuli stjórna þessu landi sem raun ber vitni. Það kemur nefnilega fram, og kom alveg snilldarlega fram í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. þegar hann rakti það lið fyrir lið hvernig hæstv. forsrh. undir kjörorðinu „orð skulu standa" hraktist frá einu víginu til annars þar til hann varð um síðir á handahlaupum undan hæstv. félmrh. sem ræddi það ekki á hvaða launum hennar undirmenn væru, ræddi það ekki hvaða kjör væru hjá þeim eða hvað þeir hefðu hækkað á þjóðarsáttartímabilinu. Svo kom niðurstaðan: Ef ríkið fær óhagstæðan dóm að dómi framkvæmdarvaldsins, þá á að setja lög.

Ég verð að segja eins og er að ég virði íslenska prestastétt fyrir það að hafa ákveðið að fara í mál. Ef það er stefna núv. stjórnvalda að standa þannig að launakjörum hjá prestum að í prestastétt verði samsafn undirmálsmanna sem ekki styrki kristna trú með sínum ræðum á sunnudögum heldur fæli flesta sæmilega viti borna menn frá því að styðja þjóðkirkjuna, þá eru menn að skapa hér það ástand að alls konar glundroðasöfnuðir með fáránlegum forustuðilum taki yfir og íslenska þjóðkirkjan heyri sögunni til. Það er nauðsyn, það er þjóðarnauðsyn að íslenska þjóðkirkjan búi það vel að sínum klerkum — enginn að tala um sérstakt auðs- eða bílífisstand — en búi það vel að sínum klerkum að við fáum hæfa menn til að sinna þessu starfi.

Það er nú einu sinni svo að íslenska þjóðkirkjan hefur haft mótandi áhrif á lagasetningu Alþingis á marga vegu í réttlætisátt. Og enn biðja þeir fyrir ríkisstjórn Íslands á sunnudögum. (**Gripið fram í:** Og veitir ekki af.) En mér er sagt að nú biðji þeir fyrir henni á þeirri forsendu að í Biblíunni stendur að menn eigi að biðja fyrir óvinum sínum og það verður ekki sagt annað en þeir séu sannkristnir því enn biðja þeir fyrir ríkisstjórninni.

En það er merkilegur hlutur, sögulega séð stórmerkilegur hlutur, að undir forustu Sjálfstfl. er það dómstóll götunnar sem tók yfir. Dómstóll götunnar tók yfir. Það er nefnilega svo að stundum fara menn í kröfugöngur og stundum fara menn í skrúðgöngur og ef menn rugla þessu tvennu saman og halda að virðuleg skrúðganga sé orðin að kröfugöngu, þá má náttúrlega búast við ýmsu. Ég býð nú ekki í það ef menn sæju fjölmenna jarðarför og héldu að þeir væru að mótmæla störfum stjórnarinnar.

Ég verð að segja eins og er að hæstv. fjmrh. er snillingur að einu leyti. Hann er snillingur í að verja rangt mál. Þetta er eitt af því sem lögfræðin gefur mikið fyrir því að það hefur alltaf verið þörf á því að hafa hæfa menn til að verja rangt mál, hæfa menn til að verja rangan málstað vegna þess að það liggur ljóst fyrir að í venjulegum málaferlum þarf tvo. Það er yfirleitt auðveldara að finna þann sem er fær um að verja réttan málstað en þann sem er fær um að verja rangan málstað. Og að því leyti er hæstv. fjmrh. snillingur. Hann hefur haft þetta sem ævistarf að verja rangan málstað.

En þá komum við að einu sem eftir stendur og er mikill prófsteinn á Hæstarétt Íslands sem hefur nú verið hýrudreginn. Það þarf að vera brýn nauðsyn svo hægt sé að setja bráðabirgðalög. Og þá vaknar þessi spurning: Hvernig fær það staðist að það sé brýn nauðsyn ef lögin í reynd koma ekki til framkvæmda, þ.e. áhrifin af þeim, fyrr en eftir mánuð? Hvernig fær það staðist að það sé brýn nauðsyn? Það gengur einfaldlega ekki upp. Skilningur manna á íslensku máli hvað sé brýn nauðsyn er það sem þarf að framkvæma hér um bil strax. Þess vegna reynir á það ef Hæstiréttur samþykkir að það hafi verið réttlætanlegt undir þessum kringumstæðum að setja bráðabirgðalög þegar vitað var að allir voru reiðubúnir að mæta til þings, hlusta á hæstv. fjmrh. flytja langloku, kannski klukkutíma ræðu fyrir einhverju frv. sem hann hefði getað gert grein fyrir að mestu leyti í greinargerð, og að samgöngukerfi landsins er í því besta ástandi sem það getur verið um mitt sumar, hvers vegna var þá þingið ekki kallað saman? Það var ekki vegna stjórnarandstöðunnar. Það var ótti ríkisstjórnarinnar við eigin stuðningsmenn, að þrátt fyrir allt léti það lið ekki kúska sig á þennan hátt. Mér er sagt að hvorki hjá Sjálfstfl. né Alþfl. hafi verið kallaður saman þingflokksfundur til þess að samþykkja bráðabirgðalögin á sínum tíma, hjá hvorugum aðilanum hafi verið kallaður saman þingflokksfundur. Ef það er ekki rétt, þá vil ég að það sé upplýst hér af stuðningsmönnum stjórnarinnar að það hafi verið kallaður saman þingflokksfundur þar sem atkvæði hafi verið látin ganga vegna þess að það er siðlaust, gjörsamlega siðlaust að koma með svona frv. og setja svona lög nema slíkt sé gert. Það þarf að vera vissa fyrir því að þingmeirihluti sé fyrir lagasetningu þegar hún er sett fram. (Gripið fram í.) Það er eitthvað óljóst sem heyrist í hæstv. fjmrh. E.t.v. er það bænakvak, en það er ekki vitað, það er í það minnsta ekki snjöll yfirlýsing um það að kallaður hafi verið saman þingflokksfundur hjá Sjálfstfl. Það er ekki snjöll yfirlýsing um það. Og frá fulltrúa Alþfl., þeim eina sem hefur þrek til að sitja hér í salnum, heyrist ekki púst um málið. Það er ekki einu sinni svo að það sé kinkað kolli eða hristur þá hausinn til þess að staðfesta hvort þetta sé rétt eða rangt. (**Gripið fram í:** Það heyrist ekki neitt.) Það heyrist ekki neitt.

Mér er ljóst að það verður aldrei friður um það hvaða laun menn eiga að hafa. Það verður aldrei friður um það. Það verður aldrei sátt um það hvaða laun þingmenn eða ráðherrar eiga að hafa. Það verður ávallt talið af mörgum að þessar stéttir séu allt of vel launaðar. Gott og vel. Það er hægt að una því að það sé

einhver dómur sem ákveður það hvaða laun þessar stéttir eigi að hafa. En að dómstóll götunnar taki yfir, það er ekki hægt að líða það. Og þegar dómstóll götunnar hafði tekið yfir, þá fóru fréttamenn af stað og fóru að birta lista yfir það hvað samanburðarhóparnir höfðu í laun og hæstv. fjmrh. hefði ekki náð þeim launum sem fjármálastjóri í sumum þessum fyrirtækjum hafði, hvað þá forstjórinn. Af og frá. Enda eru kannski gæði verkanna í samræmi við þetta, að vera kominn með 12 milljarða halla þrátt fyrir yfirlýsingarnar í fyrra. Væri nú ekki ráð að hækka kaupið hjá fjmrh. og krefjast þess að hann stæði sig, að það væri ekki allt vitleysa sem hann segði þinginu um það hvert stefndi með fjármál þjóðarinnar?

Ég verð að segja eins og er að allan þann tíma sem ég hef setið á þingi hafa þessi mál verið deiluefni og ráðherrar landsins yfirleitt verið sammála um það að borga embættismannakerfinu hærri laun en Kjaradómur hefur dæmt en jafnframt að sjá til þess að laun þingmanna yrðu lækkuð. Og þessu til viðbótar ætla ég að minnast þess að á sínum tíma gerði forsrh. það að sérstöku umræðuefni hver væru launakjör þingmanna, gerði það að umræðuefni í ræðu sinni á 17. júní. Þá hafði þingfararkaupsnefnd Alþingis Íslendinga komist að þeirri niðurstöðu að ráðuneytisstjórarnir, sem áttu að hafa sömu laun og þingmenn, höfðu þá sömu laun og þingmenn — þetta var í forsætisráðherratíð Gunnars Thoroddsens — þá höfðu þeir náð sér í 20 tíma í yfirvinnu ómælda til viðbótar og þingfararkaupsnefndin hækkaði laun þingmanna til samræmis. Og við vorum skammaðir eins og hundar hvar sem við sáumst vítt og breitt um landið fyrir það að vera að hækka okkar kaup. Ég man eftir því að ég var vestur á fjörðum og þetta kom eins og þruma úr heiðskíru lofti. Það var boðaður þingflokksfundur hjá Framsókn og núverandi formaður hamaðist á því að fá menn nú til að samþykkja það að Kjaradómur ætti að sjá um þeirra launakjör hér eftir.

Hjá Alþb. var það þannig að hv. 8. þm. Reykn. kallaði upp í talstöðina til Garðars Sigurðssonar, sem var þá á sjó út af Suðurlandi, og krafðist þess að hann sem fulltrúi Alþb. drægi strax þessa kauphækkun til baka. Garðar reif kjaft eins og hans var von og vísa og svaraði illu einu. En í fjarvist hans á þingflokksfundi Alþb. hneigðu menn höfuðið og samþykktu að sjálfsögðu að gefa þetta eftir. Það er fróðlegt að sjá í dag hver launamunurinn er orðinn á milli ráðuneytisstjóra og þingmanna. En það var dálítið merkilegt og umhugsunarefni að það var aðeins einn þingmaður sem neitaði algerlega að hlýða foringjanum í þingliði Framsóknar í þessum efnum. Hann var ekki trúaður á það að menn yrðu nokkurn tíma ánægðir með þau laun sem þingmenn hefðu og fór fram á það að ráðuneytisstjórarnir yrðu þá bara sviptir þessari hækkun sem þeir hefðu. Þeir þyrftu ekkert ómælda yfirvinnu, þeir gætu þá bara hætt ef þeir stæðu sig ekki í sínu starfi og skiluðu því. Sá þingmaður var að norðan, gráhærður, en honum var gefinn verulegur kjarkur og hann hét Stefán Valgeirsson.

Ég verð nú að segja eins og er að ég hafði gaman af þessum átökum þeirra frændanna. Hins vegar lofaði Steingrímur mjög Kjaradóm og við — ég held að ég hafi setið hjá í þessari atkvæðagreiðslu — við vorum búnir að fá meðferðina. Það var búið að hella sig yfir þingmenn á Austurvelli í ræðunni 17. júní og það var búið að skamma okkur um land allt fyrir það tiltæki að launin hefðu verið hækkuð.

Núna er eiginlega farið svipað að. Núna gerist það að Kjaradómur dæmir laun og það er verulega hækkun. Þingmönnum er ekki gefið færi á því, stjórnarþingmönnunum var aldrei gefið færi á því að koma hér saman og lýsa því yfir að þeir væru reiðubúnir að afsala sér þessari hækkun, ekki gefið færi á því vegna þess að það voru aðrir sem vildu birtast á hvítum fákum og geta sagt: Við tókum þetta af þeim með bráðabirgðalögum. Þannig eru vinnubrögðin. Ég ætla ekki að segja að núverandi dómur hjá Kjaradómi hafi verið eitthvað betri en aðrir. Hins vegar var það dómur. Það var dómur sem var kveðinn upp. Ég hef verið stuðningsmaður þess að við búum við þrískiptingu valdsins og meiri hluti Kjaradóms er skipaður af Hæstarétti. Er það rökrétt að þeir starfsmenn í þjónustu ríkisins sem ekki hafa verkfallsrétt eigi að selja fjmrh. sjálfdæmi um það hvaða laun séu greidd? Er það rökrétt? Það eru þær hugmyndir, hinar nýju, sem fram eru komnar, sjálfdæmi handa fjmrh. um það hvaða laun þeim séu greidd. Hann ætlar sjálfur að skipa meiri hlutann í nefndinni.

Það vill nú svo til að þrátt fyrir mikið lof sem hæstv. ráðherra bar á sjálfan sig varðandi hina geistlegu stétt þessa lands, þá virðist sem prestarnir treysti honum ekki jafn vel og efni standa til. Og ég verð nú að segja eins og er: Ég held ég skilji hvers vegna. Það má vel vera að sjálfdæmi sé það sem menn telji að henti í þessum efnum. Það sé það sem eigi að takast upp. Fjmrh. eigi að hafa sjálfdæmi hvaða laun hann greiðir æðstu embættismönnum. Ég held að Kjaradómur sem þannig er skipaður sé hálfgerður skrípaleikur, ég verð nú að segja eins og er. En það verður aftur á móti skráð á spjöld sögunnar að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh., setti bráðabirgðalög sem hún treysti sér ekki til þess að búa við nema í tvo mánuði. Lögin voru það vitlaus að samtímis var lagt fram frv. til að breyta þeim þegar staðfestingarfrumvarpið var lagt fyrir Alþingi Íslendinga. Haldið þið að það verði nú ekki gaman hjá stjórnarþingmönnunum að samþykkja fyrst vitlausa frumvarpið við nafnakall, lýsa því þar með yfir að þetta sé það sem þeir vilja, hafi áhuga á að setja í lög og þurfa svo kannski nokkrum klukkutímum seinna að rétta aftur upp höndina til að staðfesta að það sem þeir voru búnir að samþykkja við nafnakall sé svo vitlaust að það verði að afnema það úr lögum strax? Ég verð að segja eins og er að þetta lið kann að ganga í takt. Það hefur lært það sem góði dátinn Svejk lagði svo mikið upp úr, að agi þyrfti að vera í hernum.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki hugmynd mín að hefja

hér efnislega umræðu um margt það ágæta sem fram kom í ræðu hv. þm. eins og að það ætti kannski að taka upp eins konar bónuskerfi fyrir ráðherra og þingmenn. Það kemur vel til skoðunar að mínu áliti. Ekki ætlaði ég heldur að tala um bráðabirgðalög sem ég tel ekkert óeðlilegt að breytist um leið og þing komi saman. Þau eru í eðli sínu bráðabirgðalög og eiga ekki að vera neitt annað þar til Alþingi kemur saman, heldur ætlaði ég að tala um hitt að það er verið að gefa í skyn að með því að fjmrh. skipi meiri hluta í einhverri nefnd, þá sé sú nefnd einhvers konar framhald af honum og algjörlega ósjálfstæð. Þetta er alvarlegt vegna þess að fjmrh. skipar til að mynda alla yfirskattanefndarmenn og skipar mjög marga úrskurðaraðila í þjóðfélaginu og ég hef aldrei heyrt á það minnst að slíkir menn væru eitthvert framhald eða handbendi ráðherrans. Auðvitað er það þannig í framkvæmdarvaldinu og um lögbundna gerðardóma og um gerðardóma ýmiss konar sem tilheyra stjórnsýslunni að þeir eru sjálfstæðir jafnvel þótt þeir séu skipaðir af viðkomandi ráðherrum, enda ber þeim að fara að lögum. Og ég vona satt að segja að hv. þm. hafi sagt þetta meira í gamni en alvöru.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er athyglisvert að hæstv. fjmrh. getur stundum staðið sig alveg snilldarlega í því sem ég kalla að verja rangt mál. Og það er umhugsunarefni ef það skiptir nú engu máli hver skipar hvers vegna hæstv. fjmrh., sem skipar mjög marga menn, eftirlætur þá ekki Hæstarétti það vald að halda áfram að skipa meiri hlutann í Kjaradómi eins og var. Hefur Hæstiréttur brugðist? Hefur Hæstiréttur skipað óhæfa menn? Hafa þeir verið framhald af valdi Hæstaréttar, þessir menn, þannig að nú verði vitsmunir fjmrh. að taka yfir? En þá verður hæstv. ráðherra líka að minnast þess að þetta er stundlegt vald. Mikið lifandis skelfing hafa nú sumir verið stuttan tíma fjármálaráðherrar. (**Gripið fram í:** Þeir eru valtir, stólarnir.) Þeir eru valtir, þessir stólar. Hvernig yrði nú hæstv. ráðherra við ef þessi ákvörðun og samþykkt Alþingis yrði kannski til þess að það yrði hv. 8. þm. Reykn. sem skipaði þessa nefnd? Það þýðir ekki að ætla að haga lögum eftir einstaklingum á þennan hátt. Það gengur ekki upp, hæstv. ráðherra. Þess vegna er sú skipan, að láta Hæstarétt tilnefna undir þessum kringumstæðum, miklu skynsamlegri. (**VE:** Er það versta hugsun sem þú getur fengið að 8. þm. Reykn. yrði fjmrh.?)

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og mér datt nú í hug, þá er þetta sjálfsagt meira til gamans en í alvöru en þó verð ég að segja að það skiptir ekki máli hver ráðherrann er. Það verður stundum að treysta þeim sem fer með völdin ef hann starfar á grundvelli laga sem þingið setur. Um það snýst þetta mál og þess vegna skiptir ekki máli hvort sá sem hér stendur er ráðherra eða einhver annar. Til að mynda skipti ég ekki um fulltrúa fjmrh. í Kjaradómi sem nú situr heldur var áfram sá sem skipaður var af forvera mínum.

En aðalatriði málsins varðandi Kjaradóm samkvæmt nýjum hugmyndum, er að þar myndar Hæstiréttur ekki meiri hluta, ekki heldur fjmrh. né aðrir, og ástæðan er sú að það kann að vera erfitt fyrir Hæstarétt að skipa meiri hluta í Kjaradóm sem síðan á að ákvarða Hæstarétti sjálfum laun og þess vegna var farin þessi leið sem hv. þm. er nú að gagnrýna. Ég hugsa að þegar hann skoðar málið betur, þá skilji hann að það eru full rök fyrir því að koma fram með þessa tillögu þótt ég sé auðvitað, eins og vonandi aðrir alþingismenn, opinn fyrir öllum nýjum gáfulegum hugmyndum í þessu máli.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru full rök fyrir því hjá hæstv. fjmrh. að það sé ekki rökrétt að Hæstiréttur skipi meiri hluta í þeirri nefnd sem á að ákveða Hæstarétti laun. Það eru full rök fyrir því. En það er jafnfráleitt að kjaranefnd, sem á að vera skipuð þremur mönnum eigi að vera skipuð tveimur af fjmrh. Launadeilur á milli ríkisins og fjmrn. á að leysa þannig að annar deiluaðilinn skipar meiri hlutann í nefndinni sem á að úrskurða. Þetta er að mínu viti fráleitt. Þessi hugsun stenst ekki miðað við þá heilbrigðu hugsun sem kom fram hjá hæstv. ráðherra þegar hann vakti athygli á því að það væri ekki rökrétt að Hæstiréttur skipaði meiri hluta í þeirri nefnd sem ætti að ákveða Hæstarétti laun.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Andsvörum er lokið. Umræðum um 1. dagskrármál er frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umræðu frestað.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Út af dagskrá eru tekin 2. og 3. dagskrármál. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

13. FUNDUR

fimmtudaginn 3. sept.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr.

2. Stjórnarskipunarlög, frv. 29. mál, þskj. 30. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi höfðu:

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,

Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.,
Eiður Guðnason umhvrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.,
Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.,
Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Jóhanna Sigurðardóttir félmrh.,
Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn.,
Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.,
Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjala:

Sáttastörf í vinnudeilum, 71. mál, stjfrv., þskj. 73.

Velferð barna og unglinga, 70. mál, fsp. JHelg, þskj. 72.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 3. sept. 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþb. í Reykv., Auður Sveinsdóttir landslagsarkitekt, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv."

Auður Sveinsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa á ný.

Vegna þess að boðað hefur verið til fundar með forsætisnefnd og formönnum þingflokka þá verður þessum fundi nú frestað í 20 mínútur. — [Fundarhlé.]

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Fundi er fram haldið. Vegna fundar með forsætisnefnd og þingflokksformönnum verður þessum fundi nú frestað í kortér. — [Fundarhlé.]

Fundi með þingflokksformönnum og forsætisnefnd er ekki lokið og fundinum er því frestað um stundarfjórðung. — [Fundarhlé.]

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég hefði kosið að hæstv. utanrrh. væri hér til staðar þegar ég ræddi þetta stóra og mikla mál og vil ég óska eftir því við forseta að hann athugaði hvort utanrrh. sæi sér fært að vera við umræðuna. (**Forseti:** Utanrrh. hlýtur rétt að vera að ganga í salinn, en ef hv. þm. vill bíða með að hefja umræðuna þar til hann er kominn þá er henni það að sjálfsögðu heimilt. — Það er verið að leita að hæstv. utanrrh. Forseti biður hv. þm. að sýna þolinmæði.) Já, virðulegur forseti, ég skal sýna þolinmæði. Vill forseti að ég víki úr ræðustól eða á ég að bíða hér á meðan leitað er að ráðherra? (**Forseti:** Hv. þm. getur haft það hvort heldur sem er. — Hæstv. ráðherra er að koma.)

Virðulegur forseti. Við erum að ræða stórt og mikið mál sem er frv. til laga um Evrópskt efnahagssvæði en það mál á sér nokkuð langan aðdraganda. Mér þykir í raun dapurlegt að standa hér og ræða aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Ég hafði vonað að þeir sem með þetta mál hafa farið af hálfu ríkisstjórnarinnar og reyndar að bæði fyrri ríkisstjórn og sú sem nú situr hefðu séð að þessi samningur eins og hann er orðinn nú er langt frá því að vera Íslandi til hagsbóta.

Ef litið er til baka þá má segja að í raun hafi umræða um þetta mál hafist hér á Alþingi þann 9. mars árið 1989. Þá kvaddi ég mér hljóðs utan dagskrár vegna frétta í blöðum um að til stæði að halda fund í Ósló, mig minnir að það hafi verið 17. mars, þar sem ræða átti samskipti Íslands og Evrópubandalagsins. Þá voru fréttir með þeim hætti að ég taldi ástæðu til þess að kveðja mér hljóðs utan dagskrár um þetta mál. Og mig langar, með leyfi forseta, að vitna til þess sem ég sagði þá, nokkrar setningar, en ég rakti það sem komið hafði fram í fréttum og það sem gerði það að verkum að ég kvaddi mér hljóðs var að ég sat þá í utanrmn. og sú nefnd hafði ekki fengið neinar upplýsingar um þetta mál og taldi ég það mjög óeðlilegt. Ég sagði þá, með leyfi forseta:

„Getur verið að okkur Íslendingum sé ætlað að lesa það eftir á að búið sé að skuldbinda okkur í afdrifaríkum málum? Verður fyrir lok næstu viku búið að skrifa upp á það fyrir Íslands hönd að við eigum að vera þátttakendur í sameiginlegum markaði þar sem landið yrði opnað fyrir erlendu fjármagni í áður óþekktum mæli? Er hugsanlegt að forsrh. verði boðið að skrifa undir yfirlýsingu um einhvers konar yfirþjóðlega ákvarðanatöku á vettvangi EFTA?"

Hæstv. þáv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, svaraði þessu þannig, mjög afdráttarlaust. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Mér þykir satt að segja vænt um að geta svarað hv. fyrirspyrjanda með ákveðnu nei-i við þeim spurningum sem hún bar fram í lok sinnar ræðu. Ekkert af því sem hún nefndi þar er á dagskrá. Ekkert slíkt verður undirritað á Óslóarfundinum." — Svo bætir hann við: „Í raun og veru gæti ég látið þar máli mínu lokið, ..."

— Að vísu hélt hann nokkuð langa ræðu og lýsti m.a. þeim fyrirvörum sem hann teldi að þyrfti að gera á Óslóarfundinum sem hann og gerði og hefur margoft verið vitnað til þeirra orða og ætla ég ekki að fara að endurtaka það hér. En ég verð að viðurkenna það að ég tók mark á þessum orðum og taldi að ekki væri hætta á ferðum vegna þessara fyrirvara sem þarna voru gerðir og tók ég það fram í lok ræðu minnar á þessum tíma.

En frá því að þetta var hefur stöðugt hallað undan fæti. Fljótlega var ljóst að forsrh. réð ekki ferðinni í þessu máli. Það voru Jónarnir tveir sem réðu ferðinni. Páv., og reyndar núv. líka, iðnrh. sagði skömmu eftir fundinn á fundi hjá Félagi ísl. iðnrekenda að Óslóaryfirlýsingin væri fyrirvaralaus af Íslands hálfu og sagði þá í raun forsrh. stríð á hendur.

Margoft kom þetta mál upp hér á Alþingi við mörg tækifæri og forsrh. endurtók alltaf þessa fyrirvara en Jónarnir héldu alltaf hinu fram. Forsrh. páv. var margbent á þetta en hann virtist trúa því að fyrirvörum hans væri haldið til haga. En nú verður veruleikinn ekki umflúinn. Samningurinn liggur á borðinu og Alþingi Íslendinga getur ekki breytt stafkrók. Það er spurning hvort við hér á löggjafarsamkundunni fáum að bæta úr augljósum þýðingarvillum, hvað þá meira.

En það voru fleiri en forsrh. sem voru andvaralausir á þessum tíma. Einnig Alþb. lét utanrrh. teyma sig á asnaeyrunum þrátt fyrir allar upprifjanir nú um fyrirvara af þess hálfu. Í raun var það bara Kvennalistinn sem lýsti sig andvígan þeirri leið sem þarna var valin. Þá strax, reyndar eftir að raunverulegar viðræður hófust, lýstum við kvennalistakonur því margoft yfir á Alþingi að það hefði frekar átt að fara í tvíhliða viðræður og mæltum með því margoft að farið yrði frekar í tvíhliða viðræður en að farið yrði í þessa samninga um Evrópskt efnahagssvæði.

Mér þykir þess vegna mjög sérkennilegt að heyra hv. 8. þm. Reykn., Ólaf Ragnar Grímsson, láta sem það sé hans hugmynd að fara í tvíhliða viðræður við EB og virðist hann hafa gleymt því að aðrir hafi komið með þá hugmynd á undan honum. Meira segja hefur hann gengið svo langt að túlka niðurstöður skoðanakönnunar sem hér hefur verið gerð að umtalsefni sem stuðning við sig og Alþb. Það var nefnilega því miður ekki hægt að fá stuðning Alþb. við tvíhliða viðræður á þeim tíma þannig að mér þykir mjög sérkennilegt að túlka þær niðurstöður sem nú hafa komið fram í skoðanakönnun sem stuðning við Alþb. Það er hvorki stuðningur við Alþb. né aðra flokka, þetta eru stuðningsmenn allra flokka sem telja að fremur ætti að fara í tvíhliða viðræður en að staðfesta þennan EES-samning sem nú er ætlast til að við gerum.

Það er rétt að rifja það upp að pólitískur aðgöngumiði að þessum samningum var krafan um fríverslun með fisk sem fól í sér tollfrelsi með allan fisk og að styrkir Evrópubandalagsins við sjávarútveginn yrðu lagðir af. Þetta hefði auðvitað falið í sér að Evrópubandalagið hefði orðið að láta af sinni fiskveiðistefnu eða sjávarútvegsstefnu sem felst m.a. í því að fyrirtæki þar í landi, fiskvinnslufyrirtæki t.d., eru mjög mikið styrkt og öll fyrirtæki í þessari atvinnugrein. Það hefði auðvitað skipt mjög miklu máli fyrir Ísland að þetta hefði fengist fram og auðvitað var þetta gert að aðalatriði í þegar upphafi og túlkað sem sérstakur sigur af hálfu Íslendinga að fá aðrar EFTA-þjóðir til að skrifa upp á þessa kröfu. Minnist ég þess sérstaklega þegar forsrh. og utanrrh. komu heim frá Ósló í mars 1989. Þá voru viðtöl við þá í fjölmiðlum þar sem þeir lýstu þessu sérstaklega yfir og þarna var um gífurlegan sigur að ræða að þeirra mati. En auðvitað fór það svo að EB hafnaði þessu þegar á reyndi í samningaviðræðunum og kom það kannski engum á óvart og var margoft talað um á sínum tíma að þetta væru tálvonir einar.

Það er hins vegar einkar athyglisvert nú að þegar samningurinn liggur fyrir er reynt að gera þá niðurfellingu á tollum sem þó fékkst fram að aðalatriði, en svo gott sem það er þá er hinu ekki haldið til haga hvaða verði þetta var keypt. Veiðiheimildir, þ.e. veiðiheimildir gegn niðurfellingu á tollum, það er það sem kemur út úr þessum samningum, sem er auðvitað algjör stefnubreyting af hálfu Íslendinga.

Það er reynt að halda því fram að í stað þeirra 3.000 tonna af karfa, sem EB krefst að fá að veiða innan íslenskrar lögsögu, eigi Ísland að fá að veiða 30.000 tonn af loðnu á Grænlandsmiðum. Þetta er auðvitað blekking ein og hefur nú verið afhjúpað margoft því í fyrsta lagi hefur Evrópubandalagið ekki getað veitt nokkra loðnu við Grænland, ef ég man rétt, frá 1986, þannig að EB er þarna að bjóða hluti sem eru langt frá því að vera fastir í hendi, auk þess sem ég veit ekki betur en að sjávarútvegssamningur milli Grænlands og EB renni út í lok ársins 1993. Ég átta mig því ekki á hvers vegna reynt er að halda því fram að þarna sé um einhverjar raunverulegar veiðiheimildir að ræða. Þetta er bara blekking til þess að láta menn trúa því að þarna sé ekki um eftirgjöf af hálfu Íslendinga, þ.e. að við séum að gefa eftir veiðiheimildir fyrir aðgang að mörkuðum. En þessi krafa EB, þ.e. að fá aðgang að okkar auðlindum fyrir aðgang að mörkuðum, hefur auðvitað verið á borðinu allan tímann og þeir hafa aldrei gefið sig með hana.

Þegar að þessu atriði var vikið í umræðunum utan dagskrár þann 9. mars 1989, sem ég vitnaði til áðan, þá líkti utanrrh. þessum viðvörunum mínum og reyndar annarra þingmanna sem til máls tóku í umræðunni við leikrit. Væntanlega til að undirstrika hversu fáránlegar þessar áhyggjur okkar væru. Hann sagði þá m.a., með leyfi forseta:

„Eitt af leikritum Shakespeares heitir Mikill asi út af engu og stundum er reynt að setja svoleiðis stykki á svið á hinu háa Alþingi. Það getur verið skemmtilegt, en tilgangur þessarar umræðu er ekki að skemmta heldur að skýra.

Nú vil ég hafa það skýrt að ég hef hvergi sagt að Íslendingar ættu að taka upp þá stefnu í samskiptum við Efnahagsbandalagið að bjóða upp á veiðiheimildir í skiptum fyrir tollfríðindi. Það hef ég hvergi sagt, hvergi nokkurs staðar. Ég hef ekki boðað neina stefnubreytingu í því efni." — Síðar segir hann reyndar: „Eru

einhverjar slíkar kröfur uppi af hálfu Efnahagsbandalagsins? Og við höfum fengið það staðfest að svo er ekki um hinar gömlu þjóðir sem veiddu hér við Ísland." — En síðan segir hann, eftir að hann er búinn að telja þær upp: „Það á hugsanlega við um Spánverja sem hafa einhvers staðar á blaði að þeir óski eftir 3.000 tonnum í veiðiheimildum."

Ég endurtek: Að Spánverjar hafi einhvers staðar á blaði að þeir óski eftir 3.000 tonnum í veiðiheimildum. Kannast nokkur við þessi 3.000 tonn nú þremur árum síðar? Er það asi út af engu sem veldur áhyggjum okkar hér á Alþingi í dag?

Síðan endurtekur ráðherrann í lok ræðu sinnar, með leyfi forseta, þann 9. mars:

„Það verður að vera alveg skýrt að það hefur enginn boðað stefnubreytingu í þessum málum, enginn. Þetta mál snýst eingöngu um það að loka ekki fyrir viðræður, að lýsa sig reiðubúinn að hlusta á þessar óskir ef þær eru einhverjar, meta þær síðan ef þær væru einhverjar."

Þarna segir ráðherrann mjög skýrt að ekki komi til greina að veita aðgang að fiskimiðum Íslendinga fyrir aðgang að mörkuðum. En það er einmitt það sem liggur nú á borðinu. Að vísu er óvíst hvernig málinu lyktar því að enn liggur enginn sjávarútvegssamningur fyrir. EB hefur gert þá kröfu að hann verði að liggja fyrir annars muni EES-samningurinn ekki verða staðfestur af þeirra hálfu. Eitthvað telja þeir sig þarna hafa fast í hendi en ekki að Íslendingar hafi fengið allt fyrir ekkert. En það verður að hafa í huga að kjarninn í samningnum er ekki akkúrat þetta. Þótt fríverslun hefði fengist með fisk, eins og talað var um í upphafi, er samningurinn með öllu óaðgengilegur fyrir okkur. Aðalatriði þessa samnings eru þau víðtæku ákvæði um svokallað fjórfrelsi þar sem u.þ.b. 400 millj. manna svæði er gert að einum markaði án landamæra fyrir vöru, þjónustu, fjármagn og vinnuafl. Okkur er ætlað að gera lög og reglur Evrópubandalagsins að okkar, ekki bara eins og þau standa nú heldur eins og EB þóknast að móta lög og reglur í framtíðinni. Það er kannski eitt það alvarlegasta í málinu.

Fyrr í umræðunni sagði hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, sem er varaformaður utanrmn., eitthvað á þá leið að það mætti halda af umræðunni að Ísland væri að ganga í EB með því mikla valdaafsali sem í því felst. Hv. þm. er ekki til staðar nú og ef ég man rétt þá hefur hún fjarvistarleyfi og getur því ekki hlýtt á mál mitt. En ég vildi einmitt segja að með aðildinni að Evrópsku efnahagssvæði erum við einmitt, ekki bara að taka fyrsta skrefið, heldur annað skrefið inn í EB og þá er einungis þriðja skrefið eftir. Við erum að stórum hluta að ganga inn í Evrópubandalagið og ég er alveg viss um að þeir sem ákafast keppa inn í Evrópska efnahagssvæðið, þ.e. Alþfl., munu alls ekki láta stöðvast við það heldur ætla þeir að ganga alla leið.

Lítum aðeins nánar á þá þætti sem í þessum samningi felast. Ég tek aðeins örfáa þætti því að áður hafa mjög margir þættir verið gerðir að umtalsefni og ætla ég ekki að dvelja lengi við það sem aðrir hafa skýrt mjög skilmerkilega.

Mikið hefur verið gert úr því að þetta muni verða svo heppilegt fyrir Íslendinga, ekkert atvinnuleysi muni verða, allir vegir verða okkur opnir til að leita út fyrir landsteinana eftir atvinnu á svæðinu. Vel getur verið að ekkert hindri okkur í að fara út og leita okkur að vinnu. En spurningin er: Getum við fengið einhverja vinnu? Undanfarið ár hefur atvinnuleysi hér á landi aukist verulega og það er auðvitað mjög alvarlegur hlutur. En við verðum að hafa í huga að atvinnuleysi í Evrópubandalagsinu er miklu meira en atvinnuleysið hér. Og það sem meira er, atvinnuleysi hér á landi er miklu meira meðal kvenna en meðal karla og það sama gildir í Evrópubandalaginu. Að meðaltali er atvinnuleysi hjá konum — reyndar hef ég ekki alveg nýjustu tölur — en það er að meðaltali um 12% en um 7% hjá körlum. Þetta er auðvitað nokkuð misjafnt eftir löndum en alls staðar er ástandið þannig að atvinnuleysi hjá konum er miklu meira en meðal karla.

Hvernig blasir þetta mál þá við gagnvart konum? Er líklegt að atvinnulausar konur á Íslandi fari til landa Evrópska efnahagssvæðisins og gangi þar inn í hvaða vinnu sem þær kjósa? Það hljóta allir að sjá að þetta gengur auðvitað ekki.

Í atvinnuleysi eykst þrýstingurinn á konur að fara út af vinnumarkaðnum. Maður finnur fyrir því hérna heima og það er enn þá meira áberandi í Evrópubandalagslöndunum þar sem það er eiginlega viðurkennt meðal ráðamanna að þegar að þrengir eigi konur að fara út af vinnumarkaðnum og ekkert er gert til að auðvelda þeim að vera á vinnumarkaði. Fyrirvinnuhugtakið er ansi lífseigt og þá er það í hugum margra að það séu karlarnir sem eigi að vera fyrirvinnur. Þetta bitnar auðvitað langmest á konum og er langt frá því að nokkur von sé til að þær geti farið héðan til að leita sér að vinnu. Það gildir auðvitað líka um karla en þetta gildir sérstaklega um konur þar sem atvinnuleysi meðal þeirra er alls staðar meira en meðal karla.

Atvinnuleysið gerir það líka að verkum — það hefur sýnt sig bæði hér á landi og einnig í EB-löndum — að samdráttur verður í þjónustustörfum á landsbyggðarsvæðum og það verður meiri flutningur kvenna frá dreifbýlisstöðum til þéttbýlisstaða. Þetta er áberandi bæði hér á landi sem og í Evrópubandalagslöndunum. Þar sem fjölskyldupólitíkin innan EB byggist frekar á því að karlmenn séu fyrirvinnur og konur eigi að vera heima og gæta barna og sjúkra þá er enn nauðsynlegra fyrir íslenskar konur að reyna að gera sér grein fyrir hvaða áhrif aðild að Evrópska efnahagssvæðinu og Evrópubandalaginu hefði á þær sérstaklega. Ég vil minna á að á síðasta þingi fluttu þingkonur Kvennalistans þáltill. sem fólst í því að kanna sérstaklega hvað aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði hefði á stöðu kvenna.

Þeir sem tala um ágæti þessa samnings hafa mikið gert úr því að nú geti fólk farið hvert sem er í Evrópu og leitað sér að vinnu. Ef maður horfir fram hjá atvinnuleysinu og vonar að það muni einhvern tímann batna er spurning hvort þetta mikla frelsi til að fara á milli landa og afla sér atvinnu sé mjög hagstætt fyrir konur sérstaklega. Það er alkunn staðreynd að konur

eiga miklu erfiðara með að leita um langan veg vegna fjölskylduaðstæðna, þær eru yfirleitt miklu bundnari börnum, bundnari foreldrum sínum, sérstaklega þegar þeir fara að eldast, og ef um sjúkleika er að ræða þá eru þær yfirleitt miklu bundnari við það fólk sem minna má sín. Konur taka líka yfirleitt miklu meira tillit til þess að börnum sé erfitt að flytjast oft milli skóla. Við á Íslandi verðum auðvitað að taka með í reikninginn að atvinnuþátttaka kvenna hér á landi er miklu meiri en kvenna í löndum EB og það hlýtur að hafa einhver áhrif á vinnumarkaðinn. Óhjákvæmilegt er að það hefur áhrif á stöðu kvenna.

Einnig ber að hafa það í huga að mjög mikið hefur færst í vöxt í löndum Evrópubandalagsins að konur séu í tímabundinni vinnu og hlutastörfum. Það er því í vaxandi mæli hlutskipti kvenna innan EB að vera ekki í fullu starfi og er áætlað að um 70–90% þeirra sem eru í slíkri vinnu séu konur. Þetta er sérstaklega mikið áhyggjuefni þar sem fólk sem er í hlutastörfum hefur ekki sama rétt og sömu réttindi á vinnumarkaði í þessum löndum og þeir sem eru í fullu starfi. Það gilda ekki sömu reglur og gilda hér á landi. Þá er það spurningin: Munum við þurfa að breyta löggjöf okkar að því er þetta varðar eins og reyndar hefur komið fram og hefur verið talað um að þyrfti að gera til að samræma það þessum reglum? Þá er óhjákvæmilegt að konur á Íslandi munu ekki njóta sama öryggis á vinnumarkaði og karlar. Þetta finnst mér vera mjög alvarlegt mál og hafa konur ekki síst haft verulegar áhyggjur af þessu.

Launamál eru líka verulegt áhyggjuefni. Eins og við vitum er það svo hér á landi að konur hafa aðeins um 60% af þeim launum sem karlar hafa að meðaltali. Þetta er ósköp svipað og gildir í Evrópubandalagslöndunum, að vísu ekki öllum því Danmörk er þar undanskilin. En annars staðar á Norðurlöndum er munurinn miklu minni. Því hefur verið haldið á lofti að í lögum Evrópubandalagsins séu ákvæði um launajafnrétti sem sett voru inn árið 1975 og þetta hefur oft verið dregið fram í umræðuna og talað um að sé konum mjög til framdráttar. En því miður hafa þau ákvæði í lögum að hér eigi að ríkja jafnrétti til launa og reyndar jafnrétti til allra hluta ekki reynst konum neitt haldreipi. Kannski verður að hafa í huga að þetta launajafnréttisákvæði, sem kom inn í lög Evrópubandalagsins 1975, kom inn vegna þrýstings frá Frökkum. Þeir töldu að kynjajafnrétti væri meira hjá þeim en í öðrum aðildarlöndum og vegna samkeppnisstöðunnar töldu þeir nauðsynlegt að hafa slíkt ákvæði í lögunum innan Evrópubandalagsins því að þeir voru að hugsa um samkeppnisstöðu fyrirtækja sinna en ekki að setja þetta inn vegna umhyggju fyrir konum. Það er kannski þess vegna sem þetta hefur því miður ekki reynst konum til framdráttar.

Aðild að EES mun því væntanlega ekki breyta þessum málum fyrir konur, þær verða að sækja þetta mál hér innan lands en ég óttast þó að það muni verða þeim erfiðara þegar við verðum orðinn hluti af svo stórri heild sem ætlunin er að við verðum.

Einnig ber að hafa í huga að verkalýðshreyfingin innan Evrópubandalagsins er mjög veikburða. Aðeins um 20% launamanna eru í verkalýðsfélagi og það gæti hugsanlega leitt til aukins kynbundins launamunar þótt það sé auðvitað ekkert gefið, a.m.k. miðað við þá reynslu sem við höfum á Íslandi af verkalýðshreyfingunni, að hún berjist sérstaklega fyrir konur en þá er kannski eina leiðin sem konur hafa að krefjast hærri launa í kjarasamningum.

Ég vil vekja athygli á því að í fréttabréfi ASÍ er einmitt fjallað um þetta atriði, þ.e. launamálin. Ég vil, með leyfi forseta, lesa nokkrar línur upp úr því, ekki síst vegna þess að gífurleg áhersla hefur verið lögð á það að ekki megi greiða erlendum aðilum lægri laun en innlendum þegar þeir eru hér í vinnu. Menn hafa sagt að þar með sé engin hætta á að flutt verði inn fólk, vinnuafl, og því greidd miklu lægri laun en Íslendingum. Þá langar mig að lesa úr Fréttabréfi ASÍ frá 2. *júní* 1992 en þar segir, með leyfi forseta:

„ASÍ hefur miklar áhyggjur af því að opnun vinnumarkaðarins geti falið í sér hættu á undirboðum hvað varðar laun og réttindi. Nauðsynlegt er að tryggja með innlendri lagasetningu og öðrum aðgerðum að slíkt geti ekki gerst.“ — Ég vil taka það fram, virðulegur forseti, að ekkert hefur bólað á neinum slíkum lagasetningum eða frv. til laga að því er þetta varðar. Svo segir áfram:

„Eitt af því sem einkennir almenna vinnumarkaðinn hér á landi er að í mörgum tilfellum er langt bil á milli umsaminna taxta og raunverulega greiddra launa. Núgildandi lög um starfskjör launafólks kveða á um að samningar á milli aðila vinnumarkaðarins skuli gilda sem lágmark fyrir alla vinnu sem unnin er hér á landi. Þetta býður þeirri hættu heim að aukið frelsi útlendinga til að starfa hér á landi verði til þess að laununum verði þrýst niður að taxtakaupi. Við slíkt verður ekki unað og *því er nauðsynlegt að finna leiðir til þess* að koma í veg fyrir það.“

Þarna hittir kannski þessi samningur aðila vinnumarkaðarins, þ.e. Alþýðusambandið, fyrir þar sem það er auðvitað alkunna að það eru raunverulega tvö launakerfi gildandi í landinu, þ.e. taxtalaunin og síðan allar yfirborganirnar. Þess vegna eru áhyggjur manna svo miklar yfir því að launin muni verða lægri hjá erlendu verkafólki sem flutt yrði til landsins. Þetta vildi ég taka fram, virðulegur forseti, vegna þess að mér finnst margir hafa lagt sérstaka áherslu á þetta atriði og að þarna megi ekki mismuna í launum. Það eru þarna leiðir út úr því ef menn, þ.e. atvinnurekendur, e.t.v. erlendir aðilar sem koma hér til að taka að sér ákveðin verk, t.d. verktakar, flytji með sér vinnufólk og þar með muni þetta tvöfalda launakerfi verða til þess að þetta fólk verði hlunnfarið í launum.

Mikil áhersla hefur verið lögð á það að í samningnum sé yfirlýsing frá íslenskum stjórnvöldum varðandi öryggisfyrirvarann. ASÍ bendir á í fréttabréfi sínu að upphaflegir fyrirvarar Íslands náðust ekki að því er varðaði takmörkun innstreymis erlends vinnuafls. Þeir óttast að fyrirvarinn sem er af hálfu Íslands varðandi þetta mál sé nánast haldlaus. Verð ég að lýsa því hér að ég tel það einnig vera. Hins vegar vil ég taka fram

að ég sjálf hef ekki verulegar áhyggjur af því að hér verði mjög mikið innstreymi vinnuafls og einhver ástæða sé til að taka þennan fyrirvara sérstaklega fyrir. Ég held hins vegar að það geti verið hætta á því að þó innstreymi vinnuafls verði mjög lítið þá muni það því miður geta haft áhrif á laun á vinnumarkaðnum.

Eitt atriði sem ég vil einnig taka fram vegna þessa samnings er að í Evrópubandalaginu er 14 vikna lágmarksfæðingarorlof. Mjög margar konur óttast að aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, og svo í framhaldi að Evrópubandalaginu, muni leiða til styttingar á fæðingarorlofi í þeim löndum þar sem það er lengra. Þetta getur verið mjög gott fyrir konur þar sem fæðingarorlof er styttra en 14 vikur. En það getur hitt konur illa þar sem fæðingarorlof er þó lengra. Fæðingarorlof á Íslandi er einungis sex mánuðir sem er þó allt of stutt en á Norðurlöndum er það miklu lengra og þar sérstaklega óttast konur samruna við þessi ríki sem eru með svona stutt fæðingarorlof.

Annað atriði sem einnig er vert að hafa í huga og snertir kannski konur sérstaklega er að velferðarkerfið er veikara í flestum EB-ríkjum en hér á landi og þó reyndar sé mjög að því sneitt nú á síðustu tímum, þá er það þó þannig að það er veikara í EB-ríkjum. Ég óttast sérstaklega að aðlögun að því kerfi sem þar ríkir muni geta leitt til þess að enn þá erfiðara verði með sóknarfæri varðandi velferðarkerfið og það muni hitta konur miklu verr fyrir en karla. Alkunna er að konur eru almennt háðari velferðarkerfinu vegna stöðu sinnar innan fjölskyldunnar.

Skattlagning fyrirtækja er minni í EB en hér á landi og mun samræming á samkeppnisstöðu fyrirtækja leiða af sér lækkun skatta á þeim ef það yrði gert og maður heyrir að sú krafa er mjög hávær meðal fyrirtækja að það verði gert. Auðvitað þyrfti slík samræming að eiga sér stað að einhverju leyti óháð því hvort við gerðumst aðilar að EES eða ekki. Hingað til hefur ekki verið lögð fram nein áætlun um lækkun skatta á fyrirtækjum og því er ekki ljóst hvort á að lækka skatta á fyrirtækjum og að skera enn þá frekar niður í velferðarkerfinu en þetta er auðvitað sá þáttur sem konur verða sérstaklega að vera vakandi fyrir. Það hefur sýnt sig að þar sem hámarksgróði og aukinn hagvöxtur er höfuðmarkmið lúta jafnréttissjónarmið í lægra haldi og lítið tillit er tekið til barna og þeirra sem eldri eru og veikburða. Afleiðingar slíkrar stefnu bitna frekar á konum en körlum. Því þarf ekki að koma á óvart að konur eru fjölmennari í hópi þeirra sem efast um ágæti aðildar að Evrópubandalaginu og þeirrar stefnu sem þar er ríkjandi. — Nú langar mig til þess að vita, virðulegi forseti, hvort utanrrh. hefur tekið sér hádegisverðarhlé snemma því að ég sé hann hvergi hér og verð ég að viðurkenna það að ég sakna hans mjög. (**Gripið fram í:** Hann hlustar úr hliðarherbergi.) Jæja, það var mikið gott. Mig langaði til að benda hæstv. ráðherra á þessar staðreyndir varðandi konur sérstaklega og ekki síst í ljósi þess að konur á Norðurlöndum — og ekki síður konur í flokkum sósíaldemókrata, og þá nefni ég sérstaklega Svíþjóð af því að þar eru þær mjög virkar — eru andsnúnar því að t.d Svíþjóð gangi í Evrópubandalagið, það eru konur og unga fólkið innan þessara flokka sem hafa þó lýst yfir stuðningi við inngöngu Svía í Evrópubandalagið og ástæðan er einmmitt þessi sem ég hef hér verið að tíunda og sama gildir auðvitað einnig um hið Evrópska efnahagssvæði. Ég vil því benda hæstv. ráðherra á þessar staðreyndir og að hann taki þær með þegar hann er að meta og vega þetta mál að það eru mjög miklar líkur á því — og það er mat flestra kvennahópa sem hafa farið ofan í þetta mál, ég tek það fram að það er ekki allra, ég segi flestra — að sú stefna sem á að vera ríkjandi á Evrópska efnahagssvæðinu mun hitta konur verr fyrir en karla. Þetta verður að taka mjög alvarlega að mínu mati.

Ég vil ekki hverfa frá þessu án þess að minnast aðeins á það kerfi sem við erum að fara út í, þ.e. sem miðað er við að þarna verði tekið upp. Það stjórnkerfi, sem þarna er, er mjög ólýðræðislegt og andstætt því að almenningur og þá sérstaklega konur geti haft þar áhrif. Auðvitað er alkunna að áhrifa kvenna gætir allt of lítið í heiminum almennt og gildir þar einu um hvers konar stjórnskipulag er að ræða. En menn eru nú að gera sér í auknum mæli grein fyrir því að ef takast á að snúa mannkyninu af braut þeirrar sjálfseyðingar sem það er nú á verður að veita sjónarmiðum kvenna hlutdeild í stjórn samfélagsins. Það stjórnkerfi sem er við lýði í EB tekur ekki mið af þessum sjónarmiðum og það gildir líka um það stjórnkerfi sem á að vera við lýði í EES að þar nýtur sjónarmiða kvenna mjög lítið. Konur eru fáar í æðstu stöðum hvort sem um er að ræða embættismannakerfið eða pólitíska kerfið. Að vísu er ekki komið í ljós hversu margar konur verða hjá EFTA en almennt má segja að í miðstýrðum kerfum eins og þarna er um að ræða er hlutur kvenna fyrir borð borinn og gildir þá einu hvort hagkerfið er kennt við frjálsan markað eða sósíalisma. Konur hafa mest áhrif þar sem einingarnar eru minni og valddreifing er höfð að leiðarljósi. Hugmyndafræði að baki EB og EES er því langt frá því að taka mið af þörfum kvenna. Stjórnkerfið er þar bæði miðstýrt og ólýðræðislegt. Ég held að það eigi eftir að koma í ljós að þó að ég taki sérstaklega konur fyrir að almenningur muni smám saman gera sér grein fyrir því að þó að erfitt sé að hafa áhrif í því stjórnkerfi sem við búum við hér á Íslandi þá verður það enn þá verra ef við eigum að láta þetta yfir okkur ganga. Einnig mun útfærslan á þessum innri markaði og fjórfrelsinu leiða til mjög harðnandi samkeppni á öllum sviðum, ekki bara milli markaðssvæða og ef maður talar um Japan og Bandaríkin þá og EB heldur einnig innan svæðisins og það mun leiða til þess að staða þeirra, sem standa höllum fæti, verður fyrir borð borin, bæði í atvinnulífinu og á meðal einstakra þjóðfélagshópa. Einnig er áhyggjuefni að jaðarbyggðir munu eiga í vök að verjast og ætla ég ekki að ræða það neitt sérstaklega en úttektir hafa verið gerðar á því hér á landi að landsbyggðin mun fara miklu verr út úr þessum samningi en höfuðborgarsvæðið nokkurn tíma þó að það muni auðvitað vera nógu erfitt fyrir þéttbýlissvæðin líka.

Mér hefur fundist einkar athyglisvert, virðulegur

forseti, að fylgjast með því hvernig hæstv. utanrrh. hefur lagt þetta mál hér fyrir og túlkar einstök ákvæði samningsins. Ég ætla ekki að fara yfir mörg atriði en nokkur atriði sem komu fram í ræðu hæstv. ráðherra þegar hann mælti fyrir málinu langar mig til að gera að umtalsefni. Á einum stað tekur hann sérstaklega fram að lögð hafi verið áhersla á það af hálfu fyrrv. ríkisstjórnar að ákveðnir fyrirvarar væru fyrir hendi varðandi samninginn. Mig langar að vitna aðeins til eins, með leyfi forseta, þar sem hæstv. utanrrh. er að vitna í skýrslu sína frá október 1990, þá segir ráðherrann:

„Næst tók ég fram að eignarhald erlendra aðila að íslenskum náttúruauðlindum yrði ekki umsemjanlegt, að varnaglaákvæði yrðu sett um frjálsan atvinnurétt og að ekki yrði slakað á kröfum um öryggi, hollustuhætti og umhverfisvernd." Og svo segir hann: „Árangurinn liggur nú skjalfestur á borðum hv. alþingismanna."

Þetta þótti mér einkennilegt. Árangurinn liggur nú skjalfestur á borðum alþingismanna, og hann fullyrðir að þar hafi öllum fyrirvörum verið haldið til haga. Auðvitað er alls ekki rétt að það sé til þess að eignarhald erlendra aðila að íslenskum náttúruauðlindum yrði ekki umsemjanlegt. Það voru eingöngu fyrirvarar að því er varðaði sjávarútveginn, það voru og eru engir fyrirvarar í samningnum að því er varðar aðrar náttúruauðlindir, landferskt vatn, jarðhita, fallvötnin, ár og vötn og veiðar í þeim. Engir fyrirvarar eru í samningnum að því er það varðar þannig að það er alls ekki rétt að öllum fyrirvörum hafi verið haldið til haga sem talað var um hér á fyrri árum. Það er mikið langt frá því.

Hjá honum kom líka fram í umræðunni að það ætti að leggja fram hér frv. um jarðhitaréttindi og vatnsréttindi og fleiri atriði. Ekkert hefur komið fram um það og margir efast meira að segja um að nokkur leið sé að setja neitt ákvæði í lög um að hægt sé að koma í veg fyrir að erlendir aðilar eignist hér náttúruauðlindir. Ég vil minna ráðherrann á að þetta var eitt af því sem talað var um fyrr á árum að væri algert grundvallaratriði. Ráðherrann hélt því alla tíð fram að ekkert mál væri að setja girðingar í lög og mig langar, virðulegur forseti, að vitna aðeins til viðtals sem birtist í Degi laugardaginn 22. ágúst við hv. þm. Tómas Inga Olrich þar sem hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Það vekur hins vegar athygli að landið sjálft var ekki álitið vera auðlind sem standa ætti vörð um með sama hætti því að fyrirvarar um landakaup gufuðu upp í tíð fyrri ríkisstjórnar. Þetta er verulegur galli í samningnum frá mínum sjónarhóli."

Ég er honum alveg sammála. Þetta er verulegur galli í samningnum, einnig frá mínum sjónarhóli, og það held ég að gildi um miklu fleiri. En því var alltaf haldið fram, bæði hér á Alþingi og annars staðar, að fyrirvarar væru í samningnum, þ.e. það væri ekkert mál að setja svokallaðar girðingar í lög. Ég var ein af þeim sem þreyttist aldrei á að segja hæstv. ráðherranum að ekki mætti mismuna eftir þjóðerni og ekki væri hægt að setja neinar girðingar í lög sem mundu koma í veg fyrir að erlendir aðilar gætu eignast hér það land sem þeir kærðu sig um með öllum þeim hlunnindum sem þar væru nema þá við ætluðum að útiloka Íslendinga frá því einnig. Ég man ekki betur en að í tíð síðustu ríkisstjórnar hafi þáv. landbrh., Steingrímur J. Sigfússon, margoft talað um það hér að hann vildi ekki koma fram með frv. að því er þetta varðar vegna þess að hann vildi að settir yrðu varanlegir fyrirvarar inn í samninginn um að landið væri einnig undanskilið í þessum samningum að því er varðaði fjárfestingar. Talað var um þetta og ég minnist þess sérstaklega að þegar við vorum í umræðuþætti á Stöð 2, það var líklega 30. okt. sl., þá var þetta sérstaklega til umræðu og þá urðu nokkrar deilur milli mín og hæstv. utanrrh. að því er þetta mál varðar þar sem ég hélt því fram að ekki væri heimilt að mismuna á nokkurn hátt að því er varðaði fasteignir nema um yrði að ræða varanlega fyrirvara og tók þar dæmi um ýmsa dóma sem fallið hefðu í því máli. Ráðherrann hélt því fram að þetta væri víst hægt og að dómar hefðu fallið hjá Evrópubandalaginu að því er þetta mál varðar og vísaði meira að segja til þess að hann væri með einn dóm í töskunni sinni og beygði hann sig svo niður og benti á hana. Síðan kom auðvitað í ljós að enginn dómur var í töskunni því að aldrei hafði fallið neinn dómur í þessu máli sem heimilaði að mismuna fólki eftir þjóðerni. Það er ekki hægt. Það kemur einnig í ljós í þessari bláu bók, sem við höfum nú fengið hér, þar sem þeir sem skrifuðu þessa bláu bók komust auðvitað að þeirri sömu niðurstöðu sem átti auðvitað að vera ljós fyrir löngu. Að minnsta kosti átti það að vera ljóst þeim sem áttuðu sig á eðli samningsins að auðvitað yrði ekki hægt að setja neinar girðingar í lög, varanlegir fyrirvarar yrðu að vera í samningnum. Þegar verið er að halda því fram að þetta atriði hafi verið ljóst fyrir fram þá var það alla vega ekki hæstv. utanrrh. ljóst þar sem hann hélt því statt og stöðugt fram að það væri hægt að koma í veg fyrir þetta en síðan auðvitað hafa fleiri sannfærst um að er ekki hægt. Þetta vildi ég rifja upp, virðulegur forseti.

Ég veit ekki hversu mikið ég á að fjalla um ræðu hæstv. ráðherra. Það hafa margir gert á undan mér og er óþarfi að vera að tíunda þá sömu þætti sem þar hafa verið teknir til. Þó langar mig að minnast á eitt atriði og það er hversu mikið lagasetningarvald er í raun flutt frá Alþingi til ráðherra með þessum samningi. Í 4. gr. frv. um Evrópskt efnahagssvæði segir, með leyfi forseta:

„Ráðherra, sem í hlut á, getur, ef sérstök nauðsyn krefur, sett reglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd EES-samningsins."

Þarna fær ráðherra allt það vald í hendur frá Alþingi sem honum sýnist til þess að setja lög og reglur á sínu sviði bara ef það er í anda þessa samnings. Við verðum að minnast þess að samningurinn gerir ráð fyrir því að við verðum að taka fullt tillit til laga og reglna Evrópubandalagsins og þeirra tilskipana sem það gefur út vegna þess að stefnt er að því að þetta verði einsleitt svæði eins og sagt er í samningnum.

Mig langar að taka dæmi um hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur hugsað sér að þetta muni verða fram-

kvæmt. Ég grip bara af tilviljun af borði mínu eitt frv. til laga þar sem þetta kemur mjög greinilega fram en það er 28. mál á þskj. 29 þar sem verið er að tala um breytingu á lagaákvæðum varðandi samgöngumál vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu. Mig langar að vekja athygli á því hvernig þetta á að gerast. Þar segir í 1. gr., með leyfi forseta:

„Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur á sviði leiguaksturs með vörur og farþega, að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiða af samningi um Evrópskt efnahagssvæði ...“ Síðan kemur áfram og áfram — ég ætla ekki að taka það allt saman — en það sama gildir um fólksflutninga- og langferðabifreiðar, sama gildir um siglingar, um eftirlit með skipum, um leiðsögu skipa, reglugerð á sviði hafnamála, á sviði vegamála og um veitinga- og gististaði og um skipulag ferðamála. Það var kannski einmitt þetta síðasta sem mér þótti mjög merkilegt þar sem hæstv. samgrh. hefur hér reynt að fá okkur á Alþingi til að samþykkja breytingar á þessum lögum sem ekki hefur verið samstaða um, en ef þetta verður samþykkt frá þinginu fær hann heimild á einu bretti til að setja reglugerðir og þá á grundvelli þessa samnings sem er svo opinn eins og margoft hefur verið gerð grein fyrir. Ég tel því, virðulegur forseti, algerlega útilokað að samþykkja að Alþingi afsali sér öllu lagasetningarvaldi með þessum hætti og skil ég þá ekki hvers vegna við erum yfirleitt að koma hérna saman ef það er þá rétt til þess að spjalla kannski við ráðherrana, t.d. um einhverja skýrslu sem þeir vilja hugsanlega láta okkur ræða eða láta okkur vita um því að lagasetning verður varla á verksviði Alþingis eftir að þessi samningur verður orðinn að veruleika. Það er þá kannski rétt að taka bara upp gömlu skipanina að við séum hérna nokkrar vikur á sumri og hættum því fyrirkomulagi að Alþingi sitji allt árið sem við erum þó nýbúin að samþykkja. Þetta er því hreinasta fásinna að mínu mati og mér finnst alls ekki koma til greina að Alþingi samþykki frv. eins og það liggur fyrir. Við getum ekki með þessum hætti afhent framkvæmdarvaldinu allt lagasetningarvald.

Auðvitað væri ástæða til þess að draga fram ótalmargt fleira um þetta mál en það er heldur ekkert útrætt og verður alls ekki útrætt við 1. umr. málsins. Ánægja utanrrh. með þennan langhund, sem hér er verið að reyna að tyggja ofan í Alþingi Íslendinga, leynir sér ekki en ekki er að sjá að þjóðin sé sammála ráðherranum um mat á málinu.

Ráðherrar Alþfl. fundu upp á því snjallræði snemmsumars að kosta til vandaðrar skoðanakönnunar af almannafé um afstöðu fólks til þessa óskabarns flokksins. Þetta gerðist í beinu framhaldi af þeirri húskveðju sem utanrrh. hafði sent inn á hvert heimili í landinu og þannig átti að verða tryggt að niðurstaðan yrði ótvírætt jákvæð málstað ráðherrans í vil.

Eitthvað virtist boðskapurinn hafa farið misjafnlega í fólk og lenti þá nýbakaður formaður utanrmn. í úrtakinu. Niðurstaðan varð nefnilega sú að fleiri voru á móti þessum samningi en með honum og þegar niðurstaðan varð ljós stungu ráðherrarnir henni undir stól. Þetta eru alveg forkastanleg vinnubrögð og í raun siðlaust með öllu að ráðherrar Alþfl. skuli leyfa sér slíkt. Síðan kemur hæstv. ráðherra og telur að ekki sé hægt að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu vegna þess að vanþekking þjóðarinnar á þessu máli sé svo alger að ekkert þýði að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta þykir mér alveg ótrúlegt. Að vísu sagði hæstv. ráðherra í ræðu sinni að hann teldi að mál væru til sem ætti að bera undir þjóðaratkvæði. En hvaða mál eru það þá ef það er ekki að fara nánast inn í Evrópubandalagið? Hvaða mál eru það sem hæstv. ráðherra telur að séu þannig mál að það sé hægt að bera þau undir þjóðaratkvæði? Ef ekki á að bera samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, sem er stórt skref inn í Evrópubandalagið, undir þjóðaratkvæði, hvenær á þá að gera það? Ég vil gjarnan fá það fram því að hæstv. ráðherra tók ekki fram í ræðu sinni hvenær þessar aðstæður væru og hvaða mál þetta væru sem þarna er um að ræða.

Ég vil, virðulegur forseti, taka mikið mark á því sem þjóðin segir. Alþingi fær vald sitt frá þjóðinni og það hefur ekkert leyfi til þess að hunsa vilja hennar. Eftir að ráðherrann er búinn að tala á lítilsvirðandi hátt um þekkingu þjóðarinnar, hvað landsmenn viti nú lítið, þá segir hann samt, svona til að draga úr, með leyfi forseta:

„Slíkt er ekkert óeðlilegt því að hann er viðamikill [þ.e. samningurinn] og vex mörgum í augum hér á hinu háa Alþingi þótt grundvallarreglur hans séu út af fyrir sig einfaldar.“ Það er einmitt það sem er málið. Grundvallarreglur þessa samnings eru einfaldar í sjálfu sér og það er einmitt afstaða til þessara grundvallarreglna sem almenningur er að taka. Almenningur er að taka afstöðu til þeirra grundvallarreglna og þegar almenningur áttar sig á þeim, þá hafnar hann þessum samningi. Ég vil minna ráðherrann á það að í fyrra og hittiðfyrra voru skoðanakannanir ekki á þennan veg. Þá voru fleiri sem vildu styðja það að Ísland gerðist aðili að Evrópsku efnahagssvæði, en núna þegar fólk er að gera sér betur grein fyrir hvað þarna er á ferðinni hafnar það honum. Þess vegna er eðlilegt að þjóðin sé spurð álits. Og það hefur ekkert með það að gera að Alþingi sé að fría sig ábyrgð. Í lýðræðisþjóðfélagi er eðlilegt að leita til þjóðarinnar um álit á svo viðamiklu máli sem mun gerbreyta öllu á Íslandi.

Virðulegur forseti. Ég hef í stuttu máli tekið fyrir fáein atriði í þessu viðamikla máli. Ég hef þó ekki tekið fyrir ýmsa þætti sem ég hefði þó gjarnan viljað gera að umtalsefni. Ég hef t.d. ekki gert að umtalsefni hvaða áhrif þessi samningur muni hafa fyrir iðnaðinn en það er eins og gífurleg áhersla sé lögð á það að iðnaðurinn muni hagnast mest á þessum samningi. Þetta er auðvitað út í bláinn í ljósi þess að strax með viðskiptasamningi Íslands og Evrópubandalagsins frá 1972 varð fríverslun með iðnaðarvörur og það breytist auðvitað ekkert með þessum samningi. Hins vegar geta auðvitað nokkrir þættir breyst að því er varðar iðnaðinn en það er alls ekki ljóst að það sé honum til hagsbóta það sem þarna er á ferðinni. Ég ætlaði því að geyma mér ýmsa þætti þessa máls. Þá hef ég heldur ekki gert að umtalsefni það sem ég hefði gjarnan vilj-

að nota meiri tíma til, þ.e. þann þátt samningsins sem snýr að umhverfismálum. Ég tel að veruleg hætta sé á því að öll sóknarfæri í umhverfismálum verði mjög erfið og nánast útilokað fyrir almannasamtök að hafa áhrif í gegnum þetta viðamikla kerfi sem þarna á að koma upp. Æ fleiri gera sér ljóst að með þeirri stefnu sem er fylgt innan Evrópubandalagsins og reyndar víðar mun heimurinn aldrei lifa af í mörg ár og við munum tortímast. Ég tel að miklu erfiðara verði að breyta þessu innan þessa stóra kerfis, þ.e. Evrópubandalagsins, og það sé miklu farsælla að við reynum í þeim málum að hafa samvinnu við allar þjóðir en ekki eingöngu 18 þjóðir á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ég hef í stuttu máli tekið fyrir fáein atriði í þessu viðamikla máli sem enginn flokkur á Alþingi vill í raun bera ábyrgð á nema kannski Alþfl. Það vill nefnilega enginn kannast við afkvæmið. Málflutningur sjálfstæðismanna gengur ekki síst út á það að kenna fyrri ríkisstjórn krógann og hinna að sverja hann af sér. Það er kominn tími til að menn skoði samninginn og taki afstöðu til hans eins og hann liggur fyrir óháð því hverjir það voru sem utanrrh. tókst að draga með sér út í forðið. Aðalatriðið er að menn átti sig á að ekki er of seint að snúa við, enda landtakan hinum megin með öllu óviss.

Rétt er að hafa í huga að EB er ekki allur heimurinn eins og ætla mætti af málflutningi utanrrh. og dyggustu stuðningsmanna hans. Við skulum reyna að treysta böndin við nágrannaþjóðirnar og aðra sem vilja skipta við okkur án þess að kasta frá okkur þýðingarmiklum þáttum íslensks fullveldis og sjálfsákvörðunarrétti. — [Fundarhlé.]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns fara þess á leit að hæstv. utanrrh. verði gert viðvart um að umræðan sé hafin. (**Forseti:** Forseti hefur nú þegar gert ráðstafanir til þess.) Ég hinkra við augnablik. Ég er viss um að hann kemur fljótlega. — Þar gengur hæstv. utanrrh. í salinn þannig að ég get nú hafið ræðu mína.

Virðulegi forseti. Umræðan um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði hefur staðið á Alþingi í um það bil hálfan mánuð og þarf engan að undra að svo stórt mál taki jafnlangan tíma og raun ber vitni, enda málið viðamikið. Við kvennalistakonur fórum þá leið að við skiptum með okkur verkum þannig að hver og ein fór sérstaklega í þá hluta samningsins sem snerta þær nefndir sem viðkomandi þingkona situr í. Svo vill til að ég á sæti í efh.- og viðskn. og meginhluti þessa samnings fjallar um frelsi í viðskiptum, frjálsa fjármagnsflutninga og leyfi til þess að samkeppni verði sem eðlilegust samkvæmt hljóðan samningsins. Við í efh.- og viðskn. eigum von á tugum frumvarpa til meðferðar þar og því er að sjálfsögðu ekki vinnandi vegur að fara í gegnum allt það sem að nefndinni snýr og því mun ég fyrst og fremst fjalla um samninginn almennt og ýmis atriði sem snerta hann en geyma mér til síðari tíma hín einstöku mál, enda þyrfti ég líklega eins og tvo, þrjá daga til þess að fara í gegnum allan þann mikla bunka.

Sá samningur sem er til umræðu er án efa viðamesti og víðtækasti samningur sem lagður hefur verið fyrir Alþingi Íslendinga. Hann tekur ekki einungis til vöruviðskipta okkar við þjóðir Evrópubandalagsins og EFTA á því sem verða skal hið Evrópska efnahagssvæði heldur snertir hann vinnumarkaðinn í heild, frjálsan flutning á fjármagni, þjónustu og fólki til landsins, umhverfismál, neytendavernd o.fl., auk ýmissa framtíðarmarkmiða sem settu eru fram í samningnum. Síðast en ekki síst felur samningurinn í sér afsal á yfirstjórn og stefnumótun í stórum málaflokkum. Við munum verða að hlíta stefnumótun Evrópubandalagsins sem ræður auðvitað og mun ráða för ásamt þeim reglugerðum, úrskurðum og dómum að utan sem fylgja samningnum verði hann samþykktur á hinu háa Alþingi.

Í slíkri samþykkt felst að sjálfsögðu verulegt valdaafsal. Alþingismenn standa frammi fyrir því að meta hvort ávinningar samningsins sem m.a. felast í tollalækkunum fyrir fiskafurðir réttlæti valdaafsal og inngöngu í reglugerðarveldið mikla, hið Evrópska efnahagssvæði.

Á undanförnum vikum hefur athyglin mjög beinst að stjórnarskrárþætti málsins sem auðvitað er grundvallaratriði, en inntak samningsins sjálfs, áhrif hans og afleiðingar sem skipta þó mestu máli fyrir íslenska þjóð þegar til lengri tíma er litið, hafa fallið í skuggann. Ljóst má vera að ríkisstjórnin ætlar sér hvorki að taka af allan vafa varðandi stjórnarskrána né að bera málið undir þjóðina og því verður það verkefni alþingismanna að knýja hana á næstu vikum til stefnubreytingar, enda um eitt alvarlegasta og afdrifaríkasta mál lýðveldistímans að ræða. Hvort sem menn eru með eða á móti samningnum á að taka af allan vafa þannig að öruggt sé að samningurinn standist íslensku stjórnarskrána. Það er vægast sagt íslenskum stjórnarháttum til skammar ef þjóðinni gefst ekki kostur á að segja álit sitt á samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í viðræðum við stjórnarandstöðuna fyrir nokkrum vikum lét hæstv. forsrh. þau orð falla að hver og einn þingmaður yrði að gera upp við samvisku sína hvort hann teldi samninginn standast stjórnarskrána eða ekki og átti þannig við að á þann hátt yrði tekinn af allur vafi. Alls óvíst er að það samviskuuppgjör standist fyrir dómstólum eftir á, enda hlýtur það að vera alþingismönnum umhugsunarefni að dómar Mannréttindadómstóls Evrópu og álit löglærðustu manna landsins benda til þess að Alþingi hafi hvað eftir annað samþykkt lög og staðfest samninga sem standast ekki íslensku stjórnarskrána. Ég dreg þá ályktun af þessu að Alþingi þurfi að taka sér tak og vanda sig betur við lagasetningu en ekki að fyrri aðgerðir réttlæti að haldið skuli áfram á sömu braut. Nú er tækifæri til að taka af allan vafa fyrir fram og það á að gera með því að samþykkja breytingar á stjórnarskránni.

Því fylgir mikil ábyrgð að vera í forustu fyrir örlitla þjóð sem á sér afmarkaða sögu, talar flókið, gamalt tungumál með ævafornar rætur og varðveitir bókmenntir sem eiga ekki sína líka í veröldinni. Því fylgir ekki síður ábyrgð að standa í sporum manna sem í

meira en öld börðust fyrir því að ná hinu þrískipta valdi úr höndum Dana, manna sem trúðu því að framtíð Íslendinga yrði best borgið með yfirráðum í eigin landi og frelsi til að marka þjóðinni stefnu sem byggðist á auðlindum hennar, möguleikum, getu og vilja. Stjórnmálamönnum, sem byggja á slíkum grunni sögu og sjálfstæðisbaráttu, er mikill vandi á höndum á tímum sem kalla á stöðugt vaxandi samstarf þjóða til að leysa hin ógnvænlegu vandamál sem mannkynið stendur frammi fyrir. Vandi lítillar þjóðar, sem er jafnháð viðskiptum við aðrar þjóðir og við erum, ekki síst þjóðar sem býr við jafnsveiflukennt efnahagslíf og raun ber vitni, er að meta hvort sjálfstæði hennar er hætta búin, ef menn telja sjálfstæðið þá einhvers virði, og hvort ávinningar af einhverju tagi réttlæti samninga við stærri ríki eða ríkjaheildir með því valdaafsali sem kann að fylgja. Hvar skal látið staðar numið? Hvort skal haldið inn í hringiðu samstarfs og stofnana sem allar stefna í eina átt sem þó er að mestu óþekkt eða reynist farsælla að halda sig í hæfilegri fjarlægð og ráða eigin för án þess þó að loka að sér eða hafna skynsamlegu samstarfi við aðrar þjóðir? Vandinn nú felst ekki síst í því að vötnin falla ekki öll í Dýrafjörð Evrópubandalagsins heldur horfum við upp á tvo mjög svo andstæða strauma sem koma afar skýrt fram í Evrópu. Annars vegar er vaxandi þjóðernishyggja, endurreisn eða stofnun þjóðríkja sem spretta upp úr rústum kommúnismans. Hins vegar eru hinar ríku þjóðir, hvort sem er í Vesturálfu eða Vestur-Evrópu, að þrýsta sér saman í þeim tilgangi að búa til efnahagsveldi sem skákað geti andstæðingunum, hverjir sem þeir eru.

Að sumu leyti minnir ástandið í Evrópu nú á tíma þjóðflutninganna miklu þegar þjóðir álfunnar voru á ferð og flugi ýmist á flótta undan austrænum ógnvöldum eða í leit að betra lífi meðan Rómarveldi á brauðfótum reyndi að styrkja sig með skipulagsbreytingum sem í raun leiddu til endanlegs falls þess mikla ríkis. Enginn veit hvernig Evrópubandalagið þróast, hvað þá álfan í heild. Ekkert segir að Evrópubandalagið muni verða varanlegt eða að stórveldahugmyndirnar verði að veruleika. Danir hafa sett strik í þann reikning og e.t.v. verða Frakkar til þess að jarða áformin um hið sameinaða evrópska ríki, um sinn a.m.k. Hvað er þá rétt að aðhafast á slíkum tímum? Að mínum dómi er réttast fyrir okkur að bíða átekta, leita samninga við helstu viðskiptaþjóðir okkar, þrýsta á samþykkt GATT-samninganna, kanna nýjar viðskiptaleiðir en stíga engin þau skref sem geta leitt okkur inn í blindgötu eða orðið til þess að negla okkur niður í reglugerðarveldinu í Brussel. Það gæti orðið til að hamla allri þróun hér í stað þess að ýta undir hana eins og fylgjendur EES-samningsins halda fram.

Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar, ytri aðstæður og sá aflasamdráttur sem við blasir gera að verkum að íslenskt efnahagslíf stendur höllum fæti um þessar mundir. Því er afar vafasamt að samþykkja samninganna um Evrópskt efnahagssvæði og opna fyrir frjálst flæði fjármagns, flutninga og þjónustu. Íslenskt atvinnulíf stendur mjög illa að vígi í samkeppninni eins og málum er nú háttað. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar er samdráttur í öllum útflutningsgreinum. Það er því varla hægt að hugsa sér verri aðstæður andspænis þeirri ögrun sem samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði er gagnvart íslensku atvinnulífi. Sérfræðingar, sem lögðu mat á það á síðasta ári hvort rétt væri að tengja íslensku krónuna ECU, bentu á það að íslenskt efnahagslíf væri engan veginn undir þá tengingu búið og að áður en gripið yrði til slíkrar aðgerðar yrðu miklar breytingar að eiga sér stað. Að mínum dómi á hið sama við um íslenskt atvinnulíf andspænis Evrópsku efnahagssvæði enda býr það nú við miklar skuldir, samdrátt, háa vexti og erfiða ríkisstjórn. Ég dreg það stórlega í efa að atvinnulífið sé undir það búið annars vegar að hefja sókn inn á evrópska markaði og hins vegar að fá yfir sig aukna samkeppni utan frá. Ríkisstjórnin hefur hvorki náð að bæta stöðu fyrirtækjanna í landinu né að skapa það nauðsynlega rekstrarumhverfi sem þau þurfa. Reyndar kemur þar fleira til en aðgerðir og aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar, sjálf náttúruöflin ásamt fortíð og ríkjandi hugarfari.

Til að leggja upp í þá langferð sem fylgir EES-samningunum þarf góð klæði. Því miður eru allt of mörg íslensk fyrirtæki tötrum klædd ef ekki í lánsfötum. Ég get ekki séð, eins og málum er háttað, að atvinnulífið geti staðið undir þeim fjárfestingum, tækniþróun, vöruþróun, gæðaátaki, markaðskynningu og markaðssókn sem nauðsynlega þarf að fylgja í kjölfar samningsins um EES eigi íslensk fyrirtæki að spjara sig. Ég get ekki leynt því að ég er langt því frá eins bjartsýn fyrir hönd íslenskra fyrirtækja og þeir ráðherrar sem hvað mest dásama samninginn um EES sem samning hinna miklu tækifæra.

Til að slík opnun á efnahagskerfinu og atvinnulífinu skili árangri verða menn að standa nokkurn veginn jafnt að vígi í samkeppninni eða að fá aðlögunartíma en því verður ekki að heilsa. Ég endurtek að eftir þann margra ára samdrátt og stöðnun, sem hér hefur átt sér stað, er ástæða til að óttast um samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og ábyrgðarlaust að tyggja upp klisjur um dásemd frjálsrar samkeppni, lækkun vöruverðs og þjónustu þegar þær aðstæður, sem ríkja í landinu, gefa ekki tilefni til neinnar bjartsýni.

Hæstv. utanrrh. hefur marglýst því yfir að nú opnist miklir möguleikar fyrir íslensk fyrirtæki. Ég hlýt að spyrja hann hvernig hann rökstyðji þá skoðun sína? Að mínum dómi eru ráðamenn enn einu sinni að bjóða upp á töfralausnir sem koma eiga að utan. Hjálpræði í formi stórkostlegra möguleika sem ég óttast að við séum því miður ekki í stakk búin til að nýta okkur nema í litlum mæli, séu þeir yfirleitt til staðar.

Hvert er stefnt með hinu Evrópska efnahagssvæði? Eftir hvaða stöðu er íslenska ríkisstjórnin að sækjast í heimi Evrópuþjóðanna? Hvaða skref verða stigin á eftir þessu? Eins og við vitum hafa ríkisstjórnir allra EFTA-ríkjanna annarra en Íslands lýst yfir vilja sínum til að gerast aðilar að EB. En rétt eins og danska ríkisstjórnin andspænis Maastricht-samkomulaginu kunna þessar ríkisstjórnir að lenda í andstöðu við þjóð sína. Framtíðin er því óljós en við hljótum að spyrja:

Gilda aðrar reglur um okkur en hinar EFTA-þjóðirnar? Hversu lengi heldur fiskveiðistefna Evrópubandalagsins okkur utan dyra ef það kemur yfirleitt til mála að hleypa okkur inn í þessa paradís stórfyrirtækja og krata, sem loksins eru að sjá alþjóðahyggju sína verða að veruleika þótt Vestur-Evrópa ein sé undir?

Mér hefur fundist málflutningur ríkisstjórnarinnar einkennast fremur af kappi en forsjá enda held ég að þeim sé mun meira í mun að komast í þennan eftirsótta karlaklúbb sem um margt minnir meira á frímúrararegluna en t.d. Kiwanis og Lions því múrarnir umhverfis eru háir og eiga eftir að hækka og fáum útvöldum er veitt innganga. Sumum þykir svoleiðis félagsskapur eftirsóknarverður en ég er ekki á þeirri skoðun.

Því er haldið á lofti að við séum að tapa af einhverri lest. Að þessi þróun í átt til Evrópsks efnahagssvæðis sé óhjákvæmileg og að við eigum ekki annarra kosta völ. Þetta kom mjög skýrt fram í ræðu utanrrh. þar sem hann stillti málum þannig upp að við stæðum andspænis vali. Hann sagði, með leyfi forseta: „Okkar val stendur á milli þess að lenda utan tollmúra og hætta á að atvinna og fjármagn leiti úr landi inn á markað Evrópubandalagsins eða gera raunhæfa samninga sem gera okkur kleift að skapa skilyrði fyrir blómlegu atvinnulífi, vexti þess og viðgangi í okkar eigin landi. Íslenskt atvinnulíf þarf fyrr eða síðar að laga sig að breyttum aðstæðum í Evrópu, um það eru allir sammála, hvort sem þeir eru innan eða utan viðskiptabandalaga, eða hætta að öðrum kosti á stöðnun og jafnvel hnignun. Okkar leið var ekki að sækja um inngöngu í Evrópubandalagið heldur að ná samningum um Evrópskt efnahagssvæði til að tryggja áhrif okkar og ávinning í alþjóðlegum viðskiptum og samstarfi svo sem best er kostur."

Þessi kafli lýsir að mínum dómi hinni tilhæfulausu bjartsýni utanrrh. sem mér finnst að hann þurfi að rökstyðja hér fyrir okkur alþingismönnum. Hvernig rökstyður hann þessa framtíðarsýn, bjartsýnina um að íslenskum fyrirtækjum standi margir góðir kostir til boða miðað við það efnahagsástand sem hér ríkir? — Dómsrmh. gerist nú hávaðasamur í hliðarherbergi.

Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að mér er þessi hugsun um að við eigum engra kosta völ en að ganga inn í hið Evrópska efnahagssvæði afar ógeðfelld, einkum það sem mér finnst koma mjög skýrt fram í þessum málflutningi að hjá því verði ekki komist að þróa öll samfélög í sömu átt. Vissulega þurfa menn að laga sig að aðstæðum. En fjölbreytnin, ekki einsleitnin, eins og boðað er í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði, fjölbreytnin er mikill kostur, ekki aðeins í efnahagslífi heldur öllu menningarlífi og samskiptum þjóða. Síðað fólk á að geta samið um viðskipti og samskipti án þess að þurfa að setja alla undir samræmd lög og reglur með tilheyrandi eftirliti.

Það sem vakið hefur hvað mesta athygli mína við lestur samningsins og þeirra frv., sem þegar eru komin fram, er þetta gríðarlega reglugerðarveldi sem verið er að koma á fót. Sú hugsun speglast vel í ræðu utanrrh. þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Múrarnir falla þá því aðeins að hægt sé að treysta því að farið hafi verið eftir settum reglum í þjónustustarfi eða við framleiðslu þeirrar vöru sem í boði er. Þetta traust fæst ekki nema helstu reglur um framleiðslu og atvinnustarfsemi sem tengist útflutningi séu samræmdar."

Í kjölfar þessarar hugsunar streymir frá Evrópubandalaginu gríðarlegur fjöldi reglugerða og samþykkta og mér finnst vera ákveðin mótsögn í þessu. Annars vegar að koma á frelsi í viðskiptum, frjálsri samkeppni, en hins vegar að setja allt undir endalausar reglugerðir. Mér sýnist að þarna sé á ferðinni þróun yfir í það sem ég vil kalla reglugerðarveldi embættismanna sem er mér afar ógeðfelld. Ef við hugsum betur út í þetta, þennan straum, allt liggur í einn farveg, allir eiga að fara sömu leið, og hugsum til sögunnar þá getum við spurt okkur hvar stæðum við nú ef t.d. Germanir hefðu sagt sem svo: Það gefast bara allir upp fyrir þessum Rómverjum, við verðum bara að gera það líka. Hvar stæðum við ef ensku púritanarnir á sautjándu öld í Englandi hefðu sagt: Það er verið að koma á einveldi í öllum ríkjum Evrópu, við verðum bara að sætta okkur við það líka. Í staðinn tóku þeir kónginn og hjuggu af honum hausinn til þess m.a. að tryggja það lýðræði sem þeir vildu koma á. Þetta var að vísu ekki fögur aðferð eða til fyrirmyndar en þeir sættu sig ekki við það að allt væri að renna í einn farveg. Við getum tekið enn eitt dæmi af íbúum nýlendnanna þrettán í Ameríku og íbúa Frakklands á seinni hluta átjándu aldar sem ekki sættu sig við það þjóðfélagskerfi sem þá var ríkjandi, að allir ættu að hlýða kóngsins lögum. Þeir gerðu uppreisn.

Það er nefnilega efinn, það eru spurningarnar sem menn spyrja sem eru hreyfiafl sögunnar en ekki það að telja allt vera óhjákvæmilegt, að allt liggi í einn farveg. Það er þessi hugsun sem mér finnst vera eins og rauður þráður í gegnum þennan málflutning hér, að við eigum ekki annarra kosta völ. Því hafna ég algjörlega. Ég hafna því að leiðin sé aðeins ein og að Íslendingar eigi ekki annarra kosta völ, hvað þá að sú leið til framtíðar sem ríki EFTA og EB ætla sér að feta í kjölfar þessa samnings sé hin eina sanna leið, eini möguleikinn, enda dreg ég það mjög í efa að leiðin sé fær og þjóðir Evrópu muni sætta sig við þennan embættismanna- og reglugerðafarveg. Sem betur fer ber saga Evrópu þess einmitt merki að þjóðir sætta sig ekki við yfirstjórn af þessu tagi.

Leiðirnar eru til. Það eru til aðrar leiðir. Menn mega ekki loka sig inni í svona hugsunum. En það þarf bæði kjark og hugmyndaauðgi og fólk sem er laust við nauðhyggju af þessu tagi til þess að stýra göngu í átt frá því sem verið er að þróa úti í Evrópu. Og þá vaknar spurningin: Í hvers konar samfélagi viljum við lifa? Hvers konar samfélag viljum við sjá hér á okkar landi? Hvaða möguleika eigum við? Að mínum dómi stöndum við frammi fyrir því, ekki aðeins hér í Evrópu, heldur í öllum heiminum að Vesturlandabúar, þeir sem nú um 200 ára skeið hafa gengið endalaust á auðlindir jarðarinnar, verða að söðla um. Við getum ekki haldið áfram á þeirri braut sem gengin hefur verið. Meng-

un, auðlindaþurrð og ýmis vandamál sem fylgja í kjölfarið, vaxandi andstæður milli norðurs og suðurs, allt gerir þetta það að verkum að við erum komin að endimörkum hagvaxtarins í því formi sem hann hefur verið undanfarin 200 ár þar sem stöðugt hefur verið gengið á auðæfi jarðarinnar.

Fyrir nokkrum árum kom út hin svokallaða Brundtland-skýrsla þar sem lögð var áhersla á að það bæri að þróa þjóðfélögin í átt til þess sem kallað er sjálfbær þróun, þ.e. að hinar ýmsu einingar verði að reyna að standa sem mest undir sér sjálfar til þess að koma í veg fyrir þá gífurlegu sóun og ágang á auðlindir jarðarinnar sem við höfum horft upp á á undanförnum öldum.

Það er hálfmótsagnakennt og nöturlegt að formaður þessarar nefndar var Gro Harlem Brundtland sem nú er einn helsti talsmaður þess í Noregi að Norðmenn gerist aðilar að Evrópsku efnahagssvæði og Evrópubandalaginu. Það er oft erfitt að sjá að hugmyndafræði þessara krata gangi upp, að allt komi heim og saman.

Ráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Ríó í sumar undirstrikar líka að stefnubreyting þarf að eiga sér stað. Sú þróun sem verið er að boða í Evrópu með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði gengur að mínum dómi í þveröfuga átt. Hún gengur ekki í átt til breyttra lifnaðarhátta heldur er samningurinn fyrst og fremst gerður til að auka viðskipti, auka hagvöxt. Hann á að bæta samkeppnisstöðu evrópskra fyrirtækja, bæði innan svæðisins og andspænis keppinautunum í öðrum álfum. Það gefur auga leið að þótt samstarfs sé þörf og samstarf þjóða þurfi að vera sem mest, auðvitað á friðsamlegum nótum, þá er þetta þróun til stórrar einingar með mikið stjórnkerfi þar sem leiðin frá valdhöfum til einstaklinga eða einstaklinga til valdhafa er óralöng. Er þetta samfélag sem við viljum vera hluti af? Hvernig verður með lýðræðið í þessu samfélagi Evrópu sem fram undan er? Að mínum dómi er lýðræðinu hætta búin. Þeir þingmenn frá Norðurlöndunum, sem ég hef rætt við og eru jafnvel fylgjandi aðild Noregs og Svíþjóðar að Evrópubandalaginu, hafa mestar áhyggjur af því hve Evrópubandalagið og þetta kerfi allt saman er ólýðræðislegt. Þetta er embættismannaveldi með nokkrum ráðherranefndum að auki. Þetta er ekki sú samfélagsgerð sem ég vil sjá á Íslandi. Við höfum tækifæri til að skapa hér þjóðfélag jöfnuðar og jafnréttis, þar sem lýðræði er tryggt og hver og einn getur haft áhrif á sitt umhverfi, einmitt vegna smæðarinnar. En ég get ekki leynt því að ég ber ugg í brjósti fyrir því hvað um okkur verður á þessu stóra efnahagssvæði þar sem allt það sem hér er til umræðu, samningurinn og fylgifrumvörpin, ganga í fyrsta lagi út á það að gefa vald, veita endalaust vald til ráðherra og síðan út úr landinu til stofnana hins Evrópska efnahagssvæðis. Allt gengur þetta út á grundvallarhugtakið í þessum samningi: einsleitni. Allt á að vera eins á svæðinu. Ég spyr mig: Hvað leiðir af þessari einsleitni? Verður þetta til þess t.d. að draga úr nýsköpun? Draga úr því að menn geri tilraunir til að þróa eitthvað nýtt í framleiðslu? Reglugerðirnar geta orðið til að hefta alla framþróun.

Ég ætla aðeins að víkja að stöðu kvenna á hinu Evrópska efnahagssvæði. Reyndar var nokkuð vikið að því hér hjá síðasta ræðumanni og óþarfi að endurtaka það. En það fer auðvitað ekki hjá því að kvenfrelsisafl eins og Kvennalistinn hafi miklar áhyggjur af þessu samfélagi sem þarna er fram undan, þessu efnahagssvæði því að eitt af helstu einkennum þess er yfirgnæfandi karlveldi á öllum stigum, í öllum stofnunum, í öllum nefndum. Og sú hugmyndafræði sem gengur í gegnum samninginn og þessa umræðu eru karlveldishugmyndir. Þetta eru hugmyndir sem eru einkennandi fyrir karlveldi, fyrir „líberalisma" eða auðhyggju eða hvað við eigum nú að kalla það, þar sem hugtök eins og frjáls samkeppni og hagvöxtur eru gegnumgangandi. Við þekkjum það frá sögunni að þegar hugmyndir og kröfur um jafnrétti og jöfnuð standa andspænis slíkum hugmyndum þá vilja þær gjarnan víkja fyrir hagsmunum fyrirtækja og peningaaflanna.

Ef við horfum á stöðu kvenna innan EB-landanna þá er hún einfaldlega allt önnur en sú sem við þekkjum frá Norðurlöndunum þó reyndar sé þar í gangi ýmislegt til að bæta stöðu kvenna. En hlutur þeirra á vinnumarkaði, hlutur þeirra í stjórnum og stofnunum Evrópubandalagsins gefur ekki tilefni til bjartsýni. Þar er gríðarlegt verk að vinna.

Atvinnuleysi er mikið í Evrópu, einkum meðal ungra kvenna, og atvinnuþróunin með þessa miklu áherslu á iðnað, samkeppnisiðnað, gefur heldur ekki tilefni til bjartsýni fyrir hönd kvenna. Auðvitað kunna að felast þarna ýmis tækifæri sem ekki eru augljós við fyrstu sýn. En þessi hugsun um einsleitni, það að færa allt í sama farveg, gæti leitt til þess að menn reyni sem mest að jafna stöðuna innan Evrópubandalagsins sem yrði þá til þess að staða kvenna í norðurhluta Evrópu mundi versna þó það mundi kannski færa konum í suðurhlutanum einhverjar úrbætur. Ég veit það af samtölum sem ég hef átt við konur, sérstaklega frá Suður-Evrópu, að þær binda vonir við þessa þróun, að hún muni færa þeim ávinninga, á meðan konur t.d. í Danmörku hafa miklar áhyggjur af þessari þróun og þá ekki síst það að til þess að þjóðirnar séu samkeppnisfærar þá þurfi að lækka skatta, það muni koma niður á velferðarkerfinu, en sá niðurskurður kemur aftur niður á konum.

Það sem skiptir okkur konur máli sérstaklega er auðvitað það að við getum séð okkur farborða, að konur séu efnahagslega sjálfstæðar, og það beinir sjónum okkar að launamálum, ég ætla reyndar að koma að því aðeins síðar, því það vakna auðvitað miklar spurningar um þróun launamála á hinu Evrópska efnahagssvæði. Aðbúnaður fjölskyldna, gæði mannlífsins sem ég vil kalla svo og tel að við þurfum að leggja mun meiri áherslu á fremur en efnahagslega ávinninga, tækifæri til þátttöku í stjórnmálum, félagslífi og öllu opinberu lífi, lýðræðið í samfélaginu, allt skiptir þetta okkur miklu máli. Og ég fæ ekki séð að sú þróun og stefnumörkun sem á sér stað á hinu Evrópska efnahagssvæði muni verða til þess að færa okkur betri kjör, meira lýðræði, betri félagslega þjónustu, hvað þá aukið lýðræði. Þar af leiðandi er það afar skiljanlegt að

konur eru í meiri hluta þeirra sem eru afar gagnrýnir á þessa leið og þá þróun sem þarna á sér stað og það er ekki að ástæðulausu.

Ég held einfaldlega að það muni reynast erfiðara í þessu stóra samhengi að bæta stöðu kvenna heldur en það er í hinum smáu og stóru þjóðríkjum þar sem leiðin til stjórnenda, þeirra sem annast stefnumótun, verður gríðarlega löng og erfitt að hafa þar áhrif.

Ég ætla að víkja aðeins að stöðu þessa máls hér í þinginu. Það er nú svo að enn eiga mörg mjög mikilvæg mál eftir að koma hér inn í þingið. Þar get ég nefnt það sem fram hefur komið í þessari umræðu, t.d. lagafrv. um orkumál, landakaup og síðast en ekki síst fiskveiðisamningurinn sem er einn mikilvægasti hluti þessa samnings. Og því er ég að nefna þetta hér að það eru ekki síst þessi frv. sem fram eru komin sem benda ótvírætt í þá átt sem ég tel afar gagnrýniverða, sem er þetta framsal Alþingis á valdi til ráðherra og síðan út úr landinu. Þetta mál allt saman er svo stórt að í rauninni ætti þjóðfélagið að vera logandi af umræðum um það mál og hver einasti maður að vera í því að kynna sér málið. En við stöndum frammi fyrir því eftir að skoðanakönnun utanrrn. var birt að það kemur í ljós að því miður hafa allt of fáir kynnt sér þetta mál. Ég tel vera ýmsar skýringar á því og þá ekki síst sá einhliða áróður utanrrh. og utanrrn. sem komið hefur fram og gefinn hefur verið út. Utanrrn. hefur ekki verið reiðubúið til að verja krónu af þeim peningum sem það fékk til kynningar til annarra aðila enda leiðir af því að hin opinbera kynning er öll í hvítu, vil ég segja. Samningurinn er dásamaður og birtist í litum og fögrum bæklingum en ekki er minnst einu orði á gallana. Í málflutningi hæstv. utanrrh. og viðskrh., sem hvað mest hafa talað um þetta, er svo a heyra að á þessum samningi séu engir hnökrar og hann muni ekki hafa neinar þær afleiðingar sem vert sé að setja spurningarmerki við. Ég verð að segja að þeir nafnar minna mig mest á það sem ég hef lesið um norska heimatrúboðið sem gekk um götur í Noregi, sló menn á öxl og spurði: „Er De frelst?" Nema þeir eru ekkert að spyrja heldur segja þeir: „Jeg er frelst." Og þeir lýsa því yfir að það þurfi ekkert að ræða þessi mál. Stjórnarskrármálið er bara augljóst mál. Það er leyst, þarf ekkert að ræða það meir. Málflutningur af þessu tagi er ekki traustvekjandi. Hann getur ekki talist traustvekjandi og allra síst þegar við hugsum um það að utanrrn. gaf út bækling undir yfirskriftinni: „Fullvalda þjóð með framtíðarsýn." Viku eða hálfum mánuði síðar var haldið flokksþing Alþfl. með pompi og prakt undir yfirskriftinni: „Fullvalda þjóð með framtíðarsýn." Þetta er auðvitað bara áróður. Þetta er ekkert annað en áróður. Þetta er einhliða áróður ráðuneytisins. Þetta er ekki málefnaleg umfjöllun. Hvernig á fólk að taka mark á þessu? Hvers vegna ætti fólk að vera að setja sig inn í þetta mál þegar svona er haldið á hlutunum? Þar að auki veit auðvitað allur almenningur að það stendur ekki til að bera þetta mál undir þjóðina. Hvers vegna ætti fólk að vera að kynna sér þetta þegar svona er staðið að verki? Þó að það sé auðvitað verkefni okkar alþingismanna að knýja ríkisstjórnina til stefnubreytingar í þessu máli.

Ég ætla aðeins í framhaldi af þessu að koma inn á stjórnarskrármálið. Því hafa reyndar verið gerð afar góð skil hér og er svo sem ekki miklu við það að bæta. En þessi þáttur málsins hlýtur að ráða miklu um afstöðu alþingismanna. Ég verð að segja það sem mína skoðun að ég treysti mér ekki til þess að segja nákvæmlega að samningurinn gangi á svig við stjórnarskrána en það er alveg augljóst að hann felur í sér töluvert valdaafsal og ég vil alveg sérstaklega benda á þann þátt sem snýr að Alþingi Íslendinga og mér finnst ekki hafa verið gefinn nægur gaumur í þessu samhengi, og það er að menn segja, m.a. fjórmenningaklíka utanrrh. — ég ætlaði ekki að nota svona óvirðuleg orð um þá, þetta eru virtir menn og þetta skrapp út úr mér, ég ætlaði ekki að segja þetta. (**Gripið fram í:** Satt samt.) Oft má satt kyrrt liggja. — En það sem ég ætlaði að vekja athygli á í þessu samhengi er það að ég er mjög ósátt við þá skoðun að það sé ekki verið að framselja löggjafarvald þar sem Alþingi fái að segja já eða nei. Að mínum dómi er það afsal eða framsal á löggjafarvaldi þegar Alþingi ræður ekki inntaki þeirra laga sem verið er að setja. Við erum hér með ótal lagafrv. sem meiningin er að afgreiða. Við getum breytt þar einstaka orðum og lagað setningar en inntaki laganna megum við ekki breyta því að þau eiga að vera í samræmi við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Þetta tel ég vera skýlaust framsal á löggjafarvaldi. Það getur ekki verið skilningurinn á löggjafarhlutverki Alþingis eða löggjafarhlutverki almennt að þeir sem kjörnir eru til þess að setja lög eigi einungis að segja já eða nei. Ég get ekki sætt mig við þennan skilning. Og það sem kannski skiptir ekki síður máli er að þegar virtir fræðimenn hafa dregið fram jafnsterkan efa og raun ber vitni þá á að taka allan vafa af. Það eru góðir stjórnarhættir.

Í framhaldi af því ætla ég aðeins að nefna þá kröfu, ekki aðeins stjórnarandstöðunnar heldur einnig fjölmennra samtaka úti í þjóðfélaginu, að þetta mál verði borið undir þjóðina. Það getur ekki talist annað en eðlilegt að þetta mál verði borið undir þjóðina. Þar með get ég ekki annað en vísað til málflutnings hæstv. utanrrh. um þjóðaratkvæðagreiðsluna þar sem hann vitnaði til Bjarna Benediktssonar, fyrrv. forsrh. og stjórnlagasérfræðings, máli sínu til stuðnings, þar sem Bjarni Benediktsson hafði sagt, með leyfi forseta: „Það er yfirleitt reynsla þar sem þjóðaratkvæði hafa verið að þau verka mjög í íhaldsátt."— Þau verka mjög í íhaldsátt. Sem sagt: Þjóðirnar eru íhaldssamar og það eru rökin fyrir því að það eigi ekki að bera mál í þeirra dóm. Við andstæðingar Sjálfstfl. gætum kannski sagt hér að við ættum að hætta að vera að kjósa til Alþingis eða að bera stjórnmálin undir dóm kjósenda af því að niðurstaðan horfi í íhaldsátt, vegna þess hve fylgi Sjálfstfl. er mikið. Við ættum kannski að sameinast um að hætta að kjósa og finna bara eitthvert annað kerfi fyrst þjóðin vogar sér að kjósa í íhaldsátt. (**Gripið fram í:** Það er nú að lagast.) En málið er bara það, hvað sem menn kjósa og hver sem þeirra skoðun er, að menn verða að lúta vilja meiri hlutans. Það er inntak lýðræðisins. Að

lúta vilja meiri hlutans hvort sem hann horfir í íhaldsátt eða einhverja aðra. Röksemdir af þessu tagi, stjórnarhættir af þessu tagi, þar sem menn neita að bera einhver viðamestu og afdrifaríkustu mál sem til umræðu hafa komið undir þjóðina, slíkir stjórnarhættir eru ekki til fyrirmyndar. Þeir eru ólýðræðislegir og ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég skammast mín fyrir stjórnarhætti af þessu tagi. Mér finnst nöturlegt að heyra svona málflutning og að stjórnvöld, ríkisstjórn Íslands skuli voga sér að ætla að keyra þetta mál hér í gegn með einföldum meiri hluta alþingismanna án þess að bera það undir þjóðina. Ég tel að þingið og ríkisstjórnin hafi ekkert umboð til þess að gera þetta. Þetta mál var ekki á því stigi fyrir kosningarnar 1991 að ljóst mætti vera hvað í samningnum fólst. Það hafa orðið miklar breytingar á honum síðan og málið skýrst og hinn endanlegi samningur orðið til. Ég get því ekki séð að ríkisstjórnin hafi umboð til að taka svona stórar ákvarðanir án þess að bera þær undir þjóðina.

Þá langar mig aðeins að minnast á það sem kallað hefur verið girðingar eða þröskuldar í framhaldi af samningnum. Ég vil í örfáum orðum vara við því að menn hafi mikla trú á því að hægt verði að koma í veg fyrir afleiðingar með alls konar hindrunum og girðingum. Sumar af þeim eru reyndar eðlilegar eins og kröfur um tungumálakunnáttu og fleira. En ef menn eru að gera samning af þessu tagi þá verða menn náttúrlega að vera reiðubúnir til að standa við hann. Vera reiðubúnir að standa við þá opnun sem samningurinn felur í sér og ætla ekki eftir á að fara að hindra það að fólk setjist hér að eða fái vinnu.

Örfá orð um landbúnaðinn sem heyrir undir mig í landbn. og ég vil aðeins koma inn á. Mig langar til að spyrja hæstv. utanrrh.: Hvað felst í því fyrirheiti sem gefið er í samningnum um frekari opnun í viðskiptum með landbúnaðarvörur? Hefur hann einhverja tilfinningu fyrir því hvað þetta þýðir? Hver er vilji EB í þessu máli? Nú vitum við að Evrópubandalagið hefur verið mjög þungt í taumi í GATT-viðræðunum og að niðurgreiðslustefna Evrópubandalagsins gagnvart landbúnaðinum er gríðarlega stór þáttur í þeirra pólitík. Ég spyr nú einfaldlega vegna þess að maður veltir því fyrir sér hvort eitthvað sé að marka svona yfirlýsingar í þessum samningi. Er þetta bara út í bláinn? Hér er landbrh. ekki til staðar en það var upplýst landbn. í þessari viku að ríksstjórnin hefði komið sér saman um túlkun á bókun 3 í samningnum. En það hefur vafist nokkuð fyrir mönnum hvort heimilt væri að setja jöfnunargjöld á sýrðar mjólkurvörur vegna þess að orðanna hljóðan í samningnum ber þess vott að í rauninni sé það ekki heimilt.

Ef ríkisstjórnin hefur samþykkt ákveðna túlkun á þessu þá vaknar sú spurning: Hversu vel stenst slík samþykkt ríkisstjórnarinnar? Hversu vel stenst slík túlkun? Eru menn að fara út í það að reyna að túlka samninginn sér í vil, reyna að segja sem svo: Ja, við skiljum þetta svona og svona, það er ljóst að það urðu þarna ákveðin mistök við samningsgerðina eða menn tóku ekki nógu vel eftir þessu? — Og ég vil vara við því að menn geri þennan samning og fari svo að túlka einstök atriði hans sér í vil því að það kann auðvitað að koma annað í ljós ef málin fara til úrskurðar á æðstu stöðum.

Ég hefði viljað spyrja landbrh. varðandi önnur áhrif á landbúnaðinn en að mínum dómi er það þáttur sem hefur alls ekki verið með í þessari umræðu, þ.e. önnur áhrif á landbúnaðinn, og þá er ég að hugsa um t.d. fjárfestingar í ferðaþjónustu sem verða náttúrlega í beinni samkeppni við bændur, og ýmsa aðra þjónustu sem verður opnað fyrir með samningnum og verður þá í samkeppni við innlenda þjónustu. Mér vitanlega hafa bændur ekki sent neitt frá sér um þessi atriði eða kannað þetta sérstaklega og ég hefði viljað fá að heyra eitthvað frá hæstv. landbrh. hvort hann hefur eitthvað velt því fyrir sér hver þessi áhrif muni verða.

Aðeins um menntamálin. Þessi samningur fjallar að sjálfsögðu ekki um menntamál en þó er það ein af þeim málum sem aðeins er komið inn á og menn hafa góðar meiningar um. Þetta er eitt af þeim sviðum sem ég er býsna sátt við að menn hafi nokkuð mikla og góða samvinnu á og þetta er eitt af fáum sviðum þessa samnings sem gefa Íslendingum einhverja möguleika, þ.e. þær samvinnuáætlanir sem eru í gangi eins og COMETT- og ERASMUS-áætlunin. En sannleikurinn er nú sá að við erum orðnir aðilar að þessum áætlunum þó að samningurinn um Evrópska efnahagssvæði sé ekki genginn í gildi og samningurinn er að sjálfsögðu ekki skilyrði fyrir því að við séum með í þessum áætlunum. Það sem mig langaði að nefna í þessu samhengi var það að menn hafi í huga og vari sig á því, ef þessi samningur verður samþykktur, að samvinna í menntamálum eins og á öðrum sviðum kann að leiða af sér einsleitni, að menn fari að þróa menntamálin, menntakerfin í sama farveg. Þar vil ég sérstaklega benda á reynslu Dana sem komust að því fyrir allnokkrum árum að dönskum umsækjendum gekk mjög illa að fá vinnu hjá Evrópubandalaginu og þegar kafað var ofan í málið kom í ljós að það voru fyrst og fremst þýskar og franskar hugmyndir og viðmiðanir sem réðu í mannaráðningum og kröfum um menntun og auðvitað urðu Danir að fara út í það að aðlaga sig þessum kröfum. Ég hef séð það og heyrt frá danska menntmrh. að þeir eru býsna vakandi fyrir þessu en þetta er eitt af því sem menn verða að hafa í huga.

Virðulegur forseti. Ég er nú mjög langt komin í máli mínu og ætla að fara að reyna að draga saman það helsta sem snertir þetta mál. Það er þó eitt reyndar sem ég á eftir og það er varðandi stefnuna í málefnum vinnumarkaðarins. — Nú er félmrh. náttúrlega ekki hér heldur frekar en aðrir ráðherrar. — En ég beindi þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. í gær hver væri stefna ríkisstjórnarinnar í launamálum ríkisstarfsmanna. Í tengsum við hið Evrópska efnahagssvæði hljóta að vakna spurningar varðandi þróun launamála sem að mínum dómi gætu legið í tvær áttir. Annars vegar erum við með þetta tvöfalda launakerfi þar sem samið er um lága grundvallartaxta, síðan fá menn ýmiss konar yfirborganir eða yfirvinnu. En hvað gerist með hinu Evrópska efnahagssvæði? Munu menn freistast til þess að ráða ódýrt, erlent vinnuafl hingað og

borga lægstu taxta eða tekst að standa vörð um réttindi launafólks? Og hvað mun gerast hjá ríkinu? Ég beini þeirri spurningu til hæstv. utanrrh.: Hvernig sér hann þróunina í launamálum ríkisins í kjölfar samningsins um Evrópskt efnahagssvæði? Því ég tel að það verði ekki síst ríkisstarfsmenn og ýmsir sérfræðingar sem muni leita út á hið Evrópska efnahagssvæði eftir vinnu. Og ef við ætlum að halda hér í okkar besta fólk þá verðum við auðvitað að greiða laun sem eru í samræmi við það sem gerist á hinu Evrópska efnahagssvæði. Hvernig sér hæstv. utanrrh. þróunina í þessum efnum? Hvernig ætlar ríkisstjórnin að bregðast við þessu? Hver á hennar launastefna að verða?

Þessi samningur felur auðvitað í sér bæði kosti og galla. Og ef ég reyni að draga saman rétt í lokin hverja ég tel vera kosti og galla þessa samnings og byrja á kostunum, þá er þar fyrst að nefna að með þessum samningum nást tollalækkanir fyrir íslenskar sjávarafurðir sem metnar eru á 1,5–2 milljarða króna. Þessi samningur mun hafa í för með sér ýmis tækifæri fyrir fólk á sviði menntamála, rannsókna og ýmissa starfa erlendis. Hugsanlega felur samningurinn í sér tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki. Hann gæti líka leitt af sér erlendar fjárfestingar sem gætu komið að gagni hér fyrir atvinnulífið. Og samningurinn gæti líka haft þau áhrif að hann leiddi til aukins jafnvægis í efnahagslífi því það er nú svo að í okkar óstöðuga kerfi geta menn lært margt af öðrum þjóðum. Síðan mundi ég telja það sem síðasta kost að þessi samningur færir okkur ýmiss konar lagasetningu sem er af hinu góða, en það eru þó flest allt lög sem við gætum samþykkt án þess að þessi samningur kæmi til.

En ef ég kem svo að göllunum, sem ég tel vera, eins og væntanlega hefur komið fram hér í mínu máli, meiri og stærri en kostina, þá er fyrsti og stærsti gallinn það valdaafsal sem þessi samningur felur í sér. Í öðru lagi þá færir hann það með sér að við munum ekki lengur verða ráðandi um stefnumótun í stórum og mikilvægum málaflokkum sem eru hvorki meira né minna en allt viðskiptalífið og ýmislegt fleira. Ég tel þessa hugsun um einsleitni vera mikinn galla á hugmyndafræði þessa fyrirbæris, hins Evrópska efnahagssvæðis. Samningurinn ýtir ekki undir bætta stöðu kvenna þó að í honum sé að finna fyrirheit um að unnið skuli að auknu jafnrétti karla og kvenna. Með þessum samningi er að fæðast ný tegund af reglugerðar- og stofnanaveldi sem verður til í framhaldi af Evrópubandalaginu. Ég vil líka nefna það að enginn virðist vita hver kostnaðurinn verður við allt þetta og við hljótum auðvitað að spyrja hæstv. utanrrh. hvað líði mati á þeim kostnaði sem fylgir þessum samningi. Og síðast en ekki síst þá gæti það gerst að samningurinn gerði mörgum íslenskum fyrirtækjum lífið nánast óbærilegt ef ekki leiddi hreinlega til dauða.

Að lokum, virðulegur forseti, vil ég ítreka það að þetta er mjög stórt mál sem við erum hér að ræða. Það verður engu breytt í þessum samningi. Við sem hér erum stöndum frammi fyrir því að samþykkja hann eða hafna. Og að vandlega athuguðu máli hef ég komist að þeirri niðurstöðu að gallarnir sem fylgja samningnum séu fleiri en kostirnir.

Í fyrsta lagi tel ég leika vafa á því að hann standist stjórnarskrána.

Í öðru lagi er ég andvíg þeirri hugmyndafræði og framtíðarsýn sem einkennir samninginn.

Í þriðja lagi óar mér það reglugerðaveldi sem verið er að koma á fót með samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði.

Í fjórða lagi finnst mér vanta allar upplýsingar og kannanir á áhrifum samningsins á íslenskt samfélag.

Í fimmta lagi get ég ekki sætt mig við það valdaafsal sem á sér stað með samningnum og að stefnumótun í viðamiklum málaflokkum, og þar með möguleikar okkar til að þróa það samfélag jöfnuðar og kvenfrelsis, sem við kvennalistakonur viljum vinna að, að þeir möguleikar verði skertir.

Virðulegi forseti. Þetta stóra mál er þess eðlis að það á að leggja í dóm þjóðarinnar. Og ég skora á hæstv. utanrrh. að losa sig nú úr íhaldsörmunum og sinna þeirri lýðræðislegu skyldu sinni að sækja umboð til þjóðarinnar til samþykkis eða synjunar á samningnum um Evrópskt efnahagssvæði.

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Virðulegur forseti. Frá því að sumarþing var sett fyrir rúmum tveimur vikum hafa stjórnarliðar sem tekið hafa til máls í ræðustóli rætt um þann beina ávinning sem við teljum íslenskt atvinnulíf og íslenska þjóðin almennt muni hafa af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Ég mun því ekki ræða einstök atriði samningsins heldur annars vegar leggja stuttlega orð í belg varðandi umfjöllun okkar þingmanna um þetta mikilvæga mál og hins vegar fjalla um þann óbeina eða almenna ávinning sem ég tel einnig að EES muni hafa í för með sér.

Alþingisumræður eiga að vera upplýsandi og það eigum við alþingismenn að hafa í huga í umfjöllun okkar um þennan mikilvæga samning um Evrópskt efnahagssvæði nú á næstu vikum. Við höfum ef til vill ekki gert okkur grein fyrir því hvernig allur almenningur óskar að hlýða á umræður á hinu háa Alþingi, enda kemur slíkt ekki fram í niðurstöðum skoðanakönnunar þeirrar sem var rædd hér fyrir síðustu helgi. Umrædd skoðanakönnun sýndi hins vegar vilja almennings til að hlusta fremur á röksemdafærslu þá sem hér færi fram en þá sem gefst af hálfu framkvæmdarvaldsins. Ljóst er að umfjöllunin sl. vetur og sumar um einstaka þætti samningsins sem upplýsingagildi hefðu fyrir almenning, ekki síst þar sem um vafaatriði er að ræða, hefur engan veginn verið tæmandi. Enda kemur slíkt einnig fram í framangreindri skoðanakönnun. Jafnvel þótt þingheimur hafi verið upptekinn af vinnu tengdri samningnum hefur okkur ekki tekist að setja umræðuna í þann búning að stór hluti þegna landsins telji sig vita það mikið um málið að þeir vilji tjá sig. Einnig er sá hópur allt of stór sem telur sig vita það lítið að hann hafnar einnig skoðanaskiptum eða hugsanlega hafnar samningi um Evrópskt efnahagssvæði að svo komnu máli. Það er því afar brýnt að við alþing-

ismenn í umræðum okkar reynum eftir megni að axla þá ábyrgð að upplýsa almenning eins vel og málefnalega og kostur er um efni samningsins og einstök atriði í útfærslu sem tengd eru honum.

En enginn er eyland og þetta máltæki hefur sjaldnar átt betur við en á síðustu áratugum þegar ör þróun í samgöngum, samhliða annarri tækniþróun hefur svo að segja brúað bilið milli heimsálfa í slíkum mæli að segja má að álfurnar séu að verða samrunnar. Staðreyndin að engin er eyland á ekki síður við Ísland. Þetta höfum við sannreynt með sívaxandi samskiptum okkar við heimsálfurnar enda er nú svo komið að stór hluti þjóðarinnar fer árlega utan til viðskipta, lærdóms eða hvíldar.

Íslendingar fara ekki fremur en aðrar þjóðir varhluta af því að þjóðir heims eru háðar hver annarri og viðbrögð hverrar og einnar hafa áhrif á keðju atburðarása, hvort heldur er í viðskiptalegu-, umhverfislegu eða félagslegu tilliti. Alþjóðasamstarf er nauðsyn. Og það held ég að við getum öll verið sammála um.

Við höfum svo sannarlega notið góðs af hraðfara breytingum undanfarna áratugi. Það sanna nánast stökkbreytingar á íslensku samfélagi bæði hvað snertir atvinnulíf og almennt þjóðlíf. En þó svo þessara breytinga gæti mjög þá höfum við orðið eftir á ýmsum sviðum, m.a. hvað snertir þróun atvinnulífs og hagnýtra greina. Þessi þjóð, sem um aldaraðir hefur lifað við atvinnugreinar þar sem áhætta er sífellt tekin, landbúnað og sjávarútveg, hefur átt erfitt með að taka áhættu þegar tekin skyldu ókunn og stærri skref sem dreift gætu áhættunni með fjölskrúðugra atvinnulífi. Með þessu á ég við þróun gegnum auðveldari samskipti eða viðskipti og samstarf milli þjóða.

Í umræðu á undanförnum áratugum, sérstaklega á undanförnum mánuðum, hefur iðulega verið bent á dæmi þessu til staðfestingar og er þá auðveldast að benda á tilvísanir í umræður vegna inngöngu í EFTA á sínum tíma. Þrátt fyrir góða burði þjóðarinnar til munns og handa virðist sem við óttumst að samskipti sem eðlileg eru milli þjóða á sama meginlandi leiði til neikvæðra áhrifa á okkar eyland og þjóð. Líklegt má telja að þessi afstaða okkar hafi haft sín áhrif til stöðnunar í atvinnulífi síðastliðinna ára. Leiða má rök að þessari tilgátu en ég tel að það sé að bera í bakkafullan lækinn að fara nánar út í þá sálma með því að endurtaka ræðurnar um einhæfar tískuúrlausnir atvinnulífsins á sl. áratug hvað þá heldur um sjóða- og styrkjafarganið sem við viðhéldum sem slíkum tilgangslausum úrlausnum.

Þessi framangreindi ótti okkar hefur endurspeglast í umræðum um aðild að samningi um Evrópskt efnahagssvæði núna að undanförnu. Að sjálfsögðu skal aðgát höfð í öllum samskiptum, ekki síst við svo viðamikil og viðkvæm mál sem samningurinn er. Hins vegar megum við ekki hika svo mjög að við glötum tækifærum sem okkur standa til boða til eðlilegrar þróunar vegna þess að þessi tækifæri eru ný og óreynd. En hvernig ber okkur þá að haga seglum okkar í slíkri þróun? Fyrst og fremst með því að halda víðsýni og skoða þá kosti sem bjóðast. Við eigum ekki að binda okkur við eina lausn á tengslum okkar við viðskiptaþjóðir heldur eigum við eins og kostur er að leita fjölþættra lausna. Ein af þeim lausnum sem fýsilegar eru er að mínu mati að tengjast betur Evrópuþjóðum á þann hátt sem um ræðir í EES-samningnum, enda skuldbindur samningurinn um aðild að Evrópsku efnahagssvæði okkur ekki til langframa né heldur bindur hann hendur okkar sem eina úrræðið í þeirri stöðu sem við erum í nú.

Það er nefnilega fyrst og fremst mikilvægt að nema ekki staðar í alþjóðasamstarfi heldur halda áfram við að brjóta einangrun verulega bæði í framkvæmd og einnig hvað snertir hugarfarslega afstöðu. Þar sem samningurinn bindur ekki hendur okkar í gerð samninga við aðrar þjóðir getum við því haldið áfram við að þróa samskipti okkar t.d. við ríki Norður- og Suður-Ameríku eða Asíu og fleiri mætti nefna. Samningurinn er einungis skref í þá átt að efla tengsl við markaði heimsins, skref í rétta átt. Það er því engin furða að það að ganga til samninga um Evrópskt efnahagssvæði er leið sem tvær ríkisstjórnir hafa kosið.

Hér á Alþingi hafa heyrst raddir um að falla frá þeim samningi sem við stöndum nú frammi fyrir og óska eftir tvíhliða viðræðum við EB. Ég sé enn ekki rök fyrir því að hafna því sem við nú þegar höfum náð í samfloti við EFTA-löndin og hella okkur út í tvíhliða viðræður upp á von og óvon um árangur. Ég hlýt því að taka undir orð utanrrh. um að betri árangur hafi náðst í því samfloti en ella næðist ef Íslendingar stæðu einir í samningaviðræðum við EB. Við höfum notið þess skjóls sem aðildarþjóðir EFTA hafa veitt okkur og hlotið ávinning af þeirra fórnum í samningunum.

Því hefur einnig verið haldið fram að EES-samningurinn verði það skammlífur að í raun valdi hann okkur innan skamms aftur gífurlegum kostnaði og mikilli vinnu við inngöngu annarra EFTA-ríkja í Evrópubandalagið. Ég er ekki sömu skoðunar. Ég hef ástæðu til að ætla að EES verði langlífara en sumir telja. Evrópubandalagið í núverandi mynd er þunglamalegt og ekki nógu sveigjanlegt gagnvart minnihlutahópum. Ég tel þó einhverja möguleika á því að á næstu 10–15 árum eigi bandalagið eftir að þróast í átt að mun meiri sveigjanleika og muni koma til með að þurfa að taka tillit til smáríkja og minnihlutahópa innan annarra ríkja. Vil ég í því sambandi benda á Vallóna og Flæmingja í Belgíu og Baska og Katalóníumenn á Spáni, Skota og Walesbúa í Bretlandi svo eitthvað sé nefnt.

Þær umræður um Maastricht-samninginn sem farið hafa fram meðal almennings hafa ugglaust komið ýmsum embættismönnum Evrópubandalagsins í opna skjöldu. Það virðist sem þróun innan pólitíska sviðsins og regluveldis EB standi á tímamótum. Almenningur lætur nú í ljós skoðun sína á þeim pólitísku ákvörðunum og stefnumörkun sem átt hefur sér stað á undanförnum árum og lauk í Maastricht sl. vetur. Svo virðist sem þessar ákvarðanir séu ekki að öllu leyti í takt við vilja almennings. Rætt hefur verið um að bil hafi myndast milli stjórnmálamanna og almennings í aðildarríkjum EB og þykir mér líklegt að taka muni töluverðan tíma að brúa það bil.

Að þessu framansögðu þykir mér ljóst að afgreiðsla aðildarumsókna þeirra EFTA-ríkja, sem þegar hafa sótt um aðild að EB eða stefna að því alveg á næstunni, muni taka töluvert lengri tíma en ætlað er og mun lengri tíma en þessi lönd hefðu kosið ella. Þetta segi ég þrátt fyrir yfirlýstan vilja embættismanna EB um að dráttur á fullgildingu á Maastricht-samningnum muni ekki hafa áhrif á þetta mál.

Reynslan kennir okkur að hagsmunir þjóða breytast í tímans rás. Ein meginástæðan fyrir því að Íslendingar gengu til EES-viðræðnanna var að sá fríverslunarsamningur sem við gerðum við EB árið 1972 þjónaði okkur ekki lengur sem skyldi vegna breyttra aðstæðna hér heima og erlendis. Það sama mun eflaust gilda um EES-samninginn. Eftir ákveðinn tíma mun sá samningur ekki lengur þjóna hagsmunum okkar sem skyldi og úreldast að sama skapi. Spurningin er þá sú hvort ávinningur af samningnum verði umfram það umstang og kostnað sem við höfum lagt í. Slíkt fer eflaust eftir gildistíma samningsins og síðan möguleikum okkar til áframhaldandi samninga. Ef EES-samningurinn heldur gildi sínu a.m.k. næstu 6–8 árin eða jafnvel lengur, eins og ég tel líkur benda til, þá mun hann væntanlega hafa þjónað tilgangi sínum og þá munu aðstæður og hagsmunir íslensku þjóðarinnar ugglaust einnig hafa breyst heilmikið, jafnvel að því marki að annars konar samnings sé þörf. Ég vil í þessu sambandi enn fremur ítreka áherslur hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur í ræðu hennar sl. viku um að samningur um Evrópskt efnahagssvæði er og mun verða uppsegjanlegur með 12 mánaða fyrirvara skyldum við óska endurskoðunar eða úrsagnar fyrr.

Það er einnig mín skoðun að eftir reynslu af framkvæmd EES-samningsins verði meiri líkur á því að Ísland nái hagstæðum tvíhliða samningi við Evrópubandalagið skyldu aðstæður þrýsta á gerð slíks samnings.

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Sá samningur sem er hér til umfjöllunar er ákaflega mikilvægur og umfjöllun um hann hér á hv. Alþingi verður að vera í alla staði vönduð. Það þarf þess vegna engan að undra þó það taki nokkurn tíma að ræða samninginn og þau gögn sem honum fylgja og eru raunverulega hluti hans. Áður en ég kem að hinni eiginlegu umfjöllun um áhrif hugsanlegrar aðildar okkar að Evrópska efnahagssvæðinu ætla ég að koma að nokkrum mjög mikilvægum forsendum sem að mínu mati verða að vera fyrir hendi áður en það að vega saman efnahagslegar forsendur getur farið að ráða úrslitum málsins. Ég ætla ekki að fara mjög nákvæmlega í þær umræður sem hér hafa farið fram. Ég tel að hér hafi farið fram mjög góð umræða um samninginn og mér finnst að stjórnarandstæðingar hafi gert ýmsum atriðum mjög góð skil og ég mun þess vegna ekki lengja umræðuna með því að fara í þau. Ég ætla hins vegar að ræða nokkur atriði sem mér finnst að ég þurfi að koma á framfæri sem mínum skoðunum og fara síðan nokkuð nákvæmlega út í þau áhrif sem mér finnst að blasi við vegna sjávarútvegsmálanna sem hafa af mörgum verið talin aðalávinningur okkar vegna þessara samninga.

Hver einasti þingmaður verður auðvitað að gera það upp við sína samvisku hvort hann telur að þessi samningur geti á einhvern hátt reynst hættulegur sjálfstæði og fullveldi þjóðarinnar því að við verðum fyrst af öllu að vera sannfærð um að sjálfstæði þjóðarinnar skerðist ekki, hvorki við gildistöku samningsins né vegna þeirrar þróunar sem af honum leiðir. Hér er ég að tala um sjálfstæði í víðasta skilningi hugtaksins, þ.e. löggjafarvaldið, dómsvaldið, framkvæmdarvaldið og hið huglæga sjálfstæði þjóðarinnar. Það er mín skoðun með fullri virðingu fyrir lagatúlkunum og vangaveltum lögspekinga um málið að um raunverulega takmörkun á ákvörðunarvaldi okkar sé að ræða á öllum þessum sviðum. Ástæðurnar eru eftirfarandi:

Ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA skerða framkvæmdarvaldið. Víðtækt dómsvald verður framselt til EFTA-dómstólsins. Alþingi er ætlað að samþykkja í einu lagi öll lög og reglur EB sem gilda á öllum þeim sviðum sem samningurinn nær til og getur ekki breytt stafkrók í neinum af þeim lagatextum sem þar um ræðir. En svo er það sú regla sem ég vil kalla aðalsamskiptareglu framtíðarinnar á milli EB og EFTA-ríkjanna, þ.e. að ný lög og reglur á samningssviðinu skuli EFTA-ríkin samþykkja athugasemdalaust eða snauta úr samstarfinu ella. Það má líkja aðstæðum Alþingis Íslendinga við aðila í hjónabandi sem hefur samþykkt þá meginreglu að makinn taki allar ákvarðanir og eina svarið geti verið já eða endanleg ákvörðun um skilnað. En síðast en ekki síst ætla ég að nefna hið huglæga sjálfstæði, þ.e. þá sannfæringu að við erum sjálfstæð þjóð og getum sett lög og reglur að eigin vild án þess að þurfa að byrja á því að kanna hvort það brjóti í bága við lög og reglur annarra þjóða. Það sem ég hef hér sagt er meira en nóg til þess að samvisku minnar vegna verð ég að hafna þessum samningi. En það er aftur á móti margt í samningnum sem gæti orðið til bóta í samskiptum okkar við aðrar þjóðir og ýmsu af því gætum við komið í framkvæmd hvort sem þessi samningur verður að veruleika eða ekki.

Mér finnst glannalega farið á ýmsan máta í samningnum sjálfum. Er t.d. verkalýðshreyfingin undir það búin að sætta sig við nýjar leikreglur? Verkalýðshreyfingin sem hefur ekki einu sinni fengist til þess enn þá að afnema hreppamörkin úr sínum samningum? Er hún þá búin undir það að afnumin verði landamæri ríkisins gagnvart innfluttu vinnuafli? Og er iðnaðurinn í landinu undir það búinn að takast á við aukna samkeppni? Getur hann bætt okkur upp þau störf sem glatast þegar t.d. Áburðarverksmiðjan lokar, þegar gúmmívinnustofurnar loka, þegar t.d. verður hætt að framleiða tengivagna og yfirbyggingar og yfirbyggingaverkstæðin loka? Ég vil benda hv. alþm. á það að á bls. 7 í þskj. 27, sem er frv. til laga um breyting á tollalögum sem liggur hér fyrir Alþingi, er talað um breytt vörugjaldskerfi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í tillögum þessum felst og að leggja þarf vörugjald á nokkrar nýjar tegundir innlendrar framleiðslu til þess að uppfylla kröfur um sömu álagningu á innlend-

ar og innfluttar vörur. Þar ber helst að nefna hjólbarðasólningu og framleiðslu tengivagna. Þá mun vörugjald á framleiðslu bílavarahluta og yfirbygginga bifreiða hækka. Á móti vegur að tollur af aðföngum til þessarar framleiðslu kann að lækka í einhverjum tilvikum, m.a. á notuðum hjólbörðum ...“

Það kemur svo annars staðar fram í þessu plaggi, og það er að *mínu viti til marks um þá stefnu sem stjórnvöld* raunverulega eru að innleiða hér nú, þ.e. að verið er að aðlaga Íslendinga og íslenskt efnahagskerfi að ytri tollum EB. Það geta menn séð í þessu frv. sem ég er hér að vitna í. *Þar hafa stjórnarflokkarnir tekið þá* afstöðu að með breytingum á tollum og vörugjaldi er sú stefna mörkuð að vörur frá löndum sem eru utan efnahagssvæðisins munu hækka um 4,5% að meðaltali en vörur sem eru fluttar hingað inn af svæðinu sem er innan EES munu lækka um 3,5%. Þetta þýðir, og ég vitna beint, með leyfi forseta, í textann:

„Tollar og vörugjöld á þær vörur, sem frumvarpið snertir, voru að jafnaði 27% af cif-verði þeirra. Var þetta hlutfall um það bil sama fyrir vörur frá EES-löndunum og fyrir vörur frá öðrum löndum. Með þeim breytingum, sem frv. felur í sér, verða álögur þessar í heild 0,5% lægri eða að jafnaði um 26,5%.“ Svo kemur þetta: „Með tilliti til svæða breytast þær hins vegar verulega og verða að jafnaði um 22,8% á vörum frá EES-löndum en að jafnaði um 32,6% frá öðrum löndum.“

Það er verið að aðlaga íslenskt efnahagskerfi að ytri tollum EB. Það er engin spurning. Það hlýtur að vera meiningin. Þó er merkilegt að í öðru frv. sem liggur fyrir þinginu, þ.e. frv. til laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti og fleira, kemur fram allt önnur stefna. Þar stendur á bls. 8 í athugasemdum, með leyfi forseta:

„Í frv. þessu er miðað við eftirfarandi:

að gjaldtaka af þeim vörum sem það tekur til verði óbreytt, bæði í heild og gagnvart einstökum vörum,

að ekki verði gerður mismunur á gjaldtöku eftir því hvort varan er flutt inn frá EES-löndum eða annars staðar frá.“

Það er mjög merkilegt að þegar stjórnarflokkarnir eru að fást við að búa til frv. um almennar iðnaðarvörur, þá er gerður greinarmunur á innflutningnum eftir því hvort hann kemur utan eða innan EES-svæðisins, en þegar verið er að taka ákvörðun um hvernig eigi að fara með vörur, þ.e. innflutningsgjöld af ökutækjum og eldsneyti, þá gildir sú hugmyndafræði að *það eigi að láta jafnræðisreglu gilda milli ríkja sem eru* utan og innan svæðisins. Ég vildi taka þetta fram vegna þess að mér finnst að það komi fram stefnumörkun í fyrra frv. sem ég nefndi. Ég tel að í síðara frv. hafi menn látið undan einhvers konar ábendingum frá innflutningsaðilum, hugsanlega japönskum bifreiðainnflytjendum, en eftir stendur að sú stefnumörkun sem ríkisstjórnin hefur sett fram í hinu frv. sem ég nefndi.

Einn af forustumönnum íslensks iðnaðar um langa tíð, Víglundur Þorsteinsson, sagði á sunnudagsmorguninn síðasta á Bylgjunni að iðnaðurinn yrði áfram í svipuðum sporum og hann hefur verið eftir að EES-svæðið yrði að veruleika. Og í hvaða sporum hefur svo iðnaðurinn verið? Það hefur margkomið fram hjá iðnrekendum að á tíð EFTA-aðildarinnar hefur iðnaðurinn staðið í sömu sporum. Það kemur fram á töflum á bls. 12 í skýrslu iðnrh., sem lögð var fyrir hv. Alþingi í vetur leið, að hlutur iðnaðarframleiðslu í *vergri landsframleiðslu á árunum* 1973–1990 er nokkurn veginn sá sami allt tímabilið, þ.e. milli 13 og 14% og hefur þó heldur lækkað á öllu þessu tímabili. Það kemur líka fram að hlutdeild iðnaðar í heildar*vinnuafli á Íslandi hefur lækkað úr tæpum 15% niður* í um það bil 11% á tímabilinu 1970–1990.

Þær vonir sem menn bundu við inngönguna í EFTA á sinni tíð voru ekki síst þær að íslenskur iðnaður yrði vaxtarbroddurinn í atvinnulífinu og skapaði ný störf og aukinn hagvöxt en þessi reynsla er ólygnust. Hún segir okkur að engin fjölgun starfa hafi orðið í iðnaði síðustu 20 ár með EFTA-aðildinni og það er þess vegna sem forstöðumenn iðnaðarins tala varlega núna um gull og græna skóga vegna reynslunnar af EFTA-aðildinni.

Ég ætla ekki að draga það í efa að samningamenn allra aðila hafa lagt sig fram og lagt á sig mikla vinnu við það að ná fram góðri niðurstöðu fyrir sína umbjóðendur. En það dregur mjög út trúverðugleika samningsniðurstöðunnar að í sjálfu samningaferlinu hefur það komið í ljós að allir hinir samningsaðilarnir líta á EES-samninginn sem skammtímalausn. Umsóknir þeirra um aðild að EB sannfæra mig um að í samningaferlinu hafa hagsmunir okkar sem höfum markað þá stefnu að vera utan EB ekki getað vegið þungt. Miklu fremur má ætla að hinar EFTA-þjóðirnar hafi vegna þeirrar afstöðu sinnar að stefna að aðild að EB viljað ganga lengra til móts við sjónarmið samningamanna EB vegna þess að þeir hafi litið þannig á að öll útafbreytni frá hinum eiginlegu reglum EB væri slíkt skammtímafyrirbrigði að betra væri að ganga lengra til móts við EB-ríkin til að minnka hið endanlega skref til fullrar aðildar og skapa um leið jákvæðari afstöðu viðsemjendanna. Það hlýtur að vera mjög alvarlegt umhugsunarefni fyrir hv. alþm., hvort sem þeir eru með eða móti þessum samningi, að það skuli yfirleitt vera til umræðu hér á hv. Alþingi að gera þennan samning, gera samning eins og þennan sem er svona *viðamikill í umfangi og mikilvægi*, sem ef af verður er uppsegjanlegur með eins árs fyrirvara og þegar það liggur fyrir að aðrir samningsaðilar líta á hann sem algjört skammtímafyrirbrigði eða sem at*rennu að stökkinu inn í* EB.

Ég tel að það sé mjög ólíklegt að menn hefðu verið tilbúnir að tala um mjög alvarlega samningagerð við önnur ríki undir slíkum formerkjum fyrr en núna, þ.e. að það væri engin trygging fyrir neinu framhaldi. Það væri einungis um að ræða árs uppsagnarfrest á samningi sem er svona mikilvægur. Ég tel að þetta sé út af fyrir sig ótrúleg niðurstaða að menn skuli ekki hafa litið þannig á að það þyrfti í raun og veru að vera trygging fyrir lengri gildistíma samningsins heldur en hér liggur fyrir ef menn á annað borð trúa á að það sé heppilegt að við gerum hann.

Mér finnst því vera algjörlega nauðsynlegt að ef samningurinn verður staðfestur, þá verði um leið samþykkt yfirlýsing um að fullur vilji sé fyrir því hjá EB að breyta samningnum í tvíhliða samning þegar EES-samningurinn líður undir lok. Og ég vil beina því til hæstv. utanrrh. hvort hann telji ekki að það sé hugsanlegt, ef menn ætla sér að keyra þetta áfram í gegn, að það sé hægt að fá slíka yfirlýsingu, þ.e. yfirlýsingu um að það sé fullur vilji fyrir því að breyta samningnum í tvíhliða samning ef EES-svæðið líður undir lok. Því ef EES-svæðið líður undir lok og engin slík trygging er fyrir hendi, þá tel ég vera verulega hættu á ferðum. Þá þyrftum við að byrja upp á nýtt að semja við EB-þjóðirnar. Við þyrftum að fá þær að samningaborðinu, staða okkar gæti jafnvel orðið mjög slæm. Ég tel það ekki óhugsandi, og mér finnst það reyndar líklegt, að EB og þau EES-ríki sem sótt hafa um inngöngu verði sammála um að öll EES-ríkin verði samferða inn í EB og að við Íslendingar verðum látnir standa frammi fyrir því að verða að láta til baka það sem við teljum vera helstu ávinningana að þessu samningum ef við viljum ekki ganga alla leið inn í EB. Það er mín skoðun að þeir sem hér á landi vilja að við göngum í EB bindi einmitt sínar vonir við að atburðarásin muni verða með þessum hætti.

En hver er þá grundvallarafstaða stjórnarflokkanna til framtíðar Íslands í samskiptum við Evrópuríkin? Það hafa verið mjög mismunandi sjónarmið á lofti í umræðunni. Sumir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hafa lýst því yfir að við eigum að láta reyna á aðildarumsókn að EB, en aðrir segja að það komi ekki til greina.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði hér í umræðunni að það væri fráleitt að við færum að rjúfa samstöðu EFTA-ríkjanna með því að fara að huga að tvíhliða samningi. Er ekki einmitt líklegt að afstaða þeirra manna, sem ekkert sjá nema svartnætti fram undan ef við höfnum aðild að EES, verði sú þegar fer að reyna á aðildarumsóknir hinna EFTA-ríkjanna að ekki sé skynsamlegt að rjúfa samstöðu okkar með EFTA-ríkjunum og okkur sé þess vegna nauðugur einn kostur að ganga í EB? Það er enginn vafi á að hin EFTA-ríkin líta á samninginn sem skref í áttina að EB en það er erfitt að gera sér grein fyrir því hver afstaða stjórnvalda hér er. En það má þó sjá vísbendingar um vilja til að aðlaga viðskipti okkar að tollmúrum EB, og þar bendi ég á það sem ég var að segja hér áðan um þá stefnumörkun sem virðist felast í frv. sem er á þskj. 27 og ég vitnaði í.

Það hefur fram að þessu verið ríkjandi afstaða hér á landi eftir því sem ég hef komist næst að við munum ekki gerast aðilar að EB. Þess vegna ætti þessi staða mála að leiða okkur að þeirri einu niðurstöðu sem við alþýðubandalagsmenn teljum koma til greina, þ.e. að hefja nú þegar undirbúning að tvíhliða samningi við EB.

Ég ætla nú að koma að því sem ég tel fulla ástæðu til að ræða hér í ræðustól á hv. Alþingi, þ.e. að fara nokkuð nákvæmlega í þá hluti sem mér finnst hafa komið helst upp á yfirborðið í sambandi við sjávarútveginn sem á að vera helsta röksemdin fyrir því að við skrifum undir þennan samning. Hagsbætur sjávarútvegsins hafa verið helsta röksemdin fyrir gildi samningsins og það er þess vegna ástæða til að skoða það nokkuð hvernig þau mál líta út.

Grundvallarforsendurnar fyrir samstarfi Evrópuríkjanna í EB felast í því að afnema höft og hömlur á viðskiptum með vörur, þjónustu, fjármagn og atvinnu. Frelsin fjögur gilda um aðalatvinnuvegi þeirra þjóða sem eiga aðild að EB og þau koma til með að gilda líka um aðalatvinnuvegi EFTA-ríkjanna í EES-samstarfinu nema hvað varðar Ísland. Sjávarútvegurinn er nefnilega ekki með í viðskiptafrelsi EB-ríkjanna og þó að hann sé aðalatvinnuvegur Íslendinga, þá nægði það ekki til að breyting kæmi nokkurn tíma til mála að þessu leyti hjá EB. Niðurstaða þessara samninga er þess vegna sú að aðalútflutningsatvinnuvegur okkar er að mestu leyti undanþeginn því frelsi í viðskiptum sem samningarnir eru grundvallaðir á. Samkeppnisstaða okkar sjávarútvegsfyrirtækja mun þess vegna einungis batna að þeim hluta sem tollalækkanir koma fyrirtækjunum til góða. Að öðru leyti erum við í sömu sporum og áður. Við munum augljóslega fá miklu minna út úr þessum samningum en félagar okkar í EFTA vegna þess að þeir munu njóta hags af viðskiptafrelsinu í sínum aðalatvinnuvegum en ekki við.

Styrkjakerfið sem EB heldur uppi og mokar gífurlegum fjárhæðum í sjávarútveginn hjá þeim mun verða óbreytt. Þar er um að ræða bæði styrki frá Efnahagsbandalaginu sjálfu og styrki aðildarríkjanna til eigin fyrirtækja. Það er talið að á árinu 1990 hafi styrkir til sjávarútvegs EB-ríkjanna verið sem svarar 60–70 milljörðum íslenskra króna. Innan EB eru nú uppi stórhuga áform um að auka gífurlega styrki til sjávarútvegsins og þá sérstaklega til fiskvinnslunnar. Markmið þessa átaks er að gera fyrirtækjunum kleift að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru í nýjum reglugerðum EB um hollustuhætti og heilbrigði og gera fyrirtækin betur samkeppnishæf. Samkvæmt áætlunum EB á að fjárfesta um 170 milljarða ísl. kr. í vinnslu og markaðsstarfsemi á árunum 1991–1993. Af þessari upphæð, til viðbótar við áður talda styrki, mun EB greiða helminginn, þ.e. 85 milljarða. Til viðbótar við þessa styrki koma ýmsir byggðastyrkir sem mjög takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um. Við þessi ríkisstyrktu fyrirtæki þarf sjávarútvegurinn okkar að keppa. Undirstöðuatvinnuvegur okkar er sem sagt ekki metinn gildur til jafns við atvinnuvegi hinna ríkjanna. Það er þó ekki að sjá að það hefði verið mikil fórn í því fólgin fyrir EB-ríkin að breyta þessari stefnu sinni þar sem heildarframlag sjávarútvegs til landsframleiðslu EB-ríkja er 0,14%. Það er allt og sumt. Það er umhugsunarefni að grundvallarhugmynd um frelsi í viðskiptum sem öll samvinna EB byggist á skuli ekki fást viðurkennd í atvinnugrein sem er ekki umfangsmeiri en raun ber vitni hjá viðsemjendum okkar og að ekki skuli vera fyrir hendi neinn sveigjanleiki til að koma til móts við sanngjarnar kröfur okkar í þessum efnum. Skýringin á þessu er að vísu einföld þó hún hafi ekki verið mikið í umræðunni. Þessir samningar snerust um

það að kenna EES-viðsemjendunum hvað stendur í EB-kverinu og með hvaða hætti eigi að túlka það og skilja. Það stóð aldrei til að láta sjónarmið EES-ríkjanna breyta því sem hafði verið löggilt milli EB-þjóðanna. Það er mikilvægt að menn átti sig á þeim stærðum sem hér eru á ferðinni og það er þess vegna rétt að láta það koma fram til samanburðar við það sem ég sagði hérna áðan, þ.e. að framlag sjávarútvegs EB-ríkja er ekki nema 0,14% af landsframleiðslunni, að hér er framlag sjávarútvegsins 16% af landsframleiðslunni og yfir 70% af útflutningi. En þó má segja að sjávarútvegur EB-ríkjanna sé ekkert lítill í samanburði við okkar. Síðustu árin hefur veiði þeirra til manneldis verið 4 millj. tonna en neyslan er mun meiri og innflutningurinn hefur verið aðrar 4 millj. tonna. Sú staðreynd að innflutningsþörfin er svona mikil hlýtur að hvetja EB-þjóðirnar til að gera samninga við sína mikilvægustu viðskiptaaðila á sviði sjávarútvegs og Íslendingar hljóta að hafa möguleika á samningum þó að ekki yrði af þeim samningum sem hér eru til umræðu.

En hvað er það þá sem verið er að bjóða okkur til hagsbóta fyrir sjávarútveginn með EES-samningunum? Í niðurfellingu og lækkun tolla á sjávarafurðum liggur þrátt fyrir allt helsti áþreifanlegi árangur þessara samninga. En til að átta sig á því hvað hér er í húfi er rétt að skoða hverjir hinir raunverulegu tollar hafa verið sem við höfum verið að greiða og hvað breytist til 1997 en þá verða tollalækkanirnar komnar að fullu til framkvæmda. Við höfum haft hér í gildi samning við þessi ríki og með honum svokallaða bókun 6. Við höfum þess vegna engan toll borgað af eftirfarandi vörum: Frystum flökum, lifur og hrognum, hvalkjöti, lýsi, kavíar, frystum síldarflökum, öðrum frystum fiskflökum í brauðmylsnu, krabbadýrum, lindýrum, niðurlögðum og niðurskornum eða frystum, þar á meðal rækju, humri og hörpudiski, og fiskimjöli.

Við höfum borgað 3,7% toll af þorski, ýsu og ufsa, kældum, frystum og heilum, hausuðum eða skornum í bita. Sá tollur fellur alveg niður. Við höfum borgað 2% af karfa og munum greiða 0,6% af honum áfram. Við höfum borgað 13% af saltfiski og 20% af saltfiskflökum. En það verður 10% tollur áfram í gildi á síld eins og hefur verið.

Annað tilreitt, niðurlagt og niðursoðið fiskmeti nema reyktur ufsi verður með 3,6% tolli en var áður með 10%. Meðaltollprósentan lækkar úr 3,5% nú í 0,7% samkvæmt þessum samningi. Þarna má glögglega sjá að saltfiskurinn vegur langþyngst og er langstærsti liðurinn og hefur verið það allt frá 1985 en þá gengu Spánverjar og Portúgalir í EB. Síðan hefur auðvitað verið fullur rökstuðningur fyrir því að breyta viðskiptasamningum okkar við EB en þrátt fyrir tilraunir hefur það ekki tekist.

Það eru þess vegna í gildi eins og áður sagði 13% tollar á flattan saltfisk og 20% á söltuð þorskflök en á ufsaflökum er 16% tollur. Undanþágur eru í gildi frá þessum tollum og þær hafa verið breytilegar, bæði magnið og tollurinn. T.d. var magnið á árinu 1991 55 þús. tonn og tollurinn 7%. Þá er samkvæmt GATT-samkomulagi leyfilegt að flytja árlega 25 þús. tonn tollfrjálst til EB-landanna. Allir aðilar sem flytja inn saltfisk til EB verða að nýta sér þessa kvóta og það hefur verið mismunandi frá ári til árs hvernig okkur hefur gengið að koma okkar fiski að. Þarna er um að ræða kapphlaup um markaðinn. Sem dæmi um heildarvægi þessara tolla sem við höfum verið að greiða að undanförnu skal hér nefnt að á árinu 1988 voru heildartollgreiðslurnar 1.540 millj. og meðaltollurinn 5,5% en 1990 voru tölurnar 1.843 millj. og meðaltollurinn 3,5%.

Ég er að þylja þetta hér upp til þess að menn geti reynt að átta sig svolítið á því hvaða stærðir er verið að tala um. Menn hafa slegið því fram að við eigum að græða 2.000 millj. á ári á þessum niðurfellingum á tollum. En hvar er raunverulegur rökstuðningur fyrir því? Hann kemur ekki fram þegar við skoðum þessar tölur. Fersk þorskflök, sem hafa verið nefnd sem er einn stærsti ávinningurinn í þessum samningi, bera núna 18% toll og við greiddum á árinu 150 millj. kr. í toll vegna þeirra en hann fellur niður ef samningurinn verður að veruleika. Af þessu hlýtur auðvitað að vera verulegur hagur en það er ekki allt í hendi sem menn sjá í þessum tölum. Þjóðhagsstofnun hefur t.d. bent á það að verð á ísuðum fiski mun að öllum líkindum lækka talsvert vegna þess að samkeppnisaðilar hafi getað greitt 24% hærra verð vegna þessarar tollverndar. Þjóðhagsstofnun bendir á að það geti verið um að ræða allt að 650 millj. kr. yfirverð á ísfiski af þessum sökum.

Og svo er það spurningin um hvað gerist þegar þetta svokallaða frelsi í viðskiptum yfirtekur þennan markað. Nú er það ljóst samkvæmt samningnum að þær aðferðir sem Íslendingar hafa notað við að skammta vörur, sjávarafurðir, inn á markaðinn ganga ekki eftir að samningurinn tekur gildi. Samkvæmt 53. gr. samningsins er bannað að skammta vörur inn á markaðinn og ég vil, með leyfi forseta, lesa upp hluta af 53. gr.:

„Eftirfarandi skal bannað og talið ósamrýmanlegt framkvæmd samnings þessa: allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem geta haft áhrif á viðskipti milli samningsaðila og hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð, henni raskað á því svæði sem samningur þessi tekur til, einkum samningar, ákvarðanir og aðgerðir sem:

a. ákveða kaup- eða söluverð eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti;

b. takmarka eða stýra framleiðslu, mörkuðum, tækniþróun eða fjárfestingu;

c. skipta mörkuðum eða birgðalindum;

d. mismuna öðrum viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og veikja þannig samkeppnisstöðu þeirra."

Halda menn virkilega að þær aðferðir sem Íslendingar hafa notað við að skammta fisk inn á markaðina erlendis gangi eftir að menn eru búnir að skrifa undir samning eins og þennan?

Það er ástæða til að benda líka á 12. gr. samningsins. Þar stendur:

„Magntakmarkanir á útflutningi, svo og allar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðar milli samningsaðila."

Það gengur ekki að segja við menn að sjávarútvegurinn sé ekkert með í þessu dæmi. Það er alfarið rangt. Verslun með sjávarafurðir heyrir auðvitað alveg undir þetta samningssvið allt saman og þess vegna verða menn að horfast í augu við það að það fiskverð sem hefur fengist með þeim aðferðum sem hafa verið notaðar fram að þessu er ekki það fiskverð sem við höfum í hendi í framtíðinni. Þetta held ég að menn verði að gera sér fulla grein fyrir. Og til þess að menn fái aðeins innsýn inn í það hvað getur gerst á þessum mörkuðum langar mig að vitna hér í þýðingu úr þýsku tímariti þar sem verið er að segja frá áhrifum innflutnings Færeyinga á fiskflökum í sumar á þýska ferskfiskmarkaðinn. Þetta er úr tímaritinu Lebensmittel 21. ágúst 1992, grein eftir Werner Prill, útdráttur úr greininni. Ég ætla, með leyfi forseta, að vitna hér í hluta úr þessari þýðingu:

„Þýski fiskvinnslumarkaðurinn í verstu erfiðleikum síðan í þráðormafárinu 1986," stendur hér. „Þýski ferskfiskmarkaðurinn er nú í verri stöðu en nokkru sinni síðan á dögum þráðormahneykslisins fyrir sex árum. Til viðbótar við hefðbundna sölutregðu yfir sumartímann þarf fiskiðnaðurinn nú að takast á við alvarlegar breytingar. Samkvæmt tölum sem lagðar voru fram á fundi fyrirtækja sem starfa á fiskuppboðsmarkaðnum hefur sölumagnið á uppboðsmörkuðunum þremur í Bremerhaven, Hamborg og Cuxhaven minnkað í 2.431 tonn í júní 1992, samanborið við 3.600 tonn í júni 1991. Samdrátturinn var enn meiri í júlí en þá voru aðeins boðin upp 2.994 tonn samanborið við 4.900 tonn í júlí 1991. Samdrátturinn tengist sívaxandi framboði unninna fiskflaka á markaðnum á undirboðsverði.

Eins og við höfum sagt frá áður kemur megnið af flökunum frá Færeyjum. Í þessari viku seldu Færeyingar roðflett karfaflök, 150 grömm og stærri, á 6,20 þýsk mörk kílóið. Óunninn karfi sem keyptur var á uppboðsmarkaði í Bremerhaven og unninn í fiskvinnslustöðvum á þýsku ströndinni kostaði hins vegar 10 mörk kílóið. „Við verðum að sjá viðskiptavinum okkar fyrir flökum á grundvelli þessa nýja verðs sem er langt fyrir neðan okkar verð," sagði Bernard Schneifel, eigandi Paul Schneifel GmbH, í Bremerhaven. Afleit sumarsala og undirboð Færeyinga hafa neytt Schneifel til þess að segja upp starfsfólki og kaupa ódýru flökin af Færeyingum. Fagmann, yfirmaður framleiðsludeildar van der Berg, sem er dótturfyrirtæki Unilever, tjáði okkur að Færeyingar bjóði nú flök sín bæði fiskvinnslustöðvum á ströndinni og dreifiaðilum inni í landi á 6,50–8 þýsk mörk kílóið. Fagmann veltir því fyrir sér hvernig danskir innflytjendur geti nú boðið fiskflök sem Færeyingar dreifa ekki sjálfir á enn lægri verðum en Færeyingar. Hann áætlar að Færeyingar komi inn með um 30–70 tonn á viku inn á þýska fiskflakamarkaðinn en heildarmarkaðurinn er um 2.250 tonn."

Þarna sést að nágrannar okkar Færeyingar, sem eru mun smærri í sniðum í fiskútflutningi og fisksölu heldur en við, valda slíkum vanda á mörkuðum í Þýskalandi að fiskiðnaðurinn hjá þeim riðar til falls. Halda menn virkilega að eftir að við erum búnir að missa tökin á því að stjórna útflutningnum á þessum fiski þá takist okkur að halda uppi verði á markaði sem er eins og þessi? Ég held að það sé alveg út í hött að láta sér detta það í hug.

En vegna þess sem ég var að vitna hér í sem Þjóðhagsstofnun segir um þá breytingu, að tollur falli niður á flökum, þá langar mig til þess að klára þá tilvitnun. Ég tel að það sé útilokað annað en það yrði að haldast í hendur ef tollar féllu niður á ferskum flökum að útflutningur á ísuðum fiski hætti. Það er ástæðulaust að neita því að það yrði verulegur hagur að þessu ef okkur tækist að stjórna því þannig en það er ekki neitt í hendi að okkur takist það eins og ég hef verið að reyna að segja hér á undan. Niðurstaða mín í þessum tollamálum er sú að við höfum samkvæmt bókun 6 tollfrelsi á mörgum af okkar vörum. Tollar sem við höfum greitt hafa fæstir verið það háir að þeir hafi hamlað þróuninni en það er þó til bóta auðvitað að þeir lækki. Það eru aftur á móti mjög háir tollar á tiltölulega fáum en mjög mikilvægum tegundum af útflutningi okkar sem verulegur akkur væri í að losna undan og þar er saltfiskurinn, söltuð flök og fersk flök mikilvægustu afurðirnar. Það verður þó enn og aftur að minna menn á það að tollinn af saltfiskinum höfum við ekki borgað nema að mjög litlum hluta til. Við höfum flutt langmest magn af okkar saltfiski til Evrópu án tolla, þ.e. á þeim undanþágum sem hafa verið gefnar og þess vegna er ástæða til þess að gefa gaum að þeim hlutum.

Það er líka augljóst að þessir háu tollar, sem við höfum borgað öðru hverju af saltfiskinum, eru ekki í neinu samræmi við þá samninga sem við höfum að öðru leyti við þessar þjóðir. Það er engin ástæða til að gefa sér að það náist ekki breyting á því í framtíðinni. Og svo mega menn ekki gleyma því að tollaniðurfellingarnar sem við erum að tala hér um í þessum samningi gilda einungis um þær vörur sem nefndar eru sérstaklega í samningnum og um aðrar framleiðsluvörur sem menn færu hugsanlega að framleiða hér á landi og vildu flytja út þarf auðvitað að semja sérstaklega.

Mig langar að koma að XXII. viðauka samningsins. Eitt af þeim skilyrðum sem sett var í upphafi samningaviðræðnanna var að ekki kæmi til eignaraðildar erlendra ríkisborgara í sjávarútvegsfyrirtækjunum. Og í XXII. viðauka við EES-samninginn er Íslendingum veitt varanleg undanþága til þess að beita höftum á eignarhald útlendinga að sjávarútvegsfyrirtækjunum. Þó skulu útlendingar hafa rétt til að fjárfesta í fyrirtækjum sem taka óbeinan þátt í fiskveiðum eða fiskvinnslu.

Eitt af þeim frumvörpum sem hefur verið lagt fram í þinginu er um það að erlendir aðilar megi stofna hér fiskmarkaði. Eftir að erlendir aðilar eru búnir að stofna fiskmarkaði er ekki hægt að koma í veg fyrir það að útflutningurinn frá þeim mörkuðum verði frjáls og hann er það í raun og veru. Um leið og verð á fisk-

mörkuðum verður samkeppnisfært við annan útflutning á fiski héðan, þá er útflutningurinn galopinn. Þá þýðir ekkert fyrir hæstv. utanrrh. að gefa mönnum leyfi til þess að flytja út. Það skiptir engu máli. Allir sem kaupa fisk á fiskmörkuðum hér innan lands hafa leyfi til þess að flytja út og þurfa ekki að spyrja utanrrn. um það. Það eina sem hefur komið í veg fyrir að það gerðist í stórum stíl er að verðið á mörkuðunum hefur verið *það hátt að menn hafa ekki séð sér hag í því* að kaupa fisk á þeim til að flytja út beint. Það eru auðvitað miklar líkur fyrir því að það breytist þegar markaðirnir taka gjörsamlega við verðmynduninni eins og þeir eru í raun og veru að gera.

Það verður að draga í efa að þær ágætu fyrirætlanir, að sjávarútvegsfyrirtækin verði eingöngu í eigu Íslendinga, endist til lengdar. Þar er fyrst að nefna hina óbeinu eignaraðild. Til að slík ákvæði standist til lengdar þarf af fullri hörku að neyða þá sem eignast af einhverjum ástæðum of stóran hlut í fyrirtækjum eða sem eiga hlut í fyrirtæki sem breytir starfsemi til að selja hann. Samkvæmt nýlegum lögum sem nú eru í gildi ættu íslensk fyrirtæki sem að hluta til eru í eigu erlendra ríkisborgara að selja hlut sinn í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Þessu hefur ekki verið fylgt eftir. Það kom hér til umræðu á síðasta þingi að hér væru eignaraðilar í útgerð, erlendir eignaraðilar. Ég kannast ekki við að því hafi verið fylgt eftir að þeir seldu sinn hlut í fyrirtækjunum.

Ýmsir útgerðaraðilar hafa líka mótmælt því að greininni sé ekki fært að fá erlent áhættufjármagn og segja að hún verði ekki samkeppnishæf við aðra starfsemi þess vegna. Mestar líkur eru á að smám saman muni erlendir aðilar koma inn í sjávarútveginn og verði veiðiheimildirnar látnar halda áfram að ganga kaupum og sölum, þá mun það flýta verulega fyrir eignatilfærslunum.

En sá hagur sem kemur fram í þessum samningi er ekki útlátalaus fyrir okkur. Við eigum að hleypa EB-flotanum inn í landhelgina til að veiða 3 þús. tonn af karfa sem er verslun með óveiddan fisk á okkar miðum í staðinn fyrir 30 þús. tonn af loðnu sem Grænlendingar eiga. Við höfum nú veitt þessa loðnu að undanförnu sjálfir fyrir ekki neitt og í samningunum sem nýlega hafa verið gerðir milli Íslendinga, Grænlendinga og Norðmanna um veiðar úr loðnustofninum var samið um að nú skyldu veiðarnar miðast við að menn veiddu meira *af sínum hluta á eigin hafsvæði og ef það* tækist ekki, þá félli rétturinn niður. Við vorum með pálmann í höndunum gagnvart þessari afgangsveiði sem grænlenska loðnan raunverulega var. Það hefði verið erfitt fyrir EB að vísa okkur á þessi 30 þús. tonn til að veiða til þess að standa við sinn hlut nema menn leysi EB-ríkin undan þessu samningsákvæði og leyfi þeim að láta loðnuna synda til okkar og við kaupum þar með rétt til að veiða fisk sem við hefðum annars fengið ókeypis. En með því að gera þennan samning — og hann er hluti af EES-samningnum, hvað sem hæstv. utanrrh. segir um það — þá stöndum við frammi fyrir því að vera að stíga skref aftur á bak í baráttunni fyrir fullum yfirráðum okkar yfir fiskimiðunum. Og það skref er táknrænt afsal á sjálfstæði okkar þar sem við erum að hopa fyrir fyrrum bjargföstum áformum okkar um að hleypa engum þjóðum aftur inn í landhelgina sem okkur hefur tekist að koma þaðan út. Samningamenn EB virðast hafa lagt þunga áherslu á að beygja okkur í þessu máli. Og skýringin á því er ekki nema ein. Hún getur ekki verið af efnahagslegum ástæðum. Til þess er málið ekki nógu stórt á þeirra mælikvarða. Sjávarútvegur EB-ríkjanna er svo lítið brot af þeirra hagsmunum.

Það er ekki nema ein ástæða sem þarna er á ferðinni. Það er verið að ryðja brautina til meiri landvinninga síðar og það megum við ekki láta ganga yfir okkur. Þetta mál verður þess vegna að skoða ásamt ýmsum öðrum atriðum í þessum samningi þar sem óumdeilanlega er verið að tala um margvíslegar takmarkanir á fullveldi og sjálfstæði landsins, en líka í því ljósi að viðsemjendur okkar virðast ætla sér stærri hlut síðar.

Að öllu samanlögðu tel ég einsýnt að hafna samningnum og vísa til þess sem ég sagði í upphafi máls míns, en ég vil bæta því við að það hefur verið of mikið gert úr þeim hag sem við erum taldir hafa af samningnum, enda hefur mönnum gengið erfiðlega að benda á glögg dæmi um það. Það að aðalatvinnuvegur okkar skuli ekki vera tekinn gildur á sama hátt og aðalatvinnuvegir annarra ríkja í þessu samstarfi er gjörsamlega óásættanlegt.

Hæstv. forseti. Ég vísa til þess sem ég sagði fyrr í ræðu minni. Ég tel að samningurinn brjóti í bága við fullveldi og sjálfstæði þjóðarinnar. Samvisku minnar vegna mun ég ekki geta stutt hann þrátt fyrir að af honum kunni að vera einhver efnahagslegur ávinningur.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Undanfarna daga og vikur hafa farið fram umræður um hið Evrópska efnahagssvæði á hinu háa Alþingi og hefur umræðan eins og gengur farið vítt um svið, enda um víðtækan samning hér að ræða. Framsóknarmenn hafa ítarlega gert grein fyrir fyrirvörum sínum, fyrirvörum sem framsóknarmenn hafa ávallt haft varðandi inngöngu okkar, fyrirvara sem ekki eru allir tryggðir í þessum samningi.

Fulltrúar Framsfl. hafa einnig rætt hér ítarlega um stjórnarskrármálið og mun ég ekki endurtaka þá umræðu. En *það hefur vakið mesta athygli mína að hlusta* á þá sem hafa engan vafa í brjósti sér í sambandi við þennan samning. Hér hafa fulltrúar hæstv. stjórnar staðið í pontu með dollaramerki í augum. Efalausir hafa hv. alþm. stjórnarinnar staðið upp hver af öðrum og talið að óendanleg ný tækifæri væru fólgin í inngöngu Íslands í hið Evrópska efnahagssvæði, tækifæri sem annars væru okkur glötuð. Tækifærin sem upp eru talin eru flest tengd sjávarútvegi, ef ekki öll.

Við viðurkennum auðvitað öll að það er mikilvægt að losna við 16–18% toll af ferskum flökum og saltfiski. En er þetta ekki allt og sumt? Er það ekki næstum allt og sumt sem við fáum út úr þessum samningi? Sjá menn t.d. ný störf í því falin að flaka fisk á Evr-

ópumarkað? Vitum við ekki öll að sala á óunnum fiski hefur minnkað ár frá ári á Evópumarkað og mun minnka, að íslensk frystihús hafa í síauknum mæli hafið fullvinnslu á fiski í neytendapakkningar undir merkjum stórfyrirtækja í Evrópu eins og Igloo, Gordon, Marks & Spencer o.s.frv. og að það eru ekki nokkrir tollar á þessari fullunnu vöru, þökk sé bókun 6? Er það ekki fullvinnsla sjávarafurða sem við erum alltaf að tala um? Er það ekki það sem er framtíðin? Og ég spyr: Hvað eru mörg störf falin í því að flaka fisk? Þau eru örfá. Við getum flakað fisk frá stórum togaraflota með nokkrum Baader-vélum og örfáum manneskjum. Það eru engin ný störf í þessum tækifærum falin, engin ný störf.

En ég er ekki að draga úr mikilvægi ferskfiskmarkaðar. Ég er bara að benda á það að þessi markaður gefur okkur ekki ný störf eins og menn hafa talað um hér. Og ferskfiskmarkaðurinn er mjög viðkvæmur eins og kom fram hjá hv. 3. þm. Vesturl. hér áðan og þeir „down-prísar" sem núna eru á ferskfiskmörkuðum í Evrópu eru ekki vegna tollanna heldur vegna offramboðs og vegna undirboða. Þetta er viðkvæmur markaður því að þetta eru ferskar vörur sem geymast ekki og þurfa að seljast einn, tveir og þrír. Og það er mjög hættulegt að leggja svona mikla áherslu á ferskfiskmarkaðinn.

Um saltfiskinn er aðra sögu að segja eins og fram hefur komið hér. Þar eru háir tollar. Þó að neytendur hafi hingað til borgað þessa tolla, þá, mundi það breyta miklu að þessir tollar hyrfu. Það mundi eflaust auka sölu á saltfiski. En það er minna talað um síldina. Það er ekkert talað um síldina. En það er einmitt síldin sem við þyrftum að losna við tolla af. Síldin okkar er óseljanleg á Evrópumarkaði og öll okkar síld fer því miður í gúanó vegna þess að Rússlandsmarkaðurinn hefur ekki tækifæri til að kaupa hana vegna fjárhagsörðugleika. Síldin er sem sé skilin eftir og þar höfum við ekki ná neinni samningsstöðu.

Ég hræðist þessa goðsögn um uppsveiflu í sjávarútvegi við inngöngu í hið Evrópska efnahagssvæði. Það er einhvern veginn þannig að margir eru búnir að kjafta sig upp í þetta, að þetta séu okkur mikilvægir samningar fyrir sjávarútveginn, nema fulltrúar úr sjávarútveginum sjálfum. Það heyrist ekki mikið í þeim. Þeir hafa ekki þessa ofurtrú á mikilvægi þessa samnings. Ég held ekki að talsmenn þess sem trúa á mikilvægi einmitt þessara viðskiptasamninga séu að segja ósatt, alls ekki. Þeir hafa einhvern veginn bara borist með þessum straumi án þess að skoða hvað í alvöru býr að baki. Það eru engir nýir atvinnumöguleikar á bak við þennan samning. Ég endurtek það.

Ég viðurkenni einnig að ég er tortryggin varðandi þessi 3 þús. tonn af karfa og aldrei er góð vísa of oft kveðin. Það er mikið búin að tala um þessi 3 þús. tonn. 3 þús. tonn af karfa er ekki neitt og það er merkilegt að svo stór markaður, 360 milljóna markaður, vilji fá þessi litlu 3 þús. tonn af karfa frá okkur Íslendingum. Ætli 3 þús. tonn af karfa séu ekki 200 millj. virði eða svo? En auðvitað er þetta litli lykillinn að okkar auðlind og það er sagt hér, og það er satt, að það er sama hvort lykillinn er stór eða lítill ef hann gengur að. Og ég spyr líka: Þegar samningurinn verður næst endurskoðaður, vilja þeir þá ekki fá 6 þús. tonn, 10 þús. tonn, 12 þús. tonn, annars falla tollarnir niður, annars hefðum við ekki þessi tollfríðindi lengur? Hlýtur maður ekki spyrja sig að því?

Ég sagði áðan að forsvarsmenn sjávarútvegsins hefðu ekki verið neitt sérstaklega brattir vegna þessa samnings en íslenskir iðnrekendur hafa aftur á móti mælt eindregið með samningnum, aðallega fyrir hönd sjávarútvegsins. En iðnrekendur telja réttilega að svo margt þurfi að breytast í rekstrarumhverfi iðnaðarins sem þeir eiga alls ekkert von á frekar en áður að stjórnvöld lagi þannig að hagurinn sé óbreyttur að öðru leyti en því að aðalbreytingin er sú fyrst og fremst að samkeppni eykst.

Með þátttöku okkar viðurkennum við að við ætlum að vera fullgildir þátttakendur í alþjóðlegum viðskiptum, aukinni alþjóðavæðingu og verkaskiptingu. Við verðum með sömu leikreglur og annars staðar eru í Vestur-Evrópu. Þess vegna verða starfsskilyrði atvinnulífsins að vera samkeppnisfær eins og best gerist meðal erlendra keppinauta. En hvernig eru starfsskilyrði atvinnulífsins almennt? Hvernig er skilningurinn á þeim? Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum. Starfsskilyrðin eru miklu verri en víðast hvar í Evrópu. Af hverjum skyldum við ætla að erlendur fjárfestir komi hingað til að fjárfesta í atvinnulífinu og búi síðan hér við miklu erfiðari aðstæður en víðast hvar í Evrópu, með ýmsa skatta og skyldur sem þekkjast ekki í Evrópu?

Mig langar til að víkja fáeinum orðum að ágætri ræðu sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hélt hér um ýmsar hagfræðikenningar sem svo sannarlega var hægt að vera sammála. Ég veit ekki hvort þingmaðurinn er hérna, ég sá hann áðan en hann er kannski vikinn brott. Hann vék að ríkisstyrkjakerfinu og skilgreiningu Evrópubandalagsins á ríkisstyrkjum til útflutningsfyrirtækja og nauðsyn þess að halda sig frá ríkisstyrkjum. Íslenskur sjávarútvegur hefur ekki verið ríkisstyrktur til þessa og það hefur styrkt mjög stöðu sölumanna okkar erlendis að geta sannað það að þó að okkar verð hafi oft verið miklu hærri en keppinauta okkar hafi það verið samþykkt og viðurkennt vegna þess að við höfum ekki verið með ríkisstyrktan sjávarútveg.

En hvað er að gerast núna? Ætlar ekki hæstv. forsrh. að fara að ríkisstyrkja sjávarútveg okkar í óþökk allra sem málið varðar? — Ég veit ekki hvort hæstv. forsrh. er hér en ég hefði gaman af að spyrja hann einnar spurningar eða svo. Forseti. Er hann hér í hliðarsal? (**Forseti:** Forseti skal gera ráðstafanir og láta hæstv. forsrh. vita að þingmaðurinn óski eftir nærveru hans. — Forseti vill taka fram að forsrh. er í húsinu og það er verið að leita hans. Það er spurning hvort þingmaðurinn getur haldið áfram ræðu sinni og geymt þann hluta ræðunnar sem hann vildi ræða við forsrh.) Ég á örstutt eftir af minni ræðu og það er eiginlega ekkert eftir nema spurningin til hæstv. forsrh. (**Forseti:** Það er verið að kanna málið ef hv. þm. vill hinkra örlítið. — Samkvæmt upplýsingum mun hæstv. forsrh. koma

eftir tvær mínútur.) Ég mundi kannski nota tækifærið og spyrja hv. þm. Vilhjálm Egilsson hvort hann muni samþykkja það þegar mál Hagræðingarsjóðs kemur til atkvæða að senda útgerðarmönnum ávísun og ríkisstyrkja þannig sjávarútveginn í óþökk sjávarúvegsins sjálfs. Hann hélt hér mjög athyglisverða og góða ræðu um að það sé alveg út í hött að ríkisstyrkja sjávarútveginn og atvinnulífið almennt. Það verður því vel eftir því tekið þegar að þessu máli kemur hvernig hv. þm. greiðir atkvæði. Þessu vildi ég koma að en síðan langaði mig að bíða hér í rólegheitunum þar til hæstv. forsrh. hefur lokið kaffidrykkju sinni. Þetta er ekki löng ræða sem ég á eftir en mig langar aðeins að eiga eitt orð við hann. — Verði þér að góðu, hæstv. forsrh., mig langaði að beina spurningu til hæstv. forsrh. vegna ríkisstyrkjakerfis sem flestir Íslendingar eru sammála um að eigi ekki að viðgangast í undirstöðuatvinnugreinum okkar. Mig langaði að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort það sé einlægur ásetningur hans að senda útgerðarmönnum ávísun í pósti til að þeir geti keypt aflaheimildir Hagræðingarsjóðs og eyðileggja þar með þann grunn sem hefur skapast á mörkuðum okkar erlendis, að við séum ekki með ríkisstyrktan sjávarútveg. Mig langar að spyrja hæstv. forsrh. að því hvort hann hafi hugleitt það hvaða erfiðleikum þessar hugmyndir hans muni valda sölumönnum okkar á íslenskum afurðum erlendis. Þetta var spurningin til hans.

Virðulegi forseti. Ég tel að við höfum einhvern ávinning af þessum samningi, þó það nú væri, jafnflókinn og mikill sem hann er. En það er langur tími þar til hæstv. ríkisstjórn hefur búið svo um hnútana að við getum notið hagnaðarins í þessari opnu samkeppni á Evrópumarkaði og ég hræðist þá miklu oftúlkun sem hér hefur átt sér stað á ágæti samningsins. Ég vona að við berum gæfu til að ganga hægt um gleðinnar dyr.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst spurningin, sem til mín var beint, ekki í beinum tengslum við umræðuefnið. Ég vil aðeins svara því til að ég tel að ef þetta mál er vandamál hefði flokkur hv. þm. átt að hugsa það rækilega áður en Atvinnutryggingarsjóðurinn var stofnaður á sínum tíma en það er margfalt stærra mál í þessum efnum en þetta sem hér hefur verið rætt um.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir afar leitt að hafa ónáðað hæstv. forsrh. ef hann telur að þetta tengist ekki málinu. En ef hann telur þetta ekki tengjast málinu þá hefur hann ekki lesið sögulegt yfirlit EFTA og EB, upplýsingablöð frá utanrrn. því þar á bls. 4, Um sjávarútvegsmál, er nákvæmlega um það getið hvað bein fjárframlög til sjávarútvegsmála þýða.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem fram kom hjá hv. 2. þm. Vestf. fyrr á þessu þingi að ræðupúltið er heldur smávaxið fyrir svo viðamikið mál.

Þetta mikla mál, sem hér er nú til umfjöllunar og hefur verið nokkuð rætt af eðlilegum ástæðum, er vissulega stærsta mál sem komið hefur á borð þingmanna á Alþingi að svo miklu leyti sem mér er kunnugt. Ég minnist þess að hafa lesið það í ræðum þingmanna um EFTA-samninginn á sínum tíma að menn töldu þá að þar færi stærsta mál sem fram hefði komið á þingi fram til þess tíma. Ég held að engum blandist hugur um að þetta mál er margfalt að vöxtum og áhrifum á við það mál. Þrátt fyrir mikilfengleik málsins og mikið umfang er frv. sem slíkt með því allra stysta sem sést hefur hér á borðum þingins. Það er ekki nema fimm greinar.

Ég vil fyrst víkja að frv. sem slíku og taka undir þær athugasemdir sem fram hafa komið um 3. og 4. gr. frv. Ég tel að þessar tvær greinar séu með þeim hætti að það sé ekki boðlegt að leggja þær fyrir og ætlast til að alþingismenn samþykki slíkan texta eins og hæstv. utanrrh. hyggst þó fyrir með framlagningu frv.

Ég vil bæta einni athugasemd enn við 2. gr. frv. Greinin er dálítið undarleg og ég kannast ekki við að hafa séð svona frumvarpssmíð áður. Venjan er sú — og ekki bara venjan heldur hin algilda regla — að það efni sem menn ætla að fá lögfest er lagt fram í frv. Það kemur fram í texta frv. hvað það er sem menn hyggjast fá lögfest. Þegar frv. hefur verið samþykkt sem lög er hægt að lesa í lögunum hvaða efni það er sem mönnum ber að fara eftir hér á Íslandi þar sem þessi lög ná til.

Hér er komin algerlega ný útgáfa af frumvarpssmíði í 2. gr. Hún er þannig að lögin verða ekki lögin. Lagatextinn á ekki að vera í lögunum. Menn eiga þess ekki kost að kynna sér og sjá hvað er og hvað felst í lögunum með því að lesa lögin sjálf, heldur þurfa menn að lesa allt aðrar bækur sem vísað er til í 2. gr. frv. Þetta er að mínu viti algerlega ótæk frumvarpssmíð og ég tel að hún standist ekki á nokkurn hátt þær kröfur sem menn gera til frumvarpa sem leggja á fyrir Alþingi. Það nær ekki nokkurri átt að menn ákveði með einni setningu að eitthvað annað sem er í öðrum bókum annars staðar séu lög. Ég geri athugasemd við þetta, virðulegi forseti, og óska eftir því að forseti láti athuga það hvort þessi grein, 2. gr. frv., standist þingskapalög, hvort greinin sé í samræmi við þau þingsköp sem menn hafa sett sér á Alþingi.

Það er ekki nóg með að menn leggi fram texta þar sem segir að eitthvert tiltekið ritgerðasafn skuli hafa lagagildi heldur er textinn mjög óafmarkaður. Það er erfitt að átta sig á því hvar lagasetningin endar með því að lesa fyrstu og aðra setningu í 2. gr. frv. Þó að það sé nokkuð ljóst hvað sé meginmál EES-samningsins þá er vísað í einstökum greinum samningsins út og suður í viðauka, viðbætur og annað slíkt. Það er hægt að nefna hér dæmi um það, t.d. 63. gr. sem á að hafa lagagildi hér samkvæmt frv. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Í XV. viðauka eru sérstök ákvæði um ríkisaðstoð."

Þetta á að hafa lagagildi hér á landi. Hvað þýðir þetta? Það þýðir væntanlega að XV. viðauki er lög en það kemur ekki fram í 2. gr. Þar segir bara:

„Meginmál EES-samningsins skal hafa lagagildi hér á landi." Það er hvergi getið um það í 2. gr. frv. að

XV. viðauki hafi lagagildi. Það er ótrúlegt að mönnum skuli detta í hug að semja svona þvælu.

Ég vil líka vekja athygli hv. þm. á 98. gr. samningsins. Þessi 98. gr. á samkvæmt frv. að verða lög. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Breyta má viðaukum samningsins, svo og bókunum 1–7, 9–11, 19–27, 30–32, 37, 39, 41 og 47, eftir því sem við á, með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar í samræmi við 93. (2. mgr.), 99., 100., 102. og 103. gr.“

Með öðrum orðum, aðilum utan Alþingis er veitt vald til að breyta lögum með 98. gr. Þetta gengur ekki upp í mínum huga. Ég er algerlega andvígur því að framselja löggjafarvaldið til einhvers aðila sem er utan þessarar stofnunar sem er til þess kjörin að hafa það á hendi. Menn kunna að segja: Þessum ákvæðum verður ekki breytt nema Íslendingar samþykki. En hver er það sem samþykkir fyrir hönd Íslendinga? Það er ekki Alþingi.

Ég tel, virðulegi forseti, að þessi frumvarpssmíð sé svo meingölluð að hún sé ekki tæk á Alþingi. Ég geri alvarlegar athugasemdir við hana og fer fram á það við virðulegan forseta að hann láti gera úttekt á þessu og fái álitsgerð um frumvarpssmíðina, hvort það standist þingskapalög að leggja fram frv. af þessu tagi.

Það er ýmislegt í þessum samningi sem vert er að ræða. Þó er það svo margt að ógerningur er að ræða það allt til hlítar í einni ræðu. Því hlýtur maður að afmarka sig við nokkur atriði að þessu sinni og geyma sér til síðari tíma í umræðu um þetta mál að fara yfir önnur mál og atriði sem verða útundan í þessari fyrstu umfjöllun.

Ég vil fyrst, af því að hæstv. utanrrh. vék að því í sinni framsöguræðu, umfjöllun um EFTA-samninginn og afstöðu annarra þingflokka og þingmanna til þess samnings, fara yfir sögulegar staðreyndir hvað það varðar til að varpa skýrara ljósi á afstöðu manna og flokka en fram kom í ræðu hæstv. utanrrh.

Hæstv. ráðherra viðhafði þau orð um þá sem vildu þjóðaratkvæði í þessu máli að þeir væru að beita yfirvarpi fyrir því að þurfa ekki að bera ábyrgð á málinu sjálfu, að þeir sem óskuðu eftir þjóðaratkvæði um eitthvert mál gerðu það vegna þess að þeir þyrðu ekki að taka á því. Þetta væri yfirvarp, hræðsla. Þetta var boðskapur hæstv. utanrrh. til þeirra sem halda fram því sjónarmiði að stundum séu málin það stór að nauðsynlegt sé að leyfa þjóðinni að segja sitt álit á þeim. Það hefur áður komið fram í öðrum málum að hluti þingmanna hefur óskað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um mál. Ég vil aðeins fara yfir tvö mál í því sambandi.

Ég vil fyrst rifja upp samninginn við Bandaríkin og stofnsamninginn við NATO árið 1949. Þá þótti mönnum það nokkuð stórt mál og borin var fram tillaga á Alþingi um að bera aðild Íslands að NATO undir þjóðina. Þá voru til menn sem sögðu að það væri eðlilegt. Í nafnakalli um þetta mál á þingi á sínum tíma voru tveir menn, sem báðir hafa tengst Alþfl. nokkuð mikið, sem sögðu já, sem töldu eðlilegt að þjóðin hefði rétt til að segja sitt álit á því máli. Það voru þeir Hannibal Valdimarsson og Gylfi Þ. Gíslason. Þeir sögðu já. Og hvað sagði Hannibal Valdimarsson þegar búið var að fella tillöguna um þjóðaratkvæðagreiðslu? Hver var afstaða hans þá til málsins? Ég vil rifja það upp fyrir hæstv. utanrrh.

Fyrrv. formaður Alþfl., Hannibal Valdimarsson, sagði þá með leyfi forseta: „Þar sem hæstv. Alþingi hefur synjað um þjóðaratkvæði og felld hefur verið tillaga um að reyna að tryggja öryggi Íslands með skjallegri greinargerð, viðurkenndri af öllum samningsaðilum um sérstöðu Íslands, segi ég nei.“

Fyrst þjóðin fékk ekki leyfi til þess að segja sitt álit á málinu, þá sagði Hannibal Valdimarsson nei.

Þetta mál kom líka upp þegar rædd var aðildin að fríverslunarsamningi Evrópu, EFTA. Þá voru líka sett fram þau sjónarmið á Alþingi að rétt væri að bera málið undir dóm þjóðarinnar. Þá sagði einn þingmaður í atkvæðagreiðslu um tillögu um þjóðaratkvæði, með leyfi forseta:

„Flokkur frjálslyndra og vinstri manna er almennt samþykkur því að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um stærstu mál þjóðarinnar.“

Þessi þingmaður hét Hannibal Valdimarsson. Þetta var hans afstaða. Þetta var afstaða Samtaka frjálslyndra og vinstri manna. Þótt þeir almennt styddu samninginn, þá sögðu þeir: Þetta er stórt mál. Þjóðin á að fá tækifæri til þess að segja sitt álit. (**Gripið fram í:** Jón Baldvin Hannibalsson var fulltrúi Samtaka frjálslyndra og vinstri manna í EFTA-nefndinni.) Hvað skyldi hæstv. utanrrh. hafa sagt um þetta mál á þeim tíma? Hvaða afstöðu hafði hann til þessa máls? Það er ljóst að hann var þeirrar skoðunar almennt, með fyrirvörum þó, að samþykkja ætti aðildina að EFTA. En það er líka ljóst að núv. hæstv. utanrrh. var þeirrar skoðunar, sem fram hefur komið, að hér væri um svo stórt mál að ræða að það væri eðlilegt að bera það undir þjóðina. Þá studdi hann rétt þjóðarinnar til að hafa áhrif á gang stórmála. Í dag hafnar hann rétti þjóðarinnar til að hafa áhrif á gang enn stærra máls. Þetta mundi á sumum bæjum vera kallað kúvending.

Ég vil minna á það að þegar aðildin að EFTA var rædd hér á þingi, þá var við völd svonefnd viðreisnarstjórn, skipuð sömu flokkum og nú mynda ríkisstjórn hér á landi. Ég minnist þess að fyrir fáum dögum var upplýst að gerð hefði verið skoðanakönnun um afstöðu landsmanna til EES-samningsins. Hún hafði ekki farið mjög hátt og þurfti nokkuð fyrir því að hafa að ná henni út úr ráðuneytinu og fá hana opinberaða. Þetta kallar maður að láta eigin hagsmuni ríkja yfir hagsmunum þjóðarinnar sem auðvitað á rétt á að fá slíkar upplýsingar. Hæstv. utanrrh. setti fram skoðanir um þetta atriði árið 1969. Þá sagði hæstv. núv. utanrrh. eftirfarandi, með leyfi forseta, sem birtist í blaðinu Nýtt land — frjáls þjóð:

„Flokkshagsmunir leyfa oft ekki að almenningur fái í hendur þær upplýsingar sem þjóðarhagsmunir krefjast. Það er eftirtektarvert hve sáralitlar umræður, rannsóknir og upplýsingar hafa birst opinberlega í tilefni af þeim alvarlegu efnahagserfiðleikum sem þjóðin á nú við að etja. Hvers vegna? Í munni stjórnarsinna felst hin eina rétta skýring í tveimur orðum: Verðfalli og

aflabresti sem síðan er endurtekið ad nauseam."

Þessi orð tók hæstv. utanrrh. sér í munn í framsöguræðu sinni um málflutning stjórnarandstöðunnar. Hann hefur kannski ekki munað eftir því að sama málflutning hafði hann uppi árið 1969 um málflutning stjórnarinnar. Það virðist því miður vera svo að málflutningur stjórnarinnar sé óbreyttur nú frá því sem hann var árið 1969 enda fékk þáv. ríkisstjórn ekki háa einkunn hjá þessum vasklega ritstjóra eða greinarhöfundi og sérstaklega fékk Alþfl. harða dóma sem kannski væri ástæða til að rifja upp síðar í þessari umræðu.

Ég tel mig hafa upplýst að hæstv. utanrrh. er tvöfaldur í roðinu, svo ekki sé meira sagt, í afstöðu sinni til þjóðaratkvæðagreiðslu og þá kafla í framsöguræðu hans sem fjölluðu um þetta efni ber að taka jafnalvarlega og tilefni er til með hliðsjón af þessum upplýsingum. Þessi kafli ræðu hans er ekkert annað en yfirvarp, eins og hann sagði sjálfur, til að komast hjá því að þurfa að standa frammi fyrir dómi þjóðarinnar sem hæstv. ráðherra óttast meira en nokkuð annað. Ég tel því að öll þau rök sem ráðherrann flutti gegn þjóðaratkvæðagreiðslu hafi fallið með hans eigin rökum sem hann setti fram árið 1969 og allar þær forsendur sem þá réttlættu þjóðaratkvæðagreiðslu eigi við í dag. Það eina sem hefur breyst er að hæstv. utanrrh. er í stjórn en var þá í stjórnarandstöðu. Þetta heitir tækifærissinnuð pólitík, að skipta um skoðun á málinu eftir því hvort menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Hæstv. utanrrh. skuldar þjóðinni skýringar á því hvers vegna hann er ekki ístöðumeiri í þessu grundvallarmáli sem skiptir þjóðina svo miklu.

Virðulegi forseti. Ég vil nokkuð víkja að málefnum iðnaðar og þeim áhrifum á iðnaðinn sem vænta má af þessum samningi og jafnframt reynslu okkar af 20 ára samningi við EFTA um fríverslun fyrir iðnaðarvörur og spádóma sem þá voru uppi um hvernig iðnaðinum mundi reiða af. Ég grip hér fyrst niður í blaði sem nefnist Iðnaðurinn, gefið út í mars 1992. Þar segir í fyrirsögn: „EES-samningur gagnslaus fyrir skipasmíðaiðnaðinn." Undir þessari fyrirsögn segir svo, með leyfi forseta:

„Niðurstaða í EES-samningum varðandi ríkisstyrki til skipasmíða er mikil vonbrigði fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað. Ekki náðist samkomulag um það að skipasmíðaiðnaði í EFTA-ríkjunum yrðu tryggðar sambærilegar reglur um ríkisstyrki og fyrirtæki í EB búa við. Reglur um þetta efni eru raunar alveg að heita má utan EES-samningsins.

Ríkisstyrkir til skipasmíða verða leyfðir innan EES og engar sérstakar ráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir að styrkir raski samkeppnisstöðu fyrirtækja frá löndum þar sem litlir eða engir styrkir eru. Fyrirtækjum innan EB er aftur á móti tryggð slík vörn þegar þau keppa um viðskipti innan EB."

Hvað varðar skipasmíðaiðnaðinn er þetta niðurstaða þeirra sem hagsmuna eiga að gæta í þeim iðnaði hér á landi, að samningurinn sé gagnslaus og af þeirri ástæðu að samkeppnisskilyrðin eru ekki tryggð sem er mjög athyglisvert í ljósi þess að eitt af grundvallaratriðunum í samningnum sjálfum er samræmingin á skilyrðum og aðbúnaði fyrirtækja og fólks.

Á síðasta þingi var lögð fram skýrsla um íslenskan iðnað, þróun, framtíðarhorfur og stefnu ríkisstjórnarinnar. Þessi skýrsla náði yfir 20 ára tímabil og gefur okkur upplýsingar um það hvernig iðnaði hefur reitt af eftir að við gerðumst aðilar að fríverslunarsamningi Evrópu. Menn bundu nokkuð miklar vonir við iðnaðinn í kjölfar EFTA-samningsins á sínum tíma og þáv. viðskrh. hafði uppi í ræðu nokkur orð um þetta atriði og dró fram ýmislegt sem yrði iðnaðinum til hagsbóta í kjölfar samningsins. Hann sagði t.d., með leyfi forseta, að það væri meginniðurstaða athugunarinnar að staða íslensks iðnaðar væri styrkari en menn virtust almennt hafa talið og iðnþróun á Íslandi mundi eflast við aðild að fríverslunarsamtökum.

Hann sagði um einstakar iðngreinar, t.d. um innréttingasmíði að innréttingasmíði eigi að geta staðist erlenda samkeppni og eigi á því sviði að vera um skilyrði til útflutnings að ræða. Hvernig skyldi þróunin í innréttingasmíði hafa verið? Hún er þannig að markaðshlutdeild innréttinga innan lands sem var 87% árið 1977 var komin niður í 60% árið 1989. Hún hafði fallið verulega og fer ekki miklum sögum af útflutningi á þessu sviði.

Um húsgagnagerð var sagt það sama, að innlend húsgagnagerð ætti að standast samkeppni og hefði mikla möguleika á útflutningi. Í þessari skýrslu ríkisstjórnarinnar kemur fram að markaðshlutdeild húsgagnaiðnaðar var árið 1977 73% en árið 1989 komin niður í 39%. Í fleira væri hægt að vitna í þessari ræðu þar sem spáð var velgengni íslensks iðnaðar í kjölfar EFTA-samningsins en ég læt það ógert. Ég vil þó nefna tvennt, kaffi og málningu.

Hlutdeild kaffis í innlendum markaði hefur fallið úr 94% eins og það var 1978 niður í 43% árið 1991, hefur fallið um meira en helming. Málning missti markaðshlutdeild innan lands úr 66% niður í 52% á árunum 1978–1991. Þetta eru nú staðreyndirnar um hvernig iðnaðinum hefur reitt af við þennan samning.

Við sjáum líka á bls. 36 í þessari skýrslu að útflutningur þessara vara, sem hlutfall af heildarvöruútflutningi, hefur ekkert aukist eftir að við gerðumst aðilar að EFTA heldur minnkað úr 18,3% árið 1970 niður í 17,3% árið 1991. Það væri fróðlegt að skoða líka hvað iðnaðurinn hefur tekið við mörgu fólki eða skapað mörg ný störf til að mæta fjölgandi þjóð.

Árið 1970 voru 12.400 ársverk í iðnaði eða um 15% en árið 1989 voru ársverkin 16.200 og komin niður fyrir 13% af ársverkum í heild. Aukningin var ekki nema 2.800 störf á meðan ársverkum í heild fjölgaði úr 81.700 í 126 þús., fjölgaði um 44.300. Iðnaðurinn tók við hverfandi hluta af þessum nýju störfum. Það má kannski segja að það hafi ekki komið mönnum svo mjög á óvart ef þeir höfðu í huga spádóma greinarhöfunds í blaði sem hét Nýtt land — frjáls þjóð. Sá greinarhöfundur merkti sínar greinar með stöfunum JBH. Hann skrifaði í grein 19. des. 1969 undir fyrirsögninni „EFTA-aðild þýðir gjaldþrot viðreisnar". Það var nú ekkert minna. Og hann segir í annarri grein, sama blaði

frá 1. ágúst, varðandi veiðarfæraiðnað, með leyfi forseta:

„Stjórnvöld eru búin að gera það sem í þeirra valdi stóð til að ganga að þessum iðnaði dauðum með takmarkalausum innflutningi áður en við göngum í EFTA sem mun aðeins innsigla dauðadóminn."

Ég verð að segja að hæstv. utanrrh. hefur verið nokkuð framsýnn á þennan samning sem hann þó studdi. Hann segir í Pólitísku erindisbréfi, sem svo heitir, frá 23. júní 1969 um framtíðarhorfur eins og þær voru þá og blöstu við honum, með leyfi forseta:

„Að því er stefnt að ganga í fríverslunarbandalag við háþróaðar iðnaðarþjóðir sem hefur það í för með sér að finna verður þúsundum starfandi fólks nýja atvinnu, veita þeim nýja starfsþjálfun auk hinna fjölmennu árganga æskufólks sem stöðugt bætast í hópinn með misjafnlega lélegt veganesti úr skólum landsins."

Það er nú ekki fjarri því að þessi framtíðarsýn hæstv. utanrrh., greinarhöfundarins JBH, hafi ræst í meginatriðum enda sagði hann um EFTA-samninginn í grein sem hann nefndi Gjaldþrot viðreisnar, með leyfi forseta:

„EFTA er engin töfraformúla sem leysir öll vandamál af sjálfu sér eins og stjórnarflokkarnir virðast halda eftir málflutningi þeirra að dæma."

Það er eins og þetta eigi við enn. Málflutningur stjórnarflokkanna um EES-samninginn er þannig að hann á að leysa hér öll vandamál. Hann á að skapa hér hagvöxt og ný störf og efla byggð. Það liggur í orðunum að menn fái allt fyrir ekkert.

Ég vil að lokum ljúka þessum upprifjunum fyrir hæstv. utanrrh. með því að vitna í dóm hans um þá flokka, sem skipuðu ríkisstjórnina sem stóð að inngöngu Íslands í EFTA. Dómur hans um Alþfl. var eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Alþfl. er svo kyrfilega bundinn á klafa Sjálfstfl. gegnum þéttriðið net fjárhagslegra hagsmuna að foringjarnir munu aldrei sjálfviljugir slíta stjórnarsamstarfinu sem þeir eiga upphefð sína og þjóðfélagsstöðu að þakka. Hann getur einfaldlega ekki framar séð sér pólitískt farborða af eigin rammleik."

Þetta er dómur greinarhöfundarins JBH um Alþfl. í stjórnarsamstarfi við Sjálfstfl. Hann bætir síðan við innan sviga um Alþfl.: „sem er orðinn varanlegur fylgihnöttur Sjálfstfl." Þetta eru sígild orð.

Ég verð að segja það að ef ég ætti hatt mundi ég taka hann ofan fyrir hæstv. utanrrh. fyrir að vera svona framsýnn um afstöðuna til Alþfl. og um hvernig EFTA-samningurinn reyndist þjóðinni. Að vísu á ég ekki þann hatt sem er boðlegur til þess. Það þyrfti að vera einhvers konar mexíkanskur bófahattur sem væri við hæfi því eins og menn muna er Alþfl. í samstarfi við Sjálfstfl. og hæstv. utanrrh. hefur líkt þeim flokki við mexíkanskan bófaflokk. Það segir kannski meira um hæstv. utanrrh. en Sjálfstfl. að það var lendingin hjá honum að velja sér Sjálfstfl. sem förunaut næstu árin.

Ég vil þá víkja að byggðamálum. Hér hefur nokkuð verið rætt um sjávarútvegsmál. Ég mun lítillega koma inn á þau. Ef við lesum það sem hæstv. utanrrh. sagði í sinni framsöguræðu um áhrif samningsins á landsbyggðina kemur það fram á tveimur stöðum sem víkur að því efni. Á öðrum staðnum segir hann, með leyfi forseta:

„Það er af þessum ástæðum sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið mun reynast landsbyggðinni á Íslandi, þar sem sjávarútvegurinn er uppistaða atvinnulífs, sérstök lyftistöng í atvinnulegu tilliti, þ.e. það væri hægt að fullvinna fiskinn hér innan lands í kjölfar samningsins."

Á öðrum stað segir hæstv. utanrrh., með leyfi forseta:

„Ef við Íslendingar hefðum fest utan tollmúra Evrópubandalagsins með okkar sjávarafurðir var fullkomin hætta á því að við hefðum líka fest í því fari að vera hráefnisútflutningsnýlenda þessara miklu markaða. Afleiðingar þess þarf ég ekki að orðlengja um. Það hefði auðvitað fyrst og fremst bitnað á landsbyggðinni á Íslandi."

Þetta er lýsing hæstv. utanrrh. í framsöguræðu sinni um áhrif samningsins á landsbyggðina, á búsetuþróun innan lands. Þetta er atriði sem sáralítið hefur verið fjallað um meðan á samningnum hefur staðið og ég hef reyndar ekki fundið nema eina úttekt um þetta mál sem er frá Byggðastofnun, gefin út í desember árið 1990 og sem nefnist Evrópska efnahagssvæðið og byggðaþróun, skýrsla unnin að beiðni forsætisráðuneytisins. Ég hygg að segja megi um þá skýrslu að hún sé í fullu gildi þótt eitthvað kunni að hafa breyst frá desember 1990 í einstökum atriðum í samningnum. Ég hygg að breytingarnar hafi ekki verið á þann veg að það breyti þeim atriðum sem skýrsluhöfundar höfðu til hliðsjónar þegar þeir sömdu skýrsluna.

Þessi skýrsla, sem er nokkuð ítarleg, upp á einar 17 síður, er verulega fróðleg og ég vil hvetja hv. þm. til að ná sér í eintak af henni og kynna sér efni hennar eftir föngum. Ég vil vitna til hennar í niðurstöðum á bls. 15 og 16 og gera grein fyrir því hver niðurstaða Byggðastofnunar er um áhrif á byggðaþróun. Þar er vakin sérstök athygli á því að samkeppnisskilyrði íslensks sjávarútvegs og íslenskrar fiskvinnslu eru ekki jöfn, þau eru ekki þau sömu og í Evrópu. Það er vegna ríkisstyrkja sem Evrópubandalagið hefur haldið uppi og fara vaxandi frekar en minnkandi. Ég nefni sem dæmi að á árunum 1991–1993 er áformað að verja um 170 milljörðum kr. í ríkisstyrki frá EB til fiskvinnslu í löndum EB. Við þetta bætast svo styrkir einstakra ríkja til fyrirtækja innan sinna landamæra. Það er alveg ljóst að við, sem ætlum að lifa á sjávarútvegi og því sem hann gefur af sér, erum í ákaflega erfiðri stöðu ef við semjum um það að samkeppnisaðilarnir í Evrópu megi vera ríkisstyrktir svo og svo mikið. Í stað þess að við höfum tekjur af sjávarútvegi veitir Evrópubandalagið sínum sjávarútvegi gríðarlegar upphæðir í ríkisstyrki. Þarna er um að ræða mjög skakka samkeppnisstöðu sem hefur gríðarlega alvarleg áhrif þegar fram í sækir vegna þess að fiskvinnslan hér á landi á svo erfitt með að greiða sama verð og erlend fiskvinnsla fyrir óunninn fisk. Menn standast ekki samkeppnina því að

menn standa ekki jafnfætis. Það er þó grundvöllur EES-samningsins að menn eigi að standa jafnfætis. Í þessu máli kýs hæstv. utanrrh. að skrifa upp á þá stefnu að mönnum sé mismunað okkur í óhag. Byggðastofnun varar við þessu sérstaklega og segir, með leyfi forseta:

„Þetta mun hins vegar ekki gerast ef fiskvinnslan getur ekki greitt sambærilegt verð fyrir hráefnið og vinnsla sem staðsett er nær markaði. Þá getur komið upp sú staða að verulegur hluti bolfiskvinnslunnar flytjist úr landi." Þeir segja enn fremur, með leyfi forseta: „Líklegasta framvindan er sú að stöðugt aukinn hluti hráefnis af Íslandsmiðum verði fluttur óunninn úr landi til frekari vinnslu innan Evrópubandalagsins." Enn fremur segir í skýrslunni: „Fari svo sem hér er greint fer ekki hjá því að það mun hafa verulegar afleiðingar fyrir búsetuþróun hér innan lands. Áframhaldandi vandkvæði munu verða á rekstri fiskvinnslufyrirtækja vegna mikillar skuldsetningar og minnkandi aflamagns. Það mun óhjákvæmilega leiða til gjaldþrota sem aftur leiðir til þess að fiskvinnslan mun leggjast niður á mörgum stöðum þar sem hún er stunduð nú. Um leið bregðast forsendur fyrir búsetu á flestum þeim stöðum þar sem slíkt gerist."

Þetta er niðurstaða Byggðastofnunar um áhrif samningsins á landsbyggðina, virðulegi forseti. Ég hygg að áður en hæstv. utanrrh. heldur fram þeim fullyrðingum sem fram komu í framsöguræðu hans ætti hann að kynna sér efni þessarar skýrslu því að hæstv. ráðherra gerir ekkert annað, ef hann heldur þessu áfram, en að stunda vísvitandi blekkingarleik gegn betri vitund. Byggðastofnun bendir á úrræði sem menn verða að grípa til til að eyða þessum misjöfnu áhrifum milli innlendrar fiskvinnslu og erlendrar. Segir þar m.a., með leyfi forseta:

„Stjórnvöld geta haft áhrif á þróunina. Enda þótt ljóst sé að ekki er hægt að veita fiskvinnslunni styrki í líkingu við það sem gert er í nágrannalöndunum og hér hefur verið lýst verður að líkja eftir þeim skilyrðum sem sambærileg fyrirtæki búa við annars staðar. Fyrirtækin þarf að styðja í viðleitni þeirra til nýsköpunar, tæknivæðingar, menntunar starfsfólks, markaðsmála og fleiri slíkra atriða með beinum fjárframlögum og kostnaðarþátttöku hins opinbera. Þá þarf hið opinbera að styrkja fjárfestingu í tilteknum þáttum til samræmis við samkeppnislöndin. Jafnframt verður hið opinbera að hjálpa sumum fyrirtækjum til að hætta rekstri. Það er sársaukafullt en kann að reynast óhjákvæmilegt. Bættar samgöngur geta sums staðar gert kleift að leggja niður vinnslu á stöðum án þess að þeir sem þar búa þurfi þar með að hætta að vinna við greinina. Mestar áhyggjur þarf að hafa af einangruðum stöðum þar sem ekki er grundvöllur fyrir búsetu nema sjávarútvegur verði áfram stundaður."

Lýk ég þar með tilvitnunum í skýrslu Byggðastofnunar sem lauk með þessum orðum.

Ef það er ætlun stjórnvalda að lögfesta EES-samninginn verða þau að grípa til styrkjaaðgerða til sjávarútvegsins. Þau verða að taka upp beina ríkisstyrki til þess að sjávarútvegurinn haldi velli í samkeppninni við ríkisstyrktan sjávarútveginn erlendis og til að koma í veg fyrir alvarlegt hrun á landsbyggðinni, alvarlegt búsetuhrun og byggðaröskun í framhaldi af því. Ég hef ekki heyrt hæstv. ráðherra geta þess að það væri á döfinni að taka upp slíka stefnu gagnvart sjávarútvegi. Þar með er ráðherrann að skrifa upp á þá stefnu að það eigi á næstu árum að vera veruleg búsetubreyting í landinu. Það er eins gott að þeir flokkar sem standa að þessari ríkisstjórn standi upp og viðurkenni að það sé þeirra stefna að flytja fólkið til, koma því burtu á færri staði en nú er. Ég skora á hæstv. utanrrh. að greina frá því í svari sínu síðar í umræðunni hvort það sé stefna Alþfl. að þessi spádómur og ábendingar Byggðastofnunar gangi eftir því það munu þau gera nema gripið verði til úrræða. Okkur hafa ekki verið sýnd nein þau úrræði sem Byggðastofnun mælir með og engin önnur í þeirra stað sem telja verður líkleg til árangurs. Eins og málið er lagt fram á Alþingi birtist það okkur sem stefna ríkisstjórnarinnar að ráðast sérstaklega á landsbyggðina.

Það er ekki hægt að draga aðra ályktun af þessum samningi og framlagningu hans þegar, þrátt fyrir skýrslu sem fyrir liggur frá Byggðastofnun, ekkert kemur um aðgerðir, ekkert um gagnaðgerðir, ekki stafkrókur. Þeir flokkar sem að ríkisstjórninni standa skulda landsbyggðinni skýringar á því hvað verður um landsbyggðina þegar búið verður að samþykkja þennan samning, ef svo fer. Hvað bíður manna fyrir austan, norðan og vestan? Eiga þeir ekki um annað að velja, eins og bæjarstjórinn í Bolungarvík sagði fyrir fáum dögum í Morgunblaðinu, ef ekki verður breyting í atvinnulífinu, en að panta sér blokk hjá Davíð og farseðil líka? Var þessi ágæti maður þó einn helsti stuðningsmaður hæstv. forsrh. í formannskjöri í Sjálfstfl. á sínum tíma. Það hefur ekki tekið hann nema eitt og hálft ár að komast að þeirri niðurstöðu að stefna Davíðs Oddssonar og hans ríkisstjórnar leiði til þess að menn fara að panta sér blokkaríbúð í Reykjavík og farseðil með. Ekki bætir þessi samningur um í framtíðarsýn varðandi stöðu landsbyggðarinnar.

Ég vil líka vara við þeirri trú manna að það sé hægt með þessum samningi og fylgisamningum um sjávarútvegsmál að halda útlendingum utan við sjávarútveg á Íslandi. Við sjáum hvernig það gengur undir núverandi lögum að banna aðild útlendinga að íslenskum sjávarútvegi. Það er vitað að íslensk fyrirtæki í eigu erlendra aðila að hluta til eiga í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Það er vitað að þetta er bannað. Samt er ekkert gert. Hvernig dettur mönnum í hug að á komandi árum, þegar meginreglan verður sú að það er bannað að mismuna mönnum á grundvelli ríkisfangs og útlendingum verður heimilt að vera hér í þjóðfélaginu með atvinnurekstur nánast á hvaða sviði þjóðlífsins og viðskipta sem er, að það verði hægt að halda sjávarútveginum utan eignaraðildar útlendinga þegar útlendingar mega eiga olíufélög, tryggingafélög, banka, verslanir og alla þá þætti sem útgerðarfyrirtæki skipta við og eru háð? Hvernig dettur mönnum í hug að það sé hægt að halda útlendingum utan við þetta? Það er auðvitað draumsýn, það mun ekki gerast. Það mun molna

niður á fáum árum og eftir nokkur ár munu menn segja: Það er bara eins gott að útlendingarnir megi kaupa þetta því okkur vantar líka peninga til að endurreisa þessi útgerðarfyrirtæki. Það er bara gott að útlendingar komi með peninga. Það er sama hvaðan gott kemur munu menn segja þá eftir að hafa vanist því og búið við það í nokkur ár að útlendingar mega vera hér eins og við. Ég sé ekki fyrir mér annað og spái því að það líði ekki langur tími, ef þessi samningur verður að veruleika, þar til menn munu aflétta þessu af því að þetta bann mun ekki standast. Það er því mín skoðun að það sé blekking að halda því fram að hægt sé að taka við EES-samningnum og fjórfrelsinu annars vegar en halda sjávarútveginum fyrir utan hins vegar og ekki bara sjávarútveginum heldur þar með fiskveiðiréttinum. Auðvitað munu þessar varnir molna niður á skömmum tíma. Áður en við vitum verða útlendingar búnir að eignast verulegan hlut í útgerð hér á landi og eiga alla möguleika á að ná henni undir sig ef þeir kæra sig um. Þá munu þeir ekki endilega að gera út upp á það að vinna fiskinn hér á landi. Ætli þeir muni ekki frekar vilja fá hráefnið og vinna það í Þýskalandi og Englandi? Það þætti mér nú ekki ólíklegt. Ég held að okkar hlutskipti verði fremur að vera hráefnisskaffari en að fullvinna sjávarafurðir undir þessum samningi enda má greina það í samþykktum beggja stjórnarflokkanna að það er augljóst mál að það er ekki framtíðarsýn þeirra að við eigum að búa við EES. Þeir hafa báðir gert samþykktir sem gefa tilefni til að ætla að hugur þeirra stefni lengra og annað.

Ég vil minna á landsfundarsamþykkt Sjálfstfl. frá því í mars 1991 þegar flokkurinn kaus sér nýjan formann sem áður hafði verið formaður aldamótanefndar Sjálfstfl. Ég bið menn að minnast þess hvað sú nefnd lagði til. Hún segir um framtíðarsýn Sjálfstfl. og um samskipti við Evrópubandalagið, með leyfi forseta:

„Íslendingar eiga ekki fremur en aðrar Evrópuþjóðir að útiloka fyrir fram að til aðildar geti komið að Evrópubandalaginu."

Sjálfstfl. útilokar ekki aðild að Evrópubandalaginu. Ég hef tekið eftir því að þegar hæstv. forsrh. hefur haft orð um þetta hefur hann tekið þannig til orða að aðild að EB væri ekki á dagskrá. Það þýðir ekki það sama og að aðild að EB sé útilokuð. Það þýðir einfaldlega: Hún er ekki tímabær, málið er opið, við skoðum það seinna.

Hvað skyldi hinn flokkurinn segja? Hann segir í sinni kosningastefnuskrá, sem ber reyndar heitið Ísland í A-flokk, með leyfi forseta:

„Alþfl. telur að samhliða samningum um Evrópskt efnahagssvæði þurfi að fara fram vandað mat á aðild að Evrópubandalaginu með atvinnu, lífskjör og menningarlegt sjálfstæði þjóðarinnar með Evrópu framtíðarinnar fyrir augum. Alþfl. útilokar ekki aðild að Evrópubandalaginu en ítrekar óskoruð yfirráð Íslendinga yfir fiskimiðum og orkulindum landsins." Alþfl. útilokar því heldur ekki aðild að EB.

Hvað skyldi vera að brjótast um í Alþfl. um þessar mundir? Við sem höfum fylgst með þeim ágæta flokki um nokkurt árabil höfum auðvitað tekið eftir því að í utanríkismálum er flokkurinn mjög samstiga öðrum evrópskum sósíaldemókratískum flokkum. Þar greinir áhrifanna af aðild Alþfl. af Öðrum Internationalinum, Alþjóðasambandi sósíaldemókrata. Ég spyr sjálfan mig: Er það tilviljun að krataflokkarnir á Norðurlöndum, í Evrópu og á Íslandi eru samstiga í hverju stórmálinu á fætur öðru? Það skyldi þó ekki vera að Alþfl. sækti sér stefnu og efnivið í þennan Annan International, í annað Alþjóðasamband sósíaldemókrata? Öllum er kunnugt hver afstaða krataflokka á Norðurlöndum er til EB. Þeir vilja ganga í EB og ég spái því að það verði ekki langt þangað til Alþfl. Íslands kveður upp úr með að það sé rétt að ganga í EB enda er hann þegar byrjaður að undirbúa jarðveginn með yfirlýsingum sínum.

Það er líka athyglisvert í þeirri samþykkt Sjálfstfl. sem ég vitnaði til að EES-samningurinn uppfyllir ekki þær kröfur sem Landsfundur Sjálfstfl. gerði til EES-samningsins í mars 1991. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sjálfstæðismenn telja að Íslendingar eigi samleið með öðrum EFTA-ríkjum um þátttöku í Evrópsku efnahagssvæði að því tilskildu að samningar takist um hindrunarlaus viðskipti með sjávarafurðir."

Það var forsendan, krafa sem Sjálfstfl. setur upp. Hver er niðurstaðan? Það eru aldeilis ekki hindrunarlaus viðskipti með sjávarafurðir. Tollar eru meginreglan og það þarf meira að segja að semja um það árlega hverjir tollarnir eigi að vera eða í hæsta lagi annað hvort ár. Hvað höfum við gefið? Við höfum opnað okkar fiskveiðilögsögu fyrir erlendum fiskiskipum. Það er ekki bara það að menn láti sér nægja að það séu hindranir í viðskiptum með sjávarafurðir heldur skrifa menn líka upp á ríkisstyrki til samkeppnisaðila og opna íslensku fiskveiðilögsöguna. Þó að opnunin sé ekki stór þá er það fyrsta gatið sem er erfiðast að brjóta. Það er alveg kristalklárt að afstaða EB er að komast inn í íslenska fiskveiðilögsögu og það er líka klárt að íslenska ríkisstjórnin hefur sagt já við því þótt menn reyni að búa sér til leið í kringum það með einhverri pappírsloðnu og slíkum hlutum. Það er búið að brjóta niður meginprinsippið, að hleypa ekki útlendingum inn í fiskveiðilögsöguna. Mér þykir menn kaupa tollfríðindi dýrum dómum. Við erum að kaupa lækkun á tollum á þessu verði, skrifa upp á ríkisstyrkjakerfið og opna landhelgina. Við erum að fá svipaða stöðu gagnvart EB og við vorum í allt þar til 1985 þegar Spánverjar og Portúgalir gengu í EB. Það þykja mér dýr kaup, virðulegi forseti, og hef allar efasemdir um að þau séu skynsamlegasti kosturinn í þessari stöðu.

Það er ýmislegt fleira sem hægt væri að ræða, virðulegi forseti, en eins og ég gat um í upphafi ræðu minnar ætlaði ég að taka fáein atriði sem ég vildi gera að umfjöllunarefni í þessari ræðu. Það er ekki hægt að fara yfir allan samninginn og þá efnisþætti sem hann kemur inn á í einni ræðu en ég vil ljúka ræðu minni með því að nefna eitt mál sem vefst nokkuð fyrir mönnum að vita hvað þýðir. Það er í 28. gr. EES-samningsins um frelsi launþega til flutninga á milli landa. Það á að vera almenna reglan að óheimilt

sé að mismuna mönnum til starfa eftir þjóðerni en undanþága er gerð og hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um störf í opinberri þjónustu."

Þetta ætti að vera nokkuð skýrt, a.m.k. hélt ég það við fyrsta yfirlestur og styrktist í þeirri trú þegar það var upplýst að það væri okkar að túlka þetta, að gefa skilgreininguna hvaða störf væru undanþegin þessu frelsi. Síðan kemur í ljós að það er heldur snúið að veita svör við því. Ég bað um það snemma í sumar að fá lista frá félmrn. yfir þau störf sem féllu undir þessa undanþágu. Hvaða störf í opinberri þjónustu eru undanþegin þessu frelsi? Þó að þar sé rösklega unnið að því að reyna að afla gagna til að svara þessu hefur það ekki tekist enn. Satt að segja held ég að menn séu komnir með efasemdir um að hægt sé að svara þessu af því að þegar að er gáð er málið ekki svo einfalt.

Það eru t.d. ákvæði um að þau störf, sem í sumum löndum eru skilgreind sem opinber störf en í öðrum löndum unnin af einkaaðila, eiga að falla utan við þessa undanþáguheimild. Ef póstþjónustan eða síminn er einkavæddur, sem kallað er, í einhverju EES-landi falla þau störf hér á landi utan við undanþágu frá þessu frelsi. Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. utanrrh. að hann gefi frekari skýringar á þessu ákvæði því að það skiptir miklu máli að vita hvaða störf í meginatriðum menn eru að tala um. Eru þetta bara örfá störf æðstu embættismanna framkvæmdarvaldsins eða eru menn að tala um heilu stéttirnar, t.d. heilbrigðisgeirann, kennara, Póst og síma, vatnsveitu, sveitarfélög og fyrirtæki þeirra? Eru störf hjá þessum aðilum undanþegin þessu frelsi eða eru þau það ekki? Burt séð frá afstöðu manna til samningsins, hvort þeir eru fylgjandi honum eða ekki, verður þetta að liggja fyrir og vera á hreinu því að þetta skiptir gríðarlega miklu máli.

Ég vil ljúka máli mínu, virðulegi forseti, með þessari fyrirspurn til hæstv. utanrrh.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 5. þm. Vestf. virðist vera býsna fljótur að gleyma. Hann gerði hér allmikið mál úr því að fjárfesting útlendinga mundi í kjölfar þessa samnings leiða hér til mikils ófarnaðar. Honum ætti þó að vera kunnugt um að það var í tíð fyrri ríkisstjórnar sem sett var ný löggjöf um fjárfestingar útlendinga hér á landi þar sem opnað var fyrir erlendri fjárfestingu með nýjum lagaákvæðum og þau samræmd en um leið settur sá fyrirvari að fjárfestingar útlendinga í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða væru óheimilar. Hver er nú samningsniðurstaðan í þessum EES-samningum? Hún er sú að þessi grundvallarbreyting standi sem lögákveðin var í tíð fyrri ríkisstjórnar. Það verða því í grundvallaratriðum engar breytingar í þessu efni frá því sem línur voru lagðar um í tíð fyrri ríkisstjórnar. Ég minnist þess ekki að þingmenn Alþb. þá hafi hikað við að greiða þeirri löggjöf atkvæði. Svo koma þeir upp núna og mála upp á vegginn hinar dekkstu myndir vegna þeirra breytinga sem í vændum eru. Þessar ákvarðanir voru teknar í tíð fyrri ríkisstjórnar vegna þeirra samninga sem sú ríkisstjórn átti þá í við Evrópubandalagið um Evrópska efnahagssvæðið.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kannast við þessi lög, að vísu aðeins af því að hafa lesið þau en ekki af því að hafa tekið þátt í að búa þau til. Ég vil nú minna hæstv. sjútvrh. á að það hefur verið upplýst að um er að ræða óheimila eignaraðild í sjávarútvegsfyrirtækjum samkvæmt skilgreiningu í þessum lögum frá 1991. Auðvitað er það verkefni núverandi stjórnvalda að framfylgja lögunum. Hvernig hefur það gengið? Hvernig halda menn að það gangi í framtíðinni, fyrst það gengur ekki betur en þetta núna, þegar menn opna þjóðfélagið miklu meira en nú er fyrir útlendingum? Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann sé sjálfur trúaður á að það þurfi ekki að breyta núverandi lögum til að tryggja stöðu íslensks sjávarútvegs eins og við viljum hafa hana. Telur ráðherrann þessi lög nægjanleg? Ráðherrann verður að svara því ef hann vill að Alþingi samþykki þennan EES-samning og með þeirri stefnu að sjávarútvegurinn eigi að vera undanskilinn þátttöku útlendinga. Þá verður hann að svara því hvort hann telur þessi lög nægjanleg.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Kjarni þessa máls er sá að Evrópubandalagið hefur viðurkennt í þessum samningum að þeir fyrirvarar, sem eru í löggjöfinni, fái að halda. Evrópubandalagið hefur með öðrum orðum viðurkennt að sú löggjöf sem Alþb. setti á síðasta kjörtímabili fái að standa. Það mun ekkert annað gerast við gildistöku þessara samninga en þingmenn Alþb. voru búnir að ákveða á síðasta kjörtímabili. Það er kjarni málsins.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eitthvað eru nú samningarnir öðruvísi en þingmenn Alþb. þá voru tilbúnir til að samþykkja. Það hefur ítarlega verið rakið í þessari umræðu hvaða breytingar hafa orðið. En niðurstaðan er sú, virðulegi forseti, sem hæstv. sjútvrh. sérstaklega ætti að gera sér annt um að fylgjast með fyrst núv. ríkisstjórn tekst ekki að framfylgja þessum lögum að kannski skortir á vilja hjá núv. sjútvrh. til að framfylgja þessum lögum af því að það var Alþb. sem stóð að þeim. Er það þess vegna sem núv. ríkisstjórn aðhefst ekkert til að sjá til þess að þau séu uppfyllt, að eignaraðild útlendinga sé ekki í íslenskum sjávarútvegi? Ríkisstjórn sem aðhefst ekkert í þeim efnum núna er ekki líkleg til að aðhafast eitthvað þegar búið verður að opna þjóðfélagið með EES-samningnum.

Útbýting þingskjals:

Jarðhitaréttindi, frv. HG o.fl., þskj. 71.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Frá því hefur verið skýrt að 1. umr. um EES-samninginn og aðild Noregs að EES

muni taka um tvo daga í norska Stórþinginu. Þessi fyrsta umræða okkar hefur nú staðið í hálfan mánuð og er líklega ekki lokið. Það er væntanlega til marks um hversu miklu vandaðri málabúnaðurinn er hér á hinu háa Alþingi en þar og er út af fyrir sig ánægjulegt.

Hv. 9. þm. Reykv. flutti hér snoturlega ræðu um þetta mál í gærkvöldi. Eftir því sem hann sagði að gefnu tilefni tók hann líkingu af þessu máli og kristnitökunni og taldi að því mætti gjarnan líkja saman því verið væri að taka upp nýjan sið. Þingmaðurinn kvartaði hins vegar undan því að við kristnitöku hefði verið þannig um hnútana búið að menn hefðu mátt blóta á laun sem hann taldi ekki vera í þessu tilviki. Kannski er þessi samlíking nokkuð langsótt þótt eitthvað geti verið nýtilegt í henni. Það er rétt að þegar Ljósvetningagoði hafði legið undir feldi skamma hríð kvað hann upp úr um að það væri skynsamlegt að menn skyldu hafa einn sið og ein lög og kvað upp úr með það að ef menn slitu í sundur lögin, þá slitu menn í sundur friðinn.

Það er kannski ekki svo langsótt að segja að hugmyndin um samrunaferilinn í Evrópu sé í anda Ljósvetningagoða að þessu leyti þótt menn hafi stigið skrefin smá og í áföngum. En hugmyndin er í stórum dráttum sú, eða öllu heldur kveikjan að þessari þróun, að menn skuli hafa ein lög á tilteknum afmörkuðum sviðum, m.a. vegna þess að ef menn slíta þau lög slíta menn í sundur friðinn. Hitt er öldungis víst að það er heimilt að blóta á laun að því er þetta varðar, ekki síður en í kristnitökunni eins og fram kemur í því að í þessum samningi er kveðið á um margvíslegar undanþágur, bæði tímabundnar og varanlegar. Kannski stenst sú samlíking líka.

Ég vék að því, virðulegi forseti, að þessi umræða hefur staðið í hálfan mánuð. Það er í hvaða þjóðþingi sem er góður tími til þess að skiptast á skoðunum, koma á framfæri sjónarmiðum allra flokka, enda hygg ég að þau hafi komist til skila. Enn bryddir eitthvað á því að menn vilji eigna mér þau ummæli að þessi samningur sé hið fullkomnasta mannanna verk, algóður og að í þessum samningum höfum við Íslendingar fengið allt fyrir ekkert. Sumir eru þó svo sanngjarnir að viðurkenna að þetta eru ekki mín orð heldur orð helsta talsmanns samningsaðilanna sem lét þau orð falla að ávinningur Íslendinga af þessum samningum væri mikill og þeir hefðu lítið þurft á sig að leggja á móti.

Kannski er það fyrst og fremst þetta sem menn eru að reyna að leggja mat á. Er þessi samningur Íslendingum hagkvæmur ef við leggjum á hann mat út frá grundvallarforsendum íslenskra hagsmuna? Er hann íslenskum þjóðarhagsmunum til góðs? Eða er á honum einhver slík missmíði að það sé frágangssök? Í máli talsmanna flokkanna hefur komið fram að sumir hafa gert upp við sig að þetta sé afar vondur samningur og óaðgengilegur út frá sjónarmiðum viðkomandi flokka. Aðrir hafa ekki kveðið svo skýrt að orði en menn hafa talið upp fjöldamörg atriði sem koma til skoðunar sem eðlilegt er við 1. umr. svo mikils máls.

Fyrsta mál á dagskrá er að sjálfsögðu þetta: Er samningurinn hagkvæmur út frá bæjardyrum íslensks atvinnulífs? Er hann hagkvæmur út frá hagsmunum íslensks sjávarútvegs? Er samningurinn þess eðlis að hann geti skapað okkur Íslendingum, sem nú búum við meiri háttar erfiðleika í efnahagslífinu, ný tækifæri til sóknar á ýmsum sviðum? Er hann góður fyrir íslenskar þjónustugreinar? Hvað um áhrifin á fjármagnsmarkaðinn? Hvað um áhrif á verðlag út frá sjónarmiði neytenda? Hvað um áhrif á fjármagnsmarkaði út frá þróun fjármagnskostnaðar og vaxta? Hvað um aðgengi að erlendu fjármagni, sérstaklega erlendu áhættufjármagni? Þetta eru nokkrar af þeim helstu spurningum sem við þurfum að taka afstöðu til og út frá þeirri umræðu sem hér hefur farið fram virðast menn meta það mjög ólíkt og jafnvel ekki leggja sömu staðreyndirnar til grundvallar umræðunni.

Eins má spyrja á hinn bóginn: Er sérstaða íslensks þjóðfélags slík að við þurfum að halda til streitu tilteknum fyrirvörum? Hefur það verið gert? Hvað um veiðiréttindi erlendra aðila í íslenskri fiskveiðilögsögu? Glötum við forræði yfir fiskveiðilögsögunni? Missum við forræði yfir auðlindum okkar? Er líklegt að erlent fjármagn flæði inn og kaupi upp íslenskar auðlindir? Fyllist landið af útlendingum? Missa Íslendingar forræði yfir svo stórum og veigamiklum þáttum?

Þessar spurningar erum við búnir að ræða nánast í þrjú ár og enn erum við að fara yfir þessi sömu mál, spyrja sömu spurninga og sumir komast að sömu niðurstöðunum eins og umræðan hafi ekkert upplýst. Þess er auðvitað enginn kostur og ekki ástæða til við 1. umr. að rekja hvert einasta atriði sem vakið hefur verið máls á í þessum umræðum. Ef ég á að draga saman í eins stuttu máli og mér er unnt það sem hlýtur að teljast aðalatriðin, þá eru þau þessi:

Við skulum ræða um þennan samning og meta hann út frá vanda íslensks þjóðfélags eins og sá vandi blasir við okkur nú. Ef við berum okkur saman við grannlönd og viðskiptaþjóðir hefur þjóðarbúskapur okkar þá sérstöðu að við höfum búið við langfellt stöðnunar- og hnignunarskeið. Það lýsir sér í mörgu. Við höfum byggt vöxt og viðgang þjóðarframleiðslu okkar, þjóðartekna okkar fyrst og fremst á því að sækja meira í sjóinn á meiri afla og notið þess ef viðskiptakjörin hafa farið batnandi. Við erum komin yfir endimörk vaxtar að því er varðar nýtingu þeirrar auðlindar og sumir hafa af því hvað mestar áhyggjur að það sé sjálfskaparvíti að við höfum rányrkt hana.

Við höfum lengi viljað laða erlent fjármagn til samstarfs við að nýta aðra meginauðlind okkar, orkulindirnar. Um það hafa verið skiptar skoðanir í þjóðfélagi okkar. Engu að síður hefur mikið verið á sig lagt til þess að reyna að breyta orkulindunum í gull og að skapa atvinnu og verðmæti á þeim grundvelli. Það hefur ekki tekist. Þess vegna stöndum við frammi fyrir því að störfum á vinnumarkaðinum hefur fækkað frá árinu 1989 og fækkað allverulega frá toppi góðærisins 1987 á sama tíma og vinnandi fólki á vinnumarkaðinum hefur fjölgað. Við stöndum í fyrsta sinni frá 1967–1970 frammi fyrir því að atvinnuleysi fer vax-

andi og við stöndum frammi fyrir þeirri spurningu hvort á því geti verið líkur að atvinnuleysi festi sig í sessi, hvort hnignunar- og samdráttareinkenni í þjóðarbúskap okkar séu slík. Þetta er auðvitað stærsta sameiginlega áhyggjuefni allra þeirra sem hér eru inni á hinu háa Alþingi, þ.e. burt séð frá því í hvaða stjórnmálaflokki menn eru eða hvaða stjórnmálaskoðun menn telja sig aðhyllast.

Fróðlegt er að bera saman aðstöðu í þjóðarbúskap okkar nú og 1968–1970. Meginástæðan þá var sú að einn helsti nytjastofn okkar, síldin, brast og hvarf en á sama tíma urðum við líka fyrir alvarlegu áfalli af því að viðskiptakjör, einkum á Bandaríkjamarkaði, snöggversnuðu. Ég kann ekkert dæmi af þjóð sem hefur á seinni árum, og jafnvel þótt leitað sé til heimskreppunnar, orðið fyrir viðlíka áfalli að missa á einu og hálfu ári um 40% af gjaldeyristekjum. Þetta var auðvitað erfitt mál og bar að með skjótum hætti.

Ef við berum nú ástandið saman við þessa tíma þá sjáum við hins vegar strax að á þessum tíma stóðum við í virkjunum og vorum að byggja upp nýja álbræðslu í samvinnu við erlenda aðila. Á þessum tíma áttum við eftir að færa út landhelgina og færa okkur í nyt þann arð sem okkur áskotnaðist við það, við útfærslurnar 1972 og 1976. Nú erum við búnir að éta upp þann arð og hann er búinn, búið að eyða honum.

Á þessum tíma var íslenskt þjóðarbú vissulega skuldugt en ekkert viðlíka því sem nú er. Ef ég man rétt var greiðslubyrði af erlendum skuldum þá eitthvað um 12–13% og fjarri því að langtímaskuldir okkar væru neitt í líkingu við það sem nú er. Þær eru komnar yfir 52% af þjóðarframleiðslu og vextir og afborganir af skuldum eru orðnar yfir 30% af gjaldeyristekjunum. Samanburðurinn leiðir því margt í ljós, m.a. það að við erum nú orðin svo skuldug þjóð að ekki er hlaupið að því að leysa vanda atvinnuleysisins með því að slá frekari erlend lán eða með einföldum formúlum um að ríkið eða stjórnvöld eigi í krafti erlendra lána að búa til störf.

Við stöndum frammi fyrir því að á þessu tímabili hefur verið byggð upp gríðarleg fjárfesting sem hefur skilað sér illa. Við búum sannanlega við offjárfestingu í fiskveiðum. Við búum við offjárfestingu miðað við núverandi aflamagn bæði í fiskveiðum og fiskvinnslu.

Við höfum lengi búið við þann vanda í einum helsta atvinnuvegi okkar, landbúnaðinum, að gríðarlegum fjármunum hefur verið varið til þess að halda honum uppi án þess að það skilaði okkur arði eða fjölgaði störfum, þvert á móti. Það er fækkun í störfum bæði í landbúnaði og úrvinnslu landbúnaðarafurða. Við erum víðar með offjárfestingu. Að miklu leyti er hún tilkomin fyrir erlendar lántökur og á ríkisábyrgð. Við höfum gert tilraunir með ríkisforræði við að skapa störf og hleypa nýju lífi í atvinnulífið. Við höfum gert það að frumkvæði ríkisstjórna í gegnum opinbert kerfi ríkisbanka, fjárfestingarlánasjóði og við höfum ætlað að vinna að því að grundvalla nýjar atvinnugreinar og skapa störf með þeim hætti. Fiskeldið er nýlegt dæmi, loðdýrabúskapurinn annað ævintýri. Þetta hefur allt saman mistekist.

Við hljótum að hafa lært það af reynslunni að þegar svona er komið að því er varðar meginauðlindina, þegar svona er komið að því er varðar skuldastöðu fyrirtækja í meginatvinnuvegi okkar, sjávarútveginum, þegar reynslan af landbúnaðarstefnunni er orðin slík að við erum komin þar í þrot, þá er ekki til einfalt úrræði til þess að bægja frá atvinnuleysishættu eða tryggja fulla atvinnu, þ.e. tryggja nægilega mörg arðbær störf í samkeppnishæfum atvinnugreinum í veröld sem óhjákvæmilega er orðin slík að hún er orðinn einn markaðsstaður og verður það í vaxandi mæli og ekki dugar að byggja upp múra í kringum sjálfan sig, það dugar ekki að einangra sig frá þessari þróun.

Það fráleitasta af öllu því sem haldið hefur verið fram í þessari umræðu er það að með þessum samningi séum við að tengjast atvinnuleysinu í Evrópubandalaginu og jafnvel að auka á vanda okkar. Það eru kannski mestu öfugmælin sem heyrst hafa í þessari umræðu. Ég held nefnilega að flestir þeir sem um þetta hugsa af einhverri alvöru sjái að framtíð íslensks atvinnulífs hlýtur að byggjast á því að það atvinnulíf búi við sambærileg skilyrði og keppinautar. Við verðum að leysa þessi vandamál út frá reynslunni af ríkisforsjánni. Við verðum að búa atvinnulífi okkar sambærileg skilyrði. Það lýtur að öllum sviðum. Það varðar það að vinna bug á verðbólguvanda Íslendinga, sem var krónískur en hefur nú verið ráðið við, a.m.k. á undanförnum árum, og það er kannski það sem er hið jákvæða í þessari mynd.

Við höfum einhverja lægstu verðbólgu í Evrópu. Við höfum nú búið við umtalsverðan stöðugleika í atvinnulífi okkar. Fjármagnskostnaður hefur lækkað allverulega. Því næst þurfum við að stíga næstu skref sem eru óumflýjanleg til þess að skapa atvinnulífi og fyrirtækjum, ekki síst nýjum fyrirtækjum, sambærileg skilyrði. Það lýtur bæði að skattlagningu ríkis og sveitarfélaga o.s.frv. En að öðru leyti hlýtur þetta að byggjast á því í opnu þjóðfélagi sem byggir svona mikið á utanríkisverslun að við ryðjum úr vegi þeim hindrunum sem hingað til hafa verið í veginum að skapa útflutningsfyrirtækjum okkar aðgang að markaði þar sem þau geta keppt með árangri.

Auðvitað snertir þetta sjávarútveginn. Hvað er um þennan samning að segja að því er varðar sjávarútveginn? Staðreyndirnar ættu ekki að vefjast fyrir okkur. Okkur hefur tekist að ná fram samningi sem tryggir sjávarútveginum tollfrjálsan aðgang að þeim markaði sem ⅘ hlutar af sjávarafurðum okkar fara til, tollfrelsi sem samsvarar 96% af tollskrá Evrópubandalagsins og verður að fullu komin til framkvæmda árið 1997. Þetta er lykilatriði og ég get ekki annað en lýst undrun minni á því að hv. þm., sem sumir hverjir eiga rætur sínar í sjávarplássum og eiga að vera í sæmilegum tengslum við sjávarútvegsfyrirtæki, vanmeti slíka meginstaðreynd vegna þess að þetta er í fyrsta skipti sem sjávarútvegurinn á Íslandi nýtur þess, hann er útflutningsgrein, að vera nokkurn veginn jafnfætis keppinautum sínum hvort heldur er iðnaði eða keppinautum í greininni á þessum meginmörkuðum sínum. Það mun skipta sköpum fyrir framtíð hans, algerlega.

Var þessi árangur keyptur of dýru verði? Við settum okkur það mark að við vildum ekki heimila rétt erlendra manna til fjárfestingar í sjávarútvegi. Það tókst. Það er varanlegur fyrirvari gagnvart því. Ef við viljum breyta því, þá er það á okkar eigin valdi. En fyrirvarinn náðist.

Hér hafa nokkrir orðið til þess að fullyrða ranglega að árangurinn með markaðsaðgengið hafi verið keyptur því verði að fallast á veiðiheimildir einhliða. Það er rangt, það stenst einfaldlega ekki staðreyndirnar. Það sem er að segja um þennan tvíhliða samning er einfaldlega það að hann er sérstakur samningur, hann byggir á skuldbindingum sem rekja má aftur til tvíhliða samningsins við Evrópubandalagið 1972/1976. Hann er niðurstaða af viðleitni sem allar ríkisstjórnir sem setið hafa á Íslandi frá þeim tíma hafa verið að reyna og hann staðfestir það sem allar ríkisstjórnir hafa haft á stefnu allan þennan tíma ágreiningslaust. Við semjum ekki um einhliða veiðiheimildir um aðgang að markaði en við erum reiðubúnir til þess að gera samning um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum ef það er báðum aðilum í hag. Það er ekki ný stefna ríkisstjórnarinnar. Þeirri stefnu var líka fylgt í tíð fyrri ríkisstjórnar og hvorki stóð á hv. þm. Steingrími Hermannssyni né Halldóri Ásgrímssyni að staðfesta það, enda liggur það fyrir staðfest. Þetta er engin stefnubreyting. Samningurinn liggur fyrir að öðru leyti en því að ekki er búið að ganga frá þeirri útfærslu um það hvernig með skuli fara ef þessar veiðiheimildir nýtast ekki af óviðráðanlegum ástæðum öðrum hvorum aðilanum. Að öðru leyti liggur samningurinn fyrir.

Hagur sjávarútvegsins af samningnum er þess vegna aldeilis ótvíræður. Hann byggir ekki fyrst og fremst á því að losna við þá tolla sem áður voru í gildi. Samt sem áður þurfti ég að hlusta á einn ágætan þingmann sem sagði: Þessir tollar skipta aldrei neinu máli. Hvað var viðkomandi þingmaður að segja? Hann var að segja það að áratuga barátta t.d. saltfiskútflytjenda, ekki síst núna seinustu árin eftir inngöngu Spánar og Portúgals, fyrir því að fá fellda niður þessa tolla, hafi bara verið tóm vitleysa, skipti engu máli. Er ekki öllum ljóst að ef Íslendingar standa frammi fyrir tollmúrum á bilinu 7, 13, 18 um 20% en keppinautarnir ekki gerist það einfaldlega að útflytjandinn þarf að greiða þessa tolla eða hann endurspeglast í hærri verðum sem þýðir lakari markaðsaðstöðu? SÍF hefur einfaldlega sagt að það sé mat þeirra að þessi tollamismunun gegn Íslendingum á saltfiskmörkuðunum hafi kostað íslenska útflytjendur um einn milljarð á ári bara að því er varðar saltfiskmarkaðinn á Spáni.

Ef taka ætti annað dæmi og það skiptir meira máli, þá er það þetta: Af hverju hafði Evrópubandalagið lága og jafnvel enga tolla á óunnum fiski og hverjar voru afleiðingar þess? Afleiðingarnar voru að sjálfsögðu þær að laða að hráefni til fiskvinnslunnar í Evrópubandalaginu. Hvernig stóð á því að það varð ekki þróun hér á landi í þá átt að nýta betur neytendamarkaðina með ferskan fisk, t.d. í formi flaka á neytendamarkað? Það var einfaldlega vegna þess að tollurinn var of hár. 18% tollur útilokaði að þau viðskipti gætu þróast. Niðurfelling þess tolls getur þýtt á mjög skömmum tíma vaxtartækifæri fyrir íslenskan sjávarútveg og fiskvinnslu sem er alveg ástæðulaust að vanmeta. Hvað svo sem líður því sem menn vilja segja hér í pólitísku karpi er það nú svo sem betur fer að fjöldinn allur af fyrirtækjum í íslenskum sjávarútvegi og fiskvinnslu er fyrir löngu, fyrir ári, byrjaður að undirbúa það að nýta þessi tækifæri. Auðvitað vita þau hvað þetta þýðir. En að halda því fram að þetta skipti engu máli er vægast sagt ótrúlegt. Við eigum eftir að heyra meira um það hvernig fyrirtæki í fiskvinnslunni nýta sér þessi tækifæri og þegar fram líða stundir og menn líta til baka munu menn láta deilur um það niður falla.

Með öðrum orðum er alveg ljóst að fyrir sjávarútveginn er þessi samningur einhver sá mikilvægasti sem nokkru sinni hefur verið gerður. Hann þýðir fyrst og fremst ný vaxtartækifæri. Hann kemur á réttum tíma þegar afli er að dragast saman vegna þess að hann gefur tækifæri til þess að skapa meiri verðmæti úr minni afla. Hann kemur á réttum tíma vegna þess að hann opnar tækifæri til samstarfs líka við erlenda aðila til þess að ná fótfestu á þeim markaði sem við höfum hingað til ekki getað sinnt nema í litlum mæli, þ.e. á neytendamörkuðunum sjálfum, að komast að uppboðsmörkuðunum inn á neytendamarkaðinn. Síðan mun reynslan skera úr um það hvernig okkur tekst til því að þetta eru tækifæri og það er í okkar höndum að láta á það reyna hvernig tekst að nýta þau.

Svo oft er búið að ræða þá fyrirvara sem lagt var upp með og hvernig þeim hefur verið til skila haldið að ég á ekki að þurfa að endurtaka eitt eða neitt í þeim efnum. Alveg liggur ljóst fyrir að því er varðar sjávarútveginn, að því er varðar orkulindirnar, að við getum haldið núverandi skipan í þeim málum í fullri sátt við þennan samning. Samningurinn breytir engu um það, ekki nokkrum sköpuðum hlut. Ef við viljum hér á hinu háa Alþingi og það er meiri hluti fyrir því, binda tryggilegar um hnútana, t.d. með því að eyða óvissu um eignarhald hvort heldur er á orkuauðlindunum, jarðhitanum, vatnsföllunum, kaldavatnslindum eða afréttarlöndum, þá getum við gert það. Af hálfu ríkisstjórnarinnar verða lögð fram frv. að frumkvæði iðnrh. um þau mál sem hafa verið undirbúin og þeir sem tala mest um nauðsyn þess að taka af öll tvímæli og aflétta öllum vafa um þjóðareignina í þessum auðlindum, þeim er í lófa lagið að tryggja það og það er ekkert sem brýtur í bága við samninginn í því efni.

Ég tel sjálfur þetta vera skynsamlegt vegna þess að jafnvel þótt við þyrftum að laða erlent fjármagn til þátttöku í fyrirtækjunum sem nýta auðlindirnar þá breytti það engu um eignarrétt þjóðarinnar í þessu tilviki og hvorki auðlindirnar né mannvirkin hlaupa úr landi.

Sama máli gegnir um — þó þessir fyrirvarar séu þýðingarmestir — þær breytingar aðrar sem við þurfum að gera og varða innlenda löggjöf. Menn hafa mikið spurt um bújarðirnar. Við erum búin að ræða þetta í þrjú ár. Það mál er einfaldlega þannig að okkur er í lófa lagið að breyta ýmsu, bæði að því er varðar lög og stjórnvaldsframkvæmd hér á landi til þess að gera það

enn erfiðara fyrir einstaklinga, hvort heldur er fyrir innlenda eða erlenda, til að eignast og nýta bújarðir í öðrum tilgangi en búrekstri ef menn vilja. Út af fyrir sig er þetta fær leið, en við sömdum um tímabundinn frest frá meginreglunni til ársins 1996 þannig að við höfum góðan tíma til þess að velta þeim málum fyrir okkur. Ég tók eftir þeirri ábendingu að kannski væri ekki skynsamlegast að ræða það mál mjög úr ræðustóli á Alþingi, málið er einfaldlega að vinna verkið. Það er í höndum hæstv. landbrh. og hann mun vafalaust gera grein fyrir því nánar við skoðun málsins, bæði í þingnefndum og eins við frekari umræður.

Því hefur verið haldið fram í umræðunum að með þessum samningi værum við að leggja ofuráherslu á Evrópumarkaðinn og við værum að binda hendur okkar gagnvart markaðsöflun og útflutningi að því er varðar aðra markaði. Þetta er einfaldlega ekki svo. Í fyrsta lagi vegna þess að EES-samningurinn kveður ekki á um tollabandalag, ekki er um það að ræða að við höldum uppi sameiginlegri viðskiptastefnu út á við eða sameiginlegum tollum út á við. Menn hafa jafnvel vitnað í einn af þeim lögfræðingum sem hafa látið ljós sitt skína um stjórnarskrármálið og það er eitt af mörgum dæmum sem sá lögfræðingur misskilur algjörlega. Hann túlkar 120. og 121. gr. í samningnum á þann veg að þær skerði rétt þjóðarinnar til samninga við önnur ríki. Misskilningurinn er í því fólginn að þessar greinar fjalla um það að okkur er ekki heimilt að mismuna samningsaðilunum sjálfum, þ.e. innan þessa samstarfs getum við ekki boðið Þjóðverjum betri kjör en Frökkum. Þetta er lítið dæmi um stóran misskilning en dæmin eru svo mörg að ef það ætti að telja þau öll upp, sem sjálfsagt er að gera við skoðun málsins í nefndum, þá væri sá listi nokkuð langur.

Þannig hafa menn lýst áhyggjum sínum á margan máta og ég tel að ekkert hafi komið fram í þessari umræðu sem er þess eðlis að það ætti að staðfesta að þessi ótti styðjist við rök. Við þurfum ekki að óttast um forræði Íslands yfir fiskimiðunum, það breytist ekki með samningnum. Við þurfum ekki að óttast um forræði okkar yfir orkulindunum, okkar er í lófa lagið að haga því að vild. Við þurfum ekki að óttast að fjársterkir erlendir aðilar kaupi upp Ísland. Og ef menn hugsa þá spurningu í ró og næði þá held ég að menn ættu að geta sannfærst um það. Það er ekki bara spurningin um bújarðir þar sem við eigum sjálfir þess kost að ráða framkvæmdinni að verulegu leyti, en hugleiðum þetta aðeins, þessa gömlu martröð um að hið ríka Þýskaland geti nú, eins og einn hv. þm. sagði yfir kvöldverðarborðinu, keypt upp Ísland. Við höfum á undanförnum árum og áratugum verið að leggja að okkur að reyna að laða erlent fjármagn til þátttöku í íslensku atvinnulífi. Okkur hefur lítt miðað og lítt tekist. Hvers vegna í ósköpunum eru menn enn með þessa martraðarmynd og þennan hræðsluáróður? Hvers vegna skyldi hið ríka Þýskaland ekki vera búið að kaupa upp Ísland nú þegar? Halda menn að það sé vegna þess að það hafi verið ógerlegt út af íslenskum lögum? Auðvitað er það ekki svo. Hvers vegna er hið ríka Þýskaland er að reyna að gera erlendum aðilum í atvinnu- og viðskiptalífi hvers kyns gylliboð til þess að fá þá til að fjárfesta í eyðimörkinni sem kommúnisminn skildi eftir sig í Austur-Þýskalandi? Hvers vegna er það sem hið þýska kapítal er hins vegar á sama tíma að reyna að nýta fjárfestingartækifærin í Austur-Evrópu? Hvers vegna gengur Íslendingum svona erfiðlega að fá erlenda aðila til þess að taka þátt í eða fjárfesta í fyrirtækjum sem ættu að skapa verðmæti, gera atvinnulífið fjölbreyttara, fjölga störfum á Íslandi? Hvers vegna öll þessi tregða?

Ég trúði því ekki þegar hv. þm. lét þessi orð falla að hann meinti neitt með þessu vegna þess að hér var um að ræða reyndan stjórnmálamann sem hefur mikla reynslu af íslensku þjóðfélagi og samskiptum við erlenda aðila og hann veit miklu betur. Auðvitað trúir þessu ekki nokkur maður.

En þessi grýluljós sem búið er að tendra eru svo mörg og ég held að ekki sé ástæða af minni hálfu til þess að leita þau öll uppi enda ef menn meina eitthvað með þessu þá fylgja menn því eftir þegar fjallað er um málið í nefndum og reyndar ýmis þau fylgimál sem um er að ræða.

Kannski er ástæða til þess að láta koma fram svona í upplýsingaskyni að það er sérstaklega spurt hvort kostnaður við þetta væri ekki orðinn óhæfilegur.

Ef við lítum á upplýsingar til loka ágúst 1992, um er að ræða upplýsingar frá 1989 til ágústloka 1992, þá hefur kostnaður við ráðgjafarstörf í þessu mikla máli í þrjú ár numið 4 millj. Þýðingarkostnaðurinn í heild hefur numið 78 millj. Ferðakostnaðurinn 89 millj., eða samtals 161 millj. Þess er þó hins vegar að geta að t.d. ferðakostnaður, hér er átt við ferðakostnað sérfræðinga sem að málinu hafa unnið og á vegum allra ráðuneyta, er auðvitað að stórum hluta þess eðlis að stór hluti af honum hefði til fallið hvort eð var burt séð frá þessum samningi. Síðan er það um málið að segja að á næsta ári þegar samningurinn hefur tekið gildi þá munum við þurfa að leggja fram fjármagn til samstarfsverkefna á ýmsum sviðum sem samningurinn felur í sér, eins og t.d. að því er varðar rekstur eftirlitsstofnunar EFTA 14,8 millj. að áætlað er, dómstólum 4,9 millj., þróunarsjóðinn sem EFTA-ríkin leggja sameiginlega til, framlög Íslands yrðu þar 59,3 millj. og samstarfsverkefni önnur 30 millj.

Kostnaður vegna samstarfsverkefna mun síðan aukast nokkuð á árinu 1994 þegar Ísland verður aðili að rammaáætlun nr. 4 á sviði rannsókna og þróunar og má áætla að sá kostnaður verði allt að 100 millj. kr. á ári. Jafnframt er þess að vænta að það fjármagn skili sér og gott betur í gegnum þá styrki til rannsóknaverkefna sem um er samið að verði unnin hér á landi og undir forustu íslenskra vísindamanna.

Að sjálfsögðu má nefna til hér við þessa umræðu fleiri mál. Við höfum haft sérstaklega í huga að víkja að einum þætti málsins sem varðaði það sem fram kom í ræðu hv. 9. þm. Reykv. af því að hann taldi að ég hefði með einum eða öðrum hætti ekki gefið réttar upplýsingar um afstöðu stéttarsamtaka eins og Alþýðusambands Íslands til þessa máls. Þetta vildi ég leiðrétta og láta kom skýrt fram. Í bráðabirgðagrein

miðstjórnar ASÍ um EES frá því fyrr í sumar segir að í janúar 1990 hafði miðstjórn ASÍ lýst yfir stuðningi við þá leið sem ákveðin var með samningum EFTA og EB. Síðan segir í greinargerðinni orðrétt:

„Miðstjórn hefur fyrr lýst áhyggjum af þróun atvinnumála hér á landi á síðustu missirum. Í því ljósi er mikilvægt að fylgt verði eftir markmiði EES-samningsins að tryggja skilyrði fyrir fullri atvinnu. Innihald samningsins ætti að gefa íslenskum fyrirtækjum betri samkeppnisskilyrði, en eigi samningurinn að fela í sér aukinn hagvöxt og aukna atvinnu, verða bæði stjórnvöld og atvinnulíf að vera vel á verði og hafa frumkvæði að því að nýta sér þá möguleika sem bjóðast. EES-samningurinn gæti skapað íslenskum fyrirtækjum nauðsynlegar forsendur fyrir nýfjárfestingum og vöruþróun sem gætu skapað aukna vinnslu hér á landi og þar með aukinn virðisauka."

Þetta er jákvæð afstaða til meginmálsins en jafnframt er rétt að komi fram að stuðningur ASÍ var skilyrtur og þar sagði orðrétt:

„ASÍ hefur stutt fyrirvara íslenskra stjórnvalda varðandi atvinnu og búseturéttindi og möguleika útlendinga til þess að taka þátt í atvinnurekstri sem byggist á nýtingu íslenskra náttúruauðlinda. Meginfyrirvari ASÍ *hefur þó tengst þróun félagsmála innan EES og af* hálfu sambandsins hefur alltaf komið skýrt fram að EES-samningurinn megi ekki að nokkru leyti verða til þess að grafa undan réttindum launafólks hér á landi."

Í október á sl. ári lýsti sambandsstjórn ASÍ yfir þeirri skoðun sinni að hætta gæti stafað af yfirráðum erlends fjármagns og opnun vinnumarkaðarins. Þess var krafist að sett yrði innlend löggjöf m.a. til þess að koma í veg fyrir undirboð útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Þar var beðið um það að lögfest yrði eftirlit með því að innlendir og erlendir starfsmenn verði ekki látnir gjalda þjóðernis, það verði bannað að mismuna og því eiga allir að njóta sömu launakjara.

Ég bendi á að átt er við launakjör en ekki bara laun og ef einhverjir brjóta þessi lög verður þeim refsað, auk þess bannar EES-samningurinn ekki skylduaðild að stéttarfélögum. Í bréfi mínu til forseta ASÍ í júní sl. staðfesti ég að stefna núv. stjórnvalda væri að breyta ekki þeirri stefnu sinni á vettvangi Evrópuráðsins að skylduaðild að stéttarfélögum stangist ekki á við ákvæði um félagafrelsi í félagasáttmála Evrópu. Erlendir ríkisborgarar í vinnu hérlendis munu því verða að vera í stéttarfélögum og allir þeir sem setjast að hér á landi þurfa að skrá sig og eftirlit með vinnumarkaði verður því einfalt, auk þess sem fyllsta tillit verður tekið til ábendinga stéttarfélaga.

Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er kveðið á um sérstaka ráðgjafarnefnd aðila vinnumarkaðarins sem hafa það sérstaka verkefni að fylgjast með þróun mála og benda á það sem betur má fara. Önnur mál sem ASÍ hefur lýst áhyggjum af verða tryggð með sama hætti. Þar má nefna yfirráð yfir náttúruauðlindum og takmarkanir á fasteigna- og jarðakaupum.

Í umræðunum hefur því verið hreyft af ýmsum að samningurinn hljóti í eðli sínu að vera fyrsta skref í átt til fullrar aðildar að Evrópubandalaginu, að samningurinn hljóti að vera biðsalur Evrópubandalagsins og jafnvel gefið í skyn að með því að staðfesta þennan samning sé verið að véla menn til stuðnings við markmið um fulla aðild síðar. Þessu hefur lengi verið haldið fram en kannski er dálítið minna um rökstuðninginn fyrir því enda vandasamt að finna slíkum getgátum rök. Í raun og veru er það svo að Ísland er eina ríkið innan EFTA þar sem stefna stjórnvalda hefur verið að líta á samninginn um aðildina að Evrópska efnahagssvæðinu sem valkost við aðild að EB. Ég hef löngum lýst þeirri skoðun minni að með samningnum, ef við getum slegið því föstu að hann geti staðið um ókomna tíð, þá séum við búin sem þjóð að leysa brýnustu vandamál okkar í samskiptum við Evrópubandalagið. Búin að fá lausn á sérvandamálum sem varða íslenskan sjávarútveg, búin að fá aðild að innri markaði Evrópu, búin að tryggja okkur í stórum dráttum jafnréttisskilyrði á þessum mörkuðum sem við getum ekki lifað án og orðnir aðilar að fjórfrelsinu þannig að þarna er ekki aðeins um vöruviðskipti að ræða heldur einnig fjármagnsmarkaðinn, þjónustuviðskipti og vinnumarkað. Við værum með öðrum orðum búin að leysa brýnustu vandamál í samskiptum við EB og gætum búið við þá niðurstöðu hvað svo sem liði mati manna á *frekari þróun Evrópubandalagsins í átt til sambands*ríkis eða nánari samstarfs annarra ríkja, hvort heldur væri á sviði varnarmála, peningamála o.s.frv.

Með öðrum orðum er ég þeirrar skoðunar að Ísland hafi markað sér þá sérstöðu að samningurinn er valkostur við EB-aðild. Ég er alveg sannfærður um það að ef þannig fer einhvern tímann á næstu árum að aðrar þjóðir Norðurlanda og þá ekki síst keppinautar okkar á viðskiptasviðinu, Norðmenn og Danir, verða innan Evrópubandalagins en við einir utan, þá mundi þrýstingur á íslensk stjórnvöld um að skoða þann kost betur verða mjög verulegur ef við hefðum ekki þennan samning. Menn geta einfaldlega spurt sem svo: Halda menn að forsvarsmenn í íslenskum sjávarútvegi og það fólk sem starfar í íslenskum sjávarútvegi léti það kyrrt liggja ef ekki einasta Danir heldur einnig Norðmenn væru komnir inn í Evrópubandalagið og nytu þar 100% tollfrjáls aðgangs að markaði en við hefðum setið uppi með gamla tvíhliða fríverslunarsamninginn? Halda menn að forsvarsmenn í íslenskum sjávarútvegi mundu láta það kyrrt liggja og telja það viðunandi ástand? Nei, þeir mundu ekki gera það. Þá mundu menn hins vegar segja sem svo að eiga ekki annarra kosta völ, tvíhliða samningur.

Ég bendi bara einfaldlega á það að þessum þrýstingi og öðrum slíkum er út af fyrir sig létt af okkur með EES-samningnum. Hitt er svo annað mál að þeir sem tala um það núna að við ættum að hafna þessum kosti og fara í tvíhliða samninga meina auðvitað ekkert með því sem þeir eru að segja. Auðvitað er enginn svo gjörsamlega ábyrgðarlaus að hafna þessum ávinningi fyrir Íslands hönd í fullkominni óvissu um einhvern tvíhliða samning einhvern tíma síðar í framtíðinni upp á náð og miskunn Evrópubandalagsins. Það er staðreynd að sá ávinningur sem fékkst náðist ekki hvað síst fyrir tilstyrk bandalagsþjóða okkar í EFTA. Þeg-

ar menn spyrja um fórnarkostnað samningsins þá er staðreynd að hann var fyrst og fremst lagður af mörkum af hálfu bandalagsþjóða okkar.

Við værum í allt annarri stöðu í tvíhliða samningum. Margbúið er að fara yfir þetta og þarf ekki að eyða orðum að því þetta er búið mál, liðin tíð. Hitt er svo annað mál að samningurinn, þótt hann sé miklu meira en tvíhliða samningur um markaðsaðgang sjávarafurða, mun eðli málsins samkvæmt breytast í tvíhliða samning þegar fram líða stundir ef hinar EFTA-þjóðirnar gerast EB-aðilar og þannig færi að við yrðum eina EFTA-þjóðin sem er aðili að þessum samningi sem eftir stæði utan EB þótt þessi samningur væri fenginn í fjölþjóðlegu samstarfi. Það hefði skilað okkur ávinningi þess vegna þá yrði hann í eðli sínu tvíhliða samningur með annars konar eftirlitsstofnunum og annars konar lausnum að því er varðar lausn deilumála.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta neitt frekar. Það er af ásettu ráði sem ég leiði hjá mér að ræða stjórnarskrárþátt málsins í þessari umræðu. Ég geri ráð fyrir því að taka þátt í umræðunni um það mál í tilefni af frv. sem flutt hefur verið af forustumönnum stjórnarandstöðuflokkanna um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins og það mun jafnframt gefa mér kost á að ræða fáeinum orðum um þjóðaratkvæðagreiðslur og tel eðlilegt að ræða það mál frekar í því samhengi. Ég vil fyrir mitt leyti láta í ljós þá ósk að þessi mikli samningur fái vandaða umfjöllun, bæði samningarnir sem slíkir í utanrmn. sem og þau fylgifrumvörp sem verða lögð fram á næstu dögum og vikum þegar þeim hefur verið vísað til nefndar og að það markmið sem við settum okkur með þessum samningi um það að hann gæti náð að komast til framkvæmda í byrjun nýs árs að þær vonir gætu ræst. Ekki hvað síst í ljósi þess að miðað við núverandi ástand í atvinnumálum Íslendinga kemur það á réttum tíma og okkur væri mikil nauðsyn á því að geta með nýju ári unnið kerfisbundið að því að nýta okkur þau nýju vaxtartækifæri sem samningurinn felur í sér.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. sagði um sjávarútvegssamninginn að menn hefðu leitað eftir gagnkvæmum skiptum á veiðiheimildum sem væri báðum í hag. En hann hefur ekki látið svo lítið að útskýra fyrir okkur á hv. Alþingi hvernig þessi samningsatriði sem nú hefur verið talað um, þ.e. skipti á þeim veiðiheimildum sem hefur verið talað um, karfa og loðnu, eiga að vera Íslendingum í hag. Hvaða hagur er í því fólginn fyrir Íslendinga að búa til þennan samning?

Ég veit ekki til þess að neinir aðilar í þjóðfélaginu hafi sérstaklega sóst eftir því eða beðið um það að þessi samningur yrði gerður. Þess vegna finnst mér ástæða til þess að fá svör við því.

Hann gerði lítið úr þeim málflutningi sem hefur komið fram á þinginu, þ.e. að menn hafa verið að reyna að sýna fram á það að of mikið hafi verið gert úr þeim hag sem er fyrir sjávarútveginn í þessum samningi. Ég tel fulla ástæðu til þess að reyna að átta sig á því hér í umræðum á þinginu hve mikill þessi hagur er og ég var að reyna það í ræðu minni áðan. Ég tel að það hafi verið gert verulega meira úr þessu en efni standa til og tel mig hafa sýnt fram á það. Ég held t.d. að stjórnin á útflutningnum sem mun alveg ótvírætt tapast við þennan nýja samning muni kosta okkur mikla fjármuni og ég bendi á skýrslu Þjóðhagsstofnunar, sem ég er með mér, þar sem hefur verið bent á það að bara vegna fiskútflutningsins höfum við haft yfirverð á ferskum fiski upp á 650 millj. og að stjórn á útflutninginum, þ.e. stjórnunin á öllum útflutningnum geti gefið okkur allt að 1.400 millj. á ári. Menn verða því auðvitað að horfa á þessi mál í samhengi og skoða þau til þess að geta metið þau.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Samningur Íslands, Grænlands og Noregs um skiptingu loðnustofnsins var gerður vegna þess að ljóst er að öll eiga þessi þrjú ríki tilkall til stofnsins og hafa möguleika til að veiða úr honum. Þannig veiddu Færeyingar í umboði Grænlendinga 48.000 lestir af loðnu árið 1988. Frá því að loðnuveiðar hófust hefur loðnan lengst af haldið sig framan af vertíð utan íslenskrar lögsögu og endað æviskeið sitt innan hennar. Feitustu loðnu var að fá á haustin og síðustu mánuði ársins og þá gjarnan utan íslenskrar lögsögu. Eignar- og ráðstöfunarréttur Grænlendinga yfir hluta loðnustofnsins verður ekki vefengdur. Í samningi þeim sem Ísland, Grænland og Noregur gengu frá í júní 1989 er skipum Grænlendinga og Norðmanna einungis heimilt að veiða innan íslenskrar lögsögu fram til 15. febr. Þar sem loðnuvertíð hefur haldið áfram fram eftir marsmánuði og fram í apríl sum ár, en á þeim tíma heldur loðnan sig við Íslandsstrendur, hafa Íslendingar setið einir að veiðunum seinustu vikurnar. Þar sem Íslendingar, vegna rannsókna sinna, hafa besta yfirsýn um ástand loðnustofnsins hafar kvótar verið ákveðnir á grundvelli íslenskra upplýsinga. Samningsaðilar okkar hafa því óttast að Íslendingar gætu sett fram takmarkaðan kvóta í vertíðarbyrjun en síðan gefið út endurskoðaðan viðbótarkvóta við vertíðarlok þegar Íslendingar eru einir um hituna. Reyndar hafa oft verið gefnir viðbótarkvótar við vertíðarlok.

Í samningnum er tekið fram í 5. gr. að nái Noregur eða Grænland ekki að veiða hlutdeild sína á tiltekinni vertíð skuli Ísland leitast við að veiða það magn sem á vantar. Í slíkum tilvikum skal hlutaðeigandi aðili fá bætur á næstu vertíð sem nemi sama magni enda hafi ástæður sem hlutaðeigandi aðili réð ekki við legið til þess að hann veiddi ekki sinn hlut í vertíðinni. Ef Ísland notfærir sér þennan rétt kemur að skuldadögum á næstu vertíð.

Loks ber þess að geta að sá samningsrammi sem lagður hefur verið fram byggist á fullri gagnkvæmni. Ef loðnukvóti Grænlendinga dugar ekki til þess að veita okkur 30.000 tonn af loðnu munum við ganga á EB um að veita okkur aðrar veiðiheimildir, t.d. rækju. Geti EB engar slíkar heimildir veitt þá eru veiðiheimildum þeirra í íslenskri lögsögu að sjálfsögðu skertar

að sama skapi. Það er gagnkvæmnin í samningnum þó samningurinn sé um gagnkvæmni veiðiheimilda en ekki að afla upp úr sjó.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst þessi svör heldur rýr. Ég gat ekki fundið út úr þeim hvaða hag íslenskir aðilar hefðu af þeim samningi sem hlyti að eiga að vera á bak við samning sem þennan. Ég vil benda á að á undanförnum árum hefur oftast nær ekkert verið veitt af þessari grænlensku loðnu og að meðaltali sl. 12 ár eða eitthvað svoleiðis hafa náðst 7.000 tonn. Nú eru Íslendingar tilbúnir að skrifa upp á það að skipta á 30.000 tonnum og 3.000 tonnum af karfa.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins nokkur orð vegna svara hæstv. utanrrh. Allir hljóta að vera sammála hæstv. ráðherra að tollarnir af saltfiski og ferskum flökum skipta miklu máli. Það er bara spurningin hve dýru verði við viljum kaupa þessar tollaívilnanir. Um það var rætt hér. Það hafa heldur ekki komið nein rök fyrir því sem hér hefur verið fullyrt hvað eftir annað að þetta mundi skapa mörg ný störf vegna þess að fullunnin fryst vara, sem er mjög mannfrek ef svo má segja, skapar einmitt mörg störf og erum við bara ekki komin í samkeppni við það með þessum fersku flökum sem gefa færri störf?

Mér fannst mér hæstv. ráðherra snúa svolítið út úr fyrir okkur í sambandi við gagnkvæmar veiðiheimildir. Við erum hrædd um að fá EB-flotann inn í efnahagslögsögu okkar og þá er spurningin: Megum við bara ekki veiða þessi 3.000 tonn fyrir þá, segja bara: Hér er engin sjálfsafgreiðsla. Við skulum bara veiða þessi 3.000 tonn og afhenda þeim. Getur það ekki komið til greina?

Varðandi það sem hæstv. utanrrh. sagði í sambandi við Þjóðverja og það af hverju Þjóðverjar séu ekki fyrir löngu búnir að kaupa upp Ísland, þá spyr maður sig: Er það íslensk löggjöf sem er þannig að erlendir aðilar geta verið hér í atvinnurekstri fyrir utan sjávarútveg? Hvað breytist þá með EES? Af hverju skyldum við ætla að erlendir fjárfestar komi eitthvað frekar núna en áður?

Þetta voru spurningar mínar og svo er kannski spurningin líka sú að 1997 erum við loksins komin með allar þessar tollaafléttanir. Verður EES til þá?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það gleður mig að hv. þm. segir: Auðvitað skilja allir ávinning samningsins að því er varðar sjávarútvegsmál, niðurfellingu tolla og tækifærin sem það veitir atvinnugreininni. Það er gott ef menn skilja það og viðurkenna. En þetta er of dýru verði keypt. (**IP:** Spurningin er sú.) Spurningin er sú. Er þetta of dýru verði keypt? Og þá spyr ég á móti: Hvaða verði höfum við keypt þennan markaðsaðgang? Evrópubandalagið setti fram þá kröfu að fá ígildi markaðsniðurfellingarinnar upp á krónur og aura afhent í veiðiheimildum. Því var hafnað. Evrópubandalagið fékk það ekki. Evrópubandalagið krafist þess að hafa réttindi til að fjárfesta í fyrirtækjum sem nýta íslenska fiskveiðilögsögu. Evrópubandalagið fékk það ekki. Hvað fékk Evrópubandalagið? Það fékk efndir á loforði frá 1977 um að gerður yrði við það tvíhliða samningur um skipti á veiðiheimildum. Hvað felst í því? Í því felst að við föllumst á að vissum skilyrðum uppfylltum að þeir megi veiða allt að 3 þús. tonn í karfaígildum í íslenskri lögsögu gegn því að við fáum heldur meiri verðmæti í loðnu, 30 þús. tonn. Þetta er metið á annars vegar 1.500 og hins vegar 1.800 tonn í þorskígildum. Með öðrum orðum er reikningurinn okkur heldur hagstæðari. Þetta er ekki að hleypa flota EB inn í íslenska lögsögu. Búið er að ganga frá samningunum um veiðisvæðin, um skipafjölda sem getur orðið um 3–5 skip í hæsta lagi, enda segir það sig sjálft að menn sækja ekki slíka nánös norður í ballarhaf sem þetta er á miklum skipaflota. Þeir eru undir íslenskri lögsögu, þeir eru undir íslensku eftirliti og þetta er á þeirra eigin kostnað. Fiskveiðilandhelgin hefur ekki verið opnuð fyrir erlendum aðilum.

Eitt af því sem er uggvænlegt við hræðsluáróðurinn sem hefur verið haldið uppi í þessu máli og kemur fram í skoðanakönnuninni og margir hafa orðið til þess að leggja trúnað á er þetta: Að Íslendingar séu að kaupa þennan góða samning að því er varðar markaðsaðstöðuna svo dýru verði, því verði að missa stjórn á fiskveiðilögsögunni. Það er ekki svo. Því dýra verði að erlendir fjármagnseigendur munu leggja undir sig íslenskan sjávarútveg. Það er ekki svo. Því miður vinnst mér ekki tími til að svara því hvaða tækifæri þessi samningur gæti veitt, t.d. að því er varðar sköpun nýrra starfa.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er einkenni umræðunnar og kannski þess samnings sem er til umfjöllunar að ótalmörgum spurningum er ósvarað. Mér þótti ræða hæstv. utanrrh. vera býsna rýr. Fjöldamörgum spurningum hefur verið beint til hans og ég get ekki annað en endurtekið nokkrar þær spurningar sem ég lagði fyrir hann í ræðu minni og þar er fyrst og kannski stærst sú spurning að hann heldur því stöðugt fram að samningurinn opni íslenskum fyrirtækjum mikla möguleika á erlendum mörkuðum og í íslensku atvinnulífi. Ég spyr enn: Hvernig rökstyður hæstv. utanrrh. þessa skoðun sína í ljósi þess efnahagsástands sem hér ríkir? Hvernig sér hann fyrir sér að þetta muni gerast?

Spurt hefur verið um kostnað. Hann nefndi nokkrar tölur varðandi beinharðan kostnað en ég spyr enn vegna þess að það er mikilvægt. Við verðum að gera okkur grein fyrir því hvaða kostnað samningurinn hefur í för með sér, ekki aðeins fyrir íslenska stjórnkerfið heldur einnig fyrir íslenskt samfélag. Ég spyr: Hafa menn gert úttekt á því hvaða kostnaður fylgir samningnum? Við megum ekki gleyma því að við erum afar lítið samfélag á leið inn í þetta stóra samhengi. Ég get nefnt það enn einu sinni að ég hef verið spurð af því af erlendum sendimönnum sem hafa verið að vinna að

þessu máli hvernig í ósköpunum Íslendingar ætli að standa undir þessu. Enn ein spurning sem ég beindi til hæstv. utanrrh., vegna þess að hann er í miklum samskiptum við þessa herra hjá EB, var varðandi landbúnaðinn. Hvernig menn sjá þá þróun fyrir sér? Hvert ætla menn sér í þeim málum?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Spurningum um kostnað við samningsgerðina sjálfa og við framkvæmd samningsins hefur verið svarað mjög oft á hinu háa Alþingi. Ég hef veitt munnleg og skrifleg svör við því við fyrirspurnum og ég gerði það í svari mínu áðan. Þær tölur liggja allar fyrir, hvað þetta hefur kostað á liðinni tíð, hver eru framlög okkar frá ári til árs þannig að hv. þm. geta metið það hver sá kostnaður er í samanburði við ávinninginn og hvort það væri íslensku stjórnkerfi ofviða. Sannleikurinn er sá að þetta er ekki stórt mál í íslenskum þjóðarbúskap.

Önnur spurning. Ef óumdeilt er að samningurinn veiti íslensku atvinnulífi ný tækifæri, hver eru þau? Við höfum þegar rætt um sjávarútveginn. Hvað um aðra þætti eins og í þjónustugeiranum sem þrátt fyrir allt leggur fram stærstan skerf til íslenskrar þjóðarframleiðslu? Samningurinn skapar almennt séð ný vaxtarskilyrði vegna þess í fyrsta lagi að aðgangur að þessum stóra markaði er greiður á jafnréttisgrundvelli. Öllum viðskiptahindrunum sem við höfum þurft að mæta hingað til er rutt úr vegi. Ég vil taka bara eitt dæmi. Það hefði getað orðið meiri háttar mál fyrir íslenskan sjávarútveg — svo að ég staldri nú enn við hann — að fá ekki viðurkenningu á fullgildingu íslenskra eftirlitsstofnana varðandi helbrigðiseftirlit og reglugerðir.

Að því er varðar fjármagnsmarkaðinn og opnun hans, sem í þessu felst, þýðir að fákeppnismarkaður, tiltölulega lokaður og afmarkaður, er nú opnaður fyrir samkeppni. Það þýðir einfaldlega að verð á fjármagni mun leita jafnvægis. Við munum njóta aðgangs að peningum á heimsmarkaðsverði. Þetta þýðir aðhald að bankakerfi og fjármálastofnunum, þetta þýðir kosti fyrir íslensk atvinnufyrirtæki, þetta þýðir kosti fyrir almenning og neytendur. Það er alveg óumdeilt að því er varðar áhrif þessa samnings, hvort heldur er á verðlag vegna aukinnar samkeppni eða vaxtastig, að þetta mun verða íslenskum fyrirtækjum og almenningi í landinu mjög í hag. Fórnarkostnaðurinn, ef við værum utan við þetta, væri hins vegar mjög íþyngjandi.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst hæstv. utanrrh. aldrei svara þessari spurningu um kostnaðinn. Þetta er ekki spurning um það hvað samningsgerðin hefur kostað eða öll þau ferðalög, sem henni hefur fylgt, heldur hvernig framtíðin lítur út. Hvað mun þetta kosta okkur í framtíðinni? Ég get nefnt sem dæmi að við vorum að kíkja á lítið frv. í efh.- og viðskn. um eftirlit með hættulegum vörum. Reiknað er með að þessi smápóstur kosti 3–8 millj. Fjmrn. leggur mat á þann kostnað sem fylgir þessum lagabreytingum. Þetta er pínulítið dæmi og við höfum fram undan tugi lagabreytinga og alls konar eftirlit og reglugerðir sem auðvitað þarf að fylgja eftir. Hvað kostar þetta allt saman? Það er mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því hvað þetta kostar. Hvað þurfum við að senda marga embættismenn til útlanda eða hafa í störfum hér til þess að standa undir þessum samningi? Það er ekki endilega gagnrýnivert að þess þurfi heldur þurfum við fyrst op fremst að vita hvað þetta kostar. Út í hvað erum við að leggja?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. segir að spurning sín hafi ekki beinst að því hver væri kostnaðurinn nákvæmlega, eins og hann mun birtast á fjárlögum, heldur hvað þetta allt saman muni kosta okkur í framtíðinni. Út frá því dæmi, sem hún tók, sem ég út af fyrir sig þekki ekki til, þá vil ég nefna að á því er mikill munur hvort íslenskt atvinnulíf og fyrirtæki býr við samræmdar leikreglur, eins og til að mynda samræmdar samkeppnisreglur, býr við sömu reglur að því er varðar aðgang að markaðnum, að því er varðar staðla, að því er varðar heilbrigðisvottanir en ef við þyrftum að leysa slík vandamál í hvert skipti og þau koma upp. Í þessu felst mikill sparnaður og ég nefni eitt dæmi.

Við getum ekki haldið uppi mjög öflugum bírókratískum kerfum, t.d. í sambandi við þessi staðlamál. Sérsamningur okkar við Svía um að njóta þjónustu Svía sem reka eina yfirstaðlastofnun og sjö undirstofnanir á ýmsum sviðum mun t.d. spara okkur ákaflega mikið. Ég hef ekki áhyggjur af því að þetta sé svo dýrt í framkvæmd út af því mikla bírókratíi sem við yrðum að hlaða upp. Ég held að við ættum að reyna að meta annars vegar útlagðan kostnað og hins vegar þann ávinning sem við höfum af því að vera fullgildir aðilar á jafnréttisgrundvelli í öllu þessu samstarfi. Síst af öllu ættu áhugamenn um menntamál og kennslumál að gleyma þeim ávinningi sem vissulega er eftirsóknarverður á þeim sviðum.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hér hljóðs til að óska eftir því að gert verði nokkurra mínútna hlé svo hægt sé að skiptast á upplýsingum um það utan við ræðustólinn hvernig ætlunin er að halda áfram með þessar umræður. Ég vil lýsa því að ég varð fyrir miklum vonbrigðum með ræðu hæstv. utanrrh. Ég tek undir það sem hv. þm. Kristín Einarsdóttir sagði: Hún var mjög rýr.

Það hefur verið beint hér í umræðunum fjöldanum öllum af fyrirspurnum til hæstv. ráðherra, bæði til hans sem utanrrh. og eins til hans fyrir hönd annarra ráðherra sem menn hafa unað að væru fjarstaddir þessa umræðu. Ég nefni t.d. hæstv. félmrh. varðandi vinnumarkað og fjölmargt annað. Hæstv. ráðherra vék ekki einu orði að því að reyna að svara þeim spurningum. Auðvitað gerist það stundum hér í þinginu í tímaþröng að ráðherrar fara þá leið að skjóta sér undan því að

svara spurningum og láta sem þeir hafi ekki heyrt það sem sagt var.

Ég hefði haldið í máli af þessu tagi þegar þjóðþingið er kallað sérstaklega saman tæpum einum og hálfum mánuði mánuði fyrir venjulegan þingtíma væri eðlilegt að hæstv. ráðherra sýndi þinginu þá virðingu að svara þeim spurningum sem menn hafa lagt fyrir hann eða fara í gegnum það hverju hann treystir sér ekki til að svara þegar þingmenn hafa lagt mikla vinnu í það í mörgum málefnalegum ræðum, sem hér hafa verið fluttar, að biðja um skýringar og umfjöllunaratriði. Ég tel þess vegna alveg nauðsynlegt í þessu máli að annaðhvort fái hæstv. utanrrh. tækifæri til þess, þar til nýr fundur verður haldinn, að fara yfir þær ræður sem hér hafa verið fluttar og átta sig betur á þessu og fá þá tækifæri til þess að koma hér aftur eða við verðum að bíða eftir þeim ráðherrum sem ríkisstjórnin hefur látið vera fjarverandi þessa umræðu og forsrh. hefur leyft að vera fjarverandi þótt umræðan sé mikilvæg. Ég nefni þar sérstaklega hæstv. félmrh. því það er alveg ljóst að vinnumarkaðurinn er einn af mikilvægustu þáttunum í þessari samningsgerð. Út af fyrir sig var það ekki krafa okkar í stjórnarandstöðunni að bíða eftir félmrh. en ef utanrrh. ætlar engu að svara fyrir hennar hönd, þá eigum við engan annan kost. Það er því ósk mín, virðulegi forseti, að hér verði gert hlé í nokkrar mínútur svo menn geti utan við fundarsalinn reynt að átta sig á því í sameiningu hvernig eigi að halda þessu áfram.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. hefur áður fjallað mjög rækilega um þriðja samningssviðið, félagsmálin. Félmrn. og ráðuneytisstjórinn þar hefur skilað afar ítarlegri greinargerð um það svið. Félmrn. hefur reyndar tekið þátt í ráðstefnum um það mál, það hefur verið birt í tímariti Sambands ísl. sveitarfélaga. Allar þessar upplýsingar eru gagnlegar, aðgengilegar og til þess fallnar að ræða í nefnd. Það er munur á hvort menn fjalla um meginatriði málsins, stefnu þess, kosti og galla almennt séð sem menn geta gert í almennum umræðum og svo hins vegar hin einstöku svið, hin einstöku fylgifrumvörp sem sjálfsagt er að fjalla um í nefnd. Það er engin ástæða til þess að gera ekki greinarmun á þessu tvennu.

Nú höfum við rætt málið í hálfan mánuð. Norska þingið mun ræða það í tvo daga. Er ekki kominn tími til að fara að ræða málið vandlega, nákvæmlega og fara ofan í saumana á því í smáatriðum í nefnd?

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst hæstv. utanrrh. ekki bæta málið með svona málflutningi. Með því orðavali sem hann viðhafði hér hefði verið hægt að segja að framsöguræða hans fyrir málinu hefði getað staðið eina mínútu og sagt: Ég hef hvað eftir annað lýst EES-samningnum, ég hef haldið um hann ráðstefnur, ég hef gefið út um hann kynningarrit og ráðuneytisstjórinn hjá mér og aðalsamningamaðurinn hafa fjallað um málið hvað eftir annað. Svo er hægt að skoða þetta í nefnd og setjast niður. Það er auðvitað á engan hátt boðlegt að koma hér upp og segja, varðandi það sem einstakir þingmenn hafa sagt um þetta efni, að vísa málinu með þessum hætti.

Hæstv. ráðherra sagði það aftur að umræðan hefði staðið í hálfan mánuð. Það er rangt, hæstv. ráðherra. Hún hefur ekki gert það. Við samþykktum það í fyrsta lagi að ráðherra fengi að fara í burtu tveimur dögum eftir að fyrsta vikan hófst. (**Utanrrh.:** Það var stjórnarskrármál, hv. þm.) Einmitt, það var nefnilega stjórnarskrármál, hæstv. utanrrh. Er þá ekki rétt að draga það frá og vera ekki með rangar fullyrðingar fyrst ráðherrann sjálfur grípur fram í að það hafi verið stjórnarskrármál? Síðan fór dagurinn í gær í bráðabirgðalögin sem ríkisstjórnin setti. Ég er ekki með það í kollinum hvað þessi umræða um EES-samninginn er búin að standa í marga daga en ég held þeir séu ekki nema fimm, hæstv. ráðherra. Fullyrðingar um að umræðan sé búin að standa hér í hálfan mánuð eru bara rugl, virðulegi ráðherra. Ég ætla að vona að staðreyndameðferðin um samninginn sjálfan sé vandaðri en svona fullyrðingar.

Ég endurtek þess vegna ósk mína um að menn geti rætt hér utan við þingsalinn um framhaldið. Ég hef engan áhuga á því að sú umræða fari fram hér í gegnum ræðustólinn. (Gripið fram í.) Formenn þingflokka og forsætisnefnd hafa verið að ræða saman í dag. Mér skilst að það hafi ekkert komið út úr því. Ég spurði forseta þingsins að því fyrr í dag, fyrir um það bil tveimur klukkutímum, hvað fundur ætti að standa lengi vegna þess að ég var búinn að binda mig annars staðar í kvöld. Ég fékk ekkert svar við því. Ég hef ekki hugmynd um það núna kl. 6 hvort fundur á að standa hér í kvöld vegna þess að forseti þingsins gat ekki svarað mér því um fjögurleytið. Það er m.a. þess vegna, virðulegi þm., sem ég tel nauðsynlegt að menn ræði þetta sín á milli og það sé reynt að skýra það fyrir þingmönnum svo að við vitum öll hvert framhaldið verður en séum ekki í þeirri óvissu að þingmenn geti ekki einu sinni skipulagt tíma sinn frá einum klukkutíma til annars.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti telur rétt að verða við beiðni hv. 8. þm. Reykn. um að fresta fundinum í 15 mínútur. — Ef hv. 8. þm. Reykv. óskar að taka til máls um gæslu þingskapa áður en fundi verður frestað er honum það heimilt.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Forseti er búinn að kveða hér upp úrskurð sem ég ætla út af fyrir sig ekki að andmæla. Ég hefði hins vegar talið alveg óþarft að fresta hér fundinum vegna fundahalda á vettvangi þingflokksformanna. Ég tel sjálfsagt að halda slíkan fund fyrst um það er beðið og forseti beitir sér fyrir því, annaðhvort með forsætisnefnd eða þeim aðilum að henni sem hér eru viðstaddir eða þingflokksformönnum. Ég tel hins vegar óþarft að stöðva þinghaldið á meðan. Eðlilegra

væri að sá sem næstur er á mælendaskrá fengi tækifæri til þess að flytja sína ræðu en það mun einmitt vera sá sem bað um þennan frest. Ég er hins vegar ekki í hópi þeirra sem hann leggur til að haldi nú fund. Forseti hefur kveðið upp sinn úrskurð, gerði það áður en ég fékk tækifæri til þess að koma þessu á framfæri. (Gripið fram í.) Það er forsrh., það er sama. Ekki er hann á þessum vettvangi. En ég ætla ekki að deila við forseta um þetta. — [Fundarhlé.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en umræðan hefst að nýju um 1. dagskrármálið vill forseti skýra frá því að það hefur orðið samkomulag um það að þessari umræðu verði nú haldið áfram til kl. 8 í kvöld. Á mánudag fer hér fram utandagskrárumræða um atvinnumálin, eins og fyrirhugað hefur verið, og á miðvikudag er fyrirhugað að ljúka umræðunni um EES-málið og stjórnarskrármálið. Þetta er það samkomulag sem gert var og nú mun umræðan um 1. dagskrármálið tekin upp að nýju.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það hefur verið kvartað hér undan því að við höfum ekki fengið svör við þeim brennandi spurningum sem hafa komið fram í umræðum. Ég vil aðeins bæta við þann lista að hæstv. sjútvrh. hefur ekki svarað mjög áríðandi, alvarlegum spurningum sem fyrir hann hafa verið lagðar og nauðsynlegt er að fá svör við, m.a. spurningum frá þeirri sem hér stendur.

Ég vil bara halda þessu til haga og ég hef gert honum grein fyrir þessu persónulega í einkasamtali og ég vonast til að umræðunni ljúki ekki án þess að við fáum svör hans. Nógu slæmt er það að vera hér að ganga frá 1. umr. málsins án þess að hafa séð nokkurn stafkrók skjalfestan um tvíhliða samning.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur þegar staðið drjúgan tíma hér í þinginu og mun væntanlega eiga drjúgan tíma eftir því að hér er eingöngu verið að stefna að því, samkvæmt yfirlýsingu forseta, að ljúka senn 1. umr. um þetta mál. Við eigum samleið í þessu máli með mörgum öðrum þjóðum og því er fróðlegt að átta sig á því með hvaða hætti þær standa að málinu. Það er alveg ljóst að almennar umræður um þetta mál eru miklu tímafrekari og hugsanlega einnig ítarlegri en gerist í nokkrum þingum annars staðar. Eftir því sem ég best veit mun atkvæðagreiðsla eiga sér stað um málið í norska Stórþinginu í lok september og almennar umræður standa þar samtals í tvo daga. Atkvæðagreiðsla mun eiga sér stað á þinginu í Finnlandi 30. okt. og ekki er gert ráð fyrir mjög miklum umræðum. Atkvæðagreiðsla verður á þingi í Austurríki í lok september, í Svíþjóð verða umræður 18. og 19. nóv. og síðan atkvæðagreiðsla. Í Sviss hefur þegar átt sér stað umræða í þrjá daga og 126 ræður voru fluttar á þessum þremur dögum. Þar eru þingmenn 200 og það, að umræðan skyldi standa þrjá daga, varð til þess að umræðurnar hafa verið kallaðar umræður aldarinnar í Sviss. Ég veit ekki hvað þeir mundu kalla umræður, eins og við erum vön að hafa hér um mál af þessu tagi. Allt er þetta mjög fróðlegt, ekki síst fyrir þau okkar sem venjum okkur á að tala mjög lengi og ítarlega, sjálfsagt af því að sum okkar hafa meira til málanna að leggja en aðrir.

Mér finnst nauðsynlegt að þetta komi fram hér svo menn átti sig á því hvernig aðrir fara að því áður hefur komið fram í umræðum, m.a. hjá hv. 4. þm. Austurl., samanburður á því með hvaða hætti aðrar þjóðir EFTA-ríkjanna hafa viljað standa að þessum málum hjá sér. Þess vegna finnst mér eðlilegt að við áttum okkur á því með hvaða hætti þær standa að þessum þáttum.

Á þessum dögum hefur auðvitað margt komið fram. Því hefur verið haldið fram, bæði í þingskapaumræðum og við önnur tækifæri, að ótal spurningum sé ósvarað í málinu og sjálfsagt er það alveg rétt. Það vill þannig til að þeir sem kvarta mest yfir því að ótal spurningum sé ósvarað eru fulltrúar þeirra flokka sem þegar hafa gert upp við sig afstöðu til málsins, reyndar fyrir löngu, án þess að þeim spurningum hafi verið svarað, hvað þá fjölmörgum öðrum spurningum sem þegar hefur verið svarað í þessum umræðum. Er það ákaflega merkilegt að þessum ágætu flokkum skuli hafa tekist að gera upp við sig afstöðu til málsins svo löngu fyrr en svo miklum fjölda spurninga var svarað, eins og þegar hefur verið svarað, og ég tala nú ekki um ef svo mörgum spurningum er enn þá ósvarað í málinu.

Þrátt fyrir þetta verð ég að segja eins og er eftir að hafa hlýtt á megnið af þessum umræðum að efniságreiningur í þessu máli er að mínu viti miklu minni en maður mundi ætla út frá þeim tíma sem í þessa umræðu hefur farið. Í raun þarf það ekki að koma á óvart því, eins og við höfum margoft rætt og tekið fram, höfðu fjórir flokkar af fimm annaðhvort með afstöðu sinni eða þátttöku unnið að málinu efnislega í tvö ár, fyrst tveir af núverandi stjórnarandstöðuflokkum og síðan, eftir að þessi stjórn var mynduð, hefur þriðji flokkurinn unnið að því í 16 mánuði og allan tímann Alþfl., fjórði flokkurinn. Því er ekki undarlegt þó að ekki sé mjög mikill efniságreiningur um málið sem svo margir flokkar hafa unnið jafnlengi að og ætluðu sér að klára og fæstir vissu annað en flokkarnir, a.m.k. þessir fjórir, hefðu hug á að ljúka þessu máli nema eitthvað sérstakt kæmi upp. Ég hygg að afskaplega erfitt verði fyrir þessa flokka að koma því inn hjá Íslendingum með sannfærandi hætti hvers vegna þeir hafa breytt um stefnu, þ.e. þessir tveir flokkar sem virðast hafa breytt um stefnu í málinu frá því sem var þegar þeir voru í ríkisstjórn. Ég hygg að þær skýringar sem hér hafa verið gefnar í þinginu muni virka afskaplega ósannfærandi á íbúa þjóðarinnar. Það verði ekki önnur skýring eftir þegar upp verður staðið en hrein tækifærismennska sem ekki hefur þótt fín í stjórnmálum þó að sjálfsagt hafi flestir stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar einhvern tíma lent í því að falla fyrir slíku.

Til að mynda hefur Alþb. tekið þá afstöðu að vera á móti málinu þó að það hafi áður unnið að því innan ríkisstjórnar og auðvitað samþykkt innan ríkisstjórnar

að utanrrh. eyddi mestum starfstíma sínum á þeim rúmu tveimur árum sem þeir voru saman í stjórn í að fjalla um þetta mál og með ærnum kostnaði. En þeir hafa ekki einu sinni látið sér nægja að vera á móti málinu heldur hafa þeir tekið þá sérkennilegu afstöðu að breyta um tilhögun og vilja núna tvíhliða samning og þar vilja þeir ná fram öllu hinu sama og þeir eru á móti í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þetta er afskaplega sérkennileg staða enda er von að hv. 4. þm. Norðurl. e. bresti í hlátur þegar hann áttar sig á þessari stöðu og ef ég væri ekki í ræðustólnum, þá mundi ég hlæja með honum og ég er viss um að þjóðin öll hlær einmitt að þessu háttarlagi Alþb., að standa fyrst með málinu, síðan að vera á móti því og segjast gera það af efnislegum ástæðum, síðan gera kröfu um tvíhliða samninga þar sem einmitt náist fram það sem þeir eru á móti í samningum um hið Evrópska efnahagssvæði. Þetta er afskaplega sérkennileg staða svo að ekki sé meira sagt en við vitum af hverju hún er uppi með þessum hætti. Flokkurinn gat ekki komið sér niður á neina heillega stefnu í málinu eins og aðstoðarmaður hæstv. fyrrv. fjmrh. hefur lýst svo makalaust vel og ætti auðvitað að lesa oft upp í þinginu með hvaða hætti þessu máli lyktaði hjá húsbónda hans forðum í Alþb. Við höfum fulla samúð með þessum sjónarmiðum og þessari stöðu sem Alþb. er í, en hún er afskaplega sérkennileg.

Varðandi Framsfl. þá hefur mér þótt sem sá flokkur væri mun meira sammála ríkisstjórninni, sem vonlegt var, enda forustuflokkur í síðustu ríkisstjórn sem vann að málinu. Hann hefur sýnt miklu meiri samstöðu í raun með ríkisstjórninni en stjórnarandstöðunni, a.m.k. efnislega í málinu. Mér varð það að vísu á eins og flestum öðrum, t.d. hygg ég einnig flestum fréttamönnum, að misskilja ræðu formanns flokksins, en formaður þingflokksins, hv. 1. þm. Norðurl. v., hefur nú leiðrétt það efni og tekið fram að sú mynd sem bæði ég og fjölmiðlarnir fengum af ræðu formanns Framsfl. var ekki rétt, formaðurinn og flokkur hans væru ekki efnislega sammála samningnum og það nægði ekki að til að mynda stjórnarskránni væri breytt til þess að efnisleg samstaða væri með málinu. Þannig skildum við málið sem hlýddum á ræðu formanns Framsfl. Ég hef reyndar lesið þá ræðu yfir og ég tel að við sem misskildum málið að mati hv. þm. Páls Péturssonar höfum haft ærna ástæðu til þess.

Ég tel líka að það sé afskaplega erfiður róður og erfið staða fyrir formann Framsfl. og Framsfl. að taka upp þann hátt núna að í raun hafi þeir ekki áttað sig á því að stjórnarskrárbreyting þyrfti að koma til ef samningurinn ætti að verða að veruleika. Það er von að menn tali um það með þeim hætti að eitthvað nýtt hafi gerst til að útskýra þetta og rökstyðja þetta vegna þess að fyrir almenning í landinu blasir myndin þannig við að þessir menn hefðu auðvitað, þessir flokkar og Framsfl. alveg sérstaklega, beitt sér fyrir því fyrst slík velvild er víða í flokknum fyrir Evrópska efnahagssvæðið og var í ríkisstjórninni sem áður var að við síðustu þingkosningarnar yrði gerð nauðsynleg breyting á stjórnarskránni ef menn töldu það nauðsynlegt í raun. Ekki er frambærilegt að halda því fram að þetta hafi menn uppgötvað eftir kosningar. Formaður Framsfl. hefur sagt hér að hann mundi núna, væri hann forsrh., beita sér fyrir breytingu á stjórnarskránni. Um þetta þyrftu menn ekki að efast. En ekkert slíkt hefur gerst í millitíðinni sem hefði ekki átt að verða til þess að sami maður og sami flokkur hefðu beitt sér fyrir þeirri breytingu í tengslum við síðustu kosningar eins og jafnan er gert eða reynt að gera þegar menn ganga í stjórnarskrárbreytingar.

Þegar hefur komið fram, til að mynda af hálfu hv. 4. þm. Austurl., að hann hafi vakið athygli á því, svo fljótt sem á miðju ári 1990, að stjórnarskrárbreyting væri algerlega nauðsynleg og formaður Framsfl., hv. 7. þm. Reykn., sagði sjálfur í þingræðu og var þá ekki bara að tala um sjálfan sig heldur líka félaga sína í ríkisstjórninni, þar með talið Alþb., með leyfi forseta:

„Ég fyrir mitt leyti og við í síðustu ríkisstjórn féllumst á það að samþykkja EES-dómstól þótt sannanlega megi færa fyrir því rök að það sé yfirþjóðleg stofnun."

Sami maður telur að samþykki menn yfirþjóðlegar stofnanir verði menn að breyta stjórnarskránni. Hann hafði og flokkur hans og samstarfsflokkarnir, þar með talið Alþb., samþykkt EES-dómstól þótt sannanlega megi færa fyrir því rök að slíkur dómstóll sé „yfirþjóðleg stofnun". Þessar setningar og aðrar slíkar hljóta að sannfæra menn um að það er tækifærismennskan, hrein tækifærismennska sem menn grípa til þegar þeir bera nú fyrir sig til þess að þurfa ekki að taka efnisafstöðu í málinu að breyta þurfi stjórnarskránni og þess vegna geti þeir ekki, ef það er ekki gert, stutt málið. Reyndar er það svo að í riti sem ráðherrarnir höfðu, sem varð til um mitt ár 1990, sem heitir Stutt yfirlit yfir stöðu mála við upphaf samninga EFTA-ríkjanna og EB, er sagt og skýrt svo frá eins og þar segir, með leyfi forseta:

„EB hefur jafnframt verið tjáð að viðkomandi ríki", þ.e. EFTA-ríkin „ætli ekki að breyta stjórnarskrám sínum vegna þess", þ.e. vegna EES-samningsins. Nýlegir dómar Hæstaréttar hafa undirstrikað að leitast skuli við að skýra lög í samræmi við þjóðaréttarsamninga sem Ísland er aðili að." Þannig er í gögnum sem ráðherrarir höfðu auðvitað allir og eru ekki neitt trúnaðarmál, frá því skýrt um mitt ár 1990 að EFTA-ríkin og þar á meðal Ísland hafi tilkynnt EB þá þegar að þeir ætluðu ekki að breyta íslensku stjórnarskránni. Þessar upplýsingar, sem eru sendar Evrópubandalaginu af hálfu EFTA-ríkjanna og þar með talið Íslands, segja auðvitað að menn höfðu athugað þennan þátt alveg sérstaklega og tekið efnislega afstöðu um það að ganga til EES-samninganna án þess að breyta stjórnarskránni. Þetta á bæði við um Alþb., Alþfl. og Framsfl. og fram hjá þessu geta menn ekkert horft frekar en ummælum hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifs Guttormssonar, sem kom því á framfæri við þingið og auðvitað við flokk sinn, ríkisstjórnarflokk, þegar á árinu 1990 að ekki væri hægt að gerast aðili að hinu Evrópska efnahagssvæði nema breyta stjórnarskránni. Sú málsmeðferð og sá málatilbúningur að taka málið upp með þessum hætti

núna er því í meira lagi ótrúverðugur svo ekki sé dýpra tekið í árinni. Ég býst við því að flestum sem setja sig inn í þetta mál verði ljóst að það er fyrirsláttur einn að taka málið nú upp á þessum vettvangi og gera það að aðalatriði málsins að breyta þurfi íslensku stjórnarskránni eigi menn að ganga til samninganna um hið Evrópska efnahagssvæði. Fortíðin í málinu, öll gögn, sýna að menn höfðu fjallað um það atriði og tekið afstöðu til þess, jafnvel menn sem segja í þessum ræðustól, eins og formaður Framsfl., að „við í ríkisstjórninni höfðum fyrir okkar leyti samþykkt EES-dómstól sem í fólst yfirþjóðlegt vald". Þeir höfðu samt tekið þá afstöðu að ekki bæri að breyta hinni íslensku stjórnarskrá og þeir höfðu látið viðsemjandann í Evrópubandalaginu vita af því. Það er afskaplega athyglisvert.

Hér hefur farið fram töluverð umræða um stjórnarskrárþátt málsins og þar liggja fyrir góð gögn í málinu. Ég hef fyrir mitt leyti sagt að ég hef ekki viljað fara í neitt manngreinarálit um hæfni þeirra aðila sem hlut hafa átt að slíku. Langbest væri að hver og einn læsi þau gögn ítarlega yfir, reyndi að vega og meta innihald þeirra, rök og mótrök, rök og gagnrök og fræðilegan bakgrunn og eftir slíkt komast að niðurstöðu. Því miður hafa ekki allir þingmenn kosið þennan kostinn og sumir þingmenn hafa reynt að gera ákveðin atriði í þeim efnum tortryggileg. Til að mynda gerði hv. 8. þm. Reykn. annars vegar a.m.k. hluta af sérfræðinganefnd, sem skilað hefur áliti í málinu, tortryggilega vegna fyrri afskipta þeirra af málinu en hins vegar hóf mjög til skýjanna þá fræðimenn sem hann vildi frekar leggja trúnað á í löngu máli um ágæti þeirra aðila sem ég er út af fyrir sig ekkert að draga úr. Lofsöngurinn var gríðarlegur og meira að segja voru þeir sjálfir kallaðir til vitnis um eigið ágæti. Ekki nægði lofsöngur þingmannsins sjálfs heldur var vitnað til þeirra sjálfra um hvílíkt væri þeirra ágæti. Þingmaðurinn sem ég nefndi, hv. 8. þm. Reykn., þegar hann var að fjalla um sérfræðinganefndina sem hann ættfærði reyndar ætíð sem fjórmenninga utanrrh., sagði á þessa lund þegar hann hafði nafngreint þessa fjóra menn sem menn þekkja hér:

„En það er auðvitað ekki traustvekjandi að tveir þessara manna hafa með margvíslegum hætti unnið að málinu fyrir ríkisstjórnina" rétt eins og það í sjálfu sér ætti að gera það að verkum að dómar þeirra væru tortryggilegir. Það var dregið fram með þeim hætti. Hins vegar þegar hann vitnaði til ummæla í blaðaviðtali við Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmann fann hann auðvitað ekki neitt að því þó sá ágæti lögmaður hefði unnið gríðarlega mikið fyrir til að mynda hv. þm. Hjörleif Guttormsson sem iðnrh. á sínum tíma sem þingmaðurinn kallaði sjálfur ákafasta andstæðing EES-samningsins. Reyndar verð ég alveg að segja eins og er að í þeim þáttum sem þessi þingmaður, hv. 8. þm. Reykn., fjallaði um hinar fræðilegu ritgerðir, tók hann einu þættina úr þessum yfirlýsingum og ritgerðum sem voru ófræðilegir og kannski einu þættina sem voru virkilega til vansa og komu fræðimennsku ekkert við og köstuðu rýrð á annars að mörgu leyti fræðilega uppbyggingu þeirra fræðimanna sem hann var að vitna til.

Í sjálfu sér geri ég ekkert með það þó að þingmaðurinn, þegar hann fjallaði til að mynda um Ragnar Aðalsteinsson, gerði mikið úr því að lögmaðurinn sjálfur lýsti aðferðum sínum sem mjög trúverðugum og sagði eins og þingmaðurinn sagði, með leyfi forseta:

„Ég beiti meiri varkárni í mínum aðferðum sem lögmaður en ég hef ekki sama léttleika í þessu og þeir." Þetta fannst þingmanninum gríðarlegt innlegg í hina fræðilegu deilu í málinu. Þetta er engin fræðileg umsögn af hálfu þessa ágæta lögmanns og er ekki honum til fræðilegs styrkleika frekar en ummæli Guðmundar Alfreðssonar um ævintýramennsku í lögfræði. Slíkar yfirlýsingar eiga miklu frekar heima úr pólitískum munni, til að mynda beint úr munni þingmannsins sjálfs því að þær koma fræðimennsku ekkert við frekar en margt sem kemur auðvitað frá þingmanninum eins og öðrum þingmönnum.

En þingmaðurinn lagði megináherslu á þetta og slík atriði þegar hann var að véla um þær greinargerðir sem liggja fyrir um það álitaefni hvort samningur um Evrópskt efnahagssvæði brjóti í bága við stjórnarskrána.

Ég vek athygli á einu litlu dæmi í þessu sambandi því að hv. 8 þm. Reykn. gerði afskaplega mikið úr því. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Það liggur við að þessir menn séu komnir með hugann hálfan út í Brussel og komnir með vegabréfið blátt með gylltum stjörnum, fyrst þeir ekki einu sinni strika út úr sínum eigin texta og segja þá kannski bara stjórnvalda og Alþingis, fyrst þeir halda fram þeirri kenningu að Alþingi væri ekki hluti af stjórnvöldum." Ég minnist þess að þingmaðurinn hló við í ræðustólnum yfir þessum fáránleika öllum og sagði: Nei, takk. Þeir segja: Samstarfið milli íslenskra stjórnvalda og Alþingis, „makalaus setning" sagði þingmaðurinn, með leyfi forseta og bætti við, með leyfi forseta: „Á óruggglega eftir að lifa lengi í lögfræði og sögu þjóðarinnar." Hann gerði þetta að miklu efni til þess að sýna fram á að því er virtist á hvers konar plani þessir lögvísindamenn væru að detta í þennan pytt, „makalaus setning". En hann hefði eins getað flett upp Lögbók fyrir byrjendur og almenning eftir Björn Þ. Guðmundsson sem telur rétt að taka sérstaklega fram og víkja sérstaklega að því að menn megi ekki blanda saman stjórnvöldum og Alþingi. Þar sé um tvo ólíka þætti að ræða. En hv. þingmaður gerði gríðarlega mikið úr þessu. Þetta átti nú að sýna hvers konar lögmenn væru hér á ferðinni. „Makalaus setning" sagði þingmaðurinn og hló við í ræðustólnum. En maðurinn sem þingmaðurinn trúir mest á, prófessorinn sem réði því eins og þingmaðurinn sagði sjálfur hverjir væru lögfræðingar og hverjir væru dómarar í riti fyrir byrjendur og almenning tekur sérstaklega fram að menn megi ekki rugla þessu atriði saman, þ.e. að stjórnvöld og Alþingi séu eitt og hið sama. Þar verði að gera á grundvallarmun. Svona var þessi umfjöllun og svona fór þessi þingmaður flatt á því með þessum hætti að reyna að gera þessi nefndarálit tortryggileg.

Ég lít þannig á og ég legg á það megináherslu að

þegar menn skoða þennan þátt, sem ég hef sagt fyrir mitt leyti að menn eigi auðvitað að skoða af mikilli alvöru, álitaefnið um stjórnarskrána, og þingið mun auðvitað gera það og samkvæmt þingsköpum, mun gera það með mjög vönduðum hætti með sérstakri nefnd sem fjallar um það efni og ekki annað, nefnd sem sérstaklega er tengd slíku máli, þá eigi menn að reyna að gera þetta með fræðilegri hætti en ekki með svo billegum hætti, ég vil segja lágkúru, eins og þessi dæmi sem ég var að nefna eru talandi um og voru meginefnið og uppistaðan í rökstuðningi þingmannsins varðandi þetta mikla álitaefni sem hann vill gera mikið úr.

Eins og ég hef áður sagt held ég að þeir þættir þessara álita sem eru virkilega fræðilegir, og það eru þeir sem betur fer og í flestum efnum, er tekið fræðilega á hlutum þarna, að vísu misþungt kannski, þá eigi það að vera góður grundvöllur til málefnalegrar umræðu um þessi efni í þinginu.

Eins og ég sagði út af þessum löngu umræðum þá hefur a.m.k. ekki blasað við mér blasað jafnmikill efnislegur ágreiningur um þetta mikla mál eins og ég hefði haldið. Ég hef gefið þá skýringu á því að það sé vegna þess að menn höfðu unnið að þessu í samtals jafnvel á fjórða ár og þeir sjá það sjálfir að það væri fáránleg staða fyrir flokk eins og Alþb. og Framsfl. að finna þessum samningum flest til foráttu, samningnum sem sjálfur þáv. hæstv. forsrh. í febrúar 1991, skömmu fyrir kosningar í heilsíðuviðtali með flennifyrirsögn, fullvissaði íslenskan almenning um fyrir kosningar. EES, ekkert að óttast. Ef EES-samningarnir eru jafnhræðilegir eins og sumir vilja vera láta hér í salnum, þá hlýtur yfirlýsing með þessari fyrirsögn í flokksmálgagni af hálfu formanns Framsfl. að vera hræðileg blekking, vera hræðileg blekkingaraðgerð að segja tveimur og hálfum mánuði fyrir kosningar eða svo í flennifyrirsögn: „EES, ekkert að óttast." Þetta var sagt fyrir kosningar því fólki sem átti að kjósa til þingsins og a.m.k. það fólk, sem kaus Framsfl. undir forustu formanns flokksins, vissi að varðandi EES var allur málatilbúnaðurinn þannig að þar væri ekkert að óttast. Auðvitað var þetta rétt hjá hæstv. þáv. forsrh. Hræðsluáróðurinn sem þá var reynt að kynda undir af hálfu hv. 4. þm. Austurl. var þá rétt eins og nú einskis virði. Það var ekkert að óttast og það er ekkert að óttast. Verst er ef sá, sem sagði þjóðinni fyrir kosningar að það væri ekkert að óttast, er núna sjálfur farinn að óttast eitthvað af einhverjum ástæðum án þess að hægt sé að sýna fram á neinar meginbreytingar sem gerðar hafa verið síðan. Það er meginatriðið að stjórnarandstöðunni hefur ekki tekist, og þá einkum þessum tveimur flokkum sem bar skylda til þess, að sýna fram á neinar slíkar breytingar að réttlætt gætu slíka kúvendingu. Þá er tækifærismennskan ein eftir.

Í mínum huga er enginn vafi á því að EES-samningurinn gefur þessari þjóð tækifæri sem við eigum að grípa og möguleika sem við verðum að virkja og nýta. Ég fyrir mitt leyti tel að það væri mikið glapræði ef menn misstu það tækifæri. Að því leyti til held ég að flokkarnir tveir sem nú eru í stjórnarandstöðu með Kvennalista, Alþb. og Framsfl., hafi verið að gera gott og rétt. Þeir unnu vel og lengi að þessu mikla máli og þeir töldu og lýstu því yfir slag í slag þegar stjórnarmyndunarviðræður stóðu fyrir dyrum að um þetta mál yrði ekki ágreiningur til að mynda við Alþfl. „Ég," sagði hv. 8. þm. Reykn., „mun sjá um Hjörleif varðandi EES." Það var eina vandamálið. Það var allt vandamálið þá og ég tel að þeir hafi verið að gera rétt og ég tel að hv. 8. þm. Reykn. hefði gert rétt í því að sjá um Hjörleif ef sú stjórn sem vann að EES-samningnum hefði verið áfram og haldið áfram að vinna að EES-samningnum. Ég held reyndar að hann hafi — kannski óviljandi — verið að segja satt. Hann hefði séð um Hjörleif og þeir hefðu allir dansað með, þeir sem dansa núna á móti EES-samningnum.

Það er ekkert land eða a.m.k. fá lönd sem eru jafnháð utanríkisviðskiptum og okkar land. Við vitum líka að með þeim hætti sem við höfum nýtt kosti okkar í utanríkisviðskiptum höfum við leitt til þess að lífskjör í þessu landi hafa batnað mikið. Að mínu viti munu haftalaus milliríkjaviðskipti, aukin verkaskipting og hagkvæmni sem af þeim leiðir auka hagvöxtinn í landinu sem við virkilega þurfum á að halda. Við höfum búið við minnkandi hagvöxt um sex ára skeið og þess vegna væri það glapræði að missa af þessu tækifæri. Ég tel að fyrir ríki eins og Ísland þar sem saman fer að innanlandsmarkaður er afar lítill miðað við afköst útflutningsatvinnuveganna, þar sem útflutningur er jafnmikilvægur og hér er og þar sem við þurfum að flytja inn mikið af hráefnum og öðrum nauðsynjum, þá geti alþjóðleg efnahagsþróun og með hvaða hætti við fylgjumst með henni skipt sköpum fyrir okkur.

Við tökum eftir því að ríki sem eru margfalt stærri og fjölmennari en við og ekki jafnháð utanríkisviðskiptum og við telja sig alls ekki mega fara á mis við að taka þátt í þeim samskiptum með þeim hætti sem þau ætla að gera og við höfum viljað gera, þ.e. þeir fjórir flokkar sem hafa unnið að málinu fram að þessu.

Hér í umræðunum hafa menn óttast erlend áhrif. Það hefur komið fyrir áður í umræðum um mikilvæga samninga. Sá ótti hefur reynst ástæðulaus. Þeir flokkar sem þá ólu á slíkum ótta ættu nú að sjá að sá ótti reyndist ástæðulaus. Þeir hafa ekki, þrátt fyrir að þeir hafi haft mörg tækifæri til, reynt að snúa af þeirri braut sem þeir vöruðu við þá. Þeir ættu þess vegna að átta sig á því að það sama mun gerast nú og þeir eru rétt eins og þá á villigötum. Þeir voru það ekki í ríkisstjórnarsamstarfi með Alþfl. og þeir hefðu átt að halda sínu striki í þeim efnum.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. ræddi um það í sinni ræðu hér fyrr að við ættum að reyna að minnka hlutdeild í viðskiptum við Evrópu. Út af fyrir sig get ég verið honum sammála að við eigum að reyna að hafa efnahags- og viðskiptatengsl sem víðast. Ég held að viðskiptatengslin við Evrópu og viðskiptin við Evrópu hafi reynst okkur mjög traust og haldgóð þótt auðvitað sé skynsamlegt og eðlilegt að hafa tengsl víðar. Ef við skoðum Evrópska efnahagssvæðið þá er ljóst að nálægt 75% af okkar vöruútflutningi fara til þessa svæðis. Það er líka ljóst að mjög stór hluti af öðrum

tekjum okkar, til að mynda tekjum af ferðamönnum, kemur frá þessu svæði.

Ég tel að Evrópubandalagið muni auðvelda viðskiptaleikreglurnar fyrir ríki sem innan vébanda þess starfa eins og verið er að gera og hefur verið gert. Það er afskaplega mikilvægt fyrir okkur að tryggja okkur með samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði vegna hinnar miklu hlutdeildar sem ég var að nefna, bæði í vöruútflutningi, ferðaþjónustu og fleiru. Þá eigum við þann aðgang sem evrópski efnahagssamningurinn tryggir okkur vegna þess að nálægari, auðveldari og hömlulausari viðskipti milli Evrópuríkjanna sjálfra, sem ekki standa öðrum til boða, munu eðlilega þrengja okkar kost. En við komumst hjá því ef við fylgjum eftir samningnum um Evrópskt efnahagssvæði.

Ég tel líka að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði falli í mjög mörgum efnum að því gildismati sem er ofarlega í huga okkar Íslendinga og þá á ég ekki síst við þá áherslu sem er í samningnum á að gefa einstaklingum og fyrirtækjum aukinn rétt og aukna möguleika á kostnað þeirra möguleika sem stjórnvöldin hafa til að skerða rétt einstaklinga og fyrirtækja. Þegar það er gert, sem felst í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði og þeirri þróun sem þar er að gerast, þá ýtir það undir meira frelsi í viðskiptum, meiri samkeppni, meiri hagkvæmni og betri lífskjör.

Ég held að það hafi ekki verið hægt að sýna fram á það í umræðum hér að þessir þættir séu okkur ekki að öllu leyti til hagsbóta. Ég hygg að það hafi ekki verið hægt að sýna fram á það enda hefði það verið sérkennilegt ef það hefði verið hægt af hálfu flokka eins og Alþb. og Framsfl. sem unnu vel að undirbúningi þessa máls og eiga ríkar þakkir skildar fyrir þann undirbúning. Þeir ættu ekki að missa það tækifæri sem þeir höfðu til að taka nú í fyrsta skipti þátt í jákvæðum breytingum í samskiptum við erlend ríki. Áður hefur þeim mistekist að taka þátt í slíku. Þá héldu þeir sig við einangrun og hræðsluáróðurinn. Þeir höfðu tækifæri til að gera það ekki núna. Þeir höfðu undirbúið það tækifæri sjálfir mjög vel og það er harmsefni að þeir skuli falla í þá gildru sem þeir hafa sjálfir lagt, að missa af slíku tækifæri.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. gat þess í ræðu sinni að þeir sem gert hefðu upp hug sinn gagnvart þessum samningi kvörtuðu mest undan því að spurningum væri ósvarað. Ég tek þetta til mín en mitt svar er að það er mjög mikilvægt að fá svör við því hvort menn gera sér grein fyrir því hvað þessi samningur felur í sér og hvaða afleiðingar hann hefur. Ég fæ ekki betur séð af þeirri umræðu, sem hér hefur farið fram, en að það sé harla fátt um svör. Menn bara slá því fram að samningurinn feli í sér ýmsa möguleika án þess að rökstyðja það nokkuð frekar.

Forsrh. hélt því fram að menn héldu hér uppi hræðsluáróðri. Það kann að vera að einhverjir séu hræddir en í mínum huga er þetta ekki spurning um ótta heldur spurning um það hvaða stöðu Ísland ætlar að taka sér í heimi þjóðanna, í samfélagi þjóðanna. Þetta er spurning um stefnu, þetta er spurning um framtíð, þetta er spurning um hugmyndafræði. Við erum hér að vega og meta kosti og galla þessa samnings. Það er alger óþarfi að gera lítið úr skoðunum þeirra sem eru andvígir þessum samningi. Við metum það einfaldlega svo að gallarnir séu meiri en kostirnir. Það er niðurstaðan að vandlega athuguðu máli.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hlýtur að vefjast fyrir mönnum hvernig flokkar gátu tekið afstöðu jafnfljótt um það að vera á móti þessu máli en halda því fram um leið að nú eftir fimm daga umræður sé enn stórum spurningum ósvarað og kvarta mjög hart undan því. Ég vek athygli á því að við gerum ráð fyrir því að við 1. umr. máls komi fram meginsjónarmið flokkanna. Síðan gerir okkar ágæta fyrirkomulag, sem þetta þing byggir á, fulltrúum allra flokka — og allir þingmenn allra flokka hafa aðgang að sínum mönnum í þingnefndum — að afla þeirra upplýsinga og þeirra svara sem vantar. Það er ekki verið að afgreiða málið endanlega. Það er engin leið að gera kröfu til þess að við 1. umr. málsins liggi fyrir svör við öllum spurningum sem mönnum dettur í hug að spyrja. Við 1. umr. eru menn fyrst og síðast að ræða meginefni máls en spurningar um einstök atriði, tæknilegs eðlis og þess háttar, hljóta menn að leita svara við í þingnefndum. Ég tel að öllum lykilspurningum hafi verið svarað. Ef einhverju er ósvarað, þá hafa menn tækifæri til þess bæði hér við seinni umræður og ég tala nú ekki um í utanrmn., þar sem fram fara ítarlegar og miklar umræður um málið. Nú þegar hafa farið fram ítarlegar og miklar umræður um málið.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hæstv. forsrh. að þetta mál hefur verið lengi í undirbúningi og þar af leiðandi hafa menn haft býsna góðan tíma til að kynna sér málið og fylgjast með þróun þess. Allan þann tíma hafa vaknað margar spurningar og margra spurninga hefur verið spurt. Mörgum grundvallarspurningum hefur ekki verið svarað. Þessi umræða sem hér fer fram snýst ekki eingöngu um okkur. Hún snýst náttúrlega um það að við erum að fara ofan í þetta mál og upplýsa fyrir þjóðinni. Það er vel fylgst með þeim umræðum sem hér eiga sér stað. Þeim eru gerð skil í fréttum útvarps og sjónvarps og sérstökum þáttum og það er skylda okkar að upplýsa þetta mál og að við göngum til þeirrar vinnu sem fram undan er í nefndum með sem bestar upplýsingar. Auðvitað munum við halda áfram að spyrja spurninga. Það sem ég er að leggja áherslu á er það að mér finnst að ríkisstjórnarflokkarnir séu í eins konar trúboði og að þeir neiti að horfa á þá staðreynd að það eru auðvitað bæði kostir og gallar á þessum samningi. Menn eiga að horfa á þetta raunsæjum augum, vega og meta, en ekki að mála skrattann á vegginn. Það er sem betur fer enginn að því að mínu mati. Síðan draga menn sínar ályktanir af því sem fram kemur. Ég tel mig og okkur kvenna-

listakonur, sem höfum unnið mjög mikið og vel í þessu máli, hafa komist að þeirri niðurstöðu sem ég sagði hér áðan, að gallarnir séu fleiri en kostirnir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ræða hæstv. forsrh. hlýtur að vekja margar spurningar og út af fyrir sig nokkuð hörð viðbrögð. Ég vil byrja að spyrja hæstv. forsrh. hvað hann átti við. Það nægir ekki bara að slá um sig með fullyrðingum þegar hann segir að aukin verkaskipting þegar við værum komin í EES mundi leiða til hagnaðar og mikilla hagsbóta fyrir Ísland. Ég spyr vegna þess að hæstv. utanrrh. upplýsti okkur um það fyrr í þessari umræðu að þar sem við erum sérfræðingar í samfélagi þjóðanna, sjávarútveginum, væru frekari möguleikar til vaxtar uppurnir.

Nú ætla ég ekki að neita því að svona geti þetta verið en vil bara spyrja hæstv. forsrh. hvaða möguleika hann átti þarna við að við mundum nýta okkur í aukinni verkaskiptingu evrópskra þjóða. Þetta geri ég í allri vinsemd.

Síðan spyr ég líka hvað hann átti við er hann nefndi hann Alþb. og Framsfl. Nú ætla ég ekki að spyrja nema fyrir Framsfl. Hvað átti hann við þegar hann sagði að hér ætti Framsfl. tækifæri til þess í fyrsta sinn að taka jákvæðan þátt í milliríkjasamningum við erlend ríki? Þetta er miklu stærri fullyrðing en maður á von á frá forsrh. og ekki samboðið virðingu hans. Að lokum, svo að ég noti stíl hæstv. forsrh., þá sannfærði þessi ræða hans mig um það hvað lögfræði er afleit menntun fyrir stjórnmálamenn.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fjalla neitt um það þegar vikið var að persónu minni eða menntun. Ég hef ekkert með það að gera og ég er viss um að menntun þingmannsins dugi honum vel, ég er viss um það, hann er greindur og góður þingmaður. En það sem ég vek athygli á og talaði um í fyrsta lagi varðandi efnahagsviðskiptasamning af stærstu gráðu, þá hefur Framsfl. ekki borið gæfu til þess að taka þátt í þeim. Hann gerði það í tvö og hálft ár, var í forustu í ríkisstjórn til að gera slíkt en hleypur svo frá því fyrir hreina tækifærismennsku eins og blasir við öllum mönnum.

Í mínum huga er meginmálið varðandi EES-samninginn ekki síst að samningurinn tryggir jafnræði í leikreglum. Fyrir lítið land þar sem fyrirtækin eru smá er afskaplega mikilvægt að tryggja jafnræði í leikreglum á jafnstóru markaðssvæði og menn eru þarna að eignast aðgang að. Ég lít þannig á að þessi samningur tryggi okkur gagnvart fjölmörgum viðskiptahindrunum sem sé afskaplega mikilvægt fyrir okkur að þurfa ekki að búa við.

Þingmaðurinn spurði hvað ég ætti við með aukinni verkaskiptingu. Út af fyrir sig mætti fjalla um það í löngu máli en það gefur auga leið að ég á við það að þegar menn gerast aðilar að markaðssvæðum í þessum efnum, þá gerist það að hvert ríki sveigir sína framleiðslu að því sem það getur framleitt með hagkvæmustum hætti og kaupir annars staðar að það sem hagkvæmast er fyrir ríkið að kaupa. Það er algerlega ljóst. Ef þingmaðurinn óttast að með því sé ég að vega að þeirri frumatvinnugrein sem hann starfar við, að hluta til a.m.k., þá er það ekki rétt.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átti ekki við neitt sérstakt. Ég spurði einfaldrar spurningar en fékk ekkert svar. Ég spurði á hvaða sviði öðru en sjávarútveginum við mundum samkvæmt orðum hæstv. forsrh. í ræðu sinni njóta okkar sérhæfni inn á þennan nýja, stóra markað. Forsrh. nefndi það sem meginrök í sinni fyrri ræðu og hann hlýtur að hafa eitthvað í huga þar annað en almenn orðum sérhæfni og verkaskiptingu.

Í öðru lagi vil ég nefna það að hæstv. forsrh. tók ekkert fram að hann ætti við viðskiptasamninga þegar hann ræddi um utanríkissamninga sem Framsfl. hefði hér tækifæri til að taka þátt í. Ég vil bara minna hæstv. forsrh. á þátt Framsfl. í útfærslu landhelginnar, í hafréttarsáttmálanum sem voru mjög flóknir milliríkjasamningar og ég vil biðja hann til að mynda varðandi landhelgismálið að bera saman þátt og afstöðu Framsfl. við þátt Sjálfstfl. í þeim leik.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forsrh. svarar. Seinni umferðin verður að vera takmörkuð við eina mínútu þar sem einn hv. þm. á enn eftir að veita andsvar.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get í mínum huga bæði glaður og stoltur borið saman afskipti Sjálfstfl. og Framsfl. af landhelgismálunum. Það get ég gert. Hins vegar hefði ég auðvitað mátt nefna ef ég hefði verið að tala um samninga almennt að Framsfl. stóð að varnarsamningnum sem var afskaplega mikilvægur samningur og gerði það ágætlega og þeirra forustumenn höfðu viðsýni til þess á þeim tíma. Sumir hafa hins vegar haldið því fram að í varnarsamningnum felist mesta valdaframsal á ríkisvaldi sem nokkru sinni hefur verið gert á Íslandi vegna þess að varnir sem eru meginhluti af verkefni hvers ríkis eru með samningnum færð yfir á annað þjóðríki. En það gerði nú Framsfl. og hafði a.m.k. ekki þessar áhyggjur af því máli þá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 14. þm. Reykv. ... (**GHelg:** Forseti, ég fell frá andsvari, en bið um orðið í umræðunni. Mér dugar ekki andsvar.) Andsvörum er lokið.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli á því að í því meginmáli sem hæstv. forsrh. beindi að mér, þá var hann að fjalla um annað mál en það sem hér er til umræðu. Sú ræða sem hann vitnaði hvað eftir annað í og ég flutti hér var ekki flutt við umræður um þetta mál heldur við umræður um frv. til breytingar á stjórnarskránni sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson er 1. flm. að og sem hæstv. forsrh. hefur sagt hvað eftir annað að komi EES-samningnum nánast ekkert við.

Ég vildi bara vekja athygli á þessu vegna þess að mér fannst þetta sérkennilegt og gerir mér satt að segja dálítið erfitt fyrir í umræðunni varðandi framhaldið, sérstaklega í ljósi þess sem menn hafa verið að lýsa hér að væri ætlunin að reyna að gera í næstu viku. Mér fannst ekki eðlilegt af hæstv. forsrh. að vera að nota þessa umræðu til að svara því sem fram hefur komið í umræðunum um stjórnarskrármálið sérstaklega þegar hann svaraði alls ekki neinu af því sem hefur verið helsta krafa mín á hann í þeirri umræðu, þ.e. að hann gerði nánari grein fyrir fundargerðamálinu svokallaða sem ég hef hvað eftir annað knúð á um að hann gerði í umræðu um það mál en hann hefur ekki gert enn. Og vil ég benda hæstv. forsrh. á það að hv. þm. Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsfl. hefur lýst því yfir að ef forsrh. getur ekki sýnt fram á það með óyggjandi hætti að ég hafi þar lýst hlutum á rangan veg, þá eigi forsrh. að segja af sér. Það kom nú fram hér formlega í þeirri umræðu frá formanni þingflokks Framsfl. að þá ætti forsrh. að segja af sér.

Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, vekja athygli á þessu og mun fram að miðvikudegi ræða við forsetann um það hvernig ég haga þessum svörum. Mér fannst ræða forsrh. að öðru leyti, og ég ætla ekki að ræða það hér efnislega, vera nánast stórfurðuleg. Þetta er eina ræðan sem forsrh. hefur flutt í umræðum um EES-samninginn. Hann hefur ekki fyrr talað um það mál og annað eins samansafn af útúrsnúningum, skætingi og lítilfjörlegum athugasemdum hefur maður sjaldan heyrt frá manni í jafnvirðulegri stöðu um jafnmikilvægt mál sem hans eina framlag til 1. umr. um þennan stærsta alþjóðasamning Íslendinga. En ég mun, virðulegi forseti, reyna að ræða það mál við forseta fram að næsta fundi en taldi óhjákvæmilegt að vekja athygli á þessu hér strax.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þessi ræða hv. þm. um þingsköpin var stórfurðuleg og tók honum sjálfum fram þegar hann fór að gera athugasemd við það að ég hefði vikið að þessu máli um stjórnarskrármálið sem hann hafði rætt undir öðrum lið. Það var reyndar þannig að í þeim ræðum sem hann hefur flutt um það frv. sem flokkur hans er flutningsaðili að, þá vék hann aldrei eða nánast aldrei að frv. sjálfu heldur ræddi allt annað, allt mögulegt annað en það frv. Það tók langdrýgstan tíma að ræða um skoðanakönnun sem hann taldi að utanrrh. hefði gert í hálfgerðu óleyfi. Þetta var afskaplega sérkennilegt hjá þingmanninum. Og ég vek athygli á því að í ræðu hans sjálfs um hið Evrópska efnahagssvæði varði hann drýgstum hluta af sínum tíma til þess að fjalla um stjórnarskrármálið en ekki efnislega um hið Evrópska efnahagssvæði. Þingmaðurinn ætti bara að lesa sína ræðu áður en hann kemur með slíka stórfurðulega hluti hér í umræðum um þingsköp.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að eiga orðastað við forsrh. á þessu plani sem hann er með hér. Honum er velkomið að lesa þá ræðu sem ég flutti hér, ég held hún hafi verið um það bil tveir tímar, um Evrópska efnahagssvæðið. Ég ræddi þar mjög lítið um stjórnarskrármálið og sagði það sérstaklega vegna þess að hv. þm. Steingrímur Hermannsson hefði gert það, heldur ræddi ég um sjávarútvegsmál, ég ræddi um atvinnuleysi, ég ræddi um efnahagsmál, ég ræddi um aðdraganda EES-samninganna, ég ræddi um tvíhliða samning og fjölmargt annað. Þetta getur hæstv. forsrh. og hver og einn Íslendingur lesið og er sjálfsagt fyrir hvern Íslending að lesa svo hann geti myndað sér skoðun á sannleiksgildi og dómgreind hæstv. forsrh.

Að öðru leyti er engin ástæða til að svara þessum skætingi. Þetta er með þeim hætti að maður veit satt að segja ekki hvort maður á að aumkva hæstv. forsrh. eða svara honum hér. Hann fór inn á þá braut að rjúfa áralanga hefð um að lesa upp úr fundargerðum. Ég ætla í sjálfu sér ekki að gagnrýna það að hann læsi það sem sagt er um þetta mál. Þá óskaði ég eftir að hann læsi þá allt um málið, bæði í þeirri ríkisstjórn og í hans. Hann fer þá rétt með. Það hefur hann ekki gert. Hann hefur ekki þorað í umræðu um það mál síðan, það eru liðnir tíu dagar, þótt hann hafi haft mörg tækifæri til þess að ræða það hér. Og það er alveg ljóst að hér í næstu viku verður eitt helsta efnið að fá botn í þetta fundargerðamál ríkisstjórnarinnar sem forsrh. og hv. þm. Björn Bjarnason riðu á vaðið hér með með sinni sérstöku sviðssetningu.

Að öðru leyti mun ég svo ræða það við forseta þingsins með hvaða hætti ég bregst við því að forsrh. kaus að taka fyrir ræðu mína flutta undir öðrum dagskrárlið undir þessari umræðu og ég mun gera það bara í rólegheitum hér næstu daga og svo skoðum við þetta eftir helgina.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Varðandi fundargerðamálið sem þingmaðurinn nefndi, þá var það í stuttu máli það að þingmaðurinn og reyndar flokksfélagar hans höfðu haldið því fram að tiltekin skýrsla hefði ekki verið lögð fram eða rædd í ríkisstjórn. Það var leiðrétt. Það var ekki lesið upp úr fundargerðinni eins og kemur fram í texta. Eftir að hann hafði óskað eftir því og félagi hans, hv. 9. þm. Reykv., krafist þess að það yrði upplýst hvort það hefði verið rætt, þá upplýsti ég að það hefði verið rætt í ríkisstjórninni. Mér varð á að segja þá og það hefur þingmaðurinn breitt út, mér varð á að segja að það hefði verið gert með mánaðar fyrirvara. Það var með skemmri fyrirvara en mánaðar fyrirvara. En það var ekki mergur máls og það veit þingmaðurinn. Mergur máls var sá að þingmaðurinn hafði haldið því fram, farið rangt með eins og honum er títt og hann gerir lítið með, að málið hefði ekki verið rætt. Hann hafði borið það upp á fyrrv. félaga sína í ríkisstjórn að málið hefði ekki verið rætt. Það hafði verið rætt og ég upplýsti það að kröfu hans sjálfs.

Varðandi hins vegar fundargerðirnar almennt, þá hef ég sagt að ég vildi ræða við fyrrv. forsrh. það sem

snertir hans ríkisstjórn. Hann fór af landi brott. Það veit þingmaðurinn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti beinir því til hv. þm. og hæstv. ráðherra að reyna að ljúka umræðunni undir þessum lið um gæslu þingskapa ef mögulegt væri.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það var ekki ætlun mín að hefja hér einhverja langa umræðu um þingsköp. Ég ætlaði einfaldlega að koma því á framfæri að ég áskildi mér rétt til að ræða við forsetann yfir helgina um þann vanda sem ég væri settur í með því að forsrh. kaus að svara ræðu sem ég flutti undir öðrum dagskrárlið undir öðru þingmáli í þessari umræðu.

Hæstv. forsrh. hefur hins vegar kosið að nota þingsköpin til þess að fara mjög út um víðan völl og nú síðast víkja loksins að þessu fundargerðamáli með þannig hætti að málið er orðið enn verra fyrir forsrh. eftir þessa síðustu ræðu hans. Hann játar að vísu núna að það hafi verið rangt hjá sér að þetta hafi verið mánuður. Þegar hann reyndi að leiðrétta það síðast sagði hann að það hefðu verið 10 dagar. Hann er kannski reiðubúinn að taka það til baka líka núna en hann hefur auðvitað aldrei vikið að því sem er kjarni málsins, að í fundargerð ríkisstjórnarinnar stendur að skýrslan hafi verið lögð fram til upplýsingar. Það stendur í fundargerðinni. En því sleppti hæstv. forsrh. af því að hann var með fölskum hætti að gefa til kynna að hún hefði verið lögð fram til þess að til hennar yrði tekin efnisleg afstaða. Það blasir því auðvitað hér við að þegar hv. þm. Björn Bjarnason var í tvígang búinn að biðja um það að þetta yrði upplýst með fundargerðirnar, þá tók forsrh. fundargerðina upp úr töskú sinni. Hann var undirbúinn undir óskina frá hv. þm. Birni Bjarnasyni því að hann var með fundargerðina í töskunni og varla er hann með allar gömlu fundargerðir ríkisstjórnarinnar í töskunni hjá sér. Þannig var þetta sviðsett uppákoma af þessum tveimur félögum úr forustu Sjálfstfl. og hafði þann tilgang einan að falsa hér í þingsalnum og fyrir þjóðina það sem hann sagði í fundargerðinni því að auðvitað er lykilorðið þar, eins og allir þeir sem setið hafa í ríkisstjórn á Íslandi vita, orðin „til upplýsingar" því að það er grundvallareðlismunur á.

En fyrst hæstv. forsrh. heldur nú áfram með þessum hætti og gerir málið auðvitað enn verra, þá er ljóst að eftir helgina verður þetta fundargerðamál mjög veigamikill þáttur í framhaldi málsins. Og það er auðvitað út í hött að segja að hv. þm. Steingrímur Hermannsson hafi farið af landi brott vegna þess að ég held að hann hafi farið af landi brott í gær. En ég held að það séu kannski tíu dagar síðan hæstv. forsrh. sagði að hann mundi ræða við Steingrím Hermannsson en hann hefur ekki gert það í níu daga þannig að allt er þetta með þeim hætti að það eru rangfærslur, útúrsnúningar og hálfsannleikur hjá hæstv. forsrh. vegna þess að hann er auðvitað kominn í þá stöðu, eins og hv. þm. Páll Pétursson lýsti, að í alvöruþjóðfélagi mundi alvöruforsætisráðherra, ef hann tæki sjálfan sig alvarlega, segja af sér út af svona afglöpum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Nú ætla ég að ræða um gæslu þingskapa og benda á það að hér hefur einn hv. þm. og einn hæstv. ráðherra hafið efnislega umfjöllun um málið undir þingskapaliðnum og komnir þar fram fyrir okkur aðra sem hér erum á mælendaskrá. Ég segi þetta sérstaklega vegna þess að hæstv. forsrh. átti ekki orð til að lýsa vanþóknun sinni á sl. vetri yfir því ef einhverjum varð það á að ræða um efnisleg atriði undir liðnum þingsköp. En það hefur greinilega breyst. Ég vil ítreka það við hæstv. forsrh. að hér eru menn á mælendaskrá um þetta mál en tveir hv. þm. hafa hafið um málið efnislega umræðu undir liðnum þingsköp.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Við höfum nú fengið tækifæri til þess að hlýða á ræður tveggja ráðherra, formanna tveggja stjórnmálaflokka sem mynda þessa ríkisstjórn, og ég verð að segja það að þær ollu mér að sumu leyti nokkrum vonbrigðum. Þær voru reyndar báðar eins og ég bjóst við að þær yrðu, önnur þeirra a.m.k., þ.e. ræða hæstv. forsrh. Hún var flutt í skætingstón, hann hefur ekki enn þá náð þessum rétta landsföðurtón sem mér finnst endilega að forsætisráðherra þjóðar eigi að hafa. Hann flutti þessa ræðu í sínum venjulega skætingstón. En eitt áttu þeir hæstv. ráðherrar sameiginlegt, forsrh. og utanrrh.: Þeir svöruðu ekki spurningum sem fram hafa komið í þessum ítarlegu umræðum. Það er kannski ekki vegna þess að mennirnir hafi ekki viljað svara þeim heldur vegna þess að þeir gátu ekki svarað þeim og ég hlýt að líta svo á að þeir hafi ekki treyst sér til að svara þeim spurningum sem hér hafa komið fram vegna þess að þeir finna innra með sér að málflutningur þeirra dugir ekki. Málflutningur stjórnarandstæðinga í þessum umræðum er með þeim hætti að þeir eiga ekki svör.

Þeir hafa báðir verið að kvarta yfir því að þessar umræður hafi verið langar. Víst er búið að ræða hér í eina fimm daga um Evrópskt efnahagssvæði. En mér þykir það ekki langur tími vegna þess að af þeim ræðum sem fluttar hafa verið hefur engin ræða verið ákaflega löng. Þær hafa verið ofurlítið á aðra klukkustund, ein eða tvær kannski tveir tímar. En það er ekki langur ræðutími um svo mikið efni. Ég hygg að fyrir utan hæstv. utanrrh. sé ég eini þingmaðurinn hingað til sem hef talað tvisvar, þ.e. ég er að tala í annað sinn núna og hæstv. utanrrh. er búinn að tala tvisvar.

Það þýðir ekkert að bera saman umræður hér á Alþingi við umræður í þingum annarra EFTA-landa vegna þess að aðstæður eru allt aðrar. Fyrir það fyrsta ætla þessi önnur EFTA-lönd formlega að ganga í Evrópubandalagið ef þau mögulega komast og þar er efniságreiningur um málið minni en er hér á Íslandi. Hér er verulegur efniságreiningur um þennan samning og við ætlum okkur ekki, a.m.k. ekki þorri þingmanna, þrátt fyrir það að ég hafi illan grun á einstöku ráðherr-

um í ríkisstjórninni, að ganga í Evrópubandalagið.

Hæstv. forsrh. gerði það nokkuð að umtalsefni að afstaða Framsfl. væri önnur nú en hún var meðan Framsfl leiddi ríkisstjórn. Það er að vísu rétt hjá honum. Framsfl. hefur ekkert breytt um stefnu, heldur er það málið sem hefur tekið aðra stefnu en það hafði undir síðustu ríkisstjórn. Þetta er orðinn annar samningur en við lögðum upp með að gera þegar samningar hófust. Og þetta er meira að segja allt annar samningur en það sem búið var að skrifa um síðustu kosningar. Ég nefni nokkur atriði, bara lykilatriði.

Fyrirvarar þeir sem settir voru fram af Íslands hálfu við upphaf samningagerðar eru á brottu eða útvatnaðir og þýðingarlausir. Þessi samningur er ekki um fríverslun með fisk sem var þó eitt af þeim grundvallaratriðum sem við lögðum upp með. Það er ekki fríverslun með fisk í þessum samningi. Evrópubandalaginu er heimilt að ríkisstyrkja sína fiskveiði svo mikið sem þeim dettur í hug. Þessi samningur er líka orðinn um yfirþjóðlegt vald. Í þessum samningi er ákveðið framsal á fullveldi lýðveldisins. Það eru engar girðingar í þessum samningi enn þá frá hendi ríkisstjórnarinnar, þær hafa a.m.k. ekki verið settar upp og það eru ekki líkur til að þær verði settar upp, sem verji landið, þ.e. það er allt galopið hér fyrir öðrum íbúum Evrópsks efnahagssvæðis til þess að eignast lendur, til þess að eignast auðlindir. Inn í þennan samning er komin hætta á verulegum innflutningi landbúnaðarvara sem okkur bauð ekki í grun að væri í spilunum eða kæmi til með að verða í lokagerð samningsins. Ég stikla nú bara á stóru um þær breytingar sem orðið hafa frá því að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hætti að leiða þetta mál. Það er komið inn í þetta grundvallaratriði, þ.e. að horfið hefur verið frá þeirri prinsippafstöðu sem allar ríkisstjórnir á Íslandi hafa undanfarna tvo áratugi haft, þ.e. þær hafa allar neitað samningum við Evrópubandalagið um það að láta fiskveiðiheimildir fyrir tollaívilnanir. En þessi samningur felur það í sér að við hverfum frá þessu prinsippi. Evrópubandalagið gerir kröfu til þess að fá fiskveiðiheimildir við Ísland, annars verði ekkert af þessum samningi, ef ekki verði gerður svokallaður tvíhliða samningur um veiðiheimildir.

Það má bæta því við að um síðustu kosningar var þessi dómstólaþáttur óklár, þ.e. í lokagerð er dómstólaþátturinn allt annar og okkar réttur miklu ótryggari samkvæmt samningnum í endanlegri gerð heldur en hann leit út um síðustu kosningar.

Ég hélt sjálfur fyrir síðustu kosningar og reyndar talsvert lengi eftir það að þessi samningur væri þess eðlis að stjórnarskrárbreyting væri ekki nauðsynleg. Það voru margir fleiri á þeirri skoðun, kannski vegna þess að við höfðum ekki skoðað þetta mál nógu vel. Kannski vegna þess að við höfðum ekki aflað okkur nógu mikilla upplýsinga. Kannski vegna þess að hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, sem er nú skarpur maður, talaði fyrir daufum eyrum okkar. Hann benti á þetta, það er rétt, ég man eftir því. En ég lét það fara svona inn um annað eyrað og út um hitt og hélt að þetta væri einhver hálfgerð sérviska í hv. þm. Ég verð að éta það allt saman ofan í mig. Ég dáist að hv. þm. fyrir skarpskyggni hans.

Ég stóð reyndar í þeirri meiningu að þó að þarna kynnu nú að vera einhver álitamál þá mundi þetta vera í lagi, þ.e. að samningurinn væri samrýmanlegur stjórnarskránni, alveg þangað til í sumar í starfi okkar í utanrmn. Vendipunkturinn var þegar ég las álitsgerð fjórmenninga utanrrh. Það var vegna þess að þessir fjórir valinkunnu lögfræðingar, sem hæstv. utanrrh. hafði valið til þess að sanna það að samningurinn stæðist stjórnarskrána, gátu ekki fundið haldbær rök. Rökin sem þeir tíndu fram fyrir því að samningurinn stæðist stjórnarskrána voru svo veik að maður hlaut að gagnálykta: Nei, þetta gengur ekki. Síðan hef ég verið sannfærður um að þessi samningur er ekki samrýmanlegur íslensku stjórnarskránni.

Hæstv. forsrh. vitnaði í forvera sinn, Steingrím Hermannsson, þegar hann sagði fyrir síðustu kosningar að það væri ekkert að óttast. Það var ekkert að óttast þá. En núna er ýmislegt að óttast. Þetta mál hefur gjörbreyst frá því að síðasta ríkisstjórn lét af völdum. Það hefur verið illa haldið á þessu máli af hendi núv. ríkisstjórnar og okkar menn hafa verið lítilþægir við samningaborðið. Þeir hafa að mínu mati ekki haldið til haga nógu vel hagsmunum Íslands og þeir hafa fallist á hluti sem þeir hefðu ekki átt að fallast á. Og ef maður lítur á atriði eins og Húsatryggingar Reykjavíkur og eitt og annað sem önnur ríki hafa komið inn í samninginn, undanþáguákvæði, þá hefði verið unnt að halda betur á okkar hlut.

Hæstv. forsrh. sagði hér rétt áðan að Framsfl. hefði ekki tekið þátt í eða leitt gerð efnahagssamninga af stærstu gráðu. Ég vil minna á þann efnahagssamning sem hefur skilað okkur mestu á undanförnum áratugum, þ.e. tvíhliða samningurinn við Evrópubandalagið, þ.e. bókun 6. Hún er gerð, ef ég man rétt, 1972 og ef ég man rétt, þá var forsætisráðherra hér á Íslandi það ár Ólafur heitinn Jóhannesson. Ef við berum saman þennan samning og bókun 6, þá er þessi samningur, EES-samningurinn, hugsanlega ofurlítið betri viðskiptalega. Ég treysti mér ekki til að fullyrða að hann sé miklu betri, hugsanlega ofurlítið betri, alls ekki tveim milljörðum á ári betri en bókun 6 hefur gefið okkur eða mundi gefa okkur og mun gefa okkur því ef ekki verður af þessum samningi, þá höfum við þó alltaf bókun 6. En hann er hugsanlega pínulítið betri viðskiptalega. En það er mikill fórnarkostnaður vegna þess að margt sem tekið er inn í þessa kippu núna er okkur mjög óhagstætt.

Ég er ekki frá því að hæstv. utanrrh. hafi lært svolítið af þessum löngu umræðum, þessum ítarlegu og góðu umræðum því að hann var miklu hógværari í seinni ræðu sinni en hann var í upphafsræðunni. Og það er út af fyrir sig lofsvert. Það fer honum vel að vera hljóður og hógvær. Hann á ekki að ganga hér fram eins og hann sé einhver sölumaður. Hann á auðvitað að læðast með veggjum eftir að honum er orðið ljóst hvernig hann hefur haldið á málum.

Hæstv. utanrrh. taldi að við Íslendingar værum komnir yfir endimörk vaxtarins og hér yrði enginn

hagvöxtur í framtíðinni nema við gerðumst aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Mér finnst þetta ótrúleg svartsýni. Mér finnst þetta ákaflega óraunhæf helvítispredikun hjá hæstv. utanrrh. og maðurinn alveg að missa kjarkinn og það er bara alls ekki nógu gott. Hann er að gera samanburð við árin 1967 og 1968. Það er ýmislegt öðruvísi núna en þá. Það eru allt aðrar aðstæður. En ég er ekki frá því að þrátt fyrir allt höfum við á hinum erfiðu árum, 1967 og 1968, haft skynsamari stjórnvöld en við höfum núna. Við höfðum meiri leiðtoga árin 1967 og 1968. Ég var ekkert sérstaklega ánægður með leiðtoga okkar þá en ég er ansi hræddur um að leiðtogar okkar nú, leiðtogar ríkisstjórnarinnar, færu ekki í fötin þeirra sem þá voru hér við stjórn.

Frú forseti. Í þessum umræðum hefur margt skýrst. Í þessum umræðum hefur verið velt upp fjöldamörgum atriðum og rökum sem sýna fram á það að þessi samningur er ekki þjóðarhagsmunum til góðs eins og hæstv. utanrrh. vildi vera láta. Ég nefni að hagnaðurinn fyrir sjávarútveginn er hverfandi lítill. Ég vísa til ágætra ræðna sem hér voru fluttar í dag, t.d. af hv. 2. þm. Vesturl., Ingibjörgu Pálmadóttur, og 3. þm. Vesturl., Jóhanni Ársælssyni, sem ræddu sérstaklega sjávarútvegsþátt samninganna og báru það til baka og sönnuðu gjörsamlega að það er alveg úr lausu lofti gripið sem hæstv. ráðherrar hafa verið að halda fram um þetta mál.

Það sem upp úr stendur í þessu sjávarútvegsmáli er að sú tollalækkun sem við fáum með samningnum er keypt fyrir aðgang að fiskimiðunum. Og það höfum við getað gert alla leið frá 1972. Það hefur aldrei staðið á því að við gætum fengið saltfisktollinn felldan niður bara ef við hleyptum hingað togurunum inn þó það væri ekki nema einhver smákoppur ef það kæmi sem endurgjald. En við erum að tala um 3 þús. tonn af karfa núna. Það er auðvitað smáræði. Út af fyrir sig er það ágæt hugmynd sem hér var varpað fram í umræðunum og hæstv. utanrrh. svaraði nú ekki þeirri spurningu frekar en öðrum. Það væri auðvitað ágæt hugmynd að færa Evrópubandalaginu að gjöf árlega 3 þús. tonn af karfa til þess að sleppa við að fá þá hingað inn á miðin. En ég er alveg viss um það að Evrópubandalagið sættir sig ekki við það. Og hvers vegna sættir það sig ekki við það? Vegna þess að það vill meira. Það vill meira við næstu endurskoðun og þarnæstu endurskoðun og þarnæstu endurskoðun. Og svona gengur þetta áfram.

Frú forseti. Það er orðið áliðið fundartímans eða fundartíminn er úti og ég ætla að fara að ljúka máli mínu. Hæstv. utanrrh. taldi það fráleitustu kenninguna sem hér hefði verið varpað fram í þessum umræðum að atvinnuleysi á Íslandi ykist við aðildina að Evrópsku efnahagssvæði. Ég held að það sé ákaflega auðvelt að rökstyðja það. Hv. 2. þm. Vesturl. skýrði frá því hér í umræðunum í dag hvernig færi með atvinnuna í fiskinum, þ.e. þessar sex eða átta Baader-vélar sem við þurfum að starfrækja. Þær koma í staðinn fyrir fiskvinnslufólk sem hringinn í kringum landið er að vinna fisk. Og við erum með þessum samningi að gerast aðilar að efnahagssvæði og atvinnusvæði þar sem atvinnuleysið er fast a.m.k. 10%, sums staðar miklu meira.

Þessi samningur felur í sér frjálsa för launafólks og það mætti alveg eins segja mér það að vatnið hætti allt í einu að renna undan brekkunni eins og það að þetta atvinnuleysi jafnist ekki eitthvað út. Þar með eykst atvinnuleysi á Íslandi sem blessunarlega hefur verið lítið fram að því að efnahagsaðgerðir eða aðgerðarleysi núv. ríkisstjórnar fór að segja til sín. Atvinnuleysi hér fer hraðvaxandi vegna þeirrar ríkisstjórnar og stjórnarstefnu sem við fylgjum, en það á eftir að versna til stórra muna þegar vinnuafl frá Evrópubandalaginu fer að sækja hingað vegna þess að það hlýtur að vera lögmál að atvinnustig sé svipað á efnahagssvæði þar sem launafólk hefur frjálsa för.

Ég minni á þegar við gerðumst aðilar að EFTA á sínum tíma að þá töluðu talsmenn iðnaðarins um að það væri stórkostlegt tækifæri fyrir íslenskan iðnað. Störfunum í iðnaði mundi fjölga. Nú loksins yrði iðnaðurinn ofan á í þessu þjóðfélagi. Nú loksins gætum við hætt að leggja þessa ofuráherslu á fiskinn. Ég held að ég muni þessar tölur. En reyndin varð önnur.

Frú forseti. Ég geymi mér margt sem ég á ósagt í þessu máli. Það kemur dagur eftir þennan dag og það kemur umræða eftir þessa. Ég mun síðar í þessum umræðum rekja þær samþykktir sem Framsfl. hefur gert um Evrópskt efnahagssvæði á hinum ýmsu stigum eftir því sem það mál hefur þróast og það kemur í ljós af þeim að afstaða okkar til málsins er rökrétt og er eðlileg og hefur verið í samfellu alla tíð. Þessi samningur sem við nú stöndum frammi fyrir er allt annar en sá sem við lögum upp með eða ætluðumst til að gerður yrði og þeim skilyrðum sem við settum í upphafi hefur ekki verið fullnægt.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér leikur forvitni á að vita og fá svar við því hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. hvenær hann skipti um skoðun í málinu varðandi þennan mikilvæga samning því hann nefndi nokkur atriði sem hefðu varðað miklu í þeim efnum, ef ég skildi hann rétt, til að mynda varðandi fríverslun og yfirþjóðlegt vald og maður gat litið þannig til að þetta hvort tveggja hefði komið til eftir að núv. ríkisstjórn komst til valda. En það var í október 1990 sem Evrópubandalagið kvað upp úr með það að ekki yrði um að ræða afnám styrkja í sjávarútvegi, fríverslun kæmi ekki til greina. Ég hef áður lesið upp hér í þessum umræðum það sem hæstv. fyrrv. forsrh. sagði hér, með leyfi forseta:

„Ég fyrir mitt leyti og við í síðustu ríkisstjórn féllumst á það að samþykkja EES-dómstól þótt sannarlega megi færa fyrir því rök að þar sé um að ræða yfirþjóðlega stofnun.“ Þetta var í tíð fyrrv. ríkisstjórnar.

Í annan stað vil ég gjarnan heyra skýringar hv. þm. á því, vegna þess sem hann sagði um atvinnuleysið, hvernig það gæti gerst að atvinnuleysi á Írlandi sé allt að því sjöfalt meira en í Lúxemborg sem hafa þó lengi verið saman í Evrópubandalaginu ef kenning hans í þessum efnum er rétt.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hygg að það kannski sé ekki alveg saman að jafna Írlandi og Lúxemborg. Ég hef ekki skipt um skoðun í þessu máli. Það er málið sem hefur breyst og það hef ég verið að reyna að segja hér. Þetta yfirþjóðlega vald er miklu skýrara nú en það var fyrr. Það er að vísu rétt að við kröfðumst fríverslunar með fisk þegar við ákváðum að ganga til þessara samninga. Það hvarf út og það var horfið út 1990. En EB-dómstóllinn var þó miklu ásættanlegri eins og hann var í upphaflegu gerðinni heldur en hann er orðinn núna. Við reiknuðum með að það yrði jafnræði í dómstólnum, þ.e. að EB yrði ekki alger úrslitaaðili í þessu dómstólamáli eins og EB raunverulega er orðið. Og síðast en ekki síst: Aðgangur Evrópubandalagsins að íslenskum fiskimiðum var ekki í kortunum á þeim tíma þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar sleppti hendinni af þessu máli.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Andsvörum er lokið. Þessari umræðu er frestað til miðvikudags eins og áður hefur komið fram og málið tekið út af dagskrá.

Umræðu frestað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

2. dagskrármálið er tekið út af dagskrá. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

14. FUNDUR

mánudaginn 7. sept.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr.
2. Stjórnarskipunarlög, frv., 29. mál, þskj. 30. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.,
Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.

Umræður utan dagskrár.

Atvinnumál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú hefst utandagskrárumræða um atvinnumál að beiðni hv. 6. þm. Norðurl. e., Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar.

Forseti hefur fallist á að umræðan fari fram samkvæmt síðari mgr. 50. gr. þingskapa, enda liggur fyir samkomulag milli þingflokka um fyrirkomulag umræðunnar.

Til að hægt verði að ljúka umræðunni er enn fremur samkomulag um að þingflokksfundir hefjist ekki fyrr en um eða upp úr kl. fimm í dag.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ástæða þess að beðið er um þessa utandagskrárumræðu er sú að nú hefur um langt skeið verið beðið eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum.

Það er hlutverk ríkisstjórna að skapa atvinnulífinu eðlilegan starfsgrundvöll. Það hefur einnig verið hornsteinn stjórnarstefnu hér á landi um langt árabil að viðhalda atvinnu handa öllum. Atvinnustefnan hefur verið grundvallaratriði varðandi félagslegan jöfnuð á Íslandi. Það er samasemmerki á milli aukins atvinnuleysis, aukinnar fátæktar og aukins félagslegs misréttis. Þetta vil ég ítreka í upphafi máls míns.

Íslendingar hafa aldrei sætt sig við atvinnuleysi og svo mun ekki verða nú frekar en áður. Engri ríkisstjórn verður liðið að hér verði atvinnuleysi af þeirri stærðargráðu sem við vitum af í nágrannalöndum okkar.

Nú er það svo að atvinnuleysi er ekki óþekkt á Íslandi. Um langt árabil hefur verið atvinnuleysi hér. Það hefur þó fyrst og fremst verið staðbundið og/eða tímabundið, tengst grundvallaratvinnuvegi okkar fiskveiðunum og verið bundið við ákveðna staði og ákveðinn tíma. Nú bregður hins vegar öðruvísi við. Flest bendir til að hér sé viðvarandi atvinnuleysi að halda innreið sína. Það mun ég m.a. rökstyðja með því að nú á sumarmánuðunum, þegar atvinnuleysi hefur verið nánast óþekkt hér á landi, er verulegt atvinnuleysi. Í maí var atvinnuleysi 2,5%, í júní 2,6% og í júlí 2,7%. Ágúst kemur mjög svipað út og júlí. Langverst hefur ástandið verið á Suðurnesjum en þar hefur verið viðvarandi tæplega 6% atvinnuleysi í sumar og getur stefnt í tveggja stafa tölu þegar líður á veturinn að því er forsvarsmenn sveitarfélaga og atvinnufyrirtækja þar segja. Það sem hefur einnig breyst er að atvinnuleysi hefur farið vaxandi á höfuðborgarsvæðinu á síðustu mánuðum. En hvað er þá fram undan? Er þetta ekki öldudalur sem við erum að vinna okkur upp úr? Því miður gera spár fyrir næsta ár ráð fyrir um 4% atvinnuleysi sem þýðir að 4.800–5.000 manns verða án atvinnu. Því miður bendir margt til þess að þessar spár séu ekki á fullum rökum reistar og bendir flest til þess að atvinnuleysið verði enn meira. Spárnar byggja meira og minna á framreikningi og taka ekki tillit til þess að rík tilhneiging er hjá atvinnufyrirtækjum nú að hagræða og fækka fólki. Sömuleiðis bendir allt til þess að þau áhrif sem samdráttur í byggingariðnaði hefur sé vanmetinn í þessari spá. Í þessu sambandi vil ég vitna til orða hæstv. félmrh., sem hún viðhafði í sjónvarpsviðtali fyrir nokkrum dögum, þar sem hún sagði að það stefndi í svipað atvinnuleysi og er hjá nágrannaþjóðum okkar eða á bilinu 7–9%.

Þetta eru hinar tölulegu staðreyndir um atvinnuleysið. Það hefur hins vegar aðra hlið og það er hin félagslega hlið og ég kom aðeins að hér áðan. Ekkert er ömurlegra fyrir fullfrískt fólk sem er tilbúið til að takast á við verkefni í þjóðfélaginu en að standa uppi og fá ekki atvinnu við sitt hæfi.

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér í þessu sambandi að vitna í viðtal við Guðmund J. Guðmundsson, formann Dagsbrúnar. Með leyfi forseta, segir svo: „Það er ekkert jafnfljótvirkt að brjóta menn niður eins og atvinnuleysið."

Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Dagsbrúnar, býst við að atvinnulausum félagsmönnum fjölgi gífurlega í haust. Hann segir að um 200 félagsmenn séu nú á atvinnuleysisbótum. „Ég býst við gífurlegri fjölgun atvinnulausra í október og það kæmi mér ekki á óvart að þar væri um 400 menn að ræða", sagði Guðmundur." Hann segir líka að atvinnuleysi virki ákaflega misjafnlega á menn og bendir á að menn sem séu búnir að vera lengi atvinnulausir séu oft mjög illa á sig komnir. Guðmundur heldur áfram: „Fyrir utan að fjárhagurinn hrynji þá fyllast þeir vanmáttarkennd, gremju og vonleysi sem búnir eru að vera atvinnulausir lengi. Það er ekkert sem er jafnfljótvirkt í að brjóta menn niður. Mönnum finnst að þeim sé hafnað, þeir fara að efast um sjálfa sig og sitt ágæti." Svo mörg voru þau orð.

Virðulegur forseti. Atvinnuleysi á sér sínar orsakir. Það má oftast rekja til stöðu atvinnulífsins. Og hver er staðan í atvinnulífinu á Íslandi nú? Í því sambandi vitna ég til orða eins af virtustu framkvæmdastjórum í fiskvinnslu á Íslandi, sem hann lét falla á fundi með þingmönnum Norðurlands og Útvegsmannafélag Norðlendinga sem haldinn var á Akureyri fyrir nokkrum vikum. Þar sagði hann, sem nú er reyndar að láta af störfum, að ríkisstjórn sem ekki skynjaði púls atvinnulífsins hlyti að fara frá. Ríkisstjórn eins og sú sem nú situr virðist ekki skynja að undirstöðuatvinnuvegirnir eru reknir með tapi, þeim er að blæða út. Hún getur ekki setið áfram, sagði þessi virti framkvæmdastjóri.

Sama kvöld hlustaði ég á hæstv. forsrh. í sjónvarpinu þar sem hann lýsti því yfir að staða sjávarútvegsins nú væri ósköp svipuð og hún var árið 1990. Hann vitnaði til raungengis og til verðs á erlendum mörkuðum. En hæstv. forsrh. gleymdi að taka það með í dæmið að á þessum tíma hefur sjávarútvegurinn verið að kljást við stórkostlegan samdrátt í afla svo nemur allt upp í tugi prósenta hjá þeim fyrirtækjum sem mest hafa orðið að taka á sig. Forsrh. sagði að vandann yrði að leysa núna með frekari hagræðingu og sameiningu sveitarfélaga. Þetta voru þau úrræði sem hæstv. forsrh. hafði í þessu viðtali.

Nú get ég tekið undir að það þurfi að hagræða og að það sé skylda fyrirtækja á hverjum tíma að hagræða, grípa til allra aðgerða og sameininga í þá veru ef mönnum finnst það eiga við. En ég segi aftur: Hver er staðan nú? Kemur hagræðing til greina? Er hagræðing lausnarorðið nú? Þegar svo er komið — og nú ætla ég ekki að fara með margar tölur um afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi — að öflugustu fyrirtækin, þau sem hafa hagrætt á síðustu árum og hafa haft tækifæri og burði til að kaupa sér aflaheimildir, eiga ekki lengur fyrir rekstrarkostnaði og fjárhagsskuldbindingum, eins og staðan er að verða þessa mánuðina, þá þarf ekki flókna hagfræði til að sjá að svona getur ekki gengið lengur.

Ef við lítum á fleiri atvinnugreinar ætla ég að fara örfáum orðum um stöðuna í landbúnaði. Þar hefur verið skipulagður samdráttur á síðustu árum og bændur tekið á sig verulega skerðingu í, að ég vil segja, góðri samvinnu við sína forustu og við stjórnvöld. Þar horfir hins vegar mjög illa nú fyrst og fremst vegna þess að þeir sem vilja eða þurfa að hverfa úr atvinnugreininni hafa ekki að neinu öðru að hverfa. Atvinnuástandið er þannig að þar heldur hver um sitt og þróunin hefur í raun stöðvast í það minnsta í bili. Auk þess glímir landbúnaðurinn nú við mikla óvissu vegna alþjóðasamninga sem ég mun ekki fara frekar út í.

Hver er staðan í iðnaðinum? Því miður er hún sú að engin aukning hefur orðið í framleiðsluiðnaði nú um tuttugu ára skeið. Og samtök iðnaðarins spá, ef eitthvað er, samdrætti á næsta ári. Til viðbótar þessu vil ég vitna í og leggja að nokkru út af grein eftir Þórleif Jónsson, framkvæmdastjóra Landssambands iðnaðarmanna, sem er skrifuð í Iðnaðinn, 6. tölubl. 1992. Þar bendir Þórleifur á að ef íslensk stjórnvöld átti sig ekki á að það verði að taka til heima fyrir, að það verði að skapa framleiðslugreinunum hér á landi sambærileg starfsskilyrði við það sem gerist erlendis, ættu þeir sem eru eitthvað tvístígandi gagnvart samningnum um Evrópskt efnahagssvæði að greiða atkvæði gegn honum því það sé svo mikið grundvallaratriði að við náum því að geta skapað atvinnuvegum okkar sambærileg skilyrði og gerist annars staðar.

Hér held ég að Þórleifur komi að kjarna málsins. Það verður að skapa atvinnulífinu viðunandi starfsskilyrði. Með samstilltu átaki aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnar tókst að ná niður verðbólgunni á árinu 1990. Það var ekki átakalaust en það tókst. Ef allt væri með felldu væru stjórnvöld nú að vinna að því með sömu aðilum að ná kostnaðarstigi í rekstri á Íslandi niður á hliðstætt svið og gerist í nágrannalöndum. Þetta hefði átt að vera næsta stóra verkefnið í atvinnu- og efnahagsmálum okkar Íslendinga.

En hvað er ríkisstjórnin að gera og hvað hyggst hún fyrir? Ríkisstjórnin hefur sagt að grundvöllurinn að efnahagsstefnunni væri sá að draga úr umsvifum ríkissjóðs. Það ætti að skapa atvinnulífinu eðlilegan starfsgrundvöll og eftir það kæmi allt annað af sjálfu sér. Nú virðist ljóst að þetta ætlunarverk tekst ekki. Það stefnir í svipaðan halla á ríkissjóði og var á síðasta ári. Hvað stendur þá eftir? Hver eru úrræði ríkisstjórnarinnar ef þetta grundvallaratriði hefur mistekist?

Ég bendi á það í framhaldi af þessu að um allan heim eru menn að átta sig á því að hugmyndafræði hörðustu peningahyggju, sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar byggir á, getur ekki leitt til velfarnaðar. Henni fylgir aukið misrétti og örbirgð stórra þjóðfélagshópa. Og það sem meira er að til lengri tíma litið heldur hún aftur af hagvexti. Menn þurftu ekki annað en að hlusta á hádegisfréttirnar í dag til að átta sig á að þetta er það sem Bandaríkjamenn eru að upplifa í dag og kosningabaráttan þar snýst um. En þessari úreltu hugmyndafræði heldur ríkisstjórn Davíðs Oddssonar fram af fullri hörku.

Í þessu sambandi bendi ég á það, ef hæstv. forsrh. tekur meira mark á því en mínum orðum, að á síðustu vikum hefur Morgunblaðið, sem ég vil nú ekki kalla málgagn Sjálfstfl., a.m.k. ekki opinbert, margsinnis bent á þessar staðreyndir bæði í Reykjavíkurbréfi og í leiðurum. Morgunblaðið hefur séð ástæðu til að benda á að þær þjóðir sem hafa náð lengst í efnahagsmálum á umliðnum áratugum hafa farið allt aðra leið. Þær hafa stuðst við hið blandaða hagkerfi þar sem hefur verið unnið á samráðsgrunni ríkisstjórna, aðila vinnumarkaðarins og banka.

Ég ætla ekki að vitna mikið í þessar greinar í Morgunblaðinu en, með leyfi forseta, ætla ég þó að lesa niðurlag í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins frá 23. ágúst þar sem búið var að vitna í reynslu Þjóðverja, Frakka og Japana varðandi uppbyggingu efnahags- og atvinnulífs þeirra.

Síðan segir: „Reynsla þessara þriggja ríkja og þær aðferðir sem þar hafa verið notaðar eru umhugsunarefni fyrir okkur Íslendinga. Við sækjum hugmyndir okkar mjög til Bandaríkjanna og Bretlands, en það er ekki endilega víst að þær hugmyndir hæfi best íslenskum aðstæðum, hefðum og venjum. Eins og vik-

ið var hér að framan hafa bankar alltaf haft miklu hlutverki að gegna í íslensku atvinnulífi og stjórnvöld sömuleiðis. En hafa þessi afskipti verið nægilega jákvæð? Er hægt að virkja krafta atvinnulífsins, bankanna og stjórnvalda betur að einu sameiginlegu marki en gert hefur verið."

Þetta var grunntónninn og það sem Morgunblaðið hefur viljað leggja til málanna og reyna að leiðbeina ríkisstjórninni með að undanförnu.

En hvað er til ráða? Það er eðlilegt að við sem gagnrýnum séum spurð þeirrar spurningar. Við verðum að ráðast í að lækka kostnað í íslensku atvinnulífi og það verður ekki gert óðruvísi en með nánu samstarfi aðila vinnumarkaðarins, ríkisstjórnar og nú til viðbótar bankanna. Þetta er ekki síst hagsmunamál launþega og landsbyggðarinnar þar sem þessir hópar, lægra launaða fólkið og landsbyggðin, á allt sitt undir því að það takist að koma traustum fótum undir undirstöðuatvinnuvegina.

Ríkisstjórnin verður að ganga á undan með því að afnema kostnaðartengd gjöld, aðstöðugjaldið og önnur gjöld. Það vekur ekki bjartsýni að heyra þær tillögur sem nú eru uppi samfara afnámi aðstöðugjaldsins. Þær benda til að þeir sem þar vinna hafi engan skilning á þörfum grundvallaratvinnuveganna og allra síst á þörfum þess að viðhalda góðu atvinnustigi, því þær tillögur sem við höfum heyrt eru í þá veru að álögur eru auknar á þau fyrirtæki sem eru með mestan mannafla. Þetta er fyrsta skref.

Síðan verður að koma á farsælla kerfi varðandi gengisskráningu. Að mínu mati verður að breyta genginu fyrst og fremst með því að lækka innlendan kostnað en síðan hef ég talið og ekki legið á þeirri skoðun minni að það beri að beita þeim heimildum sem nú eru í lögum um frjálsan gengismarkað þannig að gengisþróunin á hverjum tíma geti endurspeglast og setji pressu á stjórnvöld að bregðast við.

Síðast og ekki síst verður að bregðast við skuldastöðu atvinnuveganna. Það verður að létta undirstöðuatvinnuvegunum skuldabyrðina. Það er hægt að gera á margvíslegan hátt. Að mínu mati verður lengri lánstími að koma til. Ég bendi á að meðallánstími sjávarútvegsins er einungis 4–5 ár og það sjá allir að miðað við þá miklu skuldsetningu sem þar er að slíkt getur alls ekki gengið.

Í öðru lagi varðandi skuldabyrðina verður ríkisstjórnin að sjá til þess að vextir séu eðlilegir á hverjum tíma. Ég bendi á að langtímum saman á síðasta vetri voru raunvextir hér á landi 20% sem er langt umfram það sem skuldsettir atvinnuvegir þola.

Varðandi skuldsetninguna ætla ég að lokum að nefna eitt atriði sem e.t.v. er öllu umdeildara. Ég sé ekki annað en að það verði að skoða þann möguleika mjög vandlega að bönkunum verði veitt víðtækari heimild en nú er til þess að eiga hlutafé í fyrirtækjum og því nefndi ég að bankarnir yrðu að koma inn í samráð núna. Það eru ekki nema tvær leiðir eftir. Önnur þeirra er gjaldþrotaleiðin sem mundi leiða af sér mun meira atvinnuleysi en það sem við búum við nú og það sem verra er, ég efast um að íslenska fjármálakerfið, bankarnir og aðrar fjármálastofnanir, mundu þola þá aðgerð. En þetta er vissulega aðgerð sem hefur kitlað marga af stuðningsmönnum núverandi ríkisstjórnar.

Hin leiðin er þá sú að það verði veitt heimild til þess að bankar og aðrar fjármálastofnanir megi breyta hluta af skuldunum í hlutafé. Um þetta yrði að sjálfsögðu að setja heilsteypta og sértæka löggjöf, en þetta er hlutur sem okkur ber að skoða og ég nefni það að einmitt í þeim löndum sem ég vitnaði til áðan, þar sem þróun efnahagsmála hefur verið hvað jákvæðust hefur hlutdeild bankanna í uppbyggingu atvinnulífsins verið mjög mikil m.a. í formi eignaraðildar.

Þær aðgerðir sem ég nefni hér væru mjög eðlilegt framhald þess sem fráfarandi ríkisstjórn var að vinna að með þeim árangri sem sást á rekstrarreikningi fyrirtækjanna á árinu 1990. En menn gleyma því stundum, eins og hæstv. forsrh. í sjónvarpsviðtali sem ég vitnaði til, að til viðbótar höfum við orðið að fást við verulegan aflasamdrátt sem stjórnvöld áttu fyrir löngu að vera byrjuð að takast á við.

Ég ítreka því spurningu mína til hæstv. forsrh.: Hvað hyggst ríkisstjórnin fyrir til þess að létta byrðar atvinnulífsins? Hvað hyggst hún gera til þess að fleyta sjávarútveginum og fiskvinnslunni í gegnum þá erfiðleika sem nú eru fram undan?

Í öðru lagi spyr ég: Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til þess að draga úr þeirri sveiflu sem nú er í hagkerfinu? Hefur hún eitthvað á prjónunum í þá veru að skapa atvinnu í landinu?

Að mínu mati er það skylda ríkisstjórnar að grípa til slíkra aðgerða í stöðu eins og nú er. Ég hef bent á það úr þessum ræðustól að arðsamar framkvæmdir í vegagerð væru hlutir sem sjálfsagt væri að grípa til í þessari stöðu. Menn hafa bent á viðhaldsverkefni við opinberar byggingar og fleiri þætti þar sem stjórnvöld geta örvað.

Þessum spurningum varpa ég fram vegna þess að það hefur ekkert komið fram frá hæstv. ríkisstjórn í þessa veru. Forsrh. hefur sýnt að hann er mikill fortíðarhyggjumaður. Hann hefur eytt mikilli orku, bæði sinni og annarra, í að rýna í fortíðina og reyna að finna upptök allra vandamála þar. Þetta er góðra gjalda vert, svo langt sem það nær. En ég vil minna hæstv. forsrh. á að þegar dómur sögunnar fellur um ríkisstjórnina verður ekki spurt um það hversu fær hún var í að skilgreina fortíðina. Ef svo fer fram sem horfir verður þessarar ríkisstjórnar minnst sem þeirrar sem innlagði atvinnuleysi á Íslandi.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Í upphafi máls míns þakka ég málshefjanda fyrir að hefja umræðuna og fyrir ræðu hans sem ég hlustaði auðvitað á með athygli. Sem vonlegt var fór drjúgur hluti ræðunnar í að útskýra illsku og skilningsleysi ríkisstjórnarinnar og er ekkert við því að segja, en það var þó þakkarvert að hv. þm. fjallaði allmikið um það hvað væri til ráða. Hann lét ekki nægja að gagnrýna ríkisstjórnina heldur lét einnig í ljós skoðanir sínar og hugmyndir um hvað væri helst til ráða varðandi umræðuefnið. Ég mun víkja að því síð-

ar en get þó sagt að flest af því sem hann nefndi, sem var allt jákvætt, eru þættir sem menn hafa einmitt verið að sýsla við að undanförnu. Ég mun víkja að því nánar síðar.

Hv. þm. sagði að atvinnuástandið væri að færast á það stig sem það væri í nálægum löndum. Sem betur fer er það nú ekki svo og ekkert bendir til þess að það sé svo. Þó hefur atvinnuástandið orðið lakara hér en það hefur verið á undanförnum árum, en hvergi nálægt því sem við þekkjum til frá nálægum löndum.

Allt frá lokum síðustu heimsstyrjaldar hefur atvinnuástand í landinu í rauninni verið mjög gott með fáeinum undantekningum og auðvitað tímabundnum og svæðisbundnum undantekningum. Menn muna eftir samdrætti og atvinnuleysi sem varð fyrir aldarfjórðungi í kjölfar hruns síldarstofnsins. Atvinnuleysisvandinn var sem sagt samstofna þá og hann er nú. Ekkert undarlegri þá en hann er nú.

Við skulum líka minnast þess að fyrir örfáum árum bjuggum við við þensluástand. Ég minnist þess sem borgarstjóri í Reykjavík að fá iðulega skilaboð frá ríkisstjórninni um að rétt væri að fara að hægja á því þenslan væri allt að drepa í landinu. Það eru ekki mörg ár síðan ástandið var með þeim hætti, þannig að sveiflurnar hafa verið nokkrar.

Fyrstu sjö mánuði þessa árs hefur atvinnuleysi mælst nokkru meira en á undanförnum árum, eða um 2,9% að meðaltali. Á sama tíma í fyrra mældist það um 1,5%. Það var athyglisvert og áberandi og gaf tilefni til nokkurs ótta en það dró lítið úr atvinnuleysi yfir sumarmánuðina eins og við höfum jafnan átt að venjast á Íslandi.

Ef horft er fram í tímann þá eru spár um atvinnuleysi nokkuð misvísandi en sýna þó, því miður, áþekka þróun. Þannig hefur Vinnuveitendasamband Íslands látið í ljós þá skoðun að atvinnuleysi á næsta ári gæti orðið á bilinu 4–6%, þarna skakkar að vísu mjög miklu. Félag ísl. iðnrekenda er með nokkuð varkárari spá eða um 3,8% atvinnuleysi og reyndar spáir Félag ísl. iðnrekenda öfugt við aðra spámenn að hagvöxtur verði nokkur á næsta ári. Því spáir hvorki Vinnuveitendasambandið né Þjóðhagsstofnun.

Fyrir nokkrum dögum hélt hv. þm. Guðni Ágústsson því fram í þinginu að félmrn. hefðu borist tilkynningar um uppsagnir þúsunda starfsmanna um síðustu mánaðamót. Þessar fullyrðingar voru sem betur fer algjörlega rangar. Kannski má segja að það sé fótur fyrir þeim vegna þess að um mánaðamótin júlí–ágúst hafði verið tilkynnt um uppsagnir 300 starfsmanna í landinu samkvæmt þeim ákvæðum sem um það gilda, en þar af voru 100 vegna skipulagsbreytinga sem leiða til endurráðningar en ekki til fækkunar, skipulagsbreytingar eins og við þekkjum frá fyrirtækjum eins og Gutenberg og fyrirtækjum með svipaðar aðstæður.

Flestar þessar uppsagnir tengjast uppsögnum í þjónustugreinum á höfuðborgarsvæðinu. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að bæði þróunin í sumar og eins þessi þróun bendir til þess eða er a.m.k. vísbending um að atvinnuleysi sé ekki eins tíma- og staðbundið eins og það hefur stundum verið á liðnum árum.

Auðvitað er það eðlilegt að hv. þm. vilji kenna ríkisstjórn landsins, þeirri sem nú situr, um þetta atvinnuleysi, eða að atvinnuleysi hafi aukist nokkuð og mundi jafnvel enn aukast samkvæmt spám eins og ég gat um. Eins og hann sjálfsagt veit er málið reyndar eins og gjarnan flóknara en það.

Í Hagvísi Þjóðhagsstofnunar, dagsett 27. ágúst sl. segir m.a., með leyfi forseta:

„Atvinnuleysi er svipað um þessar mundir og það varð mest á samdráttarárunum 1967–1969. Þetta stafar m.a. af því að fjöldi starfa í boði hefur nánast staðið í stað frá árinu 1989 eftir að hafa minnkað nokkuð frá árinu 1987. Á sama tíma hefur fólki fjölgað á vinnufærum aldri."

Það eru athyglisverðar upplýsingar sem þarna koma fram, að störfum fækkaði frá 1987–1989 og hafa síðan staðið í stað. Þetta gerist á sama tíma og miklum peningum er dælt inn í hagkerfið með innlendum en þó einkum erlendum lánum. Á sama tíma og 10 þús. millj. kr. brunnu upp í fiskeldi, þúsundir milljóna í loðdýrarækt og 15 milljarðar króna bundust í virkjanaframkvæmdum sem ekki hefur enn reynst þörf fyrir, því miður, þá fjölgar atvinnutækifærum ekki. Með öðrum orðum, meðan 30 milljarðar ganga þannig inn í hagkerfið án þess að forsendur séu fyrir þeim fjárfestingum standa atvinnutækifærin í stað en fólki á vinnumarkaði fjölgar. Hér er verið að tala um sex ára tímabil. Þegar ekki er lengur fært að halda áfram fjárfestingu af þessu tagi, sem ekki hefur skilað nokkrum arði a.m.k. í svip, þó kannski komi það til síðar meir. Þegar það gerist að það stöðvast og menn þurfa að fara að borga af þessum 30 milljörðum króna er því eðlilegt að atvinnuleysistölurnar hækki nokkuð.

Til viðbótar þessu hefur komið verulegur aflasamdráttur tvö ár í röð. Ég hef ekki séð þetta sjónvarpsviðtal og veit ekki hvernig hinir ágætu fjölmiðlamenn hafa klippt það en í mörgum viðtölum þykist ég hafa sagt og einmitt vakið athygli á því að gengisskráning gagnvart sjávarútveginum er honum ekki óhagfelld miðað við reynslu og að verðlag er honum hagfellt miðað við reynslu. En það er aflasamdrátturinn sem hefur gert það að verkum að svo er spáð um afkomu hans eins og spár segja fyrir um.

Ég hlýt einnig að minna á að þegar fyrstu hugmyndir fiskifræðinga komu fram og margir vildu fylgja þeim út í hörgul, þóttust menn sjá fyrir og því var spáð af hálfu mjög marktækra aðila að atvinnuleysi gæti orðið á bilinu 5–7%. Niðurstaða ríkisstjórnarinnar var sú að fara ekki eftir ýtrustu tillögum fiskifræðinga í þorskveiðiheimildum og auka nokkuð afla í öðrum stofnum umfram tillögur þeirra. Það mildaði höggið sem enn er þó tilfinnanlegt.

Vissulega hafa heyrst gagnrýnisraddir eins og hv. þm. nefndi, um að ekki sé nóg gert af hálfu ríkisvaldsins og ekki nógu fljótt. En það er ekki hægt að líta fram hjá því að ýmislegt hefur verið gert þótt stjórnvöld hafi ekki viljað láta teyma sig lengra en þau telja skynsamlegt. Ef við lítum aðeins til sjávarútvegsins þá hafa skuldbreytingar og lengingar lána átt sér stað hjá Atvinnutryggingarsjóði sem nemur háum fjár-

hæðum. Slíkar skuldbreytingar í lánastofnunum standa enn yfir. Þetta var einn sá þáttur sem hv. þm. nefndi að væri mikilvægur og hvað mikilvægastur í þessum efnum. Þetta hefur verið gert og stendur enn yfir.

Þá voru inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóð stöðvaðar og síðan tekin ákvörðun um að greiða 2,5 milljarða út úr þeim sjóði til fyrirtækjanna í sjávarútvegi. Þessar ákvarðanir endurspegla auðvitað skilning á stöðu sjávarútvegsins og skipta sköpum um afkomu hans á þessu ári. Þegar menn eru að tala um stöðu sjávarútvegsins eru menn að horfa á spár fyrir næsta ár. Afkoman er ekki slök eða mjög slæm á þessu ári vegna þeirra aðgerða sem gripið var til.

Það breytir ekki hinu um myndina á næsta ári því aðgerð af þessu tagi, það felst í eðli þeirra, er tímabundin, bundin við tiltekið ár, tiltekna peninga og lýkur þegar sjóðir eru ekki lengur fyrir hendi.

Það er líka rétt, sem menn hafa sagt, að miðað við þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur viljað grípa til, það má lesa út nokkra varfærni, og ég er þeirrar skoðunar að enginn réttsýnn maður geti neitað því að það séu full rök fyrir varfærni af því tagi. Það er nefnilega óráð að segja sem svo og ætla svo að ríki geti bætt mönnum að fullu þann mikla aflasamdrátt sem orðinn er. Það getur gerst til að mynda í löndum eins og Noregi þar sem sjávarútvegurinn er sáralítill hluti af ríkiskassanum. En þar sem sjávarútvegurinn er jafnstór hluti af ríkiskassanum eins og hjá okkur veikist ríkiskassinn sem heild um leið og sjávarútvegurinn veikist. Þetta þekkja menn afskaplega vel. Það þrengir líka þessa stöðu mjög hversu skuldugur sjávarútvegurinn er, að sumu leyti vegna offjárfestinga í sjávarútvegi á undanförnum árum, menn verða að horfa til þess, og ekki síður vegna hins hversu veikir opinberir sjóðir og lánastofnanir hafa orðið á síðustu árum vegna þeirrar umgengni sem þar hefur átt sér stað.

Því er ekki að neita að það heyrist að ýmsir óska eftir því að ríkisvaldið komi með eitt allsherjarlausnarorð í atvinnumálunum. Reynsla okkar af slíkum lausnarorðum er þó afleit hvort sem þau hafa falist í fiskeldi eða loðdýrarækt sem hið opinbera hefur haft veg og vanda af hér á landi. Þær lausnir eru að mínu mati fremur víti til varnaðar heldur en forskrift fyrir nýja ríkisstjórn. Nýsköpun í atvinnulífinu verður í öllum meginefnum að byggjast á öðru en valdboði, opinberum fjárfestingarlánasjóðum og miðstýringu.

Þegar vestrænum hagstjórnaraðferðum var hafnað opinberlega hér fyrir nokkrum árum og reynt var að örva atvinnulífið með opinberri forsjá fór að síga á ógæfuhliðina. Það er þess vegna sem enginn hagvöxtur hefur orðið hér sex ár í röð. Það tekur heilmikinn tíma að hreinsa til og snúa síðan dæminu við. Við sjáum þó mjög mörg tákn þess að batinn sé ekki langt undan þótt við séum ekki endilega enn komin yfir það versta. Smátt og smátt er að draga úr ríkissjóðshalla og lánsfjáreftirspurn ríkisins sem er mikilvægt. Viðskiptahalli fer minnkandi og gjaldeyrisvarasjóðurinn eflist. Það bendir ekki til þess að gengið sé vitlaust skráð. Reyndar tók ég eftir því að hv. þm. vildi ekki fara þá leið sem sumir hafa kallað eftir, gamalkunnug leið, að gengið væri einfaldlega fellt. Í fyrsta lagi er það svo að gengið er ekki vitlaust skráð miðað við þá stöðu sem við þekkjum frá gamalli tíð og í annan stað nýtist gengisfelling ekki með sama hætti og fyrr einmitt vegna þeirra miklu erlendu skulda, gengistryggðu skulda sem á sjávarútveginum hvíla.

Það má líka segja að eins og gengið hefur þróast, eða innbyrðis gengi körfunnar, þá er það fremur hagstætt okkur en óhagstætt að meginstofni til. Dollarinn hefur lækkað mjög mikið og það hefur rést af í gengiskörfunni, aðrar myntir hafa verið hækkaðar til halda genginu stöðugu eins og stefnan er. Meginhluti okkar skulda er í dollurum. Meginhluti okkar útflutnings er í öðrum myntum þannig að sem heild er slík innbyrðis breyting í myntkörfunni okkar efnahag hagstæð. Það breytir ekki því að fyrir mörg einstök fyrirtæki getur þessi breyting verið afskaplega erfið. Það fer eftir því hvort þannig gæti verið statt í einstökum fyrirtækjum að útflutningur þeirra væri í dollurum en skuldirnar í öðrum myntum. Þá er þetta hrikaleg staða. En fyrir heildina er dæmið öðruvísi. Meginhluti skuldanna er í dollurum, meginhluti teknanna er í öðrum myntum.

Varðandi gengið sérstaklega má benda á ágætan greinarstúf í Vísbendingu í gær þar sem segir, með leyfi forseta:

„Nánast má slá því föstu að verðbólga verði lítil á næsta ári nema gengi krónunnar falli. Innflutningur er nálægt 35% af landsframleiðslu og því hafa verðbreytingar í útlöndum mikil áhrif á verðbólgu hér. Nú er verðbólga í viðskiptalöndum Íslendinga rúm 3% og fer lækkandi. Meðalgengi krónunnar hefur verið stöðugt frá árslokum 1989. Gengisskráning var áður miðuð við afkomu sjávarútvegs en hún hefur verið að slæm að undanförnu eins og kunnugt er. Halli sjávarútvegs nú stafar þó ekki af því að gengi krónunnar sé of hátt. Verðlag sjávarafurða í alþjóðamyntinni SDR er 15–20% hærra en 1989 og raungengi krónunnar er aðeins 1–2% hærra en þá." — Ég vek athygli á þessum tölum. „Verðlag sjávarafurða í alþjóðamyntinni SDR er 15–20% hærra en 1989 og raungengi krónunnar aðeins 1–2% hærra en þá. Aðalástæður hallans eru að afli hefur minnkað. Óeðlilegt væri að lækka gengi til þess að hægja á aðlögun sjávarútvegsfyrirtækja að minni veiði."

Þetta er hárrétt sem hér er skrifað og menn verða að horfa á þessar staðreyndir. Og eins og ég segi þá tók ég eftir því að hv. málshefjandi virtist vilja, rétt eins og ríkisstjórnin, að raungengisbreytingin í þágu útflutningsaðilanna gerðist með þeim hætti að kostnaður hér innan lands væri lægri en kostnaður erlendis og ég held að það sé hárrétt hjá honum.

Hv. þm. nefndi vexti. Vextir eru enn háir hér á landi en þó er það svo að vaxtastigið er orðið miklu sambærilegra hér því sem annars staðar gerist í nálægum löndum ef Bandaríkin eru frátalin þar sem aðstæður eru mjög sérstakar. Og reyndar eru raunvextir lægri hér en í nokkrum nálægum viðskiptalöndum okkar og raunvextir á borð við það sem þingmaðurinn nefndi eru ekki fyrir hendi í dag sem hann nefndi sem víti til varnaðar.

Á hinn bóginn er það staðreynd og það heyrum við þessa dagana að bankar verða að hafa hér meiri vaxtamun en annars staðar gerist meðan verið er að borga niður fjárfestingarmistök liðinna ára og að ná fram aukinni hagræðingu og sparnaði í bankakerfinu.

Einn þáttur enn sem er mikilvægur er verðbólgan, sem er nú minni en nokkru sinni fyrr, en einmitt stöðugt verðlag gerir forsvarsmönnum fyrirtækja hægara um vik að gera langtímaáætlanir í sínum fyrirtækjum. Við sjáum enda að fyrirtækin eru að vinna að betri nýtingu innan dyra hjá sér og að hagræðingu og sparnaði. Og það var eitt af því sem hv. þm. nefndi, að áríðandi væri að fyrirtækin næðu niður kostnaðinum við starfsemi sína við þessar þrengingar. Þetta er akkúrat það sem hefur verið að gerast. En á hinn bóginn er það líka rétt að slíkar aðgerðir fyrirtækjanna ýta undir samdrátt til skemmri tíma litið en um leið gerir slíkur sparnaður og hagræðing fyrirtækjunum kleift að eflast aftur til nýrra átaka þegar menn horfa til lengri tíma.

Þá er mikilvægur þáttur að sparnaðurinn hjá einstaklingum og heimilum er að aukast. Við sjáum mjög glögg merki þess að sparnaður einstaklinga og heimila er að aukast jafnvel þó það gerist í fyrstunni svo að menn eru einkum og sér í lagi að borga af neyslulánum sínum en ekki að leggja inn fjármuni í sparnaðarform nema í minna mæli. En þessi sparnaður er þó að aukast með þessum hætti og það er afskaplega mikilvægt. En það má líka segja eins og í hinu fyrra dæmi að slíkur sparnaður til skemmri tíma horft ýtir undir samdrátt en er á hinn bóginn mjög heilbrigt merki þegar horft er til lengri tíma. Og það er mikilvægt í öllu þessu að það tekst að varðveita kaupmátt þeirra sem lægst hafa launin við allar þessar aðstæður. Samningagerðin síðast tryggir það, og var ólík mörgum öðrum samningum þar sem menn hafa talað um það fjálglega að vernda kaupmátt lægstu launa en útkoman þegar upp er staðið hefur verið allt önnur, en það tekst einmitt núna í þessum samningum og það er mikilvægt.

Ég tel að allir þessir þættir sem ég hef hér vitnað til séu afskaplega mikilvægir þegar unnið er að því að koma efnahagslífinu á traustari grundvöll á ný. Það er nefnilega þannig að traustur efnahagsgrundvöllur er eina haldbæra forsendan fyrir ásættanlegu atvinnustigi í landinu og ég get verið alveg sammála hv. þm. að það atvinnustig, sem spástofnanir hafa verið að spá og ég rakti hér í upphafi, er ekki merki um ásættanlegt atvinnustig. En það er hins vegar eina haldbæra forsendan til að tryggja varanlegt atvinnustig sem er ásættanlegt að efnahagsgrundvöllurinn sé traustur.

Ég tel að í meginatriðum hafi tekist einmitt að ná þeim efnahagslegu markmiðum sem að var stefnt þrátt fyrir ytri aðstæður sem hafa verið óhagfelldar. Og að það skuli hafa tekist tel ég að leiði til þess að þjóðin hafi mjög góða ástæðu til þess að vera bjartsýn á það að við vinnum okkur fljótt út úr vandanum.

Menn ræða um sérstakar aðgerðir til að örva atvinnulíf og uppbyggingu og auðvitað er eðlilegt að slík atriði og þættir verði kynntir í tengslum við lok fjárlagagerðar eins og eðlilegt er. Ég tel að þótt íslenskt efnahagslíf sé út af fyrir sig að ganga í gegnum vissar þrengingar, það hefur oft verið sagt að það væri eldraun fyrir efnahagslífið sem það væri að ganga í gegnum núna, en ég tel að þrátt fyrir þær þrengingar sé ekki minnsta ástæða til þess að örvænta. Við erum í fremstu röð þjóða í efnahagslegum samanburði, í samanburði í lífskjörum. Hér hefur að vísu ekki orðið hagvöxtur í sex ár samfellt og menn höfðu látið undir höfuð leggjast að skapa efnahagslífinu eðlileg skilyrði. Þar eru allar forsendur, eins og ég hef farið yfir, að breytast hægt en örugglega til hins betra. Þar með hefur þá skapast grundvöllur til að grípa ný færi og skapa ný tækifæri.

Eins og kom fram hjá hv. málshefjanda eru tvær af höfuðatvinnugreinum okkar á miklu umbreytingaskeiði um þessar mundir, bæði sjávarútvegur og landbúnaður. Þar mun mikil endurskipulagning eiga sér stað á næstu árum, endurskipulagning sem mun leiða til betri nýtingar og aukinnar framleiðni, en jafnframt, og menn eiga ekki að draga fjöður yfir það, verða auknar kröfur gerðar til þeirra sem að þessum greinum vinna. Forsjá ríkisvaldsins mun minnka en frumkvæði og ábyrgð einstaklinganna aukast. Alls staðar í veröldinni, hvarvetna í veröldinni hafa slíkar breytingar verið breytingar til batnaðar.

Ég vil líka nefna samninginn um hið Evrópska efnahagssvæðið sem mun gefa okkur ný tækifæri og bæta samkeppnisstöðu okkar allra, ekki bara sjávarútvegs en þó einkum og sér í lagi hans í fyrstunni. Það er þess vegna sem ég hef talið og segi enn að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði sé því ekki síst hagsmunamál byggðanna í landinu.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að verja meiri fjármunum til rannsóknar- og þróunarverkefna á næstu árum en áður hefur verið gert. Slíkt skilar ekki fjármagninu í hendur okkar á morgun eða daginn þar á eftir en er þó aðgerð sem hægt er að kenna við morgundaginn. Við vitum einnig að orkan í fallvötnum okkar og iðrum jarðar mun innan tíðar skila okkur miklu í aðra hönd þótt tafir hafi orðið á vegna efnahagslegrar kyrrstöðu á Vesturlöndum. Þar liggja fyrir mótaðar og tilbúnar áætlanir sem hægt er að grípa til um leið og ytri skilyrði opna þá leið. Við höfum því alla ástæðu til að vera bjartsýn. Sú bjartsýni er engin bjánabjartsýni, engin innantóm orð, heldur bjartsýni sem byggð er á traustum forsendum. Við höfum tekið á okkur nokkrar þrengingar, nokkrar fórnir. Þær fórnir eru að skila árangri og sá árangur mun leggja grundvöllinn að öruggri uppbyggingu í landinu. Í mínum huga er meginatriðið það að hvika hvergi af leið, halda sínu striki, hafna gervilausnum sem gefa stundarávinning en byggja einmitt á stefnu, af því að þingmaðurinn nefndi það, byggja á stefnu sem stenst dóm sögunnar. Það er slík stefna sem skilar okkur mestu þegar til lengri tíma er horft og ég fyrir mitt leyti hef engar áhyggjur af þeim dómi sögunnar og hef þess vegna engar áhyggjur af því að hér kæmu einhvern tíma forráðamenn ríkisstjórnar í þessu landi sem hefðu mikinn áhuga á því að velta fyrir sér fortíðinni, þeirri fortíð sem ég hef lifað hér sem nútíð.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er ekki seinna vænna að fá tækifæri til að ræða þessi alvarlegu mál sem snúa að atvinnuástandi og efnahagsástandi í landinu nú í haustbyrjun. Það liggur fyrir að atvinnuástandið er það versta sem við höfum séð í áratugi. Það hefur verið að staðaldri 2–3% nú í sumar um hábjargræðistímann og er slíkt óþekkt frá fyrri tíð. Það stefnir í það að atvinnuleysismet viðreisnaráranna verði slegið. Núverandi ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. stefnir hraðbyri að því að slá þetta met sömu flokka frá árunum 1967–1969.

Fyrstu sjö mánuði þessa árs hefur atvinnuleysi að meðaltali verið 2,8%. Samkvæmt nýlegri spá Þjóðhagsstofnunar verður atvinnuleysi á árinu í heild 3% eða rúm 3%. Það þýðir að 3.600 Íslendingar hafa gengið án atvinnu að meðaltali allt árið. Samkvæmt nýjustu spá Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1993, það ár sem í hönd fer, er talið að atvinnuleysi verði í heild á árinu 3,5–4%. Það þýðir að 4.200–5.000 Íslendingar ganga án atvinnu allt árið 1993. Svartsýnni spár hafa komið fram sem taka mið af nýjustu tilkynningum um uppsagnir og nýjustu hræringum á vinnumarkaði. Þær ganga jafnvel svo langt að meta líklegt atvinnuleysi á næsta ári 4–6% af mannafla. Gengju þær eftir og væri hærri talan tekin mundi það þýða að 7.200 Íslendingar yrðu án atvinnu allt næsta ár. Það lætur nærri að hvert prósentustig í atvinnuleysi kosti hér 600–650 millj. kr., þ.e. í atvinnuleysisbótunum einum. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun hefur engin tilraun verið gerð til þess að meta þjóðhagslegt áfall af atvinnuleysinu að öðru leyti, þ.e. þegar vinnutapið og minni verðmætasköpun bætist við. Það er þó ljóst að hvert prósentustig í auknu atvinnuleysi kostar þjóðarbúið fremur milljarða en hundruð milljóna.

Það er óhjákvæmilegt í þessu sambandi að líta á stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Hún er harla alvarleg og fyrir liggur ný skýrsla frá Ríkisendurskoðun um úttekt á hagsmunum sjóðsins. Þar segir m.a. í niðurstöðu:

„Staða sjóðsins er þannig að verðbréfaeign hans verður uppurin og greiðsluþrot blasir við á árinu 1994 *komi ekki til sérstakra fjárveitinga á árunum* 1992–1993 og verði atvinnuleysi áfram 3% eða meira."

Í öðru lagi segir: „Núverandi tekjustofnar sjóðsins geta aðeins staðið undir kostnaði vegna um það bil 2% atvinnuleysis."

Og í þriðja lagi gagnrýnir Ríkisendurskoðun félmrn. harðlega fyrir slælega upplýsingaöflun hvað skráningu atvinnuleysis snertir.

Samkvæmt áætlun Ríkisendurskoðunar vantar hið minnsta 500–600 millj. kr. á þessu ári til þess að Atvinnuleysistryggingasjóður geti greitt út bætur. Og samkvæmt sömu stofnun vantar a.m.k. 1.080 millj. kr. til viðbótar tekjum Atvinnuleysistryggingasjóðs til þess að hann geti greitt út bætur á árinu 1993. Þetta er miðað við þáverandi spá Þjóðhagsstofnunar um atvinnuleysi upp á 3% á árinu. Ef tekin er nýja spáin með 3,5–4% atvinnuleysi, vantar 1.400–1.700 millj. kr. til þess að greiða út atvinnuleysisbætur á næsta ári. Og ef gengið væri enn lengra og tekin svartsýnasta tala sem komið hefur fram um 6% atvinnuleysi á næsta ári eða 7.200 manns, vantar 2.900 millj. kr. í Atvinnuleysistryggingasjóð á næsta ári til að greiða atvinnuleysisbætur. Ég hlýt því að leggja eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. forsrh. hér:

1. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að tryggja að unnt verði að greiða atvinnuleysistryggingabætur á þessu ári og vöntun upp á 500–600 millj. kr. í því sambandi?

2. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að tryggja a.m.k. 1.400–1.700 millj. kr. í viðbótarframlög við sjóðinn á næsta ári, svo ekki sé nú minnst á enn hærri tölur?

3. Hvernig hyggst ríkisstjórnin koma í veg fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóður komist í greiðsluþrot og verði eignalaus árið 1994?

Það er margt sem bendir til þess, því miður, að við séum að festast í keðjuverkun samdráttarskrúfu. Hér er hægagangur í efnahagslífinu, miklar uppsagnir eru í byggingariðnaði og í þjónustu. Allir þekkja vanda skipasmíðaiðnaðarins og verkefni eru að flytjast úr landi í stórum stíl þar sem víða annars staðar í samkeppnisgreinum. Fjárfestingar eru nú þær minnstu á Íslandi í meira en hálfa öld eða aðeins 18,4% af vergri þjóðarframleiðslu. Á sambærilegu verðlagi eru þær aðeins 97,8% af því sem þær voru árið 1980, þ.e. þær eru minni nú að raungildi en þær voru fyrir 12 árum síðan. Og það versta er að þær litlu fjárfestingar sem í gangi eru, t.d. í sjávarútvegi, og á ég þar m.a. við byggingu frystitogara og endurnýjun á fiskiskipum, fara að mestu út úr landinu. Við þetta allt saman bætist svo minni afli og minni vinnsla sjávarfangs vegna aukinnar grófvinnslu úti á sjó. Og ofan á þetta allt kemur svo enn samdráttur hjá hinu opinbera, minni atvinna, minni tekjur, minni skatttekjur og af því leiðir þörf fyrir enn meiri niðurskurð á næsta ári.

Þessi skrúfa, þessi öfugu margfeldisáhrif eru því miður vel þekkt úr hagsögunni. Í ágætri samantekt hagfræðings Bandalags starfsmanna ríkis og bæja nýlega segir um þetta atriði, svona til upplýsinga fyrir menn, með leyfi forseta:

„Minni eftirspurn ríkisins eftir vörum og þjónustu veldur því að ekki er ráðist í fjárfestingar í sama mæli og fyrr. *Það ásamt minni eftirspurn eftir vinnuafli*, bæði hjá hinu opinbera og einkaaðilum hefur í för með sér atvinnuleysi og skertar ráðstöfunartekjur. Minni fjárfestingar og minni ráðstöfunartekjur leiða af sér samdrátt í einkaneyslu og eftirspurn eftir innlendum og innfluttum vörum minnkar. Þar sem tekjur þegnanna dragast saman fær ríkið minni skatttekjur í gegnum tekjuskatt en einnig minni tekjur af veltusköttum þar sem eftirspurn og sala á vörum dregst einnig saman. Minni skatttekjur ríkissjóðs hafa síðan í för með sér að næsta ár þarf enn að draga saman ríkisútgjöld, fjárfestingar minnka enn meira, atvinnuleysi eykst og hringekjan er farin að snúast."

Ég hygg að þessi orð megi verða mönnum ærið umhugsunarefni og það er full ástæða til að gefa gaum að því hvort við séum ekki að verulegu leyti að festast í heimatilbúinni, heimasmíðaðri kreppu vegna rangrar stjórnarstefnu.

Það er óhjákvæmilegt í þessu sambandi að nefna vaxtastigið sem hæstv. forsrh. hafði um hér áðan furðuleg ummæli. Staðreyndin er sú að samkvæmt nýjustu upplýsingum frá viðskiptabönkunum í Hagtölum mánaðarins frá þessum mánuði liggur það ljóst fyrir að raunvaxtastigið er enn nokkurn veginn jafnhátt og það hefur hæst orðið á Íslandi. Samkvæmt upplýsingum frá bönkunum eru algengustu útlánaflokkar í vísitölubundnum lánum, þ.e. B- og C-flokkar í áhættumati, með raunvexti upp á 9–9,85%, þ.e. þetta háir vextir ofan á verðtryggingu og lánskjaravísitölu. Og þeir sem ekki trúa þessum upplýsingum eins og hæstv. forsrh. virðist ekki gera ættu að verða sér úti um þetta litla hefti og gagnlegar upplýsingar um það hvernig útlán bankanna dreifast á hina einstöku áhættuflokka. (Gripið fram í.) Ég ber ekki ábyrgð á orðum málshefjanda, ég er eingöngu að svara því sem hæstv. forsrh. sagði.

Varðandi vexti á almennum skuldabréfalánum þá eru þeir í sömu áhættuflokkum, þ.e. í B-, C- og svo D-flokki, enn hærri sem flest íslensk fyrirtæki því miður verða að lúta, 12,25–13,25% í 1–2% verðbólgu. Þetta segir að mínu mati það sem segja þarf um áhrif hávaxtanna. Þeir eru að sliga atvinnulífið, þeir draga úr framkvæmdum o.s.frv.

Við þessar aðstæður ætla stjórnvöld að halda að sér höndum eins og við fengum því miður að heyra hér áðan í ræðu forsrh. Á meðan japönsk stjórnvöld taka ákvörðun um að ráðast í umfangsmiklar aðgerðir til að örva efnahagslífið og ýta því úr þeim hægagangi sem það hefur verið í á þessu ári, ráðstafa til þess 4.300 milljörðum ísl. kr., þá ætlar ríkisstjórn Íslands ekki að gera neitt. Nú er ekki kreppunni fyrir að fara í Japan. Nei, það er eingöngu vegna þess að þarlend stjórnvöld vilja ekki hafa efnahagslífið í þeim hægagangi sem það hefur verið þar. Þar er þó spáð 1,8% hagvexti á þessu ári, þar er atvinnuleysi aðeins rúm 2%, þar er viðskiptajöfnuður jákvæður o.s.frv. Á meðan stjórnvöld í Bandaríkjunum beita sér fyrir lækkun vaxta á undanförnum missirum, á meðan ríkisstjórnir Bretlands og Ítalíu grípa til varasjóða sinna eða taka erland lán til að tryggja atvinnulífinu starfsskilyrði, á meðan Frakkar veita samkeppnisfyrirtækum sínum margháttaðan stuðning, á meðan Kanadamenn lækka vexti o.s.frv., o.s.frv. þá ætlar ríkisstjórn Íslands sér ekki að gera neitt. Og hér er ég að telja upp lönd sem einmitt telja sig byggja á vestrænum hagstjórnaraðferðum, sem telja sig byggja á markaðshyggju, frjálshyggju, einkavæðingu, kapítalisma og hvað það nú heitir allt saman, hæstv. forsrh. Þetta eru ekki Sovétríkin sem ég er hér að tala um. Þetta eru þeir sem eru í fararbroddi í hinum vestræna efnahagsheimi. Þar sitja einfaldlega ríkisstjórnir sem telja það eðlilega og sjálfsagða stjórnarstefnu að styðja atvinnulífið og örva efnahagsstarfsemina. En hér gerir ríkisstjórnin ekki annað en væla og reyna að draga kjarkinn úr mönnum og helstu sérfræðingar hennar í málefnum sjávarútvegsins hafa „gjaldþrot" sem aðallausnarorð.

Þegar litið er til þess, hæstv. forseti, hvað fram undan er hjá okkur Íslendingum þá verður ekki sagt að það sé fagurt. — Og ég fagna því að hæstv. félmrh. er kominn hér til þessarar umræðu og þó fyrr hefði verið. — Við erum því miður að því er virðist að festast í viðvarandi atvinnuleysi. Það er ekki tímabundið, það er ekki staðbundið heldur viðvarandi og almennt. Ungt fólk kemst ekki út á vinnumarkaðinn, eldra fólk sem missir atvinnu kemst ekki í önnur störf, fyrirvinnur á besta aldri sitja uppi á atvinnuleysisbótum, skólagengið fólk, fólk með mikla starfsreynslu o.s.frv. Allar skuggahliðar viðvarandi og almenns atvinnuleysis eru því miður að láta kræla á sér. Fólk er lengur á atvinnuleysisbótum í hvert sinn en áður var og að lokum bætist það við að nú er nettóinnstreymi á fólki til landsins, þ.e. fleiri flytjast heim en fara út, öfugt við það sem var á atvinnuleysisárum viðreisnarstjórnarinnar en þá var eins konar yfirfall á atvinnuleysi til hinna Norðurlandanna enda atvinnuástand þannig þar að þau gátu tekið við slíkri viðbót.

Nei, því miður er það svo að satt best að segja er það ótrúlegt að hæstv. forsrh. þjóðarinnar skuli við þessar aðstæður koma í ræðustólinn og hafa þangað ekki meira erindi en raun bar vitni hér áðan. Enn ótrúlegra er það þó að að störfum skuli vera nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar sem lætur sér helst detta það í hug við þessar aðstæður að auka nú álögur á vinnuaflsfrekar atvinnugreinar. Áhrifamiklir aðilar eins og Reykjavíkurborg eru svo illa komnir fjárhagslega eftir fjárfestingar á þensluárunum að þeir halda nú að sér höndum og það hefur að sjálfsögðu áhrif á atvinnuástandið. Það hefði verið skaplegra að eitthvað af stórhýsum fyrrverandi borgarstjóra í Reykjavík væri nú í byggingu og veitti atvinnu heldur en að bæta þeim framkvæmdum ofan á þenslu liðinna ára.

Ég tel, herra forseti, að hæstv. ríkisstjórn verði að gera það upp við sig á næstu vikum hvort hún ætlar að stjórna, hvort hún ætlar að veita forustu og benda á leiðir út úr vandanum eða halda áfram að reyna að draga kjarkinn úr mönnum. Ef það er hennar niðurstaða væri henni sjálfri fyrir bestu, svo ekki sé nú talað um þjóðinni, að hún segði af sér strax. Ég tel að það sé hægt að grípa til aðgerða, það sé hægt að skapa samstöðu og víðtæka þátttöku í umfangsmiklum aðgerðum til að treysta hér atvinnu og örva efnahagsstarfsemina á nýjan leik. Þar þarf að mínu mati fyrst að grípa á vanda sjávarútvegsins, úthluta veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs án endurgjalds til jöfnunar og lagfæringa í þeirri grein. Það þarf að knýja fram 1,5–2% raunvaxtalækkun hið minnsta á næstu sex mánuðum. Stjórnvöld þurfa að beita sér fyrir bættum starfsskilyrðum, sérstaklega útflutningsgreinanna með lækkun tilkostnaðar, þjónustugjalda o.s.frv. Það þarf að framkvæma nákvæma könnun á eignastöðu og skuldastöðu sjávarútvegsins til þess að með samræmdum hætti sé hægt að fresta afborgunum, lengja lán og létta á greiðslubyrði þeirra aðila. Það þarf að veita sjóðum og fjárfestingaraðilum heimildir til að auka annaðhvort hlutafé eða breyta skuldum í víkjandi lán.

Ég tel að við þessar aðstæður ætti að innleiða á nýjan leik auknar skattaívilnanir til handa einstaklingum sem vilja leggja hlutafé í atvinnustarfsemi. Ég tel að það eigi að taka viðmiðunarkörfu gengisskráningar

krónunnar til endurskoðunar með það í huga að vægi dollars verði í samræmi við mikilvægi lána og viðskipta íslenskra aðila í þeirri mynt og það eigi að hraða undirbúningi að markaðsskráningu gengisins á næstu missirum. Það á að ráðast í atvinnuskapandi aðgerðir, tvímælalaust. Það er það sem aðrar þjóðir gera við sambærilegar aðstæður. Þar má byggja á samstilltu átaki ríkis, sveitarfélaga, lífeyrissjóða, verkalýðshreyfingar og fleiri aðila. Það á að gera átak til að auka nýtingu innlendrar orku og það á að gera átak til að snúa við óhagstæðri markaðsþróun í íslenskum samkeppnisiðnaði.

Ég hlýt því að lokum að spyrja hæstv. forsrh.:

1. Er ríkisstjórn hans tilbúin til þess að grípa til aðgerða af þessu tagi til að berjast gegn atvinnuleysi?

2. Telur hæstv. forsrh. sig geta setið sem forsrh. ríkisstjórnar sem horfir á atvinnuleysi vaxa um mörg prósent? Og ef ekki, hvenær gerist þá annað tveggja að ríkisstjórn hans komi sér saman um og kynni aðgerðir eða segi af sér ella?

Ég er að sjálfsögðu þeirrar skoðunar, hæstv. forseti, að því fyrr sem núv. ríkisstjórn hættir að vera nútíðarvandi og tilheyrir fortíðarvandanum, sem hæstv. forsrh. hefur orðið svo tíðrætt um, því betra.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Málshefjandi, hv. 6. þm. Norðurl. e., nefndi það réttilega að vaxandi atvinnuleysi væri áhyggjuefni. Ég tek undir með honum þar sem hann vitnaði til Guðmundar J. Guðmundssonar, formanns Dagsbrúnar, að það er ekkert sem er jafnfljótvirkt í að brjóta manneskjuna niður og viðvarandi atvinnuleysi. Og það er einmitt af því að við erum sammála um þetta sem við þurfum að finna réttu leiðina til þess að tryggja hér varanlega atvinnu og framfarir fyrir fólkið í landinu. Til þess að við getum það þurfum við í sameiningu að átta okkur á þeim aðstæðum sem nú ríkja í íslenskum þjóðarbúskap. Þær eru á margan hátt óvenjulegar.

Það er sagt mjög oft þessa daga, kannski of oft, að íslenskur þjóðarbúskapur og atvinnulíf standi á tímamótum. Reyndar hefur þá oftast verið um leið að því vikið að það væri víða við vanda að glíma og vissulega er það rétt að víða er vandi á höndum, en því fer þó fjarri að myndin sem við okkur blasir sé öll máluð dökkum litum. Þar má einnig sjá bjarta fleti. Við skulum líta nánar á það mál.

Í fyrsta lagi langar mig að nefna að eftir hálfrar aldar stríð við verðbólgu á Íslandi höfum við náð þeim árangri að hún er nú innan við 3% miðað við ár og með því lægsta sem gerist á Vesturlöndum.

Í öðru lagi er nýlokið gerð samnings um Evrópskt efnahagssvæði sem bíður staðfestingar Alþingis. Samfara honum fengjust miklir nýir vaxtarmöguleikar fyrir íslenskt atvinnulíf ef við höldum rétt á málum.

Mér finnst ástæða til að við staðnæmumst við þessar mikilvægu staðreyndir þegar við hugum að hinum sem áhyggjum valda sem eru:

Í fyrsta lagi verulegur og þrálátur halli á okkar ríkisbúskap.

Í öðru lagi umtalsverður halli á okkar utanríkisviðskiptum.

Í þriðja lagi, og ekki síst, að mikilvægir fiskstofnar standa veikt og sókn í þá af eðlilegum ástæðum hlýtur að sæta ströngum takmörkunum ef við eigum að tryggja viðkomu þeirra í framtíðinni.

Ég nefni í fjórða lagi að fjárfesting í okkar atvinnulífi er með minnsta móti.

Og í fimmta lagi að það ríkir venju fremur mikil óvissa um efnahagshorfur í heiminum. Þótt alþjóðastofnanir spái nú almennt bata á Vesturlöndum það sem eftir lifir þessa árs og á því næsta, þá hafa batamerkin látið nokkuð á sér standa og eru býsna hikandi.

Það er við þennan bakgrunn sem okkar atvinnuvanda ber. Því miður hefur atvinnuleysi færst nokkuð í vöxt og til þess að hafa tölurnar með í þessari mynd, er rétt að nefna að um mitt sumar var það um 2,7% á landinu öllu og því er spáð að það muni nokkuð vaxa á næstu missirum að óbreyttum horfum. Spárnar fyrir næsta ár sýna flestar atvinnuleysistölur á bilinu 3–4%. Ég vil taka það skýrt fram að ég tel það allt of háar tölur. Þetta eru horfur sem við þurfum að breyta. Atvinnuleysið er nokkuð mismunandi eftir landshlutum og eins og kunnugt er er næstum tvöfalt landsmeðaltal á Suðurnesjum og ekki síst er um alvarlegt atvinnuástand að ræða fyrir konur á því svæði.

En af því að hér hefur verið haldið á loft þeirri skoðun að Íslendingar væru nú komnir með svipað ástand eða stefndu óðfluga í það sem gerist í löndunum hér í kringum okkur, þá er ástæða til þess að nefna þær tölur sem þar eru uppi um atvinnuleysi. Ég nefni fyrst að í Danmörku er það yfir 10% og fer nú vaxandi á ný, því miður. Í Finnlandi 13–14%, er reyndar sem betur fer spáð að úr því dragi. Í Noregi eru tölurnar á bilinu 5–6%, í Svíþjóð 5–6% og reyndar í tveimur síðastnefndu löndunum spár um það að nokkuð dragi úr þessum vanda. En við þetta þarf þó að bæta þeim orðum að í öllum þessum fjórum löndum sem okkur er svo gjarnt að bera okkur saman við eru umfangsmikil starfsmenntunar- og endurhæfingarnámskeið þar sem er verulegur hópur fólks sem hjá okkur yrði því miður skráður atvinnulaus. Þannig tel ég að atvinnuástandið sé í raun og veru enn veikara í þessum löndum, ef mælt væri á sama kvarða og hér er mælt, heldur en þessar tölur benda til.

Þegar við bregðumst við þessum aðstæðum verðum við að sjálfsögðu að gæta þess að spilla ekki þeim árangri sem við höfum náð í bættu jafnvægi og stöðugleika í okkar efnahagslífi. En hvað er þá til ráða? Hv. málshefjandi, 6. þm. Norðurl. v., vék að því nokkrum orðum.

Hvernig geta stjórnvöld best dregið úr áhrifum þeirra áfalla sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir og snúið vörn í sókn? Um þetta eins og fleira eru skiptar skoðanir í okkar landi. Sumir telja stórauknar opinberar framkvæmdir eina rétta svarið. Aðrir vilja engin opinber afskipti og telja markaðinn einfæran um að endurvekja hagvöxtinn. Hlutverk stjórnvalda sé eingöngu fólgið í almennri hagstjórn. Hvorugt þetta svar er rétt.

Stórauknar opinberar framkvæmdir eru varasamar í ljósi erfiðrar stöðu ríkissjóðs og mikilla skulda þjóðarinnar við útlönd.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi hér þensluráðstafanir Japana. Þar er ólíku saman að jafna. Það sem Japanir geta leyft sér, og eiga reyndar að gera, er að auka útgjöld á grundvelli sterkrar efnahagsstöðu, sterkrar stöðu gagnvart útlöndum, stórra inneigna þeirra í umheiminum. Því miður er ekki svo háttað okkar búskap og verður auðvitað ekki rakið til stjórnarhátta hér á síðasta ári heldur á undanförnum áratugum.

Ég vil líka benda á það að þótt auknar opinberar framkvæmdir auki umsvifin í þjóðarbúskapnum um hríð eru þær skammgóður vermir því augljóslega eru því takmörk sett hversu lengi við höldum áfram á þeirri braut ef ekki eru í sjónmáli tekjur til að standa undir þeim framkvæmdum. Á hinn bóginn er það líka rétt skoðun að reynsla okkar og annarra sýnir glöggt að þegar til samdráttar kemur af því tagi sem við nú glímum við eru stjórnvöld ekki einfær um að snúa vörn í sókn. Markaðsöflin eru heldur ekki einfær um að tryggja varanlegan hagvöxt og nægir í því sambandi að vitna til reynslu margra af okkar grannþjóðum.

Að mínu áliti er það mikilvægast við þær aðstæður sem nú blasa við í þjóðarbúskapnum, eins og hæstv. forsrh. lagði hér ríka áherslu á áðan, að ríkisstjórnin haldi sínu striki varðandi almenna hagstjórn og þær skipulagsbreytingar sem unnið er að á hennar vegum. Í þessu felst framhald umbóta á sviði peningamála, m.a. með setningu nýrra laga um Seðlabanka Íslands, stofnun gjaldeyrismarkaðar og með auknum áhrifum markaðsafla á gengi íslensku krónunnar eins og hv. málshefjandi, 6. þm. Norðurl. e., vék að í sínu máli, afnámi eftirstandandi hamla á fjármagnsviðskipti við önnur lönd, að koma á jafnvægi í ríkisfjármálum í áföngum og auka hagkvæmni í ríkisrekstri.

Við skyldum hafa það hugfast að við höfum í raun og veru tækifæri til nýs framfaraskeiðs og því fyrr sem við tengjumst hinu Evrópska efnahagssvæði, því fyrr nýtast okkur þeir möguleikar. Að mínu áliti er mikilvægasta atvinnumálaverkefnið um þessar mundir að ljúka EES-samningunum og halda því striki. En okkur er líka nauðsynlegt að gera grundvallarbreytingar í sjávarútvegi og landbúnaði. Að mínu áliti gjöldum við í þeim greinum fyrir hjásetu þeirra við þá markaðsaðlögun og frjálsræðisþróun sem átt hefur sér stað í öðrum atvinnugreinum landsmanna á undanförnum árum og áratugum. Þetta skyldu menn hafa í huga þegar þeir velta fyrir sér grundvallarástæðum þess að hagvaxtarmátt hefur dregið úr þjóðarbúskapnum.

Að mínu áliti er ekki rétt að vitna til hárra vaxta eða hás gengis vegna erfiðleika sjávarútvegsins og annarra útflutningsgreina um þessar mundir. Sannleikurinn er sá að vaxtaþróun á síðustu árum hefur verið sjávarútveginum hagstæð. Þannig hefur vegið meðaltal LIBOR-vaxta sem eru ráðandi fyrir vexti af erlendum skuldum sjávarútvegsins, farið verulega lækkandi frá síðar hluta árs 1990. Þessir vextir voru 8,4% í janúar 1990, en voru komnir niður í um það bil 6% á sl. vori. Þeir hafa nokkuð lækkað enn. Til samanburðar má nefna að þessir vextir voru um 8,5% að meðaltali árið 1990 og um 7,8% á fyrsta fjórðungi þessa árs. Þannig má með einföldum tölum sýna fram á, af því að sjávarútvegurinn greiðir í aðalatriðum erlenda vexti 65–70% að af sínum skuldum, að hann greiðir nú lægri vexti en hann greiddi á árunum 1990–1991. Nafnvextir á innlendum skuldbindingum hafa líka farið lækkandi eftir nokkra hækkun í júlí 1991.

Gengisþróunin hefur líka verið á þá leið að það er ekki til hennar að vísa um þann vanda sem við glímum við heldur, eins og fram hefur komið, þeirrar þarfar og nauðsynjar sem á því er að halda aftur af aflanum. Meðalgengi á árinu 1992 er mjög líkt því sem það var að meðaltali árin 1970–1992 ef litið er á mælikvarða verðlags. Sé litið á mælikvarða launa er raungengið tiltölulega hagstætt.

Virðulegur forseti. Það verður því ekki vitnað til tímabundinna aðstæðna í vaxta- og gengismálum þegar litið er á erfiðleikana sem við höfum við að glíma. Við þurfum að huga að þeim langtímaumbótum sem ég nefndi áðan. Þær umbætur munu allar tvímælalaust treysta stöðu efnahags- og atvinnulífs hér á landi og skapa mörg færi til sóknar og uppbyggingar í íslenskum þjóðarbúskap. En atvinnustefna, eða sem mér finnst réttara að segja, hagvaxtarstefna, felur í sér fleira en umbætur á skipulagsgerð hagkerfisins. Hún felur líka í sér ráðstafanir til að örva fjárfestingu og nýsköpun, sérstaklega þegar deyfð ríkir á þeim sviðum eins og nú er raunin. Það hefur komið fram hér að heildarfjárfesting hér á landi er með lægsta móti í hlutfalli við landsframleiðslu og reyndar lægri en í flestum aðildarríkjum OECD sem eru mjög óvenjulegar aðstæður fyrir Íslendinga. Það er augljóst að mínu áliti að svo lítil fjárfesting getur ekki borið upp hagvöxt til lengdar. Reyndar er það svo að okkar háu fjárfestingarhlutföll, okkar miklu fjárfestingar á undanförnum árum, hafa kannski ekki allar nýst sem skyldi, en þegar fjárfestingarhlutfallið er að komast niður undir 15–16% þá þurfum við að fara að hugleiða hvað sé til ráða.

Hér kemur margt til álita, en ég tel að það verði að leggja megináherslu á ráðstafanir sem geti stuðlað að aukinni fjárfestingu í atvinnuvegunum. Ég ætla að nefna þrennt sem ég tel skipta einna mestu máli.

Í fyrsta lagi samræmingu skatta atvinnuveganna á Íslandi við það sem gengur og gerist innan Evrópska efnahagssvæðisins. Skattar hér á landi virðast bæði tiltölulega háir á jaðrinum og um margt með öðru sniði en annars staðar innan EES. Þetta leiðir til lakari samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja og ekki síður gerir það þeim sem fitja vilja upp á nýjungum þungt undir fæti og dregur úr áhuga erlendra fyrirtækja á að setja sig niður á Íslandi.

Ég nefni í öðru lagi eflingu rannsóknar- og þróunarstarfs sem er mjög mikilvægt í þessu samhengi. Það er unnið að ýmsum verkefnum á því sviði um þessar mundir. Ég vil nefna hér tvær ráðstefnur sem nýlega hafa verið haldnar á vegum iðnrn. Sú fyrri fjallaði um hitakærar örverur og hin síðari um nýtingu jarðvarma til iðnaðar. Til beggja þessara funda fjölmenntu vísinda- og athafnamenn víðs vegar að úr heiminum. Á

vegum iðnrn. og stofnana þess og háskólans hefur nýlega verið hleypt af stokkunum hugmyndasamkeppni um nýjungar í atvinnulífi. Ég vil líka benda á að við umræður á síðasta vetri um sölu á hlut ríkisins í ríkisfyrirtækjum voru þær tillögur gerðar af minni hálfu að verja hluta af söluandvirðinu til þess að styrkja þróunar- og nýsköpunarstarf í atvinnulífinu. Það er ánægjulegt að ríkisstjórnin hefur nú ákveðið að verja fimmtungi til fjórðungi af andvirði seldra ríkisfyrirtækja í þessu skyni. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að tvöfalda á næstu árum framlög til Rannsóknasjóðs.

Ég nefni í þriðja lagi stuðning af opinberri hálfu við ýmiss konar hagkvæmniathuganir sem byggja á raunhæfum viðskiptalegum forsendum. Slíkar stuðningsaðgerðir þarf að auka. Í þessu sambandi vil ég nefna tilraunaveiðar og vinnslu á vannýttum sjávartegundum, athuganir sem tengjast hugsanlegri sölu raforku um streng til annarra landa, hagkvæmnisathuganir á fjárfestingu í sjávarútvegi Íslendinga í öðrum löndum, útflutning á heilbrigðisþjónustu og fleira.

Hér er ég að tala um fjárstuðning varðandi undirbúning en ekki þátttöku ríkisins í þeim fyrirtækjarekstri sem hagkvæmniathuganir kunna að leiða til. Öll þessi atriði lúta að uppbyggingu atvinnulífsins undir sjónarhorni til lengri tíma. Í tímabundnum vanda mega menn ekki missa sjónar á markmiðinu um varanlegan hagvöxt því hann er nauðsynleg forsenda bættra lífskjara og nægrar atvinnu í framtíðinni. (Forseti hringir.) Að undanförnu hafa ýmsir orðið til þess að leggja áherslu á að hér þurfi að efla atvinnustefnu sem byggi á öflugu samráði samtaka í atvinnulífi, ráðuneyta og fjármálastofnana.

Ég vil taka undir þetta af heilum hug, virðulegur forseti, og ég er alveg að koma að lokum minnar ræðu. Um leið bendi ég á að samráðið eitt leysir engan vanda. Það verður að vera á grundvelli heilbrigðra leikreglna, bæði í stjórnkerfi og viðskiptalífi. Það hefur alls ekki vantað samráð í íslenskt atvinnulíf á undanförnum áratugum en það hefur meira verið af þeirri gerðinni sem réttara væri að nefna samkrull og sérhagsmunavörslu. Samráð verður að hafa almannahagsmuni að leiðarljósi.

Hæstv. forseti. Ég vil draga mál mitt saman á þennan hátt:

Íslensk stjórnvöld þurfa að móta nýja atvinnustefnu sem grundvallast m.a. á:

1. aðild Íslendinga að EES-samningnum, sem færir þjóðinni ný atvinnutækifæri,

2. nýrri fiskveiðistefnu, sem m.a. byggist á sanngjörnu afgjaldi í almannasjóði fyrir aðgang að fiskstofnunum,

3. markaðsaðlögun íslensks landbúnaðar, hraðari skrefum en hingað til,

4. útflutningsiðnaði á grundvelli sérþekkingar í sjávarútvegi,

5. stofnun smáfyrirtækja og nýjungum í iðnaði með hvatningu af ríkisins hálfu og lagfæringu á skattakjörum atvinnurekstrarins,

6. framhald nýtingar orkulinda landsins, m.a. til stóriðju,

7. aukinni áherslu á rannsókna- og þróunarstarf og nýja möguleika í þeim efnum, sem m.a. munu gefast með samstarfi við Evrópuþjóðir.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Undanfarnar vikur hefur ríkisstjórnin leikið sína illa æfðu Evrópusinfóníu hér í þingsölum, óðinn til EES, sem að hennar sögn á að verða hið nýja hjálpræði fyrir íslenska þjóð. Önnur verk eru ekki á hennar dagskrá. Hæstv. utanrrh. leikur á fyrstu fiðlu í tónsmíðinni og forsrh. á lágfiðlu meðan hv. þingmenn Björn Bjarnason og Vilhjálmur Egilsson fara fyrir blásarasveitinni. Misfagrir tónar berast yfir land og lýð meðan Róm brennur.

Enn einu sinni er því haldið að landsmönnum að töfralausn sé fundin á öllum vanda. Samningur hinna miklu tækifæra á að koma í stað laxeldis, loðdýraræktar og álvers. En við vitum betur. Við vitum að þróun mála ræðst af gerðum okkar sjálfra. Við getum sett allt um koll hér hvort sem við erum innan EES eða utan og við getum rétt úr kútnum ef við beitum skynsemi, jafnt utan EES sem innan. Allt er þetta spurning um stefnu, hugmyndir og vilja. Rétt einu sinni erum við að láta síldarfarmana skemmast á bryggjusporðinum eins og gerðist um 1920 og segir frá í Guðsgjafarþulu Halldórs Laxness sem ætti að vera skyldulesning allra atvinnurekenda og stjórnmálamanna í landinu.

Svipað hefur oft gerst síðan í íslensku þjóðlífi, í eiginlegri og óeiginlegri merkinu, alltaf í von um hærra verð, meiri gróða, meiri möguleika sem koma eiga einhvers staðar annars staðar frá en úr höndum okkar sjálfra.

Margra ára samdráttur heldur áfram en hann á rætur í ytri og innri aðstæðum. Ríkisstjórnin kann það ráð eitt að skera niður og ræðir áframhaldandi niðurskurðarhugmyndir sínar milli þátta í EES-sinfóníunni. Það er rætt um tveggja milljarða króna niðurskurð í heilbrigðiskerfinu þrátt fyrir að illa gangi að ná sparnaði þessa árs. Menntamálaráðherra hefur samkvæmt blaðafregnum boðist til að skera niður um 800 millj. kr. í menntakerfinu en það jafngildir því u.þ.b. að leggja niður Menntaskólann í Reykjavík, Menntaskólann á Akureyri, Menntaskólann við Hamrahlíð, Menntaskólann við Sund og Fjölbrautaskólann í Breiðholti.

Niðurskurðarstefnunni skal haldið áfram þrátt fyrir að nýleg skýrsla Ríkisendurskoðunar bendi til að þessi stefna hafi hvergi nærri skilað þeim árangri sem að var stefnt með þeim aðferðum sem beitt hefur verið enda stefnir halli ríkissjóðs í allt að 12 milljarða króna, eftir því reyndar hvernig reiknað er. Það hvarflar ekki að ríkisstjórninni að leita nýrra leiða tekjuöflunar, enda má hvergi hrófla við þeim sem betur mega sín.

Fyrir ári síðan bentum við kvennalistakonur á að það væri ógjörlegt og óskynsamlegt að ætla sér að ná ríkishallanum niður á tveimur árum, eins og ríkisstjórnin hefur stefnt að, enda er það nú komið á daginn. Menn vinna einfaldlega meiri skaða með illa hugsuðum og illa undirbúnum áformum en sparnaðurinn réttlætir. Til að ná tökum á vanda ríkissjóðs þarf lang-

tímamarkmið og strúktúrbreytingar þar sem m.a. er lögð áhersla á að skilgreina hlutverk ríkisins upp á nýtt, unnið að fyrirbyggjandi heilsugæslu, endurskipulagningu landbúnaðar og sjávarútvegs og aukin áhersla lögð á rannsóknir, tilraunir og nýjungar, þannig að atvinnusköpun sem skilar ríkinu tekjum komist á legg.

Þess í stað er ríkisstjórnin enn á fortíðarfylliríi eftir rúmlega eins árs setu í ríkisstjórn, sérstaklega þó Sjálfstfl. eins og best sést á því að hann hefur ekkert fram að færa, hvort sem horft er á atvinnu- og efnahagsmál eða þá mikilvægu umræðu sem nú á sér stað um aðildina að hinu Evrópska efnahagssvæði, ekkert annað en upprifjun á gerðum fyrrv. ríkisstjórnar. Slíkur málflutningur er auðvitað ekki boðlegur, hvað þá sæmandi stærsta stjórnmálaflokki landsins. En það er staðreynd að hann hefur ekkert að segja, engar nýjar hugmyndir, enga framtíðarsýn, enda hangir hann í *gömlum úreltum 19. aldar klisjum*. Meira að segja Morgunblaðið er farið að auglýsa eftir stefnu og hugmyndum Sjálfstfl.

Eins og menn vita hefur fyllirí hverrar gerðar sem er sínar afleiðingar. Bakkus konungur á sína fylgifiska vanlíðunar, barlóms og svartnættis en þeir árar hafa greinilega tekið sér bólstað í Stjórnarráði Íslands og lifa þar góðu lífi, sennilega við að brýna niðurskurðarhnífana. Ríkisstjórnarflokkarnir þurfa á aðstoð að halda til að öðlast trú á framtíð þjóðarinnar og möguleika landsins. Þeir þurfa að komast á sjálfsstyrkingar- og bjartsýnisnámskeið en eina leiðin til þess er að gefa þeim frí áður en þeir draga alla þjóðina með sér niður í öldudal þunglyndis og vonleysis. Reyndar kenndi þó bjartari tóns í ræðu hæstv. forsrh. og guð láti gott á vita. Það var helst að heyra að allt væri á réttri leið en sú túlkun kemur mér mjög á óvart því staðreyndirnar tala öðru máli og miðað við þann niðurskurð sem boðaður er kemur þetta ekki heim og saman.

Virðulegi forseti. Það er gömul saga og ný að neyðin kennir naktri konu að spinna. Á samdráttartímum sem þessum ætti þjóðin að skoða allt sitt skipulag og *atvinnuhætti, endurmeta möguleikana og nýta þrengingarnar* til uppgjörs og endurskoðunar til þess að koma reistari og bjartsýnni út úr erfiðleikunum. Hingað til höfum við getað sótt meiri afla í sjó þegar að hefur þrengt á einhverjum sviðum þjóðlífsins. En nú er endimörkunum náð að flestra mati. Nú er komið að skuldadögum. Við verðum að nýta betur það sem við eigum, opna augun fyrir nýjum möguleikum í landi okkar og vinna úr þeim af skynsemi. Síðan verðum við að jafna á milli okkar fengnum á réttlátan hátt. Slíkt gerist ekki með þessa ríkisstjórn aðgerðaleysisins við stýrið.

Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar er samdráttur í öllum útflutningsgreinum. Eini vaxtarbroddurinn sem sjáanlegur er finnst í ferðaþjónustu en þó eru þar blikur á lofti vegna þess hve dýr hún er. Við stöndum frammi fyrir því að fyrirtæki í öllum greinum atvinnulífsins hafa lýst yfir gjaldþroti. Fyrirtæki í sjávarútvegi eru að berjast um of lítinn afla þannig að fjöldi þeirra á sér ekki lífsvon við ríkjandi aðstæður og greinin í heild er rekin með tapi. Það er augljóst hverjum manni að sjávarútvegurinn þarfnast endurskipulagningar og að móta þarf nýja sjávarútvegsstefnu í ljósi þeirra aðstæðna sem ríkja á hafsvæðunum kringum Ísland. En það verður að nást samstaða um þá stefnu. Það er ekki á valdi eins ríkisstjórnarmeirihluta að móta stefnuna eftir sínum óskum, þar þurfa öll sjónarmið að komast að. Það getur ekki gengið til lengdar að reka fjölda fyrirtækja með endalausu tapi og menn verða að horfast í augu við þann veruleika. Það eina sem réttlætir slíkt er nauðsyn þess að halda ákveðinni byggð við en þá á líka að segja það hreint út og jafnvel að kanna hvort aðrar leiðir í atvinnumálum séu ekki færar á þeim stað. Hallarekstur af hvaða tagi sem er gengur ekki til lengdar því það eru aðrir sem borga brúsann.

Þá blæs ekki byrlegar, virðulegi forseti, ef við horfum á landbúnaðinn, þar heldur niðurskurðurinn áfram og verður ekki séð að nauðsynleg endurskipulagning sé þar hafin.

Virðulegi forseti. Skuldir heimilanna fara vaxandi og það þrengir að fjölskyldunum í samdrættinum. Niðurskurði á félagslegri þjónustu fylgja auknar byrðar á fjölskyldurnar í landinu, ekki síst konur. Þar við bætist atvinnuleysið sem fer stöðugt vaxandi. Samkvæmt nýjustu tölum er atvinnuleysi um 2,7–2,8% og því er spáð að það fari upp í allt að 6%. Slíkt eigum við ekki og megum ekki sætta okkur við.

Byggingariðnaðurinn hrópar á verklegar framkvæmdir enda von á fjöldaatvinnuleysi þar ef ekki verður gripið til aðgerða. Nú verður ekki hægt að fara til Svíþjóðar þar sem atvinnuleysi nálgast 7% eða Danmerkur þar sem atvinnuleysi er að nálgast 11%. Afleiðingar atvinnuleysisins verða hér sem annars staðar mannlegur harmleikur, félagsleg vandamál, vaxandi fátækt, biturleiki og enn meiri samdráttur sem hefur í för með sér enn meiri tekjumissi og kostnað fyrir ríkissjóð. Það er ekkert brýnna en að halda uppi atvinnu í landinu.

Að mínum dómi er það mun betri leið að gefa ungu fólki kost á að vera í skóla en láta það mæla göturnar á atvinnuleysisbótum eða á framfæri félagsmálastofnana. Þegar til lengri tíma er litið verður það mun ódýrara fyrir samfélagið að koma í veg fyrir afleiðingar atvinnuleysisins en að láta það yfir okkur ganga. Það er mun betri leið að fara nú út í framkvæmdir á vegum ríkisins en að *draga saman seglin*.

Ég get ekki annað en spurt hvort það sé virkilega ætlun ríkisstjórnarinnar að skerða möguleika ungs fólks til menntunar enn frekar en orðið er og þar vísa ég til hugmynda hæstv. menntmrh. en það virðist vera um það rætt að takmarka aðgang að framhaldsskólum landsins. Er það virkilega skoðun ríkisstjórnarinnar að atvinnuleysi sé betra en að ná halla ríkissjóðs niður á lengri tíma?

Ríkisstjórnin reynir ekki að stappa stáli í fólk, ekki að benda á leiðir eða koma með nýjar hugmyndir. Það er ekki lagt fram fé til nýrra framkvæmda, ekkert gert til að bæta stöðu fyrirtækjanna í landinu. Eina undantekningin er reyndar sú samkeppni sem iðnrn. stendur

fyrir til nýsköpunar um þessar mundir. Leiðin sem fara á er að skera enn meira niður. Það getur ekki þýtt annað en meiri samdrátt, meira atvinnuleysi.

Við getum verið sammála um það að við eðlilegar aðstæður á ríkið ekki að standa í atvinnurekstri. Það á að vera hlutverk ríkisins að skapa atvinnulífinu góð skilyrði með stefnumótun og stöðugleika í efnahagslífinu. En þegar samdráttur er viðlíka og nú blasir við gilda önnur lögmál. Þá verður ríkisvaldið að beita afli sínu til að jafna sveifluna en það er ekki heldur stefna þessarar ríkisstjórnar frekar en annað það sem til heilla horfir.

Heldur hæstv. forsrh. og fyrrv. borgarstjóri Reykjavíkur að það hefði verið munur núna fyrir atvinnulíf borgarinnar að eiga fram undan framkvæmdir við Ráðhús Reykjavíkur upp á 3 milljarða króna í stað þess að farið var út í þá framkvæmd á þenslutímum, þvert ofan í ráðleggingar minni hlutans?

Ég vildi óska þess að við ættum verkið fram undan enda mætti þá velja því húsi annan og betri stað og ódýrari umgjörð.

Fyrir tæpu ári blasti það ástand við sem nú er að verða staðreynd. Þá sögðum við kvennalistakonur að réttlætanlegt væri þrátt fyrir skuldir ríkissjóðs að taka erlent lán til að hefja arðbærar framkvæmdir þannig að vinnu yrði haldið uppi í landinu. Aðilar vinnumarkaðarins hafa einnig margbent á þessa sömu leið enda eru þeir greinilega mun betur að sér í hagfræði en núv. ríkisstjórn. En það er eins og að tala við steininn. Leið erlendra lána og verklegra framkvæmda var og er hafnað af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Fyrir nokkrum vikum lét hæstv. fjmrh. þau orð falla í sjónvarpsfréttum að á tímum sem þessum ætti ríkissjóður að halda að sér höndum og lækka skatta til að gefa fyrirtækjunum svigrúm til athafna. Jafnframt hefur hann lýst því yfir að lánsfjárþörf ríkissjóðs sé svo mikil að vart verði komist hjá því að hækka vexti frá því sem nú er þó að öllum megi ljóst vera að fátt kemur heimilunum í landinu og fyrirtækjunum verr en vaxtahækkanir.

Hvers konar hagfræði er þetta? Því er reyndar fljótsvarað. Þetta er hagfræði 19. aldar líberíalista sem var rækilega afsönnuð í kreppunni miklu með kenningum Keynes og New deal-stefnu Roosevelts Bandaríkjaforseta á fjórða áratugnum. Sú kennig, að ríkisvaldið eigi að halda að sér höndum í góðæri og koma þar með í veg fyrir of mikla þenslu en beita sér á samdráttartímum til að draga úr sveiflunni hefur verið nýtt síðan þá við ýmsar aðstæður enda er hún enn í fullu gildi.

Friðrik Sophusson, hæstv. fjmrh., stendur hins vegar í sömu sporum og Herbert Hoover, Bandaríkjaforseti, sem sagði á fyrstu mánuðum kreppunnar miklu 1929: Nú dugar ekkert annað en að lækka skatta og draga úr umsvifum ríkisins.

Á hans dögum vildu menn ekki horfast í augu við þá keðjuverkun sem hófst í efnahagslífinu þar sem samdráttur á einu sviði leiddi til samdráttar á öðru, hvað þá að viðurkenna að hægt væri að beita ríkisvaldinu til að draga úr kreppuáhrifum. En að við skulum heyra fjmrh. íslenska lýðveldisins halda fram svona vitleysu árið 1992 eftir þungbæra reynslu af aflabresti og samdrætti er aldeilis með ólíkindum.

En hæstv. fjmrh. er því miður ekki einn um þessar hugmyndir. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að halda að sér höndum, gera ekki neitt. Bíða þess að hin ósýnilega hönd markaðarins rétti kúrsinn af. Ráðherrarnir spila bara hver á sína fiðlu eða lágfiðlu meðan logarnir leika um fyrirtækin og vinna fólks er í hættu.

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að beina neinum spurningum til forsrh. landsins. Það er ekki til neins. Stefna ríkisstjórnar hans er ljós. Það á ekkert að gera, bara láta markaðinn vinna sitt verk. En ég lýsi ábyrgð á hendur ríkisstjórnarinnar vegna þess ástands sem hún er að magna með aðgerðarleysi sínu og við eigum ekki að láta þetta yfir okkur ganga. Þjóðin á aðeins eitt svar, lausnin er aðeins ein. Hún er sú að koma þessari ríkisstjórn frá völdum og það sem fyrst, með góðu eða illu.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. 6. þm. Norðurl. e. fyrir að beita sér fyrir því að þessi umræða færi fram. Það eru sannarlega brýnar ástæður og þung rök fyrir því að efnahags- og atvinnumálaumræða sé tekin fyrir á hv. Alþingi.

Atvinnuástand er verra nú en dæmi eru til um langa tíð. Minnkandi atvinna er á flestum sviðum þjóðfélagsins. Þær tölur sem hafa sést um það segja því miður ekki alla söguna. Samdrátturinn í atvinnulífinu er raunverulega miklu meiri en tölurnar gefa til kynna. Þar kemur til viðbótar mikill samdráttur yfirvinnu hjá mörgum þegnum þjóðfélagsins. Sem dæmi má nefna að fiskvinnslufólk hefur byggt afkomu sína mikið á bónusgreiðslum og yfirvinnu. Kennarar við hina ýmsu skóla missa nú svo til alla eða alveg alla þá yfirvinnu sem þeir hafa haft og þannig er það um allt þjóðfélagið. En hvers vegna er þetta ástand eins og raun ber vitni? Hvað hefur gerst í íslensku þjóðfélagi sem veldur þessari kreppu? Er það minnkandi þorskafli? Er það lækkun dollarans? Er það lágt verð á útflutningsvörum okkar? Er það skortur á nýsköpun í atvinnulífinu? Er það kannski misheppnuð efnahagsstjórn og háir vextir?

Auðvitað hafa þær ástæður sem ég hef rakið mikla þýðingu en aðalástæðuna fyrir því hversu stöðugt hallar undan í atvinnumálum má finna í hinni blindu trú á leiðsögn fjármagnsins. Það er ekki langt síðan flestir í þjóðfélaginu litu á peninga þeim augum að þeir væru ígildi vinnunnar. Vextir ættu að vera mjög hóflegir, fjármagnsokrarar væru hinir verstu menn. Samkvæmt þeim skilningi væru okkar virðulegu bankastjórar og bankaráðsmenn allir undir lás og slá í dag. En nú gilda önnur lögmál. Allir aðrir en fjármagnseigendur eru kallaðir til ábyrgðar á ástandinu í þjóðfélaginu.

Það er talinn eðlilegur hluti af hinni þjóðfélagslegu ábyrgð verkafólks að beita samtökum sínum af fullri ábyrgð og þvinga ekki fram það há laun í krafti samtaka sinna að þjóðfélagið geti ekki risið undir þeim. Sá skilningur sem ég er hér að lýsa hlýtur að vera sá

grundvöllur sem hugmyndir um þjóðarsátt hvíla á. Hvernig má það þá vera að fjármagnseigendur skuli vera nánast þeir einu sem eru undanþegnir skyldum við þjóðfélagið þegar það er í vanda statt?

Ef við lítum yfir þann tíma sem liðinn er síðan verðtryggingunni var komið á og hinir svokölluðu frjálsu vextir hófu innreið sína í íslenskt efnahagslíf þá blasa við okkur afar miklar breytingar. Þegar stjórnvöld voru að koma verðtryggingunni á var almenningur fullvissaður um að í slíku kerfi yrði stöðugleiki og vextir á bilinu 1–3%. Á þessum forsendum byggðu einstaklingar og fyrirtæki fjárfestingarákvarðanir sínar. Þjóðfélagið, sem hafði í mörg ár verið að aðlaga sig óstöðugleikanum sem fylgdi verðbólgunni, varð á skammri stund að horfast í augu við alveg nýjar aðstæður. Fjárfestingar, sem virtust skynsamlegar þegar þær voru gerðar, voru nú allt í einu hin mesta firra. Einstaklingar, sem höfðu miðað við fyrri reynslu sína, talið að þeir hefðu efnahagslegt bolmagn til að standa undir íbúðarkaupum, urðu að horfast í augu við að dæmið gekk ekki upp. Margir drógu það uppgjör of lengi. Sama var að segja með mörg fyrirtæki í landinu. Skuldir, sem á þeim hvíldu og þau höfðu risið undir áður, urðu óviðráðanlegar. Gjaldþrotin tóku að dynja yfir. En spurningin var, var þá ekki nóg að gert í bili a.m.k. og rétt að leyfa efnahagslífinu að aðlagast verðtryggingunni og þeim hugsunarhætti sem er út af fyrir sig eðlilegur að menn borgi það til baka sem þeir hafa fengið að láni?

Nei, ekki var það svo. Nú var talin mikil nauðsyn á að vaxtamyndun yrði frjáls og svokölluð arðsemiskrafa fengi að ráða því hvað fjármagnseigendur fengju í sinn hlut. Sama þróun hélt áfram með vaxandi hraða. Fyrri fjárfestingarákvarðanir einstaklinga og fyrirtækja voru nú aftur tóm vitleysa þó að þær hefðu verið miðaðar við verðtryggingu því að vextir hækkuðu svo mikið og allar skuldbreytingar voru hafðar með enn hærri vöxtum — því að þeir sem eiga í erfiðleikum með að standa í skilum eru auðvitað færastir um að borga hæstu vextina. Enn fjölgaði gjaldþrotum og 1. og 2. veðréttur hætti að duga bönkunum. Bankarnir tóku að tapa líka og gjaldþrotunum fjölgaði. Þá þurfti að hækka vexti til að leggja meira inn á afskriftareikninga bankanna. Og það kallaði á enn þá meiri vaxtamun því að bankarnir þurftu að hafa upp í töpin.

En áfram er sama brautin fetuð. Vöxtunum skal haldið uppi hvað sem það kostar. Arðsemiskrafan skal ráða. Þjóðfélagið skal lúta lögmálinu. Háir vextir eru að festast í sessi vegna þess að leiðsögn fjármagnsins á svo agnarsmáum markaði sem hér er hlýtur að viðhalda þeim. Í skjóli þessa svokallaða frjálsa fjármagnsmarkaðar viðgengst gegndarlaust okur og arðrán sem ekki er hægt að líða lengur. Grípa þarf í taumana til að bjarga því sem enn er hægt að bjarga. Fjölmargir einstaklingar og fyrirtæki munu verða gjaldþrota á næstu missirum og árum vegna þeirrar öfgastefnu sem hér hefur verið innleidd. Stjórnvöld hafa lagt blessun sína yfir okrið og hæstv. núsitjandi ríkisstjórn virðist hafa alveg sérstakt dálæti á þessari stefnu. Þau hafa innleitt hávaxtastefnuna í stærstu fjárfestingu heimilanna með nýjasta snilldarleiknum í húsnæðiskerfinu. Það heitir húsbréfakerfi og tryggir að húsakaup almennings verði örugglega að taka á sig ávöxtunarkröfuna sem leiðir af leiðsögn fjármagnsins. Ég fullyrði að fjöldi af því fólki, sem hefur farið út í húsakaup á forsendum húsbréfakerfisins, hefur ekki gert sér grein fyrir því hversu óréttlátt það er að innleiða þessa gífurlega auknu skuldabyrði í húsnæðiskerfið.

Einnig er búið að hækka vextina í hinu svokallaða félagslega kerfi þannig að fólk sem hafði gert fjárfestingar þar miðað við getu sína fyrir fáum árum stendur nú frammi fyrir því í sumum tilfellum að þurfa að borga þrefalt hærri vexti en áður.

Afleiðingarnar af þessari ofurtrú á leiðsögn fjármagnsins eru að koma í ljós betur og betur. Fyrirtæki sem áður höfðu rekstrargrundvöll hafa hann ekki lengur. Þau hætta rekstri eða fara á höfuðið. Ný fyrirtæki verða ekki til vegna þess að nánast enginn rekstur stenst ávöxtunarkröfuna. Einstaklingar, sem hefðu kannski haft áhuga á að fara út í atvinnurekstur, sjá gjaldþrotin allt í kringum sig. Það virðist óðs manns æði að hætta fjárhag fjölskyldunnar út í fyrirtækjarekstur. Þeim fækkar þess vegna sem leggja út í slíkt.

Fleira dregur úr kjarki manna og möguleikum til að hefja nýja atvinnustarfsemi. Hin nýmóðins alþjóðahyggja er líka farin að hafa áhrif. Óttinn við samkeppni frá stórfyrirtækjum erlendis frá, jafnvel um okkar fátæklega heimamarkað, kemur í veg fyrir að menn leggi út í nýjungar. Menn vita fyrir fram af reynslunni að þeim verður ekki hjálpað í samkeppninni. Íslenskir iðnrekendur hafa ekki látið mikið í sér heyra vegna Evrópusamninganna. Þeir vita að hinn stóri markaður er markaður risafyrirtækja á okkar mælikvarða. Hinn nýi veruleiki virðist vera sá að innlendi markaðurinn verður gersamlega opinn fyrir samkeppni og hinn stóri sameiginlegi markaður verður handa risunum. Stóra spurning næstu framtíðar er: Hvað getum við framleitt á Íslandi sem ekki finnst einhvers staðar ódýrara á hinu Evrópska efnahagssvæði? Er eitthvað hægt að gera til að auka atvinnu eða koma í veg fyrir að hún dragist meira saman? Auðvitað er margt hægt að gera ef menn vilja bregðast við því. En þegar stefnan virðist vera sú hjá ríkisstjórninni að vilja láta leiðsögn fjármagnsins ráða þá gerist auðvitað ekki neitt.

Það stefnir í slíkt óefni að fullkomlega er réttlætanlegt að beita neyðarráðum. Aðalatriðið er að menn geri sér grein fyrir því að ástandið núna er afleiðing þeirrar stefnu sem ríkir og að menn snúi frá henni. Annars mun atvinnuleysi festast hér í sessi og þjóðfélagslegt óréttlæti, sem tekist hafði að draga úr á undanförnum árum, mun aftur vaxa hröðum skrefum. Ríkisstjórninni ber skylda til að þvinga fram verulegar vaxtalækkanir. Geri hún það ekki hlýtur verkalýðshreyfingin að endurmeta stöðu sína til samningagerðar. Verkalýðshreyfingin hefur axlað ábyrgð í því ástandi sem verið hefur. Þjóðfélagið hefur hafnað kröfum hennar um leiðréttingar launa. Á sama tíma hafa fjármagnseigendur grætt sem aldrei fyrr. Það gengur ekki lengur. Einnig verður að stöðva þá þróun að at-

vinna verkafólks flytjist út á sjó. Ég tel reyndar að það að banna tímabundið að semja um skipasmíðaverkefni erlendis gæti verið lausn á því máli. Með slíkri ákvörðun yrði hægt verulega á smíði og fullvinnslu skipa og mikil vinna skapaðist innan lands við viðgerðir og nýsmíðar. Það er fullur rökstuðningur fyrir því að taka slíka ákvörðun.

Í fyrsta lagi þurfum við að endurreisa skipasmíðaiðnaðinn. Í öðru lagi þurfum við að hægja á þróuninni af atvinnulegum ástæðum og í þriðja lagi þurfum við tíma til að meta hvort það verður okkur til hagsbóta í framtíðinni að færa frystinguna út á sjó. Útgerðarmenn í landinu munu taka slíkri ákvörðun með miklum skilningi vegna þess að þegar horft er til framtíðar þá er þjónusta við útgerðina bæði í nýsmíðum og viðgerðum best komin hér innan lands. Þeim er líka manna best ljóst að þeir hafa einkarétt á að nýta fiskimiðin við landið og þess vegna munu þeir gladir una því að þeim sé gert að kaupa þjónustuna innan lands. Ég efast ekki um að aðaltalsmaður þeirra mun fagna slíkri ákvörðun vegna þess að hún mun tryggja útgerðinni góða þjónustu í framtíðinni og skapa um leið mörg hundruð störf í þjónustu og framleiðslu fyrir heimamarkað.

Mér finnst það vera prófsteinn á vilja þessarar ríkisstjórnar til að bregðast við í atvinnumálum hvort hún er tilbúin að ýta undir þá þróun sem yrði með því að ákveða að þau skip sem verði smíðuð fyrir íslenska skipastólinn á næstunni verði smíðuð innan lands og viðgerðir, sem fari fram á íslenskum skipum, verði innan lands. Ef menn eru ekki tilbúnir einu sinni til þess, hvað eru menn þá tilbúnir til að gera til að auka atvinnu í landinu?

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil gjarnan bæta fáeinum orðum við í framhaldi af ræðum hæstv. forsrh. og iðnrh. áðan. Í fyrsta lagi fullyrti hæstv. forsrh. að atvinnuástand væri ekki nálægt því eins slæmt hér eða stefndi ekki í að verða það eins og í nálægum löndum. Þetta er því miður einfaldlega rangt og fram á það hefur verið sýnt með tölum. Samkvæmt upplýsingum frá OECD er áætlað að atvinnuleysi í Svíþjóð verði á þessu ári 4,5%, í Noregi um 5,5%, í Japan 2,2%, í Þýskalandi 4,7% og meðaltal OECD-ríkjanna verði 7,5%. Og hver er þá orðinn munurinn ef atvinnuleysi hér stefnir í 4–6% á næsta ári? Ég tel að fullyrðingar hæstv. forsrh. um að þetta séu ósambærilegar stærðargráður hafi verið hraktar.

Í öðru lagi tók hæstv. forsrh. furðulega til máls í sambandi við afkomu sjávarútvegsins. Hann taldi að hún væri ekki mjög slök á þessu ári. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh.: Hvenær verður afkoma sjávarútvegsins mjög slök að hans mati þegar veiðar og vinnsla samanlagt eru reknar með 7% halla á þessu ári og stefna í að verða reknar með 12–14% halla á næsta ári, hvenær er þá afkoma íslensks sjávarútvegs orðin mjög slök?

Varðandi batamerkin, sem ekki væru langt undan, nefndi hæstv. forsrh. sérstaklega að halli á ríkissjóði væri smátt og smátt að minnka. Er það byggt á nýjustu upplýsingum um 10–12 milljarða halla ríkissjóðs á þessu ári, hæstv. forsrh.? Í aðalatriðum var þó ræða hæstv. forsrh. á þá leið að þetta væri allt saman meira og minna á réttri leið og í góðu lagi að best varð séð og það sem úrskeiðis hefði farið væri fortíðarvandi. Í eigin ranni fann hæstv. forsrh. ekki eitt einasta atriði til þess að efast um að 100% og hárrétt og nákvæmlega fullkomlega hefði verið stjórnað þennan tíma sem hæstv. forsrh. hefur setið við völd

Hæstv. iðnrh. flutti líka skringilega ræðu. Hann fullyrti t.d. að vegna veikrar stöðu hins opinbera hefðum við ekki sömu möguleika til að grípa til úrræða og Japanar geta vegna þess hve skuldastaða þeirra er sterk. Staðreynd málsins er sú að opinberar skuldir í Japan eru 63% af þjóðarframleiðslu á sama tíma og þær eru 36,5% á Íslandi. Hvað var hæstv. iðnrh. að fara? Þekkir hann ekki þessar tölur og ef svo fer, hví er hann þá að úttala sig um þær með þessum hætti?

Ég vil einnig, hæstv. forseti, vekja athygli á merkilegum tíðindum og tímamótum, ég leyfi mér að segja vatnaskilum sem urðu í ræðu hæstv. iðnrh. þegar hann minntist ekki í 15 mínútna ræðu og reyndar rúmlega það í einu orði á álver. Ég fullyrði að þetta er fyrsta ræðan í fimm og hálft ár sem hæstv. iðnrh. flytur án þess að nefna álver á nafn og það eru auðvitað geysileg tímamót á hans ferli.

Ég ítreka að lokum spurningar mínar til hæstv. forsrh. um úrræði hæstv. ríkisstjórnar. Ég vænti þess að hæstv. heilbr.- og trmrh. eða einhver annar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar komi hér og svari til um stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs og að sjálfsögðu hlýtur hæstv. félmrh. að taka til máls í þessari umræðu um atvinnuleysi. Eða hvar er sá hæstv. félmrh. sem flutti hina hjartnæmu ræðu sl. vor rétt fyrir eða í aðdraganda flokksþings Alþfl.?

Hæstv. forseti. Ég skal ljúka máli mínu. Niðurstaðan af þessari umræðu er í raun og veru alveg skýr. Ríkisstjórnin stefnir óðfluga að því að slá atvinnuleysismetið á lýðveldistímanum og bíður þess með hendur í skauti að það met falli.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Leiðréttingar þingmannsins voru allar út í bláinn. Hann hefði betur gert að koma ekki hér upp fyrst leiðréttingarnar voru af þessu tagi. Ég hafði sagt og það stendur og það kom reyndar fram hjá hv. 18. þm. Reykv. líka að það væri fjarri öllu lagi að vera að tala um að atvinnustig hér væri það sama og í nálægum löndum. Mín landafræðikunnátta er önnur en hv. þm. því Japan er ekki í mínum huga nálægt land. Ég mundi setja mörkin einhvers staðar annars staðar. Hann getur haft það eins og hann vill. Það var rakið að atvinnuleysi í Finnlandi væri um 13% og 11% í Danmörku. Með Japan innan borðs tók hann 7% dæmi sem meðaltal. Þjóðhagsstofnun talar um 3,5% hjá okkur. Það er helmingi meira atvinnuleysi. Það ætti að vera nægjanlegt til þess að þingmaðurinn skildi að við værum ekki á neinu svipuðu stigi og ég vek athygli á því að tölurnar varðandi Svíþjóð og Noreg sem viðskrh. fór með með áðan og Finnland og Danmörku eru á allt

öðru stigi en hann vildi vera láta.

Varðandi hallann af veiði og vinnslu þá spurði þingmaðurinn hvað ég teldi halla ef 6–7% halli af veiðum og vinnslu væri ekki alvarleg staða. Annaðhvort fylgdist þingmaðurinn ekki með eða hlustaði ekki á ræðu mína nema hvort tveggja væri. Þessar tölur eru ekki með útgreiðslunum úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins inni. (**Gripið fram í:** Það breytir engu um rekstrargrundvöll.) Ég sagði í ræðu minni nákvæmlega og þess vegna var leiðréttingin fráleit að vegna þess að þessar greiðslur hefðu komið fram og því væri staðan hjá fyrirtækjunum betri sem því næmi. Það væri hins vegar bundið við eitt ár, einn tíma og eina summu af peningum. Allt þetta sagði ég þannig að leiðrétting þingmannsins var gersamlega út í bláinn. Og þingmaðurinn sem tekur svona mikinn tíma í að tala hér umfram alla aðra þingmenn í þessu húsi eins og frægt er ætti að sjá sóma sinn í að hlusta sæmilega á aðra þingmenn sem tala miklu skemur en hann.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég reyndi af mætti að hlusta á hæstv. forsrh. og lái mér hver sem vill þó að mér gengi illa að skilja sumt sem þar kom fram. En hinu breytir hæstv. forsrh. ekki að opinberar tölur liggja frammi um atvinnuleysi bæði á Íslandi og í öðrum löndum og þær getur hver sem er kynnt sér og lesið. Ég er með þær hér í höndunum úr Hagtölum mánaðarins, hæstv. forsrh. Ég var að vitna í spár sem fyrir liggja frá opinberum stofnunum eins og Þjóðhagsstofnun, Samtökum iðnrekenda og fleirum. Þær eru að vísu nokkuð mismunandi en ganga flestar út á 3,5–4% atvinnuleysi á næsta ári og ýmsar forsendur frá síðustu vikum benda til þess að því miður sé það vanmetið, því miður. Tilkynningar um uppsagnir til félmrn. núna síðustu dagana og vikurnar benda til að meira atvinnuleysi sé í pípunum en lá fyrir þegar Þjóðhagsstofnun safnaði gögnum sem hún grundvallaði síðustu spá á. Þetta hef ég m.a. fengið staðfest með viðtölum við starfsmenn þeirrar stofnunar í morgun. Atvinnuleysið er ekki nema 4,5% í Svíþjóð að mati OECD, 5,5–5,8% í Noregi og þó svo að Japan sé nokkuð langt í burtu er það eitt af OECD ríkjunum sem við miðum okkur gjarnan við í efnahagslegum skilningi. Reyndar er það svo ef farið er yfir pólinn þá er Japan ekkert fjarri því að vera eitt af nágrannalöndum Íslands, svo ég uppfræði hæstv. forsrh. pínulítið um landafræði. Hann er greinilega ekki vanur að hugsa hnattrænt, þ.e. að jörðin sé hnöttur eða kúla, heldur er hún sennilega enn þá flöt í hugarheimi hans. Það samræmist mjög vel hversu hæstv. forsrh. er upptekinn af fortíðinni því að einu sinni var skoðun manna að jörðin væri flöt.

Varðandi afkomu sjávarútvegsins. Tölurnar sem ég nefndi í vinnuskjali frá Þjóðhagsstofnun eru því miður með inngreiðslum Verðjöfnunarsjóðs, þ.e. afkoma sjávarútvegsins í júlí sl. Það er vegna þess að þegar þær inngreiðslur hverfa á næsta ári sem afkoman sveiflast úr 7% og niður í tæp 12% í tapi og ætti hæstv. forsrh. sjálfur að reyna að fara rétt með og forðast misskilning áður en hann hefur uppi stór orð. En varðandi ummæli hans um ræðutíma þá læt ég mér það í léttu rúmi liggja. Aðalatriðið er að menn segi eitthvað af viti, hæstv. forsrh. Ef menn gera það þá er allt í lagi þótt menn haldi langa ræðu.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er ánægður með að þingmaðurinn telur að hann hafi talað af mjög miklu viti í þessum löngu ræðum sínum. Ég held að hann sé reyndar einn um þá skoðun að þær hafi allar verið þrungnar viti. Það kann að vera vit af því tagi, eins og þingmaðurinn nefndi sjálfur og reyndi að færa rök fyrir, að Japan væri orðið eitt af nágrannaríkjum okkar. Ég hygg að álíka mikið vit sé í því eins og hann hefur reynt að halda fram. En varðandi meðaltalstölurnar sem birtar eru er þetta rangt hjá þingmanninum. Meðaltalstölurnar eru rangar tölur og þingmaðurinn getur ekkert komist hjá því að viðurkenna það.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar til að vekja athygli á því að það sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði í seinni ræðu sinni um atvinnuleysistölur á Íslandi og í nálægum löndum voru hreinar fjarstæður. Hv. þm. kemur í stólinn og telur sig vera að leiðrétta mál annarra sem hér hafa talað og stagast á því sem eru tölur fjarri sanni. Að því er helst virðist leggur hann að jöfnu spár Vinnuveitendasambandsins fyrir atvinnuleysi á næsta ári og staðreyndatölur um atvinnuleysið í löndunum í kringum okkur. Ég er alveg tilbúinn til þess með hv. þm. að telja Japan í hópi þeirra landa sem eru í kringum okkur þótt það sé æðifurðulegur fjarlægðarreikningur í höfðinu á þingmanninum ef hann telur að það sé álíka langt þangað og til okkar „venjulegu" nágrannaríkja.

Þetta vildi ég hafa sagt og þessu verður ekki á móti mælt. Atvinnuleysisskráning á Íslandi er núna eftir síðustu tölum, tæplega 3%, 2,7–2,8%. Það er of hátt. Það stefnir í hærri tölur en enginn nema Vinnuveitendasambandið og hv. 4. þm. Norðurl. e. spá svo háum tölum sem hann vildi helst til jafna.

Þá vil ég nefna það sem hann sagði um Japan og aðstæður Íslendinga og Japana til þess að beita ríkisfjármálunum til sveiflujöfnunar til þess að auka eftirspurn í hagkerfinu. Það er reyndar svo að ég þekki nokkuð til þess hvernig sparnaði er farið í Japan og hvernig skuldsetning japanska ríkisins er í samanburði við önnur iðnríki. Það er reyndar rétt sem kom fram hjá þingmanninum — sem verður að teljast til tíðinda — að japanska ríkið er óvenjulega skuldsett miðað við mörg önnur. En þegar á heildina er litið, og það er það sem máli skiptir, er staðan gagnvart útlöndum það sem telur. Það bið ég þingmanninn að skoða hvort ríkið standi tiltölulega betur í skuldum sínum við önnur lönd, Ísland eða Japan. Þar er endapunkturinn í málinu. (Forseti hringir.) Í síðasta lagi, virðulegur forseti, vil ég þakka þingmanninum fyrir að gera það alveg skýrt að að sjálfsögðu eru álver og álversframkvæmdir meðal þeirra verkefna sem þetta land mun byggja atvinnu sína á í framtíðinni. Ég nefndi þetta í ræðu

minni en hv. þm. hefur ekki tekið eftir því.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. iðnrh. nefndi ekki álver en sagði hins vegar eitthvað á þá leið að það þyrfti að halda áfram nýtingu orkunnar. Það var þetta orð sem féll niður í máli hans í fyrsta sinn í fimm og hálft ár sem ég vakti athygli hans á, en hann hefur komið hér upp og staðfest að hann er út af fyrir sig enn á trúnni.

Varðandi Japan skiptir ekki öllu máli hvort Japan er nær okkur eða fjær í kílómetrum talið. Staðreyndin er sú að Japan er eitt af mikilvægustu viðskiptalöndum okkar Íslendinga. Það er í vaxandi mæli að verða sá mótor sem drífur aflvél hins alþjóðlega viðskiptakerfis og áhrif á heimsmarkað fara vaxandi úr þeirri átt. Þess vegna er fullkomlega eðlilegt og skynsamlegt að horfa ekkert síður til þeirra en margra annarra sem nær okkur liggja.

Ég vil líka minna hæstv. ráðherra á það — það er eins og þeir átti sig ekki á því — að það atvinnuleysi sem við erum að bera okkur saman við í nágrannalöndunum er búið að vera viðvarandi í þeim löndum. Við erum að upplifa þetta sem breytingu frá því ástandi að fyrir nokkrum árum voru þúsundir útlendinga við störf og þensla á vinnumarkaði. Því er breytingin auðvitað gífurleg og inn í þetta vantar alveg þann samdrátt í yfirvinnu og fallandi tekjur heimilanna sem líka hafa áhrif, ekkert síður en atvinnuleysið sjálft. Tilburðir hæstv. ráðherra til að gera lítið úr þessu skelfilega atvinnuleysi, sem er hér að ganga í garð, eru því satt best að segja ekki merkilegar og að fara að reyna það með útúrsnúningum af því tagi sem hæstv. iðnrh. og hæstv. forsrh. hafa reynt bætir ekki málstað þeirra, hvorki hér innan veggja og þaðan af síður í augum þolendanna úti í þjóðfélaginu, það er ég alveg sannfærður um.

Varðandi opinberar skuldir og stöðu Íslands og Japans, svo enn sé farið í þann samanburð, þá staðfesti hæstv. iðnrh. að honum hafði skjátlast í ræðu sinni áðan. Sú leiðrétting sem ég kom með stendur og opinberar skuldir Japana, þ.e. skuldir ríkis og sveitarfélaga og hreinna opinberra sjóða, eru 63% miðað við þjóðarframleiðslu á sama tíma og þær eru 36,5% á Íslandi. Það segir heilmikið um það hvaða möguleika þessir aðilar hafa til þess að beita sér þegar á þarf að halda. Samt hika Japanar ekki við að beita hinu opinbera til þess að örva efnahagsstarfsemina hjá sér á sama tíma sem við erum svo ógæfusöm uppi á Íslandi, anno domini 1992, að sitja uppi með ríkisstjórn sem situr ofan á höndunum á sér.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að fara nokkrum orðum um atvinnuleysisskráninguna og nýjustu upplýsingar sem liggja fyrir þar að lútandi. Hið aukna atvinnuleysi þessa árs endurspeglar þann mikla samdrátt í efnahagslífi sem verið hefur og felur í raun í sér eðlisbreytingar á atvinnulífinu.

Á þeim tímum þegar atvinnuleysi var innan við 1% mældu atvinnuleysistölurnar fyrst og fremst tímabundnar og oft staðbundnar sveiflur í veiðum og vinnslu. Nú er það svo að atvinnuleysi tekur til nánast allra atvinnugreina og kemur þyngst niður á ófaglærðum körlum og konum. Þá hefur atvinnuleysi verið mikið í þjónustugreinum og verslun sem fyrr var nánast óþekkt. Þá tekur atvinnuleysi nú til opinberra starfsmanna og háskólafólks sem áður hefur ekki verið. Samhliða hefur atvinnuleysið aukist verulega á höfuðborgarsvæðinu en takmarkast ekki lengur við landsbyggðina eins og oft var áður.

Annað einkenni á atvinnuleysinu er að atvinnuleysi fólks á aldrinum 25–40 ára hefur aukist og þá bendir margt til þess að varanleiki atvinnuleysis, þ.e. lengd atvinnuleysis hjá hverjum og einum, hafi aukist talsvert. Allt eru þetta vísbendingar sem taka verður alvarlega.

Síðustu tölur Vinnumálaskrifstofunnar um atvinnuástandið fyrir landið allt eru fyrir júlímánuð en þá voru skráðir 81.000 atvinnuleysisdagar á landinu öllu. Fjöldi skráðra atvinnuleysisdaga svarar til þess að 3.700 manns hafi að meðaltali verið á atvinnuleysisskrá í mánuðinum en það jafngildir 2,7% af áætluðum mannafla á vinnumarkaði í mánuðinum samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar. Tölur fyrir ágústmánuð liggja ekki fyrir nema fyrir höfuðborgarsvæðið. Samkvæmt þeim hefur heldur dregið úr atvinnuleysi miðað við mánuðina á undan eða um rúmlega 7.000 atvinnuleysisdaga. Jafngildir það fækkun atvinnulausra um 300, eða úr rúmlega 2.100 í um það bil 1.800 manns. Þykir þetta benda til þess að í ágústmánuði hafi til að mynda aðgerðir sveitarfélaganna í atvinnumálum farið að bera nokkurn árangur.

Í septembermánuði höfðu fyrirtæki tilkynnt hátt í 500 uppsagnir til Vinnumálaskrifstofu félmrn. samkvæmt lögum um vinnumiðlun. Er það þreföldun miðað við uppsagnir á sama tíma og í fyrra. Hins vegar er ástæða til að vara mjög við því að taka þessar tölur of bókstaflega. Oft koma uppsagnir ekki til framkvæmda og fólk er endurráðið. Breytingar í einu fyrirtæki geta auðveldlega raskað myndinni en inni í þessum tölum eru t.d. rúmlega 100 manns sem sagt var uppstörfum hjá Gutenberg en ljóst er að flestir þeirra verða endurráðnir.

Atvinnuleysi fyrstu sjö mánuði þessa árs er 2,8% sé tekið mið af reynslu áranna varðandi dreifingu atvinnuleysis á einstaka mánuði. Má áætla að niðurstaða þessa árs verði um 3% atvinnuleysi sem er heldur meira en ráð var fyrir gert í upphafi árs.

Ég vil í stuttu máli koma inn á nokkur atriði sem ég tel að muni stuðla að eflingu atvinnulífsins til viðbótar því sem fram hefur komið hjá forsrh. og viðskiptaráðherra. Ljóst er að það efnahagsmarkmið ríkisstjórnarinnar að halda niðri verðbólgunni hefur tekist. Ekki skyldi vanmetið að það er einn mikilvægasti þátturinn til að skapa betri skilyrði fyrir atvinnulífið og til að stuðla að eflingu atvinnulífsins og þróun nýrra vaxtagreina og að tryggja atvinnuöryggi sem og að halda niðri framfærslukostnaði heimilanna. Með lágri verðbólgu og aðhaldi í ríkisfjármálum hefur ríkisstjórninni

tekist að skapa skilyrði fyrir bættu efnahagsumhverfi fyrirtækja. Áform ríkisstjórnarinnar um að ákveðnu hlutfalli tekna af sölu ríkisfyrirtækja verði varið í þágu atvinnulífsins er afar mikilvægur þáttur til uppbyggingar atvinnulífsins ásamt þeim tækifærum fyrir atvinnulífið sem EES-samningarnir gefa.

Ég nefni einnig sameiningu sveitarfélaga sem ég tel engan vafa á að geti stuðlað að hagræðingu og eflingu atvinnulífsins úti á landsbyggðinni. Ég tel ljóst að núverandi skipan sveitarstjórnarmála er hemill á frekari verkefnatilflutning frá ríki til sveitarfélaga. Verkefni á sviði skóla og heilbrigðismála, svo sem rekstur grunnskóla og heilsugæsla, eru betur komin hjá sveitarfélögunum sem og málefni fatlaðra og aldraðra svo dæmi sé tekið. Því er mikilvægt að breið samstaða geti tekist um slíka verkefnatilflutninga til sveitarfélaganna ásamt tilsvarandi tekjustofnum og að til komi aðgerðir í atvinnu-, byggða- og samgöngumálum til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

Á undanförnum árum hafa sveitarfélögin varið verulegum fjármunum til aðstoðar við atvinnulífið. Það hefur gerst með hlutabréfakaupum, lánum, niðurfellingu gjalda, beinum framlögum, styrkjum og árbyrgðum. Lausleg athugun sem Samband ísl. sveitarfélaga gerði fyrr á þessu ári sýndi að hvað kaupstaðina varðar námu slíkar veittar ábyrgðir þeirra um 1,8 milljörðum kr. árin 1987–1991 en framlög til atvinnulífsins í öðru formi um 1,7 milljörðum kr. á sama tímabili eða samtals um 3,5 milljarðar. Þessi framlög og ábyrgðir eru mjög misjöfn eftir kjördæmum. Þau eru hlutfallslega langlægst í Reykjavík en hæst á Vesturlandi og Norðurlandi eystra. Sé tekið dæmi af Vesturlandi þá var varið á sl. fimm árum 955 millj. kr. til atvinnulífsins með þessum hætti og tæpum 1.500 millj. kr. á Norðurl. e. sem er mjög hátt hlutfall af tekjum sveitarfélaganna. Ljóst er að slíkur fjármagnstilflutningur frá sveitarfélögunum til atvinnulífsins er ekki hlutverk sveitarfélaganna sem lamar þá aftur getu þeirra til þess að sinna sínum hefðbundnu verkefnum. En ljóst er að vegna atvinnuástandsins hafa sveitarfélögin verið knúin í þetta og er afar óæskilegt að framhald verði á slíku.

Ég vil fara nokkrum orðum um niðurfellingu aðstöðugjalds sem hefur nokkuð komið til umræðu. Í janúar 1991 skipaði ég nefnd til þess að endurskoða lög um tekjustofna sveitarfélaga, einkum með tilliti til nýrra hugmynda og tillagna um skattlagningu atvinnulífsins. Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar var henni m.a. falið að gera tillögur um hvort fella eigi niður aðstöðugjald og hvaða breytingar þurfi þá að gera á öðrum tekjustofnum sveitarfélaga. Þá var nefndinni einnig falið að gera samanburð á tekjustofnakerfi sveitarfélaga hérlendis og í nágrannalöndunum. Nefndin var skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af mér ásamt tveimur fulltrúum tilnefndum af fjmrh. og tveimur af Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Eftir að núverandi sveitarstjórn kom til valda í fyrra var nefndinni falið að starfa áfram. Í stefnuyfirlýsingu þeirrar ríkisstjórnar segir að skattlagning fyrirtækja og neyslu verði samræmd því sem gerist með samkeppnisþjóðum og í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar segir að lög um tekjustofna sveitarfélaga verði endurskoðuð með það fyrir augum að samræma skattlagningu fyrirtækja því sem gerist í nágrannalöndunum. Nefnd þessi lauk störfum í febrúar sl. og skilaði áliti sem sent var öllum sveitarfélögunum þar sem fram koma ýmsir valkostir sem kæmu í staðinn ef aðstöðugjald yrði lagt niður. En nefndarmenn urðu þar ekki sammála um niðurstöðu. Þeir nefndarmenn sem tilnefndir voru af mér og fjmrh. telja aðstöðugjald að ýmsu leyti óheppilegan tekjustofn og því beri að fella það niður, m.a. standi það í vegi fyrir samræmingu í skattlagninu atvinnurekstursins hérlendis og í nágrannalöndunum. Þeir leggja jafnframt áherslu á að sveitarfélögin fái jafngildan tekjustofn í staðinn og breyting þessi verði gerð í tengslum við heildarendurskoðun á skattlagningu fyrirtækja. Nefndarmenn sem tilnefndir voru af Sambandi ísl. sveitarfélaga stóðu ekki að tillögunni um að fella niður aðstöðugjaldið og því heldur ekki um það hvað ætti að koma í staðinn.

Í framhaldi af þessu tilnefndu ríkisstjórnarflokkarnir tvo fulltrúa hvor í starfshóp til að fjalla áfram um málið og þá einkum um breytta tekjuöflun sveitarfélaga við niðurfellingu aðstöðugjaldsins og sá starfshópur skilaði áliti fyrir skömmu. Það er tillaga meiri hluta starfshópsins að í stað aðstöðugjaldsniðurfellingar hækki útsvar um 1% í sérhverju sveitarfélagi óháð stærð og tekjuþörf, þ.e. að aukinn verði hlutur sveitarfélaganna í staðgreiðslunni sem þessu 1% nemur. Jafnframt komi í hlut hvers sveitarfélags 1,1% hækkun tryggingagjalds á öll laun í sveitarfélaginu og einnig greiði ríkissjóður beint framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í stað landsútsvars.

Til að mæta tekjutapi ríkissjóðs af aukinni hlutdeild sveitarfélaga í óbreyttri staðgreiðslu og vegna beins ríkisframlags í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er lagt til að tryggingagjald á öll laun verði hækkað um 2,1%. Meiri hluti starfshópsins álítur að tekjur sveitarfélaga og ríkissjóðs verði mjög ápekkar fyrir og eftir greindar breytingar þegar tillit hefur verið tekið til staðgreiðsluinnheimtu tryggingagjalds og útsvars, eftiráinnheimtu aðstöðugjalds og skilvirkari innheimtu tryggingagjalds og útsvars en aðstöðugjalds. Þessi atriði metur starfshópurinn 20% af aðstöðugjaldinu. Álitið hefur verið kynnt í ríkisstjórn. Í framhaldi af því var ákveðið að félmrh. og fjmrh. héldu fund með stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga þar sem mál þetta yrði rætt áfram. Óskað hefur verið eftir slíkum fundi og verður hann væntanlega haldinn á næstunni.

Eftir að álit starfshópsins lá fyrir hafa verið athugaðir lauslega fleiri valkostir í því efni hvaða tekjustofnar gætu leyst aðstöðugjaldið af hólmi. Einn af þeim kostum er að í stað hækkunar á tryggingagjaldi sem leggst á launagreiðslur komi einhvers konar skattur á virðisauka í fyrirtækjum. Einnig hefur sú leið verið athuguð að hækkun tryggingagjaldsins verði mismunandi eftir atvinnugreinum. Hef ég lagt fyrir ríkisstjórnina ýmsa valkosti í útfærslu tryggingagjalds í stað aðstöðugjalds og áhrif þess á hinar ýmsu atvinnugreinar. Ég get tekið undir það að þessi leið er að ýmsu leyti gölluð, bæði álagningarstofninn sem slíkur sem og

að ríki og sveitarfélög hafa tekjur af sama gjaldstofni.

Ég hef því einnig látið skoða þann valkost að gjaldstofn aðstöðugjalds verði virðisauki einstakra fyrirtækja en ekki heildarkostnaður þeirra eins og nú er. Í þeirri leið eru ýmsir kostir fyrir hendi sem nauðsynlegt er að huga vandlega að í samráði við sveitarfélögin og samtök atvinnulífsins.

Heppilegasta leiðin að mínu mati, sem hefur þó ekki náðst samstaða um, er að sveitarfélögin fái aukinn hlut af staðgreiðslunni sem nemur niðurfellingu aðstöðugjaldsins en ríkið taki að sér skattlagningu atvinnulífsins sem er í samræmi við það fyrirkomulag sem er í nágrannalöndum okkar.

En þetta er stórt mál sem verður áfram til skoðunar. Ég vil taka fram að ríkisstjórnin hefur ekki tekið afstöðu til þeirra tillagna sem fjórmenningarnir skiluðu henni fyrir skömmu. Ríkisstjórnin taldi rétt að fá fram afstöðu sambands sveitarfélaga og atvinnulífsins til þeirra tillagna áður en endanleg afstaða verður tekin í ríkisstjórninni.

Í lokin, virðulegi forseti, vil ég minnast á í sambandi við þessa umræðu að aukin starfsmenntun í atvinnulífinu er mjög mikilvæg við þær aðstæður sem við búum við núna og minni á það frv. sem var samþykkt á Alþingi sl. vor. Ég tel að lög þessi skapi forsendur til þess að efla starfsmenntun í landinu og þar með möguleika þeirra sem hafa ekki náð fótfestu í atvinnulífinu. Alls staðar í Evrópu og Ameríku hafa viðbrögð stjórnvalda við auknu atvinnuleysi verið einmitt í því fólgin að efla starfsmenntun og það er samdóma álit allra að öflug starfsmenntun hafi mikla þýðingu fyrir einstaklingana og atvinnulífið í heild sem nýtur góðs af henni líka.

Á fjárlögum þessa árs voru veittar 48 millj. kr. til starfsmenntunar í atvinnulífinu á móti 15,5 millj. í fyrra og er þar um nærri þreföldun fjárframlaga að ræða.

Nú er unnið að ráðstöfun þessa fjármagns og er það von mín að aukið fé til þessa mikilvæga verkefnis skili sér fljótt og vel og ekki síst til þeirra sem hafa átt erfitt með atvinnuöflun.

Ég vil einnig minna á að á fjárlögum þessa árs voru veittar 15 millj. til atvinnumála kvenna á landsbyggðinni og það er annað árið í röð sem það er gert. Nú þegar hefur verulegum huta af þessari upphæð verið ráðstafað. Þó hér sé ekki um stóra upphæð að ræða er það mín sannfæring að hún hafi komið að góðum notum. Ráðstöfun fjárins hefur einkum tekið mið af þróunarverkefnum sem líkleg þykja til að fjölga atvinnutækifærum kvenna á viðkomadi atvinnusvæði. Þau atvinnusvæði þar sem atvinnuleysi kvenna hefur verið vaxandi eða varanlegt að undanförnu hafa komið sérstaklega til álita við úthlutun. Atvinnuleysi kvenna á landsbyggðinni hefur sums staðar verið mjög alvarlegt, t.d. á Suðurnesjum þar sem það hefur verið 9–10%. Ég hef trú á því að þrátt fyrir að 15 millj. kr. sé ekki há upphæð skili ráðstöfun þess miklum árangri, hvetji konur og geri þeim kleift að hrinda í framkvæmd hugmyndum sínum í atvinnumálum sem margar hverjar eru mjög athyglisverðar. Þannig hefur þessum fjármunum verið ráðstafað til verkefna eins og minjagripagerðar, framleiðslu á flíkum úr hreindýraskinni, fjarvinnslu, ferðamannaþjónustu og í markaðs- og þróunarstyrki svo sem vegna fiskvinnslu. (**Gripið fram í:** Og þetta verður gert áfram?) Ég skal svara þeirri spurningu. Ég tel mjög mikilvægt að á fjárlögum verði áfram veitt fjármagn til þessa verkefnis þrátt fyrir aðhaldsaðgerðir sem áfram þarf að fylgja við næstu fjárlagagerð.

Ég hef farið yfir nokkur atriði sem ég tel skipta máli til úrlausnar á því erfiða atvinnuástandi sem þjóðin stendur frammi fyrir og læt hér lokið máli mínu.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. nefndi í þessum umræðum um atvinnuleysið sameiningu sveitarfélaga sem eitt af tækjunum til að draga úr atvinnuleysinu. Ég vil vara sérstaklega við því, þótt ég sé samþykkur því að sú verði þróunin að stækka sveitarfélög, að það sé lausn á þeim skammtímavanda sem atvinnuleysið er nú. Sameining sveitarfélaga hefur það í för með sér að reynt verður að nýta betur húsnæði og mannafla sveitarfélaganna. Það fækkar fólki en fjölgar því ekki. Sameining sveitarfélaga út af fyrir sig getur því aukið á atvinnuleysisvandann. Þetta vil ég að komi fram í þessari umræðu vegna þess að mér finnst að stjórnvöld séu farin að líta á þetta sem eitt tækið í baráttunni við þann vanda sem við eigum við að glíma í atvinnumálum.

Ný atvinnutækifæri eru auðvitað lykilatriði og það er ræður úrslitum að forsvarsmenn starfandi fyrirtækja hafi þann grundvöll í sínu starfi að þeir geti leitað að nýjum atvinnutækifærum en séu ekki uppteknir við að bjarga málum frá degi til dags, eins og því miður er nú, vegna þess að mér finnst það ekki hafa komið nógu vel fram í þessari umræðu og stjórnvöld og hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh. vilji leiða það hjá sér að sjávarútvegurinn, veiðar og vinnsla, er rekinn með 8% halla. Sameining sveitarfélaga leysir ekki þau mál.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Atvinnuleysi getur orðið af ýmsum orsökum. Við sumu, svo sem atvinnuleysi einstakra starfsstétta eða árstíðabundnu atvinnuleysi í verstöðvum, er lítið hægt að gera. Aðrar ástæður eru oft viðráðanlegar ef vilji er fyrir hendi. En þá þarf að taka pólitíska ákvörðun um að bregðast skuli við vandanum. Til þess þarf pólitískt hugrekki. Þetta pólitíska hugrekki hefur hæstv. ríkisstjórn ekki.

Ég get ekki kallað það neitt annað en pólitískt hugleysi af verstu gerð að láta sem atvinnulífið komi ríkisstjórnarstefnunni ekkert við eins og núverandi stjórnvöld gera. Það litla sem vel er gert er nú talað um að skera niður, hverjar svo sem framkvæmdirnar verða. Þá á ég einmitt við hið sérstaka framlag til atvinnumála kvenna í dreifbýli sem hæstv. síðasti ræðumaður gerði að umtalsefni. Þetta er stórmerkt átak. En ég veit ekki betur en það sé eitt af því sem til stóð að skera niður. Það kom mér verulega á óvart að hæstv. félmrh. hefði ekki frétt af því vegna þess að það hafði ég frétt. Við munum fylgjast vel með því máli.

Mitt í klisjukenndum fullyrðingum um að atvinnulífinu sé best borgið með sem minnstum afskiptum ríkisvaldsins eru stjórnvöld með bullandi íhlutun í rekstur fyrirtækja með því að halda uppi háu vaxtastigi í samkeppninni um sparifé landsmanna og með því að leggja sífellt hærri álögur, t.d. á sjávarútveginn og þá ekki síst fiskvinnsluna í landi.

Við kvennalistakonur fengum orð í eyra fyrir ábyrgðarleysi þegar við hreyfðum því fyrir hartnær ári að nauðsynlegt gæti orðið fyrir ríkið að taka erlend lán til að halda hjólum atvinnulífsins gangandi í tímabundinni kreppu. Þetta er góð og gild hagfræði og verður ekkert úrelt á því einu að hafa verið notuð fyrr á öldinni eða vera ekki í anda frjálshyggjunnar. Þeim fer fjölgandi sem eru sammála okkur kvennalistakonum um að ríkinu beri að stuðla að arðbærum framkvæmdum á þessu samdráttarskeiði sem nú er skollið á. Fyrr á árinu voru þessar raddir orðnar háværar og von til þess að eitthvað færi að gerast. Einkum voru það hinir annars allsráðandi aðilar vinnumarkaðarins sem gerðu þessa kröfu á ríkið. Ég minnist þess að hafa lent með Víglundi Þorsteinssyni, svo einhver sé nefndur, í útvarpsviðræðum um þetta mál og var þá reyndar að velta því fyrir mér hvort hann væri með niðurstöðu landsfundar Kvennalistans í höndunum, svo líkar voru hans hugmyndir okkar hugmyndum. Fulltrúi stjórnarsinna í þessum umræðum hafði reyndar lítið fram að færa enda segir ríkið, nú seinast í gervi fjmrh.: Ekki ég. Hann streitist enn við þótt áskoranir komi úr öllum áttum. Þetta er stjórnarstefnan.

Forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar, e.t.v. allir nema félmrh., sem ekki hefur þó verið hlustað á, virðast halda að atvinnuleysi kosti ekki nokkurn skapaðan hlut, jafnvel þótt Atvinnuleysistryggingarsjóður sé að tæmast, eins og glöggt kom fram í nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og fram kemur hér að framan er gert ráð fyrir að hvert prósentustig í atvinnuleysi kosti á árinu 1992 um 51 millj. kr. á mánuði eða 153,7 millj. kr. á mánuði miðað við 3% atvinnuleysi eins og verið hefur að undanförnu. Samkvæmt áætlun Atvinnuleysistryggingasjóðs vantar um 1.080 millj. kr. á árinu 1993, eða um helming eigna sjóðsins, upp á að sjóðurinn geti sinnt lögboðinni skyldu sinni, þ.e. ef atvinnuleysi verður ekki meira en 3%. Má því í raun segja að sjóðurinn komist í greiðsluþrot að óbreyttu á árinu 1994 enda áætlað að um 500 millj. vanti upp á að endar nái saman á árinu 1992. Verður sjóðurinn að fara að ganga á eigur sínar í lok september 1992 fáist ekki sérstök fjárfesting."

Nú kemur þessi sami fjmrh. í fölmiðla, sá sem ekki vildi hreyfa við neinu, og er undrunin uppmáluð og skilur ekkert í því hvers vegna minni tekjur koma í ríkiskassann nú en áætlað var. Samdrátturinn er hraðari en búist var við, held ég að hafi verið orð hans svona nokkurn veginn. Ég sakna hans í þessari umræðu. Ég hélt að hann yrði hér og hefði viljað eiga við hann orðastað. Hann hefði betur hlustað í fyrravetur á ræðu fulltúa Kvennalistans í fjárln., Jónu Valgerðar Kristjánsdóttur, en hún benti einmitt á þessa hættu. Það er ekki hægt að búast við grósku og veltu í samfélagi sem haldið er í ánauð lágra tekna og atvinnuleysis. Spár um atvinnuleysi eru misjafnar. Sumir forsvarsmenn atvinnulífsins t.d. VSÍ búast frekar við að það verði um 6% en þessi 3% sem Ríkisendurskoðun gefur sér og læt ég mér fyrra karp um þau mál í þessari umræðu í léttu rúmi liggja.

Ríkisstjórnin íhugar nú, eftir því sem ég hef alla vega heyrt en vona að rangt sé, að það sé helst til ráða að takmarka aðgang að Atvinnuleysistryggingasjóði. Þetta er auðvitað ekki nokkurt úrræði. Ég óttast mjög þá fjárlagavinnu sem í hönd fer á þessum forsendum. Ég óttast að það haldi áfram, sem síst má gerast á samdráttartímum, að velferðarkerfið verði veikt verulega og skólakerfið lagt í rúst. Það er engin lausn að leggja niður nauðsynlega sjúkrahús- og öldrunarþjónustu og láta atvinnulausar konur annast um sjúka og aldraða heima fyrir. Það lifa fáir á launum einnar fyrirvinnu, hvað þá engrar og jafnvel fullar atvinnuleysisbætur duga engum til framfærslu. Þar að auki fylgir umönnun af þessu tagi mikið álag sem ekki er hægt að mæta nema að takmörkuðu leyti utan stofnana. Það gerist æði oft að konum er skákað til í tilverunni og ætlast til að þær lifi á loftinu á meðan þær bjarga hrynjandi heilbrigðiskerfi. Það gleymist líka að hluti þess atvinnuleysis, sem verið er að búa til nú með ómældum kostnaði, er vegna niðurskurðar á þjónustu, m.a. á sjúkrahúsum. Er virkilega þörf á þess konar aðgerðum? Til eru þeir sem telja að krepputalið sé orðum aukið og e.t.v. ekki annað en afsökun ríkisstjórnarinnar fyrir samdrætti, niðurskurði og einkavæðingu. Afleiðingin er hins vegar raunverulegt atvinnuleysi.

Nú um helgina mátti lesa í Tímanum ummæli Halldórs Grönvolds og Kristínar Hjálmarsdóttur hjá Iðju. Vildu þau meina að kreppuástandið, sem nú gætir, væri að hluta sálræns eðlis. Væntingar eru auðvitað vel þekkt fyrirbæri í hagfræði og sé skoðun þeirra rétt er ábyrgð ríkisstjórnarinnar á samdrættinum jafnvel enn meiri en ég hef þegar nefnt. Halldór segir m.a. í þessari frétt, með leyfi forseta:

„Svo virðist sem stóra áfallið sem klifað var á í sumar komi sem betur fer ekki en samt sem áður ganga atvinnurekendur með skeifu og draga lappirnar."

Fréttamaður heldur áfram og vitnar í Kristínu sem sagði að „þrátt fyrir litla verðbólgu og hófsamar launahækkanir sé svartagallsrausið nánast búið að draga allan kjark úr mönnum og ekkert lát sé á samdráttareinkennum í atvinnulífinu."

Í þessu sambandi er athyglisvert að rifja upp ummæli forstjóra Þjóðhagsstofnunar, Þórðar Friðjónssonar, um efnahagslegt kvef í stað lungnabólgu nú í sumar. Kannski var þetta bara kverkaskítur. En ef búið er að setja allt atvinnulífið í veikindafrí út af honum þá kemur það til með að taka nokkurn tíma að koma því aftur á stað og hafa ærinn kostnað í för með sér. Það er svo sem ekki fráleitt að taka undir skoðanir þessa fólks. Einhvern veginn virðist atvinnulífið bugað og líkast því sem það sé að víkja sér undan næsta höggi sem stjórnvöld ætla að láta ríða. Á meðan svo er kom-

ið er engin orka eftir til að fást við raunveruleg bráðatilfelli eins og varanlegt, staðbundið atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum sem hefur verið um 10% í heilt ár og aldrei slíku vant hjaðnaði það lítið á sumarmánuðunum. Atvinnuleysi er raunar á góðri leið með að verða viðvarandi ástand bæði hjá konum og körlum á Suðurnesjum.

Það er mörgum enn í minni á eldhúsdegi í vor hvernig andstæðustu ræður kvöldsins hljómuðu, ræða hæstv félmrh., Jóhönnu Sigurðardóttur, sem varaði við atvinnuleysi og var svört á svip, og ræða hæstv., utanrrh., Jóns Baldvins Hannibalssonar, sem sagði bara EES eins og venjulega. Í málflutningi hans virtist mér þessi skammstöfun þýða Evrópa, en engin störf. Hæstv. félmrh. virðist líka verið lagður á flótta undan vandanum og hefur fundið einfalda töfralausn: sameiningu sveitarfélaga. Auðvitað er það engin allsherjarlausn frekar en nokkur önnur, það eru ekki til töfralausnir. Það eru til margþættar aðferðir og ekkert annað og til þeirra þarf að grípa.

Samstarfsnefnd ríkisstjórnarinnar fundar með fulltrúum vinnumarkaðarins. Það er augljóst að þeir vilja fara þá leið, sem við kvennalistakonur höfum bent á, að efla atvinnulífið þó það kosti erlend lán.

Það kemur ekki á óvart að skástu úrræðin sem bent er á núna koma ekki frá ríkisstjórninni heldur, eins og fyrr á árinu, frá aðilum vinnumarkaðarins. Í leiðara í Vinnunni, nýjasta tölublaði, segir Ásmundur Stefánsson, með leyfi forseta:

„Framkvæmdir jafnt opinberra aðila sem einkaaðila eru nánast stöðvaðar og samdráttur segir til sín bæði í almennum iðnaði og þjónustugreinum. Mörg fyrirtæki og stofnanir fækka starfsfólki til að ná fram hagræðingu og sparnaði til að mæta harðri samkeppni og fjárlaganiðurskurði. Margt bendir því til að atvinnuleysi verði ekki minna, jafnvel meira, á stóru þéttbýlisstöðunum en á þeim stöðum sem eiga allt undir sjávarútvegi.

Almennur opinber stuðningur við fjárfestingar í atvinnulífinu er líklegri til að herða á hagræðingu og auka á fækkun fólks en fjölga atvinnutækifærum.

Í sjávarútvegi setur takmarkaður afli þröngar skorður fyrir framleiðsluaukningu og eftirspurnarsamdráttur er í almennum iðnaði og þjónustu. Sértækar aðgerðir koma því frekar til greina. Þar mætti t.d. nefna að gefa fyrirtækjum, hvort sem er starfandi eða nýjum, kost á að setja framleiðslu í gang eða auka hana með því að fá fyrir lítið eða ekkert þá umframorku sem nú er ekki nýtt.

Einnig kemur til greina að auka opinberar framkvæmdir. Það er hins vegar því aðeins réttlætanlegt að auka skuldir hins opinbera að framkvæmdirnar skili hárri arðsemi og treysti atvinnu til lengri tíma."

Ég tek undir þessi orð og fagna því að verkalýðsforustan bendir á úrræði í atvinnumálum. Ég sakna þess vissulega að sjá ekki einnig tillögur um styttan og sveigjanlegan vinnutíma á óskertum launum sem gætu bætt ástandið á vinnumarkaðnum verulega. Ég bendi á þingsályktunartillögu okkar kvennalistakvenna frá síðasta vori um þetta efni. Ég held að eitt meginverkefni okkar á Íslandi nú á næstunni verði að hækka kaupmátt grunnlauna og taka allar yfirborganir og yfirvinnu inn í dagvinnutímann. Það er vel hægt en til þess þarf vilja og hann hefur skort því miður. Meira að segja hjá verkalýðshreyfingunni. Konur hafa lengst af mátt sæta því að vinna á taxtalaunum, tvær af hverjum þremur konum að jafnaði og meira að segja einn af hverjum tveimur körlum. Þetta kann að vera að breytast og veldur vonandi auknum þrýstingi á þessa sjálfsögðu kröfu. Vert er að minnast þess lærdóms sem við getum dregið frá 1977 þegar yfirvinnubann var sett á og afköst urðu síst minni á flestum vinnustöðum en þegar yfirvinna var unnin. Það er öllum í hag að stytta þennan óhóflega vinnutíma án þess að skerða launin. Því miður var gerð sú sögulega skyssa að fylgja þessum samningum ekki eftir í sólstöðusamningunum sem gerðir voru eftir þessa langvinnu launadeilu.

Gjaldið sem við greiðum vegna atvinnuleysisins er ekki bara minnkandi tekjur ríkisins og minnkandi útgjöld. Við sitjum einnig uppi með þau félagslegu vandamál sem eru fylgifiskur atvinnuleysis og reyndar hins gamla skolla okkar, of langs vinnudags. Á þessum tímum vilja fylgismenn ríkisstjórnarinnar ganga inn í Evrópskt efnahagssvæði þar sem viðvarandi atvinnuleysi er um 7,8%. Hlálegt er að heyra hæstv. viðskrh. nefna endurmenntun í atvinnulífinu og benda á það sem gert hefur verið á Norðurlöndum um leið og boðaður er 800 millj. kr. viðbótarniðurskurður í menntakerfinu. Enn hlálegra var að heyra hæstv. félmrh. benda á þessa lausn þar sem enga peninga er að hafa. Þetta er því miður innistæðulaus ávísun.

Stjórnvöld eru gjörn á að benda á slíkar töfralausnir í stað þess að takast á ábyrgan hátt á við vandann. EES mun ekki leysa atvinnumál þjóðarinnar. Færð hafa verið veigamikil rök fyrir því að atvinna í fiskvinnslu muni lítið eða ekkert aukast með tilkomu EES. Nær væri að létta álögum af fiskvinnslunni og gera hana samkeppnisfærari t.d. við frystitogarana. Þá kæmi e.t.v. annað dæmi út en það sem nú hefur leitt fjölda útgerða út í að offjárfesta áfram í frystitogurum. Ég ætla að geyma mér sjávarútvegsumræðuna í bili þar sem hún verður væntanlega á dagskrá á næstunni.

Virðulegur forseti. Fylgifiskar atvinnuleysis eru margs konar. Brotin sjálfsmynd og örvæntingarfullar tilraunir til að skrimta af atvinnuleysisbótum sem enginn lifir á er ekki fýsilegt hlutskipti. Enn alvarlegara er það þó að atvinnuleysi getur hér eins og í nágrannalöndunum orðið varanlegt í hópi ungmenna. Erum við reiðubúin að mæta þeim vanda?

Steingrímur Hermannsson:

Herra forseti. Það er vissulega tímabært að ræða atvinnuástandið í þessu landi og þó fyrr hefði verið. Því verða hins vegar ekki gerð nokkur skil á þeim örfáu mínútum sem hver ræðumaður hefur. Ég ætla aðeins að minnast á örfá atriði og reyna fyrst og fremst að draga saman sumt af því sem mér þótti hvað athyglisverðast í ræðu hæstv. forsrh.

Reyndar hygg ég að hæstv. forsrh. muni vera sá eini

hér á landi sem er eins bjartsýnn á framtíð íslensks atvinnulífs á næstu mánuðum og árum og kom fram í ræðu hans. Þvert á móti þá hitti ég varla nokkurn mann sem ekki er orðinn yfirfullur af vonbrigðum og svartsýni. Hæstv. forsrh. taldi og sagði réttilega að við Íslendingar værum í fremstu röð þjóða, reyndar væri líklega rétt að segja að við hefðum verið í fremstu röð þjóða. Þarna er einmitt um arfinn af þeim fortíðarvanda að ræða sem hæstv. forsrh. hefur gert að sinni sérgrein. Þetta er það sem náðist með samstilltu átaki ríkisvalds, atvinnulífs, vinnuveitenda og launþega.

Hæstv. forsrh. boðaði jafnframt og lagði á það mikla áherslu að hér yrði haldið áfram sömu stefnu og verið hefur. Hver er þessi stefna? Það er sú stefna sem leitt hefur Bretland í þann vanda í atvinnumálum nú að hann hefur aldrei verið meiri. Reyndar telja flestir sem á stöðu Bretlands líta að Bretar séu í vonlausri stöðu í því efnahagskapphlaupi sem nú á sér stað á milli þjóða. Og það er sú stefna sem Bandaríkjamenn eru nú í óðaönn að reyna að feta sig út úr. Það er með öðrum orðum stefna afskiptaleysis ríkisvaldsins, það er frjálshyggjan sem við höfum kallað hér, stefna sem kennd hefur verið við Thatcher og Reagan.

Hæstv. forsrh. deildi á fyrri ríkisstjórn fyrir það að hafa hafnað vestrænum leiðum í efnahagsmálum. Þetta er alrangt. Við höfnuðum nákvæmlega þessari stefnu Thatcher og Reagans. En við höfnum ekki þeim leiðum sem farnar hafa verið t.d. í löndum eins og Frakklandi og Þýskalandi. Að vísu tel ég að samstarf ríkisins og þátttaka ríkisvaldsins í atvinnulífinu í Frakklandi sé of mikil, hún er þar mjög mikil, en því verður heldur ekki neitað að Frakkar eru nú með einhverja sterkustu stöðu í efnahagsþróun sem verið hefur í Evrópu upp á síðkastið. Og öllum er að sjálfsögðu kunnugt um það að í Þýskalandi ræður fyrst og fremst stefnunni mjög virk þátttaka og samstarf ríkisvaldsins, alveg sérstaklega í gegnum bankana, og atvinnulífsins. Og það er einmitt slík þátttaka sem við í fyrri ríkisstjórn vildum að hér yrði sinnt, bæði af hálfu ríkisvalds og banka.

Hæstv. forsrh. virtist ekki hafa miklar áhyggjur af því atvinnuleysi sem nú blasir við. Hann vakti réttilega athygli á því að það atvinnuleysi sem Þjóðhagsstofnun spáir, um það bil 3%, er svipað og var á árunum 1967–1969. En þarna er hins vegar mjög stór munur á. Hægri stjórnin sem sat á þeim árum taldi sér skylt að leggja mjög mikið fjármagn í það að endurreisa og koma hjólum atvinnulífsins af stað á ný úti um allt land. Og meira að segja sá maður, sem varð forsætisráðherra þeirrar stjórnar um tíð, var í forsæti fyrir þeirri nefnd sem samræmdi þetta átak. Hvar er slíkt átak nú af hálfu þessarar ríkisstjórnar? Mér heyrðist jafnvel hæstv. forsrh. hafa heldur litlar áhyggjur af því að atvinnuleysi kynni að verða hér 4–6%. Það er jú minna en í fjölmörgum Evrópulöndum, það er alveg hárrétt, t.d. minna en í Danmörku eins og hann nefndi. Ég vona að atvinnuleysi hér verði ekki það mikið. Það vona ég svo sannarlega. En ég verð að viðurkenna að ég hræðist það vonleysi og þá svartsýni sem alls staðar ríkir og ég held að það sé rétt sem kom þó fram hjá hæstv. viðskrh. að fjárfestingin sem nú er hér á landi er allt of lítil til þess að halda uppi hagvexti. Ég óttast einmitt að keðjuverkun af þessu mikla hruni fjárfestingar og því vonleysi sem ríkir kunni að leiða til þess að atvinnuleysi hér aukist meira en við höfum til þessa séð.

Ég leyfi mér að vekja athygli á leiðara í Morgunblaðinu — það er mikið vísað í það blað hér í þessum þingsölum, bæði af stjórn og stjórnarandstöðu — en ég vísa í leiðara sem birtist 3. sept. 1992 þar sem vakin er athygli á því að stór verkefni hafa farið úr landi og ekkert virðist vera gert til þess að sporna þar gegn. Er vakin athygli á því að Útgerðarfélag Akureyringa samdi við pólska skipasmíðastöð um breytingar um smíði á togara og nýlega sá ég í fréttum að það sama gerðu Þingeyingar. Í þessum leiðara segir, með leyfi forseta:

„Það dugar ekki að fljóta sofandi að feigðarósi. Vinnan er að flytjast úr landi og eftir situr atvinnulaust fólk. Þá þróun verður að stöðva og henni verður að snúa við."

Mig langar til að vita hvað hæstv. ríkisstjórn hefur hugsað sér að gera til þess að snúa þessari þróun við, til að vinnan flytjist ekki úr landi.

Hæstv. forsrh. sagði réttilega að það að breyta genginu væri ekki lausn á öllum vanda. Ég er honum alveg sammála um það. En fast gengi má heldur ekki verða trúarbrögð. Hverjum dettur í raun í hug að íslenska krónan sé svo sterk að dollarinn fellur gagnvart íslensku krónunni dag frá degi? Er íslenska krónan sterkari en dollarinn í dag? Dettur einhverjum það í hug?

Sumir tala um frjálsa gjaldeyrismarkaði. Hvað halda menn að íslenska krónan seldist á úti í London eða New York núna? Haldið þið virkilega að hún seldist á það sem hún er skráð hér? Nei, ég vil festu í gengi. En ég held að þessi ofsatrú á fast gengi boði hér mikla vá.

Ég vek athygli á því að það er ýmislegt fleira en sjávarútvegurinn sem á þar undir högg að sækja, t.d. það sem ég nefndi áðan um skipasmíðaiðnaðinn. Hvað vilja menn segja um þá miklu dýrtíð sem a.m.k. ferðaþjónustan heldur fram að erlendir ferðamenn sjái hér á Íslandi? Þetta tengist vitanlega líka genginu. Ég held að menn ættu að skoða það vandlega hvort sú blanda af gjaldeyri sem nú er miðað við er sú rétta. Ég hef miklar efasemdir um að það sé svo.

Virðulegi forseti. Á þessum skamma tíma hef ég ekki mikið svigrúm til að fara í ýmislegt sem ég vildi nefna. Þó ætla ég að reyna að fara hratt yfir nokkur atriði sem mér finnst nauðsynlegt að þegar verði tekin til athugunar.

Í fyrsta lagi vil ég taka undir með leiðara Morgunblaðsins fyrir nokkrum dögum þar sem segir að Bandaríkjamenn hafi lækkað vexti tuttugu og þrisvar sinnum á tiltölulega skömmum tíma í sínu atvinnuástandi. Hér þarf að lækka vexti. Það verður að gerast. Það verður að gerast fyrir forustu ríkisstjórnarinnar.

Í öðru lagi verður að afnema þær álögur sem lagðar voru á sjávarútveginn á þessu ári. Það verður að afnema þær.

Í þriðja lagi verður að útdeila úr Hagræðingarsjóðnum til þeirra fyrirtækja sem fyrst og fremst munu eiga rétt á því samkvæmt athugunum sem hafa verið gerðar, með öðrum orðum í samræmi við tillögur hæstv. sjútvrh. Það er ekki rétt að fara að styrkja sjávarútveginn til að kaupa kvóta. Reyndar vildi ég gjarnan fá að vita hvar það mál liggur. Hvaðan eiga þeir peningar að koma?

Í fjórða lagi verður ríkisstjórnin vitanlega að móta atvinnumálastefnu, hún verður að gera það í nánu samráði við atvinnuvegina og hún verður að taka virkan þátt í því að leggja fjármagn til að framkvæma þá stefnu, skapa þann grundvöll sem er nauðsynlegur. Ég vil nefna t.d. menntunina en svo sannarlega þarf að auka verulega þar átak og þó að það sé til lengri tíma þá er ekki ráð nema í tíma sé tekið.

Ég vil einnig nefna ýmsar þær nýju atvinnugreinar sem menn hafa bundið miklar vonir við en sem fá ekki fjármagn í dag vegna þess vonleysis sem ríkir. Það er góðra gjalda vert að leggja fjármagn í rannsókna- og þróunarstarfsemi og ég fagna því. En það þarf miklu meira. Það þarf m.a. áhættufé til að koma þeim nýju fyrirtækjum í gang í dag sem duglegir athafnamenn hafa í huga. Og það væri sannast að segja engin ofrausn þó að hæstv. ríkisstjórn legði eins og helminginn af því sem hún kann að selja af opinberum fyrirtækjum í það að koma nýjum fyrirtækjum af stað. Síðan getur hún selt það hlutafé þegar það er orðið einhvers virði. Ég vek athygli á því að þetta hefur tekist ágætlega hjá Þróunarfélagi Íslands sem er núna að selja hlutafé í ýmsum fyrirtækjum sem það lagði í upphafi og bjargaði sumum frá stöðvun. En það vantar miklu meira fé til þessara mála eins og ástandið er í dag. Þetta þarf vitanlega að gera. Ríkisstjórnin verður að byggja á ítarlegum áætlunum og athugunum á hinum ýmsu sviðum því að hér eru kostir og möguleikarnir margir. Það þýðir ekkert að byggja á þeirri von að hér komi stóriðja á allra næstu missirum. Því miður. Ég er því hlynntur að í hana verði farið en efnahagsástandið í heiminum er þannig að á það eitt má ekki treysta.

Það er vitanlega vonlaust og sorglegt að hlusta á hæstv. forsrh. nefna sem nánast eina bjargvætt okkar í dag samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Hefur hæstv. forsrh. ekki fylgst með því hvernig þróun mála er þar? Nýjustu spár eru að þar verði hagvöxtur langtum minni en áður var gert ráð fyrir og ástandið í Evrópu er satt að segja þannig að það vekur mann mjög til umhugsunar um það að við Íslendingar tengjumst því nánar. Ég hef ekki tíma til að fara út í það hér en mun ræða það við umræður um Evrópska efnahagssvæðið.

Við erum svo sannarlega í mikilli hættu með okkar atvinnulíf. Það bendir margt til þess að óbreytt stefna ríkisstjórnarinnar, frjálshyggjan, stefna Thatcher og Reagans, eigi eftir að skilja eftir sig hér slíkt svöðusár ef hún fær að haldast að það muni taka langan tíma að byggja upp frá þeim botni á ný.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram sem að mínu mati hefur umfram annað leitt eitt í ljós, og það kom svo berlega fram hjá hæstv. forsrh., að það er ætlun ríkisstjórnarinnar að viðhalda óbreyttri stefnu. Þetta eru að mínu mati mjög skýr skilaboð út í þjóðfélagið. Viðhalda stefnu sem eins og rækilega hefur verið undirstrikað í þessum umræðu byggir á löngu úreltri hugmyndafræði.

Hæstv. forsrh. talaði þannig í sinni ræðu að ég átti lengi vel erfitt með að skilja hvað hann var að fara þangað til ég áttaði mig allt í einu á því að hann talaði úr einhverju allt öðru þjóðfélagi en ég í það minnsta þekki. Það þjóðfélag nær að mínu mati ekki nema um lendur einhvers hluta Seðlabankans og einhvers hóps af sérfræðingum sem standa að baki þeirri stefnu sem núv. hæstv. ríkisstjórn framfylgir. En þetta er allt annar raunveruleiki en sá sem blasir við fólkinu úti í þjóðfélaginu, ekki síst þeim þúsundum manna sem nú í örvæntingu horfast í augu við atvinnuleysi í fyrsta skipti. Ég mun rökstyðja þetta með örfáum orðum.

Hæstv. forsrh. tók undir orð mín um gengisskráningu, að þar yrðu menn að fara varlega og reyna að ná lækkun gengisins með kostnaðarlækkunum og með því að flytja til kostnaðinn í þjóðfélaginu. En hann sagði aftur í annarri setningu að gengið væri rétt skráð í dag. Það get ég ekki tekið undir. Það vitna þeir um sem starfa í útflutningsatvinnuvegum, það vitna þeir um sem starfa í innlendum samkeppnisiðnaði og það vitna þeir ekki síst um sem starfa í ferðaþjónustu. Gengið verður að leiðrétta en það má ekki gerast í kollsteypum. Það verður að gerast innan þess ramma sem menn setja sér með frjálsum gjaldeyrismarkaði sem samkvæmt orðum hæstv. viðskrh. á síðasta vetri gæti hugsanlega verið 5 prósentustiga hlaup til og frá og með þeim 3–4 prósentustigum í lækkun raungengis sem má ná með því að færa til kostnað í þjóðfélaginu.

Hæstv. forsrh. sagði líka, ef ég vitna nánast orðrétt það sem hann sagði: Útgreiðsla Verðjöfnunarsjóðs gerir það að verkum að afkoman, þ.e. í sjávarútveginum, er ekki slök á þessu ári. Þetta náði ég að skrifa orðrétt eftir honum. Og nú spyr ég: Í hvaða þjóðfélagi lifir sá maður sem svona segir? Samkvæmt tölum Þjóðhagsstofnunar er hallinn í ár 8% áður en kemur að Verðjöfnunarsjóði. Verðjöfnunarsjóður getur lagað um 3 prósentustig en verðþróun erlendis hefur tekið töluvert af því til baka þannig að eftir stendur að með inngreiðslum Verðjöfnunarsjóðs er hallinn í vinnslunni á sjávarútveginum um það bil 6 prósentustig. Þetta er hinn harði raunveruleiki sem sjávarútvegurinn stendur frammi fyrir í dag og sem bitnar öðru fremur á þeim sem þar vinna.

Nei, því miður þá kom ekkert þarna fram annað en það að viðhalda á óbreyttri stefnu. Það var að vísu aðeins svikk á hæstv. viðskrh. Hann talaði eilítið öðruvísi en hann hefur gert áður og er, held ég, eilítið að átta sig á því, og hefur væntanlega lært það í fráfarandi ríkisstjórn, að það þarf önnur vinnubrögð. Það þarf eins og ég sagði hér í minni framsögu vinnubrögð sem byggja á samráði ríkisvalds, aðila vinnumarkaðarins og fjármálastofnana. Ég get alveg tekið

undir það sem hér hefur komið fram að eflaust þarf það samstarf að vera að einhverju leyti á öðrum nótum en verið hefur á undanförnum áratugum. Að sjálfsögðu læra menn af reynslunni. Að sjálfsögðu verða menn að haga því með hliðsjón af því að við lifum í allt öðru þjóðfélagi í dag. En öðruvísi vinnum við okkur ekki út úr þessum vanda.

Virðulegi forseti. Sá tími sem ég hafði sparað mér í fyrri umræðu er nú liðinn en ég þakka aftur fyrir þessa umræðu þó að ég hljóti að harma það að út úr henni kemur ekkert annað en það að ríkisstjórnin ætlar að viðhalda óbreyttri stefnu.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er gömul saga og ný að það er erfitt að gera mönnum til hæfis. Hv. 7. þm. Reykn. sakaði mig um of mikla bjartsýni, bjartsýni sem fengist ekki staðist. Ég hef reyndar heyrt hér í umræðum vikum og mánuðum saman að það væri bölmóður úr minni átt og frá mínum líkum sem væri að drepa hér allt. En nú er bjartsýnin hins vegar orðin of mikil vegna þess að hv. þm. hittir bara menn uppfulla af svartsýni. Ég veit reyndar ekki alveg í hvaða selskap hann er en ég tel enga ástæðu til þess að hann sé bara að umgangast menn sem eru uppfullir af svartsýni eins og hann sagði í ræðu sinni.

Ef við hins vegar horfum til þeirrar stöðu sem við höfum verið að miða okkur við og einmitt þau ár sem ég nefndi áðan í fyrri ræðu minni, þegar fram kom að frá árunum 1987–1989 hefði atvinnutækifærum fækkað hér í landi og frá 1989 og áfram síðan staðið í stað þrátt fyrir mikla innspýtingu af opinberum peningum, þá eru menn líka til viðbótar að hugsa um það, og það er mjög mikilvægt, að á þeim tíma voru menn að veiða 400 þús. tonn af þorski til viðbótar þessum peningum. 400 þús. tonn af þorski. Samt sem áður varð engin nýsköpun í atvinnulífi einmitt þegar hv. þm. var forsætisráðherra.

Hv. 7. þm. Reykn. nefndi líka að menn mættu ekki hafa ofsatrú eða oftrú á föstu gengi. Ég get verið honum sammála um það og ég er ekkert haldinn þeirri trú á föstu gengi. En við þurfum líka að hafa einhverjar efnislegar ástæður til þess og þær mjög ríkar til þess að genginu þurfi að breyta og þær efnisástæður liggja ekki fyrir. Reyndar er það svo að þó að markaðsgengið væri hér þegar komið á, þá eru engin efnisleg rök sem benda til þess að gengið mundi breytast þegar af þeim ástæðum þannig að því er ekki haldið uppi með stjórnvaldsaðgerðum núna, umfram það sem markaðurinn mundi knýja á um. Þetta er raunveruleikinn sem við mönnum blasir og menn verða að hafa í huga.

Menn hafa nefnt viðreisnarárin og þá taka menn þessi tvö ár af þessum tólf. Viðreisnarárin voru auðvitað farsælustu ár hér í stjórnmálum sem menn hafa þekkt og aldrei hefur þjóðinni miðað betur áfram en einmitt þá. Hins vegar var það alveg rétt að 1967 og 1968 varð áfall þegar síldin hrundi og atvinnuleysið jókst. En þó voru aðstæðurnar öðruvísi þá og að sumu leyti léttari. Á þeim árum voru menn að virkja og á þeim árum voru menn að byggja álver og á þeim árum var, eins og kom fram, ég hygg hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. frekar en öðrum þingmanni hér, ákveðið yfirfall sem gat átt sér stað til Norðurlandanna þannig að atvinnuleysistölur sem slíkar birtust kannski ekki með nákvæmlega sama hætti. Menn höfðu úr öðrum þáttum að spila. Þá voru skuldir hvers manns í landinu á sama verðlagi 190 þús. kr. á meðan þær eru 800 þús. kr. eða rúmlega það á mann núna sem auðvitað þrengir stöðuna. Þetta eru mjög mikilvægir þættir sem menn verða að hafa í huga.

En við skulum líka átta okkur á því að á þeim tíma unnu menn sig út úr vandanum af því að efnahagsgrundvöllurinn var í raun traustur. Og það var það sem ég kom inn á í minni fyrstu ræðu, efnahagsgrundvöllurinn er að verða traustur hér, allir meginþættirnir eru að verða traustir og þess vegna er líklegra og augljósara að við höfum stöðu til þess að vinna okkur út úr vandanum. Allir meginþættirnir sem máli skipta eru að verða hagstæðir, verðbólgan lág, vextirnir hafa breyst.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði að ég hefði haldið fram furðulegum hlutum varðandi vextina. Málshefjandi nefndi — og það var rétt hjá honum — að þegar nafnvextirnir voru í þeim hæðum sem þeir voru þá urðu fyrirtækin í ýmsum tilvikum að greiða allt upp í 20% raunvexti. Málshefjandi nefndi það réttilega þó að þingmaðurinn segðist ekki vilja bera ábyrgð á orðum málshefjandans. Slíkt er ekki í dag. Nafnvaxtastigið hefur lækkað og er reyndar lægra en nokkru sinni fyrr af því að verðbólgan er lág og raunvaxtastigið hefur jafnast þó að raunvextir, eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, séu háir, séu háir hér allt í kringum okkur ef Bandaríkin eru undanskilin. Þar hefur ekki einu sinni tekist, þó að menn hafi 23 sinnum lækkað vextina, að hleypa krafti í efnahagslífið. Það mun sennilega ekki gerast heldur í Bandaríkjunum fyrr en eðlilegra samræmi verður milli vaxta í Evrópu og í Bandaríkjunum miðað við það sem er núna. En verðbólga og vextir hafa batnað verulega, verð á mörkuðum er hagstætt, það er vaxandi sparnaður í landinu, viðskiptahalli fer minnkandi ár frá ári, lánsfjáreftirspurn ríkisins hefur minnkað verulega og á þessu ári næst nánast allt lánsfé inn af innlendum sparnaði, sem mikilvægt er. Lánsfjáreftirspurnin hefur minnkað verulega hjá ríkinu, eins og tölur sýna glöggt fram á, hvernig sem menn láta hér í salnum. Allir þessir þættir hafa skapað okkur mjög batnandi stöðu, bæði minnkandi viðskiptahalli sem þó er of mikill og það að gjaldeyrisvarasjóðurinn hefur vaxið. Allt eru þetta jákvæð grundvallaratriði sem gefa okkur góða viðspyrnu inn í framtíðina. Þess vegna held ég að sé full ástæða til bjartsýni og við eigum ekki að harma, hv. 7. þm. Reykn., þá bjartsýni því hún byggir á góðum grundvelli.

Við erum í þessari stöðu þrátt fyrir að þorskaflinn sé núna helmingi minni en hann var þegar menn voru ekki að fjölga störfum í landinu heldur fækka þeim, þegar menn voru að dæla inn 30 milljörðum króna án þess þó að fjölga störfum, heldur fækka þeim. Samt sem áður erum við núna að halda sjó þrátt fyrir að þorskaflinn hafi minnkað um helming. Það gefur okkur góð færi.

Varðandi álver er ég þeirrar skoðunar að þar muni skapast möguleikar. Mér sýnist þróunin geta orðið í jákvæðar áttir þó að álverð hafi ekki hækkað verulega að undanförnu. Það hefur hækkað nokkuð en staðið í stað undanfarna mánuði. Það er margt sem bendir til þess núna að svo geti farið að álverð fari að stíga og möguleikarnir á byggingu álvers, sem við höfum beðið eftir, flest hver, a.m.k. hv. 7. þm. Reykn. og hans flokkur að meginstefnu til og flestir aðrir flokkar hér, verði að raunveruleika.

Ég tel mig hafa fulla ástæðu til þess að vera bjartsýnn hvað þetta snertir. (Gripið fram í.) Ég skil ekki þingmanninn nú frekar en forðum. Ég hef ekki þrek til þess að skilja þingmanninn nú frekar en endranær.

Ég tel að þessi umræða hafi sýnt glögglega fram á það að hinn raunverulegi vandi sem við verðum að horfast í augu við þegar við förum yfir dæmið er ekki annar en sá sem er bein afleiðing af minnkandi þorskafla tvö ár í röð. Ekki annar en sá. Allt annað er í jákvæðum farvegi. Efnahagsmálin eru að öðru leyti í jákvæðum farvegi og það skiptir miklu máli vegna þess að við hljótum að trúa því, fyrst jafnvarlega er farið eins og við höfum farið í að taka afla úr sjó, þá muni staðan styrkjast og hagur okkar batna vegna þess að efnahagsgrundvöllurinn er í lagi. Hann er í lagi og það er meginatriðið, atriði sem við getum auðvitað byggt á.

Ég tel að þegar við horfum á þessa umræðu þá megum við ekki, þó freistandi sé, falla í þá gryfju að reyna að ná okkur í betri tölur í atvinnuástandi frá mánuði til mánaðar með því að grípa til skammtímaaðgerða. Það eru langtímaaðgerðirnar sem skipta mestu máli, langtímasjónarmiðin. Menn mega ekki hrökkva út úr þeirri braut. Menn verða að trúa því að hún sé rétt eins og ég fyrir mitt leyti geri.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Bjartsýni sem ekki er byggð á raunsæi er ekki til þess að skapa von hjá þeim sem í atvinnulífinu standa og sjá hvernig málin eru. Ég hygg að þeir séu æði margir sem undrast þá bjartsýni sem hefur komið fram í ræðu hæstv. forsrh. Þetta minnir mann dálítið á það sem nú er að gerast í Bandaríkjunum þar sem Bush forseti fer um héruð og lýsir því yfir að allt sé með blóma í Bandaríkjunum og Bandaríkin séu best og mest o.s.frv. og hagfræðingarnir horfa hver á annan. Vitanlega er það mikilvægt í svona sambandi að menn geri sér grein fyrir því hvernig ástandið er og það finnst mér hæstv. forsrh. alls ekki gera.

Ég vil einnig mótmæla því að viðleitni fyrri ríkisstjórna til að örva nýsköpun í atvinnulífinu hafi ekki leitt af sér ýmislegt. T.d. er sá vísir, sem er hér á landi að hátækniiðnaði þar sem nokkur fyrirtæki starfa enn og einstöku fyrirtæki með töluverðum krafti, frá þeim tíma þegar ákveðið var að auka áhættufjármagn í þessu skyni. Ég vek athygli á ferðaþjónustunni sem hefur stöðugt farið vaxandi og var mjög höfð í huga í nýsköpun í atvinnulífinu.

Sannarlega er það rétt að fiskeldið á rætur sínar að rekja til átaks þeirrar ríkisstjórnar sem ég leiddi og sömuleiðis ríkisstjórnar sem núv. hæstv. sjútvrh. leiddi í þá tíð. Þó að þar hafi dottið botninn úr vegna þess að svo mikið verðfall var erlendis þá mun fiskeldið koma upp á ný, það er ekki nokkur vafi á því og það er að koma upp. Ég vil líka vekja athygli á því að þegar svona hlutir hafa gerst í sjávarútveginum sem er oft, þá hafa ríkisstjórnirnar allar, hverjar sem þær hafa verið, fellt gengið til að koma sjávarútveginum, þessum stóra atvinnuvegi, yfir lægðina. Það var að sjálfsögðu ekki fært í sambandi við fiskeldið. Ég held því að hæstv. ríkisstjórn nú geti tekið sér margt til fyrirmyndar sem fyrri ríkisstjórnir hafa gert til að stuðla að nýsköpun í atvinnulífinu.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þætti mikilvægt að fá það upplýst, bæði fyrir þing og þjóð, hvort hv. þm. telur núna að sé rétt að fella gengið og hvort það sé lækning núna og hve mikil gengislækkunin eigi að vera. Ég sé engar tölur sem benda til þess að gengislækkun eða gengisfelling mundi breyta stöðunni til batnaðar nema síður væri.

Við vitum að samningarnir í þessu landi, sem voru hógværir samningar, eru tengdir þeirri bindingu einnig að gengið standist. Það var stærsta fyrirheitið sem ríkisstjórnin gaf launþegasamtökunum og við það verður að sjálfsögðu staðið. Óháð því fyrirheiti, sem menn vilja auðvitað standa við, eru engar efnahagslegar forsendur sem knýja á um lækkun gengis. Raungengismælingin er slík.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt að þurfa að segja það en hæstv. forsrh. grípur nú til þess sem hann gerir nokkuð oft, að snúa út úr. Ég sagði ekki orð um að það ætti að fella gengið. Ég sagði í fyrri ræðu minni áðan að stöðugt gengi mætti ekki vera trúaratriði og menn yrðu að líta á allar aðstæður í því sambandi. Ég efast um að það sé rétt sem hæstv. forsrh. sagði um rétt gengi í dag þegar litið er á fjölmargar aðrar greinar eins og skipaiðnaðinn og ferðaiðnaðinn og fleira. Þetta sagði ég áðan. Ég sagði að fyrri ríkisstjórn treysti sér ekki til að fella gengið vegna erfiðleika fiskeldisins sem áður fyrr var gert hvað eftir annað þegar sjávarútvegurinn var í svipuðum erfiðleikum. Við treystum okkur ekki til þess. Það er alveg hárrétt. Svo ég tel að það eigi að skoða betur núna, miklu betur, þá blöndu gjaldeyris sem við er stuðst og ég er þeirrar skoðunar að einhver hægfara leiðrétting á genginu, þegar búið er að skoða þessa blöndu, kunni að vera réttlætanleg. Ég get ekki metið hvað hún þarf að vera mikil.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan vera bjartsýn en þó á raunsæjan hátt. Það er ekki ástæða til þess eftir ræðu hæstv. forsrh. Hann nefndi nefnilega nokkur atriði sem mér finnst kvíðvænleg. Hann benti á það að ríkið reyndi að fá lánað í innlendum sparnaði en það er vaxtahækkandi og það er íþyngjandi fyrir fyrirtæki og

fjölskyldur svo þetta eru einfaldlega ekki gleðifréttir.

Í annan stað ræddi hann um samanburðinn við ástandið sem var í kringum 1970 og vildi segja það að við stefndum í einhvern stöðugleika sem þá hafði verið. Ég vil benda á þá verðbólgu sem þá var og spyrja hvort það sé eitthvað sem við séum að sækjast eftir hér nú.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeirri spurningu var varpað fram áðan í hvaða þjóðfélagi hæstv. forsrh. lifði. Við þeirri spurningu hafa engin svör komið. Það er alveg greinilegt að hæstv. forsrh. lifir ekki í *því þjóðfélagi verkafólks* og sjómanna, bænda og útvegsmanna og allra síst þeirra þúsunda atvinnulausra sem nú horfa með kvíða til komandi vetrar. Hann umgengst sennilega fáa af þeim 3.600 atvinnulausu Íslendingum sem nú mæla göturnar.

Hæstv. forsrh. viðhafði hér þau orð að efnahagsmálin væru í jákvæðum farvegi. Ég held að þetta segi meira en mörg orð um þá staðreynd að hæstv. forsrh. hefur alls ekki áttað sig á alvöru málsins. Það virðist ekki á dagskrá að gera neitt við aðsteðjandi atvinnuleysi og hæstv. forsrh. sagði undir lokin áðan að menn mættu ekki að grípa til ráðstafana með skammtímasjónarmið í huga varðandi atvinnuleysi. Það yrði að vera langtímamarkmið, grundvallað á frjálshyggjunni sem réði ferðinni og það yrði þá að hafa það þótt menn gengju atvinnulausir á meðan.

Ég leyfi mér að halda því fram að atvinnuleysi við íslenskar aðstæður sé verra en allt annað í þessu þjóðfélagi. Það sé óþolandi. Þjóðin er hlutfallslega ung, borið saman við nágrannalöndin. Við skuldum mikið, afborgunarkjör í viðskiptum eru mikil og menn eru með þungar byrðar af verðtryggðum fjárskuldbindingum á bakinu. Það verður þess vegna verulegt hrun og það verða miklar mannlegar hörmungar þegar fullfrískar fyrirvinnur missa skyndilega atvinnuna og fara á atvinnuleysisbætur sem eru eitthvað liðlega 2.000 kr. á dag.

Ég spurði hæstv. forsrh. að því hvorn tveggja kosta ríkisstjórn hans mundi velja á næstunni, þ.e. að grípa til aðgerða, kynna þær og hrinda þeim í framkvæmd eða segja af sér. Ég tel að í raun og veru hafi hæstv. forsrh. svarað. Hann virðist ætla að taka síðari kostinn.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. leggur mér orð í munn þegar hann segir eða gefur það til kynna að ég taki atvinnuleysistölur ekki alvarlega. Þvert á móti fór ég í minni upphafsræðu mjög nákvæmlega yfir að það væru auðvitað áhyggjuefni með hvaða hætti atvinnuleysið hefur þróast. En hins vegar lagði ég áherslu á það að við yrðum að hafa þessar tölur í réttu samhengi og ekki að vera að halda því fram að atvinnuleysið væri að þróast í sömu átt og til að mynda í Danmörku og Finnlandi þar sem það er 11–13%. Það er afskaplega áríðandi að menn haldi sig við efnið þótt menn séu ekki að gera lítið úr þessum tölum í sjálfu sér miðað við þann veruleika sem við þekkjum. Öðrum þjóðum finnst þetta vera lítið.

Ég tók reyndar eftir því þegar hv. þm. var að tala um atvinnuleysið í Noregi og Svíþjóð, þá notaði hann alltaf orðið „aðeins“ á undan. Atvinnuleysið væri „aðeins“ 4,5% þarna og „aðeins“ 5% þarna. Satt best að segja þykir Dönum auðvitað slíkt avinnuleysi lítið, því allt er afstætt, þar sem þeir eru með 11% atvinnuleysi.

Varðandi það að ég viti ekki í hvaða þjóðfélagi ég bý þá er það nú svo að ég veit það mjög nákvæmlega og fylgist vel með þessu þjóðfélagi. Ég veit það ekkert síður en þingmaðurinn og það er ekki bara nóg að ég viti í hvaða þjóðfélagi ég bý, ég veit líka hvar ég á lögheimili en það er meira en sumir vita.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það verður enginn endir á hugkvæmni hæstv. forsrh. til að reyna að finna sér nýja köggla til að kasta. Ég ætla að halda mig við umræðuefnið sem hér er. Hæstv. forsrh. sagði það úr þessum ræðustóli fyrir fáeinum *mínútum* að tímabundið atvinnuleysi yrði að víkja fyrir langtímamarkmiðum sem hann síðan útlistaði í sínu máli. Ég vænti þess að fleiri en ég hafi heyrt hvernig hæstv. forsrh. hagaði orðum sínum. Það fór ekkert á milli mála. Þegar hæstv. forsrh. á að velja á *milli* þess að grípa til ráðstafana til að draga úr atvinnuleysi og hins að vera trúr sínum kenningum og hugsa allt út frá langtímamarkmiðum frjálshyggjunnar þá velur hann síðari kostinn þótt það kosti atvinnuleysi. Það lá í orðum hæstv. forsrh. hér og það er þá best fyrir hann að koma strax og draga það til baka ef það var eitthvað annað sem hann var að reyna að segja.

Ég vek svo athygli á því, herra forseti, undir lok þessarar umræðu að engin svör, alls engin svör, hafa komið frá hæstv. ríkisstjórn við spurningum mínum um hvað gera eigi í fjárhagsstöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég spurði hæstv. forsrh. eða óskaði eftir því að trmrh. eða félmrh. kæmi inn á það hvernig ríkisstjórn*in hyggst mæta þeim gríðarlega* vanda sem blasir við hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og er í hnotskurn fjárvöntun upp á 500–600 millj. kr. á þessu ári og upp á 1,5–2,5 milljarða króna á næsta ári umfram það sem tekjur sjóðsins leyfa að hann beri miðað við þær atvinnuleysisspár sem við stöndum frammi fyrir. Það er verulegur galli að þessari umræðu ljúki án þess að nokkur svör komi fram um þetta efni. Þá vitna ég sérstaklega til þess að á sl. vori voru málefni Atvinnuleysistryggingasjóðs til skoðunar. Þá stefndi í fjárvöntun á árinu og ríkisstjórnin lofaði úrræðum strax á þessu hausti hvað það snertir. Ég lýsi eftir þeim úrræðum ef þau ósköp eiga ekki að bætast við vaxandi atvinnuleysi að Atvinnuleysistryggingasjóður sjálfur komist í þrot og geti ekki greitt þær bætur sem honum er ætlað að greiða.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi síðasta atriðið er ljóst að ríkisstjórnin og ríkissjóður bera þar fulla ábyrgð og mun tryggja að þar komi ekki upp sá vandi sem þingmaðurinn lýsti, annars vegar með fjáraukalögum og

hins vegar með fjárlögum. En varðandi það sem hann klifaði á að ég hefði ekki viljað og ekki vilja til þess að draga úr atvinnuleysi heldur láta kenningarnar, sem ég héldi fast í, gilda. Það sem ég sagði og segi og stend við er að það hefur margoft komið fram að gervilausnir einar, sem eiga í augnablikinu að sýnast milda vandann, gera ekki gagn. Verkefnið er að tryggja efnahagsgrundvöllinn. Ef hann er traustur, og það eru menn að leggja einmitt grunninn að í okkar störfum og hefur tekist vel að mínu viti þó það taki tíma, þá verður atvinnustigið þegar til lengri tíma er horft traust.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hjó eftir því í ræðu hæstv. forsrh. að hann sagði „við höldum sjó". Þetta er gert þegar fjárviðri geisar eða mjög slæmt veður er og menn treysta sér ekki til að sigla skipi, hvorki til hafnar né þann veg sem þeir ætla að fara, þá halda þeir sjó. Þá verja þeir skipið áföllum en hreyfa það ekki úr stað.

Hins vegar sagði hæstv. forsrh. í seinni ræðu sinni að nú væru skilyrði öll hin bestu. Allt væri nánast komið í lag sem þyrfti til þess að hér gætu hlutirnir gengið. Þess vegna spyr ég: Hví í ósköpunum sigla þeir þá ekki skútunni? Hví halda þeir sjó? Hvað er að um borð? (**Gripið fram í:** Siglingatækin eru vitlaus.) Eru siglingatækin vitlaus? Skipstjórinn, er hann sjóveikur? Hvað er að? Hvenær sigla þeir skútunni ef öll skilyrði eru í góðu lagi?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef við mig er átt með skipstjóranum hef ég í venjulegum skilningi aldrei fundið fyrir sjóveiki og hef þó verið á sjó við erfið skilyrði og þekki ekki þann sjúkdóm. Varðandi það þótt gefi á bátinn þá hugsum við til þess, eins og sagt hefur verið, að menn æðrist ekki þó inn komi sjór og endrum og sinnum gefi á bátinn. Við þekkjum þar dæmi. Menn geta haldið sínu striki þó að gefi á bátinn, menn geta haldið sinni stefnu þó það gefi á bátinn (Gripið fram í.) — já, og horfa ekki um öxl, það er mátinn. Nei, við ætlum að halda okkar striki, hv. þm., nákvæmlega eins og segir í þessari ágætu vísu.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. lýsti því í seinni ræðu sinni í umræðunni að hér væri ekkert að í efnahagsmálum, allir hlutir væru í góðu horfi, og hann taldi þá upp hvern á eftir öðrum, nema það skorti þorsk. Það var það eina sem var að. Hagstjórnarlega væri ekkert að. Maður sat og hlustaði á þessi orð nánast furðu lostinn. Er það virkilega þannig að innan hæstv. ríkisstjórnar sé skortur á þorski það eina sem talið er vandamál? Ég spyr vegna þess að niðurskurðurinn á þorskafla er ekki enn þá kominn til framkvæmda, hann er ekki farinn að virka. Þær lýsingar sem hafa verið gefnar af forustumönnum sjávarútvegsfyrirtækja, sem eru reyndar allir fulltrúar á landsfundi Sjálfstfl. og hafa vitnað í fjölmiðlum og opinberlega á undanförnum vikum um ástandið í fiskvinnslunni og útgerðinni, hafa miðað við ástandið eins og það er nú og hefur verið á undanförnum mánuðum. Hæstv. forsrh. hefur að vísu getað frestað slæmri niðurstöðu vegna þess að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, sem varð til í tíð síðustu ríkisstjórnar, reyndist vera nægilega stórt uppistöðulón til að hægt væri að veita því í nokkra mánuði inn í sjávarútvegsfyrirtækin til halda þeim á floti. En nú er það uppistöðulón senn uppurið og þess vegna er það satt að segja alveg hrikaleg niðurstaða í þessum umræðum að hæstv. forsrh. lýsir því alveg skýrt að hans ríkisstjórn telji ekki þörf á að grípa til neinna efnahagsaðgerða af neinu tagi. Það á bara bíða eftir því að þorskurinn komi aftur.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir fyrir því ef þingmaðurinn er furðu lostinn og hefur orðið það af mínum völdum. Þingmaðurinn sagði að skerðing á þorskafla væri ekki komin fram. Ég veit ekki hvar þessi ágæti þingmaður hefur verið. Ég nefndi það sérstaklega að þegar menn voru að tala um atvinnuástandið fyrr voru menn að veiða 400 þús. tonn af þorski. Síðan hefur aflinn minnkað. Á síðasta ári var hann skorinn úr 310 þús. tonnum niður í 265 þús. tonn og núna sem viðbótarákvörðun hefur verið tekin, að fara niður í 205 þús. tonn. Stór hluti þeirrar ákvörðunar hefur þegar komið fram. Og það er einmitt spáin sem menn eru að tala um fyrir næsta ár sem sýnir hina mikla alvöru í sjávarútveginum. Ég skil ekki að hinn furðu lostni þingmaður hafi ekki áttað sig á því að verulegur hluti þessarar þorskskerðingar er þegar kominn fram. Það hefði verið gustuk af einhverjum samherjum þingmannsins að skýra honum frá þessu. Þetta hefur verið mjög ofarlega í fréttum.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að hv. þm. Árni Johnsen og formaður Sjómannafélagsins í Reykjavík skuli hlæja og skemmta sér hér í salnum. Ég er ekki viss um að fiskvinnslufólkið og sjómennirnir hlæi, kjósendur þessara tveggja hv. þm. sem hæstv. forsrh. tekur að sér að skemmta í þingsalnum.

Auðvitað er það staðreynd sem maður hélt að forsrh. Íslands vissi að vegna verðhækkana á mörkuðum og meiri arðsemi í framleiðslu jukust tekjur af afurðum sjávarútvegsins á liðnu ári samanborið við árið á undan. Hæstv. forsrh. getur einfaldlega látið Þjóðhagsstofnun, sem heyrir undir hann, segja honum það. (**Gripið fram í:** Þetta hefur verið í fréttum.) Já, en ég geri ekki þá kröfu að forsrh. horfi á fréttir. Kannski tekur hann meira mark á Þjóðhagsstofnun. Það væri fróðlegt fyrir forsrh. að láta Þjóðhagsstofnun sýna sér tekjurnar sem sjávarútvegurinn hefur skilað allt fram á síðasta missiri og þá mundi hann sjá að þær tekjur hafa verið að aukast. Það er ekki hægt að skýra taprekstur inn og yfirlýsingar Arnars Sigurmundssonar í Vestmannaeyjum um ástandið í fiskvinnslunni með þessu hrapi úr 400 þús. tonnum í afla niður í það sem hefur verið á undanförnum mánuðum. Það er ekki skýringin. Skýringarnar eru satt að segja allt aðrar og það var m.a. vegna þeirra sem ríkisstjórnin greip til þess ráðs

að greiða út úr Verðjöfnunarsjóðnum og skuldbreyta í Atvinnutryggingarsjóði. Það eina sem hæstv. forsrh. hefur gert á þessu ári er að nota þessa tvo sjóði sem komið var upp í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar til að veita blóði inn í sjávarútveginn og halda honum gangandi í nokkra mánuði, fyrst skuldbreytingar í Atvinnutryggingarsjóðnum og svo útgreiðslur úr Verðjöfnunarsjóðnum. En hvað ætlar hæstv. forsrh. að gera nú þegar þessi uppistöðulón, sem síðasta ríkisstjórn bjó til, eru uppurin? Við því hafa engin svör komið hér í salnum. En það er hins vegar merkilegt að hugarástand formanns Sjómannafélags Reykjavíkur og fulltrúa fiskvinnslufólksins í Vestmannaeyjum skuli vera þannig þegar svo er komið að þeim er bara hlátur í hug.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Andsvörum er lokið. Umræðum utan dagskrár er lokið og þeim tíma sem ætlaður var til þessa fundar. Af dagskrá eru tekin 1. og 2. dagskrármál. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

15. FUNDUR

þriðjudaginn 8. sept.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kjaradómur, stjfrv., 19. mál, þskj. 19. — Frh. 1. umr.

2. Kjaradómur og kjaranefnd, stjfrv., 46. mál, þskj. 47. — 1. umr.

3. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, stjfrv., 47. mál, þskj. 48. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn.,
Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.

Kjaradómur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 19. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 19.

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um þingsköp vegna þeirrar umræðu um Kjaradóm sem hér fór fram 2. sept. sl. en í máli hv. 2. þm. Vestf. kom fram að þingflokkar Alþfl. og Sjálfstfl. voru ekki kallaðir saman til fundar til að fjalla um þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að setja bráðabirgðalög um Kjaradóm. Það eru alvarleg tíðindi, ef rétt eru, að þingmenn stjórnarflokkanna hafi ekki verið kallaðir saman til þingflokksfunda til að fjalla um og fá úr því skorið hvort þingmeirihluti væri fyrir þeirri lagasetningu sem hér er rætt um. Ef það er rétt sem haldið var fram, að þingflokkar stjórnarflokkanna hafi ekki fjallað um bráðabirgðalögin og því ekki legið ljóst fyrir hver vilji þingmanna hafi verið þegar lögin voru staðfest, hafa gerst hér alvarlegir hlutir, virðulegi forseti.

Engin andmæli komu fram frá ráðherrum eða formönnum þingflokka við þessum ummælum hv. þingmanns. Um þetta verða að fást alveg skýr svör, jafnskýlaust sem það er að meiri hluti alþingismanna þurfi að vera samþykkur texta slíkrar lagasetningar áður en forseti staðfestir slík lög.

Virðulegi forseti. Öllum vafa verður að eyða í þessu máli. Það verður ekki gert nema með skýrum svörum ráðherra eða formanna þingflokka. Undan því geta þeir ekki vikist. Hér og nú þurfa þau svör að fást, virðulegi forseti.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Í máli mínu mun ég ekki einungis víkja að framsögumanni málsins, hæstv. fjmrh., heldur einnig hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh. auk hv. 3. þm. Reykv. Mér þætti vænt um ef forseti gæti gert þessum þremur þingmönnum aðvart og óska ég eftir því að þeir komi til þingfundar og hlýði á mál mitt. Einkum og sér í lagi er mér umhugað að hæstv. forsrh. komi til fundar.

Áðan var reyndar vakin athygli á staðhæfingu sem krefst þess að hæstv. forsrh. svari svo fljótt sem verða má og tel ég nauðsynlegt að ráðherra verði kvaddur til þessa þingfundar ef þess er nokkur kostur. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa að það hefur legið fyrir að hæstv. forsrh. er upptekinn vegna heimsóknar norsku konungshjónanna. Það lá fyrir í dag og þau mál sem hér eru á dagskrá tekin fyrir í dag vegna þess að hæstv. forsrh. er fjarverandi. Það er því ekki auðvelt fyrir forseta að láta kalla hann til þingfundar, a.m.k. ekki á þessari stundu.) Ég þakka forseta fyrir upplýsingarnar en vænti þess að það muni verða einhver úrræði um að fá hæstv. dómsmrh. til fundar. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. situr í salnum.) (**GHelg:** Af hverju svarar hann þá ekki fyrirspurn hv. 4. þm. Norðurl. v.?)

Virðulegi forseti. Er vitað hvort hæstv. dómsmrh. getur komið til fundar? (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess að kanna það. Ef hann er ekki rétt ókominn inn mun forseti láta athuga það.) Ég þakka forseta fyrir og spyr að lokum hvort hv. 3. þm. Reykv. sé með fjarvistarleyfi í dag eða hvort hann muni geta verið á þessum þingfundi. Ég tel nauðsynlegt að alla vega þessir tveir séu viðstaddir umræðuna vegna þess að hún snýst að verulegu leyti um hvernig beri að túlka stjórnarskrána og ákvæði hennar um bráðabirgðalög og

bæði hæstv. dómsmrh. og hv. 3. þm. Reykv. hafa látið í ljósi afdráttarlausar skoðanir í þeim efnum, sem ég tel nauðsynlegt að þeir geri frekari grein fyrir í ljósi þess að þeir styðja útgáfu bráðabirgðalaganna frá því í sumar.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að forseti geri það sem í hans valdi er til að fá þá þingmenn til fundar sem ég óskaði eftir og eiga þess kost.

Fyrst vil ég víkja að því atriði sem er útgáfa bráðabirgðalaga en þau hljóta óhjákvæmilega að vekja upp spurningu um það hvenær heimilt sé að beita því ákvæði stjórnarskrárinnar, sérstaklega þegar lögin eru úr garði gerð eins og núna að framkvæmdarvaldið tekur sér í raun löggjafarvald til að setja lög á niðurstöðu dóms. Í þessu ljósi er enn þýðingarmeira en oft áður að velta þessu máli fyrir sér og ég hef því farið yfir umræður og þau frv. sem lögð voru fyrir þingið á sínum tíma um breytingar á stjórnarskránni og lúta að þessu atriði.

Það ákvæði 28. gr. sem stuðst er við, er svohljóðandi:

„Þegar brýna nauðsyn ber til getur forseti gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum."

Eins og kunnugt er var stjórnarskránni breytt á 114. þingi að afloknum alþingiskosningum og með samþykki 113. þings á frv. til stjórnskipunarlaga, 312. mál á þskj. 556. Í frv. segir í athugasemdum með 5. gr. frv., með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi eru lagðar til smávægilegar breytingar á orðalagi 1. mgr. vegna breytinga á starfstíma Alþingis. Orðin „milli þinga" falla brott og í staðinn koma orðin „þegar Alþingi er ekki að störfum". Með því er átt við þann tíma þegar þingi er frestað eða frá því að umboð þess fellur niður og þar til nýtt þing kemur saman. Hér er því ekki um að ræða breytingu á þeim skilyrðum sem verið hafa fyrir útgáfu bráðabirgðalaga."

Enn fremur kom fram eftirfarandi í máli framsögumanns frv. í neðri deild 1. febr. 1991, en framsögumaður var hæstv. núv. menntmrh. Ólafur G. Einarsson.

Hann segir, með leyfi forseta:

„Ég vek athygli á því að með þessum breytingum er ekki verið að þrengja formlega rétt til útgáfu bráðabirgðalaga því slík heimild hefur verið talin gilda þegar Alþingi hefur verið frestað með þingsályktun, með samþykki þess sjálfs. Um það eru nokkur dæmi, sum nýleg."

Þessar tilvitnanir í frv. á fyrra þinginu og framsöguræður með því staðfesta að ekki var verið að breyta skilyrðum og formi fyrir útgáfu bráðabirgðalaga frá því sem verið hafði. Kæmi ekki fleira til væri óþarft að velta frekar fyrir sér spurningunni um heimild fyrir útgáfu bráðabirgðalaga. En ekki eru öll kurl komin til grafar, fjarri því.

Í framsöguræðu hæstv. núverandi menntmrh. Ólafs G. Einarssonar sem áður er vitnað í segir, með leyfi forseta:

„Við þingflokksformenn höfðum ekki uppi tillögur um að breyta starfstíma Alþingis að neinu verulegu leyti. Það verður að þróast eftir sínum lögmálum á næstu árum. En við leggjum til að þingið verði sett 1. okt. og það starfi fram í maí, lengur eða skemur eftir því sem verkast vill. Þá sé þingfundum frestað til loka þingársins með því skilyrði" — virðulegur forseti, ég vek athygli á því — „að það sé kallað saman ef nauðsyn krefur, t.d. til þess að afgreiða aðkallandi löggjöf að ósk ríkisstjórnar eða efna til mikilvægra umræðna.

Við teljum þetta mikilverða breytingu sem treysti störf Alþingis og stöðu löggjafarsamkundunnar í stjórnkerfinu. Alþingi er því starfshæft allt árið og getur komið til funda mjög skjótlega ef þörf er á.

Þessa breytingu ber að nokkru leyti að tengja þeirri umræðu sem verið hefur um bráðabirgðalög upp á síðkastið. Við ræddum ítarlega um það í nefndinni, þingflokksformenn, hvort gera ætti verulegar breytingar á heimild forseta, de facto ríkisstjórnar, til þess að gefa út bráðabirgðalög. Um það voru ákaflega skiptar skoðanir, allt frá því að afnema bæri með öllu rétt til útgáfu bráðabirgðalaga, til þess að gera nánast engar breytingar á núgildandi stjórnarskrárákvæðum um þetta efni. Niðurstaða okkar varð sú að gera nokkrar breytingar á ákvæðunum um útgáfu bráðabirgðalaga og meðferð þeirra á Alþingi, og mun ég koma að þeim síðar, en jafnframt þessa breytingu á starfstíma Alþingis í því skyni að ekkert stæði í vegi fyrir því formlega að Alþingi gæti komið saman til fundar með stuttum fyrirvara ef eftir því væri óskað og ríkisstjórn teldi það mikilvægt.

Þetta var sú niðurstaða sem unnt var að fá með samþykki allra nefndarmanna."

Þessi kafli í framsöguræðunni segir ótvírætt að þrátt fyrir að ekki væri lögð til formleg breyting á rétti ríkisstjórnar á útgáfu bráðabirgðalaga, þ.e. eftir sem áður væri það á valdi bráðabirgðalöggjafans að meta hvenær brýna nauðsyn beri til, þá felst í frv. efnisleg breyting. Ætlast er til að ríkisstjórnin kalli Alþingi saman til að afgreiða aðkallandi löggjöf og gerðar breytingar á stjórnarskrá sem gera það kleift að þing komi saman með stuttum fyrirvara. Framsögumaður getur þess sérstaklega að þessa breytingu beri að tengja umræðunni um bráðabirgðalög sem fram fór mánuðina á undan. En það var umfjöllun innan þings og utan um bráðabirgðalög og launamál frá 3. ágúst 1990 sem kennd er við BHMR. Ég tel nauðsynlegt að gera nokkra grein fyrir þessari umræðu síðar í ræðu minni þar sem hún tengist stjórnarskrárbreytingunni.

Að framansögðu virðist ljóst að á fyrra þinginu sem stjórnarskrárbreytingin var rædd og samþykkt var ekki verið að breyta formlegum skilyrðum fyrir útgáfu bráðabirgðalaga en hins vegar sterklega áréttað að ætlast var til þess að ríkisstjórn leggði aðkallandi löggjöf fyrir Alþingi fremur en að setja bráðabirgðalög.

Þetta kemur enn skýrar fram á síðara þinginu sem stjórnarskrárbreytingarnar eru ræddar og endanlega samþykktar. Þá sagði hv. 3. þm. Reykv., Björn Bjarnason, í umræðum í efri deild 15. maí 1991, með leyfi forseta:

„Að öðru leyti fjallar frv. til stjórnarskipunarlaga m.a. um breytingar á 28. gr. stjórnarskrárinnar varð-

andi útgáfu á bráðabirgðalögum þar sem tekið er mið af því að nú á þingið að sitja í raun og veru allt árið. Því er ekki slitið og það er ekki hægt þess vegna að tala um að atburðir gerist á milli þinga heldur þegar Alþingi er ekki að störfum. Ég held að það sé mjög brýnt að það komi fram í umræðu um þennan lið, þessa 6. gr. í frv. til stjórnarskipunarlaga, að með þessu líta menn þannig á að það sé verið að þrengja möguleika ríkisvaldsins til að gefa út bráðabirgðalög. ... Ég tel að það hafi keyrt úr hófi á sl. sumri þegar ríkisstjórnin gaf út bráðabirgðalögin vegna kjaradeilnanna við BHMR. Ég tel að sú viðleitni sem fram kemur í frv. og það orðalag og þær breytingar sem menn hafa rætt hér um eigi að stuðla að því að þrengja kost ríkisvaldsins ekki síst með hliðsjón af þeim atburðum sem hér gerðust á sl. sumri.

En mér finnst nauðsynlegt að það komi fram í umræðum að þessi *skilningur er lagður í þessa breytingu* því eins og stjórnarskrárgreinin verður orðuð eftir þessa breytingu þá er látið í vald ríkisvaldsins og ríkisstjórnarinnar að túlka hana en það er, eins og hér hefur komið fram áður, ætlunin að þrengja þetta vald og það verði gert í framkvæmd einnig og tekið mið af því sem fram kemur í umræðum hér um það mál."

Hér kemur skýrt fram það sem áður sagði um umræður á fyrra þinginu að ætlunin er að þrengja að valdi ríkisstjórnar til að gefa út bráðabirgðalög og þess í stað gert ráð fyrir að kalla Alþingi saman. Vitnað er sérstaklega til bráðabirgðalaganna sumarið 1990 sem dæmi um að ríkisstjórnin hafi gengið of langt og tekið fram að taka beri mið af umræðum á síðara þinginu þegar metið er hvort rétt sé að gefa út bráðabirgðalög.

Framsögumaður stjórnskipunarfrumvarpsins á síðara þinginu var hv. þm. Margrét Frímannsdóttir. Í ræðu hennar kom eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Jafnframt er reynt með ýmsum hætti í frv. að styrkja stöðu Alþingis í stjórnkerfinu. Þannig mun Alþingi starfa allt árið sem er tvímælalaust mikið framfaraspor. Það mun annars vegar leiða til þess að nefndir þingsins geta starfað allt árið í fullu umboði og hins vegar til þess að Alþingi afsalar sér aldrei sínum hluta löggjafarvaldsins yfir til framkvæmdarvaldsins eins og verið hefur. Að vísu er það svo að ríkisstjórn mun áfram hafa heimild til þess að leggja til við forseta að gefa út bráðabirgðalög meðan þingfrestanir standa, en *það er skilningur allra sem að þessu máli hafa staðið* að til þess komi ekki nema í sérstökum neyðartilvikum, heldur verði tekinn upp sá nýi siður að verði þörf á skjótri löggjöf utan venjulegs starfstíma Alþingis, t.d. yfir sumartímann, þá verði Alþingi kallað saman til aukafunda til að afgreiða hana með eðlilegum hætti."

Ég var að lesa tilvitnun í framsöguræðu með frv. til stjórnarskipunarlaga á 114. þingi þar sem gerð er grein fyrir áliti þeirra sem standa að frv. hvernig eigi að beita heimildinni til útgáfu bráðabirgðalaga. Í þessari framsöguræðu sem og í umræðum á fyrra þinginu kemur alveg skýrt fram að það er afdráttarlaus skoðun þeirra sem standa að málinu, þ.e. þingflokksformannanna, að kalla beri Alþingi saman til fundar fremur en að setja bráðabirgðalög og að það þurfi stórkostlega hluti til að réttlæta það að beita bráðabirgðalöggjafarvaldinu án þess að kveðja þing saman. Þetta er árétt að með því að gera sérstakar breytingar á starfsháttum Alþingis þannig að það sé starfandi allt árið og í viðbragðsstöðu ef á þarf að halda. Hér er rækilega undirstrikað hvaða efnisbreytingar þingmenn voru í raun að gera á heimildinni til útgáfu bráðabirgðalaga. Þeirri heimild átti einungis að beita í sérstökum neyðartilvikum og um það voru þingmenn úr stjórnarliði sammála jafnt sem stjórnarandstöðu.

Hv. þm. Björn Bjarnason tók sérstaklega fram að ríkisstjórninni bæri að taka mið af umræðum um stjórnarskipunarfrv. þegar metið væri hvort brýn ástæða væri til að setja bráðabirgðarlög. Sjálfur tók ég ekki þátt í umræðunum um þetta mál á 114. þingi en get staðfest að skilningur minn á heimild til útgáfu *bráðabirgðalaga var sá sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir* og Björn Bjarnason hafa lýst. Samþykki mitt fyrir áframhaldandi heimild til að gefa út bráðabirgðalög byggðist á þeim skilningi.

Niðurstaða eftir athugun á umfjöllun á Alþingi er í stuttu máli þessi: Ekki er gerð breyting á formi til á rétti ríkisstjórnar til að gefa út bráðabirgðalög. Hins vegar kemur breyting skýrt fram að efni til í máli þingmanna sem staðfest er með þeirri breytingu á stjórnarskránni að Alþingi starfi allt árið.

Framsögumaður við fyrri umræðu, hæstv. núv. menntmrh., tekur þannig til orða að þingfundum sé frestað til loka þingársins með því skilyrði að það sé kallað saman ef nauðsyn krefur, t.d. til að afgreiða aðkallandi löggjöf að ósk ríkisstjórnar. Og að breytingar á starfstíma Alþingis séu gerðar í því skyni að ekkert standi í vegi fyrir því formlega að Alþingi gæti komið saman til fundar með stuttum fyrirvara ef eftir því væri óskað og ríkisstjórnin teldi það mikilvægt.

Þetta voru forsendur hv. frsm. á fyrra þinginu, hæstv. núv. menntmrh. Ólafs G. Einarssonar, sem mun vera í Sjálfstfl. og ég hygg að hæstv. fjmrh. muni vera nokkuð kunnugt um afstöðu þáv. þingflokksformanns síns um það hvernig ætti að beita þessari heimild til að gefa út bráðabirgðalög.

Frsm. við síðari umræðu segir, og er ég að draga saman það sem ég hafði rakið áður um umræður á þinginu, með leyfi forseta:

„... Alþingi afsalar sér aldrei sínum hluta löggjafarvaldsins yfir til framkvæmdarvaldsins eins og verið hefur. Að vísu er það svo að ríkisstjórn mun áfram hafa heimild til þess að leggja til við forseta að gefa út bráðabirgðalög á meðan þingfrestanir standa, en það er skilningur allra sem að þessu máli hafa staðið að til þess komi ekki nema með sérstökum neyðartilvikum, heldur verði tekinn upp sá nýi siður að verði þörf á skjótri löggjöf utan venjulegs starfstíma Alþingis, ... þá verði Alþingi kallað saman til aukafunda til að afgreiða hana með eðlilegum hætti." Þannig er mælt fyrir stjórnskipunarfrumvarpinu á síðara þinginu, virðulegur forseti, og hér er það alveg skýrt hvernig menn hugsa og skilja þessa nýju 28. gr. stjórnarskrárinnar.

Enn fremur víkur frsm. á fyrra þingi, hæstv. mennt-

mrh., að því að breytingin á starfsemi Alþingis sé mikilvæg sem treysti stöðu löggjafarsamkundunnar í stjórnkerfinu og vísar til umræðu um bráðabirgðalögin frá 1990. Frsm. er að segja að markmiðið með þessari breytingu sé að treysta stöðu Alþingis. Það sama gerir hv. þm. Björn Bjarnason sem segir að keyrt hafi úr hófi fram með þeim bráðabirgðalögum frá 1990 og verið sé að þrengja möguleika ríkisvaldsins til að gefa út bráðabirgðalög. Enn fremur segir hv. þm. Björn Bjarnason að taka beri mið af umræðum á Alþingi við túlkun á heimild til ríkisstjórnarinnar til að gefa út bráðabirgðalög. Að formi til metur bráðabirgðalöggjafinn hvenær brýna nauðsyn ber til að gefa út bráðabirgðalög. En það mat er verulega þrengt og ætlast til þess að Alþingi verði kallað saman fremur en að setja bráðabirgðalög og formlegar breytingar gerðar á stjórnarskránni um starfstíma Alþingis til þess að staðfesta þá stefnubreytingu.

Tveir þingmenn vísa til bráðabirgðalaga frá sumrinu 1990 og umræðna um þau. Því er nauðsynlegt að fara yrir þá umræðu til að átta sig á eðli hennar og hvaða vilji kom þá fram um notkun bráðabirgðaheimilda. Þar sem þessir tveir þingmenn eru báðir þingmenn Sjálfstfl., sem er í ríkisstjórn, og varaformaður Sjálfstfl. gefur út bráðabirgðalögin verður alveg sérstaklega að gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem Sjálfstfl. hafði almennt til málsins og bráðabirgðalaganna sumarið 1990. Þá staðreynd verður að hafa í huga að hafi menn talið bráðabirgðalög frá 1990 ríða í bága stjórnarskrána þá eða verið mjög vafasöm verður niðurstaðan sú sama nú, a.m.k. samanber það sem að framan hefur verið rakið. Rökfræðilega er útilokað eftir þá breytingu sem gerð hefur verið á stjórnarskránni í millitíðinni að halda því fram að bráðabirgðalögin nú standist stjórnarskrá eða séu í samræmi við vilja Alþingis, hafi menn talið að bráðabirgðalögin frá 1990 væru ólögmæt eða afar vafasöm.

Ég bendi á að tvær ástæður sem færðar voru fram sem rök fyrir bráðabirgðalögunum 1990 eru nú ekki fyrir hendi. Sú fyrri er að Alþingi starfaði ekki yfir sumarmánuðina og var formlega slitið að vori. Því var löggjafinn ekki til taks til að taka á aðsteðjandi vanda með lagasetningu. Sú síðari var yfirvofandi sjálfvirkar víxlhækkanir launa og verðlags og skírskotað til ákvæða í kjarasamningum því til stuðnings. Þá má bæta við þeirri röksemd að þeir aðilar sem kröfðust viðbragða á aðgerðir ríkisvaldsins í kjölfar úrskurðar Kjaradóms gerðu kröfu um að Alþingi kæmi saman en ekki um útgáfu bráðabirgðalaga.

Allar þessar ástæður staðfesta að ekki voru sömu forsendur fyrir bráðabirgðalögunum nú í sumar og voru sumarið 1990 og auka á vanda þeirra sem þá voru andvígir bráðabirgðalögum eða töldu þau afar vafasöm.

Ég vil, virðulegi forseti, eins og ég gat um fyrr í ræðu minni rekja stuttlega afstöðu forustumanna Sjálfstfl. til bráðabirgðalaganna sumarið 1990 og hvaða rök menn færðu þá fyrir því að vera andvígir þeirri lagasetningu. Ég vænti þess að a.m.k. þeir forustumenn Sjálfstfl. sem hér eru viðstaddir gefi þinginu skýringar á því hvers vegna þeir standa nú að útgáfu bráðabirgðalaga í ljósi þeirrar skoðana sem þeir settu fram á árinu 1990. Ekki verður við það unað að menn geti snúið við blaðinu eftir hentugleikum eftir því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu um afstöðuna til grundvallarmála. Hafi menn látið upp mjög afdráttarlausa afstöðu í stjórnarandstöðu þarf alveg sérstakan rökstuðning til þess að sannfæra mig um að þeir geti kúvent afstöðu sinni þegar þeir eru komnir í stjórn.

Eflaust er mörgum í fersku minni að Sjálfstfl. hafði mjög hörð orð um bráðabirgðalögin og það síðferði sem þau byggðust á. Vil ég nú til vitna í nokkrar glefsur úr fjölmiðlum og úr þingræðum því til stuðnings svo ekki sé farið með fleipur. Ég vil í fyrsta lagi víkja að því sem kom fram í þinginu á sínum tíma af hálfu forustumanna Sjálfstfl. Ég er með ljósrit af ræðu þáv. hv. þm. og reyndar núv., Friðriks Sophussonar, sem flutt var 11. des. í neðri deild árið 1990 um bráðabirgðalögin. Hann segir svo, með leyfi forseta:

„Virðulegi forseti. Hv. þm. Sjálfstfl. hafa margoft lýst stuðningi sínum við meginmarkmið kjarasamninganna sem hlotið hafa nafnið þjóðarsátt. Ólögmætar aðgerðir, bráðabirgðalög á dómsniðurstöðu og siðlaus framkoma ríkisstjórnar gagnvart viðsemjendum sínum geta hins vegar aldrei orðið hluti af þjóðarsátt."

Enn fremur sagði núv. fjmrh.:

„Þannig hafnaði hæstv. ríkisstjórn því að fara lögmætar leiðir til að fá BHMR til þátttöku. Hún valdi einhliða samningsrof í stað samningsumleitana. Hún neytti ekki þess úrræðis að grípa til löggjafarvaldsins á meðan þing sat og enn voru tækifæri. Hún kaus að beita bráðabirgðalögum eftir að æðsti dómstóll hafði kveðið upp sinn dóm. Slíkt er af mörgum talið stjórnarskrárbrot. Á slíkum aðgerðum getur Sjálfstfl. ekki tekið ábyrgð. Það gildir einu þótt slík afstaða gegn lögleysu og óréttlæti kunni að kosta óvinsældir um stundarsakir."

Virðulegur forseti. Ég læt lokið lestri úr ræðu hæstv. núv. fjmrh. og vænti þess að hann muni skýra afstöðu sína til bráðabirgðalaganna nú í rökréttu samhengi við skoðanir þær sem hann setti fram í desember 1990.

Ég er einnig með útskrift af kafla úr ræðu þáv. formanns Sjálfstfl., hv. þm. Þorsteins Pálssonar, sem er núv. hæstv. dómsmrh. Hann hafði uppi miklar efasemdir um hvort formlegur réttur til útgáfu bráðabirgðalaga væri fyrir hendi. Hann segir hér um bráðabirgðalögin sjálf, með leyfi forseta:

„Og það liggur líka fyrir að þó að bráðabirgðalögin séu ekki að formi til lög á dómsniðurstöðuna, þá eru þau það í reynd. Allt þetta stríðir svo alvarlega gegn almennum siðareglum og settum lögum og óskráðum lögum um samninga að athafnir hæstv. ríkisstjórnar eru með öllu óverjandi."

Þetta var dómur þáv. formanns Sjálfstfl. um að gefa út bráðabirgðalög til að breyta niðurstöðu dóms. Enn fremur segir hæstv. núv. dómsmrh.:

„Að undanförnu hefur allmikið verið um það rætt hvort bráðabirgðalögin standist stjórnarskrána. Það eru einkum þrjú atriði sem þar hafa komið til álita. Í fyrsta lagi hafa menn bent á að skort hafi formskilyrðið um

brýna nauðsyn. Ljóst er að hæstv. ríkisstjórn átti að vita þegar frá upphafi hvaða afleiðingar kjarasamningurinn gæti haft. Ljóst var að hún hafði ráðrúm allt síðasta þing til að grípa til lagaúrræða eða leggja þau til við Alþingi. ... Að þessu leyti er nokkuð ljóst að formskilyrðið um brýna nauðsyn var ekki fyrir hendi."

Það er niðurstaða hæstv. núv. dómsmrh. sem er lögfræðingur og vel að sér í þessum fræðum að fyrst hægt var að leggja málið fyrir Alþingi þá væri ekki fyrir hendi það skilyrði sem þarf að vera til að brýna nauðsyn bæri til að setja bráðabirgðalög. Nú verður hæstv. dómsmrh. að útskýra fyrir þingheimi eftir að búið er að breyta stjórnarskránni þannig að þingið starfar allt árið og hægt er að kveðja það saman nánast fyrirvaralaust hvernig hann getur komist að annarri niðurstöðu nú en í desember 1990 þegar hann komst að þeirri niðurstöðu að formskilyrðið „brýn nauðsyn" væri ekki fyrir hendi. Og hæstv. núv. dómsmrh. dregur saman afstöðu sína til þessa máls á þennan hátt, með leyfi forseta:

„Það fer ekki á milli mála og er býsna almenn skoðun bæði á meðal stuðningsmanna og andstæðinga hæstv. ríkisstjórnar að hún hafi þverbrotið almennt viðurkenndar siðferðisreglur með framkvæmd stjórnarathafna og samskipti við starfsmenn ríkisins. Og í annan stað liggur fyrir að að ýmsu leyti er vafasamt að bráðabirgðalögin standist stjórnarskrána."

Þetta var afstaða þáv. formanns Sjálfstfl. til þess hvernig bráðabirgðalögin stæðust stjórnarskrá árið 1990.

Ég skal ekkert hafa orð uppi um þessa skoðun. Ég var ekki hér þá og tók ekki þátt í þeirri umræðu. En mér er það ljóst að hæstv. dómsmrh. er annarrar skoðunar nú í dag þrátt fyrir að stjórnarskránni hafi verið breytt til þess að gera útgáfu bráðabirgðalaga enn þrengri og takmarkaðri en þá var. Mig fýsir því að vita hvernig hæstv. dómsmrh. getur rökstutt þessa skoðun sína frá 1990 þannig að hún falli saman við skoðanir hans nú. (**ÓÞÞ:** Það getur hann ekki.) Við skulum ekki útiloka það fyrir fram, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson. Hæstv. dómsmrh. er býsna sleipur lögfræðingur eins og ég gat um áðan og við skulum a.m.k. bíða eftir að heyra hans svör.

Ég vil vitna í enn einn þáv. hv. þm. Sjálfstfl., sem var Birgir Ísl. Gunnarsson. Þegar greidd voru atkvæði um bráðabirgðalögin að endingu gerði þáv. þingmaður það með eftirfarandi hætti, með leyfi forseta:

„Bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar sem hér er verið að staðfesta eru eitt alvarlegasta dæmi síðustu ára um siðferðisbrest stjórnmálamanna. Í aðdraganda þeirrar lagasetningar hefur allt gerst í senn, samningar eru ekki virtir, orð og loforð ráðherranna standa ekki, niðurstaða dóms er sniðgengin og bráðabirgðalögunum er beitt með vafasömum hætti. Einörð afstaða þingflokks Sjálfstfl. í þessu máli hefur vakið upp umræðu um siðleysi í íslenskum stjórnmálum og um þjóðfélagið fer nú sterk bylgja þar sem krafist er bætts siðferðis stjórnmálamanna." Þingmaðurinn sagði nei.

Hér eru tilvitnanir í þrjá þingmenn Sjálfstfl. sem lýstu og töluðu fyrir sinn flokk og skýrðu afstöðu flokksins til bráðabirgðalaganna þegar um þau voru greidd atkvæði í desember 1990. Að vísu er einn þeirra, Birgir Ísl. Gunnarsson, ekki lengur alþingismaður. En hann hefur væntanlega staðið sig svo vel að mati forustumanna Sjálfstfl. að honum hefur verið veitt stöðuhækkun og samkvæmt ellefufréttum sjónvarps í gær nýtur hann nú launakjara sem jafngilda ríflega því sem allir þingmenn Norðurl. v. hafa samanlagt og það eru býsna góð verðlaun fyrir einarða afstöðu eins og fram kom í greinargerð þáv. þingmanns, Birgis Ísl. Gunnarssonar.

En hvað skyldu nú aðrir hafa sagt um málið sem þá voru ekki þingmenn Sjálfstfl. en eru það í dag? Tökum sem dæmi hv. 3. þm. Reykv., Björn Bjarnason. (**Gripið fram í:** Hvar er hann?) Ég óskaði eftir því að hann yrði kvaddur til fundar og ég veit að forseti hefur látið það berast, en þingmaðurinn er ekki kominn. Sá þingmaður Sjálfstfl. ritaði grein í Morgunblaðið 11. des. 1990 undir fyrirsögninni „Engin þjóðarsátt um bráðabirgðalögin." Og hann hefur grein sína á eftirfarandi orðum, með leyfi forseta:

„Söguleg ákvörðun þingflokks sjálfstæðismanna um að snúast gegn bráðabirgðalögun ríkisstjórnarinnar, sem gefin voru út eftir að félagsdómur hafði fallið BHMR í vil, hefur orðið til þess að varpa ljósi á einstaka þætti þessa flókna máls. Vegna hennar hafa ráðherrar enn einu sinni opinberað hrokafulla afstöðu sína til valdsins sem þeir telja sig hafa."

Það var dómur núv. hv. þm. Björns Bjarnasonar að það að menn stóðu að útgáfu bráðabirgðalaga árið 1990 væri dæmi um valdhroka. Mér þætti fróðlegt að vita hver dómur þingmannsins er nú árið 1992 um þá þingmenn og ráðherra Sjálfstfl. sem standa að útgáfu bráðabirgðalaga. En þingmaðurinn segir enn fremur í grein sinni um þetta, með leyfi forseta:

„Útgáfa bráðabirgðalaganna hefur verið talin brjóta í bága við stjórnarskrána og er rekið mál fyrir dómstólunum vegna þess." Ég held ég hlífi þingmanninum við að vitna frekar í þetta en ég tek kannski kafla til að lýsa afstöðu núv. hv. 3. þm. Reykv. til ráðherra úr þáv. ríkisstjórn árið 1990. Hann gefur einum ráðherra, þáv. og núv. hæstv. utanrrh. eftirfarandi einkunn, með leyfi forseta:

„Jón Baldvin Hannibalsson hefur tileinkað sér þá starfshætti í ráðherrastörfum að það sem ekki er bannað sé honum leyfilegt. Slíkir starfshættir eru hættulegir, ekki síst þegar dómgreindarskortur kemur einnig til sögunnar. Hefur þetta komið fram hvað eftir annað í stóru og smáu." Tilvitnun lýkur í dóm hv. þm. Björns Bjarnasonar á núv. hæstv. utanrrh. sem hann felldi þriðjudaginn 11. des. árið 1990. Ég hef ekki heyrt þann ágæta þingmann draga þennan dóm sinn til baka en ég hef orðið vitni að því að hann er orðinn sérstakur erindreki utanrrh. í að framfylgja máli sem er vafasamt að standist stjórnarskrá svo að ekki sér meira sagt.

Annar forustumaður Sjálfstfl., þáv. varaformaður hæstv. núv. forsrh., hafði líka sína skoðun á bráðabirgðalögunum í desember árið 1990. Hann segir í viðtali við sjónvarpið 4. des. árið 1990, með leyfi forseta, og svarar spurningunni um hvort sú afstaða Sjálfstfl. að

snúast gegn bráðabirgðalögunum hafi ekki verið mistök:

„Nei, menn eiga að fylgja fram sannfæringu sinni og því sem þeir telja rétt. Það er enginn vafi í mínum huga að bráðabirgðalögin voru ólög vegna þess að þau voru sett af ríkisstjórninni sem þennan samning gerði við háskólamenntaða starfsmenn sína og reyndar sett eftir að félagsdómur, æðsta dómstig í launamálum, hafði dæmt niðurstöðuna. Getur ríkisvaldið alltaf breytt dómsniðurstöðum sér í hag? Þá erum við að upplifa erfiða tíma í landinu okkar." Tilvitnun lýkur í svar núv. hæstv. forsrh.

Afstaða hans var ótvíræð. Hann taldi að bráðabirgðalögin árið 1990 gætu ekki staðist. Og eins og ég hef rakið fyrr, þeir sem voru þeirrar skoðunar geta ekki annað en verið sömu skoðunar nú gagnvart þessum bráðabirgðalögum. Ég tel því að þessir menn, sem svo einarðlega að eigin sögn snerust gegn bráðabirgðalögunum til að verja lýðræðið og réttindi Alþingis, verði að gefa þinginu skýringar á afstöðu sinni nú. Þeir verða að koma með frambærilegar útskýringar á því hvernig þeir rökstyðja það að þeir hafi haft heimild til að grípa til bráðabirgðalaga núna og hvers vegna þeir af siðferðilegum og efnislegum ástæðum gera það nú eftir að hafa lýst yfir mikilli andstöðu árið 1990, bæði á grundvelli þess að það væri vont siðferði og ekki efnisleg rök.

Býsna mikill bunki er til um afstöðu forustumanna Sjálfstfl. til þessara bráðabirgðalaga sem greidd voru atkvæði um í desember 1990 og ég ætla ekki að þreyta menn á því að rekja það allt lið fyrir lið, en m.a. eru það greinar eftir þáv. formann Sjálfstfl. þar sem hann tekur enn skarplegar á þessum málum og skýrir afstöðu sína sem ég greindi frá að hefði komið fram í þingræðu.

Ennig eru til ummæli höfð eftir núv. formanni Sjálfstfl. og með þeim læt ég duga þessa yfirferð um afstöðu Sjálfstfl. til bráðabirgðalaga almennt og bráðabirgðalaga af því tagi sem nú er verið að ræða um hér á þinginu og eru að stofni til mjög svipuð og bráðabirgðalögin frá 1990. Etirfarandi er haft eftir hæstv. núv. forsrh. um bráðabirgðalögin í desember árið 1990, með leyfi forseta:

„Davíð sagðist vera sammála þingflokknum í þessu máli og gagnrýndi ríkisstjórnina harðlega fyrir að hafa sett lög á BHMR." Síðan komu yfirlýsingar frá þáv. varaformanni Sjálfstfl. sem fyrst og fremst var beint til einstakra þingmanna Sjálfstfl. og er kannski rétt að láta þær fljóta með fyrst þær eru þarna:

„Davíð varaði flokksbræður sína við að breyta um afstöðu til málsins. Hann gaf lítið fyrir yfirlýsingar þingmanna sem ekki voru á fundinum og minnti á að í reglum flokksins stæði að einfaldur meiri hluti markaði stefnuna. Hann sagði hugsanlegt að einhverjir væru að bogna undan álaginu. „Ég vona að það verði fáir menn sem ekki hafa reisn til að standast álagið. Samþykktin var gerð þannig að menn ákváðu að standa sameiginlega um hana. Ég vona að menn hlaupi ekki frá þessari samþykkt. Það finnst mér a.m.k. ekki stórmannlega gert"" sagði þáv. varaformaður Sjálfstfl. og beindi máli sínu til nokkurra þingmanna Sjálfstfl. sem höfðu reyndar verið nafngreindir í einu dagblaðanna skömmu áður. En línan af hans hálfu er einföld og klár. Flokkurinn er á móti þessum bráðabirgðalögum og menn skulu ekki voga sér að hafa aðra afstöðu en meiri hluti þingflokksins hefur ákveðið.

Ég hygg að hæstv. fjmrh. verði að gera betur til að rökstyðja afstöðu Sjálfstfl. núna en að vitna í framsöguræður þáv. stjórnarliða, hv. þm. Páls Pétursson og einhvers annars, sem hann nefndi og ég man ekki hver er, úr nefndaráliti. Þar sótti hann sín rök fyrir bráðabirgðalögunum. Ég hygg að hæstv. ráðherra verði að útskýra með hvaða hætti Sjálfstfl. rökstyður það að ríkisstjórnin hafi haft heimild til að gefa út bráðabirgðalög. Í ljósi fyrri afstöðu flokksins árið 1990 og í ljósi stjórnarskrárbreytingarinnar sem gerð var um síðustu alþingiskosningar og í ljósi þeirrar umræðu sem þá fór fram hér á þingi og ég hef sterklega rakið liggur það alveg ljóst fyrir hvað menn voru að gera og það liggur ljóst fyrir hvaða afstöðu Sjálfstfl. hafði til málsins almennt á þeim tíma. Ef maður leggur það saman, þá er engin önnur niðurstaða fáanleg úr dæminu en sú að Sjálfstfl. hlýtur að vera á móti sínu eigin bráðabirgðalögum. Annað er tvískinnungur sem, svo að ég vitni nú í hæstv. núv. forsrh., „ber vott um siðferðisbrest í íslenskum stjórnmálum" og hélt ég að menn ættu ekki eftir að upplifa það að Sjálfstfl., sem rak sína kosningabaráttu undir forustu borgarstjórans í Reykjavík aðallega á þeim nótum að ýmsir stjórnarandstæðingar væru tiltölulega vondir menn, hefðu ekki gott siðferði og Sjálfstfl. ætlaði sér að bæta hér um og hreinsa til í andrúmslofti stjórnmálanna eða svo að ég vitni til auglýsingar frá núv. hæstv. utanrrh. sem hófst þannig: „Í eitruðu andrúmslofti spilltra stjórnmála" og birtist nokkrum dögum fyrir síðustu kosningar. Maður hlýtur að spyrja sig: Hvað varð um alla siðferðishreinsunina? Hvað varð um siðbótina sem Sjálfstfl. ætlaði að koma hér á? Það er ljóst að lúterskan sem tók við af kaþólskunni í kristinni trú með siðbót, lútherskan í stjórnmálum hefur eitthvað látið standa á sér og virðist sem Sjálfstfl. hafi skilið hana eftir þegar talið var upp úr kjörkössunum.

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég bar hér fram fyrirspurn í upphafi fundar sem engin svör fengust við. Þó voru það spurningar um grundvallaratriði hvað þetta mál varðar. Ég vil spyrjast fyrir um það, virðulegi forseti, hvort ekki er hægt að verða við þeirri ósk minni að fá þessum spurningum svarað. Ef svo er að þeir ráðherrar, sem hér sitja nú, treysta sér ekki til þess að svara þeim, vildi ég mælast til þess, virðulegi forseti, að gert yrði stutt hlé á fundi þannig að menn gætu borið saman bækur sínar og við gætum fengið skýlaus svör við þeim spurningum sem ég bar hér fram.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. þm. bar fram fyrirspurn til hæstv. ráðherra sem varðar það mál sem er nú á dagskrá. Forseti væntir þess að hæstv. ráðherrar hafi tækifæri til að svara hv.

þm. undir þeim dagskrárlið sem hér er til umræðu og biður hv. þm. að hafa biðlund og sjá hvort ekki berast svör við þeim fyrirspurnum sem hann bar fram við hæstv. ráðherra.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Stefán Guðmundsson hefur borið fram spurningu sem ekki snertir efnishlið þessa máls. Spurning hans snýst um það grundvallaratriði hvort forseta lýðveldisins hafi verið greint rangt frá. Það er grundvallarregla í okkar stjórnskipan að áður en bráðabirgðalög eru sett verður forsrh. og/eða sá ráðherra sem setur lögin að fullvissa forseta lýðveldisins um að það sé meiri hluti þingmanna á bak við bráðabirgðalögin.

Nú hefur hv. þm. Stefán Guðmundsson spurst fyrir um hvort það sé rétt að þingflokkur Sjálfstfl. og þingflokkur Alþfl. hafi ekki komið saman til fundar til að taka afstöðu til þessa máls fyrr en eftir að bráðabirgðalögin voru sett. Við vitum það öll hér í þessum sal að ríkisstjórnin lokaði sig inni í sumarbústað forsrh. á Þingvöllum um hádegisbil þann dag sem bráðabirgðalögin voru sett og kom ekki út fyrr en kl. 8 eða 9 um kvöldið með bráðabirgðalögin í hendinni. Síðan lá svo mikið við að ráðuneytisstjóri forsrn. var fluttur í lögreglufylgd á Vesturland til þess að láta forseta lýðveldisins undirrita lögin.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að það er fullkomlega óeðlilegt að halda áfram efnisumræðu um bráðabirgðalögin, virðulegi forseti, fyrr en það fást alveg skýr svör við því hvort forseta lýðveldisins var greint rétt frá eða ekki og það er ekki mjög flókið að svara því. Hæstv. fjmrh., varaformaður Sjálfstfl., þarf ekki annað en koma hér upp í stólinn og svara því með einföldu já-i eða nei-i. Voru þingflokksfundir um efni bráðabirgðalaganna haldnir áður en þau voru sett eða á eftir? Já eða nei. Voru þeir haldnir áður? Já. Voru þeir haldnir á eftir? Já. Það er ekki hægt að ætlast til þess, virðulegi forseti, að þingmenn tali í málinu áfram, eins og virðulegi forseti gaf til kynna, áður en þessu verður svarað og hæstv. fjmrh. skáki í því skjólinu að hann geti bara setið hér og setið lon og don undir umræðunni án þess að svara þessari einföldu spurningu. Þess vegna vil ég ítreka það sem kom hér fram hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að hæstv. fjmrh. svari því undir þessum lið um þingsköp svo að menn viti hvort verið er að ræða bráðabirgðalög sem hafa verið sett með réttum hætti eða hvort verið er að ræða bráðabirgðalög sem hafa verið sett með þeim hætti að forseta lýðveldisins var ekki greint frá því hvort þingflokkar stjórnarflokkanna stæðu á bak við þessi bráðabirgðalög.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er nú þannig að stundum ganga efnisumræður mjög illa hér á hinu háa Alþingi og ef það mætti verða til þess að flýta fyrir umræðum að gefa efnislegt svar sem reyndar var við fyrirspurn sem kom fram fyrr á fundinum, þá skal ég gera það.

Í fyrsta lagi ber að segja frá því að það er ekki skilyrði við útgáfu bráðabirgðalaga, það eru fræðimenn sammála um, að það þurfi að tryggja meirihlutastuðning Alþingis fyrir þeim. Þetta hefur prófessor Ólafur Jóhannesson fjallað um og hann fjallar um þetta á bls. 323 í bók sinni og kemur þetta þar afar skýrt fram. Sömu skoðun hafa aðrir fræðimenn. Það var reynt reyndar á sínum tíma að breyta stjórnarskránni í þá átt. Það var reynt í tíð Gunnars Thoroddsens sem þá var formaður stjórnarskrárnefndar en frá því horfið þannig að það er ekki skilyrði. Eigi að síður var haft samband við þingmenn og það er rétt að formlegur þingflokksfundur var haldinn í Sjálfstfl. eftir að bráðabirgðalögin voru sett og þar gengið frá því að það er meiri hluti fyrir bráðabirgðalögunum. En ég tek það skýrt fram að það er ekki skilyrði og hefði að sjálfsögðu verið óþarfi að halda slíkan fund. Það er ekki skylda að segja hæstv. forseta íslenska lýðveldisins frá því því að bráðabirgðalöggjafarvaldið er alfarið hjá ríkisstjórnum þegar þing situr ekki, jafnt hjá minnihlutastjórnum sem meirihlutastjórnum eins og allir lögfræðingar vita og ég hélt satt að segja að allir alþingismenn vissu líka. Það breytir hins vegar ekki því að það var gengið úr skugga um það og það liggur fyrir að meiri hluti alþingismanna er tilbúinn til þess að styðja það frv. sem hér er til umræðu.

Að öðru leyti ætlaði ég að taka þátt í umræðunum frekar og ræða þetta atriði og fjöldamörg önnur efnisatriði sem fram hafa komið í umræðunni og þurfa auðvitað að koma fram í svörum sem verða veitt síðar í þessari umræðu.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ef það mætti verða til að auka hugarró hv. þm. Stefáns Guðmundssonar og Ólafs Ragnars Grímssonar þá er sjálfsagt og eðlilegt að skýra frá því að að sjálfsögðu var haft samband við alla þingmenn Alþfl. áður en bráðabirgðalögin umræddu voru gefin út og gengið úr skugga um að fullur stuðningur væri við þá fyrirhuguðu aðgerð áður en hún fór fram. Hér er því verið að þyrla upp moldviðri um ekki neitt.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Þó að þingmenn hafi orðið vitni að því að ráðherrar báru sig saman áður en þeir mættu hér í ræðustól til að gera grein fyrir því hvað þeir ættu að segja, þá er verulegur munur á því hvað þeir tilkynna þingheimi. Hæstv. umhvrh. segir: Að sjálfsögðu var leitað til þingmanna Alþfl. og kannað hver þeirra afstaða var. Það eru hin eðlilegu vinnubrögð að það liggi fyrir. Nú hristir hæstv. umhvrh. höfuðið og það þýðir yfirleitt nei, en ég veit ekki hvort hann telur að Alþfl. hafi þá viðhaft óeðlileg vinnubrögð. Hann verður þá að vera einn um þá skoðun og enn hristir hann höfuðið.

Hins vegar segir hæstv. fjmrh. að það þurfi ekki að vera meiri hluti. Hann segir: Ríkisstjórnin ein hefur vald á bráðabirgðalögum. Það er einfaldlega ekki rétt. Hvers vegna þurfti þá forsetinn að skrifa undir? Hér

liggur spurningin fyrir. Hvað sögðuð þið forsetanum? Það þýðir ekkert að sitja og svara þessari spurningu ekki. Hvað sagði Sjálfstfl. forsetanum? Sagði hann forsetanum að nauðsyn væri svo brýn að þeir teldu að jafnvel þó ekki væri þingmeirihluti yrðu þeir að setja lögin. Þessari spurningu verður hæstv. fjmrh. að svara úr ræðustól. Það þýðir ekki að hrista höfuðið. Ég veit ekki hvað þeir sögðu forsetanum. Það eru ekki nægilega skýr skilaboð að hrista aðeins höfuðið yfir þessari spurningu. Hvað sagði Sjálfstfl. forsetanum? Hvað sögðu ráðherrarnir? Það veit enginn hvort forseti Íslands hefði skrifað undir afturvirk lög, eins og hér var gert, ef sannleikurinn hefði verið sagður um þessa hluti.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir það að þessir tveir hæstv. ráðherrar hafa áttað sig á nauðsyn þess að þeir urðu að svara þessum spurningum áður en umræðan hélt áfram. Það hefur hér komið fram, og ég hef enga ástæðu til þess að rengja það, að Alþfl. hefur greinilega viðhaft venjubundin vinnubrögð við setningu þessara bráðabirgðalaga. Alþfl. hefur greinilega fylgt þeirri venju að ræða við þingmenn flokksins áður en bráðabirgðalögin voru sett, ég legg áherslu á það, og kannað það að stuðningur var fyrir hendi svo viðkomandi ráðherra hefur getað tjáð forseta lýðveldisins að að baki lægi stuðningur þingmanna Alþfl. Þetta ber að virða og þetta eru rétt vinnubrögð.

Það er hins vegar alveg ljóst af yfirlýsingu hæstv. fjmrh. að Sjálfstfl. hefur alls ekki gert það sama. Það vill svo til að ég er hér með í höndum grein eftir þáv. formann Sjálfstfl., núv. hæstv. dómsmrh., Þorstein Pálsson sem birtist í Morgunblaðinu 1. des. 1991. Hvað segir formaður Sjálfstfl., núv. dómsmrh., í þessari grein? Hann segir, með leyfi forseta:

„Það er venja þegar bráðabirgðalög eru sett að viðkomandi ráðherra gengur úr skugga um að hann hafi tryggan meiri hluta fyrir þeirri löggjöf.“ Ég endurtek fyrir hæstv. fjmrh. Þorsteinn Pálsson, fyrrv. forsrh., núv. dómsmrh., þáv. formaður Sjálfstfl., segir í Morgunblaðinu á fullveldisdaginn 1. des.: „Það er venja þegar bráðabirgðalög eru sett að viðkomandi ráðherra gengur úr skugga um að hann hafi tryggan meiri hluta fyrir þeirri löggjöf.“

Það hefur verið upplýst hér að Sjálfstfl. gerði þetta ekki við setningu þessara bráðabirgðalaga, hvorki hæstv. forsrh. né hæstv. fjmrh. fullvissuðu sig um að þingmenn Sjálfstfl. styddu þessi bráðabirgðalög. Þannig hefur það verið staðfest hér í salnum að það var ekki hægt að greina forseta lýðveldisins frá því að þingmenn Sjálfstfl. styddu þessi bráðabirgðalög þótt slík venja sé um starfshætti sem menn hafa ekki hvikað frá í Stjórnarráðinu. Þess vegna er auðvitað eðlileg spurningin sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson bar hér fram: Hvað sagði fjmrh. við forseta lýðveldisins? Hvað sagði forsrh. við forseta lýðveldisins? Satt að segja er það mjög snúið og erfitt að halda þessari umræðu áfram án þess að hæstv. forsrh. komi til hennar. Það er auðvitað lykilatriði áður en efnisumræða heldur áfram um málið að forsrh. Íslands Davíð Oddsson upplýsi það hvað hann sagði við forseta lýðveldisins ef hann talaði við forseta eða ef það var fjmrh. sem einn talaði við forsetann, hvað var þá sagt. Þess vegna vil ég ítreka hér að þetta verður að komast á hreint áður en efnisumræða heldur áfram um málið.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Þessi umræða utan dagskrár er býsna kyndug því að mér sýnist það álitaefni sem hér hefur verið dregið fram til umræðu sé efnisatriðum þessa frv. óviðkomandi. Það er rétt sem hér hefur komið fram að það hefur verið venja á síðari árum, og ég tel að það sé góð venja, þegar gefin hafa verið út bráðabirgðalög að þeir flokkar sem standa að ríkisstjórn hverju sinni leita eftir því jafnan áður en lög eru gefin út hvort þingmenn stjórnarliðsins standi ekki heils hugar að baki þeirri löggjöf sem gefa á út. Stundum er þetta gert á formlegum þingflokksfundum, stundum með samtölum við þingmenn.

Það hefur komið fram í þessari umræðu af hálfu hæstv. fjmrh. að þetta var ekki gert í því tilviki sem hér um ræðir að því er varðaði þingflokk sjálfstæðismanna. Hins vegar samþykkti flokkurinn einróma að standa að lögunum þegar hann var kallaður saman eftir að þau voru gefin út. En lykilatriðið í málinu er það sem hefur komið fram af hálfu hæstv. fjmrh., að það er ekki skilyrði fyrir útgáfu bráðabirgðalaga að ríkisstjórn, sem hefur með forseta Íslands bráðabirgðalöggjafarvaldið, kanni það hjá einstökum þingmönnum eða þingflokkum fyrir fram hvort meiri hluti er fyrir þeirri lagasetningu sem á döfinni er. Það væri nánast óþarfi að hafa þessa heimild ef þetta væri skilyrði fyrir útgáfu bráðabirgðalaganna. Sú heimild er í stjórnarskránni vegna þess að það er mat stjórnarskrárgjafans að þær aðstæður kunni að koma upp að grípa þurfi til lagasetningar með þeim hætti að ekki sé hægt að kalla Alþingi saman. Þess vegna er þetta ekki skilyrði og hefur ekki efnislega þýðingu fyrir þær umræður sem hér fara fram.

Ég veit vitaskuld ekki hvernig umræður fara fram í öllum tilvikum á milli ráðherra, sem gefur út bráðabirgðalög, og forseta Íslands. En það kemur mér á óvart ef þar er sérstaklega rætt um hvort búið sé að kanna með meiri hluta eða ekki vegna þess að það hefur ekki efnislega þýðingu, það er ekki skilyrði fyrir útgáfu bráðabirgðalaga. (**Forseti:** Ég verð að minna hæstv. ráðherra á að ræðutíma hans er lokið.) Hitt vil ég ítreka að það er góð venja þegar ríkisstjórnir gefa út bráðabirgðalög að kanna hvort þingmeirihluti er fyrir hendi.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Ég vil að gefnu tilefni minna hv. þm. á að virða ræðutíma, sem er þrjár mínútur í umræðum um þingsköp.

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur það komið skýrt fram að umræður og kynning á texta bráðabirgðalaganna

hefur ekki farið fram í þingflokkum stjórnarflokkanna fyrr en eftir að lögin voru gefin út. Þetta er ljóst. Þetta hefur komið fram bæði hjá hæstv. umhvrh., sem talar hér fyrir hönd Alþfl., og einnig hæstv. fjmrh. Þá er það spurningin: Spurði ekki forseti þjóðarinnar hæstv. forsrh. að því hvort gengið hefði verið úr skugga um það að meiri hluti þingmanna væri fylgjandi setningu bráðabirgðalagann og texta þeirra? Spurningin er enn: Hverju svaraði hæstv. forsrh.?

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það er greinilegt að svo lengi lærir sem lifir. Ég hélt að það færi ekki á milli mála að ætlast væri til að þingmeirihluti lægi fyrir þegar bráðabirgðalög eru sett. Ef það mætti verða til upplýsingar fyrir hv. þingheim gerðist það árið 1980, en þá var forsrh. þjóðarinnar einn virtasti lögfræðingur og einn virtasti stjórnmálamaður Íslands fyrr og síðar, Gunnar Thoroddsen, að þá átti ég í nokkrum útistöðum við ríkisstjórn þó að ég styddi hana að öðru leyti vegna ákveðins máls en það var eins og ýmsir muna enn þá málefni flóttamanns að nafni Gervasoni. Eins og menn líka muna var eins atkvæðis meiri hluti fyrir þeirri ríkisstjórn og ég setti það að skilyrði þegar gefa átti út bráðabirgðalög um efnahagsmál um jólaleytið 1980 að frá þessu máli væri gengið á siðaðan hátt en ekki eins og þáv. hæstv. dómsmrh. ætlaði að voga sér að gera.

Það fór aldrei á milli mála að þau bráðabirgðalög yrðu ekki sett nema ég féllist á þau og málinu lyktaði með því að þáv. forsrh., Gunnar Thoroddsen, leysti það mál á fundi með mér og öðrum aðilum úr ríkisstjórninni vegna þess að hann taldi sig þess ekki umkominn að gefa út bráðabirgðalögin nema ég styddi þau og þau hefðu þannig meiri hluta á hinu háa Alþingi. Ég held að það deili enginn um að þetta hafi verið hin eðlilega meðferð málsins.

Þetta vildi ég aðeins upplýsa vegna þess að svo virðist sem það sé ekki ljóst lengur hvernig standa skuli að setningu bráðabirgðalaga.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í umræðum um frv. að þingið sameinaðist allt um að breyta stjórnarskránni á þann veg að takmarka vald til útgáfu bráðabirgðalaga. Margir sem mæltu fyrir þeirri breytingu töldu að í raun og veru væri verið að koma á þeirri skipan að Alþingi ætti ávallt að koma saman þannig að bráðabirgðalagaútgáfa yrði algert undantekningartilvik.

Nú er það að upplýsast hér smátt og smátt að við útgáfu þessara fyrstu og einu bráðabirgðalaga sem hafa verið gefin út eftir þessa stjórnarskrárbreytingu og fyrstu og einu bráðabirgðalaganna í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar hefur verið slíkt hálfkák á stjórnarfarslegum vinnubrögðum að stigin hafa verið stórfelld skref aftur í tímann. Þegar við teljum okkur í þinginu vera að lögfesta siðabót í stjórnarskránni, sem takmarkar vald til útgáfu bráðabirgðalaga, er það upplýst að það var ekki einu sinni rætt við þingmenn annars ríkisstjórnarflokksins, Sjálfstfl., um bráðabirgðalögin áður en þau voru sett. Það var ekki fylgt þeirri venju sem búin er að vera nánast ófrávíkjanleg hér árum og áratugum saman, að stjórnarflokkarnir leitast við að ræða við alla sína þingmenn áður en bráðabirgðalög eru sett. Það hefur verið staðfest hér í ræðustól af hæstv. fjmrh. og hæstv. dómsmrh. að það var ekki einu sinni gerð tilraun til þess að ræða við þingmenn Sjálfstfl. áður en bráðabirgðalögin voru sett. Ég fullyrði að það er algert einsdæmi í íslenska lýðveldinu að fara þannig að að flokkur sem þar að auki er forustuflokkur ríkisstjórnarinnar með embætti forsrh., dómsmrh. og þann ráðherra sem gefur út lögin, þ.e. fjmrh., að gera ekki einu sinni tilraun til að kanna hvort þingmennirnir styðja bráðabirgðalögin eða ekki. Auðvitað eru þetta svo alvarleg tíðindi í meðferð hæstv. forsrh. á stjórnskipun lýðveldisins að þau hljóta að breyta allri umræðu um þetta mál í þinginu.

Það er rétt að spyrja, svo maður fái áfram sannleikann smátt og smátt fram í þessu máli: Hver talaði við forseta lýðveldisins af hálfu ríkisstjórnarinnar eða talaði kannski enginn við forseta lýðveldisins? Hvaða ráðherra talaði við forseta lýðveldisins áður en bráðabirgðalögin voru sett? (**Gripið fram í:** Ólafur Davíðsson.) (**StG:** Fjmrh.) Ég spyr ráðherrann: Hvaða ráðherra? (**Forseti:** Ég verð að minna hv. ræðumann á að ræðutíma hans er lokið.) Já, ég er að ljúka ræðu minni, hæstv. forseti, og spurning mín er þessi: Hvaða ráðherra talaði við forseta lýðveldisins áður en bráðabirgðalögin voru sett?

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. átti hér gott erindi í ræðustól. Hann upplýsti það sem áður var fullyrt að það er forseti og ríkisstjórn sem fara með bráðabirgðalagavaldið. Hins vegar sagði hann einnig að það væri góð regla að kanna hvort það væri meiri hluti fyrir útgáfu laganna. Með því var hann að segja að það væri slæm regla að gera það ekki. Þarf nú ekki að fara langt í lögfræðina því að forseti sameinaðs þings á sínum tíma, Þorvaldur Garðar, talaði um að sér hefði verið kennt að gagnálykta. En það neyðir okkur einnig til þess að gagnálykta að hæstv. fjmrh. þegir þunnu hljóði yfir því hvað þeir sögðu forsetanum. Hafi forsetinn verið fenginn til að skrifa undir með því að ljúga að honum er það alvarlegt mál. Þá er það slíkur siðferðisbrestur að það er gersamlega ólíðandi. Þess vegna er ekki um annað að ræða en hæstv. fjmrh. svari því hér og nú: Hvað sögðu þeir forsetanum? Það trúir því ekki nokkur maður hér inni að forsetinn hafi ekki spurt um það hver staða málsins yrði í þinginu. Það trúir því ekki nokkur maður hér inni. Auðvitað hefur forsetinn spurt: Er þingmeirihluti fyrir þessu? Ég vara hæstv. ráðherra við að bera sig meira saman um það hvað eigi að segja. Það er ekki traustvekjandi ef menn þurfa að tala saman og reyna að finna út hvernig þeir eigi að bera vitni í málinu. Þeir hljóta að hafa það traust minni að þeir viti og geti svarað, ef þeir ætla að segja sannleikann umbúðalaust, hvað þeir sögðu við forsetann. Ef þeir þurfa aftur á móti að koma sér saman um það hvað þeir ætla að segja er skiljanlegt að þeir beri sig

saman því að það er grundvallaratriði til að menn verði ekki tvísaga. Það er náttúrlega ekkert skrýtið að við venjulegar yfirheyrslur eru menn færðir í sundur svo að þeir geti ekki borið sig saman eins og menn hafa verið að gera núna í salnum.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það var vegna þess að ég hélt að það mundi greiða fyrir umræðum sem við tókum þátt í þessari þingskapaumræðu sem hér fer fram. Mig langar til að ítreka að við síðustu breytingar á stjórnarskránni var ekki breytt skilyrðum til útgáfu bráðabirgðalaga. Það kemur skýrt fram í greinargerð með frv. til stjórnarskipunarlaga þar sem segir: „Hér er því ekki um að ræða breytingu á þeim skilyrðum sem verið hafa fyrir útgáfu bráðabirgðalaga" þannig að það eru nákvæmlega sömu skilyrðin nú og voru áður. Í öðru lagi hefur það komið fram að sá maður sem mest hefur skrifað um þetta efni, sá fræðimaður sem reyndar er fyrrv. formaður Framsfl. skrifar á bls. 323 í bók sinni segir hann m.a. orðrétt:

„Sú framkvæmd hefur samt eigi leitt til neinna verulegra árerkstra milli þings og stjórnar, enda eru bráðabirgðalögin stundum sett í samráði við þingmenn eða þann þingmeirihluta sem stjórnin styðst við eða jafnvel stundum samkvæmt ályktun eða áskorun Alþingis eða meiri hluta þingmanna."

Þetta vita allir lögfræðingar og þetta eiga náttúrlega stjórnmálafræðingar að vita líka. Bráðabirgðalögin eru gefin út af forseta Íslands að minni tillögu. Án þess að ég þurfi að geta um það, þá var ég ekki spurður um þetta atriði en það er auðvitað ljóst og hefur komið skýrt fram að það er meirihlutastuðningur við þetta frv. En það er athyglivert að sá maður sem hér gengur fyrstur og fremstur í flokki til þess að gæta þess að sannleikurinn komi í ljós er sá maður sem fyrir örfáum dögum sagði opinberlega þrisvar sinnum að núv. fjmrh. hefði greitt atkvæði með tilteknum hætti á tilteknum degi hér í þessum sal. Þegar því var hins vegar flett upp kom í ljós að fjmrh. hafði verið fjarverandi. Það er athyglivert að þessi fulltrúi sannleikans skuli nú tala um það að einhverjir séu að ljúga að forseta Íslands.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessari umræðu en eins og hún hefur þróast held ég að ég sjái mig tilneyddan til þess. Fyrir það fyrsta vegna sannleiksástar hæstv. fjmrh. vil ég benda honum á að sá sem fór fyrstur og hóf þessa umræðu var hv. 4. þm. Norðurl. v. þannig að hann hafi það alveg á hreinu.

Í öðru lagi það sem ég vil hafa sem mitt aðalmál er það að hæstv. fjmrh. skilur ekki málið eða vill ekki skilja það. Málið snýst ekki um hvort þarna hafi verið framfylgt lagakrókum eða hvort voru til lagakrókar til þess að standa að málinu eins og gert var. Málið snýst um siðferði. Málið snýst um að sú siðvenja hefur skapast í tímans rás að ríkisstjórnir kanni hvort þær hafi meiri hluta fyrir þeim bráðabirgðalögum sem sett eru. Það er ekki hægt að túlka síðustu ræðu hæstv. fjmrh. á annan veg en þann að hann sé að víkja sér undan því að svara þeirri grundvallarspurningu og sú spurning snýst ekki um lög, hún snýst um siðferði, hvort forseta Íslands var sagt rétt frá um tilurð þessara laga. Var forseta Íslands sagt frá því að ekki væri búið að kanna hvort það væri meirihlutastuðningur í þingflokki Sjálfstfl. við setningu laganna? Um þetta snýst málið, um ekkert annað. Og ég vil ítreka við hæstv. fjmrh. að hann svari þessari einföldu spurningu.

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hér eru bornar alvarlegar sakir á menn og hæstv. fjmrh. sagði að sá sem gengur hér fyrst fram í þessu máli hafi farið með lygar í ákveðnu máli fyrir örstuttu síðan. Sá sem gekk fyrst fram í þessu máli er sá sem hér stendur og ég bið þess vegna hæstv. fjmrh. að finna orðum sínum stað. Helst vildi ég að hann væri maður til þess að koma hér upp og biðjast afsökunar á orðum sínum, hann væri maður að meiri.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hafi hv. síðasti ræðumaður tekið þessi orð til sín þá þykir mér það leitt því það var alls ekki við hann sem átt var og hélt ég að hv. þm. vissi að svo var ekki. Orðið „fyrstur" getur haft margræða merkingu, sá sem lengst gengur, en hafi hann tekið þessi orð til sín og það standi þannig í þingtíðindum að við hann sé átt þegar það er lesið, þá skal ég fúslega biðjast afsökunar því að ég átti allra síst við hann. Það vita allir við hvern var átt. Það er sá sem hér mun síðar tala.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Hv. 8. þm. Reykn. hefur óskað eftir að bera af sér sakir.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég spurði hæstv. fjmrh. mjög einfaldrar spurningar. Hún var þessi: Hver talaði við forseta lýðveldisins? Var það hæstv. forsrh. eða hæstv. fjmrh.? Það hefur ekki komið skýrt svar við þeirri spurningu. Þess vegna er hún endurtekin hér. Var það hæstv. forsrh. sem talaði við forseta lýðveldisins eða var það hæstv. fjmrh. eða einhver annar ráðherra?

Í stað þess að svara þessari spurningu með mjög einföldum hætti, það þarf í raun og veru ekki nema eitt orð til þess að svara henni, þá kaus hæstv. fjmrh. að lesa fyrst upp úr lögfræðiritgerðum og í öðru lagi að blanda allt öðru máli inn í þessa umræðu. Og það er auðvitað vitnisburður um að hæstv. fjmrh. telur sig vera kominn í vonda stöðu að hann leggur ekki í það að svara því alveg skýrt hér í salnum, var það forsrh. sem talaði við forseta lýðveldisins eða var það fjmrh. eða einhver annar ráðherra? Þess vegna er sú spurning ítrekuð hér.

Síðan hefur komið fram spurningin: Hvað var sagt við forseta lýðveldisins? Það er ekkert leyndarmál hvað var sagt við forseta lýðveldisins og sú spurning er aftur ítrekuð hér. Og það er satt að segja merkilegt að það þurfi hálftíma til þess að draga það fram og ekki komið fram enn.

Síðan segir hæstv. fjmrh. að ég hafi sagt það hér í umræðunni að hann hafi logið. Það er rangt. Ég hef ekki sagt það hér í umræðunni. Það var nafni minn, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sem sagði það í sinni ræðu en ekki ég þannig að hlutirnir gerast nú nokkuð ruglingslegir hjá hæstv. fjmrh.

Hins vegar er það rétt hjá hæstv. fjmrh. að ég greindi frá því fyrir helgina að í atkvæðagreiðslu um fjáraukalög í febrúar á síðasta þingi þegar 31 þingmaður, samkvæmt Alþingistíðindum, greiddi atkvæði með tillögum fjárln. þá hefði hæstv. fjmrh. verið í þeim hópi. Ég reiknaði satt að segja með því sem sjálfsögðum og eðlilegum hlut að hæstv. fjmrh. væri viðstaddur atkvæðagreiðslu um fjáraukalög, slík grundvallarlög í samskiptum fjmrn. og Alþingis. Það hvarflaði bara ekki að mér að hann hefði verið fjarverandi en það er alveg sjálfsagt að hafa það sem réttara reynist. Hann var fjarverandi og ég leiðrétti það í grein sem birtist í Morgunblaðinu á morgun. Og það mun þjóðin fá að vita til enda íslenskrar sögu að fjmrh. Friðrik Sophusson mætti ekki í atkvæðagreiðslu um fjáraukalögin. En það er tæknilegt atriði. Stóra spurningin í þeirri umræðu er hins vegar, hvers vegna mætti hann ekki? Var það vegna þess að hann þorði ekki að greiða atkvæði með mér og á móti Pálma Jónssyni? Eða ætlaði hann að greiða atkvæði með Pálma Jónssyni og fjárln. ef hann hefði mætt og ef svarið við því er já, þá var auðvitað efnishlið míns málflutnings hér fyrir helgina fullrétt. (**Forseti:** Ræðutíma hv. þm. er lokið.) En vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur komið með þetta mál inn í þingsalinn (**Forseti:** Ég vil minna hv. þm. á að ræðutíma hans er lokið.) þá tel ég nauðsynlegt, forseti, að fá sérstakan tíma til að ræða þetta mál hér vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur átt frumkvæði að því.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Þessi umræða um þingsköp hófst vegna þess að sá misskilningur var uppi um að það hefði efnislega þýðingu eða væri skilyrði fyrir útgáfu bráðabirgðalaga að ríkisstjórnarflokkar hefðu kannað hvort þingmeirihluti væri fyrir útgáfu þeirra. Nú hefur það verið leiðrétt og sá misskilningur er ekki lengur uppi. Spurningu um það hvað stjórnarandstaðan telur vera góða reglu í innra starfi stjórnarflokkanna er eðlilegt að bera upp í hinni almennu umræðu um málið. Hún á ekki heima í umræðum um þingsköp og ég bendi hv. þm. á þessi einföldu sannindi í þeim tilgangi að koma efnislegri umræðu áfram. Ég tel að ekki séu lengur forsendur fyrir þeirri þingskapaumræðu sem hér hefur farið fram. Ef brestur hefði verið á því að gætt hefði verið réttra skilyrða um útgáfu bráðabirgðalaganna hefði verið eðlilegt að ræða það undir liðnum þingsköp og eðlilegt að bera slíka fyrirspurn upp. Nú þegar þeim misskilningi hefur verið eytt er rétt að víkja að öðrum atriðum eins og áhyggjuefnum stjórnarandstöðunnar um góða reglu í innra starfi stjórnarflokkanna til hinnar almennu umræðu.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Ég vil geta þess að nú hafa verið haldnar 17 ræður í ljósi 55. gr. þingskapa um gæslu þingskapa og ein þar sem hv. þm. hefur verið að bera af sér sakir. Ég hvet hv. þm. til að ljúka þingskapaumræðu eins fljótt og kostur er þannig að umræða um þau mál sem eru á dagskrá geti haldið áfram. En nú hefur hv. 2. þm. Vestf. kvatt sér hljóðs og óskar að ræða þingsköp.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég bar það ekki á hæstv. fjmrh. að hann hefði logið. Ég sagði að það væri alvarlegt mál ef logið hefði verið að forsetanum. Og nú er hæstv. fjmrh. reyndur að því að vera kjarkmaður, hugrakkur maður. Og vissulega hefur hann staðið hér vel fyrir því hvað hugrekkið snertir. Ég tel að þögn hans í þessum efnum verði ekki túlkuð á þann veg að hann viti nákvæmlega ekkert um það hvað sagt var við forsetann vegna þess að hann talaði aldrei við forsetann. Ég tel að það hafi verið forsrh. sem hafi talað við forsetann. Þannig standi málin. Því auðvitað er reyndur kjarkmaður eins og hæstv. fjmrh. ekki sú skræfa að hann þori ekki að segja þinginu hvað hann sagði við forsetann. Vafalaust mundi hjónaband standast að lögum þó að maður bæri upp bónorð og lofaði gulli og grænum skógum. Vafalaust mundi það standast að lögum þó það kæmi í ljós seinna að þetta hefði ekki allt verið satt sem hann bauð upp á. En hafi aftur á móti verið logið að forsetanum í þessu tilfelli er það alvarlegt mál og það er allt annað en innra samstarf stjórnarflokkanna því forsetinn er ekkert í stjórnarflokkunum mér vitanlega. Hann er þar fyrir ofan og utan. Þess vegna er vonlaust annað, ef hæstv. ráðherrum er einhver alvara í að greiða fyrir umræðunni, að forsrh. geri hreint fyrir sínum dyrum í þessu máli. Og hafi bráðabirgðalögin verið brýn þá er það brýnt að hann mæti til starfa hér. Mér er ekki kunnugt um að hann sé með fjarvistarleyfi. Það má vel vera að svo sé en það verður þá að koma fram hjá forseta að svo sé. En alvaran er sú að það er gersamlega vonlaust að hafa í lausu lofti hvað sagt var við forsetann. Það er nefnilega ekki víst að forseti Íslands hefði tekið þátt í að taka upp svo slæma venju þó hún sé lögleg, hæstv. dómsmrh., að hér fari bráðabirgðalög í gegn og enginn viti hver afstaða þingsins verður á eftir. Þess vegna er það óhjákvæmilegt að svar fáist við því hvað menn sögðu við forseta Íslands þegar hæstv. forseti landsins var fenginn til þess að skrifa undir þessi lög. (**Gripið fram í:** Er forsrh. með fjarvistarleyfi?) (**Forseti:** Forseti upplýsti í upphafi fundar að forsrh. væri ekki með fjarvistarleyfi en hann væri í önnum við að sinna konungshjónunum frá Noregi.) (**Gripið fram í:** Það er nú búið.)

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess að það hefur eitthvað vafist fyrir mönnum að fá skýr svör um það hver það var sem ræddi við forsetann um setningu bráðabirgðalaganna þá er ég hér með útgefin bráðabirgðalög þar sem segir:

„Forseti Íslands gerir kunnugt að fjármálaráðherra hefur tjáð mér" o.s.frv. Það fer því ekkert á milli mála að hér situr sá sem ræddi við forsetann og þess vegna ætti ekki að vera neitt hik á því að fá skýr svör við spurningum.

Ég vil einnig segja það við hæstv. dóms- og kirkjumrh. að í þessu máli er enginn misskilningur frá minni hálfu. Ég spurðist fyrir um það hvort það hefði verið skoðað og kannað og haldnir fundir í þingflokkum til þess að skýra efni og innihald bráðabirgðalaganna áður en þau voru gefin út. Við þessu hef ég fengið þau svör að þetta hafi ekki verið gert. Það var ekki gengið úr skugga um það áður en bráðabirgðalögin voru gefin út. Og ég spurði enn og aftur: Var það virkilega svo að forseti Íslands spurði ekki að því, í þessu tilviki hæstv. fjmrh., hvort um það væri vissa að þingmeirihluti stæði á bak við þessa lagasetningu? Og ég bið hæstv. ráðherra enn að koma með skýr svör, já eða nei.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það eru mikil tíðindi að þessari umræðu eigi að ljúka án þess að hæstv. fjmrh. svari þeirri spurningu sem beint hefur verið til hans ítrekað, hvaða ráðherrar ræddu við forseta lýðveldisins. Það er rétt sem kemur fram hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að í texta laganna stendur að fjmrh. hafi tjáð forseta lýðveldisins efnislega þessi atriði. Það snýr að efnisþáttum bráðabirgðalaganna. Spurningin hér hefur snúist um stuðning þingsins á bak við bráðabirgðalögin og enn á ný er spurt að því, hvaða ráðherra ræddi við forseta lýðveldisins. Og það er mjög merkilegt að það fæst ekkert svar í umræðunni við þeirri spurningu.

Svo var einnig spurt: Hvað sagði sá ráðherra við forseta lýðveldisins? En ef svarið er að enginn ráðherra hafi rætt við forseta lýðveldisins eru það auðvitað mjög merkileg tíðindi og dugir þá ekki að spyrja hvað hafi verið sagt við hann vegna þess að samtalið hafi aldrei farið fram. Þess vegna er það ítrekað hér enn á ný að fjmrh. svari þessari spurningu í þinginu því það er vont fyrir framhald málsins ef viðstaddir ráðherrar treysta sér ekki til að segja þinginu með einföldum hætti hver ræddi við forseta lýðveldisins.

Hæstv. fjmrh. hefur svo kosið að blanda inn í umræðuna fjarvistum hans sjálfs við afgreiðslu fjáraukalaga fyrr á þessu ári og fullyrðingum *mínum* um efnislega afstöðu hans til þeirra fjáraukalaga. Hann hefur þar með verið að gefa í skyn að hann hafi verið ósammála tillögu fjárln. í lykilatriði í afgreiðslu þeirra fjáraukalaga, tillögu sem er hátt á annan milljarð að upphæð og vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur með þeim hætti komið með að mál inn í þingið sé ég mig tilknúinn, virðulegi forseti, að biðja um utandagskrárumræðu af styttri gerðinni um afstöðu hæstv. fjmrh. til fjáraukalaganna fyrir árið 1990 sem sett voru fyrr á þessu ári. Og ég fer hér með formlega fram á utandagskrárumræðu um afstöðu hæstv. fjmrh. til tillagna fjárln. og efnisinnihalds fjáraukalaganna fyrir árið 1990, umræðu af styttri gerðinni og er til viðræðu um það hvenær hún fari fram. Ég er ekkert að knýja á um það í dag eða á morgun en tel nauðsynlegt að hún eigi sér stað innan tíðar því að það er auðvitað ekki hægt að afstaða fjmrh. lýðveldisins til slíks grundvallaratriðis liggi í lausu lofti.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vonast til þess að hin efnislega umræða geti farið að hefjast á nýjan leik. Að sjálfsögðu mun ég taka þátt í þeirri umræðu síðar og ræða þau atriði sem fram hafa komið. Það hefur skýrlega verið tekið fram hvernig að þessum bráðabirgðalögum var staðið og það er með fyllilega lögmætum hætti.

Hv. síðasti ræðumaður bað um það fyrr hér í þingskapaumræðunni að fá að bera af sér sakir. Hann gerði það með þeim hætti að segja að það væri tæknilega rangt að segja að menn sem væru fjarstaddir hefðu greitt atkvæði með tilteknum hætti. Nú kýs hann aftur að koma að þessu *máli* og hefur ekki enn beðist afsökunar á því að segja ósatt um aðra þingmenn. Ég átta mig ekki alveg á því þegar hv. þm. kýs að gerast eins konar boðberi sannleikans bæði í þjóðfélaginu en einkum hér á þinginu. Eitt get ég sagt að menn væru menn að meiri ef þeir kæmu hér í ræðustól og bæðust afsökunar á því að segja ósatt um afstöðu manna, segja að þeir greiði atkvæði með tilteknum hætti og nota það síðan gegn þeim þegar öllum átti að vera ljóst að þetta var hægt að sjá af skjölum þingsins. Það sem hv. þm. áttar sig ekki á er að nú er farið að skrá það hvenær menn eru við og hverjir greiða atkvæði með tilteknum hætti. Ég hélt satt að segja að hv. þm. ætlaði sér að koma hér upp og biðjast afsökunar á þessu. Það var nú öðru nær. Það var aðeins tæknilega rangt, eins og það heitir á alþýðumáli, að ljúga upp á aðra menn.

Ég fagna því að hv. þm. hefur beðið um utandagskrárumræðu og ég vænti þess að hann sé sá maður að biðjast þá afsökunar á því sem hann hefur sagt um samþingmann sinn hér í upphafi slíkrar umræðu ef hann ekki fæst til þess hér við umræðuna.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Hv. 8. þm. Reykn. óskar eftir að bera af sér sakir.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Þrautreynt er, virðulegi forseti, þegar reynt er í þriðja sinn. Tilraun mín áðan til að fá hæstv. fjmrh. til að svara því hér hvaða ráðherra ræddi við forseta lýðveldisins bar engan árangur. Hér hefur þingið spurt grundvallarspurningar um stjórnskipun íslenska lýðveldisins: Hvaða ráðherra ræddi við forseta lýðveldisins þegar bráðabirgðalög voru gefin út? Og fjmrh., varaformaður Sjálfstfl., hefur ekki treyst sér til þess þótt þrívegis hafi honum verið gefið tækifæri til þess

hér í þingsalnum að svara þessari einföldu spurningu. Í stað þess að svara henni kýs hann að halda áfram umræðu við mig um afstöðu hans til fjáraukalaga fyrir árið 1990 og afstöðu hans til tillögu fjárln. sem hér var flutt um að taka Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins inn í þau fjáraukalög. Ég er reiðubúinn að ræða það í þinginu og ætla mér sjálfur að hafa frumkvæði að því eins og hér hefur komið fram. Ég sagði það hér áðan að ég mundi leiðrétta það í Morgunblaðinu á morgun að hæstv. fjmrh. tók ekki þátt í atkvæðagreiðslunni um það mál og sjálfsagt að hafa það sem sannara reynist í þeim efnum. Ef hæstv. fjmrh. er einhver hugarhægð í því að beðist sé afsökunar á því að segja frá því að hann hafi verið viðstaddur atkvæðagreiðsluna, þá er líka alveg sjálfsagt að gera það fyrir hugarró hæstv. fjmrh. En það er bara aukaatriði í því máli. Aðalatriðið er hver var efnisleg afstaða hæstv. fjmrh. Fjmrh. lýðveldisins sem hefur ekki afstöðu til fjáraukalaga ætti bara að segja af sér. Fjmrh. sem skýtur sér á bak við það að hann hafi ekki mætt og það sé aðalatriðið, hann var ekki í salnum til að ýta á hnapp, en segir ekki við þingið hver efnisafstaða hans er gagnvart upphæð sem skiptir milljarði. Hann er bara eins og lítill strákur sem segir: Ég var ekki með. Hann hagar sér ekki eins og virðulegur fjmrh.

Ég ætla hins vegar ekki að blanda því inn í þessa umræðu. Það skulum við, ég og hæstv. fjmrh., ræða undir sérstökum dagskrárlið, virðulegi fjmrh. Ég er líka reiðubúinn að taka lengri umræðutíma utan dagskrár um það mál ef ráðherrann vill, alveg sjálfsagt mál að ræða það. Hitt ber að harma. Það eru auðvitað hin stóru tíðindi þessarar umræðu að hæstv. fjmrh. hefur ekki, þrátt fyrir það að þrívegis hafi hann verið beðinn um skýr svör, svarað þinginu því hvaða ráðherra ræddi við forseta lýðveldisins. Þar til þeirri spurningu verður svarað er ekki hægt að álykta á annan veg en þann að enginn hæstv. ráðherra hafi rætt við forseta lýðveldisins. Það eru auðvitað mikil tíðindi ef svo hefur verið.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um þingsköp)*:

Ég vil aðeins segja, virðulegi forseti, að hv. þm. var maður að meiri að koma hingað upp og biðjast afsökunar á því að hann skyldi segja ósatt.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Það mál sem við ræðum eru bráðabirgðalög sem sett voru í sumar, þann 26. júní sl., og verður af umræðunum, sérstaklega af umræðunum um þingsköp, ekki ráðið annað en það hafi verið staðið á margan hátt mjög óeðlilega að þessu máli. (Gripið fram í.) Það var 3. júlí, kjaradómur féll 26. júní, ég ruglaði þessu saman.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir hefur gert grein fyrir afstöðu Kvennalistans í þessu máli. Einnig kom mjög greinilega fram þegar Kjaradómur birti úrskurð sinn þann 26. júní hver afstaða Kvennalistans væri í þessu máli. Við tókum bæði efnislega afstöðu til þess sem Kjaradómur gerði og gagnrýndum jafnframt mjög harðlega það að bráðabirgðalög væru sett við þær aðstæður og raunar efast ég stórlega um að aðstæður hafi verið fyrir hendi sem heimiluðu ríkisstjórninni yfirleitt að setja bráðabirgðalög. Ég vil koma hér í þennan ræðustól til að lýsa þeim efasemdum mínum. Ég tel að það hafi ekki verið svo brýn nauðsyn að setja þessi bráðabirgðalög. Það var ekkert sem mælti gegn því að Alþingi væri kallað saman.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér hefði þótt eðlilegast að þessi heimild í stjórnarskránni væri alls ekki fyrir hendi, þ.e. að 28. gr. stjórnarskrárinnar stæði þar ekki eins og hún er núna. Í samræmi við það futtu þingkonur Kvennalistans sem voru í neðri deild á síðasta kjörtímabili frv. til stjórnarskipunarlaga þar sem lagt var til að þessi grein félli brott úr stjórnarskránni, þ.e. heimildin til að setja bráðabirgðalög.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þá tillögu en ég vil aðeins fá að vitna í umræðuna sem þá fór fram, aðeins eina setningu sem sýnir kannski hver afstaða manna var á þeim tíma til þessarar breytingar á stjórnarskránni. Þá sagði hv. þm. Ólafur G. Einarsson, sem þá var formaður þingflokks Sjálfstfl., núv. hæstv. menntmrh., að hann væri þeirrar skoðunar að afnema ætti með öllu heimild ríkisstjórnarinnar til setningar bráðabirgðalaga og í þessari umræðu vitnaði hann til sinnar eigin ræðu sem hann hafði haldið nokkru áður og vil ég, með leyfi forseta, fá að lesa það. Ég tek hérna inn úr miðri setningu:

„...ég vil hins vegar stíga skrefið til fulls og afnema algerlega heimildina til að gefa út bráðabirgðalög."

Þarna var hann að vitna í sjálfan sig í umræðum um þrengingu á þessari heimild sem margoft hefur verið flutt tillaga um. Það var því alveg greinilegt að einn af núv. ráðherrum ríkisstjórnarinnar hefur þessa skoðun og ég man ekki betur en sú skoðun hafi verið studd af mörgum hv. þm. Sjálfstfl. á þeim tíma. Þetta vildi ég nefna, virðulegur forseti.

Ég minnist þess líka að á síðasta kjörtímabili voru sett lög á BHMR sem hér hefur margoft verið vitnað til og ætla ég ekki að endurtaka það svo mikið sem vitnað hefur verið til umræðna á þeim tíma en það er skemmst frá því að segja að þingmenn Sjálfstfl. fóru hamförum þegar bráðabirgðalög voru sett á BHMR eins og það var þá orðað. Það var af ýmsum ástæðum sem hér hafa verið raktar sem þingmenn Sjálfstfl. töldu ásamt öðrum reyndar, t.d. þingkonum Kvennalistans, að þetta væri algjör óhæfa. Ég vildi sérstaklega geta þessa vegna þess að Sjálfstfl. er í meiri hluta þeirra sem ætla núna að staðfesta þessi bráðabirgðalög eftir því sem hér er upplýst af hæstv. fjmrh.

Við breytingu á stjórnarskránni sem var gerð á síðasta ári náðist því miður ekki samstaða um að fella á brott þetta ákvæði. Þá töldu margir að nauðsynlegt væri að hafa þessa heimild inni í stjórnarskránni í neyðartilvikum. Menn töluðu þá þannig að eðlilegt væri að það væri haft inni ef um einhverjar sérstakar náttúruhamfarir væri að ræða eða eitthvað kæmi upp á

sem gerði það að verkum að ekki væri hægt að kalla Alþingi saman. Það var margoft tekið fram að það ætti við þegar ekki væri hægt að kalla saman. Ég vil aðeins fá, virðulegur forseti, að vitna örstutt í ræðu hv. þm. Ólafs G. Einarssonar, þáv. þingmanns, núv. menntmrh., þegar hann mælti fyrir þessu frv. Þá sagði hann, með leyfi forseta:

„Þá sé þingfundum frestað til loka þingársins með því skilyrði að það sé kallað saman ef nauðsyn krefur, t.d. til þess að afgreiða aðkallandi löggjöf að ósk ríkisstjórnarinnar eða efna til mikilvægra umræðna."

Síðan rekur hann þetta enn frekar og segir aðeins síðar: „Þessa breytingu [þ.e. að Alþingi sitji allt árið] ber að nokkru leyti að tengja þeirri umræðu sem verið hefur um bráðabirgðalög nú upp á síðkastið." Það er því greinilegt að þegar mælt var fyrir þessu frv. var það skilningur þeirra sem studdu frv. og þeirra sem mæltu fyrir því að það væri verið að þrengja verulega heimildina til þess að setja bráðabirgðalög og það væri túlkun löggjafans að það ætti ekki nema í algerum undantekningartilvikum að setja bráðabirgðalög þegar ekki væri hægt að kalla saman Alþingi af einhverjum ástæðum. Ég vil því líta svo á að ríkisstjórninni hafi alls ekki verið heimilt að setja þessi bráðabirgðalög sem við erum nú að ræða. Ég tel að það sé ótvírætt skilningur allra þeirra sem studdu frv. og það var minn skilningur. Ég gerði sérstaka grein fyrir því að mér þætti slæmt að það skyldi ekki vera hægt að ná samstöðu um að breyta þessu, að fella heimildina algerlega í burtu, en taldi að þar sem þessum skilning væri haldið til haga mundi ég styðja frv.

Ef við lítum aðeins yfir þetta mál og feril þess í sumar og veltum fyrir okkur hvort aðstaða hafi verið þannig að ekki hafi verið hægt að kalla saman Alþingi, það hafi borið svo brátt að að setja varð þessi lög á svo stuttum tíma, vil ég aðeins benda á að 26. júní birtist úrskurður Kjaradóms og síðan hófust miklar umræður hér í þjóðfélaginu. Þann 30. júní sagði hæstv. forsrh. í fleiri en einum fjölmiðli, ég hef hér úrklippu úr DV, að það sé hugsanlegt að kalla Alþingi saman. Það er því greinilegt að strax 30. júní telur hæstv. forsrh. að það sé eðlilegt og komi vel til greina að Alþingi komi saman til að fjalla um þennan úrskurð Kjaradóms og þá hugsanlega að setja einhver lög í því sambandi eins og ríkisstjórnin virtist vera að hugsa um. Þann 3. júlí kemur fram hjá hæstv. forsrh. í Morgunblaðinu þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Davíð forsætisráðherra segir að ríkisstjórnin hafi aldrei útilokað þann möguleika að Alþing verði kallað saman vegna úrskurðar Kjaradóms."

Daginn eftir, þann 4. júlí — það var 3. júlí sem bráðabirgðalögin voru gefin út — er haft eftir forsrh. í Morgunblaðinu að það hefði verið talið nauðsynlegt að setja þessi bráðabirgðalög þar sem þeir sem hefðu sett fram óskir um að þing kæmi saman hefðu haft mismunandi leiðir í huga sem erfitt hefði verið að ná samstöðu um. Ég veit ekki betur en það hafi komið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar að hún teldi að meiri hlutinn væri fyrir þeirri leið sem hún fór. Þá skiptir auðvitað engu máli þó að þeir flokkar, sem eiga sæti á Alþingi, hafi haft mismunandi leiðir í huga. Það er ekki endilega nauðsynlegt að allir séu sammála á þingi, menn geta haft mismunandi skoðanir. Ef ríkisstjórnin taldi sig hafa meiri hluta að baki átti hún auðvitað að kalla saman þing og gera þær ráðstafanir sem hún taldi nauðsynlegar í krafti þess að meiri hluti alþingismann stæði að baki ríkisstjórninni í þessu máli. Ég tel því nauðsynlegt að Alþingi taki sig til og afnemi heimildina til handa ríkisstjórninni til að setja bráðabirgðalög vegna þess að það er mjög óeðlilegt að fram hjá Alþingi sé gengið með þeim hætti sem gert var og allsendis óeðlilegt að kalla ekki saman Alþingi, sem nú starfar allt árið. Hægt hefði verið að gera með mjög stuttum fyrirvara til þess að afgreiða mál sem að mati ríkisstjórnarinnar eru svo brýn að hún telur jafnvel eðlilegt að setja bráðabirgðalög með þeim dæmalausa hætti sem gert var síðasta sumar.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Mér finnst afar dapurlegt að þessi umræða skuli fara fram eins og raun ber vitni en það er auðvitað vegna þess að tilefnið er dapurlegt. Mér finnst það ákaflega dapurlegt að við alþingismenn skulum standa í þeim sporum að vera að ræða bráðabirgðalög sem hafa verið sett með þeim hætti sem hér um ræðir.

Mig langar til að fara örfáum orðum um aðdragandann að þessu máli og hvernig það snýr að mér sem þingmanni. Á fáeinum þingflokksfundum á liðnum missirum hafa farið fram umræður um launamál, a.m.k. í mínum þingflokki. Ég geri ráð fyrir því að það hafi gerst í fleiri þingflokkum. Þegar fór að líða að miðjum vetri taldi ég að það mál væri úr sögunni og þegar samningar um raunverulega framlengingu á þessum svokölluðu þjóðarsáttarsamningum lágu fyrir taldi ég að breyting á kjörum alþingismanna væri úr sögunni í bili. Það kom mér þess vegna mjög á óvart þegar kjaradómur birtist þjóðinni.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel að það geti ekki hafa gerst án vitundar ráðamanna í ríkisstjórninni að Kjaradómur fjallaði um þessi mál og ég tel að það hljóti að hafa verið af einhvers konar vanrækslu af hendi fjmrn. að ekki var brugðist við í tíma því að það er engin spurning í mínum augum að Alþingi átti að taka þátt í þjóðarsáttinni. Það átti að fresta öllum leiðréttingum á launum alþingismanna sem annarra. En það er auðvitað ekki það sama og að setja lög í landinu að gera samninga á almennum vinnumarkaði og aðilar vinnumarkaðarins hafa ekki lögsögu yfir öðrum farvegum sem kjör í landinu fara um. Allt frá því að þessir samningar voru gerðir hafa samningaviðræður farið fram milli ýmissa launahópa sem hafa yfirleitt allar endað með því að menn hafa farið nokkurn veginn eftir forskriftinni sem var gefin í kjaradeilunni eða sem sagt í framlengingunni á þjóðarsáttinn í vetur leið. En það hefur þó aldrei farið á milli mála að samningsrétturinn er samningsaðilanna á vinnumarkaðinum og það er þess vegna engin lögsaga sem þeir geta tekið sér þó að víðtækur samningur sé gerður.

Það sem ég er að segja er það að ég veit að fjmrn. fylgdist vel með og vissi vel hvað var að gerast á meðan Kjaradómur fjallaði um þann dóm sem var kveðinn upp í fyrra skiptið í vor. Það þurfti að kveða upp nýjan dóm t.d. vegna þess að launamál presta voru komin undir Kjaradóm og vegna hinna nýju dómaraembætta sem þurfti að staðsetja í kerfinu. Fjmrn. vissi eins og ég sagði áðan mjög vel hvað var að gerast. Það er mér þess vegna óskiljanlegt hvers vegna það var ekki lagt fram frv. á þeim tíma sem verið var að fjalla um þessi mál sem hefði átt að geta verið með svipuðum hætti og bráðabirgðalögin sem ríkisstjórnin setti seinna. Ef það hefði verið gert, þá hefðu menn ekki lent í þessari vitleysu sem ég vil kalla sem bráðabirgðalagasetningin hefur komið af stað.

Þegar kjaradómur birtist urðu auðvitað mjög hörð viðbrögð í þjóðfélaginu vegna þess að almenningur í landinu leit á þjóðarsáttarsamningana sem eins konar vopnahlé í kjaramálum og að allir ábyrgir aðilar í þjóðfélaginu hlytu og yrðu að taka þátt í þessu vopnahléi, þ.e. það yrði enginn samningur gerður sem færi fram úr því sem samið var um í þjóðarsáttarsamningunum. Þessi hörðu viðbrögð urðu til þess að það fór smám saman að renna upp fyrir ríkisstjórninni að eitthvað þyrfti að gera og niðurstöðuna þekkjum við. Niðurstaða ríkisstjórnarinnar varð sú að velja þá leið að setja bráðabirgðalög. Ég ætla ekki að fara að lengja umræðuna með því að ræða um það mál. Ég tel að það hafi verið rangt að setja bráðabirgðalögin. Það hefði átt að kalla þingið saman og vísa til rökstuðnings annarra sem hér hafa talað á undan af því tilefni. En það sem ég vildi ræða er hvert framhaldið var.

Eftir að bráðabirgðalögin höfðu verið sett varð Kjaradómur auðvitað að kveða upp nýjan úrskurð vegna þess að í bráðabirgðalögunum stendur að Kjaradómur eigi að kveða upp nýja úrskurði. En hver átti sá úrskurður að vera? Eftir hverju átti Kjaradómur að fara og hvað stóð í bráðabirgðalögunum um það? Hvað var þetta nýja sem Kjaradómur átti að taka inn í sína skoðun á launamálum? Jú, það er ósköp skýrt og einfalt. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Enn fremur skal Kjaradómur við úrlausn mála taka tillit til stöðu og þróunar kjaramála á vinnumarkaði, svo og efnahagslegrar stöðu þjóðarbúsins og afkomuhorfa þess.

Telji Kjaradómur ástæðu til að gera sérstakar breytingar á kjörum einstakra embættismanna eða hópa skal þess gætt að það valdi sem minnstri röskun á vinnumarkaði."

Ég hefði talið að það væri nokkuð augljóst að niðurstaðan af þessari lagasetningu væri einföld og skýr, þ.e. að niðurstaða Kjaradóms hefði átt að vera að það hefðu orðið það litlar breytingar á launum á almennum vinnumarkaði frá því að þessi lög tóku gildi og þangað til úrskurður var kveðinn upp að ekki væri ástæða til að gera breytingar frá fyrri úrskurði. Grundvöllur þessarar lagasetningar sem hér er til umræðu hlýtur að hafa verið sá veruleiki sem var orðinn og allt tal um að miða við einhverja hluti sem eru fyrr í tímanum, sem sagt áður en þessi lög tóku gildi, hlýtur að vera tal um það að víkja frá grundvallarreglunum sem liggja á bak við það að virða lög í landinu. Það er sem sagt mín skoðun að niðurstaða Kjaradóms, sem þeir sem hann skipa voru nánast hraktir út í að koma með, hafi verið brot á sjálfum bráðabirgðalögunum vegna þess að þau eru skýr. Það er tekið fram að það eigi að taka tillit til þeirra atriða sem ég las upp áðan. Það er ekkert sem segir í sjálfum lögunum um það að þau eigi að gilda aftur í tímann. Það er líka brot á eðlilegum reglum í samfélaginu að lög gildi aftur í tímann og það, sem kemur fram í tilkynningunni frá forseta Íslands, að lögin séu sett vegna tveggja úrskurða sem Kjaradómur kvað upp 26. júní og það standi sem sagt til og eigi að breyta raunverulegum niðurstöðum, er að mínu viti mistök. Ég álít að það séu alger mistök frá hendi löggjafans að gefa út lög og að útskýra þau með þeim hætti að það sé ætlast til þess að þau virki aftur fyrir sig.

Ég verð að segja það alveg eins og er að ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með það hvernig þetta mál hefur gengið fyrir sig og ég tel að full ástæða sé til að ræða það hvar ábyrgðin liggur í málinu. Ég hef því miður komist að þeirri niðurstöðu að ábyrgðin liggi hjá fjmrn. vegna þess að það var sá aðili sem fylgdist með og vissi hvað var að gerast hjá Kjaradómi. Það var það sem aðvaranir áttu að koma. Það var örugglega fyrir fram vitað ef menn hefðu haft áhuga á því að fylgjast náið með, þá var það fyrir fram vitað nokkru áður en dómur var kveðinn upp hvað mundi gerast. Fjmrn. var beinn aðili að málinu vegna þeirra embættismanna sem þarna var verið að fjalla um og þaðan áttu aðvaranirnar að koma til ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnin átti að sjá til þess að lög væru sett áður en slysið varð. Það var ekki gert. Mér finnst það íslensku löggjafarvaldi til skammar að koma síðan eftir á með lagasetningu sem ætlast var til að dómstóll tæki gilda og Kjaradómi var raunverulega ætlað að skera ríkisstjórnina niður úr snörunni og ekki bara ríkisstjórnina heldur líka okkur alþingismenn vegna þess að okkur hafði sést yfir það að til þess að vera raunverulegir aðilar að þjóðarsáttinni urðum við að setja stíflur í þá farvegi sem önnur launamál voru að fara um í þjóðfélaginu. Það gerðum við ekki. En við ætlum að bjarga okkur á kostnað þingræðisins með því að setja bráðabirgðalög sem standast ekki eðlilega skoðun. Það var engin boðleg leið til baka, því miður. Og ef þingið hefði komið saman til að ræða málið eins og eðlilegt var hefðu menn kannski getað komist a.m.k. að þeirri niðurstöðu að þeir yrðu að axla þá ábyrgð sem hafði lagst á herðar þeirra meðan þeir sváfu á verðinum.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er fyrst og fremst vegna þess að minnst hefur verið á vanrækslu fjmrn. sem ég vil taka það skýrt fram að fjmrn. hefur ekki afskipti af þessum málum. Fulltrúi fjmrn. gerir ekki fjrmn. grein fyrir því hvað kemur fram á fundum Kjaradóms og reyndar tilkynnti hann ráðherra sem er eðlilegt að hann dæmdi eftir lögum. Ég vil að þetta komi mjög skýrt

fram. Þetta hafði reyndar komið fram áður að hann er ekki fulltrúi fjmrh. í þeim skilningi að hann gangi erinda hans í dómnum.

Í öðru lagi þá voru lögin að sjálfsögðu ekki afturvirk. Það var greiddur út einn mánuður samkvæmt kjaradómsniðurstöðunni fyrri. Loks spyr ég hv. þm. hvort honum sé alvara þegar hann segir að ríkisstjórnin eða löggjafinn hefði átt að bregaðst við fyrr og setja lög sem kæmu í veg fyrir að kauphækkun yrði meiri en kom fram á almenna vinnumarkaðinum því að slík löggjöf hefði þá orðið að taka til BHMR líka en samningar þeirra eru lausir. Og ég spyr hv. þm., er það svo að hann telji að ríkisstjórn og Alþingi hefðu átt að setja lög sem kæmu í veg fyrir kauphækkanir umfram 1,7% og þá verður hann jafnframt að svara því hvort þau lög hefðu átt að ná til þess hóps sem hefur lausa samninga og hafði lausa samninga þá og reyndar hefur enn þá lausa samninga í dag. Mér finnst að þetta þurfi að koma hér skýrt fram í þessari umræðu.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. fjmrh. sagði að fjmrn. hafi ekki afskipti af því sem Kjaradómur væri að aðhafast. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég veit ekki hvaða orðalag menn vilja hafa um samskipti fjmrn. og Kjaradóms en ég efast ekkert um að þau samskipti hljóta að þurfa að vera töluvert mikil þar sem Kjaradómur er að fjalla um launamál embættismanna ríkisins og hann hlýtur að þurfa að sækja æðimiklar upplýsingar til fjrmn. og starfsmanna þess þannig að ég vísa því á bug að það sé ekki samband þarna á milli sem hafi gefið fjmrn. nægilegar upplýsingar um það hverju menn ættu von á og þess vegna hafi fjmrn. átt að geta brugðist við.

Hæstv. fjmrh. sagði líka að þessi lög væru ekki afturvirk vegna þess að menn hefðu borgað út eftir þeim í heilan mánuð. Það finnst mér einkennilegur skilningur. Lögin eru vitanlega jafngildi afturvirkni þar sem Kjaradómur leit á þau þannig að þau gæfu forskrift um það að það ætti að sækja viðmiðanir aftur í tímann, aftur fyrir gildistöku laganna til þess að ákveða hvaða laun ættu að gilda fyrir þá embættismenn sem þarna um ræðir. Ég skil ekki hvað er afturvirkni ef það er ekki það að þurfa að fara aftur fyrir tíma laganna til að sækja þessar viðmiðanir.

Í þriðja lagi vil ég svo segja það ... (**Forseti:** Ræðutími hv. þm. er úti og bið ég hann um að ljúka máli sínu.) Virðulegur forseti. Það skal ég bara gera nú þegar.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil eindregið gefa hv. þm. tækifæri til að svara þeirri fyrirspurn sem kom frá mér og hefur mikla þýðingu fyrir framhald umræðnanna. Er það skoðun hv. þm. að það hefði átt að setja lög til þess að tryggja að þeir samningar sem gerðir voru á milli aðila vinnumarkaðarins, ríkisins og BSRB giltu fyrir alla? Og ef þau lög átti að setja fyrr áttu þau lög þá að ná ekki einungis til kjaradómsmanna heldur einnig til þeirra sem höfðu lausa samninga? Það má vera að ég hafi misskilið hv. þm. en mér fannst koma fram í máli hans að fjmrn. hefði ekki brugðist nægilega fljótt við og hefði á fyrri stigum málsins átt að setja saman lagafrv. og fá það í gegn. Því spyr ég: Hvert átti að vera efni þeirra laga, því ég held að það sé mikilvægt fyrir framhald umræðunnar.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að efni þeirra laga sem hefði átt að setja hefði vel mátt vera það sem er í þeim lagatexta sem nú liggur fyrir og það hefði þá gert það gagn sem menn ætlast til af þessum lagatexta. Hins vegar tel ég að það hafi verið fullkomlega umræðuvert hvort Alþingi hefði átt að beita sér fyrir almennri lagasetningu sem miðaði að því að einhvers konar vopnahlé yrði á launamarkaðnum öllum þann tíma sem sá samningur stendur sem gerður var á almennum launamarkaði. (**Fjmrh.:** Setja 1,7% í lög? Það hefði vel mátt ræða það þegar þing hefði komið saman til að ræða þessi lög. Ég er ekki að segja að það hefði orðið niðurstaðan en ég tel fulla ástæðu til að skoða það.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Þau rök hafa verið færð fram af hálfu ríkisstjórnarinnar, ráðherra í ríkisstjórninni, að þing hafi ekki verið kallað saman í sumar til að fjalla um úrskurð Kjaradóms vegna tímaskorts. Það hafi ekki gefist tími til þess að kalla þingið saman og eyða þeim tíma í þingstörf sem þeir töldu þingið þurfa og þess vegna hefði þingið ekki verið kallað saman. Ég hjó sérstaklega eftir því í ræðu hæstv. fjmrh. að hann kom með þau rök, sem út af fyrir sig eru athyglisverð, að ekki fari saman hér í þingstörfum ótakmarkaður ræðutími og takmarkaður fundatími. Og ég skal játa að ég hef hugsað svolítið um þetta síðan fjmrh. sagði þetta og ég get verið honum sammála um það að þetta tvennt fer að mörgu leyti afskaplega illa saman og gerir það að verkum að þetta svokallaða málfrelsi, sem ríkir hér í þingsalnum og á að ríkja hér í þingsalnum, verður oft og tíðum það sem má kalla hálfgert frekjufrelsi. Hér verður oft ríkjandi nokkurs konar frumskógarlögmál sem við verðum öll sem hér erum að lifa við og lifa eftir hvort sem okkur líkar það nú betur eða verr. Það er vandmeðfarið, frelsið, og þó að maður hafi frelsi til einhverra hluta er ekki þar með sagt að maður eigi að nýta sér það til hins ýtrasta. Maður þarf sjálfur að skynja hvar mörkin liggja og hvenær maður á sjálfviljugur að setja sínu eigin frelsi ákveðnar skorður. Þetta finnst mér stundum vanta upp á hér í þingsalnum þannig að ég get út af fyrir sig tekið undir þau rök. Hins vegar held ég að tímaskortur hafi ekki verið ástæða fyrir bráðabirgðalagasetningunni í sumar og svokölluð málgleði þingmanna hafi ekki verið það sem hamlaði að þing væri kallað saman.

Ég vil benda á að það leið langur tími frá því að bráðabirgðalögin voru sett og þar til Kjaradómur kom saman. Fulltrúar í Kjaradómnum voru sumir hverjir í fríi og svo virtist sem þeir væru ekkert að flýta sér til baka og það leið eins og ég segi langur tími, ég man

ekki hversu langur hann var, frá því að bráðabirgðalögin voru sett og þar til Kjaradómur kom saman. Á þeim tíma vil ég fullyrða að þingmenn hefðu getað talað frá sér allt vit ef því hefði verið að skipta og notað þennan tíma til þess og komist að einhverri niðurstöðu í lokin um þetta mál. Ég tek það því ekki sem gild rök að það hafi verið tímaskortur og það hafi verið málgleði þingmanna að kenna að ekki var hægt kalla saman þing í sumar. Ég held að ástæðan sé allt önnur. Ég held að ástæðan sé sú að ráðherrarnir vildu stilla sínum eigin þingmönnum andspænis gerðum hlut. Þeir treystu ekki sínum eigin þingmönnum til að koma hér til fundar og fjalla um úrskurð Kjaradóms og standa að lagasetningu og vildu þess vegna setja bráðabirgðalög og stilla þingmönnum sínum andspænis gerðum hlut. Ég held að þeir hafi ekki viljað sleppa þingmönnum sínum lausbeisluðum í þetta mál vegna þess að þeir vissu það sem við vissum öll að þingmenn voru mjög ósáttir við að setja lög á úrskurð Kjaradóms og þó að þeir segðu það ekki margir upphátt þá voru mjög margir ósáttir við það og menn töluðu um það sín á milli og það væri eins og hver önnur hræsni að viðurkenna það ekki. Og það átti alveg jafnt við um stjórnarþingmenn sem stjórnarandstöðuþingmenn. Menn geta síðan verið þeirrar skoðunar að það hafi verið nauðugur einn kostur að gera þetta en ekki voru þeir ánægðir með það, a.m.k. þegar þeir áttu hér tveggja manna tal saman í húsinu.

En eins og ég segi, menn hafa getað verið þeirrar skoðunar að það væri nauðugur einn kostur að gera þetta og ég ætla ekki að dvelja lengur við bráðabirgðalögin í sjálfu sér, þ.e. formið sem ríkisstjórnin valdi sér til að taka á úrskurði Kjaradóms. Það hefur verið gert hér á undan og ég ætla ekki að dvelja við það heldur ætla ég aðeins að dvelja við inntak bráðabirgðalaganna. Í fyrsta lagi var ríkisstjórninni auðvitað mikill vandi á höndum vegna þess að viðbrögðin voru mjög hörð. Viðbrögðin í samfélaginu voru mjög hörð við úrskurði Kjaradóms og það er kannski ekkert mjög skrýtið vegna þess að núverandi ráðamenn og ráðamenn á undan þeim hafa staðið gegn hvers kyns launahækkunum, kauphækkunum og leiðréttingum og fólk hefur ekki getað sótt neitt slíkt til þessara manna og þess vegna vaknar auðvitað upp mikil reiði hjá almenningi þegar þeir fyrstu til að fá leiðréttingu sinna launa eru kannski þessir sömu ráðamenn og hafa staðið þversum fyrir öllu slíku í langan tíma. Viðbrögðin eru skiljanlega hörð en þau og það hvernig tekið var á þeim einstaklingum, sem sitja í Kjaradómi, eru líka um leið þannig að verið er hengja boðbera slæmra tíðinda því að Kjaradómur gerði það sem honum bar að gera skv. 6. gr. þágildandi laga eins og segir:

„Við úrlausn mála skal Kjaradómur gæta innbyrðis samræmis í launum þeim sem hann ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar."

Og það var það sem Kjaradómur gerði. Hann fór og kannaði hver væru laun þeirra sem geta talist sambærilegir með tilliti til starfa og ábyrgðar og hann komst náttúrlega að því að þau laun eru svo miklu hærri en launin t.d. hjá þingmönnum og ráðherrum svo að við tölum nú hreint út úr pokanum. Þó að við, þingmenn og ráðherrar, höngum ekkert á horriminni og sé engin vorkunn miðað við marga í þessu samfélagi þá eru kannski þessir hópar samt sem áður í stjórnkerfinu eins og taxtavinnufólkið er á almennum markaði, þ.e. það eru ákvörðuð laun þessara hópa og það er ekkert greitt umfram það. Það er alveg eins og hjá taxtavinnufólkinu á almenna vinnumarkaðinum. Það fær laun samkvæmt þeim töxtum sem í gildi eru og ekkert umfram það. Og þess vegna hefur myndast þessi gjá t.d. milli taxtavinnufólks og hópa sem geta skammtað sér laun sjálfir og milli þingmanna og ýmissa aðila í stjórnkerfinu sem geta að ýmsu leyti skammtað sér laun eða bætt launin sín upp með yfirvinnu og álagsgreiðslum.

Við vitum það að yfirborganir af öllu tagi eru alþekkt fyrirbæri og þær eru sérstaklega þekkt fyrirbæri hjá körlum í stjórnunarstöðum því að hvergi eru þær eins tíðkaðar og þar. Og við þurfum ekki annað en kíkja á lífskjarakannanir sem gerðar eru. Það var t.d. unnin lífskjarakönnun fyrir BSRB árið 1990, 25. okt. 1990. Þar kemur fram að ef litið er á félagsmenn BSRB og ASÍ þá taka 87,7% karla innan BSRB laun samkvæmt töxtum og 89,7% kvenna. Þetta eru opinberir starfsmenn í BSRB. Hjá ASÍ taka 41,8% karla laun samkvæmt töxtum og 62,6% kvenna. Þetta segir samt ekki alla söguna vegna þess að fólk innan ASÍ er mjög missett. Það er mikill launamunur innan ASÍ eins og víða annars staðar og ef við lítum á ASÍ og skoðum hvaða starfshópar þar fá greitt samkvæmt taxta þá eru það 60,6% af almennum starfsmönnum sem fá greitt samkvæmt taxta en aðeins 21,9% af deildastjórum og hærri yfirmönnum. 45% af deildarstjórum og hærri yfirmönnum eru með samning án taxta, þ.e. þeir eru með einstaklingsbundinn samning við sinn atvinnurekanda. Þetta er veruleikinn sem blasir við okkur á vinnumarkaðinum. Og það var í rauninni þetta sem opinberaðist svo hræðilega í úrskurði Kjaradóms.

Ég sagði áðan að það hefði ekki um langt árabil mátt hrófla við töxtum og ríkisvaldið og atvinnurekendur hafa ekki síst staðið gegn slíku. Það hefur svo sem verið reynt að sækja leiðréttingar en þær hafa ekki fengist. Afleiðing þess að ekki hefur fengist leiðrétting á lægstu launum og hækkun taxtakaups hefur verið aukinn launamunur í samfélaginu og ekki síst aukinn launamunur milli karla og kvenna vegna þess eins og ég lýsti áðan að konur taka fyrst og fremst laun samkvæmt töxtum. Þjóðhagsstofnun gerði úttekt á dreifingu atvinnutekna frá 1986–1990 og þar kemur fram að tekjumunur eykst öll þessi ár og það er einmitt á þessum árum sem alltaf er verið að reyna að frysta launin, halda launatöxtunum niðri.

Í þessari frétt frá Þjóðhagsstofnun kemur fram að tekjuójöfnuður hafði aukist einkum á milli áranna 1989 og 1990 og síðan var þjóðarsáttin frysting á því en þá færðist um 0,9% af tekjunum frá tekjulægri helmingnum til hins tekjuhærri. Í krónum talið nemur tilfærslan tæpum 950 millj. kr.

Menn hafa talað um þjóðarsáttina og nefnt að hún hafi verið einhvers konar vopnahlé sem þingmenn hefðu líka átt að taka þátt í. Mér finnst auðvitað alveg sjálfsagt að þeir þingmenn og þeir ráðamenn sem hvað ákafast hafa prísað þessa þjóðarsátt og talið hana af hinu góða geri það og lýsi auðvitað mórölskum stuðningi við það að halda þingmönnum líka í frosti og ráðherrum og öðrum mönnum. Ég get hins vegar ekki tekið þátt í því að prísa þjóðarsáttina vegna þess að þjóðarsáttin var í raun og veru frysting á slæmu ástandi og frysting á ákveðnum launamun. Ég get ekki tekið þátt í að prísa hana og talað hér fyrir því að allir hefðu átt að taka þátt í þjóðarsátt. Það er ekki mín skoðun.

Það er kannski dálítið athyglisvert að standa í þessari umræðu um bráðabirgðalögin og um nýtt frv. um Kjaradóm og kjaranefnd með einmitt nýjar upplýsingar í höndunum um laun æðstu manna í stjórnkerfinu, atvinnulífi og viðskiptum sem hafa verið að dynja á okkur á undanförnum dögum. Maður hlýtur auðvitað að spyrja sig — af því að talað hefur verið um þjóðarsáttina sem vopnahléi. Tóku þessir menn þátt í því vopnahléi? Það þarf enginn að segja mér að þeir hafi gert það. Það kemur þá a.m.k. ekki fram í krónum og aurum og sá launamunur, sem við blasir þegar maður les þessar kannanir, er vandamálið sem við blasir, það er vandamálið sem við þurfum að taka á. Ef við lítum á þessa forstjóra þá hafa þeir tekjur upp á milljón og 1,2 millj. kr. á mánuði. Þeir eru með sexföld þingmannalaun og þeir eru með timmtán- ef ekki tuttuguföld lágmarkslaun. Þetta er launamunur sem er ekki hægt að þola og það er bara siðferðilega rangt að taka þessi laun í samfélaginu í dag, ég tala nú ekki um að taka laun af þessu tagi í ríkisfyrirtæki, í ríkisreknum bönkum. Tökum Landsbankann, Seðlabankann eða Búnaðarbankann sem dæmi. Það er siðferðilega rangt að þeir sem eru í stjórnunarstöðum í þessum bönkum séu með frá 800 þús. og upp í milljón á mánuði. Það er ekki hægt að sætta sig við það. Og það er þetta vandamál sem við verðum að taka á, það er þessi launamunur sem gerist m.a. vegna tvískinnungsins í samfélaginu. Það má aldrei hrófla við taxtakaupi, það má aldrei hreyfa það og meðan leika þeir lausum hala til að geta samið fyrir sig sjálfir. Þetta er vandamálið sem við blasir og vandamál sem mér sýnist að með því frv., sem hér liggur fyrir og verður væntanlega rætt á eftir, að ekki eigi að taka á, heldur á nú bara eina ferðina enn að sópa öllu undir teppið með nýjum lögum. Næsta skref á að verða það að þingmenn og ráðherrar eigi eins og allir aðrir að fá greidd föst laun og svo eitthvað sem heitir önnur laun. Það má, og ég hef ekki heyrt nein sérstök mótmæli eða reiði yfir því í samfélaginu að það skuli eiga að koma á slíku kerfi. Nei, það er allt í lagi því að þannig er það hér fyrir utan svo að þingmenn mega vera með í þeim leik. Og ætli það yrði þá ekki leiðin sú til þess að reyna að bæta kjör þingmanna og til þess að sigla nú lygnan sjó og fá engar reiðiöldur á móti sér, að hreyfa aldrei föstu launin heldur bara það sem heitir önnur laun? Það verður leikurinn sem verður leikinn og þannig er hægt að viðhalda tvískinnungnum.

Þetta ætlaði ég að hafa mitt innlegg í þessa umræðu að sinni hvort sem maður blandar sér í hana á síðari stigum eða ekki.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Það var ekki hugmyndin að halda langa ræðu í lok þessarar umræðu. Það eru fleiri mál hér á dagskrá sem tengjast þessu dagskrármáli og mér sýnist full ástæða til þess að færa þá umræðu hér inn sem af því getur hlotist að flutt sé framsöguræða um það mál.

Ég vil þó vegna umræðunnar, sem hér hefur átt sér stað í dag, segja frá því að eftir því sem mér sýnist þá hefur ekkert komið fram í þessari umræðu sem bendir til þess að útgáfuréttur bráðabirgðalaga sé annar eða öðruvísi en hann var áður en síðasta stjórnarskrárbreyting átti sér stað. Mér er kunnugt um það eins og margoft hefur komið fram í ræðum þingmanna að þau sjónarmið voru uppi þegar stjórnarskránni var breytt síðast og reyndar þingskapalögum að þrengja ætti rétt til að gefa út bráðabirgðalög en niðurstaðan varð ekki sú. Þvert á móti, eins og skýrt og greinilega kemur fram í frv. til breytinga á stjórnskipunarlögum, var stjórnarskránni breytt til þess að hægt sé að gefa áfram út bráðabirgðalög. Það er beinlínis tilgangur breytingarinnar að tryggja að ríkisstjórnin geti áfram gefið út bráðabirgðalög. Þetta kann að þykja nokkuð undarlegt en þannig er það samt því að ef stjórnarskrárákvæðið í 28. gr. hefði verið óbreytt hefði verið útilokað fyrir ríkisstjórnina að gefa út bráðabirgðalög vegna þess að gamla stjórnarskrárákvæðið var á þann veg að einungis mætti gefa út bráðabirgðalög á milli þinga. En með breytingum, sem urðu á stjórnarskránni um þingtímann, var enginn tími á milli þinga. Til að tryggja að ríkisstjórnir gætu gefið út bráðabirgðalög var stjórnarskránni breytt og ég bið hv. þm. að athuga þessi orð mjög gaumgæfilega vegna þess að það kemur skýrt fram í greinargerð með þessari breytingu að tilgangurinn var ekki að breyta skilyrðum til útgáfu laganna.

Önnur spurning, sem nokkuð hefur verið til umræðu, er sú hvort ríkisstjórninni hafi borið að kalla þingið saman. Ég er einn í hópi þeirra sem telja að það eigi að breyta lögum á þann veg að auðveldar sé við þau skilyrði sem komið geta upp í þjóðfélaginu að grípa þurfi til löggjafar með tiltölulega skömmum fyrirvara að auðvelda það með því að lög séu á þann veg að tryggt sé að slík frumvörp, sem kæmu væntanlega frá ríkisstjórn, gætu fengið umfjöllun á hinu háa Alþingi á tiltölulega skömmum tíma. Í framsöguræðu minni minntist ég á að í Danmörku er yfirleitt einn dagur látinn nægja til þess á mjög fjölmennri löggjafarsamkomu. Því miður eru lög hér á landi ekki á þann veg.

Alþingi kom sama hinn 17. ágúst í sumar. Ég vona að ég fari rétt með en mér skilst að það sé ekki búið að vísa einu einasta máli til nefndar. Í dag er 8. september og ég tek undir það sem kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns þar sem hann fjallaði um þennan kafla ræðu minnar að þetta er vandamál sem stöndum frammi fyrir og ég held að við ættum að viðurkenna

það hér í þinginu. Þjóðin sér það á hverjum degi nú þegar umræðum er sjónvarpað að umræður hér eru allt of langar og ganga oft ógreiðlega. Ég er ekki hér með að ráðast að stjórnarandstöðu frekar en öðrum heldur einungis að benda á að þetta málfrelsi er svo ríkt í okkur og við teljum það svo órofið frá öllu lýðræðinu að við gleymum því stundum að ef málfrelsinu fylgir takmarkaður fundartími getur lýðræðið snúist upp í öndverðu sína og orðið eins konar frekjuræði, svo ég minnist nú á það sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Ég viðurkenni sem sagt að um þetta megi deila og tel að umræður um slíkt séu eðlilegar.

Í umræðunni komu auðvitað fram mörg gild og góð sjónarmið sem ég ætla ekki að fjölyrða um. Ég tel að mál séu öðruvísi nú en þegar bráðabirgðalögin voru sett sumarið 1990 og gagnrýni okkar þá sé í sjálfu sér í fullu gildi í dag. Gagnrýnin þá var á þann veg að frá 1. febr. og fram til 1. maí hefði verið leikur einn, og á það var reyndar bent á þinginu, að koma fram með frv. til að breyta ef stjórnin hefði þá haft áhuga á að breyta fyrirliggjandi kjarasamningi, einkum 1. gr. í kjarasamningi ríkisins við BHMR. Það var ekki gert og það var ekki fyrr en félagsdómur féll sem ríkisstjórnin brást við með þeim hætti að setja bráðabirgðalög og gagnrýni okkar byggðist á því að þau væru sett á dóminn. Nú hefur undirréttardómur ekki fallist á þá skoðun. Hæstaréttardómur hefur enn ekki fallið en fellur væntanlega næsta haust og gæti auðvitað haft þýðingu í þessu máli eins og svo mörgum öðrum. Og reyndar er hæstaréttardómurinn merkilegur vegna þess að hann hlýtur að taka á því sem undirréttardómurinn tók á í fyrsta skipti í sögu lýðveldisins og reyndar í sögu íslensku stjórnarskrárinnar en það er að gefa í skyn að það sé ekki alfarið álit bráðabirgðalöggjafans sem ræður því hvenær brýna nauðsyn beri til. Það er gefið í skyn í undirréttardómnum að það sé hugsanlegt að dómstólar geti lagt mat á þetta. Þetta er auðvitað mikilvægt fyrir þá sem setja lög, hvort sem það eru bráðabirgðalög eða önnur lög.

Menn fjalla stundum um bráðabirgðalög með þeim hætti að þau séu eitthvað öðruvísi en önnur lög. Sannleikurinn er sá að samkvæmt ævafornum lögum, þ.e. lögum frá síðustu öld, þetta á rætur sínar að rekja til konungsvaldsins, þá hafa ríkisstjórnir haft þennan rétt á meðan þing situr ekki og það gildir einu hvort ríkisstjórnirnar eru minnihlutastjórnir eða meirihlutastjórnir og hefur í sjálfu sér enga þýðingu hvort meiri hluti þingmanna stendur að baki laganna þegar þau eru sett þó það hafi oft verið gert að kanna það. Stundum hefur ekki gefist tími til þess og ég las það upp fyrr í umræðunni hvernig sá maður orðar það sem mest hefur um þetta skrifað, en það er fyrrverandi prófessor í lögum og forsætisráðherra, Ólafur Jóhannesson, í bók sinni, mig minnir á bls. 323 — og þá er ég með nýjustu útgáfu þeirrar bókar, þ.e. sem var gefin út af Gunnari G. Schram þannig að blaðsíðutalið er án efa annað í elstu útgáfunni, þeirri sem ég las þegar ég var í skóla og hv. þm. Eyjólfur Konráð og fleiri sem tóku lagapróf við Háskóla Íslands fyrir ævalöngu síðan. En þetta er nú önnur saga.

Það sem mér þótti hins vegar athyglivert hér í umræðunni var það sem fulltrúi Alþb. sagði, hv. þm. Jóhann Ársælsson því að mér fannst hann, og ég held að ég hafi ekki misskilið hann, hann getur þá leiðrétt það, en mér fannst hann gefa það í skyn að raunverulega hefði mátt ræða það þegar þingið sat í vor eða jafnvel eftir að þingið fór heim að setja lög sem tryggðu það að ekki væri hróflað við meginstefnu þeirra kjarasamninga sem gerðir voru í apríl. Þar með finnst mér koma fram í máli hv. þm. að hann sé að gefa það í skyn að það sé eðlilegt að tryggja þá samninga með því að beita lögum á þá sem ekki höfðu gert slíka samninga, bæði þá sem taka laun samkvæmt úrskurði Kjaradóms og eins hinna sem ekki hafa enn gert samninga til að mynda við ríkið eins og BHMR. Þetta er mjög athyglisvert sjónarmið og er kannski ekkert skrýtið að það skuli vera nefnt en það er gjörsamlega á svig við það sem ég vil sjá. Því að þótt illa hafi tekist til á því sviði í mörg undanfarin ár, þá vil ég að samningarétturinn sé virtur og að menn komist að samkomulagi um kaup og kjör en að það þurfi ekki að grípa til laga. Slysið frá 1990 á að kenna okkur það, eða 1989 þegar þáv. fjmrh. gerði samning við BHMR og síðan skildu menn ákveðnar greinar í samkomulaginu með gjörsamlega ólíkum hætti og það var upphafið að því slysi sem átti sér stað sumarið 1990.

Allt öðruvísi er með þetta mál sem við erum að fjalla hér um í dag. Það hefur margoft komið fram, og ég vil ítreka það hér, að Kjaradómur leitar fanga og upplýsinga mjög víða, þar á meðal í fjmrn. hjá starfsmannadeild og starfsmannaskrifstofu fjmrn. eins og um var spurt, en það er ekki þannig að fulltrúi fjmrh., sem reyndar var nú skipaður af fyrrv. fjmrh., komi til fjmrh. og spyrji hann um það hvernig hann eigi að haga málum sínum í Kjaradómi. Þvert á móti sagði þessi fulltrúi við mig að þeir hefðu rætt þetta mál sérstaklega, einnig fulltrúi félmrh., sem reyndar skilaði sératkvæði, var í minni hluta, að þeir ættu að greiða atkvæði og fella sinn dóm eða taka sína ákvörðun kannski öllu heldur á grundvelli laganna. Og það gerðu þeir og ég er sammála því sem hér hefur komið fram að það er ekki efni til þess að gagnrýna í sjálfu sér vinnubrögð Kjaradóms. Ég get t.d. ekki sagt að þeir hafi komist að annarri niðurstöðu en lögin buðu þeim. Þvert á móti hef ég gagnrýnt það að þeir hafi látið undir höfuð leggjast árum saman að gera þennan samanburð og að fylgja lögunum, einmitt vegna þess, held ég, að mestallan tímann voru kjör bundin í lögum. Kjörin voru bundin í lögum. Það breytti hins vegar ekki því að á fáeinum dögum eftir að Kjaradómur var kveðinn upp, 26. júní, gerbreyttist staðan í þjóðfélaginu. Uppi voru mjög háværar kröfur um það, þar á meðal hjá langfjölmennustu launþegasamtökunum, að ef dómurinn yrði látinn standa krefðust þeir sömu launahækkunar og þar voru nefndar prósentutölur upp í 90% ef ég man rétt þannig að við svo búið gat ekki staðið. Ríkisstjórnin ákvað þess vegna að grípa til bráðabirgðalöggjafarvaldsins og um það hefur verið deilt hér og ég held að öll sjónarmið hafi komið mjög vel til skila.

Ég held, virðulegi forseti, að það sé ekki ástæða fyrir mig til að fjölyrða meira um þetta mál. Ég vænti þess að það geti gengið greiðlega til nefndar, en bendi hv. þm. á að í raun má halda áfram efnisumræðunni við þá umræðu sem í hönd fer að þessari umræðu lokinni því þá verður fjallað um frv. til laga um Kjaradóm og kjaranefnd sem er auðvitað náskylt mál því sem hér hefur verið til umræðu.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi túlkun á réttinum til að setja bráðabirgðalög þá stendur þar orð gegn orði. Hæstv. fjmrh. heldur því fram að með þeim lagabreytingum sem gerðar voru vorið 1991 hafi réttur ríkisstjórnar til að setja bráðabirgðalög ekki verið þrengdur, en það er ekki hægt að draga aðrar ályktanir af því sem menn hafa sagt hér en að það hafi verið ætlunin og það hefur þá hreinlega mistekist ef ríkisstjórnin telur sig hafa óskertan rétt til setningar bráðabirgðalaga.

Hins vegar er það sem skiptir máli í þessu auðvitað þetta: Hvenær ber brýna nauðsyn til? Og eins og kemur fram í bók Ólafs Jóhannessonar, Stjórnskipun Íslands, þá segir hann einmitt að menn hafi teygt sig ansi langt í að nota þennan rétt og í rauninni er ekki hægt að sjá annað af hans skrifum en menn hafi í raun og veru farið út fyrir þann ramma sem ætlaður var. Auðvitað er nauðsynlegt að ríkisvaldið hafi rétt til þess að setja bráðabirgðalög þegar brýna nauðsyn ber til. Og þá er hugsunin í þeim orðum sú að það sé einhvers konar neyðarástand sem blasir við. En það hvernig ríkisvaldið hefur aftur og aftur notað bráðabirgðalagaréttinn til þess að grípa inn í gang kjaramála er auðvitað misnotkun á þessu valdi. Mér finnst aðalatriðið vera um að ræða hér að þessi ríkisstjórn eins og sú fyrri misnotaði þennan rétt til setningar bráðabirgðalaga. Hvorki nú né 1990 var það ástand uppi að það réttlætti setningu bráðabirgðalaga.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sagt að orð standi gegn orði. Ég hef hvergi heyrt neitt koma fram hér í umræðunum og ekki heyrt neinn mæla gegn því að það stendur skýrum stöfum í greinargerð með stjórnarskrárfrv. þessi setning, með leyfi forseta: „Hér er því ekki um að ræða breytingu á þeim skilyrðum sem verið hafa fyrir útgáfu bráðabirgðalaga.“ Og að þessi breyting átti sér stað til þess að tryggja að ríkisstjórnir gætu gefið út bráðbirgðalög með sama hætti og áður, bókstaflega með þeim hætti.

Hitt er svo önnur saga hvort menn hafi hugsað sér að láta kalla þingið saman frekar en gefa út bráðabirgðalög. Ég get fallist á að það hafi verið hugmynd manna, en því miður breyttu menn þingskapalögum ekki í takt við þau sjónarmið eins og ég sýndi einnig fram á í upphafsræðu minni hér um daginn.

Þetta vildi ég að kæmi mjög skýrt fram og varðandi Ólaf Jóhannsson, þá veit ég að ef hv. þm. les kaflann eftir prófessor Ólaf Jóhannesson, þá er það alveg kristaltært hjá honum, og kemur reyndar enn betur fram hjá Bjarna Benediktssyni og Einari Arnórssyni, að þeir telja að það sé bráðabirgðalöggjafinn sjálfur sem geti einn metið það hvort brýn nauðsyn var fyrir hendi. Við getum auðvitað deilt um það hér hvort mönnum þykir svo. Það eru eingöngu dómstólar sem geta dæmt og í fyrsta skipti á sl. ári gat undirréttur þess að það kynni að fara svo að dómstólar gætu í framtíðinni metið það hvort brýna nauðsyn bar til á þeim tíma sem bráðabirgðalög voru sett.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað eðli bráðabirgðalaga að það kemur í hlut ríkisstjórnarinnar að ákveða hvenær brýna nauðsyn ber til. En okkar er rétturinn til að draga það í efa að það mat hafi verið rétt og á endanum er það Alþingi sem kveður upp úr um það hvort lögin hafi átt rétt á sér eða ekki. En það stendur í 28. gr. stjórnarskrárinnar: „Þegar brýna nauðsyn ber til getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög“, þ.e. ef Alþingi er ekki að störfum. Við erum hér að deila um það hvort það standist að ríkisstjórnin setji bráðabirgðalög með þeim hætti sem gert var nú síðast eftir að svo auðvelt er að kalla Alþingi saman sem raun ber vitni. Hér hafa nefndir verið að störfum í sumar og ég fullyrði að það hefði verið hægt að kalla Alþingi saman með örstuttum fyrirvara. En eigum við bara ekki að heita því, hæstv. fjmrh., að reyna að ráða bót á þessu og hætta þessari misnotkun á bráðabirgðalagavaldinu og kalla Alþingi saman næst þegar ríkisstjórnin telur brýna nauðsyn bera til setningar laga á þeim tíma sem þingið er ekki að reglulegum störfum?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að síðustu orð hv. þm. megi skilja á þann veg að hv. þm. sé tilbúinn til þess að setjast niður ásamt fulltrúum annarra þingflokka og ræða það hvernig við getum breytt þingsköpum þannig að það hvetji ríkisstjórnir til þess að kalla fremur þing saman en að beita bráðabirgðalöggjafarvaldinu. Ég nefndi þetta í framsöguræðu minni og ég styð þetta sjónarmið hv. þm. Ég tel að bæði þessi útgáfa og eins þær umræður sem hér hafa orðið um þessi lög hljóti að leiða til þess að hv. alþm. kanni það gaumgæfilega hvort ekki er hægt að breyta lögum þannig að við séum t.d. með lög svipuð og Danir og þyrftum hugsanlega ekki nema einn dag til þess að koma fram mikilvægri lagasetningu ef á þarf að halda.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Umræður snúast eðlilega um það atriði hvort heimilt hafi verið að beita ákvæði um bráðabirgðalög og kannski að hluta til líka hvort það væri rétt og siðlegt. Það er ekki nema hálfur sannleikur hjá hæstv. fjmrh. að vitna til greinargerðar með frv. til stjórnarskipunarlaga sem lagt var fram á 113. löggjafarþingi því að eins og ég rakti í minni ræðu, þá kom það fram af hálfu framsögumanns þess máls, hæstv. núv. menntmrh., að það var greinilega verið að

breyta hlutunum frá því sem verið hafði og m.a. tók hann svo til orða að þingfrestun væri skilyrðisbundin því að ef ríkisstjórninni þætti ástæða til að setja lög, þá bæri að kalla þing saman. Þetta var nú afstaða framsögumanns málsins sem jafnframt var talsmaður Sjálfstfl. við þessa stjórnarskrárbreytingu.

Það kom einnig fram við síðari umræðu málsins á þinginu eftir kosningar að einn af talsmönnum Sjálfstfl. tók það skýrt fram að verið væri að gera breytingar og þrengja rétt ríkisstjórnarinnar til að gefa út bráðabirgðalög. Ég ætla ekki að fara að endurtaka það sem ég rakti lið fyrir lið minni ræðu, tilvitnanir í ræður manna um þetta mál en niðurstaðan er alveg ljós: Þó að rétturinn til að gefa út bráðabirgðalög sé enn fyrir hendi, þá er það ótvíræður vilji alþingismanna að hann væri ekki notaður nema við afbrigðilegar kringumstæður.

Það kom enn fremur fram í afstöðu forustumanna Sjálfstfl. á þeim tíma sem menn fjölluðu um bráðabirgðalög á BHMR að þeir töldu að þáverandi stjórn hefði gengð of langt í því að nota bráðabirgðalagaréttinn og hefði meira að segja gengið of langt þannig að þeir væru á tæpu vaði hvað varðaði stjórnarskrána og m.a. lýsti bæði fyrrv. og núv. formaður Sjálfstfl. því yfir í þeirri umræðu að sú löggjöf stæðist ekki stjórnarskrána. Hæstv. núv. fjmrh. andmælti ekki þessari skoðun heldur fremur ítrekaði hana í þingræðu 11. des. 1990 sem ég hef vitnað til. Það er því málum blandið hjá hæstv. ráðherra að einblína í málsvörn sinni einungis á eina greinargerð í upphaflegu frv. Menn verða að taka með í lögskýringum það sem fram kemur í umræðum af hálfu framsögumanna og annarra þingmanna um málið. Og sérstök ástæða er til að taka inn í þennan skilning eða túlkun á því hvað menn voru að meina yfirlýsingar forustumanna Sjálfstfl. því að það er jú sá flokkur sem í dag er í ríkisstjórn og ráðherra úr hans röðum sem fer með þetta vald.

Það er meira að segja upplýst í grein eftir fyrrv. formann Sjálfstfl. laugardaginn 15. des. 1990 að hann sé fylgjandi því að fella bráðabirgðalagaheimildina algerlega niður. Og hann upplýsir í greininni líka að formaður Alþfl. sé sömu skoðunar þannig að báðir oddvitar núv. ríkisstjórnar hafa lýst því yfir opinberlega að þeir væru á móti því að nota bráðabirgðalagaheimildina og það bæri að fella hana niður. Mér finnst því rökin sem hæstv. fjmrh. færir fram mjög fátækleg og skýringar hans á því hvernig Sjálfstfl. getur tekið kollhnís í þessu máli eru þær að það hafi ekki verið sett inn í nýju þingskapalögin ákvæði sem tryggðu að ný lög á Alþingi yrðu afgreidd á mjög skömmum tíma eða einum degi. Þessar yfirlýsingar voru ekki settar fram af hálfu Sjálfstfl. á þeim tíma sem þessi stjórnarskrárumræða fór fram hvorki nú sl. vetur né við afgreiðslu bráðabirgðalaga BHMR. Það voru engin slík skilyrði sett fram af hálfu Sjálfstfl. að það væri forsenda fyrir því að fallast á það að bráðabirgðalagaheimildin væri algjörlega afnumin að menn gætu afgreitt lagafrv. á einum degi þannig að hér er um að ræða nýtt skilyrði sem menn setja upp eingöngu til að verja veikan málstað. Menn geta farið í gegnum þingskapalagafrv. eins og það var sett fram og séð að það urðu ekki umræður um þetta atriði hér á Alþingi.

Önnur vörn hæstv. ráðherra á breytilegri afstöðu Sjálfstfl. er sú að árið 1990 hafi verið ósiðlegt að setja bráðabirgðalög af því að menn máttu sjá fyrir niðurstöðuna og höfðu ráðrúm til að bregðast við með lagasetningu í tíma. Lögin um Kjaradóm eru ekkert ný. Þau eru frá árinu 1986 og þar eru skrifaðar inn í þau lög þær forsendur sem dómurinn á að starfa eftir. Sjálfstfl. átti þátt í því og var í ríkisstjórn þegar þau lög voru sett, þannig að ég sé ekki annað en að núv. ríkisstjórn hafi líka haft allan þann tíma sem hún þurfti til að breyta lögum um Kjaradóm áður en úrskurður féll í sumar.

Það er ekkert launungarmál að þingmenn höfðu spurnir af því að það verið væri vinna að því að undirbúa nýjan dóm með þó nokkrum fyrirvara áður en hann kom. Og ef hæstv. ríkisstjórn hefði litið á málið, athugað á hvaða forsendum dómurinn ætti að falla, þá hefði hún á síðasta þingi vel getað breytt forskriftinni til að tryggja að útkoman væri á þann veg sem hún taldi viðunandi þannig að ég tel að sömu rök eigi við um núverandi stöðu málsins.

Meginniðurstaðan úr þessum umræðum, bæði þingskapaumræðum og umræðunum um þetta frv., er sú að flokkurinn sem úthrópaði aðra flokka, sérstaklega Framsfl. og Alþb. sem væri stýrt af spilltum stjórnmálamönnum, Sjálfstfl., boðaði að hann ætlaði að taka að sér að siðbæta stjórnarfarið hér á landi. Siðbót flokksins felst í því að gefa út bráðabirgðalög á hæpnum forsendum og víkja frá viðtekinni venju um að kanna hvort þingmeirihluti er fyrir hendi áður en hann gefur út lögin. Það er siðbótin. Að gá ekki að því hvort menn hafi meiri hluta fyrir þeim bráðabirgðalögum sem þeir ætla að setja. Það kalla menn siðbót í íslensku stjórnarfari. Ég bendi á að með sömu rökum getur núv. ríkisstjórn haldið áfram og hæstv. fjmrh. staðið einn að útgáfu bráðabirgðalaga því það er ekki ríkisstjórn sem gefur út bráðabirgðalög heldur viðkomandi ráðherra. Auðvitað er venja að ráðherra ber upp í ríkisstjórn hvort fylgi sé við því að gefa út bráðabirgðalög en það er engin skylda. Það er engin skylda fremur en það er skylda samkvæmt orðum hæstv. fjmrh. að kanna hvort þingmeirihluti er fyrir því að gefa út bráðabirgðalög. Menn geta því haldið áfram siðbót sinni og endað í því að einstakir ráðherrar geta á hverju sumri gefið út þau lög sem þeim dettur í hug án þess svo mikið sem kanna það hvort nokkur stuðningur er við þau. Hér er um að ræða afturför í þessum málum en ekki framför. Staðreyndin er einfaldlega sú að hæstv. ríkisstjórn brast kjark til þess að taka málið fyrir á Alþingi. Líklega hefur hún ekki verið viss um að hafa þingmeirihluta fyrir málinu og talið réttara að gefa út lögin og láta þingmenn stjórnarliðsins standa frammi fyrir því að greiða atkvæði ekki bara um bráðabirgðalögin heldur um ríkisstjórnina. Það væri þá sú leið sem þyrfti að fara til að tryggja lögunum meirihlutastuðning á Alþingi. Það kæmi mér ekki mjög á óvart miðað við afstöðu þingflokks Sjálfstfl. til bráðabirgðalaga árið 1990 því að sá þingflokkur hlýtur að

vera andsnúinn því að beita þessu ákvæði nú eins og þá.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þennan þátt málsins, virðulegi forseti. Ég held að við komumst ekki lengra í þessari umræðu en hins vegar er fjarri lagi að málið sé útrætt á Alþingi.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eitt atriði sem kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns vil ég gera að umtalsefni. Hann segir að það megi jafna því saman að ríkisstjórninni 1990 hafi borið að setja lög á kjarasamning BHMR á tímabilinu frá 1. febr. og fram á sumar við það að núv. ríkisstjórn hafi borið að bregðast við áður en Kjaradómur kvað upp úrskurð sinn 26. júní. Þetta er auðvitað gerólíku saman að jafna. Samningar lágu fyrir 1. febr. 1990 sem stönguðust á. Ríkisstjórnin var aðili annars samningsins og eins og Félagsdómur sagði mjög skýrt frá sumarið 1990 þá átti þáv. ríkisstjórn að beita sér fyrir samkomulagi um málið og á því féll hún. Öðruvísi gegnir nú vegna þess að ekki var nokkur leið fyrir ríkisstjórnina að sjá fyrir hverjar niðurstöður dómsins urðu núna í sumar. Dómurinn hefur starfað frá 1986 án þess að taka þetta stóra skref sem stigið var með fyrri dómnum í sumar og eins og fyrr hefur komið fram í umræðunni þá hefði slík afstaða orðið til þess að ríkisstjórnin hefði orðið að setja fram lagafrv., annaðhvort á þinginu eða bráðabirgðalagafrv., um það að festa í sessi þann samning sem þá var gerður á milli BSRB og ríkisstjórnarinnar og Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins með því að festa í sessi 1,7% launahækkun. Það var auðvitað alveg út í bláinn að ríkisstjórnin gæti staðið að slíku. Þetta vil ég að komi skýrt fram vegna þess að hér er öldungis ekki hægt að jafna saman tveimur aðstæðum.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var reyndar það sem ríkisstjórnin gerði með útgáfu bráðabirgðalaganna þó að það væri orðað með dálítið öðrum hætti. Þegar menn vinsa kjarnann frá hisminu í því þá var það sem ríkisstjórnin sagði við Kjaradóm með bráðabirgðalögum: Þið eigið að dæma 1,7%. Það var nákvæmlega það sem ríkisstjórnin var að gera og markmið hennar með þessum lögum.

Það er dálítið athyglisvert þegar menn skoða seinni kjaradóm að þær breytingar á forsendum sem hann á að vinna eftir sem leiða sjálfkrafa til mismunandi niðurstöðu eru ekki fyrir hendi. Ég hallast þess vegna að því að Kjaradómur hafi einfaldlega skilið fyrr en skall í tönnum hvað hann átti að gera. En auðvitað lá það fyrir. Ríkisstjórnin tók við 30. apríl 1991. Lögin lágu þá fyrir og verkefni Kjaradóms líka þannig að ríkisstjórnin vildi breyta einhverju til að koma í veg fyrir að dómur gæti teflt í tvísýnu efnahagslegum markmiðum ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma eins og þau voru eða kjarasamningum sem hún hafði gert eða staðið að þá höfðu menn nægan tíma til að gera þær breytingar sem þurfti.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt. Lögin lágu fyrir og höfðu legið fyrir frá 1986 án þess að Kjaradómur hefði nokkurn tíma gripið til þess ráðs að færa upp laun með þeim hætti sem hann gerði loksins sumarið 1992. Ríkisstjórnin gat því auðvitað ekkert vitað um það fyrir hvort Kjaradómur mundi einmitt núna grípa til þessa ráðs og er ég þó ekki að deila á Kjaradóm fyrir það því að ég held að Kjaradómur hafi vel getað komist að hvorri niðurstöðunni sem var, að 1,7% eða gera þá bara þær breytingar sem hann raunverulega gerði á grundvelli sömu laganna.

Ég minni á að ríkisstjórnin skrifaði Kjaradómi bréf og óskaði eftir því að Kjaradómur endurskoðaði afstöðu sína. Það gerði Kjaradómur ekki. Síðan voru sett bráðabirgðalög þar sem ný efnisatriði voru sett inn í forsendur úrskurðanna en eftir sem áður stóð það opið að við sérstakar aðstæður væri hægt að hreyfa laun manna og það var ekkert launungarmál að þar var verið að hugsa um dómarana og prestana sérstaklega.

En það sem ég var að reyna að koma hér til skila áðan var að þessu er ekki hægt að jafna saman við það tómlæti sem ríkisstjórnin sýndi 1990 eftir að henni var margbent á að frá 1. febr. 1990 lá ljóst fyrir að ekki gæti farið saman 1. gr. samningsins við BHMR og kjarasamningar sem ríkisstjórnin stóð að á almenna vinnumarkaðnum. Það var aðalröksemd okkar fyrir því að ríkisstjórnin hefði átt að setja lög á tímabilinu frá 1. febr. og a.m.k. í síðasta lagi áður en Félagsdómur kvað upp sinn dóm, sem reyndar var um sumarið, og þá hefðum við ekki heldur mótmælt því að bráðabirgðalög hefðu verið sett fyrr fyrst þingið var farið heim um vorið. Um það snerist það mál eins og ég veit að hv. þm. þekkir af því að ég veit að hann er sæmilega vel lesinn í þeim umræðum sem fóru fram um þau bráðabirgðalög.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú er þrautreynt að við náum ekki saman í þessu máli, ég og hæstv. fjmrh. En ég vil benda ráðherranum á að afstaða Sjálfstfl. á þeim tíma var ekki bara afmörkuð eða mótuð á þeirri forsendu að ríkisstjórnin hefði hugsanlega haft tíma til að grípa til aðgerða meðan þingið sat heldur var það að mati Sjálfstfl. ósiðlegt og jafnvel ólögmætt að setja lög sem breyttu niðurstöðu dóms. Ég fæ ekki séð annað en þessi flokkur sem gagnrýndi þetta hvað mest fyrir tveimur árum sé að gera nánast það sama núna.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er athyglisvert að hæstv. fjmrh. hefur lagt mjög á sig að reyna að dreifa umræðunni út um víðan völl og forðast kjarna málsins en sumt af því sem hann hefur sagt er á þann veg að maður spyr sjálfan sig: Hvað liggur á bak við hjá hæstv. ráðherra? Hvers vegna tekur hæstv. ráðherra sig til og ræðir þingsköp danska þingins og segir að þau séu hæf til þess að gefa út bráðabirgðalög á einum degi en þau íslensku ekki? Þetta gerir hæstv. ráðherra án þess að

minnast einu orði á þær greinar í þingsköpum okkar eða þeim dönsku sem við eiga. Ég held að slíkar yfirlýsingar hljóti að kalla á það að menn leyfi sér þann munað í almennri umræðu að taka til og benda á þau úrræði sem eru samkvæmt þingsköpunum hér. Þau dönsku hef ég ekki en mér er spurn: Hvað er það sem gerir þetta svona erfitt? Með leyfi forseta, vil ég lesa 57. gr. þingskapalaga:

„Ef umræður dragast úr hófi fram getur forseti úrskurðað að ræðutími hvers þingmanns skuli ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd.

Forseti getur stungið upp á að umræðum sé hætt og einnig getur forseti lagt til, hvort heldur í byrjun umræðu eða síðar, að umræðum um mál skuli lokið að liðnum ákveðnum tíma. Eigi má þó, meðan nokkur þingmaður kveður sér hljóðs, takmarka ræðutíma við nokkra umræðu svo hún standi skemur en þrjár klukkustundir alls. Tillögur forseta skulu umræðulaust bornar undir atkvæði og ræður afl atkvæða úrslitum."

Sé byrjað kl. 8 að morgni er samkvæmt þessu hægt að ljúka 1. umr. á þremur klukkustundum.

Þá komum við að hinu atriðinu að vísa málinu til nefndar. Það er ekki skylda. Það er ekki einu sinni skylda að vísa því til nefndar. Ráðherra getur óskað eftir því að málið fari tafarlaust til 2. umr. En taki nú forseti eða ráðherra sig til og ákveði að vísa málinu til nefndar þá getur forsetinn kallað málið úr nefnd strax og honum sýnist svo. Hann getur kallað málið úr nefnd innan klukkustundar, þess vegna innan hálftíma. Hann hefur allt vald í hendi sér.

Þá er komið að næsta atriði, það eru afbrigðin. Við höfum margupplifað það hér á þinginu að þó að mál hafi ekki legið nægilega lengi frammi þá er hægt að taka þau fyrir með afbrigðum ef það er það sem hæstv. ráðherra á við að það verði að vera hér heila nótt. Það er hægt að taka málið fyrir með afbrigðum. Og það er hægt að taka það aftur fyrir með afbrigðum til 2. umr. þegar það kemur úr nefnd. Nákvæmlega ekkert kemur í veg fyrir að hægt sé að afgreiða lög á Alþingi Íslendinga á einum sólarhring ef menn beita því valdi sem þingsköpin boða. Hvað er það í danska þinginu sem verið er að biðja um? Hvaða ákvæði er verið að biðja um? Nauðsynlegt er að hæstv. ráðherra geri grein fyrir því hér og nú. Er verið að fara fram á að hægt sé að samþykkja það án atkvæðagreiðslu að stjórnarandstaðan þegi í þinginu? Er verið að biðja um það? Er hæstv. ráðherra að fara fram á það? Eða byrjar vinnudagurinn ekki kl. 8? Er gert ráð fyrir því að vinnudagurinn eigi að byrja kl. 2 undir þessum kringumstæðum og sé lokið kl. 5? Ef svo er þá dugar þetta náttúrlega ekki eins og þetta er í íslensku þingsköpunum.

Ég verð að segja eins og er að það þreytir mann að hlusta á það tvisvar að hæstv. fjmrh. telur að þingsköpin gefi forseta ekki það vald sem hann þarf að hafa til þess að afgreiða mál með þeim hraði sem hægt er. Það er rétt að þessu ákvæði um þrjá tíma mun aðeins einu sinni hafa verið beitt á Alþingi Íslendinga. Ég hygg að það hafi verið aðeins einu sinni. Kannski vilja þeir ekki beita því oftar, kannski er það niðurstaðan. En það er nákvæmlega ekkert sem kemur í veg fyrir að hægt sé að afgreiða lög á einum sólarhring á Alþingi Íslendinga ef menn vilja það við hafa.

Ég hygg aftur á móti að það liggi fyrir sagt á mjög prúðmannlegan hátt af fulltrúa Kvennalistans í umræðunni að ríkisstjórnin þorði ekki að kalla þinglið sitt saman til þings. Vegna hvers? Vegna þess að gögnin sem Kjaradómur hafði aflað sér um þessi mál voru á þann veg að það voru forstjórar landsins, bæjarstjórarnir, sveitarstjórarnir og síðast en ekki síst forustumenn launþegasamtakanna sem höfðu hækkað laun sín ótæpilega á þjóðarsáttartímabilinu.

Í fréttum hefur komið fram hver eru hæstu laun þingmanns á seinasta ári. Hvaða starfi gegndi hann? (Gripið fram í.) Hér kemur kall utan úr salnum að hann hafi verið að elta kollur. Ég er nú ekki trúaður á þá kenningu. Hann var einfaldlega sveitarstjóri. Auðvitað í stóru sveitarfélagi, mér er það ljóst. En þennan sannleik þorðu þeir ekki að láta koma inn í umræðuna að mjög margir þeirra ungu þingmanna sem Sjálfstfl. fékk í framboð fyrir seinustu kosningar þyrftu að standa frammi fyrir því að laun þeirra yrðu stórkostlega lækkuð. Það var þetta sem þeir þorðu ekki að taka hér í umræðu meðan hiti var í mönnum.

Hvernig var með þann sem var annar á launalistanum sem lesinn var upp? Hvaða starfi gegndi hann áður en hann kom hingað inn á þing? Hann var ritstjóri, eftir því sem ég best veit, að vísu með merkilegt blað, það skal viðurkennt. En er niðurstaðan sú að það sé staðreynd að ef menn séu ritstjórar séu þeir að gegna miklu merkilegra starfi en að setja landinu lög? Skyldi það hafa verið skoðun Bjarna heitins Benediktssonar? Ég efa það. Sannleikurinn er sá að ríkisstjórnin lét reka sig á harðahlaupum. Hún lagði á flótta og það fór fyrir henni eins og stundum gerist þegar menn eru myrkfælnir og taka til fótanna þegar skuggsýnt er, þá hræðast þeir þann hávaða sem þeir vekja sjálfir. Sá ráðherra sem gaf út fyrirskipun um að þessi lög skyldu gefin út var hæstv. félmrh. Það var samdóma álit hinna að nú giltu engin rök, það væri ekki um annað að gera en hlýða. En hæstv. félmrh. hafði engar áhyggjur af því hvaða laun voru greidd hjá þeim sveitarfélögum sem e.t.v. berjast í bökkum. Hún hafði engar áhyggjur af því. Og kröfugerðarmaðurinn sem mætti á fundinn hér og sagði: Við heimtum sömu laun, hann er ekki á neinu sultarkaupi. Fjmrh. mætti þakka fyrir ef hann hefði helminginn af þeim fjölskyldutekjum sem sá maður hefur milli handanna. Hræsnin í þessum málum er alveg óhugnanleg og það verður að segjast eins og er að það er náttúrlega ekki nógu gott að stjórnarþingmennirnir velji þann kostinn einan núna, hundfúlir yfir rassskellingunni, að þegja. Stjórnarþingmennirnir velja þann kost að þegja. Þetta er nefnilega einhver harðasta busavígsla sem þeir hafa farið í gegnum. Þeir trúðu því margir þegar þeir komu hér inn að það yrðu ekki samþykkt lög í þessu landi nema leitað yrði álits þeirra um hvað þeir vildu. Þeir átta sig svo á því að þeim er bara stillt upp við vegg og sagt: Hæstv. félmrh. heimtar að þetta sé gert og við verðum bara að hlýða.

Ég hafði verulega samúð með hæstv. fjmrh. þegar

þingskapaumræðan fór hér fram. Hæstv. ráðherra hafnaði því að gefa upp tveggja manna tal við forseta Íslands, hvað hefði verið sagt við forsetann. Nú liggur það nefnilega ljóst fyrir að ef ráðherra hefur sagt við forsetann að þingflokkurinn hefði ekki verið kallaður saman, það væri ekki búið að hafa samband við menn og forsetinn hefði engu að síður samþykkt að skrifa undir hefði ráðherra engu að leyna. Þá hefði ráðherrann einfaldlega komið hér upp og sagt allan sannleikann. En hvað var það sem ráðherrann sagði við forsetann? Það er stóra spurningin. Sagði ráðherrann við forsetann: „Við metum það svo að það sé öruggt að þingmeirihluti sé á bak við þetta.“? Það er hugsanleg setning. Hún er hæfilega óljós. En það er hægt að útbúa margar aðrar setningar sem væru hæfilega óljósar líka. Eða er sú tilgáta rétt að ráðherrarnir hafi aldrei talað við forsetann? Það hafi bara verið ráðuneytisstjóri fjmrn. sem fór í lögreglufylgd að leita forsetann uppi og sagði: Ríkisstjórn Íslands fer fram á að undir þessi bráðabirgðalög sé skrifað tafarlaust. Var textinn á þennan veg? Ég veit ekki svarið. Eitt er víst að sannleikurinn er talinn óhæfur, gersamlega óhæfur til birtingar úr þessum ræðustól.

Það var verið að sýna kvikmynd í gær frá því þegar Attlee, forsætisráðherra Breta, taldi að sannleikurinn væri á þann veg að það væri ekki hægt að gera grein fyrir honum í þinginu. Það var ekki skemmtilegt að sjá hvað hann var að fela. Græðgin í að komast yfir kjarnorkusprengju var slík að öllum siðalögmálum var ýtt til hliðar. Ég verð að segja eins og er að það er nokkur lífsreynsla að standa frammi fyrir þeirri staðreynd að fjmrh. telur að sannleikurinn í þessu máli sé á þann veg að það borgi sig ekki að segja hann. Það er veruleg lífsreynsla. Ég hélt satt best að segja að það væri ekki slíkt átak að standa að lagasetningu. Það er nefnilega rétt hjá hæstv. fjmrh. að fyrri ríkisstjórnir hafa oft misnotað þennan rétt samkvæmt því sem við venjulegir þingmenn teljum eðlilegt í þeim efnum. Bráðabirgðarétturinn hefur verið notaður mjög djarflega. Ef Hæstiréttur lítur svo á að brýna nauðsyn hafi borið til að gefa út þessi lög, þá er ég sannfærður um að það verður ekki hægt að skilja það á annan veg en þann að ríkisstjórnin ein meti hvenær um brýna nauðsyn sé að ræða. Hitt ætla ég að vona að eftir að hæstv. dómsmrh. hefur lýst því yfir að það sé góð regla að hafa samband við þingmenn áður en bráðabirgðalög eru gefin út og að sjálfsögðu að besta reglan sé að kalla þingflokkinn saman til fundar og ræða málin þar. Þá held ég að hæstv. forsrh. muni hugsa sig um tvisvar áður en hann viðhefur sömu vinnubrögð, m.a. vegna þess sem hv. 3. þm. Reykv. hefur skrifað tæpitungulaust um þessi mál eins og kom hér fram og var lesið upp.

Auðvitað er hitt umhugsunarefni hvenær á að setja afturvirk lög. Þessi lög eru í reynd afturvirk. Þau fella úr gildi dóm sem kveðinn hefur verið upp. Ég ætla ekki að leggja neinn dóm á það hvort sá dómur var réttur eða rangur. Það er náttúrlega hörmungarástand að búa við það að eftir að það ríki, Sovétríkin, hefur liðið undir lok sem hafði aðeins eitt vald, þ.e. framkvæmdarvaldið, og kúskaði bæði þing og dómsvald með því, að þá skuli mönnum detta það í hug hér uppi á Íslandi að beita þeim vinnubrögðum að framkvæmdarvaldið eigi bæði að kúska þingið og dómsvaldið ef dómar falla ekki eins og framkvæmdarvaldið vill. Þessi deila er út af fyrir sig ekki bundin við þetta stórveldi eitt. Þetta eru náttúrlega aðalátök allra þinga við framkvæmdarvaldið í gegnum tíðina, þ.e. að framkvæmdarvaldið taki sér ekki allt vald í löndunum, það uni því að aðrir aðilar hafi visst vald líka.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Mér þykir það miður að hæstv. forsrh. hefur ekki haft tök á því sakir anna að vera hér og segja þingheimi frá því sem hæstv. fjmrh. hefur ekki fengist til að gera lýðum ljóst.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Aðeins örfá orð. Fyrst til að upplýsa þingmenn sem ekki um það vita að það mun hafa verið í tilefni af 50 ára afmæli Akraneskaupstaðar að hæstv. forseti Íslands kom þangað í heimsókn þann 3. júlí sl. Ég var staddur þar í veislu um kvöldið ásamt mörgum öðrum, ég held um 200 manns. Úr þeirri veislu þurfti forseti Íslands að víkja til að skrifa undir þessi bráðabirgðalög. Ekki fylgdist ég með því hverjir komu með textann til forsetans og get ekki upplýst það. Mér var sagt á fundinum að þess vegna hefði forseti þurft að bregða sér frá, það hefði verið til að undirrita þessi bráðabirgðalög.

Hæstv. fjmrh. hefur sagt það ítrekað hér á fundinum að hann eigi fulltrúa í þessum svokallaða Kjaradómi og félmrn. hefur annan fulltrúa þar. Lái mér hver sem vill þó að ég trúi því ekki að fulltrúar tilnefndir af þessum ráðuneytum séu ekki í trúnaði við sín ráðuneyti og þar fyrir utan að fjmrn. fylgist ekki með því hvað er að gerast þegar verið er að fjalla um kaup og kjör starfsmanna ríkisins. Þess vegna endurtek ég að ég tel að fjmrn. hafi haft allar upplýsingar um það hvert málið stefndi og hafi þess vegna átt að taka á því fyrr.

Ég kom frekar í ræðustólinn vegna þess að það er einkennilegt að hæstv. fjmrh. hefur ítrekað dregið það inn í umræðuna hvort ég hafi þær skoðanir að hugsanlega hafi mátt setja einhver lög almennt á launamarkaðinn. Ég nefndi þetta ekki í fyrstu ræðu minni. Hæstv. fjmrh. hefur a.m.k. í þrígang frá því að ég hélt mína ræðu endurtekið þetta. Ég svaraði því til að ég hefði talið að mátt hefði ræða þá hluti. Hvað hefði ekki mátt ræða þegar menn eru í þeim sporum að tala um annað eins klúður og það sem verið er að tala hér um? Ég tel að það hefði verið hægt að setja lög um breytingu á Kjaradómi eins og þau lög sem núna liggja fyrir og eru hér til umræðu. Það hefði ekki þurft að tala um breytingar eða einhverja almenna lagasetningu þess vegna. Ég tel það alls ekki vera. Hins vegar var það mjög mikilvægt að sem flestir aðilar, og helst allir aðilar í þjóðfélaginu, tækju þátt í þessari þjóðarsátt og að reynt væri að fá sem allra flesta að því samningaborði eftir að hún var orðin að staðreynd, að þeir sem á eftir kæmu til samninga fengjust til að una svipuðum kjörum og þar voru í boði. Það er auðvitað ekki verið að tala um leiðréttingar á neins konar launum. Það

er verið að tala um eins konar vopnahlé í þessu launastríði okkar. Ég segi ekkert um það hvort það hafi verið skynsamlegt að setja lög um þessa hluti. Ég sagði hins vegar að það hefði mátt ræða það.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er eins og kunnugt er skylda að mæta til þingfunda og það er góður siður að tilkynna fjarvistir ef menn geta ekki verið viðstaddir. Einn af þeim þingmönnum sem ég óskaði eftir að yrði hér viðstaddur, a.m.k. mína ræðu, var hv 3. þm. Reykv., sem ég sé að er nú loksins kominn til þingfundar en hann lét ekki sjá sig meðan ég flutti mína ræðu sem var bagalegt því þar var ég að vitna til hans orða hér á þingi og skrifa hans um bráðabirgðalög. Ég vildi gjarnan heyra hans sjónarmið á því hvernig hann gæti staðið að útgáfu þessara bráðabirgðalaga í ljósi þeirrar umræðu.

Hæstv. fjmrh. hefur ítrekað haldið því fram að ekki hafi verið breytt skilyrðum til að gefa út bráðabirgðalög þegar stjórnrskránni var breytt. Það kom skýrt fram hjá hv. 3. þm. Reykv., þann 15. maí á síðasta ári, að verið væri að þrengja þetta vald og taka ætti mið af umræðum í þinginu þegar menn tækju sig til og ákvæðu hvort ætti að beita þessari heimild eða ekki. Umræðan í þinginu var alveg ljós af hálfu framsögumanna málsins, að ekki ætti að beita bráðabirgðalagavaldi nema í algerum neyðartilvikum. Því miður hefur hv. 3. þm. Reykv. ekki tekið til máls, og er nú rétt nýkominn sýnist mér til þingfundar, til að gera grein fyrir því hvernig hann getur fallist á sjónarmið hæstv. fjmrh. í þessu máli og stutt bráðabirgðalögin í ljósi sinnar eigin túlkunar á 28. gr. stjórnarskrárinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Fjarvera forsætisráðherra.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Miðað við þá verkaskiptingu innan ríkisstjórnarinnar að hæstv. forsrh. hefur mjög verið í forsvari fyrir umræðu um efnahagsmál eins og honum ber, þ.e. almenn efnahagsmál heyra undir forsrh., þá er að mínu viti vonlaust að þessi umræða fari fram nema það sé vitað að hæstv. forsrh. hafi tíma aflögu til að gegna sinni þingskyldu. Það er náttúrlega algerlega út og suður að búa við það að menn tilkynni ekki forföll en mæti svo ekki. Forfallalistinn er lesinn upp. Þjóðin veit að þessir menn hafa óskað eftir því að vera fjarverandi. Þjóðin trúir því að hinir séu að störfum. Þetta er eins og að stimpla sig inn um morguninn og hverfa svo bara á braut og mæta ekki nema til að stimpla sig út. (Gripið fram í.) Það breytir engu þó að hv. 5. þm. Austurl. veki á því athygli að vafalaust hafi hæstv. forsrh. eitthvað fyrir stafni. (**Gripið fram í:** Hann er kominn í innsta hring stuðningsmanna forsrh.) Það er ekki verið að bera það á forsrh. að hann sofi eða neitt slíkt. Það er gersamlega vonlaust að búa við það að hér sé tekin upp þessi umræða án þess að hæstv. forsrh. heiðri þingið með nærveru sinni.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill vegna þessara orða hv. 2. þm. Vestf. benda hv. þingheimi á að það var ljóst fyrir fram að hæstv. forsrh. yrði fjarverandi vegna komu Haraldar konungs V. af Noregi. Ég held að með allri sanngirni verði að virða fjarveru hæstv. forsrh. Þar sem hæstv. fjmrh. hefur verið hér í allan dag telur forseti með öllu óeðlilegt að ekki sé unnt að halda þessari umræðu áfram þó að hæstv. forsrh. sé fjarverandi þar sem hans konunglega tign, Haraldur af Noregi sem er í heimsókn.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það stendur ekki til að gera lítið úr vinnuframlagi hæstv. fjmrh. á þessum drottins degi. Hann hefur gegnt sinni þingskyldu fullkomlega og verið til hreinnar fyrirmyndar hvað það snertir. Það vill svo til að hann fer aðeins með eitt ráðherraembætti, hann fer með embætti hæstv. fjmrh. Undir forsrh. heyra efnahagsmál. Það er ekki nýtilkomið, það er ekki skipting sem orðið hefur milli þessarar ríkisstjórnar sérstaklega. Þetta er einfaldlega bundið á þann veg og kjarasamningar opinberra starfsmanna eru málefni sem eðlilegt er að séu rædd í tengslum við almenn efnahagsmál. Það fer ekkert á milli mála. Mér finnst að annaðhvort sé verið að gera of mikið úr hæstv. fjmrh. eða of lítið úr hæstv. forsrh. með því að litið sé svo á að það skipti ekki máli hvort hann er við eða að hæstv. fjmrh. geti tekið að sér líka að vera fyrir hans hönd.

Ég verð að segja eins og er að mér finnst ansi hart sótt fram í þessu máli ef það er gersamlega vonlaust að fá hæstv. forsrh. á þennan fund í ljósi þess að hann hefur ekki beðið um fjarvistarleyfi. Það er þó einfalt mál hjá forseta þingsins að athuga það hjá skrifstofunni hvort hæstv. forsrh. óski eftir fjarvistarleyfi. Ef hér liggur fyrir ósk um fjarvistarleyfi munum við að sjálfsögðu ekki krefjast þess að hann lúti neinum öðrum reglum en aðrir og það verði hægt að verða við því. Meðan slík ósk liggur ekki fyrir hlýtur að vera hægt að fara fram á það að hann mæti hér til fundar eins og gert hefur verið þegar óskað er eftir því að ráðherrar séu við. Ég held að þar breyti engu hvort mætur þjóðhöfðingi frá Noregi er hér staddur. Reglur þingsins eru þær sömu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að á fundi með formönnum þingflokka tilkynnti forseti Alþingis þegar á mánudaginn frekar en á föstudaginn, ég man það ekki glöggt, að hæstv. forsrh. yrði upptekinn þessa daga sem konungur Noregs væri hér í heimsókn. Hafi þingflokksformönnum láðst að tilkynna það til þingflokka sinna er við þá að sakast um það. En það kom skýrt fram í máli hæstv. forseta þingsins. Forseti vill biðja hv. þm. að stytta mál sitt um þingsköp sem unnt er til að greiða fyrir því að þessi umræða geti nú hafist.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég óska þess eins að upp verði lesið að hæstv. forsrh. hafi fjarvistarleyfi og að hann hafi komið þeim boðum til þingsins fyrir allnokkru síðan.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti mun nú kveðja sér til ráðgjafar starfsmenn skrifstofu og kanna með hverjum hætti fjarvist forsrh. barst til skrifstofunnar. Gerir forseti tveggja mínútna fundarhlé á meðan. — Þar sem enginn hefur yfirgefið þingsalinn og þó að ekki séu liðnar umræddar tvær mínútur ... (**ÓÞÞ:** Hæstv. fjmrh. hefur þegar gengið úr salnum.) — Það sést til hans — þá situr hér við hlið mér skrifstofustjóri Alþingis sem upplýsir að ekki muni fjarvera hæstv. forsrh. hafa borist öðruvísi en svo að forseti Alþingis tilkynnti hana. Hún mun ekki hafa verið lesin upp í þingsal. Ég held að við verðum að fallast á að þar með hafi hæstv. forsrh. tilkynnt fjarveru sína. Ég vænti þess að hv. 2. þm. Vestf. geti unað við það. Svo sýnist ekki vera því að hann kveður sér nú hljóðs um þingsköp.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir það að hér hefur verið upplýst af forsetastóli að forsrh. hafi fjarvistarleyfi. Það hefur að vísu verið gert undir rós en verður þó ekki skilið á annan veg en að hæstv. forsrh. hafi fjarvistarleyfi. Það er eins gott að þjóðin viti það.

Kjaradómur og kjaranefnd, 1. umr.

Stjfrv., 46. mál (heildarlög). — Þskj. 47.

og

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 1. umr.

Stjfrv., 47. mál (Kjaradómur og kjaranefnd). — Þskj. 48.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir tveimur frumvörpum um sama efni. Það er frv. til laga um Kjaradóm og kjaranefnd sem er 46. mál þingsins á þskj. 47 og frv. til laga um breyting á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingum. Ég geri tillögu um að þessi mál fari til efh.- og viðskn. þingsins að umræðu lokinni.

Eina breytingin sem kemur fram í síðara frv. er sú að í stað orðsins „Kjaradómur" kemur „Kjaradómur og kjaranefnd". Það er eina breytingin sem kemur fram í því frv. Vík ég þá að fyrra frv.

Ríkisstjórn Íslands ákvað eftir að fyrri úrskurður Kjaradóms í sumar lá fyrir að skipa nefnd til að endurskoða lög um Kjaradóm. Sú endurskoðun hófst ekki fyrr en eftir að bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar höfðu verið gefin út. Óskað var eftir því að í nefndinni sætu fulltrúar allra þingflokka en niðurstaðan varð sú að einungis fulltrúar stjórnarflokkanna áttu sæti í nefndinni og sátu í henni ásamt Indriða H. Þorlákssyni, skrifstofustjóra fjmrn., og formanni nefndarinnar en hann var skipaður Helgi V. Jónsson hæstaréttarlögmaður. Fulltrúar stjórnarflokkanna voru þeir Benedikt Jóhannesson, stærðfræðingur, sem var fulltrúi Sjálfstfl., og Hólmgeir Jónsson framkvæmdastjóri, sem var fulltrúi Alþfl.

Frv. var kynnt þingflokkum, þar á meðal þingflokkum stjórnarandstöðuflokkanna, áður en það var lagt fram. Í því felst þó ekki að þingflokkar stjórnarandstöðunnar hafi lýst yfir stuðningi við frv. heldur var hugmyndin sú að kynna efni frv. og freista þess þannig að það gæti flýtt fyrir umræðu því að ég tel afar brýnt að málið komist til nefndar sem allra fyrst og fái þar umfjöllun og geti orðið að lögum með þeim breytingum sem fram koma í nefndinni eða í þinginu. Ég tel að það sé mikilvægt að frv. fái umfjöllun í nefndinni ásamt staðfestingarfrv. um bráðabirgðalögin. Mín tillaga er sú að þetta frv. verði samþykkt á yfirstandandi þingi eða áður en svokallaður sex vikna frestur rennur út. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt vakna upp gömlu lögin um Kjaradóm ef Alþingi hefur ekki afgreitt staðfestingarlögin áður en sex vikur líða frá setningu Alþingis sem var 17. ágúst sl. Á þetta legg ég áherslu, virðulegi forseti, vegna þess að þetta hefur þýðingu fyrir þann hraða sem málið þarf að fá í þinginu. Ég vil einnig að það komi fram strax í upphafi að fjmrn. hefur skrifað hv. efh.- og viðskn. og óskað eftir því að málin verði til umræðu burt séð frá því hvort 1. umr. er lokið. Að því er ég best veit hafa þingflokkarnir eða fulltrúar þeirra í nefndinni tekið þeirri málaleitan vel. Það breytir ekki hinu að afar brýnt er að málin komist til nefndar.

Í athugasemdum með frv. koma fram ýmsar upplýsingar. M.a. er sagt frá því hverjar séu helstu breytingar sem frv. felur í sér og þær eru, eins og þar segir, með leyfi forseta:

„1. Verulega er fækkað þeim embættum, sem Kjaradómur ákveður launakjör fyrir, en öðrum aðila, kjaranefnd, ætlað að ákveða starfskjör forstöðumanna stofnana og fyrirtækja ríkisins og embættismanna, sem áður voru ýmist ákveðin af Kjaradómi eða fjármálaráðherra.

2. Skipun Kjaradóms er breytt með tilliti til breyttra verkefna og kveðið á um skipun kjaranefndar.

3. Kjaradómur og kjaranefnd ákveði þau laun sem greiða ber fyrir öll venjubundin störf sem embætti fylgja en greini þau í laun fyrir venjulega dagvinnu og önnur laun. Gerir frumvarpið ráð fyrir að í þessu efni hafi kjaranefnd nokkurt svigrúm til að setja reglur um greiðslur fyrir tilfallandi störf umfram venjubundnar starfsskyldur. Enn fremur er undirstrikað að taka skuli tillit til hlunninda og réttinda sem starfinu fylgja.

4. Þeirri viðmiðun sem Kjaradómi er sett er breytt á þann veg að í stað afkomuhorfa þjóðarbúsins skuli hann taka tillit til almennrar launaþróunar á vinnumarkaði. Kjaranefnd skal hafa kjarasamninga ríkisins

og niðurstöður Kjaradóms til viðmiðunar í störfum sínum.

5. Kjaradómur og kjaranefnd meti a.m.k. einu sinni á ári hvort tilefni sé til endurskoðunar á fyrri ákvörðunum.

Þess skal getið, virðulegur forseti, að frv. það sem hér er til umræðu er óbreytt frv. eins og nefndin skilaði því til fjmrh. að öðru leyti en því að gerðar eru tvær breytingar. Í fyrsta lagi er um að ræða þá breytingu að forseti Alþingis tilnefnir einn mann í kjaranefnd en ekki forsætisnefnd vegna þess að talið var rétt að forseti fari með þetta vald en ekki forsætisnefndin. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir að forseti beri þá ákvörðun sína undir forsætisnefndina.

Í öðru lagi kom fram ábending um það þegar málið var til skoðunar í þingflokkum, reyndar frá stjórnarandstöðuflokki, að eðlilegt væri að gefa þeim sem heyra nú undir kjaranefnd, verði frv. samþykkt, kost á því að semja um starfskjör þannig að þeir ættu það val hvort þeir féllu undir nefndina eða hvort þeir tækju laun samkvæmt kjarasamningum. Þess skal getið að eins og lagafrv. stendur nú á þetta ekki við um presta en hugmyndin var eigi að síður sú að Prestafélagið gæti auðvitað átt val og þyrfti ekki að bera það undir Alþingi hvort það vildi heldur semja um kaup og kjör fremur en að eiga við kjaranefnd um þau efni.

Ef ég hleyp, virðulegur forseti, á nokkrum aðalatriðunum sem ég tel vera í frv. vil ég geta þess að í 1. gr. frv. er rætt um skipan Kjaradóms. Þar er sú breyting gerð að í stað þess að Hæstiréttur skipi þrjá menn, einn komi frá fjmrh. og annar frá félmrh., er nú gert ráð fyrir að Hæstiréttur skipi tvo. Tveir séu kosnir af Alþingi og fjmrh. skipi einn dómenda. Með þeim hætti myndast ekki meiri hluti. Nefndinni þótti óeðlilegt að Hæstiréttur skipaði meiri hluta dómenda, ekki síst í ljósi þess að hæstaréttardómurum eru ákveðin kjör af þeim sömu mönnum.

Í 2. gr. er sagt frá því í hverju valdsvið Kjaradóms er falið og kemur þar fram að Kjaradómur skuli ákveða laun forseta Íslands, þingfararkaup og önnur starfskjör alþingismanna en einnig launakjör ráðherra, hæstaréttardómara og héraðsdómara. Eins og ég hef áður sagt er hér um verulega þrengingu að ræða og ekki gert ráð fyrir því að þessir aðilar geti fjallað um sín mál á vettvangi Kjaradóms heldur er hugsunin sú að Kjaradómur ákveði laun þessara aðila án samráðs við viðkomandi embættismenn sem upp eru taldir í 2. gr.

Þótt taka skuli tillit til þess annars vegar hvað sé venjuleg dagvinna og hins vegar önnur laun sem starfinu fylgja geri ég ekki ráð fyrir því að gerður verði verulegur munur á þeim sem starfa t.d. á Alþingi eða ráðherrum að öðru leyti en því, eins og gert er nú, að forsætisráðherra hefur hærri laun og forseti þingsins önnur kjör en óbreyttir alþingismenn, einnig forseti Hæstaréttar. Það er ekki hugmyndin að tekið sé sérstakt tillit til þess að starf ráðherra til að mynda kunni að vera mismikið eftir ráðuneytum enda ráðuneytin misstór. Öðru máli kann hins vegar að gegna þegar kemur að embættismönnunum sem ég vík síðar að. Þar er hugmyndin að hægt sé að taka tillit til slíkra atriða.

Í 5. gr. er lýst þeim efnisatriðum sem dómar eða ákvarðanir Kjaradóms hvíla á og ég vek athygli á því að ekki er ætlast til þess að tekið sé tillit til afkomuhorfa í þjóðarbúinu eins og var reyndar í gömlu lögunum, sem mig minnir að séu frá 1973, og er jafnframt í núgildandi lögum, þ.e. kom inn í lög með bráðabirgðalagaákvæði. Það er talið að með því að taka tillit til þróunar kjaramála á vinnumarkaði nægi slíkt, ekki síst í ljósi þess að dómurinn skal a.m.k. árlega koma saman og fjalla um launakjör viðkomandi embættismanna.

Í 6. gr. er gerð veruleg breyting sem ég vek athygli á en það er að gera mun annars vegar á föstum launum fyrir venjulega dagvinnu og síðan önnur laun. Það sjónarmið sem kemur fram í þessari grein á rætur að rekja til kjaradómsúrskurðanna en Kjaradómur hefur skýrt tekið fram að hann hafi hingað til verið að ákvarða heildarlaun en jafnframt sagt að til heildarlauna teljist önnur laun en þau sem unnin eru í venjulegri dagvinnu og þar með gefið í skyn að heildarlaunin séu umfram dagvinnulaunin. Þetta er mjög mikilvægt atriði vegna þess að hjá hinu opinbera hagar þannig til að almennir ríkisstarfsmenn njóta ekki eftirlaunaréttar nema einungis á grundvelli daglauna sinna en ekki yfirvinnu og aukaþóknana. Til þess að skapa ekki bil á milli þeirra, sem Kjaradómur fjallar um og reyndar kjaranefndin líka, þarf að gera mun á því hvað séu föst laun fyrir venjulega dagvinnu og hins vegar önnur laun sem starfinu fylgja.

Ég get sagt það að eftir að hafa skoðað til að mynda fyrri ákvörðun Kjaradóms frá 26. júní er alveg ljóst að sú hækkun heildarlauna sem þar kom fram hefði haft gífurleg áhrif á eftirlaunaréttinn og ef ég man rétt held ég að hækkun eftirlauna þeirra sem Kjaradómur fjallaði um þá hafi verið u.þ.b. sama upphæð og meðaltal eftirlauna opinberra starfsmanna er, eða eitthvað um 42.000–43.000 kr. Með því að skilja á milli dagvinnu og annarra launa skapast hins vegar ekki þetta bil á milli þeirra sem kjaranefnd og Kjaradómur fjalla um og hinna sem taka laun samkvæmt kjarasamningum og ég tel að þetta sé mikilvægt atriði út frá þessum sjónarhóli þó ég vissulega skilji þau rök sem reyndar hafa komið fram á hinu háa Alþingi að hér sé verið að taka tillit til þeirrar aðferðar sem notuð er í dag við ákvörðun um laun og kjör og það er vissulega hægt að færa rök fyrir því að slík aðferð leiði til mismunar á milli launa, til að mynda karla og kvenna eins og svo margoft hefur komið fram í umræðunni. Ég vil þó taka fram að þetta er að sjálfsögðu ekki sett inn í lagafrumvarpið til að undirstrika að svo eigi að vera heldur einungis til að benda á að það þarf að vera samræmi milli eftirlaunanna fyrst og fremst og þess vegna er afar slæmt ef Kjaradómur ákveður heildarlaun sem mynda grunn fyrir eftirlaunaréttinn.

Í 7. gr. er fjallað um kjaranefndina og eins og margoft hefur komið fram í fréttum og á opinberum vettvangi þá er gert ráð fyrir því að kjaranefndin sé úrskurðaraðili sem er á vegum framkvæmdarvaldsins og starfar á ábyrgð fjmrh. þótt ekki sé hugmyndin sú að fjmrh. sé sjálfur að vasast í þessum ákvörðunum.

Kjaranefndin er fámennari en Kjaradómur. Henni er ætlað að taka ákvarðanir á grundvelli kjaradómsúrskurðanna annars vegar og kjarasamninga hins vegar. Það má gera ráð fyrir að starf kjaranefndarinnar verði æði mikið. Henni er jafnframt ætlað að taka afstöðu til einstakra persóna og þannig má gera ráð fyrir því að menn með sama starfsheiti geti haft misjöfn laun samkvæmt úrskurði kjaranefndar eins og ég lýsti áður.

Þá er gert ráð fyrir því að fleiri en þeir sem taldir eru upp í 8. gr. geti fallið undir úrskurði kjaranefndar og þá er fyrst og fremst verið að ræða um þá menn sem hingað til hafa verið kallaðir ráðherraraðaðir, en það er fjöldi embættismanna sem í raun hafa ekki verkfallsrétt, kannski takmarkaðan samningsrétt, en hafa kosið að láta ráðherra ákveða laun sín í stað þess að þurfa að sætta sig við niðurstöðu sem koma út úr kjarasamningum. Hér er oft um að ræða hópa sem má líta fremur á sem fulltrúa ríkisvaldsins en að þeir séu einstaklingar úr röðum viðkomandi stéttarfélaga. Þetta eru til að mynda yfirmenn á stofnunum sem verður að ætla að eigi að koma fram gagnvart starfsmönnum sínum sem fulltrúar ríkisvaldsins, viðkomandi ráðuneyta og fjmrn.

Sá er munurinn á kjaranefnd og Kjaradómi að í kjaranefnd geta einstaklingar og stéttir lagt fram sín sjónarmið og jafnframt ráðuneyti og stofnanir, þannig að það má segja að nokkurs konar málflutningur geti átt sér stað í kjaranefndinni en það er ekki í Kjaradómnum.

Í 12. gr. er tekið fram að eigi sjaldnar er árlega skuli Kjaradómur og kjaranefnd meta hvort tilefni sé til breytinga á starfskjörum sem þeir ákveða.

Þetta eru, virðulegi forseti, helstu nýmælin sem koma fram í þessu frv. Í greinargerð eru upplýsingar bæði úr forsendum kjaradóma, einnig um launakjör ríkisstarfsmanna annars staðar á Norðurlöndum.

Ég vil láta það koma fram að þeir sem sömdu lagafrv. telja að undir Kjaradóm sé æskilegt að þeir falli einungis sem framkvæmdarvaldið eigi ekki að fjalla um. Þar er um að ræða þá sem ég taldi upp áður, en kjaranefndin fjalli hins vegar um embættismenn og aðra þá sem að jafnaði eru skipaðir til starfa af handhöfum framkvæmdarvaldsins og eru ábyrgir gagnvart þeim. Þessi skipting byggir á þessum rökum og þessum forsendum. Í umræðunni sem hefur átt sér stað að undanförnu hafa þó komið fram hugmyndir um breytingar og ég vil taka það fram að ég tel að það eigi að leita sem víðtækasts samstarfs og samráðs um þetta frv. innan þingsins og er tilbúinn til þess að fallast á breytingar að sjálfsögðu sem upp geta komið í meðferð nefndarinnar.

Ég get þó ekki látið hjá líða að benda á að mér finnst eðlilegt að það sé skoðað sérstaklega að biskup Íslands falli undir Kjaradóm, ekki síst vegna þess að hann er ekki skipaður af framkvæmdarvaldinu heldur er hann kosinn af prestum og þess vegna nýtur hann nokkurrar sérstöðu. Þá vil ég einnig benda á að sú tillaga hefur komið fram að þegar fjallað er um kjaramál presta þá kunni að vera eðlilegt að annar af fulltrúum fjmrn. víki en í stað komi fulltrúi kirkjunnar, til að mynda fulltrúi tilnefndur af kirkjuráði. Þessa hugmynd tel ég að við þurfum að skoða því í raun og veru hafa prestar nokkra sérstöðu því þar er um að ræða heila stétt sem fellur undir lögin, en að öðru leyti fjalla lögin um laun og kjör einstaklinga.

Þá vil ég, eins og ég hef áður sagt, láta það koma fram að það var ekki hugmyndin að prestar yrðu innlyksa í þessum lögum ef þeir sjálfir teldu sínum málum betur varið utan laganna og með kjarasamningum.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið stærstu atriðin sem koma fram í þessu frv. Ég vonast til þess að frv. eigi greiðan aðgang til nefndarinnar. Ég hef að sjálfsögðu fullan og ríkan skilning á því að nefndin vilji skoða frv. vel og vil ég láta það koma fram að fulltrúar fjmrn. eru að sjálfsögðu tilbúnir til að leggja nefndinni lið með öllum þeim tiltæku upplýsingum sem finnast í fjmrn.

Að svo mæltu geri ég tillögu um það að frumvörpin verði send til efh.- og viðskn.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get fullvissað hæstv. fjmrh. um það að þessi frumvörp muni eiga greiðan aðgang til nefndarinnar. Við ætlum ekki að setja upp þröskulda og girðingar eins og mjög er rætt um í sambandi við Evrópskt efnahagssvæði. En hitt er svo annað mál hvernig með þessi mál verður farið. Ég skildi ummæli hæstv. fjmrh. þannig að hann vildi að þessi tvö frv. fylgdu bráðabirgðalögunum, þau yrðu afgreidd samhliða. Ég kann að hafa misskilið það. Ég fæ ekki séð að það liggi mjög mikið á að afgreiða þetta enda tel ég að við þurfum að skoða þetta mjög vel og málið þurfi að fá mjög vandaða meðferð í efh.- og viðskn. Þar með er ég ekki að segja að ég ætli á nokkurn hátt að tefja fyrir því heldur hafa vaknað margar spurningar varðandi þetta mál og ég held að það þarfnist ítarlegrar skoðunar.

Það kom fram í máli hæstv. fjmrh. að fjmrn. sendi bréf til efh.- og viðskn. en ég skildi niðurstöðuna sem þar var þannig að nefndin hafnaði því að byrja á málinu áður en því hefði verið vísað til nefndarinnar og það á þá skýringu að okkur þykir að það sé kominn upp allverulegur þrýstingur af hálfu framkvæmdarvaldsins til þess að fá nefndir til að taka upp mál áður en þeim hefur verið vísað til nefndar í skjóli 23. gr. þingskapalaga en við erum ekki ýkja hrifin af því. Það er bara eðlilegt að nefndin bíði eftir því að málum sé vísað til þeirra. Ég á von á því og vil gjarnan koma því á framfæri að við bíðum spennt eftir að fá þessi mál til umræðu í nefndinni og ég vona að þessi umræða verði ekki mjög löng því ég býst við að það muni margt skýrast þegar þetta mál kemst til nefndarinnar og við förum að kalla til þá aðila sem hér eiga hlut að máli.

Stóra spurningin varðandi þetta frv. er sú hvort þær breytingar sem verið er að gera á lögunum um Kjaradóm duga til þess að breyta því ástandi sem upp er komið í þessum málum. Það kemur fram í grg. með frv. um Kjaradóm og kjaranefnd að ástandið er orðið þannig samkvæmt því sem Kjaradómur upplýsir að ráðherrar ákveða orðið allt að 50% af launum sumra

embættismanna sem segir okkur það að sú stefna Kjaradóms, sem hefur verið við lýði undanfarin ár, að kveða upp úrskurð sinn í samræmi við almenna kjaraþróun, hefur leitt til þess að efla hið tvöfalda launakerfi, þ.e. að menn hafa leiðst út í það að borga mönnum yfirvinnu og óunna yfirvinnu og hvað þetta heitir allt saman. Stóra spurningin er: Duga þessar breytingar til þess að þarna verði einhver breyting á?

Ef ég vík að sjálfu frv. þá er náttúrlega fyrsta spurning sem vaknar sú hvort sú breyting sem lögð er til varðandi skipan Kjaradóms sé eðlileg og ég fæ ekki betur séð en þarna séu menn á réttri leið, að það sé eðlilegt að Alþingi, þ.e. löggjafarvaldið, sem á að hlíta úrskurði þessa dómstóls eigi þarna aðild að.

Spurningin vaknar hins vegar hvort þessi skipting í Kjaradóm og kjaranefnd sé eðlileg og hvað af henni muni leiða. Mér sýnist að það sem verið er að gera með þessu sé að menn taka þarna út æðstu embættismenn ríkisins, þ.e. forseta Íslands, ráðherra, alþingismenn, hæstaréttardómara og héraðsdómara, þ.e. fulltrúa hins þrískipta valds, en aðrir eiga að heyra undir kjaranefnd. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hver eru rökin fyrir þessari tvískiptingu? Því það eru auðvitað ýmsar aðrar leiðir til í þessu máli. Það er t.d. spurning hvort þetta ætti ekki allt að fara undir hreina kjarasamninga, hvort það ættu ekki að gilda kjarasamningar um alla opinbera starfsmenn og ef við hugum að prestunum sérstaklega, sem þarf auðvitað að taka mjög rækilega til skoðunar, þá get ég séð a.m.k. fjórar leiðir varðandi þeirra mál. Það er í fyrsta lagi að þeir falli undir Kjaradóm en ekki kjaranefnd sem reyndar brýtur í bága við þá hugsun sem er í þessu frv. Í öðru lagi að það verði algjör breyting á þeirra kjarasamningum og þeir hreinlega semji beint við kirkjuna. Það kallar auðvitað á breytingu á fjárhag kirkjunnar og því að kirkjan taki sín fjármál í eigin hendur. Í þriðja lagi mætti hugsa sér sérstaka kjaranefnd fyrir presta. Það kom fram í máli hæstv. fjmrh. að prestar eru þarna heil stétt sem heyra undir þessi lög. Og síðan er auðvitað fjórða leiðin sú að kveðið sé á um laun presta sem annarra í lögum. En það er auðvitað leið sem menn fóru áður fyrr og það kannski skýrist í umræðunni hvers vegna eða hvort menn telja þá leið vera ófæra nú.

Það eru ýmsar leiðir til í þessu og þær þarf að skoða. Eitt vil ég nefna varðandi þetta frv. sem prestarnir hafa m.a. vakið athygli á og það er að í þessu frv. er beitt ýmsum hugtökum þegar verið er að skilgreina kaup og kjör. Hér er talað um launakjör, starfskjör, laun, önnur laun. Þetta þarf að mínum dómi að skilgreina. Mér finnst þetta svolítið óskýrt í lagatextanum hvað við er átt hverju sinni. Það kann vel að vera að fjmrn. hafi sínar skilgreiningar á þessu en ég get ekki annað en vakið athygli á því að prestarnir hafa gert athugasemd við 8. gr. þessa frv. þar sem greinin hefst á þessum orðum:

„Eftirtaldir aðilar heyra undir úrskurð kjaranefndar um launakjör.“ — Síðan kemur þar löng upptalning en í lokin segir, með leyfi forseta:

„Þá skal kjaranefnd úrskurða um laun og starfskjör presta þjóðkirkjunnar, þ.e. sóknarpresta, sérþjónustupresta, prófasta og vígslubiskupa.“

Það þarf auðvitað að vera ljóst hvað átt er við með þessu. Í athugasemd við 8. gr. er ekkert skýrt hvað átt er við. Þetta hefur vakið tortryggni presta og það ekki að ósekju því reynsla þeirra af samskiptum við ríkisvaldið er aldeilis orðin með endemum eins og rakið var í umræðunni um bráðabirgðalögin og þar af leiðandi þarf að vera ljóst hvað þarna er átt við. En eins og ég segi þá kannski skýrist í umræðunni hvað hér er á ferðinni. Nú veit ég auðvitað að störf presta og aðstæður presta eru mjög mismunandi eftir því hvar er á landinu. Í nokkrum prestaköllum búa þeir við hlunnindi og það meira að segja veruleg hlunnindi. Þeir eru reyndar mjög fáir sem þeirra njóta, er átt við það? Ætlar ríkisvaldið eitthvað að fara að skipta sér af þeim hluta launakjaranna, þ.e. það sem gerir prestakall að góðu brauði eða hvað er verið að fara? Hvað er átt við með þessu? Þessi hugtök þarf að mínum dómi að skýra betur og það þyrfti að koma fram í grg. eða í skýringu við einstakar greinar.

Í 5. gr. frv. segir að Kjaradómur, og það gildir reyndar líka um kjaranefnd, skuli gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem hann ákveður og ég vildi gjarnan fá nánari skýringu á þessu. Þarna hljóta menn að vera að vísa til einhvers stiga eða er verið að hugsa um það að launamunur megi ekki vera meiri en eitthvað ákveðið eða hvað er verið að meina með þessu? Hvaða skilningur hefur verið lagður í þetta hugtak?

Síðan á Kjaradómur að taka tillit til sambærilegra hópa og við höfum náttúrlega núna fengið þetta himinhrópandi dæmi um það þegar Kjaradómur tók aðeins inn í myndina sambærilega hópa en það var stöðvað af ríkisvaldinu. Það eru hér á borðum ýmissa þingmanna ljósrit úr Frjálsri verslun þar sem er að finna lýsingu á launakjörum þessara sambærilegu hópa, þ.e. stjórnenda í ríkisfyrirtækjum og á almennum vinnumarkaði, þeirra sem Kjaradómur á að taka mið af. Við erum náttúrlega hér að tala um svo himinhrópandi mun að það liggur við að maður falli í yfirlið við að sjá þessi ósköp sem þar koma fram. Að laun alþingismanna skuli vera um það bil fimmtungur af launakjörum forstjóra eða þriðjungur af launakjörum forstöðumanna opinberra stofnana er aldeilis með ólíkindum.

Ég hlýt að koma hér að skipan kjaranefndarinnar. Mér þykir sem þar sé vald fjmrn. fullmikið og ég á sannast að segja erfitt með að skilja hugmyndina á bak við þessa tillögu. Þarna á fjmrh. að skipa tvo en forseti Alþingis einn. Það er sem sagt framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið sem á að koma að skipan þessarar nefndar. Reyndar mátti heyra það á hæstv. fjmrh. að hann er til í að skoða það að þarna gæti verið einhvers konar breytileg skipan nefndarinnar eftir því um hvaða hópa eða einstaklinga er verið að ræða, sérstaklega varðandi kirkjuna. En þar með komum við auðvitað að þessari grundvallarspurningu um kirkjuna og þau rök sem prestar hafa sett fram. Við hljótum að þurfa að skoða býsna rækilega hvort sú skipan sem hér er lögð til standist þá stöðu sem kirkjan hefur í íslenska stjórnkerfinu. Nú gerði ég allnokkra tilraun til

þess að fá fram skilgreiningar á því hver staða þjóðkirkjunnar er í íslenska stjórnkerfinu en hún er býsna óljós lögum samkvæmt. Ég hef rætt við presta sem greinir á um það hvort kirkjan, hin íslenska kirkja, sé raunverulega þjóðkirkja eða hvort hún sé ríkiskirkja. Spurningin snýst um það hvaða leyfi framkvæmdarvaldið hefur til að ákveða kjör kirkjunnar með þessum hætti. Menn skilja það þannig að á sínum tíma hafi verið gerður eins konar samningur milli ríkis og kirkju þar sem kirkjan lét í raun og veru eignir sínar eftir til ríkisins en ríkið tók að sér að greiða laun presta þar á móti. Margir prestar sem ég hef talað við skilgreina stöðu kirkjunnar þannig að hennar verndari sé forseti Íslands, biskupinn hennar yfirmaður en að öðru leyti hafi framkvæmdarvaldið ekkert yfir kirkjunni að segja. Aðra greinir á um þetta. Ég held að það ætti að verða næsta verkefni kirkjumálaráðherra og okkar hér á Alþingi að skera úr um þetta og kveða nánar á um skipan þjóðkirkjunnar í lögum. Ég get lýst því sem minni skoðun að ég vildi sjá sjálfstæði hennar sem mest.

Það mætti fara hér út í langt mál varðandi skilning á hugtökunum þjóðkirkja og ríkiskirkja en ég ætla að láta það duga að segja að hugtakið þjóðkirkja er fyrst og fremst „theólógískt" eða fræðilegs eðlis, kom fyrst fram árið 1822, en ríkiskirkja er skilgreind þannig að ríkið hafi beint yfir kirkjunni að segja. Það hafa margir prestar þessa lands ekki viðurkennt að sé raunin hér á landi enda sé það biskup sem hafi mest vald í málefnum kirkjunnar. Þetta eru mikilvægar spurningar, þetta er mikilvægt atriði og mikilægt að leysa þessa deilu við prestastéttina á friðsamlegan og ásættanlegan máta. Við munum að sjálfsögðu fara út í það verk í efh.- og viðskn.

Mig langar líka til þess að spyrja hæstv. fjmrh. út í 11. gr. Það er ýmiss konar orðalag í frv. sem þarfnast nánari skýringar en mig langar að spyrja varðandi 11. gr., um skilning hans á því hvað felst í setningunni að kjaranefnd „...úrskurðar hvaða aukastörf tilheyri aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega." Þarna þykir mér sem þessari nefnd sé gefið býsna mikið vald ef hún úrskurðar um það hvað tilheyrir starfinu og hvað ekki. Þá er hún farin að búa til eins konar starfslýsingar. Eins gleymdi ég því varðandi 9. gr. að þar á kjaranefnd líka að fá upplýsingar um aukastörf og hlunnindi og um þau störf sem menn kunna að gegna fyrir aðra. Ég hlýt að spyrja: Ef embættismenn ríkisins eru í öðrum störfum, sem þeir hljóta að gegna utan síns vinnutíma, hvað kemur það þessari kjaranefnd við eða hverju ætla menn að ná tökum á með þessu? Hvað er verið að gefa í skyn með þessu? Mér finnst þetta nokkuð dularfullt ákvæði. Ég get ekki séð að það komi kjaranefnd við ef menn eru í öðrum störfum svo framarlega sem þeir eru ekki að vinna þau í sínum vinnutíma hjá ríkinu. Þetta er óþarfa afskiptasemi sýnist mér.

Ég ætla ekkert að segja af eða á um það hver afstaða mín er til frv. Þarna eru nokkuð margar eðlilegar breytingar en við hljótum að þurfa að átta okkur betur á því hver rökin eru fyrir þeim breytingum sem hér er verið að leggja til. Ég undirstrika það að mér þykir fjmrh. fá allt of mikið vægi og vald varðandi kjaranefndina þó ég dragi það ekki í efa að þeir sem þar sitja vinni samkvæmt lögum. Það getur ekki verið ætlunin að þeir sem sitja í þessari nefnd séu einhvers konar handbendi fjmrh. Menn verða að geta treyst því að nefnd sem þessi starfi á þeim lagagrundvelli sem þeim er ætlað og láti ekki segja sér fyrir verkum af ráðherrum. Síðast en ekki síst þarf að athuga stöðu prestanna alveg sérstaklega og þeirri meðferð sem þeir hafa hlotið hjá ríkinu og ríkisvaldinu verður að linna. Allt verður þetta tekið til athugunar í efh.- og viðskn. þar sem ég á sæti. Ég endurtek að ég bíð spennt eftir því að fá þetta mál til nefndarinnar.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að fara örfáum orðum um þetta frv. þrátt fyrir það að ég sitji í efh.- og viðskn. og hæstv. fjmrh. hafi bent mér á það með eilitlum þjósti í umræðum um síðasta mál, án þess að ég hafi tekið þar til máls, að ég þyrfti ekki að tjá mig um málið þar sem ég sæti í viðkomandi nefnd. En ég ætla nú samt að láta mig hafa það að ræða um þetta mál.

Þá er það fyrst til að eyða misskilningi að ég tek undir það með síðasta ræðumanni að við spyrntum mjög hart við fótum í efh.- og viðskn. þegar bréf kom frá fjmrn. um að við færum að fjalla um málið áður en búið væri að vísa því til nefndar. Þótt það hafi verið samþykkt að taka þann sið upp í sumar við mjög sérstakar aðstæður, þá held ég að þetta sé starfsaðferð sem beri að forðast.

Í öðru lagi vil ég taka það fram að hér er í raun um mjög stórt mál að ræða og mjög mikilvægt að það takist farsæl umfjöllun á Alþingi í vinnu við frv. Þetta frv. snertir kjör nánast allra æðstu embættismanna ríkisins, þar með taldir eru alþingismenn og ráðherrar, og er þar af leiðandi mjög viðkvæmt og öll umfjöllun verður undir smásjá. Þetta segi ég ekki vegna þess að það sé mín skoðun að menn eigi ekki að taka á þessum málum. Það er langt frá því. Málið er m.a. mikilvægt vegna þess að það hlýtur að skipta sköpum að launakjör æðstu embættismanna þjóðarinnar á hverjum tíma séu þess eðlis að þar ráðist eða bjóði sig fram hið hæfasta fólk. Eflaust skilja menn orð mín svo að þarna þurfi að verða viss leiðrétting og það er alveg rétt. Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að verða viss leiðrétting á kjörum ákveðinna hópa, m.a. alþingismanna. Það er svo annað mál að ég sé ekki að nokkur rök séu fyrir því að aðlaga þau kjör að því sem gerist orðið á hinum almenna vinnumarkaði og þá fyrst og fremst fyrir það að kjör ýmissa hópa, sem menn hafa kannski á stundum viljað telja viðmiðunarhópa, virðast vera komin algerlega út úr kortinu. Það er athygli vert að á síðustu árum hafa launakjör ýmissa hæstlaunaðra hópa í þjóðfélaginu hækkað til muna umfram aðra.

Það er alveg rétt sem kom fram í máli hæstv. fjmrh. að fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna var boðið upp á að taka þátt í vinnu við undirbúning frv. sem hér er lagt fram. Því var hafnað fyrst og fremst vegna þeirrar málsmeðferðar sem varð í kringum bráðabirgðalagasetninguna í sumar. Þar tók ríkisstjórnin á sig vissa ábyrgð og að mínu mati varð hún að axla

hana áfram með því að koma með nýtt frv. inn í þingið. Þessi afstaða þingflokks Framsfl. breytir hins vegar engu um þá skoðun mína að það sé skylda þingmanna í öllum flokkum að taka höndum saman varðandi lausn þessa máls. Þetta er í raun og veru ekki eða á ekki að vera flokkspólitískt mál.

Ég ætla að koma aðeins að einum þætti þessa máls sem hefur verið nokkuð í umræðu undanfarið. Það eru kjör presta. Ég tel að gremja og reiði presta eftir því hvernig farið hefur verið með þeirra kjaramál á síðustu missirum sé mjög skiljanleg. Það má öllum vera ljóst að prestastéttin kemur ekki fram opinberlega í svo ákveðinni umfjöllun um sín kjaramál fyrr en þeim finnst að verulega hafi verið á þeim brotið og svo held ég að sé í þessu máli. Við verðum að rifja það upp að prestar voru með samningsrétt eins og aðrir opinberir starfsmenn. Sú skipan hafði ekki reynst vel og þá fyrst og fremst vegna þess hversu erfitt það er fyrir prestana að taka þátt í harðri kjarabaráttu. Þeir höfðu þess vegna leitað eftir því að falla undir Kjaradóm. Það var nýbúið, varla þornað blekið á þeim lögum þegar sett voru lög á Kjaradóm í sumar. Þetta er skiljanlegt í ljósi þess að það vantaði mikið á að prestar, meðan þeir höfðu sjálfstæðan samningsrétt, hefðu náð fram ýmsum þeim kjaraleiðréttingum sem aðrir hópar opinberra starfsmanna höfðu náð og öllum í þeim stéttum þóttu sjálfsagðar. Sú leiðrétting hafði ekki farið fram. Þetta á m.a. við gagnvart óreglulegum vinnutíma, ferðapeningum og mjög mörgum þáttum öðrum. Til gamans má nefna það að prestarnir á Akureyri sem sinna Grímseyjarprestakalli fá, ef ég man rétt, 125 kr. fyrir ferðina þar út eftir, þ.e. einu sinni í mánði. Þeir fá samtals hálfa yfirvinnustund í mánuði fyrir að sinna annexíu. Það er ýmislegt af þessu tagi í kjörum presta sem stingur mjög í augu þegar maður sér það.

Prestar fengu ekki leiðréttingu á sínum kjörum meðan þeir voru með frjálsan samningsrétt og höfðu bundið vonir við að þeir mundu fá leiðréttingu undir Kjaradómi sem og raunin varð á. Þar varð nokkur leiðrétting þó að langt sé frá að prestar hefðu getað talist til hálaunahópa ef hún hefði náð fram að ganga. Síðan var leiðréttingin tekin af með bráðabirgðalögum í sumar. Þess vegna tel ég að það sé mjög brýnt að þeirra mál verði tekin sérstaklega fyrir. Inn í það hafa síðan á seinni stigum, eftir að frv. kom fram, blandast deilur um stöðu kirkjunnar, þjóðkirkju/ríkiskirkju, og m.a. hafa prestar haldið því fram að með því að vera settir undir kjaranefnd séu þeir komnir beint undir framkvæmdarvaldið og það sé þá enn ein staðfesting á því að hér sé ríkiskirkja. Ég ætla ekki að blanda mér í þessar deilur en ég bendi þó á í þessu sambandi að Kjaradómur er stjórnvald, ekki dómsvald og það ætti m.a. hv. 2. þm. Vestf. að vita. Kjaradómur er stjórnvald. Kjaranefndin er stjórnvald líka og fellur að mínu mati undir þann arm af þrískiptingu valdsins sem er framkvæmdarvaldið. Kannski er munurinn ekki eins mikill og prestarnir vildu vera láta varðandi þetta.

Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram, að það er mjög eðlilegt í tengslum við þetta að menn taki mið af stöðu kirkjunnar, þeirri stöðu sem þjóðkirkjan vill og á að hafa. Þar er ýmislegt uppi, allt frá því að prestarnir fari undir Kjaradóm eins og æðstu embættismenn og til þess að menn túlki þjóðkirkjuhugtakið þannig að þjóðkirkjan fái bara launatillag úr ríkissjóði sem þjóðkirkjan ynni svo úr hvernig yrði farið með. Það mundi kannski öllu öðru fremur tryggja sjálfstæði þjóðkirkjunnar. Það er hins vegar flókið mál og mundi þýða miklar breytingar, m.a. á hlutverki biskupsstofu annars vegar og kirkjumálaráðuneytis hins vegar. Ég ætla ekki að hætta mér lengra út í þessar umræður, í það minnsta ekki meðan ég horfist beint í augu við prestvígðan mann sem eflaust þekkir þessi mál betur en ég.

Meðal þess sem okkur hefur borist í hendur er greinargerð til Kjaradóms frá Prestafélagi Íslands frá því í ágústmánuði nýliðnum. Það er mjög vel unnin greinargerð þar sem rakið er lið fyrir lið eðli starfsins og þeirra kjara sem er eðlilegt að prestar nytu. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa upp úr þessari greinargerð þar sem stendur:

„Við prestar óskum eftir að við mat á embættislaunum okkar verði tekið mið af eftirfarandi atriðum:

1. Við erum í raun alltaf á bakvakt.

2. Við berum mikla ábyrgð og á okkur hvíla víðtækar stjórnunarskyldur.

3. Það fylgir eðli preststarfsins að vera vakandi siðferðisrödd í þjóðfélaginu.

Til þess að geta sinnt þessari skyldu þurfa prestar að búa við fjárhagslegt sjálfstæði. Aðrar stéttir sem svipað gildir um hafa fengið þetta viðurkennt þegar launakjör þeirra hafa verið ákveðin.

4. Prestar þurfa nokkrum sinnum á starfsævinni að leggjast undir dóm væntanlegra sóknarbarna sinna er þeir sækja um embætti.

5. Kjör sóknarpresta mega ekki vera þannig að hæft fólk forðist að bjóða fram starfskrafta sína í þágu kirkjunnar.

6. Við eigum ekki að þurfa að sækjast eftir launuðum aukastörfum sem ekki samrýmast embættisskyldum okkar, við eigum að geta sinnt störfum okkar óskiptir í þágu embættisins.

7. Við verðum að geta staðið undir kröfu samfélagsins um að bera okkur vel. Í því felst m.a. að geta klætt sig í samræmi við virðingu embætta okkar og haldið heimili með sóma enda eru þau undir smásjá almennings og í sjálfu sér opinber með þeim útgjöldum sem því fylgir."

Þetta er vel unninn rökstuðningur en ég bendi þingheimi á það að skoða þennan rökstuðning og ef við skiptum út orðinu prestar og settum í stað nafn á annarri stétt sem er okkur vel kunnug hér sem í þingsölum starfa, hvort menn gætu þá ekki fundið þar eilitla hliðstæðu.

En efnislega um frumvarpið, þá get ég ágætlega fallist á þetta frv. sem vinnuplagg fyrir efh.- og viðskn. til að ganga út frá. Ekki er þar með sagt að mér þyki það algjörlega gallalaust. Ég vil benda á 6. gr. þar sem segir:

„Kjaradómur skal ákvarða föst laun fyrir venjulega dagvinnu og önnur laun sem starfinu fylgja og kveða á um önnur starfskjör.

Kjaradómur skal við úrlausn mála taka tillit til venjubundins vinnuframlags og starfsskyldna umfram dagvinnu. Hann úrskurðar hvaða aukastörf tilheyra aðalstarfi og hvar beri að launa sérstaklega.

Enn fremur skal Kjaradómur hafa hliðsjón af þeim hlunnindum og réttindum sem tengjast embætti og launum svo sem lífeyrisréttindum."

Það verður að liggja alveg ljóst fyrir hvað er átt við með þessari grein. Er til að mynda hægt að hugsa sér að á þessari grein verði það byggt að farið verði innan Alþingis að launa nefndarformennsku sérstaklega eða launa menn sérstaklega eftir því hvernig menn meta vinnuframlagið?

Ef það liggur þarna á bak við þá held ég að það sé mjög hættulegt fyrir lýðræðið og þróun mála á vinnustað okkar. Þar verður það að vera grundvallarregla að allir séu á sömu launum, hvaða embættum þeir gegna á vegum þingsins á hverjum tíma. Þessari spurningu vil ég varpa sérstaklega fram.

Síðan er nokkuð hliðstæð grein um kjaranefndina og sú spurning hefur komið fram og ég ítreka hana: Hvernig hafa menn hugsað sér að kjaranefndin taki mat m.a. að hlunnindum sem fylgja viðkomandi starfi.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri, en ítreka það sem ég sagði í upphafi að ég tel að það sé skylda Alþingis að taka á þessu máli og þar verði menn við þá vinnu að horfa fram hjá þeim mistökum sem hæstv. ríkisstjórn gerði í sumar við framkvæmd bráðabirgðalaganna og þess vegna iegg ég áherslu á það að menn spyrði ekki þessi frv. saman í umfjöllun Alþingis, að menn taki sér góðan tíma til að vinna þessi mál og séu ekki endilega þar að horfa á þau tímamörk sem sett eru varðandi bráðabirgðalögin. Enda held ég að það sé það besta fyrir hæstv. ríkisstjórn að það líði í það minnsta nokkrar vikur á milli staðfestingar bráðabirgðalaganna og síðan nýrra laga um Kjaradóm og kjaranefnd.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það fyrsta sem menn þurfa að gæta að þegar gerð er tillaga um að skipa málum með þeim hætti sem hér liggur fyrir er að átta sig á því hver staða Kjaradóms og kjaranefndar er innan hins þrískipta valds, hvort dómurinn fellur undir dómsvald eða hvort hann er á öðrum slóðum. Þá kom fram hjá síðasta ræðumanni að hann teldi að Kjaradómur félli undir framkvæmdarvaldið og kjaranefndin einnig, og ég tek undir þann skilning af hálfu hv. 6. þm. Norðurl. e. Það er minn skilningur að svo sé og má vitna til sambærilegs dæmis í formi yfirskattanefndar, hins vegar þarf að undirstrika þetta þannig að ljóst sé hvert menn eigi að áfrýja málum, úrskurðum nefndarinnar og dóms ef menn kjósa svo, og hvort menn yfir höfuð eiga einhvern úrskurðarrétt. Það er minn skilningur að menn geti skotið málum eða niðurstöðu þessara tveggja aðila, Kjaradóms og kjaranefndar, undir dómsvald eftir venjulegum leiðum sem um það gilda. Gildir þá bæði um efni niðurstöðunnar sem menn vilja áfrýja eða formleg atriði. Ég tel að það væri málinu til góðs og til að skýra það ef hæstv. fjmrh. upplýsti frekar um sjónarmið sitt um stöðu Kjaradóms og kjaranefndar innan hins þrískipta valds og möguleika aðila sem undir dóminn eða nefndina falla að áfrýja þeirri niðurstöðu ef þeir una ekki hvort sem þar er um að ræða að formi eða efni.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hvers vegna lagt er til nýtt frv. um Kjaradóm og kjaranefnd, það virðist nokkuð augljóst mál. Hæstv. núv. ríkisstjórn telur lífið óbærilegt undir núverandi lögum um Kjaradóm frá 1986 og þá væntalega í ljósi þeirra úrskurða sem féllu á sl. sumri í tveimur dómum.

Mér finnst sjálfum sá rökstuðningur sem þarf ekki hafa komið fram til þess að taka ákvörðun um og fallast umsvifalaust á það að æskilegt sé að breyta um form í þessu efni og skipta Kjaradómi upp í tvennt, annars vegar Kjaradóm og síðan taka upp annað stig sem er enn tengdara framkvæmdarvaldinu og ráðherrunum en Kjaradómur, þ.e. kjaranefnd.

Það sem einkum og sér í lagi er verið að slíta frá Kjaradómi er prestastéttin sem fékk úrskurð í sumar frá Kjaradómi og manni býður óneitanlega í grun að það sé afstaða ríkisstjórnarinnar að niðurstaða Kjaradóms þá hafi verið í alla staði óásættanleg og það sé ásetningur þeirra að stjórnvöld þurfi ekki að búa við hann áfram.

Ég get alveg fallist á það hjá hæstv. ráðherra að ef menn á annað borð telja skynsamlegt að taka upp þennan kost þá sé rétt að skipta málum þannig upp að annars vegar heyri þeir undir Kjaradóm sem eru æðstu embættismenn þjóðarinnar og hins vegar þeir sem að jafnaði heyra undir framkvæmdarvaldið og eru skipaðir af því. En með þeim rökum sem hæstv. fjmrh. flutti hefur hann kippt fótunum undan þeirri tillögu sinni að setja presta undir Kjaradóm því mér er ekki kunnugt um að framkvæmdarvaldið skipi presta í starf. Ég óska því eftir frekari rökstuðningi við því af hálfu hæstv. ráðherra, þeirri tillögu sem hér liggur fyrir að prestastéttin falli undir Kjaranefnd.

Í minnisblaði sem ég hef fengið og sent var hv. þm. Svavari Gestssyni, sem situr í samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkju, og er frá formanni Prestafélags Íslands, er rækilega undirstrikað að þjóðkirkjan heyri ekki undir ríkið, hún sé ekki ríkiskirkja heldur þjóðkirkja. Því sé það óeðlilegt að þjónar kirkjunnar sæki kjör sín úr hendi framkvæmdarvaldsins.

Þetta vildi ég að kæmi fram þannig að menn hefðu það til umhugsunar og væri ljóst að þessi viðhorf eru rækilega uppi af hálfu þeirra sem eiga að falla undir kjaranefnd samkvæmt því sem ég rakti hér áðan.

Auðvitað er það dálítið vandasöm sambúð hjá þjóðkirkju annars vegar og ríki hins vegar þegar menn skilgreina þjóðkirkju sem sjálfstæða stofnun með forræði eigin mála í sínum höndum og innra starfs en sækir fé frá ríkisvaldinu til að halda starfinu uppi. Mér fannst á sínum tíma þegar sú breyting var gerð að færa ákvörðun um kjör presta undir Kjaradóm að þar væri um að ræða ásættanlega leið sem væri vert að fara og a.m.k. ekki að hafna fyrr en að fullreyndu. Önnur leið væri sú ef menn telja að leið af þessu tagi geti ekki gengið upp þá sýnist mér að menn séu komnir í þá

stöðu að velta fyrir sér af fullri alvöru hvort sé komið að því að þjóðkirkja og ríki skiljist að fullu að og þjóðkirkjan taki í sínar hendur þessi mál og fái þá til þess tekjustofna. Þetta er leið sem vissulega er vert að hafa í huga og hefur nýlega verið reifuð í blaðagrein af einum sóknarpresti og ég tel allrar athygli verða. Reyndar er ég á þeirri skoðun að ef ekki næst friðsamleg sambúð milli ríkis og þjóðkirkju um ákvörðun kjaramála með Kjaradómi eða álíka aðferðum sé fátt annað eftir en að menn ákvarði þennan aðskilnað. (Gripið fram í.) Já, og leigukjör prestsíbúða. Fyrst hv. 6. þm. Norðurl. e. tekur það upp, þá vil ég nefna að það er skoðun mín, hvort sem menn ræða um launakjör presta eða annarra starfsstétta í þjóðfélaginu að menn eigi að hafa umsamin kjör ofan á borðunum. Ekki eigi að vera við lýði tvöfalt launakerfi. Slíkt kerfi sem hefur verið við lýði og við sáum reyndar opnast dálítið fyrir okkur með úrskurðum Kjaradóms, er fyrst og fremst til þess fallið að halda niðri kjörum láglaunafólks. Það hlýtur því að vera markmið þeirra sem berjast fyrir því að bæta hag láglaunafólks að afnema hið tvöfalda launakerfi sem viðgengst í þjóðfélaginu.

Ég vil enn fremur segja um prestsbústaðina að sú staðreynd að menn sækja sér kaupauka að nokkru leyti með lágri húsaleigu endurspeglar kaup og kjör þeirra sem í hlut eiga. Það er viðleitnin þegar launin eru of lág, kjörin of kröpp, þá fara menn einhverjar leiðir til þess að bæta sér það upp.

Mér finnst eðlilegra að það sé gert með hækkun kaupsins sjálfs, kauptaxta, þannig að menn hafi það fyrir sér í stað þess að vera að semja um einhverjar hliðarleiðir sem færa mönnum aukna peninga í vasann. Þetta er almenn afstaða mín til þessara mála og gildir jafnt um þetta mál sem önnur sem menn geta minnt mig á í þessum sal.

Hvað varðar frv. sjálft þá er ég nokkuð efins um að menn nái fram einhverri annarri niðurstöðu en kom fram sl. sumar í niðurstöðum Kjaradóms. Ef maður ber saman þau lög sem Kjaradómur dæmdi eftir sl. sumar og þetta frv. þá er breytingin svo lítil að það er niðurstaða mín að menn megi allt eins búast við því að úrskurðir væntanlegs Kjaradóms og kjaranefndar verði í samræmi við þá dóma sem féllu á sl. sumri. Mér sýnist því að menn séu þá að geyma það mál til síðari tíma og fá það aftur framan í andlitið þegar að því kemur.

Ég nefni sem dæmi 5. gr. sem er forskriftin fyrir forsendum Kjaradóms eða því sem hann á að leggja til grundvallar þegar hann á að ákvarða kjör þeirra sem hann á að dæma um. Ef maður ber saman 5. gr. frv. og 6. gr. núgildandi laga, eins og þau voru áður en bætt var við þau í sumar, þá er eini munurinn sá að í 5. gr. er bætt við einni setningu: „Enn fremur skal Kjaradómur taka tillit til þróunar kjaramála á vinnumarkaði.“ Þetta er eina viðbótin sem er við þá forskrift sem var í gildi þegar Kjaradómur kvað upp sinn úrskurð í sumar.

Hann hefur því í raun og veru þrjú atriði til viðmiðunar. Það er í fyrsta lagi að laun eða starfskjör séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgða. Í öðru lagi innbyrðis samræmi í starfskjörum. Í þriðja lagi á að taka tillit til þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Virðulegi forseti. Þegar væntanlegur Kjaradómur kveður upp úrskurð samkvæmt þessu frv. getur tvennt gerst. Annaðhvort sjáum við svipaðan úrskurð og við sáum á sl. sumri eða við sjáum úrskurð um nánast engar breytingar frá því sem verið hefur og þá byggt á síðustu setningunni sem bætt er við, að taka tillit til þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Mér fannst vanta inn í framsöguræðu hæstv. fjmrh. að hann gerði grein fyrir hvernig hann sæi fyrir sér að dómurinn gæti samræmt þessar þrjár forsendur sem hann á að starfa eftir án þess að komast að svipaðri niðurstöðu og sl. sumar eða þá að breytingin verði engin sem máli skiptir.

Ég vil líka nefna í sambandi við 10. gr. um kjaranefndina að þegar kjaranefnd á að ákvarða launakjör, þá á hún að hafa sem forsendu innbyrðis samræmi í starfskjörum og þau séu í samræmi við launin í þjóðfélaginu o.s.frv. og í þriðja lagi að samræmi sé á milli þeirra og þeirra launa hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga eða Kjaradóms. Ef við tökum prestastéttina sem á að falla undir kjaranefnd og þar með forskrift 10. gr., þá er síðasta atriðið samræmið milli þeirra og þeirra launa hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga eða Kjaradóms. Það er óvirkt því það er væntanlega enginn prestur í starfi hjá ríkinu á grundvelli kjarasamnings eða Kjaradóms þannig að kjaranefndin verður þá að kveða upp úrskurð um kjör presta á grundvelli tveggja atriða, innbyrðis samræmis og í öðru lagi samræmis við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar sem er í raun og veru það sama og Kjaradómur hafði sem forskrift sl. sumar.

Fyrir þá sem eiga að vinna eftir þessum lögum er nauðsynlegt að hafa nánari skilgreiningu á því hver viðmiðunarhópurinn er og ég spyr hæstv. fjmrh.: Hverjir eru taldir sambærilegir við presta með tilliti til starfa og ábyrgðar í þjóðfélaginu? Hvaða hópar eru samanburðarhópar? (Gripið fram í.) Já, já, ég get alveg orðið við ósk hæstv. fjmrh. og spurt hann um það hvaða hópar séu samanburðarhópar okkar alþingismanna ef hæstv. ráðherra vill koma því á framfæri og mér finnst alveg sjálfsagt að það verði upplýst hér.

Eitt finnst mér að menn verði að íhuga dálítið þegar menn leggja upp með þá forsendu að gæta samræmis við sambærilega hópa í þjóðfélaginu að það er ekkert sjálfgefið að launaþróun sambærilegra hópa í þjóðfélaginu sé eðlileg. Ég sé ekki að launaþróun t.d. forstjóra í ýmsum fyrirtækjum sem hafa nú verið til umfjöllunar, laun þeirra m.a. í frjálsri verslun, séu neitt eðlileg þróun sem menn ættu að binda í lögum að taka eigi mið af. Það er fjarri því að sú þróun, sem verið hefur á síðustu missirum í æðstu toppum þjóðfélagsins og minnir um margt á viðlíka þróun erlendis sem stundum er nefnd svokölluð forstjóragræðgi þar sem háttsettir menn hjá einkafyrirtækjum og jafnvel hinu opinbera sækja sér hærri laun í krafti stöðu sinnar og

það jafnvel óháð afkomu og stöðu stofnunar eða fyrirtækis sem þeir starfa hjá, að þetta sé eitthvert lögmál sem menn eigi að hengja sig í. Þannig hef ég efasemdir við það atriði að beintengja fortakslaust laun þeirra sem falla undir Kjaradóm og kjaranefnd við einhverja samanburðarhópa.

Virðulegi forseti. Ég gat um það áðan að ég teldi ekki sjálfgefið að breyta þessu kjaradómsformi. Það hefði í sjálfu sér ekki reynt þannig á það, a.m.k. ekki gagnvart þeim sem síðast voru settir undir Kjaradóm, þ.e. prestastéttina, að menn ættu að fallast á breytingar án frekari röksemdafærslu. Ég minni á að á síðasta þingi fyrir þingkosningarnar 1991 var samþykkt frv. til laga sem færði presta undir Kjaradóm og það var gert með samþykki allra þingflokka á Alþingi og samkvæmt Alþingistíðindum hefur verið alger samstaða um það meðal allra á þingi um að gera þessa breytingu. Þessi breyting er auðvitað gerð á tilteknum forsendum. Það eru ákveðin rök fyrir henni. Það þarf því sérstök rök til að hverfa frá þessari skipan mála. Og ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. rökstyðji þá tillögu sína að færa prestastéttina frá Kjaradómi. Ég er ekki að segja að ég muni hafna þeim rökum eða ekki fallast á það fyrirkomulag en ég hef vakið athygli á afstöðu þeirra sjálfra sem eru þolendur í þessu máli og afstöðu Alþingis fyrir rúmu ári sem vildi hafa þennan hátt á og tel því eðlilegt að fá fram sérstakan rökstuðning fyrir breytingunni. En almennt vil ég segja um þetta frv. að ég tel eðlilegt að það verði athugað vandlega í nefnd og að menn reyni að koma sér saman um breytingar á núverandi skipan mála fyrst það er ljóst að ekki er sátt um það og að þeir miði störf sín að því að ná einhverju viðunandi samkomulagi milli flokka hér á þinginu.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að biðja hæstv. forseta að kanna hvort hæstv. fjmrh. vilji halda umræðunni áfram. Mér er ekki alveg grunlaust um að hann ætti að vera annars staðar, en ég sé nú að ráðherra vill halda henni áfram.

Ég skal gera mitt ýtrasta til þess að lengja hana ekki mikið en ég vil byrja á að segja örfá orð um svona lagasetningu almennt. Þegar maður fer að lesa frv. og öll þau önnur lög sem frv., ef að lögum yrði, mundi breyta fer ekki hjá því að maður verði svolítið áhyggjufullur yfir hvort gætt hafi verið þess sem stendur í öðrum lögum. T.d. má benda á eða ég hef alltaf skilið það svo að fólk sem fær laun samkvæmt Kjaradómi eigi það sameiginlegt, ásamt reyndar mörgum öðrum, að það hefur ekki verkfallsrétt og ég vænti þess að það sé rétt skilið. Þegar ég hins vegar fór að leita að því hvar það stæði eiginlega í lögum þá er það nú ekki alveg auðséð. Í lögum nr. 94 frá 1986 er talað um til hverra heimild til verkfalls nái eigi. Þar er vísað í 29. gr laga nr. 38 frá 1954, en þá kemur í ljós að sú upptalning er raunar ekki um það fólk sem við erum að tala um. Hins vegar hnaut ég um grein í 29. gr. laga nr. 38/1954 sem kemur að lokinni upptalningu á ýmsum þeim sem ekki eiga verkfallsrétt en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir 1. febrúar ár hvert skal fjármálaráðherra birta lista yfir þá starfsmenn sem falla undir 5. og 6. tölul. þessarar greinar."

Ég hef aldrei séð slíkan lista. Nú kann að vera að hann sé ævinlega gefinn út en ég hef alla vega aldrei séð hann. Síðan kemur í ljós, eins og menn urðu vitni að er ég sat í forsetastóli fyrir stundu síðan, að ákveðið var að ræða bæði 46. og 47. mál en allt eins hefði mátt ræða 63. og 71. mál því þar er fjallað um tengd frumvörp. Annað fjallar um laun ríkisendurskoðanda en hitt laun ríkissáttasemjara. Þannig að þetta sýnist allt svona heldur tætt. Og ég spyr hæstv. fjmrh. hvort það er bara sjónleysi mitt eða eftirtektarleysi að ég finn hvergi hver laun umboðsmanns Alþingis eigi að vera. Ég hélt að þessi tvö meginembætti sem heyra undir hið háa Alþingi, umboðsmaðurinn og ríkisendurskoðandi, væru meðal æðstu embættismanna þjóðarinnar en ég kem hvergi auga á umboðsmann. Nú tek ég leiðréttingu ef hún kemur en ég reyndi mitt besta til að finna hana í þessari upptalningu.

Ég skal stytta mál mitt mjög. Ég held að þetta mál þurfi að skoða mjög vandlega og ekki síst lagabálka eins og lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, lög um stéttarfélög og vinnudeilur og ótal aðra lagabálka sem ég er dauðhrædd um að kynnu nú að stangast á við frv. ef að lögum yrði. Þá á ég, eins og svo margir aðrir sem hér hafa talað, afar erfitt með að sjá hvaða tilgangi það þjónar að fara að skipta Kjaradómi upp í Kjaradóm og kjaranefnd. Ég leitaði með logandi ljósi hver væri í raun og veru stöðumunur þeirra sem taka laun samkvæmt kjaranefnd og þeirra sem taka laun samkvæmt Kjaradómi og mér finnst það ekki ljóst. Ég get ekki séð annað en að allir þessir aðilar gætu átt heima innan Kjaradóms eða væru verkefni Kjaradóms eins og þeir hafa verið.

Þá bendi ég á að 6. gr. sem fjallar um verkefni Kjaradóms og hins vegar 10. og 11. gr. sem fjallar um verkefni kjaranefndar eru afskaplega óljósar og erfitt að sjá greinilegan mun á þessu tvennu. Ég held því að sú nefnd sem fær þessi frumvörp ætti að skoða mjög vel sinn gang og líta til allra þeirra laga sem fjalla beint eða óbeint um réttindi og skyldur embættismanna ríkisins því að ég held að þar þyrfti að taka upp ýmislegt til samræmingar sem annars kynni að verða dálítið einkennilegt í framkvæmd.

En ég ítreka auglýsingu mína eftir því hvar umboðsmaður Alþingis eigi að búa í hinu nýja frv.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er verulegt umhugsunarefni hvers vegna hæstv. ríkisstjórn treystir sér ekki til að búa við þau bráðabirgðalög sem hún hefur lagt til að Alþingi Íslendinga samþykki. Það er ekki góð regla í lagasetningu að setja lög sem, á sama tíma og þau eru sett eða eiga að samþykkjast, eru talin svo vitlaus að ekki sé hægt að búa við þau og það þurfi hið bráðasta að taka upp nýja skipan. Þetta leiðir nánast hugann að því

hvort hæstv. ríkisstjórn hafi búið við það þegar hún fór að kynna þingflokkum sínum bráðabirgðalögin að þeir hafi sett það sem skilyrði fyrir stuðningi við lögin að nú yrði sest niður og samið frv., væntanlega frv. af viti.

Sá grunur læðist að manni að viss kaupskapur hafi átt sér stað. Það fer ekki á milli mála að sumt í þessu frv. til laga kallar óneitanlega á verulega umræðu um samskipti ríkisins og þjóðkirkjunnar. Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. er kunnugur þeirri sögu en þó hygg ég að svo sé. Hann mun vita að á sínum tíma átti kirkjan mikið af jörðum og prestar höfðu tekjur af þessum jörðum og prestsmötur höfðu þeir einnig. Þessar tekjur dugðu þeim til slíkra lífsgæða í samtíð þeirra að almennt var litið svo á að prestar hefðu það mun betra en öll alþýða manna og aðeins hinir efnameiru bjuggu við betri kost.

Samningur var gerður á milli ríkisvaldsins og kirkjunnar um að allar eigur kirkjunnar að stöðunum undanskildum, þ.e. kirkjujörðunum, skyldu seldar og andvirðið yrði notað sem höfuðstóll til að standa undir launagreiðslum fyrir klerka landsins. Það er búið að breyta þessu fram og til baka síðan eftir ýmsum leiðum. Þessi lög og ákvæði voru verulega ákveðin þegar þetta fór af stað og kirkjan var í sjálfu sér ekki að biðja um neinar gjafir. Hún var ekki að biðja um neinn verkfallsrétt. Hún var ekki að biðja um að ríkið léti hana fá neina krónu. Hún var aðeins að gera samning um að eignir hennar rynnu til ríkisins en í staðinn sæi ríkið um launakjör presta.

Ég lít svo á að hið geistlega vald megi með réttu tala um sem þriðja valdið í samfélagi þjóða. Þá er ég beinlínis að tala um stjórnvaldið. Það er að vísu rétt að kirkjan gerir engar kröfur til áhrifa í lagasetningu í þá veru sem múhameðstrúarmenn hafa verið að krefjast í þeim löndum þar sem þeir búa. Engu að síður þarf ekki að fara vítt um til að átta sig á að kirkjan hefur haft mjög mikil áhrif á lagasetningu í öllum þeim löndum sem hún er. Þessi áhrif eru svo mikil að í sumum tilfellum má segja að það hafi ríkt stórstyrjöld á milli hins geistlega valds og þeirra sem fara með löggjafarvaldið.

Ég verð að segja eins og er að mér finnst það mikið gæfuleysi ef við stöndum frammi fyrir því að ófriður á milli kirkjunnar og ríkisvaldsins auki þá umræðu að við getum ekki búið við þjóðkirkju áfram. Ég lít svo á að mikill munur sé á því að hafa þjóðkirkju eða hafa ríkiskirkju, mikill munur á þessu tvennu. Og það er bundið að framkvæmdarvaldið á að vernda kirkjuna. Það vekur vissulega umhugsun ef menn halda að það sé einhver tilviljun hvað skýrt er kveðið á um þessa hluti í stjórnarskrá Íslands.

Það var mat eins af virtustu höfðingjum þessa lands að ef ekki næðist samstaða um eina trú í landinu gæti það leitt til slíkrar borgarastyrjaldar að enginn sæi fyrir endann á henni. Og í 62. gr. stjórnarskrárinnar stendur:

„Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda."

Það er verulegt umhugsunarefni hvað þessi ákvæðu eru fortakslaus. Ef íslenska ríkið stendur þannig að málum að það er reiðubúið að launa presta í mörg önnur störf en til prestsþjónustu, mun betur en ef þeir gegna sínu starfi sem prestar, þá er íslenska ríkið ekki að vernda kirkjuna, þá er íslenska ríkið að brjóta hana niður. Ég er lítill aðdáandi sértrúarsöfnuða.

Ég held þess vegna að ekkert fari á milli mála að prestastétt landsins hefur algjöra sérstöðu þeirra sem ríkið greiðir laun. Hún er viðurkennd sem þjóðkirkja af stjórnarskránni. Það er nú einu sinni svo að það er viðurkennt þegar deilur standa að þá eigi dómsvaldið að skera úr þeim deilum. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að hvað sem þessu frv. líður eigi prestarnir skilyrðislaust að vera undir Kjaradómi, ekki kjaranefnd.

Reyndar er ég þeirrar skoðunar og vil að það komi fram að ég tel að sú hugsun sem liggur á bak við það að fjmrh. eigi að geta skipað meiri hluta í kjaranefnd, hann eigi að skipa tvo af þremur, sé svo gjörsamlega út í hött að það nái engri átt. Ef fjmrh. telur að hann eigi að hafa sjálfdæmi í þeim efnum hvað hann greiði æðstu embættismönnum þjóðarinnar í laun þá er þetta að sjálfsögðu sú regla sem er skynsamlegust. En að mínu viti á ekki að standa þannig að þessum málum að fjmrh. eigi að vera undir stöðugum þrýstingi frá æðstu embættismönnum um hvaða laun hann eigi að greiða þeim. Þeir geti nánast staðið að því að tefja og valda skemmdarstarfsemi ef þeim sinnist við fjmrh. út af þessum málum. Fjmrh. á alfarið ekki að ráða því hvaða laun hann greiðir þessum embættismönnum. Það er gjörsamlega út í hött að líta svo á að það sé skynsamlegt fyrir utan að það skapar verulega tortryggni hjá öllum þeim sem sjá það að hæstv. fjmrh. eigi að skipa tvo menn af þremur í nefndina. Fyrir fram tortryggni. Jafnvel þó að hæstv. fjmrh. vildi standa að því verki á þann veg sem hann lýsti í ræðu um bráðabirgðalögin að þeir ættu að starfa óháð því hver skipaði þá. Ef það væri svo þá þarf hæstv. fjmrh. líka að gera sér grein fyrir því að þá ætti honum ekki að vera neitt keppikefli að skipa þá.

Að mínu viti er um mikil mistök í þessu frv. að ræða. Það má deila um það hvort Hæstiréttur eigi að skipa meiri hluta í Kjaradómi eins og gert hefur verið. Vissulega má deila um það. Það er ekki rökrétt eins og hæstv. fjmrh. sagði þá í þeirri umræðu að hann skipi meiri hluta í þeirri nefnd sem á að ákveða laun hæstaréttardómara. Ég get tekið undir það sjónarmið. En það er ekki rökrétt að gera ráð fyrir því að hæstv. fjmrh. skipi meiri hlutann í nefndinni sem á að ákveða laun æðstu embættismanna ríkisins. Það verður að vera til viðurkenning á því að þessi laun eigi að hafa sér hliðstæður úti í þjóðfélaginu og að fjmrh. sem slíkur eigi ekki að liggja undir neinni pressu frá þessum aðilum varðandi laun. Ef menn una ekki þeim launum þá eiga þeir að segja starfi sínu lausu og aðrir að taka við. Það var náttúrlega mjög til bóta í Kjaradómi sem felldur var að þar var það alveg skýrt ákveðið að það væri andstætt anda laganna að gera ráð fyrir því að æðstu embættismönnum væri borguð yfirvinna. Það gengur einfaldlega ekki upp. Annaðhvort verða menn að una

því að þeir hafi tekið við ákveðnu embætti á þeim launakjörum sem því fylgja og sinna því, ef þeir ekki geta sinnt því á dagvinnutíma þá verða þeir að taka meiri tíma í það, en það á ekki að vera keppikefli þeirra manna að aðhafast eitthvað annað yfir daginn og geta svo farið að vinna verk sín á kvöldin eða seinni partinn og skrifa svo bara yfirvinnureikninga. Það kerfi gengur einfaldlega ekki upp.

Ég segi því eins og er að mér finnst mikils misskilnings gæta í þeim hugmyndum sem hér eru settar fram um kjaranefnd. Einnig er umhugsunarefni varðandi Kjaradóm þar sem segir að Kjaradómur skuli ákvarða föst laun fyrir venjulega dagvinnu og önnur laun sem starfinu fylgja og kveða á um önnur starfskjör. Það er nú svo. Mér finnst að menn séu komnir út á mjög hálan ís í þessum efnum. Ef við horfum t.d. á þingmennsku og skoðum það. Auðvitað er hægt að hafa hér það kerfi að þeir sem eru formenn nefnda fái hærri laun. Það er hægt að hafa það kerfi, segja að þetta sé ekki hluti af þingmennskunni, þessu fylgi sérstakt álag. Það er hægt að hugsa sér að hafa forseta á hærri launum, það er hægt að setja upp svona kerfi. En þá spyr maður: Í hverju er þingmennskan fólgin? Er hún þá fólgin í svona störfum, þýðir það að þeir sem leiða stjórnarandstöðu á hverjum tíma séu minna metnir en þeir sem starfa t.d. sem formenn í nefndum? Ég tel það eitthvert aðalgrundvallaratriðið í launakjörum þingmanna, og þar horfi ég mjög til Bandaríkjanna, að ætla öllum sömu laun. Ég er þeirrar skoðunar að aðeins með því móti sé jafnræðis gætt. Ekki gengur að setja þetta þannig upp að stórir fjárhagslegir hagsmunir fylgi því hvort menn vilja vera þægir stuðningsmenn ríkisstjórnar eða standa á sannfæringu sinni. Það er kerfi sem gengur ekki upp.

Ég er líka þeirrar skoðunar að þær hugmyndir sem hér eru settar fram geri það að verkum að fjmrh. skipar meiri hluta kjaranefndar eins og þetta er hugsað. Það er á vissan hátt hugsað sem framlenging á valdi hans. Getur þá fráfarandi fjmrh. haldið áfram að sitja yfir þessu valdi þegar nýr fjmrh. er kominn? Hvernig er þetta hugsað?

Mér finnst að hæstv. ríkisstjórn þurfi að gera sér grein fyrir því að þessi lög hafa þá sérstöðu að ákaflega erfitt verður að líta svo á að þau eigi að fara eftir því hvaða ríkisstjórn sé við völd í landinu. Satt best að segja finnst mér að það nái ekki neinni átt. Mér *finnst að þessi lög séu það almenns eðlis að það hljóti* að vera skilningur á því hjá hæstv. ríkisstjórn að þau eru ekki sama eðlis og mörg önnur lög sem starfandi ríkisstjórn setur.

Hins vegar hleypti það að sjálfsögðu illu blóði í stjórnarandstöðuna þegar ekki er tekin ákvörðun um það að kalla þing saman þó vandkvæðalaust sé til að ræða þau mál sem voru komin upp eftir að Kjaradómur hafði kveðið upp úrskurð sinn.

Mér finnst að hvort sem hv. 6. þm. Norðurl. e. vill hampa þeirri túlkun að Kjaradómur sé stjórnvaldstæki eða ekki blasi við að Kjaradómur ákveður laun forseta Íslands og líka að í stjórnarskránni eru skýr ákvæði um að laun forsetans skuli ákveðin með lögum, þ.e. að það sé ekki framkvæmdarvaldið sem ráði launum hans, heldur þingið. Hvernig getur þingið ráðið launum forsetans með lögum nema það geti treyst því að þeir aðilar *sem framkvæma úrskurðinn eftir lögunum séu ekki* þjónar framkvæmdarvaldsins heldur hlutlausir aðilar, hvort heldur þeir eru til þess valdir af dómsvaldinu eða af þinginu sjálfu? Mér finnst þess vegna að það orki mjög tvímælis að hægt sé að fullyrða að hér sé um stjórnvaldstæki í venjulegum skilningi að ræða þótt mér sé vissulega ljóst að hægt sé að færa rök fyrir því að Kjaradómur og Félagsdómur hafa sérstöðu gagnvart dómskerfinu sem heild, en þess eru mörg dæmi að í lögum séu ákvæði um að úrskurðaraðilar að hinu eða þessu skuli kveða upp úrskurð og eru á þann hátt sambland af dómsvaldi og framkvæmdarvaldi.

Ég hallast mjög að því að það væri gæfuspor fyrir ríkisstjórnina ef hún áttaði sig á því að það er engin lausn í hennar málum að keyra þetta frv. með hraði í gegnum þingið. Það er engin lausn. Það hlýtur að vera verulegt umhugsunarefni af því hér er ekki um mjög flókið mál að ræða að skoða það hvernig staðið er að þessum málum hjá öðrum þjóðum, hjá nágrannalöndum okkar, og meta það í ljósi þess hvort Ísland þurfi að hafa einhverja stórkostlega sérstöðu á þessu sviði. Mjög trúlega er þessi löggjöf á misjafnan veg eftir löndum, en engu að síður er það svo að við búum við vissa hefð í þeim efnum til hvaða landa við sækjum stóran hluta af okkar lögum, meira og minna.

Ég hef ekki viljað blanda saman þeirri hitaumræðu sem orðið hefur um bráðabirgðalögin við þessa umræðu. Mér finnst það út í hött. Mér finnst að þessi umræða þurfi nauðsynlega að fá þá sérstöðu að hún sé ekki of tengd hinni umræðunni vegna þess að það er forsendan fyrir því að umræðan um þetta mál geti orðið á það rólegum nótum og af það mikilli yfirvegun að menn blandi því ekki saman við það á nokkurn hátt hvort bráðabirgðalögin hafi verið sett í fljótfærni og rangt að þeim staðið.

Ég held að hæstv. fjmrh. muni gera sér grein fyrir þessu. *Hæstv. fjmrh. hefur mikla þingreynslu*, það er vissulega styrkleiki hans í embætti sínu og það má segja sem svo að hann kann e.t.v. betur á þingið en mjög margir af samráðherrum hans. Hann hefur lengi setið í nefndum sem fjallað hafa um þá málaflokka sem hér er um að ræða og áttar sig vafalaust á því að það er ekki hagkvæmt að tengja þessi mál of mikið *saman*.

Hitt er búið og gert, stjórnarmeirihlutinn fullyrðir að hann hafi þingmeirihluta til að framkvæma það. Ég ætla ekki að rengja þá fullyrðingu, það er það sem menn verða að fá að búa við, en aftur á móti eru komin hér inn til þingsins frv. sem menn hljóta að setjast yfir og skoða af verulegri nákvæmni hvert við stefnum með þeirri skipan mála sem hér er verið að leggja til.

Ég er hlynntur því að tekið verði á því máli mjög málefnalega og það verði unnið út frá breiðu sjónarmiði hvað mönnum sýnist að sé vitlegast í þeim efnum en ekki eftir því hvort menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það er von mín að mér takist að svara nokkrum fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint með þeim hætti að hægt sé að ljúka umræðunni. Mér er hins vegar kunnugt um að ég get ekki svarað öllu. Þá vænti ég þess að hv. þm. taki umræðuna upp í viðkomandi nefnd, enda gefst þar gott tækifæri til þess að fjalla um málið auk þess sem 2. og 3. umr. málsins eru eftir. Það eru aðeins örfá atriði sem ég kýs að nefna.

Í fyrsta lagi var minnst hér á kjör presta. Ég held að það skipti afar miklu máli að játa það, og það hafa þingmenn gert, að prestar hafa í raun og veru farið nokkuð illa út úr sínum málum. Það byrjaði ekki með bráðabirgðalögunum í sumar því að prestar lentu í bráðabirgðalögunum 1990 þannig að þetta er ekki í fyrsta sinn sem þeir lenda í því að bráðabirgðalög eru sett sem breyta hugsanlega kjörum þeirra. En ég vil hins vegar greina frá því að þegar talað er um heildarlaun og yfirvinnu þá eru kannski forsendur Kjaradómsins um presta mjög gott dæmi um þann vanda sem við stöndum frammi fyrir. Í forsendunum 26. júní segir til að mynda, með leyfi forseta:

„Vinnutími presta er mjög óreglulegur og stór hluti hans utan hefðbundins vinnutíma.“ Þá er í öðru lagi minnst á aukaverk presta og að þeir séu reyndar ætíð á bakvakt og svo segir orðrétt: „Álagsgreiðslur vegna afbrigðilegs vinnutíma og yfirvinnugreiðslur vegna bindingar hafa verið felldar inn í föst mánaðarlaun.“ Þetta var þegar fjallað var um fyrri dóminn.

Ég nefni þetta til að benda á hve viðkvæmt og erfitt þetta mál er því að þarna er þetta viðurkennt og þetta eru reyndar sömu atriði og komu fram í því riti sem prestar sendu Kjaradómi í ágúst en þetta er viðkvæmt vegna þess að þarna mynda heildarlaunin grunn fyrir eftirlaunaréttinn. Ég ætla ekki að nefna neinn sambærilegan hóp en tökum hugsanlega kennara. Þeir fá aldrei nema dagvinnuna viðurkennda sem eftirlaunagrunn og þetta sýnir í hvaða vanda Kjaradómur og kjaradómsúrskurðirnar setja okkur í raun og veru í. Það er á svona málum sem var ákveðið að taka og maður sá strax eftir 26. júní að varð að taka og þetta frv. er auðvitað tilraun til þess að takast á við þetta tiltekna vandamál.

Það var ekki ætlunin, ef ég hef skilið spurninguna rétt, að gera mun á alþingismönnum innbyrðis. Ég held að engum detti í hug að Kjaradómur eigi að gera slíkt en kjaranefndin hins vegar þarf hugsanlega að gera upp á milli launa, t.d. ráðuneytisstjóra innbyrðis.

Ég er sammála hv. þm. Kristni Gunnarssyni sem spurði um það hvort hér væri ekki um framkvæmdarvaldið að tefla þegar Kjaradómur ætti í hlut. Ég tel það vera svo. Þetta er lögbundinn gerðardómur. Þetta er ekki dómstóll í skilningi lögfræðinnar. Þetta er hluti af framkvæmdarvaldinu og allar niðurstöður Kjaradóms og kjaranefndar geta þess vegna gengið til dómstóla og þar er hægt að fá úrlausn. Þetta held ég að allir séu sammála um.

Vegna þess að minnst var á sérstöðu presta vil ég þó láta þess getið að kirkjumálaráðherra skipar presta. Þeir eru kjörnir, það er rétt, en kirkjumálaráðherra skipar presta eigi að síður og það er ein af skýringunum á því hvers vegna þeir eru inni í kjaranefndinni að það má álíta að þeir séu skipaðir þó að það sé auðvitað öðruvísi hvernig ráðning þeirra fer fram en með aðra starfsmenn, ég ætla ekki að segja opinbera starfsmenn því að ég ætla ekki að hætta mér inn í þær guðfræðilegar deilur sem um þetta hafa skapast. Ég get ekki bent á neina sambærilega hópa hvorki fyrir presta né alþingismenn en ákvæðið um sambærilega hópa var í lögunum áður þannig að þetta er ekkert nýtt í lögunum sem verið er að tala um í því sambandi þegar um er að ræða samanburðarhópa.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir minntist á verkfallsréttinn. Því er til að svara varðandi þessa lista að þeir eru birtir eins og lög gera ráð fyrir. Reyndar hefur stundum orðið deila um þessa lista og síðast lenti slík deila í Félagsdómi. Umboðsmaður og ríkissaksóknari taka samkvæmt lögum laun eins og hæstaréttardómarar og við töldum ekki ástæðu til að breyta því. Hins vegar háttar þannig til um ríkissáttasemjara og ríkisendurskoðanda að í lögum um þá segir að það skuli fara með launamál þeirra með sama hætti og um aðra sem eru í Kjaradómi en ekki er um beina viðmiðun að ræða. Lögum um þá á hins vegar að breyta og það fellur í hlut annarra ráðherra að gera það því að ríkisendurskoðandi heyrir undir Alþingi og það er forsætisráðherra sem fer með það mál af hálfu framkvæmdarvaldsins en um ríkissáttasemjara er getið í lögum sem heyra undir félmrn.

Ég vil taka það fram vegna orða hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar að ákvörðunin um að setja eða útbúa nýtt lagafrv. er eldri en bráðabirgðalögin. Það var ákveðið strax 30. júní frekar en 1. júlí að efna til slíkrar vinnu og bráðabirgðalögin breyttu engu um áform ríkisstjórnarinnar í þeim efnum því að slíkir gallar eru á fyrirkomulaginu eins og það nú er og eins og það var áður en bráðabirgðalögin voru sett.

Ég vil einnig að það komi skýrt fram í mínu máli að það var ekki ætlun mín né þeirra sem störfuðu í nefndinni að fara illa með presta og láta þessa löggjöf bitna á þeim nema síður væri og ég tel einmitt að sú breyting, sem hér er að eiga sér stað, gæti hjálpað þeim til að ná fram rétti sínum sem mér skilst að hv. alþm. hafi flestir hverjir mikinn áhuga á.

Varðandi kjaranefndina þá er hún eins og ég hef áður sagt nefnd sem er sett samkvæmt frv. af ráðherra rétt eins og aðrar slíkar nefndir sem þurfa að greiða úr ágreiningi eða úrskurðum samkvæmt lögum. Ég hef áður minnst á yfirskattanefnd í því sambandi en fjmrh. skipar alla yfirskattanefndarmenn.

Þegar talað er um atriði sem þarf að huga að um launakjör og af því að minnst var á launakjör og starfskjör þá hef ég enga aðra skýringu á hver munurinn á þessum tveimur hugtökum sé nema starfskjör sýnist mér vera víðtækra hugtak en launakjör. Þessi ákvæði voru áður í lögum og er auðvitað sjálfsagt að nefndin skoði þessi hugtök. En þegar þarf að ræða um einstök atriði sem hafa áhrif á laun þá vil ég t.d. nefna eitt og það er Ríkisendurskoðun og stjórn hennar sem er í

höndum forseta. Það þarf auðvitað að vera ljóst hvort það telst vera hluti af launum eða hvort það eru tekjur sem forsetar hafa auk launa. Þetta þarf auðvitað að koma fram og Kjaradómur þarf að átta sig á slíkum atriðum. Það sama á við um ýmsa þá sem heyra undir kjaranefndir, t.d. ráðuneytisstjóra og aðra slíka, ef það stendur í lögum að þeir skuli vera í stjórnum ákveðinna tiltekinna stofnana. Tökum t.d. Almannavarnir ríkisins. Það er tiltekið að ákveðnir embættismenn, lögreglustjórinn, ef ég man rétt, og fleiri slíkir skuli vera í stjórn Almannavarna þá þarf auðvitað að vera ljóst: Eiga þeir að vera í stjórninni vegna þess að þeir eru í þessu embætti og það tilheyri embættisskyldunni og falli undir þá vinnuskyldu sem kjaranefnd nær til eða er þetta vinna sem, eins og einhver sagði, er unnin á kvöldin og kemur engum öðrum við? Það eru svona atriði sem þarf auðvitað að líta á og gera þetta mál nokkuð flókið. Ég tel það rétta ábendingu sem kom fram um að það þarf að skoða hvort það eigi ekki að vera tímabundin skipun á þessu og tel sjálfsagt að nefndin líti á slíkt atriði.

Varðandi forseta Íslands skal ég hafa fáein orð. Hingað til hefur það verið talið nægja að ákveða laun forseta Íslands með þeim hætti sem gert hefur verið og við könnumst við en ég ætla ekki að deila um það. Það kann að vera að réttara hefði verið á grundvelli stjórnarskrárákvæðisins að ákveða það með lögum og breyta þá lögum hverju sinni. Um það get ég ekkert sagt að svo stöddu en þetta er auðvitað sjónarmið sem upp hlýtur að koma og mér finnst eðlilegt að nefndin fjalli um.

Virðulegi forseti. Ég veit að þetta svarar ekki öllum fyrirspurnum sem til mín var beint en ég vona að þetta stuðli að því að málið komist til nefndar á þeim skamma tíma sem við höfum nú í kvöld.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Mér er ljóst og hef fengið upplýsingar um að laun umboðsmanns Alþingis eru ákveðin með lögum um það embætti. En ástæðan fyrir því er auðvitað sú að það var ekki verið að taka upp lög um Kjaradóm þegar þau lög voru sett og þess vegna eru laun umboðsmannsins í þeim lagabálki sjálfum. En það sem ég var einmitt að benda á er að þegar hvort sem er er verið að setja ný lög um Kjaradóm þá finnst mér ástæða til að færa inn í upptalningu þar þá sem taka í raun og veru laun samkvæmt Kjaradómi og það séu þá öll þau laun á sama stað.

Aðeins af því að ég gleymdi því áðan þá finnst mér óeðlilegt með öllu það sem stendur í 7. gr. að einn nefndarmanna skipi fjmrh. samkvæmt tilnefningu forseta Alþingis. Ég leyfi mér stórlega að efast um að það geti verið í verkahring forseta Alþingis að tilnefna í kjaranefnd. Ég held að það hljóti að vera eðlilegra að Alþingi geri það en ekki forsetinn einn og sjálfur. Ég tel það mjög óeðlilegt að það sé lagt í vald forseta þingsins að tilnefna í slíka nefnd.

Þriðja atriðið sem ég vil minnast á til umhugsunar og ætlast ekki til að fá svör núna en eins og allir vita má ríkisstarfsmaður, sem kjörinn er á þing, einungis halda hálfum launum ef hann heldur þeirri stöðu sem hann gegndi. En engin ákvæði eru þó um að menn stjórni stórum stofnunum, sjálfseignarstofnunum, einkafyrirtækjum, verkalýðsfélögum eða hverju öðru, og varðandi það að ráðuneytisstjórar séu kannski skipaðir í einhverjar nefndir, þá finnst mér að inn í þetta hefði átt að koma ósköp skýrt ákvæði eða hliðarfrv., hvernig sem menn vilja hafa það, um að hv. þm. gegni ekki launuðum störfum sem kefjast fjarveru frá þingi þegar það situr. Það er auðvitað þeirra eigið mál hvað þeir kunna að gera í frístundum sínum. En það er sjálfsagt mál að menn taki laun á tveimur stöðum eða í tveim stofnunum, hinu háa Alþingi og einhverjum öðrum stofnunum sem starfa á sama tíma. Það segir sig auðvitað sjálft að á öðrum hvorum staðnum eru menn að svíkjast um. Og það veikir stöðu hv. þm. verulega í allri umræðu um launakjör þeirra þegar í ljós kemur að hið eiginlega þingfararkaup er ekki nema lítið brot af þeim tekjum sem kemur í ljós að menn hafa. Ég held að það sé kominn tími til að taka inn í þetta aðrar stofnanir en stofnanir á vegum ríkisins. Það er viðveruskylda hér á hinu háa Alþingi og það hlýtur því að vera harla óeðlilegt að menn geti beinlínis, eins og ég kann dæmi um, auglýst viðtalstíma í þeirri stofnun sem þeir stjórna á yfirlýstum þingtíma. Ég held að menn verði að líta til þessa ef einhvern tíma á að koma eitthvert vit í þessi laun sem hér er verið að fjalla um.

Hæstv. forseti. Ég hefði kosið að halda miklu lengri ræðu. Það er af einni saman vinsemd við hæstv. fjmrh. að ég ætla ekki að fara að setja hér á langloku kl. 7.30 að kvöldi. En um þessi mál hef ég ýmislegt sagt sem aðrir þingmenn hafa ekki haft kjark til að segja í fjölmiðlum og ég hygg að flestir þekki mínar skoðanir á þessum hlutum og þá ókristilegu hræsni sem hér viðgengst — og horfi ég nú beint í augu hins eina prestlærða og prestsvígða, hv. þm. sem hér er að finna. En ég ætla ekkert að hafa þá ræðu uppi við þessa umræðu. Það getur vel verið að ég taki til máls við 2. umr. þegar í ljós kemur hvernig hv. nefnd hefur farið með þetta mál en ósköp væri ánægjulegt að hið háa Alþingi mæti sjálft sig einhvers og færi ekki með veggjum ef umræða hefst um hver launakjör og starfskjör þingmenn skuli búa við. Það er auðvitað ekki von til þess að aðrir meti þá sem einskis meta sig sjálfir.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Umræðu um 2. og 3. dagskrármálið er lokið, atkvæðagreiðslu um bæði málin er frestað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

16. FUNDUR

miðvikudaginn 9. sept.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kjaradómur, stjfrv., 19. mál, þskj. 19. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Kjaradómur og kjaranefnd, stjfrv., 46. mál, þskj. 47. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, stjfrv., 47. mál, þskj. 48. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr.
5. Stjórnarskipunarlög, frv., 29. mál, þskj. 30. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn.,
Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.

Útbýting þingskjala:

Aukin þjónusta Ríkisútvarpsins á Suðurlandi, 73. mál, þáltill. MF og GÁ, þskj. 75.

Málefni Kópavogshælis, 75. mál, fsp. MF, þskj. 77.

Opinber fjárframlög til mannvirkjagerðar vegna móttöku ferðamanna, 74. mál, fsp. JHall, þskj. 76.

Sveigjanlegur vinnutími, 72. mál, þáltill. AÓB o.fl., þskj. 74.

Kjaradómur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 19. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 19.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 46 shlj. atkv.

Kjaradómur og kjaranefnd, frh. 1. umr.

Stjfrv., 46. mál (heildarlög). — Þskj. 47.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 47 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 47. mál (Kjaradómur og kjaranefnd). — Þskj. 48.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 49 shlj. atkv.

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þegar við hófum umræður um þennan mikla samning hér í þinginu þá reikna ég með að flestir hafi búist við að þeir hæstv. ráðherrar sem málið snertir sérstaklega mundu gera ítarlega grein fyrir þeim málaflokkum sem sérstaklega koma til álita. Því miður verður að segja þá sögu eins og er að þrátt fyrir langa og ítarlega umfjöllun hér á Alþingi, sem hæstv. ráðherrar hafa kvartað undan sérstaklega, þá hefur það gerst að mjög lítið hefur komið fram af hálfu þessara hæstv. ráðherra. Það er reyndar mjög merkilegt að hæstv. sjútvrh. hefur ekki kvatt sér hljóðs til þess að flytja efnislega ræðu í þessum umræðum og fjalla um málefni sjávarútvegsins og Evrópska efnahagssvæðið. Það er auðvitað líka mjög athyglisvert að hæstv. landbrh. hefur ekki kvatt sér hljóðs til þess að ræða það álitamál sem fjölmargir þingmenn og stór hluti þjóðarinnar hefur velt fyrir sér, hvað verður um jarðakaup útlendinga ef þessi samningur tekur gildi. Það vekur einnig athygli að hæstv. félmrh. hefur ekki kvatt sér hljóðs þrátt fyrir það að samruni íslenska vinnumarkaðarins við vinnumarkað Evrópubandalagsins sé eitt af höfuðeinkennum þessa samnings. Og því miður er það þannig að þögn þessara þriggja ráðherra, ráðherra sjávarútvegsmála, ráðherra landbúnaðar og ráðherra félagsmála, er auðvitað veruleg hindrun í því að 1. umr. hafi getað orðið efnisleg og málefnaleg á þeim grundvelli sem við mörg vonuðumst til.

En því miður virðist sem þessir þrír hæstv. ráðherrar ætli að kjósa þögnina í 1. umr. á Alþingi um þetta stóra og veigamikla mál. Hvað boðar sú þögn? Boðar hún efasemdir? Boðar hún gagnrýni? Boðar hún hik á stuðningi? Boðar hún vandræðagang? Það vitum við ekki.

Hæstv. utanrrh. hefði getað gripið til þess ráðs að svara í sinni ræðu þeim fjölmörgu spurningum sem beint hefur verið til þessara ráðherra sem ég hef hér nefnt. Sú aðferð gæti verið byggð á því viðhorfi að þar sem hæstv. utanrrh. fari með málið eigi hann aðallega að sitja fyrir svörum. En það gerði hæstv. utanrrh. ekki heldur. Hann flutti hér svarræðu fyrir helgina þar sem nánast ekki neitt var vikið að þeim fjölmörgu spurn-

ingum sem bornar hafa verið fram í þessum umræðum.

Hæstv. forsrh. talaði hér einnig frekar stutt og fjallaði aðallega um það sem hefur komið fram í ræðum undir dagskrárliðnum breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins og lagði heldur ekki í það að fara í efnislega umfjöllun um málið.

Ég hef látið taka saman lýsingu á þeim fjölmörgu efnisatriðum sem vikið hefur verið að í þessari umræðu af þeim mörgu hv. þm. sem hér hafa talað. Þetta er ágripskennt þannig að ekki er verið að lýsa því sem fram kom, heldur eingöngu getið um efnisatriðin, ein til tvær línur um hvert efnisatriði. Og þessi skrá er upp á fimm heilar síður. Hún felur það í sér að það eru tugir efnisatriða sem hér hafa komið til umfjöllunar og það er gífurlegur fjöldi fyrirspurna sem borinn hefur verið fram til hæstv. ráðherra sem ekki hefur verið svarað.

Nú er það hins vegar alveg greinilegt að hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að ljúka 1. umr. um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði án þess að svara þessum spurningum. Það tel ég vera slæmt. Ég hefði þá kosið vænlegri meðferð og vandaðri að þeir ráðherrar sem ég hef hér sérstaklega nefnt hefðu við 1. umr. málsins gert grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi sjávarútveginn, varðandi jarðakaupin, varðandi vinnumarkaðinn, varðandi orkumálin, svo ég nefni það nú einnig, en það hefur ekki gerst. Þingið er þess vegna í reynd í jafnmikilli óvissu nú hálfum mánuði svo eftir að umræðan hefst um sjónarmið þessara hæstv. ráðherra eins og þingið var í maí þegar það fór heim.

Ég ætla sérstaklega að nefna hér sjávarútveginn og jarðakaupin. Ég hef tekið eftir því að hæstv. utanrrh. hefur sagt opinberlega nokkrum sinnum að honum fyndist ekkert athugavert við það að Alþingi afgreiði EES-samninginn sem lög jafnvel þótt sjávarútvegssamningurinn milli Íslands og Evrópubandalagsins lægi ekki fyrir, það liggi ekkert á að ganga frá þeim samningi fyrir áramót. Ég vil hér strax mótmæla algjörlega þessum viðhorfum og hefði auðvitað kosið að hæstv. sjútvrh. hefði tjáð sig um þessa kenningu. Er það þannig að hæstv. sjútvrh. sé virkilega sammála því viðhorfi að hægt sé að greiða atkvæði endanlega um EES-samninginn hér á Alþingi án þess að Íslendingar hafi séð í endanlegri gerð fiskveiðisamning og sjávarútvegssamning Íslands og Evrópulagsins? Við því hefur ekkert svar fengist.

Ég hef líka spurt hæstv. forsrh. í þessum umræðum: Er hæstv. forsrh. sammála því að EES-samningurinn komi til endanlegrar afgreiðslu hér á Alþingi án þess að sjávarútvegssamningurinn liggi fyrir? Mér vitanlega hefur hæstv. forsrh. ekki svarað því. Ég ætla í sjálfu sér ekki að knýja á um það svar hér og nú ef hann kýs að bíða með að gera upp hug sinn í þeim efnum. En hitt held ég að allir skynsamir menn hljóti að vera sammála um að það er ekki hægt að setja Alþingi í þá stöðu að greiða atkvæði um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði án þess að sjávarútvegssamningurinn og fiskveiðisamningurinn í endanlegri gerð liggi á borðum þingmanna. Ég vil í því sambandi vekja athygli þingsins á því að Evrópubandalagið hefur af sinni hálfu í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og fylgiskjölum hans tekið alveg skýrt fram að Evrópubandalagið mun ekki formlega staðfesta samninginn um Evrópskt efnahagssvæði fyrr en fiskveiðisamningur og sjávarútvegssamningur sem Evrópubandalagið getur unað liggur á borðum Evrópubandalagsins. Er það virkilega þannig að það eigi að vera afstaða þjóðþings Íslendinga að það ætli að afgreiða samninginn um Evrópskt efnahagssvæði án þess að hafa sjávarútvegssamninginn á borðinu þegar Evrópubandalagið segir: Við ætlum ekki að afgreiða hann hjá okkur fyrr en sjávarútvegssamningurinn er kominn inn á borð til okkar? Eru menn ekkert hræddir við þann veikleika sem yrði í hagsmunastöðu íslensku þjóðarinnar í togstreitu Íslands við Evrópubandalagð um veiðar þeirra innan íslenskrar landhelgi ef svo yrði haldið á málum?

Virðulegi forseti. Það hefur einnig komið fram hér á þessum fyrstu tveimur vikum að það er eindregin krafa okkar, flokkanna í stjórnarandstöðu, að það fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla um þennan samning. Ég vil vekja athygli á því að þrjú öflugustu stéttasamtökin í landinu hafa öll tekið undir þessa ósk. Alþýðusamband Íslands hefur ályktað um það að þjóðaratkvæðagreiðsla eigi að fara fram. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur ályktað um það að þjóðaratkvæðagreiðsla eigi að fara fram. Stéttarsamband bænda hefur ályktað um það að þjóðaratkvæðagreiðsla eigi að fara fram. Satt að segja er það ótrúlega breiður stuðningur sem sú krafa hefur, (**ÓÞÞ:** Ekki ótrúlega. Eðlilega breiður.) ég bið þingmanninn að bíða eftir því að ég ljúki setningu minni — ótrúlega breiður stuðningur við þessa kröfu sem m.a. birtist í því að annað stærsta dagblað landsins, DV, sem almennt hefur nú ekki tekið undir sjónarmið okkar margra hér á Alþingi, hefur hvað eftir annað í leiðurum, bæði þeim sem skrifaðir eru af Ellert B. Schram og þeim sem skrifaðir eru af Jónasi Kristjánssyni, tekið undir þessa kröfu. Og það er líka athyglisvert að ég hef hvergi fundið utan þings neitt dæmi þess að samtök eða öflugur aðili í okkar þjóðfélagi hafi mælt gegn kröfunni um þjóðaratkvæði. Það væri a.m.k. fróðlegt ef þeir hér á Alþingi sem eru tregir til að samþykkja þá tillögu geta fundið því stað að einhver heildarsamtök launafólks eða atvinnulífs hér í landinu, eða aðrir öflugir aðilar í okkar þjóðfélagi, hafi formlega andmælt því sjónarmiði að þjóðaratkvæðagreiðsla eigi að fara fram.

Ég vil þess vegna nú þegar líður að lokum 1. umr. um þennan samning eindregið beina þeirri ósk til hæstv. ríkisstjórnar að hún hugleiði það á næstu vikum hvort það er ekki skynsamleg og farsæl leið í meðferð þessa máls að fallast á að t.d. í seinni part nóvembermánaðar eða byrjun desembermánaðar fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla um þennan samning. Það er margt sem mælir með því. Málið er deilumál hér á Alþingi, málið er deilumál meðal þjóðarinnar, málinu tengjast fjölmörg önnur frumvörp sem gætu orðið erfið í afgreiðslu ef ekki næst samkomulag um það hvernig dómurinn í málinu sé látinn falla. Þjónar það ekki líka hagsmunum ríkisstjórnarinnar að fá úr því skorið

með ótvíræðum hætti að vilji þjóðarinnar sé á bak við tillögugerð ríkisstjórnarinnar þannig að öll önnur afgreiðsla málsins verði greiðari?

Ég vona að hæstv. ríkisstjórn noti þinghléið og fyrri hluta októbermánaðar til að hugleiða þetta á ný, því mér finnst margt mæla með því frá sjónarhóli ríkisstjórnarinnar sjálfrar og vilja hennar til að koma málinu í heild sinni í formlega höfn fyrir áramót að fallast á slíka ósk. Hún þarf ekki að trufla þingstörfin í vetur. Ég reikna með því að stjórnarandstöðuflokkarnir væru tilbúnir að fallast á áframhaldandi störf í þinginu í októbermánuði og nóvembermánuði þótt þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um EES-samninginn og við ættum á grundvelli sameiginlegs vilja að geta kortlagt þá atburðarás og störfin hér í þinginu með farsælum hætti.

Ég óttast satt að segja það mjög ef ríkisstjórnin ætlar að fylgja þeirri leið að segja nei við öllum tillögum eða tilmælum af þessu tagi. Því var hafnað að meta stjórnarskrárþáttinn á þann veg sem við lögðum til. Því hefur verið hafnað í umræðunni að breyta stjórnarskránni og ef einnig á að hafna tillögunni og óskinni um þjóðaratkvæðagreiðslu þrátt fyrir þann stuðning sem hún hefur þá óttast ég að málið allt verði miklu erfiðara.

Virðulegi forseti. Ég vil einnig hér við lok 1. umr. ítreka það sem ég vék nokkuð að í minni fyrri ræðu að tillaga sú sem Alþb. hefur fært fram í þessu máli er að formlega verði óskað eftir því að viðræður um tvíhliða samning Íslands og Evrópubandalagsins hefjist nú þegar. Ég hef ekki heyrt sannfærandi rök fyrir því að hafna þessari ósk. Hún hefur einnig komið fram m.a. frá formanni Framsfl. Það liggur líka ljóst fyrir nú að upp úr næstu áramótum hefjast viðræður hinna EFTA-landanna um aðild að Evrópubandalaginu. Því var lýst á sameiginlegum fundi utanrmn. Alþingis með sérstakri þingmannanefnd frá þingi Evrópubandalagsins, sem hér var fyrir nokkrum dögum síðan, að stefnt væri að því að ljúka samningaviðræðum hinna EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins á einu ári þannig að þeim viðræðum yrði lokið um áramótin 1993–1994. Það ætti þess vegna að vera kleift að dómi þessara þingmanna Evrópuþingsins, sem hingað komu til viðræðna, að hin EFTA-löndin gengju í Evrópubandalagið árið 1995, í síðasta lagi 1996–1997. Þar með er auðvitað alveg ljóst að Evrópska efnahagssvæðið væri varla komið úr startholunum þegar það væri liðið undir lok.

Við höfum lýst því í umræðunum hverjir eigi að vera höfuðþættir slíks tvíhliða samnings. Hann á að fela í sér að greiða fyrir viðskiptum á sviði vöru, þjónustu, fjármagns og vinnumarkaðar. Í sýnishorni af slíkum samningi, sem ég hef látið sérfræðinga gera, kemur fram hvernig hægt er að taka þá þætti úr samningnum um Evrópskt efnahagssvæði sem hagkvæmastir eru og auðveldastir viðureignar fyrir okkur Íslendinga og breyta þeim í slík varanleg tvíhliða samskipti Íslands og Evrópubandalagsins.

Ég tel nauðsynlegt að í meðferð utanrmn. um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði verði möguleikinn á gerð slíks tvíhliða samnings tekinn rækilega til meðferðar og einnig hverjir eigi að vera þættir hans. Fyrst hæstv. ríkisstjórn hefur ekki haft frumkvæði að því að ræða við forsvarsmenn Evrópubandalagsins um slíkan tvíhliða samning þótt bandalagið sé búið að ákveða að hefja viðræður við hin EFTA-ríkin um aðild þá finnst mér fyllilega koma til greina að utanrmn. sjálf hafi frumkvæði að því á næstu vikum að ræða við forustumenn Evrópubandalagsins um slíkan möguleika. Það eru fordæmi fyrir því að utanrmn. Alþingis eigi slíkar stefnumótandi viðræður við forustumenn og æðstu menn Evrópubandalagsins í Brussel og fyrst framkvæmdarvaldið hefur ekki viljað hafa frumkvæði í því máli þá er eðlilegt að mörgu leyti að löggjafarvaldið geri það.

Virðulegi forseti. Í þeirri svarræðu, sem hæstv. utanrrh. flutti, drap hann ekki á mjög mörg efnisatriði úr þessum umræðum. Ég saknaði þess þó mjög að hann reyndi ekki að færa frekari rök að því að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði mundi vera veigamikið framlag til þess að greiða úr þeim mikla vanda sem er í atvinnumálum okkar Íslendinga.

Í umræðunum hefur af hálfu tveggja þingmanna, hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur og hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, verið rökstutt mjög rækilega að litlar líkur eru á því að þær tollaniðurfellingar sem tengjast sjávarútvegssamningnum muni leiða til aukinnar atvinnu í fiskiðnaði á Íslandi. Það má vel vera að tollalækkanirnar færi fyrirtækjunum meiri hagnað þó að deilt sé um hvað það kunni að vera mikið en rökin fyrir því að þær færi launafólki fleiri atvinnutækifæri eru hins vegar ekki sterk. Sama gildir um ýmis önnur svið, byggingarstarfsemi, svið framkvæmda og svið verslunar. Þvert á móti er það eina sem við höfum heyrt á sviði verslunar að tvær öflugar verslanir, Hagkaup og Bónus, hafi sameinast og ætli að segja upp starfsfólki, fækka hjá sér. Rökin eru vörn gegn vaxandi samkeppni vegna EES.

Það er því þannig, hæstv. utanrrh., að það skortir skýr dæmi, nákvæm og skýr dæmi um það með hvaða hætti EES-samningurinn skapi hér fleiri atvinnutækifæri og styrki efnahagslífið og vinnumarkaðinn.

Ég vona að hæstv. utanrrh. forláti þó ég segi að mér fannst hann stundum í þessari ræðu sinni í bjartsýninni og fullyrðingunum um að EES mundi leysa þennan vanda minna á mennina sem trúðu því fyrir hálfri öld að byltingin mundi leysa allan vanda. Byltingin væri eitthvað patent sem mundi sjálfkrafa færa launafólkinu hagsæld og betra líf. Það er nú því miður þannig að menn taka stundum trú á svona patent en veruleikinn er bara miklu flóknari og miskunnarlausari. Eitt svona patent var t.d. kenningin um álverið. Hvað ætli hæstv. iðnrh. hafi flutt á síðustu þremur árum margar ræður í þessum stól og úti í þjóðfélaginu um það að erfiðleikar sem þá blöstu við mundu leysast vegna samnings um nýtt álver? Þegar t.d. fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands sögðu fyrir ári síðan að þeir væru hættir að trúa því að nýtt álver mundi rísa á næstu árum, Þórarinn V. Þórarinsson og Einar Oddur settu fram þá skoðun, þá skammaði hæstv. iðnrh. þá

sérstaklega fyrir að láta slíkar efasemdir í ljós. En hvað er komið á daginn? Það er komið á daginn að við sem vöruðum við patenthyggjunni í álmálinu, bæði sá sem hér stendur, fyrrv. hæstv. forsrh., forustumenn Vinnuveitendasambandsins, höfðum því miður á réttu að standa. En verktakarnir, sem trúðu á patentkenninguna, fólkið á Suðurnesjum, sem trúði á patentkenninguna, verða núna að horfast í augu við 10% atvinnuleysi á Suðurnesjum og í Morgunblaðinu í dag segja forustumenn þeirra tveggja fyrirtækja, sem við höfum verið að ræða við, að í dag séu enn minni líkur en fyrir hálfu ári á því að álver verði reist á Íslandi í næstu framtíð. Voru þær þó ekki miklar þá.

Mér finnst margt líkt með málflutningnum um að EES eigi að leysa vandann sem við Íslendingar eigum við að glíma. Ég tel hættulegt að halda því að þjóðinni að með því að samþykkja þennan samning muni vandamálin að einhverju verulegu leyti leysast. Að samningurinn sé einhver slíkur lykill að lausn vandans fyrir fólkið í fiskvinnslunni, fyrir sjómenn, fyrir viðskiptalífið, að bara ef þingmenn segi já hér á Alþingi þá muni veruleikinn breytast á nýju ári. Hvað sem líður afstöðu okkar til þessa samnings, menn geta verið með honum, menn geta verið á móti honum, það er allt annar hlutur. En ég tel það fullkomna blindu að halda það virkilega að þeir miklu erfiðleikar, sem við eigum við að etja í sjávarútvegi og efnahagslífi á Íslandi, muni að einhverju leyti verða minni á árinu 1993 eða 1994 vegna þessa samnings. Og það skortir á að þeir sem segja þjóðinni það nefni dæmi úr veruleikanum til að sanna mál sitt. Hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir rökstuddi mál sitt hins vegar með því að nefna Baader-vélarnar alveg skýrt. Sagði eins og er, það er hægt að láta fjórar til fimm Baader-vélar annast þá breytingu á fiskinum sem henta vegna tollalækkana. (**ÁRÁ:** Það væri hægt að ... nota Baader-vélar.) Nei, hv. þm., sem líka hefur skrifað í blöð á Suðurnesjum um að EES-samningurinn muni leysa vanda atvinnulífsins á Suðurnesjum að hluta til, hefur tekið þátt í því að halda nýrri blekkingu að launafólkinu á Suðurnesjum og hefur þess vegna gengið í spor hæstv. iðnrh. sem á fyrri árum blekkti launafólkið á Suðurnesjum og sagði: Ég mun færa yður álver og vandi yðar verður leystur. Hv. þm. Árni Ragnar Árnason hefur í umfjöllun á Suðurnesjum á undanförnum mánuðum verið að segja: EES mun leysa vandann að hluta til hér á Suðurnesjum.

En það vantar bara dæmin. Hvar eru fyrirtækin? Viljið þið ekki nefna þau? Viljið þið ekki nefna fyrirtækin sem munu auka umsvif sín hér á landi vegna EES-samningsins? Það hefur ekki eitt slíkt dæmi verið nefnt. Það hefur verið ýjað að því að einhver lítil fiskvinnslufyrirtæki munu kannski gera samninga við hótel og annað af því tagi, en jafnvel þótt einhverjir slíkir yrðu gerðir þá skipta þeir ekki sköpum. Hvar eru fyrirtækin sem ætla sér vegna þessa EES-samnings að leggja út í nýjar fjárfestingar, nýja sókn í atvinnulífinu til að skapa ný atvinnutækifæri og aukinn hagvöxt vegna þessa samnings? Viljið þið ekki nefna þau, hv. þm., sem hafa verið að halda því að þjóðinni að veruleikinn mun verða á þann veg?

Ég held að það megi að mörgu leyti líkja þessum EES-samningi við blöðru. Kannski verður eitthvert loft í henni en kannski ekki. Kannski fellur hún saman eins og blaðra sem hefur ekkert loft en kannski verður hægt að blása einhverju lofti í hana. En það er enginn hér í salnum sem getur veitt slíka tryggingu. (Gripið fram í.) Hv. þm. greip hér fram í og sagði að það væri eitthvert loft í henni frá fyrri stjórn og ég heyri á þessari athugasemd að hv. þm. Sturla Böðvarsson er að reyna að fikra sig yfir í þann kór stjórnarþingmanna sem leggja ekki í málefnalegar umræður við okkur um þennan EES-samning heldur eru bara í fortíðinni.

Við skulum ganga út frá því, hv. þm., að það væri jafnvel allt rétt sem t.d. hv. þm. Björn Bjarnason hefur sagt um fortíðina í þessu máli en jafnvel þótt það væri rétt, breytir það einhverju um þá afstöðu sem menn þurfa að taka nú, hv. þm.? Er hægt að sækja sér einhver rök í fortíðarumræðuna þegar menn taka afstöðu til þessa samnings? Það held ég ekki. Slíkar röksemdir afhjúpa það eingöngu að viðkomandi þingmaður treystir sér ekki að byggja málflutning sinn eingöngu á kostum EES-samningsins. Það er auðvitað athyglisvert að satt að segja er hæstv. utanrrh. sá eini hér í salnum sem hefur treyst sér til þess að byggja málflutning sinn fyrst og fremst á meintum kostum þessa samnings. Talsmenn Sjálfstfl., bæði hæstv. forsrh. og hv. þm. Björn Bjarnason, hafa ekki treyst sér til þess. Þeir hafa fyrst og fremst sótt vopn sín í eitthvert fortíðarskak, frekar leiðinlegt fortíðarskak, sem er svo sem hægt að taka þátt í en er óskaplega ófrjótt og alls ekki sæmandi í svona mikilvægu máli, enda höfum við stjórnarandstæðingar ekki gert það. Við höfum yfirleitt látið það sem vind um eyrun þjóta og haldið áfram að fjalla málefnalega um þættina í samningnum, málefnalega um jarðakaupin, málefnalega um sjávarútveginn, málefnalega um vinnumarkaðinn, málefnalega um fjárfestingarnar, málefnalega um stofnanauppbyggingarnar, málefnalega um stjórnarskrárþáttinn. Við höfum ekki fengið nein svör við þessum greinargerðum okkar, efasemdum og röksemdafærslum.

Hæstv. utanrrh. fullyrti að þessi samningur mundi opna mörg ný tækifæri í sjávarútvegi. Ég vil enn á ný spyrja hæstv. utanrrh. — og hefði reyndar kosið að hæstv. sjútvrh. kæmi einnig inn í umræðuna vegna þess að þögn hans í þessu máli er auðvitað mjög merkileg. Hún er mjög merkileg — að hæstv. utanrrh. sýndi fram á það með raunhæfum dæmum í ljósi þeirrar umræðu sem á sér stað í þjóðfélaginu um frystitogarana og það sem sagt hefur verið hér af kunnáttumönnum í sjávarútvegi: Hvar eru þessi tækifæri nákvæmlega? Hver eru svör hæstv. utanrrh. við ræðum hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur og Jóhanns Ársælssonar annað en bara almennar fullyrðingar um að tækifæri verði meiri o.s.frv.? Það er enn á ný óskað eftir slíku.

Hæstv. utanrrh. vék að orkumálunum og það var satt að segja það eina sem var dálítið efnislegt hjá hæstv. utanrrh. En það var athyglisvert að hann sagði bara hálfa söguna og maður velti því fyrir sér hvers vegna segir hann alltaf bara hálfa söguna í orkumál-

unum. Hann sagði þá sögu sem er út af fyrir sig alveg rétt hjá honum að í þessum samningi er hægt að setja lög á Alþingi sem í fyrsta lagi færa eignina á vatnsréttindunum og heitu lindunum til þjóðarinnar. Það er hægt. Það er alveg rétt hjá hæstv. utanrrh. Það er stefna sem minn flokkur hefur fylgt lengi, við höfum flutt um það frv. á Alþingi. Eitt slíkt liggur á borðum þingmanna og við styðjum það. En ég spyr hins vegar og er nú leitt að hæstv. forsrh. skuli ekki vera í salnum: Styður Sjálfstfl. slíkt frv. um ríkiseign í stað einkaeignar? Því það sem hæstv. utanrrh. sagði hér með réttu er að til þess að koma í veg fyrir erlenda yfirtöku á þessum auðlindum orkunnar þarf með löggjöf á Alþingi að gera þær auðlindir að ríkiseign, flytja þær úr einkaeign yfir í ríkiseign. Við styðjum það í Alþb. vegna þess að við teljum að það sé þjóðin sem eigi þessar auðlindir en Sjálfstfl. og reyndar að hluta til Framsfl. hafa ávallt staðið gegn slíkri lagasetningu. Þess vegna spyr ég nú talsmenn Sjálfstfl.: Eru þeir sammála hæstv. utanrrh. um að setja slík lög? Það hefur ekki komið fram hér í umræðunni. Ef þau verða sett fullyrði ég að það yrði stórfelldasta þjóðnýting sem framkvæmd hefði verið á Íslandi í verðmætum og umfangi talið. Auðvitað væru það mikil tíðindi ef Sjálfstfl. færi að standa að því á Alþingi að framkvæma umfangsmestu þjóðnýtingu sem hér hefur verið gerð með lögum til þess að búa til girðingar vegna EES-samnings, að kjósendum Sjálfstfl. verði sagt að vegna EES-samningsins verðum við að styrkja eignarstöðu ríkisins á Íslandi, opinbera geirans, og taka frá einstaklingunum stóran hluta af þeim eignum sem þeir hafa haft í dag. Þetta er allt saman rétt hjá hæstv. utanrrh. Þetta er hægt en það hefur bara ekki komið fram í umræðunni að Sjálfstfl. styðji þetta. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. utanrrh.: Hefur honum gengið betur að fá Sjálfstfl. í núverandi ríkisstjórn til að styðja þetta en honum gekk að fá Framsfl. í síðustu ríkisstjórn?

Ég sagði hins vegar áðan að hæstv. utanrrh. hefði bara sagt hálfa söguna vegna þess að hann nemur staðar þegar kemur að orkufyrirtækjunum. Auðvitað er það ekki nóg að eiga bara auðlindirnar ef nýtingin á þeim færist í hendur erlendra aðila. Þá er það að vísu rétt hjá hæstv. utanrrh. að meðan orkufyrirtækin eru í opinberri eign, eigu ríkis og sveitarfélaga, þá breytist ekkert. En um leið og þeim yrði breytt í hlutafélög, sem er t.d. stefna núv. iðnrh. og stefna Sjálfstfl., og þau hlutabréf yrðu seld gæti hver sem er á Evrópska efnahagssvæðinu, hvort sem hann væri Þjóðverji, Ítali, Breti, einkaaðili eða fyrirtæki, banki eða tryggingafélag, lífeyrissjóður eða hvað annað keypt íslensku orkufyrirtækin. Ef maður leggur einkavæðinguna við EES-samninginn er ekkert sem hindrar það að Landsvirkjun, Rafmagnsveita Reykjavíkur, Hitaveita Reykjavíkur, Orkubú Vestfjarða verði komin í erlenda eign eftir einhvern tíma. Þetta er ekki hræðsluáróður af minni hálfu. Þetta er einfaldlega staðreyndalýsing á því hvað felst í því þegar einkavæðingin er lögð við EES-samninginn. Þess vegna er eðlilegt að við spyrjum: Er Sjálfstfl. til samkomulags um það hér á Alþingi að hverfa afdráttarlaust frá þessum einkavæðingaráformum svo það sé a.m.k. öruggt að orkufyrirtækin lendi ekki í höndum útlendinganna? Við því hafa engin svör fengist.

Ég vil í þessu sambandi geta þess að ég ræddi við erlendan blaðamann í gær um þessar umræður hér. Honum fannst það dálítið merkilegt að sá flokkur sem stýrði ríkisstjórninni héti ekki Íhaldsflokkur eða „konservatívur" flokkur eins og þeir heita nú flestir erlendis heldur Sjálfstæðisflokkur og sækti nafngift sína í þá sögu og hefð sem íslenska sjálfstæðisbaráttan hefur mótað. Þess vegna spyr maður nú eðlilega: Er það virkilega svo að það enginn í þingmannasveit Sjálfstfl. vilji enn þá bera það gamla merki? (**EgJ:** Allir.) Allir, segir hv. þm. Egill Jónsson. Það skulum við vona, hv. þm. (**Gripið fram í:** Hann vill bera gamla merkið.) Ég ætla ekki að leiða neinum getum að því hvaða merki hv. þm. Egill Jónsson kýs að bera inn í framtíðina og inn í söguna því auðvitað mun sagan skoða þetta vel.

Virðulegi forseti. Ég lýsti því hér í upphafi minnar ræðu að það hefði verið æskilegra að þeir ráðherrar, sem við höfum vikið að, hefðu tekið þátt í umræðunni en það hefur því miður ekki gerst. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að við þingmenn Alþb. munum í umfjöllun um þetta mál á Alþingi knýja á um ítarlega umfjöllun um tvíhliða samning, möguleika hans, kosti og líka galla, hæstv. utanrrh., því við gerum okkur grein fyrir því að á okkar tillögum eru bæði kostir og gallar þótt hæstv. ráðherrar hafi ekki manndóm í sér til þess að viðurkenna að af þeirra hálfu hefur málið kosti en líka galla.

Að lokum vil ég segja þetta: Fyrir ári síðan einkenndist umræðan í okkar heimsálfu af mikilli bjartsýni. Það var sérstakur tónn í orðinu Evrópa, tónn bjartsýni, tónn vona, tónn vissu um það að Evrópa væri á réttri braut, bæði fyrir sjálfa sig og fyrir veröldina alla. Evrópu mundi takast að búa til kraftmikla vél í hagþróun heimsins. Evrópu mundi takast að leysa vandamál öryggis og friðar, lýðræðis og mannréttinda. Menn spurðu eðlilega hér á landi eins og annars staðar: Ætlum við, Evrópubúarnir, ekki að vera með í þessari þróun? Þessi mikla draumsýn er nánast glötuð í dag. Það er enginn sem talar svona lengur því að Evrópa dagsins í dag er allt önnur. Hún er Evrópa hinna stóru vandamála. Hún er Evrópa vaxandi atvinnuleysis. Hún er Evrópa borgarastyrjalda og manndrápa, mannréttindabrota og ógnarstjórna. Hún er Evrópa þar sem við stöndum ráðþrota yfir styrjöldum, morðum á konum og börnum í næsta nágrenni við höfuðborgir Evrópu og enginn veit í dag hvað verður á nýju ári í þeim efnum. Forusturíki þessarar Evrópu glímir nú við draugana frá sinni eigin fortíð, mótmæli ungs fólks sem sjá sína einu von að efna til óeirða undir merkjum þeirrar ógnarhreyfingar sem steypti Evrópu í heimsstyrjöld fyrir um hálfri öld síðan. Þannig hefur landslagið í Evrópu breyst á einu ári.

Evrópulestin. Við voru spurð að því hér hvort við ætluðum ekki að vera með í Evrópulestinni. Þá var myndin af hraðlestinni sem verið var að byggja í Evrópu á nýjum brautarteinum, sem með ógnarhraða

tengdi saman borgirnar í eina heild. Í dag er mynd Evrópulestarinnar skuggamyndin úr styrjöldinni þegar fólk var flutt í ánauð og dauðann með lestum ógnarstjórnarinnar sem ríkti í Þýskalandi. Er þetta ekki tilefni fyrir okkur öll til að flýta okkur hægt með málefni okkar litlu þjóðar, vera ekki of viss, ekki of örugg, vera tilbúin til að bíða, huga að okkar og hyggja að því hvernig veröldin lítur út eftir eitt ár, tvö eða þrjú? Ég held að það væri skynsamlegt fyrir okkur öll, sem berum fjöregg þessarar þjóðar á löggjafarsamkomuna um þessar mundir, að hugsa í alvöru hvort ekki er skynsamlegri leið fyrir íslenska þjóð að bíða álengdar í smástund þar til það skýrist betur hvernig Evrópa það er sem við eigum að tengjast með þessum samningi. Hvernig verða valdahlutföllin í henni? Hverjir ráða þar för? Hvernig verður þjóðfélagsástandið? Verður það ástand atvinnuleysis og upplausnar, óeirða, mannréttindabrota, styrjalda eða verður það heimur framfara, friðar, öryggis og lýðræðis?

Fjarlægðin hefur skapað Íslandi kosti á þessari öld. Við sluppum að mestu við harmleiki Evrópu á þessari öld vegna fjarlægðarinnar. Er ekki tími til að hugsa aðeins um það núna þegar á hverjum degi berast nýjar óvissu- og ógnarfréttir frá meginlandi Evrópu að kostir fjarlægðarinnar geti verið það sem nýtist okkur best á næstu árum í stað þess að flýta okkur um of upp í þá lest sem enginn veit í dag hvert stefnir?

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Það er nú komið að lokum þessarar 1. umr. um frv. til laga um Evrópskt efnahagssvæði. Ég ætla að gera hvað ég get til að lengja ekki þá umræðu frekar en orðið er enda kannski að ýmsu leyti erfitt að halda samfellu í umræðu sem stendur yfir í marga daga og langt á milli þess sem maður kemur í pontu. Það getur því verið erfitt að halda samhengi í hlutunum.

Mig langar aðeins til að fara nokkrum orðum um það sem fram hefur komið í máli manna, ekki síst utanrrh. og forsrh., vegna þess að ég held að við hljótum að þurfa að rökræða þessi mál og við þurfum að svara rökum hvers annars — mætast hér með rök og gagnrök. Þess vegna ætla ég ekki að skorast undan að mæta ýmsu af því sem fram kom í ræðu hæstv. utanrrh. og forsrh. þó að ég verði reyndar að segja að þær ræður voru ansi rýrar í roðinu, ekki síst hefði ég búist við því að í ræðu forsrh. sem talaði hér fyrsta sinni — það var hans fyrsta ræða og fyrsta innlegg í 1. umr. — væri eitthvert kjöt á beinunum en því miður var því ekki að heilsa.

Það kom fram hjá báðum þessum ráðherrum ákveðið óþol, ákveðinn pirringur yfir því að hér væri enn verið að spyrja spurninga varðandi þennan samning. Utanrrh. sagði að umræðan hefði farið fram í þrjú ár og það væri enn verið að spyrja sömu spurninganna og spurt var í upphafi. Forsrh. tók í sama streng og sagði að það væri undarlegt að þeir sem mest kvörtuðu undan því að ótal spurningum væri enn ósvarað tilheyrðu þeim flokkum sem væru búnir að gera málið upp við sig. Hann sagði: Hvernig gátu þeir gert málið upp við sig ef svona mörgum spurningum var ósvarað?

Ég var ein af þeim sem báru hér upp spurningar. Þær voru ekki ýkja margar. Þær hafa líklga verið fjórar en þær vörðuðu ákveðin grundvallaratriði í þessum samningi, atriði sem skipta verulegu máli þegar að því kemur að fólk þarf að gera málið upp við sig. Ég verð að segja að ég fékk held ég ekki einni einustu þeirra svarað, hvorki í ræðu hæstv. utanrrh. né forsrh. En af hverju erum við að spyrja spurninga? Ástæðan er einfaldlega sú að Alþingi er málþing. Þess vegna kemur maður og ber upp spurningar opinberlega. Þetta eru ekki persónulegar spurningar sem hægt er að gefa við persónuleg svör í hliðarherbergjum eða inni á nefndarfundum. Ég hafði haldið, og það var mín skoðun þegar ég settist hér inn á Alþingi, að hér ætti að tala um pólitík. Reyndar er ansi lítið gert af því stundum en ég hélt að það ætti að tala hér um pólitík og hér ættu menn að spyrja spurninga og ráðherrar ættu þá öðrum fremur að hafa þá skyldu með höndum að gefa svör. Hér ættu menn að mætast með rök og gagnrök. Það virðist ekki vera skoðun forsrh., við höfum sömu þingreynslu, ég og forsrh., að þannig eigi hlutirnar að ganga fyrir sig heldur eigi að ræða um málin á lokuðum fundum og í hliðarsölum.

Mér finnst þetta vera málflutningur manns sem hefur gefist upp eftir eins árs setu á Alþingi. Hefur maðurinn gefist upp við að færa fram rök sín og reyna að sannfæra þá sem hér sitja? Hann hefur ekki trú á sínum eigin málflutningi. Hann hefur ekki trú á áhrifamætti síns eigin málflutnings. Ég get lýst því yfir hér að ég áskil mér fullan rétt í þessu máli sem öðrum að láta sannfærast um að andmælendur mínir hafi rétt fyrir sér. Ég er hér komin til þess að hlusta á rök og gagnrök, til að vega þau og meta og jafnvel skipta um skoðun í málum ef því er að heilsa. Þess vegna vil ég ekki bara að menn varpi því hér fram að það eigi að ræða hlutina á lokuðum fundum í lokuðum hliðarsölum. Hér eigum við að tala, við eigum að færa fram mál okkar, við eigum að hlusta og við eigum að vega og meta málin. Þegar forsrh. hefur ekkert hér fram að færa annað en pirring og geðvonsku er það bara til marks um það að hann trúir ekki á sinn eigin málstað. Hann trúir því ekki að hann geti sannfært nokkurn mann um það sem hann hefur fram að færa.

Utanrrh. vék í sínu erindi að erfiðu efnahagsástandi og sagði að við værum komin að endimörkum vaxtar, a.m.k. hvað varðaði auðlindir sjávar. Hér væri stöðnun og aukið atvinnuleysi og við þessar aðstæður yrðum við að ganga inn á hið Evrópska efnahagssvæði. Það er út af fyrir sig rétt að hér er erfitt efnahagsástand þó að það hafi nú stundum verið málað allt of dökkum litum. Við höfum ekki á undanförnum árum skotið þeim stoðum undir íslenskt efnahagslíf sem nauðsynlegt er. Við höfum heldur ekki gefið gaum að því að margt smátt gerir eitt stórt. Það skal allt vera svo stórt á Íslandi. Menn vilja fá hlutina fljótt og helst fyrir lítið. Það er þessi gullgrafaramóralL sem oft og tíðum hefur verið talað um og ég held að forsrh. hafi, þótt hann hafi kannski ekki nefnt það gullgrafaramóral, verið að tala um ýmis fjárfestingarævintýri þess-

arar þjóðar: í virkjunum, í fiskeldi, í loðdýrarækt og svo mætti lengi telja. Mér virðist sem þeir menn sem mest prísa þennan samning um hið Evrópska efnahagssvæði séu eina ferðina enn að gera tilraun til að virkja þennan gullgrafaramóral sér í hag. Þeir gera út á þennan gullgrafaramóral. Þeir segja þjóðinni að þarna sé lausnin, í því sé lausnin fólgin að ganga inn á hið Evrópska efnahagssvæði. Ég heyrði það þegar farið var að lesa hér úr ansi fróðlegum greinum og ræðum sem núv. utanrrh. og þáv. þm., Jón Baldvin Hannibalsson, flutti og skrifaði um EFTA-umræðuna að hann hefur verið miklu raunsærri á þeim tíma og sannspárri en ég held að hann sé í dag. Hann skrifaði einhvers staðar að EFTA-samningurinn væri ekkert lausnarorð eins og ríkisstjórnin vildi vera láta. Það sama er hægt að segja núna um EES-samninginn. Hann er ekkert lausnarorð eins og þessi ríkisstjórn vill vera láta.

Samningurinn sem slíkur færir okkur engin ný atvinnutækifæri. Aðalatriðið er hvernig við spilum úr, hvort sem við stöndum utan eða innan hins Evrópska efnahagssvæðis, okkar málum við tilteknar gefnar aðstæður. Í þeim ríkjum sem verða á hinu Evrópska efnahagssvæði eru ákveðin kreppueinkenni. Það eru kreppueinkenni alls staðar í Evrópu um þessar mundir. Atvinnuleysi hefur færst í aukana sl. þrjú þar og það sem er að gerast núna hér í kringum okkur er að það er verið að hækka vexti í öllum nágrannalöndum okkar. Það er verið að reyna að ná niður verðbólgunni, m.a. með hækkandi vöxtum. Þetta dregur úr fjárfestingu og þegar dregur úr fjárfestingu þá dregur líka úr sköpun nýrra atvinnutækifæra og aukið atvinnuleysi virðist vera fyrirsjáanlegt, t.d. á næsta ári. Í Danmörku er talað um að það muni tapast 15 þús. störf á næsta ári. Það er alveg ljóst að við sækjum ekkert gull í þessar greipar. Það er hins vegar gild spurning, sem við hljótum að velta fyrir okkur hér, hvort við eigum samt sem áður að binda okkar bagga sömu hnútum og þessi ríki, hvort við eigum að deila örlögum okkar með þeim, hvort okkur farnist þannig best. Það er auðvitað alveg gild spurning sem við verðum að velta fyrir okkur þó að við getum haft ýmislegt að athuga við hið Evrópska efnahagssvæði og við ástandið í Evrópubandalaginu.

Það er vissulega rétt sem hæstv. utnanrrh. hefur sagt að það dugar ekki að byggja upp múra í kringum sig. Það dugar ekki fyrir litla þjóð eins og Íslendinga. Það dugar heldur ekki þegar til lengri tíma er litið fyrir Efnahagsbandalagið. En því miður er staðan sú að Efnahagsbandalagið hefur verið að byggja utan sig múra. Þau rök eiga auðvitað rétt á sér að það geti verið betra fyrir litla þjóð að vera innan þeirra múra en utan út frá samtryggingarsjónarmiði og engu öðru. Þeir múrar sem Efnahagsbandalagið hefur verið að byggja utan um sig hafa náttúrlega komið hlutum þannig fyrir að þeir versla fyrst og fremst innbyrðis, eru að reyna að hafa verslun og viðskipti innan múranna en ekki við aðila utan þeirra, er það sem kallað er aukið frelsi í viðskiptum. Þetta svokallaða aukna frelsi í alþjóðlegum viðskiptum sem menn tala mikið um nú um tíðir hefur t.d. ekki náð til þróunarlandanna. Þetta hefur ekki bætt stöðu þróunarlandanna vegna þess að það eru hin þróuðu ríki sem auka viðskiptin hvert við annað. Þau auka viðskipti hvert við annað innan múranna og það kann vel að vera að þar sé betra að vera, það kann vel að vera. Það geta verið rök. En þetta eru í rauninni þau einu gildu rök sem ég finn í þessari umræðu en mér finnst þau ekki hafa verið borin hér fram af þeim sem mest prísa þennan samning.

Það hefur verið spurt hér um bújarðir, hvaða möguleikar verði á því að setja, eins og það hefur verið kallað, girðingar í íslensk lög til þess að tryggja það að bújarðir haldist í eigu Íslendinga og koma í veg fyrir að útlendingar geti með mjög frjálsum hætti eignast hér land. Þetta er mikið áhyggjuefni fyrir margt fólk. Eins og ég held að ég hafi sagt í minni fyrri ræðu er þetta mjög sterkur þráður í þjóðarsálinni vegna þess að land og eignarhald á landi er til marks um sjálfstæði einstaklingsins og til marks um sjálfstæði þjóða. Utanrrh. hefur hvað eftir annað sagt að það séu færar leiðir til að setja upp girðingar og að við höfum aðlögunartíma til að vinna verkið. Hann hefur líka ítrekað að þetta sé ekki ný umræða og finnst hún líklega óþörf. Hún er auðvitað ekki ný en ástæðan fyrir því að þessar spurningar eru bornar hér upp aftur og aftur eru þær að svörin eru svo óljós. Við erum aldrei neinu nær eftir þau svör sem við fáum. Menn segja: Það er hægt að setja upp girðingar. Samt sem áður virðist á nefndaráliti sem lögfræðingar vinna fyrir ráðuneyti að það sé erfitt að setja girðingar nema takmarka verulega rétt Íslendinga í eigin landi. Svörin hafa því ekki fengist, virðulegu ráðherrar, og er tímabært að þau séu gefin með skýrari hætti en hingað til hefur verið gert.

Utanrrh. hélt því fram í sinni ræðu að því hefði verið haldið fram af ræðumönnum að stjórnarliðarnir og ráðherrarnir væru að reyna að véla fólk til fylgis við Efnahagsbandalagið með aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu. Hann sagði að fyrir þessu væru engin rök. Það væri búið að leysa öll okkar helstu hagsmunamál og brýnustu vandamál inni á Evrópska efnahagssvæðinu og að við höfum markað þá sérstöðu að vera utan Efnahagsbandalagsins og láta þar við sitja. Ég held að það hafi enginn talað um að véla þjóðina inn í Efnahagsbandalagið. Það er bara ákveðið orsakasamhengi sem sést, sem er mjög skýrt og við þurfum ekki annað en að líta til baka í söguna þá sjáum við að það er ákveðið orsakasamhengi í gangi. Það er ekkert lögmál. Það er orsakasamhengi. Við skulum taka dæmi. Halda menn að varnarsamningurinn 1951 hefði verið gerður ef Íslendingar hefðu ekki verið orðnir aðilar að NATO 1949? Halda menn að Íslendingar hefðu orðið aðilar að NATO ef ekki hefði verið búið að gera Keflavíkursamninginn 1946? Þannig er orsakasamhengið. Þetta leiðir af líkum og það sama er í þessu máli að það eykur mjög líkurnar á því að aðild að Efnahagsbandalaginu komi fyllilega til álita ef gengið er inn á hið Evrópska efnahagssvæði. Það er í rauninni að mörgu leyti mjög ófullnægjandi að vera á hinum innri markaði Efnahagsbandalagsins án þess að hafa áhrif á fylgifiska og fylgikvilla þessa innri markaðar. Og það er auðvitað þess vegna sem aðildarríki

EFTA stefna öll nú inn í Efnahagsbandalagið.

Því var haldið mjög á lofti af forsrh. að stjórnarandstæðingar reyndu að gera tvo af fjórum nefndarmönnum, sem unnu lögfræðilegt álit um stjórnarskrármálið fyrir utanrrh., tortryggilega og héldu því hér fram að það varpaði rýrð á álit þeirra að þeir hefðu áður unnið fyrir utanrrh. Nú er málið það að þeir hafa ekki bara unnið við eitthvað fyrir utanrrh. Þeir unnu við að búa út þetta frv. um hið Evrópska efnahagssvæði fyrir utanrrh. Það kom fram í utanrmn. að þeir hefðu komið nálægt því að finna leið til þess að lögtaka þennan samning og staðið að því að semja frv. um fullgildinguna og lögtökuna. Þeir unnu ekki bara að einhverju verki fyrir utanrrh. heldur nákvæmlega þessu verki sem þeir eiga síðan að koma að sem hlutlægir fræðimenn og leggja mat á. Þetta gerir þá vanhæfa til að fella dóm í málinu en það gerir þá auðvitað ekki vanhæfa til að hafa skoðun á málinu. Hana geta þeir haft og þeir geta stutt sína skoðun sterkum rökum og menn geta verið sammála þeirri skoðun. En það gerir þá tvímælalaust vanhæfa til að fella dóm. Álit þessara manna hefur verið meðhöndlað sem dómur og þá ætla ég að vitna í hvernig viðskrh. meðhöndlaði þetta álit strax eftir að það kom fram. Þá komu hans úrslitaorð: Nú þarf ekki frekari umræður um þetta mál. Nú þarf ekki frekar vitnanna við, dómur er fallinn. Þótt hann hafi ekki orðað það nákvæmlega þannig, þá voru þetta hans skilaboð til almennings í gegnum fjölmiðla. Það hljótum við að gagnrýna og við hljótum að mótmæla því að þetta sé einhver allsherjardómur í málinu.

Þá má líka benda á að það orki tvímælis að álit þessara fræðimanna — það er kannski ekki rétt að þeir séu fræðimenn en þó allir lögfræðingar hver á sínu sviði — sé það sama nú í þessu máli og það hefur verið þegar þeir hafa fjallað um þetta fræðilega á öðrum vettvangi. Þá vil ég vitna í grein eftir Stefán Má Stefánsson sem birtist í skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1988. Greinin heitir Um störf og lögfestingu þjóðréttarsamninga. Þar segir, með leyfi forseta:

„Að því er íslenskan rétt varðar er hugsanlegt að veita þjóðréttarsamningum eða tilteknum tegundum þeirra lagagildi í eitt skipti fyrir öll. Þetta verður þó tæpast gert nema með breytingu á stjórnarskránni." Þetta segir Stefán Már 1988 í fræðilegri ritgerð um lögfestingu þjóðréttarsamninga. Hann kemst síðan að öðru áliti þegar hann stendur að nefndaráliti fyrir utanrrh. og það geta verið fyrir því ákveðin rök. En það sýnir manni svart á hvítu að þetta er auðvitað mikið álitamál sem þarna er á ferðinni. Hann heldur áfram og segir: „Væri þetta gert mundu dómstólar meta að hvaða marki ákvæði tiltekins þjóðréttarsamnings hefðu bein réttaráhrif. Það skal þó tekið fram að breyting á stjórnarskrá er flókin aðgerð í framkvæmd." Og svo heldur hann áfram: „Hins vegar er tæpast hægt að ákveða með almennu lagaboði að þjóðréttarsamningur án frekari tilgreiningar skuli hafa bein réttaráhrif." Svo segir hann: „Slíkt framsal af hálfu löggjafans yrði væntanlega í flestum tilvikum talið of vítt og teldist fara í bága við stjórnarskrána."

Þetta segir hann 1988. Þess vegna frábið ég mér þann málflutning sem hér var m.a. hafður uppi af forsrh. að það að setja stjórnarskrána fyrir sig í þessu máli væri eins og hver annar fyrirsláttur. Ég frábið mér slíkan málflutning. Það er enginn fyrirsláttur af minni hálfu. Ég held að það sé enginn fyrirsláttur af hálfu margra þingmanna sem hafa raunverulegar áhyggjur af því að samningurinn, eins og hann liggur fyrir, fari í bága við stjórnarskrána.

Þó að ég fari kannski aðeins út fyrir efnið ætla ég að leyfa mér að segja að það kann vel að vera að forsrh. hafi á því ákveðnar skoðanir að tillaga til stjórnarskrárbreytingar, sem hér liggur fyrir og stjórnarandstaðan hefur lagt fram, sé ekki nógu góð og hann geti fært fyrir því rök. Það er út af fyrir sig allt í lagi. Hann getur þá fundið leið til að gera stjórnarskrárbreytingu sem gerði þennan samning löglegan og gerði hann þannig að hann stangaðist ekki á við stjórnarskrána. Hann gæti t.d. stungið upp á því að það kæmi ákvæði inn í stjórnarskrána um að þrátt fyrir ákvæði 2. gr. stjórnarskrár yrði þessi samningur lögtekinn á Íslandi. Það er ein leið. Menn geta auðvitað fundið ýmsar leiðir til þess ef þeir hafa á því einhvern áhuga. Það er bara fyrirsláttur af hans hálfu að setja fyrir sig hvernig þetta er orðað hjá stjórnarandstöðunni.

Þó að ráðherrar hafi hér svarað litlu og fært fram fá rök, þá ætla ég ekki að víkjast undan því að svara þeirri spurningu sem hér var varpað fram til stjórnarandstöðunnar allrar af Vilhjálmi Egilssyni þingmanni. Hann benti á það réttilega að það væri ákveði í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði þess efnis að það væri hægt að segja honum upp með árs fyrirvara og hann spurði: Ætlar stjórnrandstaðan að segja samningnum upp komist hún í stjórnaraðstöðu? Hann spurði þessarar spurningar. Það verður auðvitað að segjast eins og er að það er erfitt að gefa bindandi loforð sem taka eiga gildi í óljósri framtíð því að hvort þeir flokkar sem nú eru í stjórnarandstöðu komast í stjórnaraðstöðu fyrr en síðar er auðvitað mjög óljóst — þó að vonandi gerist það í næstu kosningum og vonandi verður það mjög fljótlega. Eins og við sáum í blöðunum í morgun nýtur stjórnin afskaplega lítils fylgis meðal þjóðarinnar um þessar mundir. Það er sem sagt erfitt að gefa slíkt loforð. En ég skal svara fyrir mitt leyti eftir að hafa hugsað um þetta svolítið síðan þessari spurningu var varpað fram. Mér finnst afskaplega trúlegt að það verði ekki gert. Mér finnst afskaplega trúlegt að samningnum verði ekki sagt upp. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar að þetta uppsagnarákvæði sé ákaflega lítils virði og í raun og veru sé mjög erfitt að segja þessum samningi upp. Við verðum að athuga að það er gagnger breyting sem verður hér á öllu viðskiptaumhverfi, á lagasetningu og á ótal mörgum hlutum. Þessi breyting verður ekki aftur tekin með því að segja samningnum upp með árs fyrirvara. Við verðum búin að gerbreyta íslenskum lögum og við verðum búin að gerbreyta þeim aðstæðum í atvinnulífi sem menn eiga að vinna við hér á landi. Það tökum við ekki aftur eins og hendi sé veifað. Ég hélt að Vilhjálmur Egilsson væri framsýnn maður og áttaði sig á því að hjólum sögunnar verður ekki snúið við. Klukkan tifar rétt-

sælis. Það er ekki hægt að taka ákvörðun um að í einhverri framtíð segi menn: Nú setjum við samfélagið aftur eins og það var þegar við ákváðum að ganga inn á hið Evrópska efnahagssvæði á sínum tíma. Slíkt verður ekki gert.

Þar að auki er það mín einlæga skoðun að nýir stjórnarherrar eða stjórnarfrúr, ef við notum það orð, hafi ekkert leyfi til þess að koma að völdum og kippa grundvellinum, nýlögðum grundvelli jafnvel, undan fólki og fyrirtækjum. Það er alveg fráleitt að stjórnvöld geti leyft sér slíkt. Í upphafi þessa kjörtímabils líkti ég ríkisstjórninni eða ráðherrum hennar réttara sagt við fíla í glervörubúð. Þeir koma inn í ráðuneytin og segja: Það er ekkert hægt að nota hér. Um hluti sem fólk, fagfólk og fyrrverandi ráðherrar, hafa verið að vinna að, eytt tíma í og orku í að vinna að, koma þeir og segja: Þetta eru sagnfræðilegar heimildir. Það er ekki hægt að nota þetta. Það er búið að eyða í þetta peningum, orku og mannafla og þeir geta ekki notað það. Þeir vilja henda úr fyrri innréttingum og setja inn nýjar. Þeir vilja stjórna með kollsteypum. Þetta finnst mér ekki boðlegir stjórnarhættir vegna þess að það er fólk og það eru fyrirtæki sem eru höfð að leiksoppum við slíkar aðstæður. Þess vegna er það mín skoðun að það verði mjög illa gerlegt að segja upp þessum samningi, verði hann á annað borð gerður, enda er þetta uppsagnarákvæði fyrst og fremst formlegt en ekki raunverulegt og hefur afskaplega litla þýðingu í praxís. Ég held að í þessu máli, eins og öllum öðrum, gildi að það er eitt af frumskilyrðunum, og það er kannski ekki síst mikilvægt að Íslendingar geri sér grein fyrir því, að hægt sé að skipuleggja til framtíðar. Það skiptir máli fyrir einstaklinga, fyrirtæki og fyrir þessa þjóð að hún geti skipulagt hlutina til framtíðar og geti trúað því að hún búi við svipað kerfi eftir fimm eða tíu ár og hún býr við í dag.

Þó að við tökumst á um þessi mál núna og gerum líklega harkalega á næstu mánuðum, þá held ég að þegar upp er staðið verðum við að sætta okkur við niðurstöðuna sem hér fæst og við verðum að tryggja að það sé ákveðin lágmarkssátt um það hvernig við ætlum að vinna úr þeim aðstæðum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki tekið til máls í þessari umræðu áður en kom að svarræðum hæstv. ráðherra, hæstv. utanrrh. og forsrh. Ég hafði ætlað mér að geyma það til seinni umræðu en ræður þeirra urðu til þess að ég kvaddi mér hljóðs við þessa umræðu. Ég hef reyndar verið varfærinn í yfirlýsingum varðandi þetta mál, stöðuna í samningum um Evrópskt efnahagssvæði. Ég hef talið að ég yrði að taka nokkurt mið af því að ég sem þingmaður haustið 1989 varði ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar falli þegar Sjálfstfl. og Kvennalisti fluttu vantrauststillögu sem var byggð á því að við skyldum ekki ganga til samninga um Evrópskt efnahagssvæði heldur tvíhliða samninga við EB. Þar fór fremstur í flokki hv. 4 þm. Reykv. þegar þeirri skoðun var haldið fram. Ég býst við að hann sé sjálfum sér samkvæmur enn í dag. (**EKJ:** Svo sannarlega við sömu aðstæður.) Ég tel því að við sem vorum í það minnsta einhvern tíma almennir þingmenn stjórnarflokkanna á síðasta kjörtímabili verðum að skoða afstöðu okkar eilítið í þessu ljósi og ég tala nú ekki um ráðherrana.

Ég mun hér fyrst og fremst ræða um hina pólitísku umgjörð samningsins sem slíks og einstaka efnisþætti og þá kannski fyrst og fremst sjávarútvegsmálin.

Annað hefur mér fundist einkenna þessa umræðu hér mjög mikið. Það eru vangaveltur um fortíðina. Það er alveg rétt að hér er um að ræða mikilvægt mál svo það er sjálfsagt gott að skoða fortíðina, hvað einstakir menn sögðu á þeim tíma. En menn mega ekki ganga of langt í því. Þeir verða að reyna láta umræðuna taka mið af því að við erum að fjalla um mál sem snýr fyrst og fremst að framtíðinni og er eitthvert mikilvægasta mál sem við höfum fjallað hér um á Alþingi um langt árabil. Menn verða líka í allri fortíðarskoðuninni að taka mið af því að hlutverk stjórnar og stjórnarandstöðu á Alþingi er nokkuð misjafnt og það er í raun hlutverk og skylda stjórnarandstöðu að benda á brestina í því sem stjórnvöld eru að gera á hverjum tíma. Það fer ekki hjá því að einstöku sinnum kann það að líta þannig út að menn segi eitt í stjórn og annað í stjórnarandstöðu.

Ég geri mér fulla grein fyrir mikilvægi þess að við náum góðum viðskiptasamningum við Evrópu og ég geri mér líka grein fyrir því að við verðum að halda þannig á þessu máli að það slitni ekki upp úr þeim samningum sem hafa verið í gangi um nokkurt árabil. Það er mjög mikilvægt. Ég geri mér alveg grein fyrir því hvað það getur þýtt ef samningnum yrði á þessu stigi hafnað. Það gæti þýtt það að þráðurinn mundi slitna, ekki bara um eitthvert mánaðabil heldur um eitthvert árabil meðan gengju yfir samningar annarra EFTA-ríkja um aðild að EB. Við höfum að vísu áfram bókun 6 sem er góð svo langt sem hún nær, en hún nær bara ekki eins langt og sumir sem hér hafa talað hafa viljað vera láta. Þetta vildi ég hafa minn formála að þessu máli.

Ég kem að ræðu hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar á fimmtudaginn var. Hún var á margan hátt mjög sérstæð og ég vona að það gerist ekki oft að forsætisráðherrar haldi ræður sem hafa þann svip sem sú ræða hafði. Það hlýtur að vera skylda forsrh. að reyna að ná ólíkum öflum saman, sætta og draga fram efnisrök í málinu. Það getur ekki verið að það sé hlutverk forsrh. að skvetta olíu á eld hinnar pólitísku umræðu á hverjum tíma. Þetta held ég að forsætisráðherrar, hver sem er, hljóti alltaf að hafa í huga.

Það var eitt í ræðu hæstv. forsrh. sem ég óttaðist öðru fremur. Það var þessi vissa hans um það að samningurinn eins og hann lægi fyrir núna væri það eina rétta. Það er alltaf mjög hættulegt þegar menn taka blinda trú. Það hefur komið fram í þessari umræðu áður að það er ekki trúin á málstaðinn sem er aflvaki sögunnar, það er efinn, það eru efasemdirnar um það sem menn eru að gera á hverjum tíma sem eru aflvaki nýrra hreyfinga.

Ég vil benda hæstv. forsrh. á að það eru á margan

hátt allt önnur sjónarmið uppi núna heldur en var þegar fráfarandi ríkisstjórn fór frá. Ég nefni ekki nema eitt: Nú er svo komið að öll hin EFTA-ríkin hafa annaðhvort sótt um aðild eða boðað að þau muni sækja um aðild að EB. Þá hefur það einnig komið fram, og komið í ljós á lokasprettinum, að það hafa verið gerð stór tæknileg mistök í samningagerðinni. Ég nefni landbúnaðarmálin. Þar gerist það að þegar við sjáum samninginn þá eru þar inni mjög óljós ákvæði um leyfi til töku jöfnunargjalda, það á sérstaklega við um einn vöruflokk sem er jógúrt, og í samningnum eru mjög afdráttarlaus atriði, og enn þá afdráttarlausari ef enska útgáfan er lesin, þess efnis að ekki megi taka hærri jöfnunargjöld en sem nam tollum eða aðflutningsgjöldum á viðkomandi vöru árið 1991. Á því ári voru engin slík gjöld tekin, m.a. vegna þess að viðkomandi vara var ekki flutt inn en það er mjög óljóst hvernig þetta atriði verður túlkað og bendir flest til þess að það fáist ekki endanleg niðurstaða í því fyrr en málið færi fyrir dómstóla EES-samningsins. Ef svo færi að í ljós kæmi að samkvæmt þeim dómi væri leyfilegt að flytja viðkomandi afurð inn án nokkurra jöfnunargjalda, þá væri það mjög alvarlegt mál fyrir íslenskan landbúnað í því kerfi styrkja og niðurgreiðslna sem evrópskur landbúnaður er í í dag, og ekki síður í EB-löndunum en hér heima á Íslandi. Þetta mundi þýða miklu meira en bara markaðshlutdeild jógúrtar vegna þess að þetta mundi koma inn á hliðstæðar afurðir, súrmjólk, skyr og fleiri.

Ég nefni líka að það er mikið tilfinningamál fyrir stóran hluta Íslendinga að það takist að halda þeim fyrirvara að Íslendingar hafi forgang að nýtingu landsins. Samkvæmt þeirri greinargerð sem núv. hæstv. landbrh. hefur látið vinna er mjög erfitt að koma slíku við. Ég vil nota tækifærið til að þakka fyrir þá vinnu um leið og ég hlýt að harma það að fráfarandi landbrh., hv. 4. þm. Norðurl. e., skyldi ekki hafa látið vinna þá vinnu í sinni ráðherratíð. Hann hefur talað hér fjálglega til okkar framsóknarmanna um að við viljum girðingar en vitum síðan ekkert hvað við meinum þegar kemur að því að skilgreina hverjar girðingarnar eiga að vera. Það er m.a. vegna þess að sú vinna sem yrði lögð til grundvallar ákvörðunartöku í þessu máli lá ekki fyrir í tíð fyrri ríkisstjórnar, því miður.

Ég mun síðar koma að sjávarútveginum. Ég vil taka það fram að ég er ekki með þessu að segja að þessi tæknilegu mistök sem hafa verið gerð séu gerð vitandi vits eða af einhverjum illvilja. Ég held að stór hluti af skýringunni sé einfaldlega sá að við erum svo lítil, við höfum svo lítið apparat til þess að vinna í þessu að menn sáu ekki yfir málið. Og það segir heilmikla sögu um stöðu okkar litla samfélags í hinni stóru Evrópu.

Þá vil ég koma að öðru atriði sem ég tel að hafi farið óhöndugleika úr hendi hjá ríkisstjórninni. Það er kynningin á samningnum. Kynning hæstv. utanrrh. og samstarfsmanna hans hefur byggst á hástemmdum lýsingarorðum um ágæti samningsins. Hún hefur ekki byggst á því sem ég hefði talið hið rétta og hefði verið miklu trúverðugra að það hefðu verið kynntir bæði kostir og gallar. Vissulega hefur þessi samningur bæði kosti og galla og það er hlutverk okkar hér að vega þá og meta. En þessar hástemmdu lýsingar hafa m.a. gert það að verkum að utanrrh. á ekki lengur trúnað hagsmunaaðila í þjóðfélaginu eða þjóðarinnar. Það hygg ég að ráðherra hafi mjög rækilega verið minntur á á fundarferð sinni um landið á síðasta ári og það þarf ekki að ræða lengi við hagsmunaaðila í sjávarútvegi til þess að finna að það er enginn trúnaður milli þeirra og utanrrh. í þessu máli.

Það hefði átt að vera hlutverk utanrrh. að leita leiða til pólitískrar samstöðu í málinu. Það finnst kannski einhverjum að ég taki mikið upp í mig varðandi þetta atriði, en ég ætla að nefna eitt máli mínu til stuðnings. Ég fór á kynningarfund sem utanrrh. hélt á Akureyri eftir að hann kom heim eftir að hafa gengið frá samningnum.

Hæstv. utanrrh. hélt ræðu upp á einn og hálfan klukkutíma, en það hefði verið hægt að draga hana saman í eina setningu sem hefði staðfest það sem oft hefur áður verið sagt: Allt fyrir ekkert.

Það kom fleira fram þar þegar kom að því að ræða um landbúnaðarmál og yfirráð yfir landi. Þá beitti hæstv. utanrrh. því orðalagi að hann talaði um, með háðsbrosi, annars vegar að menn óttuðust hinn „eðalborna bústofn" á Íslandi og hins vegar væru menn hræddir um örlög „óðala feðranna". Svona málflutningur, á þennan hátt, kippir algjörlega fótunum undan trúverðugleikanum og því miður eru hlutirnir svona vaxnir.

Ég var einn af þeim sem voru þeirrar skoðunar að þegar EFTA-löndin, önnur en Ísland, sóttu um aðild að EB þá hefði skapast allt annar og nýr pólitískur flötur að málinu. Í umræðunni fram að því hafði samningurinn oft af andstæðingum hans verið túlkaður sem fordyrið að EB. Ég var þeirrar skoðunar að þegar þessi staða var komin upp, þá hefðum við getað skoðað samninginn sem fordyri að tvíhliða samningi við Evrópuríkin. Það bendir allt til þess sem við höfum séð af ummælum og viðtölum við forsvarsmenn EB að þeir séu þeirrar skoðunar líka. Ég vitna í sjónvarpsviðtal við Frans Andriessen í vor þar sem þetta sjónarmið kom fram, að það væri mjög eðlilegt framhald af því að hin ríkin gengju í EB að samningnum yrði breytt í tvíhliða samning.

Þarna held ég að hafi verið á borðinu leikur til þess að ná pólitískri samstöðu í málinu. Ég legg á þetta áherslu ekki síst vegna þess að ég tel það mjög skaðlegt ef eina ferðina enn verði þjóðinni steypt í hatrammar deilur tveggja andstæðra fylkinga í utanríkismálum rétt eftir að við erum komin út úr áratugaumræðum um aðild okkar að NATO og varnarsamninginn.

Menn mega hins vegar passa sig að ganga ekki of langt í þessum málflutingi og ég tel reyndar að þær hugmyndir, sem Alþb. hefur sett fram um það að menn geti búið til á hnjám sér tvíhliða samning hér heima og farið síðan með út og fengið upp á skrifað, eigi ekki alveg við rök að styðjast.

En hvers vegna var þessi leið ekki skoðuð? Hvers vegna var það ekki skoðað á þessum tímapunkti að við

mundum strax hefja viðræður við EB og önnur EFTA-ríki á þessum grunni? Ég held að fyrir því sé einföld ástæða. Það var ekki pólitískur vilji. Það eru öfl innan beggja stjórnarflokkanna sem horfa á framhaldið á þann veg að við þróum þennan samning í þá veru að við göngum inn í EB.

Ég varpa því hins vegar til hæstv. utanrrh.: Er ekki enn tími til þess að skoða þennan flöt? Er ekki enn tími til þess að finna sameiginlegan flöt á málinu á þessum grundvelli? En sá flötur getur ekki byggst á öðru en því að við verðum sammála um það að aðild að EB komi ekki til greina í þeirri framtíð sem við sjáum í dag. Ég held reyndar að ef menn skoða það mál þá sjái allir sanngjarnir menn að okkar litla samfélag á ekkert erindi þangað inn. Við verðum að hafa tækifæri til þess að stýra á nokkurn hátt sjálf hvernig við viljum taka þátt í frjálsara samfélagi. Ef við ætlum að varðveita okkar fullveldi sem 250–300 þúsund manna þjóð þá verðum við að hafa tækifæri til þess að stýra þessari þróun að einhverju leyti sjálf.

Ég ætla að fara örfáum orðum um það sem er að gerast í Evrópu í dag, þar á ég við Maastricht-samkomulagið sem, eins og allir vita, gengur í átt til miklu meiri miðstýringar, pólitískrar sameiningar Evrópuríkja á mjög mörgum sviðum. Ég get sagt það hér sem mína skoðun að að mínu mati væri það heppilegast fyrir alla aðila að Frakkar mundu fella það samkomulag og losa Evrópuríki undan því framhaldi sem annars mundi fylgja.

Hugsjónin, hugmyndafræðin á bak við Maastricht byggir á hugmyndafræði sem aldrei hefur gengið upp í Evrópu. Það er búið að reyna þetta áður. Það hefur verið gert með nokkru millibili. Napóleon reyndi þetta og það hafa fleiri gert án þess ég fari að nefna nöfn.

Styrkur Evrópu liggur að mínu mati í flóru hinna margbreytilegu menningarsamfélaga sem þar eru og maður þarf ekki nema ferðast eilítið um Evrópu til að skynja það að þar er þjóðerniskennd það sterk, þar eru aðstæður svo ólíkar að samkomulag eins og Maastricht-samkomulagið hlyti alltaf að verða brotið á bak aftur fyrr eða seinna. En hin fjölbreytilega flóra Evrópuríkja getur hins vegar styrkt stöðu sína með því að ná samkomulagi á viðskiptasviðinu. Undir það get ég hins vegar tekið og undir það held ég í raun að allir séu sammála um hér í þessum sal.

Annað sem ég vil nefna varðandi þetta er að við verðum að gera okkur grein fyrir því að það verður ekkert hlé á umræðunni eftir og ef EES-samningurinn verður samþykktur. Hún mun halda áfram af fullum krafti og þá munu kristallast þau andstæðu sjónarmið, annars vegar þeirra sem vilja þróa þetta yfir í að ganga inn í EB og hinna sem vilja að við njótum góðs viðskiptasamnings við Evrópu. Geri menn sér grein fyrir þessu þá hljóta menn að verða sammála því sjónarmiði mínu að það er mjög mikilvægt að menn opni sig um það nú þegar hvað menn vilja í framhaldinu af EES og hvernig menn ætla að nálgast það mál.

Ég ætla að koma hér aðeins að sjávarútveginum. Ég geri ekki lítið úr mikilvægi sjávarútvegssamningsins við Evrópuþjóðir. Þar er eitt atriði sem í mínum huga er ofar öðru og það er samkeppnisstaðan við Norðmenn. Við höfum réttilega bókun 6 áfram, en það yrði okkur mjög erfitt ef Norðmenn fengju hagstæðari samninga inn á Evrópumarkað heldur en við í dag, ekki síst vegna þess að meðan við búum við minnkandi afla þá sjá Norðmenn fram á það á næstu árum að það verður mjög mikil þorskgengd í Barentshafi og að þeir muni hafa úr miklu að spila.

Ég vil hins vegar taka undir það sem hér hefur komið fram að lýsingarnar á ágæti samningsins fyrir okkar sjávarútveg hafa verið miklu hástemmdari heldur en efni eru til, burt séð frá því að þar hafa menn gert — og nú kem ég að því sem ég ræddi áður — tæknileg mistök. Það var ákveðið að frumkvæði utanrrh. að geyma sjávarútvegskaflann þangað til á lokaspretti samninganna. Það var að mati utanrrh. hagstæðara fyrir okkur að vinna þetta á þann hátt. En hvað hefur komið á daginn? Það hefur komið á daginn að langhalinn breyttist í karfa og enn var ekki búið að ganga frá samningnum. Síðan þegar í nauðvörn var fallist á það að langhalinn væri karfi þá var hagsmunaaðilum sagt að um leið hefðu hagsmunir vegna síldarútflutnings verið tryggðir. Nú er að koma í ljós að svo er ekki. Nú vil ég biðja hæstv. utanrrh. að svara strax á eftir, hann getur gert það í andsvörum ef hann vill: Hvernig standa samningarnir um síldina? Þetta er mjög mikilvægt mál og þetta er einn af þrem stærstu þáttunum varðandi hagsmuni sjávarútvegsins.

Saltfiskurinn er mikilvægur, m.a. vegna þess að þar hafa Norðmenn haft visst forskot. Þeir hafa haft magntolla meðan við höfum orðið að vinna eingöngu inn á sameiginlega tollfrjálsa magnið upp á 25.000 tonn. Þeir hafa það nú þegar og forskot þeirra mundi aukast enn ef þeir næðu samningum en við ekki.

Fersku flökin eru mikilvæg og þar opnast fyrir okkur nýr markaður.

En þriðji þátturinn, síldin, er í uppnámi enn. Og ég leyfi mér að fullyrða það að sá þáttur er í uppnámi og gef utanrrh. tækifæri til þess að mótmæla því ef það er ekki rétt. Í síldinni stendur málið þannig, samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef, varðandi ediksöltuðu flökin, sem er langmikilvægasta málið fyrir okkur og skiptir öllu máli, að það er ekki búið að tryggja það mál enn þá. Það er í höndum Evrópubandalagsþjóðanna að ákveða hvort við fáum að fara með þau inn eða ekki.

Ég ætla aðeins að koma að því sem menn hafa rætt um um fersku flökin. Þar hafa menn haft stór orð um möguleikana og rætt um fullvinnslu. Það er að nokkru leyti rétt, fersk flök, pökkuð og frágengin til sölu eru í raun neytendapakkningar. En í umræðunni um neytendapakkningar hafa menn síðan grautað öllu saman og því hefur verið haldið fram fullum fetum að þessi samningur sé forsenda þess að við komumst inn á Evrópumarkaðinn með neytendavörur, unnar úr sjávarfangi. Nú vill svo til að ég veit betur, ekki síst af því að ég hef setið í stjórn sjávarútvegsfyrirtækis um nokkurt árabil sem hefur verið að þreifa fyrir sér og er komið inn á inn hinn evrópska markað með neytendapakkningar. Þar eru engir tollar á frystum neytenda-

pakkningum, hvort sem þær eru meira eða minna unnar. Það var núna síðast verið að kanna það hvaða leið meira unnar neytendavörur ættu, þ.e. ef búið væri að velta upp úr raspi eða öðru slíku brauðmeti. Það er allt opið og hefur verið. Þar er engin breyting.

Öðru hafa forsvarsmenn samningsins, og sérstaklega utanrrh., haldið mjög á lofti og það er að hann sé mjög mikilvægur fyrir sjávarútveginn á landsbyggðinni. Hvar liggja nýju möguleikarnir? Þeir liggja í saltfisknum og það getur skipt máli fyrir sjávarútvegsfyrirtæki um allt land. Þeir liggja í síldinni sem skiptir mjög miklu máli fyrir ákveðna landshluta, en sá þáttur er í uppnámi. Síðan liggja þeir í fersku flökunum og það er samdóma álit allra þeirra aðila í sjávarútvegi sem ég hef rætt við, að þeir möguleikar liggi fyrst og fremst á ákveðnum radíus frá höfuðborgarsvæðinu því þeir byggjast á daglegum flutningum til útlanda og að koma vörunni á sem allra skemmstum tíma á áfangastað. Það kann að vísu að vera sá möguleiki ef menn hafa kjark í að fara í aukna vegagerð í dag að hægt væri að koma upp á Austurlandi útskipunarhöfn fyrir ferskar vörur sem gæti einnig nýst Norðlendingum ef kominn væri að tillögu okkar hv. 4. þm. Reykv. góður vegur milli allra landshluta.

En þannig stendur sjávarútvegskaflinn með kostum og göllum eins og ég hef verið að reyna að kynna mér síðustu daga, m.a. með viðræðum við hóp af forustumönnum í sjávarútveginum. Það hefur m.a., eins og ég sagði hér áðan, fært mér heim sanninn um að það er enginn trúnaður milli þessara manna og þeirra sem eru að vinna að þessum samningi fyrir hönd íslensku þjóðarinnar, hæstv. utanrrh. og hans manna.

Að lokum, svo ég verði ekki misskilinn, það er okkur mjög mikilvægt að það takist að klára viðskiptasamning gagnvart sjávarútvegi. Þrátt fyrir allt, þrátt fyrir að hástemmdu lýsingarorðin eigi ekki við rök að styðjast, þá er okkur mikil nauðsyn að ná slíkum samningi. Það er að vísu vafamál í mínum huga ef síldin er ekki með.

Ég ætla aðeins að koma að milliríkjasamningum almennt, m.a. vegna þess að hæstv. forsrh. hélt því fram í umræðum á fimmtudaginn var að Framsfl. hefði aldrei komið að slíkum samningum á sínum ferli og ætti nú fyrsta tækifæri til þess.

Ég ætla að líta aðeins á EFTA-samninginn sem var fríverslunarsamningur með iðnaðarvörur. Okkur var sagt að hann mundi skapa ný tækifæri fyrir íslenskan iðnað. Hvað gerðist? Það sem gerðist var það að ákveðnar greinar hafa náð fótfestu erlendis, það eru fyrst og fremst þær sem hafa haft öflugan heimamarkað og númer eitt tæknigreinarnar í kringum sjávarútveg. Annar iðnaður hefur á þeim 20 árum sem liðin eru verið að berjast við það að halda einhverju hlutfalli af innanlandsmarkaðnum og sumar greinar hafa fallið alveg út. Þessi samningur hefur knúið okkur til þess að ná hámarksarði út úr sjávarútveginum og ég vil ekki vanmeta það. Nú vil ég ekki segja það að ástæðan fyrir því að ekki tókst betur til með iðnaðinn eftir EFTA-samninginn hafi verið sú að samningurinn eða fríverslunin sem slík hafi verið slæm. Ég held reyndar að það sem hafi gerst sé miklu frekar það að við vanræktum heimavinnuna, og þar eiga allir stjórnmálaflokkar sök nema þá Kvennalistinn. Við vanræktum heimavinnuna, að skapa atvinnulífinu þann grundvöll sem það þurfti til þess að takast á við aukna samkeppni. Það er kannski lykilatriðið í dag. Það er ekkert lausnarorð í viðskiptasamningum. Þetta byggist allt á heimavinnunni. Þetta byggist allt á því hvernig við stöndum okkur sjálf. Því miður sé ég engin teikn á lofti um það að núverandi hæstv. ríkisstjórn sé að vinna að því að skapa íslensku atvinnulífi betri starfsskilyrði til að takast á við samkeppni. Og ef það verður ekki gert, fer þá ekki eins fyrir þjónustunni og fór fyrir iðnaðinum eftir inngönguna í EFTA?

Ég nefni eitt einfalt atriði sem atvinnulífið leggur orðið höfuðáherslu á, það er afnám aðstöðugjaldsins. Þar hafa komið fram tillögur sem eru þess eðlis og koma þannig við atvinnulífið að maður spyr sjálfan sig: Hvað eru þeir menn að hugsa sem setja þær fram? Ég veit að Vinnumálasambandið telur að þeir menn séu að hugsa það eitt að slá málinu á dreif þannig að ekkert verði úr þessu. Reykjavíkurborg hefur fram að þessu tekist að verjast öllum áhlaupum á aðstöðugjaldið, enda er aðstöðugjaldið það sem hefur gert það að verkum að Reykjavíkurborg hefur haft ægishjálm yfir önnur sveitarfélög varðandi tekjuöflun á hvern íbúa. Ég er ekki bjartsýnn á það að verið sé að takast á við þessi vandamál í dag og ég leyfi mér að vitna, eins og ég gerði í ræðu á mánudaginn var, í grein eftir Þórleif Jónsson, framkvæmdastjóra Landssambands iðnaðarmanna, þar sem hann segir að geri stjórnmálamenn sér ekki grein fyrir því að það sé grundvallaratriði, að skapa atvinnulífinu viðunandi starfsgrundvöll, þá eigi menn að greiða atkvæði gegn samningnum um EES.

Ég ætla að fara nokkrum orðum um framgöngu þessa máls á Alþingi, ég gerði það reyndar eilítið í mínum upphafsorðum, en hvernig verður framhaldið? Hæstv. fjmrh. bar sig illa í gær yfir því að það væru engin mál komin til nefndar á þessu þingi. Ég hefði spurt hann, ef hann væri hér, hvaða mál ættu að vera komin til nefndar. Nefndirnar eru meira og minna að vinna að þeim frv. sem tengjast samningnum. Og ég get nefnt það hér að það liggur þvílíkt verk fram undan sem tengist beint og óbeint Evrópska efnahagssvæðinu í efh.- og viðskn. að það er miklu meira en það sem nefndin kemst yfir fram að áramótum. Í tengslum við þetta er ríkisstjórnin að koma inn með heila lagabálka um mjög stór mál. Við vorum að fjalla um ný samkeppnislög í nefndinni í dag og sá lagabálkur einn væri út af fyrir sig nægilegt verkefni fyrir nefndina fram að áramótum með þeim föstu rútínuverkefnum sem koma inn til efh.- og viðskn. á hverju hausti. Áður en nefndir þingsins eru búnar að fjalla um fylgifrumvörpin, eru búnar að kalla menn þar til viðtals og fá einhverja yfirsýn yfir það sem fylgir þessu, áður en það hefur verið gert er að mínu mati ekki hægt að gera kröfur til þess að samningurinn sé afgreiddur hér frá Alþingi. Og eins og ég sagði áðan, af hreinum tæknilegum ástæðum, sem byggjast eingöngu á umfangi þess efnis sem verið er að fjalla um, þá er langt

í að þeirri vinnu verði lokið.

Virðulegi forseti. Ég er búinn að tala lengur en ég ætlaði mér í upphafi. Það er þó ýmislegt órætt. Ég hef ekkert rætt um stjórnarskrármálið, það hafa aðrir gert hér. Það er þáttur sem verður að leysa samhliða þessu. Ég hef ekki rætt um þjóðaratkvæðagreiðsluna en ég tel að það sé í raun skylda Alþingis, skylda ríkisstjórnar að leggja samninginn fyrir þjóðaratkvæði. Þau rök sem hafa verið færð gegn því standast ekki. Almenningur á Íslandi er einfaldlega betur upplýstur og betur fær um að kynna sér mál heldur en komið hefur fram í ræðum stjórnarþingmanna hér.

En ég vil að lokum ítreka það sem ég sagði fyrr í ræðu minni að það er mjög mikilvægt ef nokkur kostur er að það finnist sameiginlegur pólitískur flötur á þessu máli, en þar verða menn að taka tillit til þess að meðal annars vegna þess hvernig samningurinn hefur verið kynntur, þá er þjóðin búin að skipta sér í nokkuð skarpar fylkingar.

Menn verða að taka tillit til þess að þó að stjórnmálamenn samkvæmt stjórnarskránni eigi að fylgja sannfæringu sinni við atkvæðagreiðslu á Alþingi og engu öðru, þá hafa stjórnmálamenn líka vissar skyldur og vissan trúnað við sína kjósendur. Það hefur gerst í hliðstæðum málum í nálægum löndum að það hefur orðið þvílíkur trúnaðarbrestur milli kjósenda og forustu flokka að það hefur tekið mjög langan tíma að bæta fyrir þann brest. Þetta held ég að m.a. fulltrúar Sjálfstfl. ættu að hafa í huga því þegar rætt er um Evrópusamninginn við fólk úti á landsbyggðinni þá heyri ég engan mun á sjónarmiði sjálfstæðismanna og annarra þar. Þetta kristallaðist m.a. mjög vel á nýafstöðnum aðalfundi Stéttarsambands bænda. Þó svo að menn vinni þar ekki eftir pólitískum fylkingum þá gera menn sér þær ljósar og það var enginn munur þar. Ef eitthvað var þá voru fulltrúar, trúnaðarmenn Sjálfstfl. vítt og breitt um landið, enn þá harðari í afstöðu sinni gegn málinu eins og það stendur í dag heldur en aðrir á þeim vettvangi.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil nýta mér þann takmarkaða rétt sem ég hef til orðaskipta við hv. 6. þm. Norðurl. e. undir liðnum andsvör til þess að mótmæla þeim málflutningi sem enn kemur fram hjá honum og þeir framsóknarmenn hafa gert sig seka um alloft, á undanförnum dögum, að halda því fram að við höfum misst af einhverju tækifæri sem máli skipti veturinn 1990–1991 með því að setja þá ekki lög eða breyta jarðalögum til þess að koma þar fyrir girðingum varðandi ásókn útlendinga fyrir fram ef svo skyldi fara að gerður yrði EES-samningur og í honum fælist frelsi til fjárfestinga, staðfesturéttur og búseturéttur.

Þetta lýsir miklum grundvallarmisskilningi á eðli málsins og ég held að það sé óhjákvæmilegt að fara í það ekki seinna en nú á þessum degi að upplýsa þá framsóknarmenn um það að þetta byggir á vanþekkingu. Þetta byggir á misskilningi á eðli málsins. Staðreyndin er auðvitað sú, og það munu þeir skilja sem lesa samninginn vandlega, að það hefði engu máli skipt hvort slíkar girðingar hefðu verið færð í lög veturinn 1990–1991, árið 1960 eða árið 1930. Það sem ræður hér er hvort gildandi og eldri lagaákvæði standast samninginn eða ekki. Ef þau gera það ekki þarf að breyta þeim hvort sem þau eru frá 1991, 1930 eða sautjánhundruð og súrkál. Þau ákvæði sem hins vegar samrýmast samningnum er hægt að setja nú eða á næstu árum, svo lengi sem og að því tilskildu að þau stangist ekki á við samninginn.

Þetta verðið þið að fara að skilja, hv. framsóknarmenn. Og það er misskilningur að á þeim stutta tíma sem var til stefnu, frá því í desember 1990 þangað til þingi var slitið í mars 1991 vegna alþingiskosninga, hafi menn misst af einhverju tækifæri í þessum efnum. Það er grundvallarmisskilningur sem opinberar annaðhvort vanþekkingu á málinu eða vísvitandi tilraunir til þess að villa um fyrir mönnum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst byrja á því að biðja hv. 4. þm. Norðurl. e. að láta mig hafa afrit af lögunum frá sautjánhundruð og súrkál. En ef menn vilja viðhafa svona ... (**Gripið fram í:** Er þetta kjarni málsins?) Nei, en kjarni málsins er sá að ég sagði ekkert um að það hefði verið vanrækt að setja slíkt í lög á þessum tíma. Það sem ég sagði var það að landbrn. hefði á þessum tíma átt að vera að vinna grundvallarupplýsingar sem menn hefðu þannig að menn vissu hvernig málið stóð. Það lögfræðiálit sem við verðum að byggja á er ekki nema rétt komið út. Ég hefði viljað sjá þá vinnu unna í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar. Ég var ekkert að tala um það, sagði ekki orð um það, og það getur hv. þm. skoðað ef hann lítur í þingtíðindin, ég sagði ekki orð um að það hefði verið vanrækt að setja eitt né neitt í lög á þessum tíma. En okkur vantaði þarna veigamikinn þátt varðandi upplýsingar til að byggja okkar afstöðu á.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að slík vinna fór ekki fram á þessum tveimur og hálfum til þremur mánuðum hún er einföld. Hún er sú að þáv. landbrh. var algjörlega andvígur því að fallið yrði frá kröfunni um varanlegan fyrirvara. Ég neyðist til að upplýsa það hér eða síðar í umræðunni, þó það komi við ágæta samstarfsmenn mína í þeirri ríkisstjórn, að ég hafnaði tilmælum bæði þáv. utanrrh. og þáv. forsrh. um að fallast á það að gefin yrði eftir krafan um varanlegan fyrirvara. Ég sagði þá strax, og ég er enn þeirrar skoðunar, að það væri ekkert sem gæti tryggt stöðu okkar nægjanlega vel í þessum efnum annað en varanlegur, ótímabundinn fyrirvari eða undanþága. Það var mín skoðun og það er enn mín skoðun. En ber að skilja málflutning framsóknarmanna hér svo, sem sönnun þess að þeir hafi verið tilbúnir til þess veturinn 1990–1991 að falla frá kröfunni um varanlegan fyrirvara? Ég óska eftir því að talsmenn Framsfl. komi hér og svari því en hætti að reyna að bíta í hælana á öðrum mönnum. Er það svo að tilmæli formanns Framsfl. og þáv. forsrh., um að í þessa vinnu yrði farið af hálfu

landbrrn. í minni tíð, hafi verið stefna Framsfl. um að það væri rétt að falla frá kröfunni um varanlegan fyrirvara? Ég var andvígur því, ég neitaði því, ég krafðist þess að kröfunni um varanlegan fyrirvara yrði haldið til streitu og það lá ljóst fyrir þá eins og það gerir nú að ég gæti ekki sætt mig við EES-samning sem ekki hefði þannig varanlegan fyrirvara. Ég bið hæstvirta framsóknarmenn, eða háttvirta, sem þeir eru núna um þessar mundir flestir eða allir, að hugleiða það út á hvaða þunna ís þeir eru að fara í sínum málflutningi ef þeir halda að þeir græði á því að reyna að kenna mér um einhverja vanrækslu í þessum efnum, því þá verður hverjum steini snúið við í þessu máli og þá munu spjótin beinast að Framsfl. og spurningin koma frá fleirum en mér: Var og/eða er Framsfl. tilbúinn til að kyngja EES-samningi án varanlegs fyrirvara sem tryggir forræði Íslendinga hvað jarðeignir og landnæði snertir?

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa til fyrrv. ráðherra að þeir þoli gagnrýni. Ég vil benda hv. þm. á það að í öllum ályktunum sem hann sér frá Framsfl. mun hann sjá það að krafan um forræði á landi er sett á oddinn, þannig að hávaðamálflutningur af þessu tagi breytir þar engu um.

Ég veit það líka — ef menn ætla að fara að vitna í samtöl við einstaka menn, ekki á opinberum vettvangi, sem ég geri nú helst aldrei — að formaður Framsfl. var margbúinn að segja það inni í okkar þingflokki að hann hefði farið fram á það að sú grundvallarvinna yrði unnin sem þurfti að vinna til þess að menn sæju stöðuna í málinu. En það er ágætt að það kom hér skýrt fram að af pólitískum ástæðum kaus þáv. landbrh. að láta hana ekki fara fram. Ef hann hins vegar vill fara í það að vitna í einhver tilboð einstakra stjórnmálamanna þá minni ég hann á það að formaður hans flokks bauð það fram í stjórnarmyndunarviðræðum að Jón Baldvin, oddviti viðræðnanna um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, yrði forsrh. (Gripið fram í.) Ég veit ekki hvernig átti að halda öllum fyrirvörum til haga undir þeirri stöðu.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ástæðan til þess að ég kem hér öðru sinni í þessari umræðu er einfaldlega sú að ég bar fram nokkrar fyrirspurnir til hæstv. utanrrh. og vakti athygli á nokkrum áhersluatriðum sem ég vil gjarnan fá viðbrögð ráðherrans við, en svör hans voru þögnin ein og ég sá mig því tilknúinn undir umræðunni síðast að biðja aftur um orðið til þess að ítreka þau atriði sem ég hafði verið að fjalla um og reyna að knýja fram einhver viðbrögð af hálfu hæstv. ráðherra.

Ég get ekki tekið undir það að ég hafi boðið honum æðra embætti en hann gegnir núna og er ekki kunnugt um að það hafi verið gert í umboði annarra en þeirra sem það tilboð lögðu fram.

Ég vil fyrst vekja athygli á því að ég dró fram væntanleg áhrif á þróun byggðar hér á landi af samningnum, rakti þau gögn sem fyrir liggja um mat á þeim áhrifum vegna EES-samningsins og þau gögn eru skýrsla Byggðastofnunar frá því í desember 1990. Ég tók auðvitað eftir því að hæstv. utanrrh. málaði býsna fagra mynd á vegginn fyrir landsbyggðina um þróun byggðar þar í kjölfar þessa samnings. Þau orð ráðherrans voru öll skotin niður í skýrslu Byggðastofnunar sem ég vitnaði í og hef hér undir höndum, og get ég endurtekið þær tilvitnanir ef óskað er. En ég vænti þess að ráðherrann hafi séð þessa skýrslu og kynnt sér efni hennar. Ég óskaði eftir því að ráðherrann upplýsi hvort fram hefðu farið á hans vegum eða ríkisstjórnarinnar eitthvert mat á áhrifum samningsins á búsetuna í landinu. Það er ekki að tilefnislausu sem maður hefur áhyggjur af þeim málum því skýrsla Byggðastofnunar dregur vægast sagt upp mjög dökka mynd af væntanlegri þróun í þeim efnum og bendir á það sem líklegan möguleika í framtíðinni að byggð muni dragast verulega saman og eiga í vök að verjast, einkum og sér í lagi þau byggðarlög sem í dag búa að mestu leyti við sjávarútveg.

Ég spurðist einnig fyrir um hvernig bæri að skilja ákvæði greinar í EES-samningnum sem fjallaði um hvaða störf hjá opinberum aðilum væru undanþegin fjórfrelsinu, en í 4. tölul. 28. gr. samningsins segir svo, með leyfi forseta:

„Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um störf í opinberri þjónustu."

Ég hélt fyrir fram að það væri tiltölulega einfalt að skilgreina hvaða störf þetta eru, a.m.k. hvaða stofnanir það eru, sem eru undanþegnar þessu ákvæði fjórfrelsisins og var eiginlega sannfærður um það þegar það var upplýst af ráðuneytisstjóra félagsmála að það væri á okkar valdi að meta þetta og skilgreina. Síðan kemur frekar í ljós þegar maður skoðar greinargerðina með þessari frumvarpsgrein að málið er flóknara en virðist við fyrstu sýn. Þar er t.d. vakin athygli á því að þar sem þjónusta er í einhverju EES-ríkinu einkavædd sem kallað er, eða heyrir ekki undir opinberan aðila, en gerir það annars staðar, þá sé það meginreglan að störfin falli utan við þennan 4. tölul. 28. gr., eða með öðrum orðum að störfin og stofnanirnar séu mun færri sem eru undanþegnar þessu ákvæði.

Síðan bætist það við þar að auki að menn fara að leita sér fanga í úrskurði dómstóls EB til þess að finna út hvað menn eigi við með þessu ákvæði samningsins og túlka þá dóma. Það er gefið upp að menn álíti að dómar EB hafi gengið þannig að þau störf séu einungis undanskilin sem eru þess eðlis að í þeim felist sérstakt trúnaðarsamband við ríkið. Út frá hagsmunum ríkisins má sem dæmi nefna þá löggæslu og störf sem lúta að ríkisleyndarmálum og þess háttar. Ef þetta tvennt er tekið til viðbótar við 28. gr. eins og hún er þá sýnist mér vera harla fá störf hér á landi hjá ríki og sveitarfélögum sem eru undanþegin þessu ákvæði fjórfrelsisins. Ég held því að það hljóti að verða öllum til bóta í þessu máli, hverrar skoðunar sem þeir eru um hvort það eigi að taka upp þetta fjórfrelsi hvað varðar störf, að það liggi ljóst fyrir hvar frelsið endar í þessum efnum og hvar innlendir hafa forgang til vinnu. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að hæstv. ut-

anrrh. gefi frekari skýringar á þessu ákvæði svo mönnum sé ljósara eftir þær skýringar en áður hvaða opinber störf það eru sem eru undanþegin ákvæðinu um fjórfrelsið. Þetta hafði ég nefnt í minni ræðu og óskaði eftir svörum og skýringum um.

Ég tók líka eftir því að hæstv. ráðherra dró í land með ummæli sín um þjóðaratkvæðagreiðslu, en hann hafði í sinni framsöguræðu haft heldur hrakleg ummæli um þá sem hafa uppi þá kröfu að um þetta mál fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Hann leyfði sér að taka þannig til orða að þeir sem héldu því fram og vildu fá þjóðaratkvæðagreiðslu gerðu veg Alþingis býsna lítinn með þeirri kröfu sinni. Gerðu lítið úr Alþingi með því að vilja vísa málinu til þjóðarinnar. Og ráðherrann hélt því fram að með því að vísa málinu í dóm þjóðarinnar væru menn að viðhafa valdaafsal Alþingis sem að hans mati var ekki sjálfsagt og óeðlilegt. Og í þriðja lagi sagði hann að þetta væri dæmi um yfirvarp af þeim aðilum sem tala gegn samningnum að vilja skjóta málinu til þjóðarinnar.

Eftir að ég hafði rakið hans eigin skoðanir á þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir 23 árum þegar menn voru að afgreiða EFTA-samninginn, þær skoðanir sem núv. hæstv. utanrrh. lét í ljósi um þjóðaratkvæðagreiðslu á þeim tíma — og skal tekið fram að hann var fylgjandi því að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram, m.a. vegna þess að hann taldi það mál hið stærsta sem þjóðin hefði glímt við frá stofnun lýðveldisins og var þá aðildin að NATO ekki undanskilin í hans huga. — Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra dró alveg í land með þessar yfirlýsingar sínar og vísaði til þess að hann mundi ræða þessi þjóðaratkvæðagreiðslumál frekar þegar tekin yrði til umræðu þáltill. um það efni síðar á vetrinum. Þetta kalla ég nú býsna gott og segi að batnandi manni sé best að lifa, að éta ofan í sig allar stóru yfirlýsingarnar gegn þjóðaratkvæðagreiðslu en þó ég hlakki til þess að heyra í ráðherranum í umræðu um þá þáltill. vildi ég gjarnan heyra í honum hver afstaða hans er í raun og veru eftir að vera búin að draga til baka ummæli sín í þessu efni. Er hann enn sömu skoðunar og hann var 1969 eða hefur hann skipt um skoðun og hvers vegna? Með hvaða rökum skiptir hæstv. utanrrh. um skoðun? Ég vildi gjarnan fá þau sjónarmið fram því ég kann því illa, jafnvel þótt í pólitískri umræðu sé þar sem menn neyta ýmissa bragða, að vera sakaðir um slíka hluti sem hæstv. ráðherra lét út úr sér í framsöguræðu sinni fyrir það eitt að vera sjálfur þeirrar skoðunar sem ég veit að hæstv. utanrrh. var fyrir 23 árum. Ég vil ógjarnan sitja undir slíkum ummælum sem einn af stuðningsmönnum þess að þjóðin fái að segja sitt álit á þessum samningi.

Ég vakti athygli á stöðu sjávarútvegsins undir þessum EES-samningi og rakti þau meginatriði að við erum að skrifa upp á ríkisaðstoð við samkeppnisaðila okkar. Samningurinn er gerður, að mati þeirra sem hann leggja fram og tala fyrir honum, til þess að bæta stöðu íslensks sjávarútvegs og sérstaklega er það grundvallaratriði að bæta og jafna samkeppnisaðstöðu. Það er megingrundvallarþátturinn í öllu þessu ferli að jafna samkeppnisskilyrðin.

Hæstv. ráðherra á eftir að gefa okkur skýringar á því hvernig það getur heitið að jafna samkeppnisskilyrði þegar við göngumst undir það að samkeppnisaðilarnir erlendis við okkar sjávarútveg séu ríkisstyrktir svo nemur tugum milljarða króna samkvæmt sérstakri áætlun framkvæmdastjórnar EB, bæði í útvegi og fiskvinnslu.

Ég ætla ekki að fara aftur yfir þær tölur sem liggja fyrir um ríkisstyrki EB á þessu sviði, en nefni bara eina mönnum til upprifjunar. Á árunum 1991–1993 ætlar framkvæmdastjórn EB að veita 170 milljörðum kr. í ríkisstyrki, í styrki til að byggja upp fiskvinnslu í sínum löndum. Við þessa tölu bætast síðan styrkir sem einstök aðildarlönd EB kunna að veita þessum sömu verkefnum.

Ég sé ekki annað fyrir mér en að EB stefni að því og það sé þeirra markmið að ná þannig samningum að þeir treysti betur en nú er stöðu sína sem fullvinnsluaðili í sjávarafurðum og það verði þeir sem fullvinni sjávarafurðirnar, ekki við. Okkar hlutskipti verði það að vera hráefnisútflytjendur.

Þetta hafði ég bent á og vildi gjarnan fá skýringar ráðherra við því hvað veldur að hann telur það mjög svo ásættanlegt fyrir íslenskan sjávarútveg að skrifa upp á samning sem felur þetta í sér, og bætist við ríkisstyrkjakerfið sem viðgengst innan skipasmíðaiðnaðarins í löndum EB og er viðhaldið þrátt fyrir EES-samninginn. Þar eru samkeppnisskilyrðin ekki heldur jöfnuð. Vitnaði ég þar til greinar sem birtist í tímariti sem heitir Iðnaðurinn í mars 1992 undir fyrirsögninni „EES-samningur gagnslaus fyrir skipasmíðaiðnaðinn". Ég bendi mönnum sérstaklega á að lesa forustugrein þessa blaðs sem ég las reyndar ekki upp en ég bendi mönnum á að kynna sér efni hennar því það er fróðlegt í meira lagi.

Fyrir utan það að skrifa upp á ríkisstyrkjakerfið í sjávarútvegi þá náum við því ekki fram sem við ætluðum okkur að fá tollfrelsi í viðskiptum með sjávarafurðir. Það er ekki tollfrelsi milli Íslands og EB-landa í viðskiptum með sjávarafurðir samkvæmt þessum samningi. Það eru tollaívilnanir en tollamúrarnir eru enn til staðar og við þurfum að semja um það annað hvert ár eða jafnvel á hverju ári hversu háir þessir tollamúrar eigi að vera. Þeir eiga stundum að vera svo lágir að það sé alveg við jörðu, eða núll, en stundum hærri eftir atvikum. Það er samningsatriði framtíðarinnar. Mér býður í grun að í þeim samningum verði settar fram kröfur af hálfu EB að þeir fái ekki að veiða 3.000 tonn af karfa heldur eitthvað meira, þannig að menn verði að togast á um þessa tvo þætti í þeim samningum, annars vegar hvað tollmúrarnir eigi að vera lágir og hins vegar hversu mikið erlend fiskiskip megi veiða hér í fiskveiðilögsögu Íslendinga.

Ég hafði líka farið yfir stöðu iðnaðarins, eins og hún var skýrð fyrir Alþingi með sérstakri skýrslu á síðasta þingi og borið saman við væntingar manna við þróun í iðnaði við inngöngu í EFTA. Þær væntingar voru miklar, m.a. hjá hæstv. utanrrh. sem þó varaði menn við því að vera of bjartsýnir því undirbúningur væri lítill sem enginn fyrir iðnaðinn og að menn

mundu kannski gera sér meiri vonir en efni stæðu til. Hæstv. ráðherra reyndist nokkuð sannspár í þeim efnum eins og skýrslan frá því í fyrra leiðir í ljós. Hún leiðir það í ljós að á 20 ára tímabili minnkaði hlutur iðnaðarins í vinnuafli hér á landi og útflutningsverðmætum. Við sóttum enga stóra áfanga í gegnum aðildina að EFTA fyrir iðnaðinn, og var þó iðnaðurinn eina atvinnugreinin sem undirgekkst frelsi í EFTA-samningum og naut því þess gagnkvæma að hafa frelsi til þess að keppa og sækja fram á erlendum mörkuðum. Sú sókn hefur gjörsamlega mistekist. Það er alveg ljóst. Á þessu 20 ára tímabili, 1970–1989, fjölgaði störfum í iðnaði ekki nema um 3.600 þrátt fyrir að ársverkum í heild fjölgaði um 44.300, þannig að iðnaðurinn tók ekki við því vinnuafli sem menn sáu fyrir 20 árum að mundi koma inn á vinnumarkaðinn á næstu 20 árum á eftir heldur voru það aðrar atvinnugreinar sem gerðu það. Það var fyrst og fremst fyrir tilverknað sjávarútvegsins sem var byggður upp og endurskipulagður með sérstöku átaki, m.a. að frumkvæði ríkisins og við færðum út landhelgina til þess að styrkja okkar stöðu. Í krafti eigin aðgerða og í krafti þess að menn höfðu trú á því að íslensk þjóð gat með eigin afli byggt upp nútímalegt samfélag, þá var það gert, eingöngu í krafti þess en ekki vegna sóknar til samninga við EFTA. Það var dálítið merkileg niðurstaða að það sem hefur umbylt þjóðfélaginu hér á 20 árum til bóta, hvað lífsgæði og þjónustu varðar, er fyrst og fremst trú þjóðarinnar á eigin mátt og þá stöðu að hún hafði og hefur fullt sjálfstæði og fullt forræði málanna á sinni hendi.

Ég bendi á að Félag ísl. iðnrekenda hefur lýst yfir stuðningi við þennan samning. Ekki er hann alveg fortakslaus í ljósi reynslunnar því að það kemur fram í fréttatilkynningu frá þeim að þeir styðji samninginn í trausti þess að stjórnvöld sinni betur aðlögun starfsskilyrða en þau gerðu í kjölfar aðildarinnar að EFTA og geri nauðsynlegar breytingar. Ég vil gjarnan spyrja hæstv. utanrrh.: Hvaða breytingar eru það sem ríkisstjórnin er að vinna að og iðnaðurinn hefur beðið um sem eru nauðsynlegar til þess að samningurinn við EES verði iðnaðinum til hagsbóta að eigin mati? Hvað eru stjórnvöld að gera til að sinna aðlögun starfsskilyrða íslensks iðnaðar að samkeppnisaðilum erlendis?

Það kemur m.a. fram í þessari fréttatilkynningu að eitt af þeim atriðum sem þeir vilja að verði samræmt, þannig að starfsskilyrði hér á landi verði fyllilega sambærileg við það sem best gerist erlendis, eru skattamál. Þeir benda á að í EES-samningnum eru engin ákvæði um skattamál en þau hafi engu að síður úrslitaáhrif á samkeppnisstöðuna. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað er ríkisstjórnin að gera til þess að mæta kröfum iðnrekenda um breytingar í skattamálunum?

Það er dálítið athyglisvert í ljósi þess sem ég hef rakið um afstöðu hæstv. utanrrh. til EFTA-aðildar þar sem hann vakti athygli á því að þáverandi stjórnvöld, þáverandi viðreisn sem var að ganga í EFTA, hafði ekki undirbúið málið þannig að þjóðinni mætti til gagns verða svo sem best yrði á kosið. Það virðist koma fram hjá Félagi ísl. iðnrekenda ótti um að undirbúningur sé af skornum skammti nú líka. Þeir benda á það sem dæmi um hve fjarri sé að menn hafi unnið þetta nægjanlega vel, að það þurfi að endurskoða allar reglugerðir og öll lög sem tengjast EES-samningnum í samráði við hagsmunasamtökin eftir eitt til tvö ár og það þurfi að fara yfir þessa lagabálka með hagsmuni atvinnulífsins í huga. Þeir eru óbeint að segja að stjórnvöld hafi ekki undirbúið þessa löggjöf svo að þeim gagnist eins og þeir vildu sjá og leggja þeir til að allt þetta lagasafn verði endurskoðað svo fljótt sem verða má. Það ber ekki vott um það að fulltrúar í atvinnulífinu telji að undirbúningur hafi verið nægilegur hvað þá varðar.

Ég vil vekja upp spurningu um eitt atriði sem ég gat ekki um í fyrri ræðu minni en ég hef velt því dálítið fyrir mér síðan þá og vildi gjarnan að hæstv. utanrrh. skýrði það frekar. Það er 16. gr. samningsins um EES þar sem kveðið er á um ríkiseinkasölur. Sú grein er í raun og veru bergmál af 37. gr. Rómarsáttmálans og er skilin og túlkuð með hliðsjón af þeirri grein. Samkvæmt þessari 16. gr. er óheimilt að gera greinarmun á ríkisborgurum EB- og EFTA-ríkja hvað snertir skilyrði til aðdrátta og markaðssetningar á vörum. Ég hef velt því fyrir mér hvaða áhrif 16. gr. hefur á það fyrirkomulag sem við höfum hér að hafa fyrirtæki sem heitir Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Verður okkur stætt á því í framhaldi af þessum samningi að viðhalda þessari ríkiseinkasölu á tóbaki og áfengi? (**Forseti:** Ég vil rekja athygli ræðumanns á að nú er komið að þingflokksfundatíma. Ég vil spyrja ræðumann hvort hann geti lokið ræðu sinni á 1–2 mínútum eða hvort hann kýs að fresta ræðunni þangað til síðar.) Ég býst við, virðulegi forseti, að ég eigi 5–10 mínútur eftir. (**Forseti:** Þá vil ég óska eftir því að þingmaðurinn fresti ræðu sinni því að við höfum einungis tvo tíma til þingflokksfunda, en meiningin er að halda áfram hér aftur kl. 6.) — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Ég var nánast kominn að lokaorðum í þessari ræðu minni og var að byrja á síðasta efnisatriðinu sem ég ætlaði að víkja að áður en ég drægi saman lokaorð. Ég var að byrja að fjalla um stöðu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og ætlaði að líta aðeins á það mál og hvernig við getum viðhaldið því fyrirkomulagi sem verið hefur með tilkomu þessa samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Að þessu máli er í raun og veru óbeint vikið í 16. gr. samningsins sem fjallar um ríkiseinkasölur í viðskiptum. Þar er dregin fram sú lína í 1. tölul. að enginn greinarmunur sé gerður á ríkiborgurum aðildarríkja EB- og EFTA-ríkja hvað snertir skilyrði til aðdrátta og markaðssetningar á vörum. Það ber að hugleiða þessi skilyrði, sem menn ætla sér að undirgangast eins og þau eru, nokkuð alvarlega því að í þessum orðum, aðdrættir og markaðssetning, felst ýmislegt sem mér sýnist að rekist á við það fyrirkomulag sem við höfum í dag.

Innflutningur og dreifing á vörunni og markaðssetning hlýtur að lúta að því að þeir aðilar, sem heimilt er að flytja inn og dreifa vörunni, sitji við sama borð hvað það varðar að selja vöruna og koma henni

á framfæri til fólks. Það er býsna margt sem felst í þessum texta og kemur frekar í ljós þegar maður skoðar skýringu með 16. gr. þar sem enn frekar er dregið fram það markmið að veita einkaréttarhafanum samkeppni. Þetta erum við að undirgangast með þessum samningi. Ég sé ekki annað en núverandi fyrirkomulag á vínsölu, dreifingu og innflutningi, hljóti að rekast nokkuð alvarlega á við textann í 16. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Það verður enn ljósara ef maður skoðar skýringarnar með 16. gr. samningsins. Sérstaklega hef ég áhyggjur af því hvað felst í því að menn eigi að hafa sama rétt til markaðssetningar á vörum. Ég held að hæstv. ráðherra verði að líta á þetta mál og leitast við að gefa skýringar á því hvað felst í þessum texta. Ég vil vekja athygli á því að erlendis hefur þó nokkuð verð fjallað um þetta mál. Í Noregi var t.d. veruleg umræða um það síðasta vetur. Það virðist svo að í þeim löndum sé nokkuð meiri áhugi og umræða um opinbera stefnu í áfengismálum en hér á landi þar sem mér finnst að mörgu leyti af hálfu stjórnvalda ríkja verulegt tómlæti. Ég er hér t.d með tilvitnanir eða ljósrit úr dagblöðum frá nóvember í fyrra. Þar er t.d. í Dagens Industri frá 27. nóv. 1991 vitnað í Leon Brittan, fulltrúa framkvæmdastjórnar EB, sem segir að sænska víneinkasalan eigi á hættu að líða undir lok. Hann segir t.d. í þessari tilvitnun að þeir hafi bannað ríkiseinkasölu á innflutningi og útflutningi á olíu á Spáni og Grikklandi og sömuleiðis víneinkasölu í Portúgal. Það er því ljóst að það er töluvert önnur áhersla í þessum orðum Leons Brittans en fram hefur komið hér, m.a. af hálfu hæstv. dómsmrh. í svari við fyrirspurn á síðasta þingi um þetta mál. Leon Brittan nefnir þetta ekki bara gagnvart Evrópubandalaginu heldur er hann að nefna það í því samhengi sem Evrópska efnahagssvæðið er. (Gripið fram í.) — Ég heyri að þingmenn eru komnir til þingfundar. Þegar ég hóf mína ræðu, eftir að hafa verið kallaður út af þingflokksfundi sat hér einn þingmaður í salnum en ég sé að þeim fjölgar nokkuð ört. (Gripið fram í.) Þeir voru tveir. Ég fagna því að sjá hér nokkur andlit sem ekki eru alltaf ... (**Gripið fram í:** Nokkur kunnugleg andlit.) já, sem eru kannski varla kunnugleg. Ekki sé ég öll andlitin mjög oft og stundum líður nokkuð langt á milli að þau sjáist hér. Ég harma það ekki að menn gefi sér tíma til að hlýða á athugasemdir mínar og ábendingar varðandi hugsanleg áhrif EES-samningsins á áfengisstefnu íslenskra stjórnvalda. Ég vísa til umræðu bæði í Noregi og Svíþjóð um þetta mál þar sem menn hafa haft verulegar áhyggjur af því hvað verði um ríkiseinkasölur við inngöngu í Evrópska efnahagssvæðið eða við myndun þess. T.d. kemur fram í einni grein sem ég er hér með frá því úr Aftenposten frá því í nóvember 1991 að menn telja að túlkunin á 16. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hljóti að vera í verulegu og nánast fullu samræmi við 37. gr. Rómarsamningsins. Því held ég að það sé engin ástæða til að gera lítið úr þessu áhyggjuefni og óska eftir því að hæstv. utanrrh. svari fyrirspurn minni um þetta mál og geri grein fyrir því hvernig það lítur út fyrir honum. Mér er auðvitað kunnugt um bókun 8, mig minnir að hún sér númer 8, þar sem er yfirlýsing frá Norðurlöndunum, þar með talið Íslandi, um að líta á ríkiseinkasölur sem þátt í grundvallarstefnu þeirra stjórnvalda í félags- og heilbrigðismálum. Sú yfirlýsing segir reyndar ekkert meira en það svo það er varasamt að draga of miklar ályktanir af þeirri yfirlýsingu um að hér hafi menn reist varnir sem munu duga í kringum núverandi fyrirkomulag hér á landi. Ég dreg fram fjárlögin fyrir þetta ár til að skýra fyrir mönnum hvernig íslensk stjórnvöld líta á ÁTVR. Það er ekki svo að þessi stofnun sé skilgreind á sviði félags- eða heilbrigðismála heldur kemur fram í fjárlögum að hún heyrir að hún heyrir undir fjmrn. Eftirfarandi kemur líka fram í fjárlögum á bls. 247 í sérstöku yfirliti:

„Kveðið verði á um arðgreiðslur eftirtalinna fyrirtækja í fjárlögum hvers árs:

a. Póst- og símamálastofnunin.

b. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins."

Þetta fyrirtæki, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, er í fjárlögum skilgreint sem fyrirtæki sem á að skila arði í ríkissjóð. Er það stefna stjórnvalda að líta á ÁTVR sem þátt í grundvallarstefnu í félags- og heilbrigðismálum, að skilgreina þetta fyrirtæki undir fjmrn. og fyrirtæki sem á að skila arði í ríkissjóð? Það fer ekki saman. Veruleikinn er sá að íslensk stjórnvöld skilgreina þetta fyrirtæki þannig að það á að skila arði. Þetta er einkasala sem er rekin með gróðasjónarmiði. Það er fyrst og fremst skilgreiningin í fjárlögunum. Það gefur tilefni til að líta á 59. gr. EES-samningsins. Í þeirri grein kemur fram í 2. tölul. að samkeppnisreglur EES eigi að gilda um fyrirtæki sem eru í eðli sínu fjáröflunareinkasölur. Þar með er augljóst að núverandi fyrirkomulag hlýtur að brjóta í bága við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Skilgreining íslenskra stjórnvalda er sú að líta á fyrirtækið þannig að það eigi að skila arði og um þau fyrirtæki er kveðið á í 59. gr. samningsins um EES. Það er alveg ljóst að slík ríkiseinokunarfyrirtæki sem rekin eru í fjáröflunarskyni á að slá af. Ég sé ekki annað en samningurinn setji í uppnám núverandi fyrirkomulag á sölu og dreifingu áfengis. Þetta snýst fyrst og fremst um heildsölu- og smásölustigið. Hvernig ætla menn að tryggja framgang samningsins þar sem segir í 16. gr. að það eigi að vera jafnræði hvað markaðssetningu varðar, öðruvísi en að taka á heildsölu- og smásölustiginu? Ég sé ekki annað en það sé útilokað.

Það er því mitt álit að svo stöddu varðandi Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að samningurinn setji það fyrirkomulag í mikið uppnám, jafnvel má leiða rök að því, eins og ég var að gera, að það sé algjörlega óheimilt, m.a. vegna þeirrar skilgreiningar sem er í fjárlögum á fyrirtækjum ÁTVR. Það hlýtur að vera litið á þá skilgreiningu sem stefnu opinberra yfirvalda gagnvart þessu fyrirkomulagi, að það er fyrirtæki sem á að skila arði. Þetta er einkasala sem ríkið hefur sett upp fyrst og fremst til að útvega sér fé samkvæmt skilgreiningu sem birtist í fjárlögum hvers árs. Sem slíkt ætti fyrirtækið að falla undir 59. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Þetta vildi ég nefna, virðulegi forseti, sem innlegg

í þessa umræðu og vekja athygli á því því ég hef auðvitað, eins og margir aðrir, verulegar áhyggjur af því hvert stefnir í þessum málum. Ekki hefur þróunin verið þannig á undanförnum árum að menn geti litið á það sem einn gleðiboðskap. Ég held að íslensk stjórnvöld verði að taka sig verulega á í þessum efnum og taka á þeim af meiri alvöru að marka opinbera stefnu í áfengismálum svo ég tali nú ekki um önnur vímu- og fíkniefni. Mér finnst hafa verið hálfgert tómlæti í þessu fram til þessa og tel nauðsynlegt að menn taki málin upp með myndarlegum hætti, einmitt af því tilefni sem EES-samningurinn gefur tilefni til.

Ég hafði ekki hugsað mér að hafa fleiri orð um þennan samning. Ég hef bætt hér einu nýju atriði inn frá því sem var í fyrri ræðu minni, að öðru leyti hef ég verið að ganga eftir því að menn svöruðu þeim fyrirspurnum sem fram höfðu verið lagðar og að hæstv. utanrrh. eða einhver annar ráðherra í hans stað taki að sér að sýna þinginu þá virðingu að þegar menn leggja það á sig að kynna sér efni, fjalla um þau og bera fram fyrirspurnir þá sé mönnum svarað með sæmilega greiðum hætti. Það er nefnilega ekki viðunandi fyrirkomulag að láta það festast í sessi að líta á óbreytta þingmenn sem atkvæðamaskínur sem hér eiga aðeins að vera til að ýta á hnappa en þar fyrir utan eigi þeir sem minnst að segja um framgang þingmála og helst ekki að tala. Ég tel það óásættanlega niðurstöðu af skilgreiningu á hlutverki þingmanna.

Ég verð að segja að mér finnst fjarri því að umræðan um þetta frv. hafi verið úr hófi fram. Ef eitthvað er þá hefur mér fundist að allt of margir þingmenn hafi ekkert til málanna lagt. Það eru allir sammála um að hér sé um að ræða stærsta mál þjóðarinnar, reyndar það allra stærsta frá stofnun lýðveldisins, og mig undrar það tómlæti ef meiri hluti þingmanna lætur ekki svo lítið að koma hér upp í 1. umr. þó ekki væri til annars en að setja fram sínar skoðanir og niðurstöður eftir athugun á málinu. Það væri mikið frekar að menn ættu að beina kastljósinu að þeim sem ekki hafa tekið til máls í þessari umræðu og ekkert hafa haft fram að færa. Þetta mál er svo stórt að því verður með engum rétti haldið fram að það eigi að fara eftir hefðbundinni skiptingu í umræðu eftir því hvort menn eru stjórnarliðar eða stjórnarandstæðingar. Stjórnarliðar verða jafnt sem aðrir þingmenn að gera grein fyrir viðhorfum sínum til málsins.

Ég vil að lokum segja um frv. og endurtek það, sem hefur komið fram hjá mér að nokkru leyti, að mér finnst frv. sem slíkt varla þingtækt. Fyrirkomulagið til þess að lögfesta allar þessar viðamiklu breytingar er frv. upp á eina blaðsíðu. Í því frv. eru mörg atriði sem ég hef athugasemdir við. Fyrsta atriðið sem ég skal nefna er að í því er allsherjarheimild til framkvæmdarvaldsins til að gefa út reglugerðir, í 4. gr. frv., um hvað sem er sem lýtur að framkvæmd EES-samningsins. Það er engin takmörkun á þessari reglugerðarheimild en löggjafarvaldið er að afsala sér til framkvæmdarvaldsins nánast öllu valdi til þess að útfæra lögin. Það gildir einu hvort sú útfærsla eða reglugerðarsmíð hefur í för með sér útgjöld, t.d. fyrir ríkissjóð eða sveitarfélög, eða íþyngjandi ákvæði fyrir einstaklinga og aðra aðila sem búa í þessu landi.

Annað atriði sem að mínu mati er ótækt er í 3. gr. Þar segir í raun og veru að önnur lög og aðrar reglur en þær, sem þessi samningur fjallar um, skuli skýra til samræmis við EES-samninginn. Menn eiga með öðrum orðum að taka íslenska lagasafnið og reglugerðir og eftir því sem við á eiga menn að skýra það til samræmis við EES-frumvarpið. Það er orðið að einhvers konar yfirlögum sem ráða því hvernig menn túlka hin lögin. Ég hef hingað til staðið í þeirri meiningu að lög séu jafnrétthá hér í landi, engin ein lög væru öðrum æðri ef svo má segja. 3. gr. frv. segir í raun og veru það að þau lög sem við höfum sett að undanförnu og komum til með að setja síðar, ef þessi samningur verður samþykktur, á öðrum sviðum en samningurinn nær til, beri okkur að skýra til samræmis við EES-löggjöfina. Hver á að skýra það? Það er framkvæmdarvaldið sem á að ákvarða skilninginn og hefur síðan heimild í 4. gr. til að gefa út reglugerð til að kveða nánar á um framkvæmd. Þetta gengur ekki.

Síðan er það 2. gr. sem kveður á um að það eigi að vera lög sem ekki eru í frv. heldur í fylgiskjölum með frv. Með öðrum orðum eru lögin, sem ætlað er að hafa gildi hér, ekki í frumvarpinu, hv. þm. Þetta er einhvers konar „babúska"-löggjöf. Maður tekur eina grein og hún segir að eitt tiltekið efni eigi að hafa lagagildi, síðan fer maður inn í það efni og þá eru tilvísanir í hinar og þessar bókanir og viðauka sem koma þar til með að hafa lagagildi líka. Menn eru alltaf að fletta lengra og lengra og áður en menn vita af þá eru hlutir sem hafa lagagildi hér á landi sem koma hvergi nálægt frv. (**Gripið fram í:** Þú hefur ekkert á móti forminu?) Ég er algjörlega á móti forminu, virðulegur þingmaður, það er rétt hjá þér eins og ég hef greint frá, bæði í 2., 3. og 4. gr., en ég er líka á móti efninu. (Gripið fram í.) Ég er ekki á móti öllum efnisatriðum sem menn hafa verið að fjalla um og eru að fjalla um í þessum samningi. Mitt mat er að það er fleira sem er slæmt en það sem er gott.

Eitt af því sem er slæmt, og ég vil nefna sérstaklega, er þessi aukna miðstýringarárátta. Samningur eins og þessi virðist ekki geta orðið að veruleika nema framkvæmdarvald ríkisins dragi til sín löggjafarvaldið í meira eða minna mæli. Það virðist vera forsenda fyrir bandalögum af þessu tagi, fyrir stórríkjum af þessu tagi að framkvæmdarvaldið sé ráðandi aðili í þrískiptingu valdsins, sérstaklega í togstreitunni við löggjafarvaldið.

Ég bendi mönnum bara á hvernig þessi staða er í Evrópubandalaginu sjálfu. Þar er það framkvæmdarvaldið sem hefur tögl og hagldirnar. Það virðist vera, ef menn eiga þann draum að búa til stórt ríki, eins og þeir hafa sem standa að þessu máli, þá sé ekki mögulegt að koma því á nema að efla framkvæmdarvaldið alveg gríðarlega. Það byggist á sterku framkvæmdarvaldi, sterku miðstjórnarvaldi, rétt eins og flest ef ekki öll önnur stórveldi veraldarinnar frá upphafi, svo maður nefni bara Rómarveldi. Það byggðist á afar sterku framkvæmdarvaldi. Ef við nefnum Sovétríkin þá

byggðist það líka á því að framkvæmdarvaldið réð fullkomlega yfir löggjafarvaldinu. Mér sýnist sama þróunin vera upp á teningnum með þessa Stór-Evrópu sem menn eru að búa til. Hún á að byggjast á gríðarlega sterku framkvæmdarvaldi en mjög veiku löggjafarvaldi. Það eru efnisatriði og ég er í grundvallaratriðum á móti því að efla framkvæmdarvaldið með þessum hætti. Ég hefði miklu fremur talið nauðsynlegt að þjóðþingin einbeittu sér að því að efla löggjafarvaldið. Mér finnst þróunin í Evrópu að mörgu leyti styðja þá skoðun mína og staðfesta að það eru margir í nánast öllum löndum Evrópu sem eru þeirrar skoðunar að það þurfi að taka í taumana og draga spottana til baka úr höndum framkvæmdarvaldsins. Ég vil skilja afstöðu manna, t.d. í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og víðar þannig að menn vilji styrkja sitt eigið vald, heimavaldið og löggjafarvaldið. Menn vilja draga úr framkvæmdarvaldinu og þeim alþjóðastofnunum sem framkvæmdarvald ríkjanna býr sér til í sameiningu. Hér er því efnislegan ágreining að ræða um grundvallarmarkmið milli mín og þeirra sem standa að þessum samningi, virðulegi forseti.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Nú þegar dregur að lokum 1. umr. um samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði er ljóst að umræðan í þinginu hefur ekki sannfært hinn almenna mann um að samningurinn sé ekki valdaframsal á löggjafar-, dóms- og framkvæmdarvaldi. Umræðan hefur ekki sannfært hinn almenna mann um að samningurinn feli í sér mjög mikinn efnahagslegan bata fyrir Íslendinga. Umræðan hefur ekki sannfært hinn almenna mann um að þær fórnir sem einnig eru í þessum samningi séu réttlætanlegar. Ég vil nefna hér nokkur dæmi:

Erlendir togarar á ný inn í landhelgi. Hin íslenska þjóð, sem telur 260.000 manna, gefi 380 milljónum manna fullan rétt á við sig í þessu ónumda landi til atvinnustarfsemi, jafnan rétt á sem flestum sviðum.

Ég er heldur ekki viss um að hin íslenska þjóð sé sammála því að sæta, eftir að samningurinn hefur verið gerður, viðskiptabanni á ýmsum vöruflokkum sem við sannarlega flytjum nú inn, t.d. frá Bandaríkjunum, sem liggur ljóst fyrir að reglugerðir Evrópubandalagsins munu banna að hingað verði fluttar.

Sú sorglega staðreynd blasir við, þegar staðið er upp frá samningunum, að okkar aðalútflutningsatvinnuvegur, sjávarútvegurinn, er ekki með í viðskiptafrelsi EB. Frelsin fjögur gilda aftur á móti um aðalatvinnuvegi EB og hinna EFTA-ríkjanna.

Hæstv. utanrrh. hefur margsagt að hagsmunir sjávarútvegsins og fiskvinnslunnar séu óskaplega stórir og skipti sköpum í þessu máli. Það er enginn vafi á því að Alþfl. hefur í rauninni komist upp með að reka þá blekkingarumræðu. Þeir sem ganga til viðræðna við ýmsa af forsvarsmönnum sjávarútvegsins komast að annarri niðurstöðu, þeir sjá ekki þann stórkostlega ávinning sem liggur í málinu. (Gripið fram í.) Niðurstaðan er sú að allt bendir til að sýnilegur hagnaður sjávarútvegs sé einn milljarður. Hv. frammíkallari, Össur Skarphéðinsson, hefur skrifað blekkingarleiðara í Alþýðublaðið um þetta mál. Síðast í Alþýðublaðinu í dag er blekkingarleiðari og málflutningur krataforingja á Suðurnesjum. Það er Þorleifur Már Friðjónsson sem skrifar þennan leiðara, með leyfi forseta:

„Staðreyndin er sú að þær 1.900 millj. kr. sem sparast í greiðslum tolla á hverju ári eru atriði sem allir skilja og enginn veit betur en alþýða manna að hægt er að verja slíkum fjárupphæðum til ýmissa nytsamlegra hluta sem bæta lífskjör hér á landi."

Ég hygg að öllum Íslendingum sé að verða það ljóst eftir þessa umræðu að þeir tollar sem hafa verið felldir niður verða ekki 2 milljarðar eins og hæstv. utanrrh. hefur margsagt. (**Gripið fram í:** 2,1 milljarður). Heldur verður niðurstaðan sú, alveg eins og þegar Íslendingar felldu niður tolla af bifreiðum sínum, að verksmiðjurnar úti í heimi græddu ekki á því heldur voru það neytendur á Íslandi sem græddu. Auðvitað hljóta neytendur í Evrópu að fá helminginn af þessari lækkun í sinn hlut. Niðurstaðan er sú að hér er um 1 milljarð að ræða en ekki 2 milljarða.

Ég ætla að fullyrða að þessi eini milljarður sé í sjálfu sér ekki stórvægilegur, fullyrða jafnvel að þessi eini milljarður sé tittlingaskítur þegar það er skoðað að árlega eru fluttar út sjávarafurðir frá Íslandi fyrir 70–80 milljarða. Einn milljarður til eða frá í því dæmi skiptir ekki verulega miklu máli.

Ávinningurinn er ekki meiri en það að ríkisstjórnin hefði getað með einföldum aðgerðum bætt stöðu fiskvinnslunnar miklu betur með öðrum hætti, gert hana hæfari til þeirrar samkeppni sem hún er heyja um íslenskar afurðir. Ég nefni t.d. lækkun á raforkuverði. Ég nefni niðurfellingu aðstöðugjalds. Ég nefni lækkun vaxta og fleiri og fleiri atriði mætti nefna til þessarar umræðu sem hefðu skilað íslenskum sjávarútvegi miklu meiri ávinningi. Fyrir utan það að mönnum er það ljóst að fyrirtækin fara á mörgum sviðum tollfrjálst út með saltfiskinn og fersku flökin. Menn hafa verið að mæta þessu.

Nú blasir það hins vegar við að EB-reglugerðir setja þá kröfu á skuldsetta íslenska fiskvinnslu að ráðast í milljarða fjárfestingu. Hin skuldsetta íslenska fiskvinnsla, sem spurning er um hvort að reki sig frá degi til dags, stendur frammi fyrir því nú að þegar við erum komnir með EES-samninginn í hendurnar verður hún að leggja í milljarða fjárfestingar. Ég hef hitt marga menn sem leiða og stýra fiskvinnslufyrirtækjum og þeir segja að þær breytingar muni jafnvel skipta hundruðum milljóna á einstök fyrirtæki sem gerðar verða kröfur um að eigi sér stað.

Undir þessu verður íslensk fiskvinnsla að standa til að mæta smásmugulegum reglugerðum EB um hollustuhætti og heilbrigði. Hins vegar verðum við að búa við það að EB róti gjafafé og styrkjum til sinna fiskvinnslufyrirtækja. Það er ljóst að menn hafa ekki náð þeim árangri í þessum samningum að stöðva styrkveitingar EB og einstakra ríkja inn í atvinnugreinarnar. Við komum ekki til með að standa á jafnréttisgrundvelli. Hér verða fyrirtækin okkar að leggja þennan kostnað

á sig. Þar munu þeir hljóta helming upphæðarinnar, trúlega í styrkjum.

Fyrir liggur frv. um að útlendingum verði heimilt að gerast eigendur fiskmarkaðanna í landinu og það er ljóst líka að þeir munu geta notað styrkveitingarnar til þess að ná fiskinum óunnum til sín þannig að það eru margar hliðar á þessu stóra máli sem eðlilegt er.

Þegar ákveðið var að vera í samfloti EFTA-ríkja og láta reyna á hvort tækist að mynda hið Evrópska efnahagssvæði var okkar markmið raunar aðeins eitt. Hvert var það markmið? Hafa menn gleymt hvert var í raun-inni okkar eina markmið? Það var fríverslun með fisk. Evrópubandalagið hafði fyrir fullan aðgang að mark-aði okkar en við ekki að þeirra. Þeir hafa á eftir full-an aðgang að okkar markaði en við höfum ekki náð þeim árangri sem við ætluðum okkur þegar við lögð-um af stað í þessa ferð.

Það er eðlilegt þegar samningurinn liggur fyrir að spurt sé: Höfum við gengið til góðs götuna fram eftir veg? Hafa krókar og keldur á langri samningaleið hrak-ið mörg markmið okkar út í veður og vind eða vakir annað og meira fyrir ríkisstjórninni en komið hefur upp á borðið? Er ríkisstjórnin á annarri leið en þjóðin gerir sér grein fyrir í þessu máli? Mér finnst að fastar sé knúið á af Evrópubandalaginu sjálfu. Ég mun víkja að því síðar í mínu máli.

En hvernig standa þeir meginfyrirvarar sem settir voru? Hvernig sem á því stendur virðist sem fyrirvör-unum hafi ekki verið haldið til haga í samningunum. Full yfirráð Íslendinga yfir auðlindum þjóðarinnar til lands og sjávar, full yfirráð yfir fiskimiðunum liggur fyrir en sá böggull fylgir skammrifi að EB-ríkjunum er réttur lykillinn að landhelginni og sagt að þau megi fara inn og veiða 3 þús. tonn af karfa. Ef ég rétti hæstv. utanrrh. lykil að húsi mínu og segði: Þú mátt fara inn þegar þú vilt og snæða kvöldverð, — hvað þýddi slík setning ef ég segði hana við hæstv. utan-rrh.? (**ÓÞP:** Þetta er mjög hæpið tiltæki.) (**StG:** Tæki morgunverðinn líka.) Ég hygg að hann mundi fljótlega fara fram á morgunverðinn. Ég væri þar með að gefa óviðkomandi manni hlutdeild í heimili mínu þannig að menn verða að átta sig á því að þetta tiltæki að rétta lykilinn að landhelginni gerir það að verkum að menn láta ekki þar við sitja. Í fyrsta lagi er ekki ljóst hverj-ir verða þar á ferð. Það er ekki ljóst hvort það verða Portúgalir og Spánverjar eða einhverjir aðrir þannig að þetta tiltæki eitt þýðir að við munum standa í eilífum samningaviðræðum við erlend ríki um að þau fái að auka rétt sinn til veiðinnar í landhelgi Íslendinga.

Ég segi að sú niðurstaða ein að opna landhelgina á ný er nægt tilefni til að þessi samningur verður að fara fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu. Útfærsla landhelginnar var algert einingarmál. Um það ríkti alger samstaða milli stjórnmálaflokka og meðal fólksins í landinu. Ég álít að slík ákvörðun kalli á að ríkisstjórnin verði að spyrja þjóðina álits. Margir, sem segja að ýmis atriði samn-ingsins séu þess virði að skoða þau og þegar þeir horfi þröngt geti þau hentað fyrirtækinu sem þeir reka, segja aftur á móti: Þessi eina ástæða er næg til þess að hafna samningnum.

Það liggur ekkert fyrir um auðlindirnar á landi eða að hægt verði að takmarka fjárfestingu erlendra aðila í landi. Ég hygg að evrópskir auðmenn og fjármagn horfi á Ísland sem ónumda paradís. Þegar viðreisnar-stjórnin ætlaði fyrir 30 árum í EB vöruðu margir al-þingismenn við gróðaþyrstu fjármagni stórveldanna í Evrópu. Nú 30 árum síðar hafa samgöngur breyst með þeim hætti að Ísland er ekki lengur afskekkt og fjar-lægt land eins og það var á þessum tíma. Heimurinn hefur líka breyst að því leyti að orkan er á þrotum, olíu þrýtur innan áratuga og kol innan árhundraða.

Ísland er auðugt land. Á mörgum sviðum er það ónumið land. Við eigum auðlindir sem hver og ein kann innan áratuga að gefa af sér ekki minni gjaldeyri en sjávarútvegurinn einn gefur í dag. Hér er aðeins búið að virkja brot af því sem fyrir hendi er til raf-orkuframleiðslu. Jarðhitinn og gufuorkan verður út-flutningsvara og við höfum heyrt fréttir af þeim mál-um nú á síðustu dögum. En stærsta auðlind fyrir utan landið sjálft er svo kannski kalda vatnið sem ómælt magn er af.

Við Íslendingar erum smátt og smátt að átta okkur á því að kalda vatnið er söluvara um allan heim. Hafa t.d. hv. alþm. áttað sig á því á hvaða verði kalt vatn er selt á Íslandi, þar á ég við á hótelum? Hvort það er selt dýrara en mjólkin eða ekki? Ég vil vekja athygli á þessari mikilvægu auðlind sem mun gefa okkur ómæld-an gjaldeyri í framtíðinni. Staðan er sú að mjólkurlítr-inn í dag kostar 68 kr. en lítrinn af köldu vatni er seld-ur á hótelum í Reykjavík á 640 kr. Í landi þar sem þarf ekki annað en opna kranann og drekka vatnið ferskt og gott er verið að selja lítrann á 640 kr. Þetta segir okk-ur auðvitað það sem við vitum að víða um heim verð-ur fólkið að kaupa vatnið. Þarna er mikil auðlind sem við Íslendingar eigum þannig að við seljum það á tíföldu verði mjólkurinnar í dag. Ég segi því: Ísland á ærinn auð sem við í skammsýnni samningagerð meg-um ekki glata.

Hæstv. utanrrh. sagði sjálfur á lokastund við und-irskrift EES-samningana, þegar Evrópubandalagið og EFTA-ríkin komu saman, að Evrópubandalagið væri tímaskekkja og mundi liðast í sundur á næstu öld. Hvers vegna féllu þessi ummæli? (**ÓÞP:** Af framsýni.) Þau féllu af framsýni og kannski líka af því að innst inni hefur hæstv. utanrrh. áttað sig á því að við höf-um farið dálítið aðra leið en við ætluðum okkur í upp-hafi.

Andstæðingum efnahagslegrar og pólitískrar sam-einingar Evrópu fjölgar stöðugt. Stjórnmálaforingjar sem fyrir málinu hafa talað eru að einangrast í mörg-um löndum, fólkið sjálft rís upp. Íslendingar vilja ekki vera hjáríki í Evrópubandalaginu. Hér spyrja menn: Hvers vegna fara allar hinar þjóðirnar úr EFTA inn í EB? Hafði það engin áhrif í samningagerðinni að hin-ar þjóðirnar fóru aðrar leiðir en þær hétu okkur í upp-hafi? Var ekki slegið af vegna þess að pólitískir for-ingjar þessara þjóða komust að þeirri niðurstöðu að þær ættu samleið með Evrópubandalaginu?

Ég sagði áðan að mér sýndist að allmargir af ráða-mönnum á ríkisstjórnarheimilinu seildust til lokunnar

að Evrópubandalaginu. Ég spyr: Hvernig ber að túlka ummæli hæstv. utanrrh. sem féllu á mikilvægum fundi í Viðey? Með leyfi forseta ætla ég að vitna til þessara ummæla sem fóru fram í sjónvarpi í viðtali Sigrúnar Markúsdóttur þar sem hún ræðir við Thorvald Stoltenberg og hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson:

„Utanríkisráðherrar Íslands og Noregs eru sammála um að það yrði mun auðveldara að semja um kröfur þjóðanna við Evrópubandalagið í sameiningu en sitt í hvoru lagi, æski ríkin aðildar."

Þessi ummæli féllu: „æski ríkin aðildar." Og hæstv. utanrrh. tekur undir þessi ummæli í sjónvarpinu. Þetta skýtur þeirri hugsun að að ýmis þau öfl, sem telja að við verðum að fylgja hinum þjóðunum, þrýsti nú fast á. Við sjáum að það er engin tilviljun að þegar sjálfstæðismenn komu saman á Vestfjörðum nú fyrir nokkrum dögum þá þykir þeim mikilvægt að álykta um það að aðild að Evrópubandalaginu komi ekki til greina. Er það af því að eitthvað er að gerast í Sjálfstfl. í þessum efnum? Með leyfi forseta segir í ályktun sjálfstæðismanna á Vestfjörðum:

„Þá höfnum við öllum hugmyndum um hugsanlega um aðild Íslands að Evrópubandalaginu" segir í þeirri ályktun. Ég spyr því hæstv. forsrh. sem stýrir Sjálfstfl. hvort umræður séu nú að aukast innan Sjálfstfl. um að okkur beri að fara þá leið að sækja um aðild að Evrópubandalaginu eins og utanrrh. vissulega gefur til kynna í þessu viðtali á fjölmiðlavaktinni.

Ég ætla ekki að þreyta menn með því að ræða um þær skiptu skoðanir sem vissulega eru innan þessara flokka hvað þetta varðar. En okkur er það ljóst að ýmsir þeir menn sem mest hafa varað við þessum skoðunum hefur bæði hratt og hægt verið vikið til hliðar í sínum flokkum. Ég tel því að Sjálfstfl. verði að gera hreint fyrir sínum dyrum. Ég skal viðurkenna að hæstv. forsrh. hefur hafnað þeirri hugmynd að innganga sé á dagskrá en við þekkjum hans nánustu samstarfsmenn, svo sem nýjan formann utanrmn., hv. þm. Björn Bjarnason, sem kom inn í þessa pólitík eins og síamstvíburi hæstv. forsrh. og hefur jafnan hér í þinginu túlkað þau sjónarmið sem bærast í brjósti forsrh. Hann hefur þar haldið ræður sem forsrh. hefur tekið undir.

Ég ætla aðeins að minnast á landbúnaðarmálin. Við höfum verið að fara yfir þau í landbn. og þar kemur glöggt fram að íslenskir samningamenn hafa lent í alvarlegri keldu eftir að núv. ríkisstjórn tók við völdum þar sem opnað er á innflutning á jógúrt og feiti eða smjörtegundum frá 5–15%. Þetta hefur verið rætt og skipst hefur verið á skoðunum um hvort hægt sé að leggja á jöfnunargjöld eða ekki. Utanrrn. mun hafa sent þessa viðaukatillögu til umsagnar í landbrn. og líklega til aðila í mjólkuriðnaði en fær engin andsvör eða athugasemdir þannig að þarna er inni mjög alvarleg setning sem menn hafa deilt um og skal ég ekki frekar fara út í það. En hvað þessar afurðir varðar stöndum við frammi fyrir því sama og í sjávarútveginum að ótakmarkað magn t.d. af jógúrt og þessum smjörtegundum má flytja inn. Við skulum vona að það sé rétt sem landbrh. og ríkisstjórnin segja að við megum beita jöfnunargjöldum. En þó liggur fyrir að við megum bara beita þeim á hráefnið, við megum ekki beita þeim á vinnslukostnað vörunnar. Á þann þátt megum ekki beita þeim. Við stöndum óvarðir frammi fyrir því að EB og þessi ríki mega greiða framleiðslustyrki eða hagræðingarstyrki inn í mjólkurbúin hjá sér. Þarna er því heilmikil alvara á ferðum sem hefur verið rædd á fundum landbn. og þar hefur það komið fram að embættismenn landbrn. hafa mjög miklar áhyggjur af þessu máli og telja mjög erfitt að verjast þeirri yfirlýsingu sem hnýtt var aftan í þennan viðaukasamning.

Ég ætla ekki að eyða of löngum tíma en auðvitað held ég að það hafi aldrei verið meiningin að okkur væri fjórfrelsið svo mikilvægt eins og nú er lögð áhersla á. Það eru mörg atriði sem væri hægt að fara inn á og ræða. Það er t.d. enginn vafi að íslensk tryggingafélög verða í mjög mikilli hættu. Menn hafa ekki gert sér grein fyrir því hvernig fer þegar frelsi fjármagnsins verður leyft þó ákvæði séu um að heimilt sé að grípa í taumana við einhverjar mjög óljósar aðstæður. En hér getur það gerst að verði um mjög mikið útstreymi á fjármagni að ræða og kannski fólksflutningar úr landi miðað við það efnahagsástand sem þessi ríkisstjórn hefur skapað.

Forsvarsmenn iðnaðarins hafa blessað þetta samkomulag. Ég tek ekki fullt mark á þeim aðilum því að á seinni árum hafa þeir verið miklu meiri heildsalar og innflytjendur en varðmenn íslensks iðnaðar. Það er auðvitað ljóst að 600–700 störf hafa tapast í iðnaði á Íslandi á síðustu fimm árum undir stjórn Alþfl. Ekki sjáum við það í gegnum þennan samning að íslenskum skipasmíðaiðnaði verði bjargað, þvert á móti lítur út fyrir að hann muni líða undir lok.

Menn hafa rætt um mikilvægi þessa samnings vegna unga fólksins og framtíðarmöguleika í menntun. Ég ætla að vitna hér í ekki ómerkari mann en fyrrv. háskólarektor, Sigmund Guðbjarnarson. Ég hef heyrt hann flytja erindi og lesið eftir hann greinar þar sem hann hefur fullyrt að íslenskir menntamenn og vísindamenn hefðu um alla framtíð fullan aðgang að háskólum og vísindanámi um Evrópu burt séð frá þessum samningi.

Ég hef ekkert rætt hér stjórnarskrárþátt málsins. Í mínum huga er enginn vafi á því að EES-samningurinn samræmist ekki íslensku stjórnarskránni. Framkoma ríkisstjórnarinnar gagnvart Alþingi í þessu máli er auðvitað hneyksli. Íslenska ríkið getur enga áhættu tekið með svona samning gagnvart stjórnarskránni. Álit fjórmenninganna sem hæstv. utanrrh. skipaði er slíkur hænsnamatur í lögfræði að furðu gegnir. Sá sem les álit fjórmenninganna sér fljótt að stór orð jafnlærðra manna, orð eins og ævintýramennska í lögfræði, eru látin falla vegna þess að það er eins og fjórmenningunum hafi verið uppálagt hver niðurstaðan ætti að vera að lokum. Ég hygg að flest þjóðþing mundu setja í gang rannsóknarnefnd sem færi ofan í vinnubrögð fjórmenninganna. Ekkert þjóðþing hefði heldur sætt því að utanrrh., maður sem er hluti af framkvæmdarvaldinu, skipaði sjálfur eftir sínu höfði þá menn sem færu yfir stjórnarskrárþátt málsins. Það er ekkert þjóðþing í víðri

veröld, nema kannski Sovétríkin meðan þau voru og hétu, sem hefði sætt sig við það að hæstv. utanrrh. skipaði eftir eigin höfði og geðþótta þá menn sem í þessari úttekt voru. Ég segi: Lítil eru geð guma í Sjálfstfl. að sæta því að utanrrh. vanvirði með þessum hætti þingið. Auðvitað bar þinginu sjálfu að skipa færa og óháða menn í slíka úttekt. Hæstv. utanrrh. misnotaði vald sitt með skipuninni og skipaði menn sem unnu í samningsgerðinni og situr nú uppi með álit sem í hugum flestra Íslendinga er pólitískt og pantað. Það er kannski alvarlegur hlutur fyrir leiðtoga ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh., að sitja undir því að íslenska þjóðin telji að þetta álit sé sem niðurstaða bæði pólitískt og pantað. Ég tel því að Alþingi eigi mikið verk fyrir höndum að fara yfir stjórnarskrárþátt málsins og ekki síður yfir öll þau vafasömu efnisatriði sem í samningunum eru.

Það voru alvarleg mistök stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar að leyfa það að utanrrh. undirritaði samninginn fyrir Íslands hönd, að alþingismenn Sjálfstfl. og Alþfl. skyldu samþykkja það að hann undirritaði samninginn fyrir Íslands hönd án þess að vita hvað í samningunum var, hvað hefði breyst á langri vegferð samningsgerðarinnar. Ég er undrandi á því að þingmenn Sjálfstfl. skyldu allir samþykkja svo afdrifarík mistök. (**Gripið fram í:** Þeir gerðu það ekki.) Hér er það upplýst að þeir hafi ekki gert það. Ég hygg að leitað hafi verið eftir því í þingflokkum ríkisstjórnarinnar að utanrrh. mætti undirrita samninginn. (**Gripið fram í:** Það hefur ekki verið gert.) Nú er það upplýst að svo hefur ekki verið og veikir það nú enn þann grunn sem svo vafasamur samningur stendur nú á.

Það er enginn vafi á því að Sjálfstfl. var nokkrum mánuðum fyrr sannfærður um að það væri mikilvægt fyrir Íslendinga að hefja tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið. Sú rödd hefur þagnað. (**Forseti:** Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann eigi langt mál eftir þar sem ákveðið hafði verið að gera hlé á fundinum kl. 7. Ef hann gæti lokið ræðu sinni á 5–10 mínútum mundi forseti taka þann kost en ef svo er ekki vill forseti biðja hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni.) Hæstv. forseti. Ég hygg að ég muni ljúka ræðu minni á þessum tíma. Ég á örfáar mínútur eftir.

Það hefur komið fram við þessa umræðu að þegar hæstv. utanrrh. skrifaði undir hafði hann ekki á bak við sig þingstyrk stjórnarflokkanna. Það hefur líka komið hér fram í 1. umr. að þær hafa hvergi heyrst hinar eldríku ræður forsrh. í málinu, að vísu hef ég hlustað á hv. þm. Björn Bjarnason en skoðanir forsrh. eru á mörgu sviðum mjög óljósar. Mín niðurstaða er sú að það kann að vera og er auðvitað mikilvægt að Alþingi Íslendinga setjist yfir stjórnarskrárþáttinn og ekki síður efnisatriði samningsins, ræði hvernig hægt er með þennan samning að fara og hvað hægt er að gera úr honum. Ég vil segja um stjórnarskrárþáttinn: Það kann að vera að forseti lýðveldisins hugsi sig um áður en hann skrifar undir þessi lög, ef af verður. Þess vegna er það náttúrlega mikilvægt að Alþingi nái því að komast að niðurstöðu. Stangast samningurinn á við stjórnarskrá lýðveldisins? Forseti lýðveldisins kann að efast um málið þegar þar að kemur.

Mín lokaniðurstaða er auðvitað sú að forsendurnar hafa á langri eða stuttri leið, þessum þremur árum, töluvert breyst. EFTA-ríkin hafa öll sagst mundu ganga í eða sækja um aðild að Evrópubandalaginu og upp úr áramótum hefjast samningaviðræður um það atriði við þau. Þess vegna tel ég að sú niðurstaða sem framsóknarmenn bentu á á miðstjórnarfundi sínum í vor, að það verði gengið úr skugga um að samningi um Evrópskt efnahagssvæði megi breyta í tvíhliða samning Íslendinga og Evrópubandalagsins ef og þegar önnur EFTA-ríki hafa gerst aðilar að EB, skynsamleg. Ég vil því spyrja hæstv forsrh.: Hefur ekki verið rætt í ríkisstjórninni og í þingflokkum stjórnarinnar við þessar breyttu aðstæður hvort tvíhliða viðræður henti okkur Íslendingum ekki betur við þær aðstæður sem nú hafa skapast úti í Evrópu? Mér vænt um ef hæstv. forsrh. vildi svara mér til um sínar skoðanir og hvort hann hafi kannað það. Það er enginn vafi á því að við höfum fengið svör frá mörgum embættis- og stjórnmálamönnum EB um að þeir sæju því ekkert til fyrirstöðu og þess vegna þykir mér það eðlilegt, um leið og EFTA-ríkin eru að hefja sínar samningaviðræður um fulla aðild að Evrópubandalaginu, að við hefjum tvíhliða viðræður um mörg þau atriði sem okkur eru mikilvæg.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er enginn vafi á því í mínum huga að tvíhliða viðræður hefðu ekki veitt neina möguleika á því að láta okkur fá jafnhagfelldan samning og það samflot, sem EFTA-ríkin hafa, hefur tryggt okkur. Það er enginn vafi í mínum huga í þeim efnum. Hitt er annað mál að ef mál þróast þannig í framtíðinni að við verðum eitt ríkja eftir, er það ljóst að eðli þeirrar samningsgerðar mun breytast í því sem næst tvíhliða samning. En slíkum samningi hefðum við ekki náð fram nema með því samfloti sem við höfum verið í og það er meginatriði.

Mér fannst ekki viðeigandi af hv. þm. að kalla lögfræðiálit hinna virtu fræðimanna hænsnamat í lögfræði. Ég hef reyndar á tilfinningunni að hv. þm. viti meira um hænsnamat en lögfræði.

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. það síðasta. Þeir, sem lesa þau lögfræðiálit virtra prófessora, segja hreinlega að þetta sé ævintýramennska í lögfræði. Í fleiri línum kemur það fram að þeir álíta þetta fjórmenningaplagg ekki merkilega lögfræði. Ég stend því við það að þetta sé hálfgerður hænsnamatur á silfurfati, pantaður af ríkisstjórninni.

Hvað hitt atriðið varðar, þá kom það ekki fram í ræðu forsrh. hvort hann hefði rætt það í ríkisstjórninni eða við stjórnmálamenn úti í Evrópu að ganga til tvíhliða viðræðna um mörg efnisatriði sem nú blasa við við breyttar aðstæður. Það kom ekkert fram. Að vísu var forsrh. ekki í þinginu á þeim tíma þegar sjálfstæðismenn töldu tvíhliða viðræður mikilvægar. En nú virð-

ist það vera gleymt, kannski hjá þeim öllum. — [Fundarhlé.]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Á meðan umræður hafa staðið yfir á Alþingi um frv. um Evrópskt efnahagssvæði hafa mörg atriði verið rædd og ýmsir atburðir gerst sem hafa varpað skýrara ljósi á hvert eðli þessa samnings er sem nú er verið smátt og smátt að leggja á borð okkar þingmanna í hinum margvíslegu gögnum.

Af hálfu stjórnarandstöðunnar hefur verið dregið fram í fyrsta lagi það meginatriði að með samningnum skuldbindum við okkur að hlíta lögum og reglum EB á þeim sviðum sem samningurinn nær til og þar sem íslensk lög stangast á við reglur EB skuldbindum við okkur að breyta íslenskum lögum í samræmi við það.

Í öðru lagi má réttarstaða þegna annarra þjóða innan EES aldrei verða lakari en Íslendinga, t.d. hvað varðar forræði um eignarrétt á landi.

Utan Alþingis hafa einnig verið að gerast atburðir sem varpa nýju ljósi á stöðuna. Okkur er sjálfsagt öllum í fersku minni þeir atburðir sem hafa verið að gerast í Þýskalandi, sem er langstærsta ríkið innan Evrópubandalagsins og þá innan EES og sú þróun sem þar er að verða hjá þessu ríki sem væntanlega mun hafa forustu um málefni alls þessa svæðis.

Mér fundust athyglisverð ummæli utanríkisráðherra Noregs sem kom í heimsókn hingað fyrir skömmu þegar hann sagði að þjóðir okkar, Íslands og Noregs, yrðu að lúta vilja Evrópubandalagsins hvernig sem tengslum okkar við það yrði háttað. Hann virtist sannfærður um að Evrópubandalagið ætli að láta smáþjóðirnar kenna á valdi sínu í eiginhagsmunaskyni og nota til þess vald fjármagnsins í stað hervalds sem þær sumar hverjar notuðu stundum áður og við minnumst öll.

Spurningin er því sú hvernig við eigum að bregðast við þessari stöðu, þessu sterka valdi. Eigum við að beygja okkur í hlýðni fyrir þessu veldi fjármagnsins og ganga til samninga við Evrópubandalagið við þessar aðstæður í þeirri von að með því að ganga til samstarfs verði hlutur okkar skárri þó að staða okkar innan Evrópska efnahagssvæðisins verði, eins og fram kemur í yfirlýsingu Van der Pas, eins af samninganefndarmönnum EB við þessa samningsgerð, þar sem hann segir svo, með leyfi forseta:

„Mikilvægt var að EFTA-ríkin fengju á tilfinninguna að þau ættu hlutdeild í þessu. Ljóst er að það er afar óþægilegt fyrir EFTA-ríkin að standa frammi fyrir gerðum hlut en það hugtak heyrðist oft á skotspónum meðan á umræðunum stóð. Málsmeðferð sú sem samþykkt hefur verið þess efnis að EFTA-ríkin taki eins mikinn þátt í innri starfsemi okkar og hægt er án þess að þau verði í raun með í spilinu."

Í skugga þessarar stöðu og hótana, sem koma fram í þessum orðum, vaknar t.d. sú spurning hvernig staða okkar verður þegar verja þarf fiskveiðilandhelgina við endurskoðun samningsins við EB, fiskveiðisamningsins, sem á að gera fljótlega eftir að hann tekur gildi, eftir að við höfum opnað landhelgina fyrir flota Spánverja og Portúgala. Hann hefur aðeins heimild til að veiða 3.000 tonn af karfa. Mun ekki þrýstingurinn verða mikill á að auka það magn?

Þótt ýmislegt hafi komið fram sem skýrir þetta málefni betur en áður verður það sama varla sagt um svörin í ræðu hæstv. utanrrh. við spurningum mínum og annarra að undanskildum örfáum tölum um kostnað okkar við væntanlega þátttöku í Evrópska efnahagssvæði. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir þau svör svo langt sem þau ná þótt hann sé að vísu ekki nærstaddur og telji umræðuna ekki þess virði að mæta hér í þingsalnum.

Ég varpaði fram mörgum fleiri spurningum. Ég óskaði eftir því að við hv. þm. fengjum skipurit af því flókna kerfi mörg hundruð nefnda og ráða sem eiga að móta ákvarðanir um málefni íslensku þjóðarinnar sem við eigum að taka þátt í til þess að við fáum á tilfinninguna að við eigum þar einhverja hlutdeild án þess að vera með í raun eins og Van der Pas segir. Af hverju fáum við ekki slíkt skipurit í hendur? Megum við ekki sjá það svart á hvítu hvernig þetta kerfi á að vera? Er það talið til ávinnings að það sé sem best falið fyrir alþingismönnum og íslensku þjóðinni áður en ákvörðun verður tekin?

Ég spurði hæstv. utanrrh. einnig af hverju hann hefði breytt 5. gr. í viðauka I, í bókun 3 við samninginn, hinn 4. des. sl. sem fjallar um álagningu jöfnunargjalda á innfluttar landbúnaðarafurðir, einum og hálfum mánuði eftir að hann sagði Alþingi að samninguirnn væri fullfrágenginn. Ég geri ekki ráð fyrir að hæstv. ráðherra hafi verið að hlýða skipun Evrópubandalagsins af fúsum vilja, en úr því að þannig þarf að bæta mikilvægum atriðum, þýðingarmiklum atriðum sem geta verið mjög örlagarík, inn í samninginn áður en hann hefur verið fullgiltur og áður en við erum búin að afsala okkur þessum mikla rétti sem hann felur í sér til Evrópubandalagsins, hvernig mun þá staða okkar verða á eftir? Það væri fróðlegt að fá svör við því. Það er ekki aðeins hæstv. utanrrh. sem ekki vill vera við þessa umræðu, heldur er enginn hæstv. ráðherra sem þorir að láta sjá sig hér í salnum. (**Forseti:** Forseti vill aðeins upplýsa það að hæstv. ráðherrar munu ekki vera komnir til fundarins. Það var ríkisstjórnarfundur, eins og hv. þm. veit kannski. Forseti hefur nú þegar gert ráðstafanir til þess að minna hæstv. ráðherra á að umræður séu hafnar og vonast til þess að það líði ekki á löngu þar til þeir mæta hér til fundar.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir upplýsingarnar en eins og hæstv. forseti veit er ég ekki boðaður til ríkisstjórnarfundar nú og veit því ekki hvenær þeir eru haldnir eða hvernig ástandið er á því heimili. Ég ætla, þrátt fyrir það að ráðherrar vilji ekki hlusta, að halda áfram að ítreka þessar spurningar sem ég bar fram og fékk ekki svör við þar sem ég veit að ef ráðherra vill getur hann fengið útskrift af því sem ég hér segi.

Ég spurði hæstv. utanrrh. einnig að því hvort það væru mörg önnur óútkljáð deilumál um atriði sem eru komin á blað í samningnum eins og þetta umdeilda atriði um aðflutningsgjöldin sem hæstv. viðskrh. sagði á síðasta vori að við yrðum að bíða með að vita hvað

það þýddi þangað til samningurinn hefði verið fullgiltur og sameiginlega nefndin hefði fjallað um það.

Mér finnst ríkari ástæða til að spyrja um þetta atriði vegna þess hvernig samningurinn er fenginn okkur í hendur. Í bókun 3 er viðbætir sem ég vitnaði til, viðbætir I, um aðflutningsgjöldin og fleira. Á eftir þessum viðbæti I er ein síða sem hv. alþm. geta séð. Þar stendur: II. viðbætir, III. viðbætir, IV. viðbætir, V. viðbætir, VI. viðbætir og VII. viðbætir. Undir þessum fyrirsögnum er aðeins ein eða tvær línur og þær segja aðeins um hvaða efni á að verða í öllum þessum viðbætum. En meira er ekki sagt. Getum við átt von á því að inn í alla þessa viðbæti verði sett mörg ákvæði sem eru eins slæm og það sem Evrópubandalagið sagði hæstv. utanrrh. að setja inn í viðbæti I, sem eru jafnslæm fyrir okkur eða jafnvel verri en það ákvæði? Við höfum ekki fengið neinar upplýsingar um það en mér var tjáð að í sumar hefði verið haldinn fundur í Brussel þar sem verið var að fjalla um eitthvert þessara atriða milli fulltrúa Evrópubandalagsins og EFTA-þjóðanna. Þegar EFTA-fulltrúarnir fóru að bera fram sínar skoðanir var svarið frá fulltrúum Evrópubandalagsins: Svona er þetta hjá okkur og svona á það að vera. Af hverju viljið þið hafa þetta öðruvísi þegar þið verðið komnir inn í Evrópubandalagið eftir tvö ár? Ég veit ekki hversu víða í öllum þessum bókunum og viðbætum eru opnir víxlar sem við vitum ekki hvernig muni líta út þegar upp verður staðið miðað við þá stöðu sem Evrópubandalaginu er ætlað í okkar samskiptum.

Í ræðu sinni sagði hæstv. utanrrh. að við værum komin að endimörkum vaxtar að því er varðar nýtingu auðlinda sjávar og því yrðum við að nýta hina meginauðlind okkar, orkuna. Ég kom fyrir fáum dögum í saltfiskverkun. Þar er fiskurinn aðeins saltaður, látinn standa í örfáa daga og síðan fluttur út til dansks fyrirtækis sem gerir ekkert annað en að þurrka fiskinn og dreifa honum til kaupenda. Ég spurði af hverju þessi íslenska fiskverkun þurrkaði ekki fiskinn og sendi hann út meira unninn. Þá var svarið að hið danska fyrirtæki fengi orkuna til þess að þurrka fiskinn á 70% lægra verði en íslensku samkeppnisfyrirtækjum er skammtað í dag. Við vitum að fiskverkunin og fleiri aðilar, eins og ég mun kannski minnast á síðar, hefur óskað þess mjög að fá orkuna á samkeppnisfæru verði. Við þær aðstæður sem eru í dag þegar vatninu er hleypt fram hjá túrbínunum í orkuverkum Landsvirkjunar þar sem notendurna vantar. Það virðist býsna furðulegt að ekki skuli reynt að nýta þennan trygga markað sem er fyrir orkuna með því að selja hana á samkeppnisfæru verði í staðinn fyrir að fá ekki neitt. Með því mætti þar að auki skapa vinnu fyrir atvinnulaust fólk og arð fyrir íslenskt þjóðarbú. Af hverju er þetta augljósa tækifæri og mörg önnur, sem benda má á, ekki notað til að auka arð þjóðarbúsins og draga úr atvinnuleysi þegar ekki þarf að leggja neitt í sölurnar sem neinn tapar á og það er á valdi íslenskra stjórnvalda að gera þá breytingu?

Hæstv. viðskrh., sem er ekki staddur hér frekar en aðrir hæstv. ráðherrar, sagði á þá leið í umræðu utan dagskrár í fyrradag um atvinnumál að það þyrfti að bæta stöðu íslensks atvinnurekstrar þegar erlendir aðilar hafa orðið heimild til að gerast þátttakendur í atvinnurekstrinum eftir að samningurinn hefur verið gerður um Evrópska efnahagssvæðið. Það ætti þá að skapa íslenskum atvinnuvegi jöfn skilyrði með skattalækkunum og öðrum aðgerðum þegar erlendir aðilar hefðu orðið þann rétt til þess að vekja áhuga þeirra á að koma hingað. Af hverju má ekki gera slíkt á meðan fyrirtækin eru í höndum íslenskra aðila eingöngu? Af hverju þarf að bíða þangað til erlendir aðilar eiga rétt til þess að gerast þar þátttakendur?

Í atvinnumálaumræðunni hömruðu hæstv. ráðherrar, sem tóku þátt, á því sama og hæstv. utanrrh. gerði í svarræðu sinni í þessari umræðu að fjárfesting í fiskeldi hefði mistekist og hæstv. forsrh. tók það sem dæmi um ráðleysi fyrrv. ríkisstjórnar vegna þess hvernig hún hefði beitt sér fyrir því að það yrði tekið upp. Ég tel nauðsynlegt að minnast á þetta vegna þess að hér er hlutunum á svo margan hátt snúið við.

Þegar áhugi fór vaxandi fyrir því að auka fiskeldi hér á landi á síðasta áratug var það ekki síst vegna þess að erlendir aðilar sýndu áhuga á því að leggja fjármagn í þessar framkvæmdir þar sem þeir álitu að þarna væri um framtíðaratvinnuveg að ræða. Og þegar þarna var farið af stað lögðu samtök þessarar atvinnugreinar mikla áherslu á að ríkisvaldið færi ekki að skipta sér af þróun þessara mála. Við viljum ekki afskipti eða hömlur ríkisvaldsins. Við viljum vera frjálsir og fá að gera eins og við getum og viljum, sögðu þeir. Og framhaldið vitum við. Fjárfestingin varð mikil. Þá ræddu við mig erlendir aðilar sem komu með fjármagn í þessa atvinnugrein eins og sagt er að þessi samningur eigi að gera á fleiri sviðum. Mér er sérstaklega minnisstæður Curt Nicolin, sænski iðnjöfurinn, sem lagði miklar upphæðir í fiskeldi. En svo gerðist það að ný ríkisstjórn kom og þá skildu leiðir milli viðhorfa Curt Nicolins og íslensku ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin afskrifaði fiskeldið á sl. ári og til málamynda ákvað hún að veita 150 millj. sem lán til alls fiskeldisins í landinu á sl. ári sem var harla lítið til skiptanna í þá atvinnugrein og skipting á því fjármagni líka nokkuð torskilin. En Curt Nicolin hélt áfram af því að hann hafði trú á því að hér væri um að ræða tímabundna sveiflu. Nú er okkur sagt að kílóið af útfluttum íslenskum eldisfiski sé að skila útflytjendunum á fimmta hundrað kr. kg og þá vaknar spurningin: Hversu dýr var sú afstaða núv. ríkisstjórnar til fiskeldisins fyrir íslenskt þjóðarbú, að leggja það svo að segja hér um bil í rúst eins og hún gerði með afskiptaleysi sínu í fyrra? Hvað eru það háar upphæðir sem þar hafa tapast fyrir íslenskt þjóðarbú í stað þess að veita tímabundna aðstoð og nýta fjármuni, þekkingu og vilja þeirra sem í þessu stóðu? En það má einnig benda á að víða er orkuverðið einn stærsti útgjaldaliður þessa atvinnurekstrar og þar hafa líka farið forgörðum markaðir fyrir íslenska orku.

Ég hef minnst á örfá atriði og borið fram spurningar sem ég hef ekki fengið svör við. En ég ætla að láta staðar numið þar sem kannski er frekar að vænta að fá

svör ef spurningarnar eru ekki hafðar allt of margar. En ég vil í lokin vekja athygli á þeim orðum í ræðu hæstv. utanrrh. í þessari umræðu þar sem hann sagði að við eigum að meta þennan samning út frá þeim vanda sem nú blasir við okkur. Ég tel að það sé ákaflega hættulegt að nota þá erfiðu stöðu sem íslenska þjóðin er nú að komast í eftir 16 mánaða setu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar til þess að hræða þjóðina og segja að við eigum engra annarra kosta völ en að gerast aðilar að þessum samningi eins og hann lítur út núna, gerólíkur þeim forsendum sem lagt var af stað með í upphafi þegar gengið var til samninganna. Við verðum að horfa lengra fram á veginn í þeirri trú að stjórnarfarið muni innan skamms breytast til batnaðar.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég hverf að því ráði að kveðja mér aftur hljóðs í þessari umræðu vegna þess að ég tel óhjákvæmilegt að fylgja betur eftir atriðum sem ég hreyfði fyrr í umræðunni og á þar sérstaklega við það sem lýtur að kaupum útlendinga á landi eða jarðnæði og orðið hefur nokkurt umtalsefni í þessu sambandi af skiljanlegum ástæðum. Ég vil byrja á því að óska eftir því að hæstv. forseti kanni hvort hæstv. landbrh. er á svæðinu og getur verið viðstaddur þessa umræðu fyrr en síðar, auk þess sem ég auðvitað vænti þess og geri ráð fyrir að hæstv. utanrrh. sé til staðar. (**Forseti:** Hæstv. utanrrh. er hér til staðar og heyrir væntanlega ræðu hv. þm. því að hann var fyrir örstuttu síðan í salnum og forseti hefur ekki ástæðu til annars en ætla að hann fylgist með ræðu hv. þm. Hins vegar mun hæstv. landbrh. vera úti á landi og því ekki auðvelt fyrir forseta að ná sambandi við hann. En forseti hefur gert ráðstafanir til að koma skilaboðum til þeirra hæstv. ráðherra sem ekki eru hér í húsinu samkvæmt töflunni og vænti þess að úr því rætist innan tíðar.) Já, hæstv. forseti, ég meðtek þessar upplýsingar en ég verð að segja eins og er að það veldur mér miklum vonbrigðum ef hæstv. landbrh. er fjarstaddur við lok þessarar umræðu. Mér er ekki kunnugt um að hann hafi tekið til máls í umræðunni. Spurningum hefur þegar verið beint til hans og reyndar óskaði ég sérstaklega eftir því í fyrri ræðu minni að landbrh. og sjútvrh. yrðu nærstaddir eða kæmu inn í umræðuna á síðari stigum til að svara ýmsum spurningum. Í öllu falli treysti ég því að áður en umræðunni ljúki muni hæstv. sjútvrh. koma og ræða þau fjölmörgu álitamál sem snúa að málefnum sjávarútvegsins og margir ræðumenn hafa spurt um.

Ég ætla engu að síður, hæstv. forseti, að fara yfir þau álitamál varðandi kaup á landi sem mér eru efst í huga þó svo hæstv. landbrh. sé ekki viðstaddur. Ég vona þó að einhverjir af hæstv. ráðherrum, sem hér eru á staðnum til svara fyrir hæstv. ríkisstjórn, treysti sér þá til þess að svara fyrir hæstv. landbrh. Ég spyr um hæstv. forsrh. Er hann viðstaddur? Ég tel eðlilegt að beina máli mínu til hans bæði sem forsrh. ríkisstjórnarinnar og formanns þess stjórnarflokks sem landbrh. tilheyrir eða tilheyrði síðast þegar ég vissi.

Ég hef, hæstv. forseti, verið að afla mér viðbótarupplýsinga um þessi mál síðan ég hélt ræðu mína fyrir nokkrum dögum og eftir þá skoðun hef ég ákveðið að senda frá mér greinargerð um þetta mál, þ.e. það sem lýtur að áhrifum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði á rétti útlendinga til fasteignakaupa, þar með talið jarðnæði hér á landi. Ég mun dreifa þeirri greinargerð væntanlega fyrri partinn á morgun til allra hv. alþm. og einnig til fjölmiðla og vona að litið verði á það og er hugsað sem tilraun af minni hálfu til að varpa ljósi á þetta mál og auðvelda mönnum umfjöllun um það. Ég mun jafnframt láta fylgja með þau atriði úr greinargerð samningsins, viðaukum og tilheyrandi gerðum Evrópubandalagsins sem mestu máli skipta í þessu efni mönnum til glöggvunar. Sömuleiðis vissar upplýsingar úr danskri löggjöf eða dönskum reglugerðum og úr írskum landalögum sem þessu máli tengjast. Vissulega mætti bæta þar ýmsu við hvað upplýsingar snertir en þetta er það sem ég tel hvað mikilvægast til þess að menn glöggvi sig á stöðu málsins fyrir svo utan þessa ágætu greinargerð sem áður hefur verið nefnd hér og á að vera alþm. aðgengileg því að hún kom út í sumar og var ef ég man rétt send öllum hv. alþm.

Í fyrsta lagi vil ég aðeins nefna, eins og ég geri í þessari greinargerð, aðdragandann að þessu máli eins og hann kom mér fyrir sjónir eða ég þekki hann réttastan úr tíð fyrrv. ríkisstjórnar og fram að þessum degi. Ég endurtek það sem ég sagði reyndar fyrr í umræðunum að mín skoðun, sem þáv. landbrh. og hún kom oft fram bæði innan ríkisstjórnar og utan, að eini umbúnaðurinn hvað jarðakaup og fasteignakaup snertir sem dygði okkur væri varanleg undanþága eða fyrirvari, ótímasettur fyrirvari sem í samningnum sjálfum væri og kvæði á um rétt okkar Íslendinga til þess að takmarka eða með sérstökum hætti skilyrða möguleika útlendinga til landakaupa hér. Ég féllst aldrei á það í tíð fyrri ríkisstjórnar að frá þessu yrði horfið og ég held að það sé óhjákvæmilegt að fara yfir þau atriði, ekki síst tímann frá og með mánaðamótunum nóvember/desember 1990 og til og með 30. apríl 1991 þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, þ.e. þriðja ráðuneyti hans, fór frá.

Til þess að öllu sé nú til haga haldið og allri sanngirni fram haldið þá mun það vera svo að nokkru fyrir þennan tíma, mánaðamótin nóvember/desember, hafði hæstv. utanrrh. reifað það í almennri umfjöllun hvort ekki væri unnt að falla frá kröfum um varanlega fyrirvara á ýmsum sviðum á grundvelli þess að inn í samninginn kæmi í staðinn almennt öryggisákvæði og/eða að menn gætu búið þannig um hlutina í séríslenskri löggjöf að það þætti fullnægjandi. En það er þá fyrst á fundum ríkisstjórnar sem sérstaklega voru haldnir um þessi mál í lok nóvember eða byrjun desember 1990 sem segja má að hæstv. utanrrh. hafi beinlínis komið með það sem tillögu að þetta yrði gert, að Ísland hefði samflot með hinum EFTA-ríkjunum hvað það snertir að falla frá kröfum um alla varanlega fyrirvara til að greiða fyrir framhaldi samningsviðræðnanna en gangast þess í stað inn á að almennt öryggisákvæði kæmi í samninginn og/eða þetta yrði leyst með

þröskuldum eða girðingum í innlendri löggjöf. Það var afstaða samninganefndarmanns Íslands að það væri nauðsynlegt að EFTA-ríkin gerðu þessa tilslökun vegna harðrar andstöðu Evrópubandalagsríkjanna við að varanlegir fyrirvarar væru yfirleitt inni í samningnum nema þá sem algerar undantekningar.

Um þetta urðu skörp skoðanaskipti í þáv. ríkisstjórn sem ég ætla ekki að rekja hér, enda ekki eðlilegt að mínu mati. Ég vil þó segja það til þess að reyna að sýna ýtrustu sanngirni í þessum efnum vegna fréttaflutnings Ríkissjónvarpsins í kvöld að þar var ekki nákvæmlega með hlutina farið og að hluta til má kannski kenna um ónákvæmnu orðalagi sem ég viðhafði í ræðustólnum fyrr í dag. Það er best að leiðrétta það strax og ég vil ekki síst vanda mig í þessum efnum vegna þess að í hlut á fyrrv. hæstv. forsrh. sem ég met mikils og átti mjög gott samstarf við í þáv. ríkisstjórn og ég er enn þakklátur fyrir góðan stuðning við þá málaflokka sem ég gegndi í hans ráðuneyti. (**Gripið fram í:** Þarf ekki að sækja hann?) Hæstv. fyrrv. forsrh. fór fram á það við mig og tók þar undir óskir hæstv. utanrrh. þáv. og núv. að það yrði kannað í landbrn. hvort ekki mætti með lagasetningu, breytingu á jarðalögum eða ábúðarlögum, ganga þannig frá málum að ekki þyrfti að vera uppi krafa Íslands um varanlegan fyrirvara. Þessa beiðni færði hæstv. forsrh. fram í framhaldi af reifun hæstv. utanrrh. á því að nú væri nauðsynlegt til að greiða fyrir gangi samningaviðræðnanna að Íslendingar ásamt með öðrum EFTA-ríkjum féllu frá öllum kröfum um varanlega fyrirvara. Svona kann ég nákvæmlegast að segja frá þessu og ég vona að þá eyðist allur misskilningur í þessu efni.

Ég lýsti því strax að ég væri á móti því að Ísland léti af kröfunni um varanlegan fyrirvara. Ég sæi þess vegna ekki tilganginn í því af minni hálfu sem var andvígur þeirri leið og fyrir fram sannfærður um að hún dygði okkur ekki að fara að leggja í vinnu af þessu tagi og ég hélt fram þeirri skoðun minni að við Íslendingar ættum að krefjast þarna varanlegs fyrirvara eða undanþágu og ekkert annað dygði okkur. Og ég vona að menn skilji aðstöðu mína í þessum efnum. Hún var þessi og hún var ekki grundvölluð á einhverjum pólitískum áhrifum eins og mér fannst liggja í orðum hv. 6. þm. Norðurl. e. Hún var efnisleg að því leyti til að ég sem landbrh. þekkti þá mjög vel til framkvæmdar bæði jarðalaga og ábúðarlaga. Ég vissi það manna best að þau mál höfðu verið þannig framkvæmd af okkar Íslendinga hálfu um langt, langt árabil að hvorki ákvæði jarðalaga og það af síður ákvæði ábúðarlaga um ábúð eða byggingu jarða höfðu í reynd verið virk. Það sést best á þeim hundruðum þéttbýlisbúa sem eiga jarðir án þess að þær séu byggðar og hafa nýtt þær um árabil til allt annarra hluta en hefðbundins búskapar. (Gripið fram í.) Ef menn lesa ábúðarlögin, hv. 3. þm. Austurl., og ef menn taka þann lagabókstaf bókstaflega þá held ég að allir hljóti að viðurkenna að menn hafa verið mjög frjálslyndir í framkvæmd þeirra ákvæða. Þeir hafa ekki í hverju einasta tilviki látið á það reyna hvort einhver maður fyndist sem byggja vildi viðkomandi jörð og skikka þá jarðareigandann, sem ekki sat jörðina, til þess að leigja hana slíkum væntanlegum ábúanda. Þannig eru ákvæði ábúðalaganna enn í dag. Þau gera í raun og veru ráð fyrir því að allt sé gert sem hægt er til að koma hverri einustu jörð í ábúð nema hún sé eyðijörð eða svo kostarýr að það sé ekki raunhæft að á henni geti þrifist mannskapur. Við hv. alþm., sem hér skiptumst á skoðunum, vitum það vel að fjöldinn allur af ágætis bújörðum, sem ekki eru kostarýrar, hafa horfið úr ábúð á undanförnum árum. Menn hafa sett kíkinn upp að blinda auganu og látið viðgangast að þær hyrfu úr ábúð og þéttbýlisbúar tækju þær til einkanota til sumardvalar, hrossahalds eða annarra hluta. Menn hafa sem sagt verið mjög umburðarlyndir og frjálslyndir hvað framkvæmd þessara ákvæða jarðalaganna og ábúðalaganna snertir. Þetta er staðreynd málsins og hana verðum við að horfast í augu við. Það er m.a. þessi staða sem við stöndum frammi fyrir núna þegar við veltum því fyrir okkur hvort við getum sett inn í þessa löggjöf ákvæði, þröskulda, sem ekki stórlega mismuna þeim tugum og hundruðum landeigenda eða jarðeigenda í dag sem ekki sitja sínar jarðir, sem ekki reka þar hefðbundinn búskap og svo aftur hinum sem vildu reyna að eignast jarðir eftir að slík lagabreyting ætti sér stað.

Ef þess er óskað eða tilefni gefast er ég tilbúinn að rekja nákvæmlegar það sem fór fram í ríkisstjórninni þessa ágætu vetrardaga í desember, janúar, febrúar og mars 1991. Ég vona að með þeim orðum sem ég hef hér viðhaft, sem hv. 7. þm. Reykn. náði kannski því miður ekki að nema, þá hafi ég eytt misskilningi eða skýrt betur hvernig þetta bar að eins og ég þekki það best. (Gripið fram í.) Ég vísa bara í þessi ágætu orð mín sem ég hef viðhaft og hv. 7. þm. Reykn. getur lesið í þingtíðindunum rétt eins og ég get lesið ræðu hans um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði sem hann mun hafa flutt fyrir nokkru úr þessum ræðustóli þar sem lítillega var vikið að undirrituðum.

Hinu verða menn auðvitað að kyngja að ég sit ekki undir því, a.m.k. ekki margendurtekið, að ég hafi gerst sekur um meiri háttar vanrækslu eða leti sem landbrh. þennan vetur, 1990–1991. Ég hefði þá haft til þess um þrjá mánuði eða tvo og hálfan mánuð, af virkum starfstíma Alþingis, eftir að hæstv. utanrrh. kom með sínar hugmyndir um að fallið yrði frá öllum fyrirvörum í desemberbyrjun 1990 og fram til þess að þing lauk störfum. Eins og ég vænti að hv. alþm. muni var gengið til alþingiskosninga á næsta vori á eftir og þingið lauk þess vegna störfum óvenju snemma, það mun hafa verið í lok marsmánaðar ef ég man rétt.

Varðandi það, sem er óhjákvæmilegt að fara aðeins yfir, hvort við Íslendingar höfum á einhvern hátt misst af tækifæri með því að setja ekki lög eða breyta þeim veturinn 1990–1991 og því sé einhver skaði skeður, þá liggur málið ekki þannig. Staðreyndin er sú að það skiptir engu hvort við hefðum breytt lögum og hvernig vegna þess að það eru ákvæði samningsins sem gilda ef menn á annað borð gera hann. Þá er ekki spurt að því þegar endurskoða þarf íslenska lagasafnið í framhaldi af samþykkt EES-samnings hvort þau lög

eru frá 1991, 1960 eða 1930. (**Gripið fram í:** Eða sautjánhundruð og súrkál.) Eða sautjánhundruð og súrkál og hv. 6. þm. Norðurl. e. þótti mjög merkilegt því hann mundi ekki eftir neinum lögum sem höfðu verið sett það ár.

Staðreyndin er auðvitað sú að það er eingöngu spurt: Standast ákvæði viðkomandi laga hinn nýja rétt, hina nýju lögbók? Ef ekki þá þarf að breyta þeim. Um það vitna yfir 100 frumvörp sem hér eru að koma inn á borð okkar alþingismanna. Þau ákvæði hins vegar sem á annað borð standast samninginn geta jafnvel verið í lögum frá 1920 eins og í lögum sem við setjum á næsta ári eða þar næsta. Það skiptir engu. Átta menn sig ekki á þessu? Þetta liggur auðvitað svona. Við misstum þar með ekki af neinu tækifæri, hvorki árið 1990, 1991 eða 1992. *Frá og með gildistíma þessa* samnings eða gildistöku setjum við ekki lög, ef við ætlum að virða samninginn og starfa samkvæmt honum, sem brjóta í bága við hann. Eldri lögum höfum við skuldbundið okkur til að breyta í samræmi við ákvæði samningsins samkvæmt því samningsuppkasti sem hæstv. utanrrh. hefur undirritað. Svo einfalt er það.

Þau ákvæði sem standast samninginn á annað borð getum við sett í lög nú eða á næstu mánuðum, önnur ekki. Eldri lög sem ekki samrýmast samningnum verður að fella úr gildi.

Írar neyddust til þess fyrir nokkru síðan að veita með reglugerð undanþágu frá ákvæðum laga frá 1965 sem kváðu á um sjö ára búsetu í Írlandi sem skilyrði fyrir jarðakaupum. Þetta gerðist eftir að framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hafði hótað þeim og undirbúið málsókn gegn þeim fyrir Evrópudómstólnum á þeim grundvelli að lögin frá 1965 fælu í sér mismunun og brytu í bága við 52. gr. Rómarsáttmálans. Írar létu undan þessum þrýstingi eftir áralangt skak og breyttu sinni reglugerð. Þetta er í 45. gr. í írsku landalögunum, sem ég kýs að kalla svo, Land Act, og inn í þá reglugerð sem þeim lögum fylgdi var bætt því ákvæði að þetta skyldi þó ekki taka til þeirra íbúa Evrópusamfélagsins sem hefðu staðfesturétt samkvæmt viðeigandi greinum Rómarsáttmálans. Þá ætti kvóðin um sjö ára búsetu á Írlandi, sem skilyrði fyrir því að geta keypt land án skriflegs samþykkis jarðadeildar írska landbúnaðarráðuneytisins, sem ég kýs að kalla svo, Land Comission, ekki við.

Nú gilda þau ákvæði að íbúar í Evrópusamfélaginu þurfa ekki að uppfylla þetta skilyrði. Þeir geta á grundvelli staðfesturéttarins bankað upp á á Írlandi og keypt *þar jarðir en íbúar utan svæðisins þurfa eftir sem áður* að uppfylla þetta skilyrði.

Ekki dugði það Írum að þessi löggjöf var frá 1965. Það breytti auðvitað engu hvort hún var frá því ári eða einhverju öðru ári og eins yrði það með okkur Íslandsmenn, að sjálfsögðu.

Ég hlýt að leyfa mér að segja einu sinni enn í fullri vinsemd að þeir menn sem halda því fram að við höfum misst af einhverju tækifæri þennan sérstaka vetur, þessa útvöldu mánuði, desember, janúar, febrúar, 1990–1991, hafa ekki alveg áttað sig á eðli málsins. Það var ekki þannig. Eingöngu ef við hefðum sett lög og fengið undanþágu fyrir þeim í samningnum hefði það þjónað einhverjum tilgangi. Það var að sjálfsögðu ekki á dagskrá þar sem í ljós kemur að hæstv. utanrrh. og/eða samningamenn hans hófu að ræða málin á þeim grundvelli, að því er best verður séð og síðar hefur komið á daginn, að fallið yrði frá þessum fyrirvörum. Spurningin er sem sagt einfaldlega þessi: Getum við sett einhver takmarkandi ákvæði sem gera það að verkum að við þurfum ekki að óttast það sem e.t.v. er að óttast í þessum efnum, ásókn útlendinga hér í land eða jarðir, ákvæði sem ekki mismuna mönnum á grundvelli þjóðernis og brjóta þar af leiðandi ekki grundvallarreglur samninga? Það er vissulega ýmislegt hugsanlegt í þeim efnum en það er miklum vandkvæðum bundið að setja slík ákvæði eins og ég tel mig geta *sýnt nokkuð* rækilega fram á.

Ég hlýt auðvitað að leyfa mér að halda því til haga vegna þessarar sérkennilegu umræðu, sem bryddað hefur verið á, að það flokkist undir vanrækslu af minni hálfu að hafa ekki unnið þessi verk á þessum tíma, veturinn 1990–1991, að sama hljóti þá að eiga við um alla aðra ráðherra og öll önnur samningssvið sem menn kunna að hafa einhverjar áhyggjur af. Enn er verið að kvarta yfir því að hæstv. iðnrh. hafi ekki komið með lög um orkulindirnar. Hann var í ríkisstjórninni 1990–1991. Hann hefur þá væntanlega, eins og ég, getað átt að vinna þessa vinnu og það sama má segja um öll önnur samningssvið, öll önnur vafaatriði sem þarna var ástæða til að hafa áhyggjur af.

En hvernig voru aðstæðurnar um áramótin 1990–1991 hvað þetta samningaferli snertir? Þær voru þannig að það rak hver hremmingin aðra sem stofnaði öllu málinu í stórfellda óvissu. Menn voru meira og minna efins um að það yrði af nokkrum samningum og auðvitað var óvissa líka um það hver samningsniðurstaðan gæti orðið. Lái mönnum hver sem vill þó það væri í fljótu bragði séð margt annað þarfara að gera en að fara fyrir fram og nánast út í loftið að endurskoða íslenska lagasafnið til þess að setja þar inn þröskulda eða girðingar til þess að verja sig fyrir hugsanlegri samningsniðurstöðu sem gæti e.t.v. orðið, einhvern tímann og einhvern tímann. Þannig var staðan. Um það er verið að ræða hér. Það var vissulega ekki gert í þessu tilviki frekar en öðrum og mér er ómögulegt, með vísan til þeirra raka sem ég hef hér flutt, að kyngja því í ljósi þessara aðstæðna og með hliðsjón af afstöðu minni að það hafi verið vanræksla. Margt hef ég verið sakaður um og sumt örugglega réttilega í þessum störfum á þeirri tíð en ég minnist þess ekki að mér hafi verið brugðið um leti. Þetta væri þá í fyrsta sinn sem sá löstur hefði orðið mér að fótakefli hvað þetta snertir.

Veltum aðeins fyrir okkur þeim úrræðum sem helst hafa verið rædd í þessu sambandi, svo við snúum okkur, hæstv. forseti, að málinu efnislega. Nefndur hefur verið möguleiki á forkaupsrétti, að bæta e.t.v. við forkaupsrétt sveitarfélaganna að jörðum forkaupsrétti ríkisins sem kæmi þá þar á eftir. Menn geta vissulega spurt sig: Er þetta haldreipið? Þá er að tvennu að hyggja a.m.k. Í fyrsta lagi: Eru menn tilbúnir til að

beita þeim forkaupsrétti? Hafa menn trú á að sveitarfélögin hafi peninga til þess að keppa við auðmenn, ef því væri að skipta, um laxveiðiár eða önnur slík hlunnindi sem væntanlega væru eftirsóknarverðust í þessu sambandi? Reynslan hefur ekki sýnt það á undanförnum árum og áratugum að fámenn og vanmegnug sveitarfélög gætu keppt við svo mikið sem íslenska smákónga og yrði þá væntanlega þröngt fyrir dyrum þegar meiri bógar klyfjaðir mörkum eða pundum frá Evrópu kæmu á svið. Varðandi forkaupsrétt ríkisins getum við spurt: Ríkið hefur sjálfsagt bolmagn til þess, ef því er að skipta, að setja í það nokkur hundruð milljónir á ári að kaupa allar jarðir sem losna. Keppa um þær við hverja þá sem í þær bjóða, jafnvel þótt það væru vænir hlutar úr Reykjahlíð við Mývatn sem einu sinni var sagt að ætti tíunda part af Íslandi, drjúga sneið af Vatnajökli eða einhverjar aðrar stórjarðir sem kynnu að vera eftirsóknarverðar. En spurningin er: Er vilji til þess og er það sú aðferð sem menn telja rétta í þessu sambandi, jafnvel þó að menn vilji reyna hana, að ríkið gangi inn í alla kaupsamninga og kaupi allar jarðir sem losna á Íslandi vegna þess að það er eina leiðin? Þess misskilnings hefur gætt að ríkið geti komið og keypt jarðir þegar útlendingar bjóða í þær en lokað svo bara augunum þegar Íslendingar kaupa. En þetta er misskilningur. Þetta er ekki hægt. Það væri mismunun, það væri brot á 4. gr. samningsins. Ríkið yrði annaðhvort að kaupa allar jarðir eða engar jarðir. Um leið og ríki eða sveitarfélög yrðu ber að því að mismuna væntanlegum kaupendum á grundvelli þjóðernis er það augljóslega brot á samningnum. Valið stendur þess vegna um að ríkið og/eða sveitarfélögin kaupi annaðhvort allar jarðir, jafnt af Íslendingum sem útlendingum, eða engar. Þess vegna held ég að þessi leið sé ekki vænleg, auk þess sem ég hef miklar efasemdir um að hún sé pólitískt skynsamleg eða fyrir henni sé pólitískur vilji. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. forsrh.: Er ríkisstjórn hæstv. forsrh. tilbúin til þess að auka þannig ríkisumsvifin að stefna eftir atvikum á það á næstu árum að kaupa allt laust land sem losnar?

Í öðru lagi skiptir miklu máli að skoða áhrif þess sem ég kalla jafnræðisreglu í samningnum, þ.e. 4. gr. samningsins og annarra skyldra ákvæða, sem banna alla mismunun borgara hins Evrópska efnahagssvæðis á grundvelli þjóðernis. Ef við skoðum það hvernig er hægt að breyta jarðalögum eða ábúðalögum án þess að brjóta þessa jafnræðisreglu rekum við okkur fljótt á það, því miður, að það er hægara sagt en gert. Ég vísa í ágæta greinargerð aftur um þetta efni frá nefnd sem dómsmrh. og landbrh. létu starfa í sumar en þar er einmitt minnt á það að menn lenda þarna umsvifalaust í þeirri hættu að mismuna mönnum á grundvelli þjóðernis. Ég vísa í bls. 72 í því áliti.

Málið er auðvitað ekki svona einfalt. Það er ekki hægt að segja bara að allir þeir sem eiga jarðir á Íslandi verði að búa á þeim allt árið. Það gengur ekki gagnvart framkvæmd þessara mála í dag. Það er ekki hægt að segja að allir sem eiga jarðnæði verði að vera bændur með bændaskólapróf. Það gengur heldur ekki gagnvart framkvæmdinni í dag. Það er ekki hægt nema með því að raska stórlega högum þeirra hundraða bænda eða jarðeigenda sem búa við aðrar aðstæður í dag og hafa í fullum rétti, samkvæmt gildandi lögum, eignast sitt jarðnæði. Þó að menn kynnu að telja að unnt væri að slá striki yfir hið liðna — sem er lögfræðilegt álitamál og ég skal fúslega játa að ég treysti mér ekki til að fara djúpt ofan í það — og segja sem svo: Hin breytta skipan gildir eingöngu frá og með gildistíma samningsins eða tilheyrandi lagabreytingar. Það er í lagi þótt bændur hafi ekki próf ef þeir hafa eignast jörðina fyrir 1. jan. 1993. Það er í lagi að þéttbýlisbúar eigi jörðina ef þeir hafa keypt hana fyrir 1. jan. 1993. Eftir standa samt margvísleg vandamál sem tengjast jafnræðisreglunni. Þá kemur upp gríðarleg mismunun innbyrðis milli þeirra sem höfðu náð jarðnæði eða hafið búskap fyrir gildistöku breytinganna og hinna sem vildu leita slíks réttar eftir hana. Þeir sem ætluðu að sækja rétt sinn á grundvelli staðfestuákvæða EES-samningsins munu segja: En það er þarna fullt af mönnum sem ekki hafa próf. Það er þarna fullt af mönnum sem eiga jarðir sem ekki búa á þeim. Það er mismunun. Ætli Íslendingum gengi ekki erfiðlega að skilja þann aðstöðumun sem við þetta mundi myndast milli þeirra sem keypt hefðu land fyrir gildistöku breytinganna og hinna sem vildu reyna hið sama eftir þær?

Það er fróðlegt að athuga til dæmis hvernig Danir bregðast við í þessu efni. Þeir setja bæði menntunarkröfur og búsetuskilyrði, en skýrsluhöfundar hæstv. ríkisstjórnar viðurkenna að aðstæðurnar í Danmörku séu allt aðrar og í raun og veru ekki sambærilegar og það hef ég þegar farið yfir hér. Ég held að menn verði að svara þessu betur efnislega og fara ofan í það hvernig menn ætla þá að búa þarna um hnútana.

Þriðja atriðið sem mikið hefur verið rætt í þessu efni er svonefnt búsetuákvæði og menntunarskilyrði. Reynsla Íra, eins og ég hef þegar rakið, bendir ekki til þess að það sé mikil vörn í því að ætla sér að setja kröfur um svo og svo langa búsetu í landinu áður en menn geti keypt hér jarðnæði, land eða fasteignir. Staðreyndin er sú að það dugar ekki. Það dugði ekki Írum og það mun ekki duga Íslendingum af þeirri einföldu ástæðu að ákvæði staðfesturéttarins samkvæmt samningnum, viðaukum og tilheyrandi tilskipunum Evrópubandalagsins eru svo sterk. Það er beinlínis óheimilt að hindra það að menn geti nýtt sér staðfesturétt sinn með óeðlilegum hömlum af því tagi og ég verð að segja alveg eins og er að ég átta mig ekki á því hvernig stendur á því að menn skuli enn vera að tala um það sem raunhæfan möguleika hafandi þó lesið á prenti og í íslenskri þýðingu tilskipun Evrópubandalagsins frá 15. jan. 1962 sem fylgir viðauka VIII um staðfesturétt en þar er fjallað um afnám þeirra hindrana sem kunna að vera í gildandi lögum Evrópubandalagsríkjanna og standa í veginum fyrir því að menn geti nýtt sér staðfesturétt sinn. Og hvaða hindranir voru það sem menn voru strax árið 1962 að ræða um að afnema og stæðu í vegi fyrir staðfesturéttinum? Jú, þær gefur að líta í þessari tilskipun, sem er með hryllilega langt númer sem ég nenni ekki að lesa, en

hana er að finna í tilskipunum í framhaldi af viðauka VIII. Þar segir undir staflið a, undirlið d. Og þar er verið að fjalla um heftandi ákvæði, hindranir sem eigi ryðja úr vegi, að falla úr gildi og mundu takmarka möguleika erlendra borgara til að nýta sér staðfesturétt í öðrum löndum. Og hvernig er stafliður d? Hann er svona:

„Til heftandi ákvæða og venja teljast einkum þau sem að því er varðar erlenda ríkisborgara eingöngu:

d. setja skilyrði um tiltekinn búsetu- eða þjálfunartímabil í gistilandinu fyrir því að einstaklingur hefji eða stundi sjálfstæða starfsemi."

Það er beinlínis tekið fram í tilskipun Evrópubandalagsins um afnám hindrana gagnvart staðfesturétti að búsetuskilyrði séu slíkar hindranir sem beri að fella úr gildi og það var á þessu sem Írar féllu. Þeir urðu að bíta í gras vegna þess að þegar Evrópubandalagið beitti þá þrýstingi og hótaði þeim málshöfðun, þá var það á grundvelli 52. gr. Rómarsáttmálans um staðfesturétt og „direktíva" Evrópubandalagsins sem honum tengjast sem það lá ljóst fyrir að landalagaákvæðið írska stóðst ekki Evrópuréttinn. Þess vegna urðu Írar að bíta í gras. Og í undirlið d, um hindranir sem útiloki möguleika ríkisborgara til þess að nýta sér þjónustustarfsemi og önnur réttindi, er jafnframt tekið fram að til slíkra hindrana teljist: að eignast eða nota eða ráðstafa fasteignum eða lausfjármunum eða rétti þeim tengdum. Það er beinlínis tekið fram að það sé óheimilt að hindra aðgang borgara Evrópusvæðisins að fasteignum þannig að þeir geti ekki nýtt sér staðfesturétt sinn. Og undir fasteignir falla að sjálfsögðu jarðir. Þannig er það nú. Þannig er búseturéttarákvæðið því miður í raun og veru úr sögunni. Það heldur ekki gagnvart því að íbúar Evrópska efnahagssvæðisins geti, ef af samningnum verður, bankað hér upp á, veifað seðlunum og sagt: Góðan daginn. Hér er ég mættur með mín þýsku mörk og ég ætla að nýta mér staðfesturétt minn og kaupa þessa jörð til þess að stunda hér hrossarækt eða einhvern annan slíkan tilgang sem auðvelt er fyrir menn að gefa upp.

Varðandi menntunarskilyrðin tel ég út af fyrir sig að það sé á margan hátt raunhæfari lausn og það sé frekar reynandi að setja inn í íslenska löggjöf kröfur um hæfni manna, menntun, starfsreynslu eða því um líkt til þess að þeir geti keypt sér jarðnæði til búskaparnota. (**Gripið fram í:** Og hrossaræktar.) Og hrossaræktar, sem er líka búskapur, hv. þm., vegna þess að fyrir því eru fordæmi og í dönskum lögum og reglugerðum eru slík ákvæði og þau eru viðurkennd af Evrópubandalaginu. Reyndar segir að það verði að vera raunhæfar kröfur og sanngjarnar kröfur og rökstuddar með vísan til þess að það sé einhver skynsemi í því út frá sjónarhóli viðkomandi atvinnugreinar að setja þær. Við mundum með öðrum orðum tæplega geta gert kröfur um doktorspróf í dýralækningum eða annað slíkt. Það væri of fjarlægt því að stunda hefðbundinn búskap. En bændaskólapróf? Já. Starfsþjálfun? Já. Námskeið í tiltekinn tíma? Já. Þetta gætum við gert. Að sjálfsögðu er óþarfi að taka fram að þetta yrði að gilda jafnt um Íslendinga sem útlendinga, (Gripið fram í.) að sjálfsögðu og allt í lagi með það. Það er einnig óþarfi að taka fram að sérstakur aðlögunartími fyrir Íslendinga umfram útlendinga væri óheimill. Þetta yrði að ganga í gildi á einu bretti fyrir alla jafnt. En eitt verða menn að athuga í þessu sambandi og það er að um leið og við setjum þessar kröfur, verðum við jafnframt að samþykkja að viðurkenna sambærilega menntun, starfsþjálfun eða reynslu erlendis frá. Það fylgir með í kaupunum. Danir urðu að bæta inn í sínar reglugerðir ákvæðum um það, reglugerðir sem tengjast þeirra landbúnaðarlöggjöf, sérstök lög sem danskurinn hefur um kröfur til þeirra sem keypt geti eða eignast eða haldið land til landbúnaðarnota. Þeir settu inn í sína reglugerð, og hafa síðan endurútgefið hana nokkrum sinnum, ákvæði um það að allir borgarar Evrópusamfélagsins geti nýtt sinn staðfesturétt í Danmörku ef þeir hafa samsvarandi menntun, sambærileg námskeið að baki eða aðra slíka þjálfun og gerð er krafa um til danskra aðila. Þannig liggur það alveg í hlutarins eðli að ef við t.d. settum ákvæði um það að menn hefðu starfað að lágmarki tvö ár við landbúnað, hefðu slíka starfsreynslu, menn hefðu lokið eins árs almennu bændaskólanámi eða menn hefðu að baki einhver tiltekin námskeið, þá mundi það að sjálfsögðu verða að ganga yfir alla jafnt. Þetta geta menn séð. Ég hef undir höndum reglugerð frá danska landbúnaðarráðuneytinu frá 1989 sem heitir á þeirri tungu, með leyfi forseta: „Bekendgørelse om uddannelseskrav og bopælskrav i henhold til landbrugsloven" og það var enginn annar en þáverandi starfsbróðir minn, Lauritz Thorne, sem undirritaði hana 15. ágúst 1989. Og þar segir, ef menn vilja nú heyra mig æfa mína skóladönsku um þetta atriði sem hér er verið að fjalla um, réttindi manna til þess að nýta sér staðfesturéttinn ef þeir hafa sambærilega menntun eða þjálfun:

„Statsborgere i et land, hvis borgere medført af det europæiske fælleskabs regler eller ifølge traktat har adgang til at erhverve landbrugsjord i Danmark, skal enten have gennemgået jordbrugsuddannelse der kan sidestilles med én af de i stykke ét nr. 1 til 3 nævnte uddannelser eller opfylde ét af de krav om jordbrugsuddannelse, som er anført i stykke ét nr. 4 og 5. De under stykke ét nr. 5 nævnte kurser kan erstattes af tilsvarende udenlandske kurser." — (**GHelg:** 5,4.) Nú, jæja. Ég skal játa að það fer betur á því að lesa ekki nema svona eina setningu í einu og ná svo andanum. Það er vont að lesa upp svona langan texta í einu á þessu fallega máli sem danskan er. En þetta má nú auðvitað þýða og væri ástæða til að gera en væntanlega skilja menn hvað hér er á ferðinni. Það er alveg ljóst að Danir sem hafa þessar reglur, þessar kröfur, urðu að sjálfsögðu að fallast á að allir með sambærilega menntun, sömu námskeið eða sambærileg, „sidestillede", skyldu þá hafa sama rétt.

Við getum að sjálfsögðu velt því fyrir okkur hversu mikil vörn yrði í þessu í sjálfu sér ef út í það væri farið. Við yrðum að horfast í augu við að það kæmi upp mikið misræmi milli ríkjandi ástands fyrir gildistíma breytinganna og aðstæðnanna eftir að þær gengju í garð. Og í þessu sambandi sem fleirum megum við

ekki gleyma því að sá möguleiki er auðvitað fyrir hendi hér eins og annars staðar að erlent fjármagn gæti átt þá auðveldu leið í gegnum þessa síu eða þetta net eða hvað við köllum það að notast einfaldlega við lepp. Væntanlega yrði það ekki þannig að þýskir grössérar sem hefðu gaman af hestum og ættu kannski 1–2 stykki búgarða í Þýskalandi sér til yndisauka um helgar en væru að öðru leyti stórforstjórar í borgum kæmu hér upp á Íslandi og settust að á þeim jörðum sem þeir hefðu áhuga á að kaupa. En þeir mundu kannski ráða sér ráðsmann, e.t.v. ungt þýskt par sem væri með bændaskólapróf, kæmi hérna einn góðan veðurdag, bankaði á dyrnar og segði: Hér erum við, guten Tag, og við ætlum að kaupa þessa jörð. Hér er seðlabúntið. Og það væru ómerktir seðlar og það gæti enginn maður sannað það að þetta unga par ætti þá ekki sjálft þó að það væri svo í einhverjum tengslum við einhvern þýskan auðmann sem ætti að vísu tvo hrossabúgarða í Þýskalandi og fyrir tilviljun keypti af þeim alla hestana eða tæki þá til sín, ja, þá yrði erfitt að sjá í gegnum það allt. Og auðvitað mundi þetta frekar gerast þannig hvort sem er, það vitum við. (**Gripið fram í:** Það er hægt í dag.) Jú, jú. Það er alveg rétt. Ýmislegt af þessu er hægt í dag og getur gerst. En væntanlega vitið þið, hv. framm íkallendur, að sá er grundvallarmunurinn á því ástandi sem ríkir í dag og hinu að við getum hvenær sem er tekið í taumana ef við teljum ástæðu til að hafa af þessu áhyggjur. Við getum á hverju stigi stöðvað þetta af, jarðanefndir, sveitarfélög, ríki og fjölmargir aðrir aðilar og við hv. alþm. getum með einfaldri lagabreytingu ef okkur sýnist svo vegna þess að enn erum við fullvalda ríki, enn höfum við óskert lagasetningarvald hér á Alþingi, enn getum breytt þessu eins og okkur sýnist. En það er það sem stendur til að breyta. Þess vegna er ég þakklátur þessu frammíkalli því að það dregur út af fyrir sig athyglina að kjarna málsins sem er þessi: Við erum að taka þá örlagaríku ákvörðun: Ætlum við að selja okkkur undir þessi lög og afsala okkur þar með möguleikunum á því að breyta þeim nema þá að kasta bara öllu saman eða viljum við búa einhvern veginn öðruvísi um hnútana?

Hæstv. forseti. Ég tel líka ástæðu til að nefna það í þessu sambandi, sem ætti þó að vera óþarfi vegna þess að um það hefur verið rækilega fjallað í þessu samhengi og fleirum, hvað það er sem ræður og hvað verður að víkja. Hér er það Evrópurétturinn sem ræður. Á samningssviðinu öllu ætlum við að undirgangast hann ef við gerum þennan samning og þá ræður hann einfaldlega. Þetta verða menn að hafa í huga við allan lestur málsins. Grundvallarreglur samningsins sem hér eiga við, þ.e. 1. gr., 3. gr., 4. gr., 31. gr. og 40. gr. hans, ganga í gegnum allt, þykkt og þunnt, og þær ráða og það er paragraf í þessum doðröntum sem segir að samningsaðilar skuldbindi sig til að breyta þannig lögum sínum að þau samræmist þessum gjörningi. Menn skyldu muna það. Þess vegna verðum við að spyrja okkur þeirrar spurningar þó að við í góðri trú og með miklum vilja séum að reyna að finna leið til þess að setja í okkar löggjöf ákvæði sem sé okkur einhver vernd í svona tilvikum: Standast þau? Ekki bara lagalega séð heldur líka í reynd, í framkvæmd, er þá hægt að framkvæma þau þannig að þau standist líka?

Forkaupsrétturinn er ágætt dæmi um þetta. Það er augljóst mál að forkaupsréttur ríkisins stenst samninginn lagalega. En stenst þá framkvæmd hans sem ætti að vera okkur einhver vörn í þessum efni? Sú framkvæmd að ganga bara inn í kauptilboð útlendinga stenst ekki þó að forkaupsréttarákvæðið sjálft sem slíkt standist lagalega. Þar er dæmi um að við getum út af fyrir sig sett einhver paragröf inn í lög en það er ekki víst að í reynd, í framkvæmdinni yrðu þau okkur nokkur vörn. Og ef hingað kemur þýskt par með seðla og það ósköp einfaldlega segir hvað sem þeim lagabreytingum líður sem við kynnum að reyna að gera: Hér erum við mætt og samkvæmt þeim leikreglum sem gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði, 1. gr., 3. gr., 4. gr., 31. gr. og 40. gr., þá ætlum við að staðfestast hér. Ég uni því ekki, segir þessi þýski ráðsmaður, að hafa ekki rétt til þess að fjárfesta hér og hefja sjálfstæðan atvinnurekstur eins og ég á að hafa rétt til alls staðar á samningssvæðinu. Og ef hann rekst hér á einhverjar lagalegar hindranir sem hann telur augljóslega settar í þeim tilgangi að takmarka eða torvelda staðfesturétt hans, þá kærir hann, eða lögmaður fyrir hans hönd, og lætur reyna á það hvort þessi girðing standist samninginn. Og þar er ég, held ég, kominn að þeim kjarna málsins að það er ekki nóg að velta því fyrir sér hvort út af fyrir sig tæknilega standist það að setja einhver slík ákvæði. Við verðum líka að vera með það alveg á hreinu hvort við getum varið þau og það er það sem Írar fengu að reyna að þau ákvæði sem þeir höfðu haft í sínum lögum urðu undan að láta.

Í fyrri ræðu minni um þetta mál nefndi ég þá þanka samninganefndarmanna eða höfunda með greinargerð frv. sem gefur að líta á bls. 96 að svo kunni að fara að á það fyrirkomulag á ríkiseinkasölu með áfengi, sem hér og á hinum Norðurlöndunum er við lýði, kunni að verða látið reyna fyrir dómstólum. Það hefur greinilega verið í röðum samningsmanna ótti um að svo kynni að fara að reynt yrði að hnekkja þessu ákvæði því að á bls. 96 í greinargerðinni með EES-frv. segir að til þess að tryggja stöðu sína enn frekar ef til þess kæmi að þetta atriði kæmi fyrir dómstóla, hafi Norðurlöndin fjögur, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð gefið yfirlýsingu um samninginn þar sem áréttað er að áfengiseinkasala sé mikilvægur þáttur í stefnu þessara ríkja í heilbrigðis- og félagsmálum. Hvað voru menn þarna að gera? Þeir voru að reyna að undirbúa fyrir fram málflutningsaðstæður sínar ef málið kæmi til kasta dómstóla? Spurning mín um forganginn hér, hvað ræður, er auðvitað náskyld þessu.

Ég óttast því mjög, hafandi farið yfir málið með þessum hætti, að í besta falli, í allra besta falli yrði mikil óvissa uppi varðandi hvers konar girðingar af þessu tagi eða þröskulda sem við kynnum að reyna að leiða í lög. Það yrði óvissa gagnvart því hvort þeir héldu, þegar menn á grundvelli staðfesturéttarins færu að láta á það reyna hvort þarna væri ekki um óeðlilegar takmarkanir að ræða. Ég hvet menn til þess að lesa

tilskipanir Evrópubandalagsins um afnám hafta gagnvart staðfesturétti og fjármagnsflutningum í þessum efnum og auðvitað þurfa menn líka að kynna sér þá dóma sem fallið hafa af hálfu Evrópubandalagsins og þessu tengjast og gilda sem túlkanir á réttinum þegar svo ber undir eins og við vitum.

Ég ætla að hlífa mönnum við því, hæstv. forseti, að draga þetta mál mitt eitthvað saman því að það tæki bara tíma. Ég vona að ég hafi talað það skýrt hér að þess þurfi ekki að heldur. Mín niðurstaða er sem sagt mjög einföld og hún er mjög skýr: Það er verið að afnema hvers kyns forgang, forréttindi eða sérstöðu Íslendinga á grundvelli þjóðernis þeirra í eigin landi hvað þetta snertir. Það er verið að afnema hann. Menn verða að átta sig á því. Það er verið að búa til eitt ríki með jöfnum rétti allra borgaranna, 360 milljóna eða hvað margir þeir verða. Það er svo óskaplega einfalt sem það er. Ég held að hvers kyns takmarkanir yrðu mjög erfiðar, bæði lagalega sem í reynd, hvað framkvæmdina snertir. Því miður. Eini trausti umbúnaðurinn í þessu efni hefði verið varanlegur fyrirvari, varanleg undanþága frá þessu ákvæði.

Nú er það ljóst að ég hef hér fyrst og fremst gert að umtalsefni þann þátt málsins sem snýr að staðfesturétti manna, þ.e. rétti þeirra til að koma hingað og hefja sjálfstæðan atvinnurekstur og fjárfesta í landinu. Til þess að forðast allan misskilning vil ég taka fram að ég er þeirrar skoðunar að öðru máli gegni um tvennt í þessu sambandi, þ.e. annars vegar um kaup á landi til einkanota sem ekki er í atvinnuskyni, t.d. land undir sumarhús. Möguleikar okkar til að takmarka það eru allt aðrir og miklu meiri vegna þess að þá er það eingöngu spurningin um fjárfestingarfrelsið sem við erum að glíma við en ekki staðfesturétturinn. Nokkuð öðru máli kann að gegna um kaup manna á landi í hreinu fjárfestingarskyni. Ég er þeirrar skoðunar að það sé líklegt að við gætum hindrað, án þess að lenda í þessum vandræðum sem ég hef hér rakið, kaup erlendra verðbréfasjóða á landi á Íslandi í fjárfestingarskyni. Við skulum segja að þýskir lífeyrissjóðir reiknuðu með því að land á Íslandi mundi verða svo verðmætt á næstu öld vegna þess að það er ómengað eða hér væri hreint og tært loft og fögur fjallasýn og allt það. Þess vegna mundu þeir einfaldlega taka þá fjárfestingarákvörðun, veðja á það, eins og sagt er, að kaupa hér land núna og það yrði orðið fljúgandi verðmætt um miðja næstu öld. Þetta eru gaurar með mikla peninga og langtímafjárfestingarmarkmið í huga og þeir ákveða að skella sér inn og kaupa mikið land á Íslandi og um miðja næstu öld verður það orðinn geysilegur fjársjóður þegar Evrópa verður um það bil að drukkna í eigin skít. (**Gripið fram í:** Þú hefur oftrú á framsýni kapítalismans.) Þetta held ég að við gætum stöðvað vegna þess að við mundum segja: Þetta eru kaup í hreinu fjárfestingarskyni, þau eiga ekkert skylt við atvinnustarfsemi og við viljum ekki hafa þetta. Ég held það væri a.m.k. miklu meiri líkur á því að við gætum varið okkur fyrir slíku. Hvað sumarbústaðaákvæðin snertir höfum við auðvitað líka þá staðreynd að Danir hafa þrátt fyrir allt getað varið sín undanþáguákvæði hvað snertir rétt útlendinga til að kaupa þar sumarbústaðalönd. En vel að merkja, þeir sömdu um það þegar þeir gengu í Evrópubandalagið og þeir hafa haldið því til haga síðan. Líka í gegnum Maastricht sem þeir svo að vísu felldu og er önnur saga. Þeir pössuðu því upp á hlutina. En það má finna ýmis fleiri dæmi. Það er vitnað til Grikklands þar sem menn hafa haft inni ákvæði sem snerta ákveðin svæði í Grikklandi, reyndar verulegan hluta landsins og líka eyjarnar. Ég er sem sagt þeirrar skoðunar að hvað möguleika okkar í þessum greinum varðar séu þeir miklu meiri. Ég hef ekki lagt í það vinnu að fara ofan í það hvernig það gæti orðið en ég vil að þessi skoðun mín komi hér fram til þess að menn, í öllum bænum, taki það ekki svo að ég sé að mála skrattann á vegginn. Þarna hef ég í sjálfu sér ekki stórfelldar áhyggjur. Ég er bjartsýnn á að við getum varið okkur hvað þetta snertir.

Hitt er svo augljóst mál að það er svo auðvelt fyrir þá sem vilja ná hér í land að skrá tilgang sem tryggir þeim réttinn á grundvelli staðfesturéttarákvæðanna. Þeir þurfa í raun og veru ekki annað en að segja: Hér er ég mættur og ég ætla að kaupa þessa jörð, eða þennan dal, þennan árbakka eða þetta skógarkjarr af því að ég ætla að rækta fisk í þessum tjörnum — mér dettur það í hug hér þegar ég horfi framan í ónefndan mann — eða þá að ég ætla að rækta hross, stunda ferðaþjónustu, rækta lífrænt grænmeti eða guð má vita hvað. (Gripið fram í.) Við yrðum auðvitað að fallast á það að hver sá tilgangur, sem skráður væri sem slíkur og flokkaðist undir einhver afnot af landinu, gildir. Það væri ekki hægt og ekki heimilt að meina mönnum kaupin vegna þess réttar sem þeir hafa til að flytjast hingað búferlum, kaupa sér tilskilda aðstöðu og hefja starfsemi.

Við getum svo að allra síðustu velt því fyrir okkur — ég skal nú fara senn að ljúka þessari messu, hæstv. forseti, ég veit að það gleður ýmsa — hvort það er líklegt að umtalsverð ásókn útlendinga verði hér í land. Sumir ganga jafnvel lengra og spyrja: Er það ekki allt í lagi, gerir það bara nokkuð til þó útlendingar eignist hér einn og einn dal?

Út af fyrir sig skiptir það engu máli þegar við ræðum grundvallaratriði hvort líkurnar eru meiri eða minni. Ef við erum að kryfja stöðu okkar lagalega og tæknilega séð í þessu sambandi, þá varðar okkur út af fyrir sig ekki um það hvort líkurnar eru meiri eða minni. Þegar menn hins vegar gera það upp við sig og sína samvisku og spyrja: Vil ég taka þessa áhættu? er eðlilegt að menn spyrji þessarar spurningar. Hér kunna að vera margir sem segja: Ég er sannfærður um það að menn hafa engan áhuga á þessum útnára sem Ísland heitir, langt norður í höfum. Það er engin áhætta tekin með því að afgreiða allt sullið, staðfesturéttinn og allt saman. Það er sjónarmið út af fyrir sig. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég tel umtalsverðar líkur á því að í vissum afmörkuðum tilvikum geti reynst verulegur áhugi á að ná hér í land, jarðnæði eða aðstöðu. Þar má nefna ýmislegt. t.d. veiði og veiðiréttindi af ýmsum toga. Það er ekki svo víða á byggðu bóli sem slík gæði ganga kaupum og sölum. Það má nefna hér þá miklu

möguleika sem liggja í ferðaþjónustu á Íslandi og erlendum mönnum er vel kunnugt um. Þýskir og svissneskir ferðaþjónustuaðilar vita vel um þá peninga sem hægt er að hafa upp úr Íslandi yfir sumartímann meðan nóttin er björt. Það þekkjum við.

Það má nefna hér auðvitað ýmsa aðra aðstöðu sem gæti reynst verðmæt, vatnstökuréttindin, námaréttindi, vikur eða hvað það nú er. Síðast en ekki síst má nefna það að stórar spildur af óbrotnu landi, ósnortnu landi og sæmilega hreinu og ómenguðu lofti og vatni, eru gæði sem eru ekki föl hvar sem er og allra síst í hinni sótugu Evrópu. Fyrir þá sem þar búa kunna það að vera heilmikil verðmæti ein og sér. Svissneskur auðkýfingur hefur á leigu laxveiðiá þá sem ég ólst upp við og hefur líklega um tíu ára skeið borgað fyrir það nokkrar milljónir að hafa hana fyrir sig og sína fjölskyldu og renna í hana einu sinni til tvisvar á ári viku í senn. Sjö stanga laxveiðiá er frátekin fyrir margar milljónir á ári fyrir eina svissneska fjölskyldu til að veiða í henni sjö til tíu daga á ári.

Halda menn að þeir sem geta leyft sér svona munað geti ekki líka keypt sér jarðir og laxveiðiár? Jú, auðvitað. (**ÖS:** Við komumst hvort eð er ekki í þær.) Það er nóg fyrir ýmsa að bleyta í sprænu við Hrútafjörð.

Hæstv. forseti. Ég held að menn verði að horfast í augu við það í fúlustu alvöru að þessir möguleikar eru fyrir hendi. Menn geta haft ótal sjónarmið varðandi það hvort þeir séu meiri eða minni, líklegri eða ekki líklegri, hvernig þeir þróast á komandi árum, hvort það sé líklegt að ásóknin vaxi eða jafnvel að við gleymumst og einangrumst norður í höfum. Manni finnst stundum þegar verið er að fjalla um þetta að það sé þanning að allir þeir sem ekki ganga í Evrópubandalagið verði bara orðnir að einhverri Albaníu og nánast hverfi út af landakortinu á næstu árum, það verði væntanlega hætt að fljúga hingað eða halda uppi samgöngum hingað. Svo er nú auðvitað ekki. Ef við lítum raunsætt á málin í heimi vaxandi fólksfjölgunar, mengunar og umhverfisspjalla er það því miður þannig, eða sem betur fer fyrir okkar hönd skulum við vona, að það er margt sem bendir til þess að ásóknin muni fremur aukast en minnka í aðstæður eins og þær sem við höfum upp á að bjóða.

Ég hvet þess vegna alla þá sem vilja hafa vaðið fyrir neðan sig í þessum efnum og vilja ekki taka áhættu, til þess að kynna sér vel þessi ákvæði EES-samningsins áður en þeir greiða honum atkvæði sitt. Ég vil leggja mitt af mörkum, hæstv. forseti, með því að fjalla um þessi mál og reyna að kynna mér þau og veita jafnvel öðrum aðgang að því sem ég hef verið að skoða í þeim efnum á undanförnum dögum. Það ætla ég mér að gera, eins og ég sagði í upphafi, því ég hef tekið þessar hugleiðingar mínar saman og ætla að dreifa þeim til hv. alþm. á morgun ef guð lofar.

Ég ætla þá ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ég sakna þess því miður að hæstv. landbrh. skuli ekki vera hér en forsrh. er hér. Ég hlýt í ljósi alls þess sem ég hef sagt að spyrja: Hvað líður þeirri vinnu á vegum ríkisstjórnarinnar eða landbrn. sem oftlega hefur verið vitnað til að standi yfir í þessu sambandi? Það er að mínu mati bagalegt að 1. umr. um þetta örlagaríka mál ljúki án þess að sjái haus né sporð á því og leyfi ég mér að minna á að hæstv. núv. ríkisstjórn er að verða búin að sitja í eitt og hálft ár. Hvað sem segja má um mína frammistöðu á þeirri sælutíð, þá hefur þó a.m.k. núv. hæstv. landbrh. haft allnokkurn tíma til þess að láta vinna þessi verk ef þau eru jafneinföld og menn láta stundum í veðri vaka. Ef þau eru jafnsáranauðaeinföld og hæstv. utanrrh. leyfir sér stundum að segja, að það sé ekki nema nokkurra klukkutíma vinna að ganga frá þessu og binda þannig um þessa hnúta að þeir rakni aldrei framar.

Að lokum, hæstv. forseti, ítreka ég óskir mínar um það að hæstv. sjútvrh. komi hér til umræðunnar áður en henni lýkur og svari þeim spurningum sem til hans hefur verið beint um hans málaflokk. (**Forseti:** Hæstv. sjútvrh. er í húsinu og fylgist með umræðunni en hæstv. landbrh. hefur fjarvistarleyfi í dag svo forseti upplýsi það sem hér hefur verið spurt um.)

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegir forseti. Ef ræða mín í dag var tilefni þessarar miklu varnarræðu í kvöld þá hefur hún verið að nokkru leyti á misskilningi byggð. Það mátti skilja orð síðasta ræðumanns þannig að ég hefði sakað hann um að hafa ekki unnið að lagagerð á þessum tíma. Það sagði ég alls ekki. Ég nefndi það að ég hefði viljað sjá unna í landbrn. þá vinnu sem hv. síðasti ræðumaður var reyndar að inna núv. landbrh. eftir í sínum lokaorðum. Mér heyrðist á ræðu hans að hann hefði verið búinn að kynna sér þessi mál mjög rækilega í sinni ráðherratíð og hefði átt að koma þeim upplýsingum á framfæri til okkar fáfróðra stjórnarsinna á þeim tíma.

Ég vil ítreka það að ég held að milli okkar þingmanna í Norðurl. e. — og nú horfist ég í augu við hv. 5. þm. kjördæmisins — sé engin ágreiningsmeining um það að verja beri forréttindi okkar Íslendinga að landi. Ég er alveg sammála hv. síðasta þingmanni um að það er kannski eitt af því fáa sem veruleg hætta er á að ásókn útlendinga verði í, það eru vissir þættir sem tengjast landi, landnýtingu og hlunnindum. E.t.v. hefur verið gerður hér úlfaldi úr mýflugu en einhvern veginn varð nú samt svo að viðbrögð hv. 4. þm. Norðul. e. voru, held ég, harðari í dag heldur en hann hafði ætlað sér.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta eru notaleg skoðanaskipti. Ég var ekki að flytja varnarræðu hér nema þá fyrir íslenska landið og forræði og réttindi íslenskrar þjóðar í því landi, vonandi um ókomin ár. Ég var fyrst og fremst í efnislegri umfjöllun um þetta mál sem hefði verið flutt hvort sem hv. 6. þm. Norðurl. e. hefði talað hér í dag eða ekki. Ég hafði undirbúið þessa ræðu nokkuð vel, eins og ég vona að hafi komið í ljós, og ég hafði þegar beðið um orðið til að flytja þetta mál. Það var svo í andsvörðum sem komu til síðar, vegna ummæla sem hv. 6. þm. Norðurl. e. lét falla, að ég kvaddi mér hljóðs. Það var ósköp einfaldlega vegna

þess, hv. 6. þm. Norðurl. e. og aðrir góðir tilheyrendur, að ég nenni ekki að sitja undir því ítrekað að vera sakaður um vanrækslu sem ég tel að ég sé ekki sekur um. Svo einfalt er það. Ég ver hendur mínar ef ég er, hvort sem það er hér í þessum sölum eða frétti af því annars staðar, borin þeim sökum að vera sekur um vanrækslu. Ef ég veit upp á mig skömmina þá verð ég vonandi maður til þess að viðurkenna það og biðjast afsökunar. Svo er ekki í þessu tilviki. Ég tel og ég vona að mér hafi tekist að sýna fram á það hér að það *voru ærin rök fyrir því* að ég hélt því til haga, breytti ekki um skoðun, féllst ekki á að það væri okkur nægjanleg trygging að ganga frá þessu með einhverjum ráðstöfunum í innlendri löggjöf en falla frá kröfum um varanlegan fyrirvara eða undanþágu í samningunum. Það er út af fyrir sig rétt og ég þakka hv. 6. þm. Norðurl. e. fyrir að vekja athygli á því að ég hef verið að reyna að kynna mér þetta talsvert. Ég hafði auðvitað á þessu talsverða þekkingu þegar veturinn 1990, skárra væri það nú, ég var landbrh. og hafði með þessi mál að gera. Ég leyfi mér næstum því að segja að ég hafi vitað mest þálifandi Íslendinga um það hvernig þessi mál stóðu. Eðlilega. Ég vissi mætavel að framkvæmd jarðalaga og ábúðarlaga hafði verið með þessum hætti á undangengnum árum og áratugum og það skapaði okkur mikinn vanda og í þeim vanda stöndum við enn.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að segja annað en það sem ég sagði áðan að það hefur komið hér í ljós og það hefur fyrrv. ráðherra upplýst okkur um að hann vissi mjög mikið um þessi mál í sinni ráðherratíð. Ég hef ekki nefnt annað en að ég hefði gjarnan viljað að þeim upplýsingum hefði verið komið formlega á framfæri frá ráðuneytinu.

Hitt er svo annað mál, þegar hann sagðist telja að hann hafi á þeim tíma vitað mest núlifandi manna um þessi mál, að þá dettur mér í hug saga sem einn góður maður, dönskukennari, sagði. Hann sagðist álíta að hann væri annar besti dönskukennari á Íslandi. Hann var spurður hver væri sá besti. Ég veit nú ekki um neinn betri, sagði hann, en mér finnst vissara að slá þennan varnagla.

Ég held kannski að þingmaðurinn hefði átt að slá viðlíka varnagla. (**Gripið fram í:** Gagnvart þeim dauðu gerði hann það.)

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram að ég tók eingöngu svona til orða með hliðsjón af því að hér er kvöldfundur, að ég hafði vitað mest um þetta allra þálifandi Íslendinga. Hitt er alveg ljóst, hv. framm-kallandi, 18. þm. Reykv., doktor í fiskeldi og fleiru, nei kynferði fiska er það víst — að þessi næstbesti dönskukennari kenndi mér ekki framburð eins og þið hafið fengið að heyra hér í kvöld.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gerist nú ærið algengt að fyrrv. ráðherrar vitni til þess sem gerðist á ríkisstjórnarfundum og er að vísu allsérstætt nema það verði heimilað að rjúfa trúnað við fundargerðir þannig að menn geti almennt áttað sig á því hvar þar fór fram.

Hafi ég skilið hv. þm. Steingrím J. Sigfússon rétt fór þáv. forsrh. fram á það við hann að hann léti kanna hvort hægt væri með löggjöf á Íslandi að veita þá vörn sem tryggði Íslendingum meiri rétt en öðrum til eignarréttar á landi og kanna, ef slík vörn væri til staðar, hvort hægt væri að falla frá því að um beina neitun væri að ræða, beina hömlun á því að útlendingar mættu kaupa hér land. Ég er út af fyrir sig sammála hv. þm. Steingrími Sigfússyni. Ég hygg að það sé rétt að þetta sé ekki hægt. En ég held aftur á móti að einmitt vegna þess að þetta er ekki hægt hafi það verið mjög nauðsynlegt að páv. landbrh. kveddi til hina færustu lögfræðinga — þá hafði hann fjármuni til að gera það — og léti þá fara yfir sviðið og skila nákvæmu áliti sem sannaði að það væri ekki hægt að setja það sem skilyrði ef menn vildu kaupa land og stunda fiskeldi að þeir hefðu doktorspróf í kynsjúkdómum eða öðru hjá fiskum. (**Forseti:** Tíminn er búinn.) Tíminn er búinn, segir forseti og stendur nú upp. Ég ætla að virða tímatakmörkin en ég held aftur á móti að óhjákvæmilegt sé að það komi fram að þessi umræða fer nú fram vegna þess að við höfum verið minnt á það að sumir eru lögfræðingar en aðrir ekki í þessum sal.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skal reyna að hafa það stutt til að það fari ekki allt of langur tími í þetta. Hv. 2. þm. Vestf., Ólafur Þ. Þórðarson, endursagði í grófum drátt-um alveg réttilega það sem ég sagði hér í minni ræðu um það sem til gekk á fundum ríkisstjórnar í nóvemberlok og desemberbyrjun 1990 og það er gott að það hefur skilist.

Varðandi það sem ég hef látið frá mér fara um þau efni tel ég að þar hafi alls ekki verið brotinn nokkur trúnaður. Ég hef ekki lesið upp úr fundargerðum, ég hef eingöngu fjallað um það sem að mér sneri og á þeim fundum gerðist og ég lít svo á að það sé réttur ráðherra, þegar þannig ber undir, að þeir skýri sín viðhorf og sína afstöðu og segi það sem þeir létu koma *fram af sinni hálfu þegar þeir sátu í ríkisstjórn*. Annað hefur komið fram opinberlega. Viðhorf páv. og núv. hæstv. utanrrh. og hæstv fyrrv. forsrh. hafa áður komið fram. Hv. 7. þm. Reykn. hefur sjálfur í ræðum lýst því að hann hafi farið fram á þetta við mig þannig að ég var ekki að uppljóstra þar neinu sem ekki lá þegar fyrir. Staðreyndin er sú að ég sá strax á því öll tormerki að nokkuð annað dygði okkur en varanlegur fyrirvari. Ég lét það strax koma fram og það átti ekki að misskiljast að ég gat ekki fallist á að við slökuðum á þeirri kröfu. Mín afstaða var sú og það er að sjálfsögðu nærtækasta og róttækasta skýringin á því að ég féllst ekki á að menn settu traust sitt á það að hægt væri að leysa þetta vandasama og viðkvæma atriði með einhverjum öðrum hætti en þeim að halda til haga og krefjast áframhaldandi varanlegs fyrirvara af Íslands hálfu.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég rengi það ekki að jarðfræðingur geti lesið sér svo vel til í lögum að hann viti nákvæmlega hvað hann er að segja og fari rétt með. En mér er ljóst að því er betur trúað ef lögfræðingar flytja það mál. Við höfum óþyrmilega verið minntir á það, jafnvel þó að allir séu ekki sérstaklega sterkir í lögfræðinni sem hafa farið í gegnum lagapróf.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í athyglisverðri ræðu sinni sagði hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, að hann hefði verið sannfærður um það á þeim tíma þegar hann gegndi embætti landbrh. að ekkert dygði Íslendingum nema varanlegur fyrirvari. Miðað við málflutning þingmannsins í ræðustól áðan og þá áherslu sem hann lagði á þetta mál nú sem þingmaður, hlýtur að vera hægt að álykta að hann hafi lagt enn meiri áherslu á það þegar sú ábyrgð hvíldi á herðum hans að vera landbrh. Ef hann var þessarar skoðunar þá hvers vegna sætti hann sig við að þessir varanlegu fyrirvarar væru felldir niður? Hvers vegna sat hann áfram sem landbrh. þrátt fyrir þann mikla grundvallarmeinbug sem var á samningaferlinu?

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er áhugavert, sagnfræðilegt atriði sem hv. 5. þm. Norðurl. e. velti upp eins og hann á vanda til hér. Hann kemur með skemmtilegar hliðargreinar á þennan mikla meið sem er umræðan um Evrópusamningana sem jafnan lúta að fornfræðilegum eða sagnfræðilegum atriðum sem tengjast e.t.v. afstöðu eða örlögum tiltekinna manna en hafa ekki praktíska þýðingu á deginum í dag frekar en það atriði sem hann hér nefnir. Vegna þessa sagnfræðiþorsta hv. 5. þm. Norðurl. e. er rétt að upplýsa það að staða málsins var nokkuð sérkennileg þennan tíma, frá og með desember 1990 til og með 30. apríl eða öllu heldur 5. maí 1991, þegar hæstv. utanrrh. fékk loksins umboð frá ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, sem tekið hafði við völdum, til að ganga til samninganna á þeim nýja grundvelli að öllum varanlegum fyrirvörum væri kastað. Það mál var aldrei útkljáð í tíð þriðja ráðuneytis Steingríms Hermannssonar. Málin stóðu þess vegna þannig í þeirri ríkisstjórn að ekki var samstaða um það að falla frá fyrirvörunum. Fyrir lá algjör andstaða mín við það til að mynda að þessi varanlegi fyrirvari varðandi vandamálin félli brott. Ég var reyndar einnig, svo að það komi hér fram, andvígur því að gefa með öllu eftir tiltekna fyrirvara sem tengdust fjarskiptamálum og stöðu Pósts og síma. Þannig stóð málið. Það er eins rétt og ég kann að segja frá því. Það má út af fyrir sig segja að þetta sé nokkuð sérkennileg staða en hún var svona eins og ég kann hana réttasta og ég hef þess vegna leyft mér að segja héðan úr þessum ræðustól að það sem gerst hafi á þessu tímabili frá og með desember/janúar 1990–1991 og fram til 5. maí verði að teljast á ábyrgð hæstv. utanrrh. og samningamanna hans sem fóru með málið.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ástæða til þess að það komi fram hér að hv. 7. þm. Reykn. hefur upplýst í þingsölum að það hefði verið ljóst í fyrri ríkisstjórn fyrir áramótin 1990–1991, a.m.k. í desember 1990, að þessi varanlegi fyrirvari væri fallinn niður. Þá vaknar spurning um ábyrgð þeirra ráðherra sem í ríkisstjórn sátu. Ég ætla að leyfa mér hér að vitna í Lög og rétt eftir Ólaf Jóhannesson þar sem segir, með leyfi forseta:

„Hver ráðherra hefur á hendi stjórn þeirra mála sem undir hann fellur. Nýmæli í lögum og mikilvæg stjórnarmálefni er skylt að bera upp á fundum ríkisstjórnar en málefni er þó ekki ráðið þar til lykta með atkvæðagreiðslu. Sá ráðherra sem mál fellur undir tekur endanlega ákvörðun einn. Þó hefur þess gætt síðustu árin að málum hefur verið ráðið til lykta á ráðherrafundum með atkvæðagreiðslu. Enda þótt málsmeðferð þessi á ráðherrafundum sé einkum að formi til eru þeir þó harla mikilvægir af stjórnmálaástæðum. Er ráðherra ekki unnt að knýja fram ráðstafanir sem aðrir ráðherrar eru andvígir nema að mjög takmörkuðu leyti. Ef hann gerði það yrði afleiðingin sú að hann hlyti að biðjast lausnar eða ríkisstjórnin öll að láta af völdum."

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er því miður ekki tími til að ræða þetta áhugaverða mál sem skyldi og ekki er nú dónalegt að hafa sjálfskipaðan sérfræðing hér í stjórnskipunarrétti og þeir gerast margir þessa dagana sem vitna í Ólaf heitinn Jóhannesson eða Bjarna heitinn Benediktsson. Einu má hv. 5. þm. Norðurl. e. ekki gleyma og það er að eftir var sú stóra ákvörðun hvort menn gerðu þennan samning, hvort undir hann yrði skrifað. Að sjálfsögðu er það svo í þessum tilvikum eins og endranær að menn áskilja sér allan rétt og hafa allan fyrirvara þangað til niðurstaða liggur fyrir í málinu. Auðvitað var það og er það svo. Ég held að þessar tilraunir hv. 5. þm. Norðurl. e., sem ég vil helst jafna við það að setja upp hér eins manns landsdóm í þessum ræðustóli og draga menn til ábyrgðar, gangi ekki upp þegar málið er betur skoðað. Það liggur alveg ljóst fyrir hvernig þetta mál stóð. Afstaða einstakra manna í ríkisstjórninni liggur og fyrir. Ég held að þar með sé málið í raun og veru skýrt. Ég tel ekki að ég hafi í raun og veru gerst sekur um eitthvert brot gagnvart samvisku minni þótt ég hafi haft þessa afstöðu og setið áfram þessa mánuði í ríkisstjórn í ljósi allra þeirra aðstæðna sem uppi voru í samningaferlinu og þeirrar óvissu m.a. sem ég hef áður gert að umtalsefni í ræðu í kvöld.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það hefur verið rætt hvort ekki sé mögulegt að ljúka umræðunni á þessum drottins degi. Ég veit að á því er mikill áhugi og hafði þess vegna ekki hugsað mér að biðja aftur um orðið. Ég tel óhjákvæmilegt að eitt atriði verði upplýst svo að þingheimur og þjóð átti sig á því.

Við búum við það stjórnarfyrirkomulag að hér er

þingbundin stjórn. Hún starfar á ábyrgð þingsins. Ég hef litið svo á að þegar stórar ákvarðanir væru teknar í fjarveru þingsins væri það ávallt svo að þær væru bornar undir atkvæði í þeim stjórnarflokkum sem starfa, sem eru stuðningsmenn ríkisstjórnar hverju sinni. Nú kom það fram hér að ákvörðunin um hvort heimila bæri eða heimila ekki hæstv. utanrrh. að skrifa undir þennan samning hafði ekki verið borin upp í þingflokki Sjálfstfl. til samþykktar eða synjunar. (**ÓS:** Það er ekki borið upp.) Það er eins og formaður þingflokks Alþfl. hafi fengið það embætti að svara fyrir sjálfstæðismenn hér í salnum. Það er ekki nýtt og veit ég að hann metur það svo að hann hafi til þess vitsmuni fram yfir aðra. En hvað um það. Spurningin hlýtur að brenna á þinginu og þjóðinni. Er það rétt sem hér kom fram hjá 4. þm. Reykv. í frammíkalli í svarræðu Guðna Ágústssonar að þetta hafi aldrei verið gert? Ég efa ekki að hann segi það satt að hann hefur ekki verið á slíkum fundi. Ég efa það ekki og vil taka það fram. Ég vil að hæstv. forsrh. upplýsi hvort hugsanlega hafi verið haldinn fundur þar sem það var borið upp hvort heimila ætti utanrrh. að skrifa undir. Ef það er niðurstaðan að þetta hafi ekki verið gert sýnist mér að það sé búið að snúa stjórnarfarinu við í landinu, það sé ekki um að ræða að hér sé þingbundin stjórn heldur stjórnbundið þing.

Ég vænti þess að forseti geri sér grein fyrir því að þetta mál er þess eðlis að það hlýtur að verða að fást svar við því.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þegar embættismenn, samningamenn utanrrh., setja stafi sína undir samning gera þeir það á hans ábyrgð. Þegar utanrrh. samþykkir samning gerir hann það með tilstyrk og bakstuðningi þeirrar ríkisstjórnar sem hann á sæti í. Sú ríkisstjórn nýtur stuðnings meiri hluta þingsins.

Að sjálfsögðu var samningaferillinn margoft ræddur í þingflokki Sjálfstfl., bæði áður en samninganefndarmenn utanrrh. og þar með ríkisstjórnarinnar settu stafi sína undir, áður en utanrrh. skrifaði endanlega undir og iðulega var þar gerð grein fyrir málinu. Það fór ekkert á milli mála að allur þingflokkur Sjálfstfl. vissi nákvæmlega hvað stóð til. Hitt er alveg rétt, sem kom fram í frammíkalli hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, að formleg atkvæðagreiðsla átti sér ekki stað og stóð ekki til.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það má ekki minna vera en ég þakki hæstv. forsrh. fyrir heiðarlegt svar og ber að virða það þegar ráðherra svarar án þess að snúa út úr fyrir mönnum og án þess að reyna á nokkurn hátt að draga úr upplýsingum. Hitt er svo umhugsunarefni fyrir þingflokk Sjálfstfl. að það hafi ekki staðið til að hafa neina atkvæðagreiðslu í flokknum um jafnstórt mál.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég var því miður fjarverandi þegar hæstv. ráðherrar, utanrrh. og forsrh., fluttu sínar svarræður í þessari umræðu. Ég hef þó haft tækifæri til að kynna mér þeirra ræður og ég sé að hæstv. utanrrh., sem gengur úr salnum, var óvenju kurteis og hógvær og ég þarf engu þar að svara. Hins vegar er ýmislegt í ræðu hæstv. forsrh. sem ég þarf að fjalla hér um. Áður en ég kem að því ætla ég að leitast við að koma á hreint því sem gerðist í síðustu ríkisstjórn í sambandi við jarðakaupamálin. Það er að vísu afar erfitt að blanda sér í framboðsræðu í Norðurlandi eystra, því þannig tók ég þessi orðaskipti fyrst og fremst, en mér þykir þó nauðsynlegt að hið rétta komi fram og ekki síst eftir að ég sá í aðalfrétt sjónvarpsins að ég hefði farið fram á það við fyrrv. landbrh. að hann hyrfi frá fyrirvörum í sambandi við jarðakaup.

Ég vil fyrst taka það fram að ég tel alls ekki rétt að birta fundargerðir ríkisstjórnarinnar og get ekki fallist á það fyrir mitt leyti. Þær eiga að vera trúnaðarmál. Ég heyri ekki að hv. þm. hafi brotið neinn trúnað. Hann hefur greint, eins og hann sagði sjálfur, frá sínum sjónarmiðum sem komu fram í ríkisstjórninni og við það hef ég ekkert að athuga. Ég hef einnig talið mér heimilt að greina frá því áður að í ríkisstjórninni í nóvember 1990 lagði aðalsamningamaður Íslendinga fram greinargerð um hina ýmsu fyrirvara sem ég hef hér áður farið yfir og ætla að koma inn á aftur seinna. Hann gerði okkur grein fyrir því hvernig þeir virtust standa. Ég vil taka það fram að ég gerði mínum þingflokki fulla grein fyrir því síðar og taldi þar um svo stórt mál að ræða að þingflokkurinn þyrfti að fjalla um það.

Þar kom fram hjá aðalsamningamanni að hann teldi mjög vafasamt að unnt yrði að fá skýran fyrirvara um það að stöðva mætti eða banna kaup erlendra manna á jörðum hér á landi, nytjajörðum eins og um var talað. Ég fór fram á það við hæstv. þáv. landbrh. að hann kannaði hvort unnt væri að setja girðingar í lög sem tryggðu þetta á viðunandi máta. Ástæðan fyrir því að ég gerði það var sú að aðalsamningamaður Íslendinga upplýsti að svo væri víða og nefndi Írland í því sambandi. Ég kannast hins vegar ekki við að hafa beðið hæstv. þáv. ráðherra um að falla frá fyrirvörunum. Staðreyndin var sú að ríkisstjórnin var alls ekki búin að taka afstöðu til þessara mála á þeim fundi. Ég get t.d. nefnt til viðbótar að það kom fram í þeirri skýrslu, sem samningamaðurinn lagði fram, að okkur mundi ganga erfiðlega að fá undanþágu í lyfjasölumálum. Ég bað þá m.a. hæstv. heilbrrh. að kanna hvort það væri viðunandi með einhverju móti, hvort hægt væri að haga þeim málum þannig að við gætum við unað. Ég vil taka fram að hann tjáði mér síðar að hann teldi það vera hægt.

Ég hlýt að segja það eins og er að mér þykir illt að hafa ekki fengið þann mikla fróðleik á borðið á meðan við sátum í ríkisstjórn sem hv. þm. flutti hér áðan og sagði í lok sinnar ræðu reyndar að hann hefði verið að safna á síðustu dögum. Ég heyrði ekki betur. Ég segi alveg eins og er, hv. þm., að ég hefði viljað sjá

þetta fyrr. Ég stóð t.d. í þeirri meiningu að þetta írska ákvæði hefði staðist dómstólana og ég hef ekki haft tíma til að leita að því. Þær upplýsingar tel ég að ég hafi fengið, að vísu nokkuð seint en þó fengið. Reyndar hafa fleiri þjóðir verið með slíkar girðingar. Ef þær mismuna ekki þegnum EB í þessu tilfelli veit ég ekki betur en þær eigi að geta staðist gagnvart Evrópudómstólnum. Þetta hefði verið mjög nauðsynlegt og fróðlegt að ræða og hefði getað skapað okkur möguleika til að taka skýrari afstöðu í þessu máli en ekki vannst tími til þess.

Ég tek undir það með hv. þm. að það afsakar það svo sannarlega ekki að eftir að hafa setið á annað ár hefur núv. hæstv. landbrh. ekki lagt fram neinar upplýsingar um þessi mál. Þó hef ég séð að í ræðum sem hann hefur flutt á samkomum bænda fullyrðir núv. hæstv. landbrh. að það muni verða unnt að setja þarna girðingar og taldi upp ýmsa möguleika í því sambandi. Ég vísa aftur til þess sem hæstv. utanrrh. sagði í framsöguræðu sinni þar sem hann taldi upp fleiri möguleika en ég hafði gert mér grein fyrir og tel ég mig þó hafa gert mér far um að kynna mér þennan þátt málsins. Ég tek undir það með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að ég tel þetta einn alvarlegasta þátt þessa máls og þetta atriði verður að vera tryggt. Það vil ég líka taka fram að ég var aldrei var við annað í síðustu ríkisstjórn en að allir væru sammála um að þetta atriði yrði að tryggja, með girðingum ef fyrirvarinn fengist ekki. Það hefur vissulega vakið athygli mína að Dönum hefur tekist að standa á slíkum fyrirvara gagnvart sumarbústaðalöndum. Staðreyndin er þó sú að Þjóðverjar hafa seilst mjög til slíkra eigna á ströndum Jótlands þrátt fyrir þennan fyrirvara og hefur það valdið Dönum verulegum áhyggjum.

Ég vona að þetta skýri málið. Staðreyndin er sú, nákvæmlega eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson dró hér saman áðan, að ég fór fram á það að þáv. hæstv. landbrh. kannaði þetta mál vandlega og legði sínar niðurstöður fyrir mig og væntanlega ríkisstjórnina. Ég hef ekkert klagað undan því, það tókst ekki, mér þykir það leitt. Hann hefur sagt hér sjálfur að honum hafi ekki unnist tími til þess á þeim þremur til fjórum mánuðum sem síðan liðu og við það hef ég m.a. orðið að sætta mig.

Ég ætla að koma aftur að því sem hæstv. forsrh. sagði áðan. Hann fór nokkuð geyst í sinni ræðu og kom víða við. En áður en ég kem að því þá ætla ég enn, með leyfi forseta, að lesa þá fyrirvara sem ég setti í nafni ríkisstjórnarinnar fram í Ósló í mars 1989 sem síðan mótuðust betur í umræðunni eftir að hún hófst:

„1. Engar fjárfestingar erlendra aðila í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða.

2. Engar fjárfestingar erlendra aðila í orkulindum.

3. Eignarhald erlendra aðila á landi takmarkist við nauðsynlegt land vegna atvinnureksturs.

4. Engar yfirþjóðlegar stofnanir aðrar en sameiginlegur dómstóll." — Ég bætti þeim hugsanlega möguleika inn síðar.

„5. Heimild til að takmarka fólksflutninga til landsins."

Ég kem að þessu með dómstólinn síðar. Eftir því sem málinu þokaði fram þá skýrðust þessi mál. Ég sagði áðan að aðalsamningamaður landsins í þessum málum, Hannes Hafstein, setti fram upplýsingar um það hvernig tækist að mæta þessum fyrirvörum og ætla ég að ræða um fleiri þeirra síðar.

Það er rétt hjá hæstv. forsrh. að ég sagði í viðtali eða í grein í Tímanum að ég teldi ekkert að óttast enda yrðu þessir fyrirvarar tryggðir. Ég tel enn að það hafi verið full ástæða til að ætla á þeirri stundu að það tækist að tryggja þessa fyrirvara. Ég taldi það þegar það var skrifað. Ég er ekki frá því reyndar að það hafi verið hægt þegar ég sé það hvað sumum öðrum hefur tekist í þessu sambandi, t.d. Dönum sem hér hafa verið nefndir í sambandi við landeignir í Danmörku. Þá var bara um það að ræða hvað menn stóðu stíft á þessu eða hvað menn gengu langt í að setja girðingar. Ég vek athygli á því að fyrsti fyrirvarinn, um að ekki verði fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegi, tókst. Af hverju tókst það? Það tókst vegna þess að við settum lög sem tryggðu það og þau eru viðurkennd. Ég tel að það sé enn hægt að setja lög í vissum þessum greinum sem tryggja þetta. Ég er sem sagt ekki sammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að þetta sé ekki hægt. Ég hef ekki sannfærst um það.

Ég hef hins vegar ekki séð núna hvernig ríkisstjórnin ætlar sér að tryggja þessa hluti. Ég hef ekki séð hvernig hún ætlar sér að tryggja okkur gegn eignarhaldi erlendra aðila á landi. Ég hef bara heyrt yfirlýsingar hæstv. ráðherra um að það sé hægt og ég hef heyrt að það liggi ekkert á því. Þarna höfum við frest til 1. janúar 1996, ef ég man rétt. Það er mér ekki nóg. Ég treysti mér ekki til að samþykkja aðild að EES án þess að ég sjái áður hvernig á að tryggja þetta. Ég vona að menn skilji það. Það verður ekki aftur tekið ef við verðum orðnir aðilar, það er a.m.k. mjög erfitt, ef þá kemur í ljós að við getum ekki gert slíka hluti.

Við okkur er einnig sagt að það eigi að setja, eins og fullt samkomulag var um í síðustu ríkisstjórn, girðingar fyrir eignaraðild útlendinga að orkulindum. Ég veit að þetta er hægt og hæstv. iðnrh. hefur sagt að það sé hægt og hefur reyndar sýnt frv. sem var svo dregið til baka. Engu að síður er endanlegt frv. um það ekki komið fram svo ég viti og ég vil sjá hvernig á að gera þessa hluti.

Við töldum að við gætum fengið sömu heimild til að takmarka fólksflutninga til landsins og viðurkenndir eru á Norðurlöndunum. En það er ekki fyrr en síðar að kemur í ljós að það mun ekki fást og það er ekki fyrr en eftir að ný ríkisstjórn er mynduð að 118. gr., ef ég man rétt, er komin í samninginn og henni er lýst sem fyrirvara í þessu sambandi. Ég tel að þegar grannt er skoðað kunni það að vera rétt með þeim yfirlýsingum sem hæstv. utanrrh. hefur gefið í því sambandi. Skýrt er tekið fram að Íslendingar hyggist nota þennan fyrirvara í sambandi við fólksflutninga ef þeir valda ójafnvægi í okkar efnahag og reyndar einnig í sambandi við jarðakaup, ef ég man rétt.

Mér þykir hins vegar lakara að hafa ekki þarna, eins og við ætluðum okkur í upphafi, Norðurlandaorðalag-

ið. Ég fæ satt að segja ekki séð hvernig þessi 118. gr. getur nokkurn tímann tryggt okkur gegn miklum jarðakaupum. Hvenær verða jarðakaup orðin svo mikil að þau raski eða valdi erfiðleikum í efnahag landsins? Ég held að það komi aldrei til. Miklir fólksflutningar geta það því þá gætir væntanlega fljótlega atvinnuleysis og óróa á vinnumarkaðinum. Mér finnst þar vera um nokkuð annað að ræða.

Hæstv. forsrh. Það er hárrétt sem ég sagði þá að ég tel að þetta hefði verið hægt að gera og það hefur valdið mér mjög miklum vonbrigðum hve illa það hefur að mörgu leyti tekist, a.m.k. enn þá.

Ég vil vekja athygli á því jafnframt að í samþykkt miðstjórnar Framsfl. er alls ekki loku fyrir það skotið að flokkurinn geti stutt þetta. Ég ætla að lesa þá samþykkt líka og ég fór yfir hana síðast. Þar segir miðstjórn Framsfl. og telur að eftirgreindum skilyrðum sé fullnægt:

„1. Samningurinn standist ákvæði stjórnarskrárinnar.

2. Í stað þeirra fyrirvara sem ekki fengust viðurkenndir verða hagsmunir landsins tryggðir með einhliða lagasetningu á Alþingi.

3. Tvíhliða samningar um fiskveiðar reynist ásættanlegur, enda sé eftirlit með veiðum erlendra aðila fullnægjandi sem og önnur ákvæði hans.

4. Tryggt verði að Íslendingar hafi fullar heimildir til þess að leggja jöfnunargjald á innfluttar landbúnaðarafurðir.

5. Formlega verði viðhorf Evrópubandalagsins kannað til breytinga á samningi um Evrópskt efnahagssvæði í tvíhliða samningi Íslendinga og Evrópubandalagsins, ef og þegar önnur EFTA-ríki hafa gerst aðilar að EB. Að slíkri breytingu verði stefnt."

Í 2. lið þessarar samþykktar vísað til fyrri fyrirvara þar sem segir að þar sem þeir hafi ekki náðst inn í samninginn verði þeir tryggðir með sérstökum girðingum, eins og við köllum þær hér á Alþingi.

Jafnframt er hér drepið á aðra þætti sem hafa komið inn síðar, t.d. landbúnaðarmálin og þá bókun sem þar er gerð, bókun 3. Það afar undarlega orðalag sem er í 9. grein við viðauka við bókun 3, sem enn þá hefur alls ekki fengist skýrt hvað þýðir, en þar segir að aldrei megi leggja hærri verðjöfnunargjöld á en lögð voru á viðkomandi vöru sem reyndar var þá aldrei flutt hingað inn og því var aldrei lagt á neitt verðjöfnunargjald. Þetta höfum við óskað eftir að fá skýrt. Sama á við um 3. lið. Þar er fjallað um tvíhliða samninginn sem alls ekki var kominn á dagskrá áður og lá ekki fyrir fyrr en seinna. Það vissu allir um þennan þrýsting. Það var ekki fyrr en seinna sem hæstv. ríkisstjórn taldi nauðsynlegt að láta undan þeim þrýstingi og hann varð mikið umræðuefni í þingsölum eins og allir vita. Ég hlýt að taka mjög stíft undir það, sem hérna hefur komið fram, að mér er óskiljanlegt hvernig menn hugsa sér að geta gengið frá þessum samningi án þess að hafa þann tvíhliða samning fyrir framan okkur.

Ég vil líka taka það skýrt fram að ég styð þau sjónarmið sem hafa komið fram hjá hæstv. sjútvrh. og um mun standa deila, að það eigi að koma veiði fyrir veiði en ekki veiðiheimild fyrir veiðiheimild, þ.e. ef íslensk skip ná ekki þeirri loðnu sem um er samið hljóti að verða dregið úr þeim karfa sem hin erlendu skip fá. Svo eru mörg önnur atriði þarna inni sem ég þekki ekki á þessari stundu hvernig standa, t.d. eftirlitið og fleira sem eru afar mikilvæg atriði, ekki síst í ljósi þeirrar reynslu sem fengin er af veiðum skipa sumra þessara þjóða í erlendri fiskveiðilögsögu, alveg sérstaklega við Kanada og reyndar Noreg og Bretlandsstrendur og víðar þar sem ógjörningur hefur reynst að fylgjast með. Þar virðist miklu frekar vera venjan en undanþágan að undan sé svikið, eins og hefur komið fram í umræðu upp á síðkastið.

Í þessari samþykkt eru því tekin inn ný ákvæði. Það er sömuleiðis tekið inn að samningurinn standist ákvæði stjórnarskrárinnar. Hæstv. forsrh. tók fram að ég hefði sagt í þingræðu, sem er alveg rétt, að ég fyrir mitt leyti og við í síðustu ríkisstjórn féllumst á að samþykkja EES-dómstól þótt sannarlega mætti færa því rök að sé yfirþjóðleg stofnun. En ég sagði miklu meira í þeirri ræðu, hæstv. forsrh., sem hefði verið rétt af hæstv. ráðherra að lesa líka. Ég sagði í þeirri ræðu jafnframt að mér hefði ekki verið ljóst þá að þetta væri brot á stjórnarskránni, það var ekki búið að athuga það. Ég sagði líka í þeirri ræðu að ef okkur hefði unnist tími til að láta athuga það þá hefði ég talið skylt að láta breyta stjórnarskránni. Við höfðum t.d. ekkert álit fjórmenninga hæstv. forsrh. (**Gripið fram í:** Utanríkisráðherra.) já, utanrrh., fyrir framan okkur. Ég skil það vel að hæstv. forsrh. vilji ekki tengjast þessum fjórmenningum. (**Forsrh.:** Við skulum hafa það rétt.) Já, það er alveg hárrétt. Við höfðum það ekki fyrir framan okkur. Strax við lestur þess vöknuðu a.m.k. efasemdir mínar. Ég hef sagt það líka að túlkun þeirra á 2. gr., þar sem þeir segja að það megi jafnvel hugsa sér að í 2. gr. stjórnarskrárinnar sé líka átt við erlent framkvæmdarvald og dómsvald, finnst mér satt að segja svo mikil fjarstæða að hver einasti maður sem þetta les og gerir sér grein fyrir því hvernig okkar stjórnarskrá varð til hljóti að vakna til mikillar umhugsunar um þetta.

Ég skammast mín ekkert fyrir að viðurkenna það þegar mér á einhverri stundu hefur ekki verið eitthvað fullkomlega ljóst. Ég skammast mín ekki fyrir að viðurkenna að ég hafi lært eitthvað af því sem fram hefur verið lagt og ég hef lært mjög mikið af því sem fram hefur komið um stjórnarskrána. Mjög mikið. Að sjálfsögðu hefði þetta allt saman verið vandlega athugað. Ég efast satt að segja ekki um að ráðherrar í fyrri ríkisstjórn hefðu fallist á það eftir slíkar álitsgerðir, og áður en gengið væri frá samþykktum um sæmilegan dómstól, að þá yrði slíkt ákvæði tryggt í stjórnarskránni. Það lá bara ekki fyrir fyrir kosningar. Hæstv. forsrh. hefur lagt áherslu á það og spurt af hverju þessu var breytt í kosningunum. Það lá bara alls ekki fyrir þá og því var því ekki breytt. Það var svo einfalt.

Hæstv. forsrh. gerði mikið úr því að hann hefði ekki skilið mína ræðu og hvað ég meinti með því sem ég þar sagði, sérstaklega um það að án þess að breyta stjórnarskránni væri þeim sem gætu hugsað sér að

styðja samninginn málefnalega gert það ókleift. Að mínu mati hlýtur hver maður að gera sér grein fyrir því að þetta stenst ekki stjórnarskrána. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa þá málsgrein hjá mér sem um þetta fjallar. Þar segir:

„Efnislega er því mörgu ábótavant, mjög mörgu ábótavant við samninginn og ég skal ekki segja hvort tekst að bæta úr því með einhliða lagasetningu hér heima fyrir. Við bíðum eftir því að fá að sjá slíkt, við bíðum eftir svörum við nokkrum spurningum. Hinu er svo ekki að neita að hin hlið málsins, það sem ég kalla tæknilega hlið málsins, er öllu verri. Ég hef áður sagt það hér að mér þykir ljóst og ljósara með hverjum degi, þegar ég les samninginn oftar og álít lögfræðinganna, að ekki er hægt að gera þennan samning að óbreyttri stjórnarskrá. Það er ekki hægt. Því er vitanlega afar mikilvægt að fá að vita hvort ríkisstjórnin vill stuðla að því að þeim sem geta fylgt samningnum efnislega, að uppfylltum ýmsum skilyrðum, sé gert það kleift með því að breyta stjórnarskránni. Við höfum flutt hér á hinu háa Alþingi frv. til stjórnlagabreytinga þar sem heimild yrði veitt til slíks."

Er þetta ekki alveg skýrt? Ég get ómögulega séð annað en það hljóti að vera skýrt og það hlýtur að hafa staðið eitthvað illa í bólið hjá hæstv. forsrh. þegar hann hlustaði á mig flytja þetta því ég veit að hann er það skarpur maður að hann hlýtur að skilja þetta. Ég veit ekki hvað ég á að skýra betur. Meira að segja miðstjórn flokksins hefur ekki endanlega kveðið upp úrskurð um það að vera á móti af því að hún vill sjá að það standist stjórnarskrána. Reyndar bættum við líka einu skilyrði við, sem ég rakti ekki áðan en vil nefna núna, sem ég tel hvað mikilvægast í framhaldi af meðferð málsins. Það er síðasta skilyrðið: Að þegar verði sú ákvörðun tekin og mörkuð að ganga til viðræðna við EB um að breyta þessum samningi í tvíhliða samning. Ég tel satt að segja að ef það fengist í gegn og yrði tekið í lög eða samþykkt þál. eða sem samkomulag á milli allra stjórnarflokkanna þá væri mjög mikið unnið í þessu máli. Við skulum gera okkur grein fyrir því að þeir eru margir sem óttast að þetta sé skref inn í EB. Ég held ekki að EES-samningurinn sem slíkur þurfi að vera skref inn í EB en ég óttast það mjög. T.d. var það fellt með einu atkvæði hjá ungum sjálfstæðismönnum að mæla ekki með aðild að EB og á flokksþingi Alþfl. hlaut það mjög mörg atkvæði, ég man ekki hver hundraðshlutinn var, 30% eða eitthvað nálægt því sem vildu samþykkja nú þegar að við ættum að ganga inn í EB. Ég hræðist þetta mjög. Ég óttast líka það sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. í skýrslu hans á síðasta þingi að vangaveltur hans um að það bæri að skoða það að fara inn í EB. Nú getur hver sem er sagt: Hefur nokkur á móti því að skoða? Nei, ég er ekkert á móti því að skoða. Ég taldi bara að við værum búnir að skoða þetta svo vandlega og við gerðum okkur fulla grein fyrir því hvað það þýddi að ganga inn í EB og undir hvaða ok við þyrftum að gangast. Við yrðum þar ekkert annað en valdalaust peð og útkjálki í því stóra bandalagi svo að mér brá þegar ég sá að menn, sem ég hef starfað með að þessum málum og taldi að með okkur væri fullur skilningur, eru farnir að dekra við slíka hugsun því að m.a. beitti ég mér fyrir því að miðstjórn Framsfl. setti þetta skilyrði. Ég hef ekki fengið nein svör við þessu enn þannig að ég er ekki síst að vísa til þess þegar ég segi hér í upphafi: Efnislega er því mjög mörgu ábótavant við samninginn. Ég skal ekki segja hvort tekst að bæta úr því.

Það sem ég tel ábótavant við samninginn efnislega skal ég taka í ákveðinni röð. Í fyrsta lagi er ekki búið að setja girðingarnar. Við höfum ekki fengið að sjá þær enn. Við höfum fengið orð fyrir því að það sé hægt. Að vísu segja aðrir að það sé erfitt. Lögfræðingar sem skipaðir voru í sambandi við landamálin kveða ekkert upp úr um það að neinu leyti. Við höfum ekki séð þessar girðingar, hvorki í landamálunum, eignarhaldi á landi og ekki heldur í orkumálunum. Við höfum ekki séð sjávarútvegssamninginn í sinni lokagerð. Við höfum heldur ekki í raun fengið úr því skorið hvernig er með þetta landbúnaðarklúður, ef ég má kalla það svo. Þar er orð á móti orði og hvernig er það, getum við fengið það upplýst áður en við höldum lengra með þennan samning?

Við höfum heldur ekki fengið nein svör við því að ríkisstjórnin vilji marka þá ákveðnu stefnu að strax og hin ríkin hefja viðræður um aðild að EB skuli gengið í þær viðræður að breyta þessu í tvíhliða samning. Það á að gera samkvæmt síðustu upplýsingum nú í janúar. Er nokkurn tíma að missa? Af hverju ekki að ganga út frá því? Þetta eru allt efnisleg atriði sem ég skal viðurkenna að ég er farinn farinn mjög að efast um að við fáum nokkur svör frá hæstv. ríkisstjórn um. En svo bætist stjórnarskráratriðið ofan á.

Ég vil segja það skýrt og skorinort að ef stjórnarskráratriðið er leyst og öll þessi atriði eru leyst sem ég hef nefnt þá mundi ég svo sannarlega skoða hug minn vandlega áður en ég hafna þessum samningi. Ég mundi sannarlega skoða hug minn mjög vandlega og gæti alveg eins orðið til þess að mæla með því að hann yrði samþykktur. Ég get að vísu ekki talað fyrir hönd allrar miðstjórnarinnar en ég hygg að ég hafi nokkur áhrif á það sem þar mundi ákvarðast svo að ég vona að þetta liggi hreint fyrir. En ég tek það skýrt fram að ég á í raun við öll þessi atriði. Ég legg kannski mismunandi mikla vigt á þessi atriði, líklega mesta vigt á það að sú stefna verði mörkuð að ganga til tvíhliða samninga og allar bollaleggingar um aðild verði út af borðinu og svo náttúrlega stjórnarskráratriðið sem verður að vera á hreinu. Annars getum við ekki samþykkt þennan samning. Ég legg vitanlega líka mikla áherslu á þetta með jarðeignirnar o.s.frv. og vonast til að úr því verði bætt. En ég ætla ekki að eyða fleiri orðum að þessu.

Ég vona að hæstv. forsrh. sé ekki í nokkrum vafa um við hvað ég á og ég hef enn einu sinni farið yfir. Hæstv. forsrh. sagði að vísu að það hefði legið alveg ljóst fyrir á miðju ári 1990 að stjórnarskrárbreyting þyrfti að verða. Hann hefur þar líklega verið að vísa í skýrslu sem Stefán Már Stefánsson gerði fyrir vinnunefnd hæstv. utanrrh. þar sem hann fyrst og fremst talar um forúrskurði sem leitað yrði hjá dómstólum og

um dómstól EES. Ég hef áður sagt, ég veit ekki hvort hæstv. forsrh. var með í þeim orðaskiptum, að ég tel þetta með forúrskurðina ekki það alvarlegasta í sambandi við stjórnarskrármálið því að um þá verður að biðja. Ég get verið sammála fjórmenningunum í því að áður en unnt er að biðja um forúrskurði þyrfti að breyta stjórnarskránni. Sem sagt, við getum ekkert notað okkur það atriði eins og stjórnarskráin er skrifuð núna. Ég hygg að með tilliti til þess að sé það nokkuð rétt sem kom fram í skýrslu hæstv. utanrrh. frá mars 1991 þar sem hann telur að eins og málin stóðu þá sé þetta í lagi. Að vísu þótti mér síðasta málsgrein í þeim kafla skýrslunnar ekki síður athyglisverð þar sem hann bendir réttilega á að breyta þurfi stjórnarskránni af ýmsum ástæðum í þessu sambandi.

Ég ætla ekki að eyða mörgum fleiri orðum í að yfirfara það sem hæstv. forsrh. sagði en mig langar til að koma að fáeinum atriðum öðrum. Vitanlega er það ljóst og því er ekki hægt að neita að öll aðstaða í þessu sambandi hefur gerbreyst frá því að við hófum þetta starf í mars 1989 og það er ekki fyrr en síðar meir að það liggur fyrir að öll EFTA-ríkin, að vísu vil ég undanskilja Noreg, hugsa sér að ganga í EB og náttúrlega er engin furða þó að menn fari að hugleiða hvað verður þá um okkur og mér þykir það satt að segja hreint og beint ótrúlegt ef hæstv. ríkisstjórn hefur ekki rætt það mjög ítarlega. Vitanlega hlýtur það að breyta viðhorfum margra manna til þessa samnings að allur grundvöllur hans, sem sagt samstaða EFTA-þjóðanna í EES, er hruninn. Og vitanlega hlýtur það líka að vekja upp þær spurningar hvort hinar EFTA-þjóðirnar hafi í raun haft mikinn áhuga á því að ná þarna inn fyrirvörum eða styðja okkur í þeim því að þeim var náttúrlega ljóst að þær gátu ekki fengið neina slíka fyrirvara þegar þær væru komnir í EB.

Ég held einnig að mönnum hljóti að vera ljóst að margt af því sem fram hefur komið í allri þessari umræðu er allt annað en við töldum þegar við fórum af stað. Ég ætla bara að leyfa mér að fara nokkrum orðum yfir greinar frv. sem eru ekki nema fimm. Í 1. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er að fullgilda fyrir Íslands hönd:

1. Samning um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn), þ.e. meginmál samningsins, bókanir við hann og viðauka, ásamt gerðum sem í viðaukunum er getið, milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þessara bandalaga annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar...“ o.s.frv. Ég hefði gaman að vita það frá hæstv. utanrrh. hvort hann gerði sér grein fyrir því þegar við hófum þessar viðræður hvað þetta er viðamikið. Ég trúi því varla því að nú er upplýst að fyrir utan meginmál samningsins eru þessar bókanir við hann og viðaukar 8.700 síður. Og það er búið að þýða um það bil 5.000 síður og auk þess er eitthvað á þriðja þúsund síður sem ekki falla beint undir þetta en þarf að þýða. Fyrir utan þetta kemur mjög víða fram í þessum samningi að það verður að taka tillit til fyrri dóma EB og ég hef ekki hugmynd um hvað þeir eru margar síður. Ég hef ekki fengið nokkurn til að segja mér það. Ég hef spurt að því en það getur enginn sagt mér það. Þeir er ekki þýddir en gaman væri að vita hvort t.d. hæstv. ráðherrar hafa lesið allar þessar 8.700 síður.

Svo segir í 2. gr., ég ætla að taka fram að hér er verið að tala um að fullgilda samninginn, þ.e. þjóðréttarlega, og þarna verðum við að greina á milli sem margir hafa ekki gert af hálfu stjórnarliða:

„Meginmál EES-samningsins skal hafa lagagildi hér á landi. Sama gildir um ákvæði bókunar 1 við samninginn og ákvæði 9. tölul. VIII. viðauka og g-liðar 1. tölul. XII. viðauka við samninginn.

Ákvæði EES-samningsins, bókunarinnar og viðaukanna, sem vísað er til í 1. mgr., eru prentuð sem fylgiskjöl 1–4 ...“ o.s.frv. — „...með lögum þessum.“ Sem er nú dálítið undarlegt að setja inn í frv. en hvað um það.

Þegar maður fer að lesa þetta og ég gæti rakið fjöldamargar greinar þá er alltaf verið að vísa í ýmislegt fleira. Þetta er byggt á fjölmörgum öðrum greinum og ég tala nú ekki um þegar að bókununum kemur þá er aftur verið að vísa í fleiri bókanir. Ég sé ekki annað en að þegar þetta er rakið þá sé í raun og veru verið að lögtaka þetta mestallt, þessar 8.700 síður. Það er hlutur sem ég held að okkur þáv. hæstv. utanrrh. hafi aldrei dottið í hug, jafnvel ekki í okkar villtustu draumum. Það held ég ekki. Ég þori að fullyrða að hér er náttúrlega um allt annað að ræða. Hér er um skrímsli að ræða sem engum okkar datt í hug að gæti með nokkru móti komið út úr þessu.

Ég vil ekki lengja umræður með því að lesa greinar þar sem verið er að vísa áfram í annað. Það er hér hvað eftir annað, það er í 9. gr., það er í 21. gr. og það er í 23. gr. o.s.frv. Það er út um allt í þessum samningi alltaf verið að vísa í annað. Er það þá ekki í raun og veru allt saman lögtekið? Og svo segir í 3. gr.:

Skýra skal lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja.“ Hér er bara opið. Að vísu vil ég trúa því að hér sé eingöngu átt við lög og reglur sem koma fjórfrelsinu við að sjálfsögðu en það er töluvert mikið í okkar lögum. Svarið við þessu er að verið sé að gera þetta með því að breyta ýmsum lögum með þessum sextíu og eitthvað frumvörpum sem liggja fyrir. En sum þessi frumvörp eru þannig að í einu frv. eru felld úr gildi mörg lög og svo bara sagt: Ráðherra ákveður framkvæmdina með reglugerð. Ætli nokkurn tíma hafi tíðkast slík lagasetning á hinu háa Alþingi? Ég leyfi mér einnig að fullyrða að okkur hæstv. utnrrh. datt aldrei í hug hvorki í draumi né vöku að við þyrftum að ganga í gegnum þessa herleiðslu.

Í 4. gr. er dálítið athyglisvert ákvæði:

„Ráðherra, sem í hlut á, getur, ef sérstök nauðsyn krefur, sett reglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd EES-samningsins.“ Hæstv. forsrh. ræddi mikið um brot á stjórnarskránni í umræðu um stjórnarskipunarlögin þar sem Alþingi hefur veitt ráðherrum allt of víðtækar heimildir með reglugerðum og sem sumir lögfræðingar, sérstaklega prófessor Sigurður Líndal, hafa lagt sig fram um að skoða. Hvað segir hæstv.

forsrh. um þessa grein? Hér er bara sagt opið að ráðherra, sem í hlut á, sem sagt iðnrh., viðskrh., sjútvrh. og hver sem í hlut á, getur „vær så god" bara breytt öllum lögum með reglugerðum ef þær stangast á við EES. Það þarf ekki einu sinni að koma með þær til Alþingis. (**Gripið fram í:** Að eigin mati.) Já, að eigin mati, það stendur þar „ef sérstök nauðsyn krefur". Vitanlega að eigin mati, ráðherra er ábyrgur fyrir því. Hann þarf ekki að koma með það fyrir Alþingi. Ég held að engum geti dottið í hug að þetta standist. Ég vil skýra frá því að ég hef í utanrmn. óskað eftir því að leitað verði álits prófessors Sigurðar Líndals á þessu ákvæði, hvort þetta bókstaflega stenst. Í samræmi við hans ályktanir um ýmis lög þá held ég satt að segja að þetta standist ekki og það hljóti að þurfa að leggja fyrir Alþingi allar slíkar breytingar.

Ég vil að lokum taka það fram í þessu sambandi að ég hef oft sagt og stend við það enn að það er enginn kostur fyrir okkur Íslendinga að einangrast í alþjóðlegu samstarfi. Við höfum gert samning um EFTA. Ég skýrði frá því að ég studdi hann fyrir mitt leyti. Og ég studdi eindregið samninginn við EB og það er misskilningur hjá hæstv. forsrh., sem sagði einhvern tíma í þingræðu, ég held að hann hafi sagt eitthvað sem svo að Framsfl. hafi aldrei staðið að alþjóðlegum samningi en hefði tækifæri til að standa að honum núna. Samningurinn við Evrópubandalagið var gerður við ríkisstjórn Ólafs Johannessonar á árinu 1972, ef ég man rétt. Hann var gerður í þeirri ríkisstjórn. Og Framsfl. studdi eindregið þann samning og ég tel að sá samningur og bókun 6 hafi verið mjög mikilvægur samningur í raun og veru, að öllum líkindum miklu mikilvægara skref fyrir sjávarútveginn en það sem verið er að taka hér. Og ræða hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur hefur vakið mjög mikla athygli því að þar er talað af þekkingu um sjávarútveginn og að sjálfsögðu hljóta menn að krefjast þess að þeir sem þekkja sjávarútveginn gerst, eru þar forustumenn, komi fram og meti það öðruvísi en í almennum orðum hvaða hag sjávarútvegurinn hefur af þessum samningi. Við höfum talið að tollalækkanir og opnanir þýði svona 1,5–2 milljarða. Vitanlega er það rétt að sumt af því og kannski mikið af því fellur til neytenda. En okkur sagt núna að síldin sé ekki með. Þetta var mikið rætt á síðasta þingi og var sagt: Hafið ekki áhyggjur, þetta skýrist allt, hún er vissulega með. Nú er manni sagt að hún sé ekki með. Síldarútvegsnefnd fær engin svör við því hvort síldarflök séu með. Okkur var einu sinni sagt að það ætti eingöngu við síldarflök með einhverju ákveðnu kryddi. En nú er það á huldu og meira að segja er upplýst að þau lönd sem eiga hagsmuna að gæta í sambandi við síldina leggjast eindregið gegn því að síldarflök verði með í EES-samningnum, þ.e. lönd innan EB. Væri nú ekki verðugt verkefni fyrir hæstv. utanrrh. að gera sér jafnvel enn eitt erindi, þó að ég viti að hann sé orðinn leiður á því, og fara til Brussel og fá nú úr þessu skorið svo við vitum þetta í eitt skipti fyrir öll?

En eins og ég segi, við Íslendingar, þessi litla þjóð, verður vitanlega að vera í alþjóðasamstarfi. Og það er alveg hárrétt að Evrópubandalagið, eitt af þessum þremur efnahagsrisum sem nú berjast um yfirráðin í heiminum, mun, eða sá sem sigrar, ákveða reglurnar sem við verðum að beygja okkur undir. Við setjum ekki okkar eigin reglur í alþjóðlegum viðskiptum. En ég rakti það hins vegar hér síðast að við þurfum að gæta okkar afar mikið á því sem við fórnum fyrir aðild að slíkum samtökum. Ég ræddi það líka að vitanlega stendur lítil þjóð miklu veikar í öllu slíku. Þjóðverjar hafa ekkert að óttast frá okkar hendi. Við kaupum ekki upp Deutsche Bank eða einhver slík fyrirtæki þar, jafnvel þótt minni væru. En það er áreiðanlega rétt sem stundum hefur verið sagt að Deutsche Bank gæti keypt upp alla íslensku bankana á einum eftirmiðdegi og fyndi ekki fyrir því í sínum reikningum. Það er þessi afar misjafna aðstaða sem hlýtur að vekja menn til umræðu um hvernig smáríki, ef það vill halda sínu fullveldi og sjálfstæði, á að haga sér. En ég heyri það á sumum mönnum sem boða aðild að þeim virðist vera nokkuð sama um hvort Íslendingar halda sínu fullveldi og sjálfstæði.

Menn segja: Jú, jú. Menn hafa þegar fórnað miklu af sínu fullveldi. Ég tek undir það og við munum fórna ýmsu af okkar fullveldi, sjálfsákvörðunarrétti. Við hljótum að gera það t.d. í umhverfismálum. Það hljóta allar þjóðir að verða að gera. En það er vitanlega hrein endileysa að segja að fullveldishugtakið sé ekki enn þá í fullu gildi. Að sjálfsögðu er það í fullu gildi. Við erum að tala um að halda sjálfsákvörðunarrétti okkar, innan þeirra marka sem þjóðirnar í heiminum geta haldið sjálfsákvörðunarrétti sínum í breyttum heimi. Við erum að tala um það eins og það verður vonandi markað með alþjóðlegu samstarfi. Ég vil ljúka þessu með því að segja að við framsóknarmenn viljum stuðla að alþjóðlegu samstarfi. Við teljum að samninga við öll þessi stóru bandalög eða ríki sem nú berjast, þau eru þrjú, ætti að kanna og ég fagna því að hæstv. utanrrh. kannar slíkt við Bandaríkin. Við teljum hins vegar afar nauðsynlegt að gæta sín á því hvað við erum lítil og vanmáttug í öllum þessum slag og verðum þess vegna að halda vörnum okkar vel og gæta okkar mjög á því sem gerist í öllu þessu sambandi.

Ég vil líka segja í þessu sambandi að lokum að við framsóknarmenn erum svo sannarlega til viðræðu um ýmsar breytingar t.d. á því frv. sem við lögðum fram um stjórnarskrána. Ég tala vitanlega ekki fyrir aðra sem þar flytja málið. En það má auðvitað tryggja að stjórnarskrárákvæðið náist með öðrum hætti og er sjálfsagt að setjast niður og ræða um þá hluti. En eins og málið stendur núna sýnist mér afar vonlítið að Framsfl. geti stutt þetta mál, það þarf þá mikið að breytast og kannski gerist það.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég skildi ræðu hv. 7. þm. Reykn. þannig og ég vona að það sé rétt skilið hjá mér að ef svo færi að meiri hluti þingsins kæmist að þeirri niðurstöðu að ekki væri efni og ástæða til að breyta stjórnarskránni vegna EES-samningsins þá mundi Framsfl. leggjast gegn samningnum. Ég skildi hv. þm.

þannig og ég held að það sé dálítið nauðsynlegt fyrst þingmaðurinn sagði að stefna flokksins væri algerlega skýr að bæði ég og aðrir þingmenn og þjóðin viti hvort þetta er réttur skilningur. Þá þurfa menn ekkert að velkjast lengur í vafa um stöðu málsins en ég skildi hv. þm. svona og ég endurtek það. Ef meiri hluti þingsins metur það svo að óþarfi sé að breyta stjórnarskrá þó að lögfestur sé samningur um Evrópskt efnahagssvæði þá muni Framsfl. leggjast gegn samningnum um hið Evrópska efnahagssvæðið. Það er áríðandi að menn viti þetta vegna þess að hv. þm. nefndi ýmis önnur atriði sem ég ætti fremur von á að gætu orðið bærileg sátt milli núv. stjórnarflokka og Framsfl.

Hv. þm. nefndi sérstaklega í ræðu sinni að samningurinn eða eðli samningsins ætti að breytast í tvíhliða samning og menn væru ekki að stefna inn í Evrópubandalagið. Ég er honum algerlega sammála um þessi atriði. Ég hef áður sagt að ég telji að gerumst við ekki aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði þá muni vaxa mjög þrýstingur á það að menn vilji ganga beint inn í Evrópubandalagið. Og hv. þm. nefndi nokkur dæmi um slíkan þrýsting nú þegar.

Ég fyrir mitt leyti tel að að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæðið gerðum eigum við ekkert erindi inn í Evrópubandalagið. Ég tel engan þann ávinning af inngöngu inn í Evrópubandalagið eftir að við höfum gert samning um hið Evrópska efnahagssvæði sem mun réttlæta það að við gengjum í Evrópubandalagið. Og ég geri fyrir mitt leyti ekkert með það sem menn hafa sagt að það sé léttvægt hjá okkur og kannski lítilmótlegt að vilja gera samning af þessu tagi eins og Evrópski efnahagssamningurinn er en vera ekki í bandalaginu vegna þess að þar mundum við hafa áhrif. Ég tel að þau áhrif eðli málsins samkvæmt yrðu afskaplega lítil og ekki þess virði að kaupa þau þannig að ég er í hjarta mínu algerlega andvígur því að ganga inn í Evrópubandalagið, algerlega andvígur því. Ég tel líka að það sé ljóst að ef og þegar það gerist að hin EFTA-ríkin ganga eitt af öðru í Evrópubandalagið, sem margt virðist benda til að þau muni gera, þá muni eðli þessa samnings breytast í tvíhliða samning. Þá verði auðvitað að koma til endurskoðun á stofnanaþáttum samningsins til einföldunar en þá færist þessi samningur í það horf að hann verði tvíhliða samningur með öllu þeim ávinningum sem við teljum okkur hafa af samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði því að í rauninni held ég að það sé ekki um það deilt að flestir a.m.k. telja verulegan ávinning af samningnum þó að ýmsir hér inni telji hins vegar heilmikinn galla fylgja honum og felast í honum. Ég er ekki þeirrar skoðunar að sá galli sé verulegur. A.m.k. eru kostnirnir svo yfirgnæfandi að þeir geri meira en að réttlæta það að við göngum frá þessum samningi af okkar hálfu, þeir gera það hreinlega nauðsynlegt fyrir okkur.

Ég hef ekki kannað það sérstaklega hvort hv. 7. þm. Reykn. var á fundi æðstu manna EFTA-ríkjanna í Gautaborg 13.–14. júní, en ég geri fremur ráð fyrir því að hann hafi verið á þeim fundi. Hann andmælir því ekki úr sæti sínu að hann hafi verið á fundi æðstu manna EFTA-ríkjanna í Gautaborg 13.–14. júní. Þar gefa leiðtogarnir, og þar á meðal þá hann af okkar hálfu, eftirfarandi yfirlýsingu sem ég vil lesa brot úr, með leyfi hæstv. forseta:

„Nauðsyn ber til að koma á viðeigandi lagalegu og stofnanalegu kerfi til að tryggja fullt samræmi innan EES og til þess að hafa fullan gagnkvæman hag af EES. Slíkt kerfi ætti að gera ráð fyrir frumkvæðisrétti beggja aðila, sameiginlegri mótun og ákvörðun EES-reglna og jafnsterku og áreiðanlegu eftirliti og fullnustu reglna á öllu EES-svæðinu og sameiginlegum úrskurðaraðila sem hefði víðtækt umboð í EES-málum. Samningur verður þá og því aðeins pólitískt viðunandi og hefur tilskilin réttaráhrif ef ákvarðanatökuferillinn verður í raun sameiginlegur, bæði að því er tekur til efnisatriða og að formi til. Við erum sannfærð um að slíkt fyrirkomulag geti tryggt aðilum hans fullt sjálfsforræði við töku ákvarðana. Stofnanafyrirkomulagið á að tryggja að hvorugur aðili standi frammi fyrir orðnum hlut og viðeigandi þátttöku ríkjanna 19 og framkvæmdastjórnar EB. Við staðfestum áhuga okkar á að koma á skoðanaskiptum við Evrópubandalagið einnig meðal ráðherra."

Þetta er afskaplega markerandi yfirlýsing. Ég tel ekki að aðrir (**GHelg:** ...orðnum hlut.) — það er nefnilega ekki, það hefur engin breyting orðið á í þeim efnum. (**GHelg:** Þetta er alveg gjörsamlega grundvallarbreyting.) Það er það nefnilega ekki og reyndar aðrir leiðtogar EFTA-ríkjanna — hvort sem okkur líkar betur eða verr, hvort sem þetta lætur nú illa í eyrum fyrir suma af einhverjum ástæðum, þá hefur engin efnisleg breyting orðið í þessum efnum. Þetta leggja leiðtogarnir áherslu á að skrifa undir og hinir leiðtogarnir a.m.k. telja ekki að þarna hafi ekki orðið um breytingu að ræða sem breytir myndinni fyrir þá. Og þeir telja rétt eins og við teljum nú, ég er sannfærður um það, að í raun sé ekki um skerðingu á sjálfsforræði ríkjanna að ræða.

Ég fyrir mitt leyti get ekki hugsað mér að styðja tillögu um breytingu á stjórnarskránni, það hef ég sagt áður, og ég tel reyndar að sú tillaga sé afskaplega vafasöm að það sé látið í vald, að vísu aukins meiri hluta á þingi, að afsala sér hvers konar fullveldisrétti þjóðarinnar, hvorki meira né minna. Mér finnst alveg með ólíkindum og ótrúlegt að forustumenn þriggja flokka skuli hafa sameinast um að flytja tillögu af því tagi því að þá gæti aukinn meiri hluti á Alþingi aflétt og afsalað hvers konar fullveldisrétti þjóðarinnar án þess að gera yrði að gera breytingu á stjórnarskránni og hafa kosningar á milli. Það er nefnilega hárrétt sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði að stjórnarskrárgjafinn er annar en löggjafinn eins og hann reyndar hafði eftir hygg ég Ólafi Jóhannessyni stjórnlagaprófessor.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er því miður ekki tími til að koma inn á ýmis mjög athyglisverð mál sem hæstv. ráðherra nefndi en ég verð þá að gera það í annarri umræðu. En fyrst vil ég taka það skýrt fram að það er rétt skilið hjá hæstv. ráðherra að ég get ekki mælt með því að þessi samningur verði studdur án þess að stjórn-

arskránni verði breytt. Ég tók það hins vegar skýrt fram að það væri miðstjórnin sem ákvæði lokaafstöðu Framsfl. En ég sagði líka að ég teldi mig geta haft nokkur áhrif á það að vísu. Það er bara mín samviska segir að þetta sé stjórnarskrárbrot.

Mér þótti hins vegar afar vænt um að heyra það og ég þakka hæstv. ráðherra að hann er mér sammála um að það eigi, að því er mér skildist, að marka stefnuna svo að þessu verði breytt í tvíhliða samning og ég vil eindregið ráðleggja hæstv. ráðherra að ná þessu í gegn og fá þetta bókað og staðfest og samþykkt hér á hinu háa Alþingi. Sömuleiðis fagna ég því að sjálfsögðu að allir þeir fyrirvarar verði gerðir og girðingar reistar sem menn hafa talið nauðsynlegar og við munum vitanlega styðja slíkt. En ég sagði hins vegar, hæstv. forsrh., að ég fyrir mitt leyti væri a.m.k. tilbúinn að setjast niður og athuga hvort breyta mætti stjórnarskránni á einhvern annan máta og ég er tilbúinn til þess, ég býð það hér. Ef menn telja þetta vera of langt gengið þá skulum við bara skoða hvort ekki eru aðrar leiðir. Það eru margar aðrar leiðir. Það er hægt að setja ákvæði í stjórnarskrána eingöngu um þennan samning að þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar sé heimilt að gera hann. Eigum við ekki að gera þetta svo að við getum þá mæst?

En síðan út af yfirlýsingunni í Gautaborg, þá er það rétt sem gripið var fram í, hún er bara allt annars eðlis en niðurstaðan varð. Hún er tvær stoðir en niðurstaðan er stoð og ein hækja. Í þessari yfirlýsingu er gert ráð fyrir frumkvæðisrétti beggja aðilanna og sjálfsákvörðunarrétti beggja aðilanna. Ég mun ræða þetta miklu nánar við 2. umr. en hef ekki tíma til að fjalla nánar um það nú.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem hæstv. ráðherra sagði síðast um stjórnarskrárfrv., sem nokkrir þingmenn stjórnarandstöðunnar flytja, vil ég benda á að í dag er málið þannig að einfaldur meiri hluti þingmanna getur gert þessa samninga ef þessi sami meiri hluti að eigin mati túlkar stjórnarskrána þannig að það sé heimilt. Það frv. er því þrengra en núverandi staða er og þess vegna er það fram komið. (**Gripið fram í:** Getur þingmaðurinn endurtekið þetta.) Það verður að bíða aðeins. Ég ætla að fara í það sem ég hafði hugsað mér að veita andsvar við.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. vegna mats hans á EES-samningnum sem kom fram í ræðu hans hvort hann teldi þann samning í samræmi við þá bók sem nefnist Velferð á varanlegum grunni þar sem sett er fram stefna og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar. Þar segir um utanríkisviðskipti á bls. 38 að það sé meginmarkmið ríkisstjórnarinnar að tryggja íslenskum sjávarútvegi jafna samkeppnisaðstöðu á við erlenda keppinauta. Ég spyr hæstv. forsrh. hvort hann telji að EES-samningurinn hafi tryggt íslenskum sjávarútvegi þessa samkeppnisstöðu í ljósi þeirra ríkisstyrkja sem tíðkast í sjávarútvegi í Evrópubandalagslöndunum. Ég vil líka spyrja hann um það sem fram kemur á sömu síðu, að það er verði að sporna við þeim skekkjuáhrifum sem ríkisstyrkir geta haft á eðlileg viðskipti, hvort samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið uppfyllir þessi grundvallarmarkmið ríkisstjórnarinnar.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það veit þingmaðurinn jafn vel og ég og lá ljóst haustið 1990 fyrir að full fríverslun með fisk mundi ekki nást. Engu að síður hélt páv. ríkisstjórn og utanrrh. hennar samningaviðræðum áfram í málinu þannig að sá kafli sem þingmaðurinn las á ekki við um það að menn telji á þeirri stundu að hægt sé að knýja það fram í þessum samningum að um verði að ræða hreina fríverslun með fisk. Það náðist ekki fram og það lá fyrir þegar haustið 1990. Þetta hygg ég að þingmaðurinn viti.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var ekki einungis að tala um fríverslun með fisk heldur það sem stendur í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að tryggja íslenskum sjávarútvegi jafna samkeppnisaðstöðu, þar með talið með hliðsjón af ríkisstyrkjum. Þessi kafli er skrifaður af núv. ríkisstjórn eftir að hún kom til valda og hlýtur að vera lýsing á þeim markmiðum sem hún gefur sér og telur raunhæft að ná þannig að svar hæstv. forsrh. gengur ekki upp og dugar mér ekki. Það er verk núv. ríkisstjórnar að hafa skrifað upp á það sem grundvallaratriði að Evrópubandalagið megi í framtíðinni styrkja sinn sjávarútveg, sem er að keppa við okkar sjávarútveg, um gríðarlegar upphæðir á hverju ári.

Auður Sveinsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu mál sem öðru fremur er eitt það mikilvægasta sem til umræðu hefur verið á hv. Alþingi frá lýðveldisstofnun. Við stöndum frammi fyrir máli sem á víðtækan hátt hefur áhrif á land okkar og þjóð verði samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði samþykktur. Samningurinn ásamt öllum viðaukum, bókunum og reglugerðum er þess eðlis að verði hann samþykktur getum við haft ákaflega lítil áhrif á breytingar hvað ýmis mál varðar, einfaldlega vegna þess að hann verður rétthærri íslenskum lögum.

Allir samningar hafa kosti og galla, öðruvísi væru það ekki samningar. Þannig er þessu einnig farið með EES-samninginn þó að ég verði að játa að ég á bágt með að koma auga á kostina, gallarnir eru það miklir.

Virðulegur forseti. Ég ætla að leyfa mér að fara nokkrum almennum orðum um hið Evrópska efnahagssvæði og Efnahagsbandalagið er varða umhverfismálin. Þannig er nú komið í heiminum í dag að við blasir hraðfara vistfræðileg kreppa. Um það eru flestir sammála og allir vilja auðvitað forðast þannig hörmungar og stuðla að betra umhverfi. Hins vegar þegar kemur að því að hægt sé að breyta gangi mála á raunhæfan, sumir mundu kalla það róttækan hátt, þá er sem sláí í bremsu og vikist til hliðar ef um fjárhagslega hagsmuni er að ræða. Á heimsvísu stendur baráttan

milli aukins hagvaxtar, aukinnar neyslu og samkeppni ríku þjóðanna annars vegar og hins vegar tillits til fátækari þjóða eða þriðja heimsins, umhverfisins og sjálfbærrar þróunar. Það er dapurlegt að sú skýrsla Sameinuðu þjóðanna, sem einna mestum straumhvörfum hefur valdið í umfjölluninni um ástand umhverfisins og náttúruauðlinda heimsins og þar sem hugtakið „sjálfbær þróun" gengur sem rauður þráður í gegn, sé kennd við Gro Harlem Brundtland, forsætisráðherra Noregs, einn fremsta talsmanns Norðmanna að aðild þeirra að Evrópska efnahagssvæðinu og Evrópubandalaginu.

Staðreyndin er nefnilega sú að *sá samningur, sem* Alþingi Íslendinga og jafnframt norska stórþingið hafa til umfjöllunar á þessum haustdögum varðandi þátttöku í EES og sem jafnframt er fordyrið að Efnahagsbandalaginu, samræmist á engan hátt þeim hugmyndum sem settar eru fram um sjálfbæra þróun, alþjóðasamvinnu um umhverfismál, aðstoð við þriðja heiminn, skynsamlega nýtingu auðlinda né þátttöku almennings í verndun síns umhverfis.

Þessi samningur um Evrópska efnahagssvæðið, sem byggir á grundvallarhugmyndum Efnahagsbandalagsins, eykur enn á *muninn milli ríkra og fátækra. Hann* er gerður til að einangra nokkur ríki í bandalagi þar sem þau gæta aðeins sinna sérhagsmuna. Þetta er fyrst og fremst verslunarbandalag þar sem markmiðið er að búa svo um hnútana efnahagslega að ekki komi til stríðsátaka milli stórþjóða Evrópu og til þess eru þau verkfæri notuð m.a. að auka hagvöxtinn, auka framleiðslu, neyslu og samkeppni svo að hægt sé að keppa við risaveldin, Japan og Norður-Ameríku. Slíkur vöxtur getur aldrei orðið öðruvísi en með rányrkju á auðlindir jarðar þar sem enn frekar er gengið á umhverfið og rétt *hinna fátækari þjóða. Slík vinnubrögð auka* heldur ekki á samvinnu ríkra þjóða og fátækra sem er eitt af meginskilyrðum þess að þessi jörð verði íbúðarhæf í framtíðinni.

Svo ég vitni í orð Nóbelsverðlaunahafans í hagfræði, Trygve Haavelmo, með leyfi forseta:

„Áframhaldandi hagvöxtur meðal ríku þjóðanna er skelfileg hugsun því ef fylgja á Evrópubandalagssinnum um hagvöxt sem talinn er þurfa að vera 4% á ári þá munum við á 100 árum margfalda neyslu okkar fimmtíu sinnum."

Markaðsöflin eiga að ráða, önnur markmið koma langt niður á listann, svo sem staða og réttindi kvenna, ýmiss konar félagsleg réttindi ásamt umhverfisvernd.

Stöðugt fleiri gera sér grein fyrir því að aukinn hagvöxtur er brjálæði fyrir áframhaldandi veru manna á jörðinni og þá er ég ekki að tala um að ástandið versni á einu eða næsta kjörtímabili, eins og allt of mörgum er tamt að hugsa, heldur næstu áratugi eða fram á næstu öld.

Í náttúrunni er þannig vaxtalína sem nú blasir við skilgreind sem hættumerki sem bendir á hraðfara vöxt *illkynjaðs æxlis.*

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að gera það að tillögu minni að umrædd skýrsla Sameinuðu þjóðanna, sem ber heitið „Sameiginleg framtíð okkar", muni framvegis ekki verða kennd við frú Brundtland því að *í stuttu máli sagt er Evrópubandalagið og þar með Evr*ópska efnahagssvæðið algjör andstaða þess hvað heimurinn þarf í dag séð með augum umhverfisverndar.

Eins og flestum mun vera kunnugt fór sendinefnd á vegum Íslands á alþjóðaráðstefnu um umhverfismál sem haldin var í Ríó í júní sl. Í þessa ráðstefnu var varið miklum tíma til undirbúnings og dreg ég ekki í efa að íslensku þátttakendurnir ásamt starfsmönnum umhvrn. hafi ekki dregið af sér til að koma á framfæri þeim hagsmunum Íslendinga sem stuðlað gætu að betri og meiri umhverfisvernd á alþjóðavísu. Hitt er svo annað mál að fróðlegt væri að fá yfirlit um það hvaða braut er talin vera sú vísasta til að umhverfi heimsins verði ekki stefnt í óefni. Mér þætti því afar fróðlegt ef hæstv. umhvrrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar gæti dregið saman í skýrslu þær ályktanir sem hann dregur af umfjölluninni um ástand mála og hvað væri til ráða eftir umræddа Ríó-ráðstefnu því að tilgangurinn hlýtur að vera sá að draga saman ályktanir sem lagðar eru fyrir ríkisstjórn sem síðan getur stefnt að beinum aðgerðum í umhverfismálum.

Í framhaldi af því væri athyglisvert að fá samanburð á *því hvernig EES-samningurinn og* Evrópubandalagið samræma slíkt. Staðreyndin er nefnilega sú að samningurinn um EES getur aldrei samræmst þeirri umhverfisvernd sem er raunhæf. Mörg dæmi væri hægt að taka og e.t.v. er núna nærtækasta dæmið barátta dönsku og sænsku náttúruverndarsamtakanna gegn fyrirhugaðri brú yfir Eyrarsund. Það er fyrirliggjandi staðreynd að umhverfislegar afleiðingar hennar verða gífurlegar varðandi lífríkið í Eyrarsundi svo ekki sé talað um áhrif aukinnar umferðar á Kaupmannahafnarsvæðið og þjóðbrautina gegnum Danmörku.

Í *lögum Evrópubandalagsins er gert ráð fyrir* að skjóta megi slíkum málum til umfjöllunar í umhverfismálaráðinu og var það m.a. gert á forsendum þess að umhverfismat hefði ekki legið fyrir. Þetta eru m.a. þau ákvæði sem verið er að veifa framan í umhverfisverndarsinna sem einhverri tryggingu um betri og öruggari málsmeðferð. Sannleikurinn er bara sá að málið er ekki afgreitt og litlar líkur á að nokkur árangur náist. Almenningur á engan rétt á að segja skoðun sína í þessu máli. Það er vegna þess að kerfið í Evrópubandalaginu sem verður jafnframt allsráðandi í EES er *ólýðræðislegt embættismannakerfi sem* einstaklingarnir hafa enga möguleika á að hafa áhrif á né koma skoðunum sínum á framfæri.

Annað dæmi væri hægt að taka en það eru flutningar í Evrópu. Samkvæmt lögum EB og þar með EES má ekki hefta flutninga né verslun milli landa og þá er verið að tala um aukningu í vöruflutningum á þjóðvegum um 42% að árinu 2010. Fjöldi einkabifreiða mun aukast um 45%, allt til að styrkja innri markað bandalagsins á sama tíma og baráttan stendur um að draga úr koltvísýringsmengun í andrúmsloftinu, en eins og vitað er þá er bíllinn einn stærsti mengunarvaldur hvað varðar koltvísýring. Talað er um að það þurfi að draga úr koltvísýringsmengun um 80% frá því sem er í dag ef vel á að vera, en *nefnd Sameinuðu þjóðanna* sem fjallar um þessi mál ráðleggur hins vegar lækkun

um 60%. Hver og einn hlýtur að sjá þverstæðurnar í þessu. Fleiri dæmi er hægt að taka, eða hvernig verður samkeppnisstaða okkar hér með okkar hreinu náttúruafurðir, grænmeti, kjöt og aðrar landbúnaðarafurðir þegar kröfur um eiturefni og rotvarnarefni í matvælum verða þannig að okkar vörur eru á engan hátt samkeppnishæfar. Það sjáum við m.a. glöggt á hollenskum tómötum sem koma í verslanir í maí og eru ekki enn farnir að rotna seinni part sumars þegar íslenska framleiðslan kemur á markað.

Samkvæmt þessum samningi þarf að rýmka verulega allar heimildir um eiturefni og meðferð þeirra þótt íslensk lög, núverandi lög og reglugerðir um eiturefni séu mjög góð að flestra mati.

Ég vil enn fremur benda á að frjáls verslun, eða réttara sagt óheft verslun gildir einnig um flutning á eitruðum úrgangi, þ.e. verslun með og flutningur á eiturefnum verður óheftur án þess að til komi nokkurt eftirlit né trygging um meðferð þessara mála. Hvernig iðnríkin hugsa eða hugsa ekki í þessum efnum kemur skýrt í ljós þegar rifjað er upp hvernig ruslahaugar Austur-Evrópu voru fylltir af rusli, þar með talið eitri, frá Vesturlöndum, eða það sem minnst var á í fréttum ekki alls fyrir löngu að stórfyrirtæki Evrópu væru jafnvel að notfæra sér eymdina í Sómalíu og greiða þeim þar fé gegn geymslu á hættlegum úrgangi frá okkur, neysluríkjunum.

Með EES-samningnum þurfum við að taka yfir lög og reglugerðir sem verða okkar lögum rétthærri. Mörg hver eru ekki miðuð við aðstæður okkar eða sérstöðu, en tíðrætt hefur verið um þann kostnað sem samningurinn hefur í för með sér og fyrir liggja beinar tölur varðandi samningsgerðina samkvæmt þeim upplýsingum sem við fengum frá utanrrh., auk þess er vitað hver hagnaður af tollaívilnunum af hluta sjávarafurða er fyrir þjóðarbúið. En hver raunverulegur kostnaður er liggur ekki fyrir og ég leyfi mér að efast um að þar séu öll kurl komin til grafar því í marga kima er að líta.

Með samningnum er auk allra lagaákvæða verið að samþykkja ótal tilmæli og reglugerðir sem munu hafa umtalsverðan kostnað í för með sér.

Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. umhvrh. sem er reyndar ekki viðstaddur í kvöld, hver verður kostnaður sveitarfélaganna í landinu í sambandi við förgun eiturefna, sorphirðu, frárennslismál, skipulagsmál, svo eitthvað sé nefnt. Auðvitað þarf að koma mörgum málum í lag hér á landi því víða er pottur brotinn. En við þurfum ekki á EES-samningnum að halda til þess. Þau lög sem til þarf er hæstv. Alþingi fullfært um að setja. Þetta á ekki eingöngu við um umhverfismálin heldur enn fremur um neytendamál og ótalmörg önnur mál. Samningurinn gerir ráð fyrir reglugerðum sem við verðum að fylgja. Hluti af þeim er tekinn með í þessu riti um Evrópska efnahagssvæðið sem umhvrn. hefur látið gera en fremur lítið er gert úr þeim kostnaði sem mun fylgja. Með leyfi forseta vil ég nefna dæmi, en samkvæmt tilskipunum varðandi loftmengun ber að setja upp og reka mælistöðvar vegna bindandi ákvæða um loftgæðarannsóknir og upplýsingaskyldu. Okkur Íslendingum er því gert að mæla mengun í andrúmsloftinu og ber að setja upp mælistöðvar til þess að kanna þetta. Þá kemur upp í hugann að erfiðleikar virðast vera á áframhaldandi rekstri þeirrar einu mælistöðvar sem er til á landinu á vegum Hollustuverndar ríkisins og staðsett er á Miklatorgi. Ef ekki er hægt að halda þeim rekstri áfram, hvað þá með þessa tilskipun samkvæmt EES-samningnum um mælingar á loftmengun? Þetta var eingöngu eitt lítið, einfalt dæmi, en þannig eru þau mörg. Ég leyfi mér að álíta að þau hafi ekki verið reiknuð út til hlítar.

Hér á Norðurlöndum búum við við sterkari umhverfisvernd en víðast hvar í Evrópu en með EES-samningum munum við fá veikari stöðu og minni möguleika á að sinna umhverfisvernd miðað við okkar sérstöku aðstæður. Samningurinn mun, eins og ég hef áður bent á, hafa það í för með sér að við þurfum að yfirtaka lög og reglur Evrópubandalagsins og það þýðir m.a. að þátttaka almennings, frjálsra samtaka í ákvarðanatöku á sviði umhverfismála, verður ákaflega takmörkuð. Ákvarðanir verða teknar langt fjarri hinum einstöku byggðarlögum og þjóna ekki á nokkurn hátt hagsmunum íbúanna. E.t.v. er höfnun hæstv. ríkisstjórnar á beiðninni um þjóðaratkvæðagreiðslu vísbending um það sem koma skal þar sem fólkinu í landinu er hvorki ætlað að hafa vit né skoðun á um hvað málin snúast. Hæstv. utanrrh. hefur gert lítið úr þekkingu landsmanna á EES-samningnum. Auðvitað er ekki hægt að ætlast til að þorri fólks hafi lesið sig í gegnum öll þau skjöl sem fylgja málinu en rökin gegn samningnum varðandi skerðingu á sjálfstæði okkar fámennu þjóðar og frelsi til að fara með eigin mál eru það sterk að mikil og öflug andstaða er gegn samningnum um allt land. Þessi andstaða fer ekki hátt en hún er þar. Fólkið á rétt á að fá að segja skoðun sína í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er nefnilega ekki þannig að ef við höfnum EES-samningnum eða Evrópubandalaginu verðum við útskúfuð og einangruð frá Evrópu. Það er hægt að gera samninga í viðbót við þá sem þegar hafa verið gerðir og þjóna hagsmunum okkar vel.

Í athyglisverðri grein sem hinn þekkti norski prófessor Torstein Eckhoff hefur ritað, afneitar hann algjörlega þeirri skoðun að höfnun á þátttöku í EES leiði til einangrunar, eymdar og volæðis, heldur að margir aðrir góðir möguleikar séu til staðar og ekki sé verið að loka neinum gáttum.

Það er ekki að ástæðulausu að náttúruverndarsamtök Norðurlanda eru andvíg aðild að Evrópska efnahagssvæðinu og Evrópubandalaginu og hafa lýst því opinberlega yfir. Ástæðan er einföld. Samningurinn um EES þjónar á engan hátt hagsmunum umhverfisverndar, með öðrum orðum framtíðarhagsmunum íbúa jarðarinnar til lífvænlegra umhverfis.

Evrópubandalagið og Evrópska efnahagssvæðið eru fullkomlega í andstöðu við þær aðgerðir sem eru brýnastar á alheimsvísu. Af þeirri einföldu ástæðu er ég algjörlega andvíg aðild að EES eða Evrópubandalaginu og veit að þeir, sem annt er um að lífríki jarðar og auðlindum verði ekki misþyrmt, eru sama sinnis.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill leyfa sér að upplýsa þar sem nú er nokkuð liðið á kvöld, að eins og mælendaskrá er núna eru allar líkur á að þessi umræða standi lengi fram eftir nóttu og forseti telur því ástæðu til að fara þess á leit að hv. þm. reyni sem best þeir mega að þjappa máli sínu saman.

Árni R. Árnason:

Frú forseti. Um þetta dagskrármál verður að segja að það er stórt, viðamikið og flókið. Það snertir flesta eða alla þætti athafnalífs í landinu og mun skipta miklu um efnahag okkar og lífskjör um næstu framtíð. Á því eru margar hliðar. Þetta hefur vissulega verið tekið fram í umræðunni en í einum hluta hennar staðhæfði hv. 8. þm. Reykn. að ég hafi haldið fram þeirri blekkingu í blöðum á Suðurnesjum að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði muni leysa vanda atvinnulífsins. Það eru stór orð, en hann fór þar með rangt mál eða hefur ekki skilið það sem eftir mig hefur verið birt.

Ég hef hins vegar ítrekað tjáð þá skoðun mína að með samningnum munu samkeppnisskilyrði atvinnugreina okkar batna að mun og enn fremur að með honum bjóðist okkur tækifæri til að fullvinna sjávarfang meira en hingað til og flytja þannig út vaxandi verðmæti í formi neytendavöru í stað lítið unnins eða óunnins hráefnis. Með samningnum munu breytast verulega þeir tollar sem við greiðum nú af afurðum okkar til Efnahagsbandalags Evrópu, þar er okkar langstærsti útflutningsmarkaður, þangað höfum við um árabil flutt frá um 60% og upp í nær 70% af útflutningsvörum okkar og fer það hlutfall vaxandi. Ástæða þess er augljós, þar fást betri verð fyrir vörur okkar en á öðrum mörkuðum.

Af vöruútflutningi okkar undanfarin ár, sama tímabil, eru sjávarafurðir frá 70% og upp í 80% og þar af höfum við flutt um 70% af sjávarafuðrðum til Evrópubandalagsins.

Árið 1990 greiddum við sem næst 2,1 milljarði í tolla af sjávarafurðum til EB, en með samningnum falla ¾ hlutar þess niður strax á fyrsta samningsárinu, 1. jan. 1993, ef okkur og öðrum samningsaðilum tekst að staðfesta samninginn. Í ársbyrjun 1997 munu þessir tollar fallnir niður að 9/10 hlutum.

Fyrir fáum vikum kom fram að rekstrarframlag í sjávarútvegi í landinu til fjármagnskostnaðar og afborgana muni á ársgrundvelli vera yfir 7,5 milljörðum króna. Því hefur verið haldið fram að við munum ekki njóta þessara fyrrnefndu tollalækkana, neytendur í Evrópu hafi greitt þeim mun hærra verð fyrir vörur okkar og munu krefjast hennar í sinn hlut. Ég álít þetta á misskilningi byggt, ég fæ ekki séð að við stjórnum því hvaða verð neytendur í Evrópu borga fyrir vörur okkar, þær eru þar í samkeppni við önnur matvæli, aðrar afurðir, og neytendur hafa um að velja hvaða vöru og hvaða verð þeir vilja greiða. Verðið ræðst því á markaði þar sem samkeppnisforsendur framboðs og eftirspurnar ráða.

Þess vegna álít ég að við tollalækkun muni útflytjendur, framleiðendur þessara afurða hér heima fá í sinn hlut og fyrir sinn snúð, hækkað verð. Tollalækkunin mun koma í hlut okkar og hún mun strax á fyrsta ári nema um 20% hækkun á framlegð þessarar starfsemi. Hún mun hækka að einum fimmta. Þá þegar hlýtur þetta að bæta samkeppnisskilyrði sjávarafurðanna verulega og bæta afkomu sjávarútvegsins og mun ekki vanþörf á. Ég hef sett fram þá skoðun mína að með þessum tollalækkunum opnist færi á að flytja hingað heim vinnslu íslenskra afurða sem hefur farið fram erlendis að undanförnu, í Evrópu. Sem dæmi má nefna að íslensk sölusamtök hafa um árabil flutt blautverkaðan saltfisk til þurrkunar og annarrar vinnslu í Frakklandi fyrir neytendamarkað EB. Þar eru nú á þeirra vegum starfandi 100–130 manns að jafnaði. Við fiskiðnað okkar sem hefur nú hér heima nær horfið á sama tíma, en fyrir nokkrum árum voru hér á landi álíka margir starfandi við sömu störf. En þau eru nú flutt til Frakklands. Ég vænti þess að þau muni koma hingað aftur en ástæðurnar fyrir þessu má rekja til viðskiptaforsendna, samkeppnisskilyrða, tolla. Það hljóta að verða miklar breytingar á afkomumöguleikum saltfiskverkunar sem á næsta ári fær niðurfellda tolla sem nemur einum milljarði. Þess vegna vænti ég að þetta muni í fyllingu tímans geta flust hingað heim.

Ég hef enn fremur sett fram þá skoðun mína að með samningnum opnist okkur mikil færi til nýrrar fullvinnslu á neytendavörum og sjávarfangi og veruleg aukning muni verða á verðmæti sjávarafurðanna frá því sem nú er. Nú fer mikill hluti útfluttra sjávarafurða í vinnslu erlendis í Evrópu, einkum ísfiskur, heilfrystur fiskur, blautverkaður saltfiskur sem ég nefndi áðan, jafnvel fryst flök. Við erum enn útflytjendur hráefnis.

Ég er viss um að ef okkur tekst að fóta okkur á framleiðslu neytendavöru, fullunninnar vöru, þá munum við hafa miklu betri afkomu af þessari meginatvinnugrein okkar. Þessi samningur gefur okkur færi á því.

Ég hef nokkuð rætt um það sem ég tel vera líkur á bættum starfsskilyrðum og sóknarfærum í íslenskum sjávarútvegi. En lækkun tolla bætir samkeppnishæfni hans og gefur færi á að sækja meiri verðmæti með þeirri framleiðslu sem ég hef nefnt. Hún verður aukin umsvif í sjávarútvegi og í fiskvinnslu og þess vegna veruleg aukning á vinnuaflsnotkun í þeirri grein og hvað þýðir það annað en fleiri atvinnutækifæri? Það er mín bjargföst sannfæring að þessi sóknarfæri opnist með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði en það er atvinnulífsins, fyrirtækjanna, athafnamanna og frumkvöðla að grípa tækifærin, nýta sóknarfærin. Ég treysti þeim til þess.

Í sjávarútvegi, iðnaði og ferðamannaþjónustu vænta frumkvöðlar þess að við, löggjafinn, höfum einurð til að taka upp það víðtæka viðskiptasamstarf við aðrar Evrópuþjóðir sem samningurinn leggur grundvöll að. Frumkvöðlar sem lagt hafa drög að nýrri starfsemi, svo sem þjónustu heilsuhótela og baðstaða fyrir almenna ferðamenn og vanheila borgara annarra landa bíða þess að þeim opnist markaðir Evrópu sem eru langmikilvægastir í slíkri þjónustu og þeir munu opnast með

samkvæmni í reglum og gæðakröfum sem samningurinn býður upp á. Einnig þessum starfsgreinum opnar samningurinn ný sóknarfæri og með nýtingu þeirra eflast þær til nýrra átaka, til nýrrar starfsemi með eðlilegri von um aukinn hagnað og betri afkomu. Það gefur hins vegar auga leið að til þarf markaðsstarf og fleira sem mun kosta fjármuni en þeim fjármunum verður vel varið til þess að auka tekjur og bæta hag.

Auðvitað fylgja hættur samkeppni og nýmælum og aldrei verður fyrir það komist með öllu að einhverjum verði fótaskortur. En á öðrum sviðum, sem samstarfið nær til, opnast okkur einnig betri færi en að undanförnu, t.d. í menningar- og menntamálum þar sem við fáum aðgang að víðtækum samstarfsverkefnum um víðtækt þróunarstarf sem vænta má að leiði fram nýjungar og tækniframfarir, einnig hér á landi.

Í umhverfismálum opnast okkur samskipti og samstarf um þau viðfangsefni sem líkleg eru til þess að skipta mestu um lífskjör okkar og lífsgæði í framtíðinni auk þess sem á því sviði munu mótast þeir mælikvarðar sem um síðir munu gera orkulindir okkar samkeppnishæfari en þær eru nú með kröfum um hreina orkugjafa eða hugsanlega að skattleggja hina sem menga.

Ef ekki vegna efnahagsskilyrða þá vegna umhverfishagsmuna skiptir okkur gríðarlegu máli að við veljum okkur ekki það hlutverk að vera hornkerlingar í samfélagi og samstarfi þjóðanna.

Ég álít að hlutverk löggjafans sé að móta atvinnulífinu reglur um afnot þess af auðlindum og framlagi til starfa og þarfa samfélagsins og ekki hvað síst leikreglur um samskipti þess og samkeppni. Þær reglur skapa því starfsskilyrði en með gerð þessa samnings verða atvinnulífi okkar sköpuð ný skilyrði með mótun leikreglna um samskipti og samkeppni við erlenda keppinauta á grundvelli jafns réttar til umsvifa. Meginatriði samningsins eru ákvæði um samkeppnisreglur og um eftirlitsstofnun og dómstól til að framfylgja þeim.

Mikið hefur verið rætt um það hvort þessi ákvæði varði sjálfstæði og fullveldi okkar ásamt ákvæðum um hvernig fara skuli með gerð nýrra reglna og hvernig þær fái gildi á svæðinu. Ég ætla ekki að blanda mér mjög í þá umræðu að svo komnu. Þó skal ég geta þess að ég tel samkvæmt framansögðu að með samningnum sé skapaður nýr réttur. Lögsaga íslenskra stofnana, dómsvalds og framkvæmdarvalds nær aðeins til hluta þess, þ.e. til okkar lands og af þeim sökum tel ég það sama eiga við og gilt hefur um árabil hvað varðar úrskurði og dóma norrænna dómstóla yfir íslenskum þegnum og lögaðilum. Hér hefur komið fram að þeir eru taldir komnir undir lögsögu þeirra með gerðum sínum í lögsögu réttarins þó ekki sé íslenskur.

Hvað varðar tilurð nýrra reglna og laga sýnist mér einnig hið sama eiga við og gildir í raun samkvæmt öðrum samningum okkar við aðrar þjóðir, hvort sem þeir eru tvíhliða, fjölþjóðlegir eða alþjóðlegir. Svo margir þeirra samninga hafa fært íslenskum þegnum rétt sem ekki var áður skilgreindur í okkar lögum eða erlendum þegnum og lögaðilum rétt hér á landi. Nokkur dæmi eru þess að lög okkar hafi ekki reynst standast þá samninga og hefur lögunum þá verið breytt en ekki samningunum. Við höfum breytt lögum af þeim sökum án frumkvæðis Alþingis og enn bíða slík mál sem varða rétt bæði íslenskra og erlendra borgara og lögaðila hér á landi og kalla á að við breytum lögunum. Ég sé ekki mun á þessu og því sem vænta má í löggjafarstarfi vegna væntanlegrar framþróunar hins Evrópska efnahagssvæðis. Ég tel þess vegna að staðfesting þessa samnings krefjist ekki breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins.

Það sem ég hef sagt hér að framan eru meginástæður mínar fyrir því að mæla með staðfestingu samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Ég hef vissulega ekki rætt mörg atriði sem verðskulda umræðu en læt samt sem áður hér staðar numið. Ég nefni þó að lokum að varla getum við vænst þess í samningum að fá fram allar okkar kröfur. Það væru þá varla virðulegir viðsemjendur hinum megin borðsins. Ég hlýt að taka fram vegna þess að hér hefur verið minnst á að landsmenn séu í vafa um ávinning og gildi, kosti og galla þessa samnings. Eðlilega eru þeir óráðnir og líta til okkar. En þeir eru líka í vafa um eftirtalin atriði sem ég tel þá eiga rétt á svörum við í ljósi þess hversu lengi samningamálin hafa verið til umfjöllunar hjá hæstv. ríkisstjórnum, hæstv. ráðherrum og hv. utanrmn. Alþingis:

1. Hvers vegna var ekki fyrr en nú lagt fram frv. nokkurra hv. þm. um að breyta stjórnarskránni með tilliti til þátttöku okkar í samningum við önnur ríki og með öðrum ríkjum?

2. Hvers vegna leggur Alþb. fyrst nú fram hugmynd um tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið þegar hv. þm. þess höfðu áður gengið í móti slíkri hugmynd?

3. Hvaða starfsskilyrði atvinnuvega, hvaða lífskjör ætla þeir að bjóða landsmönnum sem mæla nú fastast gegn staðfestingu þessa samnings?

Ég hygg að landsmenn eigi nokkra kröfu á að fá svör við slíkum spurningum. Aðrir kostir hljóta að skipta þá máli þegar þeir ætla að taka afstöðu til málsins.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála síðasta ræðumanni að því leyti til að tollalækkanir á fiski eru að sjálfsögðu hluti af kostum þessa samnings. Hins vegar fengum við ekki þá fríverslun sem við báðum um. Hér stöndum við frammi fyrir því að við erum að vega og meta bæði kosti og galla, reikna út heildarávinning og jafnframt að meta það hvort við kostum of miklu til og þá meina ég bæði efnahagslega og á annan hátt. Ég vil minna á að nú liggur ekki fyrir fiskveiðisamningur sá sem við þyrftum mjög tilfinnanlega að hafa í höndunum við þessa umræðu.

Í öðru lagi vil ég benda á að það er fleira en tollalækkanir sem valda því að vara er samkeppnisfær og jafnframt að ákveðið er að halda uppi vinnu á einum stað en ekki öðrum. Þá vil ég sérstaklega benda á það, sem hér hefur komið fram, að orkuverð hefur mikið að

segja um það hvar vinnsla er ákveðin. Og það er fleira. Evrópubandalagið er með mjög yfirgripsmikla styrki til alls sjávarútvegs og við þessar óréttlátu aðstæður erum við að keppa.

Hins vegar get ég enn og aftur tekið undir það að allt sem getur valdið atvinnusköpun er að sjálfsögðu mjög gott. Ég hef efasemdir um að við séum hér að finna lausn sem dugar okkur langt og ég heyrði að hv. síðasti ræðumaður er sammála því að við höfum ekki dottið niður á töfralausn, síður en svo. Þetta snýst nefnilega ekki um það að við getum fundið einhverja töfralausn.

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Lokaorð hv. 9. þm. Reykn. eru vissulega rétt í þessu máli sem öðrum. Töfralausnir eru ekki fyrir hendi. En ég vil taka það fram að ég tel samninginn fela í sér möguleika okkar til að ná síðar meiri árangri einmitt í þeim málum sem hún nefndi að skortur væri á að við hefðum náð öllu fram. En við vorum við samningaborð, ekki í dómsal.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Mig langar fyrst að gera að umtalsefni það sem kom fram hjá síðasta ræðumanni. Í fyrsta lagi talaði hann um það sem mikið lán fyrir íslenska atvinnuvegi að fá jöfn samkeppnisskilyrði. Út af fyrir sig geta menn samkvæmt orðanna hljóðan talið að það sé góður hlutur. Hins vegar held ég að menn megi ekki ofmeta þá hluti. Við höfum reynsluna af EFTA-svæðinu sem við höfum nú tekið þátt í í 20 ár. Íslenskur iðnaður hefur ekki sótt gull í greipar þess samkomulags. Hann hefur þó haft þar jöfn samkeppnisskilyrði. Það hefur ekki dugað til. Ég veit ekki hvort það breytir mjög miklu hvort við höfum aðgang að 80 milljóna markaði eða 380 milljón manna markaði. Ég veit ekki hvort íslenskur iðnaður verður sterkari fyrir bragðið.

Sannleikurinn er sá að þessi markaður er markaður risanna, hann er leikvangur risafyrirtækjanna og ég hefði gjarnan viljað fá að heyra það hjá þeim sem horfa svona mikið á þessa framtíð hvað það er í raun og veru sem þeir trúa á. Hvaða fyrirtæki eru það, hvaða iðnaður er það, hvaða atvinnutækifæri eru það sem við eigum að fá í okkar hlut á næstunni á þessum stóra og mikla markaði fyrir iðnaðinn okkar? Ég sé miklu frekar hætturnar. Þær eru a.m.k. nær okkur. Það er alla vega víst að sumt af því sem við höfum haft hér í þjónustu innan lands og iðnaður sem hefur verið á innanlandsmarkaði er í verulegri hættu vegna samningsins. Ég sé ekki fyrir mér þessa stórkostlegu aukningu á iðnaðarframleiðslu í landinu inn á þennan markað. Menn hafa ekki komið upp í ræðustólinn til þess að segja okkur hvaða tækifæri þetta eru, því miður. Það vantar ekki sannfæringarkraftinn í ræðurnar, að þetta muni verða okkur til góðs. En dæmin fyrirfinnast ekki.

Langmest hefur þó verið talað um sóknarfæri sjávarútvegsins og það er eitthvað áþreifanlegt. Við höfum fjallað um það fyrr og ég ætla ekki að fara nákvæmlega ofan í þá hluti aftur en ég ætla bara að segja að mér finnst menn gera of mikið úr þeim hlutum. Það er mjög erfitt að átta sig á því hvað það verður sem við fáum í okkar hlut þegar upp verður staðið því að á móti töpum við ákveðnum hlutum. Við töpum þeim möguleika að stjórna útflutningnum. Hvernig ætla menn að meta það? Eini aðilinn sem hefur reynt að meta það og færa fram tölur er Þjóðhagsstofnun og samkvæmt þeirri skýrslu sem hún gaf út í fyrra mat hún það þannig að með hámarksstjórnun á útflutningi á okkar sjávarafurðum gætum við haft 1.400 millj. á ári í hærra verði en ef við stjórnuðum því ekki. Hún mat það þannig að ferskfiskútflutningurinn, þ.e. fersku flökin og tollaverndin á þeim, þýddi yfirverð á ísuðum fiski upp á 650 millj. Þetta var niðurstaða Þjóðhagsstofnunar. Þetta er það eina sem við höfum í höndunum þar sem menn hafa reynt að meta hver áhrifin gætu orðið af því að hætta að stjórna útflutningi á fiski. Ég er alveg sannfærður um að eftir að við erum komnir í samfélag þjóðanna sem við erum að tala hér um verðum við að láta af því að stjórna útflutningi á fiski frá landinu.

Svo er það saltfiskurinn. Það er alveg rétt að á honum eru mjög háir tollar og það hefði þurft að fá breytingar fram á þeim. Mér finnst nú samt eins og menn geri of mikið úr hlutunum. Það liggur við að maður gæti haldið að ýmsir hv. þm. viti ekki hver raunverulegur tollur á saltfiski er. Hann er 13% af flöttum fiski. En hver er hinn raunverulegi tollur sem menn borga? Hvað er t.d. að gerast á þessu ári? Það er kannski rétt að fara yfir það til þess að rifja það upp fyrir mönnum. Árið byrjaði með 25 þús. tonna tollfrjálsum kvóta inn á þennan markað. Inn á þann markað fluttum við sem sagt tollfrjálsan fisk í janúar og fram í febrúar. Líklega hefur það verið í apríl að kvóti upp á 60 þús. tonn sem borgaður er af 6% tollur tók svo við og við erum enn þá að flytja saltfisk á þeim tolli til þessara landa. Síðast fyrir líklega viku síðan voru eftir 25 þús. tonn af þeim tolli og við erum enn að flytja á þessum 6% inn á þennan markað. Þannig er nú þetta. Þegar því er lokið lendum við í 13% tollinum aftur.

Ég held að menn verði að hafa það sem satt er í þessum hlutum til að átta sig á þeim vegna þess að ég hef tekið eftir því að menn hampa mikið tölum um það hvað okkur hafi tekist að lækka þessa tolla mikið og tala um það í stórum prósentum en láta það jafnan gleymast hvernig þessum tolli hefur verið beitt af þessum þjóðum. Svo er kannski líka spurningin: Hvað gerist þegar samningurinn tekur gildi? Þá breytast allir tollar. Hvernig verður það næstu árin? Ef farið verður eftir samningnum, eins og hann liggur fyrir, gætum við látið okkur detta í hug að það yrði enginn tollfrjáls kvóti á saltfiski. Mig langar til að heyra hvað hæstv. utanrrh. segir um það. Verður einhver tollfrjáls kvóti? Ef það verður ekki komum við til með að borga a.m.k. eins mikið, jafnvel meira en við höfum verið að borga þetta árið fyrir innflutningstolla á ýmsum vörum. Það er nefnilega gert ráð fyrir því að tollarnir lækki í áföngum og að við fáum þetta ekki allt í hendi strax. Það er gert ráð fyrir því í samningnum.

Hv. síðasti ræðumaður spurði hvaða lífskjör alþýðu-

bandalagsmenn ætla að bjóða þjóðinni upp á í framtíðinni. Við höfum lýst hvaða kostum við höfum mælt með í sambandi við þetta mál, að það yrði stefnt að því að ná samningum við Evrópubandalagið, þ.e. tvíhliða samningum til þess að lagfæra þessa hluti. Ég trúi því að það sé hægt og tel að það eigi að láta reyna á það. Við erum ekki á neinu flæðiskeri. Við höfum lifað bærilegu lífi fram að þessu og ég sé ekki að við þurfum að kvarta neitt. Ég held að það hljóti að vera möguleiki á því að semja um hluti í sambandi við okkar framtíð þó svo við skrifum ekki upp á þennan samning.

Ástæðan fyrir því að ég bað um orðið var ekki sú að ég ætlaði að lengja hér umræður verulega. Ég kom upp vegna þess að mér finnst að það hafi ekki verið rætt um grundvallarspurningu sem ég gerði að umtalsefni í minni fyrri ræðu. Það er hvort menn séu að stefna með þessum samningum og fylgifrumvörpum, sem liggja hér frammi, að aðild að Evrópubandalaginu og aðlögun að ytri tollum Evrópubandalagsins. Mér finnst að frv. sem liggur hér og ég gerði að umtalsefni í fyrri ræðu minni, um breytingu á tollalögum og lögum um vörugjald á þskj. 27 segi söguna alveg nákvæmlega. Það er verið að aðlaga okkur að ytri tollum Efnahagsbandalagsins. Ég óska eindregið eftir því að fá umfjöllun um það hér hver meiningin er með þessu ef hún er ekki sú að aðlaga okkur að Evrópubandalagstollunum eða ytri tollum Evrópubandalagsins. Hvers vegna í ósköpunum kemur fram frv. sem gerir verulegan mun á vöruinnflutningi frá EES-löndunum og öðrum löndum? Það eru ekki á ferðinni neinir smávægilegir hlutir. Það hlýtur að vera á ferðinni stefnumarkandi ákvörðun stjórnvalda um að við ætlum að beina okkar viðskiptum inn á þetta svæði. Við erum að segja við þá sem eru að flytja inn vörur að við séum tilbúnir til þess að girða okkur af ásamt Efnahagsbandalaginu. Samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir því að iðnvarningur, sem fluttur er inn frá löndum utan EES-svæðisins, sé með tollum eða gjöldum upp á 32,6% en að varningur sem kemur frá EES-svæðinu sé með gjöldum upp á 22,8%. Mér finnst varla hægt að bjóða upp á það að ljúka þessari umræðu óðruvísi en það verði útskýrt af þeim sem bera ábyrgð á því, sem hér á að fara í gegnum þingið, að þetta sé ekki stefnumörkun í þessu efni. Það vil ég fá að heyra. Ég óska eindregið eftir því að hæstv. utanrrh. segi okkur það hér hvers vegna ekki er gert ráð fyrir jöfnum aðgangi af vörum frá öðrum löndum sem eru utan þessa svæðis. Ef skýringin er einhver önnur en mér finnst liggja beint við, þ.e. aðlögun að ytri tollum EB, vil ég gjarnan fá að heyra hana.

Ég ætla svo ekki að hafa þetta lengra en ég trúi því ekki að við fáum ekki að heyra hvað það er sem fær stjórnarflokkana til að leggja þetta mál fyrir eins og það liggur fyrir núna.

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson beindi þeirri spurningu til mín hvaða iðnvöru við ættum að framleiða. Ég verð að viðurkenna að ég ætla mér ekki þá dul að svara slíkum spurningum fyrir þá sem starfa sjálfir í iðnaði eða stýra fyrirtækjum. Ég vil hins vegar geta þess að við fengum bréf í dag í hólfin okkar frá Félagi ísl. iðnrekenda sem hafði verið skrifað í gær til þingmanna. Í því var afrit af umsögn þess til hv. utanrmn. um þennan samning. Með leyfi forseta ætla ég að fá að benda þar á fáeinar línur.

Í umsögninni kemur fram í einni málsgrein þetta: „Heildstætt mat Félags íslenskra iðnrekenda er það kostir þeir sem fylgja samningnum fyrir íslenskan iðnað og íslenskt atvinnulíf almennt vegi miklu þyngra en þeir ókostir eða gallar sem kunna að felast í samningnum frá sjónarhóli þrengstu hagsmuna einstakra aðila. Íslenskum iðnaði og atvinnulífi almennt er það nákvæmlega jafnmikilvægt og atvinnulífi annarra Evrópulanda að geta búið við sömu leikreglur og erlendir keppinautar."

Það er ýmislegt fleira sem kemur fram í þessari umsögn, m.a. bein áskorun til Alþingis um að staðfesta samninginn. Það er í samræmi við þá setningu sem ég las upp úr bréfinu en ég hlýt að geta þess líka að ég tel að fleiri nefndarmenn í hv. utanrmn. hafi veitt því athygli að þessi samtök í íslenskum iðnaði hafa lagt mjög mikla vinnu í að kynna sér samninginn og kynna hann fyrir þeim fyrirtækjum og félagsmönnum sem þar eiga aðild. Það bera þau gögn með sér sem frá þessum samtökum hafa komið.

Vegna þess að þingmaðurinn minntist á sæmileg lífskjör sem við gætum vel við unað þá er það nú svo að hagtölur bera það allar með sér að síðustu sex ár eða svo hafa þau farið samfellt versnandi og við þurfum að snúa þeirri þróun við.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef líka lesið umsagnir þær sem hv. síðasti ræðumaður nefndi. Þær eru almennt orðaðar. Þar er ekki margt sem maður getur fest hendur á. En það má kannski minna hv. ræðumann á að þessir sömu menn og hann var að lesa upp umsagnir frá hafa ævinlega bent á að það þurfi að jafna starfsskilyrði atvinnugreinanna hér við þær sem á að keppa við. (**ÖS:** Lækka tekjuskattinn.) Það sem ég vil bæta við í sambandi við þetta er að sérstaða Íslendinga og íslensks iðnaðar er auðvitað sú að hér eru agnarsmá fyrirtæki sem nánast fyrirfinnast ekki í þeim hópi sem geta keppt á þessum stóra markaði. Þannig er þetta. Því miður er ekki bjart fram undan fyrir íslenskan iðnað. Nákvæmlega sömu hlutirnir eru sagðir í dag og voru sagðir við inngöngu okkar í EFTA, að þetta mundi opna ótal möguleika fyrir íslenskan iðnað. Því miður reyndist það ekki rétt. Við misstum töluvert af okkar iðnaði og það er greinilegt að við missum eitthvað af okkar iðnaði núna líka með þessum samningi og við höfum svo agnarsmá fyrirtæki að þau geta lítið keppt á þessum markaði. Við þurfum að aðlaga okkur alveg nýjum aðstæðum og ekki er hægt að sjá að við græðum mikið á því, a.m.k. ekki á næstunni.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv.

þm. Jóhanni Ársælssyni að ávinningurinn fyrir sjávarútveginn, sem menn telja sig sjá með því að gerast aðilar að þessum samningi, er vissulega ofmetinn. Ég þarf ekki fleiri orð um það.

Ég vil einnig að gefnu tilefni, vegna þess að það hefur komið hér fram, velta því upp hvort menn halda að ávinningurinn af þessum samningi verði mikill fyrir Skipasmíðastöð Njarðvíkur. Skyldi hann verða mikill fyrir Slippstöðina á Akureyri? Skyldi hann verða mikill fyrir þau hundruð manna sem hafa haft atvinnu af þessari starfsemi? Trúa menn því? Trúa menn því að ávinningurinn fyrir íslenska verktakastarfsemi verði mikill með þessum samningi? Trúa menn því að húsgagnaiðnaðurinn hafi mikinn ávinning af þessum samningi? Ég gæti haldið áfram að telja upp en ég held ég láti þetta duga.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla eingöngu að taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði um skipasmíðarnar. Það er auðvitað hárrétt að minna menn á að það tókst ekki að tryggja Íslendingum það að skipasmíðar yrðu með í þessu þannig að samkeppnisskilyrði þeirra yrðu lagfærð. Einu mega menn ekki gleyma og er grundvallaratriði í sambandi við þessa samkeppni sem við höfum verið að tala um og það er ef einhverja vöru á að framleiða á Íslandi og hún á að vera samkeppnisfær á þessu svæði, þá má hvergi finnast á svæðinu fyrirtæki sem framleiðir hana á lægra verði. Við verðum sem sagt að vera þeir sem getum framleitt ódýrustu vöruna. Það eru ekki miklir möguleikar á Íslandi á því að framleiða ódýrari vörur en eru framleiddar einhvers staðar á öllu þessu svæði. Það kann vel að vera að mönnum finnist þetta svartsýnislega talað en það er bara einu sinni þannig að til þess að framleiða ódýra vöru þarf að fjöldaframleiða hana, koma henni á markað og til þess þarf mjög stór fyrirtæki ef menn ætla að keppa á þessum stóra markaði.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég held ég geti lofað því að vera stuttorður. Þegar þessi fundur var u.þ.b. að ná fram á kvöldið gerði ég mér grein fyrir því að eitthvað óvanalegt væri að gerast hér. Mér fannst eins og við værum öll að hugsa okkar ráð, menn voru sýnilega ekki í því skapinu að skammast mjög mikið en öllum var mikið niðri fyrir.

Ég vona að mér auðnist í örfáum orðum að sneiða hjá allri áreitni og að við getum mín vegna alla vega haldið þeim góða anda sem hér er, því vissulega er það rétt sem menn hafa sagt að hér er um stærsta mál að ræða sem Íslendingar hafa þurft að fást við í áratugi og kannski hálfa öld ef út í það væri farið að reikna það í dæmum eða með einhverjum sérstökum tölum.

Ég held að gott sé að rifja það upp í örfáum orðum að við stóðum að því 11. maí 1988, Alþingi í heild sinni, að stofna hér nefnd sem hlaut nafnið Evrópustefnunefnd. Þarna voru saman komnir fulltrúar allra flokka og allir voru sammála um að reyna að grafast fyrir um möguleika okkar til að treysta fullveldið og réttindi okkar, ekki síst til sjávarins. Ég held að það sé hin merkasta bók, sem nefndin sendi frá sér, og allir þingmenn eiga að hafa fengið hana. Ef ekki, þá er hún til hér enn þá og hún er í fullu gildi enn þann dag í dag. Við sem í nefndinni vorum komumst að sameiginlegri niðurstöðu um veigamikil atriði en ekki kannski að öllu leyti um önnur. Í bókinni Ísland og Evrópa er gerð grein fyrir því hvar okkur greinir á. Ég fékk þann heiður að undirskrifa örstutt formálsorð, 7. des. 1990.

Um þetta leyti vorum við nokkuð sameinuð um það hvað gera þyrfti og í bókarlok gera menn grein fyrir því sem þeir telja sameiginlega nauðsynlegt að gera og eins er hitt tíundað sem nokkur ágreiningur var um. En það sem var sameiginlegt og enginn efaðist um að skildi neitt á milli er í lið 1:

„Enginn íslensku stjórnmálaflokkanna hefur á stefnuskrá sinni aðild að Evrópubandalaginu. Sumir flokkanna orða það svo í stefnulýsingum sínum og samþykktum að umsókn um aðild sé ekki á dagskrá. Aðrir kveða svo að orði að aðild komi ekki til greina."

Ég held að það hafi sannast á fundinum þetta kvöld og það var ánægjulegt að það var hæstv. forsrh. sjálfur sem lýsti því yfir að í hans hug kæmi ekki til greina, ég skildi hann svo, aðild Íslendinga að Evrópubandalaginu. Vonandi er enginn á þeirri skoðun nú fremur en fyrir tæplega tveimur árum að við getum gengið að Evrópubandalaginu eða höfum þar yfirleitt nokkuð þar að gera.

Síðan eru fleiri liðir taldir upp og, með leyfi forseta, er númer 2: „Nefndin er sammála um að Ísland skuli áfram taka þátt í samstarfi um fríverslun innan EFTA-ríkjanna og að fríverslun taki einnig til Evrópubandalagsins eins og EFTA-ríkin hafa hvert um sig leitast við að tryggja hann með tvíhliða samningum."

Þarna vorum við strax sammála um að leita eftir tvíhliða samningum og höfum verið það alla tíð, a.m.k. hefur minn flokkur aldrei frá því hvikað. Það hefur verið okkar meginósk og er enn. Við hljótum að hvetja stjórnvöld til að koma því í verk. Það er enginn vafi á því í mínum huga að við getum náð hagstæðum tvíhliða samningum við Evrópubandalagið ef við berum okkur eftir þeirri björg.

Mér leyfist sjálfsagt að víkja aðeins að þeirri viðbót sem við í Sjálfstfl. settum fram, hvaða flokkur sem var gat sett fram sérálit. Það voru sameiginleg álit og sérálit. Okkar álit var tiltölulega stutt en ég skal samt ekki lesa það allt saman en þar segir: „Hvergi verði hvikað frá þeirri stefnu sem ríki Evrópubandalagsins viðurkenndu með bókun 6 frá 1972, sem gildi tók við lok þorskastríða 1976, að Íslendingar einir ættu réttindin til fiskveiða innan 200 mílna efnahagslögsögunnar og breytingar á þeirri stefnu komi ekki til greina. Eignaraðild útlendinga að fiskveiði- og fiskverkunarfyrirtækjum verði áfram óheimil, sbr. lög nr. 33/1922." — Þau góðu gömlu lög.

„Þegar verði teknar upp viðræður við Evrópubandalagið um viðauka við bókun 6 til leiðréttinga vegna breyttra aðstæðna."

Þegar Spánn og Portúgal komu inn var það auðvitað sjálfsagður hlutur að breyta hlutföllunum í niður-

fellingu tollanna og mér er ánægja að geta þess hér, og hef raunar gert það áður úr þessum stól, að í ferðlagi Evrópustefnunefndar í Brussel á sínum tíma þá ekki bara viðurkenndi Henning Christophersen, varaformaður framkvæmdastjórnar EB, að við Íslendingar ættum rétt að sækja til þeirra. Hann sagði berum orðum og endurtók að það mætti hafa það eftir sér, leyfði mér það sérstaklega í matarboði, þar sem ég sat við hlið hans, að segja það að Íslendingar hefðu staðið við allt sitt í samskiptum við Evrópubandalagið. Þeir hefðu opnað fyrir tolla frá bandalaginu en það stæði upp á Evrópubandalagið að standa við sinn hluta af þessu samkomulagi. Það hefur ekki gerst enn þá. Við eigum sem sagt rétt að sækja til Evrópubandalagsins en ekki öfugt. Það er rétt að hafa það í huga. Þann rétt sækjum við auðvitað með góðu samkomulagi við þetta ágæta fólk. Ég segi: þetta ágæta fólk. Af einhverjum ástæðum þá er það svo að þetta fólk vill okkur vel, það hefur, við skulum segja af einhverjum óskiljanlegum ástæðum, einhverja trú á okkur eða gaman af okkur eða því finnst að við eigum mikinn rétt. Þetta segja þeir þegar þeim er sagt og sýnt með kortum að við eigum stærri part af yfirborði jarðarkringlunnar en öll Mið- og Suður-Evrópa er. Það eigum við. Það sem nú hefur verið sagt skilja þeir þegar þeim er bent á 350 mílna hafsbotnsréttindi okkar á Reykjaneshrygg og Hatton-Rockall svæðið og síðan það stóra opna svæði sem við höfum kallað Norðurslóðir sem er á milli Íslands og Noregs. Þetta góða fólk vill hafa okkur í nágrenni við sig og það vill ekki ásælast þessi auðæfi okkar sem eru auðvitað miklu meiri en auðæfi þeirra. Meira að segja í höfðatölu held ég að Ísland og höfin gætu kannski framfleytt álíka mörgum og búa á meginlandi Evrópu. Alla vega erum við miklu ríkari. Það held ég að við séum sammála um sem hér erum inni. Ef við erum svona rík þurfum við ekki að halda þannig á málum að við getum ekki auðgað þetta þjóðfélag og mjög fljótt með bjartsýni og með framkvæmdum og samstöðu. Við hljótum samt að rífast, það er nauðsynlegt til að bjarga sálinni þegar maður er í fýlu, þá þarf að hafa einhvern góðan vin að rífast við.

Ég ætla að standa við það að orðlengja ekkert um þetta. En af því að spurning kom fram um það hvenær var farið að tala um að hugsanlega þyrfti að breyta stjórnarskránni vil ég nefna að það er mjög skammt síðan. Það er líklega varla tvö ár. Ég veit ekki hver það var sem beinlínis benti á að sjálf 2. gr. stjórnarskrárinnar hljóðaði svo að við gætum ekkert hreyft okkur í að fórna neinu af fullveldinu nema með stjórnarskrárbreytingum. Það felst í sjálfri 2. gr. Hver svo sem hefur fundið það út þá leiðir það af sjálfu að margar aðrar greinar byggjast líka á henni, þ.e. að íslensk yfirvöld en ekki yfirvöld einhverra annarra ríkja geta farið með æðstu stjórn okkar. Svona einfalt er nú þetta þegar á það er litið. Þess vegna þurfum við að ræða þann möguleika að leysa deilumál okkar með stjórnarskrárbreytingu ef samkomulag getur náðst um það.

Við reynum að sjálfsögðu að ná allsherjarsamkomulagi í þinginu. Annars getum við auðvitað farið í þjóðaratkvæðagreiðslu o.s.frv. til þess að reyna að setja niður deilur vegna þess að stór hætta er á meiri deilum á landinu og alvarlegri og meira langvarandi en ég hef kynnst, jafnvel í öllum NATO-slag og öllu því sem ég, sem er orðinn ægigamall í pólitík, hef farið í gegnum. Núna er meiri hætta á ferðum að þessi þjóð geti splundrast, ekki til eilífðarnóns, en að það ástand geti skapast sem ég vildi ekki horfa upp á. Ég held að við öll ættum að reyna að heita því nú, hvert um sig, að setja niður deilur, hafa þær í hófi, og auðvitað rökræða en forðast að gera nokkuð það sem gæti skapað það ástand í þjóðfélaginu sem ég þorði ekki — og þori ekki að nefna.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í þeirri ræðu sem hér var flutt komu fram sjónarmið sem vissulega hljóta að vekja mikla athygli í umræðunni. Það var mikilvægt að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, formaður Evrópustefnunefndar Alþingis, skyldi rekja hér það sem allir þingflokkar stóðu saman um sem stefnu íslensku þjóðarinnar fyrir fáeinum missirum.

Jafnframt kom fram í ræðu hans að stefnan að gera tvíhliða samning milli Íslands og Evrópubandalagsins væri sú stefna sem hann og flokkur hans vildi fylgja. Ekki hefði verið framkvæmd breyting af hálfu Sjálfstfl. á þeirri stefnu. Hún hefði hvergi verið afgreidd í stofnunum flokksins. Vissulega er mjög mikilvægt að á Alþingi er kominn fram í þessari ræðu slíkur stuðningur við stefnuna um tvíhliða samning milli Íslands og Evrópubandalagsins. Í þessum umræðum hefur komið fram að Alþb. er fylgjandi slíku, Kvennalistinn er fylgjandi slíku, formaður Framsfl. hefur lýst því sem viðhorfum sínum og þess vegna er mjög brýnt að á næstu vikum fari fram viðræður milli þingmanna um það hvort ekki næst breið samstaða og meiri hluti í þinginu um að setja fram formlega kröfu til Evrópubandalagsins um viðræður um slíkan tvíhliða samning.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Fyrst örfá orð um málsmeðferðina. Eins og hv. þm. er kunnugt hafa gist land okkar að undanförnu m.a. utanríkisráðherrar Norðmanna og jafnframt formaður utanríkismálanefndar norska Stórþingsins. Því hefur gefist ágætt tækifæri fyrir okkur til þess að bera saman bækur við þessa ágætu menn um það hvernig málsmeðferð er hagað í norska Stórþinginu með hliðsjón af því hvernig við höldum á málum á Alþingi Íslendinga.

Þeir hafa upplýst að umfjöllun og afgreiðsla á staðfestingarfrv. og fylgisamningum í norska Stórþinginu muni fara fram dagana 15. og 16. okt. og verði þá lokið með atkvæðagreiðslu en samkvæmt þingsköpum Stórþings og ákvörðun forseta í samræmi við þingsköp hafa 10 klukkustundir verið ætlaðar til þess að ljúka 1. umr. um málið innan þessara tímamarka. Tíma er að sjálfsögðu skipt réttlátlega milli flokka, en þessi tími er talinn duga til þess að koma á framfæri grundvallarafstöðu, grundvallarsjónarmiðum, grundvallarrökstuðningi talsmanna flokkanna. Einnig kom fram að

frsm. utanrmn. eru ætlaðar 20 mínútur til þess að koma afstöðu meiri hlutans til skila í norska Stórþinginu.

Samkvæmt upplýsingum skrifstofu Alþingis höfum við nú rætt þetta mál frá því að þing kom saman 17. ágúst, þ.e. fyrir um það bil þremur vikum á 7 þingdögum, alls í 30 klukkustundir og 48 mínútur, þó að því viðbættu að hér hefur verið rætt um þingsköp í tengslum við þetta mál í 51 mínútu og 52 sekúndur. Mál sem flutt hafa verið í tengslum við þetta, þ.e. frv. til laga um breytingar á stjórnarskránni, hefur verið rætt 3 þingdaga í 9 klukkustundir, 14 mínútur og 42 sekúndur og er ekki lokið, en samkomulag hefur verið sem kunnugt er gert um það að ljúka umræðu um þetta á þessari — það átti nú held ég helst að vera á þessum degi, þ.e. næstliðnum degi. (**Gripið fram í:** En framsöguræða norska utanrrh. ...) Ég hef ekki upplýsingar um það, þ.e. hún hefur ekki verið flutt þannig að upplýsingar liggja ekki fyrir.

Þetta er dálítið athyglisverður samanburður um vinnubrögð og nú er ég ekki annað að gera en varpa fram spurningum til manna um það hvað álykta megi af þessari ólíku málsmeðferð. (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. Er það ekki rétt skilið að ég hafi orðið? (**Forseti:** Hæstv. utanrrh. hefur orðið.)

Nú er athyglisvert að nokkuð hefur verið kvartað undan því að þetta mál sé ekki nægilega vel kynnt en jafnframt hefur komið fram að almenningur í landinu gerir sér einkum vonir um að fá staðgóðar upplýsingar um þetta mál úr ræðustól Alþingis og fyrir tilstuðlan fjölmiðla og þá er spurningin sú, hvort við getum ætlað eitthvað um það að þessi 30 eða 40 klukkustunda síbylja hafi orðið til þess að koma almenningi að haldi við að upplýsa meginþætti málsins. Um það verður út af fyrir sig ekki kveðinn neinn dómur að svo stöddu, en einhvern veginn leyfi ég mér nú að efast um að svo sé.

Ef maður lítur yfir þessa umræðu, svo löng sem hún er orðin, þá undrast ég helst hversu fátt hefur komið fram í henni sem ekki hefur legið fyrir mánuðum ef ekki árum saman. Mér væri a.m.k. vandi á höndum að nefna nokkurt atriði sem hafi komið fram nýtt í umræðunni sem hefur ekki verið fjallað um áður. Hitt er annað mál að það er fjöldinn allur af staðhæfingum gegn staðhæfingum og ef við lítum kannski á þrjá meginþætti málsins sem hafa verið fyrirferðarmestir í ræðum manna þá sýnast mér þeir vera þessir:

Menn deila mikið um það hvort samningurinn sé íslenskum sjávarútvegi nokkur ávinningur, hvort honum sé yfirleitt nokkur hagur af þessum samningum og greinir þar á um staðreyndir og túlkar hver þær alveg þvert á annan.

Í annan stað deila menn harkalega eins og menn eru búnir að gera frá því á haustdögum 1989 um fyrirvara, hverjir þeir hafi verið þegar upp var lagt og hvernig þeim hafi verið haldið til skila eða hvort.

Þriðja meginágreiningssviðið virðist vera út frá spurningunni um það hvort samningurinn standist stjórnarskrána og þar eru fullyrðingar gegn fullyrðingum líka og þar hafa menn látið mörg orð falla sem mundu ekki standast rækilega skoðun í þingnefnd eins og eðlilegt væri þegar farið er að ræða hluti í smáatriðum.

Nú geng ég út frá því sem gefnu að tilgangurinn með 1. umr. um mál af þessu tagi sé fyrst og fremst sá að talsmenn stjórnmálaflokka og hv. þm. fái með því tækifæri til þess að gera grein fyrir grundvallarafstöðu sinni og rökstyðja hana og 1. umr. sé ekki endilega vettvangur til þess að ræða allar hugsanlegar spurningar eða smæstu atriði sem varða framkvæmd slíks samnings. Það er eiginlega eðli málsins samkvæmt verkefni þingnefnda og þjónar ekki tilgangi að flytja um það langlokur úr ræðustóli. Leyfist mér, virðulegi forseti, að nefna örfá atriði máli mínu til stuðnings.

Það er þá fyrst um sjávarútvegsmálin. Menn hafa sagt: Ekki er mikið gagn í þessum samningi vegna þess að það tókst ekki með honum að tryggja fríverslun með fisk, þ.e. knýja Evrópubandalagið til þess að afnema ríkisstyrki, niðurgreiðslur, stuðning við sjávarútveginn, og ræða þetta eins og þetta séu stór tíðindi. Mjög snemma á samningsferlinum í tíð fyrrv. ríkisstjórnar varð þetta ljóst. Var þá rangt af okkur að setja fram kröfuna um fríverslun með fisk? Nei, væntanlega ekki. Við vorum sammála um það í tíð fyrrv. ríkisstjórnar að það væri sjálfsagður hlutur. Ástæðan var sú að við höfðum komið á fríverslun með fisk innan EFTA og það var að sjálfsögðu fyrsta samningsstaða okkar við Evrópubandalagið.

Þeir sem fylgdust með fjölmiðlaumfjöllun um málið á sínum tíma frá hausti 1989 muna að við gerðum okkur kannski aldrei raunhæfar vonir um það að ná þessari kröfu fram þótt sjálfsagt væri í samningstöðunni að halda henni fram svo lengi sem stætt var. En snemma á ferlinum í tíð fyrrv. ríkisstjórnar var fullreynt við samningaborðið og fyrrv. ríkisstjórn gerði sér grein fyrir því og setti þá fram varakröfuna um tollfrjálsan aðgang. Nú er ástæða kannski til þess að spyrja: Er það svo þá að samkeppnisstaða íslensks sjávarútvegs sé vonlaus af því að þeir halda uppi ríkisstyrkjum? Leyfist mér að spyrja?

Íslenskur landbúnaður hefur á undanförnum árum og áratugum verið nánast kaffærður í ríkisstyrkjum. Hann nýtur hlutfallslega miklu hærri styrkja en jafnvel landbúnaður EB ef það væri mælt í framlögum á mann eða framlögum á bónda eða lögbýli. Er íslenskur landbúnaður sem þessu svarar samkeppnisfærari? Nei. (**Gripið fram í:** Samkeppnisfærari en?) En keppinautar. (**Gripið fram í:** Hverjir?) Ég gæti tekið annað dæmi. Það varðar norskan sjávarútveg sem býr við mikla ríkisstyrki. Spurningin er sú, er norskur sjávarútvegur þeim mun samkeppnisfærari sem hann hefur notið miklu meiri ríkisstyrkja? Þá vísa ég sérstaklega til sjávarútvegs í Norður-Noregi. Ég held að öllum mönnum beri saman um að svo sé ekki. Með öðrum orðum, þetta segir út af fyrir sig ekki neitt um stöðuna og það er mat flestra forsvarsmanna í sjávarútvegi að ef unnt er að tryggja íslenskum sjávarútvegi, sem er þrátt fyrir allt mjög samkeppnishæfur á mörkuðum og hefur sýnt það í verki, markaðsaðgang þá megi færa fyrir því veigamikil rök að hann geti spjarað sig og á sumum sviðum ágætlega í samkeppni við þennan nið-

urgreidda og styrkta sjávarútveg Evrópubandalagsins og fiskvinnslu.

Hver er þá raunverulega staðan í sjávarútvegi? Við lögðum upp með kröfuna um fríverslun með fisk. Við náðum henni ekki fram. En við náðum fram markaðsaðgangi sem samsvarar því að af núverandi útflutningi okkar, metinn inn í tollakerfið, náðum við fram rúmlega 96% tollfrelsi. Það er reyndar hagstæðari markaðsaðgangur en Norðmenn náðu fram. En við viðurkennum að við náðum þessu að verulegu leyti fyrir tilstuðlan og tilstyrk bandalagsþjóða sem lögðu nokkuð á sig til þess að krafan næði fram að ganga.

Hverju náði Evrópubandalagið fram? Hver var fyrsta krafa þeirra? Fyrsta krafa þeirra var einfaldlega sú að ekki var um að ræða neinn markaðsaðgang eða neinar tollaívilnanir, tollalækkanir, nema á móti kæmu jafngildar veiðiheimildir í krónum og aurum. Þeir náðu ekki þeirri kröfu fram. Önnur meginkrafa þeirra var að tryggja fjárfestingarrétt fyrirtækja í Evrópubandalagslöndum í íslenskri útgerð og fiskvinnslu. Þeir náðu ekki þeirri kröfu fram. Það er í ljósi þessa sem menn geta metið samningsárangurinn.

Síðan koma ýmsir hv. þm. upp í ræðustól og segja galvaskir: Að ná þessum árangri að því er varðar markaðsaðgang og þessa lækkun tolla er bara smámál. Því er jafnvel haldið fram að við Íslendingar höfum aldrei borgað þessa tolla og að forsvarsmenn í sjávarútvegi, sem töldu þetta helsta baráttumál sitt, hafi verið að fara með staðlausa stafi eins og einn hv. fyrrv. sendiherra hefur orðað það. Eiga ekki allir að vita að tollar eru greiddir við innflutning en ekki útflutning?

Við erum að reyna að meta samkeppnisstöðu og á meðan innflytjandi í Evrópubandalaginu getur keypt sambærilegan fisk af framleiðanda sem er laus við tolla þá gerir hann það frekar en að kaupa af íslenskum framleiðanda ef hann þarf að leggja út fyrir tollum til viðbótar við kaupverð fisks. Hann fer einfaldlega fram á að íslenski framleiðandinn lækki verðið sem nemur tollunum. Það er sú aðstaða sem við höfum búið við. Ef Íslendingar vilja standa utan við tollfrjálsan markað Evrópubandalagsins fyrir sjávarafurðir, sem tekur við ⅓ af okkar sjávarvöruútflutningi, þá munu áhrif þessara tollmúra aukast þeim mun meira sem fleiri af keppinautum okkar gerast aðilar að þessum markaði. — Við skulum taka dæmi af Norðmönnum. Þeir eru aðilar að þessum markaði vegna þess að þar verður enn þá meira framboð af tollfrjálsum fiskafurðum. Um svona augljósar staðreyndir á ekki að þurfa að deila. Ég held að engum sé til gagns að reyna að rugla menn í ríminu um þessar staðreyndir, en jafnvel það er reynt og þá spyr maður: Ef þetta er málflutningurinn að því er varðar svona einfalt undirstöðuatriði halda menn þá að upplýsingagildið sem kemur fram af slíku tali sé mikið? Væri ekki eðlilegra að ætla að menn treysti því varlega og séu nokkuð fullir efasemda um það hverjar eru staðreyndir málsins?

Svo að ég taki annað dæmi, þegar menn reyna að meta hinn efnahagslega ávinning af því að menn hafa látið sem svo að hann sé nú lítilfjörlegur ef nokkur. Menn hafa spurt t.d.: Er það virkilega svo að samningurinn skapi íslenskum sjávarútvegi sóknarfæri eða ný tækifæri? Ef þau eru nýtt og það getur jafnvel þýtt að í stað þess að flytja út hráefni, sem er í mörgum tilvikum hráefni til fiskvinnslu í Evrópubandalagslöndunum, sem skapar allverulega vinnu þar við að fullvinna fiskinn, er jafnvel hugsanlegt að hægt sé að flytja þá vinnu inn í landið. Fyrir utan það að nefna dæmi um aukin verðmæti sem yrðu eftir í höndum íslenskra aðila. Við skulum nefna nokkur dæmi, lítum á fersk flök. Tollar lækka úr 18% í 0%. Þrátt fyrir 18% toll hefur útflutningur á ferskum flökum vaxið nokkuð þótt hann sé hlutfallslega lítill. Þetta sýnir þó að þrátt fyrir þennan háa tollmúr telja sumir framleiðendur að verð á markaðnum sé þannig að það geti borgað sig í sumum tilvikum.

Við höfum hins vegar aðallega flutt heilan ferskan fisk frá Íslandi sem hefur farið í framhaldsvinnu í Evrópubandalaginu. Við höfum mikla afkastagetu til þess að fullvinna þennan fisk sem er vannýtt. Ekki er nokkur vafi á því að þessi breyting ein út af fyrir sig skapar tækifæri sem getur valdið gerbreytingu á tiltölulega skömmum tíma í fiskvinnslunni á Íslandi. Hér er dæmi um tækifæri sem voru nánast útilokuð áður en menn geta nýtt sér á mjög margvíslegan máta. Þetta er dæmi um það að auka vinnsluverðmæti afurðanna auka vinnu við þessa starfsemi hér heima og draga úr útflutningi á vinnu til markaðslandsins.

Annað dæmi, um saltfisk. Þar má með nokkurri einföldun, og þá vísa ég til þess sem fram hefur komið áður, segja að fyrir utan þennan 25 þús. tonna tollfrjálsa kvóta sem til er í upphafi — sem Norðmönnum hefur að vísu nýst betur en okkur yfirleitt — þá lækka tollar úr 13% í 0%. Aðalútflytjandi saltfisks frá Íslandi, sölusamtökin SÍF, hafa fullyrt og birt um það upplýsingar að þeir hafi tapað um það bil 1 milljarði á árinu vegna tolla í Evrópubandalaginu. Menn hafa komið hér upp í ræðustól og rengt þetta. Það er ekki unnt með töflum og línuritum að sanna það að þetta er svona nema við fjöllum um það í rólegheitum í nefnd eins og verður gert að sjálfsögðu.

Saltfiskur er mikið unninn fiskur og dýr vara. Ef Íslendingar gætu selt hann hærra verði, sem ekki er nokkur vafi á við breytinguna, þá eru líkur á því að það verði ábatasamlegri vinna og borgi sig betur. Markaðurinn verður rýmri. Það skapar bæði vinnu og aukin verðmæti í höndum Íslendinga.

Þriðja dæmið, söltuð fiskflök. Tollar lækka þar úr 20% í 0%. Íslendingar hafa ekki getað keppt á markaði fyrir söltuð fiskflök í Evrópubandalaginu vegna þessara háu tolla. Lítill útflutningur hefur verið á söltuðum fiskflökum frá Íslandi. Vissulega er mikill markaður fyrir hendi en 20% tollur gerir það að verkum að mun hagkvæmara er fyrir aðila í Evrópubandalaginu að kaupa óunninn fisk, sem litlir eða engir tollar eru lagðir á, og flaka hann og salta þar. Annað dæmi um vinnuna sem við höfum flutt út.

Fjórða dæmi, reyktur fiskur. Tollar lækka úr 14% í 4,2%. Það má nefna sem dæmi að Íslendingar flytja meginhluta grálúðu óunna úr landi. Grálúða, sem flutt er til Evrópubandalagsins, er í flestum tilvikum reykt

þar. Það skapar verulega vinnu. Háir tollar hafa gert það að verkum að ekki hefur þótt hagkvæmt að gera þetta hér og það sama gildir um fleiri tegundir, t.d. ufsa eða silung.

Fimmta dæmið varðar flestar sjávarafurðir sem eru niðurlagðar, niðursoðnar eða varðar skemmdum á annan hátt eða framleiðsla í tilbúna fiskrétti. Tollar lækka þar úr 10% í 3%. Í sumum tilvikum borgar það sig augljóslega að vinna fisk, þ.e. sumar tegundir í tilbúna rétti vegna þess að það er sérstakur markaður. Það borgaði sig ekki áður. Það verður mögulegt og skapar tækifæri við þessa tollabreytingu, þ.e. þessi tollalækkun gerir þá vinnslu mögulega á Íslandi. Þetta hélt ég að allir Íslendingar þekktu frá fyrri tíð eða hver var ástæðan fyrir því að okkur rak nauður til þess á sínum tíma að byggja upp fiskvinnslu í Bandaríkjunum.

Auðvitað deila þeir sem starfa í sjávarútvegi ekki um þessar staðreyndir þegar þær eru þeim kunnar og það má vitna í ýmis ummæli þar sem menn skilja þetta. Það var reyndar strax haustið 1991 að loknum samningunum, í nóvember, sem samtök fiskvinnslu á Íslandi héldu sérstaka ráðstefnu til þess að leggja niður fyrir sér hvaða tækifæri samningurinn skapaði fiskvinnslunni. Að sjálfsögðu er mér kunnugt um það að í mörgum fyrirtækjum og reyndar sölusamtökum er vel og vandlega unnið að því að reyna að nýta þessi tækifæri. Það er ekki mjög í hámæli í þjóðfélaginu frekar en margt sem er að gerast á vettvangi fyrirtækjanna en sem betur fer er þar víða að finna frumkvæði og áhuga á því að nýta sér þessi tækifæri. Ég er sannfærður um það að við munum vissulega komast að því þegar þar að kemur að margir munu vera sæmilega undir það búnir þegar á reynir að nýta þessi tækifæri.

Ég nefndi annað sviðið sem menn deila aðallega um. Það er um þær undanþágur og fyrirvara sem er að finna í samningnum. Þeir varða aðallega þessi mál, þ.e. að tryggja áframhaldandi forræði Íslendinga yfir efnahagslögsögunni. Að koma í veg fyrir rétt útlendra aðila til þess að kaupa sig inn í fiskveiðilögsöguna, þ.e. til þess að fjárfesta í útgerð og reyndar frumvinnslu. Að tryggja áframhaldandi forræði Íslendinga yfir hinni meginauðlindinni, orkulindunum. Að reisa skorður eftir því sem hægt yrði við möguleikum erlendra aðila til þess að kaupa annaðhvort bújarðir eða þá sérstök hlunnindi, jarðir sem fylgdi laxveiðiréttindi eða náttúruperlur og að hafa tök á því að reisa skorður við hóflausum innflutningi vinnuafls í landinu sem gæti haft þær afleiðingar í för með sér að hlytist af meiri háttar atvinnuleysi.

Í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, reyndar í október 1990, lagði ég fram rækilega greinargerð frá aðalsamningamanni Íslands, Hannesi Hafstein, þar sem gerð var grein fyrir því að við teldum fullreynt að ekki væri unnt í öllum tilvikum að hafa sértæka fyrirvara fyrir Ísland og það væri sameiginleg niðurstaða EFTA-ríkjanna allra að við gætum náð þessum markmiðum sem við hefðum lýst yfir í öðru formi, þ.e. við mundum halda til streitu fyrirvaranum varðandi fjárfestingarrétt í fiskveiðilögsögunni. Að því er varðaði orkulindirnar þá var það sannað mál, sem okkur hafði ekki verið ljóst alveg strax í upphafi, að sú skipan sem við höfum að því er varðar nýtingu orkulindanna, þ.e. opinber rekstur ríkis og sveitarfélaga, samræmdist samningnum fyllilega. Ekki þyrfti að setja neinn fyrirvara að því er það varðar. Ef við vildum ganga lengra til þess að setja fyrir þann leka ef um væri að ræða í framtíðinni að til einkavæðingar kæmi á orkufyrirtækjunum, þá hefðum við það líka í hendi okkar með breytingum á innlendri löggjöf að tryggja með varanlegum hætti forræði Íslendinga yfir orkulindunum. Til þess þyrftum við ekki annað en að eyða óvissu sem ríkir í íslensku réttarkerfi varðandi eignarhald annars vegar á vatnsföllum, jarðvarma, og ef við vildum stíga það skref til fulls, eignarrétti á almenningum utan eignarréttinda landeigenda. Með öðrum orðum, það var alveg ljóst að enga sérstaka fyrirvara þyrfti að gera í samningnum sjálfum af þeim sökum. Þetta væri í höndum okkar.

Að því er varðaði rétt erlendra aðila til kaupa á jörðum, þ.e. ekki í atvinnuskyni, var á það bent að alveg eins og dæmi væru um innan Evrópubandalagsins, þ.e. einstakra ríkja, væri hægt að reisa í framkvæmd verulegar skorður við því að erlendir fjársterkir aðilar gætu keypt upp slíkar eignir hér á landi. Af minni hálfu var á það bent að íslenskri löggjöf eru þegar reistar verulegar skorður við rétti þéttbýlisbúa til kaupa á slíkum eignum og niðurstaðan varð sú í umræðum að ekki einasta ég heldur einnig þáv. hæstv. forsrh., eins og ég lýsti áðan úr ræðustólnum, beindum því til þáv. hæstv. landbrh. að hann léti fara fram vandlega könnun á því með úttekt á gildandi lögum hvernig mætti ná þessum markmiðum. Sú könnun átti að sjálfsögðu að beinast að því að skoða sérstaklega ákvæði jarðalaga, ábúðarlaga, skipulagslaga, laga um náttúruvernd o.fl. Jafnframt komum við á framfæri upplýsingum um hvernig þessum málum er háttað í ýmsum öðrum löndum, þar á meðal á Írlandi.

Hæstv. fyrrv. forsrh. hefur sagt úr þessum ræðustól að hann harmi að þáv. landbrh. varð ekki við þessum tilmælum, aðhafðist ekki í málinu og kom með þá skýringu seinna að ástæðan hafi verið sú að hann hafi verið á móti því að falla frá hinum sértæka fyrirvara. Sú skýring stenst reyndar ekki af einfaldri ástæðu. Eftir að þessi mál höfðu verið í rækilegri umfjöllun í fyrrv. ríkisstjórn frá því í október á haustinu 1991 leiddi sú umræða og sú skoðun til ákveðinnar niðurstöðu af okkar hálfu sem þá sátum í ríkisstjórn. Niðurstaðan varð sú að á sameiginlegum samningafundi EFTA- og EB-ráðherra í desember var fallist á það af hálfu EFTA-ríkjanna að falla frá hinum sértæku fyrirvörum fyrir utan fyrirvarann um fiskveiðilandhelgina af Íslands hálfu og að leysa þessi mál í staðinn með breytingum á innlendri löggjöf að eigin frumkvæði hvert fyrir sig en að öðru leyti með því að taka upp þá fyrirvara sem er að finna hinu sameiginlega almenna öryggisákvæði sem beita má ekki aðeins að því er varðar innflutning vinnuafls heldur en einnig að því er varðar fjármagns- og fjárfestingarréttindi. Þetta öryggisákvæði er afar víðtækt og öflugt og kveður á um það að það er á valdi innlendra stjórnvalda að beita því ein-

hliða að eigin mati ef um er að ræða meira að segja hættu á röskun hvort heldur er á sviði efnahagsmála, umhverfismála eða félagsmála eða t.d. að því er varðar hættu á atvinnuleysi almennt í einstökum atvinnugreinum eða í einstökum héruðum. Þetta er mjög öflugt ákvæði. Því er einhliða beitt og þarf ekki að bera það undir einn eða neinn. Því verður ekki áfrýjað nema samningsaðilarnir grípi til gagnráðstafana sem við getum nú metið út af fyrir sig kalt og rólega hversu líklegt er að beitt verði gagnvart okkur. Ef samningsaðilar grípa til gagnráðstafana mega þær ekki vera nema hlutfallslegar við hina upphaflegu gjörð og ef okkur líkar það ekki eða teljum á því meinbugi, þá getum við vísað því til gerðardóms. Með allri virðingu fyrir því sem hér hefur verið sagt vil ég aðeins halda því til haga að í öllum þessum samningaferli í tíð fyrrv. ríkisstjórnar var okkur það keppikefli að halda til haga þeim fyrirvörum sem lagt var upp með og það var sameiginleg niðurstaða í fyrrv. ríkisstjórn að það skyldi gert þótt það væri í sumum tilvikum í breyttu formi. Ef menn koma nú og segja: Við vorum bara ekki sammála þessu, við vorum bara algerlega á móti þessu, þá spyr ég: Hvernig stendur þá á því að þeir menn eða þeir stjórnmálaflokkar, sem voru svona algerlega andvígir þessu, tóku það mál ekki upp innan ríkisstjórnar eða á Alþingi eftir að svona hafði verið búið um hnútana með skuldbindandi hætti 18. eða 19. desember 1990 eða ætla menn að afsala sér ábyrgð á því eða segja að þeir hafi ekki vitað af því? Svona var það. Það var ekki gagnrýnt og viðbrögðin voru ekki þau að ríkisstjórn væri slitið og hvers vegna ekki? Það var vegna þess að menn voru sammála um að þannig væri um hnútana búið að fyrirvörunum væri haldið til skila þótt með öðru formi væri. Þetta er löngu, löngu, löngu upplýst, margrætt úr þessum ræðustól og í utanrmn. og annars staðar. Menn geta svo sem rifist hér um hvað sem þeir vilja. En menn eiga helst ekki að neita staðreyndum. Þetta er staðfest af hv. þm., fyrrv. forsrh., Steingrími Hermannssyni. Ég hef engu meiru við þetta að bæta. Það var ekkert ósamkomulag um þessar niðurstöður og þaðan af síður að nokkur leynd hafi verið á þeim. Menn vissu þetta og um það var ekki gerður ágreiningur.

Þriðja mál, stjórnarskrármál. Eitt af því sem vekur mér nokkra undrun er það að nú þegar hv. leiðtogar stjórnarandstöðunnar flytja frv. til laga um breytingu á stjórnarskránni vegna EES-samningsins þá láta menn í fyrsta lagi eins og það sé eitthvert alveg nýtt mál sem hafi komið upp skyndilega, að fara að skoða það hvort EES-samningurinn stæðist stjórnarskrána og menn hafi bara ekkert leitt hugann að því hér fyrr.

Annað sem vekur mér undrun er það að þeir sem flytja tillögu um breytingu á stjórnarskránni virðast engan áhuga hafa á eða engan myndugleik í sér til þess að rökstyðja tillögurnar sjálfar heldur fóru út um víðan völl og hvippinn og hvappinn um allt önnur mál og forðuðust nánast eins og heitan eldinn að ræða þessa blessaða tillögu. Um þetta vil ég aðeins segja að það er mikill misskilningur ef menn halda að spurningin um það hvort EES-samningurinn samræmdist stjórnarskrá hafi komið upp í tíð núv. ríkisstjórnar eða á lokaspretti samninganna. Ég bið menn að athuga að allan tímann sem samningar fóru fram, allt frá því á undirbúningsstigi og þá undir íslenskri formennsku haustið 1989, var þetta talið af okkur vandasamasta samningssviðið, kannski fyrir utan hina séríslensku hagsmuni á sjávarútvegssviðinu. Þeir sem rekja skjöl málsins, þ.e. skýrslur starfshóps 5 um stofnana- og stjórnunarmál svæðisins, geta rakið frá byrjun að allan tímann er verið að skoða og leggja lausnir tillögur á þeim kvarða, „samrýmist þetta stjórnarskránni". Þetta geta menn líka séð ef þeir fletta upp í skýrslum sem lagðar voru fyrir Alþingi, ég tala ekki um ef menn læsu gaumgæfilega þá skýrslu sem hér hefur nokkuð verið til umræðu sem voru svör af minni hálfu við spurningum þáv. hv. stjórnarandstæðinga, þ.e. þingmanna og forustumanna Sjálfstfl. Spurningar sem fram voru lagðar voru allar um þetta mál.

1. Sérstaklega er farið fram á að í skýrslunni verði gerð grein fyrir eftirfarandi atriðum: Verkefnum og valdsviði sjálfstæðrar EFTA-stofnunar til að beita samkeppnisreglum sem á að hafa samsvarandi hlutverk og umboð og framkvæmdastjórn EB. — Skilja menn ekki hvar fiskur liggur undir steini? Þetta er spurningin um það hvort þetta samrýmist stjórnarskránni.

2. Úrskurðaraðilar og dómsvald að því er varðar ágreiningsefni. — Hvað liggur hér að baki? Það er verið að spyrja: Samrýmist þetta stjórnarskránni?

3. Hvernig atriði í 1. og 2. lið samrýmast yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar um að hafna alfarið hvers kyns yfirþjóðlegu valdi, sbr. yfirlýsingu forsrh. á leiðtogafundi EFTA 14. og 15. mars 1989.

4. Hvernig ályktanir um nýjar lagareglur er gilda eiga fyrir Evrópska efnahagssvæðið verða teknar og hver verði atbeini Alþingis þar að lútandi.

Allt eru þetta spurningar sem snúast um einn hlut: Samrýmist samningurinn, eins og hann þá var, stjórnarskránni?

Ef menn fletta svörunum sem hér eru gefin þá er þetta allt saman rökstuðningur fyrir því hvers vegna að okkar mati þessi samningur samræmist stjórnarskránni. Niðurstaðan í þessari skýrslu um það mál er afar einföld og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Telja verður að þær hugmyndir sem varða valdsvið sameiginlegra stofnana á Evrópska efnahagssvæðinu falli innan ramma stjórnarskrárinnar eins og hún hefur verið túlkuð fram að þessu."

Menn hafa verið að deila um það hvenær þessi skýrsla var lögð fram. Hún var eins og fram hefur komið lögð fram í ríkisstjórn og hún var auðvitað rædd hér á hinu háa Alþingi. Gerði einhver af þáv. samstarfsmönnum mínum ágreining um það að samningurinn um EES samrýmdist stjórnarskrá sem er meginefni þessarar skýrslu? (**ÓRG:** Þessi skýrsla var ekki rædd á Alþingi, utanrrh., hún var ekki rædd á Alþingi.) Var hún ekki rædd á Alþingi? (**ÓRG:** Nei.) Nú, jæja. (Gripið fram í.) Já, já, það má vel vera að þessi ábending sé rétt vegna þess að hér er komið fram í mars 1991 og reyndar eftir á að hyggja, þá kannast ég við það að þetta er rétt athugasemd og rétt skal vera

rétt. En það breytir engu um það sem ég er að segja. (**Gripið fram í:** ...þó ekki að hætta við þetta.) Nei, það er að vísu ekki. En málið er hins vegar það að ekkert dæmi er um það að í röðum okkar páv. stjórnarsinna hafi allt í einu komið upp sú skoðun að samningurinn um EES samrýmist ekki stjórnarskránni og það höfðum við svo sannarlega verið að ræða allan tímann.

Það vill svo til, virðulegi forseti, að ég fékk nýlega í hendur greinargerð frá aðalsamningamanni Íslands um hið svokallaða stjórnarskrármál sem hann hefur látið mér í té og ég hef heimild hans til að birta og sjálfsagt er og eðlilegt að verði birt. Þetta er samantekt samningamannsins í tilefni af margendurteknum fullyrðingum manna innan þings og utan um það að EES-samningurinn samrýmist ekki stjórnarskrá. Í skjalinu er sá embættismaður íslenskur sem var aðalsamningamaður Íslands við samningaborðið, þó að ég beri að sjálfsögðu hina pólitísku ábyrgð, þá er hann einfaldlega að rekja það að þessi spurning um stjórnarskrá og EES-samninginn var rauði þráðurinn í allri vinnu okkar allan þennan tíma og auðvitað sýnir hann fram á það að sem embættismaður og sem samningamaður og sem ábyrgðarmaður, þar á meðal fyrir samningshópi 5, var það meginverkefni hans allan tímann í samvinnu við aðalsamningamenn EFTA-ríkja og lagadeild EFTA að tryggja það að aldrei yrði farið yfir það strik. Ég nefni eitt dæmi.

Auðvitað voru uppi kröfur í þessum samningum við samningaborðið af hálfu EB þegar um er að ræða kröfuna um einsleitni, um tryggingar fyrir samræmingu í framkvæmd og túlkun að það þyrfti að vera um að ræða framsal á löggjafarvaldi. EB hélt þeim sjónarmiðum fram fyrst framan af í þessu samningum og var alltaf svarað skilmerkilega að slíkt kæmi ekki til greina. Þess vegna er beinlínis tekið fram í bókun 35 við þennan samning að þar sem EFTA-ríkin fallast ekki á framsal löggjafarvalds þá er ályktað um nauðsynlegar afleiðingar að því er varðar annað fyrirkomulag í stofnunum og auðvitað deilir enginn maður um það sem hefur skoðað þennan samning eða hefur einhverja minnstu þekkingu á honum að ekkert framsal á löggjafarvaldi er í þessum samningi.

Þess vegna er ég að orðlengja þetta, virðulegi forseti, að allt í einu er búið að búa til þá mynd, og hún er kolröng, menn hafi bara verið gripnir óforvarandis frammi fyrir einhverri spurningu af þessu tagi. Það er heldur betur ekki.

Nú gefst út af fyrir sig tækifæri til þess þegar næsta mál verður tekið á dagskrá, virðulegi forseti, að ræða það í smáatriðum ef menn vilja temja sér það í 1. umr. um mál að fara ofan í saumana á slíku þótt nógur tími sé til þess í nefnd. En í skjali aðalsamningamanns er náttúrlega verið að árétta það af hálfu þess íslensks lögfræðings sem var viðriðinn þetta mál við samningaborðið frá upphafi til enda að það er lögfræðilegur misskilningur manna sem hafa ekki sett sig nægilega vel inn í málið að þar sé um að ræða framsal á valdi. Þetta er ekkert flókinn (**Gripið fram í:** Skýrsla ...) Já, já, ég veit hvað hv. þm. ætlar að fara að grípa fram í um. En ég endurtek að það er misskilningur í grundvallaratriðum að hér sé um að ræða eitthvert framsal á valdi.

Ég þarf ekki að endurtaka það að því er varðar löggjafarvald. Þessi samningur er þjóðréttarsamningur, reyndar 19 ríkja, og hann fær ekki lagagildi að landsrétti nema meginákvæði hans séu tekin í lög. Með öðrum orðum, staðfestingarfrv. og fylgisamningar eru lögð fyrir Alþingi og fylgifrumvörp. Þau verða partur af íslenskum lögum og fá þar af leiðandi réttaráhrif að landsrétti, ella hefði þetta ekkert lagagildi. Það er á valdi Alþingis að samþykkja eða synja og þá segja menn: Er það ekki takmörkun á valdi Alþingis að hafa bara réttinn til að samþykkja eða synja? Svarið við því er: að sjálfsögðu ekki, vegna þess að ef um er að ræða að lögfesta þjóðréttarsamninga við eitthvert annað ríki eða önnur ríki, þá er málið að samþykkja eða synja. Og hvers vegna? Vegna þess að Alþingi Íslendinga hefur að sjálfsögðu ekki löggjafarvald í 18 ríkjum. Ef Alþingi Íslendinga breytir samningi, sem búið er að gera við 18 ríki, þá er það að áskilja sér löggjafarvald gagnvart þeim. Það er ekki svo. Það er hin almenna regla og ekkert sérstakt við EES-samning að slíkir samningar og efnisákvæði þeirra í löggjöf eru til samþykktar eða synjunar. Þá segja menn: En ný lög og nýjar reglur, er það ekki afsal á löggjafarvaldi? Nei, ekki heldur. Þau fá ekki lagagildi, fá ekki réttaráhrifin nema Alþingi Íslendinga samþykki. En er þetta ekki allt saman a.m.k. framsal frá löggjafaravaldi til framkvæmdarvalds af því að undirbúningur laganna er með tilteknum hætti? Það hefur reyndar verið farið rangt í fullyrðingar um það. Menn hafa sagt að frumkvæðið geti einungis komið af hálfu EB. Það er ekki rétt. Það er upptökuréttur af hálfu samstarfsaðilanna í EFTA og því rækilega lýst þótt EB hafi að sjálfsögðu eitt vald á því að taka upp tillögur um lagasetningu sem gilda eiga innan EB. En það er alveg sama hvar menn bera niður að því er varðar löggjafarvald. Enginn getur og hefur reyndar enginn maður fullyrt, meira að segja ekki þeir lögfræðingar sem lengst ganga í fullyrðingum sínum, þorað að fullyrða að löggjafarvald væri framselt þó að sumir hafi lýst efasemdum.

Hvað þá um dómsvald eða framkvæmdarvald? Það er mjög einfalt að útskýra það hvers vegna sá misskilningur er kominn upp. Má ég spyrja, síðan hvenær hefur Ísland samkvæmt íslensku stjórnarskránni haft lögsögu eða dómsögu eða framkvæmdarvaldssögu í öðrum ríkjum eða út fyrir mörk íslenska ríkisins? Aldrei. Hvað er þá verið að framselja vegna þess að það eina sem er spurning um er spurningin um vald eftirlitsstofnunar og dómstóls annars vegar EFTA og hins vegar EB? Á það að vera almennt að þetta sé orðinn æðsti dómstóll Íslendinga? Nei, því hefur enginn haldið fram. Hvert er vald eftirlitsstofnunar og dómstóls? Það er vald til eftirlits og að lokum endanlega til rannsóknar og jafnvel spurningin um aðfararhæfi og fullnustu sekta. Hafði Ísland og íslenskir dómstólar vald til þess að kveða á um sektir í milliríkjasamningum við þessi ríki áður? Nei, þeir höfðu það ekki. Hvaða vald er þá verið að framselja? Er þetta ekki gert

með stjórnskipulegum hætti, þ.e. er þetta ekki gert með lögum? Er eitthvað sem takmarkar vald Alþingis til þess að viðurkenna aðfararhæfi að fullnustu dóma eða stjórnvaldsúrskurða? Hefur Alþingi kannski aldrei gert það áður? Jú, það hefur gerst þannig að hægt er telja upp hvert fordæmið á fætur öðru frá árinu 1932. Og í tíð fyrrv. ríkisstjórnar samþykktum við tvenn lög. Önnur þeirra tóku reyndar gildi á miðju þessu sumri þar sem við samþykktum aðfararhæfi og fullnusturétt erlendra dómstóla og stjórnvaldsúrskurða á Íslandi sem Alþingi samþykkti með sérstakri lagasetningu af því að íslenskir dómstólar höfðu auðvitað ekki það vald áður. Þá segja menn: En því hefur verið haldið fram — það er einn seinasti röksemdaþráðurinn í þessu — að þetta sé ekki sambærilegt af því að í þessum tilvikum, sem ég nú nefndi, hafi menn þurft að aðhafast eitthvað það sem setji þá undir lögsögu eða dómsögu erlendra dóma. Hvert er svarið að því er varðar eftirlitsstofnun og dómstól? Svarið er það að enginn Íslendingur kemur undir þessa dómsögu, lögaðili eða Íslendingur, nema hann hafi aðhafst eitthvað það í viðskiptum í ábataskyni þannig að það hafi markaðsáhrif. Það er því algerlega sambærilegt.

Auðvitað er aukaatriði þessa máls að þetta er mjög skemmtileg fræðileg deila en þar fyrir utan liggur það alveg ljóst fyrir að það fyrirtæki er ekki til á Íslandi sem þessi ákvæði ná til af þeirri einföldu ástæðu að þetta er skilgreint þannig, ef á reynir, að fyrirtækið þarf að hafa 5% markaðshlutdeild eða veltu upp á 15 milljarða íslenskra króna þannig að það er fullyrt við nánari skoðun að það er ekkert íslenskt fyrirtæki sem þetta getur náð til. Það er fræðilega hugsanlegt engu að síður, við skulum taka það alvarlega. En það er alveg sama hvernig menn velta þessu fyrir sér. Um löggjafarvaldsframsal er að sjálfsögðu ekki að ræða. Um það að EES-samningurinn feli í sér ólögmætt framsal á eftirlits- eða dómsvaldi, þá er það einfaldlega rangt vegna þess að það er ekki um neitt framsal að ræða. Við höfðum áður, og það styðst við ótal fordæmi að Alþingi Íslendinga hefur samþykkt slíkt þegar um er að ræða athafnir þar sem menn koma sér undir slíka dómssögu hvort heldur er í einkamálum, varðandi refsirétt, hvað þá heldur á viðskiptasviði.

Mér þykir ekkert undarlegt að menn sem hafa ekki próf í lögfræði — og ef menn hafa ekki kynnt sér samninginn sjálfan, og það vefst nú fyrir mörgum, og ef menn hafa ekki neina sérþekkingu í Evrópurétti, þá er ekki undarlegt að menn geti álpast til þess að misskilja þetta. Það er engin ástæða til þess að hneykslast neitt á því vegna þess að lögfræði er víðtæk fræðigrein og ekki eru allir sérfræðingar á þessum sviðum þó að þeir hafi próf í lögfræði. Satt að segja lít ég svo á að þetta sé ekki aðalatriði málsins. Að vísu er það mjög mikils virði að menn fari rétt með staðreyndir málsins og fari ekki rangt með þær en allt of mikið hefur borið á því í þessari umræðu. En síðan verða menn bara að átta sig á því að það er ekkert nýtt í íslenskri pólitík að fulltrúar stjórnarandstöðu hafi gripið upp einhver slík rök og klætt sig í gervi lögvísinda til þess að halda því fram að einhver lög brjóti í bága við stjórnarskrá og vekja þannig upp efasemdir. Það má rekja svo tugum skiptir í pólitískri umræðu á Íslandi en engum hefur dottið í hug að taka mark á því, ekki nokkrum einasta aðila. Menn rjúka ekki til þess að breyta stjórnarskrá út á svoleiðis pólitískt þras.

Þess vegna, virðulegi forseti, hef ég leyft mér að segja nokkur orð um málið í þessu samhengi að ég er með plagg í höndunum frá aðalsamningamanni Íslands þar sem honum er málið nokkuð skylt og þar sem hann rekur það að þessi spurning um samræmanleik EES-samnings og stjórnarskrár var meginverkefni okkar allan þann tíma sem þessir samningar voru í smíðum. Við vorum allan tímann fullvissir þess að hvergi hefur verið farið yfir þetta strik. Ég minni á að það var undir formennsku Íslands sem kaflinn um dómstól og eftirlitsstofnun var að lokum fullmótaður. Það var að frumkvæði okkar Íslendinga með okkar eigin tillögum sem hann var að lokum að samningsniðurstöðu. Hafi einhverjir haft efasemdir um þetta eins og málin voru í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, þ.e. með sameiginlegum dómstól og bindandi forúrskurðum, þá var það út af fyrir sig skiljanlegt þó að við værum meira að segja þá þeirrar skoðunar að þetta stæðist stjórnarskrána. En það er hafið yfir allan vafa þegar um er að ræða að forúrskurðir eru einungis ráðgefandi og ekki er um að ræða sameiginlegan dómstól.

Nú veit ég að menn muna að vísu ekkert beygja sig fyrir því að utanrrh. hefur þessa skoðun. Hún er ekkert merkilegri en hvers annars. Og menn munu heldur ekkert beygja sig fyrir því þótt aðalsamningamaðurinn sem um þetta hefur vélað, sæmilega lærður lögfræðingur, reki þetta líka og vísi á bug þeirri gagnrýni sem fram hefur komið sem misskilningi í grundvallaratriðum af hálfu þessara fáeinu lögfræðinga sem hafa haft uppi fullyrðingar. Ég geri enga athugasemd við þá lögfræðinga sem segja: Hér kann að vera álitamál og ég hef efasemdir. En meira að segja þeir sem hafa lýst efasemdum sínum eru varnarlausir fyrir því að í hina pólitísku umræðu komi menn og segi: Þeir hafa fullyrt það sem þeir hafa ekki fullyrt. (**Gripið fram í:** Getum við ekki fengið pappírs ...í dag?) Jú, jú, strax í dag. Dagurinn er langur.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Eins og fram hefur komið er við búnir að ræða málið í heild, þ.e. EES-samninginn og spurninguna um stjórnarskrána í 40 klukkustundir fyrir utan þingskapaumræðuna. (**Gripið fram í:** Er það ekki allt í lagi?) Jú, jú, allt í lagi. Spurningin er hvort umræðan hefur verið þeim sem að lokum hlusta á hana til einhvers gagns og hvort hún hafi verið til upplýsingar eða ekki.

Að loknum umræðunum fer málið til umfjöllunar í nefnd og hlutverk nefndarinnar er náttúrlega að taka upp allar þær spurningar sem hér hafa verið vaktar upp, ekki bara í þessari umræðu, því að það er ekkert nýtt í þeim. Þetta eru allt spurningar sem hafa vakað í málinu í tvö og hálft ár og hlutverk nefndarinnar er að fara ofan í kjölinn á þeim og rökræða við nefndarborðið við hverja þá sérfróða menn sem menn kjósa að kveðja til og í þeirri rökræðu hljóta menn náttúrlega að

beygja sig fyrir staðreyndum. Ég held að þegar þeirri umræðu er lokið muni menn viðurkenna staðreyndir um hinn efnahagslega ávinning af samningnum, viðurkenna staðreyndir um þau tækifæri sem sjávarútvegurinn fær með samningnum. Menn muni viðurkenna staðreyndir þegar þær verða raktar lið fyrir lið og af öllum vinnugögnum málsins að það er ósatt að fyrirvörunum hafi verið varpað fyrir róða og hið rétta er að þeim var haldið til haga, sumum að vísu í öðru formi en upphaflega var lagt upp. Þegar menn hafa farið ofan í kjölinn á staðreyndum málsins að því er varðar eftirlitsstofnun og dómstól og spurninguna um aðfararhæfi sekta í milliríkjasamningum þá munu menn komast að því að það eru ekki haldbær rök að halda því fram að hér sé um að ræða að eitthvert vald hafi verið framselt af íslenskum dómstólum sem þeir höfðu áður. Þá munum við komast að þeirri niðurstöðu að maðurinn á götunni, ef má orða það svo, er aldrei seldur undir dómssögu erlends dómstóls. Ég er því ekki í nokkrum vafa um það að menn munu fá svör við þeim spurningum sem er eðlilegt að menn leiti eftir svörum við og það mun taka miklu skemmri tíma en hér úr ræðustól Alþingis.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú hafa sex hv. þm. óskað eftir að veita hæstv. ráðherra andsvar og forseta er því nauðugur einn kostur að stytta tíma manna niður í eina mínútu ef von er til þess að allir megi að komast að. Hefjast nú andsvör.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það væri hægt í sjálfu sér að flytja langa ræðu en ég ætla að koma með tvö atriði. Fyrra atriðið: Hæstv. ráðherra hefur engu svarað tilmælum margra aðila, m.a. þess sem hér stendur, þess efnis hvort hann sé tilbúinn til þess að leita pólitískra sátta í málinu, að beita sér fyrir því að samningnum verði snúið upp í tvíhliða samning strax að lokinni undirritun og með fyrirvörum um það, þ.e. að farið verði fram á slíkar viðræður.

Seinna atriðið: Hvað átti ráðherrann við með meira unnum fiskréttum sem nytu tollalækkunar samkvæmt samningnum?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í máli hæstv. forsrh. áðan kom fram við hvaða kringumstæður samningurinn, sem er fjölþjóðlegur þjóðréttarsamningur að uppruna, getur breyst í tvíhliða samning. Það gerist með þeim hætti að ef hin bandalagsríki okkar í EFTA ná því markmiði sínu einhvern tíma seinna á þessum áratug að ganga í Evrópubandalagið þannig að Ísland yrði eitt eftir utan Evrópubandalagsins með þennan samning, þá hefur hann þar með breyst í tvíhliða samning milli Íslands og stækkaðs Evrópubandalags. Það breytir ekki því að samningnum var komið á í fjölþjóðasamfloti en hann yrði þetta að forminu til. Það mundi þýða að við þyrftum að semja upp á nýtt um eftirlitsþáttinn, þann sem stýrir lausn deilumála. Ég tek sérstaklega fram að við höfum þegar rætt við Evrópubandalagið og varaforseta þess, Andriessen, um þennan skilning okkar á samningnum og hann hefur staðfest að þetta sé skilningur hans líka.

Að því er varðar hvaða sjávarafurðir ég var að ræða um, niðurlagðar, niðursoðnar eða varðar skemmdum eða á annan hátt, tilbúna fiskrétti, þá ítreka ég að þar lækka tollar úr 10% í 3% og bið hv. fyrirspyrja eða ræðumann að rugla því ekki saman við frystar afurðir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var gott að þetta kom fram en einmitt á sviði frystra tilbúinna vara eru mestu möguleikar okkar og þar eru mörg fyrirtæki að vinna að framþróun og í því tilfelli breytir samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði engu. Þar tala ég af nokkurri reynslu.

Varðandi það sem hæstv. ráðherra ræddi um tvíhliða samning, er þá ráðherra tilbúinn til þess að lýsa því yfir til þess að liðka fyrir því máli að í framhaldi af samningnum um EES komi aðild Íslendinga að EB ekki til greina og á þeim grundvelli fari menn strax að vinna að því að breyta þessum samningi í tvíhliða samning og koma þar með því móti í veg fyrir þær hatrömmu deilur sem annars mundu hefjast innan lands strax eftir að samningurinn væri undirritaður um það hvert næsta skref yrði, innganga í EB eða þróun samningsins í átt til tvíhliða samnings?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því er til að svara að við þurfum ekkert að vinna það til pólitískra sátta í málinu sem gerist af sjálfu sér. Samningurinn mun breytast í tvíhliða samning við þær kringumstæður sem ég áður lýsti. Það er ekki tímabært að taka upp samninga um það og ekki hægt fyrr en það liggur þá fyrir að sú staða sé komin upp. Það er það fyrsta.

Spurningin um hvort ég sé reiðubúinn að lýsa því yfir að ekki komi til greina að ganga í Evrópubandalagið, þá er mér bæði ljúft og skylt að segja það sem allir eiga að vita. Það kemur ekki til greina af hálfu okkar Íslendinga að sækja um aðild að Evrópubandalaginu nema þau skilyrði sem við setjum séu 100% tryggð, nákvæmlega hin sömu skilyrði og við höfum sett í fyrirvara okkar um forræði okkar fyrir efnahagslögsögunni, yfir fiskimiðunum, yfir auðlindunum. Hvort þær aðstæður geti skapast einhvern tíma síðar á þessum áratug eða á næstu öld, get ég ekki svarað á þessari stundu.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því miður gefst ekki tími til að fara efnislega ofan í ræðu hæstv. utanrrh. en eitt vil ég þó þakka honum og það er nokkuð viðamikil tilraun til efnislegra svara á nokkrum sviðum og þar gerir hann betur en starfsbræður hans sem sjást ekki í þingsalnum enda þótt mörgum spurningum hafi verið beint til þeirra.

Um lýsingu hæstv. ráðherra á atburðum í síðustu ríkisstjórn síðustu mánuði ársins 1990 get ég tímans vegna aðeins sagt þetta: Því miður segir hæstv. utanrrh. ekki rétt frá þeim atburðum. Hann misminnir eða skortir verulega á nákvæmni í lýsingu hans á því hvernig þá bar að. Það liggur fyrir að það var óleystur ágreiningur í þeirri ríkisstjórn um þau atriði sem hér eiga við og hæstv. utanrrh. fékk ekki afgreitt umboð til þess í þeirri ríkisstjórn að ganga til samninga á grundvelli þess að fallið væri frá varanlegum fyrirvörum.

Svo bið ég að lokum hæstv. utanrrh. að vanda endursögn sína á ræðum manna hér því að ég tel að engir ræðumenn hafi sagt það um útkomu sjávarútvegsins í þessum samningum sem hæstv. utanrrh. lagði þeim hér í munn.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að það kann eitthvað að orka tvímælis um það hvernig menn segja í stuttu máli frá liðnum atburðum en hvað svo sem mönnum sýnist um það þá er eitt kjarni málsins og það er þetta: Á sameiginlegum samningafundi ráðherra EFTA-ríkja og Evrópubandalagsríkja var sameiginleg niðurstaða EFTA-ráðherranna allra að fallið var frá formlegum sértækum fyrirvörum og þeim komið fyrir með öðrum hætti, þ.e. breytingum á löggjöf hvers lands, almenna öryggisákvæðinu og svo sértækum fyrirvörum einstakra landa eins og Íslands að því er varðar sjávarútvegsmál. Þetta lá fyrir í lok desember 1990. Þetta var að sjálfsögðu á hvers manns vitorði. Ef grimmilegur grundvallarágreiningur hefði verið milli flokka eða einstakra ráðherra um þetta mál, hefði það að sjálfsögðu þýtt að viðkomandi hefði tekið það upp, bæði innan ríkisstjórnar og hugsanlega á Alþingi og ef hann hefði ekki viljað una því þá hefði hann sagt sig úr þeirri ríkisstjórn.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að hæstv. utanrrh. hafi með því að draga í land frá fyrri ummælum sínum í kvöld eins og hann gerði áðan skýrt málið nokkuð og staðfest stöðu þess í raun og veru eins og hún var og atburðirnir 19. des. hljóta auðvitað að skrifast á ábyrgð utanrrh. Staðan liggur fyrir eins og hún var í málinu í þáv. ríkisstjórn.

Ég vil svo nota það sem ég á eftir, 33 sekúndur, til þess að útskýra aðeins betur það sem ég ætlaði að gera í mínu fyrra andsvari. Ég hef engan heyrt halda því fram í þessum umræðum að það séu ekki hagsbætur fyrir íslenskan sjávarútveg út af fyrir sig í þeirri hlið samningsins. Það sem menn hafa rætt um er í fyrsta lagi hvort þeir hagsmunir séu ekki ofmetnir og í öðru lagi hafa menn spurt: Hvernig ætlar íslenskur sjávarútvegur að nýta sér þessi sóknarfæri? Hver eru þau? Hvar liggja þróunarmöguleikarnir og hvernig ætla menn að grípa þá? Þar hefur meira farið fyrir fullyrðingum en útlistunum og ég skal viðurkenna að hæstv. utanrrh. gerði nokkra tilraun til þess, en þá sakna ég enn sjútvrh. og leyfi mér að inna eftir honum. Hvenær kemur hann til leiksins og svarar fyrir þá hlið mála? (**Forseti:** Það skal strax upplýst að hæstv. sjútvrh. er ekki í húsinu.)

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. hefur upplýst okkur um nýjan sið. Hér er um að ræða mikla siðbótarríkisstjórn sem tekur upp nýja siði í hverju máli á fætur öðru, að það er ekki á verksviði frsm. máls að greina frá efnisatriðum þess í einstökum atriðum heldur þingnefndar.

Ég var með tvö atriði sem ég beindi sérstaklega til hæstv. ráðherra og bað um svör við. Það var um 28. gr. og 16. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, annars vegar um það hversu víðtækur atvinnurétturinn væri gagnvart opinberum störfum og hins vegar hver staða ÁTVR yrði samkvæmt samningnum.

Hæstv. ráðherra sagði eitthvað á þá leið að það að atvinnugreinin nýti ríkisstyrkja segði ekkert um það hvort samkeppnisstaða þessara greina væri betri eða verri en í öðrum löndum. Ég vil minna hæstv. ráðherra á það að það var áætlað að á síðasta ári hafi styrkir frá EB til sjávarútvegs í sínum löndum numið 64,5 milljörðum kr. Að aflaverðmæti til jafngilti, virðulegi forseti, að íslenskur sjávarútvegur hefði fengið 16,5 milljarða í ríkistyrk. Þetta er aðstöðumunurinn.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég sá ekki ástæðu til þess að svara sérstaklega fyrirspurnum hv. þm. um túlkun á þeim ákvæðum sem varðar takmarkanir á rétti útlendinga til starfa í opinberri þjónustu ýmist vegna öryggisákvæða eða vegna tungumálakunnáttu eða um stöðu ÁTVR er einfaldlega sú að það var búið að svara því svo oft áður að ekki á að þurfa að endurtaka það. Þessi svör liggja fyrir og hafa verið endurtekin svo oft að ég hef ekki tölu á.

Sama er að segja um spurningu hv. þm. um áhrif EES-samningsins um búsetuþróun í landinu. Ýmsar upplýsingar liggja fyrir um það. En ef það er rétt að áhrifin séu jákvæð fyrir sjávarútveginn þá eru þau í stórum dráttum jákvæð fyrir búsetuþróunina í landinu.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég veit ekki á hvaða vettvangi hæstv. ráðherra hefur gefið þau svör við þeim fyrirspurnum sem ég bar fram. Ég hef ekki heyrt þau í þessari umræðu, þau hafa ekki komið fram í máli hans.

Ég vil líka minna ráðherrann á það að ég spurði að því hvaða úttekt eða skýrslur lægju fyrir um byggðaráhrif samningsins aðrar en þær sem væru frá Byggðastofnun. Í framsöguræðu ráðherra kom fram hver áhrifin að hans mati yrðu og þau svör voru gjörólík mati Byggðastofnunar, einu skýrslunnar sem ég veit til að liggi fyrir. Hæstv. ráðherra hefur ekki upplýst enn hverjir hafi gert þær skýrslur og athuganir sem að hans mati leiða til þess að áhrifin á byggðaþróun væri jákvæð eða á sjávarútveg á landsbyggðinni. Það er ekki

upplýst. Það væri fróðlegt að fá það upplýst í þessari umræðu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú verður forseti að geta þess að enn eru þrír hv. þm. eftir sem beðið hafa um andsvör. Einungis eru eftir þrjár mínútur af leyfilegum tíma til andsvara. Forseti gerir nú að tillögu sinni ef enginn mótmælir því að menn fái tækifæri til að veita umbeðin andsvör og hæstv. ráðherra svari þeim öllum í einu. Geta menn sæst á það? Ella verður forseti að skera af lista andsvarsbeiðenda. Því er ekki mótmælt.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. eyddi miklu af tíma sínum í það að telja klukkustundirnar sem hafa farið í það að ræða Evrópska efnahagssvæðið og taldi að það hefðu verið mjög lítilfjörlegar spurningar sem margir hv. þm. hafa lagt fram. Ég tel það ekki lítilfjörlega spurningu þegar ég spurði hér fyrir nokkrum dögum og hef ekki fengið nein svör við því, hvar stendur síldin í þessum samningum? Ég hef ekki fengið nein svör við því. Þetta er mikið efnahags- og atvinnuhagsmunamál fyrir fjölda manns. Við eigum tækin, við eigum þekkinguna og síldin er til staðar og allt stefnir í það að við þurfum að senda þessa síld beint í bræðslu ef ekki nást samningar um tollalækkanir. En það hlýtur að vera eitthvað ljóst um þetta mál. Ég sakna þess líka í umræðunni að ekki var talað neitt um karfa þegar verið er að tala um flök og ég spyr hæstv. ráðherra hvers vegna hann tali ekki um karfann því það er nú sú fisktegund sem við seldum mest út óunna en ég held að það sé vegna þess að við höfum ekki náð verulegri samningastöðu þar því að 1997 þegar tollalækkanirnar eru komnar að fullu til framkvæmda verður enn þá 5,2% tollur á karfaflökum.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. telur ávinninginn mikinn vegna tollaívilnana, ekki síst vegna útflutnings á ferskum fiski. Nú er það svo, hæstv. ráðherra, að á síðasta ári dróst útflutningur á ferskum fiski saman, þorski og ýsu, um 40% og á þessu ári stefnir í að hann dragist saman um 30%. Ég fullyrði það ef tekst, sem ég því miður er kannski svartsýnn um meðan þessi ríkisstjórn situr, að koma hagnaði í vinnsluna í landi þá muni þetta enn dragast saman. Þess vegna endurtek ég það sem ég sagði í kvöld að þessi ímyndaði ávinningur er ofmetinn, hæstv. ráðherra.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Svarar nú hæstv. utanrrh. og verður forseti að viðurkenna að lítið eitt er komið fram yfir 15 mínúturnar svo að þess er farið á leit að hæstv. ráðherra reyni að stytta mál sitt.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, það skal gert. Varðandi ferskan óunninn fisk er því til að svara að vonir standa til þess þegar þessi samningur er kominn til framkvæmda að það dragi úr útflutningi á óunnum ferskum fiski og hefur þegar gert það af öðrum ástæðum sem hv. fyrirspyrjanda er líka vel kunnugt um, en það met ég jákvætt ef það leiðir til þess að t.d. flakabyltingin væntanlega verði til þess að við fáum hærra verð og meiri verðmæti en við ella fengjum fyrir óunninn fisk.

Hv. þingmaður spurði, hvar er síldin? Því hefur verið svarað svo oft að ég á ekki að þurfa að endurtaka það úr ræðustól á Alþingi kl. 2 að nóttu. Staðreyndirnar eru þær og þau svör liggja fyrir skrifleg líka og það hafa verið gerðar greinargerðir um það til síldarútvegsnefndar og það hefur verið lagt fram í utanrmn. Af hverju á maður alltaf að þurfa að vera að endurtaka þessa einföldu hluti? (Gripið fram í.) Nei, það er ekkert leyndarmál. Þetta er líka í almennum fréttum. Staðreyndin er mjög einfaldlega sú að ein EB-þjóðin, Írar, settu hnefann í borðið og sögu: Ekki síld. Hins vegar þrátt fyrir það þá tókst að fá fram undanþágu fyrir saltsíldarflök. Frá því er hins vegar af tæknilegum ástæðum vegna tollskrár EB sú undantekning að þetta nær ekki yfir vissar tegundir af ediksaltaðri síld sem er okkur Íslendingum mikilvæg. En engu að síður þá er staðreyndin sú að þrátt fyrir þetta tabú eða veto þá fékkst undanþága en hún er takmörkuð. En þetta er búið að upplýsa fyrir tveimur árum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hafa gerst fáheyrðir hlutir. Þetta minnir mest á það þegar kennari tekur sig til og hefur reiðilestur yfir öllum bekknum sem óhæfum til allra hluta. Hæstv. utanrrh. flytur hér ræðu þar sem hann kvartar yfir því að þingmenn efist um það hvort þessi samningur standist stjórnarskrána. Hæstv. utanrrh. skipaði nefnd til að rannsaka þetta mál. Hvers vegna skipaði hann nefndina ef hann efaðist ekki sjálfur? Hvers vegna var hann að eyða ríkisins fé til að borga mönnum laun ef enginn efi var í hans huga? Hvers lags sóun var þetta á peningum ríkisins?

Hæstv. ráðherra kvartar yfir því þekkingarleysi að það þurfi að svara spurningum kl. 2 að nóttu sem hafi verið upplýstar í síldarútvegsnefnd um miðjan dag og utanríkismálanefnd þar sem allt er leyndarmál sem þar er skrifað, menn búnir að vinna eið að því að þegja yfir því sem er sagt þar, og hann þarf að svara þessu hér kl. 2 að nóttu. Og hvernig standa svo málin? Jú, Alþingi Íslendinga hefur lagt fram fé til að fræða þingmenn og þjóðina um þetta mál og hver fékk peningana til ráðstöfunar? Hæstv. utanrrh. fékk peningana til ráðstöfunar. (**Gripið fram í:** Hver vann fyrir þeim?) Hann tók að sér í ákvæðisvinnu fyrir ákveðna upphæð að fræða þjóðina um þessi mál. Hann hefur sjálfur gert úttekt á því hvernig kennslan tókst. Niðurstaðan er hreinasta hörmung, fall hjá kennaranum í stöðunni. (**Gripið fram í:** 1,3.) 1,3. — (**Forseti:** Forseti er að reyna að hafa skikk á frammíköllum og hringdi þess vegna bjöllu. Þessar hringingar áttu ekki við hv. ræðumann.). Þetta minnti orðið á sleðaferð við bjölluhljóm og satt best að segja var þetta farið að fipa ræðumann en ég þakka að hæstv. forseti hefur upplýst ástæðuna.

En ofan á allt þetta þegar búið er að taka þingheim svona á beinið og hella sér yfir hann fyrir þessa hluti, þá kemur það alsérstæðasta af öllu. Hæstv. utanrrh. veifar blaði með öllum sannleikanum í, það eru 3 eða 4 blöð eða kannski 10. Hann var með þau hérna í hendinni. Hann sagði: Þetta verður birt seinna. Hann var með sannleikann um allt málið í hendinni og kvartar yfir því að við vissum hann ekki. Hann var eini maðurinn sem átti þessar upplýsingar, eini maðurinn. Hann hafði ekki sýnt fréttamönnum þetta einu sinni. Samt átti maður að vita hvað hann var með í hendinni og hafa vitað það allan tímann. (**Gripið fram í:** Af því að klukkan var orðin svo margt.) M.a. vegna þess. Þetta er alveg forkastanlegur vopnaburður. Ég verð nú að segja eins og er, af hverju afhenti utanrrh. ekki þetta merka plagg fyrir löngu til að draga hér úr umræðu? (**Utanrrh.:** Það barst ... (**Gripið fram í:** Hann fór með það til síldarútvegsnefndar.) Það er náttúrlega hámark ósvífninnar að kvarta yfir því að við skyldum ekki vita þetta þegar það kemur í ljós, að það er loksins fyrir örfáum mínútum, sem hæstv. utanrrh. vissi að þetta var ekkert vafaatriði lengur. Ja, mér finnst nú vopnaburðurinn vera orðinn ansi harður, ég segi það alveg eins og það er.

Allt um það. Hér höfum við stuðst við það plagg alllengi að fjórmenningar lýstu því yfir að þrátt fyrir að um valdaafsal væri að ræða þá væri það svo óverulegt að ekki þyrfti að breyta stjórnarskránni. Nú er það aftur *á móti upplýst af hæstv. utanrrh. milli kl. 1 og 2 að nóttu*, að þetta sé á misskilningi byggt hjá þessum fjórum, að það sé ekkert valdaafsal á ferðinni. Það kemur fram í greinargerð lögfræðingsins, sem hann var að sjá fyrir örstuttu síðan. Leiðréttingin kemur þess vegna ekki fyrr fram. Þetta bendir til þess að ef niðurstaðan er nú misskilningur hjá þessum fjórum, þeir hafa ekki kynnt sér málin nógu vel frekar en við hin, er þá öruggt að fyrri hluti greinargerðarinnar sé byggður á meiri þekkingu?

Hæstv. utanrrh. er búinn að setja þetta mál í stórkostlegan vanda með nýjustu upplýsingum og ég verð að segja eins og er með fullri virðingu fyrir norska þinginu að ég held að það mundi ekki þola svona reykbombur. Ég held bara að þeir mundu ekki þola það miðað við að þeir mega ekki ræða málin nema í tíu tíma. En Norðmenn hafa nú aldrei verið neinir sérstakir bókmenntamenn. Það verður líka að segjast eins og er. Við skráðum nú þeirra sögu og fleira og höfum löngum verið betri í því að halda staðreyndum til haga. (**Gripið fram í:** Það var nú skárra í Reykholti.

En að lokum þetta, herra forseti. Ég ætla ekki að fara að rjúfa þann frið sem hefur orðið um að ljúka þessari umræðu, en ég vona að utanrrh. láti það ekki dragast úr því sem komið er að allar staðreyndir um þetta mál eru á um tíu örkum að þær verði sem allra fyrst færðar á borð þingmanna því við höfum ekki átt aðgang *í svo stuttu máli að svo mikilsverðum upplýsingum* um þetta efni.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):
Virðulegi forseti. Þótt kominn sé galsi í mannskapinn þá veit ég að við gleðjumst öll sameiginlega yfir því að Reykholt er vel setið enn í dag.

Hv. þingmaður sagði: Fáheyrðir atburðir hafa nú gerst. Og hverjir voru fáheyrðu atburðirnir? Að því væri yfirlýst af utanrrh. að EES-samningurinn stæðist stjórnarskrána. Það getur ekki verið fáheyrt. Hv. þm. var mjög öflugur og góður stuðningsmaður síðustu ríkisstjórnar. Því var ævinlega lýst yfir af hennar hálfu að *samningarnir, eins og þeir þá stóðu hvað þá nú*, stæðust stjórnarskrána og hv. þm. orðaði aldrei nokkrar efasemdir um það. Það var ekkert nýtt um það að segja. Það eina sem ég var að rekja og er nýtt úr skjali aðalsamningamanns, sem nú er nýlega fram komið og verður birt, var þetta: Hann er að halda því til haga að þetta var meginsjónarmið samningamanna Íslands fyrir hönd fyrrv. ríkisstjórnar allan tímann og ekkert fáheyrt við það.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:
Herra forseti. Eins og hæstv. utanrrh. er fullkunnugt var umræddur samningur ekki til þegar seinasta ríkisstjórn var til staðar. Umræddur samningur varð til á því tímabili sem núverandi ríkisstjórn starfaði. Þess vegna var ákaflega erfitt að fara í harða gagnrýni gegn samningnum á því tímabili sem hann var í sköpun.

Hins vegar vona ég að hæstv. utanrrh. minnist þess að á lokadögum þingsins á liðnum vetri þá las ég upp í þessum ræðustól 2. gr. stjórnarskrárinnar til þess að *undirstrika* það álit mitt, ég er ekki lögfræðingur, að ég fengi ekki séð að þetta stæðist stjórnarskrána. (**Forseti:** Forseti biður hv. þingheim forláta sér en forseti kann illa þessu orðfari að samningur standist stjórnarskrána. Konur standast menn. Lög standast gagnvart stjórnarskránni ef málskilningur minn hefur ekki mjög bilast með árunum.)

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:
Virðulegi forseti. Það er stutt leiðrétting. Hv. þingmaður hélt því fram að í tíð fyrri ríkisstjórnar hafi enginn samningur verið til en svarið er að þessi samningur varð til í áföngum. Dæmi: Fyrsti þáttur samningsins sem var frágenginn og breyttist ekkert, síðan var kaflinn á sviði samningarnefndar 2 um fjármagnsmarkað. Hann var alveg frágenginn og gjörsamlega óbreyttur eins og frá honum var gengið í tíð fyrri ríkisstjórnar.

Annað dæmi var til umræðu fyrr í kvöld. Það var sá þáttur sem lýtur að því að í stað sértækra fyrirvara var tekið upp almennt öryggisákvæði og ákveðið sameiginlega af EFTA-löndunum að breyta fremur löggjöf heima fyrir heldur en að halda til haga sértækum fyrirvörum.

Fleiri dæmi gæti ég nefnt þannig að staðreyndin er sú að *samningurinn varð til í áföngum og hann varð* að verulegu leyti til í tíð fyrri ríkisstjórnar og sérstaklega þó þeir þættir þess máls sem lúta að ákvörðunarferli, sem lúta að hlutverki eftirlitsstofnunar og sem lúta að úrlausn deilumála. Það er því misskilningur hjá hv. þm.

að ekki hafi verið mál að taka afstöðu til. Þetta lá nefnilega fyrir í grundvallaratriðum.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fór hógværlega fram á það fyrr í kvöld að hæstv. utanrrh. gerði okkur grein fyrir því hvers konar stefnumörkun væri fólgin í frv. til laga um tolla og vörugjöld sem hér liggur fyrir þinginu og er fylgifrv. með þessum samningi. Það hefur hann ekki gert. Ég endurtek það og óska eftir því að fá að vita hvaða stefnumörkun er á bak við það sem kemur fram í því frv. Til viðbótar óska ég eindregið eftir því að hæstv. utanrrh. geri okkur grein fyrir hvernig hann lítur á það að við munum ekki geta stjórnað útflutningi á okkar fiskafurðum með sama hætti og við höfum getað fram að þessu eftir að þessir samningar taka gildi.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst varðandi seinna atriðið. Það er grundvallaratriði þessa samnings að hann er ekki um tollabandalag. Hann kveður ekki á um samræmda ytri tolla. Hann hefur ekki í sér fólgna neina skuldbindingu um hvort heldur er tolla eða viðskiptastefnu gagnvart þriðju löndum. Og eitt dæmi um misskilning lögfræðinganna, sem hafa verið með fullyrðingar um þennan samning, er þetta: (**Gripið fram í:** Þeir eru fjórir.) Því hefur verið haldið fram — Nei, það er nú reyndar annar. Því var haldið fram af einum lögfræðingnum að greinar samningsins sönnuðu að verið væri að draga úr fullveldisrétti íslenska ríkisins til þess að gera samninga við annað ríki. Þetta ályktaði lögfræðingurinn af því að tvær greinar kveða á um að okkur er ekki heimilt að mismuna innbyrðis milli aðila í samningnum, þ.e. að bjóða Þjóðverjum betri kjör en Frökkum. Af þessu ályktaði fræðimaðurinn að þetta sannaði að Íslendingum væri bara óheimilt að gera samninga við önnur ríki og væru bundnir á höndum og fótum. Og maður sem skilur samninginn svona skilningi opinberar það náttúrlega að það er ekki hægt að treysta ályktunum hans á öðrum sviðum.

Að því er varðar vörugjöldin þá er því til að svara að um leið og við fellum niður fjáröflunartolla tökum við upp önnur gjöld í staðinn í formi vörugjalda. Það er það sem þetta frumvarp felur raunverulega í sér.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er engu nær, nákvæmlega engu nær. (**Gripið fram í:** Þú ert ekki einn um það.) Ég skil ekki enn þá hver stefnumörkunin er sem er á bak við þetta. Ég skil bara það sem stendur í plöggunum og þar stendur það skýrt og greinilega að vörur frá öðrum löndum, sem eru utan svæðisins, eigi að bera miklu hærri innflutningsgjöld en vörur sem koma frá EES-svæðinu. Það skil ég. Ég hefði gjarnan viljað heyra í hverju eða hvernig forráðamenn þessarar ríkisstjórnar skilja þetta.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég skal vera mjög stuttorður en ég bendi á það, eins og kom fram núna fyrir augnabliki síðan, að þegar kemur að viðkvæmum spurningum þá víkur hæstv. utanrrh. sér undan því að svara.

En það sem ég ætlaði að ítreka við hæstv. utanrrh. snertir sjávarútvegssamninginn. Ég hef verið að reyna að fara yfir þau mál síðustu daga og síðast í morgun fór ég yfir sjávarútvegskaflann frá A–Ö með einum okkar fremsta manni á því sviði og í viðtali við þessa aðila kemur allt annað fram en það sem hæstv. ráðherra heldur fram hér úr stólnum. Það er miklu nær því sem hv. 2. þm. Vesturl. hefur upplýst okkur um.

Ég ætla enn einu sinni að gera tilraun og fylgja eftir spurningu hv. 2. þm. Vesturl. og nú spyr ég (**Gripið fram í:** Tíu mínútur yfir tvö.). Já, klukkan tíu mínútur yfir tvö spyr ég hæstv. utanrrh. varðandi síldina: Hvar liggja vaxtarmöguleikarnir inn á Evrópumarkaðinn? Það skiptir höfuðmáli, ekki það hvað nákvæmlega á hvaða afurðum við höfum fengið tollalækkun. Það skyldi ekki vera að aðalvaxtarmöguleikarnir í síldinni liggi einmitt í þeim afurðum sem deilan stendur um og við höfum ekki fengið niðurfellda tolla af. Það er í það minnsta mat þeirra sem starfa í atvinnugreininni. Það er ediksaltaða síldin, sem vaxtarmöguleikarnir liggja í.

Í öðru lagi vil ég ítreka spurningu sem hæstv. ráðherra svaraði ekki áðan, hvað með niðurfellinguna á tollum á karfaflökum? Karfinn hefur verið sá fiskur sem við höfum átt hvað erfiðast með og ekki náð að ná út úr verði öðruvísi en annaðhvort að sigla með hann óunninn eða sjófrysta hann. Hvað lækka tollarnir á karfaflökum mikið í upphafi og hvað verða háir tollar af karfaflökum árið 1997 þegar aðlöguninni lýkur? Þetta eru mjög einfaldar spurningar og þó svo að klukkan sé farin að ganga þrjú og kominn galsi í einstaka mann hér trúi ég ekki öðru en að hæstv. utanrrh. gefi skýr og greinileg svör við þessu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Svo þessi umræða megi brátt taka enda vill forseti fara fram á að menn geri sitt besta til þess að svo megi verða.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé ekki beinlínis rétt krafa á hendur utanrrh. að hann svari hér um efnisatriði frv. sem ekki er á dagskrá. Frv. um vörugjöld er að sjálfsögðu á ábyrgð fjmrh. Um það er að segja að við erum samkvæmt EES-samningnum skuldbundnir til þess að leggja af fjáröflunartolla sem úreltir eru. Okkur er hins vegar frjálst að bæta ríkissjóði upp það tap svo lengi sem það mismunar ekki samningsaðilum í formi vörugjalda. Það er það sem við erum að gera.

Að því er varðar spurninguna um saltsíldarflökin er það rétt, sem fram hefur komið, að tiltekin edikblanda, sem samkvæmt úrskurði þeirrar nefndar sem fjallar um tollflokkun Brussel-kerfisins, flokkast ekki undir saltsíldarflök sem náðist fram tollfrelsi fyrir. Að því er varðar karfa þá er það líka rétt hjá hv. fyrirspyrjanda

að það tókst ekki, þrátt fyrir mikinn árangur í niðurfellingu tolla, að ná núll-tolli fyrir karfaflök.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú smám saman að koma í ljós að það þarf að draga svörin með töngum upp úr hæstv. utanrrh. Reyndar vék hann sér undan því að svara spurningunni með karfaflökin og ég endurtek hana: Hvað lækkar tollurinn mikið nú í upphafi og hver verður hann þegar aðlöguninni lýkur 1997?

Í öðru lagi varðandi ediksíldarflökin. Það skyldi nú ekki vera einmitt vegna mikilvægi þessarar afurðar sem bírókrataranir í EB hafa komið í veg fyrir að felldur sé niður af þeim tollur, að þeir viti hvar vaxtarmöguleikar okkar liggja í þessari grein?

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í máli hæstv. utanrrh. ákveðin breyting á meðferð mála hér í þinginu sem vissulega lýtur að þingsköpum. Breytingin er fólgin í því að ráðherrann telur óþarft af sinni hálfu að svara spurningum um efnisatriði máls sem hann mælir fyrir. Þess í stað vísar hann á þingnefndir og segir: Þið eigið að leita svara hjá þingnefndum.

Ein af þeim spurningum sem ég lagði fyrir ráðherrann var um það hversu víðtækur atvinnurétturinn væri gagnvart opinberum störfum. Ráðherrann hélt því fram fyrr í nótt að þessari spurningu hefði verið svarað. Ég veit mæta vel að spurningunni hefur ekki verið svarað hér innan þings en vegna þess að mér er bent á að hæstv. ráðherra leitar til þingnefndar um svör, vil ég upplýsa ráðherrann og forseta um það að ég spurði þessarar spurningar í þingnefnd síðasta sumar. Ég gekk eftir svörum í sömu þingnefnd fyrir fáeinum dögum. Til svara varð fulltrúi framkvæmdarvaldsins sem átti að tína saman svarið og hafa á reiðum höndum eftir sumarið. Svarið sem við fengum í þingnefndinni var að það væri ekki til neitt svar.

Ég vil því spyrja hæstv. forseta: Hvar eigum við þingmenn að leita eftir svörum við okkar spurningum fyrst framsögumaður máls hefur þau ekki á reiðum höndum, veitir þau ekki en vísar okkur til þingnefndar sem getur ekki aflað þeirra?

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hefur fyrr í kvöld óskað eftir því að menn geri sitt besta, bæði hæstv. ráðherrar og hv. þingmenn, til þess að greiðlega megi ganga að svara því sem spurt er að og ræða það sem á dagskrá er. Forseti getur vart betur gert. Þar sem enn er eitt mál á dagskrá sem nú verður tekið fyrir vill forseti taka undir það með hv. þm. að það er ósk forseta að hæstv. ráðherrar og hv. þingmenn reyni að gera sig sem skiljanlegasta hver fyrir öðrum þannig að svo megi fara um umræðu sem ætlast var til.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Fyrir þá hv. þm. sem vilja fá sundurliðaðar töflur yfir tollalækkanir samkvæmt samningnum miðað við útflutningsmagn, t.d. árið 1990, hlut tollflokkunar af þeim tollgreiðslum sem á Íslendinga komu af heildinni, bæði af þeim sem verða tollfrjálsir í upphafi, þeim sem lækka í áföngum um 70% á næstu árum og þá tolla sem eftir yrðu, sem eru yfirleitt svo lágir að þeir eru ekki viðskiptahindrun, þá hafa þessar upplýsingar legið fyrir allan tímann, frá 22. okt. 1991 og eru hér til reiðu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill óska eftir að því gagni sem hér um ræðir verði komið til skrifstofu þingsins og óskar eftir dreifingu þess. (**Utanrrh.:** Það er áreiðanlega til í fórum þingsins.) Forseti telur þá að því erindi hafi verið svarað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. StH o.fl., 29. mál (samningar við önnur ríki). — Þskj. 30.

Ólafur Ragnar Grímsson (frh.):

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá virðulegum forseta að ég var kominn langt í ræðu minni þegar umræðunni var frestað. Áður en ég lýk henni vil ég segja við hæstv. utanrrh.: Mér finnst það hvorki kurteisi né drengilegt af honum hefja hér í kvöld sína svarræðu með því að tíunda ræðutíma, dagafjölda og annað þegar stjórnarandstaðan féllst góðfúslega á það að hæstv. ráðherra gæti farið í þrjá daga burtu frá umræðunni. Það var auðvitað alveg ljóst öllum sem fylgdust með henni meðan hún fór fram að fjarvera hæstv. ráðherra lengdi mjög umræðurnar. Ein af ástæðum þess að ég er til knúinn að standa hér upp klukkan hálfþrjú að nóttu til að ljúka ræðu minni er fjarvera hæstv. utanrrh. Ég endurtek það að mér finnst það hvorki sanngjarnt né drengilegt af hæstv. utanrrh. að mikla þessa hluti með þeim hætti sem hann hefur gert hér. Ef hæstv. ráðherra hefði metið þingið það mikils að vera hér þyrftum við ekki að standa hér klukkan hálf þrjú um nótt til að ræða það frv. sem nú kemur til umræðu. (Gripið fram í.) Hvað er formaður þingflokks Alþfl. að gjamma hér fram í? (**ÖS:** Menn geta sofið fram eftir.) (**Gripið fram í:** Að skora á þingmenn að mæta ekki á nefndarfundi í fyrramálið.) Formaður þingflokks Alþfl. segir hér að menn geti sofið fram eftir. Ég veit ekki hverjir það eru. Það er kannski ráðherrann sem getur sofið fram eftir. Við hin eigum að mæta hér í þinginu eftir ekki mjög langa stund til þess að halda áfram vinnu okkar.

Ég ætla ekki að gera þetta að stóru máli en ég vil bara segja við hæstv. utanrrh. að það verður kannski bið á því að maður sýni kurteisi næst ef henni er mætt með derringi eins og fram kom hjá ráðherranum hér í kvöld.

Í fyrri hluta ræðu minnar í síðustu viku rakti ég

nokkuð rækilega það sem fram kom í skoðanakönnun sem utanrrn. lét gera. Ég ætla ekki að endurtaka það hér en það er auðvitað ljóst að sú könnun varpar margvíslegu ljósi á þetta mál sem utanrrn. er ekki mjög hagstætt.

Varðandi stjórnarskrárfrumvarpið hefur það komið fram að bæði hæstv. forsrh. og nokkrir þingmenn stjórnarliðsins, sem talað hafa um stjórnarskrármálið, hafa velt því fyrir sér að e.t.v. væri æskilegt að breyta frv. Þeir teldu að frv. gæti ekki fullnægt ætlunarverki sínu í núverandi búningi. Ég vil lýsa því hér yfir að ef það getur orðið til samkomulags við fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna að orða þessa nýju grein stjórnarskrárinnar með þeim hætti sem þeir telja fullnægjandi að þá erum við flutningsmenn frv. örugglega reiðubúnir til þess.

Ég vil í öðru lagi benda hæstv. utanrrh. á að það væri fróðlegt fyrir hann að fá prófessor Björn Þ. Guðmundsson til að rekja þær grundvallarkenningar í dönskum og íslenskum stjórnskipunarrétti sem prófessorinn hefur vitnað í til að rökstyðja niðurstöður sínar í greinargerð til utanrmn. Alþingis. Það er lýsing sem er örugglega ekki síður forvitnileg fyrir hæstv. utanrrh. en greinargerðir frá Hannesi Hafstein sendiherra.

Ég vil einnig vekja athygli á því að Stefán Már Stefánsson, sem utanrrh. hefur haft sem sérstakan ráðgjafa í þessum efnum, hefur í sérstakri grein í riti umboðsmanns Alþingis rakið sjónarmið um hugsanlegan árekstur við stjórnarskrá lýðveldisins sem mjög koma heim og saman við þau sjónarmið sem fram hafa komið á síðustu vikum.

Það er einnig nauðsynlegt að ítreka það hér að við flutningsmenn þessa frv. höfum flutt annað frv. til breytingar á stjórnarskránni sem fjallar um þjóðaratkvæðagreiðslu. Þessi tvö frv. eru samtengd. Það verður mælt fyrir því frv. væntanlega í næstu viku og þá hafa menn betra tækifæri til að sýna fram á með hvaða hætti þessi tvö frv. eru samtengd.

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hér áður þá var það ekki mikill hluti af minni ræðu sem ég átti eftir en þó ætla ég aðeins að minna á það að í umræðu um þetta mál hefur verið sérstakur kafli sem ég hef kallað fundagerðamál hæstv. forsrh. þegar þeir í sameiningu, hv. 3. þm. Reykv., Björn Bjarnason og hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, sviðsettu hér í þingsalnum tilefni til þess að hæstv. forsrh. færi að endurscgja efni fundargerðar ríkisstjórnarinnar. Því máli er ekki lokið. Ég ætla ekki klukkan hálfþrjú um nótt að fylgja því eftir en vil aðeins geta þess hér að því er ekki lokið og tækifæri gefst til þess síðar á þessu þingi að leiða það mál til lykta.

Virðulegi forseti. Ég reikna með því að samkvæmt þingsköpum verði kosin sérstök nefnd til að fjalla um þetta frv. Hún mun einnig fjalla um það frv. sem hv. þm. Ragnar Arnalds er 1. flm. að. Ég vil ítreka þá ósk sem við höfum sett fram, forustumenn stjórnarandstöðuflokkanna og flutningsmenn þessa frv., að frv. verði afgreidd áður en kemur að afgreiðslu EES-samningsins. Þessi tvö frv., annars vegar það frv. sem hér er til umræðu og hins vegar frv. hv. þm. Ragnars Arnalds, komi til afgreiðslu hér í þinginu áður en samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði kemur til endanlegrar afgreiðslu.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Við erum að ræða frv. til stjórnarskipunarlaga sem er flutt af ýmsum helstu forustumönnum stjórnarandstöðuþingflokkanna. 1. flm. er reyndar hæstv. fyrrv. forsrh. sem mun því miður ekki vera viðstaddur umræðu og hefði einhvern tímann verið tilefni til viðbragða af hálfu stjórnarandstæðinga ef stjfrv. væri rætt á hinu háa Alþingi að 1. flm. fjarverandi. Ég geri enga athugasemd við það, virðulegi forseti. Ég vil í byrjun vísa á bug því sem hv. seinasti ræðumaður sagði um það að fjarvist mín hefði tafið þetta mál. Svo var auðvitað alls ekki. Þetta mál heyrir ekki undir utanrrh., það heyrir undir forsrh., breytingar á stjórnarskrá. Þar að auki hafði ég sýnt leiðtogum stjórnarandstöðunnar þá háttvísi að segja þeim frá því að ég yrði, vegna skuldbindingar míns starfs, fjarverandi en það tafði á engan hátt þessa umræðu.

Ég vék að því áðan í hinni almennu umræðu um EES-málið að mér þætti það skjóta skökku við að flutningsmenn þessa frv. hafa ekki haft fyrir því að gera grein fyrir því um hvað þetta mál snýst og hverjar afleiðingar þess eru. Fyrir utan það að menn hafa látið sem svo að hún hafi allt í einu komið á dagskrá fyrir skömmu síðan hin mikla spurning um það hvort EES-samningurinn stæðist stjórnarskrána.

Ég held ég hafi sýnt fram á það í ræðu minni fyrr í kvöld að það er auðvitað fjarri öllum sanni. Það mál hefur verið á dagskrá allan tímann eins og þeir menn geta sannfærst um sem ekki koma nýir að málinu, af skýrslunni sem fram var lögð á Alþingi í mars 1991 þar sem það er rækilega tíundað hvernig málið þróaðist og sérstaklega varðandi aðalatriðin, þ.e. ákvarðanatökuferli, eftirlitsstofnun og lausn deilumála. En um þau mál og þær tillögur snýst þessi spurning.

Ég vil, virðulegi forseti, vekja athygli á því áður en ég vík að efnisatriðum frv. að þótt skiptar skoðanir hafi verið meðal nokkurra nafnkunnra lögfræðinga um þetta mál, þá hefur í raun og veru aðeins einn fært rök fyrir því að EES-samningurinn brjóti ótvírætt í bága við stjórnarskrána. Aðrir hafa talið leika vafa á því og aðeins einn efasemdarmanna, prófessor Björn Þ. Guðmundsson, hefur fært rök fyrir þeirri skoðun sinni. Aðrir efasemdarmenn úr hópi lögfræðinga hafa ekki sett fram röksemdir á opinberum vettvangi er skipta máli varðandi þessa umræðu. Niðurstaða þeirra fjögurra sérfróðu manna sem utanrrh. kvaddi til að skila áliti um þetta mál er hins vegar ótvíræð og hún er sú að samningurinn sé að öllu leyti samrýmanlegur stjórnarskránni.

Þegar menn líta á þær álitsgerðir sem hafa verið lagðar fram er fljótséð að athyglin beinist að þeirri spurningu hvort samningurinn feli í sér framsal á framkvæmdarvaldi og dómsvaldi en enginn hefur treyst sér til þess að halda því fram að um framsal löggjafarvalds væri að ræða. Hverjar eru þá röksemdirnar í

þessu máli? Samkvæmt samningnum hvílir eftirlit með framkvæmd samkeppnisreglnanna á tveimur meginstoðum, þ.e. eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólnum annars vegar og framkvæmdastjórn EB og dómstóli EB hins vegar. Fyrrnefndu stofnanirnar, þ.e. eftirlitsstofnunin og EFTA-dómstóllinn, fara með eftirlitið í EFTA-ríkjunum en stofnanir bandalagsins með eftirlit innan þess. Í þessum hluta samningsins, um framkvæmdarvaldið, beinist því athyglin að hlutverki eftirlitsstofnunar EFTA og þá byggir það á þeirri greiningu að það hlutverk sé rétt að fella undir framkvæmdarvald.

Í 108.–110. gr. er að finna ákvæði um eftirlitsstofnun EFTA. Sérstakur samningur er gerður milli EFTA-ríkjanna um þessa stofnun og um hlutverk hennar sem samsvarandi við framkvæmdastjórn EB. Aðalatriðið varðandi hana er að hún getur fylgt ákvörðunum sínum eftir með því að ákveða sektir eða févíti á hendur einstaklingum eða fyrirtækjum ef þeir gerast brotlegir við samkeppnisreglur EES. Ákvarðanir eftirlitsstofnunar eru fullnustuhæfar í einstökum ríkjum og fyrir Ísland þýðir þetta að eftirlitsstofnunin getur ákveðið sektir eða févíti á hendur íslensku fyrirtæki vegna brota á reglum EES og að sú ákvörðun er sjálfkrafa aðfararhæf hér á landi. Íslenskir dómstólar geta ekki endurmetið þá ákvörðun og í hugum sumra felur þetta í sér hugsanlegt framsal framkvæmdarvalds. En áður en menn hrapa að þeirri ályktun er nauðsynlegt að hafa fleiri atriði í huga.

1. Heimild eftirlitsstofnunarinnar er bundin við að um sé að ræða fyrirtæki sem eru af tiltekinni stærð, sem hafa meira en 5% markaðshlutdeild á þeim markaði sem um er að ræða og heildarveltu upp á 200 millj. í ECU eða 15 milljarða íslenskra króna og þurfa bæði skilyrði að vera uppfyllt. Engin slík fyrirtæki eru til á Íslandi.

2. Eftirlit stofnunarinnar lýtur eingöngu að samkeppnisreglum sem eingöngu varða fyrirtæki sem starfa á hinum alþjóðlega markaði í EES. En skilvirkt og sameiginlegt eftirlit með framkvæmd þeirra er í raun og veru forsenda þess að markmið EES-samningsins náist.

3. Heimild eftirlitsstofnunarinnar tekur aðeins til þess að sekta fyrirtæki vegna brota á samkeppnisreglum EES. Hún getur í samræmi við það aðeins tekið til fyrirtækja sem starfa á þessum sameiginlega markaði. Til þess að samskipti íslenskra fyrirtækja komist undir lögsögu eftirlitsstofnunarinnar þarf starfsemi þeirra að hafa áhrif á hinum sameiginlega markaði. Með þessu er lögð áhersla á fjölþjóðlegt eðli þessara viðskipta sem ekki aðeins réttlætir þetta fyrirkomulag heldur gerir það beinlínis nauðsynlegt. Þetta þýðir jafnframt að starfi fyrirtækin aðeins á íslenskum markaði, þ.e. innan lögsögu Íslands og samskipti þeirra hafi ekki áhrif á hinum sameiginlega markaði þjóðanna, þá tekur lögsaga eftirlitsstofnunarinnar ekki til þeirra.

4. Þess er að geta að ákvarðanir eftirlitsstofnunar eru bundnar við sektir eða févíti. Stofnunin getur því ekki beitt öðrum úrræðum eins og refsivist sem lögfróðir menn mundu telja þungbærari. Við mat á því hvort um framsal sé að ræða sem ekki rúmast innan stjórnarskrár skiptir auðvitað máli hvers kyns úrræði það eru sem eftirlitsstofnun getur gripið til.

5. Þess er að geta að fullnusta ákvarðana stofnunarinnar fer að íslenskum lögum. Síðast en ekki síst ber að hafa í huga að í lögum eru fyrir heimildir þar sem erlendar stjórnvaldsúrlausnir eru viðurkenndar. Sú ráðagerð í EES-samningnum að ákvarðanir eftirlitsstofnunar skulu vera fullnustuhæfar hér á landi er því fjarri því að vera einsdæmi um þjóðréttarlega samninga sem Íslendingar eru aðilar að. Um það vil ég nefna okkur dæmi:

1. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta öðlast gildi ákvæði í samningi Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga, lög nr. 93/1962. Í 1. gr. samningsins er gert ráð fyrir að meðlagsúrskurðir, sem eru dómar sem kveðnir eru upp í einhverju framangreindra ríkja, skuli vera aðfararhæfir hér á landi.

2. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda fyrir Íslands hönd samninga milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum, lög nr. 111/1972. Í 13. gr. samningsins segir að úrskurð í skattamálum sem samkvæmt lögum aðildarríkisins er aðfararhæfur skuli viðurkenna sem aðfararhæfan í öðru aðilarríki samningsins.

Þótt fleiri dæmi séu ekki talin eru skýr fordæmi fyrir því hér á landi að hinn almenni löggjafi geti á stjórnskipulega gildan hátt viðurkennt erlendar stjórnvaldsúrlausnir sem aðfararhæfar. Það verður ekki séð að framangreindar heimildir, sem þegar eru í lögum, séu í eðli sínu frábrugðnar heimildum eftirlitsstofnunarinnar þannig að hinn almenni löggjafi geti ekki á sama hátt viðurkennt úrlausnir hennar sem aðfararhæfar. Kjarni málsins varðandi eftirlitsstofnunina er því sá að starfsemi hennar tekur aðeins til eftirlits með framkvæmd samkeppnisreglna EES. Hún tekur aðeins til fyrirtækis sem starfar á alþjóðlegum markaði. Það er viðurkennd regla í íslenskum rétti að löggjafinn geti á grundvelli þjóðréttarsamninga veitt erlendum stjórnvaldsúrlausnum aðfararhæfi hér á landi. Þegar þetta er haft í huga auk þess sem að framan er greint er niðurstaðan sú að ákvæði EES-samningsins um hlutverk eftirlitsstofnunarinnar samræmast íslensku stjórnarskránni.

Þá má spyrja: En hvað um dómsvaldið? Í 2. mgr. 108. gr. samningsins skuldbinda EFTA-ríkin sig til að koma á fót sérstökum dómstóli, EFTA-dómstóli. Hlutverk hans er þríþætt:

1. Hann dæmir í málum sem varða ákvarðanir eftirlitsstofnunarinnar vegna framkvæmda EES-reglna í EFTA-ríkjum.

2. Hann dæmir í deilumálum sem upp kunna að koma milli EFTA-ríkjanna innbyrðis.

3. Til að stuðla að samræmdri túlkun getur EFTA-dómstóllinn gefið dómstólum í aðildarríkjum ráðgefandi álit um túlkun EES-reglna.

Í 2. gr. stjórnarskrárinnar segir að dómendur fari með dómsvald. Það er ekki um það deilt að það voru innlendir dómendur sem hafðir voru í huga. Á sama

hátt og eftirlitsstofnunin getur EFTA-dómstóllinn tekið ákvarðanir sem hafa bein réttaráhrif hér á landi. Þær eru með öðrum orðum fullnustuhæfar. Hér er því á ferðinni sama álitaefnið og varðandi eftirlitsstofnunina. Af þeirri ástæðu má að mestu vísa til sömu meginsjónarmiða og um eftirlitsstofnunina sjálfa. Enn fremur er rétt að benda á að í íslenskum lögum eru heimildir þar sem erlendar dómsúrlausnir eru viðurkenndar sem aðfararhæfar. Ég nefni nokkur dæmi:

1. Norðurlandasamningur um viðurkenningu dóma, sbr. lög nr. 30/1932. Í 1. gr. samningsins segir að aðfararhæfir dómar sem gengið hafa í einhverju samningslandanna í einkamálum skuli einnig vera bindandi í hinum ríkjunum.

2. Í lögum nr. 69/1963 er mælt fyrir um fullnustu refsidóma sem kveðnir eru upp á Norðurlöndum. Í 1. gr. laganna segir að hér á landi megi fullnægja sektarrefsingu sem aðila hefur verið gerð í einhverju landanna og að sama eigi við um fullnægju ákvæða dóms um upptöku eigna og fleira. Þá segir í 5. gr. að fullnægja megi refsivistardómum að vissum skilyrðum uppfylltum.

3. Lúganó-samningurinn. Samningurinn hefur verið undirritaður af Íslands hálfu en ekki hlotið staðfestingu. Í honum er gert ráð fyrir að erlendar dómsúrlausnir geti orðið aðfararhæfar hér á landi sé um að ræða það sem kallað er alþjóðlegt varnarþing. Með því er átt við að sakarefni og tengsl aðila máls þurfi að vera með þeim hætti að málið geti ekki talist sérískenskt eða varðað aðeins íslenska hagsmuni.

4. Þá má nefna 11. tölul. 1. gr. aðfararlaga nr. 90/1989. Þessi lög tóku gildi 1. júlí sl. og voru því samþykkt í tíð fyrrv. ríkisstjórnar en tóku gildi í tíð núv. ríkisstjórnar. Þar segir að aðför megi gera til fullnustu kröfum samkvæmt úrlausnum eða ákvörðunum erlendra dómstóla eða yfirvalda eða sáttum gerðum fyrir þeim ef íslenska ríkið hefur skuldbundið sig að þjóðarétti og með lögum til að viðurkenna slíkar aðfararheimildir, enda verði fullnusta kröfunnar talin samrýmanleg íslensku réttarskipulagi. Lagaákvæðið byggir á því viðhorfi að löggjafinn geti almennt viðurkennt sem aðfararhæfar erlendar dóms- eða stjórnvaldsúrlausnir hér á landi sem er auðvitað grundvallarregla. Um þessar heimildir gildir einnig að mestu hið sama og sagði um stjórnvaldsúrlausnir. Í þeim felst að það er viðurkennd regla hér á landi að löggjafinn geti á stjórnskipulega gildan hátt veitt erlendum dómsúrlausnum aðfararhæfi hér á landi. Niðurstaðan er því alveg ótvírætt varðandi EFTA-dómstólinn alveg eins og eftirlitsstofnunina að það verður að telja að ákvæði samningsins um hlutverk EFTA-dómstólsins kalli ekki á neinar breytingar á íslensku stjórnarskránni.

Virðulegi forseti. Þetta er í raun og veru það sem deilt hefur verið um. Að vísu má tína til einhver fleiri atriði, en þetta hlýtur þó að teljast snúast um kjarna málsins og niðurstaðan er ótvírætt sú að EES-samningurinn feli ekki í sér neitt ólögmætt framsal á valdi, hvorki framkvæmdarvaldi né dómsvaldi, þaðan af síður löggjafarvaldi.

Þá vil ég, virðulegi forseti, í ljósi þess sem þegar er sagt víkja nokkrum orðum að þeim tillögum sem liggja fyrir, þ.e. þessu frv. til stjórnarskipunarlaga. Ef við lítum fyrst á það í hverju megingrein frv. er fólgin, þá er það eftirfarandi.

Lagt er til að gera breytingu á 21. gr. stjórnarskrárinnar með tvennum hætti. Þetta er undanþágugreinin frá 2. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um hina þrjá þætti valdsins og skiptingu þeirra. Breytingarnar eru fólgnar í þeirri viðbót að komið er inn með hugtökin „á hvers konar fullveldisrétti í íslenskri lögsögu, framsal einhvers hluta ríkisvalds til fjölþjóðlegrar stofnunar eða samtaka“ til viðbótar því sem segir í greininni sjálfri. Síðan er enn fremur viðbót: „Slíkt þingmál telst því aðeins samþykkt að þrír fjórðu alþingismanna greiði því atkvæði.“ Síðan er gert ráð fyrir að bæta nýju ákvæði við á eftir 45. gr. sem efnislega felur það í sér að krefjast aukins meiri hluta alþingismanna og að þriðjungur eða minni hluti þingmanna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Úrslit atkvæðagreiðslu eru talin eiga að vera ráðgefandi.

Nú er ástæða til að spyrja: Hvað vakir fyrir þeim sem flytja þessa tillögu? Það er fyrst að tillöguflutningurinn er í engu sambandi við EES-samninginn vegna þess að það er ekkert í þeim samningi sem kallar á breytingu á stjórnarskrá með þessum hætti. En ef menn vilja samt sem áður gefa sér það að fyrir flutningsmönnum vaki, eftir vandlega yfirvegun, að leggja fram tillögu sem á að leysa einhvern stjórnarskrárvanda, hver er hann þá? Er það svo að það vaki fyrir flutningsmönnum að þeir vilji raunverulega, með vísan til aukins meiri hluta þingmanna, greiða fyrir því að unnt sé að framselja vald í hendur fjölþjóðlegra stofnana sem er óheimilt samkvæmt íslensku stjórnarskránni? Ber okkur að skilja það svo að með svona vísan til framtíðarþróunar í alþjóðasamskiptum, hvort heldur það lýtur að spurningunni um hugsanlega inngöngu í EB eða framsali á valdi, skulum við segja í tengslum við alþjóðlega sáttmála sem kunna að verða gerðir varðandi samstarf á verksviði umhverfismála, að fyrir flutningsmönnum vaki að greiða fyrir slíku framsali valds þar sem þeir skilja það réttilega svo að það sé óheimilt samkvæmt núverandi ákvæðum? Vilja þeir jafnframt, með vísan til þingræðisstjórnar, setja það í hendur aukins meiri hluta að afgreiða slíkt framsal? Vilja þeir jafnframt gefa minni hluta þingmanna ótvírætt vald til þess að leggja alla slíka milliríkjasamninga sem undir þetta flokkuðust að tilefni til undir þjóðaratkvæðagreiðslu?

Þetta vekur upp margar spurningar. Hv. flm. hafa í fyrsta lagi ekki svarað því hvort það sé réttur skilningur að fyrir þeim vaki að greiða fyrir framsali valds. Af flutningi tillögu af þessu tagi er ekki hægt að álykta annað og reyndar er verið að vísa til þess eða gefa í skyn, þó að það sé illa rökstutt, að þarna séu menn að fara að fordæmi t.d. Norðmanna vegna stjórnarskrárbreytingar sem þar var gerð 1962, með vísan til 93. gr. norsku stjórnarskrárinnar sem reyndar er á misskilningi byggt. (Gripið fram í.) Þetta vekur margar spurningar.

Í fyrsta lagi úr því að það á að heimila framsal

valds af hverju er það þá aðeins bundið við alþjóðasamninga? Það er auðvelt að benda á að það geta komið upp mörg önnur mál í þjóðfélaginu sem geta skipt meiri sköpum um þetta efni en einungis alþjóðasamningar sem flestir hverjir eru tiltölulega lítilfjörlegir. Ef það er svo að í framtíðinni á ekki að vera unnt að gera nokkurn milliríkjasamning nema það verði þannig í framkvæmd að hann verði borinn undir þjóðaratkvæðagreiðslu, byggt á þeirri skilgreiningu að hann feli í sér eitthvert framsal á valdi þá eru menn með þessari tillögu búnir að gerbreyta íslenskri stjórnskipan án þess, að því er virðist, að gera sér grein fyrir því vegna þess að t.d. milliríkjasamningar sem byggðir eru á samningi um friðhelgi alþjóðastofnana og tiltekin skilgreind forréttindi alþjóðlegra starfsmanna slíkra stofnana, mál sem hér hefur verið flutt, mundi væntanlega falla undir þessar skilgreiningar. Í fskj. frv. eru taldir upp tugir samninga sem þannig háttaði til um að ef þetta væri orðið að stjórnskipunarlögum á Íslandi þyrfti væntanlega ekki aðeins að staðfesta þá með auknum meiri hluta atkvæða heldur gæti minni hluti þingmanna hvenær sem væri, af pólitískum ástæðum, vísað þeim til þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta er satt að segja svo róttæk breyting á grundvallarreglum í íslenskri stjórnskipun að í raun og veru er verið að taka upp annað stjórnkerfi. Hins vegar verður hvergi séð af greinargerð með þessu frv. að flm. geri sér nokkra grein fyrir að þetta verði afleiðingarnar.

Síðan er það að hvað svo sem vakir fyrir flm., hvort það er þetta sem ég hef nú lýst eða eitthvað annað, þá duga þessar tillögur samt sem áður ekki til þess að koma þeim breytingum fram. Það er af þeirri einföldu ástæðu að þessi ákvæði duga ekki til þess að gera 2. gr. stjórnarskrárinnar ógilda þannig að í þessu felst alger þversögn sem virðist benda til þess að að þessu máli hafi verið hrapað af svo miklu hugsunarleysi einfaldlega vegna þess að tilgangur flm. var náttúrlega pólitískur málflutningur í þessu máli en annaðhvort hafa þeir ekki leitað sér ráðgjafar eða lagt það mál niður fyrir sér að tillagan gengur ekki upp.

Það sem ég er með þessu að segja er eftirfarandi: Þetta frv. breytir á engan hátt því banni sem liggur við því að samningur skv. 21. gr. geti breytt stjórnarskrárákvæðum. Í hvorugu frv., hvorki þessu né hinu frv. sem fjallar um þjóðaratkvæði, er að finna jákvæða heimild til þess að víkja frá meginreglu 2. gr. og þar með afsala fullveldi þannig að þessar tvær greinar stangast á. Sá rökstuðningur sem uppi er hafður að þetta eigi eitthvað skylt við 93. gr. norsku stjórnarskrárinnar stenst ekki athugun. Þar sem hér er um viðbót að ræða við 21. gr. er sú grein að mestu svipt gildi sínu. Ef breytingin næði fram að ganga er ljóst að hið sama mundi gilda um þjóðréttarsamninga hvort sem þeir fela í sér kvaðir á landi eða landhelgi eða afsal á fullveldisrétti. Þannig er ljóst að undir sömu sök yrðu seldir aðildarsamningar við Evrópubandalagið og fiskveiðisamningur við Færeyjar. Hvorir tveggja þyrftu samþykki þriggja fjórðu hluta þings samkvæmt þessu og 21 alþingismaður gæti skotið hvorum sem væri undir þjóðaratkvæði. Auðvelt er að nefna fjöldann allan af öðrum samningum sem eins yrði þá statt fyrir. Ég nefni t.d. frá fyrri tíð landhelgissamningana, sbr. samninginn frá 1961, 1976 og t.d. samninga við Belga, Norðmenn og Færeyinga, samninga um aðild að EFTA á sínum tíma, samninga um aðild að Sameinuðu þjóðunum. Þá er ekki annað séð í fljótu bragði en frv. til staðfestingar samningum á borð við samninginn um hefðbundinn herafla í Evrópu og samninginn um Alþjóðakjarnorkumálstofnunina hlytu að verða tilefni til þjóðaratkvæðagreiðslu á Íslandi samkvæmt þessu ef þetta væri orðið að stjórnskipunarlögum. Eins og ég nefndi áðan er þá ósvarað hvernig fara mundi um þjóðréttarsamninga sem kveða á um friðhelgi og forréttindi starfsmanna stofnana, samningsaðila sem eru framkvæmdaraðilar á samningssviðinu. Það væri sennilega ekki lögfræðileg ævintýramennska eins og einn virðulegur lögfræðingur, sem um þessi mál hefur fjallað, hefur komist að orði að halda því fram að með slíkri viðurkenningu á forréttindum á friðhelgi felist kvaðir sem feli m.a. kannski í sér takmarkanir á refsi- og skattalögsögu ríkisins. Gengi slík lögskýring eftir, væri a.m.k. í samræmi við forsendur gagnrýnenda EES-samningsins, þá er ljóst að við listann fyrir samninga sem 21 þingmaður gæti vísað til þjóðaratkvæðagreiðslu mundu bætast ógrynni samninga, samningar á borð við Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, Alþjóðaveðurfræðistofnunina, Norræna tækni- og iðnþróunarsjóðinn, Alþjóðahafsbotnsstofnunina og þannig mætti lengi telja. Ég spyr hins vegar: Getur verið að það hafi vakað fyrir þeim sem þessar tillögur settu saman að þetta yrðu afleiðingarnar? Er það virkilega hugsun þeirra að þeir vilji gera hvort tveggja í senn, rýmka til fyrir getu Alþingis til þess að gera samninga sem fela í sér framsal á valdi til fjölþjóðlegra stofnana og hverfa frá þeirri meginþingræðisreglu, sem einnig er bundin í stjórnarskrárgrein, að minni hluti þings geti hvenær sem er, ef honum býður svo við að horfa af pólitískum ástæðum, skotið því sem næst öllum gjörningum sem þetta fullvalda ríki vill gera í samningum við önnur ríki til þjóðaratkvæðagreiðslu? Ég leyfi mér að efast um að þetta hafi verið hugsunin. Ég held að þetta séu ófyrirséðar afleiðingar, með öðrum orðum bara mistök. Ég held að það frv. sem hér er flutt sé einhver mesti vandræða- og gallagripur sem borinn hefur verið fram á Alþingi Íslendinga í hina háu herrans tíð, ekki síst auðvitað í ljósi þess að frv. kemur EES-samningnum ekki nokkurn skapaðan hlut við vegna þess að það er ekkert í þeim samningi sem opnar fyrir framsal á valdi og gefur því ekkert tilefni til þess út af fyrir sig að flytja slíkt mál.

Ástæða er til þess að minna menn á að íslensk stjórnskipun er byggð á sterku meirihlutavaldi og það er svo að sá meiri hluti hefur verið einfaldur. Besta dæmið um þetta er náttúrlega á hvern hátt fara ber að við breytingar á stjórnarskránni. Það er ekki gert með auknum meiri hluta Alþingis eða þjóðaratkvæði heldur með einföldum meiri hluta tveggja þinga. En með þessum tveimur frumvörpum, sem ég hef gert að umtalsefni, er ætlunin að gerbreyta þessum stjórnarháttum og koma á því sem næst sjálfvirku þjóðaratkvæða-

greiðslukerfi án þess að nokkuð liggi fyrir um það hver mun úrskurða greini menn á um það t.d. hvort samningur falli undir 21. gr. stjórnarskrár.

21 alþingismaður er ekki há tala og það er í hæsta máta óalgengt að stjórnarandstaða sé minna hlutfall en þriðjungur þingmanna og er athugunarefni hvort einn þriðji hluti þingmanna hafi ekki oft verið ákafur minni hluti í þingmáli en með umræddum frumvörpum er verið að opna fyrir þá leið að stjórnarandstaða í minni hluta í einhverju máli geti nýtt sér rétt sinn samkvæmt áætlaðri 46. gr. til þess að vísa lítils háttar málum til þjóðaratkvæðagreiðslu eingöngu í pólitísku skyni til þess að koma höggi á ríkisstjórn.

Fleira má nefna. Í frv. til breytinga á 21. gr. er notað orðið „fullveldisréttur". Á því er enga skýringu að finna í tillögunni og því mikil spurning sem hlýtur að verða tekin til rækilegrar athugunar í sérnefnd að fá úr því skorið hvaða innihald er í þessu hugtaki. Væntanlega hefði einfaldasta leiðin til þess að ná fram ákvæði um aukinn meiri hluta á Alþingi, sem hefði verið virt og sem hefði verið nothæft ef það er tilgangur flm., verið sú að bæta við sérstakri grein í anda þessarar 93. gr. norsku stjórnarskrárinnar en láta 21. gr. óhreyfða. En til þess hefðu flm. þurft að treysta þeim lögskýringum sem byggt hefur verið á af þeirra hálfu til þessa, þ.e. að í EES-samningnum felist svo víðtækt valdaframsal að með hann hefði þurft að fara að hætti slíkrar greinar. Þá hefði fylgt sá böggull skammrifi að ríkisstjórnarflokkunum hefði opnast sú leið að fallast á nauðsyn slíkrar nýrrar greinar, t.d. með EB-aðild fyrir augum en halda enn fast við að EES-samninginn ætti að staðfesta eftir heimild 21. gr. Með öðrum orðum, þegar menn eru búnir að skoða þessi tvö frumvörp þá vefst fyrir manni að skilja vegna þess að hvorki af tillögugreininni né af greinargerðinni kemur fram hver tilgangur flm. er með þessum flutningi. Það rekst hvað á annars horn en það er alveg ljóst að hafi tilgangurinn verið sá að greiða fyrir því að Alþingi gæti með auknum meiri hluta samþykkt samninga sem fela í sér eitthvert framsal á valdi, þá dugar þetta ekki til vegna þess að viðbæturnar breyta engu um innihald og merkingu annarrar greinar sem gerir þetta ekki kleift. Þetta er því missmíð á misskilningi byggt, bæði að því er varðar að því er virðist markmiðin og innihaldið. Því er alveg ljóst, virðulegi forseti, að þetta frv. er þess eðlis að það þarf mjög vandaða og rækilega skoðun í sérnefnd og það er alveg ljóst að það þarf að semja það upp á nýtt ef það á að tryggja að það geti þjónað þeim markmiðum sem flm. segjast þó vilja þjóna.

Það er kannski dálítið íróniskt að þeim sem hafa viljað tengja þetta, þótt rök skorti til, EES-samningnum, sem þeir hafa gagnrýnt harkalega, skuli verða á að setja saman slíkan frumvarpsvanskapning sem hér er um að ræða.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég skal leitast við að lengja ekki umræðuna og koma með eins stuttar athugasemdir og ég get. Þó held ég að nauðsynlegt sé að koma fram með þessar athugasemdir nú við 1. umr. vegna þess að þær snerta undirstöðuatriði málsins að mínu mati.

Í því frv. til breytinga á stjórnskipunarlögum sem hér er til umræðu er gengið út frá því að í stjórnarskrá lýðveldisins sé nú ekki heimild til að framselja vald til erlendra stofnana. Þessari skoðun er ég sammála. Í frv. er einnig gengið út frá því að í EES-samningnum felist framsal á valdi og er það meinta framsal ásamt ýmsum alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga talin vera næg ástæða til þess að gera breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins. Sú breyting er til þess ætluð að búa til leið að því er virðist sem er auðveldari eða fyrirhafnarminni en ákvæði 79. gr. stjórnarskrárinnar gerir ráð fyrir til að framselja einhvern hluta ríkisvaldsins til fjölþjóðlegra samtaka ellegar afsala hvers konar fullveldisrétti í íslenskri lögsögu. Ég tek strax skýrt fram að ég tel ekki að EES-samningurinn gefi tilefni til þeirra breytinga sem hér er verið að gera tillögu um, en að því mun ég víkja síðar í umræðunni um samninginn sjálfan.

Breyting sú sem gerð er tillaga um á þskj. 30 er gerð á 21. gr. stjórnarskrárinnar þannig eins og segir orðrétt í grg. með frv., með leyfi forseta:

„Að heimilt verði að lögfesta alþjóðlega samninga þótt þeir feli í sér framsal einhvers hluta ríkisvalds til fjölþjóðlegrar stofnunar eða samtaka."

Ekki verður frv. skilið á annan hátt en einnig sé heimilað að lögfesta alþjóðlega samninga þótt þeir hafi í för með sér afsal á fullveldisrétti í íslenskri lögsögu svo fremi sem það sé gert með auknum meiri hluta. Heimild af þessu tagi er eftir orðanna hljóðan mjög víðtæk. Afar erfitt er að átta sig á því að hve miklu leyti þessi heimild gæti verið notuð til að takmarka merkingu 2. gr. stjórnarskrárinnar og jafnvel einnig þeirrar fyrstu þar sem stjórnarfar er skilgreint annars vegar en á hinn bóginn skilgreint hverjir fari með löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Með þeirri breytingu sem hér er gerð tillaga um er verið að koma inn í stjórnarskrána opinni heimild svo ekki sé fastar að orði kveðið sem gæti hugsanlega rýrt svo mjög gildi 1. og 2. gr. stjórnarskrárinnar að raska mætti verulega þeirri stjórnskipan sem þar er gert ráð fyrir án þess að beitt yrði ákvæði 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Með öðrum orðum, sú spurning vaknar, og það er kannski það sem er erindi mitt hingað að varpa henni fram, hvort það vaki fyrir flm. að búa til sjálfstæða heimild í 21. gr. stjórnarskrárinnar til að breyta stjórnskipan lýðveldisins án þess að til komi stjórnlagabreyting samkvæmt ákvæðum 79. gr. stjórnarskrárinnar. Ég geri að sjálfsögðu enga kröfu til að þessu verði svarað hér, heldur ætlast ég til þess að þetta verði skoðað þegar þetta mál verður athugað í nefnd.

Ég ætla að bæta annarri spurningu við þetta. Þessi fyrsta spurning mín lýtur að því hve hættulega opin slík heimild sem í frv. er fólgin er að því er varðar hin meiri mál þjóðarinnar. En einnig má fullyrða að frv. veki upp spurningar um það hvort það sé ætlunin að stefna í afgreiðslu með auknum meiri hluta Alþingis ýmsum minni háttar alþjóðlegum samningum sem hugsanlega krefjast lagabreytingar. Það hefur verið skilningur fræðimanna að hugtakið breytingar á stjórn-

arhögum, sem er að finna í 21. gr., merki í raun lagabreytingar, þó ekki breytingar á stjórnskipunarlögum. Á þessu stigi málsins er rétt að spyrja hvort það sé ætlun flm. að um hinar minni háttar skuldbindingar, sem felast í millirríkjasamningum, verði farið eftir 21. gr. ef frv. fæst samþykkt á Alþingi.

Þetta eru tvær tiltölulega einfaldar spurningar og ég tel að ég lengi umræðuna ekki mikið með þeim. Ég er ekki að fara fram á að þeim verði svarað nú, en ég held að það sé rétt að taka þær til athugunar því að þær snerta grundvallaratriði.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Áðan hafði einn þingmaður það á orði við mig að greinilegt væri að utanrrh. hefði haldið vinnumönnum sínum að verki á undanförnum dögum því að hann kom hér greinilega með tilbúinn pakka í höndunum til þess að lesa upp úr fyrir okkur þingmenn nú á þessum degi, kl. 10 mínútur yfir 3 þegar þessi umræða, bæði um EES-samninginn og stjórnarskrármálið, hefur staðið dögum saman eftir því sem hann lýsti. Hér hefur verið talað samfellt í níu klukkustundir um stjórnarskrármálið, um tillögu okkar og hefði utanrrh. kannski getað komið fyrr með innlegg sitt í þetta mál. Auðvitað hefði það sparað okkur bæði tíma, vinnu og kannski getað veitt okkur ofurlítinn svefn ef hann hefði séð sér fært að vera viðstaddur umræðuna þegar hún fór fram á sínum tíma því að þar var ýmsum þeim spurningum svarað sem ráðherra bar fram áðan. En hann virðist ekki einu sinni hafa kynnt sér þá umræðu, sem hér fer fram, en honum ætti þó að vera í lófa lagið að fá útskriftir úr tölvum og sjá þar hvað menn hafa sagt í þessar níu klukkustundir sem umræðan hefur staðið yfir. Ég ætla því ekki að fara ofan í alla þá þætti sem hann gerði hér að umtalsefni enda var það fjölmargt og væri nú að æra óstöðuga að fara að gera því öllu skil hér.

Ég féll frá andsvari við umræðuna áðan um frv. um Evrópskt efnahagssvæði vegna þess að ég sá að tíminn sem þar var veittur til andsvars, sem var ein mínúta, mundi ekki duga mér til þeirra hluta sem ég ætlaði mér að nýta þennan rétt minn til. En þar var líka utanrrh. með tilbúin blöð frá aðalsamningamanni Íslendinga í EES-viðræðunum, Hannesi Hafstein, þar sem hann sagði að sannleikurinn væri saman kominn og hann væri í stuttu máli sá að allt samningaferlið hefðu samningamenn Íslands haft það til viðmiðunar og gengið út frá því og séð til þess að samningurinn bryti ekki í bága við stjórnarskrána. Það hefði verið meginatriði í samningsgerðinni og það hefði verið meginatriðið hjá öllum EFTA-ríkjunum.

Út af fyrir sig er þessi fullyrðing ekkert ný af nálinni. Hún hefur komið fram áður og gott ef hún kemur ekki fram í greinargerð með frv. og í einhverjum skýrslum sem áður hafa birst frá utanrrh., þ.e. að þetta hafi verið haft til viðmiðunar allt frá upphafi að ekki þyrfti að breyta stjórnarskrám EFTA-ríkjanna, ekki yrði um fullveldisframsal að ræða. Eitt er nú að leggja upp í flókna samningsgerð með þetta að markmiði, annað er að ná síðan þeirri niðurstöðu út úr samningunum. Skoðun mín er sú að það hafi ekki náðst. Við skulum líka gæta að því að þegar EFTA-ríkin sjö leggja upp í þetta ferðalag með það markmið að ekki þurfi að breyta stjórnarskrám þessara ríkja og ekki sé um fullveldisframsal að ræða þá verðum við að hafa í huga að samningurinn er einn og gildir fyrir öll þessi ríki. En þessi ríki hafa mjög mismunandi stjórnarskrár, mjög mismunandi svo ekki sé meira sagt, þannig að það er engan veginn hægt að tryggja það að þó að samningurinn brjóti ekki í bága við stjórnarskrá eins ríkis þá brjóti hann ekki þar með í bága við stjórnarskrá annars.

Hér var það nefnt vegna þess að viðskrh. gerði norska frv. sérstaklega að umtalsefni og sagði að Norðmenn hefðu í rauninni getað samþykkt samninginn út frá 26. gr. norsku stjórnarskrárinnar ef ekki kæmu til samkeppnisreglur og eftirlitið á Evrópska efnahagssvæðinu og það eitt, sagði hann, gerir það að verkum að þeir þurfa að láta samþykkja samninginn út frá 93. gr. norsku stjórnarskrárinnar. Og það eitt er bara ekki svo lítið. Samkeppnisreglurnar eru ekki svo lítill þáttur í þessu og það er einmitt það sem alltaf er verið að tala um þegar verið er að ræða um fullveldisframsalið og þegar verið er að ræða um að hugsanlega stangist þetta á við stjórnarskrána. Hér er hin svokallaða minni háttar regla sem alltaf er notuð til skýringar á því að þetta stangist ekki á við íslensku stjórnarskrána að það muni engin íslensk fyrirtæki lenda undir þessum samkeppnisreglum. En í greinargerðinni með norska frv. kemur það mjög skýrt fram að þessi minni háttar regla dugar ekki og þar segir svo, svo að ég lesi þetta nú öðru sinni í þessari umræðu um stjórnarskrármálið og ég les það núna fyrir hæstv. utanrrh. vegna þess að ég held að hann hafi ekki verið viðstaddur þegar ég las þetta síðast, þá segir í grg. með norska frv. einmitt um samkeppnisreglurnar. Ég les, með leyfi forseta, og þetta er í minni eigin þýðingu:

„Í þessu sambandi er mikilvægt að gera sér grein fyrir að krafan um veltu", þ.e. 15 milljarða kr. veltu, „er reiknuð út frá sameiginlegri veltu allra fyrirtækjanna sem taka þátt í samvinnu. Minni háttar reglan undanskilur þess vegna ekki norsk fyrirtæki sem eru í samvinnu við fyrirtæki með mikla veltu."

Þannig getur tiltölulega lítið norskt fyrirtæki sem er í samvinnu við eitthvert stórt evrópskt fyrirtæki sem nær 15 milljarða kr. veltu, sem nær 5% markaðshlutdeild, lent undir þessum samkeppnisreglum þannig að þetta er ekki bara teoría. Þetta er raunhæfur möguleiki og þetta kemur skýrt fram í textanum með norska frv. en þetta er hvergi orðað í textanum með íslenska frv.

Þetta eitt dugir til þess að vekja efasemdir um að málið standist stjórnarskrána en ég ætla ekki að fara nánar út í þá sálma því að það hefur svo ítarlega verið rætt hér áður.

Hér komu fram ýmsar spurningar til flm. þessa frv. og þar sem ég er einn þeirra skal ég reyna að svara þeim að einhverju leyti eins og mér finnst vera tími til og aðstæður þó að þeim hafi reyndar sumum hverjum verið svarað áður. Utanrrh. spurði hvort flm. þessa frv.

vildu greiða fyrir því að unnt væri að framselja vald í meira mæli en gert hefur verið, hvort þeir væru að reyna að liðka fyrir því að hægt væri að framselja vald. Þessari spurningu hefur verið svarað hér en það liggur auðvitað fyrir að bara á undanförnum við getum sagt 10 árum hafa skapast algerlega ný viðhorf í alþjóðamálum og það er sífellt meiri umræða um það alls staðar í heiminum að þjóðir þurfi að hafa með sér aukið samstarf á ýmsum sviðum og þetta aukna samstarf geti kallað á það að það þurfi að framselja ákveðið vald. Ég get nefnt umhverfismálin í því sambandi, ég get nefnt mannréttindamálin, ég get nefnt hugmyndir sem menn hafa t.d. sett fram um það að koma upp alþjóðlegum dómstól sem ekki væri háður þjóðríkjunum og þar sem hægt væri að sækja menn til saka og dæma þá fyrir glæpi gegn mannkyninu. Við erum með fullt af slíkum mönnum út um allan heim sem hafa brotið verulega af sér gagnvart mannkyninu. Þeir eru hvergi dregnir fyrir lög og rétt, þessir menn eru hvergi dæmdir og það er oft og tíðum þjóðríkið sem kemur í veg fyrir að slíkt sé gert þannig að auðvitað getur sú staða komið upp.

Við horfumst í augu við veruleikann og veruleikinn kemur okkur náttúrlega svo napurlega fyrir sjónir núna í frv. um hið Evrópska efnahagssvæði. Þetta eru staðreyndirnar sem fyrir liggja að í auknum mæli er verið að gera alþjóðasamninga sem kalla á valdaframsal. Sumir segja að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði geri það ekki. Við getum þá öll verið sátt um það, bara af umræðunni sem hér er, að hann er verulegt markatilvik og þess vegna þarf að koma upp ákveðnum reglum um hvernig með skuli fara í slíkum tilvikum. Við viljum koma því þannig fyrir að hér sé ekki hægt að gera þetta með einföldum meiri hluta á Alþingi eins og nú á að gerast með samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði, að einn þingmaður gæti ráðið úrslitum um þetta mikla mál sem auðvitað skiptir þessa þjóð verulegu og ræður að ýmsu leyti örlögum hennar. Þetta væri hægt að ákveða með eins atkvæðis mun. Og þetta viljum við ekki að gerist. Við viljum tryggja að þrír fjórðu hlutar þingmanna séu samþykkir slíku valdaframsali.

Ráðherra spurði líka hvort flm. vildu virkilega gefa minni hluta vald til að leggja alla slíka milliríkjasamninga sem gerðir yrðu samkvæmt þessu ákvæði í þjóðaratkvæði. Ég svara því játandi vegna þess að við erum að tala um að það þurfi þrjá fjórðu hluta til að samþykkja samninginn síðan getur þriðjungur þingmanna fengið samningnum vísað til þjóðaratkvæðis ef hann er samþykktur. Bara í því tilviki að hann sé samþykktur hér á Alþingi þá gæti þriðjungur þingmanna vísað honum til þjóðaratkvæðis og þá þarf væntanlega einhverja stuðningsmenn við það að vísa samningnum til þjóðaratkvæðis úr hópi þeirra sem hafa samþykkt samninginn þannig að þarna er strax skörun. Það dugir ekki bara fyrir andstæðinga slíkrar samningsgerðar að vísa honum til þjóðaratkvæðis. Þeir ná því ekki.

Það kann að vera að einhverjum finnist það sérkennilegt að minni hluta á Alþingi skuli gefið þetta vald en ég vil benda á það að þetta er víða annars staðar í stjórnarskrám. Víða þarf aðeins þriðjung þingmanna til þess að koma málum til þjóðaratkvæðis og það á auðvitað við um mörg fleiri mál en bara milliríkjasamninga og það er reyndar gert ráð fyrir því í okkar tillögu að það geti verið ráðgefandi þjóðaratkvæði um mörg önnur mál og það þurfi aðeins þriðjung þingmanna til þess að vísa þeim í slíka atkvæðagreiðslu.

Flutt hefur verið annað frv. sem reyndar er ekki til umræðu hér en hefur blandast mjög mikið inn í þessa umræðu, enda mjög skylt. Ástæðan fyrir því að þar er gert ráð fyrir að um bindandi þjóðaratkvæði sé að ræða er, eins og hér hefur verið bent á áður, að valdið er komið frá þjóðinni. Þjóðin hefur framselt vald sitt til þingmanna. Og ef þingmenn ætla að afsala þessu valdi með einhverjum hætti til erlendra aðila þá er eðlilegt að þeir leiti til þjóðarinnar — til þess aðila sem fer með valdið. Hér hefur verið minnt á, ég minnti á það síðast þegar ég talaði í þessu máli, að það hefði komið fram m.a. í frönsku mannréttindayfirlýsingunni að allt þjóðfélagsvald væri komið frá þjóðinni og ég held að það væri nú heppilegt fyrir krataforingjann að minnast þess á þessum augnablikum, sem við erum að ræða þessa samninga um Evrópska efnahagssvæðið og þjóðaratkvæðagreiðslu og breytingar á stjórnarskránni, hvaðan valdið er komið. Valdið varð ekki til hér í þingsölunum, valdið er komið frá þjóðinni og það er eðlilegt að leita til hennar ef það á að framselja það með einhverjum hætti til erlendra aðila.

Ég hef líka lýst því yfir hér áður að ég hefði gjarnan viljað hafa slíkt bindandi ákvæði inni í 21. gr. Um það varð ekki samkomulag hjá stjórnarandstöðunni þannig að þetta var sú leið sem við fórum, en okkar skoðun, þ.e. Kvennalistans, og við sögðum það við aðra sem við ræddum við frá stjórnarandstöðunni, var að koma slíku ákvæði inn í 21. gr. Við sögðum að við mundum tilkynna það hér að sú hefði verið okkar skoðun en það náðist ekki fram. En ég tel að þetta sé ágæt millilending sem varð þarna með nýrri 46. gr.

Ég veit ekki hvort það á að ræða þetta mál hér mikið lengur. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich spurði hvort það vekti fyrir þeim sem sömdu þetta frv. að búa til sjálfstæða heimild til að breyta stjórnarskránni með 21. gr. Ég get alveg svarað því fyrir mína parta að það vakti alls ekki fyrir mér og ég tel að það kæmi þá vel til álita að bæta inn einni setningu ef þetta vefst fyrir mönnum sem væri á þá leið að ekki væri hægt að breyta stjórnarskránni eftir þessari grein. Og ef ég man rétt að þá er eitthvert slíkt ákvæði t.d. inni í norsku stjórnarskránni þannig að ég tel að það komi vel til álita. Þá væri bara einni setningu bætt þarna við. Auðvitað er orðalag þessa frv. ekki heilagt frekar en annarra. Við höfum fjallað um ótal frv. á þingum og þau hafa fengið skoðun inni í nefndum og á þeim frv. hefur oft á tíðum verið breytt orðalagi og það má auðvitað alveg skoðast inni í nefnd. Ef menn telja að það væri hægt að orða þetta með einhverjum hætti betur en vilja hafa slíkt ákvæði inni í stjórnarskránni eigi að síður þá kemur það auðvitað til álita.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur fyrir tiltölulega skýr svör við þeim spurningum sem beint var til flm. Það fór sem mig uggði að svörin gefa til kynna að frv. er ónýtt. Ég spurði, hv. þm.: Er það svo að það vaki fyrir ykkur flm. að greiða fyrir frekara framsali valds? Svar hv. þm. var alveg skýrt og afdráttarlaust: Já. Í ljósi alþjóðlegrar þróunar sem gerir það í vaxandi mæli óhjákvæmilegt, bæði að því er varðar umhverfisvandamál, mannréttindamál o.fl. Heiðarlegt svar og einfalt við einfaldri spurningu. Það er tilgangurinn. Og þá er spurningin: Hvernig á að ná þessum tilgangi? Og svarið við því er, að þá tekst flm. svo óhönduglega til að þeir koma ekki fram þessum tilgangi vegna þess að ekkert sem í þessu frv. er kemst fram hjá 2. gr. sem gerir slíkt óheimilt þannig að tilganginum er alls ekki náð.

Þriðja atriðið er síðan að skapa ótæpileg skilyrði þess að minni hluti þingheims geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um mál sem aukinn meiri hluti þings hefði staðfest er slíkt stílbrot í íslenskum stjórnskipunarrétti og getur leitt til svo fjarstæðukenndra afleiðinga að það hefur greinilega ekki verið hugsað til enda. Meginatriðið er þó þetta, að það hafa verið gefin skýr og eðlileg svör við tilganginum sem er það að greiða fyrir framsali valds eftir allar ræður þeirra alþýðubandalagsmanna sérstaklega og framsóknarmanna um hvílíkt guðlast og landráð í því felist. Mistökin eru hins vegar í því fólgin að tilgangurinn nær ekki fram og rökleysurnar eru síðan þær að um leið og þetta er tilgangurinn þá er samt sem áður jafnframt verið að skapa forsendur fyrir því að minni hluti geti hvenær sem er í pólitískum tilgangi komið málum til þjóðaratkvæðagreiðslu, sérstaklega og einmitt milliríkjasamningum sem geta verið eðli málsins samkvæmt ekki mjög mikilvægir, mundu þó falla undir þessar skilgreiningar og mundi þannig gera nærri því ógerlegt fyrir íslenska lýðveldið að beita fullveldisrétti sínum til þess að geta með árangursríkum hætti tekið á sig þjóðréttarlegar skuldbindingar. Ég held að þetta séu mistök frá upphafi.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefði nú verið skynsamlegra hjá hæstv. utanrrh. að geyma þessa heimastíla sem embættismennirnir hafa sent hann með hingað í ræðustólinn því að hann er greinilega kominn í slíka flækju í þessu máli að það væri vissulega þess virði ef klukkan væri nú ekki orðin 3.30 að fara að elta hann uppi í þessu.

Það stendur nú m.a. í skýrslu hæstv. utanrrh. frá því í mars 1991 að það sé nauðsynlegt að fara að huga að breytingum á stjórnarskrá til þess að taka tillit til þeirra atriða sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir nefndi áðan. Ég held að hæstv. utanrrh. ætti að minnast þess að hann hefur sjálfur sagt það við þingið í skýrslu sem hann lagði hér fram og er margumrædd í þessum umræðum. Hvernig ætlar hæstv. utanrrh. að orða þá stjórnarskrárbreytingu? Vill hann ekki sýna þinginu það fyrst hann sagði að það væri nauðsynlegt? Síðan talar hann eins og þetta sé eitthvað nýtt fyrir hans eyru. Við höfum setið saman í tveimur nefndum nokkuð lengi, ég og hæstv. utanrrh. Önnur var staðarvalsnefndin sem skilaði góðri skýrslu. Hin var nefnd um endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins þar sem við sátum í nokkur ár undir forsæti Gunnars Thoroddsens forsrh. og doktors og prófessors í lögum. Þar voru þessi vandamál ítarlega rædd, hæstv. utanrrh., og það kemur fram í þeirri skýrslu sem lögð var fyrir þingið 1983 fyrir tæpum 10 árum síðan. Þar voru m.a. fluttar brtt. við stjórnarskrána sem hv. þm. Ragnar Arnalds og ég stóðum að og á fjölmörgum fundum með dr. Gunnari Thoroddsen og öðrum samnefndarmönnum okkar ræddum við þessi vandamál. En að koma hér eins og hæstv. utanrrh. gerir eins og einhver hvítvoðungur inn í þessa umræðu með heimastíla úr ráðuneytinu sem hann varla var búinn að lesa sjálfur milli klukkan 3 og 4 um nótt er auðvitað engan veginn samboðið þessari umræðu.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. seinasti ræðumaður vitnaði enn í þessa merkilegu skýrslu frá því í mars 1991. Þar segir með leyfi forseta:

„Telja verður að þær hugmyndir sem varða valdsvið sameiginlegra stofnana á Evrópska efnahagssvæðinu falli innan ramma stjórnarskrárinnar eins og hún hefur verið túlkuð fram að þessu."

Það var afstaða utanríkisráðherra athugasemdalaust af hálfu samstarfsmanna minna í páv. ríkisstjórn. Síðan segir: „Í þessu sambandi má hins vegar benda á að ef litið er til þróunar alþjóðamála almennt má vænta aukinnar þátttöku Íslands í samvinnu þjóða á fjölmörgum sviðum efnahagsmála, menningarmála, mannréttindamála og ekki síst umhverfismála. Í ljósi þessarar þróunar er full ástæða til að kanna þörf á nýju ákvæði í stjórnarskrána sem kveði skýrt á um heimildir til þátttöku í alþjóðasamstarfi."

Mikið rétt. Annars vegar er fullyrt: EES-samningurinn er í fullu samræmi við stjórnarskrána. Hans vegna þarf ekki að gera breytingar á stjórnarskránni. Hins vegar ef menn líta til þróunar fram í tímann getur þurft á slíku að halda. Það er í fullu samræmi við þær forsendur sem ég hef gefið mér. Það er hins vegar í engu samræmi við málflutning sem hv. stjórnarandstæðingar hafa tamið sér í síbylju sinni undanfarnar klukkustundir þar sem þeir hafa talið það alveg höfuðglæp að hugsa þá hugsun að það eigi að greiða fyrir því að framselja vald, löggjafarvald, dómsvald eða framkvæmdarvald frá hinu íslenska lýðveldi. Það hefur talinn vera höfuðglæpur. Nú er vitnað til þess að ég hafi sagt: Það kynni að vera að það megi í framtíðinni setja slíkt ákvæði. Ég stend hins vegar við það sem ég hef sagt í þessu efni en vísa jafnframt til þess að að því er aðferðina varðar þá hleypur maður ekki til til þess að reyna að vinna einhvern pólitískan punkt með því að setja fram frv. af því tagi sem nú er búið að gagnrýna. Þetta er miklu miklu stærra mál. Maður um-

gengst stjórnarskrána nefnilega með sæmilegri virðingu, vandar sinn tillöguflutning og það vill svo til að við höfum stjórnarskrárnefnd að störfum. Hún hefur að vísu starfað meginið af lýðveldistímanum og hv. þm. minnti á það að við áttum þar sæti báðir um stund. Þetta mál er svo stórt og viðamikið að það er auðvitað sjálfsagt að fela það sem eitt meginverkefni slíkri nefnd til vandaðrar umfjöllunar í staðinn fyrir að gera þetta að pólitískri skiptimynt og setja það fram í því formi að hafi tilgangurinn verið sá að auðvelda framsal á valdi, sem er höfuðglæpur í öðru orðinu, þá tekst það ekki með þeim aðferðum sem lagðar eru til.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hafi einhver maður efast um að þetta stjórnarskrármál væri stórlega viðkvæmt mál fyrir hæstv. utanrrh. og hæstv. ríkisstjórn þá hefur það sannast hér í nótt. Það er eina pólitíska ástæðan fyrir því að hæstv. utanrrh. kýs að halda umræðunni áfram með þeim hætti sem hann hefur hér gert. Hann er í slíkri vörn að hann telur nauðsynlegt að nota hánóttina til að tala vörnina inn í þingtíðindin af því að hann telur sig geta orðið fyrir slíkum höggum síðar meir að hann þurfi að eiga einhverja texta hér í þingtíðindunum. Það er það sem er að gerast. Hann er ekki að tala fyrir okkur hér í salnum. Hann er að reyna að smíða einhverjar brynjur handa sjálfum sér og æsingurinn í málflutningnum er ekki vegna þess sem við höfum sagt hér í salnum sem hefur yfirleitt verið rólegt og málefnalegt, heldur er það vegna þess að hann er að reyna að verja sig gagnvart framtíðinni. Hann segir: talað í síbylju. Hver hefur talað í síbylju hér í nótt annar en hæstv. utanrrh.? Það hafa staðið hér umræður í þrjá og hálfan tíma frá miðnætti. Hæstv. utanrrh. hefur talað helminginn af þeim tíma þannig að hann ætti nú að vara sig að vera að tala hér af einhverjum hroka um síbylju á undanförnum klukkustundum.

Það er í þessu máli eins og öðru að hæstv. utanrrh. er hræddur maður. Hann þorir ekki að láta óháða aðila frá háskólanum og Dómarafélaginu meta stjórnarskrármálið. Hann þorir ekki að láta þjóðina dæma málið í kosningum þar sem stjórnarskrármálið er tekið til breytingar. Hann þorir ekki að láta þjóðina dæma málið í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hann þorir ekki að hafa mann með sjálfstæða skoðun sem formann utanrmn. Þannig er nú komið fyrir hæstv. utanrrh. í þessu máli.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að hv. þm. sem talaði áðan af miklum móð hafði nákvæmlega ekkert að segja um dagskrármálið.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Utanrrh. sagði áðan, setti í brýnar og gerði róm sinn mikinn: Við eigum að umgangast stjórnarskrána með virðingu, og taldi okkur ekki gera það sem erum að leggja til stjórnarskrárbreytingu. Þetta sagði sá ráðherra sem sagði við umræðu, hvenær sem það nú var, ætli það sé ekki orðin rúm vika síðan, að við gætum ekki hlaupið til og breytt stjórnarskránni í hvert sinn sem einhver efast um að lög standist gagnvart stjórnarskránni. (Gripið fram í.) En honum datt ekki í hug að nefna það einu orði að hægt væri að breyta þessum lögum sem menn efast um að standist gagnvart stjórnarskránni. Nei, þau áttu að fá að standa. Það var hins vegar spurningin um stjórnarskrána sem hann gerði að umtalsefni. Þetta er maðurinn sem umgengst stjórnarskrána með virðingu.

Hvað varðar 2. gr., þá stóð aldrei til að upphefja 2. gr. stjórnarskrárinnar með því frv. sem hér er lagt fram, ekkert frekar en Danir hafa upphafið 2. gr. sína sem er nánast alveg eins og okkar nema þar er konungur en ekki forseti. Ekki frekar en Norðmenn sem ekki hafa upphafið sína grein sem er á svipaða lund þrátt fyrir að þeir hafi sett inn í stjórnarskrá sína ákveðnar heimildir til framsals á valdi. Danska stjórnarskráin og íslenska eru nánast eins nema Danir eru búnir að setja slíkt ákvæði inn í sína stjórnarskrá sem við erum að leggja til að gert verði hér. Ég get lesið 2. gr. dönsku stjórnarskrárinnar fyrir hæstv. utanrrh. ef hann þekkir hana ekki, fyrirgefðu, það er reyndar 3. gr. Hún er svona:

„Den lovgivende magt er hos kongen og folketingets forening, den udøvende magt er hos kongen, den dømmende magt er hos domstolene."

Þetta er nákvæmlega eins og 2. gr. okkar nema hvað það er konungur en ekki forseti. Samt eru þeir með mjög ákveðin ákvæði um það hvernig fara megi með framsal á valdi í 20. gr. sinni og ganga meira að segja svo langt, virðulegur utanrrh., að það þarf fimm sjöttu hluta þjóðþingsins danska til þess að samþykkja slíkt framsal á valdi. Við hefðum kannski átt að fara að þeirra fordæmi og setja það þarna inn. Það er kannski tillaga utanrrh. í málinu?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er út af fyrir sig ekkert að gagnrýna þann yfirlýsta tilgang flutningsmanna að vilja greiða fyrir því að framselja vald í alþjóðlegum eða fjölþjóðlegum þjóðaréttarsamningum. Það er fullkomlega virðingarvert sjónarmið. Það kemur að vísu úr hörðustu átt hjá sumum, ekki endilega hv. seinasta ræðumanni heldur frá sumum flutningsmönnum sem hafa brigslað öðrum andstæðingum sínum í stjórnmálum um nánast glæpi og landráð, fyrir að gera sig seka um það sem þeir ekki hafa gert, að hafa framselt vald. Það kemur eins og skrattinn úr sauðarleggnum og ber auðvitað vott um að þetta er pólitískt upphlaup en ekki vönduð tillaga sem hugsuð er til breytinga á stjórnarskrá.

Síðan er hitt að hvað svo sem líður markmiðum flutningsmanna sem nú er lýst ágreiningslaust yfir að hafi verið þau að greiða fyrir framsali valds, þá takast þau ekki með því formi tillögunnar sem fram er borið. Það gengur ekki upp. Það verður að teljast missmíð á þeim smíðisgrip sem frv. til breytinga á stjórnarskrá er og hefði verið betur að menn hefðu gefið sér betri tíma til þess því að ekkert lá á. Þetta er ekki í

neinum tengslum við EES-samninginn. Hann kallar ekki á slíkar breytingar. Ég hefði þess vegna, í ljósi reynslunnar, talið að flutningsmenn hefðu átt að taka sér meiri tíma, vinna betur að undirbúningnum, vanda betur til verksins, vísa því að sjálfsögðu til stjórnarskrárnefndar og gefa henni góðan tíma til þess að fjalla um málið og hugsa um afleiðingarnar.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):
Hv. 8. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

Ólafur Ragnar Grímsson:
Virðulegur forseti. Hæstv. utanrrh. gaf það í skyn áðan og átti þá sjálfsagt m.a. við mig og hv. þm. Ragnar Arnalds að við værum að flytja frv. í einhverjum annarlegum pólitískum tilgangi og í skyndingu. Það hefur komið fram í umræðunum, hæstv. utanrrh., og rétt að ráðherrann hafi þrek til að hafa það sem sannara reynist, að fyrir tæpum 10 árum fluttum við svona tillögu, ég og hv. þm. Ragnar Arnalds og reyndar rúmum 10 árum áður hafði hv. þm. Ragnar Arnalds flutt svipaða tillögu á Alþingi þannig að það hefur lengi verið skoðun okkar alþýðubandalagsmanna að til þess að greiða fyrir alþjóðlegum samskiptum af því tagi sem við erum að ræða nú þyrfti að gera breytingar á íslensku stjórnarskránni. Það hefur legið fyrir lengi. Það lá fyrir í greinargerð sem dr. Gunnar Thoroddsen, þáv. forsrh., flutti Alþingi á fyrstu mánuðum ársins 1983. Og er það virkilega þannig að hæstv. utanrrh. finni sig svo illa staddan í þessari umræðu að jafnvel heimastíllinn dugir ekki til að sannfæra hann sjálfan um að rökin séu traust, að hann þurfi að grípa til svo ómerkilegra aðdróttana sem hann flutti hér áðan?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):
Virðulegi forseti. Það var rifjað upp í umræðunum fyrr í kvöld að þegar EFTA-samningsferillinn hófst setti hæstv. fyrrv. forsrh. fram fyrirvara af Íslands hálfu á fundi í Ósló. Einn meginfyrirvarinn var sá að ekki kæmi til greina af hálfu þáv. ríkisstjórnar að fallast á neitt framsal valds til yfirþjóðlegra stofnana. Það var yfirlýst stefna þeirrar ríkisstjórnar og ég hef haldið því fram og flutt fyrir því veigamikil rök sem hafa ekki verið hrakin að þeirri stefnu hafi verið fylgt. Niðurstaðan er þess vegna sú að það var ekki gert.

Í umræðu af hálfu stjórnarandstæðinga, bæði fulltrúa Framsfl. og Alþb., hefur hinu þveröfuga verið haldið fram að þetta hafi verið gert og það hafi verið hin mesta óhæfa. Nú kemur hv. þm., formaður Alþb., og segir: Við fluttum tillögur um það fyrir 10 árum að þetta væri hið mesta nauðsynjamál. Hvar er samhengið í þessum málflutningi, virðulegi forseti?

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:
Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að benda á að klukkan tvö í nótt fannst hæstv. utanrrh. sér misboðið með að þurfa að svara spurningum svo seint að nóttu. Ég skildi það þannig að svarið hlyti að bera þess nokkur merki og þar sem allur málflutningur hæstv. utanrrh. núna síðustu mínúturnar ber þess mjög merki að klukkan er að vera fjögur vil ég fara þess á leit við virðulegan forseta að hann reyni að fá botn í umræðuna þannig að við getum öll gengið til náða og endurnýjað okkur fyrir næstu orrahríð.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):
Hv. 8. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

Ólafur Ragnar Grímsson:
Virðulegi forseti. Ég get í sjálfu sér alveg tekið undir það að skynsamlegast er að utanrrh. fari að ganga til hvílu og að við öll gerum það einnig, enda hefur dagurinn verið erfiður. En vegna þess að hæstv. utanrrh. hefur notað þann rétt sem hann hefur í þingsköpum til að tala oftar en aðrir menn þótt hann hafi hins vegar sagt að engin ástæða sé til þess að kalla sig til þessarar umræðu vegna þess að hún heyri ekki undir hann og hleypur þá frá einu víginu til annars eftir því sem honum hentar. Stundum eru rök hans í málinu: Þetta mál heyrir ekki undir mig þannig að það getur enginn maður óskað eftir því að ég sé við umræðuna. (**Utanrrh.:** Er hv. þm. að bera af sér sakir?) Ég kem að því, hæstv. utanrrh. Það er alveg óþarfi fyrir ráðherrann að vera svona órór. Það er hins vegar merkilegt að hann sem er svona órór í þessari umræðu og segir í öðru orðinu að heyri ekki undir sig og komi honum ekki við, sé að halda þinginu langt fram eftir nóttu, hlaupandi manna oftast og tíðast í ræðustólinn og talandi sjálfur helminginn af þeim tíma sem liðinn er frá miðnætti.

Hann var að bera mig þeim sökum að það væri einhver mótsögn í því sem ég var að segja og missögn milli þess sem ég hef sagt nú á síðustu mínútum og þess sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson hefur verið að segja. Ég vil svara hæstv. utanrrh. með því að benda honum á að sá hinn sami forsrh., Steingrímur Hermannsson, sem flutti þá fyrirvara fyrir hönd Íslands sem hæstv. utanrrh. hefur talið haldreipi sitt í umræðunni nú og oft áður, hefur nú lýst því yfir á Alþingi Íslendinga að hann telji sér ekki kleift að greiða EES-samningnum atkvæði nema stjórnarskránni verði breytt. Ef hæstv. utanrrh. metur þá yfirlýsingu svo mikils sem þáv. hæstv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, gaf fyrir hönd íslenska lýðveldisins, væri þá ekki rétt fyrir hann að meta jafnmikils að sá hinn sami maður telur sér ekki kleift að greiða EES-samningnum atkvæði nema stjórnarskránni verði breytt? Það er samhengið í því sem við erum að segja og erum að reyna að fá þingið til að gera og munum reyna að nota nefndarstörfin um frv. til þess að leiða stjórnarliðum fyrir sjónir að er hin skynsamasta leið.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(um þingsköp)*:
Virðulegi forseti. Ég vek athygli forseta á því að hv. þm. misnotaði þingsköpin í þessu tilviki undir því yfirskyni að hann væri að bera af sér sakir sem engar höfðu verið á hann bornar aðrar en þær að vera sjálfum sér ósamkvæmur. Hann fjallaði um allt aðra hluti. Það höfðu heldur engar sakir verið bornar á hæstv.

fyrrv. forsrh. svo ekki þurfti hann að taka upp þykkjuna fyrir hann. Þetta er þannig enn eitt sígilt dæmi um misnotkun á þingsköpum.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Þá tekur til máls hv. 4. þm. Norðurl. e. og tekur hann nú nokkurt tillit til þess að klukkan er að verða fjögur að nóttu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er að sjálfsögðu rétt og skylt að gera það, enda aðeins fáein orð sem ég vil láta falla hér í ljósi þess hvernig umræðan hefur þróast á allra síðustu mínútunum eða klukkustundinni skulum við segja og þó sérstaklega vegna ítrekaðra tilrauna hæstv. utanrrh. til þess að gera flutningsmönnum frv. og aðstandendum öllum upp tilgang með flutningi þess sem er a.m.k., hvað þann sem hér talar snertir, annar en í málinu liggur. Ég ætla að biðja hæstv. utanrrh. að hlýða á það.

Ég tel mig bera nokkra ábyrgð á þessum króga sem einn af þeim þingmönnum stjórnarandstöðunnar sem hafa fallist á að það sé flutt fyrir okkar hönd af ágætum hv. þm. Afstaða mín til málsins er sú að ég tek undir og er sammála þeim rökum að tilgangur frv. og tilurð þess er bæði nú og frá fyrri tíð með hliðsjón af þeirri þróun í alþjóðamálum sem við horfum á og menn hafa um nokkurt árabil gert sér ljóst að geri það að verkum að ákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar sé ábótavant hvað þetta snertir. Það væri mikið óraunsæi ef við Íslendingar áttuðum okkur ekki á því, í ljósi þeirra ákvæða sem á undanförnum árum hafa komið inn í stjórnarskrár annarra landa hvað þetta snertir, að okkar gamla en annars ágæta stjórnarskrá er barn síns tíma og í raun og veru úrelt hvað þetta snertir, sá ekki fyrir þessa þróun. Þess vegna hafa menn bæði nú og fyrr velt fyrir sér möguleikanum á því að taka úrræði inn í stjórnarskrána sem geri slíkar breytingar og þátttöku okkar í alþjóðasamstarfi mögulega.

Hitt er jafnframt tilgangur frv. sem á að vera öllum augljós, að þetta gengur frá því með hvaða hætti slíkir samningar verði staðfestir og tryggir að það gerist ekki nema aukinn meiri hluti sé fyrir því á löggjafarsamkomunni. Þar með má í raun segja að frv. geri hvort tveggja í senn að opna þessi úrræði en torvelda jafnframt að einfaldur meiri hluti Alþingis geti hrint slíkum breytingum í framkvæmd. Þetta er ekki mótsögn. Og það er mjög ómerkilegt, hæstv. utanrrh., og ekki samboðið virðingu hæstv. utanrrh. að fara út í þá ómerkilegu útúrsnúninga sem hér hefur verið reynt því miður að nokkru leyti af hæstv. utanrrh. en þar áður aðallega af hv. 3. þm. Reykv. að gera flutningsmönnum og öllum aðstandendum frv. upp þveröfugan vilja við þann sem fluttur er sem rök fyrir málinu af hálfu þeirra. Satt best að segja er það svo ómerkilegur málflutningur að það veldur mér miklum vonbrigðum að hæstv. utanrrh. skuli falla í þá gryfju, jafnvel þó það sé um miðja nótt, að feta í fótspor annarra sem hafa haft þann málflutning uppi. (Gripið fram í.).

Hæstv. forseti. Með tilliti til aðstæðna skal ég ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vildi bara að það lægi alveg ljóst fyrir að það sem er ekki síður í mínum huga og að mörgu leyti enn frekar sem tilgangur þessa frumvarpsflutnings eru þau ákvæði sem koma þeirri bráðnauðsynlegu reglu inn í stjórnarskrá okkar að breytingar af þessu tagi, þátttaka í alþjóðasamstarfi sem felur í sér skuldbindingar eða valdaafsal, geti ekki gerst nema fyrir því sé svo ríkur stuðningur og yfirgnæfandi fylgi að a.m.k. þrír fjórðu hlutar löggjafarsamkomunnar á hverjum tíma standi að því og að jafnframt sé þessi málskotsréttur til þjóðarinnar virkur og fyrir hendi.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég hlýt í allri vinsemd að vísa því á bug sem hv. seinasti ræðumaður sagði að ég hefði gert flutningsmönnum upp hvað fyrir þeim vekti með frumvarpsflutningnum. Ég spurði einfaldlega og ég er þakklátur fyrir að ég hef fengið skýr svör. Svörin eru þau að fyrir flutningsmönnum vakir, í ljósi væntanlegrar alþjóðlegrar þróunar, að greiða fyrir því að unnt sé að framselja vald í hendur fjölþjóðlegum stofnunum. Það ber flutningsmönnum saman um að sé tilgangurinn. Það vakir fyrir þeim að greiða fyrir framsali valds. Það er hins vegar ómótmælanleg staðreynd að sumir þessara sömu flutningsmanna hafa talið það ganga landráði næst að með EES-samningnum sé verið að framselja vald. Að vísu brestur þá rök fyrir því og þau eru röng. Þetta tvennt fer ekki saman, hv. þm. Það er það eina sem ég er að benda á. Það er núna alveg staðfest og ljóst hvað fyrir flutningsmönnum vakir, að greiða fyrir framsali valds. Það er jafnskýrt þegar frv. er skoðað að þeim tilgangi er ekki náð vegna þess að það er missmíð á frv. Það er svo smíðagalli en varðar ekki tilganginn. Söm var þeirra gjörðin. (**SJS**: Var þetta ræða, forseti?)

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Já, þetta var ræða. Hv. 8. þm. Reykn. veitir andsvar við ræðu hæstv. utanrrh.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mótsagnir hæstv. utanrrh. í öllu þessu máli eru orðnar margar og sérkennilegar. Það var mikill kjarni fyrr í kvöld í hans máli að þetta mál snerti hann ekki. Þess vegna hefði engin kvöð verið á honum að vera viðstaddur þessa umræðu og var ráðherrann nokkuð þykkjuþungur þegar hann flutti það mál.

Hins vegar er athyglisvert að ráðherra hefur ótæpt notfært sér rétt skv. 55. gr. þingskapalaga til þess að tala hér oftar en tvisvar, oftar en þrisvar, oftar en fjórum sinnum, oftar en fimm sinnum í þessu máli. Þann rétt á hann ekki og getur ekki tekið sér samkvæmt þingsköpum nema hann viðurkenni að það heyri undir þau ákvæði þingskapa sem eru á þá leið: „Ráðherrar, er hlut eiga að máli, mega tala svo oft sem þeim þykir þurfa". Hæstv. utanrrh. hefur því með framgöngu sinni hér í nótt staðfest það að hann telur sjálfur að hann eigi hlut að þessu frv. sem hér er verið að

ræða því að ella hefði hann eingöngu átt réttinn til að tala tvisvar að eigin dómi.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseta mun hafa orðið það á að gefa hæstv. utanrrh. oftar orðið en hann átti rétt á þar sem málið heyrir að mati forseta undir forsrh.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Aðeins út af þessu sem hv. þm. nefndi um viðkomandi ráðherra þegar menn ræða um það hvort okkur hafi orðið á að brjóta stjórnarskrá. Þannig vill til að kannski er þessi breyting á þingsköpum Alþingis það næsta sem við höfum komist að brjóta stjórnarskrána vegna þess að í stjórnarskránni sjálfri er tekið fram að ráðherra megi tala svo oft sem hann vill, þó skuli hann hlíta þingsköpum, stendur þar. En það mundi ekki þýða það að þingsköp mætti takmarka með þessum hætti. Þarna eru við næst komin því að hafa brotið stjórnarskrána.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Nær rennur saman upphaf og endir því það eru aðeins örfá orð af minni hálfu. Ég er sem sagt uppgefinn á því að ræða þetta frekar við hæstv. utanrrh. úr því að þessi gállinn er á honum, ef ég leyfi mér nú að taka svo til orða. Fullyrðingar hans um það að hann hafi dregið fram hinn eina rétta sannleik í því hver sé tilgangur með flutningi þessa frv. verða bara að standa hvað sem aðstandendur þess segja. Ég vænti þess að þegar frá líður muni menn taka meira mark á því sem flm. sjálfir og aðstandendur frv. segja um tilgang sinn með því en fullyrðingum hæstv. utanrrh. um hið sama. Hvað sem fullyrðingum hæstv. utanrrh. líður, af því að ég er þeirrar skoðunar að þetta sé alvörumál, þá vil ég a.m.k. að það sé alveg ljóst hvað í mínum huga vakir þarna og ég ætla því að endurtaka það að lokum sem ég sagði. Það er ekki síður í mínum huga mikilvægt í þessu sambandi að hér er verið að setja úrræði inn í stjórnarskrána gagnvart því sem kann að koma upp og er uppi í þessum efnum sem tryggja það að með sambærilegum hætti er gengið frá því í íslensku stjórnarskránni að um svona afdrifarík mál þurfi að fara að tilteknum hætti þegar lögum er breytt og tryggja það með því að setja inn ákvæði um aukinn meiri hluta að í raun og veru er torveldað með þeim hætti að einfaldur eða naumur meiri hluti á löggjafarsamkomunni geti beitt valdi sínu við að koma slíku fram. Ég held að hæstv. utanrrh., sem á að vera bærilega gefinn maður það best er vitað, þó syfjaður sé, hljóti að átta sig á þessu einfalda atriði málsins. Það er ekki hægt að snúa þessu við og hér lýsi ég því yfir að það sem ég tel mikilvægast við þetta frv., bæði gagnvart núverandi aðstæðum í íslenskum stjórnmálum og framtíðinni, er þetta að það mun væntanlega við allar venjulegar aðstæður þingbundinna meirihlutaríkisstjórna, sem hér starfa, en hafandi þó ekki þann yfirgnæfandi þingstuðning að baki hér sem þyrfti, kosta það og þýða það að um slík mál þurfi að takast víðtækari samstaða en nemur einföldum eða naumum meiri hluta á hverjum tíma. Það er mjög mikilvæg trygging fyrir því að slík mál hafi breiðan stuðning því að við skulum leyfa okkur að vona að jafnan sé sæmileg trygging fyrir því hvernig hugur þjóðarinnar stendur til slíkra mála að um þau sé þá mjög víðtæk samstaða á löggjafarsamkomunni. Þannig eru þessi ákvæði hugsuð í stjórnarskrá nágrannalandanna og þannig er það að mínu mati einnig í frumvarpsflutningi okkar.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. seinasti ræðumaður hefur oftsinnis úr þessum ræðustóli og annars staðar haft nokkuð stór orð uppi um það hver ósvinna það væri af hálfu aðstandenda EES-málsins að í þeim fælist framsal á valdi og haft um það hin verstu orð og er hægt að nefna mörg dæmi þess.

Nú er upplýst að hv. þm. er meðflm. og lýsir því yfir að það sé tilgangur hans með flutningi á frv. um breytingu á stjórnarskránni að greiða fyrir því að þetta sé unnt vegna þess að þetta er bannað samkvæmt gildandi stjórnarskrá. Það er kjarni málsins. Samkvæmt gildandi stjórnarskrá er ekki unnt í samræmi við stjórnarskrána að framselja slíkt vald. Frv. felur það í sér að opna fyrir þann möguleika og flm. hafa sagt: Já, það er markmiðið.

Hitt er svo annað mál að við getum orðið sammála um einn hlut, hv þm. og ég og hann er þessi: Það er mjög alvarlegt að ætla sér að hringla með stjórnarskrána að lítt athuguðu máli til þess eins að gera sér vonir um að fá út úr því skammævan, pólitískan ávinning í dægurþrasinu. Það er miklu alvarlegra mál en svo.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

17. FUNDUR

fimmtudaginn 10. sept.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til iðnaðarráðherra:

1. Jarðhitaleit í Austur-Skaftafellssýslu, fsp., 24. mál, þskj. 24.

Til utanríkisráðherra:

2. Kynning á EES-samningi gagnvart sveitarfélögum, fsp. 37. mál, þskj. 38.

3. Skoðanakönnun á þekkingu fólks á EES, fsp., 48. mál, þskj. 50.

Til félagsmálaráðherra:

4. Áhrif EES-samnings á sveitarfélögin, fsp., 38. mál, þskj. 39.

5. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, fsp., 49. mál, þskj. 51.

6. Lánafyrirgreiðsla við húseigendur, fsp., 65. mál, þskj. 67.

7. Velferð barna og unglinga, fsp., 70. mál, þskj. 72.

Jarðhitaleit í Austur-Skaftafellssýslu, ein umr.

Fsp. HG, 24. mál. — Þskj. 24.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill minna á nýjar reglur þingskapa um ræðutíma á fyrirspurnafundum. Þeim hefur verið breytt þannig að fyrirspyrjandi hefur þrjár mínútur í fyrri umferð og tvær í hinni síðari en ráðherra fimm mínútur í hinni fyrri og tvær í hinni síðari.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 24 ber ég fram svofellda fsp. til hæstv. iðnrh. um jarðhitaleit í Austur-Skaftafellssýslu:

„1. Hvaða niðurstöður eða vísbendingar liggja fyrir eftir jarðhitaleit í Austur-Skaftafellssýslu á þessu ári?

2. Mun ráðherra beita sér fyrir fjárveitingu til áframhaldandi rannsókna á þessu svæði á fjárlögum 1993?"

Tilefni fyrirspurnarinnar kemur fram af henni sjálfri en ég vil geta þess að í sumar fóru fram rannsóknir og fregnir hafa komið um að árangur hafi í ýmsum tilvikum orðið jákvæður og sumpart nokkuð óvæntur. Yfirlitsskýrslur hafa legið fyrir um vitneskju um jarðhita á þessu svæði, t.d. frá jarðhitadeild Orkustofnunar frá árinu 1981, eftir Jón Jónsson jarðfræðing, „Jarðhita- og ölkeldur í Skaftafellsþingi". Ég hef á undanförnum árum ítrekað knúið á um það að rannsóknum á þessu svæði yrði fram haldið til jarðhitaleitar og flutti t.d. brtt. vegna fjárlagafrv. 1988 um að veitt yrði fjármagni til yfirlitsrannsókna á jarðhita í Austur-Skaftafellssýslu, að upphæð 3,4 millj. kr., sem því miður var ekki fallist á þá.

Ég tel afar brýnt að skipulega verði unnið að framhaldi þessa máls sem getur haft verulega þýðingu fyrir byggðarlögin á þessu svæði ef árangur fæst og það gildir bæði varðandi húshitun en einnig varðandi atvinnustarfsemi, svo sem ylrækt eða ræktun af öðru tagi, fiskeldi og fleira.

Ég leyfi mér því, í öðrum lið fyrirspurnarinnar að inna hæstv. ráðherra eftir hvort þess megi vænta að hann beiti sér fyrir fjárveitingu af hálfu hins opinbera til áframhaldandi rannsókna á svæðinu.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Hv. 4. þm. Austurl. hefur beint til mín fsp. í tveimur liðum. Í fyrra lagi hvaða niðurstöður eða vísbendingar liggi fyrir eftir jarðhitaleit í Austur-Skaftafellssýslu á þessu ári. Og í öðru lagi hvort ráðherra muni beita sér fyrir fjárveitingu til áframhaldandi rannsókna á þessu svæði á fjárlögum 1993.

Ég sný mér fyrst að fyrri lið fsp. Það er frá því að segja að héraðsnefnd Austur-Skaftafellssýslu, sem reyndar er enn nefnd sýslunefnd, sótti um styrk til jarðhitaleitar í sýslunni með bréfi til orkuráðs 11. des. 1991. Orkuráð samþykkti þessa styrkveitingu á fundi sínum 17. jan. 1992 með því skilyrði að borað yrði sem næst Höfn í Hornafirði og að kostnaði við rannsóknina yrði stillt í hóf. Iðnrh. staðfesti svo samþykkt orkuráðs.

Jarðhitaleitin í Austur-Skaftafellssýslu er framkvæmd af Jarðfræðistofunni Stapa í Reykjavík fyrir héraðsnefndina eftir hennar ósk. Orkustofnun hefur hins vegar eftirlit með því fyrir orkuráð að leitin fari fram í samræmi við þau skilyrði sem ráðið hefur sett fyrir styrkveitingunni. Jarðfræðistofan Stapi hefur skilað héraðsnefndinni tveimur áfangaskýrslum um rannsóknina og nú er heildarskýrsla um hana á lokastigi. Það hafa verið boraðar 50 hitastigulsholur, þar af voru 39 kostaðar af styrk frá Orkusjóði og eru 22 þeirra í landi Hafnar- og Neshrepps. Landeigendur hafa sjálfir kostað 11 borholur.

Helstu niðurstöður af leitinni eru þær að hitastigull reyndist hærri en utan jarðhitasvæða, þ.e. hærri en á svokölluðum köldum svæðum, í borholum við Skaftafell og Svínafell í Öræfum, Hrollaugsstaði, Reynivelli, Hala og e.t.v. við Skálafell í Suðursveit, og svo við Miðfell og Hoffell í Nesjum og hugsanlega einnig við Krossbæ. Á Mýrum vex hitastigullinn í átt að Vatnsdal og Vandræðatungum en engin merki eru um jarðhita þar á láglendi. Niðurstöðurnar í Lóni gefa tæplega tilefni til að ætla að þar finnist nýtanlegur jarðvarmi til hitunar.

Í seinni áfangaskýrslu Jarðfræðistofunnar Stapa frá því í júní á þessu ári segir að rétt sé að staldra við í rannsókn á jarðhita við Miðfell og Hoffell í Nesjum sem er eins og kunnugt er í u.þ.b. 20 km fjarlægð frá Höfn í Hornafirði þannig að ráðrúm gefist til að taka þar fullkomin sýni af vatni úr holunum og kanna efnainnihald þeirra ítarlega, en sýni sem þar hafa verið tekin gefa vísbendingu um að þar kunni að vera að finna vatn með hitastigi nálægt 80°C. Í framhaldi af rannsókn á efnainnihaldinu er það álit Jarðfræðistofunnar Stapa að kanna þurfi svæðið nánar með ýmiss konar jarðeðlisfræðilegum mælingum, kortleggja ganga og sprungur og bora nokkrar 100–200 m djúpar holur til rannsókna. Þeim rannsóknaráfanga lyki svo með borun holu til vinnslu í tilraunaskyni. Holan þyrfti væntanlega að vera 500–1.000 m djúp. Úr henni þyrfti að dæla í nokkra mánuði til þess að kanna viðbrögð svæðisins við vinnslu.

Orkustofnun telur ástæðu til að gera yfirlitsúttekt á hagkvæmni jarðvarmaveitu fyrir Höfn og nágrenni í samanburði við hitun vatns með rafmagni og olíu til vara eins og nú er framkvæmt í kyndistöð, áður en gerð er áætlun um frekari fjárfrekar rannsóknir á svæðinu.

Eins og kunnugt er eru íbúar á Höfn nú um 1.700 og í Nesjum um 300, en ég leyfi mér að benda á að

það hefur þegar verið ráðist í verulegar fjárfestingar á þessu svæði í því skyni að unnt sé að sjá fyrir húshitunarþörfinni með raforku.

Þá kem ég að síðari lið fyrirspurnarinnar og vildi taka það fram að fé hefur verið veitt af fjárlögum til Orkusjóðs til jarðhitaleitar og mun svo væntanlega verða með samþykki Alþingis í fjárlögum fyrir árið 1993. Ráðherra hefur ekki gert tillögur til Alþingis um að einstakir aðilar eða svæði fái aðstoð Orkusjóðs heldur er það lögum samkvæmt hlutverk orkuráðs að fjalla um slíkar tillögur. Ég hef ekki í hyggju að víkja frá þeirri venju, en mér er ljóst að þarna er um mikilvægt viðfangsefni að ræða sem ég er ekki í nokkrum vafa um að orkuráð mun sinna.

Samkvæmt orkulögunum gerir orkuráð svo tillögu til iðnrh. um ráðstöfun þess fjár sem ætlað er til jarðhitaleitar. Ég leyfi mér að benda á að það liggur ekki fyrir beiðni frá héraðsnefnd Austur-Skaftafellssýslu eða öðrum aðilum á þessu svæði til Orkusjóðs um stuðning til frekari jarðhitaleitar.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svar hans við fyrirspurn minni. Eins og þar kemur fram hafa orðið nokkrar jákvæðar niðurstöður og vísbendingar vegna þeirrar jarðhitaleitar sem fram hefur farið nú í sumar. Ég tel að það beri vott um að þarna beri að halda áfram með skipulegum hætti, auðvitað ekki að rasa um ráð fram í fjárfestingum, heldur að vinna skipulega að rannsóknum á svæðinu með hugsanlega nýtingu í huga. Hæstv. ráðherra taldi að það væri ekki á sínu verksviði að fjalla um fjárveitingar eða styrkveitingar vegna rannsókna á einstökum svæðum, og það þekki ég af lögum um orkuráð, en hins vegar skiptir það auðvitað öllu máli að það sé fjármagn til staðar til að sinna þeim beiðnum sem berast kunna til ráðsins og með tilliti til þess tel ég brýnt að þetta nýja svæði sé haft í huga með vissum hætti þegar metin er fjármagnsþörf orkuráðs fyrir árið 1993.

Það er ljóst að niðurstöður úr þessum rannsóknum eru nýkomnar í bráðabirgðabúningi og von er á frekari úrvinnslu eins og hæstv. ráðherra upplýsti en ég tel nauðsynlegt að það verði tekið tillit til þessara jákvæðu vísbendinga hið fyrsta. Vafalaust mun héraðsnefndin í Austur-Skaftafellssýslu fljótlega bera sig eftir björginni og ég heiti á stuðning hæstv. ráðherra og vænti að hann styðji þetta mál fyrir sitt leyti og þá með því að það verði viðunandi fjárveiting á fjárlögum ársins 1993 til jarðhitarannsókna að teknu tilliti til þessa svæðis.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Fsp. hv. 4. þm. Austurl. hreyfir hér þörfu og mikilvægu máli og ég vil fyrir mitt leyti stuðla að því að þarna geti orðið framhald á og vil taka það fram að iðnrn. mun bjóða heimamönnum upp á það að hafa samstarf og þátttöku í kostnaði við gerð á því sem ég vil kalla yfirlitsúttekt á hagkvæmni jarðvarmaveitu fyrir Höfn og nágrenni í samanburði við þá tilhögun á húshitun sem þar er nú. Þetta er mikilvægt til þess að menn hafi bakgrunn þegar þeir taka ákvarðanir um framhald á rannsóknum vegna hugsanlegrar jarðvarmaveitu. En ég vil taka undir það með þingmanninum að þetta er hið merkasta mál og þarf stuðning þingsins.

Kynning á EES-samningi gagnvart sveitarfélögum, ein umr.

Fsp. HG og KHG, 37. mál. — Þskj. 38.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 38 ber ég fram svofellda fsp. til hæstv. utanrrh. um kynningu á EES-samningi gagnvart sveitarfélögum. Með mér stendur að fyrirspurninni hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson.:

„Með hvaða hætti hefur verið staðið að kynningu á EES-samningi gagnvart sveitarfélögum og samtökum þeirra?"

Ástæða þess að um þetta er spurt er sú að ég hef ekki orðið var við það — eru hæstv. ráðherrar að deila um hver eigi að svara? — Ástæðan fyrir fyrirspurninni er sú að ég hef ekki orðið var við að fram færi á vegum utanrrn. og raunar ekki heldur annarra ráðuneyta, eins og ráðuneyti sveitarstjórnarmála, sérstök kynning á afleiðingum eða áhrifum EES-samnings gagnvart sveitarfélögum í landinu.

Nú er það svo að þessi samningur hefur auðvitað verið kynntur með allsendis ófullnægjandi hætti og er þetta ekki eina dæmið um það ef mín tilgáta er rétt. En ég hef t.d. farið í gegnum safnrit frá viðskiptaskrifstofu utanrrn. um einstaka málaflokka varðandi EES-samninginn. Þar er hvergi að finna neina sérúttekt á því sem snertir sveitarfélögin í landinu. Er það þó ljóst að þessi samningur mun hafa mjög veruleg og í ýmsum tilvikum stórfelld áhrif á stöðu og hag sveitarfélaganna í landinu. Margt af því er auðvitað erfitt að sjá fyrir fram, ef samningurinn yrði að veruleika, en hitt ætti þó að vera skylt að lesa í spilin þannig að menn komi ekki óviðbúnir að þessu máli. Þetta er ástæðan fyrir því að þessi fsp. er fram borin.

Ég leyfi mér að nefna sem dæmi um málaflokka sem snúa beint að sveitarfélögunum þær breytingar á skipun opinberra útboða sem þarna er um að ræða varðandi opinberan stuðning við fyrirtæki, ríkisstyrki og annað þess háttar sem er þó kannski minna mál en mál samt. Í öðru lagi vinnumarkaðsmálin og atvinnuréttindi sem verið er að veita öllum íbúum Vestur-Evrópu til jafns við Íslendinga sem varðar auðvitað mjög verulega stöðu sveitarfélaganna og félagslega þjónustu þeirra, ekki síst kannski í sjávarbyggðunum þar sem um verulegt vinnuafl hefur verið að ræða, tímabundið, útlent, í fiskvinnslu m.a. Ég nefni í þriðja lagi kaup á landi og landareignum þar sem aðstaða sveitarfélaga til þess að nýta forkaupsrétt sinn gjörbreytist auðvitað með þessum samningi. Ég nefni í fjórða lagi umhverfismálin, sem er kannski ekki síst sá

málaflokkur sem snýr að sveitarfélögunum með stórfelldum útgjöldum, fyllilega réttmætum mörgum hverjum og velflestum þó það sé álitamál hver eigi að borga þær aðgerðir sem þarna þarf að gera og þarf auðvitað ekki EES-samning til að standa að slíkum aðgerðum.

Þetta eru svona bein atriði, þar fyrir utan eru síðan fjárhagsmálefni ýmiss konar og hin almenna aðstaða atvinnurekstrar í landinu vegna óheftra fjármagnshreyfinga og fleira og fleira sem þarna kemur til. Ég leyfði mér að nefna þetta í samhengi við þessa fyrirspurn.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og Kristinn H. Gunnarsson spyrjast fyrir um kynningu á EES-samningi gagnvart íslenskum sveitarfélögum og reyndar er hér á dagskrá, undir 4. dagskrárlið, fyrirspurn til félmrh. um áhrif EES-samnings á sveitarfélögin.

EES-samningurinn snertir flesta þætti íslensks atvinnulífs og verksvið allra ráðuneyta. Það hefur því orðið eðlilegt verkefni starfsfólks einstakra ráðuneyta, sem starfað hefur að tilteknum þáttum samningsins, að kynna afleiðingar hans fyrir þeim hagsmunaaðilum og félagasamtökum sem undir það ráðuneyti falla. Þannig hélt t.d. Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri í félmrn., ítarlegt erindi um EES-samningana á fjölsóttri fjármálaráðstefnu sveitarfélaga haustið 1991 og hefur það erindi síðan verið birt í Sveitarstjórnarmálum.

Utanrrn. hefur hins vegar einbeitt sér að almennri kynningu á samningnum, dreift kynningarefni í bæklingsformi í hvert hús, útbúið upplýsingablöð sem dreift hefur verið til allra sem áhuga hafa og auk þess liggur þetta upplýsingaefni frammi á hverju bókasafni. Væntanlega hefur þetta efni ekki síður orðið sveitarstjórnarmönnum að gagni en öðrum landsmönnum.

Loks ber þess að geta að Samtök ísl. sveitarfélaga hafa ráðið sér starfsmann til þess að gera úttekt á samningnum. Þar fylgja þau fordæmi fjölmargra hagsmunasamtaka á undanförnum árum sem hafa falið starfsfólki á sínum vegum athugun þessa samnings sem sérverkefni.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er ljóst af svörum hæstv. utanrrh. að af hálfu hans og ráðuneytis hans hefur ekki farið fram nein skipuleg kynning á þessum samningi gagnvart sveitarfélögum. Hann nefndi upplýsingabæklinginn sem dreift hefur verið í hvert hús. Ég er með hann og hef verið að gæta að því hvar í þeim bæklingi væri að finna einhverja samantekt um þennan samning gagnvart sveitarfélögunum og það er aðeins á tveimur stöðum sem orðið sveitarfélag er nefnt. Það er annars vegar varðandi opinber innkaup og hins vegar um landakaup. Að öðru leyti er ekki að finna í þessum upplýsingum frá hæstv. utanrrh. eða ráðuneytinu neina samantekt eða yfirlit um þennan samning og hvaða áhrif hann hefur á skyldur sveitarfélaga, sérstaklega hvað varðar kostnaðarauka.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Eins og kom fram hjá samfyrirspyrjanda mínum hefur verið staðið að þessu máli með allsendis ófullnægjandi hætti af hálfu utanrrn. sem ábyrgðaraðila málsins og auðvitað fagráðuneytis sveitarstjórnarmála, sem kemur væntanlega til umræðu í tengslum við aðra fyrirspurn. Það er ekki hægt að sleppa frá þessu máli með því að vísa á önnur ráðuneyti, út af fyrir sig, þótt skylt sé skeggið hökunni milli utanrrn. og félmrn., formanns og varaformanns Alþfl. í þessu tilviki. En ég tel það vera mikið áhyggjuefni að þessi samningur skuli liggja fyrir fullbúinn og það hefur ekki verið lagt í það að fara ofan í saumana á áhrifum hans á stöðu sveitarfélaganna í landinu með neinum viðhlítandi hætti. Það er ekki hægt að telja það þó að flutt hafi verið ein ræða á einni ráðstefnu að það sé eitthvað sem menn geti sagt að leysi málið eða taki ómakið af stjórnvöldum að öðru leyti að vinna þetta mál. Það hafa verið haldnir fundir núna að undanförnu á vegum samtaka sveitarfélaga um land allt og mér er ekki kunnugt um að þetta mál hafi verið fært inn á þann vettvang hjá neinum þeirra, ég hef að vísu ekki farið yfir dagskrár allra þessara funda en ég varð var við það t.d. austur á landi að þar höfðu fulltrúar sveitarfélaga sem þar þinguðu á dögunum ekki fengið mikla vitneskju um þennan samning og komu í rauninni af fjöllum margir hverjir þegar nefnd voru þau stóru atriði sem snerta með beinum hætti sveitarfélögin í landinu og eiga eftir að koma mörgum á óvart þegar farið er að rýna í þetta mál og afleiðingarnar koma í ljós ef svo illa skyldi fara að þessi samningur yrði samþykktur.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það vill svo til að mér finnst ekki stætt á öðru en að verja hæstv. félmrh. í þessu máli því það var sjálft Alþingi Íslendinga sem tók þá ákvörðun, jafn fráleit og hún var, að allt það fjármagn sem átti að fara til kynningar á þessum málum var sett í utanrrn. eins og kynningin ætti fyrst og fremst að eiga sér stað á erlendri grund.

Sú furðulega ákvörðun þingsins að vista þetta fjármagn þar hefur líka leitt til þess að það er eins og öll kynningin hafi átt sér stað erlendis en ekki hér. Ég held að þetta hljóti að kalla á það að Alþingi Íslendinga taki þá vitrænu ákvörðun við gerð fjárlaga — og þar treysti ég hæstv. félmrh. til að láta ekki hlunnfara sig heldur dragi til sín hæfilega fúlgu af þessum fjármunum til þess að sjá til þess að það verk verði unnið sem réttilega hefur verið vakin athygli á af hv. 6. þm. Vestf. og hv. þm. Austurl. Hjörleifi Guttormssyni að er nauðsyn að vinna í þessum efnum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni vil ég vekja athygli hv. fyrirspyrjenda og annarra hv. þm. á lögum um Stjórnarráð Íslands og um verkaskiptingu milli ráðuneyta í hinu íslenska stjórnkerfi. Sú frumlega kenning hefur að vísu verið sett fram að íslenska ut-

anrrn. sé nú orðið hið eiginlega innanríkisráðuneyti, og er þá vísað til þess að gagnvart þessum samningi spannar hann öll svið íslensks stjórnkerfis. Það var afar eðlilegt að meðan samningar stóðu yfir og meðan umræðan fór fram í grundvallaratriðum um afstöðu til þessa samnings þá hafi kynningin fyrst og fremst verið á vegum utanrrn. Hins vegar er það jafnsjálfsagt að þegar við nú tökum til við að ræða málið í einstökum greinum þess og ræðum hér á Alþingi einstök frv. að þá séu þau flutt og séu á forræði einstakra fagráðuneyta.

Mér fullkunnugt um að fagráðuneytin hafa sjálf gert ýmislegt og haft til þess mjög takmarkaða fjármuni að vísu til þess að kynna þetta mál á sínu sviði. Það verður í vaxandi mæli vafalaust þeirra hlutverk nú þegar við erum að ná þeim áfanga að Alþingi er að ljúka hinni almennu afgreiðslu en jafnframt að taka til umfjöllunar frv. á verksviði hvers ráðuneytis fyrir sig.

Skoðanakönnun á þekkingu fólks á EES, ein umr.

Fsp. ÓÞÞ, 48. mál. — Þskj. 50.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. utanrrh. um skoðanakönnun á þekkingu fólks á EES-samningnum. Ég tel að það sé út af fyrir sig góðra gjalda vert að hæstv. utanrrh. geri á því athugun, eins og gert var, hvernig til hefði tekist hjá utanrrn. í að kynna þetta mál fyrir þjóðinni. Svarið var aftur á móti á þann veg að það virtist algjörlega hafa mistekist. Aðeins örlítið brot íslensku þjóðarinnar taldi að þær upplýsingar væru viðunandi og um þá þekkingu væri að ræða að hún gæti sætt sig við það og unað því sem eðlilegri þekkingu á þessu máli.

Ég tel þess vegna nauðsyn að fá úr því skorið, eins og kemur fram í efnisatriðum fsp., hvernig fyrirspurnin var og jafnframt að reyna að átta mig á því hvers vegna það getur gerst þegar opinber aðili fer af stað með fyrirspurn eins og þessa að fjölmiðlum sé ekki kynnt það mál. Hvers vegna það geti gerst að niðurstöðunum sé stungið niður í skúffu og þær geymdar svona lengi. Er eitthvað í þessari könnun sem kemur inn í það mál?

Ég hygg að það fari ekkert á milli mála og það sé öllum þingheimi ljóst að skoðanakannanir eru mjög víða notaðar til upplýsingaöflunar en þær geta líka verið notaðar til þess að kanna hvort misjafnar stjórnmálaskoðanir hafi áhrif. Og það er mjög fróðlegt að í annarri skoðanakönnun, sem framkvæmd var á Íslandi um þessi mál, kom í ljós að það var nokkur hluti stuðningsmanna Alþfl. sem taldi að við værum þegar komin inn í Efnahagsbandalagið, hvorki meira né minna en þriðjungur. Þannig að fræðslan á heimavígstöðvum utanrrh. virðist hafa tekist verr en annars staðar því þeir hafa hreinlega snarruglast í stöðunni.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Sem svar við fyrsta lið fsp. hv. þm. vísa ég til spurningalista Gallups og skýrslu fyrirtækisins um niðurstöðu könnunarinnar. Þessum gögnum hefur verið komið á framfæri við skrifstofu Alþingis og þess jafnframt óskað að þeim verði dreift og að öðru leyti er rétt að vísa til skýringa þeirra er þessa könnun tóku að sér á framkvæmd könnunarinnar en hún er svohljóðandi:

„Spurningar voru lagðar fyrir símleiðis og var því miðað við að hafa orðalag þannig að það gæti ekki misskilist. Varðandi þá ákvörðun að miða ekki við kosningaaldur þá voru skoðanakannanir reglulega framkvæmdar af *ÍM Gallup á aldurshópnum 15–69 ára.* Ef einstakir liðir könnunarinnar eiga ekki erindi til yngsta hópsins, svo sem kosningaspurningar, þá eru þeir hópar felldir niður. Í þessari könnun var hins vegar ekki verið að kanna hugsanlega kosningahegðan fólks heldur eingöngu viðhorf og þekkingu. Ef spurt hefði verið hvort fólk mundi greiða atkvæði gegn málinu í þjóðaratkvæðagreiðslu þá hefðu þeir sem ekki hefðu náð kosningaaldri verið felldir út. Aldurshópurinn 15–18 ára hefur því samkvæmt þessari skilgreiningu verið með alveg jafnmarktækar skoðanir og aðrir aldurshópar. Hvað varðar þá sem náð hafa sjötugsaldri eða eru eldri þá eru töluverð vandkvæði samkvæmt reynslu fyrirtækisins við framkvæmd símakönnunar hjá þeim aldurshóp, m.a. vegna heyrnarerfiðleika, og var þeim því sleppt."

Svörin skiptast eins og sýnt er í skýrslunni sem fylgir og lögð er fram til Alþingis og það svarar spurningu hv. þm. um það hvernig svörin voru. Ég vil þá jafnframt biðja virðulegan forseta að koma þessum gögnum á framfæri við skrifstofu Alþingis.

Hv. þm. vék að því og ályktaði sem svo að kynning málsins hefði ekki tekist. Það er rétt að það kemur fram í könnuninni að fólk hefur ekki kynnt sér samninginn vel til þessa. Mikill meiri hluti segir í svörum sínum að þeir hafi kynnt sér málið lítið sem ekkert og kemur það fram í afstöðu fólks til þátttökunnar enda verulega stór hluti þátttakenda óákveðinn. Hitt er staðfest í þessari könnun sem og öðrum sem átt hafa sér stað fyrr á vegum annarra aðila einnig að greinileg fylgni er milli þess hversu vel fólk hefur kynnt sér samninginn og hvort það hefur jákvæða afstöðu til hans.

Það er hins vegar ekki rétt ályktun að segja af hálfu fyrirspyrjanda að það að fólk hafi ekki kynnt sér samninginn, sem ég tel lofsverða hreinskilni að fólk segi hispurslaust, sé einhverjum öðrum að kenna. Því að ef það er rakið hvað gert hefur verið til þess að kynna málið almennt eða með því að koma upplýsingum á framfæri til sérstakra hópa, sérstaklega þeirra sem hafa beinna hagsmuna að gæta þegar í stað, þá er það ekki lítið. Og ef allt það upplýsingaefni væri tíundað sem aðgengilegt er fyrir þá sem hafa áhuga á að kynna sér málið er það ekki jafnmikið í nokkru öðru máli sem lagt hefur fyrir okkar þjóð til kynningar.

Þess má svo að lokum geta að misjafnlega getur tekist til með skoðanakannanir í kjölfar kynningar. Þess

er t.d. að geta að í nýlegri breskri skoðanakönnun um þekkingu Breta á málefnum Evrópubandalagsins, en Bretar eru sem kunnugt er þar meðlimir, þá reyndist niðurstaðan vera sú að meiri hluti breskra karla telur Maastricht vera svissneska ostategund en meiri hluti breskra kvenna, sem þátt tóku í könnuninni, er þeirrar skoðunar að Jacques Delors sé frönsk ilmvatnstegund.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Verst er það sem snertir þessa umræðu af hálfu hæstv. utanrrh. að hann dregur ranga niðurstöðu af því sem fram kemur í þessari skoðanakönnun og því sem talin er vanþekking fólks á málinu. Hann vill ekki að þjóðin greiði atkvæði um málið í almennri atkvæðagreiðslu. Það er þó það atriði sem augljóslega mundi verða til þess öllu öðru fremur að almenningur teldi ástæðu til að setja sig inn í mál sem af stjórnvalda hálfu og ríkisstjórnarinnar hefur verið haldið þannig á að Alþingi eitt ætti að fjalla um málið fyrir utan ríkisstjórnina. Þetta er hið stóra alvörumál. Og ég vil minna á það, virðulegur forseti, að það hefur áður komið fram vanþekking hjá almenningi í landinu á þessu máli. Í könnun, sem gerð var 1989 á vegum Félagsvísindastofnunar fyrir samstarfsnefnd atvinnulífsins, kom margt kyndugt fram sem var tilefni fsp. sem ég lagði þá fyrir forsætisráðherra landsins og hann vísaði til utanrrh. síns að svara og en það svar er á þskj. 377 frá 112. löggjafarþingi fyrir þá sem vilja kynna sér viðhorf þá.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Tvennt liggur nú fyrir og kemur kannski ekki mjög á óvart eftir umræður undafarna daga að það er álit hæstv. utanrrh. að þjóðin þekki málið um EES-samninginn ákaflega illa og hitt að sami ráðherra vill ekki að þjóðin fái að greiða atkvæði um málið. Ég vil minna á að sami ráðherra hafði þá skoðun árið 1969 um sambærilegt efni á þeim tíma, að þjóðin ætti að afgreiða það, en það var aðildin að EFTA.

Ég vildi biðja hæstv. ráðherra að útskýra fyrir okkur hvort hann teldi fullreynt að þjóðin mundi kynna sér þennan EES-samning frekar eða hvort hann hefur talið árið 1969 að þjóðin vissi svo mikið um EFTA-samninginn.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. og ég eigum það sameiginlegt að hafa báðir fengist við kennslu þó nokkurn hluta ævinnar. Ég er þeirrar skoðunar að ef tveir nemendur af þrjátíu falla í bekk þá bendi allt til þess að þeir prívat og persónulega einhverra hluta vegna hafi ekki getað tileinkað sér kennsluna eða haft áhuga á að kynna sér námsefnið. Gerist það aftur á móti að tveir af þrjátíu nái prófi en hinir allir falli þá er ég þeirrar skoðunar að það sem gerst hafi sé að kennarinn hafi ekki komið námsefninu eðlilega á framfæri við bekkinn. Það má vel vera að hæstv. utanrrh. sé annarrar skoðunar en ég hygg að flestir mundu í því tilfelli ekki afskrifa bekkinn sem nothæfan til þess að nema fræðin heldur athuga hvort eitthvað væri að kennslunni. (**Gripið fram í:** Skipta um kennara.)

Ég tel þess vegna að það albrýnasta í þessari stöðu sé að menn geri sér grein fyrir hvort ekki sé eðlilegt, miðað við þær niðurstöður sem liggja fyrir, að það sé tryggt að því fjármagni sem varið verður til að kynna þetta mál verði dreift m.a. til þeirra hópa sem eru andvígir samningnum. Og því verði einnig dreift til þeirra aðila sem könnunin gerir ráð fyrir að þjóðin treysti best til þess að veita réttar upplýsingar í málinu.

Ég geri ekki athugasemd við þau vinnubrögð hæstv. ráðherra að hann leggur fram skriflega hverjar spurningarnar hafa verið. Mér hefði þótt mjög vænt um að það hefði komið fram í gær þannig að gefist hefði kostur á að taka það inn í umræðuna ef þar væri eitthvað sérstakt á ferðinni. En ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir hans svör. Ég tel að eftir atvikum sé þessari fsp. svarað eins og best verður á kosið.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði ranglega að Jón Baldvin Hannibalsson teldi að þjóðin þekkti þetta mál illa. Jón Baldvin Hannibalsson telur ekki eitt eða neitt um það. Það sem hér liggur fyrir er að þeir sem hér hafa verið spurðir, mikill meiri hluti þátttakenda í þessari könnun, telja sjálfir að þeir þekki þetta mál illa. Ég segi um það: Ég tel virðingarvert þegar menn segja það hreinskilnislega að þeir hafi ekki haft tíma nú eða áhuga eða aðstöðu til að leggja sig eftir upplýsingum um þetta flókna mál. En þeir viðurkenna það — sem er meira en hægt er að segja um marga aðra. Þetta tel ég virðingarvert.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson vitnaði til kennslureynslu og taldi að ef ekki tekst vel til að koma námsefni til skila þá sé það sök kennara. Ég get fallist á það. En þegar niðurstöður þessarar könnunar eru skoðaðar kemur á daginn að kennarar hafa verið margir. Það hafa nefnilega margir tekið að sér að fara með upplýsingar fyrir íslensku þjóðina í þessu máli, þeirra á meðal hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sem farið hefur með fleipur í hverju málinu á fætur öðru. Þar á meðal um stjórnarskrármál sem opinberar það að hann hefur ekki kynnt sér málið og skilur það jafnvel ekki. En einhverjir eru nú jafnvel til þess að taka mark á þeim sem situr í Reykholti og taka þetta trúanlegt. Og þetta virðist koma fram vegna þess að samkvæmt helstu niðurstöðum, eins og könnuðir gera grein fyrir því, þá segir: Það sem haft hefur raunveruleg áhrif á afstöðu fólks í þessari könnun er óttinn um stjórnun fiskveiða. Þótt allir viti sem kynnt hafa sér málið að það er varanlegur fyrirvari byggður á grundvelli íslenskra laga um það mál. Það er óttinn um fullveldið. Þótt allir viti sem fengið hafa réttar upplýsingar um málið að það er ekkert fullveldisafsal í þessum samningi. Það er óttinn um fjárfestingar í atvinnulífinu og þá einkum og sér í lagi varðandi orkulindir. (**HG:** Þetta er nú kennari.)

Hverjir, virðulegi forseti, hafa fyrst og fremst alið á ótta þjóðarinnar í þessu efni og það svo mjög í sí-

bylju að það birtist hér og endurspeglast sem niðurstaða í viðhorfum fólks? Hvaða kennarar, hv. þm., eiga að líta í sinn eiginn barm? (**ÓÞP:** Fá að bera af mér sakir.) Þó nú væri.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er erfitt fyrir forseta að neita þingmanni um að bera af sér sakir, ef hann telur vera ástæðu til. Og tekur þá hv. 2. þm. Vestf. til máls og ber af sér sakir sem hann telur sig þurfa að gera.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Það kom fram í þessari skoðanakönnun að örlítið brot, 1,3%, taldi sig þekkja þetta mál og þeir studdu það flestir. Það er ekki trúlegt að ef ég með mínum kennsluháttum hef orðið til að fræða menn að þeir hefðu þá hikað við að segja að þeir hefðu kynnt sér málið og hefðu á því þekkingu. Þeir hefðu þá trúlega ekki verið stuðningsmenn þess. Ég fæ því ekki séð að það gangi upp hjá hæstv. ráðherra að halda því fram að það fjármagn sem hann fékk til að sjá um kennsluna hafi verið notað af mér til að koma röngum upplýsingum á framfæri. Hann er einn handhafi þess fjármagns sem fór í þessa kennslu. Það þýðir ekkert hjá Háskóla Íslands að kvarta yfir því að einhver annar, sem ekki fékk peninga til þess að kenna stúdentum á háskólastigi, hafi vanrækt það. Það er sá sem fjármagnið fékk sem verður að standa skil á því verkefni sem hann tók að sér.

Hefði hæstv. ráðherra verið maður til að leggja til að þessu fjármagni hefði verið dreift þá hefði hann getað kvartað yfir því að hinir hefðu ekki staðið sig.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú óskar hæstv. utanrrh. að bera af sér sakir og það er erfitt að gera upp á milli manna hér og fær hann þá orðið til þess.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það fór aldrei svo að skólamál kæmust ekki á dagskrá hjá hinu háa Alþingi. Má ég rifja upp að fyrir nokkru birtust þau tíðindi að gríðarlega hátt hlutfall nemenda í lagadeild Háskóla Íslands hefði fallið þar og prófessor í þeirri deild hélt því fram að stór hluti nemenda væri ekki það sem hann kallaði sendibréfsfær. Hverjir bæru nú ábyrgðina? Ekki lagaprófessorarnir, sem eru að taka við þessum nemendum, eða hvað? Kennarar á fyrri skólastigum, eða hvað, hv. þm.? Um það verður nú ekki ályktað í utandagskrár- eða „að-bera-af-sér-sakir"-umræðu.

En ég vil vekja athygli, af því þetta eru umræður um skólamál, virðulegi þingmaður, að nýlega kom út mjög lært rit eftir merkan jesúíta sem heitir Deschooling America eða Afskólun Ameríku. Þar voru færð fyrir því mjög veigamikil rök að ólæsi í Bandaríkjunum hefði vaxið samkvæmt stærðfræðilegri fylgni í réttu hlutfalli við aukningu útgjalda til skólamála.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs og er fyrirspurninni svarað en að þessu gefna tilefni vill forseti höfða til skilnings hv. þm. og hæstv. ráðherra á þingsköpum og biðja þá um að túlka mjög þröngt þessa grein, að bera af sér sakir, hér eftir.

Áhrif EES-samnings á sveitarfélögin, ein umr.

Fsp. KHG og HG, 38. mál. — Þskj. 39.

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 4. þm. Austurl. að bera fram fsp. til hæstv. félmrh. um áhrif samningsins um Evrópska efnahagssvæðið á sveitarfélögin. Nú þegar hefur verið upplýst fyrr á þessum fundi að kynning á málinu af hálfu utanrrn. hefur verið í mjög miklu skötulíki hvað þetta varðar. Því er eðlilegt að menn velti því fyrir sér hvort tekin hafi verið saman einhver heildstæð greinargerð a.m.k. af hálfu fagráðherra um þau áhrif sem samningurinn mun hafa á sveitarfélögin í landinu. Því miður urðum við einskis vísari í umræðunni um frumvarpið sjálft um Evrópska efnahagssvæðið um þetta atriði því að hæstv. félmrh. tók ekki til máls í þeirri umræðu. Menn eru því ekki upplýstari um samninginn hvað þetta varðar og hæstv. utanrrh. fjallaði ekkert um það svið málsins.

Augljóslega eru þó nokkuð mörg atriði í þessum samningi sem snerta sveitarfélögin beint og óbeint þó í mismiklum mæli sé eftir málum. Ég get nefnt sem dæmi að ákvæði samningsins um atvinnufrelsi hefur áhrif á starfsmannahald sveitarfélagsins þó að menn geti greint á um það hversu víðtæk þau áhrif verða. Ég get nefnt sem dæmi að samningurinn hefur áhrif á framkvæmdir sveitarfélags, hvernig það stendur að þeim og hvernig það stendur að útboðum. Mér sýnist samkvæmt skýringum með samningnum að við tilteknin stærðarmörk á verkum sé sveitarfélagi skylt að bjóða það út á evrópskum markaði og möguleikar sveitarfélags til þess að hyggja að sínum mönnum í sveitarfélaginu eru hverfandi eftir þennan samning.

Ég get líka nefnt tryggingamál eins og brunatryggingar. Ljóst er að a.m.k. Reykjavíkurborg hefur haft verulegar áhyggjur af áhrifum samningsins á húsatryggingar í Reykjavík, eins og rækilega hefur verið gerð grein fyrir. Ég get líka nefnt sparisjóði en sveitarfélög eru aðilar að sparisjóðum og mér er tjáð af kunnáttumönnum að þessi samningur muni hafa þau áhrif á sparisjóði á Vestfjörðum vegna kröfu um eiginfjárstöðu að loka verður þeim öllum nema einum. Einungis einn sparisjóður á Vestfjörðum mun uppfylla lágmarksskilyrði hvað þetta varðar. Aðrir sparisjóðir verða að loka starfsemi sinni og hætta.

Það má líka nefna kaflann um ríkisaðstoð en það er skýrlega tekið fram á bls. 157 að með ríkisaðstoð sé ekki bara átt við bein fjárframlög heldur ábyrgðir og skattaívilnanir, tryggingar og niðurgreiðslu lánskjara af hálfu ríkis, sveitarfélaga og stofnana. Þetta eru allt

atriði sem munu snerta verkefni sveitarfélagsins mikið og ekki hvað síst þetta síðastnefnda í ljósi þeirrar stöðu sem sveitarfélögin hafa verið í á undanförnum tveimur árum skulum við segja þar sem þau hafa verið að verja sína stöðu með því að styrkja atvinnulífið í sveitarfélagi sínu.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Engin formleg úttekt hefur farið fram á vegum félmrn. varðandi áhrif EES-samningsins á málefni sveitarfélaga í landinu eins og um er spurt. Hins vegar fer slík athugun nú fram á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga eins og reyndar kom fram í máli hæstv. utanrrh. hér áðan. Félmrn. hefur þó leitast við að kynna áhrif EES-samningsins fyrir hinum ýmsu hagsmunasamtökum og jafnan reynt að verða við beiðnum þar að lútandi. M.a. hefur ráðuneytið einnig látið gera ítarlega athugun á áhrifum samningsins á vinnumarkaðinn sem snertir einnig sveitarfélögin. Ráðuneytið hefur víða kynnt samninginn meðal félagasamtaka og stéttarfélaga en lítið hefur verið óskað eftir því af sveitarfélagsins hálfu eða að þau hafi haft frumkvæði að því að óska eftir því að ráðuneytið kynnti samninginn á þeirra vettvangi. Ráðuneytið gerði þó grein fyrir áhrifum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði á fjármálaráðstefnu Sambands ísl. sveitarfélaga haustið 1991 sem síðan birtist í heild í Sveitarstjórnarmálum.

Þau svið sem EES-samningurinn nær til varða sveitarfélögin meira óbeint en að þau setji þeim einhverjar nýjar reglur. Aðeins hefur tekist að finna eina tilskipun þar sem vikið er að sveitarfélögunum sérstaklega. Sú fjallar um skýrar og greinargóðar upplýsingar um fjármálatengsl milli aðildarríkja og opinberra fyrirtækja. Samkvæmt tilskipuninni skulu aðildarríki tryggja að fjármálaleg tengsl milli stjórnvalda, hvort heldur ríkis eða sveitarfélaga, og opinberra fyrirtækja séu greinileg þannig að skýrt komi fram framlög sem stjórnvöld veita hlutaðeigandi opinberum fyrirtækjum beint til ráðstöfunar, framlög sem stjórnvöld veita fyrir milligöngu opinberra fyrirtækja eða fjármálastofnana, hvernig þessi opinberu framlög eru raunverulega nýtt. Markmið tilskipunarinnar er að unnt sé að sjá opinberan stuðning við fyrirtæki þar sem það getur haft áhrif á samkeppnisstöðu þeirra. Líklega mun lítið reyna á þetta hérlendis að því er sveitarfélögin varðar þar sem ársvelta fyrir skattlagningu þarf að nema 40 milljónum evrópsku gjaldmiðilseiningarinnar ECU, eða um 3 milljarða ísl. króna hjá viðkomandi fyrirtæki ef það á að falla undir tilskipunina.

Samkvæmt samningsdrögunum er aðstoð í hvaða formi sem er, sem aðildarríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum, ósamrýmanleg framkvæmd samnings nema annað sé tekið fram í samningnum. Undantekningar eru reyndar býsna viðamiklar. Þannig er það talið samrýmast samningnum að veita aðstoð af félagslegum toga til einstakra neytenda og aðstoð sem veitt er til þess að bæta tjón af náttúruhamförum. Þá er einnig talið geta samrýmst samningnum aðstoð sem veitt er til þess að efla atvinnuþróun á svæðum þar sem ástandið er bágborið, aðstoð sem veitt er til þess að bæta alvarlega röskun í efnahagslífi, aðstoð til þess að þróa ákveðnar greinar efnahagslífsins og önnur aðstoð sem EES-nefndin kann að ákveða. Því er ljóst að bannið við ríkisstyrkjum hefur mjög víðtækar undanþágur. Enda þótt Evrópskt efnahagssvæði hefði ekki í för með sér nema sáralitlar breytingar á lögum og reglum er varða sveitarfélögin ber að hafa í huga að koma skal á sambærilegum ytri
skilyrðum atvinnufyrirtækja.

Reglur EB um opinber útboð kunna að hafa áhrif á sveitarfélögin. Samkomulag um opinber útboð innan Evrópubandalagsins miðar að því að tryggja aukna alþjóðlega samkeppni á opinberum innkaupamarkaði. Samkomulagið felur í sér ítarlegar reglur um það hvernig þeir aðilar sem tilgreindir eru í einum af viðaukum samningsins eiga að haga útboðum vegna opinberra innkaupa og samþykkja tilboð. Honum er ætlað að gera lög, reglugerðir, framkvæmdareglur og venjur varðandi opinber innkaup skýrari og tryggja að þær verndi ekki innlenda framleiðslu eða seljendur né geri upp á milli erlendrar framleiðslu eða seljenda. Þetta eru þær reglur sem mundu gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.

Hér á landi gilda lög um opinberar framkvæmdir og lög um opinber innkaup. Hvorug þessara laga ná sérstaklega til sveitarfélaga. Lögin um opinberar framkvæmdir ná þó til sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélaga. Í meginatriðum eru útboðsaðferðir, meðferð tilboða og val tilboða hér í landi svipað og í GATT-reglunum sem gilda hjá Evrópubandalaginu. Innkaupastofnun ríkisins er falið að annast útboð, vörukaup og verksamninga við ríkisstofnanir nema ráðherra feli eða heimili öðrum ríkisstofnunum að annast sín eigin viðskipti. Reykjavíkurborg rekur eigin innkaupastofnun sem annast innkaup og verkútboð fyrir borgina og er eina sveitarfélagið sem rekur sérstaka innkaupastofnun. Önnur sveitarfélög hafa í mörgum tilfellum falið Innkaupastofnun ríkisins að annast meiri háttar innkaup fyrir sig.

Evrópubandalagið skiptir opinberum innkaupum í fyrsta lagi í opinber vörukaup. Þar verður að bjóða út vörukaup fyrir ríkisstofnanir og sveitarfélög sem nema 130 þúsund ECU eða um 10 milljónum eða meira í íslenskum krónum (Forseti hringir.) Ég er alveg að ljúka máli mínu, virðulegi forseti.

Í öðru lagi opinbera verksamninga. Í meginatriðum er gert ráð fyrir sams konar útboðsaðferðum og við opinber vörukaup en þar eru lágmarksútboðsverðmæti 5 millj. ECU eða 370 millj. ísl. kr. Ísland þarf að aðlaga sig að þessum reglum, m.a. með eftirfarandi hætti: Skylda þarf sveitarfélögin til að efna til opinberra útboða samkvæmt reglum EB og fela þarf einni opinberri stofnun að annast öll opinber samskipti hvað varðar upplýsingar og framkvæmd opinberra útboða á Evrópumarkaði.

Atriði eins og frjáls fjármagnsflutningur og frjáls för einstaklinga í atvinnuskyni hafa líka eðlilega áhrif út í sveitarfélögin og ég nefndi hér áðan að félmrn. hefur beitt sér fyrir ítarlegri könnun á áhrifum

EES-samningsins á vinnumarkaðinn. Þá munu þau áhrif sem EES hefur á atvinnulíf í sveitarfélögunum að sjálfsögðu skipta hér miklu máli.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta og þingheims á því hvað er að gerast þegar hæstv. félmrh. kemur til að svara fsp. þingmanna. Ráðherrann kemur og les orðrétt upp ræðu sem ráðuneytisstjóri félmrn. flutti á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í fyrra og ekki er bætt við nokkrum sköpuðum hlut, og komst reyndar ekki fram úr því, ekki til enda. Það er ekki mikið verið að gera úr áhrifum þessa máls á sveitarfélögin í ræðunni því að niðurstaðan sem ráðherrann komst ekki yfir að lesa hjá ráðuneytisstjóranum var þessi:

„Af framansögðu er ljóst að bein áhrif af Evrópska efnahagssvæðinu á sveitarfélögin sem slík eru fremur lítil." Og í lokin: „Evrópskt efnahagssvæði hefur því ekki miklar breytingar í för með sér beint fyrir sveitarfélögin."

Þetta eru vinnubrögðin hjá fagráðuneyti sveitarstjórnarmála. Ég átel þessi vinnubrögð. Ég tel þetta með miklum fádæmum hvernig hér er að málum staðið af því ráðuneyti se/m er ábyrgt fyrir sveitarstjórnarmálum og hvernig hér er komið fram gagnvart Alþingi Íslendinga þegar bornar eru fram fyrirspurnir eftir að samningur hefur verið gerður sem lá ekki fyrir 1991 þegar þessi ræða er flutt.

Gunnlaugur Stefánsson:

Frú forseti. Í tilefni af þessari sérkennilegu ræðu hv. 4. þm. Austurl. get ég ekki orða bundist. Það skiptir náttúrlega engu máli hvort að upplýsingar sem koma fram á hinu háa Alþingi hafi komið fram áður. Það styrkir fremur málstaðinn en hitt. Hv. þm. er það vel ljóst að þetta mál hefur verið lengi til umræðu og verið rætt víða. Og þetta sem hv. 4. þm. Austurl. var að segja hér áðan leggur einmitt áherslu á það að þetta mál hefur verið kynnt á vettvangi sveitarstjórnarmanna og það fyrir ári — og vonandi fyrr. (**HG**: Prestar geta endurflutt ræður).

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ja, ég er nú alveg dolfallinn eftir þessar upplýsingar sem fram komu hjá hv. 4. þm. Austurl. Er það virkilega svo að ráðherra sveitarstjórnarmála hefur ekkert fram að færa um þessi mál en að lesa gamla ræðu frá því í nóvember 1991? Maður á varla orð yfir það hvað mönnum dettur í hug í framkomu sinni við þingið og hefur nú ýmislegt verið gert sem er ekki hefð fyrir. (**ÓÞÞ**: Það er sparnaðarátak í ráðuneytinu.) Ja, mikill er sá sparnaður.

En ég vil bæta við fleiri atriðum sem ég komst því miður ekki yfir að geta um. Kannski er það höfuðatriði hvað varðar sveitarfélög sem hæstv. ráðherrar í þessari ríkisstjórn, sem ber ábyrgð á þessum samningi, ættu að hafa komið á framfæri við sveitarfélögin fyrir löngu, það eru áhrif samningsins á sveitarfélög varðandi umhverfismál. Ætlunin er að taka hér í lög reglugerðir EB í umhverfismálum. Ég man eftir tveimur, um skolphreinsun og sorpbrennslu. Þar er okkur gert að uppfylla kröfur sem í þeim reglugerðum eru. Þær eru að vísu svo strangar að íslenskum samninganefndarmönnum hefur þótt vissara að hafa tveggja ára aðlögunartíma að því. Þetta er verkefni sveitarstjórna. Hvað skyldi það kosta íslensk sveitarfélög mikið að uppfylla þessar kröfur? Það veit ég ekki en það væri fróðlegt að fá það upplýst. Ég veit það eitt að þetta eru risavaxnar tölur sem sveitarfélögunum er gert að uppfylla í kröfum í umhverfismálum með þessum samningi og þau hafa enga tekjustofna á móti til að mæta því.

Ég get sagt það eitt um það mál að upphæðirnar eru frekar taldar í milljörðum króna en í milljónum, svo gríðarlegar upphæðir er hér um að ræða.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Þetta mál er nú allt saman dálítið kyndugt. Þegar menn líta á skjölin sem hér er verið að fjalla um þá hef ég hvergi séð neitt skjal sem heitir samningur um evrópusvæðið eða neitt slíkt. Ég veit ekki til að neinn slíkur samningur sé til. Því miður er hæstv. utanrrh. ekki hér núna. Ég vildi gjarnan spyrja hann að því hvenær sá samningur hafi verið gerður, hver hafi undirskrifað hann og t.d. hvaða ríki standa að honum. Ég veit ekki til að hér séu önnur plögg en t.d. þetta, sem ég held á, sem þetta snýst meira og minna allt um. Það heitir frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið, (EES). Það er ekki samningur um eitt eða neitt til, verður kannski aldrei. Alla vega ekki óbreytt, ekki hef ég nokkra trú á því. Þetta eru drög að samningi, þetta er rifrildi að samningi, þetta eru hálfgerð plögg. Þau hafa lengi legið fyrir. Og hvort menn séu hér að rífast um það sem gerðist fyrir einu ári síðan eða tveimur — eða verða að rífast um eftir eitt eða tvö ár, það verður vafalaust þannig. Þetta er enginn samningur. (Forseti hringir.) Þetta eru drög, besta orðið sem maður getur haft um þetta plagg er drög að samningi, sem maður veit aldrei hvort samningur verður.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Ég verð að segja það að málflutningur hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar og Hjörleifs Guttormssonar fannst mér hreint út sagt furðulegur. Hér er spurt einfaldra spurninga um það hvort úttekt liggi fyrir á áhrifum EES-samningsins. Ég reyndi að svara því skýrt og greinilega hvernig þau mál standa. Slík athugun er í undirbúningi á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Það hefur verið gerð ítarleg úttekt af hálfu félmrn. á áhrifum samningsins á vinnumarkaðinn, sem vissulega snertir sveitarfélögin einnig, mjög ítarleg skýrsla. Ég hef gert hér grein fyrir einni tilskipun sem beint varðar sveitarfélögin. Og það að amast út í það þó að vitnað sé hér í ræðu ráðuneytisstjórans í félmrn., sem hvað best þekkir þessi mál og hefur fylgst með samningnum alveg frá upphafi fyrir hönd ráðuneytisins, að amast út í það þó vitanð sé í ræðu sem hún heldur á fjármálaráðstefnu Sambands sveitarfélaga þar

sem hún er að gera grein fyrir áhrifum þessarar tilskipunar, t.d. á sveitarfélögin, finnst mér alveg furðuleg, og finnst mér lýsa hálfgerðri málefnafátækt viðkomandi þingmanna í þessu máli.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur beðið hv. þm. um að túlka þröngt þetta að bera af sér sakir og gat ekki fundið að það væru neinar ásakanir sem gæfu slíkt tilefni, en ef hv. þingmaður er harður á því þá getur forseti ekki neitað. Hv. 5. þm. Vestf. óskar að bera af sér sakir og kemur þá væntanlega í ljós hvaða ásakanir það eru.

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Það eru ásakanir að segja um málflutning þingmanna að hann sé furðulegur í ljósi þeirra raka sem ég flutti í málinu. Ég vil taka það fram að það er ekki ofmælt af hálfu okkar flutningsmanna fyrirspurnarinnar að vera undrandi á svarinu. Hér er um að ræða stærsta mál sem lagt hefur verið fyrir þjóðþing íslenska lýðveldisins. Og það er upplýst að fagráðherra sveitarstjórnarmála hefur ekki látið fara fram neina úttekt á áhrifum samningsins á sveitarfélögin sem undir ráðherrann heyra. En það er borið í bætifláka með því að segja að hagsmunasamtökin muni skoða þetta sjálf. Hæstv. sveitarstjórnamálaráðherra hafði ekkert til málanna að leggja í 1. umr. um Evrópska efnahagssvæðið. Ekkert. Ekki nokkurn skapaðan hlut. Og það kom ekkert fram í ræðu ráðuneytisstjórans frá því í nóvember 1991 um kostnaðaráhrif samningsins á sveitarfélögin sem ég var hér að drepa á varðandi umhverfismál. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég læt ekki bjóða mér það að það sé kallaður furðulegur málflutningur þegar maður vekur athygli á þessu og fær sem svör ekkert annað en heimastíla sem eru að verða ársgamlir.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, ein umr.

Fsp. KHG, 49. mál. — Þskj. 51.

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Það er nú svo með lagasetningu að sumt vekur strax mikla athygli og er þjóðinni kunnugt. Annað er ekki þess eðlis að það dragi athygli þjóðarinnar að efni laganna sem sett hafa verið. En engu að síður geta þau lög verið býsna gagnmerk og landinu og íbúum þess til ýmissa bóta. Í þeim hópi tel ég vera lögin um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, sem sett voru á sínum tíma, árið 1985, og ég tel hafa verið mikið framfaraspor.

Það er eðlilegt að menn hugi að þessum málum því að víða háttar svo til um landið að byggð er þannig fyrir komið að hætta er veruleg á snjóflóðum eða ofanföllum, flóðum af öðru tagi. Það má nefna dæmi úr nálægri fortíð sem sýnir okkur svo ekki verður um villst að veruleikinn og hættan er skammt undan í þeim efnum. Mér eru í huga t.d. tveir kaupstaðir hér á landinu, annar á Vestfjörðum og hinn á Austfjörðum, þar sem snjóflóð hafa valdið verulegum skakkaföllum.

Ég vil bæði vekja athygli á þessum lögum og eins vil ég leita eftir upplýsingum um þau verkefni sem fyrirhugað er að ráðast í með tilstyrk þess sjóðs sem settur var á laggirnar með lögunum. Ég hef því leyft mér, virðulegi forseti, að bera fram á þskj. 51 eftirfarandi fjórar fyrirspurnir til hæstv. félmrh.:

„1. Frá hvaða sveitarfélögum hafa borist tillögur til ofanflóðanefndar, sbr. lög nr. 28/1985, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, og hver er áætlaður kostnaður í hverju tilviki?

2. Hverjar þessara tillagna hafa hlotið samþykki Almannavarna ríkisins og staðfestingu ráðherra?

3. Hve mikið fé er í Ofanflóðasjóði og telur ráðherra þörf á auknu framlagi á fjárlögum í sjóðinn næstu ár til þess að standa undir fyrirsjáanlegum verkefnum?

4. Telur ráðherra að sveitarfélag geti í öllum tilvikum staðið undir sínum hluta af kostnaði við ofanflóðavarnir?“

Til skýringar vil ég geta þess, virðulegi forseti, að hlutur sveitarfélaga í kostnaði er 20% en sjóðurinn fjármagnar 80%.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Frá því að lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum voru sett hinn 2. júlí 1985 hefur verið unnið kerfisbundið að því að skapa forsendur að vörnum gegn snjóflóðum og skriðuföllum og hefur Ofanflóðasjóður fjármagnað það verk. Þar sem ekki voru til nógu nákvæm kort þurfti að gera sérstök hæðarlínukort fyrir þá 15 þéttbýliskjarna sem hugsanlega gætu orðið fyrir snjóflóðum og skriðuföllum og er því verki lokið. Gera varð reiknilíkan til að framkvæma hættumat fyrir þær byggðir sem ógnað er af snjóflóðum og koma því í tölvutækt form. Þá þurfti að gera úttekt á snjóflóðasögu allra þessara staða til að hættumatið gæti farið fram.

Á grundvelli framangreindrar vinnu hefur verið unnið að hættumati fyrir snjóflóðabyggðirnar en það er forsenda þess að hægt sé að hefja gerð varnarvirkja þar sem það segir til um eftirfarandi: Hvaða hlutar byggðar eru í hættu og hvaða hlutar ekki þannig að fjármagni verði ekki sóað í hættulaus svæði, eiginleikar þeirra snjóflóða sem verjast á, svo sem upptök þeirra, skriðferil, hraða, þrýsting og skriðlengd. Þessir þættir eru afgerandi þegar velja þarf varnaraðferðir en gagnsemi þeirra fer eftir framansögðu þó svo að þar ráði einnig aðrir þættir svo sem landslag, snjósöfnun og landrými til varna. Hættumatið er mikilvægasti þátturinn í undirbúningi varna en rangt val á tegund eða staðarvali varnarvirkja getur haft í för með sér að falskt öryggi sé gefið og vörnin dugi ekki eða að vörnin auki hættu á öðrum svæðum. Þannig getur milljónatugum verið varið í varnir sem engum eru til gagns og hættan orðið jafnmikil eftir sem áður. Það sem alvar-

legast er við slík mistök er að þau yrðu trúlega ekki uppgötvuð fyrr en of seint eða eftir að snjóflóð hefði brotist í gegnum eða fram hjá slíkum varnarmannvirkjum og valdið tjóni á lífi og eignum. Því er framangreind vinna ákveðinn liður í snjóflóðavörnum byggða. Til undirbúningsvinnu að snjóflóðavörnum samkvæmt framansögðu hefur Ofanflóðasjóður varið alls tæpum 11 millj. kr.

Tillögur um gerð varnarvirkja eða annarra varnarframkvæmda hafa borist frá eftirgreindum aðilum og þær hlotið afgreiðslu sem hér segir:

Flateyri. Komið hafa tillögur að vörnum vegna snjóflóða sem felast í gerð gluggahlera fyrir hús í Ólafstúni, gerð varnargirðinga í Innra Bæjargili og leiðigarða neðan Mynnis. Þegar hefur verið lokið við gerð gluggahleranna og var kostnaður við það verk 742 þúsund og greiddi Ofanflóðasjóður af því 445 þúsund. Búið er að hanna önnur varnarvirki og gera kostnaðaráætlun um gerð þeirra sem hljóðar upp á rúmar 54 millj. en af þeirri upphæð falla rúmar 43 millj. á Ofanflóðasjóð. Verkefnið hefur hlotið meðmæli ofanflóðanefndar og verður rætt í almannavarnaráði og er stefnt að afgreiðslu þess 17. sept. nk.

Næst er það Ísafjörður. Unnið hefur verið að hættumati fyrir Ísafjörð í rúm tvö ár og sér nú fyrir endann á þeirri vinnu. Því eru engar tillögur enn komnar fram um heildarvarnir gegn snjóflóðum þar en af þeirri vinnu sem fyrir liggur er ljóst að snjóflóðavarnir á Ísafirði munu ekki kosta undir 100 millj. kr. á núverandi verðlagi. Árið 1989 var ráðist í gerð bráðabirgðavarna við Holtahverfi á Ísafirði og kostaði sú framkvæmd 3,5 millj. kr., þar af greiddi Ofanflóðasjóður 2,8 millj. kr.

Í kjölfar aurskriðanna á Ólafsfirði voru gerðir rennslisskurðir í fjallshlíðina ofan bæjarins til að hindra vatnsmettun jarðvegsins og hamla þannig gegn aurskriðum. Samþykkt var að Ofanflóðasjóður tæki þátt í þeirri framkvæmd og voru greiddar úr honum 1,7 millj. af 2,2 millj. kr. sem verkið kostaði. Árið 1988 fór Ólafsvíkurbær þess á leit að greitt yrði úr Ofanflóðasjóði vegna snjóflóðavarna sem gerðar voru fyrir setningu laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Var samþykkt að greiða úr sjóðnum 454 þús. til Ólafsvíkurbæjar.

Árið 1991 var samþykkt tillaga Seyðisfjarðarkaupstaðar að áætlun um aurskriðuvarnir á árinu 1991 upp á samtals 2,7 millj. og að Ofanflóðasjóður greiddi 80% af þeirri framkvæmd. Þrátt fyrir það hefur Seyðisfjarðarkaupstaður ekki enn ráðist í verkið. Fyrir liggja nú fyrstu frumtillögur að snjóflóðavörnum fyrir Seyðisfjörð og hefur fyrsti hluti tillagnanna verið hannaður og kostnaðaráætlun gerð fyrir hann. Eru niðurstöðutölur þess hluta áætlunarinnar rúm 41 millj. og yrði hlutur Ofanflóðasjóðs um 33,5 millj. Þessi áfangi er um 20% af heildarvarnarþörf Seyðisfjarðar.

Árið 1986 komu tillögur frá Siglufirði um gerð snjóflóðavarna vegna hitaveitu bæjarins í Skútudal og hljóðaði framkvæmdin upp á 1,8 millj. sem var samþykkt af hlutaðeigandi aðilum. Siglufjörður hefur ekki enn nýtt sér framkvæmdaféð.

Vegna hinnar miklu hættu sem verið hefur af völdum grjóthruns í Óshlíð hafa verið samþykkt framlög úr Ofanflóðasjóði til uppsetningar á grjótvarnarnetum og koma þau á móti framlögum frá Vegagerð ríkisins. Alls hefur Ofanflóðasjóður lagt í þær framkvæmdir 12 millj. kr. og samþykkt 6 millj. kr. í ár en það fé hefur ekki enn verið nýtt. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Ég er rétt að ljúka máli mínu en ég vil vekja athygli á því að hér er um nokkuð viðamikla fyrirspurn að ræða.

Til undirbúnings snjóflóðabyggingum hefur verið varið tæpum 11 millj. kr. Til framkvæmda á sviði varna hafa borist áætlanir frá sex sveitarfélögum ásamt Vegagerð ríkisins upp á samtals 126 millj. kr. Samþykktar hafa verið framkvæmdaáætlanir upp á tæplega 30 millj. kr. Lokið er framkvæmdum fyrir um 19 millj. kr. af þeim. Nú eru til afgreiðslu framkvæmdaáætlanir upp á samtals 96,5 millj. kr. fyrir tvo staði, þ.e. Flateyri og Seyðisfjörð. Endanlegar tillögur þessara sveitarfélaga bárust Almannavörnum ríkisins til afgreiðslu nú í sumar og er umfjöllun um þær hafin bæði í Ofanflóðanefnd og Almannavarnaráði. Hrein eign Ofanflóðasjóðs við reikningsuppgjör 1. jan. 1992 var 93 milljónir. (Forseti hringir.) Ljóst er að sú upphæð ásamt fyrirsjáanlegum tekjum dugir engan veginn til að sinna þeim verkefnum sem æskilegt væri að sinna á næstu árum.

Ekki er hægt að gefa neitt einhlítt svar við spurningunni um hvort sveitarfélög geti í öllum tilvikum staðið undir sínum hluta kostnaðar við ofanflóðavarnir. Ég held að sú kostnaðarþátttaka sveitarfélaga sem lögin gera ráð fyrir skynsamleg en að sjálfsögðu geta komið upp tilvik þar sem sveitarfélög eiga erfitt með að fjármagna sinn hlut af þessum framkvæmdum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli og afla upplýsinga og ráðherrann hefur hér svarað. Mér finnst að það sem liggur fyrir í þessu stóra máli sé það að nauðsynlega þurfi að tryggja auknar tekjur til Ofanflóðasjóðs til þess að hægt verði að loknum vönduðum undirbúningi að ráðast í þær framkvæmdir sem skynsamlegar eru í þessu skyni.

Ég tel líka að það þurfi að rýmka heimildir laganna að því er varðar framlög sveitarfélaganna því að ég er viss um að sú kostnaðarhlutdeild þeirra upp á 20% af mannvirkjakostnaði er hamlandi varðandi aðgerðir sem þó eru brýnar í mjög mörgum tilvikum.

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Þau voru afar skilmerkileg að þessu sinni og er vert að þakka alveg sérstaklega fyrir það sem vel er gert. Það er ljóst að nú fyrst er að reyna á Ofanflóðasjóð. Það eru að koma inn núna viðamikil verkefni sem gera það að verkum að maður veltir því fyrir sér hvort að sjóðurinn sé nægilega öflugur og tekjustofnar hans nægilega digrir til þess að geta staðið undir verkefnum sínum í náinni framtíð í ljósi þeirra verkefna sem

þegar eru komin fram og ég þykist vita að fleiri séu á leiðinni.

Ég vil t.d. benda á það að Flateyri, sem er hér með framkvæmd upp á 54 millj., er ekki stærra sveitarfélag en svo að árstekjur þess eru um 40 millj. kr. Það er því alveg ljóst að þó að Ofanflóðasjóður greiði 80% af 54 millj. kr. þá eru eftir á annan tug milljóna sem þetta sveitarfélag verður að reiða fram úr eigin sjóðum, eða ákaflega stór hluti af árstekjum sveitarfélagsins af skattstekjum.

Ég vil upplýsa það líka að ég hreyfði þessu atriði í svokallaðri sveitarfélaganefnd sem hæstv. félmrh. skipaði og ég hygg að ráðherra sé kunnugt um að þetta mál hafi þar verið til umræðu. Þar hefur verið rætt um það að gera tillögu um að hækka hlut Ofanflóðasjóðs í framkvæmdum úr 80% í 90%, og ég hygg að ég brjóti engan trúnað þó að ég upplýsi að þessar hugmyndir séu á ferðinni.

Lánafyrirgreiðsla við húseigendur, ein umr.

Fsp. JÁ, 65. mál. — Þskj. 67.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að bera fram fsp. á þskj. 67 til hæstv. félmrh. um lánafyrirgreiðslu við húseigendur. Fyrirspurnin er í þrennu lagi og hljóðar svona:

„1. Njóta húseigendur, sem tekið hafa húsbréfalán sambærilegrar fyrirgreiðslu í lánastofnunum og aðrir viðskiptavinir bankakerfisins hvað varðar skuldbreytingar bankalána?

2. Hyggst ráðherrann beita sér fyrir því að Húsnæðisstofnun hefji að nýju að veita greiðsluerfiðleikalán?

3. Er fyrirhugað að veita sérstaka aðstoð við fjárhagslega endurskipulagningu hjá þeim sem verða fyrir miklum áföllum vegna hækkunar vaxta í félagslega íbúðakerfinu?“

Allar eru þessar spurningar auðvitað sprottnar af þeim veruleika sem nú er orðinn, þ.e. afleiðingar þess glapræðis að innleiða vaxtaokrið í þjóðfélaginu inn í stærstu fjárfestingu heimilanna í landinu. Nú eru afleiðingar þess að tengja stærstu fjárskuldbindingu heimilanna við þessa arðsemiskröfu á fjármagnsmarkaðnum að koma í ljós. Skuldir fólks, sem hefur verið að kaupa íbúðir að undanförnu, eru miklu meiri vegna affallanna á húsbréfum heldur en áður var.

Og ég vil vegna fyrstu spurningarinnar segja þetta: Ég hef um það upplýsingar að aðilar sem hafa fengið húsbréfalán út á íbúðir sínar hafa — þrátt fyrir að þeir hafi lagt fram gögn um að íbúðir þeirra séu í brunabótamati og fasteignamati miklu meira en nógu mikils virði til að teljast veðhæfar fyrir lánsbeiðni — fengið afsvar og neitun um fyrirgreiðslu. Þegar eftir því var gengið þá hafa svörin verið þau að það væri því miður ekki hægt vegna þess að það væri húsbréfalán sem hvíldi á íbúðinni. Svona hafa svör verið hjá lánastofnunum.

Ég tel að það verði ekki hjá því komist að rétta hlut þess fólks sem hefur reist sér hurðarás um öxl með þessum óeðlilegu viðbótarskuldum sem afföll húsbréfakerfisins valda. Það þyrfti að vera möguleiki á að koma til móts við þessa aðila með fyrirgreiðslu lána með hagstæðum kjörum og án affalla. Þess vegna lagði ég fram spurninguna um það hvort að ráðherrann hygðist beita sér fyrir því að Húsnæðisstofnun hefji að nýju að veita greiðsluerfiðleikalán en eins og menn vita eru þau ekki lengur fyrir hendi hjá Húsnæðisstofnun.

Ég tel að það verði ekki hjá því komist að rétta hlut þessa fólks og tel að þetta kerfi sem hefur verið sett af stað sé nú þegar orðið mikið vandamál og það sé mjög mikið atriði að menn bregðist við í tíma og reyni að setja undir þann leka sem nú þegar er augljós að verður og til að koma í veg fyrir að verði meiri slys en nauðsynlegt er að verði.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Varðandi fyrstu fyrirspurnina var mér ekki alveg ljóst hvað vakti fyrir hv. fyrirspyrjanda en hv. fyrirspyrjandi hefur nú skýrt það. Ég get ómögulega séð að bankar ættu að gera einhvern greinarmun á skuldum vegna húsbréfa eða öðrum skuldum og veit reyndar ekki til þess að það sé gert. Ég spurði sérstaklega fyrir um það í Húsnæðisstofnun hvort þeir hefðu orðið varir við slíkt í ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar og svar þeirra var að þeir hefðu ekki orðið varir við slíkt. Ef einhver brögð eru að slíku sem hv. fyrirspyrjandi nefnir þá þarf auðvitað að skoða það sérstaklega og fá fram skýringu á því.

Spurt er um aðgerðir vegna greiðsluerfiðleika. Aðgerðir vegna greiðsluerfiðleika hafa verið í húsnæðiskerfinu frá árinu 1985 og nú síðast með tímabundnum heimildum í húsbréfakerfinu á árinu 1991, en á því ári voru gefin út húsbréf fyrir um 2,4 milljarða vegna greiðsluerfiðleika. Á tímabilinu 1985–1990 voru veitt lán úr Byggingarsjóði ríkisins vegna greiðsluerfiðleika samtals að fjárhæð 3 milljarðar 188 millj. miðað við verðlag ársins 1991 og heildarfjárhæð lánveitinga á vegum Húsnæðisstofnunar vegna greiðsluerfiðleika á tímabilinu 1985–1991 er því um 5,6 milljarðar króna.

Viðvarandi greiðsluerfiðleikar fólks í húsnæðiskerfinu voru m.a. ástæða þess að tekið var upp virkt greiðslumat með tilkomu húsbréfakerfisins. Forsendur fyrir því að húsbréfadeild samþykkir skipti á fasteignaveðbréfum og húsbréfum er að fyrir liggi mat á greiðslugetu umsækjanda. Þetta virka greiðslumat dregur úr líkum á því að fólk reisi sér hurðarás um öxl. Hins vegar, ef aðstæður breytast verulega frá því sem var þegar greiðslugeta var metin, eru möguleikar til aðgerða betri nú með tilkomu húsbréfanna en voru í tíð lánakerfisins frá 1986 þegar löng bið var eftir lánum. Þannig er auðveldara en áður að bregðast við greiðsluerfiðleikum með því að minnka við sig húsnæði ef þörf krefur og skipta yfir í íbúð á viðráðanlegu verði. Lykilatriðið í þessu sambandi er að íbúðaskipti eru mun

auðveldari í húsbréfakerfinu en í kerfinu frá 1986.

Ráðgjafar Húsnæðisstofnunar aðstoða fólk í greiðsluerfiðleikum við að fá skuldbreytingu í bankakerfinu eða ráðleggja leiðir til þess að létta greiðslubyrði. Aðgerðir vegna greiðsluerfiðleika í húsnæðiskerfinu eru ekki fyrirhugaðar og ekki er komin fram ósk um það frá Húsnæðisstofnun um að slíkt sé nauðsynlegt.

Vegna þriðju spurningarinnar vil ég svara því að þegar félagslega húsnæðiskerfið var endurskoðað árið 1990 var sú stefna mörkuð að opinberar aðgerðir til jöfnunar á húsnæðiskostnaði miðuðust við aðstæður fólks á hverjum tíma, en séu ekki bundnar við eina tímasetningu. Með þessu er leitast við að tryggja að félagslegar íbúðir þjóni markmiðum sínum og sú aðstoð sem veitt er með niðurgreiddum vöxtum sé háð tekjum. Í þessu skyni eru í lögunum ákvæði þess efnis að tekjur íbúðakaupenda í félagslega kerfinu skuli endurskoðaðar að sex árum liðnum frá kaupum á íbúð og á þriggja ára fresti frá því. Reynist tekjur hafa hækkað og einnig aukist umfram þau mörk sem gilda hverju sinni eru vextir hækkaðir til samræmis við vexti á lánum Byggingarsjóðs ríkisins úr 1% í 4,9%. Þar sem vextir af lánum úr Byggingarsjóði verkamanna voru fastbundnir með lögum frá 1984 nær ákvæðið um endurskoðun vaxta til íbúða sem eru byggðar eða keyptar eftir 1984.

Ég vil minna á í þessu sambandi að nokkuð víðtæk samstaða var um að setja slíkt endurskoðunarákvæði inn í lög og átti t.d. fulltrúi Alþb. sæti í nefnd sem lagði til tillögu um að slíkt ákvæði yrði sett í lög. Endurskoðun vaxta hefur farið fram í fyrsta sinn og nær til fólks sem eignaðist félagslegar íbúðir á árunum 1985–1986. Alls komu 513 kaupendur til skoðunar en 166 aðilar, eða tæpur þriðjungur, reyndist vera yfir viðmiðunarmörkum. Rétt er að hafa í huga að vaxtahækkunin kemur ekki með fullum þunga á láglaunafólk þar sem vaxtabætur til þessa fólks aukast að sama skapi og jafna húsnæðiskostnaðinn. Greiðslubyrðin hækkar undantekningarlaust fyrsta árið eftir vaxtahækkun en á öðru ári þegar vaxtabætur koma til skjalanna er breytingin óveruleg hjá þeim sem eru með miðlungstekjur eða lægri. Hins vegar er augljóst vandamál í þessu sambandi að tekjur hafa lækkað aftur niður fyrir viðmiðunarmörkin.

Ég hef skipað starfshóp með fulltrúum úr ráðuneytinu og Húsnæðisstofnun til að meta reynsluna af framkvæmd laga um félagslegar íbúðir frá 1990. Ég hef falið starfshópnum að skoða sérstaklega framkvæmd á endurskoðun vaxta í félagslega kerfinu og eru niðurstöður væntanlegar í október nk.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er staðreynd sem ég hygg að flestum sé ljós þegar þeir íhuga málið að það fer ákaflega illa saman að vera með útgjaldahlið heimilanna, arðsemiskröfu markaðarins, á vöxtum hvað varðar fjárskuldbindingar en tekna megin hvað varðar launin og sé það ýmist fært niður eða bundið í lögum eða samið um nánast engar breytingar og fjarri því að nokkuð sé léð máls á verðtryggingu launa til samræmis við skuldbindingar.

Það er því engin tilviljun að greiðsluerfiðleikalánaflokkur kemur upp þegar áhrifa verðtryggingna fer að gæta að fullu, samhliða áhrifum af verulegri vaxtahækkun sem varð á árinu 1985, ef ég man rétt, og hafði gríðarleg áhrif á afkomu þeirra sem skulda vegna íbúðakaupa og bættist við þær aðgerðir sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar greip til í maímánuði 1983 sem höfðu vægast sagt hrikalegar afleiðingar fyrir þennan hóp landsmanna sérstaklega.

Ég tel að menn verði, (Forseti hringir.) virðulegi forseti, að hafa augu á þróun mála hjá Húsnæðisstofnun ríkisins á komandi mánuðum og vera vakandi yfir því hvort ástæða sé til að grípa til aðgerða að nýju af því tagi sem ráðherra hefur rakið í greinargóðu svari að verið hafi á nokkurra ára bili um greiðsluerfiðleika.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. svörin. Ég get að vísu ekki fengið annað út úr þeim en það að ekki standi til að gera nægilega mikið í þessum málum. Við fyrstu spurningu minni kom það svar að hæstv. ráðherra hefði ekki um það neina vitneskju að bankakerfið tæki tillit til þessara húsnæðislána með sérstökum hætti. Ég tel að ég hafi um það upplýsingar sem séu réttar að það er mjög erfitt víða að fá fyrirgreiðslu í bankakerfinu. Það fer að vísu mikið eftir því hvar menn eiga hús á landinu.

Fasteignamat og möguleikar á sölu húsanna skipta miklu máli og bankakerfið bregst við með þeim hætti að skoða hvaða möguleika viðkomandi hefur og hvaða möguleikar eru á sölu á því húsi sem um er að ræða. Þess vegna eru margir húseigendur í miklum erfiðleikum með að fá fyrirgreiðslu í bönkum. Ég tel að það sé mjög alvarleg þróun sem hefur orðið í þessum málum á undanförnum árum, þ.e. að tengja þessa stærstu fjárskuldbindingu fólks á ævinni við peningakerfið í landinu og vaxtaokrið sem viðgengst í dag. Það er fjöldinn allur af fólki sem þolir þetta ekki því vextir á Íslandi og sú krafa sem gerð er til peninganna er svo gífurlega há að það fyrirfinnst varla nokkurs staðar önnur viðmiðun sem er eins, en launin eru aftur á móti verulega lægri en í þeim löndum sem menn hafa sótt sér viðmiðanirnar til. Fjöldi fólks mun ekki þola þær skuldbindingar sem það hefur tekið á sig í húsnæðiskerfinu.

Mér finnst að bregðast þurfi við þessu í tíma og ég verð að segja það alveg eins og er að ef maður horfir aftur í tímann og á þær kollsteypur sem hafa orðið í húsnæðiskerfinu, þá var þó eitt sem menn áttu í gamla kerfinu og það var sá skilningur að menn ættu rétt á því að fá a.m.k. einu sinni á ævinni lán til húsnæðiskaupa eða bygginga sem væru með einhverjum eðlilegum vöxtum. Nú er það ekki lengur fyrir hendi.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Í framhaldi af því sem hér hefur

komið fram um greiðsluerfiðleika húseigenda er rétt að ræða það líka í því samhengi að mjög er misvísandi að tala um fasteignamatsverð og markaðsverð á íbúðum og húseignum, sérstaklega á landsbyggðinni því að fasteignamatsverð húseigna og það markaðsverð sem lánastofnanir skoða þegar meta skal hvort viðkomandi eru lánshæfir, er ekki það sama. Þarna er því sjálfsagt ein ástæða þess að þeir sem tekið hafa húsbréfalán, sem veitt er samkvæmt fasteignamati, fá ekki sömu fyrirgreiðslu hjá bönkunum sem meta verðmæti húseignarinnar á markaðskjörum.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Mér finnst nokkuð gleymast þegar húsbréfakerfið er rætt og háir vextir dregnir fram og það er að með húsbréfakerfinu voru teknar upp vaxtabætur. Staðreynd er að fólk með lágar og meðaltekjur fær endurgreitt í gegnum vaxtabótakerfið þannig að helmingurinn af vaxtabyrðinni, helmingurinn og stundum allt að ⅔ af vaxtabyrðinni er endurgreiddur gegnum vaxtabótakerfið, enda hefur orðið veruleg aukning á greiðslum vaxtabóta milli áranna 1991–1992. Ég hygg ég muni það rétt að þar er aukning um 400 millj. á milli ára vegna útgreiðslu á vaxtabótum. Menn verða að taka allan sannleikann með í myndina, að vaxtabótakerfið léttir verulega á. Ég hygg að hv. þm. vilji varla taka aftur upp gamla kerfið sem við bjuggum við áður. Þá var útborgun 75% hjá fólki og hún var mjög erfið. Nú er útborgun komin í 50%. Fasteignaverð er stöðugt, sem var alls ekki áður. Minni skammtímalán hjá fólki, fólk þarf ekki að bíða í 3–4 ár eins og áður. Fólk þarf ekki lífeyrisréttindi, ungt fólk sem er að koma frá námi þarf ekki að safna sér fyrst lífeyrisréttindum áður en það fær lán. Allt þetta er horfið með tilkomu húsbréfakerfisins. Ég held það sé nauðsynlegt að menn muni eftir því. Ég hygg að fæstir vilji hverfa aftur til þessa tíma.

Greiðsluerfiðleikarnir sem hér voru til umræðu sem eru 5 millj. eða 5–6 millj. á 5 ára tímabili, eru að verulegu leyti vegna þess kerfis sem við bjuggum við áður. Við þurftum að fara í gegnum það að taka upp greiðsluerfiðleikalán í húsbréfakerfinu einmitt til þess að hreinsa það upp sem voru um 2,2 milljarðar. Þegar spurt er hvort eigi að taka þessi greiðsluerfiðleikalán upp aftur þá held ég að menn verði svolítið að horfa til þess að þau afföll sem þau mynduðu í húsbréfakerfinu voru mikið gagnrýnd á síðasta ári þegar greiðsluerfiðleikalánin voru í gangi. Ég hygg að menn þurfi svolítið að horfa til þess áður en farið verður að taka það upp aftur. Vissulega var nauðsyn fyrir því þá en menn verða að meta hvort ekki sé þá skynsamlegra, ef menn vilja auka fjármagn í húsnæðiskerfið sem slíkt, að hækka frekar lánshlutfallið í húsbréfakerfinu. Ég held að það sé skynsamlegri leið.

Velferð barna og unglinga, ein umr.

Fsp. JHelg, 70. mál. — Þskj. 72.

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Á síðasta Alþingi var samþykkt eftirfarandi þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt og semja skýrslu um orsakir vaxandi erfiðleika og hættur fyrir börn og unglinga sem koma m.a. fram í aukinni neyslu vímuefna, sjálfsvígum, ofbeldi og öðrum afbrotum.

Til að vinna að þessu verkefni skipi ríkisstjórnin nefnd með fulltrúum frá öllum stjórnmálaflokkum á Alþingi. Í starfi sínu leiti nefndin upplýsinga hjá þeim stofnunum, félagasamtökum og öðrum aðilum sem um þetta málefni hafa fjallað.

Nefndin skili skýrslu sinni og ábendingum um úrbætur svo fljótt að taka megi málið til meðferðar á næsta Alþingi í samræmi við þá niðurstöðu sem nefndin kemst að í starfi sínu."

Ekki þarf að fara mörgum orðum um tilefni þessarar tillögu, svo tíð eru hin válegu tíðindi sem berast okkur má segja um hverja helgi sem henda ekki aðeins börn og unglinga heldur einnig fullorðið fólk. Ástandið er svo alvarlegt að við hljótum að verða að leita allra leiða til að grípa í taumana.

Í ársskýrslu Unglingaheimilis ríkisins, sem er nýkomin út, er þessu ástandi aðeins lýst og þar segir svo m.a., með leyfi forseta:

„Unglingar flosna upp úr skóla og eiga engan fýsilegan valkost enda er þeirra ekki þörf á vinnumarkaði. Þeir ánetjast auðveldlega neikvæðum þáttum unglingamenningar, vímuefnanotkun meðal unglinga fer vaxandi og þeir byrja nú fyrr að neyta áfengis en áður. Aldur þeirra sem látast af völdum vímuefnaneyslu hefur farið lækkandi. Greinileg aukning er á eftirspurn eftir þjónustu Unglingaheimilis ríkisins, t.d. á móttökudeild og unglingaráðgjöf.

Með tilkomu meðferðarheimilis fyrir unga vímuefnaneytendur á Tindum hefur ekki dregið úr aðsókn á aðrar deildir Unglingaheimilisins.

Hversu stór er þessi vandi? Svarið verður alltaf háð huglægu mati en þó skal hér reynt að nefna tölur um fjölda unglinga sem hægt er að fullyrða að eigi í verulegum vanda og hætta er á að skaðist varanlega og nái ekki eðlilegum þroska að óbreyttu.

Neyslukannanir hafa sýnt að um 2% unglinga á aldrinum 14–16 ára eru komin í alvarlega misnotkun vímuefna og 6–7% eru í vikulegri neyslu sem telja verður alvarlegt hættuefni."

Þetta talar skýru máli um þá miklu og brýnu þörf að hér sé reynt að snúa þessari þróun við og af þeim sökum hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. félmrh. sem mun hafa fengið þessa þáltill. til meðferðar:

„Hvað líður störfum nefndar sem Alþingi samþykkti með þingsályktun á síðasta þingi að fela ríkisstjórninni að skipa til að fjalla um velferð barna og

unglinga og skila á skýrslu og ábendingum til að leggja fram á yfirstandandi þingi?"

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Þál. sú sem hér um ræðir var samþykkt á Alþingi í lok síðasta þings, nánar tiltekið hinn 9. maí sl. Nefndin hefur enn ekki verið skipuð. Skýring þess er eftirfarandi:

Á vegum félmrn. eru nú að störfum tvær nefndir sem fjalla um viðfangsefni skyld því sem efni þál. lýtur að. Annars vegar er um að ræða landsnefnd um alþjóðaár fjölskyldunnar sem Sameinuðu þjóðirnar hafa ákveðið að verði 1994 og skipuð var í október 1991. Hins vegar er um að ræða samstarfsnefnd um málefni barna og unglinga sem skipuð var í apríl 1991. Samstarfsnefnd um málefni barna og unglinga áætlaði að ljúka störfum sínum í sumar og leggja fram skýrslu um störf sín. Dregist hefur að ganga frá skýrslunni en hennar mun verða að vænta síðar í þessum mánuði. Í skýrslu þessari mun verða beinlínis fjallað um þau atriði sem umrædd þál. felur í sér að gerð sé úttekt á, en skýrsla þessi er mjög ítarleg og vil ég leyfa mér að vitna beint í efnisyfirlit skýrslunnar sem nú er í drögum. Þar er fjallað ítarlega um vandamál barna og ungmenna og þar eru undirkaflar um erfiðar heimilisaðstæður, ofbeldi, kynferðislega misnotkun, einelti, hegðunarvandkvæði, vímuefnaneyslu og sjálfsvíg. Sérstakur kafli er í skýrslunni um tillögur til úrbóta. Því verður að álíta að nefnd þessi, sem er í þann mund að skila skýrslu varðandi flest þau atriði sem þál. kveður á um að úttekt skuli gerð á, að skýrslan muni gagnast þeirri nefnd sem skipuð verður samkvæmt þál.

Ég taldi ekki rétt, til þess að forðast tvíverknað, að skipa þá nefnd sem þál. mælir fyrir um fyrr en skýrsla samstarfsnefndar um málefni barna og unglinga lægi fyrir sem felur í sér mikla gagna- og upplýsingaöflun sem lúta að sömu efnisatriðum og þál. kveður á um og mun því gagnast vel í störfum nefndarinnar sem skipa á samkvæmt tillögunni.

Landsnefnd til undirbúnings alþjóðaári fjölskyldunnar er eins og fyrr greinir jafnframt að fjalla um skyld viðfangsefni og eru þar ítarlegar rannsóknir og kannanir í gangi varðandi málefni barna og fjölskyldna. Í því skyni einnig til að forðast tvíverknað vísaði ég umræddri þál. til umfjöllunar þeirrar nefndar með beiðni um að hún skilaði áliti um hvernig æskilegast væri að afmarka viðfangsefnið og haga starfi þeirrar nefndar sem skipuð yrði samkvæmt þál. þannig að ekki yrði um skörun á verkefnum að ræða.

Á vegum landsnefndarinnar hefur einmitt átt sér stað umfangsmikil gagnaöflun um velferðarmál fjölskyldna og barna og ungmenna en í greinargerð með þáltill. er lagt til að fyrirhuguð nefnd vinni úr fyrirliggjandi gögnum. Ég vil ítreka það, vinni úr fyrirliggjandi gögnum, og ekki er ætlast til að efnt sé til tímafrekra rannsókna sem einmitt hefur verið í gangi bæði í þeirri fjölskyldunefnd, sem ég nefndi, og þeirri samstarfsnefnd sem ég nefndi um málefni barna og unglinga.

Landsnefndin, sem í eiga sæti um 30 fulltrúar ýmissa stofnana, félagasamtaka og ráðuneyta, hefur kosið sérstaka framkvæmdanefnd. Erindi mitt vegna þál. var lagt fram á fundi framkvæmdanefndarinnar hinn 10. júlí sl. og er óafgreitt þar sem hún hefur ekki komið saman síðar vegna sumarleyfa. Væntanlega afgreiðir nefndin málið síðar í þessum mánuði.

Þá vil ég nefna eitt atriði enn sem varðar umrædda þál. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála vinnur nú að ítarlegri rannsókn á sjálfsvígum unglinga með styrk frá félmrn. og mörgum öðrum aðilum. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér er að vænta upplýsinga úr þeirri rannsókn í síðari hluta októbermánaðar. Þær niðurstöður munu jafnframt hafa þýðingu fyrir starf þeirrar nefndar sem í þál. er gert ráð fyrir að fjalli um orsakir vaxandi erfiðleika og hættur fyrir börn og ungmenni. Af framansögðu má vera ljóst hvers vegna ég hef ekki talið tímabært að skipa umrædda nefnd. Í þál. er gert ráð fyrir að nefndin skili skýrslu sinni á yfirstandandi þingi. Ég tel enga hættu á að það gangi ekki eftir. Nefndin verður skipuð á næstunni og má segja að hún fái þá strax í hendurnar upplýsingar sem geri henni kleift að ljúka starfi sínu á tilsettum tíma.

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svarið þótt ég hljóti að láta í ljós mikil vonbrigði mín yfir því að ekki hefur verið farið eftir ályktun Alþingis að skipa þessa nefnd. Hæstv. ráðherra sagði að vísu að það mundi takast að ljúka því á yfirstandandi þingi að leggja skýrslu fyrir þingið en ég tel að þetta mál sé svo brýnt að hver vika, jafnvel hver dagur geti orðið dýr ef ekki er hægt að finna einhverjar áhrifaríkar aðgerðir til þess að snúa þessu máli við.

Það sem lá að baki þáltill. og í henni felst er að reyna að fá víðtæka samstöðu Alþingis og ríkisvaldsins með samstarfi allra stjórnmálaflokka um þetta mál til að reyna að fá fram viðhorfsbreytingu. Að vísu eru skiptar skoðanir um hvernig eigi að taka á þessum málum. Margir tala um að það þurfi fyrst og fremst að auka löggæslu. Slíkt er auðvitað neyðarúrræði og ekki allt of vænlegt þegar sífellt er dregið úr fjármagni til þess á síðustu árum. En það læknar ekki vandann. Ég held að þeir sem stjórna þjóðfélaginu verði að gera sér grein fyrir því að við verðum að breyta því umhverfi sem börn og unglingar alast upp við og hafa fyrir augunum vegna fordæmis þeirra eldri. Það gerist ekki nema með víðtæku samstarfi og sameiginlegu átaki þeirra sem ráða og þess vegna er það mikilvægt að þarna taki allir stjórnmálaflokkar höndum saman og vinni að þessu máli. Ég skora á hæstv. ráðherra að hann láti ekki dragast stundinni lengur að skipa þessa nefnd.

18. FUNDUR

fimmtudaginn 10. sept.,
að loknum 17. fundi.

Dagskrá:

1. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Stjórnarskipunarlög, frv., 29. mál, þskj. 30. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, stjfrv., 2. mál, þskj. 2. — 1. umr.
4. Einkaleyfi og vörumerki, stjfrv., 3. mál, þskj. 3. — 1. umr.
5. Staðlar, stjfrv., 4. mál, þskj. 4. — 1. umr.
6. Gjaldeyrismál, stjfrv., 5. mál, þskj. 5. — 1. umr.
7. Innflutningur, stjfrv., 6. mál, þskj. 6. — 1. umr.
8. Vog, mál og faggilding, stjfrv., 7. mál, þskj. 7. — 1. umr.
9. Öryggi framleiðsluvöru, stjfrv., 8. mál, þskj. 8. — 1. umr.
10. Samkeppnislög, stjfrv., 9. mál, þskj. 9. — 1. umr.
11. Húsgöngu- og fjarsala, stjfrv., 10. mál, þskj. 10. — 1. umr.
12. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 11. mál, þskj. 11. — 1. umr.
13. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 12. mál, þskj. 12. — 1. umr.
14. Verðbréfaþing Íslands, stjfrv., 13. mál, þskj. 13. — 1. umr.
15. Neytendalán, stjfrv., 14. mál, þskj. 14. — 1. umr.
16. Íslenskt ríkisfang vegna EES, stjfrv., 15. mál, þskj. 15. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Guðni Ágústsson, 5. þm Suðurl,
Halldór Blöndal landbrh.,
Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn.,
Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.

Útbýting þingskjala:

Fræðsluefni um EES, 76. mál, fsp. MF, þskj. 78.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess að gert er ráð fyrir að gera hlé á þessum fundi upp úr kl. 12.30 til kl. 1 en þá hefjist fundurinn með atkvæðagreiðslum um dagskrármál fundarins.

Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, 1. umr.

Stjfrv., 2. mál. — Þskj. 2.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum sem er á þskj. 2. Þetta frv. er lagt fram í tengslum við frv. um aðild Íslands að samningi um hið Evrópska efnahagssvæði. Frv. var upphaflega lagt fram á 115. löggjafarþingi en kom þá ekki til umræðu. Iðnn. fékk frv. engu að síður til umfjöllunar og sendi það ýmsum aðilum til umsagnar.

Frv. er nú lagt fram efnislega óbreytt en með smávægilegum breytingum í ljósi athugasemda sem bárust frá umsagnaraðilum til hv. iðnn.

Smárás, sem á ensku nefnist integrated circuits eða silicon chip, hefur valdið byltingu í rafeindatækni. Uppfinning smárása og framleiðsla þeirra hefur verið forsenda tækniframfara á fjölmörgum sviðum, bæði í tölvubúnaði og geimförum svo að ég nefni tvö mikilvæg dæmi. Smárás samanstendur af mörgum lögum af rásum sem komið er fyrir á kubbi úr hálfleiðaraefni. Það er teikning þessara rása og gerð þeirra sem nefnist svæðislýsing. Hönnun svæðislýsinganna krefst mikillar sérþekkingar, er bæði tímafrek og dýr. Hins vegar er mjög auðvelt og ódýrt að búa til eftirlíkingar þegar hönnuninni er lokið. Það er ekki hægt samkvæmt gildandi einkaleyfalöggjöf að fá einkaleyfi fyrir hönnun svæðislýsinga og hönnunarvinnan er því miður heldur ekki vernduð samkvæmt höfundalögum. Það er þess vegna sem þörf er fyrir sérstaka löggjöf til að tryggja að hönnuðir svæðislýsinga njóti verndar og njóti ávaxta síns erfiðis. Þetta frv. kveður á um slíka vernd.

Við gerð frv. var stuðst við efni tilskipunar Evrópubandalagsins um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum auk norrænna laga um þetta efni. Verndin, sem frv. kveður á um stofnast sjálfkrafa, þ.e. ekki er þörf sérstakrar skráningar til að einkaréttur stofnist. Það er kveðið á um það í 7. gr. frv. að einkaréttur til hagnýtingar svæðislýsingar smárása í hálfleiðurum stofnist þegar svæðislýsingin er fyrst áfest eða árituð á hálfleiðarakubb. Hér er fylgt sömu reglu og gildir um vernd samkvæmt höfundalögum og var reyndar sama leið valin í Noregi.

Þess er að geta að enn er engin framleiðsla smárása hafin hér á landi. Flest fyrirtæki sem hanna og framleiða smárásir eru stór fjölþjóðafyrirtæki. Ein forsenda þess að unnt verði að hefja hönnun eða framleiðslu slíkra smárása á Íslandi er vitaskuld að viðunandi vernd fáist fyrir slíka vinnu. Þessu frv. er ætlað að stuðla að því að slík vernd sé veitt á Íslandi.

Með frv. er einnig lagður að því grunnur að tryggt sé að íslenskir ríkisborgarar njóti sams konar verndar innan hins Evrópska efnahagssvæðis. Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum innan Evrópubandalagsins nær samkvæmt tilskipun bandalagsins um þetta

efni aðeins til ríkisborgara aðildarríkja Evrópubandalagsins. Hins vegar hefur framkvæmdastjórnin ákveðið að láta vernd samkvæmt tilskipuninni einnig ná til ákveðinna ríkja, þar á meðal EFTA-ríkjanna, enda veiti þau ríki ríkisborgurum Evrópubandalagsins sama rétt. Þessu frv. er ætlað að stuðla að því að hægt sé að uppfylla þessar gagnkvæmnikröfur.

Virðulegi forseti. Frv. mun tryggja að þeir sem hanna eða framleiða smárásir muni í framtíðinni njóta verndar hér á landi. Þar sem verndin stofnast sjálfkrafa mun frv. ekki hafa í för með sér neinn kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um efni frv. en vísa til athugasemda við einstakar greinar.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Ég á sæti í iðnn. þingsins og mun væntanlega fjalla um þetta mál þar en það eru nokkur atriði sem ég hefði samt viljað fá nánari skýringar á.

Í fyrsta lagi vil ég spyrja hvers vegna 11. gr. er orðuð eins og gert er í frv., þ.e. að „Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði öðlast gildi að því er Ísland varðar." Ég hefði í fljótu bragði talið, og kannski ekki síst eftir ræðu hæstv. iðnrh., að það væri eðlilegt að slík lög yrðu sett á Íslandi. Þó að ekki séu framleiddar þessar svæðislýsingar smárása í hálfleiðurum hér á landi nú verður kannski eðlilegt að hafa slík lög í gildi hér á landi og hefði mér þess vegna þótt eðlilegt að það stæði bara: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar eða nú þegar eftir því sem við á. Mér finnst óþarfi að vera alltaf að taka það fram þó að það sé af því tilefni að nú hefur verið undirritaður samningur um Evrópskt efnahagssvæði. Mér þykir þetta galli á fleiri frumvörpum. Ég vil taka það fram, virðulegur forseti, að það gildir ekki bara um þetta frv. og þess vegna vil ég spyrja sérstaklega hvort ekki sé eðlilegt að þessu sé breytt. Auðvitað fjallar nefndin um þetta og tekur afstöðu til þess hvort hún telur þetta eðlilegt eða ekki.

Í 9. gr. er talað um að brot gegn lögum þessum varði sektum, þ.e. ef þessi einkaréttur er ekki virtur, og þá kannski vandast nú málið. Það fór þannig fyrir mér þegar ég var að lesa greinargerðina með frv. eða athugasemdir við frv. að þá var mér alls ekki ljóst um hvað þetta væri. Ég veit hvað smárar eru, díóður, viðnám og þéttar. Það vill þannig til að ég veit eitthvað um það og ég þóttist skilja svona flest orðin en ég var samt engu nær. Ég hefði því gjarnan viljað spyrja nákvæmar um í hvað þetta væri notað. Það stendur að vísu að það sé notað í rökrásir — ég skildi að vísu ekki hvað það var — og minni í tölvum, vasareiknum og örgjörfum. Þetta vafðist svolítið fyrir mér. Síðan er orð hér sem ég skildi ekki og það er íhlutur. Ég var að velta fyrir mér hvort það væri hlutur eða hvað það væri. Þetta er nú kannski atriði sem hægt er að kanna nánar í nefnd en ég vil benda á að það er mjög mikilvægt að það sé ljóst þeim sem eru að fara eftir lögunum hvað um er að ræða. Annað ætlaði ég ekki að segja að svo komnu máli. Ég held að það sé ekkert að því að lögfesta einkarétt manna um þetta efni og tel það raunar mjög eðlilegt þó svo að enn sé ekki framleitt neitt slíkt hér á landi eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra. Ég verð að segja eins og er að það mundi vefjast fyrir mér hvenær ég væri að brjóta lög um einkarétt ef ég læsi bara þetta og það væri orðið að lögum.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu hefur, eins og kom fram hjá hv. þm. Kristínu Einarsdóttur, verið örlítið til umræðu í iðnn. Þetta er raunverulega fyrsta málið sem hér er mælt fyrir í tengslum við staðfestinguna á EES-samningnum. Það er kannski dálítið dæmigert að þetta mál sem hér er til umfjöllunar er, a.m.k. í mínum huga, afskaplega flókið. Þrátt fyrir að ég sé búinn að lesa frv. nokkrum sinnum á ég ákaflega erfitt með að átta mig á því hvað þarna er um að ræða. Hins vegar vil ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir að skýra málið örlítið í sinni framsöguræðu. En spurningin er þessi: Er þetta kannski forsmekkurinn að öllu því sem við eigum eftir að taka við á Alþingi vegna þeirra samninga sem við erum nú að gera við Evrópubandalagið eða um Evrópska efnahagssvæðið?

Málið er flókið og það vefst fyrir ýmsum fleirum en mér að átta mig á hvað þarna er um að ræða. Mig langar í því tilefni að vitna til þeirra umsagna sem iðnn. hefur óskað eftir að fá frá aðilum sem við töldum að hefðu kannski einna best vit á því hvað þarna væri um að ræða. Í umsögn raunvísindadeildar Háskóla Íslands segir, með leyfi forseta:

„Skrifstofa raunvísindadeildar hefur óskað eftir að eðlisfræðiskor svari þessu bréfi fyrir hönd deildarinnar og hef ég rætt efni þess við skorarmenn sem starfa við rannsóknir tengdar rafeindatækni. Við erum þó sammála um að í skorinni sé ekki nægjanleg þekking á tæknilegum atriðum þessa máls til þess að hún treysti sér til að gefa efnislega umsögn um málið."

Þetta er nú frá einni virtustu menntastofnun þjóðarinnar. Sú deild, sem þar er starfandi og ætti að hafa mesta þekkingu til að bera til þess að geta gefið umsögn um málið, treysti sér ekki til þess vegna þess að þekking sé ekki þar nægjanlega mikil. Sama gildir um Einkaleyfastofuna en Einkaleyfastofan fékk þetta mál einnig til umfjöllunar. Í áliti frá þeim segir:

„Stofnunin hefur ekki á að skipa mönnum með sérþekkingu á því sviði sem frv. fjallar um og treystir sér því ekki til að gera beinar athugasemdir við tæknileg efnisatriði frumvarpsins."

Ég held að hv. iðnn. verði nokkur vandi á höndum þegar hún þarf, eftir að búið er að mæla fyrir málinu hér, að kalla til menn til að ráðfæra sig við um það hvert efni þessa frv. sé. Ég vil endurtaka þakklæti mitt til hæstv. iðnrh. fyrir að hann varpaði í framsöguræðu, a.m.k. fyrir mig, nokkru skýrara ljósi á það um hvað málið snýst.

Að lokum vil ég spyrja hæstv. iðnrh. þeirrar spurningar hvort ekki hefði verið full ástæða til, þó svo verið sé að mæla fyrir þessu máli og eigi að lögfesta það í tengslum við samninginn eins og kemur skýrt fram í 11. gr. og burt séð frá því hvort við erum að ganga frá samningi um Evrópska efnahagssvæðið, að lögleiða þá hluti sem hér er gert ráð fyrir.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls, þeim 15. þm. Reykv. og 11. þm. Reykv., fyrir spurningarnar og athugasemdirnar sem þeir hafa gert.

Í fyrsta lagi spurði hv. 15. þm. Reykv. um 11. gr. og gildistökuávæðið þar sem gildistakan er tengd aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Ástæðan fyrir því að þessi tenging er gerð er sú, eins og fram kemur í 4. gr. frv., að þarna er verið að stofna lagagrundvöll til þess að veita ríkisborgurum Evrópubandalagsins gagnkvæmnisrétt á Íslandi. Við viljum ekki gera það alveg hiklaust fyrr en við höfum tryggt okkur þá gagnkvæmni sem í EES-samningnum felst að öðru leyti. Auðvitað er það rétt, eins og kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv. og reyndar eins og ég skildi hv. 15. þm. sama kjördæmis, að það er nauðsynlegt að kveða á í íslenskum lögum um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum upp á framtíðina. Þetta er framtíðarmál og okkar rannsóknarmenn og hugvitsmenn verða að búa við þau skilyrði að hanni þeir rafeindatæknihluti af þessu tagi þá njóti þeir einkaréttar til hagnýtingar eins og gerist í öðrum löndum og með gagnkvæmni á hinu stóra markaðssvæði Evrópubandalagsins. Það er mergurinn málsins.

Ég ætla ekki að taka að mér að útskýra rafeindatæknina í þessu máli. Reyndar vék ég að henni nokkrum orðum í minni framsöguræðu á þann leikmannsmáta sem mér er fært að gera, það er eina aðferðin sem ég kann til að lýsa þessu, að gefa þá lýsingu á málinu sem mér var gefin. Þetta eru þessi „integrated circuits", „silicon chips", sem eru íhlutir flestra rafeindatækja nú á tíð og þá kem ég að því orði sem ég er ekkert að gera að mínu orði sérstaklega en ég skil svo að tæknimennirnir, sem textann settu saman, líti á sem orð fyrir „component", hluta í einhverju stærra verki. Ég er ekkert að halda þessu orði fram sem sérstaklega snjöllu, en það hefur alveg skýra merkingu í hugum þeirra sem þennan texta hafa sett saman og vonandi í hugum þeirra sem setja saman svona tæki.

Ég hef ekki, virðulegi forseti, mikið meira um þetta að segja. Ég tek undir það með þingmönnunum tveimur sem hér töluðu að hvort tveggja þarf að athuga í nefndinni, orðalagið, orðavalið og gildistökuákvæðið sem að sjálfsögðu tengist gildistökuákvæði margra frumvarpa sem flutt eru hér í tengslum við aðildarsamninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Einkaleyfi og vörumerki, 1. umr.

Stjfrv., 3. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 3.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingar á einkaleyfalögum, nr. 17/1991, og vörumerkjalögum, nr. 47/1968, sbr. lög nr. 31/1984, en þetta frv. er að finna á þskj. 3. Frv. er lagt fram í tengslum við frv. til laga um aðild Íslands að samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Það var reyndar lagt fram á 115. þingi en kom þá ekki til umræðu. Iðnn. fékk frv. engu að síður til umfjöllunar og sendi það ýmsum aðilum til umsagnar. Efnislegar athugasemdir við frv. bárust ekki til iðnn. og er það nú lagt fram efnislega óbreytt en með smávægilegum breytingum og athugasemdum við einstakar greinar frá því þskj. sem lagt var fram á 115. þingi.

Breytingarnar sem frv. gerir ráð fyrir á núgildandi einkaleyfalögum og vörumerkjalögum takmarkast við þau atriði sem beinlínis gætu torveldað frjálsa flutninga vöru og þjónustu á milli aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Breytingin sem frv. gerir ráð fyrir á einkaleyfalögunum varðar einkum það atriði að hve miklu leyti eigandi einkaleyfis getur stjórnað markaðssetningu afurðar sem framleidd er samkvæmt einkaleyfinu. Breytingin felur í sér að hafi íslenskur einkaleyfishafi eða aðili með hans samþykki sett á markað einkaleyfisverndaða afurð í einu aðildarríki EES-samningsins geti hann ekki hindrað á grundvelli einkaleyfis síns að sú afurð verði líka markaðssett í öðru aðildarríki EES-samningsins. Á ensku er þessi regla nefnd „exhaustion of rights" en hún hefur hlotið heitið réttindaþurrð á íslensku. Núgildandi regla einkaleyfalaganna um réttindaþurrð einkaleyfishafa tekur eingöngu til markaðssetningar á Íslandi. Þess vegna er þetta frv. flutt.

Í frv. er auk þess gert ráð fyrir nokkrum smávægilegum breytingum á núgildandi vörumerkjalögum. Helsta nýmæli frá gildandi löggjöf er að kveðið er á um notkunarskyldu á skráðum vörumerkjum. Það felur í sér að ef eigandi skráðs vörumerkis hefur ekki notað það innan fimm ára frá skráningu þess er hægt að fá skráninguna ógilta með dómi. Þetta ákvæði á að koma í veg fyrir að aðilar skrái vörumerki einungis til að hindra að aðrir noti þau. Enn fremur felur frv. í sér nokkra breytingu á kröfum sem gerðar eru til þeirra auðkenna sem unnt er að nota sem vörumerki.

Virðulegi forseti. Þetta frv. felur ekki í sér stórvægilegar breytingar á núgildandi vörumerkja- og einkaleyfalögum, enda eru einkaleyfalögin ný af nálinni, voru samþykkt árið 1991. Frv. mun heldur ekki hafa í för með sér neinn kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Ég tel því ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um efni frv., en vísa að öðru leyti til athugasemda við einstakar greinar þess sem fylgja á þingskjalinu.

Frú forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Örstutt: Aðeins ein spurning út af orðum hæstv. iðnrh. þar sem hann talaði um þá nýbreytni í þessu frv. að hægt væri innan fimm ára að fá með dómi afnám á einkarétti á vörumerkjum. Spurningin er þessi: Er vitað að mikið sé um það að vörumerki séu skráð í þeim tilgangi einum að koma í veg fyrir að aðrir geti notað þau? Er vitað hvort einhver fjöldi slíkra skráninga er til? Þetta var bara spurningin.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Aðeins lítil spurning líka: Mig langaði til að vita í tilefni af orðum hæstv. ráðherra þegar hann segir að verið sé að gera smávægilegar aðrar breytingar hvort þær séu sérstaklega vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði eða hvort jafnframt sé inni í frv. ákvæði sem væri eðlilegt að gera algerlega óháð því hvort breytingarnar, t.d. þessi síðasta sem var gerð að umtalsefni — hvort þetta er ekki það sama sem gildir hér. Nú er ég ekki þar með að segja að þetta séu ekki allt eðlilegar og réttar breytingar. Auðvitað geri ég athugasemd aftur við þetta síðasta, að það þurfi alltaf að miðast við hið Evrópska efnhagssvæði ef um er að ræða eðlilegar breytingar á íslenskri löggjöf sem gera hana nútímalegri og eðlilegri vegna samskipta okkar við aðrar þjóðir og sérstaklega Evrópuþjóðirnar burt séð frá því hvort við gerumst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu eða ekki. Þess vegna ætlaði ég að spyrja hvort um þetta atriði, sem hann nefnir þarna og mér finnst út af fyrir sig eðlilegt að hafa inni í löggjöfinni, að menn geti ekki hindrað aðra í að koma vöru á markað eða skráð vörumerki bara til að hindra aðra, gildi ekki það sama og um frv. sem við töluðum um áðan, að það væri eðlilegt að þetta stæði allt inni í íslenskri löggjöf og sama ákvæðið væri í lokin.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta sýnist að ástæða sé til að fresta þessari umræðu því að meiningin var að gera stutt matarhlé fyrir kl. 1. Þá er gert ráð fyrir að fundur haldi áfram. Umræðu er því frestað nú, en henni verður haldið áfram eftir kl. 1. Aðeins 19 mínútur eru þar til fundur á að hefjast að nýju.

Umræðu frestað.

Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 2. mál. — Þskj. 2.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, TIO, VE, ÖS.

22 þm. (AÓB, ÁJ, BBj, DO, EH, FI, FrS, GHH, GÁ, GHelg, HBl, JBH, KSG, KHG, ÓÞÞ, PP, PJ, StG, StH, StB, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til iðnn. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, TIO, VS, VE, ÖS.

19 þm. (AÓB, ÁJ, BBj, DO, EH, FrS, GHH, GÁ, GHelg, HBl, JBH, KSG, KHG, ÓÞÞ, PP, StG, StH, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Ragnar Arnalds *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Um leið og þingflokkur Alþb. samþykkir að máli þessu verði vísað til nefndar telur hann rétt að minna á að færð hafa verið sterk rök að því að frv. samræmist ekki íslenskri stjórnarskrá. Við væntum þess að sú hlið málsins verði tekin til rækilegrar athugunar í nefnd áður en málið kemur aftur hér til meðferðar.

Kristín Ástgeirsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Í trausti þess að stjórnarskrárþáttur EES-málsins verði tekinn til alvarlegrar athugunar og afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi munum við kvennalistakonur greiða fyrir því að samningurinn gangi til nefndar, en ég tek fram fyrir hönd okkar þingkvenna Kvennalistans að í því felst engin viðurkenning á því að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði standist íslensku stjórnarskrána.

Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁMM, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, TIO, VS, VE, ÖS.

15 þm. (ÁJ, BBj, EH, GHH, GÁ, GHelg, HBl, KSG, KHG, ÓÞÞ, PP, StG, StH, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til utanrmn. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁMM, DO, EgJ, EGuðn,

EKG, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, TIO, VS, VE, ÖS.

15 þm. (ÁJ, BBj, EH, GHH, GÁ, GHelg, HBl, KSG, KHG, ÓÞÞ, PP, StG, StH, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. StH o.fl., 29. mál (samningar við önnur ríki). — Þskj. 30.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁMM, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, TIO, VS, VE, ÖS.

15 þm. (ÁJ, BBj, EH, GHH, GÁ, GHelg, HBl, KSG, KHG, ÓÞÞ, PP, StG, StH, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Samkvæmt 42. gr. þingskapa skal vísa þessu frv. til sérnefndar og þarf því að kjósa þá nefnd. (**Gripið fram í:** Á ekki að vísa málinu til nefndar?) Málið skal ganga til nefndar samkvæmt þingsköpum. Ekki er talin ástæða til að greiða atkvæði um það því að í þingsköpum stendur skýrt að málið skuli fara til sérnefndar.

Kosning stjórnarskrárnefndar.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Björn Bjarnason (A),
Steingrímur Hermannsson (B),
Geir H. Haarde (A),
Páll Pétursson (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Ragnar Arnalds (B),
Vilhjálmur Egilsson (A),
Kristín Einarsdóttir (B).

Einkaleyfi og vörumerki, frh. 1. umr.

Stjfrv., 3. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 3.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum hér að ræða annað málið sem er á dagskrá í dag í tengslum við frv. til laga um Evrópskt efnahagssvæði. Ég hef eina athugasemd við það sérstaklega sem ég vildi koma að við 1. umr. Í 9. gr. er kveðið á um að við lögin bætist ný grein, 25. gr. a, um vörumerki, þ.e. að hafi eigandi að skráðu vörumerki ekki notað það í fimm ár frá skráningardegi skuli það ógilt en í síðustu málsgrein segir, með leyfi forseta: „Nú er krafa um ógildingu eigi lögð fram fyrr en þrír mánuðir hið skemmsta eru liðnir frá lokum fimm ára tímabilsins en eigandi merkis hefur hafið eða tekið aftur upp notkun þess á síðustu þremur mánuðum áður en krafa um ógildingu kom fram. Skal þá slík notkun ekki hafa áhrif á kröfu um ógildingu...“ Mér finnst vera mótsögn í frv. Ef ekki verður tekin upp notkun merkis eftir rúm fimm ár og ógildingar hefur verið krafist skal ógildingin fara fram jafnvel þó að á fyrstu þremur mánuðunum hafi eigandi byrjað að nota vörumerkið. Því virðist það svo að jafnvel þótt eigandinn hafi farið að nota vörumerkið innan þessara fimm ára og þriggja mánaða geti ógilding samt sem áður farið fram. Þetta er athugasemd inn í þá umræðu sem trúlega fer fram um málið í nefnd. Ég hef ekki kynnt mér þetta sérstaklega enda er verið að byrja að ræða þetta núna. En við yfirlestur á frv. fannst mér þarna vera mótsögn.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ég þakka þeim þremur þingmönnum sem tekið hafa þátt í umræðunni fyrir ábendingar þeirra og athugasemdir.

Hv. 11. þm. Reykv. spurði hvort það væri algengt að menn skráðu vörumerki, eingöngu til þess að koma í veg fyrir notkun annarra á þeim og hvort upplýsingar væru til um það hversu algengt þetta væri.

Því er til að svara að það liggur eiginlega í hlutarins eðli að ekki er auðvelt að afla upplýsinga um þetta, en þeir sem fara með þessi mál telja að einhver brögð séu að því. Ástæðan fyrir því að þetta ákvæði er í 9. gr. frv. er að ákvæði af þessu tagi eru algeng í lögum nær allra aðildarlanda Evrópska efnahagssvæðisins um þetta mál og þótti þess vegna ástæða til að samræma okkar löggjöf að þessu leyti. Reyndar er það rétt sem kom fram hjá hv. 15. þm. Reykv. að þetta er ákvæði sem að ýmsu leyti er eðlilegt að hafa í lögum hvort sem er.

Hv. 15. þm. Reykv. spurði hvers vegna þetta væri tengt aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu vegna þess að að hennar áliti væru ýmis ákvæði í frv. sem hvort eð er væri æskilegt að væru í íslenskum lögum. Ég get tekið undir með þingmanninum að það er rétt að í frv. eru eingöngu ákvæði sem eðlilegt er að hafa í íslenskum lögum. En það er sérstök ástæða til þess að

tengja það aðildina að hinu Evrópska efnahagssvæði vegna þess að með frv. og það er kjarni þess, er verið að ákveða að íslenskur einkaleyfishafi eða aðili með hans samþykki setji á markað einkaleyfisverndaða afurð í einu aðildarríki EES-samningsins og þá geti hann ekki á grundvelli einkaleyfisins hindrað að sú afurð verði markaðssett í öðru aðildarríki EES-samningsins. Með þessu erum við að gefa samaðilum okkar að þessu svæði rétt. Við fáum gagnkvæman rétt á móti og hann er tengdur samningnum. Þess vegna er þessi tenging á gildistökuákvæðunum.

Ég vildi svo loks víka að því sem kom fram hjá hv. 6. þm. Vestf. þar sem hún vakti máls á því hvort mótsögn kynni að felast í lokamálsgrein 9. gr. frv. miðað við tilgang þeirrar greinar. Ég tel rétt að sú nefnd sem um málið fjallar, gefi þessu sérstakan gaum, en að mínu áliti er þarna ekki um neina mótsögn að ræða heldur er þetta ákvæði til þess að verjast sýndargerningum ef einhver aðili, sem skráð hefur vörumerki eingöngu til þess að koma í veg fyrir að annar geti notað það, kemst á snoðir um að til standi að krefjast þess að það verði afmáð, grípi þá til þess að sýnast, að hefja notkun á því. Flóknara er málið ekki, en ég þakka þingmanninum fyrir að vekja athygli á því að hugsanlega kunni þarna að vera nauðsynlegt að kveða skýrar að orði. Ég veit að hv. iðnn., undir öruggri forustu 17. þm. Reykv., mun gefa þessu máli alveg sérstakan gaum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðlar, 1. umr.

Stjfrv., 4. mál. — Þskj. 4.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um staðla sem er á þskj. 4. Þetta frv. er lagt fram í tengslum við frv. um aðild Íslands að samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Til að rifja nokkuð upp forsögu þessa máls vil ég nefna að frv. til laga um stöðlun var fyrst lagt fram á 112. löggjafarþingi. Þar var það ekki tekið til umræðu heldur eingöngu sýnt til kynningar. Í frv. var lagt til að Staðlaráð Íslands yrði gert að sjálfseignarstofnun, auk þess sem lögfest yrðu ýmis ákvæði um sjálfa stöðlunarstarfsemina, þar á meðal um birtingu og notkun staðla. Að fengnum umsögnum helstu aðila sem málið varðar var þetta frv. svo endurskoðað og lagt fram að nýju á 113. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Frv. var svo flutt á ný á 115. löggjafarþingi í nokkuð breyttri mynd. Þá var gert ráð fyrir að Staðlaráð Íslands yrði gert að hlutafélagi og að ríkissjóður legði félaginu til starfsemi og eignir staðladeildar Iðntæknistofnunar.

Ákvæði frv. um sjálfa stöðlunina voru hins vegar óbreytt frá fyrri gerðum þess.

Samhliða frv. var flutt sérstakt frv. til laga um breytingar á lagaákvæði er varða stöðlun og fleira en efni þess hafði áður verið hluti af frv. um stöðlun. Þessi frv. hlutu ekki afgreiðslu.

Frv. um staðla sem ég mæli fyrir í dag felur í sér þá meginbreytingu frá fyrri frv. um sama efni að fallið er frá fyrri hugmyndum að stofna sjálfstætt staðlaráð sem yfirtaki starfsemi staðladeildar Iðntæknistofnunar ríkisins. Það er mikilvægt að lagagrundvöllur staðla og gerð þeirra verði styrktur án tafar. Til að greiða fyrir framgangi frv. er því talið heppilegt að engar breytingar verði gerðar að sinni á stöðu Staðlaráðs og staðladeildar Iðntæknistofnunar.

Virðulegi forseti. Eins og ég minntist á í upphafi er þetta frv. lagt fram í tengslum við frv. um aðild Íslands að samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Staðlar hafa afar mikilvægu hlutverki að gegna í afnámi viðskiptahindrana milli landa. Í samningi sem gerður var á vettvangi GATT, almenna samkomulagsins um tolla og viðskipti, um afnám viðskiptahindrana á tæknisviði eru hugtökin staðall og stöðlun skilgreind. Þar er kveðið á um að vísa skuli til alþjóðlegra staðla í opinberum stjórnvaldsfyrirmælum fremur en að tilgreina í einstökum atriðum hverjar tæknilegar kröfur skuli gera til vöru og þjónustu í reglugerðarákvæðum einstakra stjórnvalda. Það er eitt megineinkenni staðla að þeir eru samdir í samvinnu og samráði við helstu hagsmunaaðila. Í þeim ætti því að endurspeglast góð framkvæmdavenja að bestu manna yfirsýn þar sem enginn getur samið staðal án samráðs við þá sem við hann eiga að búa. Þetta nána samráð greinir staðlana skýrt og hiklaust frá hefðbundnum stjórnvaldsfyrirmælum.

Annað atriði sem greinir staðlana frá hefðbundnum stjórnvaldsfyrirmælum er að þeir eru frávíkjanlegir. Vegna þessara eiginleika ákvað framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins að þeir skyldu gegna veigamiklu hlutverki í áformum þess að mynda einn markað á efnahagssviði aðildarríkjanna fyrir árslok 1992.

Í framhaldi af þessari ákvörðun var ákveðið að lögbundin samræming í tilskipunum Evrópubandalagsríkja á tæknisviðinu, skyldi takmörkuð við grunnkröfur um öryggi og heilsu manna og dýra og verndun umhverfis. Því til viðbótar var þeim aðilum sem lengi höfðu unnið að stöðlun í iðnaði fengið það hlutverk að semja tæknilegar forskriftir, þ.e. staðlana. Það er litið svo á að þeir framleiðendur sem styðjast við staðla við framleiðslu sína hafi þar með fullnægt grunnkröfum bandalagsins um framleiðsluna.

Evrópubandalagið gerði rammasamning við Evrópsku staðlasamböndin CEN og CENELEC um að stýra gerð þeirra staðla sem gert er ráð fyrir í tilskipunum bandalagsins. Þeir staðlar sem eru samþykktir af staðlasamböndunum eru nefndir Evrópustaðlar og skulu samkvæmt samningnum verða að landsstöðlum í aðildarríkjum staðlasambandanna innan missiris frá samþykkt þeirra.

EFTA-ríkin gerðu sams konar samning við Evrópsku staðlasamböndin. Þessir rammasamningar hafa leitt til þess að til eru samræmdir staðlar á æ fleiri sviðum innan Vestur-Evrópu. Í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði er gert ráð fyrir að vísað verði til

þessara staðla í stjórnvaldsfyrirmælum og tæknisviðum og við opinber innkaup. Með þessari auknu áherslu sem lögð hefur verið á staðla hefur hlutverk og starf þeirra sem semja staðla í Evrópu verið aukið. Sérstaklega á það við um hin smærri, fámennari ríki. Sem dæmi má nefna að áður en Staðlaráð Íslands gerðist aðili að Evrópsku staðlasamböndunum höfðu eingöngu verið staðfestir 50 staðlar á Íslandi á 30 ára tímabili. En á þeim fjórum árum sem liðin eru frá því að Staðlaráð gerðist aðili að evrópsku staðlasamböndunum, en það var árið 1988, hafa 1.600 staðlar verið staðfestir.

Í ljósi þess mikilvæga hlutverks sem stöðlum er ætlað að gegna í framtíðinni á hinu sameiginlega evrópska markaðssvæði, er öllum Evrópuríkjum nauðsynlegt að fylgjast vel með samningu og gerð Evrópustaðla og taka þátt í þeirri vinnu á þeim sviðum sem varða beina hagsmuni þeirra.

Þetta á reyndar við um fleiri staðla en Evrópustaðlana, fjölmörg sjónvarpstæki, svo ég taki eitt dæmi hér á landi, geta ekki birt sérístenska bókstafi í textavarpi Ríkissjónvarpsins vegna ófullnægjandi staðla. Þá er skemmst að minnast tillögu Tyrkja um að sértyrkneskir bókstafir komi í stað sérístenskra í alþjóðlegri stafatöflu fyrir tölvur sem samin er á vegum Alþjóðastaðlasambandsins. Samþykkt þeirrar tillögu hefði leitt til þess að þurft hefði að gera kostnaðarsamar breytingar á tölvubúnaði sem fluttur væri inn í framtíðinni til þess að hann félli að sérkennum íslenskrar tungu. Af þessu dæmi er ljóst að skýrari lagaramma, skýrari lagastoð, þarf fyrir staðla og stöðlun á Íslandi, ekki síst til þess að unnt sé að gæta, með skipulögðum hætti og með góðum árangri, íslenskra hagsmuna á sviði alþjóðlegrar stöðlunarstarfsemi.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að rekja nákvæmlega efni allra greina þessa frumvarps. Meginefni þess eru ákvæði um gerð og birtingu staðla. Þau eru að mestu leyti samhljóða samsvarandi ákvæðum þar að lútandi í fyrri frv. á þessu sviði sem rækilega voru rædd á 115. þingi. Einnig er í frv. kveðið á um Staðlaráð Íslands og starfsemi þess lýst. Horfið er frá því að hafa sérákvæði um breytingar á gildandi lagaákvæðum er snerta staðla og stöðlun þar sem samkomulag hefur náðst um að viðeigandi ráðuneyti muni beita sér fyrir því að breytingar verði gerðar á þeim lögum sem undir þau falla og þar sem orðanotkun um staðla og stöðlun eru í ósamræmi við þetta frv.

Þetta frv. mun tryggja skýrari reglur um birtingu staðlanna, um rétt hagsmunaaðila til athugasemda við frv. að nýjum stöðlum sem aftur á að tryggja að víðtækt samráð verði um gerð þeirra. Með því er lagður grunnur að því að í framtíðinni verði í ríkara mæli vísað til staðla í reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

Frv. sem slíkt mun ekki leiða af sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Ég tel ekki ástæðu til að hafa um frv. fleiri orð, en vísa til athugasemda við einstakar greinar þess.

Ég vil að endingu, virðulegi forseti, leyfa mér að láta það álit í ljós að þó að þetta efni kunni að virðast óaðgengilegt og tyrfið þá er staðlanotkunin og þátttaka Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi á því sviði hvorki meira né minna en lykillinn að hinu sameiginlega markaðssvæði fyrir íslenskan útflutning, að sem flest okkar fyrirtæki starfi á sama grundvelli og keppinautar þeirra og samstarfsaðilar á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gjaldeyrismál, 1. umr.

Stjfrv., 5. mál (heildarlög). — Þskj. 5.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um gjaldeyrismál, en þetta frv. er á þskj. 5. Frv. er nánast samhljóða frv. um sama efni sem lagt var fram og rætt en ekki afgreitt á 115. löggjafarþingi um sama efni.

Þetta frv. er flutt samhliða frv. til laga um innflutning en það frv. er á þskj. 6.

Tillagan er sú að þessi tvö lagafrv. komi í stað laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með síðari breytingum. Þar með yrði skilið á milli gjaldeyrisviðskipta annars vegar og innflutningsviðskipta hins vegar.

Ekki er mikil ástæða til þess að fara mörgum orðum í þetta sinn um þróun gjaldeyrismála á undanförnum árum, enda hafa þau oft komið til umræðu á hinu háa Alþingi. Ég leyfi mér að benda á að á árinu 1990 voru gerðar róttækustu breytingar á gjaldeyrisreglum frá því á árunum í kringum 1960 og fjölmargar hömlur voru felldar brott eða veruleg rýmkun ákveðin.

Ég leyfi mér að benda á að þessum breytingum á gjaldeyrisreglunum hafi almennt verið vel tekið og að reynslan af þeim hafi verið góð.

Samkvæmt upplýsingum Seðlabankans hefur aukið frelsi í gjaldeyrismálum ekki enn haft nein umtalsverð áhrif á fjármagnshreyfingar til og frá landinu. Ef við lítum á fjárfestingar í atvinnurekstri, fasteignakaupum og verðbréfaviðskiptum þá hefur reyndar verið um innstreymi fjármagns að ræða til Íslands, ekki útstreymi, eins og úrtölumenn á sviði gjaldeyrismála hafa jafnan óttast þegar gjaldeyrisreglum hefur verið breytt í átt til aukins frjálsræðis. Þetta er einkar athyglisverð niðurstaða sem ég leyfi mér að vekja athygli þingmanna á.

Með frv. er lagt til að fjölmargar breytingar verði gerðar á skipan gjaldeyrismála á Íslandi. Breytingarnar þjóna þeföldum tilgangi. Í fyrsta lagi að færa reglur á þessu sviði til samræmis við það sem gerist og gengur í helstu samkeppnislöndum okkar þannig að gjaldeyrisreglur skerði ekki samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs.

Í öðru lagi að rýmka gjaldeyrisreglurnar svo að hér á landi geti þrifist og þróast gjaldeyrismarkaður með

eðlilegum hætti þar sem framboð og eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri hafi áhrif á gengi krónunnar. Breytingar í þessa átt eru í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í gengismálum sem kynnt var haustið 1991 og rædd var ítarlega á Alþingi á sínum tíma.

Í þriðja lagi er það tilgangur frv. að hafa hliðsjón af skuldbindingum okkar á þessu sviði samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og frv. því tengt aðildarsamningi Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Helstu breytingarnar frá gildandi lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála sem frv. felur í sér eru þessar:

1. Lagt er til að skilið verði á milli gjaldeyrismála annars vegar og innflutningsmála hins vegar eins og ég hef þegar nefnt.

2. Lagt er til að sú meginregla skuli gilda að gjaldeyrisviðskipti skuli vera óheft nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum.

Í þessu felst grundvallarbreyting, sú breyting að í stað núgildandi meginreglu laganna um gjaldeyrisviðskipti sem er sú að gjaldeyrisviðskiptin séu háð leyfum nema annað sé sérstaklega tekið fram, mun í framtíðinni gilda sú meginregla að gjaldeyrisviðskipti skuli ekki vera háð leyfum, skuli vera óheft nema þau séu sérstaklega takmörkuð í lögum.

3. Í frv. er kveðið á um að viðskrh. geti enn um sinn ákveðið með reglugerð takmarkanir á tilgreindum flokkum fjármagnshreyfinga. Þessi ákvæði eru í samræmi við aðlögunarfresti sem Íslandi er heimilaður á þessum sviðum í EES-samningunum.

4. Í frv. er svonefnt öryggisákvæði sem heimilar Seðlabankanum, að höfðu samráði við viðskrn., að ákveða tímabundna stöðvun tiltekinna flokka fjármagnshreyfinga ef fjármagnshreyfingar til og frá landinu valda óstöðugleika í gengis- og peningamálum.

5. Í núgildandi lögum er viðskrn. falið forræði á sumum sviðum gjaldeyrismála og Seðlabankanum á öðrum. Þetta er ekki í alla staði heppilegt fyrirkomulag. Því er lagt til að verkaskipting milli ráðuneytis og Seðlabanka verði gerð alveg skýr með þeim hætti að ráðuneytið setji allar meginreglur á sviði gjaldeyrismála en Seðlabankinn setji svo nánari reglur um framkvæmd gjaldeyrisviðskiptanna og annist daglega framkvæmd á þessu sviði.

6. Lagt er til að áfram gildi upplýsingaskylda vegna gjaldeyrisviðskipta þótt gjaldeyrishöftin hverfi. Þetta er í samræmi við stefnu annarra ríkja sem starfa munu á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Virðulegi forseti. Á síðustu árum hafa verið stigin stór skref í átt til aukins frjálsræðis í gjaldeyrismálum. Reynslan af þessum breytingum hefur verið góð. Flestar þjóðir Vestur-Evrópu búa nú þegar við meira frelsi í gjaldeyrisviðskiptum en Íslendingar og það gildir ótvírætt um gjaldeyrisverslun eins og aðra verslun að því frjálsari sem hún er því hagsælli verður hún landinu. Verði frv. að lögum þá lögum við löggjöf okkar á sviði gjaldeyrismála að því sem gerist og gengur í nágrannaríkjum og vörðum leið til afnáms síðustu gjaldeyrishafta.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið mælt fyrir fyrsta frv. sem kemur til kasta efh.- og viðskn. í tengslum við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Nú er það svo eins og kom að vísu fram í máli hæstv. viðskrh. að frv. tengist ekki samningnum nema að hluta og svo er reyndar með æði mörg þeirra frv. sem við höfum séð og koma til efh.- og viðskn. Þar eru fléttaðir inn í heilu lagabálkarnir í mjög stórum málum, t.d. ný samkeppnislög, sem gerir það að verkum að sú vinna sem liggur fyrir nefndinni á næstu vikum og mánuðum er gríðarlega mikil og að mínu mati verður að taka tillit til þess gagnvart öllum dagsetningum varðandi endanlega afgreiðslu samningsins um Evrópskt efnahagssvæði hér á Alþingi. Það er ekki hægt að ætlast til þess að þingmenn taki afstöðu til hans fyrr en búið er að vinna fylgifrumvörpin í nefnd.

Ég sé ekki ástæðu til þess að halda hér langa ræðu. Þetta er eitt af þeim frumvörpum sem nefndin byrjaði að fjalla um í sumar. Það varð að vísu miklu minna úr nefndarvinnu í sumar en ég í það minnsta hafði reiknað með, væntanlega vegna þess að fyrir okkar litla stjórnkerfi hefur það reynst mjög mikil vinna að undirbúa öll þau mál sem hér þarf að taka fyrir og koma þeim fram.

Mig langar þó að varpa örfáum spurningum fram til hæstv. viðskrh. Varðandi heimildir til takmörkunar á skammtímaviðskiptum hefur vaknað sú spurning hvort ekki sé hægt að komast fram hjá þeim í gegnum kaup og sölu á hlutdeildarbréfum í verðbréfasjóðum sem fjárfesta í langtímaskuldabréfum. Þarna hafi menn því í raun tæknilega leið til þess að komast fram hjá þessum heimildum.

Í 3. gr. er heimild til stöðvunar mjög víðtæk og menn geta velt því fyrir sér hvort, þegar gripið er til hennar — hún gildir til sex mánaða og hægt er að grípa til hennar hvað eftir annað — slík stöðvun getur komið í veg fyrir að aðilar í viðskiptum geti staðið við sínar viðskiptaskuldbindingar.

Varðandi 4. gr. vaknar sú spurning hvort lög um fjárfestingu erlendra aðila gæta ekki þeirra hagsmuna sem þar er getið um og hvort þetta þarf að vera bæði í þeim lögum og eins í gjaldeyrislögunum.

Að lokum varðandi 11. gr., sem fjallar um upplýsingaskyldu þeirra aðila, sem um þessi mál fjalla, getur maður velt því upp hvort ekki þyrfti að koma inn ákvæði sem þyrfti að grípa til þegar, ég vil ekki segja ef heldur þegar, kemur að almennri skattlagningu eignatekna og hvort þá þurfi ekki að vera þarna alveg skýr ákvæði um upplýsingaskyldu til skattyfirvalda þannig að ekki þurfi að gera þá breytingu þegar þar að kemur.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um gjaldeyrismál. Hér eru lagðar til grundvallarbreyting-

ar og framtíðin verður auðvitað að leiða í ljós hvernig þær reynast. Mig langar að vekja máls á nokkrum atriðum sem snerta frv.

Ég geri fyrst þá almennu athugasemd við meginþorra þeirra frumvarpa sem við munum ræða varðandi hið Evrópska efnahagssvæði að það vekur athygli mína hversu oft það kemur fyrir í þessum frumvörpum að ráðherrum er gefið vald til þess að ákveða framkvæmd og nánari framkvæmd í reglugerðum. Ég tel að þetta sé nokkuð sem við þurfum að athuga í nefndum þingsins, hvort þarna sé um óeðlilega mikið afsal á valdi til ráðherra að ræða, en þar með er ég ekki að segja að það sé óeðlilegt í því tilviki sem hér er til umræðu. Ég þarf einfaldlega að kanna það betur. Þetta er hins vegar ákveðið einkenni á þessum frumvörpum sem snerta hið Evrópska efnahagssvæði og gerir það að verkum að framkvæmd laganna verður kannski óljósari en ella.

Sú stóra spurning sem vaknar varðandi þetta mál er auðvitað sú hvernig íslenskur markaður er búinn undir þessa breytingu og mig langar til að spyrja hæstv. viðskrh. hvernig þessi breyting, sem hér er lögð til og tekur gildi um leið og lögin verða samþykkt, hafi verið undirbúin. Er íslenskur gjaldeyrismarkaður búinn undir þessa opnun? Ég vildi gjarnan heyra hans mat á því vegna þess að við vitum að íslenskt fjármálalíf fer gjarnan sínar eigin leiðir.

Það eru einkum tvær greinar sem hafa vakið spurningar hjá mér. Það eru 10. og 11. gr., þ.e. varðandi upplýsingaskyldu og nauðsynlegt eftirlit og hagskýrslugerð Seðlabankans. Sú spurning vaknar hvort menn séu að veita frelsi öðrum þræði en vilji samt vera með puttana í þessu, hvort menn eru ekki tilbúnir að stíga skrefið í áttina til frelsisins þegar á reynir. Ég vildi gjarnan heyra skýringu hæstv. viðskrh. á 11. gr., hvernig hann skilur þetta nauðsynlega eftirlit. Hagskýrslugerðin skýrir sig auðvitað sjálf, en hversu víðtækt vald er þarna um að ræða fyrir Seðlabankann? Ég tek undir það sem síðasti ræðumaður sagði, að það þarf auðvitað að vera hægt að fylgjast með slíkum hreyfingum vegna skattaeftirlits, en þarna má velta fyrir sér hvort menn séu jafnvel að halda að hluta til í gamalt kerfi.

Varðandi 10. gr. komu fram athugasemdir af hálfu umsagnaraðila, að þarna væri verið að leggja á þá óþarfa skyldu en ég held að það hafi reyndar verið einhver misskilningur og hér sé fyrst og fremst verið að kveða á um það að allar upplýsingar sem varða þau kjör sem um ræðir liggi frammi.

Við munum að sjálfsögðu skoða þetta mál rækilega í efh.- og viðskn. en þetta voru þau atriði sem ég vildi beina til hæstv. viðskrh.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 6. þm. Norðurl. e. og 18. þm. Reykv. fyrir spurningar þeirra og athugasemdir og framlagið til umræðunnar. Vegna þess sem kom fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. í upphafi ræðu hans, að því mætti halda fram að margt í þessum frumvörpum, m.a. þessu frv., sem eru flutt í tengslum við EES-samninginn, sé ekki beinlínis tengt honum, þá vil ég annars vegar vísa til samkomulags milli þingflokkanna um það hvaða mál tengdust málsmeðferð EES-samningsins á þingi. Ég tel að á því leiki enginn vafi að við erum að framkvæma það samkomulag.

Í öðru lagi vildi ég líka nefna að ég tel að einnig sé mjög mikilvægt að breytingar þær sem við beinlínis þurfum að gera á mörgum sviðum efnahags- og viðskiptamála vegna þessa samnings séu settar í sitt rétta samhengi, virki ekki eins og einhvers konar viðhengi í löggjöf sem að öðru leyti væri fullkomin ástæða til að hreyfa og vildi reyndar benda á að frv. sem hér er rætt hefur áður verið lagt fram og rætt í þinginu og tengingin þess vegna alveg skýrt og ákveðið sett við EES í að ég taldi fullu samráði við alla þingflokka. Ég geri ekki ráð fyrir að hv. 6. þm. Norðurl. e. hafi á þessu aðra skoðun en ég, en ég vildi hafa sagt þetta alveg skýrt við upphaf umræðu um þessi mörgu mál sem tengjast EES-samningnum.

Þá vík ég að þeim fjórum spurningum sem hv. 6. þm. Norðurl. e. hreyfði hér. Hann vakti fyrst máls á því hvort hugsanlegt væri að komast fram hjá takmörkunum á skammtímahreyfingum fjármagns milli landa með því að beita langtímahreyfingum í sýndargerningum. Ég held að það muni aldrei verða mikil brögð að þessu, einfaldlega vegna þess hversu kostnaðarsamt það er að beita slíkum ráðum. Þó má vel vera að við vissar aðstæður kynni þessa að gæta, en þá eru líka tæki í þessu lagafrv. til þess að snúast við slíkum hreyfingum, þ.e. stöðvunarvald Seðlabankans sem ég þó fullvissa þingheim um að a.m.k. frá mínum bæjardyrum séð er ekki líklegt að verði notað til þess að hamla eðlilegum viðskiptum og aldrei mundi ég gera tillögu um slíkt.

Þetta tengist beint annarri spurningu hv. 6. þm. Norðurl. e.: Er stöðvunarheimildin í 3. gr. frv. svo víðtæk að komið gæti í veg fyrir að fyrirtæki gætu staðið við eðlilegar viðskiptaskuldbindingar sínar? Þar er mitt svar að sjálfsögðu það sem ég hef þegar gefið í skyn, að það vakir alls ekki fyrir höfundum frv. Ég sé ekki að nokkur mundi í fyrirsjáanlegri framtíð vilja beita því þannig. En eðli málsins samkvæmt verður stöðvunarheimildin að vera nokkuð víðtæk ef hún á að geta gert það gagn sem henni er ætlað að gera.

Í þriðja lagi var spurt um það hvort ákvæði 4. gr. um gjaldeyrishreyfingar vegna fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi væru nauðsynleg vegna þess að efnisákvæði mætti finna sem væru þessu skyld í lögum um fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi. Mitt svar í því máli er að sjálfsögðu það að ég tel nauðsynlegt að það sé alveg skýr tenging við gjaldeyrisviðskiptalöggjöfina einmitt hvað þessi atriði varðar þótt það sé að sjálfsögðu rétt hjá hv. þm. að efnisákvæðin um fjárfestingarmálin eiga að vera í hinum lögunum.

Í fjórða lagi var svo spurt um 11. gr., hvort nauðsynlegt væri að bæta þar við ákvæði til þess að gefa skattyfirvöldum upplýsingar um fjármagnstekjur ef og þegar slíkar tekjur yrðu skattstofn. Þetta er rétt athugað hjá hv. þm. Þetta er mál sem þarf að huga að. Fyrir fram virðist þó eðlilegast að slík ákvæði væru sett í skattalögin og upplýsingaskyldu þeirra vegna en ekki

í þessi lög, en þó tel ég tvímælalaust nauðsynlegt að hv. efh.- og viðskn. hugi að þessu atriði.

Þá kem ég að máli hv. 18. þm. Reykv. Hv. þm. vék að því hvort í þessu frv. og ýmsum öðrum sem tengjast EES-samningnum fælist mikil aukning á reglugerðarvaldi ráðherra. Ég held að þetta frv. sé alls ekki dæmi um slíkar breytingar. Þvert á móti er þetta frv. sem felur í sér að gefa þegnunum almennan rétt nema annað sé ákveðið með sérstökum lögum. Í núgildandi gjaldeyrisreglum og lögum er þessu öfugt farið. Þar er allt bannað sem ekki er leyft af ráðherranum. Með þessu er því í raun og veru verið að rýmka rétt þegnanna og takmarka reglugerðarvald ráðherrans. Það má vel vera að því megi finna stoð í öðrum frv. að verið sé að skapa allvíðtækar heimildir fyrir reglugerðarsetningu af hálfu ráðuneytanna en þetta frv. er ekki gott dæmi um það.

Ég kem þá að því sem sagt var um 10. og 11. gr. Ég tel að ákvæði 10. gr. séu þörf og það sé eðlileg krafa til viðskiptaaðila að þeir upplýsi sem gleggst þau kjör sem gilda í viðskiptunum og ég skildi reyndar athugasemd hv. þm. á þenn veg að það væri líka hennar skoðun.

Um 11. gr. vil ég taka það skýrt fram að í henni vakir alls engin viðleitni til þess að viðhalda hinu eldra kerfi undir merki upplýsingakröfu. Þvert á móti er þetta eingöngu til þess hugsað að við getum fylgst með þessum mikilvægu viðskiptastraumum milli Íslands og annarra landa eftir að gjaldeyrisfrelsi hefur verið innleitt að fullu. Ég tel að þessi þörf verði áfram mjög mikil en hún má ekki verða til þess að hamla eðlilegum viðskiptum, enda er það alls ekki tilgangur þessarar greinar.

Þá var spurt hvernig íslenskur markaður væri undir þetta búinn og hvaða afleiðingar kynnu að fylgja því að gjaldeyrisviðskiptafrelsi væri hér innleitt. Þá get ég eingöngu bent á það sem reynslan þessi síðustu tvö ár með mjög rúmum greiðsluheimildum fyrir þá sem viðskipti stunda í gjaldeyri, að þetta hefur alls ekki haft þau áhrif að hér skapaðist neinn órói á gjaldeyrismarkaðnum eða útstreymi gjaldeyris úr landinu. Þvert á móti, eins og ég hef bent á, hefur fremur verið um innstreymi að ræða og ekki neinar kollsteypur eða miklar breytingar þótt þarna væri í raun og veru brotið blað í okkar gjaldeyrisviðskiptasögu á pappírnum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er bara eitt atriði sem ég vil að sé alveg skýrt. Ég var ekki að gagnrýna það að í þessum frumvörpum væru fleiri efnisþættir en sneru beint að Evrópska efnahagssvæðinu. Ég vildi hins vegar að hér kæmi skýrt fram að það hlyti að setja miklu meiri kröfur á nefndina og það yrði að taka tillit til þess í öllum tímaplönum varðandi endanlega samþykkt eða endanlega ákvarðanatöku um samninginn hér á Alþingi. Menn verða að taka tillit til þess að ekki er hægt að ætlast til þess að þingmenn taki þar afstöðu fyrr en þessari vinnu í nefndunum er lokið.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég held að það hljóti að vera leyfilegt að spyrja spurningar þeirrar sem ég hef í hyggju að spyrja undir þessum dagskrárlið þar sem hér er fjallað um gjaldeyrisviðskipti, bæði í beinum fjárfestingum og fasteignakaupum o.s.frv., skammtímahreyfingum fjármagns og erlendum langtímalántökum og öðru slíku.

Í hv. fjárln. kom í morgun til fundar við okkur virðulegur ríkisendurskoðandi og ég beindi til hans fyrirspurn um það hvort ekki stæði til að samræma bókhaldsskyldu og reikningsfærslu fyrirtækja ef til samnings um Evrópskt efnahagssvæði kemur. Það segir sig sjálft að þegar verið er að flytja fé milli landa og jafnvel fyrirtæki þá hlýtur það að skipta máli hvernig upplýsingar liggja fyrir um rekstur fyrirtækjanna. Það kom mér mjög á óvart að ríkisendurskoðandi sagðist hreinlega ekkert um þetta vita og vissi ekki til þess að verið væri að vinna að slíku. Ég held að þetta sé afar mikilvægt vegna þess að ég hef grun um að Íslendingar séu ekki sérlega til fyrirmyndar um bókhald og góðan frágang á uppgjöri fyrirtækja sinna og ég held að við höfum einfaldlega látið ýmislegt líðast sem ég hygg að aðrar þjóðir geri síður. Þess vegna leikur mér nokkur hugur á að vita hvað hæstv. viðskrh. hyggst fyrir í þessu mjög svo mikilvæga máli að ég tel.

Ég vona að það sé líka leyfilegt að spyrja, hæstv. forseti, af því að nú er hæstv. viðsk.- og iðnrh. staddur hér eftir alla þá miklu umræðu sem við höfum haldið hér uppi um margumræddan samning og mig hefur langað að spyrja um það lengi og hefur verið erfitt að komast að, hvað menn ætli sér í raun og veru með allar þær lagabreytingar sem hér er lagt af stað með. Hvort tveggja er að ekki er alveg gulltryggt að umræddur samningur hafi meiri hluta og a.m.k. vonum við það svo lengi sem hægt er að vona. En annað er það sem ég held að allir ráðherrar hæstv. ríkisstjórnar hljóti að hafa velt fyrir sér og ekki þá síst hæstv. iðnrh. og viðskrh.: Hvað gerist í raun og veru ef Frakkar fella Maastricht-sáttmálann? Nú sýnist vera að Bretar hörmuðu það ekki mjög ef svo færi og nú berast fréttir frá Ítalíu um að þar sé vaxandi andstaða við samninginn. Utanríkisráðherra Dana, Uffe Elleman-Jensen, hefur margsagt að ef Frakkar felli Maastricht-sáttmálann sé samningur um Evrópskt efnahagssvæði úr sögunni og þá sé nauðsynlegt að hefja alla þá samningsgerð að nýju. Ég vil því spyrja hæstv. iðn.- og viðskrh.: Er ekki alveg öruggt að við förum ekki að breyta hér lögum fyrir 20. sept. eða a.m.k. höfum biðlund þangað séð verður hvað um Maastricht-málið verður í Frakklandi? Auk þess, eins og ég hef margtekið fram, finnst mér með öllu óeðlilegt að afgreiða lagabreytingar, sem hljótast af samningi um Evrópskt efnahagssvæði, fyrr en sá samningur hefur verið samþykktur. Það er auðvitað gersamlega fráleitt að hér verði eitt einasta mál afgreitt fyrr en það liggur alveg skýrt fyrir. Þetta held ég að hljóti að vera eðlileg niðurröðun mála.

Það er þetta tvennt sem ég vil ítreka, hæstv. forseti. Annars vegar hvað menn hyggjast fyrir með sam-

ræmda bókhaldsskyldu og upplýsingar um rekstur fyrirtækja og hins vegar hvað hæstv. ráðherra hugsar um hin stærri málin, hvort samningur um Evrópskt efnahagssvæði verður að veruleika yfirleitt.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst vegna fyrirspurnar hv. 14. þm. Reykv. um samræmdar kröfur um bókhald og upplýsingar um rekstur fyrirtækja, vil ég taka fram að Alþingi samþykkti á 115. þingi reglur um uppgjör lánastofnana þar sem samræmdar voru m.a. kröfur um eiginfjárstöðu þessara stofnana sem eru í gildi um allt hið Evrópska efnahagssvæði og reyndar víðar. Það er angi af þessu máli.

Ég bendi líka á að á verkefnaskrá viðskrn. er að koma hér til þingsins í haust með lagafrv. um breytingar á félagalöggjöfinni til þess að samræma hana því sem gerist á hinu Evrópska efnahagssvæði. Þar verða að sjálfsögðu líka ákvæði um gerð ársreikninga og upplýsingaskyldu hjá fyrirtækjum. Bókhaldslög sem, eins og kunnugt er, heyra undir fjmrh. kynni að þurfa að taka til skoðunar í því samhengi þótt ég leyfi mér að efast um að Íslendingar séu eftirbátar annarra Evrópuþjóða hvað hina lögformlegu hlið varðar. Það má vel vera að í framkvæmd sé víða pottur brotinn en ég held að okkar ákvæði um þetta í lögum og reglum séu alveg frambærileg. Hitt er annað mál að þarna má lengi betur gera og ég tek alveg undir það með hv. þm. að huga þarf að þessu máli vegna viðskipta milli landa.

Ég kem svo að seinni spurningu hv. þm. um það hvað gerast muni í samningunum um hið Evrópska efnahagssvæði fari svo að Frakkar samþykki ekki Maastricht-samning Evrópubandalagsins sunnudaginn 20. sept. eða hvenær sem það er sem sú þjóðaratkvæðagreiðsla á að fara fram. Ég leyfi mér að halda því fram að það sé ekki spurning um hið Evrópska efnahagssvæði heldur eingöngu spurning um það hvort Evrópubandalagið fer inn á næsta áfanga í þróun til enn nánara samstarfs sem Maastricht-samkomulagið fjallar um og nú er leitað samþykkis þjóðanna við en snertir ekki hið Evrópska efnahagssvæði.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. iðn.- og viðskrh. er bjartsýnasti maður sem ég hef kynnst. Það verður að segjast eins og er. Ekki einn einasti ráðherra í Evrópu, sem ég hef heyrt tala um þessi mál, gengur að því gruflandi að verði Maastricht-sáttmálinn brotinn niður og Frakkar t.d. felli hans eins og Danir gerðu, þá sé Efnahagsbandalagið orðið allt annar viðsemjandi en farið var af stað með. Ég held að enginn vilji sætta sig við að haldið verði áfram að óbreyttu eftir það. Það kemur mér satt að segja á óvart hversu ósammála hæstv. iðn.- og viðskrh. er öllum kollegum sínum sem ég hef heyrt og lesið um og ég hef heyrt úttala sig um málið og lesið eftir svör við þessari spurningu.

Hins vegar svaraði hæstv. ráðherra ekki því sem ég spurði líka um, þ.e. hvort hann væri ekki sammála mér um að það væri ósæmilegt með öllu að ganga frá nokkurri löggjöf sem væri tilkomin vegna samningsins fyrr en samningurinn lægi fyrir.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tel að frv. sé í öllum aðalatriðum eðlilegur áfangi eða eðlilegt skref í þróun í átt til frjálsari gjaldeyrisviðskipta sem hér hefur verið í gangi á undanförnum árum og hef ekki í sjálfu sér neinar grundvallarathugasemdir við þá stefnu sem í frv. birtist. Það atriði höfum við rætt hér áður, m.a. á síðasta vetri í tengslum við tengda hluti þegar gengisskráningarfyrirkomulag og gjaldeyrisviðskipti voru ítarlega til umræðu. Ég læt nægja að vísa í þau sjónarmið sem ég setti þar fram almennt séð um þessi mál.

Spurningin er fyrst og fremst í mínum huga hvernig við þróum fyrirkomulag þessara hluta hér á Íslandi þannig að breytingar í þessa veru geti tekist með farsælum hætti. Það er framkvæmdaratriði sem ég held að varði ákaflega miklu og tengist m.a. þessum atriðum, viðskiptum með gjaldeyrismál. Það tengist auðvitað gengisskráningunni sjálfri, fyrirkomulagi hennar, það tengist stöðu Seðlabankans og burðum hans til að sinna sínu hlutverki. Það er ákaflega erfitt að ræða þetta aðskilið, svo nátengdir eru þessir hlutir.

Ég ætla að þessu sinni ekki að hafa langt mál og vísa til þess sem ég hef áður sagt um þetta. Ég á sömuleiðis sæti í þeirri nefnd sem fær þessi mál til skoðunar og hef þar af leiðandi tækifæri til að fara betur ofan í saumana á ýmsu.

Það eru aðeins nokkur atriði sem ég vil segja á þessu stigi og þau varða í fyrsta lagi öryggisákvæði í 3. gr. frv. Það má auðvitað skoða frá ýmsum hliðum, a.m.k. tveimur. Annars vegar þeirri hvort þarna séu á ferðinni varhugaverð ákvæði hvað það snertir að stjórnvöld geti lagt stein í götu viðskipta og gert fyrirtækjum erfitt fyrir sem standa í viðskiptum með skyndiákvörðunum á grundvelli þessarar greinar. Það má segja að menn væru að skoða þetta frá þeirri áttinni að þeir óttuðust það takmarkandi vald sem stjórnvöldum eða Seðlabanka væri þarna veitt. En það má líka skoða það frá hinni hliðinni og ég tek fram að ég hef ekki miklar áhyggjur af þessu fyrrnefnda. Ég óttast ekki að þó svo að gripið yrði til takmarkandi aðgerða varðandi skammtímahreyfingar ættu menn að þurfa að bera sig illa undan því og það fer auðvitað líka mikið eftir hvernig því valdi verður beitt. Ég tel ekkert síður ástæðu til að velta því fyrir sér frá gagnstæðri hlið hvort það er tryggilega um hnútana búið að afgreiða breytingar á viðskiptum með gjaldeyri sem afnema með öllu úr lögum heimildir stjórnvalda til að grípa til róttækra ráðstafana ef virkilegur voði er fyrir dyrum, hrun blasir við eða ef þessi viðskipti komast í verulegt uppnám af einhverjum ástæðum. Ég spyr hæstv. viðskrh.: Hefur það ekki verið rætt að eitthvert almennara öryggisákvæði væri fyrir hendi. Að sjálfsögðu má alltaf hugsa sér að miðað við slíkar aðstæður gætu menn gripið til lagasetningar. Hið fræga bráðabirgðalagavald er enn fyrir hendi, eins og mönnum er í fersku minni hér, ef einhver ósköp dyndu yfir, það yrði meiri háttar verðhun, eitthvert kreppuástand, ófrið-

ur eða annað því um líkt leiddi til þess að færu öll venjubundin viðskipti með gjaldeyri í uppnám.

Ég er að spyrja m.a. undir nokkrunm áhrifum af því að við höfum séð til mikilla sviptinga í þessum efnum ekki langt frá okkur á undanförnum dögum. Manni eru auðvitað ofarlega í huga þær miklu sviptingar sem orðið hafa í gjaldeyrismálum vinaþjóðar okkar, Finna, og eru auðvitað talsverð tíðindi þegar litið er yfir þróun þeirra mála síðasta ár. Þar hafa menn einmitt verið, bæði í Finnlandi og reyndar í nágrannalöndunum sem orðið hafa fyrir áhrifum af breytingum hjá Finnum, t.d. Svíar og Norðmenn, að grípa til ýmissa ráðstafana eins og stórhækkunar á vaxta- og skammtímaskuldbindingum. Menn hafa ekki gengið svo langt að stöðva þær en róttækar aðgerðir af skyldum toga hafa þar verið á ferðinni.

Ég velti því t.d. fyrir mér hvort það sé með öllu óhugsandi að skynsamlegt gæti verið að að loka slíkum viðskiptum einhverja klukkutíma eða sólarhring ef svo ber undir. Nú eru dæmi þekkt um að menn loki fyrir viðskipti, t.d. með hlutabréf eða þvílíka hluti, þegar uppnám skapast og bíða af sér verstu hryðjurnar. Það geta verið klukkutímar eða kannski einn til tveir sólarhringar. Það er auðvitað þekkt úr viðskiptum víða að. Úr því að menn viðurkenna með 3. gr. laganna þörfina fyrir það að hafa einhver úrræði af þessu tagi inni í löggjöfinni um sjálf gjaldeyrisviðskiptin finnst mér það vera á réttum stað að ræða það hver þau úrræði eiga þá að vera, hvers eðlis og við hverju sé skynsamlegt að vera viðbúinn í þeim efnum.

Ég er talsmaður þess að haldið sé í frjálsræðisátt eins og ég hef hér gert að umtalsefni áður. Ég vona að það verði ekki snúið út úr fyrir mér eða mér lögð orð í munn þó að ég ræði um þetta atriði vegna þess að jafnágætt og frjálsræðið er, þar sem það á heima og þjónar best þeim markmiðum sem menn eru að stefna að, þá er það auðvitað jafnljóst að mönnum er fyrir bestu að búa þannig um hnútana að það gangi, geti með eðlilegum hætti gengið fyrir sig. Stundum þurfa að vera bremsur, einhverjir neyðarhemlar sem hægt er að taka í til að unnt sé að verja og viðhalda slíku kerfi viðskipta. Annars er hætt við að það sæki í alveg öfugt horf og menn freistist til að reyna að binda þetta með öðrum hætti.

Það er, eins og ég áður sagði, ákaflega erfitt að ræða þetta nema fjalla um það í beinu samhengi við gengisskráninguna sjálfa. Ég leyni því ekki að ég er auðvitað að ræða þetta undir áhrifum af því að menn stefni hér að meiri markaðsskráningu gengis. Það hefur einnig verið rætt og í því ljósi verði að skoðast ákvæði af því tagi sem í 3. gr. eru, að á komandi árum búa menn sig undir vaxandi markaðsskráningu á gengi krónunnar. Þá verður líka búist við þeim sveiflum og sviptingum sem við sjáum allt í kringum okkur að geta orðið í slíku fyrirkomulagi og jafnvel hjá miklu stærri og efnahagslega sterkari þjóðum en okkur.

Ég spyr hæstv. viðskrh. um þessi atriði. Telur hann að það sé fullnægjandi eða skynsamlegast að ganga frá þessu svona í löggjöf um gjaldeyrisviðskiptin sjálf? Er það e.t.v. í trausti þess að önnur úrræði, þ.e. þau sem menn hafa samkvæmt gjaldeyrisskráningarreglunum og í gegnum afl miðbankans til að kaupa og selja og þannig jafnvægisstilla gengi gjaldmiðlanna, með slíkum sameiginlegum úrræðum sé þetta nógu tryggt. Ég vil a.m.k. fyrir mitt leyti að það komi fram að ég væri tilbúinn til að skoða 3. gr. eða aðrar slíkar með mjög opnum huga og þá með því hugarfari að menn hefðu þarna inni þau öryggisúrræði sem teldust alveg fullnægjandi miðað við okkar aðstæður. Auðvitað verðum við að muna að við erum að tala nánast um það heimsviðundur og það merkilega „experiment" sem það auðvitað er að halda úti sjálfstæðum gjaldmiðli hjá jafnlítilli sjálfstæðri þjóð sem Ísland er og ætla okkur jafnvel að stíga skref í átt til frjálsrar markaðsskráningar á þeim gjaldmiðli á komandi árum.

Því er auðvitað ekki að leyna heldur að það er fleira en ástandið í Finnlandi sem gæti verið áhugavert að ræða við þessar aðstæður og hér var aðeins komið inn á þróun mála í Evrópu af hv. síðasta ræðumanni. Það er fleira en álitamál um framtíð markaðarins sem tengist atkvæðagreiðslu Frakka um Maastricht-samningana sem þar er að gerast. Þar eru líka miklar hræringar á gjaldeyrismarkaði. Gjaldeyrissamstarf Evrópubandalagsþjóðanna hangir á bláþræði að margra mati og ríkisstjórnir Bretlands og Ítalíu hafa neyðst til að grípa til stórtækra aðgerða til að reyna að verja sig og sinn gjaldmiðil innan ramma gjaldmiðlasamstarfs Evrópubandalagsins. Þar má nánast ekkert út af bera eins og menn vita. Það er til marks um það hversu vakurt þetta ástand er, ég vona að menn skilji þá líkingu, að ekki þó stærri eða þyngri gjaldmiðill en finnska markið skuli setja allt þetta gjaldeyrisgúmmúlaði í uppnám eins og gerðist og að gengisfelling finnska marksins skyldi valda umtalsveru umróti á öllum gjaldeyrismörkuðum Evrópu og breyta innbyrðis hlutföllum milli dollars og Evrópumynta og hvað eina. Það segir sína sögu um það hversu viðkvæmt þetta ástand er. Þetta held ég að við verðum að hafa í huga þegar við ræðum kerfisbreytingar eins og hér eru á ferðinni í gjaldeyrisviðskiptum í átt til meiri þátttöku okkar eða tengingar við þennan markað. Ég læt þetta nægja um þessi efni en mér fyndist fróðlegt að heyra hæstv. viðskrh. koma inn á þessa hluti.

Ég vil aðeins nefna, eins og fleiri, 11. gr. Mín spurning til hæstv. viðskrh. í því sambandi er einmitt um hana: Verður það ekki tryggt að nauðsynlegar upplýsingar komist til skila, þeim verði kerfisbundið safnað og skráð sem leyfisbundin gjaldeyrisviðskipti hafa áður sjálfkrafa tryggt að væru fyrir hendi? Ég er t.d. að hugsa hér um hagskýrsluupplýsingar og upplýsingar um gjaldeyristekjur einstakra atvinnugreina og annað því um líkt. Ég kynntist því sjálfur fyrir nokkrum árum síðan að þar var veruleg brotalöm að ýmsu leyti hjá okkur, t.d. hversu aðgengilegar upplýsingar lágu fyrir um gjaldeyristekjur atvinnugreinar eins og ferðaþjónustu. Það var talsvert unnið að því á sínum tíma að safna slíkum upplýsingum og bæta úr þeim hlutum. Ég vænti þess og veit reyndar að það er að mörgu leyti í batnandi horfi. En nú er hér verið að leggja til breytingu sem getur haft talsverð áhrif á aðstæður í þess-

um efnum. Þá er sett inn 11. gr. um að það sé skylt að veita Seðlabankanum allar upplýsingar til þess að hann geti sinnt nauðsynlegu eftirliti og hagsýslugerð. Ég held að það skipti mjög miklu máli að vandaður verði allur undirbúningur hvað framkvæmdina snertir og ekki komi upp nein totgstreita milli aðila í þessu sambandi, bankanna, Seðlabankans, Hagstofunnar og þeirra aðila sem hér þurfa að starfa saman. Það er ákaflega mikilvægt að hafa greiðar og góðar upplýsingar um hluti eins og þessa, gjaldeyristekjur og gjaldeyrisútgjöld og annað sem fróðlegt getur verið að skoða þegar afkoma og starfsskilyrði og framlegð einstakra aðila til þjóðarbúsins eru metin. Og ég vona að hæstv. viðskrh. geti fullvissað okkur um að þessum hlutum verði bærilega fyrir komið.

Að lokum um reglugerðarárátttu sem er eðlilegt að menn staldri við, kannski ekkert sérstaklega út af þessu frv. heldur vegna þess að við höfum á undanförnum mánuðum ekki síst séð ærið skrautlega hluti í vissum tilvikum um hugkvæmni manna í þeim efnum að skipa meira og minna út og suður öllum hlutum með reglugerðarvaldi. Að afla svo víðtækrar heimildar löggjafans til reglugerðarútgáfu að það jaðrar við að meira og minna lagasafnið yrði óþarft með tímanum, ef svo heldur fram sem horfir, og óhætt væri bara að setja ein stutt lög fyrir hvert málasvið sem hljóðuðu þannig að ráðherra skipaði þeim með reglugerð. Frægust er auðvitað 4. gr. frv. um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði sem er með ólíkindum og annað eins hefur líklega aldrei í samanlagðri sögu löggjafarsamkomunnar sést eins og það altæka vald til reglugerðarútgáfu um öll framkvæmdaratriði samningsins, allt sviðið, sem þar er á ferðinni.

Það eru á dagskránni líka kunningjar þar sem eru nokkuð skrautleg reglugerðarákvæði. Ef ég man rétt eru á dagskránni frv. til laga um húsgöngusölu, eða hvað það nú heitir, (**GHelg:** Húsgöngu- og fjarsölu.) húsgöngu- og fjarsölu og síðast þegar ég sá það frv. var í því ærið skrautleg heimildargrein til reglugerðarútgáfu. Kannski er búið að laga það eitthvað til, ég veit það ekki. En þetta var uppkast að frv. sem við fengum í efh.- og viðskn. í sumar. Hér er, án þess þó að þetta frv. skari fram úr á nokkurn hátt í þessari reglugerðarhugkvæmni, ákveðinn ósiður á ferðinni í þessum efnum sem ég kann ekki vel við og hann er sá að í einstökum greinum frv., á einum tveimur stöðum, er sagt að þessum tilteknu atriðum skuli ráðherra skipa nánar með reglugerð. Í 8. gr. segir:

„Ráðherra setur í reglugerð að fenginni tillögu Seðlabankans nánari reglur um leyfi til gjaldeyrisviðskipta, þar á meðal um skilyrði fyrir leyfisveitingu og afturköllun leyfis."

Og í 10. gr. segir: „Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd 1. mgr."

En þetta er ekki nóg því þetta er afmarkað og þetta bindur reglugerðarvaldið sem þarna er framsalað við ákvæði þessarar greinar og skilyrðir það nánar. Þess vegna er sett í lokin, eins og stundum áður, nánar tiltekið í 14. gr., þessi setning:

„Viðskrh. fer með framkvæmd laga þessara. Hann getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þeirra."

Og þá spyr ég: Til hvers eru ákvæðin í 10. gr. og 8. gr. úr því að í lokin er svona til öryggis sippað inn í lögin einu almennu reglugerðarákvæði um allt saman? Þetta kemur inn á það mál hvernig menn vilja ganga frá, takmarka og búa um heimildir til reglugerðarútgáfu í lögum af þessu tagi almennt séð. Er það t.d. hin rétta formúla að hafa inni í einstökum greinum frv. sjálfstæðar heimildir til reglugerðarútgáfu hvað þær snertir en klykkja svo út í lokin með einni almennri heimild sem tekur yfir allt svið laganna og þar með er í rauninni tvítekin með vissum hætti þessi heimild til handa hæstv. ráðherra? Mér finnst þetta ekki skemmtilegur svipur a.m.k. hvað uppsetninguna á þessu snertir. Ég er ekki að halda því fram að þarna sé út af fyrir sig á nokkurn hátt verið að ganga lengra en oft er gert. Mér finnst þó að mörgu leyti eðlilegast að reglugerðarvaldið sé skilyrt, þ.e. búið sé um það með ákveðnu orðalagi hvaða þáttum ráðherra getur skipað með reglugerð á grundvelli laganna og í grófum dráttum hvernig. Þannig fylgi af hálfu löggjafans ákveðin leiðsögn um hversu víðtækt reglugerðarvaldið sé, til hvaða þátta laganna það taki og hvernig skuli um það búa í grófum dráttum. Ég tel ákvæði 8. gr. í raun og veru alveg eðlilegt. Ég held að það sé einmitt hlutur sem sé eðlilegt að tekið sé fram um að með vissum og tilskildum hætti ráðherra skuli skipa með reglugerð. Ég held að hvað viðskiptafyrirkomulagið sjálft snertir þá væri það ástæðulaus sparðatíningur að fara að hafa það inni í lögunum sjálfum og þess vegna sé að mörgu leyti fullkomlega eðlilegt að þar sé sérstaklega aflað heimildar til að skipa því nánar með reglugerð.

En alla vega hvað þetta snertir að lokum, þá tel ég að framsetingin í þessu litla frv. sé ekki til fyrirmyndar þó að hún sé út af fyrir sig ekki verrri en við höfum oft áður séð.

Hér er þó eitt sem er jákvætt og er rétt að halda því til haga og viðurkenna það sem vel er gert, þ.e. að birt eru drög að reglugerð um gjaldeyrismál sem fskj. með frv. Það er til bóta. Það er, má segja, til fyrirmyndar að við afgreiðslu laganna á þinginu sé einmitt þannig staðið að málum. Ég skal verða manna fyrstur til að viðurkenna það sem vel er gert og það breytir ekki miklu í mínum huga þó að ég sjái að vísu, ef maður fer nú ofan í smáatriðin, að þessi drög eru í reynd úrelt því að þau miða við ákvæði óbreyttra eða gildandi laga um fjárfestingu erlendra aðila en frv. sjálft er hins vegar tengt gildistöku EES-samningsins sem mun aftur leiða til viðamikilla breytinga á nefndum lögum og fella þarf út fjölmörg ákvæði sem í reglugerðardrögunum eru inni, t.d. um takmarkanir á heildarfjárfestingum erlendra aðila, takmarkanir á eignarhlut erlendra aðila í flugrekstri, bönkum og fleira. Þess vegna er það auðvitað þannig að væntanlega stendur til og er í undirbúningi reglugerð á grundvelli svo breyttra ákvæða um þessi efni sem af gildistöku EES-samningsins leiðir nema hæstv. viðskrh. sé e.t.v. að gefa okkur í skyn að hann reikni ekki með því að sá samningur gangi í gegn á næstunni heldur muni lögin um fjárfestingu erlendra

aðila í atvinnurekstri frá 1991 standa óbreytt um ókomin ár og þess vegna séu reglugerðardrögin svo úr garði gerð. En hvað sem innihald þeirra snertir þá er það jákvætt að mínu mati að sýnd er sú viðleitni að hafa sem fskj. með frv. uppkast að reglugerð sem málinu tengist.

Herra forseti. Ég læt þetta nægja af minni hálfu en áskil mér að sjálfsögðu rétt til þess við síðari umræðu málsins að útlista sjónarmið mín betur eftir að hafa haft þá tækifæri til þess að skoða það nánar í nefnd.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég fagna því sem fram kom í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. að hann teldi þetta frv. eðlilegan áfanga í átt til frjálsari gjaldeyrisviðskipta. Vegna þeirra mála, sem hann vakti sérstaka athygli á, vildi ég taka fram um öryggisákvæðin í 3. gr. að ég tel að þau séu alveg fullnægjandi til að bregðast við vanda af því tagi sem hv. þm. gerði að umtalsefni, óróleika og óstöðugleika í gjaldeyrisviðskiptum. Þau eru til þess hugsuð og að mínu áliti nægilega víðtæk til þess að bregðast við slíkum vandamálum og tel ég ekki þörf á frekari lagaákvæðum þess vegna. En auðvitað er það hárrétt athugað hjá þingmanninum að það er fyrst og fremst á sviði viðskipta með gjaldeyri og verðbréf sem hugmyndin er að Seðlabankinn í framtíðinni hafi áhrif á þessum markaði. En eins og þau dæmi, sem hv. þm. nefndi og eru mönnum fersk í huga, frá óróleika og óstöðugleika á hinum norræna gjaldeyrismarkaði og reyndar víða um Evrópu, eins og þau dæmi sýna, þá getur þar stundum borið að höndum með skyndilegum hætti vanda sem ekki er auðvelt að sjá fyrir. En ég fullvissa hv. 4. þm. Norðurl. um að einmitt þessi mál hafa verið mjög rækilega athuguð og niðurstaðan er þessi tillaga. Ég tel mjög nauðsynlegt að hv. efh.- og viðskn. fjalli einmitt um það hvort þetta öryggisákvæði sé hið rétta og skynsamlega en að sjálfsögðu er það mín skoðun og mín tillaga að þetta sé sá umbúnaður sem við höfum um þetta.

Ég tek það fram að ég tel að ef við gengjum lengra í þessu vérum við farin að ganga gegn tilgangi þessa lagafrv. sem er að gjaldeyrisviðskipti séu yfirleitt frjáls en eingöngu í undantekningartilfellum bundin hömlum með lögum sérstaklega. Það er eðlisbreytingin frá þeim lögum sem eru í gildi og hafa verið að þar er allt í reglugerðarvaldi ráðherrans öfugt við það sem þetta frv. felur í sér og þar með er ég kominn að þeim umræðum sem hafa orðið um reglugerðarvald og reglusetningu. Ég hélt satt að segja að hv. 4. þm. Norðurl. e. ætlaði aldrei að komast að því sem er aðalatriðið í þessu máli hvað þetta frv. varðar að þar eru einmitt sýnd drög að þeirri reglugerð sem menn hugsa sér að gildi verði frv. að lögum og hefði nú kannski verið eðlilegt að byrja á því þegar rætt var um hvernig haldið væri á regluvaldi ráðuneytis.

Síðan kem ég að því, virðulegi þingmaður, að ég vildi vekja athygli þingheims á því að í þessu frv. er gildistökuákvæði með mjög venjulegum hætti. Það er sagt að lög þessi öðlist þegar gildi og þá falli jafnframt úr gildi lögin frá 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Þetta ætla ég ekkert að útskýra frekar og eðlilega eru þess vegna drögin að reglugerðinni miðuð við gildandi lög um fjárfestingu erlendra aðila í íslenskum atvinnurekstri. Þetta er umræðuskjal fyrir hv. efh.- og viðskn. Þess er að vænta að fram muni koma í haust tillaga um breytingar á þeim lögum og þá er að sjálfsögðu fyrir höndum að laga reglurnar um gjaldeyrisviðskiptin að því sem þingið ákveður á þeim vettvangi.

Ég vildi að endingu taka það fram vegna orða sem féllu um það hvernig eðlilegt væri að ákveða reglugerðarvald ráðherra í lögum. Hið almenna ákvæði 14. gr., sem hv. þm. gerði að umtalsefni, er ákaflega venjulegt að formi. Það má heita að það hafi verið regla í lagasetningu á Íslandi um langan aldur að hafa reglusetningarvaldið sett undir lok lagabálks með þeim almenna hætti sem þarna greinir. Um það má hafa marga skoðun. En þetta er venjulega aðferðin. Ég tek undir það sem fram kom að það er eðlilegt að hnitmiða regluvaldið þar sem það er sérstaklega stofnað eins og gert er í 8. gr. og 10. gr. einmitt til þess að alveg sé ljóst frá upphafi að um þetta megi setja reglur sérstaklega þannig að enginn þurfi að velkjast í vafa um að þarna sé lagastoðin í lagi. Um þessi efni ætla ég ekki að hafa fleiri orð en þakka þær ábendingar og þann stuðning við þetta frv. sem fram hefur komið við umræðuna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innflutningur, 1. umr.

Stjfrv., 6. mál. — Þskj. 6.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um innflutning. Þetta frv. er á þskj. 6. Það er flutt samhliða frv. til laga um gjaldeyrismál sem er á þskj. 5 og hér er lagt til að þessi tvenn lög komi í stað núgildandi laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Í þeim lögum er bæði fjallað um gjaldeyrismál og innflutningsmál, enda hafa gjaldeyrisverslun og gjaldeyrishöft löngum verið nátengd innflutningsverslun og innflutningshöftum. Nú er lagt til að þessir tveir málaflokkar verði aðskildir í lögum þar sem gjaldeyrismál tengjast í æ ríkara mæli ýmiss konar fjármagnshreyfingum fremur en greiðslum fyrir innflutning og lántökum vegna hans.

Frv. er í samræmi við ákvæði EES-samningsins um frjáls viðskipti með vöru og þjónustu.

Í lögunum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála frá 1979 kemur fram sú meginregla að innflutningur skuli ekki háður leyfum nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum, reglugerðum eða auglýsingum. Listi yfir þær vörur, sem háðar eru innflutningsleyfi, hefur styst smátt og smátt. Landbúnaðarvörur hafa lengst af verið meginuppistaða þessa lista. Á síðari árum hafa

einnig verið á honum ýmsar olíuvörur, bensín og ýmiss konar burstar. 1. jan. 1991 var bensín fellt út af listanum. Í október 1991 hurfu þaðan nokkrar tegundir bursta og pensla og frá og með 1. jan. 1992 voru brennsluolíur, gasolíur og jarðolíur með öllu felldar út af þessum lista. Eftir standa fjölmargar landbúnaðarvörur auk tveggja vöruflokka af burstum en með þeim innflutningstakmörkunum er verið að vernda framleiðslu Blindrafélagsins.

Efnisatriði frv. eru nánast þau sömu og innflutningsákvæðanna með lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Í frv. kemur fram sú meginregla að innflutningur á vöru og þjónustu til landsins skuli vera óheftur. Innflutningsfrelsið hefur reynst okkur vel og ég trúi ekki að nokkur vilji hverfa frá því. Lagt er til að einungis verði unnt að víkja frá meginreglunni um innflutningsfrelsi með stoð í lögum eða milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vog, mál og faggilding, 1. umr.

Stjfrv., 7. mál (heildarlög). — Þskj. 7.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um vog, mál og faggildingu. Þetta frv. var lagt fram á 115. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Það hefur nú verið endurskoðað í ljósi umsagna sem um það bárust og viðræðna um efni þess við ýmsa sem málið varðar.

Frv. miðar m.a. að því að unnt sé að fullnægja hér á landi ákvæðum svokallaðs Tampere-samkomulags EFTA-ríkjanna um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og jafnframt gera mögulegt að koma á því samræmismati byggt á stöðlum, prófunum og vottunum sem EES-samkomulagið gerir ráð fyrir að sé fyrir hendi í öllum ríkjum hins sameiginlega markaðssvæðis.

Í frv. er annars vegar lagt til að sett verði ný ákvæði um vog, mál og löggildingu mælitækja sem leysi af hólmi ýmis gömul lagaákvæði og hins vegar er í því að finna ákvæði um svokallaða faggildingu en það heiti er notað um það sem nefnist „akkreditering“ eða „accreditation“ á tungum nágrannaþjóða okkar.

Þá er í frv. ákvæði um Löggildingarstofuna sem m.a. gera ráð fyrir að hún sé sjálfstæð ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðuneytis og er í greinargerð bent á að rök kunni að mæla með því að hún verði í framtíðinni rekin sem sjálfstæð B-hluta stofnun.

Ég mun nú víkja nokkuð að einstökum atriðum frv. og bendi á að í II. kafla þess er að finna ákvæði um mælieiningar og landsmæligrunna en þar er um að ræða tengingu okkar við hið alþjóðlega einingakerfi sem alþjóðastofnunin fyrir vog og mál í París sér um. Þá er í kaflanum kveðið á um notkun hins alþjóðlega einingakerfis en ráðherra getur þó heimilað með reglugerð að notaðar séu einingar utan þessa kerfis. Er þá gert ráð fyrir að hægt sé að koma til móts við sérþarfir einstakra atvinnugreina en slíkar einingar skulu þó ávallt hafa viðmiðun í hinu alþjóðlega einingakerfi með þeim fyrirvörum sem kveðið er á um í alþjóðlegum stöðlum og reglum sem settar hafa verið um hið alþjóðlega einingakerfi og vísa skal til í reglugerðinni.

Þá er í þessum kafla kveðið á um að í landinu skuli vera til nauðsynlegir landsmæligrunnar til notkunar við stillingu mælitækja og er þar fyrst og fremst um að ræða mæligrunna fyrir metra og kílógramm. Talsverður kostnaður er því samfara að koma upp og varðveita landsmæligrunna og verður það að fara eftir þörfum atvinnulífsins hvort aðrir landsmæligrunnar verða haldnir hér á landi. Hægt verður t.d. að fá aðstoð erlendra systurstofnana til þess að fínstilla mælitæki, svo að ég nefni dæmi, á sviði geislamælinga meðan ekki þykir svara kostnaði að koma upp landsmæligrunni á því sviði hér á landi.

Í III. kafla frv. er fjallað um löggildingu mælitækja og löggildingarskyldu og er í 5. gr. sett sú almenna regla að skylt sé að löggilda öll mælitæki sem notuð eru á Íslandi til þess að mæla stærðir sem hafa áhrif á verð eða afgjald í hvers konar viðskiptum með vöru, þjónustu og skatt- og gjaldstofna. Nánari reglur um þetta skal setja í reglugerð.

Það hafa lengi verið í löggjöf ákvæði um löggildingu venjulegra mælitækja sem mæla rúmmál og þyngd í viðskiptum en eðlilegt þykir nú að taka af öll tvímæli um að löggildingarskyldan geti náð til hvers konar gjaldmæla sem ekki hafa verið háðir eftirliti og að unnt sé að banna notkun ólöggiltra eða eftirlitsskyldra mælitækja sem ekki uppfylla þessar settu kröfur. Í framkvæmd verður þessu í mörgum tilvikum hagað þannig að gerðar verða kröfur til faggildingar skv. IV. kafla þessa frv. á þeim prófunarstofum sem annast eftirlitsprófanir á ýmiss konar gjaldmælum. Ég nefni sem dæmi mæla orkuveitna. Settar verða skýrari reglur um eftirlit með og endurlöggildingu á hvers konar mælitækjum sem notuð eru í viðskiptum.

Ákvæðin í IV. kafla frv. eru nýmæli hér á landi og byggja á þeirri tilhögun sem tekin verður upp á Evrópska efnahagssvæðinu að fyrirtæki og stofnanir, sem framkvæma lögbundnar prófarnir eða vottanir að vara, ferli eða þjónusta, svo og hæfni og þekking starfsmanna, uppfylli lögbundnar kröfur, skuli hafa það sem hér eru nefnd faggilding. Þetta nær einnig til prófana og vottunar sem skylt er að framkvæma samkvæmt alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að. Í þessu felst að gerðar skuli ríkar kröfur um verklagsreglur og traust þeirra aðila sem annast lögbundna starfsemi af þessu tagi, hvort sem um er að ræða opinbera aðila eða einkaaðila sem taka að sér lögbundin verkefni. Í þessu felst viss trygging stjórnvalda, atvinnulífs og alls almennings um það að þessir aðilar uppfylli tilteknar kröfur.

Dæmi um opinberar stofnanir sem falla undir þetta

ákvæði eru Vinnueftirlit ríkisins, Rafmagnseftirlit ríkisins, Hollustuvernd ríkisins, Bifreiðaskoðun Íslands hf. og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Með því að lögfesta kröfur af þessu tagi skapast forsendur fyrir því að fela einkaaðilum fleiri verkefni sem opinberar eftirlits- og prófunarstofur hafa til þessa sinnt.

Það er frá því að skýra að í öllum aðildarríkjum Evrópubandalagsins og EFTA eru starfandi faggildingaraðilar. Tilgangurinn með starfsemi þeirra hefur fyrst og fremst verið sá að skapa nauðsynlegt traust milli stjórnvalda þannig að unnt sé að taka skyldubundna prófun í einu ríki gilda í öðru svo framarlega sem hún er framkvæmd af faggiltri prófunarstofu. Tilgangurinn með þessu er að draga úr tæknilegum viðskiptahindrunum sem m.a. felast í endurteknum prófunum á vöru þegar hún er flutt milli landa.

Til að tryggja eðlilega samkeppni er lagt til í 2. mgr. 11. gr. að faggilding frá faggildingarstofnunum innan Evrópska efnahagssvæðisins skuli einnig gilda hér á landi og að ráðherra geti veitt stofnunum utan svæðisins sams konar heimild. Þetta merkir að aðilar á Íslandi geta leitað faggildingar erlendis og þar með verður Löggildingarstofunni veitt aðhald með samkeppni.

Þótt Löggildingarstofunni sé ætlað að sinna faggildingu á Íslandi er ekki gert ráð fyrir að sú starfsemi kalli á verulega fjölgun starfsmanna. Starfsemin er þess eðlis að við faggildingu á einstökum stofnunum eða starfsemi þeirra verður leitað til sérfróðra aðila á því sviði sem um er að ræða hverju sinni. Þá hefur viðskrn. fyrir hönd Löggildingarstofunnar gert samstarfssamning við sænsku faggildingarstofnunina, SWEDAC, um aðgang Löggildingarstofunnar að sérfræðingum og þekkingu þeirrar stofnunar.

Ég vil næst víkja nokkuð að V. kafla sem fjallar um starfsemi Löggildingarstofunnar en eins og fram kom í greinargerðinni tók þessi stofnun til starfa árið 1919. Í 14. gr. er ákvæði um að Löggildingarstofan sé sjálfstæð yfirstofnun sem lúti yfirstjórn viðskrn. Hún skiptist í deildir samkvæmt ákvörðun ráðherra og er að svo stöddu haft í huga að við stofnunina sé starfandi annars vegar mælifræðideild og hins vegar faggildingardeild. Lagt er til að heimilt sé að setja á fót sérstakar ráðgjafarnefndir um starfsemi einstakra deilda og virðist vera þörf á því við þær breytingar á starfi stofnunarinnar sem fyrirsjáanlegar eru á næstu missirum.

Í 15. gr. er fjallað um hlutverk Löggildingarstofunnar og svo í þeirri 18. eru ákvæði um gjaldskrá hennar. Í umsögnum um frv. eins og það var lagt fram á 115. þingi kom fram sá ótti hagsmunaaðila að tekjur af starfi stofnunarinnar á sviði löggildingarmælitækja yrðu notaðar til þess að byggja upp bákn sem gæti útilokað starfsemi annarra aðila á þessu sviði hér á landi. Til þess að taka af öll tvímæli um þetta er nú lagt til í 2. mgr. 18. gr. að þar komi ákvæði þess efnis að þess verði ávallt gætt að tekjum Löggildingarstofunnar af löggildingu mælitækja og annarri lögbundinni starfsemi sé ekki varið til þess að standa straum af kostnaði við þjónustu sem öðrum aðilum er einnig heimilt að veita.

Í VI. kafla frv. er fjallað um löggilta vigtarmenn og kemur þessi kafli í stað laga frá árinu 1915. Lagt er til að almennar kröfur séu gerðar til löggildingar vigtarmanna og almenna reglan sé að löggildingin gildi fimm ár í senn. Gerð er krafa til þess að vigtarmenn hafi sótt námskeið í störfum vigtarmanna og standist prófkröfur í námskeiðslok.

Þá vil ég benda á að í ákvæði til bráðabirgða I er gert ráð fyrir að eldri löggildingar vigtarmanna haldi gildi með vissum skilyrðum en þó ekki lengur en til 1. jan. 1998.

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta frv. feli í sér ýmsar mikilvægar og nauðsynlegar breytingar og legg áherslu á að það verði samþykkt í þessari fyrstu lotu þinghaldsins þannig að það geti tekið gildi um næstu áramót. Sú tillaga er hér flutt í ljósi þess að þótt frv. sé flutt í tengslum við frv. um fullgildingu samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði, þá hefur þetta frv. sjálfstætt gildi og ákvæði þess eru nauðsynleg fyrir viðskipti okkar við ríki EFTA og Evrópubandalagsins hvort sem samningurinn um EES tekur gildi fyrr eða síðar. Ég geri það því að tillögu minni að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Þetta er eitt af þeim frumvörpum sem efh.- og viðskn. er farin að vinna að. Ég vil þó leggja áherslu á að það er mikilvægt að það verði vandað til þessarar löggjafar og það komi skýr skilaboð frá löggjafanum um það hvernig að þessu verði staðið.

Það er nú einu sinni svo að komi maður í lítil fiskvinnslufyrirtæki úti á landi, þá er fátt eitt sem getur kveikt meira í mönnum heldur en þegar farið er að ræða um Löggildingarstofuna og þann kostnað sem menn telja að hafi verið starfsemi þessari samfara fram að þessu. Ég legg áherslu á það atriði sem hér kemur fram að það er heimilt að fela öðrum en Löggildingarstofunni að annast löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogum. Það er út af fyrir sig mjög jákvætt ef menn geta dreift þeirri starfsemi.

Síðan ætla ég að fara örfáum orðum um þá kafla sem hér eru um faggildingu. Ég held að þar sé um að ræða atriði sem geti verið mikilvægt fyrir okkar útflutningsaðila og vöruútflutning ef það tekst að gera þau atriði virk og menn geti með faggildingu hér innan lands, aflað sér þeirra vottorða hvað vissa þætti gæða framleiðslunnar snertir til þess að komast inn á ákveðna erlenda markaði.

Ég sagði í upphafi að ég sæi ekki ástæðu til þess að hafa hér mörg orð, en ítreka það sem ég sagði í mínum upphafsorðum að ég held að mikilvægt sé að það komi frá löggjafanum nokkuð skýr skilaboð um það hvernig staðið verði að þessum þætti sem snertir bæði framleiðsluna og kannski í meira mæli, ef þessi lög verða samþykkt, viðskiptin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Öryggi framleiðsluvöru, 1. umr.

Stjfrv., 8. mál. — Þskj. 8.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um öryggi framleiðsluvöru sem er á þskj. 8 en þetta frv. er samið í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Það var upphaflega lagt fram á 115. löggjafarþingi en kom þá ekki til umræðu.

Efh.- og viðskn. fékk frv. til umfjöllunar og sendi það til umsagnar ýmsum aðilum sem málið varðar. Það bárust engar efnislegar athugasemdir en hins vegar nokkrar formlegar athugasemdir og málið er því lagt fram svo til óbreytt frá því sem það var á 115. þingi.

Við samningu frv. var höfð hliðsjón af tilskipun Evrópubandalagsins varðandi öryggi framleiðsluvöru en þessi tillaga var endanlega samþykkt í júní sl. og eiga ákvæði tilskipunarinnar að hafa tekið gildi í löndum Evrópubandalagsins eigi síðar en 1. júlí 1994. Frv. er einnig byggt á sænskum og norskum lögum um þetta efni, en í nágrannalöndum okkar hafa verið í gildi almenn lög um vöruöryggi árum saman.

Hér á landi hafa ekki verið í gildi sérstök lög um öryggi framleiðsluvöru en hins vegar hafa ákvæði laga nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, náð til þessa atriðis að hluta. Þessi lög eru nú í endurskoðun að því er varðar matvælin og kemur þetta frv. í stað þess sem þá stendur eftir af lögunum frá 1936.

Samkvæmt 72. gr. og XIX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er áformað að samræma löggjöf ríkja efnahagssvæðisins á sviði neytendamála með ákveðnum hætti og eru þar á meðal nefndar tilskipanir Evrópubandalagsins varðandi öryggi leikfanga og um vörur sem geta reynst hættulegar heilsu og öryggi neytenda þar eð þær virðast aðrar en þær eru. Í viðskrn. eru í undirbúningi reglugerðir til þess að uppfylla ákvæði þessara tilskipana og munu þær verða samdar á grundvelli laganna um öryggi framleiðsluvöru ef þetta frv. verður að lögum.

Markmiðið með setningu þessara laga er að koma í veg fyrir að vara og þjónusta geti valdið tjóni á mönnum, munum og umhverfi. Til að stuðla að því er seljanda gert skylt að gefa nauðsynlegar upplýsingar í öryggis- og aðvörunarskyni og í vissum tilfellum er hægt að banna honum að bjóða fram vöru eða þjónustu eða skylda hann til þess að afturkalla vöru eða þjónustu af markaði. Framkvæmd laganna mun verða í höndum viðskrh. og er áformað að hann setji reglugerð um nánari fyrirmæli um framkvæmd.

Virðulegi forseti. Þetta frv. til neytendalaga, ef að lögum verður, mun mjög auðvelda eftirlit með vöru og þjónustu á markaðnum þannig að hægt ætti að vera að koma í veg fyrir að slík vara eða þjónusta nái til neytanda og valdi honum tjóni. Ég legg því áherslu á að frv. fái afgreiðslu á þessu hausti og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Til að spara tíma hef ég kosið að koma athugasemdum mínum á framfæri eða öllu heldur fyrirspurn í andsvarsformi. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, af því að ég sé ekki að það sé tekið fram, hvort ekki beri að hafa allar leiðbeiningar og aðvaranir á vöru á því tungumáli sem talað er í hverju aðildarríki. Það er lítið gagn í alls kyns aðvörunum og vörulýsingum á framleiðsluvöru ef neytendur ekki geta lesið það sem á vörunni stendur.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt mál að leiðbeiningar, aðvaranir eða upplýsingar um eðli og eiginleika framleiðsluvöru sem selja á á íslenskum markaði, ef þörf krefur vegna ákvæða eins og eru í þessum lögum, verði á íslensku.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég verð nú að segja það að mér finnst hæstv. viðskrh. vera kjarkmaður að mæla fyrir þessu frv. í því formi sem það er hér. Þetta er eitt af þeim málum sem hefur fengið nokkra umfjöllun í hv. efh.- og viðskn. og það voru mjög vinsamleg tilmæli, og ég held alveg samhljóða, nefndarmanna á síðasta fundi að þetta frv. yrði tekið til nánari vinnslu og menn útskýrðu nánar hvað það þýddi og hvernig ætti að framkvæma það. Það hefur m.a. komið fram í álitsgerð hjá Verkfræðingafélagi Íslands að þetta frv. sé að nokkru leyti byggt á misskilningi. Ef menn taki þá tilskipun Evrópubandalagsins sem það er byggt á, þá fjalli það eingöngu um vöru sem virðist vera annað en hún er. Það minnir mig á ágætan dægurlagatexta sem Björk Guðmundsdóttir söng um plastið, af hverju plastið væri alltaf að þykjast eitthvað annað en það er, af hverju það væri að þykjast vera leður og hinir ýmsu aðrir efnisþættir, en það er nú útúrdúr. En menn þurfa að vera miklu klárari á því hvað verið er að setja í lög. Þetta kannski undirstrikar enn þá einu sinni hvílíkt álag hefur verið á okkar litla stjórnsýslukerfi við að koma þessu öllu saman frá sér á skömmum tíma.

Í öðru lagi var mjög óljóst um hvað þetta ætti að fjalla, hvernig er samspil þessara laga við Rafmagnseftirlit, Matvælaeftirlit, Vinnueftirlit og fleiri eftirlitsstofnanir. Í 9. gr. segir: „Nú er fyrirmælum eftirlitsaðila ekki hlýtt ...“ Hver er þessi eftirlitsaðili? spurðum við í nefndinni? Það er alveg óklárt hver á að annast þetta eftirlit og við bentum á að það hlyti að vera nauðsynlegt í okkar litla stjórnkerfi til þess að gera það nú ekki enn þá umfangsmeira og dýrara en það er í dag að reynt yrði að samræma á einhvern hátt allar þessar eftirlitsstofnnair og við þá vinnu yrði sá þáttur, sem hér er verið að ræða um, tekinn inn.

Þetta eru nú þau efnislegu atriði sem ég vildi koma á framfæri við þessa 1. umr.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Frú forseti. Ég vildi koma hér á framfæri örfáum athugasemdum varðandi þetta frv. Hugsunin í þessu

frv. er að mínum dómi mjög þörf og merkileg. Hér er m.a. um að ræða vörur sem gjarnan eru á boðstólum fyrir börn. Hér er t.d. verið að huga að leikföngum sem geta verið hættuleg börnum og ýmiss konar eftirlíkingar, t.d. af matvælum sem börn geta glapist af og sett upp í sig en reynast þeim hættuleg. Eflaust er ýmislegt fleira sem þarna kemur inn í en þetta er m.a. hugsunin með þessu frv.

En því er ekki að leyna að í sumar þegar efh.- og viðskn. var að kanna þetta mál og nú síðast eftir að þing hófst, þá kom í ljós að það eru gerðar allmiklar athugasemdir við þetta frv., bæði hvað varðar skilgreiningar á hugtökum, sem við getum að sjálfsögðu lagað í efh.- og viðskn. Það hefur t.d. verið spurt varðandi 1. gr.: Hvað er átt við með hugtakinu munir? hvort það nái nógu vítt, og það hefur líka verið gerð athugasemd við skilgreininguna á hugtakinu vara. En meginathugasemdirnar beinast að 4. gr., eins og fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns, þar sem algerlega er óljóst hver þessi eftirlitsaðili er. Hver er það sem á að hafa eftirlit með þessu? Undir hvern heyrir þetta, eftirlit með hættulegum vörum eða öryggi framleiðsluvöru? Meðal annars hefur Verkfræðingafélagið bent á að verið sé að vísa til ákveðinnar tilskipunar hjá EB en inntak þessara laga sé miklu almennara en fram kemur í tilskipuninni og þar af leiðandi sé ekki samræmi þarna á milli. Þetta þurfum við náttúrlega að athuga betur. Þá hafa Neytendasamtökin bent á það að þessi grein sé ekki í samræmi við þrískiptingu ríkisvaldsins, þ.e. ráðherrann setur reglugerð og jafnframt skipar fyrir um það hver skuli hafa með höndum eftirlitið með því að reglugerðin sé haldin. Ég ætla ekki að leggja dóm á þetta en vek bara athygli á því hvort þetta samrýmist hugmyndum um þrískipt vald og réttaröryggi eins og segir í athugasemd Neytendasamtakanna.

Ég tek undir það sem fram kom hjá hv. 14. þm. Reykv. Það er auðvitað mjög mikilvægt að aðvaranir séu á íslensku. Mín meginspurning til hæstv. viðskrh. er þessi: Hver á þessi eftirlitsaðili að vera og hvað líður vinnu varðandi það að sameina og samræma það eftirlit sem fram fer hér á landi með ýmiss konar framleiðslu og þjónustu þar sem það kom fram í efh.- og viðskn. að unnið er að slíkri samræmingu? Það verður auðvitað að skýrast áður en við göngum frá þessum lögum hver á að hafa eftirlit með því að þeim sé framfylgt.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem hér hafa tekið til máls í umræðunum fyrir ábendingar þeirra. Það var margt rétt athugað í ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e. Við höfum fengið til umfjöllunar í viðskrn. athugasemdir sem borist hafa frá ýmsum umsagnaraðilum um þetta frv. Við höfum gert tillögur til hv. efh.- og viðskn. um breytingar á frv. í ljósi þessara athugasemda sem ég vona að nefndarmönnum hafi borist en það bréf var sent nefndinni þann 8. sept. sl.

Það er hárrétt sem kom fram í máli hv. 18. þm. Reykv. að hér er verið að fara að nokkru leyti inn á nýja braut. Ég held að það sé rétt athugað hjá henni að hugsunin sem á bak við frv. býr sé þörf og æskilegt að komist í framkvæmd. Með eftirlitsaðila er hér átt við þann eftirlitsaðila sem fer með viðkomandi málasvið. Þetta getur verið Hollustuverndin eða Heilbrigðiseftirlitið. Þetta geta verið aðrir aðilar. Ég vil ekki, og ég endurtek, vil ekki láta þær aðstæður að okkar stjórnkerfi sé ekki fullbúið í öllum greinum tefja það að fram komi neytendaverndarlöggjöf af því tagi sem hér er um að tefla. Ég vil heldur að þarna séu einhverjar eyður í framkvæmdinni ef meginhugsunin er fest í lög og ég vona að ég fái stuðning þingsins til þess. Ég lýsi mig jafnframt reiðubúinn til þess að athuga mjög vandlega hverja grein í frv. og breyta öllu því sem á er bent að betur megi fara í samstarfi við nefndina. Ég þakka fyrir það samstarf sem fram hefur farið í sumar um þetta mál og önnur en endurtek að ég tel alveg nauðsynlegt að marka stefnu í þessu máli þannig að lagastoð sé til í sambandi við hættulega vöru og þjónustu og ekki síst, eins og hv. 18. þm. Reykv. nefndi, í sambandi við leikföng og annað sem ætlað er börnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsgöngu- og fjarsala, 1. umr.

Stjfrv., 10. mál. — Þskj. 10.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um húsgöngu- og fjarsölu sem er á þskj. 10 en þetta frv. er flutt í tengslum við frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið. Það var upphaflega lagt fram á 115. löggjafarþingi en fékk þá ekki umræðu. Efh.- og viðskn. fékk frv. til meðferðar í sumar og hún sendi það til umsagnar ýmissa aðila sem láta sig málið varða. Frv. er hér lagt fram að nýju með smávægilegum breytingum í ljósi þessara athugasemda.

Í 72. gr. EES-samningsins, sem vísar til XIX. viðauka við hann, samþykkja stjórnvöld í EFTA-ríkjunum að laga löggjöf sína að tilteknum gerðum Evrópubandalagsins. Þar á meðal er tilskipun Evrópubandalagsráðsins frá 22. des. 1985 sem fjallar um húsgöngusölu og er þetta frv. sniðið eftir efni hennar. Einnig er við gerð frv. höfð hliðsjón af tillögu að tilskipun Evrópubandalagsins varðandi fjarsölu en með slíkri sölu er átt við viðskipti þar sem kaupandi og seljandi hittast ekki heldur fer sölustarfsemin fram með aðstoð síma, bréfsíma, sjónvarps, með útsendum pöntunarlistum eða með tölvusamskiptum. Þetta form viðskipta fer nú óðum í vöxt.

Markmiðið með frv. er að sett verði lög sem verndi neytendur gegn óréttmætum viðskiptaháttum er tengjast sölumennsku utan fastra starfsstöðva verslunarmanna eða verslunarfyrirtækja og verður þörfin fyrir slíka vernd mikilvægari eftir því sem söluaðferðunum fjölgar og augljóst að flest ákvæði gildandi kaupalaga,

sem verja hagsmuni neytenda, byggjast á því að um ákveðna verslunarstaði sé að ræða. Viðskiptahættir þar sem seljendur og kaupendur gera með sér samninga eða takast á hendur einhliða skuldbindingar utan starfsstöðvar seljandans verða æ algengari í okkar samfélagi.

Það sem einkennir þessa samninga er að það er nær undantekningarlaust seljandinn sem á frumkvæðið að viðskiptunum. Neytandinn er því oft óviðbúinn viðskiptum og tilboð seljenda geta komið honum í opna skjöldu. Neytendum gefst sjaldan kostur á að bera gæði og verð tilboðsins saman við önnur tilboð á markaðnum ólíkt því sem er um viðskipt þar sem neytandinn, kaupandinn á frumkvæði að viðskiptunum.

Virðulegi forseti. Frv. þetta, ef að lögum verður, mun auka vernd neytenda gegn seljendum þegar gerðir eru samningar á faraldsfæti utan fastrar starfsstöðvar seljandans. Ég legg áherslu á að frv. fái afgreiðslu á þessu hausti og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki stillt mig um, þegar verið er að tryggja rétt manna við kaup á því sem selt er við dyrnar, eftir því sem ég skil þetta frv., enn og aftur, af því að nú eru um það bil tíu ár síðan ég gerði það fyrst, að spyrja hæstv. iðn.- og viðskrh. hvað líði löggjöf um greiðslukort. Það er með ólíkindum að það skuli hafa tekið a.m.k. tíu ár að koma í gegnum þingið lögum um greiðslukortaviðskipti. Ég vil spyrja í fáfræði minni: Hvernig er slíku háttað í hinum væntanlegu samstarfslöndum Evrópska efnahagssvæðisins? Illa trúi ég því að greiðslukortaviðskipti hafi ekki lagastoð í þessum löndum og ég vil a.m.k. spyrja hvort ekki sé örugglega svo og þar með hvenær við megum vænta þess að hið háa Alþingi komi frá sér löggjöf um greiðslukortaviðskipti.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta mál er að sönnu ekki til umræðu hér en ég vil taka fram að í 10. dagskrármálinu, samkeppnislagafrumvarpinu, sem er 9. mál þingsins á þskj. 9, er kafli um greiðslukort. Það ber þannig að að ég hef á mörgum þingum flutt tillögu til laga um greiðslukortaviðskiptin. Nú hefur náðst um það samkomulag, vona ég, við ýmsa sem hafa látið sig málið varða hér í þinginu og utan þess að fella almennar reglur um þessi viðskipti inn í samkeppnislögin og ég bið hv. 14. þm. Reykv. að kynna sér efni þeirrar tillögu. Ég vonast til þess að þetta frv. megi koma til umræðu hér á eftir.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umfjöllunar var til umfjöllunar í efh.- og viðskn. í sumar og hét þá Frumvarp til laga um húsgöngusölu o.fl. en heitir nú Frumvarp til laga um húsgöngu- og fjarsölu. Við yfirferð yfir fyrstu drög frv. gagnrýndum við það m.a. að í 9. gr. frv. kom fram, með leyfi forseta:

„Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara og er honum heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna með reglugerð. Í slíkri reglugerð getur ráðherra ákveðið að lögin nái einnig til fjarsölu og getur hann sett nánari reglur um neytendvernd í því sambandi."

Okkur þótti óeðlilegt að það væri verið að setja sérstaka löggjöf um húsgöngusölu o.fl. og hnýta síðan fjarsölu inn í þessa löggjöf án þess að vita nokkuð nánar hvaða reglur yrðu settar um fjarsölu. Ég tek undir það með hæstv. viðskrh. að þetta form sölu hefur farið vaxandi og mun fara vaxandi og líklegt að svokölluð húsgöngusala verði mun minni en fjarsala, þ.e. fólk geti keypt ýmsa hluti og stofnað til viðskipta í gegnum sjónvarpstæki, í gegnum tölvur o.s.frv. Því er nauðsynlegt að um þetta gildi ákveðnar reglur er vernda neytendur frá óeðlilegum viðskiptaháttum í þessu sambandi. Nú hefur þessu verið breytt og mér sýnist að breytingin hafi gengið í þá átt, eins og fram kemur í 5. gr., með leyfi forseta:

„Lög þessi eiga við um fjarsölu eftir því sem við á, en ráðherra getur sett nánari reglur um neytendavernd í því sambandi í samræmi við þær reglur sem samþykktar verða um það efni í samstarfi ríkja Evrópska efnahagssvæðisins."

Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. hvort hér sé ekki fulllangt gengið. Er ástæða til þess að gefa sérstakar heimildir til þess að setja reglugerðir um allt það sem hugsanlega kunni að verða samþykkt í samstarfi þessara ríkja? Liggur svo mikið á í sambandi við löggjöf af þessu tagi að það megi ekki bíða eftir því að slíkar reglur komi fram? Ber okkur einhver skylda til að veita framkvæmdarvaldinu slíkar lagaheimildir?

Ég er ekki með þessu, hæstv. viðskrh., að halda því fram að hér sé um sérstakt hættumál að ræða eða hér sé verið að veita viðskrh. hættulegar heimildir. Þetta er tiltölulega saklaust mál í sjálfu sér og sjálfsagt að setja um þetta reglur í ljósi vaxandi viðskipta á þessu sviði. En mér finnst að þetta frv. beri nokkurn keim af fljótræði og ekki sé tími til að bíða eftir því að menn komi sér saman um reglur. Það er ávallt verið að breyta lögum hér á Alþingi og það er meira að segja svo að hér er almennt verið að flytja allt of mikið af frumvörpum. Það hefur ávallt verið svo og ekki hefur það farið batnandi í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það er verið að setja lög um alls konar mál og oft og tíðum er gengið of langt í því skyni að mínu mati og minni tími gefst til að huga að framkvæmd nauðsynlegra laga. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst þetta bera vott um bráðræði þar sem eigi að koma öllu í höfn í eitt skipti fyrir öll eins og það muni aldrei verða tími síðar til að líta á mál sem þetta. Þess vegna finnst mér að þetta sé eitt af þeim málum sem þurfi að vinnast betur og ætti að vísa því aftur til viðskrn. til frekari vinnslu og umfjöllunar.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég geri ráð fyrir því að sumt af því sem er í frv. sé til bóta og mér finnst það vera það. En ástæðan fyrir því að ég tek til máls núna er sú að ég vil beina því til nefndarmanna að skoða þetta vel

með tilliti til neytenda að því leyti sem varðar ónæði á heimilum, þ.e. friðhelgi heimilisins. Ég hef þá skoðun að lög um húsgöngusölu munu verða litin þeim augum af þeim sem hana stunda að þau veiti þeim meiri rétt til að banka upp á hjá fólki og ónáða það. (**Gripið fram í:** Guð hjálpi okkur þá.) Já, guð hjálpi okkur þá. Mér finnst að það þurfi að skoða hvort ekki eigi að vernda fólk á einhvern hátt fyrir þessu, t.d. með því að taka það fram, svo ég segi það sem mér dettur í hug hér í stólnum, við sínar útidyr að maður kæri sig ekki um að vera ónáðaður af sölumönnum og þá séu þeir lagalega skyldugir til að virða það.

Ég hef trú á því að kannski komi að því að neytendur fái frið fyrir sölumönnum. Þannig er það í dag að svona sölustarfsemi fer ekki fram á venjulegum verslunartíma heldur á maður yfirleitt von á fólki sem vill koma sínum vörum á framfæri á öllum öðrum tímum, oftast nær er ég a.m.k. ónáðaður eftir kvöldmat með svona tilboðum.

Ég veit satt að segja ekki hvernig á að bregðast við annarri tegund sölumennsku. Það eru sífelldar símhringingar með alls kyns tilboðum og þar sem menn kurteisi sinnar vegna geta ekki kannski lagt á heldur verða að hlusta á langa romsu af útlistunum þess sem í símanum er um hvað það væri sniðugt hjá viðkomandi að kaupa eitthvað eða gerast áskrifandi að einhverju blaði. Mér finnst þetta satt að segja vera gengið langt úr hófi og ég held að menn ættu að velta því vandlega fyrir sér, ef menn setja á annað borð lög eða reglur til verndar neytendum í svona skyni, hvort menn geta ekki með einhverjum hætti komið þar inn möguleikum til að fólk geti beðist undan því að vera sífellt ónáðað af sölumönnum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Austurl. dró athygli okkar að því að í 5. gr. frv. er tilvísun til reglna sem samþykktar kynnu að verða um neytendavernd í samstarfi ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Ég get verið honum sammála um að það kunni að mega orða þetta með öðrum hætti og ég treysti því að hv. efh.- og viðskn. hugi gaumgæfilega að því. En ég er ekki sammála honum um að þetta sé ekki tímabær löggjöf. Því miður er ég sannfærður um að við verðum að tryggja réttarstöðu neytenda í þessum málum fyrr frekar en síðar. Ég er fullkomlega sammála honum um að við þurfum ekki að hafa þarna einhvers konar fyrirframsamþykkt á þeim reglum sem þarna kynnu að verða settar. Það má vel vera að það megi orða með öðrum hætti og ég treysti á að nefndin finni þar lausnir í samstarfi við ráðuneytið.

En ég vil líka benda á, eins og kom reyndar fram í máli hv. 1. þm. Austurl., að það hefur verið unnið að málinu eftir að athugasemdir komu fram við það í hv. efh.- og viðskn. og reyndar hafa borist um það umsagnir og ég treysti því að þarna sé búið að halda því til haga sem mestu máli skiptir. Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum að vinda að því bráðan bug að skýra þessa réttarstöðu þar sem svo mjög hallar oft á aðstöðu samningsaðilanna þegar slíkir samningar eru gerðir um kaup sem hér er verið að festa í lög og reglur.

Ég er sammála hv. 3. þm. Vesturl. um að ónæði á heimilum sem fylgir sölumennsku, bæði á dyratröppum og í gegnum síma, er oft til baga. En ég held að það sé eðlilegra að um slík málefni sé fjallað í lögum um friðhelgi einkalífsins og heimilanna en í neytendaverndarlögum eins og hér er verið að brydda upp á. En ég endurtek að ég þakka þann áhuga sem þessu máli er sýndur og vonast til þess að við finnum leið til að festa þessar reglur í lög sem fyrst.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegi forseti. Aðeins til þess að enginn misskilningur sé í þessu máli milli mín og hæstv. viðskrh., þá er ég honum sammála um að full ástæða er til að setja löggjöf og reglur um fjarsölu. Gallinn við frv. er sá að það er fyrst og fremst samið með tilliti til svokallaðrar húsgöngusölu, m.a. vegna þess að um það mál hafa verið settar sérstakar reglur hjá Evrópubandalaginu og þar með eiga svipaðar reglur að gilda á hinu nýja Evrópska efnahagssvæði ef það verður að veruleika. En gallinn er sá að það kemur nánast ekkert fram í frv. um fjarsölu enda hef ég skilið það svo að verið sé að vinna að slíkum reglum í samstarfi Evrópuríkjanna. Það sem ég átti fyrst og fremst við var að það þýðir lítið að setja löggjöf þar sem nánast ekkert kemur fram um hvernig neytendur skuli verndaðir. Hér er eingöngu sagt að þessi löggjöf skuli ná til fjarsölu og það skuli síðan ákveðið með reglugerð. Það kemur eiginlega ekki mikið annað fram. Þess vegna gæti þessi löggjöf hljóðað þannig: Frumvarp til laga um húsgöngu- og fjarsölu og síðan kæmi 1. gr.: Viðskrh. skal setja reglur um þau mál eftir því sem við á og kann að semjast um í samstarfi ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Nú er það ekki það sem hæstv. viðskrh. er að leggja til. Hann er að leggja til að taka upp hér ákveðnar reglur um húsgöngusölu en fjarsala er annað og ég held að við getum verið sammála um að það verði miklu viðameiri viðskipti í framtíðinni.

Ég á eingöngu við það, hæstv. viðskrh., að hér sé um það mikilvægt mál að ræða sem varði e.t.v. enn þá meira framtíðina en daginn í dag, þó að vissulega sé ekki ástæða til að gera lítið úr þeim viðskiptum eins og þau eru í einhverjum mæli stunduð í dag, að þá þurfi að vanda þetta mál betur og bíða með að setja löggjöf um það þangað til viðskrn., sem leggur frv. fram, veit nokkurn veginn hvað það er að biðja um og Alþingi Íslendinga veit nokkurn veginn um hvað er verið að setja lög og hvernig eigi að nota þá löggjöf. Ég get ekki séð að það komi mikið fram í frv. hvernig eigi að nota löggjöfina. Þar af leiðandi finnst mér þetta vera bráðræðislega unnið og nauðsynlegt fyrir hæstv. viðskrh. að taka málið til endurskoðunar eins og svo mörg önnur frumvörp sem hafa verið unnin að undanförnu. Ég vil taka skýrt fram að ég er ekki að undrast það þó að þessi mál séu í vissum vandræðum. Það er mikið álag fyrir viðkomandi ráðuneyti að ljúka öllum þessum málum. Þar eru ekki margir starfsmenn til reiðu og

það er ekkert óeðlilegt þó að það gangi illa að ljúka mörgum þessum málum. Ég tel hins vegar að þetta sé eitt af því sem geti beðið í nokkra mánuði án þess að það skapist sérstakt hættuástand.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ég get verið sammála hv. 1. þm. Austurl. að það er engin sérstök hætta á að hér skapist hættuástand þótt frv. verði ekki að lögum allra næstu daga. En ég er ekki sammála honum um það að fjarsölustarfsemin sé ekki felld inn í frv. eða grein fyrir því gerð í frv. og athugasemdum með því hvernig hún tengist þessum væntanlegu lögum. Það er skilgreint í frv. hvað það er sem átt er við með orðinu fjarsala, að það séu fyrst og fremst viðskipti þar sem seljandinn hafi ekki möguleika til að skoða vöruna og hann hafi ekki hitt seljandann augliti til auglitis fyrir tilstilli fjarskipta. Í mörgum tilfellum eiga nákvæmlega sömu atriði við, þ.e. að neytandanum sé gefinn sérstakur réttur til að falla frá samningi sem gerður er við þessi skilyrði. Þetta eru hliðstæðurnar í sambandi við húsgöngusöluna og fjarsöluna og allt er þetta fellt inn í frv. Ég get því ekki varist þeirri hugsun að hv. þm. sé að tala út frá drögum að frv. sem fyrr var rætt. Ég er honum alveg sammála um að það þarf að hafa betri gát í sambandi við tilvísun 5. gr. til reglna sem settar kunna að verða á hinu Evrópska efnahagssvæði um þetta mál.

Ég vil að endingu, frú forseti, þakka hv. 1. þm. Austurl. fyrir skilning hans á því viðfangsefni sem við erum hér að glíma við en um leið endurtek ég að ég tel að frv. hafi fengið þá meðferð og þann undirbúning sem við sé að búast í þessu máli. Ég held að það sé mjög til bóta að festa þessar reglur í lög og þar sé ekkert bráðræði á ferðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfaviðskipti, 1. umr.

Stjfrv., 11. mál. — Þskj. 11.

og

Verðbréfasjóðir, 1. umr.

Stjfrv., 12. mál. — Þskj. 12.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Það mun hafa verið rætt um það og hæstv. viðskrh. óskar eftir því að 12. og 13. mál verði rædd saman. Ef enginn hreyfir andmælum mun það verða gert.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir tveimur frumvörpum um tengd efni. Annað er frv. til laga um verðbréfaviðskipti. Það frv. er á þskj. 11. Hitt er frv. til laga um verðbréfasjóði en það frv. er á þskj. 12.

Hér er gerð um það tillaga að þessi frumvörp komi í stað núgildandi laga nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Hér er því ráð fyrir því gert að þessir tveir málaflokkar verði aðskildir með lögum. Engu að síður þykir rétt, með leyfi hæstv. forseta, að fjalla um þessi frumvörp saman þar sem þau varða náskyld efni.

Ég vek athygli þingmanna á því að á næstunni er áformað að mæla fyrir enn einu frv. um þetta eða skylt efni. Þar er um að ræða frv. til laga um Verðbréfaþing Íslands sem er að finna á þskj. 13. Öll eru þessi þrjú frumvörp þáttur í aðlögun íslensks réttar að ákvæðum í samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Frumvörpin hafa verið kynnt hv. efh.- og viðskn. þingsins og hafa fengið þar nokkra umfjöllun.

Löggjöf um verðbréfamiðlun er tiltölulega ný af nálinni hér á landi en fyrstu lögin um þetta efni voru lögin nr. 27/1986, um verðbréfamiðlun. Þau áttu sér skamma ævi og voru felld úr gildi með núgildandi lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfsjóði frá árinu 1989. Núgildandi lög eru mun ítarlegri en lögin frá 1986 og að flestu leyti í samræmi við löggjöf nágrannalandanna á þessu sviði. Engu að síður var ljóst frá upphafi að einstök atriði gildandi laga mundu þarfnast endurskoðunar að fenginni reynslu af framkvæmd þeirra. Við samningu þessara frumvarpa var eftir föngum stuðst við ákvæði núgildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði en jafnframt var stuðst við tilskipanir og tilmæli Evrópubandalagsins sem gilda munu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Einnig var litið til löggjafar nágrannaríkjanna, einkum Noregs og Danmerkur. Hefur löggjöf þessara landa þegar verið löguð að reglum Evrópubandaslagsins að meira eða minna leyti.

Þá er einnig rétt að minna á að frv. til laga um Verðbréfaþing Íslands, sem lagt er fram samhliða frumvörpunum, hefur að nokkru áhrif á ákvæði þessara tveggja frumvarpa sem hér eru til umræðu. Enn er ekki í gildi innan Evrópubandalagsins tilskipun um starfsemi verðbréfafyrirtækja. Hins vegar er tilskipun þar í undirbúningi um svonefnda „investment services" eða fjárfestingarþjónustu sem þessi starfsemi mundi falla undir. Höfð hefur verið hliðsjón af drögum að þessari tilskipun, sér í lagi meginreglunni um gagnkvæma viðurkenningu starfsleyfa á Evrópska efnahagssvæðinu við samningu frv. Það þótti rétt að taka tillit til þessarar tilskipunar eftir því sem kostur er. Á hinn bóginn kynni að þurfa að endurskoða einstök ákvæði þegar slík tilskipun liggur endanlega fyrir.

Hvað verðbréfasjóðina varðar er í gildi Evrópubandalagstilskipun nr. 611/1986 og er frv. um verðbréfasjóðina lagað að henni í fjölmörgum greinum. Ég mun koma að einstökum efnistriðum þess máls hér á eftir.

Virðulegi forseti. Ég hyggst nú víkja að einstökum efnisatriðum frv. um verðbréfaviðskipti. Ákvæði frv. um leyfisveitingar til verðbréfamiðlunar eru að flestu leyti efnislega samhljóða ákvæðum núgildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Leyfisveitinga-

valdið er í höndum ráðherra en því er haldið opnu að ráðherrar feli bankaeftirlitinu þetta vald ef ástæða þykir til. Nokkrar breytingar verða á skilyrðum fyrir leyfisveitingu en þær leiðir af EES-samningnum eins og reyndar meginreglan um gagnkvæma viðurkenningu starfsleyfa sem fram kemur 35. gr. frv.

Ég vík nú nánar að leyfisveitingu til reksturs verðbréfafyrirtækis sem fjallað er um í III. kafla frv. Frv. gerir ráð fyrir nokkrum breytingum á skilyrðum fyrir veitingu leyfis sem nú er nefnt starfsleyfi í stað rekstrarleyfis áður. Lágmarksfjárhæð innborgaðs hlutafjár hækkar úr 20 millj. kr. í 40 millj. kr. Sama gildir um eigið fé sem aldrei skal nema lægri fjárhæð en 40 millj. kr. Þá er einnig mælt fyrir um að fjárhæðirnar skuli miðast við gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU í stað lánskjaravísitölu áður. Þessar breytingar taka allar mið af drögum sem fyrir liggja að tilskipun um „investment services" innan Evrópubandalagsins.

Með frv. er lagt til að lágmarksfjöldi í stjórn verðbréfafyrirtækis verði þrír stjórnarmenn í stað fimm áður. Er með þessu tekið tillit til nýlegra breytinga á ákvæðum hlutafélagalaga um fjölda stjórnarmanna í hlutafélagi.

Í IV. kafla frv. er að finna ákvæði um synjun umsókna um starfsleyfi sem er nýmæli. Samsvarandi ákvæði er að finna í frv. til laga um verðbréfsjóði. Mikilvægi ákvæðis þessa eykst þegar litið er til þess að íslenskt leyfi mundi öðlast sjálfkrafa gildi í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Hér er lagt til að ráðherra verði skylt að rökstyðja synjun og senda umsækjanda, enda er hér um viðurhlutamikla stjórnsýsluathöfn að ræða. Jafnframt er kveðið á um að ákvörðun um leyfisveitingu eða synjun skuli að jafnaði liggja fyrir ekki síðar en að þremur mánuðum liðnum og í síðasta lagi að sex mánuðum liðnum frá því að umsókn barst.

Kafli frv. um réttindi og skyldur verðbréfafyrirtækja sem tekur einnig til verðbréfamiðlara geymir ítarlegri ákvæði en gildandi lög um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði frá 1989. Af helstu nýmælum má hér nefna að felld er brott heimild verðbréfafyrirtækja til að annast rekstur verðbréfasjóða. Þeim er hins vegar heimilt að annast umsjá og varðveislu eigna verðbréfasjóðanna. Þessar breytingar leiða af aðlögun að Evrópubandalagstilskipunum um verðbréfasjóði sem ég vík nánar að síðar. Með frv. er gert ráð fyrir almennri reglu sem kveður á um að gera skuli samning um þá þjónustu sem verðbréfafyrirtæki tekur að sér fyrir sína viðskiptamenn. Með þessu nýmæli er ætlunin að koma í veg fyrir ágreining í samskiptum verðbréfafyrirtækja og viðskiptamanna sem dæmi eru um að upp hafi komið. Þó er ekki raunhæft að skylda aðila til samningagerðar um einstök tilfallandi viðskipti, t.d. milligöngu um kaup eða sölu á einstökum verðbréfum.

Ákvæði frv. um almenn útboð hefur tekið nokkrum breytingum miðað við gildandi lög. Hér er lagt til að fallið sé frá notkun hugtaksins markaðsverðbréf en í stað þess taki ákvæði til allra verðbréfa sem boðin eru almenningi með almennu útboði. Heimild hlutafélaga til að annast sjálf útboð er felld brott og í hennar stað koma skýrari reglur er taka til allra almennra útboða. Meginreglan verður sú að almennt útboð fari fram fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækja nema lög ákveði annað. Að síðustu er gert ráð fyrir þeirri grundvallarbreytingu frá gildandi lögum að öll verðbréf sem boðin eru almenningi með almennu útboði skuli skráð á opinberum verðbréfamarkaði. Það má rekja þessa breytingu að nokkru til frv. til laga um Verðbréfaþing Íslands sem lagt er fram samhliða þessu frv. Þá er ákvæðinu ætlað að stuðla að virkari viðskiptum á opinberum verðbréfamarkaði hér á landi og að auknu öryggi einstakra fjárfestingaraðila. Á því er byggt að almenningur eigi greiðan aðgang að upplýsingum um verðbréf og útgefendur þeirra. Hér er þó ekki um skyldu til skráningar allra verðbréfa að ræða heldur einungis þeirra sem boðin eru almenningi með almennu útboði.

Af fleiri nýmælum má nefna að lagt er til að fleiri verðbréfafyrirtækjum verði bannað að veita lán eða ganga í ábyrgðir vegna verðbréfakaupa. Ákvæðið tekur mið af norskum rétti og er ætlað að stuðla að óhlutdrægni og óháðri stöðu verðbréfafyrirtækja. Með þessu er fyrst og fremst verið að koma í veg fyrir að verðbréfafyrirtækin örvi sölu verðbréfa með því að bjóðast til að lána kaupendum andvirði bréfanna að fullu eða að hluta til lengri eða skemmri tíma. Bannið hefur hvorki áhrif á heimildir verðbréfafyrirtækja til að annast sölutryggingu á verðbréfum né eðlilega bið sem getur orðið á uppgjöri milli einstakra verðbréfafyrirtækja.

Loks er gert ráð fyrir því nýmæli að verðbréfafyrirtæki sé aðeins heimilt að taka þátt í atvinnustarfsemi að því tilskildu að þátttakan sé í eðlilegum tengslum við starfsemi þess og hafi ekki áhrif á óhlutdrægni þess.

Í VI. kafla frv. er fjallað mun ítarlegar og nákvæmar en áður um það sem kallað er misnotkun trúnaðarupplýsinga eða innherjaviðskipti. Þessi mikilvægu ákvæði eru löguð að tilskipun Evrópubandalagsins um þessi efni. Með trúnaðarupplýsingum er hér átt við atriði sem eru líkleg til að hafa áhrif á markaðsverð verðbréfa ef opinberar yrðu.

Um afturköllun leyfa er fjallað í sérstökum kafla í frv. Þessi ákvæði eru mun ítarlegri en ákvæðin í gildandi lögum. Annars vegar er um að ræða skyldur ráðherra til afturköllunar, sem eru auðvitað nýmæli, og hins vegar heimild til afturköllunar. Með ákvæðum kaflans er áhersla lögð á vandaða málsmeðferð enda er afturköllun leyfis viðurhlutamikil og íþyngjandi stjórnsýsluathöfn fyrir þann sem fyrir því verður.

Eins og fram hefur komið í máli mínu gerir frv. ráð fyrir því að ráðherra fari með leyfisveitingar og afturköllun leyfa. Hins vegar hefur þróunin orðið sú víða erlendis að eftirlitsaðilum væru falin þessi verk og eru frændur vorir Danir þar kannski nærtækasta dæmið Af þessum sökum er hér lagt til að ráðherra geti falið bankaeftirlitinu verkefni af þessum toga ef ástæða þykir til án þess að til lagabreytingar komi. Sambærilegt ákvæði er að finna í frv. um verðbréfasjóðina.

Virðulegi forseti. Ég vík nú nokkrum orðum að einstökum efnisatriðum frv. um verðbréfasjóði, helstu

ákvæðum þess og helstu breytingum sem það felur í sér miðað við gildandi lög. Í fjölmörgum greinum er frv. lagað að Evrópubandalagstilskipuninni nr. 611 frá 1985, um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum, eins og það hefur verið þýtt á íslensku. Fyrst ber þar að nefna að gert er ráð fyrir að verðbréfasjóðirnir hafi sérstakt starfsleyfi. Hér er um að ræða breytingu frá gildandi lögum sem ekki gerir ráð fyrir sérstakri leyfisveitingu vegna starfrækslu verðbréfasjóða heldur einungis staðfestingu bankaeftirlitsins á samþykktum sjóðanna.

Af einstökum skilyrðum fyrir veitingu leyfis vil ég nefna að gerðar eru fjárhagslegar kröfur til verðbréfasjóðanna sem ekki er gert í gildandi lögum. Þetta er að mínu áliti bæði eðlilegt og nauðsynlegt, m.a. með hliðsjón af því að með þessu frv. er gert ráð fyrir að verðbréfasjóðirnir verði sjálfstæðari en áður, t.d. hvað varðar aðildarhæfi að dómsmálum. Tilkoma svonefndra rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja er líka hvort tveggja nýmæli í íslenskri löggjöf.

Ég kem þá að synjun umsókna um starfsleyfi en gert er ráð fyrir efnislega sambærilegum ákvæðum í þessu frv. og í frv. um verðbréfaviðskiptin sem ég hef þegar nokkuð rætt. Í þeim kafla frv., sem fjallar um stjórn og skipulag verðbréfasjóða, eru ítarlegri ákvæði en í gildandi lögum um aðalfund, skipan stjórnar og hlutverk hennar. Að auki eru sett ákvæði um almennt og sérstakt hæfi stjórnarmanna í slíkum fyrirtækjum. Hér er stefnt að auknu sjálfstæði og aukinni ábyrgð stjórnarmanna og stjórna á rekstri verðbréfasjóðanna. Þá er það nýmæli í tillögunni að stjórnarmenn verðbréfasjóðs megi ekki jafnframt eiga sæti í stjórn rekstrarfélags eða vörslufyrirtækis verðbréfasjóðsins. Þetta er í samræmi við reglur Evrópubandalagsins á þessu sviði og eðlilegt með tilliti til almenns eftirlitshlutverks stjórnar verðbréfasjóðsins sem tillögur eru um í frv.

Í V. kafla frv. um verðbréfasjóði er að finna mikilvæga breytingu frá gildandi lögum en sá kafli fjallar um rekstrarfélög og vörslufyrirtæki. Gildandi lög um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði gera ráð fyrir að rekstur verðbréfasjóða skuli falinn sérstökum hlutafélögum, þ.e. verðbréfafyrirtækjum. Reglur Evrópubandalagsins leiða hins vegar til þess að verðbréfafyrirtækjum verður óheimilt að reka verðbréfasjóði eins og verið hefur. Reglurnar kveða á um að félög sem annast rekstur sjóðanna, svonefnd rekstrarfélög, skuli eingöngu hafa slíkan rekstur með höndum. Þá er og gert ráð fyrir að svonefndum vörslufyrirtækjum skuli falið að varðveita eignir sjóðanna. Þetta er í samræmi við reglurnar innan Evrópubandalagsins sem ég hef þegar vitnað til.

Samkvæmt frv. gæti verðbréfafyrirtæki gegnt hlutverki vörslufyrirtækis og annast varðveislu eigna verðbréfasjóða. Rekstrarfélagi er hins vegar ætlað að sjá um daglegan rekstur verðbréfasjóðsins, m.a. sölu og innlausn hlutdeildarskírteina og fjárfestingar þess fjár sem sjóðnum er fengið til ávöxtunar. Rekstrarfélög skulu vera óháð og starfa eingöngu að rekstri verðbréfasjóða með nokkrum undantekningum þó. Dæmi um fyrirtæki sem rekstrarfyrirtækjum er heimilt að starfrækja eru einmitt hlutabréfasjóðir og fjárfestingarfélög.

Vörslufyrirtæki eru eins og nafnið gefur til kynna hugsuð til þess að hafa með höndum umsjá og varðveislu verðbréfa. Með því að skilja þannig á milli daglegs rekstrar annars vegar og umsjár og vörslu hins vegar er stefnt að enn frekari vernd fyrir viðskiptavini verðbréfasjóðanna. Er vörslufyrirtækinu ætlað að stuðla að því að fjárfestingar séu í samræmi við lög og að hlíta fyrirmælum rekstrarfélagsins um ráðstöfun eigna nema þær séu í andstöðu við lög eða samþykktir. Því ber einnig að fylgjast með sölu hlutdeildarskírteina, innlausn þeirra og útreikningi á verði þeirra. Vörslufyrirtæki eru þó ekki ábyrg fyrir því að starfsemi verðbréfasjóðsins séu í lögmætu horfi því þá ábyrgð ber stjórn verðbréfasjóðs og rekstrarfélags hans.

Í þeim kafla frv., sem fjallar um hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum, er að langmestu leyti byggt á ákvæðum gildandi laga. Þó er þar einnig höfð hliðsjón af reglum Evrópubandalagsins og ákvæðum danskra laga. Það er nýmæli að gert er ráð fyrir því að hlutdeildarskírteini skuli skráð á opinberum verðbréfamarkaði samkvæmt reglum sem þar gilda. einnig er um nýmæli að ræða þegar kveðið er beinlínis á um að hlutdeildarskírteini verði einungis seld gegn staðgreiðslu. Þetta er hvort tveggja í samræmi við Evrópubandalagsréttinn og dönsk lög á þessu sviði.

Sama má segja um ákvæði frv. um frestun innlausnar sem er nýmæli í lögum. Komi til frestunar á innlausn skal slík frestun vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina í sömu útgáfu. Í athugasemdunum með þessu frv. er að finna ítarlega umfjöllun um það hvenær til frestunar innlausnar getur komið. Hér er að sjálfsögðu um að ræða undantekningu frá meginreglu sem ber að skýra mjög þröngt.

VII. kafli þessa frv. geymir mikilvæg ákvæði um fjárfestingarstefnu verðbréfasjóða sem fela í sér grundvallarbreytingar frá gildandi lögum sem láta verðbréfasjóðum eftir að ákveða í hvers konar verðbréfum er fjárfest. Skv. 20. gr. frv. verður meginreglan hins vegar sú að fjárfesta skal eingöngu í verðbréfum sem skráð eru á opinberum markaði eða höndlað er með á öðrum skipulegum markaði. Er þetta í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur Evrópubandalagsins hvað þetta varðar. Af ákvæðum þessa kafla frv. má sjá að í raun er ætlast til þess að í það minnsta 90% af eignum verðbréfasjóðs skuli ráðstafað með áðurgreindum hætti. Hins vegar er ekki gerð sú krafa að fjárfestingar sjóðsins séu bundnar við sérstök ríki.

Í 21.–25. gr. þessa frv. er að finna býsna flóknar reglur um fjárfestingarstefnu verðbréfasjóða sem allar eiga það sameiginlegt að þeim er ætlað að tryggja dreifingu áhættu og taka í flestum tilfellum mið af reglum Evrópubandalagsins. Ég vek athygli á ítarlegum athugasemdum um þetta efni sem fylgja frv. til frekari glöggvunar, enda er málið á margan hátt tæknilegt en rækilega skýrt í athugasemdum.

Með þessu frv. er lagt til að sú almenna regla verði lögfest, sem í reynd hefur gilt hér í framkvæmd, að fari fjárfesting fram úr leyfilegum mörkum skuli þeg-

ar gerðar ráðstafanir til úrbóta. Þó er það nýmæli að kveðið er á um ákveðinn frest sem bankaeftirlitinu er þó heimilt að víkja frá. Í IX. kafla frv. er að finna ákvæði um eftirlitsskyldu bankaeftirlits sem eru efnislega samhljóða gildandi lögum. Nú er þó kveðið svo á um að um þetta eftirlit gildi jafnframt ákvæði laga um verðbréfaviðskipti sem ég hef þegar fjallað nokkuð um.

Þá er loks í X. kafla frv. fjallað með mun skýrari hætti en áður um afturköllun þegar veittra leyfa. Hér koma sömu sjónarmið til athugunar og í kaflanum um afturköllun leyfa í verðbréfaviðskiptafrv. og ég get vísað til þess sem ég sagði um það mál.

Um tilkynningarskyldu verðbréfasjóða til bankaeftirlitsins og annarra eftirlitsaðila á Evrópska efnahagssvæðinu er fjallað í XI. kafla frv. Hyggist verðbréfasjóður selja eða setja hlutdeildarskírteini sín á markað eða stofna útibú í einhverju aðildarríkjanna ber að tilkynna slíkt til eftirlitsaðila. Þessi tilkynningarskylda er í samræmi við reglur Evrópubandalagsins og er gert ráð fyrir að tilkynnt sé fyrir fram um allar slíkar fyrirætlanir.

Að lokum vil ég taka það fram að í frv. er gert ráð fyrir sambærilegri framsalsheimild ráðuneytis til bankaeftirlits og í frv. til laga um verðbréfaviðskipti hvað varðar leyfisveitingar og gilda um það efni sömu sjónarmið og ég rakti þar.

Virðulegi forseti. Frumvörpin sem ég hef nú mælt fyrir marka að mörgu leyti þáttaskil í þróun verðbréfaviðskipta á Íslandi. Þau fela í sér að íslensk verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóðir fá stóraukna vaxtarmöguleika og þeim eru fengin sambærileg starfsskilyrði og í ríkjum innan aðildarríkja hins Evrópska efnahagssvæðis.

Ég legg til, virðulegi forseti, að þessum tveimur frumvörpum verði að umræðunni lokinni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Guðrún Helgadóttir:

Virðulegur forseti. Aðeins örfáar athugasemdir og spurningar í sambandi við þessi tvö mál. Ég vil fyrst vekja athygli á því að ég er mjög sammála því að um þessi mál sé rætt bæði í einu og satt að segja undrast að ekki skuli hafa verið látið nægja eitt frv. Ég sé ekki hvaða tilgangi það þjónar í raun og veru að hafa þau tvö en það kann að vera meira smekksatriði en það skipti verulegu máli.

Ef við tökum fyrst fyrir 11. málið þá hvarflar það að manni hvort þess sé gætt að samkeppnisaðstaða íslenskra verðbréfafyrirtækja sé sambærileg og í aðildarríkjunum að Evrópska efnahagssvæðinu. Og þá hnýt ég strax um það að ég held að óvenjulegt sé að slík fyrirtæki hafi ekki leyfi til lánastarfsemi. Nú kann að vera að þetta sé ekki rétt hjá mér og ég skal þá taka leiðréttingu en grun hef ég um að erlend verðbréfafyrirtæki í Evrópu hafi almennt leyfi til að stunda lánastarfsemi. Og þá hlýtur sú spurning að vakna hvort þau hafi sömu samkeppnisaðstöðu hér á landi og þau hafa erlendis.

Aðra athugasemd langar mig að gera við 2. gr. frv. eða a.m.k. setja fram þá spurningu hvert hlutverk bankaeftirlits Seðlabankans sé. Ég fæ ekki betur séð en þegar viðskrh. veitir leyfi til verðbréfamiðlunar þá sé, eins og segir seinast í greininni, „áður en leyfi er veitt skal leitað umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands". Síðan í 31. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með starfsemi verðbréfamiðlara og verðbréfafyrirtækja."

Og í 38. gr. segir, með leyfi forseta:

„Ráðherra getur falið bankaeftirlitinu veitingu leyfa til verðbréfamiðlunar skv. II. kafla og starfsleyfa verðbréfafyrirtækja skv. III. kafla, afturköllun leyfa skv. IX. kafla svo og setningu reglna sem ráðherra er falið að setja samkvæmt lögum þessum."

Mér finnst einhvern veginn að þarna hafi bankaeftirlitið allt vald í sínum höndum, bæði sem leyfisveitandi, eftirlitsaðili og í raun og veru dómari í málefnum viðkomandi fyrirtækis og vil því spyrja þann hæstv. ráðherra, sem gekkst fyrir því að gerður væri greinarmunur á hinu þrískipta valdi í þjóðfélaginu, hvort þarna sé ekki ástæða til að gera einhvern greinarmun á völdum bankaeftirlitsins með allri virðingu annars fyrir því.

Í 17. gr. er komið að því vandamáli hvort verðbréf í almennu útboði skuli skráð á opinberum verðbréfamarkaði samkvæmt reglum sem þar gilda um skráningu verðbréfa, þ.e. spurningin um hvort það skuli vera lögbundið að verðbréf séu skráð. Og ég rek augun í að Eiríkur Guðnason hefur gert athugasemd við þetta í séráliti í fskj. og telur að það ættu að vera hagsmunir fyrirtækjanna sjálfra eða verðbréfaeigendanna að þau verði skráð og það sé þá til marks um að þau séu einhvers virði. Um þetta treysti ég mér ekki til þess að fella neinn dóm en væri forvitin að vita hvaða þýðingu þetta hefur. Ég hef satt að segja ekki nógu mikið vit á þessu til þess að gera mér grein fyrir því hvort það sé eðlilegt að skráningin sé lögboðin.

Í 20. gr. þykir mér orðalagið „í eðlilegum tengslum" aðeins óskýrt, ég held að ég sé nú búin að fá skýringu á því en lög eiga helst að vera þannig að maður skilji þau án þess að leita skýringa, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðbréfafyrirtæki er því aðeins heimilt að vera meðeigandi eða þátttakandi í annarri atvinnustarfsemi að slík þátttaka sé í eðlilegum tengslum við starfsemi verðbréfafyrirtækisins og hafi ekki áhrif á óhlutdrægni þess, ..." Ég hef fengið þá skýringu að hér sé einungis um að ræða sams konar fyrirtæki, banka, lánastofnanir af öllu tagi og fjármögnunarfyrirtæki og bið hæstv ráðherra að leiðrétta það ef þetta er rangt hjá mér. En alla vega þykir mér þetta orðalag „í eðlilegum tengslum" segja lesanda frv. afar lítið.

Síðan vil ég bara ítreka það sem ég reyndar gerði að umræðuefni áðan. Í VII. kafla er talað um ársreikninga og endurskoðun og ég tel að afar nauðsynlegt sé í sambandi við öll þessi fjölmörgu mál að aðlagaðar verði reglur um ársreikninga og endurskoðun og uppgjör fyrirtækja til samræmis við það sem annars staðar gerist. Það sýnir hvernig ástandið er hér í landi þegar það getur verið álitamál hjá sjálfum ríkisendurskoð-

anda hvort skila eigi reikningum samkvæmt greiðslugrunni eða rekstrargrunni þannig að þá hljóta ýmsir aðrir að vera í vandræðum með það. Þess vegna tel ég mjög nauðsynlegt að þessi mál verði skoðuð í sambandi við öll þessi nýju frv. um efnahagsmál.

Annað hef ég ekki í fljótu bragði getað séð í 11. málinu sem ástæða væri til að gera athugasemd við. Ég vænti þess og vil jafnframt spyrja að því hvort þessi frv. hafi ekki örugglega farið til umsagnar hagsmunaaðila, verðbréfafyrirtækja af öllu tagi og hvort tillit hafi ekki verið tekið til athugana sem þar komu fram. Ég geri satt að segja ráð fyrir að svo hljóti að hafa verið, en ekki sakar að fá það staðfest. En ef ég tek saman það sem ég hef verið að gera athugasemdir við þá er fyrst þessi spurning um sömu samkeppnisaðstöðu íslenskra verðbréfafyrirtækja og annarra innan Evrópska efnahagssvæðisins ef af verður og hvort bankaeftirlitið hefur ekki einum of fjölskrúðugt vald gagnvart þessum fyrirtækjum.

Að síðustu vil ég benda á ýmis ákvæði sem vara menn við að fara galgopalega með trúnaðarupplýsingar. Þegar þessi ákvæði eru lesin hlýtur maður að velta fyrir sér hvort eðlilegt sé að beita allt of miklum trúnaði um hag þeirra fyrirtækja sem menn eru að reyna að fá annað fólk til að fjárfesta í. Ég held að það þurfi ekki nema lesa Pressuna í dag og reyndar eina Pressu á viku til þess að komast að hvers konar subbuskapur á sér stað í viðskiptum í þessu þjóðfélagi og hvernig menn geta haft fé af samborgurum sínum eina vikuna, orðið gjaldþrota daginn eftir og stofnað nýtt fyrirtæki og haldið áfram að arðræna fólk á allan hátt og enginn virðist fá rönd við reist. Þar segir frá einum ágætum Íslendingi sem hélt áfram að reka fyrirtæki sitt úr tugthúsinu, kallaði starfsliðið bara á morgnana á fund og var að afplána gamla dóma á meðan hann var að afla sér nýrra því að allt virtist vera jafnólöglegt sem hann gerði í tugthúsinu. Ekki batnaði hann við það. Þannig að maður spyr sig: Hvernig í heimsins ósköpunum er hlutafélagaskráningu háttað í þessu landi? Það virtist hver sem er getað stofnað hvert hlutafélagið á fætur öðru þótt þetta séu margdæmdir sakamenn. Virtir bæjarfulltrúar og framkvæmdamenn í þjóðfélaginu láta sig ekki muna um að hafa tugi milljóna af virtum fyrirtækjum í landinu, flýta sér að skipta um nafn á fyrirtækinu og kaupa af sjálfum sér gamla fyrirtækið eða hvernig í ósköpunum sem menn gera þetta nú allt saman. En einhvern veginn fær þetta allt saman að viðgangast og það virðist vera orðin einna helst von um að ekkert verði gert í málum þeirra sem mest hafa af sér brotið að þeir hjálpi til þess að ná í aðra sem eru kannski eilítið skárri og aðstoða þar með lögregluna til þess að koma höndum yfir þá. Og maður spyr sig: Í hvers konar bananalýðveldi býr maður? Hvar er eftirlit með hlutum eins og þessum? Síðan er gengið að heiðvirðu fólki sem hefur verið að reyna að vinna að því að gera atvinnulífið í landinu fjölskrúðugra með kostnaðarsömum tilraunum. Þær hafa ekki alltaf heppnast en þær hafa bæði veitt fólki vinnu og kannski von um betra líf í sinni heimabyggð. Það stendur ekki á því að ganga að þessu fólki. Af hverju er þessu fólki ekki bent á að kaupa fyrirtækið af sjálfu sér og láta það heita eitthvað annað og komast þannig hjá ábyrgð á því sem það er að gera? Ég vil mælast til þess að meðan sótt er af ofurkappi að breyta löggjöf íslensku þjóðarinnar í öllum mögulegum og ómögulegum efnahagsmálum, þá verði ofurlítið litið til þess sem er svo að gerast allt í kringum okkur. Því að ég vil bara spyrja: Vill okkur einhver í Evrópska efnahagssvæðið? Ef menn litu í kringum sig í íslensku efnahagslífi þá trúi ég því satt að segja ekki. Ég held að þeir mundu flýta sér að losna við okkur.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ekki ætla ég að fara að gera tilraun til þess að lýsa íslensku efnahags- og atvinnulífi en ég vil hins vegar ekki taka undir með hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur í öllu því sem hún sagði því að þó að oft sé subbuskapur í ýmsum gjörningum verður maður líka stundum var við subbuskap í fjölmiðlum. Það hefur komið fyrir, fyrir löngu síðan, í íslensku samfélagi að maður eða menn voru dæmdir af fjölmiðlum en voru síðan sýknaðir af Hæstarétti 10 árum síðar. Það vill bara svo til að enginn las hæstaréttardóminn en allir lásu blöðin. Því miður er það svo að það er ekki allt rétt sem stendur í íslenskum blöðum, hvort sem þau koma út daglega eða vikulega, þótt sem betur fer sé sumt satt og rétt. Ég vænti þess þó að a.m.k. nágrannaríki okkar meti ekki íslenskt efnahagslíf af því að lesa suma af þessum pappírum. Ég fullyrði það að íslensk löggjöf um bókhald og reikningshald er ekki síðri en nágrannaríkja okkar, enda er hún nánast sú sama og hjá öðrum Norðurlöndum og hlutafélagalöggjöf og löggjöf á ýmsum sviðum samnorræn löggjöf þar sem fram hefur farið mikið sameiginlegt undirbúningsstarf og er ástæðulaust að gera þá löggjöf tortryggilega. Hitt er svo annað mál, eins og hæstv. viðskrh. sagði, það má alltaf bæta slíka löggjöf, enda er hún stöðugt til endurskoðunar. (Gripið fram í.) Jú, síðan kemur að því vandamáli, hverjir eigi að fylgjast með, hvert eigi að vera vald þeirra og hvað þeir eigi að geta gert. Hér er dæmi um löggjöf sem verið er að leggja til að verði sett til að koma á opinberu eftirliti með starfsemi á sviði verðbréfaviðskipta. Tilgangurinn með slíkri löggjöf hlýtur að vera að tryggja hagsmuni þeirra sem trúa viðkomandi fyrirtækjum fyrir fjármunum sínum og hafa það eftirlit með þessum fyrirtækjum sem tryggja hagsmuni þeirra sem leggja fé í slíka sjóði. Það er hins vegar alltaf álitamál hversu langt skuli ganga í að fylgjast með daglegri starfsemi slíkra fyrirtækja og með hvaða hætti það skuli gert.

Ég vil benda á það sem kemur fram í athugasemdum frá samtökum íslenskra verðbréfafyrirtækja og ég held að allir geti út af fyrir sig tekið undir. Þar segir, með leyfi forseta:

„Opinberum afskiptum af þessu tagi verður þó að setja takmörk þannig að þau hindri ekki eðlilega starfsemi og framþróun og þau geta aldrei komið í stað nauðsynlegrar aðgæslu neytenda sjálfra og þess ásetnings þeirra sem að verðbréfaviðskiptum starfa að starfsemin sé rekin á heiðarlegum og faglegum grundvelli."

Þessi sjálfsögðu atriði eru nefnd hér vegna þeirrar tilhneigingar, sem kemur fram í frumvarpsdrögunum, að auka vald eftirlitsaðila. Ég ætla ekki að halda því fram að verið sé að ofgera hvað snertir vald eftirlitsaðila hér en hins vegar er rétt að nefna þessi sannindi, að það er ekki hægt að hafa eftirlitsaðila hér sem hafa vit fyrir öllum og gera allt fyrir alla. Því mega menn vara sig á því að auðvitað getur það hindrað eðlilega starfsemi og framþróun. Það verður alltaf áhætta falin í viðskiptum. Það verður alltaf áhætta á fjármagnsmörkuðum og enginn eftirlitsaðili er til sem getur komið í veg fyrir það. Og á vegum ríkisins eru engir svo vitrir eftirlitsaðilar að þeir geti komið í veg fyrir einhver töp. Hins vegar verða að vera hér ákveðnar leikreglur og ég vænti þess að þessi frumvörp séu gott skref í þá átt. Þó er nokkuð erfitt að ræða þessi mál vegna þess að þau hafa verið í vinnslu í sumar. Margvíslegar athugasemdir hafa komið og tekið hefur verið tillit til þeirra sumra en ekki allra eins og gengur og gerist. Þetta eru mál af því tagi að best er að vinna þau sem mest í efh.- og viðskn. og því skal ég ekki ræða einstök atriði þeirra hér. Þó langar mig að nefna það sem kemur fram í athugasemdum frá 20. júlí, en þar segir, með leyfi forseta:

„Beindist gagnrýni samtakanna fyrst og fremst að því að verið væri að þrengja svigrúm verðbréfasjóðanna til fjárfestinga meira en EB-reglurnar gerðu ráð fyrir þrátt fyrir yfirlýst markmið í greinargerð með frv. um að verið væri að samræma reglurnar að þessu leyti við reglur EB. Þarf ekki að fara mörgum orðum um þá röskun sem það hefði á samkeppnisstöðu íslenskra verðbréfasjóða gagnvart erlendum sjóðum ef möguleikar þeirra til fjárfestinga væru á einhvern hátt takmarkaðri en þeirra. Áhugi íslenskra fjárfesta hlyti í auknum mæli að beinast að erlendum verðbréfasjóðum og jafnframt myndu íslensku verðbréfasjóðirnir sjálfir fjárfesta að verulegum hluta erlendis."

Þetta er að sjálfsögðu kjarni málsins. Ef við erum sammála um að koma á frelsi í hreyfingu fjármagns milli landa eins og gert er ráð fyrir í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði verða að gilda reglur hér sem tryggja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum fyrirtækjum. Það á jafnt við um verðbréfasjóðina.

Nú hefur sjálfsagt verið tekið tillit til þessarar gagnrýni í einhverjum mæli í þessu frumvarpi, en ef það er rétt að hér sé verið að setja reglur sem eru annars eðlis en reglur sem gilda í löndum sem samningar um frjálsan fjármagnsflutning eru við er það beinlínis ranglátt. Ég veit að hæstv. viðskrh. vill ekki standa að slíkri löggjöf og hef engar ástæður til að ætla að hann hafi nokkrar tilhneigingar til slíks. Sé eitthvað af þessari gagnrýni réttmætt er að mínu mati sjálfsagt að taka tillit til hennar. Það er m.a. verkefni efh.- og viðskn. að ganga úr skugga um réttmæti slíkrar gagnrýni og taka tillit til hennar sé hún rökstudd.

Ég ætla að fjalla um þetta mál fyrst og fremst á sviði efh.- og viðskn. þar sem ég á sæti, en þetta eru þau tvö efnisatriði sem ég hnaut um í þessum síðustu athugasemdum. Svo hljóta menn náttúrlega líka að hnjóta um þessi orð sem þar eru sett fram, með leyfi hæstv. forseta: „Með því að fela bankaeftirlitinu þetta vald er eftirlitsþáttur og úrskurðarþáttur á einni og sömu hendi." Hv. 14. þm. Reykv. kom inn á þetta. Það er heimild til ráðherra að fela bankaeftirlitinu skv. 40. gr. frv. og 39. gr. hins frumvarpsins, ef ég man rétt, ákveðið vald en það er ekki sjálfgefið. Þar segir: „Með þessu er skertur sá trúnaður og sú hlutlausa staða sem nauðsynlegt er að úrskurðaraðilar hafi og er tvímælalaust í anda íslensks stjórnarfarsréttar. Með frumvarpinu er bankaeftirlitinu ekki einungis falið dómsvald, heldur einnig rannsóknarvald og saksóknaravald og um mörg málefni einnig löggjafarvald."

Ef þetta væri allt saman rétt held ég að við gætum orðið sammála um það, ég og hæstv. viðskrh., að hér er nokkuð langt gengið og ekki hægt að setja löggjöf sem hefur slíkan tilgang. Þetta er jafnframt verkefni efh.- og viðskn., að tryggja að svo sé ekki því að það er nauðsynlegt að aðskilja sem mest eftirlitsvald og úrskurðarvald eftir því sem hægt er, svo ekki sé talað um dómsvald sem er sjálfsögð regla. Hitt er svo annað mál að eftirlits- og úrskurðarvald hlýtur þó alltaf í einhverju að fara saman og má þá í því sambandi nefna íslenska skattalöggjöf þar sem útilokað er að aðskilja eftirlits- og úrskurðarvald. þá er mikilvægt að viðkomandi aðilar geti sótt rétt sinn til annarra aðila og það er eitt af því sem þarfnast betri athugunar að því er varðar þetta annars mikilvæga mál. Ég tel að hér hafi verið unnin góð undirbúningsvinna og þetta sé mál sem ætti að geta náðst sæmileg samstaða um.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar aðeins að gera athugasemd við það sem hv. 1. þm. Austurl. sagði. Mér þótti hann tala í mjög föðurlegum tóni til mín, taldi rétt og svo sem einsýnt að það væri verkefni efh.- og viðskn. að fást við þetta mál, aðrir skyldu lítið skipta sér af því — eða það var næstum því sagt. Hann las síðan upp úr umsögnum sem við höfum alls ekki fengið. Það sem er fyrir mig lagt í þingsal eru frumvörpin eins og þau liggja fyrir og ég áskil mér allan rétt til að gera athugasemdir við þau. Mér hlotnaðist sá heiður að hv. 1. þm. Austurl. var meira að segja sammála mér um a.m.k. eina athugasemd mína og ég lýsi því ekki hvað það gleður mig.

Það er auðvitað jafnsjálfsagt þegar frumvörp eru lögð fram sem hlotið hafa verulega umsögn úti í þjóðfélaginu, og sjálfsögð kurteisi, að við fáum líka að sjá þessar umsagnir, þá þyrftum við ekki að vera að þrasa í einhverju sem þegar er búið að benda nefndinni á. Ég hlaut að lesa þetta yfir eins og það er lagt á mitt borð. Annað hef ég ekki til að styðjast við. Ég vænti þess því að hæstv. iðn.- og viðskrh. svari mér um þetta með sambærilega samkeppnisaðstöðu. Hv. 1. þm. Austurl. hefur þegar tekið að sér að annast bankaeftirlitið. Það er þá fyrst og fremst þetta sem mig fýsir að vita, hvort það er ekki einstakt að verðbréfafyrirtæki hafi ekki leyfi til að stunda lánaviðskipti ef við erum að samræma þetta til þess að samkeppnisaðstaðan verði sambærileg.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skal gjarnan beita mér fyrir því að hæstv. 14. þm. Reykv. ...(**GHelg:** Bara háttvirtur.) Já, háttvirtur. (**GHelg:** Það er alveg nóg.) Já. Alveg nóg. Þá skal ég hafa það sem þingmaðurinn vill í þeim efnum, en eitt sinn var þingmaðurinn hæstvirtur eins og fleiri þegar þingmaðurinn var forseti sameinaðs Alþingis, virðulegur forseti þingsins.

Það verður auðvitað alltaf ákveðin verkaskipting hér í þinginu og jafnvel þótt hv. 14. þm. Reykv. vilji fá allar umsagnir með öllum frumvörpum óska ég ekki eftir því og treysti mér ekki til að lesa allt sem kemur á borð fjárln. þingsins. Ég treysti þeim þingmönnum til þess að fjalla um það sem er trúað fyrir því og ef ég ætti að lesa það allt og hlusta á röksemdafærslur um greiðslugrunn og rekstrargrunn þar á bæ — það held ég að ekki sé hægt að leggja á alla þingmenn hér. Við verðum að treysta þeim sem til þess eru kjörnir. Ef þingmenn óska sérstaklega eftir að fá þessar umsagnir liggja þær fyrir. Þær liggja fyrir í skjölum þingsins og það er ekkert vandamál að útvega þær.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hér hafa orðið mjög athyglisverðar umræður og um mál sem skipta afar miklu þegar þetta frv. er rætt. Það er í fyrsta lagi það sem kom fram í máli þeirra beggja, hv. 14. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Austurl., að mikilvægt væri að þessi löggjöf setti íslenskum verðbréfafyrirtækjum og verðbréfasjóðum samkeppnisskilyrði sem væru sambærileg við það sem gerðist í löndunum í kringum okkur. Ég vil fullvissa þessa tvo hv. þingmenn um að það er nákvæmlega það sem er tilgangur þessara frumvarpa.

Það kann að virðast að við séum að setja mikið af nýjum lagaákvæðum en þó er það reyndar ekki efnislega svo því hér er að mestu um það að ræða að flytja í nýjan búning lagareglur sem fyrir voru eða skerpa þær í ljósi reynslunnar og líka það að við séum tilbúin fyrir áramót með regluverk og skipulag fyrir okkar stofnanir sem stenst samjöfnuð, bæði hvað varðar eftirlit og öryggi viðskiptavina og samkeppnisstöðu. Þetta er hinn tvíþætti tilgangur þessara beggja frumvarpa og ég veit að hv. þingmenn sem hér hafa talað eru mér alveg sammála um þennan tilgang.

Það er rétt hjá hv. 14. þm. Reykv. að það kann að vera að reglan um það að verðbréfafyrirtæki megi ekki veita viðskiptavinum sínum lán fyrir andvirði bréfanna að fullu eða að hluta til lengri eða skemmri tíma sé ekki í lögum víða þótt ég telji að hún sé víða í reglum. Hér er fyrst og fremst tekið mið af norskum rétti þar sem slíkt bann er í gildi, en ég tek fram að bann við slíkum lánveitingum, sem að sjálfsögðu er til þess hugsað að verðbréfafyrirtækin verði sem óhlutdrægust og óháðust og séu ekki til þess að örva sölu með því að lána væntanlegum kaupendum peninga, á eingöngu að gilda til þess að takmarka slíka sölumennsku og hefur engin áhrif á heimildir fyrirtækjanna til að veita sölutryggingu fyrir útgáfu bréfa eða eðlilega bið sem getur orðið á uppgjöri vegna viðskipta milli einstakra verðbréfafyrirtækja. Hins vegar er mjög mikilvægt að ekkert sé í þessu lagafrumvarpi sem hindrar eðlilega starfsemi þessara fyrirtækja.

Annað mjög athyglisvert mál sem báðir hv. þingmenn viku að var hvort í tillögum frv. fælist óeðlilegt, óheppilegt samkrull valdþátta hjá bankaeftirlitinu væri því heimilað að annast ýmis þau störf sem aðalregla frv. er að fela ráðherranum.

Ég get sagt það af hjartans einlægni að ekkert er fjær mér en að flétta saman með óhæfilegum hætti valdþáttunum þremur. Hvorki í þessu máli né öðrum vil ég gera það. En það er spurning hvort það t.d. að fela bankaeftirlitinu leyfisveitingar og afturköllun á leyfi til þessarar starfsemi kann ekki einmitt að fela í sér vissa vernd fyrir þá sem í greininni starfa. Einmitt vegna þess sem hv. 1. þm. Austurl. nefndi ættu þeir málskot til ráðuneytisins ef þeim ekki líkaði niðurstaðan. Þetta vil ég nefna sem eina skýringu á þessu, en tek skýrt fram að hér er um heimildir að ræða, ekki ákvörðun. Ég tek undir það sem fram kom hjá hv. 1. þm. Austurl. að þetta er mál sem er einkar heppilegt að ræða fyrst og fremst í nefndum þingsins og tek fram að þar hefur mikil vinna þegar verið fram lögð við að gera þetta mál sem best úr garði. Ég leyfi mér að láta í ljós þá von að sumar af ábendingum hv. 1. þm. Austurl. hafi ekki tekið tillit til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið í ljósi umsagna sem borist hafa frá mörgum aðilum sem fengu málið til umsagnar og þar svara ég um leið einni af spurningum hv. 14. þm. Reykv. Mál þetta hefur sannarlega fengið vandaðan umsagnarferil. Ég bið menn að taka með svolitlu saltkorni þessi stóryrði í bréfinu frá verðbréfafyrirtækjunum þar sem frv. var fundið margt til foráttu sem ekki átti við rök að styðjast, en það sem átti við rök að styðjast vil ég meina að hafi verið tekið til greina.

Ég er alveg sammála hv. 1. þm. Austurl. um það. Við höfum síst þjóða tök á því að tryggja opinbert eftirlit sem verndi menn fyrir sjálfum sér. Það er alltaf álitamál hversu langt á að ganga í eftirlitsstarfsemi hins opinbera, en ég held að það sé fjarri lagi að halda því fram að í þessum lagafrumvörpum felist óhæfileg tilhneiging til þess að auka vald eftirlitsaðilanna. Þvert á móti erum við að reyna að setja upp samkeppnishæfa skipan þessa málaflokks þannig að okkar fyrirtæki geti hindranalaust tekið þátt í viðskiptum á stærra markaðssvæði en áður og til þess þurfa þau að standa mál, bæði hvað varðar viðskiptalega aðstöðu en ekki síður að menn hafi traust á að vel sé staðið að rekstrinum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað. — [Fundarhlé.]

Verðbréfaþing Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 13. mál. — Þskj. 13.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Verðbréfaþing Íslands, en það er að finna á þskj. 13.

Þetta frv. tengist að sjálfsögðu þeim tveimur frv. sem mælt var fyrir undir síðasta dagskrárlið um tengd efni, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Öll eru þessi þrjú frv. skref í aðlögun íslensks réttar á sviði verðbréfaviðskipta að ákvæðum í samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Það hafa ekki áður verið sett sérstök lög um Verðbréfaþing Íslands. Ég ætla því að fara nokkrum orðum um tilurð skipulegra verðbréfaviðskipta á Íslandi, en fyrstu reglurnar um Verðbréfaþing voru settar af bankastjórn Seðlabanka Íslands og staðfestar af viðskrh. sumarið 1985. Seðlabankinn sótti lagaheimild til setningar þessara reglna til þágildandi laga um Seðlabankann. Í reglunum var lögð á það áhersla að markaður með verðbréf yrði sem sveigjanlegastur en jafnframt tryggt að starfsemin yrði traust og heilbrigð. Lagt var á það kapp að öryggi þeirra sem vildu ávaxta sitt fé fyrir milligöngu þingsins yrði borgið sem best.

Fimmtán aðilar sóttu um aðild að Verðbréfaþinginu strax í upphafi, en einungis fjórir fengu slíka aðild. Stofnaðilarnir voru því auk Seðlabankanas: Fjárfestingarfélag Íslands, Iðnaðarbanki Íslands, Kaupþing hf. og Landsbankinn. Í gegnum árin hafa fleiri verið samþykktir sem þingaðilar en flestir hafa þeir verið 13. Í dag eru þeir 10 og má rekja fækkunina til sameiningar viðskiptabankanna, fyrst og fremst.

Í nóvember 1985 voru fyrstu verðbréfin skráð í viðskiptakerfi Verðbréfaþingsins. Í fyrstu var hér um að ræða skráningu á útistandandi flokkum spariskírteina ríkissjóðs en þegar fram liðu stundir bættust við ýmsir flokkar annarra verðbréfa.

Hlutabréf voru fyrst samþykkt til skráningar síðla árs 1991 en nú hafa alls sex félög skráð hlutabréf sín á Verðbréfaþinginu. Mér er óhætt að fullyrða að með tilkomu Verðbréfaþingsins hafi verið skapaður grundvöllur fyrir skipuleg verðbréfaviðskipti á því sem venjulega er kallaður eftirmarkaður hér á landi.

Frumvarpið var upphaflega kynnt sem frumvarp til laga um Kauphöll Íslands en hefur tekið ýmsum breytingum í meðförum þingnefndar og umsagnaraðila. Þessar breytingar hafa verið kynntar efh.- og viðskn. en frv. hefur fengið þar nokkra umfjöllun. Nú er lagt til að hinn opinberi verðbréfamarkaður hér á landi verði áfram kallaður Verðbréfaþing Íslands og að skipan stjórnar verði óbreytt fyrst um sinn.

Frv. gerir ráð fyrir að meginatriði gildandi reglna nr. 26/1992, um Verðbréfaþing Íslands, verði lögfest og að þingið starfi sem sjálfstæð sjálfseignarstofnun. Fram að þessu hefur starfsemi þingsins að mestu farið fram undir verndarvæng Seðlabankans sem hefur m.a. lagt því til starfsaðstöðu og starfskrafta. Gert er ráð fyrir að eftirleiðis verði starfsemin borin uppi af eigin tekjum og að hún færist úr Seðlabankanum er frá líður.

Hér er lagt til að Verðbréfaþing Íslands hafi einkarétt til að stunda kauphallarstarfsemi og að önnur starfsemi verði Verðbréfaþinginu ekki heimil. Byggt er á því að íslenskur verðbréfamarkaður beri varla nema eitt fyrirtæki sem rekur verðbréfaþing á faglegum grundvelli.

Til fróðleiks má geta þess að samkvæmt nýsettum dönskum lögum heldur kauphöll Kaupmannahafnar einkarétti til að starfrækja kauphallarstarfsemi þar í landi.

Eins og ég hef þegar sagt er gert ráð fyrir að Verðbréfaþing verði rekið sem sjálfseignarstofnun en það form er talið henta best hér á landi að svo stöddu. Þess má geta að kauphallirnar í Danmörku og Noregi eru báðar sjálfseignarstofnanir.

Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði skyldar aðildarríkin strangt til tekið ekki til að setja lög um kauphallarviðskiptin. Hins vegar er að finna ákvæði í reglum bandalagsins sem kveða á um það að aðildarríkin skuli tilnefna innlent yfirvald eða yfirvöld sem til þess eru bær að heimila opinbera skráningu verðbréfa þannig að líkar reglur gildi um þetta efni á öllu svæðinu.

Það verður því að teljast æskilegt að hér séu sett sérstök lög, reyndar í samræmi við okkar réttarhefð, um þetta málasvið svo að sem minnstur vafi leiki á um réttindi og skyldur þingaðila á Verðbréfaþingi Íslands. Þessu til stuðnings má benda á Evrópubandalagstilskipun nr. 79/279 en þar segir að aðildarríki skuli sjá til þess að lögbær yfirvöld hafi nauðsynlegar heimildir til að starfrækja skyldur sínar.

Ekki þykir mér ástæða til að fjölyrða um einstök ákvæði þeirra EES-reglna sem gilda munu um verðbréfaviðskiptin. Ég bendi á að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði mælir fyrir um frjálsar fjármagnshreyfingar milli aðildarríkjanna og því aðeins er unnt að tala um sameiginlegan markað að útgefendur og kaupendur verðbréfa búi við sambærilegar aðstæður og jöfn starfsskilyrði hvarvetna á þessu stóra svæði. EES-reglurnar miða þannig að því að vernda kaupendur verðbréfa jafnframt því að auðvelda útgefendum aðgang að fjármagni á stærri markaði en áður. Þess má og geta að gildandi reglur um Verðbréfaþing Íslands eru nú þegar að nokkru leyti lagaðar að Evrópubandalagsreglum, t.d. reglunum um skráningarlýsingu og upplýsingaskyldu skráðra hlutafélaga.

Meginefni frumvarpsins er að öðru leyti sótt til gildandi reglna um Verðbréfaþing Íslands að teknu tilliti til nauðsynlegra form- og efnisbreytinga. Þá hafa verið sóttar ýmsar góðar hugmyndir til nágrannaríkja okkar, einkum Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar.

Ég mun nú, virðulegi forseti, fara nokkrum orðum um helstu ákvæði frv. og drepa á nokkur frávik frá þeim reglum sem nú gilda.

Eins og ég hef þegar nefnt er gert ráð fyrir að Verðbréfaþingið hafi einkarétt til að stunda kauphallarstarfsemi. Ákvæði frumvarpsins um einkarétt girða þó ekki fyrir það að verðbréfafyrirtæki geti birt opinberlega sölu og kaupverð verðbréfa burt séð frá því hvort slík bréf eru skráð á Verðbréfaþinginu. Þessir viðskiptahættir eru þekktir erlendis og hafa verið nefndir „over the counter"-viðskipti eða bara „yfir búðarborðið".

Með frv. er lagt til að Verðbréfaþingið taki við öllum réttindum, eignum, skuldum og skuldbindingum Verðbréfaþings Íslands og er ráðgert að uppgjör fari fram við gildistöku laganna. Heimili og varnarþing

Verðbréfaþingsins verður í Reykjavík, enda eru höfuðstöðvar allra peninga- og fjármálastofnana í höfuðborginni. Gert er ráð fyrir fjölbreyttu og fjölþættu hlutverki Verðbréfaþingsins hér eftir sem hingað til. Það á að vera vettvangur verðbréfaviðskipta og það á að starfrækja í því skyni skipulagt viðskipta- og upplýsingakerfi. Að öðru leyti fellur m.a. í hlut Verðbréfaþingsins að gera faglegar kröfur til þingaðila, að meta skráningarhæfi verðbréfa, að skrá gengi og aðrar nauðsynlegar upplýsingar og hafa eftirlit með framkvæmdum á reglum Verðbréfaþingsins.

Með þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir að breytingar verði á núverandi samsetningu stjórnar Verðbréfaþingsins að svo stöddu.

Í upphafi þessa árs náðist almenn samstaða milli hagsmunaaðila á verðbréfamarkaði um meginatriði gildandi reglna um Verðbréfaþing Íslands. Þar náðist m.a. samkomulag um samsetningu stjórnar og virðist ekki þörf á að hreyfa við þeirri niðurstöðu að svo skömmum tíma liðnum. Af helstu nýmælum ber fyrst að nefna ákvæði IV. kafla frv. sem fjallar um þingaðila að Verðbréfaþinginu. Þar er lagt til að verðbréfamiðlarar og verðbréfafyrirtæki sem starfa innan Evrópska efnahagssvæðisins og öðlast hafa leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum síns heimalands geti orðið þingaðilar hér á landi. Hér er að sjálfsögðu um að ræða einn þátt í lögun íslensks réttar að ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Í þessu felst að leyfishafar frá aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins þurfa ekki að sækja sérstaklega um leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt hérlendum lögum um verðbréfaviðskipti hafi þeir slíkt leyfi samkvæmt lögum síns heimalands eða annars lands á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samningurinn um EES tryggir einnig að hérlendir aðilar njóti sams konar eða hliðstæðra réttinda innan svæðisins alls.

Þá er lagt til að ráðherra verði heimilt að veita aðilum frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins leyfi til verðbréfamiðlunar að fenginni umsögn stjórnar Verðbréfaþingsins. Sé slíkt leyfi veitt af aðildarríki innan EES gildir það eingöngu innan þess aðildarríkis að gefnum þeim skilyrðum sem það sjálft setur.

Í V. kafla frv. er fjallað um skráningu verðbréfa í viðskiptakerfi Verðbréfaþingsins og eru ákvæði kaflans að miklu leyti efnislega samhljóða núgildandi reglum. Þó er lagt til að settar verði fyllri reglur en nú gilda um niðurfellingu verðbréfa af skrá. Einnig er gert ráð fyrir að ráðherra geti við sérstakar aðstæður stöðvað viðskipti á Verðbréfaþinginu.

Um eftirlitshlutverk Verðbréfaþingsins er fjallað í VIII. kafla frv. Þar er gert ráð fyrir að eitt af hlutverkum þingsins sé að hafa eftirlit með framkvæmd á reglum sem settar hafa verið af stjórn þess. Jafnframt eru þar ákvæði um það að Verðbréfaþingið skuli hafa samvinnu við bankaeftirlit Seðlabankans á þeim sviðum þar sem það gegnir almennu eftirlitshlutverki lögum samkvæmt.

Virðulegi forseti. Þetta frv. gerir ráð fyrir að Verðbréfaþingi Íslands verði með sérstökum lögum tryggðar nauðsynlegar heimildir til þess að rækja skyldur sínar, jafnt hér á landi sem gagnvart samstarfsaðilum okkar á væntanlegu Evrópsku efnahagssvæði. Ég legg áherslu á að þetta frv. fái sem fyrst afgreiðslu og legg til að því verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins endurtaka það sem ég sagði um hin fyrri mál og á jafnframt við um þetta, að hér er um að ræða mál sem hefur verið unnið á alllöngum tíma og hefur verið tekið tillit til margvíslegra athugasemda, í nokkrum mæli a.m.k., og margir komið að því. Það er ekki efni til þess að fara að fjalla mjög mikið um það hér við 1. umr. Við munum gera það í efh.- og viðskn. en ég vildi þó koma að einni athugasemd strax við 1. umr. og það er um form þessarar stofnunar og stjórn hennar.

Ég tek það fram að ég tel mjög nauðsynlegt að koma á verðbréfaþingi á Íslandi. Það eru orðin það mikil viðskipti með hvers kyns hlutabréf og verðbréf að nauðsynlegt er að skapa slíkan vettvang á grundvelli þeirrar reynslu sem þegar er komin um þessi mál. Gert er ráð fyrir að Verðbréfaþing Íslands sé sjálfseignarstofnun. Hins vegar er gert ráð fyrir að Seðlabankinn tilnefni formann stjórnarinnar og að viðskrh. tilnefni einn mann sem fulltrúa minni fjárfesta.

Ég er þeirrar skoðunar að ef verið er með sjálfseignarstofnun eigi að láta hana sem mest um það hvernig hún skipar sínum málum. Þeir aðilar sem munu eiga aðild að þessu starfi eiga fyrst og fremst að koma sér saman um stjórnina og ég hef efasemdir um að viðskrh. eigi að skipa einn mann í þessa stjórn sem líklegt er þá að Seðlabankinn muni aftur skipa sem formann stjórnarinnar. Ég held það eigi að forðast pólitísk afskipti af þessu máli eftir því sem kostur er og ég hef efasemdir um að öryggisatriði krefjist þess að slík skipan sé. Hitt er svo annað mál að alltaf er erfitt að finna meðalveg í þessu. Ég er ekkert að hafa á móti því að viðskrh. hverju sinni skipi einn aðila en ég teldi betri blæ á því ef hægt væri að koma því þannig við að minni fjárfestar kæmu sér saman um þetta sjálfir án aðstoðar viðskrh. á hverjum tíma.

Ég vildi koma þessari athugasemd á framfæri strax við 1. umr., en mun að öðru leyti fjalla um málið í efh.- og viðskn. og taka afstöðu til þess þar.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessi þrjú frv. sem verið er að fjalla um og snerta verðbréf og verðbréfaviðskipti eru áreiðanlega þörf frumvörp til að ræða í sambandi við þann samning sem hér liggur frammi. E.t.v. hefði þurft að taka afstöðu til einhverra þessara mála þó svo að við værum ekki að ræða samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Ég hnaut um eina setningu þegar hæstv. viðskrh. var að mæla fyrir þessu frv. Síðasta mgr. 1. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta: „Heimili og varnarþing Verðbréfaþingsins er í Reykjavík.“ Mér er spurn hvort fyrirtækið sé þannig að eðli að nauðsyn sé á að það sé staðsett í höfuðstað landsins, hvort þetta

byggi ekki meira á viðskiptum í gegnum fjarskipti, tölvur og aðra skrifstofuvinnu, hvort einhver nauðsyn sé á að heimili og varnarþing sé í Reykjavík.

Í III. kafla frv. er rætt er um framkvæmdastjóra og hlutverk hans. Þar segir, með leyfi forseta: „Framkvæmdastjórinn skal vera búsettur hér á landi.“ Ekki er tiltekið að hann skuli vera búsettur í Reykjavík, þannig að hægt væri að hugsa það mál svolítið lengra. Hvort nauðsynlegt sé ef verið er að setja á stofn eitt fyrirtæki, sem e.t.v. byggir starfsemi sína að miklu leyti á þeim viðskiptamáta sem sífellt færist í vöxt, að menn þurfa ekki að vera að rétta hver öðrum pappírana beint yfir borðið, mætti skoða staðsetninguna í víðara samhengi. Í framhaldi af því dettur mér í hug að miklar umræður hafa orðið um það að flytja hinar ýmsu stofnanir, ekki hvað síst á vegum ríkisins, út á land og þar hefur líka komið fram að mjög erfitt sé að leggja niður stofnanir í Reykjavík, eða flytja þær til eins og það heitir, en það ætti að vera miklu hægara um vik þegar verið er að búa til nýja stofnun.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Hv. 1. þm. Austurl. gerði rekstrarform og stjórnarfyrirkomulag Verðbréfaþingsins að umræðuefni. Mig langar að taka fram í því sambandi að eins og fram kom í minni framsöguræðu er rekstrarform verðbréfaþinganna í þeim löndum sem við berum okkur oftast saman við, í Danmörku og Noregi, einmitt í formi sjálfseignarstofnana. Þar er reyndar, að ég tel víst, formaður stjórnanna skipaður af viðskiptaráðherranum. Ég veit að það er svo í Danmörku og ég hygg að það muni einnig vera þannig í Noregi. Ég tók hins vegar alveg sérstaklega fram í minni framsöguræðu áðan að með þessu frv. er ekki gerð tillaga um breytingu á stjórnarfyrirkomulagi Verðbréfaþingsins, sem starfað hefur samkvæmt reglum settum af Seðlabankanum, frá því sem samkomulag náðist um í upphafi þessa árs þótt vel megi hugsa sér aðra samsetningu á stjórninni.

Ég vil eingöngu nefna þessi sjónarmið en tel ástæðu til að hv. efh.- og viðskn. fjalli um þetta og kynni sér hvernig þessu er fyrir komið í löndunum í kring. Ég tel að mjög mikilvægt sé að þessari stofnun verði fengin sú staða í okkar stjórnkerfi að hún njóti viðurkenningar og virðingar í okkar samstarfslöndum á Evrópska efnahagssvæðinu, þannig að ekki verði um það villst að hún hafi sterka stöðu og að eftirlit með starfsemi á þinginu sé í traustum og öruggum höndum.

Hv. 6. þm. Vestf. gerði það að umtalsefni sem reyndar kom fram í mínu máli hér áðan, að heimili og varnarþing Verðbréfaþingsins væri fyrirhugað í Reykjavík. Þá vildi ég vekja athygli á að hér er í raun og veru ekki um það að ræða að setja á fót nýja stofnun, heldur er verið að breyta formi hennar. Hún er til og eins og ég hef þegar sagt í þessum fáu orðum er stjórn hennar óbreytt frá því sem var en í því að þarna er ekki tilgreint ríkisfang eða heimilisfang í nánari atriðum, annað en það að væntanlegur framkvæmdastjóri eigi að eiga heima á Íslandi, felst svo sem ekki neitt sérstakt nema að hann gæti átt lögheimili hvar sem væri á Íslandi eins og reyndar er algengt um menn sem starfa í Reykjavík.

Um þetta tel ég ekki þurfa að hafa fleiri orð, en held að með tilliti til þess að höfuðstöðvar peninga- og fjármálastofnana í landinu eru allar í Reykjavík og að Verðbréfaþingið starfar hér þegar væri næsta óheppilegt að hugsa sér annan stað fyrir það þótt það sé að sjálfsögðu eitt af því sem hv. efh.- og viðskn. hlýtur að kanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Neytendalán, 1. umr.

Stjfrv., 14. mál. — Þskj. 14.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um neytendalán sem er á þskj. 14 en þetta frv. er enn eitt í röð þeirra sem lögð eru fyrir þingið í tengslum við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Hér á landi eru ekki í gildi almenn lög um lánsviðskipti eða afborgunarkaup en slík lög er að finna í öllum okkar nágrannalöndum.

Við gerð frv. voru hafðar til hliðsjónar tilskipanir Evrópubandalagsins varðandi neytendalán og einnig danskt og sænskt frv. til laga um lánssamninga sem einmitt eru á döfinni um þessar mundir í þessum tveimur löndum. Frv. hefur í sumar fengið nokkra umfjöllun hjá efh.- og viðskn. Alþingis. Eftir fund viðskrn. með nefndinni var ákveðið að taka tillit til margra umsagna sem borist höfðu frá hagsmunaaðilum og var gildissvið frv. þrengt og nafni þess breytt í frumvarp til laga um neytendalán en áður hafði það verið kynnt sem frv. til laga um lánsviðskipti. Tilgangurinn með tilskipun Evrópubandalagsins um neytendalán er að samræma reglur í löggjöf hvers lands á sviði neytendalána, einkum reglur um það hvaða upplýsingar neytendur skuli fá í tengslum við lánveitingar. Löggjöf um þetta efni var nokkuð ólík í Evrópubandalagslöndunum. Þetta gat leitt til röskunar á samkeppnisstöðu lánveitenda eftir því hvar þeir störfuðu.

Tilgangurinn með þessari tilskipun og breytingum á henni hefur verið að ná fram jafnari stöðu lánveitenda og að tryggja rétt neytenda. Frumvarpið sem hér er lagt fram nær til lánssamninga sem gerðir eru við lántakanda af hálfu verslana, framleiðenda og þjónustuaðila með fáum undantekningum. Það nær til lána vegna kaupa á lausafé og þjónustu og einnig til almennra neyslulána. Það tekur jafnt til lánssamninga sem einstaklingur gerir og lögaðili. Tilgangur frv. er ekki síst að bæta möguelika lántakenda til að bera saman mismunandi tilboð lánveitenda og eru ákvæði í frv. þess efnis að lánveitandi skuli upplýsa lántakanda í prósentum um svokallaða árlega hlutfallstölu kostnaðar áður en lánssamningurinn nær fram að ganga. Upplýsingar um þetta eiga að gera lántakandanum auðveldara að meta hvort hann kjósi að taka lánið sem í

boði er. Gert er ráð fyrir að settar verði reglur um það hvernig árleg hlutfallstala kostnaðar verði reiknuð út og hvernig upplýsingar um hana eigi að koma fram.

Í frv. er sérstakur kafli um endurheimt eignarréttar. Þar er gert ráð fyrir því að þegar vara er keypt með afborgunum og eignarréttarfyrirvara eigi lántakandi eða kaupandi rétt á því að leysa til sín hlut sem seljandi eða lánveitandi hefur endurheimt að vissum skilyrðum uppfylltum. Frv. hefur þann tilgang m.a. að fullnægja skilyrðum tilskipana Evrópubandalagsins um neytendalán með íslenskri löggjöf. Meginatriðið í tilskipuninni frá 1987 er að neytandinn fái upplýsingar um lántökukostnað í hundraðstölum samkvæmt árlegri hlutfallstölu kostnaðar sem ég hef þegar nefnt. Útreikningurinn á þessari tölu samkvæmt tilskipuninni átti að gerast samkvæmt gildandi aðferðum í löggjöf hvers lands.

Samkvæmt 5. gr. tilskipunarinnar nægði að tilgreina eða gefa upp a.m.k. heildarlánskostnað neytandans á meðan beðið væri eftir samþykkt aðildarríkjanna varðandi útreikningsaðferðir fyrir þessa árlegu hlutfallstölu kostnaðar. Með tilskipun frá 1990 var þessi 5. gr. felld úr gildi og aðildarríkin skylduð til að taka upp í löggjöf sérstakan útreikning á þessari kostnaðarmælingu samkvæmt nánar tilgreindum reglum og reikna lántökukostnaðinn út samkvæmt því. Í tilskipuninni er gert ráð fyrir því að neytandinn hafi ætíð, í tengslum við lánssamning, upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar í prósentum, þ.e. samanlagðan kostnað vegna lánsins lýst sem árlegri hundraðstölu sem reiknuð er út samkvæmt sérstakri stærðfræðiformúlu. Tilskipunin leiðir einnig að öðru leyti til samræmingar á kostnaðarliðum sem eiga að koma inn í útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar.

Samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði þurfa Íslendingar að uppfylla báðar tilskipanirnar og er eðlilegt að það sé gert með einni lagasetningu. Þar sem hér á landi eru hvorki í gildi lög um upplýsingaskyldu í lánsviðskiptum né neytendalán ætti frv. að vera veruleg réttarbót fyrir neytendur. Frv. tekur til lánssamninga sem gerðir eru við lántakanda í atvinnuskyni af hálfu verslana, framleiðenda og þjónustuaðila og skiptir þá ekki máli hvort lántakandi er að kaupa sér eitthvert lausafé með afborgunum eða hvort hann er að kaupa þjónustu. Nokkrar tegundir lánssamninga eru undanþegnar ákvæðum frv. Það eru einkum lánssamningar sem eru ætlaðir til að afla eða viðhalda eignarrétti á landi eða byggingu sem reist hefur verið eða áformað er að reisa eða sem ætlaðir eru til að endurnýja eða bæta slíka byggingu. Frv. undantekur einnig lán sem eru til styttri tíma en þriggja mánaða, vaxta- og kostnaðarlaus lán og lán að lægri fjárhæð en 15 þús. kr.

Meginatriðið í frv. er að lántakandi skuli fá upplýsingar um hina árlegu hlutfallstölu kostnaðarins í prósentum í tengslum við samþykkt samningsins.

Í íslenskum rétti hefur fram að þessu ekki verið í gildi krafa um að lántakandi skuli eiga rétt á slíkum upplýsingum. Tilgangurinn með ákvæði þessu er að gefa lántakandanum færi á að meta hversu hár kostnaður fylgir láninu. Árleg hlutfallstala kostnaðar gefur upp samanlagt verð á því að taka að láni 100 kr. í eitt ár og greinir þannig frá kostnaðinum við lánið án tillits til fjárhæðar eða greiðsluskilmála. Upplýsingar um hlutfallstöluna gera lántakandanum auðveldara að bera saman mismunandi lánstilboð og geta því komið að gagni í samkeppni og jafnvel haft áhrif til lækkunar á lántökukostnaði.

Um útreikning þessarar tölu fer eftir stærðfræðiformúlu sem sett verður í reglugerð og er þar gert ráð fyrir að farið verði eftir samræmdum reglum á Evópska efnahagssvæðinu. Samkvæmt frv. skulu upplýsingarnar um árlega hlutfallstölu kostnaðar ásamt upplýsingum um vexti og lántökukostnað koma fram í auglýsingum þar sem neytendalán eru boðin. Tilgangurinn með þessu ákvæði er að gefa lántakandanum færi á því, áður en hann tekur slíkt lán, að meta kostnaðinn og bera hann að öðru leyti saman við önnur tilboð. Verðlagsstofnun er samkvæmt þessu frv. ætlað að framfylgja lögunum. Frv. gerir ráð fyrir að lögin taki gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið. Lánveitandi á m.a. frá þeim tíma að upplýsa lántakanda um árlega hlutfallstölu kostnaðar í tengslum við lántöku. Það er því mjög nauðsynlegt að þessar reglur verði kynntar sem fyrst þar sem útreikningurinn er nokkuð flókinn og reyndar tel ég að með þessu frv. sé bætt úr brýnni þörf, að skylda þá sem lán bjóða að hafa skilmerkilegar upplýsingar á takteinum um það hvað þau kosti.

Virðulegi forseti. Frv., ef að lögum verður, mun bæta réttarstöðu neytenda við gerð lánssamninga og hvetja til meiri samkeppni á þessu sviði. Ég legg því áherslu á að frv. fái afgreiðslu á þessu hausti og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Hér er enn á ferð gamall kunningi okkar í efh.- og viðskn. Þetta frv. hefur tekið nokkrum breytingum frá því að við sáum það fyrst í vor og er búið að þrengja svið þess. Frv. fjallar orðið um neytendalán en hét frv. um lánsviðskipti þegar það kom fyrst fram og fékk nokkrar athugasemdir sem slíkt.

Ég vil taka undir með viðskrh. að það er brýn þörf á að settar séu skýrar reglur um neytendalán. Þar hafa menn oft á tíðum getað tekið mjög háa vexti í skjóli þess að upplýsingaskylda hefur ekki verið mjög ströng varðandi kjörin og í raun engin krafa um að neytendur væru á skýran hátt upplýstir um hvað það kostaði í raun og veru að taka hlutinn á lánskjörum miðað við það að staðgreiða.

Þetta er einn angi af stærra máli. Það er mjög brýnt hér á landi að upplýsa neytendur, lántakendur í þessu tilfelli — ekki bara í vöruviðskiptum heldur á fleiri sviðum á lánamarkaðnum — um stöðu sína og réttindi og um gildi þess að skrifa undir fjárhagsskuldbindingar. Það er nú eilítill útúrdúr frá þessu máli.

Ég ítreka að þetta mál er í vinnslu og ég sé ekkert sem bendir til annars en að það fái áframhaldandi at-

hugun og farsælan endi áður en það kemur inn í þing aftur frá nefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íslenskt ríkisfang vegna EES, 1. umr.

Stjfrv., 15. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 15.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á tvennum lagaákvæðum er varða íslenskt ríkisfang. Frv. er á þskj. 15.

Þetta frv. er samið í tengslum við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði og er í því fjallað annars vegar um breytingu á lögum nr. 41 frá 2. maí 1968, um verslunaratvinnu, og hins vegar um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42 frá 18. maí 1978. Efni frv. er einfalt. Það fjallar um það að veita ríkisborgurum annarra ríkja á hinu Evrópska efnahagssvæði sömu réttindi og íslenskum ríkisborgurum eru gefin með þessum lögum. Það er lagt til að skilyrðið um íslenskt ríkisfang sé fellt niður en að önnur skilyrði laganna haldist óbreytt.

Hér er að sjálfsögðu um að ræða grundvallaratriði í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, en það er gagnkvæmur réttur ríkisborgara svæðisríkjanna til að flytja búsetu sína á milli ríkja og stunda þar atvinnu án mismununar gagnvart ríkisborgurum viðkomandi ríkis. Að sjálfsögðu fylgir það samningnum að íslenskir ríkisborgarar njóti sömu réttinda til atvinnu og starfa á þessum sviðum hvarvetna á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki þörf á nánari framsögu fyrir þessu frv. en legg til að því verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar að gera örstutta athugasemd. Þetta er eins konar bandormur, örlítill bandormur sem hér kemur frá hæstv. iðn.- og viðskrh. Það er annars vegar um að ræða grein varðandi verslunaratvinnu og hins vegar varðandi iðnaðarlög. Í sjálfu sér hefði kannski átt að vísa 1. gr. til efh.- og viðskn. og 2. gr. til iðnn. Ég ætla að gera athugasemd við það að iðnaðarlögin heyra ekki undir okkur í efh.- og viðskn. en við munum að sjálfsögðu taka þetta fyrir ef aðrir teljast ekki betur til þess færir.

Mig langar líka til að gera athugasemd varðandi formið á þessum lögum. Í 1. gr. er vísað í fjórar tilskipanir frá EB. Ég var að reyna að leita að þessum tilskipunum en finn þær ekki í mínum plöggum og mér er ekki ljóst hvort búið er að þýða þessar tilskipanir. Mér hefði þótt, vegna þessa viðamikla máls sem við erum að fjalla um í heild, að það hefði verið til að auðvelda okkur þingmönnum vinnuna að gerð hefði verið grein fyrir því um hvað þessar tilskipanir fjalla þó að auðvitað sé hægt að ráða það af samhenginu um hvað þetta er. Það er spurning um tæknilega útfærslu og það hefði auðveldað okkur þetta mál ef við hefðum vitað hvað felst í þessum tilskipunum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Það er alveg rétt ábending hjá hv. 18. þm. Reykv. að efnislega fellur 2. gr. undir hv. efh.- og viðskn. og hin fyrsta undir hv. iðnn. En þar sem hér er um að ræða sams konar breytingu í báðum tilfellum þótti eðlilegast að fella þetta í eitt frv. Ég vil benda á að samkvæmt gildandi þingsköpum er ekkert því til fyrirstöðu að hv. efh.- og viðskn. óski álits hv. iðnn. sérstaklega um þetta mál og ég efast ekki um að því máli yrði vel tekið í nefndinni.

Síðan mætti líka nefna að annað frv., sem var rætt fyrr á þessum fundi, um faggildingu o.fl., heyrir samkvæmt sínu efni kannski jafnt undir iðnn. Ég bendi þá hv. efh.- og viðskn. á það úrræði að leita samstarfs við hv. iðnn.

Í öðru lagi var eftir því spurt af hálfu 18. þm. Reykv. hvert væri efni tilvitnaðra tilskipana Evrópubandalagsins. Ég tek undir það með hv. þm. að það er alveg nauðsynlegt að þingmönnum sé gert kunnugt um efni og innihald þessara tilskipana áður en málið er afgreitt og mun gera ráðstafanir til að þær berist hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkeppnislög, 1. umr.

Stjfrv., 9. mál. — Þskj. 9.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til samkeppnislaga sem eru á þskj. 9. Frv. um þetta efni var flutt á 115. löggjafarþingi en var ekki útrætt. Nú hefur frv. verið breytt á þann hátt að í það eru, að ósk efh.- og viðskn. þingsins, felld meginatriði frv. til laga um greiðslukortastarfsemi sem verið hefur til umfjöllunar á nokkrum undanförnum þingum en ekki náð afgreiðslu.

Einnig er nú bætt við frv. sérstökum kafla um framkvæmd samkeppnisreglna og fleiri reglna samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í upphaflegri mynd hafði frv. sjálfstætt gildi gagnvart þessum samningi þótt í því fælist veruleg samræming við samkeppnisreglur stærstu Evrópubandalagsríkjanna. Eftir að EES-samningurinn hafði verið undirritaður í Óportó í maí sl. þurfti því annaðhvort að semja sérstakt frv. um framkvæmd samkeppnisreglna samningsins eða bæta kafla við þetta frv. og var sá kostur valinn, m.a. í samráði við hv. efh.- og viðskn.

Þeirri löggjöf sem frv. gerir tillögu um er nú ætlað að leysa af hólmi lögin nr. 56 frá 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Frá því

að þau lög frá árinu 1978 gengu í gildi hafa orðið mjög víðtækar breytingar á skipulagi og starfsháttum atvinnulífsins hér á landi. Kröfur um aukna framleiðni og skilvirkni hafa leitt til þess að stærri og öflugri einingar og aukin samkeppni hefur komist á í atvinnulífinu. Fyrirkomulag á sölu vöru og þjónustu hefur stöðugt verið að breytast. Þá hefur aukin milliríkjaverslun í vaxandi mæli haft áhrif á samkeppnisaðstæður á mörgum sviðum atvinnulífsins hér á landi. Aðlögun íslenska hagkerfisins að nánari efnahagssamvinnu í Evrópu þrýstir enn frekar á um þessa þróun.

Af þessum ástæðum, virðulegi forseti, er því fyllilega tímabært að endurskoða alla íslensku samkeppnislöggjöfina í ljósi breyttra aðstæðna. Þær breytingar sem ég hef hér gert að umræðuefni hafa þegar haft veruleg áhrif á starfshætti og starfsaðferðir verðlagsyfirvalda. Fram á síðustu ár var hlutverk verðlagsyfirvalda á Íslandi að mestu fólgið í afskiptum af verðlagningunni sjálfri í einu eða öðru formi. Á þessu hefur hins vegar orðið sú breyting að stórlega hefur dregið úr beinum verðlagsafskiptum en í stað þess hafa afskipti af samkeppnisaðstæðum og samkeppnismálum farið vaxandi. Með aukinni samkeppni hefur borið meira á því að fyrirtæki með sterka stöðu á markaðnum misbeita henni, m.a. með því að mismuna viðskiptavinum og beita ósanngjörnum aðferðum gagnvart samkeppnisaðilum. Málum af þessu tagi sem koma til meðferðar verðlagsyfirvalda hefur farið fjölgandi. Réttar leikreglur um samkeppni geta haft gífurlega mikil áhrif til að bæta lífskjör almennings og stuðla að hvers konar hagræðingu í rekstri fyrirtækja. Reglur, sem vinna gegn einokun og hringamyndun, sem vinna gegn samþjöppun efnahagslegs valds og sem setja seljendum vöru og þjónustu leikreglur um samskipti við neytendur vernda hagsmuni hvers einasta manns í landinu og bæta reyndar lífskjör hans.

Það er á því vaxandi skilningur hér á landi eins og annars staðar í Evrópu að virk samkeppni er mjög mikilvæg til þess að stuðla að hagkvæmari nýtingu framleiðsluþáttanna og efnahagslegum framförum. Eins og fram hefur komið hefur samkeppni hér á landi aukist í ýmsum greinum á síðustu árum en mikið vantar á í mörgum þeirra að hún sé fullnægjandi. Með frv. er að því stefnt að efla virka samkeppni enn frekar á þeim sviðum þar sem hún getur best tryggt hag neytenda, atvinnulífsins og samfélagsins alls. Þetta er ætlunin að gera með því að skerpa þær samkeppnisreglur sem nú eru í gildi, auka það sem nefnt hefur verið gagnsæi markaðarins og viðskipta á honum og með því að draga úr opinberum samkeppnishömlum.

Með frv. er þó aðeins með óbeinum hætti hægt að stuðla að síðast talda atriðinu þar sem ýmsar opinberar samkeppnishömlur, ég nefni innflutningsbönn, tæknilegar viðskiptahindranir, verðlagningu búvöru, verðlagningu lyfja, vátrygginga og fleiri þátta sem eru bundin í öðrum lögum þyrfti að endurskoða sérstaklega. Ég á þó von á því að skilningur á nauðsyn virkrar samkeppni á þessum sviðum einnig eigi eftir að aukast og vil reyndar benda á að í þessu frv. er ráð fyrir því gert að samkeppnisyfirvöld geti komið á framfæri ábendingum við stjórnvöld um ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem stríða gegn meginmarkmiði þessara laga um samkeppnismál.

Virðulegi forseti. Ég mun nú fara yfir nokkur helstu ákvæði frv. og helstu breytingar sem það felur í sér miðað við gildandi lög. Þar ætla ég fyrst að nefna að meginstefna, það sem kalla mætti andi laganna, breytist nokkuð. Í gildandi lögum hafa bein verðlagsafskipti setið í fyrirrúmi en samkvæmt þessu frv. munu þau heyra til undantekninga. Í stað þess er meginákersla á það lögð að ná meginmarkmiði laganna um hagkvæma nýtingu framleiðsluþátta með eflingu virkrar samkeppni. Í samræmi við þetta m.a. er það lagt til að Verðlagsstofnun verði breytt í samkeppnisstofnun og samkeppnisráð taki við af Verðlagsráði.

Lögin taka til viðskipta hér á landi en ekki til samninga, skilmála eða athafna sem ætlað er að hafa áhrif utan Íslands. Verði samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði fullgiltur hér á landi fylgja honum kvaðir um lögfestingu samkeppnisreglna sem gilda eiga í viðskiptum milli ríkja á markaðssvæðinu. Íslensk samkeppnisyfirvöld mundu með því öðlast möguleika til þess að hafa afskipti af ýmsum atriðum sem varða innflutning til Íslands, t.d. með samningum milli fyrirtækja á markaðssvæðinu utan Íslands sem ætlað er að hafa áhrif hér á landi. Það er vitað um ýmiss konar fyrirkomulag sem hefur hækkað innflutningsverð til Íslands, t.d. að dönsk fyrirtæki hafi frá fornu fari haft einkaumboð fyrir innflutning frá þriðja ríki til Íslands og þiggi fyrir það umboðslaun. Í þessu felast nýir möguleikar til að hafa áhrif á viðskiptakjör landsins og bæta þau á grundvelli samningsins um Evrópskt efnahagssvæði.

Í 3. gr. frv. er lagt til að ráðherra geti breytt gildissviði þessara laga í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland tekst á hendur. Þetta á við um EES-samninginn en einnig gætu væntanlegar skuldbindingar okkar í nýju GATT-samkomulagi komið til greina. Þá er af sömu ástæðu lagt til að stofnunin aðstoði við framkvæmd samkeppnisreglna annarra ríkja og alþjóðastofnana í samræmi við gagnkvæmar skuldbindingar í milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

Eins og ég hef þegar nefnt er gert ráð fyrir að fimm manna samkeppnisráð komi í stað níu manna verðlagsráðs og er það í samræmi við breytt hlutverk og breytt stjórntæki þeirrar stofnunar sem ætlað er að hafa daglega framkvæmd laganna á sinni könnu. Stofnunin fær ný stjórntæki til að veita atvinnulífinu aðhald og því þykir ekki heppilegt að hagsmunaaðilar hafi þar jafnmikil áhrif og verið hefur enda væru fulltrúar þeirra settir í erfiða aðstöðu þegar bæta ætti ýmsum stjórntækjanna. Hér er því lagt til að ráðherra skipi einn mann í samkeppnisráð, Hæstiréttur tvo, eins og verið hefur, og hagsmunaaðilar tilnefni tvo ráðsmenn. Er hér lagt til að þeir verði tilnefndir af ASÍ og VSÍ og eru þá valin þau hagsmunasamtök sem hafa víðtækasta félagsaðild. Varamenn verði skipaðir á sama hátt. Samkvæmt frv. er einnig gert ráð fyrir að sérstakri fastanefnd, skipaðri þremur mönnum er fjalli um auglýsingar og er með því einfölduð sú skipan sem lögð

hefur verið til í frv. um breytingu á gildandi lögum sem verið hefur til umfjöllunar á nokkrum undanförnum þingum og eru þau ákvæði hér felld inn í þetta frv. Þá er gert ráð fyrir sérstakri þriggja manna áfrýjunarnefnd. Til hennar er hægt að áfrýja ákvörðunum samkeppnisráðs og samkeppnisstofnunar. Sú skipan er hér lögð til í því skyni að auka réttaröryggi, jafnframt því sem völd samkeppnisráðsins eru stórlega aukin og því m.a. fengið sektarvald og vald til þess að mæla fyrir um afturköllun á samningum um samruna fyrirtækja og skyldum samningum.

Í athugasemdum við frv. er gerð grein fyrir þeim meginreglum um samkeppniseftirlit sem byggt er á í iðnvæddum ríkjum. Ég ætla ekki að endurtaka það hér en í gildandi lögum eru nokkrar tegundir samkeppnishamla bannaðar. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því að fjölga slíkum bönnum þannig að allar þær samkeppnishömlur sem að fenginni reynslu eru ótvírætt taldar skaðlegar verði hér eftir bannaðar. Þetta felur m.a. í sér að samningar og samráð og aðrar samstilltar aðgerðir um verð, gerð tilboða og skiptingu markaðs milli aðila verði óheimilar. Bann við markaðsskiptingu milli aðila er nýtt í íslenskri löggjöf og einnig bannið við útgáfu ýmissa starfsstétta á sameiginlegum verðtöxtum sem mjög hefur tíðkast á Íslandi. Það er einnig nýmæli að seljandi vöru getur ákveðið það verð sem endurseljandi má hæst verðleggja vöruna á. Þetta síðasta ákvæði sem ég nefni getur einkum haft þýðingu þegar seljandi vill hasla sér völl með ódýra vöru og þarf að geta tryggt sig gegn því að endurseljendur geri honum það ókleift.

Frá þessum bannákvæðum sem ég hef gert að umtalsefni eru nokkrar undanþáguheimildir í frv. sem má beita ef þær geta leitt til aukinnar samkeppni, aukinnar framleiðni eða þegar sérstakar aðstæður sem varða almannaheill eru til staðar. Enn fremur er veitt leyfi til samstarfs eða samvinnu milli aðila sem eru það smáir að áhrif þeirra á markaðnum eru talin hverfandi, svokölluð smámuna- eða bagatel-regla, eða að talið er að samvinna þeirra geti leitt til þess að samkeppni á markaðnum raunverulega eflist. Þá eru leyfðir samningar og samvinna milli móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækis sem í reynd mætti telja eitt og sama fyrirtækið og samningar milli nytjaleyfishafa og nytjaleyfisnotenda, þ.e. milli þeirra sem hafa yfirráð yfir einkaleyfi og aðila sem fær rétt til að nýta leyfið og þá yfirleitt gegn sérstöku gjaldi.

Fyrir utan þau bannákvæði við samkeppnishindrunum sem lögð eru formlega til í frv. er einnig lagt til að heimiluð verði íhlutun í aðrar tegundir eða annað fyrirkomulag athafna sem talin eru hafa skaðleg áhrif á samkeppni milli fyrirtækja. Þar er m.a. um að ræða heimildir til íhlutunar gegn misbeitingu markaðsráðandi fyrirtækja á aðstöðu sinni. Það er almennt viðurkennt að fylgjast þurfi sérstaklega vel með þessari tegund samkeppnishamla en það hefur sýnt sig vera afar erfitt í framkvæmd og á alþjóðavettvangi hafa verið skiptar skoðanir um það með hvaða hætti það skuli best gert. Hér er lagt til að íhlutun eigi sér stað að undangengnu mati á hverju tilviki og er það sami háttur og hafður er á í fámennari samstarfsríkjum okar í EFTA. Markaðsyfirráð eru sem slík í sjálfu sér ekki bönnuð en það er matsatriði samkeppnisyfirvalda í hverju einstöku tilfelli hvort og að hve miklu leyti er um misbeitingu að ræða á markaðnum. Að undanförnu hafa verið miklar umræður um samþjöppun efnahagslegs valds í samfélaginu og það er ekki að ástæðulausu. Það má segja að í frv. sé í fyrsta sinn tekið á þessu viðfangsefni á vettvangi löggjafarinnar. Það tíðakst ekki í okkar nágrannaríkjum að hafa afskipti af eignar- eða valdahlutföllum innan einstakra fyrirtækja nema í algjörum undantekningartilfellum. Um það er fyrst og fremst fjallað í samþykktum hlutafélaga og með almennum lagaákvæðum um þak á atkvæðisrétt einstaks aðila í félagi. Slík ákvæði virðast reyndar vera á undanhaldi í löggjöf okkar nágrannalanda þar sem þau þykja í reynd ekki hafa skilað upphaflegum tilgangi. Hins vegar er algengt að hið opinbera hafi afskipti af samruna fyrirtækja sem talinn er leiða til skertrar samkeppni og samþjöppunar efnahagslegs valds. Það er einmitt það sem gert er eða lagt er til í þessu frv. og ákvæðið, eins og það er sett fram, nær bæði til samruna sem er formlegs eðlis, de jure, eða samstarf í reynd, de facto samstarf. Hér er um að ræða nýmæli í íslenskum lögum en lagt er til að samkeppnisráð hafi heimild til þess að banna samruna fyrirtækja eða yfirtöku fyrirtækis á öðru fyrirtæki ef það dregur verulega úr samkeppni á markaðnum. Einnig eru í frv. ákvæði sem gera samkeppnisráði það heimilt að ógilda samruna eða yfirtöku sem þegar hefur átt sér stað. Sama á við ef eigendur með virk yfirráð í einu fyrirtæki ná virkum yfirráðum í öðru eða það sem ég nefndi de facto yfirtöku.

Eftirlit með samruna eða yfirtöku fyrirtækja er að sjálfsögðu nátengt eftirliti með misbeitingu á markaðsyfirráðum. Það gengur hins vegar lengra þar sem samkeppnisyfirvöldum er gert kleift að koma í veg fyrir að þær aðstæður myndist á markaðnum að fyrirtæki nái með yfirtöku eða samruna einokunar- eða markaðsráðandi stöðu. Hér er verið að leggja til að yfirvöldum verði veitt heimild til þess að ógilda samruna eða yfirtöku ef ekki duga önnur úrræði gegn misbeitingu markaðsyfirráðanna til þess að tryggja nægilega virka samkeppni. Það leiðir af sjálfu sér að jafnafdrifaríkri heimild og samkeppnisyfirvöldum væri fengin með þessu ákvæði yrði ekki beitt nema ríkar ástæður væru til og að talið væri að virkri samkeppni væri veruleg hætta búin ef samruni eða yfirtaka fengi að standa.

Það er nýmæli í frv. að lagt er til að samkeppnisráði verði veitt heimild til þess að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á samkeppnisreglunum. Þetta ákvæði um stjórnvaldssektirnar er í samræmi við þróun þessara mála í nágrannaríkjum okkar. Við ákvörðun stjórnvaldssektanna skal tekið tillit til þess skaða sem samkeppnishömlurnar hafa valdið eða geta valdið og þess ávinnings sem þær hafa í för með sér. Sektirnar geta þó hæst numið 10% af ársveltu viðkomandi fyrirtækis. Ákvörðunum samkeppnisráðs um ógildingu á samruna fyrirtækja og um álagningu stjórnvaldssekta má skjóta til áfrýjunarnefndar sem skipuð er sérfróð-

um mönnnum. Úrskurðir áfrýjunarnefndar og ákvarðanir samkeppnisráðs eru aðfararhæfir og tengist það hinum nýju aðfararlögum á þann hátt að mælt er fyrir um framkvæmd aðfarar samkvæmt 13. kafla laganna og að kveðja skuli gerðarþola fyrir héraðsdóm ef fara á að aðgerðum í samræmi við þetta. Með þessu móti er tryggð skjót málsmeðferð fyrir héraðsdómi jafnframt því sem fyllsta réttaröryggis er gætt.

Sá kafli í frv. sem fjallar um óréttmæta viðskiptahætti er í meginatriðum óbreyttur frá samsvarandi kafla í gildandi lögum. Hér er um að ræða ákvæði sem í nágrannaríkjum okkar eru ýmist höfð í samkeppnislögum eða í sérstökum lögum um markaðsstarfsemi í viðskiptum. Nú er þó bætt inn nýju ákvæði um auglýsingar sem einkum er ætlað til verndar börnum gegn óeðlilegum áhrifum auglýsinga. Á hinn bóginn er fellt brott ákvæði sem felur í sér bann við úthlutun vinninga í verðlaunasamkeppni í tengslum við kynningu á vöru eða þjónustu. Sannleikurinn er sá að það hefur ekki reynst unnt að framfylgja núgildandi banni við slíkum viðskiptaháttum og almennur skilningur á því að yfirleitt sé þörf á slíku banni virðist hverfandi.

Í frv. er lögð áhersla á að auka gagnsæi á markaðnum með upplýsingamiðlun enda er það grundvallarforsenda fyrir því að samkeppni sé virk að seljendur og kaupendur vöru og þjónustu beri gott skynbragð á verð, viðskiptakjör og gæði og hafi greiðan aðgang að upplýsingum um þau efni.

Virðulegi forseti. Eins og ég hef þegar minnst á hefur frv. verið breytt verulega frá þeirri mynd sem það var í þegar það var lagt fram á 115. löggjafarþingi, m.a. að því leyti að bætt er við það kafla um eftirlit með greiðslukortastarfseminni. Á nokkrum undanförnum þingum hefur verið lagt fram stjórnarfrumvarp um greiðslukortastarfsemi en það hefur ekki orðið útrætt. Á síðasta vori samþykkti hv. efh.- og viðskn. að óska eftir því að meginefni greiðslukortafrumvarpsins yrði fellt inn í þetta frv. og verði samkeppnisráði þar m.a. veitt heimild til að setja reglur um greiðslukortastarfsemina sem tryggi að hagur neytenda hér á landi verði eigi lakari í slíkum viðskiptum en almennt gerist í öðrum ríkjum hins fyrirhugaða Evrópska efnahagssvæðis.

Frá því að umrætt frv. kom fyrst fram hafa íslensku greiðslukortafyrirtækin á ýmsan hátt breytt viðskiptaháttum sínum og eins hefur orðið veruleg tækniþróun sem gerir kleift að bókfæra samstundis greiðslumiðlunarseðla og þar með viðhafa betri varnir gegn misnotkun þessa greiðsluforms. Hins vegar ríkir, eins og allir sjá, fákeppni á þessu þjónustusviði hér á landi sem hefur leitt til þess að greiðslumóttakendur og samtök þeirra kvarta yfir stöðu sinni gagnvart greiðslukortafyrirtækjunum. Þá mun krafa íslensku fyrirtækjanna og bankakerfisins um þriðjamannstryggingu fyrir skilvísum greiðslum korthafa vera nær einsdæmi.

Í 8. kafla frv. er lagt til að samkeppnisstofnun og samkeppnisráði sé falið eftirlit með greiðslukortastarfseminni og skuli þess gætt að viðskiptakjör neytenda verði eigi lakari í slíkum viðskiptum en almennt gerist í okkar helstu viðskiptaríkjum. Í lok 8. kafla er lagt til að ráðherra hafi heimild til að setja með reglugerð nánari reglur um greiðslukortastarfsemi að fengnum tillögum samkeppnisráðs þar að lútandi. Eru þá bæði hafðar í huga þær tæknibreytingar sem stöðugt verða á þessu sviði og eins að sífellt er unnið að samræmdum alþjóðareglum um þessa starfsemi sem stöðugt verður fjölþjóðlegri. Þá getur samkeppnisráð jafnframt beitt öðrum almennum heimildum sem lagt er til að það fái til þess að hlutast til um greiðslukortastarfsemina, t.d. vísa ég þar til misbeitingarákvæða 17. gr. þessa frv.

Eins og ég hef þegar nefnt er gert ráð fyrir því að samkeppnisyfirvöldin beiti aðeins í undantekningartilfellum beinni íhlutun í verðákvarðanir. Megináherslan er lögð á það að samkeppni ríki á markaðnum en verðlagsíhlutun komi því aðeins til greina að önnur úrræði hafi ekki dugað. Í frv. er hins vegar lögð til heimild í 9. kafla þess fyrir ríkisstjórnina til þess að setja á tímabundna almenna verðstöðvun eða aðrar verðlagningarreglur ef mjög óvenjulegar aðstæður skapast í þjóðfélaginu.

Í 10. kafla frv. er fjallað um upplýsingaskyldu til verðlagsyfirvalda og skal sérstaklega bent á ákvæði 43. gr. sem veitir samkeppnisstofnun heimild til skyndirannsókna á vettvangi og heimild til þess að leggja hald á gögn. Það hefur sýnt sig í viðskiptaríkjum okkar að slík heimild er nauðsynleg við samkeppniseftirlit til þess að hægt sé að koma í veg fyrir að gögnum um óleyfilegt samráð fyrirtækja um verð eða markaðsskiptingu sé skotið undan eða þau eyðilögð.

Ákvæðum 11. kafla frv. var, eins og ég hef áður nefnt, bætt við fyrri gerð þess eftir að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði var undirritaður. Samkeppnisreglurnar sem gilda eiga í viðskiptum yfir landamæri milli EES-ríkja eru að talsverðum hluta þess eðlis að þær snúa beint að lögaðilum, þ.e. þeim er ætlað að hafa bein réttaráhrif. Til þess að Íslendingar fullnægi skuldbindingum sínum samkvæmt samningnum þarf því að lögfesta reglurnar hér á landi.

Í því frv. sem hér er mælt fyrir og í því frv. sem liggur fyrir um fullgildingu samningsins um Evrópskt efnahagssvæði er lagt til að meginmál EES-samningsins skuli hafa lagagildi á Íslandi. Að því er varðar samkeppnisreglur er hér um að ræða ákvæði 53.–60. gr. samningsins og því til viðbótar er samkeppnisreglur að finna í bókunum 21–25 með samningnum og viðauka XIV við hann. Þá eru reglur sem lúta að samkeppni fyrirtækja í samningnum um eftirlitsstofnun EFTA og í samningnum um dómstól EFTA, samanber bókun 4 við þann samning.

Samkeppnisreglur EES og samkeppnisreglur frv. eru í meginatriðum byggðar á sama grundvelli. Það er gert ráð fyrir því að samkeppnisstofnun muni jafnframt því sem hún framfylgir samkeppnisreglum í iannanlandsviðskiptum aðstoða við framkvæmd samkeppnisreglna EES. Það þykir því hagkvæmt að fella inn í samkeppnislagafrv. þær EES- og ESE-reglur sem nauðsynlegt er að lögfesta á Íslandi við fullgildingu EES-samningsins.

Nátengdar samkeppnissviðinu eru reglur EES um

ríkisaðstoð og því er hér lagt til að þau ákvæði samningsins sem þann þátt snerta og þarf að lögfesta sérstaklega verði felld inn í frv. Hluti af samkeppnisreglum EES, ESE-reglna og reglna um ríkisaðstoð má setja með stjórnvaldsfyrirmælum og er því lagt til að ráðherra fái sérstaka heimild til að setja slík fyrirmæli með reglugerð eftir því sem nauðsynlegt reynist til að efna samningsskyldur okkar.

Ég ætla ekki að þessu sinni að fjalla um efni einstakra greina í 10. kaflanum. Þær eru ítarlega útskýrðar í athugasemdum með frv. Ég vil þó vekja sérstaka athygli á ákvæðum 51. gr. þar sem lagt er til að ráðherrar fái heimild til þess, að fenginni umsögn samkeppnisráðs, að setja reglugerð um nánari framkvæmd samkeppnisreglna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA. Einnig er hér lagt til að ráðherra sé heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglna EES-samningsins um ríkisaðstoð til aðila hér á landi. Slík reglugerð sem hér um ræðir er nauðsynleg, ekki síst til þess að upplýsa aðila hér á landi um þessar reglur. Svo ég nefni dæmi þá er ríkisaðstoð flokkuð með flóknum hætti í heimilan stuðning og óheimilan. Frá meginreglunni um bann við ríkisaðstoð sem raska samkeppnisstöðu fyrirtækja eru t.d. undantekningar sem flokkast undir aðgerðir gegn byggðaröskun og aðgerðir sem heimila fjárstuðning úr opinberum sjóðum.

Þá er hér lagt til að ný samkeppnislög í samræmi við frv. taki gildi 1. jan. nk. og að gefnu tilefni og til að taka af öll tvímæli er ákvæði í frv. um það að starfsmenn Verðlagsstofnunar eigi rétt á sambærilegum störfum hjá samkeppnisstofnun og eigi því ákvæði laga um biðlaun ekki við um þá breytingu sem hér um ræðir. Eðlilegt þykir að breytingin úr verðlags- í samkeppniseftirlit taki gildi um áramót og ekki sé ég neitt því til fyrirstöðu að frv. verði að lögum og taki gildi þá þótt fullgilding samningsins um Evrópskt efnahagssvæði kynni að dragast á langinn hjá einhverju aðildarríkjanna.

Virðulegi forseti. Að mínu áliti er þetta frv. tímamótamál. Það er mjög mikilvægt að það fái hér skjóta og ítarlega umfjöllun. Alþingi hefur haft tækifæri til þess að fjalla um meginþætti frv. í ýmsum myndum á ýmsum stigum á undanförnum mánuðum. Ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu frestað.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi en til næsta fundar verður boðað samkvæmt dagskrá. Sá fundur verður klukkan hálfellefu í fyrramálið. Fundinum er slitið.

19. FUNDUR

föstudaginn 11. sept.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Einkaleyfi og vörumerki, stjfrv., 3. mál, þskj. 3. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Staðlar, stjfrv., 4. mál, þskj. 4. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Gjaldeyrismál, stjfrv., 5. mál, þskj. 5. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Innflutningur, stjfrv., 6. mál, þskj. 6. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Vog, mál og faggilding, stjfrv., 7. mál, þskj. 7. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Öryggi framleiðsluvöru, stjfrv., 8. mál, þskj. 8. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Húsgöngu- og fjarsala, stjfrv., 10. mál, þskj. 10. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 11. mál, þskj. 11. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 12. mál, þskj. 12. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Verðbréfaþing Íslands, stjfrv., 13. mál, þskj. 13. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Neytendalán, stjfrv., 14. mál, þskj. 14. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Íslenskt ríkisfang vegna EES, stjfrv., 15. mál, þskj. 15. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, stjfrv., 25. mál, þskj. 25. — 1. umr.
14. Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, stjfrv., 32. mál, þskj. 33. — 1. umr.
15. Ríkismat sjávarafurða, stjfrv., 43. mál, þskj. 44. — 1. umr.
16. Fiskistofa, stjfrv., 44. mál, þskj. 45. — 1. umr.
17. Meðferð sjávarafurða og eftirlit, stjfrv., 45. mál, þskj. 46. — 1. umr.
18. Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, stjfrv., 35. mál, þskj. 36. — 1. umr.
19. Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., stjfrv., 36. mál, þskj. 37. — 1. umr.
20. Samkeppnislög, stjfrv., 9. mál, þskj. 9. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.,
Finnur Ingólfsson, 11. þm. Reykv.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.,
Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,

Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.

Útbýting þingskjals:
Gagnkvæm viðurkenning á menntun vegna EES, 77. mál, stjfrv., þskj. 79.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):
Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna að kl. 13.30 hefjast umræður utan dagskrár samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. þingskapa, hálftímaumræða, um áhrif af stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum Háskóla Íslands. Málshefjandi er hv. 10. þm. Reykv., Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Þá er þess að geta að forseti áformar að gera hálftíma fundarhlé um kl. 13.

Þar sem einhver örlítil bið verður á því að hv. þm. sem sitja í efh.- og viðskn. mæti á fundinn verður fyrst tekið fyrir 14. dagskrármál, Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla.

Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, 1. umr.

Stjfrv., 32. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 33.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:
Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að í efh.- og viðskn. eru ýmsir þingmenn sem hafa einnig látið mjög til sín taka á sviði sjávarútvegs og sitja í sjútvn. þingsins þannig að ef ekki er hægt að hefja hér atkvæðagreiðslu vegna funda í þeirri nefnd, þá fyndist mér óeðlilegt að taka þetta mál fyrir að þeim fjarstöddum.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):
Forseti vill taka tillit til þessarar ábendingar frá hv. 8. þm. Reykn. og telur rétt að gera 5 mínútna hlé á fundinum.

Umræðu frestað. — [Fundarhlé.]

Einkaleyfi og vörumerki, frh. 1. umr.

Stjfrv., 3. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 3.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og vísað til iðnn. með 38 shlj. atkv.

Staðlar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 4. mál. — Þskj. 4.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og vísað til iðnn. með 39 shlj. atkv.

Gjaldeyrismál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 5. mál (heildarlög). — Þskj. 5.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 39 shlj. atkv.

Innflutningur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 6. mál. — Þskj. 6.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 39 shlj. atkv.

Vog, mál og faggilding, frh. 1. umr.

Stjfrv., 7. mál (heildarlög). — Þskj. 7.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 39 shlj. atkv.

Öryggi framleiðsluvöru, frh. 1. umr.

Stjfrv., 8. mál. — Þskj. 8.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 41 shlj. atkv.

Húsgöngu- og fjarsala, frh. 1. umr.

Stjfrv., 10. mál. — Þskj. 10.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 41 shlj. atkv.

Verðbréfaviðskipti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 11. mál. — Þskj. 11.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 42 shlj. atkv.

Verðbréfasjóðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 12. mál. — Þskj. 12.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 41 shlj. atkv.

Verðbréfaþing Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 13. mál. — Þskj. 13.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 41 shlj. atkv.

Neytendalán, frh. 1. umr.

Stjfrv., 14. mál. — Þskj. 14.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 41 shlj. atkv.

Íslenskt ríkisfang vegna EES, frh. 1. umr.

Stjfrv., 15. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 15.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 41 shlj. atkv.

Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, 1. umr.

Stjfrv., 25. mál. — Þskj. 25.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):
Virðulegi forseti. Vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði sem undirritaður var 2. maí 1992 er nauðsynlegt að breyta ýmsum lögum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála.

Í yfirliti því sem utanrrn. dreifði 18. maí 1992 um lagabreytingar sem fyrirhugaðar eru vegna EES-samningsins kom fram að ég hygðist leggja fram tvö lagafrv. í tengslum við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, annars vegar frv. til nýrra lyfjalaga og hins vegar frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna EES-samningsins.

Á þessum fyrirætlunum hafa orðið þær breytingar að frv. til nýrra lyfjalaga verður ekki borið fram í tengslum við lagabreytingar vegna EES-samningsins. Þess í stað hafa nauðsynlegar breytingar á lyfjalögum og lyfjadreifingarlögum verið felldar inn í frv. það sem hér liggur fyrir um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Frv. sem hér er mælt fyrir skiptist í sex kafla og hefur að geyma breytingartillögur við 20 lög. Um er að ræða breytingar á átta lögum um heilbrigðisstéttir, átta lögum á vátryggingarsviði, tvennum lögum um lyfjamálefni, lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um eiturefni og hættuleg efni.

Lögum um heilbrigðisstéttir þarf að breyta vegna ákvæða þriðja hluta EES-samningsins, sbr. VII. viðauka hans um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi.

Lögum um eiturefni og hættuleg efni þarf að breyta vegna II. viðauka um tæknilegar reglugerðir, staðla, prófanir og vottun, XV. hluta hans um hættuleg efni og vegna VII. viðauka um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi.

Lögum um atvinnuleysistryggingar þarf að breyta vegna ákvæða í þriðja hluta EES-samningsins, sbr. VI. viðauka hans um félagslegt öryggi.

Lögum um lyfjamál þarf að breyta vegna ákvæða í II. viðauka um tæknilegar reglugerðir, staðla, prófanir og vottun, sbr. XIII. hluta hans um lyf.

Lögum á vátryggingarsviði þarf að breyta vegna ákvæða í þriðja hluta EES-samningsins, sbr. IX. viðauka hans um fjármálaþjónustu.

Í frv. vantar breytingar á lögum um bátaábyrgðarfélög, nr. 18/1976, með síðari breytingum, lögum um samábyrgð á fiskiskipum, nr. 37/1978 með síðari breytingu, lögum um vátryggingarstarfsemi, nr. 50/1978, og lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, sem boðaðar voru í áðurnefndu yfirliti.

Fyrr á þessu ári skipaði ég nefnd sem falið var að vinna að heildarendurskoðun lagaákvæða um bátaábyrgðarfélög hér á landi. Fyrirhugað var þrátt fyrir þessa heildarendurskoðun að gera nauðsynlegar breytingar á lögunum vegna EES-samningsins um leið og öðrum lagaákvæðum af vátryggingarsviði yrði breytt.

Endurskoðunarnefndin tjáði mér að ekki væri hægt að slíta þessar breytingar úr samhengi við þá heildarendurskoðun sem hún vinnur að. Því hefur verið ákveðið að í haust verði lagt fram frv. vegna þessarar heildarendurskoðunar. Annars vegar er um að ræða frv. til laga um brottfall laga um bátaábyrgðarfélög og hins vegar frv. til laga um breytingu á lögum um Sam-

ábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Sama gildir um lögin um vátryggingarstarfsemi. Fyrir nokkrum árum var skipuð nefnd til að vinna að heildarendurskoðun þeirra laga. Nefndin telur æskilegra að fella nauðsynlegar breytingar vegna EES-samningsins inn í heildarendurskoðun sína fremur en að gera brtt. nú, ekki síst þar sem fyrirhugað er að leggja nýtt frv. til laga um vátryggingarstarfsemi fram á Alþingi í nóvemberbyrjun. Því frv. mun fylgja frv. til laga um val á vátryggingarsamningalögum sem nauðsynlegt er talið til að tryggja betur rétt vátryggingartaka þegar gerðir eru vátryggingarsamningar við vátryggingarfélög í öðrum ríkjum. Gert er ráð fyrir að það frv. verði lagt fyrir strax í ársbyrjun 1993.

Breytingar á lögum um almannatryggingar eru enn fremur látnar bíða um sinn. Fyrir því eru tvær ástæður. Annars vegar sú að í apríllok á þessu ári voru samþykktar veigamiklar breytingar á reglugerð Evrópubandalagsins á þessu sviði, sem kalla á skjóta viðbótarskoðun EFTA-ríkjanna á almannatryggingalöggjöf sinni. Sú vinna er að hefjast og er þess vænst að í ljós komi þörf fyrir frekari breytingar á lögunum um almannatryggingar en þegar hafa verið boðaðar. Hins vegar hefur lögunum um almannatryggingar verið breytt u.þ.b. 70 sinnum á þeim tuttugu árum sem þau hafa verið í gildi og eru þau því lítt aðgengileg. Í byrjun þessa árs var ákveðið, í samræmi við ítrekuð fyrirmæli í breytingalögum, að fella breytingalög inn í upphaflegu lögin og gefa þau út að nýju.

Í ljós hefur komið að við þessar endurteknu breytingar hafa lögin orðið ónákvæmari en æskilegt væri, rétt röð lagagreina hefur raskast og allnokkrar eyður myndast. Því hefur verið ákveðið að útbúa frv. til laga um almannatryggingar með samfelldum lagfærðum og leiðréttum lagatexta þar sem jafnframt verður að finna nauðsynlegar breytingar vegna EES-samningsins.

Slíkt frv. mun verða lagt fyrir Alþingi í byrjun október. Ég mun því á næstu vikum leggja fram fimm lagafrv. vegna EES-samningsins til viðbótar við það frv. sem hér liggur fyrir.

Mun ég nú víkja nánar að einstökum atriðum þess frv. sem hér er til umræðu.

Í I. kafla frv. er finna breytingar á lögum um heilbrigðisstéttir, þ.e. læknalögum, lögum um hjúkrunarfræðinga, tannlækna, lyfjafræðinga, ljósmæður, iðjuþjálfa, sjúkraþjálfara og sjóntækjafræðinga.

Reglur Evrópubandalagsins um staðfesturétt og frjálsa för fólks kalla á þessar breytingar á íslenskri löggjöf.

Hjá Evrópubandalaginu eru í gildi sérstakar tilskipanir um fimm heilbrigðisstéttir, þ.e. lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæður og lyfjafræðinga. Tilskipanirnar kveða á um skyldu aðildarríkjanna til að viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem önnur aðildarríki veita ríkisborgurum aðildarríkja í samræmi við þessar tilskipanir. Þetta þýðir að starfsleyfi lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og lyfjafræðinga í einu Evrópubandalagsríki skuli gilda í öðru aðildarríki.

Samkvæmt EES-samningnum skal þessum reglum Evrópubandalagsins beitt á EES-svæðinu. Af því leiðir að hér á landi þarf að breyta 1. gr. í lögum þessara fimm heilbrigðisstétta því þar segir að sá einn megi starfa hér á landi í viðkomandi starfsstétt sem til þess hefur leyfi heilbr.- og trmrh.

Í frv. er því gerð breyting á 1. gr. allra þessara laga og skýrt tekið fram að innan viðkomandi heilbrigðisstéttar hér á landi geti starfað annars vegar þeir sem hafa til þess leyfi heilbr.- og trmrh. og hins vegar þeir sem fengið hafa staðfestingu heilbr.- og trmrh. á leyfi sínu í EES-ríki. Gert er ráð fyrir að með reglugerð verði nánari reglur settar um hvernig heilbrrn. standi að þessari staðfestingu.

Í læknalögum og lögum um tannlækningar er að finna ákvæði um sérfræðingsleyfi sem sömu reglur gilda um. Af þeim sökum þarf að breyta 5. gr. læknalaga og 5. gr. tannlæknalaga. Hins vegar er rétt að benda á að í læknisfræði eru mun færri sérgreinar viðurkenndar hjá Evrópubandalaginu en hér á landi. Réttur til staðfestingar á sérgrein nær eingöngu til sérgreina sem eru sambærilegar milli landanna.

Þá er talið nauðsynlegt að skýrt komi fram í lögum um þessar fimm heilbrigðisstéttir að ef ríkisborgari í EES-landi sem hér starfar á grundvelli staðfestingar á leyfi í öðru EES-landi, er sviptur leyfi sínu þar, falli niður heimild hans til að starfa hér á landi.

Sömuleiðis er talið nauðsynlegt að taka skýrt fram ef EES-borgari sem hér starfar á grundvelli staðfestingar brýtur af sér í þeim mæli að það mundi varða hann leyfissviptingu hefði hann leyfi heilbrrh., þá gæti ráðherra svipt hann staðfestingunni sem starf hans hér á landi grundvallast á.

Í þrennum lögum um heilbrigðisstéttir, þ.e. lögum um iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun og lögum um sjóntækjafræðinga, er gert að skilyrði fyrir starfsleyfi hér á landi að viðkomandi sé íslenskur ríkisborgari.

Þeir sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar geta fengið leyfi en þá með öðrum skilyrðum. Reglur Evrópubandalagsins krefjast þess að engum sé mismunað á grundvelli ríkisfangs. Því er nauðsynlegt að breyta þessum þrennum lögum og tryggja að umsóknir ríkisborgara í EES-ríki um starfsleyfi í þessum heilbrigðisstéttum séu meðhöndlaðar með sama hætti og umsóknir Íslendinga.

Löggilding allmargra heilbrigðisstétta byggir á reglugerðum. Rétt er að geta þess að flestum þessara reglugerða mun þurfa að breyta þar sem EES-samningurinn mælir fyrir um að engum megi mismuna á grundvelli ríkisfangs.

Í II. kafla frv. er fjallað um breytingar á lagaákvæðum á vátryggingarsviði. Þar er átta lögum breytt vegna ákvæða í þriðja hluta EES-samningsins um frjálsa fólksflutninga, frjálsa þjónustustarfsemi og frjálsa fjármagnsflutninga.

Breytingar lúta að því að ryðja úr vegi einkarétti einstakra vátryggingarfélaga til að selja tilteknar tryggingar, skattalegum ívilnunum sem sum þessara félaga njóta umfram önnur félög og ákvæðum um staðfestingu ráðherra á vátryggingarfélögum eða iðgjöldum, svo nokkuð sé nefnt.

Nokkur þeirra laga sem hafa að geyma vátryggingarákvæði, sem þarf að breyta vegna EES-samningsins, heyra undir önnur ráðuneyti en heilbr.- og trmrn. Tveimur þeirra er breytt með þessu frv. í samráði við viðkomandi ráðuneyti. Um er að ræða umferðarlög sem heyra undir dómsmrh. og lög um búfjártryggingar sem heyra undir landbrh.

Ekki er ástæða til að fjalla ítarlega hér um breytingar á lögum á vátryggingarsviði, heldur vísa ég til greinargerðar með frv. Þó vil ég fara nokkrum orðum um breytingar þær sem frv. gerir á lögum um brunatryggingar. Vegna EES-samningsins þarf að breyta lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur, nr. 59/1954, með síðari breytingum, og fella niður ákvæði þeirra um að bæjar- og sveitarstjórnir hafi heimild til að semja við eitt vátryggingarfélag um brunatryggingar á húsum í viðkomandi umdæmi og að skylt sé að vátryggja allar húseignir í umdæminu hjá þessum aðila. Vegna þessarar breytingar þykir eðlilegt að fella niður ábyrgð sveitarfélaganna á því að vátryggingunni sé haldið við.

Í EES-samningnum er sérstakt undanþáguákvæði fyrir Húsatryggingar Reykjavíkurborgar. Lögum um brunatryggingar í Reykjavík, nr. 25/1954, þurfti því ekki að breyta nú. Óvarlegt þykir hins vegar að mismuna húseigendum eftir því hvar þeir búa á landinu. Því hef ég ákveðið að notfæra ekki undanþáguákvæðu EES-samningsins vegna Húsatrygginga Reykjavíkur heldur breyta lögunum um brunatryggingar í Reykjavík samhliða breytingunum á lögunum um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Eðlilegast er að fella lögin um brunatryggingar í Reykjavík niður skv. 15. gr. frv. og breyta heiti laganna um brunatryggingar utan Reykjavíkur í lög um brunatryggingar til viðbótar þeim breytingum sem þegar hafa verið raktar.

Vegna brottfalls laga um brunatryggingar í Reykjavík verður að setja ákvæði til bráðabirgða í lögin um brunatryggingar utan Reykjavíkur sem eftir samþykkt frv. mun þá verða orðin að almennum lögum um brunatryggingar.

Í bráðabirgðaákvæðinu er tryggt að árið 1993 verði brunatryggingar húsa í Reykjavík óbreyttar hjá Húsatryggingum Reykjavíkurborgar undir umsjón borgarstjórnar Reykjavíkur. Borgarstjórn Reykjavíkur skal hins vegar tímanlega og eigi síðar en 30. sept. 1993 tilkynna húseigendum í Reykjavík að brunatryggingar þeirra falli niður og að þeir skuli stofna til brunatrygginga hjá öðru vátryggingarfélagi frá og með 1. jan. 1994.

Afleiðing þessara breytinga er sú að áfram er húseigendum skylt að brunatryggja hús sín en ábyrgð sveitarfélaga á því að vátryggingu sé haldið við fellur niður. Tryggt er eftirlit með að skyldutryggingunni er sinnt með því að vátryggingarfélag sem er með húseign í brunatryggingu má ekki taka gilda uppsögn tryggingarinnar nema jafnframt sé sýnt fram á að stofnað hafi verið til nýrrar skyldutryggingar hjá öðru félagi.

Sveitarfélög utan Reykjavíkur eru bundin samningum um brunatryggingar við Brunabótafélag Íslands og Samvinnutryggingar GT til síðari hluta árs 1995. Ekki er ljóst hvort sá samningur muni standa óski einhver húseigandi utan Reykjavíkur eftir því að vátryggja hús sitt annars staðar en hjá því félagi sem samningurinn gerir ráð fyrir. Ekki er ólíklegt að á þetta muni reyna fyrir dómstólum fljótlega eftir gildistöku EES-samningsins. Rétt er einnig að hér komi fram að talið er að ekkert sé því til fyrirstöðu að sveitarfélög, ef þau svo kjósa, haldi áfram að hafa milligöngu um að ná hagstæðum samningum um brunatryggingar fyrir húseigendur í sveitarfélaginu, svo fremi sem slíkir samningar binda ekki húseigendur kjósi þeir að leita annað með kaup á brunatryggingu sinni.

Í III. kafla frv. er fjallað um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni því að ákvæði þeirra er varða sölu og innflutning eiturefna eru of þröng og samrýmast ekki þeim reglum sem gilda hjá Evrópubandalaginu um þetta efni.

Í IV. kafla er fjallað um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar en í þeim lögum er nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar vegna EES-samningsins. Lögin gera nú ráð fyrir að greiðsla atvinnuleysistryggingabóta sé bundin við dvöl hér á landi. Þessu þarf að breyta því reglur Evrópubandalagsins sem varða reglur EES-svæðisins gera ráð fyrir að fari atvinnulaus einstaklingur í atvinnuleit innan svæðisins beri landinu þar sem hann á rétt á atvinnuleysisbótum að greiða honum áfram bætur þann tíma sem honum er atvinnuleitin heimil eða í þrjá mánuði. Sömuleiðis verður að heimila Atvinnuleysistryggingasjóði að hafa milligöngu um greiðslu atvinnuleysistryggingabóta sem með þessum hætti koma hingað til lands í atvinnuleit því reglur Evrópubandalagsins gera ráð fyrir að stofnun í dvalarlandinu annist greiðslu bótanna á kostnað þar til bærrar stofnunar í landi sem viðkomandi kom frá.

Í V. kafla eru gerðar breytingar á annars vegar lyfjalögum og hins vegar lögum um lyfjadreifingu. Í lyfjalögum þarf að breyta ákvæðinu um auglýsingar og kynningu lyfja til samræmis við reglur Evrópubandalagsins á þessu sviði. Þannig eru hertar reglur um auglýsingu og kynningu skráningarskyldra lyfja en reglur um auglýsingu og kynningu lausasölulyfja eru rýmkaðar. Þá verður fellt niður það ákvæði lyfjalaga að hafna megi umsókn um skráningu sérlyfs ef hið virka efni er svo líkt fáanlegu lyfi að það sem skilur geti ekki haft teljandi þýðingu. Þetta ákvæði brýtur í bága við samkeppnisreglur EES-samningsins.

Þá eru felldar niður tvær greinar í lyfjadreifingarlögum vegna samkeppnisreglna EES-samningsins.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið helstu breytingar sem gerðar eru í frv. á löggjöf á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES-samningsins. Ég leyfi mér að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn. en þar hefur handrit af þessu frv. verið til skoðunar í sumar líkt og með önnur fylgifrumvörp EES-samningsins.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil í tilefni þessa frv. koma með nokkrar ábendingar sem varða efni þess en í upp-

hafi þó víkja svolítið almennt að þeim verkefnum sem liggja fyrir Alþingi og koma inn á okkar borð í formi frumvarpa sem þinginu er gert að fjalla um og afgreiða í framhaldi af framlögðum samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Það er nokkuð fróðlegt fyrir okkur þingmenn að sjá í einstökum atriðum hvað það er í löggjöf sem þarf að breyta að mati ríkisstjórnarinnar vegna þessa samnings og er full ástæða fyrir okkur að íhuga það jafnhliða því sem fjallað er um samninginn hvers konar skilyrði það eru sem er verið að skapa löggjafarsamkomunni með samningnum.

Áður en ég vík frekar að þessu vil ég þó nefna að það undrar mig nokkuð að það skuli þykja sæta tíðindum að þingmenn skuli hafa þurft að ræða samninginn við 1. umr. málsins á undanförnum vikum í nokkra tugi klukkutíma en það hefur borið við að fjölmiðlar hafi verið að reikna það saman og tíunda hvaða tími hefur farið hjá löggjafarsamkomunni í að ræða samninginn. Ég held að það hafi verið Ríkissjónvarpið sem orðaði það eitthvað á þá leið í gær sem fréttir frá Alþingi að það hafi orðið eðlisbreyting á störfum þingsins vegna þess að hér komu á dagskrá og til umræðu 12–14 lagafrumvörp og umræðu um þau flest hver var lokið og við vorum að greiða atkvæði um þau áðan.

Ég undrast satt að segja að verið skuli að setja málin fram með þessum hætti gagnvart alþjóð vegna þess að það er samningurinn sjálfur sem skapar þann ramma að lagabreytingum sem verið er að leggja til við þingið að gerðar verði og það er undirstaða allra þeirra mála sem ríkisstjórnin leggur fram. Getur það verið undrunarefni að það sé einmitt samningurinn sjálfur sem þarfnist ítarlegrar umræðu og skoðunar þar sem hann er undirstaða þess sem hér er fram sett af ríkisstjórninni í formi fjölmargra frumvarpa? Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að menn átti sig á því, bæði hér á löggjafarsamkomunni og í landinu almennt, að við erum að binda okkur í samningi sem dregur ramma um starfsemi á flestum þýðingarmestu sviðum þjóðmála í landinu til framtíðar á meðan honum er ekki sagt upp, ef samþykktur verður, og við losum okkur úr honum. Hér erum við aðeins að bregðast við því sem að mati stjórnvalda er nauðsynlegt vegna samþykktra laga og reglna Evrópubandalagsins en það er ekki síðasta orðið sem Evrópubandalagið segir um þessi efni. Það er bara staðan eins og hún er núna því að Evrópubandalagið er að setja hundruð nýrra laga á hverju ári og vegna þessa samnings mun mikið af þeim berast inn á Alþingi Íslendinga sem boð frá viðkomandi ráðuneytum og ríkisstjórnum. Alþingi ber skylda til að breyta lögum sínum vegna þeirra breytinga sem verða einhliða ákvarðaðar úti í Brussel þar sem Íslandi, sem þátttakanda í þessum samningi, gefst enginn kostur á að verja sig með atkvæði, aðeins með frómum óskum. Við erum að færa okkur inn á stig bænarskránna á meðan Ísland var hjálenda Danaveldis á fyrri tíð. Það eru þær aðstæður sem verið er að skapa löggjafarsamkomunni og það verður heldur hnípið lið sem mun sitja á Alþingi á næstu árum og áratugum, ef samningurinn verður lögfestur, og taka við þeim boðum sem þannig berast frá Brussel. Það getur í rauninni ekki gert annað en að rétta upp höndina eða ýta á takka eða hvaða aðferðir sem verða notaðar til að stimpla inn þær ákvarðanir sem ólýðræðisleg framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins, án nokkurs þingræðislegs aðals svo teljandi sé, ákveður upp á sitt eindæmi. Ég sé ástæðu til þess af tilefni þessa frv., sem er fyrst til umræðu og á dagskrá í dag, að mæla þessi orð og getur verið þörf á að rifja það upp oftar af tilefni þessara frumvarpa. En ég held að fjölmiðlarnir í landinu ættu aðeins að setja sig inn í það hvers eðlis það mál er sem verið er að fjalla um öðrum fremur á Alþingi á þessum síðsumardögum. Það er þessi ákvarðandi samningur, sem víkur til hliðar íslenskum lögum, og er meginmálið sem við stöndum frammi fyrir. Ætlum við að skapa þau skilyrði í landinu að við verðum að lúta þessu eða ætlar Alþingi Íslendinga að verja sig og rétt sinn til lagasetningar?

Menn eru að vísa til þess að þetta sé nú ekki svona slæmt, menn geti sagt nei. Það er fræðilega mögulegt og kann til þess að koma í einhverjum tilvikum í framtíðinni ef þessi samningur verður að veruleika. En ég fullyrði að þau tilvik verða ekki mörg, a.m.k. sem stjórnvöld á Íslandi meta þannig að rétt sé að láta reyna á að segja nei af íslenskum löggjafa því að það kallar á gagnaðgerðir og setur samninginn í uppnám og stöðu Íslands undir þessum samningi í uppnám ef íslenskt löggjafarvald metur það svo að nú eigi að verja sig gagnvart reglusetningunni frá Brussel og segja nei. Þetta er hreint formlegt vald. Ég segi ekki að það sé algerlega einskis virði en þannig er í raun um hnútana búið í samningnum að það er lítils virði. Þess vegna er verið að þrengja kosti löggjafans með þeim hætti sem ég er að lýsa. Ætla þingmenn á Alþingi Íslendinga að beygja sig undir þetta? Fróðlegt verður að sjá hverjir það verða þegar til kastanna kemur sem ætla að beygja sig undir slík skilyrði, slíka afarkosti, fyrir þjóðríki sem til þessa hafa viljað kalla sig sjálfstæð.

Ég ætla að víkja örfáum orðum að þeim frumvörpum sem hæstv. heilbrrh hefur mælt fyrir. Þau varpa ljósi á einn þátt þessa samnings, frjálsa fólksflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins og algerlega jafna réttarstöðu fólks á öllu samningssvæðinu, þessara 380 millj. manna, til atvinnu, til atvinnurekstrar, með örfáum undantekningum sem varðaði störf sem krefjast sérstakrar málakunnáttu eða varða öryggishagsmuni viðkomandi lands. Hæstv. heilbrrh. fór aðeins tæknilega yfir málið. Hann gerði þetta ekki að umtalsefni þegar hann mælti hér fyrir frv. Skoðanir hans í þessu máli komu ekkert fram. Þetta var hrein tæknileg framsöguræða sem var borin fram og hann bætti nánast engu við það sem stendur á þessum fáu blöðum en veruleikinn að baki tillögunum spannar ekki lítið svið sem gæti verið þörf á að ræða og ekki eingöngu varðandi þær starfsstéttir sem er mælt fyrir, heldur sem tengjast öðrum lagafrumvörpum. Eitt mun hafa verið á dagskrá í gær í sambandi við atvinnuréttindi og ríkisborgararétt. Auðvitað er nauðsynlegt að líta á þessa hluti fyrst og fremst í samhengi og það er meginatriði málsins því að hin tæknilega útfærsla skiptir kannski

ekki ýkja miklu þó að auðvitað sé sjálfsagt að gaumgæfa þar einstök atriði ef menn ætla að innleiða þetta kerfi sem hæstv. ráðherra mælti fyrir.

Með samningnum er verið að galopna íslenskan vinnumarkað og hvað snertir ófaglært fólk eru hindranirnar engar. Hvað snertir einstakar starfsstéttir þar sem sérmenntunar er krafist og skilgreininga án þekkingar og færni þarf að liggja fyrir ákveðið mat, en þar er verið að gera íslensk yfirvöld og jafnréttháeða deila völdum íslenskra yfirvalda með yfirvöldum allra hinna landanna eins og er kjarninn varðandi þessar fimm heilbrigðisstéttir sem á að breyta lögum um. Eins og ég skil þetta eru yfirvöld í öðrum EES-ríkjum jafnbær um að segja til um hvort viðkomandi aðili hafi nægа þekkingu, nægа færni til þess að starfa á svæðinu öllu. Þetta varðar breytingu á fyrstu greinum þessara lagafrv. sem eru í bandormi hæstv. heilbrrh. um það að auka þarna við þannig að yfirvöld annarra landa fái sömu stöðu og íslenskum yfirvöldum hefur verið afmarkaður samkvæmt löggjöf okkar. Þetta leiðir af eðli samningsins að svona er á þessu haldið. Menn komast ekkert undan því að breyta hlutum í þessa veru og innleiða fjölmargar aðrar breytingar sem hér eru lagðar til vegna yfirákvæða samningsins.

Stjórnvöld og fleiri, sem hvetja til þess að EES-samningurinn verði samþykktur, hafa verið að hugga launafólk á Íslandi sem hefur eðlilega miklar áhyggjur af samningnum með því að í honum séu undantekningarákvæði eða eitthvað slíkt þar sem hægt sé að stinga við fótum ef í óefni horfir. Hér er farið mjög villandi með stöðu mála svo að vægt sé til orða tekið. Það eru nákvæmlega engin undanþáguákvæði að því er snertir frjálsa fólksflutninga til og frá landinu í samningnum, ekki nokkur önnur en hin almennu öryggisákvæði samningsins eins og þau eru kölluð, nauðvörnin, sem gefur hins vegar öðrum rétt til þess að grípa til gagnaðgerða. Aðeins er um að ræða einhliða yfirlýsingu íslensku ríkisstjórnarinnar, smáprótokoll, sem fylgir samningnum um að hún áskilji sér rétt til að grípa til öryggisráðstafana. En ekki liggur nokkur skapaður hlutur fyrir um það sem gefur þessari yfirlýsingu einhverja réttarlega stoð í samhengi samningsins, ekki nokkra. Ég vek m.a. athygli á þessu í tengslum við þær breytingar sem er mælt fyrir af hæstv. heilbrrh. varðandi breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Menn hafa rætt stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs í tengslum við stöðu atvinnuleysistrygginga hér á landi, stöðu þessa sjóðs sem verður gjaldþrota innan skamms ef ekki verður séð fyrir auknum tekjustofnum og ef svo hörmulega heldur fram sem spádómar liggja fyrir um frá stofnunum í landinu og stjórnvöldum um vaxandi atvinnuleysi hérlendis. Öllum á EES-svæðinu, sem fá atvinnurétt á Íslandi, er veittur aðgangur að atvinnuleysistryggingum og má auðvitað segja að það sé ofureðlilegt eins og málið er fyrir lagt. Það er þessi jafnstaða allra í landinu varðandi vinnumarkaðinn, en ég held að menn þurfi aðeins að staldra við þessar ákvarðanir og hugleiða svo hverjar afleiðingarnar geta orðið af þessari breytingu fyrir atvinnu okkar fólks, okkar Íslendinga sem leita atvinnu í okkar landi og þeirra sem hingað sækja og leita atvinnu og fá þennan rétt og verða þar með samkeppnisaðilar í þessum efnum.

Ef litið er til liðinnar tíðar er það ekki síst í fiskvinnslu sem útlendingar hafa leitað starfa hér á landi, flestir tímabundið, enda ekki um að ræða nema tímabundinn rétt samkvæmt núgildandi löggjöf um atvinnuleyfi, þriggja mánaða leyfi sem þarf þá að endurnýta eða endurmeta. En með þessum samningi fellur slíkt burtu. Ef atvinnurekandi ræður starfsmann er hann búinn að fá sama rétt og Íslendingar í landinu til atvinnu til ótiltekins tíma og rétt til tryggingabóta, félagsleg réttindi til jafns við aðra. Út af fyrir sig er þetta ósköp falleg hugsun og grundvallast á þeirri réttarstöðu sem verið er að innleiða með samningnum.

En það verður dálítil breyting á eðli íslensks vinnumarkaðar eftir að þetta hefur verið innleitt. Við skulum hugsa okkur fyrirtæki í fiskvinnslu sem hefur ráðið útlendinga í vinnu vegna tímabundinna aðstæðna eins og gerst hefur á liðnum árum til þriggja mánaða með réttindi til að segja viðkomandi upp og án þess að það skapi nokkrar sérstakar tryggingalegar skyldur eða að öðru leyti til lengri tíma. Þetta verður með allt öðrum hætti ef þetta verður lögfest sem hér er lagt til. Þá fer sá sem sagt er upp atvinnu af viðkomandi atvinnurekanda inn á atvinnuleysisbætur ef hann verður sér ekki úti um aðra vinnu og heldur rétti til atvinnuleysisbóta alveg til jafns við Íslendinga og til annarra bóta og réttinda. T.d. hljóta sveitarfélögin, sem verða nú ekkert lítill aðili þessa máls, að þurfa að sjá fyrir þjónustu gagnvart þessu fólki ekkert síður en öðrum og hafa nákvæmlega sömu skyldu þar að gegna í þeim efnum.

Ég held að það geti orðið freistandi í framtíðinni fyrir ýmsa sem búa við lakari kjör og lakari aðstæður á Evrópsku efnahagssvæði en við Íslendingar höfum, t.d. fyrir fólk úr Miðjarðarhafslöndum, að leita hingað í skjól þeirra réttinda sem íslensk verkalýðshreyfing hefur áunnið sér og fengið fram með löggjöf og nýta sér það sem hér er boðið upp á, ekki aðeins fyrir viðkomandi aðila sem hér fær atvinnuleyfi samkvæmt þessum rétti sem er verið að skapa, heldur fyrir skyldulið sitt sem samningurinn gerir ráð fyrir að geti flust til landsins óhindrað og sest hér að og fái þá sömu réttindi og aðrir sem búa í landinu.

Í tengslum við samninginn hefur verið talað um svokallaða félagslega vídd og er margt ágætt í sambandi við þá hugsun út frá því spori sem menn eru hér inn á, það er ágætt. En svo vill bara til að það er allt saman laust í hendi sem snýr að hinni svokölluðu félagslegu vídd, „sósíal dímensjón" eins og þetta er kallað á útlendu máli. Það er allt saman enn sem komið er frómar óskir á blaði, ófrágengið af hinni almáttugu framkvæmdastjórn í Brussel en hefur auðvitað verið svona reitt fram til að hugga sósíaldemókratíið í Evrópu sem er einn af frumkvöðlum þessa máls ásamt stórfyrirtækjunum. Hugmyndalegir smiðir þessa samnings eru fremstu foringjar sósíaldemókrata í Evrópu, þ.e. í Evrópubandalaginu og á Norðurlöndum, ásamt talsmönnum stórfyrirtækjanna, fjölþjóðafyrirtækjanna

sem eru í rauninni aðalleikarinn á sviðinu, kapítalið í Evrópu samfléttað við alþjóðlegt kapítal utan Evrópu og ætla ég ekki að fara rekja þær aðstæður frekar í mínu máli. Það er ósköp eðlilegt að þessir aðilar hafi þurft að reiða fram ýmsar frómar hugsanir á blaði varðandi félagslega vídd í tengslum við þetta mál. Það hefur líka verið til umræðu í Evrópubandalaginu sjálfu og varð til þess að bresk stjórnvöld hikuðu við að gerast fullir aðilar að Maastricht-samkomulaginu af því að þeim leist ekki alveg á blikuna. Það væri ekki allt eftir „recepti" Margrétar Thatcher sem þar var sett á blað. Þeir eru býsna kaþólskir í þessum efnum, breskir íhaldsmenn, og bakland þeirra.

Þetta er svona hinn almenni bakgrunnur þeirrar opnunar að því er varðar vinnumarkaðinn sem kemur fram í frv. varðandi þýðingarmiklar starfsstéttir á heilbrigðissviði sérstaklega.

Mig langar svo, virðulegur forseti, að koma að örfáum atriðum sem snerta útfærslu á þessum hugsjónum sem hæstv. ráðherra hefur borið fram og mælt hér fyrir tæknilega. Þar mætti grípa á ýmsu en ég skal ekki hafa það mörg atriði því að auðvitað mun þingnefnd fara yfir þessi mál og verður það verkefni þingnefndar að meta þessar tillögur út frá útfærslunni í einstökum atriðum. Það kemur hér fram eins og víðar í þessum frumvörpum, þessari skæðadrífu frv. sem er að berast á borð okkar þingmanna, að það er verið að leysa ýmis mál með reglugerðarheimildum og þær eru býsna margar í þessu frv. og eiga eftir að birtast okkur í mörgum öðrum málum. Það er mál alveg út af fyrir sig fyrir þessa samkundu, sem ætlar að fara niður á það stig sem samningurinn gerir ráð fyrir, að taka við lagaboðunum frá Brussel, að síðan er meiningin að gera framkvæmdarvaldið, þetta litla peð, íslenskt framkvæmdarvald, svo óburðugt sem það nú verður að gerðum þessum samningi, að útfærsluaðila með reglugerðarvaldi til þess að löggjafarsamkoman þurfi ekki að liggja yfir þessu öllu saman.

Við höfum vissulega byggt á því á liðinni tíð að heimila framkvæmdarvaldinu útfærslu á lögum í ýmsum greinum og það hefur verið sæmilegur friður um það þó að auðvitað hafi verið togast á um það í einstökum atriðum milli þings og framkvæmdarvalds sem ofureðlilegt er. Á stundum hefur framkvæmdarvaldið tekið upp samvinnu við þingið og þingnefndir að því er snertir setningu reglugerða. Hér eru menn hins vegar að fara inn á alveg nýja braut í þessum efnum, braut sem er alveg nýs eðlis að því er snertir reglugerðarvald, og ég held að þingið þyrfti að taka til alveg sérstakrar meðferðar í tengslum við þennan samning hvað það ætlar að ganga langt í þessum efnum nú þegar verið er að færa stóra þætti í málefnum landsmanna frá Alþingi í raun yfir til framkvæmdastjórnarinnar í Brussel.

Ég held að það hljóti að vera verkefni okkar á næstunni að lýsa einmitt inn í þetta alveg sérstaklega og átta okkur á því í hvaða búning við viljum setja þetta og einnig þá þeir sem ætla að taka það á sig fyrir nútíð og framtíð að skrifa upp á þennan samning því að það hlýtur að vera umhugsunarefni þeirra öðrum fremur sem enn eru í þeim sporunum að ætla að skrifa upp á þennan dæmalausa gjörning hvernig þeir ætla að koma reglugerðarvaldinu fyrir og hversu rúmt þeir ætla að hafa þar um fyrir framkvæmdarvaldið og fyrir kommissarana í Brussel og undirkommissarana hér uppi á Íslandi.

Hér er í hinum einstöku köflum verið að heimila ráðherra nánari reglur varðandi ýmis atriði og matsatriði. Það varðar lækningar og það varðar tannlækningar, lyfjafræðinga, hjúkrunarfræðinga, ljósmæður og iðjuþjálfa og allt þetta svið. Þarna er verið að gera ráð fyrir nánara reglugerðarvaldi. Nú geri ég ráð fyrir að það verði ekki aðeins takmarkað af þessum lögum heldur auðvitað líka takmarkað af því hvað íslensku stjórnvaldi heimilast að setja reglugerðir um með tilliti til alls reglugerðarfrumskógar Evrópubandalagsins því að þeir þurfa auðvitað að setjast yfir þetta, embættismennirnir í ráðuneytunum. Þeir hafa alveg nóg með það eitt, hæstv. heilbrrh., að sitja og stúdera rétta þróun á sínu sviði innan Evrópubandalagsins. Ef menn ætla ekki að vera hreinir afglapar í þessum málum og taka því sem að þeim er rétt orðalaust og athugasemdalaust á Stjórnarráðið íslenska eftir að bólgna með því kerfi sem hér er verið að innleiða. Auðvitað er komin upp sú hugsun að það þurfi að koma upp útibúi nálægt sjálfum höfuðstöðvunum úti í Brussel. Ég bíð bara eftir því að hæstv. heilbrrh. komi með tillögu um það að nú þurfi hann að koma fyrir kontor úti í Brussel fyrir sína starfsmenn, eitthvað nær hjartanu í þessu gangverki öllu saman til þess að fylgjast með og vera í kallfæri og skipuleggja fundina fyrir embættismennina íslensku sem þurfi að vera í förum, þannig að þeir séu ekki alveg eins og á vergangi þegar þeir koma til Brussel, illa lesnir, svona rétt farnir að glefsa þetta í flugvélinni á leiðinni, í textana, og þurfi fá pappírana fyrir sig lagða þegar þeir eiga að setjast inn í nefndirnar tvö þúsund sem EFTA hefur tryggt sér seturétt í, eða a.m.k. óskað eftir seturétti í, til þess að hafa möguleika á pappírnum að nota þennan áheyrnarrétt sinn.

Hæstv. menntmrh. er þegar kominn fram með hugmyndina. Hann er kominn fram með formlega ósk og kannski er hann búinn að framkvæma hana, að koma sér upp kontór á vegum menntmrn. í Brussel. Það var vonum seinna. Ég skil ekkert í hæstv. heilbrrh. að kynna ekki Alþingi Íslendinga framtíðarsýn sína varðandi þetta gangvirki að því er snertir hans ráðuneyti og ætti hann kannski að fara að huga að því að tryggja sér sæmilegt húsnæði því að nú þrengist um á húsnæðismarkaðnum þarna þegar EFTA bætist við og hvert ráðuneyti í EFTA-ríkjunum þarf að fara að koma sér upp sínum prívatkontórista nálægt höfuðstöðvunum.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um alla þessa þætti að því er varðar þessar starfsstéttir, um þá sem eiga að starfa á grundvelli 2. tölul. 1. mgr. Það verður ekkert lítið verk að vinna þær reglugerðir. Þá þurfa menn að lesa talsvert því að þar er verið að vísa til þeirra reglna sem hin löndin átján búa við og hafa búið þessum starfsstéttum hjá sér því að það er útfærslan. Þau hafa réttindin til þess að kveða upp úr, veita hinum einstöku starfsstéttum viðkomandi

rétt. Ef íslensk stjórnvöld ætla að hafa einhver áhrif á þetta, hvort Grikkir séu með alveg rétt mat á því hvaða þekkingu hjúkrunarfræðingur sem leitar starfa á Íslandi eigi að vera búinn eða Portúgalir. Hvað þessar starfsstéttir heita, þá þarf hæstv. heilbrrh. með öllu sínu liði að halda námskeið í því hvernig þessu er fyrir komið í löndunum 18 áður en hann fer að setja menn til verka í sínu ráðuneyti, að setja þessar reglugerðir sem hann er að óska eftir heimild til í þessum bandormi.

Það er aðeins tæpt á því á stöku stað í þessu frv. að það komi til greina að gera einhverjar kröfur til tungumálakunnáttu en ekki er það mjög fast í hendi samkvæmt orðanna hljóðan hér í textunum. Ég held að ástæða væri til þess fyrir hæstv. ráðherra, og reyndar hæstv. menntmrh. sem á að standa vörð um íslenska tungu, að lýsa því fyrir Alþingi Íslendinga hvernig eigi að halda á þessu máli gagnvart þessum fjölda, þessum 379 komma eitthvað milljónum sem fá hér jafna stöðu á við Íslendinga til starfa. Enn er verið að láta að því liggja að það þurfi að kunna eitthvert hrafl í íslensku máli. Þar segir t.d. varðandi tannlæknana — ég segi ekki að það sé þýðingarmest af öllu því að ekki geta menn alltaf skipst mikið á skoðunum við þá, a.m.k. ekki í stólnum, á stundum (Gripið fram í.) — að vísu ekki í sambandi við tannlækna á EES-svæði, ég bið afsökunar, ekki í sambandi við aðstöðuna á EES-svæðinu því að þar held ég að séu engar kröfur. En ef farið er að hleypa mönnum utan hins heilaga vés EES inn á íslenskan atvinnuvettvang skal viðkomandi enn fremur sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslenskri tungu. Þetta er að finna á bls. 2 í c-lið 2. gr. Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að hafa hann yfir hér:

„Veita má manni, sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 1. mgr. 2. gr. í landi utan hins Evrópska efnahagssvæðis, leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. Tannlæknadeild Háskóla Íslands getur sett það skilyrði fyrir meðmælum sínum að umsækjandi sanni deildinni hæfni sína með prófi. Sé um erlendan ríkisborgara, aðra en ríkisborgara frá EES-landi, að ræða skal hann enn fremur sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslenskri tungu."

Nú kann vel að vera, ég hef ekki farið í gegnum lagasafnið eða viðkomandi lög í hólf og gólf, að einhver skynsemi sé í þessu ef saman er lesið, en eins og þetta birtist hér er verið að gera þá kröfu til þeirra sem eru utan við hin helgu vé að þeir sanni auk kunnáttu í handverkinu fullnægjandi kunnáttu sína í íslenskri tungu. (**Heilbrrh.:** Bara óbreytt og gildandi lög.) Ekki er það betra fyrir það, fyrir utan það að gildandi lög hafa mér vitanlega ekki að geyma ákvæði varðandi Evrópskt efnahagssvæði. (Gripið fram í.) Það verður mjög ánægjulegt þegar hæstv. heilbrrh. kemur hér upp og gerir okkur grein fyrir því hvernig hann ætlar að beita þeim heimildum sem hann er að afla sér til þess að meta kunnáttu fólks í þessum starfsstéttum í íslenskri tungu. Það er vikið að því á stöku stað annars staðar að aðilar þurfi að kunna eitthvað fyrir sér, en hvernig eigi að ganga úr skugga um þetta, hvernig því eigi að vera fyrir komið — ég skil vel að hæstv. ráðherra þurfi að leita til ráðgafa síns í hliðarherbergi til að fá einhverja línu um það hvernig á málinu skuli haldið og mun það vafalaust skýrast þegar hann útfærir þetta nánar. Við skulum ekki binda þetta eingöngu við þá sem eru utan við hin helgu vé, EES, heldur líta á þá sem eiga að fá réttindi samkvæmt frv. innan þeirra landamæra, t.d. ljósmæðurnar. Í lokum 5. gr. sem er verið að breyta segir:

„Útlendingar sem sækja um leyfisveitingu skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skulu hafa næga kunnáttu í töluðu og rituðu íslensku máli."

Þeir eiga að hafa næga kunnáttu í töluðu og rituðu íslensku máli. Hér er vísað til 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. sem mér virðist vera þeir sem fá leyfi heilbr.- og trmrh. En hvað um hina? Hver er síðan réttur hinna í löndunum 18 sem hafa veitt þessu fólki rétt sinn? Hver er staða þeirra til að meta þetta? Þeim er auðvitað ekki ætlað að gera það heldur er íslenska stjórnvaldinu ætlað að meta þetta. Ætli gæti ekki verið að hæstv. heilbrrh. þyrfti að mæta, svona til skrafs og ráðagerða, í forherbergjunum í Lúxemborg hjá dómstólnum eða hjá EFTA-dómstólnum og þessu kerfi dómstóla sem hér er verið að innleiða þegar verður farið að sækja til saka um mismunun sem íslensk stjórnvöld séu að beita ljósmæður, hjúkrunarfræðinga, lækna o.s.frv., vegna krafna um kunnáttu í þessu hrognamáli sem talað er hér norður á þessu skeri? Það er vissara, hæstv. heilbrrh., að hafa þá einhverja góða lögfræðinga í ráðuneytinu innan handar eða á snærum þess. (**Heilbrrh.:** Það situr einn hérna ...) Hæstv. ráðherra bendir hér í hliðarherbergi þar sem situr mjög traustvekjandi einstaklingur, löglærður ef skilja má bendingar ráðherrans. Ekki ætla ég að vefengja það að sá samningur sem hér er verið að innleiða geti orðið til nokkurs baga varðandi atvinnu í landinu því að ekki verður þessi samningur til að bæta stöðuna í atvinnumálum á Íslandi nema síður sé. Þó er alveg öruggt að ein stétt manna á örugglega eftir að uppskera talsvert aukin umsvif, ég er ekki að tala um þá sem nú eru þar í störfum heldur þá sem eru að setjast á skólabekk, og það er lögfræðingastéttin. Ég hugsa að hún fái alveg nóg að gera að þjónusta íslensk stjórnvöld við að glíma við dómstólana og dómstólakerfið sem tengist þessu máli til þess að greiða úr flækjunum og álitamálunum sem þar eru nánast við hvert fótmál. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðherra mun vafalaust, með stuðningi góðra ráðgjafa sinna, skýra fyrir okkur hvernig hann ætli að halda á þessu máli og hvernig hann ætli að glíma við keppinautana í löndunum 18 varðandi starfsréttindi og möguleika til starfa hér á Íslandi að því er varðar kunnáttu í þessu einkennilega tungumáli sem við tölum enn hér uppi á skerinu.

Það er eitt atriði, ekki stórt, í þessu samhengi þar sem verið er að fjalla um starfsréttindi, t.d. í iðjuþjálfun, en þar segir varðandi breytingu í b-lið:

„Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því að hann hefur hvorki íslenskt ríkisfang né ríkisfang í EES-ríki og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi til að stunda iðjuþjálfun, enda hafi stjórn námsbrautar í iðjuþjálfun við

Háskóla Íslands og landlæknir mælt með leyfisveitingunni."

Ég sé það af þessum texta að landlæknisembættið er að fá ýmsar nýjar skyldur þannig að það er nú sjálfsagt þörf á að bæta einhverju við þó að núverandi fólk sé þar miklir víkingar að störfum, en vafalaust þarf að styrkja það starfslið að einhverju leyti. En hér er verið að innleiða lagatexta um ótakmarkan rétt fólks sem er utan við hin helgu vé EES. Ég geri ráð fyrir að takmarkandi réttur verði í öðrum lögum en ég spyr sjálfan mig og ég varpa því til þingnefndar, því ekki ætla ég að leggja það á ráðherrann að fara að grufla því í bili, að skoða þetta atriði eins og það liggur fyrir því mér finnst það dálítið sérkennilega orðað.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um mörg önnur álitamál varðandi starfsgreinarnar því að ég treysti vel þeim sem í þingnefnd sitja að líta á þau efni.

Síðan er það vátryggingarsviðið. Þar er verið að afnema einkarétt sem skylt er samkvæmt samningnum á öllu þessu stóra sviði og auðvitað þau rök fram borin almennt varðandi þennan þátt að menn geti átt von á að fá ódýrari tryggingar. Sjálfsagt eru einhverjir að vona það. Ekki er ég viss um að það sé gefin veiði þótt sýnd sé en eitt mál sýnist mér nokkuð stórt sem verið er að breyta, þ.e. breyting á lögum um búfjártryggingar sem hæstv. heilbrrh. skýrði ekkert nánar í sínu máli. Ég veit ekki hvers vegna hann hljóp yfir þessar breytingar á lögum um búfjártryggingar. Varla get ég ímyndað mér að það sé vegna þess að Alþfl. sé nú allt í einu orðinn áhugalítill um landbúnað á Íslandi. Verið er að breyta lögum um búfjártryggingar sem staðið hafa í meginatriðum frá árinu 1943 og er kannski kominn tími til að líta á þau, ég er ekkert að fullyrða um það. Og þá er það þessi samningur sem verður til þess að breyta þarf og lagt er til að 3. gr. laganna orðist svo, og er ekkert lítið mál í samhengi þessa stóra máls:

„Skylt er að tryggja gegn hvers kyns vanhöldum kynbótanaut, kynbótahesta og kynbótahrúta sem notaðir eru í félögum eða á kynbótabúum sem styrks njóta af opinberu fé. Vátryggingarupphæð búfjár skal fara lækkandi er það eldist og rýrnar að verðgildi. Ákvæði þar að lútandi skulu sett með reglugerð. Tryggingartími búfjár skal minnst vera árlangt í senn."

Ég get vel ímyndað mér að hæstv. ráðherra hafi þurft að sitja yfir þessum texta á sumarkvöldi og velta fyrir sér hvað hann ætti að leggja til við Alþingi Íslendinga varðandi breytingar á tryggingarlöggjöf um búfé í landinu, sérstaklega kynbótahrúta og skyldar skepnur annarrar tegundar. En fyrir utan þessar merku tillögur sem hæstv. ráðherra hlýtur að útlista nánar fyrir þinginu þegar hann skýrir þessa texta nánar þá er verið að óska eftir reglugerðarákvæði um þetta og það verður ekkert lítið viðfangs þegar hæstv. ráðherra fer að leggjast yfir stöðuna í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins á þessu viðurhlutamikla sviði. En eitt atriði er hér sem ég held að ráðherrann þurfi að rýna betur í og þingnefnd þurfi að skoða. Það er talað um „kynbótabú sem styrks njóta af opinberu fé". Að vísu höfum við einhvers staðar heyrt að landbúnaðurinn eigi ekki að vera beint tengdur inn í þennan samning en þó er verið að flétta inn tryggingarákvæðum varðandi búfé og breyta lögum sem varða búfjártryggingar í sambandi við þennan samning. Það bendir til þess að ætlunin sé að seilast inn á svið búnaðarmála að þessu leyti og verið er að gera ráð fyrir og skrifa upp á að það megi styrkja félög og kynbótabú, félög sem fást við kynbætur, þrátt fyrir ákvæði þessa samnings. Ég vildi nefna þetta og vekja athygli á því að víða þarf að horfa til breytinga á íslenskri löggjöf í sambandi við ákvæði EES-samningsins og einnig er landbúnaðurinn ekki friðhelgur að þessu leyti þó að sagt sé að hann eigi að vera utan við samningssviðið.

Þá vil ég, virðulegur forseti, fara nokkrum orðum um III. kafli þessa frv. en hvet þó þingnefnd til að athuga sérstaklega þar sem verið er að leggja til breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni. Gert er ráð fyrir að 6. gr. laganna orðist svo:

„Setja skal með reglugerð ákvæði um það hverjir mega selja og flytja inn eiturefni."

Hér er verið að vísa því til reglugerðar hverjir það eru sem mega selja og flytja inn eiturefni. Allt er þetta svið sem snýr að umhverfismálum, og er mjög mikið umhugsunarefni, og verður væntanlega rætt í tengslum við annað frv. A.m.k. ætla ég ekki að fara að taka þann þátt til umræðu af þessu tilefni en ég held að full ástæða sé til að fá að sjá drög að reglugerðum frá ráðuneytum um þessi efni sem og aðrar reglugerðir áður en málin koma til 2. umr., að þingnefndin, heilbr.- og trmn., gangi eftir því, sem og aðrar nefndir sem eru að fjalla um þessi frv., að fá að sjá drög að reglugerðum. Það ætti auðvitað að vera almenn regla á sem flestum sviðum en alveg sérstaklega varðandi þessi efni hljótum við að óska eftir því að ráðuneytin kynni drög að reglugerðum áður en málin koma aftur til umræðu í þinginu.

Síðan er það V. kafli frv. sem fjallar um breytingar á ýmsum lögum um lyfjamál. Það svið er stórt og mikið og þær breytingar, sem verið er að leggja til á þessu sviði lyfjamálanna, mikið umhugsunarefni. Í fyrsta lagi er verið, þótt það sé ekki samkvæmt þessari tillögu, að kippa stoðuðunum undan Lyfjaverslun ríkisins og í rauninni líkur á því að heimildir til rekstrar slíkrar stofnunar verði engar til staðar ef þessi samningur verður samþykktur. En aðalatriðið í sambandi við lyfjamálin er að verið er að opna fyrir óheftan innflutning lyfja í mjög ríkum mæli innan alls svæðisins. Yfir markaðinn á Íslandi sem annars staðar á eftir á dengjast ógrynni af lyfjum þar sem við höfum ekki búið við óheft kerfi. Ekki síst verður um hin svokölluðu lausasölulyf að ræða þar sem engu má hafna eftir því sem hæstv. ráðherra hafði uppi í framsöguræðu sinni þar sem innflutningur verður óheftur og auglýsingar samkvæmt nánar útfærðum reglum kannski einhverjum takmörkunum háðar en í allt öðrum og meiri mæli en þekkst hefur hér í landi til þessa. Hér er sem sagt um að ræða gerbreytingu á markaðnum að því er snertir lyf.

Ég vísa til þess að ég reyndi aðeins að grafa í þetta efni með fsp. til hæstv. ráðherra á síðasta vori og þar liggur fyrir mat ráðherrans á ýmsum efnum þessa máls,

m.a. að því er varðar stöðu Lyfjaverslunar ríkisins og ég held að það sé alveg dagljóst að verið er að stefna í breytingu sem hlýtur að vera mönnum mjög mikið umhugsunarefni hvort sé vænleg en eflaust er það svo eins og með margt margt fleira að ekkert verður undan vikist. Ef menn ætla að samþykkja þennan samning þá verður að taka þær breytingar inn sem hin almennu lög frá Brussel bjóða og sem íslenskur löggjafi verður að innbyrða og taka með ef menn ætla að gerast aðilar að þessum samningi.

Það er þó nokkuð fjallað um auglýsingar í þessum kafla og segir t.d. í c-lið:

„Í lyfjaauglýsingum skal auk nafns framleiðanda, heitis lyfs og virkra efna, tilgreina verð, helstu ábendingar og frábendingar er varða notkun hlutaðeigandi lyfja og pakkningastærðir."

Nú er ég ekki vel að mér í íslensku máli á þessu sviði en þetta er í fyrsta sinn sem ég hef tekið sérstaklega eftir orðinu „frábending". Ég hef ekki kynnt mér hvort það er nýyrði eða til í íslenskum lagatexta. Vafalaust er þetta gott og gilt orð en að hvaða leyti frábendingar eru frábrugðnar ábendingum er mér nokkur ráðgáta og að þetta skuli sett saman með þessum hætti því að ég hefði litið svo til að í frábendingum felist aðvaranir eða eitthvað af þeim toga en að það geti ekki flokkast undir hugtakið ábending eins og annað sem varðar lyfið og skuli tekið fram sérstaklega kemur dálítið kynlega fyrir sjónir.

Í d-lið er lagt til að 20. gr. orðist svo:

„Heimilt er þó að kynna fyrir heilbrigðisstéttum, sbr. 19. gr., lyf og áður talinn varning, en þó á þann hátt að ekki sé líklegt að auglýsingin komi almenningi fyrir sjónir."

Ég bið hæstv. ráðherra að koma í þingsal því að við hljótum að óska eftir því alveg sérstaklega að hæstv. ráðherra útskýri fyrir þingmönnum hvað hér er á ferðinni, auglýsingar sem ekki mega koma fyrir almenningssjónir.

Varðandi þennan þátt er síðan að lokum gert ráð fyrir því að fá víðtækar reglugerðarheimildir skv. j-lið, en 26. gr. orðist svo:

„Ráðherra er heimilt að fenginni umsögn Lyfjaeftirlits ríkisins og landlæknis að kveða nánar á í reglugerð um gerð auglýsinga er um ræðir í þessum kafla," — væntanlega líka þessar auglýsingar sem enginn má sjá — „þar með talin heimild til notkunar annarra tungumála í auglýsingum, sbr. 19. gr. Reglugerðin skal einnig kveða nánar á um meðferð og afhendingu lyfjasýnishorna, sbr. 22. gr."

Hér er mjög víðtæk heimild til reglugerðar sem vísar sérstaklega til auglýsinganna sem verður nú ekki lítill frumskógur að fást við og ekki síst þegar þannig er haldið á máli, hæstv. ráðherra, — hæstv. ráðherra dvelst allmjög í samræðum við sérfræðinga og ég skil það vel en hér er einnig óskað reglugerðarheimilda varðandi auglýsingar sem auglýsa á á þann hátt að ekki sé líklegt að þær komi almenningi fyrir sjónir.

Það er nú svo, virðulegur forseti, að það væri ástæða til að fjalla um margt fleira. Ég vek athygli á því að lagt er til að lokum í þessum V. kafla á undan gildistökuákvæðinu að fella niður tvær greinar úr gildandi lögum um lyfjadreifingu og ég ætla að lesa þessar greinar eins og þær standa í lagasafninu áður en ég lýk máli mínu. Þær hljóða svo, með leyfi forseta:

37. gr.: „Nú er lyfjainnflytjandi eða lyfjaheildsala einkainnflytjandi skráðs sérlyfs og er forráðamönnum hennar þá skylt að hafa ávallt þær birgðir lyfsins á boðstólum, sem hæfilegar teljast að mati Lyfjaeftirlits ríkisins."

38. gr.: „Umboðsmönnum erlendra sérlyfjaframleiðenda (innflytjendum, heildsölum) er skylt að greiða fyrir kaupum Lyfjaverslunar ríkisins á lyfjum frá umbjóðendum þeirra, annaðhvort beint frá framleiðanda á skráðu innkaupsverði (fob./cif.) eða með afhendingu úr eigin vörubirgðum umboðsmanns á kostnaðarverði. Með kostnaðarverði er hér átt við það verð, sem heimilt er að leggja til grundvallar fyrir álagningu í heildsölu, að viðbættu þjónustugjaldi, sem ákveðið er af ráðherra, að fengnum tillögum lyfjaverðlagsnefndar.

Einungis Lyfjaverslun ríkisins er heimilt að flytja inn bólUefni og ónæmisefni."

Þetta eru greinarnar sem lagt er til að felldar verði úr lögunum og eru auðvitað margar ástæður fyrir því að þetta er lagt til. T.d. vegna ákvæða samningsins, banns við einkasölum og öðru þess háttar og vegna samkeppnisreglna sem við eigum að lúta í þessum efnum. Þingnefnd hlýtur að taka þetta til sérstakrar skoðunar og yfirvegunar. En málin liggja auðvitað þannig um þetta eins og málið í heild að menn standa frammi fyrir tveimur kostum, að skrifa upp á þennan samning og allar þær fylgjur lagalegs eðlis sem honum tengjast eða hitt að hafna þessum samningi og fást við það verkefni sem mér finnst eitt sæma þessari virðulegu stofnun, Alþingi Íslendinga, að glíma við að þróa upp á eindæmi íslenska löggjöf án þess að haldið sé um pennann og honum í rauninni stýrt frá Brussel á öllum sviðum mála sem samningurinn tekur til sem eru stærstu svið íslenskra málefna og æ fleiri svið sem munu verða tengd með einum eða öðrum hætti þessum samningi þó að kölluð séu jaðarmálefni.

Ég vil svo að endingu, virðulegur forseti, segja að það er með miklum fádæmum að Alþingi Íslendinga skuli vera ætlað að fjalla um þennan stóra samning, um þessi fjölmörgu lagafrv., sem sum hver eru í bandormsformi og teygja sig inn á mörg svið íslenskrar löggjafar, á örfáum vikum. Það eru þau skilyrði sem okkur eru sett samkvæmt óskum ríkisstjórnarinnar. Ég segi: Það er ósæmilegt með öllu að ætla Alþingi Íslendinga að fjalla um þessi svið á þessum nauma tíma. Það er í rauninni ógerlegt verkefni, ef menn ætla að sinna sínum skyldum, að gaumgæfa lagabreytingar og meta samninginn í heild sinni í ljósi þeirra breytinga sem verið er að leggja til. Það þýðir ekki að vera að vísa til annarra þjóðþinga í þessum efnum og segja að okkur Íslendingum sé engin vorkunn að taka á málunum svipað og þar gerist. Ég vísa til þeirra aðstæðna sem alþingismenn búa við í samanburði við það sem gerist á öðrum þjóðþingum að fara yfir og meta og undirbúa löggjöf og lagabreytingar. Ætli það sé ekki allólíku saman að jafna, aðstöðu okkar hér á Alþingi og í ná-

grannalöndunum, að ekki sé nú talað um hin stærri og öflugri ríki sem búa með allt öðrum hætti, svo sem eðlilegt má teljast, að sinni löggjafarsamkomu en Ísland? Vilji það reyna að halda í horfinu, vilji það reyna að halda sínum hlut og gæta og vera sá aðili til sóknar og varnar fyrir Íslendinga þurfum við að hafa aðrar aðstæður til að fjalla um viðamikil mál en hér eru ætlaðar og á það eftir að koma fram, geri ég ráð fyrir, þegar við förum að fjalla um þessi fjölmörgu frumvörp í nefndum þingsins, að það verk sem ríkisstjórnin ætlar þinginu að vinna á örfáum vikum er í raun óvinnandi vegur.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Það er á flestum sviðum sem breytingar verða í þjóðlífi Íslendinga ef samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði verður samþykktur eins og fram kom í máli síðasta hv. ræðumanns og eru þó ekki öll kurl komin til grafar.

Síðasti ræðumaður fór inn á flókinn feril frv. og fór jafnvel inn á ýmsa hluti sem ég hef ekki áður einbeitt mér að, jafnvel ræddi hann um að þetta gæti skert frelsi rýrra kynbótahrúta o.s.frv., en það er nú ekki það sem frv. fjallar aðallega um, heldur er hér til umræðu frv. til laga um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um hið Evrópska efnahagssvæði. Frv. er svokallaður bandormur og felur í sér breytingar á mörgum málaflokkum, t.d. lögum um heilbrigðisstéttir, lagaákvæðum á vátryggingarsviðinu, lögum um eiturefni og hættuleg efni, lyfjalögum og lögum um atvinnutryggingar og ýmsu fleiru. Í frv. er þannig sullað saman hinum ólíkustu málaflokkum. Ég tel að eðlilegra hefði verið að skipta þessu niður eftir málaflokkum og það væri fróðlegt að heyra skýringu á því hvers vegna hagkvæmara þykir að hafa þennan háttinn á en hæstv. heilbrrh. hlýtur að skýra það í máli sínu á eftir. Mun auðveldara væri fyrir hv. þm. að taka hvern málaflokk fyrir sig og einbeita sér að honum.

Heilbr.- og trn. hefur nú þegar rætt ýmis ákvæði frv. og fengið umsagnir margra hagsmunaaðila þar að lútandi. Rétt er að geta þess að frv. hefur tekið umfangsmiklum breytingum frá því að það var lagt fram sem handrit í sumar. Það er aðallega varðandi tryggingamálin sem breytingar hafa orðið frá því við lásum handritið og það sýnir kannski best að það er viss sveigjanleiki þrátt fyrir IX. viðauka, um fjármál og þjónustu. Það segir okkur í sambandi við þær breytingar sem hafa verið gerðar á frv. varðandi Húsatryggingar Reykjavíkur að þennan sveigjanleika getum við kannski líka notað í sambandi við Brunabótafélag Íslands. Báðum þessum aðilum er nú gert jafnt undir höfði og það er auðvitað rétt.

Varðandi heilbrigðisstéttir í I. kafla frv. er það í beinu framhaldi af reglum um frjálst flæði fólks hér á þessu svæði Evrópubandalagsins og með samþykkt þessara laga má ekki mismuna fólki ef það hefur prófskírteini í viðkomandi fagi þrátt fyrir það að við vitum nákvæmlega að hvað snertir ýmsa faghópa í heilbrigðisstéttum er meiri menntun á Íslandi en hjá þessum þjóðum sem um ræðir. Tek ég þá sérstaklega t.d. hjúkrunarfræðinga og ljósmæður og jafnvel sjúkraþjálfara sem hafa meiri menntun á Íslandi, en ekki má mismuna þessum aðilum ef þeir hafa próf í viðkomandi fagi. Í mörgum þessum löndum er líka krafist minni grunnmenntunar en til sambærilegra prófa hér á Íslandi. Því er ekki alltaf verið að tala um sambærilega menntun þegar við erum að tala um sambærileg stöðuheiti. Það sem er að gerast nú er það að vegna fjársveltis Háskóla Íslands erum við kannski smátt og smátt að fá minna menntað fólk frá öðrum EES-löndum. Vonandi ekki, en því miður er margt sem bendir til þess.

Aðeins er hægt að mismuna á einu sviði, það er varðandi málakunnáttu. Það er hægt að mismuna fólki ef það getur ekki talað íslensku eða skrifað íslenskt mál og ég spyr nú: Verður það ekki afar erfitt fyrir okkur? Við getum lengi sagt að þessir útlendingar tali ekki og skrifi ekki íslensku hundrað prósent. (**Gripið fram í:** Má þá krefjast þess að sjúklingarnir tali erlend tungumál?) Ég heyri ekki hvað hv. þm. segir en það hefur örugglega verið eitthvað skemmtilegt því hann brosir og hlær og ég ræði við hann síðar um það. Það sem ég er að spyrja um er þetta: Hversu lengi og hvernig getum við staðið á því gagnvart EB-dómstólum að útlendingar tali ekki og skrifi fullkomlega íslenskt mál? Ég er þess vegna hrædd um að við eigum eftir að lenda í ógöngum einmitt varðandi þetta. Hvort það verði mikið flæði af fólki frá öðrum EB-löndum inn á störf heilbrigðisstétta verður þó tíminn að leiða í ljós, en ég held að léleg launakjör ýmissa heilbrigðisstétta verði þess valdandi að það verði kannski ekki eins mikil ásókn og margir gætu ímyndað sér.

Í heilbr.- og trn. höfum við fengið mjög mikilvægar ábendingar frá ýmsum heilbrigðisstéttum sem er eftir að kryfja til mergjar og ég býst við að margt af því sem þar hefur verið bent á verði tekið ekki bara til umfjöllunar heldur til greina. Mér heyrist það á flestum í heilbr.- og trn. að þeir hafi áhuga fyrir því. Ég segi þá hér með í bili skilið við heilbrigðisstéttirnar hvað frv. varðar, en áskil mér allan rétt til að bera fram brtt. á síðari stigum málsins.

Mig langar að fara nokkrum orðum um tryggingamálin. Ég tel að þar sé um gjörbreytingu að ræða. Hér er verið að tala um byltingu í tryggingamálum, á vátryggingarsviðinu, því að hér hefur um aldaraðir verið sú hefð að sveitarfélögin hafa séð um að allar fasteiginir séu tryggðar, en svo verður ekki ef þessi lög taka gildi. Þá ber einstaklingurinn sjálfur ábyrgð á því, en sveitarfélögin hafa haft þessa skyldu og þetta hefur verið samofið framfærsluskyldunni. Ef brennur ofan af fólki er það framfærsluskylda sveitarfélagsins að sjá um að hann fái húsnæði, þak yfir höfuðið og aðra framfærslu. Það er sem sé verið að breyta þessari grundvallarskyldu og sveitarfélagið verður ekki ábyrgt fyrir tryggingunum, en auðvitað áfram gagnvart framfærslunni. Það breytist að sjálfsögðu ekki neitt.

Það sem ég óttast í þessu er að ég held að það taki fólk mjög langan tíma að átta sig á því að það ber sjálft ábyrgð á tryggingum. Ég ætla því að spyrja

hæstv. heilbrrh. hvernig hann hafi hugsað sér að haga eftirliti með því. Samkvæmt frv. verður að sjálfsögðu áfram skyldutrygging en hvernig verður eftirlitinu háttað á eftir? Mér finnst vera mjög mikið atriði að fá að heyra hvernig það er hugsað.

Ýmislegt hefur komið fram í þessum umræðum um breytingar á tryggingunum almennt. Hér er talið að um mjög hagstæð iðgjöld sé að ræða á Íslandi. Það hefur verið leitt að því líkum að það séu tólf sinnum lægri iðgjöld t.d. á timburhúsum hér á Íslandi, á Reykjavíkursvæðinu, en í borgum á Norðurlöndum. Mér finnst margt benda til þess að þegar ekki verður lengur boðið út í svo stórum einingum sem verið hefur muni iðgjöld hækka. Ég vildi gjarnan fá að heyra hvernig hæstv. heilbr.- og trmrh. lítur á það, hvort hann telji að tryggingaiðgjöld muni hækka hér á Íslandi eður ei.

Samt finnst mér allra stærsta málið í þessu að tryggja að allar fasteignir séu tryggðar. Það er auðvitað alveg númer eitt. (Gripið fram í.) Já, það hefur verið rætt, bæði í gamni og alvöru, varðandi Húsatryggingar Reykjavíkur að hægt hafi verið að koma því inn í samninginn að undanskilja þær þó að síðan hafi verið gerð breyting á. Mig langar að fá svar frá hæstv. heilbr.- og trmrh.: Þurfum við þá gjörbyltingu í vátryggingarmálum sem þetta frv. leggur til að verði gerð varðandi EES-samninginn?

Heilbr.- og trn. hefur fengið mjög ítarlegar upplýsingar og tilmæli frá m.a. Brunabótafélagi Íslands og er með vissar breytingartillögur frá þeim sem eftir er að skoða ofan í kjölinn í nefndinni. Þær verða skoðaðar ásamt öðrum ábendingum sem við höfum fengið.

Mig langar að fara nokkrum orðum um Atvinnuleysistryggingasjóð og atvinnuleysistryggingar, en sú grein í frv. felur í sér að ríkisborgarar frá EES-landi hafa sömu réttindi til bóta alls staðar á svæðinu. Ég er alveg viss um að þessi réttur mun valda því að margir frá þessum löndum munu koma hingað í atvinnuleit og það mun náttúrlega breyta ýmsum strúktúr í þjóðlífinu. Ég tel að við Íslendingar séum ekki búnir að undirbúa okkur nógu vel undir það að fá mikinn fjölda fólks hingað. Ég tel t.d. að mjög fróðlegt verði að sjá hverjar breytingar verða á lögum um almannatryggingar. Það er aðkallandi að það frv. verði lagt fram því að það tengist auðvitað þessu máli mjög náið.

Um þetta frv. mætti auðvitað hafa mörg orð, en ég ætla að geyma mér það þangað til á seinni stigum en ég er ekki í nokkrum vafa um að í meðhöndlun heilbr.- og trn. mun frv. taka verulegum breytingum.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Ég vænti þess að það sé rétt, eins og fram kom hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, formanni þingflokks Alþfl., að menn hlusti ítarlega, menn eiga alla jafnan að gera það. Til þess eru þeir hér á hv. þingi, að fylgjast með umræðum, og fundarsalurinn, málstofan, er auðvitað til þess ætluð að þingmenn komi á framfæri skoðunum sínum og ræði við ráðherra um þau frumvörp sem þeir leggja fram, krefjist frekari skýringa á því sem menn vilja vita nánar um í þeim frumvörpum og svo auðvitað ekki síst reyni á stundum að koma viti fyrir þá starfsfélaga sína sem eru ekki endilega alltaf sömu skoðunar og sá sem er að reyna að setja fram sínar skoðanir í ræðustóli. (Gripið fram í.) Já, hv. þm. bendir á að menn í salnum séu sjálfsagt misjafnlega til þess fallnir að láta ljós sitt skína og e.t.v. líka misjafnlega móttækilegir fyrir það sem hér fer fram. Ég ætla ekki að leggja neinn dóm á það, a.m.k. ekki að þessu sinni.

Mig langar fyrst til að spyrja hæstv. ráðherra spurninga um tvö atriði sem fram komu í upphafi máls hans og varða kannski ekki alveg beint efni frv. sem er þó til umræðu, frv. til laga um breytingu á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála sem tengjast þessu Evrópska efnahagssvæði. Þær spurningar fjalla um það sem hann nefndi, að í ráðuneyti hans og af hans hálfu væri á döfinni að leggja fyrir þingið nýtt frv. til laga um almannatryggingar og það væri væntanlegt í októberbyrjun. Ef ég skildi hann rétt yrði þar kannski fyrst og fremst um að ræða tæknilegar breytingar og samræmingaratriði vegna þess að, eins og hann benti réttilega á, í gegnum tíðina hafi verið gerðar margvíslegar breytingar á núgildandi lögum um almannatryggingar og hefur margsinnis verið bent á það í þessum ræðustóli og annars staðar að það þyrfti að fara fram ítarleg endurskoðun á þessari löggjöf. Mér skildist á hans máli að þar væri kannski fyrst og fremst um að ræða tæknilegar breytingar og svo þær breytingar sem tengjast þessu Evrópska efnahagssvæði, en spurning mín fellur að því hvort ekki sé að vænta neinna annarra ítarlegri lagfæringa og breytinga á almannatryggingalöggjöfinni og þá efnislegra.

Annað sem hann nefndi einnig í upphafi málsins var að til hefði staðið að setja fram á þingi nýja löggjöf um lyfjamál. Við höfum vissulega heyrt það í máli hans áður að uppi væru hugmyndir af hálfu hans og hans ráðuneytis um að gera þar róttækar breytingar á, skipulagsbreytingar eða breytingar á gildandi kerfi, og mig langar einnig að spyrja hann hvort nú sé, miðað við það sem hann sagði um það að breytingar sem verða á lögum um lyfjamál, fluttar í þessu frv., tengist eingöngu breytingum sem varða hugsanlega aðild að Evrópsku efnahagssvæði, einnig fallið frá því að ráðast til atlögu við gildandi lyfjalöggjöf með það í huga að knýja þar á um kerfisbreytingar.

Við höfum heyrt að hæstv. ráðherra og hans menn hafi lagt í það vinnu að undirbúa nýja löggjöf en sú löggjöf hafi strandað í samstarfsflokki hæstv. ráðherra í ríkisstjórn. Ekki veit ég hvort um er að ræða sögusagnir eða hvort eitthvað kann að vera rétt í þessu. Hins vegar væri forvitnilegt að heyra um það hjá hæstv. ráðherra hvar slíkar breytingar kunna að vera staddar ef þær eru yfirleitt einhverjar á döfinni sem ég tel að væri bæði æskilegt og nauðsynlegt að knýja á um.

Þetta, eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, tengist ekki beint frv. sem hér er til umræðu, en mig langar, með leyfi forseta, að fá að beina þessum fyrirspurnum til hæstv. ráðherra og það verður þá að ráðast hvort hann treystir sér til að ræða það hér og nú í þessari umræðu eða síðar.

Þá langar mig aðeins til að hverfa að örfáum atriðum sem er að finna í frv. Ég ætla að ræða þau ofurlítið nánar og hugsanlega spyrja ráðherra nokkurra spurninga en skal þó reyna að vera ekki mjög langorður. Það varðar fyrst hugmyndir um starfsleyfi sem hér er fjallað um og hafa verið ræddar af hv. þm. sem hafa talað á undan mér, starfsleyfi heilbrigðisstétta sem breytast mjög varðandi aðild okkar að þessu sameiginlega efnahagssvæði í Evrópu ef af verður.

Í 1. gr. frv. þar sem fjallað er um 1. gr. læknalaganna, í síðari breytinga, segir, með leyfi forseta:

„Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um þá sem stunda mega lækningar hér á landi skv. 2. tölul. 1. mgr.“

Í þessum 2. tölul. er verið að tala um þá einstaklinga sem hér mega starfa eftir breytingarnar vegna þess að þeir séu íbúar og hafi réttindi á þessu Evrópska efnahagssvæði. Hvaða atriði getur eða má ráðherra setja í slíka reglugerð sem hugsanlega hefur áhrif á starfsréttindi þessara aðila sem hafa réttindi í sínu heimalandi sem er annað en okkar heimaland? Getur ráðherra yfirleitt eitthvað sett í slíka reglugerð sem hefur áhrif, hugsanlega þrengjandi áhrif, á þeirra starfsréttindi? Er hann ekki nokkuð bundinn af því að þær reglur sem hann setur séu nánast samhljóða því sem um ræðir í viðkomandi löndum, jafnvel þó þær kunni að vera breytilegar frá einu aðildarlandi til annars? Ég býst reyndar við að svo kunni að vera, því eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni, hv. 2. þm. Vesturl., Ingibjörgu Pálmadóttur, þá eru skilyrðin fyrir réttindum og hugsanlega menntunin mismunandi frá einu landi til annars og við höfum oft hælt okkur að því að eiga hér á Íslandi mjög vel menntaðar og mjög vel færar og hæfar heilbrigðisstéttir.

Reyndar á þetta atriði við í fleiri greinum frv. og kemur fram í fleiri breytingartillögum þessa frv., t.d. einnig í 1. gr. frv. þar sem fjallað er um 5. gr. læknalaganna. Þar er um að ræða sérfræðileyfi lækna. Þar er svipað skilyrði þar sem kveðið er á um að ráðherra geti sett nánari ákvæði í reglugerð um þessi réttindi sérfræðinga sem koma frá öðrum löndum og telja sig, samkvæmt þessum nýja samningi, eiga hér full starfsréttindi.

Ég hefði viljað heyra nánar frá ráðherra varðandi þessa þætti málsins, t.d. það hvort hér geti verið um að ræða einhverjar þrengingar eða breytingar sem geta haft áhrif á hversu auðveldlega útlendingar ganga hér inn í atvinnu. Þetta segi ég ekki til þess í sjálfu sér vegna þess að við ætlum okkur að loka fyrir starfsréttindi þessara útlendinga hér heldur vil ég vita hvað í þessu felst, hverjir möguleikar ráðherra hugsanlega eru ef hann hygðist eða vildi grípa til einhverra slíkra.

Hér kemur fram m.a. í greinargerð um 1.–5. gr. frv. á bls. 12 í þskj. þar sem t.d. er tekið fram að staðfesting gefi viðkomandi einstaklingum ekki rétt til stöðuveitinga. Auðvitað hlýtur það að vera sá sem ræður manninn á hverjum tíma sem fjallar um það mál og ákveður hver hljóti viðkomandi stöðu. En síðan kemur að atvinnurekandi geti hugsanlega hafnað viðkomandi einstaklingi á grundvelli málakunnáttu. Mig langar til þess að ítreka það sem kom reyndar fram í ræðu hv. 4. þm. Austurl. hvort það sé virkilega svo að stjórnendur geti vísað mönnum frá störfum á þeirri forsendu ef fagþekkingin er fyrir hendi og verður ekki vefengd og hvort þá megi ekki búast við því að einstaklingurinn leiti réttar síns gagnvart því að verið sé að setja hann til hliðar eða hafna honum í stöðu eða við stöðuveitingu á öðrum forsendum en faglegum.

Hér segir líka í greinargerðinni að réttur eða réttindi geti verið mismunandi vegna þess að viðurkenndar sérgreinar séu mun færri hjá Evrópubandalaginu en hér á landi. Þá er spurning mín til ráðherra: Er þá einnig hægt að beita slíkum ákvæðum þegar fjallað er um leyfisveitingar eða staðfestingu á réttindum einstaklingsins vegna þess að við erum hér með fjölbreyttara eða kannski flóknara kerfi á okkar fagmálefnum en gerist í samstarfslöndum okkar eða megum við búast við því að þar muni einstaklingarnir einnig reyna að leita réttar síns og beita því fyrir sig að þeir hafi réttindi í viðkomandi grein þó svo að við hér á Íslandi efumst um að það séu fullgild réttindi miðað við það sem við höfum viljað krefjast af okkar eigin borgurum og okkar sérfræðingum og okkar góða heilbrigðisstarfsfólki?

Varðandi þennan kafla langar mig svo að lokum að árétta spurningu til ráðherra varðandi leyfissviptingar. Í athugasemdum við 1.–5. gr. er m.a. fjallað um leyfissviptingar og þar segir, með leyfi forseta: „Sömuleiðis er talið nauðsynlegt að taka skýrt fram að ef EES-borgari sem hér starfar á grundvelli staðfestingar brýtur af sér í þeim mæli að það myndi varða hann leyfissviptingu, hefði hann leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra,“ — þá er trúlega vísað til þess að hann hefði leyfi okkar heilbrigðisyfirvalda, íslensks heilbr.- og trmrh. Þá segir áfram: — „þá geti ráðherra svipt hann staðfestingunni sem starf hans hér á landi grundvallast á.“

Þá langar mig að spyrja ráðherra: Er það algjörlega á valdi hins íslenska ráðherra án samráðs eða samþykkis þeirra yfirvalda sem hafa gefið viðkomandi einstaklingi leyfið, læknaleyfið eða starfsleyfið, hvort sem það er læknisleyfi eða annarra heilbrigðisstétta sem hér er verið að ræða um ef viðkomandi hefur hagað sér þannig í sínu starfi að leyfissviptingar sé krafist af okkar reglum, þeim starfsreglum sem við höfum sett okkur? Getur þá viðkomandi einstaklingur aftur og enn leitað réttar síns í því landi eða hjá þeim yfirvöldum sem veittu honum upphaflegt starfsleyfi eða sérfræðileyfi?

Þá langar mig að víkja að kaflanum um brunatryggingar í frv. Það hefur nokkuð verið gert í umræðu á undanförnum dögum, þegar rætt er um samninginn sjálfan, samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði, og frv. það sem varðar gildistöku hans, þá hefur umræðuefnið einkum verið um brunatryggingar í Reykjavík, réttindi eða undanþágu vegna Húsatryggginga Reykjavíkurborgar og svo almennt um þróunina sem kann að verða varðandi brunatryggingar húsa eða fasteigna í landinu ef þær breytingar ná fram að ganga sem hér eru boðaðar.

Í fyrsta lagi langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hvort hægt sé — já, ég verð nú fyrst að segja það við hæstv. ráðherra að ég er mjög sammála honum um það og vil lýsa stuðningi mínum við þá ákvörðun hans að nýta sér ekki þetta furðulega undanþáguákvæði um Húsatryggingar Reykjavíkurborgar sem er merkilegt að skyldi fást inn í þennan samning því vitum að mjög erfitt hefur verið að koma inn í hann varanlegum fyrirvörum eða undanþágum. Verður að teljast ótrúlegt að það skyldi takast með þetta málefni. Því gerði reyndar hv. þm. Svavar Gestsson ítarleg skil í ræðu sinni á dögunum og ég ætla ekki að orðlengja um það en mig langar þó að láta það koma hér fram að ég minnist þess ekki að í tíð fyrrv. ríkisstjórnar hafi verið fjallað um þetta mál sérstaklega eða að undanþáguákvæði um Húsatryggingar Reykjavíkurborgar hafi þar eða þá borið á góma. Ég hygg því að það hljóti að hafa komið til síðar. Væri forvitnilegt að vita hvort hæstv. heilbrrh. hefur beitt sér sérstaklega fyrir því efni eða hvort það er af öðrum rótum runnið. Mér finnst það dálítið merkilegt og það vekur mig líka til umhugsunar um það ef menn hefðu beitt sér af fullum þunga um önnur ákveðin atriði sem talið hefur verið æskilegt og nauðsynlegt að hafa varanlega fyrirvara á um, hvort ekki hefði verið hægt að ná því fram eins og dæmið sannar um þetta eina atriði eða ákvæði hér. En nóg um það. Ég er sammála hæstv. ráðherra um að nýta ekki þetta ákvæði, mér finnst það reyndar svo furðulegt, og er forvitnilegt að vita hjá hæstv. ráðherra hvort um það er fullkomið samkomulag hjá ríkisstjórnarflokkunum að frv. gangi fram eins og það liggur fyrir.

Ég hef heyrt það frá hv. þm. sem sæti eiga í heilbr.- og trn. að fulltrúar Húsatrygginga Reykjavíkurborgar hafi komið þar til fundar og látið þau orð falla að þeir væru mjög óhressir með frv. eins og það lítur nú út. Það væri því fróðlegt að vita hvort nokkrar líkur eru á því að ráðherra hverfi frá þeirri stefnu sem hann hefur sett fram í þessu frv.

En mig langar, varðandi þessa undanþágu, að spyrja hæstv. ráðherra hvort það komi til greina að nýr ráðherra geti látið undanþáguákvæðin taka gildi á ný, hugsanlega ráðherra með aðrar skoðanir eða annan vilja í þessu efni, af því að undanþáguákvæði er auðvitað fyrir hendi í samningnum ef ég skil rétt. Undanþáguákvæðið er auðvitað til staðar og væri hugsanlegt, þó að lagafrv. sem hér liggur fyrir kveði á um að nýta sér ekki þessa undanþágu, að því lagaákvæði mætti aftur breyta ef ný stefna og nýr vilji kæmu fram frá einhverjum síðari tíma yfirvöldum í þessum málaflokki.

Að lokum varðandi þessi húsatryggingarmál langar mig að spyrja hæstv. ráðherra um það hvernig fylgt verði eftir því ákvæði að fasteignir séu þrátt fyrir allt tryggðar. Nú er felld niður ábyrgð sveitarfélaganna sem eðlilegt er miðað við þessar breytingar sem hér eru boðaðar. Það kemur jafnframt fram að fasteignir skuli vera tryggðar, það er á þeim skyldutrygging svipað og kannski háttar með bifreiðar og ábyrgðin er færð yfir á tryggingafélagið eða gerð tilraun til þess í frv. svipað og er með bílatryggingarnar. Mér finnst öðruvísi hátta til með bifreiðatryggingarnar. Þar er þó frá því gengið þegar ný bifreið er skráð að hún sé tryggð, fyrr fær hún ekki að fara á götuna. Sjálfsagt er hægt að ganga svo frá því með einhverjum ráðum að við eigendaskipti, t.d. á fasteignum, sé einnig tryggt við þinglýsingu eða eitthvað slíkt að fasteign sé tryggð. Ég spyr hvort hugmyndin sé að ná því fram þar eða á þann hátt. En hvað með nýbyggingar, nýjar fasteignir? Hvenær kemur tryggingaábyrgðin til og hvernig verður hún til, hvernig verður henni framfylgt á þann hátt að tryggt sé að fasteignirnar séu þrátt fyrir allt tryggðar?

Virðulegi forseti. Vafalaust er ýmislegt fleira sem ástæða væri til að fjalla um í frv. við þessa umræðu. Ég ætla ekki að orðlengja það frekar. Þetta voru nokkur atriði sem mig langaði að árétta sem reyndar höfðu komið fram hjá hv. þm. sem hér töluðu í umræðunni á undan. Ég vildi fylgja þeim aðeins eftir og árétta nokkur atriði og e.t.v. bæta við en læt þetta duga í trausti þess að frv. verði vel og ítarlega skoðað í heilbr.- og trn. Ég veit auðvitað að það verður gert. Að lokum vil ég segja að ég tel að auðvitað hefði verið betra að flytja þetta sem fleiri sjálfstæð frv. eins og fram kom hjá hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur áðan en að gera það í þessu bandormsformi eins og hér er gert því það hlýtur að alla jafna að teljast óæskileg aðferð við lagasetningu.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Í upphafi þessarar umræðu gerði hv. 4. þm. Austurl. að umræðuefni fréttaflutning sjónvarpsins í gær af umræðum á Alþingi og gerði athugasemdir við það hvernig frá hlutum hefði verið sagt þar. Það kom fram í fréttum sjónvarpsins að hér hefðu staðið yfir látlausar umræður síðan 17. ágúst um samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði og sú umræða tekið yfir 30 klst. Síðan hefði orðið, eins og fréttamaðurinn sagði, eðlisbreyting eða það hefði verið því líkast sem hér hefði orðið eðlisbreyting á þinginu í gær þegar talað var fyrir fjórtán málum og tólf þeirra útrædd.

Það má vissulega gera athugasemdir við það hvernig þessi frétt var flutt en hins vegar má kannski segja að þetta sé ekki svo vitlaus lýsing á því sem hér er að gerast, það hafi orðið hér ákveðin eðlisbreyting í gær. Sú eðlisbreyting felst kannski í því að það var verið að fjalla hér um frv. sem eru afleidd af samningnum. Þetta eru frv. eins og við munum sjá þau í framtíðinni, ef af hinu Evrópska efnahagssvæði verður, þ.e. það er verið að breyta lögum vegna samþykkta sem gerðar eru hjá Efnahagsbandalaginu og við getum ósköp litla efnisumræðu farið í um þessi mál því annaðhvort er að samþykkja frv. eða hafna því. Við getum í rauninni ekki komið með hugmyndir um það hvernig beri að breyta þessu, hvernig væri skynsamlegra að hafa það á annan hátt eða farið í slíkar efnisumræður vegna þess að um það snýst málið ekki. Málið snýst um að taka þetta eða hafna því. Við vitum að ef slíku er hafnað hefur það erfiðar og ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Vissulega má því segja að ákveðin eðlisbreyting hafi komið í ljós hér í þinginu í gær, eðlisbreyting sem mun verða á þingstörfunum væntanlega í framtíðinni. Það

eina sem maður getur í sjálfu sér velt fyrir sér í þessu sambandi er hvort þær breytingar sem verið er að leggja til séu endilega nauðsynlegar, hvort það sé tryggt að það sé nauðsyn að gera þær breytingar sem hér er verið að leggja til. Um það deila menn svo og sýnist sitt hverjum. Það má auðvitað líka ímynda sér það að stjórnvöld gangi kannski lengra í því að gera breytingar en þeir strangt til tekið þyrftu. T.d. ef við tökum Húsatryggingarnar, þá gengur ráðherra í raun og veru lengra en strangt til tekið þyrfti og svo gæti hugsanlega verið á fleiri sviðum. Það þurfum við auðvitað að gaumgæfa vel í þinginu og í þingnefndum.

Eflaust mun eitthvað af því sem ég kem til með að segja hérna vera endurtekning á því sem fram hefur komið hjá öðrum þingmönnum sem hafa gert þetta frv. að umtalsefni. En það verður bara svo að vera því þingstörfum er þannig háttað að menn þurfa að hlaupa af þingfundum á nefndarfundi og geta þá ekki fylgst með öllu því sem hér fer fram og það flýtir auðvitað ekki fyrir umræðunni og gerir ákveðnar tvítekningar nauðsynlegar.

Mig langar varðandi I. kafla þessa frv., þar sem verið er að leggja til ýmsar breytingar á lögum um heilbrigðisstéttir, að koma inn á svipaða hluti og aðrir hafa gert hér, a.m.k. hv. 4. þm. Austurl., og það er kunnáttu viðkomandi starfsstétta á íslensku máli. Nú hefur það verið sagt, a.m.k. í heilbr.- og trn. og í félmn., að það sé hægt að setja skilyrði um kunnáttu á íslensku máli þegar um er að ræða störf þar sem það skiptir sannarlega máli að þeir sem störfin vinna geti gert sig skiljanlega. Nú sýnist manni að í frv. sem hér liggur fyrir eigi ekki að gera slíkar kröfur til ríkisborgara EES-ríkja heldur bara til ríkisborgara ríkja sem standa utan hins Evrópska efnahagssvæðis. Þannig stendur ég í 1. gr. þessa frv., c-lið, þar sem verið er að leggja til breytingu á læknalögum, með leyfi forseta:

„Veita má manni, sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 1. mgr. 2. gr. í landi utan hins Evrópska efnahagssvæðis leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr 1. gr. uppfylli hann skilyrði 2. gr. að öðru leyti. Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar læknadeildar Háskóla Íslands sem getur sett sem skilyrði að viðkomandi gangi undir próf í lögum og reglum er varða störf lækna hér á landi og sanni kunnáttu í mæltu og rituðu íslensku máli."

Þetta á sem sagt við um þá sem hafa lokið prófi í landi utan hins Evrópska efnahagssvæðis, þeir þurfa að sanna þekkingu sína í mæltu og rituðu máli. Svipað er uppi hér í breytingum á lögum um tannlækningar, eins og hv. 4. þm. Austurl. kom inn á, en þar segir, með leyfi forseta: „Sé um erlendan ríkisborgara, aðra en ríkisborgara frá EES-landi, að ræða skal hann enn fremur sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslenskri tungu."

Síðan kemur þetta líka fram í breytingu á hjúkrunarlögum. Þar er talað um að útlendingar sem sækja um leyfisveitingu skv. 2. mgr. — en í 2. mgr. er talað um þá sem hafa menntast í landi utan hins Evrópska efnahagssvæðis — þeir skuli hafa næga kunnáttu í töluðu og rituðu íslensku máli.

Með öðrum orðum er verið að gera kröfu um þessa tungumálakunnáttu, ef ég les þetta rétt, til aðila sem hafa menntast eða eru ríkisborgarar erlendra ríkja sem standa utan hins Evrópska efnahagssvæðis. Ég á afskaplega erfitt með að sætta mig við þetta vegna þess að annaðhvort þarf íslenskukunnáttu eða ekki. Annaðhvort þarf hana eða ekki og það getur ekki verið gerður neinn greinarmunur á útlendingum eftir því frá hvaða ríki þeir koma. Annaðhvort þarf þessa kunnáttu eða ekki og þá á hún auðvitað að ná til allra, ekki bara þeirra sem standa utan hins Evrópska efnahagssvæðis. Okkur hlýtur að vera fyllilega heimilt að gera einhverjar slíkar kröfur ef við metum það svo að þessa kunnáttu þurfi — ef það er ekki bara fyrirsláttur, ef það er raunverulega svo.

Hvað varðar II. kafla frv. sem fjallar um breytingar á lagaákvæðum á vátryggingarsviði eru án efa stærstu þættirnir þar breyting á lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur og brottfall laga um brunatryggingar í Reykjavík sem lagt er til. Þessi lög, og eins lögin um Brunabótafélag Íslands, eru að stofni til frá árinu 1954. Ég sakna þess mjög, þegar ég skoða þessi mál, les greinargerðina og hlusta á ráðherra, að það hefur hvergi komið fram í umræðunni hvaða rök lágu til grundvallar þessum lögum 1954. Við hverju var verið að bregðast með þessum lögum? Hvaða ástand var hér sem gerði það að verkum að menn ákváðu að fara þessa tilteknu leið, að koma á skyldutryggingu og láta sveitarfélögin vera einhvers konar baktryggingu fyrir einstaklingana og að þau sæju um að tryggja öll hús í sveitarfélaginu og Reykjavíkurborg sæi um tryggingar hjá sér? Hvaða rök lágu þar að baki? Hvaða ástand var hér sem gerði þessi lög nauðsynleg?

Það kann vel að vera að ástandið núna sé eitthvað allt annað og þess vegna sé ekki þörf á þessum lögum en menn verða þá að skoða forsendurnar. Það er lágmark að gera það og það vantar algjörlega í þessa greinargerð með frv. og vantaði algjörlega í framsöguræðu ráðherra áðan. Eru rökin sem lágu þarna að baki gild að einhverju leyti í dag eða eru þau það ekki? (**Forseti:** Forseti vill trufla hv. þm. og spyrjast fyrir um það hversu löng ræða sé eftir hjá þingmanninum en það var gert ráð fyrir því að gera hlé á fundinum milli klukkan 13 og 13.30. Gæti þingmaðurinn e.t.v. gert hlé á ræðu sinni?) Já, ég á eftir 5–10 mínútur, reikna ég með, og mér duga ekki 2–3 mínútur til þess að ljúka máli mínu. (**Forseti:** Þá vill forseti fara fram á það við hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni.)

Umræðu frestað. — [Fundarhlé.]

Umræður utan dagskrár.

Áhrif af stefnu ríkisstjórnarinnar á Háskóla Íslands.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dag-

skrár um málefni háskólans og áhrif af stefnu ríkisstjórnarinnar á hann til þess að vekja athygli þingmanna á þeirri nöturlegu stöðu sem upp er komin við Háskóla Íslands, æðstu menntastofnun þjóðarinnar, vegna stefnu ríkisstjórnarinnar í flestum málum sem að þeirri stofnun snúa.

Á blaðamannafundi í vikunni voru kunngerðar nýjar tölur um skráningu nýnema við háskólann. Þessar tölur staðfesta það sem við kvennalistakonur óttuðumst, og vöruðum reyndar sérstaklega við í umræðunum um Lánasjóð ísl. námsmanna, að konum sem sæktu í nám við háskólann mundi fækka sem nýnemum. Nú liggur þetta ljóst fyrir. Konum í hópi nýnema fækkar nú um 30% milli ára en körlum um 17%. Á þessu er auðvitað greinilegur og merkjanlegur munur sem verður að taka alvarlega. Þetta er engin tilviljun, virðulegur forseti. Ég fullyrði að þetta er bein afleiðing af þeim ákvörðunum sem stjórnarþingmenn tóku á síðasta þingi. Ábyrgðin er hér hjá þingmönnum stjórnarflokkanna. Ábyrgð þeirra liggur í því að þeir ákváðu á síðasta þingi að bæta 17.000 kr. innritunargjaldi á nemendur Háskóla Íslands og þetta innritunargjald fælir m.a. frá konur sem áður innrituðu sig upp á von og óvon og fóru á hægagangi í gegnum háskólann vegna þess að aðstæður þeirra voru þess eðlis. Þær gátu leyft sér nám af því að það kostaði þær lítið en þær geta það ekki lengur. Ég vil vekja athygli á því að 150 nýnemar hafa dregið til baka umsókn sína og beðið um endurgreiðslu á skólagjöldum, þar af eru 100 konur.

Ábyrgð stjórnarþingmannanna liggur líka í því að herða svo lög og reglur um námslán að það fælir ungt fólk, sem ekki býr við kjöraðstæður, frá námi og þar vil ég sérstaklega nefna ungar, einstæðar mæður.

Ábyrgð þeirra liggur líka í því að skera fjárframlög til Háskóla Íslands svo við nögl að hann verður að draga úr þjónustu við nemendur á sama tíma og hann leggur á þá þjónustugjöld. Framlög til skólans hafa nánast staðið í stað í fimm ár þrátt fyrir 20% fjölgun nemenda og það hlýtur að koma einhvers staðar niður. Háskólinn getur ekki veitt þá þjónustu sem honum ber lögum samkvæmt fyrir það fé sem honum er skammtað af fjárlögum. Þess vegna er nú skorið niður alls staðar þar sem því verður við komið. Það nöturlega er að stjórnmálamenn taka ákvörðun um að takmarka verulega framlagið til Háskóla Íslands en þeir taka enga pólitíska ábyrgð á því sem af því leiðir.

Ég fullyrði að við slíkar aðstæður verða þeir fyrir mestum niðurskurði sem hafa minnsta valdaaðstöðu. Þetta á við í Háskóla Íslands, þetta á við á sjúkrahúsunum, þetta á við alls staðar þar sem þarf að koma þessum niðurskurði við. Ég vil nefna dæmi úr háskólanum. Það á að skera niður hjúkrunarfræðina. Henni er gert að skera niður hjá sér um 7,2 millj. kr. Svipað er upp á teningnum hjá heimspekideild, félagsvísindadeild og verkfræðideild, svo dæmi séu nefnd. Fjórum deildum háskólans, þ.e. lagadeild, guðfræðideild, læknadeild og tannlæknadeild, er samanlagt gert að skera niður um 1,8 milljónir. Fjórum deildum um 1,8 millj. meðan hjúkrunarfræðin ein er látin skera niður um 7,2 millj. Þetta veldur auðvitað ágreiningi og átökum innan háskólans og það er auðvitað eðlilegt að menn spyrji sig hvort ekki væri nær að leggja hreinlega niður kennslu t.d. í tannlæknadeild þar sem hver nemandi kostar 1 millj. kr. meðan hann kostar 108 þús. í lagadeildinni. Ég ætla ekki að leggja þetta til, þetta er ekki mín tillaga, en ég nefni þetta til að benda þingmönnum á að ef fjárframlög til háskólans verða ekki hækkuð er bara þrennt í stöðunni:

Í fyrsta lagi að fella niður nám í tilteknum deildum eða greinum háskólans.

Í öðru lagi að takmarka aðgang nýnema að háskólanum sem ekki er heimilt lögum samkvæmt.

Í þriðja lagi að hækka verulega innritunargjöld við háskólann.

Það er bara þetta þrennt í stöðunni og ekkert af þessu verður gert í Háskóla íslands heldur hér á Alþingi. Þetta þarf að gerast á Alþingi. En verði þetta gert í kjölfar þeirra breytinga sem búið er að gera á lánasjóðnum þá liggur ljóst fyrir að háskólinn er orðinn skóli hinna útvöldu. Hann er orðinn elítuskóli fyrir ungt fólk sem er vel sett fjárhagslega, félagslega og menntunarlega. Er það þetta sem við viljum? Viljum við breyta þjóðskólanum okkar í elítuskóla? Ég svara því fyrir mig neitandi. Það er ljóst.

En ég ætla að spyrja ráðherra spurninga vegna þeirrar stöðu sem upp er komin og þær eru svohljóðandi:

1. Hvaða skýringar telur menntmrh. vera á því að konum í hópi nýnema fækkar um 30% meðan körlum fækkar um tæp 17%? Er það tilviljun að mati ráðherrans eða á stefna ríkisstjórnarinnar þar hlut að máli?

2. Hver er skoðun menntmrh. á því að hefja innheimtu þjónustugjalda í formi innritunargjalda af námsmönnum á sama tíma og þjónusta við þá er skorin niður?

3. Er ráðherra tilbúinn til að taka pólitíska ákvörðun um að fella tímabundið niður ákveðnar námsleiðir eða loka fyrir aðgang nýnema að þeim?

4. Er ráðherra þeirrar skoðunar að breyta þurfi lögum um Háskóla Íslands í þá veru að heimila aðgangstakmarkanir að deildum háskólans?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Svar mitt við fyrstu spurningunni er svohljóðandi:

Nokkrar skýringar hafa verið settar fram á fækkun nýnema. Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri kennslusviðs Háskóla Íslands, hefur bent á að betur er vitað um þá sem hætta við nám nú en undanfarin ár vegna hinna hækkuðu gjalda. Áður hafi nemendur síður sinnt því að skrá sig úr skólanum ef þeir hættu við nám. Þannig mætti e.t.v. varpa þeirri spurningu fram hvort hækkun innritunargjalda hafi orðið til þess að unga fólkið gerði upp hug sinn af meiri alvöru en áður varðandi námsval.

Í skýrslu sem dr. Jón Torfi Jónasson, dósent við Háskóla Íslands, gerði árið 1991 kemur fram að um 15–20% innritaðra nýstúdenta skrái sig á hverju ári en sæki ekki skólann. Nokkur hópur nemenda hætti námi á miðju ári eða miðju missiri. Þá kemur fram að sum-

ir nemendur eru ekki í námi af fullum krafti, sinni e.t.v. ekki nema 10–20 einingum þótt fullt nám sé um 30 einingar. Í háskólanum er nú unnið að áframhaldandi rannsókn þessa máls. Niðurstöður munu án efa varpa skýrara ljósi á þetta mál. Þar til þær upplýsingar liggja fyrir er erfitt að segja til um hvort eða að hve miklu leyti þetta atriði skýri kynjamun.

Bent hefur verið á að innritun í þær deildir og námsbrautir þar sem konur hafa verið í miklum meiri hluta hefur verið minni en áður. Í hjúkrunarfræði, svo dæmi sé tekið, hefur innritunum nýnema fækkað úr 163 í 83. Langflestir þeirra sem innritast í hjúkrunarfræði hafa verið konur eða u.þ.b. 96–97%. Konur eru hlutfallslega um 70 færri í ár en þær voru í fyrra. Það er athyglisvert að þessi tala er nánast sama talan og nemur fækkun nýnema í námi í hjúkrunarfræði.

Framkvæmdastjóri kennslusviðs háskólans hefur bent á að niðurskurður í heilbrigðisþjónustunni og hækkun dagvistargjalda fyrir börn námsmanna geti haft áhrif. Ég legg ekki dóm á hvort þessar skýringar eru fullnægjandi. Innritunum hefur fjölgað við háskólann á Akureyri og við Kennaraháskóla Íslands. Þar hafa konur ávallt verið í yfirgnæfandi meiri hluta. Í vetur eru þar aðeins 19 karlar af 137 nýnemum. Í hinu nýja og dreifða sveigjanlega námi eru umsóknir þegar um 100. Fleiri skýringar hafa svo sem verið nefndar en til þess að fá raunhæf svör er nauðsynlegt að rannsaka þetta nánar.

Í öðru lagi er spurt hver sé skoðun mín á því að hefja innheimtu þjónustugjalda af námsmönnum á sama tíma og þjónusta við nemendur er skorin niður.

Kjarni málsins er sá að þjónustugjöldin eru lögð á til þess að mæta skertum framlögum ríkisins þannig að sem minnst þurfi að draga úr þjónustu.

Í þriðja lagi er spurt hvort ég sé tilbúinn að taka pólitíska ákvörðun um að fella tímabundið niður ákveðnar námsleiðir eða loka fyrir aðgang nýnema að þeim.

Það er stefna þessarar ríkisstjórnar að virða sjálfstæði háskólans og akademískt frelsi í hvívetna. Það hefur verið meginbaráttumál Háskóla Íslands og flestra annarra háskóla á Vesturlöndum að efla frelsi og sjálfstæði sitt gagnvart ríkisvaldinu. Þannig hefur vald verið fært frá menntmrh. til háskólans hvað varðar stöðuveitingar. Fjárveitingar til háskólans voru áður bundnar við einstaka þætti í starfsemi hans. Sú breyting hefur nú verið gerð að háskólinn fær ákveðna rammafjárveitingu og þar með mun meira frelsi til þess að skipuleggja sitt innra starf. Háskólinn hefur því svigrúm til þess að færa fjármagn milli greina og deilda eftir forgangsröð sem hann ákveður. Frumkvæði í þessum efnum á að vera hjá háskólanum sjálfum.

Það hefur valdið mér nokkrum vonbrigðum að lengst af hefur gengið erfiðlega að fá fram ákvörðun háskólans um forgangsröð verkefna vegna skertra fjárframlaga. Nú kreppir að og háskólanum er gert að draga úr útgjöldum um 4% eins og öðrum ríkisstofnunum. Sömu kröfur eru gerðar til háskólans um frumkvæði, frelsi og ábyrgð á samdráttartímum og á uppgangstímum.

Ef svo ólíklega vildi til að háskólinn vildi afsala sér þessu frumkvæði og því frelsi sem í því felst hlýt ég að hlusta á slíkar óskir.

Þá er spurt hvort ég sé þeirrar skoðunar að breyta þurfi lögum um Háskóla Íslands í þá veru að heimila aðgangstakmarkanir að deildum skólans. Telji háskólinn sig þurfa á slíkum heimildum að halda mun ég hiklaust beita mér fyrir því að hann fái þær heimildir.

Að lokum vil ég segja þetta um sparnaðinn innan Háskóla Íslands:

Að mati háskólans þyrfti 129 millj. kr. til viðbótar ef rekstur ætti að vera með sama hætti og árið 1991. Þá er miðað við að nemendafjöldi sé 5.500. Hann er hins vegar um 5.000 og þannig í samræmi við forsendur fjárlaga í ár. Aukin fjárþörf til háskólans hefur fyrst og fremst verið talin stafa af fjölgun nemenda.

Rektor hefur ítrekað bent á að háskólanum hafi verið gert að taka við auknum fjölda nýnema sem svari allt að einum menntaskóla án þess að fjárframlög hafi aukist. Það er skiljanlegt að fjölgun nemenda leiði til aukins kostnaðar, hitt er erfiðara að skilja að fækkun nemenda við skólann leiði ekki til minni fjárþarfar.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu stórt mál sem erfitt er að gera skil á þeim stutta tíma sem við höfum hér til umráða. Ég get sagt að ekkert kemur mér á óvart af því sem hefur verið að koma fram á síðustu dögum um stöðu stúdenta í þessu landi og um stöðu Háskóla Íslands. Ég hef heldur enga trú á því að það komi hæstv. menntmrh. á óvart að stúdentar hafi verið að hrökklast frá námi og um fleiri konur en karla sé að ræða.

Til þess var leikurinn gerður hjá hæstv. ríkisstjórn þegar hún lagði til breytingar á lánasjóðnum. Hún vildi fækka nemendum og hún vildi burt þetta háfélagslega kerfi sem lánasjóðurinn vissulega var.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að sú staða sem nú er komin upp geti komið ýmsum stjórnarsinnum á óvart, þeim hv. þm. sem sinntu ekki umræðunni hér í fyrra en studdu síðan á græna takkann þegar að lokaafgreiðslu kom í þeirri trú að þetta væri bara venjulegt stjórnarandstöðusnakk í okkur stjórnarandstæðingum þegar við börðumst fyrir því hér fram á síðasta dag að reyna að fá þessum ólögum — vil ég leyfa mér að segja, hæstv. forseti — breytt.

Ég verð þó að segja að eitt kemur mér á óvart og varðar það hæstv. menntmrh., að hann skyldi ekki standa við það sem hann sagði í umræðunni í fyrra, t.d. að það yrði lánað fyrir vaxtakostnaði vegna lána sem tekin eru í hinu almenna bankakerfi og lánað yrði fyrir skólagjöldum. Þetta hefur ekki staðist. Sannleikurinn er sá að útlánareglurnar ganga eins langt til óhagræðis við námsmenn og lögin mögulega heimila.

Að síðustu, hæstv. forseti, þá hlýt ég að gagnrýna það að stjórn sjóðsins notar það litla fjármagn sem hún hefur til ráðstöfunar til að gefa út áróðursbækling fyrir ríkisstjórnina þar sem m.a. kemur fram í forustugrein á fyrstu síðu að lánasjóðurinn gefi námsmönn-

um kost á framhaldsnámi án tillits til efnahags. Þvílík öfugmæli, hæstv. forseti.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. málshefjanda fyrir að taka þetta mál hér upp. Það er alveg ljóst að við stöndum frammi fyrir menntapólitískum tímamótum að ýmsu leyti hvað varðar grundvöll háskólamenntunar í landinu. Áhrifin af afrekum hæstv. ríkisstjórnar og stjórnarmeirihlutans síðasta vetur eru nú að koma ljós, áhrifin af skólagjöldum, áhrifin af skemmdarverkum gagnvart Lánasjóði ísl. námsmanna og áhrifin af niðurskurði fjárveitinga til menntunar í landinu. Þær dapurlegu staðreyndir blasa nú við okkur að á tímum vaxandi atvinnuleysis fækkar nýnemum sem sækja háskólanám. Það ætti að vera alveg öfugt, að menn reyndu frekar að afla sér menntunar í stað þess að fara á atvinnuleysisbætur.

Það er ljóst að Háskóli Íslands stendur frammi fyrir mjög erfiðum ákvörðunum. Annaðhvort að dragast upp og sætta sig við að gæðum náms í háskólanum hraki ellegar að fella niður námsgreinar eða takmarka fjölda nemenda. Ég vona að sú ógæfa eigi ekki eftir að verða hlutskipti okkar á þessum árum, að standa að því að taka ákvarðanir um að loka möguleikum ungs fólks á Íslandi til háskólanáms. Því að auðvitað mun það þýða að möguleikum ungs fólks til háskólanáms sé lokað ef teknar verða ákvarðanir um almennar fjöldatakmarkanir inn í háskóla landsmanna.

Ég vil sérstaklega inna eftir afstöðu Alþfl. til þessa máls. Hvar eru loforð Alþfl. um að beita sér fyrir lagfæringum á skemmdarverkum þeim sem unnin voru á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna á sl. vori? Fyrir þinginu liggur frv. okkar alþýðubandalagsmanna um að bæta úr þessu.

Ég vil svo að lokum skora á menntmn. Alþingis að taka frumkvæði í þessu máli. Ég óska eftir því að menntmn. Alþingis taki þetta mál til skoðunar á sjálfstæðum forsendum, þ.e. sem menntapólitískar ákvarðanir sem miklu máli skipta. Ég held að Alþingi sjálft verði að taka málið í sínar hendur því frá hæstv. ríkisstjórn er einskis nema ills að vænta í þessu eins og dæmin sanna.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Allt frá því að ríkisstjórnin tók að boða þá stefnu að nú ætti að borga fyrir alla þjónustu ríkisins ofan á skattana vöruðum við kvennalistakonur við því að fyrirhugaðar aðgerðir mundu bitna harðast á konum. Konur hafa lægstu launin þrátt fyrir mikla atvinnuþátttöku og þrátt fyrir að þær sinni mjög mikilvægum störfum í þjóðfélaginu. Það þýðir að margar þeirra geta ekki leyft sér að taka námslán á þeim kjörum sem nú bjóðast þar sem þær sjá fram á þunga greiðslubyrði það sem eftir lifir ævinnar og geta ekki séð sér farborða þar til lánasjóðnum þóknast að greiða út lánin að loknum prófum.

Tölur frá Háskóla Íslands tala sínu máli. Nemendum fækkar sem var tilgangur ríkisstjórnarinnar og við skulum ekki gleyma því að það var tilgangurinn að fækka umsóknum um námslán og að fækka nemendum í framhaldsnámi. Jafnframt er verið að gera Háskóla Íslands nánast ómögulegt að sinna skyldu sinni og sama gildir auðvitað um aðra skóla. Hvers virði er þá sjálfstæðið þegar peningarnir eru engir? Og ég spyr: Hvað á að koma í staðinn? Hvað á að verða um það unga fólk sem hverfur frá námi? Er það virkilega stefna ríkisstjórnarinnar að betra sé að ungt fólk gangi um atvinnulaust en að því gefist kostur á námi? Ætlar ríkisstjórnin að halda áfram að saga af þá sprota sem helst mega verða til að efla nýsköpun og gera þjóðina færa um að takast á við þau miklu verkefni sem fram undan eru í samfélagi þjóðanna, hvort sem við stöndum utan eða innan EES?

Í stað þess að efla hér velferð á varanlegum grunni sem ríkisstjórnina dreymdi um í upphafi, þótt með undarlegum hætti væri, er hún með aðgerðum sínum að festa í sessi vesöld og því miður óttast ég að hún verði á varanlegum grunni. Við horfum upp á vaxandi atvinnuleysi, aukna misskiptingu, árásir á kjör kvenna og himinhrópandi óréttlæti. Þessi ríkisstjórn traðkar á öllum þeim hugsjónum um jafnrétti og jöfnuð sem barist hefur verið fyrir og hafa gilt í okkar samfélagi um áratuga skeið. Hvað á henni að leyfast að ganga langt? Er ekki mál til komið að þessum árásum að menntakerfið linni?

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Málefni Háskóla Íslands eru til umfjöllunar hér í dag og ég vil gera fáein atriði að umræðuefni.

Við göngum í gegnum erfiðleika í efnahagsmálum þessa stundina. Þeir erfiðleikar eru til að takast á við og sigrast á þeim. Það eru alkunn sannindi að þegar harðnar á dalnum þarf að spara og Háskóli Íslands verður að taka á sig byrðar eins og aðrar skólar og ríkisstofnanir. Undan þeirri ábyrgð getur enginn skorast. Í þeirri vinnu hefur verið lögð áherslu á að háskólinn hafi forræði í því hvaða leiðir yrðu farnar til að halda starfsemi hans innan fjárlagarammans.

Þær tillögur, sem Háskóli Íslands leggur fram um sparnað og hagræðingu, eru þeirra eigin tillögur. Þær eru settar fram að vandlega íhuguðu máli með það að leiðarljósi að raska sem minnst starfsemi skólans. Það er skiljanlegt og eðlilegt að háskólamenn hafi áhyggjur. Það höfum við öll. Við vitum að menntun er besta fjárfesting í framtíðinni sem völ er á og þá hljótum við að setja gæði hennar framar öðru. Sú nemendafækkun, um 500 nemendur, sem nú blasir við er umhugsunarefni, en sýnir e.t.v. betur en margt annað hversu raunsætt og jarðbundið íslenskt æskufólk er.

Í harðærinu haga menn seglum eftir vindi og slá á frest dýru námi meðan efnahagur þjóðar er í öldudal en skila sér síðan aftur þegar betur árar. Fækkun nemenda ætti að auðvelda Háskóla Íslands að ná settu marki. Á sama hátt og fjölgun nemenda er rök fyrir auknum fjárveitingum ætti fækkun að leiða til minni kostnaðar og létta þeim róðurinn í þeim vanda sem við blasir. Ég legg áherslu á að ekki er verið að marka stefnu til framtíðar í málefnum háskólans heldur er

brugðist við vandamálum dagsins. Þau vandamál mega ekki byrgja okkur sýn til framtíðar þar sem áherslan hlýtur að vera hér eftir sem hingað til á traustu og góðu menntakerfi íslensku þjóðarinnar.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Áhrif stefnu ríkisstjórnarinnar gerir víða vart við sig. Það er dofi og afturkippur í of mörgu í okkar þjóðfélagi. Háskóli Íslands fer ekki varhluta af þessum dofa og við höfum áhyggjur af okkar æðstu menntastofnun. Enginn velkist í vafa um að menntun er grundvöllur allra framfara í þróun og nýsköpun.

Ef við Íslendingar ætlum að standa okkur í aukinni samkeppni við erlenda aðila í breyttri Evrópu er nauðsynlegt að efla og styrkja menntakerfið en það er verið að veikja menntakerfið á Íslandi.

Jafnrétti til náms var aðalsmerki Íslendinga og nám á Íslandi var ekki einkamál karla en þessu erum við líka að breyta. Það sýnir fækkunin í Háskóla Íslands.

Ég ætla að taka eitt lítið dæmi. Það er sama dæmi og hæstv. menntmrh. tók í sambandi við hjúkrunarfræði. Þar er veruleg fækkun. Það er 33% fækkun á hjúkrunarnemum skráðum í Háskóla Íslands nú í haust. Einhverjir kunna að segja: Það er ágætt, það sparar. Þetta er týpísk kvennastétt og hún er týpísk vegna þess að grunnlaun eru 68 þús. kr. á mánuði eftir fjögurra ára háskólamenntun. En sem sagt, það er fækkun um 33% í þessari grein. Það væri kannski allt í lagi ef ekki vantaði t.d. í vor áður en sumarfríin gengu yfir á sjúkrahúsum 15% í leyfðar stöður hjúkrunarfræðinga. Það vantaði 15% í leyfðar stöður hjúkrunarfræðinga. Afleiðingarnar blasa við. Hæstv. heilbrrh. hefur oft talað um þær alvarlegu afleiðingar af hjúkrunarfræðingaskortinum og lokun deilda þess vegna. Hann er því miður ekki hér í dag til að taka þátt í þessum umræðum.

Við vorum að tala um að selja heilbrigðisþjónustu okkar erlendum aðilum. Við ætlum að selja heilbrigðisþjónustu. En ef við ætlum að gera það þurfum við a.m.k. að geta sýnt fram á að við eigum fagfólk eða ættum við kannski að flytja inn fagfólk frá Evrópu og draga jafnframt úr menntuninni hér? Ein spurning að lokum sem mig langar að spyrja hæstv. menntmrh.: Hefur hann skoðað, ef þessi fækkun verður viðvarandi í hjúkrunarfræði í Háskóla Íslands, hvað það þýðir fyrir heilbrigðiskerfið á Íslandi?

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Við erum að ræða um þær afleiðingar sem stefna ríkisstjórnarinnar hefur þegar haft á íslenskt þjóðfélag. Hér voru samþykkt lög um Lánasjóð ísl. námsmanna sem höfðu það að markmiði að fækka námsmönnum við Háskóla Íslands og erlenda háskóla. Nú er það að koma fram að þessi fækkun birtist aðallega í því að ungar og efnaminni konur, einstæðar mæður, hverfa frá námi og þá gerist það að hv. þm. Sjálfstfl., Sigríður A. Þórðardóttir, formaður menntmn. Alþingis, kemur og segir í afsökunartón að þetta sýni bara að þær séu raunsæjar og jarðbundnar. Það var nöturleg yfirlýsing í garð þeirra ungu kvenna sem nú eru að hverfa frá námi vegna þess að ríkisstjórnin hefur ákveðið að breyta lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna.

Þetta er röng stefna. Hún er siðferðilega röng og hún er efnahagslega röng. Hvar er nú hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem sagði í nafnakalli í vor í atkvæðagreiðslunni um Lánasjóð ísl. námsmanna að ef það kæmi í ljós að fólk mundi hverfa frá námi vegna þessarar lagasetningar mundi hann beita sér fyrir því á Alþingi að breyta þeim lögum? Og hvar eru nú þingmenn Alþfl. sem greiddu atkvæði með því á flokksþingi Alþfl. að breyta þessum lögum strax í haust? Þeir sitja þegjandi í þessari umræðu. Það hefur enginn þeirra staðið upp. Hvar eru nú stóru orðin sem fyrrv. forustumaður námsmannahreyfingarinnar lét falla í ræðustólnum á sl. vetri? Eða er það virkilega þannig að Alþfl. ætli að láta þetta gerast? Við þingmenn Alþb. höfum flutt frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég vona að það komi á dagskrá Alþb. Ég vona að það komi á dagskrá í næstu viku og þingmenn Alþfl. fái þá tækifæri til þess að greiða atkvæði. (Gripið fram í.) Já, þið getið skemmt ykkur yfir mismælum hér í ræðustólnum. Það er lítil skemmtan. En unga fólkið á Íslandi, sérstaklega ungu konurnar, sem eru að hverfa frá námi, hlæja ekki. Og ég vona það að Alþfl. sýni það í næstu viku að hann sé reiðubúinn að styðja þetta frv.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. „Afleiðingar af stefnu ríkisstjórnarinnar", sagði hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Áhrifin sem um er að ræða í því máli sem er á dagskrá eru auðvitað fyrst og fremst komin til vegna þess að ekki hefur verið gætt öryggis og markvísi í stjórn landsins í efnahagsmálum um árabil, ekki síst undir ríkisstjórn sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og fleiri ágætir menn stýrðu og áður en sú stjórn, sem nú tók við, kom til valda.

Það er nú svo að áhrifin af þessari óstjórn hafa verið að koma í ljós og þá komum við kannski að meginkjarna umræðunnar sem hefur ekki verið ræddur enn þá og er sá sem háskólarektor vakti máls á á blaðamannafundi fyrir stuttu þar sem hann spurði: Á skólaganga á Íslandi að fara eftir þorskgengd? Þar erum við komin að kjarna málsins. Í stuttu máli verður að svara því játandi því að það þarf peninga til að stýra öllu okkar kerfi eins og við hljótum öll að vera sammála um. Við erum líka sammála um að mennt er máttur og háskólinn er mikilvægur en við verðum að haga seglum eftir vindi að þessu leyti og hljótum að gera það.

Það er kannski skýring á færri nýnemum í Háskóla Íslands að það er mun meiri aðsókn að verkmenntaskólum landsins en verið hefur um langt árabil. Það er kannski líka skýring á því að það ágæta fólk, sem hefur farið í háskólanám um árabil, fær ekki vinnu við sitt hæfi, hvorki til að mynda hagfræðingar, hjúkrunarfræðingar (Gripið fram í.) — sem hafa ekki laun sem þeir geta unað við. Auðvitað eru laun hjúkrunarfræðinga ekki mannsæmandi og til hvers ætti fólk að vera

að fara í nám til fjárfestingar og taka lán ef að fær ekki laun sem það getur búið við. Það á við um hjúkrunarfræðinga og er gott dæmi.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Miðað við þann ásetning ríkisstjórnar og stjórnarflokkanna að vinna að sparnaði í rekstri ríkisins og minnka hallarekstur ríkissjóðs er ekki hægt að komast hjá því að Háskóli Íslands deili kjörum með þjóðinni og leiti sjálfur ráða til að hagræða í rekstri og spara. Háskóli Íslands getur ekki verið úr tengslum við það sem almennt er að gerast í þessu þjóðfélagi hvort sem um er að ræða efnahagsmálin, fiskveiðimál eða menntamál. Og það er rétt að taka það fram sérstaklega að sú fækkun nemenda, sem á sér stað innan Háskóla Íslands, er ekki í samræmi við það sem á sér stað í Háskólanum á Akureyri. Þar fjölgar nemendum. Samkvæmt upplýsingum, sem ég hef um þann skóla, fjölgar þeim um 17% nú í haust og þar fjölgar konum meira en körlum og innan Kennaraháskólans fjölgar nemendum líka. Þetta er til þess að undirstrika það að með stofnun Háskólans á Akureyri er verið að fjölga menntamöguleikum. Það er verið að leggja áherslu á tengsl við atvinnulífið og það hlýtur ásamt efnahagsástandinu að hafa áhrif á rekstur skólastofnunar eins og Háskóla Íslands. Það eru því margir samverkandi þættir sem verða til þess að nemendum fækkar í Háskóla Íslands.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég verð að lýsa því yfir að mér finnst þessi umræða sem hér hefur farið fram dálítið dapurleg svo að ekki sé þyngra að orði kveðið. Engin svör komu frá hæstv. ráðherra. Hann tók svo sem sinn tíma í að svara þessu en innihaldið var ekkert.

Formaður menntmn. þingsins, Sigríður Anna Þórðardóttir, kom hér upp. Ég veit að hún á líka sæti í sérstakri þróunarnefnd fyrir Háskóla Íslands sem á að vera ráðherra til aðstoðar að marka einhverja stefnu fyrir háskólann og í henni eiga einnig sæti, ef ég veit rétt, Rannveig Guðmundsdóttir, Björn Bjarnason og fleiri þingmenn. Og hvað hafði hún, sem á sæti í þróunarnefndinni, fram að færa? Ekki neitt. Hún sagði að það yrði að takast á við erfiðleikana og sigrast á þeim. Ég er alveg sammála því. En með hvaða hætti á að gera það? Og viljum við að stefnan verði sú að þeir hrekist frá námi sem hafa verstar aðstæður í samfélaginu eins og virðist vera að gerast núna? Þingmaðurinn minntist ekki einu orði á þessar konur, að konum fækkar við háskólann mun meira en körlum í nýinnritun. Ráðherrann kom inn á það og sagði að ein af skýringunum gæti verið sú að nú sæist betur en áður hverjir hyrfu frá námi, nú væri meiri alvara með innrituninni en áður. Var hann að segja með þessu að karlar væru almennt alvörugefnari en konur eða hvað var hann að segja? Þetta er ekkert svar við fyrstu spurningunni: Af hverju fækkar konum meira en körlum. Út af fyrir sig getur þetta verið rétt af því að fólk horfir í peninginn en þetta er ekkert svar við því af hverju konum fækkar meira en körlum og ég held að ráðherrann ætti að drífa í því að rannsaka það mál sem hann viðurkenndi reyndar að þyrfti rannsóknar við.

Hann talaði um niðurskurðinn í heilbrigðisþjónunstunni og hærri dagvistargjöld sem lið í þessu. Ég get verið sammála honum um það. En það er líka ríkisstjórnin sem stendur fyrir niðurskurðinum í heilbrigðismálum og það var íhaldið í Reykjavík sem hækkaði dagvistargjöldin þannig að allt þetta kemur nokkuð í sama stað niður og berast nú böndin að sömu aðilum.

Ráðherra svaraði afskaplega lítið öðrum spurningum. Hann talaði um frelsi, frumkvæði og ábyrgð og háskólinn þyrfti að sýna það á niðurskurðartímum eins og uppgangstímum. Ég bendi honum á að þetta er einn ódýrasti háskóli á Norðurlöndum ef ekki sá ódýrasti og það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að skera niður, hvenær niðurskurður er orðinn ábyrgðarlaus og tilræði við frelsi háskólans því það þarf líka að huga að ábyrgð og frelsi háskólans sem mennta- og rannsóknarstofnunar. Ég bendi honum á að Háskóli Íslands er atvinnuskapandi og það er ekkert eins mikilvægt fyrir þjóð sem er í kreppu og á við ákveðna efnahagsörðugleika að stríða en að fjárfesta í menntun og fjárfesta í rannsóknum sem við getum notað til að vinna okkur út úr vandanum.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Í skuggaráðuneyti Framsfl. situr hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir yfir menntamálunum. Mér finnst að þingmaðurinn ætti að athuga sinn gang dálítið betur áður en hún kemur næst upp í ræðustól með fullyrðingar eins og hún gerði áðan. Þingmaðurinn sagði að það hefði verið tilgangur ríkisstjórnarinnar að fækka nemendum með setningu laga um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það var í sjálfu sér ekki. En tilgangurinn var sá að fækka þeim sem þáðu lán hjá Lánasjóði ísl. námsmanna en voru ekki við nám.

Ég bendi á það sem ég sagði í ræðu minn áðan og hafði — (Gripið fram í.) ég hef orðið, þingmaður góður, — og hafði eftir Jóni Torfa Jónassyni dósent að 15–20% innritaðra stúdenta skráir sig á hverju ári en sækja ekki skólann. Það er þetta fólk sem þáði lán hjá Lánasjóði ísl. námsmanna og við töldum ekki rétt að svo gerði. Lánasjóðurinn reiknar hins vegar með í sínum áætlunum núna að fækkun umsækjenda um lán verði um 4–6% en ekki 15–20%. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði líka að ekki hefði verið staðið við það loforð að lánað yrði fyrir vöxtum og það hefði heldur ekki verið staðið við það loforð að lánað yrði fyrir skólagjöldum. Þessar fullyrðingar hv. þm. eru báðar alrangar. Ég hef undir höndum fundargerðir stjórnar lánasjóðsins þar sem m.a. kemur fram að lánað verður vegna skólagjalda nú þegar og á svipuðum tíma og tíðkast hefur. Það þýðir að um 210 millj. kr. verða greiddar út úr lánasjóðnum nú á þessu hausti. Á sama hátt hefur verið ákveðið að bæta við sérstöku vaxtaálagi á námslán vegna þess að þau greiðast nú að meðaltali 2–4 mánuðum seinna frá LÍN til námsmanna en áður. Þetta álag verður greitt til allra sem fá lán hjá lánasjóðnum. Líka þeirra sem ekki fara til bankanna til að þiggja þar bráðabirgðalán.

Hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir spurði hvort ég hefði hugleitt hvað ætti að gera ef viðvarandi fækkun hjúkrunarfræðinga ætti sér stað. Það er auðvitað áhyggjuefni ef mikil fækkun verður í röðum þeirra sem vilja sækja nám í hjúkrunarfræðum. Ég bendi þó á að menn mega ekki einblína þar á Háskóla Íslands. Háskólinn á Akureyri hefur einnig hjúkrunardeild og úti í þjóðfélaginu er mikill fjöldi hjúkrunarfræðinga sem ekki starfar við sitt fag.

Að lokum, hæstv. forseti. Hv. málshefjandi, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sagði að hún hefði ekki fengið nein svör við spurningum sínum. Ég hef ekki tíma til að endurtaka svörin. En ég sé á þessari fullyrðingu að þingmaðurinn hefur ekki hlustað. Ég ætla þess vegna að láta þingkonuna hafa afrit af ræðu minni hér á eftir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá er þessari umræðu lokið. Þrír hv. þm. hafa beðið um orðið til viðbótar við þá sem hér hafa talað en við erum komin fram yfir þann tíma sem leyfilegt er að láta slíka hálftímaumræðu standa. Þess vegna getur forseti því miður ekki leyft það tímans vegna að þingmenn fái að taka til máls öðru sinni. Einn hv. þm., sem bað um orðið en hafði ekki talað áður, getur því miður ekki komist að. Umræðunni er lokið. Hv. 4. þm. Norðurl. e. óskar eftir að tala um gæslu þingskapa.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé ákaflega erfitt að skiljast hér við málefni Háskóla Íslands og stöðuna eins og hún er þar og þau ummæli sem féllu hér hjá hæstv. menntmrh. án þess að á allra næstu dögum gefist tækifæri til að ræða þetta mál frekar. Hér féllu í síðari ræðu hæstv. menntmrh. vægast sagt alvarlegar ásakanir á ekki minni hóp en 15–20% nýnema við Háskóla Íslands á undanförnum árum. Því var haldið fram að þeir hefðu ranglega þegið námslán og haft rangt við að því er best varð séð. Sömuleiðis kom fram í fyrri ræðu hæstv. menntmrh., og að því sama var látið liggja í ræðu hv. formanns menntmn., að það væri vægast sagt sérkennilegt að háskólinn skyldi ekki geta sparað umtalsverðar fjárhæðir vegna fækkunar nýnema. (**Forseti:** Forseti vill biðja hv. þm. að halda sig við umræður um gæslu þingskapa.) Já, hæstv. forseti. Hvað hafa þingmenn langan tíma til að gera athugasemdir við þingsköp? (**Forseti:** Þrjár mínútur.) Er þá ekki rétt að bíða eftir því hvernig þingmenn nota þann tíma áður en þeir eru dæmdir fyrir fram. (**Gripið fram í:** Þetta er efnisleg umræða.) (**Forseti:** Vilja þingmenn hafa hljóð í salnum og leyfa hv. þm. að ljúka máli sínu.) Ég á eftir eina mínútu og þrjátíu og fjórar sekúndur, hæstv. forseti. Ég er ekki viss um að þeir sem hér eru að kalla fram í, sumir hverjir, geti státað af því fremur en ég að hafa ekki reynt að halda sig sæmilega við þingsköpin.

Ég er að rökstyðja í fyrri hluta þess tíma sem ég hef, sem er þrjár mínútur, hvers vegna ég fer fram á það við hæstv. forseta að hann taki það til skoðunar að hægt verði að halda þessari umræðu áfram og/eða annarri sambærilegri um málefni Háskóla Íslands og framtíð háskólamenntunar eins og þær aðstæður allar blasa við okkur nú á þessum haustdögum. Ég fyrir mitt leyti uni því ákaflega illa að skiljast svona við þetta mál. Ég held að það sé mjög vont, eftir þessi ummæli hæstv. menntmrh. og aðra hluti sem hér komu fram í umræðunni og í ljósi þeirra aðstæðna sem Háskóli Íslands og fleiri menntastofnanir standa frammi fyrir, að við fáum ekki tækifæri til að ræða þetta betur hér á Alþingi á næstu dögum. Þúsundir námsmanna eru að hefja nám þessa dagana og/eða hefðu viljað hefja nám en sjá sér kannski ekki fært að gera það vegna aðstæðna sem hér hafa verið ræddar. Þess vegna óska ég því eftir því, hæstv. forseti, og vona að það falli undir þingsköp, að hæstv. forseti og forsætisnefnd taki það til skoðunar hvort ekki sé hægt að finna tíma til þess á næstu dögum að halda áfram þessari umræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna orða hv. þm. vill forseti ræða það við hann á skrifstofu sinni hvernig eða hvort koma megi á slíkri umræðu.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að leggja til nokkuð aðra tillögu en síðasti ræðumaður sem einnig talaði hér um þingsköp. Ég tek undir með honum. Ég tel það alveg nauðsynlegt að þessi mál verði tekin fyrir hér áður en gengið verður frá fjárlögum. Það blasir við hverjum manni að það er brotthlaup ungs fólks úr námi og fjölskyldur hvarvetna á landinu eru ráðalausar vegna þess ástands sem nú ríkir í herbúðum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Ég vil því beina því til hæstv. forseta, og mun beita mér fyrir því í forsætisnefnd þingsins, að frv. til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna, sem hér liggur fyrir þinginu sem 17. mál þingsins, verði tekið á dagskrá þegar í næstu viku. Ég tel að það sé hverjum manni ljóst að við þetta verður ekki unað. Ég trúi ekki öðru en að a.m.k. alþýðuflokksmenn séu tilbúnir til að viðurkenna það og aðstoða við að gera þær breytingar á lánasjóðslögunum sem nauðsynlegar eru.

Ég vil benda hv. þm. á að nú liggja 680 millj. kr. ónotaðar í Lánasjóði ísl. námsmanna. Það hlýtur að vera krafa okkar hér á hinu háa Alþingi að þessi mál verði endurskoðuð. Ég vil því biðja hæstv. forseta að beita sér fyrir því að það frv., sem hér liggur fyrir sem 17. mál þingsins, fáist rætt hér á hinu háa Alþingi í næstu viku.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna orða hv. 14. þm. Reykv. vill forseti upplýsa að þetta mál var rætt á fundi forsætisnefndar í morgun og verður væntanlega rætt þar síðar.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég var ekki að óska eftir að málið yrði rætt í forsætisnefnd þingsins heldur hér á hinu háa Alþingi með þátttöku allra hv. þm.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti skildi hv. þm. rétt og var aðeins að gefa upplýsingar um það sem á undan var gengið.

Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, frh. 1. umr.

Stjfrv., 25. mál. — Þskj. 25.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (frh.):

Virðulegur forseti. Ég verð að játa að ég var óviðbúin því að að koma hér í ræðustól strax aftur því ég hélt að hér ætti að fara fram önnur utandagskrárumræða. En það hefur greinilega orðið á því einhver breyting. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa af þessu tilefni að óskað var eftir því að þeirri umræðu yrði frestað, a.m.k. fram yfir helgi.) Þá held ég bara áfram þar sem frá var horfið í umræðu um frv. til laga um breytingar á sviði heilbr.- og tryggingamála vegna samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði.

Ég var, þegar ég fór hér úr stólnum fyrir hádegi, að ræða um brunatryggingarnar og spyrja hvort þau rök sem lágu að baki lögunum um brunatryggingar í Reykjavík og brunatryggingar utan Reykjavíkur frá 1954 væru gild að einhverju leyti enn þann dag í dag og hver þau hefðu verið. Það er mín skoðun að ekki eigi að breyta lögum nema gera sér ljósa grein fyrir því hvað að baki lá þegar lögin voru sett.

Varðandi lögin um brunatryggingar utan Reykjavíkur eða almennt um lögin þá á að halda áfram skyldutryggingu, þ.e. að húseigendum sé skylt að tryggja gegn eldsvoða allar húseignir og það á auðvitað bæði við utan sem innan Reykjavíkur. Ég hef ákveðnar efasemdir um að það sé hægt að leggja slíka skyldu á húseigendur nema það séu þá til staðar einhverjar aðgerðir til að fylgja skyldunni eftir. Við þekkjum að það er skyldutrygging á bílum sem virðist ganga ágætlega enda er það svo að ekki er hægt að fá skoðun á bíl nema hafa greitt tryggingu. Færi menn ekki bíla til skoðunar eins og þeim ber eru tekin af númer og bíllinn tekinn úr umferð. Ég get ekki séð að hægt sé að hafa sams konar eftirlit með húseignum. Ef menn hafa einhverjar slíkar hugmyndir væri ágætt að heyra þær.

Ráðherra sagði áðan í sinni framsögu að sá háttur yrði hafður á að ekki mætti taka hús úr tryggingu hjá einu tryggingafélagi nema fyrir lægi staðfest vottorð um að það væri komið í tryggingu hjá einhverju öðru og þannig ætti að tryggja samfelluna í þessu. En þá hlýtur maður að spyrja: Hvernig á þetta að ganga fyrir sig í Reykjavík vegna þess að Húsatryggingar Reykjavíkurborgar verða lagðar niður með lögum. Það fyrirtæki verður ekki til og mun ekki verða til sem tryggingafyrirtæki eftir að lögin verða felld út gildi. Hvernig á þá fyrirtæki sem ekki er til að ganga úr skugga um að þeir sem tryggja hjá því núna verði komnir með tryggingu annars staðar? Þetta er eitt af því sem borgaryfirvöld í Reykjavík hafa bent á og hafa miklar áhyggjur af, að það verði ekki hægt að tryggja samfelluna í tryggingum hér í Reykjavík eins og verður þó úti á landi vegna þess að sveitarfélögin eru með tryggt hjá fyrirtækjum sem verða áfram með vátryggingarstarfsemi í gangi. Ég hlýt að spyrja að því hvernig menn hafi hugsað sér að tryggja þessa breytingu þegar hún verður hér í Reykjavík. Þá vil ég líka spyrja um það hvernig á að ganga úr skugga um að ný hús verði tryggð. Það getur verið tiltölulega einfalt atriði þegar eldra hús eða hús sem þegar er í tryggingu er flutt annað í tryggingu. En hvernig á að fara með ný hús? Hvernig á að ganga eftir því að ný hús komi í tryggingu eins og skylt er? Ég vil bara spyrja í því sambandi, ég hef ekki kynnt mér það og ekki skoðað það og vil því spyrja ráðherra hvort hann geti upplýst mig um það hvort hugsanlega þurfi að breyta lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins vegna þessa, þ.e. að Húsnæðisstofnun láni ekki nema tryggt sé að húseignin sem í hlut á sé vátryggð. Þetta skiptir ekki síst máli varðandi nýbyggingar.

Þá langar mig til að vekja athygli á IV. kafla frv., þar sem verið er að breyta lögum um Atvinnuleysistryggingar. Þar segir að Atvinnuleysistryggingasjóði sé heimilt eða eins og segir orðrétt í greininni: „...fyrir hönd þar til bærrar stofnunar í EES-landi að greiða ríkisborgara í EES-ríki sem hingað kemur í atvinnuleit atvinnuleysisbætur enda endurgreiði sú stofnun sjóðnum þær fjárhæðir sem þannig eru inntar af hendi."

Þetta þýðir með öðrum orðum að Dani, sem er atvinnulaus og er á atvinnuleysisbótum í Danmörku, sem kemur hingað í atvinnuleit hefur rétt til að dvelja hér í þrjá mánuði og reyna að finna sér atvinnu. Á meðan á Atvinnuleysistryggingasjóður Íslendinga að greiða honum út hans tryggingarbætur eins og þær eru ákvarðaðar í Danmörku. Hann hlýtur sem sagt ekki atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum sem hér gilda heldur samkvæmt reglum sem gilda í Danmörku. Við vitum að þær eru yfirleitt hærri en bætur sem Íslendingar fá greiddar hér á landi. Síðan á Atvinnuleysistryggingasjóður að endurkrefja viðkomandi sjóð í Danmörku um þessar bætur. Það virðist ekki ætla að vefjast fyrir mönnum þó að þarna geti orðið um misháar upphæðir að ræða og mjög mismunandi reglur, vegna þess að við vitum að reglurnar eru mjög mismunandi eftir löndum.

Þá langar mig í þessu sambandi að vekja athygli á því að svipað fyrirkomulag er haft varðandi meðlagsgreiðslur núna. Það er úrskurðað tiltekið meðlag og síðan á Tryggingastofnun að greiða þeim sem fær meðlagið tiltekna upphæð. Tryggingastofnun greiðir bara lágmarksmeðlag. Ef úrskurðað er hærra meðlag en lágmarksmeðlag þá þarf viðkomandi að sækja það sjálfur í hendur meðlagsgreiðanda um hver einustu mánaðamót. Tryggingastofnun hefur væntanlega komið þessu á vegna þess að það væri svo flókið að vera með mismunandi upphæðir í gangi og það gengi alls ekki. Þetta hefur hins vegar leitt til þess að konur víla mjög fyrir sér að sækja um hærra meðlag en lágmarksmeðlag vegna þess að það er heilmikið mál að sækja það

um hver einustu mánaðamót, safna því síðan upp ef það er ekki greitt og leggja fram kröfu um að fá það borgað. Því vil ég spyrja hvort hæstv. heilbr.- og trmrh. sé ekki tilbúinn til að beita sér fyrir því, fyrst þetta er hægt með atvinnuleysistryggingarnar, að koma á svipuðu formi hjá Tryggingastofnun ríkisins hvað varðar meðlagið. Að það fari bara eftir meðlagsúrskurðinum það sem Tryggingastofnun greiðir þeim sem hefur barn á framfæri sínu. Ég held að engin rök séu fyrir því að hafa ekki þennan hátt á hjá Tryggingastofnun ef það er hægt að hafa þennan hátt á hér hjá Atvinnuleysistryggingasjóði eins og lagt er til.

Þá vil ég áður en ég fér úr ræðustólnum — ég ætla ekki að hafa þetta mikið lengra vegna þess að ég á sæti sjálf í heilbr.- og trmrn. og get þar auðvitað fjallað um þetta mál — vekja athygli á því að það kemur fram í greinargerð með frv. að breyta þurfi átta lögum til viðbótar við þau lög sem nefnd voru í yfirliti frá utanrrn. sem ég held að hafi verið birt í vor. Utanrrn. lét taka saman yfirlit um öll þau lög sem þyrfti að breyta ef af hinu Evrópska efnahagssvæði yrði. Það notuðum við þingmenn auðvitað til hliðsjónar. Síðan kemur í ljós, bara á þessu sviði sem við erum með hér til umræðu, heilbrigðis- og tryggingasviðinu, að það vantar átta lög inn í yfirlit utanrrn. Það segir manni kannski hvað þetta er flókið mál sem hér er á ferðinni, að menn átta sig ekki á því fyrr en í sumar að það vantar átta lög inn í þessa upptalningu. Það mætti segja mér að skoða þyrfti það mjög vel inni í nefndunum hvort þetta séu örugglega tæmandi breytingar sem hér er verið að gera.

Ég held að ég hafi þetta ekki lengra, virðulegur forseti. Þó langar mig til að vekja athygli á því að það hefur komið upp í umræðum í heilbr.- og trn. varðandi tryggingastarfsemina að breytingin, sem þarna er verið að gera, mundi ekki endilega leiða til hækkunar á iðgjöldum. Sumir telja jafnvel að hún gæti leitt til lækkunar. Ef við tökum Húsatryggingar Reykjavíkurborgar sem dæmi þá greiða þær núna um 50 millj. kr. til Slökkviliðsins í Reykjavík þannig að ef það væri fellt niður mætti hugsanlega lækka iðgjöld á tryggingum hér í Reykjavík þó að auðvitað yrði að taka þann pening einhvers staðar annars staðar til að leggja til slökkviliðsins. Ef það er skoðun manna að þetta verði ekki til þess að hækka iðgjöldin þá hlýtur maður að spyrja hvernig á því standi samt að það er viðurkennt í greinargerð með frv. að það gæti verið ráð fyrir sveitarfélögin að hafa milligöngu um að leita hagstæðra samninga um brunatryggingar, þ.e. að tekin yrði hóptrygging fyrir íbúa í sveitarfélögum. Það gæti leitt til hagstæðari samninga og hagstæðari iðgjalda. Með öðrum orðum er viðurkennt að þessi hóptrygging geti og að öllum líkindum leiði til lægri iðgjalda en þegar hver og einn fer á stúfan og tryggir fyrir sig. Þarna finnst mér gæta ákveðinnar mótsagnar, a.m.k. í málflutningi þeirra sem telja að þetta muni ekki hafa áhrif á iðgjöld til hækkunar.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það hafa allmargar fyrirspurnir verið bornar upp við mig í þessari umræðu. Ég tel nauðsynlegt að þeim hv. þm., sem báru fram fyrirspurnir, gefist kostur á að vera viðstaddir hér þegar fyrirspurnunum er svarað. Ég sé að hér vantar í salinn hv. 4. þm. Austurl. sem beindi mjög mörgum fyrirspurnum til mín sem ég hyggst svara og sömuleiðis vantar hér í salinn hv. 2. þm. Vesturl. sem einnig beindi til mín fjölmörgum fyrirspurnum. Ég vil áður en lengra er haldið óska eftir því við forseta að þessum þingmönnum sé gert viðvart því að það er að sjálfsögðu ekki gott að svara fyrirspurnum ef fyrirspyrjandi er ekki viðstaddur. — Þar gengur hv 4. þm. Austurl. í salinn og hann var sá fyrsti sem tók til máls í almennu umræðunum áðan og ætla ég að byrja á að svara hans spurningum.

Í fyrsta lagi eru nokkur atriði um þau almennu mál sem hann ræddi hér. Það er alveg rétt hjá honum að það á sér stað á Alþingi mikil umræða um Evrópskt efnahagssvæði og þann samning sem til stendur að gera. Það er ósköp eðlilegt því að þetta er stærsti og áhrifamesti milliríkjasamningur sem íslenska ríkið hefur nokkru sinni gert og því er full ástæða til þess að gefa sér þann tíma sem menn telja nauðsynlegan til þess að vinna að þeim samningi hér í þingmeðferðinni, þar á meðal að ræða hann á Alþingi. Hins vegar geta menn auðvitað velt því fyrir sér hvort það sé rík ástæða til að segja sama hlutinn tíu eða tuttugu sinnum úr ræðustól eða hvort betra er að nota tímann til þess að vinna að skoðun á málinu í þingnefndum, þangað sem málin eiga að fara, og í þingflokkum.

Ríkisstjórnin hefur hins vegar í samstarfi við stjórnarandstöðuna reynt að auðvelda þessa vinnu eins og framast er kostur, m.a. með því, eins og hér hefur fram komið, að afhenda þingnefndum í sumar handrit að þeim frumvörpum sem nú er verið að leggja fram á Alþingi til umræðna. Ég átti satt að segja von á því að þau vinnubrögð, þ.e. að kynna frumvörp þessi í handritum fyrir þingnefndum, gætu orðið til þess að menn þyrftu ekki, a.m.k. við 1. umr., að taka mjög langan tíma til að ræða frv. sem þeim hafa verið kynnt óformlega að vísu í þingnefndum, frv. sem eru lögð fram en fólk hefur áður séð. Það er ósköp eðlilegt engu að síður að við 1. umr. séu bornar fram tilteknar fyrirspurnir til að fá mál skýrð en ég á von á því að þetta samkomulag um málsmeðferð hér í þinginu milli stjórnar og stjórnaraðstöðu hafi orðið og verði til að einfalda þessa umfangsmiklu vinnu sem hér þarf að fara fram.

Hv. 4. þm. Austurl. ræðir gjarnan um þennan samning sem þungbærar skyldur fyrir íslenska þjóð. En hann virðist gleyma því að þessi samningur er ekki síður um réttindi sem verið er að veita íslenskum þegnum. Við erum með þessum samningi að veita íslenskum þegnum stóraukin réttindi. Það eru ekki þungbærar skyldur. Á meginlandi Evrópu, á Bretlandseyjum og á Norðurlöndunum, eru t.d. starfandi fjölmargir íslenskir ríkisborgarar úr heilbrigðisstéttum. Ætli það séu ekki um það bil 300 læknar menntaðir á Íslandi sem nú starfa á þessu svæði. Á þetta svæði höfum við sótt meginhluta framhaldsmenntunar okkar í læknifræði. Hún er sennilega öll fengin á þessu svæði, að undantekinni þeirri menntun sem sótt hefur verið til Norð-

ur-Ameríku. Þessi samningur við EES er um að tryggja réttindi þessa fólks, réttindi þeirra fjölmörgu heilbrigðisstarfsmanna, sem nú starfa á EES-svæðinu, og réttindi þeirra fjölmörgu Íslendinga sem munu sækja sér menntun, m.a. í sambandi við heilbrigðismál, til Evrópuríkja. Þau réttindi sem verið er að tryggja þessu fólki eru miklu meiri en þau réttindi sem þetta fólk nýtur í dag svo maður tali nú ekki um að allar líkur eru á því, ef þessi samningur verður ekki gerður, að þá muni réttindi Íslendinga, t.d. til náms í löndum Evrópubandalagsins og löndum hins Evrópska efnahagssvæðis, skerðast stórlega frá því sem nú er. Við erum því ekki bara að taka á okkur skyldur með samningnum enda væri það eitt út af fyrir sig engin ástæða fyrir samningi af þessum toga ef menn væru bara að taka á sig skyldur. Við erum að gera þennan samning vegna þess að við erum með honum að veita íslenskum þegnum meiri réttindi, sömu réttindi og erlendir þegnar fá hér á Íslandi.

Ég er nú búinn að vera ansi lengi viðloðandi þessa stofnun, Alþingi Íslendinga. Ég byrjaði að fylgjast hér með á árinu 1967, fékk þá fyrst sæti í þingflokki Alþfl. En mér finnst eins og ég sé að heyra þessa umræðu hér í þriðja sinn, sömu ræðurnar og ég hef heyrt tvívegis áður á þessum ferli. Ég hlustaði á, var að vísu ekki þátttakandi þá sjálfur, þegar samningurinn um fríverslunarsvæði Evrópu var ræddur á Alþingi. Þá heyrði ég sömu ræðurnar og ég er að heyra nú. Þá heyrði ég ræðurnar um það að með þessum samningi væri verið að leggja íslenska þjóð undir erlent áhrifavald. Þá heyrði ég ræður um að það væri verið að afhenda útlendingum innlend atvinnufyrirtæki. Þá las ég í blöðum og heyrði sagt frá þingræðum þar sem þeir, sem voru að flytja fram samninginn um EFTA, voru kallaðir landsölumenn og jafnvel landráðamenn. Er þessi umræða nú ekki nákvæmlega sú sama og þá hjá mörgum hv. þm.? Jú, hún er það. Menn nota sömu rökin, menn nota sömu orðin og menn nota sömu ábendingarnar og þeir gerðu þá.

Ég heyrði sams konar umræðu í annað sinn þegar verið var að ræða á Alþingi um samning við erlenda aðila um að reisa álver í Straumsvík. Þá minnist ég þess líka að rætt var mjög mikið um ... (Gripið fram í.) Ég byrjaði að fylgjast með þessari stofnun sem hluti af þingflokki Alþfl. árið 1967, ég var byrjaður að fylgjast með pólitík löngu fyrir 1967, virðulegi forseti. Minn pólitíski afskiptaferill hófst ekki árið 1978 eins og hjá hv. þm. Svavari Gestssyni ef marka má viðtal hans við dagblaðið Tímann ekki alls fyrir löngu. En ég heyrði þá nákvæmlega sömu orðaleppana. Muna menn kannski eftir röksemdunum um það að með samningum um álverið væri verið að gera Ísland að varanlegu láglaunasvæði? Ég veit að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson man eftir því orðatiltæki. Varanlegt láglaunasvæði með þessum samningi. Muna menn ekki eftir því að það var sagt að vegna mengunar mundi verða óbúandi í Hafnarfirði? Barnadauði mundi vaxa mjög á svæðinu í kringum íslenska álverið? Og muna menn ekki eftir því að það var sagt að með þessum samningi væri verið að fá erlendum auðhringum í hendurnar pólitísk völd á Íslandi? Eftirleiðis mundu Íslendingar ekki vera sjálfráða í sínum eigin málum þannig að allar íslenskar ríkisstjórnir eftir þennan samning mundu verða ofurseldar erlendum auðhringum sem mundu að meira og minna leyti gefa íslensku ríkisstjórninni og íslenskum ráðherrum fyrirskipanir um það hvernig þeir ættu að haga stjórnarstörfum sínum?

Hv. 4. þm. Austurl. var í ríkisstjórn ekki alls fyrir löngu. Hann fór þá með iðnaðarmál. Hann sat þá á *málskrafi við forsvarsmenn erlendra auðhringa í þeim* tilgangi að reyna að semja við þá um að gerast aðilar að atvinnurekstri á Íslandi. En var honum stjórnað, virðulegi forseti, af erlendum auðhringum? Tók hann við fyrirskipunum frá forsvarsmönnum erlendra auðhringa um það hvernig hann ætti að haga sér sem iðnrh.? Nei, það gerði hann ekki. En flokkur hans sagði nokkrum árum áður að það mundi hann gera ef gengið yrði til samninga um álverið í Straumsvík. Þetta er í þriðja sinn, virðulegi forseti, sem ég heyri talsmenn sömu flokka, að undanteknum hv. talsmönnum Kvennalistans sem ekki áttu þá sæti hér á þingi, Kvennalistinn átti þá ekki sæti hér á þingi, flytja sömu ræðuna. *Ég held að það geti vel verið að þeir hafi* sjálfir trúað á sinn eigin málflutning í fyrsta sinn sem þeir fluttu þessa ræðu. Það gæti meira að segja verið að einhverjir þeirra hafi trúað á sinn eigin málflutning í annað sinnið sem þeir fluttu þessa ræðu. En ég stórefa að þeir trúi því sjálfir sem þeir eru að segja núna í þriðja sinnið sem málsvarar sömu flokka og flytja sömu ræður, þ.e. með þessu séum við að afsala okkur fullveldi, sjálfstæði, ganga undir jarðarmen erlendra auðhringa, afsala okkur sjálfstæði Íslands. Ég trúi því ekki að þeir sjálfir hafi á því trú í þriðja sinn sem þeir flytja þessar ræður að það eigi við rök að styðjast.

Hv. 4. þm. Austurl. sagði að með þessum samningi væri verið að tryggja *jafnan rétt fólks* og það er rétt. Það er verið að tryggja jafnan rétt fólks. Er hv. þm. andvígur því? Telur hann e.t.v. að sumir eigi að vera jafnari en aðrir í þessu sambandi? Telur hann að við Íslendingar eigum ekki að veita þegnum erlendra þjóða sama rétt á íslenskri grundu og við krefjumst að íslenskir þegnar njóti meðal erlendra þjóða? Það er rétt, hv. þm. Þetta er samningur um jafnan rétt. Hann byggist á því. Hann byggist á að einn hafi ekki meiri rétt en annar, að menn séu ekki misjafnlega mikið jafnir.

Hv. þm. sagði líka að með þessu væri verið að galopna íslenska vinnumarkaðinn. Það er ekki rétt. Við erum að veita þegnum erlendra þjóða sama aðgang að *íslenskum vinnumarkaði og við erum að gera kröfu til* að fá fyrir okkar fólk á vinnumörkuðum þessara landa. Á því jafnréttishugtaki byggist þessi samningur. Er ekki hv. þm. stuðningsmaður jafns réttar? Þó að Íslendingar fái jafnan rétt til að sækja um atvinnu á erlendri grund, eins og þegnar erlendra þjóða öðlast jafnan rétt á við íslenska þegna til að sækja um atvinnu á íslenskri grund, er ekki þar með sagt að ef Íslendingur sækir um atvinnu á erlendri grund sé hann með því að ýta einhverjum þaðan í burtu né heldur er þar með sagt að erlendur ríkisborgari sem sækir um atvinnu á íslenskri grund sé að gera Íslending atvinnulausan Það

er ekki það sama að veita þennan rétt og að skylda til ráðninga. Enginn íslenskur atvinnuveitandi er skyldur til að ráða erlendan mann til starfs, þó að þessi samningur verði samþykktur, ef hann vill heldur ráða Íslending til sama starfs. Við erum að veita rétt en við erum ekki að undirgangast skyldu og við erum að fá sama rétt fyrir okkar fólk annars staðar og við veitum öðru fólki hér.

Hins vegar er það alveg rétt hjá hv. þm. að þessi samningur er þess eðlis að menn komast ekki hjá því að gera á löggjöf sinni þær breytingar sem samningurinn hljóðar um. Það er því alveg rétt hjá hv. þm. að þar eiga menn ekkert val. Menn geta ekki skrifað undir samninginn en hafnað því síðan að fullgilda hann með þeim breytingum sem þarf að gera á löggjöf og menn hafa skuldbundið sig til með samningum. Ég veit að við erum afskaplega veikir fyrir því Íslendingar að vilja gjarnan beygja reglur og vilja gjarna segja sem svo: Það getur ekki verið að ætlast sé til þess að sú regla sem þarna er verið að setja eigi við mig. Það hlýtur að vera hægt að finna einhverja leið til að hægt sé að skjóta sér undan þeim reglum sem verið er að samþykkja að eigi að gilda gagnvart öllum almenningi. Við erum einu sinni þannig gerðir, Íslendingar, að ef okkur eru settar reglur, viljum við gjarnan láta reyna á þær og sjá hvort við getum ekki komist fram hjá þeim. Það er alveg rétt hjá hv. þm., sem hann sagði hér áðan og er auðvitað kjarni málsins, að þessi samningur um Evrópskt efnahagssvæði er þannig að þarna verða menn að gera þær breytingar sem samningurinn felur í sér og komast ekki undan þeim. Þar eiga menn ekkert val. Þar geta menn ekki sagt: „Já, en ...“ og þar geta menn ekki heldur sagt: „Já, en kannski ...“ Ef menn segja já við þessum samningi verða menn að fullgilda samninginn með því að gera þær lagabreytingar sem samningurinn gerir ráð fyrir enda er það sjðaðra manna háttur í samskiptum einstaklinga eins og í samskiptum þjóða að geri menn samning sín á milli, þá ætlast menn að sjálfsögðu til þess að honum sé fylgt en samningsaðilar komi ekki á eftir og segi: Já, en getum við ekki komið okkur hjá þessu? Getum við ekki fengið undantekningu frá þessu o.s.frv.? Þetta er kjarni málsins og það er mjög gott að hann liggi frammi frá upphafi vegna þess, eins og hv. þm. sagði, að menn eiga ekkert val um framkvæmdina. Ef menn samþykkja samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði verða þeir að framfylgja þeim atriðum sem í samningnum felst.

Hv. þm. gerði hér að umtalsefni réttindi í sambandi við greiðslur úr atvinnuleysistryggingum. Það sem hann sagði þar er misskilningur vegna þess að í lagafrv., sem hér liggur fyrir og í þeim atriðum sem þar er sagt um atvinnuleysistryggingar og réttindi útlendinga til greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði, er reglum ekki á nokkurn hátt breytt frá því sem nú er. Útlendingar sem hér eru í vinnu eiga fullan rétt á greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði ef þeir missa sína atvinnu. Því er ekki verið að breyta. Því einu er verið að breyta með þessum lögum að Íslendingur, sem flyst til útlanda, nýtur þar í þrjá mánuði, á meðan hann leitar sér að starfi, greiðslna samkvæmt reglum atvinnuleysistrygginganna á Íslandi sem sambærilegur aðili erlendis greiðir honum og fær síðan endurgreitt frá Atvinnuleysistryggingasjóði hér. Með sama hætti er verið að gera þá breytingu af því að það er jafnræði, hinn jafni réttur sem gildir að Atvinnuleysistryggingasjóðurinn íslenski tekur að sér að greiða ríkisborgara frá EES, sem hingað kemur í atvinnuleit, í þrjá mánuði þær atvinnuleysibætur sem hann á rétt á samkvæmt reglum síns heimalands og innheimtir það svo hjá þeirri stofnun erlendis sem á greiðsluskylduna gagnvart hinum erlenda ríkisborgara á EES-svæðinu. Þetta er eina breytingin sem verið er að gera hér, virðulegi forseti. Það er misskilningur hjá hv. þm. ef hann heldur að í þessu frv. sé verið að gera einhverjar breytingar á greiðsluréttindunum umfram það sem nú er. Erlendir ríkisborgarar sem hafa atvinnuleyfi og eru í vinnu hér eiga aðgang að Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt gildandi lögum með sama hætti og Íslendingur sem hér starfar. Nákvæmlega sama máli gegnir um almannatryggingaréttindi útlendinga sem hér eru að störfum og lífeyrisréttindi þeirra. Um þau efni, bótagreiðslur úr almannatryggingakerfi og aðild að lífeyristryggingakerfi fyrir þá útlendinga sem hér eru í vinnu og hafa fengið atvinnuleyfi, gildir nákvæmlega það sama og um Íslendinga sjálfa. Það er ekki verið að breyta þessu í einu eða neinu með því frv. sem hér er lagt fram.

Hins vegar er það sjálfsagt og rétt að taka fram í þessu sambandi að með aðild að hinu Evrópska efnahagssvæði og frjálsum flutningi vinnuafls innan þess gætu fleiri útlendingar en nú nýtt sér þessi réttindi hér á Íslandi, þ.e. það gætu fleiri útlendingar komið hingað en nú eru hér til starfa og öðlast þann rétt að fá aðgang að íslensku tryggingakerfi, borga í íslenska lífeyrissjóði og fá greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði eftir þeim reglum sem hér gilda. En allir þeir útlendingar sem nú eru í störfum njóta þeirra réttinda nú þegar. Það er misskilningur hjá hv. þm. ef hann heldur að þeir útlendingar, sem nú eru í störfum hér á Íslandi, njóti ekki þessara réttinda. (**HG:** Það hélt ég bara ekki.) Ja, það var ekki hægt að skilja annað á máli hv. þm. en að hann héldi að eina breytingin með aðildinni að Evrópsku efnahagssvæði væri sú að það gæti verið að hingað kæmu fleiri útlendingar í atvinnuleit en nú en það fer auðvitað eftir atvinnu- og afkomuhorfum hér samanborið við atvinnu- og afkomuhorfur í þeim löndum sem þeir eiga þá val um að fara til eða eru sjálfir frá.

Þá sagði hv. þm. að það væri eða gæti verið mjög freistandi fyrir fólk úr Miðjarðarhafslöndum að leita hingað jafnvel með fjölskyldur sínar til þess að leggjast upp á hið íslenska tryggingakerfi. Hv. þm. hlaut menntun sína í Þýskalandi. Hann veit hvað svona sjónarmið eru kölluð þar. Ég átti ekki von á því, virðulegi forseti, að hv. þm., sem kennir sig við sósíalisma og jafnaðarstefnu, tæki svona til orða, að það gæti verið hætta á því að þetta fólk úr Miðjarðarhafslöndunum, einhverjir Grikkir og Ítalir og svoleiðis fólk, færi að koma hingað með hyski sitt til þess að leggjast upp á

íslenska almannatryggingakerfið. Þessi viðhorf eru vissulega til, virðulegi forseti, og þau heyrast — ekki bara í Þýskalandi heldur í ýmsum löndum nær okkur, þar á meðal í Svíþjóð. En ég átti ekki von á því að heyra þessi viðhorf úr munni fólks sem kennir sig við jafnaðarstefnu.

Auðvitað get ég ekkert fullyrt um það frekar en aðrir hvað líklegt er í þessum efnum. En ég vil aðeins benda á þá reynslu sem menn hafa af þessum málum sem ég veit að hv. þm. veit um. Er þetta reynsla Dana, sem hafa ekki minna öflugt velferðarkerfi en við Íslendingar, að þangað hafi streymt fólk úr Suður-Evrópu til þess að leggast upp á hið danska tryggingakerfi? Að vísu hefur því stundum verið haldið fram í fjölmiðlum hér á Íslandi og í opinberri umræðu að einstakir Íslendingar hafi gert þetta, þ.e. farið til Danmerkur eða Svíþjóðar til að setjast upp á sósíalinn. En er þetta sú þróun sem verið hefur eftir að Danir gengu inn í Evrópubandalagið, að þangað hafi flykkst inn fólk frá Miðjarðarhafslöndum með fjölskyldur sínar, eins og hv. þm. talaði um, til þess að setjast upp á danska sósíalinn? Nei. Það hefur ekki gerst. Hvað er það sem hefur gerst? Það sem hefur gerst er að hinir arísku Danir, ljóshærða og glæsilega fólkið af þessum arískа kynstofni hefur flutt sig í miklu meira mæli til Suðurlanda, m.a. til að setjast þar að, heldur en dökkleitu Miðjarðarhafsbúarnir hafa farið til Danmerkur þannig að ég held að hv. 4. þm. Austurl. þurfi ekki að hafa miklar áhyggjur af slíkri þróun hér sem ég sé nú í sjálfu sér ekki afskaplega áhyggjuverða þó svo kynni að fara að einhver maður eða kona sem ætti uppruna sinn í Miðjarðarhafslöndunum ætti það til að búsetja sig hér á okkar landi. En reynslan sem við höfum fyrir okkur um þróunina á undanförnum árum í Danmörku sem er ekki bara aðili að Evrópsku efnahagssvæði, sem ekki er til, heldur Evrópubandalaginu, reynsla þeirra er ekki svona.

Hv. þm. sagði líka og það réttilega að helstu hugmyndasmiðirnir að þessari smíð, Evrópsku efnahagssvæði, væru fremstu foringjar sósíaldemókrata í Evrópu. Það er ekki leiður félagsskapur að vera í, með helstu foringjum sósíaldemókrata í Evrópu og ég spyr: Er það ekki sá félagsskapur sem formaður Alþb., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, hefur þráfaldlega sagt þjóðinni að sé sá félagsskapur sem hann eigi öðrum Íslendingum fremur heima í? Það væri ekki verra að hann hlustaði á hv. 4. þm. Austurl. skýra frá því á þingflokksfundi að hann hefði komist að þeirri niðurstöðu að þetta Evrópska efnahagssvæði væri hugarfóstur allra fremstu foringja sósíaldemókrata í Evrópu og mætti þá sjálfsagt gera ráð fyrir því að hv. formaður Alþb., sem er fljótur að skipta um skoðun, gerðist meðal helstu fylgjenda málsins hér á Alþingi ef hann gerði sér grein fyrir því, sem auðvitað er rétt, að með því að ganga í lið með fylgismönnum frv. um aðild Íslands að EES væri hann að gerast liðsmaður fremstu foringja sósíaldemókrata í Evrópu. Því ef marka má hv. þm. þá þykist hann vera í þessum hópi. Hann þykist vera einn af fremstu foringjum jafnaðarmanna í Evrópu. Hann lítur nú ekkert smátt á sig, hv. þm. (**HG:** Hvaða þingmaður?) Ég á því von á því að a.m.k. ef hann hefði heyrt ummæli hv. 4. þm. Austurl., ég vona að hann komi þeim til hans, þá sjái hann að sér og muni áreiðanlega annaðhvort í umræðum um þingsköp eða utan dagskrár gera Alþingi grein fyrir því á næstunni að honum hafi snúist hugur í þessu EES-máli og að hann sé genginn til liðs við helstu foringja sósíaldemókrata í Evrópu, hugmyndasmiði þessa samnings.

Hv. þm. talaði um að í þessu frv. væri gert ráð fyrir meira reglugerðarvaldi til ráðherra en algengt er. Það er ekki rétt. Samkvæmt núgildandi lögum hefur ráðherra einmitt sett reglugerðir um starfsréttindi heilbrigðisstétta. Þær reglugerðir hefur ráðherra t.d. sett um starfsréttindi sérfræðinga o.s.frv. þannig að reglugerðarvaldið, sem verið er að tala um í þessu frv., er ekki meira reglugerðarvald en heilbrrh. hefur haft og hefur samkvæmt gildandi lögum.

Þá spurði hv. þm. að því hvort það mundi ekki vefjast fyrir heilbrrh. ef hann þyrfti að fara að meta hæfileika og nám einstakra starfsmanna í heilbrigðisstétt sem hefðu hlotið sitt nám erlendis og óskuðu eftir réttindum til starfa á Íslandi. Þetta vefst ekki mjög fyrir heilbrrh. á Íslandi vegna þess að Evrópubandalagið er löngu búið að setja reglur um þessi efni. Evrópubandalagið hefur sett reglur þar sem nákvæmlega er lýst hvaða lágmarksmenntun er skilyrði þess að t.d. læknir sé viðurkenndur sem slíkur, hjúkrunarfræðingur sé viðurkenndur sem slíkur o.s.frv. Þannig að þessar reglur eru þegar í gildi hjá Evrópubandalaginu. Spurningin er aðeins um það þegar á að gefa út starfsleyfi fyrir viðkomandi einstakling, sem um það sækir, hvort hann uppfyllir þessar reglur. Einn þáttur í þeirri reglugerðarsmíð, sem frv. gerir ráð fyrir að heilbr.- og trmrh. taki á sig, er að setja í reglugerð á Íslandi nákvæmlega sams konar ákvæði um lágmarksmenntun heilbrigðisstétta og þau eru í reglugerðum EB og verða í reglugerðum allra landa á EES-svæðinu. Þetta mál er mjög einfalt. Það er búið að ljúka gerð þessara reglna. Þær hafa verið gefnar út og hafa verið í gildi í nokkur ár.

Þá spurði hv. þm. einnig um þær kröfur sem gerðar eru til íslenskukunnáttu heilbrigðisstétta. Þær kröfur eru í núgildandi lögum. Í núgildandi lögum eru gerðar þær kröfur að umsækjendur um starfsréttindi á heilbrigðissviði hér á landi uppfylli kröfur um íslenskukunnáttu. Þær eru gerðar með nákvæmlega sama orðalagi í gildandi lögum eins og lagt er til í þessu frv. Það eina sem þarf að gera er að undanþiggja ríkisborgara EES þeim kröfum að undirgangast slíkt próf í íslensku áður en þeir öðlast starfsréttindi á Íslandi. Hins vegar er áfram haldið reglum í gildandi lögum um þær kröfur sem gerðar eru til íslenskukunnáttu heilbrigðisstarfsstétta annars staðar frá en innan EES-svæðisins. Þetta er eina breytingin sem verið er að gera. Það er verið að undanþiggja íbúa EES-svæðisins frá því að uppfylla þessar kröfur um íslenskukunnáttu til þess að geta öðlast starfsréttindi á Íslandi en kröfunum er áfram haldið gagnvart heilbrigðisstarfsfólki frá öðrum svæðum.

Hv. þm. spurði: Hvernig er þetta framkvæmt? og talaði eins og það væri verið að leiða þessar kröfur í lög fyrst núna. Hvernig er þetta framkvæmt? Ég vísa þeirri spurningu aftur til hans. Hann ætti öðrum fremur að geta fengið það uppgefið hvernig þetta er gert af þeirri einföldu ástæðu að þetta eru þau lög sem voru í gildi þegar eiginkona hans, sem er með læknisréttindi frá Þýskalandi, að því er ég best veit, fékk réttindi til að starfa hér á Íslandi. Þá voru þessi ákvæði í gildi að til þess að geta fengið slík réttindi, varð hún eins og aðrir einstaklingar að uppfylla kröfur um íslenskukunnáttu. Ef Evrópsku efnahagssvæði hefði verið komið á á þessum árum, þá hefði hún verið ein af þeim sem ekki hefði þurft að uppfylla þessar kröfur um íslenskukunnáttu. Hvernig var þeim beitt og hvernig er þessum ákvæðum gildandi laga beitt? Enginn á auðveldara með að fá það upplýst en hv. 4. þm. Austurl. því að hann þarf ekki annað en spyrja konuna sína. Ég vil hins vegar upplýsa það í þessu sambandi, og vil þá svara spurningu hv. þingkonu Ingibjörgu Sólrúnu sem hún beindi til mín hér áðan, að menn mega ekki blanda saman tvennu, þ.e. annars vegar hvaða skilyrði menn þurfa að uppfylla til þess að starfsréttindi þeirra séu viðurkennd á Íslandi og hvaða skilyrði menn þurfa að uppfylla til þess að fá starf á Íslandi. Það er hægt að gera þá kröfu, skulum við segja, til starfsfólks í heilbrigðisþjónustu, t.d. til tannlæknis sem ráðinn er til starfa á Íslandi eða til læknis á heilsugæslustöð að hann tali íslensku til þess að hann fái starfið. En það er allt annað en krafa sem hann getur haft uppi um að fá starfsréttindi. Og þessu mega menn ekki blanda saman. Það er ekki hægt að standa gegn því að borgari í EES-landi, sem uppfyllir t.d. lágmarkskröfur sem gerðar eru til þess að læknisréttindi séu veitt, fái starfsréttindi. Það er ekki hægt að standa gegn beiðni hans um að fá þessi réttindi hér á Íslandi, hafa þau á EES-svæðinu með tilvísun til þess að hann kunni ekki íslensku. Hann getur átt kröfu á því að fá sín starfsréttindi viðurkennd þó að hann kunni ekki íslensku. Hins vegar er hægt að gera þá kröfu þegar læknir er ráðinn, skulum við segja að heilsugæslustöð, að ekki séu ráðnir aðrir læknar en þeir sem kunna íslensku. Þetta er munurinn á því annars vegar hvað varðar starfsréttindaveitingu hér á landi og hins vegar hvað varðar starfsráðningu. Þannig er hægt að hafa uppi kröfur um íslenskukunnáttu við starfsráðningu og vísa þannig á bug einstaklingi sem ekki kann íslensku en hefur að öllu leyti fullgild réttindi til að mega starfa t.d. sem læknir hér á Íslandi.

Hv. þm. spurði hvort til stæði að opna skrifstofu í Brussel af hálfu heilbrrn. vegna þess að embættismenn hefðu ekki tíma til þess að lesa í gegnum alla þá doðranta sem þeir þyrftu að lesa sig í gegnum áður en þeir héldu til fundar um málefni EES og því þyrfti að opna fyrir þá einhvers konar lesskrifstofu í Brussel. Það eru engar slíkar ráðagerðir uppi í heilbrrn. enda átti ég satt að segja ekki von á því frá hv. 4. þm. Austurl. að hann vantreysti Íslendingum til að lesa sig í gegnum þykka skjalabunka. Ég held að hann geti manna best borið vitni um það að Íslendingar eru ekkert síðri lestrarhestar en aðrir, ekki heldur á skjalabunka.

Þá var spurt um ákvæði um búfjártryggingarnar í þessu frv. Það sem þar er gert er einfaldlega að felld voru niður tvö orð úr gildandi lögum, þ.e. orðin „í deildinni". Skylt er að tryggja „í deildinni". Það sem þarna er verið að gera er að einfaldlega er verið að fella niður skyldutryggingarákvæði sem við getum líka nefnt einokunarákvæði tiltekinna trygginga en viðhalda skyldutryggingunni. Menn geta valið tvær aðferðir til að gera þetta. Það er annars vegar að segja: Brtt. við 3. gr. laga nr. 20 frá 26. febr. 1943. Brott falli orðin „í deildinni." Eða að segja: Þessi grein skal orðast svo og koma síðan með tilgr. eða lagagr. eins og hún verður að þessum tveimur orðum brott felldum. Þann kost tók heilbrrn. m.a. til þess að þingmenn gerðu sér ljóst hvað stendur í gildandi lögum, ekki bara hvað verið er að fella brott úr þeim. Og öll þessi ankannalegheit sem hv. þm. las upp sér og öðrum til skemmtunar eru orðrétt tekin upp úr gildandi lögum sem sett hafa verið að tilhlutan einhvers landbrh. árið 1943. En hv. þm. hefði gjarnan mátt lesa lengra. Vegna þess að í þessari lagasmíð, svo góð og nauðsynleg sem hún nú er, stendur líka einhvers staðar — ég gæti kannski fengið þetta frv. lánað hjá forseta því ég hef tekið rangt frv. með mér í ræðustólinn — þarna stendur svona mönnum til skemmtunar og gamans, 3. gr. orðist svo:

„Skylt er að tryggja gegn hvers konar vanhöldum, kynbótanaut, kynbótahest og kynbótahrúta" o.s.frv. þannig að þetta er alveg eins og er í gildandi lögum nema bara að tvö orð hafa verið felld niður. Síðan stendur í g-lið, 1. og 2. mgr. 11. gr. falla niður og 3. mgr. 11. gr. verður svohljóðandi að tveimur orðum niðurfelldum:

„Nú verður ágreiningur milli vátryggingarfélags og tjónþola um rétt og skyldu til bóta eða um upphæð bótanna, og skal ágreiningnum þá skotið til gerðardóms þriggja manna. Nefni til sinn mann hvor aðili, en viðkomandi dómari oddamanninn ..."

Nú er auðvitað ljóst að tjónþoli í þessu sambandi er þá kynbótanautið, kynbótahesturinn eða kynbótahrúturinn. Það er ekki talað um tryggingartaka heldur tjónþola og rísi upp ágreiningur um greiðslu bóta þá á sem sagt tjónþoli á móti vátryggingarfélagi að tilefna í gerðardóm, þ.e. kynbótanautið, kynbótahesturinn eða kynbótahrúturinn á að tilnefna í gerðardóm. Ég veit nú satt að segja ekki hvernig tjónþoli fer að þessu. E.t.v. háttar svo til í landbrn. að þar skilji menn mál nauta og sauða betur en aðrir menn og kannski fuglamál líka en svona er orðanna hljóðan í lögunum og svona hefur þetta staðið í lögunum að því er mér sýnist vera frá ómunatíð eða frá árinu 1948 sem er nú næstum því frá ómunatíð. Kannski væri ástæða til þess að þingnefndin skoðaði þetta með hliðsjón af framför og e.t.v. afturför í landbrn. að menn ættu erfitt með að skilja mál nauta, sérstaklega kynbótanauta, kynbótahesta og kynbótahrúta en menn gerðu árið 1948 þegar Páll heitinn Zóphóníasson var einn fremstur maður í landbúnaðarmálum á Íslandi.

Einnig er alveg rétt hjá hv. þm., og ég leitaði að því, að orðið frábending er ekki til í Orðabók Menningarsjóðs og er því engin skýring á því hvað orðið þýðir í þeirri orðabók. Hins vegar er það til í lögum. Í lögum frá 1978, VII. kafla laga þar sem vikið er að auglýsingu og kynningu lyfja, lækningaáhalda, sjúkravarnings og lyfjagagna, segir svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Í lyfjaauglýsingum skal, auk þeirra atriða sem getur í 1., 2., 3. og 5. tölul. 17. gr., greina helstu ábendingar (indicationes) og frábendingar (contraindicationes) er varða notkun hlutaðeigandi lyfja og pakkningastærðir".

Þetta orð sem hv. þm. gerði að umtalsefni og finnst í frv. er því að finna í lögum frá 1978 og í gildandi lögum frá 1984. Hins vegar er það ekki í Orðabók Menningarsjóðs og væri full ástæða til þess í endurskoðaðri útgáfu þeirrar orðabókar að koma merkingunni þar á framfæri.

Þá spurði hv. 2. þm. Vesturl. hvers vegna hafi þótt hagkvæmara að flytja öll þessi frv. í einum lagabálki, einum bandormi, fremur en kljúfa hann upp og flytja mörg frv., um sitt málið hvert. Ástæðan er einfaldlega sú að við töldum það rétt og höfðum kynnt það þannig fyrir heilbr.- og trn. að við mundum reyna að leggja fram í einu frv. þær breytingar sem þyrfti að gera á lögum varðandi EES einfaldlega til þess að menn fengju betra yfirlit og betri heildarsýn yfir breytingarnar. Hins vegar er frv. sett upp í köflum þannig að hver kafli varðar þann þátt sem fellur þar undir svo sem eins og í einum kafla eru allar breytingar á lögum um heilbrigðisstéttir, í öðrum kafla eru allar breytingar á lögum um vátryggingarsvið og í þriðja kafla eru allar breytingar á lögum um eiturefni og hættuleg efni o.s.frv. Því er mjög auðvelt eins og þetta frv. er sett upp að átta sig á hverju atriði málsins fyrir sig. Það er mjög gott að fá yfirlit yfir þessar breytingar í einu frv. Hins vegar er það að sjálfsögðu ákvörðun nefndarinnar hvort hún telur rétt þegar hún sendir afgreiðsluna frá sér, vonandi sem allra fyrst, að það sé samþykkt með þessum hætti sem eitt frv. eða hvort nefndin telur rétt að kljúfa þennan bandorm upp í frv. sem hún leggur fyrir við 2. umr. um sjálfstæðar breytingar á hverjum lagabálki sem fellur hér undir. Þingnefndin ræður því auðvitað og getur breytt því í þá veru ef hún kýs svo.

Hv. þm. spurði um menntunarkröfurnar. Ég hef upplýst að Evrópubandalagið hefur sett reglugerð um lágmarksmenntunarkröfur sem þarf að uppfylla til að fá starfsréttindi sem aðili að heilbrigðisstétt. Þær reglugerðir verða gefnar út á Íslandi eins og í öðrum ríkjum þar sem þessi lágmarksmenntunarskilyrði eru talin upp. En ég held að við þurfum ekki að óttast að kröfurnar sem við gerum til menntunar heilbrigðisstétta séu miklu meiri en gerðar eru í löndum eins og Frakklandi, Þýskalandi, Bretlandi, Danmörku, Hollandi eða Belgíu. Mjög margir, sem tilheyra íslenskum heilbrigðisstéttum, sækja einmitt menntun sína til þessara landa, þá menntun sem þeir síðan nota hér. Ég hef aldrei heyrt því hreyft að við þyrftum að óttast að Frakkar, Þjóðverjar, Bretar, Danir, Hollendingar, Belgíumenn, Svíar eða Norðmenn geri miklu minni kröfur til heilbrigðisstarfsfólks en Íslendingar, svo miklu minni að einhver hætta sé um eitthvert álitamál um það hvort aðilar sem samþykktir eru til heilbrigðisstarfa í þessum löndum fái að starfa hér.

Ég er búinn að svara spurningu hv. þm. varðandi íslensku kröfurnar svo ég þarf ekki að endurtaka það. Hins vegar er alveg rétt hjá hv. þm. að við erum að gera ákveðna grundvallarbreytingu í tryggingum. Hingað til höfum við búið við það kerfi að skyldutrygging á húseignum hefur ekki aðeins verið lögleidd heldur hafa verið í lögum fyrirmæli um að húseigendur eigi að tryggja hjá tilteknum tryggingarfélögum og þeir hafa ekkert frjálst val þar um. Þetta er í andstöðu við megininntak samningsins um Evrópskt efnahagssvæði að hægt sé að skylda einstakling í frjálsu viðskiptakerfi til að beina viðskiptum sínum til aðeins eins tiltekins aðila sem selur honum þjónustu. Þetta atriði er verið að afnema. Ekki er verið að afnema skyldutrygginguna en það er verið að afnema það að opinberir aðilar, hvort heldur er ríki eða sveitarfélög, geti skyldað tiltekinn einstakling eða félag til að tryggja brunatryggja hús sitt hjá aðeins einu tilteknu vátryggingarfélagi. Það er því ekki alveg rétt sem hv. þm. sagði, sjálfsagt hefur það verið missögn, að verið sé að afnema skyldutryggingu. Það er ekki verið að því. Þá spurði hv. þm. hvernig háttað yrði eftirliti með skyldutryggingarákvæðinu háttað, hvernig því yrði framfylgt þegar búið væri að leggja niður fyrirmæli um að skyldutryggjandinn skyldi taka tryggingu sína hjá einu tilteknu tryggingafélagi hvað sem tautar og raular. Við höfum sambærileg dæmi fyrir okkur eins og áðan var minnst á, t.d. af hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni þar sem er skyldutrygging ökutækis. Í skyldutryggingu ökutækis er ekki ákvæði um það að eiganda ökutækis sé skylt að tryggja það hjá einhverju tilteknu tryggingafélagi. Eiganda ökutækis er heimilt að tryggja ökutæki sitt hvar sem hann vill. Hins vegar er honum skylt að taka skyldutryggingu á ökutækið. Nú er verið að afnema annað atriðið hvað varðar húsatryggingar, þ.e. skyldu tryggingartakans til að tryggja hjá einu tilteknu tryggingafélagi. Hvernig á þá að sjá til þess að hann framfylgi hinum þættinum sem hann undirgengst nú, þ.e. honum er skylt að tryggja eign sína?

Í fyrsta lagi er það gert hvað varðar húsatryggingar utan Reykjavíkur með þeim hætti að tryggingafélagi, þar sem húseign er tryggð nú, er ekki heimilt að taka við uppsögn á tryggingu nema að ljóst sé að búið sé að tryggja húseignina hjá öðru tryggingafélagi.

Í öðru lagi hefur verið spurt: Hvað um nýjar fasteignir? Hvernig er hægt að ganga svo frá að nokkuð öruggt sé að t.d. húsbyggjandi, sem er að byggja nýtt hús, taki skyldutryggingu á hús sitt? Þar er að svara nákvæmlega því sama eins og við bílakaup. Þeir menn sem taka lán til bílakaupa verða samkvæmt skilmálum lánsins að taka ábyrgðartryggingu á bifreið sína og lánveitandinn sem tekur veð í bifreiðinni afgreiðir lánið ekki fyrr en hann hefur gengið úr skugga um að ábyrgðartryggingin hafi verið tekin. Þeim aðilum sem

veita lán út á fasteignir, byggingu fasteigna — allflestar fasteignir á Íslandi eru nú byggðar þannig að einhver veiti lán til þeirra — ber auðvitað skylda að ganga svo frá að veðið sem tekið er í fasteigninni gegn láninu sé öruggt veð og því aðeins verður veðið öruggt að viðkomandi eigandi fasteignar sýni fram á að fasteignin hafi verið brunatryggð. Ég tel þess vegna að engin ástæða sé til að óttast um það að ekki verði gengið þannig frá að nýjar húsbyggingar á Íslandi taki á sig skyldutryggingu. Þeir sem taka veð í slíkum fasteignum gegn lánveitingum munu sjá um það.

Í þriðja lagi var spurt: Þó svo það kunni að vera að búið sé að ganga nægilega tryggilega frá þessu gagnvart eigendum íbúðarhúsnæðis utan Reykjavíkur hver er þá tryggingin gagnvart Reykjavík því þar falla lögin um Húsatryggingar Reykjavíkur niður um nk. áramót? Því er til að svara að við getum ekki haft sama háttinn á þar eins og utan Reykjavíkur af þeirri einföldu ástæðu að sá sem hefur nú einkarétt á brunatryggingum utan Reykjavíkur heldur áfram sem tryggingafélag og getur því áfram haft tryggingu á viðkomandi húsnæði í sínum höndum ef eigandinn kýs að flytja ekki trygginguna til annars tryggingafélags. Þetta á sér ekki stað um Húsatryggingar Reykjavíkur því að gert er ráð fyrir að lögin um Húsatryggingar Reykjavíkur falli úr gildi þannig að Húsatryggingar Reykjavíkur verða ekki starfræktar eftir áramótin 1993–1994. Og hvað gerist þá? Um þetta hef ég tvennt að segja:

Í fyrsta lagi. Halda menn að vátryggingarfélögin á Íslandi, sem eru í mjög harðri samkeppni sín á milli um sölu vátrygginga, láti það gerast að húseignir í Reykjavík falli úr brunatryggingu við árslok 1993, þegar vitað er að í landinu eru lög um skyldubrunatryggingu slíkra eigna?

Í öðru lagi. Halda menn að veðhafar þessara eigna, þeir sem hafa lánað til bygginga á þessum húseignum eða tekið veð í þeim af öðrum sökum, láti það gerast að varðveita veðkröfur á húsunum án þess að ganga úr skugga um að skyldutrygging hafi verið tekin eftir að tryggingin hjá Húsatryggingum Reykjavíkur fellur niður í árslok 1993?

Auðvitað er þetta þannig að menn verða að ganga út frá því að svona sæmilega meðvitað fólk um eigin hag, sem ég held nú að allir séu, gangi þannig frá málum sínum að þeir taki ekki þá áhættu að brunatryggja ekki eignir sínar. Á því er skyldutrygging. Það er til í dæminu í dag, þrátt fyrir allt þetta, þrátt fyrir ákvæði um skyldutryggingu og þrátt fyrir að þau ákvæði séu í gildi, ekki bara um skyldutryggingu heldur hjá tilteknu tryggingafélagi, að menn borgi ekki iðgjöldin sín. Ef menn borga ekki iðgjöld þá á náttúrlega ekki tryggingarveitandinn eða sá sem tryggingin er keypt af að vera skaðabótaskyldur ef hús brennur. Engu að síður hafa tryggingafélögin gert þetta.

Á þetta verður að láta reyna, láta sjá hvort þetta gengur ekki eftir. Ég hef sjálfur ekki ástæðu til að óttast að einhverjar brotalamir verði á skyldutryggingunni hvorki gagnvart nýjum húsum, húsum utan Reykjavíkur, né húsum í Reykjavík. En hvaða skoðanir sem menn hafa á því þá er það grundvallaratriði eins og hv. 4. þm. Austurl. sagði áðan að hérna geta menn ekki sagt kannski og þarna verða menn að fella niður ákvæði um að íbúðareiganda eða húseiganda beri skylda til að tryggja fasteign sína hjá tilteknu tryggingafélagi. Það samrýmist ekki samkomulaginu sem við erum að gera um EES, ef við staðfestum það, og þess vegna verður að fella það ákvæði brott úr íslenskri löggjöf að húseiganda beri skylda til þess lögum samkvæmt að tryggja fasteign sína hjá aðeins einu tilteknu tryggingafélagi.

Hins vegar vil ég taka fram að sveitarfélögin, ef þau kjósa, geta áfram boðið út tryggingar í umdæmi sínu og leitað útboða hjá tryggingafélögum. En þau geta ekki skyldað íbúa í sveitarfélaginu til að tryggja hjá því tryggingafélagi einu sem kann að gera lægsta tilboðið. Ef einhver íbúi í sveitarfélaginu vill ekki tryggja hjá því tryggingafélagi, sem sveitarfélag kann að hafa samið við um brunatryggingu á sveitarstjórnarsvæði sínu eftir útboð, þá getur hvorki löggjafinn né sveitarstjórnin í sveitarfélagi hans bundið hann við það.

Hv. þm. Guðmundur Bjarnason kom einnig fram með nokkrar spurningar. Í fyrsta lagi spurði hann um nýtt frv. um almannatryggingar, hvort ekki væri að vænta annarra breytinga en bara þeirra sem tengjast Evrópsku efnahagssvæði. Jú, það er að vænta annarra breytinga. Það sem ég ræddi um í framsöguræðu minni áðan var einfaldlega það að okkur fannst rétt þegar gera þarf tilteknar breytingar á lögum um almannatryggingar vegna EES að nota þá það tækifæri til þess að steypa saman í eina löggjöf öllum þeim mörgu breytingum sem búið er að gera á umliðnum 20 árum og aldrei hefur verið steypt saman í eitt samfellt og heilsteypt kerfi. Það er mál út af fyrir sig. Við ætlum að nota EES-tækifærið, ef svo má segja, til að gera einnig þær tæknísku breytingar. En þingmenn mega eiga von á að ég leggi fram aðrar breytingar á almannatryggingalöggjöfinni sem varða efnislegar breytingar og hvorki varða EES né heldur þá þörf að steypa saman þeim breytingum sem gerðar hafa verið á síðustu 20 árum á lögum um almannatryggingar í einn bálk.

Þá spurði hv. þm. um nýja löggjöf um lyfjamál, hvort fallið væri frá áætlun um nýja lyfjalöggjöf um kerfisbreytingu. Það er ekki. Ósk mín var sú að hægt væri að setja slíka nýja löggjöf inn á þetta sumarþing, þar sem inni væru bæði þær kerfisbreytingar sem hv. þm. talaði um og þær breytingar sem gera þarf á þessum lögum vegna EES. Mér var hins vegar réttilega bent á að samkomulag hefði verið um það á milli stjórnar og stjórnarandstöðu að leggja þau mál ein fyrir þetta sumarþing sem vörðuðu EES og ekki aðra málaþætti. Þess vegna tók ég þá ákvörðun að taka út úr frv. sem fyrir liggur og er til fullsmíðað í heilbrrn. þá þætti sem varða EES, koma með frv. um þá þætti eina á þessu sumarþingi en láta kerfisbreytingarnar bíða. Ég á von á að geta lagt slíkt frv. fram í október eða í síðasta lagi í nóvember. Það verður þá frv. um breytingu á lyfjalöggjöf og lög um lyfsölu og lyfjadreifingu sem varðar kerfisbreytingar en ekki EES.

Þá spurði hv. þm. um reglugerðarákvæði sem er að

finna í 3. tölul. 1. gr. þessa frv. þar sem segir að ráðherra skuli með reglugerð setja nánari ákvæði um þá sem stunda mega lækningar hér á landi skv. 2. tölul. 1. mgr., þ.e. þar sem rætt er um þann sem fengið hefur staðfestingu heilbr.- og trmrh. um lækningaleyfi í landi sem aðili er að samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Hv. þm. spurði hvort mér væri unnt að setja í slíkri reglugerð einhverjar þrengingar á réttindum slíkra aðila til starfsheimilda hér á landi umfram það sem segir í samkomulaginu um EES. Það er ekki. Það sem þarna er átt við er það sem ég var að segja áðan að heilbrrh. verður að setja reglugerð um störf, í þessu tilviki lækna, sem er samhljóma þeirri reglugerð um lágmarkskröfur til þess að mega starfa sem læknir sem EB hefur orðið sammála um og gilda í hinu Evrópska efnahagssvæði. Reglugerðarákvæðið þarna vísar eingöngu til þess. Í þeirri reglugerð er mér ekki heimilt að þrengja kröfur um það sem segir í reglugerð EB um lágmarksmenntunarkröfur þær sem gerðar eru til þess að einstaklingur geti fengið læknisleyfi í þessum löndum.

Þá spurði hv. þm. hvort stjórnendur gætu vísað fólki frá ráðningu á forsendum málakunnáttu þó fagleg staða væri ótvíræð. Því hef ég þegar svarað. Svarið er já. Við getum ekki komið í veg fyrir að einstaklingur sem hefur tilskilin réttindi til að geta starfað, t.d. sem læknir, á EB- og á EES-svæðinu fái sömu réttindi hér þó hann hafi ekki vald á íslensku máli en við getum komið í veg fyrir það ef við viljum og ef stjórnir viðkomandi stofnana vilja ekki að slíkur aðili sé ráðinn til starfa. Félmrn., eins og fram hefur komið, hefur raunar þegar sent bréf um að menn hafi þann vara á sér. Ég ítreka að þarna er munur á annars vegar á starfsráðningum og hins vegar á réttindaveitingum til starfa.

Þá spurði hv. þm. um það hvort hægt væri að beita til takmörkunar með einhverjum hætti þeirri sérstöðu Íslendinga að sérfræðigreinar hér eru miklu fleiri í læknisfræði en sérfræðigreinar í nálægum löndum. Þetta er álitamál sem ég treysti mér ekki til að svara hér og nú. Ég hef spurst fyrir um þetta og skal beita mér fyrir því að hv. þm. og nefndin fái fullnægjandi svar við þessari spurningu.

Þá spurði hv. þm. um leyfissviptingar. Leyfissviptingar geta orðið með tvennum hætti. Í fyrsta lagi skulum við taka sem dæmi að hér sé um lækni að ræða, en það dæmi gildir um hvaða heilbrigðisstétt sem er. Ef læknir sem starfar á EES-svæðinu er sviptur læknisleyfi í sínu heimalandi, þaðan sem leyfið er upprunnið, þá gildir sú leyfissvipting á öllu EES-svæðinu. Þá missir hann sitt lækningaleyfi hvarvetna á því svæði.

Í öðru lagi getur leyfissvipting komið þannig til, ef t.d. slíkur læknir væri að störfum hér og bryti af sér hér á landi að áliti heilbrigðisyfirvalda, þá getur heilbrrh. svipt hann starfsleyfi. Þetta leiðir af jafnréttisreglunni, þ.e. ef þessi heimild væri ekki í gildi hefði erlendur læknir sem starfaði á Íslandi meiri rétt en íslenskur læknir sem starfaði hér. Það eru engar deilur um að íslenskur heilbrrh. sem veitir íslenskum lækni læknisleyfi á Íslandi getur að sjálfsögðu svipt hann leyfi ef hann gerist brotlegur við þær reglur sem gilda um starfshætti lækna á Íslandi. Ef það gilti ekki það sama gagnvart erlendum lækni sem starfaði hér væri hinn erlendi læknir rétthærri til læknisverka á Íslandi en íslenski læknirinn. Þess vegna er alls staðar í öllum EFTA-löndunum gengið út frá því og hefur verið samþykkt af EB og engar athugasemdir gerðar við það að í þessu tilviki gæti íslenskur heilbrrh. svipt erlendan lækni læknisleyfi ef hann bryti af sér og brot hans væri þannig að ef hann væri íslenskur læknir yrði hann sviptur leyfi fyrir sömu brot.

Þá spurði hv. þm. hvort heilbrrh. hefði beitt sér fyrir því að undanþága var veitt gagnvart Húsatryggingum Reykjavíkur. Svarið er mjög einfaldlega nei. Ég óskaði ekki eftir því. Hins vegar kom í ljós að sambærilegt fyrirkomulag í sambandi við skyldutryggingu húseigna er í kantónunum í Sviss. Þegar það lá fyrir var óskað eftir því að þessi undanþáguregla sem hafði verið samþykkt gagnvart kantónunum í Sviss næði einnig hingað til Íslands og á það var fallist í þessu samkomulagi.

Þá var spurt líka: Er hægt að gera undanþáguákvæðið afturgilt? Til þess þyrfti að endurvekja lög um Húsatryggingar Reykjavíkur sem nú á að fella úr gildi. Í öðru lagi þá eru á leiðinni reglur frá EB sem reiknað er með að verði gefnar út á næsta ári og taki gildi í upphafi árs 1994 þar sem þessir undanþágumöguleikar fyrir kantónurnar í Sviss eru felldar út. Það eru allar líkur á því að þó við höfum nýtt okkur þessa undanþágu gagnvart Húsatrygginum Reykjavíkur mundu þær ekki hafa getað gilt lengur en í lengsta lagi til ársloka 1994.

Þá spurði hv. þm. einnig um hvernig fylgt verði eftir ákvörðunum um skyldutryggingar og eftirlit með því að nýjar byggingar taki skyldutryggingar eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég tel að ég hafi þegar svarað því.

Virðulegi forseti. Ég held ég hafi í þessu langa máli svarað öllum þeim spurningum sem hv. þm. hafa til mín beint. Ég vil þakka fyrir þann áhuga sem þeir hafa sýnt þessu máli og er að sjálfsögðu reiðubúinn til að greiða fyrir því að allar þær upplýsingar sem þeir óska eftir og mér eru tiltækar berist þeim eins fljótt og vel og verða má.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að lýsa yfir furðu minni á mjög svo smekklausri ræðu hæstv. heilbrrh. hér áðan, þ.e. fyrri hluta þeirrar ræðu. Mér fannst hún með afbrigðum smekklaus. Það kæmi mér ekki á óvart þótt hv. 4. þm. Austurl. þyrfti að eyða nokkrum tíma hér í pontunni til að svara ýmsu af því sem kom fram í máli hæstv. heilbrrh. Það sem hann gerði m.a. var að dylgja um það að sjónarmið hv. 4. þm. Austurl. ætti eitthvað skylt við þau sjónarmið sem vaða uppi í Þýskalandi og er auðvitað ekkert annað en kynþáttafordómar og fasismi. Hann sagði það hins vegar ekki berum orðum vegna þess að hann vissi það auðvitað vel að það var of gróft til að segja það berum orðum í ræðustólnum svo hann dylgjaði um þetta sem var vægast sagt mjög ósmekklegt.

Ég ætla að taka tvennt fyrir sem kom fram í máli

ráðherra. Í fyrsta lagi sagði hann að ef þessi samningur yrði ekki gerður mundi réttur íslenskra námsmanna takmarkast mjög í aðildarríkjum Efnahagsbandalagsins. Þetta er ekki rétt og það er ekki hægt að finna þessari fullyrðingu nokkurn stað. Þetta er liður í þeim hræðsluáróðri sem hér er keyrður og ég vil benda á það að við eigum þegar aðild að t.d. ERASMUS og COMETT-áætlununum og nemendaskiptum við Efnahagsbandalagið. Vandamálið sem háskólinn stendur andspænis núna er að hann hefur ekki fjármuni til að sinna þessu alþjóðasamstarfi. Hann hefur ekki fjármuni til þess og eitt af því sem þeir eru að skera niður einmitt um þessar mundir er aðstoð við háskólanemendur í þessu alþjóðasamstarfi. Í öðru lagi langar mig til að koma inn á þessar tryggingar í Reykjavík, húsatryggingar. Ég vil benda ráðherra á að það er fullt af skuldlausum eignum í Reykjavík. Þegar þær detta úr tryggingu hjá Húsatryggingum Reykjavíkurborgar er það engin trygging að einhverjir þeir sem eiga veð í þessum íbúðum tryggi að þær fari annars staðar í vátryggingu því það er fullt af skuldlausum íbúðum. Þá er spurning hvernig verður farið með það.

Ráðherra hafði trú á því að menn væru ábyrgir og létu á þetta reyna. Þá vil ég spyrja og vil fá upplýsingar um það, ekki endilega hér í dag, heldur í heilbr.- og trn.: Hversu margir Reykvíkingar hafa látið tryggja hús sem þeir eru með í byggingu sem þeir hafa varið talsverðum fjármunum til en hafa ekki verið skyldugir til að tryggja? Hversu margir Reykvíkingar hafa tryggt hús sín í byggingu? (Forseti hringir.) Virðulegi forseti, ég er alveg að ljúka. Ég vil bara minna á varðandi brunatryggingar að þar eru ekki bara á ferðinni hagsmunir einstakra húseigenda heldur eru þar líka á ferðinni almannahagsmunir og almannahætta.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að hv. þm. liggi mér ekki á hálsi fyrir það að rifja upp gamlar minningar úr þessum þingsal en það er staðreynd að þessi orð sem ég vitnaði til féllu hér með nákvæmlega þeim hætti sem ég rakti. Það er auðvitað engum til vansa að rifja þau upp. Hvers vegna ætti það að vera? Þetta eru orð sem hafa verið sögð. Hverjum er það til vansa að rifja þau upp? Þeim sem rifjar þau upp eða þeim sem þau sögðu? Mér er það ekki alveg ljóst.

Aðeins út af síðustu spurningu hv. þm. Ég get náttúrlega ekki hér og nú upplýst um það hversu margar húseignir í Reykjavík kunna að vera ótryggðar. Hins vegar veit hv. þm. það að lánveitendur krefjast þess í öllum tilvikum að tekin sé smíðatrygging um leið og þeir veita sín lán og ég veit satt að segja ekki um margar fasteignir í Reykjavík sem eru byggðar án tilhlutunar lánveitenda. En það er sjálfsagt að athuga eða reyna að afla upplýsinga fyrir hv. þm. þegar málið er komið í nefnd. Ég sit að sjálfsögðu ekki uppi með þær upplýsingar í mínu sæti. En meginatriðið, hvað svo sem menn gera í þessum málum, er þetta: Við getum ekki, alveg eins og hv. 4. þm. Austurl. sagði áðan, sagt bæði já og nei. Við getum ekki bæði gerst aðilar að Evrópsku efnahagssamstarfi og jafnframt haft í okkar lögum ákvæði um að tryggjendum húseigna sé skylt að tryggja þær hjá einhverju tilteknu tryggingafélagi.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi ræðu hæstv. heilbrrh. þá var fyrri parturinn þannig að ef við stjórnarandstæðingar hefðum flutt þessa ræðu hefði verið talað um málþóf. En þetta var sögulegt ágrip sem var fróðlegt fyrir nýja þingmenn að heyra og ég hef engar sérstakar athugasemdir við það þótt menn rifji hér upp gamla tíma. Það hefur greinilega komið fram í svörum hæstv. ráðherra — ég tek það fram að mér fannst svörin skýr þegar að þeim kom loksins, en það þurfti lengi að bíða eftir þeim — varðandi eftirlit með skyldutryggingu að þar er allt í lausu lofti. Það er alveg skýrt. Spurningin er: Á ekkert að koma undir þann leka sem þar er?

Mér fannst mjög fróðlegt að heyra hvernig var hægt að fá þessa undanþágu varðandi Húsatryggingar Reykjavíkur út af þessum kantónum í Sviss sem hæstv. heilbrrh. var að vísa í áðan vegna þess að allir vita að Húsatryggingar Reykjavíkur er einokunarfyrirtæki og kannski miklu meira einokunarfyrirtæki en Brunabótafélag Íslands. Það er svolítið makalaust að það hafi þá ekki verið skoðað í leiðinni hvort möguleikar væru á að fá undanþágu fyrir Brunabótafélag Íslands.

Þetta voru aðalspurningarnar sem mér fannst ég ekki fá fyllilega svör við. Svo var annað í sambandi við EB-dómstólinn og íslenskukunnáttu fagfólks á heilbrigðissviði sem hér kunna að sækja um störf. Ég átta mig ekki almennilega á því einu. Ef við höfum hérna fullskipaðar stöður af hjúkrunarfræðingum t.d. og erlendir aðilar eru í samkeppni við okkur þá spyr ég: Hve lengi getum við þá hangið á því að íslenskukunnátta sé ekki fullkomin? Hefur reynt á það gagnvart EB-dómstólnum í sambandi við að það hafi verið hangið á því lengi að kunnáttan væri ekki 100% í viðkomandi máli?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gleymdi aðeins að geta um eitt atriði í viðbót sem hjálpar til þess að hægt sé að tryggja það að skyldutrygging sé virt og hún er að iðgjöldin, tryggingaiðgjöldin, eru lögtakshæf. Það er hægt að taka lögtak í ógreiddum tryggingagjöldum til tryggingar því að skyldutryggingarsjónarmiðin séu virt. Það er gert í dag í talsvert ríkum mæli, tryggingafélög gera þetta. En jafnvel þó að ákvæðin séu eins og þau eru í núgildandi lögum, þ.e. bæði um skyldutryggingu og skyldutryggingu hjá tilteknum vátryggjanda, þá kemur það samt sem áður fyrir að hús, sem iðgjöld hafa ekki verið greidd af í kannski 2–3 ár, brenna. Jafnvel í núgildandi lögum er ekki hægt að tryggja það til fullnustu að skyldutryggingarákvæðin séu virt jafnvel þó að okkar lög séu svo ströng að það er ekki bara skyldutrygging sem er í lögunum heldur líka þau ákvæði að það skuli tryggja hjá tilteknu tryggingafélagi. Þrátt fyrir alla þessa herslu í löggjöf hefur samt

sem áður ekki tekist að tryggja það að iðgjaldagreiðendurnir greiddu iðgjöldin sín þannig að þeir hefðu húseignirnar í tryggingu.

Það er alveg sama hvaða lög við mundum setja, við getum aldrei tryggt það að einhver einstaklingur, einn eða fleiri, sem ekki vill sjá fyrir eignum sínum með tryggingu, geri það, jafnvel þó hann leiti allra leiða til að gera það ekki. Slík forsjárhyggja getur ekki gengið upp sama hve ströng löggjöfin er. Það er einnig vitað að til er hjá Húsatryggingum Reykjavíkur skrá yfir allar tryggðar eignir á starfssvæði Húsatrygginga. Það er ekki mjög erfitt verk að nota árið 1993 til að sjá svo til af hálfu ráðuneytis, Húsatrygginga Reykjavíkur og tryggingaeftirlitsins að menn séu búnir að ganga frá skyldutryggingum sínum hjá öðrum tryggingafélögum áður en starfsemi Húsatrygginga Reykjavíkur leggst af.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Telur hæstv. heilbrrh. að það verði ekki meiri vanhöld á föstum tryggingum eftir en áður?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það bara get ég ekki sagt um því það er í framtíðinni og eins og allir vita er afskaplega erfitt að spá, sérstaklega um framtíðina.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég sé ástæðu til að koma hér aftur inn í umræðuna eftir að hæstv. ráðherra hefur farið yfir málin. Ég þakka honum fyrir þá yfirferð. Mér fannst það vera mikils virði að hann tók á málum hér eftir okkar athugasemdir. Það er að sjálfsögðu hans að velja það með hvaða hætti það er gert.

Það skýrir ýmislegt í sambandi við viðhorf ráðherrans til málsins almennt og staðfestir í rauninni að mörgu leyti þann bakgrunn sem þessi frumvörp eru byggð á, þ.e. samhengið við EES-samninginn sem var það sem ég gerði að uppistöðu í mínu máli, að vekja athygli á því hvernig frumvörp þessi, eða frumvarp í mörgum liðum, tengist þessum grundvallarsamningi. Hér höfum við fengið það ótvírætt, einnig sem skilning ráðherrans, að samningurinn er forskriftin í hólf og gólf. Samningurinn er forskriftin sem lagafrumvörp stjórnvalda byggja á og skilningur ráðherrans á þessu gengur svo langt að það er hans mat að menn eigi ekkert val um framkvæmdina eins og ráðherrann orðaði það, ég held að ég hafi tekið það rétt niður eftir ráðherranum, og að það þýði ekki að segja „já, en" í sambandi við þennan samning og útfærslu hans og alls ekki „já, en kannski" heldur verði menn að gjöra svo vel að fylgja þessari forskrift út í æsar.

Þetta er í rauninni viðurkenning af hálfu ráðherra í ríkisstjórn Íslands, mælt úr ræðustól á Alþingi sem ekki hefur komið fram með þessum hætti hingað til. Það hefur verið reynt þvert á móti af hálfu ýmissa talsmanna þessa samnings að breiða yfir innihald hans og ákvæði og gefa í skyn að hægt sé að haga þessu svona og öðru hinsegin. Það séu þarna undanþágur og fyrirvarar og annað þess háttar sem megi nota. Enginn vefengir þetta almenna neyðarákvæði sem þarna er en menn greinir á um hvers virði það er. En heilbrrh. kemur einmitt hér og staðfestir þann skilning sem ég og margir fleiri hér á Alþingi, karlar og konur, hafa fram haldið í sambandi við eðli samningsins. Það tel ég að skipti máli að liggi fyrir sem sameiginlegur skilningur. Það gæti kannski orðið til þess að skýra það fyrir almenningi, og fjölmiðlum ekki síður, að það er einmitt samningurinn sjálfur sem þarna er grundvöllurinn.

Við höfum auðvitað notað okkar rétt á Alþingi til að benda á það við 1. umr. málsins hvert sé eðli þessa samnings. Það getur auðvitað stytt okkur leiðina að einhverju leyti þegar kemur að útfærslunni. En ég taldi mjög brýnt í þessu samhengi að ræða þennan bandorm hæstv. heilbrrh., þetta lagafrv. hans og vísa til þess á hvaða grunni frv. er reist til þess að þeir sem á hlýða geti betur áttað sig á því við hvaða skilyrði við fjöllum um þessi mál á Alþingi, þessi frumvörp sem eru viðfangsefni okkar í dag og næstu daga. Það er eins og ég benti á í minni fyrri ræðu ekki aðeins sú löggjöf sem er forskrifuð í Brussel og við erum að kópíera hér og færa inn í íslenskt lagasafn með ótvíræðum hætti ef vilji ríkisstjórnarinnar nær fram að ganga heldur er það væntanleg löggjöf þar sem aðstaða okkar verður hin sama áfram sem þeim háu herrum í Brussel þóknast að gefa út því að þeir þurfa ekki að fara lengra en í sinn 17 manna hóp til að spyrja um það hvaða lög og reglur eigi að gilda í Evrópubandalaginu. Það er ekki stærri hópur sem ákveður lög og reglur á þeim bæ og ekkert þing sem þarf að fjalla um það eða staðfesta nema í hreinum undantekningartilvikum. Það er þetta sem verður okkar hlutskipti að þessum samningi staðfestum. Það staðfestir einmitt hæstv. heilbrrh. hér í umræðunni með mjög skýrum og ljósum hætti. Og hann segir m.a.: Hér er eitt ákvæði sem snýr að Húsatryggingum Reykjavíkur sem ráðherrann hefði kannski viljað sjá öðruvísi. En hann metur það bara svo, af því að á leiðinni er tilskipun frá Brussel sem muni bjóða annað að þá borgi sig ekki að reyna að segja: „Já, en" í því sambandi heldur bara taka það strax af því að þetta er að koma frá Brussel.

Í þessu sambandi væri auðvitað fróðlegt að fá að vita, og ég hef spurt hæstv. utanrrh. að því en það eru ekki komin svör við því, ég held að það liggi raunar skrifleg fyrirspurn hér frá hv. þm. Kristínu Einarsdóttur, hæstv. forseta vorum, til utanrrh. um það hvað er í pípunum. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að leggja það fyrir Alþingi? Um það hefur verið spurt og við bíðum eftir svari. Ég er ekki að krefja hæstv. heilbrrh. um það en þetta er eitt af því sem tengist samningnum. Menn verða áður en þessi samningur er staðfestur á Alþingi, ég vænti að það hafi allir áttað sig á því, að hreinsa úr þessum pípum og gera það mál upp vegna þess að allt sem búið er að afgreiða í Brussel sem löggjöf og varðar samningssviðið verður að fylgja með þegar samningurinn er staðfestur á þeim degi sem hann á að ganga í gildi. Það er vandræðamál enn þá í Evrópubandalaginu hvernig á þessu verði haldið og við höfum ekki

enn heyrt skýringar íslenskra stjórnvalda á því hvernig þau ætli að fara með þennan myndarlega skammt sem hefur safnast þarna upp síðan 31. júlí 1991 í laga- og tilskipanasafni Evrópubandalagsins.

En hæstv. heilbrrh. er nokkurn veginn viss um að Alþingi muni staðfesta þennan samning. Ég er ekki eins sannfærður um það. Ég hef von um það að þær verði ekki lyktirnar en ég heyri og sé að hæstv. ráðherra er mjög trúaður á að þetta megi fram ganga og það er hans vilji í þessu máli. Hann hefur vaðið fyrir neðan sig og hann er þegar farinn að taka tillit til væntanlegra tilskipana Evrópubandalagsins. Svo mikil er lotningin fyrir þeim 17 búálfum í Berlaymont í Brussel, í höfuðstöðvum Evrópubandalagsins, þessum 17 sem setja Vestur-Evrópu lög í dag og munu setja Íslandi lög á morgun ef þessi samningur verður staðfestur á þýðingarmestu sviðum þjóðmála.

Þarna metum við stöðuna með svipuðum hætti, ég og hæstv. heilbrrh. Hins vegar er það greinilegt að við metum þörfina á þessum samningi og ástæðurnar til að gera þannan samning með allt öðrum og raunar gerólíkum hætti. Ég heyrði að hæstv. ráðherra var að reikna með því að ég væri í þeirri sveit sem hann kallar jafnaðarmenn. Hann er kannski að tala um einhverja aðra, ég veit það ekki, en ég tók það nú svo. Ég hef fyrir löngu litið svo til að ég gæti alveg talið mig í þeirri sveit almennt séð. En það vill nú svo til að það er dálítið mislit hjörð sem gengur undir þeirri reglu. Ég ætla ekki að hefja þá umræðu eða fara langt út í þá sálma sem hæstv. ráðherra gaf þó upp boltann um í sínu máli en ég vil aðeins taka á því sem virðist vera hans bakgrunnur og sýn til þessa samnings og þarfarinnar á þessum samningi, þar sem okkur greinir á. Það er þetta: Hann virðist meta það svo mikils virði í sambandi við þetta málasvið, sem hann mælir fyrir og ræður fyrir í ríkisstjórn landsins, að tryggja réttindi Íslendinga á erlendri grund, réttindi heilbrigðisstétta, lækna og annarra sem tilteknir eru, að af þeim ástæðum, ég segi ekki þeim ástæðum einum, ég vil ekki gera honum upp skoðanir, en eins og hann flutti mál sitt að það sé eðlilegt og brýnt að gera þennan samning. Ég vil að það liggi alveg skýrt fyrir að það er mjög langt frá því að ég geti skrifað upp á þessa röksemdafærslu.

Ég tel að í sambandi við almenn borgaraleg réttindi sem við höfum tryggt okkur og áunnið okkur hér á Íslandi, þar á meðal tryggingar, félagsleg réttindi og annað þess háttar, sé það ekkert sjálfgefið keppikefli að við förum að deila því með allri Evrópu eða allri Vestur-Evrópu með þeim afleiðingum sem því fylgja að fara með málin út á þann víða völl. Það kom einmitt mjög skýrt hér fram í málafylgju hæstv. ráðherra. Það virðist vera hans sannfæring og skoðun. Það sem leiðir af þessu verður, eða getur orðið skulum við segja, útjöfnun, lækkun á kröfum t.d. á heilbrigðissviði, lækkun á stöðu á félagslegu sviði. Halda menn að það gagni hinum almenna manni í Vestur-Evrópu að ganga þessa braut, að Norðurlöndin, að Ísland, fari að lækka sínar kröfur í umhverfismálum? Nú er að vísu ekki að öllu leyti svo að kröfur Evrópubandalagsins á því sviði séu minni en hér en það er okkar mál að taka á því. Halda menn að það sé keppikefli fyrir launafólk suður við Miðjarðarhaf að Norðurlöndin fari að lækka sína félagslegu stöðu til þess að koma með einhverjum hætti til móts við eða til að þau geti fengið einhvern bita af borðum? Ég held ekki. Það væri veiking fyrir stöðu launafólks og almennings í Vestur-Evrópu allri að ganga inn á þennan grundvöll sem auðvitað er krafa stórfyrirtækjanna sem því miður hafa fengið, eins og ég hef orðað það, fremstu leiðtoga sósíaldemókratísins í Vestur-Evrópu til liðs við sig og talið þá á það að ganga þessa braut. (**ÖS:** Er Ólafur í þeim hópi?) Ég eftirlæt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, formanni þingflokks Alþfl. að hafa áhyggjur af því hvar formaður Alþb. kann að vilja skipa sér í sveit. Það er ekki mitt mál. Það er kannski áhugamál hv. þm. að skilgreina það. Það er ekki mitt mál að fjalla um þær skilgreiningar. Þær geta menn haft uppi hver sem vill. (Gripið fram í.) Ég skil ósköp vel að hv. þm. vilja gjarnan fá umræður um það á svipuðum grundvelli og hæstv. ráðherra fór hér inn með mál áðan með því að vísa til þess að ég þyrfti ekki annað en spyrja eiginkonu mína til að fá svör en ekki hafa uppi spurningar hér á Alþingi. Ég ætla ekki að fara í umræðuna á þessum grundvelli, finnst það ekki vera rétt, mér finnst það ekki sæma Alþingi.

Ég met það svo að við Íslendingar eigum að sjálfsögðu að sækja þann rétt sem við viljum tryggja okkar borgurum í útlöndum með eðlilegum hætti og samningum við viðkomandi ríki að svo miklu leyti sem við teljum þörf á. Þetta höfum við verið að gera litið til baka áratugi aftur í tímann og með góðum árangri, t.d. á Norðurlöndum. Norðurlöndin hafa náð samkomulagi um að deila ýmsum réttindum án þess hins vegar að afsala ser þjóðlegum rétti, án þess að gefa frá sér fullveldisréttinn og vald yfir þýðingarmestu sviðum þjóðmála. Því hafa Norðurlöndin haldið. Þau hafa náð að deila réttindum sameiginlega varðandi marga þýðingarmikla þætti og það er að sjálfsögðu auðveldara fyrir lönd sem eru jafnskyld menningarlega, félagslega og hvað snertir þróun löggjafans að stíga slík skref heldur en þegar menn eru að færa það út á þann víða völl sem hér er verið að ræða um.

Ég kem þá að því sem hæstv. ráðherra telur, og það tengist því raunar sem ég hef þegar rætt, að hafi verið misskilningur af minni hálfu varðandi frv. Þar er bæði um að ræða kröfur um tungumál og tungumálaþekkingu, þar er um að ræða atvinnuleysistryggingar og þar er um að ræða reglugerðarvald. Hæstv. ráðherra er á villigötum þegar hann reynir að ráða í minn hug að þessu leyti og mitt mál. Ég þekki til þess hvernig háttað er réttindum útlendinga til atvinnuleysistrygginga sem hér fá atvinnuleyfi. Það er væntanlega öllum ljóst. Þeir hafa hér ákveðinn rétt á meðan þeir hafa sitt atvinnuleyfi. En það er þar sem er verið að breyta réttinum í grundvallaratriðum, staðfesturéttinum, með þessum samningi. Í stað þess að útlendingur, annar en Norðurlandabúi sem hér sækir um störf, fær starfsréttindi til þriggja mánaða aðeins, þá er nú verið að veita mönnum staðfesturétt, búseturétt og réttindi varðandi félagsmála- og tryggingamálasvið í heild

sinni ótakmarkað ef þeir fá einu sinni atvinnu á Íslandi. Að segja síðan hér í ræðustól, eins og hæstv. ráðherra lét að liggja, þannig skildi ég mál hans, að það væri engin breyting hér á ferðinni varðandi löggjöfina, að sjálfsögðu er hér verið að breyta um í grundvallaratriðum varðandi staðfesturéttinn og þar með varðandi útfærsluna og afleiðingarnar fyrir tryggingakerfi, fyrir atvinnuleysistryggingar og aðra ef hér verður verulegt aðstreymi af fólki sem nær þeirri fótfestu sem þetta veitir.

Síðan hentaði hæstv. ráðherra að láta liggja að því að ég vildi flokka fólk eftir því hvaðan það væri ættað úr heiminum. Ég vil lofa honum að vera einum um þær hugmyndir en ég vil jafnframt segja að við stöndum hér frammi fyrir þeirri spurningu hvort við Íslendingar teljum að aðstaðan sé slík að við eigum bara að hafa hér einn flatan akur, eigum að hætta að hugsa um okkar stöðu, okkar réttindi og okkar möguleika í þessu landi. Ég lít svo til að niðjar þess fólks sem hér hefur búið um aldir eigi það skilið að við hugsum hér um íslenska hagsmuni og íslenska stöðu, ekki bara í nútíð heldur einnig til lengri tíma litið. Ég met það ekki að jöfnu hvort um er að ræða að berjast fyrir almennum réttindum og almennum mannréttindum og gera þær kröfur til þjóðríkja að þau virði slíkan rétt og hins vegar spurninguna um það hvort menn ætla að gæta sinna hagsmuna, líta til hagsmuna þess fólks sem hér býr og hér hefur haslað sér völl og reyna að tryggja grundvöll fyrir áframhaldandi þjóðlífi í landinu við bærilegar aðstæður.

Hæstv. ráðherra staðfesti það sem hér var rætt í sambandi við kröfur til starfsréttinda að því er varðar málakunnáttu. Það liggur alveg ljós fyrir skilningur hans á því að það er ekki hægt að gera neinar slíkar formlegar kröfur. Það eina sem hægt er að reisa rönd við er í sambandi við ráðningu af hálfu þeirra stofnana sem í hlut eiga en ég held að það sé ekki mikill varnarveggur í þessum efnum ef menn vilja halda uppi vörnum í sambandi við kröfur um málakunnáttu. Ég er ansi hræddur um það að ef á reyndi þá stæðust slíkir fyrirvarar ekki snúning reglum og tilskipunum Evrópubandalagsins ef menn kjósa að láta á það reyna. Það er nokkuð sérstakt, eins og ég benti á í þessum lagatexta, að sjá tilgreint og tekið sérstaklega fram í löggjöf að það sé hægt að gera sérstakar kröfur að því er snertir málakunnáttu gagnvart fólki utan við hin helgu vé Evrópsks efnahagssvæðis eins og liggur fyrir í þessum texta. Það undirstrikar að sjálfsögðu þessa meginreglu sem ráðherrann hefur hér undirstrikað og staðfest sem sinn skilning með því að bera frv. fram.

Varðandi reglugerðir og setningu reglugerða og þau ákvæði sem eru hér sagði ráðherrann að það væri engin breyting á þeirri stöðu mála. Hér er ráðherrann enn að reyna að hanga í forminu einu saman en skoðar ekki innihald mála. Heldur ráðherra að það sé ekki um að ræða breytingu á reglugerðarheimildum þegar verið er að víkka lagagrundvöllinn með þeim hætti sem hér liggur fyrir? Heldur ráðherrann að þingið sé ekki að veita framkvæmdarvaldinu meira vald og annað vald en verið hefur til að setja reglugerðir þegar grundvöllurinn sem framkvæmdarvaldið stendur á er EES-samningur? Það er auðvitað með öllu fráleitt að halda því fram að þetta sé sambærilegt og að því þurfum við að gæta þegar við fjöllum áfram um þetta efni.

Einnig sagði ráðherrann það ekki rétt af minni hálfu að verið væri að galopna íslenskan vinnumarkað. Ég held að við þurfum ekki að deila mikið um það hvað sé verið að gera í sambandi við íslenskan vinnumarkað. Það liggur fyrir í samningnum sjálfum og ákvæðum hans. Þegar fólk hefur verið að spyrja mig hvað breytist varðandi vinnumarkaðinn, þá hef ég vísað þeim á skýrslu sem hæstv. utanrrh. lagði fram á Alþingi haustið 1990 þegar hann var að gera grein fyrir réttarlegri stöðu og stöðu samningaviðræðna og fyrir einstökum samningsþáttum og fjallaði þar m.a. um breytingar á atvinnu- og búseturétti. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa smákafla úr þessari skýrslu og vekja um leið athygli á þessu því þar er með skýrum hætti tekið fram meginatriði breytinganna. Þar segir í fyrsta lagi:

„Hinn erlendi starfsmaður öðlast rétt til fimm ára dvalar við það að starfa á Íslandi hvort heldur sem launþegi eða sjálfstætt starfandi. Samkvæmt gildandi lögum er dvalarleyfi forsendan fyrir útgáfu atvinnuleyfis. Óheimilt er að gefa út atvinnuleyfi til lengri tíma en eins árs í senn."

Ég tek fram að það er bæði verið að lýsa breytingunni og núverandi stöðu.

Í öðru lagi: „Hinn erlendi starfsmaður á rétt á að taka því starfi sem býðst eða hefja sjálfstæða starfsemi á grundvelli þeirra reglna er gilda um Íslendinga. Núgildandi reglur veita hins vegar atvinnurekanda heimild til að ráða tiltekinn útlending til starfa og hefur hinn erlendi starfsmaður ekki heimild til að skipta um starf."

Í þriðja lagi: „Hinn erlendi starfmaður á rétt á að fá próf sín viðurkennd á þeim sviðum sem tilskipanir ná til en engin slík skylda er fyrir hendi í núgildandi rétti."

Í fjórða lagi: „Hinn erlendi starfsmaður getur skipt um starf að vild og hefur dvalarleyfi til fimm ára í senn. Samkvæmt núgildandi rétti verða að vera í ráðningarsamningi við erlendan starfsmann ákvæði um flutning viðkomandi frá Íslandi að starfstíma loknum."

Í fimmta lagi: „Hinn erlendi starfsmaður á rétt á því að maki og börn eða foreldrar viðkomandi fái dvalarleyfi um leið og viðkomandi kemur til starfa. Samkvæmt lögum um eftirlit með útlendingum eru engin sérstök ákvæði um fjölskyldur og rétt þeirra til dvalar á Íslandi."

Í sjötta lagi: „Hinn erlendi starfsmaður og fjölskylda hans öðlast rétt til dvalar á Íslandi eftir að starfsævi lýkur. Engin slík ákvæði er að finna í núgildandi rétti."

Í sjöunda lagi: „Hinn erlendi starfsmaður öðlast aðgang að almannatryggingakerfi hér á landi og á rétt á að flytja út bætur og safna saman tryggingartímabilum, t.d. varðandi eftirlaun. Lög um almannatryggingar gera ekki greinarmun á útlendingum og Íslendingum heldur miða við lögheimili á Íslandi. Hins vegar

gera þau ekki ráð fyrir útflutningi bóta né uppsöfnun tryggingartímabila."

Í áttunda lagi: „Atvinnurekandi getur ráðið erlendan starfsmann án þess að þurfa að leita til stéttarfélaga. Óheimilt er samkvæmt núgildandi rétti að ráða útlendinga til starfa án þess að aflað hafi verið umsagnar stéttarfélaga."

Ég vek athygli bæði formanns þingflokks Alþfl. og hæstv. heilbr.- og trmrh. á áttunda atriði sem hér er tekið fram í yfirliti hæstv. utanrrh. þess efnis að atvinnurekandi getur ekki ráðið fólk til starfa án þess að hafa svo mikið sem samráð við viðkomandi stéttarfélag.

Í níunda lagi: „Launþegi getur tekið það starf sem viðkomandi býðst í beinni samkeppni við Íslendinga. Samkvæmt núgildandi rétti skal hins vegar því aðeins veitt atvinnuleyfi fyrir útlendinga, ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem ef um erlenda sérfræðinga er að ræða, eða kunnáttumenn sem ekki verða fengnir innan lands eða ef atvinnuvegi landsins skortir vinnuafl sem ekki er fáanlegt innan lands."

Og í tíunda og síðasta lagi: „Sjálfstætt starfandi geta hafið starfsemi uppfylli þeir þau skilyrði sem gerð eru til Íslendinga á viðkomandi sviði eða samræmdar kröfur á grundvelli tilskipana Evrópubandalagsins. Ekki eru nein tímamörk á því hversu langan tíma er unnt að starfa sjálfstætt. Samkvæmt núgildandi rétti er atvinnurekstrarleyfi einungis veitt þeim sem átt hafa lögheimili á Íslandi síðasta árið. Leyfið er bundið við ákveðna starfrækslu og ákveðinn tíma og ekki veitt til lengri tíma en þriggja ára í senn."

Þarna eru meginbreytingarnar á búsetu- og staðfesturétti, þ.e. atvinnu- og búseturétti varðandi þennan samning, dregnar saman í tíu atriðum af hæstv. utanrrh. haustið 1990 og ég dreg þetta fram nú vegna þess að hæstv. ráðherra var að láta að því liggja að það væri rangt hjá mér að verið væri að galopna íslenskan vinnumarkað gagnvart þegnum hins Evrópska efnahagssvæðis. Það er í reynd verið að því og ég tel að hæstv. ráðherra eigi að vita betur, enda kom hann í raun ekki fram með nein rök fyrir staðhæfingu sinni.

Það kom vel fram í máli hæstv. ráðherra að ekki þyrfti að vefjast fyrir honum sem heilbr.- og trmrh. að setja reglugerðir og orða reglugerðir á grundvelli þessara laga. Þetta var af tilefni fyrirspurnar sem fram kom um reglugerðirnar varðandi kröfur til starfsmanna í fimm heilbrigðisstéttum og hvers vegna það þarf ekki að vera vandasamt og ekki kalla á aukið starfslið hjá hæstv. heilbrrh. Ástæðan er sú, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, ég vænti þess að þú ljáir hér eyra en truflir ekki mál mitt, að það er þegar búið að setja reglurnar, upplýsir hæstv. ráðherra. Evrópubandalagið er búið að skilgreina reglurnar og það eitt er eftir að kópíera þær. Ákvarðanirnar um þessar reglur eru teknar af Evrópubandalaginu og búið að móta þær af ríkjum Evrópubandalagsins. Það er þessi grundvöllur sem við Íslendingar eigum að fara inn á. Það er lækkaður staðall á ýmsum sviðum varðandi kröfur til heilbrigðisstétta sem við verðum að ganga inn á sem lágmarksgrundvöll með nákvæmlega sama hætti og gildir í umhverfismálum vegna þess að þar er það spurningin um hið frjálsa vöruflæði sem verður ríkjandi og ýtir til hliðar þeim reglum sem EFTA-ríkin kunna að hafa mótað sem ganga lengra í þeim efnum en Evrópubandalagið.

Þetta er staðan og þó ömurlegt sé til þess að vita þá er það alténd hreinskilni af hæstv. ráðherra að viðurkenna að hann búi við það að kópíera ekki aðeins „direktívin" heldur einnig útfærslu þeirra eins og þau hafa verið þegar mótuð af Evrópubandalaginu í Brussel.

Undir lok máls míns vil ég svo, virðulegi forseti, taka upp einn þátt sem hæstv. ráðherra vék sér undan að ræða eða kom ekki að í máli sínu og er ég ekki að gagnrýna það þó eitthvað hafi fallið þar niður, en það er það sem snýr að lyfjamálunum og ég vék nokkuð að. Ég vék m.a. að því sem fram kemur í V. kafla, d-lið, sem er tillaga um að 20. gr. laga um lyfjamál orðist svo, og ég leyfi mér að lesa hana aftur til skýringar fyrir hæstv. ráðherra:

„Heimilt er þó að kynna fyrir heilbrigðisstéttum, sbr. 19. gr., lyf og áðurtalinn varning, en þó á þann hátt að ekki sé líklegt að auglýsingin komi almenningi fyrir sjónir."

Að þessu vék ráðherrann ekki. Þetta er mjög sérkennilegt ákvæði í þessari löggjöf en til viðbótar nefndi ég þær gjörbreyttu aðstæður sem varða innflutning lyfja til landsins og verið er að innleiða með þessum breytingum. Til þess að stytta málið frekar vil ég leyfa mér að vitna til orða hæstv. ráðherra sem hann lagði fram sem svar við fyrirspurn minni varðandi lyfjainnflutning og lyfjadreifingu á sl. þingi þar sem spurt var hvort breytingar yrðu og hvað fælist í þeim breytingum í aðalatriðum. Í upphafi svars ráðherra segir, með leyfi forseta:

„Helstu breytingar varða skráningu lyfja sem með samræmdum reglum verður fljótvirkari auk þess sem hún verður að hluta ákveðin fyrir öll löndin í einu af tveimur skráningarnefndum á vegum EB. Ekki er útlit fyrir að EFTA-ríkin fái aðgang að þessum nefndum. Hægt verður áfram að skrá lyf „þjóðlegri skráningu" vegna sérþarfa í einstökum löndum en hins vegar verður ekki lengur hægt að hafna skráningu lyfs, t.d. vegna verðs eða vegna þess að skráningaryfirvöld telja ekki þörf fyrir lyfið.

Lyfjahugtakið mun ná yfir fleiri lyf en hingað til. Má þar nefna bóluefni, lyf sem unnin eru úr blóði, geislavirk lyf, náttúrulyf og hómópatalyf sem verður að líkindum að skrá hér á landi eins og í öðrum aðildarríkjum EES-samningsins."

Þetta er fyrri hlutinn úr svari ráðherra sem er ítarlegra. Í lokin er einnig jákvætt svar við fyrirspurn sem þannig er orðuð: „Yrði um að ræða aukið framboð lyfja hérlendis vegna EES-samnings?" Já, að öllum líkindum, sbr. svar við 2. spurningu" sem ég var að vitna til.

Ég held að hér sé á ferðinni breyting sem sé svo mikil og hafi svo víðtæk áhrif að mikil þörf sé á að menn átti sig á því fyrir fram hvað er á ferðinni. Ég saknaði þess úr annars ítarlegu máli hæstv. ráðherra, einkum í annarri ræðu hans, að hann skyldi ekki fara

nánar inn á þann stóraukna innflutning lyfja og algert áhrifaleysi EFTA-ríkjanna til að hafa áhrif á skráningu lyfja, a.m.k. að hluta til eins og kemur fram í svari ráðherrans. Ef menn styðja það þeim rökum, eins og ég hef heyrt, að þetta geti verið til vinnandi vegna samkeppni um lyf og þar með um verð þá er það ekki reynsla þeirra ríkja sem hafa búið við þetta kerfi um skeið og höfðu ekki ósvipað kerfi og við áður. Þar er ég að vísa til Danmerkur og Bretlands og ég hef það frá heimildum sem ég tel marktækar að þar hafi lyfjaverð ekki lækkað þrátt fyrir gífurlegt flóð lyfja sem þar er á ferð og reynt verður að markaðsfæra hér með öllum ráðum þar á meðal með auglýsingum þar sem aðstaðan er sú sem ég hef þegar vikið að.

Einn þáttur þessa máls varðar vanabindandi lyf og baráttuna við fíkniefni, sem mikið hefur verið rætt hér á landi að undanförnu sem eðlilegt er, vanda sem við er að etja í sambandi við vanabindandi lyf og fíkniefni. Ég spurði um þetta á þinginu í fyrra en fékk þau svör frá hæstv. heilbrrh. að það væri nú metið svo að ekki væri sýnileg ástæða til að undirbúa neinar ráðstafanir til mótvægis við áhrif EES-samningsins að svo stöddu, eins og það var orðið, enda ekkert sem bendi til að EES-samningnum muni fylgja aukin hætta af ávana- og fíkniefnum. Þannig var það orðað í 5. lið á þskj. 801 í svari frá hæstv. ráðherra. Hins vegar stendur einnig í þessu svari á þskj. 801 þar sem spurt er hvaða áhrif ákvæði EES um frelsin fjögur geti haft á ólöglegan innflutning fíkniefna, þá er því er til svarað að það hafi engin athugun verið gerð á því hvort og þá hvaða áhrif það hefði innan EES-svæðisins og hingað til lands. Að undanförnu hafa komið fram vaxandi áhyggjur manna í Vestur-Evrópu, á svæði hins innri markaðar sem á að vera fullburða um nk. áramót og búið að tryggja framkvæmd hans í EB-ríkjunum og á að yfirfæra hann á EFTA-ríkin, af aukinni útbreiðslu fíkniefna og vanabindandi efna og minni vörnum sem við verði komið af stjórnvöldum vegna þessara breytinga.

Ég er hér með mat norskra sérfræðinga að þessu leyti og meginniðurstaðan er sú að EES-samningurinn verði til að auka fíkniefnavandamálin. Þetta er niðurstaða aðila sem eru að fjalla um þessi mál í Noregi og mér finnst þessi þáttur málsins engan veginn hafa verið ræddur nóg og athugaður hérlendis, jafnalvarlegt mál og hér er á ferðinni, ég tala nú ekki um ef verið er að gera breytingar sem stefna þessum málum í meira óefni og minnka möguleika á að spyrna við fótum.

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbr.- og trmrh. kvartaði undan því í upphafi annarrar ræðu sinnar áðan að hann væri að hlusta á viðlíka ræður og hann nam ungur að árum fyrir og eftir 1970. Ég náði ekki alveg hvenær hæstv. núv. ráðherra náði þræði í stjórnmálunum og fór að fylgjast með á Alþingi en ég tók svo eftir að það hafi verið þegar á árinu 1967. Hann fór með orð, að vísu án beinna tilvitnana, kannski mætti segja orðaleppa, því þeir voru þannig framreiddir hér, sem hefði borið við í umræðum um samning um álbræðslu í Straumsvík á sínum tíma og í sambandi við aðild að EFTA. Og eitthvað fleira hafði hæstv. ráðherra uppi í þessum efnum. Hann sakaði okkur, sem höfum verið að gagnrýna þennan samning og vara við mörgum ákvæðum hans, að við værum að endurtaka svipaðan málflutning ef ekki sama málflutning og þá var uppi hafður. Ég vísa svona málflutningi frá með öllu. Ég tel að við gagnrýnendur þessa samnings höfum fært gild rök fyrir máli okkar, höfum haft uppi málefnalega umræðu þar sem við erum að líta á þetta stóra mál í því samhengi sem þessum samningi ber, þ.e. í nútíðinni, miðað við þær aðstæður sem við búum við. Hitt kann svo vel að vera að það endurspeglist áhyggjur af ekki ósvipuðum toga og var fyrr á árum í sambandi við áhrif annarra samninga og breytinga varðandi íslenskt þjóðlíf. Ég tel það ekki okkur sem tölum á Alþingi um þessi mál til minnkunar þó við lítum til fortíðar og leitumst við að draga lærdóm úr þeirri átt því misjafnir spámenn erum við nú flestir þegar horft er til framtíðar og ætla ég ekkert að ætla mér meiri hlut þar en hverjum öðrum. En ég tel ekki skynsamlegt og í rauninni ekki rétt að færa málin inn á þennan grunn eins og hæstv. ráðherra gerði þegar hann var að víkja að þessari umræðu.

Ég gæti vissulega tekið upp ákveðna þætti þar. Hæstv. ráðherra vísaði frá sem hreinni fjarstæðu að samningurinn um álbræðslu í Straumsvík á sínum tíma hafi haft nokkur áhrif á efnahags- og stjórnmálaumræðu eða ákvarðanir þar að lútandi á Íslandi. Þannig skildi ég hæstv. ráðherra.

Ég væri alveg reiðubúinn til þess að fara yfir málin og leiða að því líkur að áhrif þess samnings hafi orðið býsna mikil og afdrifarík í efnahagslegu tilliti á Íslandi og það hafi þurft efasemdarmenn og gagnrýnendur til að breyta grunni þess ókjarasamnings sem skrifað var upp á hér af Sjálfstfl. og Alþfl. á Alþingi Íslendinga 1966. Menn héngu í þeim viðhorfum til að verja fyrri gjörninga fram á árið 1981 og vörðu í ræðum úr þessum stóli alveg í blóð þann gjörning sem þeir höfðu staðið að 1966 við gjörbreyttar aðstæður sem þá höfðu orðið. Menn slógust ekki í lið með okkur gagnrýnendum þessa máls sem sköpuðu skilyrðin fyrir því að þessum samningi var breytt að því er snerti raforkusölu til álvers í Straumsvík í grundvallaratriðum og hafa Íslendingar uppskorið af því drjúgum síðan breyting var þar á gerð 1984. Þannig mætti reiða fram ýmis fleiri dæmi.

Alþýðuflokkurinn var í þeim sporum 1966 þegar fjallað var um þetta mál að standa gegn því að þessi stóri atvinnurekandi sem þá var samið við um aðstöðu í landinu og yrði tekinn inn í Vinnuveitendasamband Íslands. Það voru réttmætar áhyggjur sem ollu því að Alþfl. hafði það þó fram, en hann féll frá þessu þegar hann komst á valdastóla hér fyrir fáum árum. Mér sýnist að einmitt sé margt í þá áttina, sem er að gerast hér í tengslum við þennan samning, sem ekki horfir til réttrar áttar. Mér finnst að hæstv. heilbrrh. eins og aðrir, sem mæla fyrir þessum samningi og breytingum í tengslum við hann, séu í grundvallaratriðum á rangri braut sem horfi til verri vegar fyrir okkur Íslendinga bæði í bráð en alveg sérstaklega til lengdar litið.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja umræðuna mikið. Ég vil fyrst og fremst koma upp til þess að þakka ráðherra fyrir skýr og greinargóð svör við þeim spurningum sem ég bar fyrir hann. Mig langar þó að árétta aðeins tvo eða þrjú atriði, sem þar komu fram, og ég var með vangaveltur um í fyrri ræðu minni og kannski efasemdir um.

Í fyrsta lagi hvort hægt er að gera kröfu til starfsmanns við veitingu starfs að íslenskukunnáttan sé nægjanleg og ef ekki hvort hægt er að hafna því að viðkomandi fái starfið.

Auðvitað skil ég mjög vel þann mun sem ráðherra setur fram, og það sjá þetta allir á annars vegar starfi og starfsveitingu og hins vegar starfsréttindum eins og hann fór hér ítarlega í gegnum með okkur og þarf ekki að fara mörgum orðum um það mál sérstaklega. Ég var með vangaveltur um það áðan og spyr aftur hvort ráðherra haldi ekki að viðkomandi einstaklingur muni þá reyna að leita réttar síns í öllu þessu margumrædda dómstóla- og réttarfarskerfi þessara samninga og hvort það sé skýlaust að hægt sé að hafna viðkomandi einstaklingi eða neita honum um stöðu út á þetta atriði.

Annað sem mig langaði að nefna var að mér finnst enn að ekki sé nægjanlega ljóst eða tryggt að við getum verið sannfærð og viss um að fasteignir verði án *undantekninga brunatryggðar*. Nú er það auðvitað svo með ýmsa þætti, við vitum t.d. að þrátt fyrir skyldutryggingar á bifreiðum þá eru bílar á götunni sem eru ótryggðir, valda tjóni og fólk stendur uppi réttindalaust og á um sárt að binda af slíkum tilvikum. Ég þekki slík tilvik og veit til þeirra. Mér er því ljóst að þetta er ekki einfalt mál og vek athygli á því að ég held að þetta sé eitt af því sem heilbr.- og trn. þurfi að taka til sérstakrar skoðunar og athugunar, hvernig hægt er að ganga frá eins tryggilega og mögulegt er í slíkum tilvikum og sjá til þess að fasteignir séu örugglega tryggðar.

Mér þótti líka forvitnilegt og ánægjulegt að heyra ráðherra lýsa því yfir að hann mundi fljótlega koma inn í þingið með ný frumvörp um almannatryggingalöggjöfina og lyfjamálin sem fælu í sér efnislegar breytingar og hvað lyfjamálin varðaði hugsanlegar kerfisbreytingar Mér þykir forvitnilegt að fá að sjá og fá að fylgjast með hverju ráðherrann vill breyta og ég veit að svo mun vera um fleiri hv. þm. En hæstv. ráðherra nefndi hins vegar að það að lyfjamálin komu ekki inn núna hafi m.a. verið vegna þess að samkomulag hafi verið gert í þinginu við stjórnarandstöðuna um málsmeðferð og er auðvitað ágætt ef það er ástæðan en ekki hin að hann hafi ekki komið málum fram enn í gegnum samstarfsflokk sinn sem hafi lagst gegn hugsanlegum breytingum á lyfjalöggjöfinni. Það á nú eftir að koma í ljós hvort svo er. Ég tek þessa skýringu auðvitað góða og gilda af hálfu ráðherra.

Að lokum þótti mér líka ágætt að heyra að það væri ekki heilbrrh. sem hafði krafist þessa undanþáguákvæðis varðandi Húsatryggingar Reykjavíkurborgar. Ég verð þó að segja að mér finnst dálítið undarlegt ef slík undanþágubeiðni kemur fram frá öðrum en þeim hæstv. ráðherra sem hefur með málið eða málaflokkinn að gera og skuli svo auðveldlega ná fram að ganga miðað við það sem við höfum heyrt í umræðunum um ýmsa aðra fyrirvara sem hafa ekki náð fram að ganga og hefur þó verið lögð áhersla á af hálfu þeirra ráðherra sem með viðkomandi málaflokka hafa haft að gera.

Virðulegi forseti. Ég sagðist ekki ætla að lengja umræðuna enda er hún nú þegar orðin nokkur um þetta eina frumvarp af mörgum sem hér eiga eftir að fara í gegn en undirstrikar auðvitað mikilvægi þess að menn fjalli um málin. Í tengslum við þá umræðu sem hefur farið fram um hversu langan tíma hafi tekið að fjalla um EES-frumvarpið sjálft og samninginn, 30 klukkustundir eða hvað það nú var, þá vil ég benda á að ég hygg að hæstv. ráðherra heilbrigðismála hafi nú í dag talað nær 2 klukkutíma um þetta eina frumvarp. Ég er ekkert að gagnrýna hann fyrir það eða að hann hafi ekki fulla ástæðu til þess að fylgja þessu máli ítarlega úr hlaði og ræða það vel við þm. og reyna að sannfæra þá um ágæti þess sem hans málflutningur auðvitað hlýtur að hafa verið ætlaður til. En það segir okkur hins vegar það að þetta tekur allt sinn tíma. Menn þurfa sinn tíma til þess að fjalla um málin hér og ef allir hv. þm. hefðu nú tekið sér eins og tvo tíma til þess að ræða um EES-samninginn í þessum ræðustóli undanfarna daga þá væri sú umræða ekki búin enn og ætti langt í land og hefði farið í það miklu fleiri tímar en 30. Ég þarf ekki að reikna það út fyrir hv. þm. hvað það hefði tekið langan tíma. (Gripið fram í.) Ég heyri að hv. þm. formaður þingflokks Alþfl. er ekki lengi að reikna það út enda gáfaður og greindur maður.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla enn að reyna að svara þeim spurningum sem hafa hafa komið fram og vek athygli hv. þm. á því að þorrinn af ræðutímanum hefur farið í að svara spurningum og veita hv. þm. upplýsingar en ekki í persónulegar athugasemdir frá sjálfum mér þó svo að þær hafi nú fylgt með.

Ég ætla fyrst að víkja að spurningum hv. 1. þm. Norðurl. e. Ég hef gert grein fyrir hvernig undanþágubeiðnin um Húsatryggingar Reykjavíkur var til komin. Hún kemur til einfaldlega vegna þess áður er búið að fallast á undanþágubeiðni Svisslendinga um tryggingafyrirkomulag húsatrygginga sem er í svissnesku kantónunum og mönnum fannst rétt að gera ráð fyrir því, þar sem þetta var alveg nákvæmlega sams konar fyrirkomulag og gilt hefur hjá Húsatryggingum Reykjavíkur, að halda því til haga. Sú undanþágubeiðni kom ekki upphaflega frá Íslendingum, hvorki heilbrrh. né öðrum, heldur var henni haldið til haga í samræmi við önnur mál eða öllu heldur haldið til haga í samræmi við sambærilegar undanþágur sem hafði verið fallist á og afgreitt hjá öðrum.

Í öðru lagi hvað varðar skyldutryggingar fasteigna og möguleikum á að fylgja þeim fram. Sá eðlismunur er náttúrlega á skyldutryggingu ökutækja og skyldubrunatryggingu fasteigna að skyldutrygging ökutækja

er ekki síst við það miðuð að ökutæki sé tryggt fyrir tjóni sem það veldur þriðja aðila. Skyldutryggingar brunatrygginga á fasteignum eru hins vegar í eðli sínu fyrst og fremst trygging gegn tjóni sem er ekki varðandi þriðja aðila heldur þann aðila sem húseignina á og ber ábyrgð á henni og verður fyrir tjóni ef hann heldur ekki tryggingu sinni til haga. Það eru a.m.k. harla litlar líkur á því ef nokkrar að vanræksla á skyldutryggingu bitni á öðrum en eiganda húseignarinnar, þ.e. þeim sem átti að sjá um að tryggja eignina. Ef hann vanrækir það og illa fer þá lendir tjónið á honum sjálfum öfugt við það sem gerist ef eigandi bifreiðar sinnir ekki skyldutryggingu og veldur þriðja aðila tjóni.

Ég held, eins og ég sagði hér áðan, að það sé alveg sama hvað við gerum, við getum aldrei tryggt að allir eigendur fasteigna virði í öllum tilvikum skyldutryggingarákvæði laga. Þeir gera það ekki í dag með þeim lögum sem við höfum í gildi. Sjálfsagt er að gera ráðstafanir til þess að reyna að tryggja eftir föngum að slíkar skyldutryggingar verði virtar og við getum að sjálfsögðu leitað ýmissa leiða til þess en við getum ekki farið þá leið til þess að reyna að tryggja að skyldutrygging sé virt að tryggjanda sé gefinn sá einn kostur að hann eigi að tryggja fasteign sína hjá einhverju tilteknu tryggingafyrirtæki hvort sem það er löggjafinn á Alþingi eða framkvæmdarvaldið sem benda á það tryggingafyrirtæki sem tryggja skal hjá einvörðungu eða hvort það er sveitarstjórn sem gerir það.

Í þriðja lagi er alveg skýlaust að við getum haft í frammi þá viðbáru við að ráða ekki einstakling í starf sem útheimtir samskipti við almenning, að hann sé ekki fær um að tjá sig á íslenskri tungu. Það er alveg skýlaust. Með því erum við ekki að brjóta gegn samningnum um EES um að slíkur aðili getur fengið starfsleyfi á Íslandi þótt hann búi ekki yfir þeim hæfileika að tjá sig á íslenskri tungu. Þetta er alveg skýrt og alveg afdráttarlaust, þennan rétt höfum við.

Virðulegi forseti. Þá eru nokkur atriði sem komu fram í máli hv. 4. þm. Austurl. Í fyrsta lagi sagði hann að hér hefði verið gefin einhver sérstök tímamótaviðurkenning af hálfu ráðherra á eðli EES-samningsins. Svo er ekki. Eðli samningsins er, og það hefur enginn dregið neina fjöður yfir það, að þau tilteknu atriði sem fjallað er um í samningnum standa ekki til breytinga. Eins og hv. þm. sagði sjálfur, þau atriði standa sem falla undir samninginn. Menn geta ekki breytt þeim atriðum eða vikið þeim við með innlendri löggjöf. Enginn hefur dregið fjöður yfir þetta og enginn neitað þessu og enginn haldið öðru fram en að þetta sé eðli þess samnings sem við erum að fjalla um. Þess vegna er alveg ljóst hjá hv. þm. að þau atriði, sem eru í því frumvarpi sem ég hef hér lagt fram og við höfum verið að ræða um, eru að áliti ráðuneytisins atriði sem tengjast samningnum með þeim hætti að við þeim verður ekki haggað. Athugun heilbr.- og trn. á málinu ætti að sjálfsögðu fyrst og fremst eða að vera sú að ganga úr skugga um að það sé rétt að þau atriði sem þarna eru talin séu atriði sem með þeim hætti tengist samningnum að þau verði að lögfesta eins og þau eru lögð hér fram.

Ég ætla ekkert að fullyrða fyrir fram um það hver verður niðurstaða heilbr.- og trn. af þeirri athugun. Vel getur verið að heilbr.- og trn. komist að þeirri niðurstöðu að samningurinn heimili að einhverju sé breytt frá því sem er að finna í ákvæðum frumvarpsins. Eftir stendur það, eins og hv. þm. sagði, að því aðeins verður það gert að heilbr.- og trn. sé þeirrar skoðunar að eðli samningsins heimili það. Enginn ráðherra hefur dregið fjöður yfir þetta enda engin ástæða til því að eins og hefur verið margtekið fram, þá er verið að semja um tiltekna hluti. Ef við föllumst á samninginn og staðfestum hann á Alþingi þá getum við ekki breytt honum eftir á með einhliða ákvörðunum.

Í öðru lagi sagði hv. þm. að skynsamlegt væri að bíða með fullgildingu samningsins, þar til allt væri fram komið, eins og hann orðaði það, sem er í pípunum. Evrópusamvinnan er og mun verða í stöðugri þróun. Menn munu ekkert á næstunni geta sett neinn punkt þar aftan við og sagt, ja nú er allt fram komið, nú verður ekki gert meira. Ef það ætti að bíða eftir því þá er ég ansi hræddur um að menn yrðu að bíða lengi eftir að Íslendingar staðfestu að gerast aðilar að þeirri samvinnu á vegum EES sem hér er um að ræða. Það sem við erum að taka ákvörðun um er auðvitað það í fyrsta lagi: Viljum við gerast aðilar að samkomulaginu eins og það liggur fyrir? Í öðru lagi: Viljum við hafa áhrif á þá þróun sem óhjákvæmilega hlýtur að verða í þessu samstarfi á næstu árum? Eða ætlum við okkur að standa alfarið þar fyrir utan og horfa bara á og taka engan þátt í því og hafa engin áhrif á það?

Um þetta greinir okkur hv. 4. þm. Austurl. að sjálfsögðu á um. Hans skoðun er sú að Íslendingar eigi að standa þarna utan við og eigi engan beinan þátt að taka í þeirri þróun Evrópusamstarfsins, sem fram mun fara innan EES. Skoðun mín er hins vegar sú að við eigum að taka þátt í þessu samstarfi á þeim kjörum sem okkur bjóðast í dag, m.a. til þess að geta haft áhrif á og verið þátttakendur í þeirri þróun sem hlýtur að verða í þessu samstarfi í framtíðinni. Og sú þróun mun ekkert stöðvast. Hún staðnar ekki. Ekki síst eftir hrun heimskommúnismans og þeirra atburða sem gerðust í Austur-Evrópu hlýtur það að vera ljóst að við erum þarna komin inn á feril um Evrópusamstarf sem er komið til að vera.

Í þriðja lagi þá dró hv. þm. í efa mikilvægi þess að með þessu samkomulagi væri stefnt að því að tryggja réttindi Íslendinga á erlendri grund. Hann talar bara og ávallt um annan þátt þessa máls sem eru þau réttindi sem verið er að tryggja útlendingum á íslenskri grund en hann víkur aldrei einu orði að því hvaða réttindi er verið að tryggja Íslendingum á erlendri grund. Í huga hans er bara ein hlið á málinu og hin gagnstæða er ekki til, a.m.k. ræðir hann aldrei um hana. En hverjum skyldi vera meira í mun en Íslendingum, að tryggja réttindi íslenskra borgara á erlendri grund? Ekki eru mörg ríki í heiminum sem hafa jafnmikla, hvað þá heldur meiri, þörf á því að tryggja sér réttindi á erlendum mörkuðum en Íslendingar. Þær eru fáar þjóðir í veröldinni sem eiga jafnmikið undir erlendum viðskiptum og Íslendingar. Við þurfum að geta keypt okk-

ar aðföng á sem hagkvæmustu verði og geta fengið þau þar sem hagkvæmast er að kaupa þau og á lægsta verði. Við þurfum að geta selt útflutningsvöru okkar þar sem við fáum mest fyrir hana og þurfum að borga sem minnst af henni til annarra þjóða í formi tolla eða skattgjalda. Ef einhver þjóð þarf á því að halda að tryggja sér slík réttindi á erlendri grund þá eru það Íslendingar. Og ef einhver þjóð þarf á því að halda að tryggja sínu unga fólki aðgang að menntun á erlendri grund þá eru það Íslendingar.

Vissulega er hægt að fá grunnmenntun í mörgum greinum á Íslandi en það á bæði við um tæknigreinar og framhaldsnám á háskólastigi að það sækja Íslendingar ekki hingað heim. Það verða þeir að sækja til annarra ríkja og við vitum ósköp vel að einn stór þáttur í viðræðum EFTA og Evrópubandalagsins um stofnun Evrópsks efnahagssvæðis var að tryggja möguleika EFTA-ríkjanna á að geta viðstöðulaust og án hindrana sent unga fólkið til náms í háskólum Evrópubandalagsríkjanna og það eru hrein ósannindi að halda því fram að þetta hafi engin tengsl við samning um Evrópskt efnahagssvæði. Svo lengi og mikið var um það þingað við Evrópubandalagið að tryggja hagsmuni m.a. íslenskra þegna til að stunda nám í erlendum skólum, að það er algjör firra að halda því fram að þetta hafi ekkert með málið að gera. Við verðum að tryggja íslenskum ungmennum menntunarmöguleika sem á erlendri grundu sækja í grunnmenntun á tæknisviði og í framhaldsmenntun bæði á tæknisviði og á háskólastigi. Það gerum við í þessu samkomulagi en getum það ekki ef við erum ekki aðilar að þessu samkomulagi. Það ættu menn mætavel að vita. Þannig að ef einhver þjóð þarf á því að halda að tryggja réttindi sín á erlendri grund eru það við Íslendingar.

Þá sagði hv. þm. að í samkomulaginu um EES fælist lækkun á kröfum á heilbrigðissviði, lækkun á kröfum á umhverfissviði og lækkun á félagslegri stöðu Norðurlanda. Þetta er gjörsamlega út í hött. Samkomulag um EES leggur okkur Íslendingum þvert á móti miklu harðari kröfur á herðar á umhverfissviði en við gerum sjálfir þannig að þetta eru öfugmæli hjá hv. þm. Með aðild að EES verðum við að undirgangast miklu strangari kröfur á umhverfissviði og umhverfisvernd en eru í gildi í íslenskri löggjöf þannig að þessi rök eru ekki bara falsrök heldur mótsagnir því málunum er þveröfugt farið eins og hv. þm. veit.

Hv. þm. er virkur þátttakandi í norrænni samvinnu. *Ætlar hann að halda því fram að Norðurlöndin stefni* að því að rýra félagslega stöðu þegna sinna með aðild þeirra að EES? Það er fráleitt. Hv. þm. veit betur en það er skoðun hans að svona skuli það vera og þeirri skoðun mun hann halda fram fram í rauðan dauðann og við því er ekkert að segja. Það verður bara svo að vera.

Hv. þm. segir að með aðild að Evrópsku efnahagssvæði séu þjóðirnar að afsala sér fullveldisrétti sínum. Hafa Danir afsalað sér fullveldisrétti sínum með því að gerast aðilar að Evrópubandalaginu? Er Danmörk ekki lengur fullvalda ríki? Mun hann þá sem áhugamaður um norræna samvinnu gera tillögu um að Íslendingar kalli heim sendiherra sinn í Danmörku þar eð hann líti ekki lengur á Danmörku sem fullvalda ríki? Mun hann gera það sama gagnvart Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Belgíu og Hollandi? Telur hann að ekki sé lengur um fullvalda ríki að ræða og að Íslendingar eigi að breyta þeim háttum sem þeir hafa haft á stjórnmálasamskiptum við þessi ríki? Hv. þm. verður að vera samkvæmur sjálfum sér. Það er ekki hægt að segja eitt og meina annað.

Þau ríki ein geta gert samninga, eins og stefnir að með samningnum um EES, sem eru sjálfstæð og fullvalda og það þarf enginn að halda því fram að þau ríki sem gerast aðilar að EES né heldur þau ríki sem nú eru aðilar að EB séu ekki fullvalda. Hvaða viðurkenningu hefur hv. þm. fyrir því að í heiminum sé ekki lengur litið á ríkin í EB sem fullvalda og sjálfstæð ríki? Hverjir eru það sem ekki gera það? Vill hann nefna mér eitt land sem hefur komist að þeirri niðurstöðu að ríkin í Evrópubandalaginu séu hvorki sjálfstæð né fullvalda lengur? Og vill hann nefna mér eitt land sem mun líta svo á að ef Ísland samþykkir samninginn um EES þá sé Ísland þar með ekki lengur fullvalda og sjálfstætt ríki? Og ég spyr hann sjálfan, það er gott að það liggi hér fyrir: Verði frumvarpið um staðfestingu á EES-samkomulaginu samþykkt á Alþingi lítur hann þá sjálfur svo á að hann sé ekki lengur þingmaður í fullvalda og sjálfstæðu ríki? Mun hann eftirleiðis kynna Ísland á erlendum vettvangi sem ríki sem hvorki er fullvalda né sjálfstætt og hegða sér í samræmi við það?

Ég neitaði því ekki, virðulegi forseti, að með þessum samningi værum við að opna íslenskan vinnumarkað. Ég vakti athygli á því að við værum að stefna til jafnræðis. Við værum með sama hætti að opna vinnumarkað í Evrópubandalagsríkjunum og EES-svæðinu öllu fyrir Íslendingum í atvinnuleit og meginreglan í því sambandi væri jafnræðisreglan, þ.e. *að allir væru jafnir fyrir lögunum. Ég hélt að hv. þm.* væri stuðningsmaður þeirrar jafnræðisreglu bæði innan lands og í samskiptum þjóða.

Ég svaraði spurningu hv. þm. áðan og það sýnir að nokkru leyti þá aðferð sem hann notar í málflutningi sínum. Hann hafði nokkur orð um það í fyrri ræðu sinni hvernig heilbr.- og trmrh. ætlaði að fara að því að meta starfshæfi hvers og eins í heilbrigðisstéttum sem kynnu að sækja um starfsréttindi á Íslandi. Það yrði heldur en ekki umleikis hjá heilbr.- og trmrn. þegar fara þyrfti að meta það. Ég svaraði hv. þm. og upplýsti hann um að það væri nú ekki mikið verk vegna þess að fyrir lægju, og hefðu legið fyrir um nokkra hríð, reglur Evrópubandalagsins um lágmarkskröfur sem gerðar eru til starfsviðurkenninga þessara stétta í þeim ríkjum sem farið yrði eftir. Hv. þm. greip þá frásögn á lofti og sagði: Í þessum reglum eru lækkaðir staðlar um kröfur til heilbrigðisstéttanna frá því sem Íslendingar gera ráð fyrir.

Í fyrri ræðu hv. þm. kom í ljós að hann vissi ekki að þessar reglur væru til. Ég upplýsti hann um að þær væru til og þá kom hann upp í ræðustól og þóttist vita allt um það hvað stæði í þeim reglum sem hann fimm

mínútum áður hafði ekki haft hugmynd um að væru til. Hv. þm. er fljótur að afla sér heimildanna. Þetta segir okkur bara sömu söguna, að hann gangi út frá því sem gefnu að allt það sem tengist Evrópska efnahagssvæðinu hljóti að vera vont og miklu verra en það er á Íslandi a.m.k. Þess vegna vissi hann strax og gat fullyrt í ræðustól allt um inntak reglna EES um lágmarkskröfur til heilbrigðisstétta sem hann örfáum mínútum áður vissi ekki einu sinni að væru til.

Um spurningu hans um lyfin er það að segja að honum hlýtur að vera það kunnugt og einhvern tíma hlýtur hann að hafa séð tímarit læknasamtakanna, Læknaritið. Hann hlýtur að hafa veitt því athygli að þar, í fagtímariti heilbrigðisstétta, eru auglýst lyf og lækningatæki sem ekki er heimilt að auglýsa eða kynna í almennum auglýsingum á almennum markaði. Þetta er sú regla sem gildir í löggjöfinni. Það er heimilt að kynna fyrir læknum og heilbrigðisstéttum bæði lyf og lækningatæki með *þeim hætti að tryggt sé að það beri* ekki fyrir augu almennings. Það er og hefur verið gert með auglýsingum í fagtímaritum þessara stétta og það hefur verið gert t.d. með kynningafundum sem fulltrúum þessara stétta hefur verið boðið á með bréfum og kynningabæklingum sem sendir hafa verið til þeirra o.s.frv. Það er ekki hugmyndin að gera neinar breytingar á þessu, virðulegi forseti, þannig að allt það sem hv. þm. hefur sagt um þetta efni er út í hött vegna þess *að þetta er í gildi núna.* Við erum ekki að búa til neitt nýtt sem ekki hefur áður verið til í þeim efnum.

Það er ýmislegt þarflegt sem gerist í sambandi við lyfjainnflutninginn með aðild Íslands að EES og einna þarflegast er nú það að einkaumboðsmannakerfið sem við höfum búið við í lyfjainnflutningi um langt árabil fellur út. Með því öðlumst við möguleika á að kaupa lyfin án milligöngu íslenskra einkaumboðsmanna á þeim stöðum og lyfjamörkuðum erlendis sem við sjálfir kjósum að skipta við. Þetta hafa t.d. sjúkrahús í Danmörku notfært sér til þess að fá fram lækkun á sama lyfinu með því að kaupa það inn óöruvísi en í gegnum einkaumboðsmannskerfið sem áður fyrr var við lýði og þau hafa fengið lækkanir á lyfjakaupum með þeim hætti um allt að milli 30–40%. Lyfin eru ekki á neinu föstu verði á heimsmarkaðnum, þau eru á miklu hærra verði á hinum norræna lyfjamarkaði en t.d. á lyfjamörkuðum um mið- og sunnanverða Evrópu, sömu lyfin í sömu umbúðum frá sömu framleiðendunum. Núna eigum við ekkert val um þetta. Á Íslandi búum við við einkaumboðsmannakerfi í lyfjamálum þannig að við getum ekki keypt lyf frá öðrum en þeim sem er einkaumboðsmaður lyfjaframleiðandans hér á landi. *Samkeppni í þessu sambandi er lítil sem engin.* Með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu fellur þetta einkaumboðsmannakerfi niður og okkur gefst kostur á að kaupa lyf þar sem hagkvæmast er að kaupa þau þannig að þau verði ódýrust og komi að sem mestu gagni fyrir þjóðina. Þar er nú til nokkurs unnið.

Í lok ræðu sinnar dró hv. þm. upp fíkniefnaumræðuna og enn er notuð sama aðferðin. Enn er reynt að segja við Íslendinga: Tengist ekki öðrum Evrópuríkjum í efnahagslegri og félagslegri samvinnu vegna þess að það er svo mikil hætta á fíkniefnaneyslu og dópinnflutningi. Virðulegi forseti, hafa menn gert sér grein fyrir því hvaða mynd hv. þm. og aðrir á svipaðri skoðun eru að draga upp fyrir okkur af næstu nágrönnum okkar, Evrópu, sem frá fornu fari hefur verið menningarmiðstöð heimsins, af fólki sem er ekki síður vel af guði gert og vel menntað en við Íslendingar? Hver er myndin sem verið er að draga upp þegar Íslendingar eru hræddir á því að koma nálægt þessu fólki? Jú, það eru skottulæknar, dópsalar, eiturspúandi mengunardrekar, gírugir auðfurstar, iðjuleysingjar, tryggingasvikarar, gróðapungar, andfélagslegir sósíópatar og sósíaldemókratar. Þetta er lýsing hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar af hinu evrópska umhverfi okkar Íslendinga. Þetta er lýsing hans á fólkinu, sem byggir Frakkland, Bretland, Danmörku, Holland, Belgíu, Þýskaland o.s.frv. Svona sér hann Evrópu fyrir sér og ef hann trúir þessu er ósköp eðlilegt að hann sé hræddur. Ég er bara alveg *steinhissa á því,* virðulegi forseti, að hv. þm. skuli nokkurn tíma hætta sér út fyrir landsteinana og geri hann það mikið skelfing hlýtur hann að vera hræddur og skelkaður þangað til hann sleppur inn fyrir landsteinana aftur.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki er hægt að kvarta undan því að hæstv. ráðherra fari ekki á kostum hér í ræðustól. Hann býr til langa orðalista sem hann leggur í munn annarra en eru ættaðir beint úr hans eigin penna og gefur öðrum upp skoðanir sem þeir hafa ekki túlkað hér. En þetta er alveg nýr flötur á umræðum í þinginu og það er allt í lagi. Mín vegna má hæstv. ráðherra temja sér það.

Ég kemst ekki langt í svörum við ráðherrann í andsvari. Ég vil nefna örfá atriði, virðulegi forseti, í fyrsta lagi varðandi það sem er í pípunum, þær ákvarðanir í löggjöf og tilskipunum sem Evrópubandalagið hefur tekið. Ég veit ekki betur en það liggi fyrir að EFTA-ríkin þurfi að taka afstöðu til þess sem hefur verið ákvarðað frá 31. júlí 1991 til þess dags sem samningurinn á að taka gildi. Ég spyr hæstv. ráðherra: *Vísar hann þessu frá? Er málið ekki þannig vaxið?* Það væri fróðlegt að heyra það frá hæstv. ráðherra hvernig hann metur þá stöðu.

Í öðru lagi varðandi réttindi Íslendinga á erlendri grund. Þar greinir okkur á. Ég tel að við eigum ekki að haga ákvörðunum varðandi Ísland út frá því hvað við ímyndum okkur að eigi að vera eða þurfi að vera réttindi Íslendinga á erlendri grund. Ég starfa að málum til þess að gera sem bærilegast fyrir Íslendinga að búa í landinu og halda sig sem mest hér, þ.e. að þeir hafi tækifæri hér ef þeir kjósa svo. Ég hef ekki orðið var við neinar bænarskrár frá Íslendingum í útlöndum um að við förum að gera þennan samning. Það getur verið að hæstv. heilbrrh. hafi fengið þær, ég þekki þær ekki.

Hitt er svo annað mál að við höfum á undanförnum árum, og reyndar nokkuð langt til baka litið, verið að gera samninga við önnur ríki um réttindi þegna okkar erlendis og það m.a. eftir svonefndu Lúxem-

borgarspori í menntamálum, heilbrigðismálum, þróunarmálum, umhverfismálum og á fleiri sviðum. Það er með þeim hætti sem við eigum að tryggja réttindi okkar, sem erum erlendis og samskipti við erlend ríki og þurfum auðvitað hafa í sem bestu horfi.

Hæstv. forseti. Í þessum samningi felst stórfelld skerðing á sjálfsákvörðunarrétti Íslendinga um leið og með honum væri verið að brjóta íslensku stjórnarskrána.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvernig geta menn haldið því fram að það skipti íslenska þegna sem búa á Íslandi engu máli hver réttarstaða Íslendinga er t.d. á erlendum mörkuðum? Það skipti menn engu máli hvort þeir hafa möguleika á að selja sína vöru á skikkanlegu verði á erlendum mörkuðum eða ekki. Hvernig geta menn haldið svona hlutum fram?

En ég ítreka það að hv. þm. svaraði ekki spurningu minni áðan: Hvað mun hann segja um land sitt og þjóð og sjálfan sig verði þessi samningur staðfestur? Mun hann þá ekki lengur telja sig þingmann sjálfstæðrar og fullvalda þjóðar? Til hvaða úrræða mun hann þá grípa og hvernig mun hann kynna þessa þjóð sína á erlendum vettvangi eftir það? Mun hann kynna þjóð sína sem verandi hvorki sjálfstæð né fullvalda?

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra vék sér undan að svara spurningu minni varðandi þau lög og reglur sem Evrópubandalagið hefur innleitt hjá sér á samningssviðinu frá því í lok júlí 1991. Með hvaða hætti munu stjórnvöld og hann, sem hluti af íslensku ríkisstjórninni, bregðast við í þeim efnum og ganga frá þeim málum gagnvart Alþingi Íslendinga?

Varðandi spurninguna um það hvernig við Íslendingar berum okkur eftir að svona samningur hefur verið gerður af Íslandi, staðfestur af Alþingi Íslendinga. Ég vona sannarlega að sú stund renni ekki upp og ég mun ekkert liggja á því þá frekar en nú hvernig ég met það valdaafsal sem felst í þessum samningi. Það er ótvírætt.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. hefur ekki enn svarað því hvernig hann mun kynna þjóð sína og land sitt og sjálfan sig eftir að EES-samningurinn hefur verið staðfestur.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka mikinn þátt í þessari umræðu. Það hafa kvennalistakonur gert á undan mér og skýrt sjónarmið okkar. En sé mig knúna til að koma upp og segja örfá orð.

Í upphafi vil ég segja það að ég hef setið nokkuð mikið í þessum þingsal þau fimm ár sem ég hef verið á þingi og ég man aldrei eftir að hafa heyrt hv. 4. þm. Austurl. nota þau orð sem hæstv. heilbr.- og trmrh. leyfði sér að leggja honum í munn áðan. Að vísu man ég eftir að hann hefur notað orðið sósíaldemókratar en það var líka það eina af þeim orðum sem hæstv. heilbr.- og trmrh. notaði og mér finnst, virðulegi forseti, spurning hvort hægt er að leyfa hæstv. ráðherrum að leggja slík orð öðrum í munn úr þessum ræðustól. Ég efast stórlega um að það sé sæmandi. (**Forseti:** Forseti vill geta þess, eins og hv. ræðumanni er kunnugt, að forseti, sem nú situr hér, sat ekki í stólnum meðan hv. 4. þm. Austurl. hélt ræðu sína. En að því gefna tilefni vill forseti taka fram að það ber auðvitað að átelja það að orð sem hv. þm. segja ekki séu lögð þeim í munn að ósekju. Það skyldu menn varast.) Ég þakka forseta fyrir. Mér þykir það með ólíkindum að nota slíkan orðaforða þegar við erum að ræða hér mjög alvarlegt frumvarp um breytingu á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála og virðist mér að ráðherrann noti ákaflega lítinn hluta af sínum tíma í að svara þeim spurningum sem fram koma heldur meiri hlutann af tímanum í útúrsnúninga og ósæmileg ummæli um aðra, að mínu mati a.m.k.

En ástæðan fyrir því að ég bað um orðið upphaflega voru þær fullyrðingar sem komu fram af hálfu hæstv. ráðherra að það sé hægt að krefjast íslenskukunnáttu af fólki frá Evrópska efnahagsvæðinu. Ég spyr þess vegna, hvernig getur hæstv. ráðherra túlkað það svo þegar það kemur greinilega fram í þessu frumvarpi að það er verið að flokka fólk í tvennt? Það er tekið greinilega fram um heilbrigðisstéttir, um lækna, um tannlækna, um ljósmæður og hjúkrunarfræðinga, a.m.k. er það mjög greinilegt eftir mínum lestri, að fólk er flokkað í tvennt, það sem býr á Evrópsku efnahagssvæði og það sem býr utan þess. Af hverju á þá að krefjast þess að fólk, sem býr utan hins Evrópska efnahagssvæðis, kunni að skrifa og tala íslensku og af hverju þarf að taka það sérstaklega fram? Er það ekki þá óþarfi ef hvort sem er er hægt að krefjast þess af öllum? Það vil ég meina fyrst það er á annað borð meiningin að breyta þessu.

Síðan vil ég benda heilbr.- og trn. á að í 2. gr. þessa frv. er prentvilla, sem þarf auðvitað að leiðrétta ef þetta fer óbreytt í gegn. Það er beygingarvilla. Það er talað um að sé um erlendan ríkisborgara, svo stendur „aðra en" og af því það er talað í eintölu þá á auðvitað að vera eintala á eftir. Þetta er smáatriði en þarf samt að leiðrétta það þegar þar að kemur. En það atriði finnst mér vera mjög einkennileg túlkun af hálfu ráðherrans, að það sé hægt, þrátt fyrir þessi ákvæði, verði þetta að lögum, að krefjast þess af borgurum hins Evrópska efnahagssvæðis að þeir geti talað og skrifað íslensku þegar það kemur greinilega fram, að verið er að flokka fólk í tvennt og ég trúi því ekki að þá sé nauðsynlegt að flokka þetta í tvennt ef á annað borð á að krefjast þess að fólk kunni íslensku.

Síðan fór ráðherrann út og suður og talaði um aðra þætti en þá sem er fjallað er um í þessu frv. og talaði m.a. um að með þessum samningi yrði ungu fólki tryggður aðgangur að menntastofnunum. Mér finnst alveg ótrúlegt að við þurfum að vera að dragast með þetta í öll þessi ár. Það er búið að margbenda ráðherr-

anum, heilbr.- og trmrh. og öðrum ráðherrum, á — og það hefur verið viðurkennt úr þessum stóli, hæstv. menntmrh. svaraði því á síðasta þingi — að það er ekki innifalið í þessum samningi heldur eru það aðrir samningar sem um þetta fjalla. Hins vegar eru þeir tengdir og ef af þessu Evrópska efnahagssvæði verður, verða þeir felldir inn en það er algjörlega utan við. Það hefur verið margspurt að því m.a. hjá Evrópubandalaginu og er alveg ljóst að auðvitað mun þetta gilda hvort sem af þessu Evrópska efnahagssvæði verður eða ekki og það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðherra að halda öðru fram. Hann getur bara spurt aðra ráðherra í ríkisstjórninni og þá sem hafa fjallað um þessi mál. Þeir geta svarað honum og skýrt þetta út fyrir honum en þetta er nú samt svona og hann verður að kyngja því. Við viljum auðvitað öll tryggja að okkar unga fólk komist til menntastofnana í öðrum löndum og háskólarnir verða ekki lokaðir þó að við samþykkjum ekki aðild að þessu Evrópska efnahagssvæði.

Það kom greinilega fram í máli hæstv. ráðherra ... (Forseti hringir). Virðulegi forseti. Ég var að reyna að vekja athygli ráðherrans á að ég var að reyna að tala til hans og gefa honum tækifæri á því a.m.k. að mótmæla ef mín túlkun á hans máli er ekki rétt, en mér fannst koma mjög greinilega fram í máli hæstv. ráðherra að það er Evrópubandalagið sem mun hafa hér tögl og hagldir. Það er Evrópubandalagið sem ræður því hvernig reglugerðirnar líta út. Það er Evrópubandalagið sem mun ákveða eftir hvaða reglum við eigum að fara hér á landi. Þannig að þegar hann heldur því fram að við séum að taka þátt í einhverri þróun Evrópusamstarfs með því að gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði þá kom það greinilega fram í hans eigin máli að það er auðvitað misskilningur. Við munum bara dingla með og hafa engin áhrif. Við megum segja álit okkar á því hvort við teljum að þetta sé nú kannski rétt að hafa þetta svona eða hinsegin en það er framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins í Brussel sem mun ráða því hvernig lög og reglur munu líta út hér á Íslandi í framtíðinni. Þannig að þegar því er haldið fram af hálfu ráðherrans að við séum þátttakendur í einhverju þróunarferli með því að taka þátt í þessu þá er það tóm vitleysa. Hann þarf ekki annað en að lesa sína eigin ræðu til þess að sjá að það sem hann sagði var allt upp á það að hann þyrfti auðvitað að setja reglur hér sem væru samhljóða þeim reglum sem Evrópubandalagið hefur sett. Þannig að ég get ekki séð að það hafi nokkuð með þátttöku okkar í Evrópuþróun að gera. Það er langt frá því. Við erum einmitt með þessu móti að útiloka það að við getum sem sjálfstæð og fullvalda þjóð haft áhrif á það ferli sem þarna er á ferðinni. Við verðum að lúta því sem Evrópubandalagið ákveður.

Ég ætla ekki, þó að ráðherrann hafi gefið fullt tilefni til þess, að fara út í almenna umræðu um samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Það hef ég gert hér áður, reyndar undir öðrum dagskrárlið og hefði ráðherrann kannski betur tekið þátt í umræðunni um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði en nota ekki svona mikinn tíma til að ræða hann almennt undir þessum dagskrárlið sem er um heilbrigðis- og tryggingamál. En hann ræður því auðvitað sjálfur.

Ég vísa því á bug að við sem efumst um ágæti þessa samnings séum með einhverja einangrunarstefnu og viljum ekki samstarf við Evrópuþjóðir. Það er einmitt það sem við viljum. Við viljum samstarf við Evrópuþjóðir, við viljum reyndar samstarf við allar þjóðir en við viljum ekki beygja okkur undir vilja Evrópubandalagsins. Við viljum einmitt vera þátttakendur. Ég vil að Ísland verði þátttakandi í Evrópuþróuninni en ekki viljalaust verkfæri í höndum Evrópubandalagsins.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum búin að vera á fimmta klukkutíma að ræða þessi mál og það hefði náttúrlega verið mjög gott ef hv. þm. hefði verið viðstaddur umræðuna þannig að menn þyrftu ekki að fara að svara því sem búið er að svara mjög þráfaldlega og efnislega hér í þessum umræðum. Ég ætla ekki að gera það út af þessari spurningu um íslenskukunnáttuna heldur vísa hv. þm. að leita upplýsinga hjá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur sem spurði nákvæmlega um það efni sem hún spurði um og fékk alveg fullgilt og fullnægjandi svar.

Ég vil aðeins láta það koma fram að það kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni að það svar væri alveg fullgilt og fullnægjandi og ég vildi gjarnan að menn væru ekki að gera sér leik að því að lengja umræðuna með að koma svona eins og þrumur úr heiðskíru lofti undir það þegar umræðu er að ljúka og að fara að fitja upp á sokkunum á ný eins og aldrei hefði nokkur sokkur verið prjónaður.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra heldur sig við sama heygarðshornið. Hann vill ekki svara þingmönnum. Hann er með útúrsnúninga og dylgjur. Fyrir það fyrsta þá hlustaði ég á ræðu hæstv. ráðherra. Hann svaraði því ekki fullnægjandi að því er ég tel. Ég tel að ég hafi ekki enn þá fengið svar og það eru hreinir útúrsnúningar að leyfa sér að halda því fram. Hvernig í ósköpunum veit hæstv. ráðherra hversu mikið ég hef hlustað á hann? Ég er búin að hlusta mjög mikið á hann. Ég er búin að hlusta á allar hans ræður hér í dag. Ég sat að vísu ekki alltaf í sætinu mínu, stundum sat ég hérna á bak við hann. En þó að hv. þm. Guðmundur Bjarnason hafi fengið fullnægjandi svar við sínum spurningum þá leit ég ekki svo á og lít ekki enn þá svo á að hæstv. ráðherra hafi svarað spurningunni sem ég bar fram.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Ég skal fúslega veita hv. þm. prívatsvar fyrst hv. þm. biður um það. Þarna er um það að ræða annars vegar að verið er að setja íslenskukunnáttu sem skilyrði fyrir veitingu starfsréttinda. Hins vegar er um það að ræða hvort hægt sé að setja íslenskukunnáttu sem skilyrði fyrir ráðningu í starf. Í gildandi lögum er

ákvæði um að íslenskukunnátta skuli mælast og metast áður en starfsréttindi eru veitt. Eina breytingin, sem gerð er í þessu frumvarpi, er sú að þetta skilyrði er fellt út hvað varðar borgara í EES-löndum en því haldið gagnvart borgurum utan EES. Þannig að alveg er ljóst að íslenskukunnátta verður ekki lengur, verði þetta samþykkt, gerð að skilyrði fyrir veitingu starfsréttinda heilbrigðisstétta hér á Íslandi komi viðkomandi frá EES-svæði.

Hins vegar er hægt að gera þá kröfu við starfsráðningu að þó að viðkomandi hafi full starfsréttindi hér á Íslandi þá sé skilyrði fyrir því að hann sé ráðinn til starfs að hann hafi vald á íslensku máli. Þetta kom mjög glögglega fram í máli mínu. Mér finnst leitt ef ég hef ekki getað gert mig skiljanlegan. Ég vona að mér hafi tekist það núna en að sjálfsögðu skal ég senda hv. þm. þetta skriflega ef það auðveldar málið.

Hins vegar beindi hún spurningu til mín sem ég gleymdi að svara. Hún spurði hvort það væri rétt að ég hefði sagt að Evrópubandalagið hefði hér tögl og hagldir. Það er ekki rétt. Það hef ég ekki sagt.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði það reyndar ekki. Ég sagði að það hefði komið fram í máli hans að það væri Evrópubandalagið sem ákvæði hvers konar reglur væru settar hér á landi. Það var það sem hann sagði.

En hæstv. ráðherra misskilur greinilega það sem ég var að tala um varðandi íslenskukunnáttuna. Ég heyrði nákvæmlega þetta svar, nákvæmlega sama svarið. Ég var að tala um að í þessu frumvarpi kæmi greinilega fram að verið væri að flokka fólk í tvennt, annars vegar þá sem væru á Evrópsku efnahagssvæði og hins vegar hina. Mín efasemd er fyrst og fremst sú að ég tel að síðan muni það ekki standast að segja, þegar við erum búin að þessu, að við megum krefjast þess að fólk á Evrópska efnahagssvæðinu kunni íslensku. Ég held að það muni ekki ganga og mér finnst umhugsunarefni, eigum við þá ... (Forseti hringir). Fæ ég ekki tvær mínútur, virðulegi forseti. (**Forseti:** Jú, ég hygg að þær tvær mínútur séu búnar.) 1.26 stendur hjá mér. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki rétt.) (**Forseti:** Ég fellst á það, en eitthvað hefur gerst sem ég skil ekki.) En það var ósköp lítið í viðbót. (**Forseti:** Ég gef hv. þm. 30 sekúndur.) Ég leit bara á klukkuna og fór eftir því sem þar stóð.

Það sem ég set spurningarmerki við er hvers vegna erum við þá að krefjast þess í frv. eins og þessu að fólk utan hins Evrópska efnahagssvæðis þurfi að sanna kunnáttu sína í mæltu og rituðu íslensku máli ef fólk innan svæðisins á ekki að gera það? Ég set stórt spurningarmerki við slíkt ákvæði í íslenskum lögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 32. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 33.

Guðmundur Bjarnason *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um þingsköp í tilefni þess að nú á að fara að taka á dagskrá a.m.k. eitt mál, fyrsta málið, sem fjallar um sjávarútvegsmál af mörgum sem hér sem eru á dagskránni, dagskrármál númer 14–17 og vil vekja athygli hæstv. forseta og hæstv. sjútvrh. á að það vantar æði mikið á að hér sé fullskipuð sveit í þinginu. Það eru ekki nema 18 þingmenn viðstaddir þar af því miður ekki nema minni hluti hv. sjútvn. Það vantar virðulegan formann þeirrar ágætu nefndar, hv. þm. Matthías Bjarnason, sem hefur fjarvistarleyfi í dag, ásamt öðrum sjávarútvegsnefndarmönnum og ég vil því a.m.k. beina því til virðulegs forseta og hæstv. ráðherra hvort ekki sé álitamál hvort tiltækt sé að fjalla um þessi mál nú að fjarstöddum svo mörgum sjávarútvegsnefndarmönnum og mönnum sem ég veit að hafa mikinn áhuga á að taka þátt í þessari umræðu.

Ég vil út af fyrir sig, virðulegi forseti, ekki á þessu stigi krefjast þess að umræðunni sé frestað en beini því til virðulegs forseta og hæstv. ráðherra hvort ekki sé a.m.k. umhugsunarefni að ljúka ekki umræðunni um málin ef þeir sem hér ráða ferð og stjórna þinghaldi sjái sér það fært.

Mér er ljóst að umræðan í dag um það mál sem var á dagskrá hefur tekið langan tíma og sjálfsagt miklu lengri tíma en menn gerðu ráð fyrir. En mér finnst það vera spurning um málsmeðferð á viðkvæmum málum sem ég veit að margir hv. þm. hafa áhuga á að ræða um og segja álit sitt á og hugsanlega einnig að spyrja hæstv. ráðherra um einstök efnisatriði, hvort tiltækilegt er að klára umræðuna í dag.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti gerir sér grein fyrir að hér er nokkur vandi á ferðum. Þessum fundi er einungis ætlað að standa til kl. sex og hugsunin var að taka nú fyrir fjögur mál sem varða sjávarútveginn og er þar um að ræða 14., 15., 16. og 17. mál. Hugmyndin var að forsetinn legði til að rætt væri um Ríkismat sjávarafurða, Fiskistofu og Meðferð sjávarafurða og eftirlit í einu lagi. Forseti hlýtur að sýna þá sanngirni að hér sé e.t.v. farið í of mikilvæg mál til þess að hægt sé að ætlast til þess að svo fámenn sveit skili málinu til nefndar og heldur því að farsælast væri að slíta fundinum nú því forseti telur ekki að það verði til að flýta fyrir afgreiðslu málanna að þvinga fram málsmeðferð þennan hálftíma sem eftir er.

Guðmundur Bjarnason *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessar undirtektir. Það er ekki krafa mín að fundi sé slitið. Hafi hann átt að standa til kl. sex geri ég enga kröfu um það. Ég

ætla ekki að tefja tímann með þingskapaumræðu og get fallist á að hæstv. ráðherra mæli fyrir málinu, en að umræðu verði ekki lokið.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fá að taka undir með hæstv. forseta að þar sem við eigum afskaplega lítið eftir af tíma í dag tel ég það ekki mikla töf á störfum þingsins að færa alla þessa umræðu til sama dags þannig að hún verði heilleg og styð það eindregið að fara ekki að hefja umræðu nú fyrst svona lítið er eftir af deginum. Ég er vissulega búin að bíða eftir því að þessi umræða hefjist en það hafa ekki allir haft aðstöðu til þess og ég held að það hljóti að vera í þágu góðra vinnubragða í þinginu að fara ekki út í þessa umræðu núna. Það skiptir alls ekki sköpum í umræðum um þessi mál hins vegar held ég að það hljóti að verða heillegri og betri umræða í einu lagi frekar en slíta hana í sundur með því að byrja á því að mæla fyrir einhverju.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Það er að vísu svo að það er á ábyrgð hvers og eins þingmanns að sækja þingfundi og jafnan ekki hægt að fresta málum þó að einstaka þingmenn vanti jafnvel þó að vitað sé um áhuga þeirra á slíkri umræðu. En satt er og rétt sem hér hefur komið fram að það er skammur tími til klukkan sex en þá mun hafa verið áformað að ljúka þinghaldi í dag. Býsna margir hv. þm. sem hafa látið sig sjávarútvegsmál skipta eru fjarverandi í dag og í trausti þess að greitt verði fyrir framgangi þessara mála þannig að þau komist til nefndar strax eftir helgi get ég fyrir mitt leyti fallist á að umræðunni verði frestað hér í dag. (**Forseti:** Forseti þakkar hæstv. sjútvrh. fyrir sanngirni hans.)

Umræðu frestað.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Út af dagskrá þessa fundar er tekið 14.–20. dagskrármál. Fleira liggur ekki fyrir fundinum. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

20. FUNDUR

mánudaginn 14. sept.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, stjfrv., 25. mál, þskj. 25. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.).
2. Tollalög, stjfrv., 26. mál, þskj. 27. — 1. umr.
3. Vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 27. mál, þskj. 28. — 1. umr.
4. Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, stjfrv., 34. mál, þskj. 35. — 1. umr.
5. Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, stjfrv., 35. mál, þskj. 36. — 1. umr.
6. Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., stjfrv., 36. mál, þskj. 37. — 1. umr.
7. Ríkisendurskoðun, stjfrv., 63. mál, þskj. 65. — 1. umr.
8. Sáttastörf í vinnudeilum, stjfrv., 71. mál, þskj. 73. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.,
Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Salome Þorkelsdóttir, 2. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.

Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, frh. 1. umr.

Stjfrv., 25. mál. — Þskj. 25.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, RG, SigG, SighB, StB, TIO, VS, ÖS.

26 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, IBA, JÁ, KSG, KE, MB, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GuðjG, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, RG, SigG, SighB, StB, TIO, VS, ÖS.

26 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, FI, GHH, GB, GHall, IBA, JÁ, JBH, KSG, KE, MB, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Tollalög, 1. umr.

Stjfrv., 26. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 27.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, og lögum nr. 97/1982, um vörugjald, með síðari breytingum.

Frv. þessu, sem lagt er fram í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, er ætlað að tryggja að álagning gjalda á upprunavörur frá ríkjum EES verði í samræmi við ákvæði samningsins. Er hér einkum átt við II. kafla samningsins um frjálsa vöruflutninga ásamt bókun 3 um framleiðsluvörur sem leggja má verðjöfnunargjald á.

Samkvæmt samningnum eru tollar á innflutning og útflutning, svo og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, bannaðir á milli samningsaðila. Sambærileg ákvæði eru í stofnsamningi EFTA, Stokkhólmssamningnum, og fríverslunarsamningi Íslands og Evrópubandalagsins. Ísland hefur hingað til haft sérstaka undanþágu til að leggja á fjáröflunartolla á vörur frá þessum samningsaðilum sínum á meðan vörurnar eru ekki framleiddar hér á landi. Þessar undanþágur falla úr gildi með samningnum um EES.

Aðalákvæði sem þetta varðar og snerta skatta er að finna í 10. gr. og 14. gr. EES-samningsins. Taka þau til vöruliða í 25.–97. kafla vörulýsinga og vörunúmeraskrár, þ.e. tollskrár, það er iðnaðarvara og einstakra annarra vöruliða, einkum vara úr landbúnaðarafurðum sem fjallað er um í bókunum 2 og 3 með samningnum og um gilda sérstakar reglur.

Með leyfi forseta, þá hljóðar 10. gr. samningsins svo:

„Tollar á innflutning og útflutning, svo og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðir milli samningsaðila. Með fyrirvara um það fyrirkomulag sem um getur í bókun 5 skal þetta einnig eiga við um fjáröflunartolla."

Í 14. gr. segir, með leyfi forseta:

„Einstökum samningsaðilum er óheimilt að leggja hvers kyns beinan eða óbeinan skatt innan lands á framleiðsluvörur annarra samningsaðila umfram það sem beint eða óbeint er lagt á sams konar innlendar framleiðsluvörur.

Samningsaðila er einnig óheimilt að leggja á framleiðsluvörur annarra samningsaðila innlendan skatt sem er til þess fallinn að vernda óbeint aðrar framleiðsluvörur."

Eins og greinar þessar bera með sér leggur samningurinn þær kvaðir á samningsaðila að leggja ekki á tolla eða skatta sem brjóta gegn því grundvallarmarkmiði að koma á frjálsum vöruflutningum.

Að öðru leyti mælir hann ekki fyrir um skattlagningarreglur og er það í samræmi við það að innan Evrópubandalagsins og að sjálfsögðu einnig innan EFTA er skattlagning að fullu í höndum hvers og eins aðildarríkis og verður henni ekki breytt með sameiginlegum ákvörðunum.

Hvað tolla og skatta varðar er meginatriði tilvitnaðra greina að jafnræði ríki milli samkeppnisaðila og að ekki skipti máli við gjaldtöku frá hvaða landi varan kemur. Það þýðir að Ísland þarf að leggja niður innflutningstolla og önnur gjöld sem leggjast á innflutning sérstaklega.

Samningurinn hindrar það ekki að í stað tolla og innflutningsgjalda verða tekin upp gjöld sem leggjast jafnt á innflutning og innlenda framleiðslu. Slík gjöld eru kölluð vörugjöld og hafa þegar verið tekin upp á fjölmarga vöruliði sem ekki er heimilt að leggja toll á við innflutning frá EFTA- og EB-löndunum séu vörur þessar einnig framleiddar hér á landi.

Í frv. er að finna breytingar á tollalögum til að uppfylla ákvæði samningsins um niðurfellingu tolla og ákvæði um vörugjöld á almennar iðnaðarvörur. Í sérstöku frv. sem lagt er fram samhliða þessu eru tillögur um vörugjöld á ökutæki og eldsneyti. Frumvörpin miðast við að tekjur ríkissjóðs af tollum og vörugjöldum séu að mestu óbreyttar og að verðhlutföll milli vörutegunda raskist sem minnst.

Þeir vöruflokkar sem frv. tekur til eru iðnaðarvörur í köflum 25–97 í tollskrá sem í dag bera fjáröflunartolla. Sérstök heimildarákvæði eru í frv. til álagningar verðjöfnunargjalda á framleiðsluvörur úr landbúnaðarhráefnum auk þess sem tollar verða felldir niður af tilteknum suðrænum landbúnaðarvörum í samræmi við tvíhliða samning Íslands og EB um landbúnaðarmál en tollur af öðrum vörum sem samningurinn tekur til hefur þegar verið felldur niður.

Á árinu 1991 voru vörur þessar fluttar inn fyrir tæplega 3,9 milljarða kr. Þar af komu vörur fyrir rúmlega 2 milljarða eða um 54% innflutningsins frá löndum innan EES. Tollar af framangreindum iðnaðarvörum eru á bilinu 10–30% og á sumum þeirra er enn fremur 9% vörugjald. Tekjur af vörugjaldi og tollum á þessar vörur voru á árinu 1991 um 1.050 millj. kr.

Gert er ráð fyrir að lækkun tolla á iðnaðarvörur verði mætt með viðbót við gildandi vörugjaldskerfi. Vörugjald er nú lagt á í tveimur gjaldflokkum, 9% og 25%, jafnt á innlendar framleiðsluvörur sem innfluttar. Gjaldstofn innlendu framleiðslunnar er heildsöluverð vörunnar en stofn innfluttrar vöru er tollverð, eða svokallað cif-verð, að viðbættum tollum og 25% álagi sem er áætluð heildsöluálagning. Á árinu 1991 námu tekjur ríkissjóðs af vörugjaldi 2.405 millj. kr. Þar af voru gjöld af innflutningi um 1.380 millj. kr. en rúmlega 1 milljarður kr. af innlendri framleiðslu, aðallega af sælgæti, gosdrykkjum og matvælum, sem samningurinn nú tekur ekki til.

Eins og fram hefur komið felur EES-samningurinn í sér þá kvöð að fella niður tolla af vörum sem koma frá löndum innan svæðisins. Það er hins vegar ákvörðunarefni íslenskra stjórnvalda hvort eða að hvaða marki tollum á vörur, sem koma frá ríkjum utan svæðisins, svokölluðum ytri tollum, verður viðhaldið.

Helstu rökin fyrir því að viðhalda ytri tollum eru þau að í þeim felst nokkur fjáröflun fyrir ríkissjóð, vernd fyrir innlenda framleiðslu og að þeir veiti hugsanlega betri aðstöðu í samningum við ríki utan fríverslunarsvæðis ríkjanna sem taka þátt í Evrópska efnahagssvæðinu.

Fjáröflun með ytri tollum af þeim vörum sem frv. tekur til verður takmörkuð vegna þess að innflutningur á þeim frá löndum utan EES er tiltölulega lítill eða rúmlega 1,8 milljarður kr. Hvert prósentustig ytri tolls gefur því um 18 millj. kr. í tekjur eða minna ef tollurinn leiðir til þess að viðskipti færast frá löndum utan EES til landa innan svæðisins.

Þar sem þær vörur, sem frv. snertir, eru nær eingöngu fluttar inn en ekki framleiddar hér á landi eru verndunaráhrif ytri tolla óveruleg.

Á móti háum ytri tollum mælir það fyrst og fremst að þeir leiða eðli sínu samkvæmt til óhagkvæmni með því að beina viðskiptum til landa þar sem þau eru óhagkvæmari og leiðir það til hærra vöruverðs fyrir neytendur og minni tekna fyrir ríkissjóð. Er því æskilegt að takmarka notkun þeirra.

Í núgildandi tollalögum er heimild til að færa ytri tolla niður í 10% á þær vörur sem fríverslunarsamningar taka til og er algengast að sú heimild hafi verið notuð. Ytri tollar Evrópubandalagsins á þær vörur sem frv. tekur til eru yfirleitt á bilinu 3–9% eða allmiklu lægri en tollar hér á landi.

Með hliðsjón af framangreindu er í frv. gert ráð fyrir að heimilt verði að lækka ytri tolla á fullunnar iðnaðarvörur frá löndum utan fríverslunarsvæða nokkuð meira en verið hefur eða niður í 7,5% í stað 10% nú. Er ákvörðun vörugjalda og tekjuáætlun miðuð við það.

Samkvæmt frv. er lagt til að gjaldflokkar vörugjalds verði sex í stað tveggja nú og verði þeir frá 6% til 30%. Vegna þess að vörugjald leggst á tollverð að viðbættu 25% álagi, svara þessir vörugjaldsflokkar til 7,5–37,5% tolla.

Í tillögum þessum felst og að leggja þarf vörugjald á nokkrar nýjar tegundir innlendrar framleiðslu til þess að uppfylla kröfur um sömu álagningu á innlendar og innfluttar vörur. Þar ber helst að nefna hjólbarðasólningu og framleiðslu tengivagna. Þá mun vörugjald á framleiðslu bílavarahluta og yfirbyggingar bifreiða hækka. Á móti vegur að tollur af aðföngum til þessarar framleiðslu kann að lækka í einhverjum tilvikum, m.a. á notuðum hjólbörðum, komi þau frá löndum innan EES-svæðisins.

Áhrif þessara breytinga á tekjur ríkissjóðs eru í megindráttum þau að tolltekjur af þeim vörum sem

breytingarnar taka til lækka úr um 735 millj. kr. í 137 millj. kr., eða nálægt 600 millj. kr. Tekjur af vörugjaldi hækka um 590 millj. kr. Tekjur ríkissjóðs af innflutningi verða um 20 millj. kr. lægri eftir breytinguna en þær voru áður en tekjur af innlendri framleiðslu jafna þann mun að mestu. Tekjulækkun af innflutningi er að nokkrum hluta til komin vegna samræmingar og annarra breytinga sem nauðsynlegar þykja en ekki tengjast samningnum. Má t.d. nefna lækkun gjalda af krónum og fleira, svo og niðurfellingu tolla, annarra en ytri tolla af hljóðkútum, án þess að taka upp vörugjald í staðinn. Að teknu tilliti til slíkra breytinga eru tekjubreytingar af innflutningi óverulegar.

Á heildina litið eru verðlagsáhrif þessara breytinga talin hverfandi. Samkvæmt tillögunni má því reikna með að um 3,5% verðlækkun verði að jafnaði á vörum frá EES-svæðinu en um 4,5% verðhækkun á iðnaðarvörum sem fluttar eru inn annars staðar frá, samanber töflu sem fylgir með athugasemdum við frumvarpið. Að jafnaði er gert ráð fyrir 0,4% lækkun á verði innfluttrar vöru. Áhrif á verð einstakra vörutegunda getur vikið nokkuð frá þessum meðaltölum vegna þeirrar samræmingar á gjaldtöku sem áður er minnst á.

Tollar og vörugjöld á þær vörur sem frv. snertir voru að jafnaði um 27% af cif-verði þeirra. Var þetta hlutfall u.þ.b. hið sama fyrir vörur frá EES-löndunum og fyrir vörur frá öðrum löndum. Með þeim breytingum, sem frv. felur í sér, verða álögur þessar í heild um 0,5% lægri eða að jafnaði um 26,5%. Með tilliti til svæða breytast þær hins vegar verulega og verða að jafnaði um 22,8% á vörur frá EES-löndunum en að jafnaði um 32,6% á vörur frá öðrum löndum.

Tilgangur samningsins er m.a. að koma á frjálsum vöruflutningum. Í því efni þarf ekki aðeins að huga að gjöldum sem geta verið til hindrunar og mismunað samningsaðilum eftir því hvar þeir eru búsettir. Tæknilegar viðskiptahindranir og hvernig staðið er að eftirliti með vöruflutningum skiptir einnig máli.

Í bókun 10 með samningnum eru ákvæði um þær skuldbindingar sem samningsaðilar taka á sig til að einfalda eftirlit og formsatriði vegna vöruflutninga. Tilgangurinn er að auðvelda það og draga úr töfum og kostnaði þess vegna.

Í bókun 11 með samningnum eru einnig allítarleg ákvæði um gagnkvæma aðstoð yfirvalda í tollamálum.

Ljóst er að bókanir þessa kalla á endurskoðun á starfsháttum við tollgæslu og skipulag hennar. Kröfur um einfaldari og hraðvirkari afgreiðslu ásamt því að tekjur ríkissjóðs af tolli fara minnkandi gefa tilefni til að endurmeta verkefni tollkerfisins sem í vaxandi mæli er orðið að mikilvægum innheimtu- og eftirlitsaðila með virðisaukaskatti og vörugjöldum í stað þess að sinna fyrst og fremst tollheimtu eins og áður var.

Í tollalögum eru nú ákvæði sem heimila ráðherra að setja reglur um greiðslufrest aðflutningsgjalda. Hefur heimildinni verið beitt við greiðslu virðisaukaskatts við innflutning hjá þeim aðilum sem eftir því hafa leitað og uppfylla ströng skilyrði um tryggingar og skilvísi. Undirbúningur pappírslausrar tollafgreiðslu er nú á lokastigi. Reglugerð um hana tekur gildi á morgun. Samkvæmt henni verður að auki heimilt að veita greiðslufrest á öllum aðflutningsgjöldum. Vörugjöld eru á ýmsan hátt áþekk virðisaukaskatti og því gæti komið til álita að heimild til greiðslufrestunar taki einnig til þeirra. Veiting greiðslufrests hefur hins vegar í för með sér allmikla hliðrun á skilum á tekjum ríkissjóðs. Verður því að fara hægt í sakirnar og ef heimild þessi verður veitt þarf að dreifa áhrifum af henni t.d. á tvö eða þrjú ár.

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé óþarfi að skýra einstakar greinar frv. Ég vísa til athugasemda með frv. en í þeim athugasemdum er gerð allítarleg grein fyrir því sem finna má í einstökum greinum frv. Í almennu athugasemdunum eru einnig ýmsar upplýsingar sem skýra nákvæmlega hvaða breytingar verða þegar og ef þetta frv. verður samþykkt í tengslum við aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Að svo mæltu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og efh.- og viðskn.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég á sæti í þeirri nefnd sem mun fjalla um það frv. sem er til umfjöllunar og skal því ekki hafa mjög langt mál um það sem hæstv. fjmrh. sagði við 1. umr.

Það er þó nauðsynlegt að spyrja ríkisstjórnina um það hver sé stefna hennar að því er varðar samræmingu á samkeppnisstöðu íslenskra atvinnuvega og atvinnufyrirtækja á EES-svæðinu? Það hefur í reynd, hæstv. fjmrh., ekkert komið fram um það. Hér er um að ræða frv. þar sem er verið að fella niður fjáröflunartolla og taka upp vörugjald í staðinn. Það eina sem þar er fjallað um er að passa upp á það
að ríkissjóður fái nokkurn veginn sömu tekjur og hann hafði áður. Það er út af fyrir sig göfug stefna hjá fjmrh. á hverjum tíma að passa upp á slíka hluti. En það er líka til önnur hlið á því máli, hæstv. fjmrh. Hvaða áhrif hefur það á samkeppnisstöðu íslenskra atvinnuvega? Það verður ekki séð á þeim málum sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fyrir þingið að hún sé neitt farin að fjalla um það eða hafi almennt áhyggjur af því. Ríkisstjórnin virðist hafa miklar áhyggjur af fjárlagavandanum sem ég tel eðlilegt og skiljanlegt en skilningur ríkisstjórnarinnar á þörfum atvinnulífsins virðist vera afar lítill.

Menn eru að hugsa upp leiðir til að skattleggja atvinnuvegi sem eru í vanda, t.d. sjávarútveginn. Menn láta sér helst detta í hug að lækka tekjuskatt við þessar aðstæður í stað þess að lækka kostnaðartengda skatta atvinnulífsins til að jafna samkeppnisstöðuna við erlenda aðila. Ríkisstjórnin virðist því ekki gera sér grein fyrir því að það efnahagsástand sem nú ríkir er vaxandi atvinnuleysi og minnkandi framleiðslustarfsemi og allar breytingar á sköttum geta því miður orðið til þess að draga úr framleiðslustarfseminni og auka atvinnuleysið.

Þetta eru mínar almennu athugasemdir við þetta frv. og vil ég í því sambandi m.a. vitna til athugasemda Landssambands iðnaðarmanna og Félags ísl. iðnrekenda að því er varðar 1. gr. b í frv. þar sem heimild er

til fjmrh. að endurgreiða tolla af hráefni, efnivörum og hlutum í innlendar framleiðsluvörur ef tollar á sams konar erlendri framleiðslu eru jafnháir eða lægri en af efnivörunum. En samtökin segja, með leyfi forseta, um þessa grein:

„Samtökin telja orðalag þessarar greinar algjörlega óviðunandi. Það verður tæpast skilið öðruvísi en svo að heimild til niðurfellingar eða endurgreiðslu á gjöldum af aðföngum til innlendrar framleiðslu eigi einungis að ná til tolla en ekki til aðflutningsgjalda eins og verið hefur. Ekki verður því fellt niður eða endurgreitt vörugjald á aðföngum til innlendrar framleiðslu. Þar með væru fallin úr gildi núgildandi ákvæði um önnur aðflutningsgjöld en tolla í auglýsingu nr. 617/1989, um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar. Þetta telja samtökin með öllu ótækt og lýsa undrun sinni á þeirri tillögu sem í frv. felst. Auk þess telja samtökin tímabært, m.a. í ljósi þess að EES-samningar fela í sér fríverslun í þjónustuviðskiptum, að heimild til niðurfellingar eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af aðföngum til innlends iðnaðar verði útvíkkuð þannig að hún sé ekki bundin við vöruframleiðslu heldur nái einnig til viðgerðarstarfsemi sem er í beinni erlendri samkeppni og varðar viðgerðir á atvinnutækjum. Helstu dæmin um slíkt eru skipaviðgerðir og flugvélaviðgerðir en í báðum tilvikum á kaupandi þjónustunnar raunhæft val um það hvort hann skiptir við innlendan eða erlendan aðila." — Síðan er ákveðin tillaga um orðalag og tekið fram í þessari greinargerð eftirfarandi: „Tekið skal fram að samtökin leggjast gegn samþykkt frv. ef ekki verður gerð breyting á orðalagi þessarar greinar."

Það má segja að sú skoðun sem þarna kemur fram sé mjög eðlileg vegna þess að það er þýðingarlaust að gerast aðili að Evrópsku efnahagssvæði með jákvæðum árangri nema jafna samkeppnisstöðu íslenskra atvinnuvega við þá atvinnuvegi sem við eigum að fara að keppa við í vaxandi mæli hvort sem um er að ræða þjónustuviðskipti eða framleiðslustarfsemi. Og það má því segja að í þessu frv. sé nánast ekkert um það talað. Ætlast hæstv. fjmrh. til þess að þessi frv. verði afgreidd á færibandi án þess að komi einhver greinargerð frá ríkisstjórninni um jöfnun á samkeppnisstöðu atvinnuveganna? Það veit hæstv. fjmrh. að ekki er boðlegt, hvorki gagnvart atvinnuvegunum og allra síst gagnvart Alþingi. Og við sem störfum í efh.- og viðskn. hljótum því að fara sérstaklega ofan í þennan þátt.

Ég ætla ekki að gerast dómari um hvort rétt sé að afla ríkissjóði tekna með þeim hætti sem hér er lagt til. Ég vil þó benda á ýmsar athugasemdir sem koma fram, t.d. þá staðreynd að lögð eru mun hærri gjöld á stærri bíla en þá minni sem eru gild rök fyrir. Hins vegar kemur fram í umsögnum að þetta verður til þess að fleira fólk ekur á litlum bílum og slys eru þess vegna oft og tíðum alvarlegri en annars hefði orðið. Það er ekkert auðvelt að finna millileið og ég ætla ekki að segja til um það hvað er rétt í þeim efnum en við hljótum að taka það mál til athugunar.

Það er líka rétt að benda á þær athugasemdir sem hafa komið frá Verslunarráði Íslands þar sem bent er á þá staðreynd að það er lagt til að hækka gjöld á ýmsum vörum sem eru viðkvæmar í samkeppni við verslun ferðamanna. Verslun hefur verið að færast erlendis í allt of miklum mæli og má í því sambandi nefna að nú eru beinlínis auglýstar sérstakar verslunarferðir til nærliggjandi landa til að Íslendingar geti notið þess vöruverðs sem þar er. Menn eiga ekki að líta á það sem sjálfsagðan hlut að samkeppnisskilyrði íslenskrar verslunar séu mun verri en samkeppnisstaða verslunar í nálægum löndum. Og það hlýtur að þurfa að taka mið af þessu við samningu á frv. sem því sem hér er til umfjöllunar. Það er því alveg ljóst að ýmsar vörur sem áður voru lítt keyptar hér á landi, en verslun hefur aukist með á síðustu árum, munu í enn ríkari mæli verða keyptar af ferðamönnum erlendis og íslensk verslun á ýmsum slíkum tækjum minnka eða jafnvel falla niður. Því auðvitað er ekki hægt að halda uppi slíkri verslun nema veltan sé einhver. Þetta eru atriði sem hljóta að koma til umfjöllunar í sambandi við meðferð þessa máls.

Ég vil þó fyrst og fremst leggja áherslu á að hæstv. fjmrh. geri betri grein fyrir því hvernig ríkisstjórnin hyggst bæta samkeppnisstöðu íslenskra atvinnuvega, íslenskrar framleiðslustarfsemi og íslenskrar þjónustustarfsemi til að fyrirtækin geti tekist á við þá vaxandi samkeppni sem verður með tilkomu Evrópska efnahagssvæðisins. Ríkisstjórnin hefur því miður litla grein gert fyrir því og virðist vera þeirrar skoðunar að það sé nóg að ganga í EES og þá muni allt saman leysast af sjálfu sér. En það er mikill misskilningur. Það er ekki hægt að bjóða íslenskum atvinnuvegum upp á það að við gerumst aðilar að Evrópsku efnahagssvæði nema samkeppnisstaðan verði jöfnuð. Það þýðir að lækka þarf ýmis kostnaðartengd gjöld. Það þýðir að leggja verður niður aðstöðugjaldið svo eitthvað sé nefnt og ýmsir tollar verða að vera sambærilegir við það sem gengur og gerist í kringum okkur.

Ég geri mér grein fyrir því að það mun þýða tekjuminnkun hjá ríkissjóði og sveitarfélögum. Ríkissjóður og sveitarfélögin verða annaðhvort að mæta því með því að draga saman útgjöld eða að taka upp skatta sem eru hlutlausir gagnvart samkeppnisstöðu atvinnuveganna. Ef menn leggja á skatta sem eru þyngri en gengur og gerist í samkeppnislöndunum þýðir það einfaldlega að íslensk framleiðslu- og þjónustustarfsemi verður undir og sú atvinna sem rekin er hér á Íslandi mun flytjast til erlendra aðila. Það getur ekki verið keppikefli okkar Íslendinga. Það hlýtur að vera keppikefli okkar að auka hér atvinnu ekki síst þegar margir ganga nú um án atvinnu og án tekna og eiga sér ekki bjarta framtíð.

Frumvarpsflutningur sem þessi er ekki til þess fallinn að auka tiltrú á framtíðinni og möguleikum íslenskra atvinnuvega. Því miður virðist það vera sá tónn sem kemur frá hv. ríkisstjórn. En við hljótum að spyrja hvort fjmrh. er með það í undirbúningi að skipta um tón og skipta um gír nú á haustmánuðum þannig að menn fái einhverja trú á því að við getum unnið okkur út úr þeirri kreppu sem við nú stöndum frammi fyrir.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Með því frv. sem hér er komið til umræðu erum við að hefja skoðun á hinu margumrædda fjórfrelsi því þetta frv. hér um breytingu á tollalögum, um vörugjald o.fl. tengist auðvitað einum fjórða hluta þessa frelsis, þ.e. frjálsum vöruflutningum. Þetta frv. byggir að mestu leyti á 10. gr. samningsins um Evrópskt efnahagssvæði þar sem segir, með leyfi forseta:

„Tollar á innflutning og útflutning, svo og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðir milli samningsaðila. Með fyrirvara um það fyrirkomulag sem um getur í bókun 5 skal þetta einnig eiga við um fjáröflunartolla."

Ríkisstjórnin er að bregðast við þessum samningi og við þessu ákvæði með þeim breytingum sem hér eru lagðar til. En það vakna vissulega margar spurningar þegar kemur að þessu atriði. Og þá ekki síst því sem hv. síðasti ræðumaður kom hér inn á og var allmikið rætt í umræðunni um samninginn sjálfan, þ.e. hvernig íslensk fyrirtæki eru búin undir þær breytingar sem fram undan eru, þ.e. frjálsa vöruflutninga og frjálsa samkeppni á fleiri sviðum. Hér er auðvitað grundvallaratriðið að ekki má mismuna innlendum og erlendum aðilum. Það sama verður að gilda um íslensk fyrirtæki og þau erlend fyrirtæki sem hér hyggjast hasla sér völl eða verða með innflutning eða útflutning. Og ég hlýt að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvernig telur hann að íslensk fyrirtæki séu undir þetta búin? Hvað hefur verið gert til að kynna þeim þessar breytingar sem hér eru á ferð? Hefur verið gerð úttekt á því hvaða áhrif þetta muni hafa á íslensk fyrirtæki? Hvernig eru þau í stakk búin?

Það er ýmislegt í sjálfu frv. sem vert er að gefa gaum. Þá er það ekki síst í 2. gr. frv. þar sem vikið er að bókun 3 sem tengist samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Í þessari bókun er m.a. kveðið á um meðferð landbúnaðarvara. Ég skil þessa grein þannig að ríkisstjórnin hefur lagt ákveðna túlkun í bókun 3 sem er sú að heimilt sé að leggja vörugjöld á þær vörur sem undir þetta heyra og þá erum við fyrst og fremst að tala um sýrðar mjólkurvörur. En það hefur margoft komið fram í umræðunni að sumir draga í efa að þessi túlkun, þ.e. að heimilt sé að leggja á vörugjald og að innflutningsbann hafi í raun jafngilt 100% tolli, gangi upp en það mun væntanlega á það reyna þegar fram í sækir. Hér er þessi túlkun ríkisstjórnarinnar komin svart á hvítu í þessum lagabálki. Og ég spyr hæstv. fjmrh.: Er það ekki rétt túlkun hjá mér að þessi skilningur liggi á bak við?

Þeir sem sent hafa efh.- og viðskn. umsagnir um þetta frv., sem eru aðallega ýmsir aðilar vinnumarkaðarins einkum þeir sem eru í verslun og viðskiptum, hafa auðvitað bent á að með þessum breytingum, sem hér eru á ferð, muni það gerast að munur verður á verðlagi þeirra vara sem koma frá hinu Evrópska efnahagssvæði og þeim vörum sem koma annars staðar frá. Að sjálfsögðu eiga ýmsir innflytjendur erfitt með að sætta sig við þetta. Það er auðvitað spurning hvernig á þessu verður tekið. Er þetta réttlætanlegt? Þarna er náttúrlega verið að gefa vörum frá hinu Evrópska efnahagssvæði forgang. Auðvitað er það tilgangur þessa samnings að auka viðskipti milli samningsaðila og jafnframt að reisa tollmúra í kringum hið Evrópska efnahagssvæði þannig að framleiðendur í öðrum heimshlutum munu eiga erfiðara fyrir. Margir umsagnaraðilar vekja athygli á þessu og telja það óásættanlegt að gerður sé þessi greinarmunur á heimshlutum. En þetta er nú einu sinni eðli þessa samnings. Svo virðist líka vera að ýmsir þeir sem þessi mál snerta hafi ekki gert sér grein fyrir því að íslensk fyrirtæki yrðu ekki verndud á einhvern hátt. En það er auðvitað ekki heimilt samkvæmt þessum samningi. Auðvitað getur ríkisstjórnin gert íslenskum fyrirtækjum lífið bærilegra á ýmsan annan hátt með þeim aðstæðum sem fyrirtæki búa við hér á landi og þar má nefna t.d. vaxtastefnu, lánafyrirgreiðslu og ýmislegt fleira.

Ýmsir aðilar vekja athygli á því, t.d. Félag ísl. stórkaupmanna, að jöfnunartollar af því tagi sem á að fara að leggja á séu flóknir og torskildir í framkvæmd og að þeir leiði til hækkunar vöruverðs. Þeir slá því fram í bréfi sínu að slíkir jöfnunartollar hafi tilhneigingu til þess að hækka vöruverð.

Nú er það hluti af predikuninni um kosti hins Evrópska efnahagssvæðis að vöruverð muni almennt lækka, sem ég túlka þannig að menn gefi sér að verðið sé nokkuð uppspennt, og menn muni ná mikilli hagræðingu og væntanlega söluaukningu á hinu Evrópska efnahagssvæði. Auðvitað gæti þetta líka þýtt það sem maður óttast mest varðandi íslensk fyrirtæki að þau standist einfaldlega ekki samkeppnina, verði undir og hverfi af markaðnum og við stöndum frammi fyrir enn meira atvinnuleysi en ella.

Við vitum að vöruverð þarf að lækka. Það þarf að lækka vöruverð í landinu en þessi gjaldastefna verður náttúrlega ekki til þess. Ríkið ætlar að ná svipaðri upphæð af jöfnunargjöldum og fást núna með tollum. Auðvitað vitum við öll að ríkið þarf á tekjum að halda en það er auðvitað spurning hvort ekki séu til aðrar leiðir en þessi þar sem vöruverð er jafnhátt og raun ber vitni hér á landi og hefur reyndar löngum staðið ýmsum greinum fyrir þrifum, t.d. ferðaþjónustu sem menn óttast að nú standi frammi fyrir þrengingum vegna þess hversu vöruverð er orðið hátt.

Margar spurningar vakna í þessu samhengi en við munum að sjálfsögðu fara rækilega ofan í þetta mál í efh.- og viðskn. og kalla fyrir þá aðila sem þetta mál snertir sérstaklega. Ég hlýt að ítreka það að þetta mál, eins og önnur sem snerta skattlagningu á atvinnuvegunum, þarf auðvitað að fá rækilega kynningu. Menn verða að vita út í hvað við erum að ganga. Hvort sem menn eru með eða móti hinu Evrópska efnahagssvæði er það afar mikilvægt að allir viti út í hvað við erum að ganga, hvað þetta þýðir. Ég skil málið þannig að íslensk fyrirtæki fái ekki neinn aðlögunartíma. Þessi lög, eins og önnur sem fylgja samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, ganga í gildi þegar og ef samningurinn verður samþykktur. Ég held ég fari rétt með að það gildi líka um þessi lög. — Það segir hér í 8. gr. að þau öðlist gildi um leið og samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði en það leiðir okkur aftur að þeirri stóru

spurningu hvernig íslensk fyrirtæki eru undir þessar breytingar búin. Ég hlýt að beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvað sé á dagskrá ríkisstjórnarinnar varðandi það að bæta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Það sem maður óttast mest er að með þessum samningi og þeim breytingum, sem fylgja í kjölfarið, sé verið að gera íslensku atvinnulífi erfiðara fyrir en ekki að opna land möguleikanna eins og hæstv. ráðherrar tala svo oft um en hafa engan veginn rökstutt hvernig muni til okkar koma eða hvernig líti út í veruleikanum.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. fjmrh. sagði að það væri óþarfi að skýra nánar sérstaklega ýmsar greinar þessa frv. Ég saknaði þess kannski ekki svo sérstaklega að hann færi ofan í einstakar greinar en ég saknaði þess sérstaklega að hann útskýrði fyrir okkur stefnu stjórnvalda í þessum málefnum. Það sem er raunverulega að gerast er það að verið er að setja upp tollmúra, það er verið að aðlaga sig ytri tollum Evrópubandalagsins með þessu frv. og ég tel að það sé óhjákvæmilegt að það verði útskýrt nákvæmlega fyrir okkur á hv. Alþingi, að það sé yfirveguð og tekin stefna af þeim stjórnvöldum sem nú ráða ferðinni í landinu. Ég reyndi að fá hæstv. utanrrh. til þess að segja álit á þessu fyrir nokkrum dögum. Út úr því fékk ég ekki neitt nema það að lokum að hann sagði að þetta frv. væri á ábyrgð utanrrn. og nú ber ég fram spurninguna aftur: Er það raunverulega ígrunduð og tekin stefna af þessari ríkisstjórn að aðlaga sig að ytri tollum Evrópubandalagsins með þessu frv. og í framtíðinni?

Það er verið að setja á 7,5% ytri tolla á þær vörur sem fjallað er um í þessu frv. og ég sé ekki að annað sé hægt en fá skýr svör um það hvort það eigi að vera framtíðin að við múrum okkur af gagnvart öðrum ríkjum á þennan hátt. Auðvitað veit ég að að einhverju leyti er verið að reyna að fá til baka þær tekjur sem tapast við breytingarnar, þ.e. niðurfellingarnar á tollunum, en vitanlega var hægt að ná þeim til baka með hærri prósentum af vörugjöldunum og þurfti þess vegna ekki að gera mun á því hvaðan vörurnar kæmu. Það er ekki um neinn smámun að ræða. Annars vegar er verið að tala um að leggja gjöld á vörur frá löndum innan EES-svæðisins sem svarar 22,8% en á vörur frá löndum sem eru utan svæðisins 32,6%. Það er geysilega mikill samkeppnismunur á innflutning með þessum hætti. Það er kannski athyglisvert og ég ætla að rifja upp það sem stendur hér á bls. 6. í frv., með leyfi forseta:

„Enn fremur er rétt að hafa í huga að meðal þeirra vöruflokka, sem frv. tekur til, eru vörur sem að stærstum hluta koma frá löndum utan EES svo sem bílavarahlutir. Ytri tollar mundu leiða til þess að verð á þessum vörum hækkar almennt þar sem tilfærsla viðskipta með þær milli svæða er aðeins möguleg að takmörkuðu leyti þegar um er að ræða sérhæfða vöru."

Það sem verið er að segja er að vegna þess að menn hafi verið svo óheppnir að kaupa sér bifreiðar frá Japan eða öðrum löndum utan þessa svæðis þá geti þeir ekki annað en haldið áfram að kaupa varahluti í þá og þess vegna sé allt í lagi að hafa tollana hærri á þessum varahlutum.

Ég tel að stjórnvöld í þessu landi, sem hafa lýst því yfir — ég tel að það hafi verið nokkuð skýrt í yfirlýsingu hæstv. forsrh. fyrir nokkrum dögum í þinginu — að það væri ekki stefnt að inngöngu í EB, hefðu átt að sýna það í þeim frv., sem hér eru lögð fram, að ekki væri meiningin að ganga í EB. Ég tel að þarna sé raunverulega verið að sýna stefnuna svo að ekki verði um villst.

Ég get svo tekið undir það sem kom fram hjá hv. 1. þm. Austurl. að vitanlega vantar stefnumörkun gagnvart innlendri framleiðslu, innlendum framleiðsluiðnaði og innlendum þjónustuiðnaði. Það er auðvitað fyrirsjáanlegt að báðar greinarnar munu eiga í verulega aukinni samkeppni og ég tel reyndar að það sé nokkuð víst að þessi innlendi þjónustuiðnaður, sem hefur kannski verið stærsti hlutinn af iðnaði okkar, muni í framtíðinni þurfa að keppa mikið við útibú erlendra stórfyrirtækja. Verði allar þessar hugmyndir að veruleika, sem menn hafa í kringum þennan EES-samning, er náttúrlega fyrirsjáanlegt að þetta er leikvangur stórfyrirtækja. Það eru engin fyrirtæki til í þessu landi sem geta keppt við þessi stóru fyrirtæki. Það er ótrúlegt að það finnist framleiðsluvara á Íslandi sem ekki finnst einhvers staðar ódýrari á öllu EES-svæðinu og þar með er hún undir í þessari samkeppni. Og það er ótrúlegt að stórfyrirtæki í þjónustuiðnaði, sem á annað borð hafa einhverra hagsmuna að gæta hér á landi, muni ekki skoða það vandlega hvort þau eigi að koma upp þjónustu á sínum vegum. Þetta er það sem menn munu þurfa að keppa við í framtíðinni og ég tel að sé mjög ótrúlegt að sjá þegar ákvarðanir stjórnvalda, sem nú fara með völdin í þessu landi, birtast í svo mikilli alvöru, að ganga þessa götu til enda, að þau skuli ekki vera búin að undirbúa það meira sem koma skal heldur en orðið er.

Ég ætla ekki að fara að halda langa tölu um þetta mál. Fyrst og fremst átti ég erindi í ræðustól til þess að óska eftir því að fá að heyra hver sú stefnumörkun er sem er á bak við það að innleiða ytri tolla Evrópubandalagsins inn í íslenskt efnahagslíf.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að halda áfram þar sem síðasti ræðumaður lauk sínu máli varðandi mismuninn á aðflutningsgjöldum á vörum frá Evrópska efnahagssvæðinu og utan þess. Það kemur fram í grg. með frv. að verðlagsáhrifin eru þannig að vörur, sem þessi lög ná til frá hinu Evrópska efnahagssvæði, munu lækka í verði um 3,5%. Hins vegar mun verða 4,5% verðhækkun á iðnaðarvörum sem fluttar eru inn annars staðar frá. Að mínu mati er um það mikinn mun að ræða að ekki er hægt að líta á þetta öðruvísi en sem stefnumarkandi ákvæði því að tæknilega er ekki hægt að sjá neitt sem hefði átt að koma í veg fyrir að það hefði ekki verið um þessa breytingu að ræða, annars vegar á vörum af Evrópska efnahagssvæðinu og hins vegar utan. Ég hef heldur ekki séð neitt í samningn-

um sem slíkum sem knýr okkur til þess að vinna á þennan veg þannig að ég ítreka þá spurningu sem hér hefur komið fram til fjmrh.: Hvað er það sem liggur að baki þeim grundvallarákvörðunum sem þarna virðast hafa verið teknar.

Svona aðeins til þess að útskýra fyrir tilheyrendum hvað þetta þýðir í einstökum vöruflokkum. Til að mynda þýðir þetta að verð á bifreiðahjólbörðum frá EES eru lækkaðir um 2,3% en hækkaðir um 5,1% annars staðar frá. Ritföng lækka um 3,8% móti 3,4% hækkun á ritföngum frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins svo að ég taki af handahófi eitthvað úr listanum. Heimilistæki, þvottavélar o.fl., lækka um 2,3% af EES-svæðinu en hækka um 5% utan frá. Skotvopn, 1% hækkun af vörum frá Evrópska efnahagssvæðinu og 8,5% utan þess. Sjónvörp, útvörp o.fl., sem hafa að mjög miklu leyti komið annars staðar frá, það er 4,9% lækkun af Evrópska svæðinu en 2,2% hækkun annars staðar frá. Plötuspilarar án hátalara, geislaspilarar o.fl. lækka um 7,5% ef þeir koma af Evrópska efnahagssvæðinu en hækka um 15,5% annars staðar frá. Varahlutir í rafkerfi, 7,7% lækkun á Evrópska efnahagssvæðinu en 0,8% hækkun annars staðar frá. Varahlutir ýmsir, 1,9% lækkun á móti 5,4% hækkun. Hljóðkútar lækka um 23,1% frá EES en hækka um 17,3% annars staðar frá. Út úr þessu kemur sú meðaltalsbreyting, sem ég nefndi áðan, lækkun um 3,5% frá Evrópusvæðinu en hækkun um 4,5% utan þess.

Þetta er hlutur sem ekki hefur komið fram að neinu ráði í umræðunni fram að þessu og m.a. vék utanrrh. sér algerlega undan að svara í 1. umr. um Evrópska efnahagssvæðið og vísaði alfarið á fjmrh. Þess vegna varpa ég þeirri spurningu enn til hæstv. fjmrh.: Hvenær var þessi stefnumarkandi ákvörðun tekin og er þetta bara geðþóttaákvörðun úr fjmrn.?

Síðan ætla ég að koma að 2. gr. um jöfnunargjöldin og ítreka spurningar sem hafa komið til fjmrh.: Hver er túlkun fjmrh. á bókun 3 þar sem stendur — nú man ég ekki íslensku þýðinguna alveg en enska útgáfan er mér ofarlegar í huga: „not in any case" verði tekin hærri aðflutningsgjöld af hráefnisþættinum en gert var á árinu 1991? Þetta er mjög afdráttarlaust og af því sem ég hef séð fæst ekki úr þessu skorið fyrr en með dómi fyrir dómstólum á hinu Evrópska efnahagssvæði. — Nú sé ég að hæstv. fjmrh. er kominn á fund með starfsmönnum sínum og ekkert við því að gera. Virðulegi forseti. Nú sé ég að fundinum er lokið. — Ég vil einnig spyrja að því: Hvernig túlkar fjmrn. jöfnunargjaldið gagnvart iðnaðarvörum unnum úr landbúnaðarhráefni sem hafa verið fluttar inn árum saman án þess að beitt hafi verið jöfnunargjöldum þó svo að heimildir hafi verið til þess? Þar á ég við ýmsar vörur svo sem pitsur, Kínarúllur, vorrúllur og ýmsa slíka rétti sem innihalda bæði ost og kjöt og hefur verið heimild til að leggja jöfnunargjöld á en aldrei verið gert. Embættismenn segja mér að það muni verða mjög erfitt að ætla að fara að taka þessi jöfnunargjöld upp aftur núna en gæti verið mjög mikilvægt að geta gert það. Þessari jöfnunargjaldaheimild hefur mér vitanlega ekki verið beitt á annað en innflutt brauðmeti og kökur og þar beitti viðskrh. sér fyrir því að þeim var beitt að fullu.

Þetta ákvæði tengist líka garðyrkjunni, þ.e. gróðurhúsaræktinni. Það sem þar er uppi núna er túlkað þannig að innflutningsbann verði á ákveðnum tímum. Það verður ekki eins og verið hefur fram að þessu að metið verði hvaða tíma innlenda framleiðslan fullnægir þörfinni heldur sé það niður neglt fyrir fram til lengri tíma ákveðnir tímar ársins sem innflutningur á þessum vörum eigi að vera tollfrjáls. Menn hafa bent á að samfara þessu geti verið sú hætta að þetta standi framþróun greinarinnar fyrir þrifum.

Að lokum varðandi þetta atriði vil ég ítreka það sem þegar hefur komið fram að það er ekki nóg að demba fram lagafrv. sem menn telja að fullnægi skyldum okkar gagnvart hinu Evrópska efnahagssvæði. Hlutirnir ráðast ekki þar, hlutirnir ráðast fyrst og fremst hjá okkur sjálfum og á það lagði ég áherslu í ræðu minni við 1. umr. um samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Þetta ræðst allt af því hvernig við stöndum að hlutunum hjá okkur heima fyrir. Þetta ræðst af því hvernig við búum að atvinnuvegum okkar og því miður lítur þetta mál, tolla- og vörugjaldabreytingin, út þannig fyrir mér, eins og það stendur núna, að um mjög handahófskennd vinnubrögð sé að ræða og það hafi í raun ekkert verið kannað hvernig þetta komi við íslenska atvinnuvegi. Það er í raun mjög mikil vinna óunnin. Ríkisstjórnin hefur hent fyrsta uppkasti inn til Alþingis og þaðan fer það til okkar í efh.- og viðskn. og ég sé ekki annað en að nefndin verði að taka sér fyrir hendur að vinna úr þessu og hæstv. ríkisstjórn verði þá að sýna okkur umburðarlyndi og gefa okkur þann tíma sem við teljum nauðsynlegan til slíkrar vinnu. (Gripið fram í.) Ríkisstjórnin ræður engu um störf þingsins, er kallað fram í. Það er rétt, það á að vera þannig en á það hefur verið bent úr þessum stól að hlutirnir líta þannig út í dag að við búum við stjórnbundið þing en ekki öfugt.

Ég ætla að lokum, virðulegi forseti, að vitna í álitsgerð frá Landssambandi iðnaðarmanna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samtökin leggja að lokum áherslu á að góður árangur af þátttöku Íslendinga í Evrópska efnahagssvæðinu veltur ekki aðeins á ákvæðum samningsins sjálfs, heldur einnig á skynsamlegum ráðstöfunum íslenskra stjórnvalda og fyrirtækja. Í þessu sambandi eru lög sem hér um ræðir" — þetta eru ábendingar og greinargerð um það frv. sem við erum að fjalla um — „sérlega mikilvæg og brýnt að tekið verði tillit til framangreindra tillagna."

Þessi samtök, eins og mörg önnur, hafa nú þegar sent inn til nefndarinnar langar greinargerðir um það sem ekki aðeins má betur fara heldur verður að fara betur ef ekki á að hljótast skaði af.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Mig langar til að ræða örfá atriði sem komið hafa fram í umræðunum.

Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. fyrir þátttök-

una í umræðunum, ekki síst af því ég veit að hv. þm. eiga sæti í þeirri nefnd sem vinna þarf í málinu og munu þess vegna þurfa að fjalla um málið áfram þegar nefndin tekur frv. til gagngerðrar skoðunar.

Það er rétt að ýmsar athugasemdir hafa komið fram frá ýmsum samtökum og er ekkert nema gott um það að segja. Fjmrn. hefur að undanförnu verið að tína saman svör sín sem vitanlega verða send til nefndarinnar og fulltrúi ráðuneytisins mun sækja þá nefndarfundi sem beðið verður um.

Eins og kom fram í máli mínu þegar ég flutti framsöguræðu með frv. er reynt í frv. að halda sem mestu hlutleysi. Það er reynt að gera sem minnst af öðrum breytingum en þeim sem nauðsynlegar þykja vegna aðildar okkar að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Það kostar það að sjálfsögðu, ef ríkissjóður á að halda í þá fjármuni sem hann hefur fengið hingað til, að gera þarf breytingar og breytingarnar eru, eins og margoft hefur komið fram, að fallið er frá fjáröflunartollum, þeim er í verulegum mæli breytt í vörugjöld sem leggjast á með sama þunga á innflutta og innlenda vöru en í mjög mörgum tilvikum hefur ekki verið um innlenda framleiðslu á þessum varningi.

Það er alveg hárrétt að auðvitað þarf ríkisstjórnin og hv. Alþingi að fjalla um það hvernig við getum sem best tryggt að aðild okkar að þessum Evrópska efnahagssvæðissamningi geti sem best komið okkur að notum og styrkt þannig samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Þá má ekki einungis líta til þeirra atriða sem eru bein afleiðing þess að við gerum þennan samning sem hefur verið til umræðu heldur einnig til hins hvernig skattkerfi okkar og aðrar aðstæður, sem atvinnugreinunum er boðið upp á hér á landi, hafa áhrif á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Það er rétt að í því sambandi þarf að líta til dæmis til tekjuskattsins sem í mörgum nágranna- og viðskiptalöndum hefur farið og fer væntanlega lækkandi, a.m.k. nafnhlutfall skattsins, en þess ber þá að geta að innihaldið er ekki alls staðar það sama því ýmsar mismunandi reglur gilda í löndunum, t.d. um það hvað telja megi til gjalda í fyrirtækjarekstri. Slík samræming þarf auðvitað að koma til í rás tímans og breytir það engu þótt Íslendingar séu eins og aðrar þjóðir í þessu samstarfi tiltölulega frjálsir að því hvernig þeir haga sinni innri skattheimtu.

Þetta mál hefur að sjálfsögðu verið til umræðu hjá ríkisstjórninni en ekki er tímabært að ræða frekar um það en þar með er ekki verið að halda því fram að slíkt eigi ekki að gera þegar það mál verður sérstaklega tekið fyrir. Sama máli gegnir auðvitað um aðstöðugjaldið sem er að því leyti til gallaður skattur, sem reyndar rennur til sveitarfélaganna, að í honum eru uppsöfnunaráhrif eins og var í söluskattinum gamla. Unnið hefur verið að lausn í því máli og nú liggur fyrir nefndarálit sem ríkisstjórnin hefur til umfjöllunar og ég tel að ekki sé gott að ræða með þessu tiltekna, afmarkaða máli sem hér er til umræðu, en kemur að sjálfsögðu upp á borðið þegar það mál er tilbúið.

Annað atriði, sem nefna má til sögunnar, er auðvitað virðisaukaskatturinn sem hér á landi er ákaflega gallaður, fyrst og fremst vegna þess að tekjustofninn er ekki nægjanlega breiður og skatthlutfallið með því alhæsta sem þekkist í Evrópu.

Þegar rætt er um samkeppni milli íslenskra fyrirtækja, íslensks atvinnulífs og atvinnugreina í öðrum löndum, þarf að sjálfsögðu að taka tillit til allra slíkra sjónarmiða og ég er feginn að heyra að hér inni eru, eins og ég vissi reyndar fyrir, fjölmargir menn sem hafa fullan skilning á þessu og veitir ekki af því að sjálfsagt þarf að grípa til stuðnings sem allra flestra þegar velta þarf við ytri skilyrðum og skilyrðum atvinnugreinanna hér á landi til þess að styrkja samkeppnisstöðu þeirra. Hér er með engu móti verið að gefa eitt eða annað í skyn heldur einungis að benda á að það sem kom fram í máli hv. 1. þm. Austurl. var allt umræðuefni sem Alþingi hlýtur að láta til sín taka en ég vík mér heldur undan að gera það í umræðunni um þetta tiltekna, afmarkaða mál. Á sama hátt væri freistandi að ræða um fjárlög íslenska ríkisins, hallann á fjárlögum og áhrif hallans á efnahagslífið almennt, t.d. á vaxtafjárhæð og áhrif gengisins sem frændur okkar á Norðurlöndum eru nú í óða önn að berjast við og síðustu fréttir herma að til þess að verja gengi sænsku krónunnar hafi þurft að grípa til vaxtahækkunar upp í 75%. Húsnæðisvextir fóru upp í 24–25% sem eru öllu hærri en þekkist hér a.m.k. og ein meginástæðan fyrir því hve illa gengur er einmitt að ekki hefur tekist að ná fjárlagahallanum niður eins og nægir til að halda því jafnvægi í ríkis- og þjóðarbúskapnum sem þarf.

Í slíkri umræðu mætti líka tala um verðbólguna og raungengið og þann mikla árangur sem við höfum náð hér á landi í þeim efnum þar sem verðbólga er mjög lítil, og með því allra minnsta sem þekkist, sem aftur gerir það að verkum að raungengið lækkar og samkeppnisstaða íslenskra atvinnugreina batnar. Þetta hefur margoft verið undirstrikað og er auðvitað mál sem full ástæða er til að ræða um en ég óska eftir því að við 1. umr. í þessu tiltekna máli, sem hér er til umræðu, verði ekki langar eldhúsdagsumræður um þessi atriði þótt öll séu fullgild og ég vil þakka hv. þm. fyrir að hafa bent á það eins og hann gerði ítarlega í sinni ræðu.

Það er einnig rétt hjá honum að við þurfum að venjast þeirri hugsun meira en við höfum gert að þurfa að skera niður útgjöld, ekki einungis ríkisins heldur einnig sveitarfélaga og ég fagna því að í liði stjórnarandstöðunnar skuli vera haukar í horni sem hafa fullan skilning á nauðsyn á slíku. Vonast ég til að þessi stutta umræða um svo víðtækt málefni dugi við 1. umr. þessa máls en sný mér þá að örfáum atriðum sem voru meira til að skýra hvað felst í frv. og voru í þeirri ræðu sem ég flutti fyrst.

Hv. 18. þm. Reykv. spurðist fyrir um það hvort fyrirtækin hér á landi væru vel undirbúin, hvort kynning hefði farið fram með viðunandi hætti. Ég er sjálfsagt ekki sá sem get svarað þessum spurningum best, en eftir því sem hægt hefur verið þá hefur verið reynt að kynna fyrirtækjum samninginn og viðkomandi lagafrumvörp. Sú vinna hefur að sjálfsögðu mest farið fram á vegum samtaka fyrirtækjanna sjálfra og ég get bent

á það máli mínu til stuðnings, þegar ég held því fram að um málið sé tiltölulega víðtæk samstaða, að Vinnuveitendasamband Íslands, Félag ísl. iðnrekenda og fleiri félög í atvinnurekstri, hafa lýst því yfir að þau styðji aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu þótt vissulega komi fram í ýmsum gögnum þeirra athugasemdir við tiltekin frv. sem til umræðu eru í viðkomandi hv. þingnefndum.

Hér var nokkuð minnst á verðjöfnunargjöld sem um getur í 2. gr. frv. þar sem vísað er til bókunar 3. Út af fyrir sig get ég ekki skýrt það mál neitt frekar en gert er í texta frv. og í bókun 3 en mér hefur sýnst, eins og ég veit að hv. þm. vita, að hægt sé að leggja verðjöfnunargjöld á þær vörur þar sem takmarkanir hafa verið.

Nefnd fjmrn., iðnrn. og landbrn. er nú starfandi að þessu máli sérstaklega og á ég von á því að innan tíðar ljúki því starfi en því er einmitt ætlað að svara ýmsum spurningum sem upp koma varðandi það hvenær og með hvaða hætti er hægt að nota verðjöfnunargjöldin og ég vænti þess að niðurstaða nefndarinnar geti legið fyrir þegar starf nefndarinnar, þ.e. þing nefndarinnar fer fram.

Þá kom fram í ræðum a.m.k. þriggja þeirra sem tóku til máls spurningar um ytri tollana og hvernig á því stæði að þessi leið hefði verið valin sem kemur fram í frv. Það var spurt um það hvort um geðþóttaákvörðun fjmrh. væri að ræða. Ég tel nú ekki að svo sé. Þetta frv. fór til ríkisstjórnarinnar og þaðan beint til þingflokka og nefndarinnar en hitt er annað mál að það hlýtur ávallt að vera umhugsunaratriði hvernig eða hvaða stefnu á að taka í máli eins og þessu, ekki síst vegna þess að það eru fleiri en ein hlið á málinu. Í fyrsta lagi eru þau rök sem margoft heyrast, að helst enginn munur eigi að vera á þeim tollum sem við njótum samkvæmt viðskiptasamningum við aðrar þjóðir og tollum sem við beitum gagnvart þjóðum utan slíkra bandalaga sem við eigum ekki aðild að og höfum ekki gert viðskiptasamninga við. (Gripið fram í.) Ég kem að því síðar. Þau rök eru gild vegna þess að það má halda því fram að þannig sé hægt að stýra versluninni til þeirra sem geta selt okkur vöru á lægsta verði þegar ekki er tekið tillit til tolla heldur til framleiðslukostnaðar og flutningsgjalds. Á móti kemur, sem eru sjónarmið þeirra sem t.d. semja fyrir Íslands hönd, að þeir telja að það sé heppilegt að halda uppi a.m.k. að forminu til tiltölulega háum ytri tollum til þess að geta náð góðum viðskiptasamningum á grundvelli GATT eða á grundvelli annarra alþjóðlegra samninga, náð þannig tvíhliða samningum. Góðir spilarar eiga ekki að sýna á höndina fyrr en þeim er ljóst að viðsemjandinn gerir það líka. Með öðrum orðum að það sé ekki sterkt að spila frá sér innflutningstollunum nema gera það í samningum við þær þjóðir sem maður flytur inn frá til þess að öðlast sama rétt á mörkuðum sem tilheyra þeirra ríkisstjórnum. Ef við lítum t.d. á þjóðir utan Evrópubandalagsins sem við verslum tiltölulega mikið við, Bandaríkin og Japan, og gætum talið upp fleiri, þá hafi það þýðingu að halda uppi tollum a.m.k. að forminu til þar til tvíhliða samningar hafa verið gerðir. Þessi tvö sjónarmið stangast vissulega á og eins og sjá má í þessu frv. er farið bil beggja. Ytri tollarnir eru lækkaðir, þ.e. tollalækkunarheimildin er fyrir hendi, niður í 7,5%, og það er rétt sem hér hefur komið fram að við það myndast nokkur munur þegar síðan er búið að taka tillit til vörugjaldanna á verði á innflutningi frá löndum innan og utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Ég held að sú niðurstaða, sem hér hefur fengist, sé tiltölulega eðlileg. Það má auðvitað deila um þetta atriði en ef farin er sú leið, sem ég hygg að ýmsir t.d. í utanrrn. vilja fara, að halda uppi hærri ytri tollum, þá hefði munurinn orðið enn meiri á vöruverði eftir því hvaðan vörurnar koma. Einnig voru hinir til og ég veit að hv. þm. kannast við þær raddir úr röðum atvinnulífsins, innflytjenda, sem ég lýsti hér áður um að það eigi að hverfa frá ytri tollum — og ég vil einungis segja að mín persónulega von er sú að sú þróun megi eiga sér stað í alheimsviðskiptum, sérstaklega innan GATT, að ríkin hverfi frá tollum og þurfi ekki að starfa í slíkum viðskiptabandalögum eins og Evrópubandalaginu eða innan Evrópska efnahagssvæðisins heldur verði víðtækur alheimsskilningur á því að tollar geta gert mikla bölvun, verulega mikla bölvun, a.m.k. ef litið er á hagvöxt í öllum heiminum, sem einhvers virði. Ég er sannfærður um að þegar tímar líða munu þjóðir heimsins skilja þetta því það er ekkert jafngott og hollt og það að geta látið framleiðsluna verða til þar sem ódýrast er að framleiða. Það er vísasti vegurinn til að ná jöfnuðinum á sem skemmstum tíma. Ég hygg nefnilega að þær þjóðir sem eru hráefnaútflytjendur í dag, eins og Íslendingar eru að hluta og þess vegna eigum við kannski meiri samleið með þjóðum þriðja heimsins en ýmsum af iðnaðarþjóðunum og iðnþróuðu þjóðunum, skilji að það sem er kannski mesta bölvunin fyrir okkur eru þær stórkostlegu niðurgreiðslur sem stundaðar eru meðal iðnþróaðra þjóða og lýsa sér í því að haldið er niðri verði á nauðsynjavörum en haldið er uppi verði á ýmsum iðn- og tæknivarningi sem þriðja heims þjóðirnar þurfa mest á að halda. Þetta er aðferð sem við þekkjum og sjáum. Ég hygg að þegar okkur tekst á grundvelli GATT-samstarfsins að breyta þessu munum við Íslendingar hagnast á því eins og flestar aðrar þjóðir í heiminum því ég hygg að ekkert sé eins gott fyrir jöfnuð og hagvöxt og að opna sem mest fyrir viðskipti milli þjóða og loka sem minnstu við landamæri ríkja. Þetta vildi ég, virðulegur forseti, að kæmi fram sem mín skoðun. Ég tek fram að hún er ekki fullrædd í ríkisstjórninni enda hefur hún ekki verið að fjalla um þessi mál að undanförnu. (**HÁ:** Hvað hefur hún verið að fjalla um?) Það er von að sá spyrji sem ekki hefur verið heima til að fylgjast með en ríkisstjórnin hefur haft ýmsum hnöppum að hneppa. (Gripið fram í.) Það fer eftir því hve vel læsir menn eru og hve hlustirnar eru góðar.

Þessi umræða um ytri tollana varð síðan til þess að hv. 3. þm. Vesturl., Jóhann Ársælsson, spurði hvort verið væri að undirbúa, ef ég skildi hann rétt, aðild að Evrópubandalaginu því að með því að heimila að ytri tollar fari niður í 7,5%, þ.e. verði þeirri heimild beitt,

sé verið að líkja eftir ytri tollum Evrópubandalagsins. Það er ekki svo þótt auðvitað megi segja að það sé viðbótarröksemd að halda tollunum einhvers staðar á þessu bili. Ytri tollar Evrópubandalagsins eru 3–9% en það að staldra við 7,5% hefur ekkert með það að gera hvort Íslendingar ætla að ganga inn í Evrópubandalagið. Það er ekki á dagskrá núv. ríkisstjórnar að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Þessi prósenta eða hlutfall hefur ekkert með ytri tolla Evrópubandalagsins að gera.

Virðulegi forseti. Ég hygg að ég hafi komið hér að flestum þeim málum sem nefnd voru í þeim hluta 1. umr. sem þegar hefur farið fram. Þó er það svo að spurt var beinlínis um atriði sem kom fram í athugasemdum Landssambands iðnaðarmanna frá 27. júlí, eftir að Landssambandið hafði skoðað fyrirliggjandi frv., þar sem samtökin töldu óviðunandi að heimild til niðurfellingar eða endurgreiðslu af aðföngum til innlendrar framleiðslu nái einungis til tolla en ekki til aðflutningsgjalda eins og verið hefur. Þetta finnst mér sjálfsagt að verði skoðað nánar. Benda má á að í lögum um vörugjald er heimild til frádráttar vörugjalds af efnivöru við skil vegna vörugjalds af gjaldskyldri framleiðslu. Sú heimild er því fyrir hendi. Mér finnst hins vegar rétt að það sé athugað nánar hvort undanþága þarf að vera fyrir hendi vegna hráefnis til ógjaldskyldrar vöru. Þetta eru hlutir sem þarf að athuga nánar eins og reyndar margt annað í þessum efnum. Ég ítreka að fulltrúar ráðuneytisins munu að sjálfsögðu halda áfram að eiga viðræður við hv. nefnd sem nú hefur málið til meðferðar.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Þrír hv. þm. hafa kvatt sér hljóðs og vilja veita andsvar. Ef þingmenn nýta tíma sinn til fulls komast ekki allir að. Forseti hefur því ákveðið að fyrra andsvar verði tvær mínútur en það síðara aðeins ein mínúta.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur alltaf betur og betur í ljós hversu skammt á veg undirbúningsvinna að hinu Evrópska efnahagssvæði er komin. Það var mjög athyglisvert að heyra hæstv. fjmrh. lýsa því yfir að það ætti eftir að fara fram heilmikil nefndarvinna áður en hægt væri að leggja mat á það hvað raunverulega stæði í bókun 3 varðandi jöfnunargjöldin. Þetta er athyglisvert í því ljósi að utanrrn. hefur talið sig í stakk búið til að gefa mjög ákveðnar yfirlýsingar um það hvað væri hægt að byggja á þessari bókun. En nú segir hæstv. fjmrh. að málið sé í nefnd þriggja ráðuneyta og vonast sé til þess að þar verði komin einhver niðurstaða sem geti gagnast efh.- og viðskn. í sinni vinnu. Ég ítreka við fjmrh. hvort það sé ekki réttur skilningur hjá mér að þarna sé í raun ekki komin nein niðurstaða um það hvað felst í jöfnunargjaldsákvæðinu og hvað bókun 3 þýðir.

Í öðru lagi var mjög athyglisvert að heyra hvað hæstv. fjmrh. ræddi um ytri tollana þegar hann sagði að ýmsir í utanrrn. hefðu viljað ganga þar lengra en hann. Ef þetta er skoðað í ljósi þess að allt fram að þessu hefur verið sagt við okkur að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði hefði ekkert með viðskipti okkar við lönd utan svæðisins að gera. Síðast aðfararnótt föstudagsins vísaði hæstv. utanrrh. þessu máli alfarið frá sér, kvaðst ekkert um það vita, þetta væri eitthvað sem þeir hefðu verið að kokka uppi í fjmrn.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst út af ytri tollunum. Það sem ég sagði hér hefur ekkert með Evrópska efnahagssvæðið að gera. Það er almennt álit og hefur lengi verið álit margra þeirra sem fást við samninga við önnur ríki að það eigi ekki að keyra niður tolla gagnvart ríkjum nema við höfum þegar gert við þá viðskiptasamninga. Það sjónarmið er því ekki nýtt og hefur í sjálfu sér ekkert með Evrópska efnahagssvæðið að gera. Það er sjónarmið margra þeirra sem standa í samningaviðræðum við önnur ríki af hálfu Íslendinga. Sumir þeirra eru eðli máls samkvæmt hjá utanrrn.

Í öðru lagi vegna verðjöfnunargjaldanna vil ég einungis segja að ég vísa til utanrrn. og þeirra sem gerðu samninginn um lögfræðilega útlistun á samningnum. Nefndin sem vinnur að málinu er að gera tillögur um hvernig staðið skuli að innheimtu þessara gjalda. Vinnan er hins vegar ekki komin á það stig að enn þá sé hægt að meta hve há gjöld verða lögð á einstakar vörutegundir. Það þarf t.d. að reikna gjald byggt á hráefnainnihaldi fyrir hvern tollflokk auk þess sem innflytjendum verður gefinn kostur á að láta reikna út gjald fyrir hverja vörutegund. Það er það sem tefur starfið nú um hríð. Ég vonast til að frekari upplýsingar geti komið til nefndarinnar um leið og því starfi er lokið. Að öðru leyti stendur það sem er mín skoðun og kemur fram í 2. gr. frv. og í athugasemdunum við 2. gr.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Heildarmyndin af málinu er smám saman að koma í ljós. Ég ítreka það sem ég sagði áður, að í allri kynningu utanrrn. hefur því verið haldið fram að þetta hefði ekkert með viðskipti okkar við lönd utan Evrópska efnahagssvæðisins að gera. Þetta er í stíl við það hvernig kynningin hefur farið fram. Hún fer fram í formi hástemmdra lýsingarorða sem eru öll til lofs. En fólki er ekki sagt frá kostum og göllum og hvað þetta muni í raun og veru þýða fyrr en það fer að koma fram í fylgifrumvörpunum. Þar kemur það fram svart á hvítu að innfluttar iðnaðarvörur frá hinu Evrópska efnahagssvæði lækka um 3,5% á meðan þær hækka um 4,6% frá svæðunum fyrir utan. Það er verið að hækka ytri tolla.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þær upplýsingar sem hafa komið fram í frv. hafa legið á lausu frá því í vor. Frv. var sent til hv. nefndar í vor. Því var lýst mjög duglega í fjölmiðlum, (Gripið fram í.) já það var í júní ef ég man rétt. Þessum málum var lýst mjög rækilega í fjölmiðlum, t.d. hélt ég fund með stórkaupmönnum og lýsti þar

frv. rækilega og eins öllum ákvæðum ytri tollanna. Nú er, eins og áður hefur komið fram, verið að lækka heimildirnar úr 10% í 7,5%.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann telji ekki að viðskiptavinir okkar annars staðar í heiminum líti þannig á að það séu tollmúrar sem við erum að reisa í kringum okkur þegar við hækkum innflutningsgjöld um 4,5% til þessara landa á sama tíma og við lækkum gjöld af EES-svæðinu til landsins og myndum með þessu í kringum 10% mismun á þeim álögum sem eru á vörurnar eftir því hvort þær koma af svæðinu eða utan þess. Ég vil enn fremur ítreka mína spurningu: Er um þetta samstaða? Er þessi stefnumörkun samþykkt af ríkisstjórnarflokkunum? Hefur þetta verið samþykkt af þingflokki Alþfl. og þingflokki Sjálfstfl.? Hæstv. utanrrh. sagði í umræðum að þetta mál væri á ábyrgð fjmrn. Ég geri ráð fyrir því að það þurfi stuðning Alþfl. við málið ef það á að ganga fram eins og það er. Ég tel að þetta sé mjög alvarlegt mál og mjög alvarleg stefnumörkun. Ég get ekki ímyndað mér annað en okkar viðskiptaaðilar annars staðar líti þannig á að það sé um alvarlegt mál að ræða þegar þeirra vörur njóta ekki sömu samkeppnismöguleika og áður hefur verið.

Mig langar líka að vita hvers vegna ekki er samræmi í þeim frv. sem fyrir liggja. Við höfum hér annað frv. á borðum sem er frv. um vörugjald af ökutækjum og eldsneyti. Þar er lagt upp með allt aðra hugsun. Þar er lagt upp með þá hugsun að það eigi að hafa þetta jafnt. (**Gripið fram í:** Þeir urðu vondir uppi í Heklu.) Var hringt í menn úr Heklu eða frá Ingvari Helgasyni? Hvað gerðist?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur að því að ég flyt framsöguræðu um annað frv. sem hér er á dagskrá sem fjallar um bíla og bensín og vörugjald á ökutæki. Þá gefst tækifæri til að ræða það síðasta sem hv. þm. benti á í sínu andsvari. Ég vil einungis segja og viðurkenna að það er ekkert einhlítt hvernig við áttum að leysa þetta mál. Við fórum ákveðna millileið sem ég tel vera viðunandi. Frv. er auðvitað flutt á mína ábyrgð og mér er það fyllilega ljóst að nefndin þarf að vinna í frv. Komi fram aðrar tillögur en hér eru gerðar þá ber okkur auðvitað að skoða þær. Ég vil einungis lýsa því yfir að ég tel að það eigi að vinna að því, eins og ég hef sagt áður í þessum ræðustól, að gera sem flesta samninga, þá tvíhliða samninga á grundvelli GATT og grundvelli annarra viðskiptasamninga á milli þjóða, til að greiða fyrir frjálsri verslun. En ég hygg að það verði að gæta þess líka er við gerum slíka samninga að við höfum samsvarandi tollfrelsi hjá þeim þjóðum sem við flytjum inn frá. Það er þetta atriði sem blandast auðvitað inn í þessar umræður og við verðum að taka tillit til þegar endanleg stefnumörkun er tekin í þessu máli.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svörin. Hann er greinilega að gefa í skyn að hann sé tilbúinn að endurskoða þetta. Ég skora á hv. nefndarmenn að taka til alvarlegrar skoðunar hvort við eigum að gera þann mun á innflutningi frá löndum utan EES-svæðisins og innan, eins og hér er gert ráð fyrir, vegna framtíðar Íslendinga í viðskiptum við aðrar þjóðir.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um leið og ég lýsi því yfir að mér finnst eðlilegt að þetta mál sé til umræðu í nefndinni vil ég koma á framfæri sem ábendingu til nefndarinnar að hún mætti gjarnan skoða mjög rækilega hvort Alþingi Íslendinga, íslenska ríkisstjórnin og íslenska þjóðin geti ekki ýtt undir það að gerðir séu víðtækir viðskiptasamningar á grundvelli GATT svo við getum um leið og við lækkum tolla til Íslands lækkað tolla á okkar stóru markaðssvæðum þannig að um gagnkvæma samninga verði að ræða.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hlýtur öllum, sem skoða samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði, að vera ljóst að með honum er verið að auðvelda viðskipti innan svæðisins en jafnframt að byggja upp tollmúr í kringum svæðið sjálft, auka viðskipti þessara þjóða, byggja upp blokk sem stenst samkeppni og jafnvel nær til sín hluta af viðskiptum á kostnað annarra keppinauta sem eru einkum Bandaríkin og Japan.

Hæstv. fjmrh. var að lýsa hér sinni draumsýn sem hann sá fyrir sér, alheimsbandalag án tolla. En hann er hér að taka þátt í því að reisa tollmúr í kringum Ísland og Evrópu með þeirri stefnu sem hér hefur verið mörkuð. Það hefur verið baráttumál ýmissa afla frá því á átjándu öld að ná niður tollum en gengur harla erfiðlega. Þótt það megi setja fram þá kenningu að framleiða eigi þar sem ódýrast er að þá erum við t.d. bundin af því hráefni sem við eigum, þeim auðlindum sem okkar land býr yfir og okkar skilyrði hljóta auðvitað að mótast af því. Menn geta auðvitað talað eins og við séum milljónaþjóð og hluti af hinni dásamlegu frjálshyggju. En raunveruleikinn er einfaldlega annar. Það er dýrt að búa á Íslandi, það er dýrt að framleiða á Íslandi og við þurfum auðvitað að sjá til þess að okkar framleiðsla standist samkeppni við aðra. Við þurfum að veita henni ákveðna vernd þótt það sé kannski ekki rétta orðið, við þurfum að búa þannig um hnútana að okkar framleiðsla geti lifað. Auðvitað er það svo að það er fáum þjóðum jafnmikilvægt og okkur Íslendingum að viðskipti séu frjáls. Við þurfum að finna þarna bilið á milli. Þessir tollmúrar sem hér er verið að reisa eru ekki rétta leiðin að því markmiði.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er margoft búinn að segja að sú breyting sem hér á sér stað er nánast engin í þessu tilviki. Það er verið að lækka heimild stjórnvalda til

þess að leggja á tolla úr 10% í 7,5%. (**Gripið fram í:** Þetta er útúrsnúningur.) Þetta er enginn útúrsnúningur. Það er auðvitað spurning um hve mikið átti að lækka. Átti að fara niður í 9% eða 3–4% eða hvað við áttum að gera? Þetta verða menn bara að líta á. Þetta er auðvitað aðalatriði málsins og um það snýst þetta mál. Það er ekkert nýrra í því en það.

Vegna orða þingmannsins um draumsýn hinnar dásamlegu frjálshyggju vil ég einungis segja að ég vil gjarnan að hv. þm. fái tækifæri til að njóta þessarar dásemdar í raun. Það gerist ef við stuðlum að frjálsari verslun því það mun byggja upp hagvöxtinn og bæta hag okkar allra, karla sem kvenna.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég dreg þessa draumsýn mjög í efa, ég get ekki leynt því. Ég vil benda á að m.a. stofnanir eins og Sameinuðu þjóðirnar hafa bent á að fara þurfi aðrar leiðir en í óheftri samkeppni og frjálshyggju ef við ætlum yfirleitt að lifa á þessari jörð. Málið er það að auðvitað er verið að lækka tolla að vissu marki og lækka gjöld mjög mismunandi mikið. En það er verið að gera greinarmun á þeim vörum sem koma frá hinu Evrópska efnahagssvæði og þeim sem koma annars staðar frá. Það er um það sem málið snýst og við munum ræða í næsta dagskrármáli hvers vegna það gildir þá ekki líka um bensín og bíla.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Alþjóðaviðskipti hafa ekki mjög oft snúist um draumsýnir. Þó að það sé mikilvægt að fjmrh. hafi tíma til að láta sig dreyma þá er það svo að hér er um harðan heim að ræða, hér er um samninga að ræða sem við getum oft og tíðum ekki haft mjög mikil áhrif á en við hljótum hins vegar að halda þannig á okkar málum að hafi sem best áhrif fyrir íslenskt efnahags- og viðskiptalíf. Og um það snýst þetta mál. Þess vegna er það út í hött þegar hæstv. fjmrh. segir að það sé ekki tímabært að ræða það hér. Íslenska ríkisstjórnin hefur það markmið að Íslendingar gerist aðilar að Evrópsku efnahagssvæði og ég hélt að íslenska ríkisstjórnin væri að reyna að afla því máli fylgis hér á landi, ekki bara á Alþingi heldur almennt í þjóðfélaginu. En það er oftast þannig að það er ekki tímbært að ræða aðalatriði þess máls. Utanrrh., sem er helsti talsmaður ríkisstjórnarinnar í þessu máli, virðist líta á það eins og þegar menn lögðust í víking til forna og kemur ávallt heim sem sigurvegari svona svipað og Egill Skallagrímsson gerði. Hann lítur alltaf svo á þegar hann kemur heim að hann hafi unnið nýja sigra en síðan kemur í ljós að það sem maðurinn sagði stenst ekki.

Hæstv. fjmrh. segir, þegar við tölum um að það þurfi að jafna samkeppnisskilyrðin, að ekki veiti af að fá stuðning sem flestra í því máli. Ég veit það, hæstv. fjmrh., að mikilvægt er að hafa stuðning sem flestra. En til þess að fá stuðning sem flestra þurfa að vera einhver svör. Það má vel vera að ríkisstjórnin hafi verið að ræða merkilega hluti meðan ég var í burtu. Ég hef farið í gegnum fjölmiðlana og get ekki séð að það hafi verið neitt nýtt í sjálfu sér annað en sami vandræðagangurinn fyrir utan það að taka á móti norska kónginum sem var gert á virðulegan hátt. En að öðru leyti get ég ekki séð að íslenska ríkisstjórnin hafi verið að fjalla um mjög mikilvæg mál.

Hæstv. fjmrh. segir að ekki sé tímabært að ræða þetta og heldur svo sína venjulega tölu um hvað hann hafi náð miklum árangri í sambandi við fjárlögin, hvað verðbólgan sé hagstæð, hvað raungengið sé hagstætt og hvað efnahagsstjórnin sé frábær hjá honum. Það sé sjálfsagt að fara með slíkar tölur og tala dálítið vel um ríkisstjórnina og fjármálastjórnina en það megi ekki ræða aðalatriði þessa máls. Það eigi að gera seinna. Þeir séu að vísu byrjaðir að ræða það í ríkisstjórninni og þess vegna sé ekki tímabært að ræða það á Alþingi. Þetta er þessi venjulega ræða og svo loksins þegar ríkisstjórnin kemur með mál hingað og hægt er að ræða þau eru menn helst sakaðir um það að vera hér í málþófi.

Auðvitað er það tímabært að gera grein fyrir því hvernig á að jafna samkeppnisstöðu íslenskra atvinnuvega við erlenda atvinnuvegi. Það er aðalatriði þessa máls og því verður ekki gengið frá samningnum um Evrópskt efnahagssvæði nema það liggi fyrir hvernig það skuli gert í öllum aðalatriðum. Ég geri mér grein fyrir því að þar verður engin niðurstaða í eitt skipti fyrir öll. En það er hlutur sem hæstv. fjmrh. kemst ekki hjá að gera hér grein fyrir.

Það hefur t.d. komið fram í umræðunni að utanrrh. hefur lýst því yfir að mjög líklegt sé að tekin verði upp tvö virðisaukaskattsstig. Þetta var merkileg yfirlýsing. Ég man eftir því að þessi sami utanrrh. var þeirrar skoðunar meðan hann var fjmrh. að það væri vond tillaga. Ég var honum sammála og er enn sammála. En hann virðist hafa skipt um skoðun. Og hver eru rökin fyrir því að taka upp tvö stig? Mér skilst að þau séu helst þau að það muni verða svo á Evrópska efnahagssvæðinu. Ég hef ekki mikla trú á því að frændur okkar í Danmörku muni taka þau upp. Það mál hefur verið athugað mjög gaumgæfilega þar og að mínu mati eru engar líkur til að það verði gert. En það er sjálfsagt allt of snemmt að ræða þetta, hæstv. fjmrh., því að þetta mál er í einhverjum vandræðagangi í ríkisstjórninni og í stjórnarflokkunum og þess vegna ekki tímabært að ræða það hér.

Hæstv. fjmrh. lýsti yfir ánægju sinni með að það skyldi vera fullur skilningur á því a.m.k. hjá einhverjum mönnum hér á Alþingi að það þyrfti að skera niður ríkisútgjöldin. Það er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh. að ég geri mér grein fyrir því að mikið aðhald þarf í ríkisútgjöldunum og það þarf að draga úr þeim. Hins vegar styð ég ekki fálmkenndar aðgerðir í því sambandi eins og hafa t.d. einkennt niðurskurð í heilbrigðismálum. Þar er annar víkingurinn í ríkisstjórninni sem kemur með nýjar tillögur í hverjum mánuði um hvernig eigi að fara að því að skera niður útgjöld í heilbrigðismálum og alltaf er skipt um aðferð en árangurinn enginn. Það er ekki nóg að vilja skera niður ríkisútgjöld. Það þarf að gera með þeim hætti að árangur náist og gera þarf það af fullu réttlæti og víðsýni á þarf-

ir almennings og atvinnuvega.

Ég veit að hæstv. fjmrh. er mikill áhugamaður um að lækka ríkissjóðshallann en hann nær ekki árangri með því að auka skatta á íslenska atvinnuvegi eins og þessi ríkisstjórn hefur lagt höfuðáherslu á og þar með dregið úr framleiðslugetu atvinnuveganna, minnkað verðmætasköpunina í þjóðfélaginu og þar með minnkað tekjur ríkissjóðs. Menn mega ekki fá slíka ofurást á reikningum ríkissjóðs að þeir gleymi þörfum atvinnulífsins. Það hefur hæstv. núv. fjmrh. gert og ég sé að hv. þm. Árna Johnsen líður illa sem er ekki nema von vegna þess að ríkisstjórnin hefur lagt sérstaka áherslu á að skattleggja sjávarútveginn og hann hefur lítið getað komið í veg fyrir það. Og það er eðlilegt að stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar líði illa, enda eru þeir heldur fáir þessa dagana hér á Alþingi og virðast fleiri geta verið fjarverandi en sá sem hér stendur.

Ég krefst þess að hæstv. ríkisstjórn geri efh.- og viðskn. grein fyrir þessu máli, geri efh.- og viðskn. grein fyrir því hvaða undirbúningur er í gangi til að jafna þessi samkeppnisskilyrði. Fyrst hæstv. fjmrh. getur ekki gert það hér á Alþingi verður hann að gera það í efh.- og viðskn. Auðvitað á hæstv. fjmrh. að sjá sóma sinn í því að koma hér upp og gera ítarlega grein fyrir þessu máli í stað þess að nota tíma sinn í að fara með nokkur lofsyrði um sjálfan sig í ræðustólnum. Hann gefur sér tíma í það. Hann ætti frekar að gera það á næturnar þegar hann lætur sig dreyma en vera ekki að því hér á Alþingi í þeim miklu önnum sem hér eru.

Útbýting þingskjals:

Eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, stjfrv., 78. mál, þskj. 83.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst taka fram að ég taldi það ekki vera sérstakt lof um sjálfan mig þó að sumt hefði gengið vel í efnahagsmálunum hérna, en ég heyri að ágætur hv. þm. telur að það sé fyrst og fremst lof um mig og ég þakka honum að sjálfsögðu fyrir það álit sem hann hefur á mér.

Ég vil enn fremur segja honum að mér líður takk fyrir bærilega þessa dagana. Hann þarf ekki að hafa miklar áhyggjur af því. Það eina sem ég var að reyna að koma til skila var að heppilegra væri fyrir okkur að taka umræðu eins og þá sem hv. þm. bíður mjög spenntur eftir þegar stefnuræða forsrh. verður flutt, þegar við tölum um fjárlagafrv. og ég hygg að það sé eðlilegra að slík umræða, sem hann er að biðja um, fari fram við þau skilyrði.

Ég minni einnig á að við höfum verið hér frá 17. ágúst eða í fjórar vikur og ég hygg að þessi mál hafi talsvert borið á góma í þeim umræðum sem hafa farið fram allan þann tíma. Þetta var það eina sem mér gekk til og síst af öllu vil ég koma í veg fyrir að umræður af þessu tagi verði og ég tel að þær hljóti að verða eðli máls samkvæmt í upphafi næsta mánaðar.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við erum að fjalla um veigamikla skattlagningu og allverulegar breytingar sem eiga að tengjast samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Ef þá er ekki tilefni til að fjalla um breytingar á skattastefnunni almennt veit ég ekki hvenær það er. Heldur hæstv. fjmrh. að það verði hægt að ræða allt undir stefnuræðu forsrh.? Heldur hæstv. fjmrh. að það sé hægt að ræða öll mál í umræðunni um fjárlög? Er ekki skynsamlegt að reyna að dreifa umræðunni þannig að það komi sem mest út úr því? Ég hlýt að álíta að ríkisstjórnin sé ekki tilbúin til þessarar umræðu. Það kemur sannarlega ekki á óvart og væri nær fyrir hæstv. fjmrh. að viðurkenna að ríkisstjórnin sé ekki viðbúin því að fara í þessa umræðu og þess vegna sé það ekki hægt nú í dag. Hún þurfi mun meiri tíma í þetta mál og mörg fleiri. En það er ekki hægt, hæstv. fjmrh., að ríkisstjórnin taki sér svona langan tíma í viðamikil mál eins og þessi. Og það er ekki tími til að bíða, þ.e. ef menn ætlast til þess að Alþingi taki afstöðu til þess máls nú á næstu mánuðum.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að skattyrðast lengur við hv. þm. en ég bendi á að umræður hafa farið fram um þessi mál nákvæmlega á undanförnum vikum og ef ég þekki hv. Alþingi rétt þá munu umræður halda áfram um þessi mál á næstu vikum og ég tel að ef menn vilja ræða sérstaklega um þau tilteknu mál, sem hann nefndi, sé eðlilegra að gera það undir slíkum dagskrárliðum þegar allir ráðherrar eru viðstaddir, a.m.k. þeir sem bera ábyrgð á efnahagsmálunum sem slíkum. Þetta er það eina sem ég vil segja að þessu sinni og ég tel að þegar við erum að ræða um þetta tiltekna frv. sé ekki ástæða til að efna til eldhúsdagsumræðna og er ég þó á engan veginn að skorast undan því að svo geti orðið. Vonast ég nú til, hv. þm., að við getum sammælst um að koma þessu tiltekna máli áfram en getum frestað umræðum um önnur efni, jafnvel þau mikilvægustu, þar til sá tími kemur sem eðlilegur getur talist.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er merkilegt að þegar ég er að biðja um svör og efnislegar umræður um stefnu ríkisstjórnarinnar að því er varðar samkeppnisskilyrði atvinnuveganna þá kallar hæstv. fjmrh. það eldhúsdagsumræður, það sé ekki tímabært að fara í einhverjar eldhúsdagsumræður. Og að þessi mál hafi verið rædd áður á Alþingi. Ég veit að þau hafa verið rædd. Ég fer fram á það að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir þessu máli. Ég geri mér grein fyrir því að hann er ekki tilbúinn til þess nú, en ég endurtek það, fyrst hann er ekki tilbúinn til þess nú þá geri hann skilmerkilega grein fyrir því meðan á störfum nefndarinnar stendur í þessum mikilvægu málum og ég lít svo á að hæstv. fjmrh. sé jákvæður að því er það varðar og ég mun ekki standa

í vegi fyrir því að þetta mál geti gengið áfram til vinnu í nefndum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af ökutækjum, 1. umr.

Stjfrv., 27. mál. — Þskj. 28.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér framsöguræðu um frv. til laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Frv. er á þskj. 28 og er 27. mál þingsins.

Frv. er flutt í tilefni af samningi um Evrópska efnahagssvæðið sem lagður hefur verið fyrir Alþingi. Í öðrum hluta samningsins er fjallað um frjálsa vöruflutninga innan EES. Hann felur í sér að aðildarþjóðir samningsins skuldbinda sig til að afnema tæknilegar hindranir innan svæðisins á þær vörur sem samningurinn tekur til og að sköttum verði ekki beitt með þeim hætti að þeir hindri frjálst vöruflæði. Í framsögu fyrir næsta máli hér á undan gerði ég grein fyrir almennum atriðum í þessu efni og vísa ég til þess hér við 1. umr. þessa máls.

Í frv. sem hér er til umræðu er eingöngu fjallað um gjaldtöku af ökutækjum og tengdum vörum og eldsneyti. Í öðru frv. sem lagt er fram samhliða og þegar hefur verið mælt fyrir er hins vegar fjallað um gjaldtöku af öðrum iðnaðarvörum.

Samkvæmt gildandi lögum er lagður 10% tollur á flestar bifreiðar aðrar en atvinnubifreiðar sem bera yfirleitt 30% tolla. Á fólksbifreiðar er hins vegar einnig lagt sérstakt innflutningsgjald sem tekur mið af þyngd bifreiðar og vélarstærð og er 16–77%. Hvað varðar eldsneyti er einungis lagður tollur á bensín. Hann er 50% en á bensín er einnig lagt sérstakt innflutningsgjald samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar.

Í frv. er í fyrsta lagi miðað við að gjaldtaka af þeim vörum sem það tekur til verði óbreytt bæði í heild og gagnvart einstökum vörum. Í öðru lagi að ekki verði gerður mismunur á gjaldtöku eftir því hvort varan er flutt inn frá EES-löndunum eða annars staðar frá. Í þriðja lagi að ekki verði breytt þeim tekjum af bensíni sem fara til vegagerðar.

Í samræmi við þessi markmið er í frv. gengið út frá því að felldir verði niður allir tollar af þeim vörum sem það tekur til, þ.e. ökutækjum og bensíni. Ákvæði þess efnis er í því frv. sem áður var getið og fjallar m.a. um allar breytingar sem gera þarf á tollalögum. Þá felur frv. í sér að núverandi bifreiðatollur og sérstakt aðflutningsgjald á bifreiðar verður sameinað í vörugjald á bifreiðar. Hvað eldsneyti varðar er lagt til að í stað tolls á bensín komi jafnhátt vörugjald og í stað hins sérstaka innflutningsgjalds á bensín komi sérstakt vörugjald, bensíngjald, sem eftir sem áður verði hluti af fjáröflun til vegagerðar.

Við undirbúning að lögfestingu ákvæða varðandi þá vöru sem frv. þetta fjallar um kom til álita að fella gjaldtökuákvæði inn í núgildandi lög um vörugjald. Frá því var þó horfið og ákveðið að flytja sérstakt frv. til laga um vörugjald á ökutæki og eldsneyti. Ástæðurnar eru nokkrar.

Í fyrsta lagi er hér um að ræða stóra og sértæka vöruflokka sem um margt eru frábrugðnir almennri iðnaðarvöru.

Í öðru lagi eru gjaldflokkar núgildandi vörugjaldslaga miðaðir við tiltekin tollnúmer, en hvað bifreiðar varðar er nauðsynlegt að miða gjaldtöku við aðra flokkun eins og gert er í þessu frv.

Í þriðja lagi falla vörur þessar illa að þeirri skilgreiningu gjaldstofns sem notuð er í vörugjaldslögum, þ.e. heildsöluverði, sem er áætlað hvað innflutning varðar.

Í fjórða lagi kalla vörur þessar, einkum bifreiðar, á ýmis sértæk framkvæmdaákvæði, einkum hvað snertir gjöld af bifreiðum.

Þess vegna varð það að ráði að flytja sérstakt frv. til laga um vörugjald af ökutækjum og eldsneyti. Auk ýmissa framkvæmdaákvæða og flokkunarreglna er það frábrugðið almennu vörugjaldslögunum í því að gjaldstofn innfluttrar vöru er innflutningsverð hennar, en gjaldstofn innlendrar vöru er framleiðslu- eða verksmiðjuverð hennar. Í almennu vörugjaldslögunum er gjaldstofn innfluttrar vöru tollverð hennar að viðbættum tolli og áætluðu 25% heildsöluálagi. Gjaldstofn innlendrar vöru samkvæmt þeim lögum er heildsöluverð hennar.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja breytingar sem fólgnar eru í einstökum greinum en vísa til greinargerðar með frv. Þær eru flestar í efnislegu samræmi við núgildandi ákvæði í reglugerð um sérstakt aðflutningsgjald á bifreiðar, lögin um sérstakt aðflutningsgjald á bifreiðar, um fjáröflun til vegagerðar og reglugerð um bensíngjald svo og almenn ákvæði vörugjaldslaga.

Virðulegur forseti. Það er þó eitt atriði eða tvö sem ég tel ástæðu til að nefna sérstaklega hvað varðar 3. gr. frv. Í sambandi við grein þessa er rétt að það komi fram að núverandi flokkunarkerfi hefur sætt verulegri gagnrýni bæði þess efnis að framleiðendum og innflytjendum sé mismunað með því að stærð slagrýmis aflvélar sé ónákvæmur mælikvarði á vélarafl og eyðslu og einnig frá því sjónarmiði að flokkun eftir þyngd sé vafasöm með tilliti til öryggisbúnaðar. Þessi atriði eru í athugun og verður hv. þingnefnd, sem málið fær til athugunar, greint frá niðurstöðum í því efni.

Þá vil ég einnig að það komi fram að í athugun eru hjá ráðuneytinu hugsanlegar brtt. á frv. varðandi bifreiðar sem eru með sérbúnaði til flutnings á fötluðum. Það síðasta vil ég að komi fram vegna þess að í vissum tilvikum kann það að vera að fatlaðir eigi betur með að stýra og stjórna bifreið sem er flokkuð sem atvinnubifreið og ber þess vegna hærri gjöld og til þess þarf að taka tillt og hugsanlega þarf að breyta lögum til þess að hægt sé að framkvæma það með viðeigandi hætti. En um þetta eru dæmi, þar á meðal nýleg dæmi.

Varðandi slagrýmið og þyngdina má kannski skýra það helst með því að segja að það er einkum í Banda-

ríkjunum sem vélar bifreiða eru með þeim hætti að slagrýmið er stærra, afgasstigið annað án þess þó að slíkar vélar séu eyðslufrekari og verri vegna mengunar en þær vélar sem eru framleiddar til að mynda í Evrópu og Japan sem hafa minna slagrými en kannski ámóta kraft. Ég vildi ég láta þetta koma fram vegna þess að því hefur verið haldið fram að þessar reglur mismuni bifreiðum eftir framleiðslulöndunum og ég vil ekki útiloka að slík mismunun sé óeðlileg þegar þetta mál er grannt skoðað.

Ég vildi, virðulegi forseti, að þetta kæmi fram við þessa umræðu því að ég tel að á meðan verið er að skoða málið í nefnd, fjalla um það og afgreiða, þurfi að taka tillit til þessara atriða sérstaklega.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, hef ég skýrt það út að gjöld á þessar vörutegundir eru nokkuð frábrugðin því sem almennt gerist með innlendar iðnaðarvörur og skýrir það tvennt. Það er í fyrsta lagi hvers vegna þessar vörur eru í sérstökum lögum og eins hitt að ekki er ástæða til þess vegna þess hvernig vörurnar eru skattaðar að gera mun á því hvaðan þær koma því að mismunurinn byggist á öðrum sjónarmiðum eins og komið hefur fram, t.d. þyngd, slagrými og þessum þáttum þar sem munurinn er fyrst og fremst á milli landa eins og t.d. Bandaríkjanna annars vegar og Japan og Evrópu hins vegar.

Ég tel, virðulegi forseti, ástæðulaust að fjalla frekar á þessu stigi málsins um frv. en vænti þess að það fái ítarlega umfjöllun í viðkomandi hv. nefnd sem er efh.- og viðskn. þingsins og geri tillögu um að málinu verði vísað til 2. umr. og þeirrar hv. nefndar.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. fjmrh., er ýmislegt í þessu frv. sem þarf að athuga og þá ekki síst þá flokkun á ökutækjum sem fram kemur í 3. gr. Það eiga sér auðvitað stað miklar framfarir í bílaiðnaði eins og annars staðar og það varðar bæði þá þróun að gera bílana umhverfisvænni og reyna að sjá til þess að draga úr mengun og eins hvað varðar öryggisútbúnað og þetta þarf auðvitað að taka inn í myndina við þessa flokkun.

Sú spurning vaknaði hjá mér við lestur þessara tveggja frv., sem við höfum verið að ræða í dag, hvort ekki reynist nauðsynlegt í framhaldi af þessum miklu breytingum að skoða lögin í heild og samræma þau og gera skýrari. Þessi spurning vaknar kannski einkum hjá mér vegna þess að það kemur illa fram í þessu frv. hver innheimtuaðilinn er og hvernig farið verður með þetta gjald í kerfinu. Í 10. gr. er minnst á tollstjóra. „Tollstjóri getur krafist þess að gjaldskyldir aðilar leggi fram upplýsingar", segir hér, með leyfi forseta. Síðan er í 17. gr. minnst á innheimtumann ríkissjóðs. Þá segir í 21. gr.:

„Vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skal innheimt við tollafgreiðslu." Af þessu má auðvitað vera ljóst að það eru tollyfirvöld sem eiga að sjá um þessa innheimtu. En mér er spurn hvort ekki væri ástæða til að annaðhvort kveða nánar á um það í lögunum hvernig innheimtu skuli háttað eða að skoða þessi lög í samræmi við aðra lagabálka um tolla og vörugjöld.

Það eru ýmis atriði í þessu máli sem þarfnast skoðunar við og þá ekki síst varðandi leigubíla og hvernig þeir skulu flokkaðir. Leigubílstjórar hafa gert athugasemdir við þetta frv. og telja að taka þurfi meira tillit til þess að um atvinnubíla er að ræða. Eins er spurning varðandi rafbíla. Í 3. gr. kemur fram að ráðherra getur gefið undanþágur ef rafbílar eru fluttir inn eða framleiddir í tilraunaskyni. Nú er það svo að framleiðsla á rafbílum er að aukast og m.a. er verið að taka upp rafbíla sem flutningatæki í ýmsum borgum. Þeim fylgir nánast engin mengun og ég held að vissulega væri ástæða til þess að ýta undir notkun rafbíla við ýmis tækifæri og mér finnst að það mætti koma til skoðunar hvort ekki ætti að veita þeim svolitla tilhliðrun í þessum lögum og ýta undir notkun á þeim.

Síðan vaknar sú spurning, sem aðeins kom inn í umræðuna um síðasta mál, hvers vegna ekki er gerður munur á þeim vörum, hvort sem það eru bílar og bensín og olíur, sem koma frá hinu Evrópska efnahagssvæði og annars staðar frá. Mér finnst hæstv. fjmrh. skulda okkur skýringu á því. Ég get svo sem ekki séð neinn sérstakan mun á bensíni og bílum og öðrum iðnaðarvörum. En það er ljóst að ekki verður gerður munur þar á og ég er reyndar sammála þeirri pólitík. Það sjónarmið sem einkum ætti að ráða í þessu, bæði varðandi bensín og bíla, er umhverfissjónarmið. Mér finnst umhverfisverndarsjónarmiðið skipta mestu máli í þessu sambandi, þ.e. að við reynum að stuðla að því að flytja inn og beina kaupum að bílum sem valda sem minnstum skaða en eru jafnframt öruggastir fyrir þá sem með þá fara.

Ég er sammála þeirri pólitík að leggja eigi há gjöld á dýra bíla. Það á að skattleggja eyðsluna í landinu. Það á að ná peningum frá þeim sem eru ríkastir og það eru einna helst þeir sem fjárfesta í stórum og dýrum bílum. Stóru bílarnir, jepparnir og fjallabílarnir, hafa hingað til verið þeir sem valda mestri mengun og mér finnst sjálfsagt að fólk borgi og borgi mikið fyrir svoleiðis lúxuskerrur.

Nefndinni bárust ýmsar umsagnir í sumar og hef ég þegar minnst á leigubílstjórana. Þeirra mál þarfnast sérstakrar athugunar við í nefndinni. Hjá Verslunarráði benda þeir á að þeir vilja hafa hóflega skattlagningu á dýrari bílum til þess að auka tekjur ríkissjóðs en eins og ég sagði áðan er ég ekki sammála þeirri pólitík. Bílgreinasambandið bendir á það, sem fram kom í máli fjmrh., að þessar viðmiðunaraðferðir, sem frv. byggist á, séu ekki í samræmi við tímann og þá þróun sem orðið hefur í framleiðslu bíla. Og þeir segja, með leyfi forseta:

„Að halda í raun óbreyttu núverandi kerfi gerir m.a. yngra fólki og stærri fjölskyldum oft ókleift að kaupa þá bíla er best henta vegna þessara stighækkandi gjalda." Þannig er margt sem taka þarf tillit til við flokkun á þessum gjöldum.

Ég vil líka nefna það sem segir í greinargerð Bílgreinasambandsins. Þar er bent á hvort ekki þurfi að vera heimild til sérstakrar niðurfellingar vegna öryggg-

isbúnaðar til þess að ýta undir að fólk kaupi þá bíla sem búa fólki best öryggi.

Virðulegi forseti. Ég á sæti í þeirri nefnd sem mun skoða þetta mál og það má ljóst vera að ýmislegt þarf að athuga og þar af leiðandi er óþarfi að vera að ræða þetta mál mikið þar sem ljóst má vera að það er í raun alls ekki tilbúið til ítarlegrar umræðu.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á því að fjalla um ytri tollana, hvers vegna ekki þótti ástæða til að halda ytri tollum þegar kom að aðflutningsgjöldum á bíla þó að það væri ákveðið að hafa þar verulegan mismun þegar rætt var um aðrar vörur, innfluttar iðnaðarvörur. Ég vil þá byrja á því að spyrja hæstv. fjmrh. Samkvæmt röksemdafærslu fjmrh. ætlum við að halda áfram uppi nokkrum ytri tollum til að bæta samningsstöðu okkar. Við mundum ekki lækka þá fyrr en við fengjum toll af okkar útflutningsvörum inn á viðkomandi svæði lækkaðan. En ef þessi hugmyndafræði og röksemdafærsla hæstv. fjmrh. stenst þá þýðir hún einfaldlega það að við breytum þessum tollhlutföllum, aðflutningsgjaldahlutföllum, annars vegar á vörum innan hins Evrópska efnahagssvæðis og hins vegar á vörum utan svæðisins og ætti það að þýða að þau svæði kæmu með mótrökin sem væru hækkuð aðflutningsgjöld, hækkaðir tollar á vörur frá okkur þangað inn. Ef menn ætla að fara að skoða málið út frá þessari röksemdafærslu þá lítur það einfaldlega þannig út.

Hvers vegna skyldi ekki sömu hugmyndfræði hafa verið beitt þegar kom að því að tolla bílana? Ég held að ástæðan sé einföld. Það voru einfaldlega öflugri aðilar sem þar voru að gæta sinna hagsmuna.

Við skulum líta á eilítið dæmi. Ef hliðstæðar breytingar hefðu orðið á innfluttum bílum og boðaðar eru í frv. um tolla og vörugjöld hefði verð á tveimur bílum sem kostuðu 1 millj. fyrir breytinguna, öðrum frá hinu Evrópska efnahagssvæði og hinum japönskum, breyst þannig að sá evrópskri hefði lækkað um 35 þús., kostað 965 þús. kr. á eftir, en sá japanski hefði hækkað um 46 þús., kostað 1 millj. 46 þús. Munurinn 81 þús. Þetta sýnir kannski betur en annað að þó svo fjmrh. hafi viljað gera lítið úr þeim breytingum sem felast í frv. um tolla á vörugjald sýnir þetta kannski betur en margt annað hvað þarna er um að ræða. Þarna er um marktækan mun að ræða, stefnumörkun í þá veru að beina innflutningi okkar til ákveðinna landsvæða eða heimshluta. Þó svo að ákveðin fyrirtæki flytji líka inn VW Golf þá býst ég við að hagsmunirnir liggi stærri annars staðar.

Síðan ætla ég aðeins að koma að þeirri skipan sem hefur verið á aðflutningsgjöldum á bíla, að gjöldin ráðist annars vegar af slagrými og hins vegar af eigin þyngd og munurinn er frá því að vera 26% og upp í 87%. Ég tek undir það sem fram hefur komið og m.a. hjá hæstv. fjmrh. að þarna er byggt á algerlega úreltri hugmyndafræði. Ég tel þess vegna nauðsynlegt, af því að þessi lög eru tekin upp, að þessi þáttur verði endurskoðaður mjög rækilega. Ég held að ef við ætlum að hafa mismun á gjöldunum þá eigi hann að byggjast kannski á þremur þáttum, þ.e. umhverfisþáttunum og öryggissjónarmiðum sem ég held að séu mjög mikilvæg ef við ætlum að reikna dæmið út í heild og síðan verðið. Ég get tekið undir það eðlilegt sé að dýrari bílar séu skattlagðir meira, en aukið slagrými og aukin eigin þyngd þarf ekki alltaf að fara saman. Menn eiga að hafa tök á því að geta keypt sér bíl sem þjóna þeirra hagsmunum, til að mynda fjölskyldustærð þó að hann sé eilítið þyngri. Hann þarf ekki að vera því sem nemur dýrari í innflutningi. Þetta verður allt saman að skoða í meðförum nefndarinnar og þarf út af fyrir sig ekki að koma við heildartekjur sem ríkið hefur af innflutningi.

Aðeins varðandi eldsneytið. Eins og búið er að leggja dæmið upp hérna þá eru þær heimildir sem eru til gjaldtöku þannig að áfram er það svigrúm inni til þess að hækka blýlausa bensínið eins og hægt er samkvæmt núgildandi lögum. Auk þess er bætt við heimildum til þess að hækka bensín með blýi þannig að munurinn á verðlagningunni verði áfram hlutfallslegur. Í umsögn frá vegamálastjóra var því fagnað sérstaklega að heimildir væru rýmkaðar til að taka aðflutningsgjöld af bensíni til að standa undir vegagerð um leið og vegamálastjórn harmaði að þær heimildir hefðu til þessa ekki verið nýttar að fullu.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta frv. Það kemur til kasta efh.- og viðskn. og þar er mikil vinna óundirbúin en ég ítreka að lokum að hæstv. fjmrh. skuldar okkur skýringu á því hvers vegna allt annarri pólitík er beitt gagnvart ytri tollunum þegar kemur að bílum og eldsneyti en þegar rætt er um aðrar iðnaðarvörur. Þangað til ráðherra kemur með aðrar haldbetri skýringar sé ég ekki aðrar en þar hafi einfaldlega verið sterkari hagsmunaaðilar en þeir tvístruðu sem standa að almennum vöruinnflutningi.

Ég vil þó að lokum ítreka að menn mega ekki gera of mikið úr því að þarna sé eingöngu um að ræða hagsmuni innflytjendanna. Það eru hagsmunir allrar þjóðarinnar, allra neytenda, að ekki séu settar hömlur á það hvaðan við flytjum vörurnar inn og ekki sé verið að setja sérstaka aukahemla á innflutning á vörum frá svæðum sem hafa reynst okkur vel og ýmissa hluta vegna hafa kosið að eiga viðskipti við okkur.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð sem mig langar til að minnast á. Ég geri mér grein fyrir því og veit um að leigubifreiðastjórar hafa verið með sínar hugmyndir um breytingar á aðflutningsgjöldum atvinnubifreiða. Það mál hefur reyndar verið til skoðunar í ráðuneytinu en engin niðurstaða fengist í því máli. Inn í það blandast að sjálfsögðu skattlagning á atvinnubifreiðastjóra eða fólksflutninga þannig að menn þurfa að líta á málið í því ljósi að það kann að hafa áhrif ef t.d. um væri að ræða breytingar á virðisaukaskatti sem er ekki ljóst á þessari stundu því að um leið og fólksflutningar yrðu skattskyldir þá gætu þeir líka dregið frá innskattinn, þar á meðal innskatt vegna bifreiða og bifreiðavarahluta.

Að öðru leyti er það kannski fyrst og fremst eitt atriði sem ég vil koma á framfæri og það er það sem kom hér fram hjá hv. síðasta ræðumanni sem gaf í skyn að einhverjir öflugir aðilar hefðu ráðið því að ekki var gripið til ytri tolla í þessu frv. Svo er ekki. Það er alveg út í bláinn að halda því fram og ég leyfi mér nú bara að segja fyrir neðan virðingu hv. þm. Ástæðan er þvert á móti sú að skattar á þessi tæki eru margslungnari en skattar yfirleitt eins og kom reyndar fram í máli hv. þm. sem ræddu þessi mál og nefni ég þá gjaldið á bifreiðarnar sem lúta mjög sérkennilegum lögmálum og hafa reyndar verið vandræðamál um langan aldur.

Það sama er að segja um skatta á bifreiðar. Allir sjá hve erfitt er að skattleggja bíla eftir kg og slagrými og jafnvel er um eignarskatta að ræða á bifreiðum sem ekki einu sinni bera númer eins og menn þekkja. Þetta eru allt mál sem eru þess eðlis að það hefur kannski tiltölulega litla þýðingu að gera mun á því hvaðan bifreiðarnar koma því að það er hægt að jafna það upp með ýmsum öðrum ráðum.

Eftir sem áður er sett vörugjald og tollar á bifreiðavarahluti en þar er auðvitað gerður munur á því hvaðan framleiðslan kemur og þess vegna er um hærri gjöld á slíkum frá Bandaríkjunum og Japan.

Ég get hins vegar sagt frá því að þeir bifreiðainnflytjendur sem komu og ræddu við stjórnvöld og þar á meðal mig um þessi mál voru innflytjendur ameríska bíla af stærri gerðum, t.d. jeppabíla, og kvörtuðu þeir undan þeirri breytingu sem gerð var í tengslum við síðustu fjárlög þegar hækkunin var á gjaldi af þeim bifreiðum sem höfðu stærst slagrými og voru þyngstir. Þeir sem komu á minn fund voru innflytjendur amerískra bíla, þar á meðal innflytjendur bíla frá General Motors. Þeir hafa haft þau áhrif að ég tel skyldu mína að biðja nefndina um að líta sérstaklega til þessa atriðis þótt ég hafi kosið að láta frv. fara fram eins og það núna er til að gera sem allra minnstar efnislegar breytingar á frv. og þessum lögum og reglum sem í gildi eru því að ég taldi það skyldu mína að reyna a gera sem minnstar efnislegar breytingar vegna sjálfs EES-samningsins þótt auðvitað komi til greina að nefndin sjálf og ráðuneytið vinni síðan saman að breytingum sem geta komið upp af öðrum ástæðum.

Þetta vildi ég láta koma fram og ég veit að hv. þm. veit betur en ég að varla getum við verið að tala lengur um öfluga aðila þegar þeir eru taldir upp sem ég nefndi hér áðan og skal ég ekki hafa fleiri orð um það. En þetta voru þeir einu sem við mig töluðu í tilefni af þessu frv. og bentu mér á þetta sem ég gerði laglega skil, vona ég, í upphafsræðunni. Ég vona að ég hafi svarað hv. þm. rækilega um þessa öflugu aðila.

Umræðu frestað.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Nú er kominn tími þingflokksfunda og verður því að fresta umræðu um þetta dagskrármál. Út af dagskrá eru tekin 4., 5., 6., 7. og 8. dagskármálið. Fleira liggur þá ekki fyrir þessum fundi. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

21. FUNDUR

þriðjudaginn 15. sept.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tollalög, stjfrv., 26. mál, þskj. 27. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, stjfrv., 32. mál, þskj. 33. — 1. umr.
3. Ríkismat sjávarafurða, stjfrv., 43. mál, þskj. 44. — 1. umr.
4. Fiskistofa, stjfrv., 44. mál, þskj. 45. — 1. umr.
5. Meðferð sjávarafurða og eftirlit, stjfrv., 45. mál, þskj. 46. — 1. umr.
6. Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, frv., 16. mál, þskj. 16. — 1. umr.
7. Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, frv., 66. mál, þskj. 68. — 1. umr.
8. Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, stjfrv., 35. mál, þskj. 36. — 1. umr.
9. Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., stjfrv., 36. mál, þskj. 37. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Árni Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.,
Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Salome Þorkelsdóttir, 2. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:

Staða samþykkta EB eftir mitt ár 1991, 33. mál, svar utanrrh. á þskj. 81.

Útboð á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, 51. mál, svar dómsmrh. á þskj. 80.

Útboð á vegum landbúnaðarráðuneytis, 56. mál, svar landbrh. á þskj. 82.

Vannýtt orka Landsvirkjunar, 79. mál, fsp. JHelg á þskj. 84.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill geta þess áður en gengið er til dagskrár að um kl. fjögur verða 6. og 7. dagskrármál tekin fyrir. Að loknum framsöguræðum fer fram sameiginleg umræða um málin skv. 3. mgr. 63. gr. þingskapalaga, ef enginn þingmaður mótmælir því.

Þá vill forseti geta þess að gert er ráð fyrir kvöldfundi.

Tollalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 26. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 27.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, IBA, JÁ, JGS, JVK, KÁ, LMR, MF, ÓRG, PP, RA, RG, SigG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

31 þm. (ÁMM, DO, EH, EGuðn, GHH, GB, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KE, MB, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, IBA, JÁ, JGS, JVK, KÁ, LMR, MF, ÓRG, PP, RA, RG, SigG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

30 þm. (ÁMM, DO, EGuðn, GHH, GB, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KE, MB, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB) fjarstaddir.

Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 32. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 33.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.

Samkvæmt samningi EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið um Evrópskt efnahagssvæði nær frelsi til fjárfestinga á Íslandi ekki til fiskveiða og fiskvinnslu. Íslendingar náðu þar fram veigamiklum fyrirvara af sinni hálfu til að tryggja full yfirráð landsmanna yfir þessari mikilvægu auðlind. Fyrirvarinn nær á hinn bóginn ekki til verslunar með fisk og er samkvæmt samningnum óheimilt að gera upp á milli borgara ríkjanna á grundvelli þjóðernis hvað varðar frelsi til að mega stunda verslunaratvinnu. Það er því nauðsynlegt að gera breytingar á lögum um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla og er lagt til að í lögin verði bætt ákvæði sem undanþiggur ríkisborgara annarra ríkja EES-svæðisins ríkisfangs- og búsetuskilyrðum þessara laga í þeim tilgangi að uppfylla ákvæði hans.

Ég legg svo til, frú forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa langt mál um þetta núna þar sem ég hef aðstöðu til að vinna í þeirri nefnd sem mun fjalla um þetta mál, þ.e. sjútvn. Þar á ég sæti sem áheyrnarfulltrúi. Hins vegar vil ég vekja athygli þingmanna á því að samkvæmt þessu verður ekki betur séð en útlendingar geti sett hér upp fiskmarkað og þar af leiðandi keypt óunninn fisk og flutt utan til vinnslu. Og ég get ekki sagt annað en að hér er enn ein bakdyraleiðin komin að landhelgi okkar.

Mér finnst full ástæða til að vekja athygli á slíku sem virðist vera að slæðast hér með með einum eða öðrum hætti í þessa umræðu um EES í krafti samræmingar. Við verðum að gæta að okkur. Við verðum að sjá hvað við erum að gera og taka hvert einasta frv. til gaumgæfilegrar athugunar og tel að það eigi fyrst og fremst að gerast í nefndum eins og t.d. í þessu tilviki, en það er alveg ótvírætt að með því að geta sett upp og haft sjálfur allt forræði yfir því hvernig fiskmarkaði sé háttað er í raun og veru verið að setja býsna mikið vald í hendur erlendra aðila.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Þetta frv. snýst í raun um það að innleiða frelsið inn í viðskipti með fisk og ég kem upp fyrst og fremst til að vekja athygli á því að hinar raunverulegu undanþágur frá því að útlendingar taki þátt í sjávarútveginum ná ekki lengra en þar til á að fara að selja vöruna. Það hlýtur að segja mönnum að útlendingar eiga ýmsa möguleika í sambandi við sjávarútveginn hérna og það verður býsna erfitt að verja það að útlendir aðilar taki þátt í þessari atvinnugrein eða stundi viðskipti af ýmsu tagi sem eru auðvitað undanfari annarra hluta sem gerðir eru. Þegar menn hafa fengið að kaupa fisk á mörkuðum hljóta menn að geta fengið að nýta sér hann, fengið að flytja hann út, vinna hann og ég tel að það sé rétt að menn horfist í augu við það að undanþágurnar og fyrirvararnir gagnvart sjávarútveginum munu verða erfiðar viðfangs. Það verður að fylgja þeim mjög stíft eftir og ég vil minna á að á sl. vetri kom í ljós að erlendir aðilar eiga umtalsverða eignarhluti í íslenskum fyrirtækjum og það kom greinilega í ljós að það var ekki vilji stjórnvalda að taka á því máli. Það er þess vegna ástæða til þess að doka við og velta því fyrir sér hvernig stjórnvöld munu taka á þessu máli í framtíðinni. Menn hafa gert mikið úr þessum fyrirvörum og þessum undanþágum

og þá verða menn líka að fylgja því mjög hart eftir því að það verður vandrataður stígur að halda sjávarútveginum á Íslandi alfarið í eigu Íslendinga.

Þetta leiðir líka hugann að því að varla eru nokkrar líkur til þess að við getum stjórnað útflutningnum frá Íslandi á sjávarafurðum og skammtað sjávarafurðir inn á markaði erlendis eftir að þetta frelsi er komið til í útflutninginn sem verður í þessu EES-kerfi. Ég óska eindregið eftir því að hæstv. sjútvrh. svari því hvort hann er ekki á sama máli og ég um það að í framtíðinni geti sjávarútvegurinn ekki skammtað vörur inn á markað erlendis í skjóli einhvers konar takmarkana eins og hafa verið notaðar fram að þessu.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem komið hefur fram og verið bent á að í þessu frv. felst að nokkru leyti annað markmið í reynd en menn hafa gefið út að væri með fyrirvara í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Það er alveg ljóst með þessu frv. að fátt er um varnir í því skyni að halda útlendingum utan við okkar sjávarútveg. Það er alveg ljóst á þessu frv. að það er mat núv. hæstv. sjútvrh. og ríkisstjórnar að lögin frá 1991 duga ekki. Það verður að breyta þeim til samræmis við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Og það er líka alveg rétt sem bent hefur verið á, hver er staða okkar Íslendinga til að hafa stjórn á kaupum á fiski hér á landi eftir að þetta frv. er orðið að lögum? Ég velti því fyrir mér hvað verður um möguleika okkar á því að stýra framhaldinu eftir að verslunarviðskipti hafa átt sér stað hvort heldur er um að ræða unninn eða óunninn fisk, innan lands eða utan. Ég tel nauðsynlegt að hæstv. ráðherra gefi skýrari svör um það en fram hafa komið.

Ég vil líka til viðbótar, virðulegi forseti, óska eftir skýringum ráðherra á niðurlagi 1. gr. þar sem segir að ríkisborgarar ríkja hins Evrópska efnahagssvæðis skuli vera undanþegnir skilyrðum um ríkisfang og búsetu samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur. Hvaða efnisatriði eiga að vera í þessum reglum? Það skiptir verulegu máli um efni frv. hvað menn eru með þar í huga.

Ég held, virðulegi forseti, að meira sé fólgið í þessu frv. en það lætur yfir sér. Svo lítið sem það er þá varpar það skýrara ljósi á þá stöðu sjávarútvegsins innan samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem bent hefur verið á. Ég sé að mörgu leyti í þessu frv. staðfestingu á okkar varnaðarorðum. Ég hef t.d. bent á að ég sæi ekki fyrir mér að það væri framkvæmanlegt til lengdar að halda útlendingum utan við sjávarútveginn með þeirri breytingu sem samningurinn leiðir af sér hér innan lands á ýmsum sviðum þjóðlífsins. Mér sýnist í raun og veru þetta frv. staðfesta þær efasemdir mínar og þurfi ekkert frekar að leiða fram rök í þeim efnum.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hv. 5. þm. Vestf. innti eftir því hvað átt væri við með lokaorðum í síðari mgr. 1. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir því að settar verði nánari reglur um hvernig ríkisborgarar hins Evrópska efnahagssvæðis skuli verða undanþegnir skilyrðum um ríkisfang og búsetu. Hér er einungis um að ræða framkvæmdareglur en ekki á nokkurn átt vikið að efnisreglum í þessu samhengi. Þær koma fram í lagagreininni sjálfri.

Hv. þm. taldi að þetta frv. bæri vott um að nauðsynlegt væri að breyta lögunum frá 1991 um fjárfestingu útlendinga í atvinnurekstri á Íslandi. Því fer víðs fjarri. Hér er ekki á nokkurn hátt verið að breyta þeim lögum eða víkja þeim á nokkurn hátt til hliðar. Hér er verið að breyta lögum frá 1989 um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla. Eins og nokkrum sinnum áður hefur komið fram í umræðum hér á þinginu undanfarnar vikur þá náðist sá fyrirvari sem við settum að við getum haldið óbreyttum þeim fjárfestingalögum sem sett voru að því er varðar sjávarútveginn og þau standa því óhögguð og óbreytt og samningurinn gefur ekkert tilefni til breytinga á þeim.

Þá kom fram það sjónarmið bæði hjá hv. 9. þm. Reykn. og hv. 3. þm. Vesturl. að með þessari breytingu væri búið að opna fyrir það að útlendingar gætu flutt út óunninn fisk og keypt hér fisk á mörkuðum til vinnslu og síðan ráðstöfunar á erlenda markaði. Rétt er að hafa í huga að þetta frv. mælir einvörðungu fyrir um að ríkisborgarar á EES-svæðinu geta verið eignaraðilar að uppboðsmörkuðum. Frv. breytir í engu gildandi reglum um útflutning á sjávarafurðum. Eignaraðilar að uppboðsmörkuðum eru jafnháðir gildandi reglum um útflutning og íslenskir borgarar og íslenskir lögaðilar. Samningurinn felur ekki í sér að við þurfum að gera breytingar á þeirri skipan sem nú er á útflutningsmálum á sjávarafurðum og þetta frv. mælir ekki fyrir um neinar breytingar þar á. Til að mynda höldum við óbreyttu álaginu sem lagt er á útflutning á ferskum fiski og kemur til skerðingar á kvóta þeirra skipa sem flytja út. Við getum haldið áfram óbreyttri starfsemi aflamiðlunar og þeirri skipan útflutningsmála sem nú er við lýði. Þetta frv. breytir engu þar um.

Hv. 3. þm. Vesturl. spurði að því hvort ég sæi ekki fyrir mér í framtíðinni að sjávarútvegurinn gæti ekki stýrt útflutningsmálum með þeim hætti sem hann hefur gert. Við þeirri spurningu er það eitt svar að hvorki samningur um Evrópskt efnahagssvæði né þetta frv. gefa tilefni til breytinga þar á. Hitt er svo annað mál að á þessu sviði sem öðrum geta orðið breytingar í framtíðinni sem hvorki ég né hann sjá fyrir.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég benti hæstv. ráðherra sem og öðrum þingmönnum á að ég væri einungis að vara við því að þetta gæti leitt til þess að útlendingar sem setja hér upp markað gætu keypt óunninn fisk og flutt út. Ég er ekki horfin frá þeirri skoðun minni. Ég held að við vitum öll hvílík áhrif hagsmunaaðilar í sjávarútvegi hafa á stjórnvöld þessa lands. Ef erlendir aðilar eru hugsanlega orðnir þungavigtarmenn í þessum hagsmunaaðilasamtökum af einhverju tagi þá sé ég ekki annað en þeir hafi auðvitað áhrif á það hvað er leyft og hvað er bannað. Það hlýtur að leiða af sjálfu sér. Þetta eru því einungis viðvörunarorð og eins og ég sagði í máli mínu áðan tel ég að þetta þurfi að skoða gaum-

gæfilega í nefnd og við þurfum að heyra sjónarmið þeirra sem gerst þekkja til því að ég veit að margir þeirra munu ekki á ósvipaðri skoðun eða alla vega einhverjir þeirra.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Viðvaranir eru af hinu góða og ég met orð hv. þm. eins og þau voru sögð. En kjarni málsins er sá að frv. mælir ekki fyrir um breytingar á þeim reglum sem gilda nú um útflutning sjávarafurða.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þarf að fá betri upplýsingar um það til þess að ég trúi því að það fyrirkomulag sem aflamiðlun varðar fái að standa til frambúðar undir því kerfi sem menn eru að taka á sig í landinu. (Gripið fram í.) Það held ég að geti bara ekki verið. Ég trúi því ekki að útflutningshindranir af því tagi geti staðið í kerfi sem á að byggjast á algeru frelsi eða sem allra mestu frelsi. Kann vel að vera að menn gangi þessa götu núna í þeirri vissu að þeir megi halda áfram að stjórna útflutningi á fiski en ég trúi því ekki að það verði til frambúðar.

Það sem ég var fyrst og fremst að vekja athygli á er það að ég tel að menn hafi með málflutningi sínum gert það mikið úr undanþágum sjávarútvegsins að búið sé að fá fólkið í landinu til að trúa því að sjávarútvegurinn sé alfarið undanþeginn. En verslun með sjávarvörur er ansi stór hluti af því sem menn gera með sjávarafurðir. Þess vegna er full ástæða til þess að menn geri sér grein fyrir því hvað af því leiðir að útlendingar hafi a.m.k. jafnan rétt og við gagnvart því að versla með sjávarafurðir.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég missti af framsöguræðu hæstv. ráðherra en um er að ræða frv. þar sem verið er að breyta lagaákvæðum að því er varðar fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sérstaklega að því er varðar uppboðsmarkað. Ég er ekki þeirrar skoðunar að frv. í sjálfu sér skipti neinum sköpum í sjávarútvegi okkar og er sammála hæstv. ráðherra í þeim efnum.

Það verður að líta til þess að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði tekur ekki sérstaklega til sjávarútvegs eða landbúnaðar. Við munum með samþykkt þess samnings ekki gerast aðilar að sameiginlegri sjávarútvegsstefnu Evrópubandalagsins og ekki að sameiginlegri landbúnaðarstefnu Evrópubandalagsins. Ég lít svo á með sama hætti og hæstv. ráðherra að við getum vegna þess viðhaldið þeim takmörkunum sem við höfum haft á útflutningi á ferskum fiski og það sé alveg í samræmi við það sem gengur og gerist í löndum Evrópubandalagsins. Evrópubandalagið er með margvísleg ítök í sjávarútvegínum, boð og bönn, styrkveitingar og annað fleira og þess vegna er alveg ljóst í mínum huga að við getum skipt okkur af útflutningi á ferskum fiski eins og við höfum gert.

Hitt er svo annað mál að stundum hefur heyrst frá hæstv. utanrrh. að það þurfi að verða breytingar á útflutningsverslun Íslendinga vegna aðildarinnar að EES. Þetta eru sjónarmið sem ég er ekki sammála. Menn eiga alls ekki að gera breytingar af þeim sökum en menn geta að sjálfsögðu gert breytingar ef þeir telja það hagstætt hagsmunum okkar. Þess vegna tel ég ótvírætt að við getum viðhaldið sölusamtökum með sama hætti og verið hefur og séum á engan hátt skuldbundnir til þess að leggja þau niður.

Hitt er svo annað mál að ég er í vissum vafa um að nauðsynlegt sé af hálfu Íslendinga að gera þessa breytingu sem hér er verið að mæla fyrir. Eins og nú er verður erlendum aðilum bannað að stunda frumvinnslu á fiski hér á landi. Ef þetta frv. verður að lögum má því segja að erlendir aðilar geti átt aðild að slíkum uppboðsmarkaði, verið eignaraðilar þar, en þeir munu ekki geta tekið þátt í vinnslu þess fisks sem er seldur á slíkum uppboðsmarkaði.

Á vissan hátt er óeðlilegt að erlendir aðilar hafi heimild til að fjárfesta í starfsemi að því er varðar viðskipti á fiskmarkaði en sé síðan bannað að taka þátt í vinnslu afurðanna frekar eða allri vinnslu afurða. Þess vegna finnst mér að mætti efast um að það væri alveg nauðsynlegt að gera þessa lagabreytingu. Ég ætla ekki að vera með neinar fullyrðingar um það. En jafnvel þótt svo yrði gert og erlendir aðilar hefðu heimild til að stunda slík viðskipti teldi ég ekki vera neina stórhættu á ferðinni, enda haldi ákvæðin um frumvinnslu og ákvæðin um það að okkur sé heimilt að stýra útflutningi á ferskum fiski eins og við höfum gert.

Þetta vildi ég segja hér við 1. umr. málsins, en ég mun að sjálfsögðu taka þátt í nefndarstörfum í málinu og okkur gefst þar kostur á að athuga hvort það sé ótvírætt að við þurfum að gera þessa breytingu í samræmi við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkismat sjávarafurða, 1. umr.

Stjfrv., 43. mál. — Þskj. 44.

Fiskistofa, 1. umr.

Stjfrv., 44. mál (eftirlit með framleiðslu sjávarafurða). — Þskj. 45.

og

Meðferð sjávarafurða og eftirlit, 1. umr.

Stjfrv., 45. mál. — Þskj. 46.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Borist hefur ósk frá hæstv. sjútvrh. þess efnis að umræða verði sameinuð um 3., 4. og 5. dagskrármálið og hyggst forseti verða við því ef enginn hreyfir

mótmælum. Þetta er skv. 3. mgr. 63. gr. þingskapalaga.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þá heimild sem hér hefur verið veitt á grundvelli þingskapalaga að mæla fyrir þessum þremur málum í einu lagi. Það styðst við fordæmi frá fyrra þingi þar sem sami háttur var hafður á þegar þessi mál voru í upphafi flutt en eins og fram kemur í athugasemdum við frumvörpin voru þau lögð fram á síðasta þingi en afgreiðslu þeirra var frestað og vísað til meðferðar með öðrum málum er tengjast afgreiðslu samninga um Evrópska efnahagssvæðið.

Hér er í fyrsta lagi um að ræða frv. til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, í öðru lagi frv. til laga um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða og í þriðja lagi frv. til laga um breyting á lögum um Fiskistofu.

Tilgangur þeirra breytinga sem lagðar eru til í þessum frumvörpum er annars vegar að bregðast við auknum kröfum um meðferð framleiðslu og eftirlit með sjávarafurðum og hins vegar að auka skilvirkni í opinberri stjórnsýslu með því að laga hana að breyttum aðstæðum.

Á síðasta þingi voru samþykkt lög um Fiskistofu og lög um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Frv. um meðferð sjávarafla og eftirlit með framleiðslu þeirra og frv. um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða voru einnig lögð fram á því þingi en þá tókst ekki að ljúka umfjöllun þeirra.

Þriðja frv. sem hér liggur fyrir varðar einfaldlega breytingu á lögum um Fiskistofu þess efnis að Fiskistofu sé falið að hafa opinbert eftirlit með meðferð og framleiðslu sjávarafurða.

Á undanförnum árum hafa orðið miklar breytingar á alþjóðavettvangi og í samskiptum þjóða. Samkeppni á alþjóðlegum mörkuðum mun enn aukast á komandi árum í kjölfar frjálsari viðskiptahátta og aukinna milliríkjaviðskipta. Aukin alþjóðleg samkeppni knýr stjórnvöld og fyrirtæki hér á landi til þess að endurskoða stöðu sína og leita leiða til þess að bæta samkeppnisstöðu fyrirtækjanna. Eftirlitsyfirvöld og neytendur í markaðslöndum okkar gera sífellt meiri kröfur til sjávarfurða. Krafist er tryggingar fyrir því að sjávarfurðir séu heilnæmar og eru yfirvöld erlendis á verði gagnvart öllum innfluttum sjávarafurðum. Í nýjum reglum Evrópubandalagsins sem taka eiga gildi um næstu áramót og í nýju eftirlitskerfi bandarískra stjórnvalda eru settar fram ítarlegar kröfur í þessum efnum.

Með frumvörpum þessum er leitast við að auka ábyrgð framleiðenda á vörum sínum og jafnframt dregið úr umsvifum og kostnaði ríkisins. Opinbert eftirlit er skilið frá ráðgjöf og þjónustu sem nú verður falið viðurkenndum skoðunarstofum sem starfa undir eftirliti Fiskistofu. Með þessu fyrirkomulagi er komið á heildstæðu opinberu eftirlitskerfi sem fullnægir kröfum erlendra heilbrigðisyfirvalda um opinbert eftirlit með framleiðslu sjávarafurða. Hagsmunir neytenda eru hafðir að leiðarljósi og því er í frv. að finna ákvæði um hert viðurlög við brotum sem stefnt gætu heilsu neytandans í hættu allt í því skyni að verja þá hagsmuni sem þýðingarmesti atvinnuvegur þjóðarinnar hefur af því að íslenskar sjávarafurðir njóta álits sem heilnæm matvara er ávallt megi treysta. Vegna þessara skipulagsbreytinga í opinberu eftirliti við meðferð og framleiðslu sjávarfurða er lagt til að hlutverki og rekstrarformi Ríkismats sjávarafurða verði breytt. Er gert ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag sem sjái m.a. um eftirlit með innra eftirliti framleiðenda og taki við því hlutverki um næstu áramót en opinbert vald Ríkismatsins verði fært til Fiskistofu frá sama tíma. Fiskistofu verði síðan falið að veita sjávarútvegsfyrirtækjum vinnsluleyfi og útflutningsnúmer í samræmi við þær reglur sem settar verða í þessum efnum.

Gildandi löggjöf um meðferð sjávarafurða er um margt úr sér gengin og fullnægir ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til framleiðslu og eftirlits sjávarafurða. Með frv. er ætlunin að koma á skýrri rammalöggjöf á þessu sviði. Við samningu frv. hefur verið tekið mið af kröfum í helstu markaðslöndum okkar. Í flestum löndum er þess nú krafist að fyrirtæki sem framleiða sjávarafurðir hafi til þess sérstök leyfi yfirvalda og þurfa þau að uppfylla lágmarkskröfur um gæði afurða, búnað, hreinlæti, hollustuhætti, merkingar, vigtun og fleira samkvæmt reglugerðum eða fyrirmælum. Opinberir aðilar og kaupendur hafa gert sífellt meiri kröfur til matvælaframleiðslu. Yfirvöld í mörgum löndum hafa beint sjónum í auknum mæli að innra eftirliti fyrirtækjanna og reynt að færa sér það í nyt í þágu opinbers eftirlits. Reynslan hefur sýnt að þrátt fyrir opinbert eftirlit, oft með miklum tilkostnaði, hefur ekki tekist að framfylgja ákvæðum laga og reglna. Athugasemdir yfirvalda við framleiðslu hafa einungis tímabundin áhrif og fljótt sækir aftur í sama farið. Vænlegra til árangurs þykir samspil innra eftirlits fyrirtækja og opinbert eftirlit. Styðjist opinbert eftirlit við athuganir fyrirtækjanna er byggt á sterkum grunni því fylgjast má með framleiðsluferli af skráðum gögnum milli heimsókna í fyrirtæki. Eftirlitið eykst, það verður markvissara og komið verður í veg fyrir tvíverknað. Því er í frv. þessu gert ráð fyrir að allir framleiðendur sjávarafurða semji við skoðunarstofur sem ætlað er það hlutverk að annast eftirlit með innra eftirliti með framleiðslunni. Yfirvöld í helstu markaðslöndum okkar, þ.e. í ríkjum Evrópubandalagsins og Bandaríkjunum, krefjast eftirlits með fiskiskipum með aðstöðu og framkvæmd við löndun, uppboðs og dreifingar auk eftirlits með fyrirtækjum til að tryggja að framleiðendur standi við skilmála fyrir leyfisveitingu. Eftirlitið nær til hreinlætis, innra eftirlits og til skoðunar afurða á markaði, til að tryggja að þær séu merktar í samræmi við reglur og hafi verið fluttar og séu geymdar í samræmi við gildandi heilbrigðisákvæði. Allar þessar kröfur eru miðaðar við að hagsmunir neytenda séu tryggðir.

Í viðskiptasamningum er í æ ríkara mæli gerð krafa um að seljandi sýni með skjalfestum gögnum hvernig gæði eru tryggð. Oft gera erlendir kaupendur strangari kröfur en tíðkast í markaðslandi. Fyrirtækjum og

framleiðendum er að sjálfsögðu heimilt að setja sjálfum sér strangari vinnureglur en það losar þá ekki undan opinberu eftirliti sem haldið er uppi til að tryggja neytendum og óskemmda vöru. Yfirvöld í mörgum löndum krefjast heilbrigðisvottorða til tryggingar því að fiskafurðir sem fluttar eru inn uppfylli tilgreindar lágmarkskröfur varðandi heilnæmi og fleira eins og rakið hefur verið. Þau taka yfirleitt aðeins gild vottorð þar að lútandi frá opinberum eftirlitsstofnunum eða láta starfsmenn sína taka sýni af afurðunum til rannsókna til að ganga úr skugga um að þær séu heilnæmar áður en tollafgreiðsla fer fram. Nýverið hefur þróunin gengið í þá átt hjá Evrópubandalaginu og í Bandaríkjunum að í stað vottorða með afurðum er þess nú krafist að hvert fyrirtæki sem hyggst framleiða sjávarafurðir fyrir markað í þessum ríkjum hafi opinbert númeruð vinnsluleyfi sem prenta skal á allar umbúðir. Númerið er staðfesting opinbers eftirlits á því að fyrirtækið uppfylli allar kröfur, þar með talið eigið innra eftirlit. Opinberum eftirlitsstofnunum er ætlað að fylgjast með því að fyrirtækin standi við þá skilmála sem leyfisveitingin er háð.

Í II. kafla frv. eru settar fram opinberar lágmarkskröfur til sjávarafurða varðandi heilnæmi, geymslu, flutninga, aukefni og merkingar. Í mörgum tilvikum er gert ráð fyrir að sjútvrh. setji með reglugerð nánari ákvæði um einstakar greinar og þess skal getið að fram til þessa hafa kröfur til sjávarafurða ekki verið almennt lögfestar heldur settar með reglugerðum.

Í III. kafla frv. er fjallað um leyfisveitingar og eftirlit með framleiðslu sjávarafurða.

Í frv. er að finna það nýmæli að lögð verði sú skylda á herðar forstöðumönnum fyrirtækja að þeir sjái um að sett verði á fót innra eftirlit með framleiðslu. Krafa um innra eftirlit í fyrirtækjum ýtir undir að þar sé tekið kerfisbundið á gæðamálum og þeim gert mun hærra undir höfði. Aukin þekking á áhættuþáttum framleiðslu minnkar áhættu á göllum og þeir uppgötvast mun fyrr og hefur það í för með sér lægri framleiðslukostnað. Gæðavitund eykst hjá starfsfólki og mun auðveldara verður að halda framleiðslunni stöðugri. Evrópubandalagið og yfirvöld í Bandaríkjunum gera skilyrðislaust kröfu um innra eftirlit í fyrirtækjum ef þau eiga að fá leyfi til að nota útflutningsnúmer sem tryggir þeim aðgang að mörkuðum þessara þjóða án skoðunar. Þessir aðilar telja að sé þessi aðferð notuð við innra eftirlit undir yfirumsjón opinberra aðila sé það nægjaleg trygging fyrir heilnæmi og gæðum afurðanna. Því er það eitt af meginatriðum þessa frv. að ábyrgð framleiðenda og framleiðslu er stóraukin og framleiðslueftirlit styrkt en opinber afskipti af daglegri framleiðslu minnkuð að sama skapi. Fyrirtækjum er því skylt að koma á fót hjá sér innra eftirliti til að tryggja nauðsynlegt eftirlit með framleiðslu og gera samning við skoðunarstofur til að fylgjast með og votta virkni eftirlitsins þannig að það sé í samræmi við þá lýsingu sem fyrir hendi er.

Rétt er að vekja athygli á að efnisatriði þessa frv. hafa verið rædd við embættismenn fiskideildar Evrópubandalagsins sem telja að það uppfylli tilskipanir bandalagsins um þessi efni. Frásögn af þeim fundi er prentuð sem sérstakt fylgiskjal með frv.

Ég vík þá að frv. um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða. Í tengslum við þá endurskipulagningu sem stendur yfir á stjórnsýslu sjávarútvegs hefur markmið stjórnvalda með eftirliti með framleiðslu sjávarafurða verið endurmetin. Við þá vinnu var m.a. fylgt þeirri stefnu að þau störf sem eðlilegt megi telja að einkaaðilar sinni verði færð frá ríki til þeirra. Til að nálgast þessi markmið og uppfylla um leið nýjar kröfur helstu viðskiptaaðila Íslendinga á sjávarútvegssviði er gert ráð fyrir að breyta verulega núverandi starfsemi Ríkismatsins.

Í frv. um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra er eins og áður var vikið að lögð sú skylda á forsvarsmenn allra sjávarútvegsfyrirtækja að semja við skoðunarstofu um að hún fylgist reglubundið með innra eftirliti, hreinlæti og búnaði þeirra. Með þessu frv. er lagt til að Ríkismat sjávarafurða verði endurskipulagt þannig að stofnað verði hlutafélag um rekstur skoðunarstofu. Félaginu verði hins vegar ekki veittur neins konar einkaréttur og er gert ráð fyrir að öll fyrirtæki sem uppfylla ákveðin skilyrði geti fengið leyfi til að reka skoðunarstofu. Gert er ráð fyrir að nafnverð hlutafjár í nýja hlutafélaginu verði 25 millj. kr. við stofnun félagsins og að ríkissjóði verði heimilað að leggja það til. Í því skyni er lagt til að heimilað verði að leggja hlutafélaginu til eignir, þ.e. lausafé Ríkismatsins allt eða að hluta. Nauðsynlegt er að fram fari mat á lausafé, þar með töldum bifreiðum. Þær eignir yrðu metnar sem greiðsla við uppgjör á hlutafjárloforði ríkisins.

Lagt er til að ríkissjóður verði í upphafi einn eigandi allra hlutabréfa í nýja félaginu. Er það undantekning frá almennum reglum hlutafélagalaga. Enda þótt ríkissjóður verði eigandi allra hlutabréfa félagsins við stofnun þess er fyrirhugað að selja öðrum hluti og jafnvel öll hlutabréfin í félaginu. Meta þarf sérstaklega hvenær aðstæður eru ákjósanlegar til sölu áður en ákvörðun verður tekin þar um. Skal við söluna stefnt að dreifðri hlutafjáreign. Jafnframt verði við söluna sérstaklega horft til þeirra starfsmanna Ríkismats sjávarafurða sem verða í starfi við stofnun hlutafélagsins og er heimilt á fyrsta starfsári félagsins að gefa þeim kost á að kaupa ákveðið hlutfall af hlutafé á sérstökum kjörum.

Loks vík ég að frv. til laga um breytingar á Fiskistofu en eins og kunnugt er voru samþykkt ný lög um Fiskistofu á vorþinginu en þar sem frv. til laga um meðferð sjávarafla var ekki fullrætt og afgreitt var fellt út úr því frv. ákvæði um að hluti verkefna Ríkismats sjávarafurða flyttist yfir til Fiskistofunnar. Þar sem frv. til laga um meðferð sjávarafurða hefur verið að nýju lagt fyrir þingið og er hér til umræðu er með þessu frv. lagt til í samræmi við þær skipulagsbreytingar sem ráðgerðar eru að Fiskistofan taki við þessu hlutverki um næstu áramót eins og upphaflega var ráð fyrir gert.

Frú forseti. Ég hef þá í öllum aðalatriðum gert grein fyrir efnisatriðum þessara þriggja frumvarpa sem öll eru nátengd og fela í sér heildarskipulagsbreytingu á

þessum viðfangsefnum í samræmi við þær kröfur sem við verðum nú að uppfylla gagnvart helstu markaðsaðilum okkar í Evrópubandalaginu og á Bandaríkjamarkaði.

Ég legg svo til, frú forseti, að þessum frumvörpum verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Þau frumvörp sem hér eru flutt komu jafnframt til umfjöllunar á síðasta þingi og ástæðan fyrir því að þau hlutu ekki afgreiðslu var m.a. sú að efasemdir komu upp vegna ummæla embættismanna að sú nýbreytni sem þessi frumvörp fela í sér standist þær reglur sem gilda á okkar helstu mörkuðum og þá ekki síst Evrópubandalagsins. Nú hefur hæstv. sjútvrh. upplýst að farin hafi verið sérstök ferð til að ganga úr skugga um það og er það vel og ekki mun standa á því af þeirra hálfu að taka gildar þær breytingar sem hér er verið að gera. Því má segja að þessi frumvörp tengjast í reynd í engu samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Það hefur frekar verið í þá áttina að það hefur þurft að fara sérstakar ferðir til ríkja Efnahagsbandalagsins til þess að kanna það hvort þær breytingar sem Íslendingar vilja gera muni standast kröfur Evrópubandalagsins. Þar af leiðandi er það nokkuð undarlegt að ríkisstjórnin skuli leggja á það áherslu að taka þessi mál nú til umfjöllunar á þessu þingi vegna þess að það var ætlunin að taka fyrst og fremst þau frumvörp sem tengjast beint samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Við höfum orðið vör við að það eru ýmis önnur mál sem ríkisstjórnin hefur tilhneigingu til þess að fylgja þar með. Ég er ekki þar með að gera lítið úr þeim málum eða telja þau mál eitthvað minna virði en önnur mál en þannig var um þetta fjallað og þar af leiðandi ættu slík mál að bíða þess að þing kæmi saman í október. En hvað um það, hér er um mál að ræða sem er nauðsynlegt að fjalla um og engin ástæða til að gera það að einhverju aðalatriði að þau tengist ekki beint samningnum um Evrópskt efnahagssvæði.

Ég tel að aðalatriði þessa máls sé það að íslensk framleiðslufyrirtæki hafi fullt traust á erlendum mörkuðum og það eftirlit sem er hér á landi sé viðurkennt af helstu markaðsaðilum okkar. Það er alveg ljóst að þessi lönd gera þá kröfu að um opinbert eftirlit sé að ræða, hvort sem um er að ræða Evrópubandalagð eða bandaríska markaðinn. Gert er ráð fyrir því að það sé opinber aðili sem hafi yfirumsjón með eftirlitinu.

Hér er gert ráð fyrir því að breyta því þannig að færa þetta opinbera eftirlitsvald til Fiskistofu og koma síðan á fót sérstökum skoðunarstofum sem hafi með höndum eftirlit með innra eftirliti fyrirtækjanna sjálfra. Nú vil ég taka fram að það er að sjálfsögu mikilvægast að fyrirtækin sjálf sinni gæðamálum sínum, að fyrirtækin sjálf standi þannig að sínum málum að það sé nokkuð tryggt að verið sé að framleiða gæðavöru. Ekkert opinbert eftirlit getur komið í staðinn fyrir eftirlit fyrirtækjanna sjálfra. Þetta segir reynslan okkur og það hafa verið gerðar breytingar á undanförnum árum í þessa átt og ég er sammála því að það ber að auka ábyrgð fyrirtækjanna sjálfra og þau mega aldrei treysta því að opinbert eftirlit komi í staðinn. Hitt er svo annað mál að það er mjög viðkvæmt eða getur verið mjög viðkvæmt hvaða breytingar eru gerðar á slíkri starfsemi. Ég hef enga sannfæringu fyrir því að hér sé verið að stíga rétt skref. Ætlunin er að viðhalda Ríkismati sjávarafurða í breyttri mynd í formi hlutafélags og færa síðan eftirlitsábyrgðina undir Fiskistofu. Ég tel fyllilega koma til greina að viðhalda Ríkismati sjávarafurða sem stofnun áfram þótt ég geti í sjálfu sér fallist á það að stofnunin gæti hugsanlega verið undirstofnun Fiskistofu, en ég sé ekki að það sé nauðsynlegt að stíga skrefið með þeim hætti sem hér er gert.

Ein af þeim umsögnum sem við höfum fengið er frá yfirdýralækni sem hefur kynnt sér þessi mál mjög vel og fylgst með gangi mála hjá Evrópubandalaginu betur en margir aðrir. Hann segir í umsögn sinni að það sé umdeilt, bæði innan Evrópubandalagsins og í Bandaríkjunum að hvaða leyti hægt sé að framselja opinbert eftirlitsvald til einkaaðila. Mjög miklar breytingar eiga sér stað á þessu sviði í Evrópu um þessar mundir og jafnframt eiga sér stað miklar breytingar í Bandaríkjunum og í Kanada. Okkur ber að fara varlega í þessu efni og ég bendi m.a. á varnaðarorð sem hafa komið frá Ríkismati sjávarafurða í þessu sambandi, en þar segir m.a.: „Stofnunin er þó alfarið andvíg því að svokölluðum skoðunarstofum verði komið á fót og telur þá leið bæði vafasama og óskynsamlega."

Nú ætla ég ekki að hafa uppi neinar fullyrðingar um það að hér sé um vafasama leið og óskynsamlega að ræða. En vissulega vekur athygli að þeir aðilar sem hafa þessi mál með höndum í dag skuli vara svo sterklega við því eins og raun ber vitni. Ég trúi því vart að það sé eingöngu vegna áhuga viðkomandi aðila til að viðhalda því kerfi sem er í dag að þarna sé tregðulögmálið á ferðinni, menn vilji halda utan um stofnanir sínar. Auðvitað eru stofnanirnar sem slíkar ekkert aðalatriði heldur það eftirlit sem á sér stað og þá sérstaklega það traust sem íslenskir aðilar hafa á erlendum mörkuðum. T.d. segir í þessari umsögn, með leyfi forseta:

„Óvíst er hvort yfirvöld Evrópubandalagsins vegna samninga um Evrópskt efnahagssvæði, EES, og Bandaríkjanna telji íslenska eftirlitskerfið fullnægjandi miðað við frv. en höfuðatriðið hlýtur að vera trúverðugleiki kerfisins."

Nú hefur komið fram að yfirvöld Evrópubandalagsins muni taka það gilt en ég hef ekkert séð um það hvort Bandaríkin muni taka það gilt. Á undanförnum árum hafa ítarlegar viðræður við Bandaríkjamenn átt sér stað um þessi mál og m.a. verið þar mjög til umræðu að það eftirlitskerfi sem við höfum væri viðurkennt þannig að íslenskir aðilar gætu notað ákveðin gæðamerki á vörur sínar til notkunar á bandarískum markaði. Þetta eru mikilvæg atriði sem þarf að ganga úr skugga um. Ástæðan fyrir því að við sem sitjum í sjútvn. vildum ekki afgreiða þetta mál á síðasta þingi var óvissa í þessu sambandi og við munum að sjálfsögðu þurfa að ganga úr skugga um það hvort þessi

óvissa sé enn fyrir hendi.

Ég tel ekki ástæðu til, virðulegur forseti, að hafa langt mál um þetta. Þetta er faglegt mál sem ætti í sjálfu sér ekki að þurfa að vera neinn pólitískur ágreiningur um. Aðalatriðið er trúverðugleiki þess kerfis sem byggt er upp og að það sé óháð og geri mönnum í öllum tilvikum jafnt undir höfði. Ég tel málið þess eðlis að best sé að fjalla ítarlega um það í nefnd og kalla fyrir þá aðila sem að því hafa unnið. Það mun vissulega taka nokkurn tíma. En ég undrast að hæstv. ríkisstjórn skuli leggja áherslu á að hin ýmsu mál sem ekki tengjast beint hinu Evrópska efnahagssvæði skuli eiga að verða forgangsmál á næstu vikum, því að þetta er miklu frekar mál sem leikur vafi á um að breytingin gæti orðið til þess að það fullnægði ekki kröfum. Það leikur enginn vafi á um að núverandi kerfi þó það sé að sjálfsögðu gallað eins og öll önnur kerfi, fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru í dag og þess vegna hefði ég haldið að samkvæmt því sem um hefur verið talað, þá hefði verið eðlilegt að þetta mál biði haustþings.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er þrennt sem mér finnst skipta mestu máli í sambandi við umræðuna um frumvörpin. Í fyrsta lagi held ég að enginn efist um að inn á milli í frumvörpunum eru ljómandi góð ákvæði sem engin þörf er á að tengja inn aðild að EES. Ef við viljum gera endurbætur á okkar lögum og reglugerðum getum við að sjálfsögðu gert það og þurfum ekki allan þennan tilbúnað í kring. Í öðru lagi er það sem síðasti hv. ræðumaður vakti máls á en að mínu mati höfum við ekki enn fengið þeim vafa eytt hvort þetta kerfi muni reynast fullnægjandi gagnvart viðskiptaaðilum okkar. Hér eru afskaplega miklir hagsmunir í húfi og við verðum að taka af öll tvímæli áður en við hleypum nokkru í gegn sem getur stefnt viðskiptahagsmunum okkar í voða.

Vikið var að því að búið væri að eyða þessum efa gagnvart Evrópubandalaginu. Ég er nú á því að það sé alla vega búið að draga mjög úr honum frá þeim upplýsingum sem við fengum í vor en ég get ekki tekið svo djúpt í árinni að halda að öllum efa hafi verið eytt. Þótt það komi fram í gögnum sem við höfum frá þeim sem fóru á fund Evrópubandalagsþjóðanna að innan Evrópubandalagsins sé nokkur áhugi á þeirri nýjung sem kemur fram í frumvarpinu, að einkaaðilar, sjái um hluta af eftirlitinu og það dugi að hafa opinberan eftirlitsaðila, sem í þessu tilviki er Fiskistofa, þá held ég að fyrr en þetta kerfi er í smáatriðum útfært sé ekki hægt að taka af allan vafa um hvort þetta verður talið fullnægjandi eftirlit af hálfu opinberra aðila. Ákveðnar efasemdir koma í hugann þegar maður lítur t.d. á umsögn Ríkismats sjávarafurða og ég bið menn að líta ekki svo á að það sé endilega verið að verja þar einhverja hagsmuni heldur hlusta á með opnum huga þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með skoðunarstofum verður ekki lengur um að ræða beint samband milli framleiðenda og opinberra aðila eins og nú er. Að mati stofnunarinnar getur þetta ekki talist fullnægjandi. Verið er að byggja upp flóknara kerfi og stjórnunarlega mun erfiðara og dýrara fyrirkomulag en þörf er á að fyrirtæki uppfylli kröfur um almennt."

Síðan kemur það sem hv. síðasti ræðumaður vísaði til, en það er stutt þannig að ég ætla að endurtaka það:

„Óvíst er hvort yfirvöld Evrópubandalagsins vegna samninganna um Evrópskt efnahagssvæði, EES, og Bandaríkjanna, vegna þá HACCP-kerfisins, telji íslenska eftirlitskerfið fullnægjandi miðað við frv. [þ.e. skoðunarstofur], en höfuðatriðið hlýtur að vera trúverðugleiki kerfisins. Í almennum athugasemdum með frv. kemur fram að við samningu þess hafi verið höfð hliðsjón af kanadískum lögum um fiskmat og útkomnum tilskipunum EB og framkomnum tillögum Bandaríkjamanna um sama efni. Í þessum gögnum er þó hvergi minnst á þann möguleika að fela einkaaðilum opinbert eftirlit eða hluta þess."

Ég held að við verðum að líta á þetta nánar. Þetta var annað atriðið sem ég vildi vekja athygli á. Ég er raunar með þá umsögn sem hv. síðasti ræðumaður vísaði til frá yfirdýralækni og held að ég bæti þá við þeirri tilvitnun sem ég geri ráð fyrir að hann hafi verið að vísa til en þar stendur, með leyfi forseta:

„Það er spurning hvort hér ætti ekki frekar að vera heimildarákvæði til handa Fiskistofu um skyldu fyrirtækja til að hafa samning við vottunarstofu þegar innra eftirlit viðkomandi fyrirtækis er ófullkomið, en ekki lagaskyldu til að bæta við milliliðaeftirliti, a.m.k. þangað til frekari reynsla hefur fengist á eftirlitsþáttinn. Það eru skiptar skoðanir innan EB og í Bandaríkjunum hvort opinber yfirvöld geti framselt vottorðagjöf til hlutafélaga eða einkafyrirtækja þó að opinbera eftirlitið fari fram á þeirra vegum og þá sérstaklega hvað snertir upprunavottorðið."

Ég bendi á þetta og mun hafa aðstöðu til þess innan sjútvn. að skoða þetta. Ég vonast til þess að það verði gert á þann vandaða hátt sem sjútvn. hefur oft á tíðum borið gæfu til að vinna og að fordómalaust verði litið á kosti og galla. Ég lýsi mig alla vega fúsa til þess.

Í þriðja lagi vek ég athygli á einu sem hefur komið upp í nefndinni og það er að inn í 2. gr. frv. til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra er komið nýtt orð sem kannski lætur ekki mikið yfir sér, en það er „ferskvatnsdýrum". Upphaf þessarar greinar hljómar svo, með leyfi forseta:

„Sjávarafli telst samkvæmt lögum þessum öll sjávar- og ferskvatnsdýr önnur en spendýr, ..." þar kemur svo upptalning sem á ekki erindi í þessa umræðu.

Ég vek athygli á þessu, ekki vegna þess að ég sé að mæla gegn því heldur ætla ég að benda á, ég á eftir að skoða þetta nánar og ætla ekki að taka afstöðu hér og nú, að hér er verið að taka ferskvatnsdýr og ég hlýt að spyrja hvernig t.d. fiskeldi verði meðhöndlað sem hefur heyrt undir landbúnað fram til þessa. Ég veit að það eru mjög skiptar skoðanir um hvar vista eigi fiskeldið og þar sem ég hef trú á að það muni rísa upp aftur held ég að við þurfum að svara þessari spurningu. Við hljótum að að gera athugasemd þegar við rekum aug-

un í svona nýjungar og spyrja hvar skilin á milli sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis séu. Ég segi þetta ekki síst vegna þess að við virðumst vera að stefna inn í mun meiri aðlögun að reglum Evrópubandalagsins en ég tel æskilegt. Þar hefur sjávarútvegur yfirleitt verið vistaður sem einhver smá angi af landbúnaði og þetta finnst mér algjörlega óviðunandi. Ég verð að viðurkenna að það snerti mig dálítið illa þegar ég hitti fulltrúa úr norsku sjávarútvegsnefndinni í vor. Norðmenn eða norsk stjórnvöld stefna sem kunnugt er hraðbyri inn í Evrópubandalagið um EES-dyrnar, eins og sumir vilja að við gerum líka, ég er svo sannarlega ekki ein þeirra, og þeir standa frammi fyrir því að í Noregi á að leggja niður sjávarútvegsnefnd þingsins ef það er ekki þegar búið að því. Það var alla vega stutt eftir af lífdögum þeirrar ágætu nefndar.

Þessi eru örlög sjávarútvegsnefndar norska Stórþingsins og ég held að ef sjávarútvegurinn skipti okkur einhverju þá ættum við ekki að ganga of langt í aðlögun. Umræðan um ferskvatnsdýr og skilin milli sjútvrn. og landbrn. gefur bara tilefni til þessarar umræðu. Ég er ekki að hafa á móti því að sjútvrn. hafi með sem flest að gera sem á málasviði þess er. Ég vona að aðlögunin verði ekki sú að sjávarútvegurinn, okkar stóra útflutningsgrein, fari að verða eitthvert viðhengi í anda Evrópubandalagsins í landbrn. Þá held ég að okkur væri nú illa brugðið.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Fyrst um frv. til laga um breyting á lögum nr. 36 frá 1992 um Fiskistofu. Ég ætla ekki að mótmæla því að Fiskistofa hafi eftirlit með meðferð fisks og framleiðslu sjávarafurða. Hins vegar vil ég endurtaka það sem ég hef áður sagt að ég tel það hafi verið rangt að gera breytingar á skipulagi um stjórn sjávarútvegsins áður en endurskoðun um stjórn fiskveiða fór fram. Ég tel reyndar að það sé að koma betur og betur í ljós að hæstv. sjútvrh. tekur ekki mjög alvarlega það sem á að vera að gerast í sambandi við endurskoðun á stjórn fiskveiða. Hann hefur lagt fram frumvörp og farið sínu fram með þær breytingar sem hann hefur haft áhuga á að koma með án þess að láta mikið vera að fjalla um þær annars staðar og ætlar greinilega að halda sínu striki. Ég geri ráð fyrir að þessi mál komi meira til umræðu síðar í dag undir öðrum dagskrárlið og þess vegna ætla ég ekki að fara að orðlengja um það hér sem væri samt ástæða til. Ég tel sem sagt að sú breyting sem gerð var með Fiskistofu hafi að mörgu leyti verið rétt skref en ef það verður einhver alvara úr endurskoðun á stjórn fiskveiða og þeim málum öllum þarf vafalaust að breyta þessum lögum aftur í tengslum við það.

Mig langar til þess að segja fáein orð um frv. til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. Þessi mál voru rædd á síðasta þingi og ég ætla ekki að endurtaka mikið af því sem þá var sagt en mig langar þó til þess að koma með eina spurningu til hæstv. sjútvrh. Eftirfarandi kom fram í umsögn frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, svo ég vitni í umsögn þeirra, með leyfi forseta:

„SÍK og aðrar útgerðir þess óska eftir því að skýrt komi fram í greinargerð með frumvarpinu og/eða frumvarpinu að geymslur kaupskipaútgerða hérlendis sem erlendis, sem tekið hafa við umræddum sjávarafurðum til flutnings séu ekki vinnsluleyfisskyldar."

Mig langar að vita hvers vegna ekki var brugðist við þessari athugasemd vegna þess að í 12. gr. frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Vinnslustöðvar, lagmetisiðjur, skip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, skip sem vinna afla um borð, uppboðsmarkaðir fyrir sjávarafla og fiskgeymslur sem ekki eru hlutar af fiskvinnslufyrirtæki, fiskimjölsverksmiðjur og framleiðendur dýrafóðurs úr sjávarafurðum skulu hafa tölusett vinnsluleyfi til staðfestingar því að fullnægt sé settum skilyrðum."

Þarna finnst mér að frystigeymslur og fiskgeymslur í flutningaskipum hljóti að heyra undir sama lið og fiskgeymslur sem ekki eru hlutar af fiskvinnslufyrirtæki og þar með skyldar til þess að fá númerað vinnsluleyfi. Nú er ég ekki að segja að það geti ekki verið rökstuðningur fyrir því að þannig eigi þetta að vera. Mig langar að heyra þann rökstuðning vegna þessara eindregnu óska sem komu frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða.

Mig langar til að staðnæmast við 14. gr. frv. Það er um skyldu fyrirtækja til að hafa samning við viðurkennda skoðunarstofu. Ég var satt að segja að vona að í sumar yrðu þau frv. sem hér eru til umræðu endurskoðuð og að menn mundu fresta því að einkavæða eftirlit með sjávarafurðunum, eins og gert er ráð fyrir í þessum frv., en mér hefur ekki orðið að þeirri ósk því allt er þetta nánast óbreytt frá því sem það var í vetur er leið. Það á sem sagt að láta einkaaðila hafa rétt til þess að stofna skoðunarstofur og gera öll fiskvinnslufyrirtæki skyldug til þess að hafa samning við þessa einkaaðila. Ég hef miklar efasemdir um að þetta gangi og vil benda mönnum á að velta því fyrir sér hvernig hagsmunir annars vegar þeirra sem reka skoðunarstofur og hins vegar þeirra sem eiga fiskvinnslufyrirtæki og eru samningsbundnir við viðkomandi skoðunarstofu liggja saman. Skoðunarstofa sem á í erfiðleikum með fyrirtæki í samningi við hana er í þeirri stöðu að hún er í raun að reka frá sér viðskiptavin ef hún þarf að ganga svo langt að klaga viðkomandi fyrir Fiskistofu eða verða til þess að hann missi vinnsluleyfi. Það liggur í augum uppi að það hlýtur að draga dálítið úr virkni kerfisins þegar hagsmunirnir liggja saman með þessum hætti. Þrátt fyrir að það komi fram í viðhengi með frv. þ.e. því sem hæstv. sjútvrh. nefndi, það er frásögn af fundi með embættismönnum í fiskideild EB, að þeir sjá ekki neitt athugavert við það að við höfum þetta kerfi en eru ekki tilbúnir að skrifa upp á það sjálfir. Þeir viðurkenna ekki annað en að stimpillinn verði að koma frá Fiskistofu og til að Fiskistofa geti borið ábyrgð á því sem skoðunarstofurnar hafa haft eftirlit með hlýtur hún að þurfa að hafa töluvert eftirlit með afurðunum sjálf. Ég er sannfærður um að með þessu er verið að auka verulega kostnað af eftirlitinu. Auðvitað á að stuðla að því að innra eftirlit fyrirtækjanna verði til og vaxi. En með því að setja þetta kerfi

á verður það tvöfalt eins og ýmsir aðilar sem best þekkja til þessara mála hafa bent á. Það verður tvöfalt og miklu dýrara fyrir fyrirtækin. En það gæti orðið ódýrara fyrir opinbera aðila, það er satt. Kannski er það það sem rekur menn áfram, að losna við kostnað frá ríkinu. En mönnum er kannski sama þó að samanlagður kostnaður frá ríkinu og einkaaðilunum, sem taka við hluta af hlutverki ríkisins, verði miklu meiri en hann var áður. Ég hallast nú að því að þannig sé hugsunin á bak við þetta. En ég vil vekja athygli á orðalagi í þeirri frásögn sem ég nefndi hér áðan ef ég má, með leyfi forseta. Fimmti liður í þeirri frásögn orðast svo:

Rætt var um heimild Fiskistofu til að veita skoðunarstofum leyfi til útgáfu útflutningsvottorða, sbr. 16. gr. Var fulltrúum EB bent á að ef þetta heimildarákvæði yrði notað yrði skoðunarstofa að uppfylla sérstök skilyrði sem gætu verið mismunandi á hverjum tíma.

Þannig væri óvíst í framtíðinni hver skilyrði yrðu sett fyrir rekstri eftirlitsaðila og hæfni þeirra til útgáfu vottorða. Einnig var bent á það fyrirkomulag sem ríkt hefði í þessum málum á Íslandi og jafnframt að lönd í Afríku og Asíu krefðust enn útflutningsvottorða og samþykktu þetta fyrirkomulag. Svo kemur merkileg setning: „EB-menn gátu fallist á að þetta fyrirkomulag gæti gilt gagnvart öðrum ríkjum." Hvað höfðu þeir um það að segja? Ég bara spyr. En ef gefa þyrfti út opinber útflutningsvottorð fyrir EB-markað þyrftu slík vottorð að vera gefin út af opinberum aðila. Eru menn virkilega farnir að spyrja um það í Brussel hvernig við höfum þetta gagnvart öðrum ríkjum? Þurfa þeir nokkuð að samþykkja það? Mér finnst orðalagið vera heldur kátlegt. Ég ætla að vona að það sé bara af einhverjum klaufaskap sem þetta orðalag er svona en ekki af því að menn séu farnir að líta á einhverja viðræðufundi við menn frá Evrópubandalaginu sem stefnumarkandi fyrir Íslendinga í viðskiptum við einhverjar allt aðrar þjóðir en eru í EB.

Ég get ekki á mér setið að koma upp og mótmæla þessum aðferðum sem menn ætla að innleiða með þessum hætti og lýsa yfir vonbrigðum mínum að menn skyldu ekki fresta því að setja þetta fyrirkomulag í gildi. Ég tel að margt hafi mælt með því að þó svo að menn hafi þessar skoðanir ættu þeir að bíða með það. Þeir ættu að koma kerfisbreytingunni á sem verið er að koma á með Fiskistofu. Menn ættu að bíða eftir þeim breytingum sem vonandi koma með endurskoðun fiskveiðistefnunnar og láta það bíða að búa til einhver einkafyrirtæki til þess að taka við eftirlitshlutverkinu með framleiðslu fiskafurða í landinu.

Frv. til laga sem er líka til umræðu um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða er auðvitað hluti af þessu dæmi og ég hef verið að ræða það öðrum þræði með því sem ég hef sagt því að það er auðvitað nauðsynlegt til þess að innleiða einkavæðinguna inn í þetta eftirlit. Ég læt mér nægja að minna á umsagnir þeirra aðila sem hafa verið til umræðu í sjútvn. og ég ætla ekki að fara að teygja umræðurnar með því að endurtaka þessar umsagnir. Mjög ákveðinn rökstuðningur hefur komið fram fyrir því að þetta séu ekki skynsamlegir hlutir sem eru þarna á ferðinni og ég vona satt að segja að það takist að ná fram breytingum á þessum málum í sjútvn. og ætla ekki að gefa upp vonina með það fyrr en það sannast þá að ekki verði breytingar á þessu frv. Ég læt nægja að minna á hvað Ríkismat sjávarafurða hefur sett fram í sinni gagnrýni. Sú gagnrýni er rökstudd og er í mörgum liðum og við höfum haft hana til skoðunar í sjútvn. og vitanlega verður farið yfir öll þessi mál aftur. Ég vona að hæstv. sjútvrh. verði til viðræðu um það að gera á þessu breytingar og að hann láti skynsemina ráða og menn fresti því að innleiða þessa einkavæðingu inn í eftirlit með sjávarafurðum á Íslandi. Ég held að eitthvað annað sé þarfara sem menn þurfa að gera núna en setja allt í bál og brand í sambandi við það eftirlit.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Engum blöðum er um það að fletta að í þessum þremur frumvörpum er verið að leggja til veigamiklar breytingar á því sviði sem frumvörpin ná til. Því er eðlilegt að menn fari aðeins yfir það með gát áður en menn taka svona stór skref í þá átt sem lagt er til og ég vil segja það strax sem afstöðu mína til þessara frumvarpa og breytinga að ég hef nokkrar efasemdir um að menn séu í þessum efnum að ganga götuna til góðs.

Það er alveg ljóst þó að það sé vissulega rétt sem kemur fram í áherslum hæstv. sjútvrh. að hagsmunir neytenda skipta miklu máli að þá skipta fleiri atriði miklu máli fyrir okkur Íslendinga. Sem útflytjendur á þessu sviði er það fyrst og fremst hagur þjóðarinnar að gengið sé frá þessum málum þannig að sem líklegast sé að menn nái samningum um sem best verð fyrir afurðirnar. Það eru fyrst og fremst þjóðarhagsmunir sem hafa leitt til þess að hið opinbera tók að sér í upphafi að hafa ákveðið eftirlit með þessum málum, bæði á vinnslustigi og útflutningi og ég hygg að býsna sterk rök og miklar breytingar þurfi til þess að menn komist að þeirri niðurstöðu að óhætt sé að leggja þetta af. Það er að nokkru leyti tvískinnungur í þessum frv. hvað þetta varðar þar sem annars vegar er lagt til að einkaaðilar taki að sér þessi verkefni, en hins vegar er lagt til að það verði opinber yfirаðili sem nefnist Fiskistofa ef ég man rétt. Menn eru í raun og veru að færa framkvæmdina út á markaðinn þar sem eins og réttilega var bent á áðan að þau fyrirtæki sem eiga að starfa á þeim akri eru auðvitað háð því að fá viðskiptavini. Þau eru í býsna örðugri stöðu sem þrengir óhjákvæmilega athafnafrelsi þeirra í þessum efnum vitandi það fyrir fram að þetta eru mennirnir eða fyrirtækin sem borga þeim kaupið sem þeir eru að skoða og gera athugasemdir við. Það má ekki gera lítið úr þessari stöðu sem ég tel engan vafa á að muni koma upp og verða umtalsvert atriði þegar fram líða stundir ef þetta fyrirkomulag verður eins og þarna er lagt til.

Í grg. með frumvörpunum kemur fram, sem mér þykir dálítið merkilegt í ljósi þessara breytinga sem þarna eru lagðar til, að kaupendurnir erlendis leggja gríðarlega mikið upp úr opinberu eftirliti, opinberum

stimplum. Það er traustið sem þeir virðast hafa á hinu opinbera og leggja mikið upp úr að sé fyrir hendi. Mér finnst að mörgu leyti að við séum að ganga götu sem fremur en ekki rýrir traust manna á gildi hinna opinberu stimpla í þessum efnum þegar menn fela undirverktökum, skoðunarstofum, að vinna hin praktísku störf í frystihúsunum og á þeim vettvangi. Ég vil því hafa allan fyrirvara á almennri hugsun frumvarpanna þó svo ég sé ekki þar með að segja að þar sé allt slæmt sem lagt er til og að engu hafandi. Sjálfsagt er að líta á þetta efni eftir því sem mönnum þykir skynsamlegast en ég held að menn eigi að stíga ákaflega varlega til jarðar í að breyta miklu frá því fyrirkomulagi sem menn hafa haft og ekki að gera það nema vera alveg fullvissir um að það sé til bóta en ekki til að skapa aukna áhættu og jafnvel auknar líkur á því að við verðum að sætta okkur við lakari verð erlendis en við höfum þó getað búið við.

Ég vil nefna sem dæmi og spyrja hæstv. sjútvrh. um það hvort rétt sé að það eigi þar með þessu að leggja t.d. niður opinbert síldarmat. Mönnum er væntanlega kunnugt um það að í síldarútflutningi höfum við náð býsna góðum samningum um afar erfiðar aðstæður ytra, náð þeim hæstu verðum sem menn hafa getað fengið, m.a. í krafti þess kerfis sem menn hafa haft hér á landi í þessum efnum. Sú hugsun hvarflaði nú að mér þegar ég las þessi frumvörp hvort menn væru í raun og veru að gera tillögur um að breyta þessu opinbera síldarmati í veigamiklum atriðum. Ég þykist sjá það í gegnum greinargerðir með þessum frumvörpum að kaupendurnir okkar að síldinni eins og öðrum fiski geri mjög sterkar kröfur um að það sé opinbert mat, öruggt kerfi. Ég held að hæstv. ráðherra verði aðeins að upplýsa okkur um það hvort hann hefur athugað hvaða áhrif þessar breytingar sem hann leggur til munu hafa á möguleika okkar til að selja síld í útlöndum. Hitt er alveg ljóst, og ég held að það hafi komið fram í ræðum manna, að með þessu eru menn auðvitað að leggja kostnað á þá aðila sem fá þetta mat. Deila má um það hvort þeir sem kaupa þessa þjónustu eigi að borga hana fullu eða hvort samfélagið eigi að taka þátt í að greiða hana.

Það má nefna sem dæmi varðandi síldarsölu að hið opinbera hefur lagt fram umtalsverða fjármuni til þess að greiða fyrir sölu síldar, m.a. með opinberu mati, og endurgreiðslur framleiðenda og seljenda nema aðeins hluta af þeim kostnaði. Það er eins gott að menn gangi til verka í þessum efnum með opin augun og viti hvað bíði þeirra í þessum efnum.

Áður en ég vík að einstökum atriðum í frumvörpunum, sem ég hef skrifað athugasemdir við hjá mér, vil ég minna á það að fyrir nokkrum árum var það fyrirkomulag tekið upp að þrír aðilar sjá um ákveðinn hluta af þessu sjálfir, Sölumiðstöðin, SÍF og Sambandið og það væri fróðlegt ef það væri hægt að upplýsa okkur um reynsluna af því fyrirkomulagi. Er reynslan af þessu fyrirkomulagi betri en áður meðan ríkið sá um þetta alfarið? Skyldu ekki finnast dæmi sem sýna okkur að ekki hefur alltaf verið unnið eins og vera skyldi í þessum efnum og kannski þau sum ekki mjög gömul? Alla vega held ég að nauðsynlegt sé fyrst menn leggja til að feta sig áfram á þeirri slóð sem lögð var fyrir nokkrum árum að gera þingheimi grein fyrir reynslunni af því.

Ég vil fyrst víkja aðeins að frv. um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða og ég vil taka undir það sem fram kom hér hjá hv. 1. þm. Austurl. að ég fæ ekki séð að þessi þrjú frumvörp tengist þessum samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Ég er því dálítið hissa á því að sjá það að þessi frumvörp skuli vera tekin fyrir á þeim tíma sem einkum var hugsaður fyrir frumvörp sem tengdust Evrópska efahagssvæðinu og þau frumvörp verði að bíða, fara aftur fyrir í málaröðina fyrir þessi frumvörp. Mér finnst skjóta dálítið skökku við áhersluna í þessum málum sem verið hefur svo að ég tali nú ekki um þær áherslur hjá formönnum stjórnarflokkanna þar sem þeir hafa verið að vega að þingmönnum fyrir það að leyfa sér að taka til máls og hafa skoðanir og leggja spurningar fyrir ráðherrana um Evrópska efnahagssvæðið.

Hvað varðar þetta frv. um Ríkismatið þá geri ég í fyrsta lagi athugasemd við ákvæðið í 3. gr. frv. þar sem framseld er heimild til ráðherra að taka ákvörðun um að selja hlutabréfin samkvæmt nánari ákvörðun hluthafa sem í þessu tilviki er bara einn, ríkissjóður og handhafi þeirra er sjútvrh. Til að hér sé gengið lengra en æskilegt væri jafnvel þó að menn gætu hugsanlega fallist á að stofna hlutafélag þá er ég ekki tilbúinn að ganga svo langt að veita ráðherra heimild til þess að fara með þessar eignir að eigin geðþótta. Í 3. gr. kemur t.d. ekkert fram um það hvaða sérstöku kjör þetta eru sem heimilt er að bjóða og hvaða skilyrði það eru sem hægt er að setja við sölu. Þetta þarf að útlista betur fyrir okkur áður en afgreiðslu þessa máls lýkur.

Í grg. með þessu frv. segir að það sé eðlilegt og er lagt fram sem rök fyrir því að breyta Ríkismatinu í hlutafélag að fyrirtækið búi við sama rekstrarform og samkeppnisaðilarnir. Hverjir skyldu vera samkeppnisaðilarnir í þessu? Það er Sölumiðstöðin, það er SÍF og það er Sambandið og mér þætti nú fróðlegt að hæstv. sjútvrh. upplýsti okkur um það hvaða félagaform Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna er. Er það hlutafélag? Eftir því sem ég veit best er Sölumiðstöðin nær því að vera kaupfélag en hlutafélag og dálítið merkilegt og að sumu leyti hlægilegt þar sem margir helstu talsmenn atvinnulífs og einkarekstrar eru samankomnir á einum stað þá velja þeir sér kaupfélagsformið utan um sjálfa sig. Það er margt sinnið sem skinnið, segi ég nú bara.

Það kemur fram í greinargerð sem ég tel ástæðu til að vekja athygli á að engin verkefni eru tryggð hinu nýja félagi, Ríkismati sjávarafurða hf. þannig að svo getur farið að menn séu að vaða út í óvissuna. Til hvers er verið að stofna fyrirtæki í ákveðnum tilgangi og engin verkefni tryggð?

Þá kemur fram í athugasemd við 3. gr. að stefnt er að dreifðri hlutafjáreign og ég vildi gjarnan að hæstv. ráðherra útskýrði það frekar hvað er dreifð hlutafjáreign að hans mati. Um það kemur ekkert fram í frumvarpsgreininni eins og hún er skrifuð að öðru leyti en því að málið er algerlega í höndum ráðherra og því er

nauðsynlegt að ráðherrar gefi skýringar á grundvallaratriði eins og þessu.

Ég hygg að ég hafi ekki fleiri orð um þetta frv. um Ríkismat sjávarafurða en um annað frv. sem heitir frv. til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra hef ég vikið að almennum orðum og tel ekki þörf á að endurtaka það frekar, en ég efast um 22. og 23. gr. frv. Um 22. gr., sem er almenn heimild til ráðherra til að gefa út reglugerð um lögin, vil ég segja að ég er andvígur því að veita ráðherra slíka almenna reglugerðarheimild hvort sem um er að ræða frv. frá hæstv. sjútvrh. eða einhverjum öðrum. Ég tel að hlutirnir ættu að vera þannig að ef Alþingi sér ástæðu til að fallast á að veita framkvæmdarvaldinu reglugerðarvald til að útfæra lagaákvæði þá ætti það að vera tengt tilteknum atriðum eða nánar tiltekið ákveðnum greinum frv. þar sem kemur fram hvaða efnisatriði eigi að felast í reglugerðinni og vera til útfærslu á. 22. gr. gerir það ekki. Hún er almenn heimild og í valdi ráðherra að meta hversu langt hann getur teygt sig.

Ég hef ákveðnar spurningar við 23. gr., um viðurlögin. Eins og ég skil frv., og má vera að það sé misskilningur af minni hálfu því að ég skal fúslega játa að ég hef ekki haft tíma til að fara til hlítar í þessi frv., en ég skil það þannig að það sé ráðherrann sem hafi þetta viðurlagavald og ég set spurningarmerki við það, ef það er rétt skilið hjá mér, að framkvæmdarvaldið fái viðurlagavald á lög. Ég tel ekki að það sé rétt. Ég tel að því ætti að vera annars staðar fyrir komið hjá einhverri eftirlitsstofnun ef hún er til eða þá einfaldlega á hendi dómsyfirvalda.

Ég hygg að í þessu frv. sé gert ráð fyrir málskotsnefnd. Það mun vera í 20. gr. Þessari málskotsnefnd er ætlað nokkuð viðamikið hlutverk sem skiptir miklu máli um framkvæmd laganna og skiptir gríðarlega miklu máli gagnvart þeim sem að þessum atvinnuvegi starfa. Ég vil setja fram það sjónarmið að það sé ekki rétt að sjútvrh. skipi meiri hluta í þessari nefnd. Ég tel að ef hún á annað borð á að vera til, sem ég hef efasemdir um á þessu stigi, ætti að leitast við að nefndin væri þannig skipuð að menn gætu fyllilega treyst því og verið um það sammála að nefndin starfi sjálfstætt án yfirvalds ráðherrans.

Ég geri einnig athugasemdir við 3. mgr. 21. gr. þar sem vikið er að vanhæfni nefndarmanns. Ég tel það ekki nægjanlega sterkt, eins og segir í síðustu málsgrein á þessari blaðsíðu að nefndarmaður skuli víkja einnig ef hann er fjárhagslega háður málsaðila vegna eignaraðildar, viðskipta eða af öðrum ástæðum. Með þessu móti er opnað fyrir það að menn geti setið í nefndinni og úrskurðað í málum sem varða fyrirtæki sem þeir eiga jafnvel beinan hlut í ef ráðherra metur það svo að hann sé ekki fjárhagslega háður. Þannig að ég hygg að of veikt sé á málum tekið í þessu vanhæfnisskilyrði og ætti að styrkja það.

Ég vil einnig fjalla aðeins um það sem fram kemur í greinargerð á bls. 6 þar sem greint er frá því að á frv., sem lagt var fram á síðasta þingi, hafi verið gerð breyting sem taki af tvímæli um að skoðunarstofum sé ekki framselt opinbert vald. Það má vera að þetta sé rétt mat. Ég hef ekki skoðað þetta til hlítar, en ég velti því þá fyrir mér hvort ekki beri þá að skilja það svo að núverandi fyrirkomulag Ríkismats sjávarafurða sé þannig að það geti ekki framselt sitt vald og ég bið hæstv. ráðherra að gefa upp álit sitt á þeirri spurningu hvort Ríkismati sjávarafurða sé við núverandi lög heimilt að framselja sitt vald, framselja það t.d. til verktaka og ég spyr ekki að tilefnislausu, og þykir nú leitt að þurfa að trufla hæstv. ráðherra, því að mér er kunnugt um það að Ríkismat sjávarafurða hefur gert samninga við aðila á þann veg að þeir verði verktakar fyrir stofnunina og hafi þann starfa að gefa út útflutningsvottorð, m.a. fyrir ferskan og frystan fisk.

Ég hef ýmsar spurningar við þetta fyrirkomulag sem ég tel ástæðu til að leita svara við á öðrum vettvangi varðandi stöðu þess verktakamáls gagnvart starfsmönnum og lögum um opinbera starfsmenn. En gagnvart hæstv. sjútvrh. minnist ég á þetta til að fá svör hans við því hvort hann telji það fyrirkomulag standast, að Ríkismat sjávarafurða geti ráðið sér verktaka til að gefa út opinber vottorð. Ég fæ ekki séð að verktaki sé skuldbundinn stofnuninni með sama hætti og starfsmaður sem starfar í umboði stofnunarinnar og í nafni hennar og stofnunin ber því ábyrgð á hans athöfnum. Hitt hygg ég að öllum hljóti að vera augljóst að verktakafyrirkomulag í þessu er miklum mun óljósara og ég hygg að ráðherra verði að gefa okkur nokkrar skýringar á þessu fyrirkomulagi.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, nefna eitt atriði til og bendi á umsögn fjrmrn. á bls. 19 í frv. um meðferð sjávarafurða þar sem vikið er að svokallaðri málskotsnefnd. Þar er vakin athygli á því að ekki sé beinlínis tekið fram að nefndin skuli kostuð af ríkissjóði og ekki sé ljóst hvort nefndin hafi heimild til að krefja málsaðila um allan þann kostnað sem verður til vegna málsins. Burt séð frá afstöðu manna til þess hver á að greiða þennan kostnað, ríkissjóður eða málsaðilar, þá verður lagabúningurinn að vera þannig úr garði gerður að ljóst sé hver eigi að greiða þennan kostnað og um það verði ekki deilt. Ég vek athygli hæstv. ráðherra og sjávarútvegsnefndarmanna á þessu atriði og bið þá að huga að þessu við meðferð málsins í nefnd.

Ég vil að endingu minnast aftur á þessa málskotsnefnd og spyrjast fyrir um stöðu hennar innan hins þrískipta valds. Ég legg þann skilning í málskotsnefndina að hún sé á vettvangi framkvæmdarvaldsins og að úrskurði nefndarinnar megi bera undir dómstóla, bæði að formi og efni. Ég verð að biðja hæstv. ráðherra að gefa upp álit sitt á þessu því að það er eitt af þeim atriðum sem mönnum verður að vera alveg tryggilega ljóst hver staða nefndarinnar er í okkar kerfi.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Sá þingmaður, sem hér talaði áðan, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, hefur þá sérstöðu í sínum þingflokki að hann hefur býsna góða þekkingu á rekstri. Ég hef þess vegna ástæðu til að ætla að hann hafi eilítið frjálslyndari skoðanir á atvinnurekstri en margir í hans flokki. Ég hlustaði þess vegna mjög

grannt eftir því þegar hann ræddi málefni Ríkismats sjávarafurða og kom að þeim þætti sem laut að því að gera þá stofnun að hlutafélagi. Og ég hjó eftir því að hið eina sem honum virtist finnast athugavert við þá ætlun var að sjútvrh. færi með hlutabréfin í hinu nýja hlutafélagi. Þess vegna langar mig til þess að spyrja hann hvort hann sé í grundvallaratriðum með eða á móti því að stofnunin verði gerð að hlutafélagi.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir álit sitt á mér sem hann gaf upp varðandi atvinnurekstur (**Gripið fram í:** Frjálslyndi.) Frjálslyndi. Ég veit satt að segja ekki hvort ég á að telja það komplíment eða ekki en ég kýs samt að líta á það þannig a.m.k. af hálfu þingmannsins. Í mínum huga er meginatriðið hvert markmiðið er, hverju menn vilja ná fram. Hvort hlutirnir eru í formi hlutafélags eða öðru er form. Formið skiptir í mínum huga minna máli en efnið og ég rakti það að ég teldi að það sem mestu máli skipti varðandi þessi frv. væri að menn tryggðu fyllilega gagnvart erlendum kaupendum traust okkar á þeim stofnunum sem gefa út vottorðið. Ef það er þannig frá gengið að traustið sé fyrir hendi er ég ekkert sérstaklega andvígur því að menn hafi það form að hlutirnir heiti hlutafélög. En þar tek ég afstöðu til máls í hverju tilviki fyrir sig og í þessu tilviki er ég ekki endilega að útiloka þann möguleika og tel hann fyllilega umræðuverðan.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil einungis staðfesta að það var hrósyrði af mínum vörum þegar ég ræddi um frjálslyndi þingmannsins og ég vona að hann haldi áfram á þeirri braut sem ég tel að hann sé nú loksins farinn að feta vonum síðar. Ef ég væri formaður Alþb. og stæði í þessum stól mundi ég sennilega segja að yfirlýsingin sem hann gaf hér áðan væri söguleg og sennilega mundi ég líka kalla til blaðamannafundar í tilefni hennar. Það ætla ég ekki að gera. Ég ætla einungis að óska þingmanninum til hamingju með þessa afstöðu því að í henni fólst að hann er í prinsippinu ekki andvígur því að stofnunin verði gerð að hlutafélagi og ég vona að þessi afstaða hans haldi þegar kemur til annarra stofnana ríkisins.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Ja, virðulegi forseti. Ég vil bara árétta það sem kom fram hjá mér áðan að ég lít á hvert mál fyrir sig og það hver mín niðurstaða er fer auðvitað eftir því markmiði sem menn stefna að. Þegar menn vita hvert menn ætla að fara og hverju menn ætla að ná fram er komið að því að hugleiða í hvaða formi hlutirnir eiga að vera.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er verið að leggja fram þrjú frv. sem öll snerta sjávarútveginn á einn eða annan hátt og menn spá mjög í það í þessum ræðustól hvernig þau tengjast þeirri umræðu sem við annars stöndum í þessa dagana, þ.e. umræðunni um Evrópskt efnahagssvæði og frv. sem þarf að leggja fram og lögtaka síðar í framhaldi af því.

Ég get að vísu fallist á að það geti verið margt í þessum frv. sem ekki tengist þeirri umræðu beint en ég bendi þó á að í frv. til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu er 22. gr. örstutt setning sem segir: „Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um efni þessara laga." Það er einmitt það sem hefur verið gert í mörgum þeim frv. til laga, sem við erum að ræða þessa dagana, að ráðherra er fengið það vald að setja reglugerð, oft til þess að koma til móts við og uppfylla skilyrði Evrópubandalagsins og hins Evrópska efnahagssvæðis um lög og reglur og ég held að verið sé svona að lauma því með á ýmsum stöðum í þessum frv. að setja eigi reglugerð um þau efni sem tengjast Evrópska efnahagssvæðinu til nánari uppfyllingar. Þannig sýnist mér að þessi frv. tengist umræðunni um Evrópskt efnahagssvæði líka enda kom það að nokkru leyti fram í framsöguræðu hæstv. ráðherra hér áðan.

Einnig má benda á að í þessu sama frv. sem ég nefndi segir um meginatriði frv. að verði það að lögum verði löggjöfin sambærileg við löggjöf Evrópubandalagsríkja og einnig er talað um Bandaríkin og Kanada þannig að þarna er þessu stungið með a.m.k. á nokkrum stöðum sem ég hef rekið augun í við yfirlestur á frv.

Að öðru leyti er verið að ræða það sérstaklega í sambandi við Ríkismat sjávarafurða að gera það að hlutafélagi og uppfylla þar með væntingar ríkisstjórnarinnar um að selja síðar meir ríkisfyrirtæki og losa þannig fjármagn ríkisins. Ég er ekki jafnsannfærð um það og hæstv. ríkisstjórn að einkavæðing sé alltaf það besta í þessum málum og alls ekki í sambandi við Ríkismat sjávarafurða. Ég tel að það þurfi að vera ákveðin opinber stofnun sem hafi það með höndum. Ég sé heldur ekki að þó svo að Ríkismat sjávarafurða sé gert að hlutafélagi, sem ríkið reyndar á að eiga og leggja til hlutafé eingöngu í upphafi, það verði endilega til þess að þau hlutabréf seljist. Fyrirtækið á að keppa við aðrar skoðunarstofur á jafnréttisgrundvelli og eins og raunar kom fram í máli hv. 5. þm. Vestf. hér áðan þá er engan veginn víst að verkefni séu svo mikil að hægt sé að keppa að neinu ráði um þessi verkefni á frjálsum markaði og að þessi hlutabréf verði eftirsóknarverð. Og þá sé ég ekki að mikið hafi áunnist af þeim markmiðum sem ríkissjóður ætlar að ná með því að selja hlutabréf, þ.e. losa ríkissjóð þarna út úr rekstri sem kostar hann fjármuni og koma þeim kostnaði yfir á aðra.

Margir eru búnir að ræða um þetta á undan mér þannig að ég ætla svo sem ekki að endurtaka það en í umsögn fjmrn. um frv. um stofnun hlutafélags um Ríkismatið er vakin athygli á því að í þessu frv. er ekkert ákvæði þess efnis að þeir starfsmenn, sem hverfa frá Ríkismati sjávarafurða til þessa nýja hlutafélags sem fyrirhugað er að stofna, fái ekki biðlaun. Jafnframt er vakin athygli á því að ekki sé samræmi á milli annarra frumvarpa sem voru lögð fram um einkavæð-

ingu eins og Sementsverksmiðjur ríkisins og Síldarverksmiðjur ríkisins. Þarna er um það að ræða að starfsmenn muni geta fengið biðlaun greidd þó svo að þetta hlutafélag eigi að taka við þeim störfum sem Ríkismatið hafði og ég er ekki að lasta það, síður en svo. Ég tel að menn eigi rétt á biðlaunum, enda sé sá réttur tryggður með 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þarna getur líka verið um umtalsverða fjármuni ríkisins að ræða, þ.e. að starfsmennirnir hafi þarna biðlaun jafnframt því sem þeir eru komnir í störf hjá hinu nýja hlutafélagi. Þarna er ákveðið misræmi á milli í frumvörpum sem lögð hafa verið fram, þ.e. um Sementsverksmiðjuna, Síldarverksmiðjurnar og aftur Ríkismatið, sem ekki kemur heim og saman þar sem um svipaðar breytingar virðist vera að ræða. Þetta varð tilefni talsverðra umræðna í fyrravetur í sjútvn. og ég held að þetta sé eitt af því sem ekki er komin samræmd ákvörðun um hvernig með skuli fara.

Að lokum, vegna þess að eins og ég hef rætt um áður mun eiga að koma kostnaði frá ríkinu yfir á aðra aðila, langar mig að spyrja hverju þetta mundi geta breytt í stöðugildum viðkomandi stofnana og beini þeirri spurningu þá til hæstv. ráðherra. Álítur hann að það verði fjölgun starfsmanna með öllum þessum breytingum sem hann hefur lagt til? Kemur þessi fjölgun þá fram í aukningu starfa? Hvar verða þau störf til? Verða þau hér í Reykjavík eða eru þau líka dreifð um landið? Það væri mjög æskilegt að fá svör við þessu.

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mjög. Ég þakka fyrir þann málefnalega málflutning sem hefur verið hafður uppi, enda er í sjálfu sér ekki ástæða til annars. Hér er um að ræða mál sem í eðli sínu er ekki flokkspólitískt og ég ætla ekki að fara hér í umræður um smáatriði, enda hygg ég að það muni verða gert með mjög ítarlegum hætti í sjútvn. Ég hygg að allir þeir sem koma að þessum málum séu sammála um það að aðalatriðið er fyrst og fremst, með þessum breytingum, að sjá til þess að íslensk framleiðsla standist þær kröfur sem eru gerðar til sjávarafurða á erlendum mörkuðum og ég hygg að það sé tryggt með því kerfi sem hér er verið að setja fram.

Þau frv. sem eru til umræðu eru hluti af nokkuð róttækri uppstokkun á stjórnsýslu sjávarútvegsins. Það sem hefur einkum komið til umræðu og það sem menn setja e.t.v. helst krókinn í eru skoðunarstofurnar. Menn spyrja til að mynda hvort með þeim sé verið að færa vald frá hinu opinbera til einkaaðila og ég hygg að svarið við því sé já. Það er verið að gera það en samt sem áður hefur hið opinbera áfram hið endanlega eftirlitsvald. Ég held að það sé nauðsynlegt að menn geri sér aðeins grein fyrir því hvernig þetta kerfi er upp byggt.

Fiskistofan gefur út vinnsluleyfi og án þess er óheimilt að vinna sjávarafla, veiða hann, geyma hann eða starfrækja uppboðsmarkaði. Lögin fyrirskipa síðan að Fiskistofan gefi út viðurkenningu fyrir skoðunarstofurnar og síðan, sem er afar mikilvægt, hefur hún jafnframt eftirlit með því að skoðunarstofurnar sinni sínu starfi á fullnægjandi hátt. Síðan kveður frv. á um það að fyrirtæki, bæði í útgerð og í vinnslu, verði að hafa samning við viðurkennda skoðunarstofu sem veiti hinu innra eftirliti nauðsynlegt aðhald. Síðan er það Fiskistofan en ekki skoðunarstofurnar sem geta svipt fyrirtæki og skip leyfum vegna vanrækslusynda sem hljóta að koma upp á. Ég hygg því að það sé alveg ljóst að vald hins opinbera er ekki framselt til skoðunarstofanna með þeim hætti að ekki sé viðunandi.

Ég hjó eftir því að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kallaði nákvæmlega þennan þátt tvískinnung. Með öðrum orðum, hann orðaði það efnislega svo að eftirlitið væri fært út á markaðinn en samt væri eftir sem áður opinber eftirlitsaðili og í hans máli var þetta orðað svo að hér væri um tvískinnung að ræða. Ég tel það alls ekki. Ég tel einmitt að í þessu felist með vissum hætti snilld, ef við getum kallað það svo, þessa kerfis vegna þess að með því er í senn uppfyllt sú krafa erlendra aðila að opinbert eftirlit sé til staðar, en samt sem áður er verið að færa verkefnin frá hinu opinbera og út á markaðinn. Og miðað við þær yfirlýsingar sem hv. þm. gaf áðan um stuðning sinn við hlutafélagaformið hygg ég að hann sé í hjarta sínu sammála því.

Sömuleiðis vil ég aðeins víkja að máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar sem hafði uppi efasemdir um að rétt væri að hafa þetta fyrirkomulag þar sem skoðunarstofurnar gera samning við fyrirtæki. Hafi ég skilið röksemdafærslu hans rétt gekk hún út á það að skoðunarstofurnar hefðu vegna þessara samninga hagsmuni af því að vera í tengslum við fyrirtæki. Ef skoðunarstofunum gengi síðan illa að láta viðkomandi fyrirtæki sinna sínu innra eftirliti og færu að reka á eftir því ættu stofurnar á hættu að missa viðskiptavini. Mér finnst hv. þm. gleyma einu mjög mikilvægu atriði og það er að skoðunarstofurnar hafa líka þrýsting ofan frá vegna þess að Fiskistofan fylgist með þeim. Staðreyndin er sú að ef Fiskistofan kemst að því að skoðunarstofurnar sinni ekki sínu hlutverki sviptir hún þær starfsleyfinu þannig að þó að vont sé að missa viðskiptavin er enn verra að missa leyfið.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, láta koma fram vegna þess að mér finnst sem menn hafi vissa tilhneigingu til þess að sjá einungis gallana en ekki kostina við þetta kerfi.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 17. þm. Reykv. byrjaði á því að segja að þessi mál væru ekki flokkspólitísk. Ég dreg það mjög í efa. Ég held að einkavæðingarhugmyndirnar inni í þessu séu komnar frá Sjálfstfl. og það hafi verið meðal annarra bita sem Alþfl. þurfti að svelgja, að koma þessari einkavæðingu inn í eftirlit með sjávarafurðum. Ég tel þess vegna að þetta mál sé flokkspólitískt.

Svo nefndi hann það að auðvitað eigi Fiskistofan að hafa eftirlit með þessum fyrirtækjum. Vitanlega er það þannig og það var nákvæmlega það sem ég var að segja, að þetta verður auðvitað tvöfalt eftirlitskerfi vegna þess að annars er ekkert að marka þetta. Fiski-

stofa verður að hafa gott eftirlit með þessu og hún verður að hafa miklu betra eftirlit með þessum hlutum en Ríkismatið hefur nú. Ríkismatið hefur enga burði til þess í dag að fylgja eftir eftirliti. Þar neyðast menn til þess að *stimpla skjölin án þess að skoða hvað er á bak* við þau og hafa ekki hugmynd um það. Það þyrfti að taka á þeim málum frekar en að gleyma sér í einkavæðingaræðinu áður en hægt er að koma á einhverju kerfi sem er markvisst og hægt er að taka mark á og sem við getum kinnroðalaust borið fulla ábyrgð á gagnvart okkar kaupendum erlendis.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur mér afar spánskt fyrir sjónir að heyra hv. þm. halda því fram að þetta séu mál sem séu í eðli sínu flokkspólitísk. Ég hef ekki litið svo á og satt að segja, ef hann kallar þetta einkavæðingarhugmyndir, verð ég að segja að ég hygg að hann gæti orðið glaður ef þetta væru einu einkavæðingarhugmyndirnar sem þessi ágæta ríkisstjórn hefur uppi.

Ég verð líka að segja að það kann vel að vera rétt hjá hv. þm. að Ríkismatið geti í dag ekki sinnt sínu starfi. Þá þarf auðvitað og hefði þurft með einhverjum hætti að styrkja það. Ég sé hins vegar ekki að það ryri gildi þessa kerfis sem hér er verið að tala um. Ég hef skilið það svo að þær eftirlitsdeildir, sem til að mynda stóru sölusamtökin hafa núna og hafa með höndum visst innra eftirlit með þeim fyrirtækjum sem þeim tengjast, mundu að öllum líkindum verða skoðunarstofur í þessu kerfi. Því er mjög auðvelt að sjá það í hendi sér að þær mundu hafa með höndum hið daglega eftirlit eða hið nána eftirlit með fyrirtækjunum og síðan mundi Fiskistofan eðli máls samkvæmt hafa eftirlit með þessum skoðunarstofum. Ég get einfaldlega ekki séð að þá sé búið að setja upp tvöfalt kerfi. Það er hins vegar búið að setja upp þrepað kerfi.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 17. þm. Reykv. hefur greinilega þurft að svelgja marga bita og var að minna á það að þetta væru ekki einu einkavæðingaráformin sem Alþfl. hefur þurft að innbyrða í þessu stjórnarsamstarfi eða væru kannski á leiðinni. Ég held að það fari ekkert á milli mála að kerfið verður tvöfalt. Það er ekki hægt að halda öðru fram og það á ekki að halda öðru fram vegna þess að ef menn viðurkenna það ekki að eftirlit þurfi með skoðunarstofunum og gera ekki það sem til þess þarf verður þetta ekki virkt eins og það á að vera. Þá verða þeir stimplar sem Fiskistofan veitir á vörur frá Íslandi ekki mikils virði. Það verður að vera trúverðugt eftirlit Fiskistofunnar með skoðunarstofunum og það þýðir að kerfið verður tvöfalt.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef hv. þm. Jóhann Ársælsson telur það eitthvert einkavæðingarbrjál að reyna að færa verkefni af þessu tagi út á markaðinn verð ég auðvitað að segja: Verði honum að góðu. Ég er allt annarrar skoðunar. Ég tel að það sé rétt stefna að gera það og ég verð að segja það líka að ég skildi mál hv. þm. *Kristins H. Gunnarssonar hér áðan svo að hann teldi* það ekki óæskilegt að flytja verkefni með þessum hætti út á markaðinn. Og fyrst verið er að núa Alþfl. um nasir með þessu sem einhvers konar fylgi við frjálshyggju og óhóflegt frjálslyndi bendi ég á það að flokksbróðir hv. þm. var áðan að lýsa því yfir að hann væri ekki á móti því að Ríkismatið yrði gert að hlutafélagi. Ég bendi enn fremur á að einmitt flokkur hv. þm. Jóhanns Ársælssonar hefur talið það að setja ríkisfyrirtæki yfir á hlutafélagaformið væri einmitt vottur um tryllta frjálshyggju. Er það þá svo að flokksbróðir hans sé haldinn þessum sama sjúkdómi og ég?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég ætla í fáum orðum að víkja að nokkrum þeirra atriða sem fram hafa komið í ræðum hv. þm. Minnst hefur verið á tengsl þessara frumvarpa við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Ástæða þess að fyrir liggja tillögur að nýrri löggjöf um þær kröfur sem rétt þykir að við Íslendingar gerum um meðferð á sjávarafla er m.a. þær nýju reglur sem taka munu gildi um nk. áramót í Evrópubandalaginu samhliða því að við væntum þess að Evrópska efnahagssvæðinu verði komið á fót. Hitt er svo satt og rétt að hér er um að ræða þátt í viðameiri skipulagsbreytingum á stjórnsýslu sjávarútvegsins. Um það var tekin ákvörðun að ríkisstjórnin beitti sér fyrir slíkri skipulagsbreytingu. Fyrri hluti hennar var lögfestur á sl. vori og sá hluti sem tengist gæðaeftirlitinu og hinum nýju reglum Evrópubandalagsins er í þessu frv. um meðferð sjávarafurða. Ætlunin er að koma þeirri stjórnsýslu fyrir með þeim hætti sem greinir í því frv. og fylgifrumvörpunum um Fiskistofu og breytingar á Ríkismati sjávarafurða.

Hv. 1. þm. Austurl. gat þess, alveg réttilega, að Evrópubandalagið og Bandaríkin gera kröfur um opinbert eftirlit og það er uppistaðan í frv. að með því er verið að tryggja að nauðsynlegt opinbert eftirlit eigi sér stað á þessu sviði. Þó að fram hafi komið ákveðnar efasemdir hjá hv. þm. um nauðsyn þess að stíga frekari skref í þá átt að auka ábyrgð fyrirtækjanna í þessum efnum tók hann fram að hann væri þeirrar skoðunar að í ýmsu tilliti gæti verið rétt að auka ábyrgð fyrirtækjanna. Ég er þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt og þessi frumvörp byggja vitaskuld á þeirri skoðun um leið og kröfum um opinbert eftirlit er fullnægt.

Það er rétt að ítreka það sem fram kemur í skýrslu fjórmenninganna sem fóru til Brussel til viðræðna við fiskideild Evrópubandalagsins í apríl sl. en í skýrslu þeirra segir svo, með leyfi forseta:

„Verkaskipting opinberra eftirlitsaðila og einkaaðila var rædd. Voru Evrópubandalagsmenn mjög áhugasamir um þá nýjung sem fram kemur í frv. um skyldu til samnings milli framleiðenda og skoðunarstofu er

starfi undir eftirliti opinberra aðila og töldu að jafnvel mætti nýta þetta fyrirkomulag við lausn ýmissa vandamála við eftirlit með matvælum innan Evrópubandalagsins. Töldu þeir þetta fyrirkomulag fullnægja kröfum Evrópubandalagsins. Kom fram hjá þeim að Fiskistofa fullnægði kröfum um opinberan eftirlitsaðila og uppfyllti þær kröfur sem gerðar eru í tilskipunum Evrópubandalagsins. Þessi niðurstaða úr viðræðunum tekur af öll tvímæli í þessu efni."

Það er rétt að rifja upp að þegar Ríkismat sjávarafurða gaf sitt álit sem hefur verið vitnað til í sambandi við þetta frv. hafði þessi ferð til viðræðna við fiskimáladeild Evrópubandalagsins ekki verið farin og þær niðurstöður sem hér liggja fyrir, undirritaðar af þeim sem þátt tóku í viðræðunum fyrir Íslands hönd, lágu þá ekki fyrir. Eðlilega getur það hafa haft áhrif á niðurstöður í umsögn Ríkismatsins á sínum tíma.

Hv. 1. þm. Austurl. vitnaði einnig í umsögn yfirdýralæknis þar sem fram kom að umdeilt gæti verið hversu langt væri unnt að ganga í að framselja opinbert eftirlitsvald. Við nánari athugun þessara mála hefur ráðuneytið fallist á að eins og frv. var í upphaflegri gerð gat verið umdeilt hversu langt væri unnt að ganga í þessu efni og því hafa við endurflutning þess verið tekin af öll tvímæli í þessu efni og ekki hefur verið gert ráð fyrir því, eins og í upphaflega frv., að unnt væri að veita skoðunarstofum umboð til þess í ákveðnum tilvikum að fara með opinbert vald. Það er ekki lengur fyrir hendi. Þar hafa verið tekin af öll tvímæli og þessar athugasemdir eiga því ekki lengur við að mínu mati og á þessi sjónarmið hefur ráðuneytið fallist. Skoðunarstofurnar eru í raun og veru framlenging á innra eftirliti fyrirtækjanna en ekki opinberu eftirliti ríkisvaldsins.

Hv. 9. þm. Reykn. innti eftir því hvernig háttað yrði verkaskiptingu eftirlitsaðila með fiskeldisafurðum. Um það hefur verið rætt og er gott samkomulag við landbrn. um að það hefur úrslitavald að því er varðar eftirlit með eldisfiskum þar til þeim hefur verið slátrað en eftir að þær koma til vinnslu taka ákvæði þessara laga við.

Hv. 3. þm. Vesturl. innti síðan eftir viðbrögðum við fyrirspurn frá samtökum kaupskipaútgerða sem töldu æskilegt að taka af vafa, ef ég skildi rétt, um það hvort frystilestir í kaupskipum féllu undir ákvæði frv. Ég tel að í raun og veru sé óþarfi að taka nokkuð fram um þetta efni, en vitaskuld getur það komið til skoðunar hjá hv. nefnd.

Hv. 3. þm. Vesturl. ræddi einnig um hugsanleg tengsl skoðunarstofu við einstök fyrirtæki. Í því sambandi vil ég vísa til þess sem þegar hefur komið fram hjá hv. 17. þm. Reykv. að Fiskistofa mun hafa eftirlit með skoðunarstofunum og minnsti misbrestur af þeirra hálfu á því að framfylgja sínum skyldum getur leitt til þess að þær missi leyfi til þessara verkefna.

Hv. 5. þm. Vestf. spurði hvort ákvæði frv. hefðu einhver áhrif á möguleika okkar til sölu á síldarafurðum. Ákvæði frv. breyta engu í því efni. Það hefur verið staðið mjög vel að því eftirliti og síldarframleiðendur munu laga sig að þessari nýju löggjöf og hún mun tryggja þeim allan mögulegan markaðsaðgang.

Þá spurði hv. þm. hver hefði verið reynslan af eftirlitsdeildum sölusamtakanna. Ég hygg að þær hafi fengið umboð til þess að sinna núverandi verkefnum í sjávarútvegsráðherratíð hv. 1. þm. Austurl. Ég held að það hafi verið rétt skref sem þá var stigið og reynslan hafi að öllu jöfnu verið góð af því starfi.

Þá vék hv. þm. að því að Ríkismati sjávarafurða, eftir að því hefði verið breytt í hlutafélag og falið verkefni skoðunarstofu, væru ekki tryggð sérstök verkefni með frv. Ég bendi fyrst og fremst á í þessu sambandi að utan sölusamtakanna er mjög verulegur hluti af framleiðslu og sölu á okkar sjávarafurðum þannig að þar er um mjög stóra markaðshlutdeild að ræða sem þetta fyrirtæki ætti að geta átt mjög greiðan aðgang að í þeim viðskiptum sem ráð er fyrir gert að skoðunarstofurnar eigi við við framleiðendur.

Hv. 5. þm. Vestf. vék einnig að kröfum um dreifða hlutafjáreign. Það er að sönnu rétt að þar eru ekki sett gagnkvæm mörk um hvaða skilyrði verða sett en augljóst er að það er ekki ætlunin að þjappa þar saman fámennisvaldi heldur tryggja að yfirráð yfir fyrirtækinu geti verið í höndum fleiri aðila.

Þá vék hv. þm. að ákvæðum 23. gr. frv. um viðurlög ef brugðið er út af þeim fyrirmælum sem lagafrv. gerir ráð fyrir. Ég hygg að þar hafi komið fram nokkur misskilningur af hálfu hv. þm. Framkvæmdarvaldið fer ekki með refsiákvarðanir, það gera dómstólar. Hér er hins vegar verið að kveða á um það hvers konar viðurlögum þeir koma við vegna brota á þessum lögum.

Þá vék hv. þm. að vanhæfi nefndarmanna og taldi að það væri í valdi ráðherra að úrskurða um hvenær þeir væru vanhæfir. Svo er ekki. Það er tekið fram í lögunum hvenær nefndarmenn eru vanhæfir og að öðru leyti gilda um það efni almennar vanhæfisreglur. Mat ráðherra ræður engu þar um.

Það er rétt hjá hv. þm. og að gefnu tilefni ástæða til að ítreka að sú úrskurðarnefnd sem rætt er um í 21. gr. frv. er stjórnsýsluaðili og eðli máls samkvæmt hafa dómstólar úrslitavald í þessum málum sé þeim skotið til þeirra. Hér er um að ræða mjög mikilvægt ákvæði að mínu mati til að tryggja þeim aðilum sem hér eiga hlut að máli skjóta og örugga úrlausn í ágreiningsefnum án þess að þurfa að bíða margra ára niðurstöðu dómstóla nema þeir óski að skjóta ákvörðunum nefndarinnar til dómstólanna.

Hv. 6. þm. Vestf. spurði um hvaða áhrif þessi frumvörp hefðu á fjölda opinberra starfsmanna. Heildarskipulagsbreytingin, sem hér er um að ræða og að hluta til tók gildi með lagabreytingum í vor og væntanlega verður lokið með þessum breytingum, er engin. Það er ekki gert ráð fyrir því að breyting verði á heildarfjölda starfsmanna. Hins vegar verða breytingar innbyrðis á einstökum sviðum og opinberum starfsmönnum við gæðaeftirlit fækkar. Þeim fjölgar hins vegar sem starfa að eftirliti með sjávarafurðum hjá skoðunarstofum. Því má gera ráð fyrir því að fleiri verði við störf að gæðaeftirliti þegar þessi löggjöf hefur náð fram enda verið að gera hér ítarlegri og meiri

kröfur þó að opinberum starfsmönnum við þau verkefni fækki.

Að því er varðar umfjöllun hv. þm. um biðlaunin gildir allt annað um þær breytingar sem hér er verið að mæla fyrir en um þau ágreiningsefni sem voru til umfjöllunar á síðasta þingi varðandi Síldarverksmiðjur ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins vegna þess að hér er verið að gera eðlisbreytingu á Ríkismatinu. Það mun hafa önnur verkefni með höndum eftir þessa breytingu en fyrir hana og þess vegna er þeim málum skipað með öðrum hætti. Það hefur engin fordæmisáhrif að því er varðar önnur fyrirtæki, til að mynda Síldarverksmiðjurnar.

Ég hygg þá, frú forseti, að ég hafi í öllum meginatriðum vikið að þeim álitaefnum sem varpað hefur verið fram í umræðunni og ítreka þakklæti mitt til hv. þm. og vona að hv. sjútvn. geti tekið til starfa til að fjalla um þessi mál með skjótum og vönduðum hætti eins og hennar er vandi.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Hér hefur ráðherrann veitt greiðari svör en við höfum átt að venjast á þessu þingi af hendi annarra ráðherra í því máli sem að allra dómi er stærsta og veigamesta mál sem þjóðin hefur fengið til úrlausnar frá lýðveldisstofnun. En það er önnur saga.

Ég vil skilja svör hæstv. sjútvrh. þannig varðandi síldarmat að það sé rétt að áform séu um að leggja niður opinbert síldarmat. Það er í mínum huga töluvert áhyggjuefni og ég er ekki jafntrúaður og hæstv. ráðherra á að frv. breyti engu um möguleika okkar til sölu síldar í framtíðinni.

Ég vildi gjarnan spyrja nánar um dreifða hlutafjáreign. Það kom fram í svari ráðherra að það þýddi að yfirráð geti verið í höndum fleiri aðila. Ég vil spyrja hvort ráðherrann hafi í huga að setja hámark á eignarhluta hvers einstaks aðila.

Ég vil andmæla að nokkru leyti skilningi ráðherra á vanhæfni nefndarmanns í málskotsnefnd í frv. um meðferð sjávarafurða. Það er tekið fram í 21. gr. varðandi hana þar sem fjallað er um vanhæfni að ráðherra setji nefndinni starfsreglur. Auðvitað er það á valdi ráðherra að útfæra lagatextann. Ég vakti athygli á því að lagatextinn væri óljós þar sem stendur „ef hann er fjárhagslega háður málsaðila". Einhver verður að meta ákvæðið og það getur enginn annar en ráðherra.

Ég hygg að ráðherra hafi svarað flestu því sem ég beindi til hans. (Forseti hringir.) Ég heyri að klukkan glymur svo ég læt máli mínu lokið.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það liggur alveg í augum uppi að ráðherra getur ekki með starfsreglum breytt skýrum ákvæðum laganna um vanhæfi nefndarmanna. Það verður fylgt fram opinberu eftirliti gagnvart framleiðslu á síldarafurðum eins og á öðrum afurðum. Ég tel að í þeim efnum sé ekkert að óttast nema síður sé. Við erum að stíga framfaraspor í þessu efni.

Varðandi spurninguna um dreifða eignaraðild þá liggur það ekki fyrir í frv. með hvaða hætti það verður tryggt. Það verða menn auðvitað að meta að einhverju leyti með tilliti til markaðsaðstæðna þegar þar að kemur. Það er ekki gert ráð fyrir því að menn þurfi að hlaupa í það þegar í stað að selja eignarhlut ríkisins í fyrirtækinu. Það verður að meta hvenær það er skynsamlegt miðað við stöðu fyrirtækis og markaðsaðstæður og á þeim tíma verða menn að taka ákvarðanir þar að lútandi. Hér er um að ræða mjög skýra stefnumörkun og ætlunin er að tryggja að eignaraðildin verði dreifð.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil enn þakka svörin. Málið er örlítið skýrara en það var þótt varðandi dreifða eignaraðild sé það ekki mjög miklu skýrara.

Fyrst ráðherra túlkar lagatextann svo að hann geti ekki með starfsreglum gert lagaákvæðin ljósari og fyllri sýnist mér nauðsynlegt að hv. sjútvn. taki þetta ákvæði til skoðunar einmitt í því skyni að gerð verði breyting á frumvarpsgreininni þannig að hún verði ótvíræðari hvað varðar vanhæfi nefndarmanns, hvenær hann er vanhæfur. Ég hygg að það sem ég benti á séu flestir sammála um, að það er mjög óljóst hvernig ber að skilja „fjárhagslega háður".

Einu svaraði hæstv. ráðherra ekki, sem ég gat ekki um í minni fyrri andsvararæðu, og það er hvort hann teldi að Ríkismat sjávarafurða hefði heimild til þess samkvæmt núgildandi lögum að gera verktakasamning við einstaka aðila sem tækju að sér að gefa út útflutningsvottorð, hvort það samrýmdist núverandi lögum að framselja með þeim hætti tiltekið vald sem stofnunin hefur.

Ég hef vissar efasemdir um það og reyndar hef ég ýmsar athugasemdir við þessi dæmi sem ég hef undir höndum um verktöku hjá Ríkismati sjávarafurða. Það lýtur í sjálfu sér ekki svo mjög að hæstv. sjútvrh. heldur meira að lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þekki ekki þau dæmi sem hv. þm. vék að í sínu máli. Vitaskuld verður að skoða þau og meta á grundvelli slíkrar skoðunar, hvort þau brjóta í bága við gildandi lög. Án slíkrar undangenginnar skoðunar treysti ég mér ekki til að svara spurningu af þessu tagi með óyggjandi hætti.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég kom inn á það í minni ræðu að Bandaríkjamenn hafa tekið upp svokallað HACCP-kerfi og Kanadamenn hafa gert það kerfi að skyldu í sínum fiskiðnaði og munu væntanlega verða

fyrstir þjóða til að nota bandarísku gæðamerkin sem fylgja þessu kerfi á sínar afurðir.

Ég vil því koma inn á þetta aftur og spyrja hæstv. sjútvrh., vegna þess að átt hafa sér stað viðræður við Bandaríkjamenn um þessi mál, hvort eitthvað liggi fyrir um það hvort við getum tekið upp hin bandarísku gæðamerki á okkar afurðir og hvort það kerfi sem til stendur að komið verði á muni breyta einhverju í því sambandi.

Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðherra um það hvað sé gert ráð fyrir að margir starfsmenn færist frá Ríkismati sjávarafurða til Fiskistofu. Það mætti halda að Ríkismat sjávarafurða væri feiknalega stór og dýr stofnun. Þar starfa 28 manns og stofnunin hefur verulegar sértekjur. Þess vegna eru vissulega uppi nokkrar efasemdir um sparnaðinn. En það verður líka dýrt að gera þessa breytingu því gert er ráð fyrir því að allt að 20 starfsmenn eigi sex mánaða biðlaunarétt og 8 starfsmenn tólf mánaða biðlaunarétt að þeim frádregnum sem flytjast yfir til Fiskistofu. Því hljóta að vakna spurningar um það hvort þær breytingar sem kunna að vera nauðsynlegar í þessu efni, og ég viðurkenni að það verða að eiga sér stað ákveðnar breytingar, sé ekki hægt að gera með ódýrari hætti.

Einnig vil ég að lokum koma inn á það hvort ekki er nauðsynlegt að setja ákvæði um að utanrrn. geti ekki veitt útflutningsleyfi á sjávarafurðum nema að Fiskistofa hafi samþykkt þau. Því miður er það svo að lítið samband hefur verið milli utanrrn. og stofnana sjútvrn. í þessu sambandi og utanrrn. hefur lítt skeytt um það hvort gæðamál séu í lagi.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Að því er varðar viðræður við bandarísk og kanadísk stjórnvöld þá hafa þær ekki farið fram með þeim formlega hætti sem átti sér stað við fulltrúa sjávarútvegsdeildar Evrópubandalagsins. Ég tel að ákvæði frv. fullnægi þeim nýju kröfum sem gerðar eru á þessum mörkuðum og við getum á grundvelli þeirra lagaákvæða selt inn á þá markaði á grundvelli þeirrar kröfu sem þar er gerð. Að því er varðar fjölda starfsmanna sem mun flytjast frá Ríkismatinu yfir til Fiskistofu hefur ekki verið tekin endanlega ákvörðun um það enn. Það liggur hins vegar fyrir að það verða færri starfsmenn sem sinna þessum málum í Fiskistofu en í Ríkismatinu enda er ætlunin að reka það fyrirtæki áfram þó að það verði með nýju hlutverki. Ég geri ráð fyrir því að sérþekking margra þeirra sem þar vinna muni nýtast vel í þeirra störfum.

Um þriðja þáttinn í fyrirspurn hv. þm. verð ég að segja að um það hafa ekki farið fram neinar umræður en ég geri ráð fyrir því, að gefnu þessu tilefni, að það komi til skoðunar í hv. þingnefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, 1. umr.

Frv. HÁ o.fl., 16. mál (ráðstöfun aflaheimilda 1992–93). — Þskj. 16.

og

Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 66. mál (aðstoð við byggðarlög, sveiflujöfnun o.fl.). — Þskj. 68.

Jóhann Ársælsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Í fyrsta lagi þarf ég að lýsa yfir vonbrigðum mínum með það hvernig málum er fyrir komið hér í þinginu. Við höfðum beðið um umræður um sjávarútvegsmál utan dagskrár. Þegar það gerðist lá fyrir beiðni Framsfl. um umræður um atvinnumál. Þegar málið kom til umræðu við forseta var reynt að fá þessar umræður sameinaðar en ekki tókst samkomulag við Framsfl. um það. Þess vegna lá áfram fyrir beiðni okkar um að það yrði rætt utan dagskrár um sjávarútvegsmál. Forseti var búinn að gera ráð fyrir því að sú umræða færi fram á föstudaginn var og við ætluðum okkur að samþykkja það. En það kom á daginn að ýmsir þingmenn og ráðherrar voru ekki viðstaddir þá umræðu og þess vegna var þeirri umræðu frestað fram yfir helgi. En það var þó alltaf á hreinu, a.m.k. í samtölum mínum við forseta, að meiningin væri að þessi umræða sem við báðum um færi fram á undan öðrum umræðum sem færu fram um sjávarútvegsmál. Nú hefur það aftur á móti gerst að hér er að hefjast umræða um sjávarútvegsmál, þ.e. um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, á undan þeirri umræðu sem við höfum beðið um.

Ég mótmæli þessu. Ég tel að þetta sé brot á þeim venjum sem hafa verið í þinginu um utandagskrárumræður um mikilvæg málefni. Ég tel að þurft hafi að fara fram almenn umræða um sjávarútvegsmál í þinginu, ekki bara um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, heldur um stöðuna í sjávarútveginum og það umkomuleysi sem einkennir hæstv. ríkisstjórn, að hún skuli ekki geta komið með neinar lagfæringar á stöðu sjávarútvegsfyrirtækja. Það er um mjög margt að ræða í því sambandi. Ég tel að vegna þess að forseti hefur ákveðið að gera þetta með þessum hætti, þ.e. taka þessa umræðu fyrst, þýði að inn í hana hljóti að vera blandað umræðum af ýmsu tagi um sjávarútveginn almennt. Ég álít að undan því verði ekki vikist að sú umræða fari fram og þá verði öllu saman blandað.

Forseti, sem kynnti þá umræðu sem hér á að fara að byrja með þeim orðum að hér ætti að fara fram umræða um Hagræðingarsjóðsfrumvarp Framsfl., hafði tjáð mér það að það væri meiningin að ræða þau mál saman sem hafa verið flutt af Framsfl. annars vegar og hins vegar af okkur alþýðubandalagsmönnum og kvennalistakonum. Ég vil spyrja hvers vegna það var ekki kynnt að þau yrðu rædd saman eins og lofað hafði verið og talað um á milli okkar í gær.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill af þessu tilefni lesa upp úr síðari mgr. 50. gr. þingskapalaga sem hljóðar svo:

„Forseti getur leyft að tekið sé fyrir mál utan dagskrár sem í senn er svo mikilvægt að ekki rúmast innan ramma 1. mgr. [þ.e. hvað varðar hálftímaumræðuna] og svo aðkallandi að ekki geti beðið meðferðar formlegra þingmála."

Nú er það svo að á dagskrá í dag hafa verið sett formleg þingmál er öll varða sjávarútveg. Það mál sem hér hefur verið tekið á dagskrá hefur mjög lágt númer, er 16. mál þingsins. Þess vegna ákvað forseti að setja það mál á dagskrá og hafði sambandi við hv. þm., Jóhann Ársælsson, um það hvort hann vildi að mál Alþb. um sama efni, Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, 66. mál, yrði tekið til umræðu í tengslum við 16. mál. Ég taldi niðurstöðu hafa orðið þá milli okkar hv. þm. í gærkvöldi að svo yrði. Forseti tók það fram í upphafi fundar að þess væri óskað að umræða um þessi tvö mál færi fram sameiginlega og fundurinn samþykkti það. Þegar hv. 1. þm. Austurl. hefur mælt fyrir 6. dagskrármálinu mun hv. 3. þm. Vesturl. mæla fyrir 7. dagskrármálinu. Umræðan fer síðan fram sameiginlega.

Þetta vildi forseti að kæmi hér fram áður en umræðan hefst og mælt verður fyrir frumvörpunum og vonar að þetta sé skýrt.

Jóhann Ársælsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég viðurkenni að þetta er skýrt eins og það er fram sett núna. Ég taldi hins vegar, vegna þess að forseti tók það ekki fram við kynningu sína á umræðunni að það hefði kannski fallið niður hjá honum að gera grein fyrir því með hvaða hætti umræðan ætti að fara fram. Ég vil endurtaka það að þegar verið er að biðja um umræður utan dagskrár um mikilvæg mál er ekki sjálfgefið að einhver mál sem komin eru inn á málaskrá þingsins henti til að sú umræða geti farið fram. Ég tel að frv. um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, sem lá fyrir, sé um afmarkað málefni og það ætti ekki að vera kappsmál forseta þingsins að menn noti umræður um afmörkuð málefni til að fara um víðan völl í umræðunni og skipuleggja mál með þeim hætti að það sé bókstaflega lagt fyrir þingmenn að vegna þess að eitthvert mál sjávarútvegsins sé á dagskránni sé hægt að taka almenna umræðu um sjávarútvegsmál undir þeim lið. Þess vegna taldi ég og tel enn að það hefði verið eðlilegra að okkar umræða um sjávarútvegsmálin hefði farið fram.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti var sammála hv. þm. þegar það kom fram hjá honum í gær að hann mundi meta það eftir umræðuna í dag hvort hann heldur til streitu ósk sinni um utandagskrárumræðu um sjávarútvegsmál. Það mun að sjálfsögðu fara eftir því hvernig umræðan leggst í dag.

Flm. (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Ég vil í upphafi umræðunnar óska eftir því að hæstv. forsrh. verði viðstaddur hana, m.a. vegna þess að hæstv. forsrh. hefur blandað sér í þessa umræðu og má segja að hæstv. sjútvrh. hafi nánast lýst því yfir að þessi mál væru ekki síst í hans höndum, þau væri ekki aðeins sjávarútvegsmál heldur almenn efnahagsmál.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að nú á þessu sumri kom það fram að fiskifræðingar töldu að það yrði að draga mjög úr sjávarafla við Ísland. Vissulega var vandi á höndum hvernig bregðast skyldi við og þá ábyrgð þurfti hæstv. sjútvrh. að axla. Að sjálfsögðu voru uppi ýmsar skoðanir um það hvernig hann skyldi bregðast við. Niðurstaðan varð sú að ekki var farið í öllu að tillögum fiskifræðinga fremur en oft áður og ákvörðun var í hærri kanti þeirrar ráðgjafar sem fiskifræðingar mæltu með eftir ítarlega umfjöllun í ríkisstjórn. Þrátt fyrir að ákveðið væri að aflinn yrði nokkru meiri en fiskifræðingar mæltu með er ljóst að hér er um gífurlegt áfall að ræða, bæði fyrir íslenskan sjávarútveg og íslenskan þjóðarbúskap.

Þetta áfall er svo mikið að ekki verður hjá því komist að bregðast við því með einum eða öðrum hætti. Áfallið er mismunandi eftir landshlutum og þá sérstaklega eftir því hvað viðkomandi fiskiskip veiða. Það er ljóst að áfallið er mun meira hjá þeim sem hafa stundað þorskveiðar en þeim sem aðrar fiskveiðar hafa stundað á undanförnum árum. Sú spurning kom því strax upp hvernig jafna ætti þetta áfall. Mér er ekki kunnugt um að uppi séu um það neinar deilur að jafna beri þetta áfall með einum eða öðrum hætti. Deilurnar hafa fyrst og fremst snúist um það hvernig eigi að jafna áfallið og í reynd liggur ekkert fyrir um hvernig það verði gert.

Frv. sem ég mæli fyrir fjallar um það að nýta aflaheimildir Hagræðingarsjóðs til að jafna þetta áfall. Réttara sagt að veita hæstv. sjútvrh. heimild til að nýta þessar aflaheimildir til jöfnunar.

Það er ekki mælt nákvæmlega fyrir um hvernig það skuli gert en tekið er ákveðið dæmi, sem unnið er með aðstoð sjútvrn., í greinargerð með frv. um það hvernig mætti beita þessum heimildum.

Að sjálfsögðu geri ég mér það ljóst að áður en til þess kemur er nauðsynlegt að hafa víðtækt samráð um það við hina ýmsu hagsmunaaðila í sjávarútvegi hvernig þetta skuli nákvæmlega gert. Það væri vissulega betra að kveða skýrar á um það í 1. gr. frv. hvernig þessu skuli úthlutað nákvæmlega en það mundi væntanlega skýrast við meðferð málsins í nefnd og mætti því gera breytingar á 1. gr. í samræmi við það. Hitt er svo annað mál að ég treysti hæstv. sjútvrh. fyrir því að gera það með þeim hætti sem helstu aðilar í greininni mæla með þótt almennt sé það betri regla að kveða skýrt á um slíka hluti í löggjöf.

Ríkisstjórnin hefur hafnað þessari leið. Hún hefur ekki viljað fara hana og það hefur gengið svo langt að hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að verði ákveðið að gera það muni það þýða þingrof og almennar kosningar. Þess vegna m.a. hefur þessi sami forsrh. verið að leita að leið sem gæti hentað í þessu sambandi án þess

að hann þurfi að standa við hótunina eða loforðið. Margir mundu frekar vilja líta á það sem loforð, yrði slíkt frv. samþykkt, að hann mundi þá boða til kosninga og rjúfa þing.

Málið er að mínu mati ekki svo stórt að ástæða sé til að hafa slík orð um það. En væntanlega er hæstv. forsrh. búinn að gefa Alþfl. einhver slík loforð sem hann telur sig bundinn af og er eitt af þeim loforðum sem eru í kistunni frægu sem varð til úti í Viðey.

Hér er ekki um það að ræða heldur fyrst og fremst að finna einhverja sanngjarna leið sem þjónar nauðsynlegum hagsmunum og markmiðum í þessu sambandi. Ég vil nefna að því er varðar þetta mál að nánast allir aðilar í sjávarútvegi hafa mælt með því að einhver slík leið sem þessi verði farin. Það hafa allir landshlutar tekið undir það að fara einhverja slíka leið. Þrátt fyrir það reynir ríkisstjórnin að finna nýja leið til þess að ná sama markmiði en hefur þó ekki komist að nokkurri niðurstöðu.

Ég vil m.a. taka það fram að það eru ekki aðeins útvegsmenn sem hafa mælt með því að þessi leið verði farin. Það eru ekki eingöngu fiskverkendur, ekki eingöngu sveitarfélög heldur jafnframt sjómenn og landverkafólk. Og ekki síst eftir að hæstv. forsrh. lýsti því yfir að þeir peningar, sem yrði úthlutað til útgerða til að kaupa aflaheimildir Hagræðingarsjóðs, séu fjármagn sem hver og einn útvegsmaður geti farið með að eigin vild. Það er sem sagt ekki nauðsynlegt að nota peningana til að afla sér aflaheimilda heldur eftir því sem hverjum sýnist hverju sinni. Þetta varð að sjálfsögðu til þess að sjómenn mótmæltu þessum fyrirætlunum harðlega.

Síðan gerist það að Byggðastofnun er falið það hlutverk að leita nýrra leiða en að sjálfsögðu má ekki nota leiðir sem gætu leitt til þingrofs og kosninga. Það var nánast forskriftin. Byggðastofnun fer að leita leiða og niðurstaðan er sú að rétt sé að ná einhvers staðar í peninga til þess að gera aðilum kleift að kaupa þær aflaheimildir sem ríkissjóður hefur tekið til sín. Nákvæmlega sömu aflaheimildirnar nema einhvers staðar skuli ná í peninga til að kaupa þær. Það var ekki verið að gera tillögur um að taka þá peninga af viðkomandi sjóðum, skattleggja þá í ríkissjóð til að ríkissjóður gæti afsalað sér þessu heldur beinlínis að ná í peningana til þess að hægt væri að úthluta þeim. Þetta er sá mesti skollaleikur sem nokkurn tíma hefur verið viðhafður í íslenskri pólitík að mínu mati. Og hvert átti svo að ná í peningana? Það átti náttúrlega fyrst og fremst að ná í þá í þá sjóði sem ríkisstjórnin hafði áður fundið út að væru tómir. Það átti að ná í peninga í Byggðasjóð, það átti meira að segja að ná í peninga í Atvinnutryggingarsjóð sem nýlega var búinn að afskrifa, ef ég man rétt, um 1.400 millj. Guðmundur Malmquist, forstjóri Byggðastofnunar, sagði m.a. af þessu tilefni að Atvinnutryggingarsjóður gæti alveg gert þetta og sagði að innheimta hefði gengið nokkuð vel það sem af væri ári, þ.e. af þeim lánum sem á annað borð kæmu til með að borgast. Tekjur deildarinnar af dráttarvöxtum væru einnig verulegar. Það var allt í einu búið að finna það út að þessi sjóður, sem ríkisstjórnin hafði hamast á allan sl. vetur, ætti afgang. Það var líka búið að finna það út að Byggðastofnun ætti afgang og ég tala nú ekki um að menn voru búnir að finna það út að trúlega mundi vera til þó nokkuð af peningum í Fiskveiðasjóði og það væri rétt að ná í þá. Þar væri sjóður sem væri tiltölulega vel staddur og það skyldi haldið áfram við þá iðju að tæma alla þá sjóði þar sem einhvers staðar fyndist fé.

Sjútvn. fjallaði líka um þessi mál og nefndin ályktaði, með leyfi forseta, m.a. eftirfarandi: „Sjútvn. telur óhjákvæmilegt að allra leiða verði leitað til að minnka áhrif samdráttar í þorskveiðum á þau fyrirtæki, byggðarlög og landshluta sem verst verða úti og jafna eins og kostur er byrðum af yfirstandandi áfalli innan greinarinnar.“ Allar þessar yfirlýsingar urðu til þess að ákveðnar vonir kviknuðu hjá aðilum í landinu. En hvað segir svo hæstv. forsrh. nú fyrir nokkrum dögum eftir að þessi sami forsrh. hafði falið Byggðastofnun að koma með tillögur í málinu, fengið þær tillögur og lagt áherslu á að þær yrðu að vera tilbúnar áður en það þing sem nú starfar kæmi saman? Til hvers var verið að biðja um að þessar tillögur yrðu tilbúnar áður en það þing sem nú starfar kæmi saman ef það var ekki til þess að það Alþingi sem nú starfar tæki á þessum málum? En nú lýsir hæstv. forsrh., sem ekki er viðstaddur, því yfir í blöðum þann 3. sept. að ekki hefði unnist tími til að afgreiða málið í ríkisstjórn vegna þess hve mikið hefði verið að gera hjá henni vegna fjárlagagerðarinnar. Það yrði hins vegar afgreitt um leið og tími ynnist til. Það bráðlægi ekki á að afgreiða málið. Þetta eru skilaboðin. Ríkisstjórnin má ekkert vera að þessu því hún er í fjárlögunum. Svo virðist sem ríkisstjórnin hafi skipt verkefnum á vikurnar. Eina vikuna og kannski fleiri er verið í fjárlögum og í annan tíma er verið í öðru.

Það virðist vera niðurstaðan að ríkisstjórnin hafi ákveðið að gera ekki nokkurn skapaðan hlut þrátt fyrir öll stóru orðin, þrátt fyrir að hv. formaður sjútvn. léti hafa eftir sér m.a. með mörgu öðru: „Ég er tilbúinn í hvað sem er til að rétta hlut þeirra fyrirtækja og byggðarlaga sem harðast verða úti og mun ekki hika við að styðja góðar hugmyndir sem fram kunna að koma. Ég hef ekki sagt mitt síðasta orð,“ sagði Matthías Bjarnason, er hlé var gert á fundi sjútvn. Alþingis í gærdag. Þetta var 30. júlí.

Hvað sagði varaformaður nefndarinnar þann sama dag eða daginn eftir í Alþýðublaðinu. Hann sagði m.a.: „Sjálfur tel ég það raunar mikil mistök að ríkisstjórnin skuli ekki hafa farið að hugmyndum Sighvats Björgvinssonar.“ Þar hafa nú yfirleitt verið mistök að fara að hugmyndum hans. Þetta er sennilega misprentun í Alþýðublaðinu. „Í staðinn uppsker hún það að í nokkrum landshlutum er allt á suðupunkti“ og ég hygg að þetta hafi verið í þann mund sem hv. þm. ritstýrði þessu blaði þannig að hann hefði átt að geta leiðrétt þetta. „Það má hugsa sér ýmsar leiðir. Ein er sú að Byggðasjóður hreinlega aðstoði verst stöddu svæðin til að kaupa kvóta af Hagræðingarsjóði en vitaskuld hlýtur Alþingi að hafa síðasta orðið en ég veit að einhverjir þingmenn vilja kanna hvort ekki sé hægt að taka þann

þorskkvóta sem var umfram tillögur Hafró og verja honum til jöfnunar. Sé það kleift þá hlýtur að mega athuga það. Ég er hins vegar ekki til viðtals um að verja Hagræðingarsjóðnum án endurgjalds" sagði Össur að lokum og þar mun vera átt við hv. 17. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson.

Þetta eru þær yfirlýsingar sem hafa legið fyrir og síðan hefur ekkert gerst í málinu. Það er hins vegar ljóst og undir það tek ég hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni að það er Alþingis að hafa síðasta orðið. Það er Alþingis að taka á þessu máli en það verður ekki gert nema veita hæstv. sjútvrh. nauðsynlegar heimildir og þetta frv. fjallar um það. En því miður hefur þetta mál snúist upp í það að karpa um kennisetningar, karpa um þær kennisetningar Alþfl. að það verði að selja veiðiheimildir hvort sem útgerðin eða fiskvinnslan getur keypt þær eða ekki og hvernig sem rekstrarafkoman sé skuli haldið í þessar kennisetningar. Ef ekki verður haldið í þær þá fari Alþfl. úr ríkisstjórn. Ja, ég segi nú, farið hefur fé betra því að auðvitað er ekki hægt að hlusta á svona endemis rugl í Alþfl. Hvað á það að ganga lengi að atvinnuvegir þjóðarinnar séu skattlagðir án tillits til getu þeirra? Hvað á íslenskur sjávarútvegur að þurfa að hlusta á það lengi og í reynd að sæta ofsóknum af skattlagningarmönnum og öfgatalsmönnum fyrir auðlindaskatti á þrengingartímum? Það er það helsta sem íslenskur sjávarútvegur heyrir þessa dagana að hann fái allt endurgjaldslaust, að menn fái að róa á sjó án þess að greiða fyrir það, að menn fái að sigla skipunum sínum í hvaða veðri sem er út á haf til þess að sækja björgina án þess að borga fyrir það, jafnvel þótt illa gangi. Þetta er tónninn sem menn heyra þessa dagana og hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh eru í stafni og hrópa hæst og þá sérstaklega utanrrh. Og það gengur svo langt að alþýðuflokksmenn á Vestfjörðum álykta sérstaklega um málið og telja það vera skrýtnar kveðjur frá ríkisstjórninni við þessar aðstæður að skattleggja sjávarútveginn sérstaklega og ég veit að ég þarf ekki að vitna fremur í þá ályktun fyrir hæstv. utanrrh.

Málið er einfaldlega það að íslenskur sjávarútvegur á í miklum erfiðleikum. Það að samþykkja þetta frv. leysir ekki allt, það er langt í frá. En það er hins vegar rétt, sem formaður Samtaka fiskvinnslustöðva, lét hafa eftir sér í blöðum þann 26. ágúst, með leyfi forseta, þar sem hann sagði:

„Það væri prófsteinninn á vilja ríkisins til þess að gera eitthvað í hallærinu. Vissulega mundu þá tekjur ríkissjóðs minnka um samtals 525 millj. en í raun er gjaldtakan ekkert annað en nýir skattar. Sú leið að færa verst stöddu fyrirtækjunum þessa fjármuni í formi ávísunar eða vaxtakvittunar er flóknari og ekki eins einföld í framkvæmd." Málið er nefnilega það að þetta er prófsteinn á vilja þessarar ríkisstjórnar. Þetta er ekki spurningin um það hvort menn eigi að vaða út í kosningar og rjúfa þing. Þetta er fyrst og fremst spurningin um það að vilja taka á þessum málum með sjávarútveginum en ekki á móti honum. Halda menn virkilega að við vinnum okkur út úr þeim erfiðleikum sem við stöndum nú frammi fyrir með því að vera í andstöðu við allt og alla? Hafa þingmenn stjórnarflokkanna ekkert annað að gera en að rífast við menn um þessi mál út um allt land eins og þeir hafa verið að gera á undanförnum vikum, ekki eingöngu við andstæðinga sína í stjórnmálum heldur enn þá frekar við stuðningsmenn sína? Það vill nefnilega svo til að fólkið út um landið sér að það er sjálfsagt að gera þetta og vill ekki sjá einhverjar hundakúnstir í kringum það burt séð frá því hvað ráðherrarnir hafa sagt. En það virðist vera að það sé ekki nokkur leið að koma vitinu fyrir þessa ráðherra og þess vegna ber Alþingi að gera það. Alþingi ber að taka skynsamlega ákvörðun í þessu máli og taka fram fyrir hendurnar á þessari ríkisstjórn. Það er skylda Alþingis að gera það og það á að gera strax. Það er engin von til að núv. ríkisstjórn komi sér saman um eitt né neitt í þessu máli. Hún er búin að vera að þvæla um þetta nú á annan mánuð og forsrh. segir: Það liggur ekkert á og við megum ekki vera að þessu. Það er svarið. Við höfum mikilvægari málum að sinna. Hvað eru mikilvægari mál en málefni íslenskra atvinnuvega? Halda menn að þeir lifi á því að borga peninga út úr ríkissjóði og rukka inn í ríkissjóð? Halda menn það virkilega að verðmætasköpunin skipti ekki meira máli? Hvernig getur ríkisstjórnin leyft sér að kasta þessum málum til hliðar viku eftir viku og fundið sér ný verkefni til að rífast um og komið á nýjum næturfundum? En það var kannski ekki síst svefnleysið sem varð til þess að sínum tíma hvað þeir tóku vitlausar ákvarðanir. Þá voru næturfundir og aftur næturfundir, ráðherrarnir sváfu ekki neitt, vöknuðu skapvondir og úrillir og tóku náttúrlega vitlausar ákvarðanir. (**Gripið fram í:** Þú gleymir...) Já, en það er ekki af svefnleysi. Auðvitað áttu mennirnir að sofa og auðvitað eiga þeir að reyna að sofa líka almennilega á næturnar til þess að reyna að komast að einhverri vitlegri niðurstöðu í fjárlögunum. En ávallt skulu þeir finna sér tilefni til að vaka og komast aldrei að skynsamlegri niðurstöðu. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa hv. þm. um að forsrh. er á leiðinni.) Það er nú gott að forsrh. er vakandi þó að ég efist ekki um að hann hefði þurft á því að halda að leggja sig.

Við þingmenn Framsfl. og fleiri teljum það skyldu Alþingis að taka á þessu máli og samþykkja þessa einföldu og sjálfsögðu heimild til sjútvrh. sem er eina leiðin í þessu máli og auðvitað ættu stjórnarliðar að viðurkenna þetta sem mistök sem annaðhvort stafi af svefnleysi, vanþekkingu, vangá eða einhverju slíku og fara þá leið sem allir mæla með í þessu sambandi. Þeir væru meiri menn eftir það og ég vænti þess að þeir muni gera það. Hitt er svo annað mál að auðvitað mun samþykkt þessa frv. ekki leiðrétta rekstrarskilyrði sjávarútvegsins. En það sem er verst er að núv. ríkisstjórn með forsrh. í broddi fylkingar telur að rekstrarskilyrðin séu bara góð. Ég las það eftir forsrh. að hann hefði sagt hér á Alþingi, og ég fletti því upp, með leyfi forseta: „Þegar menn eru að tala um stöðu sjávarútvegsins eru menn að horfa á spár fyrir næsta ár." Það er náttúrlega alveg óskaplegt að menn skuli vera farnir að horfa fram á næsta ár. Væntanlega er ríkisstjórnin líka að gera það í fjárlögunum. Ætli hún sé ekki að fjalla

um næsta ár. „Afkoman er ekki slök eða mjög slæm á þessu ári vegna þeirra aðgerða sem gripið var til." (**Gripið fram í:** Hún er 14% á næsta ári.) Hún er bara ágæt, afkoman á þessu ári, segir forsrh. og það er hægt að lifa lengi á því og svo eru menn farnir að tala um næsta ár.

Hverjar eru þessar aðgerðir sem forsrh. er að tala um? Aðgerðirnar eru þær að ákveðið var að taka fjármagn Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins og úthluta því til sjávarútvegsins. Það var nauðsynleg ráðstöfun, því miður. En hún bætti ekki rekstrarstöðu sjávarútvegsins. Hún gerði sjávarútveginum kleift að greiða ýmislegt af vanskilaskuldum sínum en hafði ekkert að segja að því er varðaði rekstrarafkomu. Og ef menn halda að hægt sé að lifa lengi á þeirri ráðstöfun þá vaða menn í mikilli villu. Hins vegar er það ekkert einfalt mál að grípa til þeirra aðgerða sem þarf í þessu sambandi. Það er a.m.k. lágmark að einhver skilningur sé hjá núverandi stjórnvöldum í þessu máli. Það er ekki að sjá að hann sé hjá hæstv. forsrh. Ég leyfi mér að vona að hann sé hjá hæstv. sjútvrh. En hæstv. sjútvrh. lét að því liggja þegar hann sagði að hann hefði ákveðið að leggja fram tillögu um hámarksafla á næsta ári að hann gerði það m.a. vegna þess að hann óttaðist að aðilar í ríkisstjórn kynnu að gera eitthvað miklu verra. Þetta er nú ekki nákvæm tilvitnun í orð núv. hæstv. sjútvrh. en ég hygg að það sé ekki mjög langt frá því. Ég vænti þess að hæstv. sjútvrh. hafi ekki sömu hugsanir varðandi rekstrarstöðu sjávarútvegsins, að hann óttist að það sé rétt fyrir hann að sitja í ríkisstjórninni til þess að þessir menn komi ekki enn þá fleiri fyrirtækjum á hausinn. Ég trúi þeim að vísu vel til þess. En það getur enginn sjútvrh. setið í ríkisstjórn með það að markmiði að koma í veg fyrir það að einhver annar geri eitthvað miklu verra. En það er kannski ekki undarlegt að mönnum detti það í hug þegar menn lesa hvers konar skilningsleysi er hjá forustu ríkisstjórnarinnar í þessum málum.

En hvað þarf að gera? Það þarf fyrst og fremst að lækka kostnaðinn hjá sjávarútveginum og lagfæra raungengið. Þegar menn segja slíka hluti þá sprettur núv. utanrrh. venjulega upp og hrópar: Eru menn nú enn einu sinni að kalla á gengisfellingu? Ég er ekki að kalla á gengisfellingu. En ég ítreka það sem ég sagði á sl. vetri að það er ekki hægt að búast við því að sjávarútvegurinn geti lifað við hærra og hærra raungengi. Það er ekki hægt að reikna með því að í öllum þessum samdrætti geti hann búið við hærra raungengi en hann gerði á árinu 1990. Þá var raungengi á mælikvarða verðlags 97,3 en nú er það áætlað 100,6 eða allnokkru hærra en það var á árinu 1990. Á mælikvarða launa var það 88 en er nú áætlað 93,4. Halda menn virkilega að hægt sé að reka undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar með þeim hætti að hækka raungengið stöðugt? Ekki mikið, en nóg til þess að menn hafa litla von um framhaldið? Halda menn að hægt sé að lagfæra stöðu sjávarútvegsins með því að skattleggja hann? Hvers konar hagfræðingar eru það sem núverandi ríkisstjórn hlustar á? Eru það bara hagfræðilærðir menn í Alþfl. sem farið er eftir? Ég veit að þeir eru margir, en hagfræðikenningar þeirra margra eru því miður villukenningar.

Ég ætla mér ekki, hæstv. forseti, að hafa mörg orð um þetta mál. Á undanförnum mánuðum hefur það verið mikið rætt og er komið að því að það þurfi að taka ákvarðanir. Ég vil að endingu vitna í greinargerð með þessu frv. þar sem segir:

„Það er jafnframt nauðsynlegt að bæta rekstrarskilyrði sjávarútvegsins að öðru leyti. Raungengið hefur hækkað of mikið og því getur sjávarútvegurinn ekki staðið undir þeim kostnaði sem á honum hvílir í dag með þeim tekjum sem eru til skiptanna. Það verður því að leita allra ráða til að lækka kostnaðinn og verja þannig gengi krónunnar. Ríkisstjórnin hefur enga tilburði haft uppi til að undirbúa mál með þeim hætti. Nauðsynlegt er að létta margvíslegum kostnaði af sjávarútveginum. Rafmagnsverð er of hátt, aðstöðugjald er óréttmætt og vextir allt of háir. Ríkisstjórnin hefur auk þess beitt sér fyrir margvíslegum álögum á sjávarútveginn og hafa aðilar í greininni metið hækkanir á opinberum álögum allt að 1 milljarði króna á árinu 1992.

Sjávarútvegurinn hefur náð fram verulegri hagræðingu á undanförnum árum og á eftir að sýna mikinn árangur á því sviði. Hann þarf tíma og aðstæður til að halda þeirri vinnu áfram. Jafnframt þarf að skapa honum svigrúm til að nýta sér ýmsa möguleika í vannýttum tegundum og að auka vinnslu innan lands.

Með samvinnu ríkisvalds og greinarinnar sjálfrar er mögulegt að vinna sig út úr erfiðleikunum. Ríkisstjórnin hefur í reynd hafnað slíku samstarfi."

Það er aðalatriði málsins að ríkisstjórn Íslands hefur í reynd hafnað samstarfi við íslenskan sjávarútveg að vinna sig út úr þessum vanda og þess vegna er skylda Alþingis að grípa inn í málið og það verður þá að hafa sinn gang hvort núv. forsrh. rýfur þing og boðar til kosninga eða ekki.

Ég er ekki sérstaklega að óska eftir því af þessu tilefni að það verði gert þótt ég óski eftir því að núv. ríkisstjórn fari sem fyrst frá. Ég get vel sætt mig við að hæstv. forsrh. taki þau orð sín til baka. En ég óska eftir því að Alþingi Íslendinga taki af skarið um það að ríkisstjórninni beri að hafa samvinnu við sjávarútveginn um lausn erfiðra mála og fyrsta skrefið í því sambandi er að samþykkja þetta frv. og úthluta þessum veiðiheimildum með eðlilegum hætti eins og áður hefur verið gert og sýna með því einhvern skilning á þeim vanda sem uppi er.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, vil ég leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hæstv. sjútvn.

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla fyrst að ræða nokkuð um aðdraganda þessar umræðu. Við alþýðubandalagsmenn höfðum áður en þing kom saman rætt um nauðsyn þess að strax og Alþingi kæmi saman yrði flutt frv. til laga um breyting á lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Við sendum þess vegna þremur dögum fyrir þann tíma að þing kom saman uppkast að því lagafrv. til þeirra sem eiga sæti í hv. sjútvn. og hugmyndin var

sú að freista þess að ná samstöðu með þeim flokkum sem eiga sæti á Alþingi um niðurstöðu í þessu máli. Við höfðum von um það að sú samstaða gæti orðið það víðtæk að málið fengi meirihlutastuðning á hv. Alþingi. Við höfðum ætlað okkur að óska eftir fundi í hv. sjútvn. strax og kostur væri eftir að nefndir þingsins hefðu verið kosnar og vorum auðvitað til viðræðu um breytingar á uppkastinu og öllu sem laut að flutningi þess ef það hefði mátt verða til þess að meiri hluti gæti skapast um aðalatriði málsins. Þess vegna kom okkur nokkuð á óvart að framsóknarmenn hlupu upp til handa og fóta, lögðu fram frv. í þinginu og lá svo mikið á að þeir þurftu að kynna það á blaðamannafundi áður en þeim tókst að dreifa því í þinginu. Ég vona sannarlega að þessi málsmeðferð verði ekki til að spilla því að samstaða geti orðið um framhald málsins síðar þó svo að við höfum tekið þá ákvörðun að flytja annað frv. sem er með nokkuð öðrum hætti en það frv. sem framsóknarmenn fluttu eða hafa lagt hér fram.

Ég vil fyrst tala nokkuð um aðdraganda málsins, þ.e. þær ákvarðanir sem tengdust ákvörðunum um heildarafla á þessu fiskveiðiári, sem var að byrja núna, og þær þrengingar sem menn sáu fyrir sér að yrðu vegna samdráttarins í þorskveiðunum. Ég verð að segja það eins og er að mér finnst meðferð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar á málefnum sjávarútvegsins hafa leitt í ljós að hún er ófær um að leysa með sæmilegum hætti úr erfiðum viðfangsefnum. Ég get auðvitað viðurkennt að það er mjög erfitt mál á að taka þegar menn standa frammi fyrir slíkum samdrætti sem leiddi af þeim ákvörðunum sem urðu lokaákvarðanir um þorskveiði. En ég vil segja að það sem gerðist var það að ríkisstjórnin féll á prófinu. Hún hefur ekki leyst málið enn. Það sem hún gerði var að hún dró úr sárasta broddinum af þessum samdrætti en hún leysti málið ekki eins og hún hefði þurft að gera. Ég heyri líka að framsóknarmenn voru ekki aldeilis á þeim buxunum að leysa málið með þeim hætti sem hefði þurft að gera, þ.e. með þeim hætti að jafna algjörlega út þá skerðingu sem var á ferðinni. Hér koma menn og tala eins og það að flytja þessi frumvörp um Hagræðingarsjóðinn sé hin endanlega og góða lausn á öllu saman. Það er það ekki. Ég lít þannig á að þessi frv. sem við höfum lagt fram um Hagræðingarsjóðinn séu neyðarráðstöfun til að reyna að bjarga því sem bjargað verður eftir að búið er að taka vitlausar ákvarðandir, eins og búið er að gera í þessu máli. Ef menn hefðu viljað hefði verið hægt að taka ákvarðanir sem hefðu leyst málið algjörlega í upphafi. Þegar menn virða fyrir sér niðurstöðurnar sem liggja fyrir núna, ákvarðanirnar um heildarafla í hinum ýmsu tegundum hljóta menn að sjá að það hefði verið hægt að jafna skerðingunum í þorskveiðinni niður með þeim hætti að allir hefðu orðið fyrir svipuðum skerðingum í þorskígildum, allar útgerðir í landinu hefðu orðið fyrir svipuðum skerðingum í þorskígildum. Þá hefðu menn setið uppi í dag með skerðingar milli 2–3% en ekki þau vandamál sem núna liggja fyrir, þ.e. um verulega miklar og mismunandi skerðingar er að ræða eftir byggðarlögum og útgerðum.

En hver er þá ástæðan fyrir því að menn vildu ekki fara þessa leið? Hún var auðrötuð, það var ekki vandinn, og ég efast ekki um það að stjórnvöld gerðu sér fulla grein fyrir því að það væri hægt að gera þetta. Þetta hefði mátt gera með mjög einföldum hætti. Svo ég nefni bara eina útgáfu hefði t.d. mátt úthluta til að byrja með öllum heimildum eftir tillögum Hafrannsóknastofnunar eins og þær lágu fyrir. Taka síðan viðbæturnar sem ákveðnar voru á alla veiðistofnana og nota þær til að jafna þetta út. Þetta var mjög auðvelt að gera svona. En af hverju var það sem menn völdu ekki þessa leið? Ég held að ekki sé nema ein skýring á því og hún er sú að menn óttuðust um kerfið sitt, menn óttuðust um kvótakerfið. Ef menn hefðu jafnað þessu út með þessum hætti þá væru menn að leggja til atlögu við kvótakerfið og það mátti ekki.

En það hljóta allir hv. þm. að sjá að ef svona hefði verið farið að þá hefðum við ekki staðið frammi fyrir þeim vandamálum sem við stöndum frammi fyrir núna, þ.e. mjög mismunandi skerðingu í útgerðum og eftir byggðarlögum, við hefðum verið með nokkurn veginn svipaða skerðingu um allt land og við sætum ekki uppi með það að kvótakerfið virkar þannig í dag að þær sjávarbyggðir sem liggja að bestu og fengsælustu fiskimiðunum og er ekki hægt að benda á að séu með neina ofveiði verða fyrir mestum búsifjum af völdum þessa samdráttar í þorskveiðinni. En hinir, þ.e. togskipaflotinn sem hefur ekki ekki getað náð kvótanum sínum vegna þess að það er svo lítið af fiski á þeirra miðum, þær útgerðir hafa fengið úthlutað auknum kvótum og standa jafnvel betur eftir þessar skerðingar heldur en fyrir þær.

Auðvitað er það kvótakerfið sem veldur þessu og er ástæða til að vekja athygli á því í þessari umræðu.

Mig langar til að segja fáein orð um þetta frv. til laga um breyting á lögum um Hagræðingarsjóðinn sem við höfum lagt hér fram. Fyrsti flm. er Steingrímur J. Sigfússon, en hann er ekki hér í dag og þess vegna mæli ég fyrir frv. en við Anna Ólafsdóttir Björnsson erum meðflm.

Í greinargerð með frv. segir:

„Ljóst er að nýtekin ákvörðun um aflaheimildir á næsta ári kemur mjög misjafnlega við einstök fyrirtæki, byggðarlög og landshluta. Á sama tíma og fyrirtæki með mikla aflahlutdeild í öðrum tegundum en þorski fá auknar veiðiheimildir skerðast önnur um tugi prósenta.

Tilgangur þessa frumvarps er fyrst og fremst að tryggja að fyrirtækin standi jafnar að vígi en ella væri ef ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá því í lok júlí stæði óbreytt. Notkun veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs er einfaldasta og eðlilegasta aðferðin í þessu skyni og tekur langt fram stórgölluðum hugmyndum um að bæta fyrirtækjunum að einhverju leyti skellinn með peningagreiðslum.

Í þessu frumvarpi er valin sú leið að breyta ákvæðum um Hagræðingarsjóð varanlega á þann veg að sjóðurinn hafi þríþætt markmið. Það er að greiða fyrir hagræðingu í greininni með úreldingu fiskiskipa, aðstoða byggðarlög í vanda og jafna út sveiflur innan sjávar-

útvegsins sem eru það miklar að þeim mundi fylgja veruleg röskun á afkomu.

Að svo breyttum lögum um Hagræðingarsjóð lægi beinast við að nýta við núverandi aðstæður allar handbærar veiðiheimildir sjóðsins til að draga úr því áfalli sem skertar þorskveiðiheimildir eru þeim útgerðum og þar með byggðarlögum sem háðastar eru þeim veiðum.

Breytingarnar gera ráð fyrir að horfið verði frá því að selja aflaheimildir sjóðsins og nota andvirðið til að greiða rekstur Hafrannsóknastofnunar sem í reynd jafngildir að gera féð upptækt í ríkissjóð sem áður greiddi fyrir rekstur stofnunarinnar. Í samræmi við þetta falli brott 6., 7. og 8. gr. í núgildandi lögum. Ljóst er að hugmyndir um sölu veiðiheimilda sjóðsins voru frá upphafi mjög umdeildar og voru þó í eldri lögum ákvæði sem heimiluðu úthlutun aflaheimilda án endurgjalds til byggðarlaga ef þannig stóð á.

Við núverandi aðstæður í íslenskum sjávarútvegi er viðbótarskattlagning af því tagi sem ríkisstjórnin ákvað við afgreiðslu síðustu fjárlaga, eins og áður sagði, fráleit og síst til þess fallin að bæta andrúmsloftið í samskiptum stjórnvalda og greinarinnar.

Þegar er orðið ljóst að þær tekjur, sem átti að afla með sölu veiðiheimilda, munu ekki skila sér og þarf af þeim sökum hvort eð er að taka á vanda ríkissjóðs með öðrum hætti. Á því er hins vegar full þörf ef takast á að snúa bökum saman í þeim miklu erfiðleikum sem sjávarútvegurinn býr nú við eins og reyndar fleiri greinar íslensks atvinnulífs, því miður.

Sú skattheima, sem ríkisstjórnin ákvað að leggja á sjávarútveginn í formi sölu á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs, er óðs manns æði við núverandi aðstæður í greininni og það lá reyndar ljóst fyrir þegar í vetur.

Annar megintilgangur laga um Hagræðingarsjóð var frá upphafi að koma til aðstoðar byggðarlögum sem yrðu fyrir áföllum vegna minni veiðiheimilda og einnig hefur verið gripið til sjóðsins þegar ákveðnar greinar innan sjávarútvegsins hafa orðið fyrir áfalli, sbr. loðnubrestinn fyrir tveimur árum og úthlutun veiðiheimilda sjóðsins til loðnuflotans þá.

Það er því í fullu samræmi við upphaflegan tilgang sjóðsins að grípa nú til þessara veiðiheimilda til að milda það áfall er útgerðir, sem umfram aðrar eru háðar þorskveiðum, verða fyrir. Um leið jafnast staðan milli byggðarlaga og landshluta sem eins er ástatt með.

Flutningsmönnum er ljóst að lög þessi gætu þurft að taka breytingum í tengslum við endurskoðun laga um stjórn fiskveiða sem nú stendur yfir. Ekki þykir þess vegna ástæða til að hafa í þessu frumvarpi endurskoðunarákvæði eða tiltekinn gildistíma."

Í athugasemum við einstakar greinar kemur fram, um 1. gr.:

„Fyrri breytingin, stafliður a, gerir ráð fyrir að sú tenging við hafrannsóknir, sem settar voru inn í lögin á sl. vetri, hverfi en í staðinn verði sett inn í markmiðsgrein laganna, það hlutverk að jafna út sveiflur innan sjávarútvegsins.

Stafliður b bætir því við ákvæði 3. mgr. að byggðarlög geta notið aðstoðar sjóðsins ef straumhvörf hafa orðið í atvinnumálum, ekki aðeins vegna sölu fiskiskips eins og verið hefur, heldur einnig ef verulegur samdráttur verður í aflaheimildum af öðrum orsökum."

Þetta er sem sé rýmkun á þeim möguleikum sem byggðarlög gætu haft til þess að fá aðstoð úr sjóðnum.

Um 2. gr. segir:

„Greinin felur í sér að í stað þess að stjórn Fiskveiðasjóðs sé sjálfkrafa jafnframt stjórn Hagræðingarsjóðs verði stjórn sjóðsins skipuð fimm mönnum kosnum af Alþingi til fjögurra ára í senn."

Þetta tel ég að þurfi ekki sérstaks rökstuðnings við, það er auðvitað augljóst að ef á að úthluta úr þessum sjóði með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir þá þarf að skipa sérstaklega í stjórn sjóðsins með tilliti til þeirra aðila sem eiga hlut að máli.

Um 3. gr.:

„Breytingin leiðir af því að horfið er frá sölu veiðiheimildanna með því fyrirkomulagi sem kveðið er á um í 6.–8. gr. gildandi laga og á því síðari málsliður 5. gr. ekki við."

Um 4. gr.:

„Breytingarnar gera ráð fyrir að í stað 6., 7. og 8. gr. komi ein ný grein í samræmi við breytt hlutverk og markmið sjóðsins.

Í stað þeirra ákvæða, sem lutu að forkaupsrétti sveitarfélaga, skipa eða sölu veiðiheimilda til hæstbjóðanda, koma atriði sem skilgreina þá þætti er lúta að aðstoð við byggðarlög og sveiflujöfnun í sjávarútvegi."

Um 5. gr.:

„Greinin kveður á um að sjávarútvegsráðherra skuli hafa samráð við stjórn Hagræðingarsjóðs, sjávarútvegsnefnd Alþingis og hagsmunaaðila við setningu reglugerðar um sjóðinn."

6. gr. þarfnast ekki skýringar.

Vitanlega væri hægt að ræða margt í tengslum við umræðuna um þessa tillögu að breytingu á lögunum um Hagræðingarsjóð. Ég læt mér nægja að taka undir ýmislegt af því sem hv. 1. þm. Austurl. sagði um rökstuðninginn fyrir því að nýta aflaheimildir Hagræðingarsjóðs með þeim hætti sem hér er lagt til því að raunverulega er um sömu aðferð að ræða og nú, þ.e. við úthlutanirnar fyrir þetta ár. Hins vegar erum við með tillögu okkar að leggja til meiri breytingu á þessu en gert er í tillögu framsóknarmanna.

Mig langar til, vegna þessarar umræðu sem hér er hafin, að fara fáeinum orðum um stöðu sjávarútvegsins almennt þó að hún muni vera í knappara formi en ég hef talið að þyrfti að vera um þau mál á hv. Alþingi um þessar mundir.

Þegar hæstv. ríkisstjórn tók við var aftur að byrja að halla undan fyrir sjávarútveginum eftir þær aðgerðir sem fyrri ríkisstjórn hafði gripið til til þess að rétta hlut greinarinnar eftir fastgengisævintýri ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Mörg verkefni og stór blöstu við ríkisstjórninni og nýjum sjávarútvegsráðherra sem tók við eftir langa setu fyrirrennara síns í stólnum. — Ég hefði gjarnan viljað, virðulegur forseti, að hæstv. sjútvrh. væri viðstaddur á meðan umræðan fer fram. (**For-**

seti: Forseti skal verða við því að reyna að finna hæstv. sjútvrh.) Ég hafði fyrst og fremst í huga að beina máli mínu til hæstv. sjútvrh. en mér þykir afskaplega vænt um að hæstv. forsrh. er staddur hér í salnum því hann hefur auðvitað ekki minnstu ábyrgðina á þeim málum sem hér um ræðir. Hann hefur tekið að sér, að því er hæstv. sjútvrh. hefur sagt, að ljúka málum Hagræðingarsjóðsins, þ.e. því sem snýr að þeim bótum sem menn eiga að fá sem hafa orðið fyrir mestri skerðingu vegna samdráttar í þorskveiðum. Mér skilst að hjá Alþfl. sé aðferðin sem hæstv. forsrh. stefnir að kölluð tvöfaldur Münchhausen. Ég kann ekki að útskýra það nákvæmlega en alþýðuflokksmenn gera það kannski í umræðunni á eftir. (**ÖS:** Ekki ég.) Ekki ég, segir hv. 17. þm. Reykv. — Ég var satt að segja að vona að hæstv. sjútvrh. sæi sér fært að vera hér. Það er mjög stutt í frestun fundarins, virðulegur forseti. — Þarna birtist hæstv. sjútvrh.

Ég var að byrja að tala um það að þegar hæstv. ríkisstjórn tók við var byrjað að halla undan fyrir sjávarútveginum eftir að gripið hafði verið til aðgerða til að rétta hlut greinarinnar eftir fastgengisævintýri ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Fram undan var þess vegna að tryggja undirstöðu útgerðar og fiskvinnslu. Útgerð og fiskvinnsla þarf auðvitað að skila hagnaði eigi hún að geta staðið undir hinum miklu skuldum sem höfðu safnast upp á undanförnum árum. Endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar þurfti að hefjast strax svo að nýjar hugmyndir næðu að mótast fyrir áramótin 1992–1993. Flutningur fiskvinnslunnar á haf út var hafinn og var séð hvert stefndi ef ekkert yrði að gert. Margir bundu vonir við að við skiptin, þegar nýr sjútvrh. tók við völdum, yrði hægt að gera einhverjar breytingar á stefnunni í sjávarútvegsmálum, einhverjar lagfæringar á því sem menn höfðu ekki verið sáttir við hjá fyrirrennara hans. Það stóð ekki á nýjum ráðherra að láta ljós sitt skína. Stóryrtar yfirlýsingar hans um hinar miklu skuldir útgerðar og fiskvinnslu og kröfur um það að brugðist yrði snarlega við heyrðust víða af fundum þar sem hann mætti.

Nú hefur rödd hæstv. sjútvrh. hljóðnað. Það er ekki lengur eins mikið um yfirlýsingar um að aðgerðir megi ekki bíða lengur. Það er helst að heyrist í honum þegar hann telur sig þurfa að hefja upp raust sína til að verja kvótakerfið en þá sparar hann ekki kraftana við að halda, að manni finnst, gamlar ræður fyrirrennara síns um það sem hina endanlegu lausn á vanda útgerðarinnar í landinu. Kröfurnar um að nú megi ekki bíða lengur með að koma á viðunandi rekstrargrundvelli fyrir útgerðina í landinu, skapa útgerðinni svigrúm, veita útgerðinni réttlátan skerf af þjóðarkökunni og breyta tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu útgerðinni í vil heyrast hins vegar ekki lengur. Hvað hefur gerst? Er þetta allt saman komið í lag? Eru kröfur hæstv. sjútvrh. orðnar að veruleika? Hefur honum tekist að breyta því sem hann vildi breyta og hélt ræðurnar um? Ég held ekki. Hefur flutningur fiskvinnslunnar út á sjó verið stöðvaður? Hæstv. sjútvrh. hefur viðhaft orð um þá hluti undanfarið sem benda til þess að hann sé kominn eindregið á þá skoðun að ekkert sé við því að gera, að flutningur fiskvinnslunnar haldi áfram út í sjó. Það sé svo hagkvæmt að ekki sé neitt við því að gera. Það er ekki einu sinni gert neitt í því að reikna það út hver hagkvæmnin er. Menn láta sér bara nægja að skoða tölur sem byggjast á rekstrarreikningum fyrirtækja úr greininni. Menn velta engu fyrir sér í þessu efni af öðru tagi. Eru menn kannski búnir að ná sátt um stjórn fiskveiðanna? Svarið er því miður nei. Það gerist lítið þar.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að leysa vanda sjávarútvegsins, þann vanda sem hæstv. sjútvrh. talaði svo mikið um á sínum fyrstu missirum sem sjútvrh.? (**ÖS:** Hún lækkaði verðbólguna.) Lækkaði verðbólguna, kallar hv. 17. þm. Reykv. fram í. Verðbólgan er lág. Hún mælist í núll komma eitthvað prósentum í dag eftir því sem mér skilst. Það dugar ekki til. Hafa menn ekki horft á þær tölur sem útgerð og fiskvinnsla hafa kynnt að undanförnu um afkomu sína? Hafa menn ekki áhyggjur af því að það stefni í jafnvel 14% halla á næsta ári? Hvað halda menn að langur tími sé til stefnu? Birtast úrræði hér á gamlárskvöld? Hæstv. forsrh. talaði þannig að menn gátu ráðið af orðum hans að það yrði bara nóg að ákveða að lagfæra þetta á gamlárskvöld. Kannski verður það þannig að hæstv. ríkisstjórn komi með úrræðin á gamlárskvöld. Ég ætla satt að segja að vona að menn skoði þessi mál svolítið fyrr, og helst strax.

Mig langar til að vitna í örfáar tölur um afkomuna í útgerð og fiskvinnslu sem hafa borist mér í hendur. Þessar tölur, ég tek það fram, eru reiknaðar út með álagi vegna vaxta þar sem Þjóðhagsstofnun hefur ekki tekið vaxtareikning með sama hætti inn í þær tölur sem hún hefur birt og aðrir aðilar í sjávarútvegi telja eðlilegt að tekið sé tillit til.

Síðustu tölurnar, það er spáin fyrir 1993, eru þannig að veiðar án frystiskipa verði reknar með 9,7% halla eftir áramótin, þegar menn eru búnir með sjóðina, að vinnslan verði rekin með 9,8% halla, að frystiskipin verði rekin með 6,1% hagnaði, að veiðar og vinnsla verði samanlagt rekin með 10,1% halla, að veiðar og vinnsla án frystitogara verði rekin með 14,4% halla. Þetta er sá veruleiki sem hagsmunaaðilar í sjávarútvegi sjá fyrir sér. Samt sjáum við ekki að neitt eigi að gerast. Við sjáum ekkert af því sem hv. 1. þm. Austurl. var að tala um áðan. Við sjáum ekki vextina lækka. Við sjáum ekki að gengishækkanirnar stöðvist. Við sjáum ekki að það verði breytingar á útgjöldum útgerðar og fiskvinnslu.

Ég veit ekki, satt að segja, hve langlundargeð útgerðar og fiskvinnslu í landinu er mikið, en ég trúi að býsna mikið sé farið að togna á því og að menn þurfi að fara að fá einhverjar niðurstöður í því hvað eigi að gerast í þessari atvinnugrein sem við lifum öll á. Ég held að hæstv. ríkisstjórn komist ekki undan því lengur að fara að svara til hvaða ráða hún ætlar að grípa til þess að koma grundvelli undir útgerð og fiskvinnslu í landinu. Ég held líka að fólkið í landinu, verkafólkið, fiskvinnslufólkið og aðrir aðilar, sem eiga beinastan hlut að máli í sambandi við fiskveiðar og vinnslu, komi til með að fara að gera kröfur um að fá að vita

hvað eigi að gerast. Er það virkilega þannig að menn eigi að horfa upp á það að nú haldi áfram fjárfestingaræði í sjávarútveginum af nýju tagi, þ.e. að fiskvinnslan flytjist út á sjó, án þess að hreyfa legg eða lið, bara vegna þess að þessar tölur líta svona út í dag?

Það var býsna mikill gróði af fiskeldinu og loðdýraræktinni á sínum tíma þegar menn voru að leggja af stað í þá för. Það er líka mikill gróði af fiskvinnsluskipunum í dag. En hver verður hann eftir tvö ár? Hver verður hann eftir þrjú ár? Vita menn það? Verður fiskvinnsluskipunum leyft að halda áfram að nýta kvóta sinn með allt öðrum hætti en öðrum skipum? Munu ekki sveitarfélögin í landinu fara að óska eftir því að fá tekjustofna í þessum frystihúsum eins og þeir hafa átt í öðrum frystihúsum í landinu? Verður ekki þessi atvinnugrein að fara að bera samsorta álögur og aðrar atvinnugreinar í sjávarútvegi? Ég held það. Ég held að menn komist ekki undan því. Og ég held það gerist líka annað. Ég held að það gerist að verðið á vörunum frá frystitogurunum muni lækka í hlutfalli við vörur annars staðar frá. Það er þannig núna að talið er að um 10% hærra verð sé á vörum frá frystitogara en sambærilegum vörum sem seldar eru frá frystihúsi, einfaldlega vegna þess að menn borgi fyrir ferskleikann eingöngu vegna þess að hann er merktur frystiskipi. Ég held að þannig verði þetta ekki áfram því að frystihúsin í landinu verða að bregðast við. Þau hafa fram að þessu selt sínar vörur undir einu merki og það hefur verið nákvæmlega sama hvort þessar vörur hafa verið úr fiski sem búið var að geyma í ís í tíu daga eða tvo. Ef þessar vörur væru allar merktar dagmerkingum væri hægt að selja hluta þeirra í samkeppni við hina fersku vöru frystitogaranna. Það hlýtur að gerast. Það er alveg fyrirsjáanlegt að þessi fullvinnsluskip, eða ryksuguskip eins og við kölluðum þau fyrr á árum, munu ekki sýna eins mikinn gróða fram yfir aðra vinnslu á fiskafurðum og þau hafa gert á undanförnum árum.

Þessu þurfa menn að gera sér grein fyrir. Ég tel að þetta þurfi að stöðva tímabundið. Ég er ekki að tala um það að banna það að skip verði byggð. Það er langt frá því. Ég tel hins vegar að það megi gera hlutina á annan hátt. Ég tel að t.d. mætti ákveða það að þau skip sem yrðu smíðuð ný fyrir Íslendinga yrðu smíðuð á Íslandi. Það yrði notað tækifærið til að byggja upp atvinnu í landinu, til að skjóta fótum undir íslenskan iðnað, um leið og menn væru að breyta sínum skipastóli sem nauðsynlegt er. Það er ástæða til þess að vekja athygli manna á því að það er ekki eins og þetta verði bara nokkur skip og svo verði skriðan stöðvuð. Við eigum fjölmarga ísfisktogara sem eru úreltir og við getum ekki haldið áfram að reka til lengdar með þeim hætti sem gert hefur verið. Það eru úrelt vinnubrögð að senda skip á sjó sem kemur inn eftir 10–11 daga til löndunar. Það verða menn að horfast í augu við. Það hlýtur að gerast. Annaðhvort verður þessum skipum breytt, útgerðarmunstrinu breytt, eða þeim verður lagt og það koma frystiskip í staðinn, eða önnur skip sem taka við þessum veiðum. Þetta þurfa menn að horfast í augu við.

Það er mjög mikið átak sem leiðir af þessari breytingu og ef við ætlum að horfa upp á það með hendur í skauti að það gerist við þær aðstæður sem nú eru, þ.e. með þessum gífurlega hallarekstri útgerðar og fiskvinnslu, erum við bara að segja við útgerðarmenn og þá sem ráða fjármagninu í landinu, þ.e. bankana: Beinið þessum útgerðaraðilum, sem enn eiga þá von að fara ekki á hausinn, beint í frystitogararekstur. Það er nákvæmlega það sem við erum að segja. Ef ekki verður skapaður grundvöllur fyrir almenna útgerð og fiskvinnslu í landinu mun þessi skriða ekki verða stöðvuð. (**Forseti:** Forseti vill minna hv. þm. á að einungis ein mínúta er til hlés vegna þingflokksfunda.)

Virðulegur forseti, ég hef ákveðið að ljúka máli mínu snarlega. Ég mun frekar taka til máls aftur í þessari umræðu en skipta ræðu minni í sundur. Ég mun þess vegna ljúka málin mínu, ekki fresta ræðu minni því að ég tel að ekki sé ástæða til þess að efna til einhverra stórkostlegra langhunda í sambandi við þessi mál núna. Ég tel að nauðsynlegt hafi verið að koma á umræðum um sjávarútvegsmál í hv. Alþingi, en ég er ekki einn þeirra sem tel að langar ræður sem ganga dögum saman geri meira gagn en umræða sem tekur styttri tíma.

Útbýting þingskjals:

Kjaradómur, 19. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 91.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú er forseti í nokkrum vanda. Hæstv. sjútvrh. biður um andsvar. Ég hygg að hann verði að bíða með það á meðan hv. 9. þm. Reykn. ræðir um þingsköp.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir það mjög hart ef á að rjúfa þingstörf í dag vegna þingflokksfunda. Vissulega er ég ekki ósátt við það að fólk geti haldið þingflokksfundi eftir því sem ástæða er til, en ég vek athygli á því að til umræðu eru mál sem varða okkur öll mjög miklu og að einn af þremur flokkum sem eiga aðild að flutningi þessara mála hefur ekki haft möguleika á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Hér er einfaldlega gefinn of knappur tími og hefur greinilega verið farið of fljótt út í að veita tíma til þingflokksfunda. Mér finnst þetta algjörlega óviðunandi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 9. þm. Reykn. vill forseti benda á að því fer fjarri að hér sé um nokkuð óvenjulegt að ræða. Það hefur auðvitað komið fyrir hvað eftir annað að rjúfa verður fund vegna þingflokksfunda og hefur þá ekki verið gerður greinarmunur á hvernig á stóð.

Össur Skarphéðinsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég verð að lýsa undrun minni og óánægju með orð hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson. Það er alvanalegt hér í þinginu, og hefur a.m.k. verið það frá því að ég kom fyrir tiltölulega skömmum tíma á þetta þing, að forseti verði við beiðni þing-

flokksformanna þegar svo stendur á. Ég hygg að hv. þm. sé kunnugt um fordæmi fyrir því fyrr á þingveru hennar. Ég verð þess vegna að segja að ég er ósáttur við þessi ummæli og bendi henni á að þótt það sé vissulega slæmt að hún sem einn af flm. frv. nái ekki að tjá sig núna hefur hún allt kvöldið fram undan.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða síðasta hv. ræðumanns um þingsköp vil ég taka fram að ég hafði ekki hugsað mér að nota tíma af því tagi sem hann heldur kannski að ræðutími eigi að flokkast, þ.e. að nota heilu og hálfu kvöldin. Ég hafði einungis í huga að ég kæmi mínum sjónarmiðum á framfæri eins og aðrir án þess að umræðan væri rofin. Ég er alls ekki að gagnrýna það að gert sé hlé vegna þingflokksfunda, heldur einungis það að of skammur tími var ætlaður til þess að allir aðilar málsins, allir þeir flokkar sem standa að flutningi þessara frumvarpa, hefðu möguleika á að tjá sig og það finnst mér allsendis óviðunandi. Hins vegar geri ég enga athugasemd við það þó að hér sé gert hlé vegna þingflokksfunda. Slíkt er alvanalegt eins og bent hefur verið á og þeir sem hafa ekki skilið orð mín í fyrra sinn ættu að skilja þau núna.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill taka fram að um hádegisbil hélt forseti þingsins fund með formönnum þingflokka og tjáði mér að um samkomulag væri að ræða sem ég held að hv. fulltrúi Kvennalista hafi hlotið að taka þátt í eins og aðrir. Því verður auðvitað haldið áfram eins og umsamið var, en ég held að forseti sé tilneyddur að leyfa mönnum að gefa andsvar og hæstv. sjútvrh. hefur farið fram á að veita andsvar.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að blanda mér inn í þær deilur hv. þm. Alþb. og Framsfl. eins og þeim var lýst hér af hv. ræðumanni en vil aðeins að upplýsa það að á grundvelli gildandi laga tók stjórn Fiskveiðasjóðs ákvörðun um það í dag að bjóða kvótahöfum forgangsrétt að þessum kvóta svo sem henni er skylt að gera í upphafi fiskveiðiárs. Þeim sem með formlegum hætti hefur verið ákveðið að bjóða þennan kvóta eiga vitaskuld rétt á, kjósi þeir svo, að kaupa þessa kvóta og því sýnist mér að þessi frumvörp fái engu breytt um þá stöðu sem er komin upp á þessu fiskveiðiári.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hlýtur að benda hæstv. sjútvrh. á að hér telur forseti að sé um yfirlýsingu að ræða en ekki andsvar. En hv. 3. þm. Vesturl. svarar yfirlýsingu að forseta mati.

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er þetta sem hæstv. sjútvrh. var að segja alveg rétt. Það er búið að klára þetta mál. Ég sé ekki hvernig verður snúið til baka og er ömurlegt að standa frammi fyrir því að menn loki öllum dyrum til þess að jafna þessa skerðingu út. Kannski er hægt að segja sem svo að það er svo sem eftir öðru eins og unnið er að málum frá hendi þessarar ríkisstjórnar hvernig þessi gangur hefur allur verið frá upphafi til enda. En sjútvn. fékk fjöldann af aðilum úr sjávarútvegi til sín til þess að skoða þetta mál og ræða við þá. Niðurstaðan af öllum þeim samtölum varð sú að þetta væri vitlausasta hugmynd sem nokkurn tíma hefði verið viðruð við þá í sambandi við sjávarútvegsmál, þ.e. að nota ekki Hagræðingarsjóðinn til þess að jafna út skerðinguna.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill minna á að mjög lítill tími er til stefnu svo að ekki verði gengið á það samkomulag sem gert var. Hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur óskað að veita andsvar og bið ég hann um að reyna að hafa það stutt.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Það er sjálfsagt, virðulegi forseti. En vegna ummæla hv. 3. þm. Vesturl. hér áðan er nauðsynlegt að fram komi, vegna þess bréfs sem hann sagði að okkur framsóknarmönnum hefði verið skrifað út af flutningi þessa máls, að 12. ágúst var frv. okkar framsóknarmanna kynnt á fundi norður á Akureyri með útvegsmönnum Norðurlands. Þar var efni frv. kynnt. Þennan fund sat 1. flm. frv., hv. þm. Alþb. Steingrímur J. Sigfússon. Nokkrum dögum eftir þennan fund sem hv. 1. flm. sat norður á Akureyri skrifar hann okkur framsóknarmönnum bréf til þess að spyrjast fyrir um það hvort við viljum ekki flytja þetta mál með sér þannig að hér er einhverjum málum blandað, hv. þm. Hins vegar er það ekki það sem skiptir hér máli. Það skiptir ekki máli hverjir flytja þetta mál. Það sem skiptir máli fyrir greinina, sjávarútveginn og þá sem að þessu starfa er það hvort við höfum eitthvað upp úr þessu krafsi, hvort við getum snúið svo upp á höndina á ríkisstjórninni að hún sveigi af leið í þessu máli. En því miður eftir þessa stuttu ræðu hæstv. sjútvrh. núna rétt áðan sýnist mér að þetta verði erfitt mál. En við tölum um það hér í kvöld og nótt.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Fleiri andsvör getur forseti ekki leyft að sinni. Óskar hv. þm. eftir að veita andsvar? (**Gripið fram í:** Svara.) Nú þarf forseti að hugsa sig aðeins um. Hafði hv. þm. ekki þegar svarað andsvari? (**Gripið fram í:** Hv. þm. er aðalræðumaður og á rétt á að svara andsvari.) Já, það mun rétt vera. Hv. 3. þm. Vesturl. svarar andsvari.

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég var að segja var nákvæmlega þetta. Þeir sem vildu að þetta mál yrði að samkomulagi og vildu því það besta hefðu viljað sameinast um frv. og við hefðum aldrei gert það að neinu skilyrði að við værum endilega fyrstu flm. frv. Við lögðum til þessa hugmynd til þess að reyna að ná víðtækri samstöðu um að flytja frv. og við vorum að vonast til þess að í sjútvn. mundu einmitt vera aðilar, jafn-

vel úr stjórnarflokkunum, sem væru tilbúnir að skoða það mál. Við höfðum fyrir því vissu að mikil andstaða var hjá þessum aðilum við það hvernig ríkisstjórnin hafði staðið að málinu og þess vegna vildum við að það yrði rætt inni í sjútvn. Þess vegna óskuðum við eftir því að Framsfl. og aðrir aðilar sem eiga fulltrúa í sjútvn. skoðuðu málið. En þeir ákváðu að verða ekki við því, ekki einu sinni ræða það. — [Fundarhlé.]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er engin tilviljun að sjávarútvegsumræðan að undanförnu hefur kristallast í þeim ólíku leiðum sem fólk hefur viljað fara varðandi nýtingu veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs. Nú reynir á réttláta og skynsama stjórn þessara mikilvægu atvinnugreina, útgerðar og fiskvinnslu þegar minna er til skiptanna en fyrr og réttar ákvarðanir geta skipt sköpum um atvinnu fjölmargra fjölskyldna og afdrif heilla byggðarlaga.

Í dag er komið að því að ræða tvö frv. um Hagræðingarsjóð og óhjákvæmilega munum við einnig ræða vanda sjávarútvegsins í stærra samhengi. Hagræðingarsjóður og nýting þeirra veiðiheimilda, sem hann hefur yfir að ráða, er einn hlekkurinn í þeirri keðju sem lífsakkeri okkar er fest við. Sú keðja er löng en hver hlekkur hennar verður að vera traustur ef okkur á ekki að reka út í buskann.

Alþingi kom saman fyrir 29 eða 30 dögum. Það er furðulegt að við skulum nú fyrst vera að ræða sjávarútvegsmálin sem brenna þó einna heitast á fólki eftir þetta sumar stórtíðinda og samdráttar í sjávarútvegi. Evrópuumræðan mætti stundum bíða og í raun ætti hún að vera í biðstöðu núna fyrst ekki er kominn á borð okkar neinn texti á blað um tvíhliða fiskveiðisamning Íslands við Evrópubandalagið.

Ég er í hópi þeirra sem vonaðist eftir því að breið samstaða næðist milli fólks úr flestum eða öllum flokkum á Alþingi um málefnalegar og raunhæfar tillögur í sjávarútvegsmálum, þar með töldum málefnum Hagræðingarsjóðs. Fyrst ríkisstjórnin er búin að taka upp hugmyndir okkar kvennalistakvenna um að veita fjármagni til arðbærra framkvæmda til þess að hjálpa hjólum atvinnulífsins til að snúast þá hlýtur að vera hægt að fara að líta á önnur mikilvæg mál. Ég leyfi mér þess vegna og reyndar af ýmsum öðrum ástæðum að gera mér vonir um að þessi samstaða geti náðst, enda er ekki langt á milli okkar sem flytjum þessi tvö frv. og ýmissa raunsærra stjórnarsinna sem hafa m.a. gert sér grein fyrir því á hvern hátt Hagræðingarsjóður yrði best nýttur. Ég ætla ekki að rifja upp þau fjölmörgu ummæli sem gefa tilefni til slíkrar bjartsýni enda ætlast ég til þess að þingheimur og þjóðin öll muni þau og ég hygg að hún geri það. Ég tel að ef sú samstaða næst munum við spara ríkisstjórninni mikið ómak í máli sem henni er augljóslega ami af að þurfa að sinna. Því miður er hæstv. sjútvrh. búinn að skipa sér í liðleskjuhóp stjórnarinnar með yfirlýsingum um að Hagræðingarsjóðsheimildunum verði ekki úthlutað með tilliti til aðstæðna í hverri byggð fyrir sig og er það miður, því hann hefur nú oft á tíðum verið einn í hópi hinna alskynsömustu meðal stjórnarliða. Ég vona að þetta hafi bara verið svona smátilfelli sem lagist.

Þær breytingar, sem gerðar voru á lögum um Hagræðingarsjóð nú í vetur, voru mjög gagnrýndar. Ég held að við stjórnarandstæðingar getum sagt með góðri samvisku að við gerðum flest sem í okkar valdi var til að stöðva þá vitleysu. Það sem meira er, ég er ekki í nokkrum vafa um það að ýmsir svokallaðir stjórnarsinnar voru á okkar bandi enda heyrist það á málflutningi samherja þeirra nú, þ.e. þeirra sem hafa einhvern snefil af tilfinningu fyrir því að atvinnulífið og efnahagsmálin byggjast á því að sjávarplássin okkar haldi velli. Nú blandast víst fáum lengur hugur um það hvílík skyssa var gerð með þeim lagabreytingum. Ég minnist þess ekki nýlega að hafa fyrirhitt nokkurn mann sem treystir sér til að mæla núverandi fyrirkomulagi bót.

Það hefur enn fremur komið í ljós að hægt er að túlka lögin mjög þröngt og það hefur stjórn sjóðsins kosið að gera í nýföllnum úrskurði sínum. Ég tek það fram að sú túlkun er umdeilanleg enda sagði Svavar Ármannsson, aðstoðarforstjóri Fiskveiðasjóðs, í sjónvarpsviðtali þann 7. þ.m., með leyfi forseta, er hann var að fjalla um hvernig viðmiðunin var fundin: „Einhvern veginn varð að höggva á hnútinn. Í lögunum er talað um straumhvörf sem þurfi að verða í atvinnulífi viðkomandi byggðarlags og yfirvofandi byggðaröskun. Þetta er auðvitað erfitt að skilgreina og verður alltaf matsatriði en þetta var niðurstaða stjórnarinnar."

Þetta er í rauninni hans niðurstaða og hann setur fyrirvara um það, ekki bara einu sinni heldur tvisvar, að þetta sé e.t.v. umdeilanlegt. Þolendurnir í málinu, fólkið sem missir atvinnuna, sveitarfélögin sem missa tekjur og veltu, sjómennirnir sem þurfa að þrengja að sér, fiskvinnslufyrirtækin sem hvorki geta lifað né dáið og útgerðirnar sem standa höllum fæti af ýmsum ástæðum, þessir aðilar vilja allir að Hagræðingarsjóði sé hægt að beita til sveiflujöfnunar til draga úr áföllum vegna kvótasamdráttar í öllum þeim fjölbreytileika sem upp getur komið. Ríkisstjórnin heldur að hægt sé að leysa málin með því að senda einum hópi þeirra sem ég nefndi, útgerðarmönnunum, ávísanir.

Það er samdóma álit allra þeirra sem ég hef heyrt í, bæði forsvarsmanna í útgerð og fiskvinnslu og eins fulltrúa sveitarfélaga og sjómanna, að þetta sé einhver sú alvitlausasta leið sem hægt sé að fara, svo ég vitni orðrétt í einn þeirra ágætu manna. Enda er ríkisstjórnin orðin hálf ræfilsleg með þessa tillögu sína og á fundi með útgerðarmönnum á Suðurnesjum nú nýverið virtist einn ráðherra ríkisstjórnarinnar líta á það sem sitt helsta hlutverk þar að fullvissa menn um það, að þetta væru bara tillögur. Ef svo er, hvar eru þá tillögur sem okkur er ætlað að taka mark á? Ég beini þessu til hæstv. sjútvrh., því að ég bind nú einna helst vonir um að hann lumi á einhverju slíku. (**ÖS:** Rökstyddu það.) Ég skal rökstyðja það að ósk hv. frammíkallanda sem alltaf er að kalla fram í og er orðinn svolítið þreytandi með það, en ég skal gera það. Ég vísa bara í þá umræðu sem var í sumar þegar við heyrðum annars vegar og sem andstæður hugmyndir hæstv. sjútvrh.

sem vildi taka á Hagræðingarsjóðsmálinu, þó hann hafi nú dregið í land núna og svo annarra... (Gripið fram í.) Afsakið, ég heyrði ekki framm'ikallið og mér leiðist að byggja mína ræðu í kringum framm'iköll þannig að ég ætla að fá að heyra þetta, svara því og vona svo að við séum kvitt. (**ÖS:** Hann lak niður.) Það eru þín orð, ekki mín, að hann hafi lekið niður.

Ég sé raunar að hér eru staddir ýmsir sem eiga að teljast ábyrgir fyrir ríkisstjórnarstefnunni og enn og aftur tel ég ástæðu til að lýsa eftir raunverulegri stefnu ríkisstjórnarinnar ef þetta er t.d. ekki stefnan lengur því það skiptir verulegu máli. Þau undur og stórmerki gætu auðvitað gerst að ríkisstjórnin færi að hlusta á skynsamlegar tillögur og t.d. uppgötvaði að veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs eru ágætis leið til jöfnunar á alvarlegum tímum í atvinnumálum. Við þekkjum sárgrætilega sögu um það hvers vegna ekki má nefna ókeypis úthlutun veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs upphátt frekar en já eða nei, hvítt eða svart í leiknum um frúna í Hamborg jafnvel þótt allir séu sammála um að sú leið er best fær eins og mál standa nú. Alþýðuflokkurinn hefur bitið það í sig, að Hagræðingarsjóður sé eini möguleiki þeirra til að lauma veiðileyfasölu inn í fiskveiðikerfi okkar og láta jafnvel sýndarmennsku duga. Forskriftin og réttlætingin fyrir kvótasölu Hagræðingarsjóðs á fullu verði, jafnvel á erfiðleikatímum, er svo sem klædd í nógu fagran búning. Það á auðvitað að fjármagna hafrannsóknir með kvótasölunni en í raun inni get ég ekki séð annað en að þetta fari beint í ríkissjóð og þaðan á auðvitað að koma fjármögnun hafrannsókna. Þær eru hagur allrar þjóðarinnar og slíkar rannsóknir eiga auðvitað ekki að vera falar eða vera greiddar með uppboði á veiðiheimildum. Þær eiga bara einfaldlega að vera borgaðar vegna þess að þetta er nauðsynlegur kostnaður og þetta er fjárfesting, fjárfesting í framtíðinni og það gleymist æði oft að sinna slíku.

Við erum með tvö frv. til umræðu. Annað, sem er frumvarp þeirra framsóknarmanna, miðast einkum við það að unnt sé að beita veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs sem bráðahjálp í þeim erfiðleikum sem við nú eigum. Það er út af fyrir sig leið sem stendur alveg fyrir sínu. Hún breytir að vísu engu um framtíðarhlutverk sjóðsins. Þessi aðferð hefur áður verið notuð, að flestra mati með alveg ljómandi árangri er loðnubrestur var bættur upp með viðbótarrækjukvóta 1991. Þetta er mál sem ég get út af fyrir sig tekið undir að sé nauðsynlegt. Hins vegar sé ég ekki að þarna sé leystur sá vandi að tryggja að sveitarfélög, sem verða fyrir miklum áföllum vegna kvótasamdráttar, fái leiðréttingu mála sinna nema þá hugsanlega tímabundið og þar stendur auðvitað hnífurinn í kúnni eða í tilefni umræðunnar ætti ég raunar að segja að hnífurinn stæði í þorskinum.

Það er ekki síst af þessum sökum sem við hv. þm. Jóhann Ársælsson og Steingrímur J. Sigfússon höfum flutt annað frv. sem einnig er til umræðu nú. Því er ætlað að bæta úr þeim ágöllum sem augljóslega eru á lögunum um Hagræðingarsjóð ekki síst eftir þær afleitu breytingar sem gerðar voru á þeim í vetur og vegna þröngrar túlkunar stjórnar sjóðsins á gildandi lögum. Við teljum að ekki sé hægt að bíða með slíka efnislega breytingu þar sem lögin séu einfaldlega ónothæf. Vissulega er það sjónarmið út af fyrir sig sem fram kemur í athugasemdum við frumvarp hv. þm. Framsfl. að bíða eigi eftir allsherjarendurskoðun fiskveiðistjórnunar en ég tel að sú nefnd, sem fer með þau mál nú — úti í bæ nota bene — sé alls ekki hæf til þess verks og bestu fréttirnar sem við höfum heyrt af henni til þessa séu að hún sé dauð. Ég verð að harma að þær fréttir hafa ekki verið staðfestar en fyrir liggur rökstuddur grunur. Á seinasta fundi sjútvn. með formönnunum tveimur, sem nefndinni stýra, lýsti annar þeirra, kratinn, svo ég komi nú ekki óorði á hinn, þessu nefndarstarfi svo að þeir væru staddir úti í miðri á og hefur ekki til þeirra spurst síðan.

Það eru margar blikur á lofti í umræðu um sjávarútveginn. Það er út af fyrir sig jákvætt að hressileg umræða fari fram um sjávarútvegsmál en við komumst skammt á talinu einu saman. Það þolir ekki bið að taka upp stefnumarkandi umræðu allrar þjóðarinnar um þetta sameiginlega hagsmunamál okkar. Slíkri umræðu verður að ljúka með sæmilegri sátt, ekki bara sátt peninganna, hinna stærstu eða sterkustu og stjórnvalda, eins og brunnið hefur við í fyrri tíð, heldur þokkalegri sátt við byggðir landsins, atvinnulífið allt og síðast en ekki síst umhverfið sem við eigum allt okkar undir.

Skoðun okkar kvennalistakvenna á sjávarútvegsmálum er vonandi flestum kunn. Við höfum bent á að nauðsynlegt sé að hafa aflakvóta og miða hann við þol fiskstofnanna samkvæmt bestu fáanlegu upplýsingum á hverjum tíma en þennan aflakvóta eigi að sjálfsögðu að nýta í þágu byggðarlaganna með byggðakvóta en ekki að úthluta á skip.

Varðandi það að vera með aflakvóta yfir höfuð og miða hann við þol fiskstofnanna vil ég benda á þær fréttir sem við heyrum nú um nýjar seiðarannsóknir. Það er alveg greinilegt að á meðan við höfum ekki úr öðru að moða verðum við að taka fullt tillit til þess sem vísindamenn okkar segja, jafnvel þó okkur langi jafnframt til þess að nýta okkur okkar eigið innsæi og aðrar hugmyndir sem hugsanlega gætu gefið betri uppskeru. En við höfum sem sagt verið að benda á að kvóta verði að deila á réttlátan hátt á milli byggðarlaga.

Ég held að þessi stefna okkar byggist fyrst og fremst á raunsæi. Við gerum okkur grein fyrir því að útgerð og fiskvinnsla eru okkur mikilvægar atvinnugreinar, ekki bara útgerðin ein. Byggðakvótahugmyndir okkar má vissulega útfæra á ýmsa vegu og það hefur sýnt sig að þær hafa hljómgrunn hjá býsna mörgum. Ef við fengjum tækifæri til þess að hrinda þessum hugmyndum í framkvæmd hér og nú yrðum við sjálfsagt að taka tillit til ýmissa atriða sem ekki lágu fyrir þegar við settum þessar hugmyndir fram fyrst. Gríðarleg kvótatilfærsla hefur átt sér stað. Fiskvinnslan hefur flust mjög mikið út á sjó. Eftir standa byggðarlög í sárum og atvinnulausar konar, atvinnulausir karlar líka, en ekki síst atvinnulausar konur. Þegar svona stendur á er mögulegt að stíga ákveðin skref í

rétta átt innan núverandi kerfis áður en allsherjarendurbót er gerð og þar kem ég enn og aftur að Hagræðingarsjóði því það má beita honum á alveg ótrúlega skynsamlegan hátt þótt það sé ekki gert. Ef við lítum t.d. á frystitogarana vil ég benda sérstaklega á ákvæði í 4. gr. frv. okkar þingmanna Steingríms J. Sigfússonar og Jóhanns Ársælssonar og 1. gr. laganna, eins og hún yrði ef þetta frv. yrði samþykkt, sem ég að sjálfsögðu vona, og er prentuð með þeim hætti sem fylgiskjal við frumvarpið. Með leyfi forseta, vil ég lesa þessa 4. gr. en þar segir:

„Í stað 6., 7. og 8. gr. laganna kemur ný grein sem verður 6. gr. og orðast svo:

Aflaheimildir Hagræðingarsjóðs skulu nýttar í samræmi við markmið 1. gr. laganna. Skal fyrst úthluta aflaheimildum til þeirra byggðarlaga sem falla undir ákvæði 1. gr., síðan jafna sveiflur innan greinarinnar sem hefðu í för með sér verulega röskun á afkomu. Verði ekki þörf fyrir allar aflaheimildir sjóðsins í fyrrnefndum tilgangi getur stjórn Hagræðingarsjóðs úthlutað þeim til fiskiskipa í hlutfalli við aflaheimildir þeirra." Og þá vil ég víkja til skýringar að 1. gr. eins og hún hljóðaði að viðbættum þeim breytingum, sem við leggjum til, með leyfi hæstv. forseta:

„Stofna skal sjóð er nefnist Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins. Hlutverk Hagræðingarsjóðs er að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð, koma til aðstoðar byggðarlögum er standa höllum fæti vegna breytinga í útgerðaháttum og jafna sveiflur innan greinarinnar.

Sjóðurinn skal stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð með því að laga stærð og afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu nytjastofna sjávar. Í þessu skyni skal sjóðurinn veita styrki til úrlendingar fiskiskipa, enda sé tryggt að í stað hinna úreltu skipa komi ekki ný skip í fiskiskiptaflotann eða afkastageta flotans aukist með öðrum hætti.

Sjóðurinn skal koma til aðstoðar einstökum byggðarlögum með því efla vinnslu sjávarfangs á þeim stöðum þar sem straumhvörf hafa orðið í atvinnulífi vegna sölu fiskiskips eða verulegs samdráttar aflaheimilda af öðrum orsökum. Í því skyni getur sjóðurinn framselt tímabundið aflaheimildir, enda verði aflanum landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi."

Ég vil einnig vekja athygli á því að útgerðarstaðir, sem t.d. hafa verið að tapa kvóta á Suðurnesjum, hefðu fengið nokkra leiðréttingu sinna mála eftir stórfellt kvótatap til annarra landshluta ef Hagræðingarsjóður hefði verið notaður til raunverulegra aðgerða til að jafna aðstöðu byggðarlaga. Þetta er auðvitað túlkunaratriði og misjafnar áherslur eftir því hvar á landi menn búa. En ég vil aftur grípa niður í viðtal við Svavar Ármannsson hjá Fiskveiðasjóði sem hefur verið að túlka sjónarmið stjórnar Hagræðingarsjóðs í fjölmiðlum, með leyfi forseta. Þar er haft eftir fréttamanni, Vilhelm G. Kristinssyni, sjöunda þessa mánaðar:

„Í fréttum undanfarna daga hafa talsmenn sveitarfélaga á Suðurnesjum látið í ljós þá skoðun að sveitarfélög þar um slóðir uppfylltu þau skilyrði sem sjóðurinn setti fyrir kaupum á aflaheimildum. Sjóðstjórnin var á annarri skoðun."

Og Svavar Ármannsson segir: „Það sem kannski gildir helst um Suðurnesin í þessu sambandi er að þau horfa mun lengra aftur í tímann heldur en gert er í þeim starfsreglum sem stjórnin hefur sett sér og sjálfsagt hefði sú skerðing sem þeir hafa orðið fyrir verið mun hærri ef menn hefðu reiknað það kannski 4–5 ár aftur í tímann."

Ég vek athygli á því að hér er aftur vísað í starfsreglur sem stjórnin hefur sett sér en ekki laganna hljóðan. Þessar starfsreglur eru að sjálfsögðu býsna afdrifaríkar og það er kannski annar kafli að við höfum margoft verið að ræða það á hvern hátt lög líta út þegar þau eru samþykkt, en því miður er ekki alltaf þannig að það sé ljóst út á hvað þau ganga ef starfsreglur og reglugerðir breyta því.

Við kvennalistakonur höfum frá upphafi bent á að skynsamleg nýting á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs byggðarlögum í þágu gæti verið spor í áttina að þeim byggðakvóta sem við vildum sjá. Ég nefndi Suðurnesin sérstaklega í þessu sambandi vegna þess að þar eygðu menn leið til að rétta hlut sinn í gegnum Hagræðingarsjóð og það hafa ýmsir fleiri gert. Þessi þrýstingur sem er í rauninni á Hagræðingarsjóð bendir mjög til þess að það séu ekki síst byggðarlög sem telja sig þurfa að fá að rétta sinn hlut. Ég held að fólk hefði gott af því að draga ákveðinn lærdóm af þessu.

Á fundum með hagsmunaaðilum í sjávarútvegi á Suðurnesjum 17. ágúst sl. mættu allmargir þingmenn og ráðherrar úr Reykjaneskjördæmi til að hlusta á ábendingar sem létu nokkuð kunnuglega í eyrum. Hver einasti ræðumaður sem þar tók til máls, og þeir voru býsna margir, ítrekaði stuðning sinn við að nýta Hagræðingarsjóð í þágu byggðarlaganna. Hugmyndir stjórnarliða um að senda ávísanir út og suður voru hafðar að háði og spotti og veiðileyfasala fordæmd af hverjum einasta manni sem þarna tók til máls. Í sama dúr hafa verið ummæli hagsmunaaðila í sjávarútvegi, fiskvinnslu og byggðamálum og forsvarsmenn stéttarfélaga, a.m.k. sjómanna. Ég reyndar tel mig muna það rétt að forsvarsmenn fiskvinnslufólks hafi ekki verið þarna. Þessir aðilar hafa komið á fund sjútvn. á a.m.k. tveimur fundum nú nýverið.

Fólkinu á Suðurnesjum varð einnig mjög tíðrætt um það á hvern hátt stöðva mætti þá öfugþróun að flytja fiskvinnsluna út á sjó. Auðvitað er þessi þróun í sumum tilvikum neyðarráðstöfun skattpíndrar útgerðar en afeiðingarnar láta ekki á sér standa. Það verður atvinnuleysi í landi, tekjumissir ríkis og sveitarfélaga í kjölfarið og erfiðleikar einstaklinga sem verða að vera án vinnu og ég vil ekki gera minnst úr þessu síðasta.

Á Suðurnesjum hefur atvinnuleysi kvenna verið um 10% í heilt ár. Kvótatilflutningur til annarra byggðarlaga á stóran þátt í því atvinnuleysi þrátt fyrir að þar komi að sjálfsögðu fleiri hlutir inn í. Nú blasir við að sams konar atvinnuleysi getur alveg eins farið að gera vart við sig í byggðunum sem hýsa þær útgerðir sem keyptu kvótann. Vinnan sem fylgir kvótanum hefur gert stuttan stans í byggðum kaupendanna og er komin á sjóinn. Það sárgrætilega er að stjórnvöld eiga verulegan þátt í þeirri öfugþróun sem orðin er með því að

mismuna þessum börnum sínum, útgerðinni og fiskvinnslunni. Ég hef oft úr þessum stól lýst skoðunum mínum á því hvernig fiskvinnslunni er hyglað en landvinnslunni íþyngt svo að ég máli það nú nokkuð sterkt. Ég ætla því til tilbreytingar að lesa orð annarra um það sama en ég get tekið undir mest af því sem þar er og vitna í bráðskemmtilega úttekt á þessum málum eftir Ólaf nokkurn Hannibalsson sem væri kannski hægt að kalla mág Alþfl. Og af því að úttekt hans er ekki tæmandi, þá mun ég að sjálfsögðu e.t.v. þurfa að bæta einhverju við, með leyfi forseta. En Ólafur segir í pistli í Ríkisútvarpinu á laugardaginn var:

„Í landi höfum við byggt nýtískulegustu fiskvinnslustöðvar í heimi til að taka við og vinna úr öllum þeim afla sem þessi floti kann að bera að landi. Þar að auki höfum við fljótandi frystihús sem geta verkað á annað hundrað þúsund tonn auk þess sem við höfum dreifikerfi til að flytja óunninn afla í gámum á markað erlendis þegar verðið til þess er hagstætt.

Velflest fyrirtæki í sjávarútvegi okkar eru að kikna undan offjárfestingu. Samt á núna að borga sig að yfirgefa alla þessa fjárfestingu í landi og flytja vinnsluna út á sjó. Frystitogarar eru kjörorðið í dag. Bókhaldið ku sýna svart á hvítu að þeir séu það eina í sjávarútvegi sem er réttu megin við strikið. Það eru nokkuð viðurkennd sannindi að sá sem er með vitlaust bókhald tekur rangar ákvarðanir. Hann telur að markaðsöflin séu að gefa sér vísbendingar um þetta og hitt sem á sér ekki stoð í veruleikanum. Forstjórar og eigendur fiskvinnslunnar í dag telja sig yfirleitt nauðbeygða til að hörfa með vinnsluna út á sjó. Þeim þykir þetta sumum leitt, hafa áhyggjur af fólkinu í landi sem stendur uppi atvinnulaust með verðlausar eignir. En svona er það. Hin hörðu lögmál markaðarins gilda og þeim verður að hlýða.

En hver eru svo þessi hörðu lögmál markaðarins? Þegar nánar er að gáð eru þau nálega öll mannasetningar. Inngrip í markaðinn sem skekkja allan samkeppnisgrundvöll milli þessara mismunandi veiða og vinnsluhátta. Hér er ekki rúm til að rekja það í grófum dráttum en vil ég þó nefna nokkur atriði.

Það fyrsta er kvótakerfið sem gefur frystitogurunum í reynd 120–130 kg á móti hverjum 100 sem ísfisktogarinn kemur með að landi. Annað atriðið er sjómannaafslátturinn sem kemur út í reynd sem niðurgreiðslur skattgreiðenda á launakostnaði útgerðarinnar þótt upphaflega hafi hann verið hugsaður út frá allt öðrum forsendum. Þriðja atriðið er nýtingin sem fæst með því að frystitogarinn geti verið að veiðum og vinnslu 7.000 klukkustundir á ári meðan unnið er í frystihúsinu 2.000 stundir. Fjórða atriðið er skattar eins og fasteignagjöld sem ekki eru heimt af fljótandi frystihúsi en hins vegar lögð á jarðföst frystihús.

Svona mætti lengi telja þau atriði sem vega mispungt í samanburði þessara tveggja rekstrarforma en sýna samt að í þessu kapphlaupi hleypur annar aðilinn með aðra höndina fyrir aftan bak og með fæturna í hafti. Bókhaldssamanburðurinn er því út í hött. Ef allar aðstæður væru jafnar og jafnaðar milli þessara tveggja útgerðaraðferða hlyti að koma í ljós að það borgaði sig betur að nýta þá fjárfestingu sem fyrir er en að kasta henni nú á glæ og flytja megnið af vinnslunni út á sjó. Ef þetta frystitogaraæði færi nú að ganga yfir til enda í stað þess einfalda ráðs að jafna þann aðstöðumun sem fyrir er verða Íslendingar fyrstir allra þjóða til að smíða fljótandi verksmiðju til að fiska uppi í kálgörðum hjá sér. Aðrar þjóðir hafa byggt sér fljótandi frystihús til veiða á fjarlægum miðum. Það hefur ekki hvarflað að þeim að hætta að nýta nálægð landsins fyrir fiskimiðin þar sem hún á við."

Mér finnst nauðsynlegt að bæta við þetta að sú sóun sem núverandi kerfi býður heim á frystitogurunum er auðvitað einn alvarlegasti ágallinn. Á meðan verulegum hluta aflans, eða alla vega of miklum, er fleygt fyrir borð engum til gagns tapa allir til lengri tíma. Sjómennirnir, fiskverkafólkið, þjóðin öll og lífríkið.

Virðulegi forseti. Það er ýmislegt sem ástæða væri til að taka inn í þessa umræðu þar sem fleira er undir en Hagræðingarsjóður einn. Sjávarútvegsstefna ríkisstjórnarinnar minnir mig alltaf mest á dálk sem birtist í dagblaði einu um hverja einustu helgi og nefndist: „Finnið fimm villur." Þetta er skrípamyndadálkur og sjávarútvegsstefnan er líka hálfgerð skrípamynd. Seinasti drátturinn í þessari skrumskældu mynd er sá farsi sem nú fer fram. Afli Hagræðingarsjóðs er boðinn en enginn má kaupa í fyrstu umferð, ekki byggðarlögin, ekki smábátaeigendurnir. Svo er eins og menn vakni skyndilega upp við vondan draum og leiðrétti svona eins og hálfa villu. Það uppgötvast loks að nauðsynlegt er að leyfa t.d. smábátaeigendunum að kaupa kvóta eins og öðrum en gallinn er bara sá að að ekki hafa allir efni á því að kaupa kvóta á því verði sem er sett upp.

Nú eru erfiðleikar í atvinnurekstri, vaxtaokur og alls konar ósómi. En það er eins og stjórnvöld geti hvorki né vilji viðurkenna sök sína í þeim málum. Ég vil benda á ummæli Jóns Karlssonar hjá kvótabankanum í Morgunblaðinu í morgun svo að ég taki nú dæmi, með leyfi forseta. En Jón segir:

„Ég tel að margir nýti sér ekki forkaupsrétt sinn að kvóta Hagræðingarsjóðs þar sem þeir telji sig ekki hafa efni á því enda þótt þeir fái styrk vegna kvótaskerðingarinnar núna. Mér finnst því skynsamlegast að selja kvóta sjóðsins undir gangverði. Mjög rólegt hefur verið við kvótasöluna í þessum mánuði og hjá mér verður ekkert að gera meðan verið er að selja kvóta Hagræðingarsjóðs," segir Jón Karlsson.

Þarna er reyndar komið inn á enn þá fleiri mál sem ég sé ekki ástæðu til að fara út í núna. Vegna enn eins frammíkallsins ætla ég að viðurkenna það hér og nú að ég lenti í svolitlum vandræðum með þessar fimm villur því ég var búin að finna tíu og ég trúi því að þetta sé kannski nokkuð sem kæmi fyrir fleiri hér og ég leyfi hverjum að finna sínar fimm aðalvillur í sambandi við fiskveiðistjórnun ríkisstjórnarinnar. En ég hef ágætis hráefni hér í aðra ræðu ef við ætlum að fara út í það. Það verður ekki afgreitt með einhverri einni setningu.

Ég hafði nú hugsað mér að láta þetta nægja í bili um frv. okkar þremenninganna og hitt frv. sem hér er til umræðu um Hagræðingarsjóðshremmingar ríkis-

stjórnarinnar og sjávarútvegsmálin í heild. Ég áskil mér að sjálfsögðu rétt til að taka til máls síðar í umræðunni og vil að lokum ítreka það að við verðum að umgangast fiskimiðin með virðingu og atvinnulífið með ábyrgð, annars getum við lent í ógöngum sem við ráðum ekki við.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara í sama leik og hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson og reyna að finnna einhverjar villur í einhverjum ótilgreindum skrípamyndum. Ég lít ekki svo á að ræða hennar hafi verið neitt skrípi en hins vegar hjó ég eftir því að þingmaðurinn var að ræða afkomuþróun hjá frystitogurum og nefndi það svo m.a. til þess að skýra aðstöðumun þeirra og fiskvinnslunnar í landi að líta mætti svo á að sjómannaafsláttur væri í rauninni niðurgreiðsla á fiskvinnslu úti á sjó. Ég vildi þá gjarnan fá upplýst hvort það sé stefna Kvennalistans að afnema sjómannaafsláttinn eða hvort það sé einungis stefna Kvennalistans að afnema sjómannaafsláttinn varðandi þá sem starfa á frystitogurum.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að stilla mig um að fara að kalla einstaklinga villur í stefnu og áhrif þeirra. En ég verð náttúrlega að svara nákvæmlega þessu og vitna enn í ræðu mína. Ég sagði að ég væri sammála ýmsu því sem kæmi fram hjá þeim pistlahöfundi sem ég vitnaði í. Ég verð að viðurkenna það að ég las þetta einungis til þess að hér kæmi fram hvaða gagnrýni er sett fram. Í þeim athugasemdum sem ég hef komið með frá sjálfri mér, hef ég nú ekki látið það eftir mér að taka sjómannaafsláttinn sérstaklega fyrir og fyrir því er einföld ástæða. Ég tel að samið hafi verið um hann í kjarasamningum. Ég get haft skoðanir mínar á því hvort það sé heppilegt að hafa hann eða ekki. En þar sem samið er um hann í kjarasamningum hef ég að sjálfsögðu ekki viljað grípa inn í hann eins og ríkisstjórnir nútíðar og fortíðar hafa því miður allt of mikið gert af að grípa inn í kjarasamninga. Eitt er að hafa skoðun á því hvort það er heppilegt að hafa þetta. Annað er það að fara að grípa inn í þá kjarasamninga sem gerðir hafa verið.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú kann vel að vera að sökum þess hversu langt er liðið á kvöld sé heilastarfsemin hjá mér ekki jafnvirk og hún ætti endranær að vera, en ég fann ekki svarið við spurningu minni. Í ræðu þingmannsins kom fram að hún væri andsnúin þeirri þróun að flytja vinnsluna út á sjó. Ég skildi mál hennar svo að það ætti að freista þess að jafna aðstöðumun vinnslunnar úti á sjó og í landi. Þingmaðurinn drap á það og las það þá eftir einhverjum einstaklingi í Morgunblaðinu, hún vitnar talsvert í Morgunblaðið, að eitt af því sem gerði vinnsluna úti á sjó hagkvæmari væri m.a. það að sjómannaafslátturinn væri eins konar niðurgreiðsla á starfsemi þar. Hún vill jafna aðstöðumuninn. Felst í því að hún vilji m.a. fella niður sjómannaafsláttinn á frystitogurum?

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi verð ég að benda á það að þessi pistill var úr Ríkisútvarpinu. Ég vitnaði í Ríkisútvarpið og ég reyni að vitna í þá fjölmiðla sem hafa eitthvað fram að færa. En ég tók það sérstaklega fram og hélt að það skýrði málið að ég tel að það sé út af fyrir sig ekki æskilegt að ríkið sé að greiða niður kostnað fyrir útgerðina. Hins vegar er ekki hægt að svipta menn því sem þeir hafa samið um. Þetta kom mjög vel fram hér þannig að það verður þá að finna leiðir í sátt og samlyndi við allt ef jafna á nákvæmlega þennan aðstöðumun milli vinnslu úti á sjó og í landi. Ég get ekki tekið undir að verið sé að taka einhliða réttindi af mönnum sem þeir hafa samið um í kjarasamningum. Ég get hins vegar ítrekað það enn og aftur að það þarf að jafna aðstöðu fiskvinnslu úti á sjó og í landi og eitt af því sem gerir að fiskvinnslan á sjónum er hagkvæmari er það að ríkið greiðir niður fyrir útgerðina ákveðna peninga til sjómanna en ekki til fiskvinnslufólks. Þess vegna mætti kannski velta fyrir sér líka sjómannaafslætti eða hliðstæðum afslætti fyrir fiskvinnslufólk. Ég ætla ekki að ganga frá þessari deilu frekar núna.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Það mátti skilja sem svo á yfirlýsingu hæstv. sjútvrh. fyrr í umræðunni að frv. væri óþarft og ætti ekki lengur við. Það er auðvitað mjög erfitt að átta sig á hvaða efnisleg rök liggja að baki slíkri yfirlýsingu, ekki síst í ljósi þess þegar það er haft í huga að þessi sami ráðherra, hæstv. sjútvrh., lýsti því yfir í lok júlímánaðar þegar verið var að ganga frá aflaheimildum fyrir þetta fiskveiðiár að nauðsynlegt væri að grípa til efnahagslegra aðgerða til þess að styrkja stöðu sjávarútvegsins vegna mikils niðurskurðar á þorskveiðum. Eftir því sem þá kom fram í fjölmiðlum lagði hann til að Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins yrði notaður til þessara jöfnunaraðgerða. En nú kemur hæstv. sjútvrh. og lýsir því yfir að þetta mál eigi ekki lengur við.

Þegar ég heyrði það laust fyrir kl. 7 að ríkisstjórnin væri að undirbúa blaðamannafund þar sem kynna ætti tillögur í efnahags- og atvinnumálum þá skildi ég auðvitað yfirlýsinguna. Mér brá hins vegar dálítið illilega í brún þegar ég sá fjórmenningana á skjánum í sjónvarpinu að það vantaði sjútvrh. á þá mynd eða með öðrum orðum, það er ekki verið að grípa til neinna aðgerða fyrir sjávarútveginn, þessa undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar sem nú berst í bökkum og spáð er að tapi 14% af tekjum sínum á næsta ári. Sjútvrh. var auðvitað ekki hafður með á þessum tímamótafundi hjá ríkisstjórninni þar sem verið var að grípa til aðgerða í atvinnumálum. Fyrir þær litlu aðgerðir sem þar eru boðaðar ber auðvitað að þakka. Tveir milljarðar kr. til vegagerðar á næsta ári, ætli það sé ekki svona álíka

upphæð og dugir fyrir álíka mörgum störfum og við hlustuðum á í sama fréttatíma að yfirvofandi væri að segja upp verkafólki hjá Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga og hjá Samskipum. Þannig er þessi upphæð auðvitað dropi í hafið af því sem gera þarf. Heldur hæstv. sjútvrh. að skattalækkun fyrirtækjanna úr 45% niður í 33% komi sjávarútvegsfyrirtækjum til góða á árinu 1993 þegar þau tapa 14% af tekjum sínum? Nei, auðvitað er þetta allt saman tómt rugl sem þarna er verið að gera og sýnir að sjútvrh. er algerlega að einangrast í ríkisstjórninni. Hann kemur engu af sínum málum fram. Hann varð að láta í minni pokann fyrir forsrh. við ákvörðun á heildaraflamagni, við ákvörðun um hvernig nota ætti Hagræðingarsjóðinn og núna er hann ekki hafður með þegar verið er að taka ákvarðanir um að grípa til aðgerða í efnahags- og atvinnumálum. Undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar er skilin út undan og sjútvrh. er geymdur uppi í þinghúsi til þess að hlusta á mál sem hann telur löngu úrelt. Þetta er óbeysin staða, því miður.

Það er hins vegar útilokað að ræða um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins án þess að tala um afkomu sjávarútvegsins í heild. Hæstv. forsrh. hefur margsinnis gagnrýnt fyrrv. ríkisstjórn fyrir ýmsar aðgerðir sem hún greip til árið 1988 og 1989. Stofnun Atvinnutryggingarsjóðs, Hlutafjársjóðs og Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins hefur verið kallað sjóðasukk af hæstv. forsrh. og út úr þessu sjóðasukki hefur hann beitt sér fyrir að fá 2,5 milljarða kr. sem fyrri ríkisstjórn skapaði sjávarútveginum skilyrði til að leggja inn í sjóðinn og því hefur verið dreift út til fiskvinnslufyrirtækjanna. Það eina sem ríkisstjórnin hefur gert fyrir sjávarútveginn það sem af er hennar kjörtímabili er að nota þá innistæðu sem fyrri ríkisstjórn hafði skapað í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins til þess að aðstoða þau fyrirtæki sem núna berjast í bökkum og munu tapa 14–15% á næsta ári. Þetta er allt sjóðasukkið. En þetta sjóðasukk, sem hæstv. forsrh. hefur nefnt svo, varð til þess að sjávarútvegurinn tapaði ekki einni einustu krónu árið 1990 heldur skilaði hann hagnaði upp á 2,7% í heild sinni. Árið 1991 skilaði hann hagnaði upp á 2%. Árið 1992 mun tapið verða 7% og 14,5% árið 1993. Þetta er viðskilnaður fyrrv. ríkisstjórnar og þetta er árangurinn sem núv. ríkisstjórn hefur náð gagnvart undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar.

Sjútvrh. varð undir, ég sagði það áðan, í kapphlaupinu við forsrh. um það hvað skyldi gera. Ég skildi það þegar ég sá yfirlýsingu frá honum í Morgunblaðinu eftir að búið var að ganga frá þeim tillögum að aflahámörkum fyrir þetta fiskveiðiár. Þar segir hæstv. sjútvrh.: „Hætta á miklu meiri veiði yfirgæfi ég ríkisstjórnina.“ Með leyfi forseta ætla ég að vitna örlítið í frétt Morgunblaðsins í gær þar sem hæstv. sjútvrh. segir eftir að hafa kynnt fréttamönnum reglugerð sem hann gaf út um leyfilegan hámarksafla á næsta fiskveiðiári:

„Ég óttaðist og er reyndar alveg sannfærður um að ef ég hefði látið reyna á ýtrustu kröfur af minni hálfu og yfirgefið ríkisstjórnina vegna þess að þær hefðu ekki náðst fram þá hefði niðurstaðan að öllum líkindum orðið miklu mun meiri veiði og minni verndun þorskstofnsins.“

Þetta segir býsna mikið um samstarfsmenn hæstv. sjútvrh. í ríkisstjórninni og ég held að þessi yfirlýsing segi allt sem segja þarf um hvaða álit hæstv. sjútvrh. hefur á samstarfsmönnum sínum þar. Forsrh. ákvað hins vegar að fresta öllum aðgerðum gagnvart sjávarútveginum þegar ákveðið var að hverfa frá því að nota aflaheimild Hagræðingarsjóðs til jöfnunar vegna þorskaflabrestsins. Þá var óskað eftir tillögum frá Byggðastofnun. Þeir þingmenn stjórnarliðsins, sem hæst höfðu á þessum tíma heimtuðu aðgerðir og andmæltu aðgerðum forsrh., sögðu sem svo þegar á reyndi: Ja, við ætlum nú að bíða eftir tillögum Byggðastofnunar. Þannig víkja þeir sér í raun og veru undan ábyrgð með að takast á við vandamálin. Nú eru þessar tillögur komnar fram fyrir löngu og ég vil, með leyfi forseta, vitna í þær:

„Byggðastofnun lítur svo á að skipta megi tillögugerð stofnunarinnar í þrennt:

1. Ráðstafanir vegna þorskskerðingar.
2. Endurskoðun á rekstrargrundvelli.
3. Sameiningaraðgerðir.“

Það er skýrt tekið fram að þær aðgerðir að lána eða styrkja útgerðarfyrirtæki til þess að þau geti keypt aflaheimildir Hagræðingarsjóðs séu alls ekki nægilegar til þess að koma rekstrargrundvelli undir sjávarútveginn. Ég hygg að allir þeir sem talað hafa á undan mér í þessari umræðu hafi einmitt bent á það. Auðvitað er það ekki nóg og enginn hefur haldið því fram að það eitt og sér að útdeila aflaheimildunum gerði það að verkum að sjávarútvegurinn stæði vel eftir. Forsrh. gat hins vegar ekki sætt sig við þá aðferð sem sjútvrh. barðist fyrir og lagði áherslu á að gengið yrði að tillögum Byggðastofnunar enda treysti hann embættismönnunum einvörðungu til þess að móta þessar tillögur. Þær komu hvergi fyrir stjórn stofnunarinnar vegna þess að hann vissi að þar voru innan dyra menn sem höfðu lagt allt aðra áherslu en þeir embættismenn sem hann fyrirskipaði hvernig tillögurnar ættu að líta út. Niðurstaðan varð sú að forsrh. lagði til að farið yrði út í alveg ævintýralegt sjóðasukk, meira sjóðasukk en hér hefur nokkru sinni áður þekkst. Og hæstv. sjútvrh. lét hafa það eftir sér í fjölmiðlum, sem var kannski ofur skiljanlegt því ég veit að hann ber hagsmuni sjávarútvegsins mjög fyrir brjósti, að hann teldi þetta skárra en að gera ekki neitt. Þar var gert ráð fyrir að Fiskveiðasjóður, Atvinnutryggingarsjóður og ríkissjóður styrktu fyrirtækin í að kaupa aflaheimildir úr þessum sama sjóði. Í stað þess að nota einfalda leið innan fiskveiðistjórnunarkerfisins með úthlutun á aflaheimildum var þessi leið valin sem allir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi hafa mótmælt að farin yrði enda er hún lítilsvirðing við undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar þar sem verið er að gera hana og alla þá sem þar starfa að bónbjargamönnum. (**Gripið fram í:** Hvaða ...voru í Atvinnutryggingarsjóð?) Ja, það var nú svo merkilegt að forstjóri Byggðastofnunar lét hafa það eftir sér í fjölmiðlum að atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar sem áður hét Atvinnutryggingarsjóður, ef ég man rétt,

gæti bara gert þetta. En samkvæmt stefnuræðu hæstv. forsrh. í haust var þar allt í rjúkandi rúst og sjóðurinn á hausnum. En þegar grípa þurfti til þessara aðgerða voru til peningar þar þannig að ekki er allt sem sýnist í þessum efnum.

Ef við lítum á kosti og galla þeirra tveggja leiða sem ríkisstjórnin hafði um að velja þá var með því að úthluta aflaheimildum án endurgjalds hægt að skapa fyrirkomulag innan stjórnkerfis sjávarútvegsins sem var einfalt og ódýrt í framkvæmd. Við munum örugglega taka eftir að sú leið sem valin var af hæstv. forsrh. mun hafa í för með sér gríðarleg útgjöld fyrir ríkissjóð og ég ætla að koma aðeins inn á það á eftir. Bæði útgerðarmenn og sjómenn hefðu notið þess ef aflaheimildum hefði verið dreift út. Ef styrkjaleiðin er farin njóta hins vegar bara útvegsmenn þess.

Það hefði líka verið hægt að binda aflaheimildirnar því skilyrði að öllum aflanum skyldi landað hér á landi og að honum skyldi öllum landað á ákveðnum stöðum. Það hefði líka verið hægt að binda það því skilyrði að aðeins þeir sem þyrftu og yrðu fyrir mestri skerðingu fengju úthlutun. Á þetta var ekkert hlustað og ákveðið að fara aðra leið, sem ég segi að er ævintýralegt sjóðasukk. Það á að styrkja skipin, það á að styrkja útgerðarmennina en sjómennirnir fá ekki neitt. Þeir verða fyrir jafnmikilli tekjuskerðingu út af þorskaflasamdrættinum og útgerðarmennirnir. Þess vegna væri gaman að vita hvort stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, sem telja sig vera í fyrirsvari fyrir sjómenn eftir að vera búnir að skera af þeim sjómannafrádráttinn og breyta skattalögum, ætli að stuðla að því að útgerðarmönnum séu greiddir út peningar og ekki skilyrði að þeir kaupi aflaheimildir fyrir viðkomandi skip og sjómennirnir fái ekki neitt. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að þeir forustumenn sjómanna sem hér eru innan dyra og sitja þetta þing ætli að styðja slíka hluti.

Taka má dæmi af skipi og útgerðarmönnum sem yrðu fyrir 10–12% skerðingu. Skipið skuldar sáralítið en það verður erfitt að standa undir breytilegum kostnaði í útgerðinni með þeim litlu aflaheimildum sem skipið fær eftir að búið er að skerða. Þegar slíkur útgerðarmaður fær sendan tékk frá ríkissjóði upp á kannski tugi milljóna hugsar hann auðvitað hvort ekki sé eðlilegt að leggja skipinu þetta árið og leigja af því í aflaheimildirnar sem fyrir eru á annað skip þannig að þær standi undir föstum kostnaði við rekstur skipsins en geti sjálfur haldið góðum launum og notað styrkinn sem hann fær frá ríkissjóði til allt annarra hluta. Þannig er sú leið sem þarna er valin ævintýralega vitlaus og alls ekki útséð hvernig hægt er að standa að henni. Það sem merkilegast er við þetta er að menn eru ekki farnir að framkvæma þetta þrátt fyrir að búið sé að lofa þessu opinberlega, eftir því sem ég veit best, vegna þess að það er sennilega alveg útilokað.

Ég sagði líka áðan að dýrasta leiðin hefði verið valin og það rökstyð ég með því að það eru 12.000 tonn, þorskígildi, í sjónum. Helmingurinn af því er þorskur. Hinn helmingurinn er aðrar tegundir. Nú hefur það verið ákveðið, sem ég taldi skynsamlegt hjá hæstv. sjútvrh., að auka aflann á næsta fiskveiðiári í öðrum tegundum eins og ýsu, karfa, grálúðu, steinbít og öðru slíku en draga saman þorskveiðar.

Það er vitað og mun auðvitað koma í ljós þegar síðasta fiskveiðiár verður gert upp að það eru nokkrar innistæður í þorski eða a.m.k. spái ég því. Þá velta menn því auðvitað fyrir sér hvort skynsamlegt sé að kaupa aflaheimildir sjóðsins. Líklegt er að menn kaupi 6.000 þorskígildi en ég efast mjög um að menn kaupi hinar tegundirnar af þeirri ástæðu að það er búið að auka aflann í sumum tegundum sem ekki hafa veiðst á síðasta fiskveiðiári. Það væri því glapræði að fjárfesta í slíkum hlutum. Gengi það nú eftir að aðeins seldust 6.000 þorskígildi, þá er svo komið að tekjur sjóðsins yrðu ekki nema 200–250 millj. Þá vantar 200–250 millj. úr ríkissjóði til þess að standa undir resktrarkostnaði Hafrannsóknastofnunar. Þeir peningar verða að koma úr ríkissjóði. Til viðbótar þessu er gert ráð fyrir að í styrki til útgerðarinnar komi 150 millj. kr. beint úr ríkissjóði, 150 millj. frá Fiskveiðasjóði og 150 millj. kr. úr gjaldþrotasjóði hjá Byggðastofnun. Af þessu má sjá að leiðin sem valin er mun kosta ríkissjóð miklu meira en nokkurn tíma það að hverfa frá því að skattleggja greinina í gegnum þessar 525 millj. Það er ekki skrýtið þó að eitthvað sé einkennilegt í fjármálastjórn hjá ríkisstjórninni þegar hún áætlar að fjárlagahallinn verði 4,2 millj. og hann stefni í á bilinu 10–12, þegar alls staðar er staðið svona að verki. Auðvitað er ekki séð fyrir endann á því hvernig þetta muni fara, enda veit ég að hæstv. sjútvrh. sá þetta allt saman fyrir og er í ríkisstjórninni til þess að menn geri ekki allt vitlaust og brjóti ekki enn frekar af sér en þeir eru búnir að gera. Það er að mínu viti dálítið alvarlegt ef hæstv. ráðherra ætlar að sitja í ríkisstjórninni sem lögregla á það lið sem þar er fyrir. (**Gripið fram í:** Hann er dómsmrh. líka.) Já, auðvitað er hann dómsmrh. Það skýrir það af hverju hann situr. Hann er náttúrlega að hugsa um hagsmuni fólksins í landinu.

Þessi mynd rann upp fyrir manni þegar maður las yfirlýsingu hæstv. ráðherra: „Hættan á miklu meiri veiði yfirgæfi ég ríkisstjórnina.“ Svo var það náttúrlega undirstrikað þegar maður las leiðara Dagblaðsins laugardaginn 18. júlí sl. sem bar yfirskriftina „Of mörg þorsktonn“. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að vitna í þennan leiðara.

„Þeir sem vilja leyfa meiri þorskveiði en Hafrannsóknastofnun mælir með beita einkum tveimur röksemdum fyrir máli sínu. Þeir segja að fiskifræðin sé of ung fræðigrein og ónákvæm. Þeir segja að þjóðin hafi ekki ráð á að fara eftir tillögum stofnunarinnar.

Í þessum hópi fara fremstir forsrh., hagsmunagæslumenn Vestfjarða á Alþingi og í ríkisstjórn, svo og forseti Farmanna- og fiskimannasambandsins sem er skipstjóri á Vestfjörðum. Þetta eru landsþekktir ábyrgðarleysingjar...“ (**Gripið fram í:** Hver skrifar þetta?) Undir þennan leiðara skrifar Jónas Kristjánsson ritstjóri blaðsins. Síðar í þessum sama leiðara segir hann, með leyfi forseta:

„Sjávarútvegsráðherra er studdur af heildarsamtök-

um útgerðar af því að þar sjá menn að hagsmunir útgerðarinnar eru ekki bara til eins árs heldur inn í framtíðina alla. Hann er einnig studdur af fyrirrennara sínum og öllum þeim sem vilja ábyrga meðferð málsins.

Rök hinna ábyrgu hvíla á sömu forsendum og rök hinna ábyrgðarlausu, þótt niðurstaðan sé öfug: Þjóðin hefur ekki efnahagslega ráð á öðru en fara eftir tillögum Hafrannsóknastofnunar. Og séu skekkjumörkin víð þarf að fara niður úr þessum tillögum en ekki upp."

Að lokum segir:

„Vonandi er sjávarútvegsráðherra orðinn svo lífsreyndur að hann taki minna mark á einnota forsætisráðherra en spakmælinu um orðstírinn sem aldrei deyr."

Það er ég alveg sannfærður um að hæstv. sjútvrh. muni gera. Ef verja á orðstírinn er spurningin þessi: Hvað ætlar hann að sitja lengi sem dómsmrh. í ríkisstjórninni með þessa menn í gæsluvarðhaldi? Hve lengi treystir hann sér til að halda verndarhendi yfir þessum mönnum?

Ég efast ekki um að afstaða hæstv. sjútvrh. í vor þegar hann ákvað að sitja áfram þó hann væri óánægður með niðurstöðu ríkisstjórnarinnar var fyrst og fremst tekin á þeim grunni sem hann lýsir í blaðaviðtali við Morgunblaðið.

Nú vil ég spyrja hæstv. sjútvrh., af því að það hefur margoft komið fram, hvaða tillögur séu væntanlegar frá ríkisstjórninni í málefnum sjávarútvegsins eða hvort þjóðin eigi að skilja það sem svo að blaðamannafundurinn sem haldinn var í ráðherrabústaðnum í dag og sjútvrh. var ekki með á sé táknrænn um að það eigi einmitt ekkert að gera.

Vandamál sjávarútvegsins í dag fyrir utan að þurfa að búa við ríksstjórn Davíðs Oddssonar eru auðvitað þau að hann hefur verið skattlagður alveg undir drep og í upphafi þessa árs voru lagðir inn nýir skattar á sjávarútveginn upp á um 650 millj. kr. Það var salan á kvóta Hagræðingarsjóðs upp á 525 millj., veiðieftirlitsgjald upp á 80,7 millj., vitagjald fyrir 44,5 millj., skipaskoðunargjald fyrir 69 millj., lestar- og bryggjugjöld 28 millj., lögskráningargjald fyrir 10 millj., sérstakt gjald vegna launagreiðslna við gjaldþrot upp á 32 millj., brunavarnagjald upp á 2,5 millj. 791,7 millj. kr. skattar sem ríkisstjórnin lagði á sjávarútveginn. Hækkun frá fyrri árum er 141,5 millj. Nú spyr ég hæstv. sjútvrh.: Stendur til að halda þessum skattaálögum á sjávarútveginn áfram á árinu 1993? Er gert ráð fyrir þessu í fjárlagarv.?

Nú þykist ég vita að hæstv. sjútvrh. vilji segja sem svo: Auðvitað er erfitt fyrir mig sem ráðherra í þessari ríkisstjórn að gera það sem stendur í fjárlagafrv. opinbert. Það kemur í ljós þegar það verður lagt fram. En það var bara svo að þeir félagar, hæstv. forsrh. og utanrrh., voru að kjafta frá þessu öllu saman á blaðamannafundi sem þeir héldu í ráðherrabústaðnum í dag þannig að það er ekkert meira fyrir sjútvrh. nú að upplýsa það hvort þessum skattaálögum verður aflétt eða hvort þetta verður allt saman lagt á sjávarútveginn sem tapar á milli 14 og 15% á næsta ári.

Raungengið þarf að leiðrétta og það veit ég að hæstv. sjútvrh. er einnig sammála mér um og það hefur komið hér fram. Raungengið hefur verið að hækka allt árið 1990 þegar sjávarútvegurinn var síðast rekinn með hagnaði og hefur orðið talsverð hækkun. Auðvitað er aldrei meiri ástæða til en einmitt nú að breyta raungenginu af þeirri ástæðu að aflasamdrátturinn verður. Þá eiga menn auðvitað að færa kostnað fyrirtækjanna niður um leið og tekjurnar dragast saman. Þetta hafa menn verið að skilja sem svo þegar framsóknarmenn hafa verið að tala um raungengisbreytingu að verið sé að tala um að breyta verði erlendu gjaldmiðlanna. Það er rangt. Ekki er verið að tala um slíka hluti. Það er verið að tala um það að létta skattaálögunum af sjávarútveginum. Það er verið að tala um að lækka raunvextina, lækka kostnað fyrirtækjanna og það er það sem þarf að gera og það bætir eða lækkar raungengið sem er nú allt, allt of hátt.

Talað hefur verið um skuldbreytingar sem aðgerð til þess að létta greiðslubyrði sjávarútvegsins. Talið er að lengd lána í sjávarútveginum séu að meðaltali 6,8 ár í dag og ég spyr hæstv. sjútvrh.: Getur hann svarað því hvað það mundi þýða í minni greiðslubyrði fyrir þessi fyrirtæki ef lánið væri lengt upp í 12 ár eða lengd um helming? Auðvitað léttir það greiðslubyrðina um helming en hver er greiðslubyrðin? Það spyr ég hæstv. sjútvrh. um.

Rannsóknir á nýjum fiskstofnum hafa verið taldar nauðsynlegar til þess að koma hér af stað nýsköpun í sjávarútveginum og auka verðmæti. Því vil ég enn spyrja hæstv. sjútvrh.: Er það mögulegt að í fjárlagafrv. fyrir árið 1993 sé gert ráð fyrir því að verulegum fjármunum sé varið til rannsókna á vannýttum fiskstofnum? Svarið kann að vera áfram það sama. Ég get ekki svarað þessu þar sem fjárlagafrv. liggur ekki fyrir. En ég ítreka það að þeir voru að kjafta frá þessu öllu saman, félagarnir hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. fyrr í kvöld, kannski ekki þessum hlutum endilega en þeir voru að kjafta frá því hvað væri í fjárlagafrv.

Að lokum, virðulegi forseti. Staðfest er af vinnuveitendum að sú starfsfræðsla sem hefur farið fram í sjávarútveginum hafi skilað atvinnugreininni aukinni framleiðni. Fleiri þúsund manns hafa sótt þessi námskeið, aðilar vinnumarkaðarins og sjútvrn. sem um var samið í kjarasamningum á sínum tíma. Nú spyr ég hæstv. ráðherra: Eru nokkur áform uppi um að skerða framlög til þessarar umsömdu menntunar í sjávarútveginum sem samið var um milli ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins og gengið var frá í kjarasamningum?

Auðvitað væri nauðsynlegt taka margt annað hér til umræðu þegar verið er að ræða um sjávarútvegsmál. Hins vegar ætla ég ekki að eyða tímanum hér og nú til þess frekar en orðið er því það væri auðvitað efni í heila utandagskrárumræðu um fyrirhugaðar aðgerðir við stjórnun fiskveiða og þá vinnu sem fer fram á vegum þeirrar nefndar sem er nú að endurskoða stjórnkerfi fiskveiðanna og þetta segi ég vegna þess að nú eru enn frekar að koma yfirlýsingar frá mönnum sem eru teknir alvarlega í þessu þjóðfélagi að þetta fyrirkomulag sem hefur skilað okkur auknum aflaverðmætum þrátt fyrir minni afla hefur skilað okkur lægri

kostnaði við útgerð. Nú eru menn í alvöru að tala um að þetta sé það alversta fyrirkomulag sem hægt sé að hugsa sér og annað nýtt verði að innleiða sem enginn veit hvað er.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. vék í upphafi málsins að þeirri athugasemd sem ég gerði í lok framsöguræðu síðari málflytjanda. Hér liggja fyrir tvö frumvörp frá stjórnarandstöðuflokkunum. Sú athugasemd sem ég gerði þá og hv. þm. vék að fól ekki á nokkurn hátt í sér afstöðu af minni hálfu til þessara frumvarpa. Ég var einungis að greina þinginu frá staðreyndum um stöðu þessara mála vegna þess að þær staðreyndir hafa áhrif á umræðuna og þá möguleika sem frumvörpin gera ráð fyrir. Ég taldi mér rétt og skylt strax í upphafi umræðunnar að gera þá athugasemd til þess að þinginu væri það ljóst.

Það er vissulega svo að um þessi efni geta menn haft ólíkar skoðanir. Stjórnarandstöðuflokkarnir þrír sem standa hér að tveimur frumvörpum hafa nokkuð deilt um það hvernig að þessum málum eigi að standa eða hefði átt að standa, kannski meira af formsástæðum en efnisástæðum. Vissulega var það svo að einnig innan ríkisstjórnarinnar voru skiptar skoðanir um þetta efni.

Menn voru almennt sammála um það þegar ákvörðun var tekin um heildarafla fyrir þetta fiskveiðiár að mikilvægt væri að grípa til aðgerða í því skyni að jafna það áfall sem þeir hafa orðið fyrir sem voru háðastir þorski. Ég hygg að hvergi hafi verið alvarlegur ágreiningur um þetta meginsjónarmið. Ég hef ekki farið dult með það og fór ekki dult með það og get ekki farið dult með það að mín skoðun var sú að einfaldasta leiðin til þess að leysa þetta mál hefði verið sú að nota aflaheimildir Hagræðingarsjóðs eins og þær hafa verið notaðar fyrrum við svipaðar aðstæður. Innan fiskveiðistjórnunarkerfisins var þetta eini framkvæmanlegi möguleikinn og vissulega sá einfaldasti. Um þetta voru skiptar skoðanir og það er alveg rétt hjá hv. þm. að skoðanir mínar urðu í minni hluta innan hæstv. ríkisstjórnar og nutu þar ekki meirihlutafylgis. Þar varð niðurstaðan sú að óska eftir því við Byggðastofnun að leggja fram tillögur til þess að mæta því sjónarmiði sem flestir voru sammála um að jafna það áfall sem þarna hafði orðið hjá þeim sem misstu mestar aflaheimildir í þorski. Meginatriðið var auðvitað það að aðgerðir yrðu gerðar í þessu efni og vitaskuld gátu menn haft á því skiptar skoðanir hvaða leiðir væru heppilegastar. Ég hafði mína skoðun og hef hana enn þó að hún hafi orðið í minni hluta. Það er svo lagaskylda þeirra stjórnvalda sem fara með framkvæmd þessara mála að annast hana eins og gildandi lög mæla fyrir um. Þau bjóða að aflaheimildirnar skuli boðnar með forkaupsrétti þegar í upphafi nýs fiskveiðiárs. Ég tel því að stjórn Hagræðingarsjóðs hafi í einu og öllu unnið í samræmi við gildandi lög þegar hún tók ákvarðanir sínar í dag. En um leið og sú ákvörðun hefur formlega verið tekin að bjóða kvótahöfum forkaupsrétt samkvæmt lögunum verður ekki snúið til baka á þessu fiskveiðiári. Þær ráðagerðir sem þessi frumvörp mæla fyrir um að því er varðar þetta fiskveiðiár geta ekki náð fram að ganga eftir að þessi ákvörðun hefur verið tekin. Þetta vildi ég láta koma fram í þeirri athugasemd sem ég gerði hér í upphafi.

Hv. 11. þm. Reykv. fór svo mörgum orðum um þær ákvarðanir sem hann taldi að hefðu verið teknar um aðrar leiðir í þessu efni. Hið sanna og rétta í því er að Byggðastofnun skilaði inn til ríkisstjórnar frumhugmynd að því hvernig mætti taka á þessu máli. Sú frumhugmynd var kynnt í ríkisstjórn og rædd í mjög skamma stund og þeirri umræðu er enn ekki lokið. Byggðastofnun hafði ekkert samráð við sjútvrn. um mótun þessara hugmynda og ég get ekki sagt þinginu neinar fréttir af gangi þeirra mála. Ég hef ekki haft af því neinar spurnir frá því að þessar grunnhugmyndir voru lagðar fram en þær fólu ekki í sér neinar endanlegar tillögur af hálfu Byggðastofnunar vegna þess að þar var ekki að finna neinar tillögur um það hvernig fjármagna ætti aðgerð af þessu tagi. Á hinn bóginn birtist í Morgunblaðinu frétt um það að að baki hugmyndum Byggðastofnunar væru ákveðnar hugmyndir um fjáröflun en frá Byggðastofnun hef ég ekki heyrt neitt meira um það en fram kom í téðri Morgunblaðsfrétt.

Hv. þm. vék svo að þeim aðgerðum sem hæstv. ríkisstjórn tók ákvörðun um í tengslum við lokaafgreiðslu fjárlaga. Það er vissulega svo. Ég held að aldrei hafi staðið til að leysa vanda sjávarútvegsins í tengslum við fjárlagaafgreiðsluna. Sannleikurinn er sá að sjávarútvegurinn er uppspretta verðmætasköpunar í þessu þjóðfélagi en ekki ríkissjóður. Það sem við gerum í opinberum rekstri og opinberri þjónustu á að stærstum hluta til rætur að rekja til verðmætasköpunar í sjávarútvegi þannig að við höldum ekki sjávarútveginum gangandi á ríkisframfærslu. Þvert á móti hlýtur það að verða svo um langa framtíð að sjávarútvegurinn stendur undir og hlýtur að standa undir almennum lífskjörum fólksins í landinu og þeim verðmætum sem ríkið hefur úr að spila á hverjum tíma. Þess vegna hef ég aldrei litið svo á að ráðstafanir til þess að leiðrétta rekstrarstöðu sjávarútvegsins gætu verið þáttur í lokaafgreiðslu ríkisstjórnar við að loka fjárlagagatinu og ég furða mig á ef einhverjir hv. þm. hafa litið svo á. Ríkisstjórnin hefur í tengslum við lokaafgreiðslu fjárlaga tekið mjög myndarlega ákvörðun um að auka opinberar framkvæmdir, framkvæmdir sem ríkið hefur með að gera, einkanlega í vegamálum og að því er varðar opinberar byggingar vegna þeirrar sérstöku stöðu sem uppi er. Það er alkunna að þegar svo stendur á sem nú gerir í okkar þjóðfélagi er talið eðlilegt að grípa til slíkra aðgerða og ég vona að þær leiði til farsældar og styrki íslenskan þjóðarbúskap. Við erum að flýta framkvæmdum sem við hefðum sjálfsagt ráðist í síðar með aðgerðum af þessu tagi.

Það liggur svo alveg ljóst fyrir að sjávarútvegurinn á við gríðarlegan rekstrarvanda að etja og menn komast ekkert hjá því að taka á því viðfangsefni. Hins vegar er alveg kórrétt sem hv. 1. þm. Austurl. sagði í upphafsræðu sinni að það er ekkert einfalt verk og það eru

ekki einfaldar lausnir sem menn geta gripið til og galdrað fram eins og í hókus pókus leikhúsi og sagt að nú sé allt í lagi. En við búum auðvitað ekkert í þessu þjóðfélagi nema taka á þessu viðfangsefni. Það sem ríkisstjórnin hefur á liðnum 12 mánuðum gert í þessu efni er fyrst og fremst það að ég beitti mér fyrir því að lánum Atvinnuleysistryggingasjóðs var framlengt, afborgunum af lánum sjávarútvegsfyrirtækja hjá sjóðnum var frestað um tvö ár og ég beitti mér einnig fyrir því að sams konar fyrirgreiðsla yrði veitt á vegum Fiskveiðasjóðs. Um hvort tveggja var góð og traust samstaða í ríkisstjórninni og þessar ákvarðanir hafa komið til framkvæmda.

Þá var augljóst mál þegar dró að lokum síðasta árs að óhjákvæmilegt væri að stöðva inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og lagafrv. af minni hálfu þar um var samþykkt á sínum tíma í þinginu.

Ég taldi einnig nauðsynlegt undir vor að grípa til enn frekari aðgerða til þess að halda mætti áfram með skaplegum hætti rekstri sjávarútvegsins fram eftir þessu ári og um það tókst mjög góð samstaða að greiða út innstæður í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Það er vissulega rétt sem hér kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv. að þar voru innstæður sem eiga rætur að rekja til endurreisnar þessa sjóðs. Ég skal fyllilega játa að þegar þær ákvarðanir voru teknar hér hafði ég efasemdir um hvort rétt væri að beita verðjöfnunarsjóðum af þessu tagi og ég er í sjálfu sér enn þeirrar skoðunar að það sé mjög erfitt í framkvæmd og í raun hafi það komið í ljós sl. vor að rekstraraðstæður í sjávarútveginum séu jafnan með þeim hætti að erfitt sé að halda út slíkum sjóði. Taprekstur getur myndast þó að verð á erlendum mörkuðum sé hátt. Þá verða menn að grípa til ráðstafana af því tagi sem við gerðum í vor sem leið. En hvað sem líður almennum sjónarmiðum af því tagi er því ekkert að leyna að fyrir þá sök að þetta var gert, þegar verð var í hámarki og staða greinarinnar bærileg, var þessi innstæða fyrir hendi og hún hefur gert það að verkum að það hefur verið unnt að halda áfram rekstri flestra fyrirtækja í sjávarútvegi og verður af þessum sökum hægt að halda áfram um sinn. En hitt er alveg ljóst að rekstraraðstæðurnar hafa breyst og því þurfa menn enn á ný að takast á við þetta viðfangsefni. Sá vandi er ærinn og þar hljóta að koma til ýmis ráð og margar leiðir sem menn verða að grípa til. Hv. 11. þm. Reykv. minntist á einn þátt sem er vissulega alvarlegt íhugunarefni. Það er sú staðreynd að skuldir sjávarútvegsins eru á þann veg að sjávarútveginum er gert að greiða þær upp á mjög skömmum tíma. Þetta eru skuldir til mjög skamms tíma og það eru vissulega gild rök fyrir því að sjávarútvegurinn þurfi mun lengri tíma til að greiða þessar miklu skuldir. Það er eitt af þeim atriðum sem menn hljóta að þurfa að horfa á þegar að þessu verkefni kemur. Um leið þurfa menn að huga að stöðu þeirra lánastofnana sem hér eiga helst hlut að máli því á miklu veltur að þær hafi burði til að takast á við þetta verkefni.

Ég ítreka og ég vona að ekki sé ágreiningur milli mín og hv. 11. þm. Reykv. að það væri varla eðlilegt að aðgerðir af þessu tagi væru hluti af lokaafgreiðslu fjárlaga jafnvel þótt menn tækju við slíkar aðstæður ákvarðanir um að auka mjög myndarlega framlög til opinberra framkvæmda af ýmsu tagi vegna þess atvinnuástands sem verið hefur. Ég þykist alveg sannfærður um að hér á Alþingi ríkir víðtækur skilningur á því mikilvæga verkefni að taka á rekstrarvanda sjávarútvegsins og að þingið muni greiða fyrir sérhverjum þeim leiðum sem til heilla horfa í því efni þegar þar að kemur.

Flm. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. sagði orðrétt við umræðuna: „Mér sýnist þess vegna að þessi frumvörp fái engu um þá stöðu breytt sem hér er komin upp á þessu fiskveiðiári."

Það var ekki hægt að skilja hæstv. sjútvrh. öðruvísi en það væri ekki rétt fyrir þingið að eyða neinum tíma í þetta. Það var búið að ákveða að gera ekki nokkurn skapaðan hlut í málinu. Mér skilst að stjórn Hagræðingarsjóðs hafi ákveðið að veita fiskiskipum forkaupsrétt í samræmi við núgildandi lög þrátt fyrir það að frv. um breytingar liggi fyrir þinginu nú, þrátt fyrir það að ríkisstjórnin hafi lýst því yfir að hún ætli að grípa til ráðstafana í þessu sambandi. Stjórn sjóðsins veit ekki hver afdrif þessara frv. verður og stjórn sjóðsins hefur engar upplýsingar um frekar en hæstv. sjútvrh. hvað Byggðastofnun og hæstv. forsrh. ætla að gera í þessu efni. Það væri lágmark af stjórninni að bíða með slíkar ákvarðanir þar til annaðhvort liggur fyrir hvað Alþingi gerir eða það liggur fyrir hvað ríkisstjórnin ætlar að gera.

Að mínu mati getur stjórnin ekki tekið slíka ákvörðun og ég á ekki von á því að þótt hún hafi verið tekin hafi nokkurt bréf verið sent út. Ég trúi því vart að þeir sem sitja í stjórn Hagræðingarsjóðs og stjórn Fiskveiðasjóðs ætli að sýna það geðleysi að senda slík bréf út án þess að vita nokkurn skapaðan hlut. Við hljótum jafnframt að krefjast þess að hæstv. forsrh. sýni þinginu þá virðingu að vera viðstaddur umræðuna og hlusta á það sem hér fer fram. Það hefur verið upplýst af hæstv. sjútvrh. að hann viti ekki hvað forsrh. er að gera. Það veit enginn hvað hann ætlast fyrir í þessu máli og þetta mál er greinilega í hans höndum. Ég geri þá kröfu, hæstv. forseti, að forsrh. verði þegar kallaður til því það er tilgangslaust að halda áfram með þessa umræðu nema hann sé hér því hæstv. sjútvrh. getur engin svör veitt.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti mun gera ráðstafanir til þess að hæstv. forsrh. verði kallaður til þings.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo að stjórn Fiskveiðasjóðs sem fer með málefni Hagræðingarsjóðs ber að fara að lögum. Gildandi lög í landinu mæla fyrir um það að hún skuli bjóða kvóta Hagræðingarsjóðs með forkaupsrétti til kvótahafa þegar í byrjun fiskveiðiárs og stjórnin getur ekki á nokkurn hátt aðhafst með öðrum

hætti en að fylgja eftir gildandi lögum. Ég tel að það sé ómaklega vegið hér að stjórnarmönnum í Fiskveiðasjóði með þeim athugasemdum sem hv. 1. þm. Austurl. gerði hér. Þeir geta ekki sem í stjórninni sitja farið eftir frumvörpum sem fyrir liggja á Alþingi, jafnvel þó að einhverjir þeirra kunni að vera þeim sammála. Það er vitað mál að sumir fulltrúar sem sitja í stjórn Fiskveiðasjóðs eru fulltrúar samtaka sem hafa ályktað um það efni að nota bæri Hagræðingarsjóðinn í þeim tilgangi að jafna þorskveiðiáfallið. Þótt þeir hafi haft þessa skoðun og séu fulltrúar samtaka sem hafa slíka skoðun þá sitja þeir í stjórn og ber lögum samkvæmt að fara að þeim lögum sem um þá stofnun gilda og það er ekki hægt að segja þeim það til álitshnekkis eða áfellis.

Flm. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að þegar svo stendur á sem nú að frv. liggja fyrir Alþingi og ríkisstjórn hefur lýst því yfir að hún ætli að grípa til ráðstafana og margir stjórnarþingmenn hafa lýst yfir stuðningi við slíkar aðgerðir, þá eigi stjórnin að bíða. Í lögunum stendur: Í upphafi fiskveiðiárs. Það er engin dagsetning. Það stendur ekki að það skuli gert fyrir lok septembermánaðar. Ég tel að stjórnin hafi ekki þær skyldur að gera það nú þegar heldur geti hún beðið og ég tel að hæstv. sjútvrh. eigi að beita sér fyrir því. Ætlar stjórn Fiskveiðasjóðs síðan að taka því þegjandi þegar forsrh. kemur og segir að Fiskveiðasjóður eigi að borga helminginn af þessu? Það er nauðsynlegt fyrir stjórnina að gera sér grein fyrir endalokum málsins áður en farið er út í þetta. Ég endurtek að ég trúi því vart að hún muni gera þetta. Ég ætlaði ekki að vega ómaklega að henni, það má vel vera að ég hafi gert það. (**Forseti:** Ég verð að minna hv. ræðumann á að ræðutíma hans er lokið.) Ég trúi því vart heldur að hæstv. sjútvrh. vilji standa að málinu með þessum hætti.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðstæður eru einfaldlega þannig að lög mæla fyrir um hvenær og hvernig skuli bjóða aflaheimildir Hagræðingarsjóðs til kaups. Það varð ekki samkomulag um það innan ríkisstjórnarinnar að gera hér á breytingar og Alþingi hefur ekki haft ráðrúm til að taka afstöðu til þess máls. Við slíkar aðstæður hljóta stjórnarmenn í Fiskveiðasjóði, sem fara með þessi mál, að fara að gildandi lögum. Það ítreka ég.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hafa fallið mjög alvarleg orð og mikil tíðindi orðið að mínu mati. Ég tel að það sé í fyrsta lagi óhjákvæmilegt að hæstv. forsrh. komi til fundar og tek undir óskir hv. 1. þm. Austurl. um það. Það er helst svo að skilja á hæstv. sjútvrh. að forsrh. fari nú með meiri hlutann af sjávarútvegsmálum í þessu ráðuneyti. Það er auðvitað nauðsynlegt að hafa fagráðherrann hér á fundinum.

Í öðru lagi vil ég láta þá skoðun mína koma fram að það er óhjákvæmilegt að sjútvn. Alþingis hittist strax í fyrramálið og taki þetta mál fyrir af þeirri einföldu ástæðu að meiri hluti sjútvn. Alþingis gerði sérstaka samþykkt í sumar sem ég vænti að a.m.k. hv. formaður og varaformaður þeirrar nefndar muni eftir. Ég var á þeim fundi og það var skilningur minn að þeim tilmælum ætti að beina til hæstv. ríkisstjórnar að engum dyrum yrði lokað varðandi ráðstöfun á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs fyrr en niðurstaða væri fengin í þetta mál, bæði hvað varðar vinnu Byggðastofnunar og eins þær hugmyndir sem vitað var að fjölmargir þingmenn, úr stjórnarandstöðu að sjálfsögðu og líka stjórnarliðar, höfðu um að nauðsynlegt gæti verið að sjútvn. eða Alþingi sjálft tæki á þessu máli. Mér býður í grun að það sé a.m.k. skoðun formanns hv. sjútvn. að til þess geti komið, ef ríkisstjórn kemur ekki með neitt sem að gagni má verða, að sjútvn. og Alþingi verði sjálft að taka á málunum. Það þarf að fá hér samþykktina frá því í sumar og lesa hana upp í umræðunni svo menn átti sig á því samhengi.

Hæstv. sjútvrh. upplýsir að engin niðurstaða sé fengin í þetta mál af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Ég tek undir að það er engin knýjandi nauðsyn, það liggja engar haldbærar lagaskýringar frammi gagnvart því að stjórn Hagræðingarsjóðs eða Fiskveiðasjóðs hafi orðið að taka þessa ákvörðun í dag, sama dag og þessi frv. koma til umræðu á Alþingi. Alþingi getur að sjálfsögðu breytt þessum lögum. (**Forseti:** Ég verð að tilkynna hv. þm. að ræðutíma hans er lokið.) Þá lýkur ræðumaður máli sínu, hæstv. forseti, en ég ítreka óskir mínar sem voru jafnframt óskir hv. 1. þm. Austurl. um að forsrh. verði kallaður tafarlaust hér til umræðunnar.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Mér er ljúft að upplýsa hv. þm. um að ég hef þegar gert ráðstafanir til þess að hæstv. forsrh. verði kallaður til þings. Ég sé það að hann er ekki í húsinu og starfsfólk þingsins er að vinna að því núna.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst upplýsa að gefnu tilefni að það er vitaskuld algjör tilviljun að löngu boðaður fundur í stjórn Fiskveiðasjóðs á þessum degi skuli hafa verið haldinn sama dag og þessi umræða fer fram. Ákvörðun um að halda þann fund var tekin löngu áður en ákveðið var að þessi mál væru til umfjöllunar hér í dag. Hér er því um hreina tilviljun að ræða.

Að því er varðar aðrar athugasemdir hv. 4. þm. Norðurl. e. vil ég aðeins segja það að ég svara hér að sjálfsögðu fyrir þau málefni sem sjútvrn. fer með. Tekin var um það ákvörðun að þetta sérstaka viðfangsefni skyldi ekki leyst innan ramma fiskveiðilöggjafarinnar heldur af Byggðastofnun. Sjútvrn. fer, eins og hv. þm. vita, ekki með málefni Byggðastofnunar.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Ég held það verði að fást upp dregið eitthvert línurit af hinni nýju verkaskiptingu innan Stjórnarráðs lýðveldisins sem hér er í raun bersýnilega í gangi í ríkis-

stjórninni. Það féllu jafnframt mjög merkileg ummæli áðan hjá hæstv. sjútvrh. á þá leið að Alþingi hefði ekki haft ráðrúm enn til að taka á þessum málum og átti þá væntanlega við þau frv. sem hér liggja fyrir. Nú förum við fram á það, hæstv. sjútvrh., að það ráðrúm verði skapað. Ég fer fram á það við hæstv. sjútvrh. að hann hafi tafarlaust í fyrrmálið samband við stjórn Hagræðingarsjóðs og óski eftir því að hún aðhafist ekkert út þessa viku svo Alþingi geti tekið þetta mál fyrir í fagnefnd og þess vegna afgreitt það ef svo ber undir hér fyrir vikulokin. Það væri vandræðalaust, tæknilega séð, að ljúka umfjöllun um þetta og setja hér ný lög sem tækju á þessu máli og afgreiddu það fyrir helgi ef vilji er til. Það er augljóst mál að stjórn Hagræðingarsjóðs mun ekki telja sig seka gagnvart því að framkvæma ekki lögin ef hún fær tilmæli frá hæstv. sjútvrh. með vitund Alþingis um að bíða með þetta í nokkra daga.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég greindi frá var það að stjórn Fiskveiðasjóðs hefur í dag á fundi sínum tekið um það ákvörðun að bjóða kvótahöfum þessar aflaheimildir til kaups svo sem lögin mæla fyrir um. Sú ákvörðun var formlega tekin í dag.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en tekið undir það að ég lýsi eftir hæstv. forsrh. Þótt ég sakni skoðana hans ekki úr þessari umræðu hafa þær legið hér eins og þung mara yfir henni og eiginlega hamlað okkur töluvert.

Ég vil jafnframt benda á það að ef völdin í þessu máli liggja hjá sjútvrh. er nú ráðrúm til þess að sýna það. Enn hafa engin bréf farið frá stjórn Fiskveiðasjóðs svo nú reynir á að sýna það að hægt sé að taka ákvörðun. Ég bendi jafnframt á það að þingmenn, og það á líka við um ráðherra, eru aðeins bundnir af samvisku sinni. Við höfum heyrt hæstv. sjútvrh. benda á í fyrsta lagi að ríkisstjórnin hafi ekki komið með nein úrræði. Í öðru lagi að hann sé sammála hugmyndum okkar sem viljum nýta Hagræðingarsjóð á þann hátt sem hefur komið fram í umræðunni. Í þriðja lagi að hann hafi stutt okkur í fleiri hugmyndum og nefni ég þá Verðjöfnunarsjóð og átt samstöðu með okkur. Ég hlýt að draga þá ályktun að hann standi með okkur. Ég bið um staðfestingu á því og okkur ætti ekki að vera neitt að vanbúnaði ef svo er vegna þess að hér átti ég von á að yrði breið samstaða og ég get ekki séð annað en að hún geti orðið það.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ummæla hv. 9. þm. Reykn. vil ég aðeins segja það að samviska mín býður mér að framkvæma gildandi lög, annað get ég ekki gert samvisku minnar vegna.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bendi hæstv. ráðherra á það, sem hann hlýtur raunar að hafa tekið eftir nú þegar, að það getur hann einmitt gert. Hann getur farið að lögum og jafnframt framkvæmt með þeim hætti sem við segjum til um í frumvörpunum. Það að fresta því að senda út bréf getur jafnframt þýtt að þau lög sem e.t.v. verða í gildi í vikulok, ef þessi frv. verða samþykkt, munu gilda.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Vegna fyrirspurnar frá hv. þm. um komu hæstv. forsrh. getur forseti upplýst að hann hefur þegar gert ráðstafanir til að koma boðum til hæstv. forsrh. Forseti á von á því að hæstv. ráðherra komi. Það gætu þó liðið nokkrar mínútur þangað til það verður en ég vænti þess að hann komi áður en langt um líður.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegur forseti. Fyrr í kvöld hélt hv. þm. Finnur Ingólfsson ágæta ræðu. Hann hlóð miklu lofi á hæstv. sjútvrh. og í miðri ræðu sinni virtist sem það rynni upp fyrir þingmanninum að hæstv. ráðherra er ekki einungis yfirmaður sjávarútvegsmála heldur líka dómsmála. Hann varpaði fram þeirri kenningu að sennilega væri hann í ríkisstjórn til þess að hafa hina ráðherrana í eins konar gæsluvarðhaldi. Nú er það svo að sé þessi kenning rétt mætti sennilega segja, miðað við það sem aðrir þingmenn hafa sagt hér í kvöld, að fangarnir hafi gert uppreisn og náð völdum.

Hins vegar skjöplaðist hv. þm. Finni Ingólfssyni. Hann gleymdi því nefnilega að ráðherrann gegnir líka öðru embætti. Hefði hann munað eftir því hefði hann sennilega beðið um að hæstv. dóms.- og kirkjumrh. mundi biðja fyrir þeim.

Það er auðvitað ljóst að það eru að verða kaflaskipti í íslenskum sjávarútvegi. Nú eru fyrir dyrum mjög erfið ár. Klakið í sjónum hefur misfarist áttunda árið í röð. Það er óneitanlega svo að þegar staða þorskstofna er orðin eins og hún er í dag þá er ljóst að umtalsverður samdráttur hlýtur að verða. Þetta var að sjálfsögðu komið fram í sumar og varð tilefni þeirrar umræðu sem hér fer fram í kvöld. Þau svæði sem verst urðu úti voru vitaskuld þau sem voru mest háð þorskveiðum. Svo vildi til að vegna aflasamsetningar kom skerðingin einna minnst niður í Reykjavík og í Vestmannaeyjum en verst niður á ýmsum stöðum á Vestfjörðum og á Norðausturlandi. Vitaskuld sköpuðust miklar umræður um það hvernig væri hægt að bregðast við þessari skerðingu. Sjútvrh., sem næstum því hver stjórnarandstæðingur á fætur öðrum hefur hlaðið miklu lofi á, brást m.a. svo við að hann ákvað í krafti embættis síns að heimila auknar aflaheimildir á ýmsum tegundum öðrum en þorski. Ég held að það hafi verið afskaplega viturleg ráðstöfun og ég tel að sagan eigi eftir að leiða í ljós að hún muni standast vegna þess að grönn skoðun á skýrslu Hafrannsóknastofnunar bendir einfaldlega til þess að menn þar hafi verið afar varfærnir í ýmsum útreikningum sínum á öðrum stofnum. Það er líka svo að það er þrátt fyrir allt mjög

gott árferði í sjónum. Fyrir utan þorsk eru svo að segja allir stofnar á uppleið. Við það bætist að með ýmsum mikilvægum nytjastofnum eins og t.d. ufsa er að bætast góð búbót með flökkufiski norðan úr Barentshafi.

Ég taldi, þegar á þessum tímamótum var staðið og það var ljóst að þorskveiðar mundu ekki einungis minnka næsta ár heldur nokkur ár í röð, að það væri eðlilegt að reyna að létta sjávarútveginum þetta með því að taka þennan umframafla, sem hæstv. sjútvrh. heimilaði, og beita honum til að jafna skerðinguna. Ég var líka aðili að þessari samþykkt í sjútvn., sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson las hér upp áðan, þar sem m.a. var talað um að allra leiða skyldi leitað til að jafna þessa skerðingu. Ég gerði skoðanir mínar mjög ljósar í fjölmiðlum. Ég gat þess m.a. eins og hv. þm. Halldór Ásgrímsson las hér áðan að ég væri undir engum kringumstæðum reiðubúinn að skerða Hagræðingarsjóð. Ég vil að sú skoðun mín komi hér fram. Ég tel að það komi ekki til greina að reyna að svipta brott þeim stoðum sem standa undir sjóðnum. Við höfum markað þá stefnu að láta Hagræðingarsjóðinn standa straum af hafrannsóknum, m.a. til þess í fyrstu að kosta starfsemi Hafrannsóknastofnunar. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að ef menn ætla sér að breyta Hagræðingarsjóði verði það gert með þeim hætti að það eigi fremur að marka honum meiri tekjustofna til þess að hann geti sinnt úreldingarþætti sínum og jafnframt sinnt í framtíðinni til að mynda kortlagningu, tilraunaveiðum og vinnslu á nýjum tegundum.

Ég tel, virðulegur forseti, eins og þetta mál er hér fram komið, að það sé nauðsynlegt að fara víðar yfir sviðið en líta einungis á Hagræðingarsjóð. Ég vil hins vegar að sú skoðun mín komi hér fram að ég tel að það sé nokkuð óheppilegt hvernig búið er að slá Hagræðingarsjóð inn í iðu þessarar umræðu, gera hana að miðdepli umræðunnar. Eins og hv. þm. Finnur Ingólfsson benti á fyrr í kvöld eru einungis 6.000 þorsktonn í þessum sjóði. Þetta er nánast dropi í það ómælishaf sem erfiðleikar sjávarútvegsins eru. (**Gripið fram í:** Tólf þúsund.) 12.000 þorskígildistonn, þar af eru 6.000 þorskur. Það hefur komið fram í þessari umræðu að menn hafa miklar efasemdir um það að aðrar tegundir muni nýtast jafn vel og þorskur og þess vegna dreg ég þetta sérstaklega fram. Það er svo í dag að afkoma veiða og vinnslu er óviðunandi. Framtíðin sem blasir við er ekki mjög góð.

Þjóðhagsstofnun telur að greinin í heild sé rekin með halla sem nemur 1,4% og þar af eru botnfiskveiðarnar að tapa 2,3%. Ef við tökum frystitogarana út úr dæminu er tapið á báta- og togaraflotanum u.þ.b. 6,8%. Vinnslan stendur hins vegar enn þá í járnum en henni er því miður spáð algjörum umskiptum til hins verra á næsta ári. Hallarekstrinn sem Þjóðhagsstofnun gefur upp fyrir sjávarútveginn í dag, 1,4%, segir ekki nema hluta sögunnar. Eins og þingmenn hafa drepið á hér í kvöld samþykkti Alþingi fyrr á árinu lög sem leiddu til tímabundinnar stöðvunar á inngreiðslum í Verðjöfnunarsjóð. Jafnframt var greidd út hlutdeild þeirra fyrirtækja sem áttu inneign í sjóðnum til þess að mæta vanskilum og draga þannig úr óhóflegri vaxtabyrði. Þessi ráðstöfun ein sér, sem einungis hefur tímabundið gildi, hefur bætt afkomu greinarinnar um 4%. Þegar horft er fram hjá þessum tímabundnu aðgerðum blasir það við að raunverulegt tap greinarinnar er 5–6%. Eini þáttur greinarinnar sem býr við bærilega afkomu eru frystitogararnir sem Þjóðhagsstofnun metur að séu reknir með 11% hagnaði. Ef frystitogararnir eru undanskildir stappar nærri að heildartap greinarinnar sé um 8%. Dæmið er samt öllu verra.

Við vitum að innlendar skuldir greinarinnar losa u.þ.b. 30 milljarða. Í hörðu ári, eins og núna, aukast vitaskuld vanskil þeirra fyrst. Fyrirtækin bregðast við með því að reyna að fleyta sér áfram í auknum mæli með skammtímalánum og afleiðingin verður sú að innlendir vextir og dráttarvextir vega mun meira í heildarbyrðinni en ella. Raunsætt mat leiðir til þeirrar óhjákvæmilegu niðurstöðu að greiðsluvextir greinarinnar í dag eru mun hærri en þeir 6% raunvextir sem Þjóðhagsstofnun byggir sína útreikninga á.

Mat þeirra manna sem hafa komið til okkar í hv. sjútvn. er til að mynda það að sökum þessa munar sé raunveruleg vaxtabyrði 2–3% meiri en Þjóðhagsstofnun telur. Það má ugglaust deila um þetta. Ég veit af samtölum mínum í dag við forstöðumenn Þjóðhagsstofnunar að þeir eru þessu ósammála. Ég hallast hins vegar frekar að því eftir að hafa skoðað þetta mál að talsmenn greinarinnar hafi réttar fyrir sér. Ætli það sé ekki einhver millivegur þarna á milli? Ef við tökum tillit til þessa má áætla að raunverulegt rekstrartap í dag sé meira en Þjóðhagsstofnun telur og kunni að losa á ársgrundvelli 9–10% ef við tökum frystitogarana út úr dæminu.

Menn geta auðvitað farið vítt um til að leita skýringanna. Það er athyglisvert finnst mér að þegar hv. þm. stjórnarandstöðunnar reyna að grafa eftir skýringum staðnæmast þeir vanalega fyrst og fremst við gengis- og vaxtastefnu stjórnarinnar og vilja kenna henni um það. Ég tel að málið sé ekki svona einfalt. Ég tel að það sé erfitt að saka stefnu núv. ríkisstjórnar og þeirrar síðustu um að eiga að þessu leyti sök á ástandinu. Við getum til að mynda litið á þróun raungengisins sem þingmenn Framsfl. hafa gert hér nokkuð að umræðuefni og það með réttu. Halldór Ásgrímsson gat þess að miðað við árið 1990 hefði raungengið breyst um 3% á mælikvarða verðlags. En við getum hins vegar tekið aðrar viðmiðanir. Raungengið í dag er ívið hærra en það var að meðaltali á síðasta áratug. Ef við höldum okkur við mælikvarða verðlags er það 1,7% hærra en það var á milli 1980 og 1992. Það er hins vegar 3,3% lægra en árið 1987 og heilum 8% lægra en 1988. Á mælikvarða launa er munurinn meiri. Ég vil líka geta þess af því að menn eru að saka ríkisstjórnina og gengisstefnu hennar um að eiga verulega sök á vandanum að um þessar mundir er búið að skapa þannig skilyrði í verðlagsmálum innan lands að verðbólgan er talsvert lægri en í samkeppnislöndunum sem ætti auðvitað að þrýsta raungenginu niður á við fremur en hitt.

Ef við lítum svo á vextina þá er það svo að raunvextir á gengistryggðum lánum hafa lækkað síðustu tvö

ár. Nýjustu teikn og nýjustu fréttir frá því í dag benda til þess að sú þróun muni halda áfram. Gengistryggðar skuldir sjávarútvegsins eru einhvers staðar á bilinu 64–68% svo lægri vextir af þeim skipta verulegu máli. Ég nefni það t.d. að vextir af útlánum Fiskveiðasjóðs hafa lækkað úr 9,5% frá því í febrúar niður í 8,95% í dag. Það munar um þetta. Vextir verðtryggðra innlendra lána hafa lækkað síðan í fyrra. Þeir eru hins vegar 0,6% hærri en 1990. Raunvextir af öðrum lánum hafa hækkað örlítið frá því í fyrra. Þjóðhagsstofnun, eins og ég sagði áðan, metur það svo að raunvextir af heildarskuldum séu 6%. En ég er þeirrar skoðunar, og ég er sammála talsmönnum greinarinnar um það að vaxandi erfiðleikar hennar hafa leitt til þess að greiðsluvextir eru talsvert meiri og umfram þessa tölu. Ég tel hins vegar að þessar upplýsingar og viðmiðun við síðustu ár, m.a. síðustu ár fyrri ríkisstjórnar, sýni að vaxtaþróun á skeiði þessarar ríkisstjórnar hafi ekki skipt sköpum um afkomuna í greininni. Ég vil líka geta þess, vegna þess að við höfum verið að tala hérna um báta- og togaraflotann og ég gat þess að tapið af honum væri áætlað um 6,8%, að því má bæta við að olíukostnaður sem er afar mikilvægur liður í rekstri flotans hefur lækkað talsvert. Meiri hluti skipanna er knúinn af gasolíu og frá síðasta ári hefur hún lækkað um hvorki meira né minna en 18–19%. Ég tel því að það sé mjög erfitt að kenna þessum þáttum um hina slæmu stöðu greinarinnar.

Ég er þeirrar skoðunar að vandinn sé fyrst og fremst tvíþættur. Í fyrsta lagi hefur aflinn minnkað verulega, ekki bara núna á milli 1992–1993 heldur ef við horfum aftur um síðustu árin. Ef við horfum t.d. til þess afla sem við höfðum 1989 og 1992 þá er það svo að samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun hafa minni veiðiheimildir þessara síðustu þriggja ára leitt til versnandi afkomu sem nemur 4%. Miðað við sama aflamagn og 1989 væri greinin í dag rekin með svolitlum hagnaði.

Ég hef drepið hér sérstaklega á veiðarnar og mig langar að koma hér með upplýsingar sem ég tel merkilegar og varða það hvernig samdráttur í afla hefur leikið afkomu botnfiskveiðanna. Frá 1989 hefur botnfiskaflinn dregist meira saman en sem nemur heildarafla á þessum tíma og aflasamdrátturinn einn samkvæmt upplýsingum, sem ég fékk í dag frá Þjóðhagsstofnun, hefur leitt til þess að afkoma veiðanna hefur rýrnað um hvorki meira né minna en 8–9% miðað við áætlaðan afla 1993. Þar af svarar áætlaður samdráttur á milli 1992 og 1993 2%. Hvað þýðir þetta? Það þýðir að ef við færum í dag að veiða sama magn og 1989 væru botnfiskveiðarnar reknar með drjúgum hagnaði eða sem næmi í kringum 6%. Þetta finnst mér varpa nokkuð öðru ljósi á vanda greinarinnar og hina bágu afkomu hennar en hefur komið fram í umræðunum hér í kvöld.

Ég gæti í framhaldi af þessum upplýsingum dregið þá ályktun að það væri fyrst og fremst samdráttur í afla sem hefði leitt veiðarnar í þær ógöngur sem þær eru nú staddar. Ég tel aldeilis fráleitt að ætla að skella þeirri skuld allri á núv. ríkisstjórn. Máttur hennar og dýrð er að vísu mikil en hún hefur ekki enn náð valdi á tímgun fiska og vexti þeirra í sjónum.

Í öðru lagi vil ég segja það að vandi sjávarútvegsins stafar af óhóflegum skuldaklyfjum sem offjárfesting síðasta áratugar hefur bundið greininni. Með minnkandi framlegð vegna minnkandi afla ræður hún alls ekki við að greiða lengur af þessum skuldum. Offjárfestingin hefur birst í allt of stórum flota og allt of mörgum vinnslustöðum miðað við veiðanlegan afla. Kostnaðurinn við að sækja veiðina og við að vinna aflann verður þess vegna allt of mikill og miðað við fyrirsjáanlegan afla á næstu árum er þannig í rauninni búið að byggja varanlegan taprekstur inn í kerfið miðað við óbreytta stöðu. Það er einfaldlega svo að það eru of mörg skip að veiða of fá tonn. Það eru of mörg vinnsluhús að vinna of lítinn afla.

Því miður er það staðreynd að þrátt fyrir afar bága afkomu allan síðasta áratug með nokkrum undantekningum þá kepptust menn í sjávarútvegi við að fjárfesta hver um annan þveran. Ég nefni árin 1988 og 1989. Þau voru sjávarútveginum mjög erfið og árið 1988 sennilega eitt alversta rekstrarár áratugarins. Á þessum tveimur árum var samt fjárfest um samanlagt 7,3 milljarða kr., þar af í fiskvinnslunni fyrir 1,5 milljarða fyrra árið og 4,3 milljarða kr. hið síðara. Í dag eru heildarskuldir greinarinnar um 95 milljarðar. Árlegar tekjur eru ekki áætlaðar nema á milli 75 og 80 milljarðar kr. Eins og menn þekkja úr fyrirtækjarekstri er það talið nálgast hættumörk í rekstri hefðbundinna fyrirtækja ef skuldir ná því að verða jafnmiklar og árlegar tekjur. Miðað við þetta er sjávarútvegurinn í dag kominn langt út fyrir ystu mörk. Ég held að það sé erfitt að kenna núv. ríkisstjórn um þetta. Ég held að þetta stafi af skipulagsleysi sem á rætur að rekja til síðasta áratugar. Ég vil líka að við gefum því örlítinn gaum, og það styður það sem ég er að segja, að síðasta áratug stóð botnfiskafli í stað þrátt fyrir sveiflur milli einstakra ára. Fiskverð fór eigi að síður mjög hækkandi á mörkuðum okkar erlendis svo það er ekki hægt að draga aðra ályktun en þá að vaxandi skuldir eru fyrst og fremst skapaðar af of mikilli fjárfestingu og þar með rangri stjórnun í greininni, frá því á síðasta áratug ekki síst.

Því er svo við að bæta að fiskvinnslan býr við sérstakan vanda sem felst í því að hráefnisverð á erlendum mörkuðum hefur hækkað langt umfram hækkanir á afurðum erlendis. Þjóðhagsstofnun metur það svo að hvert kíló af slægðum botnfiski hafi frá ársbyrjun 1990 og fram á þetta ár hækkað um 22–24%. Á sama tíma hefur útflutningsverð á botnfiskafurðum ekki hækkað nema um 8%. Í skýrslu sjútvrn. frá því í maí á þessu ári er sett fram sú þumalfingursregla að hækkun á hráefnisverði um 10% leiði til þess að afkoma vinnslunnar versni um 5,6%. Samkvæmt þessu hefur hækkunin á hráefnisverði vinnslunnar rýrt afkomu hennar á þessum tíma um 6–9%. Þarna er því um ákveðinn tekjuskiptingarvanda að ræða í greininni sem virðist vera nokkuð erfitt að eiga við í dag.

Ég tel að ef menn ætla að setja fram lausnir sé það ljóst að framtíð greinarinnar verður aldrei tryggð fyrr en búið er að vinda ofan af þeirri offjárfestingu sem er

til staðar í sjávarútveginum og létta þar með skuldaklyfjunum af greininni. Án þess mun hún halda áfram að sökkva. Það verður að fækka skipum, tel ég, en einkum og sér í lagi tel ég að það verði að fækka einingum í vinnslunni. Og undir þetta, virðulegi forseti, taka raunar margir ágætir þingmenn stjórnarandstöðunnar. Formaður þingflokks Kvennalistans telur t.d. þörf á að fækka fyrirtækjum í sjávarútvegi. Þannig sagði hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir í grein í Morgunblaðinu 22. júlí, með leyfi forseta:

„Jafnframt er ljóst að of mörg sjávarútvegsfyrirtæki eru að slást um of lítinn afla enda verður að fækka þeim þannig að einhver þeirra standist hretið."

Það er því ljóst að formaður þingflokks Kvennalistans er þeirrar skoðunar að það sé forsenda þess að sjávarútveginum verði bjargað og einhver fyrirtæki hans standist hretið að greinin verði með einhverjum hætti grisjuð. Þingmaðurinn er reyndar kjarkmeiri en margir aðrir. Hún leyfir sér að hugsa það upphátt sem aðrir hafa einungis þorað að gera í leyndum huga síns. Hún spyr í sömu grein, með leyfi forseta: (**Gripið fram í:** Ertu sammála henni?)

„Það virðist því komið að skuldadögum og við hljótum að spyrja okkur af fyllstu alvöru hvort þjóðarframleiðslan standi undir jafndreifðri byggð og nú er í landinu."

Hér stígur einn af oddvitum stjórnarandstöðunnar fram á sviðið og spyr hvort það sé skynsamleg byggðastefna að halda uppi þeirri dreifðu byggð sem nú er í landinu miðað við þann samdrátt sem fyrirsjáanlegur er í þjóðarframleiðslu vegna samdráttar í nytjastofnum þjóðarinnar.

Hér, virðulegi forseti, er gengið lengra en nokkur stjórnarsinni hefur gert í umræðum um þann vanda sem áföll í sjávarútvegi skapa þjóðinni því hér er ekki einungis rætt um grisjun fyrirtækja í sjávarútvegi, virðulegur forseti. Hér er í fyrsta skipti spurt að því í þessum sölum frá því ég kom hingað — og það er athyglisvert að þar er á ferðinni formaður þingflokks eins af stjórnarandstöðuflokkunum — hvort ekki sé nauðsynlegt að grisja hinar dreifðu byggðir. Þeirri spurningu ætla ég ekki að svara, virðulegur forseti, en ég er hjartanlega sammála hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að því leyti að ég tel fækkun eininga í sjávarútvegi höfuðnauðsyn eigi greinin að eignast lífvænlega framtíð. Og þá má spyrja: Hvernig á að fækka einingunum?

Hv. þm. Jóhann Ársælsson svaraði þeirri spurningu fyrir sitt leyti, og þá væntanlega Alþb., í umræðum um skýrslu sjútvrh. um vanda sjávarútvegsins hér á hv. Alþingi 11. maí sl. Ég spurði hann þá úr þessum stól hvort hann vildi standa að því að fækka þeim. Í svari hans kom fram að hann teldi vinnslugetuna of mikla og hans leið til að fækka vinnslustöðvum kom fram í eftirfarandi svari, með leyfi forseta:

„Um það hvernig eigi að fækka einingum í sjávarútvegi get ég sagt alveg hreint út: Það eiga menn að sjá um sjálfir. Ríkið á ekki að skipta sér af því hve margir verka fisk á Íslandi."

Ég get ekki, virðulegur forseti, dregið aðra ályktun af þessu svari Alþb. en eftirfarandi: Þegar staðhæft er að menn eigi sjálfir að sjá um að hætta og fækka þannig einingum í vinnslunni og ríkið eigi ekki að skipta sér af því, eins og þingmaðurinn sagði ótvírætt fyrir hönd síns flokks, þá eru menn ekki að tala um neitt annað en það sem kallað hefur verið gjaldþrotaleið. Gott og vel. Hún kann að reynast nauðsynleg í sumum tilvikum. En ég er þeirrar skoðunar að það eigi eftir fremsta megni að reyna að aðstoða fyrirtæki til að hætta og draga þannig úr þeirri umframgetu sem er að finna í greininni. Hins vegar er alveg tómt mál að tala um það, eins og þjóðarbúið stendur í dag, að finna það fjármagn annars staðar en innan greinarinnar sjálfrar og undir það hafa reyndar margir talsmenn sjávarútvegsins tekið. Svo vill til að það kann að vera hægt að finna fjármagn innan hennar á næstu árum. Það er að minnsta kosti mín skoðun, og við erum hér að ræða um Hagræðingarsjóð, og ég tel að þá komi til kasta margefld Hagræðingarsjóðs, sem ég tel að eigi að styrkja verulega, þannig að hann geti í raun og veru staðið undir nafni sínu, sjóður hagræðingarinnar.

Við jafnaðarmenn höfum sett fram hugmyndir um veiðigjald sem eru ekki ýkja vinsælar nema e.t.v. hjá hluta þingflokks Kvennalistans. Það er auðvitað svo að miðað við núverandi stöðu sjávarútvegs er erfitt að ætla sér að taka af honum fé í formi veiðigjalds eða aflagjalds til þess að standa straum af nauðsynlegu hagræðingarátaki innan greinarinnar sjálfrar. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að þær hugmyndir sem við höfum sett fram um veiðigjald byggjast ekki á að veiðigjald verði sett á samstundis af fullum þunga. Þess í stað hefur Alþfl. lagt fram þá hugmynd að gjaldið verði tengt rekstrarafkomu greinarinnar þannig að það komi ekki til áhrifa á greinina sem heild fyrr en hún hefur siglt út úr þeim vanda sem hún er í og farin að skila arði aftur. Við höfum jafnframt sagt að veiðigjaldið eigi ekki að koma til áhrifa nema yfir mjög langan tíma og við höfum nefnt 10 ár eða jafnvel meira í því sambandi.

En mig langar líka að benda á það, virðulegi þingheimur, að innan sjávarútvegsins eru burðarásar sem eru í dag þrátt fyrir þá óáran sem ríkir í þjóðarbúinu og greininni, burðarásar sem eru að skila drjúgum hagnaði. Ég minni á frystitogarana sem hafa árum saman skilað góðum hagnaði og sem spáð er vaxandi hagnaði á allra næstu árum. Nú liggur líka fyrir að fjölmargir nýir frystitogarar eru að bætast við flotann. Ég tel það ekki jákvæða þróun og ég held að fæstir í þessum sölum telji það. Ég tel að þessi þróun kunni að skerða vaxtarmöguleika í ýmsum öðrum greinum sjávarútvegs. Þess vegna tel ég fyllilega réttmætt og viðeigandi að varpa fram þeirri spurningu hvort ekki sé hægt að ná sátt um það að setja með einhverjum hætti veiðigjald á frystitogarana.

Fyrr í kvöld hafa menn rætt þann aðstöðumun sem er á vinnslu úti á sjó um borð í frystitogurum og hins vegar í landi. Þetta veiðigjald, sem ég er hér að leggja til á frystitogara, gæti samsvarað þeim mun sem er á aðstöðu frystitogaranna og vinnslunnar í landi. En við vitum að hann er verulegur. Slíkt gjald mundi jafna þennan aðstöðumun sem er annars vegar á vinnslunni

úti á sjó og hins vegar í landi. Eins og við vitum, og eins og hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir veit, þá er þessi aðstöðumunur í vaxandi mæli að hrekja vinnsluna alla á haf út. En um leið og aðstöðumunur þessara tveggja vinnslugreina yrði jafnaður með þessum hætti yrðu til fjármunir sem færu ekki úr greininni heldur yrðu notaðir innan hennar til að standa straum af hagræðingarátaki í sjávarútvegi, bæði með því að stuðla að úreldingu innan veiðanna jafnt sem vinnslunnar, en jafnframt líka að standa undir kostnaði við tilraunaveiðar á nýjum tegundum eða vannýttum tegundum.

Ég teldi eðlilegast að þetta gjald rynni inn í Hagræðingarsjóðinn og hlutverk hans yrði með lögum víkkað út þannig að með auknum tekjum mundi hann ekki aðeins sinna úreldingu skipa, heldur mætti einnig íhuga að láta Hagræðingarsjóðinn aðstoða vinnslustöðvar til að hverfa úr rekstri án gjaldþrota. Sömuleiðis yrði það þá lögbundið hlutverk hans að styðja við kortlagningu og tilraunaveiðar vannýttra tegunda.

Vegna þess að ég veit hversu vinsælt umræðuefni veiðigjald er í þessum sölum þá vil ég halda áfram á þessari braut sem ég er nú staddur á. Ég tel að hægt væri að koma fram með aðra hugmynd um veiðigjald sem einnig yrði nýtt til að hagræða innan greinarinnar sem færi ekki út úr greininni. Það er vitaskuld von okkar allra, að sem allra fyrst takist að ná upp þeim nytjastofnum sem nú eru í lægð og sem hefur kostað þjóðarbúið ómælda erfiðleika. Ég er þeirrar skoðunar að þegar stofnunum vex fiskur um hrygg og aftur verður hægt að auka veiðiheimildir eigi að veita öllum nýjum kvóta umfram þær veiðiheimildir sem eru í gildi í dag inn í Hagræðingarsjóðinn. Þessar nýju heimildir yrðu svo seldar samkvæmt þeim reglum sem nú gilda í sjóðnum, þ.e. að skipum og útgerðum verði boðnar heimildirnar til kaups á gangverði í hlutfalli við þann kvóta sem þær hafa fyrir. Andvirðinu verði hins vegar alfarið varið til að hagræða innan greinarinnar. Þannig er ekki hægt að segja að gjaldið yrði skattur á greinina vegna þess að það yrði kyrrt innan hennar, það rynni einungis til þess að efla og treysta undirstöður hennar með stórtæku hagræðingarátaki.

Ég tel, eins og ég hef áður drepið á, að þetta átak ætti að hafa þrenns konar markmið. Í fyrsta lagi ætti það að beinast að því að efla þann þátt í starfsemi Hagræðingarsjóðsins sem lýtur að úreldingu skipa og í því sambandi vil ég nefna sérstaklega að sjóðurinn ætti að veita aukna umbun þeim útgerðum sem taka skip úr flotanum hér heima og senda til veiða í erlendri lögsögu. Þar liggja geysilegir möguleikar. Ég gæti nefnt mörg lönd. Ég læt mér nægja að nefna Kamtsjatka , þar sem fjölmargir ónýttir veiðistofnar eru til staðar, þar sem okkur hefur verið tekið opnum örmum og þar sem kleift yrði í kjölfarið að selja ekki einungis þekkingu heldur fleiri skip, veiðarfæri og hvers konar vélbúnað.

Í öðru lagi yrði hlutverk hins efldа Hagræðingarsjóðs að standa straum af úreldingu innan vinnslunnar, en ég vil minna á, virðulegi forseti, að hæstv. sjútvrh. hefur á sumum stigum umræðunnar um sjávarútvegsmál einmitt varpað fram vísi að þeirri hugmynd, að einhvers konar úreldingarsjóður fyrir fiskvinnsluna verði settur á stofn.

Í þriðja lagi mundi svo Hagræðingarsjóðurinn styðja tilraunaveiðar og tilraunavinnslu á nýjum og vannýttum tegundum. Ég nefni sérstaklega tilraunir með ný veiðarfæri svo sem djúplínu fyrir hina vinsælu langhala, en líka öðruvísi veiðibúnað sem gerðir til að mynda smáum togskipum kleift að stunda t.d. veiðar á búra á miklu dýpi og sömuleiðis að veiða í flottroll tegundir á borð við úthafs- og djúpkarfa. Ég tel að slíkan búnað sé hægt að þróa og hann er í þróun. Það vantar stuðning við slíka þróun og það mundi í senn stórauka nýtingu smárra togskipa sem búa við takmarkaðan kvóta á hefðbundnum nytjategundum og um leið stórbæta afkomu þeirra. Yrði þetta gert, virðulegi forseti, þá er hægt að segja með sanni að Hagræðingarsjóðurinn stæði undir nafni.

Ég tel að þau frumvörp sem hér liggja fyrir miði í rauninni að því að skella fótunum undan hagræðingarhlutverki sjóðsins. Ég er því algjörlega andvígur. Ég tel að greinin hafi miklu meiri þörf á því að hagræðingarhlutverk sjóðsins yrði styrkt og það er það sem ég tel að við ættum að ræða hér í kvöld.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Átta hv. þm. hafa óskað eftir því að veita andsvar við ræðu hv. 17. þm. Reykv. en samkvæmt reynslu sýnist mér ekki komast fleiri að en þrír eða fjórir en við munum miða við að ræðutími í seinni umferð verði ein mínúta. Fyrstur til að óska eftir að veita andsvar við ræðu hv. 17. þm. Reykjav. er hv. 3. þm. Vesturl.

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er fyrst út af þessu síðasta sem hv. 17. þm. Reykv. hafði orð um, að þessi frumvörp væru til þess fallin að kippa fótunum undan hagræðingarhlutverki Hagræðingarsjóðs. Erum við að tala um það? Átti að nota þessa peninga í hagræðingu sem samkvæmt þessum frumvörpum er núna verið að tala um að styrkja þær útgerðir með sem yrðu fyrir sem mestum áföllum? Ekki aldeilis. Það átti að nota þá peninga sem eiga að koma inn fyrir þessar veiðiheimildir til þess að reka Hafrannsóknastofnun og það ræddum við reyndar á Alþingi í fyrravetur. Það var því ekki aldeilis þannig sem málin sneru.

Það var svolítið merkilegt að heyra hv. 17. þm. Reykv. lýsa því hvernig ástandið væri í greininni. Hann var greinilega á þeirri skoðun að þetta væri gjörsamlega allt í rúst alveg eins og málunum hefur reyndar verið lýst hér fyrr í kvöld. Samt komst hann að þeirri niðurstöðu að umfram allt yrðu menn að halda sig við fyrirætlanirnar um það að skattleggja greinina. Mig langar til þess að spyrja hann hvað hann vildi gera. Var það kannski hugmynd hans að senda tékkana til þeirra sem mest töpuðu? Er það það sem hann vildi gera eða hafði hann einhverjar aðrar hugmyndir uppi um það? Mig langar að spyrja hann að þessu.

Hann gaf sér það að ég hefði í umræðu 11. maí verið að taka undir að menn færu ákveðna leið og kallaði hann þá leið gjaldþrotaleið. Það er rangt. Það sagði

ég ekki í mínum orðum. Ég var einfaldlega að lýsa því að ég teldi að frjálsræðið í sjávarútveginum þyrfti að gilda og það hefur gilt fram að þessu í fiskvinnslunni. Ekki hafa verið kvótahugmyndir í gangi eða ekki verið gert ráð fyrir því að eitthvert sérstakt leyfi þyrfti til þess að reka fiskverkun og ég ætla satt að segja að vona að það kerfi komist aldrei á hér. (**Gripið fram í:** Vertu ekki of viss um það.) Ég er að segja að ég ætla satt að segja að vona, að það kerfi komist ekki á hér. (**Forseti:** Ræðutíma hv. þm. er lokið.) Það var það, virðulegi forseti, sem ég átti við með mínum orðum sem hv. 17. þm. Reykv. vitnaði til.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þingmaðurinn spurði hvort mér fyndist virkilega allt vera í rúst í sjávarútveginum. Ég hef ekki orðað það svo. Ég hef einungis farið með tölur sem ég hef fengið frá Þjóðhagsstofnun í dag. Þetta er einungis ástandið eins og það er. Ef hann dregur þá ályktun að þá sé allt í rúst þá er það hans ályktun. Ég tel hins vegar að í greininni séu mjög mikilvægir vaxtarsprotar.

Að því er varðar það sem hann kallar skattlagningu á greinina með því að selja afla Hagræðingarsjóðs þá vil ég vekja athygli þingmannsins á því og reyna að rifja það upp með honum að þetta gjald á að fara til þess að standa straum af kostnaði við rekstur Hafrannsóknastofnunar. Sérstaklega var talað um það í fyrra af hálfu sjútvrh. að það ætti m.a. að fara til þess að taka loksins upp fjölstofnarannsóknir sem við hefðum átt að byrja á fyrir a.m.k. áratug.

Hins vegar að því er varðar ummæli hans frá 11. maí þá var ég einungis að segja það, virðulegi forseti, að orð skuli standa. Þegar ég spurði hann hvernig ætti að fækka vinnslustöðvum þá svaraði hann, með leyfi forseta: „Um það hvernig eigi að fækka einingum í sjávarútvegi get ég sagt alveg hreint út. Það eiga menn að sjá um sjálfir. Ríkið á ekki að skipta sér af því."

Með öðrum orðum: Ríkið á ekki að hjálpa mönnum til að hætta. Þeir eiga að gera það sjálfir.

Það kalla ég gjaldþrotaleið.

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var út af þessum fjölstofnarannsóknum. Það voru einungis á sjötta hundrað milljónir af þessari upphæð sem menn ætluðu að fá út úr Hagræðingarsjóðnum sem átti að nota í þessar fjölstofnarannsóknir ef ég man rétt. Þannig að það hefði nú aldeilis ekki átt að nota það allt í það.

Ég vil svo bara endurtaka það að ég tel að það eigi að varðveita frelsið í sambandi við atvinnurekstur í sjávarútvegi og ég ætla að vona það satt að segja að menn beri gæfu til þess að koma ekki á svipuðu kerfi og er í útgerðinni.

Flm. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi vildi ég benda hv. 17. þm. Reykv. á að hagræðingarhlutverk Hagræðingarsjóðs var eyðilagt með breytingunum í fyrra. Það var gert ráð fyrir því að fjármagnið yrði eingöngu notað innan greinarinnar en það var horfið frá því. Þannig að hann ætti að kynna sér betur lögin eins og þau voru.

Í öðru lagi vil ég spyrja hv. þm. um það, þótt hann geti e.t.v. svarað því fyrir hönd hæstv. viðskrh., hvernig stendur á því að á sama tíma og Fiskveiðasjóður neitar að lána í frystitogara skuli viðskrn. heimila 80% erlenda lántöku í slík skip. Hvers vegna er ekki haldið við þá reglu eins og hún ætti að vera, sem því miður var ekki hægt að halda við hér áður fyrr heldur, að ekki sé lánað í skip sem Fiskveiðasjóður neitar að lána í?

Að síðustu vildi ég spyrja hv. þm. hvaða augum hann líti nú á samþykkt sjútvn. þar sem var samþykkt að leita allra leiða til þess að jafna áfallið út. Hv. þm. afneitar þeirri leið sem við leggjum til. Ekkert hefur komið fram um það hvað hæstv. forsrh. ætlar að gera í málinu. Hann vísaði því til Byggðastofnunar. Byggðastofnun er löngu búin að svara honum og hann hefur ekki mátt vera að því að líta á málið og hæstv. sjútvrh. vísar málinu algörlega til hans. Því hljótum við að spyrja hvað vill þingflokksformaður Alþfl. gera í málinu og hvað ætlar hæstv. forsrh. að gera í málinu? Ætla þeir að láta sér það lynda að nú sé búið að loka öllum leiðum vegna þess að nú þegar er búið að samþykkja að bjóða þessar veiðiheimildir til kaups án þess að nokkuð sé vitað um hvað hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að gera, enda virðist hún ekki hafa gefið sér tíma til þess?

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en hneykslast á hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni að ætlast til þess virkilega af mér að ég fari hér að svara fyrir hæstv. viðskrh.

Ég stend hins vegar við þá samþykkt sem ég átti þátt í að gera í sjútvn. í júlí þar sem talað var um að leitað skyldi allra leiða sem þá voru færar til þess að bæta þessa skerðingu. Eins og þingmaðurinn las með mjög heiðarlegum hætti upp fyrr í kvöld gaf ég út alveg skýra yfirlýsingu um að ég vildi ekki eyðileggja Hagræðingarsjóð með því að afhenda veiðiheimildir hans. Hins vegar studdi ég mörgum sinnum í fjölmiðlum ákveðna hugmynd sem gekk út á að þær heimildir sem voru umfram kvótann frá Hafrannsóknastofnun yrðu nýttar til þess að jafna þessa skerðingu. Ég og einn ráðherra Alþfl., hæstv. heilbrrh. Sighvatur Björgvinsson, lýstum þessu með mjög skeleggum hætti. Því miður var þessi kostur ekki tekinn.

Það er alveg ljóst að ég tel að þessi leið hefði farið langt með það að bæta þessa skerðingu. Í dag stöndum við frammi fyrir því að búið er að loka þessum dyrum. Það er búið að úthluta öllum þeim kvóta sem var umfram heimildir Hafrannsóknastofnunar. (**Gripið fram í:** Það er bara því miður, því miður.)

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 17. þm. Reykv. sagði áðan að fjárfesting í sjávarútveginum væri allt of mikil og það væri of mikil fjárfesting í skipum, í vinnslustöðvum, en

ég held að honum hafi sést yfir það að fyrir nokkru kom út skýrsla um fjárfestingu hins íslenska ríkis og þar var sjávarútvegurinn ekki sú atvinnugrein sem hafði mesta fjárfestingu. Því miður hef ég ekki þessa skýrslu hjá mér, en ég þykist muna það rétt að þetta er í þessari skýrslu.

Ég vil í framhaldi af því spyrja hann: Hvernig stendur á því að hann og ríkisstjórn hans stendur að því að lán eru veitt til frystitogaravæðingar, sífellt fleiri og fleiri fara út í frystitogara, hvernig stendur á því að hann og ríkisstjórn hans skuli ekki gera eitthvað í því að stoppa þá frystitogaravæðingu? Það er ekki hægt að gera það bara með því að setja veiðigjald á frystitogara. Það er ekki fengið með því að eyðileggja þá afkomumöguleika sem frystitogararnir hafa heldur fyrst og fremst með því að bæta skilyrði vinnslunnar í landi. Það er það sem þarf að gera. En þó að einhver atvinnugrein standi sig og allir leiti í hana þá gerir ríkisstjórnin ekkert í því að bæta afkomumöguleika annarra greina innan sjávarútvegsins.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að því er varðar þær tölur sem ég fór með hér áðan þá vil ég að það komi fram að ég hef þær úr dreifbýlisblaðinu Tímanum, að vísu úr viðtali við góðvin framsóknarmanna, Þröst Ólafsson.

Mér láðist hins vegar að svara þessari spurningu um frystitogarana sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson varpaði til mín áðan og nú hv. þm. Jóna Valgerður. Ég er einfaldlega andvígur því að menn séu að lána í þessum mæli til frystitogaranna. Sú skoðun mín hefur líka komið fram áður opinberlega. Ég er einfaldlega andvígur því og ég vil að menn beiti aðferðum eins og til að mynda veiðigjaldi og líka að takmarka lán til þess að koma í veg fyrir þessa þróun vegna þess að ég held að hún sé hættuleg. Ég held líka að hún skerði þá vaxtarmöguleika sem ég veit að þingheimur allur gerir sér grein fyrir að Íslendingar muni senn fá með aðild Íslands að EES.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir auðvitað mjög vænt um að heyra að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sé sammála þessu sem ég var að benda á. En það breytir því ekki að það er hann sem hefur valdaaðstöðu til að breyta þessum málum. Hann er formaður sjútvn. þingsins og hann á aðild að ríkisstjórninni. Hann er starfandi formaður sjútvn., er það ekki rétt? (**Gripið fram í:** Nei.) Allt um það þá hefur hann og hans ríkisstjórn ekki komið með neinar tillögur um að bæta þessa stöðu. En vonandi fara þær að líta dagsins ljós.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegur foreti. Mér þótti vænt um að fá tilefni til að láta þá skoðun í ljós að ég tel löngu tímabært að ríkisstjórnin komi fram með stefnu um málefni sjávarútvegsins. Ég tel að það sé hlutverk hæstv. sjútvrh. og ég eins og þingheimur bíð eftir því að sjá þessar tillögur.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegur foreti. Hún var merkileg um margt ræðan sem hv. 17. þm. Reykv. flutti. Hann gerði eins og margir aðrir, þegar verið er að ræða um vanda greinarinnar, að skjóta sér á bak við minnkandi afla. Nú er það hins vegar svo að útflutningur hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna minnkaði á sl. ári um 9,4% en aukningin í verðmæti varð hvorki meira né minna en um 4% á sama tíma. Þetta segir Alþýðublaðið okkur. Á sama tíma og þetta gerist hefur allur tilkostnaður í útgerð stórlega minnkað. Þetta sýnir okkur betur en flest annað að stjórnun fiskveiða, eins og hún hefur verið núna um sinn, hefur virkað rétt og skilað þjóðarbúinu verulegum árangri. Það er grundvallarmálið, hv. 17. þm. Reykv.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst bera mjög á því í máli stjórnarandstöðunnar í kvöld að hún hafi ofurtrú á ríkisstjórninni. Mér fannst það í máli hv. þm. Jónu Valgerðar Kristjánsdóttur áðan. Það var eins og hún ætlaðist til þess að ríkisstjórnin ein og sér mundi leysa sjávarútveginn með einu handbragði undan öllum þeim skuldaklyfjum sem á hann hafa verið lagðar síðasta áratug. Það er auðvitað ekki hægt að fara fram á slíkt.

Hv. þm. Stefán Guðmundsson kemur hér sömuleiðis og það liggur við að hann sé að biðja ríkisstjórnina um að draga dauðar kanínur upp úr hatti. Ég gat ekki skilið mál hans öðruvísi en svo að hann væri í rauninni að bera á móti því að minnkandi afli hefði haft afdrifaríkar afleiðingar og úrslitaþýðingu fyrir sjávarútveginn. Ég vil geta þess að í dag fékk ég svar við spurningu sem ég beindi til Þjóðhagsstofnunar og þar kemur fram að botnfiskafli hefur dregist saman um þriggja ára skeið og það veldur því að afkoma veiðanna hefur rýrnað um 8–9%. Þarf frekari vitnanna við? Hann getur svo haldið áfram (**Forseti:** Ég verð að benda hv. þm. á að ræðutíma hans er lokið.) þeirri iðju sinni að biðja menn að draga dauðar kanínur og önnur dýr upp úr höttum ríkisstjórnarinnar.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Umræðum um andsvör er lokið og tekið verður til við að ræða dagskrármálin aftur.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hafði reyndar ætlað að fá orðið til þess að bera af mér sakir eða svara hv. 17. þm. Reykv. þar sem hann beindi því til mín að ég hefði ofurtrú á hæstv. ríkisstjórn. Ég held að eftir það sem við erum búin að heyra hér í kvöld getum við ekki haft neina ofurtrú á ríkisstjórninni, síður en svo. Hins vegar er ýmislegt hægt að gera til að bæta rekstrarskilyrðin þó svo ég viðurkenni, eins og allir gera, að minnkandi afli hlýtur að eiga mikinn þátt í stöðu greinarinnar í dag. Það hefur verið rætt um margt sem hægt væri að gera og m.a. kom hæstv. sjútvrh. inn á ýmislegt af því. Það er m.a. lenging lána, lækkun vaxta, lækkun orkuverðs til fyrirtækjanna og fleira mætti nefna sem hægt væri að gera til að bæta stöðu sérstaklega fisk-

vinnslunnar og bolfiskveiða sem núna eru rekin með tapi.

Virðulegi forseti. Ég ætla þá að snúa mér að því að ræða það mál sem er á dagskrá í dag. Þó lögð hafi verið fram tvö frv. til laga um breytingu á lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og við séum vissulega að ræða þau þá erum við jafnframt að því er mér virðist að ræða sjávarútveginn í heild og þá stefnu eða stefnuleysi sem undanfarnar vikur og mánuði hefur komið í ljós og hefur verið mótuð af hálfu ríkisstjórnarinnar í landinu. En frv. til laga um breytingu á lögum um Hagræðingarsjóðinn gætu þó bætt ástandið, hvort sem við mundum heldur ræða frv. Halldórs Ásgrímssonar o.fl. þar sem sett eru fram ákvæði til bráðabirgða sem mundu bæta stöðuna í dag eða frv. til laga um breytingu á lögum um Hagræðingarsjóðinn sem þau Steingrímur J. Sigfússon, Anna Ólafsdóttir Björnsson og Jóhann Ársælsson leggja fram þar sem verið er að breyta lögunum að nokkru leyti til fyrra horfs.

Við vitum að það eru miklir erfiðleikar fram undan í sjávarútveginum. Þó umræðan í sumar hafi að mestu verið í þeim farvegi hvernig hægt væri að bæta sjávarútvegsfyrirtækjum, þar með byggðarlögum sem byggja allt sitt á þeim, upp þá skerðingu sem þau verða fyrir samkvæmt þeim ákvörðunum sem hafa verið teknar um leyfilegan heildarafla í þorskveiðum, þá verðum við samt sem áður að taka á vandamálum líðandi stundar. Ég tel að umræðan þurfi jafnframt að vera um það hvert við stefnum. Og þá hlýtur að vera nærtækast í því samhengi að ræða þau lög um fiskveiðistjórnun sem nú er unnið eftir og áttu m.a. að skila okkur uppbyggingu fiskstofna. Þau áttu líka að skila hagræðingu í rekstri og betri afkomu þjóðarbúsins en hafa reynst nokkuð haldlítil til þeirra hluta. Þetta á þó sérstaklega við um þorskstofninn sem nú er talinn vera í mikilli lægð. Þær tölur sem við heyrðum í fréttum í kvöld bæta svo sem ekki úr en þó er eitt athyglisvert sem þar kom fram. Hér hefur alltaf verið rætt um nýliðun þorskstofnsins og virðist nýliðun vera mjög slök áttunda árganginn í röð. Nú kom það fram hjá þeim fiskifræðingi sem sagði frá þessu í fréttum í kvöld að e.t.v. er öllum hrygningarstofninum um að kenna. Ég get ekki látið það vera að furða mig á því að það skuli allt í einu koma fram núna þegar áttundi árgangurinn í röð virðist vera með slaka nýliðun að þá er allt í einu farið að velta því fyrir sér hvort það sé of litlum hrygningarstofni um að kenna.

Fiskveiðistjórnun síðustu ára hefur miðast við að takmarka sókn í þorskinn og með þeim hætti að halda eðlilegri stofnstærð. Í þeirri viðleitni hafa stjórnvöld tekið mið af tillögum Hafrannsóknastofnunar. Ekki eru þó allir sammála þeim útreikningum sem Hafrannsóknastofnun byggir mat sitt á. Eins og ég sagði áðan virtist það koma í ljós í fréttum í kvöld að þeir væru nú ekki lengur alveg vissir um að nýliðunin byggðist á því sem þeir hafa hingað til talið vera rétt. En tíminn leiðir í ljós hvort þeir útreikningar eru réttir eða hvort sú gagnrýni sem fram hefur komið og hefur við ýmis rök að styðjast er réttari.

Sú sem hér stendur er ein af þeim sem telur að í þeim útreikningum sé ekki tekið nægilegt mið af umhverfisskilyrðum í sjónum og breyttri hegðun þorksins sem afleiðingu af hitastigi, straumum og fæðumagni í sjónum. Í vor og sumar hefur veiðst meira á grunnslóð af þroski en síðustu ár. Og allt í einu er Barentshafið fullt af þorski. Á þessu hvoru tveggja vantar okkur haldbærar skýringar. Og ef skoðuð er aflareynsla síðustu tvo áratugi eða svo eru slíkar sveiflur staðreynd. En ég hef enn ekki heyrt skýringar fiskifræðinga á því. Þeir segja okkur aftur á móti að nú sé ástand þorskstofnsins eins og það er vegna þess að aldrei hafi verið farið eftir tillögum þeirra um hámarksafla heldur ævinlega veitt meira en þeir hafa lagt til. Nú sé komið að því að það verði að fara að þeirra ráðum og leggja fyrir. Geyma fiskana og láta þá ávaxta sitt pund rétt eins og peninga á bankabók. Mér finnst það þó gleymast í umræðunni að einmitt þetta hefur verið gert á liðnum árum með ýsustofninn. Þar hefur verið farið nákvæmlega eftir tillögum fiskifræðinga og þó hefur aukning á ýsustofni verið sáralítil. Og nú á að ganga á þann stofn til að bæta úr skerðingunni í þorskinum. Það er að vísu talið að nú séu að koma inn sterkir stofnar af ýsunni, þ.e. frá 1989 og 1990, en það er þó ekki sannað. Og eins og ég sagði á nú að auka sóknina í ýsuna á sama tíma og það hefur gengið illa að ná henni. Það er lítil von til að það glæðist þó leyft verði að veiða meira.

Hins vegar er ekki deilt um þá staðreynd að minna er um þorsk í sjónum en oft áður. Og hann er jafnframt léttari í árgöngum. Deilan stendur ekki um það heldur hver orsökin er.

Ég hef ekki hugsað mér að deila frekar um tillögur fiskifræðinga. Þær tillögur byggjast á þeim rannsóknum sem farið hafa fram og það er það eina sem við höfum í viðbót við reynslu þeirra sem veiðarnar stunda. Fjármagn til rannsókna hefur verið skorið við nögl og mætt litlum skilningi stjórnvalda á hverjum tíma. Það er borðleggjandi að sú fiskveiðistjórnun sem fylgt hefur verið hefur ekki skilað okkur þeim árangri sem að var stefnt. Stefnan hefur ekki skilað okkur uppbyggingu fiskstofna. Hún hefur ekki minnkað fiskiskipaflotann og ekki treyst atvinnu og byggð í landinu. En þetta voru þau meginsjónarmið sem lögin um stjórn fiskveiða áttu að þjóna.

Hér á undan tók ég dæmi um uppbyggingu þorsk- og ýsustofnsins sem greinilega hefur mistekist þrátt fyrir þá stjórnunaraðferð sem fylgt hefur verið. En þá er það fiskiskipaflotinn. Þar hefur stjórnunin verið í því fólgin að úthluta ákveðnu magni kvóta á skip sem síðan geta selt og keypt þann kvóta þ.e. óveiddan fisk í sjó. Hagræðingin átti að koma fram í því að unnt væri að senda færri skip til að veiða aflann og þar með ná niður kostnaði við veiðarnar. En skyldi það hafa gengið eftir? Hefur skipum fækkað eða skipaflotinn dregist saman í brúttólestum talið? Auðvitað ekki. Því að þarna eru menn komnir með verðmæta eign í hendur. Skipin eru ekki lengur verðmæt, heldur kvótinn sem þeim fylgir. Skip án kvóta er lítils virði þess vegna selja menn ekki skipin með öllum kvótanum heldur selja hluta af honum og halda skipunum með einhverj-

um kvóta. Selja jafnvel 99 tonn af 100 og halda einu tonni eftir til þess að skipið sé áfram inni í kerfinu. Þeir hugsa sem svo að möguleikar á meiri kvóta geti skapast síðar, næsta úthlutun geti gefið meira eða að þeir geti keypt kvóta síðar ef verð á honum lækkar. Þannig heldur braskið með kvótann áfram. Það er talað um að úrelda skip og þannig muni þeim fækka. En það er bara tonn á móti tonni sem má úrelda þannig að það er engin minnkun. Það kemur nýtt skip í stað þess sem úrelt er. Af þessu leiðir að fiskiskipaflotinn í brúttólestum talinn er ekkert minni en hann var þegar markmiðin voru sett um að draga hann saman.

Og þá kem ég að síðasta atriðinu sem núv. fiskveiðistjórnun átti að þjóna það var að treysta atvinnu og byggð í landinu. Það liggur við að manni fallist hendur við það eitt að setja þessi orð á blað og setja þau fram. Treysta atvinnu og byggð í landinu. Þvílík öfugmæli. Skipin með kvótanum, réttindin til að veiða fiskinn, hafa skipt um eigendur og búsetu í kjölfarið. Einn góðan veðurdag standa íbúarnir eftir, þeir sömu og hafa siglt á miðin og sótt fiskinn, þeir sömu og áratugum saman hafa unnið verðmæti úr sjávaraflanum og þar með lagt til gjaldeyri í þjóðarbúið. Þeir sömu íbúar sem vegna nálægðar við gjöful fiskimið hafa byggt sér heimili í sjávarplássum í kringum landið. Þeir eiga það ekki lengur tryggt að fiskur berist til vinnslu í frystihúsi staðarins, að það jafnframt því að skapa störf í þessari frumgrein, skapi önnur verðmæt störf í þjónustugreinum.

Sú ákvörðun stjórnvalda að úthluta kvóta til skipa og ekki síður að leyfa sölu hans á milli skipa er ein sú afdrifaríkasta ákvörðun sem tekin hefur verið. Hún hefur valdið óeðlilegri byggðaröskun og atvinnuleysi heilu byggðarlaganna.

Þegar hæstv. ríkisstjórnin lagði fram stefnuskrá sína var það eitt markmið að móta heildstæða sjávarútvegsstefnu, eins og það var kallað, sem tæki bæði til veiða, vinnslu og markaðsmála. Eða eins og segir um sjávarútveg í hvítbók ríkisstjórnarinnar, Velferð á varanlegum grunni, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin hyggst móta sjávarútvegsstefnu er nær jafnt til veiða, vinnslu og markaðsmála, hamlar gegn ofveiði, treystir byggð, stuðlar að hagræðingu, og tryggir stjórnskipulega stöðu sameignarákvæðis laga um stjórn fiskveiða."

Til að vinna að þessari stefnu var skipuð átta manna nefnd sem átti jafnframt að fjalla um framtíðarmarkmið sjávarútvegsins og gera tillögur um það hvernig ætti að ná þeim markmiðum. Þessi nefnd hefur enn þá engu skilað. Hún hefur fengið nafnið tvíhöfða nefndin og verður sennilega einhver óskapnaður ef hún er ekki þegar orðin það. Þessi tveggja formanna nefnd átti að ljúka störfum að vísu fyrir árslok 1992, en eins og ég sagði hefur heyrst mjög lítið frá henni enn þá og væri fyllilega tímabært að hún færi að skila einhverju af sér.

Staða greinarinnar í dag þar sem vinnslan í landi er rekin með allt að 10% halla og vinnslan úti á sjó með 11–12% hagnaði, er staðreynd sem við stöndum frammi fyrir. Rekstrarskilyrði fiskvinnslunnar í landi er svo bágborin að útgerðaraðilar sjá sig knúna til að færa fiskvinnsluna út á sjó í auknum mæli þar sem hún skilar hagnaði. Það er þeirra úrræði til að lifa af skertan kvóta og taprekstur frystihúsanna. Skyldi það vera þjóðhagslega hagkvæmt? Mikil aukning frystitogara er fram undan. Eins og fram kom í umræðum áðan þá eru væntanlegir a.m.k. um 12 nýir frystitogarar og fleiri í undirbúningi. Allir reyna með einhverjum ráðum að komast yfir frystiskip, breyta öðru skipi eða kaupa nýtt. Það kallar á gífurlega fjárfestingu til viðbótar og hefur manni þó skilist að það sé ekki þar sem skórinn kreppir. Það vantar fjármagn til að standa undir þeim fjárfestingum sem fyrir eru í landinu til þess að þær fjárfestingar geti borið eðlilegan rekstur. Getur það verið fjárhagslega hagkvæmt að færa fiskvinnsluna út á sjó þegar fiskvinnsluhúsin í landi standa lítt eða ekkert nýtt? Og hvað með atvinnu verkafólks sem ekki hefur að neinu öðru að hverfa? Hvað með fiskvinnslukonurnar sem jafnframt því að vinna verðmæt framleiðslustörf í frystihúsunum bera mesta ábyrgði á heimili og börnum? Ekki fara þær í vinnu á frystitogurum.

Nei, því miður er sjávarútvegsstefnan engin. Það kom glögglega fram áðan. Það þarf tæpast að rekja það frekar. Og svo sannarlega ekki heildstæð sjávarútvegsstefna sem tekur bæði til veiða og vinnslu.

Þegar umræðan um fiskveiðistjórnunina fór fram áður en síðustu lög um stjórn fiskveiða voru sett í maí 1990 kom það skýrt fram að ekki er eining um þá fiskveiðistjórnunaraðferð sem lögin kveða á um. Við kvennalistakonur höfum lagt fram tillögur í þessum efnum þar sem lagt er til að rofið sé hið óeðlilega samband sem er milli skips og veiðiheimilda. Þess í stað sé veiðiheimildum úthlutað til byggðarlaga. Með því væri hagsmunum byggðarlaganna og þess fólks sem starfar í sjávarútvegi best borgið. Auk þess mundi sú tilhögun draga úr þeirri óhóflegu miðstýringu sem nú er þar sem sjútvrh. er nánast einráður um ákvörðun á heildarafla og þeirri úthlutun stýrt úr ráðuneytinu. Þó verð ég nú að skjóta því hér inn að svo virðist sem sjútvrh. sé ekki einráður um úthlutun heildarafla heldur hafi hann orðið að láta í minni pokann fyrir öðrum í ríkisstjórninni.

Þá hefur það bæst við að ekki er hægt að nota Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins eins og upphaflega var hugsað þegar lögin um hann voru sett. Það frv. studdum við kvennalistakonur á sínum tíma og mótmæltum líka jafnkröftuglega þegar hlutverki hans var breytt sl. vor. Um það snýst umræðan í dag og um þau frv. sem hér liggja fyrir um þau mál. Bæði frv. taka á ástandinu eins og það er og með þeim er gerð tilraun til að lágmarka skaðann.

Eins og ég sagði áðan hefur ekki verið eining um þá fiskveiðistjórnun sem í gildi er og þeir annmarkar sem við kvennalistakonur töldum við gildistöku laganna að mundu koma í ljós hafa reynst réttir. E.t.v. má minna á það að nefndin sem skipuð var til að skoða sjávarútvegsstefnuna áður en þau lög voru samþykkt sem nú eru í gildi var 17 manna nefnd sem skilaði 13 nál. og það sýnir hve ósammála menn voru um þá lagasmíð sem þar var verið að gera.

Mikil andstaða er í þjóðfélaginu við núverandi kvótakerfi sem hefur m.a. leitt til þess að félag um nýja sjávarútvegsstefnu hefur verið stofnað sem hyggst beita sér fyrir breytingum á því. Við höfum líka fundið fyrir vaxandi skilningi og stuðningi við hugmyndir okkar. Ég varð m.a. vör við það á sjávarútvegsstefnu Háskólans á Akureyri í mars sl. Brýnast í dag tel ég að búa fiskvinnslunni í landi þau skilyrði að hún geti lifað og veitt því fólki atvinnu sem ekki hefur að öðru að hverfa og stöðvað þá um leið þá frystitogaravæðingu sem er algerlega að fara úr böndunum. En á meðan engin stefna er sett fram í fiskveiðistjórnuninni, engar tillögur ríkisstjórnar liggja fyrir um hvað gera skuli, boltanum er kastað til Byggðastofnunar sem hefur ekkert bolmagn til aðgerða, ekkert fjármagn, þá heldur braskið með kvótann áfram. Það brask tekur ekkert tillit til byggðasjónarmiða, það tekur ekkert tilliti til atvinnu verkafólks. Þar er horft þröngt á eigin hagsmuni, eigin hagsmuni þeirra sem eigna sér veiðiheimildirnar samkvæmt þeirri fiskveiðistjórnun sem fylgt er þrátt fyrir að hún sé í hrópandi mótsögn við 1. gr. laganna um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar.

Virðulegi forseti. Ég hafði reyndar hugsað mér að ræða nokkuð frekar um agnúa kvótakerfisins og stjórn fiskveiða. En þar sem mér sýnist að menn séu nú farnir að þreytast og stundi fundarsetur ekki mjög vel, er líklega mál að hætta, þar sem ég get ekki talið nema tvo þingmenn í salnum nú og sjútvrh. að vísu hér í hliðarsal. (**Gripið fram í:** Og sofandi forseta.) Ja, það vona ég að sé raunin að forseti sé ekki orðinn svo aðframkominn að hann sé sofnaður. — Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég var hér í hliðarsal og mér hafði verið tjáð að annar maður væri á undan mér á mælendaskrá en að sjálfsögðu bregst ég vel við því að fá orðið nú og óska eftir að hæstv. sjútvrh. verði hér nærstaddur, sem hann og er, og þá einnig hæstv. forsrh. sem hér var sérstaklega óskað eftir að kæmi til umræðunnar af tilteknum ástæðum áðan.

Ég held að vænlegast sé að víkja fyrst að því sem bar á góma undir umræðum fyrr í kvöld og þá sérstaklega eftir að hæstv. sjútvrh. hafði talað og er auðvitað kjarnaatriði þessa máls, það er staðan eins og hún er í augnablikinu varðandi ráðstöfun á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs á þessu nýbyrjaða fiskveiðiári. Það eru ekki ráðstafanir hæstv. ríkisstjórnar sem hæstv. forsrh. hefur verkstjórn fyrir samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum fengið um verkaskiptingu ráðherra í Stjórnarráðinu hvað þetta mál snertir. — Herra forseti, ég verð eiginlega að biðja með að fara yfir þetta frekar þangað til hæstv. forsrh. er við af því ég vil gjarnan leggja fyrir hann spurningar og að hann heyri hér mál mitt. (**Forseti:** Við höfum nægan tíma ef hv. þm. mundi hafa biðlund augnablik.) Þingmaður hefur það. Ég reyndar vildi byrja á að rifja örlítið upp þau *viðfangsefni sem við erum hér að tala um*, þ.e. málefni Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins og hvernig við þau var skilið á hinu háa Alþingi á sl. vetri og sl. þingi. Ég held að það megi vera okkur hv. þm. nokkurt umhugsunarefni hvort stundum sé ekki betra að fara örlítið hægar í sakirnar og vanda sig í vinnubrögðum, hæstv. forseti, hvernig nú er komið með málefni Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins, m.a. í ljósi þeirra umræðna sem urðu um hann á sl. þingi.

Herra forseti. Þetta er nú svona dálítið á rúi og stúi hjá okkur í kvöld og t.d. tolla hæstv. ráðherrar illa í þingsalnum og það er nú miklu skemmtilegra ef menn hafa ...(**Forseti:** Ég get tekið heils hugar undir það með hv. þm. að hv. þm. tolla ekki mjög vel í salnum. En ég á von á því að hæstv. forsrh. sé að koma í salinn núna.) Það eru líklega þrír menn sem hafa talað eða ekki talað enn þá í umræðunni sem ég vildi gjarnan óska eftir að væru hér innan veggja þingsalarins, það er mun huggulegra að eiga við þá orðaskipti þannig, og fyrir utan þá tvo hæstv. ráðherra sem hafa verið nefndir þá er það líka hv. 17. þm. Reykv. sem hefur haft uppi nokkrar skoðanir hér á málum og verið rúmfrekur í umræðunni. En það er held ég nauðsynlegt að hæstv. forsrh. fái vitneskju um þau orðaskipti sem urðu fyrr í kvöld og urðu tilefni til þess að óskað var sérstaklega eftir að hann kæmi á fundinn. En þau voru í grófum dráttum á þá leið að hæstv. sjútvrh. lýsti þeirri skoðun sinni að með ákvörðun sinni í morgun hefði stjórn Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins í raun og veru tekið ákvörðun um ráðstöfun veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs á næsta ári þannig „að ekki yrði aftur snúið". Þetta voru orð hæstv. sjútvrh. Jafnframt upplýsti hæstv. sjútvrh. að engin niðurstaða lægi fyrir varðandi þá skoðun sem Byggðastofnun var falið að framkvæma og ríkisstjórnin hefur rætt, hvernig brugðist yrði við því ójafnvægi sem orðið er vegna úthlutunar veiðiheimilda og meðferðar á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs. Það mál væri aldeilis óútrætt og hann hefði engar upplýsingar um það hvar það væri á vegi statt hjá hæstv. forsrh. Hæstv. forsrh. færi með það mál og af því væri engar fréttir að hafa. Síðan kom fram af hálfu hv. 1. þm. Austurl. og okkar fleiri ræðumanna að við mótmæltum því að í raun og veru þyrfti að líta svo á að stjórn Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins, eða Fiskveiðasjóðs, sem er ein og sama stofnunin, hefði með ákvörðun sinni í morgun endanlega lokað þessu máli fyrir yfirstandandi fiskveiðiár.

Í fyrsta lagi eru engar dagsetningar nákvæmlega tilgreindar í lögunum um það hvenær við upphaf fiskveiðiárs ráðstafa skuli veiðiheimildunum og í öðru lagi liggur að sjálfsögðu fyrir að hér eru tvö frv. um málefni Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins til meðferðar í þinginu og Alþingi getur að sjálfsögðu breytt þessum lögum og ákveðið nýja skipan mála innan yfirstandandi fiskveiðiárs ef því sýnist svo og leyst þar með stjórn Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins undan því að ráðstafa eða selja veiðiheimildirnar á þessu ári. Þeirri ákvörðun er að sjálfsögðu hægt að breyta og við óskuðum eftir því að hæstv. sjútvrh. beindi tilmælum til stjórnar Hagræðingarsjóðs um að ekkert yrði frekar aðhafst í þessum efnum, t.d. beðið algerlega með það í þessari viku að senda út bréf með tilboðum um

kaup á veiðiheimildunum. Þau munu ekki vera farin í póst enn þá það best er vitað. Alþingi gæti þá sjálft tekið frv. til meðferðar í nefnd og ákveðið hvort það hyggi á hnútinn og afgreiddi þetta mál. Einnig gæfist þá e.t.v. tími til að fá upplýsingar frá hæstv. ríkisstjórn um það hvort einhverrar niðurstöðu yrði að vænta á næstunni varðandi þær hugmyndir sem Byggðastofnun hefur útfært eða verið að bollaleggja um í þessu sambandi, að senda mönnum ávísanir o.s.frv., eins og kunnugt er og frægt að endemum.

Vegna þess hvernig hæstv. sjútvrh. vísaði á hæstv. forsrh. er auðvitað algjörlega óhjákvæmilegt að hæstv. forsrh. geti nú komið inn í umræðuna og helst sem fyrst og svarað til um það hvernig þessir hlutir standa því að þeir skipta mjög miklu máli.

Ég held að nauðsynlegt sé að hæstv. forsrh. viti þá einnig að sjútvn. Alþingis fjallaði um þetta mál sérstaklega á fundi sl. sumar og gerði samþykkt sem mönnum er kunnug um að leita þyrfti allra leiða og skoða þyrfti allar leiðir til að jafna það misvægi sem var þá komið upp eða blasti við á grundvelli ákvörðunar hæstv. ríkisstjórnar um úhlutun veiðiheimilda á þessu fiskveiðiári.

Jafnframt var í framhaldi af þeirri samþykkt ákveðið í sjútvn. að munnleg tilmæli færu til hæstv. sjútvrh. um að engum dyrum yrði lokað í þessu sambandi fyrr en mál hefðu skýrst, sjútvn. hefði fjallað frekar um málin eða niðurstaða lægi orðið fyrir frá hæstv. ríkisstjórn. Hafi tekist svo illa til að þessi tilmæli hafi ekki ratað rétta leið er það auðvitað mjög alvarlegur hlutur sem er kominn upp. Ég fullyrði að m.a. hv. formaður sjútvn. batt sérstaklega vonir við að með þessu yrði gefið tóm til að skoða málin þannig að menn lokuðu engum dyrum, hvorki þeim að beita Hagræðingarsjóði í þessu sambandi né öðrum fyrr en niðurstöður lægju fyrir í málinu.

Ég vil þess vegna jafnframt óska eftir því að hæstv. sjútvrh. komi og svari því hvort ráðuneyti hans hafi fengið slík tilmæli. Honum voru borin þau boð sem var samþykkt í sjútvn. að senda munnlega í framhaldi eða í fylgd með samþykkt nefndarinnar um þessi mál. Þetta er algerlega nauðsynlegt að komi fram til að greiða fyrir umræðunni.

Ég held að það sé alveg augljóst mál eins og ástandið er í greininni og í ljósi allrar þeirrar umræðu sem fram hefur farið, þeirrar víðtæku mótmælabylgju sem risið hefur gegn því að selja nú þessar veiðiheimildir og leggja þennan viðbótarskatt ofan á sjávarútveginn og í ljósi þess að fagnefnd þingsins um þessi mál hefur sérstaklega lýst því yfir að skoða verði öll möguleg úrræði í þessu efni, þá verði slíkt tóm gefið. Að mínu mati þyrfti ekki að taka nema tvo til þrjá sólarhringa að ljúka vinnu í sjútvn. um þetta efni. Hún gæti fengið þessi frv. til meðferðar á morgun og fundað um það og rætt bæði við hæstv. sjútvrh. og þess vegna einnig við hæstv. forsrh. sem virðist að hluta til fara með sjávarútvegsmál samkvæmt þessari nýju og ólögbundnu eða óreglugerðarbundnu verkaskiptingu Stjórnarráðsins sem hefur komið fram að er við lýði í þessum efnum.

Einnig er óhjákvæmilegt, hæstv. forseti, að hæstv. ráðherrar svari því, og það hljóta þeir að geta upplýst, hvort þessi skattheimta á sjávarútveginn er fyrirhuguð áfram samkvæmt því fjárlagafrv. sem manni skilst að verið sé að reyna að leggja síðustu hönd á eða þegar sé búið á vegum hæstv. ríkisstjórnar. Bjartsýnustu menn halda því fram hér úti í salnum að það sé búið en á því leikur vafi hjá sumum öðrum að sögn.

Ég held að það hljóti að flokkast undir eðlilega upplýsingaskyldu við Alþingi á meðan þetta mál er til umræðu hvort þess er að vænta að þetta verði varanleg skattlagning á sjávarútveginn í formi þessarar sölu veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs þó það sé eyrnamerkt einhverjum útgjaldaþáttum sem ríkið hefur áður greitt eins og gert var hér á sl. ári. Menn sjá auðvitað í hendi sér að það eru bókhaldsæfingar og kæmi út á eitt flokka þetta undir hluta af rekstrarkostnaði Ríkisspítalanna eða annað því um líkt, það kæmi út á eitt fyrir ríkissjóð. Þetta er sambærileg brella og með lögregluskattinn eða aðrar slíkar nafngiftir.

Þessu óska ég eftir að hæstv. ráðherrar svari. Það hlýtur að vera hægt að upplýsa okkur um þessa hluti hér við umræðuna. Það er mjög mikilvægt að mínu mati að sjútvn. viti það á fundi sínum í fyrramálið, þar sem hún hlýtur að taka tímann fyrst og fremst í að ræða þessi mál, hvort hún fær vinnufrið til að skoða þessi mál og hvort tóm verður skapað til þess án þess að frekar verði aðhafst varðandi ráðstöfun veiðiheimildanna. Menn hljóta að sjá í hendi sér að á meðan þingnefnd er einmitt með þetta mál til umfjöllunar og ef hæstv. sjútvrh. beinir þeim tilmælum til stjórnarinnar að bíða átekta, þó ekki sé nema í nokkra sólarhringa, þá fer það ekki á nokkurn hátt í bág við lögin sem ekki tiltaka neina dagsetningu í þessu sambandi þótt beðið sé með ráðstöfun veiðiheimildanna. Það hljóta allir sanngjarnir menn að sjá. Auk þess liggur það fyrir að svo lengi sem ekki er búið að innheimta þetta fé af fyrirtækjunum er væntanlega á hvaða stigi málsins sem er hægt að falla frá þeim ákvörðunum að selja heimildirnar þó ekki væri annað, þó menn færu ekki út í breytta ráðstöfun þeirra að öðru leyti. Væntanlega stæði ekki á sjávarútveginum að þiggja það boð að þurfa ekki að greiða hátt í hálfan milljarð króna fyrir þessar veiðiheimildir á árinu.

Ýmis önnur atriði tengjast þessu máli sem ég hefði viljað ræða. En með tilliti til þess að ég tel mikilvægt að hæstv. ráðherrar svari þessu sem fyrst þá ætla ég að reyna að stytta mál mitt mjög um þau efni og láta nægja örstutta yfirferð um það af minni hálfu. Mér er nær að halda að það verði einna best gert með því að ég lesi það upp sem ég sagði við lokaafgreiðslu frv. til laga um Hagræðingarsjóð hér á síðasta þingi. Það fór nefnilega svo aldrei þessu vant a.m.k. að sá sem hér talaði reyndist sannspár um þau vandræði sem hæstv. ríkisstjórn var að kalla yfir sig með breytingum á lögunum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins á sl. vetri. Ég sagði þá, með leyfi þínu, herra forseti, við lokaafgreiðslu málsins:

„Hæstv. forseti. Ég held að hæstv. ríkisstjórn væri mikill greiði gerður með því taka frá henni þann kaleik

að samþykkja þetta frv. Hér er í fyrsta lagi [og þetta er nánar tiltekið 22. jan. 1992] um að ræða nýjar álögur á íslenskan sjávarútveg upp á áætlaðar 525 millj. ísl. kr. í mjög erfiðu árferði. Í öðru lagi er því öryggisneti sem verið hefur að gildandi lögum um fiskveiðistjórnun og Hagræðingarsjóð varðandi hagsmuni byggðarlaganna kippt í burtu og það öryggisnet eyðilagt. Í staðinn koma forkaupsréttarákvæði veiðiheimilda á fullu markaðsverði sem sveitarfélögum við erfiðar aðstæður væri þá ætlað að nýta sér og verður ekki séð í fljótu bragði í hverju það bjargráð felst." — Og kom á daginn. — „Í þriðja lagi er hér verið að knýja fram lagasetningu í ákaflega umdeildu máli í fullkominni andstöðu við alla hagsmunaaðila í íslenskum sjávarútvegi. Og í fjórða lagi það sem verra er: Lögboðið samráð við þessa sömu hagsmunaaðila sem og sjútvn. Alþingis var einskis virt í þessu máli.

Enn er þess að geta að á nýbyrjuðu ári á að ljúka heildarendurskoðun ákvæða laga um Hagræðingarsjóð og laga um stjórn fiskveiða. Með þessum breytingum er verið að rífa þá hluti úr samhengi og skapa óvissu um þetta áframhaldandi endurskoðunarverkefni. Það er trúa mín að afleiðingar þessa frv., ef að lögum verður, muni verða mikil óvissa og mikil vandræði varðandi stjórn fiskveiðimála og framkvæmd sjávarútvegsstefnu þegar á síðari hluta þessa árs líður þegar hæstv. sjútvrh. fer að senda útgerðarmönnum um land allt bréf og biðja þá að senda sér ávísun fyrir hluta af veiðiheimildunum."

Ég leyfi mér að halda því fram, hæstv. forseti, að ég hafi reynst óhugnanlega sannspár, satt best að segja, um þau vandræði og um það reginklúður sem þessar lagabreytingar á sl. vetri hafa reynst vera. Og þetta mætti verða mönnum e.t.v. aðeins til umhugsunar um það að vanda betur sinn gang þegar verið er að afgreiða afdrifarík mál af þessu tagi. Ég satt best að segja skil ekki enn þá að hæstv. ríkisstjórn skyldi á sl. sumri verða svo gæfusnauð að taka ekki þann kostinn sem augljóslega var vænlegastur að beita Hagræðingarsjóði í þessu skyni og skapa þar með samstöðu og ná sáttum við sjávarútveginn, við stjórnarandstöðuna og við fjölmarga fleiri aðila um þetta vandasama mál. Eftir því sem best verður vitað eru þær hugmyndir sem koma áttu í staðinn í fullkomnu uppnámi. Það finnst enginn maður, nema þá þessir sérfræðingar Byggðastofnunar sem sömdu tillögurnar, sem mælir þeim bót. Þvert á móti er það þannig að flestir hafa vísað þeim út í ystu myrkur þannig að gersamlega væri farið úr öskunni í eldinn ef fara ætti í þá aðgerð að senda mönnum ávísanir meira og minna óskilyrt í tengslum við þetta.

Ég held, herra forseti, að ekki sé ástæða til þess, enda hafa aðrir gert það við umræðuna í dag, að setja þetta mál inn í það almenna samhengi erfiðleika í sjávarútvegsmálum sem við, sem þetta erum að ræða, þekkjum vonandi öll og ég læt nægja að vísa til þess sem aðrir hafa sagt um það. Það er auðvitað öllum ljóst að það er óðs manns æði og óskiljanlegt að menn skuli ofan í þær þrengingar, sem sjávarútvegurinn er að glíma við, ætla sér að halda þessari fáránlegu skattheimtu til streitu. Og nú væri gaman að hv. 17. þm. Reykv. treysti sér til að vera stundarkorn inni í þingsalnum því að hann sagði merkilega hluti m.a. í sinni ræðu og afhjúpaði svo framgöngu hæstv. ríkisstjórnar í þessu efni á sl. vetri að ekki verður betur gert. Hv. 17. þm. Reykv. viðurkenndi trekk í trekk að með breytingunum á lögum um Hagræðingarsjóð hefði ríkisstjórnin í fyrra eyðilagt hann. Og hvað sagði hv. 17. þm. Reykv.? Hann sagði: Það verður að fá meiri veiðiheimildir inn í Hagræðingarsjóð sem svo er hægt að selja til þess að fá peninga til þess að standa fyrir úreldingarverkefnunum. (Gripið fram í.) Hvað er hv. 17. þm. Reykv. að segja þarna? Jú, hann vill auðvitað í fyrsta lagi selja enn þá meiri veiðiheimildir. Það er það brýnasta sem hann hefur til málanna að leggja í stöðunni varðandi íslenskan sjávrútveg. En það langmerkilegasta við þennan málflutning hv. 17. þm. Reykv. var að hann tók undir og viðurkenndi að það sem við sögðum hér í fyrra var rétt, að með þessum breytingum var auðvitað verið að eyðileggja Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Það var verið að gelda hann gagnvart sínu eigin verkefni, að standa fyrir hagræðingu í sjávarútveginum, gera upptækan tekjustofn hans til annarra verkefna og færa þau verðmæti út úr sjávarútveginum miðað við það sem áður hafði verið því að áður hafði ríkið fjármagnað rekstur Hafrannsóknastofnunar eins og menn vita. Þessi afhjúpandi málflutningur hv. 17. þm. Reykv. var auðvitað gagnmerk sinnaskipti af hans hálfu og er mikil bót að því að sólin skuli hafa risið upp fyrir þessum unga þingmanni, hv. 17. þm. Reykv., og hann áttað sig á mistökum sínum frá því í fyrravetur (**ÖS:** Sem er tveimur árum eldri en þú.) og færi betur að fleiri stjórnarsinnar viðurkenndu með sama hætti og hann að í fyrra eyðilagði ríkisstjórnin í raun og veru lögin um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Sú leið, sem hv. 17. þm. Reykv. bendir hins vegar á, að taka bara enn þá meiri veiðiheimildir og selja þær líka til þess að fá meiri peninga til þess að geta gert það sem sjóðurinn upphaflega átti að gera, er hins vegar vitlaus og að sjálfsögðu munu hugsandi menn ekki samþykkja hana.

Það er auðvitað fyrst og fremst af hugsjónaástæðum krataflokksins sem þeir halda áfram að nudda sífellt um það hvar sem tækifæri gefast að það þurfi að selja veiðiheimildir. (Gripið fram í.) Ég held að það þurfi út af fyrir sig ekki að fara fleiri orðum um þau ósköp sem komu fram hjá hv. 17. þm. Reykv. Þetta var svona dæmigerð Münchhausen-hugsun hjá hv. 17. þm. Reykv. sem er eins og menn vita í tísku í ríkisstjórninni. Helsta fyrirmynd hæstv. ríkisstjórnar í efnahagsmálum er barón von Münchhausen eins og allir vita og ganga þess vegna hugmyndir af þessu tagi ljósum logum þegar talsmenn stjórnarinnar og stjórnarflokkanna komast í ræðustól. Og það allra skemmtilegasta var þegar hv. 17. þm. Reykv. færði það fram sem sérstök rök fyrir því að selja þyrfti meiri veiðiheimildir að þær mundu ekki fara út úr greininni því að þær ættu standa fyrir hagræðingu og jafnvel tilraunaveiðum og stuðningi við slíkt sem er út af fyrir sig góðra gjalda vert.

Hvað sögðum við í fyrra? Það sem við mótmælt-

um sérstaklega var að með þessari breyttu ráðstöfun væru verðmætin að fara út úr greininni og hér kemur hv. 17. þm. Reykv. þökk sé honum og viðurkennir að þetta sé auðvitað rétt sem við sögðum og þess vegna þurfi að ná í meiri veiðiheimildir, selja þær og halda þeim peningum innan greinarinnar. (**ÓS:** Þetta er útúrsnúningur og þú veist það.) Þetta er nákvæmlega svona sem þetta kom og við skulum fá útskrift af þinni ræðu, hv. 17. þm. Reykv., og lesa hana. Hún var afhjúpandi fyrir þá meðferð sem Hagræðingarsjóðurinn fékk með lagabreytingunum í fyrra.

Hv. 17. þm. Reykv. talaði svo mikið um kaflaskipti í íslenskum sjávarútvegi. Menn voru að geta sér þess til úti í salnum að þau kaflaskipti sem hann ætti við núna væru þau að í fyrsta skipti í sögunni væri ekki bara hluti af sjávarútveginum heldur hann allur að fara á hausinn og það eru auðvitað kaflaskipti því að það hefur sennilega aldrei áður blasað við að nánast greinin í heild sinni væri að fara yfir um vegna stjórnarstefnunnar og aðgerðarleysis hæstv. ríkisstjórnar en það er staðan og auðvitað eru það fræg kaflaskipti og það er hv. 17. þm. Reykv. enn til framdráttar að hann skyldi verða til þess að vekja athygli á þeim hér með *svona skýrum hætti.*

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð núna vegna þess að ég vil gjarnan gefa hæstv. forsrh. og síðan hæstv. sjútvrh. kost á því að koma upp og svara þeim spurningum sem ég hef borið fram til þeirra og reyndar fleiri hv. þm. við umræðuna fyrr í kvöld. Ég skora á hæstv. ráðherra að verða við þeim tilmælum að greiða fyrir umræðunni með því að gefa svör, sérstaklega auðvitað hæstv. forsrh. sem getur að mínu mati ekki vikist undan því eins og boltanum var varpað til hans af hæstv. sjútvrh. að koma og gefa okkur upplýsingar um stöðu mála hvað varðar hugmyndir um aðgerðir á þessu sviði á grundvelli tillagna Byggðastofnunar eða annað því um líkt. Og ég vænti þess að fleiri hv. þm., sem eru í salnum og hafa tekið þátt í umræðunni og fylgst með henni, séu mér sammála um það að mikilvægt sé fyrir framgang umræðunnar að fá þessi svör nú frá hæstv. ráðherrum og í trausti þess að þau komi nú í beinu framhaldi þá lýk ég máli mínu að þessu sinni, herra forseti.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Mér hafði orðið það á í umræðu um daginn að nefna barón von Münchhausen sem hefði m.a. orðið frægur fyrir það að draga sjálfan sig upp á *hárinu. Ég mundi aldrei dylgja nokkuð slíkt um þann* þingmann sem síðast talaði að hann mundi gera það.

Aðeins vegna þess sem þingmaðurinn nefndi við mig ... (**SJS:** Það væri að draga einhvern upp á hárinu.) Það væri sjálfsagt meiri handfesti í því, já. Það sem þingmaðuinn spurði um og bar að mér var um það hvernig stæði ákvörðun sem byggðist á tillögum Byggðastofnunar eða starfsmanna hennar og beðið var um í tengslum við ákvörðun um þorskveiðiheimildir en þær hugmyndir voru lagðar fyrir í ríkisstjórn. Þær voru ekki endanlega afgreiddar en ég tel að það sé ekki langt að bíða þess að þær tillögur verði afgreiddar.

Hv. þm. sagði að þær tillögur væru frægar að endemum en hann ... (**Gripið fram í:** Er það ekki of seint?) Nei, ég tel það alls ekki vera of seint. Það er meginverkefnið að bæta mönnum upp þann brest sem varð. Menn voru sammála um það og ég vænti þess að það verði afgreitt hið fyrsta.

Hv. þm. sem síðast talaði nefndi að sjútvn. þingsins hefði sagt að skoða þyrfti allar leiðir, skoða þyrfti öll úrræði sem til álita kæmu við að bæta mönnum upp þann brest eða jafna þann brest sem varð vegna ákvörðunar um veiðiheimildir vegna þorsks. Ég segi fyrir mig að þetta kom til álita en þó að það hafi verið harðneskjulegt að bæta mönnum ekki neitt upp þann brest sem varð en láta þá skipan gilda sem gildir. Þannig að þeir sem urðu fyrir þessum bresti vegna stórrar hlutdeildar í þorski yrðu fyrir þeim bresti en mundu síðan njóta þess fyllilega þegar þorskafli mundi eflast og glæðast á ný. Hins vegar er enginn vafi á því að það var ríkur vilji til þess, eins og kom fram í orðum sem vitnað var til hjá sjútvrh., að menn mundu reyna að bæta þennan þorskbrest og ákvæðu ákveðið þak í þeim efnum. Byggðastofnun lagði til tilteknar hugmyndir í þeim efnum og miðaði þar við 5% hámarksskerðingu. Þessar tillögur liggja fyrir og ég á von á því að þær verði afgreiddar fljótlega í ríkisstjórn. (**Gripið fram í:** Þú verður að segja Þorsteini frá þessu. Hann veit ekkert um þetta.) Sjútvrh. veit fyllilega að þær tillögurnar hafa ekki verið afgreiddar í ríkisstjórn og hann veit að sjálfsögðu um að til stendur að afgreiða þær tillögur í ríkisstjórn.

Varðandi hitt sem rætt var að hefði komið fram í þinginu fyrr í dag um málsmeðferð frá stjórn sjóðsins sem með málið fer, það sem hv. þm. nefndi um það í þeim efnum. þá hef ég út af fyrir sig ekki fylgst sérstaklega með því en tek undir með hæstv. sjútvrh. að sú ákvörðun er öll formlega rétt og í samræmi við lög. Og mér þykir ekki út af fyrir sig þó að frv. komi fram og merk kunni að vera þá eigi þau að breyta þeim ferli sem þar er farið eftir. Þar tel ég að menn fari eftir réttu, löglega skipuðu ferli og tel að það sem sjútvrh. sagði í þeim efnum standist auðvitað fullkomlega og sé hárrétt.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir tilraun til svars en því miður er ég litlu nær. Orðalag af því tagi að þessar tillögur hafi ekki endanlega verið afgreiddar, þess verði ekki langt að bíða og svo kemur í næstu setningu að þess sé vænst að þær verið afgreiddar bráðlega eða hið fyrsta færir mig ekki mikið nær niðurstöðu í málinu. Getur hæstv. forsrh. reynt að svara skýrar? Hvenær hyggst hæstv. ríkisstjórn afgreiða þetta mál? Verður það á fundi síðar í þessari viku eða byrjun næstu viku? Og getur hæstv. forsrh. svarað okkur í öðru lagi því: Er ríkisstjórnin tilbúin til þess að beita sér fyrir því að þangað til þær niðurstöður liggja fyrir og verða kynntar þá verði engum dyrum lokað á meðan, hvorki sem tengjast Hagræðingarsjóði né öðrum? Ég held að það sé alveg vonlaust fyrir hæstv. ráðherra að reyna að færa fyrir því rök að það

fari á nokkrun hátt í bág við lögin um Hagræðingarsjóð þó að beðið sé átekta í nokkra sólarhringa með að senda út rukkunarbréfin fyrir kvótann. Það er alveg augljóst mál. Ef það er gert með stuðningi héðan af Alþingi og vegna þess að sjútvn. þingsins er með málið til umfjöllunar sem gæti þess vegna orðið að lögum innan þeirra sömu sólarhringa, ef svo bæri undir, þá held ég að málið verði ekki skýrara en það.

Ég vil minna hæstv. forsrh. á að það var einu sinni þannig að það voru hv. formaður og varaformaður sjútvn. Alþingis sem m.a. greiddu atkvæði með þeirri ályktun sem sjútvn. gerði í sumar. Og það er auðvitað alveg ljóst að þegar menn segja þar „allar leiðir", þá áttu a.m.k. aðrir en þeir sem tóku það fram sérstaklega, og það á eingöngu við um hv. 17. þm. Reykv., jafnt við Hagræðingarsjóð og önnur möguleg úrræði í þessum efnum. Ég fullyrði að það á við hv. formann sjútvn. og það eru sérkennileg og mikil tíðindi ef hæstv. forsrh. telur það engu breyta að hv. formaður sjútvn. átti þarna m.a. í hlut.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. veit það vel að ágreiningur hefur verið um það hvort Hagræðingarsjóðurinn væri notaður með þeim hætti sem ríkisstjórnin ákvað. Sá ágreiningur hefur verið staðfestur hér í þinginu. Ríkisstjórnin hefur ekki breytt um stefnu í þeim efnum og hefur svarað því mjög skýrt þannig að Hagræðingarsjóðurinn er í þessu tilviki ekki inni í myndinni af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. verður auðvitað að átta sig á því að við erum stödd á Alþingi Íslendinga og við erum að ræða um frv. sem eru til meðferðar á Alþingi Íslendinga. Og það er Alþingi Íslendinga sem hefur lagasetningarvaldið í landinu og ef á Alþingi Íslendinga er meiri hluti fyrir því að fara tiltekna leið varðandi ráðstöfun á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs þá er það það vald sem ræður. Það liggur að vísu fyrir að hæstv. forsrh. hefur hótað að segja af sér ef önnur niðurstaða verður í þessu máli en honum er þóknanleg. En það liggur alveg ljóst fyrir að um það hafa komið fram yfirlýsingar að verði ekki ásættanleg niðurstaða úr þeim tillögum eða þeirri vinnu, sem við héldum að væri í gangi á vegum hæstv. ríkisstjórnar, þá hafa einstakir þingmenn, þar á meðal úr stjórnarliðinu, áskilið sér allan rétt í þeim efnum að á Alþingi gæti orðið tiltekin niðurstaða í þessu máli sem leysti þá hnútinn eða hyggi á hann og það er það sem er verið að tala um. Það liggur auðvitað í loftinu að það sé meiri hluti á Alþingi Íslendinga fyrir því að ráðstafa veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs með þessum tiltekna hætti í raun og veru í samræmi við fyrri hugmyndir hæstv. sjútvrh. og í samræmi við hugmyndir sem ég hef ástæðu til að ætla að njóti stuðnings þó nokkuð margra óbreyttra þingmanna í stjórnarliðinu. Hæstv. forsrh. verður að umgangast þessa staðreynd málsins með virðingu vegna þess að hér á að sitja þingbundin ríkisstjórn og það á að vera meirihlutavilji Alþingis sem ræður niðurstöðum í svona málum og ekkert annað.

Flm. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir enn einu sinni að það komi ekki til greina að beita Hagræðingarsjóðnum. Hann hefur hins vegar sagt að hann sé tilbúinn til þess að styðja tillögur Byggðastofnunar sem ganga út á það að gera framangreindum fyrirtækjum, þ.e. þeim fyrirtækjum sem hafa orðið fyrir mestu skerðingunni, kleift að kaupa aflaheimildir fyrir um 500 millj. Hvaða aflaheimildir eru þetta sem þeir eiga að geta keypt? Það eru nokkurn veginn aflaheimildir Hagræðingarsjóðs. Auðvitað er miklu einfaldara að þessi fyrirtæki fái aflaheimildirnar beint. Það er miklu ódýrara fyrir ríkissjóð. En hæstv. forsrh. hefur ákveðið að fara mun dýrari leið. Hann verður þá að gera grein fyrir því hvernig á að afla tekna. Ætlar hann að taka það úr sjóðunum sem hann lýsti yfir að væru tómir, úr sukksjóðunum? Ætlar hann að taka það úr Atvinnutryggingarsjóði? Ætlar hann að taka það úr Fiskveiðasjóði? Ætlar hann að taka það úr Byggðasjóði? Auðvitað verður hæstv. forsrh. að svara þessu. Það er búið að ráðstafa þessum aflaheimildum með samþykkt Fiskveiðasjóðs í dag, þessum sömu aflaheimildum sem á að hjálpa fyrirtækjunum að kaupa. Og hæstv. forsrh. kemst ekki lengur upp með að segja eins og hann hefur sagt nú nýlega að það bráðliggi ekki á að afgreiða málið. Auðvitað bráðliggur á að afgreiða þetta mál og fyrst hæstv. sjútvrh. getur engu svarað um þetta mál og vísar á forsrh. þá krefjumst við þess a hæstv. forsrh. veiti betri svör en hann hefur gert hér.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ekki efni til að svara þessu nokkuð frekar en ég hef svarað. Ég hef sagt og það mun standa að málið verður afgreitt mjög fljótlega af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Flm. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. forsrh. segir að málið verði afgreitt fljótlega. Hann veit að stjórn Hagræðingarsjóðs hefur nú þegar afgreitt málið og þar með að nokkru leyti útilokað þá leið sem hann hafði annars ætlað að fara. Var hæstv. forsrh. kunnugt um það? Það eru breyttar forsendur í málinu og getur hæstv. forsrh. ekki svarað þessari einföldu spurningu: Hvernig hefur hann hugsað sér að útvega þessa fjármuni? Hann hlýtur að hafa hugleitt það, hann hlýtur að hafa gert það upp við sig á þeim langa tíma sem málið hefur verið til umfjöllunar og hann hlýtur að geta svarað Alþingi. Það er óviðunandi, hæstv. forsrh., að ríkisstjórnin geti aðeins svarað slíkum spurningum ef þær koma frá blaðamönnum. Hæstv. forsrh. verður líka að svara Alþingi.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hæstv. sjútvrh. áðan að hann vissi ekkert um hverjar tillögur Byggðastofnunar væru enda heyrði Byggðastofnun

undir forsrh. og það væri eðlilegast að hann gæfi svör um þá hluti sem ég skil mætavel. Því spyr ég: Er sú frétt rétt, sem birtist í Morgunblaðinu um það leyti sem verið var að ganga frá þessum tilögum eða heildaraflahámörkum, að það stæði til að styrkveitingarnar sem Byggðastofnun leggur til verði upp á 450–500 millj. kr. verði fjármagnaðar frá Fiskveiðasjóði, 150 millj. kr., atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar, 150 millj. kr. og 150 millj. úr ríkissjóði? Er fótur fyrir þessari frétt Morgunblaðsins? Þetta er einföld spurning til forsrh. sem eg óska eftir að hann svari.

Hins vegar veit ég ekki hvort hæstv. forsrh. hefur gert sér grein fyrir því að sú leið sem þarna er lögð til mun kosta ríkissjóð meiri peninga en það að aflaheimildum Hagræðingarsjóðs yrði dreift út til fyrirtækjanna og þyrfti að fjármagna Hafrannsóknastofnun. Sennilega mun þessi leið kosta ríkissjóð 400 millj. kr. hærri upphæð.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:
Herra forseti. Það er fótur fyrir þessari frétt, já.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:
Ég þakka hæstv. forsrh. svarið og ég skil það svo að fréttin sé sönn. Þá er næsta spurning til forsrh.: Hvernig í ósköpunum ætlar hann að taka 150 millj. kr. úr atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar, úr Atvinnutryggingarsjóði sem hann lýsti svo fjálglega í sinni stefnuræðu sl. haust að væri ein rjúkandi rúst eftir umgang fyrri ríkisstjórnar, sjóðurinn væri gjaldþrota? Hvaða töfrabrögð hefur forsrh. nú til þess að taka 150 millj. kr. úr sjóði sem hann hefur lýst yfir að sé gjaldþrota? Hvernig er þetta hægt?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:
Herra forseti. Það er rétt að þessi sjóður stendur jafnilla og þingmönnum er kunnugt. Um er að ræða tillögur þeirra starfsmanna Byggðastofnunar sem voru beðnir um slíkar tillögur. Þær tillögur eru til meðferðar og verða afgreiddar fljótlega.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:
Virðulegi forseti. Út af seinustu orðum hæstv. ráðherra, þá leysa tillögur ekkert ef það er ekki til peningur, sé það rétt. En mitt erindi í stólinn var að mér finnst það ekki gild rök ef stjórn Hagræðingarsjóðs á að vinna eftir einhverju ákveðnu ferli eins og ég tók niður eftir hæstv. forsrh. og jafnvel ágæt frv. breyti því ekki. Mér finnst það vega þyngra ef meiri hluti þings styður þessi frv. þá getur sjútvrh. að sjálfsögðu stöðvað það að þetta ferli haldi áfram. Þetta er ekki viljalaus þróun og skynlausar skepnur sem er við að eiga. Það eru bara manneskjur sem taka mið af ákvörðunum og þessar ákvarðanir er hægt að taka. Og ef þessi frumvörp eru eins ágæt og hæstv. forsrh. var að tala um er náttúrlega full ástæða til þess, ég tala nú ekki um ef stuðningur sjútvrh. er raunverulegur.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):
Umræðum um andsvör er lokið og verður þá tekið aftur til við að ræða dagskrármálin tvö sem verið hafa til umræðu í kvöld. Ég vil geta þess að það er staðföst ætlan að ljúka umræðum í nótt um bæði þessi dagskrármál, það er 6. og 7. og einnig um 8. og 9. dagskrármál.

Jón Helgason:
Herra forseti. Ég vænti þess að hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. séu hér einhvers staðar nálægir því að til þeirra beggja vil ég fyrst og fremst beina orðum mínum.

Í þessari umræðu um frv. um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins hefur að vísu verið fjallað um þá alvarlegu stöðu sem þessi undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar stendur frammi fyrir. Að mínu mati er það þó sú ógnvekjandi mynd af stjórnarfarinu, ástandinu á stjórnarheimilinu, sem hæstv. sjútvrh. hefur lýst, sem eru athyglisverðustu tíðindin.

Í þessum umræðum hefur verið dregið fram hvernig hæstv. forsrh. hefur í heilt ár hunsað tillögur hæstv. sjútvrh. um bætta stöðu sjávarútvegsins og sagt að hugmyndir hæstv. sjútvrh. jöfnuðust á við mestu sjónhverfingar allra tíma, svo fáránlegar væru þessar tillögur hæstv. sjútvrh. Þrátt fyrir slíka einkunn hæstv. forsrh. kýs hæstv. sjútvrh. að sitja áfram í ríkisstjórn og taka þannig undir og styðja orð og gerðir hæstv. forsrh. sem í reynd hefur tekið að sér yfirstjórn sjútvrn. eftir lýsingu hæstv. sjútvrh. hér. Afsökun hæstv. sjútvrh. er sú að þeir, sem hann styður svo dyggilega til forustu í ríkisstjórninni, séu svo þjóðhættulegir menn að ef hann sitji þar ekki áfram, hvernig sem hann er niðurlægður af hæstv. forsrh., þá væri fyrst voðinn vís. Erfitt er reyndar að sjá hvernig stjórnarfarið getur orðið verra. Enn fremur segist hæstv. sjútvrh. ekkert vita hvernig mál sjávarútvegsins eru undirbúin af hæstv. forsrh. Hann frétti um niðurstöðuna í fjölmiðlum.

Hv. 17. þm. Reykv., formaður þingflokks Alþfl., lýsti stjórnarheimilinu þannig að fangarnir hafi gert uppreisn. Þessi umræða hefur því ekki aðeins dregið fram þær hörmungar sem ríkisstjórnin er að leiða yfir íslenskan sjávarútveg heldur fyrst og fremst það algera stjórnleysi og þá óstjórn sem nú ríkir í landinu. Hæstv. forsrh. segir að samráðherrar sínir séu algerir loddarar. Hann hlustar ekki á tillögur þeirra og tekur málaflokka þeirra í sínar hendur svo þeir vita ekkert hvað muni þar gert fyrr en þeir sjá það í fjölmiðlum. Hvernig getur slíkt stjórnarfar haldið áfram sem hæstv. sjútvrh. hefur lýst í kvöld og áður? Hvernig getur meiri hluti Alþingis sætt sig við að það haldi áfram? Hvernig getur þjóðin unað því að ástandið í ríkisstjórninni sé verra en Grímur Thomsen lýsti hjá Goðmundi á Glæsivöllum því að það er sannarlega ekki vegist þar á af góðsemi?

Í framhaldi af þessu vil ég spyrja hæstv. sjútvrh.: Hvað ætlar hann að halda lengi áfram að svínbeygja sig fyrir svívirðingum hæstv. forsrh. og una því að völdin séu af honum tekin og horfa aðgerðarlaus á að atvinnuvegurinn, sem hann hefur tekið að sér að annast, hrynji víðs vegar um landið? Er hæstv. sjútvrh.

virkilega svo heillum horfinn að hann fái ekki lengur neinn stuðning frá samflokksmönnum í eigin þingflokki til að gæta hagsmuna þessa undirstöðuatvinnuvegar? Er það vegna þeirrar stöðu sem hann er orðinn fangi í ráðherrastólnum, eins og hv. 17. þm. Reykv. gaf í skyn? (**Gripið fram í:** Þveröfugt.) En það er sama hver svörin verða. Öllum sem fylgst hafa með umræðu er það ljóst að í landinu er ekki lengur samstarfshæf ríkisstjórn. Það er ekki lengur farið eftir þeirri verkaskiptingu sem kveðið er á um í stjórnarskrá, að hver ráðherra skuli bera ábyrgð á sínum eigin málum. Hæstv. forsrh. hefur svipt hæstv. sjútvrh. þeim völdum. Hvort sem ríkisstjórnin situr lengur eða skemur, þá verður það þjóðinni dýrt ef ríkisstjórnin ætlar að halda áfram að sitja til þess eins að halda áfram hjaðningarvígum sínum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þeir mega illa við bindast hæstv. ráðherrarnir hér inni í salnum. Það er heldur hvimleitt að ekki skuli vera hægt að ljúka hér umræðu þótt hún standi ekki nema tiltölulega stuttan tíma án þess að þeir séu sífellt roknir út. Ég saknaði þess að hæstv. sjútvrh. svaraði ekki þeirri spurningu sem ég bar fram við hann sérstaklega og er einfaldlega þessi: Er hæstv. sjútvrh. tilbúinn til þess að beina þeim tilmælum til stjórnar Hagræðingarsjóðs að hún bíði átekta í nokkra sólarhringa þangað til skýrist annars vegar með vinnu Alþingis að þessu máli og hins vegar hvort einhver botn kemst í ávísanarúllettu ríkisstjórnarinnar eða Byggðastofnunarhugmyndirnar eða hvað menn vilja kalla það?

Hæstv. forsrh. gaf hér sex mismunandi svör um það hvenær niðurstöðu yrði að vænta í því máli. Það var ýmist fljótlega, bráðlega, sem fyrst, hið allra fyrsta o.s.frv. eins og menn heyrðu áðan. Í þessa sanskrít geta menn svo sem reynt að ráða en við væntum þess að það verði þá einhvern tíma á næstu sólarhringum eða vikum og þessari einföldu spurningu hlýtur hæstv. sjútvrh. að geta svarað. Er hann tilbúinn til að beina þessum tilmælum til nefndarinnar? Sér hann einhverja meinbugi á því gagnvart lögunum að stjórn Hagræðingarsjóðs bíði átekta einhverja sólarhringa, þess vegna tímasett ef menn vilja hafa það svo? Ég vil gjarnan að hæstv. sjútvrh. svari þessu hér. Ef ekki þá verður sjútvn. á fundi í fyrramálið og ég tel upplagt að hæstv. sjútvrh. komi á fund nefndarinnar þar sem væri þá hægt að ræða þetta mál ítarlegar við hann. Ég leyfi mér héðan úr þessum stóli, herra forseti, að fara fram á það við formann sjútvn. eða starfandi formann, varaformanninn, 17. þm. Reykv., að hann undirbúi það að fundurinn í fyrramálið fari í það að ræða þetta mál og eftir atvikum fáum við þá hæstv. sjútvrh. í heimsókn og/eða aðra hæstv. ráðherra sem ástæða telst til svo sem hæstv. forsrh. sem fer að hluta til með þessi málefni eins og kunnugt er. Ég sé að hv. 17. þm. Reykv. og varaformaður sjútvn. heyrir orð mín og tekur vel í þau að mér sýnist og þar með er það fagnaðarefni að sjútvn. muni taka þetta fyrir í fyrramálið.

Ég vil svo segja örfá orð við hæstv. sjútvrh. í þessari seinni ræðu minni undir umræðunni áður en hann kemur hér og svarar. Það er ágætt að hann hafi þau einnig í huga þegar hann kemur hér í ræðustólinn.

Því hefur verið haldið fram í umræðunni að menn hafi borið nokkurt lof á hæstv. sjútvrh. og jafnvel látið að því liggja að hæstv. sjútvrh. hafi verið í sérstöku uppáhaldi hjá stjórnarandstöðunni. Út af fyrir sig er nokkuð til í því. Ég hygg að menn hafi bundið nokkrar vonir við hæstv. sjútvrh. Hæstv. sjútvrh. talaði þannig framan af vetri í fyrra eins og honum væri veruleg alvara með að að gera eitthvað í málefnum sjávarútvegsins. Og eins og ég veit að hæstv. sjútvrh. rekur minni til kom hann fram með hugmyndir og beinlínis tillögur um það að óhjákvæmilegt væri að grípa til ráðstafana og ekki bara ráðstafana, í eitt skipti notaði hæstv. sjútvrh. orðið „neyðarráðstafanir", vegna ástandsins í sjávarútveginum. Þetta er til skjalfest frá því síðasta haust eða snemma vetrar fyrir tæpu ári síðan. Síðan er sagan þekkt. Hæstv. sjútvrh. hefur ekkert komist með sín mál. Það hefur ekkert gerst í hæstv. ríkisstjórn og því litla sem tókst að koma þar fram var gert með stuðningi stjórnarandstöðunnar og reyndar að hennar áeggjan í fyrravor og gekk út á það að tæma skyldusparnað sjávarútvegsins, nota hann upp á einu bretti til að halda greininni lifandi þessa síðustu mánuði meðan hæstv. ríkisstjórn reyndi að koma sér saman um eitthvað varanlegt og til frambúðar í þágu greinarinnar.

Nú er þetta þannig að hæstv. sjútvrh. er að verða búinn að sitja í eitt og hálft ár og mestan þann tíma hafa legið fyrir hörmulegri afkomutölur fyrir allar helstu greinar íslensks sjávarútvegs en lengi og lengst af áður hafa þekkst. Á þessu nýbyrjaða fiskveiðiári og næsta almanaksári stefnir í mesta tap fyrir sjávarútveginn sem mig rekur minni til að nokkurn tíma hafi verið sýnt á blöðum, að mati samtaka fiskvinnslustöðva á milli 14 og15% halla að frádregnum hagnaði frystitogaranna. Nú verður ósköp einfaldlega að segja eins og er að nú fer að koma að þeim tímamótum að hæstv. sjútvrh. verður að gera það upp við sig hvað hann ætlar að gera því að hann mun ekki fá mikið klapp á bakið eða hrós ef hann situr í súpunni ásamt öðrum í hæstv. ríkisstjórn, aðhefst ekki neitt, lætur kúga sig, kemur í ræðustól á Alþingi aftur og aftur og lýsir því yfir að hann hafi bara því miður verið í minni hluta, eins og hæstv. sjútvrh. gerði hér í kvöld. Ég hafði viljann, sagði hæstv. sjútvrh. Mig skorti ekki viljann til að gera vel og vinna að málefnum sjávarútvegsins en ég varð því miður í minni hluta. Skynsamlegar tillögur mínar um að nota Hagræðingarsjóð nutu ekki stuðnings. Ég varð í minni hluta og væntanlega á þetta sama við um efnahagsaðgerðir eða tillögur til að rétta við rekstrarafkomu greinarinnar. Þar er hæstv. sjútvrh. væntanlega einnig í minni hluta og hefur engu komið fram nema því sem flokka mætti e.t.v. undir að lengja örlítið í snörunni með því að nota upp skyldusparnað greinarinnar og lengja lán í hinum sömu sjóðum og hæstv. ríkisstjórn byrjaði feril sinn á að úthúða.

Ég held að hæstv. sjútvrh. verði að átta sig á því að hann er að koma að þeim tímamótum í þessu ferli að

nú er að duga eða drepast og hæstv. sjútvrh. getur ekki ætlast til þess að menn bindi öllu lengur vonir við fróm orð hans ef ekkert gerist. Og sá sjútvrh. sem situr í ríkisstjórn og horfir upp á sjávarútveginn hrynja, er nákvæmlega jafnábyrgur og aðrir í þeirri hæstv. ríkisstjórn þó svo hann hafi verið ofurliði borinn þar í einhverjum atkvæðagreiðslum. Málin eru ósköp einfaldlega þannig og auðvitað er það þannig að hæstv. sjútvrh. fer þó að nafninu til með þessi mál samkvæmt þeirri verkaskiptingu sem er við lýði samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands og getur ekki þvegið hendur sínar eða fríað sig ábyrgð á því sem er að gerast í íslenskum sjávarútvegi.

Ég vil láta þessi alvarlegu orð falla að hæstv. sjútvrh. viðstöddum vegna þess að mér segir svo hugur að við séum ekki nema rétt að byrja á þeirri umræðu sem hlýtur að standa, a.m.k. ef svo heldur sem horfir, um stöðuna í íslenskum sjávarútvegi og málefni hans á þessum nýbyrjaða þingvetri ef svo má að orði komast. Væntanlega gefast fleiri tækifæri til að ræða þau mál og einnig undir öðrum dagskrárliðum. E.t.v. verða þessi mál aftur á dagskrá eftir meðhöndlun í þingnefnd innan fárra sólarhringa ef svo vel vill til að það myndist samstaða á Alþingi um það að grípa til ráðstafana.

En þeim spurningum, sem ég hef beint til hæstv. sjútvrh., fer ég í öllu falli fram á að hann svari varðandi tilmælin til stjórnar Hagræðingarsjóðs, hvort hann sjái á því einhverja meinbugi og hvort hæstv. sjútvrh. — ég skýt því að til viðbótar — teldi það til bóta að til hans kæmi ósk frá hv. sjútvn. um að senda slík tilmæli þannig að það lægi ljóst fyrir að frá þinginu væri einnig stuðningur við það að slíkur umþóttunartími yrði gefinn í einhverja sólarhringa áður en síðustu dyrunum yrði lokað á það að unnt væri að beita Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins í þessum augljósa og skynsamlega tilgangi við núverandi aðstæður.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það sem ég ætlaði að draga inn í umræðuna eru tvenn ummæli hæstv. forsrh. í umræðu um atvinnumál fyrir rúmri viku síðan. — Nú spyr ég forseta hvort forsrh. sé í húsinu. (**Forseti:** Forseti hefur ekki glöggar upplýsingar um það en mun leita eftir upplýsingum um það hvort forsrh. er í húsinu.) Virðulegi forseti. Það er eiginlega lágmarkskrafa ef ríkisstjórnin vill — nú heyri ég að forseti hringir neyðarhringingu. Virðulegi forseti, það sem ég vildi sagt hafa er að það er eiginlega lágmarkskrafa, ef menn vilja greiða fyrir framgangi mála, að ráðherrar sem fara með málaflokkinn eða þá hafa tekið sér forræði í málaflokknum séu viðstaddir umræðuna. En ég get meðan beðið er eftir hæstv. forsrh.... (**Forseti:** Forseti getur upplýst það að hæstv. forsrh. er ekki í húsinu.) — Virðulegi forseti. Nú veit ég ekki alveg hvernig á að bregðast við. Ég ætlaði að varpa ákveðnum spurningum fram til forsrh. en ég verð þá að gera það að honum fjarstöddum. En nú sé ég að hæstv. sjútvrh. hlær hér til hliðar og ég verð að segja það að ég held að hæstv. sjútvrh. ætti að fara að sjá sóma sinn í því að ganga ekki hér um sali flissandi eins og staðan er og eins og geðleysi hans virðist vera að sitja undir því að forsrh. sé búinn að taka af honum völdin varðandi þann málaflokk sem hann á að fara með og síðan gengur ráðherrann um gleiðbrosandi í þingsölum. Ég vil benda þingheimi og hæstv. forsrh. á það að væntanlega kom meginástæðan fyrir því í hverri kreppu við erum varðandi sjávarútvegsmálin fram í ræðu hæstv. forsrh. í atvinnumálaumræðu hér í síðustu viku. Þá sagði forsrh., með leyfi forseta:

„Þegar menn eru að tala um stöðu sjávarútvegsins eru menn að horfa á spár fyrir næsta ár. Afkoman er ekki slök eða mjög slæm á þessu ári vegna þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til.“ Málið er það að forsrh. virðist standa í þeirri meiningu að það sé allt í lagi í sjávarútveginum.

Í annan stað vitnar hæstv. forsrh. í grein í Vísbendingu og lokaorð þeirrar lesningar eru þannig: „Óeðlilegt væri að lækka gengi til þess að hægja á aðlögun sjávarútvegsfyrirtækja að minni veiði.“ Og síðan segir forsrh.: „Þetta er hárrétt sem hér er skrifað og menn verða að horfa á þessar staðreyndir.“

Nú vil ég biðja þó þann ráðherra, vararáðherra sjávarútvegsmála, að hlusta á orð mín. Það er ekki hægt að draga aðra ályktun af þessum orðum hæstv. forsrh. en þau að annaðhvort trúi hæstv. forsrh. því að allt sé í lagi í sjávarútveginum eða þá hitt, sem má lesa út úr seinni tilvitnuninni, að hann sé þeirrar skoðunar að það eigi að knýja sjávarútveginn til ýtrustu hagræðingar við þær aðstæður sem nú eru uppi, við þær aðstæður að að mati Þjóðhagsstofnunar, verði 5–6% halli á veiðum og vinnslu bolfisks þegar búið er að taka inn í áhrifin af Hagræðingarsjóðnum, við þær aðstæður að öflugustu fyrirtækin í sjávarútvegi á Íslandi í dag, sem stunda landvinnslu og ég get nafngreint þau, Útgerðarfélag Akureyrar og Grandi, sjá fram á verulegt tap á seinni hluta ársins. Þetta segi ég vegna þess hversu meðaltöl geta verið varasöm.

En hvernig er þá staðan hjá þeim sem liggja nær meðaltalinu? Og ég skora á hæstv. sjútvrh., því að ég ber nú nokkurt traust til mannsins, að hann komi upp og útskýri það fyrir okkur hvernig sjávarútvegsfyrirtækin eiga að komast út úr þessari úlfakreppu, ég tala nú ekki um þegar horfir í það á næsta ári að hallinn verði þá mældur í tugum prósenta, á annan tug prósenta. Þetta er sú staða sem sjávarútvegurinn býr við í dag.

Síðan gerist það í dag að ríkisstjórnin boðar til blaðamannafundar um aðgerðir í atvinnumálum. Þar er ekki minnst á sjávarútveginn, sjútvrh. er reyndar ekki með á fundinum, og þar er því lýst sem einu af lausnarorðunum að lækka tekjuskatt fyrirtækja, lækka hann úr 45% niður í 35%. (**Gripið fram í:** Niður í 33.) 33, jæja, ef það er 33, þess þá heldur. Það er margbúið að benda hæstv. ríkisstjórn á að það sem atvinnuvegirnir þurfa á að halda núna er að lækka veltu, lækka kostnaðartengdu skattana, þ.e. að lækka aðstöðugjaldið og aðra kostnaðartengda skatta. En það er byrjað á hinum endanum. Það er byrjað á því að lækka skatta á þeim fyrirtækjum sem þó sýna gróða og ættu þó öðr-

um fremur að leggja eitthvað til okkar sameiginlegu sjóða.

Það er ekki nema von að hæglætismönnum eins og 2. þm. Suðurl. ofbjóði algerlega þegar staðan er orðin eins og hún er nú. Það getur vel verið að hæstv. sjútvrh. sjái ekki ástæðu til að svara okkur yngri og minni spámönnum í hópi þingmanna en ég skora á hann að taka mark á ræðu hv. 2. þm. Suðurl. sem var haldin áðan.

Ég vil að lokum ítreka spurningar mínar til hæstv. sjútvrh. Hæstv. sjútvrh. hlýtur að hafa meira geð en það að hann láti þetta ganga yfir sig. Hann hlýtur að hafa áhyggjur af stöðu sjávarútvegsins eins og hún er og ég hef lýst í minni ræðu og við sem höfum talað fyrir því að það þurfi að grípa til aðgerða, við sem höfum liðkað fyrir um mál hæstv. sjútvrh., við sem sjútvrh. leitaði til þegar þurfti að greiða út úr Hagræðingarsjóði á síðasta vori eigum fulla heimtingu á að því verði svarað hér og nú: Hvernig sér hæstv. sjútvrh. framtíð sjávarútvegsins? Ég er ekki að tala um langa framtíð. Ég er að tala um þetta ár og það næsta og á hvern hátt þyrfti að beita sér fyrir aðgerðum til úrbóta.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð liðið á tímann og ég skal ekki í sjálfu sér reyna að lengja þessa umræðu mikið en vil aðeins að segja nokkur orð. Það er út af fyrir sig merkilegt að standa hér og ræða um þetta mál, svo mikilsvert mál sem þessi atvinnugrein okkar, sjávarútvegurinn, er og verða þess áskynja að í þinghúsinu eru aðeins staddir fjórir eða fimm stuðningsmenn núv. ríkisstjórnar. (**Gripið fram í:** Hverjir eru þeir?) Þeir eru, með leyfi, virðulegi forseti, hv. þm. Einar Guðfinnsson, a.m.k. skráður þó ég hafi ekki séð hann ganga um sali, Sturla Böðvarsson og Þorsteinn Pálsson. Síðan eru þeir Gunnlaugur Stefánsson og Össur Skarphéðinsson. Tveir þeirra hafa verið að sinna skyldum sínum sem forsetar en á sama tíma liggjum við stjórnarandstæðingar tíðum undir því ámæli að við séum að tefja störf þingsins. Mér skilst nefnilega að (**Sjútvrh.:** Við erum að ræða stjórnarandstöðufrv.) Já. (**ÖS:** Ertu búinn að gleyma því?) Nei, ég gleymdi því nefnilega ekki, hv. 17. þm. Reykv. eða hæstv. sjútvrh. Hins vegar skildist mér og ég ætlaði að fara að segja að tilmæli hefðu komið frá hæstv. dóms- og kirkjumrh. um að fá að tala fyrir frumvörpum ríkisstjórnarinnar á eftir sem við stjórnarandstæðingar munum að sjálfsögðu sitja yfir til þess að reyna að koma málum áfram. Þetta er umhugsunarefni fyrir okkur og spurning hvort virðulegur forseti vildi ekki hafa orð á því í þingflokkum stjórnarflokkanna að athygli hefði verið vakin á þessu vegna þess að klukkan er þó ekki nema hálfeitt og ég tel satt að segja ekkert eftir þeim stjórnarliðum að vaka smástund. (**ÖS:** Er enginn úr Alþb.?) Jú, jú, þeir eru hér inni frá Alþb. Hins vegar virðist hv. 17. þm. Reykv. og formaður þingflokks Alþfl. ekki hafa mikinn aga á sínu liði því hér hefur ekki sést einn einasti ráðherra Alþfl. inni í allt kvöld og það sýnir okkur kannski áhugaleysi þessara manna á þeirri atvinnugrein sem verið er að fjalla um. Og merkilegt að þeir eru kannski að gleðjast yfir því að hafa svínbeygt Sjálfstfl. svo að þeir eru komnir langleiðina með það að koma á auðlindaskatti í sjávarútveginum. Einhvern tíma hefðu það nú þótt tíðindi, hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála, að svo væri komið fyrir Sjálfstfl.

Ég hef spurt um það áður þegar um þessi mál, auðlindaskatt á sjávarútveginn, hefur verið fjallað: Hvar er þessi gamli Sjálfstfl. sem einu sinni var talað um? Hvar er hann? Veit hæstv. ráðherra það? Ég hef ekki trú á því að hann kannist við þennan Sjálfstfl. sem nú er og sættir sig við það að leggja auðlindaskatt á sjávarútveginn, sættir sig við það að fulltrúar fjmrh. skuli vera búnir að fá þann starfa að standa við landganginn þegar menn fara á sjó og biðja um ávísunina áður en þeir róa og leysa landfestar. Það hefðu einhvern tíma þótt tíðindi að þetta skyldi Sjálfstfl. samþykkja.

Hins vegar hefur sú yfirlýsing nokkuð ruglað þessa umræðu í kvöld sem hæstv. ráðherra gaf að hefði verið samþykkt í dag af stjórn Fiskveiðasjóðs eða stjórn Hagræðingarsjóðs. Ég kann betur við að við tölum um það því að ég lít svo á að það hafi verið stjórn Hagræðingarsjóðs sem hafi samþykkt að bjóða þessar aflaheimildir til sölu. Það hefur truflað umræðuna. En sú hugsun læðist að mér að með því hafi ráðherrar Sjálfstfl. ætlað að nota þann leik að taka þann beiska bikar frá ákveðnum þingmönnum Sjálfstfl. að þeir gætu kannski friðað samvisku sína eitthvað að greiða ekki þessu frv., um breytingu á lögum um Hagræðingarsjóð, atkvæði sitt vegna þess að það væri gagnslaust eins og ráðherrann orðaði það í kvöld vegna þess að þetta væri búið og gert. Það er kannski það sem liggur þar á bak við að menn flýttu sér svo mjög í dag að koma þessu frá. Ég hef trú á því að það sé ein meginástæðan fyrir því að þessi samþykkt var gerð í dag.

Umræðan hefur hins vegar snúist mikið um afkomu greinarinnar og það er ekki óeðlilegt. Ég hef sagt það áður þegar ég hef talað um sjávarútvegsmálin og hef spurt um það, bæði í sjútvn. og hér í þessum stól, hvað líður störfum þeirrar nefndar sem kölluð hefur verið tvíhöfða nefnd og fékk það verkefni að vinna að og gera tillögur um stjórn fiskveiða. Það var ekki aðeins að henni væri trúað fyrir því heldur var henni einnig trúað fyrir því að koma með tillögur um hvernig leysa mætti rekstrarvanda sjávarútvegsins. Þessi tvíhöfða nefnd átti að hafa samráð við ýmsa aðila. Hún átti m.a. að hafa samráð við sjútvn. þingsins. Við fundum að því á sínum tíma að þessi leið var valin en ekki sú sem áður var farin, að fulltrúar voru tilnefndir af þingflokkum til þess að sitja samráðsfundi og vinna að tillögugerð um stjórnun fiskveiða. Núverandi ríkisstjórn taldi að það væri ekki góð leið og þess vegna vildi hún heldur að sjútvn. þingsins yrði virk í þessu starfi og hún yrði notuð sem samráðsaðili. Tvisvar sinnum hafa formenn nefndarinnar komið á fund sjútvn. og í bæði skiptin að ósk nefndarinnar sjálfrar. Þeir hafa aldrei haft frumkvæði að því sjálfir. Ég held að ég segi það rétt að það hafi verið á síðasta frekar en næstsíðasta fundi sjútvn. þar sem mættir voru hagsmunaaðilar úr sjávarútvegi sem ég spurði þá að því hvort þeir hefðu haft samráð við þessa tvíhöfða nefnd um tillögugerð í

sambandi við stjórnun fiskveiða. Þeir fórnuðu höndum og sögðust ekki þekkja málið. Er þetta samráð, hæstv. sjútvrh.? Er þetta samráð?

Þegar hv. 17. þm. Reykv. talaði um auðlindaskattinn áðan sagði hann ýmislegt. Maður grípur það ekki allt þannig að ég hef hugsað mér að nota einhverja stund á morgun til að líta yfir ræðu hans. Hún var í mínum huga býsna merkileg og sérstaklega þar sem hann fór yfir sviðið um auðlindaskattinn. Ég hef nefnilega velt því fyrir mér, þegar menn eru að tala um þennan auðlindaskatt og að selja eigi veiðiheimildir til útgerðar sem nú er rekin með 10–11% tapi og spáð er að verði rekin með yfir 14% tapi, með hvaða peningum greinin eigi að borga. Mér er spurn. Með hvaða peningum á greinin að borga sem áætlað er að verði rekin með yfir 14% tapi? Hvers konar hagfræði er þetta? Ég held hins vegar að menn ættu að hætta að tala um þennan auðlindaskatt og ég er viss um að um það getur orðið friður að sjávarútvegurinn borgi eðlilega skatta til samfélagsins af starfsemi sinni þegar honum hefur verið búinn almennilegur starfsgrundvöllur og þá á auðvitað sjávarútvegurinn, eins og önnur atvinnustarfsemi í landinu, að greiða eðlilega skatta og skyldur. Þannig á að ná skatti eða tekjum af þessari atvinnugrein. Um það hef ég trú á að gæti orðið þokkaleg sátt. (**Gripið fram í:** Nei, það á að afnema ...) Hvað segir hv. þm.? (**Gripið fram í:** Það á að taka tillögur ríkisstjórnarinnar í gagnið og afnema þá skattaskyldu.) Já.

Það er auðvitað ömurlegt hvernig fyrir sjávarútveginum er komið. Ég heyrði ekki fréttir í kvöld. Þar var talað um að það ætti að setja peninga í ýmsar framkvæmdir. Ég heyrði hvergi minnst á að það ætti að fá peninga til að rétta hlut þessarar atvinnugreinar. Hún er mjög skuldsett eins og hér hefur komið fram. Nettóskuldir sjávarútvegsins eru nú líklega rétt um 70 milljarðar og nettóvaxtagreiðslur af þessu eru hvorki meira né minna en um 8 milljarðar kr. Lánstíminn sem sjávarútvegurinn þarf að búa við er að meðaltali, eins og kom fram hjá hv. þm. Finni Ingólfssyni fyrr í kvöld, rétt rúm 6 ár sem þýðir að árlegar afborganir eru á milli 10 og 11 milljarðar kr. Þannig þarf sjávarútvegurinn að greiða í vexti og afborganir lána 18–19 milljarða kr. Það hljóta allir að sjá að svona getur þetta ekki gengið. Það er vitavonlaust nema það sé ásetningur, og því vil ég ekki trúa, að rústa atvinnugreinina gersamlega.

Það er auðvitað mikil blekking að reyna að slá því fram og telja mönnum trú um það að útgreiðslur úr Verðjöfnunarsjóði komi þarna að einhverju liði. Það er aðeins smáskammtalækning og það er ekki til þess að treysta rekstrargrundvöll greinarinnar. Það bætir aðeins greiðslustöðu fyrirtækjanna um stutta stund, en það er mikil blekking að ætla að það sé til þess að bæta rekstrargrundvöllinn og við megum ekki blekkja okkur á því.

Til þess að sjá hversu vandinn er mikill í þessu getum við tekið gott fyrirtæki sem oft hefur verið vitnað til í sjávarútveginum sem er Útgerðarfélag Akureyringa. Það er örugglega eitt af þeim fyrirtækjum sem hvað best eru rekin eða hafa verið í gegnum tíðina, a.m.k. mjög vel rekið fyrirtæki og myndarlegt fyrirtæki, og var það á árinu 1990 með 185 millj. kr. hagnað af rekstri félagsins. Í fyrra var hagnaðurinn hins vegar um 85 millj. kr. og það er talið að hann verði í járnum eða verulegt tap verði á árinu sem er að líða.

Við sjáum þennan viðsnúning í greininni. Þetta er vitaskuld algjörlega óviðunandi ástand og þess vegna hljótum við að leita mjög stíft eftir því hvaða leiðir hæstv. sjútvrh. er með í pokahorninu.

Það er náttúrlega alveg deginum ljósara að það sem hefur verið að gerast í dag, að fyrirtækin sem hafa verið að fara á höfuðið og bankar og lánastofnanir hafa verið að tapa á í stórum stíl, veldur því að þau fyrirtæki sem eftir standa þurfa að bera miklu hærri vexti af þessum sökum. Bankarnir ná þessu inn á þann hátt að það er mjög íþyngjandi fyrir þau fyrirtæki sem eftir lifa. Og ekki nóg með það heldur eru þessi fyrirtæki einnig, eftir að þessi „konvertering" fyrirtækjanna hefur farið fram eins og nú er í tísku, sett á svokallaðan núllpunkt og eru þess vegna komin í bullandi samkeppni við þau fyrirtæki sem alla tíð hafa staðið við skuldbindingar sínar og greitt af lánum sínum sem þeim hefur verið trúað fyrir. Á þennan hátt eru menn komnir með alveg nýjan feril og þannig verða þau fyrirtæki, sem fram að þessu hafa staðist, næst kölluð niður á gjaldþrotaleiðina. Ég hefði gaman af að heyra, ef hæstv. ráðherra segir einhver orð á eftir, hvort hann getur verið mér sammála um að ástæða sé til að spyrna við fótum og reyna að finna upp aðrar og skynsamlegri leiðir til að verjast þessu.

Auðvitað er það umhugsunarefni fyrir okkur, og það er kannski gjarnan sagt að okkur beri skylda til að benda á leiðir, hvað við viljum sjálfir, hvaða hugmyndir við erum með sjálfir til þess að finna lausn á vandanum. Þess vegna vildi ég velta upp nokkrum hugmyndum og spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann vilji skoða þær hugmyndir. (**Gripið fram í:** Hann er ekki í salnum.) Hann er ekki í salnum, en kannski heyrir hann. Hæstv. sjútvrh. hefur setið hér og ber að þakka það. Reyndar er hann ekkert of góður til þess því að við eru að tala um þau mál sem undir hann heyra og þess vegna á hann að vera hér (**Gripið fram í:** Og ætlar að sitja sem fastast.) og ætlar að sitja áfram.

Ég hefði gaman af að heyra hvort hæstv. sjútvrh. hafi eitthvað velt því fyrir sér, vegna þeirra straumhvarfa sem hafa orðið í framhaldi af því að við erum í vaxandi mæli að færa vinnsluna út á haf, að beita einhverjum tilfærslum á milli fisktegunda og milli þessara skipa eða jafnvel á veiðirétti. Mig langar líka að spyrja ráðherrann hvort hann vilji ekki skoða það að koma upp úreldingarsjóði fyrir fiskvinnslustöðvarnar. Í þriðja lagi spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann gæti ekki fallist á að eðlilegt væri að fella niður innheimtu á aðstöðugjaldi á þessi fyrirtæki. Lækkun vaxta höfum við oft minnst á og komið hefur fram að þeir sem í atvinnugreininni starfa telja að Þjóðhagsstofnun vanmeti mjög vaxtaþáttinn í afkomutölum greinarinnar eins og ég held að hafi komið fram hér í kvöld hjá hv. 17. þm. Reykv. Ég minni á lækkun orkukostnaðar. Það

er enginn vafi að sjávarútvegurinn borgar hærra orkuverð en ýmis önnur atvinnustarfsemi hér á landi og þess vegna mætti skoða þetta.

Ég spyr einnig: Er hæstv. ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir því að styrkja fyrirtæki sem væru tilbúin til að setja skip sín á fjarlægari mið eða á vannýtta stofna? Ég spyr: Hefur hæstv. sjútvrh. skoðað þá möguleika, eða hafa þeir verið skoðaðir í ráðuneytinu, hvort hugsanlegt væri að einhver skip úr flotanum, t.d. hin stóru og öflugu loðnuskip sem við eigum og liggja oft langtímum saman lítt nýtt, gætu hugsanlega farið t.d. til rækjuveiða við Svalbarða? Ég hef oft og tíðum velt því fyrir mér hvernig það megi vera að íslensk fyrirtæki, í rækjuiðnaði t.d., þurfi að kaupa rækju af t.d. Rússum eða Norðmönnum, rækju sem þeir veiða við Svalbarða vegna þess að mér er það ljóst að það er tiltölulega þægilegt fyrir okkur Íslendinga að fá að veiða á þessum miðum. Ég hefði gaman af að heyra hvað ráðherra hefur að segja um þessa þætti. Það eru vissulega fleiri mið til en við Svalbarða en þau eru svo nálægt manni vegna þess að við erum að láta okkar fólk og fyrirtæki vinna þennan afla.

Hv. þm. Finnur Ingólfsson kom inn á lánstíma þessara fyrirtækja og ég vil því einnig spyrja hæstv. sjútvrh.: Hefur hæstv. sjútvrh. eða ríkisstjórnin velt því fyrir sér að lengja lán fiskvinnslunnar úr þessum rúmu sex árum sem þau eru að meðaltali í í t.d. 12 ár? Ég hef það fyrir satt, hæstv. ráðherra, sem ég vona að heyri mál mitt þó að ég sjái að hann er önnum kafinn í tali, (**Sjútvrh.:** Við skulum kalla þetta fund.) að þar séum við að tala um sparnað. Það gæti þýtt að hér séu 5 milljarðar kr. Hefur hæstv. sjútvrh. skoðað eða vill hann skoða þessa þætti og fleiri? Fróðlegt væri að fá það á blað og upplýsingar um það hversu þessar leiðir gætu hugsanlega rétt hlut greinarinnar.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að segja fleira. Ég sé að hæstv. ráðherra hefur takmarkaðan áhuga á þessu máli og það er miður. Við verðum þá að geyma það til betri tíma að tala við hann. Ég held satt að segja að hæstv. sjútvrh. hefði gott af því að hlusta á það sem við viljum segja, þessi sem nennum að vera hér þegar þessi mál eru á dagskrá, því að ef ég hef hlustað rétt skilst mér að hann hafi ekki mikinn stuðning í þessum málum í sínum flokki eða Alþfl. og helsti stuðningurinn til góðra verka í sjávarútveginum muni koma frá Framsfl. og trúlega einhverjum hluta af Alþb., vonandi öllu. Ég bið þess vegna hæstv. sjútvrh. að leggja hlustirnar vel við þegar við framsóknarmenn, og stjórnarandstaðan öll, tölum í þessum málum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Framhald þingfundar.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að fá upplýsingar um það hvernig forseti hefur hugsað sér fundarhaldið í nótt eða hvort það er virkilega ætlunin að taka ný mál hér inn á dagskrá á þessum tíma sólarhringsins. Ég sé ekki í fljótu bragði hvaða nauður rekur okkur til þess að haga vinnulaginu þannig að menn séu að skipta um gír og taka önnur og alls óskyld mál inn á dagskrána og byrja á því þegar komið er langt fram á nótt. Í öðru lagi finnst mér að sá hæstv. ráðherra sem hér á hlut að máli, og átti reyndar einnig í síðasta dagskrármáli, hafi kannski ekki beinlínis verið að sýna þann vilja til að greiða fyrir framgangi mála, með því að svara alls ekki þeim spurningum sem margítrekaðar voru við hann í umræðum um síðasta dagskrármál, að það auki mönnum gleði til þess að fara að hjálpa honum við að troða fleiri frumvörpum gegnum þingið í nótt. Er slíkur voði á ferðum, herra forseti, að það sé virkilega þannig að það þurfi að mæla fyrir nýjum frumvörpum um miðja nótt? Hvað liggur svona á? Ég held að nær væri að láta nótt sem nemur og kalla þetta dagsverk sem orðið er og taka þessi mál þá fyrst fyrir á næsta fundi sem nú er ætlunin að fara að hefja umræður um. Ég vil eindregið mælast til þess við hæstv. forseta að hann íhugi hvort það sé ekki skemmtilegra verklag.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill geta þess að gefnu tilefni að tilkynnt var fyrr á fundinum að reynt yrði að ljúka þessari dagskrá sem fyrir fundinum liggur á þessum fundi og var meiningin að reyna að ná því.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. 4. þm. Norðurl. e. Hér hefur verið fjallað um mörg mál í dag og umræðu lokið um flest þeirra. Ég held að ekki hafi verið hægt að kvarta yfir því á undanförnum dögum að ekki hafi gengið bærilega að koma málum til nefnda. Nefndirnar hafa nóg að starfa og það liggur ekkert á að koma fleiri málum til þeirra.

Hér er um mikilvæg mál að ræða og er mikilvægt að þeir þingmenn sem eiga að fjalla um þessi mál í viðkomandi nefndum geti verið viðstaddir 1. umr., þ.e. um 8. dagskrármálið, Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, og 9. dagskrármálið, Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl. Þetta eru stór mál sem varða mikilvæg atriði þessa samnings og mér finnst lágmark að þeir nefndarmenn sem eiga að fjalla um þessi mál, væntanlega í hv. allshn., séu viðstaddir. Ég get ekki séð að margir þeirra séu hér. Þar af leiðandi virðist vera að þeir hafi ekki reiknað með að þessi mál kæmu til umræðu um miðja nótt. Ég vil því fara þess á leit að þessari umræðu verði frestað þar til þingmenn geta verið viðstaddir hana með eðlilegum hætti.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti gat þess áðan að tilkynnt hefði verið af forsetastóli að þessi mál yrðu tekin á dagskrá á þessum fundi. Ef sérstakar óskir koma hins vegar fram um það að þessum dagskrármálum verði frestað vill forseti leita samkomulags um það og gera örstutt hlé til að ræða nánar um þetta við formenn þingflokka sem kunna að vera í salnum. — [Fundarhlé.]

Það hefur orðið að samkomulagi að fresta því að taka til umræðu 8. og 9. dagskrármál og eru þau því tekin út af dagskrá. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Fundinum er slitið.

22. FUNDUR

miðvikudaginn 16. sept.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, stjfrv., 32. mál, þskj. 33. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Ríkismat sjávarafurða, stjfrv., 43. mál, þskj. 44. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Fiskistofa, stjfrv., 44. mál, þskj. 45. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Meðferð sjávarafurða og eftirlit, stjfrv., 45. mál, þskj. 46. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, frv., 16. mál, þskj. 16. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, frv., 66. mál, þskj. 68. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Hópuppsagnir, stjfrv., 20. mál, þskj. 20. — 1. umr.
8. Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, stjfrv., 21. mál, þskj. 21. — 1. umr.
9. Vinnumarkaðsmál, stjfrv., 22. mál, þskj. 22. — 1. umr.
10. Lagaákvæði er varða samgöngumál, stjfrv., 28. mál, þskj. 29. — 1. umr.
11. Eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, stjfrv., 78. mál, þskj. 83. — 1. umr.
12. Kjaradómur, stjfrv., 19. mál, þskj. 19, nál. 91 — 2. umr.
13. Gagnkvæm viðurkenning á menntun vegna EES stjfrv., 77. mál, þskj. 79. — 1. umr.
14. Sáttastörf í vinnudeilum, stjfrv., 71. mál, þskj. þskj. 73. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.,
Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Salome Þorkelsdóttir, 2. þm. Reykn.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjala:

Bæklingur meiri hluta stjórnar LÍN, 84. mál, fsp. KÁ, þskj. 92.

Embætti dýralæknis á sunnanverðum Vestfjörðum, 81. mál, fsp. JVK, þskj. 88.

Gatnagerðargjöld, 87. mál, frv. ASv og KHG, þskj. 95.

Málefni Ríkisútvarpsins, 82. mál, fsp. JVK, þskj. 89.

Svæðisútvarp Vestfjarða, 83. mál, fsp. JVK, þskj. 90.

Tilsjónarmenn, 85. mál, fsp. KÁ, þskj. 93.

Útboð á vegum utanríkisráðuneytisins, 61. mál, svar utanrrh. á þskj. 85.

Útboð á vegum félagsmálaráðuneytisins, 52. mál, svar félmrh. á þskj. 86.

Verkefni tilsjónarmanna, 86. mál, fsp. KÁ, þskj. 94.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill geta þess áður en gengið er til dagskrár að þingflokksfundir verða í dag kl. 17 og er það í samráði við formenn þingflokka.

Um þingsköp.

Tillögur ríkisstjórnarinnar um framkvæmdir í vegamálum.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hefur þess gætt mjög að framkvæmdarvaldið hefur verið að seilast æ meira inn á valdsvið Alþingis, þ.e. valdsvið löggjafarvaldsins. Þess gætir æ meir að Alþingi lætur völd af höndum til ríkisstjórnarinnar eins og sést nú ekki hvað síst á öllum þeim frv. um hið Evrópska efnahagssvæði sem liggja fyrir þinginu. Í gærkvöldi gerðist það að ríkisstjórnin kynnti tillögur sínar um aðgerðir til að efla atvinnulíf og þar þykir mér aldeilis keyra um þverbak þegar ríkisstjórnin lýsir því yfir að á næsta ári verði 2 milljörðum kr. varið til viðbótarframkvæmda, einkum vegagerðar. Það vill svo til, hæstv. forseti, að það er Alþingi sem fer með fjárveitingavaldið og hefði verið nær að ríkisstjórnin beindi því til Alþingis að þannig yrði staðið að málum að þessum 2 milljörðum verði varið til vegaframkvæmda. Hið versta við þetta er ekki síst það að ríkisstjórnin kynnti útfærða áætlun um hvernig fjármagninu skuli varið en í vegalögum segir svo í 10. gr., um vegáætlun, með leyfi forseta,:

„Samgrh. leggur að fengnum tillögum vegamálastjóra till. til þál. um vegáætlun fyrir Alþingi. Í tillögunni skal gerð grein fyrir fjáröflun þeirri, sem fyrir-

huguð er á áætlunartímabilinu, og útgjöld sundurliðuð eftir helstu framkvæmdaflokkum samkvæmt lögum þessum. Við meðferð tillögunnar fyrir Alþingi skal ákveða skiptingu útgjalda til einstakra framkvæmdaliða og tillagan afgreidd í endanlegu formi sem þál. um vegáætlun fyrir fjögurra ára tímabil."

Ég tel, virðulegi forseti, að með tillögum sínum sé ríkisstjórnin að fara langt út fyrir valdsvið sitt, þ.e. með þessum ákvörðunum um framkvæmdir og ég lýsi því yfir fyrir hönd míns þingflokks að við lítum á þessi plögg sem tillögur ríkisstjórnarinnar og getum ekki sætt okkur við þá afstöðu sem fram kemur gagnvart Alþingi í þessari málsmeðferð ríkisstjórnarinnar, algerlega óháð því hvað hún er að leggja til. Það er hlutverk Alþingis að skipta vegafé og mun væntanlega koma til kasta þess. Þar að auki rignir yfir okkur þingmenn skeytum vegna þeirrar yfirlýsingar sem ríkisstjórnin hefur gefið um áform sín án þess að alþingismenn hafi svo mikið sem séð þessar tillögur sem sumar hverjar kunna að verða að veruleika. Ég beini þeim tilmælum til hæstv. forseta að hún geri ríkisstjórninni grein fyrir því hvert valdsvið hennar nær.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti getur tekið undir það með hv. þm. að það er Alþingi sem fer með fjárveitingavaldið.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið ófrávíkjanleg venja á Alþingi að fjárlög íslenska ríkisins eru birt Alþingi í sérstöku frv. sem venjulega er fyrsta skjal þings. Nú óskaði ríkisstjórnin eftir þeirri samvinnu við stjórnarandstöðuna sl. vor að stjórnarandstaðan samþykkti fyrir sitt leyti að ríkisstjórnin þyrfti ekki að koma til þings í ágústmánuði með fjárlagafrv. heldur yrði fylgt hefðbundnum hætti að leggja það fram á Alþingi í byrjun októbermánaðar.

Nú hefur það hins vegar gerst að ríkisstjórnin hefur í fyrsta sinn, ég man ekki nein slík dæmi áður, ákveðið að halda blaðamannafund þar sem meginatriði fjárlagafrv. eru kynnt, — á blaðamannafundi. Situr þó þingið. Það er auðvitað fullkomlega óeðlilegt að forsrh. og fjmrh. séu að flytja þjóðinni skýrslu um væntanlegt fjárlagafrv. og tillögur ríkisstjórnarinnar utan við þingsalinn. Þess vegna liggur það beint við að hæstv. forsrh. eða hæstv. fjmrh. flytji Alþingi nú í dag eða á morgun sérstaka skýrslu, munnlega, um þessar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar þannig að hér á hinum rétta vettvangi þingræðisins geti farið fram umræða um það mál fyrst ríkisstjórnin hefur hafið þá umræðu opinberlega. Ríkisstjórnin hefur hafið þá umræðu opinberlega. Ég vil þess vegna leggja fram þá formlegu ósk að forsrh. eða fjmrh. flytji Alþingi munnlega skýrslu um þessi efni sem kynnt voru þjóðinni á blaðamannafundi í gær fyrst ríkisstjórnin hefur tekið upp þann sið að taka fjárlagafrv. til opinberrar umfjöllunar áður en það er formlega lagt fram á Alþingi. Þetta er formleg ósk mín svo að við þingmenn getum rætt þessi mál við ráðherrana hér á þinginu en þurfum ekki að gera það í gegnum fjölmiðla.

Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 32. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 33.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GuðjG, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RA, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, FrS, GHH, GB, GÁ, GHelg, HG, JóhS, JHelg, JónK, KSG, MB, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GuðjG, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP.

25 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, FrS, GHH, GB, GÁ, GHelg, HG, JóhS, JHelg, JónK, KSG, MB, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, ÖS) fjarstaddir.

Ríkismat sjávarafurða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 43. mál. — Þskj. 44.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GuðjG, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, FrS, GHH, GB, GÁ, GHelg, HG, JóhS, JHelg, JónK, KSG, MB, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GuðjG, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, FrS, GHH, GB, GÁ, GHelg, HG, JóhS, JHelg, JónK, KSG, MB, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB) fjarstaddir.

Fiskistofa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 44. mál (eftirlit með framleiðslu sjávarafurða). — Þskj. 45.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GuðjG, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (EgJ) greiddi ekki atkv.
24 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, FrS, GHH, GB, GÁ, GHelg, HG, JóhS, JHelg, JónK, KSG, MB, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. með 39 shlj. atkv.
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, DO, EJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GuðjG, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
24 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, FrS, GHH, GB, GÁ, GHelg, HG, JóhS, JHelg, JónK, KSG, MB, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB) fjarstaddir.

Meðferð sjávarafurða og eftirlit, frh. 1. umr.

Stjfrv., 45. mál. — Þskj. 46.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GuðjG, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónS, JVK, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
26 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, FrS, GHH, GB, GÁ, GHelg, HG, JóhS, JHelg, JónK, KSG, KÁ, MB, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
25 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GHelg, HG, JóhS, JHelg, JónK, KSG, MB, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB) fjarstaddir.

Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Frv. HÁ o.fl., 16. mál (ráðstöfun aflaheimilda 1992–93). — Þskj. 16.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GuðjG, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
24 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, FrS, GHH, GB, GÁ, GHelg, HG, JóhS, JHelg, JónK, KSG, MB, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GuðjG, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
24 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, FrS, GHH, GB, GÁ, GHelg, HG, JHelg, JónK, KSG, MB, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB) fjarstaddir.

Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 66. mál (aðstoð við byggðarlög, sveiflujöfnun o.fl.). — Þskj. 68.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GuðjG, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
24 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, FrS, GHH, GB, GÁ, GHelg, HG, JHelg, JónK, KSG, MB, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, DO, Egj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GuðjG, GHall, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
24 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, FrS, GHH, GB, GÁ, GHelg, HBl, HG, JHelg, JónK, KSG, MB, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB) fjarstaddir.

Lagaákvæði er varða samgöngumál, 1. umr.

Stjfrv., 28. mál. — Þskj. 29.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum er varða samgöngumál vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu. Ég mun fyrst gera grein fyrir stefnumótun og meginreglum samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði á sviði samgöngumála en síðan skýra nánar hvað í heimildarákvæðunum felst. Sú umfjöllun er almenn og á bæði við það frv. sem hér er lagt fram og önnur frumvörp sem ég mun leggja fram vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Flutningamál gegna mikilvægu hlutverki í mótun hins innri markaðar í Evrópu, bæði beint og óbeint. Að auki verður frjálsræði í viðskiptum að haldast í hendur við aukið frelsi í samgöngumálum. Hafta- og verndarstefna á samgöngumarkaðnum vinnur gegn frjálsri verslun.

Væntanlega þarf ekki að fara mörgum orðum um það hér hve mikilvægt er fyrir Íslendinga að við verðum hluti af því umhverfi í samgöngumálum sem gengur í garð í Evrópu 1. sept. nk. Þar gildir einu hvort fjallað er um land-, loft- eða sjóflutninga. Íslendingar eru ekki einir á þessu sviði heldur þurfa þeir að vinna í samstarfi við aðra. Samkeppnisreglur samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði leggja grunn að stefnu ríkjanna í samgöngumálum sem byggist á eftirfarandi grundvallartriðum:

1. Frelsi til að láta í té þjónustu.
2. Afnámi hindrana fyrir frjálsri samkeppni.
3. Afnámi ríkisstyrkja, eflingu öryggis og mengunarvarna.
4. Almennum reglum samningsins um samkeppni, réttinn til stofnunar fyrirtækja o.s.frv.

Þessi markmið eru reyndar sameiginleg öllum þeim atriðum sem hið Evrópska efnahagssvæði tekur til og er fjallað um á sviði samkeppnislaga.

Staða þessara þriggja samgöngugreina, land-, loft- og sjóflutninga er reyndar afar ólík. Stefnan í siglingamálum miðar fyrst og fremst að því að vernda og verja það frelsi sem útgerðir hafa búið við í áratugi meðan á sviði loft- og landflutninga er leitast við að ryðja burt höftum sem verið hafa ríkjandi. Í fluginu hafa ríkisafskipti t.d. verið mikil og flugréttindi háð ýmsum opinberum leyfum og fyrirmælum.

Áður en lengra er haldið er rétt að taka fram að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði gildir ekki um innanlandssamgöngur. Einstökum aðildarríkjum er því heimilt að ákveða skipulag þeirra, enda sé öðrum aðildarríkjum veittur jafn réttur og heimaríki til þess að veita þjónustuna. Vöruflutningar á vegum eru algengasti flutningamátinn innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þessir flutningar hafa að mestu byggst á tvíhliða samningum og sérleyfum. Takmarkanir einstakra ríkja á frelsi til að veita þjónustu á þessu sviði eru hins vegar smám saman að hverfa. Ráðherranefnd samgönguráðherra Evrópubandalagsins samþykkti árið 1988 að fullt frelsi skyldi ríkja í landflutningum innan Evrópubandalagsins frá og með árinu 1993. Það gildir nú um hið Evrópska efnahagssvæði og á öll kvótaskipting í landflutningum innan hins Evrópska efnahagssvæðis að falla úr gildi frá og með árinu 1993. Í stað kvótaskiptingar koma rekstrarleyfi sem byggð eru á samræmdum kröfum. Sá fyrirvari er reyndar gerður að ekki komi til stórfelldrar röskunar á flutningamarkaðnum. Flutningafyrirtæki í einu aðildarríki samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði er heimilt að veita þjónustu í öðru ríki að fullnægðum lögum þess ríkis. Ýmsar reglur hafa verið settar til að samræma reglur aðildarríkjanna, t.d. um stöðlun, ýmsar öryggisreglur, reglur um akstur og hvíldartíma og öxulþunga.

Flugið er sú samgöngugrein sem býr við ítarlegastu reglur allra samgöngugreina innan hins Evrópska efnahagssvæðis sem utan. Áhersla á breytingar í flugsamgöngum lýtur að því að koma á almennum leikreglum og frelsi í áætlunarflugi. Miklar líkur eru á því að það aukna frjálsræði, sem stefnt er að í fluginu, muni leiða til stórfelldra breytinga á Evrópuflugi. Stefnan innan hins Evrópska efnahagssvæðis er að mynda einn markað fyrir flugsamgöngur, markað þar sem heilbrigð samkeppni ríkir, m.a. með auknu frelsi í fargjaldamálum, *aðgangi að mörkuðum og hlutdeild í þeim.* Með þessum hætti er leitast við að bæta rekstrarskilyrði og samkeppnisstöðu evrópskra flugfélaga og lækka fargjöld.

Flugsamgöngur í Evrópu hafa um áratuga skeið byggst á tvíhliða samningum milli ríkja og samningum einstakra flugfélaga sem hafa deilt með sér markaðnum. Þetta fyrirkomulag um tvíhliða samninga byggist á yfirráðarétti þjóða yfir lofthelgi sinni, en efnahagslega hafa samningarnir kveðið á um aðgang að mörkuðum, skiptingu sætaframboðs milli flugfélaga og ákvörðun fargjalda. Slíkir samningar hafa takmarkað athafnafrelsi flugfélaga en jafnframt verndað þau gegn samkeppni. Við Íslendingar höfum talið að þessi takmörk á athafnafrelsi flugfélaga hafi skaðað hagsmuni og samkeppnisstöðu Flugleiða. Þessi samgöngugrein, flugið, sem byggist á opinberum afskiptum af sjálfum flugrekstrinum verður í framtíðinni rekin á breyttum forsendum. Það verður hins vegar ekki gert í einu vetfangi heldur var stefnt að því að afnema gildandi kerfi í þremur áföngum, eða svokölluðum pökkum, 1. jan. 1988, 1. nóv. 1990 og 1. jan. 1993. Fyrstu tveir pakkarnir fjalla því í raun um undanþágur frá ákvæðum samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði um frjálsa samkeppni þar sem áfram eru heimilaðar verulegar takmarkanir á samkeppni í flugi.

Samþykktum Evrópubandalagsins á sviði flugmála, sem lagðar hafa verið til grundvallar í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði, má efnislega skipta í tvennt. Í fyrsta lagi eru samþykktir sem miða að auknu frelsi og minnkandi ríkisafskiptum og í öðru lagi samþykktir sem kveða á um ýmiss konar samræmingu milli aðildarríkja og reglum og stöðlum. Samþykktirnar eru hluti af fyrstu tveimur pökkunum sem tóku gildi innan Evrópubandalagsins á árunum 1988 og 1990. Þriðji pakkinn tekur að mestu leyti gildi hinn 1. jan. nk. en þar sem hann er ekki hluti samningsins um hið

Evrópska efnahagssvæði fjalla ég ekki um hann hér. Rétt er að vekja athygli á því að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði gildir ekki um innanlandsflug og ekki um leiguflug, aðeins áætlunarflug.

Með samkomulaginu um Evrópska efnahagssvæðið hafa EFTA-ríkin fallist á að taka ýmsar mikilvægar reglur Evrópubandalagsins um flugmál í löggjöf sína og móta þar með sameiginlega stefnu á því sviði innan aðildarríkja samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Ber þar fyrst að telja þrjár reglugerðir sem fjalla um gildi samkeppnisreglna Evrópubandalagsins á sviði alþjóðlegra loftflutninga og heimild til takmarkana á þeim. Samkvæmt reglugerð frá 1987, um beitingu samkeppnisreglna gagnvart flugfélögum, gilda samkeppnisreglur samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði um flugsamgöngur. Þó má víkja ákvæðum þeirra um bann við samráði gegn samkeppni til hliðar þegar með samráðinu er stuðlað að endurbótum eða samvinnu um tæknileg malefni. Í viðauka með reglugerðinni er síðan talin upp sú starfsemi sem fallið getur hér undir. Önnur reglugerð frá árinu 1987 nr. 3976 tilgreinir hvers konar samninga milli fyrirtækja. Samráð og samstilltar aðgerðir má heimila sem undantekningu frá meginreglunni um frjálsa samkeppni. Þar eru m.a. taldir upp samningar og samráð um sætaframboð í áætlunarflugi, tekjuskiptingu af áætlunarflugi, fargjöld og aðra skilmála fólks og aðra vöruflutninga í áætlunarflugi, úthlutun á afgreiðslutíma fyrir flugvélar og sameiginlega innkaupaþjónustu á jörðu niðri. Rétt er að leggja á það áherslu að slíkum samningum sem hér um ræðir er fyrst og fremst ætlað að gilda meðan markaðurinn er að aðlagast minnkandi opinberum afskiptum og auknu frelsi. Þeir eru, eins og ég sagði áðan um pakkana tvo, nokkurs konar áfangi að markmiðinu.

Í fyrsta lagi eru reglur um ákvörðun fargjalda rýmkaðar. Flugfélög þurfa ekki lengur að samræma fargjöld sín fargjöldum samkeppnisaðila og heimildir ríkisstjórna til að beita sér gegn nýjum fargjöldum, sér í lagi lágum, er takmörkuð. Reglugerð um fargjöld í áætlunarflugi frá miðju árinu 1990 nr. 2342 gildir um viðmiðanir og málsmeðferð sem notaðar verða við ákvörðun flugfargjalda í áætlunarflugi milli aðildarríkja. Samkvæmt henni ber aðildarríkjum að samþykkja fargjöld flugfélaga innan svæðisins í áætlunarflugi ef þau eru í eðlilegum tengslum við allan útlagðan kostnað flugfélags á þeim leiðum og jafnframt skal taka mið af því að nauðsynlegt er að sjá til þess að fjármagn skili viðunandi arði og að lágmarkskostnaður nægi til að tryggja fullnægjandi öryggi. Jafnframt skal taka tillit til ýmissa annarra þátta sem máli skipta eins og þörfum neytenda og samkeppnissjónarmiða. Það að fargjald eins flugfélags er lægra en það sem annað flugfélag á sömu flugleið býður réttlætir sem sagt ekki synjun á fargjaldi hins flugfélagsins.

Í öðru lagi eru reglur um markaðsaðgang áætlunarfélaga að flugleiðum innan hins Evrópska efnahagssvæðis og skiptingu á sætaframboði fyrir farþega milli flugfélaga í áætlunarflugi milli aðildarríkja rýmkaðar, enda eru reglur tvíhliða samninga hér að lútandi taldar ósamrýmanlegar meginreglunni um innri markað frá og með næstu áramótum. Markmiðið er að afnema með öllu höft og skiptingu sætaframboðs milli aðildarríkja. Hverju aðildarríki er nú heimilað að tilnefna fleiri en eitt flugfélag til áætlunarflugs og fimmta stig réttinda er heimilað með ákveðnum fyrirvörum þó til 1993.

Önnur reglugerð sem fellur undir markaðsaðgang er reglugerð ráðsins frá febrúar 1991 um rekstur farmflugs milli aðildarríkjanna. Með henni er leitast við að afnema höft sem nú hindra aðgang að markaðinum fyrir farmflug. M.a. er aðildarríkjum gert skylt að heimila farmflugfélögum 3., 4. og 5. flugrétt ef þau hafa sams konar flugrekstrarleyfi í öðru aðildarríki fyrir loftför sín og farmtaxtar skulu ákveðnir með frjálsum samningum milli fyrirtækjaflutningssamningum. Samhliða heimild til aukinnar samkeppni eru lagðar til ýmsar aðgerðir til verndar gegn hegðun á markaðnum sem takmarka samkeppni. Hér koma til álita atriði eins og afnám ríkisstyrkja.

Um ríkisaðstoð er fjallað í 61.–63. gr. samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði en þar segir m.a. að öll ríkisaðstoð sem hindrar eða hindrað getur frjálsa samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðsluvörum teljist ósamrýmanleg ákvæðum samkomulagsins ef slík aðstoð hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila. Þó hefur verið talið heimilt að víkja frá þessu ákvæði á sviði samgangna fyrst og fremst ef aðstoðin er hluti af byggðastefnu ríkis.

Hinn aðalþáttinn í stefnu samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði í flugmálum má nefna samræmingu. Aukið frelsi og myndun innri markaðar kallar á samræmingu á stöðlum og ýmsum viðmiðunum. Bæta þarf starfsskilyrði og samráð innan þessarar þjónustugreinar og með samræmingu á tæknilegum kröfum er leitast við að skapa skilyrði fyrir auknu framboði á lægra verði. Stefnu Evrópska efnahagssvæðisins að þessu marki má skipta í eftirfarandi þætti:

1. Atriði sem stuðla eiga að auknu öryggi í flugi eins og samræmdar reglur um loftferðaeftirlit og stjórnun flugumferðar, hámarksflugtíma, samræming á reglum um rannsókn flugslysa, gagnkvæm viðurkenning á réttindum, skírteinum flugliða o.fl. Ýmsar endurbætur á þessu sviði hafa þegar orðið að frumkvæði og undir stjórn annarra samtaka eins og t.d. Evrópusambands flugmálstjórnar og Loftferðaeftirlits Evrópu. Stefna samkomulagsins um hið Evrópska efnahagssvæði er í fullu samræmi við ákvarðanir þessara samtaka. Í tilskipun ráðsins um framtíðarsamvinnu og gagnkvæma aðstoð aðildarríkjanna við rannsóknir flugslysa skuldbinda ríkin sig að því marki sem unnt er til að veita öðru ríki aðstoð við rannsókn flugslysa. Ef auka á samkeppni í reynd þarf einnig að tryggja að hún verði rekin með réttmætum hætti. Evrópubandalagið hefur gripið til ýmissa aðgerða til að jafna stöðu fyrirtækja á markaðnum og bannað athafnir sem takmarkað geta samkeppni. Ein reglugerða samkomulagsins um hið Evrópska efnahagssvæði fjallar um samræmt tölvuskráningarkerfi sem tengist móðurtölvu og geymir hún upplýsingar frá ferðaskrifstofum, flugfélögum eða öðrum, m.a. um fargjöld, áætlanir og sætaframboð. Fljót-

lega komu í ljós ýmsir annmarkar á kerfinu sem þótti hygla stóru flugfélögunum á kostnað hinna minni. Því samþykkti ráð Evrópubandalagsins árið 1989 reglugerð um siðareglur við notkun tölvufærðra skráningarkerfa. Þeim er ætlað að tryggja réttmæta og óvilhalla notkun kerfisins og stuðla að jöfnum aðgangi fyrirtækja að þessu skráningarkerfi og þar með markaðnum.

Annað atriði sem fellur hér undir er úthlutun á afgreiðslutíma fyrir flugvélar sem á að tryggja jafnræði og sveigjanleika á markaðnum. Neytendavernd er víða höfð að leiðarljósi, m.a. við samþykkt reglugerðar frá febrúarmánuði á síðasta ári um bótagreiðslur þegar farþegum er synjað um staðfest far. Í reglugerðinni eru settar sameiginlegar lágmarksreglur sem gilda eiga þegar farþegum með staðfest far er meinað að ganga um borð í yfirbókað áætlunarflug. Flugfélögum er skylt að setja og fara eftir ákveðnum reglum um hvaða farþegar verði teknir um borð ef yfirbókað er í flug. Tilgangurinn er að vernda hagsmuni flugfarþega.

Við stefnumótun Evrópubandalagsins í flugmálum hefur í hvívetna verið höfð hliðsjón af verndun umhverfisins en af beinum aðgerðum má nefna samræmingu og setningu reglna um hávaðamörk og verið er að undirbúa umhverfisreglur fyrir flugvelli.

Reglur samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði um sjóflutninga lúta fyrst og fremst að rekstri kaupskipaútgerðarinnar. Eins og ég gat um áðan eru afskipti stjórnvalda af flugi og siglingum með afar ólíkum hætti. Opinber afskipti af flugrekstri eru mikil og ýmiss konar leyfa krafist til að mega starfa. Meginreglan í sjóflutningum er frelsi til siglinga. Það er án afskipta ríkisvaldsins en stefnumótun hins Evrópska efnahagssvæðis miðast að því að styrkja stöðu kaupskipaútgerðar aðildarríkja undir eigin þjóðfána og auka hlutdeild aðildarríkjanna í alþjóðlegri kaupskipaútgerð. Kaupskipafloti aðildarríkjanna er stór en hefur að miklum hluta verið skráður undir þægindafánum. Þessu vilja menn breyta.

Kjarninn í stefnu samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði í kaupskipaútgerð er frelsi til að veita þjónustu. Hann kemur fram í fjórum reglugerðum sem samþykktar voru árið 1986 og verða hluti af samkomulaginu um hið Evrópska efnahagssvæði. Reglugerð um frjálsan aðgang að sjóflutningum skilgreinir frjálsan aðgang að kaupsiglingum til og frá aðildarríkjum og má ekki mismuna útgerðum í slíkum siglingum með magnkvótum, forgangi að flutningum og þess háttar. Hún gildir einnig eingöngu í kaupsiglingum til og frá hinu Evrópska efnahagssvæði þegar um er að ræða mismunun gegn skipum í eigu og/eða rekstri útgerða innan hins Evrópska efnahagssvæðis. Þar er einnig skilgreint til hvaða aðgerða má grípa ef útgerð á svæðinu er mismunað í alþjóðlegum siglingum og ná slíkar aðgerðir allt frá sektum vegna flutninga einstakra útgerða til beinna takmarkana á flutningum þeirra til og frá svæðinu. Íslenskar útgerðir ættu t.d. yfir höfði sér sektir eða flutningskvóta í siglingum til Evrópu ef þeim yrði t.d. veittur forgangur umfram önnur skipafélög á flutningum á íslenskum afurðum til annarra landa innan hins Evrópska efnahagssvæðis.

Ein meginreglugerð samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði um sjóflutninga fjallar um frelsi til að veita þjónustu í kaupsiglingum. Markmið hennar er að afnema allar hindranir og verndarmúra í kaupsiglingum á milli landa hins Evrópska efnahagssvæðis. Meginreglan er frjáls aðgangur að sjóflutningamarkaðnum fyrir öll skipafélög innan svæðisins. Upphafleg tillaga Evrópubandalagsins náði einnig til innanlandssiglinga einstakra Evrópubandalagsríkja en ekki náðist samstaða um þann þátt þegar reglugerðin varð að lögum innan Evrópubandalagsins. Þessi reglugerð er talin sú veigamesta af stefnumörkun í kaupsiglingum. Hún nær til allra sjóflutninga og stefnir að afnámi tvíhliða samninga um kvótskiptingu ríkja í millum. Sá fyrirvari er þó þar á að þar sem reglugerðin stangast á við svokallaða línusiglingasamþykkt Sameinuðu þjóðanna þá gildir samþykktin, þá er hún rétthærri. En hún mælir fyrir um kvótaskiptingu á vöruflutningum milli aðildarríkja og þriðju ríkja og var gerð til að renna stoðum undir uppbyggingu þriðja heimsins á eigin kaupskipaflotum og þátttöku þeirra í áætlunarkaupsiglingum. Ísland er ekki aðili að samþykktinni og hefur íslensk kaupskipaútgerð ekki mælt með því að svo verði.

Samkvæmt reglugerð frá árinu 1986 nr. 4056 gilda samkeppnisreglur Rómarsáttmálans, nú samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði, í alþjóðlegum siglingum öðrum en leiguflutningum. Reglugerðin hefur að geyma ítarleg ákvæði um hvernig samkeppnisreglunum skuli beitt í sjóflutningum. Samkvæmt henni eru heimilaðar ýmsar undanþágur frá óheftri samkeppni og banni gegn samráði og samningum, t.d. varðandi samsiglingakerfin sem ég ræddi um áðan, samræmingu á viðkomu skipa, viðbótarþjónustu áætlunarútgerða svo sem heildarflutningsgjöld og skipti á flutningsrými í áætlunarskipum. Íslenskar kaupskipaútgerðir hafa ekki tekið upp samvinnu í áætlunarsiglingum kaupskipa fyrst og fermst vegna verðlagsákvæða um flutningsgjöld.

Fjórða og síðasta reglugerðin sem leggur grunn að stefnu hins Evrópska efnahagssvæðis í siglingum skilgreinir og bannar undirboð í skjóli ríkisaðstoðar og þar með óréttmæta samkeppni í sjóflutningum. Undirboð eru skilgreind sem flutningsgjöld sem eru lægri en aðrar útgerðir innan eða utan samsiglingakerfis bjóða á ákveðinni siglingaleið. Allir rekstrarstyrkir eða forréttindi sem fánaríki veitir útgerðum sínum eru skilgreind sem forsenda fyrir aðgerðum ef slík útgerð undirbýður útgerð frá hinu Evrópska efnahagssvæði. Reglugerðin gefur því útgerð þaðan kost á að kæra óraunhæf undirboð til framkvæmdastjórnar.

Reglugerð um umskráningu skipa frá einni skipaskrá til annarrar innan Evrópubandalagsins getur haft verulega þýðingu hér á landi. Samkvæmt henni er aðildarríki óheimilt að neita að skrá skip á tæknilegum forsendum þegar skip hefur gild skírteini og fullnægir kröfum fyrra heimalands. Þar með er numin brott heimild einstakra aðildarríkja til að setja sérreglur um tækni og öryggisbúnað.

Almennt má segja að um ferðamál sé lítið fjallað með beinum hætti í samningnum. Þó eru nokkrar gerðir sem ná yfir margs konar svið, allt frá samgöngusviði um flutningsmiðlun og ferðaþjónustu til tryggingamála fyrir ferðamenn. Að mestu eru þetta þó viljayfirlýsingar um samstarf og nánari samvinnu á þessu sviði. Nokkrar gerðir samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði kveða á um staðfesturétt til ferðaskrifstofurekstrar og rekstrar veitinga- og gistihúsa. Til samræmis við þessar gerðir er með frv. þessu lagt til í 1. tölul. 8. gr. og 1. tölul. 9. gr. að ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins skuli vera undanþegnir skilyrðum ríkisfangs og heimilisfestu á Íslandi.

Í 2. kafla V. hluta samningsins sem fjallar um neytendavernd er ákvæði um ferðaþjónustu. Í XIX. viðauka eru reglur um sölu pakkaferða. Þar er kveðið á um skyldur seljanda og skipuleggjanda ferðanna gagnvart neytendum. Eins og áður er getið eru umsjónaraðilar með ferðamálum innan hins Evrópska efnahagssvæðis margir ef litið er til þess hve víðtækt svið ferðamálin spanna innan íslensks stjórnkerfis. Samgrn. hefur þar yfirumsjón en mörg önnur ráðuneyti koma þar einnig við sögu.

Frv. því sem ég mæli hér fyrir má skipta í tvo efnisþætti. Annars vegar er lagt til að lögfest verði heimild til að setja þær reglur á sviði samgöngu- og ferðamála sem kveðið er á um í VII. og XII. viðauka samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði og heyrir efnislega undir þau lög sem hér eru talin upp. Hér er átt við þær gerðir sem brjóta ekki í bága við gildandi lög. Hins vegar eru lagabreytingar sem eru nauðsynlegar vegna meginreglu samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði um jafnræði ríkisborgara aðildarríkja og lögfest er í 1. og 2. kafla III. hluta samningsins.

Eins og kunnugt er krefst samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði þess að löggjöf einstakra aðildarríkja verði aðlöguð þeim réttarreglum sem aðildarríki Evrópubandalagsins og EFTA hafa komið sér saman um að eigi að gilda á svæðinu. Þetta eru þær reglur eða gerðir sem settar voru fyrir 1. ágúst 1991 og eru tæmandi taldar í viðaukum og bókunum með samningnum. Gerðirnar á sviði samgöngumála eru sumar þess eðlis að nauðsynlegt er að breyta efnisatriðum íslenskra laga til samræmis annars vegar vegna þess að þær stangast á við íslensk lög eða þær leggja á kvaðir eða veita réttindi sem nauðsynlegt er að setja í lög en um aðrar gildir hvorugt. Við lögfestingu þeirra síðarnefndu koma tvær leiðir til greina. Annars vegar að setja þær orðrétt eða meginefni þeirra í íslensk lög og hins vegar að setja heimildarákvæði í lög er birta gerðirnar síðar sem reglugerðir. Með þessu frv. er lagt til að sú leið verði farin að setja heimildarákvæði fyrir ráðherra til að setja reglur fremur en að binda ákvæði þeirra í lög. Ástæður þess eru ýmsar en einkum tvær.

Í fyrsta lagi eru flestar reglurnar á þessu sviði þess eðlis að þeim er betur skipað í reglugerðum en lögum. Langstærstur hluti gerða XIII. viðaukans fjallar um flutninga á landi og vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum. Íslensk flutningafyrirtæki starfa takmarkað eða ekkert á sumum þeim sviðum og hefur því gildistaka gerðanna ekki raunhæfa þýðingu hér á landi. Hér mætti nefna ýmis dæmi en ég læt nægja að nefna tvö.

Fyrri reglugerð ráðsins nr. 1108/1970 um að koma bókhaldsyfirliti yfir útlönd vegna samgöngumannvirkja til flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum ásamt sjö breytingum sem fyrst og fremst eru vegna aðildar Grikklands, Spánar og Portúgals að Evrópubandalaginu og sameiningar Þýskalands. Síðan hafa verið settar tvær reglugerðir til nánari fyllingar hinni fyrstnefndu. Reglugerðir þessar fjalla um staðla bókhaldsyfirlita og mjög ítarlega um efni eyðublaða fyrir slíkt bókhaldseftirlit.

Annað dæmi sem nefna má er tilskipun ráðsins nr. 79/115 frá 21. des. 1978, um skipaleiðsögu úthafsleiðsögumanna á Norðursjó og Ermasundi. Sú tilskipun fjallar fyrst og fremst um ráðstafanir sem þau aðildarríki, sem liggja að Norðursjó og Ermasundi, skuli gera til að tryggja skipum sem vilja notfæra sér þjónustu úthafsleiðsögumanna við siglingar um Norðursjó og Ermasund. Þrátt fyrir þetta eru eins og ég gat um fyrr margar gerðir samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði á sviði samgöngumála, einkum sjó- og loftflutninga sem munu hafa mikil áhrif hér á landi en einnig þeim er betur skipað með reglugerðum en beinum lagaákvæðum.

Í öðru lagi mælir það með setningu heimildarákvæða hér, og það ber að taka skýrt fram, að nákvæmlega er vitað hvaða reglur ráðherra er heimilað að setja á grundvelli viðkomandi heimildarákvæðis. Ráðherra hefur lítið svigrúm samkvæmt heimildarákvæðinu, bæði til að setja aðrar reglur en eru í viðauka samningsins og til að breyta þeim sem þar eru. Þessari leið fylgir því ekki réttaróvissa eða framsal valds til ráðherra.

XIII. viðauki samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði fjallar um flutningastarfsemi. Þar eru taldar allar þær gerðir eða samþykktir hins Evrópska efnahagssvæðis sem lúta beint að flutningastarfsemi og ætlast er til með samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði að verði lögfestar hér á landi með beinum eða óbeinum hætti. Ég mun leggja fram lista þar sem tæmandi eru taldar þær gerðir sem settar verða á grundvelli hlutaðeigandi heimildarákvæðis og innihaldi þeirra lýst auk þess sem gerðirnar sjálfar liggja auðvitað frammi í íslenskri þýðingu. Þær verða síðan settar og birtar með viðeigandi hætti í Stjórnartíðindum verði frv. þetta að lögum. Ég tel ekki nauðsynlegt að fjalla nánar um einstakar greinar hér að lútandi en vísa til þess lista sem ég gat um áðan þar sem taldar eru upp þær gerðir sem heimildarákvæðin gilda um.

Meginregla samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði um jafnræði ríkisborgara svæðisríkja er lögfest í 1. og 2. kafla III. hluta samningsins. Á sviði samgöngumála þarf að breyta eftirfarandi lagaákvæðum er varða ríkisfang og búsetuskilyrði vegna ákvæða samningsins: Lögum um veitinga- og gististaði, lögum um skipulag ferðamála, lögum um leiðsögu skipa og lögum um skráningu skipa.

Ég legg til, hæstv. forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og samgn.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í upphafi þingfundar var vakin athygli á verkaskiptingu þings og ríkisstjórnar. Þingmaðurinn, sem að því stóð, taldi sig ekki vita betur en Alþingi færi með fjárveitingavaldið og forseti staðfesti að svo væri. Ég hygg að eftir að hafa skoðað þetta frv. megi menn spyrja: Hver fer með löggjafarvaldið hér? og megi enn spyrja: Er hér þingbundin ríkisstjórn eða er þingið þræll ríkisstjórnarinnar? Það sem endurspeglast í þessu frv. er hið síðastnefnda. Í 11 greinum frv. eru 13 heimildir til ráðherra til að gefa út reglugerðir og nánast allar heimildirnar eru orðaðar þannig „að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiða af samningi um Evrópskt efnahagssvæði.“ Eina greinin þar sem ekki er framselt vald til ráðherra er gildistökugreinin en það hefði ekki komið mjög á óvart eftir að hafa lesið allar hinar 10 greinarnar að þar hefði eitthvað slíkt staðið: Lög þessi taka gildi með reglugerð.

Ég vil segja það, virðulegi forseti, að mig undrar að ráðherra í ríkisstjórn skuli leyfa sér að koma inn á þing með frv. af þessu tagi.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv forseti. Ef hv. þm. hefði hlustað á ræðu mína áðan eða hefði lesið það frv. sem liggur hér fyrir hefði hann ekki séð ástæðu til að veita andsvar. Hér stendur skýrum stöfum, með leyfi hæstv. forseta:

„Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir á sviði leiguaksturs með vörur og farþega að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiða af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu“ o.s.frv.

Þarna er nákvæmlega skilgreint hversu rúm heimildin er eins og ég hef fært skýr rök fyrir. Og eins og ég sagði áðan þá munu allar reglugerðir og allt hér að lútandi liggja fyrir í nefnd en ég hygg ef ég læsi upp allan þann lista frá orði til orðs, ég tala nú ekki kaflann um járnbrautir, þá mundi ýmsa fara að syfja hér í salnum.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar hæstv. samgrh. var að fylgja þessu frv. úr hlaði, sem er 28. mál á þskj. 29, gat ég ekki varist því að hugsa um það hvort hann væri með rétt frv. í höndunum þar sem meira en helmingur af tíma hans fór í að lýsa ýmsum ákvæðum samnings um hið Evrópska efnahagssvæði í sambandi við flugmál. Nú er þetta frv. til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða samgöngumál. Ef ég tel upp greinar þess, þá eru þær eins og hefur reyndar komið fram áður, mest um að samgrh. sé heimilt að setja reglugerðir, en 1. gr. er um leigubifreiðar, 2. gr. um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, 3. gr. um siglingalög, 4. gr. um eftirlit með skipum, 5. gr. um leiðsögu skipa, 6. gr. um hafnalög, 7. gr. um vegalög, 8. gr. um veitinga- og gististaði, 9. gr. um skipulag ferðamála — og það kemur ekki mikið inn á flugmál — og 10. gr. um skráningu skipa. Í þessum greinum er ekki að mínu viti minnst mjög mikið á flugmál en hæstv. ráðherra varði mestum tíma sínum í að lýsa þeim áhrifum sem samningurinn hefði hugsanlega á flugmál en mér hafði skilist á þeim tilkynningum sem við í samgn. höfum fengið að lagabreytingnar er vörðuðu flugmál mundu verða í sérstöku frv.

Eins og ég sagði gengur þetta frv. mest út á að samgrh. er heimilt að setja reglugerðir. Svo að segja hver einasta grein byrjar á því að samgrh. er heimilt að setja reglugerðir á sviði þessa og hins sem tekið er á. Hæstv. ráðherra lýsti því hér áðan að þetta væri aðeins vegna skuldbindinga er leiða af samningi um Evrópskt efnahagsvæði milli EB-ríkja og EFTA. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra, hver á að fylgjast með því að reglugerðirnir séu nákvæmlega eftir ákvæðum samningsins þegar við fáum í hendur frv. til laga sem er orðað á þennan veg. Er gert ráð fyrir að nefndir þingsins eða samgn. eða e.t.v. þingið sjálft fái að fara yfir þær reglugerðir og skoða hvort þær séu þá í samræmi við ákvæði samningsins í frv. um Evrópskt efnahagssvæði? Ég tel að þingmönnum sé nánast ekki bjóðandi að fjalla um svona frv. þar sem nánast eingöngu er verið að heimila ráðherra að setja reglugerðarfargan eins og ég vil orða það. Ég tek svo sannarlega undir það sem hér hefur verið gagnrýnt að með þessu frv. erum við að fara inn á þá leið að Alþingi hefur nánast ekkert um það að segja hvaða reglur og lög munu gilda í framtíðinni um hið Evrópska efnahagssvæði og á Íslandi í tengslum við það. Við verðum að taka á okkur þau lög og reglugerðir Evrópubandalagsins sem eiga að gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði og við fáum í mesta lagi að sjá frv. álíka og þetta þar sem ráðherra er falið að gefa þessar reglugerðir út.

Að nokkru leyti kemur þetta frv. líka inn á ríkisfang og búsetuskilyrði vegna ákvæða samningsins. Það er að sjálfsögðu í samræmi við það frjálsræði sem gilda á að ákvæði sem varða ríkisfang og/eða búsetuskilyrði eru ekki lengur fyrir hendi í viðkomandi lögum. Mér sýnist nú að það sé mjög skoðunarvert í sambandi við ferðamál hvernig það getur orðið í framkvæmd þegar t.d. leiðsögumenn geta unnið hér alveg sama hvaðan þeir eru af Evrópska efnahagssvæðinu. Þá gilda engin sérréttindi fyrir íslenska leiðsögumenn, þeir hafa á undanförnum árum þurft allmikið að halda í réttindi sín gagnvart erlendum leiðsögumönnum sem hafa nánast vaðið hér yfir án þess að hafa tilskilin leyfi. Mér sýnist að þarna sé algerlega fyrir bí að íslenskir leiðsögumenn geti haft eða hafi nokkurn forgang og er raunar einsýnt að þeir munu ekki hafa hann og þar getum við búist við atvinnuleysi einnar stéttar í viðbót.

Ef farið er yfir almennar athugasemdir með frv. þá byggist frelsið í flutningamálum og samræming á eftirfarandi grundvallaratriðum, með leyfi forseta:

1. Frelsi til að láta í té þjónustu.
2. Afnám hindrana í vegi frjálsrar samkeppni.

3. Afnámi ríkisstyrkja, eflingu öryggis- og mengunarvarna.

Og svo koma hér áfram 4. og 5. atriði. Ég vil dvelja nokkuð við 3. atriðið, afnám ríkisstyrkja í flutningamálum.

Hér á landi höfum við haft styrki í flutningamálum og þá sérstaklega fyrir ferjur og flóabáta. Opinber stuðningur verið viðurkenndur sem framlag til þeirra á þeim grundvelli að þarna væri um að ræða þjóðveg viðkomandi íbúa og í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár eru rúmar 300 millj. ætlaðar til stuðnings við ferjur, flóabáta og slíkar samgöngur og því vil ég spyrja hæstv. samgrh.: Hvernig verður farið með málefni ferja og flóabáta á hinu Evrópska efnahagssvæði? Verða þeir styrkir algerlega afnumdir og hvað mun þá koma í staðinn?

Það er deginum ljósara að samkeppnisreglurnar eiga að gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði í sambandi við samgöngur og flutninga en það er spurning í sambandi við 8. gr., um veitinga- og gististaði, þar sem ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins skulu frá og með gildistöku samningsins vera undanþegnir skilyrði um heimilisfesti samkvæmt nánari ákvæðum. Geta þá allir komið og öðlast leyfi til að stunda hér veitinga- og gistisölu? Nú hefur ríkið að nokkru leyti staðið í slíkum rekstri eða átt vissan þátt í slíkum rekstri, t.d. með því að lána skóla undir slíkan rekstur. Getum við hugsað okkur að erlendir ríkisborgarar geti komið hingað og fengið t.d. lánaðan skóla og sett upp veitinga- og gististaði yfir sumarið? Sama gildir um skilyrði fyrir rekstri ferðaskrifstofu. Þar kemur einnig inn að ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins verða undanþegnir skilyrðum um ríkisfang og ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort nokkur úttekt hafi farið fram á því hvort skilyrði íslenskra ferðaskrifstofa eru þannig að þær séu samkeppnisfærar við erlenda aðila.

Samkvæmt þessum samningi, sem við ræðum hér um, verður okkur skylt samkvæmt lögum um skráningu skipa að heimila skráningu skipa sem hafa fullnægt skilyrðum um skráningu í sínu heimalandi ef það er innan EES-svæðisins. Jafnvel þótt við séum með strangari reglur í dag getum við ekki neitað að skrá erlend skip ef þau fullnægja reglum í sínu heimalandi. Jafnvel þótt þær reglur séu hvorki jafngóðar eða þær sömu og við höfum hér landi sem við teljum nauðsynlegar til að hafa öryggið í lagi.

Í frv. er frekar óaðgengilegt að afla sér upplýsinga um hvað raunverulega er verið að gera. Setja á reglugerðir um öll þessi atriði. Í athugasemdum er vitnað til þess að þetta sé í XIII. viðauka EES-samningsins, hann fjalli t.d. um flutningastarfsemi. Þegar maður fer að skoða þennan XIII. viðauka eru reglurnar sem skoða á skilgreindar þannig: Það er 55. gr. EB sem þýðir sama sem 32. gr. EES. 56. gr. EB sem er sama sem 33. gr. EES, 57. gr. EB sem er sama sem 30. gr. EES, 58. gr. EB sama sem 34. gr. EES, 77. gr. EB sama sem 49. gr. EES — og ég er aðeins hálfnuð að lesa upp fyrsta kaflann af þeim greinum sem taldar eru upp. Ég ætla ekki að þreyta þingheim á að lesa þetta allt saman en svona eru útskýringarnar sem fylgja þegar farið er að lesa í XIII. viðauka um flutningastarfsemi sem vísað er í í þessu frv. til skýringar.

Í athugasemdum við 7. gr. er talað um samstarf sérfræðinga EFTA-ríkjanna í sérstakri nefnd um samgöngumannvirki líkt og Evrópubandalagið kom á fót með sérfræðingum frá aðildarríkjum þess með ákvörðun ráðsins sem hér er tiltekið. Um þetta á að veita samgrh. heimild að setja í reglugerð. Ég vil spyrja hæstv. samgrh.: Er það meiningin að hér eftir eigi það að vera samstarfsnefnd sérfræðinga innan EES-svæðisins sem á að fjalla um samgöngumannvirki á Íslandi? Það væri hægt að spyrja um ýmislegt fleira. (**Samgrh.:** Ég náði ekki spurningunni.) Kveðið er á um samstarf sérfræðinga EFTA-ríkjanna í sérstakri nefnd um samgöngumannvirki, það er sem sagt heimild fyrir samgrh. til þess að setja það í reglugerð. Það er vísað til þessa í athugasemdum um 7. gr. svo ég spyr hvort meiningin sé að fjalla eigi um samgöngumannvirki hér á Íslandi í sérstakri sérfræðinganefnd EFTA-ríkja.

Ég hef farið að nokkru leyti yfir þetta frv. sem, eins og ég sagði í upphafi, er ekki mikið á að græða þar sem það gengur að öllu leyti út á að afnema þau ákvæði sem í þessum lögum hafa verið um ríkisfang og búsetu og gefa samgrh. heimild til að setja reglugerðir. Ég mun að sjálfsögðu skoða þetta nánar í hv. samgn. en ætla ekki að taka meira fyrir að svo stöddu.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Þetta frv. til laga um breyting á lagaákvæðum er varða samgöngumál vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu upplýsir kannski skýrt við hverju menn eiga að búast á næstu árum ef þessi samningur um Evrópska efnahagssvæðið verður að veruleika. Hér er frv. lagt fram þar sem nánast er ekki gert ráð fyrir öðru en að ráðherra gefi út reglugerð og hæstv. samgrh. lýsti því þannig áðan að menn ættu ekki að hafa áhyggjur af því vegna þess að svigrúmið sem hann hefði sem ráðherra væri svo lítið að það væri ekki verið að framselja neitt vald til hans. En hvert er verið að framselja valdið úr því að það fer ekki til hans? Það er auðvitað verið að framselja það úr landi. Það er verið að framselja það til EB vegna þess að gert er ráð fyrir því í þessu frv. — og orðalagið skulu menn skoða grannt, orðalagið segir okkur að ekki eigi bara að setja reglur Efnahagsbandalagsins sem nú eru í gildi í lög á Íslandi eða láta þær taka hér gildi heldur að það nægi að setja allar nýjar reglugerðir á flæðilínuna sem liggur í gegnum samgrn. Allar breytingar sem verði á reglugerðum EB munu þess vegna fara hljóðalaust í gegnum samgrn. og hæstv. ráðherra nefndi það í ræðu sinni áðan að ekki þyrfti að hafa áhyggjur af þessu því að hann hefði svo lítið svigrúm, það væri ekki verið að framselja neitt vald til hans.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst ég standa í erfiðum sporum að eiga að heita að vera þingmaður hér og sú hugmynd skuli vera lögð fyrir mann að í framtíðinni eigi að skapa reglur og það eigi að

skapa farveg í gegnum stjórnkerfið á Íslandi sem fer bókstaflega fram hjá þeim stjórnvöldum sem eiga að bera ábyrgð á stjórn landsins. Ég tel að það sé lágmarksvirðing við Alþingi að þessar reglugerðir, sem menn eiga að samþykkja og fylgja þessum samningi, verði samþykktar sérstaklega og að menn verði þá í framtíðinni að standa frammi fyrir nýjum reglugerðum og skrifa upp á þær. Það sé ekki bara flæðilína sem liggur í gegnum samgrn. sem dugi til þess að stimpla nýjar reglur sem koma frá hinu Evrópska efnahagssvæði. Og mig langar þess vegna til að spyrja hæstv. samgrh. hvort hann sé ekki tilbúinn til þess að það verði gerðar orðalagsbreytingar á frv. þannig að alveg sé skýrt að orðalag þeirra reglugerða, sem nú verði settar, verði ekki eins og það er núna, þ.e. sem vísar á það að ráðherra hafi í framtíðinni heimild til að skrifa upp á allar nýjar reglugerðir.

Ég er ekki viss um að hv. alþm. hafi gert sér fulla grein fyrir því hvað gerist með undirskrift þessa samnings. Mig langar t.d. að biðja hæstv. ráðherra að fara fáeinum orðum um það nánar hvað hann telur að felist í því að skip, sem hafa verið skoðuð í löndunum í kringum okkur, eigi umsvifalaust að fá skráningu hér. Hefur hann gert sér fulla grein fyrir því að reglur hér eru talsvert öðruvísi en í löndunum í kring? Það er ekki bara af því að við Íslendingar séum svo sérstakir með okkur. Það er vegna aðstæðna okkar. Aðstæður eru erfiðar hér á sjó og þær reglur, sem við höfum, bæði um smíði og öryggisbúnað í skipum, eru sprottnar af nauðsyn. Ætla menn að skrifa upp á það þegjandi og hljóðalaust að reglur, sem eru miðaðar við allt aðrar aðstæður í löndunum í kringum okkur, geti orðið að veruleika hér á Íslandi? Eru menn tilbúnir til þess? Ætla menn að horfa upp á það að hér verði sköpuð hætta á skipum vegna slysa og af ýmsum öryggisástæðum sem verða vegna þess að við verðum að láta af því að hafa okkar reglur strangari en þær eru á öðrum svæðum? Ég held að menn verði að hugsa sig um og ég býst við því að það verði ýmislegt fleira sem menn eigi eftir að átta sig á þegar þeir eru búnir að skoða það gaumgæfilega hvað við erum raunverulega að gangast undir með því að samræma reglur eins og þessar.

Ég er ekki að halda því fram að um þetta sé að ræða á öllum sviðum þjóðfélagsins. En ef þetta er réttur skilningur t.d. gagnvart öryggisatriðum sem heyra til sjómennsku hér á Íslandi þá held ég að margir eigi eftir að stinga við fótum þegar það kemur í ljós að hægt verður að flytja inn skip sem eru miklu ódýrari vegna þess að ekki hafa verið gerðar sömu kröfur til þeirra og hér og það verði bókstaflega að breyta reglum um skráningu og eftirlit skipa til að veikja þær til að við getum fullnægt þessum reglum. Auðvitað þýðir ekkert fyrir okkur að gera kröfur um miklu dýrari búnað og meiri öryggisbúnað í okkar skipum eftir að búið er að opna fyrir það að önnur skip þurfi ekki að vera svona útbúin. Ég tel reyndar að það hefði verið lágmarksvirðing við þingið að reglugerðirnar, sem núna eiga að taka gildi, hefðu fylgt frv. Auðvitað verða þær lagðar fram í nefndinni sem fjallar um málið og skoðaðar þar og ég tel einsýnt að menn hljóti að ganga þannig frá þeim að þær séu tilbúnar þannig að nefndin geti skoðað hvað við er átt með þessum langhundi sem hér liggur fyrir sem felur það yfirleitt í sér að ráðherra sé heimilt að setja reglugerðir. Ég ætla þess vegna ekki að fjalla mikið um einstakar greinar frv. vegna þess að ég tel að veruleg vinna verði í nefndinni að fara í gegnum þær. Ég geri mér grein fyrir því að það getur maður ekki nema leggja meiri vinnu í að skoða frv. en ég hef gert nú. Mér finnst að það sé því miður þannig að þó að menn hafi vitað það snemma að þessi mál væru á leiðinni til okkar að það gæti orðið þröngt um þann tíma sem nefndir þingsins virðast hafa til að vinna að þessum málum vegna þess að það er mjög viðamikið. Þær reglugerðir, sem við eigum von á í sambandi við þessi mál, eru að því er ég hef heyrt mjög viðamiklar og það verður töluverð vinna fyrir nefndirnar að fara í gegnum þær. En ég óska eindregið eftir því að hæstv. ráðherra staðfesti það hér að ég skilji það rétt og það sé hans skoðun að ef þetta verður samþykkt, sem ég nefndi t.d. áðan um skipin, þá munum við verða að breyta okkar reglum. Ég held að margir í þjóðfélaginu hafi áhuga á því að fá skýr svör um það.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga sem er að því leyti mjög sérstætt að það veit enginn um hvað frv. fjallar vegna þess að efnisatriði þess eru ekki til staðar. Þó þarf sérhver íslenskur þegn að kynna sér lög sem fram eru sett og getur ekki afsakað sig frammi fyrir dómstóli með því að honum hafi ekki verið kunnugt að þetta eða hitt væri í lögum. Ég er sammála þeirri túlkun hæstv. ráðherra að trúlega mundi marga syfja í salnum ef hann tæki sig til og læsi í síbylju reglurnar um járnbrautalestirnar. Það yrði vafalaust svæfandi lesning.

Það merkilega við það sem hér fer fram er að við höfum mátt búa við það á þessu hausti að ekki væru aðeins gerðar athugasemdir við að menn væru að vitna í stjórnarskrár heldur er því einnig fram haldið af einum hv. þm., 3. þm. Reykv., að stjórnarskrárnar væru yfirleitt þeim mun verri sem þær væru ítarlegri og best væri nánast að hafa enga stjórnarskrá. Ég tel það alveg óhjákvæmilegt að víkja ögn að sögu þessara mála og ætla að leyfa mér að vitna í Stjórnskipun Íslands, 2. útg. Höfundur er Ólafur Jóhannesson en Gunnar G. Schram annaðist útgáfuna. Þar segir svo á bls. 21, með leyfi forseta:

„Sérstakar stjórnarskrár eiga fyrst og fremst rætur að rekja til stjórnarskrár Bandaríkjanna frá 1787 og til mannréttindayfirlýsingar þeirrar og stjórnarskrár, er Frakkar settu sér eftir stjórnarbyltinguna 1789. Að dæmi þessara þjóða tóku önnur ríki, sem stjórnfrelsi fengu, að setja sér stjórnarskrá. Hafa stjórnarskrár ríkja orðið algengar á 19. og 20. öld. Stjórnarskrám þessum er fyrst og fremst ætlað það hlutverk að lögbinda æðstu stjórn ríkisins, tryggja stjórnfrelsi, stuðla að réttaröryggi og skapa vörn gegn hugsanlegu ofríki af hálfu handhafa ríkisvaldsins. Eru þær því nú víðast

hvar taldar sjálfsagðar í menningarríkjum, enda þótt þær séu ekki, fremur en önnur mannanna verk, einhlítar til þessara hluta."

Þeir ætla sér stóra hluti sem líta svo á að eigi ekki að lögbinda æðstu stjórn ríkisins, eigi ekki að tryggja stjórnfrelsi, eigi ekki að stuðla að réttaröryggi og eigi ekki að skapa vörn gegn hugsanlegu ofríki af hálfu handhafa ríkisvaldsins. Þeir ætla sér stóra hluti sem telja að þetta sé óþarfi.

Bretar búa við það að hafa ekki stjórnrskrá. Þeir hafa stjórnskipunarlög og það er ekki áskilið þess vegna að kosningarréttur sé skylda í Bretlandi á þann hátt sem hann er á Íslandi. Þegar fyrrv. forsætisráðherra Breta ákvað að leggja á nefskattinn þá var það innifalið að þeir auðnuleysingjar, sem ekki væru færir um að greiða þennan skatt, skyldu ekki hafa kosningarrétt í Bretlandi. Svo mjög reiddust Bretar þessu tiltæki að ráðherrann varð að hrökklast frá völdum vegna aðgangs eigin flokkssystkina. Það voru breskir íhaldsmenn, það má ekki gleymast, sem settu Thatcher af vegna ofríkis í hugsunarhætti. Þegnarnir, sem höfðu haft þær skyldur að þurfa að verja Stóra-Bretland ef á þá var ráðist með vopnum og falla fyrir þetta land, áttu ekki, ef þeir ekki greiddu nefskattinn, að þurfa að hafa rétt til að greiða atkvæði.

Ég held að það þurfi að seilast nokkuð langt ef menn vilja halda því fram að stjórnarskrár hafi ekkert gildi fyrir lýðræðið, þær séu nánast mistök og betra sé betra að hafa þær sem ómerkilegastar.

Það er rétt að Weimar-lýðveldið hafði mjög fullkomna stjórnarskrá. En í einni grein þeirrar stjórnarskrár var alvarleg meinloka. Hún var sú að framkvæmdarvaldinu var heimilt að taka til sín allt vald ef það mat það svo að um sérstakt hættuástand fyrir ríkið væri að ræða og í skjóli þessarar meinsemdar í þessari stjórnarskrá gátu menn á löglegan hátt tekið sér vald sem engin siðmenntuð þjóð teldi réttlætanlegt. Þetta er stundum notað af gárungum til þess að undirstrika að fullkomnar stjórnarskrár séu einskis virði og betra að hafa lélega stjórnarskrá og stutta.

Nú er það svo með löggjafarvaldið sem á að vera í höndum Alþingis og forseta að það má nokkuð um það deila hversu mjög er heimilt að framselja það til framkvæmdarvaldsins. Það hafa fallið dómar á Íslandi, tveir hæstaréttardómar sem ég man eftir, þar sem löggjafarvaldið hefur verið ávítað fyrir að framselja of mikið vald til framkvæmdarvaldsins. Í öðru tilfellinu varð íslenska ríkið að greiða verulegar bætur vegna þessa. Ég kem að því síðar en ætla, með leyfi forseta, að vekja athygli á því sem segir um verkefni löggjafarþingsins og textinn er á bls. 284 í sömu bók um Stjórnskipun Íslands:

„Í 2. gr. stjórnarskrárinnar er að vísu gengið út frá efnislegu lagahugtaki, þ.e. að viss fyrirmæli séu þess eðlis, að þau verði aðeins gefin í lögum, en þar skortir þó alla skilgreiningu á því, hvers kyns fyrirmæli þetta séu. Hér er í rauninni um tvær spurningar að ræða. Annars vegar hver fyrirmæli sé hægt að setja í lögum og hins vegar hver fyrirmæli verði aðeins sett í lögum en ekki á annan hátt. Í fyrra tilfellinu er um að ræða valdmörk löggjafans, og má segja, að í þessu sambandi sé það aðalspurningin. Í hinu tilfellinu er um að tefla einkaveldi löggjafans. Skulu nú hvortveggju þessi atriði athuguð nokkru nánar."

Mér sýnist að seinna tilfellið hljóti að vera það tilfelli sem menn verða að velta fyrir sér nú, þ.e. einveldi löggjafans, takmörkun löggjafans á því að hann hafi ekki heimildir til að framselja það vald sem honum er ætlað að hafa. Þar segir svo í stjórnskipun Íslands á bls. 286 við seinni spurningunni, með leyfi forseta:

„Hinni spurningunni, hver fyrirmæli verði aðeins sett með lögum, þannig að óheimilt sé að setja þau með öðrum hætti, er vandsvarað. Þegar úr henni á að leysa, er fyrst athugandi, hverja leiðbeiningu sé að fá um það atriði í stjórnarskránni. Þess er áður getið, að í mörgum stjórnarskrárákvæðum sé sagt, að eitthvað skuli gert með lögum eða að eitthvað megi gera með lögum. Þegar heimilað er að breyta tilteknum stjórnarskrárákvæðum með lögum, sbr. 35., 62. og 64. gr. stjórnarskrárinnar eða talað er um, að eitthvað sé eða skuli ákveðið með lögum eða verði ekki gert nema með lögum, sbr. 5., 9., 14., 33., 40., 58., 59., 67., 69. og 76. gr. stjórnarskrárinnar, þá er alveg ljóst, að þeim efnum verður ekki skipað nema af löggjafanum. En á sömu lund verður einnig að skilja önnur stjórnarskrárákvæði, sem gera ráð fyrir lögum, enda þótt þau séu öðruvísi orðuð, sbr. 20., 27., 31. og 75. gr. stjórnarskrárinnar. Málefnum þeim, sem stjórnarskráin sjálf felur löggjafanum, verður því aðeins skipað með lögum, og löggjafanum er óheimilt að framselja framkvæmdarvaldshafa ákvörðunarvald um þau efni."

Ég vona að hv. þm. hafi veitt því athygli að fullyrt er að það sé óheimilt að framselja framkvæmdarvaldshafa ákvörðun um þau efni. Það eru sem sagt fullyrðingar sem staðfesta það að löggjafarvaldið hefur ekki frjálsan framsalsrétt á hverju sem er handa framkvæmdarvaldinu. Jafnvel þó að þinginu detti í hug að samþykkja það, þá stenst það ekki dóma Hæstaréttar. Svo einfalt er það mál. Enda væri það skrýtið ef Alþingi Íslendinga hefði heimild til þess að afhenda á einu bretti rétt sinn til að setja lög og fela framkvæmdarvaldinu að ráðskast með það eins og því sýndist. Með leyfi forseta, vil ég halda áfram lestrinum:

„Önnur mikilsverð leiðbeining er fólgin í því, að löggjafinn einn getur breytt þeim ákvæðum, sem hann sjálfur hefur sett, nema heimild til breytingar með öðrum hætti sé í lögunum sjálfum eða leiði af öðrum heimildum, sbr. 30. gr. stjórnarskrárinnar um undanþágur frá lögum. Á regla þessi að sjálfsögðu einnig við um eldri lagafyrirmæli, þótt þau séu sett með öðrum hætti en nú gildir um lagasetning. En þar ber þess að gæta, að um einstök fyrirmæli, sem einvaldskonungar gáfu út, kann að orka tvímælis, hvort fremur beri að líta á þau sem lagaboð eða fyrirmæli framkvæmdarvaldshafa. Við úrlausn þess atriðis verður einkum að hafa hliðsjón af því, hvort birting hefur farið fram með þeim hætti, sem áskilið var um lög. Verði litið á slíkt konungsboð sem lagaákvæði, verður því auðvitað ekki breytt né það afnumið nema með lögum.

Það getur verið beint eða óbeint ákveðið í almennum lögum, að tilteknum málefnum verði aðeins skipað með löggjöf. Slík lagafyrirmæli eru bindandi fyrir framkvæmdarvaldshafa, enda þótt þar kunni að vera um að ræða efni, sem eðli sínu samkvæmt yrðu talin til stjórnarmálefna. Þessi regla veitir auðvitað enga leiðbeining, þegar um er að tefla efni, sem almannavaldið hefur ekki áður látið til sín taka.

Þegar framangreindum stjórnarskrárákvæðum og almennum lögum sleppir, eru ekki fyrir hendi skýrar reglur um þetta efni. Þá verður að styðjast við valdgreiningu 2. gr. stjórnarskrárinnar, eða með öðrum orðum, miða við hið efnislega lagahugtak. Samkvæmt því þarf löggjafar við, þegar setja skal almennar réttarreglur, hvort sem þær mæla fyrir um háttsemi manna eða leggja viðurlög við, ef út af er brugðið, og hvort sem þær lúta að lögskipun á sviði einkaréttar eða allsherjarréttar. Einkanlega er það viðurkennd grundvallarregla í íslenzkum rétti, að skerðing á eignum eða frjálsræði einstakra aðila geti aðeins átt sér stað samkvæmt lögum eða heimild í lögum. Annars er regla þessi um nauðsyn löggjafar, ef setja skal almennar réttarreglur nokkuð teygjanleg, svo sem áður er að vikið. Þrátt fyrir hana hefur framkvæmdarvaldshöfum innan vissra takmarka verið talið heimilt, ýmist fyrir framsal af hálfu löggjafaraðilans eða samkvæmt venju eða eðli máls, að setja almenn fyrirmæli. Þegar stjórnarskráin sjálf kveður eigi á um það, að tilteknum málum skuli ráðstafað með lögum, má segja, að löggjafanum sé leyfilegt að heimila framkvæmdarvaldshöfum að setja almennar réttarreglur um tiltekin efni eftir því sem nánar er ákveðið í lögum, einkanlega ef slíkt framsal styðst við venju. Getur verið hallkvæmt að fela framkvæmdarvaldshöfum að setja fyllri og ýtarlegri ákvæði um málefni heldur en lögin sjálf geyma. Eigi að síður er mikið álitamál, hversu langt löggjafinn má eða á að ganga í þessu. Verður það nánar rætt síðar, er fjallað verður um reglugerðir og önnur almenn fyrirmæli framkvæmdarvaldshafa. Og þegar stjórnarskráin sjálf býður, að eitthvað skuli gert með lögum, er almenna löggjafanum, eins og áður er sagt, almennt óheimilt að fela framkvæmdarvaldshöfum ákvörðun um þau efni. Er spurning, hvort þessa hefur ætíð verið nægilega gætt. Því hefur t.d. verið hreyft, að með hliðsjón af 40. gr. stjórnarskrárinnar væri hæpið, að heimilt væri að fela ríkisstjórninni ákvörðunarvald um það, hvort hún innheimti tiltekna skatta eða ekki, svo sem mjög hefur þó tíðkast. Sennilega er þó ákvæði 40. gr. fullnægt með því, að skattar séu heimilaðir í lögum. Og hvað sem um það er, þá myndi þessi háttur sjálfsagt nú orðið talinn helgaður af langri og athugasemdalausri venju.

Af framansögðu má ráða, að hið efnislega lagahugtak er engan veginn fastskorðað. Þegar eigi er við annað að styðjast, fer það nokkuð eftir ríkjandi réttarhugmyndum og almennri réttarvitund á hverjum tíma, hvenær löggjöf er talin óhjákvæmileg, þannig að framkvæmdarvaldshafa sé án hennar óheimilt að láta málefni til sín taka."

Hér er látið að því liggja að skv. 40. gr. sé hugsanlegt að athugasemdalaus venja hafi fært framkvæmdarvaldinu rétt til þess að innheimta skatta sé það heimilt á þann hátt að framkvæmdarvaldið geti breytt upphæð skattsins og þannig í reynd ráðið því hver skattheimtan er.

Nú vill svo til að tveir af núv. þm. Sjálfstfl., hv. 1. þm. Vestf. og hv. 2. þm. Norðurl. v., hafa báðir hlotið dóma í Hæstrétti fyrir það að þeir beittu reglugerðarákvæðum sem heimiluðu þeim að ákveða skatt. Í öðru tilfellinu var um þungaskatt að ræða hjá hv. 1. þm. Vestf. þegar hann var samgönguráðherra. Í hinu tilfellinu var um fóðurbætisskatt að ræða þegar hv. 2. þm. Norðurl. v. var landbúnaðarráðherra. Í báðum tilfellum féllu dómar á þann veg að Alþingi hefði verið óheimilt að framselja jafnmikið vald og það hafði gert. Það er þess vegna undirstrikað með þessum dómum að sú athugasemd sem hér stendur í Stjórnskipun Íslands og hljóðar svo ef ég les hana aftur á bls. 288: „Og hvað sem um það er, þá myndi þessi háttur sjálfsagt nú orðið talinn helgaður af langri og athugasemdalausri venju." Hæstiréttur staðfesti að svo er ekki. Það er spurning hvort virðisaukaskatturinn eins og hann er í dag felur ekki í sér í reynd of mikið framsal til framkvæmdarvaldsins um það hvaða hlutir eigi að bera virðisaukaskatt og hverjir skuli undanskildir. (**Samgrh.:** Mig minnir að þm. hafi ...) Það hefur hreinlega ekki á að reynt. Nú kemur í ljós að hæstv. landbrh. hefur gott minni eins og allir vissu og sá sem hér stendur hefur greitt atkvæði með ýmsum sköttum, m.a. greiddi hann atkvæði með virðisaukaskattinum en hefur jafnframt hugleitt það hvort hann hafi veitt ráðherrum meiri heimildir en Alþingi getur veitt framkvæmdarvaldinu.

Þó að ég hafi hér nefnt tvo hv. alþm. sem hafa hlotið dóma er ég ekki með því að kasta rýrð á þessa menn sem einstaklinga eða sem þingmenn. Þeir voru einfaldlega í stólum framkvæmdarvaldsins að framkvæma hluti sem löggjafarvaldið hafði heimilað og þeir töldu á sínum tíma að þeir stæðu í fullum rétti við að framkvæma það á þann veg sem þeir gerðu. En Hæstiréttur Íslands staðfesti það að löggjafarvaldið hafði ekki haft heimildir til að framselja þetta vald.

Hér sagði hæstv. samgrh. í þeirri framsöguræðu sem hann flutti að það skapaði hvorki réttaróvissu né að um framsal valds til ráðherra væri að ræða. Nú er það svo að ef ekki er um framsal valds til ráðherra að ræða í því lagafrv. sem hér er, þá er ráðherrann að segja að framsalið sé úr landi, svo einfalt er það mál. Þá er ráðherrann að lýsa því yfir að framsalið sé úr landi. Það er staðreynd að ekkert ákvæði í þessu frv. er á þann veg að ef þeim lögum verður breytt frá því sem nú er í gildi hjá EB um þessa hluti þurfi á nýjan veg að koma til Alþingis Íslendinga og óska eftir heimild til að setja reglugerð. Það er aftur á móti gert ráð fyrir því að ef slíkar breytingar verði sé ráðherrann bundinn af þeim samningi sem gert er ráð fyrir að verði staðfestur og hann hafi heimild í lögunum til að breyta og þess vegna sé hann í reynd skyldugur til að framkvæma þá breytingu.

Ég veit það að í öllum ráðuneytum Íslands, hverju

einasta ráðuneyti, er það talin einfaldasta leiðin til að sleppa við að útvega lagafrumvörp og leggja í þau þá vinnu sem þarf að ganga þannig frá málum að þau séu fyrst fremst heimildarlög. Ein frægasta löggjöf sem sett hefur verið á Íslandi um heimildarlög, og ég talaði mjög hart gegn í þinginu, var um stjórn fiskveiða. Þar byrjuðu margar greinar á „Ráðherra er heimilt ...“ og mér fannst að það væri nógt að segja að lögin hljóðuðu svo: „Ráðherra er heimilt að stjórna fiskveiðum við Ísland eins og hann hefur áhuga á.“ Svo þyrfti bara gildistökuákvæði að koma þar fyrir aftan. Þetta var Alþingi ekki ásátt með og hafði þrátt fyrir allt inni í lögunum ýmiss fyrirmæli um það hvernig ráðherrann ætti að starfa. Sem sagt, aðalreglan hefur allt til þessa verið sú að fyrst setti Alþingi lög þar sem allt aðalefni kæmi fram. Til viðbótar væri ráðherra heimilt að setja reglugerð til nánari útlistunar. Þetta hefur verið höfuðvenjan í þessum efnum.

Hér er þessum hlutum aftur á móti snúið við. Það er þess vegna í fullu gildi sem stendur í þessari bók Um stjórnskipun Íslands á bls. 287 og ég hafði áður lesið upp:

„Þegar stjórnarskráin sjálf kveður eigi á um það, að tilteknum málum skuli ráðstafað með lögum, má segja, að löggjafanum sé leyfilegt að heimila framkvæmdarvaldshöfum að setja almennar réttarreglur um tiltekin efni eftir því sem nánar er ákveðið í lögum, einkanlega ef slíkt framsal styðst við venju.“ Þ.e. ef það styðst við venju. Ef það hefur verið gegnumgangandi að það sé í samræmi við þau lög sem áður hafa verið sett í landinu sem eru á þann veg að fyrst eru aðalatriði efnisins sett í lagatexta og síðan er framkvæmdarvaldinu heimilað að setja fyllri ákvæði í reglugerð.

Þær hugmyndir sem hér eru settar fram um lagasetningu helgast ekki af þessu. Hér er hlutunum gersamlega snúið við. Það eru engar upplýsingar í þessum texta um það hvað þetta þýðir gagnvart járnbrautastarfseminni eða skuldbindingar þar um þrátt fyrir að það fjalli um það mál. Ég er ekki að álasa hæstv. ráðherra prívat eða persónulega fyrir frv. á nokkurn hátt, alls ekki. Ég lít svo á að hann hafi tekið við frv. sem embættismenn framkvæmdarvaldsins hafa samið og talið að væri einfaldasta leiðin fyrir þá til að komast létt frá því verki að setja í lög ákvæði sem væru á þann veg að Ísland væri búið að lögbinda sig til að fara eftir því sem það hefði ákveðið ef Íslendingar samþykktu EES-samninginn. Hitt er svo aftur á móti spurning: Stenst þetta? Hefur það eitthvert gildi, jafnvel þó að hæstv. ráðherra fengi þetta samþykkt á Alþingi? Er einhver íslenskur þegn bundinn af þessu? Ég efa stórkostlega að svo sé.

Hæstiréttur Íslands hefur fellt tvo dóma yfir tveimur starfandi þingmönnum landsins. Ætlar Alþingi Íslendinga undir slíkum kringumstæðum að halda áfram á þeirri braut að framselja svo mikið vald til ráðherra, til framkvæmdarvaldsins, í formi heimilda til útgáfu reglugerða að það sé komið inn á hin gráu svæði um hvað sé heimilt og hvað sé ekki heimilt? Ég tel persónulega að með frv. sé Alþingi komið það langt að það mætti segja sem svo að ekkert sé eftir sem Alþingi getur ekki framselt til löggjafarvaldsins nema það sem beinlínis er bannað, nákvæmlega bannað samkvæmt stjórnarskránni. Það breytir engu þótt fulltrúar framkvæmdarvaldsins skrifi niður skýringar og athugasemdir og afhendi sínum ráðherra og segi: Þetta er heimilt, vegna þess að þegar kemur að dómum þá er aðeins einn aðili dæmdur. Það eru ekki þeir sem skrifa textann og leiðbeiningarnar. Það er sá sem ber ábyrgð á framkvæmdinni. Svo einfalt er það mál. Það gildir nefnilega sú merkilega réttarregla í þessu sem gilti um Húsavíkur-Jón í því góða kvæði. Hann sat frammi fyrir því að hann einn sæti uppi með dóminn á efsta degi.

Ég verð að segja eins og er að það er ábyggilega leit að frv. sem hefst svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir ...“ Í 2. gr.: „Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir ...“ 3. gr. hefur undirkafla og þess vegna er textinn í undirkafla 3. gr.: „Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir ...“ 4. gr.: „Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir ...“.

Í 5. gr. ber svo við að ákvæðið um rétt ráðherrans til að setja reglugerðir er komið í lok greinarinnar, það er ekki í upphafi og að þessu sinni samkvæmt íslenskri hefð, þ.e. nú er það til að setja nánari ákvæði. Svo kemur aftur 6. gr.: „Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir ...“ 7.gr.: „Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir ...“ Í 8. gr. er aftur gamla kerfið. Fyrst kemur lagatexti og í lokin kemur heimild til regugerðar samkvæmt nánari ákvæðum.

Ég geri mér grein fyrir því að þær athugasemdir sem ég hef flutt hér falla í mjög grýttan jarðveg. Ég efa það að almennt sé nægilega ljóst fyrir Alþingi að ákvarðanir um það hvað sé raunverulega hægt að setja í lög og hvað sé ekki hægt að setja í lög eigi ekki að fara eftir því hvort menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Finnar einir hafa það kerfi hjá sér að áður en frv. verður að lögum er hægt að senda það til — ég held að það sé dómstóll frekar en nefnd sem fer yfir það og metur hvort það standist þau ákvæði að geta orðið að lögum m.a. vegna stjórnarskrárinnar. Ég tel mikla nauðsyn á því að Alþingi Íslendinga hafi undir sinni stjórn aðgang að ráðgjöf svo það geti fengið skýr svör í þessum efnum áður en menn samþykkja lög. Það kalla ég ekki raunverulega ráðgjöf að senda þetta til umsagnar einhverra í stjórnsýslunni.

Ég vil heldur ekki fallast á að það sé eðlilegt að það geti verið lausn undir þeim kringumstæðum að senda frv. til aðila sem að meira og minna leyti eru í aukavinnu hjá ríkinu með ómældar fjárhæðir í greiðslur fyrir slík störf og eiga þess vegna á hættu að verða einfaldlega teknir þar af launaskrá ef þeir verða til að móðga handhafa framkvæmdarvaldsins. Ég tel slíka aðila ekki hlutlausa og ekki hæfa til þessara hluta. Mér finnst þess vegna að það sé tímabært að þeir, sem nú keyra hratt og vilja að þau ákvæði verði sett í lög sem tryggi það að Íslendingar virði EES-samninginn verði hann samþykktur, geri sér grein fyrir því að ef Hæstiréttur Íslands mundi kveða upp hliðstæðan dóm og hann kvað upp í þeim tveimur málum, sem ég hef gert hér að umtalsefni, hefði Alþingi Íslendinga ekki leyst

það verkefni sem stjórnvöld nú eru að fara fram á. Þá hefði Alþingi einfaldlega sett í lög ákvæði sem ekki standast að lögum. Ég tel að Alþingi sé engu bættara þó að hæstv. samgrh. verði einhvern tíma seinna meir dæmdur fyrir það að hafa beitt slíkum lögum. Ég sé ekki að það sé neitt markmið eða tilgangur í slíku. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að það sé fyrst og fremst skömm þingsins en ekki framkvæmdarvaldsins. Það er eðli alls valds að reyna að seilast eftir meira valdi. Hitt sem er aftur á móti það alvarlega í þessu er að Alþingi, sem er samkvæmt stjórnskipuninni falið ákveðið vald, tekur sig til og dreifir því út um hvippinn og hvappinn. Í þessu tilfelli er það trúlega að afhenda það vald út til Brussel. Ég hef ekki ástæðu til að rengja það sem hæstv. ráðherra segir að það sé sáralítið afsal á valdi til ráðherrans með þessu móti. Afsalið er úr landi eins og mér finnst það blasa við.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir mörg af þeim viðvörunarorðum sem hv. 2. þm. Vestf. flutti hér varðandi heimildir frá Alþingi við útgáfu reglugerða. Ég tel að það sé full ástæða til þess að velta þeim málum rækilega fyrir sér þegar rætt er um aðildina að EES.

Aðalerindi mitt hér í ræðustólinn var þó að árétta það sem ég hef áður sagt, og mér þótti hv. 2. þm. Vestf. snúa út úr í upphafi ræðu sinnar. Ég sagði það hér að það er ekki trygging fyrir góðum stjórnarháttum að hafa ítarlega stjórnarskrá. Lýðræðislegir stjórnarhættir og stjórnarhættir sem eru til fyrirmyndar geta verið í ríkjum þar sem engar eru stjórnarskrárnar. Þetta voru mín orð og ég vil ekki að hans túlkun á þeim standi hér óleiðrétt.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir að það getur verið gott stjórnarfyrirkomulag í landi þó að stjórnarskráin sé ekki fullkomin. Ef í góðri stjórnarskrá er ekki að finna neina veikleika, eins og var með þýsku stjórnarskrána, sem ég vitnaði í, tel ég að hún sé trygging. Hún er að minnsta kosti sú eina trygging sem þegnarnir hafa gegn ofríki framkvæmdarvaldsins ef framkvæmdarvaldið hyggst fara fram með ofríki. Þetta tel ég nauðsynlegt að komi hér fram.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ummæla hv. þm. um þær reglugerðir sem nauðsynlegt var að setja vegna samgönguþáttar samningsins um Evrópskt efnahagssvæði vil ég taka fram að eins og frv. liggur fyrir er tekið skýrt fram að heimild ráðherra sé takmörkuð vegna þeirrar nauðsynjar sem leiðir af skuldbindingum í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Fyrir þessu þingi liggur raunar frv. til laga um staðfestingu á þeim samningi. Auðvitað nær umboð ráðherra að þessu leyti ekki lengra en gagvart almennum lögum eins og alkunna er í þinginu. Hitt er aftur nýlunda að hér í tveim bókum liggja fyrir nákvæmlega hver eru efnisatriði viðkomandi reglugerða svo hv. þm. getur sett sig inn í það og þannig glöggvað sig á því hvað hér er haft í huga. Hitt er alkunna að það er ekki talið nauðsynlegt, og allra síst í tæknilegum málefnum, að lögfesta hvað eina sem lýtur að samgönguþættinum enda yrði slíkt til trafala og hefur oft orðið þegar lög í þessum málaflokki hafa verið of ítarleg.

Ég vil nefna sem dæmi lög um leigubílstjóra sem nú liggja fyrir og er nauðsynlegt að breyta þótt ekki sé nema til að gefa ákveðið svigrúm svo að þau séu í samræmi við breytta ferðahætti og þörf fyrir aðra þjónustu en gert var ráð fyrir því þegar þau lög voru sett.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í frv. til laga um EES er vakin athygli á því að beint eða óbeint þurfi að binda í lög. Þegar talað er um að binda eitthvað óbeint er átt við reglugerðir. Hæstv. ráðherra hefur lagt hér til að alfarið verði farin reglugerðarleiðin og rökin fyrir því eru íslensku lögin um leigubíla. Vafalaust eru þau ekki fullkomin frekar en önnur mannanna verk. Hins vegar veita þau þó nokkrar upplýsingar um það hvernig þar ber að standa að málum. Það þýðir ekkert að veifa tveimur hvítum bókum og segja að menn geti kynnt sér innihald þeirra. Það er nú svo með lagafrv. að ætlast er til þess að í þeim komi fram það efni sem um er að ræða. Það er grundvallaratriði laga. Grundvallaratriði laga er sú réttarkrafa að einstaklingurinn eigi í stuttu og aðgengilegu máli að geta komist að því við hvaða lög hann býr. Það er sú grundvallarkrafa sem gerð er til löggjafans og á móti er einstaklingurinn skyldugur til að kynna sér lögin. Honum er ekki réttarvörn í því að segja: Ég hef ekki lesið lögin. Þess vegna er það gersamlega út í hött að halda því fram að þinginu sé heimilt að samþykkja lög þar sem ekki kemur fram hver skyldan er en segja svo bara: Þið getið farið að lesa þessar bækur, þetta er þar að finna.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 2. þm. Vestf. fyrir mjög athyglisverða ræðu um hlutverk löggjafarsamkundunnar og rétt hennar og skyldur. Ég held að full þörf sé á því að menn fari oftar yfir þau atriði sem er að finna í stjórnarskrá um hlutverk löggjafarþingsins og ekki hvað síst í ljósi þess stjórnarfars sem við búum við og höfum átt við að búa undanfarið eitt og hálft ár þar sem gætt hefur ríkari tilhneigingar en ég hef áður séð dæmi um af hálfu framkvæmdarvaldsins að draga til sín valdið úr höndum þingsins og líta á sína stuðningsmenn í þingflokkum stjórnarinnar sem vinnuhjú í vinnu hjá húsbændunum sem eru ráðherrar.

Þetta makalausa frv. sem hér er til umræðu kallar vissulega á það að menn velti þessum atriðum fyrir sér. Það er ekki svo að menn séu varnarlausir í að leita að rökstuðningi fyrir þeim sjónarmiðum sem m.a. hv. 2. þm. Vestf. bar hér fram. Hann vitnaði til bókar eða rits eftir mann sem oft er vitnað til og m.a. grípa sumir hæstv. ráðherrar til að vitna í það rit þegar mikið ligg-

ur við að réttlæta gerðir sínar. Það álit hlýtur því að vega mjög þungt sem kom fram í upplestri við mat á því hvort þinglega sé að málum staðið og hvort togstreitan um valdið milli þings og framkvæmdarvalds sé farin að taka á sig þá mynd að framkvæmdarvaldið hafi þar tögl og hagldir og togi til sín meira en verið hefur og eðlilegt getur talist.

Ég hef löngum verið þeirrar skoðunar að gegnum tíðina hafi framkvæmdarvaldið verið of sterkt. Það hefur haft óeðlilega sterka stöðu gagnvart löggjafarsamkundunni og dregið til sín meira vald en að mínu mati er ásættanlegt. Þetta hefur ágerst mjög í tíð núv. ríkisstjórnar.

Hvað varðar frv. þá er það, eins og vakin hefur verið athygli á, þannig upp byggt að að efni til er það einfalt: „Ráðherra er heimilt ...“ En það er ekki bara svo að ráðherra sé heimilt að setja reglugerðir vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið heldur er heimildin víðtækari en að setja reglugerðir á grundvelli þess sem fyrir liggur. Það segir í þessum allflestum lagagreinunum að heimildin nái til reglugerða sem eru nauðsynlegar vegna skuldbindinga er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða með öðrum orðum nær heimildin líka til þess sem koma skal, ekki bara til þess sem nú er í samningnum heldur þess sem menn kunna að koma sér saman um síðar og breyta. Ef þær breytingar kalla að mati ráðherra á breytingar hér innan lands er búið að afgreiða það í eitt skipti fyrir öll að hann hefur reglugerðarvald til að breyta í samræmi við það eins og honum finnst sjálfum að það eigi að vera.

Valdaframsalið, sem er óumdeilanlegt í frv., bætist við það sem fram kemur í sjálfu frv. um Evrópska efnahagssvæðið því í 4. gr. þess hefur ráðherra einnig mjög víðtækt vald, ef þetta frv. nær fram að ganga. Þar segir að ráðherra sem í hlut á geti, ef sérstök nauðsyn krefur, sett reglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd EES-samningsins. Með öðrum orðum getur hver ráðherra sett reglur um framkvæmd samningsins, eins og hann lystir, á málasviði sem heyrir undir hann og þar með talið á þetta við um hæstv. samgrh. Þetta nægir ekki hæstv. samgrh. Hann vill fá meira.

Ég vil vekja athygli á ákvæði í stjórnrskrá lýðveldisins sem nokkuð hefur borið á góma á þessu sumri. Þar segir í 69. gr., með leyfi forseta:

„Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til.“ Eigi með öðrum orðum að setja reglur sem takmarki með einum eða öðrum hætti atvinnufrelsi manna verður það eigi gert nema með lögum, ekki með reglugerðum. Í þessu frv., sem hæstv. samgrh. hefur hér mælt fyrir, eru ýmis atriði sem lúta að þessu og falla að mínu mati undir 69. gr. stjórnarskrárinnar. Ég tel því ótvírætt að reglugerðarheimildir geti þingið ekki veitt ráðherra í þessu tilviki.

Ég vil líka vekja athygli á því að í þingsköpum er mælt fyrir um það hvernig eigi að meðhöndla frv. Þar segir í 42. gr. þingskapalaga, fyrri málsgrein, með leyfi forseta:

„Lagafrumvarpi, er felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni eða viðauka við hana, skal vísa til sérnefndar skv. 32. gr. Í fyrirsögn skal það nefnt frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Hafi það eigi þá fyrirsögn vísar forseti því frá.“

Með örðum orðum ef frv. sem lýtur að stjórnarskránni er ekki rétt útbúið ber að vísa því frá. Þetta ákvæði þingskapa felur þá skyldu á herðar forseta að gæta að því hvort frumvörp sem lögð eru fram séu þess efnis að þau lúti að breytingu á stjórnarskrá. Það er meira tilefni en venjulega fyrir hæstv. forseta að líta til þessarar skyldu sinnar þegar menn eru með sem aðalmál þingsins samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Ég vil því spyrja hvort farið hafi fram af hálfu forseta athugun á því hvort þetta frv. hæstv. samgrh. falli undir fyrri mgr. 42. gr. þingskapalaga og jafnframt bæta því við hvort það hafi verið athugað af hálfu forseta hvort frv. sjálft, meginfrumvarpið um hið Evrópska efnahagssvæði, brjóti í bága við þetta ákvæði eða öllu heldur hvort það sé þess eðlis að það kalli á breytingar á stjórnarskrá. Þetta ber forseta að athuga, sérstaklega þegar álitaefni eru uppi og skoðanir hafa verið settar fram um að svo kunni að vera, þ.e. að hér séu menn að ganga á svig við stjórnarskrána. Ég vil því óska eftir því að forseti upplýsi þingheim um hvaða athugun hefur farið fram á þessu af hálfu forseta því svo verður að vera til að forseti geti ákvarðað hvort frumvarp sé rétt fram borið eins og tilgreint er í 42. gr. þingskapalaga. Ef það er svo að þetta frv., sem hér er til umræðu, 28. mál á þskj. 29, brjóti í bága við 69. gr. stjórnarskrárinnar, eins og er mitt mat, þá ber því að hafa allt annað heiti en það hefur. Þar sem það hefur ekki það heiti ber forseta að vísa því frá.

Virðulegi forseti. Af því að mér er það ljóst að sá sem nú situr á forsetastóli er ekki aðalforseti og er kannski ekki tilbúinn að svara spurningum mínum umhendis, þá vil ég fara fram á það við forseta að hann kanni þetta og svari héðan úr forsetastóli spurningum mínum um það hvort þessi frumvörp sem ég tilgreindi séu rétt fram borin hér á Alþingi.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Vegna fyrirspurna hv. þm. og athugasemda vil ég fyrst geta þess að sá forseti sem situr á forsetastóli hverju sinni er forseti þingsins. Ég vil einnig geta þess að í 42. gr. þingskapa segir:

„Lagafrumvarpi, sem felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni eða viðauka við hana, skal vísað til sérnefndar skv. 32. gr. Í fyrirsögn skal það nefnt frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Hafi það eigi þá fyrirsögn vísar forseti því frá.“

Hv. þm. sem aðrir hv. alþm. hljóta að gera sér ljóst að það frv. sem hér er á dagskrá fjallar ekki um stjórnarskrána eða breytingar á henni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Umræða um lagaákvæði er varða samgöngumál.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég verð að lýsa yfir miklum vonbrigðum mínum með það hvernig þessari umræðu lýkur. Ég hafði gert ráð fyrir því að hæstv. samgrh. tæki hér til máls og svaraði þeim spurningum sem voru lagðar fyrir hann. Það voru margar spurningar sem komu fram í umræðunni. Ég ætla ekki að fara að tína þær upp hér en ég óska eindregið eftir því að hæstv. samgrh. sjái sér fært að svara þeim. Ég tel að það hafi verið það viðamiklar spurningar og beiðnir um að hann útskýrði sinn skilning á málinu að hann geti ekki boðið þingmönnum upp á það að víkja sér undan að svara þeim.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég var höndum seinni að kveðja mér hljóðs áður en þessari umræðu var lokið og hefði að öðrum kosti tekið til máls.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það gleður mig að hæstv. samgrh. hefur orðið fyrir því sama og ég. Ég vil minna á að hæstv. forseti sagði ekki: Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs, heldur sagði hann beint að umræðu væri lokið og er það er afar fyrirgefanleg villa. Ég var einnig höndum seinni að biðja um orðið svo ég vil fara þess á leit við hæstv. forseta að hann líti svo á að hér hafi orðið smá mistök og opni umræðu aftur. Það er afar óþægilegt að verða fyrir því að tilkynnt sé að umræðu sé lokið án þess að það komi í ljós að fleiri hafi ekki kvatt sér hljóðs. Maður er háður þessum hefðum og þess vegna náði ég hreinlega ekki, frekar en hæstv. ráðherra, að kveðja mér hljóðs en hef á því fullan hug.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég skildi orð forseta við fyrirspurnum mínum svo að engin athugun hefði farið fram á þessum atriðum sem ég tilgreindi. Ég vil vegna orða hæstv. forseta geta þess að í stjórnrskránni segir fyrir um það hvernig megi leggja hömlur á atvinnufrelsi manna. Það þurfi lagaboð til. Það er alveg ljóst á því frv. sem hér er til umræðu að gert er ráð fyrir að heimildin til þessa verði veitt ráðherra, framkvæmdarvaldinu og verði framseld frá löggjafarvaldinu. Það ríður í bága við stjórnarskrána og ég tel því frv. ekki tækt til að vera hér á dagskrá til umræðu undir þeim formerkjum sem verið hefur.

Ég vil láta þetta sjónarmið mitt koma fram, virðulegi forseti, en ítreka það að ég skil orð hans svo að forseti hver sem það er hverju sinni álíti það ekki sitt hlutverk að gæta þess að frv. fullnægi þeim reglum sem settar eru í þingsköpum og stjórnarskrá heldur einungis afgreiðslutæki fyrir ríkisstjórn.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það má deila um hvort ræða hv. síðasta ræðumanns fjallaði um gæslu þingskapa en nauðsynlegt er að leiðrétta þær rangfærslur sem þar komu fram. Það er rétt að í stjórnarskrá stendur að engin bönd megi leggur á atvinnufrelsi manna nema með lagaboði. Á hinn bóginn er það jafnrétt að það er ekkert í þeim gerðum sem um er fjallað í frv. eða leiða af samþykkt frv. sem leggur bönd á atvinnufrelsi manna nema hv. þm. kalli það að leggja bönd á atvinnufrelsi manna að veita öðrum frelsi, rýmka út frelsismörkin.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er nauðsynlegt að svara hæstv. ráðherra fyrst hann fór út í efnislega umræðu undir liðnum þingsköp. Það er jafnljóst að í frv. sem ráðherrann hefur hér lagt fram er framsalið, framsal valdsins til ráðherrans, svo víðtækt að engu tali tekur og það er í hendi ráðherrans hversu langt hann teygir sig með reglugerðarsetningu. Í mínum huga er enginn vafi á því að þessi heimild er svo rúm að hún muni fela í sér að ráðherra getur með reglugerðarheimildinni sett hömlur á atvinnufrelsi manna.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Þar sem við því virðist ekki verða orðið að opna mælendaskrá aftur tel ég að það sé ekki brot á þingskapalögum að vekja á því athygli að ég held að frv. sem hér liggur fyrir sé með öllu óvenjulegt. Nú kann eitthvað að hafa verið sagt um það áður vegna þess að ég var upptekin þegar umræðan hófst. Um langt skeið, hæstv. forseti, hefur það form á lagasetningu verið gagnrýnt að leggja hér fram hvað eftir annað breytingar á ótal lögum í einu frv., svokallaða bandorma. Það þykir ekki góð lagasetning og er það enda ekki. Hér hefur nokkuð nýtt borið við þar sem lagt er fram frv. í tíu greinum þar sem sjö af greinunum eru einungis um að galopna rétt ráðherra til að setja reglugerðir um alla skapaða hluti. Það má satt að segja undrum sæta að löglært fólk skuli skila öðru eins plaggi inn á Alþingi Íslendinga. Ég vil minna á að hér talaði hæstv. iðnrh. fyrir nokkrum dögum fyrir fjölda mála sem varða hans ráðuneyti og þar er ólíku saman að jafna. Þar var hægt að hafa málefnalega umræðu um innihald þeirra frv. sem fram voru lögð. En hér er ekkert um slíkt að ræða. Hér er bara verið að heimila hæstv. samgrh. að gera það sem honum sýnist. Ég vil, hæstv. forseti, mótmæla frv. Það vill nú svo til að ég hef verið forseti hins háa Alþigis í þrjú ár og ég verð að segja alveg eins og er að mér er til efs að ég hefði leyft framlagningu frv. Þetta er ekki boðlegt frv.

Lagabandormar eru nógu slæmir og ég gagnrýndi það stundum, bæði í þingræðum og einnig í viðræðum mínum við hæstv. ráðherra. En reglugerðabandorm hef ég aldrei séð fyrr. Ég vil mælast til þess, hæstv. forseti, að farið verði að beiðni minni um að hér verði hafin umræða um þetta því ég tel að forseti hafi brotið á hv. þm. með því að tilkynna ekki að fleiri hafi ekki kvatt sér hljóðs.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Hv. 14. þm. Reykv. finnur að því að þetta mál skuli tekið á dagskrá. Hv. þm. er einn af þingmönnum í for-

sætisnefnd Alþingis og hefur eigi þar fundið að því að málið kæmi á dagskrá. Það var ljóst á fundi forsætisnefndar í dag að þetta mál yrði tekið til 1. umr. og hv. þm. gerði þar enga athugasemd.

Mælendaskrá hafði verið lokað og tilkynnt um að 1. umr. um málið væri lokið. Þess hefur verið óskað að frá þeirri ákvörðun verði horfið og umræða opnuð að nýju. Forseti sér ekki ástæðu til að verða við þeim óskum og breyta úrskurði sínum. Málinu er ekki lokið hér á Alþingi þó að 1. umr. sé lokið og nægur tími er til að gera athugasemdir og ræða frv. þegar það kemur til 2. og 3. umr. Það er heldur engin ástæða til þess fyrir hv. þm. að finna að því að umræðu sé lokið þegar þeir hafa eigi kvatt sér hljóðs. Þeir gátu vel kvatt sér hljóðs undir umræðum fyrr á fundinum.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Forsætisnefnd hefur aðeins haldið örfáa fundi. Það er auðvitað ekki verkefni annars en forseta Alþingis sem situr hverju sinni að líta yfir það sem lagt er fram á Alþingi og bera ábyrgð á því. Frv. hafa ekki efnislega verið lögð fyrir forsætisnefnd eins og hæstv. forseti veit. Sá hv. þm. sem hér talar ber ekki neina ábyrgð á framlagningu þessa frv. Ég harma það að svo ströng fundarstjórn skuli hér upp tekin. En ég þykist hafa komið á framfæri mjög svo harðri gagnrýni minni á þetta endemis plagg sem hér liggur fyrir og mun ekki ræða það frekar í þingskapaumræðu.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að fram komi að ég færði ítarleg rök fyrir því hvers vegna ekki væri ástæða til að setja sérstök lög um þau efni sem þetta frv. fjallar um, fram yfir það sem þar er gert ráð fyrir. Hv. þm. á jafnframt að vera kunnugt um að nauðsynlegt er að hafa stoð í lögum til að heimilt sé að setja reglugerð.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég óskaði eftir því við umræðuna að hæstv. samgrh. svaraði því hvort hann væri tilbúinn til að breyta orðalaginu í frv. með þeim hætti að þar væri eingöngu verið að lögfesta eða taka upp þær reglur sem nú eru í gildi og fylgja samningnum en ekki væri haft opið reglugerðarákvæði inni sem þýddi að samgrh. hefði rétt til þess að gefa úr reglugerðir á grundvelli breyttra reglugerða frá EB jafnóðum og þær kæmu til landsins. Ég óskaði eftir því að hann svaraði þessu. Ég vil, hæstv. forseti, harma að það skuli ekki hafa tekist að ljúka umræðunni þannig að hæstv. samgrh. gæfist tóm til að svara þeim spurningum sem voru lagðar fram og að hann fengi tækifæri til að lýsa skilningi sínum á áhrifum þeirrar breytingar sem felst í frv. M.a. vil ég minna á þá spurningu sem ég lagði fram um það hvort hann teldi að við værum búin að missa gjörsamlega tökin á því að setja sérreglur um eftirlit með smíðum og reglugerðum sem varða öryggi á sjó og tengjast fiskiskipaflota okkar og útgerð.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Ég hlýt að taka það fram að ekki er ætlast til þess að undir liðnum þingsköp sé rætt efnislega um mál.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég hef ekki hugsað mér að ræða efnislega um þetta mál sem hér hefur verið rætt sl. tvo tíma. Ég beindi ákveðnum spurningum til hæstv. samgrh. en gat ekki verið viðstödd allan tímann. Ég bið að sjálfsögðu afsökunar á því að ég þurfti að bregða mér hér frá vegna viðtals við fjölmiðla. En mér skilst að hann hafi ekki svarað þeim spurningum sem hér voru lagðar fram. Ég vil því spyrja að því hvernig á því stendur að umræðunni er hætt áður en ráðherra svarar þeim spurningum sem fyrir hann voru lagðar.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill taka fram að það er alsiða að hæstv. ráðherrar eru spurðir spurninga sem þeir svara ekki í þeirri umræðu. Frv. fer væntanlega til þingnefndar. Varðandi þær athugasemdir sem hér hafa komið fram um form frv. hlýtur það að verða tekið til athugunar þar. Ekkert sérstakt er við það að athuga þó því sé ekki svarað af hálfu hæstv. ráðherra hér á þessum fundi hvort hann vilji leggja til breytingar á frv. sem hann leggur fyrir þingið. Allt er þetta í því fari að hv. þm. hafa nóg tækifæri til að fjalla um málið og vinna að breytingum á því á komandi tímum.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég skal reyna að lengja ekki umræðuna og heldur ekki að flækja hana. Mér finnst nokkuð óvanalega til orða tekið í frv. og málið allt heldur kynlegt. En hitt er rétt að forseti sagði aldrei þau orð að fleiri hefðu ekki kvatt sér hljóðs sem venja er og hefur verið kvartað undan því að flýtir hafi verið heldur mikill. Nú held ég að við getum öll sæst á það að frv. fari ekki lengra, því verði ekki vísað til nefndar eða lengra en það er komið. Síðan munu hinir vísustu menn sem við höfum hér í þinginu, starfsmenn þingsins og fleira gott fólk, hugleiða málið. Það á ekki að gera meira úr þessum vanda en orðið er því af ærnu er að taka í vanda þjóðarinnar nú um þessar mundir og meiri ástæða til að huga að öðru heldur en þessu orðalagi.

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða um gæslu þingskapa hefði kannski ekki þurft að koma til ef svar við þeirri spurningu sem beint var til ráðherra hefði komið fram. Svarið felst í yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands um beitingu öryggisráðstafana samkvæmt EES-samningnum. Þar er sagt að vegna einhæfs atvinnulífs og fámennis lýsi Ísland þeirri túlkun sinni að það geti í samræmi við skyldur sínar samkvæmt samningnum gripið til öryggisráðstafana um vinnumarkaðsmál. Ég tel að þetta tengist mjög þeirri spurningu sem brann á mínum vörum, áður en hér var lokið umræðu um þetta mál, sem beinist einkum að íslenska kaupskipaflotan-

um sem er mjög sérstakur og sérstæður vinnustaður og það hefði verið gott að fá svör við þessu.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Ég hlýt að taka það fram að það er ekki til þess ætlast að hér sé efnisumræða undir þessum lið.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég verð að segja að það kom mér nokkuð á óvart hversu skyndilega umræðunni lauk. Ég hef fylgst með henni í dag og ég beið átekta með að setja mig á mælendaskrá vegna þess að ég hlustaði á allmargar spurningar sem fram voru bornar til hæstv. samgrh. Ég ætlaði að bíða eftir að hæstv. ráðherra svaraði þeim og meta það í framhaldi af þeim svörum hvort ég sæi ástæðu til að blanda mér í umræðuna. Þannig er það mjög gjarnan, hæstv. forseti, að það ræðst nokkuð af því undir lok slíkrar umræðu hvort skýr og fullnægjandi svör koma frá þeim sem með málin fara hvort þingmenn sættast á að umræðunni ljúki eða ganga eftir svörunum frekar. Þess vegna er það mjög mikilvægt að það sé jafnan tilkynnt, ef svo stendur á við slíkar aðstæður í umræðum, að fleiri hafi ekki kvatt sér hljóðs. Þar með er það aðvörun til þeirra sem í salnum eru eða þátt hafa tekið í umræðunni um að þess sé ekki að vænta að hæstv. ráðherra eða aðrir, sem spurningum hefur verið beint til, svari. Mönnum gefst þá tækifæri til að bregðast við með því að setja sig á mælendaskrá. Þess vegna gerðist það satt best að segja fullskyndilega, miðað við þessar aðstæður í málinu, að það var tilkynnt að umræðunni væri lokið.

Það er kannski ekki stórslys í sjálfu sér. Eins og hæstv. forseti bendir á eru vissulega eftir aðrar umræður hér. Ég held þó að formsins vegna sé nauðsynlegt að þessir hlutir séu allir saman á sínum stað. Ég er þess vegna ekki alveg sammála þeim rökstuðningi, sem hæstv. forseti færir fyrir því að þetta hafi allt verið með eðlilegum hætti sem gerðist áðan, af þeirri ástæðu sérstaklega að þingmenn geta beðið átekta með það hvort þeir sjá ástæðu til þess að kveðja sér hljóðs þangað til ljóst verður hvort og þá hvers konar svör koma frá hæstv. ráðherra. Það gafst ekki tækifæri til að láta á það reyna í þessu tilviki þar sem umræðunni var slitið fyrirvaralaust án þess að menn vissu að mælendaskrá hafði verið tæmd.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti skal með þökkum meðtaka leiðbeiningar hv. 4. þm. Norðurl. e. Þá hafa fleiri ekki kvatt sér hljóðs um gæslu þingskapa. (**SJS:** Forseti bætir nú ekki fyrir sér með svona löguðu.) Hv. 5. þm. Vestf. hefur talað þrisvar um gæslu þingskapa og auðvitað eru takmörk fyrir því hvað slík umræða getur haldið áfram. Ef hv. þm. óskar að gera örstutta athugasemd þá tekur hann nú til máls um gæslu þingskapa.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mér þætti vænt um ef forseti benti okkur á það hvar í þingskapalögunum eru ákvæði um takmörk fyrir því hvað menn mega kveðja sér oft hljóðs um þingsköp. En það var ekki atriðið heldur hitt að það kom fram hjá hæstv. ráðherra sjálfum að hann ætlaði að svara en varð of seinn að biðja um orðið. Það er kjarni málsins, virðulegur forseti. Það liggur fyrir að ráðherra ætlaði að svara og hann lýsti því yfir héðan úr ræðustól. Þingmenn vilja fá að heyra svar ráðherra. Ég vil nú ráðleggja hæstv. forseta að verða við þessu sem er vilji allra í málinu.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Ég hef tekið það fram að það var nægur tími til að biðja um orðið og hæstv. ráðherra hafði þann tíma eins og aðrir. Forseti hafði úrskurðað að umræðu væri lokið og það stendur. Atkvæðagreiðslu um 10. dagskrármálið er frestað.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Fram hefur komið beiðni hæstv. félmrh. þess efnis að 7., 8. og 9. dagskrármál verði rædd samtímis. Ef ekki koma fram athugasemdir ...Hv. 5. þm. Vestf. kveður sér hljóðs um gæslu þingskapa.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er nú svo með störfin hér í þinginu að það er alsiða, eins og kom fram hjá hæstv. forseta, að ráðherrar svari ekki spurningum. Það höfum við áþreifanlega verið minnt á í sumar. Það er e.t.v. líka búið að taka þann sið upp að ljúka umræðum áður en ráðherra gefst færi á að svara. Ekki eru þessir forsetaúrskurðir eða viðbrögð ráðherra til að greiða fyrir þingstörfum.

Hins vegar vil ég þrátt fyrir allt leggja mitt af mörkum til að greiða fyrir þingstörfum. Ég tel að vísu að það hefði verið betra af hálfu hæstv. félmrh. að þingmenn fengju að vita með einhverjum fyrirvara að þessi ósk mundi fram koma og gætu metið hana. En það er mitt mat sem ég læt þá uppi, fyrst svona var að staðið og ekki gefinn kostur á að hugleiða málið, að ég hygg að það muni lengja umræðuna að grauta saman þremur málum sem að nokkru leyti eru óskyld að efni. Ég tel að það væri í þágu greiðrar umræðu hér í þinginu, virðulegur forseti, að málin yrðu tekin fyrir hvert fyrir sig eins og dagskrá gerir ráð fyrir.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Fram hafa komið athugasemdir við það að 7., 8. og 9. dagskrármálið verði rædd samtímis. Forseta er heimilt að ákveða það samkvæmt 63. gr. þingskapa ef athugasemdir koma ekki fram. Nú hafa þær komið fram og verður þá tekið fyrir 8. dagskrármálið.

Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, 1. umr.

Stjfrv., 21. mál. — Þskj. 21.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins. Frv. er lagt fyrir Alþingi vegna fullgildingar samnings um aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði og felur í sér lögfestingu reglugerða Evrópubandalagsins um frjálsa flutninga launafólks til að leita sér atvinnu eða ráða sig í störf á Evrópsku efnahagssvæði.

Lögfesting þeirra reglugerða sem frv. nær til eru reglugerðir Evrópubandalagsins nr. 1612 frá árinu 1968 um frjálsa fólksflutninga innan EB og nr. 312 frá árinu 1976 sem er breyting á 8. gr. reglugerðar nr. 1612/68 og er um rétt launafólks aðildarríkjanna til að gegna stjórnar- og stjórnunarstörfum fyrir þau stéttarfélög sem það á aðild að. Atvinnuréttur launafólks í öðrum aðildarríkjum EES byggir fyrst og fremst á 28. gr. EES-samningsins og er nánar útfærður með þessum reglugerðum.

Búseturéttur launþegans og fjölskyldu hans í einhverju aðildarríki er síðan bein afleiðing þess að launþeginn fái vinnu í því ríki. Búseturétt er einnig hægt að öðlast með öðrum hætti, t.d. sem sjálfstætt starfandi, sem ellilífeyrisþegi eða sem námsmaður. En undir öllum kringumstæðum er krafa um að fólk geti framfleytt sér sjálft annaðhvort með vinnuframlagi sínu eða með tekjum frá heimalandi sínu, a.m.k. þangað til það hefur unnið til atvinnuleysisbótaréttinda eða annarra almannatryggingaréttinda í því landi sem það hefur starfað í. Í almennri greinargerð með frv. er vikið að tengslum frv. við önnur ákvæði samningsins og aðrar helstu reglugerðir og tilskipanir EB sem tengjast atvinnuréttinum en þær fjalla einkum um dvalar- eða búseturétt einstakra hópa og staðfesturétt sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Vinnumarkaðurinn hér á landi er afar fámennur ef við berum okkur saman við önnur Evrópuríki og ljóst er að við þolum ekki óheftan aðflutning fólks hingað til lands erlendis frá. Ekki síst þess vegna skiptir öllu fyrir okkur Íslendinga að við reynum að gera okkur sem best grein fyrir allri framkvæmdinni á þessum mikilvæga þætti Evrópska efnahagssvæðisins. Í því sambandi hljóta ýmsar spurningar að vakna. Er ástæða til að óttast að útlendingar leiti hingað í miklum mæli? Hvaða starfsgreinar munu útlendingar sækja í? Hvaða tryggingu gefur öryggisákvæði okkur? Hvenær getum við beitt því? Til hvaða gagnaðgerða gætu önnur lönd innan Evrópska efnahagssvæðisins gripið ef við beittum öryggisákvæðinu? Er hugsanlegt að í framkvæmd verði ráðningarkjör útlendinga lakari en Íslendinga sem leitt gæti til að kjörum launafólks yrði haldið niðri? Til hvaða ráðstafana þurfum við að grípa með lagasetningu og öðru til að búa okkur sem best undir að vel takist til með alla framkvæmd á íslenskum vinnumarkaði þannig að hagur launafólks verði tryggður? Hvernig verður ýmsum félagslegum réttindum fólks háttað? Í hverju þurfum við að breyta löggjöf okkar í þessu efni? Þó ekki séu til einhlít svör við öllum þessum spurningum er engu að síður nauðsynlegt að þessi mál séu ítarlega brotin til mergjar og að við grípum til þeirra ráðstafana í tíma sem nauðsynlegar eru til að vernda sem best vinnumarkað okkar og tryggja sem best kjör íslensks launfólks.

Ég hef lagt alla áherslu á að hafa sem best samráð við aðila vinnumarkaðarins um alla athugun og undirbúning þeirra EES-verkefna er lúta að vinnumarkaðsmálum á vegum ráðuneytisins. Margir telja að frjáls atvinnu- og búseturéttur Evrópubúa muni ekki hafa mikil áhrif hér á landi. Virðist það m.a. byggt á því mati að Norðurlandabúar hafi ekki í miklum mæli nýtt sér þessi réttindi hér á landi og aldrei reynt á öryggisákvæði sem við höfum haft vegna þeirra. Auk þess má ætla að flestir búsetu- og atvinnuflutningar eigi sér stað milli aðliggjandi landa. Ég tel varlegt að alhæfa út frá þessu. Nægir að nefna í því sambandi að 23 millj. búa annars staðar á Norðurlöndunum og um 540 þús. voru þar atvinnulausir árið 1990 á meðan 370 millj. búa í EES-ríkjunum og u.þ.b. 12,5 millj. voru þar atvinnulausir 1990. Á Norðurlöndum hefur verulegt atvinnuleysi fyrst og fremst verið í Danmörku undanfarinn áratug en er nú einnig orðið verulegt annars staðar á Norðurlöndum. Atvinnuleysi hefur reyndar farið vaxandi í allri Evrópu sl. tvö ár. Á árinu 1991 eru atvinnulausir á Norðurlöndum orðnir um 700 þús. og 13,5 millj. samtals í EES-ríkjunum. Á þessu ári er búist við að atvinnuleysi verði annars vegar um 900 þús. og hins vegar um 14,6 millj. á þessum svæðum. Þessi fjölgun atvinnulausra hefur einnig náð til Íslands. Þó er atvinnuleysi hér minna en í öðrum OECD-ríkjum að Sviss og Lúxemborg undanskildum. Gæta verður þess að verulegt atvinnuleysi og rýr afkoma er líklega mesti þröskuldur frjálsra atvinnu- og búferlaflutninga til viðkomandi lands og um leið mesti hvati slíkra flutninga frá landinu. Ekki er hægt að segja að verulega rýrir afkomumöguleikar séu nú í nokkru EES-ríkjanna. Þó er alveg ljóst að afkomumöguleikarnir eru misjafnir og einna bestir á Norðurlöndunum og í Sviss en lakastir í flestum ríkjum Suður-Evrópu og á Bretlandseyjum. Þessi mismunur er án efa einnig að miklu leyti stétt- og staðbundin í einstökum ríkjum. Þá stendur erlent vinnuafl almennt verr að vígi en innlent í samkeppni um störf, ekki síst þau betur launuðu. Það er því á engan hátt gefið að hægt sé að tryggja afkomu sína betur með brottflutningi til annarra EES-ríkja. Þó ég telji að hættan sé ekki mikil á að útlendingar flykkist hingað í stórum stíl tel ég þó að við eigum að vera við öllu búin og haga framkvæmd og undirbúningi okkar varðandi íslenska vinnumarkaðinn út frá því að tryggja okkur sem best gegn öllu óvæntu sem upp kann að koma.

Skýrsla sem samin var að frumkvæði ASÍ og félmrn. er mikilvægt innlegg fyrir þá umræðu. Slík athugun á hugsanlegum áhrifum Evrópska efnahagssvæðisins er þýðingarmikil þegar við metum hvernig

við búum okkur sem best undir frjálsan atvinnu- og búseturétt.

Eins og ég gat um hafa félmrn. og Alþýðusamband Íslands átt samstarf um ítarlega könnun á störfum erlendra ríkisborgara hér á landi og hugsanlegum áhrifum frjáls búsetu- og atvinnuréttar hér á landi í kjölfar EES-samninga. Tilgangur var m.a. sá að reyna að skapa forsendu til að meta hvort ástæða væri til að ætla að hér fylltist allt af útlendingum ef ekki væri lengur krafist atvinnuleyfa fyrir tiltekinn hóp útlendinga. Í skýrslunni er dregin fram sú almenna ályktun að þegar á heildina er litið sé ástæðulaust að gera ráð fyrir að yfir landi hellist meiri háttar fólksflutningar. En í ljósi fámennisins hér á landi gæti lítið verið mikið í margra augum, sérstaklega ef ójöfn dreifing útlendinga yrði með þeim hætti að margir þeirra settust að í fámennum byggðarlögum. Þá er einnig ólíklegt að margir komi hér til varanlegrar eða langvarandi búsetu. Hins vegar er miklu líklegra að talsverð aukning verði meðal þeirra sem koma hingað til skammtímabúsetu á næstu árum og að útlendingum hér á landi fjölgi smátt og smátt á meðan atvinnustig hér á landi gefur tilefni til og þangað til jafnvægi næst milli aðfluttra og brottfluttra í umframstörf hér á landi. Þá er vert að hafa í huga að þeir sem hyggja á flutning milli landa hafa úr mörgu að velja og nærtækast er að fara yfir í aðliggjandi ríki þar sem fólk þekkir best til og einnig styst að snúa heim aftur.

Í skýrslunni um könnunina kemur m.a. fram að hlutfall erlendra ríkisborgara af íbúafjölda hér á landi hafi aukist frá 1,4% 1980 í 1,9% 1990 en 1. des. 1991 er þetta hlutfall orðið 2,1% af íbúafjölda. Samt sem áður er þetta hlutfall mun lægra en víðast hvar í Evrópu. Þessi aukning milli áranna 1990 og 1991 er um 12% en í skýrslunni var gert ráð fyrir a.m.k. 5% aukningu að meðaltali fram til aldamóta og að hlutfall erlendra ríkisborgara af íbúafjölda gæti orðið um 3% um næstu aldamót miðað við atvinnustig ársins 1991. Aukningin nú á að miklu leyti rætur sínar að rekja til ástandsins í Austur-Evrópu en erlendum ríkisborgurum þaðan hefur fjölgað um tæp 80% en Norðurlandabúum fjölgað um 6%. Hins vegar fækkaði íbúum annarra EES-ríkja um 1%. Ef ríkisborgurum EES-ríkja fjölgar í kjölfar gildistöku EES-samningsins má búast við að dragi verulega út þörfinni fyrir veitingu atvinnuleyfa.

Þá kemur fram í skýrslunni að 64% útlendinga eru í svokölluðum ófaglærðum störfum. Ein ástæða þess er væntanlega sú að útlendingar eiga almennt ekki rétt á að fá próf sín eða atvinnuréttindi viðurkennd. Þetta mundi gjörbreytast með Evrópsku efnahagssvæði. Eitt helsta viðfangsefni EB á þessu sviði hefur verið að vinna að því annars vegar að samræma menntunarkröfur, t.d. varðandi heilbrigðisstéttir, og hins vegar að tryggja að sambærileg menntun yrði viðurkennd milli landa. Gagnkvæm viðurkenning Norðurlanda á prófum er mjög takmörkuð. Að því er ég best veit hafa einungis verið undirritaðir samningar um viðurkenningu á prófum grunnskólakennara og starfsfólks heilsugæslu. Þrátt fyrir þetta er staðreynd að þeir Norðurlandabúar sem starfa hér á landi eru í mun minna mæli en aðrir í ófaglærðum störfum.

Það má velta fyrir sér hvort Evrópskt efnahagssvæði mundi ýta öllum þeim útlendingum sem nú starfa hér á landi til hliðar og að eingöngu ríkisborgarar frá löndum í EES komi hingað til starfa. Þetta mundi t.d. þýða að Pólverjar, sem hefur fjölgað ört að undanförnu, hyrfu alveg á brott. Þá gæti hitt gerst að þeir íbúar frá EES-ríkjunum sem hingað kæmu færu í störf sem kræfust löggildingar eða réttinda og áfram yrði þörf fyrir fólk frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins til þeirra starfa sem kölluð eru ófaglærð. Um þetta er auðvitað ekki hægt að fullyrða fyrr en á reynir og ljóst að ekki fást einhlít svör við hver framkvæmdin í raun verður fyrr en eftir að samningurinn tekur gildi. En það er líka gagnlegt að hafa þann samanburð að 1. des. 1991 voru tæplega 5.400 erlendir ríkisborgarar hér á landi en Íslendingar búsettir erlendis voru rúmlega 16.700 og þar af voru tæp 11.000 á Norðurlöndum að meðtöldum námsmönnum. Við þeirri spurningu eru auðvitað ekki til einhlít svör nú hvort fleiri Íslendingar flytjist úr landi en útlendingar til landsins við opnun á Evrópsku efnahagssvæði. Það mun að öllum líkindum fyrst og fremst ráðast af afkomu- og atvinnustiginu hér á landi og þá sérstaklega samanburðinum við önnur EES-ríki. Ef slíkur samanburður yrði okkur óhagstæður má búast við nettó-straumi til viðkomandi ríkja en nettó-straumi frá viðkomandi ríkjum ef samanburðurinn er okkur hagstæður.

Fjöldi annarra þátta hafa hér nokkur áhrif en þeir geta að ýmsu leyti vegið hvorn annan upp þannig að nettó-áhrifin yrðu lítil. Dæmi um þetta eru tungumálaerfiðleikar því ljóst er að fáir erlendir ríkisborgarar eru vel að sér í íslensku. Hins vegar geta fjölmargir Íslendingar vel bjargað sér á einhverju evrópsku tungumáli. Á móti vegur að Evrópubúar geta í miklu ríkari mæli bjargað sér á eigin tungumáli hér á landi en Íslendingar á sínu máli erlendis. Ekki verður ekki síður ástæða til að fylgjast vel með búferlaflutningum frá landinu en til landsins þó minna hafi farið fyrir þeirri hlið í umræðunni. Hvernig stöndumst við samanburð í launakjörum, atvinnuöryggi, félagslegum réttindum o.s.frv. með tilliti til þess að Íslendingar flytjast til EES-landanna í miklum mæli? Er kannski ástæða til að hafa meiri áhyggjur af því en að útlendingar flykkist hingað?

Í könnun sem Þjóðhagsstofnun og vinnumálaskrifstofa félmrn. framkvæmdu í september 1991 kom í ljós að 450 störf voru laus í fiskiðnaði og 280 starfsmenn vantaði á sjúkrahúsin. Einmitt á þessum sviðum eru flest veitt til. Í september 1991 voru laus störf samtals 685 umfram þau störf sem atvinnurekendur vildu leggja niður. En strax í nóvember 1991 hefur þetta snúist við og störfin sem þeir vilja leggja niður orðin 330 fleiri en störfin sem þeir vilja ráða í. Í janúar á þessu ári hefur þeim fjölgað í 580 og í apríl eru þau 510. Á fyrstu sex mánuðum þessa árs hafa verið gefin út 1.055 atvinnuleyfi til útlendinga en þau voru 916 á sama tímabili í fyrra en voru alls 2.210 allt árið

1991. Árið 1990 voru hins vegar aðeins gefin út 724 atvinnuleyfi fyrstu sex mánuðina og 1.507 allt árið. Aukningin hefur verið mest í atvinnuleyfum til Pólverja sem starfa að langmestu leyti í fiskvinnslu. Þess ber þó að geta að á þessu ári hafa atvinnuleyfi verið veitt til skemmri tíma en áður og skýrir það að einhverju leyti aukninguna.

Þar sem félmrn. leitar eftir umsögn stéttarfélaga í hvert sinn sem umsögn berst frá atvinnurekenda um að ráða útlending til starfa, og ekkert leyfi er gefið út án þess að hún liggi fyrir, hljóta ýmsar spurningar að vakna við þessar tölur. Erum við Íslendingar nánast að verða háðir erlendu vinnuafli? Í nokkrum sveitarfélögum á Vestfjörðum hefur hlutfall útlendinga af íbúafjölda staðanna verið á bilinu 8–13% af heildarfjölda og því enn hærra hlutfall af vinnandi fólki. Svo virðist sem sífellt erfiðara sé að fá ungt fólk til að starfa í fiskvinnslu. Hver er framtíðarsýnin í þessum efnum? Komum við til með að flytja aflann úr landi til vinnslu eða að fá útlendinga inn í landið til að vinna hann hérlendis? Ég tel að það þurfi að kanna rækilega hvort grundvallarbreyting sé að verða á afstöðu fólks til að stunda vinnu í undirstöðuatvinnugreinum þjóðfélagsins og hvaða þjóðhagsleg áhrif slíkur flótti úr hinum ýmsu atvinnugreinum mun hafa.

Í maí sl. staðfesti ég eftirfarandi tillögur ráðgjafarnefndar vinnumálaskrifstofu félmrn. um stefnumörkun varðandi atvinnuleyfi útlendinga. Vil ég vitna til hennar, með leyfi forseta:

„Við þær aðstæður sem nú eru ríkjandi á vinnumarkaði hér á landi, þ.e. umtalsvert atvinnuleysi er til staðar þegar á heildina er litið, telur ráðgjafarnefnd vinnumálaskrifstofu rétt að fyllsta aðhalds sé gætt hvað snertir veitingu nýrra atvinnuleyfa vegna útlendinga til almennra starfa sem ekki krefjast sérþekkingar. Nefndin telur nauðsynlegt að vinnumiðlun, atvinnurekendur og stéttarfélög leiti allra tiltækra ráða til að manna laus störf með innlendum starfskröftum áður en sótt er um heimild til að ráða útlendinga við almenn störf. Þegar nauðsyn ber til þess að framlengja þegar útgefin atvinnuleyfi telur nefndin æskilegt að takmarka gildistíma við t.d. sex mánuði í senn svo ráðrúm gefist til þess að taka stefnuna til endurskoðunar ef ástæða þykir til."

Samkvæmt EES-samningi munu ríkisborgarar í EES-ríkjum eiga rétt óháð lögheimili til að taka við launuðu starfi og inna það af hendi í samræmi við þær reglur sem gilda um ráðningu innlendra manna. Öll ákvæði í kjarasamningum og einstaklingsbundnum samningum hvað varðar aðgang að vinnu, launum, launakjörum, uppsagnir eru ógild ef þau mæla fyrir um mismunun launþega aðildarríkis EES, þ.e. útlendingsins gagnvart innlendum þegnum. Öll mismunun sem byggð er á þjóðerni er bönnuð nema starfið krefjist kunnáttu á innlendu tungumáli. Útlendingar sem sækja um vinnu hérlendis og væru jafnvel taldir hæfari en Íslendingar til starfans að öðru leyti yrðu að una því að fá ekki starfið ef íslenskukunnátta væri forsenda fyrir því að gegna starfinu. EES-samningurinn þýðir að útlendingur getur komið hingað til lands og dvalið í allt að þrjá mánuði til að leita að vinnu. Fái hann starf á hann rétt á dvalarleyfi. Ef útlendingurinn fær ekki starf verður hann að fara úr landi. Á þeim tíma á hann aðeins rétt á aðstoð vinnumiðlunar en t.d. ekki félagslegri aðstoð. Hann á almennt rétt á viðurkenningu prófa sinna. Dvalarleyfi til fimm ára þarf ekki að veita nema ljóst sé að ráðningartími er lengri en 12 mánuðir. Þetta er mikil breyting frá því fyrirkomulagi sem nú tíðkast um atvinnu útlendinga hér á landi en félmrn. gefur aldrei út atvinnuleyfi án þess að leitað hafi verið umsagnar stéttarfélaga um það hvort ekki sé hægt að útvega fólk til slíkra starfa hér innan lands. Íbúar af Evrópsku efnahagssvæði eiga hins vegar að standa jafnfætis Íslendingum hvað atvinnumöguleika varðar hér á landi.

Það er líklega of sterkt til orða tekið að tala um að útlendingar geti staðið jafnfætis Íslendingum hvað atvinnutækifæri varðar þar sem útlendinginn skortir kunnáttu í íslensku og staðarþekkingu sem almennt þarf til að rækja störf hérlendis. Lagalega séð munu þeir hins vegar standa jafnfætis ef ekki er um starf hjá hinu opinbera sem nýtur sérstakrar verndar eða viðkomandi starf krefst sérstaklega íslenskukunnáttu. EES-borgarar öðlast ekki búseturétt á Íslandi nema þeir fái atvinnu hér á landi eða geti tryggt framfærslu sína með tekjum erlendis frá. Framboð atvinnutækifæra munu því fyrst og fremst takmarka hugsanlegan aðflutning ríkisborgara annarra EES-ríkja hingað til lands því að ekki er búist við að margir setjist hér að af öðrum ástæðum en þeim sem tengjast atvinnustarfsemi útlendinga hér á landi. En aðrir sem einkum gætu sest hér að í lengri eða skemmri tíma eru þeir sem ætla að koma á fót sjálfstæðum atvinnurekstri, námsmenn og þeir sem hafa tekjur erlendis frá eins og ellilífeyrisþegar. En eins og kunnugt er hafa ellilífeyrisþegar t.d. frá Danmörku í nokkrum mæli sest að í löndum við Miðjarðarhaf.

Til að tryggja frjálsa för launþega eru reglur um að fjölskyldur launþegans eigi rétt á að flytjast með honum. Til fjölskyldu launþegans teljast skv. 1. tölul. 10. gr. reglugerðar nr. 1612/68 maki launþegans og börn sem eru yngri 21 árs eða eru á framfæri þeirra og foreldrar launþega og maka hans sem eru á framfæri þeirra. Þá eiga aðildarríkin að auðvelda öðrum aðstandendum launþegans að koma til landsins ef þeir eru á framfæri launþegans eða hafa búið undir sama þaki í landinu sem hann kom frá. Þó launþeginn þurfi að vera ríkisborgari í EES-ríki ef hann ætlar að starfa og búa í öðru aðildarríki þá þarf fjölskylda hans ekki að vera það til að búa með honum. Fjölskyldumeðlimir, sem ekki eru ríkisborgarar EES-ríkis, þurfa yfirleitt atvinnuleyfi ef þeir ætla að hefja vinnu í öðru aðildarríki og einnig er hægt að krefja þá um vegabréfsáritun. Þó veitir 11. gr. maka og börnum launþegans sem eru yngri en 21 árs eða eru á framfæri hans rýmri rétt til að ráða sig í hvaða vinnu sem er, hvar sem er í viðkomandi aðildarríki jafnvel þó þau séu ekki ríkisborgarar neins aðildarríkis. En eins og áður sagði þurfa þau sérstakt atvinnuleyfi sem þau eiga sjálfkrafa rétt á. Þau þurfa þannig ekki að uppfylla sérstök skilyrði í lögum

nr. 26/1982, um atvinnurétt útlendinga, eins og að fá samþykki viðkomandi verkalýðsfélags. Í 12. gr. er kveðið á um rétt barna launþegans til skólagöngu, námsvistar og starfsþjálfunar. Öll þessi ákvæði eru nauðsynleg til að auðvelda launþegum að nýta þá möguleika sem frjáls atvinnu- og búseturéttur veitir.

Í 3. tölul. 28. gr. EES-samningsins kemur nánar fram hvað frjáls för launþega felur í sér. Þar er m.a. kveðið á um að hægt sé að takmarka það frjálsræði þegar það er rökstutt með tilliti til allsherjarreglu almannaöryggis og allmannaheilbrigðis. Þetta er nánar útfært í tilskipun ráðsins. Í tilskipuninni kemur fram við hvaða aðstæður sé hægt að byggja takmörkun á útgáfu og endurnýjun dvalarleyfis eða brottvísun úr landi.

Með 9. gr. reglugerðar nr. 1612/68 er launþegum frá öðrum EES-ríkjum tryggður jafn réttur hvað varðar aðgang að íbúðarhúsnæði. Þó er sú krafa gerð til launþegans í 3. tölul. 10. gr. að hann hafi yfir að ráða húsnæði fyrir fjölskyldu sína sem talið er hæfa innlendum launþegum á því svæði sem hann hefur ráðið sig til vinnu, þó með þeim fyrirvara að það leiði ekki til að þessum launþegum sé mismunað á kostnað innlendra launþega. Þegar rætt er um hindranir sem standa í vegi fyrir því að útlendingar komi hingað til starfa, eða e.t.v. fremur að þeir setjist hér að, má ekki gleyma húsnæðismálunum. Sú staðreynd að flestir eiga sjálfir það húsnæði sem þeir búa í skapar okkur sérstöðu í Evrópu. Jafnframt er oft erfitt að fá leiguhúsnæði. Slíkt mundi ekki flokkast sem hindrun af Íslands hálfu gagnvart útlendingum þar sem hún kemur jafnt niður á útlendingum sem Íslendingum. Skortur á leiguhúsnæði getur fælt útlendinga frá því að koma hingað. Samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er ekkert í vegi fyrir því að útlendingar geti fengið húsnæðislán.

Í samningi um Evrópskt efnahagssvæði felst að ekki má mismuna útlendingum varðandi íbúðarhúsnæði og húsnæði fyrir sjálfstæða atvinnustarfsemi löggiltra starfsstétta. Hinn þröngi leigumarkaður sem ekki virðist breytast mikið mundi einn sér skapa erfiðleika. Þar sem stór hluti útlendinga hefur farið út á land til fiskvinnslu án þess að hafa fjölskyldu með sér hafa verbúðir dugað. Það leysir hins vegar ekki húsnæðisvanda útlendinga t.d. á höfuðborgarsvæðinu.

En hvað ef svo færi að útlendingar flykktust hingað til lands í atvinnuleit og íslenskir atvinnurekendur réðu þá umfram Íslendinga til starfa og upp kæmi sú staða að verulegt atvinnuleysi yrði meðal Íslendinga en þúsundir útlendinga af Evrópsku efnahagssvæði yrðu hér samtímis við störf? Hvað er þá unnt að gera?

Í samningaviðræðunum neitaði Evrópubandalagið að fallast á það að um varanlegar undanþágur gæti verið að ræða frá einhverju fjórfrelsanna. Í upphafi samningaviðræðna var lögð áhersla á það af hálfu Íslands að okkar fámenna þjóðfélag með fremur einhæft atvinnulíf þyldi ekki takmarkalausan aðflutning fólks í atvinnuskyni. Sú krafa var sett fram að við hefðum sams konar öryggisákvæði og er í bókun um samninginn um norræna vinnumarkaðinn. Það heimilar okkur að grípa til atvinnuleyfa gagnvart Norðurlandabúum ef veruleg röskun verður á vinnumarkaðinum á einstökum svæðum eða í ákveðnum greinum. Þessu ákvæði hefur aldrei verið beitt frá því að samningurinn gekk gildi 1983. Hin EFTA-ríkin voru með kröfur um fyrirvara eða öryggisákvæði á fjölmörgum sviðum. Niðurstaðan í samningaviðræðunum var sú að þessum áhyggjum EFTA-ríkjanna yrði mætt með almennu öryggisákvæði. Það felur í sér að verði alvarleg efnahagsleg, þjóðfélagsleg eða umhverfisleg röskun eða hún sé fyrirsjáanleg, hvort heldur er í ákveðnum greinum eða umdæmum og telja megi að hún verði viðvarandi geta samningsaðilar einhliða gripið til viðeigandi ráðstafana. Með þessu ákvæði er Íslandi jafnt sem öðrum ríkjum heimilað að gera sínar ráðstafanir ef því þykir röskun vera yfirvofandi, t.d. á vinnumarkaði sem varað gæti um hríð. Það er okkar t.d. að skilgreina hvað sé þjóðfélagsleg röskun en það þarf t.d. ekki að fara saman við efnahagslega röskun heldur byggja meira á pólitísku mati á því hvað þjóðin eða þjóðfélagið getur borið. Gert er ráð fyrir að þær aðgerðir sem gripið er til séu í samræmi við þá röskun sem er orðin eða er fyrirsjáanleg, þ.e. aðgerðirnar verði ekki meiri en þarf til að ástandið komist í jafnvægi á nýja leik. Almennt er gert ráð fyrir því að þörfin fyrir öryggisákvæði komi ekki upp skyndilega heldur geti aðili sem ætlar að beita því tilkynnt hinum samningsaðilanum um þá fyrirætlan sína, innan sameiginlegu EES-nefndarinnar fari fram samráð og ekki verði gripið til aðgerða fyrr en einum mánuði eftir að þær hafa verið tilkynntar. Ef hins vegar það ástand kemur upp sem krefst tafarlausra aðgerða þannig að samráð og tilkynning geti ekki átt sér stað megi grípa strax til tiltækra ráða. Á meðan þær ráðstafanir eru í gildi sem gripið er til skal á þriggja mánaða fresti gera grein fyrir því hvort ástandið hafi breyst þannig að unnt sé að aflétta aðgerðunum. Evrópubandalagið var einungis tilbúið til að fallast á almennt öryggisákvæði í samningnum sem gæfi jafnframt öðrum aðildarríkjum möguleika á að grípa til gagnaðgerða ef öryggisákvæðunum yrði beitt af einhverju aðildarríki. Í samningnum eru því ákvæði sem segja að ef beiting öryggisákvæðis hafi í för með sér ójafnvægi milli réttinda og skyldna megi samningsríki grípa til hlutfallslegra gagnráðstafana til að jafnvægi náist á nýjan leik.

Ef við Íslendingar gripum til þess að taka upp atvinnuleyfi, t.d. í fiskvinnslu, þar sem okkur þætti erlent vinnuafl vera farið að taka störf frá Íslendingum gætu viðbrögð aðildarríkja EES t.d. verið með tvennum hætti. Ef við tilkynntum þessa ákvörðun fyrir fram og gerðum grein fyrir því hvernig ástandið væri gæti verið að hin ríkin teldu það fullkomlega eðlilega ráðstöfun og sæju enga ástæðu til að takmarka t.d. atvinnu Íslendinga í sínum ríkjum. Ef við værum hins vegar að grípa til öryggisákvæðis án þess að vera með trúverðugar ástæður gæti hugsast að eitt eða fleiri af samningsríkjunum teldu rétt að takmarka frelsi okkar inn á yfirráðasvæði sitt. Þar sem hér er um algert nýmæli að ræða er fyrir fram mjög erfitt að meta það hvort aðildarríki EB muni þegar og ef á reynir grípa til

þessara gagnráðstafana eða hvort hér sé um að ræða ákvæði sem ætlað sé til að draga úr beitingu öryggisákvæðisins af hálfu EFTA-ríkjanna.

Af hálfu Íslands hefur á meðan samningaviðræður fóru fram margoft verið ítrekað að krafa um öryggisákvæði væri einkanlega sett fram vegna hins viðkvæma vinnumarkaðar. Þegar ljóst var að öryggisákvæðið yrði almennt var ákveðið að Ísland mundi gefa út yfirlýsingu í tengslum við samninginn þar sem bent væri á að öryggisákvæðinu yrði einkum beitt ef röskun yrði á vinnumarkaðinum í heild á einstökum svæðum eða einstökum greinum eða röskun yrði vegna fasteignakaupa útlendinga. Þeirri yfirlýsingu hefur ekki verið andmælt og engar athugasemdir gerðar við hana. Það er íslenskra stjórnvalda að ákveða það hvort aðstæður kalli á beitingu þessa öryggisnets.

Ég vík þá næst að ráðningarkjörum útlendinga. Í 2. tölul. 28. gr. EES-samningsins er kveðið á um að afnema verði alla mismunun sem byggð er á ríkisborgararétti viðkomandi lands og lýtur að ráðningum, launum og öðrum stafskjörum og í c-lið 3. tölul. er kveðið á um að dvöl í atvinnuskyni skuli vera í samræmi við ákvæði í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum um starfskjör borgara þess ríkis. Atvinnuréttur inn og jafnræðisreglurnar eru nánar útfærðar í reglugerð um flutning launþega, nr. 1612/68, sem lögfesta á með frv. Hér koma fram þær skyldur og þau réttindi sem gilda fyrir launþega frá öðrum EES-ríkjum. Í 7. gr. reglugerðarinnar eru mjög afdráttarlaus ákvæði um að ekki megi mismuna launþegum sem eru ríkisborgarar einhvers aðildarríkjanna. Þetta felur í sér sama rétt og skyldur og innlendir launþegar hafa viðvíkjandi öllum ráðningum og vinnuskilyrðum, þar með talin launakjör, uppsögn úr starfi komi til atvinnumissis, endurskipun og endurráðning vegna 1. tölul. þessarar greinar, félagsleg réttindi og skattaívilnanir samkvæmt 2. tölul., þjálfun í skólum er tengjast atvinnulífi og endurmenntunarstöðvar samvæmt 3. tölul. Í 4. tölul. þessarar greinar er almennt ákvæði um að ógilda skuli og að engu hafa öll ákvæði bæði í kjarasamningum og ráðningarsamningum sem og öðrum almennum reglum er varða aðgang að atvinnu, ráðningu, launakjör og önnur starfsskilyrði eða uppsagnarákvæði ef þau mæla fyrir um eða heimila mismunun launþega sem eru ríkisborgarar annarra aðildarríkja. EB-dómstóllinn hefur skýrt tekið fram að EB-lög koma ekki í veg fyrir að aðildarríki beiti landslögum eða kjarasamningum um lágmarkskjör gagnvart sérhverjum launþega, sem jafnvel er ráðinn tímabundið í viðkomandi aðildarríki, án tillits til þess í hvaða landi aðalaðsetur atvinnurekenda er. Lögin um starfskjör launþega frá 1980 kveða fortakslaust á um að laun og önnur starfskjör sem aðildasamtök atvinnurekenda og launafólk semja um skuli vera lágmarksjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því sem samningurinn tekur til. Lög þessi gilda að sjálfsögðu óháð þjóðerni launamannsins. Til að taka af allan vafa er þessi skilningur laganna staðfestur með öðru frv. sem er frv. til laga um breytingu á lögum um vinnumarkaðsmál vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði, samanber 5. gr.

Núgildandi lög um atvinnuréttindi útlendinga gera ráð fyrir ströngu eftirliti með ráðningu útlendinga, m.a. launakjörum þeirra. Leggja ber fyrir ráðuneytið ráðningarsamning. Þar þarf að koma fram eftir hvaða kjarasamningi er farið. Þessi löggjöf gildir að sjálfsögðu áfram um alla þá sem þurfa atvinnuleyfi. En með hinum frjálsa atvinnu- og búseturétti á Evrópska efnahagssvæðinu, þar sem atvinnuleyfi er afnumið fyrir ríkisborgara svæðisins, þarf ekki að leggja slík gögn fyrir stjórnvöld. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að öll mismunun varðandi launakjör og ráðningar miðað við innlenda borgara er óheimil. Ýmsir hafa lýst yfir áhyggjum af því að erfitt verði í framkvæmd að tryggja að útlendingar búi ekki við lakari kjör en Íslendingar í sams konar störfum. Útlendingar sem störfuðu á lægri launum, sem væru samt sem áður miklu hærri en í heimalandi þeirra, færu varla að kvarta. Það er því ljóst að tryggja verður eftirlit með því að útlendingar ráði sig ekki á lakari kjörum en Íslendingar og taka þar með í reynd störf frá Íslendingum sem fylgdu umsömdum töxtum eða samningum.

Það eftirlitskerfi sem almennt er fyrir hendi hvað launagreiðslu varðar er í raun tvíþætt. Með tilkomu staðgreiðslu skatta getur hið opinbera fylgst með því hvernig launagreiðslum er háttað í fyrirtækjunum. Með því að fylgjast með greiðslum í lífeyrissjóði eiga aðilar vinnumarkaðarins að geta fylgst glöggt með launaþróun í fyrirtækjum. Ég held því að það sé vel mögulegt að fylgjast með því að launagreiðslur til útlendinga sem hér koma til starfa á grundvelli EES-samningsins séu í samræmi við þau launakjör er almennt tíðkast hér á vinnumarkaði. Ég tel að það sé farsælast að búa svo um hnútana í innlendri löggjöf að ekki verði unnt að sniðganga íslenska kjarasamninga. Þó að lögin um starfskjör launafólks kveði fortakslaust á um það að kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins skuli vera lágmarkskjör í viðkomandi starfsgrein, þá vitum við að það getur verið nokkur munur á lægstu töxtum og því hvað verkafólk getur fengið með bónus eða öðru álagi. Það gerir allt eftirlit erfiðara þar sem ekki er skylda að greiða álagsgreiðslur eða ýmsar aukagreiðslur sem tíðkast oft á vinnumarkaði. Við hvað á þá að miða? Við hvað er átt þegar talað er um kjör eins og þau tíðkast almennt? Væntanlega er þá verið að tala um launataxta ásamt þeim álagsgreiðslum sem tíðkast hjá flestöllum. Þetta atriði hefur ráðuneytið reynt að leysa í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Það getur hvorki verið hagur Alþýðusambandsins né Vinnuveitendasambandsins að unnt sé að fá útlendinga til landsins, hvort heldur er um lengri eða skemmri tíma, og taka stór verkefni eða atvinnutækifæri frá Íslendingum með því að koma sér hjá þeim atriðum sem aðilar hafa samið um í kjarasamningum eða greiða ekki þau laun sem almennt tíðkast. Þess vegna var skipuð formleg sjö manna nefnd til að yfirfara og undirbúa nauðsynlegar breytingar á íslenskum lögum og reglugerðum um vinnumarkaðsmál og áttu aðildar vinnumarkaðarins fjóra fulltrúa í nefndinni en ráðuneytið þrjá. Frv. sem hér er lagt fram er unnið af þessari nefnd.

1. gr. frv. felur í sér lögfestingu á áðurnefndum reglugerðum EB og er um tilsvarandi lagasetningu og tíðkast annars staðar við lögfestingu EB-reglugerða, m.a. í Noregi og Svíþjóð. Ástæðan fyrir því að ætlunin er að lögfesta reglugerð 1612/68 og breytingar í reglugerð 312/76 með þeim hætti sem fram kemur í frv. um frjálsan atvinnu- og búseturétt launþega er sú að efni reglugerðar þarf að komast í lög EFTA-ríkjanna. Þessar tvær reglugerðir eiga ekki að öðlast gildi óbreyttar heldur eins og þær eru aðlagaðar í viðauka EES-samningsins. 1. gr. frv. er því sú að reglugerðirnar tvær, eins og þær eru aðlagaðar á samningsferlinu, öðlist gildi. Þegar 1. gr. frv. hefur verið lögfest mun félmrn. gefa út sérprentun laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt með reglugerð 1612/68 og 312/76 eins og þær eru aðlagaðar í EES-samningnum. Eins og fram kom hjá mér áðan þá er þessi sami háttur hafður á við lögfestingu í Noregi og Svíþjóð.

Í 2. gr. eru hins vegar ákvæði um að setja á laggirnar þriggja manna nefnd sem á að hafa virkt eftirlit með framkvæmd laganna. Hugmyndin er sú að nefndin fái víðtækt umboð til að fjalla um öll þau svið er tengjast framkvæmd ákvæða um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks og þá ekki síst þau kjör sem útlendingum verða búin hér á landi. Nefndin getur bæði átt frumkvæði að því að taka á málum og einnig er hægt að vísa ágreiningi eða úrskurðarefnum til nefndarinnar. Því er þannig haldið opnu að hver og einn geti leitað með slík álitamál til nefndarinnar þó eðlilegast sé að samtök launþega og atvinnurekenda reyni að grisja þann skóg áður en kemur til kasta nefndarinnar, sérstaklega ef málatilbúnaður er byggður á misskilningi. Horfið var frá því að setja margar bindandi reglur um störf nefndarinnar þar sem ekki er fyrirsjáanlegt hvernig störfum nefndarinnar verður best háttað. Því var talið eðlilegt að störf nefndarinnar mótuðust sem mest af reynslu nefndarmanna í störfum sínum. Hins vegar er því haldið opnu að ráðherra getur sett reglugerð um framkvæmdaatriði ef reynslan leiðir í ljós að þörf sé á einhverjum slíkum ákvæðum. Á þessu stigi er hins vegar ekkert slíkt í bígerð.

Skv. 3. mgr. 2. gr. er gert ráð fyrir að fulltrúi hlutaðeigandi heildarsamtaka opinberra starfsmanna og fulltrúi tilsvarandi ríkisvalds komi inn í nefndina þegar sérstaklega er fjallað um mál opinberra starfsmanna er falli undir atvinnu- og búseturéttindi. Þessi háttur er hafður á vegna þess að í mörgum tilvikum er erfitt að draga skýrar línur milli starfsgreina sem heyra undir ASÍ og BSRB enda þótt starfið sé hjá hinu opinbera. Þá er einnig talinn ókostur að nefndin yrði stærri en lagt er til í frv. Það er bæði vegna þess að öll meðferð mála og ákvarðanataka þarf að vera virk og lipur og eins er erfitt að draga mörkin hvaða samtök annars ættu að eiga fulltrúa í slíkum nefndum. Ljóst er að langlíklegast er að hugsanleg viðfangsefni nefndarinnar snerti fyrst og fremst hinn almenna vinnumarkað og því eðlilegast að langstærstu hagsmunasamtök vinnumarkaðarins hvert á sínu sviði eigi fulltrúa í nefndinni.

8. gr. reglugerðar 1612/78 tryggir að launþegar frá öðrum EES-ríkjum skuli njóta sömu réttinda og innlendir launþegar hvað varðar aðild að stéttarfélögum og njóta þeirra réttinda er aðildin veitir. Reglugerð ráðsins nr. 312/76 eykur þessi réttindi með því að fastsetja að launþegar frá EES-ríkjum geti valist til trúnaðarstarfa fyrir sitt stéttarfélag. Eins áður sagði breytti reglugerð ráðsins nr. 312/76 8. gr. reglugerðar nr. 1612/68. Ákvæðið svo breytt felur í sér að ríkisborgarar annarra aðildarríkja sem uppfylla sömu skilyrði og innlendir um aðgang að stéttarfélagi eigi sama rétt og þeir á að gegna stjórnar- og stjórnunarstörfum fyrir stéttarfélagið. Jafnframt var felldur niður 2. tölul. 8. gr. sem kvað á um endurskoðun greinarinnar. Hins vegar er óbreytt að erlendum ríkisborgurum megi meina sæti í stjórn nefnda sem lúta ríkisrétti eða gegna stöðu sem er bundin af ríkisrétti. Íslendingar uppfylla þessi ákvæði þar sem íslensk stéttarfélög eru opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu. EB-reglur sem slíkar krefjast því engrar breytingar á innlendri löggjöf og þeirri hefð sem er hér á landi varðandi aðild að stéttarfélögum og forgangsréttarákvæðum kjarasamninga um ráðningu félagsmanna. Mun ég víkja að þessum atriðum síðar í framsöguræðunni í tengslum við ýmsar yfirlýsingar og samþykktir á alþjóðavettvangi.

Til að íbúar á Evrópsku efnahagssvæði geti komið hingað í störf sem kunna að vera laus þarf að vera fyrir hendi vinnumiðlun. Hið sama á við um tækifæri Íslendinga til starfa erlendis en með einhverjum hætti verða þeir að fá upplýsingar um laus störf þar. Ein af þeim reglum sem við komum til með að gangast undir er að gefa ítarlegar skýrslur um aðstreymi erlends vinnuafls. Framkvæmd vinnumálaskrifstofu félmrn. í dag er með þeim hætti að mánaðarlega eru aðilum vinnumarkaðarins og Hagstofunni sendar upplýsingar um útgefin atvinnuleyfi. Þar kemur fram nafn atvinnurekanda og hins erlenda launamanns, starfsgrein og gildistími atvinnuleyfis. Til að uppfylla kröfur á Evrópsku efnahagssvæði þurfum við að gefa ýmsar tölfræðilegar upplýsingar um alla ríkisborgara frá EES sem fá atvinnu hér á landi. Þar á meðal eru persónulegar upplýsingar, m.a. um fyrsta starf viðkomandi hér á landi. Ég tel að vinnumiðlunin annars vegar og hins vegar þær upplýsingar, sem okkur ber skylda til að gefa um evrópska borgara hér á landi, geri okkur kleift að fá mun betri upplýsingar um atvinnuþátttöku þessa fólks hér en við höfum haft um Norðurlandabúana hingað til. Í reynd hefur félmrn. ekki fylgst með réttindum Norðurlanda í atvinnulífinu þar sem ekki þarf að veita atvinnuleyfið vegna þeirra. Vitneskja okkar um þá er fyrst og fremst fengin úr skýrslu sem Hagstofan tekur saman og byggir á norrænum skráningum. Slíkt mun hins vegar ekki verða um EES. Vinnumiðlunin verður nauðsynleg þjónusta til að við séum ekki að leggja beinar hindranir gegn því að fólkið komi. Um leið gefst okkur líka raunverulega tækifæri til þess með upplýsingagjöf til hinna landanna að draga úr því að fólk komi ef lítið er um laus störf. Almennt má ganga út frá því að ekki verði mikið um það að fólk komi gagngert til að leita sér að atvinnu. Eðlilegra er að reikna með því að upplýsingastreymi í

gegnum vinnumiðlun stýri aðstreymi. Unnið er að því á vegum annarra Norðurlanda að setja upp nýtt samtengt tölvukerfi til að miðla upplýsingum um laus störf á milli ríkjanna sem á að leysa af hólmi eldra kerfið sem að mestu leyti hefur brugðist við að gegna þessu hlutverki. Nýja kerfið, sem gengur undir nafninu NIVA, verður tengt vinnumiðlunarkerfi Evrópubandalagsins, SEDOC, sem verður að breyta í nýtt vinnumiðlunarkerfi sem verður væntanlega það kerfi sem öllum EES-ríkjunum er ætlað að tengjast. Íslendingar hafa ekki séð sér fært að taka þátt í þessu samstarfi enn sem komið er enda er það mjög kostnaðarsamt Það vantar allar forsendur til að koma slíku kerfi á hér á landi þar sem vinnumiðlanir eru aðeins reknar í stærstu sveitarfélögunum. Segja má að forsenda slíks samstarfs sé nægilega stór sveitarfélög sem geti rekið virka vinnumiðlun í sínu umdæmi. Þó að ekki sé um sérstakar kvaðir að tengjast þessum tölvunetum má búast við að þrýstingur aukist á okkur að taka þátt í þessu tölvusamstarfi á einhvern hátt því ella er mjög seinlegt að koma á framfæri upplýsingum um laus störf á milli landa. Gildi slíkra upplýsinga fyrir aðrar þjóðir er algerlega komið undir því að þær fái þessar upplýsingar samtímis og innlendir aðilar, sérstaklega ef um engan eða stuttan umsóknarfrest er að ræða.

Í 20. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um viðbrögð vegna ríkjandi eða yfirvofandi ókyrrðar á vinnumarkaði aðildarríkis sem getur leitt af sér verulega röskun á lífskjörum og atvinnutækifærum á tilteknu svæði eða í tiltekinni atvinnugrein. Viðbrögðin fela einkum í sér að óska eftir því við framkvæmdastjórnina að hún láti gera þá starfsemi ráðningakerfisins óvirka að hluta eða öllu leyti sem kveðið er á um í 15., 16. og 17. gr. þannig að vinnumiðlanir annarra aðildarríkja hætti að manna laus störf sem tilkynning hefur borist um beint frá vinnuveitendum í þessari atvinnugrein eða á þessu svæði. Hér er því um sérstakt öryggisákvæði að ræða varðandi ójafnvægi á vinnumarkaðnum. Hins vegar hrekkur þetta ákvæði skammt í að stöðva fólk sem stendur til boða að fara í þessa atvinnugrein eða á þetta atvinnusvæði. Samkvæmt reglugerðinni eiga aðildarríkin að starfrækja sérstaka þjónustuskrifstofu sem gegnir hlutverki vinnumiðlunar í hverju ríki. Þessar skrifstofur skulu hafa náið samstarf sín á milli og við framkvæmdastjórnina um ráðningu í lausar stöður og meðferð atvinnuumsókna o.fl. Í þessum greinum eru einnig ákvæði um að gerðar skuli nauðsynlegar kannanir á atvinnutækifærum og atvinnuleysi. Þjónustuskrifstofur aðildarríkjanna skulu senda til þjónustuskrifstofu hinna aðildarríkjanna og til evrópsku samráðsskrifstofunnar upplýsingar um lífskjör og vinnuskilyrði og ástand vinnumarkaðar sem líklegar eru til að koma launþegum frá öðrum aðildarríkjum að gagni. Þær skulu enn fremur miðla upplýsingum til vinnumálaskrifstofu í sínu landi.

Þá er einnig ákvæði um að aðildarríki upplýsi um vandamál sem upp kunna að koma í sambandi við frjálsa för fólks og atvinnumál launþega og að gerð séu nákvæm yfirlit yfir stöðu og þróun atvinnulífs á tilteknum svæðum og í tilteknum greinum. Það er ljóst að vinnumálaskrifstofa félmrn. verður að gegna hlutverki þjónustuskrifstofu samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, a.m.k. fyrst um sinn meðan skipulagi er komið á starfsemi hennar. Þessi ákvæði og fleiri munu skerpa kröfur til starfsemi vinnumiðlana í landinu sem og starfsemi vinnumálaskrifstofu félmrn. einkum er varðar upplýsingastarfsemi og samskipti við önnur lönd. En erlend samskipti um vinnumiðlun hefur hingað til að mestu takmarkast við sameiginlegan norrænan vinnumarkað.

Virðulegi forseti. Ég vil því næst víkja að opinberum starfsmönnum. Í 4. tölul. 28. gr. EES-samningsins er kveðið á um að ákvæði 28. gr. eigi ekki við um störf í opinberri þjónustu. Við gerð Rómarsamningsins var upphaflega litið svo á að þetta ætti við um öll störf í opinberri þjónustu. Þessi skilningur hefur breyst í gegnum tíðina, sérstaklega vegna þess að ýmis störf eru í höndum einkaaðila í sumum ríkjum og í höndum opinberra aðila í öðrum ríkjum. Af fjölmörgum dómum Evrópudómstólsins, sem um þetta hafa fjallað, má ráða að það eru fyrst og fremst störf sem tengjast eiginlegum stjórnsýslustörfum og öryggishagsmunum sem eru vernduð með þessum hætti. Það er innihald starfans sem skiptir höfuðmáli en ekki ráðningarform hans. Þetta ákvæði byggir á hagsmunum ríkisins en er ekki sérstaklega ætlað að vernda störf innlendra manna. Það þarf að vera um að ræða sérstakt trúnaðarsamband milli starfsmanna og hins opinbera. Hér er ekki hægt að gefa neinn tæmandi lista um hvaða störf er að ræða sem eru vernduð með þessum hætti þó að af dómum dómstóls Evrópubandalagsins megi ályktа nokkuð skýran ramma. Þannig má út frá dómunum telja upp eftirtalin störf sem ekki hafa verið talin falla undir opinbera stjórnsýslu í einstökum ríkjum: Starfsmenn póstþjónustu, lestarstjórar, hlaðmenn, ófaglærð störf tengd járnbrautum, hjúkrunarfræðistörf við sjúkrahús, barnahjúkrunarfræðingar, næturverðir, pípulagningarmenn, rafvirkjar, garðyrkjustörf, arkitektar, verkstjórar hjá sveitarfélögum, kennaranemar í starfsþjálfun, rannsóknamenn og tungumálakennarar við háskóla. Slíkt hið sama ætti að gilda um hliðstæð störf í öðrum löndum.

Með hverjum dómi sem kveðinn er upp skýrist þetta ákvæði betur. Ágreiningur hefur verið um það innan Evrópubandalagsins hvort það sé á valdsviði EB að skilgreina hvað séu störf í opinberri þjónustu. Niðurstaðan er sú að það sé á valdi hvers ríkis að ákveða það. Það er þannig á valdi hvers ríkis að sýna fram á hvaða störf eru svo mikilvæg fyrir hagsmuni hvers ríkis vegna þeirra upplýsinga, valds eða áhrifa sem starfið veitir að það réttlæti ekki aðgang erlendra ríkisborgara. Slíkt mat getur verið mismunandi í einstökum ríkjum. Hverju ríki er því frjálst að gera kröfu um ríkisfang að skilyrði fyrir skipun í opinbera stöðu. Slíkt skilyrði er í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, nr. 38/1954. Þessir dómar og álitamál gefa ekki tilefni til að þrengja skilgreininguna á því hvað telst opinber starfsmaður hér á landi. Hins vegar gæti það haft áhrif í hvaða störf útlendingar hafa verið ráðnir hérlendis hingað til hvort hægt sé að hafna

erlendum ríkisborgurum með skírskotun til þessa ákvæðis. Í mörgum tilvikum gæti krafan um íslenskukunnáttu verið mikilvægari fyrir Íslendinga en þetta ákvæði 4. tölul. 28. gr. Að mínum dómi er nauðsynlegt að kveða skýrt á um það hvaða störf hjá hinu opinbera krefjast íslenskukunnáttu. Það verður viðkomandi ráðuneyti að gera og tryggja samræmda framkvæmd um allt land ella er hætta á að krafist verði íslenskukunnáttu til að gegna starfinu í einum landshluta en ekki öðrum. Það mætti hugsa sér að þeim, sem annast ráðningar í umboði ríkisins, verði sendar leiðbeiningar um það hvaða kröfur verði að gera til erlendu ríkisborgaranna frá EES-ríkjunum um íslenskukunnáttu til að gegna viðkomandi starfi. Höfuðatriðið er að tryggja að ekki verði ósamræmi í kröfum til íslenskukunnáttu sem ræðst t.d. af framboði og eftirspurn í viðkomandi starfi. Félmrn. telur tímabært að hvert ráðuneyti hugi að því hvernig meðhöndla beri umsóknir frá ríkisborgurum er falla undir EES. Fyrir fram er ekki hægt að lista upp þau störf er atvinnu- og búsetufrelsi mundi á til. Sæki erlendur ríkisborgari frá öðru EES-ríki um laust starf þarf hins vegar að vera ljóst hvort það starf falli undir atvinnu- og búsetufrelsi og þá jafnframt hvaða kröfur verði gerðar til hinna erlendu borgara hafi þeir sambærilega menntun og reynslu og íslenskir umsækjendur.

Virðulegi forseti. Ég vil þá næst víkja að helstu ákvæðum reglugerðar 1612/68. Áður hafa fjölmörg ákvæði hennar verið tilgreind eftir því sem tilefni hefur verið til. Í inngangi reglugerðarinnar er vikið að þeim markmiðum og grundvallarreglum sem reglugerðin byggir á. Þar er m.a. víðtæk skilgreining á hugtakinu „launþegi" sem felur í sér alla þá sem eru í fastri vinnu eða vinna við tímabundin störf, árstíðabundin störf eða sækja vinnu yfir landamæri svo og þeir sem sinna þjónustustörfum. Þá er talað um að frelsi til flutninga teljist til grundvallarréttinda launþega og fjölskyldna þeirra, að launþegar njóti jafnra réttinda í raun og að lögum hvað varðar öll málefni sem tengjast ástundun launaðrar atvinnu sem og í húsnæðismálum. Jafnframt því að öllum hindrunum gegn hreyfanleika launþega eigi að ryðja úr vegi, einkum þeim skilyrðum er varðar rétt launþega til að fá fjölskyldu sína til sín.

Kaflanum um atvinnu og fjölskyldu launþega hefur einkum verið gerð skil hér að framan. Í sex fyrstu greinum reglugerðarinnar eru grundvallarréttindi um jafnan aðgang ríkisborgara aðildarríkja að vinnumarkaði tilgreind. Jafnframt eru þar ýmis ákvæði um að þau margvíslegu atriði, sem gætu takmarkað þetta jafnrétti og kunna að vera í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkis, gildi ekki um ríkisborgara aðildarríkjanna. Þar er t.d. kveðið á um að ríkisborgarar aðildarríkja skuli njóta sömu aðstoðar og vinnumiðlanir veita innlendum ríkisborgurum sem eru í atvinnuleit.

Ákvæðum 7.–9. gr. hafa áður verið gerð nokkur skil og fjalla þær um jafnrétti í launum, öðrum starfskjörum og vinnuskilyrðum, aðgang að stéttarfélögum og aðgang að húsnæði, þar með talið eigin húsnæði, og þjónustu húsnæðismiðlunar.

Í 10.–12. gr. er fjallað almennt um rétt fjölskyldu launþegans til atvinnu, búsetu, húsnæðis og náms. Þessum ákvæðum hef ég þegar gert grein fyrir.

Í 13. og 14. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um samvinnu ýmissa aðila í einstökum ríkjum við sambærilegar stofnanir í öðrum aðildarríkjum og við sameiginlegar stofnanir aðildarríkjanna eins og framkvæmdastjórnina, evrópsku samráðsskrifstofuna og umsjónarnefndina og ráðgjafanefndina. Þar kemur m.a. fram að aðildarríkin starfræki sérstaka þjónustuskrifstofu sem gegni hlutverki aðalvinnumiðlunar í hverju ríki. Þessar skrifstofur skulu hafa náið samstarf sín á milli og við framkvæmdastjórnina um ráðningu í lausar stöður og meðferð atvinnuumsókna o.fl. Í þessum greinum eru einnig ákvæði um að gerðar skuli nauðsynlegar kannanir á atvinnutækifærum og atvinnuleysi. Þjónustuskrifstofur aðildarríkjanna skulu senda til þjónustuskrifstofu hinna aðildarríkjanna og til evrópsku samráðsskrifstofunnar upplýsingar um lífskjör og vinnuskilyrði og ástand vinnumarkaðar sem líklegar eru til að koma launþegum frá öðrum aðildarríkjum að gagni. Þær skulu enn fremur miðla upplýsingum til vinnumiðlunarskrifstofu í sínu landi. Í 14. gr. er einnig ákveði um aðildarríkin upplýsi um vandamál sem upp kunna að koma í sambandi við frjálsa för fólks og atvinnumál launþega og gerð séu nákvæm yfirlit yfir stöðu og þróun atvinnulífs á tilteknum svæðum og í tilteknum greinum. Framkvæmdastjórnin ákveður í samráði við umsjónarnefndina hvernig með þessi gögn verður farið. Ástandið á vinnumarkaði er metið samkvæmt samræmdum viðmiðunum að fengnu áliti ráðgjafanefndarinnar.

Í 15.–18. gr. er kveðið nánar á um starfsemi þjónustuskrifstofunnar og vinnumiðlana í aðildarríkjunum, einkum er varðar störf sem ekki hefur verið ráðið í eða ólíklegt er að ráðið verði í með mannafla af innlendum vinnumarkaði og starfsumsóknir fólks sem hefur lýst sig reiðubúið og hæft til að þiggja launaða vinnu í öðru landi. Þá er farið nánar í samstarf þessarar aðildar við framkvæmdastjórnina og sams konar stofnanir annarra aðildarríkja.

Í 19. gr. er fyrst og fremst kveðið á um það hlutverk framkvæmdastjórnarinnar að vinna skýrslu sem unnin er upp úr upplýsingum aðildarríkjanna um vinnumarkaðinn. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin eiga síðan sameiginlega tvisvar á ári að kanna á grundvelli þessarar skýrslu framvindu í atvinnuráðningum milli aðildarríkjanna, ekki síst skiptingu þeirra milli ríkisborgara aðildarríkjanna og ríkisborgara annarra ríkja utan EES. Einnig á að kanna fyrirsjánalega þróun á vinnumarkaðinum varðandi flutning á mannafla innan EES. Í 20. gr. er kveðið á um viðbrögð vegna ríkjandi eða yfirvofandi ókyrrðar á vinnumarkaði aðildarríkis eins og áður sagði.

Um evrópsku samráðsskrifstofuna er fjallað 21.–23. gr. Hlutverk hennar er að samræma ráðstafanir vegna atvinnutækifæra og atvinnumsókna og almennt að miðla upplýsingum um atvinnutækifæri innan EES. Hún ber ábyrgð á öllum formsatriðum er varða þennan málaflokk og samkvæmt reglugerðinni falla undir

framkvæmdastjórnina. Hún á að aðstoða innlendar vinnumiðlanir. (**Forseti:** Forseti vill spyrja hæstv. ráðherra hvort mikið sé eftir af ræðu hennar eða hvort hún sé um það bil að ljúka máli sínu. Gert hafði verið ráð fyrir þingflokksfundum kl. 5 þannig að ef hæstv. ráðherra á langt mál eftir þá vildi ég gjarnan vita af því.) Já, ég býst við að það séu eftir einar 15–20 mínútur af ræðu minni og það er velkomið, ef það er ósk forseta, að fresta því sem eftir er af henni til næsta fundar. (**Forseti:** Ég held að ég fari þá fram á það að hæstv. ráðherra fresti ræðu sinni.)

Umræðu frestað.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Hv. 14. þm. Reykv. hefur óskað að tala um þingsköp. Ef til vill væri hægt að koma þeirri athugasemd við að lokinni ræðu hæstv. ráðherra á næsta fundi vegna þingflokksfundanna.

Út af dagskrá eru tekin 7., 9., 11., 12., 13. og 14. dagskrármálið. Þá er dagskrá þessa fundar tæmd. Næsti fundur verður boðaður með dagskrá. Fundinum er slitið.

23. FUNDUR

fimmtudaginn 17. sept.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Stjórnarskipunarlög, frv., 30. mál, þskj. 31. — 1. umr.
2. Þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, þáltill., 31. mál, þskj. 32. — Fyrri umr.
3. Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, stjfrv., 21. mál, þskj. 21. — Frh. 1. umr.
4. Hópuppsagnir, stjfrv., 20. mál, þskj. 20. — 1. umr.
5. Vinnumarkaðsmál, stjfrv., 22. mál, þskj. 22. — 1. umr.
6. Kjaradómur, stjfrv., 19. mál, þskj. 19, n. 91. — 2. umr.
7. Gagnkvæm viðurkenning á menntun vegna EES, stjfrv., 77. mál, þskj. 79. — 1. umr.
8. Vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 27. mál, þskj. 28. — Frh. 1. umr.
9. Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, stjfrv., 34. mál, þskj. 35. — 1. umr.
10. Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, stjfrv., 35. mál, þskj. 36. — 1. umr.
11. Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., stjfrv., 36. mál, þskj. 37. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.,
Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Ingi Björn Albertsson. 5. þm. Reykv.,
Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Salome Þorkelsdóttir, 2. þm. Reykn.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Útboð á vegum forsætisráðuneytisins, 53. mál, svar forsrh. á þskj. 96.

Útboð á vegum umhverfisráðuneytisins, 60. mál, svar umhvrh. á þskj. 97.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill geta þess áður en gengið er til dagskrár að gert er ráð fyrir kvöldfundi og er ákvörðun um það tekin í samráði við formenn þingflokka.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. RA o.fl., 30. mál (þjóðaratkvæðagreiðsla). — Þskj. 31.

Flm. (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Þingflokkar stjórnarandstöðunnar flytja sameiginlega tvö frumvörp til stjórnarskipunarlaga á þskj. 30 og 31 ásamt þáltill. um að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Frumvörpin til stjórnarskipunarlaga eru efnislega nátengd. Þau tengjast bæði ákvæðum 21. gr. stjórnarskrárinnar um samninga við erlend ríki.

Í frv. á þskj. 30 eru tvær efnislegar breytingar lagðar til við 21. gr. stjórnarskrárinnar. Í 2. mgr. 21. gr. er fjallað um samninga við önnur ríki sem hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi og eru háðir samþykki Alþingis. Í tillögunni er lagt til að skilgreining 2. mgr. verði útvíkkuð þannig að samningar séu háðir samþykki Alþingis af fyrrgreindum ástæðum og einnig ef um er að ræða framsal einhvers hluta ríkisvalds til fjölþjóðlegrar stofnunar eða samtaka. Jafnframt er áskilið að þrír fjórðu hlutar alþingismanna greiði slíkum samningi atkvæði.

Í því frv. sem hér liggur fyrir og ég er að mæla fyrir er beinlínis vísað til þessarar sömu málsgreinar, þ.e. 2. mgr. 21. gr., en gert er ráð fyrir að á eftir 45. gr. stjórnarskrárinnar komi ný grein á þá leið að hefði slíkur samningur sem háður væri samþykki Alþingis, sbr. 2. málsl. 21., gr. hlotið jákvæða afgreiðslu í þinginu geti þriðjungur alþingismanna krafist þess að hann sé borinn undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum málsins.

Tilefni beggja þessara frumvarpa er að sjálfsögðu samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið. Það er viðurkennt af öllum að þessi samningur er viðamesti og örlagaríkasti samningur sem gerður hefur verið fyrir hönd þjóðarinnar um áratuga skeið. Skoðanakannanir hafa sýnt að mjög er óljóst hver er vilji þjóðarinnar í þessu máli og jafnvel er hugsanlegt að meiri hluti kjósenda sé á móti samningnum. Efni samningsins var lítt kynnt kjósendum fyrir seinustu alþingiskosningar. Þess vegna hefur sú krafa stöðugt orðið háværi að samningurinn verði borinn undir dóm þjóðarinnar. Hafa Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og mörg önnur launþega- og hagsmunasamtök tekið undir þessa kröfu.

Þessi umræða minnir á að brýn þörf er á almennum ákvæðum í stjórnarskránni um rétt minni hluta á Alþingi til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu. Við flm. frv. teljum að þetta eigi sérstaklega við þegar fullveldisréttindi þjóðarinnar eiga í hlut. Hér er lagt til að samningur sem háður er samþykki Alþingis og hlotið hefur jákvæða afgreiðslu í þinginu skuli borinn undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu ef þriðjungur þingmanna krefst þess og að meiri hluti atkvæða ráði úrslitum málsins.

Hæstv. forsrh. — sem ég vildi gjarnan að væri hér nærstaddur, hann var hér áðan. — (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess að óska eftir að forsrh. komi.) var með mjög sérkennilegar glósur í garð stjórnarandstæðinga þegar hann ræddi um frv. á þskj. 30. Hann hélt því fram hvað eftir annað að frv. varðaði alls ekki umræðuna um EES-samninginn án þess að hann færði mikil rök fyrir því. Ég tel nauðsynlegt að það komi hér skýrt fram að frumvörpin á þskj. 30 og frv. sem hér er til umræðu snerta að sjálfsögðu þinglega meðferð EES-málsins. Það er vilji stjórnarandstæðinga að þessi tvö frumvörp verði afgreidd áður en EES-málið verður afgreitt frá þinginu. Samþykkt þessara tveggja frumvarpa mundi að sjálfsögðu leiða samkvæmt stjórnarskipunarlögum til þingrofs og almennra kosninga til Alþingis. Eftir endanlega samþykkt stjórnarskrárfrv. þyrfti atbeina þriggja fjórðu hluta alþingismanna til þess að afgreiða EES-samninginn og reyndar önnur hliðstæð mál í framtíðinni. Væri aftur á móti samningurinn samþykktur með þremur fjórðu hlutum þingmanna gæti þriðjungur alþingismanna beitt þeirri heimild sem þarna væri fengin í stjórnarskrá og ákveðið eftir sem áður að þjóðaratkvæði færi fram um samninginn og niðurstaðan yrði bindandi ef slíkt þjóðaratkvæði hefði ekki áður farið fram.

Samhliða þessu teljum við stjórnarandstæðingar að óhjákvæmilegt sé að gefa þjóðinni almennt kost á að segja álit sitt á umdeildum þjóðmálum sem eru lögð fyrir Alþingi áður en þau eru afgreidd. Við teljum hins vegar að það verði að stuðla að því að þessi réttur sé ekki ofnotaður, einungis nýttur þegar sérstök ástæða þykir til. Þess vegna er skilyrðið um þriðjung alþingismanna sett. Það þarf ekki að segja hv. alþm. það að í löggjöf margra ríkja eru ákvæði um að bera megi mikilvæg mál undir dóm þjóðarinnar. Ég get í þessu sambandi nefnt sérstaklega ákvæði dönsku stjórnarskrárinnar sem einmitt veita þriðjungi þingmanna rétt til að krefjast þess að samþykkt lagafrv. sé lagt fyrir kjósendur til samþykktar eða synjunar. Þó er munurinn sá að samkvæmt dönsku stjórnarskránni eru úrslitin bindandi í öllum tilvikum en við erum þó ekki að gera hér ráð fyrir því að úrslitin séu bindandi nema þegar þau varða samninga sem heyra undir 21. gr. stjórnarskrárinnar. Hins vegar er rétt að geta þess að í dönsku stjórnarskránni eru ýmsar tegundir lagafrumvarpa undanþegnar, t.d. fjárlögin, launa- og eftirlaunalög og skattalögin. Frv. verður reyndar heldur ekki fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt dönsku stjórnarskránni nema 30% kjósenda taki þátt í atkvæðagreiðslunni. En eins og ég hef þegar sagt eru úrslitin að öðru leyti bindandi.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að hér hafa orðið harðar deilur um það hvort EES-samningurinn brjóti í bága við stjórnarskrána. Ég vil leggja á það áherslu að ekki hefur verið um að ræða pólitíska deilu. Það liggur ekkert fyrir um pólitíska afstöðu þeirra lögfræðinga sem tekið hafa þátt í þessari deilu og enn síður að þessi deila sé á nokkurn hátt flokkspólitísk. Þó er því ekki að leyna að lögfræðingar hafa skipað sér í tvær fylkingar í þessu máli og þar hafa verið á ferðinni ýmsir færustu sérfræðingar í lögum, stjórnskipunarrétti og þjóðarétti. Annars vegar ber auðvitað sérstaklega að nefna fjórmenninganefndina svokölluðu sem hæstv. utanrrh. skipaði en í henni áttu sæti Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari, Ólafur Walter Stefánsson skrifstofustjóri, og prófessorarnir Stefán Már Stefánsson og Gunnar G. Schram.

Ég ætla ekki að rekja efni álitsgerðar þeirra enda hefur hún verið rækilega kynnt fjölmiðlum og hér í þinginu. Í stuttu máli er það niðurstaða nefndarinnar að þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar sé heimilt að framselja vald sem alþjóðastofnunum er ætlað með samningnum vegna þess að þetta vald, sem þeim er ætlað, sé vel afmarkað á takmörkuðu sviði og ekki verulega íþyngjandi, eins og segir í álitsgerð sérfræðinganna.

Hins vegar eru ýmsir sérfróðir lögfræðingar allt annarrar skoðunar hvað þetta mál varðar. Þar er rétt að nefna sérstaklega Björn Þ. Guðmundsson, prófessor í stjórnsýslurétti við Háskóla Íslands, Guðmund Alfreðsson, doktor í þjóðarétti og Ragnar Aðalsteinsson, formann Lögmannafélagsins. Þessir menn hafa allir haft uppi miklar efasemdir um að rétt sé að lögfesta EES-samninginn án breytinga á stjórnarskránni. Þeir hafa vissulega tekið misjafnlega sterkt til orða og orð þeirra hafa fallið með misjöfnum hætti enda hafa þeir ekki verið beðnir um að gefa sameiginlegt álit.

Guðmundur Alfreðsson telur að EES-samningurinn feli í sér víðtækt valdaframsal á öllum þeim sviðum sem um er rætt í 2. gr. stjórnarskrárinnar, meira að segja sé refsivald flutt úr landinu. Björn Þ. Guðmundsson bendir á að meira en hæpið sé að vitna í vafasöm fordæmi því til réttlætingar að ekki þurfi að breyta stjórnarskrá vegna EES-samningsins. Hann segir í greinargerð sinni, með leyfi forseta:

„Við röksemdafærslu má það ekki vera leiðandi sjónarmið að eitthvað sem áður hefur verið gert, hvort heldur er með lagasetningu, stjórnsýsluákvörðunum eða dómum og talið hefur verið vafasamt að hefði nægilega stoð í stjórnarskránni, réttlæti það í þessu máli að slaka megi á kröfum um stjórnskipulegt gildi laga."

Allir þrír lögfræðingarnir sem ég nefndi hafa varað sérstaklega við þeirri hættu sem því mundi fylgja að samþykkt svo viðamikils máls sem þessa yrði hugsanlega dæmt af Hæstarétti og það stæðist ekki ákvæði stjórnarskrárinnar. Um þetta segir Björn Þ. Guðmundsson, með leyfi forseta:

„Vandamálið, sem alþingismenn standa frammi fyrir nú er því það hvort þeir séu reiðubúnir að taka þá áhættu að Hæstiréttur komist að því, t.d. eftir þrjú til fjögur ár, að tiltekin ákvæði EES-samningsins standist ekki stjórnrskrána.

Verði teflt á tæpasta vað í þessum efnum getur sú staða komið upp að handhafar löggjafarvalds, alþingismenn, hafi sett æðstu handhafa dómsvalds í þá stöðu að síðar geti þeir ekki annað en talið EES-samninginn standast stjórnarskrána vegna þess að önnur niðurstaða leiddi til slíkrar röskunar í þjóðfélaginu að nálgaðist ómöguleika í framkvæmd."

Heildarniðurstaða Björns Þ. Guðmundssonar er þessi, með leyfi forseta: „Á grundvelli viðurkenndra lögskýringaraðferða stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar tel ég vafa leika á að framsal það á framkvæmdar- og dómsvaldi, sem felst í EES-samningnum og hér um ræðir, standist gagnvart gildandi réttarreglu 2. gr. stjórnarskrárinnar. Þennan vafa tel eg svo mikinn að ekki megi taka áhættuna af því að lögfesta EES-samninginn að óbreyttri stjórnarskrá."

Þannig mælir prófessorinn í stjórnsýslurétti við Haskóla Íslands. Enda þótt greinargerðir sérfræðinga gangi þannig mjög á misvíxl hvað niðurstöðu varðar er þó eftirtektarvert að eitt eru þessir sérfræðingar algerlega sammála um. Það er að um er að ræða framsal á valdi til fjölþjóðlegra stofnana. Hins vegar stendur deilan milli þeirra um það hvort þetta valdaframsal brjóti í bága við stjórnarskrána.

Hvernig hafa forustumenn ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh., Davíð Oddsson og hæstv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, brugðist við þeim vanda sem hér er kominn upp? Við skulum gera okkur grein fyrir því að þessi lögfræðilega deila hlýtur að setja hæstv. ríkisstjórn og Alþingi í mikinn vanda. Það hvílir á okkur öllum mikil ábyrgð og alveg sérstaklega þeim sem sitja í ríkisstjórn við þessar aðstæður. Það er ekki svo lítill ábyrgðarhluti fyrir hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. að þrýsta af öllu afli á um lagasetningu sem margir hinir löglærðustu menn telja margþætt og stórfellt stjórnarskrárbrot. Ég er ansi hræddur um að margir hefðu í þeirra sporum talið skynsamlegast að staldra aðeins við og velta því fyrir sér í fullri alvöru hvort ekki hljóti að vera öruggast að taka af allan vafa og fyrirbyggja meiri háttar stjórnarfarslegt slys með því einfaldlega að leggja til breytingu á stjórnarskránni. Stjórnarflokkarnir hafa þingmeirihluta til að gera slíkt. Þeir gætu annaðhvort sett það ákvæði í lok stjórnarskrárinnar eða þá almennt ákvæði í stjórnarskrána í líkingu við tillögu stjórnarandstæðinga með eða án ákvæðis um aukinn meiri hluta — það yrði auðvitað að vera þeirra val — og hugsanlega möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslu. En þeir hafa kosið allt aðra leið, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson. Þeir hafa fundið sameiginlegt svar við allri gagnrýni. Þeir hafna því að þörf sé á stjórnarskrárbreytingu og þó byggja þeir niðurstöðu sína á allt öðrum grunni en fjórmenningarnir. Þeir hafa saman fundið þriðju leiðina í þessu máli. Þeir segja einfaldlega: Það felst ekkert valdaframsal í samningnum.

Það fór áreiðanlega eins fyrir fleirum en mér þegar þeir heyrðu hæstv. utanrrh. halda þessu fyrst fram í sumar. Ég segi það alveg hreinskilnislega, ég ætlaði ekki að trúa mínum eigin eyrum þegar ég heyrði hæstv. utanrrh. halda þessu fram. Ég hélt að mér hlyti að hafa misheyrst. En þessi ótrúlega afstaða þeirra félaga kemur hins vegar alveg skýrt og greinilega fram í umræðunum sem fóru fram um þskj. 30. um stjórnarskrárfrumvarpið sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson mælti fyrir hér fyrir nokkru. Forsrh. tók þá til máls 26. ágúst og hann segir hreint út, með leyfi forseta: „Í annan stað má horfa á málin með öðrum hætti. Stjórnarflokkarnir, ríkisstjórnin telur ekki að löggilding samningsgerðarinnar um Evrópskt efnahagssvæði brjóti í bága við stjórnarskrána og ekki sé um að ræða afsal á fullveldisrétti þjóðarinnar." Og hann segir seinna þegar hann er að svara hv. þm. Steingrími Hermannssyni, með leyfi forseta: „Ég vona að þingmaðurinn hafi tekið eftir því og hann sér það þá í ræðu minni, að ég talaði jafnan um að hvorki ég né ríkisstjórnin teldi að í EES-samningnum fælist fullveldisafsal."

Sama gildir um hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson. Hann segir í umræðum 9. sept. sl., með leyfi forseta: „Ég held að það frumvarp sem hér er flutt sé einhver mesti vandræða- og gallagripur sem borinn hefur verið fram á Alþingi Íslendinga í hina háu herrans tíð, ekki síst auðvitað í ljósi þess að frumvarpið kemur EES-samningnum ekki nokkurn skapaðan hlut við vegna þess að það er ekkert í þeim samningi sem opnar fyrir framsal á valdi..." Það er ekkert í þeim samningi sem opnar fyrir framsal á valdi, segir hæstv. ráðherra. Og hann er þá nýlega búinn að kynna fyrir þjóðinni álit fjórmenninganna sem hann hafði sjálfur skipað til að fjalla um þetta mál þar sem þeir komast að þeirri niðurstöðu að um sé að ræða margfalt framsal á valdi, en þeir telja það bara í lagi vegna þess að stjórnarskráin banni það ekki sem er auðvitað allt annar hlutur.

Það fer auðvitað ekkert á milli mála að hæstv. fors-

rh. og hæstv. utanrrh. hafa fundið sameiginlega aðferð til þess að mæta þeirri gagnrýni að það valdaafsal sem nær allir sérfræðingar og lögspekingar eru sammála um að sé fyrir hendi brjóti í bága við stjórnarskrána. Þetta er ósköp einfaldlega sama aðferðin og tiltekin háfætt fuglategund er sögð grípa til þegar hún stendur frammi fyrir óþægilegum og hættulegum staðreyndum. Þeir segja einfaldlega: Það er ekkert valdaafsal á ferðinni að einu eða neinu leyti, ekkert vandamál sjáanlegt, og stinga þannig höfðinu í sandinn.

Ég verð að vísu að taka fram að þeir félagar, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., standa ekki alveg einir með þennan málflutning. Ég hef orðið var við einn lögfræðing sem hefur haldið þessu sama fram í álitsgerð sinni og notar þessa sömu aðferð, þ.e. að viðurkenna ekki að vandinn sé fyrir hendi, en það er álitsgerð Hannesar Hafsteins, aðalsamningamanns Íslands í samningnum um EES. Ég held hins vegar að það geti varla verið nein tilviljun að einmitt sá maður sem tengdastur er samningagerðinni og verður því hiklaust síst af öllu talinn óvilhallur í þessu máli, skuli leyfa sér að setja slíkt fram. Það er áreiðanlega engin tilviljun. Hins vegar verður það auðvitað ekki til þess að auka traust manna á öðru því sem fullyrt er af utanrrn. um eðli þessa samnings.

Í ræðu sinni á Alþingi var ein meginröksemdin í máli hæstv. utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar þegar hann fjallaði um eftirlitsstofnun EFTA og hvort heimildir hennar til sekta og févíta gengju á snið við ákvæði stjórnarskrár, að heimildin væri m.a. bundin við fyrirtæki sem hefðu meira en 5% markaðshlutdeild á þeim markaði sem um er að ræða, auk 15 milljarða veltu í íslenskum krónum. Hann reyndi eins og fleiri að gefa það í skyn, en það hafa fleiri reynt á undan honum, að ákvæðið um eftirlitsstofnun yrði tæplega raunhæft fyrir íslensk fyrirtæki og alls ekki ef markaðurinn nær ekki út fyrir Ísland.

Ég tel án þess að leggja dóm á þetta atriði að fróðlegt væri fyrir hv. þm. að rifja upp það sem stendur í skýrslu fjórmenningana um þessa hlið málsins, en þar segir, með leyfi forseta: „Undanþágureglurnar miða við heildarveltu og markaðshlutdeild á sameiginlegum markaði. Ekki er alltaf átt við samanlagða markaði allra EB- og EFTA-ríkjanna heldur er markaðurinn skilgreindur hverju sinni eftir viðkomandi vörutegundum og landfræðilegum sjónarmiðum. Þannig gæti Ísland hugsanlega talist einn markaður í einhverjum tilvikum.“ Þetta er allt annar skilningur fjórmenninganna á þessu mikilvæga efnisatriði en hefur komið fram í málflutningi hæstv. utanrrh.

Í ræðu sinni kvartaði hæstv. utanrrh., sem því miður hefur brugðið sér frá og er ekki nærstaddur til að hlusta á mál mitt og tel ég það mjög til hins verra, yfir því að í frumvarpi okkar væri rætt um fullveldisrétt án þess að nokkur skýring væri gefin á því hugtaki í greinargerðinni. Það var eins og hæstv. utanrrh. gerði sér enga grein fyrir því að í gildandi lögum um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn nr. 41/1979 kemur þetta hugtak oft fyrir í nákvæmlega sömu merkingu og því er ætlað að hafa í frumvarpi okkar. Orðið hefur sem sagt viðurkennda fræðilega merkingu sem meira að segja er löngu fest í lög. Ég tel því að þessi athugasemd hæstv. utanrrh. sé þeim mun undarlegri þar sem þessi lög eru svo nátengd ráðuneyti hans og verksviði sem nokkuð getur verið.

Að öðru leyti hefur málflutningur hæstv. utanrrh. aðallega byggst á því að ýmis fordæmi væru fyrir því að ákvarðanir erlendra stjórnvalda yrðu fullnustuhæfar hér á landi. Hæstv. utanrrh. getur hins vegar ekki látið við það sitja að endurtaka ábendingar af þessu tagi aftur og aftur í þingsölum án frekari röksemda. Hann verður auðvitað að svara þeim röksemdum sem Guðmundur Alfreðsson þjóðréttarfræðingur, sem óumdeilanlega er talsvert lærðari en ráðherrann á þessu sviði, hefur sett fram og tvívegis sýnt fram á að ekki er verið að ræða um sambærilega hluti. Hann þarf líka að hafa það í huga að þegar þessi ákvæði komu í lög var því ekki haldið fram af neinum að verið væri að sniðganga stjórnarskrána. Nú er því aftur á móti haldið fram og með þeim rökum að málið sé allt annars eðlis. Hann þarf líka að skilja að jafnvel þótt niðurstaðan yrði sú að áður hefði verið gengið á snið við stjórnarskrána þá breytist stjórnarskráin ekki við það eitt. Stjórnarskránni verður ekki breytt með stjórnarskrárbrotum nema um sé að ræða margra áratuga meðvitaða hefð.

Að lokum vil ég ítreka að það var mikill misskilningur sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar þegar hann reyndi að halda því fram að stjórnarskrárfrumvarp okkar komi EES-umræðunni lítið við. Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi að frumvörpin og tillöguna um þjóðaratkvæði á að sjálfsögðu að afgreiða áður en EES-frumvörpin verða að lögum. Við viljum að aukinn meiri hluta þurfi á Alþingi til að afgreiða mál sem felur í sér framsal valds til erlendra aðila og til að tryggja að meiri hluti þjóðarinnar standi ávallt á bak við slík mál áður en þau eru afgreidd viljum við ætla minni hluta á Alþingi rétt til þess að vísa málinu í þjóðaratkvæði ef slík atkvæðagreiðsla fer ekki fram fyrir frumkvæði ríkisstjórnarinnar. Við viljum ekki að slík stórmál séu hugsanlega afgreidd í andstöðu við vilja þjóðarinnar eins og nú eru talsverðar horfur á og við treystum því að þjóðin beri gæfu til þess í framtíðinni að eiga forustumenn sem viðurkenna staðreyndir, stinga ekki höfðinu í sandinn heldur játa að um er að ræða valdaframsal a.m.k. þegar nær allir sérfræðingar sem um það fjalla eru einhuga um að svo sé.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frv. verði vísað til hinnar sérstöku stjórnarskrárnefndar að lokinni þessari umræðu.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum að ræða 30. mál þingsins um frv. til stjórnskipunarlaga en eins og fram kom í máli hv. þm. Ragnars Arnalds framsögumanns, þá eru öll þau mál tengd sem flutt eru af hálfu stjórnarandstöðunnar, þ.e. mál nr. 29, 30 og 31.

Við leggjum áherslu á að þessi mál eru nátengd ekki síst með því að sömu flutningsmenn eru að öll-

um tillögunum. Ætti því öllum að vera ljóst að þar er samhengi á milli. Þó er auðvitað hægt að samþykkja eitt af því þó að nauðsynlegt sé að okkar mati að samþykkja þau öll á þessu þingi.

Frv. til stjórnskipunarlaga er tvíþætt eins og fram hefur komið. Í fyrsta lagi er um að ræða þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem meiri hluti atkvæða á að ráða úrslitum, þ.e. í sérstökum málum sem hafa verið samþykkt á Alþingi, eftir 2. málsl. 21. gr. svo breyttri eins og gert er ráð fyrir í 29. máli sem ég ætla ekki að fjalla frekar um. Ég hef gert það áður og mun ekki taka það sérstaklega fyrir en það er öllum alþingismönnum kunnugt. Einnig er gert ráð fyrir ráðgefandi atkvæðagreiðslu í öðrum málum.

Við Íslendingar búum við lýðræðislegt stjórnarfar eins og flestar aðrar vestrænar þjóðir. Í lýðræðishugtakinu felst að æðsta valdið er hjá þjóðinni og allur almenningur eigi að velja um þá kosti sem fyrir liggja um skipan og þróun þjóðfélagsins. Við kvennalistakonur höfum ætíð lagt mikla áherslu á virkt lýðræði og teljum mikilvægt að almenningur hafi tækifæri til að segja álit sitt á mikilvægum málum oftar en á fjögurra ára fresti. Í samræmi við þetta höfum við lagt fram tillögur og minni ég hv. þm. á að á 109. löggjafarþingi flutti María Jóhanna Lárusdóttir, sem þá var varaþingkona Kvennalistans, ásamt Guðrúnu Agnarsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur þáv. þm., till. til þál. um þjóðaratkvæði. Með leyfi forseta langar mig að að lesa þá tillögu en hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að stefnt skuli að því að tíundi hluti kosningabærra manna eða þriðjungur þingmanna geti farið fram á ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál. Komi fram slík krafa um mál sem er til meðferðar á þingi skal fresta endanlegri afgreiðslu þess þar til þjóðaratkvæðagreiðslan hefur farið fram. Kjósendum skal gefinn eðlilegur tími til að kynna sér það mál er kjósa á um en niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar skal þó liggja fyrir eigi síðar en tólf vikum eftir að hennar var óskað."

Þessi tillaga vakti þó nokkra athygli á sínum tíma og nokkuð góðar undirtektir margra en því miður var hún ekki samþykkt og hefðum við kannski verið komin eilítið lengra í lýðræðisþróun ef við hefðum borið gæfu til að taka á þessu máli. En ég vil þó taka fram að þetta er engan veginn í fyrsta skipti sem slíkar tillögur komu fram. Fleiri hafa vakið máls á þessu og vildi ég geta þess hér.

Eins og ég sagði áðan þá er kosið um fjölmörg mál í almennum kosningum og ekki víst að allur almenningur geri sér grein fyrir hvað muni gerast á næstu fjórum árum eftir kosningar og alls ekki hægt að vænta þess að þingmenn viti um afstöðu umbjóðenda sinna í öllum málum sem upp koma á kjörtímabilinu. Það má taka það fram að í síðustu kosningum var alls ekki kosið um það að Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Það mál var mjög óljóst í síðustu kosningum og þess vegna mjög eðlilegt að sú krafa komi upp núna að málið fari til þjóðarinnar.

Það hefur lengi tíðkast meðal lýðræðisríkja að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um ákveðin mál. Kjósendur eru spurðir um afstöðu til einstakra mála. Það er ýmist að það sé að ósk íbúanna sjálfra, að ósk þingmanna eða hvorra tveggja. Minna má á að t.d. í Sviss er þjóðaratkvæðagreiðsla lifandi þáttur í stjórnarfarinu og hluti af því og búa þeir við mjög langa hefð í þessum efnum. Á Norðurlöndum og reyndar víðar í Evrópu hefur það færst í vöxt að ákveðin mál séu boðin undir þjóðaratkvæði. Má í því sambandi minna á að Frakkar hafa ákveðið að kjósa um Maastricht-samkomulagið og verður það gert núna um helgina. Danir eru nýbúnir að kjósa um það og þjóðaratkvæðagreiðslur voru bæði í Noregi og Danmörku á sínum tíma þegar kosið var um inngöngu landanna í Evrópubandalagið. Eins og menn muna þá felldu Norðmenn það en Danir samþykktu. Mjög víða erlendis eru hefðir í þessu sambandi en hér á landi hefur ekki skapast sú hefð að þjóðin sé spurð í mikilvægum málum og hefur engin þjóðaratkvæðagreiðsla farið fram hér eftir 1944.

Tillaga Kvennalistans gerði ráð fyrir að tíundi hluti kjósenda gæti krafist atkvæðagreiðslu í ákveðnum málum. Það hefur áður komið fram tillaga um það og ég minni á að í stjórnlagafrumvarpi sem Gunnar Thoroddsen lagði fram á Alþingi vorið 1983 var talað um þetta atriði, þ.e. að kjósendur gætu haft einhvern rétt. Ég tel fyllilega koma til greina að ákvæði um það væri í stjórnarskránni þó að þetta frv. geri eingöngu ráð fyrir að þriðjungur alþingismanna geti krafist þess hefði mér alveg fundist koma til greina að bæta þarna við: Að hluti kjósenda, t.d. að tíundi hluti mundi geta krafist þjóðaratkvæðagreiðslu eins og gert hefur verið ráð fyrir í mörgum tillögum sem komið hafa fram í þessum málum.

Ég ætla ekki að gera að umtalsefni tilefni þess að þessi mál eru lögð fram sérstaklega. Síðar á þessum fundi munum við ræða tillögu um að EES-málið verði lagt fyrir þjóðina í almennri atkvæðagreiðslu og mun ég ekki ræða það sérstaklega nú en það hlýtur að vera mjög mikill styrkur fyrir þingmenn að vita hver afstaða umbjóðenda sinna er í einstökum málum og það mun einnig styrkja íslenskt stjórnarfar ef ákvarðanir eru teknar í samræmi við þjóðarvilja. Þetta vil ég leggja sérstaka áherslu á í tengslum við frv. Og þó að ég leggi sérstaka áherslu á að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði verði borinn undir þjóðina þá tel ég mikilvægt að þetta ákvæði sé inni í íslenskri stjórnarskrá þannig að þjóðin geti verið spurð um álit í fleiri málum og það sé ekki eingöngu á fjögurra ára fresti sem hún fær að láta vilja sinn í ljós og framselja vald sitt til alþingismanna þar sem stórmál eins og t.d. samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði geta komið upp.

Ég vísa því á bug að Íslendingar séu svo skyni skroppnir að þeir geti ekki tekið afstöðu í stórum málum. Það hefur komið fram hér úr þessum ræðustól m.a. af hálfu hæstv. utanrrh. að hann telji þjóðina vita svo lítið og gaf það nánast í skyn að það væri ómögulegt að fræða hana t.d. í máli eins og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þessu vísa ég algerlega á bug og tel að Íslendingar geti vel aflað sér þekkingar bæði

á þessu máli sem og á öðrum og vonast ég því til, virðulegi forseti, að þessi mál öll þrjú verði afgreidd frá Alþingi á þessu þingi.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Það fer ekki hjá því þegar þessi mál eru rædd, mál nr. 29, 30, og 31 og reyndar samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði líka, að þá ræða menn þessi mál nokkuð á víxl, um eitt atriðið undir þessum lið og sama atriði undir næsta máli. Hjá því verður sjálfsagt ekki komist en það leiðir hugann að því hvers vegna stjórnarandstaðan hefur staðið að málinu með þessum hætti. Ég tel að ekki hafi fengist fullnægjandi skýringar á því til að mynda hvers vegna frv. til breytinga á stjórnarskrá hins íslenska lýðveldis eru flutt í tvennu lagi af sömu aðilunum. Ég tel að ekki hafi komið fram fullnægjandi skýring á því af hálfu þeirra hvers vegna slíkt er gert. Ég tók til að mynda eftir því að 1. flm. þessa máls, hv. 3. þm. Norðurl. v., fjallaði nokkuð ítarlega í sinni framsöguræðu um umræður sem urðu hér vegna hins málsins sem felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Ég hef ekki alveg fengið fullnægjandi skýringar á því hvers vegna stjórnarandstaðan kýs að flytja frv. með þessum hætti, sömu aðilarnir í tveimur málum. Það væri náttúrlega fróðlegt að fá það upplýst því auðvitað mundi það auðvelda umræðurnar og gera þær markvissari ef mál þessi hefðu verið flutt saman en það er ekki gert. En engu að síður er óhjákvæmilegt að umræðurnar snúist um frv. nánast bæði í einu hvort sem það samrýmist nákvæmlega þeim þingsköpum sem við störfum eftir.

Varðandi fyrra málið þá hef ég sagt um það eitthvað á þá lund að það sé afskaplega sérstakt mál og mér hefði fundist hreint alveg ótrúlegt að stjórnarandstöðuflokkarnir skuli hafa sameinast um það mál. Ég held að það veki töluverða athygli úti í þjóðlífinu að stjórnarandstaðan skuli hafa sameinast um það mál að vilja skapa hér skilyrði þess að þingmenn, án þess að þurfa að koma með það til þjóðarinnar, geti afsalað sér hvers konar fullveldisrétti, eins og segir um það mál. Þetta hefur vakið mjög mikla athygli og er eiginlega algerlega óskiljanlegt að flokkar, sem hafa uppi málatilbúnað varðandi EES-samninginn um að þar kunni að felast ákveðið framsal á fullveldisrétti, sem um er deilt, skuli síðan taka sig saman um að skapa skilyrði þess að þingið án atbeina þjóðarinnar geti afsalað sér hvers konar fullveldisrétti. Þetta er í rauninni algerlega ótrúlegt og hefur heldur ekki fengist fullnægjandi skýring á því að svona skuli hafa tiltekist og þrír stjórnmálaflokkar skuli hafa getað samþykkt að standa að frv. sem heimili, jafnvel þó það sé aðeins aukinn meiri hluti, að standa að afsali á hvers konar fullveldisrétti þjóðarinnar og breytingin er sú í því frv. að menn þurfa ekki við slíkt stórkostlegt fullveldisafsal að leita til þjóðarinnar. Þetta er hreint alveg með ólíkindum.

En þetta hefði auðvitað ekki verið svona alvarlegt í því máli ef málin hefðu verið flutt saman því að í seinna málinu er sett undir þann leka sem opnaður er í hinu fyrra. Ef þannig mundi nú skipast að stjórnarandstaðan fengi sínu framgengt, að Alþingi gæti með aðeins auknum meiri hluta afsalað sér hvers konar fullveldisrétti og mundi gera það samkvæmt því frv. þá er allt í einu með þessu frv. sett undir þennan leka. Hér getur nefnilega aftur minni hluti þingsins komið málinu til þjóðarinnar. Það er ekki hægt í hinu málinu. Þess vegna veltir maður fyrir sér hvernig í ósköpunum standi á þessum málatilbúnaði. Hvernig getur þetta hafa gerst að fyrra málið er flutt og gæti hugsanlega fengist samþykkt, menn vita það aldrei fyrir fram á þinginu, og orðið að breytingu á stjórnarskrá eftir þá meðferð sem nú er, og þá væri þinginu orðið kleift að afsala sér hvers konar fullveldisrétti án atbeina þjóðarinnar. Flm. hafa séð þetta vandamál því að þeir reyna að setja undir þennan leka í öðru máli.

Þessi málatilbúnaður er allur alveg stórkostlegt klúður af hálfu stjórnarandstöðunnar, hreint alveg ótrúlegt og ég er hræddur um að það sem hafi gerst sé að menn hafi í einhverjum pólitískum vandræðum sameinast um málatilbúnað af þessu tagi. Það væri alvarlegt ef bara væri um að ræða breytingar á almennum lögum. En þegar um er að ræða breytingar á sjálfri stjórnarskránni skuli þrír stjórnmálaflokkar á Alþingi bera sig saman með þessum hætti er afskaplega furðulegt og eiginlega harmsefni að það skuli geta gerst að jafnmargir góðir menn og gott fólk skuli leggja sinn atbeina að málum með þessum hætti. En eins og ég segi, menn hafa ekki enn þá fengið fullnægjandi skýringar á því hvers vegna svona hefur tiltekist. Menn hafa ekki fengið fullnægjandi skýringar á því hvers vegna sömu aðilarnir leggja til breytingar á stjórnarskránni í tveimur málum án þess að menn sjái að neitt reki sérstaklega til þess. Þó gæti það verið að ákveðinn hluti þingmanna hefði viljað halda tengingunni við Evrópska efnahagssvæðið sem þeir telja að eigi sér stað í þessum málum, við stjórnarsinnar höfum aðrar skoðanir, og því flutt þetta í tvennu lagi vegna þess að í því máli, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. mælti fyrir, er auðvitað jafnframt farið út í allt aðra hluti, hluti sem ekki tengjast neitt breytingum sem um hefur verið deilt, um fullveldi og þess háttar. Hér í frv. er almennt farið að ræða sérstaka nýja stefnu varðandi það að í öllum málum geti þriðjungur alþingismanna krafist þess að frv. til laga eða þál. sé borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu.

Það hefði út af fyrir sig verið skiljanlegt að seinni hluti þessa frv. væri fluttur sér og þá ekki málið sem flm. telja að tengist hinu Evrópska efnahagssvæði en hann er fluttur með þessu máli og síðan er önnur breyting sem varðar sama efni flutt í sérstakri tillögu. Seinni partur þessa frv. felur auðvitað í sér gerbreytta aðferð í stjórnskipun okkar og er út af fyrir sig athyglisvert álitaefni sem sjálfsagt væri að ræða ítarlega í þinginu. Nánast er með þessum hætti verið að hverfa til fyrirkomulags eins og er í Sviss að hluta til því miðað við þær deilur sem eru í þinginu þegar svona tiltölulega lítill minni hluti getur skotið málum til þjóðarinnar og fengið umræður um það með öllum þeim gauragangi sem því fylgir, í nánast hvaða máli sem er, þá er hætt við því að slíku yrði mjög oft beitt. Í sjálfu sér er ekk-

ert við það að athuga ef menn kjósa að hafa þá aðferð að koma upp svissnesku kerfi að þessu leyti. Við Íslendingar höfum ekki kosið að hafa þá aðferð. Hér er því um afskaplega stórt og mikið mál að ræða sem felst í seinni lið þessa frv. og hreint alveg ótrúlegt að halda því fram að það eigi að tengjast sérstaklega málinu sem við erum að afgreiða um EES og halda því fram að við þurfum að taka afstöðu til þess hér í þinginu hvort við viljum fara að gerbreyta stjórnskipun okkar og taka upp þann sið varðandi öll mál að þriðjungur þingmanna geti borið það upp til þjóðarinnar áður en við samþykkjum samninginn um EES. A.m.k. þessi liður hefur ekkert með það mál að gera þannig að ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst að þessi málatilbúnaður sé afskaplega óhönduglegur af hálfu stjórnarandstöðunnar svo ekki sé meira sagt og stjórnarandstaðan sé í miklum vandræðum með að skýra hvers vegna hún stendur að málum með þessum hætti.

Varðandi það hvort atkvæðagreiðsla í máli, sem hefur verið borið undir alla þjóðina, sé bindandi eða ekki bindandi, þá verð ég að segja fyrir mig að ég mundi ekki gera mikinn mun á því í sjálfu sér því að staðan er auðvitað sú hvort sem það er nú fært til bókar í stjórnarskránni, ef menn að yfirlögðu ráði taka ákvörðun um að vísa einhverju tilteknu máli til þjóðarinnar, þá mundi engu máli skipta í mínum huga hversu lítill meiri hluti tæki afstöðu í málinu rétt eins og í Danmörku. Sú atkvæðagreiðsla ætti að standa. Það væri afskaplega ankannalegt að Alþingi tæki sig til í einhverjum málum eftir á og segði: Þetta er bara ráðgefandi, við höfum það að engu í sjálfu sér. Ég held að þingið hefði enga þá stöðu þannig að ef ég ætti að gera upp við mig hvort allar slíkar atkvæðagreiðslur væru bindandi eða ekki þá mundi ég vera því fylgjandi að þær væru allar bindandi þannig að þjóðin sem kysi vissi það um tiltekið mál að sú yrði niðurstaðan en gæti ekki sagt sem svo: Ég ætla að setja mitt atkvæði þarna og svo ákveða þeir á þinginu hvernig þeir hafa þetta. Ef menn grípa til slíks úrræðis, sem er afskaplega viðurhlutamikið að bera mál undir alla þjóðina, sem er ekki í okkar kerfi, þá ætti auðvitað slík niðurstaða að vera bindandi og menn vita það fyrir fram að þeir gengju til bindandi niðurstöðu. Stjórnarskráin gerir ekki ráð fyrir slíkri aðferð og við höfum ekki notað hana hér nema í mjög sérstöku tilviki sem menn þekkja, tilviki sem var út af fyrir sig auðvitað eðlilegt. Ég tel hins vegar og hef talið að ekki væri óeðlilegt að mál, sem einmitt tengdist því máli sem við höfum þjóðaratkvæðagreiðslu um 1943 og 1944, mál sem fæli bersýnilega í sér breytingu á fullveldisstöðu okkar, eins og það ef við gengjum inn í Evrópubandalagið, þá væri eðlilegt miðað við þá forsögu að þá yrði viðhöfð þjóðaratkvæðagreiðsla um mál af því tagi.

Ef við tökum hins vegar EES-málið þá er ég ekki þeirrar skoðunar að þar sé um að ræða fullveldisafsal í neinum skilningi málsins. Þess utan þá er það mjög mikilvægt innlegg hvort mál af því tagi eigi að ganga til sérstakra atkvæða þjóðarinnar þar sem það er mál sem er ekki að koma upp eftir kosningar. Við skulum segja að eftir síðustu alþingiskosningar, sem ekki er svo langt síðan áttu sér stað, hefðu menn ákveðið að fara sérstaklega í viðræður um hið Evrópska efnahagssvæði, mótað samninginn í veigamiklum atriðum og jafnvel klárað hann. Þá kannski væru til einhver rök til þess að leggja fram tillögu af þessu tagi. En varðandi samning og samningsgerð sem hefst 1989 og hefur staðið yfir á annað ár og meginniðurstaðan liggur fyrir þegar almennar kosningar eru og málið eitt af aðalmálum þeirra kosninga, vitað er að fjórir stærstu stjórnmálaflokkarnir standa að málinu að meira eða minna leyti þegar í þann kosningaslag er gengið og skýra sín sjónarmið mjög ítarlega, til að mynda fráfarandi forsrh. sem fullyrðir við þjóðina að í samningnum felist engin áhætta, enginn ótti, ástæðulaus ótti út af málinu. Ef ekkert slíkt hefði átt sér stað væri kannski hægt að taka málið upp með þessum hætti. Ég mundi ekki fyrir mitt leyti fallast á það þrátt fyrir það að málið hefði borið þannig að en það væru þá a.m.k. rök fyrir því. En þetta mál, EES-málið, er langt á veg komið, öll meginmálin, meginsjónarmiðin, meginhugsunin liggur fyrir og það fara fram almennar þingkosningar. Þá falla nánast þau rök að við slíkar aðstæður sé eðlilegt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Þetta held ég að allir menn sjái í hendi sinni. (**ISG:** Um hvaða mál er ráðherrann að tala?) Ég er að tala um málið með nákvæmlega sama hætti, virðulegur frammíkallandi, eins og hv. 1. flm. sem talaði um málið með þessum hætti sem ég tel eðlilegt eins og ég skýrði í upphafsorðum mínum. Málin væru það skyld að þau hlytu að skarast og umræðan þar með, nákvæmlega eins og hv. 1. flm. gerði og ég gagnrýndi ekki. Hann talaði um þessi mál öll í samhengi.

Hann talaði líka í þessum efnum um samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði sérstaklega, þó að hans sé ekki getið í þessu máli, alls ekki í sjálfu sér þó að hann sé nefndur í greinargerðinni, og veltir því fyrir sér hvort samningurinn bryti í bág við stjórnarskrána. Hann fór yfir þau álit sem þar hafa verið flutt og eru meira að segja prentuð sem fskj. með öðru frv. um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins og ég geri ekki athugasemd við það. Ég er hins vegar ekki jafnsannfærður og hann um það að deilan um hvort samningurinn um EES brjóti í bága við stjórnrskrána sé pólitísk eða ekki. A.m.k hlýtur það að vekja athygli okkar sem erum báðir lögfræðingar að hér í þessum sal a.m.k. virðist hin lögfræðilega deila skiptast í pólitískar fylkingar. Ég vil ekki halda því fram og geri það alls ekki nema síður væri að hinar lögfræðilegu álitsgerðir gerðu það.

Menn tala um það að ef þannig færi á einhverju stigi máls að eitthvert það mál, sem samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði snýst um, yrði deilumál fyrir íslenskum dómstólum, gengi til Hæstaréttar og við þann málatilbúnað yrði því haldið fram af hálfu aðila og um það dæmt af réttinum að einhver atvik í samningnum sem vörðuðu álitaefnið stönguðust á við hina íslensku stjórnarskrá. Þá segja menn svo sem: Ef þetta mun gerast, þá hefur það gerst hér að menn hafi brotið þann eið sem þeir hafa unnið að stjórnarskránni.

Auðvitað er þetta rangt og út í bláinn. Hér gera menn þetta upp við sig samkvæmt sinni samvisku, sínu mati eins og þeir hafa gert áður. Það hefur áður komið fyrir að Hæstiréttur hafi úrskurðað að tiltekin atriði í lögum standist ekki stjórnarskrá og dæmt samkvæmt því án þess að nokkrum manni dytti í hug að þeir þingmenn sem réttu upp hendina því tilviki hafi verið að bregðast sínum eið. Menn meta þetta sjálfir af sinni samvisku og eftir þeim gögnum sem fyrir liggja.

En meginmáli skiptir þó í umræðu varðandi þetta atriði að því hefur verið haldið fram að ef þetta gerðist þá væri allur samningurinn upp í loft. Það er afskaplega erfitt að tína til atriði þar sem hugsanlega gæti á þetta reynt. Menn hafa þó reynt að gera það og nefnt ákveðin dæmi sem þeir segja að hugsanlega gætu gerst og um það mál yrði síðan dæmt af okkar dómstólum og Hæstarétti. Meginmálið er auðvitað það, og það skiptir kannski mestu um umræður um framsalið, að þetta er einmitt hárrétt og ef það gæti gerst að Hæstiréttur dæmdi þannig þá stæðist það sem ætti nú að sannfæra menn um það að þeir eru ekki að afsala dómsvaldinu hér út úr landinu með þessum samningi. En ef svo færi að eitt tiltekið atriði yrði nú dæmt þannig að Hæstiréttur Íslands teldi að það atriði í samningnum stæðist ekki stjórnarskrá Íslands, er það þá svo að allur samningurinn sé upp í loft? Að sjálfsögðu ekki. Því er ekki hægt að halda fram með neinum rökum. Ef svo færi, sem ég tel engar líkur á, að eitthvert tiltekið afmarkað atriði teldist ekki standast hina íslensku stjórnarskrá þá gilti auðvitað sá endanlegi íslenski dómur Hæstaréttar og þá væri staðan sú að varðandi það sérstaka atriði gætu viðsemjendur okkar fullyrt að við hefðum ekki staðið við skuldbindingar okkar gagnvart samningnum og þá yrði að ræða hvort menn ætluðu að breyta samningnum hvað þetta snertir eða breyta stjórnarskrá hvað þetta snertir sérstaklega. En samningurinn væri ekki allur á bak og burt. Það er reginfirra sem er algerlega út í bláinn að halda fram. Ég tel að flm. þessara tillagna allra, sérstaklega þessara frv. um breytingar á stjórnarskránni skuldi þinginu og þjóðinni miklar skýringar á því hvers vegna málatilbúnaðurinn er með þessum hætti. Málin er flutt í tvennu lagi með þessum hætti þannig að erfitt er að ræða þau nema með því að ganga þvers og kruss á dagskrána, eins og hér hefur komið fram m.a. í frammíkalli, hvers vegna menn hafa flutt tillögu um það virkilega að ætla sér að heimila þinginu að afsala sér hvers konar fullveldisrétti án þess að hinn almenna stjórnarskrárgjafi komist þar að og hvers vegna menn setja síðan undir þann leka í allt öðru frv. um breytingu á stjórnarskránni sem jafnframt er almenn breytingartillaga um okkar stjórnskipan. Það er alveg ljóst að flm. skulda þjóðinni og þinginu miklar skýringar í þessum efnum.

Flm. (Ragnar Arnalds) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst það ekki sterkur málflutningur hjá hæstv. forsrh. að dvelja lengi við þau aukaatriði hvort tillögur okkar stjórnarandstæðinga um breytingar á stjórnarskránni kæmu fram í einu eða tveimur frv. Auðvitað er það fyrirkomulagsatriði og þar sem þrír flokkar standa að þessum málatilbúnaði þá þótti við hæfi að um væri að ræða þrjú þingmál sem flokkarnir mæla fyrir í þrennu lagi. Mér fannst hins vegar öllu lakara að hæstv. forsrh. skuli í engu svara því sem ég benti á í ræðu minni að hann og hæstv. utanrrh. eru nokkuð einir um það að halda því fram að ekkert valdaafsal sé hér á ferðinni. Og málflutningur þeirra, hvað þetta varðar, gengur þvert á álitsgerðir hinna lögfróðustu manna í báðum þeim fylkingum sem um málið hafa fjallað. Hann vék ekki einu einasta orði að þessu atriði.

Auðvitað er það alveg rétt hjá hæstv. forsrh. að með tillögu okkar um breytingu á stjórnarskránni sem flutt er á þskj. 30 er verið að opna fyrir framsal ríkisvalds til fjölþjóðlegrar stofnunar þannig að ekki þurfi að breyta stjórnarskránni heldur gerð krafa um aukinn meiri hluta í slíku tilviki. En ég vænti þess að hæstv. forsrh. geri sér grein fyrir því að það hlýtur þó að vera töluvert miklu traustara og betra en hitt að ætla sér að koma fram framsali ríkisvalds án þess að nokkuð af þessu komi til, án þess að nokkur aukinn meiri hluti sé fyrir hendi og án þess að málið sé borið undir þjóðardóm. Hann hlýtur að gera sér fulla grein fyrir því að sú aðferð sem við erum að leggja til og er í anda norsku stjórnarskrárinnar er að sjálfsögðu miklu traustari málsmeðferð en hitt að gera hvorugt, hvorki að hafa aukinn meiri hluta né að vísa málinu undir þjóðardóm.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað mun það setja svip á umræðuna í þinginu varðandi þessi mál að það er grundvallarágreiningur milli okkar annars vegar í stjórnarliðinu og stjórnarandstæðinga hins vegar. Við lítum þannig til að ekki sé um neitt fullveldisafsal að ræða í samningnum við hið Evrópska efnahagssvæði. Það er fjarri því að tekist hafi að sýna fram á að þar sé um fullveldisafsal að ræða í neinum skilningi. Það setur auðvitað svip sinn á umræðurnar. Stjórnarandstæðingar telja svo vera og þess vegna taka þeir sig til og flytja margvísleg frv. og tillögur, sum nánast óskyld þessu efni. En þarna liggur fyrir grundvallarágreiningur. Ég hef sagt sem svo að menn eru með tillögur um breytingar á stjórnarskránni sem eru athyglisverðar og umræðuverðar. Það er sjálfsagt að taka þátt í að ræða þær í nefndum þingsins og á öðrum vettvangi en þær tengjast bara ekkert spurningunni um hið Evrópska efnahagssvæði. Það er meginatriðið.

Flm. (Ragnar Arnalds) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef hæstv. forsrh. er enn þeirrar skoðunar að ekki sé um neitt framsal á valdi að ræða hvers vegna gerir hann þá enga tilraun til að sýna fram á að fjórmenninganefndin sem hann hefur reyndar líka oft vitnað til hafi rangt fyrir sér hvað þetta atriði varðar? Hann gerir enga tilraun til að útskýra hver munurinn sé á afstöðu sinni annars vegar og á röksemdafærslu fjórmenninganna hins vegar. Ég vildi einnig koma því að hér að það er alveg ljóst að ef Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að samningurinn brjóti í

bága við stjórnarskrána þá er það vegna þess að hann telur að þessi lög hafi ekki orðið til með stjórnskipulegum hætti. Og ef hann kemst að þeirri niðurstöðu, þó ekki sé nema um eitt einasta atriði, að samningurinn hafi ekki verið lögfestur með stjórnskipulegum hætti vegna þess að hann brjóti í bága við stjórnarskrána þá er alveg ljóst að allur samningurinn er í uppnámi, ekki bara sú sérstaka grein heldur allur samningurinn.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er erfitt að veita andsvar við ræðu hæstv. ráðherra. Hann er að ræða allt annað mál en er á dagskrá og ég geri ekki að umtalsefni nema frv. sem hér er. En hvað með það, hann flutti nánast sömu ræðu og hann gerði við annað dagskrármál, 29. mál þingsins og langt er síðan við ræddum um, en hann segir að það séu fyrst og fremst stjórnarandstæðingar sem haldi því fram að um valdaframsal sé að ræða. Það er alls ekki rétt. Þetta hefur komið fram í öllum þeim lögfræðilegu greinargerðum sem við höfum fengið. Það leikur því enginn vafi á því. Spurningin er hvort það standist stjórnarskrána eða ekki og þar eru menn ekki algerlega sammála þó að flest bendi til að svo sé ekki. Það er einmitt meginbreytingin frá því fyrir síðustu kosningar, af því að hæstv. ráðherra taldi að ekki væri nein breyting á málinu frá því þá. Það er ljóst að nýjar upplýsingar varðandi stjórnarskrárþáttinn eru komnar fram sem breytir málinu mjög mikið fyrir okkur á Alþingi.

Ekkert mál má brjóta í bága við stjórnarskrána hver svo sem efnisleg afstaða okkar er til málsins. Það er aðalatriðið. Þar sem miklar líkur eru á að svo sé þá hefur málið breyst mjög mikið.

Mig langar líka til að minnast á það sem hæstv. ráðherra sagði, að hann teldi að ef hægt væri að flytja hvaða mál sem væri fyrir þjóðina mundi stöðugt vera þjóðaratkvæðagreiðslur. Ég bendi á að í dönsku stjórnarskránni er þetta ákvæði nákvæmlega eins þ.e. að einn þriðji hluti þingmanna getur óskað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um hvaða mál sem er. Það hefur ekki vafist fyrir Dönum að hafa þetta ákvæði í stjórnarskrá sinni og hefur ekki valdið neinum glundroða þar og ég tel ekki að það mundi gera það heldur hér á landi.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af því að fundið er að því að ég hafi rætt um hitt dagskrármálið, stjórnarskrárbreytingamálið, undir þessum lið þá vek ég athygli á því að hv. frsm. vitnaði í löngu máli í ræðu mína sem ég flutti undir því máli. Reyndar er það svo að í greinargerð þess máls sem hann mælti fyrir er sérstaklega vikið að hinu frv. þannig að það er full ástæða til þess fyrir mig að fjalla um hvort tveggja málið með þeim hætti sem ég gerði.

Varðandi hitt deilumálið um það hvort rétt sé og eðlilegt að þriðjungur þingmanna geti sent öll álitaefni í þinginu undir úrskurð þjóðarinnar þá er það mál sem sjálfsagt er að ræða ítarlega og velta fyrir sér hvort menn vilji fara þá leið. En það tengist ekkert umræðunum um EES eins og ég sagði áðan. Það er dæmi um það með hvaða hætti menn hafa klúðrað öllum þessum breytingum saman, að hrúga tillögum um ólíkt efni inn í þingið og telja þau öll tengjast EES-málinu. Gera reyndar kröfu til þess. Hv. 1. flm., 3. þm. Norðurl. v., gerði kröfu til þess úr þessum ræðustól að menn tækju afstöðu til þess hvort menn vildu hafa þá skipan á að þriðjungur þingmanna gæti jafnan sent mál til þjóðarinnar, að afstaða til þess yrði tekin áður en menn afgreiddu samninginn um EES. Menn hljóta að sjá að a.m.k. þessi þáttur tengist með engum hætti EES-málinu.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að hæstv. forsrh. hafi gefið sögulega yfirlýsingu í ræðu sinni áðan því hann hélt því í rauninni fram, og við skulum gæta að því að það er forsrh. þjóðarinnar sem talar, að menn gætu vitandi vits gert hluti sem brytu í bága við lög eða stjórnarskrá og síðan breytt lögunum eða stjórnarskránni eftir á ef þeir yrðu dæmdir fyrir það af Hæstarétti þjóðarinnar. Hann sagði að ef Hæstiréttur kæmist að því að tiltekið atriði stangaðist á við stjórnarskrá þá væri samningurinn ekki upp í loft. Ég skil ekki hvernig forsrh. getur með góðri samvisku haldið þessu fram þegar viðvörunarorð og álitsgerðir frá lögfræðingum liggja fyrir sem benda nákvæmlega á að það sé hætta á því að samningurinn standist ekki stjórnarskrána. Að tiltekin ákvæði standist ekki gagnvart stjórnarskrá. Heldur hann að það sé hægt að standa á því og að Hæstiréttur gæti dæmt þetta mál þannig að það væri í lagi og það væri einfaldast að breyta stjórnarskránni eftir á eða láta þetta tiltekna samningsákvæði ekki taka gildi þrátt fyrir að stjórnvöldum hafi mátt vera ljóst, þegar þau staðfestu samninginn, að hann stæðist jafnvel ekki stjórnarskrá?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því miður er það svo að ég gaf ekki neina sögulega yfirlýsingu áðan. Auðvitað er skemmtilegt að geta gefið mjög stórkostlegar, sögulegar yfirlýsingar, en ég gerði það ekki. Ég vakti athygli á þeim þætti sem liggur augljós fyrir, að þingmenn sem hafa gögn fyrir framan sig bæði fullyrðingar lærðustu lögfræðinga um að hér sé ekki um atriði að ræða sem stangast á við stjórnarskrána, og að vísu fullyrðingar annarra lögmanna um hið gagnstæða, og gera upp við sig að atriði stangist ekki á við stjórnarskrá, jafnvel þó einhver tiltekin atriði yrðu síðar meir dæmd af Hæstarétti að standist ekki stjórnarskrá, sem ég tel engar líkur á, þá hefðu menn brotið eiðstaf sinn. Það er fjarri lagi. Lögfræðingar, lögfræðiprófessorar, hafa haldið því fram að tiltekin ákvæði varðandi búfjárræktarlög eða búnaðarlög og reyndar fiskveiðistjórnun stangist á við stjórnarskrá jafnvel þó svo að í einstökum atriðum yrði þannig dæmt. Ætla menn að halda því fram að þeir hv. þm. sem hafa afgreitt slík lög hafi brotið eiðstafi sína á þinginu? Auðvitað er það fráleitt. Menn gera þetta upp við sig eftir sinni bestu samvisku. Og sem betur fer hafa menn mjög þýðingarmikil gögn til þess, m.a. gögn þar sem fræðilegt álit virt-

ustu fræðimanna landsins í þessum efnum liggur fyrir. Það er því fráleitt að halda því fram, eins og hv. 10. þm. Reykv. gerði, að með þeim hætti hefðu menn brotið gegn þeim eiðstaf sem þeir undirrituðu. Það er einnig augljóst, eins og ég sagði áðan, að þó þannig yrði dæmt, sem ég tel engar líkur á, að tiltekin afmörkuð atriði sem menn hafa reynt að teygja svo að gætu fallið undir það að um dómsmál yrði að ræða, mundu brjóta í bága við stjórnarskrá þá væri það aðeins það sérstaka atriði sem þar hefði komið til álita. Samningsaðilarnir, viðsemjendur okkar, yrðu síðan að gera upp við sig hvort við höfum ekki uppfyllt okkar samningslegu skyldur og með hvaða hætti ætti að bregðast við.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki á hvaða fundi hæstv. forsrh. er staddur. Ég minntist ekki einu orði á eiðstaf þingmanna í pontunni áðan. Ég tiltók bara að það væri söguleg yfirlýsing hjá forsrh. að lýsa því í rauninni yfir að þingmenn gætu vitandi vits staðfest samning sem ljóst væri að orkaði tvímælis að stæðist stjórnarskrána. Og svo mundi Hæstiréttur segja seinna meir: Þið breytið bara stjórnarskránni af því að þetta tiltekna ákvæði, sem er brot á stjórnarskránni, er þá ekki í gildi. Það var bara þetta sem ég talaði um. Ég talaði ekki um neinn eiðstaf eða neitt slíkt. Forsrh. er að drepa málinu á dreif með því að leggja mér það í munn hér.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í umræðunum að okkur er dálítill vandi á höndum þegar við ætlum að takmarka umræðuefnið. Eins og hv. 1. flm. málsins hagaði málflutningi sínum þá lagði hann EES-málið raunverulega undir í þessum umræðum og spurninguna um það hvort sá samningur bryti í bága við stjórnarskrána eða ekki. Einnig hefur sú skýring komið fram á því að þetta er flutt í þrennu lagi að um þrjá flokka sé að ræða sem að málunum standa og þetta sé eins konar leikrit í þremur þáttum þar sem hver flokkur eigi að fá að hafa framsögu í hverjum þættinum. Við erum nú stödd í öðrum þætti leikritsins sem stjórnarandstaðan setur á svið í kringum stjórnarskrárþátt þessa máls. Fyrsti þátturinn snerist um það að stjórnarandstaðan flytur frv. um breytingu á stjórnarskránni þar sem Alþingi er heimilað að framselja fullveldisrétt þjóðarinnar með auknum meiri hluta. Annar þátturinn snýst síðan um þetta frv. þar sem verið er að setja almennt ákvæði varðandi þjóðaratkvæðagreiðslur inn í stjórnarskrána og þriðji þátturinn er á dagskrá á eftir og þar verður hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir frsm. Sá þáttur snýst um till. til þál. um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Málatilbúnaðurinn er með þeim hætti að talið er líklegt að hvorki fyrsti né annar þáttur verði að veruleika en hins vegar hugsanlegt að þriðji þátturinn, þáltill. um þjóðaratkvæðagreiðslu, geti ræst og þá verði unnt að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta sérstaka mál án tillits til þess hvað breytingum á stjórnarskránni líður.

Þannig lít ég á að málið sé uppsett og framsett af stjórnarandstöðunni í stuttu máli. Það er fráleitt af stjórnarandstæðingum að koma upp og ásaka okkur, sem þurfum að taka þátt í þessari leiksýningu með þeim, um að vilja líta á málið í heild en ekki fara eftir þeirri þáttaskipan sem stjórnarandstaðan ákvað af því að hún er þrískipt í málinu. Þannig finnst mér að gagnrýni á okkur sem tökum þátt í þessu og viljum ræða málið í heild sé ómarkviss og marklaus af hálfu stjórnarandstæðinga.

Í máli mínu ætla ég að reyna að halda mig við annan þátt, spurninguna um það hvort lögleiða eigi hér á landi breytingu á stjórnarskránni, almennt ákvæði um heimild til að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu. Hvað sem líður hugmyndinni um EES og 1. mgr. þessa frv. þá held ég að það verði að líta þannig á að fyrir flm. vaki að gjörbreyta stjórnskipun íslenska ríkisins á þann veg að upp verði tekinn sá háttur að þriðjungur þingmanna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um mál sem eru til afgreiðslu, hvort heldur það er frv. til laga eða till. til þál. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hugmyndir um þjóðaratkvæðagreiðslur koma fram á hinu háa Alþingi. En þetta er, held ég, í fyrsta sinn sem það er lagt til með þeim hætti að stjórnarskránni verði breytt og teknar upp þjóðaratkvæðagreiðslur.

Á árunum 1960–1970 fluttu þrír þingmenn Framsfl. hvað eftir annað þáltill. sem ég ætla að leyfa mér að lesa. Þessir þingmenn voru Ólafur Jóhannesson, sem á þessum árum var einnig prófessor í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands, Páll Þorsteinsson og Ingvar Gíslason. Tillagan var svohljóðandi, með leyfi foresta:

„Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að rannsaka hvort ekki sé rétt að setja löggjöf um þjóðaratkvæði í mikilvægum löggjafarmálefnum svo og hvort ekki sé rétt að setja grundvallarreglur þar um í stjórnarskrána. Skal nefndin, ef hún telur ástæðu til, semja lagafrumvarp um það efni.

Nefndin skal kynna sér sem rækilegast öll atriði varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu þar á meðal reynslu annarra þjóða í þeim efnum en einkum ber nefndinni að athuga eftirtalin atriði:

a. Hvort í ákveðnum tilvikum eigi að vera skylda eða aðeins heimild til þjóðaratkvæðagreiðslu.

b. Hvaða aðilar eigi að fá rétt til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu t.d. hvort þann rétt eigi að veita tiltekinni tölu þingmanna eða ákveðnum fjölda kjósenda.

c. Hvort úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu eigi að vera bindandi eða aðeins til ráðgjafar."

Þessi tillaga var að lokum samþykkt sem ályktun frá Alþingi í ársbyrjun 1970. Að vísu var ekki ákveðið að kjósa fimm manna nefnd heldur var ríkisstjórninni falið að vinna þetta verkefni. Síðan gerðist það að þrír þingmenn Kvennalistans fluttu till. til þál. á þinginu 1986 sem hér hefur verið vitnað til. Sú tillaga er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að stefnt skuli að því að tíundi hluti kosningabærra manna eða þriðjungur þingmanna geti farið fram á ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál. Komi fram slík krafa um mál sem er til meðferðar á þingi skal fresta endanlegri afgreiðslu þess

þar til þjóðaratkvæðagreiðslan hefur farið fram. Kjósendum skal gefinn eðlilegur tími til að kynna sér það mál er kjósa á um en niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar skal þó liggja fyrir eigi síðar en tólf vikum eftir að hennar var óskað."

Þessi till. til þál. var flutt á þinginu 1986 en ég held að hún hafi ekki komið til afgreiðslu. Í greinargerð með till. er gerð grein fyrir því að í stjórnlagafrv. er dr. Gunnar Thoroddsen lagði fram á Alþingi vorið 1983 og í skýrslu stjórnarskrárnefndar frá sama tíma er ákvæði um rétt kjósenda til að óska eftir ráðgefandi atkvæðagreiðslu um einstök málefni. Bent er á að þetta sé nýmæli og það skýrt með því að engin ákvæði séu í stjórnarskrá um rétt kjósenda til að óska eftir því að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um mikilsverð mál og því sé full ástæða til að taka upp ákvæði er tryggi alþingiskjósendum slíkan rétt.

Ég vek athygli á þessum þremur tillögum eða þremur hugmyndum sem fram hafa komið um þjóðaratkvæðagreiðslur. Í fyrsta lagi tillögunni sem framsóknarmenn fluttu á árunum 1960–1970 og var loks samþykkt í ársbyrjun 1970, síðan tillögu þingmanna Kvennalistans og loks því sem getið er um í hugmyndum um breytingar á stjórnarskránni og þær breytingar kenndar við dr. Gunnar Thoroddsen. Í öllum þessum tillögum er gert ráð fyrir að kjósendur geti haft áhrif á það hvort efnt sé til þjóðaratkvæðagreiðslu eða ekki. Og alls staðar er gert ráð fyrir að það séu kjósendur og ákveðinn hluti kjósenda sem geti beitt sér fyrir því að efnt sé til þjóðaratkvæðagreiðslu. Nú þegar stjórnarandstöðuflokkarnir þrír hafa komist að niðurstöðu um þetta mál með breytingartillögum sem liggja fyrir á stjórnarskránni, þá sleppa þeir þessu alveg. Það er aðeins sagt að þriðjungur alþingismanna geti krafist þess að frumvarp til laga eða þingsályktun sé borin undir atkvæði þjóðarinnar en því atriði sleppt sem kom fram í tillögum dr. Gunnars Thoroddsens um breytingar á stjórnarskránni.

Virðulegi forseti. Eins og hæstv. forsrh. sagði hér og við höfum bent á áður í umræðunni um fyrsta þáttinn í þessu leikriti stjórnarandstöðunnar, held ég að þetta sé allt í fljótræði gert, vanhugsað og illa undir búið. Ef það er vilji til þess í þinginu að breyta stjórnkerfi þjóðarinnar með þeim hætti að taka upp þjóðaratkvæðagreiðslur væri nær að menn settust niður og athuguðu gaumgæfilega að það sé gert undir öðrum formerkjum en þessu leikriti sem sett er á svið af stjórnarandstöðunni í kringum EES-málið. Það er furðulegt og sýnir náttúrlega einnig málatilbúnaðinn að lesa í grg. með þessu frv. sem er til umræðu, setningu eins og þessa:

„Efni samningsins [þ.e. EES-samningsins] hafði lítt verið kynnt kjósendum fyrir seinustu alþingiskosningar."

Ég skil ekki hvernig mönnunum, sem stóðu að því í ríkisstjórn í tæp þrjú ár að gera þennan samning, dettur í hug að halda slíku fram að þetta efni hafi verið lítt kynnt kjósendum fyrir síðustu alþingiskosningar. Þar fyrir utan lýsti formaður stærsta stjórnarandstöðuflokksins, hv. þm. Steingrímur Hermannsson, því yfir í kosningabaráttunni að síðustu kosningar væru þjóðaratkvæðagreiðsla um það hvort Ísland ætti að fara í EB eða ekki. Af hálfu Framsfl. var því gengið til kosninganna undir þeim slagorðum formanns flokksins að í raun væri um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildina að EB að ræða. Málið var allt lagt upp þannig af hálfu þess flokks að menn væru að velja á milli þess annars vegar hvort Ísland ætti að vera í EES eða ganga í Evrópubandalagið. Ég skil því ekki hvernig hv. stjórnarandstæðingum dettur í hug að bjóða okkur þingmönnum og þjóðinni upp á það að rökin fyrir þessari breytingu á stjórnarskránni séu þau að efni EES-samningsins hafi ekki verið kynnt fyrir síðustu kosningar. (**RA:** Hvenær var það kynnt?) Það hefur verið kynnt og var liður í kosningabaráttunni og formaður Framsfl. lýsti því yfir að kosningarnar snerust um það hvort þjóðin vildi ganga í EES eða í Evrópubandalagið og hv. þm. hlýtur að hafa tekið þátt í kosningabaráttunni og munað eftir því sjálfur. Það er þó ekki nema rúmt ár liðið frá því að sú barátta var háð og hann hlýtur að hafa fylgst með því eins og aðrir um hvað hún snerist. Ég þarf því ekki að svara jafnóskiljanlegum spurningum og þessari frá hv. flm. málsins sem leggur þetta á borð með þessum hætti.

Málið er þannig vaxið að það er unnið í fljótræði, það er sett á svið vegna EES en snýst um vandræðagang stjórnarandstöðunnar.

Ég tek undir með hæstv. forsrh. að ef vilji stendur til þess á Alþingi að ræða um gjörbreytingu á íslensku stjórnskipuninni með því að taka upp þjóðaratkvæðagreiðslur og breyta stjórnarskránni er nauðsynlegt að gera það á þeim forsendum sem samþykktar voru á Alþingi í ársbyrjun 1970 þegar tillaga framsóknarmanna um athugun á því var samþykkt og á svipuðum forsendum og Kvennalistinn lagði til á þinginu 1986 og á þeim forsendum sem fram koma í hugmyndum um breytingar á stjórnarskránni í frv. sem kynnt var á þinginu 1983. Það er fávíslegt að halda að það sé unnt með þessum hætti að ná svo víðtækri samstöðu um þetta mál sem þarf til þess að það nái fram að ganga.

Allar tilvísanir til þess að þjóðaratkvæðagreiðslur séu tíðkaðar í öðrum löndum byggjast á stjórnarháttum þeirra ríkja, hefða í þeim löndum, en ekki á íslenskum hefðum. Einmitt þegar rætt er um stjórnskipun landsins og ríkisins er mjög brýnt að við tökum mið af hefðum okkar en ekki af því sem tíðkast, hvorki í Danmörku né Sviss. Að vísa sérstaklega til Sviss í þessu tilliti er gjörsamlega út í bláinn því að svissneska ríkið byggist upp á allt öðrum forsendum en hið íslenska. Í raun og veru heitir svissneska ríkið sambandsríki eða „confederation" og það er ekki þjóðríki í sama skilningi og við leggjum í það orð. Þar eru engin skýr landfræðileg mörk, það grundvallast ekki á því að íbúarnir tali sama tungumál, eða þeir byggi á sömu menningararfleifð. Stjórnkerfi svissneska ríkisins er ekki heldur byggt þannig upp að landsstjórnin hafi þar skýrt og ótvírætt vald yfir öllu ríkinu. Það er hinn mikli munur. Sviss á uppruna sinn að rekja til þess að það var vilji borgaranna að búa undir sömu lögum og þeir hafa sameinast um að mynda þetta ríki með þeim

hætti sem við vitum. Í öllum stórmálum sem koma upp þurfa þeir hvað eftir annað að bera það undir þjóðina og leita álits hennar á því hvort þjóðin sameinist um einhver mál. Þar eru hundruð þjóðaratkvæðagreiðslna um mál sem okkur dytti líklega aldrei í hug að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um.

Raunar er forvitnilegt að huga að því um hvað þjóðaratkvæði hafa verið greidd hér á landi. Tvisvar hafa farið fram þjóðaratkvæðagreiðslur um áfengisbann, 1909 og 1933. Árið 1916 fór fram þjóðaratkvæðagreiðsla um það hvort ætti að taka hér upp þegnskylduvinnu og 1918 var þjóðaratkvæðagreiðsla um sambandslögin og 1944 um afnám sambandslaganna og stofnun lýðveldis. Þetta eru þau tilvik þar sem menn hafa gengið til þjóðaratkvæðagreiðslu hér á landi og þau sýna að það hefur síður en svo verið ríkur vilji til þess hér almennt að taka málefni fyrir í þjóðaratkvæðagreiðslum.

Virðulegi forseti. Ef menn vilja taka þátt í leiksýningum stjórnarandstöðunnar og í raun og veru huga að því að breyta stjórnarskránni og stjórnskipun okkar með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í þessu frv. stjórnarandstöðunnar þá held ég að þeir eigi að taka sér lengri tíma og ræða málið á öðrum forsendum en lagt er til í þessu frv. og grg. þess.

Flm. (Ragnar Arnalds) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna hinnar sögulegu upprifjunar hv. þm. Björns Bjarnasonar hér áðan þá get ég ekki á mér setið að vekja athygli hans á því að hann fór ekki alveg rétt með sagnfræðina hvað varðar málatilbúnað um þjóðaratkvæðagreiðslur. Ég vil geta þess að á kjörtímabilinu 1963–1967 flutti ég hvað eftir annað frv. til stjórnskipunarlaga einmitt um lögfestingu á þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram færi að kröfu þriðjungs þingmanna og ég var reyndar þar líka með tillögur um það að ákveðinn hluti kjósenda gæti gert sömu kröfur. Þessar tillögur voru einnig fluttar í stjórnarskrárnefnd á sínum tíma. En ég ætla ekki að fjölyrða um þetta atriði sem skiptir ekki stóru máli. Mér þótti hins vegar býsna djarft hjá hv. þm. að halda því fram að EES-málið hafi verið kynnt þjóðinni fyrir seinustu kosningar. Ég spurði í framíkalli: Hvenær var þjóðinni kynnt EES-málið fyrir seinustu kosningar? Ég er hræddur um að fleirum en hv. þm. Birni Bjarnasyni verði stirt um svör ef hann á að gera grein fyrir því. Auðvitað vitum við að einhverjar blaðagreinar voru skrifaðar um málið, m.a. af fyrrv. forsrh. eða Hjörleifi Guttormssyni og nokkrum öðrum mönnum. En að halda því fram að málið hafi verið kynnt sérstaklega fyrir þjóðinni er auðvitað mesta fjarstæða.

Fyrrv. forsrh. Steingrímur Hermannsson komst þannig að orði að í þessum kosningum yrði tekist á um Evrópubandalagið, hugsanlega aðild að Evrópubandalaginu. Hann nefndi ekkert sérstaklega þar Evrópska efnahagssvæðið vegna þess einfaldlega að þeim samningum var engan veginn lokið og lá ekkert fyrir um það hver niðurstaða yrði í þeim samningum og það var auðvitað útilokað fyrir nokkurn flokk að taka afstöðu til þess hvort menn vildu samþykkja samning um Evrópska efnahagssvæðið eða ekki vegna þess að hann lá alls ekki fyrir. Þessi fullyrðing hv. þm. er því auðvitað mjög fjarstæðukennd og furðuleg að ekki sé meira sagt.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að gera lítið úr hlut hv. 3. þm. Norðurl. v. varðandi tillögur hans um breytingar á stjórnarskránni um þjóðaratkvæðagreiðslur á árunum 1963–1967 og viðurkenni að mér yfirsást að fara ofan í hans frumvörp varðandi það.

En það er þó minna mál í þessu en það sem gerðist á vordögum 1991 þegar kosningarnar fóru fram. Ég held ég þurfi ekki að eyða löngum tíma í að deila við hv. þm. um það að afstaðan til EES var að sjálfsögðu eitt af höfuðmálum þeirrar kosningabaráttu og menn gátu þar alveg gert upp á milli flokkanna varðandi afstöðu þeirra til EES. Einn flokkurinn, Kvennalistinn, lýsti alveg greinilegri andstöðu sinni og Framsfl. gekk fram undir þeim merkjum að til að kjósa hann væru þeir að stuðla að framgangi EES og á móti aðild Íslands að Evrópubandalaginu. Ég held við þurfum ekki að eyða löngum tíma í að ræða þetta og mér finnst fráleitt að sitja undir því að þetta mál hafi ekki verið kynnt fyrir kosningarnar. Skýrslur á Alþingi lágu fyrir og blaðagreinar, umræður og ræður manna í þingkosningunum snerust að verulegu leyti um þetta og á lokastigi kom til harðra deilna milli utanrrh. og sjútvrh. í páverandi stjórn um einstaka þætti í þeim samningaviðræðum öllum.

Flm. (Ragnar Arnalds) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðalatriði þessa máls er að sjálfsögðu það að fyrir seinustu kosningar lá engan veginn fyrir neitt um það hvernig samningurinn liti endanlega út og hann hefur vissulega tekið talsverðum breytingum frá því að fjallað var um hann veturinn 1991. Alltaf lá fyrir að þó að Alþb. væri þeirrar skoðunar að rétt væri að kanna þann möguleika sem fælist í Evrópska efnahagssvæðinu og ekki væri rétt að vísa þeim möguleika fyrir fram á bug þá höfðum við alla tíð fullan fyrirvara á afstöðu okkar og við sögðum bæði opinberlega og í ríkisstjórn að við vildum ekki taka afstöðu til málsins fyrr en við sæjum hvernig þessi samningur ætti að líta út og hvert ætti að vera innihald hans. Þannig var auðvitað um fjöldamarga aðra flokka og einstaklinga sem tóku þátt í þessari kosningabaráttu. Af þessari ástæðu liggur auðvitað ljóst fyrir að engan veginn var verið að kjósa um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið í seinustu kosningum. Það er alveg hrein fjarstæða að halda slíku fram. Vel getur verið að einstakir menn hafi verið búnir að gera upp hug sinn, og það á t.d. við um Kvennalistann, en ég hygg að afstaða fæstra annarra hafi legið skýrt fyrir. Ég vísa þessu algjörlega á bug sem hreinni fjarstæðu.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér kom mjög á óvart ef hv. 3. þm. Reykv. hefur notað kosningabaráttuna í það að kynna samningana um Evrópskt efnahagssvæði því ég

var ekki vör við það að það væri aðalmál síðustu kosninga þó vissulega kæmi það inn í kosningabaráttuna. Þó að formaður Framsfl. hefði haldið því fram að kosningarnar væru þjóðaratkvæðagreiðsla um EB þá vísuðum við því auðvitað algjörlega á bug og höfum aldrei samþykkt að verið væri að kjósa um það í síðustu kosningum. Þetta er auðvitað bara hártogun af hálfu hv. þingmanns og virðist honum frekar órótt vegna þessa tillöguflutnings okkar um breytingu á stjórnarskránni.

En það sem ég ætlaði aðallega að gera athugasemdir við og ég tók það svo að því væri fyrst og fremst beint til mín var að ég minntist á landið Sviss í ræðu minni. Ég sagði eitthvað á þá leið að þjóðaratkvæðagreiðsla væri lifandi þáttur í stjórnarfari sumra ríkja, m.a. Sviss. Ég sagði aldrei að stjórnarfarið þar væri eitthvað í líkingu við það sem er hér og þótti mér einkennilegt hversu illa þingmaðurinn tók þessu.

Ég lít svo á að við eigum að taka upp þær hefðir sem hér eru í vaxandi mæli teknar upp af Evrópuþjóðum, þ.e. að bera ýmis mál undir þjóðina og það er þess vegna sem ég tók t.d. til Sviss sem hefur þetta fast inni í sínu stjórnarfari en Frakkar og Danir og Norðmenn og fleiri hafa tekið þetta upp — nú er t.d. talað um að Þjóðverjar muni gera þetta líka — en ekki vegna þess að ég héldi að við ættum að taka upp sama kerfi og gildir í Sviss.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Frv. það sem er til umræðu og fjallar um nýja grein í stjórnarskrá lýðveldisins er efnislega tvíþætt. Tengist það annars vegar frv. til laga um breytingu á stjórnskipunarlögum á þskj. 30, eins og getið er í grg. með frv., þar sem gert er ráð fyrir þeirri breytingu að heimila með milliríkjasamningi afsal fullveldisréttar og framsal á ríkisvaldi að því tilskildu að meiri hluti Alþingis styðji slíkt mál. Á hinn bóginn felst í frv. þessu réttur þriðjungs Alþingis til að krefjast þess að frv. til laga eða þingsályktunartillögur verði bornar undir þjóðaratkvæði án þess að slík málskot hafi önnur áhrif en skoðanakönnun.

Í ljósi þess að hér eru á ferðinni tvær grundvallarbreytingar að stjórnskipun okkar, þótt ólíkar séu að efni og í raun óskyldar, þá er rétt að fara nokkrum almennum orðum um það hlutverk sem stjórnarskráin ætlar þjóðaratkvæðagreiðslu. Stjórnarskráin skilgreinir grundvallarreglur lýðræðisins og lýðveldisins. Hún hefur reynst þessari þjóð traustur grunnur og ber að gæta mikillar varúðar við umfjöllun um hugsanlegar breytingar á því sem horfir til grundvallarreglna og reynst hefur vel.

Í 1. gr. stjórnarskrárinnar segir að Ísland sé lýðveldi með þingbundinni stjórn. Hér er um grundvallaratriði að ræða sem hefur þýðingu fyrir túlkun ýmissa annarra fyrirmæla stjórnarskrárinnar. Má m.a. rekja til þessarar greinar ýmsar takmarkanir á raunverulegu valdi forseta sem honum er þó fengið með stjórnarskrárákvæði, svo sem vald til að skipa ráðherra, ákveða tölu þeirra, skipta með þeim störfum ellegar veita þeim lausn frá starfi. En eins og kunnugt er er þetta vald í raun í höndum Alþingis eða þingmeirihluta.

Samkvæmt 1. og 2. gr. stjórnarskrárinnar er Alþingi fengið það hlutverk að vera meginuppspretta valds með þessari þjóð eða eins og Ólafur Jóhannesson orðar það í einum af fræðiritum sínum, þá er löggjafarvaldið frumstofn ríkisvaldsins og Alþingi aðalhandhafi þess. Með þetta vald fara kjörnir fulltrúar fólksins en ekki fólkið sjálft.

Á fyrirmælum löggjafans byggja hinar tvær megingreinar ríkisvaldsins, framkvæmdarvald og dómsvalds störf sín. Alþingi fer einnig með það frumvald að breyta grundvallarreglum lýðveldisins, stjórnarskránni. Breytingar á henni eru þó háðar flóknara ferli þar sem stjórnskipunarlagafrumvörp öðlast ekki gildi nema þau séu borin fram og samþykkt óbreytt á tveimur þingum og skal þá milli þeirra þinga rofið þing og efnt til almennra þingkosninga. Slíkar kosningar eru ekki þjóðaratkvæðagreiðsla og breyta engu um það vald sem Alþingi er fengið. Það áréttar vald hinna þjóðkjörnu fulltrúa að tvö þing standi að stjórnlagabreytingu og veitir jafnframt kjósendum tækifæri til að breyta valdahlutföllum á Alþingi áður en stjórnlagabreytingin nær fram að ganga. Sú aðferð, sem stjórnarskráin fyrirskipar í 79. gr. að viðhöfð skuli við stjórnlagabreytingar, er alls ekki vísbending um að þjóðaratkvæði eigi sér stoð í íslenskum allsherjarrétti. Þvert á móti staðfesta þau fyrirmæli þingbundið vald og fulltrúalýðræði.

Stjórnarskrá íslenska lýðveldisins gerir ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu, þ.e. að úrskurði í ákveðnu máli sé vísað til samþykkis eða synjunar til þjóðarinnar. Eitt þessara ákvæða nýtur sérstöðu. Það er að finna í síðari mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar og varðar það tilvik er Alþingi samþykkir að gera breytingar á kirkjuskipun ríkisins skv. 62. gr. stjórnarskrárinnar og skal þá sú samþykkt lögð undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Þetta er eina lagasetningaratriðið sem Ólafur Jóhannesson nefnir í riti sínu, Lög og réttur, þegar hann gerir grein fyrir lögum sem þjóðaratkvæði þarf um. Þetta er vissulega einstakt ákvæði í stjórnarskránni vegna þess að þar er lagasetningu vísað til staðfestingar þjóðarinnar án þess að handhafar löggjafarvaldsins hafi áður orðið vanhæfir til að fara með vald sitt ellegar upp hafi komið grundvallarmeinbugur á að þeir mættu með það fara.

Það er hins vegar forsenda fyrir hinum tveimur ákvæðum stjórnarskrárinnar þar sem málum er vísað til þjóðaratkvæðis að rétt stjórnvöld séu naumast fær um að sinna með eðlilegum hætti þeim störfum sem þeim eru fengin með stjórnskipunarlögum. Er þar annars vegar um að ræða 26. gr. stjórnarskrárinnar en hins vegar 11. gr. Í 26. gr. er gert ráð fyrir að þær einstöku aðstæður geti komið upp að Alþingi hafi samþykkt lög sem forseti neitar að staðfesta en skv. 2. gr. stjórnskipunarlaga fara Alþingi og forseti saman með löggjafarvaldið. Í slíku tilfelli nær lagafrv. engu að síður lagagildi en það skal þó borið undir þjóðaratkvæði. Hér er að sjálfsögu um undantekningu að ræða, neyðarúr-

ræði sem gripið skal til í því sérstaka tilviki að handhafar löggjafarvaldsins geta ekki leyst mál sín með þeim hætti sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir sem meginreglu. Þjóðaratkvæði í ljósi 26. gr. stjórnarskrárinnar er því örþrifaráð þegar löggjafinn er úrræðalaus. Þessu örþrifaráði hefur mér vitanlega ekki verið beitt.

Um neyðarúrræði er einnig að ræða í 11. gr. stjórnarskrárinnar þar sem fjallað er um þann möguleika að víkja verði forseta lýðveldisins úr embætti gegn vilja hans. Til slíks örþrifaráðs verður aðeins gripið ef það er samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi krafan hlotið stuðning aukins meiri hluta þingmanna eða þriggja af hverjum fjórum. Það verður að leggja á það áherslu að í stjórnarskrá lýðveldisins er þjóðaratkvæði ekki beitt nema í einu undantekningartilfelli og í tveimur neyðartilvikum þegar stofnanir lýðveldisins eru óvirkar. Stjórnarskráin gerir hins vegar alls ekki ráð fyrir því að þeir sem fara með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar geti varpað þeirri ábyrgð af sínum herðum og lagt á þjóðina hvort heldur sem er í hinum meiri málum ellegar minni. Á meðan Alþingi getur starfað eða vill starfa hlýtur það því að axla þá ábyrgð sem hinum þjóðkjörnu fulltrúum er lögð á herðar með stjórnarskránni.

Þá þingmenn, sem á þessu þingi hafa spurt úr þessum ræðustól hvort þeir, sem hafna þjóðaratkvæðagreiðslu um EES-samninginn, séu hræddir við vilja þjóðarinnar, verður því við núverandi aðstæður að krefjast svara við einfaldri spurningu: Hvers vegna fara þeir fram á slíkt sem gengur þvert á anda þeirrar stjórnarskrár sem þeir hafa sjálfir skuldbundið sig með eiði til að halda? (**ISG**: ... breyta henni.) Ég mun koma að því síðar að sjálfsögðu.

Ég minnist þess að hv. 7. þm. Reykn., sem er reyndur stjórnmálamaður og hefur sem slíkur starfað fjölda ára samkvæmt því umboði sem kjósendur hafa veitt honum, bæði sem þingmaður og ráðherra, spurði þann sem hér stendur hvort hann væri hræddur við að leggja EES-samninginn undir dóm þjóðarinnar. Mér finnst nær að sá hv. þm. spyrði sjálfan sig hvers vegna hann axlar ekki undandráttarlaust þá ábyrgð sem honum ber samkvæmt stjórnarskrá og þjóðin hefur kosið hann til að axla og hann rís að sjálfsögðu undir ef hann svo kýs.

Þótt Íslendingar hafi með stjórnarskrárákvæðum ætlað þjóðaratkvæðagreiðslu hlutverk neyðarúrræðis hefur þjóðaratkvæðagreiðsla hlotið annan og jákvæðari sess í ljósi þess að á tveimur hátíðlegum stundum í sögu þjóðarinnar hefur málum verið vísað beint til hennar. Í hvorugt skiptið var um álitamál að ræða. Í annað skiptið var það þegar þjóðin endurheimti fullveldi sitt en hitt síðara þegar Ísland varð lýðveldi. Um þessa merkisáfanga í sögu Íslendinga varð þjóðin sammála. Þjóðaratkvæðagreiðslan var þá ekki úrskurðarmál heldur táknræn athöfn sem hafði gildi sem slík, bæði út á við og gagnvart okkur sjálfum.

Aðeins tvö dæmi eru um að umdeildum álitamálum hafi verið vísað til þjóðaratkvæðis. Annars vegar var þar um að ræða þjóðaratkvæðagreiðslu um þegnskylduvinnu og hins vegar um áfengisbann. Hitt er svo rétt og kem ég þar að því sem kom hér fram í framhjáhlaupi að stjórnmálamenn eiga fullan rétt á að setja fram nýjar hugmyndir um stjórnskipun og fylgja þeim eftir ef þeir hafa til þess burði. Fulltrúalýðræði er ekki eina lýðræðið. Til eru þjóðfélög sem hafa nýtt sér bein áhrif almennings á málefni sín í fjölda málaflokka. Þjóðskipulag Svisslendinga er athyglisvert dæmi um slíkt skipulag og kom hv. 3. þm. Reykv. inn á það mál og skýrði vel ástæðurnar fyrir því að þjóðaratkvæði er mjög ríkulega beitt í ríkjasambandi því að þar er um að ræða átta ríkja samband sem verður með skipulegum hætti að leggja áherslu á sameiningu sína vegna þess að það er mjög fátt sem sameinar ríkin annað en sagan og þetta ríkjabandalag því að tungumál skilja þar þjóðfélagshópa að.

Annars staðar hafa fulltrúalýðræði og þingbundið stjórnarfar veikst í kjölfar þess að framkvæmdarvaldið hefur verið styrkt, m.a. með því að æðsti handhafi framkvæmdarvaldsins getur skotið málum beint til þjóðarinnar. Á þetta við t.d. um Frakka sem breyttu sínum stjórnarháttum í undirstöðuatriðum 1958. Sá stjórnmálamaður, sem það verk vann, Charles de Gaulle, taldi sig standa nær þjóðinni en þingið og hann fór aldrei leynt með takmarkaða virðingu sem hann bar fyrir hinum þjóðkjörnu fulltrúum löggjafarsamkundunnar og er þá vægt að orði komist. Það er ekki hægt að neita því að hugmyndin um þjóðaratkvæði vaknar oft sem eins konar vantraust á þingræðið.

Að því er varðar fyrri efnisatriði þessa frv., þ.e. rétt þriðjungs alþingismanna til þess að krefjast þess að milliríkjasamningur verði borinn undir þjóðaratkvæði, er það að segja, að ekki verður séð að nein þörf sé á slíkri breytingu ef ekki er hróflað við 21. gr. stjórnarskrárinnar. Sú grein heimilar ekki neins konar fullveldisfsal eins og hún er og hefur verið túlkuð til þessa né gerir hún heldur mögulegt framsal ríkisvalds. Það er því hægt að leiða rök að því að sú breyting sem hér er flutt tillaga um sé aðeins hluti af þeirri breytingu sem lögð er til á þskj. 30 þar sem fullveldisafsal er heimilað í tengslum við milliríkjasamninga að því tilskildu að þar sé fyrir hendi fylgi aukins meiri hluta þingmanna. Þessi tillaga verður því að skoðast, þ.e. fyrri hluti hennar verður því að skoðast sem einhvers konar varnaglaákvæði sem á að grípa til ef sú breyting verður á gerð á 21. gr. stjórnarskrárinnar sem gerð er á öðru þskj. Þar sem ég er mótfallinn þeirri breytingu tel ég ástæðu til að mæla einnig gegn þeirri breytingu sem felst í 1. mgr. þeirrar nýju greinar stjórnskipunarlaganna sem hér er til umræðu.

Á seinni efnisatriði þeirrar tillögu til breytinga á stjórnskipunarlögum, sem hér um ræðir, þ.e. rétt þriðjungs þingmanna til að krefjast skoðanakönnunar í mynd þjóðaratkvæðagreiðslu um hvaða lagafrv. eða þáltill. sem er, ber hins vegar að líta á í ljósi þess að krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu af hálfu minni hluta á Alþingi hefur oft komið fram í þeim tilgangi að skapa tortryggni um mál og átti það m.a. sér stað þegar Íslendingar gengu í NATO og þegar varnarsamningurinn við Bandaríkin var gerður. Þeir sem þá kröfðust þjóðaratkvæðis fylgdu andstöðu sinni við þau stóru mál

ekki eftir þegar þeir komust í meirihlutaaðstöðu á Alþingi. Krafa um þjóðaratkvæði í einstökum deilumálum hefur því á sér mikinn blæ tækifærismennsku í íslenskum stjórnmálum.

Með frv. þessu er óánægju stjórnarandstöðu með hlutskipti sitt, þ.e. eftirlits- og aðhaldshlutverk, veitt í farveg sem gefur henni mjög sterka samningsstöðu gagnvart meiri hluta Alþingis. Kerfi af því tagi sem hér er gerð tillaga um mun gera meiri hluta Alþingis erfiðara um vik að koma á þeim breytingum á stjórn landsins sem hann vill vinna að og hefur vald til samkvæmt stjórnarskránni. Þessi hugmynd verður því til þess að veikja fulltrúalýðræðið og grafa undan meirihlutavaldi í þingbundnu stjórnkerfi. Frv. flytur hins vegar ekki vald til kjósenda að því er varðar þjóðaratkvæði um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur því að álit þjóðarinnar er einungis ráðgefandi. Frv. flytur að þessu leyti vald til minni hluta Alþingis en ekki til þjóðarinnar. Megintilgangur 2. mgr. frv. er því bersýnilega að skapa stjórnarandstöðu hverju sinni sterkari valdastöðu á þingi og í ljósi þess mælist ég ekki til þess að þessar breytingar verði samþykktar.

Páll Pétursson:

Ég verð að segja að mér finnst rök þeirra stjórnarsinna, sem hafa verið að andmæla þessu frv., vera býsna veik og hæstv. forsrh. datt í þá sömu gryfju, eins og hann hefur gert hvað eftir annað í umræðu um hið fyrra stjórnarskrárfrv., að reyna að snúa út úr því. Það fer honum ekki vel. Hann tönnlast á því að við séum að opna leið til að afsala fullveldisrétti með stjórnarskrárfrv., með auknum þingmeirihluta og fordæmir það. Það er út af fyrir sig sjónarmið hve langt á að ganga í því að heimila þinginu að afsala fullveldisrétti og það er alveg gilt sjónarmið hjá hæstv. forsrh. En þversögnin felst í því að meðan hann er að fordæma þá aðferð, sem lögð er til í stjórnarskrárfrv. hinu fyrra, þá ætlar hann sjálfur að nota einfaldan meiri hluta á Alþingi til þess að samþykkja framsal á fullveldisrétti. Við viljum aukinn meiri hluta og teljum meiri tryggingu í því að aukinn meiri hluti standi að málinu en einfaldur meiri hluti sem hæstv. forsrh. virðist ætla að láta nægja.

Talsmenn stjórnarliðsins hafa verið að velta því fyrir sér hvers vegna við flytjum þessa stjórnrskrárbreytingu í tveimur frv. og hafa verið með ýmsar kenningar þar um. Fyrir okkur vakti það eingöngu að nota svona „þingtæknileg" skynsamleg vinnubrögð. Það er auðvitað sjálfsagt að samþykkja bæði frumvörpin og það leggjum við til að verði gert. En njóti annað annað atriðið eða önnur breytingin á stjórnarskránni ekki fylgis þá er skynsamlegt að bera þetta fram í tvennu lagi til þess að annað málið drepi ekki hitt.

Ég reiknaði alla tíð með því að ríkisstjórn, sem er jafnfjarlæg þjóðinni og hæstv. ríkisstjórn og í litlum tengslum við hana, væri hrædd við að bera gerðir sínar undir atkvæði þjóðarinnar. Hún vantreystir þjóðinni og þá þegar af þeirri ástæðu, að hún er hrædd við þjóðina og þjóðin treystir henni ekki og hún ekki þjóðinni, þá gaf það auga leið að ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu væri andstætt hugsun hæstv. ráðherra. Báðar þessar breytingar eru tvímælalaust til bóta á hinni íslensku stjórnarskrá sem mér finnst vera ágætt plagg og tryggir að okkar grundvallarréttindi og okkar stjórnskipun en þá verða menn líka að fara eftir henni. Bæði ákvæðin, sem við erum að leggja til að breytt verði, eiga sér fordæmi í nágrannalöndum, bæði eiga sér fordæmi nágrannalöndum og báðar þessar breytingar eiga að standa til frambúðar og eru ekki einungis út af samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði þó hann verði kannski hvatinn til þess að við teljum brýnt að koma þessum breytingum inn í stjórnarskrána. En bæði þessi ákvæði, sem við leggjum til að tekin verði inn í stjórnarskrána, standa þar til frambúðar og verða til að gera hana fyllri, markvissari og öruggari og hindra að óprúttnir stjórnmálamenn geti afsalað svo og svo miklu af fullveldi þjóðarinnar með einfaldan þingmeirihluta af baki sem þeir hafa kannski kúgað til þess að samþykkja vitleysuna úr sér.

Þessi samningur sem við höfum verið að fjalla um á Alþingi undanfarið er allt annar samningur en sá samningur sem við töldum að væri að mótast um síðustu kosningar og þá þegar af þeirri ástæðu var það rétt hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. að samningurinn í þeirri gerð, sem hann er núna, var ekki kynntur fyrir þjóðinni fyrir síðustu kosningar. Þetta er allt annar samningur heldur en við töldum að þá væri að mótast. Sá samningur, sem við stöndum frammi fyrir núna, var einfaldlega ekki orðinn til um síðustu kosningar. Og hver er svo breytingin sem orðið hefur á málinu frá því að við vorum að ræða það í síðustu kosningabaráttu?

Í fyrsta lagi hafa fyrirvarar Íslands, sem settir voru fram með skilmerkilegum hætti við upphaf viðræðnanna af páv. forsrh. Steingrími Hermannssyni, ekki verið uppfylltir. Þeir eru ýmist í bröttu eða útvatnaðir. Þegar við höfum þessa samningalotu ætluðum við að semja um fríverslun með fisk. Sá samningur, sem liggur nú á borðinu, er ekki samningur um fríverslun með fisk. Hann er fjarri því. Evrópubandalagið má áfram styrkja sína fiskvinnslu og útgerð eins og það hefur gert hingað til og þar með er engin trygging fyrir því að okkur nýtist þær tollaívilnanir sem við fáum samkvæmt samningnum vegna þess að við höfum engin áhrif á verðlag á fisk á meginlandinu. Og sennilega eru litlar líkur til að tollaívilnunin nýtist okkur peningalega nema þá að litlum hluta vegna þess að mótparturinn má bara gera það sem hann vill.

Við undirgöngumst yfirþjóðlegt vald með þessum samningi. Það er þriðja atriðið. Við framseljum veigamikinn fullveldisrétt með þessum samningi. Það var ekki meiningin fyrir síðustu kosningar. Í fjórða lagi eru engar girðingar komnar upp varðandi eignarrétt á landi eða auðlindum sem auðvitað var bráðnauðsynlegt að setja og því miður hefur það komið í ljós við frekari meðferð málsins að þær girðingar er ákaflega torvelt að setja upp svo að nokkurt hald sé í. En það var auðvitað frumskilyrði að við reyndum að vernda rétt okkar sjálfra, værum ekki að fyrirfara okkar eigin lífsmöguleikum, okkar eigin framtíð í landinu með svona samningagerð.

Í fimmta lagi hefur verið opnað á möguleikana á verulegum innflutningi landbúnaðarvara. Það stóð ekki til fyrir síðustu kosningar. Í desember í fyrra krafðist Evrópubandalagið að sett yrði inn sérstakt ákvæði sem varðar Ísland þannig að ef því er beitt þá er Ísland opið fyrir innflutningi mjólkurvara sem getur numið allt að 20–30% af framleiðslunni og þetta var gert að kröfu Evrópubandalagsins. Úr því að Evrópubandalagið gerði þessa kröfu verður maður að álíta að hætta sé á að Evrópubandalagið hyggist nota sér þann rétt sem það hefur samkvæmt þessu undantekningarákvæði.

Í sjötta lagi eru í eða tengdar þessum samningi fiskveiðiheimildir til Evrópubandalagsins sem endurgjald fyrir tollaívilnanir á fiski og á því hefði okkur ekki dottið í hug að ljá máls fyrir síðustu kosningar. Þessar fiskveiðiheimildir eru ófrávíkjanleg krafa Evrópubandalagsins á hendur okkur, þar af leiðir að ómögulegt er að líta öðruvísi á en svo að um sé að ræða endurgjald fyrir tollaívilnanir með því að hleypa flota EB inn í landhelgina og í samningnum eru meira að segja endurskoðunarákvæði, það situr ekki við að þeir taki þessi karfatonn sem þeir hafa farið fram á í fyrstu lotu. Nei, það er allt galopið til endurskoðunar, aftur og aftur og aftur. Þeir eru komnir með fótinn milli stafs og hurðar og bráðum geta þeir rifið allt upp á gátt, a.m.k. ef núverandi stjórnvöld halda eins á rétti Íslendinga og þau hafa gert á undanförnum missirum. Sama má náttúrlega segja um landbúnaðarþáttinn. Þar eru líka endurskoðunarákvæði þar sem er bókað að stefnt skuli í átt að auknum innflutningi landbúnaðarvara.

Í sjöunda lagi hefur dómstólaþátturinn breyst í grundvallaratriðum frá því að við fjölluðum um málið fyrir síðustu kosningar. Sannleikurinn er sá að þessi EES-samningur er gjörbreytt mál frá síðustu kosningum. Þar á ofan er okkur orðið ljósara af þeim umræðum sem fram hafa farið milli hinna lærðustu lögfræðinga og athugun okkar sjálfra að hér er um samning að ræða sem ekki samrýmist íslensku stjórnarskránni.

Hæstv. forsrh. hefur þá kenningu uppi að ef svo færi að Hæstiréttur kæmist að því að samningurinn stæðist ekki stjórnarskrá sé bara hægt að breyta henni eftir á eða að breyta samningnum. Samningurinn er búinn og gerður og læstur og við höfum ekkert um það að segja meira. Við fáum ekki að breyta þar stafkrók. En að breyta stjórnarskránni eftir 3–4 ár er klúðursleg lausn og ég skil ekkert í hæstv. forsrh. að tala af þessu ábyrgðarleysi um það atriði. Vitaskuld yrðu allar gerðir sem byggðar væru á því atriði — hæstv. forsrh. gefur sér það að vera kynni að eitt atriði sem væri dæmt ólögmætt og ógilt. Samningurinn er að sjálfsögðu allur ógildur því að þjóðréttarsamningur sem brýtur í bága við stjórnarskrá er ógildur að lögum. En setjum svo að eitt atriði samningsins yrði dæmt ógilt, þá yrðu a.m.k. allar þær gerðir sem byggðar eru á því ólögmæta atriði ólögmætar og út af því mundu hefjast endalaus málaferli og stórfelldar skaðabótakröfur. (**Gripið fram í:** Hrein markleysa.) Og þetta væri allt hrein markleysa eins og hv. 4. þm. Reykv. orðar það. Þannig að þessi lausn sem hæstv. forsrh. er að benda á er allt of billeg fyrir forsrh. hjá þjóðríki að halda fram á löggjafarsamkomunni.

Ég held að hæstv. forsrh., sem er löglærður maður og að mörgu leyti bráðskynsamur, grípi til þessa óyndisúrræðis vegna þess að hann finnur það innra með sér að samningurinn stenst ekki stjórnarskrána, en hann er bara hræddur við kjósendur. Hann vill ekki fyrir nokkurn mun að efnt verði til kosninga og þess vegna kýs hann að loka augunum, þess vegna kemur hann með svona billegar skýringar, hefur ekki aðrar röksemdir skárri og grípur til þess arna í nauðvörn sinni. Lokar augunum fyrir því eða reynir að klemma þau aftur og taka ekki eftir því að hér er um stjórnarskrárbrot að ræða. Gleymir drengskaparheitinu sem hann vann þegar hann tók sæti á Alþingi, sællar minningar, og heldur að hægt sé að bæta úr eftir á, en þá er bara skaðinn skeður og allur þessi gerningur markleysa, eins og hv. 4. þm. Reykv. kallaði hér fram í áðan.

Ég veit ekki hvort hæstv. forsrh. hefur gefið neinar tímamótayfirlýsingar í þessu spjalli sínu áðan. Það var þó eitt sem hann kom inn á sem mér finnst ástæða til þess að leggja á minnið og mér líkaði út af fyrir sig vel að heyra. Það var að hann vildi, ef til kæmi að við stæðum frammi fyrir því eða þegar til kæmi — því ef núverandi ríkisstjórn heldur áfram að fara með völdin þá gerist það auðvitað fyrr en síðar að Íslendingar standa frammi fyrir inngöngu í Evrópubandalagið. Þá sagði forsrh. að hann væri fýsandi þess að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla um það mál. Gott og vel. Mér finnst ágætt að geta hermt það loforð upp á hann ef að því kemur. Ég vona reyndar að það komi ekki til þess að ég þurfi að gera það en það liggur þó alla vega fyrir. Hann hefur reyndar sagt þetta áður en hann ítrekar það í ræðustól í dag, hinn 17. dag septembermánaðar 1992. Það er bara spurningin hvort það er nokkurt hald í þessu hjá hæstv. forsrh.

Ég minnist þess að fyrir tveimur, þremur árum voru uppi hugmyndir með orkuskatt. Þáv. ríkisstjórn var að afla peninga til að koma saman fjárlögum. Henni datt í hug að leggja á orkuskatt. Ég veit ekki hvort þið munið orðbragð borgarstjórans í Reykjavík, Davíðs Oddssonar, þá þegar hann talaði um aðförina að Hitaveitu Reykjavíkur og sá var nú ekki að skafa utan af hlutunum. Þetta var einstök aðför ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar að sveitarfélögunum í landinu og þó sér í lagi að Reykjavíkurborg og Hitaveitu Reykjavíkur. Þetta var nú aldeilis maður sem varði hagsmuni Hitaveitu Reykjavíkur. Hvað gerðist svo í fyrradag eða daginn þar áður — reyndar eru þeir aðallega á nóttunni við að setja saman fjárlögin. Maður fréttir alltaf af því að þeir séu á löngum næturfundum. (**Gripið fram í:** Eins og í desember í fyrra, það var líka á nóttunni.) Mikið eru þeim mislagðar hendur á daginn, en þó er það miklu, miklu áhættusamara að hafa þá á fundum á nóttinni. En einhverja nóttina fyrir skemmstu ákváðu þeir hvorki meira né minna en að hengja pinkil á Hitaveitu Reykjavíkur og reyndar fleiri. En fyrir því beitti sér hæstv. forsrh., fyrrv. borgarstjóri í Reykjavík, og þá var hann búinn að gleyma hinum digru yfirlýsingum sínum sem hann hafði gefið þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var að fitla við

það að skattleggja orku í landinu. Nú er sko ekki verið að spara. Kynni ekki að fara eins með þjóðaratkvæðagreiðslu um inngöngu í EB þó hæstv. forsrh. lofi þjóðaratkvæðagreiðslu núna um inngöngu í Evrópubandalagið? Ætli hann verði ekki búinn að gleyma því þegar þar að kemur? Þessi maður er bara eitt í dag og annað á morgun. Það er ekki stefnufesta í þessari afstöðu hæstv. forsrh. (**ÓRG:** Hann er búinn að taka sér ...) Það er að vísu rétt og eðlilegt að menn sem starfa með miklum persónuleikum og umgangast þá daglega eins og hæstv. forsrh., sem vinnur með hæstv. iðnrh., taki þá sér til fyrirmyndar og reyni að læra eitthvað af þeim. Ég er ekkert að spauga neitt með hæstv. iðnrh. sem er ágætur maður en mér fyndist hann hefði átt að taka eitthvað annað úr fari hans til fyrirmyndar heldur en að byggja álver, vegna þess að sannleikurinn er sá að hæstv. iðnrh. hefur verið frekar slysinn við að byggja álver, þ.e. hefur honum ekki tekist að ná þar mjög miklum árangri. Þar af leiðandi var þetta ekki vel heppileg innkoma hjá hæstv. forsrh. þegar hann fór að fara í föt iðnaðarráðherrans og semja fyrir sig. Næst býst ég við að heppilegt væri að hv. formaður iðnn. Össur Skarphéðinsson, sem ég veit að er á förum til útlanda, setti sig í samband við einhverja fursta þar úti og kæmi með eins og eitt álver til baka. Eftir því sem ég veit best þá fer hv. formaður iðnn. á fund í Brussel á þriðjudaginn kemur. Hann kemur heim aftur á föstudag í næstu viku. Ég ætla bara að vona að hann hafi eins og eitt álver í farteskinu eins og hæstv. forsrh. hafði með sér. Ég vona að hann verði heppnari með framleiðslulínu og framleiðslugerð og aðferð við að búa til ál heldur en hæstv. forsrh. frá Kaiser-fyrirtækinu.

Frú forseti. Þetta var stuttur útúrdúr en við erum að ræða frv. um breytingu á stjórnarskránni á þskj. 31. Umræðuefni fundarins er frv. til stjórnarskipunarlaga á þskj. 31.

Hv. 3. þm. Reykv. taldi að hér væri um leikrit í þremur þáttum að ræða og fór að leggja út af því í ræðu sinni. Það er röng ályktun hjá hv. 3. þm. Reykv. Hér er um að ræða tvö frv. um breytingar á stjórnarskrá og eina þáltill. Eins og hv. 3. þm. Reykv. veit ábyggilega manna best og gæti lesið sér til í stórmerkum ritum þá er þáltill. og frv. ólík form þingmála. Og þá þegar af þeirri ástæðu var ómögulegt að bera þetta fram í einu máli.

Ég get fullvissað hv. 3. þm. Reykv. um það að góð samvinna er í stjórnarandstöðunni um þetta mál. Það eru sömu flutningsmenn að öllum þessum málum og það var skynsamlegt að skipta með sér verkum við að mæla fyrir þeim.

Hv. 3. þm. Reykv. á sæti í hinni nýkjörnu stjórnarskrárnefnd og það er ákaflega einfalt, ef honum geðjast betur að, að sameina þessi frv. í nefndinni og láta þau koma inn í þingið í einu lagi og ég er alveg tilbúinn að standa að því. Hv. þm. kom með eina viturlega athugasemd í ræðu sinni og hún var sú að hann taldi rétt kjósenda til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir borð borinn. Ég vil til samkomulags fallast á það sjónarmið og ég skal taka undir með honum í stjórnarskrárnefndinni að bæta því atriði inn og tryggja rétt hinna óbreyttu kjósenda, einhvers hóps hinna óbreyttu kjósenda. Ég skal ekki segja um hvort 10% er hið rétta hlutfall eða ekki en ég er tilbúinn að standa að breytingum með honum til samkomulags um að ákveðinn hluti kjósenda geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um hin einstöku mál.

Ég vil jafnframt láta það koma fram úr því að menn eru með sérstakar áhyggjur út af EES-samningnum að mér finnst líka koma til greina að setja „þrátt-fyrir-ákvæði" í stjórnarskrána þar sem segði á þá leið að þrátt fyrir ákvæði í stjórnarskrá væri heimilt að fullgilda samning um Evrópskt efnahagssvæði.

Ég er reyndar ekki alveg viss um að hv. 3. þm. Reykv. fallist á þessar samkomulagshugmyndir mínar. (**Gripið fram í:** ... hann ekki í salnum.) Oft er í holti heyrandi nær og ég geri mér það að góðu þó að ég sé að tala við hv. 3. þm. Reykv. að hæstv. forsrh. sé í dalnum, nei, salnum. — Nú er ég kominn norður í dalinn. Þar er ein sál þó að það séu tveir líkamir. Og meðan hæstv. forsrh. er í salnum tel ég mig alveg geta rökrætt við hv. 3. þm. Reykv. en það er ekki þar með sagt að mér dugi 3. þm. Reykv. alltaf þegar ég þarf að tala við forsrh. (**Gripið fram í:** Hann er bara kominn.) Það er vel.

En ég er sem sagt, hv. 3. þm. Reykv., að bjóða upp á margháttað samkomulag í stjórnarskrárnefnd um það að sameina þessi frv., um það að tryggja, eins og hv. 3. þm. Reykv. taldi skorta á, rétt hins almenna kjósenda til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu og ég er jafnframt til viðtals um það að setja „þrátt-fyrir-ákvæði" í stjórnarskrána sem heimili fullgildingu EES-samningsins og það er án tengsla við það hvort ég ætli að vera með frv. um Evrópskt efnahagssvæði eða ekki. En ef menn á annað borð ætla að reyna að vöðla okkur inn í Evrópskt efnahagssvæði þá verður að gera það með siðmannlegum hætti og hafa grundvöll undir því sem þeir eru að gera.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði hér áðan að framsóknarmenn hafi bent á tvo valkosti í síðustu kosningum. Annaðhvort Evrópubandalagið eða Evrópskt efnahagssvæði. Þetta er ekki rétt. Við tókum ákaflega eindregna afstöðu gegn aðild Íslands að Evrópubandalaginu eins og við höfum gert í fjöldamörg ár. Við höfðum slagorð: X-B er nei við EB. Menn voru dálítið hneykslaðir á þessu sumir og þóttust órétti beittir. En hvað hefur komið á daginn? Því miður hlustuðu ekki nógu margir á röksemdafærslu okkar. Til valda komu menn upp úr þessum kosningum sem eru galopnir fyrir inngöngu Íslands í Evrópubandalagið og vinna að því leynt og ljóst. Það þarf ekki annað en vitna í Samlede værker hæstv. utanrrh. og ritgerðir hv. 3. þm. Reykv. Sumt hefur komið slysalegt út úr hæstv. forsrh. þó að öðru hvoru hafi hann verið að tala um hjartað eða einhver önnur innyfli í sér sem væru heldur andsnúin þessu enn þá. X-B við síðustu kosningar var ekki já við hvaða EES-samningi sem vera skyldi.

Frú forseti. Ég ætla að lesa örfáar glefsur úr samþykktum Framsfl. fyrir síðustu kosningar og reyndar eftir kosningar líka varðandi þetta mál og hvernig við

höfum haldið á þessu máli í gegnum tíðina og hver hafa verið meginprinsipp okkar í öllum þessum ferli. Þau eru algerlega óbreytt.

Á 20. flokksþingi 18.–20. nóv. 1988 var það tekið fram að ekki kæmi til greina af okkar hálfu að fallast á stefnu Evrópubandalagsins um aðgang að auðlindum fyrir aðgang að markaði. 25. nóv. 1989 sagði í ályktun miðstjórnar: „Fundurinn ítrekar sérstaklega að frjáls verslun með sjávarafurðir án þess að í staðinn komi veiðiheimildir fyrir erlenda aðila er forsenda fyrir þátttöku okkar Íslendinga í frjálsum markaði Vestur-Evrópu." Þessi forsenda stendur af okkar hálfu enn þá.

Í ályktun um EB og EFTA sem samþykkt var á 21. flokksþinginu 16.–18. nóv. 1990 sagði svo, með leyfi forseta. Það er verið að tala um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði:

„Grundvallaratriði í þessum samningum er að tryggja óskorað menningarlegt og stjórnarfarslegt sjálfræði íslensku þjóðarinnar samhliða frjálsum viðskiptum. Brýnt er að láta reyna á það til þrautar hvort niðurstaða fæst í viðræðum EFTA og EB um Evrópskt efnahagssvæði. Takist það ekki ber að hefja án tafar viðræður við EB um tvíhliða samning. Það tókst ekki að ná viðhlítandi niðurstöðu í þessu efni því miður.

Í stjórnmálaályktun sem samþykkt var á aðalfundi miðstjórnar 16. nóv. 1991, það var að vísu eftir síðustu kosningar, segir: „Miðstjórnin telur rétt að leggja samning um aðild að EES undir þjóðaratkvæði að undangenginni ítarlegri kynningu á kostum hans og göllum." Og það er rétt í þessu sambandi að ítreka það að sú stefna hefur verið lengi í Framsfl. að þennan samning eða niðurstöður hans yrði að leggja undir þjóðaratkvæði.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. flutti hér ræðu sína og þar komst hann svo að orði að meginuppspretta valds væri á Alþingi. Þar er nú að verða breyting á ef svo fer fram sem horfir að þessi samningur verði samþykktur. Þá verður ekki meginuppspretta valdsins hér því miður. Meginuppsprettan færist til útlanda. Alþingi hefur undanfarna daga verið að afgreiða á færibandi frv. til breytingar á íslenskum lögum til nefnda til þess að vera þóknanlegir þessum hugsanlegu samstarfsaðilum.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. spurði hv. 7. þm. Reykn. Steingrím Hermannsson einnar spurningar. Ég er vonlítill um að hv. 7. þm. Reykn. hafi heyrt þessa spurningu því að hann staddur í útlöndum og hefur fjarvistarleyfi frá þingstörfum. Ég get bent hv. þm. á það að upphafsmaðurinn að því að bera EES-samninginn undir þjóðaratkvæði var Steingrímur Hermannsson. Hann gerði það þráfaldlega sem forsrh. og formaður Framsfl. og eins hefur hann náttúrlega haldið því áfram eftir að hann hætti sem forsrh.

Mér finnst rök hv. stjórnarsinna gegn frv., sem hér er til afgreiðslu, ákaflega veik. Ég hef það á tilfinningunni því að ég trúi á það góða í manninum, líka í ráðherrum, að hinir skynsamari þeirra finni innra með sér að þeir eru ekki að gera rétt. Þeir hafa bara ekki önnur skárri rök til þess að verja afstöðu sína með. En þetta eru skynsamir menn að vissu leyti og ef þeir væru frjálsir gerða sinna, ef ólukkan hefði ekki plantað þeim í ráðherrastóla, gæti ég vel trúað að þeir væru viðræðuhæfir um þessar breytingar á stjórnarskránni. Ef þeir sjálfstæðismenn, sem hér hafa talað í dag, hefðu verið í stjórnarandstöðu er ég ekki frá því að þeir vildu vera meðflutningsmenn að þessum stjórnarskrárbreytingum. Nú eru kringumstæður þeirra slíkar að þá langar ekki í kosningar. Nú er það óttinn við kosningarnar sem grípur fyrir skilningarvitin á þeim og kemur í veg fyrir að þeir gangi til samstarfs um skynsamlegar breytingar á íslensku stjórnarskránni.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. kom víða við og ég fæ væntanlega síðar tækifæri til að ræða við hann um hitaveitu, orkuskatt, álver og allt þess háttar og reyndar margt fleira sem kom fram í yfirgripsmikilli ræðu hans. En það eru tvö til þrjú atriði sem ég vil sérstaklega fá að nefna við hann. Hv. þm. sagði að það hefði breyst frá því að hans flokkur fór með forustu í ríkisstjórn og með veigamikið hlutverk varðandi samningsgerð í EES að nú væri komið yfirþjóðlegt vald inn í samningana og eins væri ekki til að dreifa fríverslun með fisk.

Hv. 7. þm. Reykn., fyrrv. hæstv. forsrh., lýsti því yfir að þeir í ríkisstjórninni hefðu verið búnir að samþykkja yfirþjóðlegt vald, hann yrði að gangast við því, varðandi dómstólana. Það virðist því ekki hafa flækst fyrir þeim ágæta manni fyrr. Í annan stað var það ljóst á haustdögum 1990 og því þá lýst yfir og við því gengist að ekki yrði um að ræða fríverslun með fisk. Þá er spursmálið þetta: Ef þetta er svo mikilvægt atriði í huga þingmannsins hvers vegna hélt forustuflokkur ríkisstjórnarinnar áfram að standa að samningsgerð um EES þrátt fyrir það að þessi veruleiki lægi fyrir? Segja má að fyrst samningsgerð var haldið áfram hafi ríkisstjórnin sætt sig við þennan þátti a.m.k. Það er því ekki hægt að draga hann upp núna.

Í annan stað vil ég nefna að þegar hv. þm. nefnir hitt stjórnarskrárfrv., sem við höfum orðið að ræða hér þvers og kruss og ekkert við því að segja í sjálfu sér, segir hann að því felist leið til þess að útiloka að óprúttnir stjórnmálamenn geti framselt fullveldisrétt þjóðarinnar. En það felst aðeins í því að hinir óprúttnu stjórnmálamenn sem hann kallar svo verða að vera nægilega margir til þess að gera það því að frv., eins og það er lagt fram, kemur í veg fyrir að hinn venjulegi stjórnarskrárgjafi, þ.e. þjóðin sjálf sem tekur þátt í stjórnarskrárbreytingu við núverandi fyrirkomulag, komist með puttana í málið. Á þessu þrennu vil ég vekja athygli hv. þm.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Auðvitað var það eðlilegt, jafnvel þó að váboðar og hættumerki væru komin á sjónarsviðið og það væri komið í ljós að eitthvað af fyrirvörum þeim sem við settum fram í upphafi og voru grundvöllur þess því að við á annað borð gengumst undir þessar viðræður, að það yrði torvelt að efna þær. T.d. þetta með fríverslunina með fiskinn og dómstólaþáttinn sem

reyndar hefur versnað mjög mikið frá þeirri forskrift sem lá fyrir í ársbyrjun 1991. Það var eðlilegt að reyna þetta til þrautar. Það lá alltaf fyrir að við yrðum að taka afstöðu til lokapakkans þegar hann lægi fyrir en gerðum okkur ekki fyrir fram ábyrga fyrir því að taka hvaða niðurstöður sem út úr þessum samningum kæmu. Það er óskynsamlegt að ganga að samningum með þeim fororðum að menn fallist á niðurstöðuna hver sem hún verður. En þegar nógu margir mínusar safnast saman fylla þeir á endanum mælinn. Það hefur gerst í þessu tilfelli.

Hæstv. forsrh. er tiltölulega nýr í landsmálapólitíkinni en ef hann fer yfir stöðu málsins, eins og hún var þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar fór frá, eða þegar kosið var síðast sem er kannski eðlilegri viðmiðun, mun hann komast að raun um að þessir samningar munu hafa breyst í grundvallaratriðum og þá var ekki inni aðgangur að fiskimiðum fyrir tollaívilnanir.

Varðandi þetta með óbreyttu stjórnmálamennina ætla ég að leyfa mér að vona að það sé torveldara að finna tvo þriðju óprúttna hér en einfaldan meiri hluta.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Páll Pétursson tók upp hanskann fyrir hv. 7. þm. Reykn. sem er einn af flm. þessa frv. en er reyndar ekki staddur hér í dag. Ég vissi ekki að hann væri fjarverandi en það vildi svo til þegar frv. til stjórnskipunarlaga sem var á þskj. 30 var til umræðu í þinginu var hv. 7. þm. Reykn. ekki heldur við og varð að sækja hann í þingsalinn. Ég vil ekki leggja út af þessu neitt sérstaklega en tel þó að þarna komi fram áhugaleysi þingmannsins á þeim frumvörpum sem hann er hér að flytja.

Ég vil einnig taka það fram í sambandi við þau orð sem hv. þm. Páll Pétursson viðhafði hér um kosningabaráttuna í síðustu kosningum að þá er það alveg ljóst að formaður Framsfl. ákvað tiltölulega skyndilega og að því er virtist án mikils samráðs við sína flokksfélaga, bræður og systur, að setja fram slagorðið „X-B ekki EB". Þetta kom mörgum framsóknarmönnum í opna skjöldu og þeir vissu ekki hvernig átti að vinna úr þessu. Það er alveg ljóst að í því kjördæmi þar sem ég bauð mig fram var kosningabaráttan að miklu leyti háð um þetta atriði og þá stóðu frambjóðendur Framsfl. í þeirri trú að það væri einmitt verið að tefla fram þeim árangri sem hefði náðst í EES-samningnum og þeirri lagasetningu sem þegar hefði farið fram á Alþingi sem átti að tryggja réttindi Íslendinga gegn hugsanlegum og meintum viljayfirlýsingum sjálfstæðismanna og Alþfl. um að ganga í EB sem ekki var reyndar fyrir hendi. Það er alveg greinilegt að þótt þingmaðurinn geti vitnað í að hluta til ógildar ákvarðanir Framsfl., eins og þessa um fiskveiðimálin áðan, voru þingmenn flokksins og frambjóðendur í hinum mestu vandræðum með þetta mál og vitnuðu skýrt í þann árangur sem Framsfl. hafði náð í viðræðunum um EES-samninginn.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel ekki að það beri neinn vott um áhugaleysi hv. 7. þm. Reykn. að hann skuli ekki vera hér á fundinum. Það væri þá að hann hefði of mikinn áhuga á of mörgu ef nokkuð væri svo hann gæfi sér tíma til að sinna fleiru en að sitja hér yfir umræðum og hlusta á hv. 5. þm. Norðurl. e. og aðra góða þingmenn sem hér eru að ræða þetta mál. Það eru margir af flm. málsins viðstaddir og geta tekið þátt í umræðum og ég held að það eigi að vera vel fyrir því séð.

Nú veit ég ekki orðaskipti manna á framboðsfundum á Norðurl. e. og ég ætla ekki að blanda mér í það hvernig þeir tala þar. Ég veit hins vegar, eins og hv. flm. þessa frv., 3. þm. Norðurl. v., hvernig talað var á Norðurl. v. Ég veit ekki hvað þið eruð í vandræðum með á Norðurl. e. og hvað ekki. Það er ykkar mál að gera það upp. En ég held að það sé fjarri lagi að bera það á hv. 7. þm. Reykn. Steingrím Hermannsson að hann hafi án samráðs við aðra flokksmenn fundið upp þetta slagorð. Að vísu er hv. 7. þm. Reykn. formaður Framsfl. ákaflega snjall og mikilhæfur stjórnmálamaður en ég held að hann eigi ekki hugmyndina að þessu slagorði. Ég get upplýst hv. 5. þm. Norðurl. e. um það að á allfjölmennum fundi var þetta slagorð notað.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur að sjálfsögðu ekki fylgst með umræðum á Norðurl. e. sem eðlilegt er. Ég get hins vegar upplýst hann um það að í þeim umræðum var vitnað mjög ákveðið í ákveðna lagasetningu, einkum og sér í lagi í lög sem sett höfðu verið um heimildir útlendinga til þess að fjárfesta í íslensku atvinnulífi og þar var það sagt að í þeim lögum væru tryggð forréttindi Íslendinga til þess að eignast hér jarðir umfram erlenda menn. Það kom einnig mjög skýrt fram í svargrein Steingríms Hermannssonar við athugasemdum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að hann taldi EES-samninginn vera í þeim farvegi að hann væri algerlega tryggur.

Ég vil einnig geta þess að varaformaður Framsfl. virðist ekki hafa tekið mikinn þátt í því að smíða þetta slagorðasafn vegna þess að hann lýsti því yfir eftir kosningarnar að þessi barátta hefði verið á misskilningi byggð.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt að þegar við settum lögin um erlenda fjárfestingu, fjárfestingarlögin svokölluðu, skömmu fyrir síðustu kosningar töldum við að það væri veigamikið skref í rétta átt. Þá töldum við að í þeim fælist tilraun til að setja upp girðingu sem héldi. Því miður hefur komið í ljós að ákvæði þessara laga standast ekki samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Ég vitna til nefndar dómsmrh. og landbrh. sem hefur sent frá sér ágæta álitsgerð um þetta efni þar sem þeir telja að þessum lögum verði að breyta. Mér þykir það mikill skaði að þau skuli ekki halda. En svo er nú komið málum að þessum lögum verður væntanlega að slaka út.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Þetta skal verða stutt af minni hálfu. Ég vil beina orðum mínum til hæstv. forsrh. og

spyrja hvort hann geti ekki verið viðstaddur þessar fáu mínútur sem ég mun taka í þetta. (**Forseti:** Forseti skal láta gera ráðstafanir til að hæstv. forsrh. komi í salinn.) Ég þakka forseta fyrir.

Það sem mér finnst afar merkilegt í umræðunni er það sem komið hefur fram hjá hæstv. forsrh., reyndar ekki í fyrsta sinn, að hann lítur svo á að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið brjóti ekki í bága við stjórnarskrána að neinu leyti. Með þessari skoðun er hann ósammála þeim fjórum mönnum sem falið var að gera úttekt á málinu af hálfu utanrrh. Í áliti fjórmenninganna segir, með leyfi forseta:

„Við teljum að reglurnar um vald stofnana EFTA séu vel afmarkaðar og feli ekki í sér verulegt valdframsal sem talið verði íþyngjandi í ríkum mæli.“ Það er greinilegt að þessir menn eru á þeirri skoðun að um valdframsal sé að ræða. Það er því ljóst að hæstv. ráðherra er ósammála hinum fjórum lögfróðu mönnum sem falið var það hlutverk af hálfu utanrrh., sem fer með málið fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, að gera úttekt á því. Ég vildi gjarnan að hæstv. forsrh. útskýrði það eilítið fyrir okkur hvers vegna hann sé ósammála niðurstöðu fjórmenninganna.

Í framhaldi af þessu segja fjórmenningarnir, með leyfi forseta: „Verður að telja að stjórnarskráin heimili framsal stjórnvalds sem er takmarkað með þessum hætti og varðar milliríkjaviðskipti.“

Með öðrum orðum eru þeir á þeirri skoðun að stjórnarskráin sé þannig úr garði gerð að heimilt er að framselja vald í tilteknum mæli og formi. Ég spyr hæstv. forsrh. hvort hann sé sömu skoðunar og þeir eða hvort hann sé þeirrar skoðunar að stjórnarskráin heimili ekki framsal valds í neinum mæli. Í ljósi skoðana ráðherrans er nauðsynlegt að afstaða hans liggi fyrir hvað þetta varðar.

Þriðja atriðið sem ég nefni í þessu ágæta áliti varðar forúrskurði, með leyfi forseta:

„Ef til þess kemur hins vegar að ákvörðun verður tekin um að leita slíkra forúrskurða þarf að setja heimild til þess í íslensk lög. Er ekki ástæða til þess að við tökum nú afstöðu til þess hvort stjórnarskrárbreyting sé þá nauðsynlegt vegna þessa atriðis.“

Þegar er komið fram frv. um öflun álits EFTA-dómstólsins og í áliti þessara fjögurra manna liggur fyrir að þeir hafi ekki athugað né gefið upp álit á því hvort það kalli á stjórnarskrárbreytingu að innleiða slík ákvæði í lög. Ríkisstjórnin styðst því ekki við neina ráðgjöf eða neitt álit um það efni. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki að það þurfi að gera stjórnarskrárbreytingu vegna þess frv. sem fram er komið um að leita forúrskurða.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Svör mín má lesa út úr því sem ég hef þegar sagt. Ég hef áður haldið því fram að ekki sé um neitt fullveldisafsal að ræða vegna þessara samninga. Ég les reyndar úr skýrslu hinna fjögurra sérfræðinga að þeir séu sama sinnis, að ekki sé um að ræða fullveldisafsals þjóðarinnar. Það er hvergi hægt að lesa úr skýrslu þeirra eða greinargerð að þeir telji svo vera. (**KHG:** Ekki vel lesið.) Ekki fullveldisafsal, það kemur hvergi fram hjá þeim.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að hæstv. ráðherra svaraði ekki tveimur spurningum. Sú fyrri var um það hvort hann teldi að samkvæmt núgildandi stjórnarskrá væri heimilt að framselja vald í einhverjum mæli. Ég er ekki að segja fullt og fast. Seinni spurningin var um það hvort hann teldi að frv. um forúrskurð kalli á stjórnarskrárbreytingu. Ég vakti athygli á því að fjórmenningarnir hafa ekki gefið upp álit sitt á því hvort slíkt frv. standist stjórnarskrána.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti telur rétt að upplýsa að hæstv. forsrh. hafði löngu lofað að vera viðstaddur móttöku hins sigursæla ólympíuliðs fatlaðra og hlýtur því að fara héðan kl. hálftvö. Hv. þm. er það þannig ljóst og ég vænti þess að þeir geti varla haft neitt á móti því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, fyrri umr.

Þáltill. ISG o.fl., 31. mál. — Þskj. 32.

Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að segja að mér finnst mjög miður að ræða þessa þáltill. að forsrh. fjarstöddum. Hann mun fara héðan innan tíu mínútna ef ég hef skilið forseta rétt. Því er erfitt að knýja fram einhver svör frá honum. Þá sakna ég þess líka að ekki er nokkur annar ráðherra í salnum. Ég held að það væri nú ekki goðgá þó þeir, a.m.k. fulltrúar stjórnarflokkanna í ríkisstjórninni, hlustuðu á þá umræðu sem hér á eftir að fara fram. (**Forseti:** Forseti skal gera ráðstafanir til þess að kanna hvort hæstv. utanrrh. eða aðrir ráðherrar hæstv. ríkisstjórnar geti verið viðstaddir.) Ég þakka forseta fyrir.

Virðulegi forseti. Ég flyt hér á þskj. 32 till. til þál. um að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Meðflutningsmenn mínir eru Steingrímur Hermannsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Kristín Einarsdóttir, Páll Pétursson og Ragnar Arnalds.

Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu skuli borin undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar áður en Alþingi tekur afstöðu til fyrirliggjandi frumvarps til laga um Evrópska efnahagssvæðið.

Alþingi kjósi sjö manna nefnd sem taki ákvörðun um tilhögun og framkvæmd atkvæðagreiðslunnar. Að öðru leyti fari atkvæðagreiðslan fram samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.“

Eins og margsinnis hefur verið bent á í umræðum

undangenginna daga og vikna hér á Alþingi þá stendur Alþingi Íslendinga andspænis afdrifaríkum ákvörðunum sem varða framtíðarþróun íslensks samfélags og mun snerta daglegt líf okkar allra með einum eða öðrum hætti. Við Íslendingar stöndum því tvímælalaust á tímamótum og bæði meðal þings og þjóðar eru mjög skiptar skoðanir um það hvert skuli halda. Skoðanakannanir sýna að í öllum stjórnmálaflokkum á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu sér bæði formælendur og andmælendur. Þó er hópur hinna óákveðnu hlutfallslega stærstur.

Þó að fylgjendur og andstæðingar vegi misþungt í flokkunum þá hafa flokkslínur greinilega ekki afgerandi áhrif á afstöðu manna. Þá liggur fyrir að ekkert verður ráðið af síðustu alþingiskosningum um afstöðu þjóðarinnar til aðildarinnar að hinu Evrópska efnahagssvæði.

Og ég vil bæta því við hér að mikil er trú hv. 3. þm. Reykv. Björns Bjarnasonar á mátt Framsfl. ef hann telur að sá flokkur hafi ráðið því um hvað kosningarnar fyrir ári snerust. Framsfl. setti þá á dagskrá „X-B ekki EB". Sú spurning hlýtur að vakna, fyrst Björn Bjarnason heldur því fram að þetta hafi verið kosningamálið: Hvað kusu þeir sem fylgja inngöngu eða aðild að Efnahagsbandalaginu? Hvaða kost áttu þeir í þeim kosningum hafi þær snúist um það mál?

Ég fullyrði hins vegar að það var ekki kosið um þau mál í síðustu kosningum enda lá endanleg afstaða stjórnmálaflokkanna til samningsins ekki fyrir á þeim tíma. Ríkisstjórnarflokkarnir geta því ekki með nokkru móti vitað hvort þeir hafi stuðning þjóðarinnar til inngöngu inn á hið Evrópska efnahagssvæði eða hvort þeir eru að teyma hana þangað nauðuga.

Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eru Íslendingar að tengjast samrunaþróuninni í Evrópu með afgerandi hætti. Það er bæði óeðlilegt og ólýðræðislegt að taka slíka ákvörðun með einföldum meiri hluta á Alþingi, jafnvel mjög tæpum meiri hluta án þess að nokkuð sé vitað um vilja þjóðarinnar. Það hlýtur bæði að vera pólitískur og siðferðilegur styrkur fyrir þingmenn að vita hver afstaða umbjóðenda þeirra er í þessu máli og það styrkir íslenskt stjórnarfar ef ákvarðanir eru teknar í samræmi við þjóðarvilja.

Með því að flytja tillögu um að bera aðildina að Evrópska efnahagssvæðinu undir kjósendur í almennri atkvæðagreiðslu er í raun ekki verið að gera annað en að svara mjög ákveðnum kröfum sem um þetta eru gerðar meðal þjóðarinnar. Og vegna orða sem féllu í umræðu um síðasta mál hjá hv. 5. þm. Norðurl. e., Tómasi Inga Olrich, þá hlýtur maður að spyrja hvort þessar kröfur séu óréttmætar. Eru þær kröfur sem settar eru fram í fjölmennustu samtökum launafólks í landinu óréttmætar? Er þetta fólk að reyna að gera málið tortryggilegt? Þingmaðurinn taldi að ósk um þjóðaratkvæðagreiðslu þjónaði yfirleitt þeim tilgangi að gera mál tortryggilegt.

ASÍ samþykkti kröfuna um þjóðaratkvæði á sambandsstjórnarfundi í nóvember á síðasta ári. Þar var þeim tilmælum beint til Alþingis að afgreiða ekki samninginn án undangenginnar þjóðaratkvæðagreiðslu. Svipaða samþykkt gerði stjórn BSRB nýverið. Hún ætti að vera þingmönnum kunn eftir að hafa verið kynnt rækilega í fjölmiðlum að undanförnu. Það er með öðrum orðum vilji fjölmennustu heildarsamtaka launafólks í landinu að þjóðin fái að láta í ljós vilja sinn í þessu máli og sömu skoðunar og ASÍ og BSRB eru líka Neytendasamtökin, BHMR, Kennarafélag Íslands og mörg önnur fjölmenn almannasamtök í landinu.

Andstæðingar þjóðaratkvæðagreiðslu um samninginn hafa gjarnan fært fram þau rök að samningurinn sé of flókinn til að þjóðin geti tekið afstöðu til hans. Þá sýni skoðanakannanir að þjóðin viti allt of lítið um málið. Slík rök endurspegla mikið vanmat á þjóðinni sem er þó treyst til að kjósa í almennum kosningum. Í þjóðaratkvæðagreiðslu mundi þjóðin taka afstöðu til grundvallarþátta samningsins rétt eins og hún gerir í almennum kosningum. Þá tekur hún afstöðu til grundvallaratriða í stefnu einstakra flokka. Það mundi hún líka gera í þjóðaratkvæðagreiðslu um Evrópskt efnahagssvæði. En hún mundi ekki taka afstöðu til einstakra atriða sem í honum eru. Hún væri í raun að velja sér framtíðarþróun. Ef hún er ekki fær um það þá er hún ekki fær um að vera þjóð.

Það vefst ekki fyrir Svisslendingum að greiða atkvæði um EES-samninginn þann 6. des. nk. Og það er varla með nokkurri sanngirni hægt að segja að þeir séu almennt upplýstari þjóð en Íslendingar. Þá má benda á að EES-samningurinn er síst fóknari en Maastricht-samningurinn sem þegar hefur verið borinn undir Dani og Íra og verður borinn undir Frakka nk. sunnudag. Þá má geta þess að háværar umræður eru uppi um það í Bretlandi að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um Maastricht-samninginn. 65% bresku þjóðarinnar eru því fylgjandi og mjög ákveðnar kröfur hafa verið settar fram um það bæði af stjórnmálamönnum í Íhaldsflokknum, í Verkamannaflokknum og af leiðarahöfundum í The Times og The Sunday Times. Í öllum þeim löndum þar sem þjóðaratkvæðagreiðsla hefur farið fram, ekki síst í Danmörku og Frakklandi hefur þjóðaratkvæðagreiðsluumræðan ýtt mjög undir pólitíska þátttöku og pólitíska umræðu sem kemur m.a. fram í því að ýmsar útgáfur af Maastricht-samningnum eru nú á metsölulista í Frakklandi þrátt fyrir að stjórnvöld hafi dreift honum ókeypis í milljóna upplagi. Og á hverju kvöldi fyllast fundarsalir af fólki sem er komið í þeim tilgangi einum að ræða framtíðarþróun Frakklands og Evrópu.

Íslenskt þjóðfélag og íslenskir stjórnmálamenn þyrftu sannarlega á slíkri vakningu að halda. Ég er sannfærð um að sú umræða sem yrði undanfari þjóðaratkvæðagreiðslu hér á landi mundi ein og sér skila gífurlegum árangri óháð niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar. Hún mundi skila upplýstari þjóð sem gerði sér betur grein fyrir og væri tilbúnari til að takast á við margvíslegan vanda sem við er að etja í íslensku samfélagi. Ef niðurstaða atkvæðagreiðslunnar yrði sú að þjóðin kysi aðild að Evrópsku efnahagssvæði væri hún mun betur í stakk búin til að takast á við hætturnar sem eru því samfara og nýta sér kostina.

Eins og málum er háttað í dag er þjóðin engan veg-

inn tilbúin að fara að vinna eftir þeim reglum sem gilda innan Evrópubandalagsins. Góð ögrun hvetur flesta menn til dáða og þjóðaratkvæðagreiðsla er þess háttar ögrun bæði fyrir einstaklinga og samtök.

Þau rök hafa jafnframt heyrst gegn þjóðaratkvæðagreiðslu að engin hefð sé fyrir notkun hins beina lýðræðis á Íslandi enda hafi þjóðin kjörið sér fulltrúa til þess að ráða málum sínum. Þessi rök fannst mér ég heyra m.a. hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich áðan. Þeim sem þetta segja flökrar þó sjálfsagt ekkert við því á hátíðastundum að tala um forna lýðræðishefð Íslendinga. Sú hefð á rætur sínar á þjóðveldisöld þegar menn ástunduðu hið beina lýðræði og réðu málum sínum á opnum fundum heima í héraði. Þeirri hefð hefur ekki verið mikill sómi sýndur frá því að Íslendingar fóru að ráða málum sínum sjálfir. Þá tóku þeir að óttast lýðræðið og afstöðu þjóðarinnar. Á fyrri hluta þessarar aldar fór sex sinnum fram þjóðaratkvæðagreiðsla hér á landi en það hefur aldrei verið leitað til þjóðarinnar með einstakt mál eftir lýðveldisstofnun. Það er því löngu tímabært að hin forna lýðræðishefð verði endurvakin hér á landi.

Virðulegi forseti. Það er kominn miður september og aðeins hálfur fjórði mánuður þangað til hið Evrópska efnahagssvæði á að verða að veruleika ef mál skipast eins og ráðamenn í Evrópu ætlast til. Tíminn er fugl sem flýgur hratt og því skiptir miklu að Alþingi taki afstöðu til þeirrar tillögu sem hér liggur fyrir hið allra fyrsta. Tíminn er hins vegar ekki floginn frá okkur en ég veit að einhverjir þingmenn hér inni gæla eflaust við þá hugsun. Ég minni á að það var ekki fyrr en eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna í Danmörku 2. júní sl. sem Mitterrand Frakklandsforseti gaf út yfirlýsingu um þjóðaratkvæði í Frakklandi. Frönsk milljónaþjóð ætlaði sér aðeins rúma þrjá mánuði til undirbúnings. 250 þús. manna íslensk þjóð hlýtur að komast af með heldur minni tíma til undirbúnings. Ef vel væri á málum haldið ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild að hinu Evrópska efnahagssvæði færi fram í nóvember nk. Vilji er allt sem þarf. Vilji þingmanna til að leita til umbjóðenda sinna minnugir þeirrar 200 ára gömlu kenningar sem er grundvöllur vestræns lýðræðis, að allt þjóðfélagsvald er komið frá þjóðinni. Þjóðin á rétt á að velja um þá kosti sem nú liggja fyrir um skipan og þróun þjóðfélagsins.

Að lokinni 1. umr. um málið, virðulegur forseti, legg ég til að þessari ályktun verði vísað til síðari umræðu og hv. allshn.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 10. þm. Reykv. heimfærði ummæli mín í ræðu minni áðan upp á kröfu fjölmennra launþegasamtaka sem hafa krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um EES-samninginn. Þegar ég ræddi um kröfur um þjóðaratkvæði sem væru settar fram til að skapa tortryggni þá var það ekki gert í umfjöllun um þjóðaratkvæði um EES, því síður um kröfu BSRB um þjóðaratkvæði um EES heldur var það í umfjöllun um kröfu þriðjungs alþingismanna um þjóðaratkvæði um lagafrv. og þáltill., þjóðaratkvæði sem væri ráðgefandi og færði minni hluta Alþingis verulegt vald en fólkinu ekkert raunverulegt vald. Ég vil því biðja þingmanninn að vitna réttilega í ummæli mín og færa þau ekki úr stað.

Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þau svör sem hér hafa komið fram og ég skal taka þau orð mín aftur að það hafi verið átt við kröfuna um þjóðaratkvæði um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði og verið reynt að gera það mál tortryggilegt með óskinni um þjóðaratkvæði. Ég fagna því að þetta skuli hafa komið fram og þá ættum við að geta rætt málið, að þessari yfirlýsingu fenginni, á málefnalegum nótum og án þess að reyna að gera þá sem vilja fylgja þessu máli að efnum, þ.e. þjóðaratkvæði, á nokkurn hátt tortryggilega.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Í ljósi þess að mál sem snúa að Evrópska efnahagsvæðinu og samningum þar að lútandi eru meðal hinna stærstu sem við höfum tekist á við, þá hefði það e.t.v. ekki komið mjög á óvart að mikill þungi væri að baki þeirri kröfu að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla um samninginn.

Í sjálfu sér hefði ég ekki orðið mjög undrandi sjálfur þó að slík krafa hefði hljómað mjög víða og mjög hátt í þjóðfélaginu en því er nú öðruvísi farið. Sannleikurinn er sá að þrátt fyrir ályktanir nokkurra heildarsamtaka launafólks og annarra samtaka sem hv. 1. flm. þáltill. nefndi áðan, þá er ótrúlega lítill þungi á bak við þessa kröfu. Mér finnst sú staðreynd einmitt endurspeglast í þessum þingsal sem lengst af þessari umræðu, bæði umræðunni nú og einnig þeirri sem fram fór áðan, hefur verið næsta þunnskipaður. Hér hefur til að mynda verið endrum og sinnum í dag fremur fátt fólk til að hlýða á umræðuna og ég hygg að það endurspegli á nokkurn hátt hversu lítill raunverulegur áhugi er á kröfunni um þjóðaratkvæði um EES-samninginn. (**Gripið fram í:** Þér finnst að hann ætti að vera meiri?) Það hefði ekki komið mér á óvart þó hann hefði orðið meiri vegna þess að hér er um svo stóran samning að ræða og vegna þess að krafa um þjóðaratkvæði hefur oft verið uppi á borðum okkar í ýmsum öðrum málum sem jafnvel eru smærri í sniðum.

Það sem jafnan hefur einkennt kröfuna um þjóðaratkvæði í okkar þjóðfélagi hefur verið það að henni hefur verið haldið fram af mönnum meðan þeir eru í minni hluta og hafa þar af leiðandi ekki haft aðstöðu til þess að tryggja framgang hennar. Það hefur líka einkennt þetta mál að aldrei hefur það gerst eftir að sömu menn og sömu flokkar og einu sinni kröfðust þjóðaratkvæðis, hvort sem það var vegna inngöngu í Atlantshafsbandalagið eða vegna varnarsamningsins við Bandaríkin 1951, höfðu aðstöðu til þess að fylgja eftir þessari kröfu í stjórnarsamstarfi hafi þeir látið brjóta á þessu. Með öðrum orðum aldrei talið þetta svo þýðingarmikið mál að ástæða væri til þess að bera það fram fyrir allt annað í hinni pólitísku umræðu. (Gripið fram í.) Ég hygg og mig grunar að svo sé ekki held-

ur nú, hv. þm., án þess að ég ætli að svara fyrir það. Kannski væri ágætt að fá þau svör síðar.

Ég vek athygli á því að eins og fram hefur komið höfum við Íslendingar afar litla hefð í þessum málum. Þjóðaratkvæða hefur verið leitað á fyrri hluta aldarinnar í málum sem eru af ólíku tagi, bæði sem lutu að sjálfstæði Íslands og einnig málum af allt öðrum toga eins og t.d. um afstöðu til áfengisbanns og þegnskylduvinnu. Þannig sjáum við að í raun eru hugmyndir um hefðir í þessum efnum afskaplega rýrar og sérkennilegar og á þeim grundvelli geta menn ekki sett fram kröfu um þjóðaratkvæðagreiðslu um EES-samkomulagið.

Ef við skoðum ákvæði stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um hvenær efnt skuli til þjóðaratkvæðis, þá er þar líka um að ræða mjög einangruð og sérmótuð tilefni sem heldur ekki er hægt að vísa til þegar menn setja fram kröfu um þjóðaratkvæði varðandi EES-samkomulagið. Það hefur borið dálítið á því í þessari umræðu, bæði núna vegna þessarar þáltill. og frv. sem rætt var um áðan því það verður ekki hjá því komist að þessar umræður skarist, að vitnað hafi verið til þess að slík þróun til þjóðaratkvæðagreiðslu hafi verið vaxandi löndunum í kringum okkur. Ég held að mjög sé ofmælt hvað þetta áhrærir. Sannleikurinn er sá að það má fremur teljast til undantekninga en reglna að þjóðir beiti þjóðaratkvæðagreiðsluheimildum sínum. Sviss er undantekning og svo áberandi undantekning að það er fjarstæðukennt að vera að vísa til fyrirkomulagsins þar þar sem allt önnur hefð ríkir. Ég hef t.d. undir höndum athugun sem einn kunnasti stjórnmálafræðiprófessor Breta Ivor Crew gerði á þessum málum frá árinu 1945 og fram yfir 1980. Þá kemur í ljós að Sviss hefur að vísu þá sérstöðu að 160 sinnum eða rúmlega það hefur þjóðaratkvæðagreiðslu verið beitt á þessum árum. Í Danmörku og á Írlandi hafði verið fimm eða sex sinnum gripið til þessa ráðs en annars staðar heyrði þetta til algjörra undantekninga. Í a.m.k. 10 þessara 20 lýðræðisríkja sem hann hafði skoðað, þar á meðal Bandaríkjunum, hafði aldrei á þessu tímabili verið gripið til þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er því ofmæli þegar talað er um að þróunin sé að verða í þessa átt í okkar heimshluta eins og stundum hefur verið látið liggja að þó það hafi kannski ekki beinlínis komið fram í máli hv. 1. flm. áðan.

Þetta kemur reyndar fram þegar þjóðirnar hafa verið að gera upp afstöðu sína til milliríkjamála eins og EES-samningsins og Maastricht-samkomulagsins og er þá alls engin regla að menn grípi til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Svo ég vitni enn til Bretlands, þegar Bretar ákváðu að ganga í Evrópubandalagið var ekki þjóðaratkvæðagreiðsla. Bretar gengu í Evrópubandalagið 1973, endurgerðu síðan þann samning og um það var síðan greitt atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslu 1975 eða tveimur árum síðar. Aftur á móti rifjar það auðvitað upp og vekur athygli á því að þeir sem nú standa að kröfunni um þjóðaratkvæði með þessari þáltill. gætu e.t.v. staðið í þeim sporum að vera aðilar að ríkisstjórn, a.m.k. aðilar að stjórnarmyndunarviðræðum, þó ég sé nú ekki að spá því að það sé mjög líklegt á næstu árum. Þá hlýtur þessi spurning að vakna: Með hvaða hætti ætla menn að ganga til þeirra viðræðna? Hvaða kröfur ætla menn að gera þá um þjóðaratkvæði? Ætla menn að gera þá kröfu um þjóðaratkvæði til þess að taka þetta mál upp m.a. í ljósi þess að Bretar töldu sig geta gert þetta þrátt fyrir að vera búnir að gera samning um inngöngu í Evrópubandalagið og eftir endurgerð þess samnings gripið til þess ráðs að hafa um það sérstakt þjóðaratkvæði?

Í sjálfu sér væri hægt að ræða þetta mál mjög ítarlega og fróðlegt væri að gera það út af fyrir sig, en tími minn er búinn og því hlýt ég að ljúka máli mínu að sinni.

Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get ekki annað en hoggið aðeins í þau orð þess þingmanns sem hér talaði áðan að ótrúlega lítill þungi fylgdi kröfunni um þjóðaratkvæðagreiðslu og hann hefði það til marks um þennan þunga að salurinn hér væri þunnskipaður. Ég verð þá að spyrja hv. stjórnarþingmann: Hver er áhugi stjórnarþingmanna á EES-málinu yfirleitt?

Við höfum setið klukkutímum saman og rætt það mál og salurinn hefur allan þann tíma verið mjög þunnskipaður af stjórnarliðum. Hafa þeir engan áhuga á þessu afdrifaríka máli? Setja þeir sig ekkert inn í þetta mál? Hafa þeir ekkert um það að segja?

Ég hlýt að spyrja þingmanninn þessara spurninga því að það eru yfirleitt stjórnarandstöðuþingmenn sem verma sætin í þessum sal en ekki stjórnarþingmenn. Það er þá enginn þungi í þeim óskum um að gera þann samning. Það er léttvægt mál.

Ef við tölum síðan um þróunina varðandi þjóðaratkvæðagreiðslur í þessum heimshluta þá vil ég bara benda þingmanninum á að líta sér ofurlítið nær, hann getur bara litið til Danmerkur. Frá því 1963 telst mér til að Danir hafi átta sinnum greitt þjóðaratkvæði um ýmislegt sem mjög skipar skoðanir eru um hjá þjóðinni. Átta sinnum.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að staðreynd málsins sé sú að það hefur verið með ýmsum hætti sem menn hafa setið undir þessum umræðum. Ég held það hafi verið eftir tilefninu hverju sinni hvort menn hefðu áhuga á þeim ræðum sem var verið að flytja eins og gengur en almennt held ég að menn hafi fylgst vel með þeirri umræðu sem hefur farið fram um hið Evrópska efnahagssvæði, bæði í þingsalnum, í hliðarsölum og með því að kynna sér málin með ýmsum öðrum hætti. (Gripið fram í.) Þingmaðurinn var vegna annarra skyldustarfa sinna, m.a. vegna Alþingis, fjarverandi í nokkra daga, það liggur fyrir og það ætti hv. framkallandi að vita að ég var vegna annarra skyldustarfa minna hjá Alþingi fjarverandi umræðuna í nokkra daga en hef setið hana allbærilega að öðru leyti.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um Danmörku vek ég athygli á því að þegar ég fór yfir þessa þróun í Evr-

ópu nefndi ég sérstaklega Danmörku í þessu sambandi og Írland, auk Sviss, þar sem einhver hefð hefur skapast sem við getum kallað því nafni fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu í Evrópu. Mér finnst því hv. þm. hafa verið afar óheppinn með því að taka þetta dæmi sérstaklega.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson reyndi að styðja andstöðu sína við tillöguna um þjóðaratkvæðagreiðslu með því að draga inn í umræðuna nokkuð þekktan breskan prófessor í stjórnmálafræðum sem mun hafa verið einn af kennurum þingmannsins ef ég man rétt.

Nú er það að vísu þannig að í breska stjórnkerfinu ríkir sú grundvallarregla að þingið er fullvalda en ekki þjóðin. Þingmaðurinn gleymdi að geta þess að grundvallarkenning breska stjórnskipulagsins er allt önnur en hér. Þetta er eitt af því sem menn læra í fyrstu tímunum í breskum stjórnmálum, á fyrsta ári í stjórnmálafræði í breskum háskólum. Munurinn á breska stjórnkerfinu og stjórnkerfum í Evrópu er á þann veg að í stjórnkerfum annars staðar í Evrópu er þjóðin fullvalda, en í Bretlandi er það þingið og heitir á ensku Parliament Sovereign. Út frá þessu hafa síðan menn leitt ýmsar kenningar um þjóðaratkvæðagreiðslu í Bretlandi, vegna þess að sé grundvallarregla stjórnskipunar fullveldi þingsins en ekki þjóðarinnar geti verið hæpið að vísa málum til þjóðaratkvæðagreiðslu. Þess vegna er auðvitað fullkomlega út í hött að rekja hér í umræðunni röksemdafærslu af þessu tagi nema þá til þess að vekja athygli á því að þrátt fyrir það að grundvallarregla bresku stjórnskipunarinnar er fullveldi þingsins, var talin nauðsyn á því að bera þetta tiltekna mál undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hv. þm. ætti líka að kynna sér það að um þessar mundir er öflugur hópur þingmanna breska íhaldsflokksins sem krefst þess að Maastricht-samkomulagið verður borið undir þjóðaratkvæði í Bretlandi.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka þennan stjórnmálafræðifyrirlestur, það var svo sem gaman að hlýða á þessa gömlu upprifjun en hins vegar fannst mér hún ekki varpa mjög miklu ljósi á þetta mál. Í máli mínu áðan rakti ég að það væri mjög ofmælt þegar menn töluðu um það að sú þróun væri mjög áberandi í evrópskum stjórnmálum að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég nefndi í þessu sambandi allnokkur dæmi og ég fór sérstaklega yfir það með Bretland. Það er auðvitað rétt sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson fór með áðan, staða breska þingsins hefur nokkra sérstöðu hvað þetta áhrærir, en það breytir hins vegar ekki því að það er auðvitað bæði þar og annars staðar í Evrópu sem það heyrir til undantekninga að menn grípi til þjóðaratkvæðagreiðslu. Út á það gekk málflutningur minn, ekki það að fara að rekja sérstaklega í átta mínútna ræðu þar sem verið var að fjalla um þjóðaratkvæðagreiðslu um Evrópskt efnahagssvæði hvernig væri komið stöðu einstakra þjóðþinga. Það getur hv. þm. manna best áttað sig á að var hvorki tími né tóm til.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að þingmaðurinn viðurkennir að rök byggð á breska stjórnkerfinu eiga einfaldlega ekki við í þessum efnum og lærðar kennslubækur eftir breska prófessora í þeim efnum eiga þess vegna lítið erindi inn í þessa umræðu. Hins vegar er það líka rangt hjá hv. þingmanni að það hafi ekki farst í vöxt að þjóðaratkvæðagreiðslu sé beitt í evrópskum stjórnkerfum, það er þvert á móti þannig. Ef tímabilið á síðustu 30 árum er borið saman við fyrra tímabil á öldinni er það auðvitað eitt af einkennum í þróun evrópskra stjórnmála að á síðustu tveimur til þremur áratugum hafa þjóðaratkvæðagreiðslur gegnt afgerandi hlutverki. T.d. má nefna að það var þjóðaratkvæðagreiðsla sem leiddi til þess að ekki ómerkari maður en de Gaulle, forseti Frakklands, sagði af sér. Um hvað var sú þjóðaratkvæðagreiðsla? Hún var um stjórnsýsluskipan í Frakklandi og þegar úrslitin gengu gegn forsetanum þá sagði de Gaulle af sér. Ef úrslitin um Maastricht-samkomulagið í Frakklandi á sunnudaginn verða þau að meiri hluti þeirra segir nei þá er auðvitað líka alveg ljóst að á sama hátt og þjóðaratkvæðagreiðsla setti de Gaulle af, einhvern áhrifaríkasta stjórnmálamann í Evrópu á eftirstríðsárunum, þá verða tvær þjóðaratkvæðagreiðslur, í Danmörku og Frakklandi, til þess að brjóta á bak aftur umfangsmesta milliríkjasamning sem Evrópuríkin hafa gert sín á milli um pólitíska breytingar í álfunni á síðustu áratugum. Það er auðvitað eitt af einkennum í stjórnmálaþróun Evrópu á síðustu áratugum að þjóðaratkvæðagreiðslur hafa farið að gegna afdrifaríku hlutverki í þróun mála í álfunni. Ég frábið mér það í nafni fræðigreinarinnar að fullyrðingar af því tagi sem þingmaðurinn var áðan með verði bornar fram í ræðustólnum og eitthvað tengdar kennurum eða fræðimönnum í stjórnmálafræði.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er heldur dapurlegt að heyra hv. þingmann tala í senn um stjórnmálafræði og sýna svona dæmalausa útúrsnúninga eins og er þó raunar háttur hans í þingsalnum. Ég nefndi það aldrei í mínu máli að þjóðaratkvæðagreiðsla hefði ekki haft einhverja þýðingu í hinni pólitísku framvindu í Evrópu. Ég var hins vegar, svo ég nefni það í þriðja eða fjórða sinn, að vekja á því athygli að það væri mikil oftúlkun, svo ég noti nú frægt orð, þegar menn töluðu um að þjóðaratkvæðagreiðsla væri að færast í þann vöxt að það gæfi sérstakt tilefni til þess að henni væri beitt hér varðandi EES-málið. Það var auðvitað kjarni þess sem ég var að vísa til. Ég nefndi sérstaklega athugun sem fram fór á árunum 1945 og fram yfir 1980 sem leiddi þetta m.a. mjög rækilega í ljós. Það hefur ekkert í málflutningi hv. þm. hnikað því sem ég hef fullyrt og það sem ég hef sagt í þeim efnum stendur auðvitað óhagg-

að þrátt fyrir hraustlega tilburði hv. þm. til að sýna fram á annað.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Við erum hér komin að þriðja þættinum, lokaþættinum, í þessu verki stjórnarandstöðunnar í tilefni af EES-samningnum sem lýtur að því annars vegar að breyta stjórnarskránni og hins vegar að Alþingi álykti að bera fyrirliggjandi frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið undir þjóðaratkvæði. Það er í sjálfu sér ekkert nýtt að slíkar umræður verði þegar um mikilvæga milliríkjasamninga Íslands er að ræða. Þegar rætt var um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu var tillaga um þjóðaratkvæði vegna þess samnings borin hér undir atkvæði og felld. Þegar umræður voru um aðild Íslands að EFTA, Fríverslunarsamtökum Evrópu, komu einnig fram hugmyndir um að efnt skyldi til þjóðaratkvæðagreiðslu um málið vegna þess hve umfangsmikið það væri og mikilvægt fyrir þjóðina.

Í þessum tveim tilvikum má segja að rökin fyrir kröfunni um þjóðaratkvæði hafi verið ólík og má m.a. benda hv. þm. á að lesa orðaskipti sem urðu í umræðunum um aðildina að EFTA hér í þingsalnum á milli þáv. þm. Magnúsar Kjartanssonar og Gylfa Þ. Gíslasonar en Gylfi greiddi atkvæði með því á sínum tíma að skjóta samningnum um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu undir þjóðaratkvæði og gerði síðan í síðustu ræðu sinni um EFTA-samninginn glögga grein fyrir því hvernig aðstæður voru og hvað réð þá að hans mati að því máli átti að skjóta undir þjóðaratkvæði en ekki EFTA-samningnum. Ég held að í öllum þessum tilvikum verði menn að líta á efnisþættina og skoða hvernig mál eru til komin og hvernig aðstæður eru á hverjum tíma. Ég get lýst þeirri skoðun minni að í engu af þessum tilvikum hef ég séð ástæðu til að skjóta málum sérstaklega undir atkvæði þjóðarinnar. Ég er almennt þeirrar skoðunar að það sé skylda okkar alþingismanna að taka ákvarðanir um þessi mál og á því byggi okkar stjórnskipun og okkar stjórnhefðir að það sé Alþingis að eiga síðasta orðið í málum sem þessum. Ég sé ekki neinn mun á þessum samningi og öðrum samningum sem við Íslendingar höfum gert við önnur ríki.

Þegar Magnús Kjartansson rökstuddi hugmyndir sínar um að EFTA-samningurinn yrði borinn undir þjóðaratkvæði komst hann m.a. þannig að orði, með leyfi hæstv. forseta: „Í seinustu kosningum 1967 var ekkert um þetta mál rætt. Alþingismenn fengu ekkert umboð til þess að útkljá mál af þessu tagi og þá ætti það að vera siðferðileg skylda alþingismanna að bera slíkt mál undir þjóðaratkvæði. Annað tel ég vera ósæmilegt með öllu."

Ég tel að þarna hafi komið röksemd sem hann notaði á sínum tíma þegar samningurinn um EFTA lá hér fyrir og það megi til sanns vegar færa að í kosningunum 1967 hafi ekkert legið fyrir um það að Íslendingar mundu á árinu 1970 gerast aðilar að EFTA. Þessi röksemd verður ekki notuð um spurninguna um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Það lá alveg ljóst fyrir í kosningunum 1991 að Íslendingar stæðu frammi fyrir því að taka ákvörðun um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu og kosningabaráttan var háð um þetta mál eins og fram hefur komið í umræðum hér fyrr í dag þannig að þessi röksemd dugar ekki.

Ég lít þannig á að hugmyndin um að leggja til að þetta mál sé borið undir þjóðaratkvæði sé liður í viðleitni til þess að gera málið tortryggilegt og tefja fyrir afgreiðslu þess með ákveðnum hætti og einnig hjá sumum til þess að komast sjálfir hjá því að taka afstöðu til málsins, segja af eða á hvort þeir styðji aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu eða ekki. Þá er auðvelt að komast undan því að taka afstöðu til málsins með því að segja sem svo: Við vísum þessu til þjóðaratkvæðis. Við vísum þessu til atkvæðis meðal þjóðarinnar og það er okkar afstaða að það skuli gert en við leggjum í sjálfu sér ekki efnislegt mat á innihald þessa máls. Ég held að það sé skylda okkar þingmanna að taka efnislega afstöðu í þessu máli, greiða um það atkvæði sem byggist á sannfæringu okkar og byggist á þeim forsendum sem lágu fyrir m.a. í kosningunum vorið 1991. Þær forsendur voru alveg skýrar og kjósendur þurftu ekki að vera í neinum vafa þá um hvert stefndi í þessu máli og hver vilji einstakra stjórnmálaflokka var.

Mér finnst að þessi tilvitnun sem ég las í orð Magnúsar Kjartanssonar sé eitt dæmi um það hvað forsendur geta verið mismunandi og nú séu forsendur þannig að það sé ótvírætt, hvernig sem á málið er litið, hvaða rökum sem menn beita þegar þeir tala um nauðsyn þjóðaratkvæðagreiðslu, að nú hafi þingmenn ótvírætt umboð kjósenda sinna til þess að taka ávörðun og afstöðu í þessu máli og þess vegna sé okkur ekkert að vanbúnaði að gera það og það sé óþarfi að skjóta því til annarra. Við eigum sjálfir að ákveða það eins og okkur ber skylda til samkvæmt stjórnarskránni.

Ég held að það geti ekki verið alvara á bak við þau orð í greinargerðinni að það sé óeðlilegt og ólýðræðislegt að taka ákvörðun um þennan samning með einföldum meiri hluta á Alþingi. Hvernig getur það verið ólýðræðislegt að þessi ákvörðu sé tekin eða óeðlilegt miðað við þá stjórnarhætti sem ríkja hér í landinu að við alþingismenn tökum ákvörðun um þetta eins og við þurfum að taka ákvörðun um svo mörg önnur mál og höfum gert? Það er í fullu samræmi við okkar stjórnarhætti og byggist á þeim og okkar stjórnarskrá. Það er við hana sem við eigum að miða í þessu og við eigum að miða við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Við eigum ekki að miða við atkvæðagreiðslur í öðrum löndum um önnur mál eða þróun í öðrum löndum um það hvernig þessi mál hafa þróast þar, þar sem stjórnarhefðir eru allt aðrar. Hér hafa menn minnst á Maastricht-samkomulagið sem er um allt annað efni en það sem við erum að ræða og byggist á allt öðrum forsendum. Í Danmörku hafa menn ákveði í stjórnarskránni um það að skylda sé að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu. Í Frakklandi hefur forsetinn það vald að hann getur lagt mál undir atkvæði þjóðarinnar og hann ákvað að gera það eftir að Danir höfðu hafnað Maastricht-samkomulaginu. Þá var ákveðið að um það

færi fram þjóðaratkvæðagreiðsla í Frakklandi og hér hefur verið minnst á þjóðaratkvæðagreiðsluna í Bretlandi um aðild Breta að Evrópubandalaginu. Sú saga öll er mjög lærdómsrík fyrir þá flokka á Alþingi sem hafa verið að skipta um skoðun í afstöðunni til Evrópska efnahagssvæðisins eftir því hvort þeir hafa verið í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Ef menn kynna sér söguna um samninga Breta um aðildina að Evrópubandalaginu fyrir um 20 árum sjá þeir hvernig Verkamannaflokkurinn sveiflaðist eftir því hvort hann var í stjórn eða stjórnarandstöðu. Þá geta menn kynnst að mörgu leyti þeim vandræðagangi sem einkennir ýmsa flokka sem nú eru í stjórnarandstöðu hér á landi. Ég held því, virðulegi forseti, að með hliðsjón af okkar stjórnskipun, með hliðsjón af því sem gert hefur hér á Alþingi þegar um mikilvæga alþjóðasamninga er að ræða sé það í fullu samræmi við okkar stjórnskipun og hefðir að við alþingismenn höfum síðasta orðið um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Ég tel því að þessi tillaga eigi ekki rétt á sér.

Útbýting þingskjala:

Jöfnunartollar á skipasmíðaverkstæði, 88. mál, þáltill. JÁ o.fl., þskj. 98.

Kjaradómur, 19. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn. á þskj. 100; nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn. á þskj. 104.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það virðist vera nokkuð samræmd afstaða hjá þingmönnum Sjálfstfl., sem hér hafa talað, hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni og hv. þm. Birni Bjarnasyni, að vegna þess að frambjóðendur hafi lýst því yfir fyrir síðustu kosningar hver væri afstaða þeirra til EES-samningsins sé búið að fara fram það lýðræðislega val sem gildi í þessu máli og þess vegna sé þjóðaratkvæðagreiðslan óþörf.

Nú vill svo til að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson lýsti því yfir í grein í Morgunblaðinu að mig minnir rétt fyrir kosningar að hann væri fylgjandi tvíhliða samningi milli Íslands og Evrópubandalagsins. Hann tók það alveg skýrt fram. Þessi grein hans er í þeim ljósrituðu gögnum sem ég hef, við hliðina á grein hv. þm. Björns Bjarnasonar. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði því sínum kjósendum á Vestfjörðum að hann styddi tvíhliða samning. Eru það þá svik hjá hv. þm. Einari K. Guðfinssyni að greiða atkvæði með EES-samningnum hér eða á hann að greiða atkvæði með tillögu okkar alþýðubandalagsmanna um tvíhliða samning? Ég vil biðja hv. þm. Björn Bjarnason að svara því. Hvernig á hv. þm. Einar K. Guðfinnsson að greiða atkvæði? Á þann hátt sem hann sagði kjósendum sínum á Vestfjörðum og þar með að greiða atkvæði tillögu okkar alþýðubandalagsmanna eða á hann að greiða atkvæði með frv. ríkisstjórnarinnar um EES-samning og þar með svíkja það fyrirheit sem hann gaf kjósendum sínum á Vestfjörðum? Ég held að það sé nauðsynlegt að fara síðan yfir það hvað ýmsir aðrir frambjóðendur og þingmenn Sjálfstfl. sögðu í aðdraganda síðustu kosninga því að það vill nú svo til að ýmsir þeirrra voru ekki fjarri skoðunum hv. þm. en þær liggja skjalfestar fyrir varðandi hv. þm. Einar K. Guðfinnsson.

Það kemur auðvitað úr hörðustu átt að hv. þm. Björn Bjarnason sé að tala um að flokkar snúist eftir því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Sjálfstfl. flutti, þegar hann var í stjórnarandstöðu, tillögu um tvíhliða samning og fannst hún svo mikilvæg að hann flutti sérstaka vantrauststillögu á síðustu ríkisstjórn vegna þess að hún vildi ekki ganga til liðs við Sjálfstfl. um slíkan tvíhliða samning. Ég held að þingmenn Sjálfstfl. ættu að tala varlega og ekki af því yfirlæti sem hv. þm. Björn Bjarnason talaði hér áðan.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki svarað fyrir hv. 3. þm. Vestf. Það er nokkuð einkennilegt að nota tíma til andsvars við minni ræðu til að spyrja hann um afstöðu hans. Ég held að það sé alveg tvímælalaust, og hv. 8. þm. Reykn. veit það, að mál lágu alveg skýr fyrir í kosningabaráttunni hvað þetta atriði varðar. Það þarf enginn að efast um það hver var afstaða flokkanna til þess hvort EES-samningurinn ætti að ná fram að ganga eða ekki. Sjálfir höfðum við þingmenn rætt um þetta áður og það er ástæðulaust að vera að ræða þetta. Mér finnst það mjög veikur málstaður hjá stjórnarandstöðunni að hlaupa í þetta vígi þegar þessi mál eru til umræðu. Það er alveg ljóst að kosningabaráttan snerist að verulegu leyti um spurninguna um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Þingmenn höfðu á grundvelli kosninganna, og hafa á grundvelli kosninganna, stefnuyfirlýsingu flokka sinna og alls þess sem lá fyrir þegar kjósendur greiddu atkvæði í þingkosningunum, fullt umboð til þess að ganga frá þessum samningi. Undan því verður ekki vikist hvaða brellna sem menn grípa til núna þegar þeir eru á flótta undan sínum eigin frumvörpum um þetta mál.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað athyglisvert að hv. þm. Björn Bjarnason svarar ekki spurningu minni. Það liggur fyrir að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson lýsti því yfir að hann styddi tvíhliða samning fyrir kosningar. Ég nefni það sem dæmi og spyr þm. Björn Bjarnason: Er það brot á þeirri yfirlýsingu ef þingmaðurinn greiðir atkvæði með EES-samningnum? Það kom ekkert svar við því. Hann gaf það hins vegar í skyn að það hefði legið ljóst fyrir að Sjálfstfl. hefði verið fylgjandi EES-samningnum fyrir síðustu kosningar. Ég held að það hafi ekki legið mjög ljóst fyrir. En það lá þó ljóst fyrir að sá sem sat við hliðina á hv. þm. Birni Bjarnasyni á framboðslista Sjálfstfl., hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, gaf enga slíka yfirlýsingu fyrir síðustu kosningar. Var hann þar með á móti stefnu Sjálfstfl.? Ég get nefnt annan meðframbjóðanda hv. þm., Guðmund H. Garðarsson, sem hér var eindreginn talsmaður tvíhliða samnings og hefur aldrei lýst yfir stuðningi við EES-samninginn. Voru þessir frambjóðendur Sjálfstfl. sem sátu með þingmanninum á listanum á móti stefnu Sjálfstfl.? Það var ekki tekið fram í kosn-

ingabaráttunni. Það kom hvergi fram. Og reyndar er það athyglisvert að þessir tveir, núv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og núv. varaþingmaður Guðmundur H. Garðarsson, hafa ekkert skipt um skoðun svo að vitað sé, hvorugur þeirra hefur lýst yfir stuðningi við EES-samninginn. Hvers konar kenningar eru þetta eiginlega hjá hv. þm. Birni Bjarnasyni? Ég gæti nefnt fjölmarga aðra úr frambjóðendaliði Sjálfstfl. sem ekki voru stuðningsmenn EES-samningsins fyrir síðustu kosningar. Svo kemur prókúruhafinn á flokkinn, hv. þm. Björn Bjarnason, og segir það hér að þeir hafi þá verið á móti stefnu Sjálfstfl. Enginn þeirra sagði það í síðustu kosningabaráttu.

Þetta er auðvitað allt til merkis um það að þingflokkurinn sem hv. þm. er varaformaður í, þingflokkur Sjálfstfl., hefur ekki enn þá treyst sér til þess að greiða atkvæði um EES-samninginn. Það er ekki bara komandi fjárlög sem þingflokkur Sjálfstfl. hefur ekki treyst sér til að greiða atkvæði um. Það hefur ekki enn þá farið fram atkvæðagreiðsla í þingflokki Sjálfstfl. um EES-samninginn.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hefur verið vitnað í látinn þingmann og að sjálfsögðu mun hann ekki svara fyrir sig í þingsalnum þótt enginn efi að hann hefði gert það væri hann á meðal vor. Það vekur nokkra athygli þegar vitnað er í látinn þingmann að þá eru hans ummæli á þann veg að þar sem þjóðin hafi ekki vitað um ákveðið mál þegar kosningar fóru fram ætti hún rétt á því að taka afstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er fullyrt að þessi rök eigi ekki við í dag.

Hæstv. utanrrh. hefur látið gera mjög merka könnun þar sem Íslendingar svara því hvaða þekkingu þeir hafi á EES. Niðurstaðan er sú að innan við 2% sjálfstæðismanna telja sig hafa góða þekkingu á málinu og er þó vitað að einn í þeim hópi sem spurður var er hv. 3. þm. Reykv. Efar enginn hvert hans svar hefur verið undir þeim kringumstæðum. Ég spyr sjálfan mig aftur á móti þeirrar spurningar: Ef það er rétt að þjóðin hafi kosið um þetta í seinustu alþingiskosningum, hvernig hafa venjulegir kjósendur á Vestfjörðum átt að taka afstöðu? Einar Kristinn var í flokki sem studdi ekki þessar viðræður á sínum tíma á Alþingi Íslendinga og greiddi atkvæði á þann veg að við færum í tvíhliða viðræður. Ég var í flokki sem átti þátt í að hrinda þessum viðræðum af stað og lýsti því yfir í kosningabaráttunni að ég treysti mér ekki til að svara því á þeirri stundu hvort ég mundi styðja niðurstöðuna. Ég vissi einfaldlega ekki hver hún yrði og tæki ekki afstöðu fyrr.

Kvennalistinn hafði haft miklar efasemdir og snúist gegn samningnum, það er vitað. (Forseti hringir.) Það er vitað að ræðutíminn er að verða búinn en mér er mikil forvitni engu að síður á því hv. 3. þm. Reykv. upplýsi það hér og nú hvernig hann hefði greitt atkvæði á Vestfjörðum hefði hann verið þar kjósandi og hætti að vitna í dauða menn.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mínar skoðanir á þessu máli lágu skýrar fyrir fyrir kosningarnar og stefna Sjálfstfl. var alveg skýr í þessu máli í kosningabaráttunni. Það fór ekkert á milli mála að Sjálfstfl. barðist í kosningabaráttunni undir þeim merkjum að stuðla að því að EES-samkomulagið næði fram að ganga. Það var enginn vafi á því og deilur hafa nú frekar snúist um annað fram til þessa varðandi afstöðu Sjálfstfl. Eins og ég sagði áðan er furðulegt, þegar verið er að ræða tillögur stjórnarandstöðunnar um þessi mál, að hún skuli flýja í þessi vígi og forðast að ræða kjarna málsins.

Hv. 2. þm. Vestf. taldi að það mætti skilja það svo að ég hefði misfarið með þær tilvitnanir sem ég var með. Ég frábið mér slíkar aðdróttanir. Það var alveg skýrt sjónarmið sem þarna kom fram og ekki slitið úr samhengi og liggur alveg ljóst fyrir hvað í því fólst, það er röksemd sem var sjálfsagt að ræða á þeim tíma. Það sem ég var að benda á er að þessi röksemd á ekki við núna. Slík röksemd á ekki við núna sem var varðandi kosningarnar 1967 og aðildina að EFTA. Það lá alveg ljóst fyrir í kosningunum 1991 að Ísland mundi gerast aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Fjórir flokkar voru með þá stefnu að stuðla að aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, m.a. flokkur hv. 2. þm. Vestf. og flokkur hv. 8. þm. Reykn. og hann var þar í forustu fyrir þeim flokki. Eftir kosningarnar gekk hann á fund þáv. utanrrh. og bauð honum fullt umboð ef hann vildi gerast forsrh. með sínum stuðningi.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég álasaði hv. 3. þm. Reykv. fyrir var ekki að hann færi rangt með þann texta sem hann las upp heldur að hann legði út af textanum eins og skrattinn leggur út af faðirvorinu. Hann sneri merkingunni gersamlega við og það er alvarlegt mál ef menn ætla að fara að kalla dauða til vitnis og taka þá í gegn á þann hátt. Hvers vegna svarar hann ekki hinni spurningunni ef allt var svo skýlaust með stefnu Sjálfstfl. Það liggur fyrir að 16. apríl 1991 ritaði Einar Kristinn Guðfinnsson sína grein. Það liggur fyrir að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og hv. þm. Einar Kristinn voru báðir stuðningsmenn þess að hér yrði farið í tvíhliða samninga. Hvernig áttu þá Reykvíkingar að kjósa? Það stendur ekki steinn yfir steini þegar þetta er skoðað og ef það á að túlka það að átökin innan Sjálfstfl. um formennskuna í utanrmn. hafi verið á þann veg að þeir sem studdu hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson séu andstæðingar þessa samnings virðist sem Alþingi standi ekki á þann veg að þetta verði samþykkt.

Ég verð að segja eins og er að mér finnast þau rök gersamlega út í hött, þegar innan við 2% þjóðarinnar telja sig í nýlegri skoðanakönnun framkvæmdri af hæstv. utanrrh. og hans ráðuneyti hafa nægilega þekkingu á þessu máli en hin 98% telja sig ekki hafa nægilega þekkingu, að þá sé hægt að halda því fram að í seinustu kosningum hafi þjóðin tekist á um þetta. Það er eins og hvert annað alvarlegt rugl að halda slíku fram.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins minna á það sem kom fram fyrr í umræðunum í dag að enginn kvað fastar að orði um að síðustu þingkosningar, 1991, væru val í þessu efni en hv. formaður Framsfl., Steingrímur Hermannsson sem lagði málin þannig fyrir kjósendur með einkar skýrum hætti að kosningarnar væru þjóðaratkvæðagreiðsla um það hvort Ísland ætti að gerast aðili að Evrópubandalaginu. Kjósendur gátu ekki skilið það með öðrum hætti en svo að ef þeir kysu Framsfl. væru þeir að koma í veg fyrir aðild Íslands að Evrópubandalaginu. Á sama tíma bar það hæst í málflutningi hans varðandi samstarf Íslands við aðrar þjóðir að það væri með öllu hættulaust að Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu.

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er með sérstökum hætti og ánægjulegt fyrir þingmenn sem eru nýbyrjaðir hér að fylgjast með þessum umræðum, einkum þegar menn eru að deila á það hvað hver og einn hafi sagt hér áður og fyrr. Sérstaklega er það athyglisvert að hlusta á hv. 8. þm. Reykn. tala, eins og hann hefur gert, með það í huga að ég er hér með bréf frá fjmrn., dags. 9. apríl 1991, sem sent er Sjómannafélagi Reykjavíkur vegna tollreglugerðar og tollfrjálsrar meðferðar farangurs farmanna og ferðamanna. Þar segir hann: „Að lokum þykir ráðuneytinu rétt að benda á að í kjölfar fyrirhugaðs samnings um Evrópskt efnahagssvæði, svo og aðlögun að þeim skattkerfisbreytingum sem verða í Evrópubandalaginu á næstu árum, megi gera ráð fyrir verulegum breytingum á heimildum manna, bæði ferðamanna og farmanna, til að flytja tollfrjálsa vöru til landsins. — Ólafur Ragnar Grímsson."

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hlýtur að vekja athygli hv. þm. á því að þessi ræða og aðrar slíkar teljast ekki andsvör. Ég hygg að hv. 3. þm. Reykv. sé fullfær um að svara þeim andsvörum sem til hans er beint. Nú hefur hann óskað eftir að svara þessu andsvari og forseti getur auðvitað ekki annað en orðið við því.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kvartaði undan því áðan að beint var fyrirspurnum til hv. 3. þm. Vestf. í andsvari við mig. Svo kemur hv. 8. þm. Reykn. sem þannig stóð að málum og kvartar undan því að honum finnist að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hafi ekki haldið sér við andsvarahefðina. Það er eins og annað í málflutningi hans, það stendur ekki steinn yfir steini í honum. En þetta var athyglisvert sem fram kom í ræðu hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar og sýnir náttúrlega hvað málið var komið langt þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var fjármálaráðherra að hann var farinn að senda félögum hér í borginni bréf um það hvernig ætti að bregðast við eftir að þessi samningur væri orðinn að lögum og kominn í gildi. Þannig lágu þessi mál skýrt og skilmerkilega fyrir þegar gengið var til kosninganna vorið 1991.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti verður að lýsa því yfir að þessi umræða er komin svo langt frá því að heyra undir andsvör að forseti sker nú úr um að andsvörum sé lokið. Hv. 2. þm. Vestf. hefur óskað eftir að ræða um þingsköp.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég lít nú svo á að það sé hlutverk forseta að þegar þingmenn ruglast gersamlega í þeim leikreglum sem hér gilda og átta sig ekki á hverju þeir eru að veita andsvör og hverju ekki eigi forsetinn að berja í bjölluna. Með því móti fyrirbyggir forsetinn að þingmenn verði sér alvarlega til skammar og flytji ræður um málefni sem ekki eru á dagskrá þá stundina þó að það verði seinna meir. Þessi leiðbeiningaþjónusta er það minnsta sem forseti getur veitt úr forsetastól.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill lýsa yfir fullu samþykki við þessar ábendingar hv. 2. þm. Vestf. Forseti hefur það sér til afsökunar að einn hv. þingflokksformaður, hv. 4. þm. Norðurl. v., kom hér að máli við forseta og dreifði athygli hans þar með. En auðvitað er þetta hárrétt. Nú óskar hv. 8. þm. Reykn. eftir að bera af sér sakir og hyggst forseti verða við því.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er greinilegt að Sjálfstfl. telur sig vera kominn mjög illa í málefnalegri stöðu í þessari umræðu. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson grípur til þess ráðs til að reyna að rétta af hvað þeir standa halloka, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson og hv. þm. Björn Bjarnason í þessari umræðu, og draga inn í þessar umræður bréf sem ég sendi Sjómannafélagi Reykjavíkur vegna reglugerðar um tollfrjálsan farangur ferðamanna. Túlkun hans á þessu bréfi var náttúrlega með miklum eindæmum.

Nú er rétt að segja það strax í upphafi að væntanlega er þingmanninum kunnugt um það að Ísland hefur samning við Evrópubandalagið um tollfrjáls viðskipti með vörur og hann hefur verið lengi í gildi. Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði snýst hins vegar um það m.a. að færa þetta yfir á fleiri svið. Hvað segir í þessu bréfi? Það segir að Sjómannafélagi Reykjvíkur er bent á það að hvort heldur um er að ræða samninginn, fyrirhugaðan samning um Evrópskt efnahagssvæði eða aðlögun að skattkerfisbreytingum sem verða í Evrópubandalaginu á næstu árum, megi gera ráð fyrir verulegum breytingum á heimildum manna, bæði ferðamanna og farmanna, til að flytja tollfrjálsar vörur til landsins. (**ÖS**: Þú ert á annarri skoðun.) Ég nenni ekki að svara ómerkilegum frammíköllum hv. þm. Össurar Skarphéðissonar. Með öðrum orðum er í þessu bréfi sagt að hvort heldur um sé að ræða samninginn um Evrópskt efnahagssvæði eða það verða áfram í gildi samningar milli Íslands og Evrópubandalagsins um vöruflutninga muni Sjómannafélag Reykjavíkur ekki geta náð fram sínum hagsmunum. Í þessu bréfi er á engan hátt að finna afstöðu til samningsins um Evrópskt efnahagssvæði heldur bara kórrétta

ábendingu til Sjómannafélags Reykjavíkur um að hvort sem um er að ræða samninginn um Evrópskt efnahagssvæði eða áframhaldandi samskipti Íslands og Evrópubandalagsins, eins og hafa verið um langt árabil, geti Sjómannafélagið ekki náð fram þeim kröfum sem óskað er eftir. En að Sjálfstfl. skuli telja sig svona illa staddan í umræðunni að hann þurfi að beita brögðum af þessu tagi er auðvitað mjög merkilegt, sérstaklega vegna þess að þingmaðurinn hefur ekki verið mjög virkur í umræðunni í þinginu almennt. (Gripið fram í.) Já, ég get vel skilið það að hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, sem einu sinni vildi kenna sig við lýðræðiskynslóð, líði illa hér í þingsalnum yfir því að sjálfsögð krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu sem Alþýðusambandið, BSRB, Neytendasamtökin og Stéttarsamband bænda styðja (**ÖS:** Hvað með Birtingu?) og Birting, hv. þm., styður það líka, skulu hunsuð og að hv. þm. skuli vera notaður hér af flokksforustu Alþfl. til að fella slíka sjálfsagða kröfu. Það hefur margt verið gert varðandi leiðtoga stúdentahreyfingarinnar hér áður fyrr. En að leiðtogi fyrrv. lýðræðiskynslóðarinnar skuli þurfa að ganga þessa götu hugsa ég að margir hefðu átt erfitt með að trúa.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. 16. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir og ég vil minna hv. þm. á að til þess hefur hann þrjár mínútur.

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Það virðist þurfa sprenglærða háskólamenn í stjórnmálavísindum til þess að tala frammi fyrir alþjóð með slíkum endemum eins og hér var gert. Og hvort sem ég hef tekið mikinn eða oft þátt í umræðunni kemur þessu máli ekkert við, hv. 8. þm. Reykn. Ég hef ekki farið í háskóla til þess að taka hér þátt í umræðum og ekki farið í háskóla til að læra að tala pólitískt svo mjög sem hv. þm. gerði. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir hvern og einn sem vill taka mark á hv. 8. þm. Reykn. að heyra það enn einu sinni sem hann setur hér á blað og bera saman við þessa „snilldarræðu", innan gæsalappa, sem hann flutti hér áðan og taka vel eftir hvernig mál eru afbökuð. (**Forseti:** Forseti vill spyrja hv. þm. hverjar sakir hann er að bera af sér?) Ég er að bera þær sakir af mér að ég kunni ekki að lesa. Það eru mjög alvarlegar sakir og sjálfur kennarinn í háskólanum hefur borið þær á mig. Það er með ólíkindum. Ég held að það sé rétt fyrir þingheim að þetta sé lesið upp aftur: „Að lokum þykir ráðuneytinu rétt að benda á að í kjölfar fyrirhugaðs samnings..." (Gripið fram í.) — Ég vil biðja hv. 2. þm. Vestf., Ólaf Þ. Þórðarson, fyrrv. kennara, ef ég fer rétt með, með meiru, að taka nú eftir og sitja stilltur á bekknum sínum og hlusta. (**ÓÞÞ:** Ég var að fylgjast með.) Þá er best að loka talandanum á meðan og hlusta. Ætli það veiti nokkuð af. — „Að lokum þykir ráðuneytinu rétt að benda á að í kjölfar fyrirhugaðs samnings um Evrópskt efnahagssvæði, svo og aðlögun að þeim skattkerfisbreytingum ..."

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er greinilega nauðsynlegt að lesa þetta bréf í heild sinni og málsgreinina alla en stoppa ekki í miðri setningu, eins og hv. þm. gerði hér, sérstaklega vegna þess að hv. þm. Ólafur Þórðarson var að draga það í efa að hv. þm. væri læs. Ég vil nú ætla að hann sé læs alveg til enda málsgreinarinnar. Þess vegna vildi ég spyrja virðulegan forseta, vegna þess að ég vil ekki nauðga þingsköpunum hér að ræða þetta merka bréf fjmrn. í umræðunni um þjóðaratkvæðagreiðslu, hvort margir séu á mælendaskrá um tillögu um dagskrármálið svo ég geti metið það hvort ... (**Forseti:** Það skal upplýst að fimm hv. þm. hafa beðið um orðið í hinni eiginlegu efnisumræðu um málið.) Þá verð ég að segja við forsetann að fyrst hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson kaus að fara með þetta undir andsvörum, sem er náttúrlega algert brot á öllum þingsköpum og hefur kosið að lesa ekki alla málsgrein bréfsins og slíta það úr samhengi til að gefa algerlega villandi mynd er óhjákvæmilegt að taka þetta til umræðu undir þessum dagskrárlið síðar þótt það sé kannski ekki gott. Ég mun gera það, virðulegur forseti, og vona að forsetinn hafi skilning á því. Ég mun þá einnig svara því sem hv. þm. Björn Bjarnason sagði hér áðan vegna þess að það var rangt hjá honum að ég hafi verið að bera einhverjar sakir á hv. þm. Einar K. Guðfinnsson. Það er skjalfest í Morgunblaðinu frá því fyrir kosningar að þingmaðurinn boðaði þar tvíhliða samning. Það voru engar sakir, það var bara staðreynd. Ég var hins vegar að spyrja hv. þm. Björn Bjarnason um það hvernig slíkur þingmaður ætti að greiða atkvæði. Það er nauðsynlegt að við ræðum þetta síðar í dag vegna þess að það er alveg ljóst að Sjálfstfl. þorir ekki í efnislega og málefnalega umræðu um þessa tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu sem fjölmennustu samtök Íslendinga, Alþýðusambandið, BSRB, Stéttarsambandið og Neytendasamtökin (Gripið fram í.) og Birting hafa öll stutt. Ég bið því um orðið, forseti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hefur þegar fært það til bókar en vill að þessu gefna tilefni harma mjög að þessar umræður hafi átt sér hér stað. Það er ákaflega erfitt fyrir forseta að vísa mönnum úr ræðustóli þegar þeir hafa hafið mál sitt og afar erfitt fyrir forseta að vita hvað til stendur þegar menn biðja um orðið til að bera af sér sakir eða veita andsvar. Forseti hlýtur því að verða að treysta hv. þm. til að kynna sér þingsköp að því marki að annað eins og þetta komi ekki fyrir.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hv. 3. þm. Vestf. Einar K. Guðfinnsson, orðaði það svo að það væri venjulega minni hlutinn sem krefðist þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég vil minna á það að forsrh., Steingrímur Hermannsson, lýsti þeirri skoðun sinni meðan hann var forsrh. og reyndar æ síðan að þetta mál væri þess eðlis að eðlilegt væri að þjóðin fengi að segja álit sitt á því. Þannig skiptir ekki öllu máli hvort hv. 7. þm. Reykn. er í stjórn eða stjórnarandstöðu, það er skoðun hans og okkar framsóknar-

manna að þetta mál sé þannig vaxið að það beri að bera það undir þjóðina.

Það var út af fyrir sig gott að hv. sjálfstæðismenn, sem hér hafa talað, 3. þm. Vestf. og 3. þm. Reykv., Björn Bjarnason, skyldu ekki detta í þá gryfju sem þeir fóstbræður úr Viðey, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. og þó sérstaklega hæstv. utanrrh., datt í hér í umræðum um Evrópskt efnahagssvæði, að þjóðin sé svo vitlaus að það þýði ekkert að spyrja hana. Að þjóðin sé svo vitlaus að hún hafi ekkert vit á þessu máli, enga þekkingu og geti ekki tekið afstöðu. Báðir þessir menn, hv. 3. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Reykv., eru miklu greindari og kurteisari menn og þeir notuðu ekki þetta orðalag heldur voru þeir með allra handanna undanfærslur og féllust ekki á að þetta væri mál sem ætti að bera undir þjóðina en þeir gerðu það með kurteisari hætti en hinir tveir hæstv. ráðherrar.

Mér finnst ákaflega eðlilegt að gefa þjóðinni tækifæri til að segja álit sitt á þessum samningi. Þetta er afdrifaríkasti samningur sem Ísland hefur gert, a.m.k. frá lýðveldisstofnun og sennilega miklu lengur. Þjóðin hefur skoðanir á þessu máli. Það er að *vísu rétt* að það eru ekki allir sem hafa sama sjálfstraust og hv. 3. þm. Reykv. að lýsa því yfir í símasvari í skoðanakönnun að hann viti allt um málið. Það eru ekki allir jafn vel settir og hv. 3. þm. Reykv. að þessu leytinu til. Þetta er spurning um sjálfstraust. Ég veit að þjóðin hefur ekki lesið þessar 10.000 bls., ekki nærri allar en menn hafa myndað sér skoðanir og hafa skoðanir byggðar á skynsamlegum rökum um nokkra meginþætti málsins sem duga þeim til að taka afstöðu um málið. Það eru nokkur meginatriði sem þarf að taka afstöðu til.

Það er þetta með fullveldið. Hvað vilja menn ganga langt í því? Vilja menn afsala fullveldinu að hluta? Það er fyrsta spurningin. Og það er út af fyrir sig nógu stór spurning til þess að menn taki afstöðu að því leyti til. Einnig þurfa menn að meta hagsmuni atvinnulífsins. Þeir verða að gera það upp við sig hvernig þeir vilja skipa eignarhaldi á landi og auðlindum á Íslandi í framtíðinni. Hvort þeir vilja að þær séu í höndum Íslendinga eða að hluta til í höndum annarra aðila. Menn geta tekið afstöðu til eignarhalds eða afnotaréttar og aðgangs að fiskimiðum. Eru menn tilbúnir að hleypa flota EB inn í landhelgina til að veiða þar, í fyrstu lotu *karfa og síðan kannski ýmislegt fleira gegn því* að kaupa fyrir það dálítil tollfríðindi úti á meginlandinu? Og síðast en ekki síst, er rétt að taka svo stórt skref inn í EB? Þegar þessi samningur kemst á lokastig á að vera hægt að svara öllum þessum spurningum. Það hefur ekki verið hægt fram að þessu vegna þess að þættir málsins hafa verið óskýrir en þeir eru óðum að skýrast. Vilja menn hafa í heiðri stjórnarskrá lýðveldisins eða er mönnum nokkuð sama um það plagg? Þetta eru ein spurningin. Og þetta eru út af fyrir sig allt saman atriði sem koma hverjum manni við í landinu.

Ríkisstjórnin er mjög áfram um að fá þennan samning fullgiltan. Og það er hennar mál. Mér finnst að ríkisstjórnin ætti ekki að þurfa að óttast þessa þjóðaratkvæðagreiðslu. Hún er a.m.k. ekki mjög sigurviss. Hún er ekki mjög bjartsýn á að hún hafi gott mál í höndum ef hún þorir ekki í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ekki þurfa fylgjendur samningsins að efa að þeir hafi yfirburði í fjölmiðlum. Þeir eiga ekki að þurfa að bera neinn kvíðboga fyrir því að þeir verði kaffærðir í fjölmiðlunum. Það liggur fyrir að Morgunblaðið styður gerð þessa samnings. Það er skrifað um það í leiðurum og dálkum Morgunblaðsins upp og niður, kosti þess að gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði, ljós stuðningur þeirra liggur fyrir. DV styður þennan samning. Ég nenni ekki að fletta þeim leiðurum sem það blað hefur birt á undanförnum vikum um málið. (Gripið fram í.) Ég held að DV styðji þennan samning og er líka fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslu enda að sumu leyti víðsýnt apparat. Ekki í landbúnaðarmálum að vísu. En ég held að það liggi fyrir að Stöð 2 sé frekar hlynnt þessum samningi. Það þarf ekki að ræða um fréttastofu Sjónvarpsins. Hún styður þennan samning af alefli og fréttamaður sjónvarpsins dregur ekki af sér þar sem hann fær tækifæri til að leggja þessu máli lið. (Forseti hringir.) Utanrrn. hefur ómælda sjóði til að ganga í til að gylla þetta mál, kaupa auglýsingastofur *til að gylla þetta mál. Ég skil ekki hvað ríkisstjórnin* hefur að óttast. Ekki þarf hún að óttast óttalegar þingkosningar. (Forseti hringir.) Þetta er ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla, frú forseti, ég er að ljúka máli mínu. Hvernig svo sem þjóðaratkvæðagreiðsla færi þá sæti ríkisstjórnin áfram. Þessi þjóðaratkvæðagreiðsla er einungis ráðgefandi. Mér finnst að við eigum að bera virðingu fyrir þjóðinni. Það er um framtíð íslenska þjóðfélagsins að ræða. Það eru hagsmunir þjóðarinnar sem eru í veði, ekki bara einhver prívatleikur einhvers ráðherragengis.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er þarft mál á ferðinni sem verðskuldar líflegar umræður eins og raun hefur orðið á. Ég hjó dálítið eftir því í ræðum þingmanna af hálfu Sjálfstfl. að þeir höfðu uppi þann rökstuðning að búið væri að kjósa um væntanlegan samning um Evrópskt efnahagssvæði. Rökin voru þau að Framsfl. hefði sett á oddinn í kosningabaráttu sinni X-B ekki EB, eða eitthvað í þeim dúr. Eða með öðrum orðum af því að Framsfl. lýsti því yfir að hann styddi ekki inngöngu í Efnahagsbandalagið þá væri búið að kjósa um Evrópska efnahagssvæðið.

Með þennan skilning í huga velti ég því dálítið fyrir mér hvað kjósendur Sjálfstfl. hafi verið að segja með því að ljá flokknum stuðning sinn. Hvað skyldi Sjálfstfl. hafa sagt við spurningunni um aðild að Efnahagsbandalaginu? Jú, Sjálfstfl. svaraði því þannig að hann útilokaði ekki aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu. Ber að skilja það svo að þingmenn Sjálfstfl. telji sig í ljósi þess hafa heimild til að Ísland gangi inn í Efnahagsbandalagið á þessu kjörtímabili? Svo mætti ályktа út frá þessum málflutningi. En þessi málflutningur byggir að sumu leyti á ákveðnum forsendum sem ég get tekið undir, sem eru þær að stjórnmálaflokkar megi ganga svo langt sem hann hafi gefið yfirlýsingar um í kosningabaráttu en ekki lengra. Hvað skyldi Sjálfstfl. hafa sagt í kosningabaráttunni um Evrópska

efnahagssvæðið? Hann setti ákveðin skilyrði fyrir því að styðja það mál. Og þau skilyrði voru að samningar tækjust um hindrunarlaus viðskipti með sjávarafurðir. Það liggur fyrir og er öllum ljóst að þeir samningar hafa ekki tekist. Með röksemdafærslu þeirra þingmanna Sjáflstfl., sem þessu hafa haldið fram hér í umræðunni, hefur Sjálfstfl. því ekki heimild til að ganga frá þessum samningi því hann uppfyllir ekki þau lágmarksskilyrði sem flokkurinn setti fram í kosningabaráttunni.

Það má halda áfram og spyrja stjórnarliða hvort þeir hafi umboð til ýmissa verka sem þeir eru að standa að nú um þessar mundir bæði í Alþfl. og Sjálfstfl. Hafa þessir flokkar t.d. núna umboð til þess að hækka vexti á lánum í félagslega eignaríbúðakerfinu um 140% eins og áform eru um að gera í dag eftir u.þ.b. klukkutíma eða svo með stuðningi fulltrúa þessara tveggja flokka? Lýstu þeir því yfir í kosningabaráttunni að þeir mundu hækka vexti á félagslegum eignaríbúðum um 140%? Ég hef lesið í gegnum kosningayfirlýsingar og landsfundasamþykktir þessara tveggja flokka frá því í vor og það er víðs fjarri því að einhverjar yfirlýsingar séu um það. En þetta er engu að síður hlutur sem á að hrinda í framkvæmd nú í dag. Og með þeim rökum sem stjórnarþingmenn sjálfir hafa lagt upp með í þessari umræðu þá hafa þeir ekki umboð til þess.

Menn verða að gæta að því hvaða málflutning þeir hafa uppi. Því það kostar það að samræmi verður að vera í því sem menn segja í einu málinu og því sem þeir gera í öðru. Það verður þá að vera í samræmi við þær yfirlýsingar sem menn gáfu kjósendum á sínum tíma, þá stefnu sem þeir reiddu fram. Er það t.d. svo að Sjálfstf. telji sig hafa umboð til að skera niður svo um munar fjárveitingar til Landhelgisgæslu Íslands? Hvað skyldi flokkurinn hafa sagt við kjósendur fyrir kosningar? Það er auðvelt að fletta því upp hér í landsfundarsamþykktunum. Þar er því þvert á móti lýst yfir að flokkurinn muni auka fjárveitingar til Landhelgisgæslu Íslands. Hvað er flokkurinn að gera nú? Hann er svíkja kjósendur. Hann segir eitt og gerir annað í hverju málinu á fætur öðru. Það er kannski ekki út í bláinn að hæstv. utanrrh. lýsti þessum flokki þannig í Morgunblaðinu sjálfu þann 29. mars 1987 með þessum orðum í heilsíðuauglýsingu, með leyfi forseta:

„Í eitruðu andrúmslofti spilltra stjórnmála þurfum við á sterku afli að halda í stað þess Sjálfstfl. sem nú gengur fram í tvennu lagi og hefur afhjúpað ásýnd hins tvöfalda siðgæðis."

Þetta er dómur hæstv. utanrrh. á Sjálfstfl., tvöfalt siðgæði. Og það er nú ekki svo að traustið sé yfirþyrmandi á báða bóga. Menn muna enn skrif hv. 3. þm. Reykv. um hæstv. utanrrh. Þau voru ekki fögur.

En ég vildi, virðulegur forseti, af því að ég sé að tíma mínum er að ljúka, geta þess að hæstv. utanrrh. vék að kröfunni um þjóðaratkvæði í framsöguræðu sinni um frv. um Evrópska efnahagssvæðið og hafði þar heldur háðuleg orð um þá kröfu að vísa málinu til þjóðarinnar og um þá menn sem legðu fram slíka kröfu. Ég vitnaði í þeirri umræðu til skoðana hans sjálfs á sínum tíma, árið 1969, um að hann væri fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslu um inngöngu Íslands í EFTA. Hæstv. utanrrh. svaraði fáu til en sagði: Ég mun ræða þetta mál þegar við ræðum þáltill. um þjóðaratkvæðagreiðslu. Hvar er hæstv. utanrrh. nú? Hví hleypur hann úr salnum? Hví hefur hann ekki talað hér til að gera grein fyrir skoðunum sínum, sinnaskiptum sínum? Það er þýðingarmikið svo mönnum sé a.m.k. betur ljóst hvort Alþfl. er trúverðugur í þessu máli eða ekki að formaðurinn geri grein fyrir þeirri kúvendingu sinni að vera fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslu um EFTA með þeim rökum að það væri stærsta málið sem borið hefur inn í sali Alþingis á þeim tíma og þjóðinni mikilvægt og halda því fram með réttu að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið sé stærsta og viðamesta og áhrifaríkasta málið sem hingað hefur komið en segja nú: Enga þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég lýsi eftir málsvörn hæstv. utanrrh., virðulegi forseti. Og ég legg ríka áherslu á að ráðherrann manni sig upp í að koma og skýra þingheimi og þjóð frá því hvers vegna hann treystir ekki þjóðinni nú eins og hann treysti henni árið 1969.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Aðeins til að byrja með vegna þeirra ummæla sem féllu fyrr í umræðunni um að ekki fylgdi mikill þungi kröfunni um þjóðaratkvæðagreiðslu. Mér finnast þetta heldur rýr rök og ómakleg ummæli um okkar stóru launþegasamtök ASÍ, BSRB, Neytendasamtökin, BHMR svo og fleiri samtök. Auðvitað er það fullur þungi og ég tel að hann muni verða vaxandi og ekki undarlegt þrátt fyrir að töluvert hafi verið gert til að ýta undir óöryggi fólks í þessari umræðu með því að mikla það mjög hversu flókið og viðamikið þetta mál væri og á stundum á þann veg að þjóðinni væri hreinlega ekki treystandi til að taka ákvörðun um það. Því miður hefur borið nokkuð á þessum rökum. Og eins og hér hefur komið fram fyrr þá er þetta mjög slæm stefna í málflutningi og engan veginn rétt. Ég held að ef þjóðinni er treyst til þess á annað borð að fara eitthvað með mál sín t.d. í kosningum þá sé auðvitað hrein skömm að halda slíku fram.

Það hefur borið á góma í þessari umræðu hve oft ætti almennt að ganga til þjóðaratkvæðagreiðslu hér á landi. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að mér finnst að þessi leið í lýðræði sé ekki nógu oft notuð. Það þarf vissulega að skapa hefð ef vel á að standa að þessu. En ég held að það sé full ástæða til að gera það.

Í því tilviki sem við ræðum nú er það auðvitað engin spurning að svona afdrifaríka ákvörðun á ekki og má ekki taka án þess að spyrja þjóðina álits. Ég vil jafnframt segja það um hefðina að á tímum þeirra miklu breytinga sem við sjáum nú allt í kringum okkur, nýja skipan í Evrópu, bæði austri og vestri, verðum við auðvitað að hafa manndóm í okkur til þess að skapa okkar hefð miðað við þessar breyttu forsendur. Ef ekki nú, þá veit ég ekki hvenær væri full ástæða til þess að leita meira eftir virkni fólks og virkri pólitískri umræðu. Það er mjög mikilvægt og ég er ekki í vafa um það að núna, þegar vaxandi tilhneigingar gætir til stjórnræðis bírókratanna, verður þessi hreyfing og

þetta beina lýðræði að beinast í rétta átt ef við eigum ekki að taka upp einræði skriffinna eða fara inn í heim sem við sjáum ekki fyrir endann á hvernig getur orðið. Ef við treystum því ekki að pólitísk umræða geti verið með eðlilegum hætti um svona afdrifamikil mál hvernig verðum við þá í öllum þeim málum sem við munum standa frammi fyrir á næstunni?

Mér finnst full ástæða til að vitna hér til þeirra umræðna sem urðu um aukið lýðræði, bæði vegna þáltill. kvennalistakvenna um þjóðaratkvæði haustið 1986 og einnig vegna hliðstæðrar tillögu um meiri möguleika fólks til þess að hafa bein áhrif á ákvarðanatöku innan sveitarstjórna eða í sveitarstjórnarmálum. Þessi umræða var að mörgu leyti forvitnileg, einkum sú sem laut að því stjórnstigi sem stendur fólki alla jafnan nær en það eru sveitarstjórnirnar. Það er þarft að líta á að í rauninni er enginn sem treystir sér til að mæla gegn því að það þurfi að gæta að lýðræðinu. Ég held að enginn vilji standa hér upp og segja: Við viljum ekki framgang lýðræðisins. Hins vegar má í gerðum sjá þá stefnu staðfesta. Ég ætla ekki að vitna að öðru leyti í þessar umræður en að endurtaka nokkuð góða tilvitnun í Rousseau þar sem hann sagði, er umræður um þjóðaratkvæðagreiðslu kom upp á tíma frönsku stjórnarbyltingarinnar. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Þau lög er fólkið hefur ekki staðfest persónulega eru ógild og geta ekki verið lög."

Þetta er auðvitað nokkuð sem erfitt væri í framkvæmd ef taka ætti sérhver lög fyrir. Það er ekki óframkvæmanlegt en það er erfitt. Það fer eftir því hvernig við settum okkur lög. En í veigamiklum málum held ég að þetta sé mjög þörf ábending sem við þurfum að taka fullt tillit til.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu enda er tíminn takmarkaður og lítið eftir af honum en mér finnst þó dálítið ófugsnúið að sjá það og heyra í þessari umræðu að hæstv. utanrrh., sem hefur ekki sýnt þessari umræðu þann sóma að fylgjast með henni — ég veit ekki einu sinni hvort hann er staddur hér í dag, hann hefur alla vega ekki troðið mér um tær — sagði um þjóðaratkvæði þann 20. ágúst sl. í framsögu sinni fyrir frv. um Evrópskt efnahagssvæði, með leyfi forseta:

„Þetta mál gefur hins vegar ekkert sérstakt tilefni til þess að umbylta okkar stjórnarháttum. Slíkt valdaafsal Alþingis væri að mínu mati alls ekki sjálfsagt og að mínu mati heldur ekki eðlilegt. Ég held að Alþingi hafi gengið allt of langt í að afsala sér völdum, oft og tíðum í þeirri von að komast sjálft frá ábyrgð í erfiðum málum. Ég tel að þessi þróun hafi átt þátt í minnkandi virðingu Alþingis á undanförnum árum."

Mér finnst þessi ummæli nokkuð hláleg á sama tíma og við erum að fjalla um mál sem gæti leitt til þess að Alþingi, sem og aðrar stofnanir íslensks lýðræðis, gæti verið að framselja töluvert veigamikið vald til Evrópubandalagsins og Evrópsks efnahagssvæðis.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Stundum gerist það því miður að stjórnmálamenn láta stjórnast af hugleysi. Það er frekar ömurlegt þegar það gerist og ekki traustvekjandi. Það er vissulega þekkt stjórnarfyrirkomulag að sá sem með völdin fer hefur verulegt svigrúm varðandi það hvenær hann efnir til kosninga. Þá reynir hann að standa þannig að málum að hafa ekki kosningar þegar hann telur að fylgi síns flokks standi illa.

Hér á landi hefur það aftur á móti gerst að utanrrn. íslenska hefur látið framkvæma mjög viðamikla könnun um afstöðu Íslendinga til þessa máls. Ég hygg að þetta sé viðamesta könnun sem nokkurn tíma hefur verið framkvæmd af ráðuneyti til að afla upplýsinga um skoðanir manna eftir fylgi, eftir aldri og kyni líka. Það kemur í ljós samkvæmt skoðanakönnuninni að Alþfl. hefur meirihlutafylgi sinna kjósenda fyrir því að ganga í EES. Enginn annar stjórnmálaflokkur hefur meirihlutafylgi sinna kjósenda til þess að gera þetta.

Þá gerist það, þegar fram kemur tillaga um að láta kjósa á Íslandi og fá úr því skorið hver afstaða Íslendinga er, þjóðin eigi að segja sitt álit, að þá rjúka sjálfstæðismenn upp hér í salnum og eru andvígir þjóðaratkvæðagreiðslu um málið, segja að þetta hafi legið fyrir í seinustu kosningum. Hv. 3. þm. Vestf. er svo seinheppinn í málinu að hann nær ekki vopnum sínum því hann hafði skrifað blaðagrein fyrir kosningarnar þar sem fram kom að hann var hlynntur tvíhliða samningum. Jafnframt hafði Sjálfstfl. sem heild lagt það til á Alþingi Íslendinga að fella ríkisstjórnina vegna þess að hún fór af stað með þennan samning.

Hv. 3. þm. Reykv. kvartar undan því að það sé ekki næg alvara í þessari ósk og hv. 3. þm. Vestf. sækir málið fyrst og fremst á þeirri forsendu. Ég vona að þessir menn séu ekki að biðja um vopnaða uppreisn á Íslandi. Ég vona að þeir séu ekki að fara fram á að þeir séu grýttir á götum úti til þess að þeim sé alvaran ljós. Hvers lags storkandi ummæli eru þetta viðhöfð hér í þingsalnum? Eru þeir að fara fram á að það séu lagðar á þá hendur eða hvað? Ég kann ekki við svona aðdróttanir og mér finnst að menn þurfi að finna orðum sínum stað ef þeir ætla að halda slíku fram.

Hv. 3. þm. Reykv. er ungur maður að aldri í stjórnmálum. Hann er kappsfullur og það er út af fyrir sig vel að menn séu kappsfullir. En í þessu máli sækir hann hratt fram. Ef það er skoðað með stöðu flokksins, þá eru upplýsingar utanrrn. einu persónunjósnirnar sem farið hafa fram um málið, 41,6% sjálfstæðismanna eru fylgjandi, 6,7% eru hlutlausir, 19,7% eru andvígir, 31,9% vita ekki hvar þeir standa. Ekki hafa nú þessir sem eru hlutlausir eða vita ekki greitt atkvæði um þetta í seinustu kosningum, það fær illa staðist. Það er nánast vonlaust að ganga út frá því. Þá kemur þessi staðreynd, 41,6% fylgjandi og þó við leggjum þessa hlutlausu við, 6,7%, þá nær það ekki 50%. 19,7% eru á móti. Það sækir mjög á mann sú hugsun að þeir sem gefa sig ekki upp séu að hlífa flokknum sínum í stöðunni. Þeir meti það svo að honum sé það mjög óþægilegt að sagt sé frá því hver þeirra afstaða sé. Varla getur það verið hugsunin á bak við það hjá hv. 3. þm. Reykv. að það eigi ekki að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu, að hann vilji að 19,7% af sjálfstæðismönnum segi skilið við flokkinn í næstu kosningum. Er það virkilega svo? Er komið fyrir for-

ustumönnum í Sjálfstfl. á sama veg og hjá Erlingi af Sóla sem hafði ógrynni liðs og hugðist taka Noregskonung af lífi en sigldi svo greitt sínu skipi að hann var einskipa og varð þess vegna einfaldlega veginn. Ég trúi því ekki að þeir haldi að það sé einhver lausn í þessu máli að fresta því og vonast til að þeim verði fyrirgefið ef þeir keyra þetta áfram núna. Þess er engin von að þau 19,7% sem hafa tekið afstöðu muni fyrirgefa þetta. En þá liggur það þó að minnsta kosti fyrir hvað varðar hv. 3. þm. Vestf. að hann situr með svikum á Alþingi Íslendinga í þessum málum. Hann hefur blekkt sína kjósendur heima á Vestfjörðum, hann hefur logið að þeim fyrir kosningar og núna þorir hann ekki að mæta þeim. Slíkur er kjarkurinn. Það er ekki stórmannlegt að standa þannig að málum.

Hv. 3. þm. Reykv. virðist trúa því að flokkurinn komist upp með að hunsa 20% af sínum kjósendum í þessu máli og að áróðurinn eigi að duga, krataáróðurinn frá Evrópu eigi að duga. Það séu jafnaðarmennirnir í Evrópu með sinn franska sérfræðing í fararbroddi sem eigi að heilaþvo þjóðina. Ég segi eins og er, það verður ekki liðið að þessi ríkisstjórn komist hjá því að þetta mál fari fyrir þjóðaratkvæði.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi. Forseti. Þetta er í fyrsta skipti sem ég hef haft tækifæri til þess að svara þeim makalausa málflutningi sem bæði hv. 2. þm. Vestf. og eins hv. 8. þm. Reykn. hafa haft uppi varðandi örstutt blaðaviðtal, vel að merkja blaðaviðtal, sem var haft við mig í Morgunblaðinu 16. apríl 1991. Í því viðtali var ég að svara spurningu blaðamanns um afstöðu mína til tvíhliða viðræðna og við þau orð stend ég vitaskuld. Það sem þar kemur auðvitað fram er ekki annað en það að ég var að lýsa sjálfan mig, sem var þá frambjóðandi Sjálfstfl. á Vestfjörðum, sammála þeirri skoðun og þeim sjónarmiðum sem Sjálfstfl. hafði sett fram, bæði hér á Alþingi og með landsfundarályktunum o.fl. um það að við vildum, vegna þess að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði hafði þá ekki verið leiddur fullkomlega til lykta, leggja áherslu á tvíhliða viðræður. En — og það hef ég margoft sagt og sagði a.m.k. í kosningabaráttunni — þá var auðvitað aldrei neinn efi í huga nokkurs manns að það væri sjónarmið Sjálfstfl. að það væri Íslendingum mjög mikilvægt og nauðsynlegt að tengjast efnahagssamvinnu ríkja Evrópu á grundvelli hins Evrópska efnahagssvæðis eins og sá samningur hefur litið dagsins ljós. Ég held því að þessi útúrsnúningur á umræðu um annars mjög merkilegt mál, sem er hugmyndin um þjóðaratkvæði um þennan stóra samning, sé hvorki til þess fallin að lýsa umræðuna né varpa neinu ljósi á þessa umræðu um þjóðaratkvæði.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki veit ég hvort stjórnmálafræðingum er kennt að þeir eigi stöðugt að reyna að ljúga sig frá vitleysunni en aldrei að játa að þeim hafi orðið á mistök. Ég veit ekki hvort það er kennt. En hv. 3. þm. Vestf. veit það mætavel að því var teflt fram sem hreinum andstæðum annars vegar hvort menn styddu tvíhliða samning eða hvort menn styddu EES. Hér lætur hann eins og hann hafi í kosningabaráttunni stutt hvort tveggja. Það er lygi að svo hafi verið. Þessi grein tekur af öll tvímæli um það. Hann segist hafa stutt stefnu Sjálfstfl., eins og hún var þá, þ.e. að hefja tvíhliða viðræður við EB um lækkun tolla. Hann væri maður að meiri ef hann segði hér: Já, ég tel að það hafi verið rétt. Mér hefur snúist hugur. Hann hefur ekki þrek til að segja það heldur heldur hann því blákalt fram að hann hafi í reynd stutt hvort tveggja á þessum tíma. Þetta er málflutningur sem ég kann ekki að meta og ég ætla að segja Einari Kristni Guðfinnssyni það að þetta er málflutningur sem Vestfirðingar kunna heldur ekki að meta.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er farinn að þekkja hv. 2. þm. Vestf. og veit að það er hans háttur þegar hann er kominn út í horn og á erfitt með að svara að þá brýnir hann raustina eins og hann ímyndi sér að með því að kalla nógu hátt geti hann látið fenna yfir erfiðleika sína við það að finna orðum sínum stað.

Sannleikurinn er sá og það hefur margoft komið fram og er ekki neitt prívatsjónarmið mitt, það er það sjónarmið sem m.a. kom fram í máli hæstv. sjútvrh., Þorsteins Pálssonar, þáv. formanns Sjálfstfl., að við lögðum áherslu á tvennt í senn. Við lögðum áherslu á það að vinna að tvíhliða samningum við Evrópubandalagið um lækkun tolla. En jafnframt var því ævinlega lýst yfir, og ég veit að hv. 2. þm. Vestf. veit þetta mætavel, að það væri okkar sjónarmið að Íslendingum væri mjög mikilvægt að tengjast þessari efnahagssamvinnu nýrrar Evrópu sem nú hefur litið dagsins ljós í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Um þetta þarf ekkert frekar að deila. Það er augljóst mál sem allir vita sem þekkja þessa sögu.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það ku vera nauðsyn að tala á lægri nótunum til að fipa ekki hugsun hv. 3. þm. Vestv. Það verður nú reynt. Hv. 3. þm. Vestf. hlýtur að minnast þess að borið var upp vantraust á seinustu ríkisstjórn vegna þess að hún fór út í þessa samninga. Hv. 3. þm. Vestf. hlýtur að minnast þess hvernig hv. 1. þm. Suðurl. greiddi atkvæði þá. Hv. 3. þm. Vestf. hlýtur að gera sér grein fyrir því að þessu hefur ávallt verið stillt upp sem andstæðum, þ.e. menn hafa haft misjafnar skoðanir á því hversu langt bæri að ganga. Ég harma það ef svo er komið fyrir ungum mönnum að þeir telji sínum málflutningi betur komið með því að ætla að verja lygina í þeirri trú að menn átti sig ekki á því hvað er sannleikur en segja svo hér rauðir í framan: Sannleikurinn er sá.

Það er ömurlegt að hlusta á þetta. Ég treysti því að hv. 3. þm. Vestf. eignist einhvern tímann það þrek að hann verði maður til þess að viðurkenna það að stundum skiptir hann um skoðun, það er mannlegt, en telji ekki að hann sé betur kominn með því að halda því

fram að hann hafi ekki skipt um skoðun þótt öllum sé ljóst að hann hefur hringsnúist í málinu.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessar umræður eru orðnar æði frjálslegar getur maður sagt og kannski um of. Mig langar til þess að reyna að greiða svolítið fram úr því sem menn eru að reyna að segja og það varðar sérstaklega þá stefnu Sjálfstfl. Hér hef ég margsinnis bent á þessa merkilegu bók sem allir þingmenn hafa fengið og vonandi lesið, Ísland og Evrópa, sem Alþingi gaf út. Þar segir, sem aðalliður í sameiginlegum ályktunum allra stjórnmálaflokkanna:

„Enginn íslensku stjórnmálaflokkanna hefur á stefnuskrá sinni aðild að Evrópubandalaginu. Sumir flokkanna orða það svo í stefnuyfirlýsingum sínum og samþykktum að umsókn um aðild sé ekki á dagskrá. Aðrir kveða svo að orði að aðild komi ekki til greina."

Vegna ummæla hv. 3. þm. Vestf. Einars Guðfinnsonar get ég vottað það að hann hefur nákvæmlega fylgt stefnu Sjálfstfl. í öllu því sem ég veit að frá honum hefur farið í þessum málum sem hér eru til umræðu.

Það stendur líka í 2. tölul. þessarar ályktunar þar sem vikið er að í sérálitum í starfi þessarar nefndar:

„Ekki er samstaða um það í nefndinni að taka eigi þátt í samningum um myndun sameiginlegs evrópsks efnahagssvæðis EFTA og EB á þeim grundvelli sem fyrir liggur ..."

Við erum að ræða allt annað Evrópskt efnahagssvæði en þá lá fyrir. Þetta er dagsett af mér 7. des. 1990 sem formanni svokallaðrar Evrópustefnunefndar. Ég veit ekki til annars en við hv. þm. Einar Guðfinnsson séum nákvæmlega sammála og Sjálfstfl. allur um þetta. Engar samþykktir eru til frá Sjálfstfl. sem eiga að brjóta þetta bann.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Þótt umræðan hafi farið út um víðan völl megum við ekki gleyma því hver er kjarni þessarar umræðu. Það er hvort íslensku þjóðinni gefist kostur á að segja álit sitt á þeim mjög svo mikilvæga samningi sem nú er til umfjöllunar hér á Alþingi og ætlunin er að afgreiða fyrir áramót.

Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði sé eitt mikilvægasta mál sem Alþingi hefur fengist við á lýðveldistímanum og hafa þau þó mörg verið stór og alvarleg. Því var haldið fram fyrr í dag að í rauninni væri þjóðin búin að segja álit sitt á þessu máli, þetta hafi verið til umræðu í síðustu kosningum og fólki hafi þar með gefist kostur á að segja hug sinn með því að greiða ákveðnum flokkum atkvæði. Þessari skoðun er ég gjörsamlega ósammála. Ég kannast ekki við það að EES-málið hafi verið meginmál síðustu kosninga. Það var reyndar mikið rætt um það hvort ýmsir stefndu beint að aðild að EB en samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði var alls ekki á því stigi að ljóst væri hvert stefnt yrði með honum. Samningurinn er ekki einu sinni tilbúinn enn þá. Sjávarútvegssamningurinn liggur ekki fyrir. Enn höfum við því ekki fengið þá heildarmynd af þessu máli sem við þurfum á að halda. Þar af leiðandi er það alrangt að þjóðin hafi fengið tækifæri til að segja álit sitt á samningnum. Ég er gjörsamlega ósammála þeirri skoðun. Ég dreg því þá ályktun að sú ríkisstjórn sem nú situr hafi ekkert umboð frá þjóðinni til þess að ganga frá þessum samningi og það er einungis lýðræðislegt að þetta stóra og mikilvæga mál verði borið undir þjóðina. Það hlýtur að vera eðlileg krafa að það verði gert.

Í 1. umr. um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði kom utanrrh. nokkuð inn á spurninguna um þjóðaratkvæði og vitnaði þá til skrifa Bjarna heitins Benediktssonar sem var þeirrar skoðunar að þjóðaratkvæðagreiðslum hætti við að horfa mjög í íhaldsátt og þar af leiðandi væri það nokkuð sem ekki bæri að iðka hér á landi. Ég tel að þessi skoðun fyrrv. forsrh. hafi lítt sýnt sig hér á landi enda dæmi um þjóðaratkvæðagreiðslu afar fá. Það hversu fáar þjóðaratkvæðagreiðslur hafa verið hér sýnir kannski miklu frekar slaka og ólýðræðislega stjórnarhætti en hitt að af þeim stafi einhver hætta eða þeim eigi ekki að beita. Það er lýðræðislegt að bera stórmál undir þjóðina og þeim ætti að fjölga hér á landi fremur en að beita þeim rökum sem fram hafa komið í þessari umræðu, þ.e. að segja þjóðina illa upplýsta og ekki um það færa að taka afstöðu í þessu máli. Alþingi fær umboð sitt frá þjóðinni og menn mega ekki líta svo á að á milli kosninga hafi Alþingi umboð til þess að gera nánast hvað sem er.

Það er ljóst að verði þessi tillaga samþykkt, sem ég vona að verði, þá þarf að fara fram mikil kynning á þessu máli og mikil umræða. Það er auðvitað ábyrgðarhluti ef raunin er sú, sem skoðanakönnun utanrn. leiddi í ljós, að þekking almennings á þessu máli sé jafnlítil og raun ber vitni. Ég hef reyndar minnst á það áður úr þessum ræðustóli að ég tel í rauninni enga furðu á því að fólk skuli ekki hamast við að kynna sér þetta mál því flestir þykjast vita að þeim verði ekki gefinn kostur á að greiða atkvæði um það þrátt fyrir mikinn vilja til þess eins og fram hefur komið í öðrum könnunum.

Virðulegi forseti. Ég legg enn og aftur áherslu á það að í mínum huga snýst þessi spurning um það að þjóðin fái að segja álit sitt. Hún snýst um lýðræði og um það að Alþingi fái umboð frá þjóðinni til þess að samþykkja eða hafna þessum samningi um hið Evrópska efnhagssvæði. Þó menn vísi til þess að það séu ekki miklar hefðir hér á landi fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu má breyta því. Það á að sýna íslenskum almenningi þá virðingu að gefa honum kost á að láta vilja sinn í ljós með atkvæðagreiðslu.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Tillaga um að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um EES-samninginn nýtur mjög víðtæks stuðnings í okkar þjóðfélagi. Það hefur komið fram fyrr að öll stærstu stéttasamtökin í landinu, Al-

þýðusamband Íslands, BSRB og Stéttarsamband bænda, hafa öll ályktað um það ... (Gripið fram í.) það er ekki alveg rétt, hv. þm., vegna þess að þetta var m.a. ályktað, ef ég man rétt, á þingi Stéttarsambands bænda og ég held einnig á þingi eða stórri fulltrúasamkomu BSRB. Það er athyglisvert að umhvrh. og einhver þingmaður Sjálfstfl. eru að grípa fram í um að það séu bara stjórnirnar sem hafi ályktað um það. Það verður alþýðusambandsþing í haust, við skulum sjá hvort þar verður ekki samþykkt að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um EES-samninginn. Vonandi taka þeir ráðherrar og þingmenn, sem eru að kalla fram í að það séu bara stjórnirnar sem hafa samþykkt það, mark á því ef alþýðusambandsþingið sjálft samþykkir það.

Það er auðvitað mjög merkilegt að þessir menn, sem vilja stundum kenna sig við lýðræðið, eru mjög hræddir við að hinn lýðræðislegi vilji fái að koma fram í þessu máli. Ég vil einnig benda þeim á það að Neytendasamtökin hafa ályktað um það að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um EES-samninginn þótt Neytendasamtökin almennt séu fylgjandi samningnum. Það er því ekkert samhengi í því hvort menn eru efnislega með eða á móti samningnum hver afstaða þeirra er til þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

Það er einnig ljóst af könnunum sem gerðar hafa verið, m.a. könnun utanrrn. sjálfs, að afstaðan til samningsins gengur þvert á alla flokka. Af því að hv. þm. Björn Bjarnason og aðrir þingmenn Sjálfstfl., sem talað hafa hér, hafa viljað gera mikið úr því að kjósendur hafi verið að lýsa afstöðu sinni í síðustu alþingiskosningum, þá er það auðvitað athyglisvert að í könnun utanrrn., sem framkvæmd var í byrjun júlí, kemur fram að minni hluti kjósenda Sjálfstfl. styður EES-samninginn. 42% af kjósendum Sjálfstfl. segjast styðja EES-samninginn. Það eru aðeins kjósendur eins flokks, Alþfl., þar sem rétt merst meiri hluti kjósenda flokksins fyrir samningnum, eða rúm 52% kjósenda Alþfl. Kjósendur allra annarra flokka eru þannig gerðir að minni hluti þeirra hefur tekið afstöðu með samningnum. Þá er það auðvitað mjög sérkennilegt ef þingmenn viðkomandi flokka ætla, þrátt fyrir þessi eindregnu tilmæli og þennan vilja kjósenda, að standa gegn því að þjóðin fái að segja álit sitt á þessum samningi.

Ég hef lýst því fyrr í umræðum og vil endurtaka það hér að ég held að það sé skynsamlegt fyrir ríkisstjórnina að samþykkja tillöguna um þjóðaratkvæði því slík samþykkt mundi greiða mjög fyrir allri meðferð málsins, bæði hér á þingi og í þjóðfélaginu. Ég held að það muni reynast stjórninni mjög erfitt að vinna allt málið og ná því fram í heild sinni með öllum fylgifrumvörpum ef svo ríkur vafi leikur á um hið lýðræðislega umboð ríkisstjórnarinnar sem raun ber vitni til þess að samþykkja samninginn. Þess vegna vil ég nefna það hér við fyrri umræðu um þessa tillögu að ráðherrarnir, forustumenn stjórnarflokkanna og þingmenn stjórnarflokkanna, hugleiði hvort það kunni ekki að vera skynsamlegasta leiðin í allri meðferð málsins að láta þjóðina greiða atkvæði.

Ég nefndi það fyrr í dag að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hefði 16. apríl, rétt fyrir alþingiskosningar, lýsti því yfir á þeirri síðu Morgunblaðsins sem merkt var sérstaklega kosningunum að Íslendingar ættu að hefja tvíhliða viðræður við EB um lækkun tolla. Síðan er þessum viðhorfum lýst.

Það er auðvitað alveg ljóst að þessi þingmaður Sjálfstfl., Einar K. Guðfinnsson, hann gaf enga yfirlýsingu um það á opinberum vettvangi fyrir kosningarnar að hann styddi EES-samninginn. Það lá líka ljóst fyrir að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson gaf enga slíka yfirlýsingu og það liggur líka ljóst fyrir að Guðmundur H. Garðarsson, sá varaþingmaður Sjálfstfl., sem hefur svo hættulegar skoðanir að það hefur vakið athygli að ráðherrar og forustusveit Sjálfstfl. hleypir honum ekki inn á Alþingi þótt hann sé annar varaþingmaður flokksins. Það hefur vakið mikla athygli, á síðasta þingi og í haust, að þrátt fyrir miklar fjarvistir þingmanna og forustumanna Sjálfstfl. sem kjörnir eru í Reykjavík er þess vandlega gætt að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson komi ekki inn á þingið. (**ÓÞÞ:** Það er mjög skiljanleg afstaða.) Það er auðvitað vegna þess að hann hefur m.a. í þessu máli lýst yfir eindreginni gagnrýni á þennan EES-samning, m.a. út frá hagsmunum sjávarútvegsins.

Þess vegna er það auðvitað fullkomlega út í hött og styðst ekki við nein rök hjá hv. þm. Birni Bjarnasyni að halda því fram að þeir sem kusu hv. þingmann Einar K. Guðfinnsson á þing, þeir sem kusu Matthías Bjarnason á þing og þeir sem kusu hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson á þing hafi verið að greiða atkvæði með EES-samningnum.

Það hefur einnig gertst hér í umræðunum að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, sem því miður er ekki í salnum, hefur kosið að lesa aðeins lítinn hluta málsgreinar úr bréfi sem ég sendi Sjómannafélagi Reykjavíkur sem fjármálaráðherra 9. apríl. Það sýnir auðvitað best hve veikan málstað Sjálfstfl. hefur í þessu máli að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson skuli grípa til þessa bragðs að lesa aðeins fyrri hluta þessarar málsgreinar. Ég tel hins vegar rétt, fyrst hann dró þetta inn í umræðurnar, að draga það alveg skýrt fram hvað segir í þessari málsgrein, með leyfi hæstv. forseta:

„Að lokum þykir ráðuneytinu rétt að benda á að í kjölfar fyrirhugaðs samnings um Evrópskt efnahagssvæði, svo og aðlögunar að þeim skattkerfisbreytingum sem verða í Evrópubandalaginu á næstu árum, má gera ráð fyrir verulegum breytingum á heimildum manna, bæði ferðmanna og farmanna, til að flytja tollfrjálsar vörur til landsins."

Hér kemur auðvitað alveg skýrt fram að vegna langvarandi samninga Íslands og Evrópubandalagsins um tollfrjálsar vörur og þess sem fyrirhugað er í samningi um Evrópskt efnahagssvæði sé, hvort heldur samningurinn verður gerður eða ekki, útilokað að Sjómannafélag Reykjavíkur geti náð fram sinni kröfu. Að lesa aðeins fyrstu tvær línurnar úr þessu bréfi og nota það til þeirra útúrsnúninga sem gert var í umræðunni undir dagskrárliðnum andsvar við ræðu sem ég flutti ekki, er auðvitað merkilegt dæmi um það til hve ómerkilegra bragða þingmenn Sjálfstfl. telja nauðsyn-

legt að grípa til í umræðunni um þjóðaratkvæði um EES-samning.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 8. þm. Reykn. vísaði til skoðanakannana í máli sínu, kannana sem voru gerðar fyrir nokkrum vikum. Mig langaði af því tilefni til að spyrja hann að því hvort hann telji að það sé hin eindregna afstaða sem Alþb. hefur mótað gegn EES sem hefur leitt til þess að fylgi Alþb. hefur snarminnkað samkvæmt skoðanakönnunum eða hvort það sé sú staðreynd að menn eru að átta sig á hinu raunverulega eðli flokks hans.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er enn eitt dæmi um það hvað Sjálfstfl. telur sig vera illa staddan í þessari umræðu að þurfa að tína til þetta atriði og alveg greinilegt að hv. þm. Björn Bjarnason treystir sér alls ekki til að halda áfram málefnalegri umræðu um þau rök sem hann flutti sjálfur fram í umræðu. Hann er bara búinn að gefast upp í því og er svo kominn hér með alls konar „spíssfyndugheit". Ég get hins vegar alveg svarað þessari spurningu þingmannsins þó að hún hafi ekkert með það mál sem hér er á dagskrá að gera.

Nei, ég er ekki þeirrar skoðunar að afstaða Alþb. í EES-málinu hafi haft áhrif á þessa skoðanakönnun. Ég er alveg tilbúinn að ræða þessa skoðanakönnun, ef þingmaðurinn vill, undir sérstökum dagskrárlið, skoðanir mínar á henni og ýmislegt annað en mér finnst alveg sjálfsagt að virða þingmanninn svars fyrst hann telur það við hæfi að draga þetta inn í umræðuna.

Um hið rétta eðli skal ég nú ekkert um segja. Hv. þm. er nú greinilega enn þá staddur á kaldastríðssíðunum í Morgunblaðinu. Það er mikil ógæfa fyrir hv. þm. að kalda stríðinu er lokið þegar hann sest á Alþingi. Hann á mjög erfitt með að fóta sig hér vegna þess og það er mjög vont að Bandaríkin eru að flytja herstöðvar sínar heim, m.a. farin með herstöðvarnar á Filippseyjum en þingmaðurinn hefur tekið sæti í nefnd um það að ræða við Bandaríkin hvernig herstöðvarnar geta verið hér áfram. Ég mun því umbera það með sálarró og kristilegu drenglyndi og skilningi að hv. þm. Björn Bjarnason munu þurfa nokkur ár til að átta sig á því að kalda stríðinu er lokið.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrr í dag fóru fram dálítið skemmtilegar umræður um stjórnmálafræði og aðferðafræði þar að lútandi og ég hygg að hv. 8. þm. Reykn. hefði ekki gefið ýkjamikið fyrir þá aðferðafræði sem hann beitti sjálfur þegar hann dró þá ályktun af örstuttu blaðaviðtali við mig sem þar sem ég var spurður að því hver væri afstaða mín til þeirrar hugmyndar, sem Sjálfstfl. hafði sett fram, um það að hefja tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið um lækkun tolla. Svar mitt við því kom fram í þessu örstutta blaðaviðtali. Hins vegar gefur það hv. þm. hvorki leyfi né tilefni til þess að draga þá ályktun að mín sjónarmið um hið Evrópska efnahagssvæði hafi ekki komið fram með einhverjum hætti. Það var auðvitað mitt sjónarmið eins og sjónarmið Sjálfstfl. að samhliða þessu, og ég rakti það í umræðum fyrr í dag, sem hv. þm. hygg ég náði ekki að hlýða á, væri Íslendingum mjög mikilvægt og nauðsynlegt að tengjast samningaferlinu sem nú hefur leitt til hins Evrópska efnahagssvæðis. Það er auðvitað kjarni þessa máls. En hinu vil ég síðan vekja athygli á að við erum að ræða um þáltill. um þjóðaratkvæði varðandi EES.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek alveg undir það með þingmanninum að við erum að ræða hér þjóðaratkvæðagreiðslu um EES. En hins vegar er það alveg óhjákvæmilegt þegar Sjálfstfl. telur nauðsynlegt að draga inn í þessa umræðu alls konar önnur atriði að víkja að þeim.

Þingmaðurinn vísaði í viðtal við sig. Ég skal lesa obbann úr því hér upp og vek athygli manna á því að það birtist 16. apríl í fyrra, á þeim tíma sem hv. þm. Björn Bjarnason hefur haldið fram að EES-samningum hafi að mestu leyti verið lokið. Hv. þm. Björn Bjarnason formaður utanrmn. er búin að segja hvað eftir annað hér í haust að á þessum tíma hafi EES-samningnum nánast verið lokið. Hvað er það þá sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson er að leggja til? Hann er ekki að leggja til að EES-samningnir verði staðfestir, nei, þvert á móti. Hann er að leggja til að það verði hafnar allt aðrar samningaviðræður við Evrópubandalagið. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Íslendingar eiga að hefja tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið um lækkun tolla á fiskafurðum enda höfum við öll tromp á hendi til að ná hagkvæmum samningum." Síðan segir: „Mín stefna í þessu máli er alveg klár og skýr. Sjálfstfl. mótaði á sínum tíma þá afstöðu að leita eftir tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið um lækkun á tollum á fiskafurðum." Og síðan áfram: „Hér á Vestfjörðum hafa menn séð í gegnum þennan tilbúning og hræðsluáróður og málflutningur okkar sjálfstæðismanna hefur hitt í mark." Þessi málflutningur á Vestfjörðum um tvíhliða samning hefur hitt í mark að dómi frambjóðandans. Og svo segir hann áfram: „Við göngum því óhræddir og uppréttir til þessara viðræðna en hörmum um leið að ríkisstjórnin skuli hafa kosið að ganga til EB-viðræðna án þess að leita umboðs Alþingis."

Með öðrum orðum, þingmaðurinn harmar það að ríkisstjórnin skyldi fara í EES-samningana, hann harmar það, en segir að þingmenn Sjálfstfl. á Vestfjörðum muni uppréttir krefjast tvíhliða samnings. Þetta getur auðvitað ekki verið skýrara.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég staðfesti það að hv. þm. las rétt upp kann kafla viðtalsins sem hann kaus auðvitað að hafa með. Aðalatriðið er þetta og ekkert af því sem hann hefur sagt hefur breytt því að þó að ég hafi svarað spurningu blaðamanns Morgunblaðsins, sem var að inna mig eftir afstöðu minni til hugmyndarinnar um tvíhliða samning, hefur hann auðvitað ekki getað sýnt

fram á, frekar en von var á, að ég hafi verið andvígur hugmyndinni eða samningaviðræðunum um hið Evrópska efnahagssvæði því að það var ég ekki og ég var þeim fyllilega fylgjandi sem ég er enn í dag.

Varðandi hitt sem hann las líka upp úr þessu viðtali þar sem ég harma að ríkisstjórnin skuli hafa kosið að ganga til EB-viðræðna án þess að leita umboðs Alþingis þá er hv. þm. auðvitað kunnugt um það þó að hann hafi ekki verið þingmaður á þeim tíma, verið varaþingmaður eins og ég, þá veit hann það auðvitað fyllilega að á þeim tíma fóru fram mjög harðar umræður um einmitt þennan þátt málsins og á þeim tíma gagnrýndi Sjálfstfl. þetta mál mjög harkalega og þessi kafli blaðaviðtalsins er endurómur á því.

Ég ítreka það síðan að það var og er sjónarmið Sjálfstfl. að standa að samningunum um hið Evrópska efnahagssvæði og Sjálfstfl. stóð að því eins og margoft hefur komið fram á ýmsum vettvangi.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hefur það komið fram að ýmsar skýringar eru uppi á því hvers vegna Alþb. hafi ekki komið betur út úr skoðanakönnunum. Menn tala eins og það séu bara tveir valkostir, annars vegar að þeirra rétta eðli hafi komið í ljós og hins vegar að það sé afstaðan til þessa máls. Ég minnist þess að formaður Alþb. gerði sér sérstaka ferð til Bandaríkjanna á fund demókrata og það er mikil spurning hvort það hafi haft áhrif á afstöðu manna, hvort menn telja að hann sé kominn of langt yfir á þann kantinn. Ég vil að þetta komi fram.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill vekja athygli þingmanna á því að þeir geta einungis veitt andsvar við ræðu þingmanna en ekki við andsvari eins og mér heyrðist þingmaðurinn vera að gera í þessu tilviki. Ég vil vekja sérstaka athygli á þessu. Það kemur fram í 56. gr. þingskapa að andsvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki öðru andsvari.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er á ýmsan hátt fróðlegt að velta fyrir sér svona skoðanakönnunum. Mér finnst það oft skemmtilegt og fróðlegt. Það er líka fróðlegt fyrir þingmenn Sjálfstfl. að velta því fyrir sér hvers vegna minni hluti kjósenda flokksins styður EES-samninginn. Það er mjög fróðlegt fyrir þingmenn Sjálfstfl. að velta því fyrir sér.

En ég get svarað hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni því að ég er ekki heldur sammála þessari tilgátu hans um að för mín á flokksþing demókrataflokksins í Bandaríkjunum sé veigamesti skýringarþátturinn á breyttu hlutfalli Alþb. í fylgi. Ég var nú ekki einn á þessu flokksþingi. Hæstv. utanrrh. var þar líka, að vísu fór hann nú á brott af flokksþinginu áður en því lauk (**Gripið fram í:** Það fór illa fyrir hans flokki.) og má vera að það sé eitthvað samhengi þar í. Hins vegar var þetta mjög fróðlegt flokksþing og auðvitað mjög gagnlegt fyrir hæstv. utanrrh. og hv. þm. Sjálfstfl. að fylgjast með þeirri gagnrýni sem er á efnahagsstefnu Bush og Reagans í Bandaríkjunum og velta því fyrir sér hvers vegna Bush, sem líka lofaði að hækka ekki skatta, er nú orðinn svo hræddur að hann þorir ekki í umræður við Clinton um efnahagsmálin. Og það mætti nú kannski vera víti til varnaðar fyrir Sjálfstfl. á Íslandi að vera ekki að elta úreltar kenningar Reagans, Thatcher og Bush og vera ekki að pína íslenskt efnahagskerfi inn í spennitreyju þeirra kenninga. Þeir ættu svona að hugleiða fréttirnar frá Bretlandi síðasta sólarhring hvernig komið er fyrir Major þrátt fyrir að hann hlustaði ekki á varnaðarorð Thatcher varðandi Evrópska myntbandalagið. Hann hefði betur mátt hlusta það á þau.

Það má auðvitað draga ýmsa lærdóma af þessu flokksþingi demókrata, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, sem ég mun tileinka mér og aðrir vonandi á næstunni þó að ég telji að það sé ekki skýringarþáttur í því tilviki sem hv. þm. spurði um.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Þannig er hagað dagskrárgerð að þar koma aðeins fyrir þau mál sem ætlunin er að taka fyrir hverju sinni og almennum þingmönnum ekki kunnugt um hvort miklu fleiri mál séu kannski í farvatninu, óskráð á þá dagskrá sem við fáum í hendur. Mér brá satt að segja þegar allt í einu var svo komið að umræðan snerist um eðli Alþb. að ég hélt að ég hefði eitthvað gleymt mér í stólnum og ekki fylgst með, að skipt hefði verið algerlega um umræðuefni. Ég áttaði mig ekki á því undir hvaða lið ég gæti talað um það mál fyrst það var komið til umræðu hér í salnum en hafði verulegan áhuga á því að ræða það, sérstaklega í ljósi þess hvernig fór fyrir hæstv. utanrrh. og hans flokki eftir flokksþingið og hvort þarna væri um það að ræða að eins hefði farið fyrir Alþb. af þessum ástæðum. En ég bið forseta að sjálfsögðu velvirðingar á því hafi mér orðið á mistök í mínum málflutningi og ég talað undir röngum formerkjum.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vildi einungis benda hv. þm. á að undir andsvari er ekki hægt að ræða annað en ræðu þess sem á undan hafði talað en tekur auðvitað til greina afsökunarbeiðni þingmannsins.

Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Umræður um þessa þáltill. hafa að mörgu leyti verið mjög fróðlegar og má svo sem draga af þeim ýmsan lærdóm eins og t.d. þann að það sé flokksformönnum hollast að vera heima og gæta hjarðar sinnar en vera ekki á flandri út um lönd og stíga í vænginn við erlenda flokka ef þeir vilja halda fylgi hjá þjóðinni.

Þjóðaratkvæði hefur líka borið nokkuð á góma og verið rætt eins og vera ber og hafa ýmsir velt því fyrir sér hvort og þá hvenær krafa um þjóðaratkvæði sé réttlætanleg og hafa ýmsar kenningar verið uppi um það.

Við vitum að þjóðaratkvæðis er ekki síst krafist þegar menn óttast að þingheimur endurspegli ekki vilja

þjóðarinnar og það er kannski eitt af því sem vakir fyrir flm. þessarar þáltill. að þeir óttast að hugsanlega endurspegli hinn tæpi meiri hluti þingsins, ef hann er þá fyrir hendi, ekki þann vilja sem er meðal þjóðarinnar um framtíð hennar.

Þá er það líka stundum gert að biðja um þjóðaratkvæði eða ákveða að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu þegar stjórnvöld vilja fá staðfestingu á því að þau hafi stigið rétt skref, að þau hafi tekið rétta ákvörðun. Stundum er slík þjóðaratkvæðagreiðsla táknræn og í því sambandi er skemmst að minnast þjóðaratkvæðagreiðslunnar hér á landi um sambandslagasamninginn og um lýðveldisstofnunina sem hér var líka nokkuð komið inn á.

Mitterand Frakklandsforseti ætlaði að efna til slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu, þ.e. fá staðfestingu á því að hann og hans stjórn væri að stíga rétt skref með Maastricht-samkomulaginu. Hann ætlaði að mynda alþýðlegt og þjóðlegt mótvægi við Danina með því að fá Maastricht-samkomulagið samþykkt með talsverðum meiri hluta í Frakklandi. Það hefur auðvitað sýnt sig að hann misreiknaði sig talsvert í því máli og það er allt eins miklar líkur á því að Maastricht-samkomulagið falli í atkvæðagreiðslu, þ.e. að því verði hafnað.

Þá er líka alkunna að gjarnan kemur upp krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu þegar um mjög afdrifaríkt mál er að ræða sem mjög skiptar skoðanir eru um meðal þjóðarinnar og á það ekki síst við þegar um er að ræða að mynda einhvers konar tengsl við önnur ríki. Andstæðingum slíkra ákvarðana finnst þeir illa sviknir ef þjóðin fær ekki að fella sinn dóm yfir slíkum ákvörðunum og skemmst er að minnast varnarsamningsins en stór hluti þessarar þjóðar telur og hefur talið um áratuga skeið að sér hafi í rauninni verið meinað að gefa álit sitt á þeim samningi og ég held að það, að samningurinn fór aldrei í þjóðaratkvæði, hafi dýpkað þá gjá sem hefur verið hér um áratuga skeið milli stuðningsmanna samningsins og andstæðinga og það er ástæðulaust að fylgja því fordæmi.

Það sjónarmið að hafa þjóðaratkvæði um afdrifarík mál sem mjög skiptar skoðanir eru um, tel ég mjög mikilvægt að hafa í huga einmitt núna vegna þess að flokkakerfið, ekki bara íslenska flokkakerfið heldur flokkakerfi víða um lönd endurspeglar orðið mjög illa vilja þjóðanna. Við sjáum það í íslenska flokkakerfinu að það eru nánast uppi tvær skoðanir um hvert einasta mál hvort sem það er landbúnaðarmál, sjávarútvegsmál, samningur um Evrópskt efnahagssvæði eða hvað annað.

Það var vitnað í grein eða viðtal við hv. 3. þm. Vestf., Einar K. Guðfinnsson, þar sem hann sagðist harma að ríkisstjórnin fyrrv. skyldi hafa gengið til viðræðna um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði án þess að fá fyrst umboð hjá Alþingi. Ég get alveg samþykkt það og tel að ríkisstjórnin hefði átt að fá umboð hjá Alþingi á sínum tíma en ég harma það vissulega líka ef samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði verður staðfestur á Alþingi án þess að umboðs sé leitað hjá þjóðinni fyrir því. Vald okkar er komið frá þjóðinni og við vitum ekki hvort við höfum umboð til þeirra ákvarðana sem hér stendur til að taka þannig að nákvæmlega sama röksemdafærsla á við í því máli og þingmaðurinn beitti í Morgunblaðinu fyrir kosningar.

Ég minntist á Mitterand áðan og það sýnir kannski hvernig vopnin geta snúist í höndum þeirra sem vilja leggja mál í þjóðaratkvæði. Það er auðvitað viss áhætta sem menn taka þegar þeir biðja um það að þjóðin fái að segja álit sitt á máli, fái að leggja sinn dóm á mál. Þó að Kvennalistinn hafi lýst sig andstæðing samningsins þá getum við ekkert verið vissar um að út úr þjóðaratkvæðagreiðslu komi eindregin andstaða við samninginn. Það getur vel farið svo að þjóðin samþykkti það að gerast aðili að hinu Evrópska efnahagssvæði og þá erum við tilbúnar að lúta því. Við tökum þá áhættu að spyrja þjóðina og lúta vilja hennar í þessu máli.

Hv. þm. Björn Bjarnason vitnaði í Gylfa Þ. Gíslason, fyrrv. þingmann og ráðherra, og mismunandi afstöðu hans til þjóðaratkvæðis varðandi varnarsamninginn annars vegar og EFTA-samninginn hins vegar. (**Gripið fram í:** Aðildina að Atlantshafsbandalaginu.) Aðildina að Atlantshafsbandalaginu. Gott og vel. Ég þekki í sjálfu sér ekki þau rök sem þarna voru uppi en sú spurning vaknar auðvitað hvort afstaða hans hafi hugsanlega ekki ráðist af ríkisstjórnarþátttökunni, viðreisnarstjórnarþátttökunni, þegar EFTA-samningurinn var gerður og það hafi verið hún sem hafi í rauninni ráðið úrslitum en ekki afstaða hans til þjóðaratkvæðagreiðslu sem slíkrar.

Þá vil ég benda á að Gylfi Þ. Gíslason og núv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson tóku í rauninni prinsippafstöðu með þjóðaratkvæði 1983 þegar þeir sátu í stjórnarskrárnefndinni. Þegar þeir voru, getum við sagt, aðilar að því stjórnarskrárfrumvarpi sem forsrh. þáverandi, Gunnar Thoroddsen, flutti á þingi. Þá voru engin andmæli við það prinsipp í stjórnarskrárnefndinni að þjóðaratkvæði gæti átt rétt á sér. Síðar en svo.

Þá hélt hv. 3. þm. Reykv. Björn Bjarnason því fram að það væri sérkennilegt sem kæmi fram í grg. með þáltill. og ég sagði raunar líka í minni ræðu að það væri óeðlilegt og ólýðræðislegt að taka ákvörðun um þetta mál með naumum meiri hluta á þingi. Nú verða menn að hafa það í huga að lýðræðishugtakið er ekki bara lögformlegt hugtak. Það er líka hugtak sem er háð huglægu mati og mitt mat er það að slíkt væri ólýðræðislegt. Við höfum hér ákveðnar leikreglur, leikreglur lýðræðisins sem við eigum að fara eftir, en við getum gengið lengra í því að tryggja lýðræðið en leikreglurnar segja til um. Við getum ekki gengið skemmra í því en við getum gengið lengra í því.

Þá sagði hann að það þýddi ekkert að vitna til Maastricht vegna þess að Maastricht væri um allt aðra hluti en samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði. Þetta er auðvitað alveg rétt og það velkist vonandi enginn hér inni í vafa um það að þarna er um tvo ólíka samninga að ræða. En styrkur samlíkingarinnar er sá að í báðum tilvikum er um flókinn alþjóðlegan samning að ræða sem verið er að bera undir þjóðaratkvæði, í öðru tilvikinu Maastricht-samningurinn en í hinu

samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði. Sá er styrkur þessarar samlíkingar. Hins vegar hefur enginn haldið því fram að þarna sé um nákvæmlega sama innihald að ræða.

Utanrrh. lét gera skoðanakönnun sem hér hefur svolítið komið til umræðu. Í þeirri skoðanakönnun er spurt um allt milli himins og jarðar en það vekur athygli að ekki er spurt um það hvort þjóðin telji að bera eigi þetta mál undir þjóðaratkvæði og það hlýtur auðvitað að vekja sérstaka athygli að ráðuneytið skyldi ekki kynna sér afstöðu þjóðarinnar til þess.

Það hlýtur að vera ráðherrum og stjórnarflokkunum mikið kappsmál að ná til þjóðarinnar með málflutning sinn. Þessi skoðanakönnun sýndi, svo ekki verður um villst, að þeir gera það ekki. Ég vil benda á að í málflutningi sínum hefur ekki síst viðskrh. gert út á óttann við einangrun ef Íslendingar gerast ekki aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði. Þeir hafa hamrað á því að íslensk þjóð og íslenskt þjóðfélag muni einangrast. En þeir hafa ekki haft árangur sem erfiði með þessum málflutningi því það kemur í ljós að 46,2% þjóðarinnar eru ósammála því að þjóðin muni einangrast og ekki aðeins eru 46% þjóðarinnar ósammála því heldur um 50% krata, þannig að það eru fleiri kratar ósammála því heldur en meðaltal þjóðarinnar. Það eru meira að segja fleiri kratar ósammála því en kvennalistakonur og höfum við þó stundum verið sakaðar um einangrunarstefnu.

Ég held að andstæðingar þjóðaratkvæðagreiðslu séu í raun haldnir raunverulegum ótta við dóm þjóðarinnar í þessu máli. Þeir hafa vítin, getum við sagt, til að varast og þá er ég að vitna til Danmerkur vegna þess að danska þjóðin sagði nei við Maastricht-samkomulaginu þrátt fyrir að fimm sjöttu hlutar danska þjóðþingsins hefðu samþykkt það, þrátt fyrir að allar valdastofnanir dansks samfélags, allir fjölmiðlar og verkalýðshreyfingin teldu að rétt væri að samþykkja Maastricht þá, eftir langar umræður, sagði danska þjóðin samt nei.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra, forseti, en mig langar áður en ég fer héðan úr stólnum að vitna í ályktun sem stjórn BSRB gerði um þetta mál og skal ég hafa það mín lokaorð. Í þessari ályktun segir, með leyfi forseta:

„Enda þótt aldrei verði komist fram hjá öllum óvissuþáttum er ljóst að þjóðaratkvæðagreiðsla um Evrópskt efnahagssvæði mundi leiða til meiri og markvissari umræðu um kosti þess og galla fyrir Íslendinga að eiga aðild að EES. Röksemdir þyrfti að ígrunda gaumgæfilegar og ætla má að þær kæmust betur til skila jafnt innan þings sem utan." — Og í lokaorðum ályktunarinnar segir: „Samningnum um Evrópskt efnahagssvæði hefur réttilega verið lýst sem tímamótasamningi. Á tímamótum í sögu þjóðar er nauðsynlegt að hlusta á rödd hennar."

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ályktana hv. síðasta ræðumanns út frá skoðanakönnun vil ég taka það skýrt fram að forsvarsmenn könnunarinnar gerðu grein fyrir því varðandi túlkun og mat á forsendum að þær upplýsingar, sem þar koma fram um afstöðu stuðningsmanna einstakra flokka í málinu, eru ekki marktækar af þeirri einföldu ástæðu að þar voru úrtakshóparnir svo fámennir í sumum tilvikum, en það er rétt að þetta er mat þeirra sem könnunina framkvæmdu þannig að um það verður ekkert ályktað með marktækum hætti.

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið hjá líða að nota jafnframt tækifærið til þess að biðja hv. þm. að gæta að því að öll ummæli mér eignuð um það að telja þjóðina svo fávísa að ekki sé unnt að leggja þetta mál fyrir hana á þeim forsendum eru uppspuni, enda geta menn ekki fundið þeim orðum sínum stað en hafa þó hver á fætur öðrum tuggið þessa vitleysu upp.

Ég vakti á því athygli í ljósi þeirrar könnunar sem gerð var að það er mat mjög mikils meiri hluta, þ.e. stærsta hlutans, þeirra sem spurðir voru að þeir töldu sjálfir að þekking þeirra á málinu væri lítil sem engin. Það er ekki mitt mat, það er mat þeirra sem svöruðu þessum spurningum eins og fram kemur í greinargerð um niðurstöður og á því er reginmunur. Það er með öðrum orðum ekki verið að kveða upp neina huglæga dóma, það er einungis verið að vísa til þess sem fram kemur af hálfu þátttakenda í skoðanakönnuninni sjálfri þar sem stærsti hópurinn segir einfaldlega hreint út að hann telji sig ekki hafa tilskilda þekkingu á málinu. Menn geta svo rætt hverju er um að kenna en þetta er einfaldlega niðurstaða af könnun og engir sleggjudómar að öðru leyti.

Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það kann að vera að tölurnar sem standa á bak við flokkana í þessari könnun séu það lágar að þær séu ekki marktækar, þ.e. niðurstöðurnar varðandi einstaka flokka verði ekki marktækar eins og hæstv. utanrrh. sagði. Það kann vel að vera. En engu að síður felst í þessum tölum ákveðin vísbending. Við erum oft að fá skoðanakannanir sem við verðum að túlka og ég er ein af þeim sem taka skoðanakannanir mjög varlega af hvaða tagi sem þær eru, hvort sem þær mæla fylgi flokka eða afstöðu til mála eins og hér. En ég horfi ekki fram hjá þeirri staðreynd að þær gefa manni vísbendingu um hluti og það ber að taka þá vísbendingu alvarlega. Þó ég taki ekki Alþfl. sérstaklega fyrir þá er samt ljóst að 46,2% þjóðarinnar eru ósammála því að þjóðin muni einangrast ef hún gerist ekki aðili að EES og málflutningur ráðherranna hefur ekki síst gengið út á það að hún muni einangrast þannig að þeir hafa þá ekki komið þessum rökum sínum og málflutningi til skila. Það stendur eftir.

Í öðru lagi veit ég ekki hvort ráðherrann var að veita andsvar við minni ræðu þegar hann sagðist verða að leiðrétta þá vitleysu sem tuggin hefði verið upp hér í dag að hann teldi þjóðina svo vitlausa að hún gæti ekki tekið afstöðu til málsins. Ég kenndi þessar skoðanir aldrei við utanrrh. sérstaklega, ég sagði að ýmsir andstæðingar þjóðaratkvæðagreiðslu væru þessarar skoðunar. Ég nefndi ekki utanrrh. sérstaklega í því

sambandi. En hann eignar sér greinilega þessi sjónarmið hér í andsvari sínu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Með leyfi forseta vil ég lesa upp á bls. 12 í hinni merku könnun sem utanrrn. lét gera. Þar segir svo um afstöðu Íslendinga, þar er ekki flokkað eftir kynjum heldur heildarafstaða sýnd:

„Andstæðingar þátttöku Íslands í EES eru fleiri en fylgjendur hans, en 41,4% þjóðarinnar er sama eða tekur ekki afstöðu. Ef eingöngu er litið á karlmenn þá er staðan í járnum, báðir hóparnir jafnstórir, fylgjendur hársbreidd á undan. Konur eru færri fylgjandi en andstæðar en þar eru töluvert fleiri sem eru ekki búnar að gera upp hug sinn."

Það er aftur á móti mjög jákvætt að það kom fram hjá hæstv. utanrrh. að það er ekki staðfest í þessari könnun að meiri hluti Alþfl. styðji þetta. Það er mjög jákvætt að það er staðfest að svo er. Það er ekki meiri hluti Alþfl. sem styður þetta svo sannað sé. Ég tek mjög undir það með hæstv. ráðherra að hann vilji koma þessu á framfæri, því það eru mikilsverð atriði að menn geri sér grein fyrir þessu.

Ég held aftur á móti að sé það rétt að það sé með rangindum á hæstv. ráðherra borið að hann telji þjóðina of heimska til að taka þátt í atkvæðagreiðslu um þetta mál þá finnst mér það ærið umhugsunarefni hvers vegna hæstv. ráðherra leggst gegn þjóðaratkvæðagreiðslunni. Hvers vegna? Er það vegna þess að hann mundi líta á það sem svo stórt pólitískt áfall fyrir sig ef það yrði fellt og telur að frestur sé á illu bestur? Er það ástæðan?

Það þýðir ekkert að tala um einhverja könnun frá 1945–1980 um þjóðaratkvæðagreiðslu. Það sem er að gerast núna í þessum málum er það að Danir fóru í þjóðaratkvæðagreiðslu um hluti sem eru hvorki einfaldari né flóknari en það sem hér er verið að greiða atkvæði um. Frakkar eru sömuleiðis að fara í slíka þjóðaratkvæðagreiðslu.

Það vill nú svo til að Frakkland er forustuland í hópi lýðræðisríkja. Stjórnarskrá þeirra er að vísu örlítið yngri en sú bandaríska. Mig minnir að það skakki tveimur árum. En hvað um það, hvers vegna má íslenska þjóðin ekki sjálf kjósa sér örlög í þessum efnum? Er það vegna þess að í eðli sínu sé hæstv. ráðherra ekki lýðræðissinni, hann trúi á menntað einveldi og að það sé ákveðinn hópur manna sem eigi að hafa vit fyrir þjóðinni og hann, hæstv. ráðherra, sé einn af þeim mönnum sem eigi að hafa vit fyrir þjóðinni í þessum efnum og ráða þessu án þess að spyrja hana álits?

Ég leitaði ekki eftir umboði hjá Vestfirðingum til þess að greiða atkvæði um EES. Ég hafði það alveg á hreinu að ég ætlaði ekki í EB. Ég mundi aldrei styðja slíkt. En mér finnst að miðað við stöðu og eðli máls hljóti það að vera íslenskum stjórnarháttum fyrir bestu að efla ekki til fjandskapar meðal þjóðarinnar með því að ætla að taka af henni ráðin og koma í veg fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu. Að efla slíka andstöðu ekki heldur að virða þann sjálfsagða rétt íslenskrar þjóðar að hún eigi í þjóðaratkvæðagreiðslu að taka afstöðu til máls eins og þessa. Ég lít svo á að hæstv. utanrrh. sé að eðlisfari öfgalaus maður. Hann vilji halda rólegri íhugun og hann vilji taka tillit til þess sem sumir vilja kalla að vera raunsæismaður í stjórnmálum. Sjálfur hefur hann lýst því yfir opinberlega að hann sé raunsæismaður í stjórnmálum. Er eitthvert raunsæi í því að ætla að þvinga fram undirskrift við þennan samning í andstöðu við meiri hluta þjóðarinnar? Er eitthvert raunsæi í því? Vinnst eitthvað með slíkum vinnubrögðum? Er það einhverjum til farsældar? Það er hægt að haga þessari þjóðaratkvæðagreiðslu eins og margoft hefur komið fram á þann veg að ríkisstjórnin getur setið sem fastast, yfirgefið villu síns vegar í þessum efnum, en setið sem fastast og þeir sem eru haldnir mestri kjósendahræðslu og telji að þeir muni snarfalla verði almennar kosningar núna þurfa ekki að hafa áhyggjur. En rökin fyrir því hvers vegna menn vilja ekki styðja þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál hafa ekki komið fram í umræðunni. Það hefur verið beðið eftir þeim en þau hafa ekki komið fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kjaradómur, 2. umr.

Stjfrv., 19. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 19, nál. 91, 100 og 104.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir rösklegt og málefnalegt starf að þessu máli. Nefndin hefur fjallað um það samhliða frv. sem lagt var fram um nýskipan Kjaradóms. Um þann þátt verður fjallað áfram í nefndinni eftir þinghlé og reynt að leita leiða til þess að nýskipan þessara mála verði þannig að sem mest sátt ríki þar um.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frv. Á fund hennar komu fjölmargir aðilar og listi yfir þá fylgir nál.

Umræður um þetta mál hafa annars vegar tekið mið af því að menn hafa ekki verið sammála um hvort brýna nauðsyn hafi borið til þess að setja þessi lög með þeim hætti sem gert var. Hvort það hefði átt að kalla saman þing til að afgreiða málið eða hvort ríkisstjórnin hefði gert rétt eða rangt með því að afgreiða þetta með bráðabirgðalögum.

Í rauninni hlýtur það alltaf að vera mat ríkisstjórnarinnar hverju sinni hversu brýn nauðsynin er og hún þarf þá að bera ábyrgð á því mati annað hvort fyrir dómstólum eða þinginu sjálfu. Ef menn telja almennt að ríkisstjórnin fari út fyrir sitt umboð með setningu bráðabirgðalaga þá er eðlilegt að um það sé fjallað á almennum grundvelli og menn íhugi það hvort síðusta breyting, sem gerð var á þessum málum, hafi dugað og menn hugsi þá til framtíðarinnar frekar en að ræða

kannski svo ákaft í tengslum við þetta frv. En meiri hlutinn telur að það hafi verið efnisleg nauðsyn að gera eitthvað í málinu eftir að kjaradómurinn var fallinn og þess vegna hafi brýna nauðsyn borið til að setja bráðabirgðalög og mælir þess vegna með að þau verði staðfest hér á hv. Alþingi.

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Eins og kunnugt er þá er þetta frv. flutt til staðfestingar á bráðabirgðarlögum um breytingu á lögum um Kjaradóm, með síðari breytingum. Ég vil taka það fram að nefndarmenn, sem skrifa undir það nál. sem ég mæli fyrir, þ.e. sá sem hér stendur, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, eru sammála því að það hafi verið nauðsynlegt að breyta lögunum um Kjaradóm. Það er alveg ljóst að eftir að Kjaradómur kvað upp úrskurð sinn var mikil hætta á því að þær forsendur sem höfðu skapast á árinu 1990 í kjaramálum og efnahagsmálum mundu raskast. Það má því segja að álíka hætta hafi verið á ferðum og þegar gripið var inn í samninga sumarið 1990 þegar frægar deilur áttu sér stað við BHMR. Spurningin er hins vegar fyrst og fremst sú með hvaða hætti átti að grípa inn í þetta mál. Að mínu mati er það alveg ljóst að það var nauðsynlegt að kalla Alþingi saman. Það var eina leiðin til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana. Hins vegar kaus hæstv. núv. ríkisstjórn að fara öðruvísi að og öll hennar afskipti af málinu einkenndust af fálmi og fljótræði og ætla ég ekki að rekja þá sögu sem aðallega fór fram í fjölmiðlum og ástæðulaust er að rifja allt saman upp.

Þegar hæstv. ríkisstjórn varð ljóst að ekki varð hjá því komist að bregðast við þeirri stöðu, sem upp var komin, neitaði hún að kalla Alþingi saman eins og ég tel að ríkisstjórninni hefði borið að gera og ákvað að gefa út bráðabirgðalög. Þetta var afdrifarík ákvörðun og verður að sjálfsögðu að skoðast í ljósi þess að þetta er í fyrsta skipti sem gefin eru út bráðabirgðalög eftir að þær breytingar urðu á stjórnarskránni sem voru staðfestar á vorþingi 1991. Það var að sjálfsögðu nauðsynlegt og ég er undrandi á því að hv. frsm. meiri hlutans vilji fyrst og fremst skoða það mál að því er varðar framtíðina en ekki þetta mál. Það ber að sjálfsögðu að skoða það mjög alvarlega að því er varðar þetta mál. Og ríkisstjórnin hlaut að þurfa að gera það. Menn mega ekki vera í einhverjum ævintýraleik í svona alvarlegu máli.

Það liggur alveg ljóst fyrir að við breytinguna á stjórnarskránni, sem öðlaðist gildi vorið 1991, var það vilji Alþingis að þrengja bráðabirgðaréttinn verulega og ég tel nauðsynlegt að rifja upp hér það sem kom fram í þeirri umræðu að hluta til til þess að leggja áherslu á þann vilja sem þar bjó að baki. Það er hins vegar alveg ljóst að það voru mismunandi skoðanir um það. Sá sem hér stendur er þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að bráðabirgðalagavaldið sé til staðar. Og ég var ekki þeirrar skoðunar að það bæri að þrengja það allt of mikið. Hins vegar var það gert. Og m.a. sá stjórnmálaflokkur, sem ber ábyrgð á þessari bráðabirgðalagasetningu hvað mest, vildi afnema það. En það skiptir í sjálfu sér ekki meginmáli heldur hitt hvert valdið er og hvort hin brýna nauðsyn var fyrir hendi.

Í þeirri umræðu, sem fór fram og byrjaði 1. febr. 1991, sagði 1. flm. frv., hv. þm. núv. hæstv. menntmrh. Ólafur G. Einarsson, m.a., með leyfi forseta, um þetta atriði:

„Þessa breytingu ber að nokkru leyti að tengja þeirri umræðu sem verið hefur um bráðabirgðalög nú upp á síðkastið. Við ræddum ítarlega um það í nefndinni, þingflokksformenn, hvort gera ætti verulegar breytingar á heimild forseta, de facto ríkisstjórnar, til þess að gefa úr bráðabirgðalög. Um það voru ákaflega skiptar skoðanir, allt frá því að afnema bæri með öllu rétt til útgáfu bráðabirgðalaga til þess að gera nánast engar breytingar á núgildandi stjórnarskrárákvæðum um þetta efni. Niðurstaða okkar varð sú að gera nokkrar breytingar á ákvæðum um útgáfu bráðabirgðalaga og meðferð þeirra á Alþingi, og mun ég koma að þeim síðar, en jafnframt þessa breytingu á starfstíma Alþingis í því skyni að ekkert stæði í vegi fyrir því formlega að Alþingi gæti komið saman til fundar með stuttum fyrirvara ef eftir því væri óskað og ríkisstjórn teldi það mikilvægt. Þetta var sú niðurstaða sem unnt var að fá með samþykki allra nefndarmanna. Ég vek athygli á því að með þessum breytingum er ekki verið að þrengja formlega rétt til útgáfu bráðabirgðalaga því slík heimild hefur verið talin gilda þegar Alþingi hefur verið frestað með þingsályktun, með samþykki þess sjálfs. Um það eru nokkur dæmi, sum nýleg."

Það er því alveg ljóst og ég er ekki í nokkrum vafa um það að formlega er þessi heimild fyrir hendi en spurningin hlýtur fyrst og fremst að vera þessi: Á hún við í því tilviki sem hér er fjallað um?

Í umræðum sem urðu um þetta mál kom m.a. fram hjá hv. þm. páv., 1. flm. þessa máls, Ólafi G. Einarssyn, þegar hann svaraði hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, sem komst m.a. svo að orði í umr. 1. febr.:

„En það er þó eitt atriði sem ég get ekki samþykkt og það er sú túlkun hans [hv. þm. Ólafs G. Einarssonar] að það sé, ef ég hef tekið rétt eftir, svipaður réttur áfram til útgáfu bráðabirgðalaga eins og verið hefur. Ég held að það atriði einmitt, að þinginu verði ekki slitið, það standi allt árið, sé einmitt til þess að það sé ekki nema alveg í undantekningartilvikum sem megi gefa út bráðabirgðalög. En að öðru leyti get ég tekið undir hina skýru og skilmerkilegu ræðu sem hv. þm. flutti hér."

Hv. þm. Ólafur G. Einarsson svaraði Stefáni 13. febr. með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Ég vil svo líka aðeins taka undir það sem ég held að hafi komið fram í máli hv. þm. Stefáns Valgeirssonar um bráðabirgðalagaréttinn. Ég sé það fyrir mér að þessi réttur verði ekki notaður nema í hreinum undantekningartilvikum þegar við höfum breytt þessum ákvæðum þannig að auðveldara er en áður að kalla þingið saman til fundar og hefja strax störf að afgreiðslu þeirra mála sem bíða en þurfa ekki að fara að kjósa í nefndir og kjósa forseta þingsins sem tekur einn eða tvo daga."

Við 1. umr. um stjórnarskipunarlögin þann 15. maí 1991 var hv. þm. Margrét Frímannsdóttir flm. að loknum kosningum og sagði m.a. eftirfarandi, með leyfi forseta: „Að vísu er það svo að ríkisstjórn mun áfram hafa heimild til þess að leggja til við forseta að gefa út bráðabirgðalög meðan þingfrestanir standa, en það er skilningur allra sem að þessu máli hafa staðið að til þess komi ekki nema í sérstökum neyðartilvikum, heldur verði tekinn upp sá nýi siður að verði þörf á skjótri löggjöf utan venjulegs starfstíma Alþingis, t.d. yfir sumartímann, þá verði Alþingi kallað saman til aukafunda til þess að afgreiða hana með eðlilegum hætti."

Hæstv. menntmrh. Ólafur G. Einarsson, sagði við sömu umræðu eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi að þingið mun starfa allt árið og í einni málstofu sem er auðvitað mjög veigamikil breyting. Ég tel líka að sú breyting út af fyrir sig hafi það í för með sér að útgáfa bráðabirgðalaga ætti því sem næst að vera úr sögunni, ef ekki alveg."

Hv. þm. Björn Bjarnason komst þannig að orði við þessa umræðu, með leyfi forseta:

„Að öðu leyti fjallar frv. til stjórnarskipunarlaga m.a. um breytingar á 28. gr. stjórnarskrárinnar varðandi útgáfu á bráðabirgðalögum þar sem tekið er mið af því að nú á þingið að sitja í raun og veru allt árið. Því er ekki slitið og það er ekki hægt þess vegna að tala um að atburðir gerist á milli þinga heldur þegar Alþingi er ekki að störfum. Ég held að það sé mjög brýnt að það komi fram í umræðu um þennan lið, þessa 6. gr. frv. til stjórnarskipunarlaga, að með þessu líta menn þannig á að það sé verið að þrengja möguleika ríkisvaldsins til að gefa út bráðabirgðalög. Eins og menn vita sem hafa kynnt sér sögu ákvæðisins í 28. gr., þá hefur túlkun á því rýmkað í tímans rás og menn hafa talið sig hafa meira frelsi heldur en var talið í upphafi til að gefa út bráðabirgðalög. Ég tel að það hafi keyrt úr hófi á sl. sumri þegar ríkisstjórnin gaf út bráðabirgðalögin vegna kjaradeilnanna við BHMR. Ég tel að sú viðleitni sem kemur fram í frv. og það orðalag og þær breytingar sem menn hafa rætt hér um eigi að stuðla að því að þrengja kost ríkisvaldsins, ekki síst með hliðsjón af þeim atburðum sem hér gerðust á sl. sumri. En mér finnst nauðsynlegt að það komi fram í umræðum að þessi skilningur er lagður í þessa breytingu því eins og stjórnarskrárgreinin verður orðuð eftir þessa breytingu þá er látið í vald ríkisvaldsins og ríkisstjórnarinnar að túlka hana en það er, eins og hér hefur komið fram áður, ætlunin að þrengja þetta vald og það verði gert í framkvæmd einnig og tekið mið af því sem fram kemur í umræðunum hér um það mál."

Þegar málið var afgreitt frá stjórnskipunar- og þingskapanefnd sagði frsm. nefndarinnar, sem var sá sem hér stendur, m.a. eftirfarandi, með leyfi forseta: „Í fyrsta lagi er um að ræða verulega þrengingu á rétti til að gefa út bráðabirgðalög."

Ég tel að það sé alveg ljóst á þessum umræðum og þeim vilja sem þar kom fram og þingmenn hljóta að muna að það var vilji Alþingis að þrengja rétt ríkisstjórna til útgáfu bráðabirgðalaga verulega. Í ljósi þess að ekkert var því til fyrirstöðu að kalla Alþingi saman var rangt af ríkisstjórninni að beita heimild til útgáfu bráðabirgðalaga við þessar aðstæður.

Það er rétt að geta þess og er ástæða til að geta þess við hæstv. ríkisstjórn að nefndir þingsins eru starfandi yfir sumartímann þegar Alþingi er ekki starfandi. Og sú nefnd, sem fékk málið til umfjöllunar, var ekki kölluð saman eins og eðlilegt hefði verið. Ríkisstjórnin sá enga ástæðu til þess að kalla saman nefndina og ráðfæra sig við hana, þó það mætti ljóst vera að hún yrði að fjalla um málið. Hvers vegna í ósköpunum gat ríkisstjórnin ekki kallað þessa nefnd saman og látið a.m.k. á það reyna hvort fyrir því væri vilji hjá þingnefndinni og flokkunum að kalla Alþingi saman til stutts fundar? Nei, ríkisstjórnin gerði það ekki, hún hafði ekkert samband við t.d. stjórnarandstöðuna í þessu máli. En það er svo sem ekkert nýtt hjá hæstv. ríkisstjórn því hún hefur haft þá starfsvenjur að láta oft sem svo að stjórnarandstaðan sé ekki til þó ég þurfi ekkert að minna hana á það þegar Alþingi er starfandi.

En mér finnst að ríkisstjórnin hafi komið fram í þessu máli eins og henni hafi nánast verið ókunnugt um þær breytingar sem orðið hafa á stjórnarskrá og störfum Alþingis. Ríkisstjórnin kallaði þó til ýmsa lögfræðinga sér til ráðuneytis í málinu áður en hún tók ákvörðun. Það er eins og fyrri daginn að það virðist engu máli skipta fyrir hæstv. ríkisstjórn að fá ráð, t.d. eins og í þessu máli, því hún fer ekkert eftir þeim. Það er nauðsynlegt að vitna til þeirrar ráðgjafar sem ríkisstjórnin hafði á borði sínu. Ég vil lesa upp úr þremur álitum í því sambandi. Í fyrsta lagi er álit Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl., en hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Telja verður afar hæpið, svo ekki sé meira sagt, að breyta megi úrlausn Kjaradóms með bráðabirgðalögum skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar. Aðstaðan er sú að aðili (Kjaradómur), sem samkvæmt lögum er ætlað að taka tiltekna ákvörðun, hefur gert það. Það getur varla talist vera brýn nauðsyn í stjórnskipulegum skilningi að breyta þeirri ákvörðun þó að bráðabirgðalöggjafinn hafi aðra skoðun en Kjaradómur á efni ákvörðunarinnar. Á hinn bóginn verður ekki talið að þeir aðilar sem laun taka eftir dóminum njóti verndar skv. 67. gr. stjórnarskrár fyrir rétti sínum til launa samkvæmt dómi Kjaradóms framvegis. Slíkur réttur hamlar því í sjálfu sér ekki breytingu á dóminum með bráðabirgðalögum frekar en lögum settum af Alþingi. Fyrir slíkri lagasetningu eru hins vegar þær hömlur sem fyrr var getið."

Þá vildi ég gera grein fyrir og vitna í álit Eiríks Tómassonar hrl. Í áliti hans stendur m.a. þetta:

„Um það má vissulega deila hvort skilyrði séu til þess að gefa út slík lög, en bráðabirgðalög ber ekki að setja nema brýna nauðsyn beri til. Enn sem komið er hafa dómstólar ekki lýst því yfir að bráðabirgðalög brjóti í bága við stjórnarskrána vegna þess að brýna nauðsyn hafi skort til útgáfu þeirra, sbr. nú síðast héraðsdóm í svonefndu BHMR-máli, uppkveðinn 13. mars 1991."

Ég verð hins vegar að segja að mér finnst ekki koma mjög skilmerkilega fram í þessum lögfræðiálitum sú breyting sem hefur orðið á stjórnarskránni. Síð-

an segir lögmaðurinn: „Af þessum dómi verður hins vegar ráðið að dómstólar áskilja sér rétt til þess að kanna í hverju einstöku tilviki hvort bráðabirgðalöggjafinn hafi gengið of langt í þessu efni og er það mín skoðun að til þess geti komið að dómstólar lýsi bráðabirgðalög ógild vegna þess að ekki hafi borið brýna nauðsyn til útgáfu þeirra. Þess vegna ræð ég frá því að sú leið verði farin í þessu tilviki."

Að lokum vildi ég vitna til álits Jónatans Sveinssonar hrl. sem er mjög skilmerkilegt að mínu mati. En þar ræðir hann um þessa spurningu, með leyfi forseta:

„Geta stjórnvöld komið í veg fyrir „skaðlegar afleiðingar dómsins" í heild eða að hluta?

Að mati undirritaðs [þ.e. lögmannsins] verður ekki komið í veg fyrir svokallaðar „skaðvænlegar afleiðingar dómsins" nema að hluta úr því sem komið er.

Dómurinn sjálfur hefur hafnað þeim hugmyndum að endurupptaka málið og kveða upp nýjan dóm. Þá ákvörðun dómsins tel ég rétta, enda engin heimild í sjálfum lögunum fyrir slíkri málsmeðferð og endurupptökuheimildir réttarfarslaga mjög þröngar.

Til þess að koma í veg fyrir hinar „skaðlegu afleiðingar dómsins" til lengri tíma litið tel ég eftirgreindar leiðir einar færar:

1. Að stjórnvöld kanni með svo skjótum hætti sem unnt er hvort tryggur þingmeirihluti sé fyrir því að lögfest verði ný lög um Kjaradóm þar sem meðal annars verði lögfest viðbótarákvæði við núverandi 6. gr. þess efnis að dómendum beri að líta til og hafa hliðsjón af almennum afkomuhorfum í þjóðarbúinu við ákvörðun launakjara þeirra opinberu starfsmanna sem lögin kunna að taka til.

2. Í lögunum verði ákvæði til bráðabirgða um að Kjaradómi beri að kveða upp nýjan dóm um launakjör viðkomandi starfsmanna innan t.d. eins mánaðar frá gildistöku laganna. Dómur þessi ákvæði launakjör hinna opinberu starfsmanna frá uppkvaðningardegi eða t.d. frá næstu mánaðamótum þar á eftir.

3. Lögin hefðu að geyma annað ákvæði til bráðabirgða þar sem umboð núverandi dómara Kjaradóms væri framlengt út núverandi skipunartíma þeirra.

4. Mitt mat er að við þessar aðstæður sé rétt verklag að kalla saman þing til að afgreiða mál þetta í stað þess að neyta heimilda 28. gr. stjórnarskrárinnar um útgáfu bráðabirgðalaga. Hin „brýna nauðsyn" til slíkrar lagasetningar kynni að vera mjög umdeilanleg, svo ekki sé talað um að allir reglulegir dómarar landsins kynnu að vera vanhæfir til að fjalla um mál sem upp kynnu að koma af þessu tilefni.

5. Það er afstaða mín, að því gefnu að farið verði í setningu nýrra laga um Kjaradóm með framanlýstum hætti, að ekki séu skilyrði, þ.e. „brýn nauðsyn", til þess að setja bráðabirgðalög sem fælu í sér frestun á framkvæmd dómsins í tiltekinn tíma. Undan verkum sjálfs dómsins verður ekki vikist samkvæmt efni hans fyrr en nýr dómur leysir hann af hólmi."

Ég held að það megi vera ljóst af þeim lögfræðiálitum sem ég hef fengið hér til aflestrar og við birtum sem fylgiskjal að svo virðist vera að enginn hafi mælt með því að bráðabirgðalagavaldið yrði notað í þessu tilfelli. Ríkisstjórnin kaus að taka gífurlega áhættu í þessu máli og hefur kosið að virða að vettugi að mínu mati þann vilja sem liggur að baki réttinum til útgáfu bráðabirgðalaga. Ég tel að ríkisstjórnin hafi vanvirt vilja Alþingis og tekið ástæðulausa áhættu til að koma í veg fyrir að Alþingi væri kallað saman eins og henni bar skylda til. Mér er ókunnugt um af hvaða ástæðum ríkisstjórnin taldi sig ekki geta kallað Alþingi saman. Ég tel það hins vegar furðu sæta að ríkisstjórnin eða ríkisstjórnarmeirihlutinn, meiri hluti þingsins sem styður ríkisstjórnina, skyldi ekki kalla saman efh.- og viðskn. til að ræða þessa stöðu og þetta mál. Við sem störfum í stjórnarandstöðu hefðum að sjálfsögðu farið með það mál til okkar flokka og kannað hvort ekki væri hægt að ná samstöðu um að kalla þingið saman í tiltölulega stuttan tíma til að fjalla um þetta eina afmarkaða mál. Engin slík tilmæli komu frá hæstv. ríkisstjórn.

Það er með tilliti til þessa að við undirritaðir nefndarmenn getum ekki staðið að staðfestingu þessara bráðabirgðalaga og höfum því kosið að sitja hjá við afgreiðslu málsins. Ég vil hins vegar taka það skýrt fram að ef einhver slík tilmæli hefðu komið frá hæstv. ríkisstjórn á sínum tíma hefði ég talið eðlilegt að minn flokkur stæði að því að þingið kæmi saman í samræmi við þann vilja sem lá að baki þegar stjórnarskránni var breytt. Ég hefði verið tilbúinn til að fallast á það að Alþingi kæmi saman í 1–2 daga til að fjalla um þetta mál. Svo furðulegt sem það er taldi ríkisstjórnin sig ekki einu sinni þurfa að kanna það. Hún fer út í að gefa út bráðabirgðalög og tekur þar ónauðsynlega áhættu. Ég ætla ekki að fullyrða um það hvernig slíkt mál muni fara hjá dómstólum landsins. Það verða þeir að skera úr um en ríkisstjórn á ekki að taka svona áhættu og þess vegna er nauðsynlegt að þetta mál gangi til dómstóla. Það hefði verið mjög auðvelt að koma í veg fyrir það að mínu mati og kalla Alþingi saman.

Ég sé ekki ástæðu til, virðulegur forseti, að fjalla frekar um þetta mál. Ég hef kosið að fjalla ekki um það efnislega heldur fyrst og fremst formlega vegna þess að ég tel að hér sé um mjög alvarlegt mál að ræða að því er formið varðar. Ég skil hins vegar mjög vel þá aðstöðu sem ríkisstjórnin var í og ég tel að það hafi þurft að grípa inn í en þá þarf að gera það þannig að öruggt sé að það haldi. Ég tel að það liggi því miður alls ekki fyrir og lögfræðiálitin sem ríkisstjórnin hafði á borðinu fyrir framan sig benda til annars. Þrátt fyrir það gerði ríkisstjórnin ekkert til að reyna að hafa aðra málsmeðferð. Ég verð að segja það alveg eins og er, hæstv. forseti, að ég veit ekki og skil ekki hvað þessum mönnum gengur til. Ég hef hugleitt það nokkuð en vonandi munu þeir útskýra það. Það verður mjög fróðlegt að hlusta á þær útskýringar og ég trúi því a.m.k. ekki að hæstv. fjmrh. geri það brosandi.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér engar athugasemdir við ræðu hv. síðasta ræðumanns að gera. Hann vitnaði til minna orða og þess sem ég sagði við afgreiðslu

frv. til stjórnskipunarlaga og nefndi þá skoðun mína að ég teldi að það væri verið að þrengja rétt bráðabirgðalagagjafans til að gefa út bráðabirgðalög með 28. gr. eins og henni var breytt. Ég sá ástæðu til þess að taka þetta fram í þingræðu vegna þess að orðalagi greinarinnar um rétt ríkisstjórnarinnar til að gefa útbráðabirgðalög er í raun og veru engu breytt, m.a. fyrir tilstuðlan hv. síðasta ræðumanns var orðalagi varðandi hina brýnu nauðsyn í engu breytt. Ég tel hins vegar að það hafi komið fram í störfum þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr að hún hafi í störfum sínum sýnt að hún lítur þannig á að hún hafi þröngt svigrúm í þessu efni og hefur ekki gefið út bráðabirgðalög nema einu sinni. Þetta eru einu bráðabirgðalögin sem ríkisstjórnin hefur gefið út og að mínu mati bar brýna nauðsyn til þess að binda enda á það óvissuástand sem ríkti eftir að kjaradómur féll. Ég fyrir mitt leyti hef velt þessu mjög ítarlega fyrir mér og mín skoðun er sú að það hafi verið réttlætanlegt á grundvelli þessa ákvæðis í stjórnarskránni og réttlætanlegt á grundvelli þess sem sagt var í þinginu að grípa til þessa úrræðis í þessu tilviki.

Ég vildi aðeins láta mína skoðun koma hér fram af því að menn hafa vitnað til þessara orða minna, bæði hér nú og einnig áður og spurt hver afstaða mín væri.

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vitnaði aðeins til orða hv. þm. eins og þau standa í þingtíðindum enda gerði hann enga athugasemd við það. En ég tel að þessi ummæli hans og margra annarra hv. þm. styðji þá skoðun sem ég hef sett hér fram að það hafi borið að kalla Alþingi saman til að fjalla um þetta mál. Ég endurtek það að ég taldi nauðsynlegt að grípa hér inn í. Það átti að kalla Alþingi saman við þessar aðstæður. Miklar breytingar hafa orðið og það er ekki hægt að bera saman þessa bráðabirgðalagaútgáfu við neitt annað tilvik í sögunni vegna þess að komnar eru upp alveg nýjar aðstæður. Alþingi starfar allt árið í einni málstofu o.s.frv. Það er að mínu mati útúrsnúningur að segja að orðalagið sé eins. Það er svo margt annað, ýmsar þrengingar á ákvæðum sem ég ætla ekki að rekja en við þekkjum. Það er líka alveg ljóst að dómstólar líta til þess vilja sem að baki stóð og umræðunnar sem fór fram. Menn hljóta líka að taka mark á virðulegum hæstaréttarlögmönnum sem voru kallaðir til í þessu sambandi. Þess vegna endurtek ég það þrátt fyrir að ég geri ekki neinar athugasemdir við það sem hv. þm. sagði. Hann verður að gera það upp við sig en ég tel þetta svo ljóst að ég skil ekki þessa afstöðu, hvorki hv. þm. né hæstv. ríkisstjórnar og er nær að halda að hér sé um einhverja þráhyggju að ræða.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ljóst af orðalagi á 28. gr. varðandi hina brýnu nauðsyn að því var ekki breytt. Það er alveg ótvírætt og þess vegna m.a. tók ég þetta fram í minni ræðu á sínum tíma til að láta þá skoðun mína koma í ljós að þrátt fyrir að þessu orðalag væri ekki breytt væri það vilji ýmissa manna hér í þinginu að þetta yrði þrengt. Ég hefði sjálfur talið skynsamlegt að afnema þessa heimild með öllu og hef lýst þeirri skoðun minni opinberlega að núna væru aðstæður þannig í þjóðfélaginu og breyttar frá því að þessi grein var upphaflega sett í stjórnarskrána að ekki væri þörf fyrir slíkt ákvæði í stjórnrskránni. Unnt væri að kalla þing saman og hóa mönnum saman til funda með miklu skemmri fyrirvara en áður. En það var ekki fallist á það. Það var ákveðið að hafa þetta svona áfram í stjórnarskránni og hvað sem skoðun minni líður þá er heimildin fyrir hendi og ríkisstjórnin hefur hana og hún taldi að brýn nauðsyn væri til að nota hana. Ég get í sjálfu sér samþykkt það úr því að þessi heimild er í stjórnarskránni hafi verið brýn nauðsyn að skera úr um þetta mál.

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins leggja eina spurningu fyrir hv. þm. Björn Bjarnason. (Gripið fram í.) Hann getur svarað því síðar við umræðuna. Af hverju taldi þingmaðurinn ekki fært að kalla Alþingi saman á stuttan fund um þetta mál? Af hverju taldi þingmaðurinn ekki rétt að láta á það reyna? Það var fullt svigrúm til þess og ekkert því til fyrirstöðu. Ég vænti þess að hv. þm. sé mér sammála um að það hlýtur að vera æskilegra varðandi alla lagasetningu að lög séu sett á Alþingi og bráðabirgðalagavaldið ekki notað nema í algerum undantekningartilvikum. Í þessu tilviki var svigrúm til að kalla Alþingi saman og því bar að gera það. Hv. þm. hefur ekki minnst á það einu orði í sínu máli af hverju það var ekki gert og af hverju hann gat ekki stutt að það væri gert. Ef ég fengi einhverjar fullnægjandi skýringar á því hvers vegna það var ekki hægt væri ég tilbúinn til þess að endurskoða afstöðu mína. En það hefur ekkert komið fram um það hvorki hjá hv. þm. eða hæstv. ríkisstjórn.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka það fram að gert er ráð fyrir því að hlé verði gert á fundinum milli kl. 7 og 8.30. Ef þessari umræðu um 6. dagskrármálið verður lokið fyrir hlé verða atkvæðagreiðslur kl. 8.30 í kvöld.

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn. en hann er myndaður af þeirri sem hér stendur.

Við 1. umr. þessa máls var allmikið rætt um hvort þá brýnu nauðsyn hafi borið til til þessarar lagasetningar sem þarf að vera til staðar skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar. Að mínum dómi höfum við alls ekki fengið fullnægjandi svar við því hver sú brýna nauðsyn var sem leiddi til þess að ríkisstjórnin greip til setningar bráðabirgðalaga í stað þess að kalla Alþingi saman.

Það efast enginn um það og þarf ekki annað en lesa stjórnarskrána til að sjá að heimildin til setningar bráðabirgðalaga er til staðar. Með þeim breytingum

sem gerðar voru á stjórnarskránni og þingsköpum síðasta ár var auðvitað verið að þrengja þennan rétt. Alþingi starfar allt árið og þar af leiðandi á að vera auðvelt að kalla Alþingi saman. Hins vegar býst ég við að mönnum hafi þótt að heimildin yrði að vera til staðar. Auðvitað geta komið upp svo brýnar aðstæður að það verði að grípa inn í gang mála ef mikil hætta steðjar að og þess vegna verði þessi heimild að vera til staðar í lögum. Hinu verður ekki neitað að Alþingi starfar allt árið og ríkisstjórnin skuldar okkur skýringu á því hvers vegna Alþingi var ekki kallað saman.

Hv. efh.- og viðskn. hefur haft þetta lagafrv. til athugunar og kallað á sinn fund allmargra aðila sem þetta mál snertir. Þó verð ég að segja það að ég taldi mig ekki fá svar á fundi nefndarinnar við því hver hin brýna nauðsyn hefði verið. Það kemur fram í áliti meiri hlutans og mínu hverjir þessir aðilar voru en ég ætla að hlífa þingmönnum við því að lesa allan þann lista upp. Þar kom fram að skoðanir manna voru mjög skiptar um setningu þessara bráðabirgðalaga, sem reyndar enginn mælti bót að ég muni, og einnig því sem að baki bjó. Í nál. mínu segir, með leyfi forseta:

„Hinn 26. júní sl. kvað Kjaradómur upp úrskurð um launakjör þeirra aðila sem undir hann heyra. Kjaradómur fór að þeim lögum sem um hann gilda og ákvað m.a. að gera miklar breytingar á launakerfi þeirra starfsmanna ríkisins sem dómurinn nær til. Þessar breytingar fólu í sér allverulega hækkun á launum nokkurra æðstu embættismanna íslenska ríkisins meðan annar hópur manna varð fyrir verulegri launalækkun. Kjaradómur kynnti sér vel kjör og aðstæður presta landsins sem Alþingi samþykkti fyrir skömmu að færu undir Kjaradóm og felldi þann úrskurð að prestastéttinni bæri veruleg leiðrétting á launakjörum.

Strax er dómur var upp kveðinn komu fram sterk viðbrögð úti í þjóðfélaginu, einkum frá þeim er samið höfðu um 1,7% hækkun á launum alls þorra launafólks. Einblínt var á þann hópinn sem Kjaradómur ákvað að hækka í launum, en þeim sem lækkun fengu var lítil samúð sýnd, hvað þá að kannað væri hvað sá uppskurður, sem Kjaradómur ætlaði að gera á launakerfinu, byði upp á varðandi endurskoðun á því tvöfalda og óréttláta launakerfi sem hér tíðkast. Þess var krafist að allar hækkanir og þar með lækkanir líka yrðu kveðnar niður. Engu skyldi haggað í núverandi launakerfi. Nú má um að deila hver launamunur skuli vera meðal landsmanna og um það hve há laun ber að greiða æðstu embættismönnum ríkisins, svo og um það hvort dómur Kjaradóms var réttlátur. En svo mikið er víst að úrskurður Kjaradóms miðaðist við þann raunveruleika sem ríkir í launamálum hér á landi. Kjaradómur afhjúpaði fyrst og fremst það neðanjarðarkerfi sem tíðkast hjá ríkinu, en jafnframt hver laun viðmiðunarhópanna úti í þjóðfélaginu eru. Þær niðurstöður komu illa við marga, ýmist vegna þess óréttlætis sem í ljós kom eða vegna þess að sumum fannst að satt mætti kyrrt liggja.

Ríkisstjórnin hljóp upp til handa og fóta, snerist í nokkra hringi en bað síðan þrjá virta lögmenn álits á því hvort einhverjar leiðir væru færar til að hnekkja niðurstöðu dómsins og hvort ráðlegt væri að setja bráðabirgðalög. Lögmennirnir töldu öll tormerki á því að hnekkja dómnum að óbreyttum lögum og sögðu réttast að kalla saman þing ef ríkisstjórnin vildi beita lögum um Kjaradóm. Ríkisstjórnin ákvað þvert á allar ráðleggingar að setja bráðabirgðalög sem gengu í gildi 3. júlí sl.

Samkvæmt 28. gr. stjórnarskrá íslenska lýðveldisins getur forseti gefið út bráðabirgðalög þegar brýna nauðsyn ber til og þegar Alingi er ekki að störfum.

Nú vill svo til að síðasta vor gerðu þingflokkarnir með sér samkomulag um verklag í sumar vegna meðferðar samninganna um EES. Það samkomulag fól í sér að nefndir þingsins voru að störfum öðru hvoru á sumarmánuðum og því voru flestir þingmenn í viðbragðsstöðu og kallfæri. Þótt veður hafi verið rysjótt fram eftir sumir verður ekki séð að ófærð, vatnavextir, verkföll, bilanir, bensínskortur eða annað sem hindrað gæti samgöngur til höfuðborgarinnar hafi hamlað því að þing væri kallað saman. Að dómi Kvennalistans bar ríkisstjórninni að kalla Alþingi saman í anda þeirra breytinga sem gerðar voru á 28. gr. stjórnarskrárinnar árið 1991 og í samræmi við breytt þingsköp sem fela það í sér að Alþingi starfar allt árið. Ríkisstjórnin vildi ekki kalla þing saman, annaðhvort vegna þess að hún taldi sig ekki hafa meiri hluta fyrir lagabreytingu eða vegna þess að hún vildi ekki umræður á Alþingi um niðurstöðu Kjaradóms.

Það er Alþingis að meta endanlega hvort niðurstaða Kjaradóms hafi falið í sér svo mikla hættu eða röskun á þjóðarhag að brýna nauðsyn hafi borið til að koma í veg fyrir áhrif hennar með setningu bráðabirgðalaga. Bráðabirgðalögin gáfu Kjaradómi næstum því mánaðarfrest til að kveða upp nýjan dóm. Þeir sem undir Kjaradóm heyra fengu laun samkvæmt niðurstöðu dómsins í einn mánuð. Þetta tvennt bendir ekki til þess að mjög brýnt hafi verið að nota þann neyðarrétt sem 28. gr. stjórnarskrárinnar felur í sér.

Það er forkastanlegt hvernig hver ríkisstjórnin á fætur annarri hefur gripið til neyðarréttar samkvæmt stjórnarskrá til að kveða niður breytingar á launakjörum, oftast samkvæmt kröfum þeirra sem telja sig þess umkomna að móta launastefnu jafnt hins opinbera sem hins frjálsa markaðar, hvort sem aðrir samningsaðilar eru sammála stefnu þeirra eður ei. Hvað eftir annað hefur verið gripið inn í frjálsa samninga með þeim afleiðingum að fólk hefur orðið að leita til dómstóla og jafnvel alþjóðastofnana í von um að ná rétti sínum. Það sýnir í hvílíkar ógöngur stjórnarhættir íslenska ríkisins og launastefnan í landinu eru komin. Með bráðabirgðalögunum var ríkisstjórnin að leggja blessun sína yfir það óréttláta launakerfi sem hér tíðkast, en eins og allar tölur sýna bitnar það harðast á konum.

Það er sannfæring þingkvenna Kvennalistans að enga þá nauðsyn hafi borið til að grípa inn í kjaramálin með þeim hætti sem gert var sem réttlæti bráðabirgðalög og afar slæmt að stjórnvöld skuli aftur og aftur neita að sætta sig við niðurstöður þeirra sem með lögum er gert að dæma í launamálum og ákveða launakjör. Niðurstaða Kjaradóms gaf gullið tækifæri til að

hefja nauðsynlega uppstokkun á öllu launakerfi íslenska ríkisins og það tækifæri átti ríkisstjórnin að grípa.

Sumarið 1990 setti þáverandi ríkisstjórn bráðabirgðalög til að koma í veg fyrir 4% launahækkun sem samið hafði verið um við BHMR og var liður í áætlun um að leiðrétta kjör háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins til samræmis við það sem gerist á almennum vinnumarkaði. Meðal þeirra sem þá voru sviptir samningsrétti og umsömdum launahækkunum var Prestafélag Íslands. Í kjölfar bráðabirgðalaganna á BHMR og þeirra aðgerða sem þeim fylgdu ákvað Prestafélagið að fara þess á leit við Alþingi að kjör þeirra yrðu ákveðin af Kjaradómi. Prestar höfðu þá lengi leitað eftir breytingum á kjörum sínum sem höfðu rýrnað verulega svo sem kjaradómurinn frá 26. júní sl. ber með sér. Prestar hafa um margt sérstöðu miðað við aðra hópa háskólamanna sem fá laun sín greidd frá ríkinu. Prestar eiga afar erfitt með að beita sömu aðferðum og annað launafólk í baráttu fyrir bættum kjörum vegna eðlis starfs þeirra og stöðu þjóðkirkjunnar. Alþingi samþykkti að prestar færu undir Kjaradóm m.a. til þess að þeir mættu fá bót sinna mála. Þá gerðist það að ný bráðabirgðalög voru sett, nú á Kjaradóm, og voru prestar þar með sviptir langþráðum leiðréttingum í annað sinn.

Framkoma ríkisvaldsins við starfsmenn sína hefur verið með eindæmum á undanförnum árum og hefur leitt til þess að algjör trúnaðarbrestur ríkir þar á milli sem auðvitað kemur niður á starfsemi ríkisins. Ekki hefur verið samið við BHMR og nú eru málefni prestastéttarinnar í algjöru uppnámi. Þessum gjörræðislegu vinnubrögðum ríkisvaldsins verður að linna. Ríkisstjórnir landsins verða að virða samningsrétt og niðurstöðu Kjaradóms fari hann að lögum. Það getur ekki gengið til lengdar í þjóðfélagi sem vill virða frelsi og mannréttindi að níðast á ákveðnum hópum launafólks með þeim hætti sem gert hefur verið hvað eftir annað. Það getur ekki gengið að auka frelsi á vinnumarkaði og í viðskiptum, svo og að ýta undir samkeppni í hagkerfinu með annarri hendinni en ætla að halda launum fyrir utan öll lögmál markaðarins með hinni. Stefna af þessu tagi ýtir undir það neðanjarðarlaunakerfi sem þegar er til staðar í þjóðfélaginu, eykur misrétti og veldur óánægju og spennu.

Það er niðurstaða fulltrúa Kvennalistans í efh.- og viðskn. Alþingis að ekki hafi borið brýna nauðsyn til setningar bráðabirgðalaga og að ekki hafi verið rétt að málum staðið af hálfu ríkisstjórnarinnar. Réttast hefði verið að kalla Alþingi saman til að ræða niðurstöður Kjaradóms og kanna þar með hvort vilji væri til að breyta lögum um Kjaradóm. Framkoma ríkisstjórnarinnar gagnvart Alþingi Íslendinga er allsendis óviðunandi og er enn eitt dæmi um það hvernig framkvæmdarvaldið seilist æ lengra inn á valdsvið Alþingis. Með setningu bráðabirgðalaganna var gengið freklega fram hjá Alþingi. Þá er það álit Kvennalistans að síendurteknar aðgerðir íslenskra ríkisstjórna til að koma í veg fyrir áhrif kjarasamninga og dóma samrýmist hvorki nútímastjórnarháttum né því hagkerfi sem við búum við. Þegar til lengri tíma er litið grafa aðgerðir af því tagi sem hér um ræðir undan frjálsum kjarasamningum, virðingu fyrir samningsréttinum og trausti á ríkisvaldinu sem vinnuveitanda.

Vegna alls þess sem að ofan greinir munu þingkonur Kvennalistans greiða atkvæði gegn bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar frá 3. júlí sl."

Virðulegi forseti. Þetta var álit þeirrar sem hér stendur á bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar en þessu áliti fylgja tvö fylgiskjöl þar sem nánar má lesa um okkar stefnu í þessum málum.

Ég get ekki yfirgefið þennan ræðustól án þess að minnast aðeins á álit meiri hluta efh.- og viðskn. Ég verð að segja það sem mína skoðun að þegar um jafnalvarlegt mál og þetta er að ræða að þá beri meiri hluta efh.- og viðskn. að rökstyðja það fyrir alþingismönnum hvers vegna þessa brýnu nauðsyn bar til. Meiri hluti efh.- og viðskn. mælir með samþykkt frv. en rökstyður ekki einu orði hvers vegna. Spurningin sem Alþingi á að gera upp við sig er hvort þessa brýnu nauðsyn hafi borið til setningar bráðabirgðalaganna. Ég harma það að þessi ágæta nefnd, sem ég á sæti í ásamt öðru ágætis fólki, skuli afgreiða svona stórt mál eins og á færibandi í stöðluðu formi meirihlutaálits nefndar, eins og við sjáum þau oft hér, þar sem hún rökstyður ekki einu einasta orði hvers vegna ríkisstjórninni þótti nauðsynlegt að grípa til þessa ráðs og af hvaða orsökum meiri hluti nefndarinnar er því samþykkur. Þetta eru vinnubrögð sem mér finnst ekki sæmandi meiri hluta nefnda Alþingis. Mér finnst þau bera vott um slæma stjórnarhætti.

Það hefur væntanlega komið vel í fram af því sem ég hef sagt að við kvennalistakonur gagnrýnum í fyrsta lagi það að bráðabirgðalögin voru sett, það hvernig að því var staðið og ekki síst það sem að baki stendur, þ.e. afstöðu ríkisstjórnarinnar til launamála og þess að grípa inn í þau með þeim hætti sem raun ber vitni. Þá geta menn spurt: Hvað átti að gera? Eins og hér hefur komið fram teljum við að þessi að mörgu leyti merka tilraun sem Kjaradómur ætlaði að leggja út í hafi gefið tækifæri til þess að hefja uppstokkun á launakerfi ríkisins. Ég vona að það séu fleiri en við sem erum þeirrar skoðunar að það launakerfi sem hér er við lýði sé óréttlátt og að því þurfi að breyta. Það sem við þurfum að gera er að breyta tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu, auka jöfnuð. Það þarf ekki að þýða aukinn launakostnað, hvorki ríkisins né hins almenna vinnumarkaðar. Þegar menn segja að grípa verði inn í og stöðva svona ákvarðanir hvort sem þær koma frá Kjaradómi eða einstökum aðilum vinnumarkaðarins eru menn að gefa sér það að ekki sé hægt að breyta launastiganum, að það sé ekki hægt að breyta launakerfinu. Þetta hljóti alltaf að halda svona áfram. Út frá sjónarhóli kvenna sem búa við mikið launamisrétti í landinu er þetta auðvitað algjörlega óviðunandi. Við verðum að breyta þessu launakerfi og við verðum að finna leiðir til þess. Auðvitað eigum við við efnahagsörðugleika að stríða. Auðvitað er samdráttur í þjóðfélaginu en einmitt það kallar ekki síst á aukið réttlæti, aukinn jöfnuð. Því harma ég það enn og aftur að þetta tækifæri sem nú

gafst skyldi ekki hafa verið nýtt betur heldur slegið algjörlega niður.

Varðandi það sem ég sagði áðan um meiri hluta efh.- og viðskn. get ég ekki annað en bent á það álit lögfræðinga sem birt eru hér í áliti 1. minni hluta þar sem allir þessir þrír lögmenn draga þá aðferð mjög í efa og ráða ríkisstjórninni frá því að grípa til setningar bráðabirgðalaga. Þess vegna spyr ég enn og aftur: Hvernig rökstyður meiri hluti efh.- og viðskn. þessa brýnu nauðsyn? Hvernig stendur á því að meiri hlutinn telur það ekki vera í sínum verkahring að rökstyðja þetta? Ég beini þeirri spurningu til formanns nefndarinnar. Hverjar eru hans röksemdir? Hver var hin brýna nauðsyn og hvers vegna var gripið til þess ráðs að setja bráðabirgðalög í stað þess að kalla Alþingi saman? Við höfum ekki fengið svar við þeirri spurningu þó ég þykist vita að ríkisstjórnin hafi einfaldlega ekki treyst sér til þess að kalla Alþingi saman og hleypa af stað þeim umræðum sem nauðsynlega hlutu að fylgja í kjölfarið.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. síðasta ræðumanns. Það hefði verið mjög fróðlegt ef formaður efh.- og viðskn. hefði komið og flutt einhver rök fyrir niðurstöðum meiri hlutans. Nefndarálitið er ákaflega stuttaralegt. Satt best að segja er það gestalisti nefndarinnar og niðurstaða meiri hlutans og punktur. Það eru auðvitað mikil vísindi út af fyrir sig að fá að vita það hvaða menn komu þarna í heimsókn en það segir mér ekki mikið meira um það hver þessi brýna nauðsyn var.

Ég er aðili að áliti 1. minni hluta efh.- og viðskn. og þarf því ekki að hafa hér mjög mörg orð. Ég vísa til þess sem hv. 1. þm. Austurl. sagði í framsöguræðu fyrir nefndarálitinu og eins til þess sem ég sagði við 1. umr. um þetta mál. Þá fór ég m.a. ítarlega yfir aðdraganda þess og þóttist sýna fram á það með sæmilegum rökum að fjarri færi því að hægt væri að segja að sú brýna nauðsyn hefði legið við og enn síður að nokkrir þeir meinbugir hefðu verið á því að kalla Alþingi saman sem ættu að geta hindrað það að slíkt hefði verið gert og menn þar með sloppið við að grípa til hins umdeilda bráðabirgðalagavalds.

Það liggur í eðli frumvarpsins sjálfs um bráðabirgðalögin eða í sjálfum bráðabirgðalagatextanum að um mánuður var til stefnu frá því að lögin voru gefin út og þangað til fyrstu eiginlegu réttaráhrif þeirra áttu að koma til sögunnar, þ.e. Kjardómur hafði í framhaldi af bráðabirgðalagasetningunni næstum mánuð til þess að kveða upp sinn nýja núrskurð. Það segir sína sögu um það að tímaleysi eða tímaþröng var ekki til að dreifa, eins og ríkisstjórnin kaus að fara í málið, sem hefði átt að koma í veg fyrir það að þingið kæmi saman.

Herra forseti. Það hefur þegar verið farið yfir það af hv. 1. þm. Austurl. með ágætum tilvitnunum í málflutning manna fyrir rétt rúmu ári síðan hvað var í hugum hv. alþm. þegar stjórnarskránni var breytt síðast. Sú breyting var staðfest hér á Alþingi, m.a. af nýkjörnum þingmönnum þessa kjörtímabils sem höfðu sumir skoðun á þessu máli eins og hv. 3. þm. Reykv., sem er nú flúinn úr salnum.

Ég ætla ekki að taka hér langan tíma en þó get ég ekki neitað mér að endurtaka sumt af því sem hv. 1. þm. Austurl. las upp, svo yndislegar eru þær tilvitnanir m.a. í hv. 3. þm. Reykv. og með hliðsjón af því að það eru ekki nema rétt liðlega ár liðið síðan hv. þm. var að stíga sín fyrstu spor hér á Alþingi og flutti nokkuð vel samdar ræður, m.a. um þessa stjórnarskrárbreytingu og tilganginn með henni. Hv. þm. segir m.a. í umræðum um stjórnskipunarlögin á Alþingi þann 15. maí 1991, með leyfi forseta:

„Ég held að það sé sé mjög brýnt að það komi fram í umræðu um þennan lið, þessa 6. gr. í frv. til stjórnarskipunarlaga, að með þessu líta menn þannig á að það sé verið að þrengja möguleika ríkisvaldsins til að gefa út bráðabirgðalög."

Síðar sagði þessi hv. 3. þm. Reykv., sem væri nú ástæða til að þingverðir gerðu viðvart um að verið væri að vitna í gullkorn hans frá fyrri tíð:

„En mér finnst nauðsynlegt að það komi fram í umræðum að þessi skilningur er lagður í þessa breytingu því eins og stjórnarskrárgreinin verður orðuð eftir þessa breytingu þá er látið í vald ríkisvaldsins og ríkisstjórnarinnar að túlka hana en það er, eins og hér hefur komið fram áður, ætlunin að þrengja þetta vald og það verði gert í framkvæmd einnig og tekið mið af því sem fram kemur í umræðum hér um það mál."

Hv. 3. þm. Reykv. var að fara fram á það að við mat á því hvort rétt væri eða réttlætanlegt að grípa til bráðabirgðalagavaldsins yrðu umræður um afgreiðslu málsins á þinginu lögskýringargögn, að það yrði beinlínis farið eftir þeim vilja sem alþingismenn, framsögumenn með málinu og þeir sem tóku þátt í umræðum um það þegar það var til staðfestingar eftir kosningar segðu. Ég er út af fyrir sig alveg sammála hv. 3. þm. Reykv. um þetta atriði. Það er full ástæða til þess þegar vandasöm álitamál af þessu tagi eru til skoðunar að farið sé ofan í það hvað vakti fyrir löggjafanum, hvaða sjónarmið fylgdu afgreiðslu málsins af hálfu talsmanna stjórnmálaflokkanna, framsögumanna nefnda o.s.frv. Það er það sem hv. 3. þm. Reykv. var að fara fram á, að í framtíðinni við mat á því hvort réttlætanlegt væri að setja bráðabirgðalög eða kalla bæri Alþingi saman yrðu umræðurnar á Alþingi og sjónarmið manna sem þar komu fram höfð til hliðsjónar. (**ÓRG:** Hann hlýtur að standa við það.) Það er auðvitað svo yndislegt, herra forseti, að hafa svona tilvitnanir í menn sem svo koma fram með þeim hætti sem hv. 3. þm. Reykv. gerði. Ef hægt er með einhverju móti að standa málflutningslega séð berrassaður, herra forseti, er það gert með þeim hætti sem hv. 3. þm. Reykv. gerir hér. Gjörsamlega í glerhúsi.

Ekki er það dónalegt fyrir hæstv. menntmrh. að hafa í þingtíðindunum þau gullkorn sem hann lét falla og hann var enginn smálax í þessari umræðu. Hann hafði hvorki meira né minna en verið formaður þingflokks Sjálfstfl. og foringi fyrir starfinu um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Eins og áður hefur verið vitnað til,

hygg ég, sagði hann m.a. þegar hann var að gera grein fyrir þeim breytingum sem eru að verða:

„Í fyrsta lagi að þingið mun starfa allt árið og í einni málstofu sem er auðvitað mjög veigamikil breyting. Ég tel líka að sú breyting út af fyrir sig hafi það í för með sér að útgáfa bráðabirgðalaga ætti því sem næst að vera úr sögunni ef ekki alveg."

Eini efinn sem var í huga hæstv. menntmrh. varðandi þetta var hvort útgáfa bráðabirgðalaga yrði alveg úr sögunni eða því sem næst. Annað komst ekki að í hans huga. Svo eru þessir miklu snillingar, hæstv. menntmrh. og hv. 3. þm. Reykv., stuðningsmenn núv. ríkisstjórnar, sem hegða sér eins og hún gerði hér á síðasta sumri.

Herra forseti. Það er þannig að maður veit ekki almennilega hvort maður á að hlæja eða gráta þegar maður fer yfir þessa texta og heyrir svo aumkunarverðan málflutning eins og frá hv. 3. þm. Reykv. í sambandi við þetta mál og andsvarstilraunir hans. Það er eins og hann sé kominn á sérstakt kaup við það hjá stjórnarliðinu að rjúka upp í andsvör í öllum málum, alveg sama hvað er á dagskrá, eins og hann fái sérstakan bónus fyrir það að fara alltaf í andsvör í öllum málum. Hv. 3. þm. Reykv. hafði smekk í sér til að koma hér upp í andsvörum einmitt í þessu máli þar sem hann á þennan prýðilega feril að baki.

Herra forseti. Ég dreg efnislega ekki dul á að það var að mínu mati óhjákvæmilegt að grípa inn í þessa óhönduglegu atburðarás sem orðin var í framhaldi af óvæntum tíðindum í úrskurði Kjaradóms. Ég ræði þessi mál algerlega aðskilin nú eins og ég gerði við 1. umr. málsins, hinn efnislega þátt þess og þá stöðu sem þarna var uppi annars vegar, nauðsyn þess að afstýra því að upplausn skapaðist á vinnumarkaði og hins vegar beitingu bráðabirgðalagavaldsins. Það voru ýmsar aðrar leiðir færar til þess að grípa inn í þessa þróun. Ég hef áður bent á þann möguleika að fleira kom til greina en að beyta de facto-úrskurði Kjaradóms með lagasetningu eins og þarna var gert, de facto, ekki de jure, hæstv. fjmrh. (**Gripið fram í:** Verður ekki að tala íslensku í ræðustól?) Það má nota klassískar latneskar tilvitnanir, hv. þm. Fyrir því er löng hefð hér.

Hins vegar mátti hugsa sér ýmislegt annað en þetta. Ég ætla ekki að gera það að miklu máli en út af fyrir sig hefði frestunaraðgerð líka komið til greina eða einhvers konar gerð sem stundum er talin mildari eða skárri aðferð þótt það sé ekki venjuleg hugsun að ætla að setja gerð á annan dóm. En ég er heldur ekki að tala gegn því að reynt hefði verið að endurskilgreina þær forsendur sem Kjaradómur starfaði eftir og hann síðan eða annar slíkur aðili látinn taka slíka ákvörðun með vísan til þeirrar miklu nauðsynjar að afstýra upplausn á vinnumarkaði. Þetta held ég að menn hefðu einfaldlega leyst. Það hefur ekkert komið fram, hvorki þá eða síðar, sem bendir til annars en að vilji hafi verið fyrir hendi af hálfu allra stjórnmálaflokka að setjast yfir það mál. Ég fullyrði að svo var.

Á hinn bóginn dreg ég heldur ekki í efa að Kjaradómur hafði ýmis rök fyrir breytingum í þá átt sem hann úrskurðaði og á grundvelli þeirra laga sem honum var gert að starfa eftir þá. Það má hins vegar miklu frekar að mínu mati deila um það, ef menn vilja gagnrýna störf Kjaradóms á annað borð, hvort hann hefði ekki í fyrsta lagi átt að vera búinn að gera ýmsar lagfæringar á kerfi sem bersýnilega var fyrir lifandi löngu sundur grafið. Í öðru lagi hvort þarna voru ekki á ferðinni allt of miklar breytingar í of stóru stökki og það við aðstæður á vinnumarkaði sem gerðu það bersýnilega ómögulegt að hrinda slíkum breytingum í framkvæmd. Þegar allar aðstæður málsins eru skoðaðar er ég alveg sammála þeim sem segja að þarna var mönnum vandi á höndum. — Nú er hér gleðilega mættur hv. 3. þm. Reykv. Hann hefur að vísu misst af því að vitnað var í nokkur gullkorn sem hann lét falla hér á Alþingi síðasta vor. (Gripið fram í.) Ég verð þá að hryggja menn með því að ég mun ekki endurtaka það úr því að þetta náðist allt saman. (**BBj:** Það eru vitni að því að ég hlustaði á það.) Ég rengi ekki orð hv. 3. þm. Reykv. um þetta. (Gripið fram í.) Mergurinn málsins er auðvitað sá, herra forseti, að það liggur í augum uppi að við þessar aðstæður átti Alþingi að koma saman. Það sem mér finnst, ég skal svo ekki hafa um það fleiri orð, er að það er óþolandi ef þetta á að verða eitthvert fordæmi í sambandi við beitingu bráðabirgðalagaréttarins á grundvelli hinna nýju stjórnarskrárákvæða. Það er óþolandi vegna þess að það væri bersýnilega í andstöðu við vilja Alþingis þegar þær breytingar voru samþykktar. Það væri í algerri mótsögn við orð hv. 3. þm. Reykv., fullkominni mótsögn við orð hæstv. menntmrn., hv. 1 þm. Austurl., hv. 4. þm. Suðurl. og ég held bara allra annarra talsmanna sem fyrir hönd flokkanna komu fram í þessari umræðu. Þeir luku upp einum rómi um það að verið væri að takmarka valdið. Ég held því að annað tveggja verði að liggja alveg ljóst fyrir hér, að þetta sé ekki fordæmi og að þetta sé ekki eftirbreytnivert. Menn líti svo á að eftir sem áður hafi það verið vilji Alþingis að þrengja þennan rétt og ef svo er ekki verði menn ósköp einfaldlega að grípa til ráðstafana til þess að tryggja að svona umgangist menn ekki stjórnarskrárákvæðin framvegis.

Ég fór, herra forseti, yfir hið dæmalausa hringl í hæstv. ríkisstjórn þegar þetta mál var á döfinni á síðustu dögum júnímánaðar og fram til 3. júlí og ég ætla ekki að endurtaka það sem ég vitnaði til þá. Ríkisstjórnin fór a.m.k. í tvo og hálfan hring. Henni datt í hug að setja bráðabirgðalög, komst svo að þeirri niðurstöðu að það væri ótækt, kæmi ekki til greina, ætlaði að grípa inn í og gera eitthvað í málinu, skrifaði Kjaradómi, fékk nei frá honum, komst að þeirri niðurstöðu að það væri ekkert hægt að gera fyrr en þing kæmi saman að hausti, breytti svo um skoðun og komst að þeirri niðurstöðu sem hún hafði upphaflega hafnað að það væri rétt að setja bráðabirgðalög. Hún gerði það á kvöldfundi og það lá svo mikið við að forseti lýðveldisins var gripinn uppi á Akranesi þar sem hún var í heimsókn og látin skrifa undir þó svo að lögin ættu engin áhrif að hafa fyrr en mánuði síðar. Þetta er allt saman skráð og stendur og segir allt sem segja þarf um vinnubrögðin á þessu stjórnarheimili sem eru auðvitað orðin fræg að endemum, ekki síður nú síð-

ustu dagana en þegar þetta var.

Það rekur nú að því, eins og menn vita, að hæstv. forsrh. geti orðið einn í ríkisstjórninni því að hann tók að sér sjávarútvegsmálin eða var afhent þau af hæstv. sjútvrh. fyrir tveim kvöldum síðan. Í hádeginu í gær kom í ljós að hann hefur líka tekið yfir iðnrn. og er nú tekinn til við að semja um erlend álver eða ganga frá því hér að fá þau inn í landið og hæstv. iðnrh. er kominn í önnur störf. Við þingmenn bíðum auðvitað mjög spenntir eftir því hvaða ráðuneyti hæstv. forsrh. tekur að sér næst. Það verður mjög fróðlegt. E.t.v. tekur hann fjmrn. Því ekki það, hæstv. fjmrh.? Ég verð að segja það að ég hef áhyggjur af vini mínum fjmrh., að hann sé orðinn þreytulegur núna eftir þessa fjárlagavinnu. Væri ekki alveg upplagt að hann færi í frí og hvíldi sig og hæstv. forsrh. tæki við fjmrn. til viðbótar sjútvrn. og iðnrn.? Þá þyrfti hæstv. fjmrh. a.m.k. ekki að upplifa þau dapurlegu örlög að ljúka afgreiðslu þessa lagafrv. hér á þinginu sem því miður mun verða honum til lítils sóma.

Ég vil að lokum segja, herra forseti, að það er einn hópur manna sem ég tel ástæðu til að nefna við afgreiðslu þessa máls þó að það bíði svo betri tíma að ræða hagi hans að öðru leyti, þ.e. þess tíma að frv. til laga um Kjaradóm komi til efnislegrar umfjöllunar hér á nýjan leik, mál sem nú er í hv. efh.- og viðskn. Þetta eru prestar landsins. Það er alveg óhjákvæmilegt að nefna það hér án þess að ég ætli að fara ítarlega yfir það á þessu stigi málsins að þar er í raun og veru um alveg sérstaklegar og óvenjusnúnar aðstæður að ræða þar sem er sú hrakfallaganga sem prestastéttin hefur mátt þola varðandi sín launamál allmörg undanfarin ár. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að með einhverjum hætti verði gert mögulegt á þessu þingi að taka á þeim málum, þó ekki væri annað en launamál prestastéttarinnar. Ég held að allir sanngjarnir menn, sem skoða hvernig prestar hafa farið út úr sviptingum í kringum sín launakjör undanfarin ár, hljóti að sjá að þannig er ekki hægt að fara með neina stétt. Prestar bjuggu við það um árabil, það er staðfest og því er ekki neitað, að þeirra aðstæður voru að mati fjmrn. svo sérstakar að þeir fengu ekki ýmsar lagfæringar á launatöxtum eða starfskjörum sem aðrar stéttir, sem flokkuðust sem opinberar, voru að fá á sama tíma. Svörin voru þá gjarnan þau af hálfu fjmrn.: Starf prestastéttarinnar er svo sérstakt og ósambærilegt við aðra starfsmenn hins opinbera sem hér eiga í hlut að þetta getur ekki komið til þeirra.

Ég vil að þetta komi hér fram vegna þess að þetta hafa prestarir borið vitni um og sýnt fram á að mínu mati þannig að því hefur ekki verið neitað að þeirra aðstaða var að ýmsu leyti önnur meðan þeir áttu að taka laun með sambærilegum reglum og opinberir starfsmenn, ég vil ekki segja aðrir vegna þess að prestar eru í raun og veru starfsmenn þjóðkirkjunnar sem er ekki ríkiskirkja. Þeir fengu ekki ýmsar lagfæringar og ýmsar breytingar á starfskjörum sem aðrar stéttir voru að fá á sínum tíma. Ég er hér að tala um nokkurt árabil á síðustu árum. Síðan urðu prestar að sjálfsögðu eins og aðrir opinberir starfsmenn fyrir því að þeirra kjarasamningar lentu í hremmingum sem þekktar eru og lagfæringar sem þeir bundu þar vonir við að fá náðu ekki fram að ganga vegna erfiðra aðstæðna sem menn þekkja. Að síðustu þegar þeir hafa fengið eftir nokkurn barning þann vilja sinn fram að falla undir Kjaradóm, að leggja úrskurð sinna launamála í hlutlausa gerð, verða endalok þess máls þau sem hér um ræðir, hún er tekin af með lögum. Hvort sem menn telja nú að leiðréttingin til handa þeim hafi verið sanngjörn að öllu leyti, hluta til eða að engu leyti í fyrri úrskurði Kjaradóms, verður hinu aldrei á móti mælt að hún var tekin aftur. Þannig hefur þetta gengið til fyrir prestunum í hnotskurn rakið á undanförnum nokkrum árum. Mér er það a.m.k. vel ljóst fyrir mitt leyti og er sannfærður um það eftir að hafa skoðað þetta og m.a. áttað mig á því hversu hrakleg laun presta í raun og veru eru miðað við óreglulegan vinnutíma, að mörgu leyti vandasamt starf og það álag sem getur fylgt því að vera þjónn almennings við ýmsar erfiðar aðstæður eins og prestar eru. Þetta eru óboðleg launakjör og það verður að takast að breyta þeim. Afleiðingin er auðvitað sú, eins og menn þekkja, að flestallir prestar landsins, a.m.k. þeir sem í minni eða rýrari prestaköllum starfa, þurfa að hafa ofan fyrir sér og sínum með viðbótarvinnu. Þess vegna er það alsiða að prestar bæti við starf sitt álagi í annarri launavinnu, kennslu eða öðru því um líku.

Að öðru leyti, herra forseti, ætla ég svo að geyma mér efnislegar umræður um þetta þangað til og ef hér kemur aftur til umfjöllunar frv. til laga um breytingar á lögum um Kjaradóm þar sem þessum málum verður skipað til frambúðar og vonandi með farsælum hætti þannig að uppákomur af því tagi sem hér hafa nú orðið og eru auðvitað hinar óhönduglegustu í öllu tilliti og fyrir alla hlutaðeigendur, ekkert síður alþingismenn sem stétt en aðra sem hér áttu mál að, þurfi ekki að endurtaka sig. Ég held að það sé mikið tilvinnandi að sæmilegur friður geti ríkt um kjör æðstu embættismanna þjóðarinnar og þau geti með einhverjum sanngjörnum og skynsamlegum hætti ákvarðast þannig að allt þjóðfélagið þurfi ekki að standa endalaust á haus út af þeim, annaðhvort vegna þess þegar verið er að ákvarða þau eða hins, sem við sem hér eigum hlut að máli höfum lengi búið við og gerum sjálfsagt lengi að launakjör okkar, starfskjör og starfsskilyrði séu endanlaus tannamatur fjölmiðla og fleiri.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð aðeins að koma hér upp vegna þess að það var kvartað undan því að nefndarálit meiri hlutans væri fullstuttaralegt. Það eru svo sem ágætar fyrirmyndir fyrir slíkum nefndarálitum. Mér hlýnar um hjartarætur yfir því hversu vel hv. þm. fylgist með störfum ríkisstjórnarinnar og því sem þar gerist. Þetta mál er í sjálfu sér ekkert flókið og það kom ágætlega fram í ræðu hv. þm. að þjóðfélagið hefði farið á annan endann ef ekki hefði verið gripið þarna allsnarplega inn í. Það var gert því Kjaradómur kvað upp úrskurð 26. júní og það er síðan 3. júlí sem bráða-

birgðalögin eru sett. Til marks um það hversu brýn nauðsynin var er helsta umkvörtunarefni hv. þm. það að hafa ekki fengið að hjálpa hæstv. ríkisstjórn við að koma þessu í gegnum þingið. Það sýnir nú að nauðsynin var virkilega brýn. Venjulega er hv. þm. ekki á þeim buxunum að vilja hjálpa ríkisstjórninni við að leysa málin.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Það er nú ekki hægt að kalla þetta andsvar, herra forseti. Þetta var svo ömurlegur útúrsnúningur og vitnar um svo vonda samvisku hv. formanns efh.- og viðskn. að það tekur engu tali. Ég ræddi þetta mál algerlega aðskilið og ég hélt að hv. þm. virti það að menn gætu greint þannig á milli óskyldra hluta sem eru annars vegar hinar efnislegu aðstæður í þessu máli og hins vegar það hvort þörf var á því eða réttlætanlegt var að beita bráðabirgðalagavaldinu með þeim hætti sem þarna var gert. Ég tel að sýnt hafi verið fram á það með mjög sterkum rökum, sem hv. formaður efh.- og viðskn. reyndi ekki að hrekja, hvorki hér í þessu andsvari né framsöguræðu sinni og þaðan af síður í þessu snifsi sem á að heita nefndarálit. Það væri ástæða til og ég hef sennilega tíma til þess að lesa nefndarálitið svona rétt til sönnunar máli mínu. Það er svona:

„Nefndin hefur fjallað um málið. Á hennar fund komu Indriði H. Þorláksson, skristofustjóri í fjmrn., Ólafur Davíðsson, ráðuneytisstjóri forsrn., Valtýr Sigurðsson, formaður Dómarafélags Íslands, Ólafur Tómasson, póst- og símamálastjóri, Sveinbjörn Björnsson, rektor Háskóla Íslands, Edda Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs Háskóla Íslands, Guðlaugur Þorvaldsson ríkissáttasemjari, Geir Waage, formaður Prestafélags Íslands, Kristinn Ágúst Friðfinnsson, varaformaður Prestafélags Íslands, Jónatan Sveinsson hrl., Páll Halldórsson, Birgir Björn Sigurjónsson og Eggert Lárusson frá BHMR, Ásmundur Stefánsson og Bryndís Hlöðversdóttir frá ASÍ, Ögmundur Jónasson og Svanhildur Halldórsdóttir frá BSRB, Árni Benediktsson VMS og þórarinn V. Þórarinsson og Hannes G. Sigurðsson frá VSÍ.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frv. Fjarstaddur afgreiðslu var Steingrímur J. Sigfússon. Björn Bjarnason sat fundinn í stað Sólveigar Pétursdóttur.

Alþingi, 15. september 1992."

Þetta er merkilegur rökstuðningur. Það er von að hv. formaður efh.- og viðskn. sé hreykinn þegar hann kemur hér upp og hefur svo ekki merkilegra innlegg til málsins fram að færa en svarið sitt í andsvari áðan. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að þetta dregur svo nöturlega athyglina að fátækt stjórnarliðsins í þessu máli. Það það þarf ekki fleiri orð um það. Ég þakka hv. þm. kærlega fyrir þetta andsvar.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vísa til þess nefndarálits sem ég hef skrifað hér undir, 1. minni hluta efh.- og viðskn., varðandi afstöðu mína til þessa máls. Ég mun ekki fara efnislega mikið í málið. Ég gerði það að nokkru við 1. umr. og mun síðan gera það við umræðu um það hliðstæða mál sem hér er sem er frv. um breytingar á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd. Ég mun ekki ræða hér um einstaka starfshópa og/eða þeirra kjör.

Það sem ég ætla að taka hér fyrir er rökstuðningur hæstv. fjmrh. fyrir því að ekki var hægt að kalla Alþingi saman til að ræða málið. Sá rökstuðningur sem ráðherra hafði í frammi í sinni framsöguræðu var eitthvað á þann veg að það væri ekki hægt vegna þess að það hefði tekið allt of langan tíma. Starfshættir Alþingis væru þannig að það hefði ekki verið hægt. Hæstv. ráðherra taldi að það vantaði ákvæði í þingskapalög þess efnis að Alþingi kæmi saman og afgreiddi mál á afmörkuðum tíma. Hann vitnaði til danskra þingskapalagalaga í því sambandi þar sem hægt væri að kalla þing saman og það gæti afgreitt einstök mál á mjög skömmum tíma. Þetta hefur verið rætt hér í öðru samhengi. Hæstv. utanrrh. fór með tölur um það hve löngum tíma norska þinginu var ætlað að verja við lokaafgreiðslu á samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og bar það saman við þann tíma sem færi í þá afgreiðslu hér í þingsölum. Í þessari tilvitnun hans var mörgum spurningum ósvarað. Því var m.a. ósvarað á hvern hátt nefndarstörf færu fram í norska þinginu og hvort þetta væri kannski þannig að á nefndarfundum hefðu þingmenn tækifæri til þess að fá afstöðu sína bókaða inn í þingtíðindi en við þingmenn á Íslandi verðum að nota ræðustól Alþingis, fundi í Alþingi, til þess að koma sjónarmiðum okkar á framfæri opinberlega í gegnum þingtíðindi. Þessir hlutir og margir aðrir þurfa að fylgja með þegar menn ræða um starfshætti Alþingis. En nú er það svo að í þingskapalögum 57. gr. eru ákvæði þess efnis að forseti geti takmarkað ræðutíma og borið það undir þingheim. Að mínu mati bendir allt til þess miðað við þann mikla vilja sem var til þess að hætta að beita bráðabirgðalagaákvæðinu, miðað við allan þann vilja sem kom fram í umræðum þar að lútandi að samstaða hefði getað náðst um það á Alþingi að koma saman og afgreiða málið á skömmum tíma og láta reyna á þetta ákvæði þingskapalaganna.

Það er svo aftur annað mál hversu vel hæstv. fjmrh. ferst að gagnrýna málalengingar á Alþingi. Ég man þá tíð að hæstv. ráðherrann, þá hv. þm., notaði þann rétt stjórnarandstöðumanns að tefja fyrir málum ríkisstjórnar með löngum ræðum í þingsalnum til hins ýtrasta. Á síðasta vetri las ég nokkuð upp úr ræðum ráðherrans við afgreiðslu laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði frá haustinu 1989 þar sem hann og aðrir þingmenn Sjálfstfl. notuðu það mál til margra daga eldhúsdagsumræðu um efnahagsmál til viðbótar því að leggja þar fram till. með sem sýndi sig svo þegar þeir voru komnir í ríkisstjórn að þeir gátu á engan hátt staðið við og höfðu sjálfsagt aldrei ætlað sér að væri staðið við.

Það er einu sinni svo að umræður um að takmarka ræðutíma á Alþingi og umræður um málalengingar á Alþingi fá engan hljómgrunn á meðan ríkjandi stjórnarflokkar túlka stöðu Alþingis á þann hátt að þar sé

fyrst um að ræða afgreiðslustofnun fyrir ríkisstjórnir. Þetta hefur komið mjög berlega í ljós í allri umræðu um forsætisnefndina. Þar fékkst engin lausn önnur en sú að stjórnarflokkarnir hefðu meiri hluta í forsætisnefnd og verður það ekki túlkað á annan hátt en þann að þeir skilji þingræðið þannig að meiri hluta þingsins sem stendur að baki ríkisstjórn geti verið nauðsynlegt að beita pólitísku meirihlutavaldi við stjórn þingsins. Á meðan svo er hefur stjórnarandstaða enga aðra vörn en nota það ótakmarkaða málfrelsi sem hér er.

Þetta sjónarmið núv. meiri hluta hefur einnig komið berlega í ljós varðandi erlend samskipti Alþingis. Þar hefur með einni lítilli undantekningu ekki verið hægt að ræða um annað og ekki annað í mál tekið en að meirihlutaflokkarnir færu með forustu fyrir öllum sendinefndunum þrátt fyrir það að eðli málsins samkvæmt sé Alþingi þarna að koma saman sem sjálfstæð íslensk stofnun út á við en ekki á nokkurn hátt sem fulltrúi þess meiri hluta sem ræður á hverjum tíma. Á þessu var að mínu mati ekki tekið við þær breytingar á starfsháttum Alþingi sem gerðar voru á síðasta ári. Þetta var rætt en þeirri vinnu var aldrei lokið. Ráðherrar, bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. utanrrh., hafa vitnað til starfshátta danska og norska þingsins. En þeir hafa ekki sagt nema hálfa söguna. Þeir hafa ekki sagt frá því að þar eru allt aðrir starfshættir. Þar er allt gert til að gera þjóðþingin sem sjálfstæðust gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það er m.a. með skipan forsætisnefndar sem er á þann hátt að þar eiga stærstu flokkarnir fulltrúa svo lengi sem fjöldi forsætisnefndarmanna endist. Eðli málsins samkvæmt er þar engin trygging fyrir því að þar sé sá sami pólitíski meiri hluti og fer með ríkisstjórn á hverjum tíma. Meira að segja er gengið svo langt að um árabil hefur forseti norska þingsins verið stjórnarandstæðingur. Slíkt hefur iðulega komið upp í Danmörku og reyndar Svíþjóð líka. Sömuleiðis eru starfshættir þessara þjóðþinga á þann hátt að formennska fyrir nefndum skiptist bæði á stjórnarliða og stjórnarandstæðinga. Eins og framkvæmdin er hér, þar sem er talið ómögulegt annað en að meirihlutaflokkarnir hafi meiri hluta í forsætisnefnd og fari með forustu í öllum þingnefndum og öllum alþjóðanefndunum að einni lítilli undanskilinni, er slík framkvæmd mistúlkun á þingræðinu að mínu mati og reyndar ætti ég kannski að taka meira upp í mig og segja að þetta sé misþyrming á þingræðinu. Það er kannski fyrst og fremst vegna þessara hluta sem núv. hæstv. ríkisstjórn treysti sér ekki til þess að kalla Alþingi saman á því sumri sem nú er nýliðið.

Nú finnst kannski einhverjum að ég sé kominn út fyrir efni þess máls sem hér er til umræðu. En ég held þessa ræðu vegna framsöguræðu hæstv. fjmrh. þar sem hann — af því hann heyrði ekki upphafsorð mín — beitti þessu sem meginrökum fyrir því að ekki hefði verið hægt að kalla Alþingi saman því að það hefði tekið allt of langan tíma. Ég held þess vegna að þeir sem vilja ræða um skerðingu málfrelsis á Alþingi verði að taka allt málið fyrir. Þeirri umræðu verður að fylgja það að taka til endurskoðunar aðra starfshætti þingsins, þá starfshætti sem ég nefndi fyrr í minni ræðu. Á meðan ríkisstjórn er við völd sem túlkar þingræðið á þann hátt að því fylgi að stjórnarflokkarnir hafi forustu í öllum stofnunum og nefndum þingsins bæði inn á við og út á við er málið í sjálfheldu. Á meðan lítur stjórnarandstaðan á óbreytt ástand sem síðustu vörn sína, samanber veturinn 1989–1990 sem ég hafði vitnað í áður og ég get vitnað í til viðbótar þegar minni hluti á Alþingi hélt ræður dögum saman svo mörgum klukkutímum skipti, hver einstaklingur, til að koma í veg fyrir það að ákveðinn aðili gæti sest með ráðuneyti sitt í þásitjandi ríkisstjórn. Þetta var einhver angi af pólitísku uppgjöri í Reykjaneskjördæmi. Ég held líka að hæstv. ríkisstjórn sé hollt að líta til reynslu síðustu daga. Síðustu daga hefur því háttað þannig að aðalforseti hefur verið úr röðum stjórnarandstæðinga. Það er einfaldlega vegna þess að þegar fyrsti forseti er fjarstaddur tekur sá við sem næstur er í röðinni samkvæmt þingstyrk. Ég held að mönnum sé hollt að horfa á reynslu þessara daga og þá held ég að hæstv. ríkisstjórn muni nú átta sig á því að það hefur á engan hátt tafið fyrir framgangi mála ríkisstjórnarinnar nema síður sé. Við höfum kannski fundið hérna eilítinn forsmekk af því hvernig ástandið gæti verið ef sjálfstæði Alþingi gagnvart framkvæmdarvaldinu væri skert. Ég get þess vegna sagt það hér sem lokaorð mín að ef hæstv. fjmrh. telur að þessir starfshættir á Alþingi séu það sem komi í veg fyrir það að hægt sé að kalla Alþingi saman þegar það er í fríi, þegar þinghlé er, til að taka á brýnum málum þá er sá sem hér stendur tilbúinn til að taka þátt í vinnu við breytingar. En þá verður að líta á málið í heild samkvæmt því sem ég hef lýst í ræðu minni. Það verður þá að byggjast á því að sjálfstæði Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu verði styrkt. Þá verður hæstv. ríkisstjórn að snúa við blaðinu og hætta að líta á Alþingi sem afgreiðslustofnun fyrir ríkisstjórn. Eðli málsins samkvæmt geta hlutirnir ekki verið þannig að afstaða til þessa máls skiptist þannig að það sé núv. stjórnarandstaða sem ekki vilji breytingar en stjórnarliðið knýi á. Á meðan ástandið er óbreytt verður það stjórnarandstaðan sem mun stíga mjög fast í ístöðin ef á að fara að skerða málfrelsi. Því verður að fylgja breyting á heildarstarfsháttum Alþingis í þá veru sem ég hef nefnt hér fyrr í minni ræðu.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég vil segja fáein orð vegna þess að ég tel að það þurfi dálítið meiri rökstuðning en kemur fram í minnihlutaálitunum sem hér hafa verið kynnt. Mér finnst að menn hafi verið of uppteknir af aðdraganda málsins í umræðunni sem hefur farið hér fram og ég tel að við verðum að taka efnislega afstöðu til málsins út frá því sem stendur í lagatextanum sem hér liggur fyrir en ekki vegna þess aðdraganda sem málið hefur. Það getur verið og verður örugglega verkefni manna um lengri tíma að takast á um það hvort það hafi verið rétt eða rangt að staðið en núna liggur það verkefni fyrir Alþingi að ákveða hvort það eigi að staðfesta þann lagatexta sem hér liggur fyrir.

Ég tek undir þá gagnrýni sem kemur fram í nál.

bæði 1. og 2. minni hluta. Ég tel reyndar að það sé óhrekjanlegt að það var tími til að kalla Alþingi saman. Nægir auðvitað að benda á að Kjaradómi var gefinn frestur til 31. júlí til að kveða upp nýjan úrskurð. Því var auðvitað nógur tími til þess að Alþingi kæmi saman og það var það sem hefði átt að gera, þ.e. að kalla Alþingi saman til þess að fást við þetta mál. Hver niðurstaðan hefði orðið hér í þinginu er auðvitað umræðuefni sem að sjálfsagt tæki aldrei enda ef menn ætluðu að ræða það til hlítar.

Ég ætla ekki að endurtaka mikið af því sem ég sagði við 1. umr. málsins en samt þó það að ég tel að menn hafi raunverulega verið búnir að missa af því að geta tekið með eðlilegum hætti á þessu máli þegar Kjaradómur hafði kveðið upp fyrri úrskurð sinn, því miður. Ég tel að þar hafi menn sofið á verðinum og þar hefðu átt að vera möguleikar á því að grípa í taumana áður en Kjaradómur kvað upp úrskurð sinn.

En aðalerindi mitt í ræðustólinn er það að lýsa því yfir að ég mun sitja hjá við afgreiðslu málsins. Ég er sammála því sem stendur í textanum, ég tel að það sé til bóta og eðlilegt að Kjaradómur taki mið af því sem gerist á almennum launamarkaði þegar hann kveður upp úrskurði sína og þess vegna gæti ég greitt atkvæði með málinu. En vegna þess að það er yfirlýstur tilgangur lagasetningarinnar að láta lögin verka aftur í tímann og ef ég má, með leyfi forseta, vitna hér í þann texta sem kom frá forseta Íslands þegar þessi lög voru sett, þá segir m.a. í þeim texta:

„Nauðsynlegt sé að breyta þeim laga- og efnisreglum, sem niðurstöður Kjaradóms hvíla á, þannig að þær taki mið af stöðu og afkomuhorfum þjóðarbúsins og almennum launabreytingum í kjarasamningum annarra launþega í landinu." Síðar segir í þessum texta: „Afar brýnt sé að verðveita þennan stöðugleika og þá samstöðu, sem náðst hafi til að mæta þeim áföllum, sem þjóðarbúið hafi orðið fyrir. Niðurstöður Kjaradóms frá 26. júní sl. tefli þessum árangri í mikla tvísýnu. Staðfesting þessa komi fram m.a. í yfirlýsingum aðila vinnumarkaðarins.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar."

Það sem ég á við er nákvæmlega þetta: Það er verið að gefa hér yfirlýsingu um það að þessi lög þýði að þau eigi að verka aftur í tímann. Það get ég ekki skrifað upp á. Ég verð því miður að segja það að þarna var tíminn runninn út. Menn höfðu ekki lengur tök á málinu. Búið var að kveða upp dóminn á grundvelli laga sem fyrir voru og nú var ekkert annað eftir en að taka afleiðingunum. Ég hefði gjarnan viljað að það hefði ekki verið þannig og ég hefði svo gjarnan viljað samþykkja svona lagaákvæði. En auðvitað verða menn að vera sjálfum sér samkvæmir. Ég trúi því ekki að menn hefðu rætt þetta mál með sama hætti og hér hefur verið gert ef menn hefðu verið að tala um að breyta einhverjum ákvæðum sem snerta t.d. eitthvert saknæmt athæfi, t.d. ef breyta hefði átt lögum vegna þess að menn hefðu orðið óánægðir með einhvern dóm sem hefði verið kveðinn upp yfir manni sem hefði brotið eitthvað af sér. Hefðu menn þá ekki munað eftir því að lög eiga ekki að gilda aftur í tímann? Ég tel að full ástæða sé til þess að segja um þá umræðu sem hér hefur farið fram að hún hefur snúist um annað en hún á að snúast um. Hún á auðvitað að snúast um þennan lagatexta sem liggur hér fyrir en ekki þennan aðdraganda málsins. Það er auðvitað ágætt að tala um það upp á framtíðina og hvað menn vilji gera. En að byggja afstöðu sína á aðdraganda málsins finnst mér ekki vera rétt.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er ótrúlegt hvað hægt er að tala mikið um það sem ekkert er. Ég er alveg sammála hv. 3. þm. Vesturl. að hér átti auðvitað að fjalla um þann lagatexta sem liggur fyrir. Vitaskuld má tala lengi um aðferðirnar sem notaðar voru við að setja þessi bráðabirgðalög, en þau voru auðvitað með öllu óþörf alveg frá byrjun vegna þess að það frv. til laga sem hér liggur fyrir til staðfestingar á bráðabirgðalögum bætir engu við þau lög sem fyrir voru. Og ætla ég nú, með leyfi hæstv. forseta, að sanna það.

6. gr. laga um Kjaradóm nr. 92/1986 hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við úrlausn mála skal Kjaradómur gæta innbyrðis samræmis í launum þeim sem hann ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar."

Þetta stendur í 6. gr. laga um Kjaradóm og á henni var hin fyrri niðurstaða Kjaradóms byggð.

Í þessu frv. sem hér liggur fyrir stendur til að bæta við þetta sem hér hefur verið lesið:

„Enn fremur skal Kjaradómur við úrlausn mála taka tillit til stöðu og þróunar kjaramála á vinnumarkaði, svo og efnahagslegrar stöðu þjóðarbúsins og afkomuhorfa þess."

Það hefur þegar verið gert vegna þess að það er ævinlega gert í almennum kjarasamningum sem 6. gr. laga um Kjaradóm gerir ráð fyrir, þannig að þessi grein er algjör óþarfi. Þetta bætir engu við þau lög sem fyrir eru.

Síðan segir í hinu nýja frv.:

„Telji Kjaradómur ástæðu til að gera sérstakar breytingar á kjörum einstakra embættismanna eða hópa skal þess gætt að það valdi sem minnstri röskun á vinnumarkaði."

Þetta er líklega það sem er nýtt, þ.e. bætir einhverju við hin fyrri lög. Það væri hins vegar fróðlegt að vita hvað þetta þýðir. Ég býst við að þetta hljóti að þýða að ágætum forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar verði ekki bumbult ef einhver breyting verður á kjörum þeirra sem taka laun samkvæmt Kjaradómi.

Það sérkennilega hins vegar er að þeir virðast ekki alveg sjálfum sér samkvæmir í þeim efnum, því í nýlegu riti sem heitir „Frjáls verslun", 8. tbl. 1992, kemur í ljós að sá maður sem alvarlegastur var allra í sambandi við hinn fyrri Kjaradóm virðist hafa haft 608 þús. kr. á mánuði. (**Gripið fram í:** Hver er það?) Framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands. Forseti ASÍ er snöggtum lægri með 390 þús. kr., en

forseti Alþingis hefur ekki komist upp í nema 245 þús. kr.

Ég sé ekki betur en Kjaradómur hafi í hinum fyrri úrskurði sínum verið að reyna að leiðrétta þau ósköp að ríkisendurskoðandi, sem er undirmaður hæstv. forseta Alþingis, hefur haft 452 þús. kr. á sama tíma og hæstv. forseti Alþingis hafði 245 þús. kr. Mér finnst það sjálfsagt og eðlilegt að Kjaradómur hristi nú loks af sér slenið og leiðrétti þetta.

Hafi Kjaradómur farið að því sem segir í lögum um Kjaradóm frá 1986 og er enn gert ráð fyrir að standi þar, þá bæri Kjaradómi auðvitað að miða við, eins og þar segir, þá sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Og ég vænti þess að hæstv. forseti Alþingis hljóti að vera sambærilegur t.d. við lögfræðing ASÍ en sá er mun hærri en hæstv. forseti.

Ég tel það mikla hæversku af hinu háa Alþingi ef menn viðurkenna ekki að ólíkt hafast þessir tveir aðilar að hvað ábyrgð snertir.

Það er vissulega mikil ábyrgð að stjórna Landsbanka Íslands þó að misjafnlega hafi tekist til upp á síðkastið, ekkert kannski við því að segja að sá góði maður, sem þar ber ábyrgð, hafi 1. millj. 63 þús., bankastjóri Búnaðarbankans 778 þús. kr. og svo sá maður sem stýrir því mikla fyrirtæki Lífeyrissjóði verkfræðinga, ég hélt nú ekki að það væri með stærri fyrirtækjum landsins, en það þykir rétt að launa hann með 478 þús. kr. á mánuði.

Menn skammta sér auðvitað laun í einkafyrirtækjum og við því er ekkert að segja, því ráða þeir sjálfir, en þeir meta alla vega ábyrgð sína allnokkra svo sem forstjóri Bykó sem er með 1.272 þús. kr., forstjóri SÍF, sem eru almannasamtök, 919 þús. kr. og framkvæmdastjóri Ármannsfells telur sig eiga rétt á 875 þús. kr. o.s.frv. Svo það hlýtur að vera spurning mín hvað var að því að Kjaradómur hætti að miða laun ýmissa mikilvægra starfsmanna þjóðfélagsins, svo sem alþingismanna, ráðherra, presta og fleiri, að mér sýnist við laun blaðburðarbarna því það getur ekki annað verið en að út frá einhverju hafi verið gengið og það hefur alla vega ekki verið borið saman við önnur ábyrgðarstörf í þjóðfélaginu. En störf Kjaradóms eru annað mál. Það er þeirra mál. Þeir eru dómur. Það fáránlega í öllu þessu máli, og skal ég ljúka máli mínu, hæstv. forseti, því það getur auðvitað enginn um þetta talað án þess að minnkast sín, er að hin nýju lög breyta í engu hinum eldri lögum. Því minni ástæða var að Kjaradómur kæmi saman að nýju til að meta þau störf sem honum er falið samkvæmt bráðabirgðalögunum vegna þess að þau breyta í engu hinum fyrri lögum.

Þess vegna, hæstv. forseti, hlýt ég að sjálfsögðu að greiða atkvæði gegn þessari endileysu sem hver einasti maður hlýtur að sjá að er og verður endileysa og ég held að Alþingi ætti að manna sig upp í það að hafna því að ríkisstjórn búi til platlög, því þessi lög eru ekkert annað, beita til þess í ofríki að ganga fram hjá sitjandi Alþingi og setja þessi platlög með bráðabirgðaaðgerð. Þar tekur nú steininn úr.

Hæstv. forseti. Ég skal ekki hafa þetta lengra, ég vil leggja áherslu á að þetta er engin viðbót við fyrri lög. Þess vegna var því síður ástæða til þess að Kjaradómur kæmi saman að nýju auk þess sem ég tek undir með hv. 3. þm. Vesturl., og skal ekki endurtaka hans röksemd, að það er svo enn ein vitleysan að Kjaradómur vinni samkvæmt lögum sem látin eru virka aftur fyrir sig.

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst það óviðunandi að þessari umræðu ljúki án þess að fjmrh. svari spurningum sem fyrir hann hafa verið lagðar. (Gripið fram í.) Það má vel vera að það hafi verið mistök. Ég hafði ekki ætlað mér að lengja þessa umræðu neitt. Mér finnst það lágmark að hæstv. fjmrh. taki hér til máls. Það virðist vera að forseta liggi einhver ósköp á að ljúka þessu, en ég heyri að þetta hafi verið mistök af hálfu fjmrh. og ég vænti þess að forseti heimili að umræðan haldi áfram og við fáum þá tækifæri til þess að ákveða hvort við tökum til máls að lokinni ræðu hæstv. fjmrh.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Það er út af fyrir sig rétt athugað hjá hv. 1. þm. Austurl. að forseta er nokkuð í mun að koma málum hér áfram, enda er það hans hlutverk, en hæstv. fjmrh. hafði eigi kvatt sér hljóðs. Nú er unnt að verða við því, ef þess er óskað, að hæstv. ráðherra taki til máls og skal orðið við því að þessu sinni.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það var ekki hugmyndin að hér yrði stórslys þegar hv. 1. þm. Austurl. kom inn í salinn (Gripið fram í.) — eða flaug inn í salinn, sem er betri lýsing, til þess að koma í veg fyrir það að umræðu yrði slitið án þess að ég tæki til máls og ég þakka honum fyrir hjálpina því það heyrðist svo illa til mín til hæstv. forseta.

Það er tvennt sem ég vildi taka fram í upphafi. Annað er að frv. liggur til efnislegrar umfjöllunar í hv. nefnd þannig að umræðum um Kjaradóm og þau efnisatriði, sem hér hafa verið til umræðu, verður haldið áfram síðar á þessu þingi og vonast ég til þess að svo geti orðið í næsta mánuði. Ég minni enn fremur á að það er sex vikna frestur á því að bráðabirgðalög haldi gildi sínu eftir að þing er sett þannig að það er mikilvægt fyrir þá sem stóðu að bráðabirgðalögunum að fá þau afgreidd innan þess frests og hann styttist nú óðum vegna þeirrar þingfrestunar sem búið er að semja um að verði í lok þessarar viku. Ég mun þess vegna kjósa að haga máli mínu þannig, ef hægt er, að vekja sem minnstar umræður en skal þó ekki víkjast undan því að ræða þetta mál svo mikilvægt sem það er.

Það kom fram í máli hv. 1. þm. Austurl. að ekkert samband hefði verið haft við stjórnarandstöðuna né heldur þingnefndir og hvort tveggja er rétt, að öðru leyti en því að ég hafði samband við forustumenn stjórnarandstöðuflokkanna um leið og kjaradómsniðurstaðan var fengin og lýsti þá þegar yfir áhyggjum mínum af því hvað mundi gerast í þjóðfélaginu og átti

reyndar góðar og langar viðræður, þar á meðal við formann Framsfl., um það mál og það var ekkert í þeim umræðum af minni hálfu sem gaf til kynna hver yrðu viðbrögð ríkisstjórnarinnar. Þau komu fram síðar eins og menn muna, fyrst með því að ríkisstjórnin óskaði eftir því að Kjaradómur endurskoðaði hug sinn og kæmi saman til þess að ákvarða laun á ný. Því var hafnað. Og í kjölfar mikilla mótmæla var gripið til bráðabirgðalagaréttarins.

Ég vil staðfesta það sem kom fram hjá hv. þm. að ekki var haft samband við stjórnarandstöðuna um bráðabirgðalagaútgáfuna né heldur var haft sérstakt samband við þingnefndina þótt auðvitað hafi einstakir þingnefndarmenn, þar á meðal núverandi formaður efh.- og viðskn., strax frá upphafi vitað hvað til stóð og vissi það að sjálfsögðu áður en til útgáfu bráðabirgðalaganna kom.

Ég ætla ekki, í þessari 2. umr., að fjalla ítarlega um bráðabirgðalagaréttinn. Ég hef margoft haldið því fram og tel mig hafa fært mjög vönduð rök fyrir því að rétturinn sé formlega fyrir hendi og í raun hafi Alþingi ætlast til þess að formlegi rétturinn væri óbreyttur enda stendur það beinlínis í greinargerð með þeirri grein frv. sem breytti 28. gr. stjórnarskrárinnar. Ef sú breyting hefði ekki átt sér stað væri útilokað í dag að gefa út bráðabirgðalög þannig að með þessu er ég að halda því fram, sem ég held að blasi við öllum þingmönnum, að það var ákvörðun Alþingis að viðhalda þessum rétti óbreyttum. Hitt er svo annað mál og það hef ég einnig komið inn á fyrr í mínum ræðum að það kann að vera æskilegt eða mögulegt, og það hafi verið greitt fyrir því með breytingum sem hafa orðið bæði á stjórnarskrár- og þingskapalögum, að kalla þing saman fremur en að nota bráðabirgðalagaréttinn. Vissulega hafa verið færð ýmis rök fram fyrir því. Ég hef hins vegar bent á á móti að við afgreiðslu laga til breytinga á þingskapalögunum féllu út ákvæði sem voru sérstaklega hönnuð og sniðin til þess að koma til móts við þau sjónarmið að hægt væri að kalla Alþingi saman til þess að afgreiða mál í stað bráðabirgðalaga. Í umræðunni hér hefur til að mynda hv. 6. þm. Norðurl. e. bent á að í 57. gr. þingskapalaganna, eins og þau eru nú, séu heimildir fyrir forseta til að takmarka ræðutíma. Þegar þetta ákvæði er grannt skoðað sést að þar er fyrst og fremst átt við þegar umræður hafa farið úr hófi fram, a.m.k. 1. mgr. í þeirri grein, en síðari málsgreinarnar eru reyndar á þann veg að forseti getur, áður en umræða fer fram, komið með slíka tillögu, auk þess minnir mig hafa 9 þingmenn þann sama rétt. Þetta er vissulega hægt og var hægt samkvæmt gömlu þingsköpunum en það breytir ekki því að ef við ætlum í framtíðinni, og það er að sjálfsögðu mín skoðun, að koma í veg fyrir bráðabirgðalagaútgáfu með því að auðvelda þingstörf á örstuttu þingi, sem yrði þá boðað saman í því tiltekna skyni, þá er það mitt álit að það þurfi að breyta þingskapalögum og ég er tilbúinn til þess, og veit að ég tala þar fyrir hönd míns flokks, að taka þátt í því starfi að breyta þingskapalögum til að auðvelda það. Ég er þeirrar skoðunar að okkur beri að gera slíkt og ég tek undir þau sjónarmið sem komu fram í umræðunni að slíkt þyrftum við að gera og ég skildi hv. 6. þm. Norðurl. e. þannig að hann væri sömu skoðunar. Með því væri tryggt að hægt væri að boða þing saman sem stæði einn til tvo daga og gæti gefið út lög og koma þannig í veg fyrir að ríkisstjórnir gefi út bráðabirgðalög sem þær reyndar hafa fullan rétt til með sama hætti og áður. Efnislega hefur ekki mikið verið rætt hér um þetta frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum en það er þó athyglisvert að það kemur fram í máli ýmissa þeirra sem tekið hafa til máls að þeir telja að nauðsynlegt hafi verið að grípa inn í atburðarásina þó þeir séu ósammála því hvernig það var gert.

Ég ætla ekki að gerast langorður um lögfræðiálit sem liggja fyrir og voru reyndar birt í sumar. Ég bendi hins vegar á að í málflutningi mínum hef ég ítrekað bent á að ekki var verið að breyta niðurstöðu dómsins heldur breyta þeim efnisþáttum sem niðurstaðan hvíldi á. Ég legg enn einu sinni áherslu á þetta og bið hv. þm. að skoða álitin í þessu ljósi. Ég skal viðurkenna og það sjá allir í hendi sér sem lesa lögfræðiálitin að þau eru ekki samhljóða, það eru ekki nákvæmlega sömu viðhorfin sem koma fram í þremur álitum lögfræðinganna. Sumt af því sem þeir segja bendir í þá átt að þeir telja að vafasamt hafi verið að breyta bráðabirgðaréttinum. Ég, og það er bara mín lögfræðilega afstaða, tel að bráðabirgðalagarétturinn sé alveg óbreyttur og hann sé í raun og veru að bráðabirgðalöggjafinn hafi nákvæmlega sama rétt og löggjafinn sjálfur að forminu til. Og meira að segja vil ég ganga svo langt að segja, sem ég hygg að flestir fræðimenn séu sammála um, ég er nú ekki í hópi þeirra að sjálfsögðu heldur hef lesið þeirra rit, að bráðabirgðalöggjafinn eða ríkisstjórn, jafnvel þótt hún sé í minni hluta, geti metið sjálf nauðsynina á því að beita þessum rétti. Og ég tel að ef hv. Alþingi hafi ætlað að breyta þessu á sínum tíma hafi það orðið að gerast með skýrari og betri hætti en þeim að einstakir þingmenn hafi látið það koma fram í umræðum hér á Alþingi, þótt það hafi verið í framsögu, því hér er verið að fjalla um stjórnarskrárákvæði.

Til að skýra þetta enn frekar, því að ég sé að einn ágætasti lögfræðingur þingsins, hv. þm. Ragnar Arnalds, er hér staddur, þá vil ég bæta því við að ég tel að á þeirri stundu, sem bráðabirgðalögin eru sett, þá sé það nægilegt að forsrh. telji sig geta komið bráðabirgðalögunum í gegnum þingið. Hann þurfi þess vegna ekki að hafa kynnt til að mynda hver sé vilji meiri hlutans í raun eða hafa samband við þingmenn hvorki í stjórn né stjórnarandstöðu. Það kann hins vegar að vera varlegra fyrir þann sem beitir bráðabirgðalagaréttinum að kynna sér slíkt ef hann vill tryggja að viðkomandi lög fái afgreiðslu á því þingi sem í hönd fer. Menn hafa einnig í þessum umræðum sagt að það hafi verið óeðlilegt að beita bráðabirgðalagaréttinum vegna þess að það var nægur tími til að setja almenn lög á hinu háa Alþingi. Í þessu sambandi vil ég benda á að margoft hefur það gerst, til að mynda a.m.k. tvisvar sinnum í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens páv. forsrh., að bráðabirgðalög voru sett um atburði sem voru óorðnir og nokkrir mánuðir voru í. Ég man t.d.

eftir lögum frá því í ágúst 1982 um að tilteknir atburðir gerðust 1. des. á sama ári, löngu eftir að þing kæmi saman. Og ég man eftir öðru sinni sams konar löggjöf í jólafríi, ég get ekki tiltekið ártalið, þar sem bráðabirgðalög voru gefin út, enda var leyfið með þeim hætti að slíkt var heimilt, um atburði sem áttu að gerast í mars á því ári sem lögin voru sett, löngu eftir að þingið var komið saman. (**Gripið fram í:** Hvaða ár?) Árið 1982 hygg ég að það hafi verið. Á þetta bendi ég, ekki vegna þess að ég telji að þetta sé fordæmi heldur vegna þess að ég er að reyna að leiða það fram að bráðabirgðalagaréttinn er rýmri heldur en menn telja gjarnan þegar þeir tala um hann hér á hinu háa Alþingi.

Mig langar til að gera tvær örlitlar athugasemdir við það sem kemur fram í nál. hv. 2. minni hluta og hef ég reyndar gert það þegar um annan þáttinn þar sem segir á bls. 2, með leyfi forseta:

Það er Alþingis að meta hvort niðurstaða Kjaradóms hafi falið í sér svo mikla hættu eða röskun á þjóðarhag að brýna nauðsyn hafi borið til að koma í veg fyrir áhrif hennar með setningu bráðabirgðalaga. Þetta er ekki rétt vegna þess að þótt Alþingi hafi að sjálfsögðu síðasta orðið þá er það álit allra þeirra sem nálægt málinu hafa komið og kynnt sér það fræðilega að það sé ríkisstjórnarinnar að meta þetta og það örlar í fyrsta skipti fyrir því að dómstólar telji að þeir eigi að meta þetta í undirréttardómi bæjarþings Reykjavíkur í máli sem aðili, þar er nánar tiltekið félagi í Félagi ísl. náttúrufræðinga, stofnaði til með því að stefna ríkisvaldinu vegna bráðabirgðalaganna sem sett voru sumarið 1990. En enginn hæstaréttardómur hefur fallið um það mál. Ég hef sagt það áður að svo kann að fara í hæstaréttarmálinu að Hæstiréttur komist að annarri niðurstöðu en fræðimenn hafa haldið fram hingað til og þá breytast fræðin að sjálfsögðu við það. Þetta vil ég að komi fram því ég held að þessi umræða, sem hér á sér stað í dag og undanfarna daga um bráðabirgðalagaréttinn, sé mjög mikilvæg fyrir framhald útgáfu bráðabirgðalaga í landinu.

Hitt atriðið snýr að því sem segir á bls. 3 og orðast þannig, með leyfi forseta:

„Þá gerðist það að ný bráðabirgðalög voru sett, nú á Kjaradóm, og voru prestar þar með sviptir langþráðum leiðréttingum í annað sinn." Af þessu tilefni vil ég segja að þetta er rangt. Það var meira að segja skilið eftir í bráðabirgðalögunum, sérstaklega fyrir presta og dómara, að hægt væri að breyta ef sérstaklega stæði á launum ákveðinna tiltekinna hópa. Það er ekkert leyndarmál og hefur komið fram reyndar áður að það var verið að hugsa um þessar tvær stéttir.

Varðandi það sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni skal ég verða stuttorður. Hann fjallaði nokkuð um presta. Ég vil einungis segja það að prestar voru komnir undir Kjaradóm þegar ég tók við embætti fjmrh. Í samtölum mínum við þá kom fram að þeir teldu að forusta BHMR hefði brugðist í kjarasamningum við ríkið. Ég vil að þetta komi fram því í hans máli var sagt að prestar hefðu verið óánægðir með afstöðu ríkisvaldsins á þessum tíma. Nú er ég ekki að tala um afstöðu mína heldur forvera minna. Ég vil að þetta komi fram því að þetta sögðu þeir í viðtölum við mig.

Örstutt um þingræðisregluna sem hv. 6. þm. Norðurl. e. ræddi um og, virðulegur forseti, ég reyni nú að halda mig við formlegu hliðar málsins sem ég held að sé líka mikilvægt. Ég vil ég benda á að þingræðisregla hefur tiltölulega þrönga merkingu a.m.k. í lögfræði og þýðir ekkert annað en að það sé þingbundin stjórn. Það að það sé þingbundin stjórn þýðir að það sé stjórn sem getur varið sig vantrausti og stjórn sem getur komið lögbundnum frv. fram. Og þá er fyrst og fremst verið að tala um fjárlagafrv. af því að það er skylda að hafa fjárlög samþykkt fyrir hvert ár. Slíkar stjórnir eru þingbundnar stjórnir. Þar sem svo háttar til að vantraust getur hrakið stjórnir frá völdum þá er talað um að þar ríki þingræði. Til samanburðar má benda á Bandaríkin. Það er alveg sama hvað mörg frv. eru felld fyrir Bandaríkjaforseta og jafnvel samþykkt vantraust á hann á þinginu þá situr hann áfram því þar er þrígreining ríkisvaldsins mun skarpari og skýrari en hér. Þetta vildi ég segja um þingræðisregluna því hún þýðir ekki að þingið sem stofnun eigi að ráða eitthvað yfir framkvæmdarvaldinu en er algengur misskilningur. Ég tek fram að það kom ekki fram í máli hv. þm., en ég nefni það þó hér vegna þess að maður heyrir það stundum rætt með þeim hætti. Bráðabirgðalög eru hins vegar undantekning frá þingræðisreglunni. Bráðabirgðalög eru gamlar leyfar konungsvaldsins, konungurinn hélt þessu valdi eftir. Og í gegnum tíðina allt til þessa tíma þá hefur þetta gerst hér á landi. (**JGS:** Við erum búin að fá konung aftur.) Þó ég beri nú konunganafn og reyndar páfa líka þá var ekki við það átt.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð vegna ræðu Jóhanns Ársælssonar. Hann ræddi um efnislegu afstöðuna til laganna og tók undir það með öðrum að það þyrfti að taka afstöðu til hennar. Hann taldi að við í ríkisstjórninni hefðum átt að grípa í taumana áður en dómurinn féll. Ég hef áður átt orðastað við hann um það efni og skal ekki endurtaka það.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir sýndi fram á, sem ég held að hafi verið mjög gott í þessari umræðu, að kerfið auðvitað er arfavitlaust og launakjörin með þeim endemum og slíkur frumskógur hjá opinberum starfsmönnum að það er engin lógík í því. Og ég hygg að meðal 100 launahæstu starfsmanna ríkisins sé til að mynda sé enginn ráðherranna. Ég hygg að svo sé, sem er dæmi um það hvernig launakerfið hefur þróast. En það er annað atriði sem varð til þess að það er mjög erfitt að láta dóminn standa og það var það sem snýr að eftirlaunaréttinum. Það að mínu viti vóg kannski einna þyngst að Kjaradómurinn skyldi segja: Við erum að ákvarða um heildarlaun þeirra sem við erum að ákvarða um nú. Við vitum að laun þeirra eru miklu meiri en dagvinnulaun og það skapaði okkur þau vandræði að þar með var eftirlaunarétturinn miðaður við heildarlaun sem er algjört stílbrot við það sem gerist hjá öðrum opinberum starfsmönnum og hefði bakað okkur mikla erfiðleika ef því hefði ekki verið breytt. Því hef ég gert tilraun til að breyta með því að leggja

fram frv. sem hefur m.a. ákvæði í þá veruna.

Virðulegi forseti. Þetta var nú lengri ræða en ég ætlaði. En ég vona a.m.k. að mín sjónarmið hafi skýrst. Og ef ég hef ekki svarað öllum fyrirspurnum þá er ég fús til að gera það hafi eitthvað skolast til í þeim efnum.

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er mjög undrandi á því að hæstv. fjmrh. skuli halda því fram að bráðabirgðalagarétturinn hafi í engu breyst. Ég vil í því sambandi vitna til örstuttrar athugasemdar hæstv. núv. menntmrh. Ólafs G. Einarssonar, þar sem hann sagði: „Í fyrsta lagi að þingið mun starfa allt árið og í einni málstofu sem er auðvitað mjög veigamikil breyting. Ég tel líka að sú breyting út af fyrir sig hafi það í för með sér að útgáfa bráðabirgðalaga ætti því sem næst að vera úr sögunni, ef ekki alveg." Það er alveg ljóst, hæstv. fjmrh., þegar þessi ræða er lesin, að það er verið að þrengja bráðabirgðalagavaldið. Og það er hættulegt fyrir ráðherra í ríkisstjórn að treysta í jafnmiklum mæli á eigin lögfræðikunnáttu og virðist vera með núv. ráðherra í ríkisstjórninni. Ég spyr hæstv. ráðherra: Var einhver lögfræðingur utan ríkisstjórnarinnar sem mælti með þessari leið? Það væri fróðlegt að vita það. Eða telja hæstv. ráðherrar að þeir séu svo góðir í lögfræði að þeir þurfi ekki að hlíta neinum ráðum? Jafnvel þótt þeir beri nöfn kónga og páfa þá má nú fyrr vera sjálfsálitið. Og í öðru lagi heyrðist mér hæstv. fjmrh. koma inn á það að ástæðan fyrir því að þeir kölluðu Alþingi ekki saman hafi verið hræðsla við að menn töluðu svo mikið hér á Alþingi. Var það virkilega ástæðan, hæstv. ráðherra? Og hvers vegna var þetta álit? Af hverju reyndu menn þá ekki að kanna það hjá stjórnarandstöðunni hver vilji hennar væri til þess að þing kæmi saman og semja um það? Auðvitað var hægt að semja um það eins og hvað annað. En það virðist vera svo með hæstv. ríkisstjórn að þeir geri sér einhverjar hugmyndir fyrir fram um hlutina og þar með er það ekkert frekar skoðað. Var það virkilega ástæðan, hæstv. fjmrh.?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Fyrst um samninga við stjórnarandstöðuna. Jú, vissulega ræddu menn það í ríkisstjórninni. Ég ætla ekki að gera lítið úr því að það er stundum auðvelt að semja við stjórnarandstöðuna. En það er einu sinni þannig að við höfum margfalda reynslu fyrir því að formenn þingflokka, ekki einungis stjórnarandstöðunnar heldur stjórnarflokkanna á hverjum tíma, hafa ekki og hafa ekki getað bundið einstaka þingmenn í málum. Þess vegna m.a., ekki eingöngu, var ekki á þetta reynt. Og loks í enn eitt skiptið vegna lögskýringargagna um það hvort bráðabirgðalagarétturinn sé fyrir hendi og formlegu skilyrðin séu óbreytt þá vil ég enn á ný lesa það sem kemur fram á þskj. 556 á þeim tíma sem var verið að breyta stjórnarskránni. Þar segir um 5. gr., sem reyndar varð nú síðar 6. gr., og er brtt. um 28. gr. stjórnarskrárinnar. Ég ætla að lesa þetta orðrétt, með leyfi forseta: „Orðin „milli þinga" falla brott og í staðinn koma orðin „þegar Alþingi er ekki að störfum". Með því er átt við þann tíma þegar þingi er frestað eða frá því að umboð þess fellur niður og þar til nýtt þing kemur saman. Hér er því ekki um að ræða breytingu á þeim skilyrðum sem verið hafa fyrir útgáfu bráðabirgðalaga." Og ég bæti við sjálfur: Þvert á móti var þessi breyting gerð til að tryggja það að ríkisstjórnir hefðu áfram bráðabirgðalagaréttinn vegna þess að ef stjórnarskrárákvæðið hefði verið óbreytt þá hefði rétturinn fallið niður af sjálfu sér því að það er ekkert lengur sem heitir á milli þinga í dag í íslenskum lögum.

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. benti ekki á einn einasta lögfræðing utan ríkisstjórnarinnar sem hefði mælt með þessari aðferð. Ég hlýt þá að skilja það svo að hann fyrirfinnist ekki. Og ég tel í reynd að hæstv. fjmrh. hafi staðfest þann grun minn að ástæðan fyrir því að þing var ekki kallað saman hafi verið sú að menn hafi óttast að ekki væri hægt að semja við stjórnarandstöðuna og ekki einu sinni látið á það reyna. Þar með hefur hæstv. fjmrh. í reynd staðfest að ástæðan fyrir því að til bráðabirgðalagavaldsins var gripið hafi verið hræðsla ríkisstjórnarinnar við það að það væri ekki hægt að semja við stjórnarandstöðuna án þess að láta á það reyna. Það er gott fyrir þá dómstóla, sem eiga að fjalla um málið, að hafa þessar upplýsingar hæstv. fjmrh. því ég tel að það hafi verið það sem hann hefur verið að segja hér.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég viðurkenni að það er tíðkað m.a. í lögfræði að gagnálykta frá því sem menn segja eða segja ekki. En ég vil aðeins að það komi hér fram að það má ekki gagnálykta frá því sem ég sagði og sagði ekki hér áðan. Það eru auðvitað til lögfræðingar sem bentu á þessa leið. Ég kæri mig ekkert um að tala um þá eða nefna. Það liggja þrjú lögfræðiálit fyrir sem ég tel að nægi. Um samninga við stjórnarandstöðuna skal ég láta það koma fram að við töldum eðlilegra að við bærum sjálfir og einir ábyrgð á þessum verknaði og vildum gera það og teljum að við höfum gert það með þeim hætti sem eðlilegastur er enda verða þessi bráðabirgðalög til afgreiðslu hér væntanlega í kvöld eða á morgun og þá sést hvort við höfum þann meiri hluta sem þarf.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé nú löngu ljóst að það er rétt hjá hæstv. fjmrh. að það er löglegt að setja bráðabirgðalög. En það fer mjög svo eftir efni þeirra laga hversu mikilvæg þau eru. Og auðvitað er það hárrétt hjá hv. 1. þm. Austurl. að með lögskýringum má greinilega sjá þrengingu á því hvenær þykir verjandi að setja bráðabirgðalög.

En ég ætla að halda mig við þennan lagatexta sem ég á að fara að greiða atkvæði um. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvað það þýði sem hér stendur:

„Telji Kjaradómur ástæðu til að gera sérstakar breytingar á kjörum einstakra embættismanna eða hópa skal þess gætt að það valdi sem minnstri röskun á vinnumarkaði." Hvern á Kjaradómur að spyrja um hvort líkur séu á röskun á vinnumarkaði? Á hann að spyrja forseta ASÍ? Á hann að spyrja framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins? Á hann að spyrja forseta BSRB? Eða hvern á hann að spyrja? Á hann að fara út og spyrja manninn á götunni? Hvort er Kjaradómi falið að ákveða laun þeirra einstaklinga sem hér er getið um í lögunum eða alþingi götunnar eins og það hefur stundum verið kallað. Ef svo er að forustumenn launþegasamtaka og vinnuveitenda eiga að hafa veruleg áhrif á niðurstöðu Kjaradóms, þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort þá væri ekki ráð að breyta lögunum þannig að þessir mætu herrar sætu í Kjaradómi. Til hvers erum við að hafa Kjaradóm sem er skipaður fimm dómendum? Einn skal vera lögfræðingur og formaður dómsins. Kjaradómur skal skipaður fimm dómendum. Hæstiréttur skipar þrjá, fjmrh. einn og félmrh. einn. Til hvers er verið að skipa þessa nefnd ef forustumenn verkalýðssamtaka eða alþingi götunnar á að ráða hvaða niðurstöðu þeir komast að?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef áður skýrt hvers vegna við kusum að setja þetta ákvæði inn í bráðabirgðalögin. Það var gert til þess að opna smugu fyrir Kjaradóm til að leiðrétta sérstaklega laun ákveðinna hópa eða einstaklinga og ég hef meira að segja sagt það tvívegis í umræðunum hér við hverja var sérstaklega átt. Það voru annars vegar dómarar og hins vegar prestar. Það kemur hvergi fram að sjálfsögðu af því að engin greinargerð önnur en sú almenna fylgir bráðabirgðalögunum. Vegna fyrirspurnar hv. þm. um það hvern eigi að spyrja, þá spyr Kjaradómur auðvitað sig sjálfan. Hann á að meta þetta og hann ræður hvern hann spyr. Það er algerlega mat Kjaradóms sjálfs sem liggur þarna til grundvallar alveg eins og í lögunum eftir að þeim var breytt með bráðabirgðalögunum og fyrr, áður en sú breyting varð.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér hafa komið fram alveg nýjar upplýsingar. Ég hef ekki heyrt fyrr að orsök alls þessa klúðurs hafi verið ótti við laun — ef ég skildi hæstv. ráðherra rétt — dómara og presta og gamalla embættismanna sem lokið hafa löngum starfsferli og njóta þess nú í einhverju. Voru það þessir þrír aðilar sem ollu öllu þessu írafári? Ég vil gjarnan að hæstv. ráðherra staðfesti hvort ég skil þetta rétt.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef ég skil hv. þm. rétt hefur hann ekki skilið mig rétt. Ástæðan fyrir því að þetta ákvæði var sett inn í bráðabirgðalögin sem hv. þm. vitnaði til var að opna Kjaradómi leið til þess að taka sérstakt tillit til hópa eða einstaklinga og það sem við höfðum í huga voru prestar og dómendur. Það hefur hins vegar komið fram í ræðu minni að ég taldi ástæðu til þess í því frv. sem liggur nú fyrir og er til umfjöllunar í hv. nefnd að taka skýrt fram að gera greinarmun á dagvinnuþættinum annars vegar og yfirvinnuþættinum hins vegar vegna þess ef heildarlaunin mynda grunn fyrir eftirlaunaréttinn þá gerist það að kjaradómsmenn hafa margfalt betri rétt en þeir sem í dag verða að semja við ríkisvaldið um kaup og laun. **(GHelg:** Líka þingmenn?) Þingmenn semja ekki um laun sín. Laun þingmanna eru háð kjaradómsúrskurði.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Enn eru tveir hv. þm. sem óska að veita andsvör. Það er að verða skammur tími og ég bið hv. þm. að taka tillit til þess og hæstv. ráðherra. Hv. 6. þm. Norðurl. e. tekur til máls og veitir andsvar.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil benda hæstv. fjmrh. á það að þegar hann talaði um að ekki hefði verið hægt að semja um að þing kæmi saman í skamman tíma vegna þess að slíkir samningar hefðu ekki haldið gagnvart einstökum þingmönnum að í 56. gr. — eins og hæstv. ráðherra viðurkenndi reyndar eftir að hafa lesið hana betur — eru allar heimildir fyrir forseta og fyrir einfaldan meiri hluta þingsins til þess það að vera búnir að semja áður og ég tel að þá séu allar forsendur til þess að þeirri grein sé beitt. Líklegast gætum við ekki fundið betra dæmi þar sem einmitt væri ástæða til þess og ekkert hægt út á það að setja að 56. gr. væri beitt á þennan hátt. Sá röksemdaflutningur hæstv. ráðherra að ekki hefði verið hægt að kalla saman þing af ótta við málþóf er algerlega fallinn um sjálfan sig.

Hæstv. ráðherra taldi að ég væri honum sammála um að hægt væri að breyta þingsköpum til þess að bregðast við aðstæðum að þessu leyti. Það er rétt hjá honum svo langt sem það nær en ég tók skýrt fram að þá teldi ég að það yrði að vera liður í heildarendurskipulagningu á starfsháttum þingsins. Þá kem ég að þingræðisreglunni. Ég held að við ráðherrann skiljum hana alveg eins og þess vegna sé engin þörf á því fyrir ríkisstjórn að hafa þvílíkt ægivald á þingvaldinu eins og núv. hæstv. ríkisstjórn vill hafa.

Þegar ég greip fram í — sem maður á náttúrlega ekki að gera í þingsölum — og sagði að hér væri kominn konungur til valda aftur þá var hæstv. ráðherra einum of fljótur að taka það til sín því að ég átti að sjálfsögðu við Bubba kóng.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að ræða hv. þm. hafi gefið tilefni til þess að ég segi að mér finnst það vera framlag til þessarar umræðu sem kom fram í orðum hans, bæði nú og fyrr. Ég tel einmitt að þingmenn og þá ríkisstjórnarflokkarnir ásamt stjórnarandstöðuflokk-

unum ræði það hvort þeir vilji að þessari grein sé breytt, sem var ekki ætlunin, eða hvort hugmyndin sé að setja inn í þingskapalög grein eins og þá sem stóð til að setja á sínum tíma og ég tel að það sé allt í lagi að líta á þetta mál í samhengi við heildarendurskoðun þingskapa. Það er allt í lagi að minni hyggju.

Loks út af konungum. Hér hefur verið talað um konunga, presta og páfa. Þá er það hárrétt að það eru margir sem bera konunga nöfn og einn sem ber það kannski með mestri rentu er forsrh. því að hann heitir í höfuðið á þeim konungi sem margir eða flestir kannast við sem Davíð konung og vona ég að hann hafi átt við það þegar hann talaði hér í ræðu sinni.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Í þingsköpum segir að andsvör og umræður um þau megi eigi standa lengur en 15 mínútur. Sá tími er senn liðinn. Enn hefur einn hv. þm. sem beðið hefur um að veita andsvör eigi komist að. Þess vegna... **(Gripið fram í:** Ég get sett mig á mælendaskrá.) Ég ætlaði að hleypa honum að, en ég ætlaði að stytta ræðutíma hv. þm. sem nú veitir andsvar öðru sinni niður í eina mínútur sem er heimilt.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er hræddur um að sá sem ber Davíðsnafnið í núv. hæstv. ríkisstjórn hafi tekið samlíkinguna við þann Davíð, sem hæstv. fjmrh. vitnaði til, fullalvarlega og telji sig þess umkominn að kveða upp stærri dóma en er í verkahring hæstv. ríkisstjórnar á Íslandi. Það er kannski hluti af skýringunni hvernig tiltókst í sumar.

En ég vil aðeins ítreka það og benda hæstv. fjmrh. á að ekkert þýðir að tala um það núna að menn þurfi að breyta þingsköpunum til þess að bregðast við þessum aðstæðum. Það hefði engu breytt á sl. sumri. En það breytir heldur ekki því að allar heimildir til þess að semja um styttra þinghald og að hægt væri að standa við það voru til staðar í þingsköpunum eins og þau litu út á sl. sumri og það kemur því ekkert við þó að menn geti talið að það ætti að breyta þingsköpunum frá því sem nú er.

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki um það deilt að réttur inn til að setja bráðabirgðalög er til staðar og hann er hjá ríkisstjórninni. Spurningin er: Hvenær er nauðsynlegt að grípa til þessa neyðarúrræðis? Hvenær á að kalla Alþingi saman. Það er það sem við höfum deilt um hér að ríkisstjórnin hafi notað þennan rétt þegar létt verk og löðurmannlegt var að kalla Alþingi saman.

Hæstv. fjmrh. vitnaði í nefndarálit mitt og ég vil leiðrétta það hér, ég las það þegar ég fór yfir þetta nefndarálit að eitt orð hefur fallið niður. Hér á að standa á bls. 2: „Það er Alþingis að meta endanlega hvort niðurstaða Kjaradóms hafi falið í sér svo mikla hættu eða röskun á þjóðarhag að brýna nauðsyn hafi borið til að koma í veg fyrir áhrif hennar með setningu bráðabirgðalaga." Endanlega er það Alþingi sem fellir þennan dóm, um það deilum við vonandi ekki, hæstv. fjmrh. og ég.

Varðandi síðara atriðið sem hann gerði athugasemd við þá er því ekki að neita að bráðabirgðalög voru sett á Kjaradóm sem leiddu til þess að Kjaradómur leit þannig á að verk hans væri að kveða upp úr um 1,7% launahækkun. Það var það sem hann gerði og þar með kastaði hann málinu í ríkisstjórnina sem stendur frammi fyrir því að leysa vanda starfsmanna sinna og lái hver sem vill Kjaradómi. Hvað áttu þeir að gera eftir þá útreið sem þeir höfðu fengið hjá ríkisstjórninni? Niðurstaðan varð sú að prestar voru þar með sviptir langþráðum leiðréttinum kjara sinna í annað sinn á nokkrum árum.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil eingöngu þakka hv. þm. fyrir þessa leiðréttingu sem skýrir að sjálfsögðu málið, ég hef ekki fleiri orð um það að segja. Ég er sammála hv. þm. um álit Kjaradóms. Kjaradómur áleit þetta jafngilda launalögum. Ég er ekki sammála því áliti. Ég hef látið það koma fram áður að ég tel að Kjaradómur hafi í raun getað komist að hvorri niðurstöðunni sem er á grundvelli laganna eins og þau voru og eins og þau nú eru og ég bendi í þeim efnum því til rökstuðnings að Kjaradómur lét undir höfuð leggjast að gera þessa svokölluðu leiðréttingu árum saman þótt sömu lög hefðu verið til staðar allan tímann.

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég tel að þessi umræða sem hefur farið fram hafi bæði verið gagnleg og fróðleg. Hins vegar er ég ekki sammála því mati hæstv. fjmrh. að þessi umræða skipti meginmáli að því er varðar framtíðina. Við getum ekki túlkað lög út af fyrir sig út frá þeirri umræðu sem hefur átt sér stað hér í dag. Við hljótum að túlka þau fyrst og fremst út frá þeirri umræðu sem átti sér stað þegar lögin voru sett og það hefði hæstv. ríkisstjórn átt að gera.

Hæstv. fjmrh. sagði að hann vildi ekki nafngreina þá lögfræðinga sem hefðu mælt með þessari leið. Það er mjög einkennilegt að lögfræðingar skuli hafa gefið skriflegt álit þar sem þeir vara við þessari leið en enginn lögfræðingur hefur a.m.k. viljað gefa skriflegt álit sem mælt hefur með þeirri leið sem ríkisstjórnin hefur farið. Hvernig stóð á því, hæstv. fjmrh., að þessir lögfræðingar vildu ekki láta nafns síns getið? Út af fyrir sig er mjög merkilegt að ríkisstjórnin skuli þó birta lögfræðiálit þeirra sem mæltu gegn því og vöruðu við, en vill alls ekki nefna þá menn sem mæltu með því að fara þessa leið. Ég gagnálykta þannig, hæstv. fjmrh., að hér séu þá eingöngu lögfræðingarnir í ríkisstjórninni og eru þeir allmargir. Ég vænti þess að lögfræðingarnir í ríkisstjórninni hafi staðgóða lögfræðimenntun, en mér finnst eins og ríkisstjórnin hafi

fengið heldur mikið álit á sjálfri sér í sambandi við lögfræðikunnáttu. Ég endurtek það.

Ég tel að niðurstaða umræðunnar sé sú að hæstv. fjmrh. hefur í reynd upplýst og gert það að meginmáli að ríkisstjórnin vildi ekki kalla Alþingi saman vegna þess að hún óttaðist mjög langar umræður um málið án þess að kanna það, án þess að hafa samband við stjórnarandstöðuna og án þess að sú nefnd sem átti að fjalla um málið hafi verið kölluð saman til skrafs og ráðagerða um málið, þó það væri nú ekki annað. Ekki hefði verið neitt stórmál fyrir formann efh.- og viðskn. að kalla á einn stuttan fund í efh.- og viðskn. til þess að kanna viðhorf nefndarmanna til stöðu mála eða óttuðust menn málþóf þar líka?

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að þetta er afar undarlega að málum staðið. Vel má vera að einhvern tíma hafi það verið svo að ekki hafi verið hægt að lofa því að hver og einn einasti þingmaður talaði ekki í ákveðinn tíma. Við það búum við á Alþingi. Við búum við málfrelsi og það er mikilvægt að við búum við þetta málfrelsi áfram. Ég man ekki eftir því að það hafi verið til alveg sérstakra vandræða. Það hefur vissulega komið oft fyrir að hér hafa verið langar umræður en það hefur ávallt komið að því að hægt hefur verið að semja um mál, annaðhvort meðan umræðan hefur staðið yfir eða þá fyrir fram og sem betur fer hefur aldrei þurft að grípa til þessa ákvæðis þingskapalaganna, enda hlýtur það líka að vera neyðartilvik að þurfa að grípa til þess. Ég sé því enga ástæðu til þess að það þurfi að breyta þingskapalögunum til þess að hægt sé að kalla Alþingi saman í svona tilviki. Ég tel það vera algeran undanslátt og lélega afsökun hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli. Ég lít svo á að það hafi verið upplýst hér, hæstv. fjmrh., og gagnályktað eins og hæstv. ráðherra tók fram, og ég tel það niðurstöðu hér að ríkisstjórnin hafi ákveðið að setja bráðabirgðalög vegna þess að hún óttaðist að langar umræður yrðu á Alþingi og ekki væri hægt að ljúka málinu á nokkrum dögum án þess að kanna það og án þess að hafa samband um það við nokkurn mann. Hún leitaði lögfræðiálits, fékk eingöngu álit sem vöruðu við því að gera þetta og ef einhverjir þeir lögfræðingar eru til sem hafa mælt með þessu, þá vilja þeir ekki láta nafns síns getið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af ökutækjum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 27. mál. — Þskj. 28.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, 1. umr.

Stjfrv., 34. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 35.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég flyt framsöguræðu fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

Frv. þetta er flutt í tilefni af samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Í XVI. viðauka þess samnings, samanber 65. gr. hans, er fjallað um opinber innkaup innan Evrópska efnahagssvæðisins. Markmiðið með samkomulaginu er það m.a. að tryggja aukna samkeppni á Evrópumarkaði á sviði opinberra innkaupa. Samkvæmt viðauka XVI er gert ráð fyrir því að tilskipanir og ýmsar aðrar reglur EB á sviði opinberra innkaupa gildi á hinu Evrópska efnahagssvæði. Um opinberar framkvæmdir er fjallað í lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og í lögum nr. 52/1987 er fjallað um opinber innkaup.

Lögin taka til framkvæmda og innkaupa á vegum ríkisins og stofnana þess. Fjmrn. fer með yfirstjórn opinberra framkvæmda og innkaupa. Meðferð máls varðandi opinberar framkvæmdir frá upphafi og þar til henni er lokið skiptist í fjóra áfanga. Verk skal að jafnaði boðið út. Innkaupastofnun ríkisins annast að jafnaði útboð verka svo og reikningshald og greiðslur. Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir veitir heimild til útboðs en hún er fjmrn. til ráðuneytis um fjármálalega framkvæmd laganna. Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins fer síðan með yfirstjórn verklegra framkvæmda. Yfirstjórn opinberra innkaupa er fengin sérstakri stjórn opinberra innkaupa sem jafnframt er stjórn Innkaupastofnunar ríkisins. Að jafnaði skal bjóða út kaup á vörum og þjónustu. Hvorki í lögum nr. 63/1970 né lögum nr. 52/1987 er kveðið á um efni útboðsauglýsinga og útboðsgagna, tilboðsfresti, meðferð tilboða eða val á bjóðendum. Í verkútboðum er hins vegar mikið stuðst við íslenskan staðal nr. 30 og þar er að finna ýmsar reglur um þessi atriði. Enginn staðall er hins vegar til um vörukaup. Ýmsum öðrum ríkisstofnunum en Innkaupastofnun hefur verið heimilað að annast eigin útboð. Þetta á t.d. við um Vegagerð ríkisins, Vita- og hafnamálastofnun, Póst og síma, Rafmagnsveitur ríkisins og Flugmálastjórn. Þá hefur Landsvirkjun annast sín eigin viðskipti á þessu sviði. Reykjavíkurborg rekur eigin innkaupastofnun en hins vegar hafa önnur sveitarfélög í mörgum tilfellum falið Innkaupastofnun ríkisins að annast meiri háttar innkaup fyrir sig.

Í frv. felst að við lög nr. 63/1970, um opinberar framkvæmdir, og lög nr. 52/1987, um opinber innkaup, er bætt nokkrum nýjum greinum er fela m.a. í sér skyldu fyrir ríki og sveitarfélög til að bjóða út verk og vörukaup á hinu Evrópska efnahagssvæði. Frv. er skipt í þrjá kafla. I. kafli fjallar um breytingar á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda,

II. kafli um breytingar á lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, og í III. kafla eru ákvæði um gildistöku.

Breytingarnar sem felast í I. kafla frv. felast í því að við 1. gr. laganna, sem fjallar um gildissvið þeirra, er bætt við ákvæðum sem munu leiða til þess að sveitarfélögum verður skylt að bjóða út á Evrópumarkaði. Þá er bætt við lögin nýjum kafla sem fjallar um opinber útboð á Evrópsku efnahagssvæði. Í þeim kafla er að finna reglur sem fjalla um ýmis atriði svo sem verðmætismörk, auglýsingar, kærur, skaðabætur o.fl. Þannig verður skylt að bjóða út á hinu Evrópska efnahagssvæði verk sem áætlað er að nemi 5 millj. ECU eða meira án virðisaukaskatts en það jafngildir u.þ.b. 375 millj. ísl. kr. Skylt verður að auglýsa verk þessi í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins og verður ekki heimilt að birta auglýsinguna hér á landi fyrr en hún hefur verið send útgáfustjórn Evrópubandalagsins til birtingar. Þar sem hins vegar geta liðið allt að 12 dagar þar til auglýsingin birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsing njóta innlendir verktakar ákveðins forgangs enda er ekkert því til fyrirstöðu að auglýsing birtist í innlendum blöðum einum til tveimur dögum eftir sendingardag.

Heimilt verður að kæra ákvarðanir verkkaupa sem teknar eru í tengslum við framkvæmd útboðs eða gerð verksamnings til fjmrn. allt til þess tíma að tilboð frá bjóðenda hefur verið samþykkt. Fjmrn. getur í tilefni af kæru gripið til ákveðinna aðgerða, svo sem stöðvað útboð samanber 2. gr., f-lið, sem verður 26. gr. og má sjá það á bls. 3 í frv. svo ég vísi til þskj. 35. Fjmrn. getur beitt þessum sömu heimildum í tilefni af athugasemdum eftirlitsstofnunar EFTA út af útboði og í því sambandi má benda á h-lið 2. gr. sem verður 28. gr. samkvæmt frv.

Breytingarnar sem II. kafli felur í sér á lögum nr. 52/1987 eru að flestu leyti sambærilegar við þær breytingar sem getið er um hér að framan. Sveitarfélög, auk ríkis og stofnana þess, verða skyld að bjóða út innkaup. Um verðmætismörkin er fjallað í b- og c-lið 4. gr. Almenna reglan er sú að skylt verður að bjóða út innkaup þegar verðmæti þeirra nemur 200 þús. ECU, Evrópumyntarinnar, eða 15 millj. ísl. kr. eða meira án virðisaukaskatts. Reglur um auglýsingar, kærur og valdsvið eftirlistsstofnunar EFTA eru hins vegar svipaðar reglum I. kafla.

Í III. kafla frv. er síðan að finna ákvæði um gildistöku laganna.

Markmiðið með frv. er fyrst og fremst að lögfesta þá skyldu til útboða á Evrópska efnahagssvæðinu sem leiðir af EES-samningnum. Ekki er ætlunin að gera aðrar breytingar á skipan opinberra framkvæmda og innkaupa hér á landi. Þannig munu sömu aðilar bjóða út þessi verk og innkaup og gera það nú. Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir mun veita heimild til útboða eins og verið hefur. Fjmrn. mun hafa eftirlit með því að reglum laganna sé fylgt en hins vegar mun Innkaupastofnun ríkisins annast ráðgjöf á þessu sviði svo sem með útgáfu upplýsingabæklinga.

Um langt skeið hefur verið fyrir hendi opinn alþjóðlegur útboðsmarkaður hér á landi við opinber innkaup bæði hvað varðar vörur og meiri háttar verkkaup. Þannig hefur Landsvirkjun t.d. boðið út á erlendum markaði alla stærri verkhluta við virkjanir. Þetta á t.d. við um Blönduvirkjun og þá hluta Fljótsdalsvirkjunar sem hafa verið boðnir út.

Innkaupastofnun ríkisins hefur á undanförnum tveimur árum boðið út rúmlega 20 vörukaupaútboð sem hefðu farið yfir þau mörk sem getið er um í II. kafla frv. Öll þessi vörukaupaútboð voru send á alþjóðlegan markað. Á sama tíma var boðið út eitt verk innan lands sem hefði farið yfir viðmiðunarmörk I. kafla frv. Svipað á við um Vegagerðina. Þar hafa á síðustu árum verið boðin út tvö verk sem hefðu farið yfir viðmiðunarmörkin. Innkaupastofnun annast hins vegar öll vörukaup fyrir Vegagerðina.

Virðulegur forseti. Ég hef hér gert grein fyrir því frv. sem hér er til umræðu og vil að endingu mælast til þess við hæstv. forseta að frv. verði sent hv. efh.- og viðskn. og vísað til 2. umr.

Umræðu frestað. — [Fundarhlé.]

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. RA o.fl., 30. mál (þjóðaratkvæðagreiðsla). — Þskj. 31.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Samkvæmt 42. gr. þingskapa skal frv. nú ganga til sérnefndar. Er 29. máli þingsins, frv. til stjórnarskipunarlaga frá hv. þm. Steingrími Hermannssyni o.fl., hafði verið vísað til 2. umr. var kosin sérnefnd til að athuga það mál. Telur forseti eðlilegt, eins og 1. flm. lagði til, að þetta dagskrármál gangi einnig til þeirrar nefndar. Ef enginn hv. þm. hreyfir andmælum skoðast það samþykkt.

Kjaradómur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 19. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 19, nál. 91, 100 og 104.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 28:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GuðjG, GHall, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MF, PJ, RG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, SalÞ.

nei: GHelg, ISG, KÁ, ÓÞÞ, StG, AÓB.

10 þm. (GB, GÁ, HG, JGS, KHG, PP, RA, SJS, VS, FI) greiddu ekki atkv.

19 þm. (GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JHelg,

JónK, JVK, KE, MB, ÓE, ÓRG, SigG, SighB, SAÞ, StH, ASv, EH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég tel það alveg fráleitt að Kjaradómi sé falið að gæta þess við úrskurði sína að niðurstaða valdi sem minnstri röskun á vinnumarkaði. Ég tel það ótækt. Ég tel það einnig ógerlegt og segi því nei.

2. gr. samþ. með 27:6 atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 28:5
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Vörugjald af ökutækjum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 27. mál. — Þskj. 28.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 40 shlj. atkv.

Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, frh. 1. umr.

Stjfrv., 34. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 35.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fara þess á leit við forseta að umræðu verði frestað um þetta mál. Að mínu mati er það öllum að meinalausu að umræðu um þetta mál verði frestað fram yfir þinghlé og raunar ætti það að vera í allra þágu ef við ætlum að klára það sem fyrir liggur fyrir annað kvöld.

Ég bendi á að fyrir efh.- og viðskn., sem kemur til með að fá þetta frv. til umfjöllunar, liggja nú þegar næg verkefni sem búið er að senda út til umsagnar. Þess vegna rekur ekkert á eftir því að umræðu um þetta mál verði haldið áfram.

Ég bendi á að við nefndarmenn í efh.- og viðskn. höfum alls ekki haft undan síðustu dagana að kynna okkur þau mál sem til okkar hefur verið beint.

Ég fer þess vegna fram á það, virðulegi forseti, að þessu máli verði frestað.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé eðlilegt að verða við þessari beiðni hv. þm. Reyndar eru ekki nema tveir hv. þm. á mælendaskrá en auðvitað getur þeim fjölgað. Í trausti þess að þetta stuðli að auðveldari afgreiðslu mála bæði nú og eins þegar þing kemur aftur saman vil ég fyrir mitt leyti segja það að ég tel ástæðulaust að halda umræðunni áfram að sinni.

Umræðu frestað.

Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, 1. umr.

Stjfrv., 35. mál. — Þskj. 36.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er sérstaklega tekið fram varðandi forúrskurði í áliti þeirra fjögurra lögfræðinga er hæstv. utanrrh. kvaddi sér til ráðuneytis um það hvort samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið bryti í bága við stjórnarskrá, svo ég vitni orðrétt, með leyfi forseta:

„Ef til þess kemur hins vegar að ákvörðun verði tekin um að leita slíkra forúrskurða þarf að setja heimild til þess í íslensk lög. Er ekki ástæða til þess að við tökum nú afstöðu til þess hvort stjórnarskrárbreyting sé þá nauðsynleg vegna þessa atriðis."

Með öðrum orðum, þeir hafa velt því atriði fyrir sér hvort lagabreyting, sem hefur það í för með sér sem það frv. hefur sem nú á að fara að ræða, kalli á stjórnarskrárbreytingu. Þeir svara því ekki en vekja athygli á málinu sem að mínu mati er vísbending um að það er efi í huga þessara fjögurra lögfræðinga um það hvort þetta frv. standist stjórnarskrá. Ég vil því spyrja hæstv. forseta hvort hann hafi af þessu gefna tilefni látið kanna það hvort svo mundi vera í þessu tilviki.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 5. þm. Vestf. bar fram þá fyrirspurn til forseta hvort hann hefði látið kanna ákveðið atriði varðandi þetta mál og því getur forseti svarað neitandi.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Frv. er til komið vegna ákvæða í 34. gr. samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Er þar kveðið á um lögsögu EFTA-dómstólsins til að gefa ráðgefandi álit um túlkun á EES-samningnum. Segir þar að ef álitaefni koma upp í þessu sambandi fyrir dómstóli í EFTA-ríki geti sá dómstóll, ef hann álítur það nauðsynlegt til að geta kveðið upp dóm, leitað eftir slíku áliti hjá EFTA-dómstólnum. Er EFTA-ríkjunum veitt heimild til að takmarka þennan rétt dómstóla sinna við þá dómstóla sem kveða upp úrlausnir sem sæta ekki málskoti samkvæmt landslögum viðkomandi ríkis.

Álitaefni sem varða EES-samninginn geta komið upp, hvort heldur er við rekstur einkamáls eða opinbers máls og þau geta komið upp fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eða sérdómstólum, svo sem Félagsdómi eða siglingadómi.

Af lagatæknilegum ástæðum hefur sú leið verið far-

in að kveða á um þetta efni í einu lagi í stað þess að *leggja til breytingar á margvíslegri réttarfarslöggjöf* þar sem það á við. Frv. tekur því til meðferðar hvers konar mála þar sem álitaefni geta komið upp varðandi túlkun á EES-samningnum.

Með frv. er gert ráð fyrir því að heimild þessi nái bæði til héraðsdómstóla og Hæstaréttar auk sérdómstóla samkvæmt nánari reglum sem lýst er. Er heimildin því ekki takmörkuð við Hæstarétt einan svo sem samningurinn heimilar og er það gert í ljósi þess að eftir almennum réttarfarsreglum á að leitast við að leysa mál á grundvelli sömu gagna og röksemda fyrir báðum dómstigum en á því yrði brestur ef fyrst væri unnt að leita álits EFTA-dómstólsins undir rekstri máls fyrir Hæstarétti.

Svo sem fram kemur í 1. gr. frv. og 34. gr. samningsins er álit það sem EFTA-dómstóllinn gefur einungis ráðgefandi. Álit EFTA-dómstólsins bindur ekki dómara við úrlausn máls, þótt telja verði að eftir því verði að öðru jöfnu farið að því leyti sem úrlausnin veltur á álitinu.

Rétt er að taka fram að ákvæðin kveða á um heimild dómstólsins til að leita álits en ekki skyldur.

Frú forseti. Ég tel ekki efni til að gera frekari grein fyrir efni frv. sem hér er til umfjöllunar og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það kom fram í máli hv. 5. þm. Vestf. um þingsköp að eftir því var leitað hvort forseti hefði látið fara fram á því mat hvort það frv. sem hér er lagt fram stenst stjórnarskrána. Svar hæstv. forseta var mjög heiðarlegt. Það var nei. En samkvæmt 42. gr. þingskapa eru vissar skyldur lagðar á forseta í þessum efnum og því óhjákvæmilegt að lesa greinina:

„Lagafrumvarpi, er felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni eða viðauka við hana, skal vísa til sérnefndar skv. 32. gr. Í fyrirsögn skal það nefnt frumvarp til stjórnskipunarlaga. Hafi það eigi þá fyrirsögn vísar forseti því frá."

Ef í þessu frv. er verið að leggja til texta sem er á þann veg að hann stenst ekki stjórnarskrána hefði hæstv. forseti átt að vísa málinu frá. Það er þess vegna tvímælalaust eðlilegt að það sé gagnrýnt að hæstv. forseti hafi ekki látið þessa athugun fara fram.

Það má ljóst vera að samþykki þingið frv. með þeirri fyrirsögn sem hér er þá er það og verður víkjandi gagnvart stjórnarskránni. Þá er það og verður víkjandi, sem þýðir það í reynd að stjórnarskrá Íslands verður það sem dæmt verður eftir af dómstólum landsins varðandi hugsanlega skörun í þessum efnum, en ekki þetta frumvarp. Ég tel þess vegna mjög miður að hæstv. forseti hafi ekki séð ástæðu til þess að leita eftir áliti hinna færustu lögfræðinga á þessu máli. Ég minni á þá miklu réttaróvissu sem skapast getur, eins og formaður Lögfræðingafélags Íslands vakti athygli á, ef Alþingi fellur í þá gryfju að ganga þannig frá þessum málum að þau standist ekki gagnvart stjórnarskránni.

Ég hef ekki fleira um þetta að segja en ég harma það mjög að hæstv. forseti skuli ekki hafa leitað álits í þessu tilfelli.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Varðandi athugasemd hv. 2. þm. Vestf. þá telur forseti að hér sé ekki um það að ræða að frv. feli í sér breytingu á stjórnarskránni. Sé svo ber forseta að vísa máli frá ef í fyrirsögn þess er ekki kveðið svo á um að það sé breyting á stjórnarskrá. Það er hins vegar ekki hlutverk forseta að fella efnislegan úrskurð varðandi þetta frv. Þingið sjálft verður að taka afstöðu til þess.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Hér gætir nokkurs misskilnings. Orðrétt stendur hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Hafi það eigi þá fyrirsögn vísar forseti því frá." Það stendur ekki að hann leiti álits þingsins heldur er valdið hans. Ég undirstrika það sem ég sagði áðan að það hefði verið eðlilegt, m.a. vegna þeirra efasemda sem koma fram hjá sérfræðingunum fjórum, að forseti léti leita álits á þessu.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Frv. sem við erum að fjalla um er ekki langt að efni til en það kemur inn á atriði sem mér finnst full ástæða til að taka fyrir. Áður en ég vík máli mínu að þessu tiltekna frv. vil ég fyrst fá að gera almenna athugasemd er varðar umfjöllun mála sem við koma EES. Okkur stjórnarandstæðingur hefur nefnilega verið legið á hálsi fyrir að tefja umfjöllun þessara mála. Ég held að reynsla undanfarinna daga geti ekki staðfest það en það er hart að sitja undir því. Ég tel þetta mjög ósanngjarna gagnrýni, einkum vegna þess að við lýstum okkur reiðubúin til vinnu um EES-frumvörpin í sumar — ég er reiðubúin að bíða meðan kyrrð er að komast á í salnum. — Ég var þar komin í máli mínu að ég var að gera grein fyrir því að við stjórnarandstæðingar lýstum okkur reiðubúin samkvæmt samkomulagi til vinnu um EES-frumvörpin nú í sumar, þvert ofan í venjuleg þingsköp. Það samkomulag héldum við. Sumarið var hins vegar ekki nýtt sem skyldi þar sem ýmis frumvörp, sem okkur er ætlað að samþykkja helst óbreytt, þótt við séum að sjálfsögðu ekki reiðubúin til þess nema efnisatriði málsins gefi tilefni til, voru alls ekki tilbúin og er við mættum til starfa í júnílok í allshn. var ekki einu sinni byrjuð að *semja* þau. Það er auðvitað dálítið langt gengið en ég veit að reynsla okkar í allshn. er ekki einsdæmi.

Ég er auðvitað ekki sátt við þetta. Við sem höfum lýst efasemdum um það að við eigum erindi í EES viljum þrátt fyrir það ástunda vönduð vinnubrögð. Með þessum aðferðum er það harla erfitt. Ég bind vonir við það að í umfjöllun um misvel undirbúin mál í nefndum getum við engu að síður tekið upp málefnalega umræðu og þar sem ástæða er til sniðið af augljósa hnökra. Ég held að í öðrum tilvikum verðum við að gera það sem í okkar valdi stendur til þess að stöðva þau frv. sem ekki eiga erindi áfram.

Ég minni á að ýmsir hv. þm. hafa verið að gera athugasemd við slík vinnubrögð og ég minnist þess ekki síður að stjórnarandstæðingar fyrri ríkisstjórna gerðu oft og tíðum harða hríð að stjórninni er frumvörpum var skellt fram án þess að þau væru fullbúin og ég tek undir slíkar athugasemdir. Núverandi stjórnvöld bera að sjálfsögðu ekki minni ábyrgð en önnur stjórnvöld.

Þá vil ég víkja að því frv. sem hér er til umræðu. Þótt í frv. sé fyrst og fremst talað um ráðgefandi álit getur engu að síður falist í því að dómar sem kveðnir eru upp á Íslandi og eru á málasviði EES séu ekki endanleg og raunveruleg úrslit slíkra mála. Það er ekki vegna þess að dómari sé bundinn af því að fara eftir slíku ráðgefandi áliti heldur vegna þess að þótt ekki sé hægt að hnekkja dómunum með þessum ákvæðum getur sá málsaðili sem unir úrskurði dómara illa, ef hann telur málið mikilvægt, beitt þrýstingi á aðra þjóð innan EES og fengið hana til þess að klaga eða kæra á pólitískum vettvangi EES. Það gæti orðið til þess að íslensk stjórnvöld væru beitt þrýstingi þar sem þau hefðu ekki aðra möguleika en að grípa til almenns uppsagnarákvæðis. Ég sé ekki annað en þarna sé um að ræða óeðlilegan þrýsting á dómara. Það hefur verið sagt að þetta gerði kannski ekkert til því slíkur þrýstingur væri þegar fyrir hendi innan Evrópsks efnahagssvæðis. Sé það rétt er það auðvitað nógu alvarlegt að þessi almenni þrýstingur sé slíkur innan Evrópsks efnahagssvæðis að hann jafngildi því sem ég er hér að tala um.

Það er líka talað um að samkvæmt öðrum alþjóðasamningum sé slíkur þrýstingur enn fremur fyrir hendi. Ég geri ekki ráð fyrir því að það sé hægt að leggja það að jöfnu þar sem EES-samningurinn er langsamlega viðamesti milliríkjasamningur sem við höfum átt aðild að að semja.

Ég hef einnig heyrt þau rök að það kunni að vera réttaröryggi fyrir Íslendinga sem fái þá betri lög eða réttlátari málsmeðferð en ég sé ekki að það yrði endilega raunin. Ég tel það hæpið, sem gert hefur verið, að jafna þessu t.d. saman við þrýstinginn sem mál Jóns Kristjánssonar og Þorgeirs Þorgeirssonar hafa fengið fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu og þeim þrýstingi sem þar hefur verið settur á íslensk stjórnvöld. Það má ekki gleyma því að þeirra mál varða mannréttindi en svið EES-samningsins fjallar fyrst og fremst um frjálst flæði vöru, fólks, þjónustu og fjármagns. Engu að síður er samlíkingin allrar athygli verð því ef verið er að jafna saman þessum þrýstingi og því að þrýstingur sé á stjórnvöld vegna mannréttindamála og að þrýstingur, sem gæti verið á dómurum vegna úrskurða sem boðið er upp á að EFTA-dómstóllinn gefi íslenskum dómurum til skýringar ef þeir óska eftir því, þá er auðvitað verið að tala um býsna alvarlegt mál sem er full ástæða til að líta á.

Samkvæmt orðanna hljóðan í frv. er það í valdi dómara hvort leitað er álits. Hann getur gert það að eigin frumkvæði eða kröfu annars hvors málsaðila. Verði hann ekki við slíkri kröfu er mögulegt fyrir þann sem ekki unir því, ef það er á lægra dómsstigi hér, að kæra til Hæstaréttar samkvæmt niðurlagsorðum 1. gr. frv. Síðan er það spurningin hvað gerist í framhaldi af þessu.

Ég vil varpa þessu hér inn í umræðuna til þess að það sé athugað í fullri alvöru. Við höfum þegar verið með nokkra umfjöllun innan allshn. um þessi mál. Ég hef frekar fengið það staðfest en hitt að þessi kannski nokkuð óbeini þrýstingur sé fyrir hendi. Ég vil þar sérstaklega vitna í að á okkar fund hafa komið fulltrúar bæði frá utanrrn. og frá dómsmrn. og það er ekki hægt að segja annað en að þessi staðfesting liggi fyrir. Vissulega er erfitt að eiga við mál þegar svona óljós þrýstingur er fyrir hendi en hann er ekki betri fyrir það.

Ég sé í rauninni ekki að það sé annað í frv. sem ástæða er til að hafa áhyggjur af. Þetta tengist því auðvitað afskaplega mikið hvort við erum að framselja ákvarðanatöku á Íslandi til Evrópubandalagsins, innan EES í rauninni, vegna þess að það er ævinlega viðbára þeirra sem um þetta fjalla að með því að gerast aðilar að EES séum við þegar búnir að undirgangast slíkar skuldbindingar og þessi smáviðbótarþrýstingur skipti ekki svo voðalega miklu máli. Þetta kallar á allt aðra og viðameiri umræðu og hún á frekar heima undir umræðu um samninginn sjálfan. Ég tel hins vegar rétt að tengja þetta hér og nú. Að þessu fengnu tel ég mig vera búna að koma því á framfæri sem ástæða er til við 1. umr.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Í frv. er nýjung í lagasmíð hér á landi og greinilega fyrirhugað það sem ég hygg vera nýjung í meðferð mála fyrir dómstólum. Gert er ráð fyrir því í frv. að aðilar sem reka mál fyrir íslenskum dómstóli geti leitað álits erlends dómstóls um túlkun á íslenskum lögum. En samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði ásamt bókunum, viðaukum og gerðum á að hafa lagagildi hér á landi.

Það er nú til marks um alla þessa doðranta að menn eru ekki vissari en svo um það hvað í þeim stendur að þeir treysta ekki íslenskum dómtólum til þess að skera úr og dæma á grundvelli þessara laga sem eiga að vera íslensk lög, heldur þurfi menn að leita til útlanda og hafa opna heimild til að leita til útlensks dómstóls til þess að túlka þennan samning sem á að verða lög.

Í stjórnarskrá lýðveldisins segir í 61. gr., með leyfi forseta: „Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum."

Hér er verið að leggja til að fara ekki einungis eftir lögum heldur líka, ef mönnum sýnist svo, eftir áliti EFTA-dómsins. Það er mitt mat að það fáist varla staðist gagnvart þessari grein stjórnrskrárinnar að setja lög sem opna heimild til að sækja álit annarra á túlkun íslenskra laga. Samkvæmt þessari grein stjórnarskrárinnar ber dómendum að dæma eftir íslenskum lögum og kveða upp dóma samkvæmt rökstuðningi á grundvelli þeirra laga en ekki áliti aðila utan lands. Þetta er misskilningur á málinu, virðulegi forseti, og ég vildi reifa þetta sjónarmið. Það má vera að menn kunni að hafa önnur sjónarmið á þessu. En það er mín niður-

staða eftir athugun á málinu að ég fæ tæplega séð að þetta samrýmist íslenskri stjórnarskrá.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. „Vont er þeirra ranglæti en verra er þeirra réttlæti", leggur íslenskt skáld fram sem setningu handa sakamanni sem var búinn að eyða svo stórum hluta ævi sinnar í að leita réttar síns að það var lítið eftir af manninum sjálfum þegar hann fékk niðurstöðuna. Það er tvennt sem hrekur menn frá því að leita réttar síns á Íslandi. Það er annars vegar féleysi og hins vegar tíminn sem það tekur. Tíminn sem það tekur getur oft verið það langur að mönnum þykir betra að semja um málamiðlun og láta af rétti sínum en að ná honum öllum með málaferlum.

Hér er bersýnilega verið að lengja mjög þann tíma sem málarekstur tekur. Það er verið að lengja hann með kröfu um að hægt sé að krefjast þess, eins og hér stendur í 1. gr. frv.: „Hvort sem aðili máls krefst að álits verði leitað ..." Það er hægt að krefjast þess að leitað verði álits þessa EFTA-dómstóls.

Ég held að það fari ekkert á milli mála og ég brýt um það heilann hvort mönnum sé það fullkomlega ljóst hversu langan tíma þetta getur tekið. Það hlýtur stundum að vera stórt spurningarmerki, þegar menn lenda í þeirri aðstöðu að þess hefur verið krafist af öðrum aðila að málið fari fyrir þennan dómstól, hvort hinn aðilinn kærir þá ekki úrskurðinn til Hæstaréttar. Hann hefur hins vegar ekkert fyrir sér í því hvort Hæstiréttur afgreiðir málið eða bíður eftir gögnunum.

Mér finnst að hér séum við að sigla út í slíka réttaróvissu að það sé furðulegt að mönnum detti þetta í hug. Ég ætla að lesa á bls. 3, með leyfi forseta, það sem stendur í athugasemdum um einstakar greinar frv. Þetta er stutt lesning:

„Af ákvæðum 1. gr. frv. má ráða að ætlast er til að rekstri máls verði frestað fyrir héraðsdómi þar til álit EFTA-dómstólsins er fengið. Bið eftir álitinu gæti orðið til að tefja fyrir úrlausn máls og verður því að telja eðlilegt að mæla fyrir um heimild málsaðila, sem vill ekki fella sig við afstöðu héraðsdómara, til að kæra úrskurð hans til Hæstaréttar. Kæruheimildin í 3. mgr. 1. gr. frv. er þó ekki bundin við þau tilvik, þar sem héraðsdómari úrskurðar að álits EFTA-dómstólsins verði leitað, heldur nær hún einnig til úrskurðar um gagnstæða niðurstöðu hans."

Það breytir engu að Hæstarétti er einnig ætluð sú heimild að leita álitsins og það leysir ekkert mál þó að búið sé að tryggja það með þessu að það fari hraðar í gegnum réttinn í heimahéraðinu. Það fer þá bara hægar í gegnum Hæstarétt og er nógu hægt farið eins og mál standa í dag.

Íslensk kona er að leita réttar síns vegna tveggja dætra sinna. Blöðin birta það að málskostnaður hennar sé kominn í um 8 millj. kr. Ég veit ekki hvort menn gera sér grein fyrir því að á bls. 2 í frv. er einnig að finna hugmyndirnar um það hvernig eigi að standa að þessu. Með leyfi forseta vil ég lesa hér örfáar setningar:

„Í frv. er ekki að finna nánari reglur um aðgerðir héraðsdómara ef niðurstaða hans verður sú að álitsins verði leitað, en gengið er út frá því að framkvæmdaratriði varðandi t.d. sendingu máls til EFTA-dómstólsins komi til með að ráðast af reglum hans."

Nú er það meginatriði að sá sem tapar máli greiðir oftast kostnað af málinu. Ég sé ekki að hér liggi það fyrir að þetta álit fáist kostnaðarlaust. Það liggur ekkert fyrir um það hvaða reglur þeir ætla að setja sér. Ætlast þeir til þess að lögfræðingarnir mæti þá og geri grein fyrir málinu? Að það sé hluti af sendingunni úr landi að lögfræðingarnir mæti til að útskýra það hvað um sé verið að tefla?

Mér finnst að þær hugmyndir sem hér koma fram, sem eru vissulega á þann veg að skapa ósjálfstæði íslenskra dómstóla og tefja niðurstöðu dóma, séu á þann veg að við það sé ekki unandi. Spurningin er þessi: Ef hv. Alþingi treystir ekki dómstólum sínum til að dæma í þessu máli eru þeir þá frekar traustsins verðir á öðrum sviðum í reynd? Þurfa þeir ekki ráðgjöf á öllum sviðum? Eða ef við snúum þessu við: Ef erlendum dómstólum er ekki treystandi til að dæma í málum sem þar koma fyrir og þurfi líka að leita álits vegna EFTA-mála, eins og hér er gert ráð fyrir, eru menn í reynd að halda því fram að dómskerfi hins vestræna heims sé svo hlutdrægt eftir þjóðerni að sæki Íslendingur mál sitt í Bretlandi sé hætt við að dómstólar þar dæmi hann ekki rétt vegna þess að hann er Íslendingur og ef íslenskir dómstólar þurfa að dæma í máli Englendings hér á landi sé því ekki treystandi að þeir dæmi hlutlaust vegna þess að það er Englendingur sem á hlut að máli? Þetta er mjög þungur áfellisdómur yfir vestrænu dómskerfi ef reyndin verður þessi.

Ég furða mig þess vegna mjög á því að þær hugmyndir sem hér eru settar fram njóti í reynd stuðnings hæstv. dómsmrh. sem ég hef talið að hefði mikla trú á vestrænu lýðræði og vestrænum dómstólum. Ég hef aldrei heyrt hann efast um að þessir dómstólar dæmdu rétt, aldrei heyrt hann í ræðu eða riti halda því fram að Íslendingum stafaði hætta af því ef þeir þyrftu sækja mál sitt í Evrópu á þeirri forsendu að þeir fengju ekki réttlátan dóm vegna þess að þeir væru Íslendingar, hvað þá að hann dróttaði því að innlendum dómstólum að þeim væri ekki treystandi vegna þjóðernisrembings.

Mér finnst, herra forseti, að það sé dapurlegt að eitt elsta réttarákvæði Íslendinga sem flestir kynnast eða kynntust í barnaskóla, „utanstefnur viljum vér engar hafa", sé í reynd falið á bak við þetta frv., þ.e. það ákvæði þess sem ég las upp áðan að framkvæmdaratriði, t.d. sending máls til EFTA-dómstólsins komi til með að ráðast af reglum hans. Spurningin er þá: Eiga lögfræðingarnar sem sækja málið hér heima að fylgja með í þessari sendingu út eða á að senda þetta í faxi, hraðpósti eða ábyrgðarbréfi? Það kemur hvergi fram. Það eru reglur EFTA-dómstólsins sem eiga að ráða því.

Ég held að það sé mikil spurning hvort við þurfum ekki að tryggja það að íslenskir hægri menn fari á námskeið í Bretlandi til að kynna sér þau viðhorf sem þar hafa almennt gilt hjá íhaldsmönnum til að átta sig

á því að Bretar eru ekki alveg búnir að gefa það upp á bátinn að þegar þeir ná ekki samkomulagi við önnur Evrópuríki fari þeir að eigin vilja og eigin ákvörðunum. Það síðasta hefur verið að gerast nú að þeir rjúfa gerða samninga. Bretar eru að rjúfa gerða samninga. Þeir eru að segja sig úr myntbandalagi til þess að ná valdi á eigin málum. Hvers vegna geta Bretar þetta? Vegna þess að þrátt fyrir allt eru þeir stórveldi, að minnsta kosti stórveldi á evrópskan mælikvarða. Íslendingar munu ekki leika neinar slíkar kúnstir. Geri þeir samninga og reynist þeir samningar svo óhagstæðir að mjög erfitt er að búa við þá, þá rífa þeir sig ekki út á einni nóttu.

Það er þó eitt gott við þennan samning að hann er uppsegjanlegur með ársfyrirvara, en vel að merkja, kjarni málsins er sá að eftir að slíkur samningur væri búinn að vera í gildi, segjum 10 ár, þá er allt íslenska efnahagskerfið orðið svo samtvinnað efnahagskerfi Evrópu að það er nánast vonlaust að rekja það í sundur og rjúfa samninginn nema það verði mjög sársaukafullt hér á landi fyrst á eftir.

Ég skora því á hæstv. dómsmrh. að flýta sér hægt með að reka á eftir þessu máli í gegnum þingið.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Mér sýnist um þetta frv. og efni þess að það sé þannig vaxið að jafnvel þótt það yrði að lögum þá væri það markleysa, þannig að ekki sé miklu hætt þótt úr því sem komið er verði þetta mál látið fljóta með til nefndar sem auðvitað verður að kanna það mjög gaumgæfilega. Ég veit af nánum kynnum af hæstv. dómsmrh. að hann mun veita hv. allsh., sem ég á sæti í, aðstoð og allar upplýsingar og hjálpa til við að greiða úr þessari flækju, eða þessum parti af flækjunni, sem verið er að spinna dag hvern. Ég held að það sé í lagi að málið fari til nefndar og mun sjálfur greiða því atkvæði að svo verði þótt ég sé alltaf á hverjum deginum að sannfærast betur og betur um það að ég hafi verið óþarflega orðvar í fullyrðingum mínum um það hvað hér sé verið að gera gagnvart sjálfstæði og fullveldi þessarar þjóðar.

Það er ljóst að það þarf að sækja langt rök til þess að komast að þeirri niðurstöðu að ekki sé verið að sverfa að, skulum við segja, fullveldi þjóðarinnar og stefna á þau mið sem eru ekki fengsæl og yrðu þjóðinni ekki til farsældar. Ég held að við eigum eftir að sjá það gerast á næstu mánuðunum og það er auðvitað vel að fleiri og fleiri átti sig á því að þetta verði aldrei að lögum.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er vitaskuld kórrétt hjá hv. 4. þm. Reykv. að þetta frv., eins og önnur sem þessu máli tengjast, þarfnast vandlegrar skoðunar í þingnefndum og ég treysti hv. allshn. til þess að fara gaumgæfilega yfir þetta mál eins og önnur sem hún hefur haft til meðferðar og fær til meðferðar. Nokkur orð vegna þeirra athugasemda sem hér komu fram frá hv. 2. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Vestf. sem í raun réttri viku að því að hér væri verið að brjóta í bága við stjórnarskrá lýðveldisins og skerða sjálfstæði íslenskra dómstóla. Allar fullyrðingar af þessu tagi eru vitaskuld út í hött og fyrir þeim er engin stoð. Hér er verið að kveða á um það í lögum að íslenskir dómstólar hafi sjálfstæðan rétt til að óska eftir áliti EFTA-dómstólsins. Engin þvingar dómstólana til þess að taka slíka ákvörðun. Það er eigin ákvörðun dómara eða dómstóls, sjálfstæð ákvörðun hans, hvort slíks álits er leitað. Þegar slík ákvörðun hefur verið tekin og álit af því tagi fengið þá liggur það með öðrum lögskýringargögnum í máli sem dómari getur stuðst að meira eða minna leyti við eftir eigin ákvörðun og eigin mati og það rýrir ekki á nokkurn hátt sjálfstæði hans til að komast að niðurstöðu samkvæmt íslenskum lögum.

Þessar efasemdir og sú gagnrýni sem sett hefur verið fram af þessu tagi af þessum tveimur hv. þm. á því ekki við nokkur rök að styðjast.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Því fer fjarri að hæstv. dómsmrh. hafi eytt efasemdum mínum. Með þessu frv. er ljóst að það er álit manna að íslenskir dómendur mega ekki leita álits til skýringar á lögum af þessu tagi nema sérstök lagaheimild liggi til þess. Ég hlýt því að álykta að það sama gildi um stjórnarskrána þar sem segir að dómendur skuli í embættisverkum sínum einungis fara eftir lögum. Þeir eiga einungis að fara eftir lögum sem sett eru hér á landi en ekki áliti erlendra aðila um túlkun þeirra á þeim lögum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. 4. þm. Reykv. fyrir þau orð sem hann lét falla hér. Ég tel að þetta þing, sem notið hefur leiðsagnar hans lengi í utanríkismálum og á mörgum sviðum erlendra samskipta, hljóti að taka mjög mikið mark á þeim orðum sem hér hafa komið fram. Ég efa það ekki að hæstv. dómsmrh. hefði nokkuð viljað fyrir það gefa að hann hefði þurft að fást við stjórnarandstæðinga eina í athugasemdum sínum. Hins vegar virðist svo sem hæstv. ráðherra líti svo á að það skipti engu máli hvort menn taka sínar ákvarðanir undir meiri og minni þvingun eða ekki. Það er nú alþekkt úr bíómyndum að sá sem ætlar að komast yfir fé í banka beinir byssunni að gjaldkeranum og segir: Peningana eða lífið. Og gjaldkerinn afhendir peningana, þeir eru ekki teknir ófrjálsri hendi í peningakassanum, heldur tekur hann við þeim sín megin á borðinu, að vísu eftir að hann beitti þrýstingi.

Ég held aftur á móti að dómstóll dæmi þennan mann, sem beitir þrýstingnum, nákvæmlega eins og hann hefði sjálfur seilst eftir peningunum og gjaldkerinn ekki aðhafst nokkurn skapaðan hlut. En þarna virtist hæstv. dómsmrh. setja mikinn mun á, þ.e. hvort dómstóllinn er látinn dæma undir þrýstingi eða hinu hvort hægt sé að segja að hinn erlendi aðili hafi kveðið upp dóminn. En að öðru jöfnu, stendur hér í textanum, má gera ráð fyrir því að það verði hinn erlendi aðili með sinni úrlausn sem ákveður dómsniðurstöðuna. Það stendur beinlínis í þessum texta. Það stendur hér, herra forseti, ef ég má lesa það upp: „Álitið á

aðeins að vera ráðgefandi, eins og segir í 1. mgr. 1. gr. frv., og bindur það því ekki héraðsdómara við úrlausn máls, þótt vissulega verði að telja að eftir því yrði að öðru jöfnu farið, að því leyti sem úrlausnin veltur á álitaefninu." Þ.e. nákvæmlega eins og það bindur náttúrlega ekkert gjaldkerann að hlýða þó sagt sé „peninganna eða lífið". Hann getur náttúrlega þrjóskast við, það er einfalt mál. Hann hefur frjálsan vilja og frjálsa hugsun og hann getur tekið þær ákvarðanir sem honum dettur í hug. En það þýðir ekkert að halda því fram að hér sé ekki verið að leggja til að íslenskir dómstólar starfi undir gífurlegum þrýstingi erlendis frá og menn eru komnir inn á það grátt svæði varðandi stjórnarskrána að það er furðulegt ef menn leyfa sér að halda að þeir séu á fríum velli í þessum efnum. Hitt er svo umhugsunarefni það orðalag sem kemur líka í 1. gr. og ég vil lesa, með leyfi forseta:

„Hvort sem aðili máls krefst að álits verði leitað skv. 1. mgr. eða dómari telur þess þörf án kröfu..."

Hvað þýðir orðið að krefjast? Menn krefjast þess þegar þeir eiga rétt á einhverju. Menn leita álits þegar þeir eiga það undir þeim aðila sem þeir sækja að hvort hann verður við því með góðu að fara þessa leið. Það liggur þess vegna í orðanna hljóðan að hér er verið að veita sóknaraðilunum rétt til að krefjast. Það er verið að veita þeim rétt til að krefjast þess að leitað sé þessa álits og það er náttúrlega undir rós talað um þrýstinginn. Ég veit ekki hvað þeir dómarar yrðu lengi hafðir við störf sem ekki mundu fara eftir þessu meira og minna. Ætli yrði þá ekki að leita lagaúrræða til að losna við þá úr stólnum samkvæmt þrýstingi erlendis frá? Ég er hræddur um það.

Ég verð því að segja það að mér þótti mjög vænt um að heyra það sem hv. 4. þm. Reykv. lagði hér til mála. Það voru orð töluð af rólegri yfirvegun en með fullri festu og meiningu um þessa hluti. Ég vænti þess að hæstv. dómsmrh. geri sér grein fyrir því að þetta frv. er þess eðlis að menn hljóta að leggja í það mikla vinnu að átta sig á því ofan í kjölinn hvaða hugmyndir það eru sem liggja á bak við óljósar setningar eins og t.d. það „að framkvæmdaratriði varðandi t.d. sendingu máls til EFTA-dómstólsins komi til með að ráðast af reglum hans".

Ég segi eins og er, ég hefði mikið viljað gefa fyrir að svona frv. hefði aldrei verið flutt á Alþingi Íslendinga. Það leiðir hugann að sjálfstæðisbaráttu þessarar þjóðar eða eins og Kamban orðaði það:

Gleym þú aldrei: Mín sár,
borin sjö hundruð ár,
hjó mér sundrungin ykkar, mín börn.

Það væri kannski hollt fyrir suma hér í salnum að rifja upp ferskeytluna sem Þingeyingurinn orti þegar hann frétti lát Kambans.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ef það er svo að hv. 2. þm. Vestf. getur ekki í hugskoti sínu greint á milli skriflegra álitsgerða og byssubófa þá treysti ég mér ekki til þess að koma honum til hjálpar við skilning á þessu máli.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 8. þm. Reykv. tekur til máls. — (**ÓÞÞ:** Andsvar.) Hv. 6. þm. Reykv. tekur til máls. (**ÓÞÞ:** Má veita andsvar?) Forseti var búinn að veita öðrum hv. þm. . . . (**ÓÞÞ:** Það voru komnar aðrar hugmyndir um ræðumann en niðurstaða forsetans var.) Forseti náði nú ekki þessu. Hv. 6. þm. Reykv. var búinn að biðja um orðið og forseti búinn að tilkynna að þingmaðurinn tæki til máls.

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins örstutt í tilefni af þeim orðum sem hér hafa fallið, þó það sé auðvitað að sjálfsögðu rétt og skylt í þeirri nefnd, allshn., sem við eigum sæti í, að skoða þetta mál vandlega þá langar mig til þess að taka það fram að það er fjöldi óskráðra reglna í lögfræði, svonefndar réttarheimildir, sem eru alþekktar og viðurkenndar fyrir íslenskum dómstólum, þar með talin *fordæmi, lögjöfnun, eðli máls og meginreglur laga*. Þar að auki er það viðurkennd regla í þjóðarétti að dómstólar dæma eftir þeim reglum með skýringum jafnvel þótt samningurinn hafi ekki verið lögfestur. Þar að auki eru erlend áhrif alls staðar viðurkennd í íslenskri lögfræði og eru norrænir dómar og lög mjög mikilvægur þáttur í íslensku laganámi og margar kennslubækur erlendar. Íslenskir dómstólar taka að sjálfsögðu tillit til alls þessa. Þar sem þetta er einungis ráðgefandi álit og heimild en ekki skylda þá felst ekki í þessu frv. regla sem varðar íslensku stjórnarskrána.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sú ræða, sem hér var flutt áðan, kemur mér í sjálfu sér ekki á óvart þar sem við höfum þegar rætt á þessum nótum nokkuð innan allshn. en ég held ég verði engu að síður að vekja athygli á því að ég tel að skriflegar álitsgerðir, um túlkun á flóknum milliríkjasamningi þar sem túlkunaraðili er fastur og formlegur og alltaf er hægt að leita til, séu eilítið meira heldur en lögskýringar og annað það í þeirri upptalningu sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Þarna sé e.t.v. um mun að ræða sem hægt er að túlka allt frá blæbrigðum og upp í grundvallarmun og um það munum við áreiðanlega þurfa að ræða meira innan allshn. Ég er ekki tilbúin hér og nú til þess að rekja þau dæmi þar sem lögskýringar, erlend lög og eitt og annað slíkt, milliríkjasamningar, hefðir og fleira hafa haft áhrif. Ég efast ekki um að þau áhrif eru fyrir hendi en hér er kominn fastur farvegur og þar held ég að hljóti að vera ákveðin eðlisbreyting. En ég held að það mál verði fremur rætt og krufið til mergjar innan nefndar heldur en héðan úr ræðustól.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fleiri ...(**ÓÞÞ:** Ég vil gera örstutta athugasemd.) Forseti gerir sér ekki alveg grein fyrir því við hvað hv. þm. vill gera athugasemd. Samkvæmt 2. mgr. 55. gr. þingskapa er hægt að gera athugasemd um atkvæðagreiðslu en hér fer ekki fram atkvæðagreiðsla, þannig að forseti á svolítið erfitt með veita hv. þm. orðið und-

ir þeim lið samkvæmt þingsköpum. (**ÓÞÞ:** Þingsköp.) Hv. þm. kveður sér hljóðs um gæslu þingskapa og það getur forseti leyft.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Í þingsköpum er gert ráð fyrir því að leyfa megi andsvar. Sá sem hér stendur barði í borðið eftir ræðu hæstv. dómsmrh. áður en ljóst var hvaða þingmanni hæstv. forseti ætlaði að veita orðið. Það var nokkuð á reiki en kom svo á fastan grunn undir það síðasta og hv. 6. þm. Reykv. fékk orðið. Ég taldi að það hefði ekki verið óeðlilegt að meðan ekki var búið að slá því föstu hverjum yrði veitt orðið væri réttur til andsvars virtur. En svo var ekki. Þess vegna leitaði ég eftir því að fá að gera hér örstutta athugasemd því ég sá ekki að ég þyrfti að bera af mér sakir. En mér er þess vegna ekki ljóst á hvaða forsendum forseti hafnaði því þegar ég barði í borðið þá en það má aftur á móti rétt vera að athugasemdir séu ekki leyfðar nema við atkvæðagreiðslu eins og búið er að ganga frá málum í þessum nýju þingsköpum. Ég verð því að taka það mál upp síðar við hæstv. dómsmrh. hvaða myndlíking hefði betur hæft. Ég vitnaði til byssubófanna í Ameríku, hugsanlega hefði betur átt við að ræða um mafíuna sem talar um að koma með tilboð sem ekki er hægt að hafna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill skýra það aðeins nánar að það voru mismæli sem ollu því að hik kom á hver mundi taka til máls. En ljóst var að þar var um að ræða hv. 6. þm. Reykv. sem lögð var af stað í stólinn en forseti hafði mismælt sig. Forseti veit að hv. 2. þm. Vestf., sem þekkir þingsköp mjög vel og vill fara eftir þeim, virðir þetta við forseta og skilur hvað hér var um að ræða.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég hef hlýtt á umræðuna með athygli og ætla ekki að lengja hana neitt að ráði. En útskýringar eða uppfræðsla hv. formanns allshn., sem ég trúi að sé 6. þm. Reykv., vöktu athygli mína. Ugglaust er farið rétt með allt sem þar kom fram, að dómstólar líti gjarnan til fleiri hluta en lagafyrirmælanna einna þegar þeir kveða upp dóma enda er það yfirleitt þannig að þau ein og sér eru ekki ráðandi eða afmarkandi um það við hvað sé að styðjast í viðkomandi tilviki. Við þekkjum skyldleika laga okkar við nágrannalöndin. Það er þekkt að þá er oft farið til föðurhúsanna, ef svo má að orði komast, og sóttar þangað frekari skýringar um hvað fyrir mönnum hafi vakað. Sömuleiðis fordæmi og réttarþróun annars staðar o.s.frv. Ég tel hins vegar að þessi ágæta uppfræðsla, svo réttmæt sem hún mun hafa verið, breyti því ekki að það er eðlilegt að menn spyrji sig grundvallarspurninga í tengslum við þetta mál. Því verður ekki mótmælt að hér er algjört nýmæli á ferð að því er ég best veit. Nýmæli að setja það inn í íslensk lög að tryggja mönnum gagnkvæm réttindi sem og dómstólunum sjálfum vald til þess að leita á erlenda grund eftir lögskýringum. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að frv. og þessi þáttur samninganna um Evrópska efnahagssvæðið, sem rétt er að tala um í fleirtölu af því að hér er t.d. á ferðinni samningurinn á milli EFTA-ríkjanna sjálfra um framkvæmdina frá þeirra hlið, ef ég hef skilið rétt, sé ekki það alvarlegasta í sambandi við ákvæði stjórnarskrárinnar af þeirri einföldu ástæðu að hér er um leiðbeinandi hlutverk hins erlenda dómstóls að ræða en ekki endanlegar eða bindandi ákvarðanir eins og eru í tilviki eftirlitsstofnunarinnar og EFTA-dómstólsins í öðrum tilvikum.

Það er fullkomlega eðlilegt að menn staldri við slík nýmæli og spyrji sig grundvallarspurninga. Ég vil a.m.k. láta það sjónarmið mitt koma fram vegna þess að hér var hv. formaður allshn. að tala að ég tel að það eigi að sjálfsögðu að líta á frv. eins og þau frv. önnur og/eða þau ákvæði samningsins sem sérstaklega varða fullveldissviðið í samhengi. Að mínu mati er alls ekki óeðlilegt að menn vitni í 2. og 61. gr. stjórnarskrárinnar og spyrji sig að því hvort menn séu e.t.v. komnir út á grátt svæði og hvort miðað sé við orðanna hljóðan í þessum greinum stjórnarskrárinnar og alveg öruggt að menn séu ekki að lenda þar í árekstrum.

Ég tel líka að færð hafi verið nokkur rök fyrir því að ákvæði af þessu tagi geti verið marklaus vegna þess að ekki séu forsendur til að nýta þau þó svo að þau sem slík brjóti ekki í bága við stjórnarskrána. Þannig geti það út af fyrir sig staðist að setja þau en þá vanti eftir sem áður forsendurnar til að nýta þau. Í tengslum við þessa samningagerð er víða auðvelt að færa fyrir því rök að hægt er að setja ýmis ákvæði í lög á Íslandi. En þau yrðu samt sem áður marklaus vegna meginreglna samningsins eða annarra aðstæðna sem gerðu það að verkum. Og spyrja má að því hvort slíkt gæti ekki verið á ferðinni í þessu tilviki. Sterk rök hafa verið færð fyrir því að allur pakkinn eins og hann leggur sig geti í reynd verið markleysa af þeirri einföldu ástæðu að íslenska stjórnarskráin heimilar ekki fullveldisafsal. Þá breytir undirskrift utanrrh., samþykki Alþingis eða staðfesting forseta Íslands engu, verknaðurinn er allur jafnmarklaus eftir sem áður ef heimildina í stjórnarskrá vantar sem hefði þurft að vera fyrir hendi við þær aðstæður. Þess vegna er spurning hvaða tilgangi það þjónar fyrr en það er ljóst og alveg óyggjandi að slíkt ákvæði sé hægt að nota og setja það í lög. Hér er um heimildarákvæði að ræða sem væntanlega mundi ekki flokkast undir miklar vanefndir á samningnum sem slíkum þó það væri ekki nýtt.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í frekari smáatriði í sambandi við þetta mál. Vegna þess hvernig mér fannst umræðan þróast, sérstaklega undir lokin, vildi ég láta það sjónarmið mitt koma fram að ég tel fullkomlega eðlilegt að menn spyrðu þessarar grundvallarspurningar í tengslum við þetta mál. Það er á sama sviði og önnur álitamál í tengslum við samninginn sem lúta að framsali valds eða hlutverki erlendra stofnana sem tekið verður upp í íslensk lagaákvæði. Hér er um ákveðið hlutverk að ræða sem setja á inn í lög og binda lögformlega, þ.e. að þeir sem reka mál sitt fyrir dómstólum og dómstólarnir sjálfir geti leitað eftir þjónustu frá erlendum stofnunum.

Mér fannst ekki mikið um þau svör sem komu fram

við spurningum sem bornar voru fram önnur en þau að fullyrða að allar slíkar vangaveltur væru út í hött. Það er ágætt svar í sjálfu sér en gerir menn ekki miklu fróðari jafnvel þótt mætur maður eins og hæstv. dómsmrh. eigi í hlut sem komi með svo merkilegt svar eins og fram kom í umræðunni áðan, hæstv. forseti.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. gat þess að hér væri um að ræða nýmæli í lögum. Vissulega er það rétt athugasemd hjá hv. þm. Hér er um nýmæli að ræða í íslenskum lögum. Hitt er ekki rétt hjá hv. þm. að hér sé um að ræða það nýmæli að í fyrsta skipti sé verið að kveða á um að niðurstöður erlendra dómstóla geti haft áhrif til lögskýringar á íslenskum lögum. Vissulega eru það ekki nýmæli. Í því sambandi minni ég á Mannréttindasáttmála Evrópu sem við erum aðilar að. Hann hefur enn ekki verið lögfestur þó nú sé unnið að undirbúningi þess.

Það er alkunna að niðurstöður Mannréttindadómstólsins geta haft áhrif við lögskýringar þegar mál koma til úrlausnar dóma hér á landi. Að þessu leyti er athugasemd hv. þm. ekki rétt. Þetta er ekki nýmæli í íslenskum rétti.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er kannski spurning um orðalag og hvort ég hafi orðað það nákvæmlega rétt sem ég var að segja um það nýmæli sem óumdeilanlega er á ferðinni þar sem er útskýringarhlutverk erlendrar stofnunar. Sjálfsagt er það rétt hjá hæstv. dómsmrh. að orða megi það svo að úrskurðir Mannréttindadómstólsins geti haft lögskýringarhlutverk. Staðreyndin er hins vegar sú að samskipti eða þær skuldbindingar sem við höfum undirgengist vegna Mannréttindadómstólsins annars vegar og réttaráhrif úrskurða hans hér hins vegar eru ekki sambærileg, a.m.k. ekki að mínu mati. Nú er ég ekki löglærður og kannski ekki almennilega dómbær á þetta nema kynna mér það sérstaklega. En það vill þó svo til að ég veit að úrskurðir Mannréttindadómstólsins hafa engin sjálfkrafa réttaráhrif hér fyrr en við höfum sjálfir fallist á að breyta okkar lögum eða tryggja fullnustu þeirra að innlendum rétti. Við höfum hins vegar skuldbindingar gagnvart þeim dómstól vegna aðildar okkar að þeim réttindum sem meiningin er að tryggja með Mannréttindasáttmála og -dómstóli.

Þetta er ekki aðalatriði málsins að mínu mati eins og kom fram í ræðu minni. Það er óumdeilt og undir það tók hæstv. dómsmrh. að algert nýmæli er hér á ferðinni í samskiptum íslenskra dómstóla við erlenda, því verður ekkert á móti mælt, þó að við eigum aðild að norrænum, evrópskum og alþjóðlegum samningum sem segja megi að geti haft sambærileg áhrif á afmörkuðum sviðum hér innan lands ef við kjósum að nýta okkur það.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Kjarni málsins er sá að hv. 4. þm. Norðurl. e. getur ekki gert greinarmun á fordæmum í þessu efni eftir huglægri afstöðu sinni til einstakra erlendra dóma eða stofnana. Vel má vera að honum sé meira annt um Mannréttindadómstólinn en EFTA-dómstólinn og þyki meira til hans koma. Það kann vel að vera að hann hafi gild rök til þess. Ég ætla ekki að gera athugasemd við það. En sú huglæga afstaða getur ekki ráðið mati á þeim grundvallaratriðum sem eru álitaefni hér.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég andmæli þeirri samlíkingu sem hæstv. ráðherra tók gagnvart Mannréttindadómstólnum. Hins vegar vil ég taka undir það hjá hæstv. ráðherra að hér er ekki um neitt nýmæli að ræða. Íslendingar lutu dönskum dómstól um aldir. Hæstv. ráðherra veit alveg hvað hann er að segja þegar hann fullyrðir að hér sé ekki um neitt nýmæli að ræða.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Aðeins vegna samlíkingu ráðherrans við Mannréttindadómstólinn. Það er auðvitað reginmunur á því efni og frv. vegna þess að EFTA-dómstóllinn á að gefa álit á íslenskum lögum til íslensks dómstóls. Hins vegar breytir álit eða niðurstaða Mannréttindadómstóls Evrópu engu um úrskurði íslenskra dómstóla. Þannig hefur t.d. dómstóllinn í Strassborg ekki breytt dómi Hæstaréttar yfir Þorgeiri Þorgeirssyni. Hann stendur eftir óhaggaður vegna þess að Mannréttindasáttmáli Evrópu er ekki lög hér á landi. Þess vegna getur sáttmáli sem ekki er lög ekki verið lögskýring.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er erfitt að koma hv. þm. til skilnings í þessu efni. Að vísu er kórrétt hjá honum að niðurstöður Mannréttindadómstólsins eru ekki lög hér á landi en þau geta komið til skýringa. Nákvæmlega það sama á við um þau álit sem frv. fjallar um. Þau hafa í engu tilviki neins konar bindandi áhrif á niðurstöður dóma. Það er sjálfstæð ákvörðun íslensks dómara að ákveða hvort þessa álits verður leitað og það er sjálfstætt mat hans hvort það hefur einhver áhrif á túlkun þeirra lagareglna sem deilur standa um. En álitið hefur engin áhrif á íslensk lög eða íslenska dómaframkvæmd.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hygg að hæstv. ráðherra hafi viðurkennt að ég hafi haft rétt fyrr mér varðandi mat á niðurstöðum dóma Evrópudómstólsins. Þeir breyta engu um skýringar á lögum hér á landi. Íslenskir dómstólar dæma eftir lögum, þeir líta á þau og þurfi þeir að glöggva sig frekar á efni þeirra leita þeir að frv. sem lagt hefur verði fram á Alþingi og jafnvel umræðum ef um þær er að ræða. En Mannréttindasáttmáli Evrópu er ekki lög og getur ekki verið lögskýringarefni.

Kjarni málsins er hins vegar sá að nauðsyn á því að

EFTA-dómstóll komist á laggirnar er vegna kröfunnar um samræmingu „homogenismans" í hinum víðamikla samningi. Hann grundvallast nefnilega á því að allir túlki hlutina eins. Með samningnum erum við að ganga inn í alþjóðlegt samstarf með þær skuldbindingar á herðunum að tryggja að samningurinn sé alls staðar framkvæmdur eins og það kallar á stofnanir eins og EFTA-dómstólinn til að tryggja þetta. Menn verða augljóslega að gefa eftir af eigin valdi til sameiginlegs erlends valds til að tryggja þennan „homogenisma" í samningnum.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Upphaflega hafði ég ekki ætlað mér að nýta mér rétt minn til að taka til máls öðru sinni. En þar sem mér finnst að við séum komin dálítið langt frá þeim athugasemdum sem ég kom upphaflega með en samt að mörgu leyti í sama farvegi, þá held ég að rétt sé að ítreka að auðvitað er það raunverulegur þrýstingur á starf dómara og dómstóla ef vitað er, og það held ég að dyljist ekki nokkrum dómara sem mundi leita álits EFTA-dómstólsins, að til er lögformleg leið til þess að hafa áhrif ef dómari kýs ekki að fara eftir úrskurði EFTA-dómstólsins og hann hefur fullan rétt til þess eins og margsinnis hefur komið fram hér. Sú leið er einfaldlega að eitthvert ríki telji það svo áríðandi að íslenskir dómar séu í samræmi við úrskurð EFTA-dómstólsins að það taki ekki málið upp í pólitísku nefndinni. Svo verði settur þrýstingur á Íslendinga sem er það mikill að Íslendingar telji sig knúna til þess að sæta því, íslensk stjórnvöld og þá á ég við pólitísk stjórnvöld, og að lögum verði breytt. Það er síður en svo fráleitt að þessi staða geti komið upp. Þetta er alveg raunverulegt og þá er spurningin: Mun það vega það þungt að Íslendingar fari að beita neyðarákvæðum til þess að sporna við síkri þróun? Er ekki líklegra að tekið verði tillit til þessa? Til að það sé alveg skýrt vil ég taka fram að það var um þetta sem ég var að tala og ekki annað. Það er ákveðin leið og við verðum að velta fyrir okkur öllum möguleikum. Mér finnst þessi möguleiki síður en svo fráleitur þótt ég viðurkenni það fullkomlega að samkvæmt orðanna hljóðan í frv. er ekki verið að binda dómara á nokkurn klafa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 36. mál. — Þskj. 37.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á ýmsum lögum sem varða réttarfar, atvinnuréttindi o.fl. vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Þetta frv. varðar breytingar á tíu lögum. Lögum um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, almennum hegningarlögum, lögum um málflytjendur, um prentrétt, um eftirlit með útlendingum, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, um fasteigna- og skipasölu, umferðalögum, lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði og lögum um meðferð einkamála.

Af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið leiðir að laga þarf löggjöf á ýmsum sviðum að þeim reglum sem í sjálfum samningnum felast eða fólgnar eru í gerðum, reglugerðum eða tilskipunum Evrópubandalagsins sem fylgja samningnum. Enn fremur er þörf lagabreytinga vegna samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Lagabreytingum þeim sem hér um ræðir og varðar dóms- og kirkjumrn. má í meginatriðum skipta í fjóra flokka.

1. Í III. hluta samnings um evrópska efnahagssvæðið er gert ráð fyrir þeirri aðalreglu að þegnar annarra ríkja, sem njóta réttinda samkvæmt samningnum, verði jafnsettir innlendum þegnum á hverjum stað, m.a. varðandi atvinnuréttindi og heimildir til fjárfestingar auk þess að njóta vissra réttinda til ferða og dvalar í samningsríkjunum. Að þessu leyti er einkum um tvo þætti að ræða. Annars vegar er í ýmsum lögum áskilnaður um íslenskt ríkisfang til að geta notið tiltekinna réttinda, einkum starfsréttinda. Þessi ákvæði þarf að aðlaga samningsákvæðum en hafa ber í huga að eftir sem áður má áskilja íslenskt ríkisfang sem skilyrði embættisgengis til opinberra starfa, sbr. 28. gr. samningsins og tekur það m.a. til dómara og sýslumanna.

Með lögum nr. 23/1991, um breytingu á lagaákvæðum er varða aðila í atvinnurekstri o.fl., var ýmsum lögum á þessum vettvangi breytt á þann veg að erlendir ríkisborgarar, sem hafa átt lögheimili hér á landi í minnst eitt ár, urðu jafnsettir íslenskum ríkisborgurum. Til samræmis við samning um Evrópska efnahagssvæðið verður á hinn bóginn að rýmka ýmsar þessar heimildir. Rétt er að taka fram að í ýmsum ákvæðum frumvarpsins er ráðgert að skilyrði um lögheimili komi í stað eldri skilyrða án þess að sú rýmkun sé bundin við þá útlendinga sem njóta munu réttinda samkvæmt EES-samningnum. Hins vegar er nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á lögum um eftirlit með útlendingum vegna EES-samnings varðandi heimildir þeirra sem EES-reglur munu ná til að koma til landsins og dveljast hér og meðferð mála sem að þessu lúta fyrir stjórnvöldum.

2. Gera þarf breytingar á nokkrum lögum á sviði ráðuneytisins með hliðsjón af 30 gr. EES-samningsins og til samræmis við tilskipun 89/48/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár. Vegna þessarar tilskipunar ber að viðurkenna slíka menntun sem hefur verið fengin í öðru aðildarríki samningsins þar sem sérfræðimenntun er á annað borð áskilin til að iðka lögverndaða starfsgrein, eftir atvikum með skilyrði um aðlögunartíma eða hæfnispróf. Á sviði dómsmrn. reynir einkum á þetta í löggjöf þar sem skilyrði eru sett fyrir réttindum eða starfsgengi um embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands. Við breytingar á lagaákvæðum til samræmis við áðurnefnda EB-tilskipun verður að taka tillit til þess að ekki eru

fyrir hendi almennar reglur um viðurkenningu erlendrar lögfræðimenntunar, gagnstætt því sem á við um ýmsa aðra háskólamenntun. Hefur sú leið því verið farin að leggja hér til breytingar á hverri löggjöf fyrir sig þar sem innlent embættispróf er áskilið og þá ráðgert að erlent lagapróf geti komið í staðinn eftir atvikum með áskilnaði um næga þekkingu á íslenskum lögum sem verður staðreynd með misjöfnum hætti á einstaka sviðum. Rétt er að taka fram að samkvæmt frumvarpinu eru breytingar í þessum efnum ekki bundnar við viðurkenningu á lögfræðimenntun sem hefur verið fengin í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

3. Ákvæði frumvarpsins miða að auki að nokkru marki að breytingum á löggjöf á sviði dómsmrn. sem varðar leyfisbundna þjónustustarfsemi málflutningsmanna, fasteigna- og skipasala og niðurjöfnunarmanna sjótjóns. Auk breytinga sem leiða beinlínis af áðurnefndri EB-tilskipun um viðurkenningu á prófskírteinum gætir hér áhrifa af tilskipun 67/43/EBE sem varðandi annars vegar réttindi til að veita þjónustu við fasteignasölu og hins vegar lögmenn.

4. Breytingar er leiða af samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls þar sem m.a. er kveðið á um tilvist og störf EFTA-dómstólsins. Af ákvæðum þess samnings og bókunum með honum leiðir að breyta þarf lagaákvæðum að tvennu leyti. Annars vegar er ráðgert í 34. gr. samningsins að innlendir dómstólar geti leitað ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um skýringu á EES-samningi þegar á hana reynir við úrlausn dómstóla. Verður slíks álits þá aflað undir rekstri máls sem frestast þar til álitið er fengið. Um það hvernig staðið verður að öflun slíks álits eru ákvæði sem felld eru inn í sérstakt frv. sem þegar hefur verið mælt fyrir. Hins vegar er í bókun 5 með samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls að finna stofnsamþykkt EFTA-dómstólsins, en í 25. og 26. gr. bókunarinnar koma fram reglur um gagnaöflun fyrir dómstólnum. Varða þær annars vegar það að gera refsiverða hér á landi þá háttsemi að gefa rangan eiðfestan framburð fyrir EFTA-dómstólnum með sama hætti og fyrir innlendum dómstóli og hins vegar hvernig staðið verði að gagnaöflun fyrir innlendum dómstóli í tengslum við meðferð máls fyrir EFTA-dómstólnum. Eru ákvæði vegna þessara atriða í frv. því sem áður hefur verið rætt hér.

Ég tel rétt til viðbótar því sem hér er komið fram að víkja sérstaklega að nokkrum atriðum er varða þær breytingar á eftirlit með útlendingum og lögum um eignarétt og afnotarétt fasteigna sem felast í frv.

EES-samningurinn felur í sér að reglur sem nú gilda innan Evrópubandalagsins um frjálsa fólksflutninga skuli gilda innan EES. Koma þessi ákvæði fram í I.–III. kafla III. hluta samningsins og viðaukum V–VIII. Samkvæmt samningnum öðlast ríksborgarar aðilarríkjanna rétt til að koma til annars samningsríkis til að leita sér að vinnu og ráða sig í vinnu samkvæmt nánari reglum þar um og þá til dvalar hvort heldur er til að starfa sjálfstætt eða sem launþegi, til að veita þjónustu eða njóta þjónustu, auk þess sem sérstakar reglur gilda um þá sem ekki stunda atvinnu, þar á meðal námsmenn og eftirlaunaþega. Fjölskylda EES-útlendings öðlast einnig rétt til komu og dvalar án tillits til ríkisfangs. Reglur þessar samrýmast ekki gildandi lögum um eftirlit með útlendingum. Sú leið hefur verið valin að leggja til að sérstakar reglur um EES-útlendinga verði settar í reglugerð, sbr. 12. gr. frv. Komi þar fram þau réttindi sem felast í þeim reglum EB sem yfirteknar verða. Réttur EES-borgara felur líka í sér takmarkanir á rétti ríkja til að bera fyrir sig sjónarmið er varða allsherjareglur, almannaöryggi og almannaheilbrigði, hvort heldur er við komu til lands, við útgáfu dvalarleyfis eða endurnýjun eða að því er varðar brottvísun og er þá gert ráð fyrir því í frv. að ákvæðum laganna verði því aðeins beitt gagnvart EES-útlendingum að það samrýmist EES-reglum. Um þessi réttindi öll verður að vísa nánar til athugasemda við 10.–19. gr. frv.

Þær reglur sem gilda munu um EES-útlendinga gera ráð fyrir því að unnt verði að kæra ákvarðanir um komu útlendings, synjun um útgáfu eða endurnýjun dvalarleyfis eða ákvörðun um brottvísun úr landi. Af því leiðir að breyta þarf ákvæðum laganna um eftirlit með útlendingum og gera ráð fyrir slíkum kærurétti. Með ákvæðum frv. er lagt til að ákvarðanir er varða leyfi til landgöngu og dvalar og um brottvísun, sem nú eru í höndum dómsrmn., verði færðar til útlendingaeftirlitsins. Jafnframt er gert ráð fyrir kærurétti til ráðuneytisins, sbr. 16. gr. frv. Er þessum ákvæðum ætlað að gilda jafnt um EES-útlendinga og aðra útlendinga. Verður að telja að með því sé útlendingum veitt veruleg réttarbót miðað við það sem gilt hefur hingað til. Leiðir af III. hluta EES-samningsins og viðaukum við hann að veita skal ríkisborgurum annarra aðildarríkja sama rétt til fasteignakaupa hér á landi og íslenskum ríkisborgurum að því leyti sem nauðsynlegt er til að nýta þau réttindi sem samningurinn veitir til frjálsra fólksflutninga, staðfestu- og þjónustustarfsemi.

Í VI. kafla frv. þess sem hér liggur fyrir er kveðið á um hin almennu skilyrði erlendra aðila til eignarhalds á fasteignum sem fjallað er um í lögum um eignarrétt og afnotarétt á fasteignum. Þau lög sem eru frá árinu 1966 byggðu að meginstefnu til á ríkisfangi sem skilyrði eignarhalds. Með breytingu á þeim lögum á árinu 1991 í tengslum við setningu almennra laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, fjárfestingarlaganna, var slakað á þessum skilyrðum. Er lögheimili erlends ríkisborgara hér á landi í samfellt fimm ár lagt að jöfnu við íslenskt ríkisfang. Auk þessa var ákveðið að sá sem rétt hefur til að stunda atvinnurekstur hér á landi þurfi ekki leyfi til að öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign til eigin nota og eða til notkunar í atvinnustarfsemi sinni. Með fjárfestingarlögunum var svo rýmkaður möguleiki erlendra aðila til þátttöku í atvinnurekstri hér á landi. Lögin um eignarrétt og afnotarétt fasteigna fjalla eins og áður segir um hin almennu skilyrði til að öðlast réttindi yfir fasteign. Með lagabreytingum, sem lagðar eru til með frv. því sem hér er til meðferðar, er því einungis fjallað um þau skilyrði. Í sérlöggjöf er fjallað um sérstök skilyrði

varðandi eignarrétt eða afnotarétt einstakra fasteignaréttinda. Um reglur samkvæmt slíkri löggjöf eða hugsanlegar breytingar á þeim er ekki fjallað hér.

Að því er varðar stöðu fasteignaréttinda almennt gagnvart EES-samningnum leyfi ég mér að vekja sérstaka athygli á því að ég og hæstv. landbrh. áttum hlut að því að tekin var saman álitsgerð um það hver áhrif EES-samningurinn hafi á löggjöf um eignarhald á fasteignum og fasteignaréttindum og heimildir erlendra aðila til að eignast fasteignir hér á landi. Er álitsgerð þessi samin af þeim Ólafi Walter Stefánssyni, skrifstofustjóra í dómsmrn., Stefáni Má Stefánssyni lagaprófessor og Tryggva Gunnarssyni hæstaréttarlögmanni. Ber álitsgerðin heitið Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og fasteignir á Íslandi og á hún að vera í höndum hv. þingmanna. Þar er að finna ítarlega úttekt á þessu viðfangsefni almennt. En eins og ég hef getið um fjallar þetta frv. einungis um hin almennu skilyrði til eignarhalds að fasteignaréttindum. Að því er varðar þá sem á grundvelli EES-reglna öðlast rétt til fasteigna hér á landi er í frv. byggt á því að þeir þurfi ekki að afla sér sérstaks leyfis. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að um þær heimildir verði settar sérstakar reglur, þ.e. til hvaða fasteignaréttinda þessi réttur taki og um framkvæmd slíks réttar að öðru leyti. Er þannig við það miðað að settar verði sérstakar reglur um þetta efni og verði þar kveðið á um að sá sem hyggst neyta þessara réttinda skuli afhenda þinglýsingastjóra um leið og þinglýsingar er beiðst yfirlýsingu og eftir atvikum önnur gögn því til staðfestu að hann uppfylli skilyrði sem nánar yrðu skilgreind í reglunum.

Að því er varðar aðrar breytingar á fasteignalögunum sem felast í frv. þá er þar um að ræða atriði til skýringar og einföldunar miðað við lagaákvæðin frá 1991 og er vísað til athugasemda með frv. um þau atriði.

Frú forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir frv. og legg til að því verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég hef nokkrar athugasemdir fram að færa við þetta frv. eða bandorm þar sem ýmsu ægir saman bæði varðandi EES-aðlögun og einnig flýtur fleira með þótt það hafi nú almennt verið talið að það væri ekki æskilegt. Athugasemdir mínar eru sumar hverjar þess eðlis að þær eiga ekki síður við um ákvæði í ýmsum öðrum frv. en þessu. Engu að síður held ég að það sé ekkert verra tækifæri hér en annars staðar til að koma þessum athugasemdum á framfæri.

Varðandi 1. lið 1. gr. þessa frv. geri ég þá athugasemd að ég hef ákveðnar efasemdir um hvernig hægt er að gera kröfu um það að sá sem býður þjónustu hér á landi, í þessu tilviki niðurjöfnunarmaður sjótjóns, hafi lögheimili hér á landi án þess að brjóta jafnræði íslenskra og erlendra ríkisborgara sem er kveðið á um í öllum EES-réttinum. Ég veit að þessi lögheimilisákvæði eru víðar til staðar. En strangt til tekið er einmitt verið að mismuna fólki innan EES-svæðisins á þennan hátt. Ég er ekki viss um að þessar hömlur, sem eru ekki miklar, séu nothæfar. Mér þykir ekki síst ástæða til að geta þessa vegna þess að hér er ekki um eitthvað að ræða sem er bara sett út í bláinn heldur er verið að reyna að kveða á um að einhverjar takmarkanir séu á hverjir hljóta hvaða réttindi sem er.

Ég vil vekja athygli á því að í umsögn um þetta frv. frá Alþýðusambandi Íslands vilja þeir meira að segja ganga lengra í þessum hömlum. Í athugasemd nr. 2 frá þeim stendur, ef ég má, með leyfi forseta, rekja þar eina stutta athugasemd:

„ASÍ telur að hér sé fulllangt gengið til að fullnægja ákvæðum EES-samningsins og telur að setja eigi kröfu um lögheimili hér á landi og ríkisborgararétt í einhverju aðildarríki samningsins." Sama athugasemd er gerð varðandi breytingar á lögum um prentrétt en að þeim kem ég seinna. Og það er aftar í þessu frv.

Í rauninni er greinilegt að alla vega í huga sumra eru ákveðnar hömlur með því að setja ákvæði um lögheimili. Ég hef fengið það staðfest, m.a. hjá Stefáni Má Stefánssyni, í umræðu í allshn. að hæpið er að neita því að allir eigi að geta boðið þjónustu sína hér á landi án hindrana og þar dugi ekki að krefjast lögheimilis. Sé þetta rétt, og ég hef tilhneigingu til að ætla að svo sé, þá erum við þar með enn eitt sem að sumra mati mundi flokkast undir falskt öryggi. Ég hef í rauninni ekki neina sérstaka skoðun á því hvort æskilegt sé að setja miklar hömlur á það hverjir geti starfað hér á landi sem niðurjöfnunarmenn sjótjóna, ég tel mig einfaldlega ekki svo fróða um þau mál, heldur er ég fyrst og fremst að tala um þetta grundvallaratriði: Er verið að setja einhverjar hömlur eða einhverjar girðingar í frv. sem munu ekki halda og er þegar séð að muni ekki halda? Ef svo er, veitir það þá þeim falskt öryggi sem telja að það þurfi að setja hömlur? Í sumum tilvikum gæti ég verið í þeirra hópi en í öðrum væri ég það áreiðanlega ekki. Ég tel það ekkert fortakslaust að alltaf þurfi að setja hömlur um það hverjir fá að starfa hér, búa eða gera eitthvað annað. En í sumum tilvikum á það örugglega við.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því að með þessu ákvæði er ekki einungis verið að opna möguleika fyrir borgara EES-svæðisins til að öðlast þessi starfsréttindi, uppfylli þeir skilyrði um lögheimili, heldur borgara annarra landa og það er einmitt það sem athugasemd ASÍ gengur út á. Að þessu leyti er þessi frumvarpsgrein ekki einungis varðandi aðlögun að EES, heldur er hún víðtækari.

Varðandi 2. tölul. 1. gr. spyr ég: Hver á að leggja mat á hvað telst sambærilegt próf?

Þessi spurning á án efa við um fleiri sambærileg ákvæði í öðrum frv. og áhugavert að fá að vita með hverjum hætti þessum málum verði skipað í einstökum ráðuneytum, hvort þar verði um samræmdar reglur að ræða, ef við göngumst undir þennan Evrópurétt sem ég vona að sjálfsögðu að verði ekki, eða hvort við verðum með reglugerðir tvist og bast til að skera úr um þetta og kannski með misvísandi ákvæðum.

Varðandi 3. gr. þá vek ég athygli á því að við umfjöllun í sumar kom í ljós að hér gætir ákveðins mis-

ræmis milli þeirra EES-reglna sem verið er að uppfylla og lagatextans. Í nefnd þarf að fá botn þetta.

Ég vil leyfa mér að lesa upp úr athugasemdum með með frv. og tek það fram að að einhverju leyti hafa verið gerðar lagfæringar en þetta stendur sem ég hér vitna til, með leyfi forseta:

„Í bókun 5 um stofnsamþykkt EFTA-dómstólsins, sem fylgir samningi EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, ESE-samningnum, er meðal annars gengið út frá því að dómstóllinn geti þurft á framburði vitnis eða sérfræðings að halda við úrlausn máls, en til að afla slíks framburðar eru tveir kostir ráðgerðir. Annars vegar er í 25. gr. stofnsamþykktarinnar kveðið á um heimildir dómstólsins til að krefjast að maður gefi slíka skýrslu fyrir dómstóli á búsetustað sínum, en til að mæta þeim þörfum eru lagðar til breytingar á lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991 í 28. gr. frumvarpsins. Hins vegar er í 23. gr. samþykktarinnar byggt á því að vitnaleiðslur fari fram fyrir dómstólnum sjálfum í samræmi við starfsreglur dómstólsins. Þær starfsreglur skulu samkvæmt 43. gr. ESE-samningsins settar af dómstólnum og samþykktar af EFTA-ríkjunum, og liggja því ekki fyrir. Í tengslum við þetta er ákvæði 26. gr. samþykktarinnar sem orðast þannig í íslenskri þýðingu:

„Reynist vitni óáreiðanlegt eða rjúfi vitni eða sérfræðingur eið skal EFTA-ríki fara með slíkt brot á sama hátt og brot gegn dómstóli sínum á sviði einkaréttar. Hlutaðeigandi EFTA-ríki skal í því tilviki fara í mál við viðkomandi fyrir þar til bærum dómstóli."

Þessi þýðing er ekki í samræmi við frumtexta greinarinnar en þar segir í endurskoðaðri þýðingu að EFTA-ríki skuli fara með vitni sem ekki fullnægir vitnaskyldu sinni og vitni eða sérfræðing sem gefur rangan eiðfestan framburð á sama hátt og ef brotið hefði verið framið við meðferð einkamáls fyrir dómstóli í ríkinu og ber viðkomandi EFTA-ríki þá eftir kröfu dómstólsins að saksækja þann sem brotið hefur af sér fyrir þar til bærum dómstóli sínum."

Ég ætla ekki að lesa þetta allt en gríp næst niður nokkrum línum neðar í þessum athugasemdum við 3. gr. frv.:

„Þörfin á breytingum á íslenskri löggjöf vegna umræddra ákvæða 26. gr. stofnsamþykktarinnar er takmörkuð." — Þessu fylgir nokkur skýring sem ég vísa hér til og enn neðar í sömu athugasemd kemur það þriðja sem ég sé ástæðu til að leiða hér inn í umræðuna:

„Á hinn bóginn er áskilið í nefndu ákvæði stofnsamþykktarinnar að unnt sé að saksækja mann fyrir rangan eiðfestan framburð fyrir EFTA-dómstólnum eftir kröfu dómstólsins, með sama hætti og ef slíkt brot hefði verið drýgt við skýrslugjöf í einkamáli fyrir dómstóli hér á landi. Refsiákvæði vegna slíkrar háttsemi koma fram í 142. gr., sbr. 2. mgr. 143. gr. og 144. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Til þess að færa út gildissvið þeirra reglna, þannig að þær nái einnig til rangs framburðar fyrir EFTA-dómstólnum, er lagt til með 3. gr. frumvarpsins að nýju ákvæði verði bætt við 6. gr. laga nr. 19/1940 til að heimila að refsingu samkvæmt 142.–144. gr. laganna verði beitt vegna slíks brots þótt það sé drýgt fyrir EFTA-dómstólnum og þar með utan íslenska ríkisins."

Ég læt hér lokið tilvitnun minni og biðst afsökunar á þessum texta og hafi einhver verið að koma inn núna þá ætla ég að sverja það af mér að bera nokkra ábyrgð á því hvernig hann hljómar og tek það raunar fram að einn ágætur stjórnarsinni sagði í nefnd: Hver ber ábyrgð á þessum ósköpum? Ég held ég muni það rétt. Ég ætla ekki að svara því. En ég er ekki að rekja þetta af illmennsku einni saman og kvelja þingheim með þessu heldur er ég að koma með dæmi um það sem við munum þurfa að taka fyrir innan nefndarinnar.

Í 2. tölul. 4. gr., svo ég taki aftur upp þráðinn, er gert ráð fyrir að dómsmrh. leggi mat á það hvort skilyrðum um próf sé fullnægt.

Nú hef ég ekki kannað það hvernig þessu er háttað í öðrum lögum, þó hef ég rennt yfir eitt frv. sem tekur mjög mikið á þessu sem er um starfsréttindi og menntunarkröfur og eitt og annað af því tagi. Ég veit ekki hvort ég hafði það með mér upp í stólinn en það hefur loðað við þessi málsgögn mín sem hafa verið tilbúin nokkuð lengi. En mér finnst skipta máli að það séu trúverðug ákvæði í lögum og mér finnst ankannalegt að segja að dómsmrh. skuli leggja mat á hvort skilyrðum um próf sé fullnægt. Ég skil ekki að dómsmrh. sjálfur þurfi að vera hæfur til þess að leggja slíkt mat, ekki eru þeir alltaf löglærðir og það dylst svo sem engum að öðrum er ætlað að gera það og það er vísað til möguleika á að kveða á um slíkt í reglugerð.

Sé það ætlun löggjafans að einhver annar meti þessi próf á að sjálfsögðu að segja það. Ég sé enga ástæðu til að vera með svona feluleik í lögum og mér er alveg sama þótt slíkt hafi verið gert fyrr. Ég vil bara að það sé sagt sem er meint. Ég held að það sé ekki ósanngjörn krafa og það sé mál til komið að taka slíkar athugasemdir alvarlega.

Ég vil líka vekja athygli á að athugsemdum við frv., þar sem fram kemur að hér eru ákvæði á ferðinni sem stangast á við eina af mörgum tilskipunum Evrópubandalagsins, nr. 89/48 EBE, um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum en frv. til staðfestingar þeirri tilskipun er komin á borð okkar þingmanna og eflaust í umfjöllun í nefnd.

Enn gríp ég niður í greinargerðina og með sömu afsökunarbeiðni um orðalag, en þar segir á bls. 9, með leyfi forseta:

„Í öðru lagi gætir hér áhrifa af áðurnefndri tilskipun 89/48/EBE um viðurkenningu á erlendri sérfræðimenntun. Í 3., 9. og 14. gr. laga nr. 61/1942 er það skilyrði sett fyrir heimild til að starfa sem fulltrúi héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanns og fyrir veitingu málflutningsleyfis, að hlutaðeigandi þurfi að hafa embættispróf í lögum frá Háskóla Íslands eða eftir atvikum jafngilt próf frá öðrum stað samkvæmt íslenskum lögum. Þessi skilyrði eru í andstöðu við umrædda tilskipun, en hér má ítreka það sem áður segir, að engar almennar reglur gilda hér á landi um viðurkenningu á lögfræðimenntun sem er fengin erlendis. Af þessum

sökum er lagt til í 4., 6. og 7. gr. frumvarpsins að sambærilegt próf við íslenskt embættispróf í lögum geti komið að sama haldi í þessu tilliti, en að auki er áskilið að lögfræðingur með slíka menntun þurfi að hafa nægja þekkingu á íslenskum lögum, svo sem er heimilt eftir reglum áðurnefndrar tilskipunar." — Síðan sleppi ég úr aðeins, en síðan segir:

„Það má jafnframt benda hér á að eftir reglum frumvarpsins eru heimildir í þessum efnum ekki bundnar við þá, sem hafa lokið prófi í lögfræði við háskóla í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, enda er ástæðulaust að gera slíkan almennan greinarmun á menntunarstað fyrst stefnt er að viðurkenningu erlendrar menntunar til þessara þarfa."

Ég vil byrja á því að vekja athygli á því að hér er enn verið að víkka út fyrir Evrópska efnahagssvæðið. Út af fyrir sig hef ég enga sérstaka skoðun á því að ef það er á annað borð verið að opna fyrir aðra með starfsréttindi en Íslendinga eða þá sem hafa próf frá íslenskum háskóla þá finnst mér út af fyrir sig alveg koma til álita að opna fyrir fleirum en ég hlýt að vekja athygli á því að þetta er ekkert sem er óhjákvæmilegt vegna EES-samningsins.

Ég veit að hér er um deilumál að ræða og ég þykist hafa heyrt það hent á lofti að það hafi skýlaust verið tekið af skarið um að það sé mat íslenskra stjórnvalda að við eigum að leggja skilyrðin upp en ekki að *fara í einu og öllu eftir þeim tilskipunum sem eru hérna.* Ég treysti því að ég verði leiðrétt ef ég hef ekki skilið ummæli sem starfsfólks ráðuneytis og sjálfsagt einhverjir fleiri hafa látið falla.

Mér sýnist að hvorki í þessari tilskipun sem verið sé að brjóta né annars staðar sé beinlínis að finna ákjósanlega lausn og ég ætlast í rauninni til þess að við höldum áfram með þessa vinnu innan nefndarinnar.

Varðandi 5. gr. geri ég þá almennu athugasemd að ég tel ekkert einboðið að best sé að kveða á um skilyrði til þess að fá að flytja mál hér á landi í reglugerð. En ég lít fram hjá því að hér eru aðrir kvaldari en við í allshn. og þurfa að sæta því að vera að fjalla um frv. þar sem reglugerðardýrkunin og ákvörðun ráðherra og annað slíkt tröllríður öllu. Það er ekkert skárra þó aðrir kveljist meira yfir því að framkvæmdarvaldið skuli vera búið að taka allt í sínar hendur. Mér finnst að við eigum að gera athugasemd við það sem okkur finnst ástæða til jafnvel þótt önnur ráðuneyti fari enn verr að ráði sínu í sambandi við aðlögun að Evrópsku efnahagssvæði.

Varðandi 6. gr. þá vil ég taka fram að samkvæmt ákvæðum hennar þá getur orðið sú breyting að ekki þurfi allir lögmenn að flytja prófmál til þess að fá réttindi á Íslandi.

Varðandi 8. og 9. gr. vil ég vekja athygli á því að þessi ákvæði merkja það einnig að Íslendingar búsettir erlendis mega ekki gefa út blað nema þá að þeir fari þá leið að stofna um það félag eins og fært er fyrir hvern sem vill. Þetta sem er takmörkun réttar fyrir útlendinga opnar þó jafnframt auðvelda leið fyrir erlenda útgefendur þannig að nú getum við kannski séð Murdoch vera að kaupa Moggann ef hann vill. Ritstjóri skal þó búa á Íslandi og sú skýring hefur verið gefin innan allshn. að þau ákvæði um lögheimili muni halda vegna þess að það verði að vera unnt að lögsækja hann ef þörf krefur, t.d. ef um meinyrðamál yrði að ræða. Ég ætla ekkert að vefengja þetta svona í fyrsta umgangi en aftur á móti þarf auðvitað þetta að vera alveg skýrt og mér finnst það ekkert ósennilegt. Ég er ekki löglærð en aftur á móti þá finnst mér nauðsynlegt að fleiri en löglærðir velti þessu fyrir sér, skilji og leiti skýringa.

Í 10.–19. gr. frv. er verið að staðfesta þar í framkvæmd einn meginréttinn á Evrópska efnahagssvæðinu, frjálst flæði fólks. Gert er, samkvæmt ákvæðum samningsins sjálfs, ráð fyrir að tryggja rétt borgara á Evrópska efnahagssvæðinu til þess að leita sér að vinnu í þrjá mánuði og ég vek athygli á því að þess er ekki krafist að EES-borgarar hafi dvalarleyfi í hönd*unum fyrir þessa þrjá mánuði en það hefur komið til* tals. Jafnframt þá erum við þarna líka komin inn á fleiri svæði en ég ætla að bíða með þá athugasemd.

Umræðan um þessar tilteknu greinar á að mínu mati fyrst og fremst heima í almennri umræðu um Evrópska efnahagssvæðið og samninginn sem liggur fyrir til umræðu, því hér er um framkvæmdaratriði að ræða og stefnumörkunin er í samningnum sjálfum og útfærð þar. Ég vek hins vegar athygli á því að hér erum við komin með umfjöllun um afskaplega viðkvæma og mikilvæga þætti samningsins og kannski eitt af því sem er einna umdeildast.

Enn kem ég að kafla þar sem er verið að fjalla um eitt heitasta deilumál varðandi EES-samninginn um rétt útlendinga til að eignast fasteignir á Íslandi. Samkvæmt 20. gr. frv. er ráðherra veitt heimild til að gera nákvæmlega eins og honum sýnist þrátt fyrir ákveðin ákvæði sem hugsanlega hefðu verið notuð sem girðingar. Það hefur verið sagt að þetta sé samsvarandi núgildandi lögum og þó orðalagið sé ekki eins þá sé ég á þessu stigi málsins ekki ástæðu til að vefengja það en ég tel að við munum verða að skoða það hvort sett hafi verið fyrir allan leka þarna. Þarna er ég að gefa mér það að mér finnst ekki æskilegt að útlendingar geti eignast fasteignir á Íslandi en ég tek það skýrt fram að ekkert slíkt er auðvitað alveg ótvírætt. Það eru fyrst og fremst hin öfgakenndu dæmi sem við ekki viljum sjá sem valda því að við tökum öllu slíku með tortryggni.

Það hefði svo sem verið hægt að nýta leið af þessu tagi til þess að sýna fram á það með þessari ráðherraheimild að Íslendingar væru ekkert að mismuna öðrum borgurum Evrópska efnahagssvæðisins en meginákvæðin sem þetta varða eru í 22. gr. og hana mun ég því lesa, með leyfi forseta, og athugasemdir við frv. Í 22. gr. stendur:

„Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. mgr. þarf ekki að afla leyfis ráðherra:

1. Þegar um er að ræða leigu á fasteign eða réttindi yfir henni og leigutími eða annar réttindatími er þrjú ár eða skemmri eða uppsögn áskilin með ekki lengri en árs fyrirvara.

2. Þegar sá sem í hlut á nýtur réttar hér á landi samkvæmt reglum samnings um Evrópska efnahagssvæðið um frjálsa fólksflutninga, staðfesturétt eða þjónustustarfsemi. Ráðherra setur nánari reglur um til hvaða fasteigna þessi réttur tekur og framkvæmd réttarins að öðru leyti." — Tilvitnun í þessa grein lýkur, en ég á eftir að koma aðeins nánar að þessu á eftir en vitna örstutt í athugasemdir, en þar segir í athugasemdum við frv. á bls. 14, með leyfi forseta:

„Í 22. gr. frumvarpsins er gengið út frá því að sá, sem nýtur ofangreindra réttinda, þurfi ekki að afla sérstaks leyfis til fasteignakaupa hér á landi. Á hinn bóginn er þar gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um til hvaða fasteigna þessi réttur taki og framkvæmd réttarins að öðru leyti. Með því er vísað til þess annars vegar að samningur um Evrópska efnahagssvæðið stendur því ekki í vegi að takmarkanir séu gerðar á því gagnvart ríkisborgara í öðru samningsríki, sem er ekki búsettur hér á landi, að hann geti eignast fasteign, sem er ekki nauðsynleg í atvinnustarfsemi hans eða til að halda þar heimili, til dæmis sumarbústað, og hins vegar að ekkert er því til fyrirstöðu að ríkisborgara í öðru samningsríki sé gert að sanna rétt sinn fyrir íslenskum stjórnvöldum, til dæmis við þinglýsingu. Ráðherra getur þannig kveðið á um það í reglugerð að réttur samkvæmt 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 22. gr. frumvarpsins, taki ekki til vissra tegunda fasteigna og að sá sem hyggst neyta réttinda samkvæmt ákvæðinu skuli afhenda þinglýsingastjóra yfirlýsingu um leið og þinglýsingar er beiðst þar sem því yrði lýst yfir að viðlagðri refsiábyrgð að hlutaðeigandi uppfylli nánar tilgreind skilyrði, sbr. einnig 23. gr. frumvarpsins."

Lýk ég hér með tilvitnun og lít aðeins á 23. gr. þar sem til hennar er vísað en þar er einungis fjallað um þinglýsingar og ég ætla ekki að ræða meira um það.

Það er æðimargt sem upp hefur komið í umræðu sem ekki er útkljáð um þessi mál. M.a. hefur það komið fram að það eru ákveðnir borgarar sem mega samkvæmt nýjum tilskipunum EB flytjast á milli án þess að öðlast rétt til búsetu í landi sem tengist atvinnu hans. Þetta er m.a. gamalmenni, sem geta framfleytt sér „nota bene", og þetta eru líka aðrir þeir sem hafa fastar tekjur annars staðar frá og hafa sem sagt möguleika á því að framfleyta sér á Íslandi án þess að starfa þar. Þetta er sem sagt opið samkvæmt mjög nýlegum tilskipunum Evrópubandalagsins og þetta er hluti af EES. Hér mun vera um þrjár tilskipanir að ræða sem ég hef hér í höndum og ef einhver telur að þetta sé óskýrt af minni hálfu, þá mun ég að sjálfsögðu rekja þetta nánar en ég vil bara til nánari skýringar benda á tilskipun um búseturétt frá 28. júní 1990, 90/364, EBE. Síðan er það 90/365, EBE, um búseturétt launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem látið hafa af störfum, og hina þriðju um búseturétt námsmanna, 90/366, EBE, þannig að það fari ekkert á milli mála um hvað ég er að tala.

Í þessu tilviki eru ákveðnar hömlur á því hverjir mega koma hingað. En hins vegar eftir að fólk hefur á annað borð tekið sér búsetu, hefur hér tekjur, þá er það búið að ávinna sér ákveðin réttindi. Það hefur t.d. eftir ákveðinn tíma eftir ákvæðum sem sveitarfélög setja réttindi í félagslega húsnæðiskerfinu svo framarlega sem það getur framfleytt sér að öðru leyti hér. Það hefur í krafti þess að ekki má mismuna vegna ríkisfangs innan EES ýmis réttindi hér á landi.

Nú get ég alls ekki skorið úr um það hvort þetta er jákvætt eða neikvætt. Ég hef hins vegar heyrt þau rök að það þyki ekki slík ásókn hér og nú í að komast hingað og nota lepp eins og auðvitað er hægt nú þegar að við þurfum í rauninni ekki að hafa áhyggjur af þessu vegna þess að Ísland sé ekki svo eftirsótt að búa á t.d. fyrir vel stæða eftirlífeyrisþega að við þurfum að hafa af því áhyggjur. Þetta eru ekki röksemdir sem fullnægja mínum skilningi. Ég vil að við séum með fortakslausar reglur, reglur sem við erum sátt við og ég held að við verðum hreinlega að sæta því að þarna sé verið að opna enn eina glufuna af mörgum. Og síðan eigum við auðvitað eftir að leggja mat á það hvort það er kannski alveg ákjósanlegt að safna hingað fólki, ef það reyndist nú rangt mat að hingað vildi fólk ekkert koma af því að við værum svo langt í burtu og það væri svo kalt t.d. eins og maður heyrir. Þetta er eitt af þessum fjölmörgu stóru atriðum sem við erum hreinlega að glíma við.

Ég hafði vonað að hv. 2. þm. Suðurl., Jón Helgason, gæti verið við þessa umræðu en því miður getur hann það ekki og við því er ekkert að gera og hans ástæður fullgildar. En ég veit að hann hafði áhuga á því að gera grein fyrir þessu. Án þess að ég sé að ætla mér það að tala í orðastað hans þá vil ég að nokkrar athugasemdir komi fram, frá félagi sem honum er kært, og eru í þeirri umsögn sem kemur frá Búnaðarfélagi Íslands. Með leyfi forseta ætla ég aðeins að grípa niður í þetta álit sem er undirritað af Jónasi Jónssyni:

„Samningur án óraskanlegs fyrirvara um þetta efni" og þá er ég að tala um nákvæmlega þessar greinar „mundi veita þegnum annarra ríkja aðgang að þessum yfirráðum" þ.e. sem sagt yfirráðum yfir landi. Enn fremur segir: „Stjórn Búnaðarfélags Íslands telur það orðalag sem lagt er til að verði á umræddri lagagrein" — það kemur reyndar ekki fram hvaða lagagrein það er en samkvæmt orðanna hljóðan held ég að það ætti að vera nokkuð ljóst — „tryggi á engan hátt þessi sjónarmið gagnvart þeim sem vilja komast yfir land eða landsréttindi hér undir því yfirskyni að þeim sé það nauðsynlegt vegna raunverulegs eða fyrirhugaðs atvinnurekstrar. Stjórnin fær ekki séð að hægt sé að tryggja forgangsrétt Íslendinga á landsréttindum með breytingum á lögum miðað við EES-samning. Til þess þurfi skýrar undanþágur frá þeim EES-samningi eins og fengust varðandi sjávarútveginn. Á þetta kann þó e.t.v. að reyna í sambandi við boðaða breytingu á jarðalögum."

Ég vil bara halda þessu til haga hér. Ég hafði ekki hugsað mér að taka nákvæmlega þessi sjónarmið fyrir og er því ekki búin til þess hér og nú en ég treysti því að þetta verði eitt af þeim málum sem við munum fá úr skorið og fjalla um á ábyrgan hátt innan allshn.

Ég ætla aðeins að drepa á tvennt enn. Varðandi 3.

tölul. 26. gr. bendi ég á að það þarf að hafa í huga að fullnægjandi ákvæði séu um hvíldartíma. Þarna er talað um landflutninga en þetta er eitt af deilumálum innan EES og ég veit hreinlega ekki hvernig þau standa.

Við 28. gr. vil ég benda á athugasemdir mínar við 3. gr. sem þegar hafa komið fram.

Það væri eflaust ástæða til þess að fjalla um fleira í þessum bandormi og sjálfsagt hefur mér skotist yfir eitthvað sem síðar mun koma fram í umræðum og umfjöllun nefndarinnar og ég tel að nefndin sé kjörinn vettvangur til þess að kafa dýpra ofan í þetta. En enn og aftur vil ég vekja athygli á því að bandormar eru ekki hin ákjósanlegasta leið til lagasetningar sem ég sé fyrir mér. Þar er verið að grauta í mörgu í einu og þegar illa tekst til, sem ég vona að verði ekki í þessu tilviki, getur einfaldlega flotið með eitthvað sem ekki nær nokkurri átt og því miður hafa dæmin sannað það. Ég vona sannarlega að hér muni ekki neitt slíkt verða en þær efnislegu athugasemdir sem ég hef fram að færa varða mjög veigamikil mál í sambandi við EES-samninginn og að sjálfsögðu mun þurfa að takast á um það. Ég vonast til þess að ekki verði komið með neinar falskar girðingar eða fölsk öryggisákvæði heldur standi það sem standist. Ég ætlast líka til þess að við förum betur ofan í þessi álitamál varðandi fasteignir og búsetu og ég trúi ekki öðru en að í sambandi við starfsréttindi þurfi að vinna töluvert meira verk heldur en nú þegar hefur verið unnið. Það er auðvitað alveg óbærilegt í rauninni að vera að fjalla um svona stór og viðamikil mál og ég get ekki tekið undir það hól sem fram hefur komið hjá ákveðnum ráðherrum, ekki þeim ráðherra sem um þennan málaflokk fjallar heldur öðrum ráðherrum og einkum þó hæstv. utanrrh., um meðferð annarra þjóða á þessum samningum. Vissulega hafa þær margt gert betur en við í sambandi við kynningu, býst ég við, en það að fara að keyra svona viðamikinn samning í gegn með tveggja daga umfjöllun tel ég alveg hreint fráleitt. Og því meira sem ég sé af þeim pappírum sem hér eru lagðir á borð okkar þeim mun sannfærðari er ég um þetta. Ég ætla nú ekki að fara að verða eins og Cató gamli og segja „auk þess legg ég til ...“ en ég ætla enn og aftur að geta þess að við erum að fjalla um mál sem komið er langt í umfjöllun að margra mati án þess að hafa séð stóra og mikla hluta þessa samnings, t.d. fiskveiðisamninginn. Ég get ekki látið hjá líða að nefna það þó að ekki sé á málasviði dómsmála.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það verður ekki séð af margmenninu hér í salnum að til umfjöllunar sé eitt allra mikilvægasta fylgifrv. EES-samningsins, 36. mál, sem er frv. til laga um breytingu á fjölmörgum lagaákvæðum sem varða atvinnuréttindi og búseturéttindi, réttindi útlendinga til fasteignakaupa og landakaupa o.s.frv. sem tengjast lögfestingu EES-samningsins. Maður skyldi nú ætla að jafnmikið og rætt hefur verið um þessa málaflokka svona í almennu samhengi hvað varðar stóraukin réttindi útlendinga hér á þessum sviðum og hugsanlega mögulegar varnaraðgerðir okkar Íslendinga í því sambandi að í óefni stefni með innstreymi erlends vinnuafls eða ásælni útlendinga í fasteignir hér að fleiri sýndu því áhuga að vera viðstaddir umræðuna. Það hefði t.d. einhvern tíma þótt tíðindi að hér skuli ekki sjást einn einasti framsóknarmaður þegar verið er að tala um að opna upp á gátt réttindi svo til allra Evrópubúa til kaupa á fasteignum hér á landi en þeir hafa verið sjaldséðir í þingsalnum undir þessari umræðu. (**SvG:** Kannski að girða.) Þeir eru kannski að girða, það er hugsanlegt.

Það er þannig, hæstv. forseti, að ég hef vissar efasemdir um að það þjóni tilgangi að fara út í ítarlega efnislega umræðu um málið á þessu stigi ef þessari umræðu á svo að ljúka og ekki verða fleiri til að fylgjast með henni og ekki einn einasti hæstv. ráðherra sér sóma sinn í að vera viðstaddur. Það er nú víst hæstv. dómsmrh. sem að nafninu til flytur þetta mál, hv. 1. þm. Suðurl. fer enn með dómsmál þó að hæstv. forsrh. sé búinn að taka af honum sjávarútvegsmálin. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa að hæstv. dómsmrh. er hér í húsinu og er eflaust að fylgjast með umræðunni þó að hann sitji ekki hér í sal.) Já, hæstv. forseti. Ég þreytist ekki á því eða ætla öllu heldur ekki að gefast upp á því að gera þá kröfu að viðmælendur mínir séu í þingsalnum og einnig sá ráðherra sem með málið fari nema hann sé þá af heilsufarsástæðum eða öðrum slíkum ófrávíkjanlegum ástæðum ekki fær um að sitja hér í þingsalnum sé farið fram á að hann geri það og mér finnst það vondur siður sem ber á í æ ríkara mæli að forsetar Alþingis virðast afsaka það, taka að sér að afsaka það fyrir hönd ráðherra sem með málin fara að þeir séu víðs fjarri þegar umræðan fer fram. Ég hef margreynt að gera tilraunir til þess á undanförnum dögum að ráðherrar héldu sig í þingsalnum þegar þeirra mál eru til umræðu en það virðist eins og það sé orðið gersamlega vonlaust mál að fá á því skilning að sú regla sé í heiðri höfð og forsetar standa upp óðar og maður nefnir þetta á nafn og fullyrða að ráðherrann sé nú einhvers staðar í húsinu eða í öllu falli í Reykjavík og sé örugglega að fylgjast með því sem fram fari. Ég kann ekki við þetta, hæstv. forseti. (**Forseti:** Forseti hefur þegar gert ráðstafanir til þess að hæstv. dómsmrh. komi í salinn.)

Þá ætla ég líka að ræða annað, hæstv. forseti, þ.e. að hér er verið að taka til efnislegrar umfjöllunar lagaákvæði sem tengjast réttindum útlendinga til fasteignakaupa hér og þar með kaupa á bújörðum á landi. Hæstv. landbrh. er ekki hér, a.m.k. ekki sjáanlegur. Kannski hefur hæstv. forseti á honum lóranstaðsetninguna þannig að hægt sé að gefa það upp hvar hann sé staddur, (**Gripið fram í:** Hann er staddur niðri.) fá punktana, hnitin á hæstv. landbrh. En ég verð að segja það alveg eins og er að ég tel það hneyksli ef hæstv. landbrh. ætlar að bjóða mönnum upp á þá meðferð í þessu sambandi að hann láti ekki sjá sig hér við umræður um frv. sem fylgir sjálfum samningnum. Ég fullyrði að hæstv. landbrh. tók aldrei til máls í umræðum um sjálfan EES-samninginn, frv. um hann, og var þó ítarlega rætt um þetta atiði. Í öðru lagi er hæstv. landbrh. ekki hér þegar rædd eru ákvæði sem lúta að fast-

eignakaupum og landakaupum og í þriðja lagi (Gripið fram í.) hann er nú prókúrulaus, hv. varaformaður landbn., (**Forseti:** Forseti vill spyrja hv. þm. hvort það sé ósk að hæstv. landbrh. verði sóttur. Þá er forseta auðvitað ljúft að verða við því.) Já, mér þætti mjög ljúft að hæstv. forseti a.m.k. kannaði hvar hæstv. landbrh. er og bæri honum þau skilaboð að það hefði verið vakin athygli á því að hér væru þessi mál til umfjöllunar og það væri bagi að hann væri ekki til staðar. Ég hefði svo gjarnan viljað vita hverjar ástæður hæstv. landbrh. eru áður en ég færi að gera það að kröfu að hann kæmi hér. Ef hann er óhemju vant við látinn, þá hef ég venjulega sýnt á því skilning. Þarna á að vísu í hlut sá ágæti hv. þm., 2. þm. Norðurl. e., sem lét a.m.k. einu sinni ef ekki oftar vekja undirritaðan um hánótt og draga hingað niður eftir af litlu tilefni við aðrar aðstæður þannig að ég ætti það nú alveg inni þó að hæstv. landbrh. væri tekinn upp á hnakkadrambinu og sóttur hingað. En við skulum fyrst fá upplýsingar um það hvernig högum hæstv. landbrh. er háttað.

En ég segi þetta í fullri alvöru, hæstv. forseti. Ég tel það alveg með ólíkindum að menn ætli jafnframt að ljúka umræðum um þetta frv. sem er í einum kafla breyting á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna. Þau lög sem búið hafa um réttindi útlendinga í þessum efnum hér hjá okkur og ekki heldur við þá umræðu ætli hæstv. landbrh. að láta sjá sig eða gefa kost á því að skipst sé á skoðunum við hann um þessi vandasömu atriði.

Ég vek í þriðja lagi athygli á því að af hálfu hæstv. ríkisstjórnar hefur verið lofað frv. sem tengist þessu máli, þ.e. breytingu á jarðalögum og ábúðarlögum þar sem settar verði inn ákveðnar takmarkanir á því að útlendingar geti hér keypt upp land og jarðir. Það bólar ekkert á því frv. Það hefur ekki sést og reyndar samkvæmt upplýsingum sem ég hef þá er vinna við samningu þess skammt á veg komin og ríkir mikið ráðleysi í þeim herbúðum þar sem menn eru að reyna að berja þessu saman og kemur ekki ræðumanni á óvart því að ég var fyrir löngu búinn að segja mönnum að það yrði ekki eins auðveldur leikur og menn hefðu látið í veðri vaka að komast fram hjá ákvæðum samningsins, jafnsterk og þau eru um bann við mismunun á grundvelli þjóðernis og fjárfestingafrelsi, staðfesturétti og öðru sem því tengist. Þannig að ég tel það auðvitað, hæstv. forseti, á engan hátt boðlega afgreiðslu á þessum málum eða stöðu að þessi frv. fari hér hvert á eftir öðru í gegnum umræðuna án þess að hæstv. landbrh. láti svo lítið að koma hér, án þess að hægt sé að leggja fyrir hann spurningar í þessu sambandi og ég tala nú ekki um að það bóli á því frv. sem ríkisstjórnin hefur lofað í þessum efnum.

Ég ætla einnig, hæstv. forseti, að nefna lítillega þau ákvæði sem lúta að atvinnuréttindum og staðfesturétti erlendra íbúa á hinu Evrópska efnahagssvæði. Það er auðvitað alveg ljóst að enn fremur er í þessu frv. verið að breyta þeim afdrifaríku ákvæðum sem opna leið erlends vinnuafls inn í íslenska löggjöf, opna leið útlendinga til þess að koma hingað, einhliða rétt þeirra til þess að koma hingað og dvelja hér um þriggja mánaða skeið til að leita sér að atvinnu, opna sjálfkrafa fyrir dvalarleyfi þeirra hér í landinu um fimm ára skeið ef þeir fá vinnu þó ekki sé nema í takmarkaðan tíma, opna enn fremur rétt þessara manna til að flytja hingað fjölskyldur sínar, opna leið þessara einstaklinga og fjölskyldna þeirra inn í íslenska tryggingakerfið og skapa þeim öll réttindi eins og öllum íslenskum borgurum að öðru leyti. Það er því auðvitað ekki neitt lítið sem er á ferðinni í þessu frv. og reyndar öðru sem rætt var fyrr í dag eða í gær þegar hæstv. félmrh. mælti fyrir frv. sínu til laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þessi tvö frumvörp breyta því sem mestu varðar um atvinnu- og búseturétt og frjálsa flutninga vinnuafls á hinu Evrópska efnahagssvæði. Ég held að menn verði að átta sig á því við afgreiðslu þessara mála að réttindin, sem íbúum svæðisins eru sköffuð í þessu sambandi, eru mjög rík. Mér finnst gæta á nokkrum stöðum í þessum frumvörpum báðum — sem ég leyfi mér, hæstv. forseti, að vitna svolítið í á kross vegna þess að efni þeirra er náskylt — óraunsæis gagnvart því hvað menn geti gert til þess að takmarka þennan rétt. Ég vil ekki segja að það gæti óskhyggju eins og t.d. í orðalagi í greinargerð með frv. hæstv. dómsmrh., en það gætir að mínu mati óraunsæis í þeim efnum. Síðan er það þannig, hæstv. forseti, að þegar hæstv. ráðherrar mæla fyrir þessum frumvörum, vitandi vel um þá gagnrýni sem fram hefur komið, verja þeir að mestu leyti tíma sínum í það að reyna að sannfæra sjálfa sig og e.t.v. aðra um það að engin hætta sé á ferðum, þetta sé allt í svo góðum og traustum böndum að engin ástæða sé til að óttast neitt. Í raun og veru er ekki það sem skiptir mestu máli að mínu viti þegar rætt er um efnisáhrif breytinga af þessu tagi, hvort líkurnar, hættan, ef menn vilja líta svo á, sé endilega meiri eða minni. Menn geta endalaust þrasað um það hvort þetta séu 20% eða 50% eða engar líkur eða meiri eða minni á því að fólk komi hingað í miklum mæli til að leita sér að atvinnu, að fólk sæki hingað frá láglaunasvæðum og atvinnuleysissvæðum hins Evrópska efnahagssvæðis til þess að tryggja sér hér betri félagsleg réttindi, að auðmenn komi hingað til að kaupa upp jarðir og lönd. Um þetta getum við rætt fram og til baka hvort líkurnar séu meiri og minni. Það skiptir ekki sköpum að mínu mati þegar menn vilja gera upp afstöðu sína heldur hin raunverulega staða, hin raunverulega réttarstaða sem í málinu liggur. Það vil ég gjarnan ræða í þessari umferð hvað við kemur þessu frv. sem hæstv. dómsmrh. hefur mælt fyrir.

Um atvinnuréttinn og rétt útlendinga til að koma hingað og dveljast, leita sér að atvinnu, ráða sig í atvinnu, flytja hingað fjölskyldur sínar o.s.frv. þá liggur sá réttur tiltölulega skýrt fyrir, hann er algjörlega ótvíræður og hvorki eru ákvæði í samningnum né í hinum evrópska rétti sem hann er grundvallaður á sem gefa aðildarríkjunum heimildir til þess að skerða þann rétt önnur en það öryggisákvæði sem er að finna í 112.–114. gr. samningsins, ef ég man rétt.

Ég vil spyrja hæstv. dómsmrh. að því hvort það sé

ekki alveg ótvírætt að ekki er að finna neinar heimildir til samningsríkjanna til að takmarka þennan rétt, hann er óskoraður. Samningurinn tryggir launafólki frjálsa för innan svæðisins og öll þau réttindi sem ég hef áður nefnt til að leita sér að og ráða sig í atvinnu, hefja sjálfstæða starfsemi og öðlast dvalarleyfi, flytja fjölskyldur sínar á grundvelli þess dvalarleyfis til landsins o.s.frv.

Varðandi breytingarnar á lögum um eignar- og afnotarétt fasteigna vill svo til, hæstv. forseti, að ég get þar að verulegu leyti vitnað í þá umfjöllun sem ég hafði um þau mál í umræðum um sjálft frumvarpið um Evrópska efnahagssvæðið og jafnframt í þá greinargerð sem ég hef tekið saman um það mál eða hluta þess máls, þ.e. stöðu útlendinga gagnvart réttinum til að kaupa fasteignir, þar með talið land og jarðir. Ég vil þó nefna nokkur atriði sérstaklega í þessu sambandi og víkja sérstaklega að umfjöllun í greinargerð um 20.–23. gr. þessa frv. og spyrja hæstv. dómsmrh. og það er þá í öðru lagi, hvað standi á bak við fullyrðingar í grg. eða orðalag af því tagi að þó svo í 22. gr. frv. sé gengið út frá því að sá sem njóti ofangreindra réttinda, þ.e. réttindanna til að kaupa og afla sér fasteigna í tengslum við atvinnurekstur sinn eða sína sjálfstæðu starfsemi, að þessi aðili þurfi ekki að afla sér sérstaks leyfis til fasteignakaupa hér á landi, eins og segir í greinargerðinni. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um til hvaða fasteigna þessi réttur taki og framkvæmd réttarins að öðru leyti. Síðan segir að ekkert sé í veginum fyrir því að takmarka rétt ríkisborgara úr öðru samningsríki til fasteigna sem ekki sé nauðsynleg vegna atvinnustarfsemi hans eða til að halda þar heimili, t.d. sumarbústað, og sömuleiðis sé hægt að láta ríkisborgarana sanna nauðsyn sína fyrir íslenskum aðilum. Hér er að mínu mati tekið dálítið bjartsýnislega til orða. Ég tel að þarna sé komin upp veruleg óvissa um það hvort innstæða sé fyrir þeim fullyrðingum sem felast í þessum orðum greinargerðarinnar, þ.e. að ekkert sé í vegi fyrir því að takmarkanir séu gerðar. Ég er ansi hræddur um að ýmislegt gæti reynst í vegi fyrir því. Að vísu er alveg rétt að það er munur á fjárfestingarréttinum og staðfesturéttinum í þessu sambandi eftir því hvort um algjörlega óskylda fjárfestingu atvinnustarfseminnar er að ræða eða ekki. En ég hef skilið ákvæði staðfesturéttarins þannig og ég minni á tilskipanir Evrópubandalagsins um að ryðja úr vegi öllum hindrunum sem eru í vegi fyrir staðfesturéttinum og nauðsynlegri fullnustu hans í aðildarríkjunum, þ.e. meðal annars öllum þeim réttindum sem menn þurfi til þess að geta sett viðkomandi starfsemi af stað og starfrækt hana með fullnægjandi hætti. Ég hef skilið það svo að þarna sé mjög rúm túlkun á réttinum á ferðinni.

Ég minni t.d. á að menn hafa talið nauðsynlegt að taka það fram í tilskipunum Evrópubandalagsins um afnám hindrana gegn staðfesturétti og frjálsum fjárfestingum að fjölmörg atriði af þessu tagi skuli víkja og þau skuli teljast hindranir sem beri að nema úr gildi.

Ég er þess vegna ekki sammála þessu orðalagi, ég tel að tekið sé allt of djúpt í árinni af hálfu flutningsmanna frv. eða þeirra sem sömdu þessa grg., hver sem það nú hefur verið ber hæstv. ráðherra að sjálfsögðu ábyrgð á henni. Ég vil því óska eftir því að hann rökstyðji þetta betur.

Ég held að menn séu að rugla saman — og það er því miður ekki í fyrsta sinn — nokkrum tilvikum þar sem einstök aðildarríki Evrópubandalagsins hafa reynt að verja sig við sambærilegar aðstæður, fyrst og fremst á grundvelli tvenns. Það er annars vegar að um væri að ræða sérstök persónuleg afnot sem væru ekki á nokkurn hátt nauðsynleg fyrir atvinnustarfsemi viðkomandi einstaklings og þar er hið fræga sumarhúsadæmi á ferðinni og þar eru fyrst og fremst Danir sem hafa náð að verja sérstöðu gagnvart því að kaup útlendinga á sumarhúsum og landi undir þau féllu ekki undir frelsi hins evrópska réttar til kaupa á fasteignum. Hitt er svo það að í ákveðnum tilvikum hafa menn reynt að setja sérstakar reglur um fasteignakaup erlendra borgara, þó innan Evrópubandalagsins væru eða hins evrópska svæðis í þessu tilviki ef um fasteignakaup í hreinu fjárfestingarskyni væri að ræða, þ.e. að ljóst væri að viðkomandi aðili þyrfti ekki á fasteignum að halda á nokkurn hátt vegna rekstrar síns, starfsemi sinnar, búsetu sinnar í viðkomandi landi, heldur væri um hreinan „spekúlatívan" fjárfestingagjörning að ræða. Ég tók sem dæmi í umræðum fyrr um þetta mál að hugsanlega gætu menn litið svo á ef þýskir lífeyrissjóðiur færu að kaupa hér land án þess að ætla að nota sér það á nokkurn hátt vegna þess að þeir væru að veðja á að á næstu öld mundi land á Íslandi vera orðið verðmætt. Þá gætu menn reynt að reisa skorður við slíku á þeim grundvelli að þetta væri ekki á nokkurn hátt tengt því eðlilega frelsi til fjárfestingar í atvinnuskyni sem rétturinn tryggði. Fyrir því má færa viss rök, en að öðru leyti að hægt sé að setja takmarkandi reglur eins og gefið er í skyn í grg. á bls. 14, það kannast ég ekki við, hæstv. dómsmrh. Ég fer fram á rökstuðning fyrir því að innstæður séu fyrir þessu orðalagi grg. Ég hef ekki orðið var við að svo sé.

Ég bendi hæstv. dómsmrh. líka á að í þeirri skýrslu, sem hann sjálfur vitnaði til og var unnin að frumkvæði hæstv. landbrh. og hæstv. dómsmrh., velta höfundarnir reyndar upp þeirri spurningu hvort frelsi til fjármagnsflutninga og fjárfestingarétturinn sjálfur tryggi mönnum ekki e.t.v. sjálfstæðan rétt í þessum efnum. Þeirri spurningu er að vísu svarað frekar á þá leið að það sé ekki ótvírætt og þess vegna geti verið áfram möguleikar á því að standa gegn því að menn á þeim grundvelli geti komið og keypt það sem þeim sýnist innan samningssvæðisins. Ég held þó að hæstv. dómsmrh. ætti a.m.k. að hafa þessar vangaveltur skýrsluhöfundanna í huga þegar hann svarar væntanlega á eftir fyrir um orðalag þessara atriða í grg. frv. Þeirri spurningu er þar velt upp hvort um sjálfstæðan fjárfestingarétt sem leiði af frelsi til fjármagnsflutninga sé e.t.v. að ræða sem þurfi ekki að grundvallast á staðfesturéttinum eða rétti manna til þess að leita sér atvinnu og dvelja í viðkomandi landi. Það er auðvitað atriði sem er mjög mikilvægt að fá á hreint því ef svo

er þá væru síðustu mögulegar skorður fallnar sem menn gætu hugsað sér að reisa í þessum efnum. Ég minni á það að Danir hafa ekki náð að halda sérákvæðum sínum vegna sumarbústaðanna frægu, eingöngu vegna þess að hinn evrópski réttur sem slíkur heimili slík frávik. Nei, þeir hafa gert það vegna þess að þeir hafa í öllum tilvikum, allt frá aðild sinni, samið um það sérstaklega og þau ákvæði hafa verið á þá leið að greinar hafa verið undanþægar sem hafa tekið það fram að þrátt fyrir staðfesturéttinn og fjárfestingarfrelsið skyldu þó gildandi dönsk lög og takmarkanir þeirra í þessum efnum mega halda sér. Þannig var það líka, að mér er tjáð, þegar skrifað hafði verið undir fyrir hönd Dana, Maastricht-samninginn fræga, sem þeir svo að vísu felldu síðan. Þá hafði þeim enn tekist að tryggja þetta sumarbústaðaákvæði með sérstökum samningum en alls ekki vegna þess að hinar almennu reglur Evrópuréttarins tryggðu þeim þær heimildir. Þvert á móti er það staðreynd að þær hindranir sem fyrir voru eða reyndar hafa verið í aðildarríkjum Evrópubandalagsins á tíma þess samnings hafa nánast með þessari einu undantekningu horfið úr sögunni. Ég fór yfir t.d. það í umræðum um frumvarpið hvernig Írar urðu að bíta í gras í þessum efnum að lokum og breyta ákvæðum landalaga sinna þannig að þeir sem á grundvelli staðfesturéttarins ætluðu að kaupa sér eða nýta í atvinnuskyni fasteignir, land og jarðir, voru leystir undan ákvæðum írsku landalaganna með undanþáguákvæði í reglugerð. Það ber því að sama brunni, hæstv. forseti. Ég tel að varðandi það sem sagt er um ákvæðin um eigna- og afnotarétt fasteigna og þetta tiltölulega digurbarkalega orðalag um að það sé eingöngu þessi réttur til þess að kaupa fasteignir sem séu bráðnauðsynlegar vegna atvinnustarfseminnar sem þarna sé á ferðinni, en hitt sé meira og minna á valdi íslenskra ráðherra að takmarka með reglugerð. Ég held að þetta sé mikill misskilningur og þó ég geri ekki mikið af því að staðaldri að vitna í prófessor Gunnar G. Schram þá bendi ég mönnum á að lesa bók sem hann gaf út um evrópska réttinn þar sem hann á einum tveimur stöðum fer yfir það hvernig eðlilegt er að líta á að einstök ákvæði samningsins verði túlkuð. Ef mig misminnir ekki þá er það mat hans að þarna sé óhjákvæmilegt að túlka þennan rétt í þá veru að hann sé mjög ríkur. En ef það er ekki gert þá er augljóslega komin upp mótsögn við almenn markmið samningsins alveg eins og prófessor Gunnar G. Schram segir að óhjákvæmilegt sé að túlka þröngt ákvæði 4. gr. samningsins um bann við mismunun á grundvelli ríkisborgararéttar. Ef það væri ekki gert, af því að þar er um bannákvæði að ræða, þá mundi það stofna markmiðum samningsins í hættu.

Hæstv. forseti. Ég efast um að ég hirði að hafa ræðu mína miklu lengri. Mig langar til að spyrja hvort það séu einhverjar fréttir af hæstv. landbrh. (**Forseti:** Já, það eru fréttir af hæstv. landbrh. og hann mun staddur utan Reykjavíkur og ekki unnt að ná í hann að svo stöddu.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir að hafa kannað þetta og fyrir þessar fréttir enda þótt ég geti ekki lýst yfir neinni sérstakri ánægju minni með þær. Að vísu er það ekki harmsefni í sjálfu sér að hæstv. landbrh. sé utan Reykjavíkur, hann er ekkert verr kominn þar en annars staðar. Hitt er svo heldur dapurlegra og það er að það virðist þá eiga að verða niðurstaðan að umfjöllun um þessi afdrifaríku mál sem hafa verið mikið til umræðu, ekki bara hér á þjóðþinginu heldur úti á meðal manna — og við vitum ósköp vel að eru mikil tilfinningamál og viðkvæm fyrir fjölmörgum landsmönnum — eigi meira og minna að ljúka í hverju málinu á fætur öðru sem þetta svið snertir, án þess að hæstv. landbrh. láti sjá sig hér, hvað þá að hann geri grein fyrir viðhorfum sínum og vinnu sinni sem fer fram á vegum hans ráðuneytis eða ætti að fara fram þar samkvæmt því sem ítrekað hefur verið tilkynnt. Reyndar leikur vafi á að mikið hafi verið að gert enn þá í þeim efnum. Vísa ég þá til þess að ekkert frv. hefur enn litið dagsins ljós frá landbrh. um þann þátt þessara mála sem honum hefur verið ætlaður og snýr að breytingum á löggjöf sem undir landbrn. heyra og eru ákaflega afdrifarík hvað varðar fasteignir, sérstaklega jarðnæði hér í landinu.

Ég er ekki með þessum orðum mínum að gera lítið úr nærveru hæstv. dómsmrh. og ég vænti þess að hann reyni að svara einhverjum af þeim spurningum sem ég hef fyrir hann borið og varða sérstaklega tvennt. Ég hafði hugsað mér, hæstv. forseti, að gera annaðhvort í umræðum um þetta frv. eða þó kannski ekki síður það frv. sem hæstv. félmrh. hefur mælt fyrir að hluta til, ef ég man rétt, en síðan var frestað umræðum um, að umtalsefni öryggisákvæði samninganna og beitingu þeirra, sérstaklega vegna þess hvernig hæstv. ráðherrar og þá einkum hæstv. félmrh. hafa í raun og veru flúið í skjólið af því á hverju hættusviði samninganna á fætur öðru, ef svo má að orði komast að þetta eða hitt sé nú allt í lagi af þeirri einföldu ástæðu að það sé í samningnum svo gott öryggisákvæði sem hægt sé að grípa til ef á þurfi að halda. Ég hef reyndar áður fært fyrir því rök í almennum umræðum um frv. um samninginn að ég telji þessa oftrú manna og oftúlkun á möguleikum öryggisákvæðisins stórhættulega. Það er eiginlega furðulegt að enn sem komið er í allri umræðu um þetta mál hefur enginn hæstv. ráðherra svo mikið sem nefnt þau gerðardómsákvæði sem tengjast úrskurðum deilumála vegna beitingar öryggisákvæða. Þau eru auðvitað úrslitaatriði í því sambandi, ráða í raun og veru mestu um það hvort nokkurt hald verður í þessum öryggisákvæðum ef á þau reyndi. Ég nefni þetta hér en hef ekki um það fleiri orð vegna þess að hæstv. félmrh. gerði mikið úr þessum þætti í sinni framsöguræðu eða sinni hálfu framsöguræðu þegar mælt var fyrir frv. um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins sem er auðvitað nátengt og náskylt mál því sem hér um ræðir, þ.e. atvinnuréttindum, fasteignamálum o.s.frv. Ég vil því allra síðast spyrja hæstv. dómsmrh., ef hann er upplýstur um þá hlið mála og treystir sér til að svara einhverju um það, hver eru hans sjónarmið gagnvart beitingu öryggisákvæðisins af þeirri einföldu ástæðu að varðandi fasteignamarkaðinn hefur mjög verið til þess vitnað að það væri sá varnagli, það haldreipi sem við ættum ef illa færi í sam-

bandi við ójafnvægi á fasteignamarkaði eða vinnumarkaði hér innan lands. Í því sambandi er auðvitað líka rétt að minnast þess að ríkisstjórn Íslands lét ganga frá sérstakri yfirlýsingu af sinni hálfu, sem var góðra gjalda verð, þar sem nefnd eru þessi tvö svið sem Íslandsmenn hafi þá sérstaklega í huga í sambandi við öryggisákvæði, þ.e. vinnumarkaðinn og fasteignamarkaðinn.

Með tilliti til allra aðstæðna, hæstv. forseti, og fjarveru hæstv. landbrh. og fámennis hér á þessu síðkvöldi ætla ég ekki að hafa orð mín fleiri en vænti góðra svara frá hæstv. dómsmrh.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það var ekki af áhugaleysi um þetta mál að ég var ekki staddur í þingsalnum þegar hv. síðasti ræðumaður hóf ræðu sína heldur var það vegna þess að ég vildi láta fara vel um mig og naut þess að horfa á hv. þm. í sjónvarpinu og hlýða þar á mál hans. Ég get upplýst að hann tók sig ákaflega vel út og flutti snjalla ræðu og var vitur eins og venjulega. Ég lét ekki eitt orð fram hjá mér fara sem út gekk af hans munni.

Ég ætla hins vegar ekki að ræða frv. í smáatriðum. Þetta er ekki hreinlegt eða aðgengilegt frv. Þetta er bandormur um breytingar að ég held á einum tíu lögum eða lagabálkum. Sumar þeirra eru ekki stórvægilegar en þó er það nokkuð misjafnt. Ég treysti því að allshn., sem fær málið til meðferðar, fari vandlega yfir það, vísi einstökum þáttum þess til athugunar í öðrum nefndum þingsins eftir því sem við á, í landbn., félmn. og fleiri nefndum svo að um þetta mál megi verða ítarleg umræða við 2. umr. Þetta er stórmál og þetta er raunverulega mjög stórt frv. sem tekur til breytinga á tíu lögum og er ákaflega afdrifaríkt. Ég held því að fullkomin ástæða sé fyrir okkur að vera ekki að flana að neinu. Þetta fylgifrv. EES-samnings galopnar þjóðfélagið fyrir útlendingum. Það er að sjálfsögðu eðlileg afleiðing, ef samningurinn verður staðfestur, að það sé gert. Frv. veitir í stórum dráttum íbúum EES-svæðisins sama rétt og Íslendingum á Íslandi. Þó að einstaka varnaglar séu settir þarna inn um að ráðherra geti eitt og ráðherra geti annað, þá skipta þeir ósköp litlu máli. Frv. er flutt til að fullnægja tilgangi EES-samningsins um frjálsa fjármagnsflutninga og frjálsa för launafólks. Við höfum eftir lögtöku EES-samnings og breytingu þá sem lögð er fyrir í frv. engan frumburðarrétt yfir þessu landi sem við höfum fram að þessu kallað okkar.

Nú vil ég ekki sýna útlendingum neina ógestrisni. En þetta mál er allt mjög rausnarlegt og þar af leiðir að aðstaða þeirra sem hér eru í mörgum greinum þrengist við það að fá þessa gesti sem hér er verið að bjóða heim.

Annað atriði vil ég geta um í þessu sambandi. Það er í sambandi við málsmeðferðina. Það er út af fyrir sig tæplega þinglegt að bera fram frv. af þessu tagi, þ.e. svona margar lagabreytingar í einum og sama bandorminum. Þó að þetta heyri dómsmrh. þá væri þingtæknilega aðgenglegra að vinna þetta mál í fleiri frumvörpum en hér er sett upp.

Ég tel einboðið að hv. nefnd veitist góður tími til að athuga þetta mál og að sjálfsögðu er engin ástæða til þess að afgreiða það frá Alþingi fremur en önnur fylgifrumvörp EES-samnings fyrr — og ég undirstrika fyrr — en EES-samningur hefur verið afgreiddur. Nú er ég ekki að draga úr því að nefndir vinni og vinni skipulega og vel og á það höfum við stjórnarandstæðingar fallist. En það er ákaflega klúðurslegt að afgreiða lagabreytingar sem eru afleiðing af EES-samningnum á undan þinglegri afgreiðslu EES-samningsins. Ég vænti því þess að málum verði stýrt þannig að ef EES-samningur kemur á annað borð til með að ganga hér til atkvæða verði hann afgreiddur fyrst og síðan þessi fylgifrumvörp. Ef við yrðum ekki aðilar að Evrópsku efnahagssvæði er engin ástæða til þess að standa í þeim lagabreytingum sem hér eru lagðar til. Þetta tel ég nauðsynlegt að komi fram við 1. umr. málsins.

Ég ætla ekki að fara út í einstaka efnisþætti. Ég tek undir það að margt af því sem hér hefur verið sagt í gagnrýnisátt um frv. og varnaðarorð sem hér hafa verið mælt og ég ætla ekki að endurtaka þau. En ég tel að þetta mál þarfnist verulegrar vinnu í nefnd og ég treysti því að hún verði unnin.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að það sé tvímælalaust rétt sem hér kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni og öðrum þeim sem hér hafa talað í kvöld að þetta er örugglega eitt þýðingarmesta fylgifrv. með EES-málinu. Ég ætla út af fyrir sig ekki að fara út í einstök efnisatriði þess nema kannski tvö. Ég ætla í fyrsta lagi að fagna því sérstaklega sem fram kemur í greinargerð frv. að þrátt fyrir ákvæði þess að öðru leyti er meiningin að framvegis verði töluð íslenska fyrir íslenskum dómstólum. Það er tekið fram í greinargerð frv. að það sé ekki hróflað við því ákvæði að þingmálið sé framvegis íslenska eins og það er orðað. Í tengslum við þetta má að endingu minnast þess að í 1. mgr. 10. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 segir að þingmálið sé íslenska. Þeirri reglu væri að engu breytt með samþykki þessa frv. Ég tel mikla ástæðu til þess að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þann myndugleik að leggja það til við þessa virðulegu stofnun að framvegis verði töluð íslenska við íslenska dómstóla þrátt fyrir það að Ísland gerist aðili að Evrópsku efnahagssvæði.

Hitt atriðið sem ég ætlaði að nefna er 8. og 9. gr. frv. Hún gerir ráð fyrir því að framvegis verði útlendingum, hverjum sem er, ekki aðeins á Evrópska efnahagssvæðinu heldur einnig annars staðar, heimilt að gefa út dagblöð á Íslandi og stunda hvers konar aðra útgáfustarfsemi, koma frá sér prentuðu máli af hvaða tagi sem er. Þetta eru vissulega kaflaskipti í íslenskri menningarsögu sem hér er verið að gera tillögu um. Í því sambandi væri kannski hægt, ef ekki væri orðið mjög áliðið dags, að minnast á það hvernig það gekk fyrir sig á sínum tíma þegar íslenskir aðilar misstu Morgunblaðið í hendurnar á dönskum kaupmönnum. Frá því er sagt í ágætri ævisögu Vilhjálms Finsens sem ég vona að allir alþingismenn hafi lesið og hvernig Ís-

lendingarnir sáu eftir Morgunblaðinu í hendurnar á þeim dönsku kaupmönnum sem yfirtóku það en misstu það síðan.

Ég hygg að það sé nokkurt umhugsunarefni, t.d. fyrir ritstjóra Morgunblaðsins sem halda mjög fram íslensku máli og íslenskri menningu að velta því fyrir sér á þessari stundu að það sé verið að ræða um frv. á Alþingi sem gerir ráð fyrir því að á nýjan leik verði heimilt að selja Morgunblaðið í hendurnar á útlendingum. Þá er ég hræddur um að kröfurnar um meðferð íslensks máls verði örlítið lakari en gerist í dag í því ágæta blaði Morgunblaðinu jafnvel þó að ætlast sé til þess að þingmálið fyrir íslenskum dómstólum næstu árin verði íslenska engu að síður.

Þetta leiðir hins vegar hugann að því, virðulegi forseti, að fyrir fáeinum árum setti fyrrv. ríkisstjórn í lög ákvæði þess efnis að íslensk menning yrði undanþegin virðisaukaskatti. Það er alveg augljóst mál að sú ákvörðun stenst ekki ýtrustu kröfur hins Evrópska efnahagssvæðis vegna þess að bókaútgefendur á því svæði líta á bækur ekki aðeins sem menningu heldur líka sem iðnaðarvöru. Þeir mundu að sjálfsögðu gera kröfur um það að virðisaukaskattur væri einnig felldur niður eða lækkaður af erlendum bókum svo dæmi sé tekið. Með þessum orðum er ég að benda á það grundvallaratriði, virðulegur forseti, að þetta ákvæði um prentréttinn sýnir að við getum ekki lengur um frjálst höfuð strokið sem íslensk þjóð, við getum ekki sett inn í lög sérstök ákvæði til verndar og styrktar íslenskri menningu ef það stangast á við hagsmuni þeirra sem að öðru leyti bera uppi þennan samning, þ.e. framleiðendur og fjármagnseigendur á Evrópska efnahagssvæðinu. Þess vegna leynir þetta frv., sem hæstv. dómsmrh. hefur hér mælt fyrir í kvöld, auðvitað á sér, þar er víða komið við. Þetta er grundvallaratriði sem ég er hér að benda á, það meginatriði að í rauninni er hér verið að segja: Framvegis verður óheimilt að grípa til sérstakra ráðstafana sem verða til þess að framleiðsla á íslenskri menningarstarfsemi eða íslenskum menningarafurðum af hvaða tagi sem er búi við betri kjör en framleiðsla á erlendum menningarafurðum hér á þessu markaðsvæði menningarinnar.

Ég geri ráð fyrir því að þetta atriði hafi kannski ekki legið í augum uppi þegar menn voru að fjalla um Evrópskt efnahagssvæði á sínum tíma. Ég minnist þess að á bókaþingi í Gautaborg fyrir þremur árum gerði ég grein fyrir þessu atriði varðandi virðisaukaskatt af íslenskri menningu sem við höfum ákveðið að fella niður. Ég tók þá þátt í umræðum ásamt ráðherrum frá ýmsum ríkjum, m.a. Evrópubandalagsríkjum, t.d. Danmörku, sem bentu þá á að slík háttsemi væri ekki heimil á hinu almenna evrópska efnahagssvæði Evrópubandalagsins eða ef samið yrði um útvíkkun þess undir nafninu EES eða Evrópskt efnahagssvæði. Satt að segja hafði ég sjálfur ekki hugsað út í þessa hluti fyrr en þáverandi kollegar mínir bentu mér á þessar staðreyndir en þær liggja auðvitað í augum uppi þegar menn hugsa nánar út í hlutina. Allt sem heitir að mismuna þannig að íslensk menning standi betur að vígi en erlend menningarframleiðsla er óheimilt. 8. og 9. gr. frv. undirstrikar það.

Í frv. er gert ráð fyrir því að við kaup eða útgáfu á blöðum og tímaritum verði ekki gerður greinarmunur á erlendum mönnum eftir því hvort þeir eru ríkisborgarar í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu eða annars staðar. Út af fyrir sig mætti kannski margt um þetta segja en ég vil spyrja hæstv. dómsmrh. hvaða rök eru fyrir því að þetta ákvæði, að því er varðar prentréttinn, sé víðara en önnur ákvæði frv. Það nær ekki einungis til íbúa á Evrópska efnahagssvæðinu, svokallaðra EES-útlendinga, en það er nýyrði dómsmrn. Það er ákveðin tegund af útlendingum sem heitir EES-útlendingar. Þetta takmarkast ekki aðeins við EES-útlendinga heldur er í raun og veru sagt: Þetta getur náð til allra. Út af fyrir sig er ég ekkert að gera athugasemdir við það á þessu stigi málsins enda má segja að það sé ekki mitt mál gagnvart þeirri stöðu sem ég hef almennt gagnvart frv. en það væri fróðlegt að vita hvaða rök eru fyrir því að hæstv. dómsmrh. kýs að hafa þetta ákvæði um prentréttinn miklu víðara en önnur ákvæði frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Út af dagskrá þessa fundar eru tekin 3., 4., 5. og 7. dagskrármál. Fleira liggur þá ekki fyrir þessum fundi. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá og hefst sá fundur kl. 10.30 á morgun og fer þá fram atkvæðagreiðsla. Þessum fundi er slitið.

24. FUNDUR

föstudaginn 18. sept.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Lagaákvæði er varða samgöngumál, stjfrv., 28. mál, þskj. 29. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, þáltill., 31. mál, þskj. 32. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, stjfrv., 35. mál, þskj. 36. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., stjfrv., 36. mál, þskj. 37. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Kjaradómur, stjfrv., 19. mál, þskj. 19. — 3. umr.
6. Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, stjfrv., 21. mál, þskj. 21. — Frh. 1. umr.
7. Hópuppsagnir, stjfrv., 20. mál, þskj. 20. — 1. umr.
8. Vinnumarkaðsmál, stjfrv., 22. mál, þskj. 22. — 1. umr.

9. Friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana, stjfrv., 41. mál, þskj. 42. — 1. umr.
10. Umhverfismál og upplýsingamiðlun, stjfrv., 42. mál, þskj. 43. — 1. umr.
11. Umhverfismat, stjfrv., 80. mál, þskj. 87. — 1. umr.
12. Ríkisendurskoðun, stjfrv., 63. mál, þskj. 65. — 1. umr.
13. Sáttastörf í vinnudeilum, stjfrv., 71. mál, þskj. 73. — 1. umr.
14. Samkeppnislög, stjfrv., 9. mál, þskj. 9. — Frh. 1. umr.
15. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 17. mál, þskj. 17. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:
Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.,
Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:
Almannatryggingar, 94. mál, frv. KHG, þskj. 106.
Endurgreiðslur virðisaukaskatts, 90. mál, fsp. MF, þskj. 101.
Löggæsla á skemmtunun, 91. mál, fsp. KHG, þskj. 102.
Samningar vegna álbræðslu á Keilisnesi, 95. mál, fsp. HG, þskj. 107.
Umfang löggæslu, 92. mál, fsp. KHG, þskj. 103.

Kjaradómur, 3. umr.

Stjfrv., 19. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 19.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lagaákvæði er varða samgöngumál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 28. mál. — Þskj. 29.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 37:2 atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, KSG, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: KHG, RA.
24 þm. (AÓB, ÁRÁ, DO, EgJ, EGuðn, FrS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, ÓE, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (KHG, ÓÞÞ, RA) greiddu ekki atkv.
23 þm. (AÓB, ÁRÁ, DO, EgJ, EGuðn, FrS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, ÓE, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS) fjarstaddir.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, frh. fyrri umr.

Þáltill. ISG o.fl., 31. mál. — Þskj. 32.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
20 þm. (AÓB, ÁRÁ, EgJ, EGuðn, FrS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, JVK, ÓE, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS) fjarstaddir.

Geir H. Haarde *(um atkvæðagreiðslu)*:
Virðulegi forseti. Flm. og frsm. þessarar tillögu setja fram þá tillögu jafnframt að þáltill. verði vísað til hv. allshn. Ég tel ekki að rétt sé að vísa þessu máli þangað. Hér er um að ræða tillögu sem fjallar um það að eitt tiltekið mál, sem er til meðferðar á Alþingi í ákveðinni þingnefnd, skuli borið undir þjóðaratkvæði. Hér er ekki um það að ræða að flutt sé tillaga um almennar reglur eða almennar breytingar á lögum að því er varðar þjóðaratkvæði heldur einungis þetta eina mál. Ég tel eðlilegast að þessu máli sé vísað til þeirrar nefndar þingsins sem er að fjalla um þetta mál, þ.e. til utanrmn. og að sú nefnd fjalli um þetta mál í heild sinni. (Gripið fram í.) Það er gott að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur ekki alveg tapað kímnigáfu sinni. En það hefði mátt velta því fyrir sér hvort þessi tillaga ætti heima í stjórnarskrárnefndinni sem nýkjörin er vegna þess að þangað er búið að vísa annarri tillögu um breytingar á stjórnarskránni er varðar þjóðaratkvæði. Ég sé hins vegar ekki að þangað megi vísa

öðrum tillögum en þeim sem varða breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins. Þess vegna leyfi ég mér, herra forseti, að gera tillögu um það að þessu máli verði ekki vísað til allshn. heldur til utanrmn.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Ég skal játa það að ég hugleiddi það aðeins í gærkvöldi hvort rétt væri að vísa þessari tillögu til utanrmn. vegna þess að hér var komið að máli við mig og þess óskað að þetta mál færi þangað. Eftir að hafa hugleitt málið komst ég að þeirri niðurstöðu að það væri ekki rétt. Hér er um þingsályktun að ræða sem gerir ráð fyrir því að „Alþingi kjósi sjö manna nefnd sem taki ákvörðun um tilhögun og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Að og að öðru leyti fari atkvæðagreiðslan fram samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á."

Ég tel að allshn. Alþingis þurfi einmitt að skoða þessi mál vegna þess að verði samþykkt að fara út í þjóðaratkvæðagreiðslu kemur sú hugmynd ekki hingað inn aftur til umfjöllunar í þinginu heldur fer inn í sjö manna nefnd sem á að taka ákvörðunina. Ég held að það séu þessir þættir málsins sem allshn. þarf ekki síst að skoða auk þess sem ég vil benda á það að tillögur um þjóðaratkvæði hafa hingað til allar farið til allshn. Ég kannaði það í skjölum þingsins að öllum tillögum, sem komið hafa upp um það að vísa einstökum málum í þjóðaratkvæði sem og almennum tillögum um þjóðaratkvæðagreiðslu, hefur verið vísað til allshn. svo ég tel að þetta mál eigi best heima þar.

Ég get hins vegar lýst því sem minni skoðun að ég tel ekkert á móti því að allshn. hafi eitthvert samráð við utanrmn. eða leiti álits utanrmn. á málinu ef um það er vilji og ef um það eru uppi kröfur. Það hefur áður gerst í þinginu að slíkt hafi verið gert. Ég vil minna á frv. sem var í félmn. um fullorðinsfræðslu. Þar var menntmn. Alþingis höfð með í samráði. Ég get alveg hugsað mér að sá háttur verði hafður á en málið sem slíkt fari inn í allshn.

Ragnar Arnalds *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð seinasta hv. þm. sem hefur lagt til að þessu máli verði vísað til allshn. Ég tel það að sjálfsögðu hina mestu fjarstæðu að þáltill. um þjóðaratkvæðagreiðslu verði vísað til stjórnarskrárnefndar enda eiga þar ekki heima neinar aðrar tillögur en þær sem horfa til breytinga á stjórnskipun ríkisins. Ég tel að hinn möguleikinn, að vísa málinu til utanrmn. sem hefur verið gerð sérstök tillaga um, sé álíka fjarstæðukenndur. Ég held að það sé nokkuð ljóst, eins og seinasti ræðumaður sagði, að ekki aðeins hafa allar tillögur um þjóðaratkvæðagreiðslur verið til meðferðar í allshn. hingað til, heldur er það bara meginregla að allt er lýtur að almennum kosningum og öll kosningalög hafa farið til allshn. Ég tel því einsýnt að svo verði einnig í þessu tilviki.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Í 24. gr. þingskapa kemur fram hvaða mál það eru sem fara til utanrmn. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Utanríkismálanefnd skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt á þingtíma sem í þinghléum." „Meiri háttar utanríkismál." Engu öðru á að vísa til þessarar nefndar. Það er ekki neitt rými þar fram yfir í textanum. Aftur á móti þegar lesinn er textinn um allshn. kemur allt annað fram. Með leyfi forseta, í 23. gr.:

„Til allsherjarnefndar skal vísa dómsmálum, kirkjumálum og byggðamálum og öðrum þeim málum sem þingið ákveður."

Þarna er það alveg skýrt ákveðið að þingið getur ákveðið að vísa hvaða máli sem því sýnist og ekki eru fyrirmæli skýr um að vísa öðru til allshn. en það er ekki það rými í þingsköpum að hægt sé að taka ákvörðun um að vísa til utanrmn. öðrum málum en þeim sem eru meiri háttar utanríkismál eins og hér stendur.

Geir H. Haarde *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. (Gripið fram í.) Og virðulegi „yfirþingvörður" sem hér grípur fram í fyrir ræðumönnum nokkuð reglulega og áminnir menn um réttsýni og góða framgöngu. Í 23. gr. þingskapa stendur:

„Til fastanefnda getur þingið vísað þeim þingmálum sem lögð eru fram og þörf þykir að nefnd íhugi. Vísa skal frumvörpum, þingsályktunartillögum og skýrslum til nefnda eftir efni þeirra og hafa um það hliðsjón af skiptingu málefna í Stjórnarráðinu."

Síðan er talað um það hvaða málum eigi að vísa til allshn. og hvaða málum eigi að vísa til utanrmn. o.s.frv. Meginreglan er hins vegar sú að þingið ákveður sjálft hverju sinni hvert það vísar tilteknum málum. Eins og allir þekkja kemur það iðulega fyrir að um þetta getur verið ágreiningur og þá hafa menn leyst úr honum með því að þingið úrskurði um málið.

Það er eflaust rétt, eins og fram hefur komið, að þáltill. um þjóðaratkvæðagreiðslur hafi til þessa verið vísað til allshn. En það hefur ekki verið áður komið fram tillaga um þjóðaratkvæði um Evrópskt efnahagssvæði eða um svo veigamikið utanríkismál að því er ég best man. Það er óeðlilegt að slíta þetta mál frá meginefni málsins, þ.e. frá samningnum sjálfum um Evrópskt efnahagssvæði. Þess vegna held ég fast við þá tillögu, virðulegi forseti, að þessari tillögu verði vísað til utanrmn.

Páll Pétursson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég ætla að biðja menn að fara ekki að gera þetta að einhverju hitamáli. Mér finnst að málið liggi nokkuð ljóst fyrir. Hér er ekki um að ræða breytingar á stjórnarskrá. Þar af leiðandi er útilokað að láta það mál fara í stjórnarskrárnefnd. Hér er ekki um að ræða utanríkismál. Þetta er tillaga um atkvæðagreiðslu

á Íslandi og þar af leiðandi finnst mér að það sé með engu móti hægt að setja þetta niður í utanrmn. Þetta er dæmigert kosningamál. Kosningamál tilheyra allshn. Það er dómsmrh. eða dómsmrn. sem kæmi til með að fara með framkvæmd þessarar atkvæðagreiðslu og það er dómsmrh. sem á að vera þar yfirhöfuð. Það er ekki hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson. Ef það væri hugmyndin að fela Jóni Baldvini Hannibalssyni, hæstv. utanrrh., að sjá um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu væri náttúrlega einboðið að láta það fara í utanrmn. En svo er nú sem betur fer ekki heldur er ætlast til þess að hæstv. dómsmrh. verði þarna aðalmaðurinn. Mér finnst hins vegar að ef utanrmn. hefur áhuga á að tjá sig um þetta mál sé það henni leikur einn. Samkvæmt nýjum þingsköpum höfum við myndað skynsamlegan farveg um samstarf nefnda. Allra hluta vegna er eðlilegt að þetta mál sé á forræði allshn. Utanrmn. getur sent inn umsögn um málið ef henni svo sýnist en forræði málsins hlýtur að vera hjá allshn. Ég sé ekki annað en allshn. sé prýðilega fær um að meðhöndla eina litla tillögu sem þessa. Ég veit ekki hvert menn eru að fara, hvort þeir eru að vantreysta allshn. Það vona ég ekki.

Ég vitna til fordæma. Ég held að allar tillögur um þjóðaratkvæðagreiðslu hafi verið sendar allshn. á undanförnum árum. Ég nefni t.d. tillöguna um þjóðaratkvæðagreiðslu um EFTA-samninginn sem þrír þingmenn Framsfl., Ingvar Gíslason, Ólafur Jóhannesson og Þórarinn Þórarinsson fluttu á sínum tíma. Þeirri tillögu var að sjálfsögðu vísað til allshn. Ég ætla að biðja menn að vera ekki að orðlengja þetta mjög mikið. Málið er dæmigert allsherjarnefndarmál.

Kristín Ástgeirsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hvað er eiginlega á seyði? Þetta mál er orðið allfurðulegt. Við erum að ræða hér að vísa tillögu til nefndar sem á að undirbúa það að Alþingi kjósi sjö manna nefnd sem síðan verður falið það verkefni að undirbúa þjóðaratkvæðagreiðslu. Ætlar utanrmn. að undirbúa kosningu sjö manna nefndar til þess að undirbúa þjóðaratkvæðagreiðslu? Það hlýtur hver maður að sjá að þetta getur ekki talist verkefni utanrmn. Þetta er aldeilis furðulegt. Ég skil ekki hvað hv. þm. gengur til með þessu. En það er augljóst mál og það vita allir að dómsmrn. hefur umsjón með kosningum hér í landinu, hvort sem það eru þjóðaratkvæðagreiðslur, sem eru því miður mjög sjaldgæfar, eða almennar kosningar. Þetta mál heyrir tvímælalaust undir dómsmrn. og þar af leiðandi undir allshn. þingsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til allshn. með 22:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SvG, EH, EKJ, FI, GB, GÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, VS.

nei: JBH, KSG, LMR, SalÞ, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall.

4 þm. (PJ, RG, SP, JóhS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (JHelg, JónK, JónS, JVK, ÓE, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, AÓB, ÁRÁ, EgJ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IP) fjarstaddir.

Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, frh. 1. umr.

Stjfrv., 35. mál. — Þskj. 36.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (AÓB, ÁRÁ, EgJ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, JVK, ÓE, ÓRG, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, PP, RA, RG, SalÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (AÓB, ÁRÁ, EgJ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, JVK, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS) fjarstaddir.

Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 36. mál. — Þskj. 37.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (AÓB, ÁRÁ, EgJ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, JVK, ÓE, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (AÓB, ÁRÁ, EgJ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, JVK, ÓE, ÓRG, SigG, SighB, SAÞ, StG, StH, SJS) fjarstaddir.

Kjaradómur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 19. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 19.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PJ, RG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, IBA, JóhS, JBH, KSG, LMR, MF, SalÞ.

nei: StG, GÁ, ISG, KÁ, KE, ÓÞÞ.

13 þm. (RA, SvG, VS, EKJ, FI, GB, HG, JÁ, JGS, KHG, MB, ÓRG, PP) greiddu ekki atkv.

18 þm. (SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, AÓB, ÁRÁ, EgJ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, JVK, ÓE) voru fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Nú er komið að lokaafgreiðslu þessa máls. Ég vil því ítreka fyrir hönd okkar kvennalistakvenna að í fyrsta lagi teljum við að ekki hafi borið brýna nauðsyn til þess að setja þau lög sem frv. þetta er til staðfestingar á. Í öðru lagi teljum við að ríkisstjórnin hafi átt að kalla Alþingi saman til þess að ræða niðurstöðu Kjaradóms og í þriðja lagi erum við andvígar því að stjórnvöld grípi inn í kjaramál með þessum hætti hverjir sem í hlut eiga. Slíkt ber vott um slæma stjórnarhætti. Ég segi nei.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér fer fram atkvæðagreiðsla um frv. sem hefur svo vitlausan texta að hæstv. ríkisstjórn hefur þegar lagt fram stjfrv. þar sem fram kemur að verði það samþykkt verður texti þessa frv. að engu gerður. Ég tel rétt að stjórnarsinnar njóti þess einir að bera ábyrgð á því að setja þá hluti í lög sem hér hefur verið gert og segi nei.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Sú aðferð sem ríkisstjórnin beitti er ákaflega ámælisverð. Bráðabirgðalagasetning í þessu tilfelli er forkastanleg og ekki samkvæmt anda þingskapa eða góðra stjórnarhátta. Auðvitað átti ríkisstjórnin að kveðja Alþingi saman. Það þorði hún ekki að gera. Það lýsir ótta við Alþingi, vanvirðingu við þessa stofnun og hafi ríkisstjórnin skömm fyrir sína frammistöðu. Ég tek ekki þátt í þessum skrípaleik hennar og greiði ekki atkvæði.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 108).

Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, frh. 1. umr.

Stjfrv., 21. mál. — Þskj. 21.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (frh.):

Virðulegi forseti. Þegar ég frestaði ræðu minni í fyrradag hafði ég grein fyrir mati mínu á áhrifum EES-samningsins á vinnumarkaðinn og flæði útlendinga til landsins. Einnig gerði ég ítarlega grein fyrir öryggisákvæðinu og hugsanlegri beitingu þess, ráðningarkjörum útlendinga og eftirliti með þeim og hvernig mætti koma í veg fyrir undirboð í launum þannig að útlendingar búi ekki við lakari kjör en Íslendingar í sams konar störfum. Ítarleg grein var gerð fyrir skipan nefndar með aðild aðila vinnumarkaðarins sem fær víðtækt umboð til að fjalla um öll þau svið er tengjast framkvæmd ákvæða í frjálsum atvinnu- og búseturétti launafólks. Í máli mínu voru einnig gerð skil aðgangi útlendinga að stéttarfélögum og réttindi sem þeir njóta, farið yfir hvernig upplýsingum um atvinnuþátttöku og laus störf verði komið á framfæri milli landanna ásamt því að fjalla ítarlega um ákvæði sem tengjast störfum í opinberri þjónustu. Var ég komin þar í máli mínu að gera ítarlega grein fyrir ákvæðum reglugerðar 1612 um atvinnu og fjölskyldu launþega, atvinnuframboð og atvinnuumsóknir og ákvæðum um evrópsku samráðsskrifstofuna sem á að samræma ráðstafanir vegna atvinnutækifæra og atvinnumsókna, en henni er m.a. ætlað að taka saman þær upplýsingar sem um getur í 14. og 15. gr. ásamt niðurstöðum kannana og rannsókna skv. 13. gr. í því skyni að varpa ljósi á gagnlegar staðreyndir um fyrirsjáanlega þróun á vinnumarkaði EES. Þessi verkefni og fleiri eru nánar tilgreind í 22. og 23. gr.

Í III. hluta reglugerðarinnar eru ákvæði um nefndir sem eiga að tryggja nána samvinnu milli aðildarríkjanna í málefnum er varða frjálsa flutninga launþega og atvinnumál þeirra. Um ráðgjafarnefndina er fjallað í 24.–31. gr. Samkvæmt 24. gr. ber ráðgjafarnefndin ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að athuga hvers konar vafamál sem kunna að koma upp við framkvæmd sáttmálans og varða ferlsi launafólks til flutninga og störf þeirra. Í 25. gr. er tilgreint nánar hvað það er sem nefndin ber einkum ábyrgð á. Í 26. gr. er kveðið á um skipan nefndarinnar en hvert aðildarríki á sex fulltrúa.

Um umsjónarnefndina er fjallað í 32.–37. gr. Samkvæmt 32. gr. ber umsjónarnefndin ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að undirbúa og fylgja eftir öllum formsatriðum og ráðstöfunum sem miða að því að koma þessari reglugerð og viðbótarráðstöfunum í framkvæmd. Í 33. gr. er kveðið nánar á um hvað nefndin eigi einkum að bera ábyrgð á og í 34. gr. er kveðið á um skipan nefndarinnar. Aðrar greinar þessa máls kveða nánar á um skipan og meðferð mála hjá nefndinni.

Í IV. og síðasta hluta reglugerðarinnar eru ýmis bráðabirgða- og lokaákvæði. Bæði 40. og 41. gr. gilda ekki fyrir EES samkvæmt viðauka V í EES-samningnum og 38. og 39. gr. fjalla um áframhaldandi málsmeðferð annars vegar af hálfu samráðsskrifstofunnar og hins vegar af hálfu ráðgjafar- og umsjónarnefndarinnar gildi áfram, m.a. þar til framkvæmdastjórnin hefur komið á samræmdu heildarkerfi sem greint er frá í 2. mgr. 15. gr.

48. gr. reglugerðarinnar gildir ekki um EES samkvæmt viðauka V í EES-samningnum. Að öðru leyti er hér um sundurleit ákvæði að ræða sem flest hafa takmarkað gildi fyrir Ísland. Þó er lokaákvæði 42. gr. e.t.v. mikilvægt þar sem kveðið er á um að reglugerðin gildi ekki um launþega frá löndum utan Evrópu sem starfa í aðildarríkjunum samkvæmt sérstökum samningum í einstökum ríkjum.

Ég hef í ræðu minni fyrst og fremst fjallað um frjálsan atvinnu- og búseturétt, ýmis félagsmál sem beinlínis tengjast þessum réttindum gegnum lögfestingu á reglugerð 1612/68. Ég tel rétt að víkja nokkrum orðum að þeim hluta samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem tekur til annarra félagsmála jafnvel þótt mörg þeirra verði og hafi verið rædd ítarlega undir öðrum dagskrárliðum áður, enda tengjast þessi málefni atvinnu- og búseturéttindum með einum eða öðrum hætti. Hér er um að ræða skuldbindingar samkvæmt tilskipun EB á sviði almannatrygginga, öryggis- og hollustuháttum á vinnustöðum, einnig um tilskipanir um ýmis réttindi launafólks eins og hópuppsagnar, réttarstöðu launafólks við eigendaskipti á fyrirtækjum, vernd launa við gjaldþrot, jafnréttismál, samþykktir um málefni fatlaðra og samstarf á grundvelli yfirlýsingar Evrópubandalagsins um grundvallarréttindi launafólks. En veigamesta forsendan fyrir því að fólk geti farið á milli landa í atvinnuleit til að bæta stöðu sína er að það njóti sömu félagslegra réttinda og innlendir. Evrópubandalagið hefur lagt mikla vinnu í almannatryggingar. Markmiðið hefur ekki verið að samræma reglur, enda hafa þau Evrópulönd sem hér um ræðir þróað með sér mjög ólík kerfi. Takmarkið hefur verið að fólk glati ekki réttindum til almannatrygginga. Aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu skuldbinda sig til að tryggja að flutningur íbúa þessara ríkja hafi ekki áhrif á rétt þeirra til almannatrygginga. Þetta er aðallega tryggt með fernum hætti þannig að öryggisnet það sem almannatryggingar veita bresti hvergi þó fólk fari á milli landa í atvinnuleit.

Atvinnuleysisbætur skipta einnig miklu máli. Þær geta ríkisborgarar í samningsríkjum EES fengið á meðan þeir eru í atvinnuleit í öðrum ríkjum. Á þann hátt geta þeir framfleytt sér meðan á atvinnuleit stendur. Svo virðist sem reglur um skráningu atvinnulausra séu mun strangari hér á landi en víðast hvar annars staðar. Með því að krefjast vikulegrar skráningar getur Íslendingur sem er atvinnulaus naumast farið úr landi í atvinnuleit öðruvísi en taka þá áhættu að falla út af atvinnuleysisskrá. Víða um lönd nægir að skrá sig mánaðarlega eða jafnvel á þriggja mánaða fresti. Það helgast sjálfsagt af langvarandi atvinnuleysi.

Í viðræðunum við Evrópubandalagið var vakin athygli á þessari sérstöðu Íslands og hvort nauðsynlegt væri að breyta þessu þannig að það væri meira í samræmi við það sem tíðkast í Evrópu. Engar óskir komu fram um það frá Evrópubandalaginu, enda almennt gert ráð fyrir því að réttur til atvinnuleysisbóta sé mál hvers lands þó með því skilyrði að ekki sé um mismunun innlendra og útlendra að ræða. Þegar athygli EB var vakin á því að stéttarfélagsaðild væri skilyrði fyrir því að fá greiddar atvinnuleysisbætur var greinilegt að því skilyrði áttu menn ekki að venjast. Hins vegar var það sama uppi á teningnum og með atvinnuleysisskráninguna, engar athugasemdir komu fram frá Evrópubandalaginu um að þetta brjóti í bága við reglur EB. Þess má hins vegar geta að Evrópuráðið hefur ítrekað bent á að það sem þeir kalla skylduaðild að verkalýðsfélögum á Íslandi brjóti í bága við ákvæði félagssáttmála Evrópuráðsins um félagafrelsi.

Í greinargerð af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur aldrei verið fallist á að um skylduaðild að verkalýðsfélögum væri að ræða á Íslandi. Vissulega fylgdu því mikil réttindi að vera í verkalýðsfélögum m.a. vegna forgangsréttarákvæða í kjarasamningum en hvergi væri að finna í lögum skyldu til að vera í verkalýðsfélögum. Þó má segja að lögin um atvinnuleysistryggingar, sem útiloka ófélagsbundið fólk frá atvinnuleysibótum, komi mjög nálægt því. Ég vil koma þessu að þar sem ákvæði EB eru ekki sambærileg um þetta atriði og félagssáttmáli Evrópuráðsins. Aðaláherslan af hálfu samningamanna Íslands í þessu sambandi hefur verið á það atriði að útlendingar eigi sama aðgang að stéttarfélögum hér á landi og Íslendingar. Meðan engar slíkar hindranir væru fyrir hendi gæti það ekki flokkast sem mismunun byggð á þjóðerni að aðild að stéttarfélögum á Íslandi væri forsenda fyrir ákveðnum réttindum. Í væntanlegum samningi um Evrópska efnahagssvæðið er að finna í yfirlýsingum frá ríkisstjórnum EFTA-ríkjanna um að þau vilji eiga samstarf við EB-ríkin við að hrinda í framkvæmd þeim markmiðum sem sett eru fram í yfirlýsingum EB um félagsleg grundvallarréttindi launafólks frá 9. des. 1989. Því er rétt að hyggja að þeim atriðum sem fjallað er um í yfirlýsingunni en þeim er öllum ætlað að bæta stöðu launafólks.

Ég vil þá fyrst vekja athygli á nokkrum atriðum í yfirlýsingu EFTA-ríkjanna um yfirlýsingu EB um félagsleg grundvallarréttindi launafólks, en þar kemur m.a. fram að stuðla þarf að framförum á félagssviðinu með fullu samráði við aðila vinnumarkaðarins. Þar er enn fremur lýst yfir af ríkisstjórninni að styðja meginreglur og grundvallarréttindi sem ákveðin eru í stofnskrá um félagsleg grundvallarréttindi launafólks frá 9. des. 1989. En ég vil vekja sérstaklega athygli á lokamálsgrein yfirlýsingarinnar en þar segir, með leyfi forseta:

„Þeim er ljóst að taka verður viðeigandi tillit til ólíkra innlendra reglna, einkum varðandi hlutverk vinnumarkaðarins og kjarasamninga þegar slíkum réttindum er framfylgt."

Þetta felur í sér að virða ber þær hefðir og reglur

sem gilda í samskiptum aðila vinnumarkaðarins í hverju landi og þar með að virða ákvæði kjarasamninga svo framarlega sem þau fela ekki í sér kynbundinn eða þjóðernislegan mismun. Forgangsréttarákvæðin í kjarasamningum mismuna ekki einstaklingum vegna kynferðis eða þjóðernis. Mismununin byggist eingöngu á því frjálsa vali einstaklinga að standa utan þeirra stéttarfélaga sem hafa slík forgangsréttarákvæði. Að því er best verður séð er það því fyrst og fremst á valdi aðila vinnumarkaðarins hér á landi að breyta þessum forgangsréttarákvæðum.

Nokkuð hefur verið fjallað um yfirlýsingu Evrópubandalagsins um grundvallarréttindi launafólks á sviði félagsmála og framkvæmdaáætlun um að hrinda markmiðum hennar í framkvæmd. Enda þótt yfirlýsing EB um félagsleg grundvallarréttindi launafólks sé ekki hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið gefur hún til kynna stefnu Evrópubandalagsins á sviði félagsmála. Í aðfararorðum kemur fram að til að hrinda markmiðum hennar í framkvæmd þurfi að setja ný EB-lög sem tryggi rétt farandverkamanna til almannatrygginga um frelsi til að flytjast á milli landa, um vinnuskilyrði, um öryggi og hollustu á vinnustöðum og um starfsmenntun. Af yfirlýsingunni má ráða að bandalagið hyggst leggja aukna áherslu á velferðarmál og réttindamál launafólks. Af hálfu talsmanna EB hefur verið lögð sérstök áhersla á nokkur atriði í yfirlýsingunni, t.d. samræmingu vinnutíma. Mismunandi reglur aðildarríkjanna á þessu sviði gætu leitt til misjafnrar samkeppnisstöðu. Einnig hefur verið bent á rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs varðandi starfsemi evrópskra fyrirtækja. Einnig er dregið fram mikilvægi starfsmenntunar í atvinnulífinu fyrir vöxt og viðgang fyrirtækja og gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina.

Eitt af því sem e.t.v. er rétt að vekja athygli á í yfirlýsingu EB er ákvæðið um félagafrelsi. Í félagssáttmála Evrópu og samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagafrelsi er kveðið á um að aðildarríki skuldbindi sig til að tryggja rétt manna til að stofna félög til að berjast fyrir sameiginlegum hagsmunamálum. Í þessum alþjóðasamþykktum er ekki kveðið á um rétt manna til að standa utan félaga. Þetta er hins vegar gert í yfirlýsingu Evrópubandalagsins um grundvallarréttindi launafólks. Þetta er hið svokallaða neikvæða félagafrelsi. Enda þótt fólki sé ekki meinað lögum samkvæmt að standa utan stéttarfélaga hér á landi þá gera bæði forgangsréttarákvæðin og margvíslegir hagsmunir launafólks það að ýmsu leyti ómögulegt.

Hver yrðu réttindi launafólks í slíkum tilvikum? Það yrðu einungis þau lágmarksréttindi sem tryggð eru lögum samkvæmt og með persónubundnum ráðningarsamningum. Hins vegar erum við ekki einir um að hafa slík ákvæði í kjarasamningum. Samkvæmt dönskum lögum eru slík ákvæði ekki ólögleg en danska vinnuveitendasambandið hefur staðið gegn því að slík ákvæði séu í kjarasamningum þannig að þau eru á undanhaldi þar.

Varðandi túlkunina á stéttarfélagsaðildinni vil ég að lokum leggja áherslu á að forgangsréttarákvæði hafa komið til í frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins og eiga áfram að lúta slíkum samningum aðila vinnumarkaðarins. Þau má hvorki afnema né staðfesta með lögum. Ef alþjóðasamþykktir eða dómar sem Ísland gengst undir ganga gegn slíkum ákvæðum er eðlilegast að aðilar vinnumarkarins taki það til eftirbreytni. Hins vegar fela forgangsréttarákvæði ekki í sér mismunun byggða á þjóðerni og stéttarfélag í hlutaðeigandi sveitarfélagi er opið ölum þeim er þangað flytja. Hinn erlendi ríkisborgari er því algerlega jafnsettur Íslendingum sem flytja þarf lögheimili sitt inn í tiltekið sveitarfélag til að vera gjaldgengur til vinnu á starfssvæði hlutaðeigandi verkalýðsfélags.

Í þessu sambandi vil ég hins vegar vekja athygli á því að sveitarfélög hér á landi eru of mörg og flest verkalýðsfélög ná aðeins yfir eitt sveitarfélag. Ef sameining sveitarfélaga hér á landi fær aukinn hljómgrunn mun starfssvæði verkalýðsfélaga einnig stækka með sameiningu þeirra og að því leyti draga úr helstu ókostum staðbundinna forréttindaákvæða sem takmarka hreyfanleika vinnuafls.

Um vinnuumhverfi er fjallað í V. hluta samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Í 66. gr. lýsa samningsaðilar því yfir að þeir séu sammála um að stuðla að bættum starfs- og lífskjörum launafólks. Í 67. gr. er tekið fram að aðilar skuli leggja sérstaka áherslu á að bæta vinnuumhverfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna. Þetta ber að gera með því að setja lög eða reglur sem hafa að geyma ákvæði um lágmarkskröfur. Sérstaklega er tekið fram að slíkar lágmarkskröfur skuli ekki vera því til fyrirstöðu að samningsaðilar láti strangari reglur um vinnuumhverfi halda gildi sínu. Við samanburð á íslenskum reglum og reglum EB hefur komið í ljós að Íslendingar standa allvel að vígi í sambandi við þann þátt samningsins er lýtur að öryggi og hollustuháttum á vinnustöðum. Lög okkar um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum stangast ekki á við ákvæði EB. Vandinn liggur fyrst og fremst í því að EB er á ýmsum sviðum komið lengra en við í setningu reglugerða sem taka til ákveðinna þátta vinnuumhverfismála. Sem dæmi um þetta má benda á reglur um notkun öryggisskilta á vinnustöðum eða reglur um notkun starfsmanna á persónuhlífum á vinnustað. Enn sem komið er hafa reglur um þetta efni ekki verið settar á Íslandi. Nefna mætti fjölmörg fleiri dæmi því gert er ráð fyrir að á Evrópska efnahagssvæðinu gildi um 16 EB-tilskipanir sem taki til vinnuumhverfismála. Hér er því verk að vinna sem að mínu mati leiðir til bætts umhverfis á íslenskum vinnustöðum.

Jafnréttismál er málaflokkur sem rík áhersla er lögð á af hálfu talsmanna Evrópubandalagsins. Á fundum sem fulltrúar félmrn. sátu í tengslum við samningaviðræður um Evrópska efnahagssvæðið kom skýrt fram að bandalagið lítur á jafnréttismálin sem mannréttindamál. EB hefur sett nokkrar relgur á sviði jafnréttis kvenna og karla sem byggist á 119. gr. Rómarsáttmálans. Mikilvægasta reglan á þessu sviði er tilskipan um samræmingu laga aðildarríkja EB varðandi grundvallarreglu um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf. Í 4. og 5. gr. er að finna tvö mikilvæg ákvæði. Í 4. gr. er því

beint til aðildarríkjanna að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hægt sé að lýsa dauð og ómerk ákvæði í kjarasamningum sem brjóta í bága við grundvallarregluna um jöfn laun. Í 5. gr. er því beint til aðildarríkjanna að þau verndi þann sem höfðar mál á grundvelli reglunnar um jöfn laun fyrir því að honum verði sagt upp starfi. Markmið þessara ákvæða er að tryggja sömu samningsstöðu aðila. Talsmenn EB hafa vakið athygli á tengslum 119. gr. Rómarsáttmálans sem m.a. hefur að geyma regluna um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf og tilskipun um sama efni. Ákvæðin taka til fleiri sviða en einungis kjarasamninga.

Í tilskipun 76/207 eru t.d. ákvæði um jafnrétti til vinnu, starfsmenntunar og stöðuhækkana og vinnuskilyrða. Enda þótt Alþingi hafi sl. vor samþykkt ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eru reglur EB að ýmsu leyti afdráttarlausari. T.d. er ekki að finna afdráttarlausa heimild í jafnréttislögunum sem lýsa dauð og ómerk ákvæð í kjarasamningum sem brjóta í bága við grundvallarregluna um jöfn laun. Hins vegar er talið að ákvæði laganna og laga nr. 85/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingar lífeyrisréttinda leiði til þeirrar niðurstöðu. Hert er á þessari reglu með 5. gr. frv. til laga um breytingar á lögum um vinnumarkaðsmál vegna aðildar að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði sem er 22. málið á þessu þingi. Í einni tilskipun er fjallað um jafnrétti til starfsmenntunar sem er eitt af þeim atriðum sem Evrópubandalagið telur að muni gegna miklu hlutverki í stefnu þess í vinnumarkaðsmálum. Fyrstu lögin um starfsmenntun í atvinnulífinu voru samþykkt á Alþingi sl. vor.

Ég vil geta þess að framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hefur lagt fram tillögu eða tilskipun um öfuga sönnunarbyrði í ágreiningsmálum sem snerta launamismun með tilliti til kynferðis. Í þessari tilskipun felst að atvinnurekandi verður að sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði liggi til grundvallar mun á launagreiðslu fyrir hliðstæð störf. Búast má við að tilskipunin gildi á Evrópska efnahagssvæðinu nái hún fram að ganga.

Samkvæmt íslensku jafnréttislögunum gildir öfug sönnunarbyrði fyrir kærunefnd jafnréttismála. Atvinnurekandi þarf því að sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi ráðið vali á umsækjanda.

Gert er ráð fyrir að á sviði vinnumarkaðsmála gildi þrjár tilskipanir. Ein af þeim er tilskipun ráðsins frá 17. febr. 1975 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir. Í henni eru settar ákveðnar reglur sem atvinnurekendur þurfa að fylgja þegar hópi fólks er sagt upp störfum, m.a. er um að ræða samráð við starfsmenn og tilkynningar til opinberra aðila. Þessi tilskipun EB kallar á lagasetningu hér vegna þess að slíkar reglur hafa ekki gilt hér á landi nema að litlu leyti.

Sama gildir um vernd réttinda starfsmanna við sölu, leigu og samruna fyrirtækja þó réttindi margra íslenskra starfsmanna hafi að nokkru verið tryggð með bókun við kjarasamninga VSÍ og ASÍ frá 1. febr. 1990. Í tilskipuninni er m.a. kveðið á um að ráðningakjör starfsmanna eigi ekki að breytast við aðilaskiptin sem slík. Slíkar breytingar eru háðar öðrum forsendum, þ.e. kjarasamningum o.fl. Uppsagnir starfsmanna eru ekki heimilar nema fyrir liggi sérstakar tilgreindar ástæður. Sama gildir um breytingar á stöðu trúnaðarmanna.

Frv. til lögfestingar á efni tilskipunarinnar verður lagt fyrir Alþingi fljótlega.

Þriðja tilskipunin er um vernd launa við gjaldþrot atvinnurekenda. Ekki er gert ráð fyrir að breyta þurfi íslenskum lögum til samræmis við þessa tilskipun.

EB hefur gert ýmsar samþykktir sem snerta málefni fatlaðra. Þegar á heildina er litið er ekki gert ráð fyrir að breyta þurfi íslenskum lögum eða reglugerðum komi til aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Gert er ráð fyrir að EFTA-ríkin taki þátt í samstarfsverkefnum EB á þessu sviði, t.d. verkefni sem byggir á yfirlýsingu EB frá 24. júlí 1986 um vinnumál fatlaðra.

Virðulegi forseti. Ég vil ekki gera lítið úr því að Ísland geti verið eftirsóknarvert út frá atvinnulegu tilliti. Enda þótt horfurnar séu ekki mjög bjartar sem stendur þá verður hins vegar að hafa í huga að frelsi sem felst í samningum um Evrópskt efnahagssvæði tryggir mönnum aðeins réttinn til að leita að atvinnu, ef störfin eru ekki fyrir hendi verða útlendingarnir að fara aftur úr landi og hafa þá í reynd verið eins og ferðamenn hér og skapað okkur tekjur sem slíkir.

Virðulegi forseti. Ég vil leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég vona að mér verði ekki virt það til hins verra þó að ég nýti mér rétt minn til að fara hér upp um þingsköp þar sem ég á erfitt með að vera viðstödd umræðuna á eftir eða eftir hádegið. En ég vil vekja athygli áður en lengra er haldið í málinu hvernig gengið er frá því á hinu háa Alþingi.

Í 36. gr. þingskapalaga segir, með leyfi hæstv. forseta: „Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði...“

Við getum spurt okkur sjálf hvort svo er um þetta frv. hér. Texti 1. gr. er afar stuttur, og ég vænti þess að menn séu með þetta fyrir framan sig, en hann hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í 2. tölul. V. viðauka, reglugerð 1612/68/EBE eins og henni var breytt með reglugerð 312/76/EBE, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagsvæðisins, skal hafa lagagildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af V. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum samningsins.

Reglugerðir (EBE) þær sem vísað er til í 1. mgr. eru prentaðar sem fylgiskjal með lögum þessum.“

Spurning mín er því þessi: Er það blað brotið í sögu íslenskrar lagagerðar að reglugerðir birtist í lagasafni? Það hljóta þær að gera. Nú mætti segja að það blað væri brotið en lög eiga auðvitað að vera læsileg öllu venjulegu fólki í lagasafni. Hvernig yrði þá þessi laga-

texti? Hann yrði þannig, eins og ég hef þegar lesið, ásamt þeim reglugerðum sem hér eru birtar, hér er upphaflega reglugerðin og ég bið menn að reyna að skilja þetta ef menn geta lagt það á sig. Síðan er reglugerðarbreytingin en fólk er auðvitað engu nær þó það lesi hana, heldur er skýringuna raunar að finna — og hvar er hana að finna? Hana er að finna í athugasemdum við einstakar greinar, um 1. gr. Þar er skýrt hvað í raun og veru eigi að standa í þessum lögum. Það dugar ekki alveg til þó menn færu eftir fimm eða tíu ár að leita uppi frumvarp því eftir stendur að það vantar að finna V. viðauka, bókun 1 við samninginn og, eins og hér segir svo skýrt: og öðrum ákvæðum samningsins.

Ég spyr, virðulegi forseti: Heitir þetta að setja lög svo að þau séu með lagasniði? Það held ég að geti ekki verið. Niðurstaða mín er sú að enginn venjulegur læs Íslendingur geti opnað lagasafnið sitt og fundið út úr hvað í þessu á að standa og ég hlýt, hæstv. forseti, að vekja athygli á þessu.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Út af orðum síðasta ræðumanns vil ég vekja athygli á því að í framsöguræðu minni gerði ég nokkra grein fyrir ástæðunni fyrir því að þetta væri lagt til að lögfesta tilskipunina með þessum hætti og benti m.a. á að þetta væri með líkum hætti og gert væri t.d. í Noregi og Svíþjóð. Ég tel ástæðu til þess, virðulegi forseti, vegna orða síðasta ræðumanns að fara nokkuð ítarlega ofan í ástæðuna fyrir þessu og rekja það, en ég spyr, hef ég leyfi til þess að gera það undir þingskapaumræðu, ég sætti mig vissulega við það að gera það hér á eftir, en vegna orða síðasta ræðumanns tel ég ástæðu til að fara nokkuð ítarlega í það, en væntanlega fellur það ekki undir þingskapaumræðu.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill vekja athygli á því að hæstv. ráðherra hefur bara þrjár mínútur til umráða undir liðnum þingsköp þannig að ég held ég verði að biðja hæstv. ráðherra að koma síðar inn í umræðuna og gera grein fyrir því máli sem hér um ræðir.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu, ég vildi einungis nota rétt minn til að vekja á þessu athygli. Ég hlýddi á framsöguræðu hæstv. ráðherra svo mér er alveg ljóst hverjar ástæður eru taldar fyrir þessu. Það skiptir mig bara engu máli. Ég tel að hér sé á ferðinni lagagerð sem er aldeilis ómögulegt að sætta sig við. Lagasafn hlýtur að verða að vera læsilegt venjulegu fólki og þó mikið gangi á við að koma þessum samningi og öllum þeim aragrúa frumvarpa sem honum fylgja í gegnum þingið á örskömmum tíma þá er þetta lagagerð sem engan veginn er sæmandi hinu háa Alþingi. Ég hef spurst fyrir um það hvort það sé eðlilegt að reglugerðir birtist í lagasafni. Það er auðvitað algjör nýlunda með örfáum undantekningum eins og reglur um Stjórnarráð Íslands og tilskipun konungs sem enn þá eru einhvers staðar á sveimi í lagasafni. Ég held að það verði að athuga þetta nánar í nefnd þegar þar að kemur. Auðvitað hefur hæstv. ráðherra allan rétt til að útskýra þetta í smáatriðum, hún gerði það að nokkru í framsöguræðu sinni, en það breytir ekki því máli að hér er um afar óvenjulega lagasetningu að ræða.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir athugasemdir hv. 14. þm. Reykv. um lagabúning málsins. Það eru að mínu mati fyllilega réttmætar athugasemdir að benda á að frumvarpið eða málið sé búið í algjörlega ótækan búning. Hvað varðar röksemdir hæstv. ráðherra um að svona geri menn í Noregi og Svíþjóð, ef ég man rétt, vil ég benda á að það hefur ekkert gildi hér á landi hvernig menn skipa málum sínum erlendis. Við erum enn sjálfstæð þjóð með eigin reglur og eigin skipan mála og við þurfum ekki að sækja fyrirmyndir eða fyrirmæli til útlanda um það hvernig við eigum að leggja mál hér fram. Enn er ekki svo komið, virðulegi forseti, að við þurfum að lúta erlendu valdi í þessum efnum.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti væntir þess að það sem bent hefur verið á af hv. 14. þm. Reykv. verði athugað nánar í nefnd, en þessu máli verður væntanlega vísað til hv. félmn.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. félmrh. fyrir yfirgripsmikla og greinargóða framsögu með þessu máli. Vegna þess hve greinargóð hún var þá get ég stytt mál mitt mjög þar sem mörgum af þeim spurningum sem ég hafði velt fyrir mér eftir að hafa skoðað frumvarpið var svarað í framsögu.

Frv. það sem hér er til umfjöllunar um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins er eitt af stærstu málunum sem tengjast EES-samningnum. Þetta er hluti af fjórfrelsinu og eins og menn hafa heyrt hafa fullyrðingar verið uppi um það að með þessum hluta fjórfrelsisins, þ.e. með þessari frjálsu för fólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, séum við að leiða yfir okkur meðaltalsatvinnuleysi Evrópubandalagsríkjanna. Ég ætla ekki að leggja mat á það í tengslum við þetta mál sérstaklega, það hefur reyndar verið mjög rætt í hinni almennu umræðu um samninginn sjálfan. En sennilega er þetta þó það ákvæði sem almenningur í landinu er hræddastur við þrátt fyrir að í 112. gr. samningsins um öryggisráðstafanirnar. Í 112. gr. segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ef upp koma alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum, sem líklegt er að verði viðvarandi, getur samningsaðili gripið einhliða til viðeigandi ráðstafana með þeim skilyrðum og á þann hátt sem mælt er fyrir um í 113. gr."

Ég ætla ekki að fara að lesa 113. gr. en hún fjallar um framkvæmdina á þessum hlutum. Þrátt fyrir þetta held ég að almenningur í landinu sé einna hræddastur

við þennan þátt af öllu því sem er í samningnum.

Þess vegna fagna ég því að í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir eftirlitsnefnd og ég held að hún sé einmitt mjög mikilvæg til þess að fylgjast með framkvæmd málsins. Áður en ég fjalla sérstaklega um hana ætla ég að taka undir með hv. 14. þm. Reykv. að þegar maður les þetta frumvarp þá er það náttúrlega allsendis ófullnægjandi hvað 1. gr. frv. varðar og hefði orðið miklu eðlilegra að setja allan V. viðaukann inn í frumvarpið sjálft og láta hann gilda sem lagagreinar frumvarpsins. Ég var í nokkrum erfiðleikum þegar ég var að skoða þetta mál að þurfa alltaf að vera að fletta þessu fram og aftur, hvað þá þegar málið er komið inn í lagasafnið og þessi hluti málsins fylgir alls ekki með. Þá verður þetta auðvitað miklu erfiðara. Eins og fram kom hjá virðulegum forseta áðan er mjög eðlilegt að þetta verði skoðað gaumgæfilega af félmn. og kannað hvort ekki sé rétt að setja þetta í heild sinni inn í frv.

En eins og ég sagði áðan fagna ég því að í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir þessari eftirlitsnefnd sem ég tel vera mjög mikilvæga til að fylgjast með framgangi málsins. Hins vegar kemur fram að gert sé ráð fyrir því að nánar verði kveðið á um starfssvið nefndarinnar og það er reyndar ekki skilgreint í 2. gr. frv. Þess vegna held ég að það væri mikilvægt vegna þess að gríðarlega miklu máli skiptir hversu víðtækt valdsvið nefndarinnar verður að það komi fram hjá félmn. eða þær upplýsingar liggi fyrir félmn. hvað það er sem hæstv. ráðherra hyggst hafa í þeirri reglugerð sem hann mun setja um framkvæmd málsins. Það er ekki svo að ég vantreysti hæstv. ráðherra til þess að setja slíka reglugerð vegna þess að ég veit að hún vill vel með þessu máli, en auðvitað er mjög mikilvægt fyrir nefndina að vita hvað það er sem mun verða verksvið nefndarinnar í framtíðinni. Við þessu hafa hagsmunaaðilar sem hafa veitt umsögn sína um frumvarpið varað og er það sérstaklega Alþýðusamband Íslands sem hefur bent á að þetta sé mikilvægur þáttur þó ekki sé nema bara til þess að þeir geti stutt málið sem slíkt.

Þetta mál hefur verið til umfjöllunar í hv. félmn. og var sent frá nefndinni til umsagnar til ýmissa aðila. Málið var þar til umfjöllunar a.m.k. á einum fundi sem ég sat þó svo ekki hefði verið mælt fyrir því í þinginu og ekki búið að vísa því til nefndarinnar. Ég held að einmitt umsagnirnar um frv. séu glöggt dæmi um það sem kom fram í máli hv. 14. þm. Reykv., þ.e. þær fjalla efnislega ekkert um málið sem slíkt. Þær fjalla einfaldlega allar um það með hvaða hætti þessi nefnd, eftirlitsnefndin, í 2. gr. frv. skuli vera skipuð þó að öðru leyti en því að umsagnaraðilar allir taka undir skipun eftirlitsnefndarinnar og gera ekki athugasemdir við 1. gr. frv. þó svo ég hafi vissar efasemdir um að hún hafi nákvæmlega verið skoðuð af þeim aðilum sem fengu málið til umsagnar.

Með leyfi forseta þá ætla ég að vitna örlítið í og spyrja hæstv. ráðherra um leið nokkurra spurninga er lúta að þeim umsögnum sem hafa komið inn til nefndarinnar. Umsagnaraðilar eru — og ég tek þá ekki alla sem um málið hafa fjallað og veittu umsögn sína — í fyrsta lagi Farmanna- og fiskimannasambandið. Þeir leggja til að við 2. gr. frv. bætist nýr liður sem hljóði svo, með leyfi forseta:

„Þegar nefndin fjallar um mál sem varða sérstaklega yfirmenn á far- og fiskiskipum skulu auk fulltrúa skv. 1. mgr. tveir fulltrúar taka sæti í nefndinni. Skal annar þeirra tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og hinn af hlutaðeigandi heildarsamtökum útgerðarmanna."

Rökin fyrir þessu hjá Farmanna- og fiskimannasambandinu eru þau að það sé sjálfstætt starfandi landssamband yfirmanna til sjós og á enga aðild að Alþýðusambandi Íslands og þess vegna geti Alþýðusamband Íslands ekki verið fulltrúi þeirra í þessari nefnd.

Þetta eru auðvitað rök, en ég spyr hæstv. ráðherra: Getur hæstv. ráðherra fallist á þessi rök?

Vinnumálsamband samvinnufélaga gerir einnig athugasemdir við skipun nefndarinnar og segir í umsögn um frumvarpið:

„Vinnumálasamband samvinnufélaga telur rétt að fulltrúi Vinnumálasambands samvinnufélaga eigi aðild að nefnd þeirri sem nefnd er í 2. gr. frv. sem fjallar um eftirlit með framkvæmd laga þessara." Síðan er lagt til að í stað þess að einn aðili verði frá launþegum og einn frá vinnuveitendum, verði tveir frá hvorum og skipi Vinnumálasamband annan fulltrúann, Vinnuveitendasambandið hinn.

Síðan bendir Vinnumálasambandið á sem rök fyrir málflutningi sínum að löng hefð sé fyrir því að þegar fjallað er um vinnumarkaðsmál hafi Vinnumálasambandið haft fulltrúa í slíkum nefndum.

Ég spyr ráðherra: Getur hæstv. ráðherra fallist á að þessi breyting verði gerð?

Álíka tillögur koma fram frá BHMR en þær eru þó dálítið annars eðlis að því leyti til að þeir telja eðlilegt að þingið skipi menn í þessa eftirlitsnefnd eða hún yrði skipuð með svipuðum hætti og Félagsdómur er skipaður.

Eins spyr ég hæstv. ráðherra: Getur ráðherrann fallist á slíkar breytingar?

Ég held það sé afskaplega mikilvægt fyrir hv. félmn. þegar hún fer að fjalla um þetta mál að afstaða hæstv. félmrh. sé skýr til þessara hluta, það mun létta mjög fyrir í nefndarstarfinu öllu þegar að því kemur á síðari stigum.

Þá kem ég að atvinnuréttinum, en atvinnurétturinn sem slíkur byggist fyrst og fremst á 28. gr. EES-samningsins og nánar útfærður með reglugerðum. Í 28. gr., sem er í 1. kafla III. hluta samningsins, 1. tölul. segir orðrétt, en kaflinn fjallar um launafólk og sjálfstætt starfandi einstaklinga:

„Frelsi launþega til flutninga skal vera tryggt í aðildarríkjum EB og EFTA-ríkjum." 2. tölul. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Umrætt frelsi felur í sér afnám allrar mismununar milli launþega í aðildarríkjum EB og EFTA-ríkjum sem byggð er á ríkisfangi og lýtur að atvinnu, launakjörum og öðrum starfs- og ráðningarskilyrðum."

Síðan er í 4. tölul. gert ráð fyrir því að ákvæði þessarar greinar eigi ekki við um störf í opinberri þjónustu. Það held ég að sé afskaplega mikilvægur hlutur

að þetta gildi einmitt ekki um störf í opinberri þjónustu vegna þess að þegar maður fer að velta því fyrir sér hvaða áhrif þetta hefði þó ekki væri nema bara á lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem eru lög nr. 38 frá 14. apríl 1954, þar sem segir í 1. gr.: „Lög þessi taka til hvers manns, sem er skipaður, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins með föstum launum, meðan hann gegnir starfanum, enda verði starf hans talið aðalstarf." Í 3. gr. eru tiltekin ákveðin skilyrði til þess að fá skipun, setningu eða ráðningu í stöðu sem þessa og í 4. tölul. 3. gr. er íslenskur ríkisborgararéttur skilyrðið en: „Víkja má þó frá þessu ákvæði, ef telja má sérstaklega eftirsóknarvert að fá erlendan ríkisborgara til að gegna starfa til bráðabirgða, en eigi má skipa hann fyrr en hann hefur öðlast íslenskan ríkisborgararétt."

Eins og ég skil þetta og les það í samhengi þá tel ég útilokað að erlendur ríkisborgari geti verið ráðinn í stöðu á vegum hins opinbera nema í þessu undantekningartilfelli sem um getur í 4. tölul. 3. gr., að það sé sérstaklega eftirsóknarvert að fá slíkan mann til starfa. Og þar af leiðandi mun þetta auðvitað ekki hafa nein áhrif á biðlaunaréttinn sem slíkan en hann er varinn skv. 67. gr. stjórnarskrárinnar. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Þrátt fyrir það að þetta virðist allt saman vera tryggt, stendur það til af hálfu ríkisstjórnarinnar að gera breytingar á lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sem t.d. gera það að verkum að möguleiki væri á að erlendir ríkisborgarar gætu farið að starfa hér í opinberri þjónustu þrátt fyrir ákvæðið í 28. gr. EES-samningsins þar sem gert er ráð fyrir því að þetta gildi ekki um störf í opinberri þjónustu?

Þá kem ég að lífeyrisréttindunum sem mjög tengjast ráðningar- og starfskjörum opinberra starfsmanna þar sem um er að ræða skylduaðild að lífeyrissjóði. Nú hefur það heyrst og það kom fram í hv. heilbr.- og trn. að til stæði á vegum Evrópubandalagsins að gefa út nýja tilskipun sem fæli í sér að skylduaðild að lífeyrissjóði væri afnumin. Ég spyr hæstv. félmrh.: Hefur hæstv. ráðherra heyrt um að slík tilskipun sé í farvatninu á vegum Evrópubandalagsins og ef svo er, munu íslensk stjórnvöld með einhverjum hætti bregðast við? Þetta tengist auðvitað einnig skylduaðild að verkalýðsfélögum. Nú er úrskurður fallinn hjá mannréttindanefndinni í máli leigubílstjórans sem er frægt mál hér og menn þekkja og ég ætla ekki að skýra frekar en sá úrskurður féll á þann veg að ekki væri lengur skylda að vera í verkalýðsfélagi. Þeim úrskurði hefur reyndar verið vísað til Mannréttindadómstólsins og auðvitað er ekki ljóst hver niðurstaðan muni verða en falli sá dómur á sama veg og úrskurður mannréttindanefndarinnar þá er alveg ljóst að eftir honum verðum við að fara. Hann er bindandi fyrir okkur eða a.m.k. skil ég það svo og spyr hæstv. ráðherra hvort það sé ekki einnig túlkun hæstv. ráðherra að sú niðurstaða verði bindandi fyrir okkur. Þýðir það ekki þá um leið að öll skylduaðild að verkalýðsfélögum skuli afnumin eða þarf að koma sérstök tilskipun frá Evrópubandalaginu um að svo skuli vera?

Varðandi 30. gr. samningsins, EES-samningsins, sem fjallar um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburðum um formlega menntun og hæfni manna til að starfa. Ég ætla nú ekki að fara að vitna beint í greinina. Ég held að það sé nokkurn veginn rétt eftir haft að þetta ákvæði eigi fyrst og fremst við hjá starfsstéttum í heilbrigðisþjónustunni. Því langar mig til að taka dæmi um hjúkrunarfræðing og vitna þá, ekki orðrétt en að nota til hliðsjónar álit Hjúkrunarfélags Íslands og Félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga sem sendu inn til heilbr.- og trn. sem svar við ósk nefndarinnar um álit á frv. eða því sem þar var til umfjöllunar og fjallaði um starfsréttindi heilbrigðisstétta og mælt var hér fyrir sl. föstudag. En til grundvallarkröfu um menntun hjúkrunarfræðinga hjá Evrópubandalaginu er tilskipun nr. 77/453/EBE en þar segir, með leyfi forseta:

Aðildarríki skulu binda hjúkrunarleyfi til almennra hjúkrunarstarfa því skilyrði að staðist hafi verið próf sem tryggja á að meðan á námstíma stóð hafi viðkomandi fengið viðunandi þekkingu á eðli og siðfræði hjúkrunarstarfsins og meginreglum heilsu og hjúkrunar, viðunandi verklega reynslu undir eftirliti útlærðs hjúkrunarfræðings á stofnun sem uppfyllir ákveðin skilyrði. Hæfileika til að taka þátt í starfsþjálfun heilbrigðisstétta og reynslu í að vinna með slíkum starfsmönnum, reynslu í að vinna með öðrum heilbrigðisstéttum. Og síðan er sagt að í menntun þessari skuli felast: almenn undirbúningsmenntun í 10 ár, fullt nám sem nær til þeirra greina sem fylgiskjal með fyrirmælum mælir fyrir um og tekur til þriggja ára náms eða 4.600 klukkustunda í bóklegu og verklegu námi. Í fáum orðum sagt þýðir þetta það að Evrópubandalagið gerir kröfur um menntun sem er 10 ára grunnmenntun og þriggja ára hjúkrunarfræðinám í bóklegu og verklegu námi á framhaldsskólastigi. Hér á Íslandi erum við með undirbúningsmenntun í 14 ár og fjögurra ára nám á háskólastigi. Þegar þetta er borið saman, þá hlýtur maður að spyrja sig: Er ekki hætta á að það verði mikill munur á þeim íslenskum hjúkrunarfræðingum sem hér eru starfandi og þeim hjúkrunarfræðingum sem koma hingað til starfa frá Evrópubandaslagsríkjunum þar sem ekki eru meiri kröfur gerðar til menntunar en lýst er í þessari tilskipun 77/453? Er ekki hætta á að við séum í raun og veru að færa gæðakröfur menntunar mjög niður á við? Ég spyr hæstv. ráðherra álits á þessum þætti. Það er mín sannfæring að svo sé, við séum í raun og veru með þessu að hleypa inn í heilbrigðisþjónustuna menntuðu fólki sem ber aðeins heitið hjúkrunarfræðingur og kemur hér til starfa sem ég býst fastlega við vegna þess að hér er skortur á hjúkrunarfræðingum. Ég er sannfærður um að við munum meira að segja leita eftir því að fá þetta fólk til starfa vegna þess að skortur er á starfsfólki til hjúkrunarstarfa hér á landi. En við erum að leiða yfir okkur fólk sem hefur mun minni menntun, 10 ára grunnmenntun og þriggja ára menntun á framhaldsskólastigi í samanburði við 14 ára grunnmenntun og fögurra ára háskólamenntun þannig að á þessu er gríðarlegur munur. Gangi það eftir að þessi hópur hjúkrunarfræðinga komi hingað til starfa, er þá ekki hætta á

að við séum að minnka kröfurnar í þjónustunni eða draga niður gæði hennar og getum við einhverjum hætti brugðist við? Ég hef áhuga á að fá svör við því hvort við getum með einhverjum hætti brugðist við vegna þess að ég skil þennan samning svo að það sé útilokað að takmarka aðgang þessa fólks að störfum hér. Það kann að vera að við getum notað ákvæðið um ráðninguna, að atvinnurekandinn ráði aðeins hæft starfsfólk til starfa. En hvað hjúkrunarfræðingana varðar þá tel ég að vegna þess hversu mikill skortur er á menntaðu fólki til starfa að við neyðumst til að ráða þetta fólk þrátt fyrir minni menntun og þar af leiðandi séum við að færa gæði þjónustunnar niður.

Ég hafði í sjálfu sér mun fleiri spurningar sem ég hefði viljað spyrja hæstv. ráðherra, en eins og ég sagði hér í upphafi máls, þá var framsaga hæstv. ráðherra alveg til fyrirmyndar og skýrði og svaraði mjög mörgum af mínum spurningum sem ég hefði annars viljað spyrja og fyrir þessa ágætu framsögu vil ég þakka.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það að mörgu leyti hjá síðasta ræðumanni að framsöguræðan var býsna góð og svona með því betra sem ég hef heyrt af því tagi í framsöguræðum á þessu þingi fyrir málum tengdum Evrópska efnahagssvæðinu. Það er hins vegar engum vafa undirorpið að þetta mál er það gríðarlega mikið að umfangi og mörg álitaefnin í því að auðvitað verður þeim aldrei öllum svarað í einni framsöguræðu jafnvel þótt leitast sé við að megni að taka á sem flestum atriðum.

Hér er í eðli sínu um að ræða mál sem að mínu viti er afleiðingin af öðrum ákvörðunum. Ég hef skilið þennan samning um Evrópska efnahagssvæðið, um fjórfrelsið, á þann veg að það sem lá til grundvallar og er markmið manna er frelsi á vöru, þjónustu og fjármagni og launþegafrelsið eða frjáls för launamanna og sjálfstætt starfandi sé í raun og veru afleiðing af hinu sem menn hafa komist að niðurstöðu um að sé nauðsynlegt til að framfylgja og ná hinum markmiðunum. Ég vil segja almennt um þetta afmarkaða svið, um frjálsa för launþega og sjálfstætt starfandi, að það er mál sem að mínu viti er í eðli sínu jákvætt. Ég tel að það sé þjóðinni fremur til hagsbóta og gildisauka að í þessu samfélagi sé fólk sem kemur frá öðrum þjóðum með sín viðhorf og sína menningu og búi hjá okkur um stund eða til langframa og að sama skapi tel ég gagnlegt fyrir íslenska þjóð ef íslenskir ríkisborgarar eiga þess kost að starfa á erlendri grundu og kynnast þar menningu og menningarstraumum. Almennt viðhorf mitt til þessa afmarkaða sviðs samningsins er þannig fremur jákvætt og ég sé í raun og veru margt sem er álitlegt og þjóðinni gagnlegt við slík samskipti þó svo að það sé ekki þar með sagt að í sambandi við þennan samning sé ég jafnjákvæður til þessa máls hvað alla þætti þess lýtur.

Ég hefði t.d. verið tilbúinn til að líta á þetta afmarkaða svið og vinna að því og gera um það samninga við aðrar þjóðir eða jafnvel að Íslendingar gerðu einhliða tilteknar breytingar til þess að koma þessu á hvað okkur varðar því það er mikilvægt hvað að við höfum forræði málsins á okkar höndum, að við ráðum framvindunni að öllu leyti og getum stýrt þróuninni á þann veg að hún verði eins og við kjósum. Það sem er nokkur galli hvað þetta frelsi varðar er að mínu viti að það er tengt öðrum þáttum samningsins og bundið skilyrðum sem gera okkur að sumu leyti dálítið torvelt að grípa til ráðstafana eða stýra þróuninni eins og við hefðum kannski viljað sjá hana verða. Þetta vildi ég láta koma fram svona sem almenna afstöðu mína til þessa og ég vil víkja að einstökum atriðum í þessu efni.

Það sem ber auðvitað hæst þegar maður byrjar að skoða þetta mál er spurningin hversu víðtækt þetta frelsi er. Það er nauðsynlegt að mönnum sé það ljóst þegar gerðir eru samningar af þessu tagi að samningurinn sé vel afmarkaður, það sé ljóst hvar samningssviðið endar og hvar óbreytt ástand frá því sem nú er byrjar. Það verður að segjast eins og er með gildissvið á þessum þætti að það er ekki vel afmarkað því miður og reyndar viðurkennt í framsögu af hæstv. ráðherra. Það kemur fram í 28. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, 4. tölul., að þetta frelsi eigi ekki við um störf í opinberri þjónustu. Að óreyndu hefði maður talið að þetta atriði væri tiltölulega einfalt að skilgreina þannig að ljóst væri við hvað er hátt. Það kom hins vegar fram í ræðu hæstv. ráðherra að svo er ekki og reyndar minnir mig að það hafi komið fram í ræðu ráðherrans að ekki væri hægt að gefa upp tæmandi upptalningu á því sem undanþágan nær til þannig að það er enn þá matsatriði hvert gildissvið samningsins er að þessu leyti. Það kom líka fram í ræðu hæstv. ráðherra og er reyndar tekið fram í öðrum skjölum að upphaflega mun hafa verið litið svo á að þetta ákvæði væri tiltölulega auðskilið þegar það var tekið upp í samningum milli Evrópubandalagslandanna í Rómarsáttmálanum. Hins vegar hefur dómstóll Evrópubandalagsins gripið til sinna ráða og þróað túlkun á þessu ákvæði á annan veg en menn máttu sjá fyrir, eins og fram kemur hér í skjölum og ræðu ráðherra, og það kom enn fremur fram í ræðu ráðherrans að með hverjum dómi sem kveðinn er upp, þá skýrist þetta ákvæði betur. Það þýðir að það er ekki endanlega ljóst, heldur er í þróun og sá sem stýrir þróuninni er dómstóll Evrópubandalagsins.

Fyrsta spurningin sem maður veltir fyrir sér um skilgreiningu á þessu er: Hver er það sem á að ráða þróuninni um túlkun í framtíðinni þegar það liggur fyrir hvernig þetta hefur þróast í liðinni tíð og hvaða aðili það er sem hefur haft valdið til þess?

Að mínu viti lítur málið þannig út að Evrópudómstóllinn hefur haft það vald að skilgreina hugtakið og það hefur hann gert með því að kveða upp úrskurð í einstökum málum sem hafa varpað skýrara ljósi á markmið það sem dómstóllinn stefnir að með úrskurði sínum. Þegar samningurinn tekur gildi ætti því að vera hægt að ráða í það hvernig túlkun á þessu ákvæði lítur út, lesið saman með dómum Evrópubandalagsins á þessu sviði. Til þess að gera sér grein fyrir því hver skilningur á þessu ákvæði er er nauðsynlegt er að hafa

dóma Evrópudómstólsins við höndina sem fallið hafa á þessu sviði til að átta sig á því hvaða skilning dómurinn leggur í undanþáguákvæðið frá þessu frelsi.

Því miður hefur það verið svo að dómar þessir hafa ekki legið fyrir. Ég lét spyrja sérstaklega eftir því í gær hvort þeir lægju fyrir á þinginu og svo reyndist ekki vera. Hið eina sem menn hafa aðgang að til þess að glöggva sig á þessu eru frásagnir um dómana í bók Stefáns Más Stefánssonar sem ég hef litið yfir til þess að glöggva mig á þessu. Hins vegar hefur mér borist skjal á allmörgum síðum sem nefnist „Dómareifanir vegna EES-samningsins" sem er ekki endanleg þýðing að því að mér er sagt, þannig að taka verður þýðinguna með fyrirvara. Hún er hrá eins og það var orðað við mig, en ég hygg að segja megi að málavextir séu skýrir og meginatriðin í þessum dómum.

Í morgun blaðaði ég í gegnum skjölin og sá ýmislegt sem mér fannst mjög athyglisvert. Í nokkrum dómum kemur það fram að dómstóllinn telur að aðildarríki geti ekki ákveðið einhliða gildissvið undanþágunnar. Með öðrum orðum segir dómurinn að það sé dómstóls Evrópubandalagsins að ákvarða hvar undanþágan nær til. Það geta ekki verið mismunandi túlkanir á því í aðildarlöndum Evrópubandalagsins. Þetta er t.d. forsenda í máli dómstólsins sem hér nefnist 36/75 Ruttili og varðar ítalskan þegn í Frakklandi, en í dómareifuninni segir að aðildarríki geti ekki einhliða ákveðið gildissvið undanþágunnar.

Svipað þessu má finna á fleiri stöðum eins og t.d. í máli 66/85 við Lori Blum, en svo heitir málið. Þar segir, með þeim fyrirvara sem ég gat um varðandi þýðinguna, virðulegi forseti:

„Frelsi launþega til flutninga er ein af meginreglum bandalagsins. Launþegahugtak 48. gr. [en það er Rómarsáttmálinn sem er sama ákvæði og er í 28. gr. EES-samningsins] er ekki unnt að túlka á grundvelli ólíkra ákvæða landsréttarins og því verður að finna EB-skilgreiningu."

Dómurinn gefur það því í skyn að innan Evrópubandalagsins verður að vera samræmd túlkun á ákvæðinu og hann segir það skýrum stöfum að það sé verkefni dómstólsins að gefa út þá samræmdu skilgreiningu.

Í dómareifuninni, máli 53/81 Levin, segir svo:

„Merking launþegahugtaksins má ekki taka breytingum frá einu aðildarríki til annars."

Og í máli 75/63 sem nefnist Hoxtra Unger segir í dómareifuninni:

„Túlkun á gildissviði launþegahugtaksins fellur undir lögsögu bandalagsins. Ef túlkunin væri undir aðildarríkjum komin væri þeim í lófa lagið að draga úr gildi hugtaksins og afnema þá réttarvernd sem samningurinn tryggir einstökum hópum."

Hér eru því þó nokkur dæmi um forsendudóma dómstóls EB og gæti ég vitnað til fleiri en held ég láti þetta duga. Tilvitnanir staðfesta að dómstóllinn hefur talið sjálfan sig færan um að ákvarða túlkunina og að það sé hans að sjá til þess að túlkunin sé samræmd og að einstökum aðildarríkjum EB sé ekki frjálst að vera með breytilega túlkun á launþegahugtakinu. Reyndar er það áréttað í máli 149 79, framkvæmdastjórn EB gegn Belgíu, svo ég nefni eitt dæmi enn. Þar segir að með 4. málsgr. 48. gr. Rómarsáttmálans sé meginreglunni um bann við mismunun vikið til hliðar þegar um er að ræða störf hjá því opinbera. Af þessum sökum er ekki unnt að láta aðildarríkjunum eftir afmörkun hugtaksins opinber þjónusta.

Niðurstaða mín er því sú að fram til þessa hafa málin verið í þeim farvegi að dómstóll EB hefur þróað túlkunina og hann hefur einn haft valdið. Hann hefur enn fremur tekið sér það vald eða haft það, að fyrirskipa að túlkunin sé samræmd í aðildarlöndum EB.

Þá skulum við velta fyrir okkur framhaldinu hvað okkur varðar eftir að samningurinn tekur gildi. Þá sýnast mér tveir möguleikar vera fyrir hendi. Annars vegar að segja sem svo: Á þessum tímapunkti er skilgreiningin sú sem menn koma sér saman um. Eftir það er það á valdi einstakra ríkja að þróa túlkunina. Eða hinn möguleikinn: Það er á valdi einhvers aðila að þróa túlkunina með dómum og gæta þar að samræmingarhlutverkinu.

Af þessu er ljóst að Evrópubandalagið er bundið af dómstól EB um framtíðina í þessu efni. Dómstóll EB mun ráða túlkun og skilgreiningu þessa ákvæðis og öll löndin verða að hlíta þeirri túlkun.

Þá spyr maður sig: Getur málið þróast í tvo farvegi? Annars vegar að í framtíðinni muni nýir dómar innan Evrópubandalagsins leiða til tiltekinnar þróunar á skilgreiningu hugtaksins. Hins vegar séu það EFTA-löndin sameiginlega eða hvert fyrir sig sem þrói hugtakið frá því sem nú er í einhverjar aðrar áttir.

Ég er ekki viss um svarið við þessu. Ég hef ekki lesið samninginn til hlítar og treysti mér ekki til að svara þessu. En ég treysti mér þó til að segja að samræmingarkrafan í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er grunnpunkturinn um að allir gangi í takt eins og sjá má bæði af samningnum um EES og frv. um EES. Það er því mjög ólíklegt að það verði látið líðast að eitt svið af fjórfrelsinu þróist í ólíkar áttir eftir aðildarríkjum vegna hinnar stífu samræmingarkröfu „homogenismans" sem er einn grundvöllurinn í hugsanaferli samningsins.

Mér þykir líklegt að það ráði því hvernig ber að skilja undanþáguákvæðið í framtíðinni, að það mótist nær eingöngu af komandi dómum Evrópudómstólsins. Ef sú skoðun mín reynist rétt þá erum við í raun búnir að fela öðrum aðilum að túlka íslensk lög með dómsuppkvaðningu erlendis. Ég held að það sé umhugsunarefni fyrir hv. þingheim sem situr hér sölum, að velta því atriði fyrir sér hver þróunin eigi að verða og hver eigi að ráða þróuninni.

Ég hef eindregna afstöðu til þess atriðis. Ég er ekki tilbúinn til þess að gangast undir alþjóðasamninga sem veita erlendum aðilum eða yfirþjóðlegum stofnunum vald í þeim mæli að ráða og skipa okkar málum í framtíðinni. Ég er ekki tilbúinn til þeirra hluta og býst ekki við að verða það í náinni framtíð. Okkur hefur farnast það svo vel að hafa stjórn okkar mála í eigin hendi að betur verður ekki gert í öðrum löndum. Ég hygg að torfundin séu dæmi um að á hálfri öld hafi

mönnum tekist að breyta þjóðfélagi úr þeirri fátækt sem var hér á landi til þess velferðarþjóðfélags sem við búum við núna. Ég hygg að fá slík dæmi finnist um slík afrek erlendis. Þetta gerðum við með eigin afli og stjórnuðum okkar málum sjálf. Það er athyglisvert að þetta tímabil er hið eina síðan 1262 sem við höfum haft forræðið í okkar höndum og segja má að reynslan sýni að farsælla sé fyrir íslenska þjóð að ráða sínum málum sjálf en að fela þau erlendu yfirvaldi, hvort sem um er að ræða danska konunga eða skriffinna í Brussel.

Þetta var um skilning eða túlkun á undanþáguhugtakinu um störf í opinberri þjónustu frá fjórfrelsinu eða launþegafrelsinu.

Ég mun leggja ríka áherslu á það í nefndinni að hún muni leitast við að ganga svo frá málum að við getum óvefengjanlega fengið að ráða þessum málum út frá öðrum ákvæðum EES-samningsins. Ég get ekki fallist á að aðrir aðilar en íslenskir eigi að ákvarða skilning á lögum á Íslandi, hvort sem það er í formi álitsgerðar eða dómsuppkvaðningar eins og mér sýnist vera í þessu tilviki.

Annað er líka vert að hafa í huga og það er hversu ólík Norðurlöndin eru Evrópu hvað varðar uppbyggingu og skipulag stéttarfélaga og launþegahreyfinga. Það varðar t.d. grundvallaratriði eins og verkfallsréttinn. Ég get nefnt sem dæmi að í Frakklandi er réttur einstaklingsins til að fara í verkfall bundinn við stjórnarskrá. Hér á landi hefur stjórnarskráin verið túlkuð þannig að verkfallsrétturinn væri bundinn við félagsaðild eða svo ég vitni í skýrslu félmrh. sem dreift var í mars sl., en á bls. 42 varðandi túlkun á 73. gr. stjórnarskrárinnar segir, með leyfi forseta:

„Stjórnarskrárgreinin hefur ekki verið skýrð þannig að hún verndi rétt manna til að neita að ganga í félag eða halda félagsaðild áfram."

Það er grundvallaratriði í uppbyggingu launþegahreyfingarinnar hér á landi að réttindamálin séu á félagslegum grundvelli og innan skipulegra samtaka. Í Evrópu hefur þróunin verið öðruvísi, eins og ég gat um. Þar er allt meira eða minna á grundvelli persónu. Hér á landi gera menn kjarasamninga í krafti samstöðu innan samtaka. Kjarasamningar binda þá sem eru í félagsskapnum og þá sem stunda þau störf sem félagsskapurinn semur um þótt þeir séu ekki í honum. Ágreiningsefni eru rekin fyrir sérstökum dómstóli, Félagsdómi, þar sem samtökin sem slík eru aðili en ekki einstaklingurinn sem í þeim er. Evrópuleiðin, eins og í Frakklandi, er sú að réttindamál eru meira persónubundin þannig að menn sækja réttindi sín til dómstóla sem einstaklingar. Það gefur auga leið að það er gríðarlegur munur á því hvort menn sækja og verja félagsleg réttindi í skjóli samtaka fyrir umsömdum dómstóli eða hvort einstaklingarnir sækja réttindi sín fyrir almennum dómstóli.

Ég held að við verðum að gæta að þessu misræmi í uppbyggingu verkalýðshreyfingarinnar á Norðurlöndum annars vegar og Evrópu hins vegar þegar við metum gildi samningsins því við þurfum að átta okkur á því hvaða áhrif hann kunni að hafa á stöðu mála hérlendis. Í hvaða átt munu málin þróast undir þessum samningi þegar fram líða stundir? Það er ekki nema um tvennt að ræða. Þróunin verður annars vegar í þá átt að Evrópulöndin þrói löggjöf sína og stéttarfélög að okkar kerfi eða við færumst í átt til þeirra. Vegna stærðarmunar og fólksfjölda er líklegri leiðin auðvitað sú að Evrópukerfið innleiðist hér á landi og á Norðurlöndunum fremur en hið gagnstæða. Og það verður enn líklegra þegar yfirlýsingar Evrópubandalagsins um tilskipanir á þessu sviði liggja fyrir, um skilgreiningu á opinberum starfsmönnum og vinnumarkaðsmálum almennt. Það er því ljóst í hvaða átt Evrópubandalagið stefnir í þessu efni. Ég óttast dálítið eins og þessi samningur er útbúinn að þetta tilskipanavald EB geti kippt grundvellinum undan íslenskri verkalýðshreyfingu og færi okkur yfir á þetta einstaklingsbundna kerfi sem við sjáum fyrir okkur í afar víða í Evrópu.

Ég vildi einnig vekja athygli á því að mér sýnist nokkuð ljóst að verði þetta frv. að lögum og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið þá sé nauðsynlegt að breyta lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Í þeim lögum er tekið fram að ríkisfang er nauðsynlegt til þess að fá skipun, setningu eða ráðningu í starf. Frá þessu er undanþáguákvæði en það er einungis undanþáguákvæði en ekki meginákvæði. Sannleikurinn felur í sér þá meginreglu að frelsið eigi að gilda en lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eru á gagnstæðum meiði hvað þetta varðar. Ekki er ég að leggja til að menn eigi að breyta þessu alveg í lögunum. En ég er að vekja athygli á því að það muni fylgja í kjölfarið.

Ég set líka spurningarmerki við starfsmenn sjálfseignarstofnana. Hvar verða þeir skilgreindir í þessu frelsi? Landakot, Sólheimar og fleiri stofnanir má telja upp. Hvar verður þetta launþegafrelsi gagnvart þeim?

Þriðja atriðið sem ég vildi nefna er forgangsréttarákvæði stéttarfélagnna. Það er einn af hornsteinum íslenskrar verkalýðshreyfingar og ef þessi samningur leiðir til þess að forgangsréttarákvæðið verður að víkja úr kjarasamningum þá hygg ég að mörgum þyki illa af stað farið. Mig minnir að hæstv. ráðherra hafi verið nokkuð viss um að það mundi halda í framtíðinni þrátt fyrir þennan samning ef ég hef tekið rétt eftir í máli hennar og vissulega skulum við vona svo en í mínum huga eru miklar efasemdir um að svo muni verða. Ég tók eftir því að hv. 11. þm. Reykv., Finnur Ingólfsson, vakti einmitt athygli á þessu í ljósi afstöðu mannréttindanefndar Evrópu. Í því máli mun væntanlega falla úrskurður Mannréttindadómstólsins og ef svo verður, þá gæti hann verið á þann veg að núverandi ákvæði brytu í bága við 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Hvaða áhrif hefur það? Munum við segja sem svo: Við erum ekki bundin af því, við höldum okkar striki hvað svo sem Mannréttindasáttmála Evrópu líður. Annað var að heyra á hæstv. dómsmrh. í gærkvöldi. Hann taldi Mannréttindasáttmála Evrópu vera lögskýringargagn því að það er ekki bara 11. gr. sem íslensk stjórnvöld eru að glíma við, þau eru líka búin að fá í hausinn dóm út af 10. gr. Mannréttindasáttmálans. Ég er því ekki eins viss og hæstv. ráðherra að þetta muni allt halda og

ég er býsna smeykur um að þróunin geti orðið okkur mjög erfið í þessum efnum og mjög sterkar kröfur orðið uppi af hálfu aðila að samningi um Evrópska efnahagssvæðið að við verðum að afnema þetta og jafnvel að þeir hafi uppi kröfur um að þetta brjóti í bága við samninginn.

Ég vil, virðulegi forseti, ekki hafa svo sem miklu meira mál að þessu sinni um þetta frv. sem liggur fyrir. Augljóslega þarf margt að skoða í því og ég fæ tækifæri til þess að taka þátt í því starfi innan nefndarinnar svo að ég vil fremur spara mig í ræðustól og hlýða á mál annarra í þessu efni. Ég hef farið almennum orðum um það atriði að hafa frelsi fyrir fólk til að fara milli landa og starfa, setjast þar að og ég get endurtekið að það er mér fremur geðfellt markmið að stuðla að því að fólk fari á milli landa, setjist þar að um lengri eða skemmri tíma, starfi þar og verði þátttakandi í því þjóðfélagi sem það gistir í hverju sinni. Ég tel slíkt hafa gildi fyrir öll samfélög og ekki síst íslenska samfélagið, en ég vil hafa þessi ákvæði á þann veg að það sé að fullu á okkar forræði að ráða þróun í þeim efnum. Því miður eru önnur atriði í þessum EES-samningi sem dregur ákaflega mikið úr okkur höndum af því valdi sem okkur væri nauðsynlegt til að stjórna þróun þessara mála í nálægri framtíð.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar, þ.e. frjáls atvinnu- og búseturéttur launafólks, er greinilega nokkuð viðkvæmt mál. Þegar maður gerir það að umtalsefni er vissara að stíga varlega til jarðar eins og við urðum áþreifanlega vör við þegar var umræða á þinginu um frv. sem varðaði heilbr.- og trmrh. vegna þess að varnaðarorð sem látin eru falla vegna opnunar vinnumarkaðarins eru oft og tíðum túlkuð sem fordómar gagnvart fólki af öðru þjóðerni, eins og einhvers konar rasismi. Mér fannst látið í það skína í umræðum á þinginu ekki fyrir löngu að slíkt væri á ferðinni hjá því fólki sem léti einhver varnaðarorð falla. Satt að segja finnst mér líka dálítið sérkennilegt að heyra slíkar raddir utan úr samfélaginu frá mönnum sem hafa hingað til eytt mestum tíma og orku í að gæta eigin hagsmuna. Skyndilega eru þeir orðnir innblásnir af einhverjum jafnréttishugsjónum og alþjóðahugsjónum þegar þessi samningur kemur til umfjöllunar. Ég vil leyfa mér að halda því fram að þeir sem snúast skyndilega svona á punktinum þegar samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði kemur til umfjöllunar séu skinhelgir jafnréttis- og alþjóðasinnar.

Því er hins vegar ekki að neita að þær raddir heyrast auðvitað utan úr samfélaginu að það sé stórhættulegt að opna vinnumarkaðinn okkar. Hingað muni streyma allra þjóða kvikindi og menga hið algóða íslenska samfélag. Ég hef engar áhyggjur af því að það gerist og ég held að þingmenn hafi almennt engar áhyggjur af þessu. Í fyrsta lagi vitum við kannski manna best eða ættum að vita manna best að íslenskt samfélag er ekki algott.

Í öðru lagi verður tæpast mjög mikill straumur fólks hingað. Fyrir því eru veðurfarslegar og landfræðilegar hindranir þó ekki væri annað. Í þriðja lagi er ég þeirrar skoðunar, og gæti sagt kannski eitthvað svipað og sá sem talaði á undan mér, að það sé í rauninni kostur að fá hingað erlenda aðila sem vilja setjast hér að og ég er þeirrar skoðunar að útlendingar sem hingað hafa flutt hafi nær undantekningarlaust auðgað íslenskt mannlíf og menningu. Ég er nefnilega í hjarta mínu, svo að maður taki hjartað sér til vitnis eins og hér hefur tíðkast að undanförnu hjá ráðherrum, þeirrar skoðunar að fjölbreytni sé almennt góð, hún sé af hinu góða og hún sé miklu betri en einsleitni og á því byggjast m.a. mínir fyrirvarar gagnvart hinu Evrópska efnahagssvæði að mér finnst of mikið stefnt í einsleitni.

Ég held að það sem veki áhyggjur hjá fólki þegar talað er um opnun vinnumarkaðarins sé hið einfalda lögmál um framboð og eftirspurn því að aukið framboð á vinnuafli, þ.e. ef það eykst verulega, er líklegt til þess að lækka verðið á vinnuaflinu. Svo einfalt er það mál. Við verðum að hafa hugfast að markmiðið með innri markaði Efnahagsbandalagsins sem Íslendingar ætla að gerast aðilar að ef samningurinn fæst samþykktur hér á þingi, eitt af markmiðunum með innri markaði er einmitt að lækka tilkostnaðinn við framleiðslu með frjálsu flæði fjármagns, vöru, vinnuafls og þjónustu. Ekki er ástæða til að ætla að vinnuaflið sé þar undanskilið, að menn ætli bara að lækka tilkostnaðinn sem felst í hráefninu, sem felst í flutningi og sem felst í stöðlunum og öðru slíku heldur ætla þeir væntanlega líka að reyna — það er a.m.k. ábyggilega markmið fyrirtækjastjórnenda í Evrópu — að lækka þann tilkostnað sem þeir hafa vegna vinnuaflsins.

Við erum hér að ræða frv. um frjálsan atvinnu- og búseturétt og ég er sannfærð um að ekki verður gagngerð breyting hér þó að þetta frv. yrði samþykkt hér á þingi, a.m.k. ekki fyrst í stað. En eins og bent hefur verið á þá er íslenskt þjóðfélag samt mjög lítið og ekki þarf mikinn tilflutning til þess að valda talsverðri röskun. Það sem ég óttast frekar en tilflutning fólks hingað er flutningur fólks úr landinu. Ég held nefnilega að ef við pössum ekki vel upp á þróunina hér innan lands og reynum ekki að skjóta fleiri stoðum undir íslenskt atvinnu- og efnahagslíf sé sú hætta fyrir hendi að fólk sem er vel menntað, sem á ýmissa kosta völ úti í hinum stóra heimi, sem talar erlend tungumál, hefur jafnvel menntað sig erlendis og á auðvelt með að fóta sig í öðrum samfélögum, flytji sig um set frá Íslandi og út til Evrópu þannig að það verði í rauninni atgervisflótti ef við pössum ekki mjög vel upp á hlutina hér innan lands og höldum ekki vel á málum. Ég hef ekki almennt miklar áhyggjur af tilflutningi fólks vegna hins Evrópska efnahagssvæðis því að við vitum það að fólk flytur sig ekkert mjög auðveldlega á milli landa. Fólk sem er á stöðum úti á landsbyggðinni þar sem mikið atvinnuleysi er og þar sem framtíðin er jafnvel mjög óljós flytur sig ekki svo glatt, t.d. til Reykjavíkur, þó ekki sé vegna annars en fjölskyldutengsla og þess að það er búið að fjárfesta þar í íbúðarhúsnæði og þar á það allar sínar eigur. Þess vegna er fólk ekki eins laust við eins og margir vilja vera láta. Hins vegar flæðir

fjármagn mun auðveldar á milli landa, enda er það dauður hlutur og menn hafa enga sérstaka tilfinningu gagnvart því hvar það eigi að vera, hvort það eigi að vera fremur á einum stað en öðrum. Það sem menn hugsa um þegar fjármagnið á í hlut er að það gefi sem bestan arð og það renti sig sem best. Eins og menn hafa talað hér um verður þetta einn fjármagnsmarkaður, þ.e. fjármagn á að geta flætt frjálst og þess vegna held ég að frjálst flæði fjármagns á svona stórum markaði hljóti í tímans rás að útheimta einn gjaldmiðil og það er þess vegna sem ríki Evrópu eru farin að ræða um ein gjaldmiðil. Þegar fjármagnið flæðir frjálst er auðvelt að vera með gjaldeyrisbrask ef gjaldmiðlarnir eru mjög misjafnir og þess vegna er sjálfsagt myntbandalag eðlilegt framhald af innri markaði. Fólki finnst sér hins vegar ógnað af þessari þróun sem er að verða frá innri markaði og yfir í myntbandalagið og ég held að það upplifi það dálítið sterkt úti í Evrópu að þróunin er eins og snjóbolti sem hleður utan á sig og rennur æ hraðar ofan brekkuna og þetta er ástæðan fyrir því að svo margir eru nú á varðbergi gagnvart Maastricht-samkomulaginu. Þróunin er orðin hraðari heldur en fólk getur meðtekið. Það getur ekki fylgt þessari þróun og því finnst sér ógnað af þróun sem það skilur ekki. Það er þá kannski kaldhæðni örlaganna ef Efnahagsbandalagið sem var hugsað sem vörn gegn þjóðrembu og gegn stríði, gegn rasisma af hvaða tagi sem er, er í rauninni farið að næra þjóðrembu og rasisma vegna þess að þróunin er orðin svo hröð að almenningi í þessum löndum finnst sér ógnað. Fólkið hættir að skilja samfélag sitt og það hættir að skilja þróun þess og þá fer það að leita sér að sökudólg. Það er kannski að gerast úti í Evrópu, t.d. í Þýskalandi. Þjóðverjar eru að leita sér að sökudólg og hver er sökudólgurinn? Það er þetta innflutta vinnuafl, fólk sem tekur frá því vinnuna. Það er auðvitað röng ályktun. Það er ekki sökudólgurinn. Hins vegar er það þróunin og það sem hefur verið að gerast í álfunni sem hefur skapað þessa erfiðleika sem fólk stendur þarna andspænis. Þess vegna segi ég að það væri þá kaldhæðni örlaganna ef þetta bandalag sem var stofnað til þess að vinna gegn þjóðrembu og vinna gegn stríði er farið að næra þjóðrembu og átök úti í Evrópu. En það held ég að gerist þegar fólk hættir að skilja samfélag sitt og hættir að ná þróun samfélagsins.

Til þess eru vítin að varast þau og ég er að tala um þetta hér vegna þess að þessi umræða hlýtur að koma upp í tengslum við opnun íslenska vinnumarkaðarins. Við verðum að búa okkur undir að það geti gerst þó að það sé kannski ekki sjáanlegt núna að hingað flytjist mikið af erlendu vinnuafli. Þá er spurningin: Getum við tryggt að vel sé tekið á móti útlendingum hér á landi? Það er auðvitað mál sem við verðum að skoða óháð EES. Tökum við vel á móti útlendingum hér á landi? Ég held að við gerum það ekki. En samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði leggur stjórnvöldum tvímælalaust ákveðnar skyldur á herðar. Það eru stjórnvöld sem vilja ganga fram í því að opna vinnumarkaðinn og þau verða þá að tryggja að tekið sé vel á móti því fólki sem hingað kemur. Ég vil bara minna á í þessu sambandi að einmitt í dag er málþing um innflytjendabörn á Íslandi þar sem er einmitt verið að fjalla um það hvernig við tökum á móti útlendingum hér á landi og við gerum það illa. Við sinnum því ekki vel að kenna þessum börnum, t.d. íslensku. Við sinnum því heldur ekki vel að fræða börnin um sína eigin menningu og sitt eigið tungumál. Síðast í gær birtist grein í Morgunblaðinu undir fyrirsögninni „Innflytjendabörn, börn sem þarfnast aðstoðar" og er hún eftir formann Barnaheilla. Hann bendir á það í lok greinar sinnar að það eru ákveðin börn á Íslandi sem eru ofurseld vankunnáttu og skilningsleysi íslensku þjóðarinnar sem alla tíð hefur notið velvilja og skilnings nálægra þjóða hvað varðar menntun íslenskra námsmanna og barna þeirra. Hann bendir á það að bara í Reykjavík eru 68 börn í grunnskólum Reykjavíkur og álíka stór hópur í fræðsluumdæmi Reykjaness sem geta ekki tjáð sig á íslensku og fá mjög slaklega aðstoð í skólakerfi okkar. Ég bendi á þetta til þess að menn geri sér grein fyrir því að það þýðir ekkert að ákveða að opna íslenskt samfélag fyrir vinnuafli og líta bara á það sem vinnuafl og ekkert annað. Þarna er á ferðinni fólk sem þarf þjónustu og fólk sem þarf að sinna og sem við verðum að taka vel á móti á ýmsum stöðum í kerfinu.

Það eru einstök atriði í þessu frv. sem mig langar til þess að gera að umtalsefni eftir þennan inngang og það er ekki síst 7. gr. þessarar reglugerðar Efnahagsbandalagsins um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins. Í 1. lið 7. gr. segir, með leyfi forseta:

„Ekki er heimilt að láta launþega, sem er ríkisborgari annars aðildarríkis en þess sem hann starfar í, gjalda þjóðernis síns hvað viðvíkur ráðningar- og vinnuskilyrðum, einkum og sér í lagi hvað varðar launakjör, uppsögn úr starfi og, komi til atvinnumissis, endurskipun eða endurráðningu."

Þarna er verið að veita erlendum aðilum ákveðna réttarstöðu en þetta veitir þeim auðvitað enga tryggingu fyrir því að þeim sé ekki mismunað í launakjörum. Þá á að koma til nefnd sem fjallað er um í 2. gr. frv., þriggja manna nefnd, sem á að hafa eftirlit með framkvæmd laganna, og hún á einmitt að fjalla sérstaklega um ágreining sem kann að koma vegna upp þessarar 7. gr. sem ég las. Hún á að hafa vald til þess að biðja um ákveðnar upplýsingar hjá stofnunum, samtökum og fyrirtækjum til þess að komast að því hvort um mismunun sé að ræða vegna þjóðernis, þ.e. að útlendingum sem hingað koma sé mismunað vegna þjóðernis. Þetta á hún að geta skoðað og menn hafa talað þannig, bæði hér og eins í félmn., eins og þetta verði í rauninni afskaplega einfalt mál. Hún muni kalla fram þessar upplýsingar og svo muni hún komast að því hvort meðallaun þessara tilteknu útlendinga séu önnur en meðallaun Íslendinga og úrskurða í því máli.

Ég vildi að það væri jafneinfalt mál að taka á launamun kynjanna eins og menn ætla sér að taka á þessum launamun ef upp kemur. Hér hafa konur í áratugi verið að berjast fyrir því að ná launajafnrétti. Þær hafa bent á og lagt fram upplýsingar, tölfræði og gögn, gert kannanir o.s.frv. sem sýna fram á launamun milli kynj-

anna. Konur eru með 40% lægri laun en karlar, fullvinnandi konur. En það er alltaf hægt að útskýra þennan launamun með einhverjum hætti. Það vefst ekki fyrir verkalýðshreyfingunni og það vefst ekki fyrir atvinnurekendum að útskýra þennan launamun. Ég er alveg sannfærð um það út frá þessari reynslu að það sama verður uppi á teningnum varðandi útlendingana. Ef ekki, þá er Bleik brugðið. Þá er væntanlega komin upp sú staða að menn hafa tæki í höndunum til þess að taka á launamisrétti kynjanna og því fagna ég vissulega. Þá er hægt að gera kröfu um það að menn gangi eins vasklega fram í því máli og að taka á launamun eftir þjóðerni. Auðvitað er þetta ekki síst undir verkalýðshreyfingunni komið, hversu vel hún stendur að þessu máli og hversu tilbúin hún er til þess að beita sér fyrir því að fólki sé ekki mismunað hér eftir þjóðerni og eftir kynferði og að hún skynji sinn vitjunartíma í því efni.

Ég vil gjarnan fá einhver viðbrögð við því hvernig menn eiga að geta gengið vasklega fram í því að gæta þess að ekki verði mismunað eftir þjóðerni.

Í 3. gr. reglugerðarinnar í lið 2. b) er fjallað um auglýsingar og sagt að — það er stundum svo flókið að lesa þessar reglugerðir vegna þess að maður þarf alltaf að bakka, ef maður getur sagt sem svo, maður þarf að leita að upphafi setningarinnar kannski á næstu blaðsíðu eða einhvers staðar annars staðar. Það liggur við að ég þurfi að lesa alla 3. gr., sem er ansi löng, til að halda samhengi í greininni. — Málið gengur út á það að ekki megi „takmarka eða draga úr auglýsingum í blöðum eða öðrum fjölmiðlum á lausum störfum eða binda þau öðrum skilmálum en þeim sem gilda fyrir atvinnurekendur á yfirráðasvæði aðildarríkisins".

Ég vil gjarnan spyrja út í þetta ákvæði, ég átta mig ekki alveg á því hvað þarna er átt við. Við skulum bara taka sem dæmi starfsauglýsingar sem menn hafa hingað til talið nægja að birta í Lögbirtingablaðinu. Það eru fjöldamörg störf sem eru aðeins auglýst í Lögbirtingablaðinu og oft og tíðum er það nú þannig að þegar menn hafa ákveðnar hugmyndir hvern þeir vilja fá í starfið auglýsa þeir það formsins vegna í Lögbirtingablaðinu og ekki annars staðar. Þetta hafa konur m.a. oft gert athugasemdir við vegna þess að fólk er ekki almennt áskrifendur að Lögbirtingablaðinu og þetta dregur úr möguleikum þeirra til að sækja um störf þegar t.d. opinberir aðilar gera þetta. Í raun tala menn um það sín á milli að það þýði ekkert að sækja um störf sem eru bara auglýst í Lögbirtingablaðinu vegna þess að þá sé búið að ákveða hver eigi að fá starfið. Ég vil spyrja hvort slíkar auglýsingar falli undir þetta tiltekna ákvæði, þ.e. menn verði að auglýsa störf víðar en í einhverju „lókalblaði" Stjórnarráðsins.

Síðan vil ég gjarnan spyrja út í ráðgjafarnefnd sem gert er ráð fyrir að starfi og á að tryggja nána samvinnu milli aðildarríkjanna í málum sem varða frjálsa flutninga launþega. Þetta er væntanlega ráðgjafarnefnd Efnahagsbandalagsins sem þarna er verið að tala um. Ég vil spyrja hvort það sé gert ráð fyrir því að inn í hana komi sex íslenskir fulltrúar eða hvort ráðgjafarnefnd EFTA sé sú nefnd sem á við í þessu tilviki, að EFTA sé með sína sérstöku nefnd, sérstaka ráðgjafarnefnd, og Íslendingar eigi sex aðila þar eða hvort þeir eigi að skipa inn í þessa sameiginlegu ráðgjafarnefnd Efnahagsbandalagsins. Um þetta vil ég gjarnan spyrja.

Þá vil ég nota tækifærið til að spyrja út í núverandi ráðgjafarnefnd sem er starfandi í tengslum við EFTA og hefur verið starfandi í tengslum við þessa samningsgerð allan tímann. Í henni eiga sæti ýmsir fulltrúar frá aðilum vinnumarkaðarins. Ég vil nota tækifærið og spyrja hver skipaði þessa aðila í nefndina, hver tilnefndi í nefndina og hver borgar kostnaðinn af þessari nefnd, þá á ég við nefndarlaun þeirra sem þarna sitja, ferðakostnað og annað slíkt. Ég vil gjarnan spyrja á vegum hvaða ráðuneytis þessi nefnd starfar, á hvaða lið greiðslurnar fara og frá hvaða ráðuneyti.

Það er gert ráð fyrir því að sá sem sækir hingað vinnu öðlist sjálfkrafa dvalarleyfi til fimm ára. Síðan geta fjölskyldumeðlimir hans einnig öðlast dvalarleyfi. Ef þeir eru ekki á vinnumarkaði þurfa þeir að sýna fram á að þeir séu á framfæri launþegans eins og segir í greinargerð á bls. 5. Þar segir að til þess að þeir geti fengið dvalarleyfi þurfi eftirfarandi skjöl eða gögn að vera fyrir hendi:

„a) Skjalið sem var notað við komuna til landsins.
b) Skjal sem sýnir hvernig fjölskylduböndum er háttað ...

c) Skjal sem sýnir að þeir séu á framfæri launþegans eða voru hluti heimilismanna hans í heimalandi eða síðasta dvalarlandi."

Þetta skjal þarf að vera gefið út af viðkomandi yfirvöldum. Ég vil gjarnan spyrja hvers lags skjal er þarna á ferðinni sem á að sýna það að maður sé á framfærslu einhvers tiltekins aðila. Hvers konar skjal yrði gefið út á Íslandi ef fjölskylda væri að fara til erlends ríkis, hvers konar skjal mundu íslensk yfirvöld gefa út um það að einhver væri heimilismaður á framfæri annars, þá vil ég taka sem dæmi maka í því sem ekki er á vinnumarkaði. (**Forseti:** Forseti vill grennslast fyrir um það hjá hv. þingkonu hvort hún eigi langt mál eftir. Það hafði verið reiknað með því að gera hér fundarhlé um eittleytið. Getur hv. þm. lokið máli sínu á 5–10 mínútum eða vill hv. þm. gera hlé á ræðu sinni?) Það er nú það, virðulegi forseti. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir hve langan tíma það tekur að ljúka því sem ég hef hér að segja en ég reikna með að það sé nær 10 mínútum en 5 mínútum. (**Forseti:** Þá óskar forseti eftir því að hv. þm. geri hlé á ræðu sinni.) — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Ég var síðast að spyrja út í einstök atriði í frv. eða reglugerð Efnahagsbandalagsins sem hér er til umfjöllunar. Ég var að spyrja um hið svokallaða framfærsluskjal sem talað er um í greinargerð með frv.

Fleira vakti athygli mína í frv. en ég ætla í sjálfu sér ekki að fara mjög náið út í það, ég hef tækifæri til þess í félmn. þar sem ég á sæti. Ég held að það sé óhætt að segja, ef við tölum um réttindi launafólks sem auðvitað er verið að fjalla um í frv. og í félmn. núna í tengslum við hið Evrópska efnahagssvæði, að formleg réttindi íslensks launafólks skerðist ekki með samn-

ingnum eins og hann liggur núna fyrir. En samningurinn er auðvitað ekki endanlegur. Samningsgerðinni er ekki lokið og verður aldrei lokið vegna þess að þetta er svæði sem er í stöðugri þróun og við vitum að Efnahagsbandalagið samþykkir tugi — ég þori ekki að taka stærra upp í mig en að segja tugi, það getur vel verið að það hlaupi á hundruðum — nýrra gerða á hverju ári og þessar gerðir munu margar hverjar verða að lögum eða verða að samþykktum á hinu Evrópska efnahagssvæði þótt þær komi auðvitað til kasta þjóðríkjanna áður en það gerist og þá til kasta Alþingis væntanlega margar hverjar. En menn geta ekki þegar þeir ganga inn á svona svæði, eins og hið Evrópska efnahagssvæði, bara plokkað rúsínurnar úr kökunni og borðað þær. Það þarf að borða kökuna alla og verður að teljast til algjörra undantekninga ef það er ekki gert. Það verður ekki nema í sérstökum tilvikum sem menn komast upp með að plokka eitthvað úr henni. Þess vegna verða menn auðvitað að spá í spilin núna, átta sig á því hvaða gerðir eru í farvatninu og eins hvaða þróun er í vændum innan Efnahagsbandalagsins til að átta sig á því hvernig hið Evrópska efnahagssvæði muni líta út í framtíðinni.

Ég held, eins og aðrir sem hér hafa talað á undan mér, að það sé ástæða til að hafa ákveðnar áhyggjur af stöðu verkalýðshreyfingarinnar á Evrópska efnahagssvæðinu. Það má búast við því að það verði æ erfiðara fyrir verkalýðshreyfinguna að standa á því að félagar hennar hafi forgang að vinnu, að forgangur að vinnu sé bundinn við félaga í verkalýðsfélögum hér á landi. Við sjáum það hjá Evrópuráðinu að æ erfiðara reynist að verja þetta og eins eru uppi hugmyndir innan Efnahagsbandalagsins sjálfs um að kveða mjög skýrt á um þetta.

Ég vil benda á það að EFTA-ríkin hafa skuldbundið sig til þess að ná fram markmiðum hins félagslega sáttmála Efnahagsbandalagsins, þ.e. þeirra skuldbindinga sem þau hafa tekist á hendur. Þegar við erum að tala um hinn félagslega sáttmála Efnahagsbandalagsins erum við auðvitað að tala um hann eins og hann er eftir Maastricht. Honum var breytt með Maastricht-samkomulaginu og margt gert þá til bóta í þeim sáttmála en þar er auðvitað ýmislegt sem kemur hugsanlega illa við íslensku verkalýðshreyfinguna. Þannig segir í fréttabréfi sem hefur verið gefið út af Alþýðusambandi Íslands, með leyfi forseta:

„Spurningin um félagafrelsið er einnig hluti af hinni félagslegu áætlun EB þar sem kveðið er á um rétt fólks til að standa utan stéttarfélaga. ASÍ krefst þess að íslensk stjórnvöld hviki ekki frá afstöðu sinni í þessu máli ef til þess kemur að þessir sáttmálar taka gildi á Evrópska efnahagssvæðinu [þá erum við að tala um félagsmálasáttmálana] og geri ítarlega fyrirvara um stöðu þessara mála hér á landi þannig að sú framkvæmd sem verið hefur gildi áfram."

Það kemur sem sagt fram í þessari greinargerð frá miðstjórn ASÍ um hið Evrópska efnahagssvæði að í hinni félagslegu áætlun Efnahagsbandalagsins og í Maastricht-samkomulaginu sé gert ráð fyrir því að fólk hafi rétt til að standa utan stéttarfélaga. Þetta er eitt af því sem er í farvatninu og það er auðvitað mikilvægt að fá afstöðu stjórnvalda hér á landi til þessara mála og hvernig hugsanlega yrði á þeim tekið ef til kæmi.

Þá er líka ástæða fyrir opinbera starfsmenn að hafa áhyggjur af lífeyrissjóðamálum sínum. Hér hefur verið talað um lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og að þeim þurfi að breyta en ég held að stærra áhyggjuefni sé kannski lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna vegna þess að það bendir margt til þess að innan tíðar verði felld niður innan Efnahagsbandalagsins skylduaðild að tilteknum lífeyrissjóðum. Þá er ég ekki að tala um að það verði gert þannig að skylduaðild að lífeyrissjóðum almennt verði felld niður eða ríki verði skikkuð til að fella almennt niður skylduaðild að lífeyrissjóðum, heldur að tilteknum lífeyrissjóðum. Við getum horft á þróunina eins og hún er í vátryggingunum. Það er verið að fella niður — og það er mál sem við fjölluðum um hér á þingi — sameiginlega skyldu íbúa í tilteknu sveitarfélagi til þess að brunatryggja sameiginlega, þ.e. að sveitarfélögin fari með þessi mál sem félagslegt mál og tryggi sameiginlega alla íbúa í tilteknu sveitarfélagi við brunatjóni. Nú á að tengja þennan rétt einstaklingnum þannig að einstaklingurinn á að hafa réttinn til þess að ákveða hvar hann tryggir, hvar hann kaupir sína tryggingu. Mér finnst eiginlega leiða af líkum að það sama muni fyrr eða síðar gerast í lífeyrissjóðamálunum. Ég hafði heyrt það í heilbr.- og trn. og ofan úr heilbr.- og trmrn. að væntanleg væri samþykkt frá EB sem væri á þann veg að afnema skyldu til aðildar að tilteknum lífeyrissjóði. Fólk ætti þá að geta keypt sér lífeyristryggingu hvar sem er á hinu Evrópska efnahagssvæði. Þá er auðvitað spurning hvernig þetta horfir við opinberum starfsmönnum sem hafa í raun keypt lífeyrisrétt sinn, sem er betri en flestra annarra, með lægri launatöxtum. Þetta tvennt hefur tengst mjög saman hjá opinberum starfsmönnum. Við vitum það líka að íslensk stjórnvöld hafa lengi litið það löngunaraugum að krukka í lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Sú spurning vaknar auðvitað hvort EES verði þeim sá útvegur sem þeir hafa leitað að lengi í þessum málum. Ég ætla ekki að fullyrða að svona verði það en það er ýmislegt sem bendir til þess ef maður spáir í spilin.

Ég hef undir höndum plagg sem ég fékk sent í gær frá ASÍ og ber yfirskriftina: Tillaga EB að tilskipun um lífeyrissjóði, og var tekið saman hjá ASÍ um þessi mál. Mig langar til að lesa úr því, með leyfi forseta. Þar segir um lífeyrismálin:

„Þessi mál tengjast þjónustu- og fjármagnsviðskiptum en einnig atvinnu- og búseturéttindum launafólks og markmið framkvæmdastjórnar EB er, eins og áður segir, að starfsemi lífeyrissjóðanna samræmist sem best hinu fjórþætta frelsi." — Og í hinu fjórþætta frelsi eiga hlutirnir að geta flætt frjálst. — „Framkvæmdastjórnin skiptir þessu máli í þrjá efnisþætti sem eru:

1. Frelsi til stjórnunar og í fjárfestingum yfir landamæri.

2. Frelsi til fjárfestinga yfir landamæri.

3. Frelsi til frjálsrar aðildar að lífeyrissjóðum yfir landamæri.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að alls ekki sé ætlunin að ganga langt til samræmingar á þessu sviði innan EB, einungis sé ætlunin að setja upp heildarramma, einstök aðildarríki geti síðan sett nákvæmari reglur ef þau vilja ef þær ganga ekki á skjön við þessar almennu reglur." — En þá hlýtur maður að spyrja sig: Hver er heildarramminn? Heildarramminn, t.d. í vátryggingunum, er sá að einstaklingurinn á að geta keypt tryggingu hvar sem er. Síðan hafa aðildarríkin heimild til að setja á skyldutryggingu engu að síður og það gæti auðvitað verið lykill hjá lífeyrismálunum.

Síðan segir: „Enn fremur kemur fram að framkvæmdastjórnin telur að spurninguna um frjálsa aðild að lífeyrissjóðum yfir landamæri þurfi að kanna mun betur áður en ákveðnar tillögur verða lagðar fram í því sambandi. Þessi tilskipun snýst því aðeins um fjárhagslegu hliðina á lífeyrissjóðunum, þ.e. fjárfestingar og stjórn þeirra en kemur ekkert inn á spurninguna um reglur um aðild að þessum sjóðum."

Þetta er sem sagt eins og málið stendur núna en það er greinilegt að sú umræða er komin upp og er í gangi innan Efnahagsbandalagsins að það verði frjáls aðild að lífeyrissjóðum yfir landamæri. Það felur auðvitað í sér gagngera breytingu á öllu lífeyrissjóðakerfi hér á landi og snertir ekki síst, eins og ég segi, opinbera starfsmenn.

Mér finnst þetta mál, sem ég er að tala um hér og við getum tekið tryggingamálin og verkalýðsmálin í því sambandi líka, vera til marks um hver þróunin er í þessum málum úti í Evrópu. Þróunin er greinilega mjög aukin einstaklingshyggja, þ.e. að mannfólkið á rétt sem einstaklingar en það á í rauninni ekki rétt sem hluti af þjóð eða sem hluti af stétt. Við getum kallað þetta, svo ég noti vont hugtak, „atómíseringu". Einstaklingurinn er orðinn atóm og hann á einhvern rétt sem slíkur en allur félagslegur réttur sem fólk á sameiginlega, eins og í verkalýðsfélagi, eins og fólk sem tilheyrir tiltekinni þjóð eða einhverjum hópi, upphafinn, hann er horfinn eða á góðri leið með að hverfa. Mér finnst þetta mjög athyglisverð þróun og mjög varhugaverð að mörgu leyti. Ég veit að það eru margir hér inni sem eru miklir einstaklingshyggjumenn en manneskjan hefur líka alltaf þörf fyrir að tilheyra einhverjum tilteknum hóp, tilheyra fjölskyldu, tilheyra starfshóp, tilheyra þjóð, að eiga sér einhvers staðar heimili, getum við sagt, sem einstaklingur. Og ég óttast að þetta sé hlutur sem er dálítið mikið að hverfa og þá verður hver að passa sig og sinn rétt og hefur ósköp lítið með réttindi annarra að gera.

Það er fleira sem varðar réttindi og réttarstöðu í þessu sambandi og það kemur líka inn á þjóðaréttinn og landsréttinn sem hér hefur oft komið til umtals og mér finnst dálítið athyglisvert að velta þessu fyrir mér, þjóðarétti, landsrétti, einmitt í tengslum við þetta frv. sem hér er. Hér hefur verið gerð athugasemd við það hvernig frv. er uppsett, það var hv. 14. þm. Reykv., Guðrún Helgadóttir, sem gerði það áðan og ég gerði það reyndar líka við 1. umr. um EES-samninginn. Ég tók einmitt þetta frv. til marks um það hversu ógegnsæ öll löggjöf yrði þegar búið væri að aðlaga hana hinu Evrópsku efnahagssvæði og hve það yrði erfitt fyrir fólk að vita hvað væru lög í landinu. Fólk gæti ekki flett með einföldum hætti upp í lagasafninu til þess að sjá nákvæmlega hver eru lögin í landinu og ég minntist á það að mér fyndist þetta draga úr réttaröryggi.

Hins vegar hefur verið á það bent að sama sé uppi á teningnum á hinum Norðurlöndunum. Þau ætla að lögtaka þessa hluti með nákvæmlega sama hætti og við og ég veit það og ég efast ekkert um að þau hafa fundið að þetta væri lögformlega rétt leið, bæði þar og hér. En málið er bara það að samþykktir Evrópubandalagsins og uppbygging þess öll er mjög ólík öllu réttarkerfi og allri uppbyggingu stjórnkerfa á Norðurlöndum og það er kannski sá árekstur sem við sjáum og erum að upplifa svo sterkt þessa dagana. Bara t.d. form reglugerðanna eins og þessi reglugerð sem hér er verið fjalla um, reglugerð nr. 1612/68, form hennar er mjög óíslenskt, það er mjög ónorrænt getum við sagt. Þetta er svona eins konar suður- og miðevrópskur stíll. Ég er ekki að segja að hann sé slæmur. Hann er bara allt annar heldur en okkar. Lítum á hvernig þetta er sett upp. Reglugerðin byrjar svona:

„Ráð Evrópubandalaganna hefur,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalags Evrópu, einkum 49. gr. hans,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:"

og síðan kemur heilmikil upptalning á því að teknu tilliti til hvers og löngu seinna segir: „samþykkt reglugerð þessa:" og síðan kemur reglugerðin. Þetta er stíll sem við þekkjum ekki hér á landi, þetta er alveg nýtt fyrir okkur að segja þetta svona. A.m.k. er það fyrir mig. Það kann að vera að einhverjir þekki þennan stíl. (**Gripið fram í:** Öðlast þessi formáli lagagildi?) Þessi formáli öðlast lagagildi vegna þess að reglugerðin öll er lögtekin og það er einmitt athyglisvert í því sambandi að velta því fyrir sér af því að það segir m.a.: „Með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalags Evrópu, einkum 49. gr. hans". Sá sem skoðar þessi lög veit ekkert hvernig þessi 49. gr. er. Hún birtist ekkert hér með. Hvernig á hann að skilja það? Það segir líka: Með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins. Hvaða álit er þetta? Það er birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins. Hann hefur það ekkert undir höndum og getur ekki séð það þannig að lagasetningin er öll mjög sérkennileg. Og ég held að hluti af skýringunni á þessu sé sú að í Evrópubandalaginu og í ýmsum aðildarríkjum Evrópubandalagsins, við getum tekið Frakkland og Þýskaland sem dæmi, þá er landsréttur og þjóðaréttur eitt. Það er eitt réttarkerfi, landsrétturinn og þjóðarétturinn. Og þjóðréttarsamningar þurfa ekki að fara í gegnum sérstaka lögtöku eins og hjá okkur. Þing þeirra getur bara samþykkt þá beint eins og þeir koma fyrir og þá öðlast þeir lagagildi. Hér á Íslandi og á Norðurlöndunum og reyndar líka í Bretlandi eru hins vegar tvö

réttarkerfi. Það er tvíeðli kerfisins. Annars vegar höfum við þjóðarétt og hins vegar landsrétt. Og þjóðaréttur bindur ríkið og landsréttur bindur einstaklingana og fyrirtækin. Þetta eru tvö aðskilin réttarkerfi. Þess vegna verður þetta klúður í þessum málum og þetta klúður kemur bara best fram í sjálfu staðfestingarfrv. sem við höfum verið með til umfjöllunar og búin að taka til 1. umr. Þar kemur klúðrið beint í ljós og síðan endurspeglast það í öllum þeim frv. sem við erum hér með vegna þess að staðfestingarfrv. er í eðli sínu nákvæmlega eins og það frv. sem hérna er, nákvæmlega jafnsérkennilegt. Og af því að ég var nú að minnast á þetta, þá langar mig til þess að lesa hér örstuttan kafla með, leyfi forseta, upp úr bók Stefáns Más Stefánssonar um Evrópurétt þar sem hann er einmitt að fjalla um þetta eineðli og tvíeðli þjóðaréttar og landsréttar sem ég held að væri verðugt fyrir þingmenn að velta fyrir sér og ég skal hafa það mín lokaorð hér. En þar segir í kafla um áhrif þjóðréttarsamninga:

„Í kenningum um tvíeðli er því haldið fram að þjóðaréttur og landsréttur séu tvö aðskilin réttarkerfi, sem gildi á sitthvoru réttarsviðinu, þ.e. þjóðaréttur er sagður gilda milli ríkja en landsréttur gildir í tilteknu ríki. Rót þeirra sé því ólík. Af þessu er dregin sú ályktun að veita verði þjóðarétti lagagildi með sérstökum stjórnskipulegum aðgerðum áður en hann getur talist til landsréttar. Samkvæmt kenningum um eineðli umræddra réttarkerfa má segja að litið sé svo á að lögin, þ.e. þjóðaréttur og landsréttur, séu hluti af einu og sama lagakerfi. Rót þeirra sé í raun sú sama. Þjóðarétturinn telst samkvæmt því sjálfkrafa hluti af landsrétti án þess að til sérstakra aðgerða þurfi að koma, svo sem lagasetningar. Að því er aðild varðar er litið svo á að samkvæmt kenningunum um tvíþætt eðli að ríki eða alþjóðastofnanir séu aðilar að þjóðarétti en menn eða lögaðilar að landsrétti en samkvæmt kenningum um eineðli er litið svo á að þessi mismunandi aðild hafi ekki lagalega þýðingu. Loks er litið svo á samkvæmt kenningum um tvíþætt eðli að efni þjóðaréttar sé ekki það sama og landsréttar en samkvæmt kenningum um eineðli er litið svo á að efnið sé eitt og hið sama eða a.m.k. að sá munur hafi enga lagalega þýðingu.

Kenningar um eineðli fela það oft í sér að þjóðaréttur er talinn rétthærri heldur en landslög. Gildir þetta fyrst og fremst um þau landslög sem voru í gildi þegar þjóðarétturinn tók gildi en jafnvel einnig um þau lög sem eru síðar til komin en viðkomandi þjóðréttarheimild. Báðar þessar reglur eru nánast taldar rökbundin nauðsyn ef þjóðaréttinum er ætlað að hafa það gildi sem hér hefur verið lýst. Kenningar um tvíþætt eðli gera hins vegar venjulega ráð fyrir því að þjóðaréttur hafi ekki lagagildi í viðkomandi ríki nema hann sé lögfestur sérstaklega."

Í þessu sambandi vil ég vitna til þess að í rauninni erum við með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði að gefa þjóðaréttinum forgang umfram landsréttinn vegna þess að það á að túlka lög út frá þjóðréttarsamningnum. En síðan segir: „Unnt er að færa ýmis rök til stuðnings hvorri kenningu um sig. Þannig er kenningin um tvíþætt eðli e.t.v. meira í samræmi við þrískiptingu ríkisvaldsins, a.m.k. í þeim löndum þar sem gerð þjóðréttarsamninga er í höndum framkvæmdarvaldshafa. Þá má einnig færa fram þau rök að það geti verið brýnt fyrir minni lönd að veita þjóðarétti ekki sjálfkrafa lagagildi að landsrétti þar sem stærri þjóðir hafa að jafnaði meiri áhrifamátt á sviði þjóðaréttar" og það erum við kannski ekki síst að upplifa núna í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði hver hefur áhrifamáttinn.

„Loks má einnig halda því fram að ekki sé sanngjarnt gagnvart einstaklingum, sem í raun reiði sig ávallt á landsrétt, að láta tiltekna réttarstöðu fara eftir þjóðarétti ef þessi tvö réttarkerfi greinir á."

Ég vík að þessu hér, forseti, vegna þess að þetta frv. sem við erum að fjalla um er oft tekið til marks um það hversu slæm þessi lagasetning er sem nú á sér stað í kjölfar samningsgerðarinnar um hið Evrópska efnahagssvæði og ég held að rótin liggi einmitt í þessu.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að gera athugasemd við ágæta og athyglisverða ræðu hv. 10. þm. Reykv. Hann kom inn á atriði sem snerta sjálfa tilurð Evrópubandalagsins sem hann skilgreindi sem svo að þar væri í raun og veru réttur, sem tilheyrði hópum, stéttum og þjóðum, að hverfa. Þetta er athyglisverð skoðun og á vafalaust talsverðan rétt á sér. Ég skynja þetta svolítið öðruvísi. Mér finnst bæði af því sem við höfum orðið vitni að og einnig af viðræðum mínum við aðila sem hafa lifað við þetta kerfi nokkuð lengi að bandalagið sé að vissu leyti bandalag fyrirtækja og einstaklinga, ekki gegn þjóðmenningu heldur frekar gegn ríkisvaldi. Þessi stefna endurspeglast raunar í mörgum tilskipunum sem eru á vissan hátt mótsagnakenndar. Jafnvel í sömu tilskipuninni koma fram fyrirmæli um að það eigi að samræma reglur um viðskipti en jafnframt koma fram fyrirmæli um að það eigi að styrkja þjóðmenningu, einkum og sér í lagi fámennra þjóðabrota. Og þetta endurspeglar það að ríki innan Evrópubandalagsins eru ekki alltaf þjóðmenningarríki. Innan þessara ríkja eru kannski þrjú þjóðmenningarbrot. Það er þetta ríkjaskipulag í Evrópu sem hefur skapað óöryggi í Evrópu öldum saman, leitt til stórkostlegra átaka í álfunni og það er gott fyrir okkur að hafa það í huga að Evrópubandalagið er gert til þess að draga úr þessari óvissu burt séð svo frá því hvaða pólitísk þróun á sér stað og hvaða ágreiningur á sér stað innan Evrópubandalagsins um á þá þróun.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef svo sem kannski engar sérstakar skoðanir á því hvort Evrópubandalaginu og reglugerðum þess og samþykktum sé beint gegn þjóðmenningunni eða ekki. Ég veit að að mörgu leyti hefur orðið vakning t.d. í Danmörku á menningarsviðinu og Danir áttað sig betur á því þegar þeir standa andspænis þessari ögrun og þessu mikla veldi að þeir verða að standa sig á menningarsviðinu og þeir verða

að skynja sig sem þjóð í gegnum sína menningu og þeir hafa kannski farið að passa þá hluti. En það sem ég er að tala um er réttarstaðan, ég er að tala um réttindi einstaklinganna, rétturinn er orðinn bundinn við einstaklinginn, hann tilheyrir einstaklingnum. Ekki einstaklingnum sem hluta af þjóð eða sem hluta af verkalýðsfélagi eða sem hluta af einhverri heild heldur á einstaklingurinn bara réttinn. Ég er ekki að segja að þetta sé endilega bara Evrópubandalagsfyrirbæri. Þetta er þróun sem er í gangi núna og við sjáum hana hér á Íslandi. Ég sé hana hér á þingi í því sem hér er verið að gera. Þessi sama tilhneiging er komin hér upp. Einstaklingurinn á bara sinn rétt. Það er t.d. hans að passa upp á það að barnið hans fái almennilega kennslu. Hann á engan rétt á því, hann þarf að passa alla þessa hluti þannig að það sé ekkert frá honum tekið. Og þetta er mjög einkennandi. Við erum hætt að hugsa um okkur sem heild sem þarf að passa upp á hlutina sameiginlega heldur á bara hver og einn að passa upp á sitt. Og ég held að þetta sé að hluta til komið frá Efnahagsbandalaginu og sé þegar búið að smita yfir á okkar samfélag hér, en ég get kannski ekki nákvæmlega staðsett hvar uppruninn er á þessari tilhneigingu.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langaði aðeins að hnykkja frekar á tveimur atriðum sem komu fram í ræðu hv. 10. þm. Reykv. Það fyrra var einmitt þetta með einstaklingsbundnu réttindin sem eru svo ríkjandi í Evrópu ólíkt því sem er hér á Norðurlöndunum þar sem menn sækjast og verjast í skjóli samtaka og löggjöf miðast við að menn geti varið sig og sótt með þeim hætti. Sem dæmi um þetta einstaklingseðli eru, í Frakklandi bundið stjórnarskrá, einstaklingsbundin réttindi til að fara í verkfall, ekki samtakabundin sem þýðir einfaldlega að menn verða að sækja réttindi sín fyrir almennum dómstólum en ekki í skjóli samtaka eins og launþegasamtaka.

En það var mjög athyglisvert að minna á hvernig íslensk lög munu líta út verði þetta samþykkt eins og hv. ræðumaður gerði. Hvernig munu þessi íslensku lög hefjast? Þau munu hefjast á þessu: „Reglugerð ráðsins (EBE)" og síðan „Ráð Evrópubandalaganna hefur með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalags Evrópu, einkum 49. gr." Þannig munu íslensk lög hefjast. Þetta er alveg makalaus lagasetning.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er eins og hér hefur komið fram svo oft áður að frv. sem fylgja EES-samningnum, greinargerðir þeirra og framsöguræður ráðherra vekja fleiri spurningar en þær sem svör fást við. Þannig var það með langa framsögu hæstv. félmrh. um atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES og frv. sjálft þó að það sé ekki svo ýkja langt, aðeins fjórar greinar, og það gerði ekki málið auðveldara yfirferðar að mælt var fyrir þremur frv. í einu þó að þau séu skyld. E.t.v. er þetta sýnishorn af því sem koma skal, illskiljanlegar lagagreinar sem vísa í bókanir, viðauka og reglugerðir sem svo vísa á enn aðrar bókanir, viðauka og reglugerðir. Allur almenningur og jafnvel þingmenn eiga því erfitt með að átta sig á því hvað í lögunum felst. 1. gr. frv. um atvinnu- og búseturétt er dæmigerð fyrir þessi vinnubrögð.

Í 2. gr. er kveðið á um það að hæstv. ráðherra skipi nefnd til þess að hafa eftirlit með framkvæmd laganna og fjalla um ágreining sem upp kann að koma varðandi ákvæði reglugerða. Þetta er svo sem ágætt en ef alvarlegur ágreiningur kemur upp varðandi lög og reglur, sem eiga að gilda á EES-svæðinu, skiptir bara alls ekki neinu máli hver úrskurður einhverrar nefndar, sem hæstv. félmrh. skipaði, er. Þar ræður umfjöllun og úrskurður annarra aðila meiru.

Eins og ég sagði, þá vakti ræða hæstv. ráðherra upp margar spurningar og reyndar komu þó nokkrar fram hjá ráðherranum sjálfum. Hún spurði t.d.: Er ástæða til þess að óttast að útlendingar fari að leita hingað í miklum mæli? Hvaða starfsgreinar munu útlendingar sækja í? Hvaða tryggingu gefur öryggisákvæðið okkur? Hvenær getum við beitt því? Til hvaða gagnaðgerða gætu önnur lönd innan Evrópska efnahagssvæðisins gripið ef við beittum öryggisákvæðinu? Er hugsanlegt að í framkvæmd verði ráðningarkjör útlendinga lakari en Íslendinga sem leitt gæti til að kjörum launafólks yrði haldið niðri? Hvernig verður háttað ýmsum félagslegum réttindum fólks?

Allar þessar spurningar og fleiri sem hæstv. ráðherra varpaði fram í upphafi gáfu til kynna að ráðherrann ætlaði í ræðu sinni að leitast við að svara þeim. En svo fór þó ekki. Í ræðunni komu ekki fram önnur svör en þau að allir íbúar á EES-svæðinu eiga og munu fá sama rétt og íslenskir ríkisborgarar til vinnu og húsnæðis svo og það sem ekki var ítarlega farið í í ræðu hæstv. félmrh. að þeir munu að sjálfsögðu hafa sama rétt til félagslegrar þjónustu.

Þá taldi hæstv. ráðherran nauðsynlegt að kryfja málin til mergjar og grípa í tíma til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að vernda vinnumarkað okkar og tryggja sem best kjör íslensks launafólks. Það var ekki laust við að þessi orð hæstv. ráðherra feli í sér ákveðinn ótta við það sem koma skal með samþykkt EES-samnings. Og ég sé ekki með hvaða hætti hæstv. ráðherra telur að við getum verndað vinnumarkaðinn ef samningurinn verður samþykktur skilyrðalaust. Meira að segja aðild að verkalýðs- eða stéttarfélagi tryggir okkur ekki forgang að vinnu á því svæði sem viðkomandi stéttarfélag nær yfir. Þar með munu þessar 370 millj. íbúa EES-svæðisins eiga sama rétt. Félmrn. og Alþýðusamband Íslands hafa átt samstarf um ítarlega könnun á störfum erlendra ríkisborgara hér á landi og hugsanlegum áhrifum frjálsrar búsetu og atvinnuréttar í kjölfar EES-samninga. Í skýrslunni er dregin fram, eins og hæstv. félmrh. sagði, sú almenna ályktun að þegar á heildina er litið sé ástæðulaust að gera ráð fyrir að yfir landið hellist meiri háttar fólksflutningar. En í ljósi fámennis hér á landi gæti lítið verið mikið.

Setjum nú svo að þessi almenna ályktun sem dregin er fram í skýrslunni reynist rétt og jafnvel að ekki verði um að ræða aukinn fjölda þeirra sem flytjast hingað og stunda hér vinnu. Er þá allur vandi leystur?

Þurfum við þá engar áhyggjur að hafa? Getum við sagt að við höfum ráðið við þetta fram að þessu og munum gera það áfram ef ekki verður um verulega fjölgun að ræða?

1. des. 1991 var hlutfall erlendra ríkisborgara 2,1% af heildaríbúafjölda landins eða tæplega 5.400 manns. Í dag er verulegur hluti þeirra erlendu ríkisborgara sem hér stunda vinnu með fjölskyldu sína í heimalandinu. Nú á til þess að tryggja frjálsa för launþega innan EES-svæðis að setja reglur um það að fjölskylda launþega eigi rétt á að flytjast með honum. Að vísu þarf launþeginn að vera kominn í atvinnu eða geta tryggt framfærslu sína með tekjum erlendis frá til þess að öðlast búseturétt á Íslandi. Ég veit ekki hvar tekjumörkin til framfærslu eru sett. Af hálfu stjórnvalda hefur ekki verið talið að íslenska fjölskyldan þyrfti háar tekjur til framfærslu. En setjum nú svo að framfærslan sé af þar til kvöddum aðilum talin tryggð og fjölskylda launþegans komi til landsins. Þar er um að ræða skv. 1. tölul. 10. gr. reglugerðar nr. 1612/68 maka launþega, börn yngri en 21 árs, ömmur og afar og þá á einnig að auðvelda öðrum aðstandendum launþegans að koma til landsins ef þeir eru á framfæri hans. Þetta er auðvitað sjálfsagt ákvæði að auðvelda það að fjölskyldan geti verið sameinuð. En er íslenskt þjóðfélag undir það búið að taka við slíkri aukningu?

Við getum haft mismunandi skoðanir á því hvort samningurinn muni hafa það í för með sér að fólk flytjist til landsins eða frá landinu en við verðum að vera undir það búin að mæta því sem samningurinn hefur í för með sér verði hann samþykktur. Og setjum svo að helmingur þeirra erlendu ríkisborgara sem nú eru hér einir fengju fjölskylduna til sín, maka og börn. Samkvæmt þeim lögum sem munu gilda ef EES-samningurinn verður samþykktur hafa EES-ríkisborgarar innan EES-svæðis sama rétt til skólagöngu og íslenskir ríkisborgarar. Þetta gæti þýtt að skólakerfið þyrfti að taka við verulegri fjölgun nemenda og því hljótum við að velta fyrir okkur hvort skólakerfið geti tekið við aukningu umfram það sem nú er. Síðast í gær var sagt frá því í fréttum sjónvarpsins að engar reglur hafi verið mótaðar um kennslu barna innflytjenda sem nú þegar eru í grunnskólum landsins og því hefur skapast þar vandræðaástand. Einnig var, eins og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir kom inn á, fjallað ítarlega um kennslu þessara barna og réttindi þeirra í grein sem Arthur Morthens skrifaði í Morgunblaðið í gær og lýsir ástandinu vel.

Því vil ég spyrja: Hvernig metur hæstv. ráðherra getu sveitarfélaganna og skólakerfisins til þess að taka við hugsanlegri fjölgun íbúa? Eða ef allar ömmurnar og afarnir kæmu nú á eftir börnunum og barnabörnunum, hvað með þjónustu aldraðra? Þó ekki sé greiddur ellilífeyrir til þessara erlendu ríkisborgara fyrst um sinn, þá þurfum við að veita ýmsa aðra þjónustu. Erum við undir það búin að takast á við aukin verkefni í þjónustu aldraðra? Hefur það verið metið hver kostnaður sveitarfélaganna getur orðið í þessum efnum? Það þarf að kryfja málið til mergjar, sagði hæstv. félmrh. Hefur það verið gert hvað varðar sveitarfélögin og þau auknu verkefni sem þau þurfa að fást við ef samningurinn verður samþykktur?

Annað sem mun snerta sveitarfélögin beint er atvinnumiðlun og upplýsingaþjónusta um ástand vinnumarkaðarins. Það kom að vísu fram hjá hæstv. ráðherra að ráðuneytið mun fyrst um sinn sinna hlutverki þessu en það er þó aðeins til bráðabirgða. Við munum þurfa að koma upp kostnaðarsömu upplýsingakerfi og vinnumiðlun hjá sveitarfélögunum. Hvenær reiknar ráðherrann með að við þurfum að hafa lokið við að koma slíku kerfi í gagnið eftir þeim kröfum sem gerðar verða á EES-svæðinu?

Þá er það 9. gr. reglugerðar nr. 1612/68 þar sem launþegum frá öðrum EES-ríkjum er tryggður jafn réttur hvað varðar aðgang að íbúðarhúsnæði. Það hlýtur þá að gilda einnig um jafnan rétt allra þessara 370 milljóna íbúa EES-svæðisins eða þeirra sem koma til með að nýta sér búseturétt hér á landi og íslenska húsnæðislánakerfið. Hvað hefur verið gert til að mæta hugsanlegri aukningu þar, hvort sem um er að ræða húsbréfakerfið eða félagslega húsnæðiskerfið? Ég vil jafnframt fá svör hæstv. ráðherra við því hvort í núgildandi úthlutunarreglum félagslega húsnæðiskerfisins felist einhver sú mismunun sem fella verður úr gildi. Hver eru viðbrögð bankakerfisins sem sér um ákveðinn hluta af starfsemi í kringum húsbréfin? Er í úthlutunarreglum húsbréfakerfisins einhver mismunun sem fella þarf úr gildi? Það mætti einnig velta því fyrir sér hvort frv. um búseturétt og fullan aðgang að vinnumarkaði breyti einhverju um úthlutunarreglur ýmissa sjóða sem tilheyra íslensku atvinnulífi eða í það minnsta hvort þörf sé á að endurskoða hlutverk þeirra. Eins má velta fyrir sér áhrifum samningsins á hlutverk og stöðu Lánasjóðs ísl. námsmanna. Ef til vill höfum við að mati stuðningsmanna þessa samnings enga þörf fyrir neina sjóði þegar hugmyndir og fjármagn erlendis frá fara að streyma inn á íslenskan vinnumarkað, en þó hlýtur það að hafa verið skoðað með tilliti til þessa samnings.

Atvinnuréttur og jafnræðisreglur eru, eins og áður er nefnt, útfærðar í reglugerð 1612/68 sem lögfesta á samkvæmt frv. Það er alveg nýtt fyrir mér að lögfesta eigi reglugerð í heild sinni en ég þekki þó ekki nógu vel til til þess að geta fullyrt að svo hafi aldrei verið gert. Það er hins vegar afar mikilvægt að skoða hvaða áhrif þessi reglugerð hefur á íslenskt atvinnulíf í heild sinni.

Í 7. gr. er til að mynda afdráttarlaust kveðið á um sama rétt ríkisborgaranna til þjálfunar í skólum er tengjast atvinnulífi og til endurmenntunar. Erlendir ríkisborgarar þurfa jafnvel enn meir á slíkri þjálfun í skóla að halda en Íslendingar sem þekkja þau störf sem hér eru unnin mun betur. Þetta getur þýtt að leggja verði mun meiri fjármuni í hvers konar starfsþjálfun í framtíðinni, hvort sem um er að ræða ríki, einstakar stofnanir eða fyrirtæki.

Í lögum er kveðið á um að strangt eftirlit skuli hafa með ráðningu útlendinga í störf og með launakjörum þeirra. Leggja beri fyrir ráðuneytið ráðningarsamninga þar sem fram á að koma eftir hvaða kjarasamningi er

farið. Þessar reglur munu gilda áfram um alla þá sem þurfa atvinnuleyfi en ekki fyrir þá sem búa á EES-svæðinu. Hins vegar kom það fram hjá hæstv. ráðherra að nauðsynlegt væri að tryggja eftirlit með ráðningarsamningum þeirra sem hingað koma af þessu svæði. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra með hvaða hætti slíkt eftirlit verði tryggt og hver muni bera kostnaðinn af því.

Ég nefndi í upphafi 2. gr. frv. um atvinnu- og búseturétt þar sem um er að ræða ákvæði um að setja á fót þriggja manna nefnd sem á að hafa virkt eftirlit með framkvæmd laganna. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að hugmyndin væri sú að nefndin fái víðtækt umboð til að fjalla um öll þau svið er tengjast framkvæmd laganna. Nefndin gæti átt frumkvæði að því að taka á málum og einnig væri hægt að vísa ágreiningi eða úrskurðarefni til nefndarinnar. Ég vil því spyrja ráðherrann: Er það samkvæmt samningi um EES að vísa ágreiningsefnum sem upp kunna að koma og varða framkvæmd laga sem tengjast honum til nefndar sem einstakir ráðherrar skipa til þess að hafa eftirlit með framkvæmd laganna? Ef svo er, hvaða gildi hafa úrskurðir þessara nefnda? Eru þeir að mati ráðherra jafngildir úrskurðum sem koma frá Brussel og gætu snert sama efni? Er ekki staðreyndin sú að ef upp koma alvarleg ágreiningsefni varðandi EES-samninginn og þau lög sem honum fylgja, þá verði að vísa þeim ágreiningi til Brussel eða nauðsynlegt verði að fá staðfestingu þaðan á þeim úrskurðum sem nefnd ráðherra kveður upp?

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, ítreka þá ósk mína að hæstv. ráðherra geri okkur grein fyrir því hvað samningur um EES þýðir fyrir sveitarfélögin, hvaða kostnað hann hefur í för með sér, hvaða kröfur þau verða að uppfylla og hvort fram hafi farið eitthvert mat á því hvernig sveitarfélögin eru í stakk búin til að taka við fjölgun íbúa sem samþykkt þessa frv. gæti haft í för með sér.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í þessari umræðu sem fram hefur farið um þetta frv. til laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins hefur verið beint til mín nokkrum spurningum sem ég vil leitast við að svara.

Ég vil fyrst víkja að því sem fram hefur komið hjá nokkrum ræðumönnum vegna uppsetningar frv. sem hér er til umræðu og það hvers vegna lagt er til að reglugerð 1612/68 með breytingum í reglugerð 312/76 verði gefið lagagildi með þeim hætti sem hér er lagt til. Reglugerð EB nr. 1612/68 var aðlöguð í samningaviðræðunum. Nokkrar greinar hennar gilda ekki á EES en eiga við í Evrópubandalaginu. Texti reglugerðarinnar skal enn fremur gilda í samræmi við bókun 1 um altæka aðlögun sem kveður á um að eftirlitsstofnun EFTA komi í stað framkvæmdastjórnar EB svo dæmi sé tekið. Texti reglugerðarinnar er miðaður við að hún eigi að gilda sem lög innan Evrópubandalagsins án nokkurra aðgerða af hálfu aðildarríkja EB. Hún er því samin þannig að hún miði við bandalagið en ekki einstök aðildarríki. Samkvæmt bókun 1 skal tilvísun í aðildarríki í samningnum eiga við um samningsaðila EES-samningsins.

Samkvæmt 7. gr. samningsins um EES skal gerð sem samsvarar reglugerð EBE sem slík tekin upp í landsrétti samningsríkis. Í athugasemdum kemur fram að við samningsgerðina hafi verið uppi tveir valkostir við yfirtöku EB-gerða í EES-samninginn, þ.e. reglugerða, tilskipanana o.s.frv., annars vegar með því að umskrifa allar gerðir og aðlaga þær að stjórnskipan EES-svæðisins eða með því að notast við tilvísanir og setja sérstakar reglur um aðlögun þeirra vegna EES. Til að gefa reglugerðum nr. 1612/68 og 312/76 lagagildi hér á landi er farin sú leið að nota tilvísunaraðferðina í stað þess að umskrifa reglugerðir og lagt til að reglugerðirnar eins og þær hafa verið aðlagaðar öðlist lagagildi. Þessi háttur er hafður á í 2. gr. frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið sem segir að meginmál EES-samningsins skuli hafa lagagildi á Íslandi. Texti reglugerðarinnar endurspeglar lagasetningar EB og form og texti og hugtakanotkun því ekki eins og við eigum að venjast í íslenskri lagasetningu. Í ljósi þess er þeim mun eðlilegra að nota tilvísunartæknina við að gefa reglugerðunum lagagildi hér á landi. Verði frv. þetta að lögum munu reglugerðirnar eins og þær eru aðlagaðar með samningi birtar sem fylgiskjal í lagasafni á eftir lagagreinum.

Þetta var hugsunin á bak við uppsetninguna á frv. sem er til umræðu og nokkuð hefur verið fjallað um í þessari umræðu. Eins og ég nefndi er þetta gert með líkum hætti og gert er í 2. gr. samningsins og fram kemur í 7. gr. samningsins. Þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Gerðir sem vísað er til eða er að finna í viðaukum við samning þennan, eða ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar, binda samningsaðila og eru þær eða verða teknar upp í landsrétti sem hér segir:

a) gerð sem samsvarar reglugerð EBE skal sem slík tekin upp í landsrétti samningsaðila;

b) gerð sem samsvarar tilskipun EBE skal veita yfirvöldum samningsaðila val um form og aðferð við framkvæmdina.“

Vegna þess að reglugerðin er lögfest með þeim hætti sem hér er lagt til þurfa auðvitað allar hugsanlegar breytingar á reglugerðinni í framtíðinni að leggjast fyrir Alþingi. Það er því ekki hægt að segja að hér sé um neitt framsal á valdi til framkvæmdarvaldsins að ræða þó þetta sé gert með þessum hætti. Út af fyrir sig væri það tæknilega framkvæmanlegt að taka reglugerðina eins og hún er aðlöguð inn í frv. þó að ég telji það óþarft. Ég hef út af fyrir sig engar athugasemdir við það að gera þó að það sé skoðað sérstaklega í nefnd eða leitað samkomulags um það í nefndinni að taka reglugerðina upp eins og hún er aðlöguð inn í frv.

Ég vil þá næst víkja nokkrum orðum að því sem fram kom í máli hv. 11. þm. Reykv. en hann ræddi um þá nefnd sem koma á á laggirnar skv. 2. gr. og um reglugerðarsetningu í því sambandi og til hvers hún tæki. Eins og fram kom í minni framsöguræðu er ekki

í bígerð enn sem komið er að setja neina reglugerð varðandi valdsvið eða verkefni nefndarinnar. Ég vil taka það skýrt fram að bæði varðandi þetta frv. og önnur sem ég mæli væntanlega fyrir á eftir hefur verið unnið í mjög nánu samráði við aðila vinnumarkaðarins. Viðhorfin í þeirri nefnd með aðild aðila vinnumarkaðarins sem undirbjó þetta frv. voru að það væri rétt að þessi nefnd væri fámenn og skilvirk og beðið yrði með að setja reglur um starfssvið nefndarinnar þar til reynsla hefði fengist af störfum hennar. En ég vil þó vitna til að í frv. sjálfu kemur fram að þessi nefnd hefur mjög víðtækt umboð. Með leyfi forseta vil ég vitna til þess sem segir í 2. gr. Þar stendur: „Komi upp ágreiningur um hvort ákvæði 7. gr. reglugerðar 1612/68 séu haldin er heimilt að vísa þeim ágreiningi til nefndarinnar, sbr. 1. mgr., sem leitast skal við að leysa þann ágreining. Í þessum tilgangi getur nefndin leitað eftir upplýsingum hjá stofnunum, samtökum eða einstökum fyrirtækjum sem veita nefndinni nauðsynlegar upplýsingar um almenn ráðningar- og starfskjör í atvinnnugreinum og fyrirtækjum." Það er því alveg ljóst að samkvæmt þessu hefur nefndin umboð til þess að leita eftir því að einstök fyrirtæki veiti henni nauðsynlegar upplýsingar t.d. um almenn ráðningar- og starfskjör.

Hv. þm. vitnaði til þess að ýmsir umsagnaraðilar hefðu óskað eftir aðild að nefndinni, nefndi þar til Farmanna- og fiskimannasambandið, ef ég man rétt, og Vinnumálasamband samvinnufélagana og BHMR. Í 2. gr. frv.segir: „Þegar nefndin fjallar um mál sem varðar sérstaklega opinbera starfsmenn er falla undir atvinnu- og búseturéttindi Evrópska efnahagssvæðisins skulu, auk fulltrúa skv. 1. mgr., tveir fulltrúar taka sæti í nefndinni. Skal annar þeirra tilnefndur af hlutaðeigandi heildarsamtökum opinberra starfsmanna ..." Það er því ljóst að BHMR á í slíkum tilvikum seturétt í nefndinni. Hvað aðra aðila varðar, þá tel ég það ekki útilokað að það sé kannski skoðað, sérstaklega þegar verið er að fjalla um málefni annarra stéttarfélaga en seturétt eiga í nefndinni, þá verði þeir kallaðir til nefndarinnar til ráðgjafar varðandi þau mál. Það er alvegt ljóst að ef allir sem þess óska eiga að taka sæti í nefndinni er auðvitað erfitt að meta hvar eigi að draga mörkin. Þess vegna varð þessi niðurstaða.

Hv. þm. fór nokkuð inn á málefni sem varðar prófskírteini og gagnkvæma viðurkenningu á réttindum og nefndi hjúkrunarfræðinga í því sambandi og spurði hvort gæðakröfurnar yrðu færðar niður. Ég held að það sé rétt að fram komi að um er að ræða gagnkvæmar viðurkenningar á prófskírteinum. Þar höfum við ekkert val en Ísland er eina landið í Evrópu með hjúkrun á háskólastigi. Það er kannski rétt að minna á í þessu sambandi að nú þegar eru hér starfandi 30–40 erlendir hjúkrunarfræðingar og einnig rétt að minna á að íslenskar hjúkrunarkonur sem hafa útskrifast úr Hjúkrunarskóla Íslands hafa þriggja ára menntun sem er sambærileg við menntun erlendra hjúkrunarfræðinga. Í þessu efni höfum við ekki val en ég vil nefna þá sérstöðu sem Ísland hefur varðandi það að vera með hjúkrun á háskólastigi.

Varðandi skylduaðild að lífeyrissjóðum sem hv. þm. nefndi og reyndar fleiri í þessari umræðu, þá er mér ekki kunnugt um að einhverjar breytingar standi til á því þannig að því get ég ekki svarað frekar.

Opinberir starfsmenn hafa nokkuð verið til umræðu, bæði hjá hv. 11. þm. Reykv. og reyndar einnig hjá hv. 5. þm. Vestf. og vil ég fara nokkrum orðum um það. Það er grundvallarreglan að allar undanþágur beri að túlka þröngt og ég vil líka láta það koma fram að í samningaviðræðunum kom skýrt fram að hvert ríki skilgreinir það út frá sínum eigin forsendum hvaða störf í opinberri þjónustu eru þarna undanþegin. Hv. 5. þm. Vestf. vitnaði í útdrátt á dómaþýðingum, sem ég hef reyndar ekki séð, en ég lít svo á að frumdrög útdráttar á dómaþýðingum breyti þar engu um. Það er hvers lands fyrir sig að skilgreina hvaða störf það eru sem ekki falla hér undir. Það yrði kannski líka fróðlegt að nefna í því sambandi að nú þegar starfa 700 útlendingar hjá hinu opinbera. 500 útlendingar starfa á vegum ríkisins og 200 hjá Reykjavíkurborg. Það er ljóst að störf sem tengjast stjórnsýslustörfum og sem varða öryggishagsmuni getum við undanþegið og það er okkar að ákvarða hvaða störf þetta eru. Þeir útlendingar sem nú starfa hjá hinu opinbera eru einkum í heilbrigðisþjónustunni, í skólum og hjá póstþjónustunni.

Varðandi það sem fram kom hjá hv. 5. þm. Vestf. hvort nauðsynlegt væri að breyta lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna varðandi ríkisfang, þá er það mál fjmrn. Að mínum dómi sé ég ekki ástæðu til þess að breyta þeim lögum en það þarf auðvitað að búa svo um hnútana að erlendir borgarar njóti sömu réttinda og opinberir starfsmenn séu þeir ráðnir á þeim vettvangi, þar með talin biðlaun. En ég vil ítreka að þetta er mál fjmrn.

Ég vil fara nokkrum orðum um það sem fram kom hjá hv. 10. þm. Reykv. Það er í fyrsta lagi varðandi það hvernig auglýsingum um laus störf yrði háttað. Í framkvæmdinni er út af fyrir sig ekki gert ráð fyrir neinni breytingu frá því sem verið hefur í þessu sambandi. Mín skoðun er sú að auðvitað sé æskilegt að auglýsa laus störf sem víðast og ekki bara í Lögbirtingablaðinu eins og hv. þm. nefndi. Í 15. gr. reglugerðarinnar, þar sem kveðið er á um ráðstöfun á lausum störfum, kemur fram að það ber að senda tilkynningu um laus störf mánaðarlega til þjónustuskrifstofunnar sem þar er kveðið á um.

Varðandi 26. gr. sem hv. þm. spurði um varðandi ráðgjafarnefndina og hvort íslenskir fulltrúar eigi þar seturétt, þá er það ljóst að sex íslenskir fulltrúar fá seturétt í þeirri nefnd.

Varðandi aðila sem skipaðir eru í ráðgjafarnefnd EFTA sem starfar á vegum utanrrn. þá er mér ekki kunnugt um með hvaða hætti hefur verið tilnefnt í þá nefnd eða hvernig hún er kostuð. Hún er á vegum utanrrn. og ég geri þó ráð fyrir að hún sé kostuð af því án þess að ég hafi kynnt mér það sérstaklega.

Varðandi fjölskyldur launþega og það skjal sem vitnað er til sem á að sýna að viðkomandi sé á framfæri launþega, þá mun Hagstofan væntanlega gefa út

slíkt skjal með upplýsingum sem til þarf.

Hv. 4. þm. Suðurl. talaði um aukna félagslega þjónustu og íþyngingu á sveitarfélögunum ef útlendingar færu að streyma hingað til landsins. Auðvitað ekkert hægt um það að segja og ég vil vitna til þess að í ræðu minni, sem hún gerði nú kannski ekki mikið úr, lagði ég mat á áhrif þess á vinnumarkaðinn ef útlendingar kæmu hingað og hvers mættu vænta í því sambandi. Ég dró þá ályktun miðað við þær forsendur sem ég lagði fram að ekki þyrfti að óttast að útlendingar færu að flykkjast hingað í stórum stíl. Það er auðvitað svo að ekki er gerð krafa um aukna þjónustu frá því sem nú er og ekkert umfram það sem fjölgunin yrði líkt og með þeim hætti sem Íslendingum fjölgar. Auðvitað má nefna það að ef um fjölgun yrði að ræða og íþyngingu sveitarfélaganna í félagslegri þjónustu þá kæmu auðvitað skattgreiðslur frá þessum útlendingum á móti til þess að standa undir félagslegri þjónustu.

Varðandi húsnæðismálin er eftir því sem við höfum skoðað ekki þörf á neinni breytingu á húsnæðislánakerfinu. Þar eiga útlendingar rétt með alveg sama hætti og Íslendingar.

Hv. þm. spurði um hvort önnur ráðuneyti gætu vísað ágreiningsmálum til ráðgjafarnefndarinnar sem um ræðir í 2. gr. ef ég skildi þingmanninn rétt. Sú nefnd á eingöngu að fjalla um það sem lýtur að frjálsum atvinnu- og búseturétti launafólks.

Varðandi vinnumiðlunina er alveg ljóst að við þurfum að bæta verulega alla okkar vinnumiðlun og að því er nú unnið í ráðuneytinu, m.a. með endurskoðun á reglugerð um vinnumiðlun og fleiri þáttum.

Ég vænti þess, virðulegur forseti, að ég hafi náð utan um það að svara flestum af þeim spurningum sem til mín hefur verið beint.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla að veita andsvar við einu tilteknu atriði. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og segi að mér finnst það nýlunda í þessum umræðum um Evrópumálin að ráðherra skuli taka sig til og svara nokkuð með bærilegum hætti. Það er um skilgreininguna á opinberum starfsmönnum. Ráðherra segir að það sé mál hvers ríkis fyrir sig að skilgreina þessi mörk. Ég vitna í framsöguræðu hæstv. ráðherra sem sagði eitthvað á þessa leið, með leyfi forseta: Hér er ekki hægt að gefa neinn tæmandi lista um hvaða störf er að ræða sem eru vernduð með þessum hætti þó að af dómum dómstóls Evrópubandalagsins megi ályktа nokkuð skýran ramma. Með öðrum orðum segir ráðherrann að það sé málefni ríkisins að skilgreina þetta en segir jafnframt að ekki sé hægt að lista þetta upp en til þess að fá stuðning í viðleitni við að lista þetta upp verðum við að leita í dóma dómstóls Evrópubandalagsins. Ég hef rakið þá og grundvallaratriðin í þeim eru þau að hverju ríki fyrir sig er ekki frjálst að túlka þetta með sínum hætti. Dómstóll EB líður ekki breytilega framkvæmd þessa ákvæðis í sínum löndum.

Hvað varðar það að 700 útlendingar starfi hér á landi, þá er ég með einn dóm Evrópudómstólsins. Hann grundvallast á því að ríkið, hið opinbera, ráði mann í sína þjónustu fellir burtu röksemdir ríkisins fyrir því að halda því starfi sem opinberu starfi og undanþegið frelsinu. Þetta er dómur nr. 152/73.

Hvað varðar lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, virðulegur forseti, þá er ég ekki að hvetja til þess að þeim verði breytt, fjarri því, en ég tel að það sem menn eru að gera þýði að þeir muni koma síðar á þessum vetri með breytingu á þessum lögum því það segir í lögunum, virðulegi forseti, í 4. tölul. 3. gr. að skilyrði fyrir skipun, setningu eða ráðningu í stöðu sé íslenskur ríkisborgararéttur.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. vitnaði í ræðu mína og sagði að ég hefði sagt að ekki væri hægt að gefa neinn tæmandi lista um hvaða störf er að ræða sem eru vernduð með þessum hætti þó að af dómum dómstóls Evrópubandalagsins megi ályktа nokkuð skýran ramma. Það er rétt að ég sagði um þetta og taldi upp nokkur störf þar sem dómar hafa gengið og hefur verið kveðið á um. En hv. þm. minntist ekki á að ég sagði að ágreiningur hafi verið um það innan Evrópubandalagsins hvort það væri á valdsviði EB að skilgreina hvað séu störf í opinberri þjónustu. Niðurstaðan er sú að það sé á valdi hvers ríkis að ákveða það. Það varð niðurstaðan í þessu máli að það væri á valdi sérhvers ríkis að ákveða það. Ég vil líka minna á framkvæmd EES-reglna en þar stendur: „EB-reglur ganga framar settum lögum í aðildarríkjum EB“, en einnig kemur þar fram að í EES-samningum er engin skylda á hendur EFTA-ríkjunum um að taka upp forgangsreglur EB-réttarins. En það sem ég vildi aðallega koma á framfæri er að niðurstaðan er alveg skýr. Það er á valdi hvers ríkis að ákveða þetta.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg skýrt í þó nokkuð mörgum dómum sem ég er með lauslega þýðingu á að þeir grundvallast á því, eins og segir hér, svo ég vitni bara í tvær setningar í einu máli, að ef undanþága næði til allra starfa í opinberri umsjá mundi slíkt leiða til þess að hin ýmsu störf féllu ekki undir meginreglur samningsins. Þá er hlutverk opinberra aðila breytilegt eftir ríkjum. Þeir eru því að segja að það verði að vera samræmd framkvæmd á þessu ákvæði Rómarsáttmálans innan EB. Mér er ekki kunnugt um það að einstök ríki EB neiti lögsögu dómstóls EB í þessu máli. Ég vildi gjarnan fá það staðfest ef svo er. Að mínu viti er í þeim plöggum sem ég hef fengið og séð allt sem segir að innan EB-ríkjanna verði að vera samræmd framkvæmd og samræmd þróun. Það sé ég ekki að muni breytast við EES-samninginn. Eftir hann verður því hluti EES-svæðisins, þ.e. EB-hlutinn, að fylgja samræmdri þróun og lúta dómsvaldi EB-dómstólsins. Þar með erum við komnir með þá stöðu að innan EB-hluta svæðisins verður ein þróun og innan EFTA-partsins geta verið allt að sjö mismunandi útgáfur. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið leyfir ekki slíkt. Hann grundvallast á samræmingunni, á „homogenism-

anum". Ég er því alveg sannfærður um það, virðulegur forseti, að við munum ekkert komast upp með það að vera með sérstaka útgáfu af þessu.

Þetta rakti ég í minni ræðu og ég hygg að hæstv. ráðherra þó fimlega verjist hafi í engu haggað mínum skoðunum í þessu efni.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að líka sé ástæða til að draga það fram, virðulegi þingmaður, að við getum sett okkar reglur varðandi störf þar sem nauðsyn er á íslenskukunnáttu. Ég held að það séu nokkuð mikilvæg völd fyrir okkur þegar við getum samræmt það á hinum ýmsu stöðum um landið hvar er nauðsynlegt er að setja kröfur um íslenskukunnáttu. Ég vil ítreka að það er sá skilningur sem er alveg klár að hvert land setur sínar kröfur í þessu efni, hvaða störf falla hér undir og ég held að það sé mjög mikilvægt að það liggi fyrir.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir ágætissvör en það er sérstaklega ein athugasemd varðandi menntun hjúkrunarfræðinganna og vegna orða hæstv. félmrh. áðan.

Ljóst er að kröfur EB til hjúkrunarmenntunar eru 10 ára grunnmenntun og þriggja ára viðbótarmenntun á framhaldsskólastigi. Ef við berum þetta síðan saman við menntun hjúkrunarfræðinga á Íslandi í dag sem við gerum kröfur um er það 14 ára grunnmenntun og fjögurra ára menntun við Háskóla Íslands. Hér er því ekki um sambærilegar kröfur að ræða. Vegna orða hæstv. félmrh. þar sem hann benti á eldra nám við Hjúkrunarskóla Íslands, þá er það heldur ekki sambærilegt af þeirri ástæðu að menntunin var þannig uppbyggð áður að gerðar voru kröfur um 10 ára grunnmenntun, tveggja ára viðbótarmenntun á framhaldsskólastigi og síðan þriggja ára viðbótarnám við Hjúkrunarskóla Íslands. Hér er því um 15 ára nám að ræða á móti 13 ára námi, sem nú er í gildi hjá Evrópubandalaginu, og á móti 18 ára námi sem við gerum nú kröfur um til hjúkrunarmenntunar á Íslandi. Ég segi því: Það er stór hætta á því að við séum að færa menntunarkröfurnar neðar. Við erum að færa menntunarkröfurnar neðar. Við erum líka að færa kröfurnar um þjónustuna neðar en við höfum áður verið með.

Svo kunna menn auðvitað að deila um það endalaust hvort það hafi verið skynsamlegt að lengja hjúkrunarfræðinámið um þessi ár sem gert hefur verið. En það hefur verið gert. Hjúkrunarfræðingastörfin eru kvennastörf. Því til viðbótar er skortur á hjúkrunarfræðingum þannig að menn munu nýta sér þann möguleika sem þeir fá þegar samningurinn hefur orðið að lögum að fá ódýrt vinnuafl inn í landið og lélegri menntun í þau þjónustustörf sem hér er um að ræða.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé enga ástæðu til þess að ætla að með þessum EES-samningi séum við að færa kröfurnar niður miðað það sem nú er. Ég vil benda á, eins og ég reyndar gerði áður, að hér eru starfandi 30–40 erlendir hjúkrunarfræðingar með minni menntun. Ég sé enga ástæðu til að ætla að hér fari erlendum hjúkrunarfræðingum að fjölga verulega og minni á að hér eru starfandi hjúkrunarfræðingar með minni menntun. Út af fyrir sig þarf því EES-samningurinn sem slíkur ekki að færa niður þessa kröfur sem hv. þm. nefndi.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér alveg grein fyrir því að það eru starfandi hér eftir því sem hæstv. félmrh. segir milli 30 og 40 erlendir hjúkrunarfræðingar. Það er nú svo og er ég alveg viss um að þeir hjúkrunarfræðingar eru ekki í stjórnunarstöðum og í mörgum tilfellum starfa þeir alls ekki sem hjúkrunarfræðingar á sjúkrahúsum. Þeir eru miklu frekar í því hlutverki inni á sjúkrahúsunum að starfa sem sjúkraliðar, að sinna þeim verkefnum sem sjúkraliðar starfa í dag.

Aftur á móti þegar samningurinn er orðinn að lögum standa þessir erlendu hjúkrunarfræðingar, sem bera að mínu viti aðeins nafnið hjúkrunarfræðingar, jafnfætis íslenskum hjúkrunarfræðingum, sem hafa 14 ára grunnmenntun og fjögurra ára háskólamenntun, við að sækja um störf sem eru mjög ábyrgðarmikil. Það er þessi breyting sem ég er hræddur um að muni leiða til þess að við séu að færa gæði þjónustunnar niður. Því til viðbótar eiga auðvitað þeir þeir hjúkrunarfræðingar sem starfandi eru í dag eftir fjögurra ára háskólanám og búa við mjög léleg kjör erfiðara með að sækja kjarabætur í samræmi við þá menntun sem þeir hafa. Við erum því auðvitað á vissan hátt að koma í veg fyrir það að möguleikar skapist fyrir háskólamenntaða hjúkrunarfræðinga á Íslandi að sækja kjarabætur.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki hugsað mér að bæta miklu við umræðuna, þó svo ég taki til máls og nýti ræðurétt, heldur hitt að mig langar til að segja fáein orð út af því sem fram kom hjá hæstv. ráðherra í síðustu orðum hennar í andsvari við mig þar sem hún nefndi til sögunnar sem mögulegar varnir að gera kröfu um tungumálakunnáttu. Ég vil segja að auðvitað gildir það ákvæði samningsins að óheimilt er að mismuna fólki eftir ríkisfangi. Tungumálakunnátta er ekki þjóðernisbundin krafa heldur miklu fremur hæfniskrafa. Menn verða því að beita kröfunni um tungumálakunnáttu á þann veg að það samrýmist starfinu. Krafan má ekki vera sterkari en eðli starfsins gefur tilefni til. Það getur verið breytilegt eftir störfum hvaða ástæða er til að setja háar og miklar kröfur um færni í íslensku máli.

Við höfum nú þegar, eins og hæstv. ráðherra greindi frá, 700 útlendinga í störfum hjá hinu opinbera á Íslandi, bæði ríki og sveitarfélögum. Með því að ráða þá útlendinga í störf án kröfu um íslenskukunnáttu höfum við gefið út óbeina yfirlýsingu sem þýðir það að við munum ekki geta sett tungumálakröfu í þeim störfum. Fyrst við gátum ráðið útlendingana í þessi störf án

kröfu tungumálakunnáttu getum við ekki gert það eftir ESS-samninginn að setja þá kröfu um sömu störf. Við erum búin að segja að þeir geti sinnt þessum störfum þrátt fyrir skort á færni í íslensku máli.

Annað leiðir af þessum 700 útlendingum sem gerir okkur erfiðara fyrir að skilgreina opinber störf, þ.e. hvaða störf falli utan við gildissvið þessa hluta fjórfrelsisins. Með því að ráða þessa 700 útlendinga í tiltekin störf erum við að mínu mati samkvæmt dómstóli EB búin að loka fyrir það að við getum einhliða skilgreint þau störf sem opinber störf sem falli utan gildissviðs launþegafrelsisins.

Ég vil lesa hér, virðulegi forseti, stuttan útdrátt úr einum dómi, nr. 152/1973, dómstóls EB, sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ítalskur ríkisborgari starfaði hjá þýsku póstþjónustunni sem faglærður verkamaður. Í málaferlum sem ítalski ríkisborgarinn átti frumkvæði að vaknaði spurningin hvort hann teldist opinber starfsmaður í skilningi 4. mgr. 48. gr. EBE og væri því undanþeginn meginreglunni um frjálsa för launþega.“ Og dómareifunin er svo hljóðandi: „4. mgr. 48. gr.“, þ.e. Rómarsáttmálans sem jafngildir 28. gr. EES-samningsins, „mælir fyrir um takmarkanir á aðgangi erlends vinnuafls til ákveðinna starfa á vegum hins opinbera. Hins vegar getur ákvæðið ekki réttlætt ráðstafanir sem fela í sér mismunun varðandi launakjör eða önnur starfsskilyrði eftir að viðkomandi hefur verið ráðinn í þjónustu hins opinbera. Það eitt að viðkomandi hefur þegar verið ráðinn sýnir að hagsmunirnir sem réttlæta undantekningu 4. mgr. 48. gr. eru ekki í hættu. Starfslýsing í ráðningarsamningi sem skilgreinir samband atvinnurekenda og launþega hefur engu hlutverki að gegna við ákvörðun gildissviðs 4. mgr. 48. gr.“

Kjarninn í dómnum er sem sé sá að það að hafa ráðið útlending til tiltekins starfs sýnir að hagsmunirnir, sem réttlæta undantekninguna í 4. mgr. 48. gr. Rómarsáttmálans eða 28. gr. EES-sáttmálans, eru ekki í hættu. Þetta er staða sem blasir við þegar menn setjast niður við það verkefni eftir gildistöku samningsins að skilgreina hvaða störf við getum staðið á að falli utan við þetta svið fjórfrelsisins.

Ég vil líka benda á að í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er skýrt kveðið á um það skilyrði í 4. tölul. 3. gr. sem menn þurfa að uppfylla til að fá skipun, setningu eða ráðningu í stöðu. 4. tölul. er: Íslenskur ríkisborgararéttur. Nú spyr ég: Hvað eru þessi lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna víðtæk? Hvað ná þau yfir mörg störf hjá hinu opinbera? Síðan spyr ég: Hvað nær undanþáguákvæðið um störf í opinberri þjónustu til margra starfa af þeim? Ég er alveg viss um að svarið við síðari spurningunni er miklu þrengra, mun færri störf eru undanþegin frelsinu en lögin ná til. Þar með erum við með þjóðernisbundna mismunin sem er óheimil gagnvart EES-samningnum. Ég er því alveg sannfærður um og vil fullyrða að íslenskum stjórnvöldum er það ljóst að þau verða að breyta þessum lögum og þau munu koma með breytingu á þeim. Ég fæ ekki skilið að sú breyting skuli ekki þegar fram komin. Getur það verið að íslensk stjórnvöld séu að reyna að fela það að þessa breytingu þurfi að gera? Ég hygg að hæstv. fjmrh., sem fer með forræði í þessum lögum, verði að svara þessu. Hann verður að svara því og enn frekar er ástæða til þess að krefjast þess að hann svari þegar hæstv. félmrh. lýsir því yfir að það sé á valdi hvers ríkis að gefa sína eigin skilgreiningu um hvað falli undir undanþáguákvæðið. Hæstv. ráðherra verður þá að koma hér og segja: Öll störf sem að falla undir réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eru undanþegin ákvæðinu um fjórfrelsið. Hann verður að gera það. Ef hann gerir það ekki, þá er maðkur í mysunni. Ég held nefnilega að menn muni hrökkva í kút þegar þeir átta sig á þessu samhengi málsins. Ég vil og hef reynt að draga athygli að þessu því ég tel það eitt af stóru málunum í frv. að átta sig á því hvert gildissvið frv. er burt séð frá lagtexta og öðrum slíkum nýjungum.

Þetta vil ég, virðulegi forseti, taka fram í tilefni af þeirri vörn ráðherra að við gætum gripið til kröfu um tungumálakunnáttu. Ég hygg að það sé minna hald í þeirri vörn en menn vilja vera láta, því miður. Ég vil gjarnan trúa því að svo sé, eins og menn segja, að þetta sé nokkuð góð hindrun. Því miður er það mín skoðun að svo sé ekki.

Ég vil svo árétta það að lokum, vegna þess að um það er ágreiningur milli mín og ráðherra, að dómareifanirnar sem ég er með kveða alveg skýrt á um það að það er dómstóll EB sem tekur það að sér að „definera“ hvert undanþáguákvæðið nær. Það segir meira að segja hér í einum dómnum, nr. 149/1979, Framkvæmdatjórn EB gegn Belgíu: „Með 4. mgr. 48. gr. er meginreglunni um bann við mismunun vikið til hliðar þegar um er að ræða störf hjá því opinbera. Af þessum sökum er ekki unnt að láta aðildarríkjunum eftir afmörkun hugtaksins „opinber þjónusta“.“

Dómstóll EB segir: Það er ekki hægt að láta hvert ríki innan EB um það að skilgreina hvaða störf falla undir orðin opinber þjónusta. Undir þetta hafa aðildarríki EB beygt sig eftir því sem ég best veit. Og þau munu auðvitað halda áfram að beygja sig undir dómstól EB í þessu efni eftir gildistöku EES-samningsins. Það er augljóst mál út frá samræmingarkröfunni í samningnum að það verður ekki liðið af hálfu EB að túlkun á þessu ákvæði þróist í mismunandi áttir eftir því hvort menn eru að ræða um þróun á EB-svæðinu eða einstökum EFTA-ríkjum. Það verður að vera samræmi og meira að segja er í 4. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, ef ég man rétt: „Ráðherra á hverju sviði er falið það vald að gefa út reglugerðir til þess að samræma framkvæmd hér innan lands við það sem gerist erlendis.“ Það þarf því ekki einu sinni að leita til Alþingis til þess að lúta niðurstöðum erlendra aðila um túlkanir mála heldur getur ráðherra á viðkomandi sviði tekið við þeirri túlkun og sagt já og amen. Hann getur gefið út reglugerð og sagt: Veskú, þetta eru íslensk lög.

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 89. mál., frv. KHG og ISG, þskj. 99.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 93. mál, frv. KHG, þskj. 105.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Í beinu framhaldi af ræðu hv. 5. þm. Vestf. langar mig til að beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort við munum fá hér lista yfir þau störf þar sem íslenskukunnáttu verður krafist áður en frv. kemur til lokaumræðu og jafnframt skilgreiningu á því hvað er nægjanleg íslenskukunnátta í hvert starf.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Sem svar við spurningu hv. þm. vil ég geta þess, sem reyndar kom fram í minni ræðu, að félmrn. hefur beint því til annarra ráðuneyta að nauðsynlegt sé að það sé samræmi í þeim kröfum sem settar eru fram af hálfu einstakra ráðuneyta um hvar íslenskukunnáttu verður krafist þannig að það sé samræmd framkvæmd um allt land. Þessu bréfi hefur verið komið til ráðuneytanna og ég vænti þess að það verði hafist handa í því efni að samræma þetta atriði.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka það að orð hæstv. félmrh. við ræðu hv. 4. þm. þm. Suðurl. hafa ekki breytt mínum skoðunum á því hvernig beri að túlka kröfuna um tungumálakunnáttu. Það kom ekkert það fram sem hrakti þau rök sem ég setti fram í mínu erindi.

Ég vil aðeins bæta því við, virðulegi forseti, vegna skoðanaskipta um skilgreininguna á opinberum störfum, að ráðherra hefur lýst því yfir að það sé á okkar valdi að skilgreina það. Ég óskaði eftir því síðasta sumar að við fengjum lista yfir þessi opinberu störf. Það ætti að vera handhægt að útvega hann fyrst það er á okkar valdi að skilgreina. Hann er ekki kominn enn. Meira að segja fáum við þau svör að af þeim má ráða að það verður nokkuð langt í að sá listi verði til.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Aðeins út af þessari umræðu sem hérna hefur farið fram og ég stend í þeirri meiningu að ég sé farinn að misskilja málið því þetta er farið að flækjast talsvert mikið. Ég skildi hæstv. félmrh. þannig í sínu svari áðan þar sem hún var að svara fyrirspurn okkar um 28. gr. þar sem frelsi launafólks og sjálfstætt starfandi einstaklinga er skilgreint og síðan 4. liðnum um ákvæðið þar sem þetta atriði greinarinnar á ekki við um opinbera starfsmenn. Evrópubandalagið hefur í raun og veru viðurkennt að lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, þ.e. lög nr. 38/1954, þar sem sú skilgreining kemur fram í 1. gr. hvað sé opinbert starf, gildir í raun og veru, þau lög hafi verið viðurkennd og það sé okkar túlkun. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Er þetta ekki túlkun ráðherrans á þessu atriði?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef hér hvað eftir annað reynt að svara þeim spurningum sem fram hafa komið varðandi opinbera starfsmenn og reynt að svara þeim eins og kostur er, eins og hægt er í þessari stöðu. Ég get raunverulega ekki svarað þeim betur en ég hef hér gert. Ég tel að hv. þm. sé hér að vitna til þess sem ég svaraði áður varðandi ríkisfangið og hvort það sé nauðsynlegt að breyta lögum varðandi þetta. Ég setti fram mína skoðun í þessu efni en tók jafnframt fram að þetta er mál sem heyrir undir fjmrh. Að mínum dómi er ekki ástæða til að gera þessa kröfu eða breyta þessu. Það er mín skoðun á málinu þó að vissulega þurfi að búa svo um hnútana að þeir erlendu ríkisborgarar, sem verða ráðnir í opinber störf, njóti sömu réttinda, m.a. biðlauna. Ég get því miður ekki svarað þessu nánar en ég hef hér gert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hópuppsagnir, 1. umr.

Stjfrv., 20. mál. — Þskj. 20.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um hópuppsagnir. Frv. er lagt fyrir Alþingi vegna fullgildingar samnings um aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Með samþykkt frv. eru lögfestar reglur sem settar eru fram í tilskipun Evrópubandalagsins, nr. 75/129, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir. Samkvæmt 6. gr. tilskipunarinnar og með vísan til samnings um Evrópskt efnahagssvæði skulu aðildarríkin setja nauðsynleg lög og stjórnvaldsfyrirmæli til að hrinda markmiðum hennar í framkvæmd.

Frv. er samið af nefnd sem félmrh. skipaði til að undirbúa aðild Íslands að frjálsum atvinnu- og búsetuétti á Evrópsku efnahagssvæði. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar ASÍ og VSÍ auk ráðuneytisins. Nefndinni var einnig falið að fjalla um þann þátt félagsmála sem snertir samtök aðila vinnumarkaðarins.

Samkvæmt skipunarbréfi var hlutverk nefndarinnar að koma með tillögur um það hvernig tryggt verði í framkvæmd að Ísland uppfylli þær reglur sem gilda munu á sviði félags- og vinnumála á Evrópska efnahagssvæðinu á sama tíma og tryggt verði að aðilar vinnumarkaðarins geti fylgst með atvinnuþátttöku útlendinga hér á landi og að íslenskum kjarasamningum og íslenskum lögum sé framfylgt.

Nefndin varð sammála um að eðlilegast væri að efni tilskipunarinnar væri í sérlögum enda ekki ótvírætt í hvaða lögum þessi nýju ákvæði ættu annars heima.

Frv. felur í sér að sveitarfélög eða vinnumiðlanir, þar sem þær starfa, eiga að annast þau verkefni sem fylgja hópuppsögnum. Þar sem sveitarfélag er með fleiri en 500 íbúa verður það að jafnaði stjórn vinnumiðlunar sem annast þetta verkefni. En þar sem íbúar eru færri en 500 verður þetta verkefni sveitarstjórnar

eða þess aðila sem hún ákveður að fela slík verkefni eins og t.d. þeim sem annast atvinnuleysisskráningu í sveitarfélaginu. Í framtíðinni, með stækkun eða sameiningu sveitarfélaga, má gera ráð fyrir að öll sveitarfélög annaðhvort reki eða sameinist um rekstur vinnumiðlana enda eðlilegt að þær annist þessi verkefni.

Hlutverk vinnumálaskrifstofu félmrn. breytist ekki með frv. Hlutverk hennar er fyrst og fremst að hafa heildaryfirsýn yfir stöðu og þróun atvinnumála í landinu. Eitt af verkefnununum verður eftir sem áður að taka við tilkynningum um uppsagnir og meta atvinnuástandið og þróun þess út frá upplýsingum sem öðrum, sbr. 6. gr. frv.

Efni 6. gr. er nánast það eina sem til hefur verið í lögum um uppsagnir hópa. Í núgildandi löggjöf er einungis að finna ákvæði um tilkynningu vegna uppsagna fjögurra eða fleiri starfsmanna, sbr. 55. gr. laga um stjórn efnahagsmála. Slíka tilkynningu átti að senda til vinnumálaskristofu félmrn. og hlutaðeigandi verkalýðsfélags. Ákvæðið hefur verið túlkað svo að nægilegt sé að senda slíkar tilkynningar með tveggja mánaða fyrirvara áður en uppsagnarfresturinn rennur út. Þetta ákvæði hefur verið efnislega fellt inn í frv. Það þýðir að hlutverk vinnumálaskrifstofu félmrn. varðandi hópuppsagnir er að mestu leyti óbreytt. Ástæða þess að þetta ákvæði er fellt inn í frv. er bæði sú að hafa hliðstætt efni í sömu lögum og undirstrika það hlutverk vinnumálaskrifstofu félmrn. að hafa heildaryfirsýn í slíkum málum en búast má við að vinnumálaskrifstofan geri kröfur um upplýsingar frá vinnumiðlunum eða sveitarstjórnum í slíkum málum þegar ástæða er til. Ákvæðið á að tryggja að vitneskja um hópuppsagnir berist til ráðuneytisins og verkalýðsfélaga eftir sem áður. Vert er að vekja athygli á að ákvæði 6. gr. tekur til uppsagna fjögurra eða fleiri starfsmanna en hópuppsögn skv. 1. gr. frv. miðast við 10 eða 30 starfsmenn, allt eftir stærð fyrirtækja. Þess má geta að skv. 5. gr. tilskipunar EB um hópuppsagnir hefur þessi tilskipun engin áhrif á rétt aðildarríkja til að beita eða koma á lögum eða stjórnsýslufyrirmælum sem eru hagstæðari launþegum. Slíkum tilskipunum á vinnumála- eða félagsmálaviðinu er yfirleitt ætlað að tryggja lágmarksrétt launafólks eða annarra hópa um hlutaðeigandi málefni.

Á sama hátt er t.d. aðilum vinnumarkaðarins heimilt að semja um hagstæðari réttindi í kjarasamningum en tryggð eru með þessum lágmarksréttindum. T.d. hafa þeir aðilar vinnumarkaðarins, sem samþykktu miðlunartillögu ríkissáttasemjara frá 26. apríl 1992, þegar tryggt sér áþekk réttindi og þau sem felast í frv. Að sumu leyti er um rýmri rétt að ræða samkvæmt frv. og að sumu leyti samkvæmt miðlunartillögunni. Það sem er hagstæðast fyrir launþegann gildir. Dæmi um þetta er að samkvæmt frv. taka uppsagnir fyrst gildi 30 dögum eftir að tilkynning um þær berast stjórn vinnumiðlunar í umdæminu. Ekkert slíkt ákvæði er í miðlunartillögunni. Framlenging uppsagnarfrests vegna þess að ákvarðanir hafa dregist um hugsanlegar endurráðningar er hins vegar einungis að finna í miðlunartillögunni. Þá nær hugtakið „hópuppsögn" til dálítið minni fyrirtækja í miðlunartillögunni. Það nær til fyrirtækja með 16 starfsmenn meðan í frv. er miðað við 20 starfsmenn en í báðum tilvikum þarf að segja upp a.m.k. 10 manns.

Að öðru leyti er skilgreining hugtaksins eins í báðum tilvikum en skv. 1. gr. frv. er skilgreining hugtaksins hópuppsagnir sú að það eru uppsagnir atvinnurekenda á fastráðnum starfsmönnum af ástæðum sem ekki tengjast hverjum einstökum þeirra þegar fjöldi starfsmanna sem sagt er upp á 30 daga tímabili er í fyrsta lagi a.m.k. 10 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa fleiri en 20 og færri en 100 starfsmenn í vinnu. Í öðru lagi a.m.k. 10% starfsmanna í fyrirtækjum sem venjulega hafa hið minnsta 100 starfsmenn en færri en 300 starfsmenn í vinnu og í þriðja lagi a.m.k. 30 starfsmenn í fyrirtæki sem venjulega hafa 300 starfsmenn eða fleiri í vinnu.

Í 2. gr. frv. er ákvæði um samráð atvinnurekenda við trúnaðarmann starfsmanna eða annan fulltrúa sem þeir hafa til þess valið vegna hugsanlegrar hópuppsagnar. Samráð skal eiga sér stað eins fljótt og auðið er eftir að atvinnurekandi íhugar eða áformar hópuppsagnir eða a.m.k. eftir að hann kemst að þeirri niðurstöðu að uppsagnir séu nauðsynlegar og í síðasta lagi áður en til upsagnar kemur.

Ég vil nefna að þetta ákvæði um samráð kom inn í kjarasamninga síðasta vor í tengslum við miðlunartillögu ríkissáttasemjara milli helstu samtaka á vinnumarkaði. Þar er tekið fram að samráð skuli eiga sér stað áður en til uppsagna kemur. Þá er í 2. gr. enn fremur kveðið á um að senda beri afrit af öllum skriflegum upplýsingum sem um getur í 3. mgr. þeirrar greinar til stjórnar vinnumiðlunar í umdæminu eða til sveitarstjórna ef engin vinnumiðlun er starfrækt í sveitarfélaginu. Hugtakið „umdæmi" er hér notað í stað sveitarfélags þar sem sveitarfélög geta sameinast um rekstur vinnumiðlana, sbr. 7. gr. laga um vinnumiðlun.

Í 3. gr. er kveðið á um hvernig beri að standa að því að senda tilkynningu um fyrirhugaðar hópuppsagnir til hlutaðeigandi stjórnvalds, þ.e. stjórnar vinnumiðlunar eða sveitarstjórnar. Þá er kveðið á um efnislegt innihald þessara tilkynninga og skyldu atvinnurekenda til að koma afriti af tilkynningum til fulltrúa starfsmanna. Í niðurlagi greinarinnar er ábending um að fulltrúar starfsmanna geri sínar athugasemdir ef einhverjar eru og komi þeim á framfæri við hlutaðeigandi stjórnvöld.

Fram kemur í 4. gr. að uppsagnir sem hafa verið tilkynntar samkvæmt lögunum taki fyrst gildi 30 dögum eftir að tilkynning hefur borist hlutaðeigandi stjórnvaldi. Þennan frest á stjórn vinnumiðlunar eða sveitarstjórnir, þar sem engin vinnumiðlun er, að nota til að leita lausna á þeim vanda sem fyrirhugaðar uppsagnir munu valda. Þarna geta bæði komið til verkefni skv. 8. gr. laga um vinnumiðlun, eins og aðstoð við að finna önnur störf og sérstök verkefni í samráði við sveitarstjórnir og Atvinnuleysistryggingasjóð. Ákvæði um að fulltrúar starfsmanna og atvinnurekenda eða fulltrúar hans skulu gæta þagnarskyldu varðandi upplýsingar

sem gefnar eru samkvæmt ákvæðum þessara laga eru ekki hluti af tilskipuninni en slík ákvæði má m.a. finna í dönskum lögum. Þessu ákvæði er bæði ætlað að tryggja samkeppnisstöðu fyrirtækisins og um leið að upplýsingastreymi milli aðila verði sem mest. Þetta gildir einnig um persónulegar upplýsingar sem þar kynnu að koma fram. Aðilar vinnumarkaðarins voru ásáttir um að hafa þetta ákvæði í lögunum.

Í 5. gr. eru nefndar þær undantekningar sem eru frá lögunum. Í a-lið er t.d. átt við einstaklinga eða hópa sem ráðnir eru til reynslu eða með tímabundnum ráðningarsamningi. Í b-lið eru áhafnir skipa sérstaklega undanskildar ákvæðum frv. eins og gert er í tilskipuninni. Ástæða þess er sú sérstaða sem gildir um ráðningu á skipum víðast hvar í heiminum og þeirrar umboðsstarfsemi sem þar á sér stað. Í Evrópubandalaginu hefur ekki náðst samstaða um að taka áhafnir skipa undir þessi ákvæði um hópuppsagnir. Ef slíkt ætti að gerast hér á landi yrði það að gerast með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins í samræmi við þær hefðir sem gilda í vinnurétti hér á landi. Í c-lið er fyrst og fremst átt við fyrirtæki sem hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta eða rekstur þeirra stöðvaður vegna ólögmætrar starfsemi. Í síðustu málsgrein 5. gr. er vakin athygli á að ákvæði laganna hafa ekki áhrif á uppsagnarfrest sem slíkan, skv. lögum nr. 19/1979, kjarasamningum eða ráðningarsamningum, aðeins hvenær hann tekur gildi skv. 4. gr. frv.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég skal hafa þetta örstutt. Það þarf ekki margt um frv. að segja. Það er eftir því sem mér sýnist ekki flókið og hið ágætasta mál.

Ég ætla hins vegar að spyrja aðeins út í tengsl 6. gr. frv. við aðrar greinar þess og ég ætla að spyrja hvernig á því standi að hún hafi ekki bara verið prjónuð inn í 1. gr. frv. Í 6. gr. segir:

„Leiði ráðgerður samdráttur eða aðrar ráðgerðar breytingar í fyrirtæki til uppsagnar fjögurra eða fleiri starfsmanna er atvinnurekanda skylt að tilkynna uppsagnir til vinnumálaskrifstofu félmrn. og viðkomandi verkalýðsfélags með tveggja mánaða fyrirvara."

Þarna er með öðrum orðum verið að tala um ákveðið samráð við vinnumálaskrifstofuna og að láta hana vita án þess að nokkurt sérstakt ferli fari kannski í gang. Það er verið að taka þetta upp úr lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála. Þar er þetta ákvæði inni og er tekið þarna upp. Mér finnst þetta verða hálfgerður hortittur inni í lögunum og hefði verið nær að prjóna þetta inn í 6. gr. og hafa þá a-liðinn þannig að a.m.k. fjórir starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa fleiri en 20 starfsmenn og færri en 100 starfsmenn í einu. Ég segi þetta vegna þess að þó að samþykkt Efnahagsbandalagsins sé á þá lund að það er spurning um að segja upp tíu starfsmönnum megum við hafa réttinn meiri. Við megum bara ekki hafa 20 manns þarna. Við verðum að hafa lágmark tíu. Við gætum haft fjóra. Mér finnst það spurning af hverju þetta er bara ekki prjónað saman.

Í öðru lagi vil ég spyrja hvernig á því standi varðandi 5. gr. að b-liðurinn er ekki útskýrður í greinargerð með frv. Það er talað um að ákvæði 1.–4. gr. gildi ekki um:

„a. uppsagnir sem koma til framkvæmda samkvæmt ráðningarsamningum sem gerðir eru til ákveðins tíma ...

b. áhafnir skipa".

Ég vil fá nánari útskýringar á því af hverju þessi uppsagnarákvæði ná ekki til áhafna skipa.

Í þriðja lagi vil ég benda á varðandi 7. gr., þar sem segir að lög þessi öðlist gildi um leið og samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði öðlist gildi að því er Ísland varðar, að mér finnst þetta óþarfi. Mér finnst þetta ágæt lög og alveg athugandi, hvort sem samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði verður gerður eða ekki, að þá öðlist þessi lög gildi, að við meðhöndlum þau bara sérstaklega. Það má a.m.k. fyllilega skoða það.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Varðandi þær ábendingar sem fram koma í máli hv. þm. um 6. gr. er það rétt að tekið er upp ákvæði sem er í lögum nr. 13/1979. Ég hygg að það sé rétt að skoða það í nefnd hvort ekki sé rétt að fella það undir 1. gr. Þetta er mál sem ég tel að nefndin ætli að skoða.

Varðandi gildistökuna, að þetta eigi að öðlast gildi óháð Evrópska efnahagssvæðinu, þá tel ég að hér sé um mjög mikilvægt frv. að ræða en væntanlega tekur samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði gildi um áramót og einhvern tíma tekur að fjalla um þetta í nefndinni. Ég er alveg sammála því að óháð Evrópska efnahagssamningnum er þetta mjög mikilvægt frv.

Varðandi áhafnir skipa sem þingmaðurinn benti á að væri ekki gerð skil í skýringum um greinina, þá gerði ég það í mínu máli hér áðan. Ég skýrði það hvers vegna áhafnirnar væru undanþegnar. Það kom fram í mínu máli að ástæðan sé sú sérstaða sem gildir um ráðningar á skipum víðast hvar í heiminum sem hv. þm. þekkir og að það hafi ekki náðst samstaða um að taka áhafnir skipa undir þessi ákvæði um hópuppsagnir. Ef slíkt ætti að gerast yrði það að gerast með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins í samræmi við þær hefðir sem gilda hér á landi. Þetta er skýringin á því og hefði vitanlega átt að koma fram varðandi skýringu á greininni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vinnumarkaðsmál, 1. umr.

Stjfrv., 22. mál. — Þskj. 22.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um vinnumarkaðsmál vegna aðild-

ar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Frv. er lagt fyrir Alþingi vegna fullgildingar samnings um aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði og felur í sér nauðsynlegar breytingar á þrennum gildandi lögum um vinnumarkaðsmál.

Þau lög sem hér um ræðir eru lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 26/1982, með síðari breytingu, lög um vinnumiðlun, nr. 18/1985, og lög um breytingu á lögum um starfskjör launafólks o.fl., nr. 55/1980, með síðari breytingum. Um er að ræða fáeinar breytingar sem fela í sér aðlögun laganna að þeim skuldbindingum sem EES-samningurinn kveður á um. Einkum er hér um að ræða að undanskilja ríkisborgara aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins frá ýmsum kvöðum og takmörkunum er gilt hafa um erlenda ríkisborgara aðra en Norðurlandabúa.

Hlutaðeigandi breytingar á lögunum um atvinnuréttindi útlendinga byggjast á að samkvæmt samningi um Evrópskt efnahagssvæði munu ríkisborgarar EFTA-ríkja og ríkisborgarar aðildarríkja EB ekki þurfa atvinnuleyfi til að starfa hér á landi. Hingað til hefur ríkisborgurum þessara ríkja, annarra en Norðurlandanna, ekki verið heimilt að leita sér að vinnu eða ráða sig í vinnu hér á landi nema hafa sérstakt dvalarleyfi og atvinnuleyfi sem bundin eru ýmsum skilyrðum. Þeim verður nú frjálst að dvelja í öðru landi innan EES og leita sér að atvinnu í allt að þrjá mánuði. Fái viðkomandi vinnu tryggir EES-samningurinn honum frelsi til að ráða sig beint í starfið og ekkert sérstakt atvinnuleyfi er nauðsynlegt. Svo framarlega sem takmarkanir vegna allsherjarreglu, almannaöryggis og almannaheilbrigðis eiga ekki við fást dvalarleyfisskilríki yfirleitt sjálfkrafa, að undangenginni umsókn, til allt að 5 ára ef ráðningartíminn er lengri en 12 mánuðir, annars jafnlengi og ráðningartíminn segir til um. Það er því nauðsynlegt að kveða skýrt á um það í lögum um atvinnuréttindi útlendinga hvert er gildissvið þeirra. Enn fremur krefjast 28. gr. EES-samningsins og reglugerð nr. 1612/68, sem lagt er til að lögfest verði með öðru frv., þeirra breytinga sem hér eru lagðar til.

Þótt launþeginn þurfi að vera ríkisborgari EES-ríkis ef hann ætlar að starfa og búa í öðru aðildarríki þarf fjölskylda hans ekki að vera það til að búa með honum. Fjölskyldumeðlimir, sem ekki eru ríkisborgarar EES-ríkis, þurfa yfirleitt atvinnuleyfi ef þeir ætla að hefja vinnu í öðru aðildarríki og einnig er hægt að krefja þá um vegabréfsáritun. Þó veitir 11. gr. reglugerðar Evrópubandalagsins nr. 1612/68 maka og börnum launþega, sem eru yngri en 21 árs eða eru á hans framfæri, rýmri rétt til að ráða sig í hvaða vinnu sem er, hvar sem er í viðkomandi aðildarríki jafnvel þó að þau séu ekki ríkisborgarar neins aðildarríkis. Þau þurfa eftir sem áður sérstakt atvinnuleyfi sem þau eiga sjálfkrafa rétt á. Þau þurfa þannig ekki að uppfylla sérstök skilyrði í lögum um atvinnuréttindi útlendinga eins og t.d. að fá samþykki viðkomandi verkalýðsfélags.

Með breytingu á 1. gr. laganna er kveðið á um að lögin gildi um alla þá erlendu ríkisborgara sem falla ekki undir Evrópska efnahagssvæðið, samanber þó ákvæði 11. gr. laganna um þá sem ekki þurfa atvinnuleyfi. Ákvæði EES-samningsins gilda um þá ríkisborgara aðildarríkja EB- og EFTA-ríkja sem starfa hér á landi.

Með lögum um breytingar á lagaákvæðum er varða fjárfestingar erlendra aðila var m.a. gerð breyting á 1. mgr. 9. gr. og var hún á þá leið að útlendingur sem átt hefur lögheimili skemur en eitt ár á Íslandi skyldi sækja um atvinnurekstrarleyfi til félmrn. en annars til viðskrn. Félmrn. hefur ekki veitt nein leyfi skv. 9. gr. heldur hafa sjálfstætt starfandi einstaklingar fengið leyfi sín á grundvelli 8. gr. Í ljósi þess að atvinnurekstrarmál lögaðila heyra í reynd undir viðskrn. en sjálfstæð atvinnuleyfi einstaklinga sem ekki byggja á sérstakri löggildingu heyra undir félmrn., sbr. 8. gr. laga nr. 26/1982, er hér lögð til sú breyting að 9. gr. falli alveg niður. Viðskrn. þarf að gera tilsvarandi breytingu. Með því móti verður ljósara hvert aðilar eigi að sækja sín leyfi, eftir því hvort í hlut á einstaklingur eða fyrirtæki.

Með þeirri breytingu á 11. gr. laganna, sem hér er lögð til, eru gömul ákvæði sem lúta að sérstöðu Dana felld niður. Samkvæmt 4. tölul. 11. gr., sem lagt er til að verði felldur niður, þurfti ekki að sækja um atvinnuleyfi fyrir útlendinga er höfðu aðsetur hér á landi er lög nr. 13 31. maí 1927 öðluðust gildi. Þessir einstaklingar verða ekki krafðir um atvinnuleyfi. Með því að fella brott 5. tölul. er sérstakt ákvæði er varðar danska ríkisborgara, sem lög um ráðstafanir í sambandi við Ísland og Danmörku taka til, numin úr gildi. Samningurinn um norrænan vinnumarkað hefur veitt þessum ríkisborgurum, sem og öðrum Norðurlandabúum, atvinnu- og búseturétt frá 1983. 7. tölul. 11. gr. tryggir ríkisborgurum hinna Norðurlandanna að þeir þurfi ekki atvinnuleyfi eftir þriggja ára búsetu á Íslandi. Ákvæði samningsins um norræna vinnumarkaðinn fela það í sér að lögin um atvinnuréttindi útlendinga eiga ekki við um ríkisborgara frá hinum Norðurlöndunum. Samkvæmt þessum breytingum kemur einn tölulíður, þ.e. 4. tölul., í stað 4. og 7. tölul. núgildandi laga en 1.–3. tölul. eru óbreyttir. Ekki þurfti því að sækja um atvinnuleyfi fyrir útlendinga sem stunda eingöngu nám í skólum sem íslenska ríkið á eða styrkir, útlendinga í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja, útlendinga sem verið hafa íslenskir ríkisborgarar frá fæðingu en misst hafa íslenskan ríkisborgararétt og útlendinga sem undanþegnir eru atvinnuleyfi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Með þeirri viðbót í 11. gr. laga um vinnumiðlun sem hér er lögð til er tryggt að þeir sem falla undir samninginn um Evrópskt efnahagssvæði njóti þjónustu vinnumiðlunar áður en þeir hefja störf hér á landi og enn fremur ef þeir verða atvinnulausir. Er þetta í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1612/68. Í reglugerð 1612/68 eru fjölmörg ákvæði um þjónustu vinnumiðlana sem ég hef þegar gert grein fyrir.

Ekki þarf að gera aðrar lagabreytingar vegna þessara ákvæða en hér er lagt til þótt framkvæmd vinnumiðlunar muni breytast við aðildina að EES, einkum þó það er tekur til upplýsinga til erlendra aðila. Um er að ræða framkvæmdaratriði sem rúmast innan núgild-

andi laga með þeirri breytingu sem hér er lögð til.

Í tengslum við undirbúning lögfestingar á breytingu á lögum vegna samnings um Evrópskt efnahagssvæði hafa lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks o.fl., m.a. verið athuguð. Niðurstaðan af þeirri athugun er sú að í ljósi þess hve viðkvæmur íslenskur vinnumarkaður er fyrir innstreymi erlends vinnuafls, og þá sérstaklega erlendra verktaka, væri nauðsynlegt að hafa ákvæði 1. gr. fyllri og skýrari. Þá hefur komið í ljós að ákvæði íslenskra laga um launajafnrétti kynjanna þykja, a.m.k. að dómi þeirra er fjalla um félagssáttmála Evrópuráðsins, ekki nógu afdráttarlaus. Efni tilskipana nr. 76/207, um framkvæmd meginreglna um jafnan rétt karla og kvenna til vinnu, starfsþjálfunar, stöðuhækkana og starfsaðstæðna, og nr. 75/117, um samræmingu löggjafar aðildarríkjanna og þeirrar meginreglu að konur og karlar hljóti jöfn laun, þarf að vera fyrir hendi í íslenskum lögum og þykir eðlilegt að gera það í lögum er ná til vinnumarkaðarins fremur en í lögum um jafnrétti kynjanna.

Samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði er öll mismunun byggð á þjóðerni óheimil og þykir nauðsynlegt að árétta það í þessum lögum. Lög nr. 55/1980 gilda um öll störf óháð tímalengd ráðningarsamnings. Slíkt er hins vegar ekki tekið fram beinum orðum í 1. gr. laganna. Í ljósi þess að vinnuafl kann að koma erlendis frá til að inna af hendi verkefni hérlendis um skamma hríð má ætla að tryggara sé að hafa ákvæði í lögum þess efnis. Kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins munu því gilda óháð því hvort ráðningartími er lengri eða skemmri. Með ofangreindri breytingu er í reynd ekki verið að koma með nein nýmæli heldur er verið að undirstrika hvað felst í ákvæðum um lágmarkskjör sem giltu alveg óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma. Laun og önnur starfskjör sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um skulu vera lágmarkskjör óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir.

Eins og fram hefur komið í almennum athugasemdum er með frv. verið að undirstrika það að kjarasamningar gilda sem lágmarkskjör hvort sem í hlut á karl eða kona, Íslendingur eða erlendur ríkisborgari eða hvort ráðningarsamningur er til lengri eða skemmri tíma. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Með þeirri breytingu á 5. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks o.fl., sem lögð er til með 6. gr. frv. er stefnt að því að íslensk löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða brjóti ekki í bága við þær almennu tryggingareglur sem gilda munu á hinu Evrópska efnahagssvæði. Þetta þýðir að óheimilt yrði að greiða þeim erlendu ríkisborgurum er falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið út það sem haldið hefur verið eftir af launum þeirra til greiðslu í lífeyrissjóð. Slíkt færi berlega í bága við 29. gr. samningsins um EES og 10. gr. reglugerðar EB nr. 1408/1971. Í fyrsta lagi hafa í framkvæmd erlendir ríkisborgarar einungis fengið greitt sitt eigið framlag en ekki framlag atvinnurekenda sem lífeyrissjóðurinn hefur haldið eftir. Í öðru lagi mundi við slíka útgreiðslu skapast eyða í tryggingatímabilið.

Samkvæmt 29. gr. samningsins um EES skulu leggjast saman öll tímabil sem taka ber til greina samkvæmt lögum hinna ýmsu landa til að öðlast og viðhalda bótarétti, svo og við útreikning bótafjárhæðar. Með þeirri breytingu yrði komið í veg fyrir að unnt væri að fá lífeyrissjóðsgjaldið greitt út til ríkisborgara frá aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjum. Sú leið var valin að ósk heilbr.- og trmrn. að hafa ákvæðið almennt orðað þannig að það næði til allra milliríkjasamninga sem Ísland ætti aðild að með slíkum efnisatriðum.

Eftir gildistöku laga þessara er lífeyrissjóðum einungis heimilt að endurgreiða sjóðfélögum iðgjöld þeirra í því skyni að færa fé og þar með réttindi sem þeim fylgja milli lífeyrissjóða. Þó er heimilt að ákveða í reglugerð endurgreiðslu til erlendra ríkisborgara, annarra en þeirra ríkisborgara er falla undir samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, sem flytja af landi brott. Enn fremur er heimilt að ákveða í reglugerð endurgreiðslur á þeim iðgjöldum sem menn greiða til lífeyrissjóða eftir að hafa náð 75 ára aldri svo og á þeim hluta iðgjalda sem kunna að fara fram úr því sem skylt er að greiða samkvæmt lögum eða kjarasamningum.

Í samræmdri reglugerð Sambands ísl. lífeyrissjóða er ekki heimild til að endurgreiða erlendum ríkisborgurum greidd iðgjöld ef þeir flytjast af landi brott. Hins vegar er slík heimild í reglugerðum nokkurra lífeyrissjóða innan Landssambands lífeyrissjóða, t.d. í reglugerð Lífeyrissjóðs verslunarmanna.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Erindi mitt í pontu núna er einungis að spyrja um eitt tiltekið atriði í frv. Það varðar III. kafla frv., sem er um breytingu á lögum um starfskjör launafólks o.fl., nr. 55/1980, með síðari breytingum. Þar er verið að bæta því inn í þau lög, ef ég hef skilið það rétt, að laun og önnur starfskjör sem samtök vinnumarkaðarins semja um skuli vera lágmarkskjör og síðan er bætt við setningunni: Óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma. Það er nýlundan í lögunum, ef frv. verður samþykkt, að laun og önnur starfskjör skuli greiðast óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma. Og í almennum athugasemdum við III. kafla er sagt frá því að komið hafi í ljós að ákvæði íslenskra laga um launajafnrétti kynjanna þyki, eins og segir hér a.m.k., að dómi þeirra er fjalla um félagssáttmála Evrópuráðins ekki nógu afdráttarlaus.

„Efni tilskipana nr. 76/207/EBE, um framkvæmd meginreglna um jafnan rétt karla og kvenna til vinnu, starfsþjálfunar, stöðuhækkana og starfsaðstæðna, og nr. 75/117/EBE, um samræmingu löggjafar aðildarríkjanna að þeirri meginreglu að konur og karlar hljóti jöfn laun, þarf að vera fyrir hendi í íslenskum lögum og þykir eðlilegra að gera það í lögum er ná til vinnumarkaðarins fremur en í lögum um jafnrétti kynjanna."

Ég hlýt að verða að spyrja ráðherra að því að hvaða leyti orðalag 5. gr. laganna er afdráttarlausara en ákvæði gildandi jafnréttislaga þar sem laun og starfskjör eru skilgreind mjög nákvæmlega. Það hefur m.a. verið vandinn í baráttunni fyrir launajafnrétti kynjanna að menn hafa alltaf einhvern veginn smeygt sér fram hjá. Fyrst áttu það að vera sömu laun fyrir sömu vinnu. Síðan kom sömu laun fyrir sambærileg störf og síðan dugði það ekki og þá kom sömu laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Það er því alltaf verið að reyna að ná utan um launajafnrétti, hvernig beri að tryggja það og hvernig beri að skilgreina hugtökin og að því er mér sýnist vantar ekkert upp á skilgreiningarnar á launamálunum í jafnréttislögunum. Það segir nefnilega í 4. gr, með leyfi forseta:

„Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf." — Og svo byrja skilgreiningarnar:

„Með „jöfnum launum til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf" er í lögum þessum átt við launataxta sem settir eru án þess að gerður sé greinarmunur á kynjum.

Með „kjörum" í lögum þessum er átt við lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur samningsréttindi."

Síðan segir í 5. gr.:

„Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m.a. varðandi:

1. Laun, launatengd fríðindi og hvers konar aðra þóknun fyrir vinnu.
2. Ráðningu, setningu eða skipun í starf.
3. Stöðuhækkun og stöðubreytingar.
4. Uppsögn úr starfi.
5. Vinnuaðstæður og vinnuskilyrði.
6. Veitingu hvers konar hlunninda."

Ég fæ því ekki betur séð en í núgildandi jafnréttislögum séu hlutirnir nánast skilgreindir í botn. Samt kemur fram að eitthvað vanti upp á að ákvæði íslenskra laga séu nógu afdráttarlaus en ég fæ ég alls ekki séð hvernig 5. gr. laganna um starfskjör launafólks gerir þau eitthvað afdráttarlausari. Hvaða tryggging felst í þessu orðalagi „fyrir konur", „fyrir fólk af öðru þjóðerni en íslensku" og „fólk sem kemur hér tímabundið til vinnu". Um þetta vildi ég spyrja, virðulegur forseti.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er ekki um mjög flókið frv. að ræða þó það sé í bandormslíki og mun ég líklega afmarka mig við tvö atriði í frv. og fjalla um það stuttlega. Ég vil fyrst koma fram með það sem kalla mætti ábendingu frekar en athugasemd. Ég held þó að menn verði að gefa aðeins gaum að því.

Í 1. gr. er lagt til að lögin um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 26/1982, eigi ekki við um þá erlendu ríkisborgara sem falla undir reglur um Evrópska efnahagssvæðið. Með öðrum orðum gilda þessi lög um atvinnuréttindi útlendinga ekki um ríkisborgara einhverra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þar með eru þeir íbúar undanþegnir öllum greinum þessara laga.

Í 6. gr. laganna segir, með leyfi forseta: „Hvers konar áróður til þess fallinn að hvetja til innflutnings verkafólks til landsins er óheimill ef hann er villandi eða byggður á röngum eða ónógum upplýsingum."

Samkvæmt 1. gr. frv. eru ríkisborgarar innan þessa svæðis undanþegnir þessu lagaákvæði. Ég ætla ekki ráðherra eða þeim sem undirbúa málið að hugsa málið þannig að íbúum á þessu svæði verði heimilt að hafa uppi villandi áróður í því skyni að fá fólk til að flytja til landsins. En ég hlýt að spyrja í hvaða öðrum lögum ætla menn að hafa þennan varnagla. Ég býst við að það sé hugur manna að þetta verði eftir sem áður óheimilt athæfi. Ég sé ekki neinar varnir í öðrum lögum og ég hygg því að menn verði að athuga 6. gr. laganna. Ég vil a.m.k. lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að áróður, byggður á röngum eða ónógum upplýsingum, sem er til þess fallinn að hvetja til þess að verkafólk flytji til landsins, sé athæfi sem ég vil ekki sjá að mönnum sé heimilt að ástunda. Ég hygg að menn verði að fara betur yfir þetta ákvæði í 1. gr. frv.

Í öðru lagi vil ég víkja að 5. gr. frv. um breytingu á lögum um starfskjör launafólks sem fjallar um að lögbinda lágmarksréttindi í tilteknum atriðum. Eins og menn vita hefur verið lögð fram tillaga að tilskipun innan EB um vinnu handan landamæra sem t.d. getur átt við verktakafyrirtæki. Inntak tillögunnar er í þá veru að laun og vinnuskilyrði þess lands sem unnið er í eiga að gilda en lagt er til að undanþága verði varðandi laun og orlofsgreiðslur ef starfstími er skemmri en þrír mánuðir. Þetta þýðir t.d. að erlend verktakafyrirtæki geta komið hingað, tekið að sér verk og ráðið fólk til skemmri tíma en þriggja mánaða í senn og þá eru þau undanþegin ákvæði viðkomandi lands um laun og kjör. Þetta er að vísu tillaga að tilskipun en ekki veruleiki eins og ég best veit.

Ég vildi spyrja hæstv. félmrh. hvað líði þessari tillögu, hvort hún viti til þess að hún muni koma fram og ef svo er, hvort hún yrði þá að lögum hér sem viðhengi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Ég bendi á það að í umsögn um frv. frá Sambandi byggingarmanna eru einmitt látnar uppi áhyggjur út af þessu. Þar er sérstaklega tekið fram af hálfu umsagnaraðila að nauðsynlegt sé að fram komi í lögunum að erlendir verktakar séu bundnir íslenskum lögum og samningum að þessu leyti frá fyrsta starfsdegi á Íslandi þannig að menn girði fyrir þennan möguleika erlendu verktakanna. Ég vildi vekja athygli á þessu atriði og óska eftir að hæstv. ráðherra upplýsti okkur frekar um það sem ég rakti.

Að lokum vil ég gera athugasemd við gildistökuákvæðið sem er að vísu eins í þessu frv. og öllum hinum fylgifrumvörpunum. Ég hef ekki munað eftir að minnast á það fyrr, en það er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar."

Það vill segja að þessi fylgifrumvörp við

EES-samninginn geta öðlast gildi áður en samningurinn öðlast gildi í öðrum löndum. Mér sýnist vera möguleiki á mismunandi tímasetningu gildistökunnar eftir aðildarríkjum EES. Kannski er það misskilningur í mér, en þetta er það sem mér sýnist. Við gætum því setið uppi og verið búin að veita réttindi inn í okkar land án þess að vera búnir að tryggja okkur gagnkvæm réttindi í öðrum löndum af því að þeir væru ekki búnir að afgreiða málið. Ég mundi halda að gildistökuákvæðið ætti að vera öðruvísi þannig að hvað Ísland varðar öðluðust lögin ekki gildi fyrr en allt öðlast gildi á svæðinu, sé samtímaákvæði en ekki mismunandi eftir löndum.

Guðmundur Bjarnason:

Herra forseti. Við ræðum hér um nokkur frv. sem tengjast atvinnu- og búseturéttindum launafólks ef Ísland gerist aðili að hinu Evrópska efnahagssvæði. Öll eru þessi mál afar þýðingarmikil og hljóta að þurfa að skoðast vel í nefnd þeirri sem fjalla mun um frumvörpin af hálfu Alþingis og varðar þessi mikilvægu mál. Ég verð reyndar að lýsa þeirri skoðun minni að ég er undrandi á því hversu fáir þingmenn fylgjast með þessari umræðu og hlýða á skýringar hæstv. ráðherra og sérstaklega þó hvað stjórnarliðar láta sig málið lítið varða að undanteknum hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni sem hefur fylgst mjög vel með allri þessari umræðu eins og reyndar allri umræðu í Alþingi yfirleitt. Hann situr mjög vel þingfundi.

Hér er um að ræða afar þýðingarmikil mál sem hafa verið í almennri umræðu í þjóðfélaginu þegar rætt hefur verið um hið Evrópska efnahagsssvæði. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið, virðulegi forseti, en mig langar aðeins að spyrja hæstv. ráðherra varðandi réttindi og launakjör erlendra aðila sem geta komið inn á vinnumarkaðinn hér og frv. sem er til umræðu fjallar sérstaklega um.

Menn hafa velt mikið vöngum yfir því hvort hugsanlegt sé að hingað kunni að koma vinnuafl og vinna fyrir lægri laun en íslenskir ríkisborgarar og á hugsanlega öðrum samningskjörum en við höfum samið um á okkar vinnumarkaði. Mér sýnist þetta frv. hins vegar eiga að taka til þess. III. kafli laganna t.d. fjallar sérstaklega um að þau starfskjör sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um skuli gilda og skuli vera lágmarkskjör. En það sem mig langaði til að árétta er sú spurning sem ég beini til hæstv. félmrh.: Er hugsanlegt að erlendir verktakar sem koma hingað til að vinna hugsanlega stór og þýðingarmikil verkefni — við getum tekið t.d. við virkjunarframkvæmdir eða stóriðjuver eða hvað annað það kann að vera sem erlendir aðilar hugsanlega kunna að sælast eftir hér á landi og munu auðvitað geta tekið þátt í útboðum hér eftir og átt aðild að slíkum verkefnum — komi einnig með vinnuafl eða starfslið með sér sem okkur sé ekki mögulegt að fylgjast með hvaða laun þeir launþegar muni þiggja? Er mögulegt að þannig sé farið fram hjá þeim ákvæðum, sem ég skil svo að þessi lög eigi að kveða á um, að skilyrðislaust sé um lágmarkslaun að ræða sem samið er um hér innan lands og við hljótum að gera kröfu til þess að gildi hér á landi. Það á að gera það að verkum að erlendir verktakar hafi ekki hag af því og sjái ekki ástæðu til þess að taka með sér vinnuafl til að greiða lægri laun, heldur leiti eftir vinnuafli innan lands til þess að vinna þau verk sem þessir erlendu verktakar hugsanlega hafa tekið að sér samkvæmt verksamningum eða útboðum?

Það var fyrst og fremst þetta atriði, virðulegi forseti, sem mig langaði til þess að bæta inn í þessa umræðu og fá skýr svör hjá hæstv. félmrh. um það að slíkt geti ekki átt sér stað, eða hann a.m.k. upplýsi mig um það ef ég fer villur vegar, að þrátt fyrir þessi ákvæði sem við erum að fjalla um í frv. kunni það að vera mögulegt að flytja inn vinnuafl sem greidd séu lægri laun eða það ráðið á öðrum starfskjörum og verri en þeim sem samið er um á okkar vinnumarkaði.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Það er einungis ein spurning sem ég ætla að bera fram. Hún er í sambandi við 5. gr. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skulu vera lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma, fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir."

Það sem mig langar að fá að vita er þetta: Er verið að banna verkalýðsfélögum á Íslandi að semja um starfsaldurshækkanir? Ef maður les þennan texta er ekki hægt að skilja það öðruvísi. Svo ég endurtaki þetta er ákvæðið svona: „...skulu vera lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma ..." Ég óska eftir að hæstv. ráðherra svari því hvort verkalýðsfélögin á Íslandi megi ekki semja um starfsaldurshækkanir í framtíðinni.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Svarið við spurningu síðasta ræðumanns er nei.

Varðandi fyrirspurn frá 5. þm. Vestf. um þá tillögu sem hann nefndi að væri í vinnslu hjá EB þá er það mitt mat að hún verði ekki samþykkt. Það er mitt mat að Norðurlöndin t.d. mundu ekki samþykkja það og hér mundi verkalýðshreyfingin ekki fallast á slíka tillögu þannig að ég hef enga trú á að hún yrði að veruleika.

Varðandi fyrirspurn 1. þm. Norðurl. e. um undirboð vegna verktaka sem hugsanlega kæmu hingað, að um væri að ræða undirboð í launum, þá hefur mikið verið legið yfir því í ráðuneytinu með aðilum vinnumarkaðarins sem undirbúið hafa öll þau frv. sem lögð hafa verið hér fram og tengjast vinnumarkaðnum. Einmitt í því skyni að koma í veg fyrir slíkt er sett upp sú sérstaka nefnd sem á að hafa eftirlit með framkvæmd laganna og ráðningarsamningum og fleiri atriðum. Þessi nefnd hefur mjög víðtækt umboð og getur leitað eftir upplýsingum hjá stofnunum, fyrirtækjum og samtökum einmitt varðandi ráðningarkjör og það er

óheimilt að greiða lægri laun heldur en hér gilda sem lágmarkslaun. Þannig að ég hygg að sú hætta ætti ekki að vera fyrir hendi.

Varðandi jafnréttismálin sem hv. 10. þm. Reykv. nefndi þá var það mjög rætt hvort ástæða væri til að herða á ákvæðum jafnréttislaga vegna aðildar okkar að EES-samningnum. Flestir voru á því að það væri óþarfi að herða að nokkuð að varðandi þau lagaákvæði sem við búum við í jafnréttismálum. Þó varð það niðurstaðan, þó það væri ekki nauðsynlegt, að gera þetta ótvíræðara og herða á í lögunum um starfskjör launafólks o.fl., nr. 55/1980, með síðari breytingum, sem hér eru sett inn í III. kafla, með því að bæta við þeim orðum sem þar koma fram, að laun og önnur starfskjör sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um skuli vera lágmarkskjör óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. En ég vil spyrja hana út af þessum drögum að tilskipun EB: Getur íslenska ríkisstjórnin komið í veg fyrir það að hún verði samþykkt eftir að við erum orðnir aðilar að EES, ef svo ógæfusamlega tekst til? Getur þá íslenska ríkisstjórnin sagt nei, og þá öðlist tilskipunin ekki lagagildi? Það er fyrsta spurningin hvort hún geti það.

Í öðru lagi spyr ég: Mun íslenska ríkisstjórnin gera það? Mun hún segja: Við samþykkjum ekki tilskipunina eins og hún er með þessu undanþáguákvæði varðandi þriggja mánaða vinnu?

Þriðja spurningin: Er það rétt skilið hjá mér að samkvæmt 5. gr. eins og frv. er frá gengið þá sé erlendum verktökum og öðrum erlendum aðilum óheimilt þegar frá fyrsta starfsdegi að greiða lakari laun en gilda og lögin kveða á um?

Síðan vildi ég að lokum fá að heyra sjónarmið hæstv. ráðherra um það hvort ekki sé rétt að halda inni ákvæði 6. gr. laga nr. 26 frá 1982 sem bannar útlendingum að ástunda hér villandi áróður til þess að flytja inn vinnuafl. En samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að EES-þegnar verði undanþegnir þessu banni.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi spurningu hv. þm. um það hvort Ísland gæti komið í veg fyrir að slík tillaga næði fram að ganga þá hefur Ísland neitunarvald og gæti komið í veg fyrir slíkt. Varðandi það hvort Ísland mundi gera það þá get ég út af fyrir sig ekki svarað því en ég mundi leggjast gegn því að slík tillaga yrði samþykkt. Þriðja spurningin var? Er hv. þm. búinn að gleyma ...? (**KHG:** Hún var hvort óheimilt væri þegar frá fyrsta starfsdegi að greiða lakari laun en gilda og lögin kveða á um.) Já, það er óheimilt. (**KHG:** En um 6. gr., áróðurinn?)

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka út af fyrir sig fyrir svör ráðherra vegna spurningar minnar um 5. gr. Ég hjó bara eftir því að í greinargerðinni er talað um að ákvæði íslenskra laga um launajafnrétti kynjanna þyki ekki nógu afdráttarlaus. Einhvern veginn finnst mér nú að það sé ekki vandamálið sem við eigum við að stríða hér á Íslandi að lagatextinn sé ekki nógu afdráttarlaus. Því eins og ég las hér upp þá hefur verið reynt að skilgreina þetta alveg í botn. Út af fyrir sig hef ég ekkert á móti því, ég tel það alveg sjálfsagt og eðlilegt að ákvæði um launajafnrétti kynjanna komi inn í lög um starfskjör launafólks og hefði auðvitað átt að vera komið þar inn fyrir löngu. Því maður getur kannski orðið eins og Cató gamli og sagt um öll lög: Að lokum legg ég til að inn komi ákvæði um jafnrétti kynjanna. Það mætti þess vegna vera í öllum lögum. Það breytir hins vegar ekki veruleikanum. Hann breytist ekki nema með tilteknum aðgerðum. Og það er auðvitað til þeirra sem við þurfum að grípa en ekki endilega texta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umhverfismál og upplýsingamiðlun, 1. umr.

Stjfrv., 42. mál. — Þskj. 43.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um aðgang að upplýsingum um umhverfismál og upplýsingamiðlun en það er á þskj. 43 og er 42. mál þessa þings. Þetta frv. var samið á vormánuðum 1992 á vegum umhvrn. til að fullnægja skyldum sem íslenska ríkið tekur á sig með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Frv. var lagt fram til kynningar á 115. löggjafarþingi vorið 1992 og er nú lagt fram að nýju með nokkrum breytingum. Helstu breytingar eru þær að í 2. gr. er nánar skýrt en áður var hvað átt er við með upplýsingum um umhverfismál. Áður var skýringuna að finna í athugasemdum. Orðalag 4. gr. er einnig gert nokkuð skýrara og í 8. gr. er lagt til að skýrsla um ástand umhverfismála verði birt í fyrsta skipti þremur árum eftir gildistöku frv. verði það að lögum. Áður var aðeins kveðið á um að skýrsla skyldi birt reglulega. Enn fremur hafa athugasemdir við einstakar greinar frv. verið gerðar nokkuð ítarlegri en áður var.

Í 74. gr. EES-samningsins, sem fjallar um umhverfismál, er vísað til 20. viðauka en þar er að finna tilskipun nr. 90/313 EBE frá 7. júní 1990, um umhverfismál. Frv. það sem ég mæli nú fyrir er flutt til að uppfylla þær skuldbindingar sem fram koma í tilskipuninni. Þær skuldbindingar eru efnislega sambærilegar við það stefnumið ríkisstjórnarinnar sem fram kemur bók um stefnu hennar og starfsáætlun en þar segir svo, með leyfi forseta: „Að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfið og ástand þess."

Þetta frv. fjallar um upplýsingaskyldu stjórnvalda á tiltölulega afmörkuðu sviði. Frv. til laga um almenna upplýsingaskyldu stjórnvalda hafa verið lögð fram hér

á hinu háa Alþingi en ekki náð fram að ganga. Till. til þál. um upplýsingaskyldu stjórnvalda var fyrst lögð fram á Alþingi árið 1969–1970 af Þórarni Þórarinssyni o.fl. Efnislega fjallaði hún um það að lagt skyldi fyrir Alþingi frv. til laga um skyldu stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og veita þeim sem þess óska aðgang að reikningum og skjölum er almenning varða. Tillaga sama efnis, sem lögð var fram á þinginu árið eftir, var rædd en ekki afgreidd. Það var loks 19. maí 1972 að Alþingi samþykkti þessa þáltill. lítið breytta. Frv. til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda var lagt fram á Alþingi á 93. löggjafarþinginu 1973 en varð ekki útrætt. Sama er að segja um örlög þess á hinu næsta þingi. Nýtt frv. um sama efni var lagt fram á 99. löggjafarþingi 1977–1978 en dagaði uppi. Enn var frv. til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda lagt fyrir Alþingi árið 1990 en ekki afgreitt fremur en þau hin fyrri.

Af þessu má sjá að ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til að lögfesta samræmdar reglur um upplýsingaskyldu ráðuneyta og opinberra stofnana en án árangurs. Það gilda því engar almennar reglur um upplýsingaskyldu þessa ef frá eru talin ákvæði laga um útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs auk einstakra sérákvæða í sérlögum. Af þessum sökum er nauðsynlegt vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að setja sérstök lög um frjálsan aðgang um upplýsingum um umhverfismál, lög er öðlist gildi um leið og samningurinn sjálfur.

Í þessu sambandi tel ég þó rétt að minna á að um langt árabil hafa stjórnvöld á vettvangi umhverfismála stundað margs konar kynningarstarf fyrir almenning, t.d. með útgáfu fræðsluefnis og skýrslugerð ýmiss konar og með því að svara margvíslegum fyrirspurnum innlendra og erlendra aðila um umhverfismál á Íslandi. Nokkuð kann þó að hafa skort á að þessi starfsemi færi fram með samræmdum hætti.

Frá stofnun umhvrn. hefur verið stefnt að aukinni upplýsingamiðlun um umhverfismál. Í apríl sl. var ráðinn til starfa í ráðuneytinu upplýsinga- og fræðslufulltrúi. Þá minni ég á skýrslu ráðuneytisins: Ísland, umhverfi og þróun, sem út kom á ensku og íslensku fyrr á þessu ári. Þar er að finna fyrsta heildstæða yfirlitið sem út hefur verið gefið um stöðu umhverfismála á Íslandi. Þar eru mjög ítarlegar og um leið aðgengilegar upplýsingar um fjölmarga þætti umhverfismála sem almenningur hefur ekki áður átt svo greiðan aðgang að.

Meginmarkmið þess frv., sem hér er til umræðu, er að tryggja aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál og að tryggja upplýsingamiðlun stjórnvalda til almennings. Tilgangurinn er ekki síst að stuðla að betri umhverfisvernd með því að auka áhuga og vitund almennings gagnvart umhverfinu. Í tilskipun nr. 90/313/EBE eru nokkur meginatriði sem endurspeglast í frv. Þar má nefna að kveðið er á um að einstaklingar og lögaðilar, sem óska eftir upplýsingum um umhverfismál, þurfi ekki að hafa sérstakra hagsmuna að gæta til þess að þeir eigi rétt til upplýsinga. Hægt er þó í skýrt skilgreindum upplýsingum að hafna beiðni um upplýsingar enda sé sú ákvörðun þá rökstudd. Ef beiðni er hafnað verður umsækjandi að eiga þess kost að áfrýja þeirri ákvörðun stjórnvalds.

Markmið frv., sem ég hef raunar þegar gert grein fyrir, koma fram í 1. gr. þess. Það þarf ekki að fjölyrða um gildi upplýsingamiðlunar til almennings og með markvissu starfi á þeim vettvangi má hiklaust bæta vitund almennings um umhverfismál.

Í 2. gr. er markað gildissvið frv. en því er ætlað að gilda um aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál í víðum skilningi, þ.e. bæði að því er varðar umhverfismál sem heyra beint undir umhvrn. svo og þau mál sem teljast umhverfismál en heyra undir önnur stjórnvöld, þar með taldar opinberar stofnanir, sveitarfélög og önnur ráðuneyti, enda sé viðkomandi stjórnvald ábyrgt fyrir umhverfismálum og hafi yfir að ráða upplýsingum er þeim tengjast. Á annan hátt verður markmiðum áðurnefndrar tilskipunar ekki náð. Í greininni er síðan skilgreint hvað átt er við með upplýsingum um umhverfismál og sem dæmi eru nefndar upplýsingar er varða ástand vatns, lofts, jarðvegs, er varða dýralíf, gróður, land og náttúruminjar svo og starfsemi eða ráðstafanir sem hafa eða líklegt er að hafi óæskileg áhrif á áðurgreind atriði.

Í 3. gr. er skilgreint hvað átt er við með aðila samkvæmt frv. En sérhver einstaklingur eða lögaðili sem óskar upplýsinga telst aðili samkvæmt frv. Ekki er það skilyrði sett að viðkomandi þurfi að hafa sérstakra hagsmuna að gæta til að öðlast rétt til upplýsinga heldur getur hver sem er óskað eftir upplýsingum um umhverfismál hjá stjórnvaldi. Í 3. gr. er lagt til að meginreglan verði sú að skyldan til að veita upplýsingar nái einungis til þeirra upplýsinga sem tiltækar verða eftir að lögin öðlast gildi. Að sjálfsögðu er viðkomandi stjórnvaldi heimilt þrátt fyrir það að veita upplýsingar sem eldri eru. Helstu rökin fyrir þessu ákvæði eru þau að stjórnvald kunni að búa yfir upplýsingum sem ekki hefur verið aflað með tilliti til almennrar upplýsingaskyldu stjórnvalda um þetta efni. Í greininni er enn fremur tiltekinn tímafrestur, fjórar vikur, sem viðkomandi stjórnvald hefur til að svara beiðni um upplýsingar. Þetta ákvæði er sett til að tryggja greiða afgreiðslu fyrirspurna.

Samkvæmt 4. gr. frv. er heimilt að synja beiðni um upplýsingar sem varða umhverfismál að öllu leyti eða hluta vegna ríkra almanna- eða einstaklingshagsmuna. Þetta ákvæði er í samræmi við 3. gr. tilskipunarinnar nr. 90/313/EBE. Ef hægt er að halda aðgreindum þeim upplýsingum sem heimilt er að takmarka aðgang að og þeim sem skylt er að láta í té þá ber að sjálfsögðu að veita þær upplýsingar sem heimilt er. Í greininni eru síðan talin upp þau tilvik þegar heimilt er að takmarka aðgang að upplýsingum sem varða umhverfismál, þ.e. ef upplýsingalöggjöfin getur haft áhrif á:

1. Öryggi ríkisins og varnarmál.
2. Alþjóðasamskipti.
3. Mál sem eru í rannsókn eða á frumstigi rannsóknar hjá stjórnvöldum.
4. Að öryggi almennings verði skert.
5. Mikilvæga viðskiptahagsmuni stjórnvalda, ein-

staklinga og fyrirtækja að meðtöldum hugverkarétti, nema með samþykki viðkomandi.

6. Úrslit mála sem enn eru á undirbúningsstigi.

7. Einkahagi manna nema sá samþykki sem í hlut á.

8. Umhverfisvernd.

Til að skýra þennan síðasttalda lið má t.d. nefna að stjórnvöld hafa auðvitað upplýsingar t.d. um arnarvarp á Íslandi og þær upplýsingar mundu falla undir þennan lið, umhverfisvernd. En það mundi hins vegar stofna íslenska arnarstofninum í hættu ef þær upplýsingar væru öllum tiltækar. Við þetta má síðan bæta að stjórnvöldum er að sjálfsögðu heimilt að neita um aðgang að upplýsingum ef leggja verður fram ófullgerð skjöl eða gögn eða beiðnin varðar innri boðskipti stjórnvalda eða beiðnin er augljóslega óraunhæf. Vísa ég þá aftur til áðurnefndrar tilskipunar.

Loks er kveðið svo á um í 4. gr. að rökstyðja skuli synjun ef þess er óskað.

Í 5. gr. er kveðið svo á að aðili geti skotið synjun skv. 4. gr. til úrskurðar ráðherra eigi hann ekki sjálfur í hlut, þ.e. ráðherrann, innan fjögurra vikna frá því að kunnugt var um synjunina. Ef um er að ræða ákvörðun ráðherra verður henni ekki skotið til æðra stjórnvalds. En í því tilviki er að sjálfsögðu hægt að leita til dómstóla og umboðsmanns Alþingis.

Eins og fram hefur komið er gildissvið frv. ekki takmarkað við starfsemi umhvrn. Þess vegna er í greininni tekið fram að kæru um synjun stjórnvalds, sem heyrir undir aðra ráðherra, skuli skjóta til viðkomandi ráðherra.

Samkvæmt 6. gr. er lagt til að heimilt verði að taka gjald fyrir þá þjónustu sem þar er tilgreind. Heimild þessi á fyrst og fremst við, eins og orðalag greinarinnar ber nú raunar með sér, ef veittar eru upplýsingar sem ekki eru þegar fyrirliggjandi. Eðlilegt þykir að leggja þá skyldu á stjórnvöld að þau afli upplýsinga sérstaklega sé þess óskað. Hins vegar má búast við að einhver kostnaður geti fylgt slíkri vinnu og þess vegna eðlilegt að gjaldtaka sé heimil og sú heimild er í samræmi við áðurnefnda tilskipun. Að sjálfsögðu verður stjórnvöldum heimilt eftir sem áður að taka sanngjarnt gjald fyrir veittar upplýsingar, t.d. fyrir útgefnar skýrslur, með því að mæta þeim kostnaði sem útgáfunni eru samfara.

Í 7. gr. er ákvæði þess efnis að stjórnvöld, sem starfa á vettvangi umhverfismála, skuli halda uppi kynningarstarfi fyrir almenning. Með ákvæðinu er stefnt að markvissu kynningarstarfi svo að auka megi þekkingu og áhuga almennings á umhverfismálum og umhverfisvernd. Til að ná þessum markmiðum frv. er í 8. gr. lögð sú skylda á umhvrh. að hann gefi reglulega út skýrslu um ástand og þróun umhverfismála á Íslandi. Enn fremur er lagt til að öðrum upplýsingum um umhverfismál verði miðlað að því marki sem þær snerta hagsmuni almennings.

Gildistaka frv. er miðuð við gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Virðulegi forseti. Óhætt er að fullyrða að með frv. þessu, ef að lögum verður, öðlast almenningur ekki aðeins lögvarinn rétt til upplýsinga um umhverfismál sem stjórnvöld búa yfir heldur skapast forsendur til að koma betra skipulagi á upplýsingamiðlun stjórnvalda og kynningarstarfsemi. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og til hv. umhvn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér hefur hæstv. umhvrh. mælt fyrir frv. til laga um upplýsingaskyldu í tengslum við umhverfismál og er það hluti af því sem fram mun koma í þinginu í sambandi við Evrópskt efnahagssvæði. Af tilefni þessa frv., sem er fyrsta frv. sem hæstv. ráðherra mælir fyrir, vil ég segja nokkuð um viðhorf mitt til samningsins um Evrópskt efnahagssvæði í samhengi við umhverfismálin sem eru til umræðu, en fjalla síðan um nokkur atriði sérstaklega í því frv. sem hæstv. ráðherra hefur hér mælt fyrir.

Ég tel nokkurn ágalla á þessari umræðu um samninginn að einstakir ráðherrar aðrir en hæstv. utanrrh. hafa lítið komið inn í umræðuna um samninginn sjálfan. Kannski hefur þeim ekki fundist að beint tilefni væri til þess. Hins vegar koma þeir einn af öðrum og mæla fyrir frv. á sérsviðum sínum sem tengjast málaflokki ráðuneyta þeirra og sem undirbúin hafa verið í ráðuneytum þeirra. Þetta er auðvitað góðra gjalda vert svo langt sem það nær, en ég sakna þess verulega að hæstv. umhvrh. skuli ekki af tilefni þessa frv. eða þeirrar umræðu sem hér fer fram um frv. um umhverfismál fara nokkrum orðum almennt um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði í sambandi við umhverfismálasviðið. Það er auðvitað það sem skiptir meginmáli þegar við erum að ræða um þennan stóra málaflokk, umhverfismálin, að reyna að átta okkur á því hvernig þau tengjast þessum samningi sem er lagður fyrir þingið til staðfestingar. Það hefur kannski mjög takmarkað gildi að fjölyrða um einstök frv. sem síðan eiga eftir að fara til skoðunar í nefndum. Í rauninni er miklu meira virði að fá svolítið almenna umræðu um samninginn með tilliti til umhverfismálanna.

Ég gerði tilraun til þess í ræðu sem ég flutti um frv. til laga um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði að setja hann í samhengi við umhverfismálin og það getur orðið til þess að ég stytti hér mál mitt og vísi til þeirrar ræðu þar sem þetta var verulegt atriði í máli mínu að leggja mat á samninginn með tilliti til umhverfismálanna.

Í rauninni er það svo að okkur ber skylda til þess á Alþingi að líta á öll mál sem hér eru borin fram og tengjast umhverfismálum með einhverjum hætti út frá sýn okkar til þessa málaflokks og hvernig við teljum að taka beri á honum, hvernig beri að þróa hann og samfélagið með tilliti til þess ramma sem umhverfistakmarkanir og umhverfismálin almennt setja. Allt of lítið ber á umræðu um mál á Alþingi Íslendinga út frá þessu sjónarhorni enn sem komið er. Þó er trú mín að það eigi eftir að breytast á komandi árum. Það þarf að breytast mjög verulega að mínu mati vegna þess að umhverfismálin eru mestu alvörumál tíma okkar og framtíðar, hvernig tekst að þróa samfélag hér á landi og alþjóðlega, þ.e. í öðrum löndum, og virða þær tak-

markanir sem umhverfi jarðar og umhverfi hvers lands setur okkur ef við ætlum að tryggja viðunandi þróun, viðunandi umhverfi og viðunandi kjör fyrir óbornar kynslóðir.

Við vorum nokkur frá Alþingi Íslendinga sem sátum umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin var í Brasilíu í júnímánuði á þessu ári. Það var vettvangur þar sem umhverfismálin voru tilefnið í mjög víðu samhengi og í tengslum við þróunarmál, þróun og baráttu við fátækt í þeim hluta heimsins þar sem menn eru á eða undir fátæktarmörkum. Hæstv. umhvrh. sat þennan fund og inn á þennan vettvang komu svokallaðir leiðtogar frá 118 þjóðlöndum. Aldrei hefur sést slíkur mannsöfnuður af efstu þrepum í forustu þjóðanna eins og á þessari ráðstefnu í Ríó. Það er vonandi að þau efni sem þar voru rædd, þau orð sem þar féllu í alvöru um umhverfismálin og þær yfirlýsingar sem þar voru gefnar þótt takmarkaðar væru, eigi eftir að endurspeglast í orðum og gerðum þegar kemur til umfjöllunar á þjóðþingum landanna og í svæðisbundnum samtökum ríkjanna þar sem þessi mál ber á góma. En ég el nokkurn ugg í brjósti að heitstrengingarnar og fögru orðin frá Ríó eigi eftir að daprast, flug þeirra eigi eftir að daprast og andinn þaðan að kulna í hversdagslegri umræðu og umfangsefnum á vettvangi þeirra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna, 180 talsins eða u.þ.b., sem þarna áttu fulltrúa. Nú ætla ég ekki að fara langt inn á þennan vettvang en ég minni á þetta af tilefni þessarar umræðu um frv. um umhverfismál sem tengjast samningnum um Evrópskt efnahagssvæði.

Þá er að koma að því sem varðar samninginn og markmið hans litið í gegnum gleraugu umhverfismálanna á það efni og reynt að setja mælistiku þeirra krafna sem við viljum leggja varðandi þróun umhverfis og þeirra gæða sem því tengjast í samhengi við þennan samning. Þá liggur fyrir í fyrsta lagi að markmið innri markaðarins, sem er efni samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, það er í rauninni kjarni hans og meginefnið þannig að allt annað skiptir þar litlu máli nema þær skerðingar og höft og bönn sem lögð eru á þjóðirnar í sambandi við þetta og skerða sjálfsákvörðunarrétt þeirra.

Samningurinn og fjórfrelsið sem megininntak hans mun gera stöðu umhverfismála á svæðinu, sem samningurinn spannar yfir, ef staðfestur verður, lakari til verulegra muna á heildina litið og gera það örðugra í framtíðinni að fást við þessi efni og færa þau til þeirrar áttar sem áherslur eru þó uppi um í hátíðlegum ræðum og á sérfundum um umhverfismál. Til þess að þetta verði ekki lagt út sem einber einsýni, jafnvel ofstæki, eins og stundum heyrist brenna við þegar formælendur þessa samnings eru að leggja mat á aðvaranir af hálfu okkar sem mælum gegn staðfestingu samningsins, þá vil ég vísa til nokkurra atriða sem tengjast þessu.

Fjórfrelsið felur í sér óhefta flutninga eða tilfærslu á vörum, fyllra svonefnt frelsi á þessu sviði en áður hefur verið — jafnvel innan ramma fríverslunarsamninga milli EFTA og Evrópubandalagsins — og óhefta flutninga á fólki, á fjármagni og þjónustustarfsemi. Yfirlýst markmið með þessum breytingum er að auka hagvöxt í hefðbundnum skilningi umfram það sem ella næðist fram. Það er þó þessi efnahagsstarfsemi með síaukinni framleiðslu, orkunotkun, sem hún hvílir á, og neyslu sem hefur leitt af sér umhverfisvandamál sem eru farin að ógna tilvist lífs á jörðinni og setja frekari efnahagsvexti skýr takmörk. Sigling eftir því hefðbundna spori sem EES-samningurinn gerir ráð fyrir mun því óhjákvæmilega magna þessi vandamál og það á einnig við um hliðstæða þróun annars staðar í heiminum.

Þróunin innan Evrópubandalagsins og innan boðaðs Evrópsks efnahagssvæðis eru liður í harðnandi samkeppni helstu viðskiptablokka í heiminum. Afleiðingar þeirra átaka munu magna enn frekar andstæður milli ríkra þjóða og fátækra, milli norðurs og suðurs. Ég vék að því áðan að eitt af meginviðfangsefnum ráðstefnunnar í Ríó var einmitt að fjalla um þá miklu og breikkandi gjá sem er á milli fátækra þjóða og velmegandi þjóða.

Fjórfrelsið, þ.e. hinn óhefti markaður án tillits til þjóðernis og landamæra þjóðríkja í Evrópu, er grundvöllur samningsins og er kveðið ákvarðandi á um það í samningnum sjálfum og bókunum og viðaukum sem honum fylgja. Ákvæðin sem varða umhverfismál er að finna í fáeinum óskuldbindandi yfirlýsingum í formála samningsins og í ákvæðum samkvæmt 73. gr. hans og í 20. viðauka skv. 74. gr. sem og takmörkuðum öryggisráðstöfunum sem gert er ráð fyrir skv. 112.–114. gr. Möguleikar fyrir framsækna stefnu í umhverfismálum verða afar takmarkaðir samkvæmt samningnum og að sama skapi er þrengt að svigrúmi aðildarríkja til sjálfstæðrar stefnumörkunar í umhverfismálum. Kröfum EFTA-ríkjanna um varanlegar undanþágur að því er snertir umhverfismál var nær öllum hafnað eins og raunar kröfum um undanþágur á öðrum sviðum. Umhverfissjónarmiðum var líka í afar takmörkuðum mæli haldið til haga í samningaviðræðunum af hálfu EFTA-ríkjanna þar sem efnahagslegir þættir sátu í fyrirrúmi. Það gerðist einmitt á hinum sameiginlega vettvangi EFTA-ríkjanna að sjónarmið þeirra í milli að því er snertir viðhorf og kröfur til umhverfismálanna voru býsna ólík. Og auðvitað var það hinn minnsti samnefnari sem að lokum varð þar ráðandi vegna þess að þau einsettu sér og voru skuldbundin til þess samkvæmt samningsrammanum að tala einum rómi við Evrópubandalagið. Útkoman varð síðan eftir því.

Til friðþægingar fyrir EFTA-ríkin og til þess að gera þeim kleift að reyna að breiða yfir veruleikann í þessum efnum var tekið inn svohljóðandi ákvæði í 75. gr. samningsins:

„Verndarráðstafanir sem um getur í 74. gr. eru því ekki til fyrirstöðu að einstakir samningsaðilar láti strangari verndarráðstafanir halda gildi sínu eða grípi til þeirra enda samrýmist þær samningi þessum."

Með þessum síðustu orðum „enda samrýmist þær samningi þessum" í þessari 75. gr. er undirstrikaður forgangur fjórfrelsisins, hins frjálsa vöruflæðis sem er umhverfiskröfunum og umhverfissjónarmiðunum æðri

bæði í samningnum sjálfum og þá einnig sem réttargrundvöllur ef reynir á gagnvart dómstólum. Þetta er hin alvarlega staða máls. Orð sem snerta sjálfbæra þróun, varúðarregluna og annað þess háttar eru sett fram í inngangsorðum samningsins sem er óskuldbindandi með öllu, fögur orð, aðfararorð, en ekki hluti af bindandi greinum og reglum samningsins.

Hin almenna stefna, sem samningurinn hvílir á, mun ekki síst leiða af sér vaxandi orkunotkun, aukið álag á aðrar náttúruauðlindir og vaxandi notkun tilbúinna efna í framleiðslu. Þá lögleiðir samningurinn ákvæði Evrópubandalagsins á sviði líftækni sem eru afar umdeild út frá siðrænum viðhorfum og vegna ófyrirsjáanlegra afleiðinga sem þau geta leitt til í umhverfinu. Þetta svið líftækninnar er raunar sáralítið mótað hér á landi enn sem komið er en við erum með samningnum að yfirtaka reglur Evrópubandalagsins og lögleiða hér á landi á þessu stóra sviði sem getur orðið býsna afdrifaríkt til framtíðar litið.

Nú er það svo að Evrópubandalagið sem vann að mótun innri markaðarins, sem við eigum að yfirtaka, á tímabilinu 1987 og árunum þar á eftir á grundvelli eiringarlaganna horfði ekki með öllu fram hjá umhverfisþættinum. En það var býsna seint af stað farið að meta það því að það var ekki fyrr en árið 1989 sem Evrópubandalagið fékk greinargerð frá sérstökum starfshópi eða Task Force sem settur var á laggirnar til að meta áhrif innri markaðarins á umhverfismál á svæðinu. Niðurstaða þessa starfshóps, þessa Task Force EB varð sú varðandi aðalstærðir og aukin áhrif, mengun og annað þess háttar sem hefur áhrif á umhverfið, að líkur væru á að samningurinn og innri markaður EB — þeir voru að leggja fyrst og fremst mat á hann innan EB-svæðisins, ekki að viðbættu EFTA — leiddi fram til ársins 2010 til aukinnar mengunar sem næmi 12–14% af köfnunarefnisoxíðum, 8–10% af brennisteinsdíoxíði og 20% af koldíoxíði. Og þetta eingöngu sem viðbót ekki vegna þess sem yrði að óbreyttu heldur vegna þeirra breytinga sem gera mætti ráð fyrir sem afleiðingar af samningnum. EES-samningurinn sem bætir EFTA-ríkjunum við innri markað Evrópubandalagsins, ef staðfestur verður, mun gera þessa þróun enn óhagstæðari. Meðal sviða þar sem innri markaðurinn og Evrópskt efnahagssvæði munu hafa óhagstæð áhrif að því er varðar aukna mengun og aðrar hættur fyrir umhverfið en þau eru vissulega mörg, nefni ég hér sérstaklega eftirtalin svið:

Samgöngusviðið. Þeir þættir sem snerta það koma ljóslega fram í deilunum um aukna umferð gegnum Alpana. Deilurnar sem vörðuðu fyrst og fremst Sviss og Austurríki EFTA-megin í sambandi við samninginn.

Það eru orkumálin og hin vaxandi orkunotkun sem aukin efnahagsumsvif, samkeppni og aukin efnahagsstarfsemi og hagvöxtur mun hafa í för með sér og er ný EB-löggjöf í undirbúningi þar sem ráðgert er að skilgreina orku sem vöru og opna fyrir óhefta samkeppni á orkusviðinu. Þetta getur m.a. ýtt undir kjarnorku sem orkugjafa í mun ríkara mæli heldur en verið hefur til þessa.

Þá er það úrgangurinn, m.a. úrgangur hættulegra efna og umbúða, sem tilhneiging er til að skilgreina sem vöru og opna þannig fyrir óhefta flutninga milli landa. Þetta getur m.a. átt við um geislavirkan úrgang. Þetta hefur einmitt verið að kristallast í nýlega föllnum dómi sem Evrópudómstóllinn í Lúxemborg fjallaði um í máli sem sótt var gegn Valonia í Belgíu sem ætlaði að hindra innflutning til sín á úrgangi, m.a. hættulegra efna, og beita lögum og rétti í Belgíu í því sambandi.

Niðurstaða dómstólsins sem ekki hefur enn þá fengist þýdd á önnur mál en frönsku síðast þegar ég frétti og ég hef aðeins fengið útdrætti úr þessum dómi, en aðalatriðin virðast þau að að því er varðar hættulegan úrgang alveg sérstaklega, þá er löndunum ekki leyfilegt að setja skorður við flutningi og samningum um meðferð og eyðingu eða meðhöndlun slíks úrgangs innan svæðisins, en með venjulegt sorp og úrgang af því tagi geti þjóðarreglurnar fengið að gilda og menn geta komið vörnum við með einhverjum hætti.

En þetta á líka við um umbúðasviðið sem nú er einnig tilhneiging til að skilgreina sem vöru og opna þannig fyrir óhefta flutninga milli landa. Í sambandi við umbúðasviðið er það athyglisvert að þar hefur ekki minna ríki í Evrópubandalaginu en Þýskaland, rekið sig á það á undanförnum missirum að umhverfisráðherra Þýskaland, Töpfer minnir mig hann heita, er ekki heimilt að setja og þróa löggjöf varðandi umbúðir og skil á umbúðum eins og búið er að móta og leggja fyrir Bundestag í Þýskalandi vegna þess að það rekst á forskriftirnir frá Brussel. En þarna voru uppi hugmyndir, mjög athyglisverðar, róttækar miðað við stöðuna í dag — vonandi verða það ekki róttækar tillögur eftir einhvern tíma ef menn ná áttum — þess efnis að framleiðendum vöru sé skylt að taka við umbúðum til baka og sjá um eyðingu þeirra. Þetta er stöðvað vegna regluverksins frá Brussel. Það samræmist ekki reglum fjórfrelsisins um óheftan flutning á þessari afurð, þessari vöru: umbúðir.

Síðan eru það aukefni í matvælum og tilbúnum efnum þar sem skilgreiningar og kröfur Evrópubandalagsins eru til muna veikari en í ýmsum EFTA-ríkjum, t.d. í Noregi, þar á meðal varðandi hættuleg efni sem talið er að geti valdið krabbameini. Spurningin er sem sagt um heimildir til að nýta slík efni í framleiðslu og dreifa þeim óhindrað. Ég hef minnst á líftæknina og það stóra svið þar sem EFTA-ríkjunum er gert að yfirtaka þrjár tilskipanir EB á því sviði um notkun, dreifingu og einkaleyfi á uppfinningum á líftækniafurðum.

Umfjöllun íslenskra stjórnvalda til þessa að því er varðar umhverfis- og félagslega þætti EES-samningsins hefur verið næsta handahófskennd og yfirborðsleg. Af skýrslum og greinargerðum sem m.a. Alþingi hefur fengið frá umhvrn. mætti ætla að áhrifin væru að flestu leyti hagstæð af þessum samningi. Á nokkrum sviðum þyrfti að setja ný lög og endurskoða lagaákvæði til að uppfylla ákvæði samningsins og þar væri um jákvæð atriði að ræða. Vissulega erum við að ræða hér eitt slíkt frv. sem vart getur verið ágreiningur um að horfi til betri áttar almennt séð þó þar megi ýmsar

athugasemdir við gera varðandi ákvæði frv. í einstökum atriðum.

Hins vegar er það mjög athyglisvert að íslensk stjórnvöld knúðu í tengslum við EES-samninginn eftir því að fá undanþágu á þýðingarmiklum sviðum sem varða tilskipanir Evrópubandalagsins varðandi m.a. úrgangsefni, skolp, fráveitur og þess háttar, þætti sem snúa að sveitarfélögum í landinu sem síðan hefur gleymst að fjalla um við sveitarfélögin. Því hefur nánast ekki verið gerð nein viðhlítandi skil með hvaða hætti eigi að framkvæma innan þess aðlögunartíma sem um er samið sem mig minnir vera til 1995 eða 1996, en þar sem vissulega er um stórar upphæðir að ræða en þrifamál vissulega þar sem við þurfum að taka okkur á alveg óháð Evrópsku efnahagssvæði. Það gildir raunar um allt það sem lýtur að umhverfismálunum í einstökum atriðum að auðvitað er það málaflokkur sem við eigum að taka á og þróa út frá okkar aðstæðum og auðvitað miðað við alþjóðlega þróun af fremsta megni. Það er engin spurning.

Ég er alls ekki að vanmeta það sem frá hæstv. iðnrh. hefur komið í formi skýrslna eins og sl. vor inn á Alþingi um þetta efni en það náði bara mjög skammt og það var ekki tekið það sjónarhorn á samninginn sem vera ber þegar menn eru að líta á hann í samhengi við áhrifin á umhverfið. Þar verðum við að varðveita heildarsýn en ekki líta á einstök minni háttar mál. Það er mjög athyglisvert að einmitt núna þessa síðustu mánuði eru að hrannast upp neikvæðar vísbendingar, fyrirstaða innan Evrópubandalagsins varðandi ýmis atriði sem hafa þótt vísa til réttrar áttar. Það er t.d. farið að hóta Dönum núna í sambandi við einnota ölflöskur, eitt af því sem oft hefur verið reitt fram sem dæmi um að hægt sé að semja sig frá reglum og það sé ekki alltaf sem dómstólar dæma umhverfinu í óhag. En einnig það mál er nú í uppnámi samkvæmt fréttum sem ég hafði fyrir nokkrum vikum af því sviði. Ég hef nefnt Þýskaland og umbúðirnar sem dæmi. Þau eru mörg fleiri, það er bara spurning hvar gripið er niður.

Ef litið er til EFTA-ríkjanna þá er af nógu að taka varðandi líkleg áhrif. Ég greip hérna eitt dæmi sem er úr Aftenposten frá 1. sept. sl. sem varðar nýjar reglur um umhverfismerkingar. Þar hefur Evrópubandalagið sett sína staðla, sínar reglur, sín „dírektív" varðandi umhverfismerkingar og norska umhverfismálastofnunin, Statens forurensningstilsyn, var búin að þróa sínar reglur að þessu leyti. Þegar farið er að bera þetta saman þá rímar það ekki. Þá ganga reglurnar, sem Statens forurensningstilsyn hafði mótað á þessu sviði og ætlað að fara að ganga frá, allt of langt og verður að breyta og draga úr því sem fyrirhugað var á þessu sviði í Noregi. Þetta er aðeins eitt lítið dæmi af fjölmörgum sem tína mætti til í þann stóra poka.

Ég vísaði til þess við umræðu um samninginn að það væri fjallað um þessi efni og margir hefðu áhyggjur í Evrópu um innri markaðinn í tengslum við umhverfismálin. Ég vísaði þar m.a. í sérrit sem fréttatímaritið Der Spiegel gaf út fyrr á árinu, í apríl sl., um áhrif Evrópu án landamæra, áhrif innri markaðarins. Heitið á þessari útgáfu segir nokkuð um innihaldið, það nægir ekki eitt, það þarf að lesa það líka, en heitið er „Umhverfið í uppnámi" — „Alarm für Die Umwelt" sem áhrif af Evrópu án landamæra í formi innri markaðarins. Ég hvet hæstv. umhvrh. til að kynna sér þetta efni ef hann hefur ekki þegar gert það. Hann er fjöllesinn maður og hefur væntanlega kynnt sér það. Ég hvet hann sem og aðra sem eru að líta á þessi mál í samhengi umhverfismálanna á sérstaka úttekt sem náttúruverndarsamtök Noregs, fjölmennustu náttúruverndarsamtök þarlendis, má ég fullyrða og sem standa á gömlum merg, það eru hin klassísku náttúruverndarsamtök Noregs, þau hafa gert sína úttekt á EES-samningnum og var hún gefin út í mars sl. Þessi bók heitir „Hard start og hard landing — En miljøpolitisk analyse af EØS-aftalen" á norsku og þar er að finna mjög dapra dóma yfir þessum samningi.

Norræn umhverfissamtök funduðu hér á Íslandi ekki alls fyrir löngu, fyrir fáum vikum, og að ég held hittu þau umhvrh. að máli og ræddu m.a. þessi mál á blaðamannafundi og við umhvn. Alþingis en þau komu á fund hennar snemma í september. Þau höfðu gert ályktun um þessi efni, hún liggur því miður ekki fyrir þýdd á íslensku, hún er aðeins á norrænu máli en liggur fyrir. Í henni er lýst mörgum áhyggjum í tengslum við EES-samninginn og geta menn kynnt sér þetta efni sem vilja fara ofan í saumana á þeim málum.

Íslensk umhverfissamtök hafa fjallað um þetta, ég grip í það sem er mér nokkuð nærtækt, þ.e. Náttúruverndarsamtök Austurlands fjölluðu um þetta mál á aðalfundi sínum 23. ágúst sl. og gerðu um það stuttorða samþykkt sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Aðalfundur NAUST 1992 lýsir þungum áhyggjum vegna fyrirliggjandi samnings um Evrópskt efnahagssvæði og afleiðinga hans fyrir umhverfismál hérlendis og í alþjóðlegu samhengi. Sá hagvöxtur sem ætlunin er að ná með samningnum mun valda aukinni mengun og torveldara verður fyrir einstök ríki að marka sér framsækna stefnu í umhverfismálum. Sérstaklega varar fundurinn við þeirri hættu að útlendingar geti á grundvelli samningsins náð ítökum í auðlindum lands og sjávar og í atvinnurekstri, m.a. í ferðaþjónustu sem varðar mjög umgengni við landið. Fundurinn hvetur alþingismenn til að athuga þau ákvæði EES-samnings sérstaklega er varða umhverfismál og yfirráð Íslendinga yfir landi og auðlindum." Þetta var samþykkt Náttúruverndarsamtaka Austurlands á nýlega höldnum aðalfundi um þetta mál.

Virðulegur forseti. Ég vil ekki ganga frekar á tíma með því að fjalla um þetta mál svona í almennu samhengi þó þar sé af nógu að taka. Ég vænti að menn átti sig á áhyggjum mínum um þetta eins og þetta mál horfir til lengri tíma litið og ég tel okkur skylt að fara yfir þessi efni, einmitt horft til framtíðar.

Ég vil þó bæta því við að það er að verða æ ljósara að það spor, sem efnahagsstarfsemi iðnríkjanna er á, fær ekki staðist til lengdar á mælikvarða umhverfismálanna með tilliti til takmarkana þeirra. Það eru ekki sættanleg sjónarmið að óbreyttu og það þarf mjög mikið að gerast til þess að þar náist sú sjálfbæra þróun sem er krafa dagsins af hálfu þeirra sem ræða um

umhverfismálin þó að því miður nái þeir hinir sömu oft ekki til þess að fylgja því eftir á vettvangi stjórnmálanna og er þar þekktasta dæmið forsætisráðherra Noregs sem hefur beitt sér á alþjóðavettvangi mörgum öðrum fremur fyrir athugun og ályktunum varðandi umhverfismál, en á heimavettvangi þykir mönnum sem Gro Harlem Brundtland nái ekki að yfirfæra þær góðu áherslur á norsk stjórnmál.

Nú vil ég engan veginn gera lítið úr því að hér er hægara sagt en gert. Hér er ekkert einfalt mál á ferðinni. Hér geta menn ekki beitt einhverjum hókus-pókusaðferðum. Hér þarf mjög mikið átak, mjög róttækar breytingar á efnahagsstarfsemi til þess að snúa frá þeim feigðarvegi og þeirri feigðarsiglingu sem hér er uppi.

Það er nokkuð algengt í tengslum við þessa umræðu að stjórnmálamenn í Vestur-Evrópu vísi til þeirrar stöðu sem uppi var og er í Austur-Evrópu og segja: Þetta er nú harla gott hjá okkur miðað við ósköpin sem þar voru. Það er alveg rétt að staða umhverfismála og útkoman í þeim búskap, sem þar var þangað til undirstöður hrundu fyrir skömmu síðan, er Vestur-Evrópu vissulega í hag, litið á stöðuna í nútíð, en það breytir engu um hitt að horft til framtíðar þá gengur dæmið ekki upp. Það var auðvitað engin megineðlismunur á framleiðslustarfsemi hins ríkisknúða miðstýrða kerfis Austur-Evrópu og framleiðslustarfsemi iðnríkja þar sem fjölþjóðafyrirtækin eru ráðandi afl að því er snertir umhverfisþættina og áhrif. En auðvitað er skylt að læra af hvoru tveggja og líta á hvort tveggja í heild sinni og það getur tengst því frv. sem hæstv. umhvrh. mælir fyrir, sem ég vil taka undir almennt séð þó ég muni gera ýmsar athugasemdir við málið í nefnd. Ég tel að margt þurfi að skoða í þessu frv. áður en það kemur til afgreiðslu.

Virðulegur forseti. Ég vil þá snúa mér að athugasemdum sem varða nokkrar greinar frv. og ég vil taka þær út frá því eins og það liggur fyrir. Það er varðandi 3. gr. og spurninguna um það ákvæði að upplýsingarnar sem veita ber samkvæmt frv. ná ekki lengra en til þess tíma sem lögfest er. Þetta er álitamál. Ég vil ekki segja að það sé hægt að kveða upp úr um það nákvæmlega í lögum til hve langs tíma megi seilast varðandi upplýsingar litið til baka, en ég tel að það þurfi að staldra við þetta ákvæði að því er snertir upplýsingaskyldu stjórnvalda.

4. gr. er kannski sú grein þar sem spurningarmerkin eru flest. Þar eru heimildir til að synja beiðni um upplýsingar sem varða umhverfismál og tiltekin einstök atriði sem það varða, þ.e. í fyrsta lagi öryggi ríkisins og varnarmál, það eru alþjóðasamskipti og svo í c-lið eru það mál sem eru í rannsókn eða á frumstigi rannsóknar hjá stjórnvöldum. Hér er þáttur sem að mínu mati þarf skoðunar við. Það geta vel verið ástæður til þess að þarna þurfi að hafa einhver viðmiðunarmörk, en hitt er jafnljóst að það er einmitt þörf á því að fá upplýsingar um mál sem snerta umhverfi og umhverfisáhrif þegar á frumstigi. Því fyrr því betra, almennt séð. Það getur verið til bölvunar upp á framhaldið ef stjórnvöld skirrast við og telja sig hafa lögvernd gegn því að veita upplýsingar í krafti svona lagafyrirmæla og hugsanlega lokunar á grundvelli þeirra.

D-liðurinn vísar til þess að öryggi almennings verði ekki skert. Það má sem sagt neita upplýsingagjöf ef það geti haft þau áhrif að öryggi almennings verði skert. Það er ekki gott að átta sig á því hvað í rauninni þarna getur verið um að ræða í þessu sambandi og þarf athugunar við, finnst mér.

Síðan kemur e-liðurinn þar sem segir: „Mikilvæga viðskiptahagsmuni stjórnvalda, einstaklinga og fyrirtækja að meðtöldum hugverkarétti nema með samþykki viðkomandi." Varðandi viðskiptahagsmunina er það vissulega svið þar sem menn geta þurft að ná einhverri málamiðlun en þarna þarf líka að gæta þess að loka ekki um of á. Þarna er því mál sem þarfnast sérstaklega athugunar áður en menn festa reglur.

Í f-lið, sem varðar úrslit mála sem enn eru á undirbúningsstigi, er líka svið þar menn þurfa að átta sig á því hvar á að draga mörkin.

Svo kemur í upptalningurinni h-liður, umhverfisvernd, þ.e. að heimilt sé að synja beiðni um upplýsingar ef upplýsingagjöfin getur haft áhrif á umhverfisvernd. Ég bið hæstv. umhvrh. að hjálpa mér að skilja hvað átt er við í þessum fyrirmælum sem þarna er gerð tillaga um. Ég næ ekki að lesa þetta saman svo að vit fáist úr en kannski eru þarna tiltekin atriði sem ráðuneytið hefur haft í huga sem þarf nánari skýringar þannig að skiljanlegt sé.

Gert er ráð fyrir því að skylt sé að rökstyðja synjun ef beiðandi óskar. Þetta eru dálítið sérkennileg fyrirmæli í lagagreininni. Mér finnst almennt séð að það ætti að rökstyðja synjun án þess að sérstök beiðni komi um það og þurfi að knýja á um rökstuðning. Það finnst mér síðaðra manna háttur en hversu langt er gengið í rökstuðningi er þá matsatriði þeirra sem eru að verja sig, í þessu tilviki viðkomandi stofnun eða ráðuneyti.

5. gr. er um það hvert aðili geti leitað sem óskað hefur eftir upplýsingum ef beiðni þar að lútandi er synjað. Þar er eitt og annað sem er umhugsunarefni því að greinin er þannig:

„Nú telur aðili að synjun samkvæmt 4. gr. sé ekki studd gildum rökum og getur hann þá, ef ráðherra á ekki sjálfur í hlut, skotið máli til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að honum var kunnugt um synjunina." Þarna er vísað til mála þar sem ráðherra á ekki sjálfur í hlut og mun sennilega átt við stofnanir undir ráðuneytum en þó er þetta dálítið torskilið eins og þetta liggur fyrir. Það er spurning hvernig á að skilja fornafnið „honum", það virðist vísað til umhvrh. og einhvers tímafrests frá því að honum var kunnugt um synjunina. Nú hafði ég litið svo á að slíkar synjanir færu í gegnum ráðuneytið og ráðherra ætti í rauninni að vera kunnugt um það jafnóðum en kannski er þetta hugsað með öðrum hætti og síðan eru það svið utan valdsviðs iðnaðarráðuneytis sem heyra undir aðra ráðherra. Því skal skjóta til viðkomandi ráðherra. (Gripið fram í.) Sagði ég iðnaðarráðuneytis? Ég biðst velvirðingar ég átti við umhverfisráðuneytið. En hér er verið að fjalla um sem sagt önnur svið er heyra undir umhvrn. þannig að í seinni málsl. 5. gr. og ber sam-

kvæmt orðanna hljóðan að skjóta því til viðkomandi ráðherra sem er annar en umhvrh.

Ég spyr hæstv. ráðherra að því hvort athugað hafi verið að setja hugsanlega upp einhvern aðila, einhvers konar kærunefnd eða slíkan aðila, til að fjalla um mál af þessum toga og leggja það í vald kærunefndar eða sérstakrar nefndar sem um fjallaði til þess að fría ráðherrana frá því að vera að dæma nánast í eigin sök, að fjalla um mál með þessum hætti. Þetta er gert á ýmsum málasviðum. Ég nefni t.d. jafnréttismálin og sérstakar kærunefndir sem þar hafa verið settar á laggirnar og mér finnst að það beri að athuga í tengslum við þetta mál

Skv. 6. gr. er heimild til að taka gjald fyrir þjónustu: „Nú óskar aðili upplýsinga sem ekki eru fyrirliggjandi en talið er rétt að láta í té og er þá stjórnvaldi sem í hlut á heimilt að taka gjald fyrir slíka þjónustu." Þetta er álitamál og getur verið nokkuð vandmeðfarið. Þegar litið er á skýringar við greinina, er orðalagið þannig: Lagt er til í 6. gr. frv. að heimilt verði að taka gjald fyrir upplýsingagjöf. Heimild þessi á fyrst og fremst við, eins og orðalag greinarinnar ber með sér, ef veittar eru upplýsingar sem ekki eru þegar fyrirliggjandi. Þetta er mjög óákveðið, þetta er mjög teygjanlegt og þarna er svið þar sem umhvrn. mun verða undir þrýstingi af hálfu fjármálayfirvalda, að taka gjöld fyrir veitta þjónustu. Því spái ég ef að líkum lætur um þróun þeirra mála að það sé því nauðsynlegt að hafa sem skýrust mörk og skýrust ákvæði að þessu leyti.

7. gr. varðar kynningarstarf fyrir almenning um hvaðeina sem lýtur að þekkingu á umhverfismálum. Þetta er sannarlega góðra gjalda vert. Þarna er hins vegar mjög almennt að orði kveðið og væri mjög æskilegt að negla þetta með einhverjum hætti, bæði efnislega og að því er varðar þá fjárveitingar til þessara mála. Það er einmitt á þessu sviði sem hefur verið klipið hvað mest og minnst hefur orðið afgangs hjá aðilum eins og Náttúruverndarráði sem hafa lögum samkvæmt kvaðir í þessu efni en þar sem lítið hefur verið um aurana þegar til kastanna hefur komið og varðar þetta þá mjög þýðingarmikinn þátt þar sem er fræðsla og upplýsingar, kynningarstarf um umhverfismálin.

8. gr. snertir skýrslugjöld sem verið er að lögbjóða að ráðherra birti um ástand og þróun umhverfismála á Íslandi á þriggja ára fresti og taki inn í það einnig frá öðrum ráðuneytum eða frá öðrum stjórnvöldum eftir því sem ástæða er til hverju sinni.

Þetta er kannski ekki þörf á að fjalla mikið um við 1. umr. Þó sýnist mér álitamál hvort þarna sé ekki of langt á milli að ætla að vera með skýrslugjöf á þriggja ára fresti um þennan þátt. Ég tel í rauninni að það þurfi að taka þennan þátt inn sem alvörumál í tengslum við áætlanir viðkomandi árs, í tengslum við fjárlagagerð hvers árs og vísa þar m.a. til þess sem er viðtekin regla hjá nágrönnum okkar í Noregi þar sem fjallað er um svið umhverfismálanna í heild sinni, ekki bara varðandi umhvrn. heldur einnig varðandi önnur fagráðuneyti og lagt mat á stöðuna í greinargerð með fjárlagafrv. Þá er það í samvinnu umhvrn. og fjmrn. sem slíkt gerist. Þetta tel ég til fyrirmyndar og þetta bið ég hæstv. ráðherra að íhuga í samvinnu við þingnefnd, hvort ekki væri ástæða til að setja einmitt ákvæði að þessu leyti inn í þetta frv. áður en það kemur úr nefnd. Mér finnst mjög freistandi að gera það og ég tel að þriggja ára skýrslugerð til þingsins um þróun á þessu sviði sé í rauninni ekki það sem við eigum að lögfesta, það sé ómarkvisst og geri ekki það gagn sem er þó væntanlega hugsunin á bak við þessa tillögu.

Mörgu fleiru gæti verið þörf á að víkja að hér, en ég ætla ekki, virðulegur forseti, að lengja mál mitt um frv. Ég vil þó segja að þetta mál á auðvitað að skoða algerlega óháð samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Þetta snertir í rauninni þann samning aðeins með óbeinum hætti. Þetta er nauðsynjamál sem þarf að taka á hér á Alþingi alveg óháð þeim samningi. Og hvað sem verður um örlög hans þá þarf Alþingi að setja lög og reglur. En þetta minnir auðvitað á að það vantar almenna upplýsingaskyldu og löggjöf um almenna upplýsingaskyldu Stjórnarráðsins og ráðuneytanna og það er mál sem búið er að auglýsa eftir lengi á Alþingi og virðist vera mjög djúpt á en vissulega er þörf á að minna á í tengslum við þetta frv. sem er að lögbjóða ákveðnar skyldur á umhvrn. þar sem vantar reglur fyrir ýmis önnur ráðuneyti að því er varðar sama svið.

Ég veit það að hæstv. ráðherra hefur áhuga á því að gera sem best á þessu málasviði sínu. Honum er þröngur stakkur skorinn fjárhagslega, allt of þröngur stakkur eins og hann birtist okkur í fyrra, og ég vona að það megi ná lögfestingu á þessu máli óháð þessum EES-samningi og fleiri málum sem ráðherrann kann að leggja fram í þinginu eftir vandlega athugun í þingnefnd og ég vil stuðla að því að svo geti orðið og eiga sem besta samvinnu við ráðuneyti umhverfismála um þau efni eftir því sem ástæður bjóða.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir það með hv. síðasta ræðumanni að ástæða hefði verið til þess að ræða samninginn um Evrópskt efnahagssvæði sérstaklega með tilliti til umhverfismála. Ég hef saknað þess að það hefur því miður ekki verið gert nægjanlega á þessu þingi. Ég hef ekki haft tækifæri til að ræða þann þátt sérstaklega, þ.e. ég hef ekki getað rætt það við hæstv. ráðherra og hefði mér þótt eðlilegt að þar sem við ræðum hérna þetta fyrsta frv. sem ráðherrann leggur fram á sviði umhverfismála að þá hefði verið mjög verðmætt að fá nokkra umræðu um samninginn í heild á sviði umhverfismála.

Ég hef lengi haft nokkrar áhyggjur af þessum samningi og gert ýmislegt til þess að kynna mér mál að því er hann varðar. Ég hef m.a. aflað mér upplýsinga um það hvernig staðið var að málum annars staðar. T.d. höfðu Norðmenn frumkvæði að því er varðaði kröfur í umhverfismálum og EFTA var með ákveðnar kröfur í upphafi um þessi mál og þar með auðvitað Ísland. Ég fór í því sambandi ásamt fleirum til viðræðna við umhvrn. í Ósló í ágúst árið 1991 þar sem aðeins var far-

ið í gegnum þessi mál. Það sem vekur kannski athygli þegar farið er að rifja upp það sem þar kom fram er hversu margt af því gekk eftir sem fulltrúar óttuðust sem við ræddum við í umhvrn. í Ósló. Þeir lýstu áhyggjum sínum vegna þess að strax í júní 1990 var fallið frá öllum undanþágukröfum EFTA sem settar voru fram í upphafi, þ.e. að um varanlegar undaþágur yrði að ræða að því er varðaði kröfur í umhverfismálum. Þetta þótti þeim mjög miður og auðvitað þykir mér það einnig mjög miður að ekki skuli vera nein ákvæði í EES-samningi að því er varðar umhverfismál sem eitthvert hald er í. Þá er hætt við því, ef af þessum samningi verður, að umhverfismál eigi undir högg að sækja innan stjórnkerfisins í ríkjum EES.

Ég vil, virðulegur forseti, taka fram að ýmislegt er í þessum reglum, sem við skuldbindum okkur með þessum samningi til að taka yfir, sem er mjög jákvætt. Ég gæti nefnt t.d. þetta frv. sem við ræðum hér um og ég tel af hinu góða að umhvrn. hafi samið og komið með inn í Alþingi. Auðvitað hefði þurft að gera eitthvað í þessum dúr fyrir löngu. Samningurinn hefur auðvitað þau áhrif að stjórnkerfið hér drífur sig í að gera ýmislegt sem hefði átt að gera fyrir löngu og er mjög slæmt að það skuli þurfa erlenda aðila til þess að reka okkur áfram að gera svo sjálfsagða hluti sem þetta.

Það sem er kannski erfiðast í þessu öllu saman er að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði gerir í raun og veru ekkert með umhverfismál, þ.e. engin bindandi ákvæði eru í honum um umhverfismál. Það er einungis yfirlýsing í upphafi samningsins í formálsorðunum. Mér þótti dálítið merkilegt að uppgötva að strax í fyrra, árið 1991, voru samningamenn EFTA búnir að gera sér grein fyrir því að umhverfismál mundu ekki eiga upp á pallborðið í þessum samningi og sögðu þá strax við okkur að þeir óttuðust að þetta yrði allt sett út fyrir og einungis yrði um einhver almenn orð að ræða og því miður hefur það orðið raunin. Það eru engin bindandi ákvæði. Þetta er auðvitað mjög sorglegt og erfitt til þess að hugsa að við séum að hugsanlega að gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði og aðilar að innra markaði Evrópubandalagsins og rýra þar með möguleika okkar til þess að hafa hér framsækna stefnu í umhverfismálum, en sú stefna sem er fylgt í hinu Evrópska efnahagssvæði miðar öll að því að efnahagskerfið fái að njóta sín og að lítið tillit verði tekið til umhverfissjónarmiða.

Í samningnum er greinilega tekið fram að ekkert megi gera í umhverfismálum sem komi í veg fyrir frjáls vöruviðskipti og einmitt það atriði mun gera það að verkum að það mun verða mjög erfitt fyrir okkur að setja hér ákvæði sem ég tel mjög nauðsynleg að því er varðar umhverfismál, þ.e. að setja hér ákvæði í lög sem gefur okkur möguleika á að breyta á einhvern hátt því neyslumynstri sem er ríkjandi hér á landi sem annars staðar. Þetta þykir mér vera mjög miður varðandi þennan samning.

Ég minntist áðan á það að ýmis ákvæði væru jákvæð og það vildi ég einnig endurtaka en því miður eru ýmis ákvæði sem samningurinn tekur til sem Ísland hefur undanþágu frá. Það eru ákvæði sem talin eru upp í þessum samningi sem við höfum undanþágu frá til 1. jan. 1995. Þar er aðallega um að ræða losun ýmissa efna út í vatn, hreinsun skolps frá þéttbýli, viðmiðunarmörk fyrir loftgæði, losun efna út í andrúmsloftið og kannski eitthvað fleira. En það sem vekur athygli er að einmitt þessi ákvæði koma mjög við sveitarfélögin og hefði verið mjög fróðlegt að vita hvaða kostnaður mundi falla á sveitarfélögin frá 1. jan. 1995 ef þau geta uppfyllt ákvæðin sem þessi samningur mun leggja á þau ef hann verður staðfestur á Alþingi.

Ég ætla mér ekki að hafa fleiri almenn orð um samninginn hér, virðulegur forseti, þó að þess hefði auðvitað verið þörf. Auðvitað hefði þurft að ræða almennt um umhverfismál á Íslandi sem og umhverfismál í tengslum við þennan EES-samning, bæði miklu lengur og betur og vænti ég þess að okkur muni gefast tækifæri til þess síðar á þinginu og áður en þessi samningur verður kominn til endanlegrar afgreiðslu því að það er mjög nauðsynlegt að við ræðum hann í sambandi við umhverfismál.

Ég minni einmitt á það að ýmis umhverfissamtök hafa lýst miklum áhyggjum sínum vegna þessarar þróunar en ég vil þó leggja áherslu á að alþjóðasamvinna er nauðsynleg í umhverfismálum, bæði samvinna við EB-ríkin og aðra og við Íslendingar höfum verið mjög aftarlega á merinni á ýmsum sviðum umhverfismála og þurfum að taka okkur á í þeim efnum, en því miður óttast ég að aðildin að Evrópsku efnahagssvæði muni ekki verða okkur til framdráttar á þessu sviði.

Frv. sem við ræðum er á margan hátt mjög gott og jákvætt. Ég hef þó ýmsar athugasemdir við það og spurningar. Ég ætla ekki að endurtaka það sem hv. 4. þm. Austurl. kom að þar sem ég hnaut um mörg þau sömu atriði og hann nefndi. 4. gr. frv. er mjög opin og ef hún væri túlkuð mjög þröngt mundi það í raun leiða til þess að hægt væri að neita fólki um upplýsingar um hvaðeina sem um væri að ræða. Ég set því spurningarmerki við þá grein og hversu mikið vald er raunverulega sett í hendur þeirra sem um upplýsingar eru beðnir, að geta neitað fólki um upplýsingar. Það sama á við um 6. gr. þar sem talað er um að upplýsingar verði ekki látnar í té nema gegn greiðslu, þ.e. ef þær eru ekki fyrirliggjandi. Það er viðbúið að mjög lítið af upplýsingum liggi fyrir í því formi að hægt sé að rétta þær beint yfir diskinn og það þurfi að leita að upplýsingunum. Þess vegna set ég ákveðið spurningarmerki við það að skilgreina þurfi nokkru nánar hvenær krafist er greiðslu og hvenær ekki.

Ég tel einnig óþarft að hafa 10. gr. eins og hún er orðuð og ég tel það til bóta ef hægt er að gera frv. örlítið skýrara. Ég vil taka fram að þó að frv. verði samþykkt óbreytt, þá finnst mér óeðlilegt að eingöngu sé miðað við að það taki gildi þegar samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði öðlast gildi, ekki síst í ljósi þess sem kom fram í máli hæstv. ráðherra og kemur fram í greinargerðinni hér, að í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar kemur fram sú stefnumörkun sem í frv. felst. Það þarf ekki neitt að vera því til fyrirstöðu að frv. verði gert að lögum óháð því hvort af samn-

ingnum um Evrópskt efnahagssvæði verður.

Það er aðeins ein fyrirspurn í viðbót. Það fór þannig fyrir mér þegar ég fór að lesa frv. með XX. viðauka, sem vitnað er til í athugasemdum við frv., þ.e. tilskipun 90/313/EBE, að tilskipunina fann ég hvergi í þessum viðauka. Það getur vel verið að ég hafi flett fram hjá henni en ég ætlaði að skoða þetta í samhengi, kannski mest til þess að finna út nánari útfærslu á þessum greinum og það sem ég var í mestum vafa með, helst 4. gr. Þá lenti ég í því að ég fann þetta hvergi en ég hefði gjarnan viljað finna þessa tilskipun í viðauka XX sem þarna er vitnað til.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. góðar undirtektir við meginefni frv. enda þótt afstaða beggja hv. þm., sem hér hafa talað, til málsins í heild hafi nokkuð mótast af því að þau eru mjög andvíg þeim samningi um hið Evrópska efnahagssvæði sem þetta mál tengist.

Ég ætla að svara fyrst síðustu spurningu hv. þm. Kristínar Einarsdóttur varðandi tilskipun ráðsins. Ég hef ekki við höndina þau gögn sem hún var að vísa til en ég er með hér íslenska þýðingu á tilskipun ráðsins frá 7. júní 1990, um frjálsan aðgang að upplýsingum um umhverfismál, tilskipun 93/313/EBE. Hún er henni tiltæk, ljósrituð í íslenskri þýðingu. Hún er því finnanleg þótt hún hafi kannski ekki verið á þeim slóðum nákvæmlega sem hv. þm. leitaði á. Um það skal ég ekki segja fleira á þessari stundu, þar sem ég hef ekki kynnt mér það á þeim skamma tíma sem liðinn er síðan hún bar fram sína spurningu.

Virðulegi forseti. Það voru gerðar nokkrar beinar athugasemdir við efnisatriði í frv. enda þótt hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ræddi lengst af um málið almennt. Ég skal í upphafi míns máls leitast við að svara þeim beinu spurningum sem fram voru bornar.

Í 3. gr. gerði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson þá athugasemd við efnisatriði í 2. mgr. að frv. sé takmarkað við upplýsingar sem tiltækar verða eftir að lög þessi öðlast gildi. Hér er fyrst og fremst verið að staðfesta þá almennu reglu að lög eru yfirleitt ekki afturvirk. Það er hin almenna regla og það er mjög erfitt að setja lög á þessari stundu aftur í tímann um öll þau atriði sem um hefur verið fjallað í stjórnkerfinu um umhverfismál. Ég hygg að hv. þm. muni við nánari athugun fallast á að slíkt er í rauninni ekki tækt og ekki mögulegt. Ég geri ekki ráð fyrir því að ef slíkar upplýsingar eru aðgengilegar og tiltækar hafi stjórnvöld sérstaka ástæðu til að hafna því að þær séu fram reiddar.

Varðandi annað atriði sem um var spurt og varðar 4. gr., h-lið, þ.e. hvenær heimilt er að synja beiðni um upplýsingar sem varða umhverfismál að einhverju eða öllu leyti ef upplýsingalöggjöfin getur haft áhrif á þau atriði sem þar eru nánar tilgreind. Ég skýrði raunar í framsöguræðu minni h-liðinn með því dæmi að ef óskað væri upplýsinga um varpstaði íslenska arnarins, arnarstofnins, gætu þær upplýsingar auðvitað haft neikvæðar afleiðingar á umhverfisvernd. En ég skal fúslega á það fallast að þetta mætti orða skýrar. Það skal viðurkennt. Raunar var það svo í frv. í þeirri mynd sem var lagt fyrir síðasta vor að þá var þetta orðað á þann veg: „Ef hætta er á að upplýsingar geti aukið líkur á umhverfisspjöllum.“ Það er í rauninni það sem átt er við og er sjálfsagt að óska eftir að nefndin taki upp hið fyrra orðalag.

Hv. þm. spurði varðandi 5. gr. hvort um það hefði verið rætt eða lagt til að sérstök kærunefnd eða einhvers konar dómstóll, úrskurðaraðili, yrði settur á laggirnar. Svarið við því er að ekki hefur verið um það rætt og talið eðlilegra að samkvæmt okkar stjórnsýsluvenjum, að því er varðar kæru um synjun stjórnvalds sem heyrir undir aðra ráðherra, skuli það vera viðkomandi ráðherra sem úrskurðar í því máli. Ég hygg að það sé í fullu samræmi við okkar venjur. En auðvitað gæti hitt líka komið til greina. Ég lýsi þeirri skoðun minni að það er ekkert sem útilokar það ef menn velja þá leið en er kannski meira fallið til þess að auka skrifræði og umstang í stjórnsýslunni að fara þá leiðina.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vék einnig mjög að því hvernig þessum málum er fyrir komið og háttað í Noregi. Ég get tekið undir það með honum að margt er þar til fyrirmyndar og er kannski ólíku saman að jafna því norska umhvrn. hefur starfað í 20 ár. Okkar umhvrn. hefur starfað í tvö ár. Norðmenn voru, að ég hygg, fyrstir þjóða til að stofnsetja sérstakt ráðuneyti umhverfismála og þar hafa mál þróast með mjög athyglisverðum hætti. Umhvrn. þar hefur í samvinnu við önnur ráðuneyti ítök og fjallar um umhverfisþætti þeirra mála sem önnur ráðuneyti sýsla um. Ég held að þetta sé um margt skynsamlegt vinnulag og hafi gefið góða raun í Noregi. Hitt er svo líka rétt að þar hafa menn langtum rýmri fjárráð, t.d. sýnist mér að nú um stundir sé það þannig að einungis til fræðslu- og kynningarmála hafi norska umhvrn. hátt í þrefaldað þá upphæð sem allur rekstur umhvrn. hér kostar, þ.e. allur rekstur aðalskrifstofu ráðuneytisins. Það er því ólíku saman að jafna. Hér hafa komið fram hjá hv. þm., sem hafa talað, gagnlegar athugasemdir og ábendingar sem hv. umhvn. tekur áreiðanlega til skoðunar og ég segi það í trausti þess að þeir þingmenn, sem hér hafa talað, eiga þar báðir sæti.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir spurði um kostnað sveitarfélaganna vegna þeirra auknu krafna sem gerðar eru til dæmis varðandi skolpræsi og frárennsli. Því er til að svara að sú tala liggur ekki á lausu en hún er há. Því er við að bæta að á vegum umhvrn. er unnið að sérstakri úttekt á því máli í góðu samráði við sveitarfélögin og ég á von á því að þeir sem að því vinna muni skila áfangaskýrslu hinn 15. næsta mánaðar eða þar um bil og að þá liggi fyrir nokkuð ítarlegri upplýsingar um málið. Hitt er ljóst að ýmis sveitarfélög hafa þegar gert misjafnlega nákvæmar áætlanir um kostnað því samfara að koma þessum málum í lag. Hann er auðvitað mestur í þéttbýlinu og þar er þegar verið að vinna að þessum málum með allmyndarlegum hætti þótt auðvitað megi þar betur gera eins og alls staðar í þessum efnum. Þar skiptir kostnaðurinn milljörðum. Dæmi eru um fámenn sveitarfélög þar sem

þessi kostnaður er á annað hundrað milljóna kr. Sums staðar er hann miklu lægri, skiptir kannski fáeinum tugum milljóna.

Ég ætla, virðulegi forseti, af fara að lokum nokkrum almennum orðum um þetta mál. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kvartaði undan því að umræðan væri ekki *sett í almennt samhengi.*

Ég vil greina frá því að í umhvrn. er verið að vinna að ítarlegri skýrslu, sem verður tilbúin í október, um allar þær skuldbindingar sem aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu hefur í för með sér á þessum sviðum. Þar verður fjallað um allt það sem setja þarf í lög og reglugerðir hér á landi varðandi þau efni. Ég vona að sú skýrsla verði tæmandi og hún er að sjálfsögðu tilefni til almennra umræðna um þennan þátt málsins, þegar hún verður hér lögð fram, sem ég vona að verði ekki mjög langt að bíða. Ég bind vonir við, eins og ég áður sagði, að hún verði tilbúin í síðari hluta næsta mánaðar.

Mér þótti hins vegar nokkurs misræmis og ósamræmis gæta í málflutningi hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar þegar hann talaði um það að aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu sé okkur ekki til góðs að því er umhverfismál varðar. Ég er honum ósammála um það vegna þess að því miður er það svo, og það er sú *staðreynd sem við verðum að játa,* kannski ekki kinnroðalaust heldur með nokkrum kinnroða, að við höfum dregist aftur úr á ýmsum sviðum þessara mála og satt að segja ekki sinnt þeim, látið þau reka á reiðanum þannig að í sorpförgunarmálum og frárennslismálum sérstaklega erum *við verulegir eftirbátar annarra* þjóða. Það er miður. Með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði göngumst við undir auknar skuldbindingar í þeim efnum sem við hefðum vissulega sjálf átt að vera búin að taka upp fyrr.

Ég vil líka nefna það, sem hann ræddi í alllöngu máli, að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði mundi almennt vera neikvæður á vettvangi umhverfismálanna. Hann mundi hafa í för með sér vaxandi orkunotkun, vaxandi efnanotkun af ýmsu tagi og vera í flestu tilliti, að mér skildist á máli þingmannsins, til bölvunar fyrir hreina náttúru og hreint umhverfi.

Ég held að það aukna frelsi í samskiptum þjóðanna sem þessi samningur hefur í för með sér muni vera til góðs í umhverfismálum. Ég er sannfærður um það að hið blandaða og frjálsa hagkerfi er miklu vænlegra til verndar umhverfinu en hið miðstýrða hagkerfi kommúnismans sem nú hefur beðið skipbrot og hefur skilið *eftir sig slíkt ástand í umhverfismálum að með ólíkindum er.* Kannski er kommúnisminn mesta umhverfisslys sögunnar og ekki kannski, heldur er miðstýringin mesta umhverfisslys sögunnar, þar sem allt kapp var lagt á framleiðslu, aukna framleiðslu, af fullkomnu tillitsleysi gagnvart náttúrunni, náttúruverðmætum, auðlindum, heilsu og hollustu borgaranna. Það er því miður að sumu leyti, þótt það sé kannski gróf samlíking, eins og lokið hafi verið tekið af öskutunnu sem lengi hefur verið lokuð og yfirfull þegar skoðað er ástandið í umhverfismálum í Austur-Evrópu þar sem kommúnisminn réði ríkjum, kommúnisminn sem átti sína ötulu talsmenn á hinu háa Alþingi og íslensku þjóðfélagi þótt þeim fækki óðum sem við það vilja lengur kannast.

Það vill svo til að sá sem þetta mælir er nýkominn af fundi norrænna umhverfisráðherra sem haldinn var nýrst í Noregi, í Kirkenes, og til þess fundar kom umhverfisráðherra Rússlands. Hann bauð norrænum starfsbræðrum sínum að halda fundinum áfram í Rússlandi og bauð þeim að skoða iðjuverið í Nikel, sem er um 40 km frá Kirkenes, og fleiri staði þar. Þar er bræddur málmurinn nikkel sem *finnst í grjóti þar um slóðir.* Satt best að segja er sú lífsreynsla og sú upplifun sem fylgir því að skoða þessa gullkvörn fyrrum Sovétríkjanna, nú Rússlands, sem þessar verksmiðjur eru, með því ömurlegasta og skelfilegasta sem ég hef upplifað og ég var, held ég, ekki einn um þá skoðun. Á um 300 ferkílómetra svæði í kringum þessa málmbræðslu, sem lengi hefur verið starfrækt, er allur gróður dauður. Norðmenn og Finnar sem eiga sameiginleg landamæri með Rússlandi hafa auðvitað gríðarlegar áhyggjur af þessu og hafa boðið fram verulegt fjármagn til að bæta úr. En því miður er ástandið þarna þannig og ástand og ásjóna þessarar verksmiðju og þessa reksturs með þeim hætti að það hvarflar að manni að ódýrast væri sennilega að jafna það allt við jörðu. Staða þess máls er raunar sú að þetta veldur mikilli mengun í norðurhéruðum Svíþjóðar, Noregs og Finnlands og súru regni sem þar hefur valdið gífurlegum spjöllum og Rússar telja að Norðurlöndin þurfi að leggja fram enn meira *fjármagn til þess að bæta úr þessu umhverfisslysi* kommúnismans. Okkur var jafnframt sagt á þessari slóð að ástandið þarna væri ekkert einsdæmi, þetta væri almennt svona í flestum námabæjum sem eru fleiri þarna. Um það skal ég ekki hafa öllu fleiri orð, virðulegi forseti. Ég held að á heildina litið muni þessi samningur hafa jákvæð áhrif í umhverfismálum.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson talaði um afsal sjálfsákvörðunarréttar. Ég held að við ættum að hafa það í huga að sjálfsákvörðunarréttur þjóðanna gildir bara ekki í umhverfismálum nema að takmörkuðu leyti. Mengunin virðir ekki landamæri. Við ráðum ekki bót á þeim gífurlega vanda sem við er að etja í umhverfismálum nema með samvinnu þjóðanna og samvinna þjóðanna felur jafnan í sér að menn láta af hendi einhvern rétt til þess að öðlast annan betri. Ef hver þjóð ætlar að halda til streitu sínum ýtrasta sjálfsákvörðunarrétti varðandi rekstur iðjuvera og annað það sem leiðir til spillingar andrúmslofts eða sjávar erum við á rangri braut. Þess vegna er fullkomlega rangt að nálgast þessi mál út frá einhverju þröngu og mér liggur við að segja löngu úreltu hugtaki og skilgreiningu á sjálfsákvörðunarrétti. Við getum ekki náð árangri í umhverfismálum nema með samvinnu þjóðanna og með því að menn láti af *ýtrustu kröfum í sumum tilvikum* sjálfum sér til handa. Þetta er eðli umhverfismálanna nú um stundir, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, og ég tek fyllilega undir þau orð sem þingmaðurinn lét falla um það hversu mikil alvörumál umhverfismálin eru. Hann gerði hér líka að umtalsefni ráðstefnuna sem

haldin var í Rio de Janeiro. Ég bind að vísu meiri vonir en hann gerði við það að hún muni skila okkur árangri og skila okkur fram á við á þessum örðuga vegi þar sem vissulega eru margar hindranir og margir vegartálmar. Það er ekki auðveld leið. Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í haust mun væntanlega skýrast frekar hvert framhaldið verður. Það mun líka skýrast núna eftir helgina á fundi í París, þar sem undirritaður verður nýr sáttmáli um varnir gegn mengun Norðaustur-Atlantshafsins, hverja stefnu þessi mál taka í framtíðinni.

Ég hygg að okkur hv. þm. Hjörleif Guttormsson greini kannski ekki svo mikið á í þessum efnum þegar öllu er á botninn hvolft þó að við höfum svo ólíkar áherslur um sumt því ekki efast ég um hans góða vilja í þessum málum og raunar mikla áhuga og þekkingu á þeim.

Ég held, virðulegi forseti, að ég hafi svarað þeim fyrirspurnum sem til mín var beint og ég tek undir það sem hv. þm. sögðu báðir að frv. er til bóta. En ég skal líka jafnframt taka undir það að í því má áreiðalega finna einstök atriði sem samkomulag getur orðið um að betur megi fara.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tilefni af ræðu hæstv. umhvrh. vil ég aðeins minna á að í greinargerð frv. til breytinga á stjórnarskránni um framsal einhvers hluta ríkisvalds til fjölþjóðlegrar stofnunar, þar sem gert er ráð fyrir að aukinn meiri hluti á Alþingi geti framselt vald til fjölþjóðlegrar stofnunar, er komist þannig að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessu sambandi má einnig nefna væntanlega alþjóðasamninga í umhverfismálum sem ætla má að geri ráð fyrir yfirþjóðlegu valdi ef tilætlaður árangur á að nást á svo mikilvægu sviði."

Það er alveg ljóst að flutningsmenn þessarar breytingar á stjórnarskránni gera sér grein fyrir því að aðgerðir í umhverfismálum krefjast þess að íslenskt ríkisvald sé framselt til alþjóðlegra stofnana.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir hans þátt í umræðunni í seinna skiptið því að hæstv. ráðherra vék bæði að athugasemdum sem hér hafa komið fram varðandi frv. og er engan veginn lokaður fyrir því að þar megi ráða bót á vissum atriðum. Mér finnst kannski stærsta málið af því sem nefnt var af minni hálfu vera varðandi 5. gr., sem snertir aðfinnslur og ágreining um viðbrögð við kröfu um upplýsingar og hvernig með þær skuli farið. Það þarf auðvitað að gaumgæfa hvernig á því verði tekið.

Ég held ég fari rétt með það að í Danmörku er í tengslum við umhverfismálin mjög víða beitt nefndum, nefndakerfi, kærunefndum eða sérstökum úrskurðaraðilum um umhverfismál. Ég vil ekki fullyrða að það sé endilega til fyrirmyndar á öllum sviðum, ekki að óathuguðu máli, en ég tel að þetta sé kærkomið tilefni fyrir umhvn. og þingið til að líta á þessi efni.

Að því er snertir 3. gr. og það sem ráðherrann nefndi þar um afturvirkni, þá hitti hæstv. ráðherra kannski ekki alveg naglann á höfuðið með það. Hér er í rauninni verið að innleiða nýja siði varðandi upplýsingaskyldu stjórnvalda á sviði umhverfismála. Það vantar á fjölmörgum öðrum sviðum umræðu um almenna upplýsingaskyldu, mál sem hefur verið fjallað um á Alþingi árum og ártugum saman. Hún gerir einmitt ráð fyrir aðgengi að upplýsingum í ráðuneytunum langt aftur í tímann. Þar hafa menn verið að miða við 50 eða 30 ár sem viðmiðun þegar um utanríkismál er að ræða og öryggismál og varðandi aðra málaflokka eru hugsanlega önnur viðmiðunarmörk. En menn eru þar að ræða um afturvirkni að því er snertir upplýsingaskyldu. Þetta þarf ekki að vera mikið ágreiningsefni enda ætti það að vera mjög ljúft og skylt af hálfu Stjórnarráðsins að veita upplýsingar nema einhverjar sérstakar aðstæður bjóði að það sé ekki gert. Það er gott að geta litið til baka varðandi mál sem þörf er á að rifja upp. Nú er ég ekki að segja að það sé á þessu málasviði sérstaklega mikilvægt að kveða fast á um það en ég leyfi mér að nefna þetta vegna ábendingar hæstv. ráðherra.

Síðan er það þessi umræða sem ég gaf tilefni til, um almenn viðhorf til þessa samnings og jafnframt til efnahagsþróunar og efnahagsstarfsemi í heiminum. Það gæti enst okkur ráðherra nokkuð drjúgt ef ég færi að taka dýpra á því en ég gerði í mínu inngangserindi. Ég ætla ekki að reyna það hér við þessar aðstæður því menn vilja reyna að koma þessum málum í nefnd fyrir þinghlé og ég ætla ekki að standa í vegi fyrir því.

Ég held að hæstv. ráðherra með sínar góðu meiningar í þessum málum þurfi að horfa víðar en á sorptunnurnar í Austur-Evrópu þó að það sé forvitnilegt og skylt að gera það. Þar er sannarlega margt hörmulegt sem blasir við og ekki aðeins hættulegt þar heldur stórhættulegt fyrir aðstæður í Evrópu og þó einkum í Vestur-Evrópu. Þá á ég sérstaklega við aðstæður í kjarnorkuiðnaðinum þar austur frá fyrir utan mengunaráhrif frá málmbræðslum.

Vegna þessara aðvörunarorða hæstv. ráðherra er náttúrlega rétt að minna á að til þess eru vítin að varast þau. Það þyrfti að vera okkur Íslendingum umhugsunarefni þessi missirin og árin þegar eitt fremsta áhugamál stjórnvalda hér á landi í atvinnumálum er að koma upp málmbræðslum á Íslandi. Nú er mér fyllilega ljóst að þar er mjög ólíku saman að jafna, nikkelverksmiðjunni frægu á Kolaskaga, og þær eru margar slæmar þar, og mengandi álbræðslum á Íslandi, ráðgerðum og risnum. Er ekki samt þörf fyrir okkur Íslendinga að staldra við einmitt í sambandi við þá stóriðju sem mikið er rætt um hér og leitast við að koma okkur þar á sæmilega fast land að því er snertir viðmiðun og kröfur gagnvart slíkum iðnaði í sambandi við mengunarmörk? Það má segja að það tengist hugsanlega því frv. sem á að mæla fyrir á eftir, umhverfismat vegna undirbúnings framkvæmda.

Það vill svo til að hér hefur árum saman verið rætt og ráðgert af hálfu iðnrn. og ríkisstjórna að koma upp álbræðslu á Keilisnesi. Maður skyldi halda að þar vildu menn standa við stóru orðin um að beitt skuli full-

komnustu mengunarvörnum varðandi þá álbræðslu. En þegar farið er að skoða málin liggur það fyrir að það er mjög langt frá því að svo sé. Ég ætla ekki að fara langt út í þá sálma. Ég vísa einfaldlega til þeirrar skýrslu sem umhverfisnefnd þingsins lagði fram, bæði sameiginlegs álits og sérálita þar sem fram kemur varðandi kröfur um verndun umhverfis að þar er vikið mjög langt frá því sem gerist best í nágrannalöndum, því miður. Það þurfum við í sameiningu að endurskoða á næstu mánuðum áður en menn fara að binda eitthvað í þessum efnum því að til þess eru vítin að varast þau.

Síðan er það spurningin um siglinguna og áhrif framleiðslukerfis og efnahagskerfis iðnríkjanna, við getum sagt Vesturlanda. Hvert leiðir það í umhverfismálum? Það leiðir í strand, ef fram heldur sem horfir, hæstv. ráðherra, svo vægt sé til orða tekið. Við getum sagt til glötunar ef náttúran slægi ekki til baka þannig að menn kæmust ekki á leiðarenda. Þar er það nú hið marglofaða og margblessaða óháða markaðshagkerfi sem hér er nú verið að taka hindranir frá enn frekar þannig að það megi þróast óheft. Það er einmitt þetta markaðskerfi sem skapar þessar aðstæður. Um það greinir menn ekki á sem horfa á þetta raunsæjum augum og þarf ekki einhverja framúrstefnumenn eða gagnrýnendur þessa hagkerfis til. Þetta liggur í hlutarins eðli. Hvert leiðir sú sívaxandi orkunotkun sem á að standa undir hagvexti Vesturlanda og á einmitt að vera blessunin og eru meginrökin fyrir því að stíga þetta skref inn í Evrópskt efnahagssvæði? Til hvers leiðir það annars, eins og ég rakti dæmi af samkvæmt tölum frá Evrópubandalaginu sjálfu, frá sérnefnd sem sett var á laggirnar en ekkert var gert með álit hennar, en til stóraukinnar mengunar sem m.a. kemur niður á náttúru Vestur-Evrópu? Auðvitað bitnar það alþjóðlega séð líka á náttúru jarðar og aðstæðum í umhverfi jarðar. Er það þessi gata sem við eigum að ganga áfram? Það sem einmitt er til umræðu hjá þeim sem eru að líta til framtíðar í þessum málum er það hvernig við getum vikið af þessari óheillabraut, breytt framleiðsluaðstæðum og komið böndum á þetta markaðshagkerfi þannig að það þurfi að lúta einhverri stýringu og virða takmörk sem náttúra og umhverfi skapa. Í þeirri umræðu er vísirinn að björgun frá þeirri feigðarsiglingu sem við erum á.

Ef við tökum einhvern einn starfandi hóp manna í nútíð og framtíð sem þarf sérstaklega að koma til en á mjög margt ólært — ég á ekki við einstaklingana, heldur fræðin — þá er það hagfræðin. Það er hagfræðin, það eru hagfræðingarnir sem eru blindir og óskólaðir, eða réttara sagt haldið í fáfræði, eru óskólaðir í umhverfismálum og eru því ekki bandamenn þeirra sem horfa til umhverfismálanna og þeirra feigðarboða sem þar eru að óbreyttu. Eitt brýnasta verkefnið í sambandi við fræðslu, almenna og sértæka fræðslu, er að tryggja að þeir sem sýsla við hagfræði, fræðilegan grunn efnahagsstarfsemi, verði knúðir til þess að horfast í augu við veruleikann sem skammtar okkur umhverfið, skammtar okkur kjörin, skammtar framtíðina fyrir okkur öll og niðja okkar.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Aðeins örstutt. Mig langar til að inna hæstv. ráðherra eftir því hvað hann átti við þegar hann sagði að afstaða okkar tveggja, sem hér tókum til máls, mótaðist af afstöðu okkar til samningsins um Evrópskt efnahagssvæði sem við værum andvíg. Ég vissi ekki betur en við tækjum mjög jákvætt undir þetta mál og teldum að það væri til góðs. Ég skildi ekki almennilega hvað í mínu máli leiddi til þess að hann taldi að ég væri á einhvern hátt andvíg þessu máli. Mér þótti það mjög miður að hann skyldi túlka mín orð svo því að ég tel að þetta mál sé af hinu góða og vil fá að endurtaka það, ef það hefur eitthvað farið á milli mála, þó að ég hafi auðvitað athugasemdir við einstakar greinar frv. Ég ætla ekki að endurtaka hvaða greinar það eru. Það eru þessi sömu atriði sem bent hefur verið á og við höfum reyndar aðeins fjallað um það í umhvn. þingins þar sem við fengum þetta mál og fjölluðum aðeins um það í sumar. Þessi atriði sem við veltum einnig fyrir okkur þar eru enn inni í frv. og hefur ekki verið breytt. Vonandi verður aðstaða til að við lögum frv. eins og við teljum öll vera best.

Ég fagna því að ráðherra fór nokkrum almennum orðum um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði sem hann taldi verða okkur til góðs og nefndi þá til þær þvinganir sem eru settar á okkur, að taka hér upp sjálfsögð mál eins og sorpeyðingu og ýmislegt fleira sem samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði, ef hann verður staðfestur, mun leggja á okkur. Það er ekkert sem hindrar okkur í að taka þetta upp þó að við gerumst ekki aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Þessi mál hafa auðvitað legið á borðum Alþingis lengi og ég veit ekki betur en umhvrn., þó ungt sé, hafi tekið þessi mál upp og reynt að ýta þeim hér áfram, því miður með hæpnum árangri.

Varðandi það hagkerfi sem verið er að taka upp og stefnt er að í Evrópu, og er mjög miðstýrt að mínu mati og flestra sem hafa skoðað málin, þá er það mat Evrópubandalagsins sjálfs að það muni skapa aukin umhverfisvandamál. Þær skýrslur sem hafa verið gerðar á vegum EB og hafa komið út af þeirra hálfu benda eindregið í eina átt, að þessu kerfi, sem þarna á að taka upp og er verið að taka upp með fullum þunga, fylgi aukið álag á umhverfið.

Ég er sammála hæstv. ráðherra um að það litla sem maður hefur séð og heyrt frá Austur-Evrópu er auðvitað þvílíkur hryllingur að maður getur ekki hugsað það til enda. En við verðum að gera okkur grein fyrir því að auk þess að þurfa að koma málum þar í skikkanlegt horf megum við ekki falla sjálf í þann pytt að koma upp og gerast aðilar að miðstýrðu kerfi þar sem allt kapp er lagt á framleiðslu eins og var gert fyrir austan og ráðherrann lýsti réttilega. Þar var heldur ekki tekið tillit til umhverfisins né heilsu borgaranna. Ég geri ráð fyrir að sú lýsing ráðherrans sé alveg rétt. En við megum þá ekki gera það nákvæmlega sama hér. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að þó að hagkerfið heiti eitthvað annað eða þó að kerfið sem tekið er upp heiti eitthvað annað má það ekki bera sömu einkenni og það kerfi sem flestir ef ekki allir

fordæma og óska að aldrei hefði verið tekið upp.

Ég held því miður að ef á heildina er litið muni þessi samningur ekki hafa þau jákvæðu áhrif sem ráðherrann lýsti en auðvitað get ég lítið breytt hans trú á því hvað þarna er á ferðinni. Eins og ég sagði í minni fyrri ræðu er samvinna þjóða í umhverfismálum mjög mikilvæg og þegar verið er að ræða um sjálfsákvörðunarrétt þjóða varðandi umhverfismál eru þeir sem hafa áhuga á umhverfismálum og ræða umhverfismál venjulega að tala um að nota þann sjálfsákvörðunarrétt til þess að geta komið með strangari reglur í umhverfismálum en ekki það að veikja þær. Þannig fannst mér einhvern veginn að hæstv. ráðherra vildi túlka málið og það kom jafnvel fram í máli hv. 3. þm. Reykv., Björns Bjarnasonar, þegar hann greip til þess að tala um frv. til stjórnarskipunarlaga þar sem fram kemur að nauðsynlegt geti verið að taka upp yfirþjóðlegt vald varðandi umhverfismál. Það tel ég að geti mjög vel komið til greina og geti verið nauðsynlegt. Ég stend við það sem stóð í þessari greinargerð og hef reyndar áður sagt það svo það ætti ekki að koma á óvart. En ég vil ekki að það sé notað til að minnka kröfur eins og verið er að gera núna varðandi Evrópska efnahagssvæðið. Þar er verið að setja kröfur sem eru lægri en kröfur í umhverfismálum og mengunarmálum einstakra ríkja og gera það að verkum að ríkin geta ekki haldið þeim háu kröfum sem þau hafa núna. Þetta er t.d. að gerast í Svíþjóð núna. Svíar eru að gera sér grein fyrir því að þeir verða að láta af kröfum í umhverfismálum. Það tel ég mjög miður. Ég tel að það sé grundvallaratriði að þjóðir geti verið með framsæknari stefnu í umhverfismálum, geti sett strangari kröfur, og það eigi ekki að koma eitthvert yfirþjóðlegt vald eða aðrir dómarar sem segja: „Því miður, þetta stenst ekki markaðslögmálið. Þið verðið að minnka kröfurnar." Það er þetta sem verið er að tala um og mér finnst slæmt þegar verið er að snúa út úr því þegar verið er að tala um að þjóðir verði að hafa möguleika í umhverfismálum, þá vita þeir sem skilja og hugsa um umhverfismál nákvæmlega við hvað er átt. Við viljum að það megi setja strangari mörk en eitthvert yfirþjóðlegt „apparat" ákveður.

Að halda því fram að samningur um Evrópskt efnahagssvæði sé samningur um umhverfismál er auðvitað fráleitt, hann er um allt annað þó að umhverfismál séu nefnd þar í ákveðnum greinum og í aðfararorðum. *Því miður hafa þau enga bindandi þýðingu.*

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakkaði báðum hv. þm. áðan fyrir jákvæðar undirtektir við frv. en tók jafnframt fram að mér fannst þess gæta nokkuð almennt í ræðum þeirra hversu andsnúin þau eru málinu almennt sem þetta tengist, þ.e. samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Það var það sem ég sagði og ekkert annað og það er ekki hægt að skilja á neinn annan veg. En ég ítreka þakkir fyrir jákvæðar undirtektir við frv. sem hér liggur fyrir.

Mér finnst, virðulegi forseti, að í orðum hv. þm. Kristínar Einarsdóttur varðandi alþjóðareglur og umhverfismál gæti nokkurs grundvallarmisskilnings. Það getur hver þjóð sett sér svo strangar reglur sem hún kýs. En þær eru marklausar, gagnslausar og ónýtar ef ekki kemur til samstarf þjóðanna vegna þess að mengun virðir ekki landamæri. Það er svo margsagt og svo dagljóst að við erum að tala út frá öðrum forsendum. Við getum sett okkur ströngustu reglur í veröldinni hér á Íslandi en það mun halda áfram að berast hingað mengun frá meginlöndum Ameríku og Evrópu ef ekki kemur til samstarf þjóðanna þar sem þær í sumu hljóta að láta af sínum ýtrustu kröfum og taka saman höndum um að vinna bug á þeim vandamálum sem við er að etja. Þess vegna voru þau orð sem hv. þm. Björn Bjarnason vitnaði hér til áðan úr frv. til breytinga á stjórnarskipunarlögum. Þau orð eru auðvitað alveg rétt. Þetta er rétt mat á málinu. Þegar verið er að tala um sjálfsákvörðunarrétt, þá er hann einfaldlega ekki fyrir hendi í þeim mæli sem menn vilja vera láta.

Ég hlýt, virðulegi forseti, að andmæla þeim orðum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar varðandi fyrirhugað álver á Keilisnesi. Þar verða gerðar og eru gerðar mjög strangar kröfur um mengunarvarnir í samræmi við það besta sem annars staðar er og þar mun fara fram einhver ítarlegasta úttekt á umhverfismálum áður en starfsemin hefst.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra segir að við getum sett öll þau ströngu skilyrði sem okkur lystir. Samt er það tekið fram í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði að þær reglur sem við setjum í umhverfismálum megi ekki stríða gegn ákvæðum samningsins. Hvað þýðir þetta? Jú, það þýðir það að við getum ekki haft kröfur t.d. varðandi umbúðir eða um mengunarmál. Við getum ekki sagt að það megi ekki flytja inn ákveðnar umbúðir eða framleiða vörur nema þær samrýmist þeim reglum sem Evrópubandalagið hefur sett og séu í samræmi við þann samning sem við erum að ræða hérna, þ.e. samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Ef við gerumst aðilar að honum getum við ekki sett allar þær kröfur og eins ströng skilyrði og okkur lystir. Það kemur fram í samningnum og það hefur komið fram í öllum umsögnum um þennan samning að við getum ekki gert það og það kemur mér mjög á óvart ef Ísland getur sett strangari skilyrði en t.d. Danmörk, Svíþjóð eða önnur lönd sem eru að uppgötva það smám saman að þau geta alls ekki gert þetta. Danmörk fær t.d. ekki að setja merkingar á sínar vörur um að ákveðin efni geti valdið krabbameini, t.d. asbest. Þau geta ekki sett hvaða reglur sem þau vilja varðandi málningarvörur og leysiefni sem þeim sýnist. Þau verða að fara eftir þeim reglum sem Evrópubandalagið setur að sjálfsögðu. Það er innifalið í þessum samningi. Ég held að það sé ekki rétt og tel það reyndar ljóst að hver þjóð geti sett miklu strangari skilyrði en meginreglan segir til um.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristín Einarsdóttir hef-

ur misskilið mitt mál. Ég var eingöngu að segja að samstarf þjóðanna verður að koma til. Ef við ætlum að ná árangri í umhverfismálum verða að gilda samræmdar reglur. Þess vegna væri það gagnslaust að setja einhverjar sérstakar og miklu strangari reglur t.d. um útblástur og mengun andrúmslofts hér en annars staðar ef ekki er gert neitt annars staðar og ef menn vaða þar fram og fara sínu fram. Ég veit að hv. þm. skilur þetta þótt hún kjósi að misskilja það með þessum hætti. Við náum ekki árangri nema með samvinnu þjóðanna og með samræmdum reglum. Auðvitað er æskilegt að þær reglur gangi sem lengst og séu sem strangastar. En forsenda þess að árangur náist er samstarf þjóðanna. Það hlýtur hv. þm. að skilja og ég vona að hún viðurkenni það.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hélt hér tvær ræður áðan, ekki mjög langar, en í báðum ræðunum held ég að ég hafi tekið fram að samstarf þjóða væri mikilvægt. Ég held að það þurfi ekki að kenna mér það svo oft sem ég hef komið hér og talað á þeim nótum. Ég sagði það áðan að auðvitað þyrfti að hafa samræmdar reglur og að við yrðum að hafa samvinnu. En það sem er mikilvægast er að hver taki til í sínum garði. Við hér á Íslandi verðum auðvitað að vera til fyrirmyndar. Þó að einhver þjóð úti í heimi ákveði útblástursmörk, t.d. á bifreiðum, sem eru aldeilis óviðunandi fyrir okkur, getum við sett miklu strangari reglur ef okkur sýnist svo. Það er ekki rétt að hver þjóð geti ekki haft miklu strangari reglur en önnur. Hún auðvitað bætir heiminn með því að minnka mengun hjá sér. Það hlýtur að vera augljóst mál. Við getum ekki beðið bara eftir því að allir séu með sömu reglur og látið reka á reiðanum þangað til. Auðvitað er samvinna mikilvæg en samt sem áður getur hver þjóð verið með strangari reglur á sviði umhverfismála eftir sem áður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Andsvör.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég óskaði eftir að ræða þingsköp áður en umræðu lyki hér. Það er ákveðin ástæða fyrir því sem ég geri ráð fyrir að hæstv. forseti átti sig á.

Hæstv. umhvrh. kaus í sínu andsvari að víkja að ræðu sem ég hélt hér fyrr í umræðunni. Ég hef litið svo á að það væri ekki staða til að gera í andsvari heldur ætti það að beinast að þeirri ræðu sem leitað er andsvars við. Ég átti ekki þann kost að óska eftir því að veita andsvar þessu innleggi hæstv. ráðherra. Ég undrast það nokkuð að hæstv. forseti skuli ekki hafa gripið inn í þegar hæstv. ráðherra gengur fram með þessum hætti og gerir athugasemdir við aðra ræðu þar sem viðkomandi ræðumaður hefur enga möguleika á að nota sér reglur þingskapa um andsvör og skoðanaskipti samkvæmt þeim. Ég ætla ekki að ganga gegn þingsköpum með því að ræða efnislega um þetta atriði sem hæstv. ráðherra tók hér upp þegar hann beindi orðum til mín. Það verður vafalaust tækifæri til þess og raunar mikil nauðsyn á að ræða það efni sem hæstv. ráðherra vék að með staðhæfingum sem ég mun svara seinna.

Um þingsköp.

Frumvarp um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Síðasta mál á dagskrá þessa langa fundar er frv. til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það var fyrsta þingmannafrumvarpið sem lagt var fyrir það þing sem nú hefur staðið í nokkrar vikur. Það er sett aftast á þessa dagskrá í dag vegna þess að það er bersýnilega ekki mikill áhugi á að ræða það mál og bersýnilega enginn tími til þess eins og sakir standa og ég harma það mjög.

Það er stundum sagt, virðulegi forseti, að Alþingi Íslendinga sé fjarri veruleikanum úti í þjóðfélaginu. Þessa dagana eru námsmönnum og fjölskyldum þeirra að berast útreikningar á tekjugrunni vegna námsársins 1992–1993. Þetta fólk stendur núna frammi fyrir þeim staðreyndum að þurfa að skera niður sinn framfærslueyri mjög verulega frá því sem verið hefur eða hætta námi ella. Það hafa mjög margir kosið að hætta námi. Samkvæmt tölvuútskrift frá Lánasjóði ísl. námsmanna yfir nemendur í Háskóla Íslands er staðan sú að það hefur orðið 30% fækkun í hópi þeirra námsmanna sem eru með börn á framfæri og stundað hafa nám. Þeir eru 30% færri. Þegar um er að ræða námsmenn sem eru í hjúskap, þá eru þeir 24% færri í ár en þeir voru í fyrra, nærri fjórðungi færri. Hvað segir þetta? Þetta segir það að búið er að brjóta niður jöfnunarhlutverk Lánasjóðs ísl. námsmanna, brjóta það á bak aftur í raun og veru.

Formaður þingflokks Alþfl. sagði í vor, þegar frv. var afgreitt á sínum tíma þann 16. maí, að Alþfl. mundi beita sér fyrir breytingum á frv. Það hefur ekki verið gert. Það hefur verið svikið og það hefði auðvitað verið ástæða til að ræða þetta. Það er til vansa fyrir Alþingi að hafa ekki náð að ræða þetta mál á þeim vikum sem liðnar eru frá því að það kom saman miðsumars. Auk þess er það svo að þegar málið á að taka fyrir hleypur menntmrh. í burtu aftur og aftur þegar mál af þessu tagi á að ræða. Þetta er til vansa. Þetta er til að undirstrika það einu sinni enn að Alþingi er langt frá hinum lifandi veruleika með íslensku þjóðinni. Þess vegna óska ég eftir því, virðulegi forseti, að við ofbjóðum ekki námsmönnum og fjölskyldum þeirra enn með þeim hætti að taka málið fyrir við þær aðstæður sem nú eru og óska eftir því fyrir mína hönd og annarra flutningsmanna að málið verði við þessar aðstæður tekið út af dagskrá en það verði tekið fyrir strax og þing kemur saman að nýju.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég vil eindregið taka undir orð hv. 9. þm. Reykv. Ég tel að það sé afar illt við það að búa að þingið fari heim nú án þess að taka þetta mikilvæga mál fyrir. Ég held að málefni námsmanna séu kannski mikilvægasta málið sem við þurfum að ræða í þinginu, a.m.k. eitt allra mikilvægasta málið eins og þau mál standa núna. Við vorum að vonast til þess að hægt yrði að hafa umræðu um þessi mál í gær eða dag að frumkvæði hv. þm. Svavars Gestssonar sem er 1. flm. málsins en það hefur ekki tekist og er það fyrst og fremst vegna fjarveru hæstv. menntmrh. Ég harma það, en ég óska eindregið eftir því við forseta og tek þá undir það sem hér hefur verið sagt af flm. frv. að þetta mál verði haft efst á dagskrá þegar þing kemur saman aftur að loknu hléi.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég sé mig eiginlega tilneyddan til þess að kveðja mér hljóðs um gæslu þingskapa til þess að bera blak af ráðherranum vegna þeirra orða sem hv. þm. Svavar Gestsson lét falla hér áðan. Ráðherrann hefur ekki hlaupist á burt vegna þess máls sem er á dagskrá í dag heldur var það fyrir lifandi löngu ljóst að hann gat ekki verið í þinginu í dag. Ég vil aðeins láta þetta koma fram.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að þessar upplýsingar koma mér mjög á óvart vegna þess að ég átti samtal við einn af starfsmönnum Alþingis á sunnudaginn var þar sem ég var beðinn um að þetta mál yrði látið dragast fram eftir þessari viku, fram á fimmtudag eða föstudag, og það var ekki nefnt við mig í því samtali né í símtölum, sem ég átti síðar við starfsmenn Alþingis og alþingismenn, að hæstv. menntmrh. yrði fjarverandi. Ég frétti það ekki fyrr en í gær að það væri möguleiki á því að ráðherrann yrði fjarverandi þannig að það kemur mér gersamlega á óvart. Fyrir utan það sem hefur verið nefnt og varðandi fækkun þeirra námsmanna sem eru í tilteknum fjölskylduhópum og stunda nú nám á þessu hausti, þá má kannski geta þess að fækkun námsmanna í námi haustið 1992 virðist alveg sérstaklega vera meðal kvenna. Það er gífurleg fækkun meðal kvenna og mér finnst að allt þetta undirstriki nauðsyn þess að málið verði tekið hér fyrir til mjög alvarlegrar umræðu og að þeir stjórnarþingmenn sem bera ábyrgð á þessu máli beiti sér fyrir því og noti tímann í þinghléinu til þess að undirbúa tillögugerð til að standa við þau fyrirheit sem Alþfl. gaf þegar þingið afgreiddi breytingar á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna í vor. Auðvitað eru ekki bara lögin sem þarna er um að ræða, því miður, virðulegi forseti, heldur eru útlánareglurnar og vinnubrögðin í þeim efnum þannig að það er fyrir neðan allar hellur. Hér hefur verið vegið að tilteknum hópi Íslendinga með harkalegri hætti en að öllum öðrum hlutfallslega séð og þess vegna hefði auðvitað Alþingi átt að sýna þann myndugleika að taka þetta mál fyrir með eðlilegum hætti. Þess er ekki kostur nú en ég vona að hv. þm. taki hlutverk sitt svo hátíðlega og alvarlega að þeir geri það strax og þing kemur saman að nýju.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að ræða efnisþætti þessa máls enda snertir það ekki gæslu þingskapa. Hins vegar vil ég ekki láta hjá líða að það komi fram að það lá fyrir að hæstv. menntmrh. yrði ekki við hér í dag og það hefur legið fyrir alla þessa viku á fundum með formönnum þingflokkanna og það var beðið eftir því að hv. flm. kæmi til landsins. Þannig blasti málið við mér og ég gegndi stöðu sem formaður þingflokks Sjálfstfl. og ég sit ekki undir því að nú sé allt í einu komið upp og sagt að menntmrh. hafi hlaupist undan merkjum þegar hv. flm. hefur sjálfur verið fjarverandi og ekki getað sinnt þingstörfum vegna þess að hann var að sinna skyldustörfum sem alþingismaður erlendis. Ekki er hægt að kenna það við menntmrh. að þetta mál var ekki tekið hér fyrir.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég vil að það komi fram vegna þess sem hér hefur verið sagt á fundinum að á fundi með forseta í byrjun vikunnar óskaði ég eindregið eftir því að þetta mál sem hér um ræðir yrði tekið til umræðu í þessari viku og lét það koma þar fram að 1. flm. málsins yrði kominn hér á föstudag og á þeim fundi kom ekki fram að hæstv. menntmrh. gæti ekki verið við. En það kom aftur á móti fram á fundinum að það væri fullur vilji og ég hafði enga ástæðu til þess að hafa áhyggjur af því að þetta mál yrði ekki tekið til umræðu hér í vikunni. Vegna þessa hafa mér orðið mikil vonbrigði hvernig hefur farið um málið og ég tel að forseti hafi ekki gætt skyldu sinnar í því að koma máinu á dagskrá fyrr eða a.m.k. gera mönnum viðvart að menntmrh. gæti ekki verið viðstaddur á föstudag því að þá hefði verið hægt að gera aðrar ráðstafanir. Aðrir þingmenn hefðu þá getað mælt fyrir málinu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Út af fyrir sig skil ég vel að hv. 3. þm. Reykv. vilji ekki sitja undir því að vera borinn röngum sökum. Hins vegar stangast á fullyrðingar þannig að það mjög erfitt fyrir mig sem var fjarri á þessum fundum, sem hann er að vitna til, að segja til um það hvað er rétt og hvað er rangt í þessu efni. Hitt er hins vegar nauðsynlegt að komi fram að það var ákvörðun þingflokks Alþb. fyrra miðvikudag, rétt áður en ég fór í þingleyfi sem stóð í tvær vikur, að hv. 2. flm. frv., þ.e. hv. 14. þm. Reykv., mundi í fjarveru minni ef kostur gæfist á mæla fyrir málinu. Mér kemur það því gersamlega á óvart núna, það fer þá eitthvað á milli mála í þessu máli sem mér hefur verið tjáð, því það kemur mér gersamlega á óvart ef staðan er þannig að menn hafi ekki verið tilbúnir til að ræða málið ef menntmrh. gaf kost á því fyrr. Ég verð því að segja alveg eins og er að mér sýnist að menn þurfi að fara aðeins betur yfir þetta mál og aðalatriðið er þó ekki þetta heldur hitt að hér er um að ræða mál sem snertir væntanlega tugi þúsunda heimila á Íslandi. Það

eru þúsundir námsmanna núna og foreldra þeirra og fjárhaldsmanna að fá útreikninga heim á tekjugrunni næsta námsárs, 1992–1993, og það er vonandi ekki oft notað í þessum ræðustól, það orð sem ég nú nota. Það liggur við að þetta fólk fái það sem í daglegu tali er kallað sjokk, verði fyrir meiri háttar áfalli. Þetta fólk sér ekki fram á hvernig það á að leysa sín fjárhagslegu vandamál í vetur. Það er að flosna upp úr námi í stórum stíl og, virðulegi forseti, það er til vansa að Alþingi skuli nú taka sér tveggja vikna leyfi, af hvaða ástæðu sem það nú er, án þess að ræða þetta mál af fullri alvöru og einlægni.

Umhverfismat, 1. umr.

Stjfrv., 80. mál. — Þskj. 87.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um umhverfismat. Það er 80. mál þingsins á þskj. 87.

Frv. þetta eins og það nú liggur frammi var samið sl. sumar á vegum umhvrn. til þess að fullnægja þeim skyldum sem íslenska ríkið tekur á sig með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði.

Í 74. gr EES-samningsins, sem fjallar um umhverfismál, er vísað til viðauka XX en þar er m.a. að finna tilskipun nr. 85/337/EBE sem fjallar um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið. Frv. það sem hér er til umræðu er flutt til að uppfylla þær skuldbindingar sem fram koma í þessari tilskipun og jafnframt í samræmi við og til þess að fylgja fram stefnu ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum en þar segir að aukin áhersla verði lögð á umhverfisrannsóknir og umhverfismat í tengslum við meiri háttar framkvæmdir.

Undanfarin tvö ár hefur verið unnið að því á vegum umhvrn. að móta og þróa aðferðir við gerð umhverfismats með það fyrir augum að setja almennar reglur sem miða að því að fyrirbyggja umhverfisspjöll í tengslum við framkvæmdir af ýmsu tagi. Því má segja að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið flýti fyrir því að frv. þessa efnis skuli lagt fram. Frv. er byggt á efnisreglum tilskipunarinnar en aðlagað íslenskri löggjöf og íslenskum aðstæðum. Í samræmi við tilskipunina eru meginmarkmið frv. einföld og skýr:

Í fyrsta lagi að ekki verði ráðist í umfangsmiklar framkvæmdir án þess að fram hafi farið mat á þeim áhrifum sem þær kunna að hafa á umhverfið. Á skal að ósi stemma. Það gefur auga leið að skynsamlegra er að koma í veg fyrir mengun og aðra umhverfisröskun fremur en að uppræta mengun og freista þess að bæta spjöll eftir á.

Í öðru lagi er tilgangurinn að tryggja að almenningur hafi aðgang að þeim upplýsingum sem umhverfismat er grundvallað á og að upplýsingarnar séu þannig fram settar að þær séu skiljanlegar venjulegu fólki, þ.e. þeim sem ekki hafa sérfræðiþekkingu eða menntun á viðkomandi sviði. Jafnframt á að tryggja að leitað sé eftir áliti almennings á þeim framkvæmdum sem um er að ræða hverju sinni áður en leyfi er veitt til að ráðast í þær.

Hugtakið umhverfismat kemur hvergi fyrir í íslenskri löggjöf. Samkvæmt skilgreiningu felst umhverfismat einkum í því að lýsa umhverfisaðstæðum, bæði náttúrulegum og félagslegum og spá fyrir um og meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda eða framkvæmdar á þessa þætti. Niðurstöðurnar eru síðan skoðaðar með tilliti til hagrænna atriða.

Í gildandi löggjöf eru allmörg ákvæði sem miða að því að koma í veg fyrir mengun og umhverfistjón. Sum eru almenn, önnur eru sértæk. Reglugerðir hafa verið settar með stoð í þessum lögum, t.d. mengunarvarnareglugerð og reglugerð um náttúruvernd. Samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, er skylt að hanna virkjanir, verskmiðjur og stór mannvirki í samráði við Náttúruverndarráð. Einnig er skylt að leita álits ráðsins á mannvirkjagerð og jarðraski sem getur haft í för með sér að land breyti um svip eða getur valdið mengun lofts eða lagar. Þessi löggjöf sem ég nú hef nefnt getur þó á engan hátt komið í stað þeirrar lagasetningar sem hér er til umræðu og hér er gerð tillaga um. Þetta frv. til laga miðar að því að samræma meginreglur um það hvernig áhrif á umhverfi skuli metin og ekki síður hvers konar framkvæmdir skuli háðar mati af þessu tagi, hverjar helstu skyldur framkvæmdaaðilans séu og hvað þurfi að koma fram í matinu. Verði þetta frv. að lögum er vissulega um að ræða nýmæli í íslenskri löggjöf.

Um nokkurt árabil hefur verið framkvæmt umhverfismat hér á landi án sérstakrar lagaskyldu vegna framkvæmda sem hafa verið þess eðlis að hætta hefur verið talin á verulegri umhverfisröskun. Má þar nefna margvíslegar athuganir sem gerðar hafa verið í tengslum við fiskeldi og vegagerð, m.a. ítarlegt mat á áhrifum Borgarfjarðarbrúar á lífríki Borgarfjarðar. Áður en járnblendiverksiðjan á Grundartanga var reist fór fram mjög viðamikil umhverfiskönnun og þekktar eru athuganir sem fram hafa farið vegna fyrirhugaðra virkjana á hálendi Íslands, t.d. í Þjórsárverum.

Sl. sumar fór fram umhverfismat sem miðaði að því að finna ákjósanlega leið fyrir háspennulínu frá Fljótsdalsvirkjun að Rangárvöllum við Akureyri. Einnig er rétt að nefna það umhverfismat sem nú er á döfinni vegna fyrirhugaðs álvers á Keilisnesi. Í mengunarvarnareglugerð eru ákvæði um að fram fari mat á umhverfisröskun vegna atvinnurekstrar sem haft getur í för með sér mengun. Þau ákvæði eru miðuð við að fjárfesting í atvinnurekstri nái ákveðinni lágmarksupphæð og þetta mat á umhverfisröskun tengist einungis útgáfu starfsleyfis fyrir tiltekinn atvinnurekstur og er takmarkað við mengun í hefðbundinni merkingu þess orðs. Ákvæði mengunarvarnareglugerðar eru því mun þrengri en ákvæði þessa frv. og ég nefni þetta hér, virðulegi forseti, til að fyrirbyggja þann hugsanlega misskilning að ákvæði mengunarvarnareglugerðar geti komið í stað lagasetningar um umhverfismat.

Í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi er fram-

kvæmd umhverfismats með einum eða öðrum hætti tengd gerð skipulagsáætlana eins og raunar er rakið í athugasemdum sem fyljga þessu frv. Svo verður einnig hér á landi verði þetta frv. að lögum enda er það í samræmi við það markmið að tryggja að umhverfismat verði fastur liður í allri áætlanagerð um tilteknar framkvæmdir. Ég mun nú fara nokkrum orðum um einstakar greinar frv.

Í 1. gr. kemur fram markmið frv. en það er að tryggja að áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna vegna staðsetningar, eðlis og umfangs að hafa í för með sér veruleg áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, þá skuli fram fara umhverfismat. Hyggilegra er að stemma stigu við umhverfisröskun áður en ráðist er í framkvæmdir en að reyna að bæta úr henni eftir á.

Í samræmi við sett markmið er kveðið á um í 13. gr. frv. að óheimilt sé að veita framkvæmdaleyfi eða samþykkja skipulagsáætlanir nema ákvæða laganna hafi verið gætt og skv. 14. gr. ber leyfisveitanda að taka fullt tillit til upplýsinga þeirra sem umhverfismatið grundvallast á og niðurstöðu þess.

Reglum þeim sem fram koma í frv. er ætlað að gilda um framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag eins og fram kemur í 4. gr. Þrátt fyrir það er einungis skylt samkvæmt frv. að framkvæma umhverfismat vegna þeirra framkvæmda sem taldar eru upp í 6. gr. Upptalningin er í samræmi við viðauka I og II sem fylgja tilskipun nr. 85/337/EBE að teknu tilliti til íslenskra aðstæðna.

Þær framkvæmdir sem upp eru taldar í 6. gr. frv. og eru ávallt háðar umhverfismati eru flestar umfangsmiklar og ástæða til að ætla að þær hafi alla jafna veruleg áhrif á umhverfið. Þessi listi er ekki samhljóða viðauka I í tilskipun 85 o.s.frv., sem ég vitnaði áður til, enda er þar m.a. verið að fjalla um framkvæmdir sem er ekki raunhæft að ætla að ráðist verði í hér á landi um ókomna tíð. Sem dæmi nefni ég þar byggingu kjarnorkuvera og mannvirkja sem ætluð eru til endanlegrar geymslu á geislavirkum úrgangi.

Til þess að uppfylla skyldur íslenska ríkisins vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er viðauki I, sem er skyldulisti, birtur í heild sem fskj. I með frv. Framkvæmdir þær sem taldar eru upp í tölul. 1–5 í 6. gr. frv. eru einkennandi fyrir íslenskar aðstæður en tölul. 6–11 eru að mestu samhljóða sambærilegum liðum í viðauka I. Þær framkvæmdir sem fram koma í 6. gr. og ekki eru tiltækar í viðauka I við tilskipunina eiga rætur að rekja til viðauka II við sömu tilskipun. Í raun er um framkvæmdir að ræða sem nú þegar eru háðar eins konar umhverfismati hér á landi.

Undanfarna tvo áratugi hefur verið gerð krafa um mat á áhrifum virkjana og uppistöðulóna á náttúrufar svo að dæmi sé tekið. Sama er að segja um vegaframkvæmdir sem ástæða hefur verið til að ætla að hafi í för með sér náttúruspjöll. Breytingin sem frv. hefur í för með sér, verði það að lögum, felst einkum í því að settar eru samræmdar reglur um matsgerðina og umsjón með henni falin einum ákveðnum aðila.

Í 7. gr. frv. er lagt til að ráðherra verði heimilt að ákveða að framkvæmdir sem ekki er getið í 6. gr. verði háðar umhverfismati, enda sé líklegt að þær hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag. Rétt þykir að umhvrh. hafi heimild þessa þar sem komið getur til framkvæmda sem ekki eru tilgreindar í 6. gr. frv. en ástæða er til að ætla að hafi veruleg áhrif á umhverfið þar sem þörf er talin á umhverfismati. Þessi heimild er í samræmi við tilgang og markmið tilskipunar 85/337/EBE, einkum með hliðsjón af formála og 2. gr. með vísun til 4. gr. og viðauka II. Ef einungis ætti að framkvæma umhverfismat vegna þeirra framkvæmda sem upp eru taldar í viðauka I væri markmið tilskipunarinnar einungis náð að mjög óverulegu leyti miðað við íslenskar aðstæður og þar með þeim skuldbindingum sem samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði leggur íslenska ríkinu á herðar.

Gera má ráð fyrir því að í framtíðinni verði krafa um að fleiri framkvæmdir verði háðar umhverfismati en fram kemur nú í 6. gr. frv. Því er lagt til að heimilt verði að ákveða með reglugerð að fleiri framkvæmdir verði háðar umhverfismati vegna breytinga sem kunna að verða gerðar á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða vegna annarra alþjóðlegra samninga.

Í 4. gr. frv. er kveðið á um að framkvæmdir samkvæmt gildandi sérlögum verði háðar umhverfismati. Markmiðum þeim sem fram koma í tilskipun nr. 85 verður ekki náð með öðrum hætti.

Í 5. gr. er gerð grein fyrir undantekningum frá almennu gildissviði frumvarpsins en umhvrh. er heimilt að ákveða að einstakar framkvæmdir verði undanþegnar ákvæðum frumvarpsins. Ekki er þó til þess ætlast að framkvæmdirnar verði undanþegnar umhverfismati, einungis að fram fari annars konar mat en kveðið er á um í frv. Enn fremur eru framkvæmdir í þágu varnarmála undanþegnar ákvæðum frumvarpsins í samræmi við tilskipun nr. 85/337.

Eins og ég hef áður getið er framkvæmd umhverfismats á Norðurlöndum með einum eða öðrum hætti tengd gerð skipulagsáætlana. Í frv. er lagt til að fyrirkomulag hérlendis verði með svipuðum hætti. Í 3. gr. er kveðið á um að skipulagsstjóri ríkisins annist undirbúning umhverfismats og sjái um framkvæmd þess í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir.

Gert er ráð fyrir í 8. gr. að skipulagsstjóri ríkisins hafi umsjón með og stjórni framkvæmd umhverfismats í umboði umhvrh. Þar er hlutverki hans lýst sem m.a. felst í því að semja leiðsögureglur um það hvernig staðið er að umhverfismati og að endurskoða reglurnar eftir því sem þekking og þróun matsaðferða gefa tilefni til. Þótt skipulagsstjóri sjái um framkvæmd umhverfismats er honum heimilt að semja við sérfróða aðila um gerð matsins vegna einstakra framkvæmda, ýmist að nokkru eða öllu leyti.

Þrátt fyrir aðalregluna í 8. gr. er lagt til í 11. gr. frv. að skipulagsstjóra sé heimilt að fela framkvæmdaraðila gerð umhverfismats að nokkru leyti eða öllu, enda sé það gert samkvæmt reglum þeim sem fram koma í

frv. og þeim skilyrðum sem skipulagsstjóri setur og þessi regla ætti að geta leitt til hagræðingar og nokkurs vinnusparnaðar.

Í 3. mgr. 8. gr. er lagt til að skipulagsstjóri ljúki gerð umhverfismats innan sex mánaða frá því að honum berst tilkynning um að þörf sé á slíku mati. Heimilt er þó að víkja frá þessum tímafresti ef mat er óvenju umfangsmikið.

Rétt þykir að setja þessi tímamörk í lög til að koma í veg fyrir að umhverfismat verði til þess að tefja framkvæmdir að ástæðulausu.

Í 9. gr. er fjallað um þá þætti sem taka skal tillit til við umhverfismat, en matið er ekki einskorðað við hefðbundna náttúruvernd. Í umhverfismati ber að tilgreina, meta og lýsa áhrifum sem framkvæmdir kunna að hafa á menn, dýr, plöntur og aðra þætti lífríkis, jarðveg, vatn, loft, veðurfar, landslag og samverkan þessara þátta. Jafnframt skal meta áhrif á efnisleg verðmæti og menningarverðmæti og félagsleg áhrif. Ljóst má þó vera að í einstökum tilvikum verður ekki þörf á að meta alla þessa þætti en það ræðst að sjálfsögðu af aðstæðum hverju sinni og af því um hvaða framkvæmdir og hvers eðlis er að ræða. Þetta kemur reyndar fram í 10. gr. þar sem skipulagsstjóra er gert að meta hverju sinni hvort þær upplýsingar sem framkvæmdaraðili leggur fram, þegar hann tilkynnir um fyrirhugaða framkvæmd, nægja eða ekki.

Í 10. gr. eru taldar upp þær lágmarksupplýsingar sem skulu fylgja tilkynningu. Þegar tilkynning berst lætur skipulagsstjóri fara fram svokallað frummat. Það felst í því að þessar upplýsingar eru yfirfarnar og metnar í samráði við lögboðna umsagnaraðila og gengið er frá stuttri greinargerð um málið. Að því búnu og innan átta vikna frá því að tilkynning barst um framkvæmdina ákveður skipulagsstjóri hvort ákvæðum laganna sé fullnægt með þessum hætti eða hvort þörf er á eiginlegu og umfangsmeira umhverfismati.

Að mati þeirra sem gerst til þekkja, og það legg ég alveg sérstaka áherslu hér á, þá mun þetta frummat kannski nægja í rúmlega 90% tilvika og það á ekki síst við um t.d. vegaframkvæmdir. Á þetta legg ég alveg sérstaka áherslu og kostnaður vegna þessa frummats verður lítill. En til að tryggja að almenningur geti átt þess kost að fylgjast með gerð og framkvæmd umhverfismats og geti komið athugasemdum sínum á framfæri, er kveðið svo á um í 10. gr. að beiðni framkvæmdaraðila ásamt upplýsingum sem henni fylgja skuli birta með opinberri auglýsingu. Með þeim hætti gefst almenningi kostur á að gera athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd og við þau gögn sem fram eru lögð til að lýsa þeim áhrifum sem hún kann að hafa áður en skipulagsstjóri tekur ákvörðun um það að frummat nægi. Enn fremur verður skylt að kynna niðurstöðu umhverfismats eða útdrátt úr þeirri niðurstöðu með opinberri auglýsingu og getur almenningur gert athugasemdir við niðurstöðuna innan tiltekinna tímamarka.

Samkvæmt 3. gr. er lagt til að ráðherra skipi nefnd fimm sérfræðinga sér til ráðuneytis við framkvæmd þeirra reglna sem koma fram í frv., einkum vegna þess að þær eru að vissu leyti nýjar og lítil sem engin reynsla komin á þær. Sérfræðinganefndinni er einnig ætlað það hlutverk að vera umsagnaraðili þegar ákvarðanir eru teknar um undanþágu skv. 5. gr., eða þegar 7. gr. er beitt og áður en ráðherra úrskurðar í ágreiningsmálum er varða framkvæmd laganna í samræmi við 15. gr.

Í 12. gr. er fjallað um greiðslu kostnaðar sem hlýst af gerð umhverfismats. Meginreglan verður sú að framkvæmdaraðili ber kostnaðinn. Hins vegar er lagt til að heimilt verði að lækka eða fella niður greiðslur vegna gerðar umhverfismats ef sérstakar ástæður mæla með slíku, en þó háð því að sérstök heimild sé á fjárlögum til að mæta þeim kostnaði eins og raunar gefur að skilja.

Réttlætanlegt kann að vera í sérstökum tilvikum að ríkissjóður taki á sig kostnað vegna gerðar umhverfismats, t.d. ef það er mat manna og niðurstaða að matið hafi almennt gildi fyrir landið í heild, einstök svæði eða byggðarlög.

Eins og ég sagði áðan er það álit þeirra sem best til þekkja að í langflestum tilvikum muni það sem hér er kallað frummat nægja og kostnaður vegna þess verður tiltölulega lítill. Í þeim tilvikum þar sem þörf er talin á ítarlegra mati getur kostnaður áreiðanlega orðið nokkuð mikill í vissum tilvikum og því er talið eðlilegt að skipulagsstjóri geti krafist tryggingar fyrir greiðslu kostnaðar sem hlýst af gerð umhverfismats.

Reynsla hérlendis bendir til að kostnaður þessi verði yfirleitt ekki meiri en sem nemur 10% af heildarkostnaði við undirbúning viðkomandi framkvæmdar. Samkvæmt grófri reiknireglu, þumalfingursreglu, ef menn vilja orða það þannig, þá jafngildir það að þessi kostnaður vegna umhverfismats verði að hámarki 1% af heildarkostnaði framkvæmdar. Hins vegar er rétt að benda á að þær kröfur sem eru settar fram í frumvarpinu um skil á upplýsingum vegna umhverfismats geta leitt til þess að undirbúningur fyrir umfangsmiklar framkvæmdir verði markvissari og ódýrari en ella hefði orðið. Auk þess að koma í veg fyrir umhverfisskaða, umhverfistjón, geta reglur um umhverfismat orðið til þess að framkvæmdaraðili velti fyrir sér fleiri lausnum, fleiri leiðum og finni hagkvæmari lausn. Þess eru vissulega dæmi. Ekki er sjálfgefið að kröfur um umhverfismat vegna tiltekinna framkvæmda hafi í för með sér aukinn kostnað þegar á heildina er litið, hvorki fyrir þann sem kostar framkvæmdina né samfélagið í heild.

Samkvæmt 18. gr. er gildistaka háð gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum bera fram þá ósk að mál þetta fái skjóta og góða afgreiðslu á hinu háa Alþingi og legg að lokum til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. umhvn.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Við erum að ræða mjög mikilvæg mál á síðustu tímum þessa fundar þegar búinn er að vera hér fundur frá því klukkan hálfellefu í morgun og enn lengur er maður búinn að vera að vinna hér

í þinginu. Það er mjög slæmt að ræða svona mikilvægan málaflokk við þessar aðstæður. En ekki ætla ég að verða til þess að tefja það að þetta mál geti farið til nefndar en ætla þó að taka nokkur atriði fyrir. Ég á sæti í umhvn. og mun geta fjallað um þetta mál á vettvangi þeirrar nefndar.

Ég vil fyrst taka fram, virðulegi forseti, að ég tel mjög jákvætt og raunar nauðsynlegt að fram fari umhverfismat í flestum ef ekki öllum tilvikum þegar um er að ræða þau mannvirki sem hér er rætt um og reyndar í mörgum fleiri tilvikum væri það nauðsynlegt. Að því leyti til tel ég það mjög jákvætt enda hefur farið fram umhverfismat, eins og hæstv. ráðherra gerði grein fyrir í framsögu sinni, í sambandi við ýmis mannvirki. Það getur að mínu mati aldrei orðið annað en til góðs. Ég er sammála hæstv. ráðherra um það og tel raunar nokkuð ljóst að þegar upp er staðið muni það verða ódýrara fyrir alla að gerð sé vönduð úttekt á umhverfismálum áður en framkvæmdir hefjast. Það vil ég leggja áherslu á í upphafi máls míns.

Það eru nokkur atriði sem ég vil spyrja um og gera að umtalsefni. Ég vil reyna að fara hratt yfir sögu með tillit til tímans. Í 4. gr. hnaut ég um atriði og heyrði ekki hvað ráðherrann sagði um það en þar er tekið fram að lög þessi skuli taka til allra framkvæmda sem kunna að hafa umtalsverð áhrif. Auðvitað er mjög erfitt að setja ákveðnar reglur um þetta en umtalsverð áhrif á umhverfi geta verið mjög mismunandi og erfitt að meta. Ég get raunverulega séð fyrir mér að hvert einasta atriði, hver einasta bygging eða hvaða framkvæmdir sem um er að ræða muni geta talist hafa umtalsverð áhrif. Ég hefði því gjarnan viljað fá aðeins nánari útlistun á þessu þó að ég taki fram að það geti vel verið að það megi bíða betri tíma.

Ég vil fyrst og fremst spyrja ráðherrann um 5. gr. Þar er talað um að framkvæmdir í þágu varnarmála eigi að vera undanþegnar þessum lögum. Þetta finnst mér mjög sérkennilegt og spyr raunar af hverju þetta er sett þarna fram. Er ekki óeðlilegt að einhverjar framkvæmdir skuli undanþegnar ákvæðum þessara laga? Ég vil minna á að mjög mikil mengun hefur stafað af hernum á Miðnesheiði. Það er bæði grunnvatnsmengun og önnur mengun sem komið hefur í ljós að stafar af framkvæmdum þar og veru þessa hers hér á landi í gegnum árin. Ég átta mig því alls ekki á því hvers vegna þetta ákvæði er þarna inni í frv. og legg til að það verði fellt út. Ég tel að allar framkvæmdir ættu að falla undir þessi lög.

6. gr. vefst dálítið mikið fyrir mér. Það var kannski fyrst þar sem ég fór að hnjóta um atriði. Þar kemur fram að framkvæmt skuli umhverfismat vegna annarra framkvæmda sem taldar eru upp í fskj. I með lögum þessum. Ég átta mig alls ekki á því hvernig í ósköpunum er hægt að hafa fylgiskjal með lögum. Ég hélt að það sem prentað væri í lögum yrði að vera í lögunum sjálfum en það væri ekki hægt að hafa fylgiskjöl með lögum. Þetta getur verið misskilningur af minni hálfu en ég hef aldrei séð það gert. Síðan fann ég þetta fylgiskjal sem hér er prentað á bls. 5 og mér skildist að það væri það sem væri vísað til. Það vafðist nokkuð fyrir mér að átta mig á því hvernig þetta yrði sett inn í lög. Ég fór þá að leita að þessari tilskipun sem þarna er enn þá vísað í, tilskipun 85/337/EBE í XX. viðauka, og ég fann hann hvergi nokkurs staðar í þessum viðauka XX þegar ég ætlaði að bera saman og kanna tengingu á milli þessarar tilskipunar og lagafrv. Ég lenti í hálfgerðum vandræðum við að lesa þetta með tilliti til þess. Ég fann heldur ekki þessa tilskipun í viðauka XX sem við þingmenn höfum fengið á borð okkar, e.t.v. er hún aðgengileg einhvers staðar í ráðuneytinu, það má vel vera. En það þýðir að þingmenn sem hér sitja geta ekki áttað sig nánar á því um hvað frv. fjallar vegna þess að þeir hafa þessa tilskipun ekki undir höndum, því miður, nema bara einn bút af henni, fylgiskjal sem er prentað með frv. Mér skilst að það eigi síðan að verða fylgiskjal með lögunum ef frv. verður að lögum á Alþingi. Nú átta ég mig ekki almennilega á hvernig það verður framkvæmt, þ.e. að við samþykkjum eitthvað sem er bara fylgiskjal. En það er önnur saga og kannski tæknilegt atriði. Þetta kom mér mjög á óvart og ég áttaði mig alls ekki á hvað þarna væri um að ræða.

Síðan er það 7. gr. en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Umhverfisráðherra er heimilt að ákveða að tiltekin framkvæmd eða framkvæmdir, sem líklegt er að hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, en ekki er getið í 6. gr., verði háðar umhverfismati samkvæmt lögum þessum."

Ég velti því fyrir mér hvort það er ekki óþarfi að hafa 6. gr. ef hvort sem er er búið að setja inn heimild fyrir ráðherra til að taka hvaða framkvæmd sem væri þarna undir. Ég átta mig ekki á því hvers vegna þetta þarf að vera þarna. Er ekki alveg hægt að setja ný lög ef það mat kemur fram að setja þarf fleiri atriði þarna undir. Ég er út af fyrir sig ekki að finna að því að fleiri framkvæmdir falli undir þetta en lagatæknilega séð finnst mér svolítið sérkennilegt að tína fyrst upp og síðan komi önnur grein sem raunverulega heimilar ráðherra að setja þetta allt inn.

Þá er það 8. gr. Það kom mér nokkuð á óvart að skipulagsstjóri ríkisins ætti að stjórna framkvæmd umhverfismatsins. Ég velti því fyrir mér hvort það væri í samræmi við lög og venjur í nágrannalöndunum og þá væntanlega í EB- og EFTA-löndum ef ráðherrann hefur upplýsingar um það. Þetta kom mér kannski ekki síst á óvart ef maður les þetta saman við 9. gr. þar sem tekið er sérstaklega fram að í umhverfismati skuli „tilgreina, meta og lýsa á viðhlítandi hátt áhrifum, sem framkvæmdir kunna að hafa á menn, dýr, plöntur og aðra þætti lífríkis, jarðveg, vatn, loft, veðurfar, landslag og samverkan þessara þátta."

Ég átta mig ekki á því hvernig skipulagsstjóri ríkisins getur séð um þessa framkvæmd því það hlýtur að vera meiningin að hann sé fyrsti aðili og sjái um að dreifa þessum verkefnum. Ég átta mig ekki alveg á því hvernig hann á að geta framkvæmt þetta umhverfismat með því sem ég hélt að væri hans verksvið nú, og það er ekki á þessum sviðum sem 9. gr. tilgreinir.

Það kom fram í máli hæstv. ráðherra og er auðvit-

að öllum hv. þm. kunnugt að Náttúruverndarráð hefur, eins og málum er háttað nú, ákveðinn þátt varðandi *mannvirki og mannvirkjagerð*. Í *núgildandi* lögum er skylt að virkjanir, verksmiðjur og stór mannvirki séu hönnuð í samráði við Náttúruverndarráð, eins og ráðherrann gat um hér áðan. Náttúruverndarráð hefur því ákveðið hlutverk í þessu sambandi. Ég átta mig ekki á samspilinu þarna á milli, hvort það er ætlunin að Náttúruverndarráð sé einungis umsagnaraðili eins og ætla má af frv. eða hvort Náttúruverndarráð verður áfram með hluta af þessu, þ.e. að hönnunin verði í samráði við Náttúruverndarráð. Ég átta mig ekki alveg á samspilinu þarna á milli.

Ég ætla að fara fljótt yfir sögu þar sem athugasemdir *mínar* geta kannski beðið seinni tíma og ég get athugað þær í nefndinni. Það sem ég vil gera athugasemdir við er 12. gr., þ.e. varðandi kostnað við gerð umhverfismats. Mér þykir mjög eðlilegt að sá sem óskar eftir að matið sé gert greiði kostnaðinn en ég sé fyrir mér að það *væri kannski eðlilegt og kannski* framkvæmdaratriði að þegar búið er að biðja um svona kostnaðarmat og menn eru að huga að einhverjum ákveðnum mannvirkjum eða byggingu geti það komið inn í mat þeirra á því hvort af framkvæmdum verði hversu dýrt umhverfismatið geti orðið. Þá finnst mér að þarna sé ekki ákvæði um að sá sem biður um umhverfismatið eigi rétt á að um kostnaðaráætlun sé að ræða þannig að hann viti nokkurn veginn hversu dýrt kostnaðarmatið verði. Þarna virkar það þannig að skipulagsstjóri getur, eins og þarna stendur og mér þykir eðlilegt, krafist tryggingar fyrir greiðslu kostnaðar sem ég tel að sé eðlilegt. En mér finnst einhvern veginn sem réttur hins aðilans sé ákaflega rýr.

Þetta vildi ég nú sagt hafa við fyrstu sýn. Það er ákaflega fljótt yfir sögu farið og ég vil ítreka það sem ég sagði í upphafi að ég tel að frv. sé mjög jákvætt þó að ýmis atriði þurfi að athuga örlítið nánar varðandi framkvæmdina, þ.e. hvernig umhverfismatið muni eiga að útfæra.

Að lokum langar mig til að minnast á 18. gr., þ.e. að lögin öðlist gildi um leið og samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði. Það er sjálfsagt að við setjum í lög ýmislegt gott sem hefur verið gert erlendis eins og þetta atriði. Ég vitna enn til þess sem stendur í athugasemdum með frv. og ráðherrann minntist á að ríkisstjórnin hefur þetta á sinni stefnuskrá. Þess vegna sé ég ekki ástæðuna fyrir því að við þurfum endilega að binda okkur við að þessi lög öðlist gildi um leið og *samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði heldur óháð* því hvort hann verður að lögum eða ekki.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Frv. um umhverfismat sem hæstv. ráðherra hefur mælt hér fyrir felur í sér mjög þarflegt nýmæli í lögum hérlendis. Ég vil eindregið taka undir þau markmið sem hér eru fram sett og útfærslur þeirra í öllum aðalatriðum í frv. Um það gildir hið sama og gilti um hið fyrra mál, að þetta er þarflaust að tengja hinu Evrópska efnahagssvæði sem slíku. En hafi það orðið kveikjan að því að frv. var samið og til að minna ríkisstjórnina á málefnasáttmála sinn þar sem orðið umhverfismat kemur fram, ef ég man rétt, ber ekki að lasta það út af fyrir sig. En um þetta mál ber auðvitað að fjalla óháð því hvaða örlög samningur um Evrópskt efnahagssvæði fær hér eða annars staðar og það ber greiða fyrir lögfestingu þessa máls hér að vel athuguðu máli og hugsanlega að gerðum einhverjum *breytingum á frv. eftir athugun í þingnefnd*.

Ég vil takmarka mig við örfá atriði hér. Það er í fyrsta lagi varðandi 3. gr., þar sem gert er ráð fyrir að ráðherra skipi nefnd fimm sérfræðinga sér til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara og að sett verði reglugerð sem kveði nánar á um skipun nefndarinnar og starfshætti. Ég tel æskilegt, svo ekki sé fastar að orði kveðið, að kveðið verði á um skipun þessarar nefndar með skýrari hætti í löggjöfinni eða a.m.k. liggi það fyrir hvaða viðhorf eigi að gilda þegar hún verður sett á laggirnar, þ.e. sú reglugerð sem hér er boðað að ráðherra muni setja varðandi nefndina. Það segi ég ekki af *neinni meinbægni* við að svona vettvangur verði settur á laggirnar, það finnst mér að geti vel komið til greina en hins vegar skiptir mjög miklu máli hvaða sjónarmið eiga að ráða við skipan nefndar sem fær í raun jafnveigamikið hlutverk og þessari nefnd er ætlað samkvæmt frv.

Þá kem ég að 5. gr., 1. mgr., þar sem ráðherra er heimilað að víkja frá kvöðinni um umhverfismat varðandi einstakar framkvæmdir að fengnum tillögum sérfræðinganefndar. Það kann að vera rétt að hafa heimild af þessu tagi. En ég átta mig þó ekki á hvaða tilefni eru höfð í huga að þessu leyti. Síðan kemur sjálfstæður málsliður um að framkvæmdir í þágu varnarmála séu undanþegnar lögum þessum. Varðandi það efni tek ég undir það sem fram kom hér hjá hv. 15. þm. Reykv. áðan að ég skil ekki að nein ástæða sé til að undanskilja framkvæmdir í þágu varnarmála, eins og það er hér orðað, *umhverfismati*. Það ber auðvitað að hafa í huga að við erum ekki með her í landinu og ekki umfangsmiklar framkvæmdir á vegum Íslendinga í því sambandi. En það er sannarlega þörf á því að veita aðhald að því er snertir umsvif þeirra sem samkvæmt samningum við íslensk stjórnvöld kynnu að verða tilkvaddir og falla undir þetta ákvæði, varnarmál. Þar ættu vítin að vera til að varast þau því fáir hafa í rauninni gengið eins á íslenska náttúru og gegn íslenskum umhverfishagsmunum og einmitt setulið fyrr og síðar sem hér hefur átt dvöl í landinu. Nú má vera að menn hugsi það svo að hér sé neyðarréttur á ferðinni, *eins konar „force majeure“* og því eigi að undanskilja þessa aðila. Það eru ekki ástæður til þess þegar t.d. er verið að semja um dvöl manna eða uppsetningu mannvirkja sem tengd eru slíkum aðilum hérlendis. Það sem gerst hefur á Suðurnesjum og raunar víðar um landið, bæði á *árunum eftir síðustu heimsstyrjöld* og einnig á tímum hennar, en þá megnuðu íslensk stjórnvöld ekki að grípa þar inn í með ákvarðandi hætti, ætti að verða mönnum til umhugsunar þegar litið er á þessi ákvæði.

Varðandi 6. gr. sem útfærir nánar hvaða framkvæmdir skuli háðar umhverfismati þá sýnist mér að

það séu viðmiðunarmörkin sem þurfi að athuga og meta hvar dregin skuli. Ég er ekki sannfærður um að menn hafi hitt naglann á höfuðið þarna og það er kannski hæstv. ráðherra ekki heldur, ég veit það ekki. Það er auðvitað álitamál hvar svona mörk eru dregin. Þetta á að ná til veigameiri framkvæmda. En á það ber að líta að það fer talsvert eftir eðli máls og sérstaklega eftir því umhverfi sem í hlut á hvaða áhrif framkvæmd af ákveðinni stærð getur haft á umhverfið. T.d. getur fegurðargildi lands eða svæðis mælt gegn því að yfirleitt sé hróflað við því og það beri fremur að friðlýsa svæðið og undanskilja þar alla mannvirkjagerð en ráðast í framkvæmdir. Það má auðvitað segja að það ætti að vera verkefni Náttúruverndarráðs að tryggja að slík svæði séu friðlýst og vernduð sérstaklega. Þetta er atriði sem ég leyfi mér að benda á. Þetta á t.d. við um háspennulínurnar og mörkin sem þar eru sett varðandi legu háspennulína sem eru einhver allra leiðustu mannvirki sem við sjáum hér í landinu mjög víða. Það þarf ekki 132 kílóvatta línur, það nægir að fara niður í hundana svokölluðu, einstrengja línur sem lagðar voru hér og þar í sveitum án nokkurra inngripa náttúruverndaraðila eða aðhalds á sínum tíma, oft með hörmulegum afleiðingum fyrir umhverfið og til stórfelldra lýta. Það er fátt sem er jafndapurlegt upp á að horfa og hvernig línukraðakinu er fyrir komið víða um landið til stórfelldra lýta fyrir umhverfið. Þess vegna tel ég að þarna þurfi að meta málin svolítið öðruvísi en fram er sett í 6. gr. Það gildir einnig varðandi 10. lið-inn, lagningu vega. Þar spyr maður sig: Hversu víðtækt er þetta? Hvað eru vegir samkvæmt skilgreiningu 10. tölul.? Ég hef ekki borið það saman við lögskýringarnar. Falla t.d. hálendisvegir og fjallvegir undir þessa skilgreiningu með ótvíræðum hætti? Hversu víðtækt er þetta?

Þá er það skilgreiningin á verksmiðjum sem hér eru nefndar, t.d. í 8. lið. Þar eru sérstaklega tíundaðar verksmiðjur þar sem fram fer frumbræðsla á steypujárni og stáli og í 9. lið efnaverksmiðja með blandaða framleiðslu. Ég spyr: Tekur þetta með ótvíræðum hætti til málmbræðslna? Eru málmbræðslur í þessu samhengi efnaverksmiðjur? Hvað um slíkar bræðslur? Hvað um álbræðslur? Eru þær með ótvíræðum hætti undir þessum skilgreiningum? Ég vil að það sé á hreinu. Í rauninni hlýtur það að vera markmiðið, eins og reyndar kom fram í máli hæstv. ráðherra, að umhverfismat þurfi að fara fram þar sem þær eiga í hlut. Það kann að vera af vanþekkingu minni og athugunarleysi að spurningin er fram borin en hún er hér fram sett til vonar og vara.

Þetta voru helstu ábendingar af minni hálfu varðandi málið. Þó vil ég nefna það varðandi 10. gr. og útfærslu og úrvinnslu á umhverfismati að þar er skipulagsstjóra gert að kynna niðurstöðurnar og athugasemdum skal skilað til skipulagsstjóra innan sex vikna frá birtingu niðurstöðu umhverfismats. Ég sé ekki neins staðar í frv. að gert sé ráð fyrir því að binda í lög að haldnir skuli opnir fundir um slíkar niðurstöður. Ég hef þá í huga það sem upp hefur verið tekið víða í engilsaxneskum löndum, t.d. í Bretlandi og Bandaríkjunum, að halda opna fundi, „hearings", þar sem aðilar geta komið fram með sínar áhyggjur, vegist á, leitað upplýsinga og ég hvet til þess að það verði athugað í sambandi við frv. hvort ekki sé ástæða til að lögbjóða slíkt í sambandi við úrvinnslu á niðurstöðum umhverfismats. Um tímafrestinn til að vinna slíkt mat samkvæmt 8. gr., svo og um hver skuli stýra þessu máli, er auðvitað skylt að það sé metið hvort frv. sé með eðlilegar áherslur í því sambandi. Ég held að í sambandi við ýmsar athuganir þurfi lengri frest sem vissulega er heimild til samkvæmt frv. En það er spurning hvort þessi almenni sex mánaða frestur sem meginregla sé ekki í raun of þröngur til að lögbjóða hann. Það verði þá frekar undantekning en hitt og undantekningin verði meginreglan. Það er auðvitað ekki skynsamlegt að haga lagasetningu með þeim hætti.

Síðan er það kostnaðarþátturinn sem hv. 15. þm. Reykv. minnti á að hlyti að verða álitaefni og hugsanlega matsatriði fyrir þann sem biður um umhverfismat, hvort hann í raun vilji fylgja því eftir ef kostnaðurinn er mikill. Þetta er framkvæmdar- og útfærsluatriði. Auðvitað hlýtur það að koma til að reiddar verði fram áætlanir um slíkan kostnað, hann verði metinn og réttir aðilar, t.d. skipulagsstjóri, tryggi að slíkar upplýsingar liggi fyrir. Hafa ber í huga að aðstæður hérlendis hafa verið með nokkuð óvenjulegum hætti að því er snertir þessi mál vegna þess hve almennar rannsóknir á náttúru landsins eru skammt á veg komnar eða hvað þær hafa verið ófullnægjandi. Almennar upplýsingar hafa í nágrannalöndum okkar fyrir löngu legið fyrir sem almennur gagnabanki en hér hefur þetta skort vegna þess hversu lítið hefur verið lagt í almennar rannsóknir á náttúru landsins á liðinni tíð og er mjög til vansa fyrir Íslendinga sem hafa viljað telja sig fullvalda þjóð. Það má kannski segja að ef farið verður að tengja þetta við samninginn um EES fari að halla á hugtakið „fullveldi". En það ætla ég ekki að tengja inn í þetta sérstaklega. Þetta eru þær aðstæður sem valda því að kostnaður við svona umhverfismat verður óhjákvæmilega hár miðað við það sem ella væri ef menn hefðu hér góðan gagnagrunn og vitneskju um náttúru landsins sem er í mörgum tilvikum það sem þarf að skoða sérstaklega þó vissulega sé með réttum hætti vísað á fjölmarga aðra þætti, félagslega þætti og fleiri atriði sem falla inn í umhverfismat og það er mjög til bóta.

Þetta er gott mál sem hér er á ferðinni. Við skulum sameinast um að fjalla um það og gleyma á meðan samningnum um Evrópskt efnahagssvæði því þetta kemur því máli ekkert við.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim tveimur hv. þm. sem hér hafa talað fyrir góðar undirtektir við þetta mál en jafnframt mun ég leitast við að svara einhverjum af þeim spurningum sem fram komu í þeirra ræðum.

Ég tek undir það með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að við skulum sameinast um að leiða þetta mál fram til góðrar niðurstöðu og samþykktar burt séð frá

því hvort og hvernig það tengist umræddum samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Sá samningur eða sú samningsgerð hefur raunar orðið til að flýta því að sett væri samræmd löggjöf eða gerð tillaga um samræmda löggjöf um þetta þarflega nýmæli eins og hv. þm. sagði svo réttilega.

Báðir fyrri ræðumenn gerðu athugasemd við það að varnarmál eða framkvæmdir í þágu varnarmála væru undanþegnar lögum þessum eins og segir í 5. gr. Því er til að svara að það er beinlínis orðað svo í þessari tilskipun í lið 4. í 1. gr. Það þýðir auðvitað ekki í sjálfu sér að slíkar framkvæmdir þurfi ekki að taka tillit til umhverfissjónarmiða. Það er alveg rétt, sem hér var sagt áðan, að vissulega var það svo um ýmsar framkvæmdir hér, t.d. á styrjaldarárunum og raunar í framhaldi af þeim, að þar var ekki tekið tillit til umhverfissjónarmiða frekar en gert var á svo mörgum öðrum sviðum og við svo margar aðrar framkvæmdir yfirleitt vegna þess að þau sjónarmið, þau gildi og þær reglur og afleiðingar af ýmsum okkar mannanna gerðum lágu hreinlega ekki fyrir. Það var ekki um það vitað og hefði betur á ýmsum sviðum verið öðruvísi að staðið. Nú eru vissulega breyttar kringumstæður og breytt sjónarmið og menn komast hreinlega ekki upp með það lengur, hvort sem það er á sviði varnarmála eða í öðrum tilvikum, að taka ekki tillit til umhverfissjónarmiða. Ég hygg að við framkvæmdir í varnarmálum, t.d. við nýja olíuhöfn í Helguvík, hafi verið tekið ýtrasta tillit til öryggis- og umhverfissjónarmiða. En það er rétt að hér áður var ýmislegt gert sem betur væri ógert og annað sem betur hefði mátt gera. Nefnt var hér, og það gerði hv. þm. Kristín Einarsdóttir, um fylgiskjalið og tilvísun til þess. Þess eru dæmi í íslenskri löggjöf að fylgiskjöl sem birt eru með lagafrumvörpum séu jafnframt birt í lagasafni og hafi lagagildi og fái slíka umfjöllun. Það gildir t.d. um varnarsamninginn milli Íslands og Bandaríkjanna sem er afar stuttur í lagasafni, en honum fylgja fylgiskjöl sem birt eru þar líka og hafa lagagildi.

Það er rétt og sjálfsagt að taka undir það að ýmsar þær viðmiðanir sem eru settar í 6. gr. eru auðvitað álitamál, eins og ævinlega þegar settar eru viðmiðanir af slíku tagi, og má ræða og má rökstyðja á margan veg að ætti að vera svona eða ætti að vera með öðrum hætti. Undir það skal ég taka og það hlýtur nefndin að taka til athugunar. Það er auðvitað sjónarmið að það eru ekki bara háspennulínur sem hér um ræðir, heldur línulagnir almennt og enn má nefna að það er tiltölulega nýtt sjónarmið og nýtt í umræðunni að raflínulagning sé af hinu illa og hafi slæm áhrif. Það er ekki langt síðan menn hugsuðu fyrst og fremst um það að fá rafmagnið og það sem því fylgdi, hita, ljós og allan þann vinnusparnað. Það er nýtt sjónarmið að horfa til þess að það geti verið sjónmengun, eins og það er oft nefnt, eða umhverfisspilling af línulögnum. En við getum verið sammála um að í sumum tilvikum er það og í sumum tilvikum hefur þar verið farið fram með þeim hætti sem ekki mundi gert nú. Hins vegar meðan jafndýrt er og raun ber vitni að leggja slíkar línur í jörð um langa vegu komumst við ekki hjá því að hafa slík mannvirki í landinu ef við ætlum að nýta afl fallvatnanna og njóta þess.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson nefndi hér vegi. Ég held að samkvæmt þessu þá taki þetta til vega um hálendið, vissulega. Það var lagt fram á Alþingi á fyrra ári frv. um skipulags- og byggingarmál á hálendi Íslands sem hlaut ekki mjög góðar viðtökur, að ekki sé sterkar að orði kveðið. Meginatriðið þar er auðvitað að ná utan um þau mál þannig að þar gildi reglur, ekki endilega með hvaða hætti það er gert.

Þá minntist hv. þm. einnig á það að nauðsynlegt væri að hafa ákvæði um opna fundi til þess að fjalla um þessi mál. Ég hef efasemdir um að slíkt eigi að binda í lög en bendi á að slíkir fundir hafa auðvitað verið haldnir. Iðnrn. og umhvrn. stóðu t.d. fyrir fundi um umhverfismál, m.a. í Vogum á Vatnsleysuströnd vegna fyrirhugaðrar álversbyggingar þar, stóðu fyrir opnum borgarafundi þar sem fóru fram líflegar umræður og menn skiptust á skoðunum um þá framkvæmd.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir vék að hlutverki Náttúruverndarráðs. Það mun í rauninni ekki breytast frá því sem nú er í lögum að Náttúruverndarráð er umsagnaraðili eins og nú háttar og samkvæmt þessu yrði það það áfram. Hún velti einnig fyrir sér þýðingu orðanna „umtalsverð áhrif" sem eru í 4. gr. Ég hygg að svarið við þeirri spurningu sé raunar í 6. gr. þar sem taldar eru upp þær framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati.

En ég skal ekki, virðulegi forseti, lengja þetta meira. Ég held að ég hafi svarað flestu því sem um var spurt. Sú framkvæmd að skipulagsstjóri eða skipulagsstjórn hafi umsjón með umhverfismati er í samræmi við þá starfsvenju sem ég veit best til að gildi á Norðurlöndunum.

En ég ítreka þakkir mínar til þingmanna sem hér hafa talað fyrir jákvæðar undirtektir en tek undir það að auðvitað eru hér ýmis álitamál og umhvn. mun fjalla um þau og ég efast ekki um að málið fái ítarlega og vandaða umfjöllun í nefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Út af dagskrá eru tekin 9., 12., 13., 14. og 15. dagskrármál. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi.

Hlé á fundum Alþingis.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Síðan Alþingi var sett, hinn 17. ágúst, tæpum sjö vikum fyrr en venja stendur til, hafa verið haldnir 24 þingfundir á 21 þingfundadegi. Tvenn lög hafa verið samþykkt og 1. umr. um 35 frumvörp er lokið, en umræða ekki hafin um 15 frumvörp en þá eru talin bæði svokölluð EES-frumvörp sem eru fimm og þingmannafrumvörp.

Fimm þingsályktunartillögur eru komnar fram, þar af hefur einni verið vísað til nefndar.

Af þessu má sjá að Alþingi hefur verið starfsamt þessa ágúst- og septemberdaga. Okkar bíða mikil verkefni þegar þingfundir hefjast að nýju en það er von forseta að þessir aukafundir Alþingis, ef svo má segja, hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt.

Gert er ráð fyrir að fundir Alþingis hefjist á ný samkvæmt starfsáætlun Alþingis þriðjudaginn 6. okt. Fundi er slitið.

25. FUNDUR

þriðjudaginn 6. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Hópuppsagnir, stjfrv., 20. mál, þskj. 20. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, stjfrv., 21. mál, þskj. 21. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Vinnumarkaðsmál, stjfrv., 22. mál, þskj. 22. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Umhverfismál og upplýsingamiðlun, stjfrv., 42. mál, þskj. 43. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Umhverfismat, stjfrv., 80. mál, þskj. 87. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Samkeppnislög, stjfrv., 9. mál, þskj. 9. — Frh. 1. umr.
7. Gagnkvæm viðurkenning á menntun vegna EES, stjfrv., 77. mál, þskj. 79. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.,
Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Eiður Guðnason, umhvrh.,
Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1993, stjfrv., 96. mál, þskj. 109.
Málefni aldraðra, stjfrv., 97. mál, þskj. 113.
Útboð á vegum viðskiptaráðuneytisins, 62. mál, svar viðskrh. á þskj. 111.
Útboð á vegum iðnaðarráðuneytisins, 55. mál., svar iðnrh. á þskj. 112.

Framhald þingfunda.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fundur er settur í Alþingi. Ég vil bjóða alþingismenn velkomna til starfa í þingsalnum að nýju eftir tveggja vikna fundahlé. Ég vona að hin margvíslegu störf þingmanna, sem þeir þurfa að inna af hendi auk hefðbundinna þingstarfa sem almenningur getur nú fylgst svo vel með, hafi gengið vel og verið öllum til góðs. Ég óska þess að störf okkar í þessari fundalotu fram til jóla verði farsæl en óvenjumörg verkefni liggja nú fyrir Alþingi til umræðu og afgreiðslu.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 6. okt. 1992:

„Þar sem Össur Skarphéðinsson, 17. þm. Reykv., er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér að beiðni hans með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Alþfl. í Reykjavík, Magnús Jónsson veðurfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta tilkynnist yður hér með, virðulegi forseti."

Undir bréfið ritar Sighvatur Björgvinsson, varaformaður þingflokks Alþfl.

Magnús Jónsson veðurfræðingur hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Þá hefur mér borist annað bréf, dags. 1. okt.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindagerðum get ég ekki sótt þingfundi á næstunni. Því leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna forfalla 1. varaþingkonu taki 2. varaþingkona Kvennalistans í Reykjavík, Guðný Guðbjörnsdóttir dósent, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Virðingarfyllst,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv."

Þá hefur borist bréf, dags. 1. okt.:

„Það tilkynnist hér með að vegna anna sér undirrituð sér ekki fært að taka sæti á Alþingi í fjarveru Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur.

Virðingarfyllst,
Guðrún J. Halldórsdóttir."

Guðný Guðbjörnsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Hópuppsagnir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 20. mál. — Þskj. 20.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 45:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, MJ, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: StH.*

17 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, FrS, JHelg, KÁ, KE, LMR, MF, RG, SigG, SP, StG, SvG) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. vísað til félmn. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, MJ, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SAÞ, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
19 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, FrS, HG, JHelg, KÁ, LMR, MF, RA, RG, SigG, SighB, SP, StG, SvG) fjarstaddir.

Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, frh. 1. umr.

Stjfrv., 21. mál. — Þskj. 21.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, MJ, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
18 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, FrS, GB, JHelg, JónK, KÁ, LMR, MF, RG, SigG, SP, StG, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP.
18 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, FrS, JHelg, JónK, KÁ, LMR, PJ, RG, SigG, SP, StG, SvG, VS) fjarstaddir.

Vinnumarkaðsmál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 22. mál. — Þskj. 22.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, MJ, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, FrS, JHelg, KÁ, LMR, MB, RG, SigG, SP, StG, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, MJ, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
17 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, FrS, GHelg, JHelg, KÁ, LMR, MB, RG, SigG, SP, StG, SvG) fjarstaddir.

Umhverfismál og upplýsingamiðlun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 42. mál. — Þskj. 43.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, FrS, JHelg, KÁ, LMR, RG, SigG, SP, StG, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til umhvn. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, MJ, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
17 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, JHelg, KÁ, LMR, MB, ÓRG, RA, RG, SigG, SP, StG, SvG) fjarstaddir.

Umhverfismat, frh. 1. umr.

Stjfrv., 80. mál (EES-reglur). — Þskj. 87.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, MJ, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, JHelg, KÁ, LMR, ÓRG, RG, SigG, SP, StG, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til umhvn. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, MJ, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, JHelg, KÁ, LMR, ÓRG, RG, SigG, SP, StG, SvG) fjarstaddir.

Afbrigði um stefnuræðu forsætisráðherra.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess að hinn 24. ágúst sl. voru samþykkt afbrigði frá 73. gr. þingskapa um flutning stefnuræðu forsrh. Samþykkt var að stefnuræðan skyldi að þessu sinni flutt 6. okt. og var það í samræmi við fyrirliggjandi starfsáætlun. Nú hafa hins vegar borist óskir um að stefnuræðan verði flutt tæpri viku síðar, mánudaginn 12. okt., og getur forseti mjög vel fallist á það.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Afbrigði samþ. án atkvgr.

Samkeppnislög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 9. mál. — Þskj. 9.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Það frv. sem hér er til umræðu, frv. til samkeppnislaga, var á dagskrá áður en þinghlé var gert. Hæstv. viðskrh. hafði mælt fyrir því og var lögð á það áhersla að mál þetta fylgdi öðrum frv. sem tengjast samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Nú er það svo að frv. er ekki tengt því máli í sjálfu sér nema að litlu leyti. Samningur um Evrópskt efnahagssvæði leggur engar sérstakar skyldur á herðar íslenskum stjórnvöldum til að breyta íslenskum samkeppnisreglum. Það er samkvæmt þeim samningi fullkomlega í okkar valdi hvort við teljum ástæðu til að gera það og hvaða leikreglur verða settar í samkeppni hér innan lands. Það er hins vegar mikilvægt að þessar leikreglur séu sem traustastar eins og allar aðrar leikreglur í atvinnulífinu. Því er mikilvægt að mál þetta nái fram að ganga. Ég vil hins vegar benda á að miklar athugasemdir eru gerðar við það af atvinnulífinu. Það er ekki sjálfgefið að sams konar samkeppnisreglur gildi hér á landi á okkar litla markaði og meðal þeirra stóru þjóða sem tengjast Evrópubandalaginu eða væntanlegu Evrópsku efnahagssvæði. Þetta kemur mjög skýrt fram í athugasemdum frá aðilum vinnumarkaðarins sem leggja mikla áherlsu á að samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum fyrirtækjum verði tryggð. Það vantar að fá yfirlit frá hæstv. ríkisstjórn um það með hvaða hætti eigi að tryggja betri samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum fyrirtækjum á hinu væntanlega Evrópska efnahagssvæði.

Það verður því miður að segjast eins og er að þær leikreglur sem gilda innan lands eru oft og tíðum mjög ótraustar. Það hefur t.d. komið fram að undanförnu að ríkisstjórnin ætlar sér að breyta nokkrum leikreglum í sambandi við atvinnulífið en svo virðist vera að hún hafi ekki enn komið sér saman um hvernig breytingarnar skuli vera. Það hefur ekkert heillegt yfirlit komið frá ríkisstjórninni um það hvernig á að tryggja betur samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Sem dæmi má taka að fyrir nokkru síðan var ákveðið af hæstv. ríkisstjórn að breyta virðisaukaskattskerfinu. Fyrst var ætlunin að afnema þar ákveðnar undanþágur. Síðan var horfið frá því og ákveðið að hætta endurgreiðslu virðisaukaskatts til tiltekinna fyrirtækja. Ég er þeirrar skoðunar að okkar virðisaukaskattskerfi sé nokkuð gott. Í því eru fáar tiltölulega stórar undanþágur sem eru vissulega umdeilanlegar og verða það ávallt en það á ekki að hringla í þessu kerfi og skapa óvissu á markaði. Í þessu tilviki er fyrirtækjum í prentiðnaði og bókaútgáfu sagt að þau geti ekki átt von á því að búa við sambærilegar reglur og erlend samkeppnisfyrirtæki. Með þessari ákvörðun var ríkisstjórnin að næturlagi að kippa grundvellinum undan þeim atvinnurekstri en virðist að vísu að vera að átta sig á því núna nokkrum vikum síðar.

Það hlaut hver maður að vita, sem eitthvað hefur komið nálægt skattamálum, að slík ákvörðun mundi að verulegu leyti raska samkeppnishæfni þessa iðnaðar. Það ætti hver einasti hæstv. ráðherra að vita og það ætti hver einasti hv. þm. jafnframt að vita. Samt er þessi ákvörðun tekin og ég trúi því ekki að það hafi verið haft samráð um hana við þá embættismenn sem best þekkja til í skattamálum.

Jafnframt er ákveðið að breyta tekjuskattskerfinu og lækka tekjuskatt fyrirtækja til samræmis við tekjuskatt í öðrum löndum og er það vel en lítið eða ekkert hefur heyrst um það hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar aflétta kostnaðartengdum sköttum sem ekki þekkjast í okkar samkeppnislöndum. Það má líka nefna það að ekki er vitað hvernig farið verður með ákveðna skatta, sem tengjast sjávarútvegi. Þótt ég taki þannig undir það, hæstv. forseti, að fjalla þurfi um samkeppnislög liggur miklu meira á því að vinna á Alþingi að því að samræma allar samkeppnisreglur við það sem gengur og gerist erlendis. Um það hefur hæstv. ríkisstjórn litla forustu og ekkert yfirlit liggur fyrir um það. Ég tel því að þetta mál megi í sjálfu sér bíða eitthvað því að það tengist ekki svo mjög því máli sem við erum hér að fjalla um og á að vera aðalmálið til umfjöllunar nú á haustþingi.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að fara í mikla efnisumfjöllun um málið. Það er flókið og það er vandmeðfarið og það er ekkert einhlítt hvernig það á að leysa. Frv. einkennist að mínu mati af mjög umfangsmiklu stjórnsýslukerfi, sem á að fara með þessi mál, og mjög miklum völdum til þeirra aðila sem verður trúað fyrir því að fara með samkeppnismál á íslenska

markaðnum. Hugtök eru mörg hver mjög óljós og lítt vitað um það hvernig þessir aðilar kunna að fara með vald sitt og ég hef miklar efasemdir um það hvort rétt sé að fela þeim þau miklu völd sem koma fram í frv.

Varðandi stjórnsýsluþáttinn er rétt að nefna það að samkvæmt 5.–9. gr. á viðskrh. að skipa svokallað samkeppnisráð. Ráðherra skipar þrjá fulltrúa, formann ráðsins án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands. Síðan á Hæstiréttur að skipa tvo menn í ráðið en viðskrh. getur fellt niður skipun formanns og varamanns hans og skipað nýja menn í þeirra stað til loka skipunartíma samkeppnisráðs er þá situr, þ.e. við ríkisstjórnarskipti. Þetta ber mjög mikinn keim af því sem í daglegu tali er kallað pólitísk yfirstjórn.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að viðskrh. á að vera ábyrgðaraðili fyrir samkeppnisreglum í þjóðfélaginu. En ég hef enga fullvissu fyrir því að það sé nauðsynlegt ef skipt er um viðskrh. að þá þurfi að skipta um menn í þessum störfum. Ég vænti þess að hæstv. núv. viðskrh. ætli sér fyrst og fremst að skipa menn með fagþekkingu á þessum sviðum en ekki einhvern sérstakan pólitískan stuðningsmann sinn eða aðila sem hann treystir best pólitískt fyrir þessum málum. Ég tel að þessi mál eigi ekki að hafa þennan svip. Ég vil vitna, hæstv. forseti, í umsögn aðila vinnumarkaðarins, þ.e. Vinnuveitendasambands Íslands, Landssambands iðnaðarmanna og Félags ísl. iðnrekenda en þeir segja í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Öll stjórnsýsla samkeppnismála verður að vera hafin yfir pólitíska hagsmunagæslu og dægurþras. Því miður er það svo að mörg ákvæði frv. eru til þess fallin að koma í veg fyrir að samkeppnisyfirvöld muni njóta þessa trausts. Í mörgum atriðum er hlutverk ráðherra of víðtækt. Hann á að skera úr um merkingu hugtaka", og vil ég þar vitna t.d. til 4. gr. frv. þar sem ráðherra á að skera úr um ágreining út af hugtökum. „Hann getur skipt um formennsku í samkeppnisráði við ríkisstjórnarskipti. Hann skipar nefndir, hann ræður forstjóra o.s.frv. Þessi miklu afskipti hins pólitíska valds eru óæskileg og aðeins til þess fallin að bjóða heim þeirri hættu að samkeppnisyfirvöld njóti ekki nauðsynlegs trausts í þjóðfélaginu."

Ég held að það sé alveg rétt hjá þessum umsagnaraðilum að það er að sjálfsögðu aðalatriðið að viðkomandi yfirvald njóti trausts. Ég vil ekki halda því fram að það hljóti að rýra traust þeirra þó að viðskrh. skipi viðkomandi aðila. Ég get ekki beinlínis tekið undir það. Ég tel hins vegar að andi þessarar greinar sé með þeim hætti að hann bendi til þess að viðkomandi formaður og varamaður hans eigi að einhverju leyti að lúta vilja viðskrh. á hverjum tíma. Ég hélt satt best að segja að það væri ætlun núv. ríkisstjórnar að reyna að losa um slík bönd og láta markaðinn meira um þessi atriði en umrædd ákvæði vekja vissulega efasemdir um þann vilja.

Ég get heldur ekki fallist á að það sé nauðsynlegt að samkeppnisráð hafi sér til ráðgjafar ákveðna fastanefnd skipaða þremur mönnum sem eigi sérstaklega að fjalla um auglýsingar en þessi nefnd á að nefnast auglýsinganefnd. Það hlýtur að vera verkefni viðkomandi stofnunar, sem er undir stjórn samkeppnisráðs, að fjalla um þau samkeppnismál eins og öll önnur samkeppnismál. Ég sé engin rök fyrir því að setja sérstakt batterí í það verkefni. Auk þess á ráðherra að fá heimild til að skipa fastanefndir á ýmsum sviðum til að fjalla um afmörkuð og aðskilin mál. Það er nú svo að best er að viðkomandi stofnun sé þannig í stakk búin að starfsmenn hennar séu vel fallnir til að sinna öllum þessum málum undir yfirumsjón samkeppnisráðs og ég tel ekkert sérstakt mæla með því að settar séu sérstakar nefndir í það eins og gert er ráð fyrir í frv.

Ég vil svo að lokum koma inn á eftirlit með samkeppnishömlum sem er e.t.v. mikilvægasta atriði frv., þ.e. 17. og 18. gr. Þar er gerð grein fyrir víðtækum völdum sem samkeppnisráð fær. Má t.d. nefna að samkeppnisráð verður oft að byggja úrskurð sinn á alláljósum hugtökum eins og markaðsráðandi staða eða skaðleg áhrif án þess að frekari skilgreining sé á þessum hugtökum, a.m.k. ekki fullnægjandi skilgreining. Það er nauðsynlegt að menn geri sér bærilega grein fyrir því hvað er markaðsráðandi staða. Það getur verið nauðsynlegt að grípa inn í í samkeppnsimálum, og ég get tekið undir það, ef fyrirtæki hefur markaðsráðandi stöðu. Það getur hins vegar verið mjög erfitt að úrskurða um það og það getur líka verið erfitt að úrskurða hvenær skaðleg áhrif eiga sér stað þótt það sé nokkuð skilgreint í frv.

Þetta eru atriði sem þarfnast mjög vandlegrar skoðunar og yfirferðar í nefnd. Mér þykir nauðsynlegt að kalla til þá aðila sem hafa gefið umsagnir um þetta mál. Ég tel að það sé alveg ljóst að umfjöllun um þetta mál mun taka alllangan tíma í efh.- og viðskn. Með því er ég ekki að draga úr mikilvægi málsins, alls ekki, aðeins að benda á að það hafa komið fram mjög víðtækar athugasemdir sem þarfnast nánari skoðunar.

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, ítreka það að ég tel það aðalatriði við þær aðstæður sem nú eru í okkar þjóðfélagi að bæta samkeppnisstöðu atvinnurekstrarins, bæta samkeppnisstöðu fyrirtækjanna, bæta möguleikana til verðmætasköpunar í þjóðfélaginu. Hvaðeina sem við gerum þarf að stuðla að því markmiði, hvort sem það er á sviði ríkisfjármála, skattamála eða annarra mála. Það er óviðunandi fyrir atvinnulífið að búa alltaf við óvissar leikreglur. Það er óviðunandi að ráðherrar í ríkisstjórn komi saman á næturfundi og taki ákvarðanir sem eru svo gersamlega út í hött, eins og í þessu bókaútgáfumáli, að enginn getur skilið það. Eina skýringin hlýtur að vera svefnleysi og þreyta. Það er náttúrlega ekki hægt að bjóða íslensku atvinnulífi upp á svona vinnubrögð, hæstv. iðnrh. (Gripið fram í.) Ég ætla ekki að nefna það heilbrigðisvandamál en það þarf að vanda alla ákvarðanatöku varðandi rekstrarumhverfi fyrirtækja. Frv. stefnir ekki sérstaklega í þá átt og er ekki til þess fallið að bæta aðstöðu íslenskra fyrirtækja. Hins vegar er gerð heiðarleg tilraun með þessu frv. til að bæta réttarstöðu neytendanna í samfélaginu og þeirra sem þurfa að eiga viðskipti við viðkomandi fyrirtæki. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt mál. En

við megum ekki gleyma því að íslenskur atvinnurekstur býr við mjög þröngan kost um þessar mundir og nánast flest atvinnufyrirtæki eru rekin með tapi. Atvinnureksturinn þarf á því að halda að fá einhverja tryggingu fyrir rekstrarumhverfi til lengri framtíðar. Ég held að fleiri og fleiri þjóðir séu að gera sér betur grein fyrir nauðsyn þess og aðilar vinnumarkaðarins víða um lönd eru jafnframt að gera sér grein fyrir þessu. Það er að myndast breiðari samstaða meðal stjórnmálaflokka víða um lönd um að reyna að tryggja þessa framtíð betur, t.d. að við tilkomu nýrrar ríkisstjórnar sé ekki farið að grauta í öllu skattkerfinu upp á nýtt. Svíar hafa t.d. áttað sig á þessu og hafa nú nýlega komist að víðtæku samkomulagi um leiðréttingar á skattkerfinu. Þjóðverjar hafa tekið á þessu m.a. með samvinnu milli stjórnar og stjórnarandstöðu og samvinnu þingsins, og þeirra sem þar bera ábyrgð, og aðila vinnumarkaðarins. Slík víðtæk samvinna um starfsumhverfi atvinnurekstrarins er nauðsynleg um þessar mundir. Og það er ekki síður nauðsynlegt hér á Íslandi en annars staðar í Evrópu. En hæstv. núv. ríkisstjórn virðist ekki hafa mikinn skilning á þessu. Hún telur greinilega best að gera þetta á næturfundum, ráðherrar eru þá illa fyrir kallaðir og svefnlausir, án þess að tala um það við nokkurn einasta mann, ég tala nú ekki um að það sé talið til siðs að ræða það við nokkuð sem kallast stjórnarandstaða, m.a. í þeim tilgangi að tryggja betur til frambúðar starfsumhverfi atvinnurekstrar hér á landi. Nei, það dettur þeim ekki í hug að gera. Auðvitað er það nauðsynlegt og menn eiga að gefa sér tíma í það. Ég tel það vera hvað mikilvægast fyrir íslenskt samfélag í dag að tryggja samkeppnishæfni okkar fyrirtækja til að þau geti tekið þátt í alþjóðlegri samkeppni og staðist hana. Það er ekkert dægurmál. Það er langtímamál, og ég vildi, virðulegur forseti, sjá einhverja tilburði í þá átt af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Ég mun vinna að þessu máli í þeirri nefnd sem ég á sæti í. Ég hef ýmsar efnislegar athugasemdir við það og mun koma þeim þar á framfæri og vil ekki eyða tíma deildarinar í það mál. Það yrði allt of langt mál. (Gripið fram í.) Ég er búinn að sitja hér svo lengi að ég er farinn að gleyma því stundum að þingið er nú orðin ein deild. Ég vona að það fyrirgefist. Ég vil ekki eyða tíma þingsins í að fara yfir einstök efnisatriði. Ég held að betra sé að gera það í nefnd. Ég vænti þess að þetta sé mál sem nokkuð góð samstaða getur náðst um en það er alveg ljóst að á frv. þurfa að verða nokkrar breytingar. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra sé tilbúinn til samstarfs í þeim efnum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til samkeppnislaga, lagabálkur sem kemur í staðinn fyrir núgildandi lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti og kemur reyndar inn á fleiri staði í okkar viðskiptalöggjöf eða reglum á því sviði. Ég er þeirrar skoðunar að hér sé á ferðinni afar mikilsvert mál og ætla að skipta umfjöllun minni um það í grófum dráttum í tvennt, þ.e. annars vegar þann þátt þess sem lýtur að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og kemur inn í sérstakan kafla frv. og hins vegar þá heildarendurskoðun laga um samkeppni og viðskiptahætti sem hér er á ferðinni og er þörf og tímabær. Ég vil láta það sjónarmið mitt koma fram strax í upphafi að ég tel margt í frv. vera til mikilla bóta. Það færir til nútímahátta mjög mörg ákvæði úr gildandi lögum sem eru um margt orðin úrelt, eru að verulegu leyfi afsprengi gerólíkra aðstæðna í okkar viðskiptaháttum þar sem opinber íhlutun, opinber verðlagning og ýmiss konar takmarkanir settu miklu ríkara mark á alla framkvæmd þessara mála. Ég held að það sé löngu tímabært að breyta þessu í grundvallaratriðum. Ég hef sjálfur ásamt fleirum flutt hér á undanförnum þingum frumvörp og tillögur sem horft hafa til breytinga í þessum efnum. Ég vísa þar m.a. í frv. sem flutt var á síðasta þingi, á þskj. 625, af mér og fleirum sem fólu í allmiklar breytingar á lögunum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Á fyrri þingum hef ég m.a. flutt þáltill. um afmarkaða þætti þessa máls svo sem það sem lýtur að eftirliti með auglýsingum. Ég mun koma hér lítillega að því síðar.

Því miður er smíðin ekki fullkomin og er kannski varla von. Frv. er að mínu mati einnig áfátt í nokkrum atriðum og kannski þar sem síst skyldi. Ég tel að í frv. sé með allt of loppnum hætti, ef ég má orða það svo, hæstv. forseti, tekið á sjálfum undirstöðuatriðum samkeppnisforsendnanna, þ.e. þeim leikreglum sem gilda um samkeppni á markaði annars vegar og hins vegar hömlum gagnvart samkeppnistakmörkunum, fákeppni og einokun stórra eða ráðandi aðila á markaði. Það verður að segjast eins og er að það eru auðvitað mikil vonbrigði að þrátt fyrir alla umræðu á undanförnum árum um fjölskyldurnar, hvort sem þær eru 13 eða 14, um kolkrabbann og um vaxandi samþjöppun valds og fjármagns í viðskiptalífinu, skuli í raun og veru ekki gerð nein tilraun til þess, þegar loksins heildstætt frv. um þetta efni lítur dagsins ljós og það flutt af einum hæstv. ráðherra Alþfl., til að taka á þessum hlutum. Það er a.m.k. ekki í samræmi við það hversu oft og hátt og lengi þeir alþýðuflokksmenn hafa talað um nauðsyn þess að brjóta upp þessa fákeppni kolkrabbans og einokun fjölskyldnanna 14 o.s.frv. Ég mun koma að því betur þegar ég fer yfir efni frv., hæstv. forseti, hvar ég tel að frv. sé hvað þetta snertir mest ábótavant, en það varðar sjálfan grundvöll þess, markmiðsskilgreiningu laganna og undirstöðugreinar sem lúta að samkeppnishömlum, samruna fyrirtækja og fleira því um líku.

Ég ætla, hæstv. forseti, að stilla mig um að nota þetta tækifæri, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði að hluta til, til fjalla í almennara samhengi um starfsskilyrði atvinnulífsins eins og frv. til samkeppnislaga býður vissulega upp á. Það er freistandi að gera það við núverandi aðstæður í íslenskum efnahags- og atvinnumálum, en tímans vegna ætla ég að neita mér um það og reyna að ræða efni frv. þröngt, ef svo má að orði komast, ella hygg ég að umræðan gæti orðið ærið langsótt því undir þetta mætti vissulega heimfæra flest það sem lýtur að starfsskilyrðum og umhverfi í íslensku atvinnulífi.

Herra forseti. Ég vil taka það fram að ég er aldeilis ósammála hv. síðasta ræðumanni, 1. þm. Austurl., um þá þætti frv. sem snúa að auglýsingum. Ég er ánægður með að sjá þó þá viðleitni af hálfu hæstv. ráðherra í þessu frv. að gert er ráð fyrir sérstakri nefnd sem fjalli um þann málaflokk út af fyrir sig og sú nefnd sé hluti af stjórnsýsluuppbyggingu samkeppnisráðs og þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Ég færi þau rök fyrir þessu sjónarmiði mínu að ég held að málefni auglýsinga og eftirlit með þeim sé svo sérstakur og afmarkaður þáttur framkvæmdar viðskiptalöggjafar að full ástæða sé til að skipa eftirliti og stjórnun þeirra mála með sérstökum hætti.

Þannig vill til að hér er að nokkru leyti á ferðinni arfur frá fyrri þingmálum, þá á ég við frv. til laga um auglýsingalöggjöf sem var flutt á síðasta þingi og gott ef ekki tveimur þingum af hæstv. viðskrh. Það frv. kom til í framhaldi af því að Alþingi afgreiddi þáltill., sem ég var 1. flm. að, fyrir nokkrum árum síðan þar sem þingið skoraði á framkvæmdarvaldið að hlutast til um að sett yrði heildstæð löggjöf um auglýsingamálefni. Það sem fyrir mér vakir sérstaklega og hefur gert þau fimm ár eða svo sem ég hef haft þetta mál til meðferðar var að taka á því að á Íslandi hefur algjörlega skort í löggjöf fyrirmæli um og tryggingar fyrir því að börn og ungmenni nytu eðlilegrar verndar í þessum efnum. Slík ákvæði hafa mjög víða komið inn í lög í nágrannalöndunum og jafnvel verið í gildi um áratuga skeið víða, en enn sem komið er, því miður, hefur ekki tekist að búa tryggilega um hnútana í þessum efnum í íslenskri löggjöf og veit ég svo sem ekki hvers vegna það er svona þungur róður og undrar mig nokkuð. Ég var bjartsýnn á það í fyrsta sinn sem ég hreyfði þeim málum á þingi fyrir einum fimm, sex árum að menn hlytu að geta fallist á að ástæða væri til að taka inn í íslenska löggjöf sambærileg ákvæði í þessum efnum og víða er að finna annars staðar en það hefur reynst torsóttara en ég áttaði mig á. Þess vegna er ég í fyrsta lagi ánægður með að þessi sérstaka auglýsinganefnd skuli vera inni í stjórnsýslu þessara mála. Í öðru lagi tel ég að ákvæði 20.–22. gr. frv. séu til mikilla bóta og fagna því að slíkt verði tekið í lög í landinu. Það segir m.a., með leyfi forseta, í 22. gr.:

„Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim."

Það mætti taka svipað fram um dagskrá sjónvarpsins, svo ég leyfi mér að skjóta því að í framhjáhlaupi, hæstv. forseti, að það liggur við að ástæða væri til að setja sérstaka lagagrein um að tiltekið efni skyldi ekki sent út klukkan hálfníu í íslenska sjónvarpinu án þess að nokkrar aðvaranir kæmu um að það væri ekki ætlað eða hollt börnum. Ég er að vísa til framhaldsþáttar sem sýningar hófust á fyrir tveimur kvöldum síðan.

En það er til mikilla bóta hvað auglýsingarnar snertir að þær skuli miðast við að börn sjái þær og heyri og að þær megi á engan hátt misbjóða þeim.

„Í auglýsingunum verður að sýna sérstaka varkárni vegna trúgirni barna og unglinga og áhrif á þau.

Komi börn fram í auglýsingum skal þess gætt að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum er leitt geti til þess að þau eða önnur börn komist í hættu eða geri það sem óheimilt er."

Herra forseti. Ég tel til mikilla bóta að þessi ákvæði komi inn í lög og ég bind vonir við að þar verði ekki um dauðan lagabókstaf að ræða, heldur verði því framfylgt að svona skuli staðið að málum. Ég tel satt best að segja, hæstv. forseti, það liggur við að ég leyfi mér að segja til skammar að við Íslendingar skulum hafa staðið jafnilla að þessum málum á undanförnum árum og áratugum og raun ber vitni. Mig undrar það satt best að segja að jafnmargt og gott og velþenkjandi fólk og er til staðar og er að hugsa um málefni barna og unglinga að þessum þætti skuli ekki hafa verið betur sinnt eða meira á hann ýtt á undanförnum árum. Það er alveg óumdeilt í hópi þeirra sem þessi mál hafa kynnt sér sérstaklega að hinir öflugu fjölmiðlar nútímans geta haft varanleg og mjög mikil áhrif á þroskaskeiði barna og unglinga og það þarf að sýna sérstaka gætni í sambandi við þau áhrif sem þessir öflugu miðlar og ekki síst auglýsingatímar þeirra geta haft í þessu sambandi.

Ég held að það liggi í hlutarins eðli að með því að hafa sjálfstæða nefnd starfandi um þennan þátt framkvæmdar viðskiptalöggjafarinnar séu meiri líkur til að þessu verði framfylgt, þetta verði sem sagt tryggt í allri framkvæmd, en ef þetta væri bara eitt af fjölmörgum almennum verkefnum samkeppnisráðs. Ég tel því óhjákvæmilegt, hæstv. forseti, og ekki síst í ljósi þeirra sjónarmiða sem hv. síðasti ræðumaður lét koma fram, að lýsa mínum viðhorfum sem eru algjörlega andstæð. Ég tel að það sé einmitt skynsamlegt að búa svona um hnútana úr því að ekki varð niðurstaðan, sem ég hefði verið tilbúinn að styðja, að um þetta hefði verið fjallað í afmörkuðum lögum.

Í öðru lagi vil ég úr efni frv. nefna, hæstv. forseti, 11. kafla þess. Þar er skotið kafla inn í þessa löggjöf, sem er henni í sjálfu sér að öðru leyti óviðkomandi, ákvæðum um framkvæmd samkeppnisreglna samkvæmt samningum um hið Evrópska efnahagssvæði. Ég ætla ekki að fara út í miklar umræður um þennan efnishluta frv. vegna þess að það hefur verið rætt áður í tengslum við frv. til laga um fullgildingu samningsins sjálfs, en þó er rétt að vekja athygli manna á því að hér eru á ferðinni að sumu leyti ein umdeildustu ákvæði þess samnings, þ.e. leitað er íslenskum lögum fullnustu á valdi eftirlitsstofnunar EFTA og dómstóls EFTA. Hér koma inn í íslensk lög þau ákvæði sem heimila þessum stofnunum í fyrsta lagi að framkvæma vettvangsskoðanir hjá íslenskum aðilum og í öðru lagi að leggja sektir á fyrirtæki, samtök fyrirtækja eða einstaklinga og gera þessar aðgerðir eftirlitsstofnunar eða dómstóls aðfararhæfar. Ég bendi mönnum á að lesa 44.–47. gr. frv., en þar er kveðið á um þetta. Ef það er hugsanlega þannig að enn séu einhverjir í vafa um þau völd sem samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið á að flytja úr landinu til þessara erlendu stofnana, þá geta þeir hinir sömu ekki efast lengur að mínu mati ef þeir taka sér þetta frv. í hönd og lesa 44.–47. gr. þess. Þar er þetta sagt á eins skýru máli íslensku og nokkur kostur er og ég held að þrátt fyrir allt stofnanamálið sem oft vill verða á svona pappírum, þá

sé það á fullkomlega tærri íslensku þegar verið er að fjalla um þau verkefni og þau völd sem hinum erlendu stofnunum eru þarna falin.

Ég get ekki látið hjá líða af meðfæddum stráksskap að vekja athygli á orðaröð í 44. gr. frv. Það er heldur neyðarlegt, hæstv. viðskrh., þegar taldar eru upp þær heimildir sem stofnanirnar, annars vegar hin íslenska og hins vegar hin erlenda, skuli hafa til að framkvæma vettvangsskoðanir í íslenskum fyrirtækjum er erlenda stofnunin talin upp á undan. En þannig er, hæstv. forseti, að 44. gr. hefst á þessum orðum, með þínu leyfi:

„Skylt er þeim, sem um er beðinn, að veita eftirlitsstofnun EFTA og dómstóli EFTA þær upplýsingar sem þeim er nauðsynlegt að afla sér samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, samningnum milli EFTA-ríkjanna um eftirlitsstofnun og dómstól eða samkvæmt fyrirmælum sem gefin er um heimild í 51. gr."

Svo kemur í síðari málsgrein:

„Samkeppnisstofnun" — þ.e. hin íslenska stofnun — „getur krafist sömu upplýsinga og um getur í 1. mgr. og getur hún sett skilafrest í því sambandi."

Með öðrum orðum hafa höfundar frv., hvort sem það var með vilja eða ásetningi, fyrir tilviljun eða af gáleysi, raðað þessum hlutum þannig upp að á undan er fjallað um réttindi hinnar erlendu stofnunar og síðan kemur okkar íslenska samkeppnisstofnun á eftir. Þetta er, hæstv. forseti, að mínu mati heldur neyðarlegt, eins og sagt er, og ég leyfi mér af stráksskap að vekja athygli á þessu. Það breytir í sjálfu sér ekki efnislegu innihaldi greinarinnar hver röðin er en kemur hugsanlega upp um einhvern sem staðið hefur fyrir samsetningunni.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki, eins og ég sagði í upphafi, ástæðu til að ræða að öðru leyti efnislega þennan kafla um fullnustu samningsákvæðanna um Evrópskt efnahagssvæði sem hér er á ferðinni. Ég vek athygli manna á þessu þannig að öllum sé ljóst að hér eru þau umdeildu atriði á ferðinni þar sem er valdaframsalið til hinna erlendu stofnana. Það verður nokkurn veginn eins skýrt og orðið getur af lestri þessara greina frv. hvað þar er á ferðinni.

Þá vil ég, hæstv. forseti, koma lítillega að þeim atriðum þar sem ég tel að þessu frv. sé sérstaklega áfátt, þ.e. hvað varðar samkeppnislöggjöfina sjálfa sem ég er mikill áhugamaður um að verði lögð mikil vinna í og vandlega að því staðið af hálfu Alþingis á allan hátt að afgreiða þetta frv. Ég vil láta það sjónarmið mitt koma fram strax að ég tel að ef hæstv. ráðherra eða ríkisstjórn leggur á það mikla áherslu að fá afgreiddan kaflann um hið Evrópska efnahagssvæði sérstaklega fyrir áramót þá geti verið ráðlegt að stefna að því þegar í stað að skipta afgreiðslu frv. þannig upp að sá kafli fái sérstaka meðhöndlun og komi til afgreiðslu á undan. Ég vil í öllu falli ekki sjá að efh.- og viðskn., sem væntanlega fær þetta mál til umfjöllunar, þurfi að vinna að því í einhverri tímaþröng að setja þessa mikilvægu löggjöf sem er ný heildarlöggjöf á sviði samkeppnisreglna. Ég áskil mér a.m.k. fyrir mitt leyti allan rétt til þess að krefjast tíma í þetta vandasama verkefni og held að það eigi að vera verkefnið sjálft sem ráði því hve mikinn tíma þarf til þess en ekki einhverjar settar skorður vegna þess að ákveðinn kafli frv. þetta tengist að litlu leyti samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Ef svo er að sérstaklega þurfi að hraða því verki teldi ég eðlilegt að 11. kafli frv. yrði einfaldlega tekinn út úr og afgreiddur sérstaklega en nefndin fengi tíma til að vinna að hinu í ró og næði.

Hæstv. forseti. Ég hef gripið til þess ráðs vegna aðstæðna í þessu máli að leggja fram við 1. umr. frv. hugmyndir að breytingartillögum á þessu frv. Mér er að sjálfsögðu ljóst að samkvæmt þingsköpum koma þær tillögur ekki á dagskrá við 1. umr. en ég held að í ljósi þess að þingið starfar í einni málstofu og aðeins þrjár umræður gefast til að fjalla um mál, þá sé að mörgu leyti eðlilegt og æskilegt ef menn hafa mótaðar hugmyndir um breytingar á frumvörpum sem fyrir liggja að þær breytingar séu settar fram og kynntar við 1. umr. um málið og gangi síðan til þeirrar nefndar sem um þau fjallar. Það liggur í hlutarins eðli að ef slíkt birtist mönnum ekki fyrr en við 2. umr. að afloknini umfjöllun nefndar, þá verður minni tími til stefnu en æskilegt er að taka tillit til og skoða slík ólík sjónarmið sem þá eru fram sett.

Ég vil þess vegna leyfa mér að vitna nokkuð til þessara brtt. á þskj. 49. sem liggja fyrir á þinginu við 1. umr. málsins. Þar er því í raun og veru svarað í veigamiklum atriðum hvað ég tel að fyrst og fremst vanti upp á til að gera frv. nægjanlega vel úr garði.

Í fyrsta lagi tel ég að markmiðslýsing laganna og gildissvið þeirra eins og það er sett fram í 1. gr. sé of takmarkað. Ég tel að beinlínis þurfi að taka þar fram að það sé eitt af markmiðum laganna að vinna gegn því að einstaklingar eða fyrirtæki, samtök eða samstæður fyrirtækja, komist í, viðhaldi eða hagnýti sér hvers konar yfirburða- eða einokunaraðstöðu á markaði sem hér eftir yrði þá nefnd einu nafni markaðsráðandi aðstaða. Ég tel það galla að ekki skuli beinlínis tekið fram í lögunum að hluti af markmiðssetningu þeirra sé að vinna gegn slíkum samkeppnishömlum. Menn geta út af fyrir sig sagt að þetta felist í fyrsta staflið markmiðssetningarinnar þar sem segir að markmiðið sé að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri og þetta er tiltölulega vítt og opið en mér finnst full ástæða til að hnykkja á þessu með því að taka sérstaklega fram að fákeppnis- eða einokunaraðstaða eða markaðsráðandi aðstaða sé skilgreind í markmiðssetningu laganna sem óæskileg.

Í framhaldi af þessu þyrfti í kafla 2 og 4. gr., þar sem orðskýringar eru fram færðar, að skilgreina hugtakið „markaðsráðandi aðstaða". Ég tel mikla brotalöm í frumvarpinu að engin tilraun er gerð til þess að ná utan um það, skilgreina það hvað skal teljast markaðsráðandi aðstaða eins aðila á markaði. Ég spyr hæstv. viðskrh.: Hvernig á samkeppnisráð að vinna í ljósi þess að í frv., eins og það er fram sett, er engin tilraun gerð til þess að skilgreina við hvað skuli miða í þessum efnum? Er þá hugsun hæstv. ráðherra að samkeppnisráð

sjálft búi sér til einhverjar vinnureglur í þessum efnum? Er það skynsamleg nálgun? Ég svara því neitandi. Ég held að löggjafinn eigi að gefa vissa leiðbeiningu í þessum efnum. Það er sú leið sem er víða valin í öðrum löndum, þó ekki sé nema til þess að gera ekki það viðfangsefni samkeppnisráðsins einfaldlega óleysanlega erfitt að sitja í því dómarasæti að eiga að búa sér til reglur, og jafnvel breytilegar reglur, um það hvenær staða eins aðila á markaði er orðin markaðsráðandi.

Ég tel að þarna ætti að innleiða skilgreiningu og í þeirri brtt. sem ég hef flutt á þskj. 49 er sú nálgun valin að orða þetta svo, með leyfi forseta:

„Markaðsráðandi aðstaða er samkvæmt lögum þessum hver sú aðstaða sem veitir fyrirtæki eða fyrirtækjasamstæðu möguleika til að vera í krafti markaðshlutdeildar, stærðar eða annarra aðstæðna ráðandi um verð eða viðskiptahætti tiltekinnar vöru eða þjónustu á markaði. Samkeppnisráð skal sjálft setja sér nánari reglur í þessu sambandi, en skal þó jafnan miða við að staða eins aðila eða fleiri tengdra aðila sé markaðsráðandi ef markaðshlutdeild viðkomandi nær 33% eða meira í viðskiptum með tiltekna vöru eða þjónustu, þar með talið á sviði samgangna."

Ég er kominn að þeirri niðurstöðu að ekki sé nokkur leið önnur en að setja inn í lög eða reglur sem starfað er eftir í þessum efnum einhverja viðmiðun af þessu tagi. Með þessu er að sjálfsögðu ekki verið að segja að sá aðili sem yfirstígur þessi mörk og nær til sín meira en ⅓ af markaðshlutdeild á tilteknu sviði viðskipta sé þar með farinn að misnota þá aðstöðu. Og það er ekki heldur verið að segja að þó svo að slíkur aðili fari yfir slík viðmiðunarmörk sé það sjálfkrafa orðið brot á löggjöfinni. Það sem væri verið að segja er að þetta eru viðmiðunarmörk sem ráða því að viðkomandi aðili færist undir tiltekið eftirlit og honum er veitt aukið og sérstakt aðhald um leið og stærð hans í viðskiptunum er orðin svo mikil.

Í bresku samkeppnislöggjöfinni, sem um margt er athyglisverð í þessu sambandi, er þetta hlutfall 25%. Ég er þeirrar skoðunar að þó að margt sé vitlaust hjá Bretum og ýmislegt sé ekki til eftirbreytni í þeirra stefnu, sérstaklega eins og hún hefur verið rekin á undanförnum síðustu árum, þá megi þó um margt líta til hinnar bresku viðskiptalöggjafar og sækja þangað fordæmi. Sú löggjöf hefur verið tekin til gagngerðrar endurskoðunar á síðustu árum og eru bæði fyrirtækjalöggjöf og samkeppnislöggjöf tiltölulega nýlegar í Bretlandi og hvað sem um einkavæðingaræfingar þar má segja verður því ekki á móti mælt, og það mun ég a.m.k. ekki gera og þykir kannski ýmsum skrýtið að heyra það úr mínum munni, að ég tel að Bretar hafi í sinni löggjöf reynt að tryggja að með sæmilega sanngjörnum hætti væru samkeppnisforsendur tryggðar þrátt fyrir þá einkavæðingarlotu sem þar var tekin. Þetta hafa þeir m.a. gert með því að breyta ýmsum ákvæðum í sinni grundvallarlöggjöf á síðustu árum til að reyna að hindra að einkavæðing, einokunarstarfsemi eða fákeppnisstarfsemi leiddi þá út í ógöngur. Það hefur hins vegar ekki tekist og það er svo önnur saga sem verður ekki sérstaklega rædd hér en segir mönnum samt að það þarf að ganga hægt um gleðinnar dyr í þessum efnum.

Bretar eru sem sagt þetta harðir af sér að þeir skilgreina það sem markaðsráðandi aðstöðu að fyrirtæki hafi náð til sín fjórðungi eða 25% markaðshlutdeild á einu sviði viðskipta. Ég hef valið þá leið að hafa þessi viðmiðunarmörk nokkru hærri hér með tilliti til sérstakra aðstæðna á hinum íslenska markaði. Auðvitað má deila um það hvort þriðjungur eða helmingur eða hvað sé eðlileg viðmiðun í þessum efnum, en ég segi bara þetta: Ég held að það sé óvinnandi vegur fyrir eina nefnd úti í bæ að ætla sér að setjast í dómarasæti og skilgreina það og ákveða sjálf hvenær einhver mörk af þessu tagi eru yfirstigin. Ég held að það eigi að vera almenn viðmiðun í löggjöfinni sem síðan sé unnið eftir.

Það er fróðlegt að nefna það svona í framhjáhlaupi, vegna þeirra hræringa sem urðu í smásöluverslun hér á höfuðborgarsvæðinu á síðasta sumri, að einmitt við þær eignabreytingar sem urðu þegar fyrirtækið Hagkaup hf. keypti sig inn í ráðandi stærð á fyrirtækinu Bónus eða þeim rekstri, hvað sem það fyrirtæki heitir, þá mun að fróðra mati sú samsteypa einmitt hafa farið yfir þessi mörk, náð til sín meira en þriðjungi eða a.m.k. þriðjungi allrar smásöluverslunar á höfuðborgarsvæðinu. Væri í gildi ákvæði af því tagi sem hér er verið að leggja til í mínum brtt. hefði það þýtt að þessi nýja samsteypa, Hagkaup-Bónus hf., hefði færst undir sérstakt og aukið eftirlit samkeppnisstofnunar. Samruninn hefði væntanlega ekki verið stöðvaður og það væri í sjálfu sér ekkert lögbrot að eiga sér stað eða árekstrar við samkeppnislöggjöfina sem slíka að öðru leyti en því að staða hinnar nýju samsteypu yrði skilgreind í þessu ljósi og aukið eftirlit tekið upp varðandi viðskiptahætti og verðlagningu þessara aðila.

Í þriðja lagi, hæstv. forseti, tel ég að styrkja þurfi ákvæði 4. kafla þar sem fjallað er um bann við samkeppnishömlum til þess að lögin nái tilgangi sínum og við 10. gr. þurfi að bæta efni af því tagi sem um er rætt í 3. tölul. brtt. minna. Þar segir að við 10. gr. skuli bætast ný málsgrein. 10. gr. hljóðar á þessa leið: „Samningar og samþykktir, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja á sama sölustigi eru bannaðar þegar þær lúta að eða er ætlað að hafa áhrif á:

a. verð, afslætti eða álagningu,

b. skiptingu markaða eftir svæðum, eftir viðskiptum eða eftir sölu og magni,

c. gerð tilboða.

Samvinna á sama sölustigi um leiðsögn við útreikning á verði, afslætti og álagningu er bönnuð."

Síðan mundi bætast við að bönnuð yrði kaup eða yfirtaka fyrirtækja eða fyrirtækjasamstæðu á öðrum fyrirtækjum eða hvers kyns aðgerðir aðrar sem eru gagngert í því skyni að komast í markaðsráðandi aðstöðu og til að nýta sér hana.

Ég held að þó svo að í framkvæmd sé auðvitað augljóslega erfitt að sjá fyrir hvort í vændum er brot af þessu tagi gagnvart anda samkeppnislaganna sé eftir

sem áður rétt að hafa slíkt jákvætt ákvæði í lögunum þannig að það liggi fyrir að þetta sé bannað og m.a. hægt að vísa til þess ef samkeppnisráð hefur rökstuddan grun um að í vændum sé yfirtaka eins aðila á viðskiptum af þessu tagi og þar með sé í raun og veru hægt að styrkja stöðu samkeppnisráðs til þess að grípa inn í fyrirhugaða yfirtöku fyrirtækis á öðru eða aðgerðir á markaði sem gætu haft það sama í för með sér.

Hvers vegna er ég að tala fyrir þessu sjónarmiði? Það er ósköp einfaldlega vegna þess að ég er nokkuð sannfærður um, því miður, að á grundvelli óbreyttra ákvæða laganna muni samkeppnisráð í fæstum tilvikum treysta sér til að grípa inn í kaup eða yfirtöku fyrirtækja við þær aðstæður sem það gæti þó verið nauðsynlegt. Ég held ósköp einfaldlega að staðan sé of veik eins og frv. leggur hlutina upp. Þó svo að kaflinn sem slíkur fjallli um það að samkeppnishömlur af þessum toga séu bannaðar o.s.frv., þá sé í raun og veru ekki með nægjanlega skörpum hætti tekið á þessu eða skilgreiningin sé ekki þannig úr garði gerð að samkeppnisráðið mundi treysta sér til aðgerða í þeim tilvikum þar sem það væri þó nauðsynlegt.

Í fjórða lagi, hæstv. forseti, er í brtt. mínum lagt til að við þennan sama 4. kafla frv. bætist ný grein, sem gæti eftir atvikum nr. 17 eða færst undir kaflann einhvers staðar aftarlega í honum, og þar kæmi inn alveg nýr efnisþáttur sem lyti að því að tryggja samkeppni og eðlilega, óháða þróun einstakra samgönguþátta á samgöngusviðinu. Ef við frv. bættist ný grein af því tagi að fyrirtæki sem telst markaðsráðandi á einu sviði samgangna væri óheimilt að vera ráðandi aðili eða eiga stærri eignarhlut en 25% í öðrum fyrirtækjum sem starfa að samgöngum, hvað mundi það þýða, hæstv. forseti? Það mundi þýða að lagasetning af þessu tagi hróflaði við þeirri samstöðu á samgöngusviðinu sem mikið hefur verið um rætt á Íslandi á undanförnum árum en miklu minna, því miður, að gert til að setja eðlilegar skorður.

Ég veit ekki hve margar ræðurnar eru orðnar um kolkrabbann en ég veit a.m.k. að bókin er a.m.k. ein sem út hefur verið gefin og helguð þessu fyrirbæri og heitir „Í slóð kolkrabbans“ og er hér í höndum mínum. Eins og ég reyndar vitnaði í í byrjun ræðu minnar hafa þeir alþýðuflokksmenn a.m.k. á köflum ekki dregið af sér í lýsingunum á þessu mikla bákni og formaður Alþfl., hæstv. utanrrh., talaði hann oft og mikið um þetta um miðbik síðasta áratugar, hélt heila fundaherferð undir fyrirsögninni „Hverjir eiga Ísland“. Ég skildi það stundum þannig að hann væri að láta að því liggja að Ísland væri að verulegu leyti í eigu fáeinna fjölskyldna sem héldu í þræðina og réðu fjármagninu í landinu og oft hefur blessaður kolkrabbinn, svo illa skilgreindur sem hann er, verið nefndur í þessu sambandi.

Ég hef ekki tekið mikið undir þessi ræðuhöld í sjálfu sér vegna þess að ég hef ekki séð að mikið væri á bak við þau. Ég er þess vegna að reyna að nálgast þessa umræðu frá svolítið öðrum sjónarhóli, sem sagt þeim að burt séð frá þessum staðreyndum í okkar íslenska efnahags- og atvinnulífi, sem tengjast stórum eignarhlut samgöngurisanna hvers í öðrum, þá þarf auðvitað að gæta að því að þróun samgöngumála í landinu verði ekki stórkostlega bjöguð vegna þess að hagsmunir markaðsráðandi risa á einu sviði samgangna séu svo miklir í rekstri annarra ólíkra samgönguþátta að þar geti að nokkru leyti orðið um annarleg sjónarmið að ræða. Það er best að tala algerlega skýrt í þessum efnum til þess að verða sé ekki vændur um að fara með hálfkveðnar vísur. Ég ætla að taka það dæmi að Eimskipafélag Íslands er nokkurn veginn ráðandi í stykkjavöruflutningi til landsins og á sjó. Sú samkeppni sem það fær í þeim efnum er í raun og veru ekki mikil. Samkeppnin sem Eimskipafélagið fær í sjósiglingum er fyrst og fremst á öðrum sviðum þar sem um þungavöru og sérflutninga af ýmsu tagi er að ræða og eðli viðskiptanna er slíkt að raunverulegri samkeppni verður komið við. En hvað hinn almenna vöruinnflutning til landsins snertir er samkeppnin sem Eimskipafélagið á í sáralítil. Hitt aðalskipafélagið, Samskip, með fullri virðingu fyrir því, hefur auðvitað ekki burði til þess að standa því jafnfætis eða tryggja að öllu leyti þá samkeppni á öllum sviðum sjóflutninga sem nauðsynleg væri.

Erlend skipafélög hafa ekki náð að koma sér hér fyrir þó svo þeim sé það frjálst og ástæðan er m.a. sú að skipafélögin sem fyrir eru eiga allt bryggjupláss í landinu. Það er í raun og veru hvergi hægt að binda erlent skip hér nema meira og minna upp á náð og miskunn skipafélaganna sem fyrir eru. Danskt fyrirtæki sem hugðist hefja hingað siglingar fyrir nokkru síðan rak sig fyrst og fremst á þann vegg að það gat hvergi kastað spotta í land því að viðleguplássin á suðvesturhorni landsins eru meira og minna öll í eigu skipafélaganna sem fyrir eru og þau eru auðvitað ekki sólgin í að lána væntanlegum samkeppnisaðilum bryggjupláss, eða hvað? Þess vegna var það að þetta danska fyrirtæki leitaði til Ríkisskipa sálugu og spurðist fyrir um það hvort þar væri hægt að fá að binda skip og koma upp vörum því að þröngt var fyrir dyrum í Sundahöfn eða í Hafnarfirði þar sem Eimskipafélag Íslands átti að mestu leyti allt bryggjupláss sem til greina gat komið.

Þegar þessi staða blasir við okkur í flutningamálunum til landsins, er það þá skynsamlegt að sama fyrirtæki sé ráðandi í eina millilandaflugfélagi landsmanna því að það er Eimskipafélag Íslands auðvitað. Það er ráðandi aðili í Flugleiðum hf. Það á meira en 33,3% og getur þar með stöðvað breytingar á stofnsamþykktum Flugleiða. Það hefur stjórnarformanninn og það hefur undirtökin að mínu mati í stjórn þess fyrirtækis. Er það skynsamleg eða æskileg staða? Svar mitt er nei. Hún er óæskileg, ekki bara vegna þess, sem menn ræða í almennu samhengi, að þarna sé óeðlileg samþjöppun fjármagns og valds í íslensku viðskiptalífi á ferðinni. Hún er að mínu mati sérstaklega varhugaverð vegna þess að hún getur hindrað eðlilega og innbyrðis óháða þróun þessara mismunandi samgönguþátta, flutninga á sjó og flutninga í lofti.

Því hefur verið haldið fram að stjórnendur Flugleiða hafi verið undarlega áhugalausir um það á und-

anförnu árum að byggja upp fraktflutninga í lofti til og frá landinu. Því hefur verið haldið fram. Og það er allt í lagi að segja það hér. Þær raddir hafa heyrst og ættu ekki að koma mönnum á óvart. Spurningin er auðvitað þessi: Bíður ekki staða af þessu tagi þessum hættum heim? Ég óttast það.

Það er mjög mikilvægt að mínu mati að aðstæður af þessu tagi hindri ekki eðlilega þróun og uppbyggingu hinna ólíku samgönguþátta og þess vegna eru full rök til að taka sérstaklega á þessu sviði og innleiða strangari takmörk hvað varðar mögulegar samsteypur eða samstæður fyrirtækja í samgönguþættinum.

Það er vel þekkt úr viðskiptalöggjöf nágrannalandanna að til viðbótar hinum almennu takmörkunum sem gilda gagnvart markaðsráðandi fyrirtækjum og gilda um yfirtöku fyrirtækja á öðrum o.s.frv., til að hindra hringamyndun, fákeppni og einokun séu ákveðin svið tekin út úr og sérstaklega kveðið á um þau. Ég nefni aftur í bresku löggjöfinni ákvæði sem eiga við um bankastarfsemi og fjölmiðla. Þá er væntanlega hugsun manna þessi: Til viðbótar hinum almennu takmörkunum er skynsamlegt að tryggja alveg sérstaklega að um óeðlilega samþjöppun eða fákeppni verði ekki að ræða á viðkvæmum sviðum eins og í fjölmiðlum. Það hefur gerst í nokkur skipti á undanförnum missirum að ýmist breska löggjöfin eða EB-rétturinn, þær greinar Rómarsáttmálans sem um þessa hluti fjalla, og eru númer sextíu og eitthvað ef ég man rétt, hefur verið beitt til að hindra yfirtöku eins fjölmiðlarisa á öðrum. Sama hefur gerst í bankastarfsemi og sama hefur gerst í flugsamgöngum eins og þeir þekkja væntanlega sem fylgst hafa með hugmyndum evrópskra flugfélaga, franskra, belgískra, hollenskra og breskra, um að kaupa upp hvert annað á þennan veginn eða hinn. Nokkur slík áform hafa verið stöðvuð ýmist á grundvelli samkeppnislöggjafar viðkomandi landa eða á grundvelli hinna almennu ákvæða Rómarsáttmálans.

En hér uppi á Íslandi, þrátt fyrir allt talið um aðstæðurnar í þessum efnum hvað varðar samgöngurnar — og hef ég þó ekki nefnt það að auðvitað er sú samstaða miklu meiri því að til viðbótar sjósiglingunum og flugsamgöngunum kemur rekstur ferðaskrifstofa, hótela, bílaleiga, bókunarkerfis og fleiri þátta sem allt samtvinnað myndar auðvitað eina mjög magnaða samstæðu — er í íslenska frv., sem hæstv. viðskrh. og ráðherra Alþfl. leggur fram, ekki eitt einasta atriði sem tekur á þessari stöðu. Samþykkt þessa frv. eins og það er flutt af hæstv. ríkisstjórn mun engu breyta um samstæðuna Eimskip, Flugleiðir, Úrval/Útsýn, hótel, bílaleiga, bókunarkerfi o.s.frv., af því að ákvæði frv. eru of almennt orðuð og taka ekki með neinum beinum hætti á þessari stöðu sem uppi er.

Grein af því tagi sem hér er lögð til mundi knýja Eimskipafélag Íslands til að minnka eignarhlut sinn í Flugleiðum niður fyrir eða niður í fjórðung. Þar með réði Eimskipafélagið ekki lengur stofnsamþykktum fyrirtækisins, gæti ekki eitt og sér komið í veg fyrir breytingar á samþykktum þess né haft þar undirtökin í stjórn eins og það gerir við núverandi aðstæður.

Ég vona, hæstv. forseti, að enginn misskilji mig svo, enda er ekki nokkur ástæða til þess, að ég sé að tala um þessa hluti eða rekja þá hér af einhverri andúð á viðkomandi fyrirtækjum. Það er ekki svo. Þetta eru að sjálfsögðu hin mætustu og þörfustu fyrirtæki og mikilvægt að þeim vegni vel. En það breytir ekki hinu að við verðum að þora að kalla hlutina réttum nöfnum og þessar aðstæður eru uppi í íslensku atvinnulífi og hafa verið mikið milli tannanna á mönnum undanfarin ár og ég held að það sé miklu heiðarlegra að ræða þetta hreint út heldur en í einhverjum hálfkveðnum vísum.

Ég vil taka það fram að yrði ákvæði af þessu tagi lögfest væri að sjálfsögðu rétt og sanngjarnt að veita þeim sem fyrir því yrðu ákveðinn aðlögunartíma. Ég tel þess vegna að það kæmi til greina, eins og reyndar er lagt til í breytingartillögu minni, að láta gildistöku þessa ákvæðis vera nokkru síðar en frv. í heild eða veita því með bráðabirgðaákvæði ákveðinn aðlögunartíma. Það er oftast aðferðin þegar slíkum breytingum er hrint í framkvæmd að fyrirtækin fá tiltekinn aðlögunartíma til að minnka eignarhlut sinn og selja hann á almennum markaði. Ég tel að það mundi ekki gera mönnum annað en gott að Eimskipafélagið fengi ákveðinn aðlögunartíma til þess að minnka eignarhlut sinn í Flugleiðum niður í það sem hæfilegt getur talist svo ljóst væri að það væri ekki eitt og sér ráðandi aðili í rekstri þessa samkeppnisaðila sem ætti að vera ef allt væri með felldu. Auðvitað ættu eina millilandaflugfélag landsmanna og aðalmillilandasiglingafélag landsmanna að vera í samkeppni ef allt væri með felldu, helst bæði með farþega og vörur þannig að það ríkti eiginleg samkeppni milli þessara ólíku samgönguforma til og frá landinu. Það er ekki hægt að segja að svo sé í dag. Það er alls ekki hægt að halda því fram. Og það er mjög bagalegt.

Nokkrar fleiri breytingar er að finna í mínum tillögum, hæstv. forseti, en ég tel að ég hafi hér gert grein fyrir þeim helstu þeirra og ætla því tímans vegna ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég vil þó taka fram að ég tel að einnig í 18. gr., 5. kafla, þar sem fjallað er um eftirlit með samkeppnishömlum væri rétt að gera breytingar. 18. gr. gengur út á það að samkeppnisstofnun hefur heimild til að skylda fyrirtæki til að tilkynna um samruna fyrirtækja. Ég hef þá skoðun að eðlilegra væri að snúa þessu við þegar um er að ræða kaup eða yfirtöku á fyrirtækjum sem haft gætu varanleg áhrif á samkeppnisaðstæður þegar markaðsráðandi aðili á í hlut. Það væri í raun og veru í samræmi við það að ákveðin viðmiðunarmörk yrðu sett inn í lögin sem kvæðu á um það hvenær aðili skuli teljast markaðsráðandi, að jafnframt skuli þeir aðilar sem hefðu stærri markaðshlutdeild en 33% í hverju tilviki tilkynna til samkeppnisstofnunar ef þeir væru að yfirtaka fyrirtæki með starfsemi á skyldu sviði. Ég held að það væri að mörgu leyti eðlilegra að í þeim tilvikum sneri skyldan við, að það hvíldi á fyrirtækjunum að tilkynna stofnuninni þetta en ekki öfugt og að þetta væri heimild stofnunarinnar til að leggja þessa kvöð á fyrirtækin. Mönnum kann að finnast þetta léttvægt og það er það svo sem, þetta skiptir ekki miklu máli. Ég skil

vel þá hugsun að vera ekki að plaga samkeppnisstofnun með endalausum tilkynningum án þess að það þjóni einhverjum tilgangi. Þess vegna á þetta auðvitað ekki að vera einhver allsherjarskylda. Ég er sammála því. En ég tel að þarna, eins og í fleiri tilvikum, eigi að greina á milli þeirra fyrirtækja sem hafa markaðsráðandi aðstöðu og þurfa að vera undir sérstöku eftirliti, fá sérstakt aðhald og svo annarra fyrirtækja. Það er þarft að minna þau á, mér liggur við að segja daglega, að þau hafi þessa viðkvæmu stöðu, að vera vegna stærðar, efnahagslegs styrks eða markaðshlutdeildar ráðandi aðilar um verð og viðskiptahætti á sínu sviði. Þá mundi það gerast sjálfkrafa að þau tilkynntu samkeppnisstofnun það ef þau hygðust kaupa upp fyrirtæki eða með öðrum hætti beita sér á þessum markaði.

Ég er þeirrar skoðunar, hæstv. forseti, að við Íslendingar þurfum auðvitað að gera okkur með mjög raunsæjum hætti grein fyrir því að við hinar sérstöku aðstæður í okkar örsmáa efnahagskerfi eru því auðvitað veruleg landfræðileg og efnisleg takmörk sett að óheft samkeppni fyrirtækja geti alls staðar um allt land í öllum tilvikum og á öllum sviðum viðskipta tryggt okkur eðlilega verðmyndun. Við vitum auðvitað öll að þær aðstæður eru til að mynda ekki fyrir hendi í mörgum fámennari eða afskekktari byggðarlögum landsins. Þar eru ósköp einfaldlega ekki forsendur fyrir samkeppni margra aðila sem tryggja mönnum eðlilega verðmyndun og viðskiptahætti án eftirlits eða íhlutunar opinberra aðila. Reyndar er það svo þegar farið er yfir það hvaða þættir viðskipta á Íslandi séu í raun nægjanlega fjölbreyttir og fjölgreindir til að um eðlilega og fullnægjandi samkeppni sé að ræða, þá er það ekki margt, fyrir utan smásöluverslun á höfuðborgarsvæðinu, sem kannski strangt tekið fullnægir þessum kröfum. Það má færa fyrir því rök að bankastarfsemin í heild sinni, tryggingastarfsemin, samgöngurnar og verslunin úti um landið fullnægi í raun ekki þeim skilyrðum sem gera þarf til samkeppni eigi hún að vera þess umkomin að sjá um og tryggja ein og sér eðlilega verðlagningu og eðlilega viðskiptahætti. Það er þess vegna nauðsynlegt að mínu mati að vera mjög raunsær á möguleika þess að láta samkeppnina stjórna verðlagningunni. Ég er þeirrar skoðunar að heppilegast sé og rétt að gera það þar sem aðstæður eru fyrir hendi en það sé mjög háskalegt að láta blekkja sig þannig að fákeppni eða samningsbundin markaðsskipting tveggja, þriggja stórra fyrirtækja sem skipta á milli sín innanlandsmarkaði sé í raun og veru sú fjrálsa samkeppni sem dugar mönnum til eðlilegrar verðlagningar og eðlilegra viðskiptahátta. Ég held að það sé oft og tíðum versta tilhögunin sem til er, dulin fákeppni eða einokun sem að nafninu til er samkeppni en er það ekki í reynd. Af tvennu illu er þá betra að hlutast til um verðlagningu og viðskiptahætti með opinberum aðgerðum en að láta plata sig eins og því miður er raunin oft og tíðum í hinni duldu einokun eða duldu fákeppni sem allt of víða er fyrir hendi.

Svo ég vitni aftur til Breta, þá held ég að það væri fróðlegt, og e.t.v. gerir efh.- og viðskn. það þegar hún fer að vinna að þessu máli, að kynna sér reynslu Breta af því að einkavæða einokunarstarfsemi. Það er mjög fróðleg lexía sem má verða mönnum umhugsunarefni. Hvort hefðu Bretar nú verið betur staddir með sitt gamla símafélag og járnbrautir eða þá okurstarfsemi í skjóli einokunar sem nú er rekin á þessum sviðum í Bretlandi og sópar óheyrilegum gróða til þeirra sem fengu þessi fyrirtæki á silfurfati fyrir lítið þegar einkavæðingarsýkin heltók menn svo í Bretlandi að þeir veigruðu sér ekki við að einkavæða einokunarstarfsemi með þeim skelfilegu afleiðingum sem öllum eru kunnar? Jafnvel harðsvíruðustu íhaldsmenn þar viðurkenna nú í dag að þeir gengu allt of langt. Þessi stefna gekk út í hreinar öfgar og hefur leitt yfir þá ýmiss konar bölvun.

Ég held að það sama geti að nokkru leyti átt við eða sömu vítin sé að varast í vissum tilvikum þegar menn ætla að láta samkeppni sjá alfarið um að stjórna verðlagi og viðskiptaháttum þar sem sú samkeppni er í raun ekki fyrir hendi. Það væri auðvitað fróðlegt í þessu sambandi að ræða t.d. um það hversu mikil samkeppni er milli íslensku olíufélaganna. Eru menn t.d. þeirrar skoðunar, eins og hugmyndir hafa verið um, að sleppa verðlagningu þar algerlega frjálsri, að fullnægjandi samkeppni verði í Árneshreppi á Ströndum til að verðleggja bensínið með sanngjörnum hætti þar? Eða í smásöluverslun á Súðavík, Suðureyri? Eru menn þeirrar tilfinningar? Ég er ekki viss um að hlutirnir gangi þannig upp þó að hitt sé jafnljóst að hér á höfuðborgarsvæðinu væru nokkurn veginn örugglega fullnægjandi forsendur til þess að ætla að nægjanleg samkeppni ríkti í smásöluverslun til að afnema hér öll opinber afskipti.

Ég vil þess vegna í framhaldi af þessu, hæstv. forseti, gera þá athugasemd að ég hef efasemdir um að það sé rétt, þrátt fyrir allt, að nema með öllu úr lögunum almennar heimildir Verðlagsstofnunar sem nú heitir, samkeppnisráðs sem verður, til að hlutast til um verðlagningu vöru með einhverjum hætti á afmörkuðum sviðum viðskipta eða á afmörkuðum landsvæðum ef rökstuddar ástæður mæla með því að nauðsynlegt sé að grípa þar inn í.

Því var fleygt hér í sumar og var reyndar fullyrt, m.a. í könnun í framhaldi af verðkönnun Verðlagsstofnunar, að í vissum tilvikum væru heildsalar að niðurgreiða kostnaðinn af samkeppninni hér á höfuðborgarsvæðinu með hærri álagningu til viðskiptavina sinna úti um landið, þ.e. hin harða samkeppni sem ríkti um viðskiptasamböndin hér á höfuðborgarsvæðinu, þar sem hún er fyrir hendi og mjög grimm, leiddi til þess að menn notuðu sér á hinn bóginn fákeppnisaðstöðu sína úti um landið til þess að hækka þar álagningu og ná þannig upp því sem þeir gæfu með sér í samkeppninni hér á höfuðborgarsvæðinu. Að minnsta kosti komu mjög óhugnanlegar vísbendingar út úr verðkönnun Verðlagsstofnunar á síðasta sumri hvað þetta snertir. Það væri fróðlegt að heyra hæstv. viðskrh. fjalla aðeins um þessi sérstöku vandamál sem leiða af aðstæðum í okkar landi vegna þess að veruleikinn er stundum svolítið leiðinlegri viðfangs en hann birtist mönn-

um á pappírnum. Þetta er þrátt fyrir allt þannig að landið er jafnstrjálbýlt og fámennt og raun ber vitni. Það eru ósköp einfaldlega aðstæður sem við búum við og verðum að horfast í augu við þegar við smíðum okkur löggjöf af þessu tagi. Ísland er örsmá efnahagseining og hér geta því þurft að gilda að nokkru leyti nokkuð aðrar reglur eða a.m.k. þurfa að vera öryggishemlar í löggjöf sem taka tillit til þessara sérstöku aðstæðna. Mér finnst þess vegna þær heimildir sem samkeppnisráð hefur samkvæmt 17. gr. frv. í raun og veru of þröngt skilgreindar og það gæti verið ástæða til að athuga þar að gera að einhverju leyti íhlutunarheimildir samkeppnisráðs almennari við tilteknar aðstæður. Ég á þá t.d. við afmörkuð svið viðskipta eða viðskipti á tilteknum svæðum landsins þar sem hlutirnir hefðu bersýnilega farið úr böndunum og verðlagning úr öllu korti.

2. mgr. 17. gr. er á þá leið að íhlutun geti falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnum skilyrðum. Hún geti falið í sér að samkeppnisráð grípi til ákvörðunar um verð og viðskiptakjör einstakra fyrirtækja eða fyrirtækjahópa. Formálinn er sá að til slíkra aðgerða sé hægt að grípa gegn samningum, skilmálum og athöfnum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Síðan er talið upp í hverju hin skaðlegu áhrif geti falist. Ég er að segja að í vissum tilvikum getur svo farið að þessi skilyrði séu í raun og veru ekki uppfyllt en samt ríki óeðlilegt ástand hvað verð og viðskiptahætti snertir. Smásöluverslun á Vestfjörðum eða viðskipti með tilteknar vörur á tilteknu sviði úti um landið þarf ekki endilega að vera með þeim hætti vegna einhverra tiltekinna samninga milli fyrirtækja eða sérstakra athafna sem hægt er að benda á hjá viðkomandi fyrirtækjum. Ég held ósköp einfaldlega að almennar aðstæður geti leitt til þess að nauðsynlegt sé að yfirvöld samkeppnismála hafi heimildir til að beita sér til íhlutunar og þá eigi að orða það með þeim hætti í lögunum. Það er að sjálfsögðu ekki nokkur vandi að búa þannig um hnútana að ekki misskiljist að með því sé verið að veita samkeppnisráði eða samkeppnisstofnun opnar almennar heimildir til að beita eins og þeim sýnist. Að sjálfsögðu er hægt að afmarka og skilyrða það þannig að það misskiljist ekki. Þar væri eingöngu verið að tala um möguleika við tilteknar, skilgreindar aðstæður.

Hæstv. forseti. Ég held að ég hafi þá lokið við að gera grein fyrir helstu sjónarmiðum mínum í þessum efnum. Ég vil að lokum endurtaka það sem ég sagði í upphafi að ég tel að margt í frv. sé í rétta átt en það þarf hins vegar að taka á ýmsu og betrumbæta annað sem er ekki nógu gott. Ég hef mikinn vilja til að leggja mitt af mörkum til að reyna að ná samstöðu um afgreiðslu þessa mikilvæga málaflokks hér á þinginu. Ég vænti þess að sambærilegum vilja sé að mæta af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, þar sé vilji til þess að taka mark á ábendingum, athugasemdum og brtt. sem einstakir þingmenn eða þingflokkar hafa fram að færa. Ég held að það væri mjög æskilegt og mikilvægt ef þingið gæti náð góðri samstöðu um afgreiðslu þessa máls. Það mun ekki gerast nema menn gefi sér allgóðan tíma til að skoða það í nefnd og fara rækilega yfir þau sjónarmið sem þar eru uppi og þær ábendingar sem án efa koma úr ýmsum áttum til efh.- og viðskn. þegar mál þetta, eins og væntanlega verður, hefur farið til umsagnar hinna ólíku aðila í þjóðfélaginu sem þarna eiga hagsmuna að gæta. Ég held að það megi ekki á milli sjá hvor er mikilvægari þáttur þessa máls, sá sem lýtur að starfsskilyrðum og starfsumhverfi fyrirtækjanna sem er að sjálfsögðu mikilvægur eða hinn sem lýtur að því að tryggja neytendum eðlilega réttarstöðu og eðlilega vörn gagnvart því að þeir séu ekki saklaus fórnarlömb dulinna samkeppnishindrana eða óeðlilegra viðskiptahátta sem í krafti fákeppni eða dulinnar einokunar eigi sér stað í þjóðfélagi eða fyrirkomulagi sem að nafninu til á að stjórnast af frjálsri samkeppni. Til þess að svo geti orðið verður sú samkeppni að vera fyrir hendi og það er verkefni þessarar löggjafar númer eitt að tryggja að svo sé. Þar sem samkeppnin á að sjá um að tryggja eðlilega verðlagningu, eðlilega verðmyndun og eðlilega viðskiptahætti verður hún að vera fyrir hendi. Annars fer illa.

Útbýting þingskjala:

Útboð á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, 54. mál, svar heilbr.- og trmrh. á þskj. 110.

Þjóðhagsáætlun 1993, 98. mál, skýrsla forsrh., þskj. 114.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætla að segja nokkur orð um þetta frv. til samkeppnislaga. Fulltrúi Kvennalistans í efh.- og viðskn. er Kristín Ástgeirsdóttir og hefði hún gjarnan viljað segja nokkur orð um frv. en hún er því miður í opinberum erindagerðum á vegum Alþingis og gat því ekki tekið þátt í þessum fundi. Það má segja að löngu tímabært sé orðið að endurskoða lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Að því leyti ber að fagna því að við skulum ræða frv. til samkeppnislaga hér á þessu þingi. Það er samt ekki þar með sagt að ég geti verið ánægð með öll ákvæði frv. og ég hef þar nokkrar athugasemdir. En ég ætla ekki að fara með tæmandi hætti ofan í þetta mál enda verður það unnið í efh.- og viðskn. áður en það kemur aftur til kasta þingsins.

Almennt má segja að aukin samkeppni geti verið af hinu góða þó að auðvitað megi ekki hafa oftrú á því að með aukinni samkeppni muni allt snúast til hins betra. Þó að menn telji að hægt sé að ná niður verði með aukinni samkeppni verðum við að gera okkur grein fyrir því að markaðurinn á Íslandi er mjög lítill. Hann mjög lítill jafnvel þótt við miðum við höfuðborgarsvæðið hvað þá heldur ef við förum út á land. Undanfarin ár hefur komið í ljós þegar samkeppni hefur aukist á Reykjavíkursvæðinu, t.d. í verslun, að verðlag úti á landi hefur fremur hækkað en lækkað. Það hefur ekki verið utanbæjarfólki til nokkurra bóta, fremur hið gagnstæða þar sem mörg fyrirtæki hafa hreinlega lagt upp laupana.

Við getum heldur ekki gert ráð fyrir því að öll þau fyrirtæki, sem starfa nú á markaðnum, geti náð kostn-

aði niður frekar en orðið er nema þá ef menn trúa því að fyrirtæki hafi almennt allt of háa álagningu og muni þar af leiðandi geta lækkað hana til þess að lækka verð. Það eru því mörg atriði sem ber að athuga þegar fullyrt er um ágæti þess að auka samkeppnina. En almennt er mjög af hinu góða að setja skýrar reglur í þessu sambandi.

Ef litið er á þetta frv. sem er til umræðu þá hlýtur að vera nauðsynlegt að endurskoða lög um samkeppnishömlur, verðlag og óréttmæta viðskiptahætti óháð því hvort við gerumst aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Hv. 1. þm. Austurl. sagði áðan að þetta frv. væri að engu leyti tengt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, en 12. kafli laganna er þó ótvírætt tengdur þeim samningi. Það er því ekki að öllu leyti rétt en kannski má segja að fyrir utan 12. kaflann sé þetta algerlega óháð þeim samningi.

Ég nefni nokkur atriði sem ég tel athugunarverð í þessu frv. Fyrst og fremst má nefna að ég tel að samkeppnisráð og samkeppnisstofnun fái gífurlega mikil völd án þess að lögin segi á nokkurn hátt um eftir hvaða leikreglum skuli fara. Ég get tekið sem dæmi í 18. gr. frv. sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Telji samkeppnisráð að samruni fyrirtækja eða yfirtaka fyrirtækis á öðru fyrirtæki dragi verulega úr samkeppni og sé andstæð markmiði laga þessara getur ráðið lagt bann við fyrirhuguðum samruna eða yfirtöku fyrirtækja og mælt fyrir um ógildingu á samruna eða yfirtöku sem þegar hefur átt sér stað."

Ég tel að gífurlega mikið vald sé falið þessu samkeppnisráði og samkeppnisstofnun í umboði þess. Ekkert er talað um stærð fyrirtækja eða hversu sterk staða þeirra er á markaði heldur er þetta mjög opið. Ég held að þurfi að lagfæra þetta. Ég tel eðlilegt að reynt sé að koma í veg fyrir samruna fyrirtækja þannig að þau yfirtaki allan markaðinn en varla getur verið eðlilegt að gefa samkeppnisráði svona mikil völd.

Eins og kemur fram í 42. gr. getur samkeppnisstofnun krafið fyrirtæki og fyrirtækjahópa um allar upplýsingar, sem þykja nauðsynlegar, til að athuga fyrirtækin og einstaka mál. Jafnframt þessu er tekið fram í 11. kafla frv. að eftirlitsstofnun EFTA, fulltrúum hennar og fulltrúum framkvæmdastjórnar EB, sé heimilt að vera viðstaddir og taka þátt í vettvangsrannsóknum sem samkeppnisstofnun framkvæmir. Þá er væntanlega miðað við að það sé þegar um er að ræða fyrirtæki sem eru í samkeppni við fyrirtæki frá öðrum löndum Evrópska efnahagssvæðisins. Því fær samkeppnisstofnunin ekki eingöngu heimildir, sem ég tel mjög opnar, heldur einnig eftirlitsstofnun EFTA og fulltrúar framkvæmdastjórnar EB. Ég reyndi að glugga í bókun 4, sem þarna er vitnað enn til, og ég gat a.m.k. ekki séð á auðveldan hátt að þar væru svo greinilegar og skýrar reglur að eðlilegt væri að veita þessum stofnunum frekar en samkeppnisstofnun svo mikil völd sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég tel þess vegna að það þurfi að fara sérstaklega ofan í þessi mál í nefndinni þar sem það verður að vera nokkuð ljóst eftir hvaða leikreglum slíkar stofnanir eiga að fara þegar þær fá svo mikil völd í hendur.

Ég tel einnig mjög óeðlilegt að lögfesta ákvæði með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í 48. gr. en þar sem segir að ákvæði 1.–3. gr. bókunar 25 við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði varðandi verslun með kol og stál skuli hafa lagagildi hér á landi. Mér þykir svona lagasetning óheppileg, sérstaklega með tilliti til þess að ekki er farið neitt ofan í það hvað felst í þessu en bókun 25 er kannski ekki neitt sérstaklega margar greinar. Það eru einar 7 greinar og ekki mjög langar. Ég vek hins vegar athygli á að í tengslum við þetta atriði segir í frv. til laga um Evrópskt efnahagssvæði, 2. gr., að meginmál EES-samningsins skuli hafa lagagildi hér á landi og síðan kemur: „Sama gildir um ákvæði bókunar 1 við samninginn, ákvæði 9. tölul. VIII. viðauka og g-liðar 1. tölul. XII. viðauka við samninginn. Þetta getur svo sem verið allt í lagi en síðan les ég 2. gr. meginmáls samningsins og þá kemur fram: „Í samningi þessum merkir hugtakið „samningur" meginmál samningsins, bókanir við hann og viðauka auk þeirra gerða sem þar er vísað til". Ég sé því ekki betur en að með því að lögfesta samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, þá lögfestist allar bókanir og viðaukar við hann. Ég átta mig ekki alveg á því hvers vegna þetta ákvæði er nauðsynlegt í 42. gr. Ég hefði gjarnan viljað fá svar við því hér því að þetta skiptir auðvitað máli og hafa svipuð ákvæði gjarnan komið fram í fleiri lagafrumvörpum og vil ég spyrja hæstv. viðskrh. um þetta atriði.

Ég tel mjög mikilvægt að setja reglur um auglýsingar og þá sérstaklega með tilliti til barna en í 22. gr. er miðað við að ekki megi misbjóða börnum á nokkurn hátt í auglýsingum og einnig að eigi sýna sérstaka varkárni gegn trúgirni barna og unglinga. Mér þykja þetta mjög góð ákvæði en ég hefði gjarnan viljað sjá þetta miklu ítarlegar og betur útfært og ég hefði óskað eftir því að hv. efh.- og viðskn. eða fulltrúar þar athuguðu sérstaklega þær ábendingar sem hafa komið fram frá Svíþjóð þess efnis að ákvæði samningsins um Evrópskt efnahagssvæði geri það að verkum að þeir þurfi að minnka kröfur að því er varðar auglýsingar sem höfða til barna. Mér er ekki sjálfri kunnugt um hvað þarna er á ferðinni, en ég hefði gjarnan viljað að nefndin athugaði þetta sérstaklega vegna þess að ég tel mjög mikilvægt að við förum varlega í þeim efnum sem varða börn.

Ég ætlaði reyndar ekki að taka fyrir mjög mörg atriði. Ég hnaut um 23. gr. Þar er tekið sérstaklega fram að sé leiðbeininga þörf með vöru verði að veita fullnægjandi leiðbeiningar og upplýsingar um ýmislegt sem er á ferðinni. Þingmönnum hlýtur að vera kunnugt um að t.d. í Danmörku hefur dönskum framleiðendum verið bannað að merkja efni eins og málningarvörur, sem eru með ákveðnum leysiefnum, og auglýsa þau þannig að þau geti verið hættuleg heilsunni. Ekki má skrifa á asbestplötur að þær séu krabbameinsvaldandi og set ég ákveðið spurningarmerki við hversu miklar heimildir við höfum þrátt fyrir þessa grein til að setja skikkanlegar merkingar á vörur. En ég tek fram að mér hefur oft fundist nokkuð skorta á hér á landi að það hafi verið gert með viðhlítandi hætti.

Virðulegi forseti. Ég held að ég láti þetta nægja að sinni um þetta annars mikilvæga frv. Mjög mikið verk er eftir í efh.- og viðskn. að fara yfir ákvæði frv. og gera þar breytingar og betrumbætur, en ég tel ákaflega hættulegt að gefa stofnunum svo mikið vald eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. til þess að skoða fyrirtæki, sérstaklega með tilliti til þess að þarna er um mjög opnar heimildir að ræða. Að lokum langar mig til að benda á ákvæði til bráðabirgða, sem er ákaflega umdeilt atriði, þar sem gert er ráð fyrir að 14. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eigi ekki við um þá starfsmenn sem munu missa störf sín þegar Verðlagsstofnun verður lögð niður, ef þeir eigi kost á sambærilegu starfi hjá samkeppnisstofnun og benda á að einmitt þetta atriði varð mikið deilumál á síðasta ári þegar við ræddum önnur frumvörp.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þeim þingmönnum sem hafa talað í umræðunni. Ég tel að grunntónninn í ræðum þeirra hafi verið jákvæður í garð þessa frv. og margar málefnalegar ábendingar komið fram í máli þeirra. Það er alls ekki ofsagt að setning nýrra samkeppnislaga sem ætlað er að koma í stað núgildandi laga um verðlag, samkeppnishömlur og ólögmæta viðskiptahætti sé eitt af þeim mikilvægustu verkefnum sem liggja fyrir löggjafarsamkomunni um þessar mundir.

Frv. sem við ræðum í dag kom reyndar fram á sl. vori í nokkuð annarri mynd og hefur verið til meðferðar í efh.- og viðskn. í sumar eins og kunnugt er og hefur tekið ýmsum breytingum frá þeirri gerð sem það var upphaflega lagt fram í. M.a. hefur verið bætt í það greiðslukortaákvæðum, ákvæðum um hinar sameiginlegu samkeppnisreglur Evrópska efnahagssvæðisins en það er að sjálfsögðu mál sem er alveg nauðsynlegt að taka á sem fyrst.

Ég þakka hv. efh.- og viðskn., bæði undir fyrri formanni, hv. 1. þm. Vestf. Matthíasi Bjarnasyni og undir stjórn núv. formanns, hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálms Egilssonar, fyrir mjög gott samstarf í málinu og ég treysti á að það haldi áfram. Efh.- og viðskn. hefur átt viðræður við starfsmenn viðskrn. um efni frv. og gert við það ýmsar athugasemdir og ábendingar og hún hefur líka fengið umsagnir ýmissa hagsmunaaðila um þetta mikilvæga mál. Ég nefni sérstaklega ítarlegar umsagnir Verslunarráðs Íslands, Neytendasamtakanna, Lögfræðingafélags Íslands, Tannlæknafélags Íslands og einnig sameiginlegt álit eða umsögn frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Félagi ísl. iðnrekenda og Landssambandi iðnaðarmanna sem hv. 1. þm. Austurl. nefndi m.a. í sinni ræðu. Um þessar umsagnir hefur verið fjallað í viðskrn. að undanförnu og við munum fyrir okkar leyti láta hv. efh.- og viðskn. í té álit okkar á þeim og hugmyndir um breytingar á frv. í samræmi við þær ábendingar sem hafa komið fram í umsögnunum og reyndar að sjálfsögðu í þeim umræðum sem hafa farið fram í þinginu. Ég er alveg sannfærður um að frv. mun með þeim breytingum, sem verða gerðar á því, batna frá núverandi mynd sinni og að þetta sé einmitt mál af því tagi sem æskilegt er að þátttaka þingmanna sé sem mest. Ég er alveg sammála þeim hv. þm. sem hér hafa talað að um grundvallarleikreglur í samfélagi okkar er mikilvægt að sem víðtækust sátt og samstaða náist.

Ég ítreka að við erum nú að semja löggjöf sem ég tel að muni þegar því starfi er lokið í góðu samstarfi ríkisstjórnar og þings verða með því besta sem gerist í heimshluta okkar. Ég ítreka að þetta frv. mun og á að byggja í aðalatriðum á misbeitingarreglunni, þ.e. að misbeiting markaðsráðandi aðstöðu sé það sem lögin reyna að koma í veg fyrir, ekki í sjálfu sér hin markaðsráðandi staða. Hins vegar verði bann við tilteknum athöfnum og samtökum, samráði, sem menn eru þeirrar skoðunar að séu ávallt skaðleg frjálsri samkeppni og þar með hagsmunum neytenda og atvinnulífs. Ég tel rétt að við höldum fast við þessa reglu, ekki síst vegna aðstæðna á Íslandi eins og hefur verið rætt í mörgum greinum. Ég bendi á að nágrannaþjóðir okkar hafa fært sig nær bannreglu, þ.e. bannað nánast allt samráð eða samtök fyrirtækja í verðlagsmálum og markaðsskiptingu. Þetta hafa Svíar t.d. gert eftir að þeir ákváðu að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Finnar hafa líka fært sig nokkuð nær bannreglu sem er upphaflega komin frá Bandaríkjunum. Norska frv. sem nú liggur fyrir Stórþinginu er ákaflega líkt því frv. sem við ræðum og í öllum meginatriðum. Þar er þó ekki kafli um framkvæmd samkeppnisreglna á Evrópsku efnahagssvæði heldur er gert ráð fyrir því að þau ákvæði verði í sérstökum lögum og er frv. um það málefni fyrir þingi samhliða frv. til almennra samkeppnislaga.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um einstök atriði í því sem fram hefur komið í þessum umræðum. Mig langar þó að víkja að nokkrum atriðum og kem þá fyrst að því sem kom fram í máli hv. 1. þm. Austurl. þar sem hann tók undir það, að mér virtist sem fram hefur komið frá samtökum atvinnurekenda, að þetta frv. einkenndist af viðamikilli og umfangsmiklu stjórnsýslukerfi og mjög víðtæku ráðherra- og ráðuneytisvaldi. Þetta er að sjálfsögðu sjónarmið sem mér finnst rétt að séu hugleidd þótt ég leyfi mér að benda á að þótt það vald sem ráðherra og ráðuneyti og stjórnvöldum sem heyra undir ráðherrann, sé fengið í þessu frv. sé býsna víðtækt, þá höfum við mjög mörg dæmi um slíkt stjórnarfyrirkomulag. Ég leyfi mér að benda á lögin um stjórn fiskveiða þar sem vald ráðherrans er að mínu áliti miklu víðtækara en hér um ræðir. Það segi ég nú líka til samanburðar að ég er hins vegar sammála hv. þm. um að það er mikilvægt að gott samkomulag takist um þessi mál og traust geti ríkt á þeim sem fara með framkvæmd þessara mála.

Ég legg hins vegar meira upp úr því að framkvæmdaraðilinn, t.d. samkeppnisráðið og samkeppnisstofnun í þessu tilfelli, séu alveg með ótvíræðum hætti á ábyrgð framkvæmdarvaldsins. Það hefur að manni flogið, og ég geri ráð fyrir að það verði rætt í nefndinni, að samkeppnisráðið allt væri skipað af ráðherranum en áfrýjunarnefndin væri algerlega hæstaréttarskipuð. Það er galli á stjórnarfarinu nú, og ég get fallist á það, að í frv. eins og það er upphaflega sett

fram hefur ráðherrann íhlutun um áfrýjunarnefndina. Reyndar teldi ég að það mætti vel athuga það að hún væri alveg hæstaréttarskipuð en þá væri líka hægt að fjalla um það hvaða hagsmunaaðilar eigi aðild að samkeppnisráði og samkeppnisstofnun. Það er ef til vill langeðlilegast og einfaldast að hún sé algerlega á ábyrgð ráðherrans, en áfrýjunarnefndin, sem fjallar hugsanlega um mál sem kynnu að rísa vegna þess að stjórnvaldið sé talið hafa farið offari, verði alveg óháð ráðherranum.

Þetta vil ég hugleiða, einmitt til að koma til móts við þá hugsun sem mér fannst koma fram hjá hv. 1. þm. Austurl. en ég dreg það í efa að hægt sé að setja upp stjórnvaldsstofnun sem eiginlega fyrir fram sé ópólitísk. Ég held að hún geti aldrei orðið það og ég er ekki sammála þeim mönnum sem halda því fram að pólitískar stjórnir séu samkvæmt eðli máls einhvern veginn vondar stjórnir. Ég er ekki sammála því sjónarmiði og tel að þeir sem hafa valist til stjórnmálastarfa séu yfirleitt og alltaf að reyna að gera það sem þeir telja réttast. Ég tel þá eðlilegra að eftirlitsstofnanirnar séu gerðar óháðar stjórnmálavaldinu.

En af því að ég veit að ábendingar hv. 1. þm. Austurl. eru settar fram í góðu skyni vonast ég til þess að í nefndinni takist okkur að finna á þessu góða lausn. Ég tek það fram að ég er sannarlega reiðubúinn og mínir samstarfsmenn til þess að taka þátt í því að finna fyrirkomulag sem geti gert það sem skýrast að menn vilji ná trausti á þessari framkvæmd og efist ekki um að þar sé farið eftir réttum leikreglum. Ég vil gera allt sem ég get til þess að auka traust á stjórnvaldsákvörðunum í samkeppnismálum. Ég held að það verði kannski best gert með því að hafa áfrýjunaraðilann óháðan ráðherranum.

Þetta tengist að sjálfsögðu því, sem mér finnst nauðsynlegt, að sem allra fyrst verði sett almenn stjórnsýslulög m.a. um það að hægt sé að skjóta ákvörðunum lægra setts stjórnvalds til úrskurðar æðra setts stjórnvalds sem fari yfir það hvort fylgt sé settum reglum. Þá er auðvitað æskilegt að áfrýjunaraðilinn, áfrýjunarstigið, sé óháð hinu stjórnvaldsstiginu. Þetta vildi ég láta koma fram og tel að á þessu megi vel finna lausnir.

Það vakti athygli mína að hv. 1. þm. Austurl. var ekki hlynntur því að samkeppnisráðið hefði sér til halds og trausts fastanefnd um auglýsingamálefni. Það gladdi mig að bæði hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 15. þm. Reykv. fögnuðu því að í frv. skuli vera auglýsingaákvæði þótt vafalaust megi hafa á því ýmsa skoðun hvort þau gætu verið skarpari og betur orðuð. Ég tel þetta þó árangur af margítrekuðum tilraunum til þess að festa í lög, eins og hv. 4. þm. Norðurl. réttilega nefndi, almennar reglur um siðfræði auglýsingastarfsins, sérstaklega hvað varðar áhrif þeirra á börn. Ég vil þess vegna vona að það takist loksins að setja þessi ákvæði í lög.

Þarna eru líka málverndarákvæði, ekki bara barnaverndarákvæði, og ég vona sannarlega að þingið styðji þær tillögur sem þarna eru fram komnar.

Fastanefndin er hins vegar í raun og veru í frv. í framhaldi af frv. um auglýsingamálefni sem flutt hefur verið á allmörgum þingum, ég hygg fjórum, oft stjfrv. og í allmörg skipti flutt í nafni ríkisstjórnar sem hv. 1. þm. Austurl. átti aðild að. Þar var nákvæmlega þetta stjórnarfar sem hér er verið að tala um og ég vil alls ekki á það fallast að hér sé um eitthvert bákn að ræða. Sennilega kæmi nefnd eins og þessi afar sjaldan saman. Auðvitað mundi samkeppnisstofnun fyrst og fremst styðjast við sitt starfslið og samkeppnisráðið við það sama starfslið en þegar um meiri háttar auglýsingamál væri að ræða teldi ég mjög gagnlegt fyrir samkeppnisstofnun og samkeppnisráð að hafa sér til halds og trausts einmitt slíka sérhæfða nefnd. Ég tel þess vegna, ekki síst með tilliti til þess að ekki er gert ráð fyrir nema fimm manna samkeppnisráði í samanburði við níu manna verðlagsráð, fjarri öllu lagi að halda því fram að þetta frv. einkennist af einhverju stjórnsýslubákni. Ég er heldur ekki sammála þeim sem telja að í frv. komi fram óhæfilega mikið regluvald eða tilskipunarvald fyrir ráðherra, en er hins vegar fús til þess að líta á og taka þátt í að ræða allar tillögur sem að því lytu að draga úr því og setja upp leikreglur sem gætu verið sjálfum sér nógar í sem flestum greinum.

Ég vil með þessum orðum um fastanefnd um auglýsingar og stjórnsýsluna hverfa að öðrum ábendingum sem fram hafa komið í þessum umræðum. Ég er að sjálfsögðu alveg sammála hv. 1. þm. Austurl. um að það sé ákaflega mikilvægt að tryggja samkeppnisstöðu atvinnuveganna. Ég er honum hins vegar ekki sammála um að það sé miður um vert að festa samkeppnisreglur í lög. Ég tel þær ákaflega mikilvægar fyrir starfsemi atvinnulífsins og ég tala nú ekki um þá vernd fyrir hagsmuni neytenda, sem þessi löggjöf felur í sér, og ég tel að eigi að standa alveg jafnt og hagsmunir atvinnulífsins.

Það er þessi tvíþætti tilgangur frv., að setja upp leikreglur fyrir starfsemi atvinnulífsins og reglur til að vernda hagsmuni viðskiptaaðila og neytenda, sem ég vonast til að þingið sameinist um að setja. Það dregur alls ekki úr mikilvægi þess að við setjum okkar atvinnuvegum þau starfskjör sem við best getum í samkeppni við önnur lönd en menn skyldu ekki vanmeta það hversu mikilvægt er að samræma okkar samkeppnisreglur því sem gerist í löndunum í kringum okkur, ekki síst með tilliti til vaxandi samstarfs við og viðskipta við þau.

Ég kem þá, virðulegi forseti, að ábendingum hv. 4. þm. Norðurl. e. Ég hef þegar nefnt að ég fagna undirtektum hans við auglýsingakaflann í frv. Ég get hins vegar ekki látið hjá líða að benda á að ég tel að hv. þm. hljóti að hafa litið fram hjá, eða hann hefur ekki tekið eftir því, þegar hann taldi að í 44. gr. væri eftirlitsstofnun EFTA og dómstóli EFTA gert hærra undir höfði en íslenskum stjórnvöldum. Í 42. gr. er auðvitað hin frumlæga heimild samkeppnisstofnunar til þess að krefja einstök fyrirtæki á Íslandi um upplýsingar. En til þess að ítreka það að þær samþjóðlegu framkvæmdastofnanir, sem við erum að gerast aðilar að, hafi líka upplýsingarétt, er það ítrekað að samkeppnisstofnunin geti leitað sömu upplýsinga. Þetta er

í raun og veru ítarákvæði á því sem fram er komið í 42. gr. Röðin er þarna alveg rétt, virðulegur þingmaður. Þetta hlýtur þingmanninum að hafa yfirsést því ekki ætla ég honum annað en vilja hafa það sem sannara reynist í þessu máli frekar en öðrum.

Þá kem ég að því sem var kannski einna mikilvægast í ræðu hv. þm., þ.e. ákvæðin um samkeppnisaðstæður og um markaðsráðandi fyrirtæki, um skilgreiningu hugtaka og fleira af því tagi. Hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur lagt fram brtt. í sex liðum við frv. til samkeppnislaga. Ég tel að sjálfsögðu rétt, þótt það sé nokkuð óvenjuleg aðferð miðað við venjulegan gang þingmála, að um þessar brtt. verði þegar fjallað í efh.- og viðskn. Ég er honum sammála um það að leita beri allra leiða til að koma í veg fyrir misbeitingu á markaðsráðandi stöðu fyrirtækja. Ég er honum hins vegar ekki sammála um að það sé fyrir fram víst að það að setja hlutfallstölur í lög um hvað teljist markaðsráðandi fyrirtæki þjóni þessum tilgangi betur en opin ákvæði eins og eru í frv. Það er að áliti flestra sérfróðra manna ekki skynsamlegt að setja almenna tölusetta reglu um hvað séu markaðsyfirráð, enda er skilgreiningin á markaði breytileg eftir aðstæðum og gæti ég rakið um það mörg dæmi. M.a. það dæmi sem hv. þm. tók af flugsamgöngum og skipasamgöngum sem er til marks um að það getur verið mikið álitamál hvaða fyrirtæki eru í samkeppni hvert við annað, hvað séu samkeppnishömlur o.s.frv.

Ég tel skynsamlegra að setja þetta í hendur samkeppnisráði og samkeppnisstofnun. Þar munu myndast fastar verklagsreglur. Þær hafa myndast í nágrannaríkjum okkar við framkvæmd á sams konar löggjöf og hér er til umræðu. Við munum, m.a. með samstarfi okkar innan hins Evrópska efnahagssvæðis, öðlast á þessu betri skilning og þekkingu m.a. með þátttöku okkar þar og íslenskum starfsmönnum á þeim vettvangi. Ég tel að hugmyndin að baki frv. sé fyrst og fremst sú að verklagsreglurnar myndist hér og mótist í úrskurðum samkeppnisráðs. Markaðsyfirráðin, og ég ítreka það eins og kom fram hjá mér áðan, eru ekki ólögmæt út af fyrir sig en það er hins vegar hvers konar misbeiting á þeim. Þá geta samkeppnisyfirvöldin, eins og ég hef þegar nefnt og rækilega kemur fram í frv., hindrað sameiningu fyrirtækja sem augljóslega felur í sér hættu á misbeitingu. Við þurfum þess vegna að fara mjög vandlega yfir orðalag frv. og ég get verið hv. þm. sammála um að það megi huga að því orðalagi.

Það er líka rétt athugað hjá hv. þm., eins og kom fram í ræðu hans og athugasemdum sem fylgja tillögum hans um breytingar, að markaðsyfirráð fyrirtækis eigi að kalla á sérstakt eftirlit samkeppnisyfirvalda með starfseminni og íhlutun ef þörf þykir að mati samkeppnisráðs. Undir þetta get ég allt tekið. Hins vegar tel ég að hlutfallstölur sem væru festar í lög gætu jafnvel torveldað framkvæmd meginstefnu laganna vegna þess að menn mundu þá með augnayndisgerðum og samkomulagi koma svo fyrir að öllum tölusettum takmörkunum væri fullnægt en færu svo sínu fram eigi að síður og gætu sagt: Hér er þetta svart á hvítu. Við liggjum undir þessu hlutfalli. Hér er ekki um neinar óeðlilegar hömlur á samkeppninni að ræða.

Þetta vildi ég hafa nefnt, virðulegi þingmaður, en ég fagna áhuga hv. 4. þm. Norðurl. e. á þessu máli og fyrir framlag hans til þess að þetta mál fái vandaða meðferð í þingnefndinni. Ég tek undir það með honum að það er einmitt okkar verkefni nú að betrumbæta þetta frv. og ég vonast til þess að við getum fundið þar góðan samstarfsvettvang. Ég fullvissa hv. 4. þm. Norðurl. e., eins og hv. 1. þm. Austurl., um að það er sannarlega góður vilji af hálfu ríkisstjórnarinnar að taka við ábendingum stjórnarandstöðunnar og annarra þingmanna í efh.- og viðskn. og í þinginu yfirleitt. Þetta er mál sem þarf að vanda mjög vel til og ég veit að um þetta mun geta tekist góð samvinna eins og mér finnst að ræður manna hafi borið um glöggt vitni.

Ég get tekið undir með þeim sem hér hafa talað að auðvitað leysir ekki lagasetning, eins og sú sem við erum að fjalla um, allan vanda. Það er rétt að vara við oftrú á samkeppni og markaðslausnum. En á sama hátt megum við ekki hafa af okkur að nýta þá kosti sem aukin samkeppni og markaðslausnir geta boðið upp á. Það hefur því miður viljað við brenna og ég er þess vegna ákaflega ánægður með hversu góðar viðtökur þetta frv. hefur í stórum dráttum fengið.

Ég tel enga ástæðu til að óttast að EES-samningurinn hamli gegn þeim tillögum sem eru gerðar um barnaverndarákvæði gagnvart auglýsingum, en að sjálfsögðu er rétt að efh.- og viðskn. kanni það sem vandlegast. Ég tek undir það, sem kom fram bæði hjá hv. 1. þm. Austurl. og hv. 4. þm. Norðurl. e., að það er langheppilegast að fjalla um hin tæknilegri atriði frv. í efh.- og viðskn.

Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi að setning nýrra samkeppnislaga er eitt af mikilvægustu málum þessa þings. Ég leyfi mér að lýsa yfir þeirri von að frv. verði að lögum á haustþinginu og út af fyrir sig tel ég að okkur sé ekkert að vanbúnaði að fylgja nýjum lögum af þessu tagi því að við erum ekki að gera tillögur um að byggja upp nýja stofnun og framkvæmdin verður byggð á kynningarstarfi sem þegar er hafið. Ég leyfi mér því að vonast til að efh.- og viðskn. ljúki umfjöllun sinni um þetta mál sem fyrst, en um leið er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að sú umfjöllun verði sem vandlegust.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Bara til að fyrirbyggja misskilning þannig að ekki sé neinn slíkur í gangi. Sú brtt. sem ég legg til varðandi skilgreiningu á markaðsráðandi aðstöðu fyrirtækis er fyrst og fremst viðmiðunarmörk. Ég er út af fyrir sig sammála hæstv. viðskrh. um að það er ákaflega vandséð að hægt sé að festa niður eina allsráðandi prósentu í þessum efnum. Hitt er að mínu mati skynsamlegt og nauðsynlegt til þess að framkvæmdin verði ekki of losaraleg í þessum efnum, að stuðst sé við einhver viðmiðunarmörk í þessum efnum sem verki þannig að gul ljós fari að blikka þegar markaðshlutdeild eins aðila eða fleiri tengdra aðila fer yfir tiltekin viðmiðunarmörk og þar með færist þeir undir auk-

ið aðhald, eftirlit o.s.frv. Auðvitað getur vel verið að menn reyni svo einhver undanskot frá því og reyni að gefa sig ekki upp í réttri stærð o.s.frv., en það er vandamál sem við munum eiga við að glíma hvort sem er. Ég held að einhver viðmiðunarmörk af þessu tagi séu skynsamleg og vil fyrst og fremst að það sé alveg ljóst að það er það sem ég er að fara fram með en ekki endilega að einhvers staðar liggi hin eina rétta prósenta sem ráði úrslitum um það hvenær fyrirtæki er orðið markaðsráðandi og hvenær ekki.

Ég saknaði þess svo, hæstv. forseti, að hæstv. viðskrh. skyldi ekki aðeins ræða nokkur önnur atriði sem hér bar á góma, svo sem stöðu hinnar miklu fyrirtækjasamstöðu Eimskips/Flugleiða og umsvifa þess fyrirtækis í samgöngumálum og ferðaþjónustu og tengd vandamál sem lúta að hinu litla íslenska efnahagskerfi og samþjöppun valds og fjármuna í því eins og við þekkjum hana.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í ræðu minni áðan tel ég sjálfsagt og meira en það að hv. efh.- og viðskn. fjalli um brtt. hv. 4. þm. Norðurl. e. samhliða því að hún fjallar um frv. Ég er viss um að þar má skerpa orðalag, m.a. með hliðsjón af og að fengnum þeim ábendingum sem þar koma fram, en ég leyfi mér að endurtaka þá fyrirvara sem ég gerði við það að færa tölusett mörk inn í þessa löggjöf á þessu stigi máls. Ég tel miklu eðlilegra að þarna mótist verklagsreglurnar í úrskurðum samkeppnisráðs og samkeppnisstofnunar. Það er mjög eðlilegt að sú stofnun setji sér innri reglur til viðmiðunar. Það mun gerast af sjálfu sér en ég tel ekki heppilegt að löggjafinn festi þessar tölur. Það má vel vera að það geti einhvern tíma reynst rétt en bendi á að hjá okkur skiptir oft miklu máli hin ytri samkeppni. Er fyrirtæki, sem er tiltölulega stórt á okkar innlenda markaði, í opinni samkeppni við erlenda aðila? Ef það er skipta hlutfallstölurnar minna máli en ella.

Ég ætla út af fyrir sig ekki að lengja umræðuna um samþjöppun efnahagslegs valds og afleiðingar af henni í þjóðfélaginu, ekki á þessari stundu. Ég tel mjög brýnt að stjórnvöld fái íhlutunarrétt um þau atriði eins og tíðkast í flestum þróuðum ríkjum. Ég vildi taka það fram að í umræðum og umsögnum um frv. hafa komið fram bæði sjónarmiðin, annars vegar að það gangi allt of langt í þessum efnum. Þau sjónarmið komu m.a. fram hjá samtökum vinnuveitenda sem vilja ekki hafa þessi ákvæði inni í lögunum. Aftur telja aðrir að þau gangi of skammt. Hér er um nýmæli að ræða í íslenskri löggjöf. Vafalaust á þetta ákvæði eftir að taka breytingum í tímans rás. Ég er hins vegar sannfærður um það að þetta er góð byrjun á þessu máli og heppilegri en setja þarna tölusett mörk.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vil endurtaka það að ég tel nauðsynlegt að endurskoða stjórnsýsluþátt frv. Ég tel það óþarfa hjá hæstv. viðskrh. að grípa til þess að líkja því við aðra þætti í samfélaginu. Hann vitnaði til laganna um stjórn fiskveiða. Ekki veit ég hvers vegna hæstv. viðskrh. gerði það en vel má vera að hann hafi viljað veita mér sérstaka áminningu í þeim efnum. Hitt er svo annað mál að ég er hissa á hæstv. viðskrh. að líkja saman markaðsmálum og stjórn á nýtingu auðlindar. Hér er um gersamlega óskyld mál að ræða. Það er ekkert deiluefni, hélt ég, að nauðsynlegt er að hafa stjórn á nýtingu auðlindar og á því máli þarf viðkomandi ráðherra að bera ábyrgð. Hann þarf að hafa pólitískt vald til þess að standa undir þeim skyldum sínum.

Að því er varðar markaðsmál og samkeppni er það miklu meira álitamál að hve miklu leyti ráðherra skuli hafa þar afskipti. Ég hef skilið það svo að ætlunin með frv. sé að minnka afskipti verðlagsyfirvalda og ráðherra af þessum málum og nýta markaðslögmálin í meira mæli til aðhalds, nýta samkeppnina en setja leikreglur um það hvenær samkeppni er með þeim hætti að óeðlilegt megi teljast og þá sé fyrir hendi vald til þess að grípa inn í. Það vald er vandmeðfarið og ekki gott að það sé byggt á óljósum skilgreiningum eins og ég tel að sé að nokkru leyti í þessu frv. Það er ekki heldur gott að það tengist um of ráðherranum sjálfum, hver svo sem á þar í hlut. Það er ekki gott fyrir viðskrh. að blandast allt of mikið inn í samkeppnismál. Það er nauðsynlegt að það geri stofnun sem sé sem mest óháð og geti tekið á málum. Vissulega er það rétt hjá hæstv. viðskrh. að viðkomandi stofnun þarf að starfa á ábyrgð stjórnvalda, á ábyrgð hæstv. viðskrh., en það getur hún gert án þess að hæstv. viðskrh. hafi of mikil afskipti af þeirri starfsemi nema sérstakar aðstæður komi upp. Ég tel að það sé of mikið í lagt, eins og hæstv. viðskrh. í reynd viðurkenndi, að hann skipi þetta marga menn í samkeppnisráð og síðan einnig í áfrýjunarnefndina. Ég get alveg tekið undir það með hæstv. viðskrh. að ég tel að sú nefnd eigi að vera sem óháðust ráðherranum. Það mundi styrkja þetta mál ef hlutleysi hennar væri betur tryggt. Með þessu er ég á engan hátt að gera lítið úr því að aðilar séu valdir til ábyrgðar af pólitískt kjörnum fulltrúum. Ég vona að hæstv. viðskrh. misskilji mig ekki í þeim efnum. Ég vil alls ekki taka undir það að það sé af hinu vonda. En það er eins og mér hafi stundum heyrst að hæstv. viðskrh. hafi talið að það væri ekki af hinu góða að pólitískir aðilar, a.m.k. ekki Alþingi, væru að velja menn til að stýra bankastofnunum. Það má vel vera að hæstv. viðskrh. líti allt öðruvísi á það ef ráðherra geri það. Vissulega er þarna munur á því annars vegar er framkvæmdarvaldið og hins vegar löggjafarvaldið. Ég get út af fyrir sig sagt það sem mína skoðun að það eru takmörk fyrir því hvað löggjafarvaldið á að blanda sér inn í mál sem varða ýmsa framkvæmd í þjóðfélaginu. Löggjafarvaldið á hins vegar að hafa sem mest eftirlit með því sem framkvæmdarvaldið er að gera. Þetta er kannski ekki aðalatriðið heldur hitt að það sé traust á þessari stofnun, að hún njóti trausts í samfélaginu, njóti trausts fyrirtækjanna og njóti trausts almennings. Það er ekki að sjá af þeim umsögnum sem eru komnar um málið að sú skipan sem þarna er sett upp njóti nægilegs trausts. Það er áhyggjuefni því að það væri ekki gott að fara af

stað með stofnun sem þessa ef á henni ríkir verulegt vantraust strax í upphafi. Úr því þarf að bæta. Ég skildi hæstv. viðskrh. svo að hann væri tilbúinn til samstarfs um það og fagna ég því.

Þess misskilnings hefur aðeins gætt og mér fannst það í máli hæstv. viðskrh. að ég væri andvígur því að ákvæði væri í þessari löggjöf um auglýsingamál. Ég vil benda á að í 6. kafla frv., í 21. og 22. gr. frv. er fjallað um þessi atriði. Ég hef engar sérstakar athugasemdir við þær greinar frv. Það eru hins vegar greinar sem þarfnast athugunar við eins og allar aðrar. Það vill nú svo til að ekki eru mjög margar athugasemdir frá umsagnaraðilum við þær greinar. Ég er sammála því að ákvæði séu í lögum er varða þessi mál. Því er síðan haldið fram að ég sé andvígur því vegna þess að ég telji ónauðsynlegt að setja upp sérstaka nefnd til að fjalla um þau mál.

Hér er um að ræða stóra stofnun og hvers vegna þarf að vantreysta þessari stofnun og samkeppnisráði til að fjalla um þau mál? Þarf slíka sérþekkingu á þeim sviðum að sérstaka pólitískt skipaða nefnd úti í bæ þurfi til að fjalla um þau mál? Ég skil það ekki og get ekki á það fallist og sé ekki rök fyrir því. Hér stendur að þessi nefnd skuli skipuð af ráðherra og skuli formaður og varamaður hans vera úr hópi aðalmanna og varamanna í samkeppnisráði samkvæmt ákvörðun ráðsins. Samkeppnisráðið á væntanlega að stjórna þessari stofnun. Síðan kemur ein nefnd til viðbótar sem á líka að hafa með stofnunina að gera á afmörkuðu sviði. Eiga þessar fastanefndir, sem síðan er heimilt að skipa á ýmsum sviðum, líka að hafa með stofnunina að gera? Mér finnst þetta vera óheppilegt stjórnunarfyrirkomulag og ég tel einfaldlega að þetta eigi allt að vera á ábyrgð stofnunarinnar og samkeppnisráðs. Ég tel að alveg sé hægt að treysta þeim til að fjalla um þessi mál. Ef þeir þurfa á því að halda að kalla til sérfræðinga um afmörkuð, tiltekin mál, þá hef ég trú á því að stofnuninni sé það heimilt enda séu fjármunir til þess á hennar áætlun og engin sérstök lagafyrirmæli eða lagaheimildir þurfi til þess. Það er ekki ólíklegt að stofnunin muni þurfa á því að halda að fá aðstoð á ýmsum öðrum sviðum og kalla til þess ákveðna sérfræðinga. Það er vel hægt að gera án þess að föst ákvæði sé um það í lögum.

Þetta ber svo sem sömu merkin og oft eru í lagasetningu hér á landi. Það er verið að setja ákvæði um alls konar atriði, mörg sjálfsögð, mörg sem eru óþörf. Þetta frv. er, eins og mörg önnur frumvörp sem eru flutt hér á Alþingi, óþarflega langt og ítarlegt. Það mætti stytta það og fella ýmsa sjálfsagða hluti út úr textanum. Af því að hæstv. viðskrh. nefndi sérstaklega löggjöfina um stjórn fiskveiða, þá held ég að ég muni það rétt að þar er um 23 lagagreinar að ræða án þess að ég ætli að fara að bera það saman. Hér eru um þessi mál milli 60 og 70 lagagreinar. Hvað ætli séu margar lagagreinar í íslenskri löggjöf um það hvernig eigi að lána út á húsnæði? Ætli það séu ekki u.þ.b. 200 greinar um það hvernig almenningur á að taka lán út á eina íbúð? Ætli eitthvað af þessu sé ekki óþarft? Ég tel að við ættum öll sem berum ábyrgð á setningu löggjafar hér á Alþingi — ég er ekki að bera þetta sérstaklega á hæstv. viðskrh. þó að hann hafi komið nálægt því að semja margvíslega löggjöf hér á landi. Ég held að þetta sé bara almennur galli á lagasetningu, hún er oft óþarflega ítarleg. En hitt er svo rétt að menn gagnrýna það líka að reglugerðarvaldið sé of umfangsmikið svo stundum ríkir tvískinnungur í þessari gagnrýni.

Ég er sem sagt ekki andvígur því að taka á þessum auglýsingamálum en ég er andvígur að búa til svona flókna stjórnsýslu, eins og mér finnst hér vera gert. Ég tek eftir því að sambærileg gagnrýni kemur líka frá aðilum sem hafa mun meira vit á þessu en ég og ég vil líta til þeirrar gagnrýni og vænti þess að hæstv. viðskrh. vilji það líka. Aðalatriðið er þrátt fyrir allt að það ríki traust á því að þarna sé verið að setja upp stofnun sem muni starfa sem óháð stofnun og muni bera hagsmuni neytenda og atvinnulífsins jafnframt fyrir brjósti. Þetta er mjög vandmeðfarið mál og það er mikil gagnrýni á atvinnulífið. Hér hefur t.d. verið nefnd hringamyndun og samþjöppun á valdi sem vissulega ber að líta á. Það þarf líka að hafa það í huga að okkar litlu fyrirtæki munu koma til með að eiga í erfiðri samkeppni við mun stærri erlend fyrirtæki því að risar í okkar efnahagslífi eru smápeð í hinu alþjóðalega efnahagslega umhverfi. Þetta ber okkur að sjálfsögðu að hafa í huga þótt við vildum sjá miklu meiri dreifingu á efnahagslegu valdi hér á Íslandi. Lykillinn að því er að fá almenning, lífeyrissjóði og fleiri, til meiri þátttöku í atvinnulífinu og þá sérstaklega þá sjóði sem ráða yfir miklum fjármunum en það eru lífeyrissjóðir launþega í landinu.

Ég vil svo fagna því að hæstv. viðskrh. er til viðræðu um breytingar á þessu máli og ég vænti þess að um það geti náðst góð samstaða. Ég tel það mikilvægt og ég tel það mikilvægt í öllum þeim málum sem varða atvinnulífið um þessar mundir. Ég vænti þess að þessi vilji hæstv. viðskrh. komi fram í fleiri málaflokkum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. viðskrh., að mér finnst mjög á það skorta. Ekki svo að skilja að það sé sérstakt keppikefli hjá stjórnarandstöðu á hverjum tíma að sökkva sér niður í þessi mál. En það er hins vegar skylda okkar allra og við eigum að gera það. Það er grundvallaratriði að ríkisstjórn á hverjum tíma hafi til þess nokkurn vilja og ég held að það sé öllum fyrir bestu við núverandi aðstæður að sá vilji komi meira fram í verki en ekki í einu og einu orði á Alþingi.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég fagna þeim samstarfsvilja sem fram kom í máli hv. 1. þm. Austurl. um að gera þetta frv. þannig úr garði og lagasetninguna sem fylgir að það geti orðið til þess að auka traust á stjórnvaldsákvörðunum í samkeppnismálum. Það er einmitt það sem fyrir mér vakir sem flm. þessa máls að skapa slíkt traust. Ég tek fram að það er erfitt að finna leið þar sem allir eru ásáttir um skipun samkeppnisráðsins, tilnefningu aðila og fleira af því tagi. Í frv. er gerð tilraun til þess að auka traust á stjórnvaldsákvarðanirnar með því að hafa sérstaka áfrýjunarnefnd í stað áfrýj-

unar til ráðuneytis eins og mjög oft er á öðrum sviðum stjórnsýslunnar. Ég get náttúrlega alls ekki aðstoðað hv. 1. þm. Austurl. við skilning á því hvers vegna ég vísaði til fiskveiðistjórnarlaganna. En ég endurtek að þótt þar sé fjallað um eðlisólíkt svið þarf þar líka að gilda sama regla, að málum sé skipað svo að stjórnvaldsákvarðanir séu áfrýjanlegar, menn eigi kost á leiðréttingu sinna mála. Ég mun sannarlega leita eftir því í samstarfi við efh.- og viðskn. að finna form og skipan á þetta sem geti tryggt þetta traust.

Ég er hins vegar alls ekki sammála hv. 1. þm. Austurl. um að þarna sé verið að byggja upp umfangsmikið og flókið stjórnsýslubákn. Fimm manna samkeppnisráð kemur í stað níu manna verðlagsráðs. Síðan kemur sérstök áfrýjunarnefnd sem hittist vonandi mjög sjaldan og miklu sjaldnar en ráðið og yrði skipuð óháðum mönnum. Ég þarf ekki að taka það fram en ætla þó að gera það að ráðherrann hlýtur jafnan, það mun ég a.m.k. gera, að líta eingöngu á fagleg sjónarmið þegar valdir eru menn í samkeppnisráðið. En það eru líka stjórnmálasjónarmið, hin faglegu sjónarmið eru það, þ.e. það viðhorf að velja menn til starfa eftir faglegum sjónarmiðum. Ég er alveg sannfærður um að við erum sammála um það, ég og hv. 1. þm. Austurl.

Vegna þess sem hv. þm., hinn fyrsti frá Austurlandi, nefndi um auglýsingamálin, þá hélt ég því alls ekki fram, honum hlýtur að hafa misheyrst, að ég teldi hann andvígan ákvæðunum í frv. um auglýsingarnar sjálfar. Það nefndi ég hvergi enda ekki ástæða til því á það var heldur ekki minnst af hv. þm. í ræðu hans hér áðan. Hins vegar lýsti hann andstöðu við að þarna væri sérstakur vettvangur, fastanefnd innan samkeppnisráðsins, sem fjallaði um auglýsingarnar. Ég minnti á og rifjaði upp að aðdragandi þess máls var sérstök tillaga um lagasetningu um auglýsingar í öðru formi og það er talið mikilvægt af þeim sem um þennan vettvang hugsa og á honum hafa vit að hafa þarna sérstakan farveg fyrir meðferð auglýsingamálanna sem eru á ýmsan hátt annars eðlis en önnur samkeppnismál. Það er alveg fráleitt að halda því fram að þarna sé verið að búa til flækjur í stjórnkerfinu. Það er samkeppnisráðið sem á endanum fjallar um þetta og það horfir til einföldunar frá tillögum um meðferð auglýsingamála sem hv. þm. meðal annarra stóð að sem stjfrv. í mörgum umferðum.

Ég vona því að þetta einfaldaða stjórnkerfi standi mál gagnvart þeim eðlilegu kröfum hv. þm. að hafa hlutina ekki flóknari eða orð fleiri en þörf krefur. Ég er honum einlæglega sammála um að það mætti gjarnan stytta marga lagatexta og bíð eftir tillögum um hvernig best væri að stytta þennan og sannarlega skal ekki á mér standa að hugleiða það að fallast á slíkar tillögur.

Þá kem ég að því sem er mikilvægast í máli hv. 1. þm. Austurl. og það er nauðsyn víðtækrar samstöðu um að tryggja íslenskum atvinnuvegum sem besta samkeppnisstöðu. Undir það tek ég með honum og á það mun reyna á næstu vikum og mánuðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gagnkvæm viðurkenning á menntun vegna EES, 1. umr.

Stjfrv., 77. mál. — Þskj. 79.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um gagnkvæma viðurkenningu á menntun ríkisborgara í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og á Norðurlöndum til starfsréttinda á Íslandi. Tilskipun nr. 89/48/EBE um viðurkenningu prófskírteina tekur til skírteina sem veitt eru að loknu þriggja ára námi eða starfsþjálfun á æðra skólastigi. Slíkar viðurkenningar eru veittar hér á landi af mismunandi aðilum eftir því um hvaða starfsundirbúning er að ræða og málsmeðferðin einnig nokkuð mismunandi. Í sumum tilvikum er kveðið á um það í lögum hvernig með skuli farið og í öðrum hefur skapast ákveðin hefð hvað varðar málsmeðferð.

Það er vafasamt að unnt sé að ná til allra tilvika sem upp kunna að koma hvað varðar einstök störf með lagasetningu. Því er farin sú leið sem farin var í Danmörku að setja ein lög sem taka til þeirra lögvarðaðra starfa sem tilskipun 89/48 nær til og kveða á um að þeir ríkisborgarar í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins sem fullnægja skilyrðum tilskipunarinnar hafi rétt til að stunda viðkomandi starfsgrein á Íslandi, annaðhvort sem sjálfstæðir atvinnurekendur eða sem launþegar með þeim sömu skilyrðum og gilda um íslenska ríkisborgara.

Það frv. sem hér liggur fyrir er því sniðið eftir danska frv. um sama efni sem danska þingið samþykkti í maí 1991. Auk þess hafa verið felld inn í þetta frv. ákvæði frv. til laga um starfsréttindi norrænna ríkisborgara sem lagt var fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Markmið frv. er í fyrsta lagi að koma tilskipun 89/48 til framkvæmda en hún fjallar um almennar reglur um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum vegna menntunar er leiðir til starfsréttinda að loknu þriggja ára námi á æðra skólastigi og í öðru lagi að afla heimildar til að koma í framkvæmd hliðstæðum reglum sem EB samþykkti nýlega og taka til prófskírteina sem áðurnefnd tilskipun tekur ekki til. Í þriðja lagi er markmið frv. að koma til framkvæmda sambærilegum samningum sem samþykktir hafa verið af Norðurlandaráði og staðfestir af stjórnvöldum norrænna ríkja.

Með þessu er verið að auðvelda ríkisborgurum innan Evrópska efnahagssvæðisins og innan Norðurlanda að stunda starf sitt í öðru landi en því sem þeir hlutu menntun sína og starfsþjálfun í. Það ber að hafa í huga að hugtakið „æðra skólastig“ er ekki skilgreint í reglum EB og verður því hvert land fyrir sig að ákveða hvaða starfsheiti falla undir tilskipun 89/48. Hér á landi er eðlilegast að miða við störf sem krefjast a.m.k. þriggja ára undirbúningsnáms á háskólastigi. Þar eð tilskipunin tekur aðeins til lögverndaðra starfa eru það ekki mjög mörg störf hér á landi sem falla undir hana. Í fskj. 3 með frv. er bráðabirgðayfirlit yfir þau störf

sem tilskipunin tekur til en það er unnið að því fullgera þessa skrá.

Leggja ber áherslu á að tilskipunin tekur aðeins til gagnkvæmrar viðurkenningar á prófskírteinum og öðrum jafngildum gögnum en að fenginni slíkri viðurkenningu hafa útlendingar, sem tilskipunin nær til, jafnt sem íslenskir ríkisborgarar að verða sér úti um starfsleyfi eða löggildingu hjá viðkomandi yfirvöldum í þeim tilvikum sem þess er krafist. Að þessu loknu standa útlendingar sem hingað koma og leita hér eftir starfi jafnfætis íslenskum ríkisborgurum hvað varðar umsóknir um störf, en að sjálfsögðu er það vinnuveitandans að ákveða hvaða umsækjanda hann velur.

Það telst andstætt umræddri tilskipun að synja umsækjanda um viðurkenningu á prófgögnum á þeirri forsendu að hann hafi ekki vald á íslenskri tungu nema því aðeins að þekking og færni í íslensku sé óhjákvæmileg forsenda fyrir því að geta stundað það starf sem um er að ræða. Þetta á t.d. við um grunnskólakennara.

Um nokkur starfsheiti gilda sérstakar tilskipanir. Má þar nefna lækna, hjúkrunarfræðinga, tannlækna, dýralækna, ljósmæður, lyfjafræðinga og arkitekta. Með samþykkt tilskipunar 89/48 hefur EB horfið frá því að gefa út tilskipun um hvert starfsheiti fyrir sig en setur í þess stað almennar reglur sem taka til margra starfa.

Í júní sl. samþykkti EB tilskipun 92/51/EBE sem tekur til starfsheita sem krefjast ekki nema eins árs náms og starfsþjálfunar hið minnsta og liggja fyrir utan gildissvið tilskipunar 89/48. Þessi tilskipun, sem á að koma til framkvæmda innan tveggja ára, mundi taka til starfsmenntunar sem hér á landi er veitt í framhaldsskólum, svo sem iðnmenntunar. Rétt er að skýra einstakar greinar nokkuð nánar.

1. gr. fjallar um gildissvið frv., er það tekur til löggiltra starfa, sem falla undir þessa tilskipun, 89/48, og aðrar hliðstæðar tilskipanir sem verða hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Frv. tekur einnig til hliðstæðra reglna sem samþykktar hafa verið af ríkisstjórnum Norðurlanda.

Í 2. gr. eru skilgreind nánar þau skilyrði sem þarf til að mega stunda starf hér á landi. Gerð er krafa um að viðkomandi hafi ríkisborgararétt í einhverju ríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða í einhverju Norðurlandanna. Enn fremur er gerð krafa um að viðkomandi fullnægi þeim kröfum sem settar eru fram í tilskipunum eða samningum sem nefndir eru í 1. gr.

Í 3. gr. er kveðið á um að þau stjórnvöld sem nú fjalla um og afgreiða umsóknir um leyfi til að leggja stund á tiltekin störf hér á landi geri það áfram með svipuðum hætti og hingað til og sjái jafnframt til þess að settum skilyrðum samkvæmt frv. sé fullnægt. Það er því ekki gert ráð fyrir að komið verði á fót nýjum stofnunum til að sjá um þessi mál.

Í fyrri mgr. 4. gr. felst heimild til hlutaðeigandi ráðherra til þess að veita undanþágu með reglugerð frá lögum sem gera íslenskt ríkisfang eða íslenskt prófskírteini að viðurkenningu eða skilyrði fyrir ráðningu í starf eða veitingu starfsréttinda. Slíkt ákvæði getur verið nauðsynlegt vegna skuldbindinga sem felast í tilskipuninni eða samningum sem falla undir 1. gr. Í 4. gr. er einnig kveðið á um að ráðherra sem í hlut á geti sett sérstakar reglur um hæfnispróf eða viðbótarmenntun eftir því sem þörf krefur. Enn fremur er þar að finna heimild til að krefja umsækjanda um greiðslu kostnaðar vegna hæfnisprófs eða viðbótarmenntunar sem nauðsynlegt verður að veita til að unnt sé að veita umbeðna viðurkenningu.

Í 1. mgr. 5. gr. er lagt til að menntmrn. sjái um og samræmi framkvæmd þeirra tilskipana og samninga sem falla undir 1. gr. Ætla má að mat á námi og starfsþjálfun komi í flestum tilvikum til kasta menntmrn. að meira eða minna leyti í samráði við einstök fagráðuneyti og samtök á vinnumarkaði. Í síðari mgr. er því slegið föstu að þau stjórnvöld, sem tiltekin lögvernduð störf heyra undir, skuli fara með viðkomandi mál að öðru leyti.

Ég legg til, hæstv. forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar aðeins að fjalla um þetta frv. við 1. umr. án þess að fara efnislega ofan í einstakar greinar þess. Hér er um frv. að ræða sem fjallar um viðurkenningu á menntun ríkisborgara í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og á Norðurlöndum til starfsréttinda á Íslandi. Það má segja að fyrirsögn frv. geti verið svolítið villandi þar sem þar er komið inn á starfsréttindi en frv. nær ekki til starfsréttinda eða veitingu starfsréttinda heldur einungis til viðurkenningar á prófskírteinum og starfsþjálfun sem löggildingu, leyfi eða aðra viðurkenningu þarf til. Eins og ég skil þetta og kom reyndar fram hjá hæstv. ráðherra, tekur frv. aðeins til löggiltra starfa. Í fskj. 3 kemur fram bráðabirgðayfirlit yfir það um hvaða störf er hér að ræða.

Ég vil byrja á að segja það að ég er jákvæð gagnvart þessu frv. Við Íslendingar höfum nú orðið svolitla reynslu af sameiginlegum vinnumarkaði þó að það sé í smærri mynd en hér um ræðir og þar á ég við sameiginlega norræna vinnumarkaðinn. Að sjálfsögðu er hér um miklu umfangsmeira og stærra mál að ræða þar sem hér er verið að tala um alla Vestur-Evrópu, en ég er sannfærð um að frv., ef að lögum verður, mun auðvelda Íslendingum í þeim starfsgreinum sem frv. nær til og jafnframt hvetja þá til að leita sér að atvinnu í öðrum löndum. Það er mikils virði fyrir einstaklingana og jafnframt fyrir þjóðfélagið þar sem það mun gefa innsýn í nýjungar og breikka sjóndeildarhringinn. Þá er ég að sjálfsögðu að tala um tímabundna atvinnuþátttöku erlendis en ekki það að Íslendingar setjist að í ríkum mæli í öðrum löndum. Það finnst okkur alltaf frekar neikvætt.

Síðan er það hin hliðin á málinu og það er atvinnuþátttaka erlendra ríkisborgara hér á landi. Hvort sem okkur líkar betur eða verr, þá eru landamæri milli landa eiginlega ekki sömu merkingar og var fyrir nokkrum árum og ég tala nú ekki um áratugum. Öll samskipti og samvinna milli landa er að aukast og höft

og hömlur sem áður komu í veg fyrir slík samskipti mikið að þurrkast út. En það breytir ekki því að við, eins og aðrar þjóðir, viljum halda í okkar þjóðareinkenni og ástunda áfram ákveðinn þjóðarrembing.

Það sem mér líkar ekki í málflutningi manna á stundum er þegar þeir vilja við Íslendingar fáum öll hugsanleg tækifæri fyrir okkar þegna erlendis en það megi svo ekki vera gagnkvæmt. Að sjálfsögðu má ekki slaka á í sambandi við kröfu til menntunar og ég fæ ekki betur séð en það sé gert með þessu frv. ef undanskilin er 4. gr. en þar segir, með leyfi forseta:

„Ráðherra sem í hlut á getur með reglugerð veitt undanþágu frá ákvæðum í lögum að því er varðar ríkisfang, búsetu eða viðurkenningu á prófum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er felast í tilskipunum eða samningum sem falla undir 1. gr."

Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því, hæstv. ráðherra, hvað þetta gæti haft í för með sér og í umsögnum sem hv. menntmn. hafa borist um þetta frv. koma fram vangaveltur hjá ýmsum aðilum um þetta ákvæði. Hæstv. ráðherra mundi kannski útskýra það frekar fyrir okkur síðar í umræðunni. En annars er það að segja um þær umsagnir sem borist hafa að þær eru yfirleitt jákvæðar gagnvart frv. í öllum aðalatriðum.

Ofurlítið ber á því í þessum umsögnum að ekki sé gerður greinarmunur á viðurkenningu á prófskírteinum og starfsleyfum, eins og ég kom að í upphafi máls míns, en það er kannski ekkert einkennilegt vegna þess að í frv. sjálfu er ekki gerður nægilega glöggur greinarmunur þar á. Við höfum rætt lauslega í hv. menntmn. hvort þarna þurfi að vera skýrari ákvæði, bæði hvað varðar fyrirsögn frv. og eins einstaka greinar.

Eftir því sem fram kemur í athugasemdum með frv. er ekki hægt að vísa umsækjanda frá á þeirri forsendu að hann hafi ekki vald á íslenskri tungu nema því aðeins að þekking og færni í tungumálinu sé óhjákvæmileg forsenda fyrir því að geta stundað það starf sem um er að ræða með viðhlítandi hætti eins og tilfellið er t.d. með grunnskólakennara. Þarna sýnist mér að við getum verið í mörgum tilfellum á mjög gráu svæði. Hvenær er íslenskukunnátta óhjákvæmileg forsenda fyrir því að viðkomandi geti stundað ákveðið starf? Það er ekki komið nákvæmlega inn á það í þeim lagatexta sem hér liggur fyrir.

Í sumum tilfellum getur verið um það að ræða að nám í einhverri tiltekinni grein hér á landi sé á háskólastigi en í öðrum EES-löndum á framhaldsskólastigi. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því hvernig á málinu yrði tekið þegar slíkt kæmi upp en það er eitt af því sem við munum eflaust ræða frekar í hv. menntmn. og eins fleiri atriði sem eru óljós.

Mig langar að síðustu, hæstv. forseti, að koma aðeins inn á umsögn frá Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga þó að það sé kannski ekki alveg málinu viðkomandi og þó. Þar kemur a.m.k. mjög mikilvægt atriði fram og þarf að leiðrétta, en þar segir, með leyfi forseta:

„Í tilskipun 77/452/EBE, um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, sbr. viðauka VII í samningi um Evrópskt efnahagssvæði, V. hluta, bls. 23, er nauðsynlegt að bæta við eftirtöldum menntastofnunum hjúkrunarfræðinga: Háskólanum á Akureyri, Hjúkrunarskóla Íslands og Nýja hjúkrunarskólanum. Mjög mikilvægt er að þessi breyting komist áleiðis þar sem að öðrum kosti mundu einungis hjúkrunarfræðingar sem útskrifaðir eru frá Háskóla Íslands fá viðurkenningu á sínum prófskírteinum en aðrir ekki."

Ég ætla rétt að vona að við séum ekki orðin of sein að gera þarna breytingar á því það væri að mínu áliti mjög slæmt.

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um gagnkvæma viðurkenningu á menntun ríkisborgara í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og á Norðurlöndum til starfsréttinda á Íslandi. Þar, eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra, er fjallað um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum vegna menntunar sem veitir starfsréttindi en frv. hlýtur að teljast eðlilegur fylgifiskur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Að mínu mati eru mörg óljós atriði í þessu frv. ekki síst varðandi það til hvað starfsstétta eða prófskírteina frv. nær. Í athugasemdum við frv. segir, eins og fram kom reyndar í máli ráðherra, að markmið frv. sé í fyrsta lagi að koma tilskipun 89/48/EBE til framkvæmda, en hún fjallar um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum vegna menntunar sem veitir starfsréttindi að loknu þriggja ára námi á æðra skólastigi. Síðar í athugasemdum segir að þar sem tilskipunin fjalli aðeins um lögvernduð störf verði það ekki mörg störf hér sem hún taki til og vísað er í fskj. 3 sem er stuttur bráðabirgðalisti yfir störf.

Þá segir í athugasemdum að hugtakið æðra skólastig hafi ekki verið skilgreint almennt og verði það ákvörðun hvers lands fyrir sig hvernig það er skilgreint og til hvaða starfa tilskipunin tekur, enda kemur hvergi fram í þessum frumvarpstexta að eingöngu sé átt við störf þar sem krafist er þriggja ára náms á æðra skólastigi þó að það komi skýrt fram í bókun EB, sbr. fskj. 1. Hver á að ákveða til hvaða starfa frv. tekur hér á landi? Það er alls ekki ljóst að mínu mati eins og frv. er nú.

Sem dæmi um fleiri óljós atriði vil ég nefna eftirfarandi. Í athugasemd við frv. segir að nefnd tilskipun eigi ekki við ákveðnar starfsstéttir, eins og hæstv. ráðherra nefndi reyndar áðan, t.d. lækna, lyfjafræðinga, ljósmæður, arkitekta o.fl. Í listanum yfir þau störf sem viðkomandi tilskipun nær yfir og fram kemur í fskj. 3 eru arkitektar nefndir sem dæmi um starfsstétt sem þessi tilskipan nái til. Því spyr ég:

1. Gilda þessi lög um arkitekta eða ekki? Þarna virðist mér vera um mótsögn að ræða.

2. Er það réttur skilningur hjá mér að þessi lög gildi ekki um hjúkrunarfræðinga, ljósmæður og þær starfsstéttir sem taldar eru upp í athugasemdum á bls. 2? Og ef ekki, hvaða reglur munu þá gilda um þær starfsstéttir?

3. Hvað með störf og menntun iðnaðarfólks? Heyrir það undir samninginn?

Í áðurnefndum lista eða bráðabirgðayfirliti í fskj. 3 er eina starfsstéttin sem nefnt er að falli undir menntmrn. bókasafnsfræðingar. Á listanum er t.d. hvorki að finna grunnskólakennara né framhaldsskólakennara sem eru lögvernduð starfsheiti hér á landi. Samkvæmt upplýsingum frá menntmrn. munu þessar starfsstéttir falla undir þetta frv.

Í athugasemdum við 2. gr. frv. segir að ekki sé unnt að vísa umsækjanda frá á þeirri forsendu að hann hafi ekki vald á íslenskri tungu nema því aðeins að þekking og færni í tungumálinu sé óhjákvæmileg til að geta stundað viðkomandi starf eins og tilfellið sé t.d. með grunnskólakennara. En þá spyr ég: Hvað með framhaldsskólakennara? Telst færni í íslensku óhjákvæmileg til að geta gegnt því starfi? Og hver á að meta það? Má búast við því að kennsla í framhaldsskólum verði í vaxandi mæli á öðru tungumáli en íslensku?

Mér er kunnugt um það að í ríkjum EB, t.d. í Hollandi, er vaxandi þrýstingur á háskólakennara að tala ensku vegna kennara- og ekki síður nemenda- eða stúdentaskipta milli landa og má þá t.d. nefna Erasmus-áætlunina sem við erum aðilar að. Þó að störf háskólakennara séu ekki lögvernduð mun fjórfrelsið óhjákvæmilega hvetja til slíkra kennaraskipta, sem ég reyndar fagna mjög, og þá er vert að hugleiða hvort samþykkt þessa frv. og EES-samningsins muni leiða til þess að íslenskan verði ekki það tungumál sem notað verður í íslenska skólakerfinu að grunnskólanum undanskildum. Þetta er ekki síst umhugsunarvert nú í ljósi fyrirætlunar ríkisstjórnarinnar um að vega að íslenskri bókaútgáfu og þar með íslenskri tungu og menningu með hinum umtalaða bókaskatti.

Þá má búast við að samþykkt þessara laga komi til með að raska menntunarkröfum ýmissa starfsstétta þar sem það getur varla gengið til lengdar að prófkröfur séu mjög mismunandi en réttindin jöfn á milli landa. Það er mín skoðun að gagnkvæm viðurkenning á prófskírteinum og starfsréttindum geti orðið hvatning til þeirra sem standa að menntun og starfsfræðslu hinna ýmsu starfsstétta og vonandi verður þeim gert kleift að styrkja stöðu Íslendinga í þeirri samkeppni um störf sem óhjákvæmilega verður ef þetta frv. verður að lögum.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það kom fram í máli hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur að orðið starfsréttindi í heiti frv. kynni að vera villandi. Það má vel vera að svo sé og mér finnst sjálfsagt að athuga það en frv. felur í sér að leitað sé gagnkvæmrar viðurkenningar á prófskírteinum sem leiði til starfsréttinda að loknu þriggja ára námi þannig að ég sé nú ekki að þetta þurfi að valda einhverjum sérstökum misskilningi.

4. gr. frv. varð hv. þm. til nokkurrar umhugsunar og heimildin til hlutaðeigandi ráðherra sem þar er leitað eftir til þess að veita undanþágu með reglugerð frá lögum sem gera íslenskt ríkisfang eða íslenskt prófskírteini eða viðurkenningu að skilyrði fyrir ráðningu í starf eða veitingu starfsréttinda. Mér sýnist satt að segja að þarna sé ekki neinn sérstakur vafi á ferðum. Það sýnist nauðsynlegt að veita ráðherra þessar heimildir eins og segir í athugasemdum við 4. gr. frv.:

„Að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er felast í tilskipunum og samningum sem falla undir 1. gr. er lagt til í 1. mgr. 4. gr. að ráðherra sem í hlut á geti með reglugerð veitt undanþágu frá lögum sem gera íslenskt ríkisfang eða íslenskt prófskírteini eða viðurkenningu að skilyrði fyrir ráðningu í starf eða veitingu starfsréttinda. Með 3. mgr. 10. gr. norræna samningsins frá 1990 er ákveðið að tilteknar æðri stöður og stöður er varða þjóðaröryggi megi ætla ríkisborgurunum einum. Að því er varðar tilskipun 89/48/EBE þá tekur hún aðeins til viðurkenningar á prófskírteinum en um ráðningu í opinber störf fer eftir 4. mgr 28. gr. samnings um Evrópskt efnahagssvæði."

Ég verð nú að viðurkenna að ég hafði ekki séð þessa umsögn frá Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga þar sem bent er á nauðsyn þess að bæta við upptalninguna öðrum þeim skólum sem bjóða nám á þessari braut og mér finnst sjálfsagt að athuga það hvort nauðsynlegt er, ef unnt er, að bæta inn í þessa upptalningu til þess að tekin verði af öll tvímæli um að þeir sem það hafa lokið námi hafi hliðstæð réttindi eða hliðstæða möguleika.

Hv. 10. þm. Reykv. taldi mörg óljós atriði í frv. og til hvaða starfsstétta málið tekur. Ég segi enn og aftur að mér finnst sjálfsagt að hv. menntmn. taki þetta til mjög rækilegrar athugunar og hvort þörf er á að gera þarna einhver ákvæði skýrari heldur en þau kunni að vera.

Ég veit um þessar vangaveltur um æðra skólastig, hvað það þýði og hvort það sé ótvíræður réttur okkar að skilgreina það atriði. Ég fékk fyrir nokkru bréf frá Alþýðusambandi Íslands þar sem það veltir þeirri spurningu upp hvort það sé ótvírætt á verksviði okkar að skilgreina þetta. Alþýðusambandið telur sem sagt hæpið að við getum skilgreint hugtakið „æðra skólastig" eins og okkur hentar. En á samningafundum um þetta mál með fulltrúum framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins þá er mér kunnugt um að það var spurt alveg sérstaklega um þetta atriði og svarið var mjög afdráttarlaust að það væri í verkahring hvers lands fyrir sig að skilgreina hugtakið. Skilgreining á hugtakinu „æðra skólastig" sem kemur fram í greinargerð með frv. er sem sagt í samræmi við þá túlkun hugtaksins sem aðrar þjóðir hafa notað í þessu samhengi eða í því samhengi sem hérna um ræðir, þ.e. þriggja ára nám eða starfsþjálfun á háskólastigi.

Eins og ég tók fram varðandi fskj. 3 sem ég nefndi í minni framsöguræðu og hefur líka verið gert hér nokkuð að umtalsefni, þá er unnið að því að fullgera þennan lista. Þetta er bráðabirgðalisti og ég vona að hann geti þá verið lagður fyrir nefndina.

Varðandi spurninguna um það hvaða kröfur yrðu gerðar til framhaldsskólakennara sem kynnu að sækjast eftir starfi erlendra borgara verð ég nú að segja alveg eins og er að ég á afskaplega erfitt með að hugsa

mér það að framhaldsskólakennarar kenni hér á einhverjum framandi tungum. Ég bendi hins vegar á að það hljóti að fara nokkuð eftir greinum hvers er krafist. Ég sagði hér áðan að að sjálfsögðu yrði krafist íslenskukunnáttu hjá þeim sem vilja fá réttindi sem grunnskólakennarar. Ég ætla ekki að fullyrða um það að slíkt yrði gert að ófrávíkjanlegu skilyrði varðandi framhaldsskólakennara í hvaða grein sem er. En ég ítreka líka það sem ég sagði að það væri á valdi þess sem atvinnuna veitir að samþykkja eða hafna umsókn um starfið, hver sem starfréttindin kunni að vera sem viðkomandi hefur aflað sér.

Ég skildi það svo að ráðuneytið hefði þegar svarað hv. þm. einhverjum spurningum sem beint hefur verið til ráðuneytisins og ég mun beita mér fyrir því að ráðuneytið leggi þau gögn á borðið til hv. nefndar sem það kann að hafa undir höndum.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef nú reynt að hlusta rækilega á þessa umræðu eins og flest það sem hér fer fram um Evrópskt efnahagssvæði, Evrópubandalagið, EFTA o.s.frv. og ég verð að segja um þessa síðustu ræðu að þar var um miklar missagnir að ræða, óvart held ég, en það var margsinnis sagt: Við spurðumst fyrir um það hvort við gætum gert þetta, hvort við gætum notað þetta hugtakið á þennan veg eða á hinn. Ég geng út frá því að þessir „við" séum Íslendingar og svörin sem þeir, þ.e. okkar fulltrúar, þ.e. við Íslendingar, fengu voru tvíræð, stundum neikvæð, stundum ekki.

Ég veit ekki betur en að íslenskum lögum getum við gert það sem okkur sýnist í löggjöf. Hver hefur samþykkt þetta Evrópska efnahagssvæði og hver ætlar að samþykkja það? Það er stanslaust, ekki bara af fylgismönnum þessara samtaka verið að segja: Þetta verður svona, hitt og þetta verður svona. Það verður ekkert svona nema við segjum að það verði svona og lögfestum það. Það er ekkert orðið enn þá. En áróðurinn er svo magnaður að besta fólk er stanslaust að tala um að þetta verði svona, þetta sé orðið, orðinn hlutur. Við erum að fara inn í Evrópskt efnahagssvæði og þess vegna eigum við að gera þetta og eigum við að gera hitt.

Ég segi: Við þingmenn eigum ekki að gera neitt nema það sem samviska okkar býður. Við erum búnir að skrifa undir þann eiðstaf. Og við eigum heldur ekki að rangtúlka hlutina með þeim hætti að vera stöðugt að tala um það að Evrópskt efnahagssvæði sé orðið að veruleika. Það er ekki til. Við höfum ekki samþykkt eitt eða neitt í þá átt. Við verðum að læra þetta og kenna fólkinu þetta áður en allsherjaratkvæðagreiðsla verður um málið á Íslandi.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort hv. þm. var að beina þessari spurningu til mín, ég tek það þó svo, hver hafi samþykkt þetta Evrópska efnahagssvæði. Ég hélt að hann vissi það og þyrfti ekkert að spyrja að Evrópska efnahagssvæðið hefur ekki verið samþykkt í þinginu. (Gripið fram í.) Nei, en þetta frv. er eitt af mörgum sem er hluti af þessu ferli öllu og að sjálfsögðu er samningurinn sjálfur, sem hér hefur þegar verið talað fyrir í þinginu, grundvöllurinn að framhaldinu. Ef hann verður ekki samþykktur í þinginu, þá þurfum við ekkert með þetta frv. eða mörg önnur að gera. (Gripið fram í.) En ég hélt að hv. þm. vissi að það voru eðlileg vinnubrögð hér í þinginu að leggja öll þessi frumvörp fram, ekki bara samninginn heldur öll frumvörpin sem honum eru tengd, tala fyrir þeim, (Gripið fram í.) já, ég er þá bara að svara þessari fyrirspurn. Það hefur enginn samþykkt Evrópskt efnahagssvæði enn þá, það bíður afgreiðslu hv. Alþingis, bara svo að þetta sé alveg á hreinu og að hv. þm. láti ekki að því liggja að ég eða einhverjir aðrir þingmenn haldi að við séum þegar búnir að samþykkja það. Það er alls ekki. Mér var þetta alveg ljóst. (**GHelg:** Það hefur nú ekki alltaf verið.)

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hjartans þakkir, ráðherra á Íslandi. (**Menntmrh.:** Það var nú lítið.)

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það sem af er hafa þetta verið gagnlegar umræður, svona fram til þessa. Ég ætla ekki að bæta miklu við. Þetta frv. kemur í framhaldi af frumvörpum sem við erum þegar búin að ræða og álitaefni skarast mikið en það eru frumvörpin um atvinnu- og búseturétt. En eitt langaði mig til þess að fá fram hjá hæstv. ráðherra, nokkuð ótvírætt, hans skilning á hvort kröfu um tungumálakunnáttu væri hægt að beita þannig að menn litu svo á að þar væru menn að mismuna eftir þjóðerni eða hvort krafan um tungumálakunnáttu sé einungis hæfnikrafa. Þetta hefur ekki verið alveg ótvírætt í frumvörpum og ræðum af hálfu ráðherra hvernig bæri að líta á tungumálakunnáttu ef menn beita því fyrir sér við ráðningu á starfi, hvort það væri einföld hæfniskrafa eða hvort menn væru að mismuna á grundvelli þjóðernis og það sé þá samkvæmt samningnum heimilt að mismuna á grundvelli þjóðernis með því að beita kröfu um tungumálakunnáttu. Þetta er eiginlega spurningin til ráðherra og þó að frv. í sjálfu sér verðskuldi ítarlegri yfirferð þá læt ég þetta duga, virðulegi forseti.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Mér sýnist svarið við þessu vera það að hér hlýtur að vera gerð einföld hæfniskrafa en það sé ekki verið að mismuna eftir þjóðerni. En ég tek það enn og aftur fram að það er auðvitað sá sem ræður í stöðuna sem velur úr hópi umsækjenda og þeir kunna að vera af mörgu þjóðerni. En ég tel ekki felast í þessu að mismunað yrði fyrir fram eftir þjóðerni heldur verði gerðar hæfniskröfur. (**VS:** Verði frv. að lögum.) Að sjálfsögðu.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið. Ég verð að segja að það varð mín niðurstaða eftir að hafa plægt í gegnum skjalabunkann um Evrópska efnahagssvæðið og reynt að tileinka mér inntak samningsins og anda að þá væri tungumálakunnáttu einungis hægt að beita fyrir sig sem hæfniskröfu. Þannig að ég er sammála hæstv. ráðherra í því.

Ég vil velta því upp í framhaldi af því að þá sýnist mér að erlendir aðilar geti t.d. hafið hér starfsemi á grundvelli samningsins, t.d. barnaleikskóla, þar sem hæfniskrafan er fyrst og fremst menntun til starfsins en það er spurningin hvaða þröskuld á að setja á tungumálahæfnina í þeirri starfsemi. Ég sé það ekki alveg fyrir mér hvernig menn ættu að geta lokað fyrir þá starfsemi á grundvelli þess. En ég vakti athygli á þessu vegna þess að öðru sjónarmiði var haldið fram af hæstv. félmrh. í framsöguræðu um frv. um atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES en þá sagði ráðherra, með leyfi forseta: „Öll mismunun sem byggð er á þjóðerni er bönnuð nema starfið krefjist kunnáttu í innlendu tungumáli." Í erindi hæstv. félmrh. var því tungumálakunnátta skilgreind sem þjóðernisbundið skilyrði.

Auðvitað skiptir þetta miklu máli því fari menn að reka mál eða gera ágreining út af ráðningu í starf þá skiptir það máli hvort menn eru að hefja málið á grundvelli þess að þeim hafi verið hafnað á kröfum um faglega kunnáttu eða á mismun á þjóðerni sem er allt annað mál og miklu meiri krafa og er vernduð í EES-samningnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Dagskráin er tæmd. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

26. FUNDUR

miðvikudaginn 7. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Samkeppnislög, stjfrv., 9. mál, þskj. 9. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Gagnkvæm viðurkenning á menntun vegna EES, stjfrv., 77. mál, þskj. 79. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, stjfrv., 78. mál, þskj. 83. — 1. umr.
4. Friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana, stjfrv., 41. mál, þskj. 42. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.,
Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Eiður Guðnason umhvrh.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:

Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, 100. mál, þáltill. GunnS og SigG, þskj. 117.

Fréttaflutningur af slysförum, 99. mál, þáltill. GunnS, þskj. 116.

Umfang löggæslu, 92. mál, svar dómsmrh. á þskj. 115.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti upplýsa að utandagskrárumræða er fyrirhuguð og hefst hún kl. 3.30. Umræðan, sem er um stöðu síldarsölusamninga, er að beiðni hv. 5. þm. Austurl. og fer fram eftir fyrri mgr. 50. gr. þingskapa.

Um þingsköp.

Atkvæðagreiðslukerfi Alþingis.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Nokkrar umræður fóru fram um atkvæðagreiðslukerfið á síðasta þingi og reyndar í sumar líka. Fundið hefur verið að því að það er ófullkomið og vantar skjáinn sem á að vera með kerfinu og sýna hvernig menn greiða atkvæði. Ég vil vekja athygli forseta á því að um þetta var rætt í sumar þegar verið var að undirbúa þingstörf fyrir veturinn og ég man ekki betur en það hafi verið gefið út að skjáirnir yrðu komnir þegar þing kæmi saman aftur í byrjun október. Eins og menn sjá bólar ekkert á því hér enn og má lesa í fjárlagafrv. að það muni eitthvað dragast. Ég vil því spyrja hæstv. forseta að því hvenær þess megi vænta að atkvæðagreiðslukerfið verði sett upp að fullnustu sem er nauðsynlegt ef það á að vera viðvarandi kerfi á Alþingi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Atkvæðagreiðslukerfið hefur verið sett upp en nýir veggskjáir verða væntanlega settir upp einhvern næstu daga. Það hefur aðeins tafist af tæknilegum ástæðum. Vonandi verður þess ekki langt að bíða að þingmenn sjái þá skjái eða töflur sem eiga að vera hér á veggjum sem hluti atkvæðagreiðslukerfisins.

Samkeppnislög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 9. mál. — Þskj. 9.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KE, MJ, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE.

20 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, FrS, GHall, HBl, JÁ, JBH, KSG, KÁ, LMR, MF, RA, SigG, StH, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GGuðbj, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KE, MJ, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VE.

23 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHall, GHelg, HBl, JÁ, JBH, KSG, KÁ, LMR, MF, RA, SigG, StH, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Gagnkvæm viðurkenning á menntun vegna EES, frh. 1. umr.

Stjfrv., 77. mál. — Þskj. 79.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KE, MJ, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE.

20 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, FI, FrS, GHall, JGS, JBH, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, SigG, StH, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, DO, EH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GGuðbj, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KE, MJ, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE.

24 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHall, GÁ, HBl, JGS, JBH, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, SigG, SighB, StH, SJS, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, 1. umr.

Stjfrv., 78. mál (EES-reglur). — Þskj. 83.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 53/1978, um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur. Frv. þetta er hið fyrsta af fjórum en áformað er að gera breytingar á fernum lögum í landbrn. vegna gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Í athugasemdum með lagafrv. er getið þeirra tilskipana Evrópubandalagsins sem fjalla um þá vöruflokka sem lögin ná til. Er þar í fyrsta lagi vísað til viðauka I, kafla II um fóður, kafla III um sáðvöru og plöntur, og svo viðauka II, kafla XIV um tilbúinn áburð.

Í 1. gr. frv. er lagt til að fellt verði niður heimildarákvæði í 6. gr. gildandi laga. Þetta heimildarákvæði um bann eða takmörkun á innflutningi til verndar íslenskri framleiðslu fær ekki staðist efnisreglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Síðari málsl. 6. gr. gildandi laga verður því að falla brott.

Í 2. gr. frv. eru felld úr gildi heimildarákvæði sem eftirlitsdeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hefur skv. 7. gr. gildandi laga. Lagt er til að þær forsendur sem settar verða fyrir framleiðslu og innflutningi markist í reglugerð. Sú breyting sem hér um ræðir tekur einnig mið af reglum um Staðlaráð Íslands.

Við sýnatöku hefur hér á landi verið fylgt alþjóðlegum reglum en með ákvæði þessu er aðeins verið að leggja til lögfestingu þeirra reglna. Samkvæmt framansögu er lagt til í 4. gr. frv. að 15. gr. gildandi laga falli brott. Þá eru í 5. gr. frv. lagðar til þær breytingar á ákvæðum 13., 16.–20. og 22. gr. laganna sem opna eigi möguleika á að aðrir en opinberir aðilar geti annast mælingar á þeim gæðaþáttum vöru sem krafist er hverju sinni. Þetta er mikilvæg breyting vegna þess að hröð tækniþróun hefur gefið möguleika á auknu öryggi í allri framleiðslustýringu. Við það breytist eðli hins opinbera eftirlitsþáttar í átt til mótunar á þeim ytri ramma umhverfis- og heilbrigðisþátta sem þjóðfélagið á hverjum tíma vill setja framleiðslunni. Dæmi um þetta er t.d. að þau hráefni sem notuð hafa verið úr ríki náttúrunnar til áburðarframleiðslu eru mismenguð óæskilegum fylgiefnum eins og þungmálmum. Með þeirri ríkiseinokun sem ríkt hefur hér á landi á framleiðslu og dreifingu áburðar hefur stjórn Áburðarverksmiðjunnar getað valið hreinna og þá til skemmri tíma litið dýrara hráefni. Þannig er kadmíum — Cd í skammstöfun, og vitaskuld stórt C fyrir þá sem eru vel að sér í þessu og skilja slíkar skammstafanir — í íslenskri áburðarframleiðslu með því lægsta sem gerist. Með tilkomu frjálsari markaðsafla þarf að setja svona þáttum skýrari mörk í reglugerðum.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. en mælist til þess að því verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. landbn.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Fyrir það fyrsta tel ég að það væri æskilegt að hæstv. landbrh. upplýsti okkur frekar um stóra C-ið, hvar hann vildi staðsetja það í lotukerfinu og aðrar slíkar nauðsynlegar upplýsingar. En það sem ég ætlaði að koma fyrst og fremst inn á varðandi þetta frv. er að ég vildi varpa þeirri spurningu til landbrh. hvort þetta geti þýtt það að okkur verði settur stóllinn fyrir dyrnar varðandi vernd framleiðslu okkar gagnvart óæskilegum aðskotahlutum. Svo ég reyni að skýra mál mitt nánar: Getur þetta á nokkurn hátt komið í veg fyrir það ef við Íslendingar vildum þróa búvöruframleiðslu okkar í þá veru að við getum boðið og tryggt ómengaða framleiðslu?

Við vitum það, þó að það hafi ekki verið mælt sérstaklega, að við erum nánast laus við ákveðna þætti í framleiðslu okkar, til að mynda notkun hormóna sem við vitum að er beitt í verulegum mæli erlendis og m.a. í því formi að það er selt með fóðri. Þetta vildi ég fá skýrt fram hér við þessa 1. umr. áður en málið verður tekið til skoðunar í nefnd þar sem ég sit og mun því geta fylgt málinu eftir þar.

Í öðru lagi það sem ráðherra nefndi varðandi áburðarframleiðsluna að vegna þess að hér er eitt fyrirtæki og einokun á sölu hefðu menn getað tryggt hér ákveðin gæði í áburðarframleiðslu með tilliti til umhverfisverndar. Hvað þýðir þetta frv. gagnvart því ef við stöndum frammi fyrir innflutningi á áburði? Verða þá ekki eins ströng skilyrði? Verðum við þá hugsanlega með áburð hér sem uppfyllir ekki þau gæðaskilyrði sem íslenskur áburður hefur í dag? Ég spyr að þessu vegna þess að eitt af þeim atriðum sem fram er sett þegar rætt er um umhverfisvæna búvöruframleiðslu er áburðarnotkunin og þá væntanlega bæði magnið og þá eins aðskotaefni sem í áburðinum eru.

Virðulegi forseti. Þetta eru þau atriði sem ég hefði viljað fá upplýsingar um og skýringar á hér við 1. umr. málsins.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Frv. sem hér er til umfjöllunar til 1. umr. byrjar eins og mörg önnur frumvörp sem við fáum að sjá hér þessa dagana í tengslum við hið fyrirhugaða Evrópska efnahagssvæði. Þar segir: „Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð ...“ og, með leyfi forseta, einnig í 3. gr.: „Um framkvæmd sýnatöku skulu sett nánari ákvæði í reglugerð.“ Þó er nú ekki sagt að ráðherra skuli setja þá reglugerð. Þetta verður eitt reglugerðarfár sem við fáum að sjá í framhaldi af þessum samningi um Evrópskt efnahagssvæði sem við ræðum hér og ég vil benda á það í upphafi.

Í 3. gr. er vitnað til 8. gr. laga nr. 53/1978 en sú grein er þannig nú:

„ED [þ.e. eftirlitsdeild] Rala skal taka sýni til rannsókna ...“ Þetta er um Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Það virðist því samkvæmt þessari 3. gr. eiga að taka af Rannsóknastofnun landbúnaðarins að vera framkvæmdaraðili fyrir sýnatökur.

Ég ætla að víkja aftur að 1. gr., ég tók hana ekki áðan. Þar er sagt að síðari málsl. 6. gr. skuli falla brott. Sá liður hljóðar svo, með leyfi forseta: „Einnig getur landbúnaðarráðuneytið bannað eða takmarkað innflutning á eftirlitsskyldum vörum til verndunar íslenskrar framleiðslu.“

Það á sem sagt að fella það brott að landbrn. geti bannað eða takmarkað að einhverju leyti innflutning á eftirlitsskyldum vörum til verndunar íslenskri framleiðslu.

Í 5. gr. er rætt um eftirlitsaðila. Það kemur hvorki fram þar né í athugasemdum með greininni hver á að vera þessi eftirlitsaðili þannig að ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hver sé fyrirhugaður eftirlitsaðili í stað Rala.

Sá ræðumaður sem hér var á undan mér ræddi nokkuð um Áburðarverksmiðjuna og ráðherra hefur lýst því yfir í fjölmiðlum áður að líklega muni framleiðsla í Áburðarverksmiðjunni í Gufunesi leggjast af vegna þess að hún sé ekki samkeppnisfær í verði við innfluttan áburð. Það kom jafnframt fram að sá áburður sem við framleiðum hér sé trúlega ómengaðri og betri framleiðsla þótt hann sé jafnframt dýrari. Ég vil því spyrja: Getum við átt von á því að við fáum yfir okkur meira af áburði sem notaður er erlendis til framleiðslu á búvörum sem hefur það í för með sér að búvörur, t.d. kjöt, eru mjög mengaðar af alls kyns hormónum? Það er mikið rætt um þetta erlendis, hvernig landbúnaðarafurðir eru að verða. Nú á tímum þegar menn ræða mjög mikið um að reyna að takmarka mengun og borða holla og góða fæðu í stað mengaðrar þá tel ég að við séum að fara út á hættulega braut ef á að leggja af þá áburðarframleiðslu sem verið hefur hér á landi og sem alveg tvímælalaust er miklu heilnæmari heldur en mörg erlend framleiðsla.

En ég ætla ekki að ræða þetta frekar. Ég vildi beina þessum spurningum inn í landbn. og til ráðherra og vænti þess að þetta verði rætt frekar þegar það kemur þar til umræðu.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið þá fjallar 1. gr. frv. um að fella niður síðari málsl. 6. gr. laga um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum o.fl. þar sem verið er að fella út einn af þeim þröskuldum sem hafa verið fyrir innflutningi búvara í samkeppni við innlenda framleiðslu.

Ég vil spyrja hæstv. landbrh. að því hvort gerð hafi verið athugun á því hvaða áhrif þessi niðurfelling hefur fyrir íslenskan landbúnað. Hvort það muni hafa í för með sér aukna samkeppni fyrir íslenska fóðurframleiðslu. Íslensk fóðurframleiðsla er, eins og allir vita, fyrst og fremst gras og hey en á síðustu árum hefur einnig verið í vaxandi mæli framleiðsla á byggi og þrátt fyrir erfitt tíðarfar í sumar þá tókst þó hjá einstaka bónda að ná furðu góðri uppskeru. Mun þetta hafa áhrif á samkeppnisstöðu þessarar fóðurframleiðslu íslenskra bænda sem við vitum að sjálfsögðu að er miklu öruggari hvað hollustu varðar heldur en það innflutta fóður sem hér er á boðstólnum og við vitum ekki við hvaða skilyrði er framleitt og hversu gamalt það er?

Þegar vikið er að þeirri hættu á samdrætti í störfum í íslenskum landbúnaði af þessari ástæðu þá finnst mér óhjákvæmilegt að víkja aðeins að miklu stærra dæmi, þ.e. heildarafleiðingum af EES-samningnum á atvinnu í íslenskum landbúnaði. Það er mér sérstaklega ofarlega í huga vegna þess að í síðustu viku var ég á svonefndri spástefnu ásamt öðrum hv. þm. Suðurlands sem haldin var austur í Aratungu í Biskupstungum fyrir uppsveitir Árnessýslu. Þessi spástefna var undir stjórn Ingjalds Hannibalssonar, forstjóra Útflutningsráðs. Þar ræddu menn að sjálfsögðu atvinnuhorfur og þar komu fram athyglisverðar og uggvænlegar tölur sem nú blasa við þeim blómlegu sveitum og hvað þá heldur annars staðar á landinu eftir að EES-samningur verður samþykktur. En þær tölur, sem þar voru nefndar, voru að eftir þann samdrátt sem nú stendur yfir í íslenskum landbúnaði og samþykkt EES-samningsins þá mundi þurfa að finna 150–240 ný störf til að koma á móti þeim sem niður falla, aðeins í þessum sex sveitarfélögum.

Ég held því að það sé alveg óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. landbrh.: Hefur hann gert áætlun um það hvernig þessar tölur munu líta út fyrir landið í heild, fyrir sveitirnar og einnig fyrir þéttbýli sem svo mjög er háð framleiðslu og atvinnu í sveitum?

Það er nokkurt hlaup í þessum tölum því þar er að sjálfsögðu nokkur óvissa á ferðum. Í máli fulltrúa Þjóðhagsstofnunar, sem var á þessari spástefnu, sagði svo, með leyfi forseta, um EES: „Enn eru ekki öll kurl komin til grafar varðandi EES og leyfi til innflutnings á ákveðnum unnum mjólkurvörum.“

Sú tala sem var einna afdráttarlausust í þessari spá var talan um fækkun starfa í garðyrkju. Þar var um að ræða 50 ársverk. Garðyrkjubændur hafa vakið athygli á þeirri hættu sem þeim stafar af EES-samningnum og hafa sent frá sér greinargerð um þetta efni og vil ég leyfa mér að lesa upphaf kafla sem ber yfirskriftina „Óbein áhrif aukins innflutnings á garðyrkjuna í landinu“. En þar segir svo, með leyfi forseta:

„Íslenskur markaður fyrir blóm, grænmeti og trjáplöntur er þröngur sökum fólksfæðar og fjarlægðar landsins frá meginlandi Evrópu. Aðlögun að heimamarkaði hefur átt sér stað í áratugi. Útflutningsmöguleikar eru nánast engir og mjög hart er barist nú þegar á innanlandsmarkaði. Sérhæfing er erfið sökum fólksfæðar en þó möguleg, t.d. í rósum, gúrkum, tómötum, papriku og sveppum. Ef ósérhæfð ræktun leggst af hérlendis minnkar markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu að sama skapi. Fjárfestingar í garðyrkju, einkum gróðurhús, er ekki unnt að nýta til annars. Aukinn innflutningur getur því ef til skamms tíma er litið sett skuldugustu stöðvarnar á hausinn og ef til langs tíma er litið gert eldri garðyrkjustöðvar og stöðvar á jaðarsvæðum verðlausar.

Árið 1990 var framleiðsluverðmæti grænmetis (kartöflur undanskildar) og blóma tæpur 1 milljarður króna. Heilsársstörf voru um 350, auk 200 sumarstarfa. Ætla má að hverju starfi í framleiðslu tengist tvö ársstörf í þjónustu eða um 700 störf.

Það er garðyrkjubændum mikið alvörumál hvernig staðið verður að eftirliti með innflutningi, bæði hvað varðar heilbrigðiseftirlit og vöruskoðun. Í náttúru Íslands eru mjög fá innlend meindýr sem hafa áhrif á garðyrkjuafurðir og þau meindýr og sjúkdómar sem nú herja á í garðyrkju hafa öll komið inn í landið sökum ónógs heilbrigðiseftirlits.

Einnig má benda á að nú opnast fyrir innflutning á tollfrjálsum garðyrkjuafurðum og þá er mikilvægt að vöruskoðun sé framkvæmd til að ekki séu fluttar inn tegundir sem ekki er frjáls innflutningur á. Einnig veldur það áhyggjum að erfitt virðist vera að fylgjast með uppruna blóma og grænmetis. Afurðir upprunnar innan EES verða tollfrjálsar en afurðir annars staðar frá bera 30% toll. Nú er það svo að t.d. Hollendingar flytja inn mikið magn af blómum frá svæðum utan EES og mjög óljóst er hvernig komast megi að uppruna þeirra þegar varan er seld á markaði í Hollandi.“

Í kafla sem ber yfirskriftina „Bein áhrif á einstakar greinar garðyrkjunnar“ segir svo um bein áhrif EES-samninganna á einstakar greinar garðyrkjunnar, með leyfi forseta:

„Blómaframleiðendur eru sammála um að áhrifin geti orðið veruleg.

1. Íslenskar nellikur verða ekki samkeppnisfærar á þeim tíma, sem frjáls innflutningur verður, án tolla og lýsing á nellikum mun hverfa.

2. Brodiaea getur vegna útlits og eiginleika haft áhrif á framleiðslu og sölu á fresíu. Ræktun á fresíum hefur aukist mjög á síðustu árum og lýsing þeirra einnig.

3. Arnthurium og ornithogalium eru ræktuð hérlendis og innflutningur getur haft neikvæð áhrif.

4. Aukin hætta er á innflutningi á tilbúnum búntum þar sem hráefnið væri tollalaus vara. Slíkur innflutningur getur haft áhrif á verðlagningu blóma almennt.

5. Einnig er erfitt að meta hvaða áhrif frjáls og tollalaus innflutningur á nellikum, brodiaeu, arnthurium, ornithogalium og strelitziu hefur á sölu annarra afskorinna blóma, bæði sökum verðs og magns, en ljóst er að áhrifin verða að öllum líkindum mjög veruleg.

Ræktunartímabil grænmetis er styttra hérlendis en sunnar í Evrópu. Frjáls og tollalaus innflutningur yfir vetrarmánuðina á tómötum, papriku og salati mun tvímælalaust hafa áhrif á verðlagningu íslensks grænmetis. Fyrsta verð á vori mun lækka enn frekar vegna þessa innflutnings því erfiðara verður að koma með vöru á hærra verði inn á markaðinn þegar í gangi hefur verið lágt verð yfir vetrarmánuðina.“

Við minnumst þess sjálfsagt öll að þegar byrjað var að ræða um EES-samninginn var sagt að hann hefði engin áhrif á landbúnað því hann næði ekki til hans. Nú er það ljóst að sá samningur, sem hæstv. utanrrh. hefur undirritað, er allt annars eðlis. Hér hef ég aðeins vakið athygli á örfáum atriðum hvað snertir eina grein landbúnaðarins og þar kemur skýrt fram að áhrifin eru mikil.

Ég vil því ítreka spurningar mínar til hæstv. landbrh.: Hefur hann látið gera úttekt á því í fyrsta lagi hvaða áhrif þetta frv. hefur á stöðu íslensks landbún-

aðar, hvort það breytir einhverju um samkeppnisstöðu íslenskrar fóðurframleiðslu, og í öðru lagi hvernig horfur eru nú um atvinnumöguleika í landinu, í fyrsta lagi vegna þess samdráttar sem þegar blasir við vegna aðlögunar framleiðslunnar að markaðsaðstöðu og í öðru lagi eftir að EES-samningur hefði verið fullgiltur. Og þá einnig hvaða áhrif slíkur samdráttur í sveitum hefði í þéttbýli.

Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir okkur hv. alþm. að fá skýr svör við þessu til að við getum metið áhrif þeirra samninga sem okkur er ætlað að samþykkja. Því varla er það ætlun hæstv. landbrh. að við eigum bara að loka augunum og láta skeika algjörlega að sköpuðu með það hvaða afleiðingar þetta hefði fyrir íslenskt atvinnulíf og íslenskt þjóðfélag að þessu leyti.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Við höfum áður átt orðastað um samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði, ég og hv. 2. þm. Suðurl., og mig minnir að síðast þegar við töluðum um þennan samning hafi hv. þingmanni verið það kunnugt að landbúnaðarþættirnir voru inni í þessari samningsgerð frá byrjun. Ég held að það sé hægt að fletta upp þingtíðindum frá sl. ári og sjá það grannt að orðaskipti okkar snerust þá um stöðuna eins og hún var við stjórnarskiptin í fyrra. Hv. þingmanni er fullkunnugt að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar kaus að láta landbúnaðarþáttinn sig engu skipta, dró íslensku samninganefndina út úr þeim þætti samningamálanna og það er kunnugt, bæði mér og forustumönnum bænda, jafnt í Búnaðarsambandi, Búnaðarfélaginu sem í Stéttarsambandi bænda að það var nauðsynlegt að koma fram miklum breytingum fyrir hagsmuni íslenskrar bændastéttar, bæði gagnvart mjólkurframleiðendum og garðyrkjubændum. Þetta á hv. þingmanni að vera fullkunngt. Þetta er margrakið hér í þinginu. Ég hélt að þetta litla frv. sem ég er að flytja gæfi ekki tilefni til að vekja þær umræður upp á nýjan leik.

Það er líka kunnugt — ég hef rakið það hér — að ég skrifaði utanrrn. bréf fyrir rúmu ári síðan þar sem ég fór fram á nauðsynlegar leiðréttingar á þeim kafla samningsins sem lýtur að mjólkurvörum og grænmeti. Mér er það mikil ánægja að skýra frá því að ég hitti landbúnaðarráðherra Þýskalands, Kiechle, á þessu ári og þakkaði honum og starfsmönnum hans þann mikla stuðning sem þeir veittu okkur Íslendingum á síðustu stigum málsins til að ná fram þeim hagsmunum sem við töldum brýnasta í sambandi við einmitt þennan þátt mála. Hin mikla vinátta landbrh. Þýskalands í garð okkar Íslendinga hefur raunar komið fram oftar og víðar eins og hv. þingmanni er kunnugt og kemur auðvitað engum á óvart. Það er því ekki rétt að ekki hafi verið talað um að landbúnaðarþátturinn kæmi inn í samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði frá byrjun. Það er ekki rétt.

Ef ég tek mjólkurvörurnar fyrst þá er vitaskuld ekki gert ráð fyrir því að innflutningur almennt á unnum mjólkurvörum verði gefinn frjáls. Hins vegar hefur jógúrt með bætiefnum verið á frílista hér alllengi. Ég held að menn geri sér ekki almennilega ljóst af hvaða sökum jógúrtin komst inn á frílistann. Það hefur ekki reynt á innflutning á þeirri fæðutegund hér. Ef við tölum hins vegar um garðyrkjuna, hvort sem við tölum um grænmeti eða blóm, þá er gert ráð fyrir því að innflutningurinn verði með svipuðu sniði og nú er.

Ég beitti mér fyrir því að samtök garðyrkjubænda hefðu beint samband við íslensku samninganefndarmennina í utanrrn. til þess að fara yfir dagsetningar í sambandi við það hvenær rétt væri að leyfa innflutning á blómum og grænmeti. Mér er ánægja að endurtaka það nú að þar var í höfuðdráttum farið eftir óskum grænmetisbænda.

Ég held að það sé líka nauðsynlegt að ég rifji það upp að á sl. ári bað ég Markús Möller hagfræðing að gera úttekt á ylræktinni sem atvinnugrein. Hann þurfti að hverfa frá til annarra starfa nú á þessu ári en er kominn heim og mun ljúka sinni greinargerð og ég vil með öllum öðrum hætti sem mér er unnt reyna að greiða fyrir því að hægt verði að lækka framleiðslukostnað á grænmeti og blómum og hef m.a. haft samband við Orkustofnun af því tilefni og átt fund með hæstv. iðnrh. um þau málefni.

Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því að hvað sem líður innflutningi eða ekki innflutningi á þessum tegundum matvæla þá hljóta bændur ekki síður en neytendur og kannski miklu fremur en neytendur leggja á það ríka áherslu að þeim megi takast að lækka framleiðslukostnaðinn því að vitaskuld á þessi tegund matvæla í samkeppni við önnur matvæli og vitaskuld er grænmetisbændum það jafnljóst og öðrum framleiðendum íslenskum að til langframa geta þeir ekki búist við því að halda óbreyttu verði ef það er í hróplegu ósamræmi við það sem er í löndunum í kringum okkur.

Hitt er aftur rétt og ástæða líka til að taka það skýrt fram að það gerir samanburð við önnur lönd erfiðan í sambandi við verð að þau njóta mikilla ríkisstyrkja. Greinar eins og grænmetis- og blómarækt njóta ríkisstyrkja víða erlendis sem ekki er tilfellið hér á landi. Nauðsynlegt er að þetta komi fram.

Þetta frv. sem hér liggur fyrir er minni háttar mál og varðar ekki samninginn um Evrópska efnahagssvæðið í heild. Ég hef ekki séð skýrslu þá sem hv. þm. vitnaði til um það að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði mundi valda því að fækkaði um 150–200 störf í nokkrum hreppum fyrir austan fjall vegna þeirra samninga. Ef þetta er tilfellið þá liggur við að mig langi til að spyrja hv. þm. og aðra þá sem vilja verja hagsmuni landbúnaðarins: Hvers vegna í ósköpunum voru þeir svona þöglir um þennan þátt samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði fyrir síðustu alþingiskosningar? Ég veit ekki hvort hv. þm. man eftir því að það var gert ráð fyrir að skrifa undir samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði í júnílok á sl. ári en kosningarnar voru í apríllok. Það var aðeins tveggja mánaða frestur til undirskriftar. Samningurinn var með öðrum orðum fullfrágenginn í öllum aðalatriðum og þau ákvæði sem vörðuðu íslenskan landbúnað voru í öllum greinum miklu verri en ákvæðin eins og þau líta út núna. Þess vegna brennur sú spurning á

vörum mínum: Hvers vegna þagði hv. þm. um þennan alvarlega þátt málsins fyrir síðustu kosningar og hvers vegna studdi hann af alefli þá stefnu í landbúnaðarmálum og utanríkismálum og samningsgerð við Evrópska efnahagssvæðið fyrir kosningar eins og raun ber vitni?

Ég held að sannleikurinn sé sá að hér er mikið ofsagt. Það er alls ekki um það að ræða að bændum fækki í neinum tölum eins og hér er talað um vegna samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði en hitt er ljóst og það veit hv. þm. jafn vel og ég að sú ákvörðun að hætta að flytja út dilkakjöt á ábyrgð ríkissjóðs og hætta að flytja út unnar mjólkurvörur með ríkisstyrk hefur auðvitað þau áhrif að búskapur mun dragast saman í sveitum og eins og ég sagði m.a. á aðalfundi Stéttarsambands bænda þá er óhjákvæmilegt vegna hins mikla samdráttar í sauðfjárframleiðslu að ýmsir bændur verði að ganga af sínum jörðum. Hins vegar mun beingreiðslan og það kerfi sem nú er upp tekið auðvelda þeim að fá verð fyrir framleiðslurétt sinn til þess að þeir eigi hægara með að ná fótfestu annars staðar. Það er auðvitað erfiðleikum undirorpið eins og atvinnuástandið er núna að fá vinnu annars staðar en eins og sakir standa er það erfiðasta og alvarlegasta atvinnumál bænda nú hvernig sauðfjárbændur munu snúast við þeim nýju viðhorfum sem um var samið í samningnum um búvöruframleiðsluna.

Í síðustu viku áttum við þingmenn Norðurl. e. fund með búnaðarráðunaut þeirra í Norður-Þingeyjarsýslu. Þar er talað um að flöt skerðing verði um 22% hjá sauðfjárbændum þannig að við sjáum að um mjög alvarlegan hlut er að ræða og miklu alvarlegri en hér er verið að tala um. Þetta held ég að bændum sé öllum fullkunnugt.

Ég mun á hinn bóginn gera ráðstafanir til þess að fá þær skýrslur sem hv. þm. gat um og skal ekki fjalla efnislega um innihald þeirra fyrr en mér hefur gefist kostur á að kynna mér þær.

Eins og hv. þm. er kunnugt er innflutningur á fóðurvörum frjáls. Á hinn bóginn er það svo að sérstakt gjald er lagt á innflutt fóður, kallað fóðurgjald — grunngjald, sem er áætlað að gefa ríkissjóði 55 millj. kr. í tekjur á næsta ári samkvæmt því fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir þinginu sem er svipuð fjárhæð og á þessu ári eins og stendur í athugasemdum og skal ég ekki rengja það. Mig hafði að vísu minnt að það væri heldur hærra á þessu ári.

Ég hef tekið ákvörðun um að sérstök athugun verði gerð á því hvernig rétt sé að halda á fóðurmálunum í heild sinni nú á þessu hausti og mun að sjálfsögðu gera það í samráði við forustu bændasamtakanna. Innlendir fóðurframleiðendur starfa í skjóli þessarar skattlagningar sem auðvitað hefur þau áhrif að landbúnaðarvörur eru dýrari en ella þegar þær koma á borð neytenda.

Um Áburðarverksmiðjuna er það að segja, sem ég hef áður sagt, að framleiðsla á áburði hefur dregist saman á undanförnum árum og alveg ljóst að ef sú þróun heldur áfram væri með öllu óréttlætanlegt að halda þeirri framleiðslu áfram vegna þess að hún er mun dýrari en sá áburður sem við getum fengið annars staðar frá. Ég mun á næstunni flytja frv. um að breyta Áburðarverksmiðjunni í hlutafélag. Síðan er það í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði að innflutningur á áburði verði gefinn frjáls ekki síðar en 1. jan. 1995.

Á fundum með bændum, bæði með sauðfjárbændum sérstaklega og eins á fundi Stéttarsambands bænda, vöknuðu einmitt umræður um það hversu hátt áburðarverðið væri og það var skoðun þeirra bænda, sem ég átti samtal við, að nauðsynlegt væri að rýmka þar um til þess að lækka rekstrarkostnað landbúnaðarins. Auðvitað er frjáls innflutningur á áburði einn ríkasti þátturinn í þeim efnum.

Áburðarverksmiðjan er sterkt og öflugt fyrirtæki. Það er ekkert sem bendir til þess að verslun og viðskipti með áburð geti ekki haldið áfram að vera í þeim húsakynnum sem Áburðarverksmiðjan ræður yfir. Það er mjög dýr fjárfesting og auðvitað miklir yfirburðir og mikið forskot sem Áburðarverksmiðjan hefur gagnvart öðrum innflutningsaðilum.

Það væri náttúrlega einfalt að afnema fóðurgjaldið og gera áburðinn frjálsan þegar í stað. Ég hef á hinn bóginn ekki kosið að gera það heldur mun ég taka þau mál fyrir sérstaklega en það kemur ekki við þetta frv. sem nú er til umræðu.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. spurði hvort þetta frv., sem hér liggur fyrir, setti okkur stólinn fyrir dyrnar varðandi vernd okkar gegn óæskilegum aðskotahlutum og lagði áherslu á nauðsyn þess að við gætum tryggt ómengaða framleiðslu hér á landi. Nú er það svo að samkvæmt samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði er það í höndum okkar Íslendinga sjálfra að heimila innflutning á kjötvörum þannig að við höfum það auðvitað algjörlega í hendi okkar þegar af þeim ástæðum hvaða reglur við setjum okkur um framleiðslu á þeim. Hér er einungis um það að ræða að við erum að lögfesta að hér skuli vera alþjóðlegir staðlar um gæði og efnasamsetningu fóðurblöndu og ég hef enga ástæðu til að ætla að við getum ekki gætt allrar þeirrar varkárni sem við viljum í þeim efnum og vil minna á að Vesturlönd eru einmitt þau lönd sem gera mestar kröfur til sjálfs sín varðandi þessa hluti.

Ég vil hins vegar leggja á það ríka áherslu — það var eins og það hefði farið fram hjá sumum þingmönnum — að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði fjallar um það að greiða fyrir viðskiptum milli Íslendinga og Evrópuþjóðanna. Við höfum talið okkur það hagkvæmt, auðvitað vegna þess að við eigum mikla atvinnuhagsmuni í húfi að okkur takist að brjóta niður tollamúra í þessum löndum, mikilvægustu markaðslöndum okkar, þannig að við fáum meira verðmæti fyrir framleiðsluvörur okkar en nú er. Það er þess vegna ekki undarlegt þó að hér sé gert ráð fyrir því að rýmka til.

Hv. 6. þm. Vestf. spurðist sérstaklega fyrir um 5. gr. frv., hvort ekki væri gert ráð fyrir því að Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefði eftir sem áður eftirlit með innflutningi á vörum, gæðaþætti þeirrar vöru sem krafist er hverju sinni og annaðist mælingar á gæðaþáttum innflutts varnings. Rannsóknastofnun land-

búnaðarins mun áfram hafa það verk með höndum. Á hinn bóginn eru hér opnaðir möguleikar fyrir því að aðrir aðilar geti einnig komið inn í það eftirlit sem er talið mikilvægt vegna þess hversu hröð tækniþróun hefur verið. Ég vil að síðustu taka það fram að þetta eftirlit Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hefur verið hert og það eru núna viðræður milli garðyrkjubænda og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins um það hvernig megi koma því þannig fyrir að ekki verði einhver óhöpp í sambandi við innflutning á grænmeti á þeim tímum sem óhjákvæmilegt er að hafa innflutning vegna þess að innlenda framleiðslan annar ekki eftirspurn eins og er óhjákvæmilegt á sumum árstímum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kýs að nota andsvarsformið til að fylgja eftir spurningu minni hér áðan til hæstv. landbrh. Hún fjallaði ekkert um þær reglur sem væru í gildi um innflutning á kjöti. Hún fjallaði einfaldlega um það hvort við gætum sett þær reglur um fóðurframleiðslu og það fóður sem notað væri í landinu sem við þyrftum til þess að framfylgja ákvæðum um ómengaða framleiðslu. Hormónar eru notaðir orðið víða við kjötframleiðslu, reyndar við mjólkurframleiðslu líka. Við höfum ekki gert það. Og að mínu mati eigum við að standa mjög fast á því að það verði ekki gert hér á landi. Í því að við gerum það felast að mínu mati þeir möguleikar sem við kunnum að eiga í framtíðinni á útflutningi á landbúnaðarvörum. Það er ekki á annan hátt en það verði sérmerkt ómenguð hollustuvara.

Í öðru lagi það sem hæstv. ráðherra sagði að þingmenn virtust ekki skilja eða vita að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði fjallaði um frjáls viðskipti með vörur. Það veit ég í það minnsta ósköp vel en ég veit líka, hæstv. landbrh., að sá samningur fjallar ekki sem heild um okkar helstu viðskiptavörur. Sjávarfangið er utan samningsins. Það eru sérsamningar okkar sem verða að tryggja okkar hagsmuni þar. Sömuleiðis er landbúnaðurinn ekki inni í heildarpakkanum nema hvað varðar einstaka þætti sem er þó í formi tvíhliða samninga einstakra ríkja eða EFTA við EB svo ég upplýsi ráðherrann aðeins um það að við þingmenn erum kannski ekki alveg eins fáfróðir um þessi mál og hann vildi vera láta áðan.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þeim ber ekki alveg saman hv. þm. Framsfl. um það hvernig þessi samningur varðar landbúnaðinn. Annar heldur því fram að hann snerti alls ekki landbúnaðinn en hinn heldur því fram að landbúnaðinum stafi stórkostleg hætta af samningnum.

Um hormónana er það að segja að okkur er auðvitað heimilt að banna notkun hormóna við landbúnaðarframleiðslu hér á landi.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fer að álíta að sá hæstv. ráðherra, sem hér ræddi áðan, skilji bara alls ekki mælt mál og ég veit nú orðið ekki hvernig á að koma því fram til þess að fá svar við spurningum og til þess að ekki sé snúið út úr orðum manna.

Ég sagði akkúrat ekkert um það að ferlið sem við erum að ganga í gegnum um hið Evrópska efnahagssvæði snerti ekkert íslenskan landbúnað. Það kom ekki orð fram um það í mínu máli. Ég sagði hins vegar það eitt að samningurinn sem slíkur, heildarsamningurinn milli EFTA og EB, tekur ekki til landbúnaðar. Það sem viðkemur landbúnaðinum felst í sérsamningum, tvíhliða samningum, ýmist milli EFTA-ríkjanna sem heildar og EB eða einstakra landa, ýmist að kröfu EB eða EFTA-ríkja. Allt þetta ferli kemur vissulega við íslenskan landbúnað. Auk þess sem ákvæði um staðfesturétt til atvinnurekstrar og annað slíkt kemur náttúrlega þarna inn á. Þetta vil ég bara að hér komi fram.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað er landbúnaðurinn hluti af þeim samningi sem hér er talað um. Ég vil líka leiðrétta það sem kom fram hjá hv. þm. þegar hann sagði að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði kæmi ekki inn á sjávarútveginn. Þessi samningur opnar okkur leið fyrir útflutning á ferskum og söltum flökum og saltfiski til landa Evrópubandalagsins án tolla en á hinn bóginn veldur það okkur miklum vonbrigðum og vandræðum að við skyldum ekki hafa náð því sama fram t.d. um síld, eins og hv. þm. er kunnugt.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Við gætum sjálfsagt rætt lengi um aðdraganda að gerð EES-samningsins og hvernig það gekk fyrir sig en ég ætla ekki að fara að hefja þá umræðu aftur. En ég hef yfirleitt ekki lagt það í vana minn að lýsa yfir stuðningi við það sem ég veit ekki hvað er og samningurinn lá ekki fyrir fyrr en sl. haust, fyrir tæpu ári síðan og fyrr var að sjálfsögðu ekki hægt að taka endanlega afstöðu til málsins. Ég get þó bent á eitt sem er í andstöðu við það sem hæstv. ráðherra sagði. Hinn 4. des. 1991, einum og hálfum mánuði eftir að samningurinn var undirritaður af samninganefndarmönnum varð, eftir því sem hæstv. landbrh. sjálfur segir, hæstv. utanrrh. við ósk Evrópubandalagsins um að bæta inn í 5. gr. 1. viðbætis við 3. bókun samningsins setningu sem skapar íslenskum landbúnaði mjög mikla óvissu eins og við höfum rætt um hér. Það er setningin, með leyfi hæstv. forseta: „Upphæð aðflutningsgjalda sem lögð eru á við landamæri skal þó aldrei vera hærri en það sem Ísland leggur á innflutning frá nokkrum samningsaðila árið 1991." Ég spurði í umræðunni um EES-samninginn af hverju hæstv. utanrrh. hefði farið að bæta þessu inn og verða við beiðni Evrópubandalagsins löngu eftir að samninganefndarmenn höfðu skrifað undir samninginn. Ég fékk engin svör. Hæstv. landbrh. getur kannski svarað mér því af hverju var þarna, eins og hendi væri veifað, orðið við beiðni Evrópubandalagsins að setja þessa slæmu setningu inn.

Því má bæta við að þetta er í 1. viðbæti við bókun

3. Síðan er á bls. 21 í þessu riti listi yfir 2. viðbæti, 3. viðbæti, allt upp í 7. viðbæti. Þar er aðeins sagt um hvað þessir viðbætir eiga að fjalla en ekkert um efni þeirra. Veit hæstv. landbrh. hvert efnið verður í þessum viðbætum nú? Það væri fróðlegt ef hann gæti gefið upplýsingar um það. Við höfum ekki fengið að vita það á Alþingi hvað á að felast í þessu. Verða það margar setningar eins og sú sem ég var að lesa upp áðan og eru svo erfiðar fyrir íslenskan landbúnað? Hvað ætlar Evrópubandalagið að segja hæstv. landbrh. að setja í þessa viðbæti? Vill hæstv. landbrh. svara því? Ég tel nauðsynlegt að við vitum það áður en farið verður að fjalla frekar um samninginn á Alþingi.

En aðalatriðið í mínu máli voru atvinnuhorfurnar í íslenskum sveitum. Ég var að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hefði látið gera úttekt á því hvernig horfði nú, bæði vegna þess samdráttar sem þegar hefur verið ákveðinn í landbúnaðarframleiðslunni og vissulega kemur ekki EES-samningnum við, ég talaði aldrei um það, og í öðru lagi hvað mundi bætast við með EES-samningnum. Talan sem ég nefndi, 150–240 ársverk úr þessum sex sveitum, var af báðum þessum ástæðum. Ég veit ekki hvernig þetta skiptist þar á milli, nema það er auðvitað augljóst að þau 50 ársverk sem óttast var að EES-samningurinn mundi eyðileggja í garðyrkju stafar eingöngu af EES-samningnum því að búvörusamningurinn hefur engin áhrif á garðyrkjuna. Það kemur heldur illa saman við það sem hæstv. ráðherra sagði að garðyrkjumenn væru ánægðir yfir EES-samningnum því sú greinargerð sem ég las upp hér áðan og formaður garðyrkjubænda, Kjartan Ólafsson fékk mér í gær, segir allt aðra sögu. Að sjálfsögðu eru þessar tölur um 50 ársverk sem falla niður í þessum sex sveitum byggðar á þeirri úttekt sem þar kemur fram. Mér finnst það vissulega alvarlegt ef hæstv. ráðherra reynir ekki að gera sér grein fyrir því hvaða raunverulegu afleiðingar samningurinn muni hafa fyrir íslenskan landbúnað og íslenskt samfélag að því er þetta atriði varðar.

Við getum endalaust deilt um aðdragandann og vinnubrögð en eins og ég sagði ætla ég ekki að fara frekar út í það. En fyrir mér er aðalatriðið framhaldið. Hver verður afleiðingin? Við höfum ekki samþykkt þennan samning enn. Við erum að fjalla um hann, reyna að fá upplýsingar, sem gengur misjafnlega vel að fá, til að móta okkar afstöðu og taka endanlega afstöðu. Og eitt atriðið í því tel ég vera ákaflega brýnt og það eru áhrif á íslenskan vinnumarkað og íslenskt atvinnulíf.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan að ég hef falið Markúsi Möller hagfræðingi að halda áfram úttekt sinni á ylrækt, garðyrkju-, blómarækt og öðru sem lýtur að því og möguleikum á að styrkja stöðu þeirrar atvinnugreinar. Því miður lágu ekki fyrir fullnægjandi gögn um ýmsa rekstrarþætti hennar áður og því tekur þessi vinna lengri tíma en ég hafði búist við. En ég vonast til að einhverjar niðurstöður geti legið fyrir, ég þori ekki að lofa í þessum mánuði en a.m.k. í þeim næsta. Þetta verk er unnið í nánu samstarfi við Félag garðyrkjubænda.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Útboð á vegum sjávarútvegsráðuneytisins, 59. mál, svar sjútvrh. á þskj. 118.

Friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana, 1. umr.

Stjfrv., 41. mál. — Þskj. 42.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Svo hátta til að hæstv. utanrrh. er ekki viðstaddur en hæstv. viðskrh. mun mæla fyrir málinu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana o.fl. sem er á þskj. 42. Frv. þessa efnis var flutt á 113. löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt. Það er endurflutt með örfáum breytingum.

Frv. er að þessu sinni flutt í tengslum við EES-samninginn vegna ákvæða í EFTA-samningunum um stofnun eftirlitsstofnunar EFTA og dómstóls EFTA, en samningur sá var gerður í Óportó í Portúgal í maí 1992.

Með þessu frv. er gerð tillaga um almennan lagaramma um skuldbindingar Íslands sem lúta að friðhelgi alþjóðastofnana hér á landi og einstaklinga sem þeim tengjast eða við þær starfa. Að þessu leyti er frv. hliðstætt lögum nr. 16/1971 sem lögfesta Vínarsamninginn um stjórnmálasamband og lögum nr. 4/1978 sem lögfesta Vínarsamninginn um ræðissamband. Þeir samningar kveða á um friðhelgi sendiráða, ræðisskrifstofa og starfsmanna þeirra hér á landi. Eins og um var getið þegar þetta frv. var flutt í fyrra, þá er í því að finna ákvæði sem snúa að þeim fjölmörgu ákvæðum í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og sem leggja aðildarríkjunum á herðar skyldur til að tryggja alþjóðastofnunum réttarstöðu í aðildarríkjunum, svo og friðhelgi, forréttindi og undanþágur handa þeim, starfsliði þeirra og erindrekum.

Hér á landi hafa reyndar verið sett nokkur lög sem fjalla um þetta efni. Sum þessara laga fjalla um réttindi alveg almenns eðlis, svo sem lög nr. 13/1948, um réttindi og skyldur Sameinuðu þjóðanna. Önnur lög varða réttindi einstakra stofnana og má þar nefna lög nr. 26/1976, um stofnun Norræna fjárfestingarbankans.

Í fylgiskjali 1 með frv. er skrá um ákvæði um friðhelgi og forréttindi í samningum sem Ísland er aðili að og vísa ég til þeirrar skrár um þetta efni. Þá vil ég einnig benda á að í fylgiskjali 2 er sýnishorn slíkra ákvæða úr nýjasta samningnum í skránni sem er um

Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu og gefur góða hugmynd um efnissvið ákvæða af þessu tagi.

Ég vil taka það fram að ákvæði þessara samninga hafa yfirleitt fyrst og fremst gildi gagnvart þeim ríkjum þar sem stofnanirnar eru staðsettar eða hafa starfsskrifstofur. Því mun lítt eða ekki reyna á þessi ákvæði í reynd á Íslandi, enda eru stofnanirnar yfirleitt ekki með starfsemi hér eða útibú á sínum vegum. Það þykir þó öruggara og eðlilegra að hafa lagagrundvöllinn hér á landi í lagi, enda er það skylt samkvæmt samningunum. En ég tel að sú lagasetning sem hér er gerð tillaga um færi þessi mál í einfaldari og skilvirkari farveg. Þar er farið að dæmi ýmissa annarra þjóða, þar á meðal Norðurlandaþjóða, og setja grundvöll í almennum lögum um þessi skyldubundnu réttindi.

Verði þetta frv., sem ég nú mæli fyrir, að lögum verður einnig í krafti þeirra laga unnt að gerast aðili að samningum um forréttindi og friðhelgi sérstofnana Sameinuðu þjóðanna og samningi um réttarstöðu dómara Mannréttindadómstóls Evrópu, nefndarmanna í mannréttindanefnd Evrópu og þeirra aðila sem taka þátt í málflutningi fyrir þessum stofnunum, þ.e. mannréttindanefndinni og Mannréttindadómstóli Evrópu.

Frú forseti. Ég leyfi mér að leggja til að þetta frv. verði að lokinni þessari umræðu sent til 2. umr. og hv. utanrmn.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér ætla ég ekki að gera athugasemd við það þótt hæstv. viðskrh. mæli fyrir þessu frv. hér en það er þó nokkuð óvanalegt að annar ráðherra en sá sem flytur frv. mæli fyrir því í þinginu. Ég vona að þetta verði ekki tekið upp sem regla. Sé ekki í sjálfu sér neina ástæðu fyrir því að brýnt hafi verið að mæla fyrir þessu frv. í dag. Það er ekkert sem kallaði á það að mæla fyrir frv. í dag. Þess vegna vil ég mælast til þess að þetta verði alger undantekning og ríkisstjórnin fari ekki að beita þeirri venju að láta aðra ráðherra en þá sem bera ábyrgð á frumvörpunum mæla fyrir þeim í þinginu.

Hins vegar vil ég gera athugasemd við þetta frv. og þá aðferð sem í því felst. Frv. er í raun og veru mjög einfalt. Það er bara þrjár greinar. Í 1. gr. er að finna almenna lýsingu um það hverjir eigi að njóta friðhelgis og forréttinda. Þá er í 2. gr. sagt að hlutaðeigandi ráðherra geti sett nánari reglur um framkvæmd þessara laga. Og síðan er í 3. gr. annaðhvort í heild eða að hluta afnumin átta gildandi lög. Hér er stigið enn eitt skrefið í þá átt að færa löggjafarvaldið frá Alþingi til embættismanna ráðuneytanna og viðkomandi ráðherra. Það sem áður var ákveðið af Alþingi með lögum skal nú ákveðið af embættismönnum og ráðherra í ráðuneytum. Þessi þróun er í algerri mótsögn við allt það sem sagt hefur verið hér á Alþingi á undanförnum árum um nauðsyn þess að efla löggjafarvaldið og draga úr sívaxandi tilhneigingu framkvæmdarvaldsins til að taka til sín æ meira vald.

Ég veit ekki hvort það þýðir eitthvað að spyrja hæstv. viðskrh. í umræðunni vegna þess að hann hefur auðvitað ekki samið þetta frv. og ekki verið inni í umræðunni um það. Þess vegna er auðvitað mjög bagalegt að hæstv. utanrrh. sé ekki mættur hér. En þó vil ég bera upp þessa spurningu: Hvers vegna gat utanrrn. ekki klætt í venjulegan lagabúning þau ákvæði úr þessum átta lagabálkum sem hér er vitnað til og nauðsynlegt er talið af hálfu ráðuneytisins að gildi áfram? Eða er það virkilega stefnumótandi ákvörðun að fara inn á þá braut að það sem áður var í lögum skuli nú verða algjörlega á valdi framkvæmdarvaldsins með reglugerð. Það er leið sem ég vil mótmæla. Mér finnst ekki koma til greina að Alþingi afgreiði þetta frv. með þeim hætti sem það er lagt fyrir. Var það tímaskortur í utanrrn. sem olli því að ráðuneytið hirti ekki um að leggja vinnu í það að klæða þetta frv. í venjulegan búning? Það er orðið nokkuð skemmtilegt þegar embættismenn utanrrn. eru farnir að hlaupa inn í þingsalinn til þess að gefa starfandi ráðherra „ordrur“ um það hvað þeir eigi að segja. Er það kannski tímanna tákn að embættismennirnir séu komnir bara alveg inn í þingsalinn? (Gripið fram í.) Nei, hann er það nú ekki. Hann er einn af ágætum starfsmönnum utanrrn. En þetta er auðvitað hálfneyðarlegt, hæstv. ráðherra, allt saman. Bæði frv. sjálft og síðan sá máti við að fylgja því fram í þingsalnum. Utanrrh. mætir ekki, viðskrh. flytur frv. fyrir hann og embættismaður ráðuneytisins hefur a.m.k. í tvígang hlaupið inn í þingsalinn til að hvísla einhverjum leiðbeiningum að ráðherranum um það hvað hann eigi að segja.

En ég var að spyrja að því hvort það væri vegna tímaskorts eða hirðuleysis að utanrrn. kysi að fara þessa leið eða hvort þetta sé stefnumótandi ákvörðun. Stefnumótandi ákvörðun sem felst í því að flytja löggjafarvald yfir í ráðuneytið með því að veita algjörlega opna heimild til ráðherrans að meðhöndla allt það sem áður var tilgreint í átta lagabálkum með reglugerð þannig að Alþingi hafi enga möguleika til þess að fjalla um það. Það sé algjörlega á valdi framkvæmdarvaldsins eins.

Það er svo athyglisvert að á bls. 3 í greinargerðinni stendur:

„Verði frv. þetta að lögum verður unnt að uppfylla skuldbindingar í samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls frá 2. maí 1992, sbr. 44. gr. samningsins og bókanir 6 og 7 við hann, um gerhæfi, forréttindi og friðhelgi eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins. Einnig verður unnt að gerast aðili að samningi frá 21. nóv. 1947 um forréttindi og friðhelgi sérstofnana Sameinuðu þjóðanna. Enn fremur er ætlunin að Ísland fullgildi fjórðu og fimmtu bókanir við samning frá 2. sept. 1949 um réttindi og griðhelgi Evrópuráðsins. Þær fjalla um réttarstöðu dómara Mannréttindadómstóls Evrópu og nefndarmanna mannréttindanefndar Evrópu. Einnig verður unnt að fullgilda Evrópusamning frá 6. maí 1969 um aðila sem taka þátt í málflutningi fyrir mannréttindanefnd og Mannréttindadómstóli Evrópu.“

Verði frv. þetta að lögum var upphafið að þessari málsgrein og ítarlegri tilvitnun í margvíslega alþjóðasamninga. Það er ekkert í frv. um þessa alþjóðasamninga og þessar stofnanir EFTA og Sameinuðu þjóð-

anna og Evrópuráðsins og Mannréttindadómstólsins í sjálfu lagafrv. Merkingin hlýtur þess vegna að vera sú að ráðherrann ætli sér í krafti þessarar opnu reglugerðarheimildar að gera þetta allt saman. En það er auðvitað ekki eðlileg aðferð við lagasetningu.

Ég vil þess vegna mælast til þess við utanrrn. að það endurskoði þetta frv. og komi með nýja útgáfu af því til utanrmn. þar sem þau ákvæði sem máli skipta eru klædd í venjulegan búning frv. svo að Alþingi geti gert það að lögum. Þó ég telji í sjálfu sér ekki ástæðu til að mæla gegn ýmsu af því sem ætlað er að gera hér varðandi friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana þá getur verið að maður neyðist á grundvelli viðhorfa manns til löggjafarvalds og framkvæmdarvalds að greiða atkvæði gegn frv. af þessu tagi vegna þess að ekki sé hægt að sætta sig við það að veita embættismönnum ráðuneytanna og ráðherrunum svo gjörsamlega opna reglugerðarheimild eins og felst í þessu frv. Og það er mjög vont að þingið sé sett í þá stöðu að geta ekki tekið efnislega afstöðu til málsins út frá því sem það fjallar um heldur þurfi hugsanlega ákveðnir þingmenn að vera á móti því af þeirri prinsippástæðu að geta ekki afgreitt mikilvægan efnisflokk með þeim hætti sem hér er lagt til.

Ég endurtek þess vegna þau ummæli mín til ráðuneytisins að frv. verði endurskoðað, klætt í búning venjulegs frv. og við fáum það þannig inn í utanrmn. þannig að nefndin geti flutt þær breytingar sem þarf tvímælalaust að gera á frv.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Með örfáum orðum vil ég gera nokkrar athugasemdir við frv. Ég vil fyrst taka það fram að ég tel ekki óskynsamlegt að setja sérstakan lagaramma um réttindi og væntanlega skyldur starfsmanna alþjóðastofnana sem við erum aðilar að. Hins vegar finnst mér ýmislegt við frv. að athuga. Í 1. mgr. frv. er tekið fram að um sé að ræða alþjóðastofnanir eða alþjóðasamninga sem öðlast hafa gildi að því er Ísland varðar. Við þetta hef ég ekkert að athuga. En síðan segir í næstu málsgrein: „Eftirtaldir skulu einnig njóta friðhelgi og forréttinda samkvæmt samningi þessum hér á landi.“ Síðan eru þeir taldir upp í fimm liðum. Það fyrsta er starfslið alþjóðastofnana og þar er ekkert um það að Ísland þurfi að vera aðili að slíkum stofnunum. Þetta vekur undrun mína. Þarna virðist vera opnað fyrir slík sérréttindi fyrir alla hvort sem við Íslendingar erum þar aðilar að eða ekki. Ég tel með öðrum orðum að þetta geti aðeins gilt fyrir þær stofnanir og þá samninga sem hafa hlotið fullnustu, fullt gildi, með staðfestingu Alþingis. Ég spyr einnig: Er það ekki ætlunin með frv. og hlýtur ekki að þurfa a.m.k. að lagfæra þetta sem ég hef nú vísað hér til?

Það er dálítið athyglisvert þegar ég ber frv. saman við frv. frá því í fyrra að þar er allt öðruvísi til orða tekið. Þar er 1. mgr. 1. gr., sem í raun fjallar um allt það sem 1. gr. hér fjallar um, allt öðruvísi orðuð. Þar er ekki þessi upptalning og þar ná orðin „að því er Ísland varðar“ til allrar greinarinnar. Það er því að mínu mati veruleg efnisbreyting á þessu hérna sem mér sýnist satt að segja orka mjög tvímælis. Ég hlýt einnig að taka undir það, sem kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni, að æði þykir mér 2. gr. opin, að hlutaðeigandi ráðherra geti sett nánari reglur um framkvæmd laganna. Ég held að þarna sé gengið óvenju langt.

Ég er þeirrar skoðunar að það hefði mátt telja upp í þessum lögum hvers konar réttindi — ég sé að hæstv. ráðherra er að leita ráða hjá starfsmönnum utanrrn. sem von er — ég vil taka undir það með síðasta ræðumanni að það er vitanlega algerlega ófært að hæstv. utanrrh. skuli ekki vera hér. Hvað þrýstir svo á að þessu þurfi að hraða til nefndar? Ég hlýt að gagnrýna það harðlega og tek undir það með hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. Ég hefði talið eðlilegra að telja upp í lögum hvaða sérréttinda og forréttinda þessir aðilar skuli njóta, það verði tekið fram í lögunum. Hér eru hins vegar birt í fylgiskjali þau forréttindi sem starfsmenn og bankinn sem slíkur, þ.e. Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu, skuli njóta hjá aðildarríkjum. Kannski er það það sem hefur þrýst á hæstv. viðskrh. að mæla fyrir þessu máli því ég veit að hann ber þennan banka mjög fyrir brjósti. Hann hefur kannski ekki getað beðið eftir því að hæstv. utanrrh. fyndi tíma til að mæla fyrir málinu. Þetta var nú innskot.

En hér eru þessi réttindi sem hæstv. viðskrh. hefur undirritað fyrir hönd Íslands í samningi um þennan banka lögð fram sem sýnishorn. Að vísu er það líka athyglisvert, svo ég skjóti því hér að, að í frv. frá því í fyrra er tekið fram um þetta sýnishorn, fylgiskjal II, með leyfi forseta: Frv. þetta á einkum rætur sínar að rekja til skuldbindinga Íslands samkvæmt þessum samningi um bankann. Það styður þá grunsemd mína að það hafi verið hæstv. viðskrh. sem þrýsti á að fá þetta lögfest í almennum lögum.

Ég tel í fyrsta lagi að það hafi ekkert legið á að mæla fyrir þessum málum, það hefði verið fróðlegt að fá miklu ítarlegri viðræður við hæstv. utanrrh. um málið.

Í öðru lagi sýnist mér að breytingin sem á þessu hefur verið gerð hafi verið fljótfærnisleg og þarfnist skýringa eins og ég hef þegar rakið. Í 1. gr. er sumt háð því að Ísland sé orðið aðili en annað er ekki háð því, er bara gjörsamlega opið.

Í þriðja lagi tel ég fullkomlega óviðunandi sem segir í 2. gr.: „Hlutaðeigandi ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.“ Reyndar má segja að þar með hafi allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar heimild til að setja nánari reglur ef viðkomandi stofnun fellur undir þann ráðherra. Þetta er dálítil nýbreytni hygg ég því í lögum um Stjórnarráð Íslands eða auglýsingu er það utanrrh. sem gerir alþjóðasamninga þó aðrir ráðherrar hafi stundum farið í heimild utanrrh. til að skrifa undir eins og hæstv. viðskrh. hefur iðulega gert. Hér hefur hvaða ráðherra sem er heimild til að setja, að því er ég fæ best séð, hvaða reglur sem hann kýs um forréttindi stofnana og starfsmanna þeirra stofnana sem svo vill til að undir hann heyra. Ég vil vara við svo opnu ákvæði. Ég held að þetta þurfi að vera miklu bundnara.

Í fjórða lagi tel ég, eins og ég sagði áðan, miklu

betur frá málum gengið að telja upp í lögum þau forréttindi sem hæstv. viðskrh. líklega telur að alþjóðastofnanir þurfi að fá og leita samþykkis Alþingis fyrir þeim almenna ramma.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég fullvissa hv. 8. þm. Reykn. um að hér er um venjulegt lagafrv. að ræða. Svo venjulegt að hv. 8. þm. Reykn. og hv. 7. þm. sama kjördæmis, sem þá var forsrh., stóðu að flutningi sams konar frv. á 113. löggjafarþingi sem stjórnarfrumvarps. Það hefur engin efnisbreyting verið gerð á því frv. sem þessir ágætu þingmenn stóðu þá að og studdu með þátttöku sinni í ríkisstjórn og framlagningu þess á þingi. Þetta hlýt ég að segja í upphafi míns máls til þess að skýra aðdraganda frv. Ég vil líka mótmæla því að sú breyting sem gerð hefur verið á 1. gr. feli í sér nokkra efnisbreytingu. Hún er eingöngu til þess ætluð að skýra það nánar sem í hinni upphaflegu gerð fólst. Það er líka nauðsynlegt að menn átti sig á því að í 2. mgr. 1. gr. segir skýrum orðum:

„Eftirtaldir skulu einnig njóta friðhelgi og forréttinda samkvæmt samningum þessum hér á landi." Þetta virðist hv. 7. þm. Reykn. hafa hlaupið yfir í skilningi sínum á þessum orðum. Þar er einmitt tilvísunin því auðvitað er það ekki ætlunin að þessi friðhelgi eða forréttindi taki til annarra en þeirra sem hljótast af samningum sem Íslendingar hafa gert og hlotið hafa samþykki Alþingis. Þetta verður að segja alveg skýrt því annars er málið mjög misskilið.

Ég vil líka láta það koma fram að með 2. gr. er alls ekki verið að færa ráðherra aukið reglugerðarvald. Hér hafa verið notuð orð eins og gjörsamlega opin heimild, alveg óbundið reglugerðarvald. Það er það að sjálfsögðu ekki. Í fyrsta lagi leyfi ég mér að benda á að í þeim lögum sem upp eru talin í 3. gr. er í flestum ef ekki öllum tilfellum reglugerðarheimild með venjulegu sniði fyrir í lögum. Í öðru lagi mun þetta regluvald aldrei fara út fyrir þann ramma sem samningurinn, sem í hlut á hverju sinni og þingið hefur staðfest, leyfir. Þetta er alveg venjulegt en ekki óvenjulegt. Ég leyfi mér að benda á að með þessu er í raun og veru verið að greiða fyrir þingstörfum, létta af þinginu þeirri þörf að setja sérstök lög um hvern þann samning sem það kýs að staðfesta. Það er verið að fara frá hinu sérstaka til hins almenna, tíunda það sem iðulega er í þessum samningum, ef um stofnanir er að ræða, festa það í almennan lagaramma. Það vakti athygli mína og ánægju að hv. 7. þm. Reykn. lýsti stuðningi sínum við þá viðleitni og lá skyldi honum hver maður að hann gerði það því hann stóð að flutningi frv. á 113. þingi. Þetta er alveg nauðsynlegt að komi fram. Ég vil líka láta það koma skýrt fram að í þessu felst ekki neitt efnislega nýtt. Þetta er eingöngu hugsað til að greiða fyrir þingstörfunum með nákvæmlega sama hætti og sú tilviljun að ég mæli nú fyrir frv. en ekki hæstv. utanrrh. Það er gert til þess að greiða fyrir þingstörfum að beiðni utanrrh. og forseta þingsins.

Það vill svo til að ég þekki sum þessara mála en ég vil fullvissa hv. 7. þm. Reykn. um það að sá grunur hans að ég hafi á einhvern hátt þrýst sérstaklega á flutning þessa máls í fyrri ríkisstjórn eða á flutning þess hér og nú er alveg tilhæfulaus. Ég hef ekki neitt sérstakt kappsmál þar en tel mér skylt að stuðla að greiðari þingstörfum og létta af þinginu óþarfa lagasetningu um einstök mál ef um almenna reglu er þar að ræða og hægt að festa hana í lög svo sómi sé að með hliðstæðum hætti og er í löggjöf okkar nágrannaríkja. Ég verð að láta í ljós furðu mína á því að þeir ágætu þingmenn sem hér hafa talað og hafa oft og einatt viljað kenna sig við alþjóðahyggju skuli nú gerast dragbítar á einföldun og að settar séu eðlilegar reglur um samskipti okkar við aðrar þjóðir og mikilvægar alþjóðastofnanir eins og stofnanir Sameinuðu þjóðanna.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Með þessari breytingu er miklu meira gert en bara það sem hæstv. viðskrh. nefndi. Ég get reyndar fallist á að eigi það eingöngu við þá samninga sem Ísland varðar, sem talið er upp í seinni hluta 1. gr., er það gott og gilt. En í frv. eins og það var sagði líka, með leyfi forseta: „Utanrrh. getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara." En núna segir: „Hlutaðeigandi ráðherra getur sett reglur um framkvæmd laga þessara." Það gerði ég hvað harðastar athugasemdir við. Ég tel að það sé alrangt að með þessum einu lögum sem utanrrh. flytur sé unnt að veita öllum ráðherrum í ríkisstjórninni heimild til að setja þær reglur sem þeir kjósa fyrir viðkomandi stofnun. Það má vel vera að hæstv. viðskrh. vilji fá þessa heimild til sín vegna bankans, mig grunar að svo sé. En ég tel það bara alls ekki ganga upp. Þetta vald getur, að mínu mati, eingöngu verið hjá utanrrh. þegar um alþjóðastofnun er að ræða. Það er hárrétt hjá hæstv. viðskrh. að ég samþykkti fyrir mitt leyti að slíkur almennur rammi yrði settur. Engu að síður er ég þeirrar skoðunar að betra væri að setja í lög um hvaða forréttindi er að ræða. Það breytir því ekki þótt ég hafi staðið að því að setja þetta frv. fram. Það má að sjálfsögðu gott bæta.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Enn á ný vil ég ítreka við hv. 7. þm. Reykn. að grunsemdir hans um að ég hafi knúið sérstaklega á um setningu laga þessara eða einstakar greinar þeirra af umhyggju fyrir tiltekinni alþjóðastofnun eru alveg ástæðulausar. Hitt er rétt að þegar um 2. gr. — sem hér er um það hvaða ráðherrar gætu fjallað um þetta efni — var rætt öðru sinni komu upp þau sjónarmið, einkum frá dómsmrh. og dómsmrn. um eðlilegan skilning á réttri framkvæmd þessara laga, ef að lögum verða, að það þyrfti sérstaklega að huga að samningum um skattamálefni og fjmrh. gæti átt þar hlut að máli. Einnig þykist ég vita að þeir Norðurlandasamningar, sem hér eru til umræðu, gætu átt þarna erindi. En ég tek það fram að í þessu felst alls ekki nein slík opnun. Það er fjarri öllum skynsamlegum skilningi að halda því fram að það sé tilgangurinn eða efni þessa lagafrv.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir leitt að hæstv. viðskrh. skuli taka því svo illa að ég hafi sagt að hann kunni að hafa þrýst á um setningu þessara laga. Það er óþarfi að vera hörundssár yfir slíku. Hæstv. viðskrh. er þekktur fyrir sinn dugnað og tekur m.a. að sér að flytja frv. fyrir aðra ráðherra. Þetta er eingöngu sagt með tilvísun til þess að hæstv. ráðherra leggur fram það sýnishorn sem hér fylgir og sömuleiðis tekur hann að sér að flytja frv. Við skulum láta það fullkomlega liggja á milli hluta.

Ég hlýt að mótmæla því efnislega sem mér fannst ekki koma fram í svörum hæstv. ráðherra. Hvers vegna er þörf á að veita þessa heimild öllum ráðherrum í ríkisstjórninni? Ég leyfi mér að fullyrða að það er andstætt lögum um Stjórnarráð Íslands. Það er ákveðin verkefnaskipting í Stjórnarráðinu sem mér er kunnugt um að ýmsir ráðherrar hafa stundum viljað víkja frá en eiga náttúrlega alls ekki að gera það. Ég reyndi fyrir mitt leyti að standa gegn því þegar ég gegndi þar starfi forsrh. Ég tel og vil biðja hæstv. ráðherra að skoða það mjög vandlega hvort ekki væri hægt að fallast á að breyta þessu í utanrrh., eins og það var þegar við stóðum að frv. saman á 113. þingi. Sömuleiðis vil ég spyrja í fullri vinsemd hvort ekki væri rétt að telja upp í lagatextanum þau fríðindi sem hér er um að ræða og hafa frv. ekki svona opið. Það er enn þá óeðlilegra að hafa það svo opið þegar hver einasti ráðherra í ríkisstjórninni hefur heimild til að setja reglur um hver þau fríðindi sem hann kýs.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir sjálfsagt mál að sú ábending hv. 7. þm. Reykn. sem ég nefndi um það hvernig orðalag ráðherraheimildar til að setja reglur um framkvæmd þessara laga verði best fyrir komið verði könnuð. Því fer víðs fjarri að ég hafi nokkurn áhuga á því að þessi heimild verði veitt fleiri ráðherrum en þarf. Sé það nægilegt að það sé utanrrh. er það að sjálfsögðu það sem ég helst kysi. En ég hef þegar lýst í mínu fyrra svari ástæðunum fyrir því að þetta orðalag er nú sett fram með þeim hætti sem raun ber vitni. Mér finnst mjög eðlilegt og sjálfsagt að utanrmn. kanni þetta orðalag vandlega.

Ég vil líka að könnun fari fram á upptalningu fríðinda en leyfi mér að benda á að það er fjarri öllu lagi að halda því fram að með þessu frv. sé verið að veita ráðherrum heimild til að veita hvaða fríðindi sem vera skal. Það er ekki. Þeim er eingöngu veitt, og fyrst og fremst utanrrh., heimild til að setja reglur um framkvæmd þeirra fríðinda sem upp eru talin í samningum þeim sem hér um ræðir.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er illt ef hæstv. viðskrh. kýs að taka það svo illa upp þegar menn eru að óska eftir því að utanrrn. sé reiðubúið til samninga við þingið um að gera frv. ítarlegar úr garði þegar það verður afgreitt sem lög. Það er auðvitað sönnun þess hvað það er vont að annar ráðherra en sá sem ber ábyrgð á frv. skuli annast umræðuna í þinginu. Auðvitað er hæstv. viðskrh. ekki með fullt umboð til þess að veita slíkt svar hér í þinginu.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson hefur bent á þann mun í nokkrum efnum á því frv. sem flutt var í tíð síðustu ríkisstjórnar og því frv. sem hér er flutt. Það er þó rétt að árétta það sem kemur fram í greinargerð hins fyrra frv. á bls. 3.:

„Frumvarp þetta á einkum rætur sínar að rekja til skuldbindinga Íslands í 54. gr. stofnsamnings Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu ...“ Það kemur alveg skýrt fram í greinargerð frv. að tilefni og tilgangur þess tengist sérstaklega aðild Íslands að Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu. Eins og allir vita er þeirri stofnun ekki ætlað að vera umsvifamikil í íslensku réttarfari eða íslensku þjóðfélagi eða íslensku efnahagslífi. Það er alkunna. Hins vegar hefur, með þessu frv., sem við hér erum að fjalla um, verið farið inn á þá braut að veita eftirlitsstofnun og dómstól EFTA-ríkjanna, sem eiga að hafa margvísleg afskipti af íslensku efnahagslífi, íslensku réttarfari og íslensku þjóðfélagi, þessi réttindi, sem samkvæmt fyrra frv., var eingöngu ætlað að veita alþjóðastofnunum sem alfarið starfa í öðrum löndum. Á því er auðvitað grundvallarmunur sem ég vænti að hæstv. ráðherra sé reiðubúinn að gera sér grein fyrir í rólegheitum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 8. þm. Reykn. hlýtur að hafa verið eitthvað annars hugar þegar hann hlýddi á þær umræður og þau orðaskipti sem hér urðu áðan. Að sjálfsögðu er ég reiðubúinn til þess að utanrrn. hafi sem allra best samstarf við utanrmn. um vinnslu þessa frv. í nefndinni og að sjálfsögðu er rétt og eðlilegt að ræða þau sjónarmið og þær hugmyndir sem hér var hreyft af hálfu hv. 7. þm. Reykn. Það skyldi nú á annað skorta. Þess vegna vil ég andmæla því að nokkuð hafi komið fram í mínu máli sem benti til þess að þar yrði um annað að ræða en hið fyllsta samstarf. Ég gerði það hins vegar að umtalsefni hér í minni fyrri ræðu að þessir ágætu þingmenn, hinn 7. og 8. frá Reykjanesi, hefðu staðið að frv. í fyrri ríkisstjórn þegar það var flutt á 113. löggjafarþingi um meginefni málsins og aðferð, þá aðferð sem hv. 8. þm. Reykn. kýs nú að andmæla harðlega. Því ef hann lítur á aðferðafræðina þá er hún alveg óbreytt.

Það er rétt að í grg. hins fyrra frv. var einkum vitnað til nýjasta samningsins að þessu tagi um Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu. Nú er hins vegar fyrst og fremst til þess vitnað — enda frv. nú flutt sem EES-frumvarp vegna ákvæðanna í EFTA-samningunum um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem gerður var í Óportó 2. maí sl. Það er líka alveg laukrétt hjá hv. 8. þm. Reykn. að það er ástæða til þess að gaumgæfa sérstaklega þær stofnanir eða þá starfsemi sem fara kynni fram á Íslandi að meira leyti samkvæmt nýgerðum samningum eða væntanlegum samningum fremur en þeim sem áður giltu. Þetta er nákvæmlega það efni sem hv. utanrmn. hlýtur að fjalla um þegar hún fjallar um þetta sjálfsagða og nauðsyn-

lega frv. sem er til þess hugsað, eins og ég sagði, að einfalda íslenska löggjöf, að greiða fyrir löggjafarstarfseminni nákvæmlega á sama hátt og ég stend hér fyrir flutningi frv. til að greiða fyrir þingstörfum.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir það að hæstv. ráðherra hefur látið það koma skýrt fram að það sé jákvætt og eðlilegt að hans dómi að utanrmn. taki þetta frv. til vandlegrar skoðunar og geri á því hugsanlegar breytingar og klæði það í þann búning sem menn geta unað við. Ég fagna því að hæstv. ráðherra skuli hafa talað svo skýrt um það. Það má vera að hann hafi ýjað að því hér í sínum fyrri ummælum en það var ekki svo skýrt eins og í hinni síðustu ræðu og fagna ég því.

Nú kom það fram hjá ráðherranum að þetta frv. er flutt fyrst og fremst sem EES-frumvarp og það er alveg rétt hjá honum og á því er auðvitað verulegur munur og þeim alþjóðastofnunum öðrum sem Íslendingar hafa tengst fram að þessu, það vitum við öll hér í þingsalnum. Þess vegna er auðvitað sérstaklega brýnt að lögin sjálf kveði á um öll helstu efnisatriði en það sé ekki verið að veita ráðherrum, hvað þá heldur öllum ráðherrum, eins og gert er með 2. gr. þessa frv., opna heimild til reglugerðarsetningar. Ég varaði við því í upphafi að fara í tengslum við EES-samninginn inn á þá braut að opna fjölmörg svið í Stjórnarráðinu fyrir reglugerðarsetningu ráðherranna einna sem hafa verið þeim lokuð fram að þessu og nota EES-samninginn sem eins konar afsökun í því skyni. Ég sé enga þörf til þess að gera það og vænti þess að við getum smátt og smátt í þinginu náð samkomulagi um það að þótt EES-samningurinn verði hugsanlega afgreiddur hér á þinginu þá sé ekki í leiðinni verið að auka stórkostlega vald framkvæmdarvaldsins í íslenska stjórnkerfinu, íslenska framkvæmdarvaldsins á kostnað íslenska löggjafarvaldsins.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að endurtaka það sem ég sagði áðan að með þessu lagafrv. er ekki gerð tillaga um að víkka reglugerðarvald ráðherrans, auka það eða breikka á nokkurn hátt. Reglurnar yrði ráðherrann að sjálfsögðu áfram að setja innan ramma þeirra samninga sem lagagildi hafa öðlast á Íslandi eða staðfestir hafa verið af þinginu. Þetta er nákvæmlega eins og verið hefur en það er eingöngu verið að firra þingið þeirri fyrirhöfn sem af því hlýst að þurfa að setja með nýjum lögum ákvæði um forréttindi og friðhelgi í hvert sinn sem Ísland gerist aðili að samningi og reyndar þá líka verið að setja niður almenna reglu um það hvers konar forréttindi og friðindi þingið er reiðubúið að samþykkja.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér þykja þingstörfin vera orðin næsta undarleg. Það er að vísu mikill skaði að hæstv. utanrrh. skuli ekki vera í salnum og sakna ég þess út af fyrir sig. Nú er ég ekki að draga það í efa að hæstv. viðskrh. viti jafnmikið og vilji jafn vel og hæstv. utanrrh. en það er bara verksvið utanrrh. að mæla fyrir þessu frv., svo burðugt sem það er.

Nú vill svo til að hæstv. utanrrh. hefur samkvæmt því sem ég hef kynnt mér á skrifstofu Alþingis ekki fjarvistarleyfi frá þessum þingfundi. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef réttastar þá er hann staddur á landinu þannig að hæstv. viðskrh. getur með engu móti verið starfandi utanrrh. í dag. Þá er svo komið fyrir þeim eins og Bakkabræðrum forðum þegar þeir voru hættir að þekkja í sundur á sér lappirnar. Hér kemur hæstv. viðskrh. og mælir fyrir máli sem hæstv. utanrrh. á að mæla fyrir og er ekki starfandi utanrrh. Þetta væri með svipuðum hætti ef frú forseti Alþingis tæki sér fyrir hendur allt í einu, af því hún er stundum einn af handhöfum forsetavalds, að koma fram fyrir hönd forseta Íslands og forseti Íslands væri staddur í landinu. Ég ætla bara að biðja menn að gá að því hvað þeir eru að gera. Ég veit að frú forseta dytti það aldrei í hug að fara með þeim hætti út fyrir valdssvið sitt að hún færi að blanda sér í störf forseta Íslands ótilkvödd og án heimilda þannig að mér þykir vera komið nokkuð los á þingstörfin í þessu efni.

Ég ætla ekki að ræða þetta frv. í smáatriðum efnislega. Ef utanrrn. fæst ekki til þess að leggja fram nýtt frv. sem er fyllra, skýrara og skynsamlegra en þetta plagg sem við höfum fyrir okkur á þskj. 42, 41. mál þingsins, þá verður auðvitað utanrmn. að leggja vinnu í að umskrifa frv. og koma því í boðlegan búning. Ég hlýt að taka þátt í þeirri vinnu eins og aðrir utanríkismálanefndarmenn.

Þetta er allt annað frv. en flutt var á 113. löggjafarþingi og var það þó ekki fullkomið. Í þessu frv. er verið að fella átta lög úr gildi á einu bretti samkvæmt 3. gr. frv. Í athugasemdum eru hins vegar talin upp 15 lög sem sett hafa verið um hliðstæð efni. Mér er ekki ljóst hvers vegna þessi átta lög voru valin til að fella úr gildi en ekki hin sjö sem virðast eiga að gilda áfram, t.d. lög um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, nr. 110/1951. Það var einhvern veginn ekki með í þessari upptalningu sem felld er úr gildi og falin reglugerðarvaldi ráðherra. Ég er út af fyrir sig feginn því að þarna hafi farið eins og með Gunnarshólma, eins og skáldið sagði: „En lágum hlífir hulinn verndarkraftur".

Ráðherra er gefið reglugerðarvald takmarkalaust, ekki bara einum heldur hvaða ráðherra sem er. Hvaða ráðherra sem er virðist samkvæmt þessu frv., í þeim búningi sem það er nú, geta tekið sér fyrir hendur að setja reglugerð um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana og fer að minnka undir hæstv. utanrrh. þegar svo er komið að ekki bara hæstv. viðskrh. getur ruðst hér upp í ræðustólinn og þóst vera utanrrh. um stund heldur getur bara hvaða ráðherra sem er komið og tekið fram fyrir hendurnar á hæstv. utanrrh. og er skaði að hæstv. utanrrh. skuli vera fjær því það væri búið, ef svo fer fram sem horfir, að steypa undan honum áður en vikan er úti.

Hæstv. viðskrh. talaði um að það væri til þess að

greiða fyrir þingstörfum að færa lagasetningarvaldið upp í ráðuneytin og gera það að reglugerðarvaldi. Hann talaði fjálglega um að það væri verið að létta af þinginu störfum. Það er að vísu rétt en það er líka verið að sniðganga þingið. Það er verið að fara með þingið eins og hæstv. utanrrh. Það er verið að taka af því verkefni sem það á að gegna. Og þó það sé góðra gjalda vert að létta af hæstv. utanrrh. störfum sem hann á að gegna þá getur það orkað tvímælis og er ekki til fyrirmyndar um góða stjórnarhætti.

Það er auðvitað árátta hjá þessari ríkisstjórn að reyna að sniðganga Alþingi. Þeir þora ekki að koma og standa fyrir máli sínu. Þeir ruku til í sumar og settu bráðabirgðalög um Kjaradóm þar sem var náttúrlega alveg einboðið að kalla Alþingi saman og fá þessa löggjöf afgreidda með formlegum hætti og þeir höfðu um Alþingi óvirðuleg orð í því sambandi að það mundi bara verða töf af því að láta löggjafarsamkomuna standa í því að setja lög. Þeir gera það bara sjálfir með tilskipun.

Ég vil hins vegar ekki taka undir þær aðfinnslur sem hér komu fram hjá hv. 7. og hv. 8. þm. Reykn. að starfsmaður ráðuneytis hafi verið á slangri um salinn hvað eftir annað til þess að segja hæstv. viðskrh. hvað hann ætti að segja í rullu sinni sem utanrrh., þessa sjálfskipuðu utanríkisráðherrarullu. Það að vísu verður nokkurt los í þingsalnum með svona tímabundinni fjölgun „þingmanna" en líklegra er þó að skynsamleg svör komi úr munni viðkomandi ráðherra ef embættismenn ráðuneytanna hafa nægjanlega greiðan aðgang til þess að koma og segja þeim hvað þeir eigi að segja hér í ræðustól. Ég tel að það hefði verið miklu líklegra að skynsamlegar útskýringar hefðu komið frá hæstv. landbrh. um síðasta dagskrármál ef starfsmenn ráðuneytanna hefðu staðið hringinn í kringum hans og sagt honum t.d. hvað stóra C merkti sem stóð í honum ásamt með öðru og ég tel að það sé mjög heppilegt að ráðherrar hafi hugmynd um um hvað þau frv. fjalla sem þeir eru að mæla fyrir. (**Forseti:** Forseti vill aðeins trufla hv. þm. í ræðu sinni og benda honum á að klukkan hálffjögur eiga að fara fram utandagskrárumræður sem höfðu verið tilkynntar og vildi því beina því til hv. þm. ef hann lýkur ekki ræðu sinni að þá mundi hann fresta henni.)

Frú forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. Ég átti ekki eftir nema þessar tvær mínútur sem tiltækar eru og tæplega það. Ég býð út af fyrir sig velkomna starfsmenn ráðuneytanna hér í þingsalinn en ég tel hins vegar að frú forseti ætti að reyna að finna form á því að þau fjarskipti gætu gengið fyrir sig með hljóðlegum hætti því ég sé það fyrir mér, ef svo fer fram sem horfir og núverandi ríkisstjórn nær markmiðum sínum, að hér fyllist allt af mönnum frá Brussel talandi frönsku eða eitthvað sem þingheimur á erfitt með að skilja og segjandi ráðherrunum hvað þeir eiga að segja í ræðustól.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. Viðskrh. óskar eftir að veita andsvar og verður orðið við því en forseti vill beina því til hæstv. ráðherra að nota aðeins eina mínútu svo hægt sé að standa við þá tímasetningu sem ákveðin hefur verið.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Ég þakka virðulegum forseta. Ég get tekið undir það með hv. 1. þm. Norðurl. v. að víst sakna ég nafna míns, hæstv. utanrrh., a.m.k. jafnmikið og hann.

En mér datt í hug þegar hann var að lýsa því hvað það væri hentugt, öruggt og tryggt að hafa góða menn í kringum ráðherrana til þess að segja þeim hvað þeir ættu að segja hvernig heimurinn gæti orðið enn þá betri ef það væru einhverjir góðir menn í kringum hv. 1. þm. Norðurl. v. til þess að segja honum hvað hann ætti að segja. Hann gleymdi að bæta því við sína góðu kenningu að þá yrði þingið alveg fullkomið.

En að endingu, virðulegi forseti, þá vildi ég bara láta það koma alveg skýrt fram að hv. þm. heldur áfram fram þeirri firru sem þeir fóru með hér áðan, hv. 7. og hv. 8. þm. Reykn., að með þessu lagafrv. væri lagt til að auka reglugerðarvald ráðherra. Það er ekki gert.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér er margt óljóst og ég tek með þökkum að góðir menn og sannorðir sem ég treysti segi mér hvað ég á að segja því sá er munurinn á okkur hæstv. viðskrh. að mér finnst ég vita bara sumt en ég hef það á tilfinningunni að honum finnist hann iðulega vita allt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Síldarsölusamningar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hefst nú utandagskrárumræða, eins og tilkynnt var í upphafi þessa fundar, að beiðni hv. 5. þm. Austurl., um stöðu síldarsölusamninga. Þessi umræða fer fram skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapa sem þýðir að málshefjandi hefur fimm mínútur og tvær mínútur í síðari umferð. Viðkomandi ráðherra, sem í þessu tilviki er sjútvrh., hefur fimm mínútur og tvær mínútur í þeirri síðari og aðrir þingmenn og ráðherrar tvær mínútur tvisvar sinnum ef því er að skipta. Hefst nú umræðan og til máls tekur hv. 5. þm. Austurl.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Enn berast fréttir frá síldarútvegsnefnd að illa horfi með samningsgerð um síldarsölu fyrir síldarafurðir sem á land gætu borist á þeirri síldarvertíð sem nú er nýhafin. Víða um land gegnir síldarverkun afar mikilvægu hlutverki í atvinnulífi margra byggða. Um þessar mundir bíða síldarverkendur og söltunarfólk á milli vonar og ótta um það hvort samningar um síldarsölu takast eða ekki svo söltun geti hafist í einhverjum mæli. Ég hef því leyft mér að taka þetta mál upp utan dagskrár á Alþingi enda miklir at-

vinnuhagsmunir í húfi og eins vegna þess að hér bera stjórnvöld mikla ábyrgð, meiri ábyrgð en gildir um almenna viðskiptasamninga í útflutningsstarfseminni. Ábyrgðin felst í því einkaleyfi sem síldarútvegsnefnd nýtur samkvæmt lögum varðandi útflutning á síldarafurðum og forgöngu um markaðsleit fyrir síld. Síldarútvegsnefnd starfar með beinum hætti á ábyrgð hæstv. sjútvrh. sem skipar stjórn stofnunarinnar.

Sl. þrjú ár hefur síldarútflutningurinn átt í miklum erfiðleikum. Þar veldur mestu að stærsti síldarmarkaður heims í Sovétríkjunum hrundi í kjölfar þeirrar stjórnarfarslegu byltingar sem þar átti sér stað. Á sama tíma hafa síldveiðar annarra þjóða við Atlantshafið stöðugt aukist sem valdið hafa vaxandi framboði á öðrum mörkuðum. Í ljósi þessara aðstæðna hljóta síldarútvegsnefnd og stjórnvöld að hafa gripið til sérstakra aðgerða og ráðstafana í leit að nýjum mörkuðum, eflt markaðsrannsóknir og sóst eftir stærri hlut á mörkuðum utan Rússlands.

Afkastageta síldarsöltunar á Íslandi er gríðarlega mikil og enn binda fjölmargir miklar vonir við að síldarsöltun megi verða áfram traustur hlekkur í atvinnulífi þjóðarinnar og þá ekki síst í ljósi þeirra þrenginga sem nú steðja víða að atvinnulífi með vaxandi atvinnuleysi og samdrætti í útflutningstekjum. Á sama tíma fer ástand síldarstofnsins batnandi í hafinu umhverfis Ísland og á þessari vertíð er heimil veiði 110 þús. lesta af síld.

Virðulegi forseti. Enn eru í fersku minni umræður utan dagskrár hér á Alþingi 14. jan. sl. um beiðni síldarútvegsnefndar til Landsbanka Íslands um 15 millj. dollara lán til utanríkisviðskiptabanka Rússlands til þess að greiða fyrir greiðslusamningi vegna síldarsölu til Rússlands. Nú liggur fyrir samkvæmt fréttum frá síldarútvegsnefnd að Rússar hafi lokað fyrir nokkur kaup á síld á yfirstandandi vertíð þótt viðskiptasamningur þjóðanna kveði á um kaup á 140 þús. tunnum að verðmæti 14 millj. dollara en frá síðustu síldarvertíð voru aðeins flutt út 500 tonn af saltaðri síld.

Þá berast einnig fregnir frá síldarútvegsnefnd að óvissa sé um sölu síldar á hefðbundna markaði á Norðurlöndum.

Í ljósi þess alvarlega ástands sem blasir við varðandi síldarsöltun á yfirstandandi vertíð er mikilvægt og brýnt að sjútvrh. geri Alþingi nú grein fyrir því hvort gripið hafi verið til sérstakra ráða eða hvort í undirbúningi séu sérstakar aðgerðir og ráðstafanir af hálfu stjórnvalda og síldarútvegsnefndar sem gætu tryggt eðlilegt umfang síldarsöltunar á nýbyrjaðri vertíð. Stjórnvöld bera mikla ábyrgð eins og ég hef áður vikið að. Ég skil gjörla þá erfiðleika á mörkuðunum sem við er að etja, en erfiðleikarnir hafa nú staðið yfir í samfellt þrjú ár svo tími er kominn til að ætla að úr megi rætast, ella blasir ekkert annað við en að síldarsöltun dragist mikið saman með alvarlegum afleiðingum fyrir þjóðarbúið og byggðina í landinu á meðan síld veður um allan sjó.

Það var nánast orðin hefð að síldarsamningar væru í uppnámi og óvissu í upphafi hverrar vertíðar. Á árum áður björguðust mál jafnan farsællega áður en yfir lauk en nú er vandinn og erfiðleikarnir af öðrum toga. Rússland virðist hafa lokað á öll frekari kaup á síld að þessu sinni og markaðir á Norðurlöndum eru í óvissu samkvæmt fréttum síldarútvegsnefndar. Þetta eru hin nýju tíðindi. Því er mikilvægt að Alþingi fylgist vel með hvernig brugðist er við breyttum aðstæðum. Þess vegna óska ég eftir að hæstv. sjútvrh. geri grein fyrir stöðu þessara mála utan dagskrár á hinu háa Alþingi.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ekki veit ég í hvaða tilgangi ræða hv. málshefjanda var flutt hér. Vera má að það hafi verið gert sem framlag í baráttu fyrir því að brjóta niður síldarútvegsnefnd og það væru þá skilaboð sem ástæða er til að koma á framfæri við síldarverkendur, ekki síst á Austurlandi, og allt það fólk sem hefur atvinnu af því að salta síld.

Stjórnvöld bera vissulega mikla ábyrgð en þau bera ekki ábyrgð á hruni heimskommúnismans og þau bera ekki ábyrgð á hruni Sovétríkjanna eða þeim pólitíska markaði sem vissulega var góður fyrir okkar afurðir um margra ára skeið.

Það er mikill misskilningur hjá hv. málshefjanda að síldarútvegsnefnd hafi einkaleyfi á útflutningi saltsíldar. Um það leyfi, sem heimilt er að veita henni, hefur hún ekki sótt árum saman og þaðan af síður hefur henni verið veitt slíkt einkaleyfi. Hverjum og einum sem óskar þess að flytja út síld er leyft að flytja út og síldarútvegsnefnd hefur aðstoðað menn sem eftir því hafa leitað.

Það er hins vegar samkvæmt eðli máls að síldarútvegsnefnd hefur sett ákveðin viðmiðunarverð og ég vildi gjarnan heyra þann síldarsaltanda sem vildi breyta frá því fyrirkomulagi eða hver er tilbúinn að byrja að salta ef ekki er búið að gera fyrir fram samninga og hverjir eru tilbúnir að gera fyrir fram samninga ef þeir eiga svo von þegar líður á vertíðina á undirboðum? Ég hef ekki heyrt nokkurn mann sem í atvinnugreininni starfar sem vill brjóta þetta niður en einkaleyfið er ekki fyrir hendi.

Og hvernig eiga stjórnvöld að tryggja eðlilegt umfang síldarsöltunar? Á að gera það með því að hæstv. utanríkisviðskiptaráðherra komi á einhverjum allsherjarsósíalisma á mörkuðunum sem ákveði það að svo og svo mikið magn skuli kaupa af saltaðri síld frá Íslandi? Eða á að gera það með þeim hætti að taka upp svipað kerfi og við höfum búið við í landbúnaðarmálum, að ríkissjóður ábyrgist tiltekið framleiðslumagn? Það er ástæða til þess að hv. þm. geri grein fyrir þessu vegna þeirra orða sem hann lét falla í framsöguræðu sinni.

Hitt er svo annað mál að við stöndum frammi fyrir miklum vanda vegna þeirra aðstæðna sem komnar eru upp á þeim markaði sem keypt hefur stærstan hluta af saltsíld af okkur Íslendingum. Rússlandsmarkaðurinn er langstærsti markaður fyrir saltsíld sem til er, stærri en allir aðrir markaðir til samans. Þess vegna kemur enginn annar markaður í staðinn fyrir Rússlandsmarkaðinn að því er saltsíldina varðar, jafnvel

ekki þó hér væri komið á hinni hörðustu tilskipunarráðstjórn. Menn verða að leita annarra leiða í því efni. Síldarútvegsnefnd hefur fyrir sitt leyti unnið að þeim málum mjög kappsamlega.

Við Íslendingar höfum þrátt fyrir fall markaðarins í Rússlandi selt stærri hluta af þeirri síld sem við veiðum en aðrar þjóðir til manneldis og minna til mjölframleiðslu. Það ber vott um framtak þeirra sem fást við sölu á síldarafurðum. Það er stóraukið framboð sem hefur lækkað verð. Á Evrópumarkaði höfum við átt við erfiðleika að etja vegna hárra tolla og því miður náðum við ekki þeim árangri sem við hefðum helst kosið í samningunum um Evrópska efnahagssvæðið að því er síldina varðar.

Það eru einnig erfiðleikar á Póllandsmarkaðnum. Að því er varðar Norðurlandamarkaðinn vonum við að haldist í horfinu þó búast megi við að hann minnki eitthvað. Þó er þess að geta að síldarútvegsnefnd hefur verið að markaðssetja nýja vöru með fersk roðflett flök og er það nú um helmingur þeirra afurða sem fluttar eru til Norðurlandanna. Þýskalandsmarkaðurinn verður væntanlega svipaður en er erfiður.

Langstærstu markaðarnir fyrir síld eru fyrir frysta síld og mér er kunnugt um að að bæði Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Íslenskar sjávarafurðir hafa unnið kappsamlega að því að auka útflutning á síld, vissulega við erfiðar aðstæður. Á heildina litið sýnist mér því að bæði síldarútvegsnefnd og þeir aðrir aðilar sem vinna að útflutningi síldar, eins og sölusamtökin, hafi gert það sem ýtrast er og best við þessar erfiðu aðstæður.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Varðandi þá erfiðu stöðu sem upp er komin í sölu saltsíldar á erlendum mörkuðum vil ég undirstrika eitt atriði sérstaklega. Það er hvort stjórnvöld hafi gert allt sem í þeirra valdi stendur, og þá hæstv. viðskrh. og utanríkisviðskiptaráðherra, til að vinna með síldarútvegsnefnd í þeirri erfiðu stöðu sem upp er komin, að fylgjast með og reyna að ná þeim mörkuðum sem mögulegir eru.

Ég vil vara sérstaklega við því í þessu sambandi að leggja höfuðáherslu á það að brjóta niður það kerfi sem við höfum haft í sölu saltsíldar því það er staðreynd að þetta kerfi hefur fært okkur Íslendingum þann ávinning að engin þjóð flytur út meira af saltsíld en við og gildir það sama þó að Rússlandsmarkaðurinn bregðist. Það sem er þungamiðjan í þessu máli, í þessari mjög erfiðu stöðu sem upp er komin, er að allt sé gert sem í valdi stjórnvalda stendur til þess að hjálpa til í þessari starfsemi í staðinn fyrir að einbeita sér að því að brjóta niður sölukerfið. Þetta vil ég undirstrika í þessu sambandi og ég veit að öllum hv. þm. hér inni er ljóst hve mikið er í húfi en hins vegar er við mikil vandamál að glíma í þessu sambandi.

Ég vil hvetja hv. 5. þm. Austurl. til þess að brýna þetta fyrir hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh., enda hefur hann lofað því á Austurlandi að ala þá menn upp í góðum siðum.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er greinilega við talsverðan vanda að etja í sölu á saltaðri síld. Í Rússlandi neyðast menn til að fresta framkvæmd síldarsamningsins frá 4. des. sl. og er það aðallega vegna gengisfellingar rússnesku rúblunnar. Á öðrum þekktum mörkuðum fyrir saltsíld er svo mikið framboð að þar fer verðið einnig lækkandi. Það er því ljóst að samningar verða ekki gerðir um sölu á næstu vikum. En svo háttar nú til að síldin bíður e.t.v. ekki eftir því. Hún er veiðanleg á vissum tímabilum og sé það ekki gert, þá missum við af henni. Það getur því þurft að taka nokkra áhættu í þessari atvinnugrein. Ég spyr stjórnvöld: Skyldi það ekki borga sig að taka nokkra áhættu þegar atvinnuástand í landinu er jafnslæmt og það er? Ég tel að stjórnvöldum beri skylda til að taka þá áhættu.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er ekki óeðlilegt að rætt sé um þann vanda sem snýr að sölu saltsíldar og markaðsöflun í því sambandi en mér fannst einhvern veginn að hv. málshefjandi væri ekki alveg í réttum stóli þegar hann flutti sitt mál hér og hefði kannski átt að beina erindi sínu eitthvað annað. Ég er ekki í vafa um það að með góðum fyrirbænum gæti hann lagt ríkisstjórninni lið og það er vafalaust hugur hans í þessu máli en það vekur óneitanlega tortryggni þegar á sama degi og þessi umræða er hafin hér leggur sami aðili fram þingmál, sem varðar einmitt tilhögun á því sem hér er rætt, og er að vega að því fyrirkomulagi sem hefur ekki gagnast Íslendingum verr en raun ber vitni á undanförnum árum og áratugum, þ.e. að leggja af síldarútvegsnefnd, sem eru samtök framleiðenda, með stuðningi Alþingis og ríkisvalds. Mér er ekki kunnugt um að framleiðendur saltsíldar hafi barist mikið fyrir því að þessu kerfi verði breytt, en það lesum við hins vegar út úr tillögu hv. þm. sem meginefni. Hann virðist ímynda sér það að menn geti bara fundið upp verð í sambandi við sölu á saltsíld og fundið markaði hvað sem tautar og raular.

Ég vil ekki vanvirða áhuga hv. þm. á því að ræða þetta mál hér almennt og auðvitað verðum við að gera kröfur til þess að stjórnvöld, ekki aðeins hæstv. sjútvrh. heldur ekki síður ráðherra utanríkisviðskipta, sem hv. þm. ætti að eiga sæmilega greiðan aðgang að, ynnu að þessum málum og ég trúi ekki öðru en þingmaðurinn ætti að geta fengið nokkuð ljósar upplýsingar um þetta með viðræðum við hann.

En aðalatriðið er auðvitað það að við séum sannfærð um að vel sé unnið að málum en ég get ekki tekið undir það hugðarefni sem á bak við býr að snúa eigi frá því sem hefur gefist vel í þessum efnum til þessa.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Sá atburður hefur gerst hér á Alþingi að hv. 5. þm. Austurl. hefur flutt framsöguræðu utan dagskrár fyrir þingmáli sem hann hefur lagt fram í þinginu í dag. Það hygg ég að sé nánast einsdæmi.

Til viðbótar við það hefur það líka skýrst að erfiðleikarnir virðast verða orðnir svo miklir innan Alþfl. að

hv. þm. hefur ekki treyst sér til að spyrja hæstv. viðskrh., sem þessa stundina er líka utanríkisviðskiptaráðherra, um stöðu þessara mála en svo sem kunnugt er heyrir þessi embættisfærsla undir þennan mann, utanríkisviðskiptaráðherrann. Það hlýtur að vera orðið erfitt samband innan Alþfl. þegar jafneinföldum skilboðum er ekki hægt að koma á framfæri.

Til viðbótar við þetta vildi ég hins vegar segja að það mál sem hér er til umræðu er of stórt og alvarlegt til þess að það sé meðhöndlað í þinginu með þessum hætti. Fólkið, sem á afkomu sína undir þessari framleiðslu og þessum viðskiptum, á allt annað skilið en að draga þetta mál fram í því ljósi sem hér ber raun vitni um. Ég hlýt að vara við málflutningi af þessum toga.

Virðulegi forseti. Til viðbótar vil ég aðeins segja að auðvitað treysti ég því að ríkisstjórnin, og meira að segja ber ég þá líka það traust til viðskrh. og utanríkisviðskiptaráðherra að ég nefni nöfn þeirra hér í þessu samhengi eins og hluta af þessari ríkisstjórn, geri það sem í hennar valdi stendur til þess að upplýsa þetta mál og ná fram þeim árangri í því sem hvað frekast er kostur.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að beina því til frummælanda að það eru litlar líkur á því að efnahagsástandið í Rússlandi batni þó að síldarútvegsnefnd verði lögð niður. Annað það sem ég hefði viljað hafa mitt innlegg í þessa umræðu er að á síðasta vetri fór efh.- og viðskn. nokkuð rækilega í gegnum þetta mál, hafði um það frumkvæði, ræddi m.a. við Ólaf Egilsson, sendiherra okkar í Rússlandi, sem hefur lagt sig eftir að fylgjast með efnahagsástandinu þar og hinu pólitíska ástandi. Það kom mjög skýrt fram hjá honum að þrátt fyrir þær miklu breytingar sem þar hafa verið á síðustu árum, þá er eitt sem hefur ekki breyst: Það munu ekki nást viðskiptasamningar um síld eða annan útflutning frá okkur öðruvísi en með mjög öflugri vinnu á pólitíska sviðinu og á viðskiptasviðinu, þ.e. hinu pólitíska viðskiptasviði. Sendiherrann sagði að það væri svo einfalt að menn kæmust ekkert áleiðis öðruvísi hvort sem mönnum líkaði betur eða verr. Það yrði ekki byggt upp kerfi frjálsra viðskipta í neinni sjónhendingu í þessu landi. Það yrði áfram að vinna málið eftir öllum tiltækum leiðum, m.a. þeim pólitísku.

Það hefði þurft að vera í gangi vinna í þessa veru allt síðasta ár. Ég nefni það til viðbótar að ýmsar þjóðir Vesturlanda hafa lagt fé í sjóð, áhættufé, til þess að byggja viðskipti upp að nýju í fyrrum Sovétríkjunum þannig að þetta mál verður að skoða út frá þessum forsendum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er hverju orði sannara að það eru dökkar horfur um síldarsölu og þar með um síldarsöltun. Spurningin er hvernig best séað snúast við þessu. Erfiðleikarnir stafa ekki eingöngu vegna þess að efnahagsástandið í fyrrum Sovétríkjunum sé í kaldakoli og einni rjúkandi rúst, heldur líka af því að helstu keppinautar okkar hafa veitt óvenjuvel og bjóða fram jafnt og stöðugt síld á sömu mörkuðum og við keppum á.

Ég vil geta þess, vegna þess sem kom hér fram hjá hv. síðasta ræðumanni, hv. 6. þm. Norðurl. e., að sendiherra Íslands í Rússlandi, Ólafur Egilsson, átti einmitt í dag viðræður við utanríkisviðskiptaráðherra Rússlands um þessi málefni. Í því viðtali kom mjög glöggt fram sú skoðun sem með einföldum orðum má lýsa svo að gamla kerfið sé úr sér gengið. Íslenskir útflytjendur verði að snúa sér beint til rússneskra fyrirtækja sem geta skipt á öðrum vörum við þá og geta boðið þeim t.d. fisk fyrir síld eða olíu fyrir síld. Þetta gerist samt ekki sjálfkrafa og tekur sinn tíma. Þar er mikil ringulreið og leikreglur viðskiptalífsins svo sannarlega úr lagi gengnar. En eina vonin er þó að fara beint á staðinn. Þetta tekur tíma eins og kom fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e.

Við höfum reyndar um það nokkra von að mínu áliti að Evrópumarkaðurinn verði okkur hagstæðari í framtíðinni vegna þess að meðal þess sem EES-samningurinn færir okkur er tollfrjáls aðgangur fyrir flestar tegundir saltaðra síldarflaka. Þangað verðum við að leita. (Gripið fram í.) Já, flestar, langflestar og þær sem mestu máli skipta. Á þetta mun senn reyna. (Gripið fram í.) Þetta er svona. Ég vitna til þess sem aðalsamningamaður okkar hefur sagt að í framhaldi af viðræðum og könnunum á þessu máli framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins hafi komið fram að tollayfirvöld aðildarríkja Evrópubandalagsins virðist túlka þessi mál ekki andstætt sjónarmiðum síldarútvegsnefndar.

Ég vil að lokum nefna, virðulegi forseti, og ég er alveg að ljúka máli mínu, vegna þess sem fram kom hjá hv. 6. þm. Vestf. og vegna þess sem kom fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. að ríkisstjórnin hefur tekið áhættu í þessu máli. Á sl. vetri var endurlífguð tryggingadeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð í þeim tilgangi fyrst og fremst að greiða fyrir saltsíldarsölu til Rússlands. Deildin ábyrgðist greiðslu á söluandvirði þeirrar síldar sem fór til Rússlands í apríl í fyrra, því miður aðeins tæplega 5 þús. tunnur. Þessar 24,2 millj. á gengi dagsins í dag eru enn ógreiddar. Ábyrgðin stendur til loka ársins. Ramminn, 3 millj. dollara, er hærri í hlutfalli við íslenskan þjóðarbúskap en flest önnur ríki hafa treyst sér til.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ekki veit ég til þess að nokkur hv. þm. hafi lagt það til í þessum sal, hvorki með till. til þál. né í ræðu að hann vilji brjóta niður síldarútvegsnefnd eða leggja hana niður. Það hefur eigi að síður verið skoðun mín að það eigi að auðvelda fleiri aðilum að koma að þessu máli með markaðsleit, markaðsrannsóknum og taka þátt í útflutningsstarfseminni. Þar veit ég að hæstv. sjútvrh og hv. þm. sem hér hafa talað taka hjartanlega undir og vilja að stuðla. (**Gripið fram í:** Hver bannar það?)

Sú umræða, sem hér hefur farið fram, hefur vald-

ið mér með nokkrum hætti vonbrigðum vegna þess að það sem vakir í mínum huga er ekki hvort síldarútvegsnefnd verði brotin niður eða lögð niður heldur hvort atvinnulífið í dreifðum byggðum landsins verði frekar brotið niður en raun ber vitni. Þess vegna spurði ég hæstv. sjútvrh. um það hvort gripið hafi verið til einhverra aðgerða og ráðstafana til að tryggja enn betur en verið hefur hingað til sölu saltsíldar á erlendum mörkuðum. (Gripið fram í.) Ég veit vel að hæstv. sjútvrh. vill gera vel í þessu máli og leggja sig fram eins og hann frekast má og ég veit það líka að hv. þm. Egill Jónsson hefur sama hug þó hann hafi ekki sömu getu. Það er önnur hlið málsins. En hvort árangur næst, það er kjarni málsins. Ég veit um hug hæstv. sjútvrh. og vona að hann birtist í jákvæðari hugarfari gagnvart þessu máli þegar það verður næst til umræðu í þinginu.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég fagna því að það er samstaða með okkur hv. málshefjanda að það verði að horfa á þetta mál út frá hagsmunum fólksins í landinu og hagsmunum þeirra sem vinna við að verka síld. En það er hins vegar alveg nauðsynlegt að ítreka það enn og aftur að síldarútvegsnefnd hefur ekki einkaleyfi og hver og einn sem óskað hefur eftir leyfi til útflutnings hefur fengið það leyfi og jafnvel aðstoð við það frá síldarútvegsnefnd og sölusamtökin hafa unnið mjög markvisst að sölu á frystri síld og við verðum að gera okkur grein fyrir því eftir að Rússlandsmarkaðurinn er fallinn að langsamlega stærstu markaðirnir fyrir síldarafurðir eru fyrir frystar síldarafurðir og við verðum að vinna okkur stöðu á þeim mörkuðum. Síldarútvegsnefnd hefur gert það mjög markvisst. Hún selur síld inn á alla markaði. Aðstaða hennar í því efni er misjöfn. Sums staðar eru tollahindranir í vegi. Það er vissulega rétt að það náðist umtalsverður árangur í samningunum um EES en því miður fengum við ekki það fram sem við helst kusum, þar á meðal ekki tollfrelsi af edikverkaðri síld sem líklegust er til þess að geta verið ný vöruþróun inn á þann markað.

Þannig sýnist mér að það hafi sannarlega verið unnið mjög kappsamlega í þessu efni og stjórnvöld munu fyrir sitt leyti aðstoða við það eins og frekast er kostur en ég held að það sé til vitnis um þann árangur sem íslenskir söluaðilar hafa náð að við höfum þrátt fyrir fall markaðarins í Rússlandi selt hærra hlutfall af okkar síld til manneldis en aðrar þjóðir hér við Norðaustur-Atlantshafið hafa gert.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá er þessari umræðu utan dagskrár lokið. Dagskrá fundarins er tæmd. Fleira liggur ekki fyrir fundinum. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

27. FUNDUR

fimmtudaginn 8. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til menntamálaráðherra:

1. Hlustunarskilyrði útvarps á Stöðvarfirði og í Breiðdal, fsp., 39. mál, þskj. 40.
2. Fræðsluefni um EES, fsp., 76. mál, þskj. 78.
3. Svæðisútvarp Vestfjarða, fsp., 83. mál, þskj. 90.

Til iðnaðarráðherra:

4. Vannýtt orka Landsvirkjunar, fsp, 79. mál, þskj. 84.

Til landbúnaðarráðherra:

5. Embætti dýralæknis á sunnanverðum Vestfjörðum, fsp., 81. mál, þskj. 88.

Hlustunarskilyrði útvarps á Stöðvarfirði og í Breiðdal, ein umr.

Fsp. HG, 39. mál. — Þskj. 40.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 40 ber ég fram fsp. til hæstv. menntmrh. um hlustunarskilyrði útvarps á Stöðvarfirði og í Breiðdal. Fsp. er svohljóðandi:

„1. Hvað veldur slæmum móttökuskilyrðum á útsendingum hljóðvarps og sjónvarps á Stöðvarfirði og sumpart einnig í Breiðdal?

2. Hvaða áform eru uppi til að ráða bót á þessu á næstunni?“

Tilefni fyrirspurnarinnar eru kvartanir sem bornar hafa verið fram við mig um það að móttökuskilyrði frá Ríkisútvarpinu séu mjög ófullnægjandi á þessu svæði, sérstaklega á það við um Stöðvarfjörð en sumpart einnig Breiðdal en mun vera misjafnt eftir því hvar er í byggðarlaginu. Varðandi t.d. sjónvarp þá hefur það gerst undanfarið að mikið hefur fallið út eða truflast að því er virðist af ástæðum sem ekki liggja ljósar fyrir. Ég veit að það hefur verið til umræðu að hitt sjónvarpsfélagið, þ.e. Íslenska sjónvarpsfélagið, leigði sér sérstaka ljósleiðararás fyrir sínar sendingar sem yrðu væntanlega mun betri en frá Ríkissjónvarpinu meðan það ekki notar sömu tækni. Aðalatriðið er það að nauðsynlegt er að tryggja landsmönnum öllum bestu móttökuskilyrði sem hægt er frá þessum aðalfjölmiðlum okkar, sérstaklega ríkisfjölmiðlunum. Það er nóg samt sem veldur mismunun í aðstöðu manna þó reynt verði að tryggja þetta.

Ég treysti því að hæstv. menntmrh. upplýsi um stöðu málsins eins og hún blasir við frá sjónarhóli Ríkisútvarpsins og ráðuneytisins og bíð eftir svari hans.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. sjútvrh. er um þessar mundir starfandi menntamálaráðherra og tekur hann nú til máls.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ríkisútvarpið hefur með bréfi svarað þeim fyrirspurnum sem hv. þm. hefur borið fram með þessum hætti:

„Algengasta leið sjónvarps- og hljóðvarpsmerkja eru tvö til þrjú þrep. Annars vegar stofnleið um örbylgju sem dreifir merkjum til sendistöðva og hins vegar frá hinum ýmsu sendistöðvum til notenda, stundum fyrir milligöngu endurvarpa.

Þeir sem aftast eru í keðjunni verða fyrir samanlögðum bilunum allra milliliða á undan. Þannig eru þessu háttað á Stöðvarfirði og nokkrum öðrum stöðum á Austfjörðum og sumpart einnig í Breiðdal. Bilanir hafa verið þó nokkrar á Austfjörðum í sumar. Má þar nefna erfiða bilun sjónvarpssendis á Gagnheiði sem þó tókst að gera við seinni hluta júlímánaðar. Þegar aflminni varasendir sendi út náði hann ekki nægjanlega sterku merki víða, m.a. á Stöðvarfirði og í Breiðdal og olli það erfiðleikum á móttöku sjónvarps. Þá sló eldingu niður í örbylgjustöðina á Hellisheiði og fleira mætti nefna af bilunum sem ættu nú að vera úr sögunni.

Önnur orsök útfalla, bæði útvarps og sjónvarps, eru ákveðnir grundvallarveikleikar í uppbyggingu örbylgju- og dreifikerfis. Má e.t.v. kalla það hönnunargalla frekar en bilanir. Kemur þar til að örbylgju- og dreifikerfi Ríkisútvarpsins er komið til ára sinna sem einnig hefur áhrif á áreiðanleika kerfisins. Þótt kerfið hafi svarað kröfum tímans þegar það var hannað og gangsett þá mun það tæpast gera það í dag. Samanlögð útföll sendinga vegna þessa þættu vart boðleg á Reykjavíkursvæðinu."

Varðandi síðari fyrirspurnina segir svo í bréfi Ríkisútvarpsins:

„Nú standa yfir viðræður við rekstraraðila dreifikerfis Pósts og síma um endurbyggingu örbylgjukerfis Ríkisútvarpsins eða um mögulega leigu á flutningsleiðum í ljósleiðarakerfi Pósts og síma sem verið er að leggja um landið. Með nýju kerfi er ætlunin að færa senda, m.a. á Stöðvarfirði, þannig að endurvarp frá Gagnheiði hætti að vera aðalflutningsleið. Þá verða einnig úr sögunni árstíðabundnar sjónvarpstruflanir frá erlendum stöðvum sem gætir aðallega vor og haust. Það mun skýrast á næstu mánuðum hvor kosturinn verður valinn og þá um leið hvenær úrbóta er að vænta. Bygging nýs örbylgjukerfis eða leiga á ljósleiðara hringinn í kringum landið mun kosta Ríkisútvarpið mikið fé en er engu að síður nauðsynlegt til að tryggja öryggi og gæði þjónustunnar."

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál hér upp. Þó að þarna sé verið að ræða um ákveðið svæði á landinu vil ég taka undir þessa fsp. og mælast til þess við hæstv. menntmrh. og óska eftir því úr þessum stól að ráðherra geri alþingismönnum grein fyrir stefnu Ríkisútvarpsins að því er það varðar að tryggja landsmönnum öllum þau sjálfsögðu réttindi að geta hlustað á íslenska Ríkisútvarpið og íslenskt sjónvarp.

Það er auðvitað útilokað mál og allsendis óviðunandi ástand sem ríkir í þessum málum að allir landsmenn skuli ekki eiga sama rétt til þess að geta hlustað á ríkisfjölmiðla, útvarp og sjónvarp, fyrir utan það öryggi sem því fylgir að hafa þessa sjálfsögðu þjónustu. Því endurtek ég það að ég hvet hæstv. ráðherra og bið um það að hann geri alþingismönnum, ekki endilega nú heldur mjög fljótlega, grein fyrir því hver áform eru uppi um það að tryggja landsmönnum þessi sjálfsögðu mannréttindi.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin við báðum liðum fsp. Þar er staðfest að tilefni var til að leita upplýsinga og jafnframt að til að ráða bót á þessu ástandi til frambúðar, sem er kannski ekki eins slæmt þessa stundina og þegar það var verst fyrir fáum mánuðum, þarf að ráðast í aðgerðir, eins og kom fram í svari ráðherrans, byggingu örbylgjukerfis eða leigu á ljósleiðara sem hvort tveggja mun vera kostnaðarsamt. Hér er því um að ræða mál sem vafalaust varðar fjárveitingar til Ríkisútvarpsins og snertir því meðferð Alþingis á fjárveitingum til þess. Auðvitað er þetta spurning um forustu ríkisstjórnar að þessu leyti að því er varðar fjárlagafrv.

Ég vil að sjálfsögðu hvetja til þess að brugðist verði við nú og í sambandi við undirbúning fjárlaga fyrir næsta ár til þess að mögulegt verði að nýta þá tækni sem í boði er. Þá held ég að menn horfi eðlilega til ljósleiðara sem búið er að leggja um mikinn hluta landsins og að ríkisstofnun eins og Ríkisútvarpið geti nýtt sér þá braut sem þar hefur verið lögð. Ef menn hafa aðrar viðunandi lausnir ber auðvitað ekki að hafna þeim fyrir fram.

Ég tek undir þau orð hv. þm. Stefáns Guðmundssonar að auðvitað er þörf á því að fá heildaryfirlit yfir stöðu þessara mála á landinu öllu því það er víðar en á fyrrnefndu svæði sem ástandið er óviðunandi. Ég vek athygli þeirra þingmanna sem eru umbjóðendur fólks á þéttbýlissvæðinu, Reykjavíkursvæðinu, á þessu og hvet þá til að styðja við þetta mál því það getur auðvitað hver maður séð hversu gjörsamlega óviðunandi það er nú á tímum að búa ekki við bærilegt ástand að því er snertir aðgang að meginfjölmiðlum landsmanna.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Eins og fram kom í bréfi Ríkisútvarpsins um þetta efni þá er unnið að þessum málum af hálfu Ríkisútvarpsins. Það sinnir þessu hlutverki eðlilega. Ég get alveg tekið undir þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. 4. þm. Norðurl. v. og reyndar einnig hjá hv. málshefjanda að það geti verið æskilegt að gera grein fyrir stöðu þessara mála á landinu öllu og áformum Ríkisútvarpsins svo og fjármálahlið þessa máls. Ég

mun beita mér fyrir því að Ríkisútvarpið taki saman slíka greinargerð sem þingmenn hafi aðgang að.

Svæðisútvarp Vestfjarða, ein umr.

Fsp. JVK, 83. mál. — Þskj. 90.

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að beina tveimur fsp. til hæstv. menntmrh. Greinargerð mín með fsp. er svo hljóðandi:

Starf fréttamanns hefur verið á Vestfjörðum frá árinu 1986. Þegar svæðisútvarp Vestfjarða tók til starfa árið 1989 var almenn ánægja með það meðal Vestfirðinga og sérstaklega hjá íbúum Ísafjarðarsýslna sem heyrðu strax sendingar. Þar hófust útsendingar en gert var ráð fyrir því að næsti áfangi yrði að koma á útsendingu til annarra hluta Vestfjarða, þ.e. í Barðastrandarsýslur og Strandasýslu. Nú nokkrum árum seinna bólar ekkert á þessari framkvæmd. Íbúar þeirra hluta Vestfjarða, sem ekki ná sendingum svæðisútvarpsins, eru að vonum óánægðir með þennan seinagang. Frá þessum stöðum eru fluttir fréttapistlar í svæðisútvarpinu en hvorki fréttaritari á viðkomandi stað né íbúar hafa möguleika á að heyra þá.

Það væri einnig eðlileg þróun að hafa starfandi fréttamann sjónvarps í þessum landshluta sem og fleirum en það er aðeins á Akureyri sem sjónvarpið hefur starfandi fréttamann utan Reykjavíkur. Þó öðru hvoru komi fréttamyndir frá Vestfjörðum í sjónvarpi þá starfar sá maður sem þær sendir aðeins sem verktaki. Hann sendir fréttamyndir en hefur enga tryggingu fyrir því að þær verði teknar til birtingar. Æskilegt væri að í tengslum við svæðisútvarpið væri einnig starfandi fréttamaður fyrir sjónvarpið. Þar væri þá samnýting á tækjum, húsnæði og aðstöðu.

Því beini ég eftirfarandi spurningum til hæstv. menntmrh.:

„1. Hvenær má vænta þess að sendingar svæðisútvarps Vestfjarða nái til alls fjórðungsins?

2. Er fyrirhugað að hafa starfandi fréttamann sjónvarps á Vestfjörðum í tengslum við svæðisútvarp Vestfjarða?“

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Sem svar við fyrri fsp. er þetta að segja:

Ástæðan fyrir því að svæðisútvarp nær enn ekki til sunnanverðra Vestfjarða er sú að þeim er þjónað frá sendi í Stykkishólmi. Annars vegar þjónar sendirinn þeim svæðum á sunnanverðum Vestfjörðum sem ná honum beint og hins vegar flytur hann dagskrá til endurvarpa á Patreksfirði, Tálknafirði, Bíldudal og Reykhólum. Þessi aðferð við dreifingu á þessum svæðum var valin þegar kerfið var byggt upp fyrir daga svæðisútvarpanna.

Ekki virðist tæknilega unnt að ráða bót á þessum sérstaka vanda nema með kostnaðarsömum hætti sem Ríkisútvarpið hefur hingað til ekki séð sér fært að ráðast í. Þetta mál er innanhússmál hjá Ríkisútvarpinu og menntmrn. hefur ekki skipt sér beint af forgangsröðun verkefna hjá stofnuninni.

Sem svar við síðari fsp. er þetta að segja:

Samkvæmt upplýsingum frá fréttastofu sjónvarps eru ekki uppi áform um að hafa starfandi fréttamann sjónvarps á Vestfjörðum að svo stöddu. Ríkisútvarpið ákveður sjálft forgangsröð verkefna út frá þeim fjármunum sem það hefur til ráðstöfunar og í þessu gildir það sama og með dreifikerfi svæðisútvarpsins. Menntmrn. lætur stofnunina um að raða verkefnum. Samkvæmt upplýsingum fréttastofu sjónvarps hefur sú þróun orðið á síðustu fjórum árum að kaup á fréttum utan að landi hafa tvö- til þrefaldast og stór hluti þessarar aukningar hefur einmitt verið á kaupum á sjónvarpsefni frá Vestfjörðum.

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. starfandi menntmrh. fyrir þessi svör. Það að þetta skuli þurfa að fara í gegnum Stykkishólm samkvæmt gamalli venju og uppbyggingu er að sjálfsögðu alveg út úr kortinu. Þess má líka geta að í sumar hefur verið unnið að því að leggja ljósleiðara frá þessu svæði, frá suðurhluta Vestfjarða og alla leið til norðursvæðisins. Það eru því möguleikar fyrir hendi á að nýta þennan ljósleiðara. Það sem fyrst og fremst kemur í veg fyrir það er að það kostar mjög mikið að nota hann. Póstur og sími hefur selt þá þjónustu mjög dýru verði. Það er náttúrlega allsendis óviðunandi að samskipti milli þessara tveggja ríkisstofnana þurfi að vera þannig að þegar búið er að byggja upp kerfi fyrir annað fyrirtækið sem hitt ríkisfyrirtækið gæti notað skuli ekki vera eðlilegt samstarf þar á milli.

Í öðru lagi gat ráðherra þess að þetta væri innanhússmál útvarpsins. Það má þá líka koma fram að Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins, sem á að standa undir slíkum framkvæmdum, hefur verið skertur. Samkvæmt lögum sem eru í gildi á hann að fá aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum og útvarpstækjum en hann hefur ekki fengið þau frá árinu 1986 heldur hafa þessi aðflutningsgjöld runnið beint í ríkissjóð.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er vissulega svo að fjárhagslegar aðstæður setja framkvæmdum á þessu sviði, eins og ýmsum öðrum, takmörk. Það er líka rétt að framlög í Framkvæmdasjóðinn hafa verið skert um mörg undanfarin ár. Þeir peningar hafa sannarlega verið notaðir í aðra þágu og það er auðvitað spurning ef hv. þm. telur að þeir hafi verið ranglega notaðir og þeir hafi ekki komið í góðar þarfir annars staðar, að þá geri hann þinginu þá grein fyrir því hvaða þjónustu á öðrum sviðum eigi að skera niður til að tryggja að peningarnir fari í þetta verkefni.

Embætti dýralæknis á sunnanverðum Vestfjörðum, ein umr.

Fsp. JVK, 81. mál. — Þskj. 88.

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Í lögum nr. 77 frá 1981 er landinu skipt niður í dýralæknisumdæmi. Áttunda umdæmið er Barðastrandarumdæmi. Í því eru Vestur-Barðastrandarsýsla og Múlahreppur sem nú tilheyrir raunar Reykhólahreppi. Þar hefur um tíma ekki setið dýralæknir og hefur þurft að sækja lækni til Ísafjarðar til að sinna nauðsynlegum störfum. Það hefur valdið bændum á þessu svæði ýmsum erfiðleikum og sem dæmi má nefna að þeir hafa safnað saman verkefnum og síðan fengið héraðsdýralækni á Ísafirði til að koma. Síðasta vor hafði einnig verið gengið út frá því meðal bænda í Rauðasandshreppi, sem eru aðallega mjólkurframleiðendur á svæðinu, að fá lækninn í hálfan mánuð frá Ísafirði. Þegar undirbúningi var lokið kom tilkynning frá landbrn. um að það yrði ekki leyft. Ráðuneytið neitaði greiðslu á ferðakostnaði. Bændur greiða annars sjálfir ferðakostnað á milli svæða eða innan sveitarinnar. Þessu var þó kippt í liðinn eftir nokkurt þóf. Bændur una að vonum illa því öryggisleysi sem þetta skapar og vænta þess að sem fyrst verði ráðinn dýralæknir í umdæmið.

Þess má einnig geta að sláturhús starfar á Patreksfirði og laxeldi er í Tálknafirði. Það er því full þörf á að dýralæknir sé í umdæminu. Dýralæknisbústaður var til staðar í Krossholti á Barðaströnd en var seldur samkvæmt heimild í fjárlögum 1991.

Því vil ég beina eftirfarandi spurningum til hæstv. landbrh.:

„1. Hve lengi hefur verið laust embætti dýralæknis á sunnanverðum Vestfjörðum?

2. Hvað hefur verið gert til að fá þangað dýralækni til starfa?

3. Er fyrirhugað að kaupa dýralæknisbústað á Patreksfirði í stað þess sem seldur var í Krossholti á Barðaströnd?“

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Barðastrandarumdæmi hefur ekki verið setið undanfarin fimm ár. Sá dýralæknir sem síðast hugðist taka umdæmið að sér taldi ólíklegt að dýralæknir fengist til að setjast þarna að í framtíðinni ef búseta yrði bundin við Krossholt. Eftir að hann hvarf frá var reynt að fá dýralækni til starfa í umdæminu en þeir settu sem skilyrði að búseta væri ekki bundin við dýralæknisbústaðinn í Krossholti og töldu meiri líkur á að fá dýralækni ef búseta væri á Patreksfirði. Af þessum sökum var dýralæknisbústaðurinn í Krossholti seldur og sá möguleiki opnaður að kaupa aðstöðu fyrir dýralækni á Patreksfirði. Því miður hefur enginn dýralæknir fengist til að setjast þarna að þó að öllum dýralæknum sem lokið hafa dýralæknaprófi eða verið á lausu hafi verið boðin staðan og þeim gert ljóst að þeir gætu sjálfir valið hvar þeir vildu hafa búsetu.

Fáist dýralæknir munu þeir fjármunir sem fengust fyrir bústaðinn í Krossholti verða notaðir til kaupa á nýjum bústað.

Það er vissulega mjög bagalegt að ekki sé starfandi dýralæknir í umdæminu eins og ályktanir þar um sýna glögglega. Þær orsakir sem líklegastar má telja að séu þess valdandi að dýralæknar sæki ekki um héraðið eru að þarna er um mjög fáar vitjanir að ræða og þeir telja sig ekki fá þá reynslu sem þeir þurfa að fá þegar þeir koma frá námi og koma því til með að staðna í þekkingu sinni. Auk þess hafa þau tilfelli komið upp að maki hefur ekki talið mögulegt að fá vinnu við sitt hæfi á þessu svæði og því verið horfið frá.

Reynt hefur verið að þjóna héraðinu með því að fá dýralækna til að taka að sér reglubundið eftirlit eins og kjötskoðun og fjósaeftirlit. Auk þess hafa dýralæknar verið fengnir til að fara í yfirreið um héraðið, bæði á sumri og vetri, til að sinna dýralæknisverkum. Ráðuneytið hefur þá sett dýralækna í stöðu héraðsdýralæknis og jafnframt greitt ferðakostnað fyrir þá inn í héraðið til þess að jafna kostnað miðað við að dýralæknir sæti í héraðinu.

Með tilliti til núverandi aðstæðna í landbúnaði og viðhorfum dýralækna þykir mér ólíklegt að þetta ástand breytist mikið í náinni framtíð.

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans. Þau voru greinargóð. Ég vil ítreka að hreppsnefnd Patrekshrepps, heilbrigðisnefnd Barðastrandarsýslu og héraðsnefnd Barðstrendinga hafa allar sent frá sér erindi þar sem þetta er ítrekað og óskað úrlausnar í þessum málum. Þá hafa einnig 400 einstaklingar á þessu svæði undirritað áskorun um það að dýralæknisembættið sé setið.

Það að þarna er, eins og annars staðar á landinu, minnkandi framleiðsla á landbúnaðarvörum er að sjálfsögðu alveg rétt hjá hæstv. landbrh. en ég tel þó að það sé ekki nægilegur rökstuðningur fyrir því að ekkert frekar verði aðhafst í þessum málum. Laxeldi er vaxandi atvinnugrein í Tálknafirði. Það er farið að ganga nokkuð vel og virðist ætla að skila af sér talsverðum arði á næsta ári og næstu árum. Þar að auki hef ég ekki heyrt um að bændur þarna séu almennt að hætta búskap en þeir verða að sjálfsögðu að taka á sig þá skerðingu sem er þessi missirin.

Ég vona því að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir því að þetta dýralæknisembætti verði setið og meðan svo er ekki sé það skipulagt með hvaða hætti bændur fái þá þjónustu sem þeir eiga heimtingu á samkvæmt lögum. Má í því sambandi benda á að bæði er héraðsdýralæknir á Ísafirði og líka er hægt að fá dýralækni frá Stykkishólmi tímabundið eða skipuleggja ferðir hans og nýta þá til þess fastar ferðir með Baldri.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég hélt að svar mitt hefði borið það glögglega með sér að yfirdýralæknir hefur lagt mikið

á sig til að reyna að bæta úr þessu ástandi og fá dýralækni ráðinn til starfa í Barðastrandarumdæmi og hann þarf ekki hvatningar við í þeim efnum. Ég vona að það sé alveg skýrt. Ég hef ekki ástæðu til að draga í efa að það sem hann segir um þau efni hafi við rök að styðjast. Ég vil að það sé alveg ljóst að ég treysti mér ekki til að ganga lengra en þegar hefur verið gert.

Í öðru lagi ber svarið það með sér að ráðuneytið hefur sett dýralæknisstöðu héraðsdýralæknis í Barðastrandarumdæmi og jafnframt greitt ferðakostnað fyrir dýralækna inn í héraðið til þess að jafna kostnaðinn miðað við að dýralæknir sæti í héraðinu. Þarna er því ekki um íþyngjandi aðgerð að ræða fyrir bændur þar. Á hinn bóginn eru samgöngur orðnar mjög góðar en auðvitað er það sums staðar svo að það er langt til dýralæknis frá þeim stað þar sem hann situr þótt innan sama umdæmis sé. Það verður ekki hægt að búast við því að dýralæknir sé í hverju byggðarlagi, allra síst þar sem minnst er að gera.

Vannýtt orka Landsvirkjunar, ein umr.

Fsp. JHelg, 79. mál. — Þskj. 84.

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Eins og öllum er kunnugt er nú fyrir hendi mikið af ónotaðri raforku hjá Landsvirkjun. Iðnrn. hefur lagt fram mikla vinnu og fjármagn til að reyna að selja þessa orku erlendum aðilum til stóriðju en því miður án árangurs enn þá. Hins vegar hefur þess minna orðið vart að unnið hafi verið markvisst að því að fá aukinn markað fyrir þessa orku hjá innlendum aðilum þar sem víða virðast vera möguleikar. Vil ég í því sambandi nefna tvö dæmi.

Saltfiskur er nú fluttur út óþurrkaður. Meðal kaupanda hans er danskt fyrirtæki sem þurrkar hann og selur síðan. Ástæðan fyrir því að íslenska saltfiskverkunin er ekki samkeppnisfær er sú að danska fyrirtækið fær orkuna til þurrkunar á 50–70% lægra verði en íslensku fyrirtækin. Afleiðingin er sú að Landsvirkjun fær ekkert fyrir þá orku sem þarna væri hægt að selja sem hún getur þó framleitt að kostnaðarlausu en fengið nokkra greiðslu fyrir ef afsláttur væri veittur. Atvinnulaust fólk fær ekki vinnu við þessa starfsemi og ríkissjóður verður að greiða því atvinnuleysisbætur. Þjóðarbúið fær ekki gjaldeyri til að draga úr viðskiptahalla með þeirri verðmætaaukningu sem aukin vinnsla mundi skapa.

Á undanförnum árum hefur lýsing við garðyrkju farið vaxandi og bændur eru búnir að ná góðum tökum á þeirri tækni. Ársnotkun á rafmagni við lýsingu í gróðurhúsunum er talin vera 9,3 gwst. Hins vegar er áætlað að markaður fyrir auknar afurðir gæfu möguleika til að nota allt að 47 gwst. og sú aukna starfsemi veitti möguleika á 50–100 störfum til viðbótar ef orkan fengist á sambærilegu verði og í nágrannalöndum okkar. Norskir bændur greiða 1–1,50 ísl. kr. á kwst. þegar verðið til íslenskra bænda eru 2,80–3 kr. á kwst. Afleiðingin er sú sama, Landsvirkjun fær ekkert, ríkissjóður greiðir atvinnuleysisbætur og erlendar lántökur vaxa við að greiða innfluttar afurðir.

Þannig væri hægt að halda áfram að telja upp. T.d. mætti spyrja hve miklu fleiri fiskeldisstöðvar væru nú með framleiðslu þegar afurðaverðið fer hækkandi, eins og kom fram í máli síðasta fyrirspyrjanda, ef orkuverð þeirra hefði verið lækkað meira og fyrr.

Ég hef því leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. iðnrh. á þskj. 84:

„Hefur iðnaðarráðuneytið gert úttekt á því hversu mikla orku umfram það sem Landsvirkjun selur nú væri hægt að selja til útflutnings- og samkeppnisiðnaðar ef hún væri seld á hliðstæðu verði og er í nálægum samkeppnislöndum okkar?"

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr hvort iðnrn. hafi gert úttekt á því hversu mikla orku umfram það sem Landsvirkjun selur nú væri hægt að selja til útflutnings- og samkeppnisiðnaðar væri hún seld á hliðstæðu verði og tíðkast í nálægum samkeppnislöndum okkar. Til að svara þessu vil ég láta það koma fram að þegar fyrirsjáanlegt var að um verulega umframorku yrði að ræða á íslenskum orkumarkaði á þessu og næstu árum boðaði ráðuneytið í byrjun þessa árs til viðræðna milli fulltrúa Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Sambands ísl. rafveitna og umhvrn. til þess að ræða leiðir til að stuðla að aukinni hlutdeild raforku í okkar orkubúskap og auka sölu á raforku. Það er fyrirsjáanlegt með tilkomu Blöndu að það á að vera unnt að bjóða orku með núverandi afkastagetu okkar orkukerfis sem svarar 500–600 gwst. umfram það sem markaðurinn spyr eftir. Í þessu verkefni er í aðalatriðum um tvær leiðir að ræða. Annars vegar með ráðstöfunum sem miða að því að raforkan komi í stað olíu og hins vegar með því að stuðla að aukinni starfsemi eða nýjungum. Eins og hv. fyrirspyrjandi gat réttilega um þá hefur áherslan að undanförnu ekki síst verið á það lögð að fá til landsins nýjan iðnað sem noti orku í stórum stíl.

Svo ég víki aftur að þessum viðræðum sem fram fóru í byrjun ársins, þá tóku dreifiveiturnar að sér að fara yfir hvar rafmagn gæti komið í stað innflutts eldsneytis í núverandi orkubúskap okkar. Þar nefni ég kannski helst og fyrst stór hús á svo nefndum köldum svæðum, þ.e. þar sem hitaveitukynding á grundvelli jarðvarma er ekki möguleg, og eru nú olíukynnt vegna þess að raforkan er einfaldlega ekki samkeppnisfær við olíu á núverandi verðlagi.

Ef litið er á núverandi húshitunarspár er talið að olíunotkun til húsahitunar geti verið 120 gwst. um þessar mundir en því miður er að mínum dómi alls ekki raunhæft að rafmagn geti náð öllum þeim markaði en það þarf þó að reyna. Rafmagn er ekki heldur samkeppnisfært við olíu við hitun á sundlaugum. Olíunotkun sundlauga er veruleg, hún er talin um 20 gwst. á ári. Kunnugt er að fiskmjölsiðnaðurinn notar verulegt magn af olíu. Stundum má vera að ótryggt raf-

magn geti í sumum tilfellum keppt við olíuna á þessum markaði.

Landsvirkjun, Rafmagnsveita Reykjavíkur og Rafmagnsveitur ríkisins hafa sameiginlega unnið að því að undanförnu að undirbúa átak í því að selja raforku. Þegar hefur verið mótuð tillaga um nýja skilmála varðandi sölu á umframorku en með þeim skilmálum er að því stefnt að örva tímabundið sölu á raforku umfram venjulega aukningu. Það er gert ráð fyrir því að tekjur af núverandi orkusölu minnki ekki, sem er ákaflega mikilvægt skilyrði, en sala umframorkunnar færi fyrirtækjunum viðbótartekjur sem auðvitað gætu óbeint leitt til lækkunar á öðrum töxtum. Tillaga þessi er núna til meðferðar og umfjöllunar hjá rafveitunum og er álits þeirra að vænta á næstunni. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir því að notendur geti ákveðið sína notkun á raforku á nýjum sviðum eða hefðbundnum með því að kaupa raforkuna tímabundið á lægra verði en samkvæmt almennum töxtum. Samkvæmt þessari tillögu er það ekki gert að skilyrði enda að mínu áliti óeðlilegt að kaupendurnir væntanlegu séu starfandi í útflutnings- eða samkeppnisiðnaði heldur verði reynt að gefa þeim notendum kost á umframorku sem geta aukið sína notkun umtalsvert. Auðvitað þarf þarna að vera um sýnilega viðbótarsölu að ræða, ekki lækkun á þeirri sölu sem fyrir er. Þessar ráðstafanir mega þó auðvitað ekki verða til þess að skekkja samkeppnisstöðu einstakra fyrirtækja á kostnað annarra sem er fyrir hendi á sama sviði. Þessir skilmálar eru senn fullmótaðir og ég vona að þeir nái nokkrum árangri í því að koma í verð því vatni sem nú rennur arðlaust til sjávar í gegnum vélarnar í Blönduvirkjun og annars staðar.

Það er erfitt að meta það á þessari stundu hversu mikið er hægt að auka raforkunotkun með þessu átaki en aðstandendur þess vonast til þess að með því verði a.m.k. hægt að bæta við raforkusöluna 15–20 gwst. á ári umfram það sem annars yrði.

Loks vil ég geta þess, virðulegi forseti, og ég lýk senn mínu máli, að iðnrn. hefur sett á fót sérstakan starfshóp með Hafnasambandinu sem ætlað er að kanna hvort og hvernig unnt sé að auka raforkunotkun skipa sem liggja við festar í höfnum landsins.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli hér. Hæstv. iðnrh. lýsti því yfir fyrir ekki mjög löngu síðan að hann mundi hafa um það frumkvæði að leita leiða til að auka orkusölu til íslenskra fyrirtækja. Íslensk fiskvinnsla hefur m.a. mátt búa við óhóflega hátt orkuverð. Því vakti það undrun mína fyrir örfáum dögum, þegar fulltrúar þessarar atvinnugreinar sátu fund með sjútvn. þingsins, að þegar ég varpaði fram þeirri spurningu til forsvarsmanns Sambands fiskvinnslustöðva hvort ráðuneytið hefði haft samband við þá stofnun og þau fyrirtæki sem innan greinarinnar störfuðu um hugsanlega lækkun á orkuverði til íslenskrar fiskvinnslu kannaðist hann ekkert við málið og sagði að aldrei hefði verið við hann rætt um þetta mál.

Því spyr ég og hlýt að velta því fyrir mér hvort þessi yfirlýsing ráðherrans, sem gefin var í sama ræðustól og ég stend í, hafi verið einhvers virði.

Ráðherrann segir það nú að hann hafi sett nefnd á laggirnar fyrir ári síðan til að endurskoða og reyna að gera tillögur í þessu efni. Hann nefndi að vísu ekki nöfn þeirra sem í nefndinni sitja eða hverjir hefðu verið skipaðir í nefndina og frá hverjum. Ég leyfi mér að draga í efa að þeir sem tilnefndir hafa verið hafi mikinn áhuga á því að lækka orkuverð til íslenskra fyrirtækja.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Mig langar að taka undir þakkir til fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Þetta er að vísu ekkert nýmæli, við sem höfum lengi verið á þingi höfum ábyggilega einu sinni á ári og kannski oft á hverju ári vakið athygli á nauðsyn þess að hagnýta okkar umframorku. Engu að síður er góð vísa aldrei of oft kveðin.

Ég er ekki viss um að það sé alveg rétt að ekki megi lækka verð á orku sem hvort sem er nýtist alls ekki og rennur fyrir enga greiðslu til sjávar. Ég held að það sé röng hugsun að ekki megi beinlínis lækka verð á orkunni, sérstaklega á tímum eins og nú er þegar allir búast við og horfa upp á atvinnuleysi og hreina afturför, sem við höfum ekki séð áður, í þessu annars ágæta samfélagi. Ég held að núna sé einmitt ástæða til að lækka orkuverð mjög rækilega og nýta þá orku sem ekki er nýtt en þegar hefur verið greitt fyrir.

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans og vil sannarlega láta í ljós þá von að það sem hæstv. ráðherra er að láta vinna að nú beri árangur. Það er rétt að oft hefur verið rætt um það hér hvernig hægt væri að láta innlenda orku koma í stað innfluttrar. Það hefur vissulega mikið gildi fyrir þjóðarbúskapinn, sérstaklega þegar framleiðsla hinnar innlendu orku kostar ekki neitt eins og nú háttar. Hins vegar var ég sérstaklega með það í huga að margföld ástæða væri til að nýta orkuna þegar hægt er að benda á dæmi þess að ef viðbótarorkan er lækkuð til þess verðs sem er í okkar samkeppnislöndum er hægt að auka fjölda starfa, koma í veg fyrir atvinnuleysisbætur, greiðslur á þeim úr ríkissjóði, og draga eitthvað úr viðskiptahalla. Það er því margföld ástæða að mínu mati til þess að gera sérstakt átak núna. Þegar fyrirtækin segja: Við getum aukið okkar starfsemi ef við fáum orkuna á sama verði og keppinautarnir í nágrannalöndunum, finnst manni ótrúlegt ef ekki er reynt að verða við slíku og nota þá möguleika. Það hefur verið mjög talað um það og hæstv. viðskrh. gerði það fyrir skömmu síðan að það þyrfti að jafna skattalög og samræma þau hér á landi og í samkeppnislöndunum, nágrannalöndum til þess að fá erlenda aðila til að fjárfesta hér. Ég held það þurfi ekkert síður að huga því að bæta stöðu íslensks atvinnurekstrar til þess að íslenskir eigendur geti rekið þau og aukið umsvif.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Það hefur komið glöggt fram í athugasemdum þeirra sem hér hafa talað að menn eru sammála um að það þurfi að gera sérstakt átak til þess að örva sölu á raforku umfram venjulega notkun hennar hér miðað við núgildandi aðstæður vegna þess að við þurfum að selja þessa umframorku. Um það er alls enginn ágreiningur. Spurningin sem við þurfum hins vegar að svara er hvernig við gerum þetta án þess að spilla fjárhagsstöðu þeirra fyrirtækja sem þarna eru söluaðilar. Vegna þeirrar athugasemdar sem kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. v. vil ég segja það alveg skýrt að skilmálar þeir sem nú hafa verið mótaðir um sölu á umframorku munu að sjálfsögðu líka gilda fyrir fiskiðnaðarfyrirtæki. Þeim munu verða kynntir þeir. Ég vil alls ekki fyrir fram ætla þeim sem að þessu standa, sem eru að sjálfsögðu fyrirtæki sem selja raforku, ráðuneyti selja ekki raforku, virðulegi þingmaður, heldur höfum við aðra skipan mála í okkar landi. (**Gripið fram í:** Voru ekki fulltrúar fyrirtækjanna í nefndinni?) Jú, að sjálfsögðu. Og þeir eru að móta þessi ...(**Gripið fram í:** Sem selja orkuna.) sem selja orkuna og munu gera þessar tillögur nú á næstunni heyrinkunnar þeim sem þeirra vilja. Ég er alveg sammála hv. þm. um að við þurfum ekki síst að leita þarna leiða í okkar undirstöðugreinum. En þó því aðeins að við séum ekki bara að færa vandamálin til í okkar samfélagi. Við verðum að leysa þau með því að selja raunverulega viðbótarorku.

Ég vildi taka undir með hv. 4. þm. Reykv. að það er auðvitað röng hugsun að ekki eigi að lækka verðið á þessari umframorku. Sú hugsun hefur alls ekki heyrst hér í þessum sal að það ætti ekki að gera. Hins vegar verður þarna allt að vera af setningi slegið og skynsamlega fram sett því að það er enginn bættari ef við búum bara til tap og fjárhagsvandræði í okkar orkufyrirtækjum í viðleitni til þess að leysa vanda annarra.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs og er umræðum lokið og fyrirspurninni svarað. Út af dagskrá er tekið 2. dagskrármál. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Til næsta fundar verður boðað þegar að loknum þessum fundi. Fundi er slitið.

28. FUNDUR

fimmtudaginn 8. okt.,
að loknum 27. fundi.

Dagskrá:

1. Eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, stjfrv., 78. mál, þskj. 83. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana, stjfrv., 41. mál, þskj. 42. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Vegasamband hjá Jökulsárlóni, þáltill., 23. mál, þskj. 23. — Fyrri umr.
4. Íslenskt sendiráð í Japan, þáltill., 64. mál, þskj. 66. — Fyrri umr.
5. Jarðhitaréttindi, frv., 69. mál, þskj. 71. — 1. umr.
6. Sveigjanlegur vinnutími, þáltill., 72. mál, þskj. 74. — Fyrri umr.
7. Gatnagerðargjöld, frv., 87. mál, þskj. 95. — 1. umr.
8. Jöfnunartollur á skipasmíðaverkefni, þáltill., þskj. 98. — Fyrri umr.
9. Almenn hegningarlög, frv., 89. mál, þskj. 99. — 1. umr.
10. Húsnæðisstofnun ríkisins, frv., 93. mál, þskj. 105. — 1. umr.
11. Almannatryggingar, frv., 94. mál, þskj. 106. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.,
Eiður Guðnason umhvrh.,
Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Sigríður Anna Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 7. okt. 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska eftir því að þar sem 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykn. getur ekki vegna sérstakra anna tekið sæti sitt á Alþingi, taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Reykn., Gunnar I. Birgisson verkfræðingur, Kópavogi, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn."

Þá er hér annað bréf, dags. 7. okt.:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti á Alþingi á næstunni sem 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykn.

María E. Ingvadóttir."

Kjörbréf Gunnars Birgissonar hefur verið rannsakað og samþykkt. Gunnar Birgisson hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því skv. 2. gr. þingskapa að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Gunnar Birgisson, 1. þm. Reykn., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Gunnar Birgisson hefur nú undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Vegasamband hjá Jökulsárlóni, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 23. mál. — Þskj. 23.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um aðgerðir til að tryggja vegasamband hjá Jökulsárlóni. Flm. að þessari till. ásamt mér eru hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Jóhann Ársælsson, hinn fyrrnefndi fyrrv. samgrh., hinn síðarnefndi fulltrúi Alþb. í samgn. þingsins. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hefja undirbúning aðgerða til að tryggja vegasamband á hringveginum hjá Jökulsárlóni í Austur-Skaftafellssýslu. Kostnaður við athuganir og aðgerðir í þessu skyni greiðist af óskiptu vegafé. Skilað verði skýrslu um málið til Alþingis fyrir næstu endurskoðun vegáætlunar."

Sem kunnugt er hafa orðið miklar breytingar á afstöðu láðs og lagar við Jökulsárlón í Austur-Skaftafellssýslu. Það voru heimamenn sem fyrstir vöktu athygli á því hversu hraðfara breytingar eiga sér hér stað. Í janúar 1990 kynnti Fjölnir Torfason á Hala, sem á hlut að ferðaþjónustu við Jökulsárlón, opinberum stofnunum niðurstöður af mælingum sínum á landbrotinu. Þáv. samgrh., 2. flm. tillögunnar, svaraði í framhaldi af því fyrirspurn um málið á Alþingi og beitti sér fyrir fyrstu aðgerðum. Síðan hafa Vegagerð ríkisins og fleiri fylgst með þróun á svæðinu og rætt hefur verið hvernig við skuli bregðast. Veglína austan brúar hefur þegar verið færð til og er nú styst tæpa 140 metra frá fjörubakka, en var áður í 56 metra fjarlægð.

Strandlínan á þessu svæði hefur færst inn sem nemur 700 metrum frá því í byrjun aldarinnar eða sem svarar 8,5 metrum á ári að meðaltali. Nú eru aðeins um 300 metrar frá fjörubakka að hengibrúnni á þjóðvegi en sú brú var byggð á árunum 1966–1967. Þetta segir hins vegar ekki alla sögu því að breytingar hafa einnig orðið á inn- og útfalli úr jökullóninu norðan brúar, raunar stórkostlega miklar breytingar og er þar mikið vatn á ferð. Við óhagstæðar aðstæður, stórstreymi og brim, getur hér orðið hraðfara rof sem veikir undirstöðu brúarinnar löngu áður en strandlínan hefur náð henni, sem líkur eru á að geti orðið á nokkrum áratugum.

Jökulsárlón er nú orðið um 12,5 km^2 að stærð og fer stækkandi því að Breiðamerkurjökull er stöðugt að hopa. Það hop orsakast að mati Helga Björnssonar jöklafræðings ekki síst vegna áhrifa lónsins á jökulinn. Nýlegar mælingar á þykkt jökulsins hafa leitt í ljós að hann liggur í lægð sem er undir sjávarmáli á um 20 km vegalengd til norðurs, þ.e. inn til landsins. Fer dýpi vaxandi innan við núverandi jökulrönd og nær mest rúmlega 200 metrum undir sjávarmál. Ef jökullinn hyrfi væri þarna um 20 km langur og 2–4 km breiður fjörður sem næði inn á milli Esjufjalla og svokallaðs Svöludals norðvestur af Þverártindsegg. Það er því borin von að með áframhaldandi hopi jökulsins skapist aðstæður til brúargerðar norðan við núverandi Jökullón. Þetta kemur fram á fskj. með till., sem fylgdi til alþingismanna, ljósrit af litmynd sem sýnir þessar aðstæður þar sem vel kemur fram hvernig sjórinn lægi ef þarna væri jökullaust og fjalllendið umhverfis.

Hér er svo stórt og mikilvægt mál á ferðinni að nauðsynlegt er að kanna í tæka tíð hversu við skuli brugðist og hvernig standa eigi að framkvæmdum, tæknilega og fjárhagslega. Í till. kemur fram það viðhorf að eðlilegt sé að greiða kostnað vegna athugana og framkvæmda síðar af óskiptu vegafé þar eð hér er um stórmál að ræða sem varðar landið allt, á sinn hátt ekki ósvipað vegaframkvæmdum sem gerðar voru á Skeiðarársandi 1972–1974 og þá kostaðar með átaki sem allir landsmenn stóðu að.

Með till. er birt sem fskj. nýleg grein eftir Helga Jóhannesson, verkfræðing hjá Vegagerð ríkisins, og þar er dreginn fram marghátt aður fróðleikur og reifaðar fyrstu hugmyndir um æskileg viðbrögð. Enn fremur sú mynd sem ég sýndi hér áðan af botni Breiðamerkurjökuls og nágrennis samkvæmt íssjármælingum Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands, en það er eins og ég gat um Helgi Björnsson jarðeðlisfræðingur, ég nefndi hann jöklafræðing áðan, hann er hvort tveggja, sem hefur staðið fyrir þeim mælingum og haft af þeim veg og vanda á vegum sinnar stofnunar.

Það skal minnt á það að umrætt landbrot kemur við fleiri þætti en vegasambandið eitt því t.d. liggja raflínur og ljósleiðari um eiðið milli Jökulsárlóns og sjávar og taka þarf tillit til þess við málsmeðferð framvegis.

Þess er síðan að geta að frá því að tillaga þessi var lögð fram á þingi fyrir röskum mánuði hefur komið í ljós að það hefur orðið rof í farvegi Jökulsár á Breiðamerkursandi, óvænt rof sem ekki var sjáanlegt þegar athuganir voru gerðar á árinu 1991, eða 1990 öllu heldur. Það kemur sem sagt fram að síðan í mars 1991 hefur grafist upp úr farveginum innanverðum í átt að brúnni svo nemur dýpkun á farvegi árinnar um 2,40 m á þessum tíma frá því í mars 1991 og þannig er kominn áll mun dýpri en áður var að vestari brúarstólpa.

Það er því alveg ljóst að grípa verður til aðgerða þegar á þessum vetri ef menn ætla ekki að stefna þarna í verulega hættu varðandi mannvirki. Vegagerðin fylgist vissulega með þessum aðstæðum nú og nýtur tilstyrks heimamanna sem fylgjast með málum, m.a. Fjölnis Torfasonar sem hefur yfir bát að ráða og hefur stundað þarna mælingar og fylgst með þróun mála að þessu leyti.

Hér skal ekki farið út í það hvað gera þurfi þó ég hafi heyrt vangaveltur um það frá aðilum sem eru að líta á þessi mál að til bráðabirgða þurfi að setja einhvers konar þröskuld í farveginn til þess að spyrna á móti stórstraumsflóði inn í lónið, taka sem sagt af meðalflóð en spyrna gegn stórstraumsflóði sem færir gífurlegt magn af vatni inn í Jökulsárlónið, jafnstórt og það er. Rofmáttur þess er auðvitað gífurlega mikill þegar það mikla vatn sem þar er á ferð fjarar út um farveginn. Þarna er því vá fyrir dyrum nema gripið verði til aðgerða til bráðabirgða burt séð frá hinum

framtíðarvandanum sem sýnist vera að koma á okkur á einhverju tímabili vegna strandrofsins sem er einstakt í raun hér á landi. A.m.k. mun þetta vera í fyrsta sinn sem strandrof ógnar í einhverjum teljandi mæli í seinni tíð mannvirkjum hérlendis. Það væri þá helst rofið við Vík í Mýrdal á framburði vegna Kötluhlaupa sem nú er verið að fylgjast með vegna byggðarinnar í Vík og nágrenni.

Hér er að mínu mati, virðulegi forseti, stórt mál á ferð og þeim mun nauðsynlegra að tekið verði stefnumarkandi á því af hálfu þingsins. Það er lagt til í tillögunni að kostnaður af þessum aðgerðum greiðist af óskiptu vegafé, þ.e. að Austurlandskjördæmi leggi ekki meira til heldur en sem svarar hlut þess almennt sem eins kjördæmis í landinu vegna þess að hér er um samgöngur fyrir landið allt að ræða. Þetta varðar auðvitað alveg sérstaklega stærri aðgerðir en þetta snertir einnig bráðabirgðaaðgerðir sem sýnist nauðsynlegt að gripið verði til mjög fljótlega.

Ég vænti þess að þetta mál fái góða og ítarlega meðferð. Ég legg til að því verði vísað til samgn. þingsins og ég efast ekkert um að það verði góður hugur hjá þeim sem þar eiga sæti að veita málinu brautargengi, taka á því og kanna aðstæður sem varða málið og að við fáum að sjá það eftir umfjöllun nefndarinnar síðar á þessu þingi.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég kem hingað í ræðustól til þess að lýsa stuðningi við þessa tillögugerð um aðgerðir til að tryggja vegasamband hjá Jökulsárlóni sem hv. 3. þm. Austurl. hefur nú mælt fyrir. (Gripið fram í.) 4. þm. Austurl. Ég hækkaði hann aðeins upp um stundarsakir en tek það til baka. Tillagan og grg. með henni er mjög vönduð og ég hef í rauninni litlu við framsöguræðu hv. 4. þm. Austurl. að bæta. Ég vil undirstrika það að við þingmenn Austurlands höfum rætt þessi mál með samgöngunefnd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og þar kemur fram óskoraður stuðningur við þessa tillögu. Ég vildi að það kæmi fram við þessa umræðu um leið og ég óska eftir því og tek undir það að tillagan fái ítarlega meðferð í hv. Alþingi.

Eins og fram hefur komið er hér um einstakar aðstæður að ræða sem eiga sér ekki hliðstæðu hérlendis. Sú hætta sem þarna er uppi er frekar í ætt við náttúruhamfarir en að hún eigi sér hliðstæðu í öðru. Við höfum fylgst með því sem erum tíðum á ferð á Suðausturlandinu hversu óskaplegir náttúrukraftar eru að verki við ströndina. Þess er skemmst að minnast þegar suðurfjörutanginn á Höfn brast og hve samspil veðurfars, strauma og sjávargangs hefur mikil áhrif og hve miklar rannsóknir þarf til þess að fylgjast með því og geta brugðist við á réttan hátt.

Þarna er eins og fram hefur komið ekki hægt að bregðast við ef illa fer nema með úrræðum sem eru afar kostnaðarsöm og þess vegna er áríðandi að marka þá stefnu í upphafi að bregðast við í samræmi við það og eins og alltaf hefur verið gert þegar um náttúruhamfarir hefur verið að ræða. Í rauninni er þetta ástand sem þarna er, og ég tala nú ekki um ef það versnar enn, tengt því og á að meðhöndla sem slíkt. Þess vegna vil ég aðeins leggja áherslu á að tillagan fái ítarlega meðferð í hv. Alþingi. Ég styð það eindregið og í þingmannahópnum á Austurlandi er samstaða um að hún verði samþykkt á hv. Alþingi.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Mig langar að þakka hv. flm. þessarar tillögu fyrir vandaða tillögu sem ég get heils hugar tekið undir. Þarna er um að ræða afskaplega mikilvægt öryggismál, samgöngumál, og sameiginlega ábyrgð allrar þjóðarinnar. Ég vil jafnframt lýsa þeirri skoðun minni að ég vonast til þess að þær nauðsynlegu aðgerðir sem grípa verður til og lagt er til í tillögunni að gripið verði til verði þó á þann veg að unnt verði að varðveita það náttúruundur sem Jökulsárlón er. Ég hygg að allir sem þangað hafa komið og átt þess kost að skoða þetta einstaka fyrirbæri og sigla þar um séu á einu máli um að þarna er um mikinn ævintýraheim að ræða sem við eigum ekki kost á að kynnast á mörgum öðrum stöðum trúi ég, ef nokkrum. Ég tel að þessi sjónarmið séu að mörgu leyti hin sömu og megi sætta. Ég hef heyrt hugmyndir heimamanna, m.a. Fjölnis Torfasonar, sem eru þess fullvissir að þarna sé um mjög vel leysanlegt mál að ræða.

Erindi mitt í stólinn er ekki að gera nákvæma grein fyrir þessu máli, það tel ég að hv. flm. hafi gert, heldur einungis að tengja þessi tvö sjónarmið í umræðunni, öryggissjónarmiðið og þær nauðsynlegu aðgerðir sem grípa verður til og jafnframt það að við fáum áfram að njóta þeirrar náttúruperlu sem þarna er.

Ég tek undir þessa tillögu. Ég tel hana tímabæra og brýna og ekki megi taka langan tíma að afgreiða hana þótt að sjálfsögðu verði að vanda vel til vinnu. Hér hefur verið unnin ákveðin forvinna þannig að það er e.t.v. meira um vilja að ræða en að það þurfi svo ýkjamikið í viðbót að fást við hér. Hér er um að ræða að byrja ígrundað á aðgerðum og tryggja það vegarsamband sem er okkur svo bráðnauðsynlegt.

Ég minnist þess er ég fyrst heimsótti Skaftafellssýslur og það tók einn dag að fara í vestursýsluna og þrjá að komast austur. Ég held að enginn sé reiðubúinn til að stíga það skref aftur á bak. Út af fyrir sig eiga auðvitað allir landsmenn hagsmuna að gæta en vissulega eiga þingmenn Austfjarða mestar skyldur vegna þess að þeir eru jafnframt að gæta brýnna hagsmuna síns kjördæmis.

En ég ítreka það að ég fagna þessari tillögu og styð hana og vona að hún fái vandaða og skjóta málsmeðferð.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. sem hér hafa talað um málið og lýst stuðningi við tillöguna fyrir þeirra góðu orð og ábendingar. Það var gagnlegt sem fram kom hjá hv. 2. þm. Austurl. að þessi tillaga hefur raunar þegar verið rædd á vettvangi sveitarstjórnarmanna í kjördæminu, á aðalfundi Sambands sveitarstjórnarmanna í Austurlandskjördæmi, sem ályktuðu

um málið og lýstu stuðningi við tillöguna. Það hafa fleiri gert, m.a. bæjarstjórn á Höfn í Hornafirði að því er ég best veit. Hún hefur þess vegna þegar fengið góðar undirtektir. Auðvitað er það skiljanlegt að sjónir Austfirðinga beinist að þessu máli númer eitt og það er alveg hárrétt sem hv. þm. Anna Ólafsdóttir sagði áðan að okkar er skyldan að fylgjast með málinu, bera það inn á vettvang Alþingis.

Vegna orða hennar um náttúruverndarsjónarmið að því er snertir Jökulsárlón, þá þakka ég henni fyrir að vekja máls á þessum þætti af því að hann er fullgildur og verður að vera með í skoðun málsins þegar litið er á agðerðir til þess að tryggja samgönguþáttinn. Raunar er það svo sem betur fer að stórframkvæmdir í landinu eru, eiga a.m.k. að vera, undir vökulu auga náttúruverndaryfirvalda, undirbúningur og hönnun slíkra framkvæmda. Við Vegagerð ríkisins hefur fyrir löngu síðan, raunar fyrir 20 árum, tekist prýðilegt samstarf varðandi mannvirkjagerð sem Vegagerð ríkisins á hlut að. Ég get raunar nefnt það að það var að frumkvæði náttúruverndarsamtaka á Austurlandi að slíkt samstarf hófst og varð síðan að föstum lið og fékk sinn farveg í samstarfi Náttúruverndarráðs og Vegagerðarinnar með umsjónarmönnum í hverju kjördæmi landsins sem fylgjast með þessu.

Ég get fullvissað hv. þm. um að þessu mun áreiðanlega vera fylgt eftir. Breiðamerkursandur með Jökulsárlóni er á náttúruminjaskrá og búinn að vera það lengi. Raunar var áhugi á því að friðlýsa svæðið formlega að náttúruverndarlögum en það komst ekki í höfn á sínum tíma þegar að því var unnið en mætti hugsanlega úr bæta.

Fáir staðir á Íslandi njóta jafnmikillar athygli og Jökulsárlón vegna þess einstaka samspils sem þar er að finna. Ég hugsa stundum til þess að sennilega er á fáa staði eytt fleiri filmum ferðamanna hér á landi en við lónið vegna þess að umhverfið er síbreytilegt eftir dagstíma og aðstæðum og reyndar árstímum ekki síður. Við þurfum því auðvitað að leggja okkur fram um að þarna verði ekki röskun á til lýta eða óþurftar umfram það sem ýtrasta nauðsyn krefst vegna samgöngusjónarmiða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íslenskt sendiráð í Japan, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 64. mál. — Þskj. 66.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að spyrjast fyrir um það áður en ég hef ræðu mína hvort hæstv. utanrrh. eða starfandi utanrrh. er í þinghúsi. Ég átti orðastað við hæstv. viðskrh. í morgun og honum var ljóst að mál þetta væri á dagskrá. Ef hann er nærhendis væri gott að hann fengi vitneskju um að málið væri til umræðu. (**Forseti:** Hæstv. viðskrh. mun samkvæmt skjá í borði forseta ekki vera í húsinu, en forseti mun láta gera hæstv. ráðherra viðvart.) Þakka.

Till. sú til þál. um íslenskt sendiráð í Japan sem ég mæli hér fyrir er á þskj. 66, flutt af, auk þess sem hér talar, hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni, Jóni Helgasyni og Kristínu Einarsdóttur. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót íslensku sendiráði í Japan á árinu 1994. Jafnframt undirbúningi þar að lútandi verði unnið að endurskipulagningu á starfsemi sendiráða og fastanefnda Íslands til að stofnun nýs sendiráðs leiði ekki til teljandi kostnaðarauka í utanríkisþjónustunni í heild."

Þetta er tillagan og um hana vildi ég segja eftirfarandi:

Miklar breytingar hafa átt sér stað síðustu áratugi á samskiptum okkar Íslendinga við umheiminn, bæði í viðskiptum og á sviði menningarmála og almennra samskipta. Þessar breytingar hafa ekki endurspeglast í verulegum mæli í starfi íslensku utanríkisþjónustunnar, a.m.k. ekki í þeim mæli sem eðlilegt getur talist. Enn sem komið er starfrækjum við ekkert sendiráð utan Evrópu og Norður-Ameríku. Það þýðir að ekkert íslenskt sendiráð er að finna í þremur heimsálfum, Asíu, Afríku og Ástralíu. Vegna vaxandi samskipta og markaðsmöguleika í fjölmennum ríkjum Austur-Asíu er tímabært að komið sé á fót íslensku sendiráði í þeim heimshluta og hlýtur Japan að vera þar efst á blaði.

Efnahagsveldi Japana hefur vaxið hröðum skrefum undanfarin ár þannig að þeir keppa nú við fremstu stórveldi um forustu í heimsviðskiptum. Þó vissulega geti önnur svæði komið til álita þegar litið er að bæta við sendiráðum, þá held ég að sú tillaga sem hér er gerð um sendiráð í Japan sé eðlileg. Vissulega er það svo að æskilegt verður að teljast að koma á fót sendiráði í Afríku þar sem við höfum átt nokkur samskipti og viðskipti og vegna þess fjölda ríkja sem er í þeirri heimsálfu, en okkar samskipti þangað eru takmörkuð en af því þarf þá að hyggja í framhaldinu.

Ísland og Japan tóku upp stjórnmálasamband á árinu 1956. Eins og fram kemur í fskj. með tillögunni hafa komist á traust viðskipti milli Íslands og Japans hin síðari ár og hefur Japan að undanförnu verið í fjórða til fimmta sæti að því er varðar verðmæti útflutnings héðan til einstakra landa. Það er flestra álit að viðskipti landanna geti vaxið mikið frá því sem nú er ef vel er að málum staðið. Í því sambandi getur starfræksla íslensks sendiráðs í Japan skipt verulegu máli til að kynna ímynd Íslands og greiða götu viðskipta og annarra samskipta. Slíkt er mikilvægt fyrir okkur Íslendinga, ekki síst þegar samkeppni fer harðnandi um markaði. Þá er og æskilegt að rækta samskipti sem víðast, m.a. til að geta brugðist við breyttum markaðsaðstæðum.

Ég tel engan veginn fullnægjandi að halda uppi stjórnmálasambandi en reka það frá fjarlægu sendiráði. Nú um stundir er það frá sendiráðinu í Moskvu, sem gegnir hlutverki sendiráðs fyrir Japan. Menn geta rétt ímyndað sér hversu umhendis það er að gæta okkar hagsmuna þaðan, bæði sökum vegalengdar sem og vegna þess að hér er um allt annað menningarsvæði að

ræða. Ég held að það sé samdóma álit þeirra sem til þekkja að ekki síst í Austur-Asíu þurfi að hafa langsæ sjónarmið til viðmiðunar þegar teknar eru ákvarðanir um mál af þessu tagi. Það þarf að rækta jarðvegeinn til þess að kynna og ná fram þeim samskiptum sem við viljum ýta undir við þetta fjölmenna ríki og raunar nærliggjandi ríki.

Um þetta mætti vísa til umræðna og reynslu annarra Norðurlandaþjóða. Ég minni á það að snemma árs 1992 fór utanríkismálanefnd norska Stórþingsins í sérstaka heimsókn til Japan og ég held að ég fari rétt með það að forsætisráðherra Noregs, Gro Harlem Brundtland, hafi um svipað leyti eða ekki mikið síðar farið í opinbera heimsókn einnig þangað til þess að fylgja eftir sjónarmiðum og mati Norðmanna á þýðingu samskipta einmitt við Japan.

Nú er það svo að starfrækt hefur verið um skeið söluskrifstofa á vegum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna í Tókíó frá haustinu 1990 að telja og með tillögunni er birt sem fskj. viðtal úr blaði við forstöðumann þessarar skrifstofu þar sem ýmislegt kemur fram um möguleika á viðskiptum með íslenskar sjávarafurðir og varðandi samkeppnisstöðu okkar á þessum markaði.

Þótt fjarlægð milli landanna sé mikil er sitthvað skylt með Japönum og Íslendingum. Japan er eyríki eins og Ísland. Einnig þar er sjávarútvegur mikilvæg atvinnugrein og fiskneysla hefðbundin og vaxandi. Það kemur reyndar fram í fskj., sem er birt með tillögunni, að fiskneysla er óvenjulega mikil í Japan. Það geta þeir reynt sem fá tækifæri til þess að gæða sér á japönskum réttum og kynnast japönsku eldhúsi að svo er og má margt af læra. Bæði löndin, Ísland og Japan, hafa stundað hvalveiðar og haft samvinnu um þá hagsmuni, m.a. í Alþjóðahvalveiðiráðinu. Þá má minna á það að náttúrufar þessara landa, Japans og Íslands, er ekki með öllu ólíkt þótt Japan liggi á suðlægari breiddargráðum að mestu leyti a.m.k. Eldvirkni er mikil í Japan eins og hér, jarðskjálftar tíðir og jarðvarmi er hagnýttur þar, m.a. til raforkuframleiðslu eins og hér.

Í Tókíó eru aðalstöðvar Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna en útibú frá þeirri stofnun er starfrækt í Reykjavík eins og hv. þm. þekkja.

Samskipti í menningarmálum hafa verið nokkur og farið vaxandi síðustu árin. Ísland var kynnt á mörgum stöðum í Japan árið 1987 ásamt öðrum ríkjum Norðurlanda á sýningunni Scandinavia today. Á árunum 1990–1991 var Japan kynnt hér á landi með listviðburðum og sýningum undir fyrirsögnini „Japan today in Iceland". Þá hefur forseti Íslands heimsótt Japan nokkrum sinnum, m.a. í nóvember 1990, og heimsóknir forsetans vakið verðskuldaða athygli þar í landi að mér er tjáð. Í tengslum við þá heimsókn stóðu útflutningsráð fyrir kynningu í Tókíó á íslenskum útflutningsafurðum, Íslandi sem ferðamannalandi og íslenskri menningu. Hingað kom japönsk þingmannanefnd í boði Alþingis haustið 1989 og sú heimsókn var endurgoldin af forsætisnefnd Alþingis haustið 1991 undir forustu núv. hæstv. forseta þingsins. Forseti fulltrúadeildar japanska þingsins, Yoshihiko Tsuchiya, er jafnframt formaður vináttufélags þarlendra þingmanna sem rækta vilja tengsl við Ísland.

Með stofnun sendiráðs ætti að mega styrkja frekar þann góða grundvöll og auka enn frekar gagnkvæm samskipti Íslands og Japans. Jafnframt hefði íslenskt sendiráð í Tókíó allt aðra aðstöðu til að gæta íslenskra hagsmuna í þessum heimshluta en unnt er héðan eða frá sendiráðum eins og í Moskvu, sem ég hef getið um að fer formlega með samskiptin við Japan.

Þá má einnig minna á að viðskipti hafa aukist verulega undanfarið við fleiri lönd í austanverðri Asíu, eins og Suður-Kóreu og Tævan, sem sýnir að þarna eru möguleikar sem áreiðanlega er hægt að vinna betur úr ef við beitum okkar hæfa starfsliði utanríkisþjónustunnar í samvinnu við fyrirtæki og aðra áhugaaðila í þeim efnum.

Ég minni á að tillagan gerir ráð fyrir að leitast verði við að draga úr kostnaði við stofnun sendiráðs í Japan með því að líta yfir möguleika til hagræðingar annars staðar í utanríkisþjónustunni. Það er eðlilegt sjónarmið, ekki síst þegar frekar þröngt er í okkar þjóðarbúskap, en við þurfum líka að hugsa um það að sækja fram á nýjum miðum og efla samskipti þar sem líklegt er að við fáum undirtektir. Það er raunar mín sannfæring að það sé mjög víða og reyndar miklu víðar en í Japan þó hér sé gerð tillaga um að við eflum þau samskipti sérstaklega með stofnun sendiráðs í Tókíó þegar á árinu 1994.

Hæstv. forseti. Ég legg til að tillögunni verði að lokinni umræðu vísað til utanrmn.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vildi ekki láta þessari umræðu svo lokið að ekki væri a.m.k. einn þingmanna sem tæki undir með flm. hve sjálfsagt mál þetta er. Ég þakka honum fyrir að vekja sérstaka athygli á þessu einmitt nú. Það eru æðimörg ár síðan málið vaknaði upp hér í þinginu og meðal ýmiss konar viðskiptasambanda innlendra og erlendra. Ég held að flm. hafi sagt nánast allt það sem segja þarf og mín viska er ekki meiri en svo að ég held að ekkert sé vansagt og ekkert kannski ofsagt hjá flm. Ég vil þakka honum sérstaklega fyrir.

En utanrrh. er nú kominn hér og ég vonast til að hann vilji styðja okkur í því að þessi tillaga fái framgang, vonandi einróma, í hv. Alþingi. Ég held að við höfum gott af því að vera sammála um einhverja hluti og hér er auðvitað um lífshagsmuni okkar að ræða. Því miður hefur síðustu missirin allt í utanríkismálum snúist um eitthvert evrópskt efnahagssvæði og jafnvel þátttöku í EES þó að menn hafi ekki getað fært nein rök fyrir því að við mundum hagnast neitt á því. Þvert á móti held ég að við verðum að sækja ný viðskipti á þær slóðir sem þessi tillaga fjallar um, þ.e. til Japans og nærliggjandi landa, og að sjálfsögðu að auka og bæta okkar viðskipti við Bandaríkin.

Við eigum auðvitað ekki að forsmá viðskipti við Evrópu, öðru nær. Við eigum að auka þau líka og svo vill nú til að því hefur margsinnis verið lýst yfir af ráðamönnum Evrópubandalagsins að það standi upp á þá að fylgja sínum eigin reglum. Henning Christoph-

ersen, aðstoðarframkvæmdastjóri í framkvæmdastjórn Evrópuráðsins, hefur margsinnis lýst því yfir, þar á meðal í mín eyru og fulltrúa frá Evrópustefnunefnd, að við Íslendingar höfum staðið við allt okkar í samskiptum við Evrópubandalagið, en þeir hafi svikið allt sem þeim bar að gera sem endurgjald fyrir að við veitum fullan og ótakmarkaðan aðgang að iðnaðarvarningi frá Evrópu en þeir heimta skatta af okkur. Sérstaklega var þetta óviðunandi þegar Spánn og Portúgal urðu aðilar að Evrópubandalaginu. Þá skyldi saltfiskur enn þá vera tollaður og er enn þann dag í dag, reyndar vegna þess að við höfum ekki gengið eftir því að æðstu menn bandalagsins stæðu við loforð sín.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en lengra er haldið í þessari umræðu þarf forseti að koma að tilkynningu. Í dag fer fram utandagskrárumræða að beiðni hv. 15. þm. Reykv. Hún mun hefjast kl. hálffjögur og standa í hálftíma. Þessi utandagskrárumræða er um rétt meiri hluta menntamálaráðs til að leggja niður Bókaútgáfu Menningarsjóðs.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Með þessari þáltill. er hreyft máli sem verðskuldar alla athygli og skoðun. Því hefur verið hreyft áður hvort ekki væri tímabært að Ísland stofnaði með formlegum hætti sendiráð í Japan. Ég nefni sérstaklega að á árunum 1986–1987 starfaði nefnd á vegum þáv. utanrrh. til þess að fjalla um þetta mál. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að nauðsyn þess að stofna sendiráð í Japan, sem sinnti einnig hagsmunum okkar Íslendinga að öðru leyti í Austur-Asíu, væri þá ekki svo brýn að það skipti sköpum. Þetta mál hefur síðar verið á dagskrá, einkum á árunum 1989–1990. Þá var þessi skýrsla tekin til endurskoðunar, ekki með formlegri nefndarskipan heldur með athugun innan ráðuneytisins. Niðurstaðan var þá sú að vissulega væri þetta æskilegt en fyrst og fremst fjárhagsástæður réðu því að menn komust að þeirri niðurstöðu að það væri ekki á því stigi viðráðanlegt.

Japan gegnir stöðugt mikilvægara hlutverki í heimsmálum, hvort heldur er á sviði viðskipta, þar sem Japan er að sjálfsögðu eitt helsta stórveldi heims, en einnig má vænta þess að í vaxandi mæli láti Japanir til sín taka á öðrum sviðum. Viðskipti okkar við Japan hafa áreiðanlega mikla vaxtarmöguleika, sér í lagi ef okkur tækist til frambúðar að leysa þau vandamál sem tengjast hagkvæmum og ódýrum flutningum. Viðskipti okkar við Japan fóru á tímabili mjög vaxandi. Það gerðist síðan 1990 að einn helsti útflutningsaðilinn, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, kom þar upp sérstökum viðskiptafulltrúa. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja frá þeim aðilum sem mest láta að sér kveða í þessum útflutningi, þá telja þeir stofnun sendiráðsins ekki skipta sköpum, telja að með núverandi fyrirkomulagi viðskiptafulltrúa séu þeirra vandamál sæmilega leyst. Athyglisvert er að þegar leitað er eftir skoðun stærstu viðskiptaaðila virðast þeir hafa önnur forgangssjónarmið í huga, telja brýnna, a.m.k. við ríkjandi aðstæður, að styrkja stöðu viðskiptaþjónustu okkar í Suður-Evrópu og reyndar gagnvart Evrópubandalaginu.

Allt eru þetta sjónarmið sem ég tel fyllilega eðlilegt að komi til skoðunar. Ég mæli því eindregið með því að þessari tillögu verði vísað til nefndar og hún fái þar vandlega skoðun. Að því er vikið af hálfu flm. að æskilegt væri ef af þessu verður að það leiði ekki til *mikils aukins* kostnaðar. Það er þá ráð fyrir því gert að áður en slíkt sendiráð yrði stofnað yrði núverandi skipan sendiráðaþjónustunnar endurskipulögð til þess að draga úr kostnaði annars staðar með svipuðum hætti og reyndar var gert fyrir skömmu þegar komið var á varanlega grundvöll starfi fastafulltrúa við Ráðstefnuna um öryggi og samvinnu í Evrópu í Vín. Fjárhagslegur grundvöllur þess var tryggður með því að draga úr starfsemi sendiráða annars staðar þannig að um nettókostnaðarauka var ekki að ræða.

Í tilefni af orðum hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar er rétt að það komi fram að þó að þetta sé út af fyrir sig hið besta mál, ef fjárhagslegar forsendur eru í lagi, breytir það engu um aðild okkar að hinu Evrópska efnahagssvæði af þeirri einföldu ástæðu að, eins og hv. þm. hlýtur að vera kunnugt, við erum ekki að ganga í tollabandalag og ekki að binda okkur neinum skuldbindingum að því er varðar viðskiptastefnu gagnvart öðrum aðilum. Við höfum ekki tekið á okkur samningsskuldbindingar gagnvart ytri tollum og erum algerlega frjáls burt séð frá þeim samningi til þess að hafa okkar markaðsmál á öðrum markaðssvæðum eins og okkur sýnist. Við höfum ekki með Evrópska efnahagssvæðinu tekið á okkur neinar skuldbindingar sem hindra okkur í því að leita eftir stærri markaðshlutdeild á öðrum markaðssvæðum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Eins og menn hafa heyrt hef ég jákvæða afstöðu til hugmyndarinnar sem slíkrar. Ég tel að málið þarfnist endurskoðunar, en að lokum mun það fyrst og fremst ráðast af því hvort fjárhagslegur grundvöllur er tryggður.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi ræðu hæstv. utanrrh. vil ég einungis benda á það, svo að það fari ekkert á milli mála í þessari umræðu, að við eigum ekki aðild að Evrópsku efnahagssvæði enn þá. Það verður háð ákvörðun þingsins en það mátti skilja orð hans svo að við værum þar komin inn og að þau lög og þær reglur sem ætlað er að gildi innan þess svæðis gildi á Íslandi nú. Ég vil aðeins árétta þetta.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm., þar á meðal hæstv. utanrrh., fyrir þátttöku í umræðunni og jákvæðar undirtektir við þessa tillögu Ég tel það mikils virði að hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir að hann beri jákvæðan hug til málsins og að tillagan verðskuldi alla athygli og skoðun. Ég held að ég fari rétt með þau orð úr hans munni.

Það skiptir auðvitað miklu þegar svona mál er til

athugunar að það hafi sem breiðastan stuðning. Mér er fyllilega ljóst að hugmyndir okkar flm. úr fjórum þingflokkum verða ekki að veruleika nema breiður stuðningur sé við slíkt mál á Alþingi og þá einnig frá ríkisstjórn og þeim sem þar fara með mál. Allt skiptir það miklu.

Hér er um að ræða að meta okkar hagsmuni í víðu samhengi og hvernig við ráðstöfum okkar takmarkaða fjármagni sem við höfum úr að spila til þess að rækja samskipti við önnur ríki í formi utanríkisþjónustu. Það hefur verið gert við lítil efni um langt skeið en af miklum dugnaði margra sem þar hafa að málum komið, af miklum dugnaði fárra væri nú kannski rétt að segja, sem eru þar ráðnir með beinum hætti til starfa en margra sem ljá því lið. Einnig þeirra konsúla sem leggja á sig ómælt erfiði og mikið starf til þess að sinna störfum fyrir Íslands hönd víða um heiminn og er þeirra þjónusta ekki alltaf ýkja mikið í hámælum eða mikils metin en þörf á því að minnast þess einnig þegar við ræðum um stöðu okkar sem smáþjóðar á vettvangi hins stóra heims.

Ég hef ekki miklu að bæta við það sem fram hefur komið um málið og ég hef engar ástæður til að gera athugasemdir við það sem hæstv. ráðherra sagði um þetta mál. Það var í þeim anda sem mér þótti gott að heyra.

Ég ítreka að hér er um það að ræða að hasla sér völl á öðru menningarsvæði. Þeim sem til þekkja í Austur-Asíu ber saman um að þar skipti máli að ætla sér tíma að plægja jörðina og yrkja akurinn. Sú litla innsýn sem ég hef í japanskt samfélag eftir eina heimsókn austur þar, er sú að það er af allt öðrum toga en sá heimur sem við búum við hér og að sjálfsögðu ólík menning. Viðskiptahættir þarlendis ganga með talsvert öðrum hætti fyrir sig en í þeim hluta heimsins þar sem við erum staðsett. Hvað sem menn vilja segja um þá hluti eru áhrif og samfléttun starfa stjórnmálaflokka og þeirra sem þar eru í forustu og viðskiptalífs með samslungnari hætti en almennt gerist í vestanverðri Evrópu. Og það ber auðvitað að taka tillit til þess þegar metin er þýðing þess að koma upp og halda úti sendiráði af Íslands hálfu.

Ég treysti því að þessi tillaga fái vandaða meðferð í hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jarðhitaréttindi, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 69. mál. — Þskj. 71.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Það var ekki beint með ráðum gert af minni hálfu að ég stæði í ræðustól sem frummælandi fyrir mörgum málum á sama degi, en ég sinnti að sjálfsögðu kvaðningu þingsins þegar röðin var komin að þessum málum og er reiðubúinn að mæla fyrir þeim, enda áhugaefni mitt sem flm. ásamt fleirum að þessu máli sem öðrum sem ég hef mælt fyrir að þau komist sem fyrst til þingnefnda.

Það frv. til laga sem ég mæli fyrir er að finna á þskj. 71 og er um jarðhitaréttindi. Flm. ásamt mér að málinu eru allir þingmenn Alþb. og er þetta ekki í fyrsta sinn og ekki í annað sinn sem mál þetta er hér framlagt því að það hefur verið flutt á flestum þingum frá því 1982–1983, er það birtist fyrst, ekki ósvipað og það liggur hér fyrir, sem stjfrv. í tíð páv. ríkisstjórnar. Rætur þessa máls liggja hins vegar enn lengra til baka, og reyndar miklu lengra til baka ef litið er á skyld málefni, því að um það leyti sem ég kom inn á þing um haustið 1978 hafði verið settur saman stjórnarsáttmáli sem kvað á um það að sett skyldi í lög ákvæði um að djúphiti í jörðu skyldi lýstur þjóðareign. Að þessum stjórnarsáttmála þar sem þannig var tekið til orða stóðu þrír flokkar í samsteypustjórn og síðan var málið undirbúið af iðnrn. og kom fram sem stjfrv. veturinn 1982–1983.

Hins vegar hefur ekki verið sá byr í þinginu í kringum þetta mál að það hafi fengið lögfestingu þó að um það hafi verið fjallað öðru hvoru með sæmilegum hætti í iðnn. þingsins, iðnn. fyrrum Nd. og nú í iðnn. Alþingis sem hefur um málið fjallað. Ég nefni það, virðulegur forseti, að ef hæstv. iðnrh. væri í þinghúsi þætti mér vænt um ef hann væri viðstaddur umræðuna því að hann á með óbeinum hætti hlut að þessu máli þar sem vísað er til bréfaskipta milli hæstv. núv. iðnrh. og iðnn. Alþingis einmitt vegna þessa máls eins og það lá fyrir á fyrri þingum.

Sný ég mér þá að efni frv. án þess að fara langt út í þá sálma því að það er kunnuglegt í sölum Alþingis.

Kjarna frv. er að finna í 1. og 6. gr. þess. Í 1. gr. segir:

„Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar í allt að 100 metra dýpi.

Landeiganda er rétt að bora eftir og hagnýta sér jarðhita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina."

Í 6. gr. er að finna ákvæðin:

„Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur utan landareigna skv. 1. mgr. 1. gr."

Það er kjarni frv. sem kemur fram í þessum tveimur greinum. Einnig er vert að vekja athygli á ákvæðum sem snerta þá sem hafa nytjað jarðhita eða eru með rannsóknir í gangi að ekki er með neinum hætti gert ráð fyrir að bregða fæti fyrir slíkar athuganir og tekið fram í 11. gr. að „sveitarfélag, sem á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara, skal hafa forgangsrétt til jarðhitarannsóknaleyfis og jarðhitaleyfis" og raunar áður að réttur þeirra sveitarfélaga sem hafa hafið nýtingu er ekki heldur skertur. Í ákvæðum frv. ætti þess vegna ekki að vera sérstakt árekstrarefni gagnvart sveitarfélögum í landinu.

Síðast þegar þetta frv. var til verulegrar efnislegr-

ar meðferðar í þingnefnd, veturinn 1990–1991, fóru fram nokkur samskipti iðnrn. og hæstv. iðnrh. og þingnefndarinnar um þetta efni. Hæstv. ráðherra lét nefndinni í té erindi þar sem hann lýsti sínum sjónarmiðum til málsins og áhugaefnum og ég leyfi mér að vísa til þess. Það er á bls. 11 sem fskj. með frv. og þar stendur, með leyfi forseta:

„Niðurstaða ráðuneytisins er að afmörkun einkaeignarréttar á jarðhita við 100 metra dýptarlínu sé ekki heppileg viðmiðun í ljósi tækniþróunar og jarðhitanýtingar á síðustu áratugum. Æskilegri leið sé að gera greinarmun á háhita- og lághitasvæðum og láta rétt til nýtingar á lághitasvæðum fylgja eignarrétti á landareign, en hins vegar verði skýrt fram tekið í lögunum að réttur til nýtingar háhitasvæða sé sameign þjóðarinnar.

Þá telur ráðuneytið rétt að skýrt verði fram tekið í lögunum að réttur til nýtingar orku jarðhitasvæða og fallvatna á afréttum og almenningum sé sameign þjóðarinnar og má í því sambandi vitna til dóma Hæstaréttar frá 19. febr. 1981 og 28. des. 1981."

Einnig var lagt til af ráðherra. Það stendur orðrétt:

„Lagt er til að tekið verði fram í lögunum að jarðgas og jarðolía, sem nýta má sem orkugjafa og sem finnast kann við boranir í berggrunn landsins, sé í öllum tilvikum eign ríkissjóðs."

Síðan fylgdi hugmynd að frv. þar sem tekið er tillit til þessara sjónarmiða og er það birt með frv. þessu sem ég mæli hér fyrir og er að finna á bls. 15 og þar á eftir.

Ég vil taka það fram að þau sjónarmið sem hæstv. iðnrh. þáv. og núv. mælti fyrir við þingnefndina eru hvað þann snertir sem hér talar fyllilega umræðuverð, þ.e. að leita annarra leiða en nákvæmlega þeirra sem settar eru fram í frv. til þess að tryggja okkar hagsmuni að því er snertir auðlindina jarðhita. Ég tek það líka fram að hugmyndir um að lýsa þjóðareign fleiri þætti, bæði land sem talið hefur verið að liggi utan landareigna sveitarfélaga sem og önnur auðæfi í jörðu, falla að mínum sjónarmiðum og er ég reiðubúinn til að eiga hlut að því og við flm. eflaust allir að skoða málið þótt með einhverjum breytingum væri ef til samkomulags mætti verða.

Um þetta mál hefur oft verið fjallað á Alþingi af tilefni annarra þingmála áður en þetta frv. var fyrst borið hér fram. Þar komu við sögu allt frá árinu 1937 að telja margir sem framarlega voru í þinginu, m.a. formenn flokka, löglærðir menn, lagaprófessorar, eins og dr. Bjarni Benediktsson og prófessor Ólafur Jóhannesson, sem létu sig þetta mál varða þó þeir megnuðu ekki af einhverjum ástæðum að koma fram þeirri löggjöf og lögfesta þau sjónarmið sem eru í ætt við það sem kemur fram í þessu frv. og þeir mæltu fyrir á sínum tíma.

Það er nú svo að Alþingi auðnast oft ekki að verða vettvangur stórra stefnumarkandi ákvarðana eða lagasetningar um stórmál sem miklu varða fyrir þróun mála og stöðu mála hér í landinu, m.a. varðandi meðferð okkar auðlinda. Skal þó ekki lítils virt það sem fram hefur komið í þeim efnum og tekist hefur að því er varðar sjávarauðlindir þjóðarinnar því að vissulega hefur athygli stjórnmálamanna og Alþingis verið bundin mikið við þau efni sem og hafsbotnsréttindi, þar sem m.a. hv. 4. þm. Reykv. hefur borið mál fram og er enn að róa fyrir sjónarmiðum, sem ættu að vera orðin vel kunnug, og horfa til að vernda okkar framtíðarhagsmuni þar sem þeir hafa enn ekki verið tryggðir. Einnig er þess að geta að fyrir tveimur þingum, ef ég man rétt, var samþykkt frv. þar sem hafsbotninn og það sem á honum er ólífræns efnis, annað en lífverur, er lýst ríkiseign. Það frv. var upphaflega borið fram af okkur þingmönnum Alþb. og fékk góðan stuðning í þinginu og lögfestingu sem ég tel að hafi skipt máli og snertir það sjónarmið sem hæstv. iðnrh. vék að að því er varðar olíuefni ef þau eru í eða undir hafsbotni, kolvetnasamband og annað þess háttar þó að sjálfsagt sé að gefa gaum að því ef þau skyldu finnast undir landi, eins og hæstv. ráðherra hefur vikið að í erindi sínu sem ég vitnaði til.

Þetta nefni ég hér jafnhliða því að ég ítreka það sjónarmið að þær tillögur sem hér eru fram bornar rekist ekki á við ákvæði íslenskra stjórnskipunarlaga og standist mál margnefndrar 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar að því er varðar vernd einkaeignarréttar. Þeim sjónarmiðum til rökstuðnings vísa ég m.a. til þess sem fram kemur í greinargerð sem mat löglærðra manna, sérfræðinga á sviði lagaréttar, sem hafa túlkað mál með svipuðum hætti og hér er gert. Ég treysti því þess vegna að unnt sé, án þess að til breytingar á okkar stjórnskipan þurfi að koma, að lögfesta þau sjónarmið sem hér er mælt fyrir.

Þá er þess einnig að geta að vegna annarra mála sem nú liggja fyrir þinginu sýnist það vera sérstaklega brýnt að taka af skarið í þessum efnum. Ég ætla vissulega að vona að menn lendi ekki í þeim ófarnaði að staðfesta samning um Evrópskt efnahagssvæði en ætla ekki að ræða það mál í tengslum við þetta frv. að öðru leyti. Þó hefur komið fram að fyrir liggur tillaga af stjórnvalda hálfu varðandi þann samning í þinginu og einnig með tilliti til þess máls, en óháð því máli er brýnt vegna almannahagsmuna og eðlilegrar nýtingar á jarðhita sem auðlind í landinu að setja víðtæka og almenna löggjöf um það sem kveði á um almannaeign á þessari auðlind umfram það sem opið er haldið fyrir einkaeignarréttinn og landeigendur sem einnig er tekið tillit til í þessu frv.

Það skal látið liggja milli hluta hvort þau mörk sem mælt er fyrir hér, 100 metra dýpi, sé sú lína sem draga beri í sambandi við skil ef sú aðferð er viðhöfð sem hér er mælt fyrir í lagasetningu eða önnur mörk valin sem dýpra liggja. Það er matsatriði. Það er ekki meginatriði hvort menn draga það við 100 metra dýpi eða 500 metra dýpi jafnvel. Það er matsatriði. Hitt er meginatriði að umráðarétturinn yfir jarðhitanum, þar sem verulegu þarf til að kosta og þar sem almannahagsmunir eru annars vegar, sé ákveðinn og skýrt markaður.

Á sínum tíma 1991 leitaðist þingnefnd við að fá sérfræðinga sér til liðsinnis til þess að meta ákveðna þætti málsins. Það var vilji iðnn. sem þá starfaði að

fara vandlega ofan í málið og heimild fékkst til þess frá þáv. forseta þingsins að reikna með nokkru fé til þess að geta látið fara fram sértækar athuganir lögfræðilegs eðlis og varðandi fleiri sjónarmið sem snerta þetta mál. Að vísu hefur það ekki enn borið ávöxt því að enn hefur ekki komið greinargerð frá þeim sérfræðingum sem til voru kvaddir til iðnn. en ég hef ástæðu til að ætla að úr því rætist fljótlega þó svo að annar þeirra aðila sem til var kvaddur veturinn 1991 hafi gengið í þjónustu hæstv. iðnrh. til þess að líta á mál. Til þess að vera ekki með hálfkveðnar vísur, enda ekki þörf á, er þar um lögmann að ræða, Magnús K. Hannesson, en Tryggvi Gunnarsson, annar lögmaður sem fenginn var til starfa til að líta á mál og mun vera með á lokastigi álitsgerð varðandi þau efni sem nefndin óskaði eftir. Væntanlega hefur hinn lögfræðingurinn lagt iðnrn. gott lið með ráðgjöf um þetta efni síðan hann gekk í þjónustu þess.

Þá tek ég eftir því og það hefur raunar komið fram áður að hæstv. ráðherra hefur haft hug á því að flytja mál um þetta efni í þinginu. Hitt getur þó að mínu mati fyllilega komið til álita að þingnefnd reyni að vinna sig fram úr málinu með frv., sem hér er, sem vegarnesti og í samstarfi við stjórnvöld til þess að loksins sjáist land í þessu stóra og þýðingarmikla máli. Það þarf að vinna að skýrri stefnumótun og lögfestingu þar sem víðtæk almannasjónarmið verða höfð að leiðarljósi varðandi auðlindina jarðhita og nýtingu hennar. Sannleikurinn er sá að einkaeignarrétturinn og mörg óvissa sem honum tengist er til hindrunar eðlilegri málsmeðferð í ýmsum greinum og hefur þegar valdið árekstrum sem hafa valdið töfum, m.a. varðandi rannsóknir á jarðhitanum. Við höfum síst efni á, vegna slíkra atriða, að draga við okkur að reyna að nýta þá auðlind sem er mikil að vöxtum í iðrum jarðar á Íslandi og við þurfum að sækja í þessa auðlind skipulega með aðgát þó og að teknu tilliti til náttúruverndarsjónarmiða og annars sem til heyrir.

Ég geri tillögu um það, virðulegi forseti, að að lokinni umræðu verði frv. vísað til hv. iðnn.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Við þessa 1. umr. um frv. til laga um jarðhitaréttindi, sem reyndar er hér flutt öðru sinni og hefur að sjálfsögðu, eins og fram kom hjá 1. flm. frv., áður komið við sögu og til umræðu hér á Alþingi, þá vil ég láta það koma fram að um það efni sem þetta frv. snýr að verður fjallað og reyndar í víðara samhengi í frv. til laga um eignarhald á auðlindum í jörðu sem áformað er að flutt verði á þessu þingi. Ég tel eðlilegast að hv. iðnn. fjalli um það frv. sem hér er rætt um leið og stjfrv. kemur til meðferðar þingsins. Ég er sammála hv. flm. um að þarna eru vafalaust ýmis atriði sem ástæða er til að skoðuð verði saman. Þetta er mikilvægt málefni, eins og hér hefur áður komið fram, og ekki síst er nauðsynlegt að óviss og óljós lagaákvæði um eignarhald verði ekki til þess að tefja fyrir rannsóknum eða nýtingu mikilvægra auðlinda á Íslandi.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra staðfestir hér að það sé ásetningur hans að flytja stjfrv. í þinginu í vetur varðandi auðlindir í jörðu og þá trúlega tengt eignarrétti á þeim auðlindum. Það er vissulega góðra gjalda vert að ráðherrann hafi slík áform uppi. En ég undrast það hins vegar nokkuð að fyrst það er viðhorf ríkisstjórnar og ætlan að flytja slíkt frv. inn í þingið skuli það ekki vera komið fram. Mér hefur skilist að ríkisstjórnin tengi það efni við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði sem hún stendur að gagnvart þinginu. Þar sem hér er um mikilsvert mál að ræða, einnig í því samhengi, finnst mér það ekki góð málsmeðferð að liggja á þessu máli gagnvart þinginu og bera það ekki fram tímanlega svo þingmönnum gefist kostur á að fjalla um það efni samhliða öðrum stórum þáttum sem snerta samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Tek ég það þó skýrt fram að minn áhugi beinist ekki að því að tengja þessi mál saman þó hitt sé jafnljóst að ef menn ætla að skrifa upp á samning um Evrópskt efnahagssvæði er náttúrlega knýjandi nauðsyn, ef menn ætla ekki að missa gersamlega og með óskipulögðum hætti hagsmuni okkar úr höndum sér með enn hraklegri hætti en gerist samkvæmt almennum leikreglum þess samnings, að menn spyrji: Hvenær kemur málið fram? Ég leyfi mér að inna hæstv. ráðherra nánar eftir því hvað líður þessu máli. Það getur varla verið neitt leyndarmál og ráðherrann hlýtur að geta upplýst þingheim um það hvenær þess er að vænta að stjfrv. birtist.

Ég hef skilið það svo að ásetningur ríkisstjórnar og forustu þingsins sé að samningur um Evrópskt efnahagssvæði komi til afgreiðslu hér 20. nóv. nk. Ég spyr: Eru það áform stjórnarinnar að knýja það mál til afgreiðslu í þinginu áður en þýðingarmikil mál, sem varða þann samning, liggja hér fyrir og hafa verið rædd á Alþingi? Er það virkilega ásetningur ríkisstjórnarinnar og meiri hluta hennar á Alþingi að standa þannig að máli? Ég hafði satt að segja ekki búist við því þó að við höfum ýmsu mátt kynnast hér af hálfu hæstv. ríkisstjórnar í sambandi við málafylgju hennar gagnvart þinginu og reyndar óhóflegum drætti á framlagningu fjölmargra þingmála. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra greini okkur frá því hvar þetta mál er statt og hvað valdi þeim drætti sem á er orðinn. Reyndar varðar það ekki bara þetta þing heldur líka síðasta þing, ef ég man rétt, að því er þetta mál varðar. Er það rétt munað að frv. hafi verið komið fram um þetta efni og verið til sýnis í þingnefnd á liðnu sumri? Ég hef ekki farið yfir það mál en mér skilst að lagt hafi verið fram mál um þetta efni af hálfu ríkisstjórnarinnar, eins og ýmis fleiri mál sem snertu samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, í iðnn. þingsins. Hvað varð um það frv.? Hvar er það statt? Var það dregið til baka og hvað dvelur það?

Ég vil einnig rifja það upp, vegna þess að hæstv. ráðherra hefur minnst á þetta stjfrv. og það fylgir listum yfir frumvörp sem væntanleg eru vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, að mikið hefur verið rætt í norska Stórþinginu að undanförnu hver sé staða Norðmanna að því er snertir löggjöf um olíuauðlindir

Norðmanna, olíulindir á norska landgrunninu. Ástæðan fyrir því er sú að í gildi hefur verið löggjöf í Noregi, svokölluð „konsesjonslög", sem varða úthlutanir á svæðum til rannsókna, nýtingar og vinnslu á olíu á norska landgrunninu. Norðmenn hafa staðið þannig að málum frá því að þeir hófu nýtingu á sínum olíuauðlindum að þjóðarhagsmuna Noregs hefur verið gætt á kostnað hinna svokölluðu frjálsu sjónarmiða eins og þau endurspeglast m.a. í fjórfrelsinu og á kostnað þess að útlendir aðilar hafa ekki komist með jöfnum hætti og getað keppt við norsk fyrirtæki og félög sem hafa fengið úthlutanir í sambandi við nýtingu olíunnar. Það gildir líka að því er snertir samskiptaaðila, þjónustuaðila við olíuvinnsluna í Noregi. Þar hefur Norðmönnum tekist með stýringu að margfalda þann arð sem þeir hafa fengið af sínum olíuauði með því að tryggja að þjónustan í kringum uppbygginguna á olíuvinnslunni komi að meiri hluta til frá norskum fyrirtækjum og langtum meira en ella yrði samkvæmt svokallaðri frjálsri alþjóðlegri samkeppni.

Síðan er það svo að suður í Brussel, sem er sá banki sem sumir vilja sækja efnið í íslenska löggjöf og fyrirmæli til, er verið að móta „directive" eins og það er kallað á þeirra máli, tilskipun varðandi olíumálefni og olíuauðlindir. Menn hafa hrokkið heldur betur við í Noregi vegna þeirrar tilskipunar sem þar er á leiðinni, ekki fullsmíðuð, en menn þekkja efnið, það er ekkert leyndarmál. Norðmönnum líst ekki á blikuna. Norskir ráðamenn sem eru að bera fram samning, eins og hæstv. iðnrh. og hæstv. utanrrh., um Evrópska efnahagssvæðið hafa fullyrt að þetta mál ... Fyrst sögðu þeir að þetta snerti ekki Noreg í samhengi við Evrópskt efnahagssvæði. Það væri fyrst ef reyndi á aðildina að Evrópubandalaginu að þetta yrði alvörumál fyrir Noreg. En annað er nú komið á daginn.

Það er ljóst að hugur Evrópubandalagsins er sá að þessi tilskipun nái til hins Evrópska efnahagssvæðis að því er olíuauðinn varðar. Þá voru varnirnar þær hjá Bjørn Tore Godal, hinum norska starfsbróður hæstv. viðskrh., að segja sem svo: Við eigum að geta haft áhrif á að þetta hitti okkur ekki með þeim hætti sem drögin benda þó til. Þegar vísað er til þess hvernig leikreglurnar eru á hinu Evrópska efnahagssvæði verður þrautarlendingin sú — og þannig stóðu málin áður en samningurinn var afgreiddur frá utanríkismálanefnd norska þingsins á dögunum — að ráðherrann sagði: Við höfum þó alltjent neitunarvaldið í sameiginlegu nefndinni sem verið er að setja á laggirnar á hinu Evrópska efnahagssvæði. Við getum þó alla vega beitt neitunarvaldinu.

Við skulum staldra við þetta mál vegna þess að það getur verið lærdómsríkt fyrir okkur og sýnir okkur hver er staðan ef við ætlum að fara inn í þetta Evrópska efnahagssvæði, hver staðan er í stórmáli sem þessu. Hver er staða Norðmanna sem eru að fara inn í þetta ef þeir ætla að byrja á því að beita neitunarvaldi gegn tilskipun af þessum toga innan Evrópsks efnahagssvæðis? Á hverju mega þeir eiga von? Ætli því verði tekið með þegjandi þögninni af Evrópubandalaginu ef þeir ætla að setja stólinn fyrir dyrnar og segja nei? Ætli þeir fengju ekki að kenna á því á öðrum sviðum samkvæmt þeim leikreglum sem markaðar eru í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði?

Síðan gerðist það sem hæstv. viðskrh. veit að upp á borðið kom, einum eða tveimur dögum eftir að álit utanríkismálanefnd norska þingsins kom fram, álitsgerð frá norska olíuiðnaðinum, unnin sem mat á vegum norska Statoil og annarra hagsmunaaðila í norskum olíuiðnaði sem staðfestir öll varnaðarorðin sem andstöðuaðilar við EES í norska Stórþinginu voru búnir að halda fram en stjórnvöld búin að sverja af sér. Það var mat hagsmunaaðilanna í Noregi á stöðunni. Ég er að draga þetta hér fram vegna alvöru málsins og hliðstæðunnar sem blasir við að því er snertir jarðhitann okkar, sem er okkar auðlind ekki ósvipað og olían í Noregi. Engar tryggingar liggja fyrir í samningi um Evrópskt efnahagssvæði um að við höldum yfirráðarétti yfir þessari auðlind og hún verði ekki seld undan okkur með öðrum landareignum hér á landi þar sem ekkert liggur fyrir í samningnum sem tryggir okkar hagsmuni. Þar liggur allt fyrir opið og óvarið að því er varðar íslenska hagsmuni.

Ég ítreka nú fyrirspurn mína til hæstv. iðnrh. og treysti ráðherranum til þess að greina þinginu í tilefni þessarar umræðu frá stöðunni að því er varðar það frv. sem hann boðar hér sem stjfrv. um þetta þýðingarmikla efni. Hæstv. ráðherra verður eflaust spurður nánar um það þegar menn fara að fjalla frekar um samninginn í öðru samhengi, þ.e. samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Mér er bæði ljúft og skylt að verða við tilmælum hv. 4. þm. Austurl. að svara því hvað líði gerð frv. um eignarhald á auðlindum í jörðu sem boðað er að flutt verði sem stjfrv. á þessu þingi. Reyndar hafði áður, eins og kom fram hjá hv. þm., verið um það rætt að frv. yrði flutt í tengslum við EES-samninginn. Ég get skýrt frá því að frv. er á lokastigi. Það skal vel vanda sem lengi á að standa. Það er hverju orði sannara að það er vandasamt að fjalla um þetta mál þannig að öllu sé til skila haldið. Sú töf sem á því hefur orðið að frv. kæmi fram er eingöngu af því að við höfum viljað leita til hinna fróðustu manna í auðlindalögfræði og þeirra manna sem kunnugir eru því hvernig þessum málum er fyrir komið í okkar grannlöndum, bæði á Norðurlöndum og á hinu Evrópska efnahagssvæði sem væntanlegt er. Ég get fullvissað hv. þm. um að það sem fyrir mér vakir er að þarna verði byggt á sömu grundvallarreglum og í lögunum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins eftir því sem það getur átt við. Ég veit að ég þarf ekki að minna hv. þm. á það að almenn löggjöf um eignarhald á auðlindum í jörðu hefur aldrei verið sett hér á landi. Íslendingar hafa farið þá leið, og að mínu áliti var það miður, að freista þess að setja löggjöf um eignarhald á tilteknum verðmætum eða gögnum og gæðum, eins og hefur gerst með setningu námalaganna í upphafi þessarar aldar og um jarðhitalögin frá 1941. Ég tel að þetta sé gölluð aðferð og vil

freista þess að setja fram tillögu um almenna löggjöf um þetta efni þar sem fjallað yrði um eignarhald á auðlindum í jörðu undir íslensku landi og netalögnum vegna þess að þar fyrir utan, á landgrunninu, eru þegar í gildi lagareglur eins og hv. þm. og þingheimi almennt er vel kunnugt.

Deilumál um eignarhald á náttúruauðlindum hafa verið á Alþingi jafnlengi og þessi öld hefur liðið. Ég held að fyrstu bókfærðu deilurnar um það mál hafi verið á árunum 1904–1905. Síðan hefur næstum því á hverju einasta þingi verið eitthvað um þetta mál fjallað. Ég vonast til þess að okkur auðnist senn að koma þarna á góðum lagaramma.

Ég veit að hv. 4. þm. Austurl. er mikill ahugamaður um þetta mál og ég treysti á gott samstarf við hann. Ég vil segja það alveg skýrt að ég held að það væri mjög affarasælt að það frv. sem stjórnin hyggst leggja fram komi fram sem fyrst og verði rætt í þinginu og í hv. iðnn. samhliða því frv. sem hv. 4. þm. Austurl. stendur að sem 1. flm. Ég vil, til þess að koma í veg fyrir misskilning, láta þess getið með skýrum orðum að í þeirri hugmynd minni, sem er mín eigin hugmynd en ekki annarra, felst alls ekki viðleitni til þess að tefja málið. Það er eðlilegt að það fari sína leið í gegnum þingið eins og fara gerir.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það þarf í sjálfu sér ekki miklu við að bæta ágæta framsöguræðu hv. 1. flm. frv., hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Mig langar aðeins að fylgja eftir spurningu hans varðandi væntanlegt stjfrv. Ráðherra gat þess ekki að nauðsynlegt væri að afgreiða það fyrir áramót en mér sýnist á öllu að það hljóti að hanga saman að ný lög um eignarhald taki gildi áður en samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi um næstu áramót í fyrsta lagi. Ég vil því spyrja hæstv. iðnrh. hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér að áform ríkisstjórnarinnar séu að væntanlegt stjfrv. verði afgreitt hér sem lög fyrir gildistöku samningsins um EES.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir leitt að þurfa að koma hér öðru sinni í ræðustól í dag til að leiðrétta þann misskilning, sem mér heyrist að ýmsir þingmenn standi í um þessar mundir, að við höfum þegar samþykkt samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Svo er ekki og það er ekki sjálfgefið að við verðum um áramót aðilar að Evrópsku efnahagssvæði þótt hér séu vissulega ákveðnar líkur sem benda til þess. Ég vil bara ítreka þetta og leiðrétta og tel að hér hafi verið um smáyfirsjón að ræða af hálfu hv. síðasta ræðumanns.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Bara örfá orð vegna fsp. hv. 5. þm. Vestf. Ég vil segja það alveg skýrt að það er mitt áform að það stjfrv., sem ráðgert er að fyrir þingið komi, um eignarhald á auðlindum í jörðu verði afgreitt fyrir jólahlé þingsins. Að sjálfsögðu er það áform en ekki mál sem hægt er að segja nákvæmlega fyrir um hvernig fram muni vinda. Ég vil benda á að um málið hefur ítarlega verið fjallað á þingi eins og kom fram í minni fyrri ræðu, bæði því þingi sem síðast stóð og þar á undan og síðan, eins og ég held að ég hafi sagt áður, á næstum hverjum þingi alla þessa öld.

Jón Helgason:

Herra forseti. Það hefur komið fram að til þess að tryggja forræði Íslendinga yfir orkulindum sínum eftir að EES-samningur verður fullgildur, ef af verður, þyrftu þær að vera á ótvíræðu forræði eða eign íslenska ríkisins. Nú hefur það heyrst að það sé ætlun núv. ríkisstjórnar að breyta þeim fyrirtækjum sem ekki eru þegar hlutafélög eins og Rafmagnsveitum ríkisins. Landsvirkjun er þegar hlutafélag. Er nokkur möguleiki samkvæmt samningnum að koma í veg fyrir að erlendir aðilar eignist hlutabréf í slíkum fyrirtækjum sem hefur verið veitt réttindi til virkjana og þar með raunveruleg yfirráð yfir virkjunum? Það er tekið fram í þessum samningi að útlendingar megi ekki eiga aðild að sjávarútvegsfyrirtækjum og þá væntanlega ekki heldur hlutabréfum. En er nokkur undanþága í samningnum um það að þeir megi ekki eiga hlutabréf og þar með að öllu leyti fyrirtæki sem hafa fengið einkarétt til að virkja?

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli hæstv. forseta á því hvernig hann miðlaði hér orði áðan. Ég óskaði eftir andsvari við ræðu hæstv. iðnrh. Sá réttur var af mér tekinn með því að sá sem hafði beðið um orðið í málinu var veitt orðið. Ég skil ekki alveg eftir hvaða leikreglum er farið í þingsal. Hins vegar á ég enn rétt til að taka til máls sem frummælandi í málinu samkvæmt þingsköpum ef ég man rétt. Ég get nýtt mér þann rétt og komið því litla sem ég vildi sagt hafa á framfæri með þeim hætti.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseta er ljúft að upplýsa hv. 4. þm. Austurl. um það að forseti stjórnar hér eftir leikreglum þingskapa. Ég veit ekki hvort hv. þm. hefur veitt því athygli að ég hafði gefið hv. 2. þm. Suðurl. orðið. Ég tek ekki orðið af hv. þm. sem þegar hefur fengið orðið. Í þingsköpum er skýrt kveðið á um það að til þess að hv. þm. fái orðið til andsvars skuli hann biðja um það strax að lokinni ræðu þess ræðumanns er hv. þm. óskar eftir að veita andsvar við. Það „strax" var liðið þegar hv. 2. þm. Suðurl. var veitt orðið.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Mér þykir leitt að hæstv. forseti skuli stýra með þeim hætti sem hér er gert og ekki gera gott úr því sem ég leit á sem mistök af hálfu hæstv. forseta. Ég hafði beðið um orðið til andsvars þegar að lokinni ræðu hæstv. ráðherra og vakti athygli á því og ekki stóð á hv. 2. þm. Suðurl. að gefa stólinn eftir þegar það lá fyrir. Hér er því að mínu mati fundarhaldi ekki stýrt með eðlilegum hætti að því er snertir þingsköpin. Ég ætla ekki að erfa það við hæstv.

forseta en vildi vekja frekari athygli á þessu.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti hefur áður ítrekað það og vill gera það aftur að þegar hann hefur gefið hv. þm. orðið verður það ekki af honum tekið. Það flokkast ekki undir mistök af hálfu forseta vegna þess að hann telur að hann stjórni í anda þingskapa með þeim hætti.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Vegna þeirrar ræðu sem hæstv. iðnrh. hélt hér áðan og vegna þess sem þar kom fram um að frv. um eignarhald á auðlindum í jörðu væri væntanlegt og það væri hugur hæstv. ráðherra að það mætti fá afgreiðslu á Alþingi fyrir jólahlé vil ég að fram komi af minni hálfu að ég tel í fyrsta lagi að það sé afar seint að verki verið að frv. skuli ekki liggja fyrir nú þegar. Það hefði auðvitað þurft að vera komið fram fyrir lifandis löngu ef tengja átti það við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Hér er slíkt stórmál á ferðinni að þingið þarf auðvitað að hafa ráðrúm til þess að vinna í málinu, skoða það og gera málið upp áður en menn eru knúðir til þess að taka afstöðu til samningsins. Hér er ríkisstjórnin að setja þingið í mjög mikinn vanda með þessum vinnubrögðum. Að mínu mati hlýtur samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði að bíða á meðan þessi mál eru ekki gerð upp hér af Alþingi, rædd og athuguð í þingnefndum svo sem vera ber þannig að niðurstaða liggi fyrir. Það er mitt viðhorf. Ég hef hins vegar ekkert við það að athuga ef málið kemur nú inn í þingið og hæstv. ráðherra mæli fljótlega fyrir því, ef það kemur fram hér í þinginu alveg á næstunni. Þá er ég að hugsa um daga frekar en vikur svo það frv. sem hér er lagt til að fari til hv. iðnn. yrði samferða í umfjöllun hjá nefndinni. Það eru ekki nema skynsamleg vinnubrögð. En það er með því skilyrði og með þeim skilningi að frv. ráðherrans sé nánast að koma úr prentun inn í þingið. Síðan vænti ég þess og tek undir það með hæstv. ráðherra, að ég geti átt samstarf við hann sem aðra um það að reyna að koma á löggjöf vegna almennra sjónarmiða um eignarrétt á þessari mikilsverðu auðlind.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Hún er að sumu leyti mjög merkileg, sérstaklega það að hér er enn einu sinni vakið máls á því sem er alveg augljóst: Það er enginn samningur um Evrópskt efnahagssvæði til. Hann er ekki til. Það eru til slitur af honum eða drög, í besta falli uppkast eða einhvers konar tillögur. Það er þess vegna, eins og hér hefur verið vakið máls á, ekki hægt að tala um neinn EES-samning. Það er enginn samningur til. Við viðurkennum ekki að neinn samningur sé til. Við höfum ekki samþykkt eitt eða neitt í þá áttina. Við getum, fyrir þá sem vilja berja þessi ósköp í gegn, sagt að í besta falli sé til uppkast að slíkum samningi. Samningurinn er ekki til og það getur enginn íslenskur þingmaður tekið sér það orð í munn. Við verðum að hafa það á hreinu að við erum ekki að tala um neinn samning um Evrópusvæðið yfirleitt og ráðherrar hafa ekki umboð af neinu tagi til að heita einu eða neinu.

Ég hef spurt um það í þessum ræðustóli hvar heimildir til samþykktar væri að finna, hvar samþykktir væri að finna af Alþingis hálfu, hvaða löggjöf við gætum samþykkt og hvernig hún gæti orðið að lögum. Fyrst verður Alþingi að samþykkja eitthvað, sem það vonandi aldrei gerir. Þá kemur til kasta forseta Íslands að sjálfsögðu og við vitum auðvitað ekki hvað forseti Íslands mun gera við samning sem augljóslega — og ég segi núna augljóslega — er þverbrot á okkar stjórnarskrá. Það er ekkert vafamál í mínum huga lengur. Það hefur skýrst það mikið af ummælum manna úti í Brussel og Íslendinga. Það hefur skýrst svo rækilega að Evrópubandalagið kemur til með að hafa nánast öll völd, þar á meðal löggjafarvald í flestum eða öllum málum þegar fram líða stundir og raunar strax ef við samþykkjum samning um Evrópskt efnahagssvæði sem ég vona að guð gefi að hendi þingmenn á Alþingi aldrei. Þar með brytum við stjórnarskrána ofan á allt annað.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma fram alveg skýrt að auðvitað hefur frv. sem við ræðum hér í dag, frv. um jarðhitaréttindi, alveg sjálfstætt tilefni. Frv. sem ég nefndi að mundi taka á málinu í almennara og víðara samhengi, frv. til laga um eignarhald á auðlindum í jörðu, sem væntanlegt er sem stjfrv. hefur þá stöðu líka. Það hefur sjálfstætt gildi og tekur á mjög mikilvægu löggjafarmálefni alveg óháð samningum okkar við önnur ríki. Þess vegna átta ég mig ekki á því þegar þingmenn stíga hér í stólinn til þess að ræða það mál í samhengi við frv. hv. 4. þm. Austurl. Kannski eru þau hugrenningatengsl einhvern veginn öðruvísi en maður fær skilið. Ég vil taka það skýrt fram að við erum ekki að ræða frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið eða staðfestingu þess samnings sem fyrir þinginu liggur.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta var dálítið sérkennileg lokakveðja frá hæstv. iðnrh. varðandi málið. Hann kemur allt í einu hér upp og segir okkur að við séum í raun að misskilja hann stórkostlega, hann beri þetta frv. um eignarhald á auðlindum í jörðu ekki endilega fram í tengslum við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, frekar sem almennt mál. Þó held ég að það sé ekki leyndarmál, að vísu mun það hafa fylgt trúnaðarplaggi nýlega sem forsrh. á eitthvað í og ég ætla ekki að ræða hér, að þar fylgdi með skrá yfir stöðu frumvarpa sem vörðuðu hið Evrópska efnahagssvæði. Ég held að ég hafi tekið eftir því að frá iðnrn. var mjög skýrt tíundað að annað af tveimur frumvörpum sem þaðan væri að vænta væri frv. um eignarhald á auðlindum í jörðu vegna hins Evrópska efnahagssvæðis. Ég held því að hæstv. ráðherra komist varla undan því nema sverja af sér þessar sendingar sem liggja í höndum þingmanna, eigin bréf til þingsins og skilaboð. Hitt er annað mál að ekki hefði ég haft á móti því

að hæstv. ráðherra hefði fyrir mörgum árum komið fram með slíkt frv. og þá hefði ég litið á það í almennu samhengi. Auðvitað hefur hvert frv. sem Alþingi tekur afstöðu til, meðan Íslendingar hafa löggjafarvaldið sem getur nú farið að styttast í eins og skýrt og skilmerkilega var fram tekið af hv. 4. þm. Reykv. hér áðan, sitt sjálfstæða gildi.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir mitt leyti reyna að leiðrétta þann misskilning sem fram kom í máli hv. 4. þm. Austurl. eða ég ætti kannski öllu heldur að segja ofskilnings. Ég sagði ekki að það frv., sem ég hyggst flytja sem stjfrv., tengdist ekki samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði sem fyrir þinginu liggur að ræða staðfestingu á, heldur sagði ég að frv. um Evrópskt efnahagssvæði væri ekki til umræðu í dag heldur frv. hv. 4. þm. Austurl. Hjörleifs Guttormssonar og fleiri um jarðhitaréttindi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sveigjanlegur vinnutími, fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 72. mál. — Þskj. 74.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um sveigjanlegan vinnutíma sem er að finna á þskj. 74. Flm. ásamt mér eru hv. þingkonur Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Einarsdóttir. Þessi tillaga er nú flutt hér í annað sinn, nú í breyttri útgáfu. Tekið er tillit til nokkurra ábendinga sem fram komu í umsögnum um tillöguna á vorþingi 1992. Mikilvægasta breytingin er sú að í tillögunni er nú valin sú leið að koma á sveigjanlegum vinnutíma hjá ríkisstofnunum eftir því sem kostur er. En þeirri aðgerð er jafnframt ætlað að hafa þau áhrif að unnt sé að meta kosti og galla sveigjanlegs vinnutíma. Jafnframt er í till. leitað leiða til að taka málið upp á hinum almenna vinnumarkaði eftir því sem kostur er.

Tillögutextinn með þessum breytingum hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því í samráði við félög opinberra starfsmanna að tekinn verði upp sveigjanlegur vinnutími hjá ríkisstofnunum eftir því sem við verður komið. Jafnframt beiti félagsmálaráðherra sér fyrir því að teknar verði upp viðræður milli ráðuneytisins og aðila vinnumarkaðarins um möguleika á því að boðið verði upp á sveigjanlegan vinnutíma í sem flestum atvinnugreinum.“

Í framsögu minni í þessu máli sl. vetur drap ég á nokkur atriði er ég tel rétt að ítreka nú og fylgja eftir. Að öðru leyti vil ég vísa í greinargerð með tillögunni. Fyrst vil ég ítreka það sjónarmið tillöguflytjenda að með sveigjanlegum vinnutíma er átt við að vinnutími byggist á samkomulagi starfsmanns og vinnuveitanda. Atvinnurekandi og starfsmaður geri samning um vinnutíma eftir þörfum starfsmannsins innan þess ramma sem fyrirtæki vinnuveitanda eða stofnanir hafa svigrúm til. Mikilvægt er að starfsmaður verði ekki þvingaður til að vinna á óeðlilegum vinnutíma í skjóli ákvæða um sveigjanlegan vinnutíma. Þetta tel ég afskaplega mikilvægt að árétta hér. Sveigjanlegur vinnutími á að mínu mati einungis rétt á sér að slíkt samkomulag sé fyrir hendi og þess vegna sýnist mér ekki rétt að njörva niður skilgreiningu á sveigjanlegum vinnutíma í greinargerð með tillögunni. Það hlýtur að vera háð aðstæðum á hverjum vinnustað fyrir sig.

Ég tek undir með þeim sem bent hafa á að sveigjanlegur vinnutími mun ekki einn sér bæta aðstöðu launþega, fleira þarf að koma til. Með vaxandi atvinnuleysi ætti nú að vera lag til að ræða í alvöru styttingu vinnutíma. Slíkt má að sjálfsögðu ekki verða tilefni til kjaraskerðingar. Nógu erfitt er að framfleyta fjölskyldum á þeim dagvinnulaunum sem í boði eru. Í tengslum við þessa þáltill. mun verða flutt önnur tillaga um aðgerðir til styttingar vinnutíma nú mjög bráðlega.

Langur vinnudagur hefur allt of lengi verið hlutskipti flestra Íslendinga. Sumpart vegna þess að aðeins með gífurlegri yfirvinnu hefur verið unnt að ná endum saman fyrir venjulegt taxtavinnufólk. En sumpart vegna þess að samfélagið hefur þurft á öllum vinnandi höndum að halda. Jafnframt hefur ýmis félagsleg þjónusta, svo og barnagæsla og umönnun aldraðra í heimahúsum, verið af skornum skammti. Skóladagur grunnskólabarna er stuttur og sundurslitinn og það virðist ekki hilla undir neina varanlega góða lausn á því þrátt fyrir viðleitni á nokkrum stöðum. Samverustundir fjölskyldunnar eru fáar í þeirri vinnuánauð sem barnafjölskyldur búa oftast við. Það er hlutskipti flestra fjölskyldna að þurfa að festa kaup á húsnæði á fyrstu búskaparárunum þar sem leigumarkaður er takmarkaður og mjög ótryggur. Nokkuð algengt er að fólk reyni að laga vinnutíma sinn að fjölskyldunni en svigrúm til þess er oft mjög lítið miðað við núverandi aðstæður. Oftast eru það konur sem taka að sér að vinna sundurslitinn vinnudag vegna fjölskylduaðstæðna. Nokkuð algengt er að konur þurfi að taka á sig aukavinnu á kvöldin og um helgar til að geta jafnframt sinnt ungum og öldnum fjölskyldumeðlimum. Það er hins vegar fátíðara að karlmenn reyni að laga vinnutíma sinn að þörfum fjölskyldunnar. Oft er skilningur vinnuveitenda lítill á því að karlmenn þurfi að taka tillit til þarfa fjölskyldunnar er þeir skipuleggja vinnutíma sinn. Þannig verður ekki einungis sakast við karlmenn að þessu leyti. En þeir virðast heldur ekki hafa þrýst á að úr verði bætt. A.m.k. þekki ég ekki nein sérstök dæmi þess. Hins vegar er mér kunnugt um að það eru ýmsir sem telja að það sé að mörgu leyti óviðunandi að hafa ekki þetta svigrúm.

Verði sveigjanlegur vinnutími að veruleika eru meiri líkur á því að unnt verði að kalla alla, feður jafnt sem mæður til ábyrgðar um nauðsynlega samveru fjölskyldunnar einkum á þeim árum þegar börnin eru ung.

Mig langar að grípa niður í lok greinargerðar með þessari þáltill., með leyfi hæstv. forseta, og koma nokkrum upplýsingum á framfæri:

„Ýmsar kannanir hafa verið gerðar á vinnutíma Íslendinga. Í þessum könnunum hefur fyrst og fremst verið spurt um afstöðu fólks til lengdar vinnutíma en sjaldan um sveigjanlegan vinnutíma. Á þessu eru þó til undantekningar. Í jafnréttiskönnun Bandalags háskólamanna frá því í desember 1989 eru könnuð viðhorf til sveigjanlegs vinnutíma. Flestir (62,4% karla og 63,6% kvenna) telja vinnutíma sinn of langan fyrir fólk með börn og fjölskyldu. En það er þó athyglisvert að sjá hve margir, einkum konur, telja að sveigjanlegur vinnutími vegi einnig þungt með tilliti til fjölskyldumála. 34,6% kvenna og 25,5% karla segjast sammála eða frekar sammála fullyrðingunni: „Það er frekar ósveigjanlegur vinnutími heldur en langur vinnudagur í sjálfu sér sem skapar óþægindi við að samræma fjölskyldu og heimilislíf." Rétt er að geta þess að fólki gafst ekki kostur á að svara því hvort langur vinnudagur og ósveigjanlegur vinnudagur bitnuðu jafnt á fjölskyldulífi." — Hér er vitnað í jafnréttiskönnun Bandalags háskólamanna, desember 1989.

„Væri sveigjanlegur vinnutími tekinn upp á Íslandi mundi það geta stuðlað að því að jafna foreldraábyrgð. Almennt er skilningur sýndur á því að mæður þurfi að laga vinnutíma sinn að þörfum barna sinna en mjög skortir á að hið sama gildi um karla" eins og ég gat um hér áðan.

„Sveigjanlegur vinnutími gæti jafnframt aukið vellíðan í starfi sem hlýtur að vera sameiginlegt hagsmunamál launþega og atvinnurekenda."

Með þessum orðum lýkur greinargerðinni en mig langar til að bæta nokkru við og þá einkum að stikla á stóru í þeim umsögnum sem borist hafa um málið og ítreka að við flm. höfum tekið tillit til þeirra ábendinga er lúta að tilhögun þess að taka upp sveigjanlegan vinnutíma og beint því verkefni að hluta til til aðila vinnumarkaðarins og tekið vel ábendingum um hvernig best væri staðið að þessu máli.

Ef ég lít fyrst á umsögn Jafnréttisráðs frá því 2. júlí sl. þá langar mig, með leyfi forseta, að lesa niðurlagsorð og niðurstöðu Jafnréttisráðs, en þar stendur:

„Niðurstaða Jafnréttisráðs er að sveigjanlegur vinnutími sé mikið hagsmunamál fyrir vissa hópa launþega en ekki sé ráðlegt að lögbinda slík atriði. Þeim sé mun betur skipað með ákvæðum í kjarasamningum, ráðningarsamningum eða vinnustaðasamningum milli launþega og vinnuveitenda."

Til þessara athugasemda höfum við nú tekið tillit og skapað það svigrúm í tillögugreininni sem eðlilegt má teljast miðað við þetta. Við getum að vissu leyti tekið undir þetta og teljum það mjög mikilvægt að verði þessi tillaga samþykkt, sem ég að sjálfsögðu vona, þá verði það gert í friði og með skoðanir umsagnaraðila í huga. Ég vík þá næst að umsögn Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, BHMR, en hún barst Alþingi þann 26. júní sl. Með leyfi forseta, langar mig að taka þar nokkur atriði, bæði kosti og galla sem fram komu á þeim tillögutexta sem þá lá fyrir og gekk lengra. En í þessari umsögn segir:

„Vinnutímaákvæði hafa ekki í reynd dugað til að verja launamenn gegn óhóflegu vinnuálagi. Veldur þar mestu að dagvinnulaun eru orðin svo lág að þau duga hvergi til framfærslu venjulegrar fjölskyldu. Flest aðildarfélög BHMR sömdu árið 1989 um verulega hækkun dagvinnulauna m.a. í þeim tilgangi að draga úr óhóflegri vinnueftirspurn vinnuveitandans. Þessir kjarasamningar voru brotnir af ríkisstjórn og Alþingi með lögum. Alkunna er að vinnuveitendur hagnýta sér lág laun til að ná fram mikilli vinnu fyrir lítið verð. Eina raunhæfa leiðin til að tryggja launamönnum eðlilegan vinnutíma er að dagvinnulaun dugi til framfærslu."

Ég lýk tilvitnun í bili en mun síðar taka örlítið meira úr þessari umsögn. Ég get nefnilega heils hugar tekið undir þessa athugasemd og tel ekki að hún stangist á nokkurn hátt á við það markmið þessarar tillögu að taka upp sveigjanlegan vinnutíma því ég held að það sé óhjákvæmilegt að jafnframt verði hugað að lengd vinnutímanns jafnvel þótt nú sé að skella á ákveðið atvinnuleysi sem gæti orðið til þess að stytta vinnutíma en þá með fullri kjaraskerðingu. En ég ætla að fá að grípa aftur niður í umsögn BHMR, með leyfi forseta:

„Dagvinnulaun og heildarlaun kvenna eru allt of lág og takmarkað framboð á dagvistun barna hefur dregið úr möguleikum þeirra til fullrar þátttöku á vinnumarkaðnum. Úr þessum atriðum verður ekki bætt með því að gera vinnutíma kvenna sveigjanlegri. Þvert á móti er líklegt að kjör þeirra mundu verða enn þá lakari. Reynslan sýnir a.m.k. að kjör þeirra sem hafa sveigjanlegri vinnutíma eru lakari en hinna og þeir verða oftar en ekki að laga vinnutíma sinn að óskum vinnuveitandans en ekki öfugt. Þess vegna getur BHMR ekki mælt með því að sveigjanlegur vinnutími verði gerður að almennri reglu."

Varðandi þetta vil ég ítreka að með þessari tillögu er einmitt verið að gera ráð fyrir því að hér sé ekki aðeins lausn fyrir konur, sem mynda stærsta láglaunahópinn í landinu, heldur að gera þetta að eðlilegum þætti á þeim vinnumarkaði sem hér er eftir því sem kostur er. Og ég held að öðruvísi verði ekki ráðin bót á þessum staðreyndum og öðruvísi verði ekki höggvið á þann hnút sem vissulega er fyrir hendi. Og ég get alveg tekið undir að svona er staðan núna. Þessari tillögu er ekki ætlað að staðfesta ríkjandi ástand heldur breyta því og það markmið vona ég að sjálfsögðu að BHMR eins og aðrir virði.

Að lokum vil ég geta þess að í niðurlagsorðum þessarar umsagnar stendur:

„BHMR vill að lokum vekja athygli hæstv. þingnefndar á því að kjör þeirra kvenna, sem hér um ræðir, verða helst bætt með hækkun dagvinnulauna og styttri vinnutíma." Undir þetta hlýt ég að sjálfsögðu að taka og hef þegar gert. En ég get ekki tekið undir þá hugsun að hér sé aðeins verið að ræða um aðstæður kvenna. Hér er þvert á móti verið að reyna að rjúfa kerfi sem er óviðunandi.

Ég vil geta þess til að halda öllu til haga að Alþýðusamband Íslands kemur með þá ábendingu að

þetta sé mál sem samningsaðilar á vinnumarkaði hljóti að fjalla um og ekki sé rétt að skipa því með lögum og til þessa höfum við tilllöguflytjendur tekið tillit. Jafnframt vil ég geta þess að Vinnumálasamband samvinnufélaganna segir í niðurlagi sinnar umsagnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðstaða fyrirtækja til að hafa sveigjanlegan vinnutíma er mjög mismunandi og fer það eftir starfssviði launþegans og starfssemi vinnustaðar. Á þeim vinnustöðum sem í dag hafa komið sér saman um sveigjanlegan vinnutíma hefur það verið án afskipta aðila vinnumarkaðarins og gert með samkomulagi launþega og vinnuveitenda. Hugsanlegt er að það sé besta leiðin."

Varðandi þetta vil ég taka það fram að ein aðferð útilokar ekki aðra.

Að lokum vil ég grípa niður í mjög stutta umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, BSRB, þar sem kemur fram að stjórn BSRB telur eðlilegast að samið sé um í það í kjarasamningum milli aðila vinnumarkaðarins hvernig vinnutíma sé háttað hér eftir sem hingað til. Til þessa hefur verið tekið tillit með breyttum tillögutexta eins og ég hef þegar getið.

Virðulegi forseti. Undir lok þessarar umræðu vil ég leggja til að málinu verði vísað til síðari umræðu og hv. félmn. og vonast til þess að málið verði á nýjan leik sent til umsagnar þar sem það er töluvert breytt frá því sem áður var og fái að því loknu það brautargengi sem ég tel það verðskulda.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gatnagerðargjöld, 1. umr.

Frv. ASv og KHG, 87. mál (göngustígar o.fl.). — Þskj. 95.

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegur forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um gatnagerðargjöld. Fyrsti flm. er Auður Sveinsdóttir, 1. varamaður Alþb. í Reykv., og ég er 2. flm.

Þetta frv. var fyrst lagt fram til kynningar á síðasta þingi og er endurflutt nú óbreytt. Megintilgangur frv. er að tryggja gangandi og hjólandi vegfarendum meira öryggi í sínu daglega umhverfi og enn fremur að auka möguleikana á betri og snyrtilegri frágangi grænna svæða fljótlega eftir að hús hafa verið reist.

Breytingin sem lögð er til í þessu frv. felst í því að skilgreina fleiri svæði er þurfa frágangs við en eingöngu götur, þ.e. leiksvæði, göngstíga, hjólreiðastíga og önnur opin svæði. Þessari tegund svæða er hvergi markaður neinn tekjustofn innan sveitarfélaganna eins og nú er.

Í núgildandi lögum um gatnagerðargjöld er sveitarstjórnum veitt heimild til að leggja á sérstök gjöld til uppbyggingar gatna og gerð bundins slitlags á þær. Í þessum lögum er ekki getið um neinn annan frágang. Það sama gildir um önnur lög, hvergi er getið um frágang opinna svæða á einn eða neinn hátt. Hins vegar er brýnt að hægt sé að ganga frá öðrum svæðum um svipað leyti og framkvæmdir við gatna- og gangstéttagerð eiga sér stað.

Þegar ný hverfi byggjast er oft um það að ræða að þangað flytjast ungar fjölskyldur og þar með talsvert af börnum. Yfirleitt verður gatan nærtækasti leikvöllur barnanna. Því er leitast við að ganga frá henni sem fyrst. Önnur svæði svo sem leiksvæði, göngu- og hjólreiðastígar sitja á hakanum og getur dregist í lengri tíma að ganga frá þeim. Oft líða mörg ár. Öllum hlýtur að vera ljós sú hætta sem börnum, jafnt sem öðrum vegfarendum stafar af akandi umferð. Tölur og upplýsingar frá Umferðaráði og lögreglu sýna svo ekki verður um villst að slys, sérstaklega á börnum, eru allt of mörg.

Það er kappsmál allra að fyrirbyggja slysin, en auðveldasta leiðin er tvímælalaust sú að tryggja vegfarendum öruggt umhverfi. Á undanförnum árum hafa hjólreiðar aukist mikið og er svo komið að árlegur innflutningur á hjólum er umtalsverður. Það gefur auga leið að þessi hjól sem að miklu leyti eru í eigu barna og unglinga eru meira og minna notuð í umferðinni, á götum þéttbýlisins og þá oftast innan um akandi umferð. Samkvæmt lögreglusamþykkt er heimilt að hjóla á gangstéttum. Sú heimild varð vissulega til mikilla bóta þegar hún var veitt en hún var veitt sem algert neyðarúrræði vegna skorts á öruggum hjólreiðastígum. Þar var látið við sitja og vandinn talinn leystur en því er öðru nær því eins og fyrr segir var þetta algert neyðarúrræði. Í nýjum hverfum eiga hjólreiðastígar að vera jafnsjálfsagðir og gangstéttar og frágangur þeirra á vissulega að verða um leið og aðrar gatnaframkvæmdir.

Við byggjum dýr og vönduð hús, leggjum áherslu á vandaðar innréttingar og frágang. Hins vegar hefur það viljað sitja á hakanum að ganga frá lóðum og öðrum svæðum sem í raun verður að líta á sem hluta af byggingarframkvæmdum. En því miður eru þessi ófrágengnu svæði oftast þau svæði sem börnum og unglingum eru ætluð sem leiksvæði ásamt göngu- og hjólreiðastígum.

Í skipulagi bæja er það öryggisatriði að göngu- og hjólreiðastígar séu lagðir jafnframt akvegum eða götum. Auk þess að það sé öryggisatriði þá mun það líka hvetja til aukinnar notkunar á hjólum og þannig draga úr notkun einkabílsins. Notkun bifreiða er of mikil í hinum vestræna heimi og erum við hér á Íslandi þar ekki undanskilin. *Bílaeign okkar er ein sú mesta í* heiminum og komumst við jafnfætis Bandaríkjamönnum í þeim efnum. Það er mikill kostnaður sem samfélagið þarf að taka á sig vegna notkunar einkabílsins. Því hlýtur það að vera kappsmál að geta dregið sem mest úr notkun hans. Til skamms tíma hefur verið talinn óþarfi að útbúa sérstök leiksvæði fyrir börn. Það var vafalaust hér áður fyrr en í dag er ekki hægt að komast hjá því. Það er ábyrgðarhluti að tryggja ekki börnum örugg og góð svæði til leikja og þau verður að

útbúa um leið og húsin. Með frv. þessu er sveitarfélögum veittur sá möguleiki að ganga frá þessum svæðum með því að innheimta sérstakt gjald sem varið skal til framkvæmda við gerð göngustíga, hjólreiðarstíga, leiksvæða og annarra opinna svæða.

Virðulegi forseti. Þetta er sú framsöguræða sem hv. 1. flm. hafði sett saman og ég flyt í forföllum hennar eða öllu heldur vegna þess að hún er aftur farin af þingi og ekki vannst tími til að taka málið fyrir meðan hún sat hér.

Ég vil, virðulegi forseti, leggja nokkra áherslu á það að þingheimur taki þetta mál nokkuð alvarlega. þetta er mikið brýnna mál en það lætur yfir sér. Þetta virðist lítil mál við fyrstu sýn en eins og menn sjá sem lesa greinargerðina og kynna sér efni frv. er þetta mál sem varðar okkur alls staðar um landið.

Ég vil svo, virðulegi forseti, að lokinni þessari umræðu leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. KHG, 94. mál (tryggingaráð). — Þskj. 106.

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að mæla hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar með síðari breytingum. Breytingin sem ég legg til er efnislega á þann veg að til viðbótar þeim fimm þingkjörnu mönnum sem sitja í tryggingaráði skipi heilbr.- og trmrh. tvo menn og jafnmarga til vara, annan samkvæmt tilnefningu frá Landssambandi aldraðra og hinn samkvæmt tilnefningu frá Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Þroskahjálp sameiginlega. Með frv. fylgir svo hljóðandi greinargerð:

„Nær samhljóða frumvarp var flutt á 109. löggjafarþingi en varð eigi útrætt. Flutningsmaður var Helgi Seljan.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á skipan tryggingaráðs að til viðbótar hinum fimm þingkjörnu fulltrúum, sem þar sitja nú, komi tveir fulltrúar jafnréttháir, þ.e. annar frá Landssambandi aldraðra og hinn sameiginlega frá Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Þroskahjálp.

Yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins er í höndum tryggingaráðs sem setur m.a. reglur um fjölmargt á grundvelli laga um almannatryggingar. Auk þess er ýmsu því vísað til tryggingaráðs sem málsaðilum þykir ekki hafa fengist viðunandi úrlausn á. Fjölmörg vandasöm úrlausnarefni, sem lenda á borði tryggingaráðs, eru á þann veg að þau snerta þá aðila beint og óbeint sem lagt er til að eigi fulltrúa til viðbótar í tryggingaráði. Telja verður bæði eðlilegt og sanngjarnt að fulltrúar þessara samtaka setjist þarna inn til ákvörðunar ásamt þeim þingkjörnum fulltrúum sem fyrir eru. Þar munu koma til verks aðilar sem nákunnugir eru málefnum umbjóðenda sinna.

Tryggingastofnun ríkisins hefur með höndum viðamikla og vandasama starfsemi sem snertir flesta einstaklinga innan þeirra samtaka sem hér er gerð tillaga um að fái fulltrúa í tryggingaráði. Benda má á að í fjárlögum 1992 er gert ráð fyrir að útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins verði tæplega 25 milljarðar króna eða u.þ.b. 23% ríkisútgjalda. Lífeyristryggingar eru þar áætlaðar um 14,8 milljarðar króna og sjúkratryggingar liðlega 9 milljarðar króna.

Flutningsmaður leggur áherslu á að ekki er verið að kasta rýrð á þá fulltrúa sem sitja nú og setið hafa í tryggingaráði. Hins vegar er það skoðun flutningsmanns að tryggingaráð verði enn betur í stakk búið til þess að fjalla um og taka ákvarðanir á sviði umbjóðenda þeirra fulltrúa sem lagt er til að bætist í tryggingaráð.

Allnokkur fordæmi eru fyrir því að hagsmunasamtök eigi aðild að ákvörðunum sem snerta hagsmuni einstaklinga og félaga innan þeirra. Má þar nefna stjórnarnefnd um málefni fatlaðra, svæðisstjórnir um málefni fatlaðra og síðar svæðisráð, en þar eiga Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp fulltrúa og verður ekki annað ráðið af þeirri reynslu en að farsællega hafi til tekist."

Ég vil, virðulegi forseti, leyfa mér að leggja til að að lokinni umræðu þessari að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Bókaútgáfa Menningarsjóðs.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og áður hafði verið tilkynnt hefst nú utandagskrárumræða sem fer fram skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaga. Fer umræðan fram að beiðni hv. 15. þm. Reykv. og fjallar um rétt meiri hluta menntamálaráðs til að leggja niður Bókaútgáfu Menningarsjóðs. Umræðan fer fram með þeim hætti að málshefjandi og viðkomandi ráðherra hafa fimm mínútur hvor í fyrri umferð og tvær mínútur hvor í þeirri síðari. Aðrir þingmenn og ráðherrar hafa tvær mínútur tvisvar sinnum ef því er að skipta.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Nú fyrir stundu var haldinn fundur í menntamálaráði þar sem ákveðið var að ganga að tilboðum í útgáfurétt á bókum Menningarsjóðs. Þessi fundur er aðeins liður í farsa sem nú hefur staðið yfir um nokkurt skeið og miðar markvisst að því að leggja niður Bókaútgáfu Menningarsjóðs, Menningarsjóð og jafnvel menntamálaráð. Ég ætla ekki hér að ræða um það hvort leggja eigi Menningarsjóð niður og

bókaútgáfuna eða ekki. Ég kveð mér fyrst og fremst hljóðs utan dagskrár til að vekja athygli Alþingis á því hvernig meiri hluti menntamálaráðs er í raun að taka sér vald í hendur sem það hefur alls ekki. Það er Alþingis að taka ákvörðun um það hvort bókaútgáfan, Menningarsjóður og eftir atvikum menntamálaráð er lagt niður en ekki meiri hluta menntamálaráðs, menntmrh. né ríkisstjórnarinnar. Það getur auðvitað ekki gengið að staðið sé að málum með þessum hætti. Stofnun, sem heyrir undir Alþingi, er lögð í rúst og svo koma ráðherrar til Alþingis með lagafrumvarp þar sem óskað er heimildar til að leggja viðkomandi stofnun niður þannig að í raun eru þeir búnir að gera þetta fyrir fram. Þetta er ekki eina dæmið.

Ég minni á annað nýlegt dæmi en það er Skipaútgerð ríkisins og sjálfsagt eru þau miklu fleiri. Ráðherrar hafa ekkert vald til þess að ganga fram með þessum hætti og heldur ekki meiri hluti, heil ráð eða nefndir þó að þau séu kosin af Alþingi. Alþingi fer nefnilega með löggjafarvaldið en það virðist farið að vefjast fyrir mörgum. Þeir taka sér margir hverjir löggjafarvaldið í hendur. Það er kominn tími til að Alþingi taki á því hvernig framkvæmdarvaldið er ætíð að taka sér vald sem það hefur alls ekki.

Þetta mál hefur fleiri hliðar. Nú er það svo að Alþingi kýs ýmis ráð og nefndir, bankaráð, tryggingaráð, húsnæðisstjórn, menntamálaráð o.fl. Þessar nefndir og ráð starfa eftir lögum frá Alþingi. Ef ekki er farið eftir þeim lögum, sem Alþingi hefur sett, er það þá ekki skylda Alþingis að taka á málinu? Ef ríkisstarfsmaður, sem ráðherra hefur skipað, brýtur af sér er það skylda hans að taka á málinu. Ber Alþingi ekki skylda til að taka á máli þeirra sem það kýs og e.t.v. brjóta gegn lögum sem Alþingi setur eða brjóta af sér á einn eða annan hátt?

Ég velti því t.d. fyrir mér að ef einhver af þeim, sem Alþingi hefur kosið til þess að taka að sér starf í nefnd eða ráði, verður sekur um alvarlegt og augljóst glæpsamlegt athæfi t.d. fjárdrátt eða eitthvað annað og athygli forsætisnefndar eða Alþingis er vakin á því, hefur Alþingi þá engan möguleika að taka á því máli? Hefur Alþingi einungis heimild til þess að kjósa fólk á t.d. fjögurra ára fresti eða eftir því sem segir í lögum og síðan er ekki hægt að taka á því með neinum hætti ef að viðkomandi stjórnir og ráð brjóta gegn þeim lögum sem Alþingi setur? Það er nauðsynlegt að Alþingi geri sér grein fyrir hvernig það getur snúið sér í máli sem þessu.

Ég tel nauðsynlegt að Alþingi taki á einhvern hátt á slíkum málum og ég ítreka það sem ég sagði í upphafi að ég er ekki að taka efnislega á því hvort leggja eigi niður Menningarsjóð eða Bókaútgáfu Menningarsjóðs. Það er auðvitað allt annar handleggur. Ef það væri vilji meiri hlutans á Alþingi að leggja Menningarsjóð niður hefði auðvitað verið eðlileg málsmeðferð að leggja fram frv. um það atriði en ekki að fara að með þessum hætti. Því gagnrýni ég harðlega slíka málsmeðferð og tel nauðsynlegt að alþingismenn geri sér grein fyrir hvað þarna er á ferðinni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. sjútvrh. tekur nú til máls en hann fer með menntmrn. í fjarveru Ólafs G. Einarssonar.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það kom fram nokkur misskilningur í máli hv. málshefjanda sem orðaði það einhvern veginn á þann veg að meiri hluti menntamálaráðs hefði tekið sér það vald að leggja ráðið niður. Mér er ekki kunnugt um að menntamálaráð eða meiri hluti þess hafi tekið sér neitt slíkt vald. Það er að sönnu rétt að menntamálaráð verður ekki lagt niður nema Alþingi hafi þar um samþykkt sérstök lög. Hins vegar hefur það ekki farið fram hjá hv. þm. að menntmrn. stefnir að því að leggja bókaútgáfuna niður í því formi sem hún hefur verið og koma á nýrri skipan þeirra mála meira í samræmi við nútímaaðstæður. Niðurstaða mín er því sú að ræða hv. þm. hafi verið á algerum misskilningi byggð. Ég hygg að hún sé til komin vegna bréfs sem tveir fulltrúar í menntamálaráði hafa skrifað Alþingi og er nokkuð sérstætt þar sem þeir óska eftir úrskurði um hver sé ábyrgð þeirra á ákvörðunum meiri hluta ráðsins. Nú er það ekki Alþingis að úrskurða um slíka ábyrgð og fer eftir almennum reglum og kjarni þess máls er sá að sérhver fulltrúi í menntamálaráði ber ábyrgð á því að sjóðurinn taki ekki á sig neinar fjárskuldbindingar umfram það sem fjárhagsáætlanir segja til um sem eru grundvöllur að fjárlögum sem ákveðin eru hverju sinni. Þetta eru skyldur stjórnarmanna að því er þessi atriði varðar og síðan að taka ákvarðanir um starfsemi sjóðsins á þeim grundvelli.

Í gildandi fjárlögum sem Alþingi samþykkti er heimildarákvæði um að semja um ráðstöfun eigna og skulda og stjórn sjóðsins, menntamálaráð, hefur unnið í samræmi við þessa skýru heimild í fjárlögum sem Alþingi hefur samþykkt, að semja um ráðstöfun eigna og skulda til þess að tryggja eðlilega fjárhagslega meðferð á eignum og skuldum sem hér er um að tefla. Ég lít svo á að menntamálaráð hafi starfað í fullu samræmi við þessa skýru lagaheimild og það kemur mér satt best að segja mjög á óvart ef hv. alþm. gera við það athugasemdir að stjórnarmenn eða fulltrúar í menntamálaráði skuli starfa í samræmi við svo skýrt lagaákvæði. Oft má deila um það hvernig túlka beri ákvæði í lögum en í þessu falli eru heimildirnar bæði skýrar og ljósar og allt það sem meiri hluti menntamálaráðs hefur gert er í fullu samræmi við þetta.

Í samræmi við mótaða stefnu menntmrn. er nú unnið að frv. sem væntanlega verður tilbúið innan mjög skamms tíma þar sem gert er ráð fyrir nýrri skipan þessara mála og ætlunin er að byggja það á þeirri meginreglu að veita styrki til einstakra verkefna. Það er vissulega svo að fyrir því voru rök á sínum tíma að ríkið gengist fyrir bókaútgáfu af þessu tagi til þess að tryggja ýmiss konar vandaða og menningarlega útgáfu í landinu. Það er ætlunin að standa vörð um þessa meginstefnu en með öðrum hætti og í samræmi við nútímaaðstæður og verður fært í það form að veita styrki til einstakra útgáfuverkefna. Þetta frv. verður lagt fyr-

ir Alþingi og það tekur síðan ákvarðanir í málinu. Menningarsjóður verður til þar til Alþingi hugsanlega tekur nýjar ákvarðanir á grundvelli þess frv. sem væntanlega verður lagt fram.

Frú forseti. Mér sýnist þess vegna að tilefni þess að hv. málshefjandi stóð hér upp sé einhver misskilningur sem ég vona að nú hafi verið eytt.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Allt saman óskaplega skýrt og ljóst og löglegt, segir hæstv. ráðherra. En það er nú samt ekki skýrara, ljósara eða löglegra en svo að umboðsmaður Alþingis er þeirrar skoðunar að þar sem Menningarsjóður hafi verið settur á stofn með lögum sé ljóst að hann verði ekki lagður niður nema með lögum og nægi ekki í því efni heimild í fjárlögum fyrir fjmrh. til þess að semja um ráðstöfun eigna og skulda sjóðsins. Svo einfalt er það mál. Og ég lít svo á að með því að stjórn sjóðsins hefur í dag tekið tilboði frá Máli og menningu þess efnis að Mál og menning fái allan útgáfurétt sjóðsins, sé þar með búið að leggja hann niður algerlega án þess að málið hafi komið til kasta Alþingis, án þess að vilji Alþingis til málsins hafi komið fram. Það tel ég alvarlegt mál og ég tel ekki að þetta mál sé tekið hér upp af neinum misskilningi heldur einfaldlega vegna þess að þetta snertir stjórnskipan íslenska lýðveldisins. Stjórn sjóðsins er skipuð af Alþingi og því starfar hún í umboði Alþingis að mínu mati. Það þarf að fá úr því skorið í eitt skipti fyrir öll hver sé staða þingskipaðra stjórna og nefnda í þjóðfélaginu. Hér er um það að ræða að framkvæmdarvaldið er að fara inn á svið löggjafans, er að setja lög, með öðrum orðum er að leggja niður starfsemi, í sumum tilfellum að selja fyrirtæki án þess að fyrst sé athugað um vilja Alþingis. Það er síðasta atriðið í þessum ferli hjá hæstv. ríkisstjórn að spyrja Alþingi þegar búið er að eyðileggja viðkomandi stofnanir eða viðkomandi fyrirtæki og því er ég andvíg.

Árni M. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Upphaf þessa máls er auðvitað rekstrarvandi Bókaútgáfu Menningarsjóðs. Bókaútgáfan hefur verið rekin með verulegum halla og er því í verulegum fjárhagsvandræðum. Meiri hluti menntamálaráðs er einungis að taka á þessum vanda eins og honum ber skylda til enda ber hann ábyrgð á starfsemi sjóðsins gagnvart Alþingi og framkvæmdarvaldinu. Þetta gerir meiri hlutinn í samræmi við 6. gr. fjárlaga þar sem eru heimildir til ráðstöfunar á eignum sjóðsins og allt tal um að draga þennan meiri hluta til ábyrgðar eins og hv. 15. þm. Reykv. gerði er því algerlega út í loftið. Þessar aðgerðir eru frekar til fyrirmyndar og ef það hefði víðar verið reynt að taka á rekstrarvanda ríkisstofnana á þennan hátt áður en til stórvandræða væri komið þá væri vandi ríkissjóðs eflaust miklu minni en hann er í dag. Farsinn hins vegar í þessu máli var auðvitað tilburðir fyrrv. formanns menningarráðs til þess að halda í formennskuna eftir að hafa misst meiri hluta á staðnum.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Þá höfum við heyrt það. Hv. 3. þm. Reykn. vill leggja niður öll þau fyrirtæki sem halli er á. Það mætti þá benda honum á að leggja niður þjóðfélagið.

Þeir ágætu nefndarmenn, sem hér hafa skrifað forsætisnefnd þingsins, eiga að starfa samkvæmt lögum nr. 50/1957 í ráði sem hefur eftirfarandi verkefni: Það skal verja tekjum Menningarsjóðs til bókaútgáfu, til stuðnings við gerð íslenskra menningar- og fræðslukvikmynda, til eflingar þjóðlegum fræðum og athugana á náttúru landsins, til styrktar íslenskri tónlist og myndlist, til kynningar á íslenskri menningu innan lands og utan og til greiðslu fargjalda sbr. 7. gr., og hef ég ekki tíma til að gera grein fyrir því. Þessum sjóði, sem enn þá eru innheimtar tekjur til þó þær séu látnar í annað, er ætlað það verkefni að efla íslenska menningu. Þeim nefndarmönnum, sem kjörnir voru í núverandi menntamálaráð, ber skylda til að vinna að þessu og það hafa engin lög enn þá verið samþykkt um að leggja þennan sjóð niður. Hins vegar segir hér á bls. 353 í fjárlagafrv. hins íslenska ríkis: „Menningarsjóður. Framlag til sjóðsins fellur niður, enda verður á haustþingi lagt fram lagafrv. sem nemur úr gildi lög um Menningarsjóð." Og á öðrum stað í fjárlagafrv. er svipuð klásúla. Það er ekki bara verið að leggja niður Bókaútgáfu Menningarsjóðs, það er verið að leggja niður Menningarsjóð. Og ég vil spyrja hæstv. forseta sem ég lít svo á að hljóti að vera verndarvættur Hins íslenska þjóðvinafélags: Hvað verður nú um félagið sem eini maðurinn, sem er á mynd í þessum sal, stofnaði á sínum tíma, eina félagið sem fær að halda aðalfundi sína í þingsölum og forseti þess eini maður utan þings sem fær að stíga í stól hæstv. forseta? Ég held að stjórn þingsins ætti að fara að huga að hvernig ruðst er inn í þingsali og rifið niður það sem Íslendingar hafa verið að byggja upp síðan lýðveldið var stofnað á Þingvöllum árið 1944.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað fullkomið tilefni til þess að taka upp þessa umræðu hér í þinginu í dag. Það er aumkvunarvert að heyra hæstv. sjútvrh., sem má nú að gegna ýmsum verkum fyrir samráðherra sína þessa dagana, reyna að klóra sig fram úr þeim vandræðum sem ríkisstjórnin hefur komið málefnum Menningarsjóðs og menntamálaráðs í og þeim vinnubrögðum, þeim afturfótavinnubrögðum sem þar er beitt í sambandi við málefni Menningarsjóðs. Getur það vafist fyrir nokkrum að það sé eðlilegt að taka á máli sem þessu með frv. hér á Alþingi áður en farið er í raun að ganga yfir settar reglur og lög í landinu? En það eru hættirnir sem hv. þm. Árni M. Mathiesen er að mæla með. Ef hann sér einhvers staðar rauða tölu þá á að ráðast á viðkomandi fyrirtæki og slá það niður. Það eru leikreglurnar sem þessi meiri hluti hér á Alþingi ætlar að innleiða. Það blæs nú ekki mjög byrlega fyrir menningarmálum í landinu ef marka má þær tillögur og hugmyndir sem fyrir liggja frá stjórnvöldum og það ekki síst varðandi bókina. Hvers eðlis eru þær tillög-

ur sem verið er að reiða fram hér á Alþingi þessa daganna? Það er að rota íslenska bókaútgáfu, ekki aðeins þá sem Menningarsjóður hefur staðið undir heldur almenna bókaútgáfu í landinu. Það er hinn hugmyndalegi bakgrunnur þeirra aðgerða sem beitt er hér með lögleysu að mínu mati á Alþingi og af ríkisstjórn.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað alveg ljóst að það er ekki hægt að leggja niður stofnanir ríkisins nema gera það með lögum frá Alþingi og það er alveg sama hvaða leikfimi ráðherra og einstakir stjórnarþingmenn beita hér í ræðustólnum. Það er ekki hægt að finna nein rök fyrir því. Hin rétta röð mála er að leggja slíkt frv. fyrir Alþingi til að fá það afgreitt og sé það samþykkt, að hefjast þá handa. Það hefur ekki verið gert. Þess vegna hefur verið unnið mjög óeðlilega í þessum málum.

Mig langar til þess að bera fram tvær spurningar til hæstv. sjútvrh. sem er hér fulltrúi ríkisstjórnarinnar. Sú fyrri er í framhaldi af ræðu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur: Hvernig hyggst ríkisstjórnin fara með Hið íslenska þjóðvinafélag? Hið íslenska þjóðvinafélag er virðulegasta félag þessa lands, tengt Jóni Sigurðssyni sem hér er þjóðhetja Íslendinga á vegg í þingsalnum, eini félagsskapurinn sem fær afnot af Alþingishúsinu til þess að halda aðalfundi sína í þessum sal og Alþingi ber sérstaka ábyrgð á Hinu íslenska þjóðvinafélagi. Það hefur átt sambýli við Menningarsjóð með því að gefa út almanak sitt og sinna öðrum störfum um langan tíma. Hvað hyggst ríkisstjórnin og Alþingi gera við Hið íslenska þjóðvinafélag?

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Er það stefna ríkisstjórnarinnar að gera menningarlega bókaútgáfu, útgáfu fræðiverka og ritsafna skálda nánast ókleifa hér á landi með því annars vegar að leggja niður það forlag sem hefur sinnt því að hluta til, samanber Íslenska sjávarhætti og orðabækurnar, og svo hins vegar með því að ákveða í fjárlagafrv. að leggja virðisaukaskatt á bókaútgáfu sem mun gera útgáfu meiri háttar ritverka fjárhagslega óarðbæra fyrir einkafyrirtæki? Þetta tvennt er auðvitað slík atlaga að íslenskri menningu að það nær ekki nokkurri átt og ég trúi því varla að það sé orðin stefnuákvörðun ríkisstjórnar Íslands að leggja slíka steina í götu íslenskrar bókmenningar.

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessari ríkisstjórn virðist varla vera sjálfrátt í aðför sinni að íslenskri menningu og íslenskri bókaútgáfu. Með því að leggja niður Bókaútgáfu Menningarsjóðs virtist ætlunin að sú starfsemi, sem þar hefur farið fram, skuli flytjast út á hinn almenna markað. En fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar varðandi hinn svokallaða bókaskatt sýna hins vegar að einnig á að þrengja að annarri bókaútgáfu svo að ekki horfir vel.

Íslensk menning er að miklu leyti bókmenning og hefur verið svo frá 12. öld. Málsvæði okkar er minna en yfirleitt er talið hugsanlegt að gefa út bækur fyrir. Útgáfan þarf því miklu fremur á stuðningi að halda hér en annars staðar, ekki síst nú á tímum vaxandi samstarfs og samskipta við aðrar þjóðir. Vegna þeirrar aðfarar, sem hér hefur verið gerð að Menningarsjóði og bókaútgáfu hans, vil ég láta koma fram að þingkonur Kvennalistans undirbúa nú nýtt frv. til laga um nýja bókaútgáfu sem gæti tekið við því hlutverki sem Bókaútgáfa Menningarsjóðs hefur sinnt til þessa.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Misskilningur, segir hæstv. ráðherra. Það getur vel verið að hann misskilji eitthvað í þessu máli en það er enginn misskilningur að verið er að leggja niður Bókaútgáfu Menningarsjóðs. Það ætti hann að vita ef hann aflaði sér upplýsinga. Og tilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs voru fyrst og fremst vinnubrögðin í þessu máli. Ef það er vilji meiri hlutans hér á Alþingi að leggja niður Menningarsjóð og Bókaútgáfu Menningarsjóðs og menntamálaráð eða hvað sem menn vilja, þá á auðvitað að koma fram frv. um það hér á Alþingi og taka afstöðu til þess máls og síðan er hægt að framkvæma. Það er ekki gert í þessu máli. Það er fyrst og fremst þetta sem ég er að gagnrýna og mér þykir það mjög alvarlegt ef hæstv. ráðherra telur eðlilegt að gengið sé fram hjá Alþingi með þeim hætti sem gert hefur verið. Fjárlög eru ekki æðri öðrum lögum. Það er ekki hægt að fella úr gildi önnur lög með fjárlögum. Það er ekki hægt að fella úr gildi hlutverk Menningarsjóðs með því að setja eitthvert ákvæði inn í fjárlög. Það er misskilningur, bæði hjá hv. þm. Árna M. Mathiesen sem og ráðherranum. Auðvitað takmarka fjárlög umsvif Menningarsjóðs en þau geta ekki lagt hann niður né það hlutverk sem hann hefur. Það er einmitt það sem verið er að gera og ég gagnrýni harðlega þær aðferðir sem hefur verið beitt í þessu máli og ég endurtek það, ég gagnrýni aðferðirnar fyrst og fremst. Það er ekki rétt að málum staðið í þessu máli.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er mikill misskilningur hér á ferðinni. Menningarsjóður hefur ekki verið lagður niður. Hér stendur hver þingmaðurinn upp á fætur öðrum og heldur því fram að Menningarsjóður hafi verið lagður niður. Það hefur engin ákvörðun verið tekin um það og það er óumdeilt að það verður ekki gert nema með lögum enda er það ætlun ríkisstjórnarinnar að leggja frv. fyrir þingið í því efni. Hér hefur einn af hv. þm. Kvennalistans lýst því yfir að það sé líka áform Kvennalistans að flytja frv. um að breyta þessari starfsemi með nýjum lögum og kveða á um hana með nýjum reglum þannig að þar virðist ekki vera á ferðinni mikill ágreiningur. Hér hefur ekki neitt verið lagt niður sem skipað er með lögum og enginn ágreiningur er um að það þarf lagaheimild til þess að gera það og eftir henni verður leitað þegar þar að kemur.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði á hinn bóginn að það vantaði vilja Alþingis í þessu efni til þeirra ráðstafana sem þegar hafa verið gerðar. Það er rangt. Það hefur

komið hér fram og hv. þm. geta kynnt sér það að í fjárlögum þessa árs er skýr heimild til þess að semja um ráðstöfun á eignum og skuldum sjóðsins og það hefur menntamálaráð verið að gera. Þetta er skýr heimild. Og það var nú ekki meiri ágreiningur um það mál, þegar fjárlög voru til afgreiðslu, en að hv. 3. þm. Norðurl. e. greiddi ekki einu sinni atkvæði á móti þessu heimildarákvæði heldur sat hjá. Enginn hv. þm. greiddi reyndar atkvæði á móti þessu ákvæði, enginn hv. þm. gerði það. Og svo koma menn hér upp í röðum og hneykslast stórkostlega. Það er ekki mikið samræmi í því.

Frú forseti. Ef einhverjir hafa eyðilagt þessa stofnun, þá eru það að mínu mati þeir sem bera ábyrgð á því að hún skuldaði 55 millj. kr. um síðustu áramót sem gerði það óhjákvæmilegt að ganga verður til þeirra verka sem fjárlög þessa árs segja alveg skýrt fyrir um.

Varðandi Þjóðvinafélagið, frú forseti, af því að fyrirspurn var beint til mín um það efni, þá raska þær ráðstafanir, sem hér hafa verið gerðar, í engu stöðu þess og það heldur útgáfurétti sínum að sjálfsögðu óbreyttum. Það á hann og hann verður ekki frá því tekinn.

Jöfnunartollur á skipasmíðaverkefni, fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 88. mál. — Þskj. 98.

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég hef áhuga á því að hæstv. iðnrh. verði viðstaddur þessa umræðu og vonast til þess að honum verði gert viðvart ef hann er í húsinu.

Ég leyfi mér að mæla fyrir till. til ál. um jöfnunartoll á skipasmíðaverkefni. Flm. eru Jóhann Ársælsson, Hjörleifur Guttormsson og Steingrímur J. Sigfússon. Tillgr. er eftirfarandi:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að gefa svo fljótt sem auðið er út reglugerð á grundvelli tollalaga um jöfnunartoll á skipasmíðaverkefni sem framkvæmd eru erlendis fyrir Íslendinga.

Skal í reglugerðinni miðað við að jöfnunartollurinn verði sem næst jafnhár og þær niðurgreiðslur og ívilnanir sem þau verkefni, sem hér um ræðir, njóta. Tekjum af gjaldi þessu skal varið til þróunarstarfa og nýsköpunar í iðnaði og til stuðnings rannsóknum og verkmenntun samkvæmt nánari ákvæðum sem bundin verða í fjárlögum.

Skal við það miðað að tollurinn taki til allra samninga sem gerðir verða eftir 16. sept. 1992."

Tillögunni fylgir eftirfarandi greinargerð:

„Í skipasmíðum og þjónustu við útgerðaraðila eru fólgin ein stærstu iðnaðartækifæri á heimamarkaði sem Íslendingar eiga. Stefna stjórnvalda hlýtur þess vegna að verða að miða að því að nýta sér þessa möguleika til að skapa atvinnutækifæri í landinu.

Íslenskur skipaiðnaður hefur átt við mikla erfiðleika að etja á undanförnum árum. Mikill samdráttur hefur orðið bæði í nýsmíðum og viðgerðum. Fyrirtæki hafa hætt rekstri og starfsmönnum hefur fækkað í greininni. Reynsla, þekking og þjálfun hefur glatast til mikils tjóns fyrir alla þessa starfsemi. Á sama tíma hafa mörg skip verið í smíðum og töluverður hluti viðhalds og endurbóta hefur verið framkvæmdur erlendis.

Tómlæti stjórnvalda og jafnvel neikvæð afstaða forustumanna í sjávarútvegi virðist hafa verið ráðandi í þessum málum á undanförnum árum. Það er löngu tímabært að stjórnvöld vinni markvisst að því að snúa þessari öfugþróun við.

Skipasmíðar hér á landi hafa átt undir högg að sækja undanfarin ár. Ástæðurnar eru ekki verkefnaleysi í þjónustu við íslenska útgerð. Næg verkefni hafa verið til staðar en erlendir aðilar hafa í krafti niðurgreiðslna og ívilnana frá viðkomandi stjórnvöldum getað boðið lægra verð. Ekki er að sjá að breyting verði á opinberum stuðningi við skipasmíðar í helstu samkeppnislöndum okkar á næstunni.

Það er mjög óskynsamlegt af hálfu Íslendinga að láta þjónustu við aðalatvinnuveg sinn flytjast úr landinu. Skipasmíðaiðnaðurinn getur gefið þjóðinni geysileg atvinnutækifæri á heimamarkaði. Íslenskar skipasmíðastöðvar geta haft í fullu tré við erlenda smíði ef þær fá að standa jafnfætis og þurfa ekki að keppa við niðurgreiðslur og ívilnanir sem ekki eru hér til staðar.

Nú virðist ný bylgja vera að rísa í endurnýjun skipastólsins. Gömlu ísfisktogararnir eru orðnir úreltir. Nú vantar ný skip og gera þarf breytingar á þeim eldri. Nú er tækifæri til að gefa íslenskum iðnaði, skipasmíðaiðnaðinum, möguleika á að rétta úr kútnum.

Verði það að veruleika á næstunni að opinber stuðningur við þessa iðngrein verði lagður af í helstu viðskiptalöndum okkar höfum við enn tækifæri til að búa okkur undir frjálsa samkeppni á þessu sviði."

Þessu til viðbótar vil ég segja fáein orð almennt um mikilvægi skipasmíðaiðnaðarins. Ég tel að enginn iðnaður, sem við eigum kost á í landinu, hafi stærri heimamarkað og meiri möguleika til að gefa okkur atvinnutækifæri. Ég held að þurfi ekki að sækja sannanir langt fyrir þessu. Það er ekki af heimsku sem aðrar þjóðir styðja skipasmíðaiðnaðinn í löndum sínum og þær þjóðir gefa okkur ekkert. Þar vita menn nákvæmlega hvað þeir eru að gera. Þeir eru að vernda atvinnu og halda í iðnað sem gefur gífurleg tækifæri til atvinnu. Ég er sannfærður um að ekki eru til mörg dæmi um að Íslendingar hafi fengið smíðuð skip eða unnin skipasmíðaverkefni þar sem viðkomandi þjóð hefur tapað á þeim samningi. Þetta hafa menn auðvitað reiknað út hver á sínum stað og komist að niðurstöðu um hvað sé hagkvæmt.

Mig langar til að vitna í fskj. II sem fylgir tillögunni. Þar er ályktun aðalfundar Félags dráttarbrauta og skipasmiðja frá árinu 1992 og þar stendur eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Á tímum almenns samdráttar í íslensku efnahagslífi, ört vaxandi atvinnuleysis og mikils viðskiptahalla er mikilvægt að efla íslenskan iðnað. Því er hart að

vita til þess að Íslendingar hafi á síðustu missirum fjárfest í skipum erlendis fyrir yfir fimm milljarða króna. Er hér um að ræða kaup á nýjum skipum frá ríkisstyrktum erlendum skipasmíðastöðvum og einnig stórfelldan innflutning nýlegra fiskiskipa. Ætla má að þessar fjárfestingar svari til á annað þúsund ársverka, sem er umtalsverður hluti atvinnulausra á Íslandi."

Samkvæmt nýjustu tölum, sem hafa komið fram í þessu efni, höfum við núna u.þ.b. 14% af verkefnum innan lands í skipasmíðum. Sannast að segja er ömurlegt hvernig þessu hefur hrakað ár frá ári og hvernig við virðumst vera að glata út úr höndunum á okkur þeim möguleikum sem höfðu þó verið byggðir upp með aukinni verkþekkingu og þjálfun í þeim iðnaði. Í þeirri ályktun, sem ég greip niður í áðan, segir: „Staða íslensks skipasmíðaiðnaðar hefur aldrei verið verri en nú. Nýsmíðar innan lands eru nánast úr sögunni og verkefni við meiri háttar breytingar skipa hérlendis eru í algjöru lágmarki."

Á öðrum stað segir: „Stjórnvöld standa ráðþrota gagnvart erfiðleikum íslensks skipasmíðaiðnaðar. Sem dæmi um stefnuleysi stjórnvalda í þessum málum má nefna að á sama tíma sem Fiskveiðasjóður Íslands lækkar lánshlutfall sitt vegna innflutnings á skipum í 46% af kaupverði, hafa stjórnvöld gefið útgerðaraðilum heimild til að flytja inn fjölmörg nýleg skip, sem fjármögnuð eru að langmestu leyti með lánum frá erlendum peningastofnunum."

Fleira er að gerast í þessu efni. Mig langar til þess að beina spurningu til hæstv. iðnrh. sem lýtur að því að undanfarið hefur verið unnið að því að gera fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Póllands. Í þeim fríverslunarsamningi er ákvæði um skipasmíðar. Það hefur farið á milli mála og menn hafa ekki verið sammála um það hvað væri þar á ferðinni. Í fjölmiðlum hafa komið fram fullyrðingar um það að í samningnum séu skuldbindingar til EFTA-ríkjanna á þann veg að þær geti ekki tekið upp hömlur eða jöfnunargjöld eða hvað það gæti verið sem menn vildu nota til þess að jafna samkeppnisaðstöðu skipasmíðastöðva sinna vegna niðurgreiðslna og stuðnings í Póllandi. Frásagnir af þessu hafa ekki verið samhljóða. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra geri okkur grein fyrir því hvort samningurinn, ef hann verður undirritaður, gerir okkur erfitt fyrir ef við vildum taka upp einhvers konar stuðning við skipasmíðar okkar, t.d. í formi jöfnunartolla eins og hér er lagt til, eða með einhverjum öðrum ráðum, og hvort gert sé ráð fyrir því að Íslendingar láti koma fram þann vilja sinn og fyrirætlanir að styðja íslenskan skipasmíðaiðnað í bókun við samninginn eða með einhverjum öðrum hætti. Nú liggur fyrir, og það hafa hv. þm. séð í skýrslu sem hæstv. iðnrh. lagði fram á 115. löggjafarþinginu, að það er stefna samkvæmt þeirri skýrslu ríkisstjórnarflokkanna að styðja við íslenskan skipaiðnað. Þar stendur á bls. 21 undir fyrirsögninni Skipa- og málmiðnaður:

„Að undanförnu hefur verið unnið að því að auka samkeppnishæfni iðnfyrirtækja sem eiga í erfiðleikum í harðri samkeppni við erlenda keppinauta svo sem í skipaiðnaði, þar sem verulegar niðurgreiðslur tíðkast á smíðakostnaði keppinautanna. Ríkissjóður Íslands hefur ekki bolmagn til að keppa við ríkissjóði stærri og efnaðri ríkja, en hefur þó veitt skipaiðnaðinum ýmiss konar stuðning."

Á öðrum stöðum í þessu lesmáli kemur fram að það séu fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar að jafna með einhverjum hætti möguleika íslensks skipaiðnaðar við erlenda samkeppnisaðila. Ekki höfum við séð mikið verða úr þeim fyrirætlunum og ég hef áhuga á því að heyra hvort við eigum von á því að eitthvað fari að gerast, hvort við eigum von á því að ríkisstjórnin fari að leggja fram einhverjar hugmyndir eða tillögur og hvort fyrirætlanir séu um það að taka upp jöfnunartolla. Ég tel einsýnt að við eigum að gera það. Ég tel að við eigum nú ekki neinna kosta völ, tíminn er runninn frá okkur. Miðað við yfirlýsingar og fyrirætlanir þeirra þjóða sem við eigum mest viðskipti við af þessu tagi megum við búast við því að einungis eru fá ár séu þangað til að búið verði að afnema þann opinbera stuðning sem þær þjóðir eru með við skipaiðnað sinn. Á sama tíma höfum við horft upp á að það hefur fjarað undan þessum iðnaði hér á landi. Við höfum misst skipasmíðastöðvar út notkun, við höfum misst fólkið úr vinnu, þjálfunin og þekkingin hefur glatast. Nú þarf að snúa við blaðinu og ég tel að við eigum ekki að horfa upp á það lengur að skipasmíðaverkefni fari úr landi nema í mjög litlum mæli. Við eigum að stefna að því að nota þann tíma, sem fram undan er þangað til þessar breytingar verða gengnar yfir, til að byggja upp þennan iðnað að nýju og koma hlutunum í gang. Við höfum til þess stórkostleg tækifæri. T.d. má minna menn á skýrslu sem kom fram í vetur leið, sem var unnin hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, og margir þingmenn hafa séð og heitir „Vinnsluskip, fullnýting sjávarafla". Hún kom út í mars 1992 og fjallar um það stóra verkefni sem blasir raunverulega við, þ.e. að lagfæra og endurbæta skipaflotann hjá okkur, og þá er ég að tala um fullvinnsluskipin sem eru komin á miðin. Það þarf að stækka mörg af þessum skipum og það þarf að breyta þeim þannig að þau geti fullunnið þann fisk sem kemur um borð. Ekki hefur verið minnst mikið á þessa skýrslu síðan hún kom fram. Þarna er á ferðinni geysilega stórt verkefni fyrir íslenskar skipasmíðastöðvar að breyta þessum skipum. Ef að líkum lætur og menn halda áfram að fljóta sofandi að feigðarósi munu öll þessi verkefni fara til útlendra skipasmíðastöðva og það er ekkert sem bendir til þess í dag að þau geri það ekki.

Ef menn meina eitthvað með þessum fagurgala um styðja íslenskan iðnað og að íslenskur iðnaður eigi tækifærin í framtíðinni þá held ég að eitthvað verði að fara að gera í málinu. Það hefur komið fram frá þeim sem ættu að bera fulla ábyrgð á orðum sínum að á sl. 20 árum hefur iðnaður á Íslandi skroppið saman og aldrei meira en núna síðustu þrjú árin. Því er ástæða til að brýna menn til að taka á. — Ég sé að tíma mínum er lokið, hæstv. forseti, ég mun því ljúka máli mínu.

Ég óska eftir því að þessari till. verði vísað til síðari umr. og til efh.- og viðskn.

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Íslenskar skipasmíðastöðvar hafa átt við mjög mikla erfiðleika að etja undanfarin 6–8 ár. Nýsmíði skipa fyrir Íslendinga, sem hefur verið mikil á þessum árum, hefur nær öll farið fram erlendis og nú allra síðustu árin hafa stærri endurbóta- og breytingaverkefni í æ ríkari mæli farið sömu leið. Þetta hefur leitt til þess að gífurlegur samdráttur hefur orðið hjá þeim fyrirtækjum sem starfa í þessari grein, starfsmönnum hefur fækkað jafnt og þétt og flest ef ekki öll fyrirtækin hafa átt í miklum erfiðleikum og sum hætt starfsemi. Það hefur svo aftur leitt til þess að sú mikla reynsla og þekking sem byggð hefur verið upp í íslenskum skipasmíðastöðvum er smám saman að glatast og fari svo sem horfir verður þessi þekking horfin innan örfárra ára.

Lítum aðeins á hvað hefur gerst hjá stærstu skipasmíðastöðvunum.

Fyrir 10 árum voru þrjú fyrirtæki áberandi stærst í þessari grein: Slippstöðin á Akureyri með hátt í 300 starfsmenn, þeir munu nú vera tæplega 150 og fyrirtækið hefur glímt við mikla rekstrarerfiðleika. Þorgeir og Ellert á Akranesi var með um 130 starfsmenn, þeir eru nú um 80. Það fyrirtæki hefur einnig glímt við mikla erfiðleika í rekstri og hefði sennilega ekki staðið þá af sér ef ekki hefði komið til mikið nýtt hlutafé og samningar við viðskiptaaðila. Þriðja stóra fyrirtækið var svo Stálvík í Garðabæ þar sem störfuðu a.m.k. 100 manns. Það fyrirtæki varð gjaldþrota og nú eru húsakynni þess notuð fyrir flokkun á sorpi.

Hið sorglegasta við þetta er að á sama tíma og íslenskum skipasmíðaiðnaði hefur verið að blæða út hafa verkefni fyrir milljarða og aftur milljarða streymt úr landi og verið unnin í erlendum skipasmíðastöðvum sem hafa getað boðið lægra verð vegna margháttaðs stuðnings viðkomandi stjórnvalda, niðurgreiðslna, ívilnana og margs konar aðstoðar. Við þetta er vonlaust að keppa fyrir íslensku fyrirtækin sem eru ekki aðstoðuð á neinn hátt. Því er spáð að opinberum stuðningi við skipasmíðaiðnaðinn verði hætt innan örfárra ára í samkeppnislöndum okkar. Það má ekki gerast að þegar að því kemur verði íslenskur skipasmíðaiðnaður aðeins til í minningunni. Það mun tvímælalaust verða ef ekki verður brugðist við og það fljótt.

En hvað skal þá verða til varnar? Ég hef því miður efasemdir um að sá jöfnunartollur sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir leysi vandann þótt mér finnist sjálfsagt að skoða tillöguna nánar í hv. efh.- og viðskn. Jöfnunartollur gæti að vísu bætt samkeppnisstöðuna gagnvart Norðmönnum hvað varðar nýsmíði skipa þar sem verðmunur á milli íslenskra og norskra nýsmíða stafar að mestu af þeim niðurgreiðslum sem norsk stjórnvöld veita skipasmíðaiðnaðinum þar í landi. Þessi jöfnunartollur mundi hins vegar ekki vega upp þann gífurlega verðmun sem er á verkum sem unnin eru í Póllandi en þangað hafa flest meiri háttar breytinga- og endurbótaverkefni farið síðustu 2–3 árin, enda er það svo þegar stærri verk eru boðin út þá eru pólsku tilboðin jafnan 40–50% lægri en lægstu boð frá Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum. Þar kemur náttúrlega miklu fleira til en niðurgreiðslur. Munurinn stafar sjálfsagt fyrst og fremst af því að vinnuaflið þar fæst fyrir nánast ekki neitt. Ástandið í Póllandi er mjög óvenjulegt sem stendur en líklegt verður að teljast að það breytist ört á næstu árum enda ólíklegt að fólki verði haldið við sultarmörk í launum þegar þjóðin hefur jafnað sig eftir kúgun kommúnismans.

Félag dráttarbrauta og skipasmiðja hefur samþykkt ítarlega ályktun á aðalfundi sínum á þessu ári og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Félag dráttarbrauta og skipasmiðja hefur hingað til ekki gert kröfu til þess að beinir styrkir verði teknir upp hér á landi. Félagið hefur ítrekað bent á að vanda skipaiðnaðarins ætti að mæta með úrbótum á almennum starfsskilyrðum. Stjórnvöld verða að lýsa því afdráttarlaust yfir að stefnt sé að því að viðhalda skipasmíði og skipaviðgerðum í landinu og tryggja að óeðlilegri erlendri samkeppni, svo sem ríkisstyrkjum og undirboðum, verði mætt með hörðum aðgerðum. Auk þess gerir Félag dráttarbrauta og skipasmiðja þær kröfur að íslenskum skipaiðnaði verði tryggð viðunandi almenn rekstrarskilyrði. Sérstaklega er bent á eftirfarandi atriði:

Að felld verði alveg niður lán Fiskveiðasjóðs Íslands til nýsmíða og breytingarverkefna erlendis. Samtímis verði lánskjör vegna verkefna innan lands bætt.

Að stjórnvöld beiti sér fyrir því að lánastofnanir veiti ábyrgðir til verka sem unnin eru í íslenskum skipasmíðastöðvum.

Að íslenskum skipasmíðastöðvum verði ávallt gefinn kostur á að bjóða í nýsmíði og viðgerðir á skipum fyrir íslenska aðila þegar lán eru veitt til slíkra verkefna af opinberum lánastofnunum.

Að takmörkunum á komum erlendra fiskiskipa til íslenskra hafna verði að fullu rutt úr vegi.

Að stjórnvöld beiti sér fyrir því að grundvallarreglur um útboð verði lögfestar.

Að skip smíðuð á Íslandi fái aukakvóta úr Hagræðingarsjóði og reglum um úreldingu eldri skipa vegna smíði á nýrri skipum verði breytt þannig að þær verði hagstæðar innlendri skipasmíði.

Að íslenskur skipaiðnaður fái fulltrúa í stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands."

Í þessari ályktun er bent á nokkur athyglisverð atriði sem sjálfsagt er að taka til athugunar. Sumum þeirra er auðvelt að hrinda í framkvæmd ef vilji er fyrir hendi. Í grg. með þeirri till. til þál. sem hér er til umræðu segir m.a., með leyfi forseta:

„Tómlæti stjórnvalda og jafnvel neikvæð afstaða forustumanna í sjávarútvegi virðist hafa verið ráðandi í þessum málum á undanförnum árum."

Ég verð því miður að taka undir þetta. Stjórnvöld hafa um langt árabil sýnt þessari iðngrein nokkurt áhugaleysi og það er ekkert sem byrjaði í tíð þessarar ríkisstjórnar. Nýtt dæmi um þetta áhugaleysi er smáverk sem ríkið þarf að láta vinna á strandferðaskipinu Heklu og ætlunin er að vinna í Póllandi. Ekki er oft sem ríkið býður út skipasmíðaverkefni og mér finnst ekki áhorfsmál að þau verk séu eingöngu boðin út innan lands. Mér finnst hreint út sagt forkastanlegt að

senda þetta verkefni til Póllands. Af hverju halda menn að stjórnvöld í samkeppnislöndum okkar séu að vernda skipasmíðaiðnaðinn með ýmsum stuðningsaðgerðum? Ætli það sé ekki fyrst og fremst vegna þess að þessi iðngrein veitir mikla atvinnu. Ef hægt væri með einhverjum hætti að halda þessum verkefnum heima í meira mæli en nú er þá mætti fjölga starfsmönnum í íslenskum skipasmíðastöðvum um nokkur hundruð og aðstaðan er fyrir hendi, húsnæði, vélar, tæki og búnaður — það vantar bara verkefnin.

Sjálfsagt hefur ýmislegt verið að í íslenskum skipasmíðastöðvum og þær þurft að endurskipuleggja rekstur inn. Fyrir u.þ.b. fimm árum, ég held það hafi verið 1987, var fengið enskt ráðgjafarfyrirtæki, Appeldore, til að gera úttekt á íslenskum skipasmíðastöðvum og tillögur um stefnumótun, bæði fyrir iðngreinina í heild og eins fyrir einstök fyrirtæki. Iðnrn. hafði frumkvæði að þessu þarfa verkefni, fjármagnaði það að verulegum hluta og sýndi því mikinn áhuga. Þessi úttekt var mjög gagnleg og í skýrslu Appeldore er bent á ýmislegt sem betur mætti gera í íslenskum skipasmíðastöðvum. Því miður hafa skipasmíðastöðvarnar ekki séð til sólar síðan þessi úttekt var gerð vegna verkefnaskorts og rekstrarerfiðleika og hefur sú endurskipulagning sem stefnt var að því ekki tekist sem skyldi. Ég tel því að ef gert verður átak til að beina verkefnum til íslenskra skipasmíðastöðva verði um leið að ljúka þeirri endurskipulagningu sem unnið hefur verið að í þeim fyrirtækjum sem starfa í þessari grein svo þau verði betur í stakk búin til nýsmíða og viðgerða en nokkru sinni fyrr.

Ég tel mikilvægt að það takist að snúa vörn í sókn í íslenskum skipaiðnaði. Það þolir ekki bið því ef svo fer sem horfir þá leggst þessi iðnaður af á allra næstu árum. Við það mundi glatast sú mikla reynsla og þekking sem Íslendingar hafa aflað sér á þessu sviði á undanförnum 20–30 árum jafnframt því sem almenn viðgerðarþjónusta við íslenska flotann yrði ekki svipur hjá sjón. Það er auðvitað nauðsynlegt fyrir þjóð sem byggir afkomu sína á fiskveiðum umfram aðrar þjóðir að hafa öflugan skipaiðnað sem getur veitt góða þjónustu jafnt í stærri sem smærri verkum. Það má einnig minna á það að íslenskar skipasmíðastöðvar hafa verið miklar iðnmenntunarstöðvar og stór hluti járniðnaðarmanna og annarra iðnaðarmanna hafa lært fag sitt hjá þessum fyrirtækjum.

Við höfum öll miklar áhyggjur af vaxandi atvinnuleysi um þessar mundir. Gífurlegur samdráttur í þorskveiðum og landbúnaði veldur miklum erfiðleikum. Menn leita með logandi ljósi að nýjum atvinnutækifærum sem því miður hafa látið á sér standa. Í íslenskum skipaiðnaði er tvímælalaust möguleiki á mikilli fjölgun starfsmanna ef það tekst að finna leiðir til að beina verkefnum heim og stöðva þá öfugþróun að öll verk sem máli skipta séu unnin erlendis. Þess vegna þarf að skoða alla hugsanlega möguleika á næstunni, m.a. þá leið sem þessi þáltill. bendir á og ekki síður ábendingar Félags dráttarbrauta og skipasmiðja, sem ég gat um hér áðan.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég tel út af fyrir sig ekki ástæðu til að hafa mörg orð í þessari umræðu. En þetta mál varðar nokkur grundvallaratriði í íslensku atvinnulífi og kemur við vaxandi atvinnuleysi og einnig það hve gáleysislega við förum með auðlind okkar, mannauðinn eða verkþekkinguna.

Ég get tekið undir þá meginhugsun þáltill. að skipasmíðaiðnaði og þeirri þekkingu sem honum fylgir verði haldið hér í landinu. Ég vil benda á að fyrir nokkrum árum, er verið var að ræða málefni skipasmíða á Íslandi, kom það fram í fréttum fjölmiðla að það hafði orðið niðurstaða Dana að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að taka innlendum tilboðum í skipasmíðar sem eru allt að 20% hærri en erlend tilboð. Þetta var stutt fjölmörgum rökum. Þetta er hins vegar staðreynd sem ekki hefur verið gefinn gaumur hér. Ekki hefur verið gripið til þeirra ráðstafana sem þarf til að gera þeim sem kaupa skip kleift að taka dýrari innlendum tilboðum e.t.v. með einhverjum stjórnvaldsaðgerðum sem gera það mögulegt.

Fyrst og fremst eru þau þjóðhagslegu atriði sem Danir líta til, sú dýrmæta þekking og atvinna sem ella flyst úr landi. Ég vil einnig minna á að atvinnuleysi kostar fé. Ef ég man rétt tölur hæstv. félmrh. er hvert prósentustig í atvinnuleysi upp á 200 millj. kr. og leiðrétti mig einhver ef hann man betur. Ég vil í þessari umræðu ekki taka afstöðu til þeirra aðferða sem hér er bent á að hægt sé að nota, jöfnunartolla, eða til einhverra annara aðferða. En ég treysti því að hv. nefnd, sem fær málið til umfjöllunar athugi það mál gaumgæfilega.

Það sem mér finnst varða mestu er það að við erum að fjalla um grundvallaratriði. Við erum að tala um verkþekkingu, við erum að tala um atvinnu og við erum að tala um hvort atvinnugrein er byggð upp eða hvort við ætlum að brjóta niður enn eina atvinnugreinina. Við höfum fordæmin fyrir okkur, við höfum reynsluna af því hvernig húsgagnaiðnaðurinn t.d. hefur farið hér á landi. Hér er um enn stærra mál að ræða að mínu mati.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Vegna þeirrar till. til þál. um jöfnunartolla á skipasmíðaverkefni sem hér er flutt af hv. 3. þm. Vesturl. o.fl., langar mig til að segja nokkur orð, bæði um efni tillögunnar og um ástand og horfur í skipaiðnaðinum.

Mér finnst það kannski ekki nógu vandlega hugsað eða rökstutt af hálfu flm. að tala um erfiðleika íslenska skipasmíðaiðnaðarins eins og eitthvert sérískenskt fyrirbæri sem stafi eingöngu af vanrækslu og vanrækslusyndum stjórnvalda. Sannleikurinn er sá að skipaiðnaður í öllum hátekjulöndum Evrópu og sérstaklega um Norður-Evrópu, hefur glímt við mjög harðnandi samkeppni við lönd þar sem kaupið er lægra og aðgangur að ýmsum efnum ódýrari og hagkvæmari en gerist í hinum tekjuháu iðnríkjum. Íslendingar eru í raun og veru hreinræktað dæmi um þetta. Um þetta má segja margt, bæði gott og vont. En örugglega

ekki að þetta sé íslenskt fyrirbæri. Þetta er alþjóðlegt fyrirbæri sem menn hafa brugðist við með ýmsum hætti. Ég bendi t.d. á hinn stolta skipasmíðaiðnað Svía sem í raun og veru hefur verið lagður af á síðustu áratugum.

Mér finnst það líka ekki nógu vandlega athugað hjá hv. flm. þessa máls að halda því fram og vitna til, eins og hann sagði, manna sem ættu að vera ábyrgir orða sína, að íslenskur iðnaður hafi skroppið saman á sl. 20 árum, þvílík fjarstæða. Sannleikurinn er sá að íslenskur iðnaður hefur á sl. 20 árum haldið vel í við vöxt þjóðarbúsins í heild. Við hefðum viljað sjá meiri iðnvöxt. Sannleikurinn er sá að íslenskur iðnaður hefur stóraukist á 20 árum ef menn vilja skoða tölurnar. Við hefðum viljað að hann yxi enn hraðar og bindum vonir við að hann geti gert það í framtíðinni. En þegar menn endurtaka firrurnar nógu oft endar með því að þeir fara að trúa þeim sjálfir. Þetta er ekki sagt til að breiða yfir þau vandamál og erfiðleika sem við glímum við nú. En við verðum að skoða hlutina í sínu rétta samhengi. Sannleikurinn er sá að hlutur vöruframleiðsluiðnaðar í íslensku þjóðarbúskap hefur haldist betur uppi en í flestum löndum á sambærilegu tekjustigi. Ef menn skoða efnið sem fyrir liggur um þessi mál frá okkar nálægu löndum þá er þetta niðurstaðan.

En svo ég komi aftur beint að efni tillögunnar þá vil ég taka undir það að hér er glímt við mjög erfiðan vanda. Í framhaldi af umræðum um samkeppnisstöðu skipaiðnaðarins á síðustu mánuðum ákvað ríkisstjórnin í septembermánuði að setja á fót starfshóp í því skyni að kanna hvort um ólögmæt undirboð pólskra skipasmíðastöðva hafi verið að ræða þegar þær að undanförnu hafa gert tilboð í breytingar á íslenskum fiskiskipum. Jafnframt hefur þessum hópi verið falið að kanna fyrirkomulag ríkisstyrkja sem samkeppnisaðilar íslenskra skipasmíðastöðva njóta í öðrum ríkjum á hinu fyrirhugaða Evrópska efnahagssvæði og bera saman þann stuðningi við þann sem íslenskur skipaiðnaður nýtur hér á landi.

Nefndinni er líka ætlað að gera tillögur um viðbrögð við þessum aðstæðum. M.a. verður könnuð álagning jöfnunartolla á skipasmíðaverkefni sem er efni þessarar till. til þál. Ég tel hins vegar að kanna þurfi mjög vandlega umhverfið allt, heimildir okkar og skuldbindingar samkvæmt gerðum samningum og fleira af því tagi. Og svo reyndar hvort þetta sé til þess fallið að þjóna þeim tilgangi sem tillöguflutningi þessum er ætlað að þjóna.

Ég vil ekki á þessari stundu segja neitt um hver verður niðurstaðan úr þessu starfi. En ég vildi líka láta það koma skýrt fram að meðal þess sem kannað verður verður einmitt þetta úrræði. Á því kunna að vera ýmis tormerki sem munu þá koma skýrt í ljós og Alþingi og einkum iðnn. þingsins og efh.- og viðskn., ef hún mun fjalla um þetta mál, fá að sjálfsögðu að fylgjast með því starfi.

Mér þótti athyglisvert að þeim bar ekki alveg saman Skagamönnum, hv. 3. þm. Vesturl. og hv. 5. þm. Vesturl., um hvað valdið hafi vandræðum í skipaiðnaði að undanförnu. Annar sagði og segir reyndar hér skriflega í grg. með tillögunni. Með leyfi forseta vitna ég til grg.: „Skipasmíðar hér á landi hafa átt undir högg að sækja undanfarin ár. Ástæðurnar eru ekki verkefnaleysi í þjónustu við íslenska útgerð."

Hv. 5. þm. Vesturl. sagði einmitt, og ég hygg að hann muni gagnkunnugur málinu, að verkefnaskortur hafi bagað mjög þessa grein. Ég held að það sé rétt vegna þess að því miður er það einn þáttur í hinni íslensku mynd að það hefur orðið mikill afturkippur í verkefnum og þau eru sveiflukend og henta ekki vel okkar stöðvum. Það að nýsmíðaverkefnin hafa því sem næst horfið hjá okkur vegna erfiðleika í sjávarútvegi og breytinga í eftirspurn útvegsins eftir skipum hefur m.a. valdið því að baráttan um viðhaldsverkefnin innan lands hefur harðnað mjög og hefur víða komið fram í erfiðleikum.

Þar er ég komin að því sem ég hygg að sé úrræða helst líklegt til að svara þessum vanda, og hv. 5. þm. Vesturl. vék að því í sínu máli, að við þurfum að huga að skipulagi greinarinnar. Þar undirbýr ráðuneytið nú að veita þeim fyrirtækjum sem saman vilja starfa stuðning í því viðfangi. Og ég held að viðbrögðin séu helst samstarf og sérhæfing. Samstarf fyrirtækja, hvort sem það er með sameiningu eða öðru fyrirkomulagi, og sérhæfing þeirra í þeim verkum sem þau geta best af hendi leyst. Ég held að það sé mjög mikilvægt að greinin snúist sjálf við þessum vanda með þessum hætti og að ríkið leggi þeim úrlausnum lið.

Það var hárrétt athugað hjá hv. 5. þm. Vesturl. að það er rétt að byggja á skynsamlegum athugunum Appeldore fyrirtækisins breska sem nú er í raun og veru verið að endurnýja með þeirra hjálp og annarra. En ég held að þarna verði nú samt helst að vera heimafenginn baggi og hann muni reynast haldbestur. Ég á von á að úr þessu starfi komi senn niðurstöður sem að sjálfsögðu verða kynntar þinginu.

Ég held að þarna sé líka ákaflega mikilvægt að menn hugsi fyrir fram um þá endurnýjunarbylgju sem hv. flm. þessa máls, hv. 3. þm. Vesturl., réttilega nefndi hér, hvernig við komum þar best fyrir okkar hagsmunum. Hvernig okkar skipastöðvar geta best nýst til að sinna og anna þeirri þörf. Það er ekki víst að það sé best gert með því að smíða skip með þeirri aðferð sem við höfum lengst af notað hér. Það má vel vera að samstarf og sérhæfing geti leyst það betur af hendi.

Með þessum orðum, virðulegi forseti, vil ég ljúka mínu máli og vísa til þess sem ég hef sagt um efni tillögunnar að ég tel að hún þarfnist miklu nánari athugunar áður en hægt er að samþykkja hana.

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þær undirtektir sem þessi tillaga hefur fengið hér. Ég kemst þó ekki hjá að lýsa því yfir að mér eru það nokkur vonbrigði hvernig hæstv. iðnrh. talar. Mér finnst eins og maður geti ekki verið bjartsýnn á að það gerist eitthvað alveg á næstunni. Það er jú búið að skipa starfshóp og sjálfsagt er í honum ágætis fólk. Ég efast ekki um það. Hann á að skoða hvort þetta eða hitt sé ólögmætt og annað því um líkt. Hins vegar liggur alveg ljóst fyrir að við get-

um og megum setja á jöfnunartolla. Það er heimild til þess í tollalögum og ég vil andmæla því sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði að ekki sé hægt að beita þessum tollum gagnvart Pólverjum vegna þess að tollalögin leyfa, ef um það er að ræða að vara sé seld undir framleiðslukostnaðarverði að viðbættri eðlilegri þóknun, að lagðir séu á slíkir tollar. Ég ætla ekki að halda því fram að menn eigi að hafa þá svo háa að t.d. á pólsk verkefni verði lagðir tollar sem svari 40% eða eitthvað slíkt eins og kom fram í máli hv. 5. þm. Vesturl. að gæti verið mismunurinn á sumum verkefnunum.

Ég held að menn komi til með að velja íslensk verkefni frekar en erlend þó það kosti stundum meira. Og ég er sannfærður um að íslensk fyrirtæki munu frekar fá verkefni en pólsk þó það muni einhverju á tilboðunum. Einfaldlega vegna þess að það er verið að kaupa betra handverk oft á tíðum. Það vita allir. Það vita menn líka að nýju skipin, t.d. fullvinnsluskip og önnur sem hafa verið að koma til landsins, hafa ekki verið smíðuð í Póllandi. Þau hafa verið smíðuð í Noregi. Það er því ekki rétt sem hæstv. iðnrh. sagði að það sé vegna þess að einhver láglaunasvæði séu að keppa við okkur, ekki í þeim tilfellum.

Auðvitað er samkeppninn við Pólland erfið. En ég tel ekki að menn eigi að gefast upp og skoða þetta og skoða árum saman og endalaust. Ef menn ætla að smíða skip geta þeir ekki legið yfir teikningunum í fjöldamörg ár. Þeir sem vilja fá skipin til að róa á þeim róa ekki á einhverjum teikningum. Mér finnst eins og hæstv. iðnrh. ætli að vera að teikna þetta skip ótrúlega lengi. Ég held að tími sé kominn til að fara a.m.k. að koma því á bandaplanið. (**Gripið fram í:** Leggja kjölinn.) Já, og helst þyrfti að leggja kjölinn og það strax á morgun. Vegna þess að ekki er eftir neinu að bíða og við höfum ekki langan tíma til að koma í veg fyrir að það verði enn þá meiri skaði heldur en orðinn er. Hann er orðinn mjög mikill.

Ég hamra á þessu vegna þess að ég held að menn hafi ekki áttað sig á því eða skilið hvað við höfum orðið fyrir miklum skaða í mannskap sem hefur hrökklast út úr þessari atvinnugrein sem hefur lært til þessara verka og er horfið til annarra starfa.

Hæstv. iðnrh. mótmælti því sem ég sagði að íslenskur iðnaður hefði verið að skreppa saman. Það hafa komið fréttir alveg síðustu daga um að verulegur samdráttur síðustu þrjú árin. Ég vil vitna í ályktun 58. ársþings Félags ísl. iðnrekenda frá 11. mars. Hvað stendur í þeirri ályktun, með leyfi forseta?

„Ekki hefur tekist að efla almennan útflutningsiðnað. Hlutur hans í heildarútflutningi er svipaður og hann var fyrir 20 árum og síðustu fjögur árin hefur ríkt nær algjör stöðvun í þjóðfélaginu."

Þetta er frá því í vor. Þarna er álit Félags ísl. iðnrekenda. Ég efast ekki um að þessir menn trúa því sem þeir hafa sett á blað. Ég veit líka að það er rétt. Enda held ég að það þurfi ekki að þræta um það því það þekkir hver einasti Íslendingur og veit að ekki hefur verið uppgangur í íslenskum iðnaði á undanförnum árum, nema síður væri.

Mig langar að segja til viðbótar: Ég tel að meðferð stjórnvalda á málefnum íslensks skipaiðnaðar sé prófsteinninn á skilning stjórnvalda á málefnum iðnaðarins yfirleitt og möguleikum Íslendinga til þess að hafa hér öflugan iðnað. Þarna eru langstærstu iðnaðartækifæri sem við höfum á heimamarkaði og ef við getum ekki nýtt okkur heimamarkaðinn hvernig dettur þá nokkrum lifandi manni í hug að við getum nýtt okkur erlenda markaði? Það er þetta sem ég held að menn verði að fara að skilja að ef landið er þannig vanbúið í samkeppni um iðnaðartækifæri að það getur ekki keppt við erlendan innflutning á sínum stærsta heimamarkaði þá mun það aldrei geta keppt við innflutning á öðrum iðnvarningi eða keppt með útflutningi við iðnvarning sem er framleiddur annars staðar. Það er þetta sem ég held að menn verði að skilja og koma inn í höfuðið á sér. Forráðamenn íslensks iðnaðar þurfa að koma þessu inn í höfuðið á sér.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Vegna þess sem kom fram hjá hv. 3. þm. Vesturl. nú síðast vil ég vekja athygli á því að það sem hann las upp og hafði eftir Félagi ísl. iðnrekenda var allt annað en það sem hann hafði áður haft eftir þeim enda var það að vonum því það sem sagt var fyrr styðst ekki við rétt rök eða staðreyndir. Hitt er annað mál að við glímum núna við atvinnuvanda víða í iðnaði, ekki síst í skipaiðnaðinum. Um það veit ég að við erum sammála og munum sameiginlega reyna að taka á því.

Vegna þess sem hér hefur verið rætt um Pólland og mjög lág tilboð þeirra í skipaviðgerðir og önnur skipasmíðaverkefni og vegna þess sem hér var nefnt um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Póllands vil ég láta það koma fram að Íslendingar hafa ekki undirritað slíkan samnining. Hann hefur ekki verið staðfestur af okkar hálfu. Í honum eru eftir því sem ég veit best ekki nein sérstök ákvæði um skipasmíðar. Spurningin sem hv. þm. vakti og fleiri hafa gerst til að vekja er hvort almenn ákvæði hans um skuldbindingar um takmörkun á ríkisstuðningi eigi eða geti átt sérstaklega við skipasmíðar og þá á það jafnt við um pólsku hliðina sem EFTA-hliðina. Ég vil láta það koma fram hér að þetta mál verður kannað að minni beiðni innan utanrrn. sem fer með þetta mál. Ég mun þar reyna að gæta hagsmuna okkar skipaiðnaðar eftir því sem kostur er.

Vegna þess sem kom fram áðan hjá hv. 5. þm. Vesturl. um samning um viðgerðir á strandferðaskipinu Heklu eða því skipi sem áður bar það nafn vil ég láta það koma fram að iðnrrn. var öldungis ókunnugt um þann samning. Hafi hann verið gerður, þá er það á ábyrgð samgrn. og fjmrn. Ég vil líka láta það koma fram hér að ég tel það ekki hyggilegt að gera slíkan samning af hálfu ríkisins meðan ríkið sjálft er að athuga hvort um undirboð sé að ræða frá því ríki sem þarna er um að tefla, Póllandi. Fyrir því sjónarmiði hef ég talað og mun tala og mun láta á það reyna hvort gerður hafi verið bindandi samningur um þessa viðgerð. Hvað sem um þann samning má að öðru leyti segja eru aðstæður þannig, vegna þeirrar sérstöku at-

hugunar sem fram fer á vegum ríkisstjórnarinnar á því hvort pólsku tilboðin séu óeðlileg og ósanngjörn, að hún hlýtur að halda að sér höndum í því máli.

Þetta, virðulegur forseti, vil ég láta koma fram hér og nú.

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tók eftir því að hæstv. iðnrh. nefndi ekki í ræðu sinni áðan þessa hluti sem hann nefndi núna, þ.e. fríverslunarsamninginn við Pólland, samninginn milli EFTA og Póllands. Ég spurði líka um það, og þess vegna óskaði ég eftir að veita andsvar, hvort hæstv. iðnrh. hygðist láta skilning Íslendinga á málinu koma fram, þ.e. einhvers konar bókun þar sem kæmi fram að Íslendingar áskildu sér rétt til þess að bregðast við niðurgreiðslum eða opinberum stuðningi við skipaiðnað í Póllandi. Mig langar til þess að fá skýrt svar við því hvort fyrirætlanir hæstv. iðnrh. séu að það verði gert.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það verður ekki alltaf allt sagt í einni predikun. Ég hef þegar lýst viðhorfi mínu til fríverslunarsamnings EFTA-ríkjanna við Pólland. Ég mun láta á það reyna hvort þörf sé fyrir einhverja viðbót eða skýringu af okkar hálfu. Ég er ekki fær um að meta það á þessari stundu. En eins og kom fram í ræðu minni áðan mun ég freista þess að gæta hagsmuna skipaiðnaðarins eins og kostur er. Ég vil líka láta það koma fram að þessi athugun mun fara fram skjótt. Eins mun það verða athugað hvort hér sé um ólögmæt undirboð að ræða samkvæmt alþjóðlegum viðskiptareglum. Það er of snemmt að svara því hvernig því máli lyktar.

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Aðeins smáathugasemd vegna ummæla hv. 3. þm. Vesturl. sem taldi mig hafa sagt að ekki væri hægt að beita jöfnunartollum gagnvart Pólverjum. Það sagði ég reyndar ekki. Ég sagði hins vegar að þessi jöfnunartollur mundi ekki vega upp þann gífurlega verðmun sem er á verkum sem unnin eru í Póllandi og á Íslandi. Þá á ég við það að þegar Pólverjar bjóðast til að vinna verkin fyrir helming af lægstu tilboðum Íslendinga og Norðmanna er þar á ferðinni svo gífurlegur verðmunur að jöfunartollar geta aldrei brúað það bil. Að sjálfsögðu er ég sammála honum um það að jöfnunartollur, ef hann verður settur á, mun að sjálfsögðu gilda jafnt gagnvart Pólverjum sem öðrum þjóðum.

Vegna ummæla hæstv. iðnrh. um Hekluverkefnið vil ég taka fram að mér er það að sjálfsögðu kunnugt hvaða ráðuneyti hafði með það mál að gera og nefndi ekki hæstv. iðnrh. í því sambandi.

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held ég hafi kannski ekki misskilið beinlínis það sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði en það kann vel að vera að ég hafi ekki komið orðum að því með nógu skýrum hætti. Ég tel að í tollalögunum séu fullar heimildir til þess að vega alfarið upp niðurgreiðslur og stuðning hins opinbera. Þess vegna geta menn haft þennan toll eins háan og þeir vilja en ég á ekki von á því að það verði niðurstaðan. Þess vegna munu menn kannski sitja uppi með það að Pólverjar hafi dálítið út úr sínum stuðningi þrátt fyrir að við færum af stað með að jafna þetta út. Það mundi að mínu viti duga til og vera mjög stórt skref fram á við í þessu máli ef við settum á jöfnunartolla þó svo að við gengjum ekki það langt að við jöfnuðum miðað við lægstu tilboð sem Pólverjar gera okkur. Það hef ég aldrei látið mig dreyma um að verði gert. En hálfa leið mætti fara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Frv. KHG og ISG, 89. mál (aðdróttanir við opinberan starfsmann). — Þskj. 99.

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir frv. á þskj. 99 sem ég flyt ásamt hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Frv. fjallar um breytingu á almennum hegningarlögum og er einfalt í sniðum. Þar er lagt til að ein grein laganna verði felld brott, 108. gr. Með frv. fylgir svohljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en var eigi rætt og er því endurflutt óbreytt.

Greinin, sem lagt er til að falli brott, er í XII. kafla laganna, „Brot gegn valdsstjórninni“, og hljóðar þannig:

„Hver, sem hefur í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum eða ærumeiðandi aðdróttanir við opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu, eða við hann eða um hann út af því, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Aðdróttun, þótt sönnuð sé, varðar sektum, ef hún er borin fram á ótilhlýðilegan hátt.“

Hafa ber í huga að í greinargerð með hegningarlögunum kemur fram að ákvæði XII. kafla eru sett einkum til þess að vernda framkvæmd opinberra starfa. Brot gegn 108. gr. eru ekki þess eðlis að þar sé verið að hindra opinbera starfsmenn við framkvæmd starfa sinna og þykir flutningsmönnum nægjanlegt að athæfi, sem nú varðar við 108. gr., verði dæmt á grundvelli XXV. kafla laganna sem nefnist „Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs.“ Í þeim kafla eru ákvæði sem veita opinberum starfsmönnum ríkari æruvernd en almennum borgurum og vísast einkum til 242. gr. laganna.

Flutningsmönnum þykir sem dómar Hæstaréttar hafi túlkað 108. gr. laganna of rúmt miðað við tilgang XII. kafla laganna og þannig þrengt um of að frelsi manna til þess að tjá sig í ræðu og riti. Engu að síður er dómur Hæstaréttar niðurstaða íslensks dómskerfis og því

óhjákvæmilegt að breyta lögum á þann veg að treyst er í sessi frelsi manna til þess að tjá sig í ræðu og riti.

Frá því að frumvarpið var flutt á síðasta vetri hafa þau tíðindi gerst að 25. júní sl. felldi Mannréttindadómstóll Evrópu þann úrskurð að með dómi Hæstaréttar frá 20. okt. 1987 hafi verið brotið gegn 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu sem fjallar um tjáningarfrelsi.

Í dómnum kemur fram að ekki er andmælt því að leiða megi í lög takmörkun á tjáningarfrelsi heldur sé umrædd grein hegningarlaganna túlkuð þrengra en nauðsyn krefur. Niðurstaða dómstólsins er engu að síður að þær röksemdir, sem ríkið hefur fært fram, nægi ekki til að sýna fram á að sú takmörkun, sem kært var vegna, hafi hæft því réttmæta markmiði sem sóst var eftir. Takmörkunin var því ekki „nauðsynleg í lýðfrjálsu þjóðfélagi". Þetta undirstrikar þá skoðun flutningsmanna að rétt sé og nauðsynlegt að fella brott 108. gr."

Með frv. fylgja nokkur fylgiskjöl. Í fyrsta lagi eru birtir þrír leiðarar, hver úr sínu dagblaðinu í Reykjavík, sem fjalla um þetta efni og taka undir sjónarmið flutningsmanna Enn fremur fylgir með útdráttur úr dómi Mannréttindadómstólsins þar sem fjallað er um meint brot á 10. gr. Evrópusáttmálans og að lokum er sem fylgiskjal dómur Hæstaréttar frá 20. okt. 1987 í málinu nr. 277/1986, Ákæruvaldið gegn Þorgeiri Þorgeirssyni.

Mér er engin launung á því að kveikjan að frv. voru þessir dómar Hæstaréttar, annar frá 1987 yfir Þorgeiri Þorgeirssyni og hinn frá 1992 yfir Halli Magnússyni. Málin eru hliðstæð. Þar er um að ræða menn sem fjalla um tilteknar athafnir opinberra starfsmanna í fjölmiðlum eftir að umræddir atburðir hafa gerst. Hér er því um að ræða opinbera umfjöllun, skoðun manna á því hvernig á málum var haldið o.s.frv.

108. gr. í XII. kafla laganna, sem fjallar um vernd opinberra starfa, hefur það að markmiði að leiða í lög ákvæði sem eiga að koma í veg fyrir að opinberir starfsmenn séu hindraðir í að vinna sitt starf. Þessari lagagrein hefur verið beitt af ákæruvaldinu þannig að farið er í raun yfir á annað svið sem eru ærumeiðingar. Í báðum þessum málum var ekki ákært fyrir það að hindra menn við framkvæmd opinberra starfa heldur var ákært fyrir ærumeiðingar. Eins og bent er á í greinargerð er sérstakur kafli um það og því hefði verið fyllilega eðlilegt að mínu mati af hálfu ákæruvaldsins að miða ákæruna við þann kafla laganna.

Ástæðan að mínu mati fyrir því að ákæruvaldið valdi þessa grein til að sækja mál sitt á er sú að refsing er þyngri samkvæmt þessari grein, 108. gr., en samkvæmt ákvæðum XXV. kafla laganna. Nú er auðvitað réttmætt að jafnframt því sem mönnum er tryggt frelsi til þess að taka þátt í opinberri umræðu að menn beri ábyrgð á því sem þeir segja og skrifa og þurfi að sæta ábyrgð. En það verður að mínu mati að miða aðgerðir ákæruvaldsins við að ganga ekki svo langt að líkur séu á því að refsingar séu það þungar að dragi úr kjarki manna til að taka þátt í opinberri umræðu sem er afar nauðsynleg. Ég hef verið þeirrar skoðunar að túlkun Hæstaréttar á þessari grein hafi verið of rúm og hún leiði því af sér hömlur á þátttöku manna í opinberri umræðu. Með því er ég ekki að segja að Hæstiréttur hafi dæmt rangt, því getum við ekki haldið fram. Það kemur meira að segja fram í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu. Þeir benda á að greinin sé þannig orðuð að það megi vel túlka hana eins og Hæstiréttur gerir. Því höfum við flm. valið þá leið að breyta lögunum í stað þess að efast um gildi og lögmæti dómsins sem menn eiga náttúrlega ekki að gera.

Ég vil fara fáum orðum um dóm Mannréttindadómstóls Evrópu. 10. gr., sem dómur Hæstaréttar brýtur gegn, hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„1. Hver maður á rétt til að láta í ljós álit sitt. Í rétti þessum felst frelsi til að ráða skoðunum sínum, fá og miðla vitneskju og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. ...

2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð, er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum, sem mælt er í lögum og eru nauðsynlegar í lýðræðisfrjálsu þjóðfélagi vegna öryggis almennings og ríkisins eða landvarna, til að komið sé í veg fyrir óspektir eða glæpi, til að vernda heilbrigði eða siðgæði, mannorð eða réttindi annarra, til að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla."

Það kemur fram í greinargerð Evrópudómstólsins að í fyrsta lagi sé enginn ágreiningur um það að takmörk séu á tjáningarfrelsi. Um það er ekki deilt. Það er heldur ekki deilt um það að í lögum séu ákvæði sem takmarka það.

Í þriðja lagi fellst dómurinn á það sjónarmið að fyrir hendi séu markmið sem séu réttmæt, þ.e. að vernda mannorð annarra. Í 10. gr. segir að það sé réttmætt markmið að setja lög til að vernda það. En spurningin sem velt er fyrir sér að lokum er þessi: Var takmörkunin sem er í greininni nauðsynleg í lýðfrjálsu þjóðfélagi, eins og segir í 10. gr. Mannréttindadómstólsins? Til að gera langt mál stutt vil ég lesa nokkrar setningar úr niðurstöðu dómsins, sem er í raun og veru svar við þessari spurningu, með leyfi forseta:

„...hefur dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að þær röksemdir sem ríkið hefur fært fram nægi ekki til að sýna fram á, að sú takmörkun sem kært var vegna hafi hæft því réttmæta markmiði sem sóst var eftir. Takmörkunin var því ekki „nauðsynleg í lýðfrjálsu þjóðfélagi"." Með öðrum orðum hafi menn gengið of langt til að ná fram markmiði. Menn hafi gengið legnra en Mannréttindasáttmáli Evrópu heimilar.

Nú kann maður að spyrja: Er nauðsynlegt að breyta lögunum? Er ekki nægjanlegt að þessi sáttmáli sé fyrir hendi og að íslenska ríkið hafi staðfest hann? Það var gert 1954 með auglýsingum en sá hængur er á að þó að ríkisstjórnin hafi staðfest tiltekinn alþjóðasáttmála öðlast hann ekki lagagildi þar með. Dómstólar verða að dæma eftir lögum og engu öðru svo íslenskir dómstólar geta ekki litið á Mannréttindasáttmála Evrópu sem lög og nýtt sér ákvæði hans við mat á uppkvaðningu dóma. Eina leiðin til þess að Mannrétt-

indasáttmálinn verði virkur gagnvart dómsuppkvaðningum er sú að lögtaka sáttmálann grein fyrir grein. Það kom fram í máli hæstv. dómsmrh. í sumar í umræðu um þennan dóm að hann hefur áform uppi um að leggja fram frv. sem lögtaki þennan samning. Ég vil nota tækifærið og fagna því og hvetja ráðherrann til að leggja fram frv. hið fyrsta um það efni.

Virðulegi forseti. Ég tel í sjálfu sér ekki nauðsynlegt málsins vegna að fara ítarlegri orðum um þetta frv. eða fylgja því úr hlaði með tilvitnun í frekari greinar, en ég vil bara að lokum benda á að ef frv. nær fram að ganga, þá er ekki verið að rýra rétt opinberra starfsmanna eða vernd þeirra við sín störf. Það er heldur ekki verið að gagnrýna í raun og veru æruvernd opinberra starfsmanna. Ég bendi á 242. gr. hegningarlaga, b-lið, sem tryggir þeim afar góða stöðu til að hnekkja óréttmætum ásökunum.

Ég vil svo, virðulegi forseti, að lokinni þessari umræðu leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Frv. KHG, 93. mál (skyldusparnaður). — Þskj. 105.

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir frv. á þskj. 105 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins með síðari breytingum. Þetta frv. var flutt á síðasta þingi og komst til nefndar og var sent út til umsagnar undir þinglok en náði ekki fram að ganga á því þingi. Frv. er endurflutt óbreytt. Efnisatriði þess eru þau að veita ungmennum sem skylt er að spara tryggingu á sínum skyldusparnaði. Það hefur komið í ljós við framkvæmd laganna að þó þau séu ákveðin hvað varðar skyldur ungmenna til að leggja til hliðar hluta af launum sínum í sparnað og skyldur launagreiðenda til að taka þennan sparnað af ungmennum og skila til Húsnæðisstofnunar ríkisins hefur sú stofnun ekki lagaleg úrræði til að fylgja þessu eftir. Í lögunum eru heldur ekki ákvæði sem tryggja þann skyldusparnað sem liggur í fyrirtækjunum. Það eru því miður allt of mörg dæmi sem hafa komið upp og eru reyndar fleiri dæmi fram undan um að skyldusparnaður liggi í fyrirtækjum árum saman án þess að vera skilað og ungmenni glati honum jafnvel með öllu ef viðkomandi fyrirtæki verður gjaldþrota.

Þessu frv. er ætlað að mæta þessum annmörkum með því að í 1. gr. frv. er bætt inn nýrri grein í lögin sem veitir stofnuninni úrræði til þess að sækja sparnaðinn. Í 2. gr. er kveðið á um að ríkið hafi milligöngu í málinu, að skyldusparandi geti fengið kröfuna innleysta hjá ríkinu og síðan taki ríkið við og innheimti hjá launagreiðanda, þ.e. að ríkið taki á sínar herðar áhættuna.

Þetta er ekki nema eðlilegur hlutur í ljósi anda laganna og því að gagnvart ríkisfyrirtækjum, stofnunum þess eða sveitarfélögum, er um að ræða fullgildar tryggingar fyrir skyldusparendur. Þeir geta gengið að því vísu að þeirra atvinnurekandi muni skila sparnaðinum og er meira segja sérstaklega kveðið á um það varðandi ríkisfyrirtæki að fjmrh. ber ábyrgð á því að koma sparnaðinum til skila. Það er einungis á hinum almenna vinnumarkaði sem skyldusparendur búa við þetta óöryggi.

Tilurð frv. er sú að það var samið í Húsnæðisstofnun ríkisins af lögmanni stofnunarinnar, Helga V. Guðmundssyni, og sent hæstv. félmrh. í febrúar 1991 með ósk um að ráðherrann flytti frv. Hins vegar varð ráðherrann ekki við því þannig að það varð úr að ég tók að mér að flytja frv. á Alþingi til þess að freista þess að fá samþykki þingheims fyrir því að ungmenni á almennum vinnumarkaði njóti sömu verndar með sinn skyldusparnað og ungmenni hjá opinberum aðilum.

Eins og ég gat um var málið sent út til umsagnar undir lok þingsins og þær bárust í sumar. Ég vil nota tækifærið og þakka formanni félmn., hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, fyrir að senda málið út því það flýtir fyrir málinu nú og styrkir það að mínu mati efnislega. Umsagnir liggja fyrir frá Alþýðusambandi Íslands þar sem hvatt er til þess að frv. verði samþykkt. Jafnframt leggur miðstjórn Alþýðusambandsins til að við frv. verði bætt ákvæði um reglubundið eftirlit með skilum, t.d. í tengslum við staðgreiðsluskil skatta. Þetta er ábending sem ég get vel tekið undir og mun hvetja til þess að sú nefnd sem málið fær til meðferðar athugi þessa ábendingu.

Enn fremur liggur fyrir umsögn frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga sem styður slíka lagasetningu og hvetur þingið til að samþykkja frv. Sömuleiðis frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og húsnæðismálastjórn. Þeir aðilar sem helst að þessu máli koma hafa þannig allir lýst yfir stuðningi við það í þeirri mynd sem það er flutt.

Ég vil svo að lokum víkja að þeim fréttum sem bárust nýlega um áform félmrh. um að leggja niður skyldusparnað í núverandi mynd. Menn kunna að spyrja sem svo: Er þörf á því ákvæði sem frv. hefur að geyma ef þetta eru áformin? Svar mitt er já. Í fyrsta lagi vegna þess að frv. er ætlað að ná til skyldusparnaðar síðustu fjögur árin fyrir gildistöku frv. og er því nauðsynlegt þó ekki væri nema vegna þess sparnaðar sem enn er óinnheimtur. Í öðru lagi vegna þess að ég tel víst að skyldusparnaður verði ekki lagður niður og að ekki séu áform uppi um það heldur einungis um að breyta skyldusparnaði, þ.e. fækka undanþágum og lækka skyldusparnaðarprósentuna. Eftir sem áður verður skyldusparnaður við lýði. Tæknilega séð er það í raun óframkvæmanlegt að leggja niður skyldusparnað með öllu á einu bretti. Í Húsnæðisstofnun ríkisins liggja 4,2 milljarðar á skyldusparnaðarreikningum sem stofnunin yrði þá að borga út á skömmum tíma og hún hefur ekki fé til þess. Ríkissjóður yrði því að leggja henni til það fé. Ég sé ekki fyrir mér að ríkissjóður, svo aumur sem hann er blessaður, eigi einhvers stað-

ar í hirslum 4,2 milljarða til að snara út á skömmum tíma. Að mínu mati breyta þau áform að leggja niður skyldusparnað í núverandi mynd engu um nauðsynina á því að frv. verði samþykkt.

Ég vil svo, virðulegi forseti, leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Samskipti Íslands og Bandaríkjanna, 101. mál, fsp. ÁRÁ á þskj. 119.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Út af dagskrá eru tekin 1. og 2. dagskrármálið. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Ekki verður þingfundur á morgun, föstudag, heldur nk. mánudag. Hefst sá fundur klukkan hálfníu um kvöldið með stefnuræðu forsrh. og umræðu um hana. Fundinum er slitið.

29. FUNDUR

mánudaginn 12. okt.,
kl. 8.30 síðdegis.

Dagskrá:
Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumr.).

Stefnuræða forsætisráðherra (útvarpsumr.).

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Gengið er til dagskrár og fyrir tekið eina dagskrármálið, stefnuræða forsætisráðherra og umræður um hana, sem útvarpað verður og sjónvarpað héðan úr þinghúsinu. Umræðurnar skiptast í tvær umferðir. Í fyrri umferð hefur forsrh. til umráða allt að hálfri klukkustund en fulltrúar annarra þingflokka 20 mínútur hver. Í síðari umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða. Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl., Alþb. og Samtök um kvennalista.

Ræðumenn fyrir Sjálfstfl. verða Davíð Oddsson forsrh. í fyrri umferð, Egill Jónsson, 3. þm. Austurl., og Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e., í síðari umferð. Af hálfu Framsfl. tala Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn., og Jón Helgason, 2. þm. Suðurl., í fyrri umferð en Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl. í þeirri síðari. Ræðumenn Alþfl. verða Jón Sigurðsson iðnrh. og Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl., í fyrri umferð en Eiður Guðnason umhvrh. í þeirri síðari. Fyrir Alþb. tala Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn., og Guðrún Helgadóttir, 14. þm. Reykv., í fyrri umferð en Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v., í síðari umferð. Af hálfu Samtaka um kvennalista tala Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv., og Guðný Guðbjörnsdóttir, 10. þm. Reykv., í fyrri umferð en Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf., í þeirri síðari. Hefst nú umræðan og til máls tekur hæstv. forsrh., Davíð Oddsson.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Stefnuræða forsrh. er nú flutt við nokkuð aðrar aðstæður en hefðbundið er. Alþingi er ekki að koma saman að loknu löngu sumarleyfi heldur eftir stutt hlé sem gert var á störfum þess en það kom saman til reglulegs fundar hinn 17. ágúst sl.

Samkvæmt sérstöku samkomulagi stjórnar og stjórnarandstöðu var meginverkefni sumarþingsins að ræða frv. til staðfestingar á samningi um hið Evrópska efnahagssvæði og mál sem þeim samningi tengjast. Segja má að störf þingsins hafi gengið allvel og þingflokkarnir hafi komið sér saman um hina formlegu skipan mála hér á þinginu þótt efniságreiningur um þessi stóru mál sé verulegur. Ekki er að efa að sá ágreiningur hljóti að koma þjóðinni nokkuð í opna skjöldu því málið bar þannig að henni við síðustu kosningar að fjórir af fimm helstu stjórnmálaflokkum þjóðarinnar höfðu með beinum og óbeinum hætti lagt blessun sína yfir samningsgerðina eins og hún þá stóð en EES-samningurinn lá þá efnislega fyrir í öllum aðalatriðum. Ég leyfi mér að fullyrða að það sem hefur gerst í samningaferlinu frá síðustu kosningum er fremur í þágu íslenskra hagsmuna en öndvert þeim.

Mál standa nú þannig í Vestur-Evrópu, þrátt fyrir sviptingar á síðustu vikum, að flest bendir til að öll önnur ríki en Ísland verði sameinuð í einu Evrópubandalagi innan 10 ára. Ísland hefur ekki valið þann kost. Sú afstaða okkar hefur valdið nokkurri undrun í röðum frænda- og vinaþjóða en hún á sér margar og eðlilegar skýringar. Þeirra er ekki að leita í því að Íslendingar vilji ekki eiga góð og náin samskipti við nágranna sína í Evrópu. Ég held að Íslendingar eigi um það nánast eina sál að vilja hvergi fremur eiga náin skipti en við þær þjóðir sem líkastar eru okkur að uppruna, menningu og stjórnmálaskipan. En við sjáum fjölmarga annmarka á því fyrir litla þjóð að ganga inn í Evrópubandalagið og vega þeir miklu þyngra en sá ávinningur sem aðild kynni að fylgja.

Á hinn bóginn höfum við auðvitað viljað treysta stöðu þjóðarinnar og koma í veg fyrir að hún einangrist eða útilokist frá þessum mikilvægustu viðskiptakostum þjóðarinnar. Ríkisstjórnarflokkarnir telja, og það sama töldu Framsfl. og Alþb. þar til fyrir skömmu, að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði sé ákjósanleg millileið fyrir Íslendinga. Með aðild að þeim samningi eru okkur tryggð þau viðskiptalegu skilyrði og kjör sem við megum ekki vera án. Á hinn bóginn felst ekki í samningnum neitt fullveldisafsal eins og óneitanlega í aðild að Evrópubandalaginu.

Hin íslenska stjórnskipun, allar greinar íslensks fullveldis, framkvæmdarvald, dómsvald og löggjafarvald, stendur óhögguð eftir samninginn sem áður. Einnig má minna á að samningnum má hvenær sem er segja upp með aðeins 12 mánaða fyrirvara.

Tíminn líður hratt og 1. jan. 1993 er skammt undan. Berum við gæfu til þess að staðfesta þá samningsgjörð sem lengi hefur verið unnið að munu okkur opnast ýmsir möguleikar á nýju ári. Óumdeilanlegt er að þau tækifæri sem þá bjóðast íslensku atvinnulífi eru mikil og einnig sá ávinningur sem íslenskir neytendur munu njóta. Tollar af mikilvægum sjávarafurðum falla niður sem munu á afgerandi hátt bæta samkeppnisstöðu innlendrar fiskvinnslu gagnvart erlendum keppinautum. Þetta mun því treysta atvinnu í íslenskum sjávarútvegi. Samningurinn tryggir að íslenskum fyrirtækjum verður ekki mismunað á Evrópumarkaði og hann opnar fyrirtækjum möguleika á víðtæku samstarfi við erlend fyrirtæki. Þetta mun styrkja stöðu íslenskra fyrirtækja í harðnandi erlendri samkeppni. Síðast en ekki síst mun samkeppni í þjónustustarfsemi

leiða til aukinnar hagkvæmni og verðlækkunar á þjónustu sem mun koma íslenskum neytendum og íslensku atvinnulífi til góða. Allt þetta mun skila sér í auknum hagvexti, lægri verðbólgu og vöxtum og auknum kaupmætti á næstu árum. Það væri ótrúlegt lánleysi og afglöp að láta slík tækifæri úr greipum sér ganga.

Það er vissulega ósannfærandi að þeir tveir stjórnmálaflokkar, Alþb. og Framsfl., sem áður unnu að því er virtist af fullum heilindum að því að koma á samningi um hið Evrópska efnahagssvæði, skuli nú við lokaafgreiðslu málsins telja rétt að snúa gersamlega við blaðinu og reyna að fiska í því pólitíska gruggi sem af þeim mikla viðsnúningi hlýst. Þessir flokkar skulda þjóðinni skýringar, skiljanlegar skýringar, á þessum miklu sinnaskiptum. Engar slíkar skýringar hafa komið fram enda vandfundnar.

En það er ekki aðeins á efnahags- og viðskiptasviðinu sem við stöndum frammi fyrir breytingum á alþjóðavettvangi. Vegna breyttra aðstæðna í öryggismálum vinnur sérstök nefnd um öryggis- og varnarmál að því að meta þróun mála og stöðu Íslands og varanlega öryggishagsmuni þjóðarinnar, m.a. með viðræðum við bandamenn okkar beggja vegna Atlantshafs. Fundir nefndarinnar með fulltrúum bandarískra stjórnvalda í síðasta mánuði leiddu í ljós að sterkur samhljómur er í mati okkar og Bandaríkjanna á breyttum aðstæðum, varanlegum hagsmunum og nauðsyn þess að halda áfram varnarsamstarfi milli Íslands og Bandaríkjanna og samstarfi NATO-ríkjanna. Þótt við og bandamenn okkar búum við meira öryggi nú en áður ríkir óstöðugleiki og óvissa um framtíð mála víða á meginlandinu.

Atlantshafsbandalagið er mikilvægasti vettvangur Íslendinga til að hafa áhrif á öryggishagsmuni sína. Nú eru hafnar viðræður um aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu fyrir þau Evrópuríki í NATO sem ekki eru í Evrópubandalaginu. Þetta eru Ísland, Noregur og Tyrkland. Aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu fylgja engar skuldbindingar. Það sem mælir með henni er einkum að hún eflir þátttöku Íslands og hagsmunagæslu í samstarfinu í NATO og gefur okkur kost á að halda fram á evrópskum vettvangi þeim hagsmunum okkar að varðveita tengslin yfir hafið og mikilvægi Atlantshafsbandalagsins.

Íslendingar eru flestum öðrum þjóðum háðari heilbrigðu viðskiptaumhverfi og því eru það vissulega vonbrigði hve efnahagsbati á Vesturlöndum hefur látið á sér standa. Ekki er vafi á því að sú kyrrstaða hefur víðtæk áhrif hér á landi og á alla okkar afkomu. Mikill órói hefur verið á evrópskum gjaldeyrismörkuðum að undanförnu. Þeir efnahagslegu umhleypingar hafa óneitanlega áhrif á Íslandi. Athuganir benda til þess að viðskiptakjör Íslands hafi versnað um 1,5% vegna þeirra hræringa sem urðu á gjaldeyrismörkuðum seinni hluta septembermánaðar. En sé litið á árið í heild og breytingar á gjaldeyrismörkuðum og þróun vaxta í helstu viðskiptalöndum Íslands skoðuð í samhengi, þá er niðurstaðan íslensku atvinnulífi og þjóðarbúinu nokkuð í hag. Lágir vextir í Bandaríkjunum, veik staða dollarans, en hann er fyrirferðarmestur í skuldum Íslendinga, og að sama skapi sterkari staða margra evrópskra gjaldmiðla, sem vega þungt í okkar útflutningi, eru okkur fremur hagstæð. Auðvitað geta einstök fyrirtæki og jafnvel heilar atvinnugreinar, sem selja afurðir sínar í þeim myntum sem mest hafa lækkað að undanförnu, farið illa út úr slíkum sveiflum en það breytir ekki heildarmyndinni.

Efnahagsástand annars staðar á Norðurlöndunum hefur verið erfitt, ekki síst í Svíþjóð og Finnlandi. Segja má að í raun hafi Íslendingar komist betur en þessi tvö ríki frá hinum efnahagslega óróleika sem yfir þjóðirnar hefur dunið. Íslendingar gripu fyrr til aðgerða í ríkisfjármálum og standa því betur að vígi. Það er alkunna að skattheimta er óvíða meiri en í Svíþjóð. Þrátt fyrir það hafa ríkisútgjöld farið langt fram úr tekjum og halli á ríkissjóði hefur því farið ört vaxandi og stefndi í það að verða margfalt meiri í hlutfalli af landsframleiðslu en hann er t.d. hér á landi. Þetta hefur orðið til þess að veikja mjög stöðu sænsku krónunnar og urðu Svíar að grípa til stórbrotinna vaxtahækkana til þess að verja gengi hennar.

Ekki er því að neita að atburðirnir í Svíþjóð, samkomulag stjórnar og stjórnarandstöðu um stórfelldar breytingar á lífsmunstri og nýjar áherslur hljóta að vekja mikla athygli. Þar hafa sænskir stjórnmálaflokkar gengið þvert á sínar helstu kennisetningar. Sænska velferðarkerfið verður skorið svo mikið niður að það verður naumast samt aftur. Einnig verða skattar á atvinnurekstur lækkaðir en skattar á neyslu og tekjur einstaklinga verða hækkaðir. Um leið er viðurkennt að Svíþjóð hafi gengið lengra eftir velferðargötunni en nokkurt efnahagslíf gat til langframa risið undir. Sænskt atvinnulíf var að verða undir í samkeppni við erlenda keppinauta.

Auðvitað eru aðstæður á Íslandi um margt ólíkar því sem er í Svíþjóð og ekki hægt að draga einhlítan lærdóm af því sem þar hefur gerst. Ein áminning er þó lærdómsríkust. Sænsku stjórnarflokkarnir og stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn, sósíaldemókratar, sem ráðið hefur mestu um uppbyggingu velferðar- og skattakerfisins í Svíþjóð, hafa komist að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að sjálfvirkni í útgjaldaaukningu verði að setja strangar skorður. Hér á Íslandi gætir slíkrar sjálfvirkni í auknum mæli og löggjafarsamkoman hefur ekki verið nógu aðgætin er lög hafa verið sett sem hafa falið sér óviðráðanleg útgjaldatilefni, opna tékka sem framtíðinni var falið að fylla út. Mikilvægt er að snúið verði af þeirri braut. Í sjálfu sér er ekkert á móti því og ekkert við því að segja ef þing ákveður að auka útgjöld hins opinbera umfram það sem þjóðarframleiðslan gefur tilefni til hverju sinni. Taki menn slíkar ákvarðanir verða þeir jafnframt að hækka skattbyrðina á almenning í landinu. Ef slíkt þarf að fylgjast að í hvert sinn má búast við ríkara aðhaldi frá borgurunum gagnvart fulltrúum sínum hér á hinu háa Alþingi en enginn fylgist hins vegar með hinni sjálfvirku útgjaldaaukningu. Hver ríkisstjórnin á fætur annarri stendur frammi fyrir gerðum hlut og á í erfiðleikum með að vinda ofan af þeim vexti sem orðið hefur. Einnig sýna atburðirnir í Svíþjóð að vaxandi fjárlaga-

halli grefur undan gengisstefnunni og getur kollvarpað henni ef ekki er brugðist rækilega við.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin hefur á stefnuskrá sinni að halda aftur af ríkisútgjöldum. Það þýðir alls ekki að menn vilji hverfa frá því að tiltekin grundvallarþjónusta sé veitt en eðli þeirrar þjónustu þarf að breytast og forsendur hennar að koma til endurskoðunar frá ári til árs. Menn kunna að hafa stofnað til ríkisafskipta á tilteknum sviðum fyrir nokkrum áratugum án þess að forsendur hafi síðan komið til endurskoðunar. Við erum sjálfsagt öll sammála um að verja miklum fjármunum í menntun og menningu. En við þurfum einnig að vera sammála um að þeim fjármunum sé vel og skynsamlega varið. Var það til að mynda skynsamlegt skref þegar ákveðið var fyrir fáum árum að lokaáfangi grunnskólanáms skyldi ekki hafa neina þýðingu fyrir framhaldsnámið? Var það skynsamlegt að senda nemendum þau skilaboð að engu skipti hvort þeir stæðu sig vel eða illa í grunnskólanáminu? Er ekki líklegt að slík breyting leiði til slappara skólastarfs en ella væri? Auðvitað hljóta menn að taka slíkar ákvarðanir til endurmats, ekki vegna þess að sparnaðarástæður líðandi stundar kalli á það heldur miklu fremur vegna nemendanna sjálfra og þeirrar framtíðar sem þeir eru að undirbúa. Við megum ekki senda ungum Íslendingum þau skilaboð á þroskaárum þeirra að lífsbaráttan hafi verið afnumin og allt fáist átakalaust án þess að nokkur þurfi að leggja sig fram. Reyndar þurfum við að endurmeta afstöðu okkar á fleiri sviðum. Við þurfum nauðsynlega að fá meira fyrir minna hvar sem borið er niður í þjóðfélaginu. Reynslan sýnir að það er hægt að ná fram sparnaði, til að mynda í heilbrigðiskerfinu, án þess að nauðsynleg þjónusta sé skert. Við viljum ógjarnan horfast í augu við þá staðreynd að okkar langi vinnudagur skili minni afrakstri en styttri vinnutími gerir annars staðar. Langur vinnutími og langur vinnudagur á ekki að vera okkur keppikefli en góður afrakstur af hverri vinnustund hlýtur á hinn bóginn að vera það. Við getum með sanni og án sjálfshóls sagt að Íslendingar séu duglegt og vinnusamt fólk og þess vegna er engin ástæða til þess að afköst okkar og árangur á hverja vinnustund sé lakari en annars staðar gerist.

Það er mjög þýðingarmikið að atvinnulífið, launþegar og vinnuveitendur taki saman höndum við að finna hér úrlausn, lausn sem ætti að geta leitt til þess að draga mætti smám saman úr vinnutíma án þess að heildarlaun lækkuðu að sama skapi. Það er einnig kominn tími til að ríkisvaldið líti í eigin barm og skoði afskipti sín af fjölmörgum þáttum mannlífsins og hvort þau séu ekki á stundum gagnslaust í besta falli en til stórra trafala í versta falli. Það hefur verið venja hjá okkur að setja reglugerðir um alla skapaða hluti og auðvitað í þörfum og góðum tilgangi. Hætt er við að slíkar reglugerðir standi áfram þótt ástæður þeirra kunni að vera fyrir löngu bak og burt og jafnvel þó þær hafi frá upphafi verið ástæðulausar. Þess vegna þurfa öll ráðuneyti stöðugt að huga að því að grisja reglugerðarskóginn.

Meginverkefni íslenskra stjórnvalda í efnahagsmálum um langan aldur hefur verið að stuðla að stöðugleika, koma böndum á verðbólgu og ná jafnvægi í utanríkisviðskiptum. Í fyrsta sinn höfum við náð raunverulegum árangri. Verðbólga er minni en nokkru sinni í íslenskri nútímasögu og við getum ekki bara kinnroðalaust heldur stolt borið okkur saman við aðrar þjóðir í þeim efnum. Þessir sigrar gerbreyta efnahagsforsendum á Íslandi og gefa stjórnvöldum og ekki síst íslensku atvinnulífi tækifæri til þess að gera langtímaáætlanir til að bregðast við utanaðkomandi áhrifum. Meiri von er til að ráðagerðir forsvarsmanna fyrirtækja um endurskipulagningu og hagræðingu nái fram að ganga þegar þannig er í pottinn búið. Aukin hagræðing, meiri framleiðni og vaxandi styrkur fyrirtækja byggir einmitt á slíkum efnahagslegum forsendum.

Þessir áfangasigrar eru fagnaðarefni en svo sem vænta mátti leysa þeir hins vegar ekki allan vanda. Minnkandi þorskveiðiheimildir um árabil setja þjóðinni þröngar skorður í efnahagsmálum. Aðrir þættir hafa því miður farið á sama veg. Verð á þeim málmum sem mikilvægastir eru í útflutningi Íslendinga, svo sem áli og járnblendi, er með því lægsta sem þekkist. Þeirra áhrifa gætir strax á tekjur þjóðarinnar og vonir um hraða uppbyggingu á orkufrekum iðnaði hafa enn ekki ræst. Þótt enn geti orðið nokkur bið eftir framkvæmdum þarf ekki að ætla annað en aðstaða muni breytast til batnaðar þannig að eftirsóknarvert verði að gera þau áform að veruleika sem búið hefur verið í haginn fyrir. Þessi utanaðkomandi efnahagslegi samdráttur gerir mjög ríkar kröfur til starfsmanna og forráðamanna fyrirtækja um að sýna ýtrustu gát og fyrirhyggju svo fyrirtækin megi standast hann. Ekki fer á milli mála að íslensk fyrirtæki hafa gert margt til að laga sig að þessum erfiðleikum og eru því betur í stakk búin til þess að mæta batnandi tíð.

Atvinnu- og efnahagsmál og byggðamál eru samofin og erfiðleikar í helstu atvinnugreinum hafa fljótt áhrif á landsbyggðina. Þar er í gangi ör aðlögun að breyttum forsendum fyrir búsetu. Í landbúnaðarhéruðunum minnka tekjur vegna samdráttar í sauðfjárrækt. Það er áhyggjuefni ef ekki tekst þannig til að tekjur þeirra sem áfram munu stunda þessa búgrein geti orðið bærilegar. Á sjávarútvegssvæðunum hefur verið í gangi mikil hreyfing til hagræðingar auk þess sem fjölgun frystitogara mun óhjákvæmilega minnka vinnslu í frystihúsum. Mun minni afli en verið hefur þýðir mun minni vinnu og með frystitogaravæðingunni minnkar hráefni til vinnslunnar enn. Hér þarf því að huga að því að jafna, svo sem verða má, starfsskilyrði milli landvinnslu og sjóvinnslu.

Þær breytingar sem til stóð að gera í áherslum í starfi Byggðastofnunar hafa gengið eins og að var stefnt. Tekið er tillit til þeirrar áhættu sem fylgir hverri lánveitingu í afskriftasjóði sem þýðir að starfsemi stofnunarinnar nú leggur ekki kröfur á almannafé í framtíðinni. Með því fé sem fyrir var á afskriftareikningi má segja að Byggðastofnun sé betur sett en margar stofnanir og sjóðir. Mjög breytt áhersla er á starfsemi Byggðastofnunar frá því sem var á árum áður. Stofnunin hefur nú tekið við styrkveitingu til atvinnu-

ráðgjafarstarfsemi á landsbyggðinni sem áður var í umsjá iðnrn. Veruleg aukning hefur orðið á framlögum til þessarar starfsemi. Þá styður stofnunin mikinn fjölda af verkefnum sem hafa öll að markmiði að efla nýsköpun í atvinnulífi landsbyggðarinnar.

Hér er um mjög mikilvægt starf að ræða sem skilar árangri á lengri tíma. Í atvinnuþróunarmálum gildir það að heimaaðilar hafi frumkvæði en þeir þurfa að njóta stuðnings hins opinbera. Oft er þörf en nú er nauðsyn á eflingu nýrra atvinnufyrirtækja. Sýnist svo að ýmsar nýjar hugmyndir séu í athugun á landsbyggðinni í þeim efnum og ekki víst að hún verði neinn eftirbátur höfuðborgarsvæðisins.

Eins og áður sagði eru erfiðleikar í helstu atvinnugreinum. Íslenskur landbúnaður stendur á tímamótum. Sú mikla ofstjórn og miðstýring sem einkennt hefur stjórn þessarar atvinnugreinar um áratuga skeið hefur verið henni mikil áþján. Það verður ekki sársaukalaust að koma þeim klafa af sér. Bændastéttin hefur brugðist vel við þeirri baráttu en ljóst er að hún þarf að fá ráðrúm til að mæta þeirri auknu samkeppni sem breyttir viðskiptahættir munu fyrr en síðar kalla á.

Aflabrestur sem þrengir að allri þjóðinni kemur auðvitað fyrst niður í fyrirtækjum í sjávarútvegi og hafa þau orðið að grípa til margvíslegra ráðstafana til að bregðast við honum. Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir því að fresta greiðslum af lánum í Atvinnutryggingarsjóði, að hætt yrði greiðslum fyrirtækja í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins og þeim væri greiddar út inneignir þeirra í þeim sjóði. Þessar aðgerðir allar hafa verið til þess fallnar að létta sjávarútveginum baráttuna en auðvitað hefur engum manni dottið í hug að þar með væri nóg að gert. Flotinn er stærri og vinnslan afkastameiri en núverandi sjávarafli gefur tilefni til.

Þessar staðreyndir verða menn að horfast í augu við og bregðast við þeim. Því er ljóst að nú verða gerðar meiri kröfur til forsvarsmanna í sjávarútvegi en þeir hafa þurft að mæta á undanförnum árum. Áríðandi er að þeir víkist ekki undan þeim kröfum. Engin rök standa til þess að breyta gengi krónunnar vegna aðstæðna í sjávarútvegi. Ástæður fyrir erfiðri stöðu hans eru margar og breytilegar í einstökum greinum. Einnig er staða einstakra fyrirtækja afar misjöfn. Sé litið til almenns mælikvarða verðlags, launa og gengis, þá er staðan sú að raungengi krónunnar miðað við verðlag er nú nokkru hærri en að meðaltali á árunum 1980–1992. En sé miðað við launaþróun er raungengið nokkuð lægra. Á þessa almennu mælikvarða er samkeppnisstaðan gagnvart útlöndum því svipuð og hér hefur verið síðasta áratuginn. Þetta sýnir best að þau vandamál sem uppi eru í sjávarútvegi og öðrum greinum eru ekki vegna þess að kostnaðarhækkanir að undanförnu hafi verið hér með allt öðrum hætti en í samkeppnislöndum okkar.

Þótt viðskiptahalli hafi verið verulegur að undanförnu þá fer hann minnkandi vegna samdráttar í þjóðarútgjöldum. Þrátt fyrir erfiða stöðu í sjávarútvegi er þannig ekki hægt að sýna fram á að gengi íslensku krónunnar sé rangt skráð miðað við almenna mælikvarða. Áríðandi er að menn átti sig á því að gengisfelling er alls ekki til þess fallin að leysa þann vanda sem ég áðan lýsti.

Ég sagði að fyrirtækin í sjávarútvegi yrðu að eiga stærstan þátt í því sjálf að vinna sig út úr vandanum. Á hinn bóginn verður banka- og sjóðakerfið að aðstoða fyrirtækin í þeirri vinnu. Eitt meginverkefnið hlýtur að vera að lengja verulega þau lán sem á sjávarútveginum hvíla. Ríkisvaldið, bankarnir og sjóðir verða að taka höndum saman ef það á að ganga eftir sem þar er að stefnt.

Það er hárrétt sem sagt hefur verið að efnahagsstefna eins og sú sem við höfum orðið að fylgja um hríð, fastgengisstefna, ásamt allharkalegum aðgerðum í ríkisfjármálum og á peninga- og vinnumarkaði er enginn dans á rósum. En því fyrr sem menn átta sig á að önnur stefna gengur ekki við þær aðstæður sem nú eru því betra. Þótt sú leið sem við erum að fikra okkur eftir sé hvorki greiðfarin né létt er enginn vafi á að hún er rétt. Við sjáum tákn þess að hún er hægt og sígandi að bera ávöxt. Margar meginforsendur farsæls efnahagslífs með bættum lífskjörum allri þjóðinni til handa eru að skapast.

Ríkisstjórnin mun í engu hvika frá sinni stefnu. Markmið hennar hefur verið og verður að treysta forsendur hins efnahagslega stöðugleika. Þannig, og aðeins þannig, tekst til langframa að vinna bug á því atvinnuleysisböli sem skotið hefur upp kollinum á Íslandi. Það atvinnuleysi er bein afleiðing af sex ára stöðnun. Á því tímabili hefur störfum annaðhvort fækkað eða staðið í stað á sama tíma og verkfúsum höndum á vinnumarkaði hefur fjölgað.

Það verður að skapa atvinnulífinu, sérhverri atvinnugrein, almenn traust skilyrði þess að framtak á þeim vettvangi beri árangur og að íslensk fyrirtæki sitji ekki skör lægra en samkeppnisfyrirtækin erlendis gera. Af þeim ástæðum hefur ríkisstjórnin m.a. lagt til að tekjuskattshlutfall félaga verði lækkað úr 45% í 33%. Af sömu ástæðum hefur verið ákveðið að styðja við rannsókna- og þróunarstarfsemi. Til þess hefur ríkisstjórnin ákveðið að verja verulegum fjármunum á næstu árum. Í sama skyni verður varið 100 millj. kr. til sérstaks markaðsátaks á Evrópska efnahagssvæðinu í því skyni að auðvelda fyrirtækjum að nýta þau tækifæri sem EES-samningurinn býður þeim upp á.

Ísland hefur öll skilyrði þess að hér megi dafna öflugt atvinnulíf. Það á ekki eingöngu við þær greinar sem löngum hafa staðið undir okkar lífskjörum, svo sem landbúnaður, iðnaður og verslun og síðast en ekki síst sjávarútvegur. En það eru margar aðrar greinar sem binda má vonir við.

Ferðaþjónustan er atvinnugrein sem verið hefur í örum vexti og gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu aukast ár frá ári. Þar eigum við Íslendingar mikla möguleika ef rétt verður á haldið.

Virðulegur forseti. Góðir Íslendingar. Ríkisstjórnin ákvað nýlega að leggja til að ráðist yrði í sérstakar atvinnuskapandi framkvæmdir. Varið yrði 2 milljörðum kr. á næsta ári umfram það sem áður hafði verið ákveðið, 1 milljarði kr. á árinu 1993 og 500 millj. kr. á árinu 1994 eða samtals 3.500 millj. kr. á næstu þrem-

ur árum. Lán vegna þessara framkvæmda verður að endurgreiða af því fé sem til ráðstöfunar verður á viðkomandi liðum þegar til endurgreiðslu lánanna kemur.

Við það var miðað að megin hluta þessara fjármuna yrði varið til vegaframkvæmda. Öllum er ljóst að haldgott og traust samgöngukerfi leggur grunn að góðum hagvexti í landinu. Með sama hætti er mönnum ljóst að greiðar samgöngur eru skilvirkasti þátturinn í skynsamlegri byggðastefnu. Og enn er öllum ljóst að slíkar aðgerðir geta stuðlað að stækkun og eflingu sveitarfélaga svo þau geti veitt íbúum sínum þá þjónustu sem vilji þeirra stendur til.

Í raun má segja að það væri stílbrot á stefnu ríkisstjórnarinnar að taka ákvörðun um slíkar framkvæmdir ef menn þættust ekki sjá fram á að þegar hefði náðst töluverður árangur í baráttunni við verðbólgu og skapa hér skilyrði fyrir stöðugleika. Jafnframt bendir margt til að efnahagslegur ávinningur fyrir okkur Íslendinga sé fram undan. Má í því sambandi vísa til samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði og spár manna um horfur í áliðnaði á næstu tveimur til þremur árum og væntingar um að verndun þorskstofnsins muni innan við tveggja til þriggja ára skila verulegum afrakstri.

Þar sem menn þykjast mega með sæmilegum rökum vænta þess að bjartara verði fram undan hjá okkur en verið hefur undanfarin fimm til sex ár þykir réttlætanlegt og í raun skynsamlegt að grípa einmitt til aðgerða af þessu tagi.

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í þjóðhagsáætlun mun framleiðsla þjóðarbúsins enn dragast nokkuð saman á næsta ári, einkum vegna minnkandi þorskafla, auk þess sem nauðsynlegt er að draga úr útgjöldum þjóðarinnar til að minnka viðskiptahallann. Það er óhjákvæmilegt að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar taki mið af þeim erfiðleikum sem íslenskur þjóðarbúskapur stendur frammi fyrir. Meginháherslu þarf að leggja á endurreisn atvinnulífsins til að stuðla að hagvexti á nýjan leik og vinna þannig bug á vaxandi atvinnuleysi.

Við þessum vanda er hins vegar engin allsherjarlausn sem breytt geti aðstæðum í einni svipan. Ríkisstjórnin setur sér þau markmið að tryggja áfram stöðugleika í verðlagsmálum og koma á viðunandi jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd. Við höfum náð verulegum árangri í þessum efnum. Árangri sem við megum alls ekki glata. Það er því mikið í húfi. Meginforsenda stöðugleikans er áframhaldandi stöðugt gengi íslensku krónunnar. Til þess að treysta gengisfestu er nauðsynlegt að koma í veg fyrir óhóflegan halla á ríkisbúskapnum. En hann mundi einnig gera að engu möguleika á að styrkja stöðu atvinnulífsins með lækkun vaxta. Fjárlagagerðin er því meginverkefni ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Vegna erfiðrar stöðu atvinnuveganna og í ljósi versnandi atvinnuástands er nauðsynlegt að bæta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs gagnvart erlendum keppinautum. Ef varanlegur árangur á að nást í þeim efnum verður það eingöngu gert á þann hátt að draga úr kostnaði hér á landi í samanburði við önnur lönd. Það verður ekki gert með breytingu á gengi íslensku krónunnar.

Hér þurfa allir að leggjast á eitt. Launþegar og vinnuveitendur þurfa að ná kjarasamningum sem tryggja áframhaldandi stöðugleika. Sveitarfélögin þurfa að leita allra leiða til hagræðingar til þess að unnt sé að draga úr skattlagningu á atvinnurekstur. Lækkun kostnaðarskatta á atvinnurekstur er nauðsynleg til þess að treysta stöðugt gengi til framtíðar en það verður að vinna sameiginlega af ríki, sveitarfélögum, launþegum og vinnuveitendum.

Að því er sveitarfélögin varðar er mikilvægasta verkefnið á þessu sviði sameining sveitarfélaga þannig að þau geti veitt íbúum sínum betri en jafnframt ódýrari þjónustu en nú er. Jafnframt skapast þá möguleikar á því að sveitarfélögin taki ábyrgð á ýmsum þáttum opinberrar þjónustu sem betur er fyrir komið í höndum heimavalds en ríkisvalds. Í því er fólginn miklu meiri ávinningur en sú eftirsjá sem sumum kann að finnast í hinni gömlu hreppaskipan. Þrátt fyrir þetta kann að reynast rétt að færa ekki verkefni til sveitarfélaganna allra í einu heldur gera tilraun á nokkrum stöðum á landinu. Sú tilraun mun efalítið ýta á eftir öðrum svæðum um að sameinast í eina stjórnsýslueiningu til að geta tekið við fleiri verkefnum.

Til þess að auka enn á trúverðugleika gengisstefnunnar er einnig þörf á ýmsum skipulagsbreytingum í gengis- og gjaldeyrismálum og á fjármagnsmarkaði. Þannig verður að auka áhrif markaðsaflanna á gengi íslensku krónunnar og koma á gjaldeyrismarkaði. Slíkt þýðir þó alls ekki fráhvarf frá núverandi stefnu um stöðugleika í gengismálum. Hún verður áfram óbreytt eins og ítrekað hefur verið hér að framan. Skráning gengis á gjaldeyrismarkaði gerir hins vegar meiri kröfur til efnahagsstjórnarinnar en áður og stöðugt gengi á markaði fær ekki staðist til lengri tíma nema efnahagslegar forsendur séu fyrir hendi. Um leið verður gengisstefnan mun trúverðugri en áður.

Á undanförnum árum hafa orðið áherslubreytingar á sviði hagstjórnar víða um lönd með það að markmiði að stuðla að aukinni fjárfestingu og nýsköpun í atvinnulífinu og þar með auknum hagvexti. Í fáum orðum má lýsa þessari þróun þannig að stjórnvöld hafi smám saman dregið sig út úr því forustuhlutverki í efnahagslífinu sem þau hafa verið í allt frá kreppuárunum. Þess í stað hafa þau lagt meiri áherslu á að skapa atvinnulífinu eðlilegan starfsgrundvöll og búa þannig í haginn fyrir ný störf.

Liður í þessari þróun er að draga úr afskiptum ríkisvaldsins af atvinnustarfseminni, bæði með afnámi ríkisábyrgða, styrkja og ýmiss konar fyrirgreiðslu við atvinnulífið og með sölu ríkisfyrirtækja og eigna. Samhliða þessu hafa verið gerðar auknar kröfur til fyrirtækja um að standa á eigin fótum. Í stað sértækra stuðningsaðgerða við einstakar atvinnugreinar hafa stjórnvöld þannig í vaxandi mæli lagt áherslu á að skapa atvinnulífinu í heild sem best og jöfnust starfsskilyrði. Þessi vinnubrögð verðum við einnig að temja okkur.

Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir einkavæðingu á

ríkisfyrirtækjum. Því starfi hefur miðað vel og verður haldið áfram af fullum krafti en þess jafnframt gætt að ekki sé hraðar gengið en hinn smái íslenski hlutafjármarkaður þolir. Um leið verður horft eins og frekast er kostur til hagsmuna starfsmanna fyrirtækjanna.

Okkur er tamt að tala nokkuð um sérstöðu íslensks efnahagslífs og að nokkru leyti er það rétt. Við verðum hins vegar að átta okkur á því að það gilda ekki allt önnur lögmál í efnahagsmálum og hagstjórn á Íslandi en í öðrum löndum. Þetta á einnig við um þær mikilvægu undirstöður hagvaxtar sem aðrar þjóðir leggja nú í auknum mæli áherslu á, rannsóknir og þróunarstarfsemi og ekki síst menntun. Við verðum að líta á menntakerfið og spyrja þeirrar spurningar hvernig það eigi að vera til þess að við náum sem best þeim markmiðum, einnig efnahagslegum markmiðum, sem við viljum setja okkur. Við Íslendingar erum vanir því að búa að ríkulegum auðlindum í sjó og á landi. Við þurfum að átta okkur á því og viðurkenna að maðurinn sjálfur sé mikilvægasta auðlind framtíðarinnar og búa þannig um hnútana að þessi auðlind geti staðið undir batnandi lífskjörum í framtíðinni.

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Ríkisstjórnin mun í störfum sínum byggja á þeim árangri sem náðst hefur þrátt fyrir mótdrægar ytri aðstæður. Stöðugleiki, lág verðbólga, minnkandi viðskiptahalli, heilbrigðara skattumhverfi og vaxta- og gengisákvarðanir á markaði munu verða þýðingarmiklir þættir í þeirri grundvallarstefnu sem á er byggt. Heilbrigt atvinnulíf byggt á traustum grundvelli mun tryggja okkur áfram jafngóð lífskjör og þær þjóðir búa við sem best standa. Þessi ríkisstjórn fylgir þeirri meginstefnu sem dugað hefur þjóðum Vesturlanda best á undanförnum árum. Hún vill forðast skammtímalausnir, þó vel kunni að láta í eyrum um stund, fullviss þess að varanlegur árangur getur aðeins byggst á varanlegum lausnum. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Þá hafið þið heyrt boðskap forsrh. Ég geri fastlega ráð fyrir því að þið hafið beðið hans með nokkurri eftirvæntingu. Að minnsta kosti þið sem eigið í atvinnuerfiðleikum eða rekið fyrirtæki sem komið er að því að stöðvast eða látið ykkur annt um velferð nágrannans hafið eflaust gert ykkur vonir um það að í ræðu forsrh. fælist einhver vonarneisti. Þið hljótið að hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum.

Ég, eins og aðrir þingmenn, fékk þessa ræðu fyrir nokkrum dögum og ég hef lesið hana vandlega. Ég hef lesið hana í von um að ég fyndi þar eitthvert hálmstrá, eitthvað sem gæfi til kynna að þessi ríkisstjórn ætlaði sér að taka hendur úr vösum og takast á við þau vandamál sem við er að stríða í dag, takast á við atvinnuleysið, við erfiðleika efnahagslífsins.

Ég gerði mér vonir um að ríkisstjórnin vildi boða að hún mundi snúa bökum saman með atvinnulífinu í landinu og snúa vörn í sókn. Ég varð einnig fyrir miklum vonbrigðum. Meira að segja leyfir forsrh. sér að segja að það litla átak sem er nú gert til að stuðla að eitthvað aukinni atvinnu með því að flýta vegaframkvæmdum sé stílbrot á efnahagsstefnunni, stílbrot á frjálshyggjunni. Það er ekki mikils að vænta af þeim sem slíkt boða, að minnsta kosti er þess ekki að vænta að þessi ríkisstjórn sé tilbúin til samstarfs um róttækar og nýjar aðgerðir í efnahagsmálum.

Við framsóknarmenn erum að sjálfsögðu reiðubúnir til þess að leggja okkar til þeirra mála. Við höfum rætt þau mál afar vel á okkar fundum og við höfum lagt fram ýmsar tillögur og hugmyndir en við erum aldrei reiðubúnir til þess að taka þátt í því að framkvæma frjálshyggjuna. Ég sé ekki annað eftir þessa ræðu og það sem á undan er gengið en að eina ráðið til að snúa nú vörn í sókn og hefja þjóðina upp úr þeim vanda sem hún er í sé að þessi ríkisstjórn fari frá.

Ég hef fyrst og fremst hugsað mér að ræða hér í mínum tíma um efnahags- og atvinnumálin. Þó kemst ég ekki hjá því að ræða einnig um hið Evrópska efnahagssvæði því að þar hefur forsrh. enn spurt nokkurra spurninga.

Nú er okkur sagt að sjávarútvegurinn muni á næsta ári búa við 8% halla á sínum rekstri. Hverjum dettur í hug að sjávarútvegurinn þoli það til nokkurs tíma? Væri það stílbrot í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að boða nú og grípa til aðgerða til að skapa sjávarútveginum rekstrargrundvöll?

Okkur er einnig sagt að iðnaðurinn eigi við vaxandi erfiðleika að stríða, m.a. að skipaiðnaðurinn eigi nú aðeins um það bil 14% hlutdeild í nýsmíðum og viðgerðarverkefnum hins íslenska skipaflota og margir boðað það að ef svo heldur áfram muni íslenskur skipaiðnaður líða undir lok. Væri það stílbrot á frjálshyggjunni að grípa til aðgerða til að rétta hlut skipaiðnaðarins?

Við fáum einnig þær fréttir nú að verulegur samdráttur sé fram undan í framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli. Þar muni verða hætt við margar þær framkvæmdir sem ráðgerðar voru og miklar uppsagnir munu fylgja. Væri það stílbrot í stefnu ríkisstjórnarinnar að grípa nú þegar til aðgerða sem veittu þeim atvinnu sem þar missa sína atvinnu? Og þannig gæti ég haldið áfram að telja upp þá ýmsu erfiðleika sem við blasa í íslensku efnahagslífi og eru öllum augljósir.

Við framsóknarmenn leggjum í fyrsta lagi áherslu á að þröngva vöxtum niður. Ég segi, þröngva niður. Það verður að gera með handafli hér eins og gert hefur verið í löndunum í kringum okkur þar sem til slíkra ráðstafana hefur verið gripið. Þeir eru allt of háir í dag.

Við spyrjum einnig um það og leggjum á það áherslu: Hvers vegna er aðstöðugjaldið ekki afnumið? Útilokað er að skapa íslenskum atvinnuvegum sambærilegan rekstrargrundvöll við það sem er í Evrópu t.d. eða í heiminum almennt með sköttum eins og aðstöðugjaldi. Að sjálfsögðu verður að útvega sveitarfélögunum tekjustofn á móti.

Við leggjum einnig áherslu á að það verði að aflétta af sjávarútveginum þeim álögum sem á hann voru lagðar af þessari ríkisstjórn, 600–700 millj. kr., sem reyndar voru síðan greiddar í ríkissjóð með því að greiða úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Það var

heldur einkennileg framkvæmd. Nú er allt búið úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins og það verður ekki hjá því komist að taka þessar álögur af. Við leggjum einnig á það ríka áherslu að Hagræðingarsjóðurinn verði notaður eins og til var stofnað, til að stuðla að hagræðingu í íslenskum sjávarútvegi en verði ekki tekjustofn fyrir ríkissjóð.

Ég leyfi mér að fullyrða að ef ekki er gripið til slíkra aðgerða, og reyndar líklega miklu fleiri, þá verður óhjákvæmilegt að leiðrétta gengi íslensku krónunnar. Og það er alveg sama hvað forsrh. segir um það eða hvað utanrrh. sagði í fréttum í gær, gengi íslensku krónunnar er vægast sagt afar veikt og þarf mikinn stuðning til að geta haldist. Eða dettur nokkrum Íslendingi í hug að íslenska krónan sé einhver sterkasti gjaldmiðill í heimi? Það er mikill misskilningur að við framsóknarmenn boðum gengisfellingar. Við verðum að forðast þær, en við viljum skrá gengið rétt og við leggjum meiri áherslu á að skrá gengið rétt til að skapa atvinnuvegunum rekstrargrundvöll en fast gengi og atvinnuleysi. Við viljum gera það og koma í veg fyrir atvinnuleysi.

Mér þótti satt að segja dálítið undarlegt að heyra yfirlýsingar utanrrh. í gærkvöldi um framsóknarráðin. Við tókum höndum saman haustið 1988. Þá voru erfiðleikar miklir í atvinnulífi landsmanna. Við gripum þá líklega til framsóknarráðanna, sem ég tek við fegins hendi, og okkur tókst ásamt okkar samstarfsmönnum öðrum að rétta svo við grundvöllinn að hann var góður á árinu 1990 og verðbólgan var í lok þessa tímabils sú minnsta sem hún hefur verið hér um áratugi. Og það er einmitt á grundvelli þessarar litlu verðbólgu sem nú er hægt að grípa til raunhæfra aðgerða og snúa vörn í sókn.

Við spyrjum líka að því hvers vegna jöfnunargjald er ekki lagt á t.d. í skipaiðnaðinum sem hefur hrunið eins og ég lýsti áðan. Þurfum við að bíða eftir því að fá leyfi frá erlendum þjóðum til þess að mega leggja á jöfnunargjald? Ekki báðu Norðmenn eða Pólverjar eða Evrópubandalagið um heimild hjá okkur Íslendingum til þess að mega greiða ríkistyrki með sínum skipaiðnaði. Og við spyrjum einnig að því og leggjum á það áherslu hvers vegna ekki er nýtt það mikla hugvit og sá dugnaður sem býr í einstaklingnum, þær mörgu hugmyndir sem fram hafa komið. Það er ekki nóg að tala um að þau séu miklir möguleikar í ferðaiðnaðinum. Það verður vitanlega að rétta örvandi hönd og stuðla að því að þessir miklu möguleikar verði nýttir.

Staðreyndin er vitanlega sú að við Íslendingar eigum líklega fleiri kosti en flestar aðrar þjóðir. En það er líka staðreynd að við fáum ekki nýtt þessa kosti nema með ríku samstarfi stjórnvalda, atvinnulífsins og einstaklinganna. Við fáum ekki nýtt þessa kosti nema til komi verulegt áhættufjármagn. Svo er það raunar í öllum tilfellum eða langflestum. Til þess að geta snúið vörn í sókn verðum við því að leggja verulegt áhættufjármagn fram, annaðhvort með þátttöku í slíkum fyrirtækjum eða áhættulánum. Því fjármagni er mjög vel varið, jafnvel þótt við þurfum að taka það að láni erlendis. Það mun koma margfalt til baka.

Ég sagði áðan að ég kæmist ekki hjá því að fara nokkrum orðum um afstöðu okkar framsóknarmanna til hins Evrópska efnahagssvæðis. Það er rétt sem hæstv. forsrh. sagði. Við stóðum að því að þær viðræður hæfust. Við framsóknarmenn leggjum á það mjög ríka áherslu að við eigum gott samstarf við markaðina allt í kringum okkur. Við þurfum svo sannarlega á því að halda og við þurfum vitanlega að taka tillit til þess sem breytist á þessum mörkuðum og laga okkur að því. Við ráðum því ekki. Við töldum því að það væri kostur sem bæri að kanna að stofna til tveggja stoða lausnar í Evrópu, sem svo var kölluð, og ég legg áherslu á það. Ætlunin var að þarna yrðu tvær jafnsterkar stoðir sem stæðu að efnahagssvæði Evrópu. Þetta vill stundum gleymast. Á fundi með leiðtogum EFTA-ríkjanna í Ósló í mars 1989 lagði ég fram allmörg skilyrði sem stjórnarflokkarnir þá, m.a. Alþfl., voru sammála um að krefjast. Ekkert af þessum skilyrðum hefur náðst fram nema eitt. Það er að ekki er heimilað fyrir erlenda aðila að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi. Við höfum ekki enn þá fengið að sjá hvernig ríkisstjórnin ætlar sér að reisa þær girðingar, sem hún hefur að vísu lofað, gegn því að erlendir aðilar geti keypt upp íslenskar jarðir í stórum stíl. Nú boðar ríkisstjórnin að hún ætli sér að einkavæða bankana og selja hlutabréfin. Hvernig ætlar hún að koma í veg fyrir það að erlendir aðilar eignist hina íslensku banka og ráði þar með raunar öllu í íslensku fjármálalífi? Meira að segja er það enn svo í hvítbók ríkisstjórnarinnar að boðað er að einkavæða skuli orkufyrirtækin. Þegar sala á þeim hlutabréfum hefst veit ég að handagangur verður í öskjunni erlendis. Hvernig ætlar ríkisstjórnin sem aðili að Evrópsku efnahagssvæði að koma í veg fyrir að erlendir aðilar kaupi slík hlutabréf?

En það hefur fleira gerst. Ég sagði áðan að stefnt væri að tveggja stoða lausn í Evrópu. Hún hefur ekki orðið. Öll EFTA-ríkin nema Íslendingar og Liechtenstein hafa boðað að þau hyggist gerast aðilar að Evrópubandalaginu. Þá verður ekki eftir nein stoð. Eftir verður hækja. Við Íslendingar, smáþjóð í þessu 400 milljón manna samveldi, getum aldrei haldið þeim samningi við sem við erum nú að ganga að eða ríkisstjórnin leggur til. Því höfum við framsóknarmenn lagt á það mjög ríka áherslu að þegar verði mörkuð sú stefna að leitað verði eftir því að breyta þessum samningi í tvíhliða samning þegar hin EFTA-ríkin sækja um aðild að EB. Að sjálfsögðu þarf að staðfesta þá stefnu á Alþingi. Þetta hefur ríkisstjórnin heldur ekki gert og við höfum engin svör fengið við þessum tilmælum.

Það er jafnframt nauðsynlegt að líta á það sem gerst hefur í stjórnarskrármálinu. Þegar við leituðum eftir samningnum lá ekki fyrir álit lögfræðinga og heldur ekki þegar síðasta ríkisstjórn fór frá. Slík álit liggja fyrir nú og það er rangt hjá hæstv. forsrh. að ekki sé um neitt framsal valds að ræða í þessum samningum. Meira að segja fjórmenningarnir, sem ríkisstjórnin styðst helst við þegar hún segir að ekki sé þörf á neinni stjórnarskrárbreytingu, viðurkenna að um framsal valds í samkeppnisreglum sé að ræða en þeir segja að það sé heimilt í raun af því að það sé ekki bannað

í stjórnarskránni. Aðrir lögfræðingar mótmæla þessu harðlega og ég tel að þeirra rök séu langtum sterkari. Það má ekki skilja stjórnarskrána svo að það sé heimilt sem þar er ekki endilega bannað. Það er heimilt sem leyft er í stjórnarskránni. Af þessari ástæðu getur í raun enginn sá þingmaður, sem vill standa við þann eið sem hann sór þegar hann tók sæti á Alþingi, samþykkt þennan samning þótt tækist að lagfæra ýmislegt af því sem úrskeiðis hefur farið málefnalega í samningnum.

Það er vitanlega staðreynd að í heiminum í kringum okkur eru að gerast mjög miklar breytingar. Kalda stríðinu er að vísu lokið þó að ríkisstjórnin vilji enn þá taka þátt í hernaðarsamtökum en það eru önnur átök í uppsiglingu og hafa reyndar verið í bakgrunni, átök sem að öllum líkindum verða engu minni, átök um það hver á að ráða efnahag þessa heims. Þar takast á stórveldin á þeim sviðum, Evrópa og einkum Þýskaland, Bandaríkin og Japan. Vitanlega þurfum við Íslendingar að marka okkur rétta stöðu í þessum átökum. Við eigum miklu, miklu fleiri kosti hygg ég en nokkur önnur þjóð. Tími minn leyfir mér ekki að rekja það en þeir eru allir augljósir. Til þess að þetta megi takast verður íslenska ríkisstjórnin að snúa við blaði, örva íslenskt atvinnulíf, veita því stuðning til þess að komast úr vörn í sókn, styðja það fjölmarga unga fólk sem nú er atvinnulaust, nýkomið frá námi, styðja það til dáða fyrir íslenskt þjóðfélag og þá óttast ég ekki um framtíð þessarar þjóðar.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Árferðissveiflur eru kunnar í okkar þjóðarsögu. Um þessar mundir vegur þar þyngst samdráttur í þorskafla og minnkandi markaður fyrir búvörur. Sagan sýnir að við slíkar aðstæður skiptir mestu máli hvernig ríkisstjórn tekst að leiða þjóðina til að sigrast á erfiðleikunum.

Hæstv. forsrh. hefur kynnt stefnu ríkisstjórnar sinnar og byggir þar á reynslu af 17 mánaða setu. Sú stutta saga gefur ekki fögur fyrirheit og er reyndar þegar orðin allt of löng og þjóðinni dýr. Afleiðingarnar af fyrstu aðgerð ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, vaxtahækkuninni miklu, koma nú fram í atvinnuleysinu. Sú aðgerð fyllti menn vonleysi og breytti viðunandi afkomu fyrirtækja og einstaklinga í hallarekstur sem síðan hefur farið vaxandi. Áfram hélt ríkisstjórnin á sömu braut með skattlagningu á atvinnuvegina og miklum bölmóði.

Fjárlagagerðin er ömurlegt dæmi um vinnubrögð ríkisstjórnarinnar. Það virðist eins og á hinum löngu nætursetum sé hún í teningakasti um hagsmuni íslensku þjóðarinnar. Einn morguninn hafði komið upp ákvörðun um að leggja slíkar drápsklyfjar á vaxtarbrodd íslensks atvinnulífs, ferðaþjónustuna, að allir sem til þekkja töldu það hafa svipuð áhrif og ferðabann á erlenda gesti. Næsta morgun var það íslensk menning sem skyldi borga brúsa ríkisstjórnarinnar. Nú þegar fjárlagafrv. hefur verið lagt fram segir hæstv. fjmrh. að kannski verði það eitthvað allt annað. Kannski þetta eða kannski hitt og allir þegnar þjóðfélagsins búa í stöðugum ótta því enginn veit hverjum ríkisstjórnin ætlar að súpa seyðið af næstu næturvöku sinni. Ruglið og vitleysan er alveg ótrúleg í orðum og gerðum hæstv. ráðherra.

Hæstv. forsrh. sagði í stefnuræðu sinni að öll ráðuneyti þyrftu að grisja reglugerðaskóginn. Veit hæstv. forsrh. ekki að hann vill að Alþingi lögfesti samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með hundruðum eða þúsundum nýrra reglugerða frá Evrópubandalaginu sem byggjast á 60% af löggjöf þess? Jafnframt eigum við að skuldbinda okkur til að samþykkja ótakmarkaðan fjölda nýrra reglugerða frá því í framtíðinni þar sem við megum engum staf breyta. Veit hæstv. forsrh. ekki að aðalatriðið í nærri hverju nýju stjfrv. er að ráðherrarnir setji reglugerðir um það sem þarf til að hlýða fyrirmælum Evrópubandalagsins og innihald sumra er lítið annað? Telur hann að sá reglugerðarfrumskógur sé af hinu góða af því að þar lútum við erlendu valdi?

Boðskapurinn til bænda í stefnuræðunni er eingöngu sá að landbúnaðurinn standi á tímamótum og þar séu miklir erfiðleikar. Bjargráð ríkisstjórnarinnar er samt að skera niður í fjárlagafrv. fjárveitingar, sem á einhvern hátt er hægt að tengja landbúnaði, um 3 milljarða kr. frá síðasta ári, þar á meðal til allra þeirra þátta sem áttu að stuðla að uppbyggingu í stað þess samdráttar sem leiðir af núgildandi búvörusamningi. Þegar við bætist hið gífurlega ört vaxandi almenna atvinnuleysi má segja að forsendurnar sem lagðar voru til grundvallar þeim samningi séu algerlega brostnar. Hæstv. landbrh. svarar engu spurningum hér á Alþingi um það hvað ráðuneytið áætli að mörg hundruð störf muni að auki leggjast niður í landbúnaði ef samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið nær fram að ganga. Eina huggun hæstv. forsrh. til bænda er að segja að framhaldið verði ekki sársaukalaust. Á sama tíma er starfsemi Byggðastofnunarinnar lömuð með setningu nýrrar, strangrar reglugerðar hæstv. forsrh. og fjársvelti stofnunarinnar. Veit hæstv. forsrh. ekki að þegar dauft er í sveitum er hnípin þjóð í vanda?

Það var harður dómur um algera vanhæfni ríkisstjórnarinnar til að meta rétt ástandið í þjóðfélaginu þegar hæstv. fjmrh. sagði nýlega að ástandið væri tiltölulega gott. Hvað segja þeir sem nú leita sér árangurslaust að atvinnu um slíka fullyrðingu? Eða fyrirtækin sem róa lífróður fyrir tilveru sinni frá degi til dags? Það eru ekki pappírarnir á völtum borðum víxlaranna sem þjóðin lifir á heldur verðmætin sem hún aflar með hugviti og hörðum höndum. Hæstv. forsrh. sagði í sjónvarpsviðtali að með orðum sínum gerði hann allt vitlaust í þingflokki Sjálfstfl. Við þolum ekki ríkisstjórn sem með orðum og gerðum gerir allt vitlaust í þjóðfélaginu. Við þurfum ríkisstjórn sem styður og hvetur til uppbyggingar og framfara. Við þurfum ríkisstjórn sem stuðlar að bættum mannlegum samskiptum og hamingju einstaklingsins. Við þurfum ríkisstjórn sem sameinar en sundrar ekki.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Nú er starfið í skólum landsins komið á skrið. Árlega útskrifa þeir mikinn fjölda ungs fólks sem á sér ekki aðra ósk heit-

ari en þá að fá störf sem nýta kunnáttu þess og starfsorku við atvinnuvegi sem hafa skilyrði og kjark til þess að leggja í nýjungar og vilja fjárfesta í íslenskri framtíð. Ríkisstjórnin veitir forustu inn í slíka framtíð.

Við þurfum nú að sigrast á nokkrum erfiðleikum í okkar þjóðarbúskap. Eftir kyrrstöðu undanfarinna ára er því spáð að landsframleiðslan muni dragast saman um rúmlega 3% á þessu og næsta ári. Þetta er vissulega alvarlegt bakslag en það er alls ekki einsdæmi og við munum snúa því við.

En hverjar eru ástæður erfiðleikanna sem nú steðja að?

Ég nefni fyrst þá efnahagslægð sem grúfir yfir Evrópu og Norður-Ameríku. Ókyrrð á gjaldeyrismörkuðum heims og stjórnmálaóvissa vegna Maastricht-samningsins í Evrópu og forsetakosninganna í Bandaríkjunum eykur á óvissuna um efnahagshorfur á næstunni. Hér heima er ástæðan ekki síst sú að mikilvægir fiskstofnar standa tæpt og nauðsynlegt er að takmarka í þá sóknina. Svo bætist það við að á síðustu mánuðum hefur verð á sjávarvörum lækkað nokkuð. Þetta ástand hefur þýtt alvarlegan afturkipp í íslenskum útflutningstekjum.

Það er við þennan bakgrunn sem atvinnuleysið og áhyggjur okkar af því ber. Það er nú um 3% þegar á heildina er litið og því er því miður spáð að það vaxi að öllu óbreyttu á næstu missirum. Atvinnuleysið er mismunandi eftir landshlutum. Á Suðurnesjum er það t.d. nærri tvöfalt landsmeðaltal og meðal kvenna á Suðurnesjum er það enn meira. Þessu ætlum við að breyta til betri vegar. Á þessu verður tekið.

Því fer fjarri að myndin sem við blasir sé öll í dökkum litum. Í fyrsta lagi mun fljótlega, samkvæmt eðli máls, draga úr stjórnmálaóvissu bæði austan hafs og vestan. Mín trú er sú að þá muni loks hefjast hinn langþráði efnahagsbati. Þá nefni ég ekki síður að 19 Evrópuríki, þar á meðal Ísland, skrifuðu í vor undir samning um Evrópskt efnahagssvæði. Þessi samningur bíður nú samþykkis Alþingis. Hann býður mikla vaxtarmöguleika fyrir íslenskt atvinnulíf. Mikilvægasta atvinnuverkefni á Íslandi er nú að Alþingi staðfesti þennan samning. Það er verk sem þjóðin hefur kosið menn á þing til að vinna. En síðast en ekki síst er bjarta hliðin á málunum sú að sigur hefur unnist í 50 ára stríði við verðbólgu á Íslandi. Hún er nú um eða innan við 2% og með því minnsta sem gerist á Vesturlöndum. Þegar allt lék á reiðiskjálfi á gjaldeyrismörkuðum Evrópu fyrir nokkrum vikum var allt með kyrrum kjörum á Íslandi. Ísland virtist þá eygja stöðugleika í hafi efnahagsókyrrðar. Það hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar. Nú er brýn nauðsyn að gera grundvallarbreytingar í sjávarútvegi og landbúnaði. Við gjöldum fyrir það að þessar greinar hafa ekki tekið fullan þátt í þeirri aðlögun að markaði og frjálsræði sem orðið hefur í öðrum atvinnugreinum á undanförnum árum. Samningar á grundvelli GATT um aukna fríverslun á þessum sviðum munu væntanlega knýja hér fram æskilegar breytingar á næstu árum.

Það er líka alvarlegt umhugsunarefni hvort þróunin í fiskvinnslu sé á réttri braut með tilliti til atvinnu. Það eru dæmi um sjávarpláss með ríflegan kvóta en samt skortir verkefni í landi. Það þarf að tryggja að vinnsluskipin hafi ekki í reynd rýmri kvóta en hin sem veiða fyrir landvinnslu.

Við þurfum nú virka stjórnarstefnu til þess að örva nýsköpun í atvinnulífinu. Ég nefni hér þrjú mikilvæg atriði.

1. Það þarf að afgreiða fjárlögin þannig að þau styrki stöðugt gengi, dragi úr lánsfjárþörf hins opinbera og skapi skilyrði fyrir lækkun vaxta.

2. Nauðsynlegt er að samræma skattakjör atvinnuveganna hér á landi því sem gengur og gerist innan hins Evrópska efnahagssvæðis. Það þarf að lækka bæði launatengd gjöld og aðstöðugjaldið. Það er brýnt að samræma nú skattmeðferð fjármagnstekna og eignatekna þannig að sanngirni ríki í skattlagningunni.

3. Nú er nýsköpun í atvinnulífinu nauðsyn og það er því afar mikilvægt að efla rannsókna- og þróunarstarfsemi og markaðsstarf fyrir íslenska framleiðslu og þjónustu.

Það er ánægjulegt að fjárlagafrv. fyrir næsta ár og nýákveðnar aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að efla atvinnu bera vitni um nýjar áherslur og virka atvinnustefnu í samræmi við þessi sjónarmið. Ég nefni þrennt. Fyrst að ákveðið hefur verið að tvöfalda á næstu árum fjárveitingar til Rannsóknasjóðs. Einnig hefur verið ákveðið að verja 100 millj. kr. á næsta ári í sérstakt markaðsátak til að styðja sókn íslenskra fyrirtækja inn á Evrópumarkað og loks hefur verið ákveðið að verja fimmtungi söluandvirðis seldra ríkisfyrirtækja til að styrkja nýsköpun í atvinnulífinu. Hér verður væntanlega um að ræða á annað hundrað millj. kr. á ári til jafnaðar sem viðbótarfé næstu árin. Rannsókna- og þróunarstarfið sem þannig verður eflt mun skila árangri í framtíðinni. Það mun markaðsátakið líka gera.

En hvað er til bjargar á næstu mánuðum og missirum? Ég nefni fyrst að í meðförum Alþingis á fjárlagafrv. verðum við að huga sérstaklega að því sem ég nefndi áðan, að lækka kostnaðarskatta atvinnuveganna til þess að tryggja samkeppnisstöðu þeirra. Þetta má þó ekki auka fjárlagahallann. Á móti verður að koma lækkun útgjalda eða hækkun neysluskatta. Það er óhjákvæmilegt til að varðveita stöðugleikann. Við þessar aðstæður verðum við einfaldlega að breyta forgangsröð.

Til að efla atvinnu hefur ríkisstjórnin ákveðið að verja allt að tveimur milljörðum kr. til sérstakra vegaframkvæmda, opinberra bygginga og viðhalds þeirra á næsta ári. Ríkisstjórnin hefur einnig ákveðið að verja nokkru fé í samvinnu við lánasjóði til almennra aðgerða til að draga úr áhrifum aflaskerðingar vegna þorskbrests á yfirstandandi fiskveiðiári. Þá hefur náðst mikilvægt samkomulag við sveitarfélögin um sérstakt framlag þeirra til eflingar atvinnu.

Þegar við ræðum nú eflingu atvinnulífsins er nauðsynlegt að huga sérstaklega að erfiðleikum einstakra atvinnugreina og fyrirtækja, svo sem skipasmíða og járnblendiverksmiðju. Á þeim málum verður skipulega tekið á næstunni. Þrátt fyrir erfitt ástand á álmörkuðum, eins og mörgum öðrum iðnvörumörkuðum, er nú að

hefjast nýr kafli í viðræðum um álframkvæmdir. Sannleikurinn er sá að endurnýjun álvera kemur líklega fyrr fram en áður var talið vegna efnahagskreppunnar. Þetta mun styrkja stöðu Íslands eins og skýrast mun á næstu missirum. Þá fara nú einnig fram viðræður á mörgum vígstöðvum um hugsanlega lagningu sæstrengs milli Íslands og Evrópu.

Þannig mætir ríkisstjórnin erfiðleikunum með því að snúa vörn í sókn. Það er miklu betra að kveikja á kerti en kvarta yfir myrkrinu.

En hvar eru og hver eru úrræði stjórnarandstöðunnar? Hingað til engin. Hún hefur látið sér nægja að kvarta yfir myrkrinu og kúra þar úrræðalaus. Það má vera að menn hafi nú síðustu daga reynt að bregða upp nýjum leiktjöldum en það breytir því ekki að það er vart hægt að hugsa sér aumlegra hlutskipti fyrrv. forustumanna ríkisstjórnar en að þvælast fyrir umbótamálum, notfæra sér erfiðleika og atvinnubrest til þess að slá sig til riddara með málalengingum og þingskapaþrætum eins og sumarþingið sýndi.

Er hægt að hugsa sér óskynsamlegri stefnu en yfirboð stjórnarandstöðu í ríkisútgjöldum?

Er hægt að hugsa sér meira dáðleysi en að víkja sér undan ákvörðunum í EES-málinu með órökstuddum kröfum um stjórnarskrárbreytingar og þjóðaratkvæði?

Ég spyr líka: Hefði atvinnan í landinu aukist ef farið hefði verið að tillögum stjórnarandstöðunnar sem vildi miklu meiri niðurskurð á fiskveiðiheimildum?

Ég spyr ykkur líka: Bætir það atvinnuhorfur fiskvinnslufólks að Ísland standi utan við EES eins og stjórnarandstaðan virðist vilja?

Ég spyr ykkur loks: Tryggir það stöðugleika að gefast bara upp og fella gengið eins og formaður Framsfl. hefur lagt til?

Svarið er að sjálfsögðu nei í öllum greinum. Foringjar stjórnarandstöðunnar eru því miður riddarar ráðleysis og ábyrgðarleysis. Formaður Framsfl. hefur til þessa ekki haft neinar aðrar hugmyndir fram að færa en valdboð í vaxtamálum og gamaldags gengisfellingarsöng. Gengi stjórnarandstöðunnar er löngu fallið.

Það er athyglisvert að bera framgöngu hennar saman við stjórnarandstöðuna í Svíaríki sem hefur nýlega tekið höndum saman við ríkisstjórnina þar til þess að tryggja samkeppnisstöðu og stöðugleika. Það er fyrst nú þessa daga sem forustumenn stjórnarandstöðunnar virðast vera að átta sig á því að fólk dæmir framgöngu þeirra hart. Þeir eru farnir að skipta um tóntegund. Í þessu felst auðvitað viðurkenning á því að þeir hafi verið á villigötum. En það er athyglisvert að það var varaformaður Framsfl. en ekki formaður hans sem fyrir fáum dögum lýsti vilja sínum til samstarfs um efnahags- og atvinnumál. Og nú um helgina kom formaður Alþb. á hæla honum fram í fjölmiðlum og talaði um það sama. Reyndar mátti helst á honum skilja að hann hefði sjálfur fundið upp sænsku leiðina. Þetta veit vonandi á sinnaskipti en það verður ekki mark á þeim takandi fyrr en fram kemur raunverulegur vilji til þess að taka á erfiðum málum á sviði ríkisfjármála og til þess að staðfesta EES-samninginn.

Góðir áheyrendur. Frændur okkar Færeyingar hafa lent í miklum kröggum. Almenningur þar í landi hefur misst trú á stjórnmálamönnum, einmitt stjórnmálamönnum sem hafa rekið stefnu eins og þá sem stjórnarandstaðan hér hefur boðað. Það er vísasti vegurinn til ófarnaðar.

Góðir áheyrendur. Það er ekkert sem er jafnfljótvirkt að brjóta niður manneskjuna og atvinnuleysið. Gegn því munum við berjast af alefli. Nú þarf breiða samstöðu um virka atvinnu- og efnahagsstefnu milli stjórnvalda, samtaka á vinnumarkaði og fjármálastofnana. Ríkisstjórnin hefur tekið frumkvæðið. Hún kveikir ljós en kvartar ekki yfir myrkri.

Gunnlaugur Stefánsson:

Frú forseti. Góðir áheyrendur. Það krefst hvorki visku né hugrekkis í stjórnmálum að segja já við alla og fjármagna síðan já-in með nýjum lánum til viðbótar þeim gömlu. Slík stjórnarstefna leiðir að lokum til þjóðargjaldþrots. Nú er svo komið að fjórði hver fiskur sem dreginn er úr sjó fer í að standa undir skuldabyrði þjóðarinnar erlendis og stefnir í á næsta ári að það kosti tæpan þriðjung af útflutningsframleiðslunni. Á sama tíma minnka þjóðartekjur, atvinnuleysi eykst og lífskjörin eru fjármögnuð enn þá að hluta með erlendri lántöku.

Allt frá árinu 1985 hefur ríkissjóður verið rekinn með halla, þ.e. útgjöldin hafa verið meiri en tekjurnar samfellt í sjö ár. Þetta er alvarlegt ástand, m.a. vegna þess að við erum verr í stakk búin til þess að takast á við þennan vanda miðað við það ef öll ytri skilyrði væru hagstæð. Hver hefði trúað því fyrir þremur árum að leyfilegur hámarksafli á þorski á yfirstandandi fiskveiðiári yrði aðeins 205 þús. tonn? Það er staðreynd sem við blasir og setur þjóðlífinu öllu þrengri skorður en ella.

Oftar en ekki segjum við Íslendingar að þetta bjargist allt saman einhvern veginn, það hefur alltaf gert það. Slíkt viðhorf dugar ekki hér. Rétt er það að allt mun þetta bjargast í fyllingu tímans, ekki einhvern veginn heldur á grundvelli ábyrgðar og samstöðu. Ég fagna því yfirlýsingum nokkurra forustumanna stjórnarandstöðunnar um að láta af hefðbundinni stjórnarandstöðu en leita eftir samkomulagi við ríkisstjórnina um að hér megi nást víðtæk samstaða er leiði þjóðina úr yfirstandandi þrengingum.

Þá hefur mikilvægt samkomulag náðst undir forustu Jóhönnu Sigurðardóttur félmrh. og forustumanna Sambands ísl. sveitarstjórna um átak til atvinnusköpunar sem um leið felur í sér sparnað í ríkisútgjöldum. Það er undravert að íslenskur sjávarútvegur skuli enn að mestu standast þær raunir sem aflasamdráttur hefur valdið undanfarin ár. Fyrrv. ríkisstjórn beitti sér fyrir mjög þýðingarmiklum ráðstöfunum, m.a. með stofnun Atvinnutryggingarsjóðs og Hlutafjársjóðs. Ljóst er að sjávarútvegurinn nýtur þeirra aðgerða og er þess vegna betur í stakk búinn til þess takast á við erfiðleikana en ella. Núv. ríkisstjórn hefur haldið þessu áfram og byggt að miklu leyti á þeim grunni sem fyrrv. ríkisstjórn lagði og enn frekar gripið til sérstakra ráðstafana. Þar á meðal vil ég nefna afnám laga

frá árinu 1922 er bönnuðu erlendum fiskiskipum að landa afla sínum í íslenskum höfnum. Þessi ráðstöfun er þegar farin að hafa áhrif til atvinnusköpunar. Þegar ég heimsótti nýlega fiskvinnslufólk við störf á Bakkafirði, Vopnafirði og Seyðisfirði var þar einmitt verið að vinna við fisk sem landað hafði verið úr erlendum fiskiskipum. Umsagnir starfsfólksins um gæði fisksins vöktu athygli mína á að fiskur af íslenskum skipum væri miklu betri. Í þessu felst líklega einn dýrmætasti auður þjóðarinnar. Við stöndum framar flestum þjóðum í veiðum, vinnslu og meðferð sjávarfangs. Frekari fullvinnsla sjávarafurða hlýtur því að vera eitt stærsta viðfangsefnið til aukinnar sóknar og framfara í atvinnulífinu. Í þessu sambandi verður að huga sérstaklega að því að afli frystitogara geti komið til fullvinnslu í neytendapakkningar á landi. Ef slíkt tekst ekki, þá verður þeirri hámarksnýtingu ekki náð úr sjávaraflanum sem við verðum að stefna að, auk þess sem frekari flutningur vinnslu úr landi á haf út mun stefna búsetunni í dreifðum byggðum landsins í mikla hættu til viðbótar þeirri byggðaröskun sem nú þegar hefur orðið.

Þá er afar mikilvægt að endurskoðun laga um fiskveiðistjórnunina megi ljúka sem fyrst. Kvótakerfið hefur ekki gagnast eins og væntingar stóðu til. Því hefur hvorki tekist að vernda fiskstofnana né koma af stað hagræðingu og draga úr offjárfestingum heldur hefur skuldsetning sjávarútvegsfyrirtækjanna aukist. Um allar breytingar verður að leita eftir sem víðtækastri samstöðu því miklir hagsmunir eru í húfi sem snerta sjálfan afkomugrundvöll þjóðarinnar.

Mikilvægast af öllu nú er að tryggja atvinnu fyrir fólkið í landinu, tryggja búsetuna í byggðum landsins og jafna lífskjör. Aðgerðir á þessum sviðum eru samofnar ráðstöfunum í ríkisfjármálum. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að beita sér fyrir stórauknu átaki í vegagerð á næstu þremur árum er afar mikilvæg fyrir búsetuna í landinu og til atvinnueflingar. Traustari samgöngur eru forsenda þess að samvinna sveitarfélaga megi eflast og atvinnulíf styrkjast. Þá fagna ég þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að verja áfram með auknum niðurgreiðslum húshitunarkostnað á köldum svæðum landsbyggðarinnar gagnvart hækkun raforkuverðs eða skattkerfisbreytingum.

Það krefst nærgætni og þekkingar á lífskjörum og aðstæðum fólks þegar málum er skipað á samdráttar- og þrengingarskeiði. Aldrei frekar en þá verða stjórnvöld að skilja að stjórnmál fjalla um fólk. Varast verður að fram sé gengið í ljósi öfga, hörku eða yfirgangs. Nú verða þeir, sem meiri efnin hafa, að axla stærri byrðar en þeir sem höllum fæti standa. Láglaunafólkið í landinu hefur umborið þjóðarsátt í nokkur ár með því að leggja til hliðar raunverulegar launahækkanir. Það hefur lagt sitt af mörkum. Ríkisstjórnin skuldar þessu fólki endurgjald þjóðarsáttar. Satt er það að verðbólgan er komin niður en vextirnir eru enn allt of háir og hvíla þungt á heimilum og atvinnulífi. En vextirnir lækka ekki á meðan ekki næst jöfnuður í ríkisfjármálum. Frekari niðurskurður á velferðarkerfinu á samdráttartímum getur valdið þjónustunni svo miklum skaða að erfitt reynist að bæta úr síðar og getur gengið svo nærri velferð fjölskyldunnar að mörg heimili verði félagslega og efnahagslega gjaldþrota. Því tel ég í ljósi allra aðstæðna að ríkisstjórnin verði að huga rækilega að því að auka tekjur ríkissjóðs tímabundið með því að þeir sem meiri efni hafa leggi meira af mörkum. Samkomulag stjórnarflokkanna um skattlagningu arðs af fjármagnstekjum er þýðingarmikil aðgerð til jöfnunar lífskjara og til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Þá er mikilvægt að öllum ráðum verði beitt til jöfnunar vöruverðs á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðarinnar sem gæti stuðlað að jafnvægi í byggðum landsins.

Þá bind ég miklar vonir við að áform ríkisstjórnarinnar um að flutningur opinberrar þjónustu og stofnana út á landsbyggðina nái fram að ganga eins og aðstæður frekast leyfa. Að því er nú unnið í nefnd með fulltrúum allra þingflokka sem forsrh. hefur skipað.

Frú forseti. Þrátt fyrir tímabundnar þrengingar er ekki ástæða til bölsýni. Þrátt fyrir allt eigum við af miklum auði miðla. Landið er gjöfult og þjóðin býr yfir menntun, dugnaði og þolgæði sem mun leiða okkur út úr erfiðleikum til bjartari tíma. Óvíða blómstrar jafnfjölskrúðugt menningarlíf og hvergi í heiminum ætti að vera betra að ala upp börn en á Íslandi. Vaxandi ofbeldi og aukin fíkniefnaneysla veldur þó miklum áhyggjum. Hér verður að sporna strax við fótum og grípa til viðeigandi aðgerða sem verja friðinn og tryggja öryggið sem Íslendingar þrá mest af öllu.

Fólkið í landinu gerir miklar kröfur til stjórnmálamanna um þessar mundir og bindur vonir sínar við það að við leiðum þjóðina út úr yfirstandandi þrengingum. Þeim vonum má ekki bregðast. — Góðar stundir.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Við erum komin hér saman í kvöld til þess að ræða stefnu og til þess að fjalla um þá miklu erfiðleika sem íslenska þjóðin þarf nú að horfast í augu við. Þeir erfiðleikar eru djúpstæðir og það má enginn draga dul á að það verður þungur róður að ráða fram úr þeim.

Ég sagði fyrir tveimur árum að ef við Íslendingar mundum ekki huga að okkur gæti farið fyrir okkur, áður en öldin væri úti, eins og Færeyingum og Grænlendingum en við þeim taldi ég að gæti blasað þjóðargjaldþrot. Vinir okkar í Færeyjum voru mér mjög reiðir fyrir tveimur árum vegna þessarar yfirlýsingar en við heyrðum öll fréttirnar í síðustu viku. Ég endurtek hér í kvöld það sama og ég sagði fyrir tveimur árum að ef við Íslendingar erum ekki tilbúnir að fara saman í þann lífróður sem nú þarf að róa, þá er ekki örugg trygging fyrir því að efnahagslegt sjálfstæði verði áfram fjöregg þessarar þjóðar.

Það eru margar ástæður fyrir þeim erfiðleikum sem nú er við að glíma. Ég ætla að nefna þrennt.

Í fyrsta lagi fjölmargar rangar ákvarðanir á liðnum árum og áratugum hafa verið teknar við fjárfestingar og í atvinnumálum. Hér hefur verið eytt tugmilljörðum kr. í rangar fjárfestingar af stjórnvöldum, ríki og sveitarfélögum, af einstaklingum í atvinnulífinu og fyr-

irtækjum. Það er ekki bara í refarækt og fiskeldi svo maður nefni þekkt dæmi. Það liggja 20 milljarðar í raforkuverum sem ekki skila arði. Það erum um 10 milljarðar í glæsibyggingum, ráðhúsi, flugstöð og veitingahúsi sem engum arði skila og milliliðirnir í landbúnaðinum, hinn stóri floti í sjávarútvegi og fjölmörg fiskvinnslufyrirtæki með byggingar og of mikinn tækjakost eru einnig þáttur í þessari þróun.

Ég nefni líka í öðru lagi þá stjórnarstefnu sem hér var tekin upp fyrir einu og hálfu ári, stjórnarstefnu sen forsrh. var enn að boða hér í kvöld og sem viðskrh. mælti bót fyrir hönd Alþfl. áðan. Þetta er stjórnarstefna hinnar hörðu frjálshyggju, trúin á það að einkavæðingin og hin óhefta markaðsdýrkun muni skila árangri og að afskiptaleysi eigi að vera leiðarljós stjórnvalda. Þessi stefna hefur verið prófuð. Hún er kjarninn í þeirri efnahagsstefnu Reagans og Bush sem 60–70% bandarísku þjóðarinnar er nú að hafna. Við heyrðum í gærkvöldi með hjálp gervihnatta hvernig Clinton og Perot tættu þessa stefnu sundur. Bandaríska þjóðin hefur ekki lengur trú á þessari tilraun. Hvers vegna ætti íslenska þjóðin að fylgja henni nú?

Í þriðja lagi eru svo áföll í sjávarútvegi, aflabrestur og ytri erfiðleikar sem enginn fær við ráðið.

Þegar þetta blasir við er nauðsynlegt að við spyrjum okkur öll: Hvað eigum við að gera? Við erum ekki kosin í þennan sal til þess eins að vera fulltrúar fyrir flokka. Við erum kosin til þess að vera fulltrúar íslensku þjóðarinnar. Það er skylda okkar allra að ýta til hliðar á slíkum stundum þröngum hagsmunum flokka og þröngum persónulegum metnaði einstakra ráðamanna, hvort sem þeir eru ráðherrar í ríkisstjórn eða forustumenn stjórnarandstöðuflokka, og spyrja okkur sjálf: Getum við í þessum sal og fólkið úti í þjóðfélaginu ekki náð saman að nýju borði, forustumenn í atvinnulífinu, hjá samtökum launafólks og í fyrirtækjum?

Auðvitað væri það freistandi fyrir okkur í Alþb. að flytja hér ræður í kvöld þar sem við sýndum fram á mótsagnirnar í málflutningi ríkisstjórnarinnar, sviknu loforðin, áldraumana sem að engu hafa orðið, skattahækkanir Sjálfstfl. og allt þetta. Það er ærinn efniviður í slíka ræðu. Það væri hægt að skemmta sér vel við að tína það fram. En við höfum ekki kosið að fara þá leið.

Við höfum síðustu tvo mánuði lagt mikla vinnu í það í forustusveit Alþb. og í þingflokki að meta ástandið af gaumgæfni og leggja síðan fram ítarlegar tillögur um nýjar leiðir. Tillögugerð sem við kynntum í dag og er fólgin annars vegar í tillögum frá þingflokki Alþb. um nýjar aðgerðir í efnahagsmálum og sókn í atvinnulífi og hins vegar í umræðugrundvelli, sem ég hef lagt fram, þar sem kynntar eru álitsgerðir fjölmargra erlendra sérfræðinga og sú umræða, bæði í Bretlandi og í Bandaríkjunum og á Vesturlöndum víða, þar sem gagnrýni á hina þröngu leið frjálshyggjunnar, þá leið sem er kjarninn í núverandi stjórnarstefnu, kemur skýrt fram og þar sem menn sýna með skýrum rökum að það eru ekki Bretland og Bandaríkin, lönd einkavæðingarinnar og hinnar þröngu frjálshyggju, sem hafa skilað árangri í hagvexti á undanförnum tíu árum. Nei, það eru þvert á móti önnur ríki sem hafa valið sér aðra leið, leið sem merkilegt nokk var í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins í gær kölluð leið samvinnu og við köllum í tillögugerð okkar í Alþb. leið samhæfingar og samvinnu.

Hún felst í því að stjórnvöld samhæfi aðgerðir sínar með fyrirtækjunum. Hún felst í því að búnar séu til sameiginlegar sóknarlínur í atvinnulífi. Hún felst í því að framleiðsla og aftur framleiðsla, útflutningur og aftur útflutningur, séu forgangsatriði í öllum efnahagsmálum. Með skattaívilnunum sé hvatt til slíkra aðgerða í atvinnulífinu. Og hún felst í því að menntun og heilbrigðiskerfi séu nauðsynlegir stuðningsþættir við atvinnulífið. Að menntunin, maðurinn sjálfur, sé besta fjárfesting 21. aldarinnar. Og ég segi við forsrh. og iðrnh. í kvöld: Viljið þið ekki með okkur kynna ykkur ritverk bandarískra og breskra fræðimanna, hið nýja rit varaforsetaefnis demókrata Alberts Gore, rit Lesters Thurrow, eins þekktasta bandaríska hagfræðings við MIT-háskólann, þar sem hann gagnrýnir mjög greinilega stjórnarstefnuna í Bandaríkjunum, skýrslu Cuomos, ríkisstjóra í New York, þar sem hann bendir á aðrar leiðir heldur en Reagan og Bush hafa farið? Hvernig væri að við í sameiningu kynntum okkur hinn mikla forða, þann mikla efnivið sem færustu stjórnmálamenn og sérfræðingar á Vesturlöndum hafa reitt fram, eða eigum við að halda áfram að fylgja þeirri stefnu sem mikill meiri hluti bandarísku þjóðarinnar mun að öllum líkindum í næstu forsetakosningum dæma af?

Við segjum nei. Við segjum: Við erum tilbúnir í nýjar leiðir. Við segjum: Það ástand sem er í íslenskum efnahags- og atvinnumálum er því miður það alvarlegt að við verðum að leggja til hliðar hefðbundin sjónarmið og aðferðir stjórnarandstöðu og líka, kæru vinir í ráðherrastólum, hefðbundin sjónarmið og viðhorf ráðherranna. Þetta er ekki tími þar sem menn geta verið að togast á. Þetta er tími þar sem menn eiga að reyna að ná saman.

Við höfum lagt fram í dag og ég hef sent í dag til formanna stjórnarflokkanna, Sjálfstfl. og Alþfl., og til formanns Framsfl. og formanns þingflokks Kvennalistans, greinargerðir okkar og tillögur um ósk um viðræður milli flokkanna. Ég stílaði það með vilja ekki á forsætisráðherraembætti hans heldur á formann Sjálfstfl. og formann Alþfl. Og við segjum: Við reiðum fram okkar tillögur en við erum líka reiðubúnir að hlusta á ykkar. Við neitum engu fyrir fram. Við erum tilbúnir að skoða allt.

Í því tillögusafni sem við leggjum fram er lýst ítarlega grundvallarþættinum í þessari nýju leið samhæfingar og samvinnu. En það eru líka mjög ítarlegar tillögur í ríkisfjármálum, í skattamálum, í breytingu á raungengi. Ekki með hefðbundinni gengisfellingu, alls ekki. Við viljum ekki fara þá leið, heldur með bættri stöðu atvinnulífsins með því að leggja aðstöðugjald niður, með því að lækka vextina og minnka kostnaðartilefni atvinnulífsins hér heima. Við leggjum líka til fjölmargar aðgerðir til þess að styrkja iðnaðinn og

þjónustugreinarnar og skapa störf á því sviði. Við leggjum líka fram tillögur sem stuðla að stöðugleika í verðlagsmálum og raunhæfu samkomulagi í launamálum þannig að við getum varðveitt þann árangur sem við höfum náð, bæði í síðustu ríkisstjórn og sem betur fer núverandi ríkisstjórn hefur haldið, með lága verðbólgu, förum ekki gengiskollsteypu en tvinnum saman stöðugleikann annars vegar og nýja sókn í atvinnulífinu hins vegar.

Þessar tillögur og hugmyndir skipta tugum í þeirri tillögugerð sem þingflokkurinn hefur afgreitt og lagt fram. Við erum tilbúnir að taka það til umfjöllunar, en við teljum líka að það eigi að kalla forustumenn samtaka launafólks og atvinnulífsins að þessu nýja borði. Það á ekki bara að vera umræða hér í þingsalnum, hún á að vera út um þjóðfélagið allt. Ég veit það að forustumenn samtaka launafólks og forustumenn atvinnulífsins eru reiðubúnir í slíkar viðræður.

Það hefur verið nefnt í kvöld, m.a. af hæstv. viðskrh., að við höfum skoðað hina sænsku leið. Jú, það er rétt, við höfum skoðað hina sænsku leið, en það vill svo merkilega til að við byrjuðum á þessu verki í Alþb. rúmum mánuði áður en fréttirnar bárust frá Svíþjóð um það samkomulag sem varð þar. En ég segi líka með vinsemd við hæstv. forsrh.: Er það ekki fróðlegt að í samkomulaginu í Svíþjóð slátraði hægri flokkurinn í Svíþjóð, flokkur Carls Bildt forsætisráðherra, mörgum heilögum kúm sem höfðu lengi verið á beit í túngarði sænska hægri flokksins í ríkisfjármálum og skattamálum? Það vill nefnilega svo til að liður í samkomulaginu í Svíþjóð er hátekjuskattur með sérstöku hátekjuþrepi, er fjármagnsskattur um 30% og ýmsar þær hugmyndir sem við í Alþb. höfum verið að boða en Sjálfstfl. hefur neitað, en sem betur fer, síðasti ræðumaður Alþfl. tók undir og ég þakka fyrir það.

Við skulum skoða það sem Jafnaðarmannaflokkurinn í Svíþjóð féllst á, en er ekki rétt að forustumenn Sjálfstfl. skoði það líka hvað hægri flokkurinn í Svíþjóð féllst á?

Við sem erum í þessum sal berum sameiginlega ábyrgð gagnvart íslensku þjóðinni. Við höfum enga tryggingu fyrir því að um næstu aldamót verði íslenska þjóðin með efnahagslegt sjálfstæði. EES eða ekkert EES. EES er ekkert patent frekar en álverið sem lengi var boðað á Suðurnesjum að mundi leysa þar öll vandamál en Suðurnesjamenn búa nú við meira atvinnuleysi en þeir hafa þekkt í áratugi. Það eru engin patent til sem leysa okkar vanda. Vandi Íslendinga verður ekki leystur í ár, ekki heldur næsta ár. Það er fram undan hér margra ára þrotlaust starf og raunhæf stefnumótun til að takast á við þetta vandamál. Og við eigum öll að taka saman í þeim efnum.

Ég vona að þær viðræður sem við höfum óskað eftir milli flokkanna skili árangri. Við komum að því viðræðuborði, eins og ég sagði, með opnum huga. Við leggjum fram okkar tillögugerð en við höfnum engu fyrir fram. Ég vona að forustumenn ríkisstjórnarflokkanna og vinir okkar og samherjar í stjórnarandstöðuflokkunum komi einnig að þessum viðræðum með jákvæðu hugarfari. Þannig að þegar upp er staðið höfum við ekki aðeins skapað efnahagslegan stöðugleika, heldur höfum við líka skapað grundvöllinn að nýrri sókn.

Við teljum að tillögur okkar geti skapað um það bil 1.800 ný störf á næstu átta til tólf mánuðum og það er varlega áætlað. Við höfum líka lagt fram tillögur um hvernig eigi að fjármagna það, hvernig eigi að létta byrðum af atvinnulífinu til þess að fækka gjaldþrotum.

Ég hlustaði á það sem hér hefur komið fram frá ræðumönnum fyrr í kvöld og margt af því kemur einnig til greina. Spurningin er hins vegar: Höfum við vilja og getu til þess að hefja okkur upp úr gamla farinu, meta þjóðarhag meira en þrönga hagsmuni flokka eða þrönga hagsmuni ráðherra eða forustumanna í stjórnarandstöðu? Við vonum að svo verði. — Þakka ykkur fyrir. Góða nótt.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Góðir landsmenn. Leiðin til þroska mannsins er að læra af reynslunni, draga af henni ályktanir, vinna úr henni og leiðrétta mistök. Heilbrigður einstaklingur heldur síðan ótrauður áfram en leggst ekki í vol og víl þó hann hafi storminn í fangið um stund. Afkoma íslensku þjóðarinnar hefur alltaf verið sveiflukennd. Stundum fiskast, stundum ekki. Vinnandi menn í landi okkar eru ekki fleiri að tölu en starfsmenn í nokkrum erlendum stórfyrirtækjum. Þrátt fyrir það hefur okkur tekist að reka hér samfélag sem hvergi stendur að baki nágrannaþjóðum okkar þann stutta tíma sem við höfum verið sjálfstæð þjóð. Þetta hefur tekist fyrir bjartsýni og þrautseigju og metnað fólksins í landinu til þess að vera menn, til þess að vera þjóð meðal þjóða.

Við höfum tekið áhættu í hita leiksins, oft of mikla. Um langt skeið bjuggum við við óðaverðbólgu sem olli því að enginn treysti peningum og menn breyttu þeim þess vegna í steinsteypu. Við fjárfestum of mikið, arðurinn skilaði sér ekki. Við eyddum meira en við öfluðum.

Nú höfum við náð tökum á verðbólgunni. Við höfum búið við stöðugt gengi. Erlendar skuldir eru vissulega miklar en þó ekki meiri en í mörgum löndum innan OECD og Evrópubandalagsins. Við erum því ekki verst sett allra þrátt fyrir brest í þorskafla og erfiðleika í afurðasölu.

Ef við lítum á samfélagið eins og fyrirtæki eru mörg slík verr stödd. Okkur er tamara að tala um hvað hvert mannsbarn skuldar heldur en hvað það á, því þjóðareign Íslendinga er umtalsverð. Við erum rík þjóð sem á eignir langt umfram skuldir. Það sem að er er misskipting eignanna. Í svo litlu fyrirtæki sem þjóðfélagið okkar er er fráleitt að 490 manns eigi yfir 12,25 milljarða í hreinni eign. Árleg eignaaukning þessara 490 einstaklinga er nánast sú sama og árleg skuldaaukning allra þeirra fjölskyldna í landinu sem skulda yfir 1 millj. og þær skipta þúsundunum. Eignir þessara 490 einstaklinga samsvara 11% af öllum útgjöldum íslenska ríkisins á næsta ári. Þetta óhugnanlega bil milli ríkra og fátækra í landinu breikkar stöðugt.

Það versta er að þetta eru dauðir peningar. Þetta er ekki fé sem er lagt í uppbyggingu arðbærra atvinnuvega, heldur þrífst það á sjálfu sér eins og veirusjúkdómur. Hvernig skyldi þetta fé hafa komist til þessa fólks? Með vinnu íslenskra launamanna. Það var tekið með því að greiða þeim sem fyrir því unnu laun sem ekki var hægt að lifa af, enda aukast skuldir þeirra í réttu hlutfalli við gróða fjármagnseigenda.

Nærtækt dæmi er atvinnuástandið á Suðurnesjum. Hvar er nú einokunarfyrirtækið Íslenskir aðalverktakar? Eru þeir að byggja upp atvinnulíf á Reykjanesskaganum til hagsbóta fyrir fólkið sem unnið hefur hörðum höndum fyrir auði fyrirtækisins? Ónei, ónei. Þó dygðu skattfríðindi eigendanna ein fyrir umtalsverðri uppbyggingu. Nei, Íslenskir aðalverktakar bíða eftir forsetakosningum í Bandaríkjunum, fé sitt hreyfa þeir hvergi.

Hæstv. forseti. Þetta nær engri átt. Litla fyrirtækið okkar þolir þetta ekki. Þessu viljum við alþýðubandalagsmenn breyta. Afskiptaleysi stjórnvalda dugar ekki. Það er nóg til handa okkur öllum. Við þurfum ekki að hrekja ungt fólk frá námi. Við þurfum ekki að ala börnin okkar upp eins og lausagöngufé. Við þurfum ekki að hrúga hinum öldruðu í gamalmennabúðir, þjónustuíbúðir þar sem engin þjónusta er nema fyrir stórfé. Við þurfum ekki að greiða laun sem hafa það í för með sér að enginn vinnufær karl eða kona getur sinnt börnum og öldruðum. Það þjóðfélag sem úthýsir þeim sem umönnunar þarfnast er vont þjóðfélag. Við þurfum ekki að úthýsa sjúklingum á Íslandi.

Við alþýðubandalagsmenn viljum byggja upp öðruvísi þjóðfélag, annars konar þjóðfélag. Þjóðfélag þar sem vinna fólksins skilar sér til frekari uppbyggingar í stað þess að liggja í dauðu fé í kaupþingum hérlendis og erlendis. Við höfum lagt fram umræðugrundvöll og tillögur og við köllum landsmenn til liðs við okkur til að ræða þær og koma þeim í framkvæmd. Við höfnum öllu víli og voli. Það hjálpar okkur enginn annar en við sjálf. Verkefnin blasa hvarvetna við. Við viljum beita þekkingu og hugviti til að nýta þær auðlindir sem við eigum bestar. Auðæfin í hafinu, orku fallvatnanna, jarðhitann, við viljum rækta og verja náttúru landsins, við viljum nýta hugvit, hæfni, menntun og menningu. Við viljum ekki bíða í vonleysi eftir aðstoð að utan, heldur viljum við eiga okkur sjálf í góðum samskiptum við aðrar þjóðir.

Þjóð án sterkrar sjálfsvitundar er heillum horfin. Sú sjálfsvitund er fólgin í list þjóðar og menningu, bókmenntum og handmennt, sérhverju handverki þúsundanna sem vel er gert. Við eigum fjársjóði í íslenskum bókmenntum, í íslenskri kvikmyndagerð, í íslenskri listiðn, í íslensku hugviti. Þessar auðlindir viljum við nýta og verja til þess fé í stað þess að aðför sé gerð að öllu sem lýtur að mennt og menningu af hálfu óttasleginna stjórnarherra sem týndu sjálfum sér og frusu fastir við að einblína á einkavæðingu og Evrópska efnahagssvæðið.

Við viljum hefja samvinnu við atvinnurekendur, samtök launamanna, stjórnmálamenn og vísindamenn á öllum sviðum, um langtímafjárfestingu og samhæfingu í markaðssetningu og öflun gjaldeyris. Við viljum ná samvinnu um launahækkanir í áföngum eftir því sem atvinnulífið í landinu eflist. Við leggjum áherslu á viðhald og viðgerðir á opinberum byggingum í stað taumlausrar nýfjárfestingar. Við viljum umbætur í umhverfismálum og framkvæmdir í frárennslismálum og sorpeyðingu og leggjum áherslu á að ljúka þeim verkum sem hafin eru og viðhald þeirra verðmæta sem fyrir eru.

Í landinu er þörf fyrir sérhverja verkfúsa hönd. Við höfum lagt fram víðtækar tillögur til endurskipulagningar í sjávarútvegi, iðnaði og þjónustugreinum af öllu tagi. Okkur dettur ekki í hug að við alþýðubandalagsmenn kunnum ráð við sérhverjum vanda og valdboð að ofan geti hugsanlega bjargað nokkru máli. Pólitík allsherjarlausnanna er löngu dauð og enginn tekur mark á stjórnmálamönnum sem allan vanda ætla að leysa með stefnuskrám, þvert á móti. Þvert á móti köllum við alla þá sem hafa þor og þrótt til að takast á við vandann til samráðs við okkur, einstaklinga, almannasamtök, áhugahópa, sveitarstjórnir og við erum tilbúin til að falla frá því sem menn hafa ekki trú á í tillögum okkar.

Það er sagt, hæstv. forseti, að góðir vinir eigi ekki stöðugt að horfast í augu heldur til sömu áttar. Látum ráðherrum ríkisstjórnarinnar eftir að horfa í daufleg augu hvers annars, við hin skulum líta til sömu áttar. — Ég þakka áheyrnina.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti, góðir áheyrendur. Það voru kokhraustir menn sem gengu í land úr Viðeyjarbátnum í aprílok í fyrra. Þar höfðu þeir ræðst við, formenn Sjálfstfl. og Alþfl., fjarri skarkala heimsins og sett á blað nokkur heilræði til að stjórna landinu eftir. Þetta átti að verða mikil stjórn undir menntuðu einveldi foringjanna. Í framhaldi af þessu voru heilræðin útfærð í hvítbók sem kölluð var „Velferð á varanlegum grunni". Man einhver hlustanda eftir því plaggi? Svo mikið er víst að forsrh. minntist ekki á það einu orði í ræðu sinni hér áðan.

Fyrirheitin um skeleggar aðgerðir á flestum sviðum hafa vikið fyrir doða og aðgerðaleysi. Eftir að hafa hlýtt á stefnuræðu forsrh. hljóta menn að spyrja hversu lengi ríkisstjórnin ætli að hafa hendur í skauti. Fyrir utan það að þröngva samningi um Evrópskt efnahagssvæði upp á þing og þjóð virðist eina áhugamálið vera að brjóta niður velferðarkerfið undir yfirskini sparnaðar. Í atvinnumálum hefur ekkert komist að nema álver, fyrst á Keilisnesi í nafni iðnrh., en nú hefur forsrh. ýtt honum til hliðar og fundið nýja viðmælendur og ætlar að reisa álver í eigin nafni með aðstoð Kaiser-auðhringsins. Í vaxandi atvinnuleysi stendur ríkisstjórnin eins og þvara og virðist telja sér henta best að sitja á áhorfendapöllunum.

Það lægi ekki mikið fyrir Alþingi á þessum haustmánuðum ef ekki væru hlössin sem utanrrh. hefur sturtað á borð þingmanna vegna EES-samnings. Það er líka EES-samningurinn sem á allt að leysa eins og þið heyrðuð úr munni forsrh. Hann talaði digurbarkalega

um að nú ætti heldur betur að grisja reglugerðarskóginn í íslenska Stjórnarráðinu, en hann gleymdi að bæta því við að í staðinn ætlar hann að innleiða hér heilan frumskóg reglugerða frá Evrópubandalaginu. Fyrir þinginu liggur fjöldi frumvarpa sem fela í sér heimildir á heimildir ofan til íslenskra ráðherra um að kópíera reglugerðir frá Brussel.

Frá því Alþingi kom saman í ágúst hefur tími þingmanna að mestu farið í að reyna að setja sig inn í samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Þó vantar enn mikið á að samningurinn með öllu því sem honum fylgir liggi fyrir í heild og sá tími sem þinginu er ætlaður til þess að fjalla um hann er óheyrilega stuttur. Hið alvarlega er þó innihald þessa samnings sem gjörbreyta mun stjórnskipan og leikreglum íslenska lýðveldisins.

Ef aðild að Evrópsku efnahagssvæði verður samþykkt verða löggjafarvald og verkefni Alþingis ekki nema svipur hjá sjón. Allt frumkvæði í lagasetningu á gildissviði samningsins yrði í höndum 17 manna framkvæmdastjórnar EB í Brussel og Alþingi hefði aðeins að forminu til möguleika á að hafna þessum lögum. Með aðild að Evrópsku efnahagssvæði væru Íslendingar líka að afsala sér mikilvægum stjórntækjum í efnahags- og atvinnumálum.

Kjarni samningsins er að ekki er heimilt að mismuna eftir þjóðerni eða ríkisfangi. Þannig má ekki veita Íslendingum neinn forgang hér á landi umfram aðra þegna EES-svæðisins. Íslendingar eiga ekki lengur að njóta forgangs til atvinnurekstrar, eignar á landi og annars þess sem hingað til hefur verið talinn eðlilegur hluti af þegnrétti í landinu. Það blasir líka við að ekki verður hægt að mismuna varðandi kaup á landi og hlunnindum sem allir virðast hafa verið sammála um hingað til að halda bæri í eigu Íslendinga einna. Einu teljandi hagsbæturnar sem fást eiga með EES-samningnum eru tollalækkanir á sjávarafurðum og þær eru keyptar því verði að hleypa fiskiskipum frá Evrópubandlaginu inn í íslenska landhelgi.

Á meðan Ísland og önnur EFTA-ríki gangast undir miðstjórnarvald EB magnast kröfur um aukið lýðræði í löndum Evrópubandlagsins. Almenningur hefur í hverju landinu á fætur öðru risið upp gegn áformum um að steypa Vestur-Evrópu í eina heild. Fólk mótmælir vaxandi miðstýringu og skerðingu á lýðræði. Það mótmælir enn frekari samruna í Evrópubandlaginu. Á Norðurlöndunum beinist andstaðan gegn EES og áformum ríkisstjórna um EB-aðild. Í þessu er lýðræðisvakningin fólgin. Við tökum þátt í henni hér á landi með því að hafna EES-samningi og koma í veg fyrir að Ísland verði hluti af því miðstýrða stórveldi sem nú er reynt að koma á í Evrópu gegn vilja fjöldans.

Ríkisstjórnin hefur enn sem komið er verið mótfallin kröfunni um að þjóðin fái að segja álit sitt á EES-samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Er hugsanlegt að ráðherrarnir hafi ekki meiri trú á ágæti þessa samnings en svo að hann þoli ekki gagnrýna skoðun kjósenda? Krafan um þjóðaratkvæði á eftir að hljóma enn hærra og því verður ekki trúað að Alþingi láti hana sem vind um eyru þjóta. En það er á fleiri sviðum sem ríkisstjórnin er ekki í takt við almenning í landinu. Bölsýni og barlómur hefur verið hennar viðlag.

Það er hins vegar annað hljóð í því fólki sem við kvennalistakonur hittum á ferðum okkar um landið í nýafstöðnu þinghléi. Menn eru að vísu ekki ánægðir með aðgerðir ríkisstjórnarinnar en það vakti athygli okkar að fólk úti á landi er yfirleitt bjartsýnt á möguleikana ef landstjórnin vinnur með en ekki á móti. Menn vilja trúa því að með samstilltu átaki verði þrátt fyrir allt hægt að snúa vörn í sókn. Ráðherrunum með forsrh. í broddi fylkingar væri hollt að taka sér ferð á hendur um landið og tala við fólk sem er tilbúið að berjast og ætlar ekki að leggja upp laupana þótt á móti blási. Grunnurinn að framtíð þjóðar er vel menntað og upplýst fólk. Þessu gera forustumenn flestra þjóða sér grein fyrir. Þegar að kreppir ber að leggja aukna áherslu á vísindi og menntun og vinna með þeim hætti að því að komast upp úr öldudalnum.

Til að réttlæta gerðir ríkisstjórnarinnar vitnaði forsrh. til Norðurlanda í ræðu sinni og þeirra aðgerða sem þar er gripið til. Ég get upplýst hann um að þrátt fyrir niðurskurð í ríkisfjármálum er á Norðurlöndum reynt að standa vörð um mikilvægustu þætti velferðarkerfisins. Framlög til skólamála verða t.d. hækkuð verulega á næsta ári í Noregi þrátt fyrir mikinn samdrátt á flestum sviðum þjóðarbúskaparins. Hér á landi sýna ráðamenn ekki slíka framsýni. Íslenski menntmrh. gengur harðast fram í að brjóta niður menntakerfið og enn á að halda áfram skemmdarstarfsemi ef marka má fjárlagafrv. Ekki er hlutur heilbrrh. betri. Það eru fá málin sem hann hefur tekið sér fyrir hendur sem ekki hafa endað í fádæma klúðri og nú er hann farinn að sýna stjórnlist sína í beinni útsendingu frá símaklefa Alþingis. Allur barningur ráðherrans við að ná fram hagræðingu og sparnaði skilar engu þegar til lengri tíma er litið. Það fellst t.d. lítill sparnaður í því að loka deildum og láta fólk bíða eftir aðgerðum mánuðum saman. Sjúkdómurinn hverfur ekki við það. Það gengur heldur ekki til lengdar að ætla að stjórna með tilskipunum ofan frá án alls samráðs.

Í umhverfismálum ætlaði ríkisstjórnin sér mikinn hlut ef marka má stjórnarsáttmálann. Þar hefur hins vegar lítið gengið eftir. Það er t.d. einkennandi fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar að þegar reynt er að fá hingað stóriðju eins og álver er látið undir höfuð leggjast að krefjast þeirra mengunarvarna sem nágrannaþjóðir okkar gera til þess konar iðnaðar. Ráðuneyti umhverfismála hefur ekki öðlast þann sess innan Stjórnarráðsins sem því ber og því miður hefur framsækin stefna í umhverfismálum látið á sér standa. Þetta er hörmuleg staðreynd. Íslendingar hefðu hins vegar alla möguleika á að vera í fararbroddi í umhverfismálum en þá verður líka að taka á með öðrum hætti en gert hefur verið hér innan lands.

Fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar bendir því miður ekki til stefnubreytingar á þessu sviði. Þótt mikilvægt sé að láta til sín taka í umhverfismálum á alþjóðvettvangi verður einnig að vinna heimavinnuna.

Störf ráðherranna einkennast fyrst og fremst af úr-

ræðaleysi og hálfkáki sem litlu skila. Ekki hefur örlað á viðleitni hjá ríkisstjórninni til að hafa samstarf eða samráð við stjórnarandstöðuna í þeim efnahagsörðugleikum sem við göngum í gegnum. Af féttum má ráða að þingflokkar ríkisstjórnarinnar séu ekki einu sinni hafðir með í ráðum í stórmálum.

Góðir áheyrendur. Það hefur sannarlega frá upphafi verið holur hljómur í kjörorði ríkisstjórnarinnar um velferð á varanlegum grunni. Stjórnin hefur sjálf lagt mest af mörkum til að gera það slagorð sitt að markleysu. Engir hafa fundið meira fyrir því en konur sem oftast verða fyrstar fyrir barðinu á kreppu og samdrætti. Konum er nú ýtt út af vinnumarkaðnum í sívaxandi atvinnuleysi. Þær eru fjölmennastar í störfum í heilbrigðis- og menntakerfi þar sem niðurskurðurinn er mestur. Í stað launaðrar vinnu er nú ætlast til þess að þær ræki þjónustu við aldraða og sjúka launalaust inni á heimilunum. Aðild að Evrópsku efnahagssvæði, þar sem atvinnuleysi kvenna er gífurlegt og staða kvenna víðast hvar til muna verri en hér á landi, yrði síður en svo til hagsbóta fyrir konur. Stefna ríkisstjórnarinnar bitnar þannig harðar á konum en körlum.

Þeim fer nú ört fjölgandi sem spyrja í hverra þágu þessi ríkisstjórn starfi. Aðgerðaleysi hennar í aðsteðjandi vanda getur haft skelfilegar afleiðingar. Aðild að Evrópsku efnahagssvæði er alls engin lausn, eins og hún heldur, nema síður sé.

Finnst ykkur, áhorfendur góðir, eitthvað að græða á stefnuræðu forsrh.? Mér sagði hún nákvæmlega ekki neitt. Boðskapurinn frá Viðey verður aldrei neinn bjarghringur fyrir íslenskt þjóðfélag. Þar verða önnur ráð að koma til. Kvennalistinn gerir kröfur um aðrar og breyttar áherslur, aðgerðir í stað sofandaháttar, jafnrétti í stað vaxandi mismununar. Við viljum byggja á þeim krafti sem enn býr með þjóðinni í þeirri fullvissu að við getum lifað hér áfram í landi okkar sem fullvalda þjóð.

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Nú eru samdráttartímar. Hvers vegna? Hér hefur ríkt sex ára efnahagsleg stöðnun að miklu leyti af mannavöldum. Offjárfestingar í orkuverum, fiskeldi, loðdýrarækt ásamt ófullkominni fiskveiðistjórnun og oftrú á stóriðju eru stærstu skýringarnar á því að nú horfir illa. Kvennalistinn er málsvari kvenna og skoðar hinn pólitíska veruleika frá þeirra sjónarhorni. Við horfum nú upp á vaxandi atvinnuleysi sem hefur þegar komið harðar niður á konum en körlum einkum á landsbyggðinni og á Suðurnesjum og vex nú hratt á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Ljóst er að það mun ekki verða til að minnka hinn kynbundna launamun sem þegar er meiri hér á landi en í flestum nágrannalöndum okkar. En hvernig hefur flati niðurskurðurinn hjá hinu opinbera komið niður á konum? Innan hverrar stofnunar virðast þeir halda sínu sem hafa völdin en þeir sem lægra eru settir í valdapíramítanum, þar eru konur gjarnan í meiri hluta, verða að herða sultarólina. Hvers vegna var þrengt að meinatæknum, röntgentæknum og sjúkraliðum á sjúkrahúsum á meðan ekkert heyrðist af þrengingum lækna? Hvers vegna er áætlað að skera kennslu í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands mikið niður þegar ekkert heyrist af niðurskurði í læknadeild að öðru leyti? Hvers vegna hefur kvenstúdentum við Hákólann fækkað hlutfallslega meira en körlum á yfirstandandi skólaári? Var nauðsynlegt að breyta lögum um lánasjóðinn, setja á skólagjöld og hækka um leið greiðslur vegna dagvistunar barna námsmanna? Þessar aðgerðir ganga gegn markmiðum um jafnrétti til náms og virðast koma verst niður á konum. Er sá tími kominn aftur að konur þurfa að vinna fyrir mökum sínum á meðan þeir eru í námi og sjá svo til hvort þær geti menntað sig síðar?

Hvers vegna er skipuð nefnd til að kanna hvort bætur einstæðra foreldra eða mæðra séu misnotaðar í stað þess að viðurkenna að stuðningskerfi við smábarnaforeldra er algjörlega úr takt við tímann og að meðlagsgreiðslur eru um fjórðungur af framfærslukostnaði barns. Væri ekki æskilegra að hafa viðunandi framboð á leikskólum og lengja skóladaginn frekar en þröngva fólki út í að misnota kerfi einstæðra foreldra?

En það er ekki bara við lögin og framkvæmdarvaldið að sakast því dómskerfið er ekki algott heldur. Þeir dómar sem birtir hafa verið að undanförnu, bæði vegna nauðgunarmála og kynferðislegra afbrota gagnvart börnum eru ótrúlega vægir. Kröfur um sönnunarbyrði eru með alstrangasta móti. Vitnisburður barna er lítils metinn í réttarkerfi okkar og brýnt er að þar verði breyting á.

Hvernig hafa hafa konur brugðist við þessum þrengingum? Þá kem ég að einni jákvæðustu hlið samfélagsþróunarinnar. Konur láta alls ekki vaða yfir sig steinþegjandi og hljóðalaust. Þær sýna virka mótspyrnu, samanber t.d. andmæli röntgentækna, meinatækna, sjúkraliða, Félags einstæðra foreldra og starfsfólks Stígamóta á nýliðnum vikum. Baráttan um vinnuna verður hörð og vonandi verður hún þannig að fólk skipti henni með sér fremur en að konur víki af vinnumarkaði og kvennabaráttan fari í nýja öldudal enn og aftur.

Kjarninn í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar birtist í því að halda genginu stöðugu, beita niðurskurði í ríkisfjármálum og einnig er ætlunin að skapa atvinnulífinu forsendur til eflingar. Ekki bólar þó á tillögum varðandi síðastnefnda atriðið. Þvert á móti er vegið að mikilvægum atvinnugreinum sem ganga vel eins og t.d. bókagerð og fjölmiðlun. Þó á að verja auknu fé til vísindarannsókna og til atvinnuskapandi framkvæmda og því vil ég fagna þó ekki sé ljóst hve mörg atvinnutækifæri það muni skapa fyrir konur.

Niðurskurðurinn í ríkisfjármálum orkar víða tvímælis. Sérstaklega finnst mér ámælisvert að ætla að skerða áfram kennslutíma skólabarna og fjölga í bekkjum og að svelta Háskóla Íslands annað árið í röð. Þá er það greinilega ætlan stjórnvalda að festa skólagjöldin í sessi.

Á samdráttartímum ætti að leggja rækt við mannauðinn og gefa fólki tækifæri til að undirbúa sig vel undir æ vaxandi samkeppni og breytt lífsskilyrði.

Það á jafnt við um börn sem fullorðna, konur sem karla. Því tel ég mikilvægt að þegar verði gert átak í fullorðinsfræðslu til að auðvelda fólki að skipta um störf. Mikilvægt er að fólk geti byggt sig upp á tímum atvinnuleysis í stað þess að brotna niður sem er eðlileg afleiðing ef ekkert er að gert.

Ein meginspurningin á aðhaldstímum hlýtur ekki síst að vera sú hvernig kökunni er skipt. Það þarf að færa til tekjur í þjóðfélaginu í gegnum skattakerfið, frá þeim hæstlaunuðu til hinna, m.a. með skatti á fjármagnstekjur og tveggja þrepa tekjuskatti. Gengisfelling þýðir almenna kjaraskerðingu sem þeir lægst launuðu þola ekki og því er ég sammála ríkisstjórninni um að halda í fast gengi eða því sem næst.

Langmikilvægasta tækið til að jafna lífskjörin í landinu er stefnan í fiskveiðistjórnun, að hún verði í samræmi við 1. gr. laganna um stjórnun fiskveiða. Þar segir að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar og að markmið laganna sé að stuðla að verndun og hagkvæmari nýtingu þeirra og að tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Fyrsta og síðastnefnda atriðið hefur Kvennalistinn reynt að tryggja með hugmyndum um svokallaðan byggðakvóta. En sambland af slíku og einhvers konar veiðileyfagjaldi hefur einnig verið í umræðunni. Ef eingöngu verður horft á hagkvæmnissjónarmið eins og því miður virðist vera reyndin núna, því vistfræðilega markmiðið hefur ekki náðst, gæti endirinn orðið sá að allt leyfilegt fiskimagn yrði veitt af nokkrum frystitogurum með erlendum áhöfnum og gróðinn færi á fárra hendur. Er það framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar? Hvað verður þá um fiskvinnsluna? Og hvað verður þá um þjóðina sem byggir þetta land? Það er brýn þörf á að fá nýja stefnu í fiskveiðistjórnun. Núverandi ríkisstjórn virðist ekki ráða fram úr því máli fremur en öðrum.

Góðir áheyrendur. Kvennalistinn er stjórnmálaafl sem leggur mikla áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð og að lýðræðið í landinu sé eflt. Þeir kostir sem Alþingi stendur frammi fyrir varðandi sjálfstæðis- og viðskiptamál þjóðarinnar, nefnilega að kjósa með eða á móti EES, finnast mér báðir vondir. Það samræmist ekki framtíðarsýn minni að heiminum verði skipt upp í nokkrar hagsmunablokkir sem útiloka gagnkvæm viðskipti við aðra á jafnréttisgrundvelli. Evrópubandalagið er ein slík blokk. Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið erum við auk þess að framselja hluta af framkvæmdar- og dómsvaldi okkar til alþjóðastofnana sem við erum ekki aðilar að. Slíkt er brot á stjórnarskrá að mati sumra sérfræðinga og hinn minnsti vafi hlýtur að metast stjórnarskránni í vil. Ég tel því nauðsynlegt að breyta stjórnarskránni ef meiri hluti þingsins samþykkir samninginn. Ég tek undir með þeim sem krefjast þjóðaratkvæðis um samninginn en álitamálið um stjórnarskrárbrotið flækir það mál óneitanlega.

Hinn kosturinn, að standa utan við samninginn, hlýtur einnig að vekja upp spurningar um stöðu Íslands ekki síst ef þróunin verður sú að öll Norðurlöndin verði aðilar að honum og gangi í EB. Mín framtíðarvon er sú að Ísland geti tekið vaxandi þátt í samvinnu við nágrannalönd okkar í Evrópu á jafnréttisgrundvelli án þess að afsala valdi til alþjóðastofnana sem við erum ekki aðilar að og án þess að verða hluti af miðstýrðu ólýðræðislegu stórveldi. Hvort það næst best með því að samþykkja eða hafna EES-samningnum er mér ekki ljóst á þessari stundu. Enda er margt óljóst enn varðandi undirtektir við EES-samninginn annars staðar og hvernig EB þróast. Þetta er eins og að vera beðinn um að velja blátt eða rautt þegar þú vilt grænt eða bleikt. Þetta mál er þó óneitanlega eitt stærsta málið sem liggur fyrir þinginu og enginn virðist vita hvernig endanleg málsmeðferð verður. Frá sjónarmiði lýðræðisins þætti mér mjög alvarlegt ef ekki yrði farið út í þjóðaratkvæði þrátt fyrir óskir stjórnarandstöðunnar og fjölmargra samtaka í þjóðfélaginu og ef horft yrði fram hjá stjórnarskrárþætti málsins.

Mikilvægar ákvarðanir eru fram undan og vonandi taka sem flestir þátt í þeirri þjóðmálaumræðu sem slík mál ættu að kalla á í lýðræðisþjóðfélagi.

Árið 1881 sagði bandarísk kvenfrelsiskona að það sem kæmi í veg fyrir að konur létu skoðanir sínar í ljós og krefðust réttar síns væri hræðsla þeirra við almenningsálitið og að komast í ónáð hjá eiginmönnum sínum eða feðrum. Óhætt er að fullyrða að hvað þetta snertir hefur margt áunnist í kvennabaráttunni.

Ég er bjartsýn á að konur séu vel í stakk búnar til að takast á við þau vandamál sem fram undan eru, að þær láti ekki traðka á sér sem vissulega verður reynt á meðan völdin eru ekki þeirra til jafns við karla. — Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fyrri umferð er nú lokið og hefst þá síðari umferð. Fyrstur tekur til máls hv. 3. þm. Austurl. Egill Jónsson og talar af hálfu Sjálfstfl.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Sagan endurtekur sig. Það sannast nú sem áður. Fyrir aldarfjórðungi hvarf síldin af miðunum við landið og mikil lægð í efnahag Íslendinga blasti við. Því var það að með skjótum viðbrögðum ríkisstjórnarinnar sem einkum fólust í aukinni nýtingu í hefðbundnum veiðum á loðnu til bræðslu að fljótlega bættist þjóðarhagur að nýju.

Margháttaðar framfarir héldu því brátt áfram með bærilegum hraða, sérstaklega þó í heilsugæslu og menntun, m.a. víða í hinum dreifðu byggðum landsins. Gott merki þess að djarflega hefur verið gengið til móts við þarfir ungra og aldraðra að hæfi þjóðar sem til framtíðar horfir.

Fjárfestingin í landinu er gott dæmi um hvernig þjóðin hefur varið fjármunum sínum og lánsfé. Í þeim efnum hefur gjarnan verið tamt að tala um landbúnað sem sérstakan blóraböggul, einkum þó loðdýrabúskapinn og fiskeldið. Sannleikurinn er sá að fjárfesting í hefðbundnum landbúnaði hefur minnkað meira en samanlögð fjárfesting í fiskeldi og loðdýrabúskap. Annað verður hins vegar upp á teningnum þegar litið er til iðnaðar, verslunar, viðskipta og opinberra bygginga, auk véla og tækja. Á síðasta áratug jókst samanlögð

fjárfesting í þessum greinum um 80 milljarða króna. Það er svipuð upphæð og kostnaður við álverið á Keilisnesi og virkjanir því tengdar var áætlaður. Umtalsverður hluti þessarar fjárfestingar stendur nú ónýttur og arðlaus og í þessum heimkynnum veldur nú atvinnuleysið mestum áhyggjum.

Trúlega kunna menn söguna um hvað gerst hefur á miðunum við landið þar sem dýrmætustu fiskstofnarnir okkar hafa verið ofnýttir svo að mikil hætta stafar af. Þessi síðasti áratugur hefur því miður með mörgum hætti verið svartur í efnahagslegu tilliti. Þaðan kemur stærsti hluti þess vanda sem við stöndum nú frammi fyrir.

Þegar síldin hvarf af miðunum forðum var þrengingum í efnahag þjóðarinnar bægt frá með sókn í aðra fiskstofna. Til slíks ráðs verður nú ekki gripið að neinu marki. Meira að segja eru þrengingar á sumum hefðbundnum mörkuðum auk þess sem rekstur margra þýðingarmikilla fyrirtækja á í vök að verjast. Vandinn er þó langstærstur í sjávarútveginum sem nú er rekinn með stórfelldum halla sem hlýtur að leiða til alvarlegrar niðurstöðu verði ekki að gert með skjótum og trúverðugum hætti.

Ríkisstjórnin hefur mætt núverandi aðstæðum m.a. með tvennum hætti. Ákvörðun um stóraukna vegagerð og framlag sveitarfélaganna til Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem þau fá svo með álagi aftur til baka, beinir vinnuaflinu á aðrar og betri brautir og dregur úr atvinnuleysinu. Miklu stærri er sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar um fiskveiðiheimildir á yfirstandandi fiskveiðiári. Þar var svo sem kunnugt er haft að markmiði að vöxtur gæti orðið í þorskstofninum svo að þessi mikilvæga auðlind vaxi til þess horfs sem var fyrir nokkrum árum. Þessi ákvörðun tekur til framtíðarinnar og markar því söguleg þáttaskil.

Það er augljós staðreynd að okkur Íslendingum er mikill vandi á höndum, sennilega hefur ekki verið jafnhart á dalnum allan lýðveldistímann. En til þess eru líka erfiðleikarnir að takast á við þá. Ég er sannfærður um að til þess er íslenska þjóðin albúin.

Það verða einungis fá orð sem ég tala að þessu sinni til bænda landsins. Ekki svo að skilja að fyrir hendi séu ekki tilefni til þeirrar umræðu. Sauðfjárbændum hefur nýlega borist tilkynning um að umsaminn framleiðsluréttur á næsta ári færi ráðstöfunartekjur þeirra niður um að minnsta kosti 20%. Þessi niðurstaða auk fleiri ákvarðana sem verka til sama vegar eru ósamrýmanlegar venjulegum viðskiptamáta milli fólksins í þessu landi svo að óhjákvæmilegt er að bregðast hér við. — Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti, góðir áheyrendur. Við Íslendingar eigum efnahagslegt fullveldi okkar undir alþjóðlegum viðskiptum. Þess vegna kemur kreppa í alþjóðlegum viðskiptum umsvifalaust inn á eldhúsborð hvers Íslendings. Þegar þrotabú sósíalismans í austri dælir inn á markaði heimsins áli og járnblendi á undirverði boðar það okkar stóriðju erfiðleika, samdrátt og atvinnuleysi. Gengissviptingar innan Efnahagsbandalagsins stefna í hættu saltfiskframleiðslu og boða erfiðleika í skinnaiðnaði. Þannig byltast hagsmunir Íslendinga í kröppum sjó alþjóðlegra stjórnmála og viðskipta.

Í þessum knappa leik er okkur engin stoð í einangrun og ótta. Við kaupum okkur ekki frið með því að hafna leikreglum. Nú hafa EFTA-þjóðirnar gert mjög yfirgripsmikinn viðskiptasamning við Evrópubandalagið. Þann samning á Alþingi eftir að fullgilda. Allir íslenskir stjórnmálaflokkar bera ríka ábyrgð á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið að undanskildum Samtökum um kvennalista. Við eigum að vísu mikilla hagsmuna að gæta í frjálsum aðgangi að Evrópumarkaðinum. En jafnframt hvarflar það ekki að okkur að kaupa þann aðgang með afsali fullveldis. Þessi samningur er viðunandi málamiðlun milli þessara tveggja sjónarmiða. Enn er þó eftir að tryggja með lagabreytingum hagsmuni Íslendinga í tengslum við hugsanleg jarðakaup útlendinga hérlendis, en fyrirvari um það féll niður í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar.

Þær nágrannaþjóðir okkar, sem mest hafa stært sig af lífskjörum sínum, endurskoða nú sjálfar undirstöður velferðarríkisins. Lífskjör byggð á hallarekstri og lántökum eru reist á sandi. Sænsk stjórnmálaöfl sameinast nú um að taka til hendinni, draga úr ríkisútgjöldum og lántökum. Svíar gerbreyta um stefnu, þeir flytja byrðar af fyrirtækjum en leggja þær á einstaklingana. Í kjölfar þessarar stefnubreytingar meðal nágranna okkar leggur Alþb. fram hugmyndir um 5–6 milljarða kr. framlag til eflingar atvinnulífi. Af þessum 5–6 milljörðum eru 2 milljarðar nú þegar á fjárlögum. Eins milljarðs er aflað með lækkun atvinnuleysisbóta, með öðrum orðum vonarpeningur, 2–3 milljarða er aflað með fjármagnstekjuskatti og hátekjuskatti en hvort tveggja eru gamlir fánar Alþb. til brúkunar í stjórnarandstöðu en ekki til framkvæmda. Leiksýningum Alþb. er sem sagt ekki lokið.

Hér á Íslandi hófst það starf fyrir ári að styrkja undirstöðu velferðarinnar. Verulegur árangur hefur náðst í niðurskurði ríkisútgjalda. Starfið hefur að vísu gengið skrykkjótt, ríkisstjórnin hefur ekki alls staðar haft erindi sem erfiði. Hún hefur hins vegar sýnt sveigjanleika, nú síðast í nýgerðu samkomulagi við sveitarfélög landsins um atvinnuskapandi framlög. Hún hefur sýnt festu í meginmarkmiðum og sveigjanleika í leiðum. Og ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur ekki skort það sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar þraut, viljann til að vinna óvinsælt nauðsynjaverk.

Hér á landi hefur ekki skapast samstaða stjórnmálaafla um að styrkja undirstöður íslenska velferðarríkisins. Stjórnarandstaðan hefur hingað til látið gott heita að dorga á þeim fiskislóðum, sem óánægja og sárindi vegna niðurskurðar ríkisstjórnarinnar hafa ýft upp. Nú berast skyndilega gylliboð um samstarf úr ólíklegustu áttum. Hugsanlega hefur hryggileg reynsla frænda vorra í Færeyjum vakið stjórnarandstöðuna til umhugsunar um dapurlegt hlutskipti sitt ellegar er þeim nú í mun að breyta til og baða sig lítils háttar í þeirri birtu sem stafar af ábyrgri sænskri stjórnarandstöðu.

Hugsanlega leiða þessar nýju aðstæður til þess að skil verða innan stjórnarandstöðunnar, bæði í efnahagsmálum og utanríkismálum. En skilin verða þá milli þeirra annars vegar sem hringsnúast eftir því hvert vinsældavindarnir blása og eftir því hvort þeir eru innan stjórnar eða utan, þeirra sem voru með EES samningum í gær en eru á móti í dag. Á hinn bóginn eru þeir sem bjóða samvinnu um lækkun ríkisútgjalda, þeir menn sem skynja stöðu okkar í flóknum og hagsmunatengdum umheimi. Það er staðfesta sem þjóðin þarfnast nú, bæði innan stjórnar og stjórnarandstöðu.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur þrengt kost þjóðarinnar. Það var óhjákvæmilegt og hefði þurft að gera fyrr. Þjóðin er gröm og mótmælir þegar að henni kreppir. Hver láir henni það? Menn láta ógjarnan laust það sem þeir hafa vanist. En þótt Íslendingar ýfist við þegar snert er við persónulegum hagsmunum þeirra ellegar stéttarhagsmunum þá sameinast þeir um hin meiri mál. Enginn Íslendingur sættir sig við það í hjarta sínu að láta komandi kynslóðir greiða fyrir lífskjör sín. Þess vegna hvílir þungt á herðum okkar sú skylda að vinna okkur út úr þessum erfiðleikum, ekki aðeins þeim sviptingum sem erlend kreppa veldur hér svo og minnkandi afli heldur einkum þeirri áralöngu skuldasöfnun erlendis sem er hin eina raunverulega hætta sem steðjar að fullveldi Íslendinga.

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim sem hlýddu. — Góðar stundir.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Góðir Íslendingar. Haustið er að líða hjá með öllum sínum hefðbundnu einkennum. Dagurinn styttist, trén fella laufið og undirbúningurinn fyrir veturinn er í fullum gangi. En það er jafnframt haustlegt um að litast í öllum þáttum íslensks þjóðfélags um þessar mundir. Sjaldan muna menn eftir jafnmikilli svartsýni og nú er meiri þörf fyrir athafnasemi, góð ráð, samstöðu, ráðdeild og heilbrigða skynsemi en nokkru sinni fyrr. En erum við að undirbúa vetrarhörkuna með sama hætti og náttúran hefur tamið sér? Erum við að berjast gegn atvinnuleysinu með öllum þeim krafti og samtakamætti sem við eigum til? Ég held að þessum spurningum verði að svara neitandi.

Það verður enginn einn aðili dreginn til ábyrgðar. Stöðug leit að sökudólgum og skipulagt grúsk um fortíðina leysa engan vanda. En þótt ríkisstjórn Íslands beri ekki ábyrgð á breyttum utanaðkomandi aðstæðum og ýmsu því sem gerst hefur til hins verra þá hefur hún meiri skyldur en aðrir við undirbúning og aðlögun að breyttum aðstæðum. Undirbúningurinn skiptir oftast sköpum ef vel á að fara og við hljótum að gagnrýna harðlega það fljótræði og óvönduð vinnubrögð sem ríkja í mörgu á stjórnarheimilinu. Þetta hefur ekki síst orðið til þess að ríkisstjórnin hefur misst traust almennings og aðila vinnumarkaðarins til að fást við ýmis úrlausnarefni dagsins. Það er ekki nóg að segja daglega að stöðugt gengi og Evrópskt efnahagssvæði séu þeir bjargvættir sem beri að treysta á. Þótt samningarnir um Evrópskt efnahagssvæði séu vissulega mikilvægir fyrir atvinnulífið er það grundvallaratriði að undirbúningurinn hér heima fyrir sé vandaður. Atvinnulífið er illa undir það búið að standast vaxandi alþjóðlega samkeppni. Framleiðslukostnaðurinn er of hár, eiginfjárstaðan er óviðunandi og því verður að lækka kostnaðinn og stöðva taprekstur inn.

Hæstv. forsrh. sagði áðan, með leyfi forseta: „Því er ljóst að nú verða gerðar meiri kröfur til forsvarsmanna í sjávarútvegi en þeir hafa þurft að mæta á undanförnum árum. Áríðandi er að þeir víkist ekki undan þeim kröfum.“ Þetta eru helstu skilaboðin frá ríkisstjórninni til mikilvægustu atvinnugreinar þjóðfélagsins. Á hún að þola aukna skattheimtu, 8% tap á næsta ári og óvissu um stefnuna í sjávarútvegsmálum? Hæstv. forsrh. veit af reynslunni að ríkissjóður getur ekki mætt öllum kröfum en hann virðist ekki gera sér grein fyrir að þessi atvinnugrein er að sligast vegna utanaðkomandi áfalla, kröfugerðar og skilningsleysi stjórnvalda. Hvað á hæstv. forsrh. við? Hafa forsvarsmenn sjávarútvegsins skorast undan ábyrgð?

Það er ljóst af ummælum undanfarið að hæstv. forsrh. hlustar ekki á ráð þessarar atvinnugreinar og ekki heldur á sjútvrh. í eigin ríkisstjórn. Ef einhver er að víkjast undan þá er það hæstv. forsrh. sem neitar ráðum þeirra sem best þekkja til í greininni.

Kjarasamningarnir 1990 og það sem þeim fylgdi mörkuðu tímamót í efnahagsmálum. Samstaðan sem myndaðist var ekki síst að þakka að almennur skilningur var fyrir því að hagsmunir launþega og atvinnurekenda væru samofnir. Nú þegar við hlustum á fréttir af uppsögnum og gjaldþrotum í hverjum fréttatíma er ljóst að sjaldan eða aldrei hefur verið jafnmikil þörf fyrir átak gegn atvinnuleysi og að skapa aðstæður til að auka framleiðsluna. Grunnurinn, sem var lagður 1990, er dýrmætari en flest annað og hann verður að varðveita og styrkja. En til þess þarf samvinnu og gagnkvæmt traust milli aðila.

Því miður virðist ríkisstjórnin ekki megna að virkja samtakamátt fólksins og því þarf að skapa meiri breidd með einhverju móti. Við sem störfum í stjórnarandstöðu hljótum að horfa til aðila vinnumarkaðarins í þessu sambandi og vænta þess að þeir taki nauðsynlega forustu og leiði ríkisstjórnina inn á réttar brautir. Stjórnarandstaðan hefur af skiljanlegum ástæðum ekki stöðu til að taka forustu í atvinnumálum en aðilar vinnumarkaðarins nú sem fyrr geta haft þar úrslitaáhrif. Breið pólitísk samstaða getur ekki skapast nema með þátttöku sem flestra en grundvallaratriðið er að ríkisstjórnin sýni vilja og áhuga. Þessi vilji hefur ekki komið fram í kvöld. Hæstv. viðskrh. gerði m.a. lítið úr öðrum og vilja annarra. Hann sagði að ríkisstjórnin kveikti ljósið og það mátti skilja að þeir hefðu svipaðan mátt og þegar guð skapaði heiminn. Við það verk þyrftu þeir ekki ráðherra sem ráfuðu um í myrkrinu. Með slíkum orðum skapa menn ekki samstöðu eða leggja grunn að framþróun. Þeir sem telja sig ráða yfir ljósinu hafa oftast endað í myrkrinu.

Það má taka mörg dæmi sem sanna að forusta rík-

isstjórnarinnar hefur mistekist. Ríkisstjórnin svaraði erfiðleikum sjávarútvegsins og vaxandi aflasamdrætti með aukinni skattheimtu á greinina. Tilkynntar eru breytingar á virðisaukaskatti sem rýra samkeppnisstöðu atvinnulífsins og fá ekki staðist. Fjárlagafrv. treystir ekki gengisstefnuna og er í raun frv. til laga um að fella gengið. Gengið verður ekki stöðugt með orðum ríkisstjórnarinnar heldur með efnahagslegum aðgerðum og á það höfum við framsóknarmenn lagt áherslu.

Samstarf við sveitarfélögin einkennist af tilviljanakenndum ákvörðunum og skorti á samráði í stað þess að nýta það svigrúm sem fyrir hendi er til að lækka kostnaðartengda skatta. En það er ekki nóg að gagnrýna og í reynd virðist núv. ríkisstjórn taka afar lítið tillit til gagnrýni. Því miður hefur vonleysi og aðgerðaleysi náð of sterkum tökum á þjóðinni. Flestir eru að hugsa um aðhald og samdrátt og því er eðlilegt að atvinnuleysi aukist dag frá degi. Það mun skapa ósætti, bágindi og ranglæti sem getur leitt af sér þjóðfélagsátök sem erfitt verður að ráða við.

Það fyrsta sem þarf að gera er að breyta fjárlagafrv. Skapa verður meira svigrúm til aðgerða í atvinnumálum. Það kann að vera nauðsynlegt að skera útgjöld meira niður og einnig þarf að endurskoða tekjuáætlunina. Með þessu ætti að vera hægt að skapa meira svigrúm þannig að ríkissjóður og sveitarfélögin geti lækkað kostnaðartengdu gjöldin og veitt meira fjármagni til atvinnuskapandi aðgerða.

Jafnframt er hægt að ná fram sparnaði með ýmsum breytingum á vinnulöggjöf og samningum milli launþega og atvinnurekenda. Ef hægt er að auka atvinnu með því að breyta ýmsum vanhugsuðum og óraunhæfum reglum í íslensku atvinnulífi, þá eigum við að gera það. Opinberar kröfur og ýmis ákvæði kjarasamninga eru ekki öll byggð á raunsæi og skynsemi. Við erum mjög skuldsett þjóð og þess vegna þurfum við að fá áhættufjármagn til nýjunga í atvinnulífinu.

Flestar þjóðir hafa unnið skipulega að því að laða til sín meiri fjárfestingar og við verðum líka að gera það. Það á að vera forgangsverkefni íslenskrar utanríkisþjónustu að vinna að slíkum málum á næstunni.

Lífeyrissjóðirnir verða jafnframt að auka þátttöku í atvinnulífinu og leggja þar fram áhættufé. Í því sambandi hlýtur að koma til greina að hækka iðgjöld þeirra, enda bendir flest til þess að þeir geti ekki staðið við skuldbindingar sínar í framtíðinni.

Við getum nýtt auðlindir okkar betur og skapað með því fleirum atvinnu. Það ber að beita fiskveiðistefnunni í þeim tilgangi. Í því sambandi má nefna álag vegna útflutnings á óunnum fiski og betri verkaskiptingu milli land- og sjófrystingar.

Þótt ýmsar efnahagslegar umbætur geti skilað okkur fram á veg skiptir hugarfarið ekki minna máli. Það vantar kraft í íslenskt samfélag, það vantar trú á framtíðina og þá möguleika sem við höfum. Núv. ríkisstjórn getur ein og sér ekki breytt þessu ástandi. Þetta er staðreynd sem hún getur ekki gengið fram hjá og því á hún aðeins tvo kosti. Annar er sá að gerbreyta um vinnubrögð og leita eftir víðtækari samstöðu í samfélaginu. Hinn er sá að viðurkenna mistökin og segja af sér.

Senn mun vetur ganga í garð og lítill tími til stefnu. Atvinnulífið þolir ekki stjórnarstefnuna. Umræðurnar í kvöld gefa of litlar vonir um breytingar en umræðan mun halda áfram og ríkisstjórnin verður að taka tillit til hennar. Hæstv. forsrh. sagði hér í kvöld: „Ísland hefur öll skilyrði til þess að hér megi dafna öflugt atvinnulíf.“ Því miður vantar margt á að þessi fullyrðing standist, það sýnir þróunin að undanförnu best. Við hljótum því að ráðleggja hæstv. forsrh. að taka meira tillit til atvinnulífsins, vinna með öllum þeim sem vilja því vel og skapa nauðsynleg skilyrði svo hér megi dafna öflugt atvinnulíf. Ef hæstv. forsrh. gerir það ekki ber honum að segja af sér fyrir sína hönd og ríkisstjórnar sinnar. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. Þetta stefnuræðukvöld hafið þið heyrt nokkra fulltrúa stjórnarandstöðunnar flytja mál sitt og freista þess að færa rök fyrir því og sannfæra ykkur um hvers vegna ætti að fela þeim landsstjórnina og hvers vegna þeirra ráð, sem þeir þykjast hafa undir rifi hverju, séu betri en ráð ríkisstjórnarinnar. En hefur þetta verið sannfærandi málflutningur? Er það sannfærandi þegar fyrrv. forsrh. og formaður Framsfl. kemur í ræðustól og kýs að horfa fram hjá öllum efnahagslegum staðreyndum veruleikans en kenna því einu um að hér sé svo vond ríkisstjórn og þess vegna sé allt í óefni komið? Er það sannfærandi þegar formaður Alþb. talar eins og hann talaði áðan?

Það er ánægjulegt ef Alþb. hefur nú gengið í slíka endurnýjun lífdaganna að viðurkenna að allur málflutningur þeirra í sumar og haust, þar sem haldið hefur verið uppi þingskapaþvargi og langar ræður settar á um lítið efni, hafi verið á villigötum. Batnandi mönnum er best að lifa og guð láti gott á vita eins og þar stendur. En þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson kemur í ræðustól og fræðir okkur um sænsku leiðina þá þarf hann að lesa sér betur til því í máli hans kom fram að hann hefur ekki kynnt sér það efni sem skyldi. Hann segir okkur að þar eigi að setja nýtt hátekjuþrep í skatti þegar hið rétta er að það er fallið frá því að hækka byrjun efra skattþreps. Hann segir frá því að það eigi að hækka fjármagnsskatt þegar hið rétta er að fallið er frá lækkun skattprósentu úr 30% í 25%.

Ég legg til að hv. þm. Alþb. og formaður, Ólafur Ragnar Grímsson, byrji á því að kynna sér ástandið á Íslandi áður en hann fer að fræða okkur um ástandið í öðrum löndum. En Alþb. hefur óskað eftir viðræðum við stjórnarflokkana og auðvitað er sjálfsagt að verða við því. Þá er nauðsynlegt að alþýðubandalagsmenn komi til þeirra viðræðna klæddir í eitthvað annað en þau nýju keisarans klæði sem þeir hafa skartað í umræðunum í kvöld.

Um alla Evrópu fer nú fram umræða um aukið samstarf og samvinnu þjóðanna. Þar er þó vissulega ágreiningur um ýmsa hluti sem eðlilegt er og kannski fyrst og fremst um það hve langt skuli ganga og hve

hratt skuli farið. Við eigum ekki að verma bekki varamanna í þeirri samstarfsþróun. Við eigum að taka þátt í henni og hafa áhrif á hana því aldrei áður hafa fámenn ríki átt þess kost að eiga jafnrómsterka rödd í samstarfi Evrópuþjóðanna og nú og við eigum ekki að glutra því tækifæri niður. Breytingarnar á tengslum Norðurlanda við Evrópusamstarfið hljóta að hafa í för með sér breytingu á hinu norræna samstarfi sem er og verður einn af hyrningarsteinum utanríkisstefnu okkar. Norræna samstarfið þarf að breytast því að það samstarf sem ekki þróast og breytist er ekki mikils virði. Þetta samstarf er rótfast í norrænum sverði og nær til allra sviða mannlegra umsvifa. Það er mikilvægt að vel takist til um þær breytingar sem nú eru fram undan. Ég legg sérstaka áherslu á mikilvægi samstarfs okkar við næstu granna í vestri og austri, Grænlendinga og Færeyinga. Það samstarf ber að treysta, ekki síst að því er varðar nýtingu auðlinda sjávarins. Tillögur forsætisráðherranna um breytingar á þessu samstarfi verða ræddar á Alþingi á næstunni. Ríkisstjórnin stefnir að því að slík umræða geti farið fram 29. þ.m. eða annan þann dag sem samkomulag verður um.

Við Íslendingar erum ekki einir um það að eiga við nokkra efnahagsörðugleika að etja nú um stundir. Svipað og um sumt verra blasir við hjá þjóðunum allt í kring, enda þótt vandinn sem við erum að fást við sé hégóminn hreinn miðað við þau hrikalegu vandamál sem steðja nú að þjóðum þar sem fólkið stendur á rústum kommúnismans, mesta umhverfisslyss í allri mannkynssögunni.

Lengi vel bjargaði það þjóðarbúsap okkar að við gátum sótt meiri björg í hafið, stækkað flotann og fullkomnað skipin. Nú horfumst við í augu við þá staðreynd að í næstu framtíð aukum við ekki aflann á hefðbundnum miðum úr hefðbundnum stofnum. Við fjölgum heldur ekki fiskunum í sjónum með því að fella gengi krónunnar hvað sem framsóknarmenn annars um það segja. Við höfum langa og bitra reynslu af því að trúa því að gengislækkun sé allra meina bót og nú ættum við að vita betur og áreiðanlega veit launafólkið í landinu betur.

Hið efnahagslega umhverfi er vissulega forsenda velferðar og velmegunar en æ fleiri gera sér grein fyrir því að umhverfismálin snerta alla aðra málaflokka, alla þætti mannlegra umsvifa. Þetta er mannkyni að lærast af dýrkeyptri reynslu. Á hverjum vettvangi verðum við að taka tillit til umhverfisins. Því stendur ekki skrifað: „Vinnið ekki jörðinni grand og ekki heldur hafinu né trjánum."

Í allri framleiðslustarfsemi verður að taka tillit til umhverfiskostnaðar. Á það hefur skort en þennan kostnað verðum við að greiða, annars fellur sú greiðsla á börnin okkar og þeirra börn. Til að halda hafinu, landinu og loftinu hreinu þurfum við að gera hreint í kringum okkur vegna starfa okkar og umsvifa og ganga hreint til verks í öllum greinum. Í öðru lagi verðum við að ástunda öflugt samstarf við aðrar þjóðir vegna þeirrar mengunar sem hingað berst með sjó og lofti. Mengun virðir engin landamæri og þjóðunum er að lærast að skilja verður hugtakið fullveldi öðrum skilningi nú en áður vegna þess að einhliða yfirlýsingar duga afar skammt gegn aðborinni mengun.

Á vettvangi umhverfismála ber tvennt hæst á þessu ári. Hið fyrra er umhverfisþing þjóðanna í Ríó sem markaði þáttaskil í umræðum og aðgerðum til að bæta umhverfið í heiminum. Hið síðara sem ég vildi nefna er nýr alþjóðasamningur kenndur við París og fjallar um varnir gegn mengun sjávar og tekur til Norðaustur-Atlantshafsins. Það voru tímamót þegar sá samningur var undirritaður og um áramótin gengur í gildi algert bann við losun geislavirks úrgangs hverju nafni sem nefnist á þessu hafsvæði. Í framhaldi af þessu mun ríkisstjórnin áfram vinna að því að fleiri ríki svo sem Rússland, Bandaríkin og Kanada taki formlega þátt í þessu samstarfi þannig að vernda megi enn þá stærra hafsvæði.

Forsenda þess að hlustað sé á okkur í alþjóðlegu umhverfissamstarfi og tillit tekið til skoðana okkar er sú að sjálfir höfum við hreinan skjöld. Við getum ekki leyft okkur að hafa aðrar eða linari reglur um mengandi útblástur t.d. frá bifreiðum en aðrar þjóðir, heldur ekki um þau efni sem eyða ósonlaginu. Við getum ekki leyft okkur að losa þann úrgang í sjóinn sem aðrar þjóðir banna. Við verðum að ganga jafn vel um miðin og landið. Miðin eru okkar akrar. Í þessu sambandi hlýtur það að vekja umhugsun, raunar valda áhyggjum, þegar í flotann bætast afkastamikil og glæsileg skip þar sem kastað er aftur í hafið nær helmingnum af því sem kemur inn á þilfarið. Það hlýtur að vera keppikefli okkar að gera verðmæti úr öllu því sem um borð kemur, hverjum ugga.

Hvarvetna ber mönnum saman um að fram undan sé mikill vöxtur þeirra greina og þeirrar framleiðslu sem tengist hreinsun umhverfis og hreinu umhverfi. Þannig verður það líka hér.

Nú þegar efnahagsörðugleikar hafa um sinn leitt til vaxandi atvinnuleysis þá hljótum við að hugsa til þess að á sviði umhverfismála eiga bæði ríki og sveitarfélög mörg verkefni óleyst. Því er ástæða til að fagna nýgerðu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um atvinnuaukandi aðgerðir. Þar hljóta mjög að koma til álita verkefni á sviði umhverfismála eins og umbætur á sviði frárennslismála og sorpförgunar, enda eru verkefni þar ærin og ástandið hvergi nærri gott. Á þetta hefur formaður Sambands ísl. sveitarfélaga réttilega bent. Á vegum umhvrn. fer nú fram heildarúttekt á ástandi frárennslismála frá þéttbýlisstöðum hér á landi, sú fyrsta sinnar tegundar.

Við verðum að tileinka okkur ný viðhorf í umhverfismálum. Fyrir Alþingi liggja frumvörp til laga um rétt almennings til upplýsinga um umhverfismál og um umhverfismat, þ.e. lagaskyldu til að meta áhrif framkvæmda á umhverfið. Þá hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir setningu laga um umhverfisvernd og umhverfisrétt og í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar segir að lög verði sett um eignarhald og afnotarétt þjóðarinnar af landi sem ekki er í séreign. Það er hagsmunamál okkar allra.

Góðir áheyrendur. Undanfarin missiri höfum við

kynnst nýjum stöðugleika. Verðbólga er nú minni hér en í flestum öðrum löndum. Það er ný staða. Við skulum ekki fórna þeirri stöðu fyrir ímyndaða stundarhagsmuni. Það er og verður eitt meginverkefni ríkisstjórnarinnar að tryggja, eftir því sem hún hefur tök á, að hér verði ekki verulegt atvinnuleysi. Það er mesta og stærsta hagsmunamál okkar allra nú um stundir og þar verða allir að leggjast á árina og er þá sú stjórnarandstaða sem hér hefur talað í kvöld ekki undanskilin. — Þökk sé þeim er hlýddu. Góðar stundir.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Góðir hlustendur. Mestu tíðindin í íslensku þjóðlífi á þessu hausti eru fréttirnar af ört vaxandi atvinnuleysi um land allt. Atvinnuleysið var rétt um 1% í mörg ár og hefur rúmlega tvöfaldast frá stjórnarskiptum. Nú er því spáð að það nálgist 4% á komandi vetri. Stórfellt atvinnuleysi hefur ekki herjað hér á landi síðan um 1970 þegar þáv. stjórn Sjálfstfl. og Alþfl. var á lokaskeiði sínu. Þá var atvinnuleysið um 5%. En hvaða ástæður eru fyrir ört vaxandi atvinnuleysi? Að sjálfsögðu margar. Ein helsta ástæðan er sú að fjárfestingar eru miklu minni en áður. Í hlutfalli við framleiðslu eru fjárfestingar á Íslandi með því minnsta sem þekkist hjá iðnvæddum ríkjum.

Það ríkir botnlaus svartsýni í þjóðfélagi okkar, þar sem hver dregur annan niður. Þegar allir halda að sér höndum minnkar veltan, neyslan dregst saman, tekjurnar verða minni, skatttekjurnar minnka og þá grípur ríkið til þess að skera niður fjárfestingarnar og atvinnuleysið magnast. Þannig er vítahringurinn sem er að keyra niður íslenskt efnahags- og atvinnulíf um þessar mundir. Rætur þessarar öfugþróunar má að sjálfsögðu rekja mörg ár aftur í tímann. Það er enginn að segja að þetta sé allt núv. ríkisstjórn að kenna. Ein helsta undirrótin er sú þreföldun raunvaxta sem átti sér stað um miðjan seinasta áratug og hefur ekki aðeins orðið til þess að gjaldþrotum hefur fjölgað gífurlega, þau eru 10 sinnum algengari nú um stundir en þau voru fyrir einum áratug, heldur hafa háir vextir líka orðið til þess að fæla menn frá því að fjárfesta í atvinnulífi.

Nú hefði mátt ætla að hæstv. forsrh. verði stórum hluta af stefnuræðu sinni í kvöld í að lýsa því hvernig ríkisstjórnin hygðist bregðast við aðsteðjandi vanda en því var nú aldeilis ekki að heilsa. Hann talaði helst um auknar vegaframkvæmdir á næsta ári sem nema aðeins rétt um 900 milljónum kr. umfram gildandi vegáætlun og það svarar til rúmlega 200 ársstarfa. Viðleitni til að auka kvennastörf er hvergi sjáanleg. Sumir segja að atvinnuleysið sé komið og ekkert við því að gera en það er rangt. Atvinnuleysi á ekkert skylt við náttúruhamfarir sem engin leið er að sporna við.

Ríkisstjórn sem hefur vilja og þor til að snúast af hörku gegn aðsteðjandi vanda getur miklu breytt en stjórn sem situr nær aðgerðalaus vegna þess að einhverjir einkavæðingar- og frjálshyggjupostular hafa talið henni trú um að hún eigi hvergi nærri atvinnumálum að koma verður ekki langlíf.

Þingflokkur Alþb. hefur rætt ítarlega um atvinnumálin undanfarna mánuði. Í dag höfum við sett fram margþættar tillögur í atvinnumálum sem umræðugrundvöll af okkar hálfu. Við viljum að allir flokkar ásamt aðilum vinnumarkaðarins sameinist um það að leita leiða til eflingar atvinnulífinu. Við erum þess fullviss að unnt væri að skapa 1.200–1.800 ný störf á næsta hálfa ári með markvissu, samstilltu átaki ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífsins. Þessi nýju störf leysa auðvitað ekki allan vandann en mundu þó með margfeldisáhrifum í hagkerfinu auka svo umsvif og veltu að það yrði unnt að koma í veg fyrir eitt mesta atvinnuleysi á síðari hluta þessarar aldar sem ella er fram undan.

Um langt skeið hafa stjórnmálaleiðtogar í mörgum löndum Evrópu alið með sér þann draum að stofna stórríki í Evrópu sem yrði öðrum ríkjum voldugra. Þessi dagdraumur hefur víða lagst hart á valdamenn rétt eins og tískan sem virðir engin landamæri. En svo var það í litlu landi við Eyrarsund sem einhverjum datt í hug að spyrja fólkið álits. Allir stærstu flokkar og helstu dagblöð báðu fólkið um að segja já, en öllum að óvörum sagði fólkið nei. Það neitaði að hlýða og það fór kaldur gustur um nýja stórríkið. Í fyrstu voru forustumenn EB að vona að þeir gætu gleymt þessu danska hneyksli en þegar alþýða manna í landi H.C. Andersens hafði svarað af hreinskilni að hún væri lítið hrifin af nýju fötum keisarans, draumur valdamanna um stórríkið væri ekki endilega hennar draumur, þá var eins og fólk um alla Evrópu rankaði við sér. Í Frakklandi munaði aðeins hársbreidd að fólkið hafnaði valdadraumi leiðtoganna. Nú sýna skoðanakannanir að bæði í Bretlandi og Þýskalandi er mikill meiri hluti fólks á móti öllu þessu valdabrölti.

Nú liggja fyrir Alþingi drög að samningi EFTA-ríkjanna við EB um Evrópskt efnahagssvæði. Þessi samningur er enginn venjulegur viðskiptasamningur eins og reynt er að telja fólki trú um. Lögfesting þúsunda síðna af löggjöf EB ásamt yfirþjóðlegum stofnunum með framkvæmda- og dómsvaldi staðfestir það eðli samningsins að hann er millilending EFTA-ríkja á leið inn í EB, enda eru öll hin EFTA-ríkin á hraðferð inn í bandalagið. Eftir samþykkt þessa samnings hvílir á okkur ómótstæðilegur þrýstingur að samþykkja sérhver lög sem EB setur á samningssviðinu og þar má ekki breyta svo miklu sem einni kommu. Okkur er ætlað að togast á við EB um veiðar í íslenskri landhelgi á tveggja ára fresti. Innan lands og utan verður þrýst á okkur að hætta ekki við hálfnað verk heldur stíga skrefið til fulls. Þegar af þessum ástæðum og þó ekkert annað komi til er þessi samningur fráleitur kostur frá sjónarmiði allra þeirra sem vilja forðast að Ísland sogist inn í EB. Hæstv. forsrh. var að reyna að telja mönnum trú um það fyrr í kvöld að Alþb. hefði lagt blessun sína yfir EES-samninginn í fyrri ríkisstjórn. Þetta er alrangt og ráðherrann veit betur. Flokkarnir í fyrri stjórn voru að vísu sammála um að kanna hvort unnt væri að ná fram því stórkostlega hagsmunamáli Íslendinga að sömu reglur giltu um fisk og fyrir iðnaðarvörur. Fríverslun fengist með fisk og bannað yrði að halda niðri verði á sjávarafurðum

með ríkisstyrkjum. Þá hafði engin EFTA-þjóð sótt um aðild að EB. En samningarnir fóru í allt annan farveg. Meginkröfum okkar var hafnað. Við fengum ekki fríverslun með fisk. EB ákvað að halda fast við áframhaldandi ríkisstyrki. Þannig breyttist margt, m.a. fyrirvararnir og skilyrðin sem sett voru.

Jón Baldvin vildi fá umboð til samninga í fyrri stjórn. Hann fékk ekki þetta umboð. Að sjálfsögðu segir það alla söguna. Aftur og aftur heyrist það slagorð, m.a. hér í kvöld og m.a. frá forsrh., að Íslendingar einangrist frá öðrum Evrópuþjóðum ef þeir hlaupa ekki upp í hraðlestina til Brussel. Þetta er einkar ósvífinn áróður. Eða erum við kannski einangruð í dag? Að sjálfsögðu ekki. Við höfum þegar fullan aðgang að tollfrjálsum Evrópumarkaði fyrir iðnaðarvörur. Það breytist ekki. Við getum gert við þá nýjan tvíhliða viðskiptasamning og haldið áfram nánu samstarfi við aðrar Evrópuþjóðir þótt við hlaupum ekki í eina sæng með þeim. Leiðtogar stjórnarflokkanna viðurkenna að þetta er viðamesti og örlagaríkasti samningur sem Íslendingar hafa gert frá því að lýðveldið var stofnað, en þeir mega ekki heyra það nefnt að málið sé lagt í þjóðardóm. Ég trúi því ekki að meiri hluti Alþingis sé sama sinnis. Alþingi getur ekki afgreitt svo örlagaríkt mál án þess að gengið sé úr skugga um hver sé vilji þjóðarinnar og síst af öllu úr því að rökstudd ástæða er til að ætla samkvæmt endurteknum skoðanakönnunum að meiri hluti þjóðarinnar sé á móti. Málið hlýtur því að koma til þjóðaratkvæðis.

Góðir Íslendingar. Stöndum þá vörð um sjálfstæði þjóðarinnar því sjálfstæðið er dýrmætasta auðlindin. — Ég þakka áheyrnina.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegur forseti. Góðir áheyrendur. Hafi menn ekki áður heyrt innihaldslitla stefnuræðu og án markmiða þá hefur það gerst nú. Í þessari ræðu var enga lausn að finna hvorki á vanda atvinnuveganna né á atvinnuleysinu sem kemur í kjölfarið.

Við höfum heyrt iðnrh. ræða hér um kertaljós. Ég hélt að ráðherra iðnaðar- og orkumála væri svo stórhuga nú á tímum rafmagnsljósa að ætla íslenskri þjóð betra hlutskipti en fara aftur að lifa við flöktandi kertaljós.

Forsrh. valdi að ræða um Evrópskt efnahagssvæði og alla dásemdina sem okkur væri að hlotnast með þeim samningum. Ekki nefndi hann þó neitt áþreifanlegt heldur að tollalækkanir og frjáls samkeppni muni leiða til aukinnar hagkvæmni og verðlækkunar á þjónustu. Hann sagði hér áðan: „Allt þetta mun skila sér í auknum hagvexti, lægri verðbólgu og vöxtum og auknum kaupmætti ...“ — Það minnti mig á setninguna sem flestir lærðu í biblíusögum í barnaskóla: Allt þetta mun ég gefa þér ef þú fellur fram og tilbiður mig.

Ég hef ekki fundið í samningnum um EES neitt það sem segir mér að viðskiptakjör muni batna á næsta ári, að atvinnuleysi fari minnkandi og kaupmáttur vaxi. Þvert á móti sé ég fyrir mér minnkandi útflutning þar sem við hljótum að hafa minna til að selja með minnkandi fiskveiði, jafnvel þó einhverjir tollar falli niður.

Ekki eykst útflutningur á stóriðju. Járnblendið og álið sjá ekki fyrir sér batnandi kjör á næsta ári. Iðnaðurinn mun eiga erfitt uppdráttar á hinum stóru mörkuðum í Evrópu og hefur ekki rekstrarskilyrði til að vera samkeppnisfær. Hvað er það þá sem gefur okkur batnandi viðskiptakjör? Ég fékk ekkert svar við því í stefnuræðu forsrh.

Á undanförnum vikum höfum við heyrt daglega fréttir af uppsögnum starfsfólks hinna ýmsu fyrirtækja. Þar er um að ræða 30–50 manns á degi hverjum. Á þessu ári var spáð að atvinnuleysi yrði um 2% en það stefnir í 3–4%. Og á næsta ári segir Þjóðhagsstofnun líklegt að atvinnuleysið verði 3,5%. En Þjóðhagsstofnun hefur bara ekki reynslu í því að spá fyrir um atvinnuleysi hér á landi. Atvinnurekendur eru heldur ekki sammála þessari spá. Þeir tala um 4–6% atvinnuleysi á næsta ári, jafnvel allt að 10% og það mun hafa skelfilegar afleiðingar í för með sér.

Skuldir heimilanna hækkuðu mikið á árinu 1991 og hafa ekki minnkað. Grunninum er kippt undan tilveru fólks þegar tekjuáætlanir fara úr skorðum og vandamálin sem koma í kjölfarið eru af margvíslegum toga. Menn leita sér huggunar í vímuefnum, sjálfstraustið brestur þegar fólk missir vinnuna. Ekkert er fram undan nema vonleysi, peningaleysi og einmanaleiki. Afleiðingar atvinnuleysisins munum við sjá á næstu vikum og mánuðum. Þær munu m.a. koma fram í aukinni ásókn í félagslega þjónustu og meira álagi á heilbrigðiskerfið. Sá hluti innlagna á sjúkrastofnanir, sem er vegna geðsjúkdóma og félagslegra vandamála, verður stærri. Á sama tíma er 2 milljarða niðurskurður í heilbrigðiskerfinu. Og atvinnuleysið í Evrópubandalagsríkjum er tvö- til þrefalt á við það sem er hjá okkur svo þar er ekki á vísan að róa með atvinnu.

Atvinnuleysistryggingasjóður þarf mun meira fjármagn ef hann á að geta staðið við lögbundin framlög vegna þessa ástands. Þar að auki tekur hann ekki á málum þeirra sem eru að ljúka námi og koma út á vinnumarkaðinn í leit að vinnu. Sem dæmi vil ég taka unga einstæða móður með tvö börn. Hún lauk kennaraprófi sl. vor og hefur leitað að vinnu alls staðar en ekkert fengið. Hún fær heldur ekki atvinnuleysisbætur því til þess þarf hún að hafa verið í vinnu a.m.k. í 425 vinnustundir á síðustu tólf mánuðum.

Vill ríkisstjórnin að slíkt ástand verði viðvarandi í þessu þjóðfélagi? Eða hvað gerir ríkisstjórn Íslands? Hver er boðskapur forsrh. í þessari alvarlegu stöðu sem ég tel að sé höfuðviðfangsefni hverrar ríkisstjórnar, þ.e. að sjá til þess að atvinnulífið gangi því á því stendur eða fellur þetta þjóðfélag sem við búum í?

Góðir áheyrendur. Í sem stystu máli er boðskapurinn þessi: Fastgengisstefna hvað sem á dynur. Fyrirtækin geta spjarað sig sjálf. Sjávarútvegsfyrirtækin sameinast. Það á að leysa öll vandamál þrátt fyrir gífurlega skuldsetningu.

Ekki hafði forsrh. mörg orð um landbúnaðinn. Ofstjórn, miðstýring, áþján og klafi voru þau helstu. Að benda á úrræði eða nýjar leiðir var ekki gert. Töfralausnin var Evrópska efnahagssvæðið.

Við kvennalistakonur mælum ekki með gengislækkun en verðum við ekki að taka mið af því sem er að gerast í okkar helstu viðskiptalöndum? Á árinu 1988 var fastgengisstefnan reynd en það gleymdist að kostnaðarhækkanir héldu áfram innan lands því þá var verðbólgan á fullri ferð. Þá var gengið mjög á eigið fé fyrirtækja og reksturinn fór allur úr skorðum. Mörg fyrirtæki hafa ekki borið sitt barr síðan. Nú er verðlag stöðugt innan lands en myntkarfan sem við miðum okkur við í viðskiptum við önnur lönd hlýtur að vera úr lagi gengin eftir þær sveiflur sem orðið hafa t.d. í Bretlandi með falli pundsins. Ég hlýt að varpa því fram hvort ekki geti verið þörf á að endurskoða þá samsetningu gjaldmiðla sem eru í þessari svokölluðu myntkörfu.

Stjórnvöld hér á landi trúa nú um stundir á lögmál markaðarins í þessa orðs fyllstu merkingu. Það sem þau virðast ekki skynja er að þau lögmál virka ekki hér á landi. Þau lögmál gilda við ákveðnar aðstæður, svo sem þar sem stærðarhagkvæmni er hægt að ná og þar sem þjóðfélagsþegar skipta milljónum, þar sem lönd eru þéttbýl o.s.frv.

En þær aðstæður eru bara ekki fyrir hendi hér á landi nema þá að einhverju leyti á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Þó hefur atvinnuleysi þar aukist meira en á landsbyggðinni og fer vaxandi, sérstaklega meðal kvenna. Einu tillögur ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum eru að á næsta ári skal leggja 2 milljarða króna til atvinnuskapandi framkvæmda eins og það heitir. Og hverjar eru þær? Meginhluta fjármagnsins skal varið til vegaframkvæmda eða 1.800 millj. kr. Þetta er tilkynnt sem viðbótarframlag sem það alls ekki er. Í fyrsta lagi var búið að skerða vegáætlun í fyrra um 350 millj. kr. Í ár var niðurskurðurinn 750 millj. og á næsta ári var búið að ákveða 900 millj. kr. niðurskurð í vegaframkvæmdum í fjárlagafrv. sem nú liggur frammi. Þarna er því aðeins verið að draga til baka þann niðurskurð sem ýmist var staðreynd eða fyrirhugaður. Um það væri svo sem allt gott að segja en vel að merkja, þetta á að greiðast af framkvæmdafé Vegagerðar á næstu árum. Það verður dregið úr framkvæmdum sem því nemur á næstu árum. Þetta er því allt saman einn allsherjarfeluleikur. Það er verið að færa tölulegar staðreyndir í spariföt svo þær líti svolítið betur út.

Ef ríkisstjórnin vildi styðja atvinnuskapandi framkvæmdir ætti hún að líta til þess sem konur úti um allt land eru að gera. Þar hefur hugkvæmni og sköpunargáfa fengið að njóta sín. Þar hefur verið farið smátt af stað en þess gætt að reisa sér ekki hurðarás um öxl. Það starf er víða að skila árangri og skapar aukna atvinnu í dreifbýlinu. Þar er fólginn vaxtarbroddur nýrra atvinnutækifæra. En stóru strákarnir í ríkisstjórninni sjá bara verktaka og stórar vinnuvélar og halda að það eitt geti aukið atvinnu.

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Þetta land á ærinn auð ef menn kunna að nota hann en til þess verða stjórnvöld á hverjum tíma að vera gædd víðsýni og skilningi á mannlegu samfélagi. Þau verða líka að þora að skattleggja þá sem eiga fjármagnið, bæði með fjármagnsskatti og hærra skattþrepi tekjuskatts og þau verða með aðgerðum sínum að bæta rekstrarskilyrði bæði fyrirtækja og heimilanna í landinu. En þeir sem halda um stjórnvölinn á þjóðarskútunni eru rígbundnir í hagfræðikenningar og fylgja þeim í blindni.

Ég vil að lokum benda stjórnarliðum á þá staðreynd að sá veldur sem á heldur. — Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

30. FUNDUR

þriðjudaginn 13. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, stjfrv., 78. mál, þskj. 83. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana, stjfrv., 41. mál, þskj. 42. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Vegasamband hjá Jökulsárlóni, þáltill., 23. mál, þskj. 23. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Íslenskt sendiráð í Japan, þáltill., 64. mál, þskj. 66. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Jarðhitaréttindi, frv., 69. mál, þskj. 71. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Sveigjanlegur vinnutími, þáltill., 72. mál, þskj. 74. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Gatnagerðargjöld, frv. 87. mál, þskj. 95. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Almannatryggingar, frv., 94. mál, þskj. 106. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Jöfnunartollur á skipasmíðaverkefni, þáltill., 88. mál, þskj. 98. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Almenn hegningarlög, frv., 89. mál, þskj. 99. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Húsnæðisstofnun ríkisins, frv., 93. mál, þskj. 105. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, stjfrv., 34. mál, þskj. 35. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Jóhanna Sigurðardóttir félmrh.,
Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.

Útbýting þingskjala:

Eignarhald á Brunabótafélagi Íslands, 107. mál, fsp. StB á þskj. 125

Farskóli Kennaraháskóla Íslands, 105. mál, fsp. SvG á þskj. 123.

Fjármögnun samgöngumannvirkja, 104. mál, þáltill. ÁMM o.fl., þskj. 122.

Flugmálaáætlun og fjáröflun í flugmálum, 111. mál, stjfrv., þskj. 129.

Heildarafli á Íslandsmiðum, 102. mál, fsp. EKG á þskj. 120.

Kaup á björgunarþyrlu, 110. mál, frv. IBA o.fl., þskj. 128.

Kynning á ímynd Íslands erlendis, 103. mál, þáltill. ÁMM o.fl., þskj. 121.

Rannsóknir á botndýrum í Breiðafirði, 108. mál, þáltill. StB o.fl., þskj. 126.

Útboð, 106. mál, fsp. StG á þskj. 124.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en umræðan hefst vill forseti minna þingmenn á þær breytingar sem gerðar voru á ákvæðum þingskapa um óundirbúnar fyrirspurnir við upphaf þings í ágúst. Samkvæmt hinum nýju reglum mega fyrirspyrjandi og ráðherra tala þrisvar, tvær mínútur hvor í fyrsta sinn og eina mínútu í annað og þriðja sinn. Tilgangur þessara breytinga var sá að gera þetta fyrirspurnaform knappara, fyrirspurnir og svör styttri og hnitmiðaðri. Engu að síður vill forseti nú eins og jafnan í fyrra hvetja þingmenn til að vera stuttorða, hafa fyrirspurnir sínar skýrar og nýta sér ekki að fullu rétt til að tala þrisvar nema þeir telji brýna nauðsyn til þannig að sem flestir þingmenn komist að á þeim hálftíma sem þessum umræðum er ætlað að standa.

Þá vill forseti geta þess að ætlast er til að í hvert sinn sé fyrirspurn beint aðeins til eins ráðherra en ekki fleiri. Loks vill forseti biðja þá hv. þm. sem vilja beina fyrirspurn til ráðherra að standa upp þegar umræðan hefst svo að auðveldara sé að raða á mælendaskrá.

Þeir hæstv. ráðherrar sem viðstaddir eru í dag eru Davíð Oddsson forsrh., Friðrik Sophusson fjmrh., Sighvatur Björgvinsson heilbrrh., Þorsteinn Pálsson sjútv.- og dómsmrh. og Jón Sigurðsson viðsk.- og iðnrh. Hefst nú umræðan.

Meðferð fíkniefnamála.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í fréttum Stöðvar 2 undanfarin kvöld hafa birst býsna alvarleg tíðindi varðandi meðferð fíkniefnamála. Fullyrt er að tilteknu stórmáli hafi verið lokið í raun og veru 1987, það hafi verið hjá lögreglustjóra í hálft ár og það hafi legið hjá saksóknara í tvö ár áður en ákæra var birt. Í tilefni af þessu vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. dóms- og kirkjumrh. þessara spurninga:

1. Hefur hann fylgst með þessu máli sérstaklega að undanförnu?

2. Hefur hann tekið afstöðu til þess hve lengi þetta mál var í höndum lögreglustjóra?

3. Hefur hann velt því fyrir sér af hverju mál af þessu tagi var svo lengi í höndum saksóknara þó að það væri fullupplýst og játningar lægju fyrir?

4. Hefur dómsmrn. aðhafst eitthvað í þessu máli?

5. Hyggst dómsmrn. gera grein fyrir málinu með opinberri greinargerð á næstunni?

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er svo að því miður eru of mörg dæmi þess í okkar réttarkerfi að dráttur verður á afgreiðslu mála fyrir dómstólum og almennt séð tekur meðferð mála fyrir dómstólum of langan tíma. Ráðuneytið hefur ekki í höndum svör við þeim spurningum sem fram komu hjá hv. þm. varðandi það einstaka mál sem hann nefndi og mér skilst að hafi verið gert að umræðuefni í fréttum Stöðvar 2. En það er sjálfsagt mál að gera greinargerð um gang þess máls í kerfinu og gera þinginu grein fyrir þeirri niðurstöðu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þessi svör. Þau eru góð miðað við allar aðstæður. Það er ekki hægt að svara þessum málum skýrar á þessu stigi málsins. Hér er í raun og veru ekki verið að tala um þann tíma sem þessi mál hafa tekið fyrir dómstólum fyrst og fremst, heldur hjá lögreglustjóra og saksóknaraembætti. Það er rétt sem hæstv. dómsmrh. sagði að ýmis mál hafa legið sérkennilega lengi hjá saksóknaraembættinu að mínu mati, hvort sem þar er um að ræða að saksóknaraembættið sé of fáliðað eða einhverjar aðrar ástæður, t.d. þær að menn eigi erfitt með að koma málum í eðlilega forgangsröð. En ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans og lít þannig á að hann muni áður en langur tími líður gera þinginu grein fyrir þessu máli.

Misnotkun áfengismeðferðar.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Sl. vor samþykkti meiri hluti Alþingis breytingar á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna, m.a. á þeim furðulegu forsendum að lítill hópur námsmanna misnotaði rétt sinn til lána og allur fjöldinn skyldi látinn gjalda þess. Tilgangur var þó auðvitað sá að skera niður fjármagn til Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Nú um helgina lét hæstv. heilbrrh. þau orð falla í fjölmiðlum að hópur manna færi aftur og aftur í áfengismeðferð sér til hressingar og heilsubótar, þ.e. þeir legðu á sig fundi, viðtöl og kafanir í sálardjúpin án þess að hugur fylgdi máli, eins og ráðherra komst að orði. Af þessu tilefni vil ég spyrja hæstv. heilbrrh. hvort hann sé þeirrar skoðunar að um misnotkun sé að ræða, m.a. hjá SÁÁ, eða er enn og aftur verið að beita rökum af þessu tagi til þess eins að réttlæta verulegan niðurskurð á framlögum til áfengismeðferðar? Eiga þeir sem þjást af áfengissýki nú að gjalda þess að hópi manna finnist svona gott að vera á Vogi eða annars staðar þar sem áfengismeðferð er veitt? Eiga þeir að gjalda þess?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ákvörðunin er sú að gera tillögur til Alþingis um að draga verulega úr fjárveitingum til áfengismeðferðar, bæði hjá SÁÁ og hjá Ríkisspítölum. Ástæðan fyrir því að þessi tillaga er gerð er ekki sú að það liggi fyrir rökstuddur grunur um að þessi meðferð sé á einhvern hátt misnotuð. Ástæðan er einfaldlega sú að við höfum ekki fjármuni til þess að greiða fyrir alla þá þjónustu sem veitt er á þessum sviðum og við neyðumst til þess að draga úr fjárveitingum til þessara mála.

Við eigum hins vegar nú í viðræðum við SÁÁ um þessa huti þar sem þessi þáttur, sem hv. 18. þm. Reykv. ræddi um, verður m.a. skoðaður, þ.e. hvort ekki sé hægt þrátt fyrir minni fjármuni að veita áfram þá þjónustu sem þarf að veita bráðveikum sjúklingum án þess að gert sé ráð fyrir að aðrir, sem eru kannski ekki í jafnmikilli þörf fyrir þá þjónustu sem SÁÁ veitir, eigi áfram jafngreiðan aðgang að henni og hingað til.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherranum fyrir þessi svör. Þau upplýstu svo sem ekki margt en ég ítreka spurningu mína: Er ráðherrann þeirrar skoðunar að þarna eigi sér stað einhver veruleg misnotkun? Hvaða rök færir hann fyrir þeim orðum sínum að menn séu í þessari meðferð án þess að hugur fylgdi máli?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekkert að dæma um það í hve miklum mæli slíkt kann að vera gert. Ég vil aðeins láta koma fram að það eru dæmi um slíkt. Hversu mikil þau eru eða mörg hef ég ekki hugmynd um. Þetta er eitt af þeim málum sem við munum ræða við SÁÁ í þeim viðræðum sem væntanlega munu hefjast við SÁÁ í dag eða á morgun.

Hækkun raunvaxta hjá Íslandsbanka.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég ætla að beina þeirri fsp. til hæstv. viðskrh. hvaða rök liggi á bak við það að Íslandsbanki hefur ákveðið að hækka raunvexti. Er það stjórnarstefnan sem knýr bankann til þess, fjárlagafrv. sem lagt hefur verið fram? Er ástæðan e.t.v. sú að mjög mikil töp séu í farvatninu hjá Íslandsbanka?

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að bankinn hefur lagt í afskriftasjóð álíka háa upphæð og Landsbankinn þrátt fyrir það að bankinn sé með um helmingi minni veltu og vitað var að búið var að fjarlægja út úr Útvegsbankanum áður en Íslandsbanki yfirtók hann hugsanleg töp sem þar voru.

Það hlýtur að vekja mikla athygli þegar bankinn, sem hæstv. viðskrh. lagði mikið kapp á að koma á fót, stefnir þvert gegn stefnu ríkisstjórnarinnar, hækkar raunvexti í landinu og er raunverulega að boða með þessu að vextir séu of lágir.

Hæstv. viðskrh. hlýtur að hafa fylgst grannt með þessu máli og ég vænti heiðarlegs svars.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Hv. 2. þm. Vestf. spyr mig hvaða rök liggi að baki tiltekinni vaxtaákvörðun hjá sjálfstæðri bankastofnun, fyrirtæki sem að sjálfsögðu lýtur ekki stjórn ráðherrans.

Eins og fram hefur komið í fréttum hafa þeir ákveðið að hækka raunvexti sína lítillega og vísa þar til markaðsvaxta. Þeir hafa ekki vísað til þess að tap hafi orðið meira í þeirra rekstri en þeir höfðu gert ráð fyrir. Ég get ekki sagt neitt um rökin sem liggja að baki þessu máli hjá þeim annað en að vísa til þess sem fram hefur komið opinberlega. Ég vildi þó leyfa mér í umræðu um þessa fyrirspurn benda á að ríkið hefur fyrir sitt leyti alveg nýlega lækkað raunvexti.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Annað tveggja er að ríkið veit þá ekki hverjir eru markaðsvextir í landinu eða ríkið fer ekki eftir þeim. Eða hitt að Íslandsbanki veit ekki hverjir eru markaðsvextir í landinu eða hann fer ekki eftir þeim.

Mér er að vísu ljóst að þessi ákvörðun var tekin áður en hæstv. viðskrh. boðaði að kveikt yrði ljós í myrkrinu af hæstv. ríkisstjórn, en það benda þó vonir til að það ljós megi einnig lýsa þeim í Íslandsbanka þannig að þeir átti sig á raunveruleikanum í þessum efnum. En spurningin er enn brýnni vegna þess að nú er boðað að að selja eigi Búnaðarbankann og Landsbankann trúlega líka. Þá verða þetta allt sjálfstæðir bankar, eins og hér var lýst yfir, og hækka trúlega raunvextina þegar þeim dettur í hug, án tillits til markaðsins.

Ég tel að það liggi meira þarna á bak við, eitthvað sem hæstv. viðskrh. veit en telur ekki rétt að upplýsa þingið um.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er alröng ágiskun hjá hv. 2. þm. Vestf. að ég viti um eitthvað þarna á bak við sem ég kjósi að leyna þingið. Það er ekki. Ég bendi einfaldlega á að vextir á Íslandi eru ekki ákveðnir með valdboði ríkisins. Það liggur í hlutarins eðli þegar valddreifing ræður för í vaxtaákvörðunum þá kann svo að vera að menn greini einmitt á um hvað séu eðlilegir vextir á markaðinum. Það vill svo til að Íslandsbanki hefur ákveðið að hækka þarna örlítið. Hann hefur áður kosið að fylgja vaxtabreytingum sem ríkið hefur m.a. haft forgöngu um á þessu ári. Það getur vel verið að þeir hafi sínar ástæður til þess. En þegar á heildina er litið vona ég að ljós lækkunar vaxta muni líka skína yfir þeim.

Dómar í kynferðisafbrotamálum.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það hefur vakið óhug manna að undanförnu hve vægir dómar hafa fallið í alvarlegum ofbeldismálum þar sem beitt hefur verið kynferðislegu ofbeldi, m.a. gagnvart börnum og unglingum. Einnig er

mikið um að alvarleg kynferðisafbrotamál séu felld niður hjá rannsóknarlögreglu eða ríkissaksóknara. Þetta kom fram í svari við skriflegum fyrirspurnum mínum fyrir einu og hálfu ári um málsmeðferð kynferðisafbrota gagnvart börnum.

Þetta hlýtur að vekja spurningar um hvort ekki sé ástæða til að skoða meðferð slíkra mála betur. Refsiramminn er skýr og hefur nýlega verið hertur. Ofbeldisglæpir þar sem kynferðisofbeldi er beitt eru lagðir að jöfnu við aðrar alvarlegustu líkamsárásir, svo sem limlestingar, morð og manndráp. Heimilt er að beita þungum refsingum en það er ekki gert. Hvað veldur? Enginn dregur sjálfstæði dómsvaldsins í efa né að nýuppkveðnir dómar séu út af fyrir sig innan ramma laganna. En er ekki eitthvað að löggjöf okkar fyrst hún tekur ekki af öll tvímæli um að kynferðisglæpir séu brot sem ber að taka hart á?

Ég vil því spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hann hafi í hyggju að láta taka saman upplýsingar um dóma sem kveðnir hafa verið upp í kynferðisafbrotamálum undanfarin ár og niðurfellingar alvarlegra kynferðisafbrotamála. Einnig hvort hann sé reiðubúinn til að láta kanna á vegum ráðuneytisins hvaða leiðir sé unnt að fara í lagasetningu ef í ljós kemur, sem ég vænti að verði, að oft séu kveðnir upp ótrúlega vægir dómar í alvarlegum kynferðisafbrotamálum eða mál jafnvel felld niður.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Eins og hv. þm. minntist á samþykkti Alþingi á sl. vori ný lagaákvæði að því er varðar kynferðisafbrot þar sem kveðið var á um strangari meðferð þessara mála. Í sjálfu sér eigum við eftir að fá reynslu af því hvernig þessi breyting á hegningarlögunum kemur til með að hafa áhrif á íslenska dóma. Það er of skammt um liðið frá því að þessar nýju lagareglur voru settar til þess að unnt sé að gera einhverja almenna grein fyrir því hvaða áhrif þær hafa haft.

Ég vil svo minna á vegna þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað að undanförnu að ákvörðun hefur ekki verið tekin um hvort því tiltekna máli sem hér hefur verið helst til umræðu verður áfrýjað til Hæstaréttar svo að mér sé kunnugt um, en á endanum er það Hæstiréttur sem sker úr í þessu efni verði málum vísað þangað. Þar fæst fyrst hin endanlega niðurstaða komi til áfrýjunar. Þegar eðlilegur tími er liðinn frá því að hinar nýju lagareglur voru settar er eðlilegt að menn geri athugun á því hvaða áhrif þær hafa haft á framkvæmd þessara mála og niðurstöður mála fyrir dómstólum.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Má ég spyrja hæstv. dómsmrh. beint: Telur hann að nýjar breytingar á hegningarlögum muni verða til þess að þessir dómar verði harðari í framtíðinni en nú er?

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hvorki ég né Alþingi kveða upp dóma. Við setjum lagareglur. Það varð samkomulag á Alþingi síðasta vor um þær breytingar sem þá voru gerðar á hegningarlögunum í þessu skyni. En hvorki ég né Alþingi kveða upp dóma í þessu efni.

Bætur vegna skertra aflaheimilda.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. boðaði í sumar að hæstv. ríkisstjórn mundi bæta þeim byggðarlögum og útgerðum skerðinguna sem verst verða úti vegna þorskbrestsins. Nú er spurt: Á hvaða hátt hyggst hann standa við þessi fyrirheit sín?

Menn eru orðnir langeygir eftir að heyra forsrh. útfæra þessar tillögur sínar og áttu satt að segja von á því í gær að heyra eitthvað um þetta mál í stefnuræðu forsrh.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegur forseti. Eins og ég hef áður greint frá hafa meginreglurnar verið samþykktar í ríkisstjórninni um það með hvaða hætti menn vilja bæta þeim svæðum, skipum og útgerðum, sem mestan þorskbrest urðu að sætta sig við, skerðinguna. Ég hef áður sagt að þar eru menn að miða við tiltekna lágmarksprósentu sem ég hef áður greint frá. Ríkisstjórnin samþykkti síðan að fela þriggja manna nefnd sem þrír ráðherrar, sjútvrh., fjmrh. og viðskrh. skipuðu að útfæra nánar þessar tillögur. Ég vek athygli á því að viðskrh. vék að þessu máli sérstaklega í sinni ræðu hér í gær.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar að spyrja hæstv. forsrh.: Hvenær lýkur þessi nefnd störfum?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég get ekki greint frá því núna hvenær það verður en ég vænti þess að það verði innan skamms.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ef þetta tekur u.þ.b. ár verður þá ekki búið að selja allan kvótann úr Hagræðingarsjóði í millitíðinni?

Mál Sophiu Hansen og áhrif EES-samnings á byggðaþróun.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að bera fram tvær fyrirspurnir til hæstv. forsrh. Sú fyrri varðar mál Sophiu Hansen. Ég vil spyrja ráðherrann hvort það kæmi til álita af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að styrkja hana til að sækja rétt sinn til dómstóla í Tyrklandi. Það er afar raunalegt að horfa upp á þetta mál. Ég verð að segja að það er þannig vaxið að jafnvel þótt menn litu til slíkrar aðstoðar er erfitt að líta á það sem fordæmi fyrir ókomin tilvik.

Síðari spurningin lýtur að byggðamálum og hvern-

ig þau muni þróast verði samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið að veruleika. Ég spyr hæstv. forsrh. að því hvort ráðuneytið hafi látið gera úttekt á þróun byggðar verði þetta samkomulag staðfest hér á landi. Ég vek athygli á því að eftir því sem ég best veit er ekki til nema ein skýrsla eða ein úttekt um þetta málefni og hún er frá Byggðastofnun og var gefin út 14. mars á síðasta ári. Niðurstöður þeirrar skýrslu draga fram afar dökka mynd af búsetuþróun innan lands verði þróunin á þeim nótum sem þar er gert ráð fyrir og eins og samningsdrögin litu út á þeim tíma. Ég sé ekki að neitt hafi breyst hvað sjávarútveginn varðar og því hljóta niðurstöður skýrslunnar að vera enn í fullu gildi. Þar segir einmitt að óhjákvæmilega muni byggð leggjast af eða forsendur fyrir búsetu bregðast á mörgum stöðum á landsbyggðinni. Ég vil því, virðulegur forseti, leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra hvort fyrir liggi einhver önnur úttekt um áhrif samningsins á byggðaþróun hér á landi.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Vestf. spyr tveggja mjög ólíkra spurninga í sömu spurningunni ef svo má segja. Það hefur ekki verið gerð nein ný úttekt af hálfu forsrn. vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og áhrif hans á byggð. Ég tel hins vegar einboðið að einmitt þessi samningur sé hagstæður og hagfelldur landsbyggðinni. Ég lít á þennan samning sérstaklega sem landsbyggðarsamning. Sjávarútvegurinn er öflugastur úti um landið og ég er ekki í vafa um að einmitt þessi samningur og þær atvinnuforsendur sem hann skapar er sá grunnur sem hægt er að leggja að nýsköpun í atvinnulífi og er landsbyggðinni afskaplega hagstæður.

Varðandi Sophiu Hansen og mál hennar að þá hefur utanrrn. þegar lagt fram fjárhagslegar tryggingar og í fjáraukalögum verður ráðuneytinu bætt sú fjárhæð. Ég skal ekki segja til um hvort sú fjárhæð verður aukin frá því sem þegar er orðið. Við skulum gera okkur grein fyrir því að þótt þetta mál sé afskaplega viðkvæmt og vandmeðfarið þá eru fleiri sík mál í gangi sem menn hafa kosið að fara ekki með í fjölmiðla og reyndar er kannski ekki um jafnerfiðar aðstæður að ræða í þeim málum og í þessu tiltekna dæmi. Hér getur því verið um fordæmismál að ræða. En vegna sérstöðu málsins hefur utanrrn. þegar lagt út allnokkra fjárhæð sem ráðuneytinu verður síðan bætt upp í fjáraukalögum.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég vek athygli á því að hvað mat hans á áhrifum samningsins á byggðaþróun hér á landi varðar þá er forsrh. að upplýsa að engin úttekt hafi verið gerð á áhrifum samningsins á byggðaþróun innan lands önnur en sú sem fyrir liggur af hálfu Byggðastofnunar og er dagsett í mars 1991. Ráðherrann er að lýsa sig algerlega ósammála niðurstöðu Byggðastofnunar. Forsrh., yfirmaður Byggðastofnunar og byggðamála hér á landi, er að lýsa sig algerlega ósammála þeim niðurstöðum sem Byggðastofnun hefur komist að. Það kalla ég tíðindi, virðulegur forseti, þegar það er annars vegar upplýst að ekkert hefur verið athugað í sambandi við þessi mál af hálfu hæstv. forsrh. og í öðru lagi vísar ráðherrann því í raun og veru á bug sem sú stofnun hefur gert í þessum efnum sem til þessa hefur verið falið það verkefni að skoða þessi mál. Mér finnst að hæstv. ráðherra hefði gjarnan mátt láta þessi mál til sín taka fyrr en komið hefur fram.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegur forseti. Það er alger misskilningur hjá hv. þm. að hér sé um einhver tíðindi að ræða. Ég hef margoft sagt það og reyndar hafa talsmenn samningsins um EES bæði sagt og fullyrt enda blasir það við að í samningnum felist mikil hagsbót fyrir hinar dreifðu byggðir í landinu. Andstæðingum samningsins hefur ekki tekist að hrekja það. Sjávarútvegurinn er mikilvægasti atvinnuvettvangur á landsbyggðinni, sjávarútvegurinn mun standa við samninginn mun betur eftir en áður, það ættu menn almennt að geta viðurkennt. Ég held reyndar að menn viðurkenni það almennt, jafnvel þeir sem eru andstæðingar samningsins af öðrum ástæðum.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Mér heyrist hæstv. ráðherra snúa hlutunum við. Hann hefur ekki getað hrakið niðurstöður Byggðastofnunar. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að ef landsbyggðin eigi að halda velli sem samfelld byggð um landið allt verði núverandi stjórnvöld að líkja eftir skilyrðum samkeppnisatvinnugreinarinnar erlendis. Hvað eru menn að gera í sjávarútvegi í Evrópu? Þeir eru að styrkja sjávarútveginn um milljarðatugi á hverju ári. Það er áætlað að styrkur til sjávarútvegs í EB-löndunum á síðasta ári hafi numið 64,5 milljörðum króna. Ef íslenskur sjávarútvegur hefði átt að vera samkeppnisfær, njóta sambærilegra skilyrða, hefði hann þurft að fá 16,5 milljarða kr. í styrk á síðasta ári. Það er alveg augljóst mál að þær niðurstöður og staðreyndir sem hér eru dregnar fram staðfesta það að samningurinn skapar íslenskum sjávarútvegi ójöfn samkeppnisskilyrði á við sjávarútveg í Evrópu. Það hefur hæstv. ráðherra ekki tekist að hrekja.

Hækkun meðlags til einstæðra foreldra.

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Er hæstv. heilbr.- og trmrh. tilbúinn að beita sér fyrir því að nýta sér tiltækar lagaheimildir til að hækka meðlagsgreiðslur til einstæðra foreldra, annaðhvort almennt þannig að meðlag nemi helmingi af framfærslukostnaði barns, eins og Félag einstæðra foreldra hefur lagt til, eða þannig að meðlagsgreiðslur endurspegli greiðslugetu þess foreldris sem er meðlagsskylt eins og sérstök nefnd sem nýlega hefur fjallað um þessi mál leggur til?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er hlutverk sýslumanna að

úrskurða meðlagsgreiðslur. Lágmarksúrskurður eða lágmarksfjárhæð meðlagsgreiðslna má aldrei verða lægri en nemur barnalífeyri á hverjum tíma. Hins vegar getur sýslumaður úrskurðað hærri meðlagsbætur. Það getur heilbrigðisráðherra ekki gert. Slíkt er ekki í hans höndum heldur á valdi sýslumanna.

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. svarið. Hins vegar velti ég því fyrir mér hvort hann geti beitt sér fyrir lagabreytingu þannig að þetta geti orðið. Mér skilst samkvæmt upplýsingum sem liggja fyrir að þetta geti orðið umtalsverður sparnaður fyrir ríkissjóð og ríkissjóði veitir víst ekki af nú á tímum.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan er það ekki í valdi heilbrrh. að úrskurða um fjárhæð meðlagsgreiðslna. Það sem heilbrrh. gæti beitt sér fyrir er að breyta fjárhæð barnalífeyris sem er lágmark þess sem úrskurða má sem meðlagsgreiðslur. Barnalífeyrismál eru í skoðun í heilbrrn. í framhaldi af niðurstöðu sérstakrar nefndar sem fjallaði um þessi mál. Það er auðvitað alveg rétt hjá hv. þm. að það er ekki eðlilegt að efnað foreldri geti með hjónaskilnaði komið sér hjá því að taka eðlilegan þátt í framfærslukostnaði barna.

Þessi ákvörðun er hins vegar í valdi sýslumanns. Hann getur úrskurðað samkvæmt gildandi lögum þá meðlagsgreiðslu sem hann telur eðlilega miðað við framfærslukostnað og miðað við fjárhagsgetu þess foreldris sem meðlagið á að greiða. Það er ekkert í lögum sem kemur í veg fyrir það. Hins vegar hafa þeir sem um þessi mál hafa fjallað hingað til af einhverjum ástæðum ekki gert slíkt nema í algerum undantekningatilvikum. Heilbrrn. mun beita sér fyrir að kynna fólki rétt sinn til að fara fram á hærri meðlagsúrskurð en nemur barnalífeyri og mun ítreka ósk um að sýslumenn skoði þau mál við úrskurð á meðlagsgreiðslum.

Endurskoðun laga um fæðingarorlof o.fl.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Í greinargerð með fjárlagafrv. segir í kaflanum um heilbrigðismál, með leyfi forseta. „Áformað er að lækka útgjöld lífeyristrygginga um 580 millj. kr. með sérstökum aðgerðum. Stefnt er að því að eignatengja lífeyrisgreiðslur, enda nái fram að ganga áform um fjármagnseignarskatt. Þá verða lög um fæðingarorlof, mæðra- og feðralaun, svo og um ýmsar félagslegar sérbætur lífeyristrygginga einnig endurskoðuð."

Ég spyr því hæstv. heilbrrh.: Hvaða markmiði á sú endurskoðun að þjóna? Á að lækka greiðslur vegna fæðingarorlofs og feðra- og mæðralauna eða á með þessari endurskoðun að bæta hag foreldra ungra barna?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Af ýmsum ástæðum þarf að endurskoða lög um fæðingarorlof, m.a. til að reyna að draga úr því mikla misrétti sem nú ríkir um réttindi mæðra til fæðingarorlofs eftir því hjá hvaða vinnuveitanda þær starfa. Þá þarf einnig að skoða mæðra- og feðralaun m.a. til samræmis við þær greiðslur, þ.e. barnabætur og barnabótaauka, sem einstæðum foreldrum eru tryggðar í gegnum skattkerfið. Það eru margar ástæður sem gera það að verkum að endurskoða þarf þessa lagabálka. Ef niðurstaðan yrði sú að það væri hægt að veita sömu þjónustu fyrir minna fé mundu menn velja þá leiðina reikna ég með. Ég get náttúrlega ekkert sagt fyrir fram um hver verður niðurstaða endurskoðunar um þessi mál sem er nýlega hafin. Þessi mál er verið að endurskoða út frá mörgum hliðum.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin. Ég vænti þess svo sannarlega að sú endurskoðun leiði til þess að misræmi, sem vissulega er á greiðslum fæðingarorlofs til kvenna eftir því hjá hvaða vinnuveitanda þær eru, verði leiðrétt. Ég vil í því sambandi benda á hversu mikill munur er á greiðslum til heimavinnandi húsmæðra og þeirra sem eru útivinnandi. Ég vil einnig benda honum á í þessu sambandi að ég tel að það sé meiri þörf á að styrkja foreldra ungra barna en að rýra kjör þeirra. Ég vona því að sú endurskoðun sem nú fer fram muni taka mið af því og bæta hag foreldra ungra barna.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Tilgangur þessarar endurskoðunar er ekki sá að rýra hag þeirra sem þurfa á aðstoðinni að halda. Tilgangurinn er öðrum þræði sá að þeir sem ástæðulaust er að njóti stuðnings hins opinbera séu ekki settir í forgangshóp með þeim sem á stuðningnum þurfa að halda eins og ég tók hér fram áðan. Það er ástæðulaust að hafa það kerfi að efnaður faðir með háar tekjur geti komið sér undan framfærsluskyldu sinni með því að skilja við móður barna sinna.

Eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 78. mál (EES-reglur). — Þskj. 83.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnB, GunnS, IBA, IP, JÁ, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MJ, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁJ, ÁMM, EKJ, FrS, HÁ, HBl, HG, JóhS, JGS, JBH, KSG, MF, MB, PP, PJ, RG, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnB, GunnS, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, KHG, KE, LMR, MJ, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
20 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, HÁ, HBl, HG, JóhS, JBH, JVK, KSG, KÁ, MF, MB, PP, PJ, RG, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

Friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana, frh. 1. umr.

Stjfrv., 41. mál. — Þskj. 42.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, GHelg, GunnB, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
17 þm. (ÁJ, ÁMM, GÁ, HÁ, HBl, JóhS, JBH, KSG, MJ, MF, MB, PP, RG, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til utanrmn. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnB, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MJ, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁJ, ÁMM, HÁ, HBl, JóhS, JBH, KSG, MF, MB, PP, RG, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

Vegasamband hjá Jökulsárlóni, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 23. mál. — Þskj. 23.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnB, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MJ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
14 þm. (ÁJ, ÁMM, HÁ, HBl, JóhS, JBH, KSG, MF, MB, RG, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnB, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MJ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE.
15 þm. (ÁJ, ÁMM, HÁ, HBl, JóhS, JBH, KSG, MF, MB, RG, SP, StG, StH, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Íslenskt sendiráð í Japan, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 64. mál. — Þskj. 66.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MJ, ÓRG, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
17 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, GunnB, HÁ, HBl, JóhS, JBH, KSG, MF, MB, ÓÞÞ, RG, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnB, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MJ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
14 þm. (ÁJ, ÁMM, HÁ, HBl, JóhS, JBH, KSG, MF, MB, RG, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

Jarðhitaréttindi, frh. 1. umr.

Frv. HG o.fl., 69. mál. — Þskj. 71.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnB, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MJ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁJ, ÁMM, HÁ, HBl, JóhS, JBH, KSG, MF, MB, RG, SP, StG, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til iðnn. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnB, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MJ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
14 þm. (ÁJ, ÁMM, HÁ, HBl, JóhS, JBH, KSG, MF, MB, RG, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

Sveigjanlegur vinnutími, frh. fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 72. mál. — Þskj. 74.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnB, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MJ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁJ, ÁMM, HÁ, HBl, JóhS, JBH, KSG, MF, MB, PJ, RG, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

Till. vísað til félmn. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnB, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MJ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
14 þm. (ÁJ, ÁMM, HÁ, HBl, JóhS, JBH, KSG, MF, MB, RG, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

Gatnagerðargjöld, frh. 1. umr.

Frv. ASv og KHG, 87. mál (göngustígar o.fl.). — Þskj. 95.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnB, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MJ, ÓRG, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁJ, ÁMM, HÁ, HBl, JóhS, JBH, KSG, MF, MB, ÓÞÞ, RG, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnB, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MJ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
14 þm. (ÁJ, ÁMM, HÁ, HBl, JóhS, JBH, KSG, MF, MB, RG, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. KHG, 94. mál (tryggingaráð). — Þskj. 106.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnB, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JHelg, JónK, JónS, KHG, KÁ, KE, LMR, MJ, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
18 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, HÁ, HBl, JóhS, JGS, JBH, JVK, KSG, MF, MB, PP, RG, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnB, GunnS, HG, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MJ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁJ, ÁMM, HÁ, HBl, IP, JóhS, JBH, KSG, MF, MB, RG, SP, StG, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

Jöfnunartollur á skipasmíðaverkefni, frh. fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 88. mál. — Þskj. 98.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnB, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MJ, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
20 þm. (ÁJ, ÁMM, EKG, FrS, HÁ, HBl, JóhS, JGS, JBH, JónS, KSG, KÁ, MF, MB, ÓRG, PJ, RG, SP, StG, TIO) fjarstaddir.

Till. vísað til efh.- og viðskn. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG,

EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, GHelg, GunnB, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁJ, ÁMM, GÁ, HÁ, HBl, JóhS, JBH, KSG, MJ, MF, MB, RG, SP, StG, SvG, TIO) fjarstaddir.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Frv. KHG og ISG, 89. mál (aðdróttanir við opinberan starfsmann). — Þskj. 99.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, GHelg, GunnB, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MJ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁJ, ÁMM, GÁ, HÁ, HBl, JóhS, JGS, JBH, KSG, MF, MB, RG, SP, StG, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, GHelg, GunnB, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁJ, ÁMM, GÁ, HÁ, HBl, JóhS, JBH, KSG, MJ, MF, MB, PP, RG, SP, StG, SvG, TIO) fjarstaddir.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Frv. KHG, 93. mál (skyldusparnaður). — Þskj. 105.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, GHelg, GunnB, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, KHG, KÁ, KE, LMR, MJ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁJ, ÁMM, GÁ, HÁ, HBl, JóhS, JBH, JVK, KSG, MF, MB, RG, SAÞ, SP, StG, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GGuðbj, GHelg, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MJ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁJ, ÁMM, GHall, GÁ, GunnB, HÁ, HBl, JóhS, JBH, KSG, MF, MB, RG, SP, StG, TIO) fjarstaddir.

Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, frh. 1. umr.

Stjfrv., 34. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 35.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð um liðið síðan mælt var fyrir þessu máli en að beiðni okkar stjórnarandstöðuþingmanna var umræðu frestað á sínum tíma en nú er stundin runnin upp. Að mínum dómi er hér um nokkuð stórt mál að ræða ef grannt er skoðað því að hér er á ferð eitt þeirra frumvarpa sem getur haft veruleg áhrif á íslenskt atvinnulíf. Þær spurningar hljóta að vakna hvernig þeir sem þetta mál snertir eru undir þessar breytingar búnir. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að rifja upp fyrir þingheimi út á hvað þetta mál gengur þar sem svo langt er liðið síðan hæstv. ráðherra mælti fyrir því. Í stuttu máli sagt gengur frv. út á það að með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði ber opinberum aðilum skylda til þess að bjóða út framkvæmdir á sínum vegum svo og innkaup á vegum opinberra aðila. Það eru ýmis atriði í frv. sem vekja spurningar. Ég vil því beina nokkrum spurningum til hæstv. fjmrh.

Þá er fyrsta spurningin sú hvort menn í fjmrn. hafi reynt að gera sér einhverja grein fyrir því hvaða áhrif þessar breytingar kunni að hafa á íslenska verktakastarfsemi. Nú bárust fréttir af því nýlega að um miklar fjárfestingar hefur verið að ræða í tækjabúnaði hjá verktökum en jafnframt er mikill samdráttur í framkvæmdum. Sú þróun hefur því átt sér stað að það er verið að bjóða í verk langt undir raunverulegum kostnaði. Það segir okkur þá sögu að staða þeirra verktakafyrirtækja hljóti að versna mjög á þessu ári og væntanlega því næsta ef ekki verður nokkur aukning á framkvæmdum en samdrátturinn í þjóðfélaginu kemur auðvitað níður í þeim eins og öðrum. Við hljótum að velta því fyrir okkur hvað þetta þýðir fyrir þessi fyrirtæki. Sú spurning vaknar einnig hversu freistandi það er fyrir erlenda verktaka að koma hingað og bjóða í verk. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hversu mörg verk á vegum opinberra aðila hefðu verið útboðsskyld á þessu ári samkvæmt frv.? Hafa menn áttað sig á stærðargráðunni, hvað er þarna um að ræða?

Ef ég skil frv. rétt verður gangur mála sá að opinberir aðilar undirbúa útboð. Síðan verða þeir að senda auglýsingu til Evrópubandalagsins, auglýsingu sem verður birt á öllu Evrópska efnahagssvæðiinu. Ég vil spyrja ráðherrann hvort það sé rétt skilið hjá mér að það sé nægjanlegt að sú auglýsing sé á einu tungumáli

og það sé þá verkefni Evrópubandalagsins og annarra aðila að sjá um að birta auglýsingarnar á viðkomandi tungumálum. Hver ber kostnaðinn af þessum auglýsingum? Það sama gildir auðvitað um innkaupin. Hvað halda menn að þetta sé mikill kostnaður og hver á að bera hann? Leggst hann á framkvæmdakostnað eða hvernig verður að því staðið?

Varðandi innkaupin hlýtur maður auðvitað að velta því fyrir sér hvaða áhrif þessar reglur kunna að hafa á kaup á íslenskum vörum. Það fylgir hér langur listi yfir þær vörur sem frv. nær yfir. Ég ætla ekki að tíunda þær. En til þess að gera sér grein fyrir áhrifum þessarar greinar frv. vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann hafi upplýsingar um það hversu stór hluti af innkaupum Innkaupastofnunar ríkisins er íslenskar vörur og hver gætu áhrifin hugsanlega orðið. Staðreyndin er sú að opinber fyrirtæki kaupa vörur í stórum stíl á vegum ríkisins. Við getum nefnt þar t.d. hreinlætisvörur fyrir sjúkrahúsin og fleira slíkt sem í sumum tilfellum fer í gegnum Innkaupastofnun ríkisins, öðrum ekki. Hvaða áhrif hefðu breytingarnar sem frv. leggur til? Við getum gefið okkur það að ýmsir stórir erlendir aðilar hefðu hugsanlega tækifæri til þess að undirbjóða eða hreinlega vera með ódýrari framleiðsluvöru en fást hér á landi. Þó að samningurinn kveði á um það hvers konar undirboð og óeðlilegir viðskiptahættir séu óheimilir hafa menn hingað til verið býsna duglegir við að finna leiðir til þess að undirbjóða.

Það er spurning varðandi þær viðmiðanir sem eru í frv., þ.e. að það þarf ekki að bjóða út verkáfanga sem eru að verðmæti minna en 1 millj. ECU, þó þannig að þeir séu ekki meira en 20% af öllu verkinu og eins það að skylt er að bjóða út öll verk sem kosta meira en 5 millj. ECU. Hvað þýðir þetta? Af hvaða stærðargráðu eru verk sem hér um ræðir? Ég held að ég fari rétt með það að 5 millj. ECU séu um 350 millj. kr. eða hátt í 400 millj. kr. Það er dágóð bygging sem fæst fyrir það. Ég heyrði dæmi um sundlaug hér í borginni sem á kosta 350–400 millj. kr. Erum við að tala um að það þurfi að bjóða út allar íþróttabyggingar? Það liggur ljóst fyrir að það verður að bjóða út allar stærri bygginga á hinu Evrópska efnahagssvæði. Það gæti átt eftir að koma illa við íslenska verktaka.

Það er ýmislegt fleira í frv. sem vert er að nefna. Ég var líka að velta því fyrir mér varðandi gang þessara mála hvað þetta þýðir fyrir skipulag útboða. Það þarf að bjóða verkin út á hinu Evrópska efnahagssvæði. Hvað þýðir þetta fyrir undirbúninginn? Gæti þetta orðið til að tefja verkið eða þurfa menn einfaldlega bara að skipuleggja sig betur og vera þá tilbúnir með útboðin með góðum fyrirvara? Við vitum að framkvæmdatími hér á landi er styttri en víðast hvar annars staðar. Það gefur auga leið að fylgjast verður með því að þessum ákvæðum sé framfylgt. Í frv. eru ákvæði sem heimila eftirlitsstofnun EES að fylgjast með framkvæmd þessara laga. Það er eitt af því sem óhjákvæmilega fylgir þessum samningi að menn verða að gera svo vel og sætta sig við það að erlendar sendinefndir komi og fylgist með því hvernig samningnum er framfylgt.

Þetta eru helstu spurningar sem vöknuðu hjá mér við lestur frv. Við eigum eftir að fara mjög ítarlega yfir þetta mál í efh.- og viðskn. En ég vil að lokum nefna að í þessu frv., eins og flestum þeim sem snerta frv. um hið Evrópska efnahagssvæði, er gert ráð fyrir mjög víðtækum heimildum til ráðherra til að semja reglugerðir. „Ráðherra ákveður í reglugerðum," segir hér í nokkrum greinum frv. M.a. á hann að ákveða að einstakar tegundir verksamninga séu ekki háðar ákvæðum þessa kafla. Ég vil gjarnan spyrja ráðherrann um skilning hans á því um hvaða verksamninga gæti hér verið að ræða. Það er reyndar vikið að því í greinargerð að það gefur auga leið að vatnsveitur og rafveitur og ýmislegt slíkt er af þeirri stærðargráðu að þær verða óhjákvæmilega boðnar út. En hvað sér hann fyrir sér í þessu? Um hvaða verksamninga gæti hér verið að ræða?

Að endingu vil ég ítreka það að ég tel að hér sé um mál að ræða sem er eitt dæmi þess hvaða áhrif samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði og fylgifrumvörp hans gætu haft á íslenskt efnahagslíf og íslenska atvinnustarfsemi. Ég dreg mjög í efa, og hef fyrir mér fólk í verktakabransanum, að íslenskir verktakar séu búnir undir erlenda samkeppni og það að hingað komi fyrirtæki og bjóði í verk á móti íslenskum aðilum. En ég vil þó geta þess að auðvitað eru þess dæmi varðandi okkar stórvirkjanir að þar hafa erlendir aðilar komið að og vonandi ekki annað en góð reynsla af því, enda oft um mjög stór verk að ræða sem íslenskir aðilar hafa varla ráðið við eða þeir hafa þá verið í samvinnu við erlenda aðila, en hér er auðvitað um mjög mikla víkkun á heimildum að ræða.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er auðvitað um að ræða eitt stærsta málið sem fylgir þessum samningi um Evrópskt efnahagssvæði þar sem hér er gert ráð fyrir því að breyta lögum um skipan opinberra framkvæmda og lögum um opinber innkaup. Hér er um að ræða frv. sem snertir í raun og veru atvinnulífið mjög víða og sömuleiðis efnahagsmálin yfirleitt og þess vegna er full ástæða til þess að staldra við það nokkuð ákveðið.

Frv. gerir ráð fyrir því að framkvæmdir og innkaup yfir tilteknu marki í verðmætum skuli alltaf boðin út á hinu Evrópska efnahagssvæði. Það er það sem frv. segir ósköp einfaldlega. Það er auðvitað hægt að hafa um það mörg fleiri orð en þetta er hin einfalda niðurstaða, hin einföldu skilaboð frv. Með öðrum orðum, eftir að þetta frv. væri orðið að lögum ef samþykkt verður, er okkur bannað að taka á þessum verkum á vegum okkar einna hér á Íslandi. Það er óheimilt. Það er með öðrum orðum verið að skerða frelsi íslenskra stjórnvalda og íslenskra verktaka til þess að sitja einir að verkum ef þannig stendur á að menn telja það af efnahagsástæðum eða atvinnuástæðum pólitískt skynsamlegt. Það er verið að banna það. Það er verið að þrengja í raun og veru frelsi okkar að þessu leytinu til.

Þetta getur auðvitað orðið býsna afdrifaríkt á ýmsum sviðum ef það er þannig að íslenskir verktakar mega ekki sitja einir að verkum sem eru kannski sett

af stað til þess að auka atvinnu á Íslandi. Hæstv. utanrrh. gerði grein fyrir því hér fyrr á þessu ári þegar fréttir spurðust um það að þorskstofninn stæði mjög illa að hann teldi nauðsynlegt að setja af stað framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun fyrr en ella vegna þess fyrst og fremst að þar með væri verið að auka atvinnu. Af einhverjum ástæðum dró hæstv. utanrrh. fljótlega í land með tillögu sína um að flýta Fljótsdalsvirkjun, ekki bara vegna þess að markaðurinn er ofsetinn af rafmagni eins og menn þekkja, heldur fyrst og fremst vegna þess að ef við verðum aðilar að Evrópsku efnahagssvæði er engin trygging fyrir því að þau verkefni komi til Íslendinga sem ákveðið yrði að efna til, t.d. stórvirkjanir eða stórframkvæmdir af ýmsu tagi.

Þess vegna er hér verið að draga úr frelsi efnahagslífsins, draga úr frelsi atvinnulífsins og draga úr frelsi t.d. verkalýðshreyfingarinnar til að semja um að tilteknar aðgerðir í atvinnumálum verði í þágu íslenskra launamanna einna. Það er verið að banna það. Það er t.d. verið að banna að ráðist verði í segjum einhverjar stórframkvæmdir á Suðurnesjum upp á kannski 400 millj. kr. eða meira fyrir íslenska verkamenn eina. Það er bannað samkvæmt þessu frv. ef það verður að lögum. Það verður að bjóða það út á hinu almenna Evrópska efnahagssvæði. Þetta er auðvitað grundvallarmunur á þeim aðstæðum sem íslensk fyrirtæki hafa búið við.

Eins og hv. 18. þm. Reykv. benti á áðan snertir þetta ekki bara ríkið. Þetta snertir einkaaðilana og þetta snertir sveitarfélögin mjög mikið. Setjum fyrir okkur dæmi sem er svona: Hafnarfjörður, Garðabær og Kópavogur ákveða í sameiningu að byggja íþróttahús sem er miðsvæðis fyrir þessi byggðarlög. Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess að hér situr hv. 1. þm. Reykn. sem er einn af forustumönnum bæjarmála í Kópavogi fyrir Sjálfstfl. Ímyndum okkur að staðan sé sú að Kópavogur, Hafnarfjörður og Garðabær ákveði að byggja stórt íþróttahús eða eitthvert annað slíkt sameiginlegt mannvirki, t.d. sýningahús eða eitthvað þess háttar, og að þessi bæjarfélög vilji um leið reyna að leysa atvinnuvandann á þessu svæði alveg sérstaklega og koma þessu í hendurnar á ýmsum innlendum verktökum sem koma mjög við sögu í öðru formi, í stjórn Kópavogs og í stjórn Hafnarfjarðar svo ég nefni dæmi. Samkvæmt þessu frv. ef að lögum verður er algjörlega útilokað að halda þannig á málum að þessir aðilar fengju þessi verkefni.

Nú geta menn sagt sem svo: Þetta er út af fyrir sig allt í lagi vegna þess að þó að þetta fengju erlendir verktakar, þá fengju þetta eftir sem áður innlendir verkamenn. En það er engin trygging fyrir því vegna þess að þessum erlendu verktökum er heimilt að hafa í vinnu þá sem þeir vilja. Verkalýðshreyfingin getur samkvæmt samningunum um Evrópskt efnahagssvæði ekki takmarkað hverjir eru í vinnu hjá hverjum verktaka. Það liggur auðvitað þannig að verktakinn ræður því, verkalýðshreyfingin ræður engu eftir þetta. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt fyrir menn að átta sig á því að hér er verið að gerbreyta íslensku atvinnuumhverfi.

Síðan eru í frv., virðulegi forseti, alveg kostuleg ákvæði um skerðingu á ritfrelsi og prentfrelsi á Íslandi. Ég er satt að segja undrandi á því að forseti Alþingis og ríkisstjórnin skuli taka mál af þessu tagi fyrir. Ég hef aldrei áður séð frv. á Alþingi sem er með þeim hætti og kemur fram t.d. fram í d-lið 4. gr. frv., sem verður 12. gr. laga um opinber innkaup, á bls. 5. Þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Hvers konar birting hér á landi á auglýsingu samkvæmt 1. gr. er óheimil þar til hún hefur verið send útgáfustjórn Evrópubandalagsins til birtingar." Það er sem sagt bannað að birta auglýsingu hér á landi fyrr en búið er að senda hana einhverri útgáfustjórn Evrópubandalagsins. Stenst þetta stjórnarskrána eða hvað, virðulegi forseti? Ég tala nú ekki um næstu setningu sem er svona: „Sendingardagur skal koma fram í auglýsingunni. Jafnframt er óheimilt að birta í innlendum fjölmiðlum aðrar upplýsingar um innkaupin en þær sem koma fram í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins."

Ætlar hæstv. fjmrh. að gera menn út af örkinni við að ritskoða t.d. íslensk dagblöð eða íslenska ljósvakamiðla? Verður það hlutverk míns ágæta félaga forðum og lengi vel og verður sjálfsagt einhvern tíma síðar, Indriða Þorlákssonar, að hlaupa á milli fjölmiðla og strika út það sem ekki stendur í auglýsingum sem eiga að fara til Evrópubandalagsins. Ég er alveg viss um það, virðulegi forseti, að þetta stangast á við stjórnarskrána því að það er bannað að leiða í lög takmarkanir á prentfrelsi hér á landi. Það er bannað að leiða það í lög þannig að þessi setning stenst ekki íslensk grundvallarlög, það er hafið yfir allan vafa.

Í þessu sambandi má kannski líka benda á bls. 2, þar sem er stafliður d, sem verður 24. gr. laga um skipan opinberra framkvæmda. Þar segir:

„Auglýsingar þær sem getið er um í 1. mgr. skulu sendar útgáfustjórn Evrópubandalagsins til birtingar eins fljótt og unnt er eftir að ákvörðun um útboð eða gerð verksamnings hefur verið tekin.

Hvers konar birting hér á landi á auglýsingu skv. 1. mgr. er óheimil þar til hún hefur verið send útgáfustjórn Evrópubandalagsins til birtingar." Síðan segir: „Jafnframt er óheimilt að birta í innlendum fjölmiðlum aðrar upplýsingar um útboðið en þær sem koma fram í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins."

Það stendur ekki að bannað sé að birta aðrar auglýsingar. Það stendur að bannað sé að birta aðrar upplýsingar. Og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort þetta er með ráðum gert, hvort þetta eru ekki bara mistök og hvort þessu hljóti ekki að verða breytt í meðförum þingsins því að ég er sannfærður um að þessi ritskoðunarákvæði, sem á að innleiða í frv., standast ekki grundvallarlög lýðveldisins, þ.e. stjórnarskrána. Það er bannað að leiða í lög allar takmarkanir á prentfrelsi í landinu eins og hæstv. fjmrh., sem er löglærður maður, þekkir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er á dagskrá um breytingar á lögum um skipan opinberra framkvæmda,

og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum, kemur til kasta efh.- og viðskn. þar sem sá sem hér stendur situr og er eitt mjög margra mála sem nefndin á eftir að fjalla um á næstu vikum ásamt hefðbundnum haustverkum þeirrar nefndar. Það er kapítuli út af fyrir sig hvernig menn ætla að skipuleggja starf þingsins þannig að hægt verði að komast skammlaust yfir þá vinnu alla saman. En að mínu mati, og það hef ég, virðulegi forseti, áréttað áður í þingræðu, er það lágmarkskrafa að nefndirnar séu búnar að fjalla um og kynna sér rækilega þessi fylgifrumvörp áður en hægt er að fara að hugsa um afgreiðslu samningsins á Alþingi. Það er ekki við almenna nefndarmenn, hvað þá stjórnarandstöðuna, að sakast að sá tími sem átti að vera í sumar til nefndarstarfa var ekki nýttur betur en raun bar vitni. Það hlýtur því allt saman að hafa veruleg áhrif á framgang málsins.

Ég ætla ekki að fara hér efnislega yfir frv. Það munum við gera í nefndinni undir verkstjórn ágæts formanns sem hefur lagt sig í líma við að afla þeirra upplýsinga sem um er beðið og fara vel yfir málið. Ég ætla hins vegar að koma örfáum orðum að þeim þætti málsins sem lýtur að því hversu vel íslenskir verktakar og íslenskt atvinnulíf er í stakk búið til þess að takast á við ný verkefni ef og þegar við tökum þátt í hinu Evrópska efnahagssvæði.

Það ber mikið á því í ræðum hæstv. ráðherra núv. ríkisstjórnar að þeir tala um þau stóru tækifæri sem bjóðist á þessum nýja markaði. Ég vil út af fyrir sig ekki neita því að þau kunni að vera til staðar. Ég hef hins vegar bent á það áður úr þessum ræðustól að ríkisstjórnin hafi algerlega gleymt heimavinnunni, þ.e. að skapa atvinnulífinu þann starfsgrundvöll að það verði samkeppnisfært. Og því miður bendir ekkert til þess í dag að ríkisstjórnin sé að breyta um takt.

Að vísu sagði hæstv. viðskrh. í gær að við meðferð fjárlagafrv. á næstu vikum yrði að gera þar á ákveðnar breytingar. Það yrði að fara í það að afnema veltuskattana, gjaldatengdu skattana af atvinnulífinu, en ég hlýt þá að spyrja: Hvers vegna var það ekki gert í fjárlagavinnunni? Hvers vegna á allt í einu núna að koma fram þegar búið er að leggja fjárlögin fyrir? Málið liggur einfaldlega þannig fyrir í dag að íslenskt atvinnulíf stendur að miklu leyti á brauðfótum. Það er ekki samkeppnisfært á opnum markaði. Það er í því sem hættan gagnvart þessu frv. liggur fyrst og fremst að mínu mati.

Það er svo annað mál að ýmislegt í textanum, þó að ég segði áðan að ég ætlaði ekki að fara í það efnislega, kemur manni mjög spánskt fyrir sjónir. Þar tek ég undir orð síðasta ræðumanns varðandi d-liðinn. Það er afskaplega óviðfelldið að sjá texta sem þennan í frv. til laga. Þetta er ekki orðinn lagatexti. Það á eftir að reyna það hvort menn vilja halda þessu inni í þessu formi.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð við 1. umr. Ég treysti því að þetta mál fái vandaða meðferð í nefnd og við fáum þar þær upplýsingar sem við köllum eftir gagnvart einstökum liðum. Ég mun einnig beita mér fyrir því að þeir aðilar sem þurfa að vinna undir þessum lögum, fulltrúar úr viðskiptalífinu og fulltrúar Verktakasambandsins, verði þar kallaðir fyrir og leitað eftir þeirra áliti.

Gunnar Birgisson:

Frú forseti. Ég vildi aðeins blanda mér inn í þessa umræðu og eyða misskilningi sem hefur komið fram hjá hv. þm. sem hafa tjáð sig um þetta mál á undan mér. Þar sem ég er í þessari atvinnugrein og þekki til hennar vil ég benda hv. þm. á að með þessu frv. er engin breyting frá því sem er í dag. Íslenskir verktakar eru að berjast við erlenda verktaka um verk í dag. Þessi viðmiðun, upp á tæpar 400 millj. sem lágmarksupphæð, er ekkert til að óttast held ég. Ég get nefnt eitt dæmi. Það var boðin út í fyrra lagning slitlags á flugvöll á Egilsstöðum upp á 250 millj. þar sem erlendur verktaki sá um verkið alfarið. Við íslenskir verktakar þekkjum það þess vegna að við erum að berjast á erlendum markaði við þessa verktaka. Þeir koma hingað en það sem kannski hrekur þá frá er smæð verkanna en þeir hafa komið ef um stærri verk er að ræða. Ég held að frv. sé til bóta fyrir okkur þar sem þetta gildir í báðar áttir. Við höfum ekki haft möguleika á að fara inn á Evrópumarkað þar til núna. Aftur á móti höfum við haft möguleika á að bjóða hér í nágrannalöndunum, þ.e. í Færeyjum og Grænlandi, og ég þekki það þar sem mitt fyrirtæki hefur unnið verkefni í Grænlandi, og léttir okkur verulega róðurinn.

Án þess að hafa kynnt mér nokkuð þetta frv. vildi ég bara eyða þessum misskilningi. Ég tel þetta til bóta fyrir íslenska verktaka, ekki öfugt. Svo eru margar aðferðir til í útboðum. Það eru til forvöl og annað slíkt þannig að menn geta sett upp sínar girðingar og það er það sem hin löndin í Evrópu gera og ég hef kynnt mér það nokkuð. Menn hlaupa ekkert svo á milli landa nema um verulega stór verkefni sé að ræða.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé viss misskilningur sem fram kemur hjá hv. 1. þm. Reykn. í þessu máli. Staðreyndin er auðvitað sú að alþjóðlegir verktakar hafa verið að bjóða í verk hér á landi. Það er rétt og það þekkja allir. Og við þekkjum það líka að íslenskir verktakar hafa verið að reyna að bjóða í verk erlendis og hafa stundum náð svo langt að fá þau tilboð samþykkt. En breytingin er auðvitað gífurleg engu að síður vegna þess að eftir að þetta hefur verið samþykkt er óheimilt að ákveða að íslenskir verktakar standi einir að þeim verkum sem ákveðin eru og þá er óheimilt að standa þannig að málum að íslenskir launamenn skuli einir vera í vinnu við þau verk sem ákveðin eru. Við þekkjum það frá undanförnum áratugum að verkalýðshreyfingin hefur haft tiltekið skipulag varðandi það hverjir vinna við stórframkvæmdir. Það hafa t.d. verið Rangæingar þegar unnið var inni á Hrauneyjafossvirkjun og Húnvetningar þegar unnið var í Blönduvirkjun. Slíkar takmarkanir eru óheimilar eftir þessu kerfi. En ekki aðeins þær heldur eru þær líka óheimilar gagnvart erlendum aðilum. Ég er ekki að amast við þeim á neinn hátt en ég er að segja að ég tel að menn verði að átta sig á því að hér er um að ræða

grundvallarbreytingu, skert frelsi íslenskra verktaka, íslenskra stjórnvalda og íslenskra launamanna.

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Frú forseti. Til að svara hv. þm. Svavari Gestssyni vil ég benda á að ef erlendir verktakar hafa áhuga á því að starfa á Íslandi og telja það vænlegt geta þeir stofnað hér dótturfyrirtæki. Það hafa erlendir verktakar gert, menn geta alltaf farið fram hjá þessu. Ég tel enga hættu á ferðum og að grundvallarbreytingin sé ekki sú sem hv. þm. heldur fram. Ég tel að þetta sé frekar af hinu góða en af hinu slæma.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað grundvallarmunur á því hvort menn eru að fara fram hjá reglum eða eftir reglum. Það er auðvitað rétt hjá hv. þm. að það hefur verið unnt að fara fram hjá reglum og stofna dótturfyrirtæki og koma sér þannig inn. Það sem hér er á ferðinni er að það er verið að afnema allar slíkar hugsanlegar takmarkandi reglur og í raun að banna alla mismunun gagnvart mönnum á þessu svæði. Hinu tók ég eftir í fyrri athugasemd hv. 1. þm. Reykn. sem er mjög athyglisvert. Hann upplýsti að það væru til leiðir til þess að fara fram hjá þessu. Til væru girðingarmöguleikar, svo ég noti orðbragð Framsfl. sem talar mikið af skiljanlegum ástæðum um girðingar í sambandi við Evrópskt efnahagssvæði.

Þó að ekki sé kostur á því við þessa umræðu væri fróðlegt að hv. 1. þm. Reykn. mundi hér eða á öðrum vettvangi greina frá því hvernig hann sem verktaki sæi þessa girðingarmöguleika sem hann lét koma fram áðan að væru hugsanlega til. Ég geri ráð fyrir því að þingmönnum yfirleitt séu þeir ekki ljósir vegna þess að girðingarmöguleikar að því er varðar þjóðerni, mismunun eftir þjóðerni, eru algerlega bannaðir. Það er í raun og veru lykilgreinin í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði að allar takmarkanir á grundvelli þjóðernis eru bannaðar. Það er svo einfalt. En hafi hv. 1. þm. Reykn. fundið aðferð fram hjá þessu óska ég honum til hamingju með það og skora á hann að gera alþjóð grein fyrir því máli hið allra fyrsta því að það gleddi örugglega fleiri en mig.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það er rétt, sem fram hefur komið, að það er nokkuð um liðið síðan flutt var framsöguræða í þessu máli og þess vegna er eðlilegt að menn þurfi að rifja upp hvar komið var í þessu efni. Ég vil byrja á því að taka undir með hv. þm. Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni þegar hann sagði að eðlilegt væri að nefndin tæki þetta mál til athugunar með þeim hætti að kallaðir yrðu til sérfræðingar og hagsmunaaðilar og þeir spurðir spjörunum úr. Það verður að sjálfsögðu gert og fulltrúar í fjmrn. munu kappkosta að koma öllum þeim upplýsingum sem á þarf að halda til nefndarinnar til að það starf geti gengið sem allra best.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurði nokkurra spurninga sem ég ætla að reyna að svara. Ef mér tekst það ekki í öllum atriðum vonast ég til þess að þau svör fáist þegar málið verður til meðferðar og umfjöllunar í nefndinni enda veit ég að hv. þm. á þess kost að fylgja spurningunum þar eftir. Hún spurði hvaða áhrif þessi lög, ef frv. yrði að lögum, kynnu að hafa á verktakamarkaðinn. Um það hafa farið fram nokkrar umræður nú við 1. umr. þar sem hv. 1. þm. Reykn., sem er vel kunnugur verktakaiðnaðinum, skýrði það mál nokkuð frá sjónarhóli þeirra sem hafa þurft að keppa á þeim markaði. Sannleikurinn er sá að samningurinn er ekki einhliða samningur um það að Íslendingar verða að sætta sig við að útlendingar komi inn á íslenska verktakamarkaðinn heldur felst gildi samningsins kannski ekki hvað síst í því að Íslendingum gefst nú kostur á að starfa á erlendri grund. Þeir geta þar á meðal boðið í verk þar sem Íslendingar hafa nokkra sérkunnáttu. Eins og flestir vita þá þekkja íslensk verktakafyrirtæki, sem hafa starfað hér við fulla samkeppni á undanförnum árum, talsvert til verka og á sumum sviðum betur en önnur samsvarandi fyrirtæki sem starfa á erlendri grund vegna þess að sumpart hafa verkefnin verið nokkuð sérhæfð, t.d. þegar um hitaveituverkefni er að ræða. Þannig gæti það hugvit og það verkvit sem við höfum aflað okkur í þessum fyrirtækjum nýst okkur til útflutnings í stærri stíl en verið hefur hingað til. Á þetta vil ég leggja áherslu því að mér sýnist stundum þegar hv. stjórnarandstæðingar tala hér í þingsölum að minnimáttarkennd þeirra sé slík að öll þessi löggjöf, sem verið er að setja varðandi EES, hljóti að koma okkur í koll og einhverjir vondir útlendingar hljóti að steypa íslenskum fyrirtækjum í glötun í samkeppni sem hér verður um ýmis verkefni. Ég held þvert á móti að íslensk fyrirtæki undir stjórn harðduglegra manna, þar sem mjög gott fólk vinnur sem hefur safnað upp starfsþekkingu, eigi mikla möguleika erlendis þegar þau fá tækifæri til að keppa, ekki síst þar sem um er að ræða sérhæfð verkefni sem þróast hafa við íslenskar aðstæður.

Önnur spurningin veit að því hversu mörg útboðsverk hefðu verið útboðsskyld hér á landi. Ég get því miður ekki svarað því með öðru en að benda á upplýsingar sem koma fram í greinargerð með frv. á bls. 9 undir kaflanum Um áhrif frv. á opinber innkaup hér á landi. Þar kemur fram hve mörg útboð varðandi vörukaup hafa verið auglýst á undanförnum árum sem hefðu farið yfir þau mörk sem getið er um í II. kafla frv. Það er um tuttugu útboð sem þar eru talin til. Jafnframt kemur það glögglega fram í greinargerð með frv. og kom einnig fram í framsöguræðu að allmörg verkefni og flest stærri verkefni hér á landi hafa verið boðin út á alþjóðlegum markaði. Þess vegna er ekki um neina breytingu að ræða í þeim efnum.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv., spurðist fyrir um það hvort nægilegt væri að senda auglýsinguna, ég skildi spurninguna þannig, á einu tungumáli til útgáfustjórnar Evrópubandalagsins. Svo mun vera. Útgáfustjórn Evrópubandalagsins annast síðan dreifingu á auglýsingunni og ber allan kostnað af því.

Í fjórða lagi var spurt um hlutverk Innkaupastofnunarinnar. Ég hef aðeins vikið að því áður hér en það

var spurt að því hve stór hluti innkaupanna væri á íslenskum vörum sérstaklega. Því miður get ég ekki svarað þeirri fyrirspurn en ég veit að forstjóri og starfsfólk Innkaupastofnunar munu fúslega svara því og ég tel sjálfsagt að leita til þeirra um svör þegar kemur að vinnunni í hv. nefnd. Ég hygg þó að með sérstökum vörulýsingum sé hægt að stýra útboðum á tilteknum vörum með þeim hætti að íslensk fyrirtæki eigi auðveldara með að bjóða í og taka þátt í útboði.

Varðand undirboð skal það sagt hér að undirboð eru óheimil. Ég skal hins vegar viðurkenna að það er ákaflega erfitt að sanna undirboð en séu þau sönnuð eða taldar sterkar líkur á undirboðum, eins og mig minnir að segi í tollalögunum, er fjmrh. heimilt að setja sérstakan undirboðstoll á slíkan varning sem hingað er fluttur. Þótt sjaldan hafi komið til þess að beita þessu ákvæði, a.m.k. aldrei í seinni tíð, er þetta ákvæði fyrir hendi. Mér er að vísu kunnugt hversu erfitt þetta mál er þegar um heildarútboð er að ræða en vil taka fram að að því er unnið mjög ákveðið innan Evrópubandalagsins og verður á Evrópska efnahagssvæðinu að gera öll viðskipti sem allra mest gagnsæ til að koma í veg fyrir ríkisstyrki og undirboð. Það er kannski einn helsti tilgangur með þessari viðskiptasamvinnu að koma í veg fyrir að einstaka ríkisstjórnir geti beitt brögðum eins og þeim að borga niður laun eða aðra kostnaðarþætti við vöru- og þjónustuframleiðslu. Íslendingar þekkja þetta ákaflega vel. Við þurfum ekki annað en líta á skipasmíðar til þess að sannfærast um það hvernig íslenskar skipasmíðastöðvar hafa lent í því að verða ekki samkeppnishæfar vegna þess, a.m.k. er því haldið fram og ég hef ekki séð neinn mótmæla því, að um hrein undirboð er að ræða í vissum skilningi og niðurgreiðslur með vissum hætti. Þá er Noregur nefndur til sögunnar og jafnvel nefndar prósentutölur í því sambandi, 10–15%, hvað þá þegar minnst er á Pólland en þar gegnir þó öðru máli því að ljóst er að vinnulaun í Póllandi eru aðeins lítið brot af því sem vinnulaun eru hér á landi.

Það er full ástæða til þess að minnast á það hér og nú vegna umræðnanna sem orðið hafa um frv. að erlendum fyrirtækjum, sem mundu bjóða í verk hér á landi, er ekki heimilt að borga sínum starfsmönnum öðruvísi en íslenskum starfsmönnum þótt þeir fyrrnefndu séu erlendir. Það er skýrt tekið fram að það ber að greiða erlendu vinnuafli sams konar laun og gilda hér. Þannig verður ekki um það að ræða og það er ekki ætlunin að hægt sé að flytja hér inn ódýrt erlent vinnuafl frá löndum þar sem laun eru lág. Það má kannski halda því fram að þetta sé breyting hvað það varðar ef við hverfum frá því. Það hafa verið talin nokkur brögð að því að erlend fyrirtæki sem hafa unnið að sérstökum verkum hér, til að mynda ýmsir undirverktakar, hafi notað vinnuafl sem ekki fékk sams konar laun og sams konar kjör og Íslendingum bjóðast.

Hvaða stærðir er um að ræða? Það er erfitt að tiltaka það en sé miðað við einhvers konar stórhýsi get ég ímyndað mér að stærðarmörkin svöruðu til húsrýmis sem væri 2.500–3.000 m² eða þar um bil. Þetta fer auðvitað allt eftir því hvers konar hús er um að ræða. Að öðru leyti geti ég ekki svarað því en það veit ég að þeir sem eru vanir slíkum útboðum þekkja mjög vel til þessara mála.

Þegar spurt er um hvaða verksamninga þessi lög næðu ekki til veit ég til þess að hjá öðrum þjóðum er fyrst og fremst um það að ræða þegar öryggishagsmunir krefjast þess. Það er til að mynda ljóst að framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli mundu ekki raskast við þetta og þetta hefur ekki þýðingu fyrir þá framkvæmd sem þar er nema íslenska og bandaríska ríkisstjórnin samþykki það. Það ætti því ekki að raska framkvæmdum þar en hefur ekkert með það að gera hvaða íslenskir verktakar taka að sér verkefni á Keflavíkurflugvelli. Verkkaupinn þar er yfirleitt alltaf varnarliðið eða Mannvirkjasjóður NATO. Þess vegna ná lögin ekki til þessara aðila.

Hv. þm. Svavar Gestsson lagði hér orð í belg og reyndar hefur nokkru af því sem hann kom fram með í sinni ræðu verið svarað af hv. 1. þm. Reykn. Það má benda á að Íslendingar hafa það fram yfir útlendinga að hér eru tæki og tól, hér er reynsla og við njótum þess að eiga fjarlægðarvernd. Við þurfum ekki að flytja eins mikið að eins og þeir sem hingað kynnu að koma til að taka að sér verk. Þá er það ljóst að mörg stærri íslensk fyrirtæki eiga samstarf við erlend fyrirtæki og í sumum tilvikum er um þá samvinnu að ræða að stofnað er til nýrra fyrirtækja sem eru í sameign íslenskra og erlendra aðila o.s.frv. Þá er í raun og veru ekki verið að fara á bak við eitt eða neitt, dótturfyrirtæki, sem svo eru kölluð og með eignaraðild Íslendinga, eru félög sem er ósköp eðlilegt að stofna til hér á landi á sama hátt og við hljótum að stofna félög með erlendum aðilum á erlendri grund. Sem betur fer hafa Íslendingar haft þá framsýni á undanförnum árum að reyna að ná verkum annars staðar. Ég minni þar á starfsemi Virkir-Orkint í því sambandi sem hefur verið að leita fyrir sér og reyndar náð verkum víða þótt ekki sé á Evrópska efnahagssvæðinu heldur fyrst og fremst í öðrum heimshluta.

Ég ætla ekki að ræða hér um prentfrelsið. Það er hægur vandinn hjá nefndinni að kanna það og leita upplýsinga hjá þeim sem eru sérfræðingar í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Það vita þó allir að takmarkanir eru á prentfrelsi af ýmsum ástæðum þótt grundvallarreglan sé að höft á prentfrelsi megi eigi í lög leiða. En það eru auðvitað til ýmsar takmarkanir. Eins og allir vita er bannað að birta sumt á prenti og í vissum tilvikum eru menn skaðabótaskyldir fyrir að birta hluti á prenti. Við verðum að átta okkur á því að hér er verið að gæta svokallaðrar jafnræðisreglu. Það er í raun og veru ekki verið að banna mönnum að birta eitt eða neitt heldur að banna mönnum að birta hluti fyrr en ákveðin dagsetning er runnin upp. Annað dæmi um þetta, sem mér flýgur í hug nú, og það veit hv. 9. þm. Reykv., er að þegar alþjóðastofnanir ýmsar senda frá sér skýrslur, þar á meðal OECD, senda þær skýrslur til ríkisstjórna. Skýrslurnar eru prentaðar í ákveðnum löndum. Þeir sem fá skýrslurnar í hendur mega ekki birta þær fyrr en á tilteknum degi. Það er bannað og það gilda almenn lög um það ef menn brjóta

slíkt bann. Það er slíkt bann sem hér er um að ræða. Það er verið að segja að ákveðnar upplýsingar megi ekki birtast fyrr en á tilteknum degi en bannið gildir ekki að öðru leyti.

Þegar minnst er á orðið upplýsingar í lagagreininni er að sjálfsögðu átt við að það sé ekki verið að gera upp á milli aðila þannig að ítarlegri og betri upplýsingar birtist af hálfu útboðsaðila í íslenskum blöðum sem þeir, sem starfa á Evrópska efnahagssvæðinu, hafa ekki tækifæri til að sjá. Þannig ber að lesa þennan lagatexta og ef hv. nefnd sem fær málið til meðferðar telur að þarna þurfi að breyta orðum er að sjálfsögðu ekkert við því að segja, en þetta er, eins og allir hljóta að sjá, það sem við er átt í frumvarpsgreininni.

Virðulegi forseti. Ég tel að ég hafi a.m.k. rætt um flestar þær fyrirspurnir sem til mín var beint í þessum umræðum. Ég skal ekki fullyrða að ég hafi svarað þeim öllum en vonast til þess að þessi 1. umr. hafi þó orðið til þess að málið hafi skýrst og geti nú gengið til hv. efh.- og viðskn. og til 2. umr.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. að þessi samningur gengur auðvitað í báðar áttir. Íslendingar verða að taka á sig ýmsar skyldur samkvæmt honum en þeir hafa líka möguleika til þess að leita út. Það er einu sinni skylda okkar þingmanna að reyna að átta okkur á því hvað frv. af þessu tagi þýðir og hvað það hefur í för með sér fyrir íslenskt atvinnulíf. Og það vill svo til að ástand hér á landi er ekki beysið. Hér eru samdráttartímar og ekki útlit fyrir að úr því dragi á næstunni og því er ástæða til þess að hafa verulegar áhyggjur af verktökum og þeim sem standa í slíkum framkvæmdum. Staða fyrirtækjanna kann að rýra möguleika þeirra til þess að leita til útlanda til að bjóða í verk þar.

Hæstv. fjmrh. komst svo að orði að stjórnarandstaðan væri altekin af minnimáttarkennd og sæi fyrir sér vonda útlendinga sem myndu steypa Íslendingum í glötun. Þetta er auðvitað alrangt. Við erum fyrst og fremst að skoða þetta mál eins og önnur frá öllum hliðum og reyna að gera okkur grein fyrir afleiðingum þess. Eins og margoft hefur komið fram hér í þessari umræðu skortir mjög á svör hjá ráðherrum, hverjir sem þeir eru, um áhrif samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði og einnig áhrif fylgifrumvarpanna sem honum fylgja.

Hæstv. ráðherra hefur mikla trú á íslenskum verktökum og vonandi er eitthvað raunhæft í þeirri trú. Hann sagði að hér væri mikið til af tækjum og tólum en þau úreldast auðvitað. Meðan staða fyrirtækjanna er svona léleg eiga þau erfitt með að endurnýja sinn tækjabúnað og fjarlægðin gerir það náttúrlega að verkum að tæki eru dýrari hér en annars staðar. Staða fyrirtækjanna er því einfaldlega svo mismunandi eftir því hvar er í Evrópu. Ég veit að áhyggjuefni þeirra sem eru í verktakabransanum er hin mismunandi staða fyrirtækjanna úti í Evrópu og hér á landi gagnvart þessum breytingum, sem auðvitað er verið að innleiða hér, virðulegi forseti.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir það leitt að hv. þm. skyldi taka það illa upp þegar ég talaði um minnimáttarkenndina og ég get auðvitað dregið þau orð til baka. Ég skil það vel að stjórnarandstaðan vilji skoða þessi mál frá öllum hliðum. Ég get þó ekki látið hjá líða að benda á að einn aðili situr í þingsalnum sem hefur af þessum málum verulega reynslu. Það er 1. þm. Reykn. Hann tók þátt í umræðunni og ég held að orð hans hljóti að vega þungt í þessari umræðu, svo mikið og vel þekkir hann til verktakastarfseminnar hér á landi.

Varðandi þann tækjakost sem minnst var á á ekki að vera hægt að erlendir aðilar sem þurfa að flytja inn tæki til landsins flytji þau hingað þannig að þau verði á öðrum kjörum, ódýrari, en þau tæki sem fyrir eru í landinu því að íslensk lög eiga ekki að gera upp á milli manna í þessum efnum.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum auðvitað bæði að horfa til fortíðar og framtíðar í þessum efnum. Nú er ég ekki mjög vel að mér í verðlagi á stórtækum vinnuvélum en ég þykist þó vita að þær séu býsna dýrar hér á landi. Ég heyri að fjmrh. vitnar í sinn sérfræðing í þessum málum og það er vel.

En mig langaði til að bæta við einu atriði sem fram kom í máli ráðherrans áðan. Það er varðandi það að menn fari að flytja inn erlent vinnuafl. Það er auðvitað rétt að samningurinn gerir ráð fyrir því að sömu laun séu greidd, hvort sem menn eru Íslendingar eða útlendingar. En það vill nú svo til að taxtalaun hér á landi eru afar lág og þegar til kemur munu launagreiðslur til útlendinga væntanlega miðast við taxtalaunin. Það er auðvitað gengið út frá samningum. En ég verð að segja það að miðað við launakjör hér á landi og það sem tíðkast úti í Evrópu, þá held ég að ekki sé ástæða til að hafa miklar áhyggjur af þessu efni því að vinnuafl á Íslandi er að verða með því ódýrasta sem finnst í álfunni.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað grundvallarmunur á því hvort menn eru í þessum efnum að fara á bak við lög eða nota sér holur í lögum eða gera hluti samkvæmt lögum. Það er nauðsynlegt fyrir Alþingi að gera sér grein fyrir því að það er dálítill munur á því tvennu, hvort menn sveigja fram hjá lagabókstafnum eða hvort menn gera hluti samkvæmt lögum. Alþingi verður að vita hver er munurinn á lögum og ekki lögum, að ég segi nú ekki ólögum.

Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir það og ég skil hans orð svo að hann hafi opnað fyrir það að þessar málsgreinar sem ég vitnaði til varðandi ritskoðunina verði endurskoðaðar. Það stendur hér: „Jafnframt er óheimilt að birta í innlendum fjölmiðlum aðrar upplýsingar um innkaupin en þær sem koma fram í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.“ Hér er um að ræða altækt bann við því að birta aðrar upplýsingar í innlendum fjölmiðlum en þær sem standa í auglýsingunum og ég

segi: Þetta stríðir auðvitað gegn stjórnarskránni um prentfrelsi, ritfrelsi og skoðanafrelsi og hefur ekkert með það mál að gera hvort menn vilja mismuna verktökum eða ekki. Málið er ósköp einfaldlega þannig að eins og þetta stendur hér, þá er verið að banna mönnum að birta þær upplýsingar sem þeir vilja um starfsemi þessara verktaka og tilboð.

Mér þætti fróðlegt að vita hvernig fjmrn. ætlaði sér, eins og ég sagði hér fyrr í dag, að framkvæma það ritskoðunarákvæði sem hér er á ferðinni. Ég tel hins vegar mikilvægt og prófsteinn á meðferð málsins í heild hvort þingið fær að laga þessi ósköp því að hér er bersýnilega um að ræða hlut sem getur ekki staðist. Það er ekki hægt að banna mönnum að skrifa það sem þeim sýnist á Íslandi. Það er óheimilt samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki fallist á að verið sé að tala um ritskoðun í þessu sambandi. Ég held að það sé af og frá. Það er a.m.k. önnur lögfræði en sú sem ég lærði á sínum tíma.

Þegar litið er á lagatexta verða menn að skoða í hvaða samhengi hann er skrifaður. Meira að segja sum orð og vissar setningar hafa þýðingu eftir umhverfinu. Í lok d-liðar 2. gr. frv. stendur: „Sendingardagur skal koma fram í auglýsingunni. Jafnframt er óheimilt að birta í innlendum fjölmiðlum“ — og svo undirstrika ég næstu orð, „aðrar upplýsingar um útboðið en þær“, undirstrikun er lokið, „sem koma fram í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.“

Hér er einungis verið að segja að óheimilt sé að birta frekari og betri upplýsingar um þetta útboð og verk í innlendum fjölmiðlum en annars staðar og hefur eingöngu með upplýsingar að gera sem sendar eru frá þeim sem standa að útboðinu til þess að gæta þessarar jafnræðisreglu. Almennar upplýsingar, frásagnir blaða um verkið, ganga ekki á svig við þessa lagagrein. Hér er einungis um að ræða upplýsingar um útboðið í skilningi þessarar lagagreinar ef frv. verður að lögum.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. er sem betur fer aðeins að draga í land í þessu máli. Staðreyndin er náttúrlega sú að það sem hann er að segja er t.d. þó það að óheimilt sé að birta í blöðum á útboðstímanum upplýsingar um þá kauptaxta sem eru á bak við tilboðin frá einstökum verktökum frá hinum ýmsu löndum sem hugsanlega eiga aðild að tilboðinu vegna þess að kauptaxtarnir eru partur af útboðsskilmálunum. Kauptaxtarnir eru partur af tilboðsforsendunum.

Ef hæstv. fjmrh. á við þetta er það bersýnilega svo að það stangast á við stjórnarskrána. Þess vegna kemst hann auðvitað ekki hjá því að leiðrétta þetta. Vandinn er auðvitað sá að menn hafa verið að þýða þessa texta Evrópubandalagsins á handahlaupum að undanförnu. Þar hafa margir unnið gott verk og við erfiðar aðstæður. Og ég er sannfærður um að þess eru dæmi, hæstv. fjmrh., svo ég segi nú ekki meira, að menn hafa kannski flýtt sér um of. Og það kemur ekkert við þeirri lögfræði sem hæstv. fjmrh. lærði að ég tel nauðsynlegt að Alþingi fái a.m.k. tækifæri og möguleika til þess að vanda sig betur en mönnum hefur tekist í sumum þeim setningum sem koma fram í þessum texta hér og reyndar ýmsum öðrum.

Ég skora þess vegna á hæstv. fjmrh. að stuðla að því að þessi vitleysa verði leiðrétt því hvað sem öðru líður, þá getur þetta valdið misskilningi og ég geri ráð fyrir því að hæstv. fjmrh. vilji standa þannig að málum að girt sé fyrir slíkt hvað sem girðingum líður að öðru leyti.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil einungis þakka hv. þm. fyrir hans ábendingar sem ég tel gagnlegar. Ég vona að það hafi komið skýrt til skila hvað er átt við í lagagreininni og ég vænti þess að hinn mikli áhugi sem þingmaðurinn sýnir á því að þýðingar séu sem allra bestar á þessum sáttmála og lagafrumvörpum verði til þess að greiða fyrir þessu máli og öðrum málum tengdum Evrópska efnahagssvæðinu sem eru til meðferðar á hinu háa Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Verðlagning á raforku, 109. mál, þáltill. StB og GuðjG, þskj. 127.

31. FUNDUR

miðvikudaginn 14. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, stjfrv., 34. mál, þskj. 35. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Málefni aldraðra, stjfrv., 97. mál, þskj. 113. — 1. umr.

3. Jöfnun verðlags, frv. 40. mál, þskj. 41. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Jóhanna Sigurðardóttir, félmrh.,
Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.,
Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.

Útbýting þingskjala:

Foreldrafræðsla, 114. mál, þáltill. GGuðbj o.fl., þskj. 134.

Sala á hlutabréfum ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands hf., 112. mál, beiðni um skýrslu frá StG o.fl., þskj. 131.

Síldarverksmiðjur ríkisins, 115. mál, stjfrv., þskj. 135.

Sveigjanleg starfslok, 113. mál, fsp. GÁ á þskj. 133.

Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, frh. 1. umr.

Stjfrv., 34. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 35.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, LMR, MJ, ÓRG, PP, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SvG, TIO, VS, VE.

21 þm. (ÁJ, EH, FI, GHall, GunnB, HBl, JóhS, JBH, KSG, KE, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, StG, StH, SJS, StB, ÞorstP) fjarstaddur.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, LMR, MJ, MB, ÓRG, PP, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SvG, TIO, VS, VE.

21 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, FI, GHall, GunnB, HBl, JóhS, JBH, KSG, KE, MF, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, StG, StH, SJS, StB, ÞorstP) fjarstaddur.

Málefni aldraðra, 1. umr.

Stjfrv., 97. mál (rekstrarframlög framkvæmdasjóðs). — Þskj. 113.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989 með síðari breytingu.

Það er ekki langt síðan breytingar voru síðast gerðar á lögum um málefni aldraðra, sambærileg breyting og hér er verið að gera. Sú breyting sem gerð var þann 12. mars 1991 var á þá lund að í stað þess að fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra sé einvörðungu varið til þess að styðja byggingar stofnana á vegum aldraðra eins og var þá var í fyrsta lagi heimilað að veita tímabundið rekstrarfé úr sjóðnum til stofnunar fyrir aldraða sem breyta eða hefja starfsemi eftir að fjárlagaár hefst. Í öðru lagi voru rýmkaðar þær heimildir sem sjóðstjórn ákveður um stuðning við önnur verkefni og heilbrrh. samþykkir. Er þar fyrst og fremst átt við verkefni þar sem um er að ræða minni háttar fjárveitingar til stuðnings og styrktar ýmsum málum er varða framkvæmdir og þjónustu við aldraða.

Sú breyting sem hér er lögð til er að rýmka nokkuð þessar heimildir, þ.e. í fyrsta lagi að gera þá breytingu að heimilt sé að nota fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra ekki bara til þess að styðja sveitarfélög heldur einnig heilsugæslustöðvar við að koma á fót og reka heimaþjónustu fyrir aldraða. Í öðru lagi að rýmka einnig ákvæði í 4. tölul. 12. gr. laganna þannig að ekki sé bara heimilt að veita tímabundið rekstrarfé til stofnana fyrir aldraða sem breyta eða hefja starfsemi eftir að fjárlagaár hefst, heldur almennt að heimilt sé að veita úr sjóðnum rekstrarfé til stofnana fyrir aldraða.

Ástæðan fyrir þessu er m.a. sú að mjög miklu fé hefur í áranna rás verið varið til að reisa stofnanir fyrir aldraða og stöðugt erfiðara hefur verið að kosta rekstur þessara stofnana. Það er að mínu áliti nauðsynlegt að gera þá bragarbót á að heimilt sé að standa undir rekstrarkostnaði við þessar stofnanir ekkert síður en fjárfestingarkostnaði, ekki síst þegar þannig árar að erfiðleikar eru fyrir ríkissjóð að standa undir rekstrarskuldbindingum sínum.

Hér er sem sé stigið eilítið lengra skref en gert var með lagabreytingunni 12. mars 1991.

Þá er rétt að upplýsa að í trausti þess að þetta frv. verði samþykkt er gert ráð fyrir því í fjárlögum að um 160 millj. kr. af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs aldraða á næsta ári verði varið til að greiða rekstrarkostnað við stofnanir aldraðra sem nú þegar hafa verið teknar í rekstur. Það er gert ráð fyrir því að heildarfjárráð Framkvæmdasjóðs aldraðra á næsta ári verði um 420 millj. kr. og af því fari 160 millj. í rekstrarkostnað stofnana sem fyrir eru og afgangurinn sé þá til annarrar ráðstöfunar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv., virðulegi forseti, en legg til að að þessari umræðu lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér flytur ríkisstjórnin tillögu um að skerða Framkvæmdasjóð aldraðra um 160 millj. kr. og taka úr lögunum takmörkunarákvæði sem þar voru þannig að framvegis verður hægt að taka allan sjóðinn í rekstur. — Það er allt í lagi að loka þarna. Það eru umhvrh. og svoleiðis menn sem eru að trufla fundinn, ýmsir menn úr Stjórnarráðinu. — Það er gert ráð fyrir því sem sagt að taka 160 millj. kr. af Framkvæmdasjóði aldraðra á næsta ári og síðan er gert ráð fyrir því að breyta lögunum þannig að það megi framvegis taka sjóðinn allan í rekstur. Það hefur verið með þeim hætti að það hefur verið ákveðin takmörkun á því hversu langt mætti ganga í því skyni að taka slíka sjóði í rekstur eins og Framkvæmdasjóð aldraðra og Fram-

kvæmdasjóð fatlaðra. En hér er gert ráð fyrir því að það verði opnað fyrir að allur Framkvæmdasjóður aldraðra verði tekinn í rekstur.

Með hliðsjón af þeim umræðum sem fram fóru um þennan sjóð á síðasta kjörtímabili hlýt ég að spyrja sérstaklega þingmenn Sjálfstfl. sem eru í salnum hvort þeir standi að þessari breytingu, hvort þeir séu tilbúnir til þess eftir þá umræðu sem fram fór á síðasta kjörtímabili, m.a. undir forustu núv. formanns þingflokks Sjálfstfl., að fallast á það að taka allar takmarkanir út úr lögunum. Það er ekki bara verið að taka þetta út að hluta, heldur er verið að taka allar takmarkanir út þannig að allan Framkvæmdasjóð aldraðra má samkvæmt þessu taka í rekstur.

Með öðrum orðum er hér verið að taka ákvörðun um það að framkvæmdasjóðurinn verði í raun og veru lagður niður, að hann verði aðeins til á pappírnum vegna þess að ríkisstjórn eða meiri hluti Alþingis getur þá og þá á fjárlögum tekið allan sjóðinn í rekstur.

Þetta eru auðvitað býsna alvarleg tíðindi því Framkvæmdasjóður aldraðra hefur um 10 ára skeið gegnt mjög þýðingarmiklu hlutverki og um hann hefur verið mjög víðtæk samstaða. Ég beitti mér fyrir því sem heilbr.- og trmrh. að þessi sjóður varð til á sínum tíma og ýmsir menn úr þáverandi stjórnarandstöðuflokkum, eins og hv. þm. Matthías Bjarnason og hv. þm. Albert Guðmundsson, studdu gjaldtökuna í Framkvæmdasjóð aldraðra þó svo að þeir væru þá í stjórnarandstöðu. Ég man eftir því að ýmsir þingmenn Alþfl. á þeim tíma voru á móti þessari gjaldtöku og nokkrir þingmenn Sjálfstfl. en þessir þingmenn Sjálfstfl., sem ég hér nefndi, greiddu atkvæði með stjórnarliðinu og gátu þannig tryggt það að málið næði fram að ganga en sú stjórn bjó við mjög knappan og oft tæpan þingmeirihluta. Þess vegna er hér verið að stíga mjög sögulegt skref og það er fróðlegt að vita hvort Sjálfstfl. er tilbúinn til þess að standa að þessu frv. um að leggja niður Framkvæmdasjóð aldraðra eins og hér er verið að gera tillögu um. — Ég sé að hv. 8. þm. Reykv. hefur þegar tekið hæstv. heilbrrh. tali, vafalaust út af þessu máli til þess að rétta kúrsinn í þessu efni. (Gripið fram í.) En þið eruð núna að tala um þetta. Ég sé það á þér að þú ert í góðum verkum, hv. þm.

Varðandi málið að öðru leyti ... (**Forseti:** Má forseti biðja hv. þm. um að fá tækifæri til að koma hér inn tilkynningu. Forseta varð á í messunni og gleymdi að boða, áður en þessi umræða hófst, að utandagskrárumræða mun fara fram klukkan hálffjögur að beiðni hv. 6. þm. Norðurl. e. um Kristnesspítala. Forseti hefði átt að tilkynna þetta í upphafi fundar en hreinlega gleymdi því og biður hv. 9. þm. Reykv. velvirðingar á þessari truflun á ræðu hans.)

Varðandi málefni aldraðra sem hér eru á dagskrá er rétt að fara aðeins nánar út í stöðu þeirra mála. Það er kannski þannig að ekki þurfi að byggja meira fyrir gamalt fólk á Íslandi. Það er kannski þannig að þingmenn Reykvíkinga séu þeirrar skoðunar að ástandið í málefnum aldraðra í Reykjavík sé svo sérstaklega gott að það sé ástæðulaust að byggja meira fyrir gamalt fólk í þessu byggðarlagi. Ég hef enga trú á að það sé skoðun hv. 16. þm. Reykv., svo ég nefni dæmi. Staðreyndin er sú að í þessu kjördæmi blasa við alvarlegri vandamál í málefnum aldraðra en víðast hvar annars staðar vegna þess að hér eru færri rúm á tiltekinn fjölda aldraðra íbúa en í nokkru öðru kjördæmi.

Á síðasta þingi lögðum við þingmenn Alþb. fram beiðni um skýrslu um málefni og hagi aldraðra. Hæstv. heilbr.- og trmrh. sendi frá sér þá skýrslu þegar mjög var liðið á þing þannig að það gafst ekki kostur á því að ræða skýrsluna í einstökum atriðum. Því miður fór það svo að skýrslan var tekin fyrir á næturfundi þar sem hæstv. umhvrh., í fjarveru hæstv. heilbrrh., mælti fyrir skýrslunni og ekki gafst tóm til þess að ræða hana að neinu gagni, því miður. Það er auðvelt að vera vitur eftir á og ég sé það núna að það hefði verið skynsamlegt að knýja þá fram ítarlega umræðu um þetta mál með hliðsjón af því frv. sem verið er að flytja núna um að leggja niður Framkvæmdasjóð aldraðra.

Þessi skýrsla var í raun og veru mjög alvarleg áminning um ástandið í þessum málaflokki. Ég tel út af fyrir sig fulla ástæðu til þess að þakka heilbrrn., starfsmönnum þess og hæstv. ráðherra fyrir það að hafa séð til þess að skýrslan var lögð hér fram. Hins vegar var hún mjög gölluð, einkum að því er varðar Reykjavík. Einn af öldrunarlæknunum sem starfar í Reykjavík, Sigurbjörn Björnsson læknir, sendi frá sér ítarlegar athugasemdir, sem við þingmenn fengum í hendur á sl. vori, þar sem skýrslan að því er varðar málefni aldraðra í Reykjavík er gagnrýnd mjög harðlega. Þar eru færð mjög greinargóð rök fyrir því að það er ekki tímabært að leggja niður Framkvæmdasjóð aldraðra í Reykjavík. Það er ekki tímabært að leggja niður byggingar fyrir gamalt fólk í Reykjavík.

Í athugasemdum Sigurbjörns Björnssonar læknis segir t.d. — ég hef satt að segja sjaldan séð jafnalvarlegar athugasemdir við eina opinbera skýrslu frá fagmanni og þessar, þar sem hann segir: „Skýrslan er ýmist rangfærð eða það vantar hreinlega í skýrsluna til þess að gefa rétta heildarmynd og skapa grundvöll fyrir áætlanir á sviði öldrunarmála í Reykjavík."

Í skýrslunni eru t.d. talin fjölmörg hjúkrunarrými og öldrunarrými sem ekki eru notuð fyrir aldraða. Það er t.d. í skýrslunni gert ráð fyrir því að öll B-álma Borgarspítalans sé notuð fyrir aldraða. Það er ekki rétt. Hún er ekki öll notuð fyrir aldraða. Ein deildin í B-álmu Borgarspítalans er ekki notuð fyrir aldrað fólk.

Í skýrslunni er t.d. talað um plássin á öldrunarlækningadeildum Landspítalans og Borgarspítalans eins og það væru hjúkrunarheimili fyrir aldraða. Það er að sjálfsögðu ekki. Öldrunarlækningadeildirnar þjóna allt öðrum tilgangi en hjúkrunarheimili. Það er rangt að birta opinbera skýrslu þar sem það er gefið í skyn að öldrunarlækningadeildir nýtist sem hjúkrunarrými fyrir aldraða.

Í skýrslunni eru margar aðrar rangfærslur sem Sigurbjörn Björnsson læknir bendir á í þeim athugasemdum sem hann sendi þingmönnum á sl. ári. Niðurstaða hans er sú, með leyfi forseta:

„Þegar upp er staðið eru eiginleg hjúkrunarheimilisrými í Reykjavík 456 eða 5 á hverja 100 íbúa 70 ára

og eldri sem er langt undir þeim viðmiðunarmörkum sem að öðru leyti koma fram í skýrslunni."

Þetta er auðvitað mjög afhjúpandi niðurstaða læknisins og heilbrrn. og heilbrrh. hafa ekki sent frá sér neinar opinberar athugasemdir um þessar tölur sem hér koma frá Sigurbirni Björnssyni sem er starfandi öldrunarlæknir m.a., ef ég man rétt, við Skjól, og ég hygg Hrafnistu líka.

Niðurstaðan er sem sagt sú að í Reykjavík eru þetta 5 rými á hverja 100 íbúa 70 ára og eldri en í skýrslunni segir að rýmin séu 8,1. Það munar ekki nema 3,1 en það munar sem sagt nærri helming þar sem ráðherrann gefur upp rangar upplýsingar miðað við raunverulegar staðreyndir þessa máls.

En hvernig er þetta í öðrum byggðarlögum? Ef við tökum Vesturland eru rýmin tvisvar sinnum fleiri en í Reykjavík á hverja 100 íbúa eða 10,3. Á Vestfjörðum eru þau 14,8 á hverja 100 íbúa miðað við 5 í Reykjavík. Í Norðurlandshéraði vestra eru rými fyrir aldraða á hverja 100 íbúa 70 ára og eldri 16,8 en 5 í Reykjavík. Í Norðurlandshéraði eystra eru rýmin 10 miðað við 5 í Reykjavík. Í Austurlandshéraði eru rýmin 11,7 miðað við 5 í Reykjavík. Í Suðurlandshéraði 13,9, 5 í Reykjavík, og í Reykjaneshéraði 12,6 en 5 í Reykjavík.

Þetta er sá veruleiki sem við stöndum frammi fyrir í þessu byggðarlagi sem höfum sinnt opinberum málefnum nú um nokkurt skeið. Við höfum kynnst því mjög vel hver vandi þeirra fjölskyldna er sem er með aldraða á sínum vegum, fólk sem fær ekki neina þjónustu, fólk sem kemst ekki inn á stofnanir og fær ekki viðhlítandi heimilisþjónustu. Eftir að hafa farið yfir biðlista Félagsmálastofnunar og alla þjónustumöguleika fyrir aldraða, m.a. dagdeildir í Reykjavík, er það mat öldrunarlækna að 150–200 aldraðir í Reykjavík eru í svokallaðri brýnni þörf og það er eftir að mjög ítarleg flokkunarvinna hefur farið fram og verulegum fjölda fólks sem er á mörkunum hefur verið ýtt út af þessum listum. Menn eru að tala um að það vanti um 150–200 pláss í Reykjavík og ég er sannfærður um að það er lágmarkstala miðað við það sem ég þekki sjálfur af þeim fjölda fólks sem til mín leitar sem þingmanns þessa byggðgarlags og ég er viss um að aðrir þingmenn Reykvíkinga þekkja líka. Þetta er þeim mun alvarlegra umhugsunarefni, virðulegi forseti, þegar þess er gætt hvernig úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra hefur verið á undanförnum árum. Ég sé ekki betur en að Reykjavík hafi farið mjög varhluta að því er varðar þessa úthlutun fyrir utan þau ár sem við vorum að byggja B-álmu Borgarspítalans fyrir 10 árum eða svo, en eftir það sýnist mér að menn hafi í raun gleymt þeim alvarlegu vandamálum í þessu byggðarlagi, því miður.

Í frv. hæstv. heilbrrh. er aðallega gert ráð fyrir því að breyta ákvæðum um Framkvæmdasjóð aldraðra. Þá er fróðlegt að vita hvernig úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra hafa verið á undanförnum árum og bera þær saman við t.d. hlutfall aldraðra í íbúafjölda viðkomandi byggðarlaga. Þar kemur fram að hlutfall aldraðra, 70 ára og eldri, á Reykjanesi t.d. er um 15,5% af öldruðum á landinu öllu en Reykjanes hefur fengið um 16% af sjóðnum eða nokkurn veginn það sem það hefur óskað eftir. Það verður auðvitað að taka það fram að ástæðan fyrir því að Reyknesingar og dreifbýlið hafa oft og tíðum fengið fé úr sjóðnum hefur verið sú að þar hafa menn verið duglegir að berjast fyrir hagsmunum byggðarlaga sinna. Í Reykjavík höfum við hins vegar haft sveitarstjórn sem hefur verið á móti því að takast á um hagsmuni síns byggðarlags við ríkisvaldið. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur ekki verið með plön um lausn á vandamálum aldraðra en í öðrum byggðarlögum hafa menn barist um á hæl og hnakka að því er þetta varðar t.d. í Reykjaneskjördæmi og á Vestfjörðum. Í þessu sambandi get ég minnst á þá sem standa að uppbyggingu heimilisins Hlíðar á Ísafirði eða heimilisins á Reykhólum. Þar hafa menn unnið af krafti og þrótti við að ýta á eftir framkvæmdasjóðnum, stjórn hans, heilbrrh., ríkisstjórnum, fjárln. og öllum þeim aðilum. En að því er þetta byggðarlag varðar hefur vísvitandi verið reynt, einkum af fyrrv. borgarstjóra, að byggja virki í kringum borgina þannig að ekki er hægt að koma á eðlilegu samstarfi við uppbyggingu þjónustu, hvorki í skólamálum né heilbrigðismálum og núna geldur gamalt fólk í Reykjavík þess.

Þegar úthlutun er skoðuð að því er varðar Reykjavík, þá búa í Reykjavík 47% þeirra sem eru 70 ára og eldri en sveitarfélagið hefur fengið 37% af sjóðnum. Sem fulltrúi fyrir þetta byggðarlag finnst mér fráleitt, virðulegi forseti, að taka svo stóran hluta sjóðsins út eins og hér er gerð tillaga um, en látum það þó vera ef menn settu sér að nema þar alveg staðar. En það er ekki gert því frv. opnar fyrir það að sjóðurinn sé allur tekinn í rekstur, þ.e. að Framkvæmdasjóður aldraðra og þar með þessi nefskattur sé í raun og veru allur tekinn í ríkissjóð. Nú er ég vinur ríkissjóðs og menn vita það en ég er ekki tilbúinn til þess að fallast á að þessir fjármunir séu teknir með þessum hætti. Þetta er spurningin um að raða málum í forgangsröð og eitt brýnasta forgangsverkefnið í félagslegri þjónustu í þessu byggðarlagi og reyndar víðar á landinu er þjónusta við gamalt fólk. Þess vegna er það ekki líðandi að gera Framkvæmdasjóð aldraðra upptækan í ríkissjóð eins og ríkisstjórnin er að gera tillögu um. Nú er ég ekki að kenna heilbrrh. einum um þetta, hann hlýtur að hafa flokkana eins og þeir leggja sig á bak við sig, skárra væri það nú. En þeir geta vonandi endurskoðað afstöðu sína og gera það sjálfsagt.

Varðandi þær athugasemdir sem fram komu hjá Sigurbirni Björnssyni öldrunarlækni mætti margt segja. Ég ætla þó að nefna eitt atriði sem ég hef dálitlar áhyggjur af og heitir málefni aldraðra í þessu byggðarlagi og reyndar á landinu öllu. Það eru svokallaðar íbúðir fyrir aldraða. Það er verið að byggja íbúðir fyrir aldraða um allt. Tveir turnar eru að rísa í Mjóddinni í Reykjavík sem sagðir eru íbúðir fyrir aldraða. Að ég best veit er mjög óveruleg þjónusta fyrir gamalt fólk í tengslum við þessar íbúðir. Félmrh. lét taka saman skýrslu þar sem ráðherra taldi að í raun þyrfti að herða enn á byggingu íbúða af þessu tagi á næstu árum. Heildarfjöldi þessara íbúða er talinn vera um 1.550 sam-

kvæmt því sem fram kemur í skýrslu og þar af er líðlega helmingurinn í Reykjavík. Verulegur hluti af íbúðunum er í raun og veru ekki sérstakar íbúðir fyrir aldraða heldur almennar íbúðir. Íbúðirnar seljast inn á almennan markað þegar fólkið sem býr í núna hættir að búa í þeim. Það eru engin takmörkunarákvæði að því er varðar eignarrétt þannig að aldraðir skuli bara kaupa þessar íbúðir. Þetta eru dýrar íbúðir, í mörgum tilfellum rándýrar. Satt að segja er það þannig að tilteknir byggingarverktakar í Reykjavík hafa á undanförnum árum lifað af því að byggja íbúðir með yfirskriftinni íbúðir fyrir aldraða, þó þetta séu í raun og veru engar íbúðir fyrir aldraða og fólkið sé að kaupa köttinn í sekknum. Mér liggur við að segja að verið sé að blekkja þetta fólk.

Á síðasta þingi hreyfði ég þeirri hugmynd óformlega við heilbrrh. hvort ekki væri rétt að setja í reglugerð með lögunum um málefni aldraðra ákvæði um að segja: Það er aðeins ákveðin tegund af íbúðum sem kallast má íbúð fyrir aldraða. Það er bannað að auglýsa íbúð fyrir aldraða nema hún uppfylli tiltekin fagleg skilyrði, að þar sé ákveðin þjónusta, heilsugæsla og félagslegt öryggi.

Ég beini þeirri áskorun til hæstv. heilbr.- og trmrh. að setja þessi ákvæði í reglugerð, hann getur það eigin hendi, þannig að þeirri blekkingarstarfsemi sem menn hafa komist upp með á undanförnum árum linni, þ.e. ýmsir sterkir verktakar að byggja íbúðir sem eru engar íbúðir fyrir gamalt fólk. Það er algerlega ólíðandi að halda svona á málum. Ég þekki þetta ekki vel í öðrum byggðarlögum en hygg þó að annars staðar séu menn líka að byggja íbúðir sem þeir kalla íbúðir fyrir aldraða. Ég er viss um að þetta mál á eftir að koma okkur stórkostlega í koll. Ég hvet þá sem hafa með þessi mál að gera í heilbrrn. að skoða það atriði sérstaklega að því er varðar svokallaðar íbúðir fyrir aldraða sem eru engar íbúðir fyrir aldraða.

Núna háttar þannig til, virðulegi forseti, að dagdeild fyrir aldraða í Skjóli hefur staðið tilbúin í líklega þrjú ár. Ég hygg að það sé svo langt síðan þetta húsnæði var tilbúið að það séu komin ein þrjú ár. Plássið er talið með í skýrslu heilbrrh. frá því í fyrra eins og það sé tilbúið. Það er að vísu tilbúið en ekki komið í notkun. Í fjárlagafrv. get ég ekki séð að gert sé ráð fyrir því að taka dagdeildina í Skjóli í notkun. Ég spyr hæstv. ráðherra að því hvort hann ætli að beita sér fyrir því að dagdeildin í Skjóli verði tekin í notkun á næsta ári, þ.e. að fjármagn í gegnum sjúkratryggingar Tryggingastofnunar ríkisins verði tryggt í því skyni.

Í öðru lagi er verið að byggja hjúkrunarheimili fyrir rúmlega 100 aldraða einstaklinga, hjúkrunarheimilið Eir í Grafarvogi. Það hjúkrunarheimili verður að öllum líkindum að verulegu leyti tilbúið á næsta ári. Fyrir utan það að þar er um að ræða almennt hjúkrunarheimili fyrir aldraða er gert ráð fyrir að þar verði unnt að vista heilabilaða aldraða einstaklinga en þeim fer fjölgandi í seinni tíð eins og kunnugt er. Það er mjög mikilvægt að hjúkrunarheimilið Eir komist í notkun og eins og menn heyra af þessum tölum, annars vegar um 100 manns þarna og hins vegar það að Félagsmálastofnun talar um 150–200 í brýnni neyð, þá mundi muna mjög mikið um það ef hvort tveggja gerðist að við fengjum dagvistunina í Skjóli og sömuleiðis hjúkrunarheimilið Eir í Grafarvogi í notkun. Ég spyr hæstv. heilbr.- og trmrh. hvort ákvæði séu í fjárlagafrv. sem gera ráð fyrir að hjúkrunarheimilið Eir í Grafarvogi verði tekið í notkun á næsta ári.

Virðulegi forseti. Ég hef farið hér yfir nokkur mál með hliðsjón af frv. sem ég tel að gangi út á það að gera Framkvæmdasjóðinn upptækan í ríkissjóð. Ég er andvígur því m.a. með þeim rökum að það er stórkostleg þörf fyrir þjónustu fyrir gamalt fólk m.a. í þessu byggðarlagi og ég hef rökstutt það að rúm fyrir aldraða eru helmingi færri hér en þau eru annars staðar á landinu. Ég hef bent á að með tilteknum ákvörðunum er hægt að koma í notkun rými fyrir um 100 aldraða hjúkrunarsjúklinga og 25–30 manns á dagvist aldraðra á næsta ári hér á þessu svæði. Ég hef beint fyrirspurnum til hæstv. heilbrrh. um þetta efni og ég hef skorað á hæstv. heilbrrh. og stjórnarflokkana að íhuga það mjög alvarlega hvort ekki sé hægt að setja inn takmörkun þannig að ríkinu verði ekki heimilt að gera Framkvæmdasjóð aldraðra upptækan í ríkissjóð. Ég vona að þingmenn stjórnarflokkanna sem hér eru og heyrt hafa mál mitt, hafi ekki alveg áttað sig á þessu atriði og séu tilbúnir til að beita sér fyrir því að það verði sett takmörkunarákvæði í lögin þannig að ríkissjóður sem er ævinlega svangur geti a.m.k. ekki satt hungur sitt á Framkvæmdasjóði aldraða.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu breytingar á lögum um málefni aldraðra. Breytingar í frv. eru fyrst og fremst fólgnar í því að jafnvel allt fé Framkvæmdasjóðs aldraðra geti farið óhindrað til rekstrar stofnana fyrir aldraða. Það er ekkert þak á því hvað fer til rekstrar og hvað til nýframkvæmda. Í núgildandi lögum er ákvæði um að þriðjungur af heildartekjum sjóðsins geti farið til rekstrar og aðrar tekjur sjóðsins til nýframkvæmda. Það er rétt sem fram kemur í greinargerð með frv. að Framkvæmdasjóður aldraða hefur á sl. 10 árum átt drjúgan þátt í þeirri gífurlegu uppbyggingu í húsnæðismálum aldraðra og það er líka rétt að nú vantar fjármagn til rekstrar þeirra stofnana. Því má ekki gleyma að Framkvæmdasjóður aldraðra skuldar verulegt fé vegna stofnkostnaðar fyrir nefndar byggingar. Því er spurt: Hversu háar upphæðir skuldar sjóðurinn?

Það sem hingað til hefur vantað er að gera bindandi samninga um framkvæmdir þannig að þeir sem framkvæma geti treyst mótframlagi sjóðsins á ákveðnum tíma. Ég veit að það hefur verið vilji sjóðstjórnar að gera slíka samninga og spurningin er: Á hverju hefur strandað? Hingað til hafa aðeins verið gerðir 2–3 slíkir bindandi samningar að því er ég best veit. Ég spyr einnig: Verður með frv. algerlega lokað fyrir nýframkvæmdir? Verða engar nýframkvæmdir leyfðar og ef svo er hvernig sér hæstv. ráðherra framtíðina fyrir sér t.d. í Reykjavík?

En það sem er kannski viðkvæmast í þessu máli er

að Framkvæmdasjóður aldraðra er fjármagnaður með svokölluðum nefskatti. Það eru 2.500 kr. á hvern gjaldanda í landinu. Þessi upphæð miðast við byggingarvísitölu í desember 1988 og breytist árlega. Nefskatturinn hefur hingað til verið áætlaður til uppbygginga en ekki til rekstrar. Á sl. ári gaf nefskatturinn 414 millj. kr. í sjóðinn og af því fóru 137 millj. til rekstrar en 277 millj. til nýframkvæmda. Í drögum að fjárlögum þessa árs er áætlað að sjóðurinn fái 425 millj. af hinum margumtalaða nefskatti og af þeim eiga 160 millj. að fara til rekstrar en 265 millj. til nýframkvæmda. Það eiga sem sagt að fara 11 millj. kr. minna til nýframkvæmda í ár en í fyrra þrátt fyrir að sjóðurinn hafi meiri tekjur.

Að sjálfsögðu er lítið varið í að reisa nýjar byggingar ef ekki er til rekstrarfé. Það þarf auðvitað að tryggja rekstrarfé samhliða framkvæmdum. En ég tel ekki boðlegt að nýta nefskatt 100% til rekstrar. Rekstur þarf að fjármagnast af almennu skattfé. Ég hef tækifæri til að fjalla um frv. í heilbr.- og trn. og vona að hæstv. heilbrrh. svari þeim spurningum sem ég hef lagt fyrir hann. Hæstv. ráðherra hefur eflaust náð spurningunum en ég ætla samt að endurtaka þær:

1. Hversu mikið skuldar Framkvæmdasjóður aldraðra og ef til nýframkvæmda kemur hvað telur hæstv. ráðherra brýnast að fara út í?

2. Ef ekki á að fara í neinar nýframkvæmdir, lokar hann algerlega fyrir sjóðinn og hvernig sér hann þá framtíð aldraðra Reykvíkinga ef svo verður?

Og mig langar einnig að spyrja: Er frv. samið í samvinnu við stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra? Er fyrirhugað að gera bindandi uppgjörssamninga við þá sem sjóðurinn skuldar eða eru að hefja framkvæmdir? Í síðasta lagi en ekki síst: Ef sjóðurinn fer allur til rekstrar og ekkert verður til nýframkvæmda, er þá rétt að halda áfram að fjármagna sjóðinn með nefskattinum?

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Á undanförnum áratugum hefur orðið mikil breyting á högum aldraðra hérlendis sem erlendis, að sjálfsögðu. Segja má að þær breytingar hafi verið bæði jákvæðar og neikvæðar. Lífaldur hefur hækkað. Aldraðir eru yfirleitt heilbrigðari en áður gerðist. Félagsleg tilboð til aldraðra eru fjölmörg. Þannig má segja að lífsgæði hafi aukist til muna meðal aldraðra. Á hinn bóginn hefur kjarnafjölskyldan minnkað, þriggja kynslóða heimili eru orðin ærið fá og samband milli kynslóða hefur þannig minnkað. Vegna þessara breytinga hefur þörf fyrir sérhæfða þjónustu samfélagsins við aldraða vaxið gífurlega. Má nánast segja að viðhorf fjölmargra til aðbúnaðar aldraðra sé þannig að samfélagið eigi að axla ábyrgðina í stað fjölskyldnanna áður.

Með lögum um Framkvæmdasjóð aldraðra var mjög bætt úr brýnni fjárþörf til uppbyggingar hjúkrunar- og dvalarheimila og íbúða fyrir aldraða. Uppbygging á þessu sviði hefur verið mjög hröð enda hefur þessi aldurshópur vaxið hratt. Samkvæmt upplýsingum frá landlæknisembættinu stöndum við nú nánast jafnfætis öðrum Norðurlöndum í þessu efni ef skoðað er samanlegt framboð rýmis á öllum stofnunum í landinu fyrir aldraða. Hins vegar virðist sem framboð á hjúkrunarrúmum sé minna en á Norðurlöndum og er brýn þörf á að bæta þar úr.

Segja má að uppbygging á landsbyggðinni sé orðin nánast fullnægjandi. Hins vegar hefur enn ekki tekist að ná fullnægjandi uppbyggingu á Reykjavíkursvæðinu og munar þar mest um hjúkrunarrými. Það er talið að rúmlega 140 rúm skorti nú í Reykjavík einni til að hjúkrunarþörf verði fullnægt og þar af er mjög brýn þörf fyrir 110 rúm um þessar mundir.

Sem dæmi um aðstöðumun milli Reykjavíkur og landsbyggðarinnar má nefna að í samantekt sem unnin var af heilbr.- og trmrn. snemma á þessu ári og birtist í Morgunblaðinu 29. febr. sl. má sjá að á Norðurlandi vestra eru tæp 17 hjúkrunarrými fyrir hverja 100 íbúa 70 ára og eldri en fyrir Reykjavíkurhérað eru einungis um 8 rými fyrir hverja 100 íbúa 70 ára og eldri.

Þróun þjónustu við aldraða hefur einnig verið hröð. Fyrir nokkrum áratugum var áherslan fyrst og fremst lögð á elli- og hjúkrunarheimili enda má segja að þörfin á þeim tíma hafi verið brýnust þar. Kröfur fólks til lífsgæða hafa hins vegar breyst á þessum tíma og hafa aldraðir lagt æ meiri áherslu á að halda sjálfstæði sínu og einnig að fá að njóta ævikvöldsins á heimili sínu eins lengi og kostur er. Reynslan hefur einnig sýnt að með góðri aðstoð og hjúkrun heldur fólk betur heilsu sinni í því umhverfi, auk þess sem slíkt dregur úr dýrri uppbyggingu stofnana. Heimahjúkrun og þjónusta við aldraða er því talin ódýr og heppileg lausn, bæði fyrir einstaklingana og samfélagið. Ef við berum okkur saman við önnur Norðurlönd þá skortir enn verulega á að við stöndum þeim jafnfætis í þessum efnum.

Þessi skortur á heimahjúkrun og heimilishjálp hefur leitt til óöryggis aldraðra og aðstandenda þeirra sem þá þrýsta enn frekar á uppbyggingu stofnana og annarrar aðstöðu. Það hefur sýnt sig að þar sem framboð á heimilisaðstoð er nægilegt minnkar hin eiginlega þörf fyrir uppbyggingu stofnana. Það að vita af því að jafnframt góðri heimilisaðstoð standi þjónusta stofnana ávallt til boða, ef ástand hins aldraða er orðið alvarlegt, tímabundið eða til frambúðar, eykur öryggiskennd og minnkar eftirspurn eftir varanlegri vist á stofnunum. Því tel ég rétt að fjármunum til þjónustu við aldraða verði í ríkari mæli beint í heimahjúkrun og heimahjálp en hingað til hefur verið.

Eins og ég gat um að framan er ástandið í uppbyggingu þjónustu við aldraða einna lélegast hér á Reykjavíkursvæðinu. Þetta ætti ekki að koma á óvart því hér búa tiltölulega margir aldraðir einstaklingar eins og minnst var á áðan, m.a. einstaklingar sem hafa alið allan aldur sinn í dreifbýlinu en sækja í þéttbýlið til að geta dvalið nær brottfluttum ástvinum sínum á svæðinu. En þrátt fyrir flutning úr dreifbýli í þéttbýli er það staðreynd að flestir aldraðir búa ekki hjá fjölskyldum sínum heldur ýmist á eigin heimili eða heimilum eða stofnunum á vegum hins opinbera eða frjálsra samtaka. Það er því enn talsvert langt í land með uppbyggingu á dvalarheimilum eða þjónustuhúsnæði fyr-

ir aldraða á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Ég vil þá sérstaklega nefna Reykjavík.

Ég vil einnig geta byggingar heimila eða íbúða fyrir þá sem eru rólfærir en geta ekki búið einir og heimila sem mæta nútímakröfum aldraðra um aðbúnað.

Samkvæmt tölum frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar bíða yfir 170 manns eftir þjónustuíbúðum, þar af a.m.k. 80 manns sem geta alls ekki beðið og aðrir 50 sem eru í verulegum vandræðum.

Þær heildartölur sem ég hef nefnt og gefnar hafa verið af Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar eru vart of áætlaðar enda einungis unnar eftir fyrirliggjandi umsóknum sem þegar hafa verið metnar og enn hafa ekki allar umsóknir verið metnar.

Einnig er rétt að geta þess, eins og hér kom fram áðan, að öldrunarlæknar í Reykjavík telja að fjöldi hjúkrunarrýma í Reykjavík sé ofmetinn af heilbrrn., þ.e. að fjöldi hjúkrunarrúma þar sem aldraðir dvelja til langframa sé mun minni en upp er gefið. Rétt er einnig að benda á könnun á högum aldraðra í Reykjavík frá 1987 þar sem talið var að um 260 hjúkrunarrými vanti í Reykjavík til að fullnægja þörf. Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar telur að þessi fjöldi fari nokkuð nærri því sem ályktа má út frá umsóknum hjá stofnuninni. Þrátt fyrir þessar tölur má telja að þörfin sé einna brýnust fyrir hjúkrunarrými. Það er forsenda þess að aldraðir eigi þá tryggingu vísa að þegar heilsan verður svo þorrin að nauðsyn er á sólarhringshjúkrun og þar með vistun, komist þeir strax að og þurfi ekki að bíða vikum og mánuðum saman.

Frv. það sem við ræðum nú um breytingu á lögum um aldraða tekur mið af fjárskorti til heimilishjúkrunar og heimilishjálpar og er það vel að skilningur sé á því ástandi. Hins vegar má telja það áhorfsmál hvort opna eigi svo víðtæka heimild til ráðstöfunar Framkvæmdasjóðs aldraðra til reksturs og hvergi verði skilyrt um framlög til þeirra brýnu verkefna sem m.a. bíða við uppbyggingu hjúkrunarrýmis og þjónustuhúsnæðis á Reykjavíkursvæðinu.

Ég legg því til að heilbr.- og trn. taki þann þátt til ítarlegrar skoðunar við umfjöllun frv. í nefndinni.

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Með frv. þessu um breytingu á lögum um málefni aldraðra er verið að gera þrennt. Í fyrsta lagi er verið að viðurkenna stuðning við fleiri sveitarfélög en þau sem eru í dreifbýli til að koma á fót heimaþjónustu fyrir aldraða. Þetta tel ég eðlilegt í ljósi þess ástands sem ríkir í öldrunarmálum, t.d. í Reykjavík sem er með því slakasta á landinu hvað fjölda hjúkrunarrýma og þjónusturýma varðar og þá er auðvitað mun meiri þörf fyrir heimaþjónustu.

Í öðru lagi vil ég nefna að þar sem hugtakið heimaþjónusta á bæði við heimilishjálp og heimilishjúkrun og heilsugæslustöðvar og ríkið sjá um heimahjúkrun en ekki sveitarfélög, þá er bætt þarna inn hugtakinu heilsugæslustöðvar. Þar með má segja að ríkið sé að opna fyrir það að fjármagna heilsugæslustöðvar með Framkvæmdasjóði aldraðra sem auðvitað er fráleitt. Ég vil því spyrja hæstv. heilbrrh. um rökin fyrir þessu og hvernig á að aðgreina það rekstrarfé sem fer til aldraðra á heilsugæslustöðvum og til annarra og hvort það er stefnan að öll þjónusta við aldraða verði fjármögnuð af þessum sjóði. Mér býður í grun að þarna sé verið að leggja Framkvæmdasjóð aldraðra til hliðar, láta hann hverfa inn í hina almennu hít sem er heilbrigðiskerfið.

Þriðja breytingin er sú að nú á að vera heimilt að nota Framkvæmdasjóð aldraðra jafnvel alfarið í rekstur stofnana fyrir aldraða. Þetta er mjög alvarlegt því mjög langt er í land með að eftirspurn eftir rými á stofnunum og eftir húsnæði fyrir aldraða sé fullnægt í Reykjavík og víðar enda er fjöldi hjúkrunar- og þjónusturýma í Reykjavík langt fyrir neðan meðaltal eins og hefur komið fram í tölum annarra ræðumanna.

Þó að stofnanir hafi staðið auðar í Reykjavík að undanförnu er alveg augljóst mál að það er ekki vegna þess að framboð er nægjanlegt heldur vegna þess að nægjanlegt rekstrarfé hefur ekki verið til staðar og vegna skorts á starfsfólki en störf í öldrunarþjónustu eru mjög erfið og oft illa launuð og vonandi er að þar verði breyting á. Frv. gæti því bætt úr því og um leið skapað störf sem vissulega er brýnt nú á tímum. Ég skil því tilgang frv. og sé að það getur að sumu leyti verið til góðs en hætturnar af því eru stórar, m.a. þær að þessi sjóður verði ekki notaður fyrir það málefni sem honum er ætlað, nefnilega þjónustu við aldraða, sem sannarlega eiga ekki skilið neina skerðingu núna, og að uppbygging húsnæðis fyrir aldraða í Reykjavík stöðvist. Þetta mál þarf því að athuga mjög gaumgæfilega að mínu mati í heilbr.- og trn.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Í upphafi máls míns ætla ég að gagnrýna það sem er að gerast æ oftar við framlagningu frumvarpa, að þau eru illa unnin og illskiljanleg. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að hér vantar athugasemdir við einstakar greinar. Það segir manni sem les frv. ekkert hvað eftifarandi tillaga þýðir: „2. mgr. 12. gr. falli niður."

Það hefur verið siður hér alla þá tíð sem ég þekki að frv. sé aðgengilegt og læsilegt hverjum hv. þm. Ég veit ekki hvort þetta eru áhrif frá fljótaskriftinni í kringum EES-frumvörpin að það gerist hér æ oftar að fyrir okkur eru lögð skjöl á borð við þetta. Ég vil bara vekja athygli á þessu. Það þýðir auðvitað að þingmaður verður að ná sér í lögin og síðari breytingu en það er óþarfa vinna að standa í slíku. En það er kannski ekki mergur þessa máls.

Það er eitt af verkefnum hæstv. heilbrrh., eins og segir í 2. gr. laga um málefni aldraða, að hafa frumkvæði að stefnumótun um málefni aldraðra. Sú stefnumótun hefur hingað til helst verið fólgin í því að taka smám saman æ meira af Framkvæmdasjóði aldraðra. Fyrst í viðhaldskostnað sem mátti e.t.v. verja, þ.e. viðhald þegar lokinna bygginga, síðan rekstur um stund og nú ótakmarkað í rekstur eins og hér hefur komið fram. Nú er það svo að af 425 millj. kr., eins og hv. 2. þm. Vesturl. kom inn á áðan, í núgildandi fjárlagafrv., fara 160 millj. kr. í rekstur.

Hv. 9. þm. Reykv. kom áðan aðeins inn á umræðu um skýrslu um málefni aldraðra sem lögð var fram á síðasta þingi. Það er hárrétt að um hana varð lítil umræða en góð það litla sem var, því hv. 4. þm. Suðurl., Margrét Frímannsdóttir, hélt þá mjög athyglisverða ræðu um skýrsluna. Ég ætla að leyfa mér að vitna í hana, með leyfi hæstv. forseta, þar sem ég orða það ekkert betur en hún gerði, en þar sagði hún:

„Þó er það þannig að þar [þ.e. í skýrslunni] má finna ýmis atriði sem eru rangfærð eða að það hreinlega vantar upplýsingar í skýrsluna til að hv. þm. fái rétta heildarmynd og sjái grundvöll þeirra áætlana sem fyrir liggja á sviði öldrunarmála." — Síðan segir hv. þm. Margrét Frímannsdóttir: „En þó er viðurkennt að skortur sé á hjúkrunarrýmí fyrir aldraða í Reykjavík.

Ef við skoðum þær tölur, sem í skýrslunni birtast, verður það þó ekki séð. Það kemur fram í 1. kafla skýrslunnar, þar sem fjallað er um húsnæði fyrir aldraða, að 1. janúar 1991 hafi vistrými fyrir aldraða, bæði hjúkrunarrými og þjónusturými á öllu landinu, verið 3.235 og skiptist þannig að hjúkrunarrými voru 1.948 og þjónusturými 1.287. Af þessum 1.948 hjúkrunarrýmum eru 712 talin í Reykjavík, eða 8,1 rými á hverja 100 íbúa 70 ára og eldri, en hjúkrunarrými eru fæst í Reykjavík miðað við íbúafjölda. Staðan á landsbyggðinni er mun betri þó þörfinni sé hvergi nærri fullnægt. Í þessum útreikningum á þjónusturými í Reykjavík eru legupláss öldrunarlækningadeilda talin með sem hjúkrunarpláss. Það ætti þó ekki að vera því að það er faglega rangt. Öldrunarlækningadeildir eru meðferðardeildir en ekki hjúkrunarheimili. Auk þess er talið sem hjúkrunarrými vistrými á blönduðum stofnunum, þ.e. stofnunum með þjónusturými og hjúkrunarrými, þar sem langlegusjúklingar eru hafðir í þjónustuhúsnæði og daggjöld greidd."

Og Margrét Frímannsdóttir héldur áfram: „Í skýrslunni eru rúm í B-álmu Borgarspítalans talin vera 81. En eftir þeim upplýsingum sem ég hef hafa aldrei verið tekin fleiri en 59 rúm í notkun í B-álmunni. Hin 22 eru ekki og hafa ekki verið í notkun þannig að það er ekki réttlætanlegt að telja þau með eins og gert er í skýrslunni. Nú í mars [en þetta er talað 19. maí] voru aðeins 47 rúm í notkun. B-álma Borgarspítalans er auk þess byggð sem öldrunardeild og ætti í raun ekki að telja sem hjúkrunarrými.

Ef þessi atriði eru tekin saman, þ.e. vistrými á blönduðum stofnunum, öldrunarlækningadeildir og þau rými, sem aldrei hafa verið tekin í notkun í B-álmu Borgarspítalans, kemur í ljós að eiginleg hjúkrunarrými í Reykjavík eru 450 en ekki 712 eða ekki nema 5,2 á hverja 100 íbúa 70 ára og eldri en ekki 8,1 eins og sagt er í skýrslunni. Vöntun á hjúkrunarrými í Reykjavík er því mun meiri en þar kemur fram og töluvert undir þeim viðmiðunarmörkum sem fram koma í skýrslunni." — Lýkur þar með tilvitnun í ræðu hv. 4. þm. Suðurl. á síðasta þingi.

Við þetta er engu að bæta. Það er alveg ljóst að hér í Reykjavík er neyðarástand í þessum efnum og stefnumótun auðvitað engin því það er einu sinni svo að hér á Reykjavíkursvæðinu er auðvitað æ stærri hópur fólks yfir 70 ára aldri sem betur fer. Svo er einfaldlega komið að við lifum lengur. En hvað er í raun og veru verið að gera í málefnum aldraðra ef við viljum líta á það sem einhvern málefnaflokk? Ég er kannski í þeirri sérstöðu að hafa ævinlega verið með gömlu fólki frá því ég var barn og mér finnst ekkert merkilegt við að verða gamall, ég hef aldrei séð fólk breytast neitt stórlega við það. Ef við viljum ræða um málefni þessa aldursflokks, sem við skulum kalla aldraða, skulum við gera það. Hvert erum við að stefna? Við erum að stefna í það að um langt skeið, eins og fram kom í máli hv. 9. þm. Reykv., hefur byggingaiðnaðurinn gripið til þess ráðs, þegar venjulegar fjölskyldur gátu ekki lengur haldið uppi endalausum framkvæmdum á íbúðarhúsnæði, að freista gamals fólks til að selja eignir sínar og fara í eitthvað sem heitir þjónustuíbúðir. Í þessum húsum er sjaldnast nokkur einasta þjónusta. Það þarf ekki mikla skynsemi, og um það ræddum við þingmenn af kvenkyni sem boðaðir voru á fund með hjúkrunarfólki Landspítalans á síðasta þingi, til að sjá það ástand sem skapast mun eftir 10–15 ár, þegar þetta fullorðna fólk sem nú er komið í 12 hæða blokkir út um alla borg, fer að lasnast og þarf á meiri þjónustu að halda. Þá er það komið enn lengra frá fjölskyldum sínum, búið að búa fjarri þeim um langt skeið og hjúkrunarþjónustan hlýtur því að lenda á hinu opinbera. Hvernig ætlar hið opinbera að mæta því? Það er látið ósagt. Það er auðvitað vægast sagt ekki við hæfi að fólk sé platað, eins og ég kann mörg dæmi um, til að kaupa íbúðir í svokölluðum þjónustuíbúðum fyrir aldraða sem eru svo dýrar að jafnvel góðar íbúðarhæðir í hjarta borgarinnar duga hvergi til. Ég skal taka alveg skýrt dæmi: Í litlum húsum við Hrafnistu í Reykjavík hafa verið byggðar slíkar íbúðir. Verð þeirra var á þrettándu millj. kr. Ég þekki til fólks sem átti góðar hæðir í Vesturbænum, þær dugðu hvergi til. Þær seljast fyrir 6 eða 6,5 millj. kr. eða eitthvað slíkt. Tvær íbúðir duga því varla. Og hver er svo þjónustan? Í samningi um þessar íbúðir stendur, sem er ágætt, að í hverri íbúð sé neyðarhnappur. Það stendur ekki orð um það að í því sé fólgin einhver aukakostnaður. Hvað kemur síðan í ljós? Bara að hafa þennan hnapp, þótt fólk þurfi ekki að nota hann, sem betur fer, kostar 1.900 kr. á mánuði. Það er ekki lítill peningur fyrir gamalt fólk sem hefur oft ekki miklar tekjur. Lífeyrissjóður sjómanna hefur ekki hingað til gert sína gömlu sjómenn að auðkýfingum og þá munar um 1.900 kr. á mánuði fyrir slíkt. Ef þetta fullorðna fólk vill fá matarbakka út í húsið sitt sem er svo sem ekki langa vegu frá kostar það 100 kr. í hvert einasta sinn aukalega. Það má kalla þetta þjónustuíbúðir. En fyrir mér er þetta engin þjónusta. Þannig er nú þetta. Þó er þjónustan að sjálfsögðu betri og öruggari í námunda við Hrafnistu. Það skal sagt strax. Stór hluti þessa fólks býr ósköp einfaldlega í blokkum út um allan bæ og er fjær því en nokkru sinni að hafa samneyti við annað fólk. Það tínist þar hver inn í sína íbúð og þetta er ef til vill aðeins enn þá einmanalegra en á meðan fólk bjó þó í sínu íbúðahverfi.

Þá er kannski freistandi að spyrja: Af hverju er

þetta orðið svona? Af hverju þarf gamalt fólk að búa saman í 12 hæða blokkum? Fólk sem hefur ekkert gert af sér annað en það að verða 67 ára og eldra. Jú, við erum nefnilega búin að breyta þjóðfélaginu. Og það er stundum svolítið erfitt að breyta sumum þáttum þjóðfélagsins án þess að líta til hinna.

Við erum búnar að fá, konur margumtalaðar, margfrægt frelsi til að vinna úti og komast í ráð og nefndir, og er það nú blönduð sæla eins og ýmsar konur hafa uppgötvað. En það er nú einu sinni svo að við getum ekki verið alls staðar. Og það sem hefur auðvitað gerst í okkar þjóðfélagi er að það sem við unnum einu sinni ókeypis, launalaust á heimilunum, hugsuðum um börnin okkar, a.m.k. fyrstu árin, afa og ömmu, heimsóttum veika ættingja á sjúkrahús, sem enginn gerir lengur nema í hæsta lagi um helgar, þetta gerir enginn lengur í dag. Reikningurinn og ábyrgðin eru einfaldlega send yfir á þjóðfélagið. Það er ein leið, vissulega. En hefur nokkurn tímann nokkur mótað þessa stefnu? Nei, þetta gerðist einfaldlega. Þetta gerðist sem hliðarverkun við allt aðra hluti. Það ætlaði enginn að hafa þetta svona. Ekki nokkur lifandi maður. Ekki rauðustu alþýðubandalagsmenn héldu því nokkurn tímann fram að börn og fullorðið fólk ætti sjálfkrafa að vera á framfæri hins opinbera. Það hef ég aldrei heyrt.

Þess vegna, hæstv. heilbrrh., sem er greinilega uppgefinn á lestri mínum, ég bið þá hæstv. forseta að skila því til hans að af því að það er hans verkefni að móta stefnu í öldrunarmálum eins og þar segir, þá bið ég hann að gera það fyrstur manna að velta ofurlítið fyrir sér á hvaða leið við erum í þessum málum.

Sem betur fer er það svo með bættu fæði og bættu heilsufari að allur þorri fólks á aldrinum 67 ára til jafnvel 80 ára er fullfær um að vinna umtalsverð störf inni á heimilum, jafnvel úti á vinnumarkaðnum. Fólk í minni fjölskyldu lagði niður vinnu við höfnina í Reykjavík um áttrætt og blés ekki úr nös.

Ég held því, virðulegi forseti, að við séum að fara inn á skrýtnar og sérkennilegar brautir í þessum efnum. Ég get ekki alveg sætt mig við að í hverju einasta sveitarfélagi í landinu séu helstu framkvæmdir í byggingarmálum íbúðir fyrir aldraða. Hv. fjárln. heimsótti Reykjaneskjördæmi á síðasta ári. Það fyrsta sem okkur var sýnt sem dæmi um nýbyggingar í hverju einasta sveitarfélag voru íbúðir fyrir aldraða. Og maður spurði forviða: Er ekki eitthvert annað fólk að byggja? Nei, það var helst fullorðið fólk sem var búið að plata út úr sínum gömlu heimilum til að byggja sér blokk í ellinni.

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta ekki rétt og vil þess vegna mælast til að menn setjist niður í einhverri alvöru og spyrji sjálfa sig: Hvar endar þetta? Ég sé ekki betur en þessar blokkir allar með gömlu fólki hljóti óhjákvæmilega að breytast í sjúkrahús eftir 20 ár eða það þurfi að byggja ný sjúkrahús fyrir það fólk sem býr í þessum blokkum núna.

Það er nefnilega einu sinni svo að það er langbest að vinstri höndin viti hvað sú hægri er að gera og öfugt. Það er ekki hægt að umsteypa heilu þjóðfélagi á einhverju afmörkuðu sviði án þess að það hafi áhrif á öll hin. Ég hef alltaf átt erfitt með að sætta mig við að á meðan ég blómstra í ræðustólum Alþingis séu lægstlaunuðu konur í samfélaginu að sauma föt á krakkana mína af því að ég má ekki vera að því sjálf. Þetta er ekki rétt. Þetta er ekki rétt. Og ég held að tími sé kominn til að við þorum að horfast í augu við þetta og reynum að móta okkur einhverja stefnu í því hvernig í ósköpunum við viljum hafa samfélagið sem við lifum í.

Varðandi þetta frv., virðulegi forseti, er auðvitað ekkert að segja. Það vita allir að það er einfaldlega verið að taka framkvæmdafé í rekstur. Við erum sjálfsagt mörg sem höfum af því áhyggjur. Til þess var þessi nefskattur á okkur lagður að hann færi beinlínis í það að byggja upp aðhlynningarstofnanir fyrir aldraða. Sé verið að breyta því er auðvitað heiðarlegast að leggja sjóðinn niður og segja, svo eitthvert vit og samhengi sé í hlutunum: Við ætlum ekki að byggja fleiri svona stofnanir. Nú er komið að því að reka þær. Nú er komið að því að halda þeim við. Við erum hætt þessu. Þökk fyrir skattinn, nú leggjum við hann niður. En það er eins og ef menn byrja á einhverju geti þeir aldrei hætt því. Og þetta er látið halda áfram í það óendanlega en notað á allt annan hátt en upphaflega stóð til.

Það getur vel verið sjónarmið að það sé komið nóg. Það á auðvitað ekki við í Reykjavík eins og hér hefur verið rakið. Reykjavík er sérvandamál að þessu leyti og væri hægt að leysa það öðruvísi. En víða úti um byggðir landsins þar sem fólk er ekki alveg eins forframað og duglegt við að stúka sig niður í hólf eftir aldri held ég að þessari þörf sé næstum því fullnægt eins og kom fram í máli hv. 13. þm. Reykv. En í öllum bænum, hæstv. forseti, þorum einhvern tímann að doka við og athuga hvert við erum að æða áður en í fullkomið óefni er komið.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur hér lagt fram frv. til breytinga á málefnum aldraðra hvað varðar ráðstöfun á því fé sem innheimtist í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Í framsöguræðu sinni sagði hæstv. ráðherra að hann teldi að um sambærilega breytingu væri að ræða og gerð var á lögunum 1991, samkvæmt frv. sem ég lagði þá fyrir Alþingi, 113. löggjafarþingið árið 1990.

Ég vil ekki taka undir þá skoðun hæstv. ráðherra að hér sé um sambærilega breytingu að ræða. Þó er það rétt að í því frv., eins og þessu sem hér liggur fyrir, var gert ráð fyrir að sjóðnum væri ekki eingöngu ætlað að styrkja framkvæmdir, heldur mætti einnig verja hluta af ráðstöfunarfé hans til rekstursverkefna.

Hæstv. ráðherra sagði að verið væri að gera bragarbót á núgildandi lögum og að nú væri heimilt að greiða fyrir rekstur stofnana og verja stærri hluta, kannski öllum sjóðnum til slíkra mála. Ég tel að hér sé verið að fara inn á vafasama braut hvað það varðar að nýta nefskatt að fullu eða öllu á þennan hátt.

Í greinargerð frv. sem ég lagði fyrir hv. Alþingi árið 1990 segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Breytingar þær sem talið er nauðsynlegt að gera á hlutverki Framkvæmdasjóðs aldraðra eru báðar þess eðlis að þær rýmka hlutverk hans. Fyrri breytingin lýtur að því að sjóðnum sé heimilt að styrkja viðhaldsframkvæmdir á þeim stofnunum aldraðra sem þegar eru starfandi." Síðar segir: „Síðari breytingin er viðbrögð við þeim vanda sem iðulega verður þegar öldrunarstofnun fær starfsleyfi eða breytingu á starfsleyfi eftir að fjárlagaár hefst og ekki var gert ráð fyrir nýrri stofnun eða breytingu við fjárlagagerð."

Hér var um mjög afmarkað verkefni að ræða sem átti að miðast við tiltekið ástand og síðan var kveðið skýrt á um það í frv. og í núgildandi lögum, því frv. var samþykkt nánast óbreytt, að það væri aðeins allt að þriðjungi af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins sem verja mætti til þessara nýju verkefna.

Nú er hins vegar gerð róttæk breyting þar sem segir í greinargerð þess frv., sem er til umræðu, með leyfi forseta: „Í ljósi þess samdráttar sem er í útgjöldum til heilbrigðismála sýnist eðlilegt að rýmka þessa heimild og sömuleiðis fella niður skilyrði um að aldrei megi verja nema tilteknum hluta sjóðsins til nánar tilgreindra verkefna. Þegar svo er komið að uppbygging húsnæðismála aldraðra er orðin svo mikil að víða er framboð umfram eftirspurn hlýtur að vera skynsamlegara að verja fjármunum sjóðsins til reksturs og eflingar heimaþjónustu sveitarfélaga og heilsugæslustöðva fremur en til framkvæmda."

Mig langar í fyrsta lagi að spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé virkilega skoðun hans að víða sé framboð umfram eftirspurn í húsnæðismálum aldraðra. Ég leyfi mér að efast um það þó kannski megi finna þess stað á einstöku stað eða svæði að eftirspurninni sé fullnægt. En að það sé víða umframeftirspurn leyfi ég mér að efast um.

Í örðu lagi finnst mér ástæða til að velta því upp og spyrja hv. stjórnarþingmenn hvort þeim finnist þetta eðlileg ráðstöfun á nefskatti að taka hann, eins og hér er gert ráð fyrir, algerlega til rekstrarverkefna?

Ég man eftir umræðu á hinu háa Alþingi um nefskatt. Ekki eingöngu í þessum tilgangi, sem hér er þó gert ráð fyrir, þ.e. til verkefna á vegum aldraðra, heldur nefskatt almennt og þær skoðanir að draga bæri úr mörkuðum tekjustofnum og bæri að varast að binda svo hendur Alþingis, fjárveitingavaldsins, að skattheimtan væri mörkuð ákveðnum verkefnum. Ég fyrir mína parta get tekið undir þau sjónarmið. Ég held að ég hafi gert það áður í umræðum í þinginu, en taldi þó réttlætanlegt að styðja nefskatt til Framkvæmdasjóðs aldraðra vegna þeirra brýnu verkefna sem þar væru fram undan og tel reyndar að svo sé enn að við eigum enn þá ýmis mál óleyst hvað þennan málaflokk varðar og ýmislegt sem þurfi að styrkja í þjónustu við aldraða.

En við þurfum vissulega að huga að nýjum áherslum í því efni eins og gert var í sambandi við breytingarnar 1991. Þá voru teknar upp heimildir til að styrkja og styðja við heimahjúkrun t.d. Ég held að við ættum að leggja aukna áherslu á endurhæfingarstofnanir fyrir aldraða. Ég er alveg sannfærður um að það er mjög mikilvægt að búa betur að þeirri þjónustu í þessum málaflokki hvað öldrunarmálin varðar. Ég býst við að það verði rætt hér síðar í dag í boðuðum utandagskrárumræðum um Kristnesspítala sem hefur að undanförnu verið í uppbyggingu sem endurhæfingarstofnun. En það þarf að huga að breyttum áherslum og það má leggja fjármuni til ákveðinna einstakra verkefna annarra en beinlínis að byggja hús.

Þegar komið er að því að við teljum okkur ekki hafa lengur efni á að reka þær stofnanir sem þegar hafa verið byggðar, eins og látið er liggja að hér í ljósi þess samdráttar og þeirra erfiðleika sem nú blasa við í ríkisfjármálum, er vafasamt hvort réttlætanlegt er að innheimta sérstakan nefskatt í þessu skyni.

Mig langar að beina því til hæstv. ráðherra í þessum erfiðleikum sem nú blasa við ríkissjóði og ekki síst hans málaflokki að vonandi sé um að ræða tímabundið ástand og við náum senn vopnum okkar á nýjan leik og getum haldið áfram að treysta og styrkja okkar velferðarkerfi, þar á meðal heilbrigðisþjónustuna og þjónustu við aldrað fólk, hvort ekki hefði verið skynsamlegra að setja í þessi lög nú ákvæði til bráðabirgða ef menn vilja ekki hreinlega fella niður þennan nefskatt og viðurkenna að það sé eðlilegra að innheimta skattana með öðru móti, í gegnum tekjuskatt og aðra skattstofna sem við höfum nýtt til rekstrarverkefna. Þá væri ef til vill réttlætanlegt að setja tímabundið inn ákvæði til bráðabirgða um að heimilt væri í ár eða á næsta ári að verja fjármunum þessa sjóðs til rekstrarverkefna.

Við höfum nú þegar byggt upp t.d. myndarlega stofnun, nýtt hjúkrunarheimili inni í Grafarvoginum, sem nefnt hefur verið Eir og mér skilst að ráðherra eða ríkisstjórn treysti sér ekki til að taka í rekstur. Svo mun vera um fleiri stofnanir á vegum ríkisins. Ég nefni líka heimili fyrir fjölfatlaða sem byggt hefur verið upp á Reykjalundi og menn treysta sér ekki heldur til að taka í rekstur á næsta ári. Það stendur þar ónotað og bíður.

Það er þess vegna ekkert vafamál að hér verður að grípa til aðgerða til að bregðast við. Þess vegna finnst mér að ef til vill hefði mátt líta á málið með þeim hætti, því ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á innheimtu nefskattsins svokallaða, að þessi sjóður renni tímabundið til einhverra slíkra verkefna.

Ég vil aftur ítreka þann mismun sem ég tel vera á þessu frv. og þeim breytingum sem gerðar voru á þinginu 1990–1991 varðandi verkefni sjóðsins. Þar var um að ræða afmarkað ákvæði, að heimila að ákveðinn hluti sjóðsins rynni tímabundið til rekstrarverkefna.

Nú kann að vera að eitthvað af þeim fjármunum sem þannig áttu að renna til rekstrarverkefna hafi ekki verið eingöngu bundnir við nýju stofnanirnar eða stofnanir sem verið var að breyta, eins og einnig var greint frá í greinargerð þess frv., þ.e. breyta t.d. dvalarheimilum í þjónustu- eða hjúkrunarrými, heldur farið í almennan rekstur. Þá ber að harma það því þá hefur ekki verið farið að lagatilmælum. En svo kann að vera að það hafi verið gert í einhverjum tilvikum. En það réttlætir ekki þá breytingu sem hér er boðuð. Ég fyrir mína parta varpa fram þeirri hugmynd að ef til vill gætu menn sæst á að breytingar væru gerðar tíma-

þundið vegna þess vanda sem við stöndum frammi fyrr.

Í umræðum um frv. á þinginu 1990–1991 komu n.a. fram þær skoðanir sumra þingmanna að sú opnun sem þar var gerð gæti leitt til þess að síðar yrði gengið lengra. Ég man eftir því að t.d. hv. þáv. þm. Guðmundur H. Garðarsson ræddi þá hættu. Sá sem hér stendur og var í forsvari fyrir því frv. taldi að ekki væru miklar hættur á því, hér væri um að ræða svo afmarkaða ráðstöfun og skýrt skilgreinda að við þyrftum ekki að óttast slíka breytingu. En því miður hefur hv. þm., nafni minn Guðmundur H. Garðarsson, verið raunsærri en sá sem hér stendur hvað þetta varðar. Reynslan sýnir okkur og segir nú að menn hafa talið mögulegt að ganga lengra og telja breytingarnar sem nú eru lagðar til sambærilegar við þær sem áður voru gerðar. Ég hef þó reynt að rekja í máli mínu að ég tel svo ekki vera.

Mig langar aðeins að lokum, virðulegur forseti, að spyrja hæstv. ráðherra, ef hann hefur yfirlit yfir það í fórum sínum nú, það er auðvitað ekki víst að svo sé, hvað byggingarkostnaður við þessa nýju stofnun, hjúkrunarheimilið í Grafarvoginum, er orðinn mikill. Hver er kostnaðurinn þar á legurými og aðrar þær viðmiðanir sem menn nota þegar metinn er byggingarkostnaður, t.d. á fermetra eða rúmmetra? Ég óttast að hér sé um að ræða afar dýra og kostnaðarsama byggingu og e.t.v. gætum við hagað okkur öðruvísi í uppbygginu öldrunarþjónustunnar en þar er gert, byggt ódýrari og hagkvæmari byggingar. Ég skal þó ekkert meta það, ég þekki ekki þessa byggingu og veit að henni eru ætluð líka sérstök afmörkuð verkefni, eins og hér kom fram í máli hv. þm. Svavars Gestssonar áðan, að veita Alzheimer-sjúklingum eða öldruðum einstaklingum með hrörnunarsjúkdóma þjónustu. Þarf sjálfsagt að huga sérstaklega að þörfum þeirra í uppbyggingu. Ég leyfi mér þó að endurtaka það sem ég sagði áðan að við þurfum að huga að nýjum háttum og nýjum áherslum í þjónustunni við aldraða, t.d. aukinni og bættri heimahjúkrun, þjónustu við aldraða á sínum heimilum þannig að ekki þurfi að safna þeim saman á stofnanir eða í blokkir sem þeim eru sérstaklega ætlaðar eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir rakti hér ítarlega áðan. Við þurfum að leggja áherslu á endurhæfingarþáttinn sem ég veit að landlæknisembættið hefur t.d. lagt mikla áherslu á að þurfi að styrkja til að þessir einstaklingar og auðvitað ýmsir aðrir, sem á endurhæfingu þurfa að halda, ekki síst aldraðir, geti lengur búið við eðlilegar aðstæður ef það má orða það svo á sínum heimilum og í því umhverfi sem þeir hafa kosið sér að búa.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, virðulegi forseti, en leyfi mér að vara við þeim breytingum sem hér eru boðaðar, að opna alfarið heimild til að verja öllum framkvæmdasjóðnum og þessum nefskatti, sem réttlættur var með því að takast yrði á við brýnar framkvæmdir í uppbyggingu öldrunarþjónustu, taka það fé allt saman til rekstrarverkefna. Hins vegar hef ég bent á að hugsanlega mætti fara aðrar leiðir í tímabundnu erfiðleikaástandi í ríkisfjármálum.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Eins og fram kemur hér í greinargerð með frv. hefur Framkvæmdasjóður aldraðra verið við lýði í rúman áratug. Hér á Alþingi hafa verið mjög skiptar skoðanir um það hvort taka eigi upp nefskatt til tiltekinna verkefna eða að fá framlög í fjárlögum til þeirra. Ég minnist þess að þegar hugmyndin kom fram um Framkvæmdasjóð aldraðra var mikil andstaða við að taka upp slíkan nefskatt. Menn sögðu þá: Það á ekki að leggja á nefskatt, hvorki í þessu tilfelli né fjölmörgum öðrum. Við eigum að taka þetta úr sameiginlegum sjóði og það á að verja til þess tekjum sem ríkið aflar samkvæmt heimildum og lögum í fjárlögum hverju sinni.

Mér fannst eðlilegt þegar þetta kom upp, þó ég væri þá í stjórnarandstöðu, að standa með því að stofna slíkan framkvæmdasjóð til að greiða fyrir byggingum aldraðra í landinu. Þrátt fyrir mikla andstöðu í mínum flokki tók ég þessa afstöðu vegna þess að ég sagði: Það er engin trygging fyrir því að þessi málaflokkur fái það fjármagn sem hann þarf að lágmarki á næstu árum. Þess vegna held ég að þetta sé skattur sem verður ekki óvinsæll hjá þeim sem eiga að greiða hann þegar þeir vita í hvað á að nota þessa fjármuni. Ég held að þetta hafi komið greinilega í ljós strax. Ég hef ekki orðið var við að fólk hafi verið á móti skatti í Framkvæmdasjóð aldraðra. Ég hef heyrt menn segja að ástandið sé slæmt hér á höfuðborgarsvæðinu og ekki ætla ég að gera lítið úr því, síður en svo. Auðvitað er fólkið flest hér. En heimaþjónusta er ekki til á sumum stöðum á landinu. Og þó hún sé léleg á höfuðborgarsvæðinu er hún auðvitað miklu fullkomnari en þar sem hún er ekki til. Það gefur auga leið.

Ég er þeirrar skoðunar að á meðan þörf er fyrir þennan skatt til að byggja upp dvalarheimili fyrir aldraða eigi að nota hann. Ég held að hæstv. heilbr.- og trmrh. þurfi að gera grein fyrir því hvar er verið að byggja fyrir þessa starfsemi. Hvað er álitið að þurfi mikla fjármuni til þess að koma henni upp þar sem er brýn þörf fyrir hana? Hvað kostar hún? Hefur samfélagið ráð á að hætta við? Og í sambandi við það sem hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði, sem var uppfinningamaður að því að seilast í Framkvæmdasjóð aldraðra á árinu 1991, þótt hann segi að það hafi ekki verið nema lítið eitt miðað við það sem sá sem núna er í sama stól ætlar sér að gera, þá verða menn alltaf að muna að sá veldur miklu sem upphafinu veldur. Það er satt best að segja svo að þegar búið er að ákveða ákveðinn skattstofn af ákveðnu tilefni þá fer það æði oft þannig hjá okkur á Alþingi að þótt það eigi að vera takmarkaðan tíma heldur það áfram. Hver man ekki eftir skattinum „tímabundið vörugjald“? Og skatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði? Þetta átti bara að vera stundarfyrirbæri. Og ég man ekki betur, það var löngu áður en ég kom á þing, að söluskatturinn var 3% og átti að vera í eitt ár. En hvernig hefur skepnunni til tekist? Að vísu er hann horfinn og nú heitir hann virðisaukaskattur. Það er gefið mál að þegar byrjað er að leggja einhvern skatt á er því haldið áfram og alltaf bætt við þrátt fyrir digrar yfirýsingar um að nú skuli hætta og brjóta

blað og lækka skattana. Ég gef lítið fyrir það.

Fjmrn. sendir með þessu umsögn. Hún er afskaplega stutt og skilmerkileg og ákveðin eins og við var að búast úr þeirri átt. Þar segir: „Hér er um rýmkun á gildandi lögum að ræða. Takmörk á fé sem hægt er að veita til reksturs eru afnumin og lögin gerð afdráttarlausari."

Ég held að lögin í dag séu alveg afdráttarlaus, að þetta eigi allt að fara til framkvæmda. En það fer eftir því hverjum augum hver lítur á silfrið hvort er afdráttarlausara, þetta eða hitt. Mér finnst að lögin eins og þau eru séu afdráttarlaus þrátt fyrir það sem gerðist árið 1991.

Ég held að það sé líka ástæða til að koma inn á það sem hv. 14. þm. Reykv. minntist á. Í raun og veru hafa málefni aldraðra verið afskaplega stefnulítil og erfitt að mynda um þau ákveðna stefnu. Annað árið byggist allt á því að koma þessum sem eru orðnir 67 ára eða eldri, það eru svona nokkrir sérvitringar sem brjótast út og neita þessu, inn á hæli og helst að loka þá inni kl. átta á kvöldin og hleypa þeim aðeins út kl. átta til níu á morgnanna í hálftíma eða klukkutíma. Hitt árið er söðlað um og þá á helst að loka því öllu og þá eiga allir að vera heima hjá sér. Það eru ákaflega stór stökk sem gerast í þessum efnum.

Ég held að löggjafarsamkoman verði að gera sér grein fyrir því að mannsævin er að lengjast og það verða sífellt fleiri og fleiri sem ná hinum svokallaða eftirlaunaaldri sem er raunar ekki lengur til nema fyrir þá sem ekkert eiga. Hann hefur verið 67 ár. Þá eru margir farnir að hugsa: Þegar ég verð 67 ára má ég ekkert vinna. Þá hefur samfélagið sagt: Nú ert þú orðinn aumingi og verður að hætta að vinna og þú verður að ráða því hvort þú ætlar að hírast í gömlu íbúðinni þinni eða hvort þú ferð inn á eitthvert hæli þar sem þú ert lokaður inni. Það er þessi grundvallarbreyting sem þingmenn þjóðarinnar verða að fara að huga að. Mannsævin lengist, það verða fleiri 67 ára og eldri en áður var. Það þótti í frásögu færandi ef maður náði hundrað ára aldri. Nú er bara farið að hafa heil kaffisamsæti fyrir hundrað ára og eldri hér í sjálfri Reykjavíkurborg. Það var ekki stór hópur sem náði áttatíu og fimm eða níutíu ára aldri en þeim sem ná þeim aldri fer ört fjölgandi. Það á auðvitað að nota vinnuaflið þegar það er hægt. Það á að hvetja hvern og einn til að halda störfum áfram en leggja ekki árar í bát og krefjast þess að samfélagið haldi honum uppi á öllum sviðum. Það eru nógu margir sem þurfa á því að halda heilsunnar vegna þó ekki sé verið að boða þeim, sem ekki þurfa þess, aumingjaskapinn. Það er því miður það sem hefur verið gert allt of mikið af.

Nú sný ég mér, hæstv. heilbrrh., að þessu stutta og kjarnyrta frv. ráðherrans. Ég get engan veginn sætt mig við að fortakslaust sé fallið frá þessum skatti sem hefur verið lagður á okkur persónulega og það sé hægt að fara með hann yfir í rekstur, alveg umsvifalaust. En ég vil ekki vera svo ósanngjarn að núv. hæstv. heilbrrh. og núv. hæstv. ríkisstjórn fái ekki líka einhvern skerf af því þegar skrúfað var frá krananum 1991. Það verður að meta það og vega og ég er alveg sammála því að þá á heimaþjónustan fyrst og fremst að ganga fyrir. Ég ætla ekki á þessari stundu að segja hversu hátt hlutfall það á að vera. En ég trúi ekki öðru en því að hæstv. heilbrrh. viðurkenni að þetta má ekki ganga svona langt, þá höfum við, allir þeir þingmenn sem stóðu að stofnun Framkvæmdasjóðs aldraðra og þeir þingmenn sem hafa staðið að þessu síðan, í raun og veru ekkert verið að meina með þessu. Við höfum haft það á tilfinningunni undir niðri að það mætti eiginlega hvenær sem er, þegar mönnum væri mál, nota féð í öðrum tilgangi. Þetta er minn fyrirvari við frv.

Ég segi aftur að lokum: Ég held að það væri þess virði að móta heilsteypta stefnu í málefnum aldraðra, stefnu sem miðar að því að pakka mönnum ekki inn á hæli eða heimili heldur gera þeim kleift að vinna á meðan þeir geta unnið og hafa heilsu til. Nóg eru þyngslin hjá þeim sem eru svo óhamingjusamir að missa heilsuna á besta aldri eða á undan svo mörgum öðrum.

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Hér hefur mikið verið rætt um stöðu öldrunarmála í Reykjavík og get ég tekið undir flest það sem sagt hefur verið. Öldrunarmálin eru mikið vandamál á höfuðborgarsvæðinu sem stafar m.a. af því að fjölmargir aldraðir í hinum dreifðu byggðum hafa komið hingað til Reykjavíkur af tveimur ástæðum. Annars vegar vegna þess að hér er þjónustan margfalt betri en víða í hinni dreifðu byggð. Og svo vegna þess að öll ættartengsl liggja hér vegna þess að skyldmenni flest búa á þessu svæði eða að börn hafa flutt hingað á höfuðborgarsvæðið.

Varðandi þær tölur sem hér voru nefndar áðan um að það léti nærri að 260 manns væru í neyð þá er það rétt eins og fram kom hjá þeim ágætu öldrunarlæknum sem hér var vitnað til. En það er hins vegar athyglisvert að heyra að menn tala um að skilningur á málefnum aldraðra hafi vaknað. Hér er talað um að nauðsynlegt sé að móta stefnu í öldrunarmálum. Það kann kannski að hljóma hjákátlega að samtök sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði hafa haft ákveðna stefnu í öldrunarmálum. Það hefur hins vegar ekki verið mikill áhugi fyrir þeirri stefnu meðal margra aðila sem hafa setið á hinu háa Alþingi. Sjómannadagssamtökin hafa ásamt Gísla á Grund verið leiðandi samtök í málefnum aldraðra um langan tíma. Það er líka dálítið merkilegt að hlusta á þau flokkssystkin, Svavar Gestsson og Guðrúnu Helgadóttur, tala svo mjög á skjön sem þau gerðu hér áðan. Svavar talaði um að það væri verið að fara út í algjöra kórvillu hvar verið væri að byggja íbúðir fyrir aldraða og nánast engin þjónusta veitt og síðan talaði Guðrún Helgadóttir um þessa óyndisíbúðir sem sjómannadagssamtökin byggðu við Jökulgrunn. Þar er þjónusta veitt allan sólarhringinn. Hún talar um það mikla okur sjómannadagssamtakanna á hinum öldruðu með því að leigja þeim hnapp. En þetta er meira en hnappur, Guðrún Helgadóttir. Þetta er öryggishnappur sem þetta gamla fólk getur gripið til hvenær sem er sólarhringsins og fær alltaf þjónustu. Það er nefnilega munurinn á þjónustuíbúð við

Jökulgrunn og þeim þjónustuíbúðum sem víða er verið að byggja úti í bæ að fólk á heimangengt í öryggi Hrafnistuheimilisins en það getur brugðið til beggja vona varðandi þær íbúðir sem nú er verið að selja vítt og breitt um borg þar sem fólk stendur nærri jafnnær og þegar það bjó í sinni eigin íbúð áður.

Það er mér hins vegar mjög á móti skapi að svo afgerandi skuli vera gengið á Framkvæmdasjóð aldraðra með þeim hætti sem nú er lagt til. Hins vegar skil ég vel vandann og hann er auðvitað til kominn vegna þess að margir hafa átt í erfiðleikum hvað rekstur varðar. Þetta mál mun að sjálfsögðu koma til heilbr.- og trn. hvar ég sit og mun koma þar til skoðunar.

Það vakna ýmsar spurningar í sambandi við Framkvæmdasjóð aldraðra vegna þeirra bygginga fyrir aldraða sem eru ekki að öllu frágengnar en sumar hverjar teknar í notkun á Norðausturlandi, Þingeyri, Bolungarvík, Ísafirði, Akranesi, Grundarfirði, Selfossi, Hellu, Kirkjubæjarklaustri, Hornafirði, Djúpavogi, Breiðdalsvík, Stöðvarfirði og Eskifirði svo einhverjir staðir séu nefndir. Það kom fram spurning til ráðherra sem snýr einmitt að þessu. Hvernig er skuldastaða Framkvæmdasjóðs gagnvart þeim framkvæmdum sem þegar eru hafnar eða eru um það bil að hefjast í byggingarmálum aldraðra?

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mikið lengri. En það sem ég vildi þó segja að lokum og varð til þess að ég kom hér upp og kvaddi mér hljóðs er það sem kemur fram í frv. Það segir í athugasemdum við lagafrv.: „Þegar svo er komið að uppbygging húsnæðismála aldraðra er orðin svo mikil að víða er framboð umfram eftirspurn...“ Ég hef ekki orðið var við það í Reykjavík og sjómannadagssamtökin hafa ekki orðið vör við það að framboðið sé umfram eftirspurn svo mjög sem sótt er á þau heimili sem sjómannadagssamtökin reka. Því er það mjög nauðsynlegt að fá það hjá ráðherra nákvæmlega hvað þarna er átt við.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls og vil nota þann takmarkaða tíma sem eftir er af þessum fundi áður en fundarhlé verður gert vegna utandagskrárumræðu til þess að svara fyrirspurnum þeirra. Í fyrsta lagi eru nokkrar fyrirspurnir sem til mín bárust frá hv. 9. þm. Reykv.

Hér er ekki verið að opna fyrir það að allt fé Framkvæmdasjóðs aldraðra verði tekið í rekstur. Hér er verið að opna fyrir að ekki séu fyrirmæli í lögum um hver skuli vera mörkin eins og var í gildandi lögum. Það er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því eins og ríkisstjórnin gerir að hún sýni fram á það í fjárlögum hverju sinni hvað hún gerir ráð fyrir að nýta mikið af fé Framkvæmdasjóðs aldraðra í rekstur. Eins og ég var að segja áðan er í fjárlögum yfirstandandi árs gert ráð fyrir því að af 420 millj. kr., sem áætlað er að tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra verði á næsta ári, fari 160 millj. kr. í rekstur. Þarna er því ekki verið að leggja til, hvorki varðandi þetta ár né framtíðina, að allt fé Framkvæmdasjóðs aldraðra verði tekið í rekstur heldur sé það ákveðið við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í öðru lagi er það ekkert nýtt sem menn eru að gera hér. Þann 29. apríl árið 1991, tveimur dögum áður en stjórnarskipti urðu, ritaði páv. hæstv. heilbrrh. bréf til staðfestingar á samkomulagi sem hann hafði gert við páv. hæstv. fjmrh. þar sem hann mælti svo fyrir að 107 millj. kr. af fé Framkvæmdasjóðs aldraðra skyldu fluttar til sjúkratrygginga til þess að greiða rekstrarkostnað. Það var tæplega einn þriðji hluti af fé Framkvæmdasjóðs aldraðra. Ríkisendurskoðun hefur kannað það mál að eigin frumkvæði og komist að þeirri niðurstöðu að þessi tilflutningur fjár væri ekki í samræmi við lagaheimildir. Ríkisendurskoðun hefur því gert ráð fyrir að þessir fjármunir færist til baka frá sjúkratryggingum til Framkvæmdasjóðs aldraðra þar sem ekki væru löglegar heimildir fyrir því að þetta fé yrði greitt með þeim hætti úr Framkvæmdasjóði aldraðra sem fyrrv. ríkisstjórn gerði ráð fyrir. Ég vil aðeins leiðrétta sjálfan mig í þessu sambandi því að Ríkisendurskoðun gerir ekki ráð fyrir því að allir fjármunirnir séu fluttir til baka heldur 70 millj. kr. af 107 millj. Mismuninn megi rökstyðja með rekstrarkostnaði nýrra stofnana sem lögin heimila að hægt sé að greiða úr Framkvæmdasjóði aldraðra á fjárlagaárinu. Samkomulag hæstv. fyrrv. heilbrh. og hæstv. fyrrv. fjmrh. að gera þessa millifærslu tveimur dögum áður en stjórnarskiptin urðu stenst að áliti ríkisstjórnarinnar ekki lög. Þetta er aðeins til að sýna fram á að menn hafa ráðgert fyrr en nú að nota fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra til þess að greiða tilfallandi rekstrarkostnað við stofnanir aldraðra.

Þá ræddi hv. þm. um skýrslu um málefni aldraðra sem ég lagði fram á Alþingi í fyrra. Ég vil aðeins taka það fram í því sambandi að geysilega mikill tími fór í vinnslu þeirrar skýrslu og mikil fyrirhöfn og heilbr.- og trmrn. þurfti m.a. að kaupa alldýra sérfræðiþjónustu utan stofnunina til að geta lagt þá skýrslu fram. Ég hef vakið athygli hæstv. forseta á því að í slíkum tilvikum verða menn að skoða það þegar þingmenn óska eftir svo miklu starfi af hálfu ráðuneytis eins og þar var lagt fram, hvort ekki sé þá ástæða til að ráðuneytin geri ráð fyrir því að Alþingi, sem samþykkir slík verkefni þeim til handa, greiði kostnaðinn af því ef um umtalsverðan kostnað er að ræða, aðkeyptan kostnað vegna vinnu sem þarf að fá sérfræðinga til starfa við og ekki starfa í ráðuneytinu.

Við lögðum áherslu á það í heilbrrn. að reyna að vanda þessa skýrslu eins og við mögulega gátum og því vörðum við bæði miklum tíma og talsverðum fjármunum til þess að ganga frá henni. En auðvitað er það þannig að alltaf má gagnrýna þau verk sem unnin eru hversu vel sem embættismenn reyna að vinna þau. Það kom fram gagnrýni m.a. frá öldrunarlæknum um upplýsingar um fjölda hjúkrunarrúma, einkum og sér í lagi í Reykjavík. Heilbrrn. hefur ekki sent út neina opinbera tilkynningu um þá athugasemd. Við ætluðum okkur og ætlum að ræða við öldrunarlæknana og ná niðurstöðu í þeim ágreiningsefnum þannig að hægt sé að leiðrétta skýrsluna ef ástæða er til. Ég vil aðeins geta þess að heilbrrn. hefur aðeins upplýsingar um þann

fjölda hjúkrunarrúma sem það hefur heimilað að taka í starfrækslu. Það er hins vegar vitað að í sumum tilvikum eru sum af þeim rúmum ekki notuð fyrir aldraða hjúkrunarsjúklinga. En það er líka vitað að í öðrum tilvikum eru almenn sjúkrarúm notuð sem hjúkrunarrúm. Það á sér að sjálfsögðu sér ekki stað á Reykjavíkursvæðinu eða yfirleitt ekki því að hér er skortur á slíkum rúmum en það er mjög algengt utan Reykjavíkur að rúm sem hefur verið veitt heimild til rekstrar á sem almenn sjúkrarúm séu notuð sem hjúkrunarrúm. Á móti kemur það hins vegar fyrir, eins og fram hefur komið hér, að rúm sem heilbrrn. hefur veitt rekstrarheimild á sem hjúkrunarúm eru nýtt undir aðra sjúklinga.

Það er gersamlega útilokað fyrir heilbrrn. að fylgjast með þessu því að það eru svo miklar breytingar á milli stofnana á þessum hlutum, en það er sjálfsagt að reyna að skoða þetta betur í samráði við öldrunarlækna en niðurstaðan verður sú af þessum breytingum að sennilega er munurinn á milli fjölda hjúkrunarrúma á 100 íbúa 70 ára og eldri miklu meiri milli landsbyggðarinnar og Reykjavíkursvæðisins en þessi skýrsla heilbr.- og trmrn. gefur tilefni til að ætla. Ef maður miðar við notkun hjúkrunarrúma eru skráð hjúkrunarrúm í Reykjavík ofmetin en skráð hjúkrunarrúm utan Reykjavíkur vanmetin svo að munurinn er raunverulega meiri en skýrslan segir til.

Þá nefndi hv. þm. réttilega að Reykjavík hefur ekki fengið sitt hlutfall, ef orða má það svo, af fjárframlögum úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Ef litið er á starfstímabil Framkvæmdsjóðs í heild fór hins vegar bróðurparturinn af fjármunum Framkvæmdasjóðs aldraðra framan af til Reykjavíkurborgar til að reisa margumrædda B-álmu við Borgarspítala. Það var ekki fyrr en menn höfðu greitt úr Framkvæmdasjóði aldraðra í nokkur ár til þess verkefnis sem úttekt var gerð á hver hlutur sjóðsins væri orðinn í þeirri byggingu. Þá kom í ljós að hlutur framkvæmdasjóðsins í þeirri byggingu var orðinn allmiklu meiri en nam því hámarki sem gert var ráð fyrir að Framkvæmdasjóður aldraðra ætti að leggja til slíkra bygginga. Og sjálfsagt hefur Reykjavíkurborg eitthvað goldið þess árin á eftir að menn höfðu sótt sér í framkvæmdasjóðinn kannski heldur meira fé hlutfallslega til byggingar B-álmu en gert var ráð fyrir.

Þá er það rétt hjá hv. þm. að það er mjög nauðsynlegt að menn skoði hvaða kröfur þeir ætla að gera til húsnæðis sem byggt er í þágu aldraðra. Hér er bæði um að ræða hjúkrunarheimili og þjónustuíbúðir. Það hefur farið fram slík skoðun. Nú í sumar fóru tveir menn á vegum heilbrrn., starfsmaður heilbrrn. sem vinnur í húsnæðismálum aldraðra og arkitekt sem teiknað hefur margar af þessum byggingum, til þess að kynna sér hvernig þessum málum væri fyrir komið og hvaða norm og hvaða kröfur væru settar í nálægum löndum. Niðurstaðan af því er sú að þeirra áliti að við Íslendingar erum farnir að byggja miklu dýrara og stærra húsnæði til þessara þarfa en gerist og gengur í nágrannalöndunum. Þeirra niðurstaða er einnig sú að við þurfum að setja reglur um hvaða hlut ríkið ætlar sér í slíkum byggingum og hvaða kröfur ríkið ætlar sér að gera til þeirra sem byggja húsnæði sem fellur undir verksvið heilbrrn.

Þjónustuíbúðir aldraðra eru hins vegar ekki nema að litlum hluta á verksviði heilbrrn. Sá eini þáttur sem snýr að heilbrrn. í þeim málum er sá þjónustukjarni sem er í tengslum við þjónustuíbúðir aldraðra. Framkvæmdasjóður aldraðra veitir styrk til byggingar þjónustukjarna við þjónustuíbúðir aldraðra en ekki til byggingar þjónustuíbúðanna sjálfra. Hins vegar tel ég nauðsynlegt, og er hv. þm. sammála um það, að settar verði reglur um lánveitingar úr húsnæðiskerfinu vegna byggingar þjónustuíbúða fyrir aldraða þar sem tekið er fram hvaða skilyrði um þjónustu verði að uppfylla til þess að íbúð geti talist þjónustuíbúð fyrir aldrað fólk. Því að það er alveg rétt að margar af þeim byggingum hafa risið án þess að sú þjónustuaðstaða sem upphaflega var gert ráð fyrir sé byggð jafnhliða. Það er oft löngu síðar að sú þjónustuaðstaða rís og stundum jafnvel ekki.

Þá spurði hv. þm. hvort gert væri ráð fyrir því að hjúkrunarheimilið Eir yrði tekið í notkun á næsta ári. Því er fljótsvarað. Í fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir fjárveitingum í þessu skyni. Það er ekki líklegt jafnvel þó fjármunir væru til að hægt væri að taka Eir að öllu leyti í notkun á næsta ári vegna þess að það húsnæði hefur ekki verið byggt og byggingu lýkur ekki til fullnustu á næsta ári. Hins vegar ef fé væri til væri hægt að taka þessa byggingu í notkun í áföngum. Það er áætlað að rekstrarkostnaður við hana þegar hún yrði komin í full not verði um 300 millj. á ári. Það fé er einfaldlega ekki til ráðstöfunar.

Þetta er dæmigerð lýsing á þeim vanda sem menn eru komnir í að verið er að byggja stofnanir til að veita ákveðna þjónustu. Í þessu tilviki er um að ræða stofnun sem byggð er af félagasamtökum með stuðningi úr ríkissjóði en ekki fyrir ákvörðun ríkisins. Síðan standa menn frammi fyrir því að bygging rís þannig og ríkið, sem síðan á að taka við rekstrinum og borga rekstrarkostnaðinn, sem kannski er á ári upp undir þriðjungur af byggingarkostnaðinum, hefur ekki fjármuni til þess að snara fram í þann rekstur. Einasta leiðin sem hægt væri að fara til að afla þeirra fjármuna miðað við fjárlagagerðina eins og hún er nú unnin, þ.e. rammafjárlög þar sem hverju ráðuneyti er úthlutaður ákveðinn rammi til þess að miða sínar fjárveitingar við, væri að flytja til fjármuni úr öðrum þjónustuþáttum í heilbrigðismálum til þess að hægt væri að taka slíkar nýjar stofnanir í notkun. Það sem út úr því mundi koma væri einfaldlega það að þau sjúkrahús sem yrðu af fjárveitingum í því sambandi, t.d. sjúkrahúsin í Reykjavík, mundu að öllum líkindum neyðast til að bregðast þannig við að fækka sjúkrarúmum og loka deildum fyrir einmitt sams konar sjúklinga, þ.e. aldraða hjúkrunarsjúklinga, og eiga að vistast á hinu nýja hjúkrunarheimili. Sjúkrahúsin mundu örugglega ekki loka á sína bráðaþjónustu.

Þetta er það úrræði sem þau mundu sennilega grípa til, að draga úr hjúkrun aldraðra til þess að hægt væri að opna hjúkrunarheimili aldraðra á öðrum stað. Með öðrum orðum væru menn að loka rúmum á einum stað

til að hægt væri að taka þau í notkun á öðrum. Það sem verra er er að fyrir hvert eitt hjúkrunarrúm sem yrði opnað á hinum nýja stað þyrfti sennilega að loka 1½ sjúkrarúmi á gömlu spítölum vegna þess að rekstrarkostnaðurinn á hinum nýja stað er mun dýrari og meiri en rekstrarkostnaðurinn á spítölunum.

Það var spurt um upplýsingar um þetta nýja hjúkrunarheimili sem er í byggingu. Þar er um að ræða, eins og ég vissi síðast, húsrýmisþörf sem er, ef ég man rétt, um 76 fermetrar á hvert hjúkrunarrúm og stofnkostnaður er um eða yfir 8 millj. kr. á hvert hjúkrunarrúm sem þar yrði tekið í notkun. Aðstandendur byggingarinnar hafa hins vegar endurskoðað fjölda þeirra hjúkrunarsjúklinga sem þarna áttu að vistast og fjölgað þeim nokkuð þannig að vera kann að þessar viðmiðunartölur séu heldur lægri en ég gaf upplýsingar um áðan.

Það er vissulega umhugsunarefni fyrir okkur þegar aðstæður eru þannig að við erum með margar hjúkrunardeildir lokaðar. Ætli það séu ekki um eða yfir 100 sjúkrarúm á Reykjavíkursvæðinu sem eru lokuð árið um kring. Þá er vissulega umhugsunarefni fyrir okkur hvort rétt sé og eðlilegt að við séum á sama tíma að byggja yfir stofnanir sem eru svona dýrar og þurfa svona mikið rými til sinnar starfsemi og eru svona miklu dýrari í rekstri en þær stofnanir sem hafa farið með þessi mál áður.

Hv. 2. þm. Vesturl. spurði hversu miklar upphæðir Framkvæmdasjóður aldraða skuldaði nú þeim stofnunum sem hann hefur samþykkt að veita styrki til. Ég hef þær upplýsingar ekki við höndina. Þær skuldir skipta milljörðum króna. Það er sjálfsagt að veita hv. þm. og heilbr.- og trn. þær upplýsingar. Þær eru til í heilbrrn. Þetta hefur verið tekið saman en ég hef það því miður ekki við höndina.

Þá spurði hv. þm. einnig hvort engar nýframkvæmdir verði leyfðar. Það hefur engin ákvörðun verið tekin um það. Mín skoðun er sú að ef ég hefði einhverja fjármuni afgangs í Framkvæmdasjóði aldraðra sem ekki væru meira eða minna bundnir vegna framkvæmda sem þegar eru hafnar, þá mundi ég óska eftir því að þeir fjármunir yrðu notaðir til þess að taka a.m.k. að hluta til hjúkrunarheimilið Eir í notkun á næsta ári en ekki hefja byggingu á nýjum stofnunum horfandi upp á það að geta ekki tekið í notkun þær stofnanir sem reistar hafa verið.

Það var einnig spurt hvort frv. sé samið í samráði við stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra. Svo er ekki. Þá var spurt um það ef sjóðurinn færi allur til rekstrar hvað yrði þá um framlengingu nefskattsins. Ég ítreka það að ég tel að sú ákvörðun verði ekki tekin að sjóðurinn verði allur tekinn til rekstrar á viðfangsefnum fyrir aldraða en sú breyting sem verið er að gera er að fella niður þau mörk sem voru í þeim efnum í gildandi lögum.

Þá ræddi hv. 13. þm. Reykv. nokkuð um aðra þætti í þjónustu við aldraða og vil ég taka undir það sem hún sagði. Staðreyndin er nefnilega sú að við Íslendingar erum á eftir öðrum þjóðum í annarri þjónustu við aldraða en þeirri sem veitt er af stofnunum. Ég held að menn geri sér ekki neina grein fyrir því hvað hægt er að vinna mikil þjónustuverk fyrir það sem steinsteypan kostar. Ég lagði áherslu á það í sumar að reyna að leysa ákveðna þætti í þjónustu við aldraða hér á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. annars vegar með heimahjúkrun og hins vegar með hvíldarinnlögnum en öll þau ár sem á undan voru liðin hafði þessi þjónusta verið langt undir því sem óskað hafði verið eftir.

Í sumar tókst í fyrsta sinn að fullnægja allri þörf fyrir heimahjúkrun á Reykjavíkursvæðinu. Það hefur aldrei gerst áður að hægt hafi verið að fullnægja allri þörf fyrir heimahjúkrun á Reykjavíkursvæðinu. Kostnaðurinn við það var í kringum 10 millj. kr. Hann var álíka og kostar að byggja yfir eitt hjúkrunarrúm. Það tókst einnig á þessu ári, m.a. vegna þess að ég hafði heimildir til þess að nýta Framkvæmdasjóð aldraðra með þeim hætti, að fullnægja allri þörf fyrir heildarinnlagnir aldraðs fólks á öllu Reykjavíkursvæðinu. Það hefur aldrei gerst áður. Það gerði ég með samningum við Landspítala, Landakotsspítala, Jósefsspítala í Hafnarfirði og heilsuhæli Náttúrulækningafélagsins í Hveragerði. Hvað halda menn að það hafi kostað? Það kostaði milli 6 og 7 millj. kr. Það er alveg rétt hjá hv. 13. þm. Reykv. að það er ekkert endilega víst að lausnin á vandamálum gamla fólksins sé fólgin í steinsteypu þó að við Íslendingar hugsum gjarnan þannig að öll okkar vandamál leysum við með steinsteypu. Það er einmitt til þess að reyna að taka á þessum vandamálum sem ég held að það sé nauðsynlegt að menn geri ráð fyrir því að hluti af fé Framkvæmdasjóðs aldraðra geti farið í þjónustu af öðrum toga en liggur í steinsteypumannvirkjum. Í því sambandi vil ég gjarnan upplýsa að ég hef nú gert samkomulag við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri um að taka í tilraunaskyni upp fimm daga legudeild fyrir aldraða til áramóta. Ég hef einnig gert samkomulag við St. Jósefsspítala í Hafnarfirði um að bjóða upp á hvíldarinnlagnir fyrir aldraða á Reykjavíkursvæðinu í desembermánuði. Þetta er tilraun sem ég tel að sé góð og er nýmæli. Þetta er hægt að gera ef menn einskorða sig ekki við það að fé Framkvæmdasjóðs aldraðra megi bara nota til þess að byggja steinkastala sem enginn getur síðan rekið.

Þá vil ég einnig nota tækifæri til þess að benda á að (**Forseti:** Forseti vill aðeins minna hæstv. ráðherra á að gert hafði verið ráð fyrir utandagskrárumræðu kl. 3.30 ef hægt væri að taka tillit til þess.) — Ég skal ljúka máli mínu á einni mínútu. — fyrir milligöngu framkvæmdasjóðs hefur tekist að opna á þessu ári nýja hjúkrunardeild fyrir aldrað fólk á Landakotsspítala, 22 rúma hjúkrunardeild, sem kostar aðeins brot af því sem það mundi kosta að taka jafnstóra deild í notkun í nýrri byggingu.

Virðulegi forseti. Það eru nokkur atriði í viðbót sem ég vil gjarnan koma að. Því miður eru dæmi um það að húsnæði sem byggt er til þess að þjóna öldruðu fólki sé ekki nýtt í því skyni vegna þess að framboðið er meira en eftirspurnin. Þau dæmi eru ekki mörg en þau dæmi eru til. Þá vil ég einnig láta það koma fram, vegna þess sem hv. 1. þm. Vestf. sagði áðan, að ég er alveg jafnviljugur til þess að borga minn nefskatt til að standa undir kostnaði við þjónustu við aldrað fólk, svo

sem til þess að hægt sé að reka þær stofnanir sem eiga að vista gamalmenni svo hægt sé að veita heimilishjálp og heimahjúkrun. Ég er alveg jafnreiðubúinn til að greiða minn nefskatt til slíkra hluta eins og til þess að byggja steinsteypumannvirki sem enginn treystir sér síðan til að reka.

Forseti (Salome Þorkelsdótti):

Þrír hv. þm. hafa beðið um að veita andsvar við ræðu hæstv. heilbr.- og trmrh. Forseti mun stytta tíma til andsvara um eina mínútu hjá hverjum þingmanni og hæstv. ráðherra.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Getur hv. 1. þm. Norðurl. v. lánað mér heilbrrh. smá stund? Hæstv. heilbrrh. sagði það sem sýnir hve hann er snjall og sýnir hve við höfum oft staðið frammi fyrir merkilegum fullyrðingum frá ráðherranum en hann sagði: Það verður ekki allt sett í rekstur, nei, en það verða ekki fyrirmæli í lögum um það hvar mörkin eiga að vera. Með öðrum orðum er á næsta ári gert ráð fyrir því að sjóðurinn hafi að ég held 425 millj. kr. og samkvæmt lögunum, ef þetta yrði samþykkt, væri hægt að setja 424 millj. kr. í rekstur, já. En það færi þá ekki allt í rekstur, það færi 1 millj. kr. í stofnkostnað. Honum tekst oft svo snilldarlega, þessum ráðherra, að setja hlutina fram þannig að þingmenn átta sig ekkert á því hvað er á ferðinni. En niðurstaðan er auðvitað sú, og það er kjarni málsins, að hæstv. heilbrrh. er að gera tillögu um að gera Framkvæmdasjóð aldraðra upptækan í ríkissjóð. Hann getur ekki leynt því.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. hólið. Ég er að sjálfsögðu að flytja tillögu um að hægt sé að reka og starfrækja þær stofnanir fyrir aldraða sem byggðar hafa verið. Ég er að flytja tillögu um að hægt sé að auka þá þjónustu við aldraða sem er kannski ekki dýrasta þjónustan heldur skilar öldruðum við þessar aðstæður mestum árangri. Og ég er að segja: Það er að sjálfsögðu gerð grein fyrir því í fjárlagafrv. hvað menn gera ráð fyrir að mikið af fé Framkvæmdasjóðs aldraðra renni til þessara þarfa á þessu ári.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því að allt fé Framkvæmdasjóðs aldraðra geti farið í rekstur.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Samkvæmt fjárlagafrv., virðulegi forseti, gerir ríkisstjórnin ráð fyrir því að 160 millj. kr. af fé Framkvæmdasjóðs aldraðra renni til sjúkratrygginga til að greiða rekstrarkostnað.

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt sem fram kom hér hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. áðan að ég ritaði bréf til sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins til þess að heimila að hluta af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs aldraðra mætti verja til reksturs stofnana. Það var tæplega ⅓ hluti af ráðstöfunarfé sjóðsins þá. Ef ég man töluna rétt mun ⅓ hluti hafa verið um 130 millj. kr. Þetta voru 107 millj. kr. sem áttu að renna til sjúkratryggingadeildarinnar og eins og menn vita er það hún sem greiðir reksturinn með daggjöldum fyrir þessar stofnanir. Nú upplýsir hæstv. ráðherra að samkvæmt úttekt Ríkisendurskoðunar hafi ekki líkt því öllum þessum fjármunum verið varið til reksturs nýrra stofnana. Um það skal ég ekki deila við hann. Ég hef ekki séð þær tölur. Það kemur mér hins vegar mjög á óvart vegna þess að það voru fjölmargar stofnanir þar sem breytt var um rekstrarform, breytt úr dvalarheimili í hjúkrunarrými sem ég hafði heimilað eða tekið ákvörðun um og þýðir aukin rekstrarútgjöld fyrir þessar stofnanir. Ég nefndi það áðan að það kynni að vera að eitthvað af fjármunum hefði farið til reksturs öldrunarstofnana. Það væri miður ef svo hefði farið en ég trúi því vart að það geti verið svo mikið sem ber á milli eins og hér er nefnt.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðuleg forseti. Ég gat þess aðeins að í umræddu bréfi, sem var skrifað 29. apríl árið 1991, tveimur dögum eða kannski ekki nema einum sólarhring áður en skipt var um ríkisstjórn í þessu ágæta landi, væri gert ráð fyrir því að 107 millj. kr. væru fluttar af fé Framkvæmdasjóðs aldraðra til sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins til þess að greiða ótilgreindan rekstrarkostnað vegna stofnana aldraðra. Ég greindi einnig frá því að niðurstaða Ríkisendurskoðunar hafi verið sú að þessi gjörningur stæðist ekki lög og að með ýtrasta góðvilja væri hægt að finna verkefni upp á 30 millj. kr. rúmlega sem hægt væri að heimfæra undir lögin en 70 millj. kr. hefðu verið millifærðar með þessum hætti í heimildarleysi.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu til þess að sýna fram á að það er svo sem ekki nýtt að mönnum hafi dottið í hug að verja hluta af fé Framkvæmdasjóðs aldraðra til að kosta nauðsynlega starfsemi í þágu aldraðs fólks.

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins ítreka að það hlaut að vera eðlilegur farvegur fyrir þessa fjármuni sem áttu að fara til reksturs á stofnunum í gegnum sjúkratryggingadeild. Það er sjúkratryggingadeildin sem greiðir reksturskostnaðinn í gegnum daggjaldakerfið. En ég árétta það aftur að vera kann að þar hafi verið of í lagt, að það hafi verið meira en búið var að ákveða að hefja rekstur á nýjum stofnunum samkvæmt þessum upplýsingum. Ég ætla ekki að fara í ágreining við hæstv. ráðherra um þær tölur sem Ríkisendurskoðun hefur sent frá sér. Mér dettur það ekki í hug. Ég hef ekkert fyrir framan mig til að taka upp neina deilu um þær tölulegu upplýsingar.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef þá trú að hv. þm., hæstv. fyrrv. ráðherra, hafi vitað það þegar þetta bréf fór að þetta væri kannski ekki algerlega heimilt.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrrh. ætlar að efla heimilishjálp og heimahjúkrun. Það er gott mál og það verður fylgst með því og eftir því tekið hvernig hann framkvæmir það. Hæstv. heilbrrh. segir einnig að við byggjum allt of dýr dvalarheimili. Það getur vel verið að það sé rétt en það er spurning hvernig hæstv. heilbrrh. mundi vilja búa lenti hann á dvalarheimili. Gæti hann hugsað sér t.d. að vera á þriggja manna herbergi með Páli Péturssyni og Eiði Guðnasyni?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Ég held að það geti nú bara orðið gott sambýli, skemmtilegt á stundum. Ég gæti vel hugsað mér að bæta t.d. hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni við í það sambýli.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Kristnesspítali.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá hefst utandagskrárumræða sem boðuð hafði verið og átti að hefjast kl. 3.30. Forseti biður hv. þm. að taka tillit til þess að umræða um málefni aldraðra hefur farið nokkuð fram úr því sem ætlað var og vill jafnframt geta þess að enn eru tveir á mælendaskrá og hefur þeirri umræðu því verið frestað.

Nú hefst utandagskrárumræðan að beiðni hv. 6. þm. Norðurl. e. um Kristnesspítala. Umræðan fer fram eftir fyrri mgr. 50. gr. þingskapa þar sem frummælandi og viðkomandi ráðherra hafa fimm mínútur í fyrri umferð og tvær mínútur í hinni síðari. Aðrir hv. þm. og hæstv. ráðherrar hafa tvær mínútur tvisvar sinnum eftir því sem tími vinnst til.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár er sú að á miðju sumri fóru að berast fréttir norður yfir heiðar um það að í heilbrrn. væri verið að skoða lokun Kristnesspítala. Ég hef síðan ásamt öðrum þingmönnum kjördæmisins reynt með viðtölum við ráðherra að vinna málinu framgang, að tekið verði á þessu á annan hátt. Það gerist svo í síðustu viku að í Ríkisútvarpinu 8. okt. kemur fram í viðtali að Sighvatur Björgvinsson, hæstv. heilbrrh., segir, með leyfi forseta: „Það er til athugunar að breyta miklu í sambandi við rekstur Kristnesspítala. Það hefur verið skipuð sérstök nefnd til þess að skoða þau mál. Í þeirri nefnd eiga sæti fyrir utan fulltrúa úr heilbrrn. og fjmrn. norðanmenn, fulltrúar bæði Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsveitar og fulltrúar Ríkisspítala." Fréttamaður spyr: „Verður stofnunin lögð niður í núverandi mynd?" Og hæstv. heilbrrh. svarar að bragði: „Það gæti svo farið, já."

Ég hef síðan fengið staðfest að í forsendum fjárlagafrv. er reiknað með 40 millj. kr. niðurskurði til rekstrar Kristnesspítala. Þetta er þriðjungur af rekstrarfénu og er sama og að ákveða að hætta rekstri í núverandi mynd. Nefndin, sem hæstv. ráðherra sagði að hefði verið skipuð, kom saman í fyrsta skipti á mánudaginn var. Hún fékk ekki skipunarbréf. Drög að skipunarbréfi voru lesin fyrir nefndarmenn á staðnum og nefndarmönnum var ætlað að fara með það starf sem fram færi í nefndinni nánast eins og hernaðarleyndarmál. Ekki var einu sinni heimilt að ræða það við umbjóðendur okkar.

Forstöðumaður stofnunarinnar hafði ekkert heyrt um það hvaða fyrirætlanir eru þarna uppi fyrr en hann fór í gær og sat fyrir formanni viðkomandi nefndar uppi í heilbrrn. Ég vil leggja áherslu á að hér er um að ræða stórbyggðapólitískt mál. Þarna hefur á undanförnum árum verið byggð upp eina endurhæfingarstöðin utan höfuðborgarsvæðisins. Þetta stangast því algerlega á yfirlýsingar utan ríkisstjórnarinnar um flutning ríkisstofnana út á land. Hér er verið að vinna eftir öfugum formerkjum. Ég nefni í því sambandi að á sama tíma eru uppi hugmyndir um að byggja upp endurhæfingarstöð við Kópavogshæli.

Í forsendum fjárlaga er einnig sagt að í tengslum við kjarasamninga hafi verið fallið frá lokun öldrunardeilda og samkvæmt því er Hátún opnað á ný á höfuðborgarsvæðinu. Það stendur líka í forsendum fjárlagafrv. að kostnaðinn af þessu eigi að taka af rekstrarfé Kristnesspítala. Ástandið er orðið óþolandi fyrir starfsfólk og sjúklinga stofnunarinnar. Það líkist miklu meira skipulagðri niðurrifsstarfsemi en að menn séu að reyna að ná fram sparnaði. Það eru allir aðilar málsins fyrir norðan tilbúnir til að skoða raunverulegan sparnað en það er langtímamarkmið og menn ættu þá að vera að vinna núna vegna fjárlaga fyrir árið 1994 en ekki 1993.

Heilbrigðisþjónustan við Eyjafjörð hefur sýnt að hún getur tekið á slíkum málum. Ég nefni þar að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri var komið af stað með virkan sparnað löngu áður en hæstv. núv. heilbrrh. kom til valda og heimamenn eru tilbúnir til að skoða þetta mál allt í samhengi. Ég vil því, virðulegur forseti, krefjast þess að hæstv. ráðherra upplýsi hvað felst í skipunarbréfi þeirrar nefndar sem á að fjalla um framtíð Kristnesspítala og nefndarmönnum hefur ekki verið birt enn þá.

Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðherra: Hefur hann heimilað uppbyggingu endurhæfingardeildar á Kópavogshæli, í húsnæði hælisins?

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum benda á að þegar ákvörðun var tekin um að byggja upp endurhæfingardeild á Kristnesspítala var Friðrik Sophusson, núv. hæstv. fjmrh., formaður stjórnar Ríkisspítalanna. Ég bendi einnig á að þetta mál naut seinna stuðnings páv.

formanns fjvn. Alþingis, Sighvats Björgvinssonar, núv. hæstv. heilbrh. Það er eins og hægri höndin viti ekki hvað sú vinstri hefur verið að gera í þessu máli.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Kristnesspítali hefur verið ríkisspítali frá þeim tíma að Heilsuhælisfélag Norðurlands afhenti ríkisstjórn Íslands spítalann til rekstrar og þar með eignar árið 1927. Spítalinn var lengi rekinn sem berklahæli en síðan tók hann við því hlutverki að vista langlegusjúklinga þótt ekki væru þeir berklaveikir. Það var síðan í september 1976 að páv. heilbr.- og trmrh. Matthías Bjarnason ákvað að spítalinn skyldi rekinn sem hjúkrunar- og endurhæfingarspítali. Þrátt fyrir þetta hefur orðið minna úr endurhæfingarstarfseminni en til stóð, m.a. vegna þess að húskynni hafa ekki leyft þær breytingar og ekki fengist þær stöðuheimildir sem nauðsynlegar eru.

Í ágúst 1986 samþykkti stjórnarnefnd Ríkisspítalanna nýja starfsemis- og byggingaáætlun til næstu sex ára en þeim framkvæmdum hefur lítið miðað áfram og munu taka miklu lengri tíma en gert var ráð fyrir. Það hefur komið fram, bæði hjá stjórnendum Kristnesspítala og stjórnarnefnd Ríkisspítala að ýmsir vankantar séu á núverandi stjórnarfyrirkomulagi, þ.e. að Kristnesspítali teljist til Ríkisspítala og sé stjórnað úr Reykjavík af forstjóra og stjórnarnefnd. Ég vil aðeins upplýsa í þessu sambandi að ég hef skýrt forstjóra og formanni stjórnarnefndar frá því með talsverðum fyrirvara að fyrirhugaðar væru verulegar breytingar á rekstri Kristnesspítala. Það er síðan að sjálfsögðu þeirra ákvörðun hvenær það mál er skýrt frekar fyrir öðrum aðilum.

Ég skipaði nefnd til þess að skoða möguleika um framtíðarrekstur Kristnesspítala 6. ágúst 1991. Hún skilaði tillögu 12. nóv. Hún lagði til að stofnað yrði til sjálfstæðs spítalareksturs um heilsugæslu og öldrunarþjónustu á þessu svæði. Tillaga hennar númer tvö var tilflutningur og starfstengsl við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Ekki varð af þessu ráði, m.a. vegna þess að ég ræddi við forsvarsmenn Eyjafjarðasveitar hvort þeir væru viljugir að taka á sig þá byrði sem felst í því að taka þátt í stofnkostnaði við rekstur slíks sjúkrahúss og vildi einnig ræða málið nokkuð nánar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og Ríkisspítalana.

Það er hins vegar rétt að gert er ráð fyrir því í fjárlagafrv. að lækka kostnað vegna rekstrar Kristnesspítala um 40 millj. kr. Samkvæmt þeim upplýsingum sem heilbrrn. hefur er rekstur Kristnesspítala mjög dýr, nokkuð dýrari en annarra sambærilegra stofnana. Það stafar m.a. af því að þarna eru að mig minnir, ég held ég fari rétt með, 16 starfsmannaíbúðir og 3 einbýlishús í tengslum við spítalann sem spítalareksturinn þarf að kosta.

Ég skrifaði þann 12. okt. svofellt bréf til skrifstofustjóra Guðjóns Magnússonar í heilbrrn. og þeirra annarra sem í bréfinu eru nefndir:

„Heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd til að gera tillögur um framtíð Kristnesspítala. Verkefni nefndarinnar er að athuga möguleikana á að leggja starfsemi spítalans niður og vista sjúklinga á öðrum stofnunum Norðurlands eða leita annarra leiða til þess að rekstur Kristnesspítala geti verið innan þess ramma sem fjárlagafrumvarp ársins 1993 gerir ráð fyrir.

Í nefndinni eiga sæti Halldór Jónsson bæjarstjóri, tilnefndur af Akureyrarbæ, Pétur Þór Jónasson sveitarstjóri, tilnefndur af Eyjafjarðarsveit, Davíð Á. Gunnarsson forstjóri, tilnefndur af stjórnarnefnd Ríkisspítala, Ólafur Hjálmarsson deildarstjóri, tilnefndur af fjmrh. og Guðjón Magnússon, skrifstofustjóri í heilbrrn., sem jafnframt er formaður nefndarinnar."

Þetta bréf ritaði ég þessum aðilum og geri sem sé ráð fyrir því að þeir kanni möguleikana á hvaða leiðir eru í boði til þess að tryggja að rekstur Kristnesspítala verði innan þess ramma sem fjárlagafrv. ársins 1993 gerir ráð fyrir.

Það er auðvitað ljóst að þegar ætlast er til að dregið sé úr kostnaði við spítalarekstur í landinu verða menn að skoða þá þætti sem menn hafa áður verið að huga að í sambandi við hugsanlegan tilflutning á stjórn og hagræðingu og einnig þá þætti í þessum rekstri sem skera sig úr fyrir það að þeir eru eilítið dýrari en aðrir. Þetta er einn kostur. Hann verður að skoða og þessi kostur verður skoðaður með það að markmiði að rekstur Kristnesspítala, ef framhald verður á honum, sem við skulum vona, geti verið innan ramma fjárlaga.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Samkvæmt gildandi heilbrigðismálaáætlun sem var samþykkt sem þál. að ég hygg 1990 er gert ráð fyrir því að byggja upp sérhæfða endurhæfingu á tveimur stöðum á landinu, annars vegar á Reykjavíkursvæðinu og hins vegar í Eyjafirði eða á Akureyri eins og það er víst orðað. Jafnframt er rætt um í þeirri áætlun að byggja upp öldrunarlækningadeildir á tveimur stöðum, í Reykjavík og á Akureyri. Um þessa stefnu hefur verið full samstaða og víðtæk allra stofnana og ráða sem að þessu máli hafa komið.

Nú er það ljóst að það er verið að byggja upp endurhæfingaraðstöðu á höfuðborgarsvæðinu í víðri merkingu þess orðs og er ég þá að ræða um þau 100 virk endurhæfingarrúm sem eru tekin yfir af ríkinu í Hveragerði, en auk þess þær hugmyndir um breytingar á starfsemi Kópavogshælisins sem flestum er kunnugt um.

Það er rétt að þegar hugmyndir koma fram frá ráðuneytinu um endurskipulagningu á starfsemi Kristnesspítala og verulegan niðurskurð á fjárveitingum til þeirrar stofnunar verði spurt hvort þessar hugmyndir beri vott um efasemdir um að þörf sé fyrir endurhæfingarstarfsemi af þessu tagi á Norðurlandi. Einnig er rétt að spyrja hvort þörf sé fyrir uppbyggingu þessarar starfsemi fyrir norðan eða hvort ástandið þar leyfi samdrátt.

Á biðlista á endurhæfingardeild Kristnesspítala voru í ágúst 1991 15 manns en ári síðar voru þeir 36. Ástæðan fyrir lélegri nýtingu endurhæfingardeildar Kristnesspítala er ekki skortur á verkefnum heldur skortur á stöðuheimildum. Ef nýting er ekki sem skyldi, eins og fram kom í máli ráðherrans áðan, og

heilbrigðisyfirvöldum vex því í augum hlutfallslegur kostnaður á hvern sjúkling er hægt að minnka þann kostnað með því að nýta aðstöðuna betur í þágu þeirra verkefna sem bíða úrlausnar.

Árið 1990 voru 38 rúm að meðaltali nýtt af Norðlendingum í þremur sjúkrastofnunum á Suðvesturlandi; á Reykjalundi, Grensásdeild og í Hveragerði.

Ég vil geta þess að sá þingmaður sem hér stendur hefur gert fyrirvara við þann lið í fjárlagafrv. er varðar Kristnesspítala en er reiðubúinn til samstarfs til að finna farsæla lausn á þessu máli að því tilskildu að hún leiði til þess að styrkja þróun heilbrigðismála á Norðurlandi, tryggja starfsemi Kristnesspítala og framfylgja stefnu heilbrigðismálaáætlunar.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er algjörlega óhjákvæmilegt að mótmæla mjög harðlega áformum um að þjarma þannig að Kristnesspítala hvað rekstrarfjárveitingu snertir á næsta ári að það jafngildi í raun því að leggja stofnunina niður. Ef rétt er sem fram hefur komið að taka eigi 40 millj. kr. af spítalanum er alveg augljóst mál að hann verður ekki rekinn í þeirri mynd sem gert hefur verið og getur ekki þjónað því heilbrigðishlutverki sem hann á að gera. Á Kristnesi hefur í samfellt 6–8 ár verið unnið samkvæmt stefnumörkun stjórnarnefndar Ríkisspítala með stuðningi heilbrigðisyfirvalda og fjárveitingavaldsins að því að byggja þar upp tvíþætta starfsemi, endurhæfingarstarfsemi annars vegar og hjúkrunardeild eða langlegudeild hins vegar og þörfin fyrir hvort tveggja er óumdeild. Engar upplýsingar hafa verið reiddar fram sem réttlæta þennan niðurskurð með vísan til þess að ekki sé þörf fyrir hvort tveggja, endurhæfingarstarfsemi og þau hjúkrunarrúm sem þar eru.

Staðreyndin er sú að verði Kristnesspítali lagður af og fækkað rúmum á legudeildum sem því nemur verður verra ástand á Norðurlandi í þessum efnum en í Reykjavík, en hér er talað um neyðarástand. Ef endurhæfing leggst af á Kristnesi leggst þar með af eina starfsemi þeirrar tegundar utan suðvesturhornsins. Það er athyglisvert að öll sparnaðaráform Ríkisspítalanna samkvæmt fjárlagafrv. eiga að koma fram í stofnunum utan höfuðborgarsvæðisins. Í grófum dráttum sýnist manni stefnan ganga út á það að leggja niður alla starfsemi Ríkisspítala annars staðar en í Reykjavík. Er það þá orðin stefna ríkisstjórnarinnar að ríkisvaldið geti ekki staðið fyrir slíkri starfsemi neins staðar nema í höfuðborginni?

Það er gjörsamlega óþolandi, hæstv. forseti, þegar heilbrrh. fær einstakar stofnanir á heilann eins og gerst hefur aftur og aftur á undanförnum missirum í hans embættistíð og níðist svo á þeim í krafti valdsins.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Í sumar skipaði hæstv. forsrh. nefnd sem á að smíða tillögur um flutning ríkisstofnana út á land. Á sama tíma vinnur annar ráðherra, hæstv. heilbrrh., hörðum höndum að því að færa nánast alla heilbrigðisþjónustu til Reykjavíkur. Þannig vinnur hver höndin á móti annarri í ríkisstjórninni.

Hæstv. heilbrrh. virðist trúa á mátt miðstýringarinnar og vera sannfærður um að öflugur ríkisspítali á Reykjavíkursvæðinu sé það sem stefna beri að. Í fyrra tókst að verja St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og koma í veg fyrir lokun skurðstofa og fæðingardeilda úti á landi, en í staðinn var Landakotsspítali tekinn kverkataki og sér ekki enn fyrir endann á erfiðleikum hans. Nú virðist eiga að taka Kristnesspítala sömu tökum því fjármagn til spítalans verður skorið verulega niður ef tillögur fjárlagafrv. ná fram að ganga. Við hljótum að spyrja: Hvaða markmiðum ætlar heilbrrh. að ná með þessum niðurskurði? Hvar á að veita þá þjónustu sem nú er veitt á Kristnesspítala? Hver er stefnan? Á að færa þá endurhæfingarþjónustu sem verið hefur í uppbyggingu á Kristnesi á Kópavogshælið? Heldur ráðherrann að það verði ódýrara að senda fólk suður eða telur hann að aðrar stofnanir fyrir norðan geti tekið við þessu?

Er ekki kominn tími til, hæstv. heilbrrh., að móta heildarstefnu í málum sjúkrahúsanna hér á landi með tilliti til þarfa landsmanna og í ljósi þess minnkandi fjármagns sem íslenskt þjóðfélag hefur óneitanlega yfir að ráða? Er ekki kominn tími til að hætta þessum stórskotaliðsárásum á sjúkrahúsin og starfsfólk þeirra, svo og handahófskenndum, óskipulögðum og vanhugsuðum niðurskurðartilraunum sem brjóta munu meira niður en þær byggja upp?

Það er augljóst mál að niðurskurður í heilbrigðiskerfinu til lengri tíma litið næst ekki öðruvísi en með langtímamarkmiðum og endurskipulagningu. Því verðum við að stöðva þessi áform núna og skoða stöðu Kristnesspítalans og annarra sjúkrahúsa á landinu rólega og yfirvegað ef við ætlum okkur að ná árangri í fjármálum ríkisins.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hefur verið unnið að því að breyta Kristnesspítala í þá veru að gera hann að fullkominni endurhæfingarstofnun og er það eina stofnunin þess eðlis utan höfuðborgarsvæðisins. Hér starfa vissulega nokkrar stofnanir eins og Reykjalundur, Grensásdeildin, endurhæfingastöð hjarta- og lungnasjúklinga og reyndar er endurhæfingarstöð rekin í Hveragerði á heilsuhæli Náttúrulækningafélagsins. En utan þessa svæði er Kristnesspítali nánast eina stofnunin þessa eðlis.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. vitnaði til íslenskrar heilbrigðisáætlunar, sem Alþingi hefur samþykkt, þar sem sagt er að byggja skuli upp endurhæfingarþjónustu og öldrunarlækningar á Akureyri og Kristneshæli er auðvitað mjög vel fallið til þeirrar uppbyggingar. Eftir þessu hefur verið unnið og þetta er sú stefnumótun sem Ríkisspítalar hafa unnið eftir. Við umræður í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna um uppbyggingu og endurhæfingardeild á Kópavogshæli hef ég undirstrikað það fyrir mína parta að það verði að taka tillit til fyrri ákvarðana um hlutverk Kristnesspítalans. Þetta má finna í fundargerðum stjórnarnefndar Ríkisspítalanna þar sem ég hef látið það koma skýrt fram að með ákvörðunum

um breytingar á Kópavogshæli sé ekki gert ráð fyrir kerfisbreytingum varðandi þá þjónustu sem eigi að reka að Kristnesi.

Þetta finnst mér að þurfi nauðsynlega að koma fram, virðulegi forseti. Ég treysti því að þó menn leiti allra leiða til þess að ná fram hagkvæmni í rekstri þessarar umræddu stofnunar og breyta rekstrarforminu, sem hefur reyndar verið rætt um og t.d. hefur Ríkisendurskoðun bent á að ef til vill væri hagkvæmt að reka Kristnesspítala í öðru formi heldur en sem hluta af Ríkisspítölunum, verði það samt gert með það í huga að stofnunin verði áfram endurhæfingarstofnun og hugsanlega öldrunarlækningastofnun og að því hlutverki verði ekki raskað. Ég mótmæli því eindregið að þessi rekstur verði lagður af ef sjúkrahúsinu verður lokað.

Ég ítreka að það er eðlilegt að skoða vel samræmingu rekstrar á heilbrigðisstofnunum í Eyjafirði og leita allra leiða til þess að sá rekstur sé sem ódýrastur og hagkvæmastur en það er óásættanlegt að leggja þennan spítala niður og breyta þar með út af þeirri stefnu sem mótuð er í íslenskri heilbrigðisáætlun.

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er engin nýlunda að málefni Kristnesspítala séu í nokkurri óvissu. Þannig hefur það verið um nokkurt skeið. Ég fagna því að nú skuli tekin til starfa nefnd sem kemur til með að gera tillögur um framtíð Kristnesspítala. Ég tel að það hafi verið Kristnesspítala nokkur fjötur um fót að vera undir stjórn Ríkisspítala sem situr í Reykjavík fjarri vettvangi. Slíkt tel ég almennt til baga án þess þó að kasta nokkurri rýrð á stjórn Ríkisspítala. Í mínum huga er þrennt sem upp úr stendur í þessu máli.

Í fyrsta lagi þarf almennt að fara gætilega með almannafé. Í þessum orðum mínum liggja engar ásakanir í garð stjórnenda Kristnesspítala um að slíkt hafi ekki verið gert. Við höfum hins vegar dæmin allt í kringum okkur, bæði hér heima og í nágrannalöndunum, að aðhalds og gætni sé þörf. Það hefur að mínu mati verið um of algengt á hinu háa Alþingi að þingmenn kjördæma snúist til varnar ef starfsemi opinberra stofnana í eigin kjördæmum er tekin til athugunar og reynt að ná fram hagræðingu. Slíkt mun ég ekki gera því ekki er síður nauðsynlegt að slík athugun eigi sér stað í Norðurlandskjördæmi eystra en annars staðar í okkar ágæta landi.

Í öðru lagi ber ríka nauðsyn til að mínu mati að endurhæfing fari fram úti á landsbyggðinni og ég efast ekki um að heilbrrh. mun veita því máli liðsinni eins og heilbrigðisráðherrar undanfarin ár hafa gert. Slík endurhæfingarstarfsemi á að sjálfsögðu að fara fram á Eyjafjarðarsvæðinu sem er fjölmennasta þéttbýlissvæðið utan höfuðborgarsvæðisins.

Hvað endurhæfingarlækningar varðar vil ég vitna til sænsks öldrunarlæknis, Hans Thorstups frá Kalmar, sem skýrði frá því á þingi norrænna öldrunarlækna í Óðinsvéum í sumar sem leið að þeir í Kalmar hefðu sannreynt að markviss endurhæfing aldraðra skipti sköpum til að minnka kostnað við umönnun aldraðra. Því miður gefst hér ekki tími til að fara nánar út í það mál.

Í þriðja lagi, virðulegi forseti, tel ég nauðsynlegt að nefndin sem er að vinna að því að marka framtíðarhlutverk Kristnesspítala vinni skjótt og skili niðurstöðum þannig að allir standi keikir eftir.

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar nafnið Kristneshæli var breytt í Kristnesspítali var það táknræn viðurkenning á breyttu hlutverki Kristness. Í stað berklasjúklinga voru langflestir vistmenn þungir hjúkrunarsjúklingar sem áttu heima á hjúkrunardeildum undir umsjón lækna og hjúkrunarfræðinga. Í framhaldi af nafnbreytingu var enn leitað nýrra leiða til að þróa spítalann í samræmi við nýjar þarfir innan heilbrigðisþjónustu.

Fyrir nokkrum árum var tekin sú stefna að jafnframt því að hjúkra langlegusjúklingum skyldi spítalinn stofna endurhæfingardeild sem aðallega sinnti sjúklingum á Norðurlandi. Uppbygging var hafin og hefur gengið með ágætum. Þykir mér rétt að nefna, þar sem ég þekki nokkuð til reksturs spítalans, að sú uppbygging hefur verið gerð af einstakri forsjálni.

Kristnesspítali hefur verið rekinn sem hluti Ríkisspítala og hefur það fyrirkomulag verið umdeilt. Vegna fjarlægðar spítalans við aðsetur stjórnarnefndar Ríkisspítala í Reykjavík hlýtur að vera erfitt fyrir stjórnarnefndina að setja sig inn í starfsemi og þróun spítalans. Jafnframt er vart rétt að skilja landfræðilega að faglegan rekstur og endanlega fjárhagslega ábyrgð sem er í höndum forstjóra Ríkisspítala þó svo daglegur rekstur sé allur í öruggum höndum framkvæmdastjóra spítalans. Því ætti að breyta eignaraðild og flytja alla stjórnun heim í hérað.

Þessi hugmynd hefur í raun ekki komist á það stig að hagnýt útfærsla hennar sæi dagsins ljós þó að hún hafi verið rædd um árabil. Það er því ekki óeðlilegt að heilbrrh. mæli með skoðun á eignarhaldi, hlutverki og rekstrarformi. Það er hins vegar mín skoðun að sú stefna sem mörkuð var fyrir nokkrum árum um framtíðarhlutverk spítalans hafi verið rétt stefna og sé það enn. Ég vil nefna fáeina þætti í því sambandi.

Engin endurhæfingardeild, eins og fram kom hér áðan, er fyrir sjúklinga á Norðurlandi og hefur reyndar verið rætt um að slíkri deild hefði þurft að koma upp fyrir Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. (Forseti hringir.) Ég er að ljúka máli mínu. — Endurhæfingardeild Kristnesspítala gæti sinnt þessum þörfum samanber hlutverk Reykjalundar. Enn fremur að markviss endurhæfing sparar þjóðfélaginu háar fjárhæðir, hún flýtir fyrir bata og sparar þannig umönnunarkostnað, lyf og styttir fjarvistir frá vinnu. Kristnesspítali hefur um árabil sinnt þungum hjúkrunarsjúklingum sem ekki hafa fengið vistun annars staðar og því bætt úr brýnni þörf. Starfsmenn Kristnesspítala hafa sjálfir bent á þá hugmynd að útvíkka mætti starfsemina þannig að þar mætti reka heilsu- og hressingarhæli fyrir fólk sem ekki teldist til sjúklinga. (Forseti hringir.) Ég vil leggja áherslu á að starfsemi Kristnesspítala verði skoðuð í ljósi framangreindar atriða og slíkt verði gert í góðu

samstarfi þeirra sem gerst þekkja til í þessum rekstri.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég get ómögulega tekið undir það með hv. 7. þm. Norðurl. e. að það sé fagnaðarefni að þessi nefnd, sem nú hefur verið skipuð, hafi yfirleitt verið sett á laggirnar. Samkvæmt skipunarbréfi, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra, er hennar hlutverk nánast það að leggja spítalann niður. Það má ekki gerast.

Það að þessi stofnun heyrir undir stjórnarnefnd Ríkisspítalanna er vissulega mál sem þarf að skoða og er ekki gott mál en það er þessu óskylt. Það er algjörlega því óskylt hvort spítalinn verður lagður niður eða ekki. Það vil ég að komi fram.

Það sem skiptir máli, hæstv. ráðherra, er að þarna verði ekki anað að neinu. Þetta er mjög mikið og stórt mál, hagsmunamál fyrir norðlenskar byggðir, fyrir Eyjafjarðarsveit og Eyjafjarðarsvæðið, ekki síst þegar litið er til byggðastefnu. Ég trúi því ekki að hæstv. ráðherra muni láta það gerast að þessi spítali verði lagður niður og starfsemin flutt suður. Það er ekki í nokkru samræmi við það sem er verið að vinna að í nefnd sem hæstv. forsrh. skipaði og hefur það hlutverk að flytja starfsemi og stofnanir frá Reykjavíkursvæðinu til landsbyggðarinnar. Ég trúi því ekki að af þessu verði.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Því miður kom ekki fram hjá ráðherra það sem ég hafði vænst í þessu máli. Ég hlýt að lýsa miklum vonbrigðum mínum yfir því skipunarbréfi sem hann las upp fyrir þá nefnd að starfa eftir sem hann hefur skipað í málið. Hún hefur það hlutverk að útfæra hluti sem eru ósamrýmanlegir áframhaldandi starfsemi stofnunarinnar í þeirri mynd sem hún er í dag. Málið er svo einfalt.

Það sem kom fram hjá ráðherra og ég ætla að drepa hérna á er varðandi kostnað við rekstur stofnunarinnar. Ráðherra getur þess ekki að þær tölur eru teknar frá þeim tíma þegar starfsemi stofnunarinnar var í lágmarki vegna endurbyggingar. Hann nefnir það ekki heldur að stofnunin hefur verið mjög þunga sjúklinga og ég sé ekki að hægt verði að spara nokkuð þótt þeir verði fluttir yfir á aðrar stofnanir.

Þá nefndi hann húsnæðiskostnað. Þar er hann að skjóta sér á bak við hluti sem eiga sér ekki stoð í raunveruleikanum. Þarna nokkuð öflugt húsnæði, það er þarna og það er staðreynd. Rekstur þess í dag kostar 1,6 millj. kr. á ári. Það er rekinn þarna hitaveita sem kostar 300 þús. kr. á ári.

Ráðherra svaraði ekki spurningunni um Kópavogshæli. Af því hann gerði það ekki þá ætla ég að skýra frá því að hef ég hér undir höndum bréf þar sem hann er búinn að heimila þá uppbyggingu á sama tíma og hann virðist vera að leggja til að fella niður endurhæfingarstöðina á Kristnesi.

Ég vil einnig benda á að hæstv. ráðherra sagði að fyrir löngu hefði forstjóra Ríkisspítalanna verið skýrt frá því hvað stæði fyrir dyrum. (Forseti hringir.) — Virðulegi forseti, ég er alveg að ljúka máli mínu. — Ég bendi í því sambandi á að forstöðumaður Kristnesspítala er skipaður af ráðherra og ber ábyrgð gagnvart honum.

Að lokum vil ég upplýsa það hér að þetta mál nýtur mjög víðtæks stuðnings fyrir norðan. Við þingmenn kjördæmisins höfum fengið á okkar fund sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar, við höfum fengið héraðsnefnd Eyjafjarðar, Eyþing, nýstofnuð samtök sveitarfélaga í Norðurlandi eystra, sem öll hafa lýst yfir miklum áhyggjum sínum vegna málsins og stuðningi við áframhaldandi rekstur Kristnesspítala.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Vissulega er verið að vinna að því að marka stefnu í málefnum sjúkrahúsa á Íslandi. Einn þáttur í því var sú ákvörðun sem tekin var við afgreiðslu fjárlaga yfirstandandi árs að leggja niður bráðaþjónustu á Landakotsspítala og flytja hana til hinna spítalanna og gera ráð fyrir því að Landakotsspítali starfaði eftirleiðis sem „elektíft" sjúkrahús. Þessi ákvörðun hefur tekist vel vegna þess að niðurstaðan er sú að í sjúkrahússrekstrinum í Reykjavík hafa sparast mörg hundruð millj. kr. eins og gerð verður grein fyrir síðar og enginn getur í efa dregið.

Í öðru lagi hefur líka tekist vel til að því leytinu að allir þessir spítalar, þar á meðal Landakotsspítali, hafa aukið mjög verulega aðgerðir sínar frá því í fyrra. Það hefur því verið hægt að auka fjölda aðgerða og ná áhrifum til kostnaðarlækkunar upp á mörg hundruð millj. kr. í þessum rekstri.

Ég vil aðeins taka það fram út af þeim umræðum sem hér hafa farið fram að það hefur engin heimild verið gefin til uppbyggingar endurhæfingardeildar á Kópavogshæli. Sú heimild sem hefur verið gefin er að Landspítalanum verði heimilt að nota þá endurhæfingaraðstöðu sem þar hefur þegar verið byggð til að endurhæfa aðra sjúklinga, svo sem sjúklinga eftir bæklunaraðgerðir og fleiri, jafnóðum og núverandi vistmenn á Kópavogshæli verða fluttir í sambýli. Ég veit ekki betur en sú ákvörðun njóti stuðnings allra þeirra aðila sem komið hafa að því máli. Það er öldungis rangt að það sé gert ráð fyrir því að eitthvert fé sem á að skera af Kristnesspítala verði notað til uppbyggingar á endurhæfingaraðstöðu á Kópavogshæli. Það er ekki gert ráð fyrir neinum fjárveitingum til uppbyggingar endurhæfingaraðstöðu á Kópavogshæli.

Ég vil aðeins í lokin, virðulegi forseti, skýra frá því og ég held það eigi erindi í þessa umræðu, að það er ekki, eins og sagt hefur verið frá, full nýting á Kristnesspítalanum. Það voru 39,1 rúm í nýtingu fyrstu sjö mánuði ársins 1992 og 37,5 rúm á árinu áður, af 58 rúmum. Miðað við þann kostnað sem er á legurúm í öðrum stofnunum og ef tækist að ná kostnaði á legurúm á Kristnesspítala niður undir það sem er á öðrum stofnunum gæti Kristnesspítali hæglega starfað með óbreyttum hætti fyrir það fé sem er á fjárlögum. Svo mikill er munurinn á legukostnaði annars vegar á Kristnesspítala og hins vegar á þeim stofnunum sem menn geta helst borið hann saman við.

Útbýting þingskjals:
Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti á fyrirtækjum, 117. mál, stjfrv., þskj. 137.

Um þingsköp.
Framkoma ráðherra í utandagskrárumræðum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Hv. 6. þm. Norðurl. e. óskar eftir að taka til máls um gæslu þingskapa. Forseti vill benda hv. þm. á að það er komið langt fram yfir þann tíma að þingflokksfundir ættu að vera byrjaðir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:
Virðulegi forseti, þetta verður örstutt og ég mun ekki fara hér í neina efnisumræðu heldur ræða um það sem snýr að eðlilegum þingsköpum. Það eru ekki eðlileg þingsköp að ráðherra í utandagskrárumræðu komi fram með fullyrðingar sem eru rangar. Ég var sem betur fer búinn að gera grein þeim fyrir í seinni ræðu minni. Það er algjörlega óviðunandi að ráðherra komi fram með slíkar fullyrðingar þegar búið er að loka fyrir ræðutíma annarra.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Hæstv. heilbrrh. talar um gæslu þingskapa og biður forseti hæstv. ráðherra að taka tillit til þess hvað tímanum líður.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):
Sjálfsagt, virðulegi forseti. Ég vil aðeins upplýsa að þær upplýsingar sem ég hef í höndunum eru frá skrifstofustjóra fjármáladeildar ráðuneytisins. Það er sjálfsagt að afhenda hv. þm. eintak af þessum upplýsingum en þar kemur það fram ég var að greina frá áðan.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Forseti var að benda hv. þm. á að löngu er liðinn sá tími sem þessi þingfundur átti að standa. Er það mjög nauðsynlegt sem hv. 5. þm. Vestf. telur sig þurfa að ræða undir liðnum gæsla þingskapa? Sé svo getur forseti ekki neitað honum og tekur hann þá til máls.

Kristinn H. Gunnarsson:
Virðulegi forseti. Það er ekki svo langt liðið umfram það sem síðasta þingskaparæða var haldin og vil ég því biðja forseta að vera ekki með áminningar af þessu tagi. En ég vil taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni varðandi fyrirkomulag þessarar utandagskrárumræðu af styttri gerðinni. Það hefur iðulega komið fyrir og er ólíðandi fyrir þá sem hefja þá umræðu eða taka þátt í henni að henni skuli ávallt ljúka með því að ráðherra eigi síðasta orðið. Það er að mínu mati eðlilegur gangur í umræðu sem þessari að málshefjandi eigi lokaorð í umræðunni. Því miður hefur þetta verið framkvæmt þannig að ráðherra hefur ávallt haft síðasta orðið og það hefur komið fyrir og það oftar en einu sinni að viðkomandi ráðherra hefur misnotað þá aðstöðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Út af dagskrá er tekið 3. dagskrármálið. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Fundinum er slitið.

32. FUNDUR

fimmtudaginn 15. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá (fyrirspurnir):
Til heilbrigðisráðherra:
1. Málefni Kópavogshælis, fsp., 75. mál, þskj. 77.
Til fjármálaráðherra:
2. Tilsjónarmenn, fsp., 85. mál, þskj. 93.
3. Verkefni tilsjónarmanna, fsp., 86. mál, þskj. 94.

Málefni Kópavogshælis, ein umr.

Fsp. MF, 75. mál. — Þskj. 77.

Guðrún Helgadóttir:
Hæstv. forseti. Að ósk hv. 4. þm. Suðurl. mun ég bera hér fram fsp. sem liggur fyrir á þskj. 77, en það er 75. mál þingsins, sem varðar málefni Kópavogshælis.

Í kjölfar mikillar umræðu um breytingar á rekstri stofnunarinnar lagði hv. 4. þm. Suðurl. þessa fsp. fram. Bæði henni og mér er ljóst að síðan hefur ýmislegt gerst í þessum málum, en það varð að ráði að bera fsp. engu að síður fram þar sem hv. þm. telur að það væri gott að upplýsa hv. þingheim um hvað er að gerast í þessum málum. Ég tel ekki ástæðu til þess að lesa fyrirspurnirnar en bið hæstv. heilbr.- og trmrh. að svara þeim eftir því sem efni standa til.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):
Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. nefndi hafa orðið þær breytingar í millitíðinni sem gera það að verkum að rétt er að víkja að efnisatriðum málsins eins og það stendur nú og skal ég gera það.

Á fundi stjórnarnefndar Ríkisspítala þann 22. sept. 1992 var gerð samhljóða samþykkt með stuðningi allra stjórnarnefndarmanna. Hún hljóðar svo:

„Núverandi endurhæfingardeild á Landspítalanum verði lögð niður. Opnuð verði ný deild 1. jan. 1993 í húsnæði Kópavogshælis og á Landspítala sem nefnist endurhæfingardeild Landspítalans, Kópavogi. Sú deild verði á lyflækningasviði. Kópavogshælið verði lagt niður samtímis því sem endurhæfingardeildin í Kópa-

vogi taki til starfa. Forsendur þess að tillagan nái fram að ganga eru eftirtalin atriði:

Ráðinn verði nýr yfirlæknir yfir alla deildina en hjúkrun í Kópavogi verði hluti af hjúkrunarþætti Landspítalans. Á Landspítalanum verði eftir sem áður aðstaða þar sem hægt er að annast sjúkra- og iðjuþjálfun sjúklinga sem vistast á Landspítalalóðinni." — Til þess að hrinda þessari tillögu í framkvæmd þarf að leggja niður fjórar stöður sem nefndar eru og í staðinn þarf að ráða í tvær stöður sem tilgreindar eru í samþykktinni. — „Við framkvæmd þessarar tillögu þarf að gæta hagsmuna þroskaheftra sem nú eru á Kópavogshæli. Önnur skipulagning á hinni nýju deild fari fram í samráði við nýjan yfirlækni og hjúkrunarstjórnendur."

Þannig hljóðaði samþykktin sem gerð var 22. sept. 1992. Samþykktinni fylgdi greinargerð sem ég get ekki lesið tímans vegna en ég mun afhenda hv. þm. hér á eftir.

Eftir þessa samþykkt var málið kynnt fyrir stjórn Þroskahjálpar og fyrir Félagi aðstandenda vistmanna á Kópavogshæli og báðir aðilar lýstu yfir stuðningi sínum við þá stefnumörkun sem þarna var gerð. Ég átti síðan tvo fundi með stjórnendum Ríkisspítala um þessi mál, fyrst með stjórnarformanni og forstjóra og síðan með kjörnum fulltrúum í stjórnarnefndinni. Sá fundur átti sér stað þann 5. okt. sl. Í framhaldi af þeim fundi ritaði ég svo svofellt bréf til stjórnarnefndar Ríkisspítala, og er orðrétt tilvitnað í það bréf:

„Ráðuneytið vísar til bréfs Ríkisspítalanna frá 22. sept. þar sem með er send samþykkt stjórnarnefndar um endurhæfingardeild Landspítalans í Kópavogi. Ráðuneytið vísar jafnframt til fundar með þingkjörnum fulltrúum í stjórnarnefnd, formanni stjórnarnefndar og forstjóra hinn 1. okt.

Ráðuneytið samþykkir fyrir sitt leyti þær breytingar sem stjórnarnefnd hefur lýst um framtíðarfyrirkomulag í Kópavogi. Ráðuneytið vill þó benda á eftirfarandi atriði:

1. Gera verður ráð fyrir því að framvegis sem hingað til verði í Kópavogi hjúkrunarvistunaraðstaða fyrir þá þroskahefta sem ekki geta komist á sambýli og telur því ráðuneytið að nafn deildarinnar þurfi að fela í sér það hlutverk.

2. Ráðuneytið telur nauðsynlegt að stjórnarnefnd útfæri betur tillögur sínar um framtíðarfyrirkomulag Kópavogshælis og að þar komi fram annars vegar heildarmynd stofnunarinnar þegar tillögur hafa komist í framkvæmd og hins vegar tímaáætlun og kostnaðaráætlun um að gera breytingar. Þá vill ráðuneytið benda á nauðsyn þess að stjórnarnefnd Ríkisspítalanna taki upp viðræður við félmrn. í sambandi við tilflutning úr Kópavogi og á sambýli og að því verði hraðað eftir því sem föng eru á.

Ráðuneytið lítur svo á að stjórnarnefnd þurfi að fá endanlegt samþykki ráðherra að tillögum sínum þegar þær liggja fyrir í smáatriðum."

Í lok bréfsins er því svo lýst yfir að ráðuneytið muni beita sér fyrir þeim breytingum á ráðningarmálum sem þurfa fram að ganga samkvæmt tillögum stjórnarnefndar Ríkisspítalanna eins og þeim er lýst í samþykkt stjórnarnefndar.

Ég vil aðeins taka það fram í lokin að ekki er gert ráð fyrir neinum sérstökum fjárveitingum til Ríkisspítalanna til uppbyggingar endurhæfingardeildar í fjárlögum fyrir næsta ár, enda var það ekki í samþykkt stjórnarnefndar að gert væri ráð fyrir neinum sérstökum fjármálalegum ráðstöfunum á næsta ári í því sambandi. Það er því með öllu rangt sem heyrst hefur áæningur af að í samþykkt stjórnar Ríkisspítala hafi falist sú stefnumörkun að það fé sem hugsanlega væri hægt að spara í rekstri Kristnesspítala á Akureyri yrði notað til uppbyggingar endurhæfingaraðstöðu hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er ekki rétt.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Óneitanlega verða nú samt uppi nokkrar spurningar. Ég heyrði ekki betur en hæstv. ráðherra talaði um að endurhæfingardeildin tæki til starfa 1. janúar 1993. Sagði ráðherrann það ekki? En þegar litið er í fjárlagafrv. eins og hann réttilega sagði, þá er ekki að sjá að neitt fé sé ætlað til þessara mála.

Varðandi Kópavogshælið, þá má auðvitað margt um það mál segja. Það hefur sem betur fer tekið miklum breytingum gegnum árin og ég kom sjálf að því heimili — ég held að það hafi verið árið 1974 sem nefndarmaður í stjórnarnefnd Ríkisspítala — og hef þar af leiðandi fylgst nokkuð með uppbyggingu þar. Húsakostur er þar allmikill eins og við öll þekkjum þannig að sú spurning gæti vaknað hvað ætti að gera við allt það pláss sem óhjákvæmilega losnar þegar kannski helmingur vistmanna fer. Þá er auk þess, sýnist mér, gersamlega á huldu hvert þeir vistmenn fara því að auðvitað hlýtur að verða um veruleg fasteignakaup eða fasteignaleigu að ræða til þess að hýsa það fólk. Ég er nú fegin að heyra það að þær hugmyndir séu búnar að vera að allir geti búið í sambýli. Á það hef ég aldrei trúað. Það eru auðvitað vistmenn á Kópavogshæli sem geta ekki hugsanlega verið annars staðar en á sjúkrastofnun og þurfa umhirðu allan sólarhringinn eða umönnun, og þá erum við auðvitað komin að því að þessi mál heyra undir tvö ráðuneyti og vildi ég nú mikið gefa til að hér væri hæstv. félmrh. staddur.

Ég hef gert það að umræðuefni bæði hér í ræðustól og eins í hv. fjárln. (Forseti hringir.) að nú ganga umtalsverðir fjármunir gegnum Lottóið til íbúðakaupa fyrir fatlaða af öllu tagi og einhvern veginn hefur mér fundist vanta samhengi í hvernig menn ætla sér í framtíðinni að hafa samræmi milli þess að keyptar séu húseignir og séð jafnframt fyrir rekstri. Og ég veit að ég þarf ekki að útskýra það betur og hef heldur ekki tíma en ég hygg að hæstv. ráðherra viti um hvað ég er að tala og ég mun þess vegna aðeins varpa fram einni spurningu að lokum: Er þá sem sagt fyrirhugað að allar deildir Kópavogshælis verði áfram undir heilbr.- og trmrn.?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að

hér er ekki um að ræða neina meiri háttar stefnubreytingu í rekstri Kópavogshælis. Það sem verið er að tryggja með þessari tillögu er að sú endurhæfingaraðstaða sem byggð hefur verið upp á Kópavogshæli verði áfram til afnota fyrir Ríkisspítalana. Það fólk sem er á Kópavogshæli nú mun áfram fá vistun þar og áfram verður stefnt að því, eins og fram hefur komið, að það fólk sem getur farið á sambýli útskrifist af Kópavogshæli og inn á sambýli á vegum félmrn. en í þessari tillögu er jafnframt fólgin fullvissa um það að þetta fólk mun áfram fá að vera á Kópavogshæli eins lengi og það þarf og fá þar fullkomna þjónustu.

Það er hins vegar alveg rétt hjá hv. þm. og ég er henni sammála um það að til sé fólk sem vegna fötlunar sinnar þarf ávallt að vera á sjúkrastofnun þó svo það sé greint þroskaheft. Sumt af því fólki er nú á Kópavogshæli. Sumt af því fólki er í öðrum sjúkrastofnunum og ég er ekki þeirrar skoðunar eins og sumir eru að það sé hægt að gera ráð fyrir því að allt þetta fólk geti útskrifast á sambýli. Það er ekki hægt að mínu viti þó svo að sú hafi verið skoðun ýmissa aðila, mér skilst að það hafi t.d. verið skoðun þeirra sem ráða málum hjá Þroskahjálp. Ég er hins vegar ekki þeirrar skoðunar og Kópavogshælið eða réttara sagt Ríkisspítalarnir munu áfram tryggja sjúkrahúsvistun fyrir þetta fólk þannig að hér er ekki um að ræða eins róttæka breytingu og verið er að gera ráð fyrir.

Þessi formlega breyting, nafnbreyting, getur ekki orðið 1. jan. 1993 heldur í fyrsta lagi 1. febr. 1993 en ég legg áherslu á það að þarna er raunverulega ekki um að ræða nema nafnbreytingu, nema þá ákvörðun að endurhæfingaraðstaðan í Kópavogi muni í framtíðinni vera nýtt fyrir Ríkisspítalana í miklum mæli sem hún þarf ekki að nýtast þeim sem verða til frambúðar vistaðir á Kópavogshæli. (Forseti hringir.) Þeir munu hafa forgang að þeirri aðstöðu og ég ítreka að það er ekki gert ráð fyrir því, hvorki í samþykkt stjórnarnefndar né í fjárlögum, að neinu fé verði varið sérstaklega á árinu 1993 til þess að byggja upp aðstöðuna í Kópavogi.

Tilsjónarmenn, ein umr.

Fsp. KÁ, 85. mál. — Þskj. 93.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Hinn 23. jan. sl. samþykkti Alþingi lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1992 eftir langar og harðar umræður hér í þinginu. Eitt þeirra ákvæða sem þar var að finna fjallaði um svokallaða tilsjónarmenn sem senda skyldi út til að halda stjórnendum opinberra stofnana við efnið og sjá til þess að þeir héldu sig innan ramma fjárlaga. Þetta var mikið þjóðþrifamál að mati ríkisstjórnarinnar og liður í krossferð hennar gegn ríkishallanum. Frá því að lögin voru samþykkt hefur lítið heyrst frá þessum sérsveitum fjmrn. og því löngu tímabært að fá af þeim fréttir. Því spyr ég hæstv. fjmrh.:

1. Hversu margir tilsjónarmenn hafa verið skipaðir frá því að lög um þá voru samþykkt 23. jan. sl.?

2. Hvaða stofnanir hafa fengið senda tilsjónarmenn?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að það urðu miklar umræður á sínum tíma um svokallaða tilsjónarmenn sem sumir kölluðu nú pólitíska eftirlitsmenn stjórnarflokkanna. Sem svar við fsp. vil ég segja þetta:

Einungis einn tilsjónarmaður hefur verið skipaður frá því að lög sem heimiluðu skipan þeirra voru samþykkt. Tilsjónarmaðurinn var skipaður hjá Menningarsjóði á grundvelli laga nr. 1/1992 frá 24. jan. Fleiri tilsjónarmenn hafa ekki verið skipaðir.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Það verður ekki annað sagt en svar hæstv. fjmrh. komi á óvart eftir þær miklu umræður sem urðu um þetta og þá miklu áherslu sem ráðherrann lagði á að fá þetta ákvæði inn í lögin og sú spurning hlýtur að vakna: Var svo mikill misskilningur á ferð hjá ríkisstjórninni? Reyndist ástand opinberra stofnana miklu betra en þeir héldu? Hvernig túlkar ráðherrann þetta? Er svona mikið að gera hjá ykkur í ráðuneytinu að þið hafið ekki tíma til þess að fylgjast með? Stendur þetta til bóta? Verða sendir fleiri tilsjónarmenn út á næstunni?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil rifja það upp að í umræðum sem urðu um þetta mál á sínum tíma kom mjög skýrt fram að ætlunin var ekki að skipa tilsjónarmenn alls staðar heldur að eiga þetta tæki til ef í nauðir ræki. Tilgangurinn var ekki sá að setja tilsjónarmenn sem allra víðast. Og þær góðu fréttir berast nú með þessu svari að það hefur ekki verið þörf á að setja tilsjónarmenn annars staðar.

Í upphafi árs þegar heimild til skipunar tilsjónarmanna lá fyrir var gerð sú krafa að allar stofnanir skiluðu rekstraráætlunum og kæmi þar fram til hvaða aðhaldsaðgerða væri gripið svo að útgjaldarammi fjárlaga héldi. Það voru haldnir fundir með ráðuneytunum þar sem var farið yfir hvaða stofnanir væru líklegastar til að eiga í erfiðleikum með að ná fram markmiðum fjárlaganna. Eftir að skilafrestur á rekstraráætlunum rann út um mánaðamótin janúar/febrúar stóðu eftir nokkrar stofnanir sem allt útlit var fyrir að þyrftu aðstoðar við. Ráðuneytin fóru í öllum tilfellum þá leið að senda starfsmenn sína til að fara yfir rekstur áðurnefndra stofnana og gera þær breytingar sem nauðsynlegar væru til að reksturinn færi ekki umfram fjárlög. Í einstökum tilvikum var stofnununum boðin ráðgjöf frá utanaðkomandi aðilum og var það boð þegið í stöku tilfella. Því hefur ekki verið talin þörf á að skipa tilsjónarmenn annars staðar en hjá Menningarsjóði.

Ég vil til viðbótar taka það fram vegna þess að ýmsir í stjórnarandstöðunni spáðu illa fyrir svokölluð-

um flötum niðurskurði sem það var kallað þegar ákveðið var við fjárlagagerðina, lokahnykkinn, að spara prósentvís hjá stofnununum. Ég vil segja frá því að það hefur tekist og reksturinn er nánast í öllum tilvikum innan þeirra marka sem fjárlög heimila og ég tel að ákvæðið um tilsjónarmenn eigi að sjálfsögðu sinn þátt í því.

Verkefni tilsjónarmanna, ein umr.

Fsp. KÁ, 86. mál. — Þskj. 94.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Í ljósi þess sem fram kom í máli hæstv. fjmrh. hér áðan ætti ég auðvitð að breyta fsp. og hafa hana í eintölu en ekki fleirtölu en ég ætla nú að lesa hana samt. Ég spyr hæstv. fjmrh.:

1. Hvaða verkefnum eiga þeir tilsjónarmenn sem skipaðir hafa verið að sinna og hversu langan tíma hafa þeir til þess?

2. Hvaða árangri hafa störf tilsjónarmanna skilað?

3. Á hvaða launakjörum eru þeir tilsjónarmenn sem skipaðir hafa verið?

Nú kom það fram í svari hæstv. fjmrh. hér áðan að það hefur aðeins verið skipaður tilsjónarmaður hjá Menningarsjóði og menntamálaráði og sú spurning hlýtur reyndar að vakna hvort sú skipun sé í samræmi við lögin eins og þau voru samþykkt, en í lögunum segir:

„Starfssvið tilsjónarmanna er að skipuleggja og hafa eftirlit með reikningshaldi og gerð fjárhagsáætlana stofnana og taka ákvarðanir um fjárskuldbindingar, þar á meðal um umfang starfsmannahalds í samráði við ráðherra eftir því sem nánar er lýst í erindisbréfi hverju sinni."

Nú vill svo til að það er verið að leggja Bókaútgáfu Menningarsjóðs niður og í trássi við lög og ég get nú ekki séð að það sem tilsjónarmaðurinn er að gera þar sé í samræmi við tilgang laganna sem var fyrst og fremst sá að sjá til þess að opinberar stofnanir héldu sig innan ramma fjárlaga. Þarna var tilsjónarmanninum hreinlega falið að ganga frá bókhaldi og að sjá til þess ásamt meiri hluta menntamálaráðs að leggja Menningarsjóð niður og það er gert á grundvelli 6. gr. fjárlaga þar sem segir að fjmrh. hafi heimild til að semja um eignir og skuldir Menningarsjóðs. Og eins og fram hefur komið áður hér í umræðum, þá þykir okkur kvennalistakonum afar undarlega að verki staðið og alls ekki í samræmi við lög. En ég vil þá biðja hæstv. fjmrh að skýra það hér út fyrir þingheimi hvað þessi eini tilsjónarmaður hefur verið að gera og hvaða árangri hans störf hafa skilað og ég tala nú ekki um hvað Menningarsjóður þarf að borga honum fyrir verkið.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Fyrsta fsp. er svohljóðandi:

„Hvaða verkefnum eiga þeir tilsjónarmenn sem skipaðir hafa verið að sinna og hversu langan tíma hafa þeir til þess?"

Eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda er tilsjónarmaðurinn einn. Hv. fyrirspyrjandi lýsti lagagreininni, sem er 36. gr. í lögum nr. 1/1992, og er engu við það að bæta.

Í öðru lagi er fsp. svohljóðandi, þ.e. annar hluti fsp.:

„Hvaða árangri hafa störf tilsjónarmanna skilað?"

Varðandi tilsjónarmann Menningarsjóðs er það að segja að hann hefur enn ekki lokið störfum og er ekki að svo stöddu hægt að leggja mat á árangur starfsins, a.m.k. ekki til fullnustu.

Í þriðja lagi er spurt:

„Á hvaða launakjörum eru þeir tilsjónarmenn sem skipaðir hafa verið?"

Eins og réttilega hefur komið fram var hugmyndin sú að kostnaður við starf tilsjónarmanna greiðist af viðkomandi stofnun en í þessu tilviki hagar þannig til að tilsjónarmaðurinn er starfsmaður hagsýslu ríkisins og ákveðið var að hann héldi sínum launakjörum þar og þess vegna hefur þetta ekki reynst verða sérstök og aukin útgjöld Menningarsjóðs.

Ég vil að síðustu segja það að ég tel að með þessari skipan sé unnið í samræmi við lög og ekki síst í samræmi við fjárlög íslenska ríkisins á yfirstandandi ári.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Vegna þessara síðustu orða hæstv. fjmrh. get ég ómögulega fallist á að þarna hafi verið farið að lögum. Það stendur, eins og hér var lesið áðan, greinilega og skýrt að starfssvið tilsjónarmanna sé að skipuleggja og hafa eftirlit með reikningshaldi og gerð fjárhagsáætlana stofnana, en samkvæmt því bréfi sem menntmrn. sendir tilsjónarmanninum sem hér hefur verið rætt um er sagt að hann eigi að ganga frá fjárhagslegu uppgjöri Menningarsjóðs og Bókaútgáfu Menningarsjóðs. Það er allt annað mál. Ég tel að ráðherra hafi enga heimild til þess að ganga fram með þeim hætti sem þarna er verið að gera og hann hafi hvorki skipunar- né boðvald gagnvart þessari stofnun til þess að fara fram með þeim hætti sem þarna segir. Það er ekkert í lögum um Menningarsjóð sem heimilar það og það er heldur ekkert í þeim lögum sem hér hefur verið vitnað til sem heimilar þetta. Ég tel því að þarna hafi ekki verið farið að lögum.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Í þeim umræðum sem áttu sér stað í upphafi árs kom það fram að því er mig minnir að flestir hafi verið sammála því að ríkisvaldið ætti að hafa tæki eins og þetta til að beita til þess að veita stofnunum aðstoð, en eins og þetta var fram sett af ríkisstjórninni gat þessi tillaga ekki annað en vakið tortryggni. Hún var sett fram eins og ógnun við ríkisstarfsmenn þeim til höfuðs. Það hefur komið í ljós að þessi tillaga var ónauðsynleg. Sem betur fer er ástand ríkisstofnana með þeim hætti að menn reyna allt hvað þeir geta til að halda sig innan ramma fjárlaga. Það er

kannski niðurstaða þessara spurninga að ástandið hjá stjórnendum ríkisstofnana er einfaldlega miklu betra en hæstv. fjmrh. hélt í upphafi þessa árs.

Þar sem fram hefur komið að aðeins einn tilsjónarmaður hefur verið skipaður þá er náttúrlega spurning hvort hæstv. fjmrh. ætti ekki að koma fram með lagabreytingu og breyta nafni þessara ágætu starfsmanna í niðurlagningarmeistara.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þessar stuttu umræður hafa leitt mjög rækilega í ljós hversu góðum árangri núv. hæstv. ríkisstjórn hefur náð í því að veita rekstrarlegt aðhald í ríkisbúskapnum og er vissulega mjög ánægjuleg undirstrikun á því öllu saman.

Við þær umræður sem fram fóru og margoft hefur verið vitnað til var mjög mikið talað um að þessir svokölluðu tilsjónarmenn ættu að hafa mikið boðvald og þeir væru ógnun við stofnanir og starfsmenn ríkisins. Hið gagnstæða hefur náttúrlega komið í ljós. Með þeim velheppnuðu og almennu aðhaldsaðgerðum sem núv. hæstv. ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir hafa að mestu náðst þau markmið sem að var stefnt. Ég tel hins vegar, eins og ég taldi þegar þessi lög voru sett, nauðsynlegt að hafa til staðar þessa heimild til þess að skipa tilsjónarmenn af ástæða þætti til, en vissulega er heppilegast ef svo vel tekst til eins og hefur gerst hjá hæstv. núv. ríkisstjórn að til þess þurfi ekki að koma að beita lagaákvæðinu um tilsjónarmenn.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Menn gerast spaugsamir þykir mér og vissulega er ánægjulegt andrúmsloft í hv. fjárln. þar sem við hv. 3. þm. Vestf. sitjum, en mér sýnist að frv. til fjáraukalaga sem verið var að fara yfir í morgun gefi til kynna að ekki hefði veitt af einhverjum tilsjónarmönnum hér og þar í kerfinu því þar er verið að biðja um 5 milljarða 383 þús. kr. til viðbótar þeirri áætlun sem gerð var í upphafi árs. Tilsjónarmenn hefðu því mátt líta í bókhaldið hér og þar að mínu viti, en ég mun láta sannfærast ef hv. 3. þm. Vestf. getur sannfært mig um að hér hafi verið náð þeim markmiðum sem farið var af stað með.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi vil ég taka það fram að í lagagreininni, 37. gr. laga nr. 1/1992, segir skýrt að tilsjónarmenn eigi að hafa eftirlit með reikningshaldi og gerð fjárhagsáætlana stofnana og taka ákvarðanir um fjárskuldbindingar, þar á meðal um umfang starfsmannahalds í samráði við ráðherra, eftir því sem nánar er lýst í erindisbréfi hverju sinni. Það er því beinlínis vitnað til þess að erindisbréf skuli setja og í því skuli vera lýst hvert starfssvið sé.

Í öðru lagi vil ég taka fram að lagagreinin hefur sýnt og sannað að hún hefur haft erindi. Það sýnir niðurstaða í rekstri ríkisins á yfirstandandi ári. Það var ekki ríkisstjórnin eða stjórnarflokkarnir sem sögðu að þetta væri gryla á ríkisstarfsmennina. Hins vegar kom það fram í málefnalegri umræðu stjórnarandstöðunnar, ef ég má nota slíkt orð um þá umræðu sem frá henni kom á sínum tíma. Niðurstaðan er sú að rekstrinn er innan þeirra marka sem um var getið.

Ég tek undir spaug Guðrúnar Helgadóttur því það er alveg örugglega spaug þegar hv. þm. sem á sæti í fjárln. þingsins telur að rekstrartilfærslur hafi eitthvað með rekstur einstakra stofnana að gera. Það vita allir þeir sem nálægt fjárlögum hafa komið að það er sitt hvað. Það sem einmitt einkennir fjárlög íslenska ríkisins í ár er að hinn almenni rekstur stofnana er innan heimilda en um rekstrartilfærslurnar, sérstaklega þar sem sjálfvirknin hefur verið mikil eins og í landbúnaði og í Tryggingastofnun, gegnir allt öðru máli, og vandlega hefur verið lýst. Hafi það ekki verið spaug hjá hv. þm. að rugla þessu saman þá vona ég a.m.k. að þingmaðurinn átti sig betur á því um hvað fjárlög fjalla en kom fram í hennar ræðu. (**GHelg:** Má þingmaðurinn bera af sér sakir um að skilja ekki fjárlög?) Það er ekki saknæmt.

33. FUNDUR

fimmtudaginn 15. okt.,
að loknum 32. fundi.

Dagskrá:

1. Sala hlutabréfa ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands hf., beiðni um skýrslu, 112. mál, þskj. 131. *Hvort leyfð skuli.*
2. Málefni aldraðra, stjfrv., 97. mál, þskj. 113. — Frh. 1. umr.
3. Jöfnun verðlags, frv., 40. mál, þskj. 41. — 1. umr.
4. Lyfjalög, frv., 50. mál, þskj. 52. —1. umr.
5. Þjónusta Ríkisútvarpsins á Suðurlandi, þáltill., 73. mál, þskj. 75. — Fyrri umr.
6. Kynning á ímynd Íslands erlendis, þáltill., 103. mál, þskj. 121. — Fyrri umr.
7. Fjármögnun samgöngumannvirkja, þáltill., 104. mál, þskj. 122. — Fyrri umr.
8. Rannsóknir á botndýrum í Breiðafirði, þáltill., 108. mál, þskj. 126. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Jóhanna Sigurðardóttir, félmrh.,
Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.,
Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.

Útbýting þingskjals:

Safn þjóðminja að Hólum í Hjaltadal, 116. mál., þáltill. TIO og PJ, þskj. 136

Jöfnun verðlags, 1. umr.

Frv. RA og MF, 40. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 41.

Flm. (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Á þskj. 41 flytjum við hv. þm. Margrét Frímannsdóttir frv. til laga um jöfnun verðlags. Í 1. gr. frv. segir að markmið laganna sé að stuðla að því að lífskjör þjóðarinnar verði sem jöfnust óháð búsetu. Í þeim tilgangi beri að tryggja eftir því sem kostur er að algengustu lífsnauðsynjar og almenn þjónusta verði boðnar á sama verði hvar sem er á landinu.

Í rauninni má segja að óþarft ætti að vera að flytja frv. af þessu tagi. Fyrir löngu hefði átt að tryggja að lífskjör þjóðarinnar væru nokkuð jöfn óháð búsetu, en staðreyndin er að verulegur munur er á verðlagi eftir landshlutum. Þar má nefna rafmagns- og hitunarkostnað, símakostnað, smásöluverð í verslunum, svo og verð á ýmiss konar þjónustu sem háð er flutningskostnaði.

Í frv. er ekki gerð tilraun til þess að jafna allt verðlag, enda er þar við ramman reip að draga en það er reynt að jafna þennan mun á þremur sviðum, þ.e. hvað varðar símakostnað, raforkuverð og heildsöluverð.

Ef við lítum fyrst á málefni Pósts og síma er auðvitað nokkuð ljóst að engin rök mæla með því og enn síður nokkur sanngirni að dýrara sé fyrir símnotanda í einum landsfjórðungi en öðrum að hringja hingað á höfuðborgarsvæðið þar sem langflestar ríkisstofnanir eru ásamt meiri hluta landsmanna. Mishá gjöld eftir svæðisnúmerum eru ekkert annað en leifar frá liðnum tíma þegar símaþjónustan var handvirk. Þessa úreltu mismunun ber því tafarlaust að afnema.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að Póst- og símamálastofnunin greiðir hvorki meira né minna en 940 millj. kr. til ríkisins á þessu ári í arð, eða um 11% af tekjum, en greiddi árin þar á undan um 500–550 millj. Í stað þess að halda uppi þessari miklu skattheimtu á símnotendur ætti það að hafa forgang að láta fullan jöfnuð símgjalda verða að veruleika. Áreiðanlega væri hægt að láta það markmið koma til framkvæmda án þess að greiðslur símans til ríkisins féllu algjörlega niður því þarna er um svo gríðarlegar upphæðir að ræða að þó þær væru eitthvað skertar dygði það vafalaust til að jafna símgjöldin.

Það er sem sagt gerð tillaga um að eigi síðar en 1. maí 1993 skuli samgrh. ákveða að landið allt sé eitt gjaldsvæði og öll símtöl innan lands verðlögð á sama hátt óháð vegalengdum milli notenda.

Ódýrustu þriggja mínútna samtöl kosta nú 5,81 en 22 kr. þegar taxtinn er hæstur og hlutfallið er í dag 1 á móti 3,8. Þetta hlutfall hefur vissulega farið lækkandi á undanförnum árum og var fyrir tæpum áratug 1 á móti 11. En tillagan gengur út á það að færa þetta hlutfall niður í 1 á móti 1.

Í 3. gr. frv. segir:

„Eigi síðar en 1. maí 1993 skal Landsvirkjun bjóða raforku í heildsölu til dreifiveitna á sama verði um land allt miðað við afhendingu orkunnar í spennistöð hjá viðkomandi dreifiveitu.

Ríkisstjórnin skal vinna að samræmingu raforkuverðs í smásölu með ákvörðun hámarksverðs sem komi til framkvæmda eigi síðar en 1. jan. 1994. Í því skyni að gera dreifiveitum raforku kleift að laga sig að samræmdu orkuverði er ríkissjóði heimilt að yfirtaka hluta af skuldum þeirra og leggja fast gjald á alla raforkuvinnslu til að standa undir viðhaldi og afskriftum af sveitalínum.“

Jöfnun raforkuverðs hefur gengið heldur hægt. Ástæðan er að sjálfsögðu m.a. sú að skipulag raforkumála er afar flókið. En fullri jöfnun raforkuverðs er að sjálfsögðu hægt að ná eftir ýmsum leiðum. Hér er valin sú leið, eins og kom fram í sjálfri lagagreininni, að vandinn verði leystur með sameiginlegu átaki Landsvirkjunar og ríkissjóðs, svo og einhverju framlagi orkuneytenda í formi orkugjalds ef hjá því verður ekki komist.

Rafmagnsverð til heimilisnotkunar er nú um 20% hærra hjá Rafmagnsveitum ríkisins en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Meginástæða þessa mikla munar er sú að Rarik ber kostnað af viðhaldi og afskriftum af dreifikerfinu um sveitir landsins og þessar afskriftir af dreifilínum í sveitum nema um 300 millj. kr. árlega en Rarik fær ekki nema brot af þessum kostnaði greiddan úr ríkissjóði, t.d. á þessu ári aðeins 15 millj. kr. og eitthvað hliðstætt gildir um Orkubú Vestfjarða. Það er þessi munur, þ.e. byrðin af dreifiveitunum upp á 300 millj. kr. á ári og svo framlag ríkisins, sem ekki er nema 15 millj., sem veldur þessum mikla mun á rafmagnsverði frá rafmagnsveitunum annars vegar og Rafmagnsveitu Reykjavíkur og nokkrum öðrum rafmagnsveitum hins vegar.

Ég held að þessar tölur sem ég hef nefnt sýni það ljóslega að fengju Rafmagnsveitur ríkisins helming af afskriftum sveitalínanna greiddan af almannafé árlega, þó það væri ekki nema helmingurinn af áskriftunum sem fengist greiddur, ætti fyrirtækið auðvelt með að bjóða raforku til heimilisnota á hliðstæðu verði og Rafmagnsveita Reykjavíkur.

Í þessu sambandi er rétt að láta þess getið að í mörgum löndum þykir það sjálfsagt mál að orkuvinnslan sé látin borga dreifingu raforkunnar. Ég vil nefna sem dæmi að þannig er þetta í Skotlandi. Í Skotlandi er kostnaðurinn við þessa dýru sveitarafvæðingu borinn uppi af orkuvinnslunni. Það er raunverulega það sem hér er verið að gera tillögu um en til þess að það verði ekki of þung byrði til að byrja með er lagt til hér að ríkið komi þarna til móts og leysi vandann að nokkru með því að taka að sér helming af afskriftunum.

Í 4. gr. frv. er svo vikið að verðlagsmálunum, heildsöluverði og smásöluverði. Á síðasta vetri kannaði Verðlagsstofnun verð hjá á annað hundrað matvöruverslunum um land allt. Í þessum könnunum kom í ljós að smásöluverð á landsbyggðinni hefur farið hækkandi síðustu tvö árin í samanburði við verðlag í Reykjavík. Það reyndist t.d. 9% hærra á Vestfjörðum en á höfuðborgarsvæðinu en var 6% hærra fyrir tveimur árum. Svipuð þróun átti sér stað á Vesturlandi, Norðurlandi og Suðurlandi. Það er erfitt að slá því föstu hvað veld-

ur þessu mikla vandamáli en á það er bent að samkeppni stórmarkaða á höfuðborgarsvæðinu hafi mjög aukist í seinni tíð og að þessi samkeppni hafði leitt til lægra vöruverðs þar. Auðvitað ber að fagna því og vissulega hefur það haft sitt að segja fyrir neytendur á höfuðborgarsvæðinu. En á hinn bóginn er því ekki að leyna að sterkur grunur leikur á því að í mörgum tilvikum a.m.k. hafi landsbyggðin verið látin borga herkostnaðinn af verðstríðinu í Reykjavík. Það hafa að vísu komið fram fleiri en ein skýring á þessu vandamáli frá Verðlagsstofnun og nú seinast birti Verðlagsstofnun upplýsingar sem áttu að skýra hið lága vöruverð á höfuðborgarsvæðinu.

Hver sem sannleikurinn er í þessu máli ætti að vera full þörf á því að Verðlagsstofnun setti reglur sem gætu stuðlað að sem jöfnustu vöruverði í landinu og reynt væri að tryggja að landsbyggðin væri ekki látin njóta verri kjara en gerist á höfuðborgarsvæðinu.

4. gr. frv. beinist einmitt í þessa áttina en þar er gert ráð fyrir að við 1. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, lög nr. 56/1978, með síðari breytingum, bætist nýr stafliður þar sem því er slegið föstu að það sé eitt af hlutverkum Verðlagsstofnunar að vinna að því að jafna vöruverð í landinu. Síðan er bætt við 8. gr. laganna nýrri mgr. sem hljóðar svo:

„Í reglum þessum skal stuðla að því að heildsölufyrirtæki bjóði smásöluverslunum vörur á sama verði um land allt og undirboð á einum stað séu ekki fjármögnuð með hærra verði annars staðar."

Virðulegi forseti. Þetta er stórmál sem vissulega væri full ástæða til að fjalla um í miklu lengra máli en ég hef hér gert. Ég hef hins vegar aldrei lagt í vana minn að halda hér mjög langar ræður enda tel ég það frekar til vansa og læt því þessi orð duga. Ég vil eindregið hvetja hv. alþm. til að veita þessu máli athygli því að þetta er mikið sanngirnismál. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. efh.- og viðskn.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til að þakka flm. fyrir það að hreyfa þessu máli í frumvarpsformi. Þetta er eitt af brýnustu málum sem landsbyggðarmenn bera fyrir brjósti og hefur oft verið ályktað um þau á ýmsum vettvangi samtaka sveitarstjórna. Það er dálítið athyglisvert að það skuli í raun vera þannig í dag að ýmsar nauðsynjar lífsins skuli ekki vera jafnaðar milli landsmanna eins og símaþjónusta, orka og heildsöluverð á vörum. En aðrar vörur, sem ómögulegt er að kalla lífsnauðsynjavörur eins og áfengi og tóbak, er jafnað að fullu og fleira mætti nefna. Maður spyr sig um áherslur. Mér finnst þetta ákaflega einkennilegar áherslur, virðulegi forseti, ef það reynist vera svo að ekki sé vilji til að ganga frekar í átt til jöfnunar en orðið er og við búum við nú.

Það skal vissulega viðurkennt að Póstur og sími hefur að mínu mati staðið sig býsna vel eins og fram kemur í greinargerð með frv. og auðvitað notið handleiðslu áhugasamra samgönguráðherra eins og fyrrv. hæstv. samgrh., Steingríms J. Sigfússonar, og fleiri reyndar sem hafa haft áhuga á að jafna á þessu sviði. Ég vil því nota tækifærið og koma því á framfæri að mér finnst Póstur og sími hafa staðið sig nokkuð vel í að framfylgja þeirri stefnu sem honum hefur verið falið að framfylgja á hverjum tíma. Ég spyr í tilefni af því að nýlega hefur verið lagt fram fjárlagafrv.: Hver er stefna núv. ríkisstjórnar í þessum málum? Eru það áform núverandi stjórnarflokka að auka jöfnuðinn eða draga úr honum á þessu sviði?

Það liggur fyrir í fjárlagafrv., miðað við þá greinargerð sem þar er, að greinileg eru áform um að auka mismuninn í orkunotkun, kostnaði við hitun húsnæðis. Það er ekki annað hægt að sjá úr þeim töflum sem þar eru birtar en uppi séu áform um að auka þennan mismun. Það er verulegur skaði að hæstv. iðnrh. skuli ekki sjá sér fært að vera viðstaddur þessa umræðu. Hann hefði vissulega getað lagt hér orð í belg og verið það ljós í því myrkri sem við erum hér í um stefnu núv. ríkisstjórnar í þessum málum. Við höfum ekki einu sinni kertaljós til að horfa á í hans stað. Ég vil því, virðulegi forseti, til að leita þó eftir einhverri afstöðu stjórnarliða í þessu máli, spyrja hv. þm. sem málið varðar, t.d. hv. 1. þm. Vesturl. eða hv. 5. þm. Austurl. eða hv. 3. þm. Vestf.: Er sú stefna, sem mörkuð er í fjárlagafrv. og þau áform sem uppi eru um aukna mismunun á þessu sviði, á sviði húshitunar, í samræmi við þeirra stefnu og er hún gerð með þeirra samþykki? Ég veit ekki annað en fjárlagafrv. sé lagt fram fyrirvaralaust af hálfu þessara þriggja þingmanna sem ég nefndi sem dæmi um þingmenn sem ég hefði búist við að hefðu allt aðrar áherslur en fram koma í fjárlagafrv.

Ég tel, virðulegi forseti, ekki ástæðu til að orðlengja frekar um efni frv. Ég tel það mjög þarft og vil skora á hv. þingheim að afgreiða frv. hið snarasta í gegnum þing svo það megi sem fyrst verða að lögum, íbúum landsbyggðarinnar til hagsbóta.

Útbýting þingskjals:

Umboðssöluviðskipti, 125. mál, stjfrv., þskj. 145.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með síðasta ræðumanni að ég þakka flm. fyrir frv. sem hér er endurflutt. Það var flutt í fyrra líka, á síðasta löggjafarþingi. 1. gr. segir í raun og veru allt sem segja þarf um málið, að markmiðið sé að stuðla að því að lífskjör þjóðarinnar verði sem jöfnust óháð búsetu. Ég tek af heilum hug undir þau markmið. Síðan er rætt um helstu atriði þess að jafna lífskjör þjóðarinnar. Ég ætla ekki að fara nákvæmlega í hverja grein en vil taka undir það að mér finnst mikilvægast í þessu vera jöfnun raforkuverðsins. Ég vil benda á að það hefur verið barist undanfarin ár, bæði úti á landsbyggðinni og heima í héruðum á ýmsum samkomum sem þar hafa verið haldnar, meðal sveitarstjórna, meðal frjálsra félagasamtaka og stéttarfélaga, fyrir því að þetta mál fengi betri afgreiðslu innan stjórnkerfisins.

Þeim sem á landsbyggðinni búa til mikillar ánægju

var sú stefna mörkuð í upphafi hjá núv. ríkisstjórn að jafna húshitunarkostnað úti um landið. Í því skyni voru lagðar fram 35 millj. kr. á síðasta vori sem aukaframlag til jöfnunar húshitunar. Það var stefnt að því að næsti áfangi yrði 1. júní sl. Ég spurðist fyrir um þetta í apríl sl. og þá hafði ekkert gerst, ekkert var áformað en því vísað fram í tímann, viðræður væru í gangi við Landsvirkjun og það mundi sýna sig á áætluðum tíma hvort einhverjar úrbætur héldu áfram. En það hefur ekki gerst. Engin tillaga kom fram þann 1. júní sl. um frekari jöfnun orkuverðs.

Síðan gerist það að í því fjárlagafrv., sem við erum nú að byrja að fjalla um fyrir næsta ár, er nýjasta áætlun ríkisstjórnarinnar sú að hætta að endurgreiða virðisauka, hætta að endurgreiða innskatt orkufyrirtækja, sem þýðir náttúrlega hækkun á kostnaði fyrirtækjanna og kemur þá út í verðlagið og mun valda hækkun á hitunartöxtum þessara fyrirtækja, misjafnlega eftir stöðu þeirra en allt frá 6% og upp í 20% hækkun er áætluð, t.d. er 20% hækkun hjá Orkubúi Vestfjarða. Það segir sig sjálft að 20% hækkun á orkuverði er allmikil upphæð á sama tíma og ekki verður hækkun á kaupgjaldi nema um 1,7%. Ég vil því ítreka það og bendi einnig á það sem kom fram í ræðu síðasta ræðumanns að það hefur verið ákveðin jöfnun í gangi í sambandi við áfengi og tóbak þó að það sé ekki það sem mest nauðsyn er á að jafna. En bensín og olíur hafa til skamms tíma líka verið á sama verði. Það eru orkuvörur sem hafa verið á sama verði úti um landið en innlenda orkan hefur ekki verið á sama verði. Þegar fólk var hvatt til þess fyrir nokkrum árum að nýta sér í meira mæli innlenda orkugjafa, m.a. til húshitunar, þá var það eitt af meginmarkmiðunum og það sem gefið var upp sem ástæða að innlendu orkugjafarnir yrðu aldrei dýrari en þeir innfluttu. Það hefur ekki staðist enda má benda á umræðuna sem var hér síðasta vetur þar sem bent var á að fiskvinnslustöðvar margar hverjar nýttu sér það í æ meira mæli að framleiða orku með innfluttum orkugjöfum vegna þess að rafmagnsverðið væri allt of hátt fyrir þær. Það er því á ýmsum sviðum sem mjög mikils misréttis gætir, sérstaklega í orkumálum.

Ég vil einnig nefna það, sem hér kom fram áðan, að verðlag á matvöru, sem við köllum nauðsynjar líka, er mjög misjafnt og það var upplýst — ég man ekki hvort það er í frv. eða hvort það er í athugasemdum en það hefur alla vega komið fram í fjölmiðlum og í skýrslum — að þarna þurfi e.t.v. að skoða frekar heildsöluverðið. Smásöluverslunin hefur átt í miklum erfiðleikum en af einhverjum ástæðum hefur heildsöluverðið ekki verið það sama alls staðar á landinu á sömu vöru, ekki einu sinni frá heildsölunni sjálfri þótt dreginn sé frá kostnaður við að flytja vöruna. Ég held því að það þurfi að skoða mjög vel hvernig heildsöluálagningin er í framkvæmd. Þessi þrjú atriði, símakostnaður, orkukostnaður og matvörukostnaður er það sem fólk horfir á þegar það horfir á jöfnun á sínum lífskjörum, það horfir fyrst og fremst á þetta. Annað er frekar frjálst val en enginn kemst hjá því að hita upp hús sín, hafa til fæðis og flestir þurfa nú til dags að nota síma mjög mikið. Þetta er því mjög þarft frv. og ætti að vera öllum þingmönnum mikið umhugsunarefni hvernig hægt er að vinna að því að það fái sem bestan framgang.

Gunnlaugur Stefánsson:

Frú forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram að þessi þrjú svið lífsframfærslunnar á landsbyggðinni, kostnaðurinn við að hita upp húsnæði, verðið á lífsnauðsynjunum og símakostnaðurinn vega öll mjög þungt. Orð eru til alls fyrst. Samt má efast um það hvort almenn yfirlýsing um að eitthvað eigi að verða, verði.

Hér stendur í 1. gr. frv. „að lífskjör þjóðarinnar verði sem jöfnust óháð búsetu.“ Það er gott að eiga fögur markmið eins og þetta og undir það geta allir tekið. Reynslan hefur eigi að síður verið sú að minna hefur orðið um efndirnar og þá skiptir að því er virðist litlu máli hverjir sitja hverju sinni í ríkisstjórn.

Flm. frv. eru nýlega komnir úr því stjórnmálaumhverfi að hafa stutt ríkisstjórn og hefðu getað komið þessum góðu málum örugglega til leiðar. Hv. 1. flm. á langa reynslu að baki hér í þingsölum og hefur haft mörg ár til að koma þessum fögru markmiðum til leiðar. Það kemur kannski ekki á óvart að frv. skuli einmitt vera flutt nú sem staðfestir enn betur hve erfitt er að koma fögrum markmiðum og fögrum loforðum til leiðar. Kannski staðfestir frv. það ekki síður en að enn er góður vilji til verksins. Því ber að fagna.

Ég tók það upp á hinu háa Alþingi síðasta vetur að verðmunur á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar hvað varðaði lífsnauðsynjar væri allt of hár og það yrði að grípa til ráðstafana og það strax. Þá lýsti hæstv. viðskrh. því yfir að hann hefði unnið að málinu og ætlaði að halda áfram að vinna að málinu og áður en langt um liði mundu ráðstafanir líta dagsins ljós.

Enn hefur ekki verið gerð aftur verðkönnun á vegum Verðlagsstofnunar um þennan verðmun. Sú verðkönnun sem hér er vitnað til er sama verðkönnun og var til umræðu í þinginu, að mig minnir, í febrúar á þessu ári. Sú verðkönnun var gerð í október fyrir ári síðan. Ég býst ekki við að þessi verðmunur hafi nokkuð breyst, kannski hefur hann frekar aukist í óhag fyrir landsbyggðina ef nokkuð væri ef tekið er mið af þeirri þróun sem hefur átt sér stað í matvöruverslununni á höfuðborgarsvæðinu.

Án efa yrði það stórt og gott skref ef lögbundið yrði að heildsölufyrirtæki ætti að bjóða smásöluversluninni vörur á sama verði um allt land. Nú hafa fréttir verið að berast af því að sú þróun sé í gangi að heildsölufyrirtæki séu að gera þetta. Ég held eigi að síður að þetta sé ekki meginvandinn, heldur þeir miklu erfiðleikar sem smásöluverslunin á landsbyggðinni á við að stríða og að hún hefur þurft að grípa til þess ráðs að vera með hærri álagningu heldur verslanirnar á höfuðborgarsvæðinu hafa þurft. Það er hin háa álagning sem vandanum veldur og skapar fyrst og fremst þennan mikla mun í verði á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar.

Spurningin sem hv. þm. að standa frammi fyrir ef

þeir vilja í raun og veru jafna verð á milli höfuðborgar og landsbyggðar er hvort þeir eru reiðubúnir til að taka upp jöfnunartoll á lífsnauðsynjum sem safnaðist í sjóð sem nýttur yrði til að jafna verðið á milli landshluta. Auðvitað er slík aðgerð mjög erfið í framkvæmd og ekki síður erfitt að meta hvernig ætti að beita slíkum millifærslum, en ef hv. þm. vilja fara þá leið að jafna er spurningin hvort ekki verði að taka upp einhvers konar niðurgreiðslur.

Ég undrast mjög þær umræður sem hér hafa farið fram um húshitun. Fyrst og fremst vegna þess að fyrsta verk þessarar ríkisstjórnar eftir að hún tók við völdum í maí árið 1991 var að hækka niðurgreiðslur á húshitun á köldum svæðum. Það var fyrsta verk þessarar ríkisstjórnar að hækka niðurgreiðslurnar strax á miðju ári í 11% af húshituninni. Þessi 11% hækkun á niðurgreiðslunum heldur áfram í því fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir og til viðbótar er að finna í frv. tillögu um sérstaka fjárveitingu upp á 80 millj. kr. sem á að fara til niðurgreiðslu á húshitun á köldum svæðum í tengslum við breytingar á virðisaukaskatti. Þannig að ef það er eitthvert mál sem hefur í raun verið skoðað betur fram að þessu er það þetta, en hér er einvörðungu, og það er rétt, um fyrsta áfanga að ræða af þremur sem ríkisstjórnin hefur lýst yfir að hún ætli að klára á kjörtímabilinu. Einungis fyrsta skrefið hefur verið tekið, tvö eru eftir. Ég vænti þess að ríkisstjórnin taki þau skref á kjörtímabilinu og ljúki þeirri verkáætlun sem fyrrv. ríkisstjórn lagði grunninn að með orðum, að vísu ekki með gjörðum. Það er verkefni þessarar ríkisstjórnar að framkvæma áætlunina. Hún hefur tekið fyrsta skrefið, framkvæmt fyrsta áfangann sem fyrrv. ríkisstjórn kláraði ekki. Hún gerði að vísu áætlunina, hún var góð, en það er eins og með svo margt annað að orð eru til alls fyrst, yfirlýsingar eru góðra gjalda verðar eins og margt í þessu ágæta frv. Það eru margar ágætis yfirlýsingar í því en það er spurt um verkin. Það er kjarni málsins.

Þess vegna skulum við frekar fagna þeim verkum sem framkvæmd hafa verið til jöfnunar í húshitun á köldum svæðum landsbyggðarinnar en að reyna að gera lítið úr þeim, draga úr mönnum þróttinn við það að ná þessu enn frekar fram. Það er alveg furðuleg framkoma hjá mörgum hv. þm. að vera í hálfgerðri fýlu yfir því þegar eitthvað gott er gert, að reyna að gera minna úr því til þess að draga úr mönnum þróttinn til að gera enn betur. Auðvitað veit ég vel að það má gera enn betur í þessu og að því er unnið. Það væri nær að styðja þá viðleitni bjartsýnum huga og með jákvæðum hætti en að koma í þennan stól eins og síðasti ræðumaður gerði og minnast ekki einu sinni á að það væri gert ráð fyrir 80 millj. kr. fjárveitingu sérstaklega til þess að niðurgreiða húshitun á köldum svæðum í tengslum við þá skattkerfisbreytingu sem fyrirhuguð er og fjárlagafrv. boðar.

En það er mjög mikilvægt í sambandi við málefni landsbyggðarinnar að um þau megi einmitt takast góð samvinna. Þess vegna fagna ég frumkvæði flm. frv. að taka þessi þrjú mál fyrir með þessum hætti. Ég vil ítreka það að við þurfum einmitt að ná fram t.d. því sem segir í 2. gr. um að landið verði eitt gjaldsvæði varðandi símakostnað. Það er rétt að þakka fyrrv. samgrh. einmitt fyrir að hafa tekið mjög mikilvægt skref í þá átt á síðasta kjörtímabili. Hann hafði forustu um það að fækka gjaldflokkum og þar með að lækka í raun símakostnað landsbyggðafólks frá því sem hann hafði verið áður. Það ber að þakka, ekki bara þá viðleitni heldur þau verk og þau spor sem stigin voru. En nú þarf að taka frekari spor í þá átt og gera landið allt að einu gjaldsvæði og ég styð það heils hugar.

Herra forseti. Við þurfum að jafna lífskjör þjóðarinnar og eitt stærsta viðfangsefnið er að jafna aðstöðumuninn á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Þessi þrjú svið vega þungt eins og ég sagði í upphafi. En um þetta þarf að nást góð samstaða og gott samkomulag. Það er sannarlega áhyggjuefni hvað búið er að segja þetta oft án þess að efndir sjái dagsins ljós, heldur hafi það í raun verið að gerast í áranna rás og allt fram á þennan dag að þessi aðstöðumunur hefur verið að breikka. Þetta minnir svolítið á þráhyggjuna. Það sem ég vil, það geri ég ekki, og það sem ég geri, það vil ég ekki. Það er þessi þráhyggja. (**KHG:** Þetta er staða stjórnarþingmannsins.) Þetta er líka staða stjórnarandstöðuþingmanns sem nýkominn er úr því hlutskipti að styðja stjórn og kannski lýsir þessi setning betur hlutskipti þingmanna frá því að fara úr stjórn í stjórnarandstöðu en úr stjórnarandstöðu í stjórn. En ég held einmitt að við eigum ekki að setja þetta mál í það umhverfi heldur sameinast um það burt séð frá stjórn og stjórnarandstöðu hvaða leiðir við ætlum að fara til þess að tryggja það að verkin tali af því að fólkið í landinu býður eftir þeim. Fólkið í landinu býður eftir því að verkin tali. Á meðan geisar sú þróun að fólk hefur verið að flytjast unnvörpum af landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðið og nú sjáum við afleiðingarnar kannski betur af þeirri þróun þegar atvinnuleysi fer vaxandi á höfuðborgarsvæðinu.

Ég legg til að þetta frv. fái mjög ítarlega umfjöllun og tel að við eigum að reyna að ná samstöðu um hvert smátt skref sem hægt verður að taka og getur leitt okkur til verka í stað þess að láta orðin ein duga í hvert sinn.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom í ljós eins og mig grunaði að hv. 5. þm. Austurl. er sammála efni frv. Hitt fannst mér dálítið kostulegt að fylgjast með því hvernig hann fór í kringum fjárlagafrv. og þau áform sem þar eru eins og köttur í kringum heitan graut. Hann lét sig meira að segja hafa það að fagna því að það ætti að verja 80 millj. kr. til þess að greiða niður húshitun á köldu svæðunum. Hann gat ekki um hina hliðina sem eru áformin um að hætta að endurgreiða innskatt til hitaveitna og rafveitna sem hefur miklu meiri áhrif. Er hv. þm. ókunnugt um það að Samband ísl. hitaveitna hefur reiknað það út að þessi áform muni kosta hitaveitur innan þeirra sambands 540 millj. kr. og er þá ótalinn sá kostnaður sem rafveiturnar verða fyrir? Ég hef ekki tölur um það. Upp í allan þennan kostnað ætl-

ar ríkisstjórnin að verja 80 millj. kr. og hv. 5. þm. Austurl. fagnar ákaflega. (Gripið fram í.) Já, minnstu nú ekki á það ógrátandi, virðulegi þingmaður.

Ég vil benda hv. þm. á það líka að samkvæmt útreikningum stjórnar Orkubús Vestfjarða er minnsta möguleg hækkun sem menn geta fundið út 20%. Rafveita Vestmannaeyja hefur reiknað út að þeir þurfi að hækka hitataxtana hjá sér um 14–20%. Ef það ætti að eyða áhrifum af þessum breytingum hjá Orkubúi Vestfjarða að fullu þyrfti allt að 70 millj. kr. — 70 millj. kr. af þessum 80 millj. Það yrði lítið eftir fyrir köldu svæðin á Austurlandi, virðulegi forseti, ég er hræddur um að kjósendur hv. 5. þm. Austurl. þættu reikningarnir hækka dálítið mikið ef fyrst yrði jafnað vestur á fjörðum og afganginum síðan skilað til Austurlands til að jafna út hækkunina sem hann ætlar að standa að ásamt öðrum stjórnarliðum í fjárlagafrv.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér ástæða til að fagna þeirri umræðu sem hér fer fram um þessi þýðingarmiklu mál, þ.e. orkuverð, verð á matvælum og verð á símaþjónustu. Allt eru þetta mál sem mjög hafa verið rædd í þingsölum af þingmönnum að ég hygg úr öllum stjórnmálaflokkum. Það er mjög athyglisvert í þessari umræðu sem fram hefur farið, bæði í dag eins oft endranær, að sjónarmið manna í hinum ýmsu þingflokkum um þessi mál eru býsna lík og ef til vill má fremur segja að ágreiningurinn sé um þær leiðir sem fara skuli að þessu markmiði. Ég verð að segja það sem mína skoðun og láta það koma fram strax sem afstöðu mína til þessa tiltekna þingmáls að ég hef mjög miklar efasemdir um þá leið lagasetningar og tilskipunar sem þar er sett fram þó ég í sjálfu sér sé því sammála að við eigum að vinna að lækkun símakostnaðar og jöfnun orkuverðs svo dæmi séu tekin.

Ég vil í þessu sambandi fara yfir nokkur atriði sem hafa verið til umræðu og skipta máli fyrir efni þessa frv. Í fyrsta lagi tel ég mjög mikla ástæðu til þess að undirstrika það sem fram hefur komið í umræðunni og greinilega er dregið fram í þeirri grg. sem frv. fylgir, hversu góður árangur hefur náðst á sviði símakostnaðar. Ég held að hér sé ekki síst að þakka árvekni og áhuga og stefnu forustumanna Pósts og síma í þessum efnum. Ríkisstofnanir eins og Póstur og sími liggja stundum undir ámæli, ekki síst í almenningsálitinu fyrir það að vera sinnulausar, áhugalausar, bákn sem lítið skeyti um hag neytendanna. Mér hefur stundum hreinlega runnið til rifja að hlýða á umræður af þessu taginu hjá fólki sem ætti að vita betur og fólki sem er að nota þessa þjónustu og fólki sem er að borga þessa þjónustu, vegna þess að sannleikurinn er sá að þrátt fyrir allt hefur orðið gríðarlegur árangur í því að lækka símakostnaðinn í landinu. Það hefur orðið árangur í því að lækka kostnað í rekstri þessarar stofnunar sem hefur síðan leitt til þess að hægt hefur verið að draga úr símakostnaðinum hjá almenningi í landinu.

Þetta hefur gerst þrátt fyrir að bæði núv. hæstv. ríkisstjórn og ekki síður síðasta hæstv. ríkisstjórn höfðu það á stefnuskrá sinni og voru raunar þeirrar skoðunar að nýta ætti rekstrarhagnað Pósts og síma til þess að greiða í ríkissjóð.

Ég vil undirstrika það að hér er ekki um að ræða neina nýja stefnumörkun sem hefur verið tekin upp á síðasta ári eða svo. Hér er um að ræða áframhald þeirrar stefnumörkunar sem síðasta hæstv. ríkisstjórn hafði sérstakt frumkvæði um að móta í sinni stjórnartíð um það einfaldlega að Póstur og sími, sú mikla og öfluga stofnun, ætti að taka þátt í því að greiða niður samneysluna í landinu.

Ég vil undirstrika það mjög hversu Póstur og sími hefur staðið sig vel í þessum efnum og ég vil í því sambandi líka vekja athygli á því að ýmsar ríkisstofnanir, t.d. Byggðastofnun, hafa tekið upp þann sjálfsagða sið að hafa á sínum snærum svokallað grænt númer sem menn geta hringt í með jöfnum tilkostnaði, hvort sem menn hringja úr Reykjavík eða úr fjarlægustu byggðum landsins. Ég tel að það ætti að vera metnaðarmál hverrar öflugrar og góðrar ríkisstofnunar, sem því miður eru langflestar staðsettar á höfuðborgarsvæðinu, að geta boðið upp á þá sjálfsögðu þjónustu fyrir alla landsmenn að geta nýtt sér það að hringja í þessi svokölluðu grænu númer með jöfnum símakostnaði hvar sem er á landinu.

Eðlilega hafa orðið verulega umræður um orkukostnaðinn í landinu. Hann hefur verið og á örugglega eftir að verða mjög vinsælt umræðuefni í þinginu vegna áhuga mjög margra stjórnmálamanna og þingmanna á þessu efni alveg sérstaklega.

Hv. 5. þm. Vestf., sem hefur sent mér miða um það að hann þurfi að fara á annan fund og geti þess vegna ekki hlýtt á mál mitt, harmaði mjög fjarveru hæstv. iðnrh. í þessari umræðu, en taldi það mjög til bóta að hér væru staddir aðrir hv. stjórnarliðar og þar á meðal nefndi hann mig, þó að ég sé ekki hins vegar alveg jafnviss um að hæstv. iðnrh. væri tilbúinn til þess að fela mér forræði sitt til þess að mæla fyrir sinn munn varðandi jöfnun orkuverðs, en það er önnur saga.

Ég vil í þessu sambandi nefna það að væntanleg er frá mér fyrirspurn er lýtur einmitt að einum þætti þessa tiltekna máls, jöfnun orkukostnaðar, þætti sem ég held að skipti mjög miklu máli þegar við erum að ræða þetta efni.

Ég vil vekja athygli á því að í tíð fráfarandi hæstv. ríkisstjórnar var sett á laggirnar nefnd til þess að gera tillögur um jöfnun orkukostnaðar. Í starfi þeirrar nefndar var komist að ákveðinni niðurstöðu um þá aðferð sem menn vildu beita til þess að jafna orkukostnaðinn í landinu. Sú jöfnun átti að hafa nokkur höfuðeinkenni. Í fyrsta lagi það að hún átti að skila hlutfallslega meiru fyrir þá sem búa í minni húsum. Það var væntanlega verið að hugsa til þess að fólk í minni húsum hefði lakari tekjur og í því fælist í sjálfu sér ákveðinn lífskjarajöfnun. Í öðru lagi kann að vera að þar hafi líka verið fólgin sú hugsun að hvetja fólk fremur til þess að byggja minni hús en stærri í því skyni að draga úr heildarorkunotkun í landinu.

Þá er að nefna það sem skiptir mjög miklu máli í þessu sambandi og er að mínu mati forsendan fyrir því

að hægt sé að jafna orkukostnaðinn í þessu landi. Það er á hvern hátt Landsvirkjun, það öfluga fyrirtæki okkar Íslendinga, muni koma að því máli. Það er deginum ljósara að ef Landsvirkjun kemur ekki að þessu máli orkujöfnunarinnar verður ekki um það að ræða að orkukostnaðurinn verði jafnaður. Þess vegna er það mjög þýðingarmikið, sem hv. 5. þm. Austurl. sagði áðan, að núverandi hæstv. ríkisstjórn beitti sér fyrir því strax í upphafi síns valdaferils að auka niðurgreiðslur til orkumála til að lækka húshitunarkostnaðinn en jafnframt var því beint til Landsvirkjunar að hún yki enn á afslátt af heildsöluverði til húshitunar í landinu. Það sem á skortir er að Landsvirkjun taki enn og aftur og myndarlega á þessu máli. Sú fyrirspurn sem ég var að nefna áðan og verður væntanlega dreift á eftir lýtur einmitt að þætti Landsvirkjunar í þessu máli sem skiptir öllu um framkvæmd þessa þýðingarmikla baráttumáls mjög margra þingmanna á Alþingi.

Eðlilega hafa menn rætt mikið um þær breytingar sem áformaðar eru á innheimtu virðisaukaskatts á orkufyrirtækjum. Ég vil árétta að þær leiðir sem verið er að ræða um liggja ekki alls kostar fyrir. Það er kunnugt að menn hafa haft þar tvenns konar sjónarmið. Annars vegar það að hætta endurgreiðslu á svokölluðum innskatti í virðisaukanum. Hins vegar að taka einfaldlega upp annað virðisaukaskattstig en heimila fyrirtækjunum sem það virðisaukaskattstig borguðu að draga innskattinn frá útskattinum líkt og gerist í virðisaukaskattinum í dag þar sem hann er. Það skiptir mjög miklu máli fyrir einstakar hitaveitur og einstök orkusvæði hvor leiðin er farin. Í samanburði sem Samband hitaveitna hefur lagt fram um þetta efni kemur t.d. fram að á því orkuveitusvæði þar sem ég á heima, á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða, er engin spurning um það að með því að leggja á 14% virðisaukaskatt en heimila síðan frádrátt á innskattinum yrði um að ræða mun minna tilefni til hækkunar á orkukostnaði. Til þess að það liggi ljóst fyrir frá minni hendi þá er ég þeirrar skoðunar að það sé ekkert óeðlilegt við það að öflug og stór orkuveitufyrirtæki, t.d. Hitaveita Reykjavíkur, taki þátt í samneyslunni í landinu eins og almenningur gerir á mörgum öðrum sviðum. Mér finnst ekkert óeðlilegt við að það sé innheimt til samneyslunnar í landinu í gegnum þennan farveg eins og við gerum á svo mörgum öðrum sviðum í landinu. Ég tel ekkert óeðlilegt við það. Það felst ekki í því neitt tilræði við einn eða neinn nema menn séu bara almennt þeirrar skoðunar að skattlagning í sjálfu sér sé tilræði við fólk. Það er út af fyrir sig sjónarmið sem maður hefur heyrt frá hörðustu markaðshyggjumönnum, að skattlagning sé kúgun, ógn og tilræði. Ég á varla von á því að þeir sem eru flm. að þessu frv. séu sérstakir talsmenn þess sjónarmiðs á hinu háa Alþingi að skattlagning sé tilræði, að skattlagning sé ógn, að skattlagning sé kúgun.

Það sem menn gera hins vegar, og er auðvitað hlutverk ríkisvaldsins í þessum efnum, er að ákveða á hvern hátt menn vilja síðan jafna tiltekin lífsins gæði. Það er með þeim hætti sem núv. hæstv. ríkisstjórn mun og ætlar að koma inn í þetta mál, að koma í veg fyrir að orkukostnaðurinn hækki hjá fólki þar sem hann er hæstur fyrir eins og hv. 5. þm. Austurl. rakti áðan. Það er nákvæmlega það sem ætlunin er að gera. Þrátt fyrir það að tiltekin breyting á skattkerfi kunni að hafa í för með sér íþyngingu fyrir orkufyrirtæki er það ætlun hæstv. ríkisstjórnar og okkar stjórnarliða sem að ríkisstjórninni stöndum að búa svo um hnútana að þetta orkukostnaðartilefni bitni ekki á því fólki sem nú býr við hæstan og mestan húshitunarkostnað í landinu. Svo einfalt er þetta mál.

Það þarf ekki að ræða það á þessu stigi hvort 80 millj. kr. séu endilega hin heilaga og rétta tala til að mæta þessu tilefni. Það er hlutverk okkar hv. þm. að ræða efni fjárlagafrv., fara ofan í saumana á einstaka útgjaldaflokkum. Ef við komumst að því að talan þurfi ekki að vera 80 millj. heldur eitthvað minna eða meira þá vitaskuld göngum við í það verk að breyta henni þannig að við náum því markmiði sem við setjum okkur á þann hátt sem ég hef verið að rekja.

Ég vil í þessu sambandi nefna það sérstaklega, vegna þess að mér hefur stundum fundist að menn mikli mikið fyrir sér að jafna húshitunarkostnað í landinu, að það fólk sem býr á hinum svokölluðu köldu svæðum, sem eru út af fyrir sig ekkert kaldari en önnur svæði, og ég veit að hv. þm. Magnús Jónsson getur staðfest það. Þessi svæði eru ekkert kaldari heldur er bara einfaldlega dýrara að kynda þar. Það er það sem menn eiga við. Íbúar á þessum svæðum eru ekki nema u.þ.b. 20% þjóðarinnar að mati þeirra í iðnrn. sem hafa verið að skoða þetta. Við erum við ekki að tala um neinar himinhrópandi upphæðir. Sú þáltill., sem var lögð fram í lok síðasta kjörtímabils, undirstrikar að þessar tölur eru ekkert himinhrópandi. Það er ekkert óskaplegt verk, eins og menn hafa látið í veðri vaka, að jafna húshitunarkostnaðinn í landinu.

Menn hafa verið að tala um jöfnun vöruverðs. Þar er eitt atriði sem ég t.d. hef miklar efasemdir um og það er 4. gr. frv., sem ég held að sé ekki sú mikla töfralausn á þessu máli sem flm. frv. hafa kannski ímyndað sér. Ég held nefnilega að mismunur á vöruverði á landsbyggðinni annars vegar og á höfuðborgarsvæðinu hins vegar sé bæði mjög flókið mál fyrir utan það að vera mjög stórt mál. Það er mjög margt sem þarna spilar inn í og ég geri mér grein fyrir því að þrátt fyrir mjög góðan vilja stjórnmálamanna sem annarra verður það ekki leyst með einfaldri lagasetningu. Þó eru nokkur atriði sem við þurfum í þessu sambandi að hafa í huga. Ég held að það sé eðlilegur hluti af verðlagseftirliti í landinu og er raunar mjög í anda þess sem fram kemur t.d. í samkeppnislagafrv. sem hæstv. viðskrh. mælti fyrir hér á dögunum. Það er mjög eðlilegt að mínu mati að þar sé gengið úr skugga um að ekki sé með óeðlilegum hætti verið að láta íbúa tiltekinna landsvæða borga niður herkostnað af einkennilegri verðsamkeppni á einhverju öðru landsvæði. Þetta er auðvitað spurning um réttmæta eða óréttmæta viðskiptahætti sem við eigum að leysa á grundvelli almennra lagasetninga um samkeppni. Síðan er það hitt að það er að verða svo mikil breyting á heildsöluverslun í landinu að sú breyting ein út af fyrir sig mun

hafa gríðarleg áhrif úti um allt land og á vöruverð í landinu.

Menn nefna í frv. að tryggja eigi að heildsölufyrirtæki bjóði smásöluverslunum vörur á sama verði um land allt, þ.e. greiði þá væntanlega niður flutningskostnað. Ég vil vekja athygli á því að þetta fyrirkomulag hefur verið, vegna þessarar hörðu samkeppni milli heildsölunnar í landinu, að ryðja sér til rúms og er ekki óeðlileg. Menn hafa sagt sem svo: Það sýnir að íbúar Reykjavíkur eru að borga niður vöruverðið á landsbyggðinni. Þetta er alveg fráleitt vegna þess að sú regla er uppi í dag að heildsöluverslunin, dreifingaraðili heildsöluverslunarinnar á höfuðborgarsvæðinu, sér um að keyra út vörur í hverja búð og hverja sjoppu og hvern stórmarkað hér viðkomandi smásöluverslun að kostnaðarlausu. Þegar við höfum í huga það mikla flæmi sem við köllum höfuðborgarsvæði, allar þær fjölmörgu verslanir sem eru hér úti um alla borg og bý, þá er það augljóst mál að litlar heildsöluverslanir hljóta að þurfa að binda giska mikinn mannskap í því að annast dreifingu á vörum sínum hér á höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna er það mjög eðlilegt að sams konar þjónusta gildi fyrir dreifbýlisverslunina og verslunina hér á höfuðborgarsvæðinu. Mér kæmi það ekki á óvart að kostnaðurinn við dreifingu heildsöluverslunar væri ekki meiri út á land en hann er á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Stóra breytingin sem er að verða í þessari verslun er auðvitað sú að hin hefðbundna heildsala er að láta undan síga vegna tilkomu stórmarkaða sem panta inn vörur með beinum hætti. Við sáum þetta nú á dögunum á því að mjög vinsælar gallabuxur, sem hafa verið seldar unglingum á okurverði í tiltekinni verslun í Reykjavík, sem hefur haft einokun á innflutningi á þessum gallabuxum og væntanlega haft góðan hag af því, og sú verslun stóð allt í einu frammi fyrri óvæntri samkeppni frá stærsta verslunarmarkaði landsins, Hagkaupum, sem einfaldlega fór fram hjá kerfinu, fór í aðra heimsálfu og keypti þessar gallabuxur og gerbreytti auðvitað víglínunni í þessari samkeppni.

Ég held að ef við erum að skoða sérstaklega mál dreifbýlisins þá skipti það öllu máli hvernig dreifbýlisversluninni tekst að tengja sig þessari þróun. Ég ætla að nefna lítið dæmi í lok minnar ræðu úr heimabyggð minni, þar sem verslun á þeim stað náði samningi við stórverslunina Hagkaup og hefur selt sérvörur Hagkaups á sama verði og Hagkaup hér í Reykjavík. Ég held að þróun í þessum dúr, þar sem litlar verslanir eiga eftir að tengjast stærri verslunum og mynda með sér sameiginleg innkaupasambönd, eins og kaupmenn hafa verið að gera með svokölluðum K-samtökum, verði til þess að hægt verði að ná verulegum árangri í að lækka tilkostnað. Til viðbótar þarf hins vegar að koma til atbeini ríkisins við að aðstoða þessar litlu verslanir við ýmiss konar hagræðingu, við ýmiss konar þróun, sem er ofviða hverri lítilli verslun. Þar held ég að afskipti ríkisins eigi fyrst og fremst að vera. Það væri fróðlegt síðar í vetur að fá upplýsingar um það, þegar tilefni gefst til og tækifæri er á að fá upplýsingar um á hvern hátt þeim málum miðar því hæstv. viðskrh. gaf fyrirheit um það í þeirri umræðu sem hv. 5. þm. Austurl. vitnaði til, þ.e. að eitthvað slíkt væri á döfinni af hálfu hins opinbera.

Virðulegi forseti. Mál mitt um frv. hefur orðið allmiklu lengra en ég hafði hugsað mér í upphafi. Það er oft þannig þegar mál af þessu tagi, sem eru hugleikin mjög mörgum, ekki síst fólki úti á landi, eru til umræðu að þá hættir manni til að verða langorðari en ætlunin var í upphafi.

Ég vil sem sagt segja það að ég skil mjög vel þá hugsun sem er í frv. Ég hef hins vegar mínar efasemdir, eins og ég hef dregið fram, um þá lagasetningar- og tilskipanaaðferð sem mér finnst gægjast fram í frv. Þar er meiningarmunur milli okkar, mín og hv. flm. En ég skil og styð ég það sjónarmið sem þar kemur fram um að jafna þessi lífsins gæði með þeim hætti sem ég hef verið að rekja.

Flm. (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmönnum úr fjórum stjórnmálaflokkum fyrir þátttöku í umræðu um þetta mál. Sérstaklega vil ég þakka tveimur stjórnarþingmönnum sem hafa tekið til máls og ég vil leyfa mér að halda því fram að ábendingar þeirra hafi verið um margt sanngjarnar og skynsamlegar og ég þakka þeim fyrir að hafa tekið þátt í umræðunni. Það kom skýrt fram hjá þeim báðum og reyndar öllum þeim sem hér hafa talað að markmið frv. væri brýnt.

Ég vil taka það sérstaklega fram að frv. var að vísu flutt í fyrra en þá komst það aldrei til umræðu. Þetta er í fyrsta skipti sem frv. er til umræðu í þinginu.

Hv. stjórnarþingmenn Gunnlaugur Stefánsson og Einar K. Guðfinnsson höfðu að vísu uppi efasemdir um vissa þætti frv. og þá helst aðferðina við að ná fram fullri jöfnun. Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson talaði dálítið um það að oft hefðu verið gefnar yfirlýsingar en meiri þörf væri á að láta verkin tala. Ég vil vekja á því athygli að frv. er í þremur liðum. Það snertir í fyrsta lagi símann, í öðru lagi rafmagnið og í þriðja lagi almennt verðlag. Það er ljóst að ef frv. er samþykkt þá tala verkin. Þá er kominn fullur jöfnuður á varðandi raforkuna og símann. Hitt er annað mál og það skal ég viðurkenna að var laukrétt hjá þeim báðum og kom kannski enn skýrar fram hjá Einari Guðfinnssyni að þriðja málið, þ.e. um almennt heildsöluverð og smásöluverð í verslunum, að það er að sjálfsögðu miklu flóknara mál og erfiðara viðfangs. Það er síður en svo að ég sé að halda því fram að ég hafi nokkra töfralausn á því vandamáli með þeim breytingum á samkeppnislögum sem ég geri hér tillögu um. Ég held því sem sagt fram að í hinum tveimur tilvikunum leysist málið, varðandi símann og varðandi rafmagnið. En ég hef vissulega efasemdir um það, eins og hv. þm., að þriðja tillagan, sem þarna er gerð og snertir heildsöluverðið eða smásöluverðið, leysi þetta vandamál í eitt skipti fyrir öll, því miður er málið flóknara en svo.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson talaði töluvert um húshitunarkostnaðinn og það var athyglisvert sem hann sagði um það mál. Frv. og sú grein sem er um rafmagnsmálin snýr kannski meira að almennum raforku-

kostnaði heimila öðrum en húshitunarkostnaði sem er ekki tekinn hér sérstaklega fyrir.

Það er alveg rétt að Landsvirkjun hefur auðvitað lykilstöðu í þessu máli og vildi hún beita þeirri lykilstöðu sinni væri auðvelt að leysa málið á þann veg. Ég fara aðra leið vegna þess að Landsvirkjun hefur þráast við að beita þessari lykilstöðu sinni. Ég tek eftir því þegar dæmið er reiknað að Rafmagnsveitur ríkisins vantar ekki nema 116 millj. kr. upp á það að geta boðið sama taxta í smásölu, rafmagn til heimilisnotkunar, og Rafmagnsveita Reykjavíkur gerir. Þetta er ekki stærri upphæð en 116 millj. Þó ég viðurkenni að vísu að kannski væri einfaldasta lausnin að láta Landsvirkjun borga þennan mismun, þá er ég að reyna að fara aðra leið. Hún er einfaldlega sú að meira sé lagt til afskrifta af dreifilínum til Rafmagnsveitna ríkisins og annarra þeirra sem í þeirri stöðu eru að þurfa að bera þann kostnað og þá leysist sá þáttur málsins. Það er sem sagt leið sem er vel fær.

Mér þótti athyglisvert að heyra hv. þm. Gunnlaug Stefánsson tala um jöfnunartolla. Auðvitað gengur sú hugmynd miklu lengra en hugmyndin sem felst í frv. Það væri auðvitað mjög stórt skref ef menn réðust í það að leggja á jöfnunartolla og jöfnuðu verðlag með þeim hætti. En ég hef ekki gengið svo langt og dreg reyndar í efa að það sé auðvelt að koma slíku máli fram í þinginu. Ég vel því einfaldari leiðina sem ekki gengur alveg jafnlangt og ætla þá að vona að það verði þeim mun meiri samstaða um þá leið. Svo þakka ég fyrir ágætar umræður.

Gunnlaugur Stefánsson:

Herra forseti. Ég get ekki orða bundist. Það hefur vakið athygli mína að í þessum ágætu, fróðlegu og almennu umræðum sem hér hafa farið fram um málefni landsbyggðarinnar hafa fulltrúar Framsfl. ekki tekið þátt. Það hefðu þótt tíðindi hér fyrrum þegar málefni landsbyggðarinnar voru til umræðu á hinu háa Alþingi ef Framsfl. hefði ekki tekið þátt í þeirri umræðu. Ég segi að það hefði jafnvel verið til tíðinda kallað ef Framsfl. hefði ekki haft forustu fyrir umræðunni. En nú er hann víðs fjarri.

Þetta kemur kannski ekki svo mikið á óvart í ljósi þess að það hefur farið ansi lítið fyrir áhuga Framsfl. á málefnum landsbyggðarinnar að undanförnu, einmitt eftir að hann komst í stjórnarandstöðu. Hann hefur haft mestan áhuga á málefnum höfuðborgarsvæðisins og þau verið fyrst og fremst tilefni um forustu fyrir málatilbúnaði á hinu háa Alþingi.

Ég vildi vekja sérstaka athygli á þessu af því ég trúi að hér sé stigið sögulegt skref í pólitískri sögu þjóðarinnar, að hér fari fram ítarleg umræða um málefni landsbyggðarinnar án þess að Framsfl. hafi þar nokkra skoðun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjalög, 1. umr.

Frv. FI o.fl., 50. mál (heildarlög). — Þskj. 52.

Flm. (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til lyfjalaga sem er á þskj. 52 og er 50. mál þingsins. Flm., fyrir utan þann sem hér stendur, eru hv. þm. Guðmundur Bjarnason, Steingrímur Hermannsson, Jón Kristjánsson, Páll Pétursson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Ingibjörg Pálmadóttir.

Í langa tíð hafa stjórnvöld haft áhyggjur af háum og sífellt hækkandi lyfjakostnaði, kostnaði sem að stærstum hluta er greiddur úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Vegna þessara áhyggna hefur á undanförnum árum sífellt verið gripið til aðgerða til þess að lækka lyfjakostnað. Þessar aðgerðir hafa einkennst af því að það hefur verið reynt að lækka lyfjaverðið. Það hefur verið reynt að grípa til aðgerða sem hafa breytt skipulagi lyfjamálanna og síðasta ríkisstjórn hefur aðallega beint sjónum sínum að því að velta kostnaðinum í auknum mæli yfir á notendur lyfjanna.

Það er erfitt að fá greinargóðar upplýsingar um hver lyfjaveltan í landinu er en út frá þeim upplýsingum sem fengist hafa í gegnum Tryggingastofnun ríkisins, Apótekarafélagið og fleiri aðila sem fást við slíka hagsýslu ætla ég að reyna að gera örlitla grein fyrir þeim samanburði og þeim breytingum sem átt hafa sér stað á undanförnum tveimur eða þremur árum í þessum kostnaðarsama málaflokki sjúkratryggingganna.

Árið 1990 greiddi Tryggingastofnun ríkisins 2,6 milljarða kr. fyrir lyf. Á þessu ári mun Tryggingastofnun ríkisins að öllum líkindum greiða 2,5 milljarða kr. Árið 1990 greiddu einstaklingarnir 900 millj. kr., þátttaka þeirra var 900 millj. kr. í lyfjakostnaði en á árinu 1992 mun kostnaðarþátttaka einstaklinga ekki verða undir 1,1 milljarði.

Sjúkrahúsin eyða um 700 millj. kr. á ári hverju, bæði árið 1990 og 1991 í lyfjakostnað þannig að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir núv. heilbrigðisyfirvalda hefur ekki tekist að lækka lyfjakostnaðinn í raun nema ef vera kynni í kringum 50 millj. kr. sem að öllu leyti, sem og öllum auknum útgjöldum, hefur verið velt yfir á einstaklingana.

Fyrrv. heilbrrh. greip til margra ráðstafana til þess að reyna að hafa hömlur á lyfjakostnaði. Álagning í heildsölu var lækkuð, álagning í smásölu var lækkuð, þak var sett á álagningu dýrustu lyfja, apótekin gáfu afslátt til Tryggingastofnunar ríkisins, samheitalyfjaskrá var gefin út og listi yfir ódýrustu sambærileg lyf var gefinn út þannig að auðveldara væri fyrir lækna að ávísa á slík lyf. Áætlaður sparnaður af þessum aðgerðum árin 1990 og 1991 er á bilinu 300 til 350 millj.

Hins vegar er það svo að sumir eiga betra með að bera þessar kostnaðarlækkanir en þeir sem þurfa að nota lyfin og þess vegna var gripið til þessara aðgerða fyrrv. heilbrrh., þ.e. lækka verðið þannig að apótekararnir fengju minna í sinn hlut, enda kemur það í ljós þegar 8. tölublað Frjálsrar verslunar er skoðað að lyfjakostnaður er einn sá hæsti hér á landi. Í sama blaði sjá-

um við að apótekararnir eru einna hæst launuðu þegnar landsins.

Þetta frv. gerir ráð fyrir grundvallarbreytingum á því fyrirkomulagi sem nú er við lýði í lyfjamálum. Skipulagið er einfaldað og stjórnsýslan gerð markvissari samkvæmt frv. Lyfjaverðlagsnefnd, Lyfjaeftirlit ríkisins og Lyfsölusjóður eru lögð niður.

Þau verkefni sem þessir aðilar hafa sinnt eru að nokkru leyti færð til embættis lyfjamálastjóra, sem er starfandi í heilbrrn., lyfjanefndar og lyfjakaupanefndar, sem er nýtt apparat sem sett er á fót samkvæmt þessu frv.

Þarna er verið að gera tilraun til þess að einfalda fyrirkomulagið og ná betri árangri í innkaupum, en innkaupin skipta langsamlega mestu máli hvað þessa hluti viðkemur. Náist sparnaður í innkaupum lyfja má búast við að hægt sé að spara á bilinu 250–350 millj. kr. Með hagkvæmari innkaupum á ég við það að komið verði á nýju fyrirkomulagi. Fyrirkomulagið er þannig í dag að bæði litlir og stórir heildsalar hafa haft hag af því að halda uppi háu lyfjaverði með því að hafa innkaupsverðið sem allra hæst vegna þess að þá skilar hærri álagning þeim auknum tekjum. Í þessu er engin samkeppni.

Breytingin sem hér er lögð til er í fyrsta lagi sú að komið sé á fót lyfjainnkaupanefnd sem í sitja fulltrúar ASÍ, BSRB, Tryggingastofnunar ríkisins og heilbrigðisyfirvalda, eða fulltrúar allra þeirra aðila sem hafa mestra hagsmuna að gæta að keypt sé inn ódýrt og skynsamlega.

Það er fullyrt að markaðurinn hér sé svo lítill að ef við mundum sameinast um ein stór innkaup gætum við náð þeim árangri að lækka lyfjaverðið inn í landið í kringum 300 millj. kr. Það er trú þeirra manna sem aðstoðuðu mig við gerð þessa frv. að slíkt sé hægt.

Með þessu frv. er einokunaraðstaða lyfsala afnumin og gert ráð fyrir gjörbreyttu fyrirkomulagi við dreifingu lyfja. Það er stofnað hlutafélag, sbr. 28. gr. frv., þar sem gefinn er möguleiki á að útsölustaðir verði miklu fleiri og aðrir en apótekin. Það er opnað fyrir það að verslanir, heilsugæslustöðvar og sjúkrahús hafi möguleika á að selja út lyf, þ.e. ef öryggiskröfum og þeim skilyrðum er fullnægt sem gert er ráð fyrir að heilbrrh. setji í reglugerð. Þannig er hægt að fjölga útsölustöðum um landið, bæta dreifinguna og lækka verðið. Um leið á þetta hlutafélag sem gert er ráð fyrir að verði stofnað og sjái um þessa dreifingu að geta skilað eðlilegum arði til sinna eigenda.

Í raun og veru má segja að með frv. megi taka saman í fjögur eða fimm atriði þann ávinning sem af því hlýst. Það er í fyrsta lagi að prósentuálagning lyfja er afnumin og þannig komið í veg fyrir að lyfsalar geti hagnast tugi ef ekki hundruð þúsunda króna fyrir það eitt að rétta dýr lyf yfir afgreiðsluborð apóteka.

Í öðru lagi er einokunaraðstaða lyfsalanna afnumin.

Komið er á virkari samkeppni í heildsölu og smásölu lyfja með það að markmiði að lækka lyfjaverð.

Dreifing lyfja um landið er stórbætt með mögulegri fjölgun lyfsölustaða.

Og í fimmta lagi er með frv. gert ráð fyrir því að hægt sé að lækka lyfjaverð á bilinu 7–10% með svipuðu fyrirkomulagi og er í löndunum í kringum okkur og hefur skilað hundruðum milljóna króna í ávinning og sparnað í lyfjadreifingunni og lyfjainnkaupum í landið.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu, virðulegi forseti, en legg til að að henni lokinni verði málinu vísað til hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjónusta Ríkisútvarpsins á Suðurlandi, fyrri umr.

Þáltill. MF og GÁ, 73. mál. — Þskj. 75.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um aukna þjónustu Ríkisútvarpsins á Suðurlandi sem liggur frammi á þskj. 75 og er 73. mál þingsins. Flm. eru hv. 4. þm. Suðurl. og hv. 5. þm. Suðurl. Texti tillögunnar hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að Ríkisútvarpið ráði fréttamann í fast starf til að annast fréttaöflun og úrvinnslu á fréttatengdu útvarpsefni frá Suðurlandi. Jafnframt verði komið á fót hljóðstofum á Selfossi og í Vestmannaeyjum og húsnæði tekið á leigu eða keypt til starfseminnar. Þar verði starfrækt reglubundið svæðisútvarp á vegum Ríkisútvarpsins."

Þessi till. til þál. er endurflutt en hv. 1. flm. lagði hana einnig fram á síðasta þingi en tillagan hlaut ekki afgreiðslu.

Hér er um réttindamál að ræða fyrir Sunnlendinga eins og kemur fram í grg. Svæðisútvarp á Norðurlandi, Austurlandi og Vestfjörðum er þegar orðið að veruleika og við það eru fréttamenn í föstum stöðum og með því var gert stórátak í að auka fréttaflutning frá landsbyggðinni. Starfsemi þessara svæðisútvarpsstöðva hefur fyrir löngu sannað ágæti sitt og eins og við þekkjum heyrum við oft mjög ítarlega fréttaþætti og viðtöl við fólk, fréttatengda þætti og annað útvarpsefni. Það er enginn vafi á að þetta hefur aukið landsmönnum þekkingu á mannlífi í þessum landshlutum.

Á Suðurlandi, og ekki síst í Vestmannaeyjum, er umfangsmikil atvinnustarfsemi eins og menn vita. Á Suðurlandi ef við teljum Vestmannaeyjar með eru samstals um 6.000 heimili. Það hlýtur að vera eðlilegt að ætlast til að þessi heimili eigi rétt á sömu eða svipaðri þjónustu af hálfu Ríkisútvarpsins og Norðlendingar, Vestfirðingar og Austfirðingar njóta nú.

Það er því vilji hv. flm. að þetta stóra landsvæði og þéttbýla fái þessa þjónustu eins og aðrir landshlutar sem þessarar þjónustu njóta nú og því er þessi tillaga fram lögð.

Í grg. með till. er vitnað til samþykktar Samtaka

sunnlenskra sveitarfélaga frá 25. apríl sl. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur SASS skorar á menntamálaráðherra að hann hlutist til um að nú þegar verði hafinn undirbúningur að rekstri svæðisútvarps á Suðurlandi í tengslum við RÚV."

Hæstv. forseti. Ég tel ekki að það þurfi að halda langa ræðu um nauðsyn þessa réttlætismáls sem hér er á ferðinni og óska eftir að að umræðu lokinni verði tillögunni vísað til hv. menntmn. og treysti því að þar verði hún skoðuð með þeirri vinsemd sem hún á skilið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjármögnun samgöngumannvirkja, fyrri umr.

Þáltill. ÁMM o.fl., 104. mál. — Þskj. 122.

Flm. (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Mál þetta var flutt á síðasta þingi en fékk ekki afgreiðslu og er nú flutt að nýju. Við gerð langtímaáætlunar í vegagerð sem lögð var fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–1991 en hlaut ekki afgreiðslu var gerð úttekt á vegakerfinu og metið hvað það mundi kosta að koma því í viðunandi horf. Niðurstaðan varð sú að heildarkostnaður miðað við vísitölu vegagerðar 4560 væri 74,1 milljarður kr. Þá má áætla að miðað við framlög til vegagerðar síðustu árin tæki það 25–30 ár að ljúka þessum framkvæmdum. Þá er aðeins að litlu leyti tekið tillit til þeirrar þróunar sem mun verða á þessu tímabili og þeirra framkvæmda sem sú þróun mun útheimta.

Á höfuðborgarsvæðinu, þar sem megnið af tekjum vegasjóðs verður til, er gert ráð fyrir því að fyrir árið 2010 þurfi að koma til 20 milljarða kr. framkvæmda ef ekki á að vera í óefni komið. Miðað við núverandi tekjustofna og núverandi fjárframlög vantar því á annan tug milljarða upp á að nægjanlegt fjármagn sé fyrir hendi. Það er því ljóst að fjáröflun til vegagerðar er alls ófullnægjandi jafnvel þótt tekjustofnar væru nýttir til fulls og skiluðu sér að fullu til framkvæmda. Ef auka á framkvæmdir þarf því annaðhvort að hækka hið almenna bensíngjald og þungaskatt eða leita annarra leiða til fjármögnunar vegagerðar. Það má færa rök fyrir því að almenn hækkun á bensíngjaldi og þungaskatti til viðbótar annarri skattlagningu á bifreiðir og eigendur bifreiða sé ekki heppileg leið, m.a. þar sem hinn almenni greiðandi tengir verðhækkun á bensíni ekki við bætt samgöngumannvirki. Því er skynsamlegt að leita nýrra leiða þó að ekki sé hægt að hafna almennri hækkun alfarið.

Fjármögnun hér á landi er með mörkuðum tekjustofni, bensíngjaldi, en víðast erlendis hefur fjármögnun vegaframkvæmda í gegnum árin verið með beinum fjárframlögum á fjárlögum. Þar er þó undantekning sem er Bandaríkin og Nýja-Sjáland, en þar eru í gildi svipuð kerfi og hjá okkur. Á Ítalíu er veganet þar sem þeir sem um vegina aka greiða vegatolla með nokkuð jöfnu millibili og standa þeir tollar undir fjármögnun þeirra vegamannvirkja. Á Norðurlöndum og í Bretlandi hefur á síðustu árum og allra síðustu missirum verið leitað nýrra leiða og þá sérstaklega á þann hátt að veggjald sé innheimt af brúm, göngum og jafnvel tilteknum vegarköflum. Í Noregi hefur jafnframt verið tekin upp sú nýbreytni í nokkrum borgum að innheimta vegatoll af þeim sem inn í borgirnar aka og eru það borgirnar Ósló, Bergen og Þrándheimur sem hafa tekið upp þessa nýbreytni og fara þeir fjármunir sem þannig heimtast í sjóð eingöngu til þess að fjármagna mannvirki í þessum tilteknu borgum. Í Tromsö í Norður-Noregi hefur verið tekið upp annað kerfi til þess að fjármagna samgöngumannvirki þar í borg og hefur það verið gert með innheimtu sérstaks tímabundins og staðbundins bensíngjalds.

Á Íslandi hefur að mjög takmörkuðu leyti verið leitað nýrra leiða til fjármögnunar umræddra mannvirkja og muna þá flestir eftir þeirri tilraun sem var gerð með Reykjanesbrautina sem endaði með því að innheimtuskúrinn var brenndur. En nýverið hefur verið gerður samningur við fyrirtæki á Akranesi um að það fyrirtæki megi heimta gjöld af þeim sem fara um hugsanleg Hvalfjarðargöng ef einhvern tíma verða grafin.

Í ljósi þess sem hér hefur komið fram telja flm. að nauðsynlegt sé að kanna hvort mögulegt og réttlætanlegt sé að fjármagna gerð vega og tengdra samgöngumannvirkja á annan hátt en með framlögum samkvæmt núgildandi lögum um bensíngjald og vegasjóð. Einnig verði kannað hvernig breyta þurfi núgildandi lögum um bensíngjald og Vegasjóð til þess að mögulegt og réttlætanlegt sé að fjármagna vegi og tengd samgöngumannvirki í auknum mæli á þennan hátt. Jafnframt leggjum við til að kannað verði hvaða áhrif annars konar fjármögnun en nú tíðkast hafi á uppbyggingu samgöngukerfisins.

Ég legg til að till. verði vísað til hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kynning á ímynd Íslands erlendis, fyrri umr.

Þáltill. ÁMM o.fl., 103. mál. — Þskj. 121.

Flm. (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Í þessari till. leggjum við flm. til að skipuð verði þriggja manna nefnd af hálfu forsrh. til þess að hafa frumkvæði að samræmingu á því hvernig ímynd Íslands er kynnt á erlendum vettvangi í samvinnu við hagsmunaaðila, að gerð verði fimm ára áætlun um kynningu á ímynd Íslands erlendis og að kostnaður við framkvæmd áætlunarinnar greiðist af hagsmunaaðilum og ríkissjóði samkvæmt því sem Alþingi ákveður í fjárlögum. Jafnframt leggjum við til að úttekt verði gerð á því hvernig aðstæður og aðgerðir innan lands samræmist þeirri ímynd landsins sem kynnt er erlendis.

Við búum nú við alheimssamdrátt í efnahagslífi sem leitt hefur til mjög aukinnar og harðnandi samkeppni. Það verður til þess að þeir sem eru fyrir á mörkuðum verða að leggja meira á sig til þess að halda stöðu sinni með meiri kynningu og meiri auglýsingum. Jafnframt er það erfiðara fyrir þá sem koma vilja sínum vörum og sinni þjónustu á framfæri á nýjum mörkuðum að komast þar að og þurfa þeir að leggja í meiri kostnað vegna meiri kynningar en verið hefur á tímum þegar þensla hefur verið í efnahagslífi heimsins.

Þetta leiðir til þess að við flm. teljum nauðsynlegt að auka kynningu Íslands erlendis. Þetta er mikilvægt vegna þess að fyrirtæki okkar sem flytja út vörur eða þjónustu þurfa á góðum bakstuðningi að halda til þess að halda sinni stöðu eða komast inn á markaðina. Hér á ég sérstaklega við ferðaþjónustu en ástandið í þeirri grein er þannig í dag að svipaður fjöldi ferðamanna hefur komið til landsins og fyrirtækin hafa svipaðar tekjur og á síðasta ári. Ástand sem þetta er ekki ásættanlegt í þeirri grein þar sem lagt hefur verið í miklar fjárfestingar á undanförnum árum. Það má orða það svo að í ferðaþjónustunni sé varan til, vara sem skapar okkur störf og tekjur en við þurfum einungis að koma henni á framfæri.

Frændur okkar Írar hafa nýlega gert átak í þessum málum og settu þeir sér það mark að tvöfalda fjölda ferðamanna til eyjunnar grænu á árunum 1989–1992. Er skemmst frá því að segja að þeim tókst það ætlunarverk sitt.

Sjávarútvegurinn, okkar undirstöðuatvinnugrein, býr við aðra stöðu. Það má frekar segja um þá grein en ferðaþjónustuna að skortur sé á vörunni, en greininni veitir ekki af stuðningi til þess að halda stöðu sinni á mörkuðum erlendis, halda verðinu og heldur styrkja hana frá því sem nú er. Jafnframt veitir ekki af hjálp til þess að sjávarútvegurinn geti nýtt sér þá stöðu sem samningur um Evrópskt efnahagssvæði mun væntanlega og vonandi veita okkur.

Það er ekki síður mikilvægt að hjálpa til við það að skapa grundvöll undir nýjar greinar, t.d. í heilbrigðismálum og heilbrigðisþjónustu eins og unnið hefur verið að t.d. af hálfu Heilsufélagsins og af þeim sem standa að athugunum og rannsóknum á Bláa lóninu. Einnig ættum við að eiga möguleika á því að flytja út heilnæmar vörur, t.d. landbúnaðarvörur, dýraafurðir sem framleiddar eru án fúkkalyfja og hormóna og grænmetis úr ylrækt okkar sem framleitt er í ómenguðu umhverfi.

Eins og málum er nú háttað eru það hinir ýmsu söluaðilar vöru og þjónustu sem kynna landið, svo sem Útflutningsráð, Ferðamálaráð, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Flugleiðir. Oftast fer meira rými og kostnaður í að kynna landið sjálft, kosti þess og sérstöðu en sjálfa vöruna eða þjónustuna sem verið er að veita. Það er því bæði eðlilegt og skynsamlegt að reyna að greina á milli hinnar almennu landkynningar sem á að koma öllum til góða sem nýtt geta sér stöðu lands og þjóðar og hinnar eiginlegu sölustarfsemi þar sem seld er tiltekin vara eða þjónusta. Það er því að mati flm. skynsamlegt að ríkið hafi meira frumkvæði og taki meiri þátt í hinni almennu landkynningu í samstarfi við hagsmunaaðila en láti fyrirtækjunum og einstaklingunum eftir frumkvæðið í hinni eiginlegu sölu.

Hin almenna landkynning beinist að kynningu á legu landsins og umhverfi, menningu, menntun og möguleikum þjóðarinnar til þess að veita þjónustu og takast á við framleiðslu almennt. Helst þyrfti að leggja áherslu á að ná árangri í kynningu á hreinleika og gæðum umhverfisins, þjónustu og framleiðslu. Góður árangur á þessu sviði væri að þegar nafn Íslands væri nefnt kæmi upp í huga manna ímynd hreinleika og gæða.

Það er jafnframt mat flm. að tryggja þurfi að Ísland standi undir þeirri ímynd sem kynnt er. Því er gert ráð fyrir því í tillögunni að þetta verði kannað sérstaklega svo að hægt verði að bæta úr fljótt og vel ef þörf krefur. Það er forsenda árangurs í kynningarstarfi sem þessu að sú mynd sem dregin er upp sé sannleikanum samkvæm. Því er nauðsynlegt að gott samstarf náist á milli allra viðkomandi aðila svo að góður árangur sé tryggður.

Herra forseti. Ég legg til að till. verði vísað til hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir á botndýrum í Breiðafirði, fyrri umr.

Þáltill. StB o.fl., 108. mál. — Þskj. 126.

Flm. (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 126 um rannsóknir á botndýrum í Breiðafirði. Þessi tillaga var flutt á síðasta þingi en var ekki afgreidd. Tillögugreinin orðast svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela sjútvrh. að láta fara fram rannsókn á botndýrum í Breiðafirði í samvinnu við vinnslustöðvar og útgerðir skelbáta við Breiðafjörð.

Tilgangur rannsókna verði að leita nýrra hörpudiskmiða á Breiðafirði, meta betur en gert hefur verið hörpudiskmiðin og kanna aðrar dýrategundir sem nýtanlegar kunna að vera."

Í grg. með þáltill. segir svo:

„Með minnkandi veiðiheimildum skipa sem stunda bolfiskveiðar verður stöðugt mikilvægara að auka rannsóknir annarra fiskstofna og nýtanlegra botndýra.

Skelveiðar hafa verið stundaðar á Breiðafirði í rúma tvo áratugi með ágætum árangri. Hafrannsóknastofnun hefur lagt til verulegan samdrátt veiða á hörpudiski án þess að rannsóknir hafi verið auknar. Aðrar botndýrategundir hafa ekki verið rannsakaðar að nokkru marki. Sjómenn sem stunda skelveiðar telja nauðsynlegt að auka rannsóknir og hafa lýst vilja sínum til þess að taka þátt í rannsóknarverkefni sem miðist við að rannsaka veiðisvæði hörpudisksins og annarra botndýra.

Að beiðni þingmanna Vesturlands tók Hrafnkell Ei-

ríksson fiskifræðingur saman stutta greinargerð um botndýrarannsóknir í Breiðafirði. Fylgir sú greinargerð með sem fylgiskjal."

Hrafnkell Eiríksson fiskifræðingur er mjög vel kunnugur öllum rannsóknum á Breiðafirði en hann hefur staðið fyrir þeim í áratug eða meira og hefur kynnt sér Breiðafjörðinn afar vel. Í greinargerð fiskifræðingsins segir, með leyfi forseta:

„Sem kunnugt er hefur Hafrannsóknastofnun lagt til að hörpudisksveiði í Breiðafirði verði takmörkuð við 8.500 tonn árið 1992 en undanfarinn áratug hafa tillögur stofnunarinnar hins vegar hljóðað upp á 10–11 þús. tonna um hámarksafla á ári. Rekja má þennan samdrátt til minnkandi hlutdeildar af skel yfir 70 mm í stofninum en nýliðun virðist aftur á móti góð undir 70 mm samkvæmt niðurstöðum stofnmælinga 1991.

Vegna minni veiða á öllum helstu nytjategundum á næsta ári eða jafnvel árum er því enn frekari ástæða nú en áður að huga að nýjum möguleikum í fiskveiðum hérlendis. Til þess að svo geti orðið þarf auknar rannsóknir og eitt af líklegri svæðum til árangurs er Breiðafjörður, a.m.k. hvað varðar skeldýr og önnur botndýr. Hér á eftir verður fjallað lauslega um nokkra nýja möguleika með auknum rannsóknum í Breiðafirði."

Þetta var tilvitnun í greinargerð fiskifræðingsins. Síðan segir í greinargerðinni um einstök skeldýr og önnur botndýr sem fiskifræðingurinn telur ástæðu til þess að rannsaka frekar og telur mögulegt að nýta og byrja ég á hörpudiski:

„Talið er mjög tímabært" — segir fiskifræðingurinn um hörpudiskinn — „í ljósi núverandi samdráttar að leita nýrra hörpudisksmiða á þessu svæði. Undirritaður hefur rætt við nokkra skelveiðiskipstjóra nú í haust um að hver bátur gefi dagvinnu eða svo í slíkt verkefni sem yrði skipulagt og stjórnað frá rannsóknaskipinu Dröfn í tengslum við aðrar rannsóknir skipsins á svæðinu. Fyrstu viðbrögð manna hafa verið góð en fylgja þarf málinu eftir."

Þess má geta að vegna þessarar þáltill. átti ég fund með fulltrúum sjútvrn. og fiskifræðingnum ásamt með fulltrúum atvinnuráðgjafa Vesturlands um þessar rannsóknir. Þessir aðilar munu þegar hafið undirbúning að þeim rannsóknum sem þáltill. gerir ráð fyrir.

Þá segir fiskifræðingurinn í skýrslu sinni um ígulker:

„Hugsanlega má kanna útbreiðslu og stofnstærð ígulkera með hörpudiskplóg í tengslum við ofangreinda leit. Hafa ber þó í huga að þroski (gæði) ígulkerahrogna getur verið mjög ólíkur eftir svæðum þannig að það dýpi sem vænta má hörpudisks á sé utan við bestu ígulkerasvæðin sem er líklega grynnra. Skollakoppur er mjög vænlegur kostur með þekkta markaði í Japan og Frakklandi. Hvað Frakkland varðar er þó enn ógengið frá samningi milli landanna ef hugsað er til útflutnings á lifandi ígulkerum."

Þess má geta til viðbótar því sem segir um ígulkerin í skýrslu fiskifræðingsins að þegar eru hafnar tilraunaveiðar á ígulkerum og vonandi tekst að treysta þær veiðar og koma þessum afurðum á markað.

Þá segir um sæbjúgu:

„Kanna má útbreiðslu og magn sæbjúgna með hörpudiskplóg í tengslum við hörpudiskaleitina. Markaðir fyrir sæbjúgu, að vísu ekki okkar tegund, eru þekktir í Suðaustur-Asíu og Japan."

Síðan kemur aða:

„Þessi skel hefur fengist í umtalsverðu magni í hörpudiskplóga þó að ekki sé hægt að ná til nema hluta útbreiðslusvæðisins með því veiðarfæri. Hins vegar er markaður lítt eða ekki þekktur í stóru skelfiskneyslulöndunum í Evrópu, Frakklandi, Spáni og Ítalíu. Könnun sem gerð var í haust á Hollandsmarkaði reyndist neikvæð."

Þá kemur að beitukóngnum. Þar segir:

„Þessir kuðungar fást yfirleitt ekki í miklu magni í hefðbundna hörpudisksplóga, enda eru þeir fremur smáir og halda sig á öðru dýpi/botnlagi en t.d. hörpudiskur. Rannsóknir með gildrum eru því nauðsynlegar í þessu tilviki en þær eru fremur seinlegar og því dýrar. Lágt verð á beitukóngi hefur þó fram til þessa staðið veiðum og vinnslu fyrir þrifum. Um hafkóng gildir svipað og beitukóng nema hvað vinnsla hans er vandasamari vegna eitraðra meltingarkirtla."

Þá kemur að trjónukrabbanum:

„Tilraunaveiðar á trjónukrabba, sem hófust haustið 1983, tókust þá þegar með ágætum. Verð og markaðsmál hafa hins vegar verið í flöskuhálsinum í þessu máli enda virðist trjónukrabbi dæmigerður súpu- eða kæfukrabbi vegna smæðar. Góða vísbendingu um útbreiðslu og magn trjónukrabba má þó fá með hörpudiskplóg, t.d. í tengslum við hörpudiskleit."

Um kúfskel, sandskel, krókskel og báruskel segir að að líkindum sé aðeins hægt að magnmæla þær með vatnsþrýstings- eða dæluplógum sem aðeins eru að hluta til staðar hérlendis. Tvær fyrrnefndu tegundirnar eru þekktar sem markaðsvara en hinar náskyldar t.d. hjartaskel sem veidd er í stórum stíl í Evrópu.

Hér lýk ég tilvitnunum í greinargerð fiskifræðingsins. Það er alveg ljóst að þó að hörpudiskurinn hafi verið mikil búbót við Breiðafjörðinn ætti með rannsóknum að vera hægt að leita að fleiri tegundum eins og þarna kemur fram.

Hlutdeild sjávarútvegsins í þjóðarframleiðslunni hefur tekið litlum breytingum síðustu árin. Ekki eru sjáanlegar breytingar á þann veg að aðrar atvinnugreinar auki þjóðartekjur eða skjóti styrkari stoðum undir tekjuöflun þjóðarbúsins. Í ljósi þess er mjög mikilvægt að nýta sem best þær auðlindir sem við höfum aðgang að, ekki síst auðlindir sjávar. Í Breiðafirði hafa verið nýttir stofnar, svo sem hörpudiskurinn, sem er ásamt rækjunni meðal stærstu stofna sem nýttir eru fyrir utan bolfiskinn.

Ekki er lengra síðan en árið 1970 að hörpudiskveiðar hófust í Breiðafirði en það ár veiddust 2.216 tonn af hörpudiski. Árið eftir voru veidd rúmlega 2.500 tonn, síðan jókst veiðin mjög mikið og 1972 veiddust 4.500 tonn. Nokkur minnkun var næstu ár eftir, árin 1973, 1974 og 1975 en árið 1976 jókst veiðin aftur og þá var markaðurinn hagstæðari auk þess sem þá hafði farið fram mikil þróun bæði í veiðum og vinnslu og verðið hækkað. En verð á skelfiski, hörpudiskinum,

hefur sveiflast mjög mikið.

Árið 1978 voru veiðarnar komnar upp í 7.500 tonn og var þá þegar orðinn mjög stór þáttur í atvinnulífinu í Stykkishólmi. Nokkur vinnsla hefur einnig verið í Grundarfirði og hin síðari ár á Brjánslæk við Breiðafjörð. Veiðarnar fóru stöðugt vaxandi. Árið 1982 voru veiðarnar komnar upp í 10 þús. tonn og 1985 var leyft að veiða ríflega 12 þús. tonn af hörpudiski úr firðinum. Þá var hámarki náð að því er virðist og síðan hefur veiðin minnkað og á síðasta ári var gert ráð fyrir að veidd yrðu 8.500 tonn á fiskveiðitímabilinu.

Með þessari lýsingu vildi ég gefa nokkra mynd af því eftir hverju hefur verið að slægjast með veiðum á hörpudiski. Ef aðrar tegundir í firðingum gætu nýst með svipuðum hætti er um verulega möguleika og mikla búbót að ræða ef vel tækist til. Eins og fyrr er getið hafa sjómenn og raunar allir sem tengjast veiðum og vinnslu við Breiðafjörðinn lagt ríka áherslu á að rannsóknir verði auknar.

Útgerðir og fiskvinnslustöðvar hafa lýst vilja sínum til að taka þátt í rannsóknum og taka þátt í leit að nýjum miðum, ekki síst þegar litið er til þess að skelbátar hafa þurft að sæta sérstakri skerðingu á þorskkvóta sem að sjálfsögðu kemur einnig niður á vinnslustöðvunum sem höfðu byggt alla sína afkastagetu upp í samræmi við þann bolfiskafla sem veiddur var í byggðarlögum við Breiðafjörð sem nýta skelina. Þær rannsóknir sem hér er lagt til að komið verði á gætu orðið þáttur í fjölstofnarannsóknum líkt og verkefnið botndýr í sunnanverðum Faxaflóa sem beinist að vistfræðilegum tengslum fæðuframboðs og afráns botnlægra fiskstofna í sunnanverðum Faxaflóa. Það verkefni er sérstaklega styrkt af Vísindasjóði.

Virðulegur forseti. Ég tel rannsóknir á botndýrum við Breiðafjörð mjög mikilvægar og geta orðið mjög mikilvægt innlegg í eflingu atvinnulífsins við fjörðinn. Í fyrsta lagi til að leita nýrra hörpudisksmiða og skjóta e.t.v. nýjum stoðum undir þá atvinnugrein.

Í öðru lagi til að tryggja að ekki sé um að ræða ofveiði á þessum stofni og auðvitað er geysilega mikilvægt fyrir alla aðila að fylgjast náið með þróun og stofnstærð og ástandi þessa nytjastofns.

Í þriðja lagi til að kanna veiðar annarra nýtanlegra botndýra og vil ég vitna til þess sem áður var greint frá úr skýrslu fiskifræðingsins.

Í fjórða lagi til að þróa ný og endurbætt veiðarfæri. Ég vil vekja sérstaka athygli á því að auðvitað er mjög mikilvægt fyrir okkur Íslendinga sem fiskveiðiþjóð að stundaðar verði rannsóknir á veiðarfærum, ekki einungis á þeim hefðbundnu veiðarfærum sem nýtt eru til veiða á bolfiski, loðnu og síld heldur einnig á öðrum tegundum. Það er alveg ljóst ef árangur á að nást í veiðum, t.d. á skel eða krabbadýrum, tekur langan tíma og kostar fjármuni að þróa veiðarfæri svo að vit sé í þeim veiðum.

Staða sjávarbyggðanna er og hefur verið í mikilli óvissu vegna minnkandi afla og verri afkomu sjávarútvegsfyrirtækja. Því er mjög brýnt að auka rannsóknir og leitast við að nýta betur fiskstofna sem nýtanlegir eru. Með því ætti fremur að vera hægt að efla og styrkja byggðirnar sem byggja allt sitt á sjávarútvegi. Það hlýtur að vera hlutverk rannsóknastofnana sjávarútvegsins að taka þátt í slíkri vinnu, taka þátt í skipulagi slíkra rannsókna. Vil ég sérstaklega í því sambandi vekja athygli á því að við Breiðafjörð er útibú Hafrannsóknastofnunar sem er staðsett í Ólafsvík og ætti að geta verið hæg heimatökin að nýta þá aðstöðu til að stunda öflugar rannsóknir á Breiðafirðinum.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að till. verði vísað til hv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir vegna heilsutjóns af völdum háspennuvirkja, 119. mál, fsp. HG á þskj. 139.

Afstaða Landsvirkjunar til lækkunar orkuverðs, 123. mál, fsp. EKG á þskj. 143.

Efling Hafrannsóknastofnunar, 122. mál, fsp. HG á þskj. 142.

Rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnsævi, 121. mál, fsp. HG á þskj. 141.

Samþykktir Ríó-ráðstefnunnar, 124. mál, fsp. EKG á þskj. 144.

Skrifstofur heilbrigðismála í kjördæmum landsins, 120. mál, fsp. HG á þskj. 140.

Málefni aldraðra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 97. mál (rekstrarframlög framkvæmdasjóðs). — Þskj. 113.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Þegar ég kvaddi mér hljóðs á fundi í gær um þetta mál var hér í gangi fjörug umræða sem mig langaði til að taka þátt í. Ég veit ekki hvort ég á að fara að vekja hana upp aftur enda fjarstaddir sumir af þeim mönnum sem ég ætlaði að tala til í gær.

Ég stend fyrst og fremst upp til þess að lýsa vissum efasemdum um efni frv. Það er mjög langt gengið með þessu. Það er auðvitað vandamál þegar byggingar eru reistar og rekstrarfé skortir. En hér um að ræða verkefni sem er nokkuð sérstaks eðlis og þjóðin undirgekkst nefskatt til ákveðinna framkvæmda. Það er svo sem í stíl við annað skattaæði þessarar ríkisstjórnar að taka huta af þessum peningum eða kannski hér um bil alla í ríkissjóð. Ég tel hins vegar að það breyti því ekki að þörf er fyrir þennan sjóð, Framkvæmdasjóð aldraðra, til uppbyggingar mannvirkja.

Mjög mikilvæg verkefni hafa verið leyst fyrir tilstilli og með atbeina þessa sjóðs. Það hefur verið og er enn vandræðaástand víða um land í öldrunarmálum og þó að ástandið í höfuðborginni hafi verið sérstaklega til umræðu í gær er það engan veginn gott alls staðar á landsbyggðinni þó það sé ef til vill lakara í Reykjavík en nokkurs staðar annars staðar.

Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson og reyndar fleiri hv. þm. höfðu orð á því í gær að tæpur helmingur Ís-

lendinga 70 ára og eldri væru búsettir í höfuðborginni og fram komu á því skýringar. Þetta er vissulega hátt hlutfall en það breytir því þó ekki að aldraðir eru víðar, a.m.k. er það svo í Norðurlandi vestra.

Ég sé ástæðu til þess hér í þessum umræðum úr því að enginn annar hefur fundið hjá sér hvöt til þess að gera það að þakka sjómannasamtökunum fyrir þann hlut sem þau hafa lagt til öldrunarmála í landinu. Ég hef sérstaklega í huga Pétur Sigurðsson fyrrv. alþm. sem ég tel að hafi unnið af miklum ötulleik og dugnaði að öldrunarmálum og eigi fyrir það þakkir skildar. Ég vil gjarnan að komi fram í þessum umræðum að það er a.m.k. einn þingmaður sem man eftir því hvað Pétur Sigurðsson lagði þar af mörkum.

Ég vildi jafnframt ef hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefði haft tíma til að vera á þessum fundi og ekki verið í vinnunni sinni, sem ég tel víst að sé, biðja hann að feta í fótspor Péturs Sigurðssonar í því starfi sem hann gegnir eða a.m.k. reyna það. Ég tel víst að hann eigi ekki eftir að marka svo djúp spor sem Pétur Sigurðsson. En honum væri gagnlegt að reyna það.

Menn geta svo velt því fyrir sér af hverju svo margir aldraðir Íslendingar hafa flutst til Reykjavíkur. Það hafa komið fram á því skýringar. Það er af fjölskylduástæðum og til að leita sér læknishjálpar o.s.frv. Mér fannst á hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að hann teldi það mikla óheillaþróun og tjón að gamla fólkið þyrptist til Reykjavíkur í þeim mæli sem það hefur gert. Ég vil vekja athygli á því að ekki hefur öllum orðið skaði að því að rosknir Íslendingar hafa kosið að eyða hér ævikvöldinu því að einstöku aðilar hafa þénað vel á þessu gamla fólki. Það eru tvö byggingarfyrirtæki hér í borginni, Ármannsfell hf. og Gunnar og Gylfi, sem hafa einhvers konar óskráð einkaleyfi á því að byggja íbúðir fyrir þetta aldraða fólk og fá hjá borgaryfirvöldum endalaust lóðir til þess að byggja það sem þeir kalla íbúðir fyrir aldraða. Þessar íbúðir eru ákaflega dýrar. Þær eru auglýstar sem þjónustuíbúðir jafnvel þó að engin þjónusta eða aðstaða til þjónustu frá hendi byggingaraðilanna fylgi. Borgin hins vegar hefur staðið fyrir því að byggja þjónustukjarna en þeir eru ekki sérstaklega fyrir íbúa íbúða fyrir aldraða sem Gunnar og Gylfi og Ármannsfell hf. eru að byggja og selja sem slíkar. Ég held að höfuðþjónusta þessara tveggja byggingarfyrirtækja sé sú að taka við sparifé þeirra öldruðu einstaklinga sem kaupa af þeim og stofna þeim í skuldir. Borgin hefur hins vegar séð um þjónustukjarna fyrir íbúa í þessum byggingum sem og öðrum íbúðum í borginni.

Hér hefur ofurlítið verið talað um hjúkrunarheimilið Eir. Það er byggt af frjálsum félagasamtökum. Bændasamtökin eiga þar aðild að, sjómannadagurinn í Reykjavík og Hafnarfirði og verkalýðshreyfingin, stéttarfélög, Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður og fleiri. Þetta hjúkrunarheimili er byggt til að bæta úr brýnni þörf. Mér fannst ekki nákvæmt sagt frá staðreyndum í ræðu hæstv. heilbrrh. Þó að ég sé vanur að trúa honum og hér um bil öllu sem hann segir gat ég ekki trúað öllu sem hann sagði í gær, a.m.k. eins og hann setti það fram. Það er búið að reisa inni í Grafarvogi hjúkrunarvistrými fyrir 50 aldraða. Þetta er einkum ætlað fyrir fólk sem á við mikinn sjúkleika að stríða, Alzheimer-sjúklinga. Blindum var fyrirhuguð aðstaða þarna til endurhæfingar. Þarna er sem sagt kominn áfangi fyrir 50 vistmenn eða sjúklinga. En það er ekkert rekstrarfé til þess arna í fjárlagafrv. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum með hvernig hæstv. ráðherra tók á þessu máli. Það var eins og hann hefði engan áhuga á því að nýta þessi 50 pláss. Mér finnst ekki skynsamleg ráðstöfun að láta þetta húsnæði standa autt. Það kostar að vísu nokkuð að reka þetta. En þennan áfanga kostar ekki jafnmikið að reka og hæstv. ráðherra vildi vera láta. Hann var með áætlun um hjúkrunarheimilið fullbúið. Það sem vantar í fjárlög núna eru 120 millj. til þess að hægt sé að taka þennan áfanga í notkun.

Það er reyndar rétt að hafa orð á því líka að þar fengju ekki einungis 50 vistmenn aðhlynningu heldur þyrfti 50 manns til þess að þjónusta þá. Það væri út af fyrir sig umtalsverð úrbót í bágbornu atvinnuástandi hér í borginni. Ég hef ekki trú á því að það hafi verið meiningin þegar hafist var handa um framkvæmdir á hjúkrunarheimilinu Eir að vist þar yrði dýrari en hjá öðrum sjúkrastofnunum. Ég vil gjarnan spyrja hvaðan hæstv. ráðherra kemur sú vitneskja. Ég skildi það svo að með því að reisa hjúkrunarheimili væri skapaður grundvöllur til þess að hafa þjónustuna ódýrari en á Borgarspítalanum eða Landspítalanum.

Mér finnst jafnframt hlálegt að hlusta á ráðherra Alþfl. flytja ræðu eins og hann gerði í gær og lesa síðan í blöðunum tillögur frá borgarfulltrúa Alþfl. sem er full af réttlátri reiði og vandlætingu yfir þeirri óhæfu að Eir skuli ekki fá peninga til reksturs. Ég legg til að þeir tali saman um þetta mál. Ég vil taka það strax fram að ég er sammála borgarfulltrúanum en ekki ráðherranum og ég tel óhjákvæmilegt að leita leiða til að leysa þennan vanda. Ég tel ekki tímabært að gefa sér þá forsendu að það þurfi að loka öðrum deildum til þess að hægt sé að taka þetta hjúkrunarheimili í notkun.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mér fannst undir umræðunum í gær ástæða til að leggja nokkur orð í belg um frv. um breytingu á Framkvæmdasjóði aldraðra.

Það er út af fyrir sig alltaf efni til að velta fyrir sér, eins og fram kom hjá hæstv. heilbrrh., hvort þörf sé á sérstökum sjóði sem stofnaður er til að stuðla að uppbyggingu þjónustu, greiða og styrkja stofnkostnað á hverjum tíma. Það er eðlilegt að menn velti því fyrir sér hvort menn hafa komist svo langt að markmiðinu sé náð og því ekki lengur þörf á að sjóðurinn starfi í þeirri mynd sem verið hefur eða jafnvel hvort rétt sé að leggja hann með öllu niður. Þetta er að mínu mati eðlilegar spurningar. Það er ekkert sjálfgefið að svarið við vandamáli sé ávallt steypa, og eins og stundum er nú sagt og var sagt við mig fyrir nokkrum dögum í hálfkæringi af manni sem vinnur við félagslega þjónustu úti á landi. Honum fannst viðbrögðin oft hafa verið þannig að þegar þeir báðu um meira fé til að geta

veitt betri þjónustu, og áttu þá fyrst og fremst við að það þyrfti fleira fólk, var svar Alþingis ávallt að hringja í næstu steypustöð og láta byggja. Ef sá sem bað um aukið fé var staðsettur úti á landi var hringt í steypustöð í Reykjavík. Auðvitað er nokkuð til í þeim sjónarmiðum að menn hafi kappsamlega farið út í uppbyggingu á þjónustu á mörgum sviðum og ekkert síður á málasviði aldraðra en öðrum. Því er rétt að staldra aðeins við og hugleiða hvort rétt sé að halda áfram á sömu braut eða hvort menn þurfi að breyta um stefnu.

Þessi mál hafa töluvert verið í skoðun í nefnd sem ég sit í á vegum hæstv. félmrh. og kölluð er sveitarfélaganefnd. Þar hafa verið lagðar fyrir okkur upplýsingar um málefni aldraðra sem ég hygg að séu komnar frá heilbrrn. Ég vil gjarnan drepa á þau svo mönnum sé ljóst á hvaða talnagrunni menn standa, að vísu þó með fyrirvara um talnagrunninn. Ég heyrði í gær að það voru aðeins vefengdar tölur úr skýrslunni um hagi aldraðra sem kom út á síðasta þingi og var gert á afar sannfærandi hátt af hv. þm. Svavari Gestssyni og hæstv. heilbrrh. mótmælti ekki. Það má því vera að þær tölur sem við höfum haft séu þannig að það þurfi að endurskoða þær.

Þær forsendur sem menn gefa sér t.d. í sambandi við hjúkrunarrými er að að meðatali þurfi 10 hjúkrunarrými á hverja 100 sjötuga og eldri landsmenn, eða 10%. Það sé markmiðið sem þurfi að ná og byggja þjónustuna þannig upp að hægt sé að veita hjúkrunarrými að þessu marki. Samkvæmt tölunum eru nú 1.948 hjúkrunarrými eða liðlega 10%, 10,4% miðað við fjölda þeirra sem eru 70 ára og eldri. Þetta er að vísu dálítið breytilegt eftir kjördæmum. Þau eru flest á Norðurlandi vestra, 17,4, en læst í Reykjavík, 8,1 og reyndar kom fram í gær að rétt tala væri 5, helmingurinn af því sem menn telja eðlilega þörf.

Miðað við þessar talnaforsendur er eðlilegt að menn segi sem svo: Fyrst við erum með hjúkrunarrými nokkurn veginn eins og talið er samkvæmt erlendum viðmiðunum að þurfi, þá er ekki þörf á frekari uppbyggingu. Ég held að það væri ástæða til að hæstv. heilbrrh. færi nokkrum orðum um það hvort hann teldi að menn hefðu náð það langt í uppbyggingu á hjúkrunarrými að þeir þurfi ekki meir miðað við meðaltal yfir landið í heild eins og fram kemur í þessum tölum. Hins vegar verður að hafa í huga að þjóðin er að eldast og þannig mun þeim, sem eru 70 ára og eldri, fjölga verulega á næstu 30 árum, úr 18 þús. upp í 32 þús. árið 2020. Ef við notum sömu forsendur, þá þýðir það að á næstu tæplega 30 árum þarf að fjölga hjúkrunarrýmum úr 1.948 upp í 3.200. Mér virðist því að aldursspá og þessar forsendur sýni að við þurfum að halda áfram uppbyggingu á þessum sviði sem nemur a.m.k. þessum mun sem eru um 1.250 hjúkrunarrými á þessu árabili. Við getum deilt í það með 30. Þá fáum við um 42 rými á ári. Þessi niðurstaða sem maður kemst að um þörfina í náinni framtíð og þá uppbyggingarþörf sem er fyrir hendi er hér miðuð við fræðilegar forsendur.

Annað vandamál í þessu er ójöfn dreifing rýmisins. Það virðist vera að í Reykjavík sé helmingi minna framboð á hjúkrunarrými en þörf er á miðað við hinar erlendu viðmiðanir og allt að þrisvar sinnum minna en gerist í bestu kjördæmum hvað þetta varðar. Þarna kann að vera þörf fyrir uppbyggingu, staðbundna miðað við Reykjavíkursvæði, sem verður að mæta. Ég vildi gjarnan að hæstv. ráðherra setti fram á eftir sitt mat á því hverja hann telur þörfina vera á næstu árum hvað varðar hjúkrunarrými. Ef menn eru sammála um að það þurfi að fjölga hjúkrunarrýmum verða menn næst að ræða hvernig þeir ætla að fara að því. Ein leiðin er að byggja nýtt, önnur leið væri að taka annað húsnæði undir þetta og taka þá það húsnæði úr þeirri notkun sem það er nú. Allt þetta þarf að liggja fyrir og menn þurfa að vera með það á hreinu hvernig á að leysa úr þessari ókomnu þörf og þeirri þörf sem er til staðar nú þegar á höfuðborgarsvæðinu.

Mér sýnist að frv., sem í raun og veru opnar fyrir þá þróun að framkvæmdasjóðurinn verði fyrst og fremst rekstrarsjóður, greiði fyrir rekstur en ekki stofnkostnað, gangi á skjön við þann talnagrunn sem ég hef hér rakið og áætlanir um þörf í náinni framtíð. Þær áætlanir segja okkur að það er þörf á uppbyggingarfé. Ég vil gjarnan fá rökstuðning frá hæstv. ráðherra um hvernig hann hugsar sér að fjár verði aflað til að standa undir þeirri uppbyggingu. Ég held að það þýði ekkert að blekkja okkur með því að ef við á annað borð samþykkjum þá breytingu sem er í frv. þá muni fé meira og minna fara í rekstur. Það held ég að sé ekki hægt að deila um. Auðvitað verður það þannig, sérstaklega miðað við núverandi aðstæður þegar erfitt ástand er í þjóðfélaginu.

En það er líka ástæða til að nefna að fleiri aðilar eru að vinna að stefnumörkun á þessu sviði en hæstv. heilbrrh. Ég gat um nefnd áðan, sveitarfélaganefndina, og þar liggja fyrir tillögur um málefni aldraðra og heilbrigðismál sem breyta núv. fyrirkomulagi verulega. Ég spyr: Talast þeir ekki við, þessir tveir hæstv. ráðherrar heilbrigðis og félagsmála því að hér er um að ræða nokkuð ólíkar tillögur sem hvor stefnir í sína áttina?

Í þeim drögum sem fyrir liggja að skýrslu sveitarfélaganefndarinnar eru gerðar tillögur um það að eftir tvö ár taki sveitarfélögin að verulegu leyti við því hlutverki sem ríkið gegnir nú. Í fyrsta lagi taki sveitarfélög við heilsugæslustöðvunum, rekstri þeirra og stofnkostnaði. Í öðru lagi byggja tillögurnar á því að fækka sjúkrahúsum í landinu og breyta þeim í hjúkrunarrými og flytja þau þannig yfir til sveitarfélaga. Í þriðja lagi er lagt til að langlegudeildir verði verkefni sveitarfélaga sem leiðir af öðrum lið. Í fjórða lagi er lagt til að heimahjúkrun verði verkefni sveitarfélaga og í fimmta lagi er lagt til að Framkvæmdasjóður aldraðra starfi óbreyttur næstu árin til að kosta þá uppbyggingu sem á að flytja yfir til sveitarfélaga.

Hvernig má það vera að tveir ráðherrar í sömu ríkisstjórn skuli koma með svo ólíkar tillögur? Ég geri ráð fyrir því að hæstv. heilbrrh. hafi samþykki ríkisstjórnarinnar fyrir því að flytja frv. og þar með talið samþykki félmrh. Hvað eru menn að meina? Annar ráðherrann leggur til að breyta sjóðnum þannig að hann fari allur í rekstur, hinn ráðherrann leggur til að sjóð-

urinn verði til áfram óbreyttur og verkefnin fari yfir á sveitarfélögin. Ef hvort tveggja gengur eftir, þetta frv. og þær tillögur sem ég hef verið að greina frá í aðalatriðum, er í raun og veru ekkert annað fram undan en menn eru að velta verkefnum frá ríkinu yfir á sveitarfélög án þess að sveitarfélögin fái nægilegar tekjur á móti. Það er niðurstaðan sem nemur mörg hundruð milljónum kr. Ég vil því mælast til þess við hæstv. félmrh. að hann ræði þetta við samstarfsmann sinn í ríkisstjórninni, hæstv. heilbrrh., til þess að samræma stefnu þessara tveggja ráðherra í framtíðarsýn í málinu, málefni sjúkrahúsa og öldrunarþjónustu. Það gengur ekki að halda áfram eins og nú er með frv. og þær tillögur sem eru á lokastigi hjá sveitarfélaganefnd. Það eru ósamrýmanlegir hlutir.

Ég hef, virðulegur forseti, komið því að sem ég vildi bæta inn í umræðuna. Ég gæti út af fyrir sig farið ítarlegar yfir þær hugmyndir sem eru á borðinu í sveitarfélaganefnd varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra og breytingu á hlutverki ríkis og sveitarfélaga í málefnum sjúkrahúsa og aldraðra. En ég hygg að ég hafi komið aðalatriðunum á framfæri og það sé nægjanlegt fyrir menn til að sjá að hér eru menn að stefna til tveggja ólíkra átta og nauðsynlegt sé að staldra aðeins við og átta sig á því hvaða leið menn eiga að velja.

En ég vil ítreka það að lokum, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra geri í stuttu máli grein fyrir sinni framtíðarsýn um þörf á uppbyggingu hjúkrunarrýmis fyrir aldraða í framtíðinni.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrrh. sagði í gær við umræðuna að hér væri engin ný hugmynd á ferðum. Það er alveg hárrétt. Hér er um gamla hugmynd að ræða sem komin er í framkvæmd í lögum. Það er hins vegar svo að þetta er ekki í fyrsta skiptið sem hæstv. heilbrrh. lætur það frá sér fara að hér sé ekki um nýja hugmynd að ræða því að staðreyndin er sú að ég held að hæstv. heilbrrh. hafi ekki flutt eitt einasta mál í þinginu þar sem um einhverja nýja hugmynd er að ræða sem er komin frá honum sjálfum. Öll þau mál sem hann hefur flutt eru mál sem hann hefur verið að taka upp, eftir því sem hæstv. ráðherra segir, eftir fyrrv. heilbrrh. Og hér er enn eitt á ferðinni, ein af þeim hugmyndum sem fyrrv. hæstv. heilbrrh. skildi eftir í heilbrrn. þegar hann yfirgaf það og var búinn að sjá um að koma í framkvæmd að nokkru leyti. Ég veit að það eru margar hugmyndir til í heilbrrn. um hvað megi gera á ýmsum sviðum heilbrigðis- og tryggingamála. Ábyrgð fyrrv. ráðherra, núv. hv. þm. Guðmundar Bjarnasonar, er því að verða nokkuð mikil í þessum efnum, að skilja eftir allar þessar góðu hugmyndir í ráðuneytinu sem lenda síðan í höndunum á þeim mönnum sem framkvæma þær með þeim ósköpum sem núv. hæstv. ríkisstjórn gerir.

Þegar verið var að koma nefskattinum á fyrir framkvæmdasjóðinn var mjög sterk andstaða frá, að ég hygg, allflestum hv. þm. Sjálfstfl. í þinginu við að þessi skattur yrði tekinn fyrir utan staðgreiðsluna. Ég man það að hv. þm., núv. þingflokksformaður Sjálfstfl., Geir H. Haarde flutti hér langar ræður um það hvað þetta væri afspyrnuvitlaust. Það bólar hins vegar lítið á tillögum frá hv. þm. Sjáflstfl. núna sem telja og hafa aðstöðu til að afnema þennan skatt. Það væri hins vegar mjög óskynsamlegt að gera það því að þennan skatt, sem er merktur sem skattur til þess að byggja upp fyrir aldraða, greiðir fólk með glöðu geði. Það er nú ekki svo um margar þær álögur sem ríkisstjórn og Alþingi leggur á einstaklingana að menn greiði þær með glöðu geði. En það er nú svo með þennan skatt og það var vitað þegar hann var lagður á á sínum tíma.

Það var til þess ætlast að skatturinn yrði notaður til uppbyggingar fyrir aldraða en ekki til að standa undir rekstrarkostnaði. Ég get tekið undir það með hæstv. heilbrrh. að það er búið að byggja mjög mikið upp. Það hefur hins vegar verið byggt mjög misjafnlega upp eftir kjördæmum, því miður. A.m.k. er búið að byggja það mikið upp, þó að þörfinni sé ekki fullnægt, að húsnæði sem búið er að byggja er komið langt umfram það sem forgangsröð þessarar ríkisstjórnar miðar við og fjárveitingar til þessara verkefna standast hvergi nokkurs staðar á.

Ég er stuðningsmaður frv. sem hæstv. heilbrrh. leggur hér fram vegna þess að ég geri mér grein fyrir því að því miður er ekki hægt að fullnægja öllum þessum þörfum núna út af erfiðleikum sem að steðja. Ég hafði nokkra forgöngu um það á sínum tíma, þegar þessi breyting var gerð á framkvæmdasjóðnum í upphafi, að taka hluta af honum til reksturs þessara stofnana. Ég held að það sé skynsamlegt eins og ástatt er.

Nú er gert ráð fyrir því í fjárlögum fyrir árið 1993 að tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra verði 425 millj. kr. af þessum nefskatti og til reksturskostnaðar á að verja 160 millj. kr. Þá standa eftir 265 millj. kr. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Er það svo að þessum 265 millj. kr. sé búið að ráðstafa á næstu árum út af ýmiss konar samningum og öðru slíku svo að á árinu 1993 sé ekki hægt að taka hærri upphæð en 160 millj. kr. til þess að reka stofnanirnar? Ég skil auðvitað að svo getur verið vegna þess að ég veit að oft á tíðum er búið að ráðstafa býsna miklu af þessum fyrir fram. Ég hefði hins vegar viljað sjá og mér finnst það vera vel athugandi í starfi heilbr.- og trn., þangað sem ég býst við að frv. verði sent, hvort ekki sé rétt að hafa þetta tímabundið, láta það gilda fyrir eitt ár í senn. Það er nauðsynlegt að taka þessa umræðu upp á þinginu á hverju ári þegar menn fara út í breytingar sem þessar sem ég tel skynsamlegar og vel réttlætanlegar á þessari stund og mun þar af leiðandi styðja frv. Hins vegar hefði ég átt miklu betra með að styðja það hefði ég séð að í fjárlagafrv. væri gert ráð fyrir fjárveitingum til þess að standa undir rekstrarkostnaði við hjúkrunarheimilið Eir í Grafarvogi.

Þegar ég segi: Það er búið að byggja mjög mikið upp, þá er ég með í höndunum athugun á stærð og stofnkostnaði nokkurra hjúkrunarheimila ásamt rekstrarkostnaði sem tekin er saman að ég held fyrir hæstv. heilbrrh. af Baldri Ólafssyni og er dagsett 12. sept. 1991. Þegar athugað er hve þörf fyrir hjúkrunarheim-

ili er mikil eftir kjördæmum kemur eftirfarandi í ljós, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að 70 rými þurfi fyrir hverja 1.000 einstaklinga sem orðnir eru 65 ára. Upplýsingar um fjölda einstaklinga og núverandi rými eru fengnar úr skýrslu félmrn. um íbúaþörf aldraðra sem út kom haustið 1990."

Þegar maður ber þetta saman eftir kjördæmum, annars vegar rýmisþörfina miðað við 70 rými fyrir hverja þúsund íbúa og hvert núverandi rými er er það eitt kjördæmi sem algerlega sker sig úr í þessum efnum. Það er Reykjavíkurkjördæmi þar sem skortir 320 viðbótarhjúkrunarpláss á meðan búið er að gera mjög vel í öðrum kjördæmum. Það er auðvitað gott og gyrir það ber að þakka að menn hafi gert það á undanförnum árum úti um land. Á Vestfjörðum, í Norðurlandi vestra og á Reykjanesi er umframframboð á hjúkrunarrými. Þar er umframframboð á hjúkrunarrými á sama tíma og í Reykjavík er algert neyðarástand. Það sannar þessi skýrsla og það sannar skýrsla Öldrunarlækningafélags Íslands sem kom út fyrir rúmu ári þar sem öldrunarlæknar áætluðu að það vantaði pláss fyrir 260–300 einstaklinga í Reykjavík. Nú er tilbúið fullbúið stórt og glæsilegt hjúkrunarheimili uppi í Grafarvogi fyrir 50 einstaklinga, sem hægt væri að taka þar inn um áramót, en ekki króna til reksturs. Þetta er auðvitað lýsandi dæmi um það að við horfum allt of mikið á uppbygginguna og gleymum að huga að rekstrinum. Við höfum líka byggt rangt upp. Það sjáum við á þessari ágætu skýrslu sem Baldur Ólafsson hefur gert.

Ég hef heyrt og að því vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé rétt að það sé áætlað að það kosti 120 millj. kr. að reka þessi 50 rúm á hjúkrunarheimilinu Eir yrði það tekið í notkun á næsta ári. Það þýðir að kostnaður á rúm á ári yrði 2,4 millj. Það er mjög ódýrt af þeirri ástæðu að þetta heimili er að mörgu leyti sérhæft því að þarna er sérstaklega ætlað pláss fyrir Alzheimer-sjúklinga á meðan kostnaður t.d. á hjúkrunarheimilinu Sólvangi, sem er mjög vel rekið, er á ári tæpar 2 millj. á hvert rúm. Á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi, sem ég held að sé algerlega til fyrirmyndar, er kostnaðurinn tæpar 2 millj. einnig.

Við höfum líka verið byggja of stórt og ég held að við höfum kannski byggt fullstórt þetta hjúkrunarheimili í Grafarvogi og þess vegna er kostnaðurinn þar á rúm kannski örlítið meiri en hann hefði þurft að vera hefðum við byggt af örlítið meiri skynsemi. En það er auðvitað svo með fleiri stofnanir sem ekki koma Framkvæmdasjóði aldraðra við. Uppi í Mosfellssveit er tilbúið heimili fyrir fjölfatlaða. Þar er engin króna heldur í rekstur.

En það sem er sammerkt með þessum stofnunum er að það er ekki ríkið sem hefur verið að byggja. Það eru einstaklingar. Það eru félagasamtök og aðrir slíkir sem hafa lagt fram fjármuni til byggingar.

Eins og ég segi styð ég þetta frv. og tel að þarna sé að mörgu leyti verið að gera rétta hluti miðað við þær aðstæður sem við búum við. Þó svo að forgangsröð ríkisstjórnarinnar á þessum málum sé auðvitað kolröng tel ég að þarna sé verið að gera ágæta hluti en hefði hins vegar átt betra með að styðja frv. hefðu menn hugað örlítið betur að Reykjavík og þeim vandamálum sem þar eru.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í þetta mál nú. Ég var búinn að fara yfir efnisatriði frv. í umræðunum í gær og lýsa afstöðu minni til þess og að ég teldi að hér væri farið inn á vafasama braut þar sem verið væri að opna fyrir það að hægt væri að verja öllum tekjum Framkvæmdasjóðs aldraðra af mörkuðum tekjustofni, nefskatti, til þess að kosta rekstur stofnana á þessu sviði. Það hefði verið opnað fyrir afmarkaða leið í því efni með frv. sem ég lagði fyrir 113. löggjafarþingið. Það mætti taka hluta af tekjum sjóðsins og verja honum til ákveðinna verkefna. Ég ætla ekki að fara frekar yfir það nú, virðulegi forseti.

Það var út af ummælum hæstv. heilbrrh. í seinni ræðu hans í gær og þó ekki síður í því sem kom fram hér í andsvörum, sem ég hafði ekki tök á að taka frekar þátt í samkvæmt þingsköpum, að ég tel mig knúinn til þess að bæta við örfáum orðum.

Hæstv. ráðherra skildi við umræðurnar með þeim ummælum í gær að fyrrv. heilbrrh., sá sem hér stendur, hafi framið lögbrot og þar að auki líklega gert það vitandi vits og undir því get ég ekki legið.

Eins og fram kom í umræðunum í gær var lögum um málefni aldraðra breytt á þann hátt að heimilt er að veita tímabundið rekstrarfé til stofnana fyrir aldraða sem breyta eða hefja starfsemi eftir að fjárlagaár hefst. Þetta er tímabundin heimild og til þessa er aðeins heimilt að verja allt að þriðjungi af árlegu ráðstöfunarfé framkvæmdasjóðsins. Það frv. var samþykkt á Alþingi 26. febr. 1991 og gert að lögum.

Eins og alþjóð veit urðu ríkisstjórnarskipti um mánaðamótin apríl/maí það ár þannig að það var ekki mjög langur tími frá því að þessi lög voru samþykkt og þar til ég vék úr stóli heilbr.- og trmrh. Ég hafði hins vegar barist fyrir þessari breytingu í ákveðnum tilgangi og jafnframt heimilað nokkrum stofnunum að breyta um rekstrarform þannig að ákveðnum dvalarheimilum væri breytt í hjúkrunarheimili. Það þýddi auðvitað aukin rekstrarútgjöld fyrir sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins sem sér um að annast þær greiðslur í gegnum daggjaldakerfið eins og menn vita sem þekkja til þessara mála. Það var því ekki óeðlilegt að ég gengi frá því áður en ég yfirgaf embættið að sjá til þess að það væri a.m.k. séð fyrir þessu samkomulagi og rekstrarverkefni sem þannig væri til stofnað væru greidd með þessu ákveðna hlutfalli af tekjum Framkvæmdasjóðs aldraðra. Það taldi ég mig vera að gera með bréfi sem skrifað er 29. apríl 1991 og var eins og það væri látið að því liggja í umræðunum í gær að það væri torkennileg dagsetning. Ég tel að það hafi verið skylda mín og eðlilegt og rétt að ganga þannig frá málum áður en ég yfirgaf ráðuneytið.

Nú er það auðvitað svo að þarna var skammur tími á milli og ég hef ef til vill ekki nægjanlega leitt hugann að því hvernig ætti að standa að þessum fjárveitingum og þessu framlagi, hvernig bæri að inna þessar

greiðslur af hendi og hefði sjálfsagt mátt standa að því með öðrum hætti en þarna var gert. Á það skal ég fúslega fallast. Ég sé á bréfi frá heilbr.- og trmrn., sem skrifað er ríkisendurskoðanda 29. júlí 1992, að nú hafi verið teknar upp aðrar aðferðir eins og í bréfinu segir, með leyfi forseta:

„Við notkun þessara heimilda á yfirstandandi ári," þ.e. þessara heimilda sem ég er hér að vitna til að veita rekstrarfé úr Framkvæmdasjóði aldraðra til reksturs nýrra stofnana, „hefur önnur leið verið valin, þ.e. sú að greiða úr Framkvæmdasjóði aldraðra einungis þær upphæðir hverju sinni sem ákveðnar hafa verið af ráðherra vegna reksturs sem hafinn er á yfirstandandi ári."

Ég get vel fallist á að þetta sé eðlilegri leið við að framfylgja þessu lagaákvæði og hef ekkert nema gott um það að segja. En ég get ekki undir nokkrum kringumstæðum legið undir því að vera ásakaður um það að hafa verið að fremja lögbrot með þeirri framkvæmd sem viðhöfð var samkvæmt bréfinu frá 29. apríl 1991 og þaðan af síður legið undir því að ég hafi vísvitandi verið að brjóta lög.

Nú hefur komið í ljós samkvæmt úttekt að þessum 107 millj. hefur vart verið varið til reksturs nýrra stofnana eða hvað varðar breytt rekstrarform. Sá kostnaðarauki sem af þeim breytingum hefur hlotist á árinu 1991 hefur ekki numið þeirri upphæð sem þarna var millifærð, þ.e. 107 millj. kr. Þar af er ef til vill ekki um að ræða nema 37 millj. kr. og stafar það vafalaust af því að menn hafa reynt að gæta mjög aðhalds hvað þetta varðar, reynt að draga úr nýjum kostnaðartilefnum og kostnaðarauka og skil ég það út af fyrir sig.

Ég leyfði mér að vefengja það í umræðunum í gær að þessi tala gæti staðist, taldi hana lága og fannst ólíklegt að skiptingin væri þessi. Ég sé á þessu bréfi sem ég vitnaði til áðan frá heilbr.- og trmrn. til ríkisendurskoðanda frá 29. júlí 1992 að þetta er niðurstaða heilbrrn. Það er reyndar ekki niðurstaða Ríkisendurskoðunar að um þessar tölur sé að ræða sem ég hélt að væri samkvæmt upplýsingum hæstv. ráðherra í gær. Mér skildist það en ég hef þá bara misskilið hann. Þetta er niðurstaða ráðuneytisins og má einu gilda um það í sjálfu sér. Ég tel það alveg trúverðugar tölur að sjálfsögðu og tek þær eins og þær koma hér fram. En í þessu umræddu bréfi segir hér, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið hefur nú kannað hver kostnaður sjúkratryggingadeildar Tryggingastofunar ríkisins var á árinu 1991 vegna nýs reksturs daggjaldastofnana og hefur komið í ljós að þar er um að ræða 37 millj. kr. kostnað."

Þá liggur það fyrir að þessi 107 millj. kr. millifærsla eins og hún var gerð og undir þeim kringumstæðum sem hún var gerð og ég hef nú reynt að lýsa hefur reynst of há hvað það varðar að ekki hafa verið teknar í gagnið nýjar stofnanir á þessu sviði sem kostuðu svo mikið né eldri stofnunum breytt að rekstrarformi að 107 millj. kr. væri varið til þess. Þá er út af fyrir sig ekki óeðlilegt að heilbrrn. spyrji eftir því hvort eðlilegt sé að þarna sé fært til aftur fjármagn. Ég sé að um það mál hafa farið bréfaskriftir milli Ríkisendurskoðunar, ráðuneytisins og reyndar fjmrn. einnig.

Ég vildi, virðulegi forseti, aðeins láta þetta koma hér fram og reyna að skýra það eins ljóslega og mér er unnt á þessum tíma hvernig að málum var staðið á fyrri hluta árs 1991 og hvaða orsakir lágu þar að baki. Af minni hálfu var það fyrst og fremst það að standa a.m.k. við það að út úr framkvæmdasjóðnum væru greiddar þær upphæðir sem bæri að gera vegna tímabundins rekstrarkostnaðar nýrra stofnana. Ég gerði það í góðri trú að sjálfsögðu að þessum fjármunum mundi verða ráðstafað í þeim tilgangi sem lögin kveða á um og hafna því alfarið að hér hafi verið um að ræða lögbrot og enn þá frekar að það hafi verið vísvitandi gert. Slíkt get ég ekki sætt mig við og get ekki legið undir því. En ég get líka ákaflega vel fallist á það, eins og ég greindi frá áðan, að þær vinnuaðferðir sem þá voru viðhafðar séu ekki eins skilmerkilegar og þær sem nú hafa verið teknar upp í ráðuneyti heilbrigðismála af hálfu hæstv. heilbrrh. og ég hef lýst í þessu bréfi sem ég las upp úr og eru þess eðlis að er fært á milli úr sjóðnum í hverju einstöku tilviki eftir því sem kostnaðartilefnin koma.

Þetta vildi ég láta koma alveg skýrt fram, virðulegi forseti, og ekki liggja undir því sem umræðunum lauk með í gær.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það eru aðeins nokkur atriði sem fram hafa komið sem lúta að beinum spurningum sem ég vildi gjarnan svara. Í fyrsta lagi hafa tveir hv. þm. spurt um líklegan rekstrarkostnað á Eir samanborið við rekstrarkostnað á annarri sambærilegri þjónustu og hvaða kostir væru þá þar í boði.

Ég get ekki sagt neitt um líklegan rekstrarkostnað á Eir á næsta ári annað en það að í upphaflegum fjárlagatillögum heilbrrn. áður en endanlega var tekin ákvörðun um þá ramma sem hvert og eitt ráðuneyti á að starfa eftir mátum við það svo í heilbrrn. að ef ætti að tryggja Eir það rekstrarfé sem stofnunin þyrfti miðað við byggingaráform á þessu og næsta ári þyrfti að gera ráð fyrir 250 millj. kr. Hér er því um miklu meiri fjárhæðir að ræða en minnst hefur verið á. Ég hef rétt nýverið heyrt tölur um 120 millj. fyrir 50 rúma deild. Ég hef ekki getað kannað það sjálfur þannig að ég get enga staðfestingu á því gefið, hvorki játað því né neitað.

Hins vegar veit ég að það er mjög kostnaðarsamt að starfrækja rekstur í svo stórri byggingu með aðeins lítinn hluta af þeim rúmum í notkun sem búið er að byggja yfir. Aðrar sambærilegar stofnanir sem þetta hafa gert hafa orðið að taka á sig verulega vaxtabyrði út af því sem orðið hefur ágreiningsefni milli eigenda stofnananna annars vegar og heilbrrn. hins vegar, hvort ríkið ætti að greiða því að ég ítreka það að hér er um að ræða ákvörðun um byggingar sem ekki er tekin af ríkinu. Þó svo að ríkið styrki þessar byggingar eru þær byggðar af einkaaðilum og áform um byggingarhraða m.a. tekin af þeim og þau hafa ekki verið í samræmi við fjárhagsgetu Framkvæmdasjóðs aldraðra. Framkvæmdasjóður aldraðra á þess vegna enn óuppgert verulegt fjármagn meira að segja við þær byggingar

sem þegar hafa verið teknar í rekstur, hvað þá heldur þær sem í byggingu eru. Enginn heilbrrh. hefur treyst sér til að gefa neina skuldbindandi yfirlýsingar um hvenær Framkvæmdasjóður aldraðra geti staðið við þær greiðslur sem lögum samkvæmt eiga að fara frá honum til þessara bygginga.

Hér er því það vandamál á ferðinni að þriðji aðili er að reisa byggingar sem ríkið á síðan að taka við og reka og ríkissjóður getur enga ábyrgð gefið um það að þegar byggingaraðilar eru búnir að byggja verði rekstrarfjármagn fyrir hendi. Það er vandinn í þessu máli og það er ástæða til að vara við því að byggingaraðilar fari út í slíkar framkvæmdir án þess að það sé nokkuð ljóst að ríkissjóður sé þá reiðubúinn að greiða rekstrarkostnað þegar þar að kemur. Það hefur skapað aðilum veruleg ónauðsynleg vaxtaútgjöld sem þeir hafa átt í vandræðum með jafnvel árum saman.

Ég get því ekkert sagt um hvort þessar tölur um áætlaðan rekstrarkostnað 50 rúma deildar á einu ári séu líklegar. Mér finnst hins vegar harla ólíklegt ef talað er um sjúklinga sem mjög mikla umönnun þurfa eins og Alzheimer-sjúklinga að rekstrarkostnaðurinn sé ekki meiri en sá sem upp var gefinn.

Hvaða önnur úrræði eigum við í vistunarmálum aldraðra? Þar getum við nefnt sem dæmi að það hefur verið samið við Landakotsspítala um að opna eina hjúkrunardeild fyrir aldraða í húsnæði sem ella hefði ekki verið notað og spítalinn hefði ella lokað. Þar er um að ræða 22 rúma deild og þar er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaðurinn verði um 48 millj. kr. á ári sem er 2,1–2,2 millj. kr. á ári á hjúkrunarrúm. Þetta er allmiklu lægri fjárhæð en t.d. er greidd nú vegna þeirra hjúkrunarrúma sem eru í notkun á Skjóli. Þar minnir mig að daggjaldið sé í kringum 7 þús. kr. Ég held að ég fari rétt með það. Þarna er um að ræða allmiklu lægri fjárhæð, mismunurinn mun nema um 300–500 þús. kr. á rúm á ári sem mundi í rekstri 50 rúma deildar vera í kringum 12–18 millj. kr., jafnvel 20 millj. kr. á heilu ári.

Nú vitum við að á sjúkrahúsum í Reykjavík eru um 100 sjúkrarúm lokuð allt árið um kring. Á sama tíma og við erum að byggja nýjar byggingar erum við með í sjúkrastofnunum sem fyrir eru hvorki meira né minna en 100 hjúkrunarrúm sem eru lokuð allt árið um kring. Það er því ekki nokkur vafi á því, miðað við reynsluna af Landakoti, að ef menn eru að leita ódýrustu lausnanna, væri miklu ódýrara fyrir hið opinbera að opna og hefja starfrækslu á hjúkrunardeildunum sem til eru en hafa verið lokaðar fremur en að taka í notkun nýjar stofnanir. Það er enginn vafi á því. Sú reynsla liggur fyrir af þeim samningum sem gerðir hafa verið við Landakot.

Hv. 5. þm. Vestf. spurðist fyrir um hver væri stefna ráðuneytisins hvað varðar uppbyggingu hjúkrunarrýmis og þá skýrslu sem kom til umræðu í gær. Ég ítreka það sem sagði þá að sjálfsagt má ýmislegt að þeirri skýrslu finna þegar menn reyna að leggja mat á það hversu mörg hjúkrunarrúm séu á hverjum stað og hversu mörg sjúkrarúm séu notuð sem slík. Það er vitað að mörg af þeim hjúkrunarrúmum, sem leyfi var upphaflega gefið fyrir að ætti að nýta sem hjúkrunarrúm fyrir aldraða hér í Reykjavík, eru notuð í þágu annarra sjúklinga. Það er því líklegt að hjúkrunarrúm í Reykjavík séu oftalin í skýrslu heilbrrn. vegna þess að við höfum ekkert til að fara eftir í því sambandi annað en útgefin leyfi til starfrækslu. Með sama hætti er mjög líklegt að hjúkrunarrúm utan höfuðborgarsvæðisins séu vantalin vegna þess að allmikið af almennum sjúkrahúsaplássum úti á landsbyggðinni er notað sem hjúkrunarrúm fyrir aldraða. Eins og allir geta gengið úr skugga um sem heimsækja sjúkrahúsin utan Reykjavíkursvæðisins er allmikið af almennum sjúkrarúmum þar sem eru notuð fyrir aldraða hjúkrunarsjúklinga. Margir af þessum spítölum eru ekki annað í raun en hjúkrunarheimili. Það er því líklegt að í þessari skýrslu séu hjúkrunarrúmin utan Reykjavíkur vantalin svo líklega er enn þá meiri munur á fjölda hjúkrunarrýma, sem er raunverulega í notkun, á milli Reykjavíkursvæðisins og landsbyggðarinnar en gert er ráð fyrir í þessari skýrslu.

Hins vegar megum við ekki gleyma því að hjúkrunarrúm og hjúkrunarrúm eru ekki endilega eitt og það sama. Margar af þessum stofnunum sem hér um ræðir eru orðnar mjög gamlar og það vill nú svo til að ég hef farið nærfellt heilan hring í kringum landið á þessu einu og hálfa ári sem liðið hefur frá því að ég tók við embætti og hef heimsótt margar af þessum stofnunum. Það er alveg ljóst að mörg af þeim hjúkrunarrúmum sem í notkun eru fullnægja alls ekki eðlilegum kröfum og þá er ég ekki endilega að tala um þær kröfur sem gerðar eru í nýjustu og dýrustu byggingunum heldur þær kröfur sem við mundum telja að eðlilegt væri að gerðar væru til hjúkrunarvistar. Margar af þessum stofnunum eru orðnar gamlar og fullnægja hvergi nærri þeim kröfum sem gerðar eru. Ég vil því ekki að menn láti þessa skýrslu blekkja sig þannig og haldi að þær talnalegu upplýsingar sem koma þar fram þurfi endilega að þýða að það þurfi ekki ráðast í neinar frekari byggingar á einhverjum tilteknum stöðum. Á mörgum þessara staða, eins og ég sagði, eru stofnanir sem þyrfti að leggja niður og væri nauðsynlegt að breyta. Þó að ekki yrði nein nettófjölgun sjúkrarúma út úr þeim framkvæmdum sem ráðist yrði í yrði breytingin sú að aldraðir hjúkrunarsjúklingar flyttust úr aðstæðum sem eru óviðunandi og í viðunandi hjúkrunarpláss. Það vantar talsvert mikið upp á það mjög víða að þessi aðstaða sé viðunandi. Þrátt fyrir þessar talnalegu upplýsingar getum við ekki gengið út frá því sem gefnu að þessari uppbyggingu sé lokið.

Hv. 5. þm. Vestf. minntist á fleiri atriði sem ég vil gera að umtalsefni og enn varða þau talnalegar niðurstöður. Þó svo að með þessum fyrirvörum, sem ég hef gert áður, teljist Íslendingar standa sig nokkuð vel í uppbyggingu hjúkrunarvistunar samanborið við nágrannaþjóðirnar, ef Reykjavíkursvæðið er frátalið, þá gefa þessar sömu upplýsingar til kynna að Íslendingar séu mjög aftarlega á merinni hvað varðar aðra þjónustu við aldraða, svo sem heimahjúkrun og heimahlynningu og uppbyggingu hvers konar þjónustuaðstöðu.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni í umræðunum í gær að það hefur verið talsvert um að menn hafi byggt svokallaðar þjónustuíbúðir án þess að sú þjónusta, sem menn eru að stefna að, hafi risið jafnframt, meira að segja án þess að það sjáist að sú þjónustuaðstaða muni rísa á komandi tímum.

Það sem ég held að þurfi að gera í fyrsta lagi er að byggja upp hjúkrunaraðstöðuna í Reykjavík þannig að hún verði svipuð og á öðrum stöðum. Í öðru lagi að halda áfram uppbyggingunni til þess að hægt sé að taka úr notkun þau hjúkrunarheimili, sem ekki uppfylla lengur eðlilegar kröfur. Í þriðja lagi þarf svo að huga að tvennu. Það er annars vegar að auka þjónustuna við aldraða, bæði í heimahúsum og með uppbyggingu þjónustumiðstöðva, og svo þarf að huga sérstaklega að þeim hópi aldraðra sem haldnir eru ellihrörnunarsjúkdómum eins og Alzheimer-sjúklingum. Þessi hópur sjúklinga á eftir að vaxa mjög hratt á næstu árum ef spásagnarmenn hafa rétt fyrir sér. Þarna er um að ræða mjög dýra og sérhæfða vistun sem orðinn er mikill hörgull á í landinu í dag. Það er orðinn sár skortur á vistunarplássi fyrir Alzheimer-sjúklinga og það er alveg ljóst að þar erum við talsvert aftarlega í uppbyggingu þjónustu fyrir aldraða.

Hv. þm. spurði hvort sú tillaga sem hér er gerð, sem gengur raunar út á það að farið verði að leggja meiri áherslu á þjónustuna við aldraða fremur en uppbyggingu aðstöðunnar, stangist á við fyrirætlanir stjórnvalda og annarra um sameiningu sveitarfélaga. Nei, það þarf alls ekki að vera nema síður sé. Sveitarfélögin taka bæði við rekstri og væntanlega uppbyggingu öldrunarþjónustunnar, þar á meðal langleguþjónustunnar. Gangi sú hugmynd eftir sem menn hafa um að Framkvæmdasjóður aldraðra flytjist með verkefninu, þá flyst hann með verkefninu án tillits til þess hvernig honum er skipt nú á milli rekstrar og stofnkostnaðar. Það segir sig sjálft. Hitt er jafnljóst að þessa tilfærslu, sem menn eru hér að ræða um, er ekki hægt að gera nema sveitarfélögin séu stækkuð og þeim fækkað því að ella yrði geta þeirra til að veita þjónustu svo mismunandi að það mundi skapa misrétti á milli íbúa eftir því í hvaða sveitarfélagi þeir byggju.

Í fjórða lagi held ég að það hljóti að koma mjög til skoðunar í sambandi við stækkun sveitarfélaga, fækkun þeirra og tilflutning á þjónustu hvort ekki sé nauðsynlegt að endurvekja með einum eða öðrum hætti gamla sjúkrasamlagskerfið. Megingalli þess var sá að sjúkrasamlögin voru svo mörg og stærðarmismunur þeirra svo mikill að lítið sjúkrasamlag gat ekki veitt félagsmönnum sínum þá þjónustu sem stórt sjúkrasamlag gat. Þannig skapaðist misrétti á milli íbúanna. Ef stofnuð yrðu héraðssjúkrasamlög, sem yrðu tiltölulega fá og stór, væri þessu misrétti útrýmt og það má vel vera að í skoðun á þessum málum kunni menn að velja þá leið að endurvekja sjúkrasamlögin sem yrðu þá miklu stærri og færri en þau voru áður. Það kann að vera að menn þurfi að fara þá leið, m.a. vegna þess að ella gætu verið erfiðleikar á því að jafna útgjaldabyrðinni milli héraða sem reka mismunandi þjónustu. Það gæti verið eðlilegt að hin nýju sveitarfélög hefðu einhverja verkaskiptingu sín á milli í þessum rekstri svo það væri t.d. ekki rekið langlegusjúkrahús í hverju héraði heldur tæki eitt héraðið að sér að veita einhverja tiltekna þjónustu, t.d. langleguþjónustu, og annað hérað tæki að sér að veita aðra þjónustu á heilbrigðissviðinu. Mjög eðlilegt er að menn fari svipaða leið og farin er t.d. í nágrannalöndunum, að sjúkrasamlög semji sín á milli um kostnaðarskipti. Sé um það að ræða að eitt hérað kaupi þjónustu af öðru er mjög einfalt og að mörgu leyti gott að geta gert það í gegnum sjúkrasamlagskerfi sem mundi semja bæði við stofnanir og hugsanlega við sérfræðilækna um aðstoð. Þetta á eftir að koma í ljós og auðvitað er það ljóst að ef niðurstaðan úr viðræðum um sameiningu sveitarfélaga brýtur í bága við þau lög sem gilda kunna í landinu verður náttúrlega að breyta þeim lögum og þá í átt til þess samkomulags sem kann að verða gert um fækkun og stækkun sveitarfélaga.

Ég þakka hv. 11. þm. Reykv. stuðning hans við frv. Það er alveg rétt sem hann segir að auðvitað verður ekki stór breyting á starfsemi eins ráðuneytis þó að ráðherrar komi og fari. Ég vil ekki endilega fullyrða það með honum að allt það sem búið er að framkvæma nú séu tillögur sem byggðar eru á hugmyndum Framsfl. enda býst ég við því að framsóknarmenn séu sjálfir ekki reiðubúnir til að samþykkja það. Þeir mundu þá hafa verið einna traustastir stuðningsmenn heilbrrh. og ráðstafana sem hann hefur gert. Ég fagna því að sjálfsögðu ef nú hefur orðið sú breyting á hugarfari framsóknarmanna að þeir hafi komist að þeirri niðurstöðu að þetta séu allt saman tillögur sem byggðar eru á hugmyndum þeirra sjálfra og ég eigi von á stuðningi þeirra við að framkvæma þær.

Það er auðvitað ljóst að einn ráðherra byggir að verulegu leyti á þeim verkum sem fyrirrennarar hans hafa unnið og er engin ástæða til þess að draga neina fjöður yfir það. Að sjálfsögðu hef ég nýtt mér ýmsa vinnu sem fyrirrennarar mínir, bæði hv. þm. Guðmundur Bjarnason og fleiri hafa unnið í heilbrrn. Sú tillaga er mjög athugandi, sem hv. þm. kom með og raunar fleiri, að þessi breyting, sem nú er verið að gera á lögum Framkvæmdasjóð aldraðra, þ.e. að binda ekki ráðstöfun á fjármunum hans til stuðnings við rekstrarverkefni við einhvern ákveðinn hundraðshluta, sé gerð til bráðabirgða, til skamms tíma, t.d. eins eða tveggja ára. Það er sjálfsagt að skoða það. En ég bendi á að slík breyting getur náttúrlega virkað í báðar áttir. Slík breyting, að afnema takmarkanirnar, getur líka ef fer að ára betur hjá okkur, virkað í þá átt að menn séu ekkert bundnir við það að taka úr Framkvæmdasjóði aldraðra neina umtalsverða fjármuni til rekstrar. Ég vil engu að síður ítreka að það er nauðsynlegt fyrir stjórn framkvæmdasjóðsins og ráðherra að hafa svigrúm til að geta leyst vandamál sem koma upp frá degi til dags, vandamál af því tagi sem ég ræddi um hér síðast og lúta að heimahjúkrun, hvíldarinnlögnum aldraðra og öðrum slíkum málum vegna þess að það hefur komið í ljós á þessu ári að hægt er að finna lausn á slíkum vandamálum af hálfu ráðherra með tiltölulega tiltölulega litlum fjárskuldbindingum eins og það tókst að fá

lausn á allri þörf fyrir heimahjúkrun á Reykjavíkursvæðinu fyrir réttar 10 millj. kr. og hægt að fá lausn á allri þörf fyrir hvíldarinnlagnir á Reykjavíkursvæðinu fyrir tiltölulega fáar milljónir kr. Þetta tókst. Þetta var hægt að gera vegna þess að Framkvæmdasjóður aldraðra veitti svigrúm til þess að þetta væri hægt. Það er nauðsynlegt að varðveita svigrúm fyrir heilbrigðisyfirvöld til þess að leysa slík viðfangsefni.

Ég vil taka fram að ekki er búið að ráðstafa öllum fjármunum sjóðsins, aðeins þessum 160 millj. kr. sem fara eiga til rekstrar. Ég skal fúslega afhenda heilbr.- og trn. þingsins upplýsingar um hvað búið er að binda mikið af fjármunum sjóðsins. Ég hef það ekki hér í sæti mínu en það er alls ekki svo að allt annað fé en þessar 160 millj. sé þegar bundið vegna framkvæmdasamninga. Svo er ekki. Það er nokkurt fé, umtalsvert fé, sem er til ráðstöfunar fyrir sjóðsstjórnina þrátt fyrir það að þessar 160 millj. kr. séu teknar af ráðstöfunarfé sjóðsins. Hvað á að gera við þessar 160 millj.? Það er valin sú leið sem hæstv. fyrrv. heilbrrh. valdi, að ávísa þessum greiðslum á sjúkratryggingar enda sé gert ráð fyrir því að þessi tillaga verði samþykkt. Óðruvísi hef ég ekki lagalegar heimildir til að gera það. Það sem var m.a. á bak við þessar fjárhæðir var að hægt væri að framlengja og standa við það samkomulag sem gert var á þessu ári við Landakotsspítala um að opna rekstur nýrrar 22 rúma deildar sem ekki var í fjárlagagrunni yfirstandandi árs og hægt væri að standa við samkomulag sem gert hefur verið um hvíldarinnlagnir, m.a. við St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og fleiri sjúkrahús bæði í Reykjavík og á Akureyri. Til þess að fyrir því sé séð, sem ekki er í fjárlagagrunninum, verður að koma til stuðningur úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Það er m.a. gert með þessum hætti.

Ég er líka sammála hv. þm. um að okkur er það nauðsynlegt að líta á þjónustuna við aldraða fólkið í heild. Það er ekki nóg að geta bara sýnt fram á að við höfum lokið byggingarverkefnum ef ekki eru til fjármunir til þess að taka þær byggingar í notkun. Það er engum að gagni að nú skuli vera 100 sjúkrarúm í Reyjavík sem búið er að byggja yfir vegna þess að ekki eru til fjármunir til að halda þeim í rekstri. Það mundi ekki bæta hlut aldraða fólksins nokkurn skapaðan hlut þó að við þau rúm bættust 150 sjúkrarúm á Eir sem búið væri að byggja yfir en ekki væri hægt að reka. Steinsteypan ein gagnast ekki gamla fólkinu. Við verðum að líta á þá þjónustu í heild sem við erum að tala um. Það er ekki verra að geta haft svigrúm til þess að takast á við vandamál, eins og ég var að nefna áðan, í sambandi við heimahjúkrun, í sambandi við hvíldarinnlagnir og fleira sem við höfum á umliðnum árum því miður ekki lagt næga áherslu á vegna þess að við höfum verið svo upptekin af því að byggja.

Að lokum nokkur orð um það sem hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði áðan. Menn geti orðað hlutina með margvíslegum hætti þó að niðurstaðan sé sú sama. Ég ætla ekki að fara í deilur við hann um hvernig við orðum hlutina. Niðurstaða okkar er nákvæmlega sú sama. Niðurstaðan er sú að það var ekki heimilt lögum samkvæmt að flytja 107 millj. kr. frá Framkvæmdasjóði aldraðra yfir til sjúkratrygginga vegna þess að það var ekki búið að taka ákvarðanir og ákvörðun var ekki tekin á árinu um að svo miklu fé skyldi varið til að opna nýjar stofnanir í þágu aldraðra eða breyta elliheimilisvistun yfir í hjúkrunarheimilisvistun. Hvort menn orða það þannig að ekki hafi verið farið að lögum eða hvort menn orða það eins og ég gæti trúað að hv. þm. mundi hafa viljað gera að þarna hafi verið teflt á tæpasta vaðið, það út af fyrir sig skiptir ekki meginmáli. Niðurstaðan er sú að þessi gerningur var ekki heimill. Það þýðir að væntanlega verði til ráðstöfunar í Framkvæmdasjóði aldraðra 70 millj. kr. meira en fjárlög gera ráð fyrir. Sé svo hef ég fullan hug á því að nýta það fé til þess að geta opnað þá þjónustu við aldraða í Reykjavík, þ.e. rekstur á Eir sem ég tel að sé forgangsverkefni til þess að reyna að leysa úr því neyðarástandi sem er í hjúkrunarmálum aldraðra á höfuðborgarsvæðinu. Það þarf því ekki endilega að vera þegar upp er staðið að gerð fyrrv. hæstv. heilbrrh. hafi verið svo vond þegar reikningarnir eru gerðir upp ári síðar. Ég vildi gjarnan geta notað fjármunina með þessum hætti verði fallist á það álit Ríkisendurskoðunar að þessi gerð hafi ekki verið heimil og þess vegna eigi Framkvæmdasjóður aldraðra 70 millj. kr. meira fé til ráðstöfunar en fjárlög gera ráð fyrir. Það mál er ekki að fullu útkljáð en ég ítreka að verði það niðurstaðan hef ég fullan vilja til að nota það fé til þess að reyna að opna a.m.k. einhverja starfsemi á Eir á næsta ári og leysa þar með að litlu en einhverju leyti úr því neyðarástandi sem er í hjúkrunarmálum aldraðra hér á höfuðborgarsvæðinu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til að þakka fyrir það að þessi ítarlega umræða hefur farið fram um málefni aldraðra. Ég held að hún hljóti að vera gagnleg fyrir þá sem hafa verið að sinna þessum málaflokki og eru að sinna honum, a.m.k. fyrir okkur þingmenn og vonandi einnig hæstv. ráðherra.

Ég tel að komið hafi fram hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. mjög mikilvægar og jákvæðar yfirlýsingar. Það sem skiptir máli í mínum huga í því sambandi er fyrst og fremst það að ráðherrann hefur slegið því föstu að sá vandi sem við er að glíma í Reykjavík sérstaklega sé gífurlega mikill og meiri en víðast hvar annars staðar og að rými, sem notuð eru fyrir aldraða, séu vantalin á landsbyggðinni, eins og hann orðaði það sjálfur, en oftalin í Reykjavík. Það er mjög mikilvægt að þetta liggi hér fyrir sem afstaða núv. heilbrrh. í þessum málum og ég tel að það sé fagnaðarefni vegna þess að slík afstaða hlýtur að vera lykill að skynsamlegum ákvörðunum ef áfram er haldið með málin á þessum grunni. Það er einnig mjög mikilvægt að það hefur komið fram hér í þessari umræðu, að ég tel, að opnunin á hjúkrunarheimilinu Eir í Grafarvogi, að svo miklu leyti sem unnt verður vegna framkvæmdastigs, er forgangsatriði af hálfu heilbrrn. hér á þessu svæði, ef ég hef skilið ráðherrann rétt. En ég minni hins vegar á að það eru 20–25 rými tilbúin í Skjóli fyrir dag-

vist aldraðra sem ég tel að ætti í raun og veru að vera alla vega ekki neðar, jafnvel einum ofar á forgangslistanum en Eir er þrátt fyrir allt þar sem þessi rými í Skjóli eru tilbúin.

Það sem stendur upp úr að öðru leyti í þessum umræðum er svo það að hæstv. ráðherra er að flytja frv. um að opna möguleika til að taka framkvæmdasjóðinn allan í ríkissjóð. Það eru engin takmörk fyrir því í frv. eins og það lítur út að gera Framkvæmdasjóð aldraðra upptækan í ríkissjóð. Þeir hv. þm. Sjálfstfl. sem hér hafa talað eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson og hv. þm. Matthías Bjarnason hafa mótmælt þessu. Ég skil það svo að menn muni reyna að finna einhverja lausn á þessu máli á milli stjórnarflokkanna þar sem bersýnilega er um ágreining að ræða. Ég vona að það verði niðurstaðan að menn ákveði að varðveita Framkvæmdasjóð aldraðra. Hann þarf að vera til. Það er mjög mikilvægt að Framkvæmdasjóður aldraðra verði til og ég held að það sé mikilvægt líka vegna þess að á bak við Framkvæmdasjóð aldraðra er, mér liggur við að segja, mjög eindreginn skattgreiðsluvilji. Fólk vill gjarnan leggja fjármuni í þennan framkvæmdasjóð þó að menn séu kannski tregir til að láta peninga í hina almennu skattahít ríkissjóðs. Það vill gjarnan leggja peninga í Framkvæmdasjóð aldraðra og ég tel að það sé mjög mikilvægt.

Það væri fróðlegt að fara hér nánar yfir stefnumótunina í málefnum aldraðra. Ég tel að hún eigi að byggjast upp á mörgum þáttum. Hún á í fyrsta lagi að byggjast upp á heimaþjónustu, í öðru lagi á íbúðum með þjónustu, alvöruíbúðum með þjónustu, í þriðja lagi á samspili heilsugæslu og félagslegrar þjónustu en á það hefur t.d. skort í Reykjavík. Það hefur verið allt of lítil samvinna milli heilsugæslu og Félagsmálastofnunar þangað til nú. Í fjórða lagi á þessi þjónusta að vera með mjög öflugt vistunarmat fyrir aldraða. Í fimmta lagi nefni ég síðan öldrunarlækningarnar og ég nefni þær næst og áður en kemur að dagvistun, hvíldarinnlögnum og hjúkrunarheimilum. Öldrunarlækningarnar eiga að vera virkar lækningar á öldrunarsjúkdómum en ekki að vera legudeildir fyrir aldraða eins og þær hafa í raun og veru því miður orðið. Og loks nefni ég á eftir dagvistun, hvíldarinnlögnum og hjúkrunarheimilum sérúrræði af ýmsu tagi sem eru alltaf að verða flóknari og flóknari og kannski dýrari og dýrari og taka meira til sín. Það eru sérúrræði sem við höfum ekki talað um með sama hætti t.d. er við settum lögin um málefni aldraðra. Það eru t.d. heimili fyrir Alzheimer-sjúklinga svo dæmi séu nefnd.

Ég er nokkuð sannfærður um að þeir sem eru á Alþingi og kosnir eru af stjórnarflokkum eða stjórnarandstöðu eftir atvikum og hafa sinnt þessum málum gætu komið sér saman um forgangsverkefni. Ég held að það væri mjög mikilvægt ef mönnum auðnaðist að vinna þannig í málaflokki eins og málefnum aldraðra, skólamálum, félagsmálum eða hvað það nú er að menn vinni saman að því að finna einhverja lausn á málum, hvort sem menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Það breytir hins vegar ekki því, virðulegi forseti, að tillagan um það að gera framkvæmdasjóðinn upp, taka hann í ríkissjóð, er með öllu óaðgengileg af minni hálfu. Ég tek það fram og lýsi fullri andstöðu við hana. Hæstv. ráðherra vildi að vísu ekki viðurkenna að þetta væri svona en sagði: Það er ekki allt sett í rekstur heldur verða ekki fyrirmæli í lögum hvar mörkin skuli vera. Hæstv. núv. heilbrrh. hefur lag á því að koma hlutum þannig frá sér að þingmenn vita hvorki lönd né strönd þegar hann er að svara þeim vegna þess að hann svarar algerlega í austur þegar spurt er í vestur. Frægasta dæmi um það úr íslenskum stjórnmálum sem ég man eftir er reyndar þegar Albert Guðmundsson var spurður einu sinni um það sem forseti borgarstjórnar hvort það stæði virkilega til að hækka hitaveitugjöldin í Reykjavík. Þá svaraði hann sjónvarpsfréttamanninum mjög skýrt og ákveðið: „Það kemur ekki til greina að gengið verði fellt." Það þarf ekki að spyrja að því, spyrillinn spurði ekki frekari spurninga. Það er nokkuð svipað sem hæstv. heilbrrh. gerði í gær þegar hann sagði að það verði ekki fyrirmæli í lögum um það hvar mörkin skuli vera. Það má með öðrum orðum taka allan sjóðinn en það verða bara ekki fyrirmæli um það hvar mörkin skuli vera. Þegar hann var kominn alveg upp að vegg með þetta mál í gær hætti hann að tala um frv. sem við erum að ræða um hér og fór að tala um fjárlagafrv. og sagði að í fjárlagafrv. væri bara gert ráð fyrir að taka 160 millj. kr. Yfirleitt eru þessi svör með þeim hætti að hv. þm. vita varla hvað þeir heita, hvað þá hvernig þeir eiga að spyrja eða svara og andlitið á þeim verður eins og í kross. Út af fyrir sig má segja að hæstv. heilbrrh. takist þetta stundum allvel eins og þegar hann var að svara gagnrýni minni á lokun Landakotsspítala í fyrra. Þá vék hann óðara að ástandinu eins og það hefði verið að þróast í Sovétríkjunum á undanförnum 50–60 árum. Þetta eru auðvitað snjallar aðferðir en þær leysa engan vanda í málefnalegum umræðum.

Ég skora á hæstv. heilbrrh. að hætta þessu vegna þess að ef hann heldur áfram á sömu braut og hann hefur að öðru leyti fylgt í þessari umræðu geta menn örugglega komist að einhverri skynsamlegri niðurstöðu og þurfa ekki endilega að fara í kross í framan í hvert skipti þegar hann segir eitthvað hér í þessum ræðustól.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er ekki hægt að átelja menn fyrir það að vera samkvæmir sjálfum sér. Út af því sem hv. þm. Savar Gestsson sagði hér áðan þá held ég að menn séu að mestu leyti hættir að spyrja í austur. Hins vegar virðast allir vera farnir að svara í vestur. Ég man ekki betur en að í útvarpsumræðum hafi það verið aðalinntakið í ræðu formanns Alþb. að hann var stöðugt að svara í vestur og talaði mikið um Clinton og Gore. En látum það nú vera.

Ég vil aðeins benda á eitt í þessu sambandi og það er þetta: Ef Framkvæmdasjóður aldraðra væri alfarið bundinn til framkvæmda gæti heilbrrh. ekki nýtt sér að það kynnu að vera til 70 millj. kr. í framkvæmdasjóði umfram það sem fjárlög gera ráð fyrir til að opna og taka í notkun hluta af Eir, þann hluta sem búið er að

byggja. Ef allt fé Framkvæmdasjóðs aldraðra væri alfarið bundið við að fara til fjárfestingar yrði það fé, hvort sem það væri meira eða minna og þó að það væru þessar 70 millj. í viðbót sem kannski koma í framkvæmdasjóðinn umfram það sem ráð er fyrir gert í fjárlögum, að renna til fjárfestingar. Ég er ekki viss um, raunar síður en svo viss, að það væri betra fyrir gamla fólkið í Reykjavík að við settum 70 millj. kr. meira á næsta ári í steinsteypu en við áformum að gera en ekki væri hægt að taka eitt einasta sjúkrarúm á hjúkrunarheimilinu Eir í notkun. Og ég er líka sannfærður um að ef hv. þm. Svavar Gestsson hugsaði sig um og ætti að velja á milli þess að geta nýtt 70 millj. kr. eða kannski eitthvað meira úr Framkvæmdasjóði aldraðra til að opna 50 sjúkrarúm á Eir eða hvort nota ætti þessa peninga til að auka enn frekar fjárfestingar í þessum þætti heilbrigðismálanna með meiri steinsteypu, held ég að hv. þm. mundi í mínum sporum velja fyrri leiðina. En það er að sjálfsögðu ekki hægt að gera ef allir fjármunirnir í framkvæmdasjóðnum eru bundnir við fjárfestingar. Sjálfsagt getur hv. þm. svarað þessu í austur þó að ég spyrji í vestur. Ef hann ætti raunverulega að velja veit ég hvernig hann mundi velja og hann veit það sjálfur þótt hann vilji kannski ekki viðurkenna það.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur ekkert á óvart þó að hæstv. heilbrrh. mundi nota peninga í rekstur ef hann hefði þá. Það er engin frétt og það geri ég ráð fyrir að gildi hér um alla þingmenn. En um það snýst málið ekki heldur allt annað, þ.e. það er verið er að gera tillögu um það að ráðstafa öllum framkvæmdasjóðnum í ríkissjóð, þ.e. í almennan rekstur og draga úr framkvæmdagetu. Það er auðvitað hinn alvarlegi hluti þessa máls og það þýðir ekkert að skjóta sér á bak við afstöðu manna til steinsteypu í þessum efnum til eða frá. Málið snýst ekki um það. Það snýst bara um það að við þurfum fleiri stofnanir fyrir aldraða, því miður. Við þurfum Framkvæmdasjóð aldraðra og það er verið að skapa hættu á því að hann verði allur tekinn í ríkissjóð. Ég bendi á umsögn fjmrn. sem birt er sem fskj. með frv. Hafa menn lesið hana? Þar kemur það greinilega fram hvað fjmrn. ætlar sér að gera fyrir næstu fjárlagagerð. Það ætlar að taka allan sjóðinn í ríkissjóð. Hæstv. heilbrrh. þekkir fjmrn. Ég þekki fjmrn. og ég spái því að hann muni sem heilbrrh., ef honum endist aldur í starfi, sjá eftir því að hafa sleppt frv. svona í gegnum þingið, ef það fer svona í gegn, því þá koma þeir í fjmrn. og taka þetta en setja það ekki í rekstur heilbrigðisstofnana heldur í eitthvað allt annað. Það er hinn alvarlegi þáttur málsins sem við getum ekki skotið okkur á bak við hvort sem við spyrjum í austur eða vestur, norður eða suður, til hægri eða vinstri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Fylgifrumvörp EES-samningsins.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Í Morgunblaðinu annaðhvort í gær eða í fyrradag lýsti formaður þingflokks Sjálfstfl. því yfir að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið yrði að öllum líkindum samþykktur á hinu háa Alþingi fyrir lok nóvember. Nú liggur það fyrir að í frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið er listi um fskj. yfir fylgifrumvörp með EES-samningnum. Ég hef gert á því litla könnun hver af þessum boðuðu EES-frumvörpum hafi verið lögð fram og hver ekki. Ég sé ekki betur en að 35 frumvörp séu óframlögð. Ekki eitt einasta frv. er komið úr nefnd. Ég vil því spyrja hæstv. forseta: Hvenær er þessara boðuðu frumvarpa að vænta svo að þingið geti um þau fjallað áður en einhverjum dettur í hug að fara að taka sjálfan samninginn til atkvæðagreiðslu? Ég vil ítreka það, hæstv. forseti, að 35 frumvörp hafa ekki verið lögð fram og sé þess óskað skal ég lesa nöfnin á þeim. En ég tel það ekki nauðsynlegt nema þess sé sérstaklega óskað. Ég vil ítreka þá spurningu mína til hæstv. forseta hvort þessi frv. séu á næsta leiti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti verður að vænta þess að svo sé. Það er enn stefnt að því að standa við það samkomulag sem gert var á sínum tíma um að hægt verði að taka samninginn til afgreiðslu í nóvember eða fyrir nóvemberlok. Forseti hefur ekki ástæðu til að ætla annað en að svo verði og þau frumvörp sem enn eru óframkomin munu og eru að berast dag frá degi. Öðruvísi getur forseti ekki svarað þessari spurningu héðan úr forsetastóli.

Guðrún Helgadóttir:

Ég þakka hæstv. forseta fyrir svarið en verð að lýsa því yfir að mér þykir það töluvert ábyrgðarlaust hjal af hv. formanni þingflokks Sjálfstfl. að halda því fram að það sé hugsanlegur möguleiki, þó ekki væri nema tæknilegur möguleiki, að hægt sé að afgreiða samninginn um Evrópska efnahagssvæðið á meðan öll mál honum tengd eru enn í nefnd og 35 þeirra hafa ekki verið lögð fram. Ég get ekki séð með besta vilja hvernig hið háa Alþingi á hugsanlega að vinna alla þá vinnu sem afgreiðsla þessara frumvarpa krefst á þeim tíma sem eftir er til loka nóvember sem er um það bil einn og hálfur mánuður. Ég held að ástæða væri fyrir hæstv. forseta að ræða við stjórnarliðið um hvort þessi möguleiki er yfirleitt fyrir hendi svo ekki sé verið að lýsa því yfir í dagblöðum bæjarins um afgreiðslu mála hér á hinu háa Alþingi sem er ekki tæknilega mögulegt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það liggur fyrir að forseti stefnir að því að halda fund með aðilum þess samkomulags sem gert var á sínum tíma og formönnum eða fulltrúum þingflokkanna um þessi mál. Það verður fljótlega eftir helgina. Þá skýrast þessi mál væntanlega betur og verður hægt að upplýsa hv. þm. um þau þá.

Útbýting þingskjala:

Löggæsla á skemmtunum, 91. mál, svar dómsmrh. á þskj. 132.

Útboð á vegum menntamálaráðuneytisins, 57. mál, svar menntmrh. á þskj. 130

Málefni aldraðra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 97. mál (rekstrarframlög framkvæmdasjóðs). — Þskj. 113.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnB, IBA, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, LMR, MJ, MB, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO.

29 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, FrS, GÁ, GGuðbj, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, RA, StG, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnB, IBA, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, LMR, MJ, MB, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO.

29 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, FrS, GÁ, GGuðbj, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, RA, StG, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Sala hlutabréfa ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands hf.

Beiðni StG o.fl. um skýrslu, 112. mál. — Þskj. 131.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin leyfð með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnB, IBA, JÁ, JGS, JónK, JVK, LMR, MJ, MB, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO.

30 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, FrS, GÁ, GGuðbj, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, RA, StG, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Jöfnun verðlags, frh. 1. umr.

Frv. RA og MF, 40. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 41.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnB, IBA, JÁ, JGS, JónK, JVK, LMR, MJ, MB, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO.

31 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, FrS, GÁ, GGuðbj, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, RA, StG, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnB, IBA, JÁ, JGS, JónK, JVK, LMR, MJ, MB, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO.

31 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, FrS, GÁ, GGuðbj, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

Lyfjalög, frh. 1. umr.

Frv. FI o.fl., 50. mál (heildarlög). — Þskj. 52.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnB, IBA, JÁ, JGS, JónK, JVK, LMR, MJ, MB, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO.

30 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, FrS, GÁ, GGuðbj, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, RA, StG, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnB, IBA, JÁ, JGS, JónK, JVK, LMR, MJ, MB, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO.

30 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, FrS, GÁ, GGuðbj, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, RA, StG, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Þjónusta Ríkisútvarpsins á Suðurlandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. MF og GÁ, 73. mál. — Þskj. 75.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnB, IBA, JÁ, JGS, JónK, JVK, LMR, MJ, MB, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO.

30 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, FrS, GÁ, GGuðbj, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, RA, StG, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnB, IBA, JÁ, JGS, JónK, JVK, LMR, MJ, MB, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO.

31 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, FrS, GÁ, GGuðbj, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

Kynning á ímynd Íslands erlendis, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁMM o.fl., 103. mál. — Þskj. 121.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnB, IBA, JÁ, JGS, JónK, JVK, LMR, MJ, MB, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO.

30 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, FrS, GÁ, GGuðbj, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, RA, StG, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnB, IBA, JÁ, JGS, JónK, JVK, LMR, MJ, MB, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO.

31 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, FrS, GÁ, GGuðbj, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, RA, StG, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

Fjármögnun samgöngumannvirkja, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁMM o.fl., 104. mál. — Þskj. 122.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnB, IBA, JÁ, JGS, JónK, JVK, LMR, MJ, MB, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO.

30 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, FrS, GÁ, GGuðbj, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, RA, StG, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnB, IBA, JÁ, JGS, JónK, JVK, LMR, MJ, MB, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO.

30 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, FrS, GÁ, GGuðbj, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, RA, StG, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Rannsóknir á botndýrum í Breiðafirði, frh. fyrri umr.

Þáltill. StB o.fl., 108. mál. — Þskj. 126.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnB, IBA, JÁ, JGS, JónK, JVK, LMR, MJ, MB, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO.

30 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, FrS, GÁ, GGuðbj, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, RA, StG, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til sjútvn. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnB, IBA, JÁ, JGS, JónK, JVK, LMR, MJ, MB, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO.

30 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, FrS, GÁ, GGuðbj, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, RA, StG, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

34. FUNDUR

mánudaginn 19. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 17. mál, þskj. 17. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Jón Sigurðsson viðskrh.,
Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.

Útbýting þingskjala:

Endurgreiðslur virðisaukaskatts, 90. mál., svar fjmrh. á þskj. 155.

Endurskoðun umferðarlaga, 128. mál, þáltill. IP og FI, þskj. 148.

Fréttamaður Ríkisútvarpsins á Vesturlandi, 129. mál, þáltill. IP o.fl, þskj. 149.

Hvalveiðar, 130. mál, fsp. IP á þskj. 150.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, 127. mál, frv. EH og MB, þskj. 147.

Nám og námskröfur innan EES, 131. mál, fsp. IP á þskj. 151.

Rannsókn á áhrifum botndreginna veiðarfæra á lífríki sjávar, 137. mál, þáltill. MJ, þskj. 158.

Reiðvegaáætlun, 134. mál, fsp. FI á þskj. 154.

Sala rafmagns til skipa, 133. mál, þáltill. GuðjG o.fl., þskj. 153.

Umboðsmaður barna, 126. mál, fsp. GHelg á þskj. 146.

Vatnsorka, 118. mál, þáltill. PP og StH, þskj. 138.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 17. mál (lánsréttur). — Þskj. 17.

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Í tilefni af því að til stóð að mæla fyrir þessu frv. tók ég saman fáeinar tölur um þróun framlaga til menntamála á Íslandi síðustu missiri. Ég skoðaði fjárlagafrv. fyrir árið 1993 þar sem mér sýnist að heildarframlög til menntamála séu 15 milljarðar kr. Mér sýnist að ríkisútgjöldin séu um 111 milljarðar kr. Framlögin til menntamála eru þannig 13,5% af ríkisútgjöldum sem er lægsta hlutfall sem verið hefur frá árinu 1986. Sem sagt, við þurfum að fara sex til sjö ár aftur í tímann til þess að finna dæmi um jafnlítil framlög til menntamála og gert er ráð fyrir á árinu 1993.

Þjóðarframleiðslan er talin verða, þ.e. verg landsframleiðsla á næsta ári samkvæmt fjárlagafrv., um 390 milljarðar kr. Hlutfall menntamála af 390 milljörðum kr., 15 milljarðar, eru um 3,8% af vergri landsframleiðslu til menntamála á árinu 1993. Þar með erum við vissulega áfram fyrir ofan lægstu ríki OECD en aðeins rétt fyrir ofan þau. Við erum aðeins örfáum prósentubrotum fyrir ofan Tyrkland og Grikkland. Þetta er niðurstaðan af þeirri menntamálastefnu sem er verið að reka í landinu um þessar mundir. Gallinn er auðvitað sá að afleiðingarnar af þessum niðurskurði til menntamála munu því miður ekki birtast strax. Þær munu aðallega sjást eftir nokkur ár, eftir fimm ár eða tíu ár eða fimmtán ár, vegna þess að þessi niðurskurður til menntamála mun birtast í lakari lífskjörum á Íslandi en annars þyrfti að vera. Það er almennt viðurkennd staðreynd að niðurskurður til menntamála komi niður á lífskjörum þegar fram í sækir, einkum og sér í lagi í samanburði við aðrar þjóðir en grannþjóðir okkar verja allt að tvisvar sinnum hærra hlutfalli af þjóðartekjum til menntamála en gert er ráð fyrir að gera hér. Þetta er alvarlegt umhugsunarefni, virðulegi forseti. Auðvitað er niðurskurðurinn á Lánasjóði íslenskra námsmanna mjög stór þáttur í þessu efni.

Ég ætla í framsöguræðu minni fyrir þessu frv. sem við flytjum öll, þingmenn Alþb., að gera grein fyrir nokkrum atriðum.

Í fyrsta lagi ætla ég að fara lauslega yfir meðferð málsins í vor.

Í öðru lagi ætla ég að víkja sérstaklega í stuttu máli að hlut Alþfl.

Í þriðja lagi ætla ég að rekja nokkur dæmi um það sem hefur breyst í útlánareglum sjóðsins eftir að Alþingi samþykkti lögin en það eru ótrúlegir hlutir sem stjórn lánasjóðsins hefur samþykkt eftir að Alþingi afgreiddi lögin fyrir sitt leyti þannig að í rauninni hlýtur Alþingi að velta því mjög fyrir sér hvort það voru ekki alvarleg mistök að ætla stjórn sjóðsins eins mikið vald og gert er ráð fyrir í lögunum eins og þau hljóða nú. Mér sýnist að stjórn sjóðsins eða meiri hluti hennar hafi verið í samfelldu stríði við íslenska námsmenn í stjórninni allan tímann frá því að lögin voru sett.

Í fjórða lagi ætla ég að rekja afleiðingarnar af þessu almennt að svo miklu leyti sem þær liggja fyrir.

Sl. vor urðu miklar sviptingar um þessi mál á Alþingi eins og hv. þm. þekkja. Þingmenn stjórnarandstöðunnar fluttu fjölmargar brtt., m.a. fluttu þeir tillögu um að það ætti að stuðla að jafnrétti til náms. Sú tillaga var felld. Flutt var tillaga um að það ætti að taka tillit til fjölskyldustærðar og félagslegrar stöðu námsmanna að öðru leyti. Tillögur okkar í þeim efnum voru líka felldar. Fluttar voru tillögur um að Iðnnemasamband Íslands mætti eiga aðild að stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Þær voru var felldar. Að allt þetta þrennt, sem ég hef nefnt, jafnrétti til náms, var fellt, tillit til fjölskyldustærðar, var fellt og aðild Iðnnemasambandsins, var fellt hefur núna á síðustu mánuðum birst íslenskum námsmönnum sem ískaldur veruleiki, m.a. iðnnemum þannig að nú er hætt að lána

til grunnnáms, m.a. þannig að ekki er lengur lánað til náms við undirbúningsdeild Tækniskóla Íslands, m.a. þannig að þegar um er að ræða veikindi eða önnur hliðstæð vandamál námsmanna hefur stjórn lánasjóðsins meðhöndlað lögin af ótrúlegu hugarfari, miklum kulda, gagnvart því fólki sem stundar nám þannig að með ólíkindum er og bersýnilegt þess vegna að það að fella út orðið jafnrétti, það hefur verið litið á það sem stefnumótandi yfirlýsingu af hálfu meiri hluta stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna, að það ætti ekki að fylgja jafnréttisstefnu í ákvörðunum sjóðsins, eins og ég mun koma að í ræðu minni á eftir.

Þegar þetta frv. var til meðferðar hér, virðulegi forseti, gerði formaður þingflokks Alþfl. ítarlega grein fyrir máli sínu við atkvæðagreiðsluna með býsna eftirminnilegum hætti. Formaður þingflokks Alþfl. sagði að ef lögin mundu hafa miklar breytingar í för með sér þá mundi hann beita sér fyrir breytingum á lögunum. Ef lögin yrðu sérstaklega neikvæð fyrir námsmenn, ef námsmönnum mundi fækka eða eitthvað því um líkt gerast út af setningu laganna þá mundi hann beita sér fyrir breytingum í þessu efni. Og aðeins örfáum vikum, ég hygg tveimur til þremur vikum eftir að formaður þingflokks Alþfl. mælti þessu fleygu orð, var haldið flokksþing Alþfl., mjög frægt flokksþing, sem menn fylgdust með í fjölmiðlum. Þar var samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða að beita sér fyrir breytingum á lögunum um Lánasjóð íslenskra námsmanna þannig að eftirágreiðslureglurnar í 6. gr. yrðu afnumdar en í staðinn gætu námsmenn fengið lán jafnóðum eins og verið hafði um langt árabil. Og Alþfl. lét ekki hér við sitja heldur setti niður nefnd, sérstaka nefnd að mér skilst, á vegum þingflokksins þar sem formaður nefndarinnar mun vera hv. 7. þm. Norðurl. e., Sigbjörn Gunnarsson. Alþfl. hefur gefið það í skyn með afgerandi hætti í þrjú skipti að það beri að taka mark á honum í þessu efni. Formaður þingflokksins gefur yfirlýsingu, Alþýðuflokksþingið gerir sérstaka samþykkt, þingflokkur Alþfl. setur niður sérstaka nefnd, þannig að það er auðvitað ástæða til að ætla það, virðulegi forseti, og ég vona að svo sé að eitthvað sé að marka það sem Alþfl. segir í þessum efnum, að hann muni taka þátt í að breyta lögunum og þá sérstaklega 6. gr. Það var með hliðsjón af því að við ákváðum í þingflokki Alþb. að flytja tillögu um breytingar á 6. gr. einni til að láta reyna á þennan pólitíska vilja Alþfl. alveg sérstaklega. Kanna hvort eitthvað sé að marka það sem Alþfl. segir í sínum yfirlýsingum eða nefndaskipunum. Þess vegna er það sem við takmörkum okkur við þessa einu grein þó að það sé auðvitað þannig að við séum fyrir okkar leyti tilbúin með frv. um Lánasjóð íslenskra námsmanna og heildarendurskoðun á þeim lögum. Ég teldi hins vegar skynsamlegt að kanna fyrst hvort hægt sé að fá þessu eina atriði, sem er í rauninni eitt það alversta í lögunum um lánasjóðinn, breytt. Þess vegna er það mjög mikilvægt, virðulegi forseti, um leið og ástæða er til að þakka fyrir að menntmrh. er viðstaddur, að í salnum er fulltrúi Alþfl. í menntmn. sem ég vona að eigi kost á því að taka þátt í þessum umræðum.

Eins og ég gat um áðan, virðulegi forseti, hafa ýmsar breytingar verið gerðar á reglunum um lánasjóðinn eftir að Alþingi samþykkti sín lög sl. vor. Fulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna hefur rakið þessar breytingar ítarlega á opinberum vettvangi. Hann hefur sagt að aðalafleiðingarnar séu sem hér segir:

Í fyrsta lagi, segir hann: Stærsti hópurinn sem hættir námi — en þegar liggur fyrir að fólki fækkar — eru konur vegna þess að makinn er gjarnan í námi og þau treysta sér ekki til að fara í banka með alla upphæðina, eins og fulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands orðar það, þau treysta sér ekki til að fara í banka með alla upphæðina og taka hana þar að láni. Þau hafa heldur varla ábyrgðarmenn til að skrifa upp á alla þessa tölu. Þetta er niðurstaða hans númer eitt, það eru konur sem eru að hætta námi.

Við erum með öðrum orðum að stíga aftur í gamla kerfið þar sem stúlkurnar unnu fyrir strákunum meðan þeir voru í námi og síðan fór það svo að þær áttu oft mjög erfitt með að komast nám síðar þó þær gjarnan vildu af því að fjölskylda þeirra var búin að vefja sig fasta í skuldir vegna húsnæðis og af fleiri ástæðum.

Í öðru lagi segir fulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands í stjórn LÍN: Einstæðar mæður leggja ekki í háskólanám þar sem þær treysta sér ekki í banka með sína framfærslu. Þær treysta sér ekki til að sækja þetta lán í bankana. Þær vilja ekki hætta vinnu, segir hann, og fara í nám til þess að standa svo uppi atvinnulausar ef þær ber upp á sker í náminu. Ef það t.d. gerist að barnið þeirra eða börnin veikjast meðan þær eru í prófum þá missa þær lánsrétt nema þær hafi lokið meira en helmingi þeirra prófa í prófalotunni sem þarf að ljúka til að ná fullri námsframvindu. Þær taka ekki þessa áhættu að sleppa kannski öruggri vinnu og fara í skóla. Þetta kalla ég til marks um það að stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna hefur litið svo á að úr því að Alþingi felldi út orðið jafnrétti þá bæri að túlka lögin með þessum hætti.

Kona í námi sem er í miðjum prófum og hefur kannski lokið þremur til fimm einingum eða svo en þarf að ljúka fimmtán til að skila fullri námsframvindu, barnið veikist, hún getur fengið bætt við þetta samkvæmt áætlun 25% eða komið einingafjöldanum á skrá hjá sjóðnum upp í sex til sjö en það dugir ekki og hún fær ekkert lán.

Ung efnalítil stúlka sem ætlar í nám við þessar aðstæður og hefur fasta vinnu hún fer ekki í nám því það er of mikil áhætta fyrir hana og barnið hennar. Þetta eru afrekin sem stjórn lánasjóðsins ber m.a. ábyrgð á.

Í þriðja lagi segir fulltrúi SHÍ í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna: Fólk af báðum kynjum sem ætlar að fara í framhaldsnám, hefur t.d. lokið BA-prófi, hættir við að fara í framhaldsnám. Við þekkjum mörg dæmi um þetta. Ég geri ráð fyrir því að við öll hér í salnum þekkjum fjöldamörg dæmi um einstaklinga, bæði karla og konur, sem hafa hætt við að fara í framhaldsnám vegna þeirra breytinga sem hér hafa verið gerðar.

Ég ætla síðan, virðulegi forseti, til að sanna það með beinum hætti hvað lánasjóðsstjórnin hefur beitt miklu gerræði gagnvart námsmönnum að nefna 13 dæmi um breytingar á reglum lánasjóðsins sem stjórn sjóðsins hefur beitt sér fyrir. Ég ætla ekki að nefna dæmi um einstaklinga sem ég hef tugum saman í fórum mínum. Ég ætla ekki að gera það. Ég ætla ekki að nefna dæmi um hvernig vafamálanefnd lánasjóðsins hefur afgreitt mál af ótrúlegu skilningsleysi. Ég ætla ekki að fara út í það vegna þess að þar er um að ræða persónulega hluti. Ég ætla bara að nefna 13 dæmi um afgreiðslu stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna til þess að sanna mál mitt.

1. Stjórn lánasjóðsins setur þá reglu að ef barn námsmanns veikist í prófum megi bæta við 25% vegna þess að veikindin eiga sér stað. Niðurstaðan af þessu er sú að ef námsmaður hefur lokið 6 einingum þegar barnið veikist getur einingafjöldinn farið upp í 7 eða 8 einingar en samt missir námsmaðurinn lánsrétt og getur raunar ekki haldið áfram námi á lánum frá Lánasjóði ísl. námsmanna. Hann þarf þá að skríða til bankakerfisins til þess að biðja um framhald og hafa ábyrgðarmann til þess að skrifa upp á sig.

2. Segjum að það gerist að stúlka sé í miðjum prófum, verði léttari í prófum en hafi lokið tilteknum hluta prófanna. Segjum að hún hafi aðeins lokið rétt innan við helmingi prófanna, 6 einingum af 15 ef hún er í BA-námi. Hún missir lánsrétt. Og það er engar undanþágureglur í þessum skrautprentuðu ritum lánasjóðsstjórnarinnar frá þessu.

3. Auðvitað er talsvert um það, svo að ég nefni eitt dæmi enn, að námsmenn eru með meðlagsskyld börn en ekki beint á sínu framfæri. Niðurstaða núverandi stjórnar sjóðsins er sú að námsmaðurinn fær ekki meðlagsgreiðslurnar metnar inn í lánsfjárþörfina. Niðurstaða: Menn hætta námi. A.m.k. veit ég um eitt dæmi þess.

4. Þegar lánasjóðnum er sagt að 9 einingar á önn séu taldar fullt nám í mastersnámi í Bandaríkjunum, þá segir lánasjóðurinn allt annað af því að hann veit auðvitað mikið betur. Lánasjóðurinn segir að það sé mögulegt að taka 12 einingar og því séu 9 einingar aðeins 75% námsframvinda. Fram til þessa hefur sjóðurinn verið sammála skólunum um að hæfilegur tími til að ljúka mastersnámi sé tvö ár. Nú styttir Lánasjóður ísl. námsmanna námið hjá sér í háskólum í Bandaríkjunum eins og þeir leggja sig. Miklir menn erum vér, Hrólfur minn. Lánasjóðsstjórnin styttir námið um hálft ár og afleiðingarnar: Fólk siglir í strand og hættir nema það eigi að ábyrgðarmenn sem eru tilbúnir til þess að skrifa upp á mismuninn í bankakerfinu.

5. Frestir sem settir eru til að sækja um lán eru túlkaðir svo strangt af stjórn sjóðsins að tugir manna hafa misst lánsrétt fyrir þessa önn af þeim ástæðum.

6. Undirbúningsnám iðnnáms, grunndeildir málmiðnaðarins, byggingariðnaðarins, er strikað út og undirbúningsdeildir í Tækniskólanum og Samvinnuháskólanum eru strikaðar út. Niðurstaða: Grunninum að þessum skólum og þessari tegund menntunar er kippt undan fólki. Tækniskólinn t.d. er mjög þýðingarmikill skóli einmitt fyrir iðnaðarmenn þar sem fólk er kannski komið nokkuð yfir tvítugt og hefur verið úti á vinnumarkaði um skeið. Aðgangur að þessum skóla verður miklu erfiðari en ella.

7. Ég nefni hvernig staðið hefur verið að málum gagnvart bönkunum, sem menn eru þó að hrósa sér af, þar sem niðurstaðan er sú að námsmenn eru að borga 13,5–14% vexti á sama tíma og verðbólga er talin 2%. Þessi sérstöku vildarkjör bankanna sem menntmrh. var að tala um í vor eru 12% raunvextir á námstímanum hjá þessu fólki.

8. Ég nefni þá staðreynd að þegar um er að ræða svokallað launað nám erlendis, sem snertir aðallega lækna í framhaldsnámi, missa þeir algerlega lánsrétt þegar þeir fá 50–60 þús. kr. á mánuði þó þeir séu með fjölskyldu. Þetta hefur orðið til þess að sumir þessara manna hafa ákveðið að nota ekki réttinn til launa úti til þess að geta fengið lán út á sig og fjölskyldu sína. Það lítur líka hlálega út að ekki sé meira sagt. Þegar hlið við hlið eru Íslendingar þar sem annar stundar framhaldsnám í læknisfræði og gæti átt rétt á launum en hinn í líffræði og á ekki rétt á neinum launum, þá lítur þetta náttúrlega fáránlega út frá sjónarmiðum þessara aðila.

9. Til marks um hvernig haldið hefur verið á málum af hálfu stjórnar lánasjóðsins ætla ég að skýra frá því að stjórn Iðnnemasambands Íslands, en Iðnnemasambandið er ekki lengur í Bandalagi ísl. sérskólanema með sama hætti og áður var, fór fram á það að fá áheyrnarfulltrúa í LÍN. Iðnnemasambandið taldi að það hefði alla ástæðu til að ætla að menntmrh. væri hlynntur þessu. Ég man ekki hvort hann sendi eitthvað frá sér opinberlega um þetta mál. Stjórn INSÍ skrifaði lánasjóðnum fyrir tveimur mánuðum og bréfið hefur ekki fengist tekið fyrir í stjórn lánasjóðsins þannig að Iðnnemasamband Íslands veit ekki enn hvort það getur átt nokkra aðild að þessum málum.

10. Ég nefni þá staðreynd að með því að hætta að lána til skólagjalda í grunnháskólanámi er verið að útiloka fólk frá svokölluðu grunnháskólanámi í Bretlandi og Bandaríkjunum og yfirleitt í engilsaxnesku löndunum. Með þessu er verið að þrengja möguleika íslenskra námsmanna og þar með íslensku þjóðarinnar á því að ná til þeirrar þekkingar sem þarna getur verið um að ræða. Fólk getur að vísu fengið lán en það eru lán á markaðskjörum til 10 ára og 10 ára frá þeim tíma þegar lánið er tekið, ekki þegar náminu lýkur heldur frá þeim tíma þegar lánið er tekið.

11. Þá tel ég, virðulegi forseti, að í vinnubrögðum stjórnar lánasjóðsins birtist óvenjuleg lítilsvirðing við allt sem heitir listnám. Staðreyndin er auðvitað sú að listmám t.d. í tónlist, söng sérstaklega, verður ekki stundað nema í einkaskólum þar sem eru skólagjöld. Það er verið að segja við alla þá sem ætla að stunda söngnám á háskólastigi erlendis þar sem eru skólagjöld: Þið getið ekki fengið almenn námslán í þessu skyni heldur aðeins 10 ára lán á markaðsvöxtum. Hvað á þetta að þýða? Og það birtist einnig sem aðför að listnámi að mínu mati þegar fellt er niður lán, eins og stendur víst til að gera, til undirbúnings náms í Mynd-

lista- og handíðaskóla Íslands. Það var rætt um það sl. sumar að fella þau lán niður. Það var ekki gert heldur var því frestað um eitt ár en það var orðað nákvæmlega svona: Því er frestað um eitt ár. Hvaða áhrif hafði þetta? Í staðinn fyrir 130–160 umsækjendur um undirbúningsnám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands *sóttu hvað margir? 60. Það hefur orðið hrun í* þessum hópi, svo ég noti orð Bjarna Daníelssonar skólastjóra í samtali við mig núna rétta áðan.

12. Þetta kemur líka fram í því sem ég nefni hér, virðulegi forseti, en það er sú staðreynd að það er búið að lækka lán vegna bókakaupa um helming, þ.e. úr 60% af mánaðarframfærslu í 30% af mánaðarframfærslu. En nú er ekki lánað til efniskaupa og það er auðvitað sérstaklega bagalegt í listnámi á háskólastigi, einkum og sér í lagi í myndlist. Það er hrapallegt að menn skuli hafa umgegnist þessa hluti með þessum hætti.

13. Ég ætla að nefna eitt dæmi enn. Stjórn sjóðsins, svo mögur sem hún er í afgreiðslum á íslenskum stúdentum erlendis eða fólki sem er í listnámi erlendis, er rausnarleg þegar kemur að einkaskólum á Íslandi því að hún hefur ákveðið að veita námslán á tölvubrautir *í einkaskólum en hefur hafnað því að veita námslán á* tölvubrautir í framhaldsskólum.

Hér hef ég, virðulegi forseti, nefnt 13 dæmi til marks um það að ég er algerlega sannfærður um að þó að einstakir þingmenn hafi afgreitt hlutina frá sér með tilteknum hætti og gert ráð fyrir því að þar með yrðu þeir svo, þá hefur stjórn sjóðsins og meiri hluti hennar í raun og veru afgreitt þetta með þeim hætti að ég segi fyrir mig af því að ég þekki þingmenn ágætlega sem einstaklinga: Ég trúi því ekki að þeir hafi vitað um þessi vinnubrögð. Ég er sannfærður um að þeir hafa yfirleitt ekki vitað um þau og ég efast um að hæstv. menntmrh. hafi í öllum tilvikum vitað um þessi vinnubrögð.

Ég er þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að það sé óhjákvæmilegt að það verði kannað sérstaklega og rannsakað hvernig stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna hefur unnið, farið ofan í afgreiðslur hennar á einstökum málum lið fyrir lið því að þessi dæmi sem ég hef nefnt eru alveg nægileg sem sönnunarefni um að það er ekki hægt að treysta því að þarna sé með sanngjörnum hætti haldið á málum.

Niðurstaðan af þessu, virðulegi forseti, hefur svo öll orðið *sú sem nú liggur fyrir. Námsmönnum er að* fækka. 1990–1991 voru 5.342 einstaklingar á nemendaskrá Háskóla Íslands. Þeir eru núna 5.059. Þeim hefur fækkað um 5%. Skólaárið 1990–1991 voru 2.700 foreldrar í námi og fengu lán úr Lánasjóði ísl. námsmanna, en eru núna 1.966. Þeim hefur fækkað um 27%. Þetta eru auðvitað fyrst og fremst konurnar. Samtals voru þá hjá lánasjóðnum 8.042 en eru núna 7.025, fækkun 1.023, það er ekki lítið, eða um 12,7%. Með öðrum orðum hefur þeim sem skipta við lánasjóðinn fækkað um 12,7%. Til þess voru kannski refirnir skornir. Það var kannski það sem stóð alltaf til.

En hefur þá framlagið líka lækkað um 12,7%, virðulegi forseti? Hefur það lækkað um 12%? Nei. Frá 1990–1991 til 1992–1993, á sama tímabili og nemendunum sem taka lán hefur fækkað um 12,7%, hefur framlagið á sambærilegu verðlagi lækkað um 35,4%. Framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna samkvæmt fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir er 1.710 millj. kr. Hafa heildarlánin sem gert var ráð fyrir lækkað *um 12,7% eins og fólkinu hefur fækkað?* Nei. Heildarlánveitingar hafa ekki lækkað um 12,7% heldur 28,8% á sama tíma. Það er þess vegna ekki nóg með að það hafi verið settar reglur sem skera af námsmenn í stórum stíl upp á 1.000 manns heldur er líka það sem þetta fólk fær í hendurnar miklu minna en áður var.

Ég hef stundum sagt að námsmenn hafi orðið fyrir harðari árásum af þessari ríkisstjórn en nokkur annar hópur hlutfallslega. Ég stend við það. Ég tel mig hafa sýnt fram á það í ræðu minni að námsmenn hafi ekki aðeins orðið fyrir skerðingu sem nemur falli þjóðartekna og kaupmáttar launa, nei. Hrunið í lífskjörum námsmanna er miklu meira og það alvarlega í málinu er svo auðvitað það, virðulegi forseti, að þessar alvarlegu staðreyndir munu ekki birtast okkur sem þjóð, sem heild, fyrr en eftir mörg ár. Menntunin er undirstaða góðra lífskjara í þróuðu þjóðfélagi. Og þegar verið er að brjóta menntunina á bak aftur þýðir það ósköp einfaldlega að það verður færra fólk og lakari árangur í rannsóknum, vísindum og þróunarstarfsemi komandi ára og áratuga. Menn verða því ekki dæmdir fyrir þennan niðurskurð í kosningunum 1995 því að það sést ekki þá en það sést kannski 1999 og 2003. Það er verið að brjóta niður lífskjaragrunn Íslendinga til næstu aldar. Sama fólkið og núna geysist um héruð reynandi að selja Íslendingum þann pakka að við munum leysa allan vanda með því að verða aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Ég ætla ekki að fara út í þau mál hér en ég segi alveg eins og er. Ef það er svo að Evrópskt efnahagssvæði skili einhverjum árangri, þá er verið að strika hann allan út með þessu.

Hæstv. menntmrh. hefur ákveðið að beita sér fyrir sérstakri rannsókn á stöðu rannsókna-, vísinda- og þróunarstarfsemi hér á landi. Hingað koma útlendir aðilar í þessum mánuði og munu halda sérstaka ráðstefnu um þau mál á lokastigi sinnar vinnu. Það verður haldinn fundur, ég hygg á vegum Rannsóknaráðs ríkisins og Vísindaráðs 30. okt. nk., ef ég man rétt. Ég hlakka til að fá tækifæri til að vera þar og fylgjast með umræðum. *En ég er alveg sannfærður um* það eftir að hafa fylgst með umræðum um menntamál, vísindi og framlög til vísinda á undanförnum árum, bæði hér og erlendis, að sú staðreynd að við erum komnir niður að Grikklandi og Tyrklandi mun ekki auðvelda það verk sem menn ætla sér að vinna í rannsóknum, vísindum og þróun.

Ég sé ekki betur, virðulegi forseti, en með þessari heildarstefnu í menntamálum, sem ég hef hér aðeins tæpt á, sé verið að þrengja okkur niður á lífskjarastig Tyrklands og Grikklands. Vilja menn það? Ég er sannfærður um að hv. Alþingi vill það ekki.

Í trausti þess að undirtektir verði góðar við þetta mál, með hliðsjón af yfirlýsingum Alþfl., með hlið-

sjón af því að ég er viss um að einstakir þingmenn vita ekki hvernig farið hefur verið með þeirra mál í stjórn lánasjóðsins, með hliðsjón af því öllu treysti ég því að þessu máli verði vel tekið. Ég legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Frú forseti. Rétt til að svara fyrir nokkra hluti sem hv. þm. Svavar Gestsson hefur verið að fullyrða hér en eru mér sum hver ókunnug þótt ég sitji sem formaður stjórnar sjóðsins, þá ætla ég rétt að tæpa á helstu atriðunum sem hann minntist hér á. Ég mun síðan svara öðru í ræðu hans seinna.

1. Varðandi 25% viðbótareiningar vegna veikinda þá hefur því atriði verið lítið breytt frá síðustu reglum. Benda má á hvort menn geti alltaf tekið það með í reikninginn að konur séu einmitt ófrískar í prófum og þær taki bara 6 einingar. Ef við mundum nú taka 9 einingar eða 10 einingar. Þetta er bara spurning.

2. Ég skil ekki athugasemd hv. þm. varðandi meðlögin.

3. Ég skil ekki heldur athugasemd varðandi mastersnámið í Bandaríkjunum. Hún á ekki við rök að styðjast sú fullyrðing. Stjórnin hefur í engu stytt það nám sem þar fer fram. Það er að vísu í athugun hvort eigi að lána til meira en tveggja ára þegar um ritgerðir er að ræða sem fylgja mastersnáminu.

4. Næsta atriði var að frestir séu túlkaðir strangt. Til þess eru dagsetningar að standa við þær, þær eru ekki settar til að menn geti brotið þær. Hvers eiga hinir að gjalda sem standast tímann?

5. Ég nefni næst að undirbúningur iðnnáms, tækniskóla, samvinnuháskóla sé strikað út. Það var ákvörðun stjórnar sjóðsins að lána ekki til náms sem væri jafngildi stúdentsprófs. Það nám sem þarna fer fram er ígildi þess. Við getum alveg eins farið að lána til náms við fjölbrautaskóla í landinu. Hv. þm. sýndi það og sannaði þegar hann var menntmrh. að hann var höfðingi og útdeildi fjármunum okkar skattborgaranna og fór létt með það.

Í úthlutunarreglum er reiknað með 9% vaxtaálagi ofan á lánin. Einnig var lánað vegna náms erlendis, læknanáms, og það er líka í athugun að breyta því. Yfirleitt er þar um að ræða menn sem hafa mjög há laun.

Það er spurning hvort Iðnnemasambandið eigi að vera í stjórn sjóðsins. Þetta var nú einu sinni eitt samband, þ.e. samband sérskólanema. Nú klauf Iðnnemasambandið sig út og ég spyr: Ef einhverjir fleiri ætla að kljúfa sig út úr einhverjum öðrum samböndum eiga þeir þá að fá aðild að stjórn sjóðsins?

Virðulegi forseti. Af því að tíma mínum er lokið ætla ég að fá að svara öðru seinna.

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega ekki hægt að svara þessum þrettán atriðum sem ég nefndi í stuttu andsvari. Ég skil vel að hv. þm. eigi erfitt með það. Enda kom í ljós að hann skildi ekki það sem ég sagði í veigamiklum atriðum og það er kannski vegna þess að ég hafi tjáð mig mjög óskýrt. Það er spurning hvort hann vill ræða þessi mál við fulltrúa Stúdentaráðs Háskóla Íslands og Sambands ísl. námsmanna erlendis í stjórn lánasjóðsins, hvort hann vill reyna einu sinni að hlusta á þetta fólk. Allar þessar upplýsingar sem ég er með eru frá því fólki sem starfar meira og minna í Lánasjóði ísl. námsmanna og í lánamálunum með hv. þm. Það væri því fróðlegt fyrir hann einhvern tíma ef hann léti svo lítið að hlusta einu sinni á þetta fólk.

Varðandi Iðnnemasamband Íslands ætla ég bara að segja þetta: Iðnnemasamband Íslands er ekki bara einhver hópur. Iðnnemasamband Íslands er langsamlega stærstu samtökin innan Bandalags ísl. sérskólanema. og að segja að Iðnnemasambandið hafi farið út með einhverjum hætti, eins og hv. þm. gerði hér, sýnist mér benda til þess að hann hafi ekki sett sig nægilega vel inn í málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér er spurn hvort fulltrúar námsmanna séu sérstakir fulltrúar Alþb. og Svavars Gestssonar í stjórninni. Mér heyrðist það á máli þingmannsins. Þetta hefur verið rætt í stjórninni. Við höfum rætt mörg atriði í stjórninni. Þar hefur verið komið til móts við námsmenn í mörgum atriðum, sumum ekki.

Varðandi það sem hann sagði áðan um listnám, þá hefur ekki verið talað um það að lána ekki í Myndlista- og handíðaskólann. Ég kannast ekki við það. Það hefur verið talað um að lækka lán vegna bókakaupa um helming og að ekki verði lánað til efniskaupa. Ég mun skýra hér á eftir hvers vegna það var gert.

Í þriðja lagi var athugasemd um að stjórnin hafi verið rausnarleg að lána til tölvubrautar í einkaskóla. Ég vil beina þeirri fyrirspurn til þingmannsins að sýna það og sanna að sú ákvörðun hafi verið tekin í stjórninni. Menn eigi ekki að fleipra með slíka hluti á hinu háa Alþingi nema hafa sannanir fyrir því.

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af fyrir sig gæti ég lagt fram ýmis fleiri gögn um lánasjóðinn eða verið fús til þess að fræða formann stjórnar lánasjóðsins enn frekar en ég hef gert hér í dag um þennan sjóð sem hann stýrir en það er ekki kostur á því í andsvarstíma. Aðeins eitt atriði og það er þetta: Það er ævinlega verið að dylgja um það í málflutningi hv. þm. og annarra forustumanna ríkisstjórnar í þessum málum að undirritaður hafi sérstök og grunsamleg sambönd við það fólk sem vinnur t.d. í menntmrn. Síðasta vor setti hæstv. menntmrh. á langar tortryggnisræður um það að fólk í menntmrn. væri alltaf að kjafta í mig og hv. þm. ætlar að nota sömu aðferðina. Tilgangurinn er auðvitað sá að reyna að hræða fólk frá því að tala við stjórnarandstöðuna. Þetta er ólýðræðislegt offors sem ég vísa á bug og ég vona að við getum átt samstarf við fulltrúa námsmanna í stjórn lánasjóðsins eftir því sem þörf gerist hvort sem menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. En það er dapurlegt þegar menn eru orðnir þvílíkt rökþrota bú að þeir skuli þurfa að gefa sig upp til forseta Alþingis með þeim hætti sem hv. þm. gerði hér áðan.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég mun, eins og hv. 1. flm. þessa frv., rifja upp nokkur atriði varðandi lánasjóðsmálið. Margt af því ræddum við auðvitað á síðasta þingi þegar það frv., sem varð að lögum þá, var hér til umræðu. Af eðlilegum ástæðum verður mín upprifjun með nokkuð öðrum hætti en hv. 1. flm. sem talaði áðan.

Mér virðist það vera einkum tvennt sem ráði flutningi þessa frv. Í fyrsta lagi er það sjálfsagt þörfin fyrir að standa við stóru orðin frá því á síðasta þingi, frá umræðunni um lánasjóðinn þá. Í öðru lagi sýnist mér að það sé þörfin fyrir að ögra formanni þingflokks Alþfl. eins og fram kemur í grg. með frv. Ef hann væri hér staddur væri hann vafalaust fær um að svara fyrir sig. Í grg. er vitnað í það að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi lýst því yfir við afgreiðslu frv. að hann mundi beita sér fyrir breytingum á 6. gr. ef hún hefði þau áhrif í framkvæmd að námsmönnum fækkaði, eins og segir í grg. Hér er ranglega vitnað í ummæli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar við afgreiðslu frv. Hann sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég ítreka það hins vegar að leiði reynslan í ljós að 6. gr. hindri menn í að stunda nám sitt með eðlilegum hætti, þá áskil ég mér allan rétt til að eiga þátt að breytingum á því ákvæði í framtíðinni."

Þetta voru orð þingflokksformannsins.

Nú er það svo að fækkun námsmanna er ekki mælikvarði á það hvort eitthvert eitt atriði hindri þá í að stunda nám sitt með eðlilegum hætti og mjög hæpið er að halda því fram að nú þegar sé komin reynsla á það hver áhrif 6. gr. hefur í framkvæmd. Í grg. með frv. er því haldið fram að námsmönnum hafi þegar fækkað að því er verður skilið vegna nýrra laga og reglna um LÍN. Það hefur hins vegar víða komið fram í fjölmiðlum að í raun sé ógerningur að svo stöddu að meta nákvæmlega hvernig þróun fjölda lánþega LÍN muni verða milli skólaársins 1991–1992 og þess skólaárs sem nú er nýhafið. Í ár giltu aðrar reglur um umsækjendur en á síðasta ári. Í fyrra var litið svo á að fólk sem var í námi næsta skólaár á undan væri sjálfkrafa umsækjendur. Nú í ár var þessu breytt þannig að allir þurfa að sækja um lán. Ekki er sjálfkrafa litið á þá sem nutu lána á síðasta skólaári sem umsækjendur. Með þessu móti er mun hægara um vik fyrir lánasjóðinn að áætla fjölda lántakenda en áður var. Af þessum sökum er alls ekki hægt að ályktа á grundvelli fjölda umsækjenda í ár, eins og gert hefur verið, um fækkun fólks í námi eða fækkun einstakra hópa miðað við fjölskylduaðstæður. Þetta verður líkast til fyrst hægt að gera með sæmilegri nákvæmni eftir næstu áramót.

Á hinn bóginn er ljóst að gífurleg fjölgun lánþega varð hjá sjóðnum á tímabilinu 1988–1991 eða um 40% í námi hér á landi. Þá fjölgaði foreldrum hlutfallslega meira en einstaklingum sem fengu aðstoð sjóðsins. Búist var við að draga mundi úr þessari bylgju alveg án tillits til breytinga á reglum. Þetta hefur gerst og nú eru vísbendingar um að hlutfall foreldra og einstaklinga sé svipað og það var áður en þessi mikla fjölgun átti sér stað eða um 30% foreldrar og 70% einstaklingar. Það eru því lítil efni til þess að draga þær ályktanir sem flm. og forustumenn námsmanna hafa gert af þróun lánþegafjölda hjá lánasjóðnum.

Það er með öllu ótímabært að breyta lögum sem sett voru á síðasta vori um Lánasjóð ísl. námsmanna eins og hér er lagt til. Þau voru sett vegna hins gífurlega vanda sem blasti við sjóðnum sem ekki síst stafaði af ábyrgðarleysi þeirra sem áttu að gæta hagsmuna hans síðustu árin. Lögunum var breytt til að koma í veg fyrir gjaldþrot sjóðsins. Fyrrv. menntmrh. og 1. flm. þessa frv. sem við erum hér að ræða ákvað með reglugerð að hækka námslán um nálægt 20% fram yfir verðlagsbreytingar á árunum 1989–1990. Þetta þýddi 750 millj. kr. aukin árleg útgjöld fyrir sjóðinn á núverandi verðlagi. Á sama tíma ákvað þáv. fjmrh. svo og þeir þingmenn, sem studdu þáv. ríkisstjórn, að lækka framlög til sjóðsins um 660 millj. kr. á milli áranna 1990 og 1991. Það er nauðsynlegt að rifja þetta upp.

Á sama tíma og námslán voru hækkuð umfram verðlag um nær 20% rýrnaði kaupmáttur fólks á almennum vinnumarkaði svo um munaði. Þannig var kaupmáttur ráðstöfunartekna um 13% lakari árið 1991 en hann var 1988. Þarna varð því á skömmum tíma stórkostleg röskun á kjörum fólks á almennum vinnumarkaði samanborið við þá sem höfðu námslán sér til framfæris. Til að mæta hækkun námslána og lækkun ríkisframlags til LÍN voru slegin lán. Á árinu 1991 jukust þessar lántökur um 1.560 millj. kr. Þessi lán eru tekin til skamms tíma og þau eru nú orðin svo þung byrði á sjóðnum að afborganir og vextir af þeim einum saman stórauka fjárþörf hans árlega á næstu árum ef ekkert verður að gert.

Þessar aðgerðir fyrrv. menntmrh. og mikil fjölgun lánþega í kjölfarið gerðu það að verkum að námsaðstoð jókst úr rúmlega 2.900 millj. kr. árið 1989 og stefndi í 4.500 millj. á föstu verðlagi árið 1991 ef óbreyttar úthlutunarreglur hefðu gilt allt það ár. Hækkun námslána var að raungildi um það bil 1.600 millj. kr. eða rúmlega 50% á tveimur árum. Á sama tíma lækkuðu fjárveitingar til sjóðsins, eins og ég sagði áðan, um 660 millj. kr. Þetta var vandinn sem sjóðurinn stóð frammi fyrir og við þessar aðstæður hafði ég og stjórn LÍN engan annan kost en að taka í taumana til að forða lánasjóðnum frá þroti og reisa fjárhag hans við þannig að hann gæti áfram gegnt afar þýðingarmiklu hlutverki fyrir námsmenn og raunar þjóðina alla.

Úthlutunarreglum var breytt vorið 1991. Þær breytingar fólust fyrst og fremst í því að teknar voru til baka þær óraunhæfu hækkanir á lánum umfram verðlag sem ákveðnar höfðu verið. Þessar aðgerðir drógu úr fjárþörf sjóðsins um 250 millj. á árinu 1991 og að auki um það bil 750 millj. kr. á yfirstandandi ári. Lögum um LÍN var síðan breytt eins og hv. þm. er kunnugt. Nýju lögin treysta fjárhag sjóðsins verulega til frambúðar. Með nýjum úthlutunarreglum fyrir skólaárið 1992–1993 var svo enn dregið úr fjárþörf sjóðsins.

Það er rétt að gera sér grein fyrir því hverju var breytt með nýjum lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna þótt reyndar hafi farið fram viðamikil umræða um það mál á síðasta þingi. Með nýjum lögum um LÍN var

fyrst og fremst leitast við að treysa fjárhagslegan grundvöll sjóðsins til frambúðar og leggja þannig grunn að því að hann geti starfað áfram og gegnt hlutverki sínu. Það má öllum vera ljóst að gjaldþrota lánasjóður tryggir engum jafnrétti til náms. Þetta var gert með því að setja í lögin ákvæði um lága vexti á námslán og auka endurgreiðslu til sjóðsins frá því sem áður var. Þá var gert ráð fyrir því að námsmenn fengju ekki lán fyrr en eftir þeir hefðu sýnt fram á námsframvindu á hverju missiri eða önn. Þessi síðasttalda breyting varð, eins og kunnugt er, aðalatriði gagnrýni hér á hinu háa Alþingi. Í raun er það meginefni þess frv. alþýðubandalagsmanna sem hér er til umræðu, að afnema ákvæði nýsettra laga um þetta efni.

Á það hefur margoft verið bent að þetta ákvæði laganna er beinlínis forsenda þess að þeir, sem stunda nám sitt af alúð og skila eðlilegum afköstum í námi, fái eftir sem áður fullt framfærslulán þrátt fyrir sparnaðaraðgerðir. Það er kjarni málsins að því er varðar þessa breytingu á lögunum.

Ég tel rétt að árétta, þótt mikið hafi verið rætt um þetta atriði í umræðum um frumvarpið um LÍN á síðasta þingi, að með þessu ákvæði um að námslán greiðist eingöngu eftir að árangur liggur fyrir er gert kleift að tengja upphæð námslána afköstum í námi þannig að maður sem lýkur t.d. 75% afköstum fái í samræmi við það 75% af fullu láni. Þannig er í raun krafist 100% námsframvindu til þess að fullt lán sé veitt. Með þessum hætti er dregið verulega úr fjárþörf LÍN og þannig er hægt að forðast að sá niðurskurður, sem ákveðinn hefur verið á heildarframlögum til námsaðstoðar, bitni á mikilvægustu sérkennum íslensks námslánakerfis. Þar er án efa einna mikilvægast ríkt fjölskyldutillit. Þá er einnig sneitt hjá því að sparnaðaraðgerðir komi niður á því fólki sem stundar nám sitt og skilar eðlilegri námsframvindu samkvæmt skipulagi skóla. Þetta ákvæði nýju laganna er einnig forsenda fyrir því að hægt er að sníða ýmsa afar slæma galla af fyrri reglum sjóðsins. Þar má nefna að námsmenn sem skila ekki upplýsingum um námsárangur eða fullnægja ekki skilyrðum sjóðsins um námsafköst fá einfaldlega ekki lengur lán. Vonast er til þess að ofgreiðslulán verði úr sögunni eftir þessar breytingar. Einnig er vonast til þess að komið verði í veg fyrir að fólki verði synjað um aðstoð sjóðsins vegna ófullnægjandi námsárangurs ef það hyggur á nám eftir nokkurt hlé.

Því miður hefur það verið of algengt að fólk hefur fengið námslán vegna missiris eða skólaárs, hætt við svo búið í námi og ekki lokið tilskildum árangri. Óski þetta fólk eftir aðstoð LÍN eftir nokkur ár, þegar það hefur hug á að hefja nám að nýju, hafa reglur sjóðsins verið þannig að því er synjað um lán þar til strönguum skilyrðum er fullnægt. Slíkum bakreikningum verður ekki til að dreifa þegar fólk þarf að skila árangri áður en námslán er greitt út.

Ég vék að því áðan að með úthlutunarreglum fyrir skólaárið 1992–1993 hefur verið dregið úr fjárþörf sjóðsins. Það munu vera um 500 millj. kr. Þetta var nauðsynlegt til að ná endum saman í fjármálum LÍN á næsta ári. Í raun hafði stjórn sjóðsins tvo kosti í þessum efnum. Annar var að skerða öll námslán þar á meðal almenna grunnframfærslu. Láta mun nærri að skerða þyrfti framfærslulán til námsmanna um 17–18% ef þessi leið hefði verið farin til að ná fjárþörf sjóðsins á næsta skólaári niður í 3.400 millj. kr., en það er sú upphæð sem ætlað er að verja til námsaðstoðar samkvæmt fjárlagafrv. Hinn kosturinn var að grípa til betri nýtingar fjármagns fyrst og fremst með kröfum um eðlilega námsframvindu og að auka festu í framkvæmd lánveitinga, draga úr aukalánum o.s.frv. Eins og kunnugt er ákvað stjórn LÍN að velja síðari kostinn. Sú ákvörðun var ekki síst byggð á því að með þeim breytingum væri hægt að komast hjá því að hrófla við meginundirstöðum námslánakerfis okkar. Breytingar á úthlutunarreglum sem samþykktar voru af stjórn sjóðsins í byrjun sumars fólu m.a. í sér breyttar kröfur um námsframvindu, lækkun lána vegna bókakaupa, breytingu á ferðastyrkjum í ferðalán og lækkun barnastuðla. Þær fólu í sér minni fjárþörf sjóðsins en ella. Á hinn bóginn var frítekjumark hækkað til að auðvelda námsmönnum að afla meiri tekna til fjármögnunar á haustlánum sínum. Að auki er gert ráð fyrir að hækka lán til að vega upp á móti vaxtakostnaði vegna breytinga á útgreiðslu lána.

Það er rétt að geta þess að stjórn LÍN hefur á margvíslegan hátt leitast við að auðvelda námsmönnum þá breytingu sem verður á útgreiðslutíma námslána. Meðal þess sem stjórnin hefur samþykkt er að lán vegna skólagjalda þeirra sem stunda nám erlendis verða greidd fyrir fram á svipuðum tíma og tíðkast hefur. Þetta veldur því að skólagjöld að upphæð um 200 millj. kr. greiðast nú strax í haust. Þeir námsmenn sem höfðu fengið staðfesta skólavist í grunnháskólanámi eða sérnámi erlendis fyrir 3. júní sl., þegar úthlutunarreglur fyrir skólaárið 1992–1993 voru gefnar út, fá lán vegna skólagjalda í samræmi við reglur sem giltu á síðasta ári. Ferðalán til þeirra sem stunda nám erlendis verða greidd strax og þeir hafa lagt fram gögn um ferðir sínar og fjölskyldu. Bókalán verða greidd í einu lagi við fyrstu útborgun framfærsluláns til námsmanna.

Í kjölfar viðræðna stjórnarmanna LÍN við forráðamenn banka og sparisjóða um breyttan útborgunartíma lána úr sjóðnum hafa lánastofnanir keppst við að bjóða námsmönnum aukna þjónustu. Því er ljóst að námsmenn sem svo kjósa geta fengið fyrirgreiðslu hjá bönkum og sparisjóðum á auðveldan hátt. Sérstöku álagi verður bætt ofan á námslánin vegna þess að þau greiðast nú að meðaltali tveimur til fjórum mánuðum síðar en áður. Þetta álag er miðað við 9% raunvexti á ári og bætist við lán allra námsmanna án tillits til þess hvort þeir taka lán eða ekki. Talið er að þetta hækki námslán samtals um 50 millj. kr. á næsta skólaári.

Ábyrgðarmönnum er gefinn kostur á að taka sjálfskuldarábyrgð á takmarkaðri upphæð námslána. Þetta auðveldar námsmönnum að ganga frá ábyrgðum fyrir lánum sínum og að gefa út eitt skuldabréf fyrir lánum sem þeir hyggjast taka það sem eftir er námsferils þeirra.

Það hefur verið haft á orði að með nýjum lögum um

LÍN hafi verið afnumið jafnrétti til náms á Íslandi. Sem betur fer er hér um algjöra sleggjudóma að ræða. Hv. þm. Svavar Gestsson gerði að umtalsefni að felld hefði verið tillaga eða fellt hefði verið brott úr lögum orðið „jafnrétti" til náms. Það er rétt að tillagan var felld, en þetta orð hefur aldrei staðið í lögum. Það stóð ekki í fyrri lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Eftir gildistöku nýrra laga eru námslán hér á landi eftir sem áður mjög hagstæð. Ég vek athygli á því að þrátt fyrir þær breytingar sem gerðar voru telur Hagfræðistofnun Háskólans að í raun séu 54% af námslánum styrkur úr ríkissjóði vegna lágra vaxta, óhjákvæmilegra affalla af lánum og hagstæðra lánskjara jafnvel þótt þau endurgreiðist nú fyrr en áður.

Þegar litið er til þess að höfuðmarkmið Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að stuðla að jafnrétti til náms án tillits til efnahags, er rétt að hafa í huga að áfram er stuðlað að jafnrétti með veitingu námslána samkvæmt hinum nýju lögum. Námlán bera nú 1% vexti en til samanburðar má nefna að 6–8% raunvextir eru á námslánum í öðrum ríkjum Norðurlanda.

Annað árið í röð er dregið úr skerðingu lána vegna tekna námsmanna og maka þeirra. Á skólaárinu 1990–1991 urðu námsmenn að sæta því að tekjur þeirra sjálfra og maka þeirra sem fóru fram yfir frítekjumark sjóðsins leiddu sjálfkrafa til skerðingar á námslánum sem nam 75% af umframtekjum. Þessi skerðing var minnkuð í 50% á síðasta ári og í úthlutunarreglum fyrir árið 1992–1993 er gert ráð fyrir verulegri hækkun frítekjumarks en með því er átt við að tekjur megi vera mun meiri en áður án þess að til skerðingar námslána komi. Námsmenn eru þannig hvattir til að afla eigin tekna og takmarka lántökur sínar.

Með markvissum aðhalds- og sparnaðaraðgerðum hefur tekist að treysta í sessi sérstöðu íslensks námslánakerfis. Sú sérstaða felst í miklu félagslegu tilliti, einkum fjölskyldutilliti. Á þessu sviði hafa Íslendingar algjöra sérstöðu t.d. meðal Norðurlandaþjóða. Þegar þetta er skoðað kemur í ljós að sem betur fer er það svo að jafn réttur íslenskra námsmanna til náms án tillits til efnahags er tryggður og treystur með nýjum lögum og reglum um LÍN og enn þá hefur íslenskt námslánakerfi algjöra sérstöðu með félagslegt fjölskyldutillit.

Það er raunar hafið yfir allan vafa að námsaðstoð við fjölskyldufólk á Íslandi er betri en gerist á Norðurlöndum og þar með yfirleitt í öðrum löndum enda alkunna að Norðurlandabúar standa þar fremstir í flokki meðal þjóða heims.

Samkvæmt niðurstöðum starfsmanna LÍN sem aflað hafa upplýsinga um reglur sem gilda um námsaðstoð á Norðurlöndum, kemur í ljós að við Íslendingar erum í algjörum sérflokki á því sviði að styðja fjölskyldufólk til náms. Samkvæmt úthlutunarreglum skólaárið 1992–1993, eftir breytingar á reglum LÍN, á íslenskur námsmaður með maka og tvö börn rétt á námslánum sem nemur 103 þús. kr. á mánuði. Sams konar fjölskylda í Finnlandi á rétt á lánum og styrkjum sem nema rúmlega 42 þús. kr., í Svíþjóð tæplega 64 þús. kr., í Noregi liðlega 73 þús. kr. og í Danmörku ríflega 43 þús. kr. Við erum því í algjörum sérflokki þegar kemur að stuðningi við fjölskyldufólk í námi.

Menn hafa reynt að drepa þessum staðreyndum á dreif og gripið til þess ráðs að fullyrða að námsmenn fái mun meiri almenna félagslega aðstoð á Norðurlöndum en gerist hér á landi. Í því sambandi er þó þess að geta að íslenskir námsmenn fá sömu styrki frá opinberum aðilum á Norðurlöndum eins og þarlendir námsmenn. Það er þó e.t.v. ekki kjarni málsins svo mikill munur er á námsaðstoð við íslenskt fjölskyldufólk miðað við fjölskyldur á Norðurlöndum að félagslegir styrkir utan námsaðstoðarkerfis bæta þann mun engan veginn upp.

Eins og ég sagði í upphafi virðist það frv. sem hér er til umræðu fyrst og fremst lagt fram til að standa við stóru orðin frá í fyrra og til að stríða þingflokksformanni Alþfl. Það er ótímabært að leggja til breytingar á lögum sem verið er að hefja framkvæmd á og röksemdafærsla hv. flm. byggir á misskilningi og forsendum sem engan veginn standast.

Útbýting þingskjala:

Evrópska mannfjöldaráðstefnan 1993, 135. mál, fsp. KÁ á þskj. 156.

Skilgreining á hugtakinu Evrópa, 136. mál, fsp. KÁ á þskj. 157.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þykir það miður að hæstv. menntmrh. skuli vera að bera saman námslánakerfi erlendis og það námslánakerfi sem við búum við hér á landi. Ég hélt að samkomulag hefði verið um það í þeirri miklu umræðu sem fram fór í vor og ég hygg að menntmrh. hafi tekið undir, að í raun og veru sé útilokað að bera íslenskt fyrirkomulag, hvort heldur er eldra fyrirkomulagið eða það fyrirkomulag sem komið hefur verið á fyrir tilstuðlan núv. ríkisstjórnar, saman við það fyrirkomulag sem er á stuðningi við námsmenn erlendis. Það er með öllu ósambærilegt og menn eiga því ekki að bera slíka hluti saman því það er rangt.

Það sem gerði það hins vegar að verkum að ég kvaddi mér hljóðs í andsvari við ræðu hæstv. menntmrh. var að nú guma menn mjög af því að vextirnir skuli vera 1%, bera saman raunvexti á lánum í bankakerfinu og segja að þetta séu algjörir smámunir miðað við það sem menn þurfa að borga í bönkum. Hins vegar er það svo að vextirnir munu hækka og ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því. Þess vegna var mjög hættulegt að taka vextina inn í lögin og það á eftir að koma í ljós hvaða aðferðum menn beita í þeim efnum.

Hæstv. menntmrh. gumaði einnig af því að núna væri búið að auka mjög tekjutillit hjá lánasjóðnum, menn gætu unnið miklu meira. Það er nú aldeilis gott fyrir námsmenn að geta unnið í atvinnuleysinu.

Staðreyndin er sú að með því að auka tekjutillitið er verið að opna sjóðinn fyrir þá námsmenn sem ekki þurfa á aðstoð hans að halda. (**Forseti:** Ræðutími hv.

þm. er liðinn. Bið ég hann um að ljúka máli sínu.) Ég er að ljúka máli mínu, virðulegur forseti. Ég ætla bara að segja að lokum að þeir námsmenn sem ekki geta aflað sér tekna ...(**Forseti:** Ræðutími hv. þm. er liðinn og bið ég hann um að ljúka máli sínu svo næsti ræðumaður komist að.) Virðulegur forseti, það eru örfá orð eftir. Þeir námsmenn sem ekki geta aflað sér þessara tekna þurfa að gjalda þess að þeir sem hafa nógar tekjur geta fengið stuðning frá lánasjóðnum.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):
Ég vil minna hv. þm. á að ræðutími í andsvörum er tvær mínútur og ekki lengri.

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:
Virðulegur forseti. Ég kvaddi mér einnig hljóðs út af samanburðarfræðum hæstv. menntmrh. og bendi á að hann sleppir tveimur veigamiklum atriðum. Í fyrsta lagi því að talsverður hluti af þeirri námsaðstoð sem veitt er á Norðurlöndum og hann er að tala um, er ekki lán heldur styrkir. Í öðru lagi því að á Norðurlöndum er um að ræða betri almenna félagslega aðstoð, bæði í formi húsnæðisstyrkja og barnabóta sem eru hærri en hér á landi. Þegar upp er staðið og allt er vegið saman þá er það því miður orðið svo að við getum ekki lengur sagt: Ísland er með besta námslánakerfi á Norðurlöndum. Það er liðin tíð, svo er hæstv. menntmrh. og ríkisstjórn hans fyrir að þakka í þessu efni.

Enn fremur vil ég víkja að hinu atriðinu sem hann gerði að umtalsefni í ræðu sinni einu sinni enn. Það er að lánin hafi verið hækkuð um 20% umfram verðlag í minni tíð. Það er rétt en þau höfðu verið skorin niður einhliða af Sverri Hermannssyni og Ragnhildi Helgadóttur um 20% á sínum tíma. Þegar upp er staðið þá er þróun kaupmáttar námsmanna annars vegar og tímakaups hins vegar, ef litið er yfir sama tíma, mjög svipuð.

En ég minni á og legg áherslu á að það er óeðlilegt og ósæmilegt að egna saman launamönnum og námsmönnum með þeim hætti sem hæstv. menntmrh. gerði áðan.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:
Herra forseti. Ég tek nú alveg undir það að menn ættu að fara varlega í allan samanburð. En ég ætla að leggja áherslu á að samanburður á námslánakerfum Íslands og annarra landa hefur ekki fyrst og fremst verið vakinn af mér. Þetta hafa menn verið að gera í umræðunni, einkum andstæðingar breytinganna sem ríkisstjórnin gekkst fyrir í fyrra. Og það er enn verið að þessu.

Ég er hérna með súlurit sem sýnir hvernig námslánakerfið er miklu sterkara hér á landi en í ríkjum Norðurlanda. (**Gripið fram í:** Hvaða súlurit er það?) Ég sagði líka áðan og ítreka það að íslenskir námsmenn á Norðurlöndum njóta ýmissar félagslegrar aðstoðar þar alveg eins og íbúar þeirra landa. Svo er samningum milli Norðurlanda fyrir að þakka. Þannig að þótt íslenskir námsmenn séu þar við nám þá sitja þeir við sama borð að því leyti og félagar þeirra á Norðurlöndum.

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:
Virðulegur forseti. Þetta er nokkuð vandasamt. Hæstv. menntmrh. rýkur í stólinn til að gagnrýna okkur fyrir að hafa vakið umræðu um samanburð á kjörum námsmanna hér og erlendis. Það vill svo til að framsögumaður þess máls sem er á dagskrá gerði það ekki. Svo virðist sem hæstv. menntmrh. sé að svara einhverju súluriti sem hann kaus að sýna okkur ekki heldur segja aðeins frá og hefur ekki getið um hvaðan er ættað og væri fróðlegt að vita um.

Kjarni málsins er sá að þegar upp er staðið er stuðningur ríkisins og sveitarfélaga við námsmenn í grannlöndum okkar síst minni en hann er hér á landi. Það er búið að skera svo mikið niður þau grundvallaratriði hér á Íslandi að það er ekki lengur hægt að segja að við á Íslandi séum með langbesta námslánakerfi í heimi. Það er liðin tíð. Það stendur eftir og því er ekki hægt að mæla í mót, virðulegur forseti.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:
Virðulegi forseti. Það er ekki rökrétt hugsun hjá hæstv. menntmrh. þegar hann veifar súluriti hér í ræðustólnum og segir: Við erum með sterkasta námslánakerfi í heimi. Í fyrri ræðu sinni bendir hann á að það sé alls ekki tímabært að endurskoða lögin sem sett voru í vor af því að það sé engin reynsla komin á þau. Þetta stenst ekki í röksemdafærslunni.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:
Herra forseti. Ég sagði að ekki væri ástæða til að endurskoða lögin eða breyta þeim í þá veru sem frv., sem við erum að ræða, gengur út á. Og það er allt annað en þarna var verið að tala um.

Ég fullyrði að við erum með sterkara námslánakerfi en frændur okkar á Norðurlöndum og fullyrðingar hv. þm. Svavars Gestssonar um að ég hafi þar á röngu að standa eru út í loftið.

Valgerður Sverrisdóttir:
Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. um Lánasjóð íslenskra námsmanna, tillögur til breytinga á hinni illræmdu 6. gr. laganna. Í umræðunni á sl. vetri börðumst við framsóknarmenn ákaft gegn þessari grein. Við vorum sannfærð um það þá að hún gæti ekki staðist og erum sannfærð um það nú að hún geti ekki staðist, raunar enn sannfærðari en nokkru sinni fyrr.

Ég þarf því varla að taka fram að við styðjum frv. sem hér er til umræðu sem felur það í sér að afnema þá eftirágreiðslu sem tekin var upp með lögunum og að á ný verði tekin upp framfærslulán en það getur ekki kallast að um framfærslulán sé að ræða í því lánakerfi sem nú er við lýði.

Það hefur verið að koma í ljós í haust að þessi 6. gr. er enn þá verri en hún leit út fyrir að vera á síðasta vori þegar málið var til umfjöllunar á hv. Alþingi. Það eru nefnilega fleiri á þessum svokölluðu árskúrs-

um en lögfræðingar í Háskóla Íslands, eins og þá var fyrst og fremst talað um. Það eru ákveðnir árgangar t.d. í hjúkrunarfræði og tannlækningum sem eru á slíkum árskúrsum. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra getur sagt okkur eitthvað frá eða hv. 1. þm. Reykn. hvernig verður tekið á þeim málum.

Svo er það náttúrlega nám sem stundað er erlendis. Það var talað um það og ég minnist þess að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir orðaði það í vor, þegar málið var til umfjöllunar, að það mætti meta nemendur á miðju ári með tilliti til lána. Hvað hefur verið unnið í þeim efnum? Verður um það að ræða að þeir stúdentar, sem eru við nám erlendis og ljúka aðeins prófi á vorin, verði metnir á miðjum vetri og geti fengið lán eða eru þeir á láni úr bankakerfinu allan veturinn? Fróðlegt væri að fá upplýsingar um þetta. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, þá eru gífurlega mörg atriði komin fram sem eru erfið viðureignar fyrir námsmenn og ég er sannfærð um að síðar í vetur muni þeim fjölga. Það verður ekki fyrr en eftir þessa fyrstu önn eða í upphafi næsta árs sem margir stúdentar átta sig á því hvað málið er alvarlegt. Þeir standa enn í þeirri trú að þeir fái full lán en munu síðan átta sig á því í janúar þegar fyrsta útdeiling verður að þeir standa mjög illa að vígi.

Sumir hafa verið metnir hærra af sjóðnum í haust en námið gefur í einingum, þá kemur í ljós um áramót að þeir hafa verið á hærri lánum hjá viðkomandi banka heldur en lánasjóðurinn viðurkennir vegna þess að þeir hafa ekki getað tekið allar þær einingar sem þeim ber að gera. Það er ekki boðið upp á þær. Þannig er það með sumar námsgreinar. Þannig eru ótal mörg vandamál sem þessi 6. gr. leiðir af sér.

Ég hélt því fram í utandagskrárumræðu um Háskóla Íslands fyrr í haust að það þyrfti ekki að koma hæstv. ráðherra neitt á óvart að nemendum hafi fækkað í háskólanum því til þess hafi leikurinn verið gerður. Sannleikurinn er sá að þessi nýju lög leiða í sjálfu sér ekki af sér sparnað fyrir sjóðinn að öðru leyti en því að nemendum fækkar. Þetta lét hæstv. ráðherra á sér skilja í umræðunni í fyrra að væri tilgangurinn. Svo ég held hann ætti bara að kannast við það.

Nú ætla ég ekki að halda því fram að það hafi ekki gerst á Íslandi að fólk hafi farið í háskólanám sem ekki hafi átt þangað erindi. Ég er alveg sannfærð um að það hefur gerst. En það og hitt að sjóðurinn hefur verið misnotaður í einhverjum mæli má ekki verða til þess að því fólki, sem er við nám, sé gert svona óskaplega erfitt fyrir eins og 6. gr. gerir.

Ég held að þau tilfelli séu til þar sem þessi grein kemur ekki að sök og þar á ég sérstaklega við þá einstaklinga sem búa við þá sérstöðu að geta búið á heimili foreldra sinna og greitt kannski lítið heim til sín og notað lánið fyrst og fremst sem vasapening. Það má bjóða því fólki ýmislegt og það er engin ástæða til að hafa meðaumkun með því. En þar sem ég kem af landsbyggðinni og þekki fyrst og fremst fólk af landsbyggðinni sem er í námi þá veit ég hvað það er gífurlega mikill kostnaður sem þetta fólk þarf að leggja út í til að geta farið í nám. Það er ekkert ódýrt að vera á leigumarkaðinum hér í Reykjavík og þetta leiðir fyrst og fremst af sér að landsbyggðarfólk og konur munu hætta í námi.

Þetta fer kannski að hafa áhrif á það, ásamt mörgu öðru, hvar fólk velur sér búsetu. Fólk fer kannski að taka það líka með í reikninginn að það verði að búa þar sem háskólarnir eru ef það hefur metnað fyrir hönd sinna barna að það væntir þess að þau fari í háskólanám og þá má ekki gleyma því að það eru háskólar víðar en í Reykjavík, það er háskóli líka á Akureyri sem við vonum að muni vaxa og eflast.

Það hefur verið bundin ákveðin von við Alþfl., að hann muni koma og bjarga þessari 6. gr. og skal ég ekki gera lítið úr því. Það er kannski sama hvaðan gott kemur. En ég get alveg eins gert mér vonir um að hæstv. ráðherra taki sönsum í þessu máli og beiti sér fyrir breytingu. Ég vil leyfa mér að höfða til þeirra skilningarvita og þroska sem ég trúi að hann hafi til að bera og að hann átti sig á því, ef ekki nú þegar þá síðar í vetur, að þessari grein verður að breyta.

Hann sagði áðan að það væri ótímabært að leggja þetta frv. fram. Ég tel að svo sé ekki en það má vel vera að það verði ekki fyrr en seinni partinn í vetur sem öll spilin liggja á borðinu.

Ég vil að síðustu, hæstv. forseti, vegna þess að fyrr í haust, þegar málefni háskólans voru tekin fyrir utan dagskrár, þá var hæstv. menntmrh. svo hneykslaður á mínum orðum að hann mátti vart mæla. Ég hélt því fram að hann hefði ekki staðið við það sem hann sagði í umræðunni í fyrra að það yrði lánað fyrir skólagjöldum og vaxtakostnaði sem nemendur yrðu fyrir vegna lána í hinu almenna bankakerfi.

Sannleikurinn er sá samt sem áður, hæstv. ráðherra, ef við tökum Háskóla Íslands þar sem skólagjöld eru um liðlega 22.000, reyndar ekki nema 17.000 sem sjóðurinn metur sem skólgjöld, þá er lánað fyrir því sem er umfram 15.000. Ég kalla það ekki að lána fyrir skólagjöldum þegar lánað er fyrir þessum 2.000 kr.

Um vaxtakostnaðinn er það að segja að þar er ekki lánað fyrir öllum vaxtakostnaði. Það er kannski hámark 80% og meðan ekki er lánað fyrir öllum vaxtakostnaði þá get ég ekki sagt að lánað sé fyrir vaxtakostnaði, þannig að ég held að hæstv. ráðherra hefði ekki átt að taka þessu svona óskaplega illa þegar ég sagði — (**Menntmrh.:** Sagði ég í vor að það yrði að lánað fyrir öllum vaxtakostnaði?) Hvernig metur hæstv. ráðherra — metur hann það svo að hægt sé segja að lánað sé fyrir skólagjöldum þegar lánaðar eru 2.000 kr.? (**Menntmrh.:** Ég var að tala um vaxtakostnaðinn.) Ég skil það alveg eins með vaxtakostnaðinn eins og með skólagjöldin, að þegar ráðherra segir að það verði lánað fyrir þessu þá skil ég það svo að það sé verið að tala um alla upphæðina. Það má kannski túlka það á ýmsa vegu og ég heyri að hæstv. ráðherra gerir það.

Ég vil að síðustu segja það að við framsóknarmenn eða ég, sem fulltrúi Framsfl. í hv. menntmn., gekk það langt meðan málið var til umfjöllunar í nefndinni í fyrra að ég bauðst til þess að beita mér fyrir því að Framsfl. styddi frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna ef

þessi illræmda 6. gr. yrði tekin út eða henni stórbreytt og vextirnir líka. Það getur vel verið að það hefði mátt ná samkomulagi við okkur, ég útiloka það ekki, ef hæstv. ríkisstjórn hefði fallist á það að breyta 6. gr., að við hefðum við tilbúin að fallast á 1% vexti af því við sáum það þá að 6. gr. gat ekki gengið. Það er sannfæring mín enn þann dag í dag og þess vegna styð ég þetta frv. sem hér er til umræðu.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Til umræðu er frv. til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna flutt af þingmönnum Alþb. En eins og fram hefur komið snýst þetta frv. fyrst og fremst um 6. gr. laganna, þ.e. það sem við kölluðum í umræðunni í vor eftirágreiðslurnar, og síðan er lagt til að heimildin til þess að taka lántökugjöld falli niður.

Nú er það svo, eins og menn minnast, að við stjórnarandstæðingar höfðum mjög margt við það frv. að athuga sem samþykkt var sl. vor og við vörpuðum margsinnis fram þeim spurningum, hvaða áhrif þær breytingar mundu hafa á námsmenn og á framtíð menntakerfisins á Íslandi.

Það er oft haft við orð í hátíðarræðum hversu mikilvæg menntun sé fyrir þjóðfélagið og hver nauðsyn sé á því að styrkja íslenska menntakerfið og skólakerfið og við höfum lengi haldið að skólakerfi okkar væri þokkalega gott. En því er ekki að neita að á síðustu árum hafa þeir atburðir gerst, ekki síst eftir að núverandi ríkisstjórn komst til valda, að stjórnin virðist vera að snúa blaðinu við með sinni niðurskurðarstefnu í menntakerfinu. Við hljótum enn og aftur að spyrja: Hver er menntastefna þessarar ríkisstjórnar? Því ég fæ ekki betur séð en hæstv. menntmrh. gangi fremstur í flokki þeirra sem jafnvel bjóðast til þess að skera niður.

Hæstv. menntmrh. gat þess í sínu máli hver nauðsyn hefði verið á því að grípa í taumana hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna þar sem allt var að fara úr böndunum að hans mati. Það verður auðvitað að horfa á þetta mál í samhengi við það sem hefur verið að gerast í íslenska menntakerfinu. Það vill nú svo til að á undanförnum tíu árum hefur námsmönnum á framhaldsskólastigi fjölgað mjög mikið. Reistir hafa verið framhaldsskólar úti um allt land og það hefur verið yfirlýst stefna íslenskra stjórnvalda að beina æskufólki inn í framhaldsskóla landsins. Það hlaut að leiða af sér að æ fleiri færu í framhaldsnám. Þess vegna hlaut afleiðingin að verða sú að umsóknum um lán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna fjölgaði. En það er eins og íslensk stjórnvöld eigi ákaflega erfitt með að horfa til framtíðar og séu jafnvel undrandi þegar námsmönnum fjölgar eða fækkar á einhverju skólastiginu þó það ætti að vera hægt að ráða það af samhenginu hver þróunin verður.

Ég gat þess áðan að menn væru stundum hátíðlegir í máli þegar menntakerfið ber á góma og ég man ekki betur en hæstv. forsrh. hafi getið þess í sinni stefnuræðu að það ætti að efla menntakerfið og ekki síst framlög til rannsókna og vísinda. Þá minnist ég þess að í frv. til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna var þess getið að á móti niðurskurðinum, á móti breytingunum ætti m.a. að efla Vísindasjóð. Það ætti að koma til móts við þá sem væru í framhaldsnámi og doktorsnámi með því að reyna að efla styrkjakerfið. Svo líða mánuðirnir og fram er lagt frv. til fjárlaga fyrir árið 1993. Ég var að glugga í það og leitaði sérstaklega eftir því hvar hin glæstu framlög til vísinda og rannsókna væri að finna, hvar ríkisstjórnin standi við orð sín og fyrirheit í frv. um að efla Vísindsjóð. Jú, framlög til Vísindasjóðs hækka úr 20 millj. í 25 millj. Þar á móti kemur svo framlag úr Seðlabankanum. Þetta eru efndirnar hjá ríkisstjórninni til vísinda- og rannsóknastarfsemi í landinu.

Ríkisstjórnin hefur einnig heitið því að leggja sérstaklega peninga fram til rannsókna en það er sama markinu brennt, það framlag er bundið því að það takist að selja ríkiseignir. Ef við lítum á hin miklu áform ríkisstjórnarinnar um að selja eignir ríkisins og afla þannig peninga þá tókst ekki betur til en svo að á þessu ári hefur tekist að selja ríkiseignir fyrir 500 millj. en stóð til að selja fyrir milljarð. Næsta ár ætlar ríkisstjórnin að selja fyrir 1,5 milljarða og hluta af því sem inn kemur verður varið til rannsókna og vísindastarfsemi. Í ljósi þess samdráttar, sem spáð er á næsta ári, hlýtur maður að efast um að ríkisstjórninni takist að selja þessar eignir sem hún ætlar að verja hluta af fjármunum sem inn koma við sölu til vísindastarfsemi. Þannig að þetta er allt sama markinu brennt. Þessi áform eru öll jafnóljós og þessi fyrirheit virðast að engu orðin.

En mergurinn málsins í þessari umræðu og ástæðurnar fyrir þeim breytingum, sem hér er verið að leggja til með frv. til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, er auðvitað sú reynsla sem þegar er fengin af breytingunum á lögunum um lánasjóðinn. Það fór eins og okkur grunaði því miður að þessar breytingar mundu fyrst og fremst bitna á konum.

Það átti sér stað umræða fyrir nokkrum vikum um þær niðurstöður sem þá voru fram komnar hjá lánasjóðnum. Þá lét formaður menntmn. þau orð falla að þær tölur sýndu best hvað íslenskir námsmenn væru raunsæir og jarðbundnir. Það eru þá væntanlega ungar íslenskar konur sem eru svona jarðbundnar og raunsæjar. En staðreyndin er sú að konum hefur fækkað mun meira í námi en körlum og samkvæmt nýskráningum við Háskóla Íslands hefur konum fækkað um 30% en körlum um 17%. En það segir í samantekt Þorsteins Þorsteinssonar, sem er fulltrúi Stúdentaráðs í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna, að engin fækkun sé enn komin fram meðal karlkyns lánþega hjá LÍN. Það er því alveg ljóst, eins og auðvitað mátti sjá fyrir, að þessar breytingar mundu fyrst og fremst bitna á konum. Það eru ýmsar ástæður fyrir því. Það eru auðvitað fyrst og fremst eftirágreiðslurnar sem gera námsmönnum mjög erfitt fyrir hvort sem þeir eru karlar eða konur. Við kvennalistakonur höfum fengið upphringingar frá konum sem hafa bæði verið að lýsa þeirri stöðu sem þær hafa lent í gagnvart börnum sínum vegna þess að þær eru ekki metnar hjá bönkunum, þær

teljast ekki gildir pappírar hjá bönkunum þegar þær ætla að fara að skrifa upp á lán barnanna sinna. Við höfum fengið upphringingar frá ungum konum sem hreinlega treysta sér ekki til þess að halda áfram námi eða fara út í nám vegna þeirra breytinga sem hér hafa átt sér stað. Það er því ekki nokkur vafi að þessar breytingar hafa sett ungu fólki og sérstaklega ungum stúlkum stólinn fyrir dyrnar. Það er ekki nokkur vafi. Um það höfum við allmörg dæmi. Þar á móti koma svo þær ákvarðanir sem stjórn lánasjóðsins hefur tekið um niðurskurð á lánunum, t.d. varðandi barnastuðulinn og svigrúm vegna veikinda námsmanns, námsframvinduna og fleira sem auðvitað gerir fjölskyldufólki erfiðara fyrir en ella.

Hæstv. menntmrh. var í samanburði við Norðurlönd, en eins og fram hefur komið í umræðunni er mjög erfitt að bera saman íslenska kerfið og Norðurlöndin vegna þess að þetta eru ólík kerfi. Á Norðurlöndunum hefur verið lögð miklu meiri áhersla á námsstyrki en hér. Ég vil halda því fram að okkar lánakerfi eins og það var hafi verið með því allra besta sem þekktist í heiminum, en því miður hefur það versnað. Aðstaða námsmanna hér á landi hefur versnað. Því er ekki hægt að neita.

Menntmrh. nefnir það oft hve staðan hafi verið orðin erfið hjá lánasjóðnum. En þetta er allt saman spurning um það í hvað við verjum fjármunum ríkisins. Hver er forgangsröðin? Er betra að veita peningum í atvinnuleysisbætur og láta ungt fólk ganga hér um göturnar án þess að hafa vinnu? Er það betri kostur en að styrkja fólk til náms og veita ungu fólki einhverja möguleika til þess að afla sér tekna í framtíðinni, því vonandi eru það tímabundnir erfiðleikar sem íslenskt þjóðfélag er að ganga í gegnum? Ég ítreka þá skoðun okkar kvennalistakvenna, sem við settum fram í vor, að það væri réttlætanlegt að verja fjármunum ríkisins til menntamála og til lánasjóðsins og það væri betri kostur en ýmislegt annað sem ríkisstjórnin setur ofar á blað.

Í þessu samhengi er auðvitað ekki hægt annað en að nefna hvernig ríkisstjórnin saumar að Háskóla Íslands. Það kemur fram í fjárlögunum, sem reyndar verða til umræðu á morgun, að t.d. Háskólinn á Akureyri fær aukin framlög og ég fagna því vissulega. Það er vaxandi skóli og þar er verið að bjóða upp á nýjar námsleiðir. En það breytir ekki þeirri staðreynd að staða Háskóla Íslands er orðin afar erfið. Þar standa menn frammi fyrir því að verða hreinlega að fara að taka ákvarðanir um einhvers konar takmarkanir inn í skólann. Menn hljóta að verða að setja gæði námsins númer eitt. Menn verða auðvitað að veita þá menntun sem nauðsynleg er og sambærileg því sem gerist í háskólum annars staðar. Ríkisstjórnin er einfaldlega að neyða Háskóla Íslands út í aðgerðir sem ég held að flestum sé á móti skapi.

Háskólinn hefur þann möguleika að leita lagaheimilda, bæði til þess að takmarka aðgang að skólanum og væntanlega einnig til þess að hækka skólagjöld. Ég spyr hæstv. menntmrh.: Er það ætlunin, er það til umræðu að hækka skólagjöld við Háskóla Íslands? Er skólanum ætlað að afla sér aukinna tekna með þeim hætti?

Að mínum dómi hljótum við að tengja þetta tvennt saman. Háskóli Íslands er langsamlega stærsti skólinn á háskólastigi hér á landi, þó þeir skólar séu orðnir nokkuð margir, og sá skóli sem býður fram langsamlega fjölbreyttast nám. Að mínum dómi speglar hann býsna vel þau áhrif sem breytingarnar á lánasjóðnum hafa haft. Þær eru einmitt að nemendum í greinum eins og hjúkrunarfræði, íslensku, tungumálum, uppeldis- og kennslufræði og jafnvel viðskiptafræði, hefur fækkað. Maður hefði haldið að viðskiptafræðin væri enn meðal hinna vinsælu greina en þar er líklega komið fram offramboð miðað við ástandið í þjóðfélaginu. Þar kemur það fram sem við spáðum að nemendum mundi fækka í þessum greinum sem því miður bjóða fólki upp á lág laun að námi loknu og það er ekki annað en eðlilegt að fólk reikni dæmið og reyni að átta sig á því hvort hægt sé að standa skil á námslánunum eftir að námi lýkur. Eins og fram kom í útreikningum sáu t.d. hjúkrunarfræðingar fram á það að vera langt fram eftir ævi, ef ekki fram á grafarbakkann, að greiða námslánin niður. Þetta er auðvitað heldur óæskileg staða.

Í vor var hér mikil og heit umræða um þetta mál og Alþfl. átti í miklum erfiðleikum með það og er ekki að furða. Jafnaðarmannaflokkur Íslands, ungir jafnaðarmenn sendu þingmönnum sínum miklar áskoranir og ef ég man rétt var samþykkt á flokksþingi Alþfl. snemma sumars að lánasjóðsmálið yrði skoðað rækilega þegar þing kæmi saman. En það bólar lítið á niðurstöðum þeirrar skoðunar ef hún er farin í gang. Því er það ekki að furða að stjórnarandstæðingar grípi til sinna ráða til þess að ýta á þetta mikilvæga mál, því þegar allt er skoðað þá stöndum við frammi fyrir því að tilgangurinn hefur að hluta til náðst hjá ríkisstjórninni sem var auðvitað sá að fækka umsóknum um lán hjá Lánasjóði ísl. námsmanna. Það var tilgangurinn. En það er gert með þeim hætti að ungu fólki er gert ókleift að stunda nám eða menn geta ekki valið það nám sem þeir vilja stunda, sjá ekki fram á að geta borgað lánin. Þar með er auðvitað verið að setja upp þröskulda sem gera fólki erfiðara að ákveða sína framtíð. Þar af leiðandi hefur verið dregið úr jafnrétti til náms á Íslandi. Það markmið að allir ættu kost á að fara í það nám sem þeir vildu og eiga möguleika á því að borga upp lánin að svo miklu leyti sem þess er krafist er ekki lengur til staðar, því miður.

Það er svo sem ekki mikið meira um þetta mál að segja. Ég sit í menntmn. og þar munum við að sjálfsögðu skoða þetta mál. Það hefur komið fram í máli ráðherrans að hann telur ekki mikla þörf á því að breyta þessum lögum, en ég lýsi yfir stuðningi mínum við frv. sem hér er til umræðu. Mín skoðun er sú að því fyrr sem jafnrétti til náms kemst á aftur, að svo miklu leyti sem slíkt er yfir höfuð hægt, þeim mun betra fyrir ungt fólk í þessu landi. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að það sé miklu mun vænlegra fyrir íslenskt samfélag að efla skólakerfið og halda ungu fólki í námi frekar en það gangi atvinnulaust um götur.

Útbýting þingskjals:
Fjarskipti, 138. mál, stjfrv., þskj. 159.

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:
Herra forseti. Ég er eiginlega mjög undrandi á þeim fullyrðingum hv. þm. Kvennalistans og fleiri sem hafa talað í dag að konum hafi fækkað í námi. Hvaðan hafa hv. þm. þetta? Ég ætla að lesa upp, samkvæmt upplýsingum sem lánasjóðurinn hefur, fjölda kvenkyns lánþega í lánasjóðnum:
Árið 1988 voru þeir 47%, 1989 48%, 1990 49%, 1991 49%, 1992 49%. Við vitum ekki hvernig 1993 verður en það gæti orðið á einhverjum svipuðum nótum. Ég vísa þessu algjörlega á bug og spyr hvaðan hv. þm. hefur þessar upplýsingar og vil endilega að við aðrir fáum að heyra rökstuðning fyrir þessum tölum. Ég kem að því á eftir í hverju þessi fækkun var fólgin en hún var ekki á meðal kvenna.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:
Virðulegi forseti. Eitt er umsækjendur um lán hjá Lánasjóði ísl. námsmanna, annað er þeir sem stunda nám í skólum landsins. Eins og formaður stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna veit mætavel þá sækja ekki nærri því allir námsmenn um lán. Innritunartölur frá Háskóla Íslands bera það með sér að nemendum hefur fækkað um um það bil 500 — þetta eru kannski ekki allra nýjustu tölur. Það eru tölurnar sem koma fram í fjárlagafrv. sem ég styðst við þegar ég nefni töluna 500. Í þeim gögnum sem voru lögð fram á blaðamannafundi Háskóla Íslands 8. sept. 1992 kemur fram að á undanförnum árum hafa konur sótt mjög í sig veðrið við Háskóla Íslands. En það segir hér, með leyfi forseta:
„Athygli vekur að fækkunin kemur mun meira fram hjá konum en körlum. Í fyrra voru 59,1% nýnema konur en eru nú 54,9%." — Og svo segir hér í framhaldinu: „Konur urðu fyrst fleiri en karlar í háskólanum árið 1986 og hefur hlutfall þeirra vaxið jafnt og þétt síðan þá uns nú verður breyting."
Þessa breytingu rek ég fyrst og fremst til þess sem gerðist í vor þegar ríkisstjórnin og ríkisstjórnarflokkarnir samþykktu breytingar á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna.

Rannveig Guðmundsdóttir:
Virðulegi forseti. Það frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna sem tekið var til afgreiðslu sl. vor olli miklum deilum í þingsölum þrátt fyrir að frá því að það var lagt fram og þar til það var afgreitt hefðu verið gerðar á því veigamiklar og jákvæðar breytingar. Miðað við þá miklu umræðu sem fram fór í vor átti ég síst von á að hún yrði hafin á ný í október.
Það var athyglisvert að þegar framsögumaður fór yfir hlut Alþfl. í þessu máli mátti eiginlega skilja orð hans þannig að þetta frv. væri flutt af hugulsemi við okkur í Alþfl. Í samræmi við það að hann gat hér um formann þingflokks, flokksþing og þá nefnd sem hefur verið skipuð vil ég taka það fram að þingflokksformaður Alþfl. stendur fyrir sínu. Hann hefur áskilið sér rétt til að taka málið upp ef þróun mála kalli á það að hans mati og hann mun að sjálfsögðu sjálfur leggja mat á stöðuna.
En vegna orða 18. þm. Reykv. um að stjórnarandstæðingar grípi til sinna ráða þegar ekki bólar á tillögum frá Alþfl. vil ég láta það koma fram hér að þetta frv. kom strax fram á sumarþingi og það er Alþb. eitt sem flytur það.
Það var ljóst að innan Alþfl. voru deildar meiningar um hvernig og hversu mikil aðstoð við námsmenn á vegum LÍN skyldi vera. Um frv. sem lagt var fram sl. vetur voru einnig skiptar skoðanir. Það var því bæði eðlilegt og nauðsynlegt að skoða hvaða breytingar væri hægt að ná samstöðu um og því fór starfshópur á vegum stjórnarflokkanna yfir málið. Starfshópurinn náði samkomulagi um ýmsar breytingar sem skiptu verulegu máli og m.a. urðu til þess að þeirri er hér stendur fannst ásættanlegt að standa að afgreiðslu málsins eins og það lá fyrir þá.
Auðvitað verður það alltaf nokkurt álitamál þegar breyta á lánafyrirgreiðslu í sjóði eins og LÍN, hvort breyta eigi lögunum sem slíkum eða leitast við að gera breytingar á úthlutunarreglum og þá eingöngu í gegnum úthlutunarreglur.
Framsögumaður spurði um þátt okkar stjórnarþingmanna í breyttum úthlutunarreglum, hvort vitneskja okkar hefði legið fyrir um þær eða þátttaka í gerð þeirra. Mér finnst að sem fyrrv. menntmrh. viti þingmaðurinn afskaplega vel svarið og þekki mörkin um samráð við Alþingi og stjórnarþingmenn. Þannig var það t.d. að þegar verið var að auka lánafyrirgreiðslu til námsmanna í gegnum LÍN var það gert í gegnum úthlutunarreglur og það mál kom ekki til kasta Alþingis eða þingmanna.
Á þeim tíma var það ekki rætt í þingsölum hvort réttlætanlegt væri að auka svo mikið lánsupphæðir á sama tíma t.d. og rétt var þornað blekið á undirritun þjóðarsáttar. Þá vísa ég til þess þegar mesta hækkunin í lánasjóðnum var ákveðin í apríl 1990 en í febrúar var kaupið á vinnumarkaði svo til fryst óháð framfærsluþörf heimilanna.
Ef til vill var ég eini þingmaðurinn sem þá heyrði gagnrýnisraddir um hvernig hið opinbera liti á þarfir fjölskyldnanna í landinu eftir því hvort framfleyta ætti fjölskyldu á láni eða vinna fyrir þörfum hennar og í þessum samanburði færi hin starfandi fjölskyldufyrirvinna halloka. Hins vegar er það svo að það er ólíkt skemmtilegra að taka þátt í að auka aðstoð en að draga úr henni og þá fyrst skal manninn reyna þegar takast þarf á við erfiðleika.
Ég tel að miðað við niðurstöðu málsins sl. vor hafi of sterkar staðhæfingar verið settar fram og of stór orð látin falla miðað við stöðu málsins. Það er mín skoðun. Þá voru settar fram mjög rangar staðhæfingar og þær eru endurteknar nú og vísa ég þar til staðhæfingarinnar um að orðið jafnrétti hafi verið þurrkað út úr lögunum um lánasjóð námsmanna. Það er mjög alvarlegt þegar slík staðhæfing er endurtekin svo oft vegna þess að út á við er tekið mark á henni. Af þessu tilefni vil ég gjarnan lesa fyrstu setninguna í lögunum frá

1982 eins og hún var fram að því að lögunum var breytt sl. vor. Upphafssetningin hljóðar svo:

„Meginhlutverk Lánasjóðs ísl. námsmanna er að veita íslenskum námsmönnum fjárhagsaðstoð til framhaldsnáms við stofnanir" o.s.frv.

Þessari setningu var breytt sl. vor í meðförum menntmn. Alþingis og hljóðar svo í núgildandi lögum:

„Hlutverk Lánasjóðs ísl. námsmanna er að tryggja þeim sem falla undir lög þessi tækifæri til náms án tillits til efnahags."

Þessi breyting var gerð og orðið jafnrétti finnst ekki í eldri lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það er ómaklegt að sí og æ sé því haldið fram að þessar breytingar hafi verið gerðar, sem ég hef hér rakið, vegna þess að það er rangt. Hvort hins vegar einhverjar tillögur um enn meiri endurbætur á þessari inngangssetningu hafi verið felldar er annað mál, en um það snerist ekki umræðan sl. vor.

Ég nefndi áðan að ég hefði talið málið ásættanlegt eftir þær breytingar sem á því voru gerðar í vinnunni milli flokkanna en um það voru einnig skiptar skoðanir í okkar röðum. Samband ungra jafnaðarmanna hafði ákveðna skoðun á þessu máli og bar fram tillögu á flokksþingi Alþfl. í júní í sumar um að frekari breytingar yrðu gerðar á lögunum um LÍN og þá fyrst og fremst með tilliti til 6. gr. Hefur flm. frv. sem hér er til umræðu birt tillögu þeirra sem eitt af fylgiskjölum frv. þannig að hún liggur fyrir sem gögn í málinu.

Flokksþing Alþfl. ákvað að þessi mál skyldu tekin til frekari skoðunar á þessu hausti. Af því tilefni hefur verið settur á laggirnar starfshópur innan flokksins með fulltrúum þingflokks og fulltrúum frá Sambandi ungra jafnaðarmanna og fyrirhugað er að farið verði vel ofan í þetta mál og skoðað hvort og þá hvernig þurfi að taka á því.

Þegar áherslumunur er innan flokksins um mál þá á að sjálfsögðu að taka á því innan flokksins og vinna það þar, ekki síst á það við um svo viðkvæmt mál sem málefni lánasjóðsins er.

Það má segja að á sama hátt og festa og öryggi þarf að vera í málefnum lánasjóðs þannig að verðandi lánþegar, nemarnir, viti á hverjum tíma nokkurn veginn að hverju þeir ganga, þá er einnig nauðsynlegt að þessi mál séu í sífelldri endurskoðun. Sú hætta er hins vegar alltaf fyrir hendi að miklar eða örar og minni breytingar leiði á ákveðnum tímapunkti til kollsteypu og þau vinnubrögð þarf að varast. Ef það kemur í ljós við þá vinnu sem fram fer í starfshópi Alþfl. að málefni lánasjóðsins gangi ekki upp eins og þeim er háttað í dag, þá vísa ég m.a. til 6. gr. Veit ég að það verður skoðað með opnum huga. (**ÓÞÞ:** Hvenær kemur ...) En það er engin leið að ákveða hér og nú að einhver sú reynsla sé þegar komin á lögin að ástæða sé til breytinga. Ég svara hv. þm. þannig að um leið og starfshópur hefur lokið skoðun sinni liggi það fyrir.

Það frv. sem hér er til umræðu gerir ráð fyrir að breyta málefnum lánasjóðsins til fyrri vegar. Það er mín skoðun, eins og hér hefur komið fram, að það sé of snemmt að segja til um þróunina og sérstaklega er erfitt að staðhæfa að lögin svo breytt séu sá áhrifavaldur á innritun nemenda á haustönn sem haldið er fram í þessari umræðu.

Það koma fram mjög athyglisverðar tölur þegar skoðað er hver fjöldi lántakenda hefur verið á liðnum árum. M.a. hefur námsmönnum, sem tóku lán vegna náms hér heima, fjölgað um 69% á þremur árum eða frá 1988. Hins vegar er líka athyglisvert hve lítil sveifla er í fjölda námsmanna erlendis. Frá árinu 1988 eru lántakendur erlendis frá liðlega 2.400 til liðlega 2.600.

Ein af erfiðustu staðhæfingunum, sem settar hafa verið fram um afleiðingar breyttra laga, er frá mínum bæjardyrum séð sú staðhæfing að staða kvenna versni og það hafi þegar birst í námsmannatölum haustsins.

Hv. 18. þm. Reykv. sagði fyrir stuttu úr þessum ræðustól að fækkun kvenna væri um 30% og karla um 17%. Ég reyndi að afla mér upplýsinga um ýmsar samanburðartölur sem skýrt gætu slíkt álitamál. Þegar skoðaðar eru tölur yfir þá nemendur sem hófu nýtt nám á háskólastigi heima eða erlendis haustið 1991 skiptist fjöldi þeirra í 1.018 konur og 883 karla. Upplýsingar um fjölda þeirra námsmanna úr þessum sama hópi sem sótt hafa um lán vegna námsársins 1992–1993 sýna að svipað hlutfall kvenna og karla úr hópi þeirra sem náðu tilskildum árangri sækir um lán. Þar er um að ræða um 80% kvennanna og 84% karla eða 516 af 650 konum og 447 af 532 körlum. Þegar hópurinn frá síðasta vetri sem merktur er „vantar fullnægjandi upplýsingar" er skoðaður, þá sækja nú um lán 100 af 238 körlum úr þeim hópi en eingöngu 57 konur af 242 úr þessum hópi sem merktur er „vantar upplýsingar" sækja um lán í haust. Þar með er allsendis óvíst hvort aðrir úr hópnum hafi yfirleitt lokið námi á síðasta vetri, hætt námi eða af hvaða ástæðum öðrum svo stór hópur skilar ekki tilskildum upplýsingum. Því vek ég athygli á þessu að hér er um að ræða tölur frá síðasta vetri áður en hugsanleg áhrif þessara laga eru farin að hafa áhrif.

Ég er því mjög fylgjandi að þessi mál séu í heild sinni skoðuð mjög vel, að reynt sé að kanna svo sem unnt er stöðu íslenskra námsmanna, ekki síst kvenna, varðandi framhaldsnám og með tilliti til fyrirgreiðslu Lánasjóðs ísl. námsmanna. Eins og fram hefur komið í máli mínu tel ég of snemmt að draga þær ályktanir sem hér eru settar fram. Málið verður að sjálfsögðu skoðað í nefnd og ég vísa enn fremur og aftur til þess starfshóps sem er að störfum innan míns flokks. Líklegt er þó að ekki sé unnt að leggja mat á áhrif eða hvort áhrif eru af breyttum lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna fyrr en í fyrsta lagi á útmánuðum.

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var auðvitað ýmislegt fróðlegt sem kom fram í ræðu hv. 11. þm. Reykn., þó sérstaklega það að hún viðurkenndi að þingmenn stjórnarflokkanna, þar á meðal voru ekki forustumenn stjórnarflokkanna í menntmn., hefðu haft hugmynd um þær víðtæku breytingar á úthlutunarreglum sem núverandi stjórn hefur gert. Hv. þm. bar það fyrir sig að á sínum tíma hefðu heildarreglur um lánasjóðinn, þ.e. að

því er varðar hækkun framfærslulána, ekki verið bornar fyrir þingið. Það er rangt. Þær voru bornar fyrir stjórnarflokkana á sínum tíma sem stóðu að þeim ákvörðunum fyrir sitt leyti með opnum augum og endanleg niðurstaða var svo tekin á Alþingi sjálfu. Þannig að það er beinlínis rangt hjá hv. þm. og misskilningur að bera þetta tvennt saman. En ég fagna því að hv. þm. gefur því undir fótinn að hann hafi ekki haft hugmynd um þær undarlegu útlánareglur sem núv. stjórn lánasjóðsins hefur beitt sér fyrir. Það bendir til þess að í menntmn. gætum við jafnvel átt ágætar umræður um það hvernig unnið hefur verið að þessum reglum og hvort ástæða er til að breyta þeim.

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta mjög athyglisverðar upplýsingar sem koma fram í máli þingmannsins vegna þess að hann vísar til úthlutunarreglna þegar fjárhæðir voru hækkaðar í apríl 1990. Þá fékk ég sem stjórnarþingmaður fyrst vitneskju um það mál með því að lesa grein í Þjóðviljanum. Ég spurðist fyrir um það í mínum þingflokki hvort þetta mál hefði verið tekið fyrir þar og fékk þau svör að svo væri ekki. Ég mun að sjálfsögðu kanna hvort mér hafa verið gefnar rangar upplýsingar. En ég ítreka það sem ég sagði áðan að það er alltaf ánægjulegra að taka þátt í góðum gjörningum og auka útlán eða hækka fjárhæðir. Það er svo annar hlutur. En mér vitanlega hefur það ekki verið venja að úthlutunarreglur eða vinna í nefndum, sem eru utan þings, séu teknar fyrir í stjórnarflokkunum eða á Alþingi.

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað rétt að það hefur ekki verið venja að þingmenn hafi fjallað um úthlutunarreglur og framkvæmdareglur í einstökum atriðum. Það er alveg hárrétt. Það er í raun og veru engin ástæða til þess að gera það yfirleitt. Hins vegar held ég að þau dæmi sem ég nefndi í framsöguræðu minni í dag séu með þeim hætti að þau hljóti að hvetja þingmenn til þess að taka vinnubrögð meiri hluta lánasjóðsstjórnarinnar sérstaklega til meðferðar því það er bersýnilegt að mínu mati að meiri hlutanum var ekki treystandi fyrir því mikla valdi sem Alþingi fól honum með lagasetningu síðasta vor.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni eitthvert stærsta mál sem síðasta löggjafarþing fjallaði um og eitt þýðingarmesta mál sem verður að bregðast við á þessu þingi. Nú hefur hæstv. forseti tjáð mér að þessari umræðu verði frestað klukkan fjögur en verði síðan haldið áfram klukkan sex. Ég get auðvitað ekki haft neitt við það að athuga. En við erum allmörg á mælendaskrá enn og persónulega á ég mjög langt mál vantalað við hæstv. menntmrh. og það er óvænt ánægja að hafa einnig stjórnarformann Lánasjóðs ísl. námsmanna hér á þingi. Í allt haust hef ég verið að óska eftir utandagskrárumræðu um ákveðin vandamál í afgreiðslu lánasjóðsins. Það hefur ekki tekist að halda þá umræðu vegna eilífrar fjarveru hæstv. menntmrh. Nú vil ég spyrja — ég sé fram á það að ég mun ekki komast að fyrir klukkan fjögur — get ég treyst því að þegar umræðu verður haldið áfram klukkan sex verði hæstv. ráðherra viðstaddur allt til enda? (Gripið fram í.) Hæstv. forseti. Ég bið um að þetta verði kannað því ég get ekki haldið ræðu mína nema hæstv. ráðherra og hv. 1. þm. Reykn., úr því hann situr á þingi nú, séu hér í salnum.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég kann ekki við að það sé verið að bera það á borð fyrir hv. þingheim að það hafi ekki verið hægt að tala hér utan dagskrár um þetta mál vegna eilífra fjarvista minna í þinginu í haust. (Gripið fram í.) Ég andmæli þessu. Hv. þm. hefur aldrei farið þess á leit við mig að ég taki þátt í umræðu utan dagskrár. Ég hef heyrt það utan að mér að hv. þm. væri að hugsa um það en það hefur aldrei verið farið fram á það við mig. Ég var fjarverandi í síðustu viku og sit raunar ekki á þingi núna, varamaður minn er hér inni, en það er rétt að einn og einn dag hef ég verið í burtu. Það er alveg rétt. En ég mótmæli því að það hafi ekki verið hægt að tala hér utan dagskrár um eitthvert sérstakt áhugamál hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur vegna fjarveru minnar. Ég mótmæli því.

Ég mun verða hér viðstaddur þessa umræðu, haldi hún áfram í dag, það mun ég verða. Þótt hún standi fram á nótt skal ég vera hér viðstaddur.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það er að verða sérkennileg háttvísi á hinu háa Alþingi að talað er um mál eins og málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna sem sérstakt áhugamál þingmannsins. Ég er að tala um Lánasjóð ísl. námsmanna fyrir hönd þúsunda íslenskra námsmanna sem eru í verulegum vandræðum vegna skelfilegra aðgerða núv. ríkisstjórnar. En það er auðvitað í stíl við það sem hér kom fram áðan að frv. okkar alþýðubandalagsmanna væri fram komið til að ná sér niðri á hv. þingflokksformanni Alþfl. Við í Alþb. höfum annað þarfara að gera en að sinna hv. þingflokksformanni Alþfl.

Ég þakka að sjálfsögðu hæstv. ráðherra að lofa að vera hér viðstaddur. Eins og ráðherranum er kunnugt á ég sæti í forsætisnefnd þingsins. Ég hef auðvitað ekki verið að fara fram á umræður við ráðherrann hafi forseti þingsins tjáð mér að hún viti til þess að hann verði ekki viðstaddur þennan eða hinn fundinn. Að sjálfsögðu ekki. Auk þess sem ég hef að sjálfsögðu, eins og aðrir forsætisnefndarmenn, reynt að vinna með forseta að gerð dagskrár og ekki verið að halda til streitu hlutum sem ég veit að valda meiri háttar vandræðum. Ég hef þar af leiðandi oft orðið að víkja með mín mál. Þegar að þeim hefur síðan komið hefur hæstv. ráðherra ekki verið viðstaddur. Ég er ekki að bera það á borð við hið háa Alþingi að hæstv. ráðherra hafi ekki verið í hinum veglegustu erindagjörðum og með fulla afsökun fyrir fjarveru sinni. En þannig hefur þetta verið, þetta mál hefur ekki komist á dagskrá. Það er hins

vegar á dagskrá núna og ég vildi bara leyfa mér að tryggja að það fari ekki svo, eins og svo oft áður, að þegar þingflokksfundum lýkur verði umræðu haldið áfram fram eftir kvöldi en hæstv. ráðherra einhvers staðar víðs fjarri. Það hefur ekki gerst oftar og sennilega sjaldnar varðandi hæstv. menntmrh. en aðra ráðherra. En þetta er hinn algengi háttur í þinginu sem ég vildi bara sjá um að ekki gerðist að þessu sinni því hér er ekki um mitt prívat áhugamál að ræða. Það varðar framtíð menntamanna á Íslandi og fyrir utan það að þetta varðar afkomu þeirra vesalings námsmanna sem lögðu út í nám í ákveðinni sátt við samfélagið sem nú hefur verið gengið á bak og menn settir í allt aðra stöðu en þegar af stað var lagt. Um þetta skulum við ræða á eftir ef hæstv. ráðherra ætlar að vera svo elskulegur að hlýða á mál okkar.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Það hefur komið fram að áætlað er að fresta fundi frá klukkan fjögur til klukkan sex vegna þingflokksfunda. Það hefur einnig verið staðfest af hæstv. menntmrh. að hann muni vera viðstaddur umræðu um frv. sem hér er á dagskrá.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa yfir sérstakri ánægju að það er upplýst að hæstv. menntmrh. muni heiðra þingið með nærveru sinni meðan þessi umræða fer fram og það er í sjálfu sér mjög jákvætt. Fjarvistir hans í haust hef ég ekki kynnt mér og ætla ekki að ræða frekar um þá stöðu mála. En mér sýnist að það liggi ljóst fyrir að þessi umræða muni snúast fyrst og fremst um félagslegt réttlæti og ég vil bera fram þá frómu ósk, af því ég er á mælendaskrá, hvort hugsanlegt sé að hæstv. félmrh. þessa lands muni heiðra þingið með nærveru sinni sé þess óskað. Mér er ljóst að það er í sjálfu sér ekki hægt að gera þá kröfu fram yfir almenna þingskyldu og ber þessa ósk fram. Ég mun að sjálfsögðu taka því á hvorn veg sem það fer.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Ósk hv. 2. þm. Vestf. er fram borin og meðtekin og forseti mun eftir því leita hvort einnig hæstv. félmrh. hafi tök á því að vera viðstaddur umræðuna.

Gunnar Birgisson:

Herra forseti. Það hafa mörg orð fallið um Lánasjóð ísl. námsmanna hjá ræðumönnum í dag og er rétt að fara yfir nokkur atriði. Við byrjum þá á fullyrðingum um fækkun lánþega hjá sjóðnum og hvers vegna hún er. Þá er kannski rétt að eftirfarandi komi fram þegar búið er að kíkja á málin:

Hlutfall námsmanna með börn á framfæri var yfirleitt 29–30% af tölu lánþega fyrir skólaárið 1990–1991. Þetta hlutfall hækkaði þó skyndilega í 38% á því ári en lækkaði í 34% á árinu 1991–1992 og er nú áætlað 28% á yfirstandandi skólaári. Þar sem mikið hefur verið rætt um hlut kvenna af heildarfjölda lánþega lánasjóðsins þá hefur hann farið jafnt og þétt hækkandi allan síðasta áratug. Hlutallið hækkaði úr 47% í 49% á þeim árum sem fjölgunin var mest og er samkvæmt áætlun 48%. Einstæðum foreldrum fjölgar mjög í hlutfalli við heildartölu lánþega lánasjóðsins á Íslandi þegar fyrrnefnd fjölgunarsveifla átti sér stað. Á árunum 1987–1989 var hlutfall þeirra 4–5% en hækkaði í 7% árið 1990–1991 og 8% 1991–1992. Nú er áætlað að á yfirstandandi skólaári verði þeir 7%.

Þá hefur komið í ljós að meðalaldur lánþega hefur hækkað síðustu árin. Það bendir til þess, jafnframt því að námsmönnum með börn fjölgaði mjög, að óvenju margt fólk hefur byrjað nám að nýju eftir hlé á þessum árum þegar lánþegum lánasjóðsins fjölgaði hvað mest.

Lánþegar sem hlutu námslán í fyrra og sóttu ekki um aftur eru fleiri en þeir sem sækja um í fyrsta sinn á yfirstandandi skólaári. Þannig hættu 3.086 manns sem lánþegar lánasjóðsins en um 2.400 nýjar umsóknir bættust við.

Ljóst er að mikilvæg ástæða fyrir þessari þróun er sú að margir af þeim sem hófu nám þegar framangreind fjölgunarsveifla átti sér stað hafa lokið námi. Engan veginn var hægt að búast við að slík bylgja héldi áfram og ætti sér stað til frambúðar. Úr henni hlaut að draga eðli málsins samkvæmt án þess að til kæmu breytingar á reglum sjóðsins.

Námsmönnum með börn á framfæri fækkar nú eðlilega hlutfallslega meira en einstaklingum þar sem fjölgun lánþega á sínum tíma átti að miklu leyti rætur að rekja til þessa hóps. Þetta á bæði við um einstæða foreldra og sambúðarfólk með börn á framfæri. Athyglisvert er þó hversu lítil sú fækkun virðist ætla að vera.

Þegar menn kíkja á þetta má sjá að fækkunin hefur aðallega orðið hjá einstæðum foreldrum. Þá er kannski að spyrja: Hvers vegna er það? Konum hefur ekki fækkað. Innritun í háskólann að hausti er ekki marktæk tala um það. Langt frá því.

Í byrjun málsins, þegar núv. ríkisstjórn tók við völdum, stóð hún frammi fyrir miklum vanda eins og allt þjóðfélagið: Veruleg minnkun var á þjóðartekjum og þar af leiðandi lækkun á tekjum ríkissjóðs. Þá þarf að skera niður og það er ekki alltaf gaman að skera niður. En það lenti á ríkisstjórn Davíðs Oddssonar að gera það. Það er auðveldara að hækka námslánin, eins og var gert á árum Svavars Gestssonar, um 20%. Hann var ekki fjmrh. þeirrar ríkisstjórnar. Svavar er „debetmaður". Hann spáir ekki í peninga.

Hvað átti ríkisstjórnin þá að gera? M.a. þurfti að lækka kostnað í þessum geira og það má líka spyrja: Ef haldið hefði verið svona áfram hvar hefðum við þá endað ef við hefðum haldið uppi þessari miklu velferð sem var hér í minnkandi þjóðartekjum? Við höfum eitt dæmið rétt hjá okkur og það er hjá Færeyingum. Það er ekki endalaust hægt að skrifa hjá ríkissjóði, slíkt gengur ekki endalaust. Á endanum þýðir það hrun. Svo var með þennan ágæta lánasjóð þegar þessi ríkisstjórn tók við. Þá höfðu lánin verið hækkuð en framlög ríkisins lækkuð sem þýddi aukna lánsfjárþörf lánasjóðsins.

Það má líka bera þetta saman í heild. Ríkissjóður er ekkert öðruvísi en heimilin okkar. Þegar tekjurnar minnka hjá heimilunum verðum við að minnka útgjöldin, annars verðum við að fara í bankann og fá lán. Ríkissjóður er ekkert öðruvísi. Það er ekki hægt að skrifa endalaust hjá ríkissjóði eða skrifa hjá guði. Slíkt gengur ekki. (**ÓÞÞ:** Hefur þetta seinna verið reynt?) Það er spurningin.

Rétt er að rekja þetta. Námsaðstoðin 1989 í tíð Svavars Gestssonar var 2.900 millj. og hann hækkaði og hækkaði, um 20% samtals. Ef þessar reglur hefðu verið óbreyttar hefði námsaðstoðin numið tæpum 5 milljörðum í dag. Samkvæmt ríkisfjármálum fyrir árið 1991 áætlaði hann einungis 1.760 millj. kr. sem framlag frá ríkissjóði. Það þurfti því að slá lán upp á 3 milljarða kr.

Það er, eins og ég sagði áðan, ekki gaman að þurfa alltaf að skera niður, langt frá því. Og það er svo óábyrgt að heyra hv. þm. stjórnarandstöðunnar tala eins og þetta sé ekkert mál. Þetta kostar allt. Ef menn ætla endalaust að slá lán fyrir velferðinni verður að lokum engin velferð því þá verðum við gjaldþrota. Menn hafa bara ekkert hugsað út í það fyrr en núna að Færeyingar eru í vandamálum, Grænlendingar eru í vandamálum. Einhvers staðar verðum við að stoppa við og segja: Hér er línan, þetta er það sem við getum og treystum okkur til til að aðstoða námsmenn.

Breytingarnar sem gerðar voru, eins og hæstv. menntmrh. rakti áðan, voru nokkrar. Ég ætla að fara í gegnum þær af því það hefur verið deilt svo á okkur í stjórn lánasjóðsins þar sem við breyttum í vetur úthlutunarreglunum þannig að við náðum 500 millj. kr. sparnaði á ársgrundvelli. Það var gert í fyrsta lagi með breytta kröfu um námsframvindu, þ.e. að fyrir eðlilega námsframvindu fengju menn 100% lán, fyrir 75% af eðlilegri námsframvindu fengju menn 75% lán o.s.frv.

Þessi aðgerð er mjög eðlileg og við vorum að reyna að skera niður. Það lá fyrir annaðhvort flatur niðurskurður eða að reyna einhverjar mildar aðgerðir. Það var áætlað að þetta gæfi 300 millj. kr. í sparnað. Lækkun vegna bókakaupa 100 millj., afnám ferðastyrkja, sem voru gerðir að ferðalánum, 100 millj., lækkun barnastuðla um 100 millj., lækkun aukalána um 100 millj. og breyting á skólagjöldum 50 millj. kr. Í staðinn var frítekjumark hækkað þannig að í dag er þetta um 20% fyrir einstæða foreldra og 15% fyrir aðra námsmenn. Þetta þýðir sem sagt að námsmenn geta unnið sér rúmlega 22.000 kr. meira án þess að skerða námslán sín.

Við í meiri hlutanum vildum fara aðra leið en þessa, þ.e. minnka skerðinguna á þeim tekjum sem eru umfram frítekjumarkið. En við komum til móts við minni hlutann, við fulltrúa námsmanna, með þessum hætti.

Það er áætlað að þetta valdi útgjöldum hjá sjóðnum upp á 100 millj. kr., ferðalán í stað ferðastyrkja verði 100 millj. kr. og lán vegna vaxtakostnaðar á námstíma 50 millj. kr. Þetta gerir sem sagt 500 millj. kr.

Við gerðum þetta á eins mildan hátt og við gátum, þ.e. lán til skólagjalda og ferðalán eru veitt strax að haustinu. Bókalán eru strax veitt með fyrstu greiðslu frá færslu. Stjórnin reyndi að taka eins mildilega á þessu og hægt var og ég mótmæli því að um eitthvert gerræði hafi verið að ræða.

Menn hafa verið í samanburðarfræðunum hérna og ég get ekki annað en kíkt aftur á súluritið sem var til umræðu áðan. Mánaðarleg aðstoð, ef við tökum það sem dæmi, við námsmann með maka og tvö börn, lán og styrkir eru inni í þessum tölum, eru á Íslandi tæpar 103 þús. kr., í Finnlandi 42 þús. kr., Svíþjóð 64 þús. kr., Noregi 73 þús. kr. og Danmörku 43 þús. kr. Ég vil því fullyrða það að okkar námslánakerfi er eitt það besta sem ég held að sé til. Einhver sagði við mig að það væri einungis betra í einu landi. Það væri í Kúveit en þar stunda einungis 5% landsmanna nám.

Ég vil svara hv. þm. Svavari Gestssyni varðandi allar þessar breytingar sem hann tíndi upp og hafði sem dæmi um gerræði meiri hluta stjórnar lánasjóðsins. (**Forseti:** Ég bið hv. þm. afsökunar á því að ég trufla ræðu hans en nú er klukkan fjögur og forseti hafði fyrirhugað að fresta fundi frá klukkan fjögur til klukkan sex vegna þingflokksfunda. Vildi hv. þm., sem ég trúi að eigi eftir eitthvað af ræðu sinni, taka tillit til þess og fresta ræðunni til klukkan sex?) Ég skal fresta ræðu minni. — [Fundarhlé.]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1992, 140. mál, stjfrv. þskj. 161.

Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, 132. mál, þáltill. SvG og KHG, þskj. 152.

Gunnar Birgisson (frh.):

Frú forseti. Ég var þar kominn í ræðu minni að ég ætlaði að tala um þær breytingar sem hv. þm. Svavar Gestsson tíndi upp í máli sínu áðan. Ég ætla ekki að svara þeim öllum, ég gerði það áðan, en vil benda á nokkur atriði. Það er í fyrsta lagi að reglur um veikindi í nýju úthlutunarreglunum hjá lánasjóðnum eru óbreyttar í eðli sínu. Svo bendi ég líka á að það eru til veikindapróf og hægt að taka próf ef menn lenda í veikindum á próftíma og taka þá veikindapróf.

Ég vil líka benda þingmanninum á að meðlag er ekki talið til tekna varðandi tekjuviðmiðun hjá sjóðnum. Varðandi mastersnám í Bandaríkjunum þá hefur verið talið eðlilegt að það taki tvö ár. Það er í könnun og skoðun hvort mastersnám þar sem ritgerð fylgir verði fimm missiri í staðinn fyrir fjögur og síðan verði veitt lán til fjögurra missira fyrir mastersnám þar sem eingöngu eru teknir kúrsar og próf í þeim.

Vaxtaálag hjá sjóðnum er 9%, miðað við 9% raunvexti, og það má eiginlega segja að námsmenn fái þann ávinning sem sjóðurinn hefur af því að taka ekki strax lán fyrir greiðslum til námsmanna.

Varðandi það hvort Iðnnemasambandið fái áheyrnarfulltrúa í stjórnina þá er það enn óafgreitt í stjórninni. Ég vil benda á þá hættu sem því fylgir. Það geta komið fleiri félög eða hagsmunagæslufélög nemenda, t.d. getum við hugsað okkur að nemendur í Háskólanum á Akureyri mundu vilja fá slíkt hið sama og svo mætti lengi telja.

Ef við snúum okkur aftur að 6. gr. eða eftirágreiðslunni sem er verið að deila hér um þá höfum við bent á það að með kerfinu eins og það var var mikið af ógreiddum lánum svo nam hundruðum milljóna. Það stafaði aðallega af vanáætlun tekna lánþega, kannski viljandi eða óviljandi. Síðan urðu menn að leiðrétta þetta á vormissiri eða eftir árið ef um ársnám var að ræða. Sumt var ekki hægt að leiðrétta, sumt sátu menn með og urðu að fá þetta lánað til 10 mánaða eða eins árs á markaðsvöxtum. Það var útilokað fyrir sjóðinn að fylgjast með þessu. Í dag er hægt að fylgjast með þessu því nú verða menn bæði að vera búnir að sýna tekjuáætlun og námsárangur. Einnig var áður útilokað að fylgjast með því fólki sem hætti í námi. Það má líka benda á að 40% af nýnemum nýta sér þessa þjónustu sem bankarnir bjóða upp á varðandi lánaþjónustu við námsmenn. 60% af nýnemum fjármagna nám sitt sjálfir og ég spyr: Hvers vegna er ekki hægt að menn vinni fyrir sér og fjármagni nám sitt sjálfir að hluta eða miklum hluta og taki síðan lán þegar á vantar?

Varðandi það sem kom fram hjá 3. þm. Norðurl. e. um árskúrsa þá er verið að leysa úr því vandamáli. Það er vandamál í lögfræðideildinni, íslenskudeildinni og læknadeildinni. Það eru mál sem verða leyst og er ekki mjög erfitt mál.

Ég vil mótmæla því að landsbyggðarfólk og konur hafi hætt í námi frekar en annað fólk.

Ég vil líka benda á það miðað við fullyrðingar hv. þm. Svavars Gestssonar að stjórn sjóðsins hefur komið verulega á móts við sjónarmið námsmanna, bæði hvað varðar frítekjumörk og annað slíkt. Ég get talið það upp á eftir ef menn vilja.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Frv. sem hér er til umfjöllunar um breytingu á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð ísl. námsmanna, og er flutt af alþýðubandalagsmönnum er að mínu viti mjög þarft, ekki síst á þessari stundu vegna þess að það er sífellt að koma fram það sem stjórnarandstaðan og námsmenn sögðu við afgreiðslu málsins í vor, að frv., sem þá var samþykkt sem lög frá þinginu, hafði marga mjög mikla annmarka og hefur komið námsmönnum mjög illa.

Það var hins vegar dálítið erfitt fyrir stjórnarandstæðinga að sitja undir þeim fullyrðingum hv. 1. þm. Reykn., formanns stjórnar lánasjóðsins, sem talaði áðan, að málflutningur stjórnarandstæðinga einkenndist af algjöru ábyrgðarleysi. Þetta er rangt, hv. þm. Það er mikill munur á ábyrgðarleysi annars vegar og skemmdarverkastarfsemi hins vegar. Stjórnarandstaðan í heild talaði þannig í vor í sambandi við frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna, og það gerðu námsmenn einnig, að hún lýsti sig tilbúna til samvinnu við ríkisstjórnina um breytingar á þáverandi lögum um námslán og námsstyrki sem voru frá 1982 sem hefðu það í för með sér að endurheimtuhlutfall lánanna yrði hækkað. Það er þess vegna útilokað fyrir stjórnarandstöðuna og námsmenn að sitja undir því að þetta sé allt saman ábyrgðarleysi. Það er hins vegar, eins og ég segi, munur á því hvort menn eru að tala um ábyrgðarleysi eða hreina skemmdarverkastarfsemi. Það var hrein skemmdarverkastarfsemi af hálfu ríkisstjórnarinnar hvernig hún gekk fram í að ná fram breytingu á þessu námslánafyrirkomulagi sem þjóðarsátt var um. Sú sátt myndaðist 1982 þegar aðilar vinnumarkaðarins, námsmenn og allir stjórnarflokkarnir sem fulltrúa áttu á Alþingi náðu saman um að gera breytingu á þeim lögum sem í gildi voru frá 1976. Menn komu fram með frv. 1982 og fékkst samstaða um það á þingi.

Það er sífellt að koma í ljós að reynslan af núgildandi lögum og spár hinna svartsýnustu um það hvaða áhrif þessi lög hefðu er því miður að koma fram. Það eru færri innritanir í Háskóla Íslands, því verður ekki á móti mælt. Um leið leita færri námsmenn eftir aðstoð lánasjóðsins.

Ég gat ekki betur skilið en hv. 1. þm. Reykn. væri bara ánægður með þetta, að þetta væri það sem hefði þurft að gerast. En það sem er verst er að námsmenn þurfa að búa við mikla óvissu. Hvernig verður aðstoð lánasjóðsins við námsmenn háttað? Það er ekki bara niðurskurður á framlögum til lánasjóðsins, það er almennur niðurskurður til menntamála, til þess málaflokks þar sem grundvöllur framfaranna og þekkingarinnar í landinu á að vera. Einmitt á þeim tíma þegar menn þurfa á því að halda að ýta undir þekkingarleitina og framfarirnar þegar atvinnuleysið hefur náð tökum á okkur, þá skera menn niður.

Þetta frv., sem hér er til umfjöllunar, fjallar auðvitað bara um einn þátt þessa stóra máls sem er breytingin sem varð á 6. gr. laganna. Það mál allt saman var auðvitað miklu meira en grundvallarbreyting á lögunum. Sú lagabreyting var hrein skemmdarverkastarfsemi af hálfu ríkisstjórnarinnar því þar voru menn í raun og veru að reyna að sýna fram á tilbúinn sparnað í lánasjóðnum sem yrði til með þessari lagabreytingu með því að fresta greiðslum. Útgjöldin munu í raun aukast og það má auðvitað hártoga þau ummæli hæstv. menntmrh. við umræðurnar í vor þegar hann hélt því fram að lánað yrði fyrir vöxtunum. Nú er spurning hvort hann hafi sagt að það skyldi að fullu lánað fyrir vöxtunum. Þetta eru auðvitað hártogarnir og að mínu viti skildi enginn hv. þm. það öðruvísi en svo en að hæstv. ráðherra væri að tala um að lánað væri að fullu fyrir vöxtunum. En hvað þýðir það? Á það var bent hér í umræðunni. Hvað þýðir það, hæstv. menntmrh., að lána að fullu fyrir vöxtunum? Ég er ekki að gera lítið úr því. Það er mjög mikilvægt og alveg nauðsynlegt fyrst menn settu vextina á á annað borð. Það þýðir að menn eru að taka lán fyrir lánasjóðinn með kannski 6, 7, 8 upp í 10% vöxtum til þess að fjármagna síðan þau viðbótarlán sem koma út af þeim lánum sem námsmenn hafa tekið í bönkunum en þau eru lánuð út með 1% vöxtum. Þetta þýðir, þegar til lengri tíma er litið, aukin útgjöld fyrir sjóðinn. Og af hverju eru menn að fara út í slíkt einmitt á sama tíma og verið er að tala um að nauðsynlegt sé að spara fyrir sjóðinn? Svona er þetta mál, því miður, að mörgu leyti vaxið og alls ekki hugsað til enda. En 6. gr. og sú breyting, sem hér er mælt fyrir, er náttúrlega fyrst og

fremst bara tillaga um breytingu á því sem ég hef kallað skemmdarverkastarfsemi og er náttúrlega fyrst og fremst fautaskapur gagnvart námsmönnum.

Allt hitt sem gert var, og það skiptir höfuðmáli líka, var að gerð var grundvallarbreyting á þeirri hugsun sem samstaða hefur verið um með þeim lögum sem í gildi voru frá 1982. Það er hætt að taka tillit til aðstæðna námsmanna meðan á námi stendur. Það er ekki lengur reynt samkvæmt þessum lögum að jafna aðstöðu manna til náms eins og gert var ráð fyrir með lögunum 1982. Núna eru vextir á námslánum en um það var alger samstaða milli allra flokka á Alþingi og milli námsmanna og ríkisvaldsins að ekki skyldu settir vextir á námslánin.

Endurgreiðsluhlutfallið skiptir auðvitað gríðarlega miklu máli, að allt saman sé endurgreitt sem sjóðurinn lánar út og það var það sem stjórnarandstaðan bauð samninga um við ríkisstjórnina, það var það sem námsmenn buðust til að semja um við ríkisstjórnina, að hver einasta króna sem lánuð væri út frá lánasjóðnum skyldi að fullu endurgreidd. Það voru þessi tilboð og það voru þessir samningar sem ríkisstjórnin kærði sig ekkert um að eiga hvorki við námsmenn né stjórnarandstöðuna af þeirri ástæðu að það átti að ná fram nú í eitt skipti fyrir öll grundvallarbreytingum á því fyrirkomulagi sem í gildi hefur verið um námslán og námsstyrki í landinu. Og eins og allir vita, og það veit ég að hæstv. menntmrh. sennilega veit manna best, verður auðvitað ekki hægt að búa við þessi lög til langframa. Það getur vel verið að menn geti sett undir sig hausinn og þumbast áfram í einhvern tíma og sagt: Þetta er allt í stakasta lagi, við skulum halda þessu svona. En það verður að gera breytingar á þessu og það veit ég að hæstv. menntmrh. skilur manna best.

Ég mun í þessari viku ásamt fleiri þingmönnum og þingmönnum úr öðrum flokkum leggja til í till. til þál. að fram fari endurskoðun á lögunum um námslán og námsstyrki. Ég veit að hæstv. menntmrh. hefur hafnað því að slík endurskoðun fari fram, a.m.k. á meðan ekki er ljóst hver reynslan er af þessum lögum sem nú eru í gildi. En það er alveg útilokað annað en að Alþingi grípi inn í og ákveði að fram fari endurskoðun á lögunum með tilliti til þess hver reynslan er á þeim stutta tíma sem liðinn er og með tilliti til þess hvaða tillögur hafa komið fram bæði frá námsmönnum og eins frá stjórnarandstöðunni um breytingar. Í þeirri nefnd þurfa að eiga sæti fulltrúar námsmanna og fulltrúar allra þeirra stjórnmálaflokka sem eiga sæti á þinginu vegna þess að það er mjög mikilvægt að um þetta mál geti skapast þjóðarsátt eins og myndaðist um lögin frá 1982.

Viðhorf þessarar ríkisstjórnar og starfsaðferðir hennar lýsa sér auðvitað mjög vel í því sem við erum sífellt að verða meira og meira vör við að ríkisstjórnin er í því í raun að elta uppi ákveðna hópa í þjóðfélaginu, skattleggja þá alveg sérstaklega með svokölluðum þjónustugjöldum og skera niður við aðra. Það eru sjómennirnir, það eru ellilífeyrisþegarnir, það eru öryrkjarnir, það eru sjúklingarnir en sennilega er þó enginn stétt og enginn þjóðfélagshópur sem hefur orðið fyrir öðrum eins árásum af hálfu þessarar ríkisstjórnar og námsmenn. Breytingarnar á lögunum um lánasjóðinn er fyrsta dæmið um slíkt.

Á sama tíma og framlög til lánasjóðsins og námslán eru stórlega skert þá finnst þessari hæstv. ríkisstjórn alveg sjálfsagt að hækka skólagjöldin við háskólann úr 7.000 kr. í 22.350 kr. Á sama tíma vantar háskólann 130 millj. kr. til þess að geta sinnt hlutverki sínu. Á sama tíma eru menn að tala um að taka upp virðisaukaskatt á bækur sem námsmenn eiga að bera og tillaga er komin fram um það hjá íhaldsmeirihlutanum í borgarstjórn Reykjavíkur að í lagi sé að hækka barnaheimilisgjöldin við námsmennina. Því var reyndar frestað. En ef menn velta fyrir sér þeirri meðferð sem á sér stað á einum þjóðfélagshópi og af hálfu einnar ríkisstjórnar og það allt á sama árinu, hvernig halda menn þá að hægt sé fyrir einn þjóðfélagshóp eins og námsmenn að standa undir slíkum álögum og ég tala nú ekki um ef það gengur eftir að virðisaukaskatturinn verði settur á bækur?

Það sem hefur komið mér einna mest á óvart í þessari umræðu er hvað hæstv. menntmrh. er þó ánægður með þetta allt saman. Það kom mér dálítið á óvart í ræðu hans áðan hvað hann er í sjálfu sér ánægður með allt sem þarna hefur gerst, sérstaklega hvað lánasjóðinn varðar. Hann sagði að vextirnir á námslánin væru nú bara 1%, þetta væri nú sama og ekki neitt, raunvextir væru miklu, miklu hærri. Það er alveg hárrétt. Hins vegar er ekki mjög langt í það, því spái ég, ef þessir ríkisstjórnarflokkar, sem nú mynda ríkisstjórn halda áfram að starfa lengur saman, að vextirnir í lánasjóðnum verði orðnir jafnháir og raunvextir eru almennt í bankakerfinu. Það þarf engum að koma á óvart og er í raun og veru rökrétt á meðan ríkisstjórnin heldur þeirri stefnu til streitu sem hún hefur haft og á meðan stjórn lánasjóðsins heldur þeim vinnubrögðum sínum áfram sem hún nú beitir, þ.e. að hækka frítekjumarkið sem ég kalla, þ.e. að taka minna tillit til tekna en áður hefur verið gert. Það leiðir til þess að fleiri og fleiri námsmenn komast inn í lánasjóðinn og geta tekið þar fjármuni að láni með 1% vöxtum. Þegar svona er opnað fyrir allan fjöldann og fjármunirnir, sem lánasjóðurinn hefur til ráðstöfunar — og það ætti nú enginn að vita betur en formaður stjórnar lánasjóðsins og hæstv. menntmrh. — eru takmarkaðir, og ef fleiri og fleiri sækja í þessa takmörkuðu fjármuni, þá er minna til skiptanna fyrir þá sem þurfa raunverulega á aðstoð að halda. Og ætli menn að halda þessu fyrirkomulagi við lýði til lengdar þýðir það að útgjöldin munu aukast, ef menn ætla að standa undir því nafni að þetta sé lánasjóður fyrir námsmenn sem á að aðstoða við framfærsluna, eða menn þurfa að hækka vextina til þess að fæla þá frá að sækja um lán sem raunverulega þurfa ekki á láni að halda. Því að meðan vextirnir eru lægri í sjóðnum og sjóðurinn er öllum opinn þá sækir fólk auðvitað inn í sjóðinn sem ekki þarf á aðstoð að halda og tekur þar lán með 1% vöxtum en fjárfestir auðvitað í allt öðru og aflar sér þannig tekna og þá hefur þetta hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna algerlega snúist við. Ég trúi því ekki að það hafi verið ætl-

un manna í upphafi að ganga þessa braut. En svona mun þetta því miður fara haldi menn þessu til streitu sem nú hefur verið unnið að á vegum stjórnarinnar.

Ég trúi því, þó svo hæstv. menntmrh. sé afskaplega ánægður með hvernig til hefur tekist í málefnum lánasjóðsins, að hann sé kannski ekki eins ánægður með allt sem hefur verið að gerast í menntamálunum. Niðurskurðurinn við Háskóla Íslands er náttúrlega glöggt dæmi um á hve hættulegri braut við erum í raun og veru haldi menn þessari stjórnarstefnu til streitu.

Ég ætla út af þessu að vitna hér að lokum í orð og grein eftir Pétur Þ. Óskarsson, formann Stúdentaráðs Háskóla Íslands, sem hann skrifaði í Dagblaðið í dag þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Það haustar í Háskóla Íslands. Vegna niðurskurðar hefur fimmtungur allrar kennslu verið lagður niður, 160 námskeið. Þetta jafngildir því að leggja af alla kennslu í lagadeild og viðskipta- og hagfræðideild." Bara með þessum niðurskurði. Þrátt fyrir þetta hefur ríkisstjórnin hækkað skólagjöldin í háskólanum úr 7.000 kr. í 22.350 kr. Þegar ég segi að ríkisstjórnin hafi gert slíkt, þá var háskólaráð knúið til slíkra aðgerða af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þetta gerist á sama tíma og háskólann vantar 130 millj. kr. til að geta verið með sömu starfsemi og var árið 1991. Ég trúi því ekki að hæstv. menntmrh. gleðjist yfir þessum hlutum þó hann geti verið ánægður með það í augnablikinu að sýna takmarkaðan sparnað sem er þó þegar upp er staðið raunverulega enginn sparnaður en sést aðeins í eitt ár á fjárlögum eða í fjárlagafrv. Sennilega mun þetta, vegna aðgerða stjórnar lánasjóðsins og aðgerða hæstv. menntmrh. og framkvæmd laganna, leiða til þess að útgjöldin munu frekar aukast þegar fram líða stundir heldur en hitt. Þá kunna menn auðvitað að segja sem svo: Ja, eru þá stjórnarandstæðingar ekki ánægðir með slíkt ef útgjöldin til lánasjóðsins munu bara aukast? Ég segi fyrir mig að ég er það alls ekki af þeirri ástæðu að það skiptir höfuðmáli til hvaða námsmanna aðstoðin, sem lánasjóðurinn veitir, fer og með hvaða hætti hún er. Það er auðvitað höfuðatriði að þeir njóti aðstoðar lánasjóðsins sem þurfa á aðstoð hans að halda en ekki þeir sem raunverulega þurfa ekki á aðstoðinni að halda.

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. talaði um skemmdarverkastarfsemi. Ég vísa því á bug. Ekki er um það að ræða. Ég er búinn að fara í gegnum það hvers vegna þurfti að rifa seglin í fjármálum þjóðarinnar, m.a. í þessum geira. Hv. þm. talaði um að það væru færri innritanir í háskólann. Hvers vegna? Menn geta spurt sig að því en fyrir því eru nokkrar ástæður. Það er ekki ein. T.d. allur sá mannskapur sem kom inn þegar hér voru gósentímar. Þegar námslánin voru hækkuð um 20% í tíð fyrrv. ríkisstjórnar kom mikið inn af fjölskyldufólki og einstæðum foreldrum sem höfðu það betra með því að vera á námslánum en að vinna og slíkt er óeðlilegt.

Það getur líka verið ofmettun námsmanna, þ.e. nú er á landinu mikið af fólki sem er menntað og atvinnulaust. Við erum búin að framleiða of mikið af þessu fólki í ákveðnum greinum. Þær eru því miður fáar eftir þar sem vinnu er að fá.

Svo vil ég leiðrétta það að framfærsla námsmanna hafi verið stórlega skert. Það er ekki rétt. Grunnframfærsla námsmanna var óbreytt. Og að lokum vil ég biðja hv. þm. að kynna sér betur hvað frítekjumark er.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins út af þessum orðum. Þegar ég talaði um skemmdarverkastarfsemi þá átti ég við það að sú breyting á lögunum um lánasjóðinn, sem gerð var með 6. gr., var auðvitað enginn hluti af þeim grundvallarbreytingum, þeirri grundvallarhugsun sem var verið að framkvæma með lagasetningunni í heild sinni. Ákvæði 6. gr. um eftirágreiðslurnar gat staðið eitt alveg sér og ég segi þess vegna, menn voru ekkert með því að ná fram einhverjum grundvallarbreytingum. Það var hins vegar bara skemmdarverkastarfsemi á þeirri aðstoð sem námsmenn þurfa á að halda, t.d. bara á þessu hausti, og var algerlega óþarft og var í engum tengslum við þær grundvallarbreytingar sem verið var að gera.

Framleiðsla á fólki og að ekki sé um neina skerðingu að ræða — það var nú svo að fyrri ríkisstjórn hækkaði framfærslu lánasjóðsins um tæp 20% vegna þess að áður hafði verið skorið niður um 16,7%. Því var skilað til baka sem áður hafði verið tekið í burtu og ég ætla ekki að fara að rifja það upp hér. Ég er búinn að ræða svo oft um það hvernig þessi mál hafa öll gengið fyrir sig sem lúta að námsmönnum. Þegar menntmrn. hefur verið skipað ráðherrum Sjálfstfl. hefur ríkt slíkur hringlandaháttur í öllum þessum málum og sérstaklega í því sem snýr að Lánasjóði íslenskra námsmanna að það er ekki hægt fyrir námsmenn að búa við slíkt. Við sem höfum fyrir löngu lokið námi og þurftum að búa við þann hringlandahátt, sem ríkti í okkar málum, mundum ekki treysta okkur að búa við sömu aðstæður og námsmenn þurfa að búa við nú.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er, eins og hér hefur réttilega komið fram, einungis tilraun til að lagfæra þann þátt sem snýr að námsmönnum núna. Eftir er auðvitað, eins og hv. 11. þm. Reykv. sagði, að leiðrétta ýmislegt fleira sem samþykkt síðustu laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna hafði í för með sér svo sem endurgreiðslufyrirkomulagið sem sýnt er nú þegar að veldur fólki stórkostlegum vandræðum eins og við reyndar vöruðum við í fyrra en töluðum fyrir daufum eyrum.

Það er búið að ræða hér í dag ýmislegt sem ástæðulaust er að endurtaka, mál sem við þekkjum öll, verulega skerðingu á öllum kjörum íslenskra námsmanna sem auðvitað hefur í för með sér fækkun námsmanna. Ég ætla því aðeins að víkja að öðru en því sem blasir við hverri fjölskyldu sem í þessu lendir og þær eru ekki fáar, víkja aðeins að því sem er að gerast í menntakerfi landsins.

Ég á sæti eins og hv. þm. vita í fjárln. Alþingis og

á sama tíma og menn segja án þess að depla auga að að efla beri rannsóknir í landinu er verið að skera niður grunnskólakerfið. Það er verið að skera niður framhaldsskólakerfið. Það er verið að skera niður alla verkmenntun í landinu. Því er haldið áfram þrátt fyrir að hér var tekin upp umræða fyrir örfáum árum um það vandamál hvernig komið er fyrir allri handmennt í grunnskólanum. Í kjölfar hennar lét fyrrv. hæstv. menntmrh. gera skýrslu um það mál og menn lofuðu að bæta úr því. Það er enn látið standa í stað og er auðvitað í fullkomnu óefni. Síðan er Háskóli Íslands skorinn niður við trog. Og það er rétt sem hér kom fram áðan að 160 námskeið hafa verið lögð niður. Þetta er stofnunin sem á að efla rannsóknir í landinu.

Það var einu sinni svo að þegar menn völdust í hin ýmsu trúnaðarstörf fyrir stjórnmálaflokka var leitað að þeim sem voru viðkomandi málaflokkar kærir, mönnum sem báru þessa málaflokka fyrir brjósti. Það er afar erfitt að sjá að svo sé farið að af hálfu þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Það fyrsta sem heyrðist frá virðulegum formanni stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna í fjölmiðlum var að fjöldi námsmanna hefði þegið námslán án þess að hafa til þess unnið. Það vill svo til að ég sem hér stend hef haft allmikil skipti við þennan sjóð sakir systkinafjölda og eigin barnafjölda. Mér hefur aldrei tekist að fá eina krónu hjá Lánasjóði ísl. námsmanna án þess að sýna fram á að námsframvinda, eins og það er kallað, sé með eðlilegum hætti og ég mótmæli því hér og nú að námsmenn hafi í stórum stíl orðið sér úti um fé hjá Lánasjóði ísl. námsmanna vísvitandi og að yfirlögðu ráði með svindli. Það er ósatt og óréttmæt ásökun.

En það er svo margt annað sem veldur því að það setur að manni hroll. 100% námsframvinda, hvað er það? Er nám og menntun á háskólastigi eins og fiskibollur sem er troðið í dós og rennt á færiband og skilað og sagt: Þetta er búið. Menn sem tala þannig vita ekkert hvað menntun og þekkingarleit er og ættu að láta slíka málaflokka í friði. Samkvæmt þeirri aðferð hefði alkunnur vísindamaður, Albert nokkur Einstein, ekki fengið lán hjá Lánasjóði ísl. námsmanna því hann var svo slappur á prófum. Halda menn að það sé hægt að reka námsmenn á háskólastigi áfram eins og fé til slátrunar með því að segja: Skilið 100% námsárangri annars fáið þið enga peninga? Hvað ef menn skyldu nú koma auga á eitthvað sem þá langaði að lesa og læra áður en lengra er haldið sem er kannski svolítið til hliðar við það sem þeir eru að gera? Nei, það geta þeir ekki því að þá fá þeir engin námslán. Halda menn að þetta sé leiðin til að afla sér menntunar? Þetta er svo yfirgengilegt að hlusta á. Auðvitað verður að setja einhverjar reglur sem sanna það að námsmaður sé við nám, vitaskuld. En svona dósaframleiðslukenningar þegar nám er annars vegar er auðvitað fyrir neðan virðingu Alþingis að ræða.

Annað er staða þeirra ungu karla og kvenna sem eru við nám og hófu nám sitt í sátt og samlyndi við sitt þjóðfélag gerandi sér nokkra von um að við þau kjör sem þeir byggju gætu þeir stundað sitt nám. Hvað með allt það unga fólk sem er erlendis við nám og hélt að það væri á samningi við samfélag sitt? Hvað gerist nú? Það er einfaldlega rekinn rýtingur í bakið á því. Námsaðstoð við þetta fólk er skorin niður við trog og hvað getur fólk gert sem er kannski komið á doktorsstig, er að vinna vinnuna sína og hélt að allir væru sáttir við það? Hvað getur það gert? Það gerir auðvitað það sem þessa menn dreymir um. Þeir sem eiga stönduga foreldra halda áfram. Hinir hætta vegna þess að þeir geta þetta ekki.

Og ef þeir góðu menn sem nú stjórna þessum málum vita það ekki, þeir þurfa kannski aldrei að koma upp í Lánasjóð ísl. námsmanna eða banka landsins, þá get ég sagt þeim það sem ég hef séð og heyrt. Ég hef séð örvinglað fólk standa í bönkum landsins og auk þess hafa bankastjórar sagt mér frá því. Fátækt fólk, sem hefur treyst á Lánasjóð ísl. námsmanna við að mennta börnin sín, stendur í þeirri stöðu að það fær engan til að ábyrgjast bankalán upp á þá von eða óvon að barnið þess standist próf. Menn standast ekki alltaf próf í háskólum. Það væri nú ljóti háskólinn sem skilaði svo aumingjalegum verkefnum að það gæti hver maður hoppað í gegnum þau eins og ekkert væri.

Það er nú einu sinni þannig að menn eru ekkert ginnkeyptir fyrir að ábyrgjast slík lán. Og finnst mönnum það engin ábyrgð að setja íslenskt alþýðufólk í þessa stöðu? Mundu þeir sjálfir ábyrgjast mikið af slíkum skuldum? Mér er það stórlega til efs. En það eru auðvitað aðrir sem alltaf hafa þá stöðu að þeir fá þessi lán, t.d. börnin mín. Hver neitar alþingismanni um slíkt lán? Ekki nokkur maður. En það er til margt fólk sem ekki fær svona lán og það á engan að til að ábyrgjast þau. Það er því vitaskuld skýringin á því að menn og konur ekki síst hafa hrökklast frá námi. Og það er kannski auðvelt fyrir okkur konur af ákveðinni kynslóð að minnast þess þegar gripið var til þess óyndisúrræðis að hætta námi í eitt ár og reyna að vinna sér inn svolitla peninga og halda svo áfram. Við vorum ansi margar sem ekkert áraði betur hjá næsta ár og fórum aldrei aftur í háskólann. Ég tel það þess vegna skyldu mína að sjá til þess að íslenskar konur fari ekki aftur niður á þetta stig, að þær haldi áfram að vinna en strákarnir haldi áfram námi. Því að það er það sem er að gerast núna, nákvæmlega eins og fyrir 25–30 árum og við sem lentum í þessu viljum ekki sjá þetta aftur. Það gat nefnilega vel verið að við ættum alveg eins gott með að læra eins og yndismennirnir okkar. En það er önnur saga.

Aðalatriði þessa máls er fyrst og fremst hvert við erum að leiða þjóðina með þessum aðgerðum burt séð frá lögunum sem samþykkt voru í fyrra. Þau voru ekki allt. Síðan hefur þessi mæta stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna setið við og sett hinar undarlegustu reglur um alla skapaða hluti. Það er með mig eins og hv. 9. þm. Reykv. Svavar Gestsson að ég er ekki svo hátt yfir starfsmenn lánasjóðsins hafin að ég geti ekki átt við þá hið ágætasta samstarf og fengið hjá þeim allar þær upplýsingar sem ég bið um, enda á ég rétt á því og hv. 9. þm. Reykv. líka.

Ég er þannig með haug af reglum sem mér er sagt að stjórn LÍN hafi samþykkt á fundi sínum 31. júlí sl.

Inn í þessa samantekt vantar nokkrar reglur sem samþykktar hafa verið síðan og enn er verið að fjalla um nokkrar reglur í stjórninni. Meiningin er að safna öllum vinnureglum saman og gefa þær jafnan út en slíkt hefur ekki verið gert hingað til, stendur í upplýsingum sem hef fengið. Og það er hreint ekkert smáræði sem búið er að setja af reglum. Þær eru hvorki meira né minna en — þetta er ekki einu sinni tölusett svo ég nenni ekki að telja þetta en þetta er ekki undir 12–13 þéttvélrituðum síðum. (**FI:** Hvenær var þetta sent?) Þetta var ekkert sent. Ég bað um þetta og fékk þetta. 31. júlí byrjaði ballið. Þá kom gusa og síðan hefur verið haldið áfram og enn er verið að. Hvað í ósköpunum eru menn að gera? Þeir eru að ákveða — svo að ég grípi niður einhvers staðar í þessu stórhlægilega plaggi þar sem hugmyndum og hugtökum ægir öllum saman og er það eftir menningarstigi þessarar vinnu — hvað menn mega vera margar annir í undirbúningsnámi í tungumálum, t.d. í ungversku, tékknesku, og einhverjum undarlegum tungumálum, sum fá ofurlítið meiri tíma en önnur. Maður spyr sig í forundran, hvað ef einhver maður skyldi nú vera í málvísindum þar sem menn læra jafnvel tugi tungumála? Ætlar stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna að ákveða hvað þessir menn þurfa mikinn tíma til að læra sín tungumál?

Hér hefur vísindamaður, sem nýtur sennilega töluvert mikillar frægðar um heim allan en því miður lést fyrir skömmu, gefið út tímarit um tokkarísku. Mig langar að spyrja formann stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna: Hvað vill hann gefa námsmanni prófessorsins við háskólann langan tíma til að lesa tokkarísku, ef hann hefur einhvern tíma heyrt það tungumál nefnt? Ég skal taka það fram að ég heyrði það ekki nefnt fyrr en fyrir tiltölulega skömmu síðan. En það sem ég er að reyna að segja er þetta: Hvað halda menn að þeir séu? Hvað er verið að ráðskast og ráðast inn í líf og starf Háskóla Íslands af engri þekkingu á hinn fruntalegasta og fautalegasta hátt eins og hv. 11. þm. Reykv. réttilega kallaði það? Það er með ólíkindum að lesa þetta plagg. Svo að eitt dæmi sé nefnt er hér einhvers staðar talað um að það hafi áhrif á framvindu náms ef barn veikist. Hefði ekki verið svolítið huggulegra að kalla þetta aukastyrk vegna veikinda barns? En hvernig í ósköpunum getur það hækkað framvindu nemanda ef barnið hans veikist? Það mætti velta fyrir sér notkun hugtaka í þessu góða plaggi. Allt er þetta sem sé með hreinum ólíkindum.

Svo dæmi sé tekið, frú forseti, skal ég lesa samsetning sem hér er að finna. Það segir hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Ljúki námsmaður meiru en 100% árangri á einu missiri miðað við kröfu skóla, er heimilt að flytja umframeiningar til næsta eða næstu missira. Í þessu tilfelli skiptir ekki máli hvort námsmaður ..." (**ÓÞÞ:** Fær hann ekki extralán fyrir slíkt?) Nei, nei. „Í þessu tilfelli skiptir ekki máli hvort námsmaður naut lána á þessu missiri eða ekki."

Næsta grein: „Ljúki námsmaður meira en 100% árangri á seinni hluta námsárs er einnig heimilt að flytja þær umframeiningar á fyrra missiri innan sama námsárs og er þá lán fyrir námsárið í heild gert upp."

Ég veit ekki hvort það er hægt að leggja á hv. þingheim að lesa þennan samsetning. En nokkru seinna segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú skuldar námsmaður árangur frá fyrri missirum eða námsferlum. Þá er einingaskuld dregin frá þeim einingum sem hann lýkur áður en námsframvinda er metin í prósentum."

Menn hafa ekki mikið að gera að sitja yfir þessu. Og nú skulu hv. þm. heyra, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef um veruleg veikindi" — og ég býst við að það sé þá verkefni hv. nefndar að meta hvað séu veruleg veikindi — „námsmanns eða í fjölskyldu námsmanns er að ræða á námstíma er heimilt að bæta allt að 25% við árangur hans þegar lán til hans er reiknað."

Veikindi í fjölskyldu auka námsárangur nemanda við útreikning. Ég spyr, hæstv. forseti: Hvað er hægt að bjóða fólki upp á? En allt er þetta með sömu endemunum og áfram er haldið. En allt er það gert til aðeins eins og það er að skerða og rýra kjör íslenskra námsmanna. Menn tala hér um frítekjumark, gott og vel. Til eru þeir námsmenn sem afla engra tekna vegna þess að þeir hafa engan tíma til þess. Hvað græða þeir á einhverri tilfærslu á frítekjumarki? (**Gripið fram í:** Þeir fá enga vinnu.) Auðvitað ekki neitt, auk þess sem þeir fá svo ekki vinnu.

Hv. 11. þm. Reykn. Rannveig Guðmundsdóttir talaði hér fyrir hönd síns flokks og það var ekki auðvelt, enda röddin slæm og gerði lítið til vegna þess að það er kannski eins gott að sá flokkur sé lágróma í þessu máli. Hún sagði eitthvað á þá leið að námsmenn eigi að vita á hverjum tíma að hverju þeir ganga. Ég er alveg sammála því. Námsmenn t.d. sem nú stunda nám í Bandaríkjunum og eru á hinum ýmsu stigum náms eru auðvitað örvæntingarfullir vegna þess að að þeim hefur verið gengið af slíkum fruntaskap að það er með ólíkindum. Og ég skal segja hæstv. menntmrh. hvernig er verið að fara með þessa krakka. Ung stúlka sem stundar nám í byggingarlist í Bandaríkjunum var að fara til prófs vitandi það að ef hún ekki næði sínu prófi, þá missti hún námslánið sitt, þ.e. þá fengi hún ekki lánsloforð. Svo mikið er lagt á þessa nemendur að þegar hún lenti í smáumferðarteppu, eins og menn gera þar í því góða landi, fór hún að vinna, hún fór að teikna. Hún var á leiðinni í próf. Hún lenti að sjálfsögðu í árekstri. Hún gleymdi sér við að undirbúa sig til prófs í bílnum sínum. Þetta er ung stúlka sem er með lítið barn á framfæri.

Höfum við leyfi til að setja þessa pressu á þetta unga fólk? Höfum við leyfi til að setja pressuna á kennarana í háskólanum? Það liggur auðvitað alveg fyrir að það er meiri ábyrgðarhluti en verið hefur fyrir háskólakennara að fella nemanda. Þeir viðurkenna það því þeir vita að þeir eru ekki aðeins að segja: Þú ert ekki nógu vel lesinn í þessu, heldur eru þeir líka að segja í leiðinni: Nú verður þú að bíða næstu önn eftir að fá einhverja framfærslu. Ekki nóg með það. Það er líka búið að koma í veg fyrir að háskólakennarar geti t.d. farið í verkfall því að þeir segja auðvitað sem svo: Við getum það ekki. Það mundi rúinera alla nemend-

ur okkar. Heitir þetta ekki terrorismi á erlendum málum? Ég tek undir með hv. 11. þm. Reykv. Þetta er auðvitað skemmdarverkastarfsemi. Þetta er brot á öllum lýðræðislegum rétti í þjóðfélaginu. Auðvitað eiga háskólakennarar ekki að vera að skipta sér af því hvernig efnahagur stúdenta er. Þeir eiga að sjá um að þeir kunni það sem þeir eru að gera. En þessi kvöð hvílir eins og lamandi hönd á þeim ef nemendur eru kannski aðeins réttu megin eða röngu megin við það sem krafist er.

Þannig mætti halda áfram í það óendanlega. Auðvitað er það alveg rétt og það er áreiðanlega þegar ljóst, hæstv. menntmrh., að þetta getur ekki gengið. Þetta gengur ekki upp því að eftir örfá ár fer þjóðin að finna fyrir því að hana vantar fólk. Og ég hef ekki áhyggjur af of mikilli menntun. Ég held að hún geti aldrei skaðað nokkurn mann. Ég held að það sé ekkert verra að atvinnulaus maður sé sæmilega vel menntaður nema síður sé. Yfirlýsingar á borð við það að við höfum offramleitt menntað fólk sýnir kannski hvað menn vita mikið um hvað þeir eru að tala.

Ég tek undir með þeim, og skal nú ljúka máli mínu, hæstv. forseti, sem sakna nú vinar, hv. þingflokksformanns Alþfl., sem stóð hér einn fagran vordag og sannfærði menn um að ef það sýndi sig að menn fyndu fyrir þeirri skemmdarverkastarfsemi sem hér væri verið að vinna, hann sagði það auðvitað ekki, en þeim aðgerðum sem nú væri verið að gera á málefnum námsmanna skyldum við eiga hann að. Hann kaus að setja inn varamann til að hann þyrfti ekki að standa fyrir máli sínu. En ég get fullvissað hæstv. forseta um að hann verður samt þvingaður til að taka þátt í þessari umræðu fyrr eða síðar.

Ég vil að lokum segja í fullri vinsemd við hæstv. menntmrh.: Allt þetta sem gert hefur verið er rangt. Það er ljótt og það er siðlaust. Námsmenn hafa ekkert til þess unnið að farið sé með þá eins og nú er verið að gera. Þetta er enginn barlómur að ástæðulausu. Ég vildi ráðleggja hæstv. menntmrh. að gera nú einu sinni skoðanakönnun meðal fólksins í landinu því það eru margir foreldrar í landinu sem eru með börn í námi. Og ef eitthvað gott hefur komið út úr þessari aðför þá er það þetta — það er kannski dálítið hráslagalegt að þetta skyldi þurfa til: Það er nefnilega svo komið að alþýðufólk á Íslandi, sem hefur kannski amast við Lánasjóði ísl. námsmanna í hugsunarleysi sínu um langt árabil og oft dyggilega stutt af helstu verkalýðsforingjum landsins, er nú að uppgötva að það var kannski alltaf rétt það sem við alþýðubandalagsmenn höfum alltaf sagt, að Lánasjóður ísl. námsmanna væri mesta kjarabót sem íslenskar fjölskyldur hafa fengið fyrr og síðar því hann veitti öllum jafnan rétt til náms. Nú er verið að fara aftur til þess að velja fólk til náms og auðvitað eftir efnum og ástæðum eins og öll hugmyndafræði Sjálfstfl. byggist á.

Við alþýðubandalagsmenn höfnum þessu. Við erum á móti þessu og við munum ekki linna látum fyrr en þetta hefur verið leiðrétt. Og ég treysti hæstv. menntmrh., sem mér dettur ekki í hug að hafi gert þetta af illgirninni einni, síður en svo. Ég held að hann hafi haft vonda ráðgjafa og ekki skoðað málin frá öllum hliðum. Það er svo einfalt að ráðast að einhverjum einum þætti samfélagsins án þess að líta til þess hvaða áhrif það hefur á aðra þætti. Og ætli það sé ekki að renna upp fyrir bankakerfinu þessa dagana hver vandi fólks er sem á að greiða samkvæmt nýjum lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna námslánin sín? Það fólk, eins og við vöruðum við í fyrra, kemur fæst til álita við að fá húsbréf þegar það þarf að koma þaki yfir höfuðið á sér. Og hvað ætla menn þá að gera? Það skyldi nú aldrei verða að fasteignasalar verði hugmyndafræðingar að því að breyta þessu vegna þess að húsnæðismarkaðurinn hrynur? Við erum ekki að tala um neinn smáhóp. Þetta er stór hópur í þjóðfélaginu.

Hæstv. forseti. Það væri auðvitað hægt að tala endalaust um þetta mál. En ég skal ljúka máli mínu nú með þeirri frómu ósk að hæstv. menntmrh. taki höndum saman við það fólk sem þetta varðar, fulltrúa námsmanna og kennara við menntastofnanir og taki málið sínum eigin tökum en láti ekki alls konar menn, sem engan áhuga hafa á þessum málum, ráðslagast með þau af engri þekkingu.

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Frú forseti. Manni er orðfátt eftir þessa miklu ræðu Guðrúnar Helgadóttur. Það eru nokkur atriði sem ég vil benda þingmanninum á. Námsmönnum erlendis hefur ekki fækkað. Í öðru lagi er það ekki rétt að við séum komnir til baka um 25–30 ár þegar Guðrún var ung. Við erum með besta aðstoðarkerfi námsmanna í heiminum. Ef þingmaðurinn getur hrakið þetta þá skal ég taka ofan fyrir honum.

Varðandi vinnureglurnar, sem þingmaðurinn var að lesa hér upp úr, þá hefur það ekki verið gert fyrr en núna að stjórnin samþykki vinnureglur sem eru bak við hverja reglu í úthlutunarreglunum. Þessar vinnureglur eru síðan settar í bækling með úthlutunarreglunum og sendar til násmanna. Námsmenn hafa því aldrei fengið eins góðar upplýsingar um úthlutunarreglur sjóðsins og núna.

Varðandi stúlkuna í Bandaríkjunum. Ég held að hún hafi frekar verið að hugsa um prófið sitt en lánasjóðinn. Það hlýtur bara rétt að vera. (**GHelg:** Það hangir saman.)

Varðandi framvindu náms og reglur vil ég benda þingmanninum á að það er náttúrlega nauðsynlegt að hafa reglur alls staðar. Það þýðir ekki að lána bara ef menn eru í skóla og hafa vottorð upp á það.

Svo vil ég benda á varðandi húsbréfin að það þarf að borga þessi lán til baka. Það er ekki nóg að taka bara lánin, þetta er ekki svoleiðis. Það þarf að borga þau til baka, því miður.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við annars ágæta ræðu hv. 14. þm. Reykv. vildi ég gera örstutta athugasemd.

Hv. þm. lýsti því yfir að námsmenn hefðu ekki til þess unnið að svona væri farið með þá. Ég vil ekki sýkna þá. Ég gruna marga þeirra um að hafa stutt þá stjórnmálaflokka sem nú fara með völd í landinu. Ég

held nefnilega að þeir hafi verið búnir að gleyma því að þessi árangur náðist ekki nema með baráttu. Hann náðist vegna þess að þá voru aðrir aðilar við völd í landinu. Lánasjóðurinn var aldrei neitt sjálfsagt mál sem hægriöfl á Íslandi vildu veita stuðning. Þess vegna get ég ekki sýknað námsmenn, ég tel þá bera stóra ábyrgð í þessu máli.

En ég ætla að benda þeim á annað. Það blasir við að járniðnaðarmenn gátu safnað saman fimm hundruð manna liði og það verður til þess samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum frá hæstv. samgrh. að kostnaður sem var um 6 millj., fer í um 20 millj. Ef námsmenn kæmu nú álíka flótta af stað hjá ríkisstjórninni í sínum málaflokki með því að safna liði þá er greinilegt að þeir eiga von á auknu fé. En ef þeir hafa hvorki getu eða þrek til að safna liði verður farið með þá eins og hverja aðra hvolpa. Það blasir við.

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil leggja áherslu á að málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna og það frv. sem hér er til umræðu sé skoðað með hliðsjón af öðru sem er að gerast í þjóðfélaginu og snertir þessi mál.

Þar á ég í fyrsta lagi við vaxandi atvinnuleysi sem hingað til hefur komið einna harðast niður á konum.

Í öðru lagi á ég við fækkun nýnema við Háskóla Íslands sem er mest meðal kvenna. Í fyrra voru 59,1% nýnema við Háskóla Íslands konur en nú eru þær 54,9% samkvæmt upplýsingum frá Háskóla Íslands eins reyndar hefur komið fram fyrr í umræðunni. Í vaxandi atvinnuleysi ætti auðvitað að gera fólki kleift að byggja sig upp og mennta sig.

Ég tel það mikið jafnréttismál að allir geti stundað háskólanám sem hafa til þess hæfileika og áhuga. Samkvæmt ákvæðum 6. gr. núgildandi laga nr. 21/1992 eru námslán veitt eftir á. Þ.e. fyrst á að ljúka prófi og síðan kemur lánið. Í frv. sem hér er til umræðu er lagt til að lánin séu greidd jafnóðum miðað við námsframvindu síðustu prófa. Þetta mundi spara fólki verulegar upphæðir í bankakostnaði, vaxtagjöldum og öðru og auðvelda fólki sem ekki á stönduga ábyrgðarmenn að vera í námi. Því styð ég þetta frv. sem nú er til umræðu.

Þá vil ég taka undir með hv. frummælanda í þessu máli, hv. 9. þm. Reykv., og láta í ljós áhyggjur mínar af því litla fjármagni sem ætlað er til menntamála, einkum og sér í lagi til háskólastigsins. Í beinu framhaldi af fyrri niðurskurði til háskólans annað árið í röð er verið að neyða háskólann til að afla sér heimildar til að takmarka fjölda stúdenta en slík tillaga er nú til umræðu í deildum skólans. Á sama tíma og skólagjöld eru lögð á, lánin eru gerð dýrari og þau greidd út eftir á er námsframboð háskólans orðið það lítið að fólk getur varla stundað fullt nám en verður samt sem áður að stunda fullt nám til að fá lán eða alla vega 75%. Slík aðgerð að takmarka fjölda stúdenta inn í háskólann er að mínu mati mjög varhugaverð, m.a. vegna þess að rannsóknir á fylgni námsárangurs í Háskóla Íslands og einkunna í framhaldsskóla benda til að um mjög flókið samband sé að ræða.

Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé fylgjandi því að háskólinn taki upp almennar fjöldatakmarkanir og ítreka fyrirspurn frá Kristínu Ástgeirsdóttur um það hvort ráðherrann mundi heimila hækkun á skólagjöldum ef sú ósk kæmi fram.

Ef svo heldur fram sem horfir má búast við að nemum úr lægri þjóðfélagshópum og konum almennt fækki áfram í háskólanum og aftur komi þeir tímar að konur þurfi að vinna fyrir mökum sínum og sjá svo til hvort þær geti menntað sig síðar. Konur urðu fyrst í meiri hluta í Háskóla Íslands árið 1986. Það endurspeglar að mínu mati mjög margt. Það að konur urðu í meiri hluta árið 1986 endurspeglar m.a. það að konur sem voru komnar yfir miðjan aldur, sumar hverjar höfðu gjarnan unnið fyrir mökum sínum á meðan þeir voru í námi, hafa komið inn í skólann.

Í öðru lagi sýnir það að konur eru fjölmennari er karlar í háskólanum að þær sækja í minna mæli en karlar aðra starfsmenntun. Þá á ég ekki síst við Iðnskólann. Framboð á iðnfræðslunni í landinu hefur verið þannig að það höfðar ekki til kvenna.

Í þriðja lagi er það vafalaust rétt að lág laun kvenna á vinnumarkaðnum hafa gert það fýsilegan kost fyrir konur, ekki síst einstæðar mæður, að fara í háskólann.

En nú á sem sagt að reka konur út úr háskólanum því þrátt fyrir karp um tölur hér fyrr í dag þá viðurkenndi formaður lánasjóðsstjórnar að mest fækkun hefði orðið meðal einstæðra mæðra og innritunartölur háskólans staðfesta þessa fækkun.

Virðulegur forseti. Það kom reyndar fram í máli hæstv. menntmrh. fyrr í umræðunni að það hefði orðið hlutfallslega mikil fjölgun foreldra meðal námsmanna í háskólanum, fjölgun um 40% á árunum 1988–1991. Hann taldi þetta hlutfall óeðlilega hátt og við því hefði mátt búast að það breyttist. Ég tel það reyndar mjög líklegt án þess að hafa um það tölur að það sé algengara hér á landi en víða í nágrannalöndum okkar að stúdentar sem eru að nema til fyrstu námsgráðu eigi börn. Ég get að sumu leyti tekið undir það með menntmrh. að það er algengt að stúdentar hér eigi börn. En skýringin á því að mínu mati að svo margir stúdentar eiga börn hér á landi er einföld. Hún er sem sagt sú að þær félagslegu aðstæður sem smábarnaforeldrar búa við eru svo slæmar að það er einna helst hægt að lifa af ef maður er námsmaður. En nú á að gera smábarnaforeldrum erfiðara fyrir líka að vera námsmenn með lækkuðum barnastuðlum og hertum kröfum um námsframvindu sem eru ógnvekjandi fyrir barnafólk því að ekkert lán fæst ef námsframvinda er undir 75%. Hvernig væri að viðurkenna að barnaforeldri gæti verið í hálfu námi og fengið hálft lán eða sem því nemur?

Við umræðu ráðherrans í dag kom mér í hug sjónarmið kvenfrelsiskonunnar Firestone sem hefur haldið því fram að það séu fyrst og fremst barneignir kvenna númer eitt, tvö og þrjú sem viðhaldi undirokun þeirra. Þessu sjónarmiði hefur Kvennalistinn hafnað og gert þá kröfu að konur geti samhæft þátttöku í þjóðfélaginu og barneignir, enda hlýtur það að vera þjóðarheill, eða hvað?

Er það stefna hæstv. menntmrh. að banna námsmönnum að eignast börn fyrr en námi er lokið? Kannski það sé ætlun ríkisstjórnarinnar að leysa atvinnuleysi framtíðarinnar með því að stoppa barneignir í landinu því æ erfiðara verður að samhæfa lífsbaráttuna og barneignir hvort sem um námsmenn eða ungt fólk almennt er að ræða.

Ég vil að lokum taka undir ábendingu hv. 14. þm. Reykv. að háskólakennarar eru settir í mjög erfiða stöðu þegar fall á prófi þýðir að það er verið að koma nemum fjárhagslega á vonarvöl. Og það er einlæg von mín að málefni lánasjóðsins og reyndar háskólans alls verði tekið til algjörrar endurskoðunar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þegar ég las það frv. sem hér er á dagskrá varð ég mjög hissa. Mér fannst eins og 1. flm., hv. 9. þm. Reykv., ætti skilið bjartsýnisverðlaun fyrir að láta sér detta í hug að flytja þetta mál. Nú veit ég að það er fagurt við Breiðafjörð á vorin og bjart og e.t.v. hefur hann hugsað sem svo að það gæti birt á fleiri stöðum, rafmagnsljósin sæju um það þó að hæstv. iðnrh. boði að kertaljósin komi líka til sögunnar.

Hér er það staðreynd að hv. 9. þm. Reykv. hefur flutt frv. inn á Alþingi Íslendinga sem tekur á því máli sem var aðaldeiluefnið í átökunum um lánasjóðinn í fyrra. Það er eins og hann trúi því að það hafi verið fyrir einhver mistök að stjórnarsinnar samþykktu það frv. Ég held að það hafi ekki verið fyrir nein mistök sem þeir samþykktu frv. Ég held að það megi með sanni segja að þeir vissu hvað þeir voru að gera og ég held að eftir atvikum séu þeir þokkalega ánægðir með árangurinn því að hann er fullkomlega í takt við það markmið, sem þá var stefnt að, að fækka þeim sem færu til náms.

Við höfum heyrt að búið sé að fara of geyst í að mennta íslenska þjóð, það sé orðið offramboð á menntafólki og nú eigi að fækka þeim sem halda áfram. Þetta held ég að sé það sem blasir við. Þetta er það sem stefnt var að. Árangurinn frá sjónarhóli stjórnarsinna hlýtur því að vera mjög þolanlegur en engu að síður virðist örla á þeirri hugsun hjá hv. 9. þm. Reykv. að þetta hafi verið gert fyrir einhvern misskilning hjá Alþfl. Það finnst mér mikil bjartsýni. Ég spyr aftur á móti sjálfan mig þeirrar spurningar hvort það sé hugsanlegt að hv. 9. þm. Reykv. hafi eitthvað fyrir sér í því og af þeirri ástæðu óskaði ég eftir því að hæstv. félmrh. yrði hér við umræðuna. Hæstv. félmrh. er þekktur að því að fylgja fast eftir þeim sjónarmiðum sem ráðherrann telur grundvallarsjónarmið á sumum sviðum, m.a. í málefnum fatlaðra.

Eitt af því sem blasir við sem staðreynd og er afleiðing þess sem gert hefur verið er það að þrátt fyrir að konur hafi verið fleiri útskrifaðar sem stúdentar en karlmenn á seinustu árum mun þetta leiða til þess og hefur þegar markað þau spor að þær verða færri sem fara áfram. Þetta er þess vegna stærsta afturförin sem átt hefur sér stað og sú fyrsta um langan tíma sem er afturför í jafnréttis milli kynjanna. Það má segja að fram að því að þessi breyting átti sér stað á lánasjóðnum var þróunin stöðugt í þá áttina að konur voru í krafti menntunar að ná jafnrétti í reynd á fleiri og fleiri sviðum. Núna blasir það aftur á móti við að Alþfl. hefur tekið þátt í því að samþykkja lög á Alþingi Íslendinga sem snýr þessu við. Framþróunin hefur verið stöðvuð og hér hefur því verið lýst nokkuð vel að hið félagslega réttlæti er á undanhaldi í þessum málum. Þetta veit ég að hæstv. ráðherra gerir sér grein fyrir.

Það hefur verið upplýst af talsmanni Alþfl. í þessu máli, hv. 11. þm. Reykn., að Alþfl. hefur skipað nefnd sem er að skoða þetta mál og sannleikurinn um stöðuna að mati hv. 11. þm. Reykn. á að koma í ljós á útmánuðum. Ég er dálítið undrandi á þeirri tímasetningu. Mér er ekki ljóst hvers vegna á að bíða fram á útmánuði. En gott og vel. Ef það er svo að Alþfl. er sannfærður um að sannleikurinn komi í ljós á útmánuðum hef ég raunverulega aðeins eina spurningu fram að færa til hæstv. félmrh.: Mun Alþfl. beita sér fyrir því að þessum lögum verði breytt þegar og ef það liggur fyrir að þær fullyrðingar, sem hér hafi verið settar fram varðandi það að reglurnar stöðvi þá framþróun til jafnréttis sem átt hefur sér stað í menntunarmálum kvenna, reynast réttar? Mun Alþfl. beita sér fyrir því að lánasjóðsreglunum, lögunum um lánasjóðinn, verði breytt eða mun Alþfl. meta ráðherrastóla í þessari ríkisstjórn svo mikils að hann fórni þessum þætti í sinni stefnuskrá? Mér er fullkunnugt um að það er ekki í anda þeirrar stefnuskrár sem Alþfl. býr við að horfa á það að framþróunin í jafnréttismálum, í menntunarmálum kvenna, verði stöðvuð. Þetta er sú spurning sem ég óska eftir að hæstv. félmrh. svari vegna þess að þetta er fyrst og fremst félagslegs eðlis ef það er skoðað. Háskólinn fjallar ekki um neitt annað en það hvort menn falli á prófum vegna þekkingarskorts en lánasjóðurinn er aftur á móti grundvallartæki til þess að þeir sem hafi hæfileikana eigi þess kost að þreyta prófið því ef þeir af fjárhagsástæðum komast ekki í skóla munu þeir að sjálfsögðu aldrei komast á það stig að þreyta prófið.

Ég ætlaði ekki að hefja þessa umræðu með löngu máli. Persónulega hef ég enga trú á því að lögum um lánasjóðinn verði breytt meðan þessi ríkisstjórn situr en vegna þeirrar miklu bjartsýni sem kom fram í ræðu hv. 9. þm. Reykv. leitaði ég eftir því að hæstv. félmrh. kæmi hér og svaraði þessari spurningu.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 11. þm. Reykn., Rannveig Guðmundsdóttir, fór hér fyrr í dag yfir stöðu þessa máls og afstöðu Alþfl. til þess. Hún greindi frá því að það væru skiptar skoðanir innan Alþfl. varðandi þær breytingar sem gerðar hefðu verið á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Hún greindi frá því að flokksþing Alþfl., sem haldið var fyrr á þessu ári, hefði samþykkt að það skyldi farið yfir stöðu þessa máls og hugað að því hvort ástæða væri til að endurskoða lögin. Ég hef út af fyrir sig litlu við það að bæta sem fram kom hjá hv. þm. Líkt og hv. þm. sagði tel ég að ekki sé komin, að mínu viti, fullkomin reynsla á það hvort

þær breytingar, sem hafa verið gerðar á lögunum, hreki fólk frá námi. Það hefur komið fram í þessari umræðu að t.d. kynjahlutfall umsækjenda hjá lánasjóðnum er svipað og verið hefur. Það hefur einnig komið fram í umræðunni að þó að umsækjendur séu færri núna við háskólann, sérstaklega konur sem rætt hefur verið um í þessari umræðu, eru þær fleiri við aðra skóla en verið hefur, Háskólann á Akureyri, Kennaraháskólann, Fósturskólann svo að dæmi sé tekið.

Það kom fram hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að ef það kemur í ljós þegar reynsla er af þessu fengin að knýjandi ástæða sé til þess að breyta lögunum mun Alþfl. skoða það með opnum huga að gerðar verði breytingar á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég hygg að það sama gildi fyrir Sjálfstfl. Ef það kemur fram knýjandi nauðsyn til breytinga verður málið skoðað með opnum huga.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir heiðarlegt svar. Heiðarleiki þess lá m.a. í því að hér var engu lýst yfir varðandi ákvarðanir. Það var ekki sagt í þessu svari: Ef það kemur í ljós að það er að gerast sem hér hefur verið fullyrt mun Alþfl. beita sér fyrir því að leggja fram frv. Því var ekki lofað. Því var ekki lofað að þetta mál gæti orðið stjórnarslitamál, alls ekki. Því var aftur á móti lofað að þetta yrði skoðað með opnum huga. Það er út af fyrir sig jákvætt en góður vilji nær skammt ef menn vilja ekki kosta því til sem þarf.

Sú trú að Sjálfstfl. sé reiðubúinn að breyta þessu finnst mér eiginlega að sé enn þá meiri trú en kom fram hjá 9. þm. Reykv. Það er svo mikil trú að ég hef ekki rekist á aðra jafnmikla á þessu hausti. Vissulega vil ég ekki verða til að ræna nokkurn trú sinni. Þetta mun koma í ljós eins og fleira en það er mikil trú sem þar liggur á bak við hjá hæstv. félmrh. Ég vonaðist eftir því að hæstv. félmrh. segði: Ef þetta er á þann veg að jafnréttisþróunin er stöðvuð, þ.e. konur sækja ekki lengra fram vegna þess að þær eru að hrekjast frá námi, þá mun Alþfl. beita sér fyrir því að breyta þessu.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Frv. sem hér er til umræðu tekur á einni af mörgum slæmum breytingum sem gerðar voru á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna á síðasta þingi. Þetta atriði skiptir verulegu máli og ég tel að það sé út af fyrir sig skiljanlegt að valið sé eitt mikilsvert atriði sem áfangi til þess að færa lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna í það horf sem við viljum sjá. Ég skil þá hugsun sem liggur að baki því að áfangaskipta þessu en engu að síður tel ég óhjákvæmilegt að leiða fleiri atriði inn í þessa umræðu þar sem ég tel að með því að breyta lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna á síðasta vetri hafi verið stigið stórt skref aftur á bak í menntastefnu þjóðarinnar. Þeim sé sérstaklega gert erfitt fyrir sem velja sér annað nám en hefðbundið háskólanám og er þó nógu erfitt fyrir þá sem fara í háskólanám.

Ég er ekki farin að sjá það hvernig þessi ákvæði sem hér er verið að fjalla um, 6. gr. laganna, kemur við sérskólanema en ég man það úr greinargerðum og umsögnum þessara aðila að þar voru verulegar áhyggjur á ferðinni. Nú er þegar orðið ljóst að ákveðið aðfararnám eða byrjunarnám, t.d. hjá iðnnemum, er ekki lengur lánshæft. Það er varið með því að þar sé um að ræða nám sem sé e.t.v. ekki annað en nám til stúdentsprófsstigs og því sé ekki ástæða til að styrkja það sérstaklega eða lána til þess að gera fólki kleift að stunda það nám. Þetta þýðir einfaldlega að það er verið að gera fólki erfiðara fyrir að leita í annað nám en hreint bóknám og það er þó, ítreka ég enn og aftur, nógu erfitt.

Varðandi þetta langar mig til að vitna í ummæli sem birtust núna um helgina og koma úr þeirri átt sem kannski gott er að vita af. Það er frá háskólarektor í viðtali við dagblaðið Tímann. Þar segir hann, með leyfi hæstv. forseta: „Mesti ljóðurinn á okkar skólakerfi þykir mér það vera hve við höfum hér vanrækt verkmenntunina. Til eru hér margir ágætir verkmenntaskólar og iðnskólar, en einhvern veginn hafa þeir ekki verið nægilega áhugaverðir fyrir unga fólkið. Fremsta ósk þess er alltaf að komast í bóknámið, þótt störfin í verknáminu gætu verið fullt eins skemmtileg og átt betur við menn. Það tengist þessu að aldur fólks, sem stundar iðnskólanám, er orðinn ansi hár á Íslandi. Þar eru menn kannski orðnir 23–25 ára, er þeir hefja námið, og hafa verið að leita að sjálfum sér allt fram til þessa tíma. Það er ekki fyrr en þeir hafa unnið ýmis störf í allmörg ár, að þeir fara á samning og hefja iðnnám. Sem betur fer verða það oft ágætustu og bestu iðnaðarmennirnir sem koma út úr þessu. En eitthvað er að kerfinu ef fólk þarf að leita að sjálfu er í tíu ár áður en það finnur það sem það vill gera."

Ég lýk hér tilvitnun en bendi á að fyrir liggur, eins og kemur fram í máli háskólarektors, skýrsla sem styður þessar fullyrðingar tölfræðilegum upplýsingum. Þar kemur m.a. fram að það voru ekki nema 9% í þeim árangi sem þar er tekinn til könnunar sem fóru í iðnnám og einungis 5% luku því. Ég vil meina að þessi pottur sé brotinn á þann hátt að með stefnu Lánasjóðs ísl. námsmanna sé beinlínis verið að beina fólki frekar í bóknám en verknám.

Ég vil taka sem dæmi gamla skólann minn, sem ég vil telja verknámsskóla. Það er Myndlista- og handíðaskóli Íslands. Það hefur nefnilega komið á daginn að samkvæmt starfsreglum Lánasjóðs ísl. námsmanna er fólki gert mjög erfitt með að stunda nám þar vegna þess að svo lítið tillit er tekið til efniskostnaðar. Konur eru í miklum meiri hluta í þessum skóla og það er ekki um auðugan garð að gresja fyrir konur að sækja sér sumarvinnu. Þær koma því ekki hlaðnar fjármunum eftir sumarið með sumarhýruna sína. Í þessum skóla eru 186 nemendur nú í ár, 136 konur og 50 karlar. Efniskostnaður, sem er að vísu mjög misjafn eftir deildum, getur farið upp í 60–120 þús. kr. á vetri og til þessa er síður en svo tekið tillit. Þarna er ofan á annað, sem við höfum gagnrýnt í sambandi við nýskipan Lánasjóðs ísl. námsmanna, í rauninni verið að gera fólki ókleift að velja þessa námsbraut jafnvel þótt það

sé viðurkennt að fólk þyrfti að velja sér fjölbreyttari menntun hér á landi en nú er raunin.

Ég held að þarna hafi mjög slæmar ákvarðanir verið teknar og full ástæða til að taka á fleiru en 6. gr. við endurskoðun á ómögulegum lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það er ekki auðvelt að svara því hvernig fólki verður frekar beint í verknám. Þarna er um vanda að ræða sem nær allt niður í barnaskóla en við erum ekki með þeirri stefnu sem lánasjóðurinn hefur fylgt að undanförnu að gera þessa stöðu auðveldari heldur þvert á móti erfiðari.

Ég tek þetta sérstaka dæmi vegna þess að þetta er einn af fáum verknámsskólum þar sem konur hafa verið í miklum meiri hluta. Það er stundum talað með lítilsvirðingu um listnám og það talið óarðbært en ég held að okkar samfélag yrði mun snauðara ef við ættum ekki fólk sem legði stund á listnám og skilaði þeirri reynslu og þeirri þekkingu sem það býr yfir úti í samfélagið.

Það er ýmislegt fleira sem varðar verknámið og vissulega væri ástæða til að gera að umtalsefni. Ég hef lagt þessa áherslu fyrst og fremst inn í umræðuna vegna þess að það hafa verið fleiri málssvarar Háskóla Íslands og annarra bóknámsskóla í umræðunni heldur en verknámsins. Ég held að öll sú gagnrýni sem þar hefur komið fram sé fyllilega réttmæt og ég tek undir hana.

En ég vil bæta því við að ég sé ekki að við megum láta staðar numið við að breyta einungis 6. gr. laganna. Ég óttast það að 6. gr. laganna muni í sumum tilvikum reynast verknámsfólki jafnvel enn erfiðari en bóknámsfólki, ekki síst þeim sem leggja stund á verknám erlendis af einhverju tagi vegna þess að mat á því hvað telst full námsframvinda er afskaplega mismunandi. Í sumum tilvikum er verið að setja upp kröfur sem eru nánast út í hött, fullkomlega óraunsæjar og því miður staðreynd. Ég þekki nokkur dæmi þess að ætlast er til að fólk geti skilað af sér meiru í verknámsskólum erlendis en nokkurt raunsæi réttlætir. Þetta fólk hlýtur óhjákvæmilega að flosna upp úr skólanum með háa efnisreikninga á bakinu ofan á reikningana fyrir skólagjöldin og framvindu sem telst ófullnægjandi en er samt mikil. Þetta er ekki til þess að hvetja fólk til þess að leita annarrar leiðar en þeirrar sem nú er einnig verið að gera ófæra en það er bóknámsleiðin.

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem tekið hafa þátt í umræðunni og hæstv. menntmrh. fyrir umræðuna. Ég tel mikilvægt að hún hefur farið fram. Það er verið að gera upp, má segja, að nokkru leyti umræðuna um Lánasjóð ísl. námsmanna eins og hún fór fram hér sl. vor. Þá urðu mikil átök um málið og við þingmenn Alþb. og fleiri lýstum því yfir að við mundum taka málið upp strax og þing kæmi saman að nýju. Það gerðum við alþýðubandalagsmenn með því að leggja þetta frv. fram á fyrstu dögum þingsins í sumar og það er alveg augljóst mál af þeim umræðum sem hafa farið fram í dag að þeim er ekki lokið. Þær munu fara fram áfram.

Það er með öðrum orðum nokkuð augljóst mál að það er engin sátt um Lánasjóð ísl. námsmanna eða lögin um hann né heldur um framkvæmd þeirra. Það getur ekki verið sátt um lögin eins og þau eru sett upp hér núna. Ég varð ekki var við það í ræðu hæstv. menntmrh. né heldur í ræðum hv. 1. þm. Reykn. að þar væri neinn sáttavilji. Ég tók þó eftir því að hæstv. félmrh. kom öðruvísi að málinu en þessir tveir forustumenn Sjálfstfl. án þess þó að hún í raun og veru lofaði neinu, eins og fram kom í máli hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar.

Ég vil taka undir það sem kom fram í ræðu hv. 9. þm. Reykn. að þær breytingar sem hafa verið gerðar á lögunum um lánasjóðinn og útlánareglunum alveg sérstaklega geta verið afar hættulegar þróun verknámsins eins og ég kom að í ræðu minni fyrr í dag, bæði hins almenna iðnnáms, Tækniskólans og þó alveg sérstaklega listnámsins. Ég held satt að segja að við getum hvað sem ágreiningi líður um málið í þessum umræðum í allri vinsemd beint þeirri áskorun til hæstv. menntmrh. að þau mál sem lúta að verknáminu verði sérstaklega skoðuð. Verknám á Íslandi og listnám er mjög veikt. Það er ríkjandi bóknámshefð í landinu. Hún hefur mjög lengi verið ríkjandi og það er mjög hættulegt að veikja þann litla stuðning sem verknám og listnám þrátt fyrir allt hafa í hinu almenna skólakerfi og stuðningskerfi.

Þess vegna vil ég heita á hæstv. menntmrh. að líta sérstaklega á verknámið og listnámið hvað sem öllu öðru líður. Þar er ég auðvitað líka m.a. að tala um hugsanlega áheyrnaraðild Iðnnemasambands Íslands að stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna sem ég ræddi ítarlega fyrr í dag.

Í sjálfu sér hafa talsmenn ríkisstjórnarinnar í þessu máli mjög litlu svarað. Þeir bera fyrir sig að fyrrv. ríkisstjórn hafi skilið illa við og það er lexía sem við höfum heyrt mjög oft og í sjálfu sér ekkert nýtt í henni af hálfu talsmanna ríkisstjórnarinnar. Það má svo sem benda á það Lánasjóður ísl. námsmanna stóð tiltölulega vel 1991. Ef við berum hann saman við ýmsa aðra opinbera sjóði, t.d. Byggingarsjóð verkamanna, þá stóð Lánasjóður ísl. námsmanna tiltölulega mjög vel. Eiginfjárstaða hans var talin jákvæð, ef hann yrði gerður upp, upp á um það bil 9 milljarða kr. Það var þess vegna ekki hægt að mati Ríkisendurskoðunar að setja dæmið þannig upp að þessi sjóður væri með afbrigðum slæmur og þyrfti frekar að ráðast að honum en kannski öllum öðrum jöfnunar- og velferðarsjóðum í landinu.

Það er nauðsynlegt í þessu sambandi líka að svara því sem talsmenn lánasjóðsins og ríkisstjórnarinnar hafa dregið inn í málið að hér sé allt mikið betra en annars staðar. Ég neyðist til þess satt að segja að fara aðeins ítarlegar út í það, virðulegi forseti. Í fyrsta lagi með því að benda á að í grannlöndum okkar er félagslegur stuðningur, bæði barnabætur og húsnæðisstyrkir, miklu hærri en hér. Húsnæðisstyrkir eru reyndar engir til hér. Barnabætur eru betri í grannlöndum okkar en annars staðar og úrræði t.d. fyrir börn námsmanna eru tryggari þar en hér. Það gerðist t.d. núna í

sumar, svo makalaust sem það er, að gjald á dagheimilum námsmannabarna í þessu byggðarlagi var sérstaklega hækkað. Það er alveg augljóst mál að staða námsmanna er að þessu leyti mun verri hér á landi en í grannlöndum okkar fyrir utan það aðalatriði að inni í þeim tölum sem hæstv. menntmrh. las upp um námsaðstoð á Norðurlöndum eru styrkir. Hann sagði: Finnland 42 þús. kr. Já, en styrkur er þar af 20 þús. kr. Hann sagði: Svíþjóð, 64 þús. kr., en styrkur er þar af 19 þús. kr. Hann sagði: Noregur 73 þús. kr. en styrkur er þar af 17.800 kr. Hann sagði: Danmörk 43 þús. kr., en styrkur er þar af 27.800 kr. Það er því útilokað annað ef menn ætla sér að fá einhverja sanngjarna mynd af þessu en að nefna styrkina og halda því til haga að þar eru hlutirnir öðruvísi.

Síðan vil ég segja það, hæstv. menntmrh., að ég dreg það stórkostlega í efa að staðið sé eins að stefnumótun í málefnum háskólanna í grannalöndum okkar og gert er hér. Hvað er að gerast t.d. í grannlöndum okkar að því er háskólana varðar? Það er ekki verið að skera þá niður í neinum líkum mæli og hér er verið að gera. Hvað er verið að skera mikið niður í raun og veru ef við skoðum framlög til Háskóla Íslands á föstu verðlagi?

Ég gerði það að gamni mínu í dag að athuga framlög til Háskóla Íslands á föstu verðlagi. Háskóli Íslands er með á næsta ári framlög sem eru 89,2 á móti 100 árið 1991. Með öðrum orðum hafa framlög til háskólans hafa lækkað sem nemur nærri 200 millj. kr. Á sama tíma og verið er að skera niður lánasjóðinn, á sama tíma og verið er að herða kröfur um námsframvindu stórkostlega er verið að gera háskólanum, mér liggur við að segja, ómögulegt að tryggja þá námsframvindu stúdentanna sem lánasjóðurinn krefst. Ég held að það sé nauðsynlegt í þessu tilviki að hægri höndin viti hvað sú vinstri gjörir eða öfugt, hvernig svo sem menn vilja hafa það.

Ég er sannfærður um að þessi uppsetning mála að því er varðar lánasjóðinn og háskólann gengur ekki. Ég skora á hæstv. ráðherra og aðra þá sem með þessi mál fara af hálfu ríkisstjórnarinnar að athuga það mjög vandlega hvort menn séu ekki að reyna að framkvæma óframkvæmanlega hluti. Þess vegna vil ég í þessu sambandi einnig í allri vinsemd beina þeirri áskorun til hæstv. ráðherra að þessi þáttur verði skoðaður, þ.e. að hve miklu leyti námsframvindukröfurnar eru framkvæmanlegar með hliðsjón af niðurskurðinum í Háskóla Íslands og ef til vill öðrum háskólastofnunum.

Virðulegi forseti. Því hefur verið haldið fram að það hafi verið nauðsynlegt að skera niður og 6. gr. hafi verið algerlega óhjákvæmileg forsenda fjárlaga ársins 1992. Það er ekki rétt. Það er rangt. Staðreyndin er sú að Lánasjóður ísl. námsmanna, vegna þeirra aðgerða sem gripið er til, skilar afgangi upp á 220 millj. kr. á þessu ári. Það er verið að skera það af lánasjóðnum í því frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1992 sem lagt var á borð þingmanna núna áðan. Þar kemur fram að það er verið að lækka, ég segi lækka, virðulegi forseti, framlög til lánasjóðsins á þessu ári um 220 millj. kr. Ég spyr: Hvaða önnur stofnun ríkisins situr við þetta borð? Hvaða önnur stofnun ríkisins situr við það borð að það sé verið að skera niður framlög til hennar með þeim hætti sem hér er verið að gera? Hún er ekki til. Ég er búinn að blaða í öllu fjáraukalagafrv. eins og það leggur sig. Það finnast engin dæmi um annan eins niðurskurð og hjá Lánasjóði ísl. námsmanna. Það er verr farið með hann en alla aðra. Og þess vegna er það þannig að það að loka lánasjóðnum í haust, það er verið að gera það, honum er lokað og nemendunum er vísað á bankana, er ekki gert vegna þess að fjárlögin hafi krafist þess heldur vegna þess að átti að skera stuðningskerfið við námsmenn harkalegar niður en allt annað. Það er stefna. Og svar hv. 1. þm. Reykn. í þá veru að við séum eiginlega komin með nóg af fólki, það sé eiginlega bara ofmettun á þessu liði hjá okkur á köflum, er ekki svar að mínu mati, virðulegi forseti.

Ég get þá spurt á móti: Hver er menntastefna ríkisstjórnarinnar? Er hún sú að fækka þessu fólki með beinum hætti? Hún er það í verki. En það er ekki hægt að setja dæmið þannig upp að hér sé um að ræða ofmettun að því er varðar fjölda þeirra sem ljúka prófum t.d. við háskóla eða aðrar menntastofnanir því að við erum ekki bara að tala um háskóla. Við erum að tala um sérskólana líka og við erum að tala um verknámið líka, virðulegi forseti.

Út af fyrir sig kann það að vera alveg rétt hjá hv. 2. þm. Vestf. að það þýði ekkert að flytja svona mál hér. Út af fyrir sig þakka ég honum fyrir að gera tillögu um að ég fái bjartsýnisverðlaun Bröstes. Ég hef oft sýnt að ég er með bjartsýnni mönnum og oft enn frekar en í þessu máli af því að ég hélt að ég ætti kannski smávon í krötunum í málinu. Hæstv. menntmrh. veit að það er oft völt von. Hann þekkir það núna af biturri reynslu í nokkra mánuði. Ég hef auðvitað enn þá lengri reynslu af því kompaníi og segi það alveg eins og er að það er ekkert skrýtið að maður skuli vera gagnrýndur fyrir það að vera óhóflega bjartsýnn eftir að hafa setið í ríkisstjórn með krötunum árum saman. Formaður Alþfl. er ekkert sérstakur vinur lánasjóðsins. Hann hefur ekki gefið sig út fyrir það. Ég held að það sé ekki nokkur stjórnmálamaður á Íslandi sem fyrr eða síðar hefur talað um Lánasjóð ísl. námsmanna af eins mikill lítilsvirðingu og formaður Alþfl. Hins vegar verð ég að viðurkenna að það eru svolítið aðrir tónar í hv. 17. þm. Reykv., a.m.k. í orði. Það er eins með hæstv. félmrh. Það eru stundum svolítið aðrir tónar í því sem hún er að segja þó að hún láti dálítið pakka sér saman finnst mér þegar kemur á svona innanflokksfundi í Alþfl. og þetta flokksþing. Það varð ekki mikið eftir af henni, blessaðri, fannst mér eftir það flokksþing. Ég verð að segja það alveg eins og er, virðulegi forseti, og ég vona að ég hafi ekki brotið þingsköp með óhæfilegu orðbragði í þetta skiptið.

Mig langar hins vegar til þess, virðulegi forseti, að eiga orðastað við fjarverandi alþýðuflokksmenn að því er varðar sérstaklega tvö atriði. Það er það sem hv. 11. þm. Reykn. sagði að orðið jafnrétti hefði ekki verið fellt úr lögunum. Það er alveg rétt. Við kunnum þau lög sem stóðum að því að setja þau á sínum tíma 1982 í þeirri sælu ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens. Hins

vegar var það svo að við töldum það að setja orðið „jafnrétti" inn í markmiðsgreinina væri ákveðið prófmál. Ef jafnréttisorðið fengi að vera þar væri hægt að gera þeim mun strangari jafnréttiskröfur á framkvæmd laganna að öðru leyti þrátt fyrir veikara félagslegt tillit í lögunum í 3. eða 4. gr., ef ég man rétt. Og ég vil einnig svara því sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi. Hún sagði: Það verður farið vel ofan í lánamál námsmanna á næstunni, hvort og hvernig á að taka á þessum málum. Ég skildi þetta ekki sem neitt loforð en ég mun stunda innheimtustarfsemi á þessum yfirlýsingum. Ég get ekki neitað mér um það. Ég held að námsmenn eigi það alveg inni hjá Alþfl. að við rukkum um þetta og við gerum það.

Hv. 1. þm. Reykn., sem er varaþingmaður og hefur tekið þátt í þessari umræðu, er formaður stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það er full ástæða til að þakka honum fyrir að hafa verið hér við þessa umræðu. Það hefur vafalaust ekki alltaf verið mjög þægilegt geri ég ráð fyrir. Hann er hins vegar ýmsu vanur, situr í bæjarstjórn Kópavogs þar sem eru vaskir menn sem kunna að varpa á hann orði þegar mikið liggur við. Ég ætla samt að leyfa mér þá bjartsýni, sem er kannski enn þá meiri en sú að flytja þetta frv., að varpa nokkrum alveg sérstökum orðum á hv. þm. og kanna hvort ekki megi halda þannig á málum og orða hugsanir sínar þannig að það mætti verða honum til nokkurrar umhugsunar í hans starfi því að ekki erum við kosin hingað inn til að ráðast hvert á annað heldur til þess að láta gott af okkur leiða eins og það er orðað. Hvort sem menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, þá er það einu sinni svo að menn hafa þær skyldur. Ég læt mér í léttu rúmi liggja það sem hann var að dylgja um undirritaðan, að hann væri alveg sérstakur „debetmaður". Mér fannst það dálítið fyndið hjá honum hins vegar en ég gæti svo sem svarað honum með því að segja: Það eru bersýnilega til „debetmenn" fyrir sunnan lækinn sem reka bæjarfélag sem heitir Kópavogur. Ég man ekki betur en við ætluðum einu sinni að byggja hérna íþróttahús og vorum þá báðir staddir debetmegin ef ég man rétt. Þetta fer því allt eftir því hvernig menn hugsa sér að koma hlutunum fyrir og hvar málin eru sett í forgangsröð eins og hv. þm. veit og ég ætla ekki að taka það illa upp sem hann nefndi í þessu sambandi.

Hins vegar verð ég að segja að það eru nokkur atriði sem mér fannst hann misskilja alveg gersamlega af því sem menn höfðu verið að segja. Hann sagði t.d. að veikindareglurnar væru óbreyttar frá gamla kerfinu. Ég skildi hann þannig. Það getur verið að það sé út af fyrir sig rétt svo langt sem það nær. En nýja kerfið er allt öðruvísi þannig að þessi 25% regla varðandi veikindin og fleira er mikið harkalegri núna en hún var áður. Þess vegna vil ég beina því til hv. þm. að hann beiti sér fyrir því að það verði skoðað hvort þetta er ekki ósanngjarnt eins og það er sett upp í núverandi útlánareglum Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Ég vil einnig skora á hann að endurskoða afstöðu sína í sambandi við Iðnnemasamband Íslands. Ég tel að málið sé ekki þannig að það sé hægt, eins og hv. þm. orðaði það, að benda á hættu á að aðrir komi. Ég tel það ekkert voðalega hættulegt þó að aðrir komi. Hins vegar vill svo til að Iðnnemasamband Íslands er hagsmunaaðili fyrir gríðarlegan fjölda fólks og alla þá eða nánast alla þá sem eru í einhvers konar verknámi. Ég skora á hann og hæstv. menntmrh. að hann beiti sér fyrir því að Iðnnemasamband Íslands fái þarna fulltrúa vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem nú eru í samskiptum þeirra annars vegar og Bandalags ísl. sérskólanema hins vegar.

Ég vil einnig segja við hv. þm. í fullri vinsemd að ég heiti á hann að segja aldrei oftar að það hafi verið ofgreidd lán úr lánasjóðnum upp á mörg hundruð millj. kr. Það er of mikið sagt. Það getur vel verið að það hafi verið eitthvað og við vitum það. En við skulum ekki orða það þannig að þetta sé eins og einhver ótíndur, ég segi ekki glæpalýður en vandræðalýður, þessir námsmenn sem alltaf séu að reyna að harka sér aukaréttindi út úr þessu félagslega kerfi. Staðreyndin er sú að þarna var um ákveðin vanda að ræða en fyrr mátti nú rota en dauðrota, ekki aðeins að skera þetta niður, ekki aðeins að setja þrengri reglur heldur líka loka sjóðnum haustið 1992 eins og gert var. Ég held að menn þurfi að átta sig mjög vel á því að það er ekki sanngjarnt að tala alltaf um námsmenn eins og þeir séu afbrigðilegir bófar í að harka út seðla úr svona félagslegum kerfum. Það er ekki þannig. Það vill nefnilega þannig til með þessa námsmenn, að þeir eru yfirleitt börnin okkar, þessa þversniðs af þjóðfélaginu sem við erum hér. Ef námsmenn eru bófar, þá erum við bófar. Ég held að við eigum ekki að setja hlutina upp með þessum hætti og ekki að efna til stríðs um lánasjóðinn að óþörfu með því að setja hlutina upp með þeim hætti sem hv. þm. gerði áðan.

Það er alveg hárrétt sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði fyrr í kvöld. Lánasjóður ísl. námsmanna er ekkert sjálfsagt mál. Lánasjóður ísl. námsmanna er ekki þannig að menn geti gengið út frá því sem vísu að hann verði alltaf til. Það þarf baráttu til þess að halda uppi Lánasjóði ísl. námsmanna. Það þarf baráttu og þrotlausa vinnu. Sú vinna hefur verið unnin af pólitískum aðilum og hagsmunasamtökum á undanförnum árum og áratugum. Þar hafa ýmsir beitt sér af mikilli hörku og hafa oft náð verulegum árangri, m.a. þeim að við höfum verið hér með sæmilegt námslánakerfi miðað við það sem gerist hjá öðrum þjóðum.

Meðan ég fór með menntmrn. voru nokkrir ungir Vökumenn, sem hér voru nefndir til sögunnar áðan, sem beittu sér mjög hart í hagsmunabaráttu fyrir Lánasjóð ísl. námsmanna. Þá var ég sá bjartsýnismaður og það barn, eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur oft ásakað mig um, að ég tók mark á þeim. Ég tók mark á þeim og taldi að þeir væru af einlægni að vinna í þessu málum. Þeir hrópuðu úlfur, úlfur. Aldrei kom úlfurinn. Svo loksins þegar úlfurinn kom, þá heyrðu færri en ella hefðu verið. Lærdómurinn sem ég vil draga af þessu fyrir námsmenn er sá að menn eiga ekki að hrópa úlfur, úlfur nema þegar úlfurinn er að koma.

Hitt vil ég hins vegar segja við hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson að ég vil ekki ásaka það fólk sem slysaðist

til að kjósa Sjálfstfl. í síðustu kosningum. Ég vil hins vegar skora á það að gera það aldrei aftur. Ef umræðan gæti orðið til þess að ná þeirri niðurstöðu, þá tel ég að hún hafi ekki orðið til einskis. En ég endurtek ...(**ÓÞÞ:** Það er grundvallaratriði.) Ég heyri það að hv. þm. er vel að sér í hinum prestlegu fræðum eins og þau voru túlkuð í þessum galdraplássum fyrir vestan á fyrri öldum. En ég geri ekki kröfu um opinbera iðran. Menn mega iðrast með sjálfum sér.

Aðalatriðið í mínum huga er þetta: Ég þakka fyrir þessa umræðu. Ég hef beint nokkrum áskorunum til hæstv. menntmrh. um að laga tiltekin framkvæmdaratriði. Ég hef lýst því yfir að ég mun rukka Alþfl. áfram. Þótt innstæðan sé lítil mun ég áfram sitja undir því að vera gagnrýndur fyrir það að vera óhæfilega mikill bjartsýnismaður sem gæti kannski orðið til þess að á endanum fengi ég bjartsýnisverðlaun Bröstes þó hitt væri miklu mikilvægara ef okkur tækist að lokum að breyta lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna og færa þau aftur í það horf að um þau geti verið þjóðarsátt. Nú er mikið talað um að það þurfi að vera þjóðarsátt, taka verði á vanda atvinnulífsins og efnahagslífsins. Ef það er stríð um eitthvað á Íslandi í dag, átök um eitthvað á Íslandi í dag, þá eru það lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna og framkvæmd þeirra. Þar þarf að verða þjóðarsátt, virðulegi forseti.

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við atkvæðagreiðslur um frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna í vor var því margsinnis haldið fram að þar hefði verið fellt út hugtakið jafnrétti til náms sem hefði verið í markmiðsgrein eldri laganna frá 1982. Það var rangt. Þessu var margsinnis haldið fram við atkvæðagreiðsluna. Hins vegar hefur ekki verið talað um það og það ekki nefnt að í 1. gr. núgildandi laga segir:

„Hlutverk Lánasjóðs ísl. námsmanna er að tryggja þeim, sem falla undir lög þessi, tækifæri til náms án tillits til efnahags."

Jafnvel þó að orðið jafnrétti sé ekki nefnt í 1. gr. held ég að flestir þeir sem líta á þessi mál af sanngirni geti verið sammála um að þarna er a.m.k. gerð tilraun til að nálgast þetta.

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom skýrt fram í ræðu minni áðan að mér hefur alltaf verið það ljóst að orðið jafnrétti var ekki í gömlu lögunum. Hins vegar er það svo að í gömlu lögunum var tekið miklu skýrara félagslegt tillit en í nýju lögunum. Þess vegna töldum við nauðsynlegt að láta á það reyna hvort orðið jafnrétti fengist inn í markmiðsgreinina, þ.e. 1. gr. Mér fannst hins vegar að í athugasemd hv. þm. kæmi fram skýring á þeim pólitíska grundvallarágreiningi sem er um sjóðinn og þökk sé henni fyrir það. Vegna þess að það að tala um tillit til efnahags og jafnrétti er ekki það sama. Það að taka tillit til lélegrar efnahagslegrar stöðu námsmanna er hluti af jafnrétti en hitt ber auðvitað að hafa í huga líka að margir fleiri þættir mynda þá heild sem kallað hefur verið jafnrétti. Mér fannst, virðulegi forseti, að ég sýndi fram á það í ræðu minni í dag að lánasjóðsstjórnin hefði ekki framkvæmt lögin eins og stuðla ætti að jafnrétti. Þótt hún tæki e.t.v. mið af mismunandi efnahag er alveg ljóst eftir þessa umræðu að að því er jafnréttishliðina varðar, t.d. stöðu kvenna, barna og fleiri slíkra aðila, hefur framkvæmd laganna því miður ekki komið nægilega vel út.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þessi fundur hefur tekið lengri tíma en gert hafði verið ráð fyrir þegar honum var fram haldið kl. 6 en forseti hefur tilhneigingu til að freista þess að ljúka umræðunni og gefur hæstv. menntmrh. orðið og treystir því að það verði ekki löng ræða sem hann flytur.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég skal stytta mál mitt og reyna þannig að verða við þeirri ósk forseta að þessari umræðu megi ljúka núna.

Ég held að það megi segja að umræðan hafi með örfáum undantekningum verið mjög málefnaleg og svo sem engin ástæða til að ætla annað fyrir fram en hún mætti verða það. Ég sagði með örfáum undantekningu og þá nefni ég t.d. það sem hv. þm. Finnur Ingólfsson talaði um, að með þessari lagasetningu á síðasta vori hefðu verið unnin hrein skemmdarverk. Það hefði verið um hreina skemmdarverkastarfsemi að ræða af hálfu ríkisstjórnarinnar að knýja þessa löggjöf í gegnum þingið. Þetta finnst mér vera ranglega sagt og ekki eiga við nein rök að styðjast. Ef menn vilja endilega nota orðið skemmdarverk, þá var verið að vinna skemmdarverk á lánasjóðnum og það þurfti að lagfæra þar ýmislegt. Það var það sem við vorum að gera. En við vorum ekki að vinna skemmdarverk á sjóðnum.

Það er í leiðinni haldið uppi gagnrýni á niðurskurð og aðhaldsaðgerðir í menntamálum. Það er aldrei sagt hver úrræði stjórnarandstöðunnar kunni að vera. Það má ekki breyta lögunum um lánasjóðinn í þá átt sem við höfum gert. Það má ekki skera niður að öðru leyti í menntamálum, svo að ég tali nú ekki um í öðrum málaflokkum. Hver eru þá úrræðin? Þau hafa ekki verið lögð hér á borðið. Eru það þau gömlu sem áður voru notuð? Hækkaðir skattar og auknar lántökur? Ég veit ekki hvort það eru úrræðin sem áfram á að hafa í frammi.

Hv. þm. Finnur Ingólfsson spurði líka hvað það þýddi að lánað sé fyrir vöxtunum. Lánasjóðurinn væri að taka lán á venjulegum vöxtum og lána það svo út aftur á 1% vöxtum. Það er alveg rétt en það er það sem sjóðurinn gerir við öll lán sem hann þarf að taka og þau eru nú býsna há. Þau eru öll lánuð út á 1% vöxtum. Allt sem LÍN þarf að taka að láni er lánað út að nýju á 1% vöxtum. Það á ekki að þurfa að koma neinum í opna skjöldu.

Hv. þm. Finnur Ingólfsson talaði um hækkun skólagjalda við Háskóla Íslands í 22.350 kr. Af hverju geta menn aldrei sagt satt þegar þeir eru að tala um skólagjöldin við Háskóla Íslands? Þau eru 17 þús. kr. til skólans. En skólinn innheimtir fleira, það er alveg rétt en það eru ekki skólagjöld.

Þessa spádóma hv. þm. Finns Ingólfssonar um að vextir á námslán verði hækkaðir, ef ríkisstjórnin situr áfram, verður hann að fá að halda áfram með ef hann vill. Ef hann trúir því má hann halda áfram mín vegna að telja sjálfum sér trú um að vextirnir muni hækka.

Ræða hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur gaf vissulega tilefni til að segja hér eitt og annað. En hv. þm. var í svo miklu ójafnvægi að ég legg ekki í það að eiga orðastað við hana. Ég er svo hræddur um að ég valdi enn þá meira ójafnvægi en var í ræðu hv. þm. áðan ef ég fer að svara enda voru svo sem engar sérstakar spurningar. (**GHelg:** Vill ekki ráðherrann upplýsa í hverju það ójafnvægi lýsti sér?) Ég get ekki leikið það allt saman eftir, ég hef ekki til þess hæfileika. Ég verð að segja það hreint eins og er. Það lýsti sér í öllu fasi hér í ræðustól, það nægir alveg að segja það. Eitt gæti ég tekið undir með hv. þm. Það er að gaman væri ef fram færi skoðanakönnun í landinu á viðhorfum fólks til þess sem hefur verið gert, til þeirra breytinga sem hafa verið gerðar á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég skildi hv. þm. þannig að henni þætti fengur í því að slík skoðanakönnun væri gerð. Ég er alveg sammála því. Mér þætti fengur í slíkri könnun og við skulum athuga það hvort við getum ekki haft áhrif á það að slík könnun verði gerð.

Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir spurði hvort ég væri fylgjandi því að almennar takmarkanir yrðu teknar upp við Háskóla Íslands. Ég hef sagt það áður og ég ítreka það að ef beiðni kemur fram um það frá Háskóla Íslands að lögum um háskólann verði breytt í þá veru er ég tilbúinn að flytja slíkt frv. En ég mun ekki hafa sérstakt frumkvæði að því. Ég veit að þessar hugmyndir eru uppi í Háskóla Íslands og það er ekkert nýtt. Þær hafa komið upp áður. Háskóli Íslands er eini skólinn á háskólastigi sem telur sig verða að hafa allar sínar dyr opnar fyrir þeim sem vilja þangað inn og hafa stúdentspróf. Og það er rétt vegna þess að lögin um skólann eru þannig. Það er þó í vissum greinum sem hann telur sig hafa heimild til takmörkunar og hann nýtir þær heimildir. En þessar hugmyndir eru sem sagt uppi og ég er tilbúinn að flytja slíkt frv. ef ósk kemur um það frá Háskóla Íslands.

Ég var einnig spurður að því, og það hafði raunar hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurt um, hvort ætlunin væri að hækka skólagjöldin til Háskóla íslands. Það eru engar áætlanir uppi um það en hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir spurði hvort ég mundi heimila þær, að mér skildist, ef farið yrði fram á það. Ég mundi að sjálfsögðu athuga það ef ósk kæmi fram um það frá háskólanum að fá að innheimta meira en hann hefur heimild til núna.

Hv. þm. fullyrti að nú ætti að reka konur úr háskólanum. Ég skil ekki af hverju svona fullyrðing er sett fram. Ég bendi hins vegar á að það er staðreynd, þegar verið er með þennan sífellda samanburð, að það er meiri ásókn í ýmsa aðra skóla á háskólastigi en Háskóla Íslands og sérstaklega er meiri ásókn kvenna þangað. Hæstv. félmrh. nefndi Háskólann á Akureyri, Kennaraháskólann og Fósturskólann. Þetta er allt saman rétt en það eru margir fleiri skólar sem krefjast stúdentsprófs. Ég man ekki hvað þeir eru margir, ég held að þeir séu 14 eða 15. Til að þessi samanburður verði marktækur þarf auðvitað að líta til allra þessara skóla. Það er ekki rétt að bera bara saman það sem gerst hefur í Háskóla Íslands. Ég vara við þessum samanburði.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði það sem hefur svo sem verið sagt áður að tilgangur ríkisstjórnarinnar með setningu laganna um lánasjóðinn hafi verið að fækka þeim sem færu til náms. Þetta er ekki rétt. Það var ekki tilgangurinn. Hins vegar vildum við gjarnan hvetja til þess að menn héldu sig að námi og lykju því á þeim tíma sem skóli ætlaði að þyrfti til þess að ljúka náminu. Í núgildandi löggjöf um lánasjóðinn er auðvitað innifalin slík hvatning. Þessar nýju reglur valda sjálfsagt einhverjum afföllum.

Hv. þm. var afskaplega ánægður með svarið sem hæstv. félmrh. gaf. Ég veit ekki hvort ég á að vera að segja það hér en mig langar samt til að gera það þó ég hafi ekki verið spurður. Ef ýmsar þær fullyrðingar sem hér hafa verið bornar fram um afleiðingarnar af þessari lagasetningu eru réttar finnst mér líka sjálfsagt að endurskoða lögin en það þarf bara ekki til. Og það þarf enga þingsályktun til að endurskoða lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna þegar komin er einhver reynsla á þau. Sú reynsla er ekkert komin. Ég átti kannski ekki að vera að segja þetta því ég ræni þá hv. þm. annaðhvort trúnni eða vantrúnni. Ég veit ekki hvort heldur ég á að nefna.

Hv. þm. Svavar Gestsson lét í ljós ótta um að þessar reglur gætu orðið hættulegar verknámi og listnámi. Ef svo er tek ég undir það með honum að ástæða sé til að endurskoða reglurnar. Ég vil ekki að lögin um lánasjóðinn verði til þess að hrekja menn frá slíku námi. Ég tel það óheppilegt og vil þess vegna og hef alveg opin augun fyrir því að reglurnar verði endurskoðaðar ef þær hafa þetta í för með sér.

Varðandi áheyrnaraðild Iðnnemasambandsins þá framsendi ég bréf þeirra, sem þeir sendu mér á sl. sumri, til lánasjóðsins með ósk um að það yrði þar tekið fyrir. Ég hef ekkert farið dult með það að ég hef verið fremur jákvæður gagnvart því að Iðnnemasambandið fengi áheyrnaraðild að lánasjóðsstjórninni en stjórnin hefur ekki enn þá afgreitt það mál.

Svo aðeins það líka sem hv. þm. nefndi og kom mjög fram í umræðunum á sl. vori að lánasjóðurinn hefði út af fyrir sig staðið vel 1991. Það má vel vera ef ætlunin var þá að gera hann upp. En það var ekki ætlunin. Við ætluðum að halda Lánasjóði ísl. námsmanna áfram og koma því þannig fyrir að hann yrði ekki gjaldþrota í framtíðinni og það var það sem við vorum að gera.

Svo aðeins vegna þessara samanburðarfræða allra. Ég nefndi hver lán og styrkir væru í öðrum ríkjum Norðurlanda en ég sundurliðaði það ekki svona eins og hv. þm. gerði, en ég tók það fram að þetta væru bæði lán og styrkir. Ég held það væri gagnlegt að hv. menntmn. sem fær þetta frv. til athugunar fari ofan í þetta mál vegna þess að það virðist vera ágreiningur um það hvort við búum við betra kerfi en aðrir. Það

kannski skiptir ekki höfuðmáli en mér finnst rétt að þetta verði kannað bara upp á söguna.

Hæstv. forseti. Ég er sjálfsagt búinn að svíkja loforðið um að vera stuttorður og ég læt því máli mínu lokið.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það undrar mig að hæstv. menntmrh. skuli komast upp með það í þingsal að standa rökþrota og hafa það eitt að segja við langri málefnalegri ræðu minni áðan að eitthvað hafi verið athugavert við fas mitt. Ég hefði ekki verið í jafnvægi. (Gripið fram í.) Það er orðið dálítið gamaldags aðferð við að afgreiða ævinlega þingmenn af kvenkyni sem flytja mál sitt af einhverjum áhuga að gera það alltaf að umræðuefni að þær séu ekki í jafnvægi. En það er kannski, hæstv. forseti, tímanna tákn að þetta háa Alþingi er komið á það stig að umræðuefni fjölmiðla um þingið er að ýmist er töluverður tími tekinn í það virðulega umræðuefni sem er drykkjuskapur ráðherra og annar um fatnað þingmanna. Þetta er kannski það sem koma skal og enginn lyftir litla fingri til að gera athugasemd við þetta. Það er kannski tímanna tákn þegar menn geta ekki svarað fyrirspurnum sem til þeirra er beint sé þeim svarað með því að finna að fasi hv. þm.

En það var ekki til þess að segja þetta sem ég kom hér upp heldur til að upplýsa hæstv. ráðherra. Hann sagði: Vandi Lánasjóðs ísl. námsmanna var mikill. Hvað er þá til ráða? Voru það auknar álögur á almenning eða þær aðgerðir sem hér hafa verið gerðar?

Nú skal ég upplýsa hæstv. ráðherra og ég vona að ég sé í sæmilegu jafnvægi. Það var viðtal í fréttum áðan á Stöð 2, sem hæstv. ráðherra gat að sjálfsögðu ekki séð vegna þess að hann var í þingsal, við hv. formann fjárln. Þar sagði hann: Auknar álögur á almenning, skattahækkanir, eru óhjákvæmilegar.

Það sem gert hefur verið hefur greinilega ekki dugað til. Það kom ekki í veg fyrir auknar álögur að mati formanns fjárln.

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög sérkennilegt satt að segja að upplifa þessa umræðu og lok hennar með þeim hætti sem birtist manni hér. Fyrir utan það að hæstv. ráðherrar setja sig í siðapredikarastellingar og ákveða að finna að fasi einstakra þingmanna væri auðvitað fróðlegt fyrir hæstv. forseta ef það yrðu gefnar út viðaukaskýringar við þingsköpin um fas, hið rétta fas. Væri sjálfsagt nokkuð athyglisvert að lesa þann texta hvaða fas menn eiga að hafa hérna. Ég hef satt að segja ekki áttað mig alveg á því hvaða fas er hér við hæfi.

En þegar hlutirnir eru settir þannig upp að ekki sé hægt að leysa þessi mál öðruvísi en með niðurskurði til menntamála eða álögum á landsmenn þá vil ég segja að niðurskurðurinn á Lánasjóði ísl. námsmanna eru álögur á landsmenn.

Mín skoðun er reyndar sú, virðulegi forseti, og hún hefur mjög oft komið fram á undanförnum mánuðum og undanförnum árum, að við erum langt á eftir öllum öðrum þjóðum í framlögum til menntamála. Í framlögum til menntamála erum við niður undir Grikklandi og Tyrklandi og það er ekki rétt upp á framtíðarlífskjör þjóðarinnar að skera niður framlög til menntamála. Ég er þeirrar skoðunar að menntamál og þann þátt þjóðarútgjaldanna eigi að verja og ekki aðeins að verja heldur þurfi að bæta þar nokkru við. Ég þakka fyrir þær árásir sem ég hef setið undir fyrir það að hafa búið námsmönnum og íslenska skólasamfélaginu stöðuga og samfellda veislu vegna þess að staðreyndin er sú að ef það er eitthvað sem íslensk þjóð þarf, þá er það reisn í meðhöndlun menntamála hennar, en ekki það að menn gangi um með hnífinn og skeri allt sem fyrir er, bæði lánasjóð námsmanna, grunnskóla, framhaldsskóla, fullorðinsfræðslu og endurmenntun.

Að lokum, virðulegi forseti, tel ég ástæðu til að það komi fram af minni hálfu að menntmrh. lýsti því yfir að hann teldi rétt að menntmn. skoðaði tilteknar fullyrðingar sem komu fram í þessari umræðu og ég mun í nefndinni ganga eftir því að það verði rækilega gert.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil gjarnan reyna að vanda mitt fas svo ekki valdi vandræðum þó ekki séu til um það skýrar leiðbeiningar hvernig menn eiga að hegða sér í ræðustólnum. Ég mat það svo að sú athugasemd sem kom fram við fas hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur væri byggt á þekkingu hæstv. ráðherra frá því hann stundaði læknisfræðinám, en ég veit ekki hve langt hann var kominn í námi þegar hann breytti af braut. En það er greinilegt að það hefði ekki verið gæfulegt að þurfa að taka slíkar ákvarðanir eins og lánasjóðurinn er í dag.

Það ber allt að sama brunni. Þegar mál eru rædd hér er spurt hver séu úrræði stjórnarandstöðunnar. Það er dálítið hjákátlegt að þurfa að svara þessu eftir að Framsfl. hefur verið við völd í 20 ár. Í verkunum kom það fram hver úrræðin voru. Við byggðum upp þennan lánasjóð, hæstv. menntmrh. Það var líka byggður upp atvinnuleysistryggingasjóður. Ég veit ekki betur en hann stefni núna lóðbeint á höfuðið. Það var líka byggður upp verðjöfnunarsjóður. Ég veit ekki betur en hann stefni lóðbeint á höfuðið.

Hvað gerðum til þess að þetta væri hægt? Við héldum uppi eðlilegri atvinnustarfsemi í landinu. Við héldum uppi þeirri veltu og þeim umsvifum sem dugðu til þess að þetta væri hægt. Núna fór þessi ríkisstjórn í það að minnka veltuna og umsvifin. Hún skapaði kreppu. Hverjar eru afleiðingarnar? Tekjur ríkisins munu að sjálfsögðu minnka. Íslenska ríkið lifir á veltu. Þetta hélt ég að hæstv. ráðherra gerði sér grein fyrir. Nú er það boðað að það skuli auka beina skattheimtu á almenning. Það verður þá minna fé sem fer til þess að verja til kaupa á ýmsum hlutum. Virðisaukaskatturinn mun þá lækka í tekjum til ríkisins.

Það væri aftur á móti hollt fyrir hæstv. ráðherra, sem hefur upplýst það óaðspurður, og það vil ég þakka hæstv. ráðherra fyrir, að það hafi ekki verið markmiðið að fækka námsmönnum. Það er jákvætt að heyra það að hann hefur þá ekki tekið undir þau sjónarmið að

það væri allt of mikið af menntamönnum hjá þjóðinni. En hann sagði aftur á móti: Reglurnar valda að sjálfsögðu afföllum.

Og þá er það bara spurningin: Eru það þá hin æskilegu afföll sem verða? Eru það hin æskilegu afföll að það sé féleysið sem ráði afföllunum en ekki námshæfileikarnir?

Ég verð að segja eins og er að mér stendur veruleg ógn af því mati. Hér segja menn að það sé búið að haga reglunum þannig að eðlileg framvinda ráði þessu. Það er nú svo ef það er skoðað með marga þá menn sem hæfastir hafa verið að skólaganga þeirra er dálítið sérstæð og Einstein er kannski ekki einn á báti.

Ég hygg að í þessari ríkisstjórn sem nú situr séu tveir hæstv. ráðherrar sem fóru í læknisfræði. (**Menntmrh.:** Ég tók engin lán meðan ég var þar.) Það er enginn að bera það á hæstv. menntmrh. að hann hafi tekið lán. Mér dettur ekki í hug að láta rannsaka það einu sinni hvort hann segir satt. En þeir breyttu sínum ákvörðunum. Ég er ekki að segja að þeir hafi breytt rangt. Þetta er ekki jafneinfalt og menn eru að tala um.

Herra forseti. Spurningin var stór sem kom fram hjá hæstv. ráðherra. Ég vona að ég verði ekki til að lengja umræðuna en það er vonlaust að sitja undir svona athugasemdum án þess að svara þeim á einhvern veg.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

35. FUNDUR

þriðjudaginn 20. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 17. mál, þskj. 17. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Fjárlög 1993, stjfrv., 96. mál, þskj. 109. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:

Aðild ríkisfyrirtækja að VSÍ, 144. mál, fsp. KHG á þskj. 165.

Íbúðaverð á landsbyggðinni, 139. mál, þáltill. EKG o.fl., þskj. 160.

Íslenskt sendiráð í Vínarborg, 143. mál, fsp. KÁ á þskj. 164.

Kaup á Hótel Valhöll, 141. mál, fsp. KÁ á þskj. 162.

Sendiráð Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, 142. mál, fsp. KÁ á þskj. 163.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 17. mál (lánsréttur). — Þskj. 17.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, EH, FrS, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnB, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, LMR, MJ, PJ, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, TIO, VS.

30 þm. (ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GÁ, HBl, JóhS, JGS, JVK, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SighB, StG, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, EH, FrS, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnB, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MJ, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, VS.

26 þm. (ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GÁ, HBl, JóhS, JGS, KE, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Fjárlög 1993, 1. umr.

Stjfrv., 96. mál. — Þskj. 109.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 en það var sem kunnugt er lagt fram fyrir réttum tveimur vikum og hafa hv. þm. haft gott tækifæri til að kynna sér helstu efnisatriði þess. Ég tel því ekki ástæðu til að fjalla ítarlega um talnalega þætti frv. Í ræðu minni mun ég fyrst og fremst fjalla um stefnumörkun ríkisstjórnar í efnahags- og ríkisfjármálum fremur en að lýsa einstökum atriðum fjárlagafrv. Ég mun þannig skýra þær megináherslur sem í frv. felast og af hverju þær eru nauðsynlegar.

Í framsöguræðu minni fyrir fjárlagafrv. yfirstandandi árs fjallaði ég um helstu vandamál í íslensku efnahagslífi og nauðsyn róttækrar stefnubreytingar í efnahagsmálum. Núverandi ríkisstjórn markaði þegar í upphafi ferils síns nýja stefnu í efnahagsmálum — stefnu sem hafnaði gömlu aðferðunum; gengisfellingum, óhóflegri sjóðafyrirgreiðslu, skattahækkunum og stórfelldum ríkisafskiptum sem ætlað var að leysa hvers manns vanda. Þess í stað er lögð áhersla á að draga úr ríkisafskiptum, auka frjálsræði í viðskiptum og tryggja stöðugleika með föstu gengi og lágri verðbólgu.

Ég er sannfærður um að þetta er besta og jafnvel eina færa leiðin til þess að fá hjól atvinnulífsins til að snúast á nýjan leik. Aðeins þannig getum við skapað ný atvinnutækifæri, ný störf og þar með dregið úr því atvinnuleysi sem því miður hefur farið vaxandi. En til

þess að geta tekist á við erfiðleikana þurfa menn að vita hvar ræturnar liggja. Mig langar þess vegna að fara nokkrum orðum um þann þátt.

Við Íslendingar höfum þurft að búa við langvarandi tímabil efnahagsstöðnunar og samdráttar, eða allt frá árinu 1987. Þar skiptir minnkandi afli og erfiðleikar í sjávarútvegi að sjálfsögðu miklu máli. Auk þess hefur í mörgum mikilvægum viðskiptalöndum okkar gætt samdráttar sem ekki sér enn fyrir endann á. Þá er ekki síður alvarlegt að ýmsar aðrar atvinnugreinar, jafnt útflutningsgreinar sem aðrar, hafa átt erfitt uppdráttar. Uggvænlegast er þó að þessari þróun hefur fylgt meira atvinnuleysi en hér hefur þekkst um áratuga skeið.

Það er hins vegar rétt að hafa í huga að efnahagssamdráttur og vaxandi atvinnuleysi eru vandamál sem fleiri hafa þurft að kljást við en Íslendingar. Ýmsar af okkar nágrannaþjóðum hafa jafnvel gengið í gegnum enn meiri þrengingar en við.

Um alllangt skeið hefur eitt af grundvallarmarkmiðum efnahagsstefnunnar í okkar heimshluta verið talið að tryggja viðunandi lífskjör. Stjórnvöld víða um heim hafa reyndar beitt ýmsum aðferðum til að ná þessu markmiði. Framan af þessari öld má segja að hafta- og einangrunarstefna hafi verið ríkjandi. Þar hugsaði hver um sig án tillits til þess hvað gerðist hjá öðrum. Við Íslendingar þekkjum vel þennan hugsunarhátt. Hann réð ríkjum allt til valdatíma viðreisnarstjórnarinnar í upphafi 7. áratugarins.

Á síðari hluta aldarinnar hafa vindar hins vegar blásið í frjálsræðisátt. Að vísu hefur gengið á ýmsu og einstök ríki hafa verið misfljót að tileinka sér þessa hugsun. Síðasta áratuginn eða svo hefur skilningur vaxið á því að forsenda bættra lífskjara sé að atvinnulífið búi við eðlileg rekstrarskilyrði, það sé grundvöllurinn fyrir hagvexti og batnandi lífskjörum.

Á sama tíma hafa milliríkjaviðskipti farið vaxandi í kjölfar aukins viðskiptafrelsis. Þessi þróun hefur leitt til meiri samkeppni fyrirtækja milli landa og lægra vöruverðs. Þannig hefur hinn almenni borgari notið góðs af þessari þróun. Það gefur auga leið að við þessar aðstæður breytist hlutverk ríkisins.

Á undanförnum árum hefur því orðið áherslubreyting á sviði hagstjórnar víða um lönd. Í stað þess að vera beinn þátttakandi í atvinnurekstri hefur hlutverk ríkisvaldsins færst yfir í það að skapa almenna umgjörð um atvinnurekstur og stuðlað þannig að aukinni fjárfestingu og nýsköpun í atvinnulífinu og þar með auknum hagvexti. Með þessu hafa stjórnvöld þannig smám saman dregið sig út úr því forustuhlutverki í efnahagslífinu sem þau hafa verið í allt frá kreppuárunum.

Þrátt fyrir að þessara áherslubreytinga hafi vissulega gætt hér á landi er þróunin skemmra á veg komin en í flestum öðrum Evrópulöndum. Stjórnvöld hér á landi hafa ýmist sofið á verðinum eða misskilið hlutverk sitt. Við höfum haldið fast í kreddur fortíðarinnar, haft ofurtrú á afskiptum ríkisvaldsins. Við sjáum afleiðingarnar út um allt; í fiskeldi, loðdýrarækt, landbúnaði og sjávarútvegi. Hvarvetna sjáum við merki um hvernig sjóðafyrirgreiðsla og ríkisforsjá hafa blekkt jafnt stjórnendur fyrirtækja sem hinn almenna launþega.

En hvernig í ósköpunum gat þetta ástand varað allan þennan tíma? Ég held að skýringin sé ekki síst fólgin í þeirri óðaverðbólgu sem hér hefur ríkt lengi. Verðbólgan villti mönnum sýn og skekkti allar viðmiðanir. Launahækkanir voru innistæðulausar og neikvæðir raunvextir færðu til fjármuni í stórum stíl. Um leið og verðbólguþokunni létti komu brestirnir hins vegar í ljós, ekki aðeins í einkarekstri heldur einnig hjá opinberum aðilum.

Þetta er reyndar ekki sérískenskt fyrirbrigði. Þegar það fer saman að verðbólga hjaðnar og samkeppni eykst verður erfiðara að velta kostnaðarbreytingum út í verðlag. Í einkafyrirtækjum bregðast menn við með því að hagræða og endurskipuleggja reksturinn. Í opinberum rekstri er ekki lengur hægt að mæta auknum ríkisútgjöldum með hærri sköttum. Þess vegna þarf að endurmeta starfsemi ríkisins og láta notendur greiða kostnaðinn beint þar sem það á við.

Skilaboðin eru því skýr. Það eru breyttir tímar. Gömlu aðferðirnar duga ekki lengur. Þær hafa reyndar aldrei dugað heldur einungis skotið vandanum á frest. Þetta sjáum við gerast alls staðar í nágrannalöndunum, í Svíþjóð, í Finnlandi og víðar. Á sama hátt getum við ekki undan því vikist að horfast í augu við vandamálin og taka á þeim áður en í frekara óefni er komið.

Til þess að svo megi verða þurfum við að skapa skilning á nauðsyn víðtækrar samstöðu um viðnámsaðgerðir. Ég hygg reyndar að í þjóðfélaginu sé sem betur fer ört vaxandi skilningur á þeim erfiðleikum sem við blasa og þörfinni fyrir róttæk úrræði.

Ég mun síðar í ræðu minni víkja að þeim óformlegu viðræðum sem fram hafa farið að undanförnu um nauðsyn þess að treysta rekstrarskilyrði atvinnulífsins. Á þessu stigi vil ég þó segja að ég tel mikilvægt að leita varanlegra lausna á efnahagsvandanum og forðast að sama skapi upphlaup og yfirboð sem ekki taka á hinum raunverulegu vandamálum. Þær hugmyndir, sem hafa verið ræddar á vettvangi aðila vinnumarkaðarins og miða að því að lækka kostnaðarskatt fyrirtækja, eru vissulega í takt við þær áherslubreytingar og uppstokkun í efnahagsmálum sem stefna ríkisstjórnarinnar boðar. Hefðbundnar skattahækkanir og aukin ríkisútgjöld er hins vegar afturhvarf til fortíðar og tekur á engan hátt á vandamálum dagsins í dag.

Stefna ríkisstjórnarinnar tekur mið af erfiðum aðstæðum í þjóðarbúinu og boðar uppstokkun á flestum sviðum efnahagslífsins. Erfiðleikarnir gera það enn brýnna en ella að rekstrarskilyrði atvinnulífsins verði bætt. Þrátt fyrir að ekki blási byrlega í atvinnumálum okkar þessa stundina megum við ekki missa sjónar á helstu markmiðum efnahagsstefnunnar og hrekjast út í gagnslausar skammtímalausnir. Þær leysa engan vanda. Við verðum að beita almennum aðgerðum. Það eru engar töfralausnir til.

Við þurfum að beita öllum ráðum sem duga til að örva atvinnustarfsemina. Aðeins þannig getum við dregið úr atvinnuleysi. Þetta er eitt af megináherslu-

atriðum í fjárlagafrv. Við þurfum að bæta samkeppnisstöðu atvinnuveganna, lækka tilkostnað, þar á meðal vexti. Þetta eru svipaðar áherslur og nágrannar okkar hafa lagt, bæði Svíar, Finnar og Norðmenn, enda eru þeir að fást við svipuð vandamál.

Skilyrði fyrir auknum hagvexti er að stöðugleiki í verðlags- og launamálum haldist áfram. Lykilatriði í þeim efnum er stöðugt gengi. Frá því markmiði má ekki hvika enda höfum við margra áratuga reynslu af því að breytingar á gengi leysa engin vandamál heldur í besta falli skjóta þeim á frest um stundarsakir.

Bein afleiðing af andvaraleysi stjórnvalda á undanförnum árum er erlend skuldasöfnun sem hefur farið ört vaxandi. Stjórnvöld hafa of lengi látið reka á reiðanum. Við leysum engan vanda með því að nota greiðslukort þegar reiðufé skortir. Fyrr eða síðar kemur að skuldadögunum.

Í dag sjáum við afleiðingarnar. Fyrir fimm árum skuldaði sérhver Íslendingur 340 þús. kr. í útlöndum, en nú hefur skuldin hins vegar meira en tvöfaldast að raungildi, þannig að í lok þessa árs skuldar hver einstaklingur 720 þús. kr. Þessi þróun er uggvænleg og henni verður að snúa við.

Stundum er spurt hver séu hættumörkin í erlendri skuldasöfnun. Því er erfitt að svara enda fer það eftir uppbyggingu efnahagslífs í viðkomandi landi. Jafnframt þarf að gera greinarmun á lánum til arðbærrar uppbyggingar og eyðsluskuldum. Það er hins vegar fróðlegt að líta til nágranna okkar Færeyinga. Fyrir aðeins fimm árum voru þeir í svipaðri stöðu og við erum nú. Í dag eru þeir í gjörgæslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Svona geta hlutirnir gerst hratt.

Einu getum við þó slegið föstu. Erlendar skuldir eru orðnar hættulega miklar og hafa vaxið mjög hratt á undanförnum árum. Til þess að snúa þessari þróun við þarf að draga úr útgjöldum þjóðarbúsins og umfram allt minnka hallann á viðskiptum við útlönd. Mikilvægur liður í því er að draga úr hallarekstri ríkisins.

Enn einn mikilvægur liður í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar er að stíga frekari skref í átt til aukins frjálsræðis í milliríkjaviðskiptum. Um leið og Íslendingum opnast leiðir til þess að fjárfesta erlendis verður að rýmka reglur um fjárfestingu erlendra aðila hér á landi. Hliðstæðar breytingar erlendis hafa orðið atvinnulífi þar mikil lyftistöng og ættu einnig að styrkja okkur í þeirri viðleitni að renna fleiri stoðum undir atvinnulífið. Aðild Íslands að EES er einnig mikilvægur þáttur í því að tryggja stöðu Íslands í alþjóðaviðskiptum, þar með stöðu fyrirtækjanna. Ég fagna því að það virðist vera að skapast vaxandi skilningur á þessum sjónarmiðum, jafnt innan þings sem utan, eins og komið hefur fram síðustu daga.

Það er auðvitað ekki óeðlilegt að efnahagsumræðan hér á landi snúist mikið um þá erfiðleika sem íslenskt efnahagslíf stendur frammi fyrir. Hins vegar megum við ekki gleyma því að þrátt fyrir allt hefur ýmislegt þokast í rétta átt.

Þar ber að sjálfsögðu hæst sá árangur sem náðst hefur í verðlagsmálum. Eftir áratuga viðureign við óðaverðbólgu hafa Íslendingar nú skipað sér á bekk með þeim þjóðum sem búa við lægsta verðbólgu. Sé litið á verðlagsþróunina síðustu 12 mánuði kemur í ljós að verðlag hefur aðeins hækkað um 1,3%. Þetta er minnsta verðbólga sem mældist í Evrópu á þessum tíma. Svona tölur vorum við vön að sjá sem hækkun milli mánaða og jafnvel vikna þegar verst lét. Þetta er auðvitað stórkostlegur árangur og hann hefur náðst með samspili tveggja þátta, annars vegar stöðugs gengis og hins vegar víðtækrar samstöðu, ekki síst fyrir tilstilli aðila vinnumarkaðarins um að stöðugleiki í verðlags- og launamálum sé forsenda þess að íslenskt efnahagslíf rétti úr kútnum. Áframhaldandi samstarf á þessum nótum hlýtur að verða sá grundvöllur sem við byggjum á næstu missirin.

Annað veigamikið atriði er að okkur hefur tekist að draga verulega úr viðskiptahallanum á þessu ári eða um nær þriðjung. Þetta er mikilvægt skref í þá átt að draga úr erlendri skuldasöfnun. Við þurfum hins vegar að gera enn betur til að stöðva söfnun erlendra skulda.

Á þessu ári eru horfur á að hallinn á ríkissjóði verði talsvert minni en í fyrra. Enda þótt okkur takist ekki að ná markmiðum fjárlaga þokast tvímælalaust í rétta átt. Við settum okkur í upphafi það markmið að minnka hallann um helming milli ára. Hins vegar reyndist hallinn í fyrra miklu meiri en við gerðum ráð fyrir auk þess sem ytri aðstæður hafa verið okkur andsnúnar.

Eitt af meginmarkmiðum fjárlaga ársins 1992 var að draga úr lánsfjárþörf opinberra aðila. Það hefur gengið eftir. Lántökur hins opinbera lækka úr 40 milljörðum kr. árið 1991 í 28 milljarða 1992 og verða þannig um þriðjungi lægri en í fyrra.

Þessi árangur er farinn að skila sér í lægri vöxtum á innlendum markaði. Á síðustu mánuðum hafa raunvextir á verðtryggðum skuldbindingum þokast niður á við og sama gildir um vexti á óverðtryggðum skammtímabréfum. Þannig eru raunvextir á spariskírteinum ríkissjóðs nú 1% lægri en þeir voru fyrir gerð kjarasamninganna sl. vor og raunvextir á óverðtryggðum útlánum hafa lækkað enn meira.

Hér hefur ríkisstjórninni tekist að hverfa frá þeirri óheillaþróun þegar opinberir aðilar tóku til sín sífellt stærri hluta af sparnaði landsmanna en það þrýsti upp vaxtastiginu og þrengdi að atvinnulífinu.

Önnur mikilvæg stefnubreyting sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir er að færa vaxtaákvarðanir út á markaðinn. Gömlu handaflsaðferðirnar ganga ekki lengur, hvorki í vaxtamálun né almennum viðskiptum. Hafta- og miðstýringarstefna heyrir fortíðinni til hvort sem mönnum líkar betur eða verr.

Frá því um mitt þetta ár hafa óverðtryggð ríkisbréf verið boðin til sölu. Þar hefur markaðurinn alfarið ráðið vöxtum og verður að telja að vel hafi tekist til þar sem vextir bréfanna hafa verið í eðlilegu samhengi við fyrirliggjandi skammtímavexti og leiddu því ekki til vaxtahækkunar. Fyrr í þessum mánuði voru spariskírteini í fyrsta sinn boðin upp með svipuðum hætti og áformað er að setja ríkisvíxla á markaðinn um næstu mánaðamót.

Sú ákvörðun að vextir á ríkisverðbréfum skuli fram-

vegis ráðast af framboði og eftirspurn styrkir verðbréfamarkaðinn og gerir honum kleift að mæta aukinni samkeppni við innlend og erlend verðbréf. Jafnframt eykst tiltrú manna á markaðnum og það stuðlar að auknum sparnaði. Einnig er mikilvægt að markaðurinn þróist í þá átt að þar ríki virk og eðlileg samkeppni milli aðila hvort sem það eru lífeyrissjóðir, verðbréfafyrirtæki eða bankar.

Eitt af því sem blasti við þegar núv. ríkisstjórn tók við var að stjórn ríkisfjármála var í molum. Þetta lýsti sér m.a. í því að fjárlög stóðust aldrei. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á þessu sviði til að koma í veg fyrir að fjárlög fari úr böndunum. M.a. er sú breyting að einstakir ráðherrar, hver á sínu sviði, bera nú aukna ábyrgð á gerð og framkvæmd fjárlaga. Þetta gerir fjárlagagerðina sjálfa traustari og eykur líkur á að áætlanir fjárlaga standist í raun.

Ég vil nefna annað mikilvægt atriði sem styrkir stjórn ríkisfjármála og þar með efnahagsmála í heild, en það er sú ákvörðun fjmrn. og Seðlabanka að loka fyrir yfirdráttarheimild ríkissjóðs í Seðlabankanum um næstu áramót. Á yfirstandandi ári eru þegar í gildi ákveðnar takmarkanir í þessum efnum þar sem yfirdráttarheimild ríkissjóðs í Seðlabanka nemur að hámarki 3 milljörðum kr. Með þessu dregur úr þensluhættu á peningamarkaði vegna halla á ríkissjóði. Jafnframt takmarkar þetta svigrúm stjórnvalda til að auka ríkisútgjöld þar sem áhrifin koma strax fram í hærri vöxtum. Enda þótt þessi ákvörðun hafi ekki vakið mikla athygli er hún tímamótaákvörðun sem menn hafa rætt um árum saman án þess að nokkuð hafi verið að gert fyrr en nú.

Loks má nefna að sá rekstrarsparnaður ráðuneyta og ríkisstofnana sem áformaður var í fjárlögum 1992 hefur að mestu gengið eftir. Verulega hefur dregið úr yfirvinnu, ekki síst á aðalskrifstofum ráðuneyta. Þetta er enn eitt dæmið sem rætt hefur verið um árum saman án þess að árangur hafi náðst fyrr en nú. Að þessu sinni hefur tekist að koma böndum á útgjaldaþenslu í rekstri og starfsmannahaldi ríkisstofnana. Rétt er þó að taka fram að ekki er sjálfgefið að það haldist enda eitt af þessum eilífðarverkefnum sem alltaf þarf að sinna í samvinnu við starfsfólk og stjórnendur.

Þá vil ég nefna að framkvæmd og álagning ýmissa þjónustugjalda sem ákveðin voru á árinu 1992 hefur skilað tilætluðum árangri. Sömu sögu er að segja af breytingum á Lánasjóði íslenskra námsmanna. Þær hafa leitt til umtalsverðs sparnaðar.

Ég hef nú nefnt nokkur atriði sem mér finnst rétt að menn hafi í huga þegar fjallað er um stefnu ríkisstjórnarinnar því þrátt fyrir allt hefur náðst umtalsverður árangur á mörgum sviðum. Hinu er auðvitað ekki að leyna að enn eru mörg verkefni óleyst. Þær áherslur sem birtast í fjárlagafrv. næsta árs eru rökrétt framhald þeirra stefnumiða sem fjárlög yfirstandandi árs byggja á. Þannig er haldið áfram á þeirri aðhaldsbraut sem fjárlög ársins 1992 lýsa. Þetta sést best á því að útgjöld ríkissjóðs eru samkvæmt fjárlagafrv. næsta árs talin verða lægri í krónum talið en bæði í fyrra og á þessu ári. Ég viðurkenni fúslega að ég hefði talið æskilegt að ganga lengra í þessum efnum. Hins vegar eru aðstæður í þjóðarbúskapnum erfiðar og það takmarkar svigrúm til frekari aðgerða.

Forsendur fjárlagafrv. eru um margt traustari en áður hefur verið. Á þessu ári hefur tekist að hemja rekstrarkostnað stofnana ríkisins, m.a. með auknum heimildum stofnana til þjónustugjalda og rýmri reglum um yfirfærslu á rekstrarfé milli ára. Þá hefur með samningum við bændur tekist að ná tökum á útgjaldasjálfvirkni í landbúnaði sem kemur fram í verulegri lækkun á framlögum ríkisins til landbúnaðarmála á næsta ári. Allt þetta gefur vonir um að fjárlög næsta árs standist betur en verið hefur.

Það kann að koma á óvart að þrátt fyrir aðhald í rekstrarkostnaði skuli launa- og rekstrarkostnaður ríkissjóðs hækka að raungildi á næsta ári. Þessi aukning er hins vegar ekki merki um almenna útþenslu í starfsmannahaldi ríkisins heldur stafar hún fyrst og fremst af nýjum stofnunum fyrir fatlaða. En málefni fatlaðra hafa haft forgang um skeið.

Eitt helsta verkefni á sviði ríkisfjármála næstu ár er að móta framtíðarstefnu í heilbrigðis- og tryggingamálum sem tryggir hvort tveggja, örugga velferð og þjónustu og betri nýtingu á almannafé. Þetta snýr ekki hvað síst að því að koma í veg fyrir sjálfvirka hækkun ýmissa útgjaldaliða, m.a. í almannatryggingakerfinu. Markmið fjárlaga ársins 1993 er að heildarútgjöld til almannatrygginga aukist ekki að raungildi milli ára.

Annar mikilvægur þáttur sem einnig lýtur að sjálfvirkni er það nýmæli að fella fjármögnun ferja og flóabáta undir vegáætlun. Rökin eru þau að um sé að ræða ígildi þjóðvega fyrir viðkomandi byggðarlög og því rétt að framlög til þeirra færist með almennum framlögum til vegamála og greiðist af sömu tekjustofnum.

Áfram verður lögð áhersla á að bæta þjónustu ríkisins með því að hagræða á sem flestum sviðum t.d. með samanburðarathugunum á kostnaði við þjónustu sem hliðstæðar stofnanir veita. Hér má nefna stofnanir fatlaðra, skattstofur, framhaldsskóla og heilbrigðisstofnanir. Á vegum fjmrn. er t.d. unnið að samanburði á innheimtuárangri á einstökum skattstofum og er gert ráð fyrir að nýta niðurstöður þessa starfs við mat á fjárþörf skattstofanna í framtíðinni.

Þá er sérstakri fjárveitingu í hverju ráðuneyti ætlað að standa undir óhjákvæmilegum kostnaði við endurskipulagningu í rekstri stofnana. Loks verður starfsemi margra stofnana dregin saman. Húsnæðisstofnun ríkisins er dæmi um slíkt. Áformað er að leggja niður hönnunardeild, hætta skyldusparnaði í núverandi mynd og draga úr umfangi annarra þátta í rekstri.

Eins og áður hefur komið fram hefur ríkisstjórnin ákveðið að verja 2 milljörðum kr. til sérstakra framkvæmda á næsta ári til að örva atvinnu. Verkefnin eru einkum á sviði vegamála og eru á framkvæmdaáætlun næstu ára en verður nú flýtt vegna erfiðra aðstæðna í atvinnumálum. Gengið er út frá því að lán til framkvæmdanna verði endurgreidd af mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar á komandi árum.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að verja um fimmtungi af söluandvirði ríkisfyrirtækja til nýrra verkefna á sviði

rannsókna- og þróunarstarfsemi. Öflug starfsemi á þessu sviði er lykilatriði í eflingu atvinnulífsins. Þessum þætti hefur ekki verið sinnt sem skyldi á undanförnum árum. Jafnframt má nefna að með EES-samningnum opnast Íslendingum miklir möguleikar til þátttöku í alþjóðasamstarfi á þessu sviði.

Áfram verður unnið að einkavæðingu ýmissa ríkisfyrirtækja. Á næsta ári er fyrirhugað að selja ríkisfyrirtæki og hlutafé í eigu ríkisins fyrir umtalsverðar upphæðir. Í því sambandi má nefna lánastofnanir í eigu ríkisins, Lyfjaverslun ríkisins o.fl. Þá verður áfram dregið úr ríkisafskiptum. Einn þáttur þess er að gera ríkisfyrirtæki að hlutafélögum, svo sem Sementsverksmiðju ríkisins, Áburðarverksmiðjuna, Síldarverksmiðjur ríkisins o.fl. Annar þáttur er að ætla fyrirtækjum í auknum mæli að fjármagna rekstur sinn af sjálfsaflafé. Fasteignamat ríkisins sem nú er fært yfir í B-hlutann er dæmi um þetta.

Stefna ríkisstjórnarinnar á sviði skattamála kemur fram á tekjuhlið fjárlagafrv. Skatthlutfall virðisaukaskatts hér á landi er með því hæsta sem þekkist. Jafnframt eru fleiri undanþágur við lýði hér en annars staðar. Hvort tveggja torveldar skatteftirlit og stuðlar að undanskotum. Ríkisstjórnin hefur mótað þá almennu stefnu að breikka skattstofninn, samræma undanþágureglur og freista þess að lækka sjálft skatthlutfallið. Að undanförnu hefur verið unnið að frekari útfærslu þessara hugmynda á vegum ríkisstjórnarinnar. Vegna þeirra óformlegu viðræðna sem nú eiga sér stað eru þessi mál í biðstöðu og verða það þar til framhaldið skýrist.

Skatthlutfall tekjuskatts íslenskra fyrirtækja er með því hæsta sem þekkist í Evrópu og nauðsynlegt að lækka það til að gera fyrirtækin samkeppnishæf við erlend fyrirtæki. Í fjárlagafrv. er kynnt sú stefnumótandi ákvörðun ríkisstjórnarinnar að skatthlutfallið verði lækkað úr 45% í 33% á næsta ári. Sú lækkun er mikilvæg í tvennum skilningi. Annars vegar styrkir hún samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja hvort sem er til framleiðslu á innlendan eða erlendan markað. Hins vegar er hún ein af forsendum þess að fá erlend fyrirtæki til að fjárfesta á Íslandi. Hvort tveggja er liður í atvinnuuppbyggingu hér og eflir hagvöxt. Á móti lækkun skatthlutfalls verður frádráttarliðum fækkað.

Í tengslum við gildistöku EES-samningsins verður að gera umfangsmiklar breytingar á íslensku tollalöggjöfinni. Tollar lækka og vörugjöld hækka. Frv. um þessi mál hafa þegar verið lögð fram á Alþingi og eru nú til umfjöllunar í nefnd. Þá var jöfnunargjald á innflutning fellt niður frá og með 1. okt. sl. og gert er ráð fyrir að sérstakur gjaldeyrisskattur verði lagður niður í áföngum.

Að undanförnu hefur verið unnið að því að herða skatteftirlit í landinu. Lögum um ríkisskattanefnd hefur þegar verið breytt og refsiákvæði vegna bókhalds- og skattabrota er í endurskoðun. Skattaleg meðferð bifreiða og bifreiðahlunninda hefur einnig verið til sérstakrar skoðunar. Í því samhengi má nefna að nú þegar hefur verið ákveðið að taka upp hertar reglur við notkun á svokölluðum virðisaukaskattsbílum um næstu áramót.

Mig langar að nefna eitt atriði sérstaklega sem lýtur ekki beinlínis að hinum sígildu dægurmálum. Um alllangt skeið hefur staðið yfir umfangsmikil endurskoðun á bókhaldi ríkisins eða framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga eins og það heitir á fagmáli. Þessi vinna er nú á lokastigi. Megininntak þessarar endurskoðunar er að færa bókhald ríkisins til þeirra alþjóðastaðla sem gilda á þessu sviði og samræma ýmis sjónarmið um framsetningu upplýsinga um ríkisfjármál sem hafa verið margvísleg til þessa. Ég læt nægja að minna á nýleg skoðanaskipti mín og fyrrv. fjmrh. um hallamælingar hjá ríkissjóði. Það er mjög brýnt að eyða óvissu og misskilningi um túlkun talnalegra upplýsinga um fjárhag ríkisins, næg eru deilumálin samt.

Eins og ég hef áður nefnt er stefna fjárlagafrv. rökrétt framhald af þeirri efnahags- og atvinnumálastefnu sem ríkisstjórnin hefur markað. Markmið hennar er að leiða íslenskt efnahagslíf út úr þeirri kreppu sem það hefur verið í um alllangt skeið. Þar duga engar töfralausnir eða sértækar aðgerðir til skamms tíma, vandinn er djúpstæðari en svo, eins og ég hef fjallað um hér að framan.

Þótt töluvert hafi áunnist á þessu ári eru ýmis hættumerki fram undan. Mikill hallarekstur ríkis og annarra opinberra aðila hér á landi þrengir svigrúm atvinnulífsins á lánamarkaði og heldur uppi vöxtum. Með öðrum orðum fer of stór hluti innlends sparnaðar til að fjármagna starfsemi opinberra aðila. Að sama skapi rennur of lítill hluti sparnaðarins til að örva og efla atvinnulífið.

Í fjárlagafrv. er stigið skref í þá átt að draga úr umsvifum ríkisins á lánamarkaði og skapa atvinnulífinu aukið svigrúm. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að ég tel æskilegt að ganga enn lengra. Vonandi næst samkomulag um frekari sparnað í umfjöllun þingsins.

Ísland er reyndar ekki sér á báti í þessum efnum því að hallarekstur ríkisins er eitt helsta vandamál hagstjórnar í flestum OECD-ríkjum. Nægir að minna á óróleikann á gjaldeyrismörkuðum nýlega en undirrót hans var einmitt misvægi í vaxtamálum og ríkisfjármálum. Afleiðingarnar eru þær sömu og við þekkjum hér á landi, háir vextir sem sliga atvinnulífið, draga úr fjárfestingum og hamla gegn auknum hagvexti. Því er ekki að undra að kjarni efnahagsstefnu stjórnvalda í nágrannalöndum okkar Íslendinga skuli vera að draga úr hallarekstri ríkissjóðs.

Umrótið á erlendum gjaldeyrismörkuðum síðustu vikurnar hafa vakið upp ýmsar spurningar hér heima fyrir. Sumir hafa dregið í efa að við gætum haldið gengi krónunnar stöðugu á sama tíma og stórþjóðir eins og Bretar og Ítalir hafa fellt gengið.

Við skulum aðeins hugleiða þetta. Af hverju féll breska sterlingspundið, ítalska líran og reyndar finnska markið? Ástæðan er einföld. Markaðurinn hafði ekki trú á stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum, þ.e. að þau gætu dregið úr halla ríkissjóðs og þannig stuðlað að lækkun vaxta og auknum hagvexti. Stjórnvöldum tókst ekki að sannfæra markaðinn um þetta. Sama ástæða lá að baki áhlaupinu að sænsku krónunni. Þar varð niðurstaðan hins vegar önnur því að sænsku stjórninni

tókst að ná samkomulagi um víðtækar aðgerðir í ríkisfjármálum og atvinnumálum. Megininntak samkomulagsins er veruleg lækkun kostnaðarskatta fyrirtækja, hækkun einstaklingsskatta og stórfelld lækkun ríkisútgjalda. Þessar fyrirhuguðu aðgerðir eru taldar treysta grundvöll efnahags- og atvinnulífs í Svíþjóð og stuðla að hagvexti þegar fram í sækir. Af því getum við lært.

Að mínu viti stendur tvennt upp úr. Í fyrsta lagi sú staðreynd að efnahagsstefnan þarf að vera trúverðug. Í Bretlandi tókst ekki að sannfæra markaðsöflin um að ríkisstjórnin mundi draga úr ríkissjóðshallanum. Það er út af fyrir sig ekki undarlegt þegar tekið er tillit til þess að ríkisútgjöld í Bretlandi hafa vaxið verulega á undanförnum árum. Sömu sögu er að segja af Finnlandi.

Í öðru lagi eru skilaboð markaðarins ákaflega skýr. Hann leggur mikið upp úr stöðugu gengi. Með gengisfellingu breska sterlingspundsins og finnska marksins dvínaði tiltrú allra á efnahagsstefnu stjórnvalda. Þetta getur haft þau áhrif að fæla erlenda fjárfesta frá þessum löndum og veikt lánstraust þjóðanna.

Ástæðan fyrir því að við Íslendingar þurfum ekki að fylgja Bretum og Finnum er sú að efnahagsástandið hér á landi er þrátt fyrir allt ekki eins slæmt og í þessum löndum. Gengi sterlingspundsins og finnska marksins féll vegna vantrúar á ríkisfjármálastefnu stjórnvalda. Hér á landi hefur tekist að stöðva útgjaldaþenslu ríkisins í veigamiklum atriðum á þessu ári. Jafnframt fer halli á ríkissjóði minnkandi.

Þá er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að gengisfelling við núverandi aðstæður leysir engan vanda. Þetta ætti áratuga reynsla okkar Íslendinga af víxlgangi gengisfellinga og óðaverðbólgu að hafa kennt okkur. Jafnframt er nauðsynlegt að átta sig á því að efnahagslegar forsendur gengisfellingar eru ekki fyrir hendi hér á landi. Menn líta gjarnan á tvo mælikvarða til að meta hvort gengið sé of hátt skráð. Annars vegar er svokallað raungengi en það gefur vísbendingu um samkeppnisstöðu atvinnulífsins gagnvart útlöndum. Hins vegar er viðskiptajöfnuður gagnvart útlöndum.

Raungengið er nú svipað og að meðaltali undanfarinn áratug og gefur því ekki eitt og sér tilefni til gengisfellingar. Viðskiptahallinn er að vísu enn mikill en hann hefur þó minnkað verulega á þessu ári. Eins þarf að hafa í huga að viðskiptahallinn nú stafar fyrst og fremst af stöðnun í útflutningi og miklum vaxtagreiðslum til útlanda en ekki af miklum innflutningi því að hann hefur stórlega dregist saman. Gengisfelling breytir engu um þetta tvennt nema síður sé.

Á undanförnum vikum hafa óformlegar viðræður farið fram milli fjölmargra aðila í þjóðfélaginu um það hvernig samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja verður styrkt án þess að raska efnahagslegum stöðugleika. Ríkisstjórnin hefur tekið þátt í þessum viðræðum við fulltrúa vinnuveitenda og launþega á almennum vinnumarkaði. Það er fagnaðarefni að vaxandi skilningur og stuðningur virðist vera við að styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækja og efla atvinnulífið með því að draga úr rekstrarkostnaði þeirra í stað þess að fara gömlu gengisfellingarleiðina. Til að slíkt geti gerst reynir þó fyrst og fremst á fyrirtækin að leita allra leiða til að draga úr rekstrarútgjöldum. Ábyrgðin er nú sem endranær á herðum þeirra sjálfra.

Í stefnuræðu sinni ræddi forsrh. sérstaklega um lækkun kostnaðarskatta fyrirtækja og sagði m.a. orðrétt, með leyfi forseta:

„Lækkun kostnaðarskatta á atvinnurekstur er nauðsynleg til að treysta stöðugt gengi til framtíðar en það verður að vinnast sameiginlega af ríki, sveitarfélögum, launþegum og vinnuveitendum."

Í umræðum um stefnuræðuna sagði viðskrh. orðrétt, með leyfi forseta:

„Nauðsynlegt er að samræma skattakjör atvinnuveganna hér á landi því sem gengur og gerist innan EES. Það þarf að lækka bæði launatengd gjöld og aðstöðugjaldið."

Af þessum ummælum má glöggt ráða að það er fullur skilningur á slíkum viðhorfum í ríkisstjórninni. En við gerum okkur ljóst að það er ekki nóg að tala um að lækka kostnaðarskatta heldur þarf líka að taka fram hvað það þýðir í raun. Þetta kallar á víðtæka samstöðu um að færa skattbyrði frá fyrirtækjum til einstaklinga. Þetta ásamt tillögum til lækkunar á útgjöldum ríkisins er reyndar kjarninn í samkomulagi stjórnmálaflokkanna í Svíþjóð til þess að koma í veg fyrir gengisfellingu.

Hagræðing innan fyrirtækja og tilfærsla á sköttum bjargar þó ekki öllum fyrirtækjum sem starfandi eru í dag. Sumum verður ekki forðað frá nauðasamningum eða gjaldþroti vegna margra ára uppsafnaðra erfiðleika. Þannig verða bankar og opinberir sjóðir að taka á sig tap sem fyrr eða síðar lendir á ríkissjóði og þar með skattgreiðendum framtíðarinnar.

Ríkisstjórnin mun, í samræmi við efnahagsstefnu sína, leggja sín lóð á vogarskálarnar til að finna leiðir til að styrkja stöðu fyrirtækjanna og koma í veg fyrir að atvinnuleysi verði fastagestur hér í framtíðinni. Aðalatriðið er að forðast skammtímalausnir en byggja fyrst og fremst á varanlegu úrræðum.

Ríkisstjórnin hefur áður haft samráð við aðila vinnumarkaðarins um ríkisfjármál. Það gerði hún sl. vor þegar gildandi kjarasamningar voru gerðir. Þeir samningar juku útgjöld ríkissjóðs talsvert en vegna hóflegra launabreytinga var útgjaldaaukinn talinn réttlætanlegur. Nú er hins vegar ljóst að efnahagslægðin sem við erum stödd í er dýpri en þá var ætlað. Meiri samdráttur verður í þorskveiðum á næsta ári en í ár og smám saman er að koma í ljós að sá almenni efnahagsbati sem vænst hafði verið í heiminum lætur á sér standa. Það skiptir því miklu máli að víðtæk samstaða sé ekki einungis um að færa skattbyrði til í þjóðfélaginu heldur einnig um að lækka ríkisútgjöld, draga úr hallarekstri ríkissjóðs og koma þannig í veg fyrir hækkun vaxta og aukinn samdrátt í nýjum fjárfestingum og atvinnutækifærum.

Þegar rætt er um víðtækt samkomulag um ríkisfjármálin verður ekki hjá því komist að það nái til fleiri þátta en breytinga á tekjuhlið í tengslum við tilflutning á skattbyrði. Slíkt samkomulag verður jafnframt að taka til ríkisútgjalda. Ég vil aðeins nefna örfá atriði í þessu sambandi.

Veigamesta viðfangsefnið sem nú blasir við á gjaldahlið fjárlaga er að hefta sívaxandi sjálfvirk útgjöld í heilbrigðis- og tryggingamálum, sérstaklega lyfja- og lækniskostnað. Flytja þarf slysatryggingar til tryggingafélaga. Einnig er nauðsynlegt að breyta greiðslu vaxta- og geymslugjalda af landbúnaðarafurðum til samræmis við ákvæði í búvörusamningi. Jafnframt þarf að auka kostnaðarvitund í opinberri þjónustu með þjónustugjöldum, t.d. fyrir ákveðna þætti í þjónustu framhaldsskóla og sjúkrahúsa. Þá er eðlilegt við núverandi aðstæður að endurskoða reglur um ýmsar greiðslur úr ríkissjóði eins og vaxtabætur og barnabætur. Ég tel raunhæft að setja markmið um allt að tveggja milljarða sparnað til að draga úr halla ríkissjóðs ef það má verða þáttur í víðtæku samkomulagi.

Virðulegi forseti. Fjárlagafrv. er nú til umræðu við nokkuð sérkennilegar aðstæður. Þótt ýmsir kvarti undan niðurskurði og sparnaðaráformum í ríkisbúskapnum eru margir sem telja að ekki sé gengið nógu langt í þeim efnum í fjárlagafrv. Nágrannaþjóðirnar eiga í stórfelldum erfiðleikum í efnahagsmálum sínum um þessar mundir. Þau vandamál sem þar er glímt við eru af sömu rót og þau sem við okkur blasa. Það sem við getum lært af ástandinu þar á bæ er að skjótt skipast veður í lofti.

Við lifum nú lengsta samdráttarskeið í sögu lýðveldisins og enn sér ekki fyrir endann á því. Þegar betur gekk skorti okkur fyrirhyggju. Á uppgangstímum eyddum við um efni fram og erlendar skuldir þjóðarinnar hlóðust upp. Þung greiðslubyrði erlendra lána gerir okkur erfiðara en ella að fást við vandann nú.

Á næstu vikum verða fjárlagafrv. og fylgifrumvörp þess til umfjöllunar í nefndum þingsins. Það er mikilvægt að sú vinna sem þar fer fram taki mið af stöðu þjóðarbúsins. Í því sambandi þykir mér rétt að rifja það upp að fjárlagafrv. yfirstandandi árs breyttist til lækkunar, bæði á tekju- og gjaldahlið í meðförum Alþingis fyrir ári. Starf fjárln. nú hlýtur einnig að miða að því marki að draga enn úr útgjöldum ríkisins.

Ég tel sérstaka ástæðu til að fagna þeim mikla áhuga og skilningi sem aðilar vinnumarkaðarins og fleiri hafa sýnt á því að fastar verði tekið á fjármálum ríkisins. Vonandi leiða þær óformlegu viðræður sem átt hafa sér stað að undanförnu til víðtækrar samstöðu um að varðveita stöðugleikann í efnahagslífinu og örva atvinnustarfsemina. Aðalatriðið er að leita varanlegra lausna sem taka á hinum raunverulegu vandamálum. Að sama skapi er mikilvægt að forðast upphlaup og yfirboð og úreltar skammtímalausnir sem einungis fela í sér hærri skatta og aukin opinber útgjöld. Íslensk hagsaga geymir allt of mörg dæmi um slíkar aðgerðir sem engu bjarga en skapa einungis ný vandamál þegar til lengri tíma er litið.

Þótt ekki blási byrlega í íslensku efnahagslífi um sinn er engin ástæða til að leggja árar í bát. Þvert á móti þarf að herða róðurinn. Á siglingu okkar út úr vandanum er einkum þrennt sem við skulum hafa að leiðarljósi:

1. Aðgerðir okkar verða að miða að því að fá hjól atvinnulífsins til að snúast hraðar. Það er gangverkið sem knýr þjóðarskútuna áfram.

2. Við þurfum að tryggja kjör þeirra lakast settu og draga sem mest úr áföllunum. Hinir sem betur mega sín verða að leggja meira á sig í þeim boðaföllum sem yfir okkur ganga um sinn.

3. Við skulum setja stefnuna á mið frjálsræðis og opnunar í viðskiptum en þau hafa í tímans rás verið fengsælust í lífskjarasókn þjóðanna.

Ef við höfum þessi þrjú atriði í huga er ég sannfærður um að okkur farnast vel í átökunum við þá erfiðleika sem að okkur steðja og þjóðin hefur falið okkur að leysa.

Að svo mæltu, virðulegi forseti, legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjárln.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Frv. það til fjárlaga fyrir árið 1992, sem nú er til 1. umr. í Alþingi, er annað fjárlagafrv. sem hæstv. ríkisstjórn leggur fram. Því miður verður að segja um þetta frv. eins og um það sem lagt var fram fyrir um það bil ári, að það veldur miklum vonbrigðum. Það veldur vonbrigðum að því leyti að það tekur ekki á þeim vandamálum sem við er að fást í þjóðfélaginu eins og hefði mátt ætla ef tekið er mið af stefnu ríkisstjórnarinnar og ummælum hæstv. forsrh. og annarra hæstv. ráðherra að fjárlög séu undirstaða eða hornsteinn þeirrar efnahagsstefnu sem ríkisstjórnin rekur. Þar er ítrekað að eitt af mikilvægustu verkefnunum til þess að ná tökum á efnahagsmálum, viðhalda stöðugleika og efla atvinnulíf sé að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum, að fjárlög séu hallalaus. Það eru nánast einu markmiðin í stjórn efnahagsmálanna. Annað skal látið afskiptalaust. Samkeppni hins frjálsa markaðar á að sjá um afganginn.

Nú veit hver einasti maður, sem á annað borð fylgist með stjórnmálaumræðunni í þjóðfélaginu og hugsar eitthvað um stöðu efnahagsmála, að verulegur halli blasir við á fjárlögum yfirstandandi árs þrátt fyrir fögur fyrirheit um að hann skyldi ekki fara yfir 4 milljarða króna. Fullyrt var að þau fjárlög, sem samþykkt voru í fyrra, væru trúverðugri en nokkru sinni fyrr vegna þess hvernig staðið hefði verið að öllum undirbúningi og vinnubrögðum við fjárlagagerðina og markmiðið var að ná hallalausum fjárlögum á tveimur árum. Nú blasir við að halli á fjárlögum yfirstandandi árs verði að minnsta kosti 10–12 milljarðar króna og fyrir framan okkur höfum við fjárlagafrv. fyrir næsta ár þar sem hallinn er talinn verða rúmir 6 milljarðar. Af þessu sést að ríkisstjórnin er langt frá sínum fyrri markmiðum að ná niður halla ríkisfjármálanna á tveimur árum.

Þar að auki er full ástæða til að óttast að sú tala sem blasir við okkur nú sem halli á fjárlögum næsta árs sé ekki mjög trúverðug og líklegt að hún verði enn hærri — ef ekki þegar við gerð fjárlaganna, þá muni reynslan sýna það á næsta ári ekki síður en á árinu sem nú er að líða. Reyndar hygg ég að þessar áhyggjur hafi að nokkru komið fram í framsöguræðu hæstv. fjmrh. við frv. áðan þó hann hafi enn einu sinni lýst því yfir að að þessu sinni væri um að ræða enn trúverðugri

fjárlagagerð en nokkru sinni fyrr.

Tekjuhliðin er með mörgum óvissuþáttum. Kemur það í fyrsta lagi fram í því að enn er verið að fjalla um það hvernig standa eigi að skattalagabreytingum, veigamiklum þáttum í tekjuöflun ríkissjóðs eins og t.d. virðisaukaskattinum, sem samkvæmt frv. á að skila rúmlega 41 milljarði kr. eða um það bil 40% af öllum tekjum ríkissjóðs. Þar er enn verið að velta fyrir sér breytingum. Í greinargerð frv. eru boðaðar ákveðnar breytingar en nú veit alþjóð að þær forsendur standast ekki lengur og verið er að velta fyrir sér nýjum og allt öðrum hugmyndum. Þetta sýnir best hringlandaháttinn og ósamstöðuna innan stjórnarflokkanna við gerð og undirbúning fjárlagafrv.

Í öðru lagi gerir tekjuáætlunin ráð fyrir því að ríkisfyrirtæki eða opinberar stofnanir verði seld og sú sala skili 1,5 milljörðum kr. í ríkissjóð á næsta ári. Allir þekkja fyrirætlanir hæstv. ríkisstjórnar á þessu ári hvað varðar að afla tekna í ríkissjóð með sölu opinberra fyrirtækja en vafasamt er hvort helmingur af áætluðum tekjum upp á 1 milljarð króna muni nást. Reyndar má geta þess að á seinustu mínútum hefur mér borist svar frá fjmrn. þar sem kemur fram að aðeins 240–250 millj. kr. hafa þegar skilað sér í ríkissjóð og alger óvissa er enn um það hvort takist að ná þeim hálfa milljarði sem síðustu spár hafa byggst á. Hér er því um mikla óvissu að ræða auk þess sem upphæðin er háð sölu á ríkisbönkunum, Búnaðarbanka og/eða Landsbanka, sem ég leyfi mér að efast um að sé með samþykki allra stjórnarliða.

Í þriðja lagi má benda á að gert er ráð fyrir auknum tekjum í ríkissjóð af arðgreiðslu opinberra fyrirtækja, í sumum tilfellum þeirra sömu og á að selja. Sýnist mér þar ýmislegt rekast hvað á annars horn og kem ég nánar að því síðar í ræðu minni.

Þetta eru aðeins nokkrir þættir um óvissuna á tekjuhlið fjárlagafrv. sem hægt er að telja upp.

Sömu sögu má segja um útgjaldahliðina. Þar hygg ég að séu ýmsar hugmyndir og ráðagerðir um sparnað sem erfitt verður að standa við eða ná fram.

Áfram er kreppt að útgjöldum til hinna svokölluðu velferðarmála og er sama hvort borið er niður á sviði mennta- og menningarmála eða í heilbrigðis- og tryggingakerfinu.

Ráðgert er að skera Lánasjóð íslenskra námsmanna niður um 300 millj. í viðbót við þær 500 millj. sem taldar eru sparast á þessu ári. Þessi mikli niðurskurður hefur nú þegar haft veruleg áhrif á getu ungs fólks til að sækja langskólanám svo sem fram kom á sl. hausti og þau áhrif eiga eftir að segja enn frekar til sín með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Þá lækkar framlag til grunnskóla vegna samdráttar í kennslumagni. Einnig eru framlög til íþrótta og æskulýðsmála lækkuð.

Í heilbrigðis- og tryggingamálum er áformað að lækka útgjöld vegna lífeyrisþega um nær 600 millj. kr. með sérstökum aðgerðum sem þó er eftir að útfæra nánar. Þá eru einnig boðaðar áframhaldandi tilraunir til að lækka lyfjakostnað og útgjöld vegna sérfræðiþjónustu en þær tilraunir hafa fremur lítinn árangur gefið hingað til. Loks má nefna umtalsverðan niðurskurð á útgjöldum vegna meðferðar áfengissjúkra sem hlýtur að draga úr þjónustu á því sviði.

Fullyrt er að sparnaður hafi náðst í opinberum rekstri á því ári sem nú er að líða og kann að vera að á það megi benda í rekstri einstakra stofnana að útgjaldatölurnar séu eitthvað lægri en þær voru árið á undan. Sé þetta skoðað nánar er ekki allt sem sýnist. Sem dæmi um hvað hefur verið að gerast má t.d. benda á þróunina í heilbrigðismálum. Ef til vill er hægt að sýna fram á að útgjöld til sjúkrahúsa hafi lækkað í krónutölu svo einhverjum hundruðum milljóna króna nemur. Á móti kemur að útgjöld til tryggingakerfisins eða þess þáttar sem lýtur að hliðstæðri þjónustu og sjúkrahúsin veita, þ.e. greiðslur til sérfræðinga fyrir þá þjónustu sem þeir veita á sínum stofum úti í bæ, hefur stóraukist á ný um hundruð milljóna. Þetta segir okkur það sem vitað var fyrir fram að einstaklingarnir þurfa auðvitað að leita sér lækninga eftir sem áður. Það gera þeir með því að fara á stofur hjá sérfræðingum ef þeir fá ekki inni á sjúkrahúsum sem hafa lokað deildum og dregið úr þjónustu vegna þess hversu kreppt hefur verið að þeim í fjármálum. Þeir sem áður þurftu að leita til þessara stofnana hafa ekkert læknast við niðurskurð fjárframlaga. Þeir verða eftir sem áður að fá sína aðhlynningu og leita til lækna.

Þó útgjöld til sérfræðinga hafi ekki hækkað jafnmikið og útgjöld til sjúkrahúsanna hafa lækkað þá má, því miður, finna mismuninn í því að biðlistar vegna einstakra aðgerða hafa lengst verulega vegna þess að dregið hefur verið úr þjónustunni. Má í því sambandi benda á frétt í Morgunblaðinu frá 15. okt. sl. þar sem segir að á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri sé nú allt að árs bið eftir aðgerðum í kjölfar niðurskurðar. Í fréttinni segir að sjúkrahúsinu hafi verið gert að spara í rekstri um 44 millj. kr. frá fyrra ári og segir framkvæmdastjórinn að þetta hafi vissulega verið erfitt. Fólk hafi fundið fyrir því að þjónusta sjúkrahússins hafi verið skert miðað við það sem áður var. Orðrétt er haft eftir honum, með leyfi forseta:

„Það er alveg ljóst að við höfum fundið fyrir því í þjónustu spítalans að seglin hafa verið dregin saman og það kemur m.a. fram í því að biðlistar hafa lengst töluvert eftir aðgerðum."

Síðan segir framkvæmdastjórinn að biðlistar eftir aðgerðum á bæklunardeild hafi lengst verulega og væri árs bið eða jafnvel meira eftir vissum aðgerðum á deildinni sem vissulega væri bagalegt fyrir sjúklinga.

Með svona aðferðum er auðvitað hægt að sýna tímabundna lækkun í ríkisútgjöldum en hver er hinn raunverulegi árangur og hver eru áhrifin til lengri tíma litið? Ég er hræddur um að við eigum eftir að bíta úr nálinni með það og sitja uppi með vandamál sem verður enn dýrara að leysa en að bregðast við þeim á réttan hátt nú þegar.

Þetta er aðeins eitt lítið dæmi um þá þróun sem við okkur blasir og segir okkur í raun að þær aðferðir sem gripið hefur verið til til að reyna að ná fram jöfnuði í ríkisfjármálunum hafa í mörgum tilfellum reynst haldlitlar og þarf að huga að nýjum leiðum sem betur reynast þegar til lengri tíma er litið.

Af framansögðu má vera ljóst að það er til lítils að tala ítarlega um það frv. sem hér liggur fyrir vegna þess að svo margt hlýtur að eiga eftir að breytast við meðferð þess í þinginu og reyndar einnig hjá hæstv. ríkisstjórn, hjá hæstv. fjmrh. og hjá þingflokkum ríkisstjórnarinnar sem óhjákvæmilega eiga eftir að taka ýmsar grundvallarákvarðanir um undirstöðuþætti ríkisfjármálanna áður en hægt er að ræða málið í heild á hv. Alþingi með heildaryfirsýn yfir það hvernig tekjur og gjöld eiga að líta út og hvernig teknanna á að afla og hvernig gjaldahliðin kemur í raun til með að líta út.

Alvarlegasta vandamálið sem við okkur blasir nú í þessu þjóðfélagi og þar af leiðandi einnig mikilvægasta viðfangsefni hæstv. ríkisstjórnar og stjórnvalda er auðvitað atvinnuástandið og sú alvarlega vofa atvinnuleysis sem nú sækir meira og meira á íslenskt þjóðfélag og íslenskt þjóðlíf.

Atvinnuleysið virðist vera að festa hér rætur sem viðvarandi ástand. Gert er ráð fyrir 3,5–4% atvinnuleysi á næsta ári samkvæmt forsendum frv. en ef litið er á spár vinnuveitenda hafa þeir hingað til spáð 6–7% atvinnuleysi en seinustu daga hafa spár farið upp úr öllu valdi. Menn nefna tölur sem eru með því hæsta sem þekkist í nágrannalöndunum, allt að 15–20%. En þær spár byggjast líka á því að gjaldþrotaleiðin verði farin til enda og ekkert verði gert til bjargar. Því verður enn ekki trúað að nokkur ríkisstjórn sé svo með öllu firrt sambandinu við það þjóðfélag sem hún þó á að stjórna að slíkt geti gerst. Auk þess eru spár upp á 4–7% atvinnuleysi að meðaltali meira en hægt er að una við. Maður spyr sig: Hvað er að gerast í þjóðfélagi þar sem ungir og, hingað til að minnsta kosti taldir efnilegir forsvarsmenn stórra atvinnufyrirtækja telja orðið tímabært að kenna fólki að vera atvinnulaust og sætta sig við það ástand? Það setur að mér óhug er ég heyri svona tíðindi.

Svipaður var tónninn í „Vísbendingu", vikuriti um viðskipti og efnahagsmál, fyrr á þessu ári en þar sagði m.a., með leyfi forseta:

„Vinnumarkaðurinn hefur nánast verið í jafnvægi og launaskrið hefur verið lítið eða ekkert. Verðbólga hefur minnkað. Ef reynt yrði að færa atvinnuleysið niður á það stig sem var á árunum 1986–1988 mundi verðbólga án efa aukast aftur. Aukist atvinnuleysi ekki mikið frá því sem verið hefur undanfarin ár virðist því ekki vera ástæða til þess að gera sérstakar ráðstafanir til þess að draga úr því".

Hér er í raun verið að staðfesta það að „hæfilegt" atvinnuleysi sé kjörstaða til að halda niðri verðbólgu og launakröfum. Þetta tel ég ill tíðindi og óásættanleg sjónarmið.

Aðgerðir til lausnar þessum mikla vanda hljóta að vera mikilvægasta viðfangsefni dagsins í dag og við því verða stjórnvöld að bregðast, tilknúin ef ekki vill betur til. Aðgerðaleysi hæstv. ríkisstjórnar í þessum efnum er að verða mikið áhyggjuefni. Það kemur ekki síst fram í umfjöllun fulltrúa atvinnulífsins í landinu, bæði vinnuveitenda og launþega. Nýlega flutt stefnuræða hæstv. forsrh. eykur ekki mjög vonir manna eða bjartsýni. Þar kom lítið fram um það hvað hæstv. ríkisstjórn hygðist gera til þess að takast á við þennan vanda sem við blasir og helst mátti skilja að áfram yrði fylgt gjaldþrotastefnunni til þess að hreinsa til í atvinnulífinu og skapa einhverjum nýjum öflum starfsvettvang til þess að takast á við verkefnin.

Nú hefur hins vegar komið í ljós í umræðunni seinustu daga að þessa stefnu telja aðilar vinnumarkaðarins algjörlega óviðunandi. Í nýlegu blaðaviðtali greinir Magnús Gunnarsson, formaður Vinnuveitendasambands Íslands, frá fundi sem forsvarsmenn samtaka í sjávarútvegi áttu með hæstv. forsrh. eftir að þeir höfðu hlýtt á stefnuræðu hans til þess að reyna að fá einhvern frekari botn í það hvað ríkisstjórnin hyggst gera. Lýsing Magnúsar af þeim fundi var ekki beinlínis uppörvandi. Með leyfi forseta er haft eftir Magnúsi í DV 15. okt. sl. svohljóðandi:

„Það kom ekkert út úr þessum fundi með forsrh. og menn urðu fyrir vonbrigðum. Það er ljóst að forsrh. er þeirrar skoðunar að það þurfi að herða enn meira að sjávarútveginum til þess að fá fram þær breytingar sem hann telur nauðsynlegar. Leiðin til þess sé að gera ekki neitt".

Það eru stór orð sem hér eru viðhöfð og lýsa í raun þeirri stefnu sem við stjórnarandstæðingar höfum talið að ríkisstjórnin fylgdi þegar forsvarsmenn atvinnulífsins komast að þeirri niðurstöðu að leið ríkisstjórnarinnar sé að gera ekki neitt.

Það er mikilvægt að heyra frá Magnúsi Gunnarssyni, svo og ýmsum öðrum talsmönnum vinnuveitenda, að þeir eru ekki sammála þessari aðgerðaleysis- og gjaldþrotaleið. Þeir telja þvert á móti að gjaldþrotaleiðin hljóti að leiða til ófarnaðar þegar til lengri tíma er litið. Ástæðurnar fyrir því séu meðal annars þær að það taki tíma að koma þessum „óarðbæru" fyrirtækjum í gjaldþrot og á meðan hafi það mjög alvarlegar afleiðingar, einnig fyrir hin sterku og grónu fyrirtæki og hættan sé sú að þau fari með í fallinu þegar þessi allsherjargjaldþrotahrina ríður yfir.

Þá hafa þeir einnig lýst efasemdum um það að þetta skapi meira svigrúm fyrir þau fyrirtæki sem eftir lifi, því það séu í raun reist ný fyrirtæki á rústum hinna eldri til þess þrátt fyrir allt að reyna að halda atvinnulífinu í byggðarlögunum gangandi. Þau hafa þá fengið nýjan rekstrargrundvöll og hefja sína starfsemi við allt önnur skilyrði, kannski litlar eða svo til engar skuldir og keppa við fyrirtækin sem hafa verið að berjast við að halda sér gangandi þrátt fyrir allt við þau erfiðu skilyrði sem nú er glímt við.

Og ætli gjaldþrotastefnan sé bara einföld lagfæring á veikburða efnahags- og atvinnulífi sem ekki skilji nein sár eftir sig? Ætli það þurfi ekki einhverjir að bera byrðar af gjaldþrotastefnunni einnig? Ég er hræddur um að svo sé. Og ég er hræddur um að það séu fleiri en bankar og sjóðir sem verða fyrir áföllum. Þar er auðvitað um að ræða fjölda einstaklinga, smærri verktaka og þjónustuaðila sem líða fyrir og geta oftar en ekki lent í gjaldþrotum sjálfir eftir að hin stærri og áhrifameiri fyrirtæki á vinnumarkaðnum hafa verið gerð gjaldþrota. Þannig er aðferðin sem beitt er og það

kemur betur og betur fram að við það getur þjóðin ekki unað og ýmis öfl í þjóðfélaginu munu nú á næstunni, eins og komið hefur í ljós seinustu daga, knýja stjórnvöld með góðu eða illu til aðgerða í þessu sambandi annars verði ríkisstjórnin hreinlega að víkja og nýir aðilar að taka við völdum til þess að reyna að snúa hjólinu við.

Fulltrúar launþega hafa ekki síður tekið í þennan sama streng en fulltrúar vinnuveitenda og lýst því yfir að það megi öllum vera ljóst að það að snúa hér við blaði og hefja nýja sókn í atvinnumálum verði ekki gert fyrirhafnarlaust og án þess að einhverjir þurfi að leggja eitthvað af mörkum. Auðvitað muni það koma víða við. Það mun vafalaust kalla á skattbreytingar sem séu atvinnulífinu í vil sem muni þá koma niður á launþegum í einu eða öðru formi. En er það ekki betra en að horfa upp á það ástand sem nú blasir við með stöðugt auknu atvinnuleysi og í kjölfar þess öllum þeim erfiðleikum og vandamálum sem ávallt fylgja og við höfum fyrir okkur dæmin um frá nærliggjandi þjóðfélögum?

Í skattamálunum þarf að breyta áherslum um leið og skattbyrðin er flutt til. Það þarf að herða skatteftirlitið og rannsókn skattsvikamála og leggja aukna áherslu á að uppræta svokallaða svarta atvinnustarfsemi þannig að allir beri sem réttlátastan hlut skattanna. Það ber að fagna þeim breytingum sem nú er unnið að í fjmrn. varðandi þessi mál og greint er frá í grg. fjárlagafrv. Hæstv. fjmrh. gat þess áðan og hann verður að eiga það sem hann á þó ég telji reyndar að hann og forverar hans í embætti hefðu getað gengið rösklegar fram á þessu sviði. Það er t.d. hart til þess að vita, ef satt er, að innheimta virðisaukaskatts sé lítt eða ekki betri en innheimta söluskattsins var, en ein meginröksemdin fyrir upptöku virðisaukaskatts á sínum tíma var einmitt sú að hann innheimtist betur en söluskatturinn.

Þá teljum við framsóknarmenn rétt að taka upp hátekjuskatt þar sem ljóst er að tekjubilið í þjóðfélaginu er stöðugt að vaxa. Einnig erum við fylgjandi skatti á fjármagnstekjur og teljum að sá tekjuauki sem af því getur leitt eigi að skila sér í ríkissjóð en ekki upphefja aðra eignarskatta svo sem hæstv. fjmrh. lætur að liggja. Með þessum og öðrum aðferðum verður að leitast við að breytingar á skattbyrðinni lendi fyrst og fremst á þeim sem hafa bökin til að bera.

Nú má enginn skilja orð mín svo að ég haldi að það sé auðvelt verk að stilla fjárlögum upp á þann hátt að þau taki meira tillit til þarfa atvinnulífsins í þeirri stöðu sem nú blasir við eða láta ríkisfjármálin gegna því lykilhlutverki sem þau eiga að gegna í sambandi við efnahagsstjórnun í landinu. Það veit ég vel að er ekki auðvelt. Vissulega er viðleitni ríkisstjórnarinnar að draga úr ríkisútgjöldum og lækka ríkissjóðshalla til þess að skapa svigrúm á öðrum sviðum virðingarverð.

Ástand það sem við blasir verður ekki eingöngu um kennt þeirri ríkisstjórn sem situr eða rangri stjórnun efnahagsmála. Þar koma að sjálfsögðu einnig inn í myndina utanaðkomandi þættir sem stjórnvöld ráða lítt eða ekki við. En sé litið til þess sem beinlínis kemur stjórnvöldum og hæstv. núv. ríkisstjórn við er auðvitað ljóst að aðgerðir þær sem gripið var til á seinasta ári hafa í mörgum tilvikum reynst rangar. Vil ég þar fyrst nefna vaxtahækkunina sem ríkisstjórnin stóð fyrir í upphafi valdaferils síns og hlaut auðvitað að verða veikburða og skuldugu atvinnulífi allt of þung byrði. Það hefur síðan leitt til erfiðleika hjá ýmsum fyrirtækjum, aukins atvinnuleysis, minni tekna einstaklinga og þar með ríkissjóðs og beinna útgjalda hans í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð.

Þetta voru fyrstu mistökin. Síðan hefur einnig sýnt sig að fjárlagagerðin fyrir það ár sem nú er að líða var með öllu óraunhæf eins og við stjórnarandstæðingar bentum reyndar á fyrir um það bil ári og er nú að sanna sig betur og betur með hverjum degi sem líður. Sparnaðaraðgerðirnar hafa ekki náð tilætluðum árangri og tekjurnar hafa að sjálfsögðu dregist mjög saman vegna hins erfiða atvinnuástands og ört vaxandi atvinnuleysis sem hefur dregið úr sköttum, bæði tekjusköttum og þó kannski enn þá frekar veltisköttum, í þjóðfélaginu. Á því sjáum við vissulega að umsvif í þjóðfélaginu og nauðsyn þess að ríkisvaldið á hverjum tíma beiti áhrifum sínum í því skyni að efla atvinnulíf skilar sér aftur í ríkiskassann í auknum tekjum.

Það sem ríkisstjórnin er þó að boða á þessu sviði og vissulega er vert að minnast á er í fyrsta lagi viðbótarfjármagn sem verja á til atvinnuskapandi aðgerða upp á 2.000 millj. kr., lækkun tekjuskatts á fyrirtæki úr 45% í 33% skatt, fyrirheit um 300 millj. kr. til rannsókna- og þróunarstarfsemi og sú áhersla sem reynt er að leggja á minni lántökuþörf ríkissjóðs og opinberra fyrirtækja. Allt eru þetta þættir sem ættu að auka svigrúm atvinnulífsins og skapa betri stöðu til þess að draga úr atvinnuleysi í landinu en því miður eru á þessu einnig ýmsir meinbugir. Hvað þessar 2.000 millj. kr. varðar, en þar af eiga 1.800 millj. kr. að ganga til vegagerðarframkvæmda, fylgir sá böggull skammrifi að hér er um að ræða lántöku sem greiðast á af mörkuðum tekjustofnum Vegagerðar síðar og hætt er við að muni þá leiða til miklu minni framkvæmda og skapa ný vandamál. Það má kannski kalla þetta, þar sem núv. hæstv. ríkisstjórn og ráðherrum hefur orðið tíðrætt um fortíðarvanda, nýsköpun fortíðarvanda í þeim skilningi að stjórnvöld eftir þrjú til fimm ár munu þurfa að takast á við það hvernig eigi að leysa úr vandanum öðruvísi en að draga þá stórlega úr atvinnu á þessu sama sviði.

En það merkilega er að það er líka verið að hnýta nýja pinkla á Vegagerðina á sama tíma og menn hæla sé af því að auka framkvæmdir um 1.800 millj. kr. Í fyrsta lagi er Vegagerðinni nú ætlað að standa straum af rekstri og stofnkostnaði við ferjur og flóabáta sem nemur 330 millj. kr. og er þó kannski ekki öllu til skila haldið og gæti orðið hærri tala þegar upp er staðið.

Í öðru lagi, það sem ef til vill er enn furðulegra, að á sama tíma og viðbótarfjármagni er veitt í málaflokkinn þá er ætlað að skerða markaðan tekjustofn Vegagerðarinnar um 344 millj. kr. og taka þá fjármuni beint í ríkissjóð. Þarna er strax búið að taka nær 700 millj. kr. til baka af þessari viðbótarfjárveitingu. Í þriðja lagi

er auðvitað langt frá því að staðið sé við þá vegáætlun sem samþykkt hefur verið. Hún er að auki skorin niður svo mörg hundruð millj. kr. skiptir en viðbótarfjármunum í ýmsum tilvikum varið til annarra verka en ákveðin voru í gildandi vegáætlun.

Það er vissulega ánægjulegt ef menn treysta sér til þess að flýta vegaframkvæmdum og þrátt fyrir allt mun þó vera um einhverja raunaukningu á framlögum að ræða sé miðað við fjárveitingar ársins í ár. En þar sem hér er verið að velta fyrir sér framkvæmdum til þess að treysta atvinnuástandið og auka vinnu í landinu má kannski spyrja sig hvort ekki hefði komið til greina að verja að minnsta kosti einhverju af þessum fjármunum til verkefna sem hefðu verið enn meira atvinnuskapandi en framkvæmdir í vegagerð.

Ég leyfi mér t.d. að nefna í því sambandi viðhald ýmissa opinberra mannvirkja eða bygginga sem ég veit að full þörf hefði verið að halda betur við á undanförnum árum. Það mun vera fyrirliggjandi í heilbrrn. áætlun um viðhaldsverkefni á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og læknisbústöðum úti á landsbyggðinni sem gerir ráð fyrir fjárþörf upp á 500 millj. kr. til þess að ráðast í brýn verkefni á þessu sviði á næstu árum. Þar af munu a.m.k. 100 millj. kr. vera algjör forgangsverkefni því að sé ekki brugðist við hið fyrsta að lagfæra þau hús þá muni ástand þeirra leiða til skemmda sem síðar muni kosta enn hærri upphæðir að gera við. Framkvæmdir af þessu tagi eru mjög atvinnuskapandi og er talið að allt að 65% af þeim fjármunum sem varið er til viðhaldsverkefna séu launagreiðslur, svo ljóst er að verkefni af þessu tagi munu bæta atvinnuástand hjá iðnaðarmönnum, sem víða er mjög bágborið, og þessi verkefni mundu dreifast á mikinn fjölda einstaklinga um allt land. Ég nefni þetta af því mér er kunnugt um þessa áætlun en ég er líka sannfærður um að það eru mörg önnur verkefni fyrirliggjandi sem brýnt væri að ráðast í varðandi viðhald á opinberu húsnæði.

Hvað það varðar að lækka tekjuskattshlutfall fyrirtækja úr 45% í 33% er hætt við að það dugi skammt eins og nú er ástatt í rekstri fyrirtækja hér á landi. Fá fyrirtæki skila hagnaði og greiða því lítinn eða engan tekjuskatt. En þetta er vissulega fyrirheit sem vonandi kemur til með að hafa áhrif þó síðar verði.

Fjárveitingin til rannsókna- og þróunarstarfsemi að upphæð 300 millj. kr. er einnig, því miður, fugl í skógi en ekki í hendi þar sem hún er skilyrt því að hægt sé að selja eitthvað af ríkisfyrirtækjum í opinberri eigu en ég hef fyrr í ræðu minni gert grein fyrir þeirri óvissu sem ég tel vera ríkjandi um möguleika á að standa við þann þátt tekjuáætlunar frv.

Og enn verður að halda áfram og segja svipaða sögu um þá áherslu að ríkissjóður og opinber fyrirtæki dragi úr lántökum. Þá verður að ítreka það sem ég sagði í upphafi máls míns að forsendur fjárlagafrv. eru enn þá svo óljósar að það er nánast út í bláinn að tala um þessa þætti sérstaklega þar sem tekjuhliðin er enn þá öll í uppnámi og alveg ljóst að tekjuáætlunin í heild sinni annars vegar og útgjaldaáætlunin hins vegar eru á svo veikum grunni reistar að það eru, því miður, engar líkur á þegar upp verður staðið að lántökur ríkissjóðs verði minni en til dæmis á þessu ári eða undanförnum árum þó að fyrirheitin séu út af fyrir sig góð og rétt að undirstrika mikilvægi þeirra.

Að þessu öllu samandregnu má því ef til vill spyrja aftur hvort ekki sé með öllu óraunhæft að eyða tíma í þessa umræðu nú, umræðu um fjárlagafrv. sem allir vita að á eftir að taka stórkostlegum breytingum á næstu dögum eða vikum ef hæstv. ríkisstjórn ætlar að taka eitthvert mið af því sem er að gerast í þjóðfélaginu og láta ekki utanaðkomandi aðila taka algjörlega af sér völdin. En það er nánast það sem er að gerast.

Ég ætla þó, þrátt fyrir vangaveltur mínar og efasemdir um tilgang þessarar umræðu, að fara yfir nokkra þætti frv. og vekja athygli á því sem ég tel nauðsynlegt að koma á framfæri. Ítarleg umræða um einstaka liði mun hins vegar bíða 2. umr. þegar ljóst verður hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að ganga frá frv. og hver verða viðbrögð fjárln. í þeirri vinnu sem er fram undan.

Ég gat þess í upphafi máls míns að mér virtist sem hæstv. ríkisstjórn hefði mikla trú á mætti samkeppninnar og hins frjálsa markaðar til þess að leysa hin ýmsu þjóðfélagsvandamál sem við væri að fást. Mér virðist stappa nærri því að skoðun hæstv. ríkisstjórnar nálgist oftrú á þessum hagfræðikenningum. Það er bæði sjálfsagt og eðlilegt að ríkið losi sig við þær eignir og þau fyrirtæki sem eru í samkeppni við aðila á hinum frjálsa markaði ef ríkið telur sig ekki hafa sérstaka ástæðu eða sérstakan hag af því að reka þá starfsemi. Einnig tel ég skynsamlegt að hið opinbera lini tökin á ýmsum þeim rekstrarþáttum sem verið hafa alfarið í opinberri umsjá á undanförnum árum. Ég nefni til dæmis starfsemi Pósts og síma. Þar eru sjálfsagt ýmsir rekstrarþættir sem einkaaðilar geta allt eins vel séð um eins og þetta opinbera fyrirtæki og þá er sjálfsagt að gefa þeim svigrúm án þess að svo stórt skref sé stigið að selja allt fyrirtækið. Það tel ég ekki tímabært.

Mér virðist ríkisstjórnin nánast telja það lífsspursmál að selja allt sem á einhvern hátt tengist ríkisrekstri ef mögulegt er að koma því út á hinn almenna markað. Þetta finnst mér í ýmsum tilvikum nálgast oftrú eða jafnvel hrein trúarbrögð og virðist þá engu skipta hvort hægt er að finna skynsamleg rök sem mæla með slíkum aðgerðum.

Sama er reyndar að segja um það að opinberar stofnanir eigi í meira og meira mæli að reka starfsemi sína með sértekjum og skila arði í ríkissjóð. Þó að þetta sé í sumum tilvikum eðlilegt virðist í öðrum líkast því sem hugsjónin eða trúarbrögðin hlaupi með menn í hreinar gönur svo tillögurnar verða nánast hlægilegar, ef ekki má segja eins og skrípaleikur. Mig langar til að nefna nokkur dæmi um þetta máli mínu til stuðnings.

Það er til dæmis gert ráð fyrir því að embætti húsameistara ríkisins afli sér að fullu sértekna til þess að standa undir kostnaði við starfsemi sína. En ekki nóg með það. Embættið á auk þess að skila arði í ríkissjóð, 5,1 millj. kr. Og hvaðan skyldi þessi arður í raun koma? Hverjum skyldi húsameistari ríkisins eiga að

selja þjónustu sína? Auðvitað engum öðrum en ríkissjóði. Þannig á ríkissjóður að greiða umfram áætlaðan kostnað af starfsemi embættis húsameistara 5,1 millj. kr. til embættisins þannig að það geti síðan skilað þessum sama ríkissjóði 5,1 millj. kr. í arð. Hér finnst mér hugsjónin vera farin að hlaupa með menn í gönur.

Annað dæmi, sem mig langar til að nefna, varðar hugmyndir um sölu á Þvottahúsi Ríkisspítalanna og jafnframt hugmyndir um að þetta sama fyrirtæki greiði arð í ríkissjóð. Í greinargerð frv. þar sem fjallað er um Ríkisspítala kemur meðal annars fram að gert sé ráð fyrir því að Þvottahúsi Ríkisspítalanna verði breytt í hlutafélag og hlutabréf verði síðan seld. Á andvirði þeirra hlutabréfa að renna til Ríkisspítalanna sem sértekjur. Sértekjurnar eru sem sagt hækkaðar um 60 millj. kr. vegna áætlaðrar hlutabréfasölu. Síðan kemur sú stórkostlega setning að ef ekki takist að selja þessi hlutabréf fyrir 60 milljónir þá verði að draga úr starfsemi Ríkisspítalanna sem þessu nemur. Sem sagt: Ef ekki tekst að einkavæða þvottahúsið á að hætta að veita þjónustu á spítölunum. Kannski á enn frekar að fækka bæklunaraðgerðum og lengja biðlistana á því sviði sem þó eru vissulega lengri en góðu hófi gegnir. En þá er reyndar ekki allt upp talið. Að auki er gert ráð fyrir að þetta sama þvottahús skili síðan arði í ríkissjóð, líklega af þeim hlutabréfum sem ekki verða seld og ríkið á áfram. Og hver skyldi nú eiga að greiða þann arð? Kannski þetta þvottahús taki að sér verkefni fyrir aðra óviðkomandi aðila og ríkissjóður geti haft arð af því? Líklegra er þó að þvottahúsið muni a.m.k. fyrst um sinn halda áfram að þjóna Ríkisspítölunum og það er nú einu sinni svo að Ríkisspítalarnir eru reknir að fullu og öllu af ríkissjóði þannig að þá er hér komið upp hliðstætt dæmi og um húsameistarann. Ríkissjóður, í gegnum ríkisspítala, greiðir fyrir þjónustu til þvottahússins umfram kostnað þannig að þvottahúsið fái arð frá ríkissjóði til þess að greiða aftur í ríkissjóð. Er þetta ekki hálfgerður skrípaleikur?

Nú má líka hugsa aðeins lengra fram í tímann og setja dæmið upp þannig: Staðreyndin er sú að Þvottahús Ríkisspítalanna hefur veitt þjónustu á kostnaðarverði sem hefur verið undir því sem aðilar á hinum frjálsa markaði, almenn þvottahús hér á svæðinu, hafa getað veitt. Þau hafa ekki treyst sér til þess að veita Ríkisspítölunum þjónustu á því verði sem hægt hefur verið að reka þvottahúsið á. Ef svo færi nú að þessi fyrirtæki á frjálsa markaðnum eða einhverjir aðrir einstaklingar eignuðust þvottahúsið og færu að reka það með arðsemissjónarmið í huga er líklegt að þessi kostnaður fyrir hið opinbera, fyrir ríkið, fyrir spítalann, muni hækka. Hver veit nema að einhverjum árum liðnum, eigum við að segja 5–10 árum liðnum, komist þeir sem þá stjórna Ríkisspítölunum að þeirri niðurstöðu að skynsamlegasta leiðin til að fá þessa þjónustu sem ódýrasta sé að Ríkisspítalarnir setji upp sitt eigið þvottahús af því að það er ódýrara en að kaupa þjónustuna af hinum frjálsa markaði. Þá væri skrípaleikurinn fullkomnaður.

Ég hef að undanförnu gert að umtalsefni ástandið í atvinnumálum en get þó ekki látið hjá líða að nefna nokkur atriði sem mér finnst sérstaklega stinga í augun þegar litið er til þess hvað ríkisvaldið eða hið opinbera getur gert til að styrkja atvinnustarfsemina í landinu. Þar er í fyrsta lagi að nefna að enn þá er dregið úr útgjöldum til Byggðastofnunar og virðist markvisst stefnt að því að gera þá stofnun ófæra um að sinna nokkrum verkefnum sem geta orðið til að styrkja atvinnulífið í landinu. Hér er að vísu ekki um háa upphæð að ræða. Framlag lækkar úr 180 millj. kr. í 170 millj. kr. en þetta sýnir aðeins að áfram er haldið á sömu braut. Líklegt er talið, þegar grennslast er fyrir um það hvar þessar 10 millj. kr. muni koma niður, að það muni þýða skerðingu á styrkjum til hinna ýmsu átaksverkefna sem Byggðastofnun hefur beitt sér fyrir og hafa vissulega verið þýðingarmikil fyrir ýmsa starfsemi, þó smá sé í sniðum, sem getur veitt fólki atvinnu sem hefur ekki að öðru að hverfa víða úti um land. En það þykir trúlega of smátt í sniðum eða lítils virði til þess að núverandi hæstv. ríkisstjórn, sem helst hugsar um álver sem þó láta nú bíða eftir sér, geti haft miklar áhyggjur af svona smámálum.

Annað atriðið sem ég vil einnig nefna og varðar atvinnumál er sú meðferð sem mér virðist landbrn. fá í þessu fjárlagafrv. Þar er vissulega um að ræða verulegan sparnað eða niðurskurð á fjárveitingum vegna framlaga til hefðbundinnar búvöruframleiðslu sem tengist búvörusamningnum og er í samræmi við ákvæði hans eins og vissulega er rétt að undirstrika. En það er ekki látið þar við sitja heldur virðist ráðist á nánast alla aðra liði sem varða landbúnaðinn og stórlega dregið úr framlögum. Má þar til dæmis nefna að Framleiðnisjóður landbúnaðarins er skertur um 50 millj. kr. frá því sem þó er gert ráð fyrir í búvörusamningnum. Að vísu er gefið fyrirheit um að endurgreiða þær 50 millj. kr. á næsta ári en ekki kæmi það á óvart þótt erfitt yrði að endurheimta þá upphæð. Framlög til jarðræktar, búfjárræktar, Jarðasjóðs og jarðeigna ríkisins eru öll lækkað verulega frá því sem er í núgildandi fjárlögum eða um allt að 50 millj. kr. og mun það verulega þrengja að allri þeirri starfsemi. Þá eru framlög til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skorin niður um nær 20 millj. kr. og að lokum er veruleg skerðing á framlögum hins opinbera til Lífeyrissjóðs bænda, sem nemur um 85 millj. kr. Á sama tíma eru sérstakar greiðslur sem ganga eiga til niðurgreiðslu á nauta-, svína-, hrossa- og alifuglaafurðum lækkaðar um 200 millj. kr. Upphæð þessi var á sínum tíma ígildi lægra þreps í virðisaukaskatti og bitnar það á sömu aðilum og niðurskurður lífeyrisframlaganna. Þeir bændur sem framleiða þær vörur, sem hér voru upp taldar, verða því fyrir áfalli upp á nær 300 millj. kr. samtals, sem sjálfsagt er álitið að hægt sé að setja út í verðlagið, en vegna ástands á markaði er ekki líklegt að það takist, eins og nú háttar, og því er ekki hægt að sjá annað en um sé að ræða beina skerðingu á launakjörum þessara aðila um nær 300 millj. kr. Það hlýtur að teljast með ólíkindum að fara svo með atvinnugrein sem vissulega á mjög í vök að verjast. En það er sjálfsagt í samræmi við það sem segir í stefnuræðu hæstv. forsrh. þar sem

hann fjallar um ástandið í landbúnaði. Þar var eina setningu að finna sem er kannski ástæða til að endurtaka hér svo mönnum sé alveg ljóst hver stefna hæstv. ríkisstjórnar er í málefnum þessarar atvinnugreinar. Setningin sem hæstv. forsrh. lét frá sér fara um málefni landbúnaðar var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Í landbúnaðarhéruðunum minnka tekjur vegna samdráttar í sauðfjárrækt. Það er áhyggjuefni ef ekki tekst þannig til að tekjur þeirra, sem áfram stunda þessa búgrein, verði bærilegar."

Þetta er nánast allt sem hægt er að finna í stefnuræðu hæstv. forsrh. og varðar málefni landbúnaðarins og verður varla hægt að telja að hér sé djúpt tekið í árinni. Þó að ríkisstjórnin kunni að hafa einhverjar áhyggjur er nú vart hægt að ímynda sér að það verði lífsviðurværi bændastéttarinnar þó svo að það hljóti að ylja bændum nokkuð um hjartaræturnar að hæstv. forsrh., og þá sjálfsagt ríkisstjórnin öll, hafi nokkrar áhyggjur af ástandinu sem þar blasir við.

Í tengslum við búvörusamaninginn voru gefin fyrirheit um verulegar fjárveitingar til landgræðslu og skógræktar á næstu 5–6 árum. Því miður er nú ekki að sjá það neins staðar í frumvarpinu að koma eigi til móts við þessi fyrirheit heldur er þvert á móti framlag til landgræðslu og skógræktar lækkað eins og aðrir liðir og fer þá lítið fyrir fyrirheitunum og væntingum sem voru við það bundnar að eitthvað af þeim bændum sem hverfa frá hefðbundnum búgreinum nú geti snúið sér að því að gerast ræktunarmenn í þess orðs fyllstu merkingu með því að hefja störf við landgræðslu eða skógrækt sem þó er talin geta verið arðbær búgrein hér á landi.

Stofnunum á vegum sjútvrh. er, eins og ýmsum fleiri opinberum stofnunum, ætlað að fjármagna sig í auknum mæli með sértekjur sem greiðast eiga af atvinnuveginum. Allir vita hvernig ástatt er í sjávarútveginum um þessar mundir en samt sem áður er haldið áfram að auka álögur á þá atvinnugrein. Til dæmis er veiðieftirlitsgjald hækkað verulega sem þýðir auðvitað að þar er um að ræða aukna gjaldtöku. Annað sem vekur athygli í umfjöllun um sjávarútvegsráðuneytið er að framlög til rannsóknarverkefna á vegum sjávarútvegsdeildar Háskólans á Akureyri og líffræðideildar Háskóla Íslands eru alveg felld niður, svo og viðfangsefni sem inniheldur framlög til gæðaátaks, starfsmenntunar, markaðsöflunar og tilrauna í sjávarútvegi. Það er lækkað úr 50 millj. í 20 millj. eða um 30 millj. kr. Það er því ekki eitt heldur allt sem lendir fyrir á niðurskurðarhíf hæstv. ríkisstjórnar.

Þó ég segði fyrr að ég ætlaði ekki að fjalla ítarlega um málefni einstakra stofnana að þessu sinni heldur láta það bíða 2. umr. um fjárlagafrv. get ég þó ekki látið hjá líða að nefna hvernig farið er með fjárveitingar til Landhelgisgæslunnar. Svo virðist sem það sé viðhorf hæstv. ríkisstjórnar að sú stofnun gegni ekki merkilegu hlutverki og eru fjárveitingar til hennar lækkaðar um 7% að raungildi sem þýðir það að einu skipi verður að leggja og þá væntanlega dregið úr starfsemi stofnunarinnar sem því nemur. Ég veit að Landhelgisgæslan gegnir veigamiklu hlutverki bæði á sviði eftirlits og björgunar og því verður að huga vel að því hvort hér sé ekki of langt gengið og öryggishlutverkinu ógnað. Ef hins vegar er hægt að mæta þessu með því að efla starfsemi gæslunnar á öðrum sviðum, þ.e. með auknum rekstri annarra skipa og úthalds í flugrekstrinum, er eðlilegt að það sé skoðað gaumgæfilega en hér vil ég hafa allan fyrirvara á.

Einnig er ástæða til að athuga vel fjárveitingar til tollgæslu á Keflavíkurflugvelli. Þar var á þessu ári dregið verulega úr fjárveitingum og eru uppi efasemdir, svo ekki sé nú meira sagt, um að hægt sé að sinna þessu verkefni á þann hátt að viðunandi sé af öryggisástæðum.

Þá er áhugavert að benda á einn fjárlagalið undir fjmrn. sem ber yfirskriftina Ríkisábyrgðir og tjónabætur. Undir þann fjárlagalið falla greiðslur sem ætla má að ríkissjóður þurfi að greiða vegna tapaðra ábyrgða. Nú bregður svo við að þrátt fyrir fjárveitingu þessa árs, að upphæð 550 millj. kr., er ekki áætlað að verja þurfi í þennan fjárlagalið nema 320 millj. kr. á næsta ári eða um 230 millj. kr. lægri upphæð en í ár. Þetta er út af fyrir sig ánægjulegt og helgast af því að greiðslur út af liðnum í ár hafa ekki verið nema sáralitlar og virðist það staðfesting á því að ef til vill hefur fortíðarvandi sá, sem hæstv. forsrh. hefur verið svo tíðrætt um, ekki verið eins mikill og hann vildi vera láta. Á þetta er ástæða til að benda sérstaklega og lýsa ánægju með að hér skuli vera hægt að lækka fjárlagalið svo nemur mörg hundruð milljónum kr.

Virðulegi forseti. Ég hef tínt til nokkur atriði úr fjárlagafrv. sem mér fannst ástæða til þess að nefna sérstaklega af því að ég tel að um þau þurfi að fjalla nánar. Fjölmargt fleira mætti auðvitað tína til. En ég ætla ekki að gera það á þessu stigi vegna þess að ég tel að við þurfum nú að setjast niður og velta því fyrir okkur hvernig hægt sé að móta þetta fjárlagafrumvarp þannig að komið sé til móts við þann vanda sem er við er að glíma í íslensku þjóðfélagi og á ég þá einkum við þann vanda sem blasir við atvinnuvegunum. Það er mál sem allir aðilar þessa þjóðfélags þurfa í raun að sameinast um og bregðast við. Aðilar vinnumarkaðarins hafa nú þegar tekið ákveðna forustu í þessu sambandi. Reynslan hefur sagt okkur það á undanförnum árum að aðilar vinnumarkaðarins, ásamt stjórnvöldum, ríkisvaldinu, fulltrúum sveitarfélaga og fulltrúum bankakerfisins verða að leggjast á eitt ef vel á til að takast. Síst af öllu getur ríkisstjórn sú sem situr á hverjum tíma leikið sig „stikkfrí" í slíkri stöðu.

Ég hef eytt meginhluta ræðutíma míns í að fjalla um atvinnumál og ég ætla að ljúka orðum mínum nú við 1. umr. um fjárlagfrv. fyrir næsta ár með því að lýsa því yfir að Framsfl. er tilbúinn til þess að taka þátt í því að laga frv. að þeim þörfum sem ég hef áður lýst.

Við verðum að endurskoða skattastefnuna og leita leiða til að létta byrðum af atvinnulífinu en gæta þess jafnframt að sú tilfærsla á sköttum lendi fyrst og fremst á herðum þeirra sem hafa nægjanlega breið bök til að bera. Ég veit að þetta verður ekki auðvelt verk en í það verður að fara.

Samfara þessu verður að sjálfsögðu að skoða út-

gjaldahlið frv. Ég hef því lítið rætt að þessu sinni um menntamál, félagsmál og heilbrigðismál, þá málaflokka sem að jafnaði eru taldir til velferðarmála en við þurfum að leita leiða til að gæta ýtrasta aðhalds og sparnaðar í opinberum rekstri og við framsóknarmenn munum ekki skorast undan að taka þátt í þeirri leit.

Ég tel að farsælast til að ná árangri á þessu sviði sé að leita samstarfs og samvinnu við það fólk sem vinnur við opinbera þjónustu, því störf þeirra eru mikils virði og atvinnuöryggi þeirra mikilvægt. Það á að ræða við fulltrúa samtaka þeirra, hvort heldur það eru launþegasamtök eða fagsamtök, og eiga við þau gott samstarf um leiðir sem geta leitt til varanlegrar lausnar í stað þess að fara fram með flumbrugangi og gerræði sem oftar en ekki er dæmt til að mistakast.

Við verðum að gera okkur grein fyrir því að skipulagsbreytingar í opinberum rekstri taka sinn tíma. Þær eru ekki gerðar á einni nóttu og skjóttekinn sparnaður á þessu sviði er ekki auðveldur. Setjum okkur því lengri tímamarkmið til að ná árangri, gefum okkur 3–5 ár til að finna nýjar leiðir sem leitt geta til varanlegs sparnaðar án þess að skerða á óviðunandi hátt þá þjónustu sem við viljum að velferðarþjóðfélagið veiti þegnum sínum. Leitum samræmdra leiða til sparnaðar þar sem þess er gætt að sparnaður á einu sviði eða hjá einni stofnun leiði ekki til aukinna útgjalda hjá annarri.

Aukum ábyrgð stjórnenda opinberra stofnana og gefum þeim svigrúm til þess að ráða sjálfir nokkru um það hvernig hagræðing og sparnaður er framkvæmdur og leyfum þeim að gera það í samráði við sitt starfsfólk þannig að þeir geti jafnvel haft nokkur áhrif á launaútgjöld sinna stofnana ef vel tekst til í aðhaldsaðgerðum. Ég held að með þessu móti og ýmsum öðrum leiðum, sem vafalaust má finna og ná samkomulagi um við þá sem þurfa að búa við þessar aðgerðir og þær kunna að bitna mest á, getum við náð langt í því að draga úr útgjöldum ríkissjóðs án þess að skerða á óviðunandi hátt þá þjónustu sem við viljum og teljum nauðsynlegt að hið opinbera veiti.

Útbýting þingskjala:

Fuglaveiðar og fuglafriðun, 146. mál, stjfrv., þskj. 167.

Lánsfjárlög 1993, 145. mál, stjfrv., þskj. 166.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það hefur verið heldur dapurleg vist að taka þátt í störfum hv. fjárln. á þessu hausti. Menn hafa setið næsta ráðvilltir og kallað til sín sveitarstjórnarmenn og ráðuneytismenn og ýmsa aðra aðila og raunalegast hefur verið að sjá að þeir sem að því fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, stóðu og unnu trúa harla lítið á það.

Það er kannski dæmi um það ráðleysi sem ríkir í stjórnarherbúðunum varðandi fjárlagagerðina að hæstv. menntmrh. stóð hér í gær og lýsti því yfir að ríkisstjórnin hefði átt tvo kosti — við vorum að ræða um Lánasjóð ísl. námsmanna — að skerða kjör námsmanna eða auka álögur á almenning. Á meðan hæstv. ráðherra var að lýsa þessu átti ég leið niður í kaffisal þar sem við blasti viðtal við hv. formann fjárln., Karl Steinar Guðnason, þar sem hann tilkynnti að nauðsynlegt væri að auka álögur á almenning. Það var dálítið erfitt að koma aftur upp í þingsal án þess að segja hæstv. menntmrh. þessi nýju tíðindi. Það gefur auga leið að ef það er virkilega á dagskrá að um verulegar skattahækkanir verði að ræða umfram það sem kemur fram í fjárlagafrv. er tekjuhlið frv. gjörsamlega út í hött og eiginlega engin leið að ræða þetta frv. á þessu stigi málsins. Ég hef þess vegna kosið að leggja ekki mikla vinnu í það fyrr en málið hefur hlotið einhverja meiri meðferð.

Það sem blasir við hverjum þeim sem les þetta frv. er að í því er engin stefnumótun. Hér er kafli sem heitir „Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga". Það er fyrirsögnin ein vegna þess að þar er engin efnahagsstefna mótuð og því síður nokkur pólitísk stefnumótun. Það eina sem rætt er um hér er að aftur og aftur er sagt að stjórnarflokkarnir stefni að því að sveigja efnahagslífið til frjálsræðis og koma á stöðugleika. Síðan segir á fyrstu blaðsíðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Nauðsynlegt er að búa atvinnulífinu skilyrði til vaxtar og nýta sem best þau sóknarfæri sem felast í aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu."

Hvers konar efnahagsstefna þjóðar er það að hafa það eitt að markmiði að erlend samvinna bjargi því sem bjargað verður? Auðvitað er öll slík milliríkjasamvinna gagnslaus ef innri styrkur hverrar þjóðar er ekki eins og æskilegt væri. Það er kannski dæmi um hversu alvarlega menn taka þetta frv. hversu margir hv. þm. sýna fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar þann heiður að vera viðstaddir þessa umræðu. Ég held að ástæðan sé einfaldlega sú að menn vissu að hér yrði svo sem ekki mikil umræða því að það er ekki um neitt að ræða.

Maður gæti spurt sjálfan sig við lestur þessa frv.: Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í byggðamálum? Hvernig ætlar ríkisstjórnin að styrkja byggðir landsins og atvinnulíf úti í hinum dreifðu byggðum? Það er ekki orð að sjá í þessu frv. um það annað en að framlög til Byggðastofnunar eru skorin niður. Öll framlög til vísis nýrra atvinnuvega eru einnig skorin niður. Menn töluðu hátt um skógræktarátak á Fljótsdalshéraði. Menn eygðu þar von um ofurlítinn atvinnuveg og kannski skóg sem skilaði arði í framtíðinni. Hvað er gert þar? Það er skorið niður. Þegar verið er að hefja þetta starf eru framlög lækkuð. Auðvitað er engin meining með þessu. Menn ætlast ekki til neins af þessu átaki og vænta einskis. Það er Evrópska efnahagssvæðið sem öllu á að bjarga.

Hvaða skilyrði á að skapa landbúnaði í landinu? Það er ósköp lítið að sjá um það í þessu frv. annað en það að framlög til hans skuli skorin niður sem mest má vera. Samanber að Framleiðnisjóður skuli vera skertur um heilar 50 millj. Eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. minntist á áðan tekur auðvitað enginn mark á einhverju loforði um endurgreiðslu á næsta fjárhagsári. Og þannig er þetta allt saman.

Gleymum ekki aðalatvinnuvegi landsmanna, sjávarútveginum. Í honum og innan hans eru nú að gerast mikil tíðindi. Það þýðir ekkert að loka augunum fyrir

því að vinnsla fisks er auðvitað að færast í æ meira mæli út á höfin. Það má kannski segja að við þeirri þróun verði ekki spornað en hitt er annað mál að það verður að bregðast við öllum nýjungum af einhverju skynsamlegu viti. Menn tala aftur og aftur um, og það er svo einkennilegt að þeir nota alltaf sömu orðatiltækin, að þeir ætla að fá hjól atvinnuveganna til að snúast. Það eru nú meiri hjólin. Hvað skyldi þurfa að gera til þess?

Menn hafa lengi talað um að það væri nauðsynlegt að lækka vexti. Í fjárlagafrv. sem liggur fyrir er ekkert sem stuðlar að lækkun vaxta. Það er gert ráð fyrir rúmlega 6 milljarða halla á rekstrarreikningi ríkissjóðs sem er 1,6% af framleiðslu í landinu. Hallinn á yfirstandandi ári er talinn verða 9,5 milljarðar kr. sem eru 2,4% af framleiðslunni. Samkvæmt þessu ætti hallinn að verða minni á næsta ári en hann er nú en fyrir okkur liggur frv. til fjáraukalaga þar sem beðið er um rúma 5 milljarða til viðbótar. Er því einhver ástæða til að halda að þessi halli verði öðruvísi á því ári sem í hönd fer? Ég hef enga trú á því. Ég held því að þessi áætlaði halli sé alrangur.

Það er þess vegna einnig mjög erfitt að sjá hvernig menn hugsa sér að leysa vanda sjávarútvegsins og ég tala nú ekki um verkafólksins sem unnið hefur fiskinn í landi.

Menn hafa líka ósköp lítinn áhuga á því að jafna tekjuskiptinguna í landinu. Ég hef áður bent á það, og það hafa fleiri hv. þm. gert, að við búum við það að um 490 manns eiga eignir upp á 12 milljarða kr. eða eignir sem samsvara 11% af öllum ríkisútgjöldum í þessu fjárlagafrv. Hefur þetta fólk greitt það sem því ber til þjóðfélagsins? Ég dreg það stórlega í efa og það kom raunar allóþyrmilega í ljós á síðasta ári.

Ég held að í þessu litla þjóðfélagi verði ekki við þetta búið. Þetta gengur ekki. Það er auðvitað ekki hægt að reka þetta þjóðfélag á samkeppninni einni. 250 þúsund sálir sem eru að reyna að basla við að reka nútímaþjóðfélag með þeirri þjónustu sem nútímaþjóðfélög gera ráð fyrir og við viljum hafa og halda. Það verður ekki gert nema með samvinnu. En orðið samvinna er það síðasta sem þessi hæstv. ríkisstjórn skilur. Hún hefur gripið til þeirra ráða að vaða inn í störf manna í þjóðfélaginu án alls samráðs með valdboðum að ofan, ruglað störf manna og stórskaðað margháttaða þjónustu. Sparnaðurinn af þessu er auðvitað enginn alveg eins og fram hefur komið og hv. 1. þm. Norðurl. e. minntist á. Tala sjúklinga lækkar ekki umtalsvert. Hún er ákveðið hlutfall eins og hún hefur verið og sjúkdóma verður að lækna, ef ekki á einni stofnun þá á annarri. Það er auðvitað ekki til sparnaðar að halda fólki utan þjónustu á biðlistum sem gæti að lokinni lækningu komið aftur út á vinnumarkaðinn. Það er ekki sparnaður að halda slíku fólki á sjúkrabótum mánuðum saman á meðan það bíður eftir þjónustu sem það ætti að fá miklu fyrr. Þannig mætti lengi telja. Venjulega sýnir sig að kostnaðurinn birtist annars staðar.

Tekjuhliðin í þessu frv. er gjörsamlega í upplausn enn sem komið er. Þegar hafa orðið mikil átök um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar að hefja skattlagningu ýmissa þátta í þjóðfélaginu á ný, svo sem á bækur sem hefði það eitt í för með sér að hinn háþróaði prentiðnaður sem hefur vaxið upp í landinu flyttist einfaldlega til útlanda. Auðvitað er þessu mótmælt og ég efast um að það verði unnt að koma þessu á. Því verður ekki unað. Margt slíkt mætti telja þannig að það væri erfitt að fara yfir í gjaldahliðina og tala um hana í einhverri alvöru.

Það blasir við hverjum manni að það eina sem hæstv. ríkisstjórn dettur í hug að spara í er skólakerfið, alveg frá byrjun til enda. Grunnskólinn er stórlega skorinn niður, framhaldsskólarnir og háskólinn. Það segir sig sjálft að þetta er auðvitað ekki neinn sparnaður. Slíkt hefnir sín þótt síðar verði.

Það má satt að segja teljast undravert að menn skuli ekki vera uppgefnir á að stríða við hæstv. ríkisstjórn í þessum efnum. Það liggur fyrir að kaupmáttur taxtalauna háskólakennara hefur fallið um 30% frá því að félagið gerði fyrstu kjarasamninga sína í apríl 1987. Samt halda þessir menn auðvitað áfram að kenna. Þeir halda áfram að sinna fræðistörfum sínum þó greiðslan fyrir þau hríðfalli ár frá ári. Það er búið að fella niður, eins og hér kom fram í umræðu í gær, 160 námskeið innan háskólans þannig að nemendur hafa átt í erfiðleikum með að raða saman námsönnum sínum vegna þess að námskeiðin voru ekki fyrir hendi. Þetta gengur auðvitað ekki. Þetta er bara misviturra manna ráð sem hér eru á ferðinni.

Ég þori satt að segja ekki til þess að hugsa ef á að skerða, eins og talað er um, stórlega þjónustu við áfengissjúkt fólk. Ég hef hingað til haldið að sá vandi væri allstór og það mikla verk sem þar hefur verið unnið væri ekki ástæða til að skerða heldur miklu frekar verðlauna. Sem betur fer hafa vegna þessarar starfsemi þúsundir manna komið aftur inn á vinnumarkaðinn eftir hörmungarlíf jafnvel árum saman.

Þannig mætti endalaust telja. Það er ástæðulaust að fara aftur að ræða um málefni lánasjóðsins. Það var gert ítarlega í gær og von mín er sú að menn sjái fyrr en seinna að þær aðgerðir ganga ekki upp heldur vegna þess að það sem við þörfnumst núna er vel menntað fólk í öllum greinum þjóðfélagsins. Eitt er t.d. það sem fyrirhugað er og búið að gera, að ýta út stórum hópi iðnnema úr lánasjóðnum. Það liggur fyrir að innan skamms tíma stórvantar iðnaðarmenn vegna þess að aðsókn að Iðnskólanum hefur ekki verið nægileg. Ég hélt að það sjónarmið væri löngu úr sögunni að menn gerðu einhvern greinarmun á gildi menntunar, hvort sem hún væri til munns eða handa eins og gamla fólkið sagði.

Því betur menntað fólk á öllum sviðum þeim mun meiri von er til að við getum byggt upp þjóðfélag sem getur staðið undir sjálfu sér og skilað bæði þeim sem nú lifa og þeim sem síðar taka við blómlegri byggð. Þessi doði og eymdarháttur sem hvílir eins og farg yfir þjóðinni núna er ástæðulaus. Hann er ástæðulaus, hann er heimatilbúinn vandi. Það eina sem heyrist frá fulltrúum stjórnarflokkanna eru atvinnuleysistölur, vonleysi, vol og víl. Það hefur fyrr blásið á móti hér á landi án þess að menn gæfust upp í fyrstu umferð.

Ég vil þess vegna taka undir með hv. 1. þm. Norðurl. e. að auðvitað leysum við ekkert þann vanda sem við okkur blasir, sem vissulega er umtalsverður, nema í samvinnu. Ekki bara samvinnu innbyrðis á hinu háa Alþingi heldur í samvinnu við fólkið í landinu. Við verkalýðssamtökin, við þá sem á þeim stofnunum vinna sem við viljum reyna að hagræða í, í samvinnu við alla þá aðila sem að þjóðlífinu koma. Það þýðir ekki að ætla að ráðskast með fólk með einhverjum valdboðum ofan frá. Það gengur ekki. Ef stjórnarflokkarnir vita það ekki ætti þeim að verða fljótlega ljóst að þeir komast ekkert nema í samvinnu við stjórnarandstöðuna.

Það er gert í fullri alvöru að Alþb. hefur lagt vinnu í að leggja fram tillögur sem eru til skoðunar fyrir hvern sem vill skoða þær. Okkur er algjörlega ljóst að við höfum enga allsherjarlausn á vanda þjóðarinnar. Það hefur aldrei staðið til. En betur sjá augu en auga og við höfum boðið, bæði samþingmönnum okkar og öllum þeim sem við okkur vilja tala um lausn þessa vanda, upp á umræður um málið. Ég held að því fyrr sem þær umræður hefjast því betra því ég fæ ekki séð að ríkisstjórnin liggi með nein þau ráð sem geti dugað þjóðinni eins og mál standa nú.

Frú forseti. Það er kannski barnalegt, kannski einfeldningslegt, ég veit það ekki, að segja að síðustu: Það sem vantar í þetta fjárlagafrv. er ekki síst væntumþykja. Þeim sem senda frá sér slíkt fjárlagafrv. er sama um þjóðina. Þeir bera enga umhyggju fyrir fólkinu í landinu og lífi þess. Það eru menn sem horfa á einhverja talnadálka og skera hér og skera þar, en það er ekki með besta vilja hægt að eygja að það sé reynt að komast hjá því að skaða fólkið í landinu því það er fyrst og fremst þar sem að er vegið. Ég gæti boðið fram aðstoð mína við að skera niður víða í ríkiskerfinu. Við höfum ótal tillögur um það. En þar komum við að heilögum kúm sem ekki má hrófla við vegna þess að auðvitað á endanum vilja menn ekkert breyta tekjuskiptingunni í landinu.

Það sýnir sig að það er verið að gera tilraun til að hverfa aftur til þess tíma þegar einungis efnamannabörn gengu í skóla. Menn verða að vita að ef þeir segja A þá eru þeir að segja B líka. Auðvitað er aðförin að lánasjóðnum beinlínis liður í því að stéttskipta þessu þjóðfélagi. Þetta er ekki fjárlagafrv. jafnaðar þó að Jafnaðarmannaflokkur Íslands standi að því. Því fer fjarri. Þetta er einfaldlega fjárlagafrv. sem breikkar bilið milli ríkra og fátækra í landinu. Ég hef einhvern veginn grun um að menn, a.m.k. trúi ég því enn, að alþýðuflokksmenn vilji þetta ekki endilega. En af hverju þeir eru með í þessu veit ég ekki. Kannski geta þeir bara ekki betur. Ég veit ekki hvort þeir sjá þetta ekki. En við eigum eftir að heyra í virðulegum formanni fjárln. sem skýrir þetta kannski fyrir okkur.

Hæstv. forseti. Ég sé engan tilgang í því að fara í gegnum ýmsa þá gjaldaliði sem ég mun auðvitað á síðari stigum og við 2. umr. gera stórlegar athugasemdir við. Þó get ég ekki stillt mig um að segja það einu sinni enn, og hef sagt það nokkrum sinnum áður, það verður eins og yfirlýsing Catós gamla, að eitt það fyrsta sem blasir við okkur þegar við lesum gjaldaliðina er að áfram ætlar þjóðin að bjóða forseta lýðveldisins upp á það að hafa ekki húsnæði á forsetasetrinu. Ég hef sagt það áður og segi það enn: Ef þjóðin hefur ekki efni á að eiga bústað fyrir forseta lýðveldisins þá fer maður kannski að trúa því að svo sé eymdin öll að vonlaust sé að reyna úr að bæta. Ég vona þó svo sannarlega að svo sé ekki, hæstv. forseti, en mun gera gjaldahlið þessa eymdarlega frv. svartsýni og vesældar betri skil við 2. umr.

Ég hef lokið máli mínu, frú forseti.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er komið fram eitt „tímamótafjárlagafrumvarpið" í viðbót við öll hin sem lögð hafa verið fram á síðustu árum. Þegar við vorum á sl. vetri að ræða fjáraukalög fyrir það ár, árið 1991, var fjárlagafrv. fyrir árið 1992 nýkomið fram. Það var lagt fram með 4 milljarða kr. halla og kynnt sem „tímamótafrumvarp" að sjálfsögðu. Allt annað en fjáraukalagafrv. sem sýndi það að hallinn hefði tvöfaldast og vel það á því yfirstandandi ári. Í umræðum um fjáraukalögin sagði ég m.a.:

„Enn einu sinni er ríkissjóður rekinn með stórkostlegum halla. Það virðist óbreytanlegt, þó að stefnt hafi verið að því í fjárlögum yfirstandandi árs að hallinn yrði 4 milljarðar verður hann helmingi hærri þegar upp er staðið.

Fyrir Alþingi liggur nú fjárlagafrv. þar sem stefnt er að 4 milljarða halla. Skyldi hann líka verða helmingi hærri í október á næsta ári?"

Þessi orð voru sem sagt sögð í fyrra. Það hefur komið á daginn að hallinn verður ekki aðeins helmingi hærri heldur enn meira því að útlit er fyrir að hallinn á fjárlögum í ár verði 9–10 milljarðar samkvæmt þeim fjáraukalögum sem komin eru fram í stað 4 milljarða og erum við þá að ræða um greiðslugrunn fjárlaga. Þegar endanlegar tölur ríkisreiknings fyrir yfirstandandi ár liggja fyrir verður þessi tala að sjálfsögðu enn þá hærri þar sem þá verður búið að taka með ýmsar skuldbindingar sem ríkissjóður gerir á árinu.

Það er siður hér á hinu háa Alþingi að gera meira mál úr fyrirhuguðum halla fjárlaga en þeirri staðreynd sem kemur í ljós þegar ríkisreikningur er lagður fram. Þó ég sé ekki að leggja til að við þingmenn hættum að ræða um fjárlögin þegar þau eru lögð fram, þá finnst mér að gjarnan mætti fara fram meiri umræða um ríkisreikning, skoða hann af meiri nákvæmni og freista þess að finna út úr þeirri vinnu leiðir til úrbóta.

En við þessa 1. umr. fjárlaga núna vil ég gera að umtalsefni stöðu mála í þjóðfélaginu. Við stöndum óneitanlega frammi fyrir miklum erfiðleikum. Fjárlögin eru lögð fram með 6,3 milljarða halla. Hættumerkin í efnahagsmálum blasa við. Þar á ég sérstaklega við stöðu atvinnulífsins. Fyrirtækin eru komin á ystu nöf flestöll. Það er sama hvort við skoðum sjávarútveginn, stóriðjuna, iðnaðinn eða landbúnaðinn. Við þessar aðstæður er þetta fjárlagafrv. lagt fram og að mati mjög margra höfum við ekki síðan 1967–1969 staðið frammi fyrir jafnalvarlegri stöðu. Það væri ekki úr vegi að rifja

upp hvað hæstv. fjmrh. sagði þegar hann lagði fjárlögin fram fyrir einu ári síðan, stefnumótandi fjárlög, með leyfi forseta, þá sagði hann hér í ræðu sinni:

„Það hefur varla farið fram hjá nokkrum manni að íslenskt efnahagslíf hefur gengið í gegnum miklar þrengingar á undanförnum árum. Frá árinu 1987 hefur þjóðarbúskapurinn verið í öldudal og framleiðslustarfsemin í lágmarki. Hver er ástæðan fyrir þessu? Algengasta svarið hefur verið að um sé að kenna minni afla og erfiðleikum í sjávarútvegi. Þetta er auðvitað rétt svo langt sem það nær enda er sjávarútvegur mikilvægasta atvinnugrein okkar. Þó er þetta aðeins hluti af skýringunni. Málið er í rauninni alvarlegra og vandinn djúpstæðari. Ef við lítum í kringum okkur sjáum við að það ríkir kyrrstaða í íslensku atvinnulífi. Það er nánast sama hvert litið er. Ný fjárfesting er í lágmarki, nýsköpun er mjög lítil og ný atvinnutækifæri eru af skornum skammti. Það er þessi lognmolla, þessi stöðnun sem er hið raunverulega vandamál í íslensku efnahagslífi. Þessu þarf að snúa við, að öðrum kosti blasir við áframhaldandi kyrrstaða og sífellt lakari lífskjör."

Þetta sagði hæstv. fjmrh. fyrir einu ári og meginmarkmið efnahagsstefnunnar komu fram í fjórum atriðum í fjárlagafrv. fyrir árið 1992. Þau voru að draga úr ríkisumsvifum, að tryggja lága verðbólgu og stöðugt gengi, að stuðla að frjálsum viðskiptum milli landa og í fjórða lagi að tryggja atvinnu og aukinn kaupmátt til lengri tíma litið. Hvernig skyldi hafa verið staðið við þessi markmið?

Í framhaldi af þessum markmiðum sagði hæstv. ráðherra: „Á þessu ári má þó gera ráð fyrir að atvinnuleysi á Íslandi verði nálægt 1,5% af vinnuafli og spáð er auknu atvinnuleysi á næsta ári. Sem betur fer er atvinnuleysi hér á Íslandi lítið miðað við það sem aðrar þjóðir þurfa að þola. Í þessu efni getur þó brugðið til beggja átta ef hagstjórnin fer úr böndunum, það sýnir reynsla annarra þjóða." Skyldi það ekki geta verið að hagstjórnin hjá hinni íslensku ríkisstjórn hafi farið úr böndunum?

Og eitt markmiðið var enn að árið 1992 yrði halli ríkissjóðs ekki umfram 1% af landsframleiðslu. En hvað verður hann? Hann verður 2,4%. Á árinu 1993 áttu fjárlög að verða hallalaus og hvað verða þau? Þau eru með 6,3 milljarða halla.

Í spá Þjóðhagsstofnunar fyrir næsta ár er gert ráð fyrir 0,5% minni landsframleiðslu og þjóðartekjur minnki vegna versnandi viðskiptakjara um 1,5%. Yfirleitt má þó segja að spáin geri ráð fyrir að ekki verði eins mikill samdráttur á næsta ári eins og hafi orðið á þessu ári en við skulum líka athuga það að samdrátturinn er mikill á þessu ári þannig að það er líka spurningin um við hvað er miðað. Allt um það, þá heldur samdrátturinn áfram.

Það sem ég deili fyrst og fremst á í þessu fjárlagafrv. er að það er reynt að slá ryki í augu fólks. Sem dæmi er tekið fram að viðskiptahalli muni batna á næsta ári, en í hverju liggur það? Ekki í því að við flytjum út verðmætari afurðir eða meira magn. Nei, viðskiptabatinn liggur í því að á næsta ári verði minna um kaup á flugvélum og skipum. Það að Flugleiðir voru að endurnýja flugflota sinn jók viðskiptahallann á yfirstandandi ári og ýmsir voru að kaupa frystitogara eða endurnýja skipin. Raunar er ekki séð fyrir endann á frystitogarakaupum á næsta ári. Þau geta sem sagt vel orðið meiri en nú lítur út fyrir ef stjórnvöld móta enga stefnu í þeim málum. Þó má vera að þær upplýsingar, sem nýlega eru komnar fram á fiskiþingi, munu hafa þar einhver áhrif.

Á næsta ári munu skuldir þjóðarbúsins aukast miðað við verga þjóðarframleiðslu og fara yfir 50% og greiðslubyrðin hækkar úr 25% í 30% af þjóðarframleiðslu. Það segir þó ekki alla söguna að horfa bara með skelfingu á þessar tölur. Vitanlega hækka skuldirnar miðað við þjóðarframleiðslu þegar þjóðarframleiðsla dregst saman og greiðslubyrðin eykst að sama skapi, vitanlega. Ef þjóðarframleiðsla væri í meðallagi eða vaxandi þá mundi þetta hlutfall vera annað. Við verðum að skoða hlutina í samhengi. Og hvers vegna er svo mikill samdráttur? Samdrátturinn byrjar auðvitað í frumvinnslugreinunum þar sem verðmætin verða til og þar á sjávarútvegurinn stærstan þátt þar sem frá honum koma um 70–80% af okkar útflutningsverðmætum. Þar byrjar snjóboltinn að velta og hleður á sig eftir því sem neðar dregur. Samdráttur í þjónustu og verslun kemur í kjölfarið og uppsagnir starfsfólks eru svo afleiðingin. Hvort sem okkur líkar betur eða verr þá er samdráttur í þorskveiðum nú að hafa þessi margfeldisáhrif.

Það er því miður að þegar fjárlagafrv. er skoðað í ljósi þessara staðreynda þá blasir það við að þær staðreyndir eru ekki teknar með í reikninginn við áætlanagerðina. Tekjuhlið frv. er meingölluð og getur alls ekki staðist.

Ég ætla að taka nokkur dæmi. Gert er ráð fyrir að selja eignir ríkisins fyrir 1,5 milljarða kr. Á þessu ári átti að selja fyrir 1 milljarð kr. en ekki hefur tekist að selja nema fyrir 500 millj. Eru líkindi til þess að betur gangi með eignasölu á næsta ári í áframhaldandi samdrætti? Ég segi nei.

Þá eru þær tillögur sem byggt er á varðandi virðisaukaskattinn, lækkun skatthlutfallsins og niðurfelling á greiðslu innskatts af ýmissi þjónustu þegar orðnar breyttar. Samningar við sveitarfélögin, sem nýlokið er við, gera ráð fyrir að áfram verði endurgreiddur virðisaukaskattur af snjómokstri og sorphreinsun. Fleira getur átt eftir að breytast í áætlunum um breyttar innskattsreglur svo sem af útgáfu bóka og tímarita svo eitthvað sé nefnt. Þar hafa risið háar mótmælaöldur vegna þess máls og engan veginn séð fyrir endann á þeim afleiðingum sem það kynni að hafa. Þau áform að draga úr skattfrelsi ýmissa neysluþátta eins og húshitunar, útvarps og sjónvarps geta líka breyst. Tekjuhliðin af virðisaukaskattinum getur því átt eftir að taka miklum breytingum frá því sem sett er fram í fjárlagafrv.

Þá er sú spá sem gengið er út frá um atvinnuleysi heldur ekki mjög sannfærandi. Spáð er 3% atvinnuleysi. Það er í dag 2,8%. Þess vegna verður það trúlega meira, 4–6% er miklu líklegra og það veldur að

sjálfsögðu lækkun tekjuskatts jafnframt því að meira fjármagn vantar til að standa við greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Hvert prósent í atvinnuleysi kostar sjóðinn um 600 millj. kr. í atvinnuleysisbætur. Þarna er því um veruleg skekkjumörk að ræða í tekjuhlið fjárlagafrv. og frávikin eru öll niður á við, því miður.

Sömu sögu er að segja af gjaldahlið frv. Sá sparnaður, sem nást átti í heilbrigðiskerfinu á þessu ári, hefur ekki gengið eftir. Nú á enn á ný að ná fram sparnaði með svipuðum aðgerðum og þá var beitt og er viðbúið að ekki takist betur til. Það gengur einfaldlega ekki að ganga um og skera niður nauðsynlega þjónustu á einum stað, fólk leitar þá bara á aðra staði, samanber það að draga úr aðgerðum á skurðstofum og lengja biðlista. Þá leita menn til sérfræðinga og kostnaðurinn lendir á sjúkratryggingum, þar með Tryggingastofnuninni og þar með ríkinu. Það verður aðeins tilfærsla milli stofnana eða starfsgreina. Það verður að móta heildarstefnu í þessum málum og gera það með langtímasjónarmið í huga. Slíkar skammtímalausnir, sem hér hafa verið iðkaðar, skila akkúrat engu. Væri sú leið farin að leita samstarfs við heilbrigðisstéttirnar, ræða málin og finna lausnir sameiginlega, þá er ég ekki í vafa um að árangurinn yrði meiri. Því miður virðist hæstv. heilbrrh. ekki vera þeirrar skoðunar að starfsfólk eigi að hafa um slíkt að segja.

Það markmið er sett fram í fjárlagafrv. sem stærsta verkefni á útgjaldahliðinni að koma í veg fyrir sjálfvirka hækkun ýmissa útgjaldaliða eins og sjúkratryggginga. Þeim markmiðum á að ná með því að setja ný lög um sölu og dreifingu lyfja, sparnaði í lækniskostnaði á að ná m.a. með breytingum á greiðsluþátttöku ríkisins og síðan á að auka útboð á ýmissi þjónustu sjúkrahúsa og er þar tilnefnd þjónusta þvottahúsa spítalanna. Hv. þm. Guðmundur Bjarnason gerði nokkra grein fyrir því áðan þannig að ég ætla að sleppa því að fara út í það nánar, en þetta segir okkur í einföldu máli að við eigum að fara að greiða meira í lyfjum sjálf, greiða meira af lækniskostnaði og byrja á sparnaðinn hjá þeim sem vinna í þvottahúsunum. Eru þetta ekki dæmigerð vinnubrögð ríkisstjórnarinnar? Sparnaður hins opinbera verður að nást hjá þvottakonunum og almenningur að borga meira fyrir lyf og læknishjálp.

Þá á að ná 100 millj. kr. sparnaði með því að færa slysatryggingar til almennra tryggingarfélaga og endurskoða lög um Atvinnuleysistryggingasjóð, ekki með það fyrir augum að gera hann hæfari til að sinna öllum sem þurfa á að halda heldur til að spara 100 millj. kr. *hvernig sem það á nú að vera hægt á tímum vaxandi* atvinnuleysis.

Í menntmrn. á aftur að reyna að koma á skólagjöldum í framhaldsskólum landsins. Það tel ég að fari ekki á milli mála þó að það sé falið inni á milli lína í greinargerðinni. Nú eru það um 80 millj. sem ná á inn á þennan hátt. Í frv. heitir það að samræma innritunar- og efnisgjöld á milli skóla og taka þetta inn í reikninga skólanna. Ég spyr því hæstv. fjmrh.: Er ætlunin að gera þessi gjöld, sem nemendur hafa að mestu haft í sína starfsemi, að sértekjum fyrir framhaldsskólana?

Þá er sú breyting að taka framhaldsdeildir og setja kostnað við starfrækslu þeirra alfarið inn í framhaldsskólana mjög athugaverð. Það gæti vel haft þau áhrif að framhaldsdeildirnar verði ekki starfræktar þrátt fyrir að mikið hafi verið lagt upp úr því á undanförnum árum að byggja þær upp. Það getur líka skipt miklu máli bæði fjárhagslega og félagslega fyrir fólk í dreifbýlinu þar sem það er mjög hár kostnaðarliður margra fjölskyldna að þurfa að senda börn sín og unglinga í framhaldsskóla langt frá heimilinu.

Framlög til Háskóla Íslands standa nokkurn veginn í stað, en fjárhagur skólans þrengist allnokkuð, m.a. vegna þess að happdrætti skila minnkandi tekjum samanborið við fyrri ár. En áform stjórnvalda um fækkun nemenda í háskólanum hafa náð fram að ganga þar sem nemendur eru nú um 500 færri en á síðasta skólaári og þar eru konur í miklu meiri hluta þeirra sem hætta við að fara í nám. Þar hafa breyttar reglur um Lánasjóð ísl. námsmanna orðið til þess að konur hverfa í vaxandi mæli frá námi eða hætta við að fara í það og í framhaldi af þessu lækkar auðvitað framlag til LÍN um rúmar 500 millj. En við skulum ekki gleyma því að framlög til háskólans voru mjög skert á yfirstandandi fjárlögum þannig að þó að ekki sé nú um enn meiri skerðingu að ræða, þá er staða skólans mjög erfið og nánast ekkert svigrúm til að þróa skólann áfram sem hverri háskólastofnun er nauðsyn. Hins vegar hækkar nokkur framlag til Háskólans á Akureyri vegna breytinga á lögum sem gerð voru sl. vor. Þar verður sett á fót ný rannsóknastofa og störfum fjölgað. Ég tel að það sé sæmilega vel að málum staðið.

Þá vil ég gera að umtalsefni þá fjármuni sem fara eiga til rannsókna- og þróunarmála. Þegar ríkisstjórnin kynnti aðgerðir til að efla atvinnulíf þá voru sérstaklega nefndar vegagerðarframkvæmdir, lækkun tekjuskatts fyrirtækja og að verja 240 millj. til sérstakra rannsókna- og þróunarverkefna.

Ég hef áður sýnt fram á það úr þessum ræðustól að framkvæmdir í vegagerð eru ekki viðbótarframkvæmdir þar sem áður var búið að skerða framlög til vegagerðar á þessu ári um 900 millj. kr. í fjárlagafrv. og þær 900 millj. sem eru til viðbótar verða fjármagnaðar af vegafé næstu ára. Það er því alrangt að þetta sé eitthvert viðbótarfjármagn.

Hvað varðar lækkun tekjuskatts fyrirtækja úr 45% í 33% þá gæti það haft áhrif ef fyrirtækin væru rekin með hagnaði. Svo er þó í fæstum tilfellum. Taprekstur fyrirtækja er staðreynd og flest eru á núllinu ef þau eru ekki fyrir neðan. Breyting eða niðurfelling á aðstöðugjaldi *mundi hafa miklu meiri áhrif. En ég hef* verið að leita að því hvar þessar 240 millj. væru og hvert þeim væri ætlað að fara. Um þetta segir svo í tilkynningu forsrn. sem var birt þann 15. sept. sl., með leyfi forseta, um rannsókna- og þróunarverkefni:

„Mikilvægt er að auka nýsköpun og fjölbreytni í íslensku atvinnulífi og efla þannig hagvöxt á næstu árum. Það hafa verið leiddar að því vaxandi líkur að vísindi og rannsóknir séu veigamikil undirstaða hagvaxtar til lengri tíma litið. Er ekki ástæða til að ætla annað en það eigi einnig við hér á landi. Í þessu sambandi skiptir mestu máli að nýta sem best það fé sem

varið er til þessarar starfsemi. En ríkisstjórnin vill einnig setja ákveðnar áherslur í þessu efni, ekki síst við núverandi aðstæður.

Á undanförnum árum hefur alþjóðlegt samstarf um rannsóknir farið vaxandi og á vettvangi Evrópubandalagsins er t.d. beinlínis hvatt til þess með fjárframlögum af hálfu bandalagsins. Með EES-samningnum opnast Íslendingum miklir möguleikar til þátttöku í þessu samstarfi. Er því mikilvægt að íslenskar rannsóknastofnanir og fyrirtæki geti nýtt þessa möguleika sem best. Til þess þarf að efla íslenska vísinda- og rannsóknastarfsemi. Ríkisstjórnin hefur því ákveðið að verja sérstaklega 240 millj. kr. á næsta ári til nýrra verkefna á sviði rannsókna- og þróunarstarfsemi. Til þess verður varið hluta af söluandvirði þeirra eigna sem seldar verða á næsta ári. Lögð verður áhersla á rannsóknir og námsstyrki og stuðning við þróunarverkefni."

Þetta segir um áætlun ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum sem tileinkað er rannsókna- og þróunarverkefnum. En hvernig er þessu fylgt eftir í fjárlagafrv.? Fjárveitingar til rannsóknastofnana sem falla undir Rannsóknaráð ríkisins lækka um 4% á milli ára þrátt fyrir 36% hækkun til Tilraunastöðvarinnar að Keldum þar sem verið er að viðurkenna viðvarandi rekstrarhalla til margra ára. Heildarfjárveiting til rannsóknastofnana lækkar um rúmar 40 millj. á milli ára og 240 millj. sem leggja átti til rannsókna- og þróunarstarfa eru engin sjáanleg stærð. Þær eru bundnar því skilyrði að það takist að selja eignir ríkisins á næsta ári fyrir 1,5 milljarða kr. Og raunar er það ekki bundið við söluverð heldur það sem yrði greitt af söluverði. Hverjum dettur í hug þó að eignir væru seldar fyrir 1,5 milljarða að það fáist allt staðgreitt?

Í 6. gr. fjárlaga er grein 6.6 sem er svohljóðandi:

Heimilt er: „Að verja allt að 20% af greiddu andvirði seldra fyrirtækja og hlutabréfa til rannsókna- og þróunarverkefna." Þarna er því ekki neitt fast í hendi. Miklu frekar er þetta aðeins fugl í skógi. Ég tel því að yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við fjárlagagerðina um að nú eigi að gera átak í atvinnumálum og auka fé til rannsókna- og þróunarmála séu blekking. Það er mjög miður. Þjóðin þarf á öðru að halda við slíkar aðstæður sem nú eru en einhverjum skollaleik. Það sýnist reyndar eins og rauður þráður í gegnum allt þetta fjárlagafrv. að framlög til menntamála, rannsókna- og þróunarverkefna lenda í miklum niðurskurði. Það er miður að ríkisstjórnin skuli vera svo skammsýn að sjá ekki að þar er vaxtarbroddur íslensks atvinnulífs, í mannauði þjóðarinnar. Þar eru skert framlög til hinna ýmsu rannsóknastofnana. Þau lækka um 4% milli fjárlagaáranna 1992 og 1993.

Það má nefna stofnanir og verkefni, sem tilheyra sjútvrn. eins og Hafrannsóknastofnun og viðfangsefni gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi, lækka úr 51 millj. í 21 millj. Í frv. sem lagt var fram í fyrra var skerðing til rannsókna- og eftirlitsstofnana 51%. Erfitt er að gera raunhæfan samanburð núna þar sem talsvert er um tilfærslur á milli liða en þó er ljóst að sú aukning sem er á þeim lið nú er fyrst og fremst vegna stofnunar Fiskistofu.

Það er líka ljóst að sá kostnaður, sem íslenskt þjóðfélag er að taka á sig í sambandi við Evrópskt efnahagssvæði, ef samþykkt verður, er mjög vaxandi. Til dæmis er bætt 5 millj. við framlög til Rannsóknasjóðs og Vísindasjóðs sem eru skilgreind sem kostnaður vegna Evrópusamvinnu. Það er kostnaður upp á 80 millj. í utanrrn. til Stofnana- og þróunarsjóðs EFTA vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Störfum mun fjölga og er að fjölga við sendiráð í Brussel og hjá Evrópubandalaginu. Alls konar nefndir eru í gangi sem kosta sitt og verði samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði samþykktur verðum við að taka á okkur auknar skuldbindingar sem leiða af samningnum.

Það er yfirleitt fátt um svör þegar spurt er um kostnað Íslendinga ef EES verður að veruleika enda hefur það ekkert verið reiknað út. Menn tala um ávinning af opnun markaða og styrkjum til rannsóknaverkefna en það gleymist að allt þetta kostar okkur mikla fjármuni sem verða þá að takast af öðrum liðum sem í dag eru í fjársvelti. Menntastofnunum okkar og rannsóknarstofnunum er ekki gert kleift að þróast með eðlilegum hætti en stjórnvöld vilja kasta þeim inn í botnlausa samkeppni án þess að þau séu samkeppnisfær.

Þetta fjárlagafrv. er vissulega lagt fram við mjög erfiðar aðstæður í þjóðarbúskapnum. Minnkandi fiskafli, samdráttur í landbúnaði og þær afleiðingar sem slíkur samdráttur hefur á allt efnahagslíf í landinu setja fjárlögum þröngar skorður. Verst af öllu er þó atvinnuleysið sem kemur í kjölfarið og leggst eins og farg á allt þjóðlífið. Það eru hættumerki alls staðar og við getum ekki setið aðgerðalaus. Í efnahagsmálaumræðu síðustu vikurnar hefur verið minnst bæði á sænsku leiðina og þá færeysku. Hver þjóð verður að finna sér leið sem hún getur farið til að takast á við vandann. Ýmsar leiðir eru til og við skulum ekki gleyma því að þrátt fyrir allt erum við í hópi þeirra þjóða sem hefur tekist að skapa velferðarþjóðfélag. Við verðum að standa vörð um það og það er nokkuð á sig leggjandi til þess. Við verðum öll að taka á okkur einhverjar byrðar til þess en mikilvægast er að þær komi réttlátlega niður. Þess vegna verður m.a. að nýta bæði fjármagnsskatt og hærra skattþrep tekjuskatts til að ná niður fjárlagahallanum.

Hæstv. fjmrh. sagði áðan í framsöguræðu, með leyfi forseta:

„Stjórnvöld hafa ýmist sofið á verðinum eða misskilið hlutverk sitt á undanförnum árum."

Ég vona svo sannarlega að ríkisstjórnin sé vöknuð og hún skilji hlutverk sitt. Það er ekki nóg að verðbólgan sé komin svo langt niður að hún sé undir því sem gerist í nágrannalöndunum ef atvinnuleysi hér á landi verður þá jafnvel enn þá meira en þar.

Ég tel að fjárlagafrv. sem við erum að ræða taki ekki með raunhæfum hætti á þessu stærsta vandamáli okkar og það er enn ótrúverðugra plagg en það sem við sáum í fyrra. Ég mun því ekki ræða það frekar nú eða taka einstaka þætti. Ég mun ekki taka það fyrir í meira mæli en ég hef þegar gert. En ég vænti þess að

við 2. umr. verðum við komin með raunhæfara fjárlagafrv. í hendurnar.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Um þetta leyti í fyrra er 1. umr. um fjárlagafrv. fór fram beindust augu manna einkum að gífurlegum innbyggðum rekstrarhalla ríkissjóðs, skuldastöðu þjóðarbúsins og því kæruleysi sem einkennt hefur alla fjármálastjórn ríkisins undanfarna tvo áratugi. Þá er að baki mikil vinna við niðurskurð ríkisútgjalda og sparnað á öllum hugsanlegum sviðum. Þá stefndi í um það bil 20 milljarða halla á ríkissjóði á þessu ári og útgjöldin stefndu í 125 milljarða kr. Það tókst með samhæfðu átaki allra er til þess voru kvaddir að koma saman fjárlagafrv. sem gaf góð fyrirheit um árangur.

Nú velta menn því gjarnan fyrir sér hvernig hafi til tekist og oft er hart deilt. Ljóst mátti vera frá upphafi að þrátt fyrir góð áform og föst tök fjmrh. á framkvæmd fjárlaga að ýmislegt hefur farið öðruvísi en ætlað var. Það er óhætt að segja að hvarvetna þar sem borið var niður í sparnaði og niðurskurði heyrðust mótmæli eða a.m.k. mikil andúð. Yfirleitt viðurkenndu menn, samtök og stofnanir að mikil þörf væri á ráðdeild og sparnaði og auknu aðhaldi. Það kom hins vegar afar víða fram að það ætti aðeins að gerast annars staðar en ekki í eigin garði.

Á Alþingi hefur mestöll umræðan snúist um einstök atriði í niðurskurði eða viðleitni til aðhalds og yfirleitt aldrei rætt um heildarvandann en í stað þess lögð alveg sérstök áhersla á að allt það sem gert hefur verið sé sprottið af illum hvötum og ótugtarskap stjórnmálamanna. Það hefur líka verið merkilegt að þeir sem hafa verið við stjórnvölinn í allt að 20 ár finna enga ábyrgð hvíla á sér þrátt fyrir öll mistökin, þrátt fyrir alla óreiðuna, þrátt fyrir kæruleysið sem fyrri ríkisstjórnir hafa sýnt í meðferð fjármuna fólksins í landinu.

Það er skoðun mín að það starf sem ríkisstjórnarflokkarnir hófu í fyrra hafi skilað miklum árangri. Það *má alltaf gera betur en ég er þess fullviss að aðrir* hefðu ekki gert betur. Sporin hræða.

Gerð fjárlagafrv. á sér langan aðdraganda. Fyrstu útlínur þess voru lagðar um mitt ár og byggðu á þeim spám og væntingum um hægan bata í efnahagsstarfseminni sem þá voru uppi. Frá þeim tíma hafa margar forsendur breyst. Þar munar auðvitað mestu um þær hremmingar sem leiða af síminnkandi veiðiþoli þorskstofnsins. Við höfum byggt og mótað útgjöld ríkissjóðs á undanförnum árum með þann bakhjarl í huga að hér fiskuðust árlega 400 þús. tonn af þorski. Þorskafli hefur farið síminnkandi á undanförnum árum en ekki hefur þess verið gætt að minnka ríkisútgjöld, eyðsluna, í sama mæli. Stjórnmálamenn hafa þvert á móti talið sér fært að horfa fram hjá þeim vanda sem aflaminnkunin hefur haft í för með sér. Til að brúa bilið hafa menn tekið erlend lán í svo miklum mæli að gífurleg skuldasöfnun sem fylgt hafa tröllslegar vaxtagreiðslur hefur eitrað allt efnahagslífið.

Nú er ákveðið að veiða aðeins 205 þús. tonn af þorski á næsta fiskveiðiári. Það mun hafa alvarlegar afleiðingar fyrir heimilin í landinu og allt atvinnulífið. Þessu til viðbótar hefur verðlag útfluttra sjávarafurða farið lækkandi og afkomuhorfur í orkufrekum iðnaði eru afar dökkar og raunar verri en nokkur gat vænst. Ofan í allt þetta koma kollsteypur í gengismálum margra helstu viðskiptaþjóða okkar þar sem gengi einstakra gjaldmiðla hefur ýmist hækkað eða lækkað, jafnvel yfir 10%. Í þessu felst að gengissamstarf Evrópubandalagsríkjanna hefur skaðast varanlega og sveiflur á verðgildi einstakra mynta valda verulegum erfiðleikum í heimsviðskiptunum. Þeir erfiðleikar geta magnast ef ekki tekst með alþjóðlegu samstarfi að hindra að þessum erfiðleikum verði mætt með verndarstefnu í einstökum ríkjum. Þar eigum við Íslendingar mikið undir því fáar þjóðir eru eins háðar frjálsum og hindrunarlausum viðskiptum.

Hinn stóri og þróaði heimur alþjóðaviðskipta teygir sig um allt hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Í umræðum um EES-samkomulagið hafa verið haldnar margar og fjálglegar ræður um sjálfsákvörðunarrétt þjóða. Auðvitað eigum við Íslendingar að halda fast á frelsi okkar, fullveldi og sjálfsákvörðunarrétti. Ég vil *hins vegar benda á að þessi réttur virðist harla smár* jafnvel stórum þjóðum þegar risarnir í alþjóðaviðskiptum hreyfa sig. Þegar þýski seðlabankinn ákvað á dögunum að hækka vexti dugði sjálfsákvörðunarrétturinn Svíum aðeins í 17 sekúndur eða þann tíma sem tekur að senda fax á milli síma. Svíar urðu strax að bregðast til varnar sínum gjaldmiðli með tilheyrandi afleiðingum fyrir peningakerfi þeirra.

Gengisbreytingar koma einnig illa við beina útflutningshagsmuni okkar því að lækkunin hefur orðið meiri á gjaldmiðli þeirra ríkja sem við seljum mest til. Þannig er talið að breytingarnar valdi versnandi viðskiptakjörum sem svarar 1,5% og kemur það til viðbótar þeim hremmingum sem áður voru komnar fram. Upplýsingar um afkomu og afkomuhorfur í sjávarútvegi benda til mun lakari stöðu en vænst var því Þjóðhagsstofnun áætlar nú að tap á botnfiskveiðum og *vinnslu á næsta ári verði rúm 8% að meðaltali ef ekk*ert verður að gert.

Nýleg könnun á veltu- og starfsmannafjölda í iðnaði bendir eindregið til þess að iðnaðarframleiðsla okkar eigi mjög undir högg að sækja. Samdráttur í fjárfestingum og uppsagnir í byggingariðnaði nú á haustdögum gefa einnig til kynna að verulegur samdráttur sé fram undan í mannvirkjagerð. Verulegur samdráttur hefur einnig komið fram í verslun og sér þess stað í tekjuáætlun fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir. Það eru því dökkar horfur sem blasa við og marka ramma fjárlagagerðarinnar fyrir næsta ár.

Efnahagshorfur eru auðvitað sífelldum breytingum undirorpnar en þó hygg ég að aðstæður hafi nú reynst hverfulli en verið hefur allt frá því að áhrif olíukreppunnar 1973–1977 riðu yfir. Þegar ég vísa til olíukreppunnar koma mér í hug orð Guðmundar Magnússonar prófessors sem hefur haldið því fram að við Íslendingar bregðumst venjulega við vanda 10 árum seinna en þyrfti. Því til rökstuðnings hefur hann sagt:

Þegar viðreisnarstjórnin var mynduð árið 1960 afnam hún hvers konar hömlur á viðskiptum. Það höfðu stríðsþjáðar þjóðir Evrópu gert 10 árum fyrr. Árið 1960 var EFTA stofnað. Við Íslendingar gengum í EFTA árið 1970. Olíukreppan brast á 1973 en við Íslendingar brugðust við henni 10 árum seinna eða um 1983.

Fjárlagafrv. tekur auðvitað mið af aðstæðunum eins og menn mátu þær síðla sumars og snemma hausts. Fjárlögin hljóta hins vegar að miðast við aðstæður eins og við ætlum nú og á næstu vikum að þær verði á næsta ári. Þar ber töluvert á milli því að svo mjög hafa aðstæður breyst til hins verra á ótrúlega stuttum tíma.

Það fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir er árangur mikillar vinnu margra sem lagt hafa sig fram við að finna leiðir til sparnaðar og ráðdeildar. Það finna vissulega margir til þegar sú vinna fer fram því að mjög erfitt er að draga úr ýmsu sem þegar er farið af stað. Það er líka ljóst að við gengum til síðustu alþingiskosninga í allt öðru efnahagsumhverfi en nú er komið á daginn. Við vissum að vandinn var mikill. Við vissum að tregðan við að taka á vandamálunum hefur reynst okkur dýr. Það er staðreynd sem fram kemur í frv. að á næsta ári verður t.d. ekki komist hjá því að ríkissjóður greiði 9,2 milljarða í vexti auk allra þeirra skuldbindinga sem hlaðist hafa á ríkissjóð á undanförnum árum.

Það var líka ljóst við síðustu alþingiskosningar að efnahagsleg stöðnun sem er samfara minnkandi þjóðartekjum hafði verið frá árinu 1987. Við bjuggumst hins vegar öll við, bæði meiri hluti ríkisstjórnar og stjórnarandstaða, að það birti til. Það hefur hins vegar ekki gerst. Ástandið hefur versnað til muna. Nú er svo komið að hástemmdar yfirlýsingar allra stjórnmálaflokka fyrir kosningar, yfirlýsingar sem gefnar voru við allt aðrar aðstæður, hljóta að endurskoðast í ljósi þeirra staðreynda sem við blasa. Kosningaloforð sem stangast á við þá nauðsyn að rétta fjárhag þjóðarinnar við, halda atvinnulífinu gangandi, forða því að atvinnuleysi banki á hvers manns dyr verða menn að endurskoða í ljósi staðreynda. Við blasir að afkomuvandi alls atvinnulífsins gerir kröfu til þess að forsendur efnahagsstefnunnar verði endurmetnar í ljósi breyttra aðstæðna.

Augljóst er að svo mikill hallarekstur sjávarútvegsins sem spáð er hlýtur að leiða til fjöldagjaldþrota í greininni. Er þá skammt í að við Íslendingar fáum að kynnast erfiðleikum í bankakerfinu og atvinnuleysi á við það sem við þekkjum hjá frændum okkar í Finnlandi. Það má aldrei verða því að þeim aðstæðum hlyti að fylgja keðjugjaldþrot þjónustufyrirtækja og svo víðtækir erfiðleikar að ég fæ ekki séð á hvern hátt þjóðin getur vegið það áfall upp á þessari öld. Þess vegna hljóta stjórnmálamenn hvar í flokki sem þeir standa að taka höndum saman við önnur þjóðfélagsöfl um aðgerðir sem geta hindrað að til þess komi. Það hefur ekki staðið á því að sumir af eldri kynslóðinni kæmu fram haltrandi með sömu bjargráðin sem reynst hafa okkur svo hörmulega undangengna áratugi. Gengisfelling, bara ein enn, og þá á allt að verða gott að nýju. Það á meira að segja að bægja atvinnuleysinu frá með gengisfellingu eða svo hljóðlátu gengissigi að enginn taki eftir því. Menn halda víst að verðbólguvofan taki ekki eftir gengisfellingarfóðrinu sínu ef hljóðlega er farið. Ég vara við þessu tali því það er blekking, tilraun til sefjunar, fráhvarf frá viðfangsefninu.

Við sem tókum þátt í gerð kjarasamninganna í febrúar 1990 vitum að verðbólgan hvarf ekki af sjálfu sér. Hún er horfin af því að aðilar vinnumarkaðarins bundust um það samtökum að taka upp ný vinnubrögð og knýja aðra til að gera slíkt hið sama. Ríkisstjórnin tók þátt í þessum aðgerðum og hefur fylgt þeim fram að sínu leyti. Árangurinn er augljós og eftir stendur þjóðfélag þar sem meinsemdirnar sem áður voru sveipaðar hulu verðbólgunnar blasa nú við.

Í umræðum um vanda efnahagslífsins hafa menn auðvitað rætt margs konar leiðir. Segja má að þrír kostir hafi verið til umræðu. Í fyrsta lagi aðgerðaleysi, í öðru lagi gengisfelling og í þriðja lagi það sem ég vil nefna þjóðarátak til varnar efnahagslífinu. Það að horfa á vandann, beita sömu vinnubrögðum og fyrri ríkisstjórnir, taka bara erlend lán og láta sér detta í hug að þetta lagist allt einhvern tíma er þekkt leið. Það er leiðin sem skilað hefur okkur Íslendingum þeim hrikalegu vandamálum sem við blasa og eru þá utanaðkomandi aðstæður ekki með taldar. Í dag mundi hún hafa í för með sér fjöldagjaldþrot fyrirtækja um land allt því að erlendar lántökur til að leysa aðsteðjandi vanda er ekki lengur fær leið. Það þekkja frændur okkar í Færeyjum.

Að mínu mati eru það almenn sannindi að fyrirtæki sem ekki standa sig, fyrirtæki sem er illa stjórnað eða hefur ekki rekstrargrundvöll á að verða gjaldþrota. Aðrir sem eru betur til þess fallnir að taka við eiga síðan að byggja upp. Í dag eru málin ekki svona einföld. Í áratugi má segja að það hafi verið stefna stjórnvalda að banna fyrirtækjum að fara á hausinn, verða gjaldþrota. Þess í stað var opinberum sjóðum beitt til að veita í þessi fyrirtæki. Sjaldnast var spurt hvort afkomumöguleikar væru fyrir hendi. Pólitískur þrýstingur og kunningsskapur réði meiru.

Aðgerðaleysi mun valda gjaldþrotahrinu sem byrjar í sjávarútvegi. Síðar verða bankarnir gjaldþrota, því næst olíufélögin, tryggingafélög, þjónustufyrirtæki og sveitarfélög. Við slíkar aðstæður sætum við ekki uppi með atvinnuleysi 3–4 þúsund manna heldur tugþúsunda manna. Þá stæðum við frammi fyrir algerum afkomubresti heimilanna með tilheyrandi neyð og niðurlægingu.

Eins og ég gat um áðan hafa ýmsir jafnvel hér í þingsölum hrópað ákaft á gengisfellingu. 10% gengisfelling mundi þýða 4,5% afkomubata í botnfiskveiðum og vinnslu miðað við að ekkert gerðist að öðru leyti, að fiskverð yrði óbreytt nema það sem selt er beint út. Ef bæta á 8% afkomuvanda, sem er vandinn í dag, þyrfti gengisfelling að verða 20%. Það þýddi 10% kjaraskerðingu hjá launafólki. Það þýddi líka það, sem alltaf gerist í gengisfellingardansinum, að þeir betur settu bjarga sér, hinir fá skerðinguna.

Gengisfelling er líka vond lausn fyrir sjávarútveg-

inn. Heildarskuldir sjávarútvegs eru 95 milljarðar kr. Þar af eru 54 milljarðar gengistryggðir, 17 milljarðar eru verðtryggðir, annað eru 24 milljarðar. 20% gengisfelling mundi auka skuldir sjávarútvegsins um 4 milljarða. Vaxtabyrði eykst um 4,5 milljarða og byrði afborgana um 1,5–2 milljarða. Þetta verða samtals um 6 milljarðar kr.

Þeir eru margir sem halda því fram að gengisfelling mundi auka atvinnuna. Líklega mundi það gerast í nokkrar vikur eða mánuði. Gengisfelling fjölgar hins vegar ekki þorskunum í sjónum og því mundi sú aðgerð kalla á enn ægilegra atvinnuleysi en fyrr. Ég vara enn við tali um gengisfellingu. Sú leið leggst þyngst á láglaunafólk, hinir bjarga sér. Hálaunamennirnir og spekúlantarnir græða á verðbólgunni. Þjóðfélagið sem heild tapar.

Frændur okkar í Finnlandi hafa nýverið kynnst gengisfellingum. Þeim er nú ljóst eftir að hafa nýverið fellt gengi finnska marksins tvisvar sinnum að það er ekkert efnahagsúrræði til sem heitir síðasta gengisfellingin. Yfirleitt er gengisfelling ávísun á þá næstu og svo koll af kolli enda hefur finnska markið enn lent í erfiðleikum á síðustu vikum.

Svíar hafa í erfiðleikum sínum tekið þá ákvörðun að verja gengi sænsku krónunnar og ráðast beint að vandamálunum heima fyrir. Þeir hækkuðu vexti upp úr öllu valdi til að sýna spákaupmönnum að þeir sem vildu spekúlera með krónuna skyldu a.m.k. ekki gera það frítt. Samtímis voru undirbúnar aðgerðir sem miðuðu að því að ná niður halla ríkissjóðs og lækka kostnað fyrirtækjanna. Þessar aðgerðir tókust fyrir frumkvæði ríkisstjórnarinnar og með víðtæku samstarfi við stjórnarandstöðu, samtök launafólks og atvinnurekenda og eru taldar styrkja forsendur sænsks efnahags- og atvinnulífs nægjanlega til að samkeppnishæfni atvinnurekstrarins verði tryggð og gengi sænsku krónunnar er talið öruggt á nýjan leik. Nákvæmlega sama verkefni bíður okkar og því er það fagnaðarefni að aðilar vinnumarkaðarins hafi enn á ný frumkvæði að viðbrögðum við erfiðleikum í atvinnu- og efnahagsmálum. Þar er byggt á sömu sýn og fyrr, að setja stöðugleikann í öndvegi og bregðast við raunverulegum vandamálum með raunhæfum hætti. Þeir hafna fortíðarhyggju þeirra sem boða gengisfellingu og verðbólgu sem lausn og kalla eftir samstarfi um lækkun á kostnaðarsköttum atvinnulífsins, sanngjarnari dreifingu byrðanna og aðgerðir til uppbyggingar atvinnulífs. Slíka leið eigum við Íslendingar að fara. Við verðum að sameinast um þjóðarátak til varnar efnahagslífinu. Sú leið er ein fær til að lágmarka kjaraskerðinguna, treysta atvinnuna. Um þessi meginmarkmið hljóta allir þjóðhollir Íslendingar að sameinast því reynsla frænda okkar, Færeyinga, minnir okkur á að efnahagslegt sjálfstæði er ekki sjálfsagt. Efnahagslegu sjálfstæði verður aðeins haldið að við bregðumst af raunsæi við aðsteðjandi vanda, lækkum kostnað í framleiðslu og þjónustu á öllum sviðum. Við þurfum að vinna þrekvirki á næstu vikum í því að endurmeta hlutverk hins opinbera og ná meiri árangri í að lækka tilkostnað. Halli á ríkissjóði þýðir hækkun vaxta fyrir atvinnulíf og einstaklinga og þótt fjárlagavandi okkar sé ekki eins mikill og t.d. Svía og því ekki þörf á jafnstórfelldum niðurskurðaraðgerðum þá þurfum við samt að lækka tilkostnað og ná jafnvægi í rekstri ríkissjóðs á næstu 2–3 árum. Við þurfum einnig að taka af ábyrgð og festu á tillögum um að lækka skatta á atvinnulífið og færa skattbyrðina til.

Nú er við stöndum frammi fyrir stöðnun atvinnulífsins, síminnkandi þjóðartekjum og fjöldaatvinnuleysi, sem þýðir niðurbrot og neyð heimilanna í landinu, þýðir ekki að fela hugsanir sínar í orðskrúði eða vífilengjum. Ég segi það tæpitungulaust að það þýðir kjaraskerðing. En takist á hinn bóginn ekki að styrkja stoðir atvinnuveganna verða þau kjör lítils virði sem skráð eru í minningabækur um horfin atvinnutækifæri. Við megum heldur ekki mikla breytingarnar fyrir okkur því lækkun veltuskatta á borð við aðstöðugjald og tryggingagjald þýðir lækkun verðlags svo breytingar á innheimtu skattanna þýða ekki endilega breytingu á skattbyrði.

Hverjir halda menn að hafi borið aðstöðugjaldið aðrir en launamenn í þessu landi? Það eru þeir sem hafa borgað það í verði vöru og þjónustu og þeir hvað mest sem lakast standa og minnsta gera verslunina í útlöndum. Það er starfsfólk íslenskra iðnfyrirtækja sem mátt hefur þola atvinnumissi þegar störfin hafa flust úr landi því íslenska varan er 1–2% dýrari en hin útlenda vegna uppsöfnunaráhrifa aðstöðugjaldsins. Íslenski fiskurinn er líka þessum mun dýrari í framleiðslu en sá norski og allt skerðir þetta samkeppnishæfni íslenskrar framleiðslu og þjónustu. Það eru því mikil öfugmæli að halda því fram að einhverjir aðrir hafi borið þennan skatt en einmitt íslenskir erfiðisvinnumenn. Fáum kæmi betur að fá þennan skatt aflagðan og greiða ígildi hans frekar með öðrum hætti.

Það er margt sem þarf að huga að og kemur þá auðvitað til úrlausnar í viðræðum aðila að frumkvæði ríkisstjórnar. Það er skoðun mín að m.a. sé ástæða til að stórauka baráttuna gegn skattsvikum sem ég er sannfærður um að eru stórfelldari en margan grunar. Það er t.d. athugunarefni að hér á landi eru það 30 þúsund aðilar sem hafa virðisaukaskattsnúmer og þar af eru 26.168 virk númer sem er ótrúlega há tala hjá ekki fjölmennari þjóð en okkur Íslendingum. Í Danmörku eru 80 virðisaukaskattsnúmer á hverja 1.000 íbúa. Hér á Íslandi eru rúmlega 100 virðisaukaskattsnúmer á hverja 1.000 íbúa. Þeir sem koma sér hjá skattgreiðslum eru að níðast á hinum. Þeir eru að ræna hinn almenna launþega. Þeir eru að svíkja samfélagið en þiggja jafnframt alla þá þjónustu sem samfélagið veitir. Láglaunafólkið og aðrir sem skattana borga eiga kröfu á því að skattsvik verði upprætt með öllum tiltækum ráðum.

Þannig er ekki allt sem sýnist og við alþingismenn hljótum að skoða með opnum huga allar tillögur sem fram koma og miða að því að styrkja samkeppnishæfni þessa litla samfélags. Við eigum þess kost að taka nokkrar óþægilegar ákvarðanir á þessu þingi, m.a. í tengslum við fjárlagagerðina. Þau óþægindi eru þáttur í sjálfstæðisbaráttu smáþjóðar og óveruleg miðað við þá ógn sem við blasir ef við nýtum ekki í tíma þau

tækifæri til sjálfsbjargar og sjálfsögunar sem nú blasa við.

Við skulum hafa það í huga að síhækkandi atvinnuleysistölur eru staðreyndir um lifandi fólk, fólk sem horfir upp á afkomuna bresta, horfir upp á upplausn heimilanna og gjaldþrot í kjölfar þess. Þeir atvinnulausu hrópa á úrræði, aðgerðir sem duga. Þær aðgerðir munu kosta þá er enn hafa atvinnu nokkrar fórnir. Þær fórnir verður að færa til að íslenskt samfélag fái þrifist. En við þurfum líka að hugsa ýmsa hluti upp á nýtt, halda á mót nýjum tíma og nýjum viðfangsefnum óbundin af fordómum fortíðarinnar.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Umræður um fjárlög fyrir árið 1993 eiga sér stað við þær aðstæður í þjóðarbúskapnum sem hljóta að leiða huga landsmanna að þeirri ábyrgð sem hvílir á okkur stjórnmálamönnum, ábyrgð sem felst í því að leiða þjóðina út úr þeim brimgarði sem atvinnulífið og um leið þjóðarbúið allt er í. Þá ábyrgð getum við ekki fært yfir á aðra og við hljótum að takast á við verkefnin og hafa að leiðarljósi að treysta hag okkar til lengri tíma. Stundarmótbyr og óvinsældir verðum við að sætta okkur við og líta til framtíðar. Við stjórnarsinnar verðum að láta stjórnarandstöðunni það eftir að setja sín plön frá einum fréttatíma fjölmiðlanna til annars og haga seglum eftir vindi í von um vinsældir þá stundina. Slíkar vinsældir eru ekki eftirsóknarverðar og eru ekki hjálp þeim sem eru atvinnulausir eða hafa þurft að sætta sig við skertar tekjur.

Um árabil höfum við staðið fyrir stöðugri útþenslu á vegum ríkisins og gengið hart fram í því að stofna til útgjalda í trausti þess að auðlindir sjávar og afrakstur atvinnulífsins stæðu undir kröfum okkar. Það skýtur því skökku við þegar hlýtt er á það hér í sölum hins háa Alþingis síðustu vikur hjá þeim mönnum sem hafa lengst tekið þátt í stjórn landsins að núverandi ríkisstjórn og stjórnarflokkarnir beri ábyrgð á minni tekjum og í kjölfar þess nauðsynlegum aðhaldsaðgerðum og sparnaði í ríkisbúskapnum. Þjóðin skynjar slíkan málflutning og metur að verðleikum.

Íslenskt efnahagslíf hefur gengið í gegnum langvarandi tímabil stöðnunar og samdráttar allt síðasta kjörtímabil eða allt frá árinu 1987. Þá þróun verður að stöðva og snúa til hagvaxtar og sóknar á öllum sviðum. Meginmarkmið í efnahagsstefnu okkar hlýtur að vera að tryggja viðunandi lífskjör í landinu, jafna búsetuskilyrði og skapa sem best skilyrði til þess að nýta landið og hafið innan efnahagslögsögu okkar. Það verður ekki gert nema með því að skapa atvinnulífinu þau skilyrði að öflug atvinnustarfsemi geti aukið verðmætasköpun þjóðarinnar.

Efnahagsstefnan og um leið stefnan sem fram kemur í fjárlögum fyrir næsta ár er einn mikilægasti þáttur þess að atvinnuvegirnir geti skilað arði og um leið bætt hag allra við þær aðstæður sem aflabrögð, framleiðsla og markaðir gefa tilefni til nú um stundir. Það er verkefni fjárln. Alþingis að fjalla nánar um fjárlagafrv. áður en það fær endanlega afgreiðslu á hinu háa Alþingi. Nefndin kallar fyrir sig forsvarsmenn ráðuneyta og stofnana til þess að fara rækilega ofan í einstaka liði ríkisútgjaldanna og gefa fulltrúum sveitarfélaga og félagasamtaka tækifæri til þess að gera grein fyrir erindum sem lögð hafa verið fyrir nefndina og þetta starf er þegar hafið. Það er ljóst að á næstu vikum verður að meta það og vega hvernig unnt er að styrkja efnahags- og atvinnulífið með því að draga enn frekar saman hjá ríkinu. Ég tel nauðsynlegt að gera öllum ljóst að frv. til fjárlaga getur jafnt tekið lækkunum sem hækkunum í meðförum þingsins. Aðstæður og framvinda atvinnumála og tilraunir ríkisstjórnarinnar til þess að ná sáttum um aðgerðir til að hamla gegn atvinnuleysi geta leitt til þess að endurskoða þurfi einstaka þætti í fjárlagafrv. fyrir árið 1993.

Að vísu benti hv. 14. þm. Reykv. á að það væri daufleg vist á fundum fjárln. þessa dagana. Vissulega er það daufleg vist þegar takast þarf á við erfið viðfangsefnið. En ég vil benda hv. þm. á það að í byggðamálum höfum við lagt inn á nýjar leiðir. Við leggjum aukna áherslu á það í byggðamálum að færa verkefnin og viðfangsefnin á sviði atvinnulífsins og atvinnumála út í héruðin, út í landshlutana og merki þess má sjá í þessari viku þegar opnað verður nýtt útibú Byggðastofnunar á Egilsstöðum.

Það er rík ástæða til að fagna þeim árangri sem náðst hefur í að hemja ríkisútgjöldin eins og hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir við þessa umræðu. Samt sem áður eru ýmis svið ríkisrekstrarins sem hafa þanist út, m.a. vegna kröfu um aukna þjónustu og þátt ríkisvaldsins í öllum verkefnum meira og minna. Þar má að sjálfsögðu nefna heilbrigðismálin og hið unga ráðuneyti umhverfismála sem sýnir hversu mikill þrýstingur er á um að ríkið taki þátt í hinum margvíslegu verkefnum.

Umhverfismálin eru vissulega forgangsverkefni fyrir okkur Íslendinga svo mikið sem við eigum undir því að þess sé gætt að verja bæði hafið og umhverfið allt við landið. Við verðum samt sem áður að gæta þess að ætla ekki ríkisvaldinu að fara með of mikinn hluta þess starfs sem snýr að umhverfismálum. Í eðli sínu eru umhverfismál og eiga að vera viðfangsefni sveitarstjórna og héraðsstjórna á hverju svæði undir eftirliti viðkomandi sveitarfélaga þar sem þau eru ekki beint verkefni einstaklinga og fyrirtækja. Má þar nefna frárennslismál, förgun úrgangs, skipulagsmál o.s.frv.

Varðandi heilbrigðismálin og sérfræðiþjónustu lækna er ljóst að gera verður breytingar á því fyrirkomulagi sem samningur við sérfræðinga gerir ráð fyrir og stöðva sjálfvirkan aðgang að sjóðum ríkisins sem sjáanlega á sér stað í því kerfi.

Útgjöld ríkisins eru áætluð 111 milljarðar árið 1993 og er það nær sama tala og í fjárlögum þessa árs er dregin hefur verið frá sú upphæð sem ætluð er til atvinnuskapandi framkvæmda í vegagerð og í byggingarframkvæmdum. Þeir þættir frv. og þjóðhagsáætlunar, sem ég vil gera sérstaklega að umtalsefni hér, eru í fyrsta lagi að efnahagsstefnan, sem frv. endurspeglar, felur fyrst og fremst í sér ríka áherslu á stöðugleika, stöðguleika til að sporna gegn verulegri hækk-

un vaxta í skjóli verðbólgu með skelfilegum afleiðingum fyrir einstaklinga jafnt sem fyrirtæki sem skulda mikið.

Í öðru lagi vil ég nefna að lögð er lína um útgjaldalækkun atvinufyrirtækjanna með lækkun tekjuskatts og stefnt að kerfisbreytingu varðandi aðstöðugjöldin sem að sjálfsögðu varðar sveitarfélögin í landinu, en ríkið verður að hlutast til um að aðstöðugjaldinu verði breytt. Varðandi það er nauðsynlegt að tryggja sveitarfélögunum jafngildan tekjustofn.

Með frv. er gerð áætlun um frekari breytingar á skattakerfinu sem m.a. felst í breikkun virðisaukaskattstofnsins og afnámi undanþágu þar. Slík stefnumörkun er mjög mikilvæg, enda verður að taka upp skattakerfið ef takast á að koma í veg fyrir misnotkun þess, ekki síst varðandi virðisaukaskattinn.

Í fjórða lagi vil ég nefna að í frv. er gert ráð fyrir sérstöku framlagi til atvinnuskapandi verkefna í vegagerð að upphæð 1,8 milljarðar kr. eins og ég hef áður minnst á. Þau áform eru mjög mikilvæg og tengjast áætlunum um að stækka atvinnusvæði og sameina sveitarfélögin í landinu. Lykillinn að þeirri stefnu eru bættar samgöngur. Með sama hætti eru framlög til hafnargerðar mikilvægur þáttur í því að efla sjávarútveg og siglingar með ströndinni en vöruflutningar á sjó eru taldir mjög hagkvæmur flutningamáti á lengri leiðum, ekki síst á meðan vegakerfið er jafnveikburða hér og það er í dag. Gert er ráð fyrir í frv. að framlög til uppgjörs skulda við hafnirnar og til framkvæmda verði um 904 millj. kr. með framlagi til Hafnabótasjóðs. Þá er ekki tekið tillit til aukinna tekna Hafnabótasjóðs af sérstöku álagi á vörugjald sem gert er ráð fyrir í frv. að nýjum hafnalögum.

Það hefur vakið athygli margra að stjórnarandstaðan hefur verið með hálfgerða ólund vegna hins sérstaka átaks við vegargerð til að efla atvinnulífið í landinu. Að vísu hefur heldur dregið úr því eftir að þingmenn urðu þess varir hve vel þeim áformum hefur verið tekið úti um landið.

Virðulegi forseti. Ég hef í ræðu minni gert að umtalsefni fáeina þætti frv. til fjárlaga fyrir árið 1993. Ég mun geyma mér til 2. og 3. umr. að fjalla um einstaka útgjaldaþætti sem fjárln. á eftir að fara yfir og meta í því ljósi sem blasir við gagnvart stöðu atvinnumála um þessar mundir. Sú stefnumörkun sem felst í frv. á sviði efnahagsmála og ríkisfjármála og sú vandaða vinna sem fjmrh. hefur staðið fyrir við undirbúning þessa frv. er mikilvæg ef okkur á að takast að vinna okkur út úr stöðugum ríkissjóðshalla og skuldasöfnun. Það verða að vera skilaboð héðan frá Alþingi til ráðuneyta og til stofnana að reksturinn haldist innan þess ramma sem fjárlög setja. Það verður öllum að vera ljóst að þegar tekjur standa í stað geta útgjöld ekki aukist.

Mjög víða í þjóðfélaginu eru blikur á lofti á sviði atvinnumála enda þótt sums staðar sé þar um að ræða tímabundinn vanda. Hættumerkin í atvinnulífinu eru til staðar. Það verður að gæta þess að þeir sem eru verst settir í þjóðfélaginu séu varðir á tímum samdráttar og minnkandi tekna.

Á atvinnumálunum verður að taka með samstilltu átaki stjórnvalda, vinnuveitenda og verkalýðshreyfingar. Því ber að fagna ef stjórnarandstaðan er tilbúin til þess að koma að því borði og ég vil fagna sérstaklega yfirlýsingu sem hv. 1. þm. Norðurl. e. gaf í því efni og fagna ég því að framsóknarmenn skuli vera tilbúnir til þess að taka höndum saman við stjórnina. Er það örlítið annar tónn en sá sem birtist í ræðu formanns Framsfl., hv. 7. þm. Reykn., við umræðu um stefnuræðu forsrh.

Það er alveg ljóst að þær leiðir sem valdar verða við lausn á aðsteðjandi vanda í atvinnumálum skipta að sjálfsögðu miklu máli og þurfa að falla að þeirri stefnumörkun sem fjárlagafrv. boðar þó að einhver breyting þurfi að verða á fjárlagafrv.

Hugmyndir manna um efnahagsleiðir sem tengjast einhverju sem nefnist gjaldþrotaleið er allfurðuleg. Auðvitað er ekki hægt að sjá svo um að öll fyrirtæki eigi eilífan tilverumöguleika hvernig sem veltist í rekstri þeirra. En hugmyndir manna um að láta reka á reiðanum og fyrirtækin taki hverju sem að höndum ber gengur því miður ekki í okkar þjóðfélagi og vil ég undirstrika það sérstaklega. En það er alveg ljóst að við þurfum að gæta þess vel að afgreiðsla fjárlaga verði mikilvægur þáttur í því að bæta lífskjör á Íslandi til lengri tíma þótt við þurfum að rifa seglin um stund.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. 1. umr. um fjárlagafrv. fyrir árið 1993 einkennist af því að þetta frv. felur í sér meiri óvissu en nokkru sinni fyrr. Fjárlagafrv. hverju sinni á auðvitað að vera þungamiðjan í efnahagsstefnu þeirrar ríkisstjórnar sem situr. Í athugasemdum þess frv. sem liggur fyrir, á bls. 241 í þeirri miklu bók sem fjárlagafrv. er, er fjallað um efnahagsstefnuna og markmið fjárlaganna. Þar er að finna hina pólitísku stefnumörkun sem liggur að baki fjárlagagerðinni. Þar segir m.a. að nú þegar fjárlagafrv. sé lagt fram í annað sinn af þessari ríkisstjórn hafi margt færst í þá átt sem stjórnarflokkarnir stefndu að, að sveigja efnahagslífið til frjálsræðis og koma á stöðugleika. Fram undan séu fjölmörg verkefni þar sem leggja þarf megináherslu á uppbyggingu atvinnulífsins og draga úr miðstýringu til að glæða hagvöxt.

Þetta eru auðvitað frómar óskir og góð markmið út af fyrir sig og ég er sammála því að auðvitað á það að vera meginmarkmið fjárlagafrv. að stuðla að uppbyggingu atvinnulífsins og glæða hagvöxt í landinu. Fyrsta spurning sem vaknar við 1. umr. fjárlagafrv. er hvort frv. geri það. Önnur spurning og ekki veigaminni er: Munu þær forsendur sem í frv. eru standast? Er það plagg sem við erum með í höndunum marktækt?

Það hefur að sjálfsögðu komið í ljós að svo er ekki og ég efast um að nokkur sem hlýðir á þessa umræðu hafi trú á því að t.d. tekjuhlið frv. muni standast. Atburðarásin síðan frv. var lagt fram sýnir að það er ekki nokkur tiltrú á því í þjóðfélaginu að ríkisstjórninni hafi með fjárlagafrv. tekist að skapa þann ramma um efnahagslífið á næsta ári sem leiðir til eflingar atvinnulífs og þar með aukinnar atvinnu. Samdráttur í þjóðfélaginu og atvinnuleysi er komið yfir hættumörk og áhrif-

in eru lík því þegar snjóbolti rennur niður hlíð og hleður utan á sig. Þess sér greinilega stað í ríkisfjármálum á yfirstandandi ári og kemur enn betur í ljós á næsta ári ef ekkert verður að gert. Því hefur þetta frv. ef til vill fengið ítarlegri umræðu í dag en ástæða er til því að það er alveg ljóst að eins og það er úr garði gert stuðlar það hvorki að eflingu atvinnulífsins né atvinnuöryggi landsmanna. Þvert á móti er líklegt ef það yrði samþykkt óbreytt eða lítt breytt að það mundi auka á vanda atvinnulífsins í landinu.

Undirbúningur þessa máls gekk ekki átakalaust í stjórnarflokkunum. Áform um tekjuöflun í frv. einkennast af skyndiákvörðunum sem standast ekki í raun og eru teknar án jarðsambands úti í þjóðfélaginu eða samráðs við þolendur. Allt er í uppnámi varðandi tekjuhliðina og enginn veit á þessari stundu hver áform eru um tekjuöflun í virðisaukaskattinum sem er hvorki meira né minna en 39,5% af tekjum ríkissjóðs.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því hvar þessi umræða sé á vegi stödd í stjórnarflokkunum. Það væri fróðlegt að fá það upplýst hvort í stjórnarflokkunum sé verið ræða um tveggja þrepa virðisaukaskatt og hvar þær hugmyndir séu á vegi staddar eða aðrar hugmyndir um breytingu á tekjuhliðinni. Þau áform sem kynnt eru í frv. um tekjuöflun með virðisaukaskatti eða auknar tekjur af honum hafa verið harðlega gagnrýndar. Við fjárlaganefndarmenn höfum a.m.k. fengið bunka af bréfum þar sem þeim er mótmælt, en þau hafa reyndar verið brotin á bak aftur að hluta til, þeim hluta sem víkur að sveitarfélögunum í landinu. Fyrir atvinnulífið er auðvitað alveg óþolandi að eiga það á hættu að forsendum og leikreglum sé breytt með nokkurra vikna eða jafnvel nokkurra daga fyrirvara. Það er grundvallaratriði að fjárlagagerð sé með þeim hætti að þeir sem um lögin fjalla geri sér grein fyrir afleiðingum þeirra fyrir atvinnulífið og þær stofnanir í þjóðfélaginu sem eiga að byggja starf sitt á opinberum framlögum. Það virðist svo sannarlega nokkuð á það skorta.

Halli á fjárlögum yfirstandandi árs var áætlaður 4,2 milljarðar kr. og þau voru enn sem fyrr kynnt sem raunhæfustu fjárlög sem lögð hefðu verið fram eins og komið hefur fram í ræðum þeirra sem hér hafa talað áður í dag. Þessi halli er nú áætlaður 9,5 milljarðar kr. samkvæmt frv. til fjáraukalaga sem liggur á borðum hv. þm. og enn eru tveir og hálfur mánuður eða svo eftir af árinu þannig að enn eru ekki öll kurl komin til grafar í þessum efnum og líkur á því að hallinn verði enn meiri. Fjárlagafrv. er lagt fram með 6,2 milljarða kr. halla þegar búið er að taka inn framlag til atvinnuskapandi aðgerða upp á 2,1 milljarð kr.

Staðreyndin er sú að þegar litið er á fjárlagafrv. nokkurra ára sýnir það sig að ekki eru ýkja miklar breytingar á útgjöldum ríkissjóðs. Þau eru nokkuð föst tala ef litið er yfir raungildi þeirra. Það var mikið brambolt, ef svo má segja, í stjórnarliðum fyrir ári síðan. Nú átti að hreinsa til í eitt skipti fyrir öll. Eigi að síður er árangurinn ekki mikill þegar upp er staðið. Samdráttarstefnan og atvinnuleysið hefur m.a. orðið til þess að tekjur ríkissjóðs hafa dregist saman, afkoman sveiflast eftir tekjunum sem auðvitað eru háðar afkomu atvinnuveganna og einstaklinganna í landinu. Óvissan í tekjuhliðinni er enn meiri á næsta ári og hvað kemur inn af tekjum í ríkissjóð er algerlega háð því hvort það tekst að koma grundvelli undir atvinnulífið.

Fyrsta skilyrði til þess er auðvitað að ríkisstjórnin viðurkenni að stjórnvöldum komi atvinnulífið við. Ég sé nokkur merki þess að ríkisstjórninni sé að skiljast það að hún geti ekki látið sem atvinnulífið í landinu sé henni óviðkomandi. Ég skal geta þess sem gert er að í frv. er framlag til atvinnuskapandi aðgerða og lækkun tekjuskatts á fyrirtækjum.

Hins vegar stöndum við í þeim sporum við 1. umr. fjárlaganna að málefni sjávarútvegsins eru í uppnámi og engan veginn séð hvernig stjórnvöld ætla að bregðast við þeim vanda, hvað þá með hverjum hætti það verður gert. Þetta er höfuðsynd ríkisstjórnarinnar og ein af helstu ástæðunum fyrir óvissunni nú að það hefur verið horft upp á hallarekstur í sjávarútvegi allt þetta ár án þess að hafa annað til málanna að leggja en það að gjaldþrot í greininni eigi að endurskipuleggja hana og fækka skipum og fiskvinnslustöðvum og upp eigi að rísa iðgræn jörð á eftir.

Þessi stefna og óttinn við hana hefur tvímælalaust dregið kjarkinn úr forsvarsmönnum atvinnulífsins og átt sinn þátt í samdrættinum. Auðvitað eru allir landsmenn orðnir hræddir við þessa stefnu. Það er m.a. þess vegna sem er verið að vinna að því að gera þingflokk Alþb. að einhvers konar friðargæsluliði í þingsölum. Mælirinn er nefnilega orðinn fullur og aðilar vinnumarkaðarins vinna nú að því að reyna að skapa þjóðarsátt um eflingu atvinnulífisins sem ríkisstjórnin verði að taka þátt í. Einn þátturinn í þeirri þjóðarsátt hlýtur að verða sá að taka upp það fjárlagafrv. sem hér er til meðferðar og búa til úr því raunhæft plagg.

Hv. formaður fjárln. hélt ræðu áðan og talaði um gengisfellingar og hafði nokkur orð um þá sem predikuðu gengisfellingu hér í þingsölum og var með útreikninga um hvað 20% gengisfelling mundi þýða. Ég veit satt að segja ekki hvaða ástæða er fyrir þessum hugleiðingum. Ég lýsi eftir því: Hver hefur verið að tala um 20% gengisfellingu hér í þingsölum? Það er staðreynd að gengið hefur hækkað og ef menn eru ekki tilbúnir til þess að horfast í augu við afleiðingarnar af því og lækka kostnað atvinnuveganna, þá fer illa. Ég held að það sé nauðsynlegt að undirstrika það að kostnaðarlækkanir verða að koma til. Hér hefur enginn verið að tala um 20% gengisfellingu, a.m.k. ekki úr mínum flokki. Þær hugleiðingar eru alveg óþarfar í þessu sambandi.

Það er nú ljóst að aðilar vinnumarkaðarins eru að reyna að koma vitinu fyrir ríkisstjórnina og hafa frumkvæði um tillögu til eflingar atvinnulífinu. Hv. formaður fjárln. ræddi um aðstöðugjaldið og nauðsyn þess að fella það niður. Ég vil þá spyrja: Hvað líður því máli? Ég vil spyrja fjmrh.: Hvað líður því máli að fella niður aðstöðugjaldið og breyta því kerfi sem er í tekjuöflun sveitarfélagana? Er það raunhæft að ætla að stjórnarflokkarnir komi sér saman um þetta og það verði sátt um það eða er þetta kannski eitt af því sem

aðilar vinnumarkaðarins eiga að neyða ríkisstjórnina til að gera? Ég spyr fjmrh. að því vegna þess að ég veit að það hefur verið vinna í stjórnarflokkunum í því að skoða þessi mál og væri fróðlegt að vita hvort sú ákvörðun kemur inn í afgreiðslu þessa fjárlagafrv. Þetta er ekkert lítil ákvörðun því að einhverja tekjustofna þurfa sveitarfélögin að fá í staðinn fyrir þetta aðstöðugjald sem er mjög stór þáttur í tekjustofnum þeirra.

Ég ætla ekki frekar en aðrir stjórnarandstæðingar hér að fara í einstaka útgjaldaliði frv. Það bíður 2. umr., enda er vinna í fjárln. ekki það langt komin að við séum búnir að fara ofan í þá útgjaldaliði og ná saman öllum endum þar. Ég vil þó minnast á nokkur atriði sem koma einkennilega fyrir sjónir í sambandi við þessa fjárlagagerð og nefni fyrst samskipti ríkisins við sveitarfélögin og þau átök sem þar hafa átt sér stað vegna virðisaukaskattsins. Þau átök urðu til þess að fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga drógu sig út úr svokallaðri sveitarstjórnarnefnd sem ríkisstjórnin bindur miklar vonir við að skili skynsamlegum tillögum sem verði þjóðfélaginu til framdráttar. Síðan var gert samkomulag. Það samkomulag fjallar um að sveitarfélögin leggi fram 500 millj. kr. í Atvinnuleysistryggingasjóð og er dagsett 10. okt. Ég vil vitna í það hér. Það er undirskrifað af forsrh., félmrh. og formanni Sambands ísl. sveitarfélaga. Þar segir:

„Samband ísl. sveitarfélaga mælir með því við sveitarfélögin að þau leggi fram á árinu 1993 fjárframlag, kr. 500 millj., í Atvinnuleysistryggingasjóð. Framlagið verði miðað við íbúafjölda sveitarfélaga." Síðan segir: „Vegna þessa fjárframlags sveitarfélaganna mun ríkisstjórnin gera ráðstafanir til þess að á árinu 1993 verði Atvinnuleysistryggingasjóði heimilað að ráðstafa því fjármagni, þó þannig að dragi samsvarandi úr atvinnuleysisbótum að uppfylltum reglum sem settar verða um úthlutun úr sjóðnum. Þessum greiðslum skal einungis varið til sérstakra verkefna til eflingar atvinnulífs á vegum sveitarfélaga. Samband ísl. sveitarfélaga skal fá aðild að ákvörðunum um ráðstöfun þessa fjármagns. Ofangreindar ráðstafanir gilda einungis á árinu 1993 og mun ríkisstjórnin beita sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum."

Þarna er verið að taka fé frá sveitarfélögunum sem fer í Atvinnuleysistryggingasjóð og því úthlutað eftir einhverjum reglum, sem ekki eru fyrirliggjandi, til sveitarfélaganna aftur. Sannleikurinn er sá að sveitarfélögin hafa varið stórfé til þess að auka atvinnu í landinu. Það er í sjálfu sér góðra gjalda vert að fé úr Atvinnuleysistryggingasjóði sé notað til þess að auka atvinnu. Ég leggst ekki gegn þeirri breytingu. Það verður þó ekki séð nú á þessu stigi hvernig þetta samkomulag verður framkvæmt og margt er óljóst í þeim efnum, með hverjum hætti þessi úthlutun verður.

Síðan er í þessu samkomulagi undirskrifað loforð um að meiri háttar breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og tekjustofnum sveitarfélaga, sem kveðið er á um í lögum eða gert hefur verið sérstakt samkomulag um, verði teknar til umfjöllunar í sérstakri samráðsnefnd þeirra. Þessi samráðsnefnd hefur verið til. Það er dálítið merkilegt að það þurfi hálfgert verkfall hjá sveitarstjórnarmönnum og samninga og undirskriftir félmrh. og forsrh. til að halda þessum samskiptum í lagi. En það er vonandi að þetta samkomulag haldi og þeim ófriði, sem var milli ríkis og sveitarfélaganna fyrir ári síðan og svo aftur núna, linni því að hann er ekki neinum til góðs.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. fór yfir landbúnaðarkaflann í frv. og ég ætla ekki að bæta mörgu þar við. Ég undrast þann mikla niðurskurð sem er í frv. til landbúnaðarmála, m.a. vegna búvörusamningsins, sem ég ætla ekki að gagnrýna því að búvörusamningurinn er undirritaður, gerður milli ríkisins og bænda og gerir ráð fyrir samdrætti í framleiðslu og niðurskurður er í samræmi við það. En hins vegar er niðurskurðurinn miklu meiri. Það er ekki gerð nokkur tilraun til að mæta þeim samdrætti á nokkurn hátt heldur er ráðist á hverja einustu grein sem við kemur landbúnaðinum og skorið niður í öllum þáttum og öllum þáttum sem gætu hugsanlega dregið úr því mikla áfalli og því slæma atvinnuástandi sem er í sveitum landsins. Það hefur verið nefnt hér, t.d. er Framleiðnisjóður skorinn niður um 50 millj. eða því frestað til ársins 1994 að leggja þær tillögur fram. Hvað þá verður veit náttúrlega enginn. Það er skorið niður til Byggðastofnunar, eins og hefur komið fram áður, og leiðbeiningaþjónustunnar í landbúnaði sem er náttúrlega grundvallaratriði að efla við þessar aðstæður. Auðvitað þarf að breyta skipulagi hennar miðað við breyttar aðstæður en það er nauðsynlegt að efla leiðbeiningaþjónustuna og beina henni að öðrum greinum en hinum hefðbundnu, að öðrum atvinnutækifærum og leiðbeina fólki í dreifbýli til þess að koma upp nýrri starfsemi sem gæti þrifist í sveitum. Atvinnuráðgjöf ætti að vera miklu stærri þáttur í leiðbeiningaþjónustunni en verið hefur.

Það er einnig skorið niður til landgræðslu og skógræktar og það er illskiljanlegt í ljósi atvinnuástandsins, eins og komið hefur fram, vegna þess að launakostnaður er langstærsti þátturinn í kostnaði við landgræðslu og skógrækt. Þó að vegagerðin sé alls góðs makleg þá er launakostnaðurinn miklu stærri þáttur í landgræðslu og skógrækt en í vegagerð. Það er undarlegt við þessar aðstæður að skera þau framlög niður svo maður tali bara út frá því sjónarmiði. Ástand landgræðslumála er líka með þeim hætti að það veitir ekki af því að halda þar vel á spöðunum. Þó að það verði að spara og hafa aðhald er atvinnuleysi hið mesta böl, það dregur úr tekjum og veltu í þjóðfélaginu þannig að framlög til mála sem auka atvinnu verulega skila sér aftur að miklu leyti.

Í B-hluta frv. er fjallað um ríkisfyrirtæki og sjóði. Þar stingur auðvitað í augun að B-hluta fyrirtækjum er ætlað að skila ríkissjóði arði í auknum mæli. Þessi fyrirtæki eru Áburðarverksmiðja ríkisins, Rarik, Lyfjaverslun ríkisins, Sementsverksmiðjan, Þvottahús Ríkisspítalanna, Lyfjabúð Háskóla Íslands og Póst- og símamálastofnun. Arðgreiðslur þessara fyrirtækja fara náttúrlega ekki neitt nema út í verðlagið. Í allri umræðu um orkumálin og gjaldskrár til fyrirtækja er það undarlegt að t.d. fyrirtæki eins og Rarik er gert að skila arði í ríkissjóð sem fer auðvitað beint út í verðlagið.

Það er grunur minn að ein af ástæðunum fyrir þessu sé ein af trúarsetningum sem er hér á bls. 349 í frv. en þar segir: „Einn liður í þá átt að auka samkeppnishæfni ríkisfyrirtækja er að draga úr afskiptum ríkisins af gjaldskrárákvörðunum þeirra en þess í stað að ætla þeim að skila eiganda sínum arði af því fé sem bundið er í rekstrinum."

Það er sú samkeppnishugsun sem er trúarsetning þarna og kemur vel fram t.d. í áformum um að láta Þvottahús Ríkisspítalanna greiða arð í ríkissjóð sem hv. 1. þm. Norðurl. e. gerði skil og ég ætla ekki að endurtaka.

Í frv. er auðvitað dulin skattheima með alls konar þjónustugjöldum. Það er haldið áfram á þeirri braut enda lýsti hæstv. fjmrh. því í framsögu sinni fyrr í dag að stefnan væri sú að notendur greiddu fyrir þjónustuna í auknum mæli. Það eykur ekki jöfnuð í þjóðfélaginu, eins og oft hefur komið fram, að reka þá stefnu harkalega. Það er bætt í núna við það sem var tekið upp í fyrra þó að það sé ekki í eins miklum mæli. Það er greinilega haldið áfram á þessari braut eins og menn þora.

Ég tel að við eigum að hafa nokkur meginatriði í huga í baráttunni við atvinnuleysið sem væri hægt að taka á í þessu fjárlagfrv. ef vilji væri til. Það er í fyrsta lagi að auka áherslu á menntun og rannsóknir í þágu atvinnuveganna við þessar aðstæður. Áform ríkisstjórnarinnar um það eru tengd ófrávíkjanlega. Það hefur komið fram í umræðum í fjárln., sölu ríkisfyrirtækja upp á 1.500 millj. kr. sem mér er ekki kunnugt um að neitt samkomulag sé um í stjórnarflokkunum. Það er tekið fram í athugasemdum frv. að til að ná þessum markmiðum verði að selja lánastofnanir. Svo maður tali alveg skýrt, þá næst þessi upphæð ekki inn nema selja Búnaðarbanka Íslands. Og ég spyr: Er samkomulag um það í stjórnarflokkunum að selja Búnaðarbankann? (**GuðjG:** Nei.) Nei, segir hv. 5. þm. Vesturl. og þar með eru náttúrlega þessar 300 millj. kr. í uppnámi. Það er einkennilegt að tengja þetta framlag til rannsókna sölu ríkisfyrirtækja sem menn eru ekki búnir að ná samkomulagi um. Ég treysti hv. 5. þm. Vesturl. til þess að veita verðugt viðnám í þessu efni og koma skynsamlegum ákvörðunum að í stjórnarflokkunum. Ég held að það ætti að efla rannsóknir án þess að það sé tengt slíkri sölu því við höfum fengið upplýsingar um það — við fjárlaganefndarmenn fengum þær í morgun — að sala ríkisfyrirtækja á þessu ári hefði ekki gengið sem skyldi. Það er aðeins búið að selja fyrir 240 millj. af þeim 500 sem áætlað var að selja ríkisfyrirtæki fyrir á árinu sem nú er að líða og verður að taka skarplega á þá tvo mánuði sem eftir eru ef þessi markmið eiga að nást.

Það er nú svo að þessi sala og sölumennska öllsömul, ég tala nú ekki um sala upp á 1,5 milljarða kr., dregur auðvitað fjármagn frá atvinnuvegunum. Það fjármagn nýtist ekki til annarra hluta. Það væri að sjálfsögðu hægt að efla starfsemi sem skapar atvinnu í þjóðfélaginu í stað þess að skera hana niður eins og gert er í frv. og ég minntist á. Það væri ástæða til að breyta enn frekar. Það er að vísu svolítill vísir í frv. sem er ákvörðun um endurbætur á Þjóðminjasafninu, að taka enn frekar upp framlög til viðhalds opinberra bygginga. Það skapar mikla atvinnu. Síðasti áratugur var áratugur mikilla fjárfestinga eins og komið hefur fram. Ég held að við ættum að skipta um gír svo næsti áratugur færi í að viðhalda þeim byggingum sem við höfum verið að byggja og eru því miður sumar hverjar að grotna niður. Ég held að það sé rétt stefna að gera slíkt. Ég viðurkenni það og tel það rétta ákvörðun hjá ríkisstjórninni að taka upp framlag til að viðhalda Þjóðminjasafninu og vona að það sé vísir að einhverju meira.

Ég ætla í sambandi við B-hlutann að minnast örlítið á athugasemdir varðandi byggingarsjóðina. Þar kemur fram að áformað sé að spara 132 millj. kr. í rekstri Húsnæðisstofnunar ríkisins með lækkun útgjalda og hækkun sértekna. Ég vil spyrja í hverju þessi hækkun á sértekjum sé fólgin. Þessum fjármunum á að verja til Byggingarsjóðs verkamanna samkvæmt athugasemdum frv. og þar segir svo:

„Lækkar framlag úr ríkissjóði um 114 millj. kr. frá fjárlögum 1992 og verði 961 millj. kr. Sú lækkun á ekki að skerða útlánagetu sjóðsins heldur verður henni mætt með sparnaði í rekstri Húsnæðisstofnunar með skipulagsbreytingum og hagræðingu eins og vikið er að í greinargerð um Byggingarsjóð ríkisins." Síðan segir: „Takist ekki að ná þeim rekstrarsparnaði að fullu verður þó óhjákvæmilegt að draga úr útlánum sem því nemur."

Þarna er þetta mál skilið eftir í uppnámi eins og svo mörg mál varðandi frv.

Hér hefur töluvert verið rætt um þjóðarsátt, að það þurfi að endurskoða frv. og koma í það einhverju viti. Við fulltrúar Framsfl. í fjárln. skorumst ekki undan þeirri vinnu sem þarf til þess. Við höfum ekki flutt og fluttum ekki tillögu til útgjaldahækkunar við síðustu fjárlagagerð og ég hef ekki trú á því að við gerum það nú. Við munum taka þátt í því að reyna að gera frv. þannig úr garði að það stuðli að atvinnuöryggi í landinu en við erum ekki til í neina sátt um að afgreiða frv. þannig að enginn grundvöllur sé undir atvinnulífinu í landinu og að frv. sé ávísun á gjaldþrot atvinnufyrirtækja og óhjákvæmilega gengisfellingu. Við munum taka þátt í þessari vinnu af fullum heilindum eins og við höfum gert. Við berum að sjálfsögðu enga ábyrgð á því plaggi sem liggur hér frammi. Við höfum ekki verið í þeim undirbúningi sem hefur verið unninn að þessu fjárlagafrv. en við erum auðvitað til viðtals um skynsamlegar breytingar á því sem miða að þeim markmiðum að auka atvinnuöryggi landsmanna sem er algert forgangsverkefni um þessar mundir.

Útbýting þingskjals:

Málefni aldraðra, 147. mál, frv. GunnB og SAÞ, þskj. 168.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson spurði hverjir það væru sem væru að biðja sérstaklega um gengislækkun um þessar mundir. Spurningin var fram

borin í tilefni af varnaðarorðum hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar gagnvart gengislækkunarhættunni. Ég verð að minna hv. þm. Jón Kristjánsson á að það er einmitt formaður Framsfl., Steingrímur Hermannsson, sem hefur gengið fram fyrir skjöldu og boðað gengislækkunarleiðina hvað ákafast og að gengislækkun væri í ljósi allra aðstæðna sú leið sem skynsamlegast væri að fara um þessar mundir til að leysa fram úr efnahagsvandamálum þjóðarinnar.

Nú veit ég vel að hv. þm. Jón Kristjánsson er á öndverðum meiði við formann Framsfl., Steingrím Hermannsson, eða svo skildi ég ræðu hans hér áðan, og er það vel, enda þekkir hv. þm. Jón Kristjánsson svo vel til allra aðstæðna á landsbyggðinni um þessar mundir, sérstaklega í okkar kjördæmi á Austurlandi, að hann veit að stefna formanns Framsfl., sem ég vona að sé ekki orðin stefna Framsfl. enn, dugar hvergi til þess að leysa öll þau vandamál sem þar er við að etja. Þvert á móti er hætta á að ef stefna formanns Framsfl. næði fram að ganga, þá mundi hún leggja atvinnulífið í okkar kjördæmi og víðar í byggðum landsins í rúst. Ég fagna því afstöðu hv. þm. Jóns Kristjánssonar og vona að hann muni geta snúið formanni Framsfl. til réttrar leiðar.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kom um daginn í frystihús á Austurlandi þar sem fram fer fullvinnsla fyrir Bretlandsmarkað. Pundið hafði fallið um 10% á 10 dögum þegar ég var þarna. Ætli það sé ekki það sem formaður Framsfl. hefur rætt um, m.a. á fundi vestur á Hótel Sögu, að þetta ástand gæti hreinlega ekki gengið. Það er nefnilega ekki verið að tala um gengisfellingu. Gengið hefur hækkað. Það hefur hækkað síðan kjarasamningar voru gerðir og afkoma atvinnuveganna hefur raskast af þeim sökum. Ég er ekki að mæla með gengisfellingu. En það verður þá að gera atvinnulífinu það kleift með öðrum aðgerðum að þola slík áföll sem hafa verið nú. Ég er algerlega sammála formanni Framsfl. um það. Það er enginn ágreiningur um það okkar í milli. Ég er alveg tilbúinn til þess ef sá ágreiningur væri fyrir hendi og mér fyndist hann hafa rangt fyrir sér að telja honum hughvarf eins og ég veit að hv. 5. þm. Austurl. er duglegur við í sínum þingflokki að telja mönnum hughvarf þegar þeir fara villir síns vegar. (Gripið fram í.) En mér finnst bara eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. segir að árangurinn sé ekki alltaf mikill.

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Það er víst óhætt að segja að fjárlagafrv. fyrir árið 1993 er engin skemmtilesning. Gjöldin eru of mikil, tekjurnar of litlar, skattarnir of háir og hallinn of mikill. En frv. er hins vegar tvímælalaust barn síns tíma. Það er lægð í efnahagslífinu um heim allan, að hluta til vegna of mikilla fjárfestinga ríkisstjórna og fyrirtækja á síðasta áratug og vegna of mikilla skulda einstaklinga, fyrirtækja og hins opinbera og ekki síst vegna of hárra vaxta.

Einnig hefur fall kommúnismans og hrun Sovétheimsveldisins orðið til þess að auka á þennan vanda þar sem þjóðir eins og Finnar hafa tapað mörkuðum sínum og við Íslendingar og aðrar þjóðir bera af þessu beinan kostnað eins og Þjóðverjar vegna sameiningar Þýskalands. Enda hefur stefna Þýskalands í þessum efnum valdið þeim óróleika á gjaldeyrismörkuðum sem við höfum orðið vör við og hér hefur verið minnst á. Til viðbótar þessu koma síðan innlendir atburðir: Mun minni afli á okkar fiskimiðum og okkar eigin fjárfestingarmistök á síðasta áratug. Það er hins vegar vandséð hvernig frv. getur verið öðruvísi, alla vega þegar litið er til skamms tíma ef ekki er almennur vilji fyrir því að lækka útgjöldin og miklar breytingar með tilfærslum á tekjuhliðinni, skattheimtunni, krefjast breiðrar samstöðu. En okkur verður öllum að vera ljóst að aukin skattheimta leysir ekki þennan vanda.

Við megum ekki í allri neikvæðu umræðunni gleyma því sem vel er gert því óneitanlega fer hallinn minnkandi. Það er búið að stemma stigu við sjálfvirkum útgjöldum landbúnaðarins. Það hefur orðið sparnaður í menntakerfinu, einkanlega hjá Lánasjóði ísl. námsmanna og ný tilhögun við fjárlagagerð, svokölluð rammafjárlög, hefur leitt til betri niðurstöðu þegar milliuppgjör á þessu ári hafa verið skoðuð. Ég hefði hins vegar gjarnan viljað sjá meiri breytingar sem hefðu áhrif til lengri tíma litið og þá sérstaklega í heilbrigðis- og tryggingakerfinu því að þar er sjálfvirkni útgjaldanna mest. Þetta er einnig sá málaflokkur þar sem við sjáum fram á mesta útgjaldaaukningu á næstu árum og áratugum þó ekki væri nema bara vegna breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar. En þarna þurfa að koma til grundvallarbreytingar. Það er ekki nóg að taka bara upp tilvísanakerfi ef það á að vera eins og gamla tilvísanakerfið sem við lögðum af því tilvísanakerfi þarf að fylgja ábyrgð að sá sem vísar frá sér og á annan þarf jafnframt að bera einhverja ábyrgð á þeim kostnaði sem sjúklingnum fylgir á næsta stað.

Það er ekki nóg að bjóða út á miðstýrðan hátt úr ráðuneytinu. Það er ekki nóg að bjóða út einokun á einstökum verkum. Það þarf að koma til valddreifing þannig að ekki sé hætta á því að þessi úthlutun sé misnotuð. Það þarf að koma til aðhalds í okkar heilbrigðis- og tryggingakerfi sem þarf að byggjast á valfrelsi, þjónustugjöldum og hlutfallsgreiðslum. Einstaklingarnir þurfa að veita stofnunum aðhald og stofnanir þurfa að veita hver annarri aðhald.

Í þessu sambandi þurfum við einnig að huga að því að auka sjálfstæði einstaklinganna. Þá á ég við efnalegt sjálfstæði þeirra þannig að þegar eitthvað bregður út af hinu hefðbundna og hinu vanalega þá þurfi einstaklingarnir ekki alltaf að hlaupa til ríkisins og treysta á það að ríkið bjargi og leysi úr vandanum. Við þurfum að eiga fjárhagslega sjálfstæða einstaklinga og fjárhagslega sjálfstæða þjóð. Til þess að svo megi verða þarf fólk að leggja fyrir. Það þarf að hafa möguleika til þess að leggja fyrir og skapa þannig innlendan sparnað. Ef innlendur sparnaður hefði verið meiri á undangengnum árum og áratugum væri fjármögnun á halla ríkissjóðs á annan veg farið. Við værum þá ekki með eins miklar erlendar skuldir heldur hefðum við

getað fjármagnað þessi útgjöld innan lands, enda er það einsdæmi í hópi Norðurlanda hvað Ísland hefur hátt hlutfall af erlendum skuldum.

Innlendur sparnaður hjálpar einnig til þess að auka það fjármagn sem atvinnulífið hefur tök á að fá að láni, bæði til þess að skapa ný atvinnutækifæri sem aftur skapa auknar tekjur fyrir einstaklingana og fyrir ríkissjóð. En til þess að þetta geti gengið eftir þurfum við að hlúa að sparnaði og með því að hlúa að sparnaði sköpum við sjálfstætt fólk og það er á sjálfstæðu fólki sem íslenska velferðarþjóðfélagið byggir.

Fram undan er mikil vinna. Það er mikil vinna við meðferð fjárlaga í þinginu og eins í atvinnu- og efnahagsmálum. Það er því mjög ánægjuleg afstaða og samstarfsvilji sem hefur komið fram hjá aðilum vinnumarkaðarins, bæði launþegum og atvinnurekendum. Ekki er síður ánægjulegur sá samstarfsvilji sem fram hefur komið hjá stjórnarandstöðunni, bæði í umræðunum í dag og annars staðar. Ríkisstjórnin hefur að sjálfsögðu tekið frumkvæði í þessum málum. Hún hefur lagt til að 2 milljarðar kr. til viðbótar því sem áður var ætlað verði settir í framkvæmdir til þess að styrkja atvinnutækifærin og fjölga þeim.

Það kom líka fram í ræðu forsrh. hér á dögunum að þetta væri ekki nóg heldur þyrfti nauðsynlega að lækka kostnað útflutningsgreinanna til þess að gengið mætti vera stöðugt. Hluti af þessu er lækkun kostnaðarskatta og það er sérstaklega á okkar valdi sem hér erum inni að taka ákvarðanir í þeim málum. Hér er um að ræða mjög vandasamt verk. Það krefst þess að aðgerðir verði markvissar og komi niður þar sem þær eru nauðsynlegastar og koma að mestum notum. Við verðum að varast að þeir sem ekki þurfa á aðstoðinni að halda seilist til hennar.

Við verðum að hafa í huga að lausnin á þessum vandamálum okkar felst í gjaldahlið fjárlagafrv. en ekki í tekjuhliðinni. Hún felst ekki í aukinni skattheimtu. Það er engin ástæða til þess að ganga til þessara verka með neikvæðu hugarfari og full svartsýni. Þetta eru verk sem við verðum að vinna og þau verk sem við vinnum vel og skynsamlega hjálpa okkur til að komast út úr vandanum og ekki síður gera þau okkur hæfari til þess að sækja fram og skapa okkur betri lífskjör í framtíðinni en við búum við nú.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það er ekki meining mín að tefja umræðuna um fjárlög fyrir árið 1993 sem neinu nemur. Um þau má vissulega hafa mörg orð. Það er margt gott í þessum fjárlögum en það er líka margt sem má skoða með gagnrýnum augum. Út í þá sálma ætla ég ekki fara að sinni. Ég vil hins vegar segja að gefnu tilefni þar sem hér hefur örlítið verið minnst á rammafjárlög að ég get ekki litið á fjárlög undanfarinna ára sem rammafjárlög en tek heils hugar undir það að þannig eiga fjárlög hins íslenska ríkis auðvitað að vera. Það eiga að vera rammafjárlög þar sem menn þurfa þá að koma til þingsins til að sækja um heimildir umfram gildandi fjárlög til þess að standa undir auknum útgjöldum en ekki eins og það hefur verið fram til þessa að menn koma eftir á með fjáraukalög og þingmenn eru nánast múlbundnir og geta ekkert annað gert en samþykkja þau fjáraukalög þar sem ákvarðanir hafa þegar verið teknar og jafnvel farið út í framkvæmdir eða hvað sem útgjöldin kölluðu á.

Það er athyglisvert að í þeim fjáraukalögum sem nú er búið að dreifa hér á þingi er farið fram á tæpa 3 milljarða kr. þar sem farið hefur verið fram úr heimildum fjárlaga. Af þeim tæpu 3 milljörðum kr. eiga alþýðuflokksmenn rúmlega 2 milljarða kr. Ég ætla ekki að leggja neitt frekar út af þessu en þetta vakti engu að síður athygli mína.

Það sem kallaði mig upp í ræðustól var það að ég vildi gjarnan fá skýringar á einum lið í frv. Ég ætla annars að geyma mér almenna umræðu um frv. til 2. umr. Það er liðurinn 02-989 sem er Ýmis íþróttamál. Á fjárlögum fyrir árið 1992 voru 81,2 millj. kr. undir þessum lið, Ýmis íþróttamál. Af þeirri upphæð voru þá 11,9 millj. kr. ætlaðar Skáksambandi Íslands og stórmeisturum í skák. Í fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir eru 73,4 millj. kr. á þessum lið, en miðað við óbreytta fjárveitingu til rekstrar Skáksambands Íslands eru ætlaðar 18,3 millj. kr. til skákstarfsemi í frv., hækkun frá 11,9 millj. í 18,3 millj. kr. sem er sennilega á bilinu 60 til 70% hækkun. Þessu vil ég í sjálfu sér fagna og vildi sannarlega að sama mætti segja um framlög til íþróttahreyfingarinnar í heild. En því er því miður ekki að fagna. Til íþróttastarfsemi eru ætlaðar 56,7 millj. kr. í frv. sem er lækkun upp á 9,7 millj. kr. eða frá 66,4 millj. niður í 56,7 millj. kr. sem er sennilega 15–20% niðurskurður.

Nú er frv. lagt þannig fram ólíkt því sem verið hefur áður að aðeins er nefnd raun ein tala en í frv. fram til þessa hefur þessi liður verið brotinn upp og upphæðum skipt niður á hina ýmsu liði. Það kemur ekki fram núna. Nú er ekki hægt að lesa út úr þessu t.d. hvað Íþróttasamband Íslands fær mikla fjárveitingu. Fyrir dyrum stendur ársþing þeirra, eftir viku að ég hygg, og í fjárhagsáætlunum þurfa þeir að gera ráð fyrir framlagi ríkisins sem þeir vita ekki hvað verður hátt en er auðvitað miðað við fyrri reynslu og umsóknir. Þetta kemur ekki lengur fram í frv. né heldur allir aðrir liðir sem hafa verið, t.d. Ólympíunefnd Íslands, Ólympíunefnd fatlaðra, íþróttamál fatlaðra, íþróttastarfsemi almennt, íþróttafélög styrkir, Íþróttamiðstöð Íslands, glíma, Skáksamband Íslands, Launasjóður stórmeistara í skák, Skákskóli Íslands, Bridgesamband Íslands og ýmis framlög til íþróttamála. Ekkert af þessu kemur lengur fram. Það er aðeins ein tala og óskipt.

Nú gegni ég þeirri stöðu að vera formaður íþróttanefndar ríkisins. Það er komið að því hjá okkur að við þurfum að fara að veita úr Íþróttasjóði. Til þess að átta okkur á því hvað er í Íþróttasjóði höfum við vitanlega beðið eftir fjárlagafrv. en þar er ekki nokkur stafur um Íþróttasjóð. Ég vil því spyrja ráðherra hvort hann hafi tök á því að brjóta þessa tölu upp og upplýsa þingheim um það hvað er ætlað til hinna ýmsu þátta sem ég fór yfir áðan.

Þess má geta í framhjáhlaupi að íþróttanefnd ríkis-

ins veitti styrki til 51 aðila á síðasta ári þó að Íþróttasjóðurinn væri ekki stærri en 16 millj. kr. Auðvitað eru þetta ekki háar upphæðir en þær komu sér engu að síður vel fyrir þá aðila sem styrkina fengu. Spurningin er því: Hvernig á að vinna úr þessum málum eins og þau koma fram í fjárlagafrv.? Fyrir hvað stendur talan sem þar er? Þá er ekki úr vegi að spyrja úr því að hér er formaður fjárln. og fjárln. hefur verið að birta auglýsingu í blöðum um viðtalstíma. Hér er ég með eina slíka auglýsingu fyrir framan mig þar sem segir m.a.

„Fjárlaganefnd Alþingis veitir nú, eins og undanfarin ár, viðtöku erindum frá stofnunum, félögum, samtökum og einstaklingum er varða fjárlög ársins 1993. Fjárlaganefnd gefur þeim aðilum sem vilja fylgja erindum sínum eftir með viðræðum við nefndina kost á því að eiga fundi á tilteknum tímum."

Þá er spurningin: Ætlar fjárln. að útdeila þeim ótilgreindu fjárhæðum sem nefndar eru undir liðum eins og íþróttamál og æskulýðsmál án samráðs við fagráðuneyti eða til þess kjörnar nefndir svo sem íþróttanefnd ríkisins? Ég vil minna á það að á síðasta ári gerðist það að fjárln. fór inn á verksvið Íþróttasjóðs og skipti þar upp upphæðum sem íþróttanefnd ríkisins og Íþróttasjóður áttu að skipta upp. Það er auðvitað forkastanlegt en engu að síður staðreynd að svo var gert.

Á þessu ári liggja fyrir umsóknir hjá íþróttanefnd um styrki úr Íþróttasjóði. 58 umsóknir hafa borist að upphæð yfir 300 millj. kr. Ég bið því um að við getum fengið sem allra fyrst upplýsingar um það hver okkar staða er í raun og veru.

Hæstv. forseti. Ég er ekki viss um að fjmrh. hafi þessar upplýsingar sem ég er hér að biðja um en ég óska eftir því að fá þær sem allra fyrst hvort sem hægt verður að fá þær beint úr ræðustól eða eftir öðrum leiðum. Það er kannski ekki aðalatriðið hvernig heldur hvenær þær koma og þær þurfa að koma sem allra fyrst.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er sannarlega ánægjulegt að íþróttir séu teknar hér til umræðu og þyrfti að gera það miklu betur. Öll viljum við auðvitað vinna að því að efla íþróttaiðkun í landinu. Því verður hins vegar ekki neitað að þar hafa verið miklar breytingar á ferðinni og þess vegna vil ég leyfa mér að spyrja hv. 5. þm. Reykv. í fyrsta lagi hvort þeir umtalsverðu fjármunir sem íþróttahreyfingin fær í gegnum Lottó hafi ekki þegar haft umtalsverð áhrif á umsóknir til Íþróttasjóðs og einnig hvort ekki sé ástæða til að gera breytingar á framlögum til íþróttamála með tilliti til þess að nú eru íþróttir óneitanlega að færast miklu meira í atvinnumennsku. Það er alkunna að nú greiða foreldrar t.d. fyrir íþróttaþátttöku barna, þjálfarar eru launaðir starfskraftar nú orðið. Þetta er auðvitað þróun sem við getum ekki snúið við en ég vil, sem áhugamanneskja um þessi mál, spyrja hv. 5. þm. Reykv. hvort hann telji að fjárln. sinni íþróttamálum illa, þeim málaflokki, og hvort ástæða sé til að þau mál verði tekin til endurskoðunar með tilliti til þeirra miklu fjármuna sem óneitanlega koma gegnum Lottóið.

Karl Steinar Guðnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins í tilefni af því að hv. síðasti ræðumaður sagði að Alþfl. ætti rúma 2 milljarða af þeim beiðnum sem koma fram í fjáraukalagafrv. (Gripið fram í.) Nei, ég hélt það líka, hv. þm. Þetta er spurning um fjármuni þjóðarinnar. Hins vegar vil ég skýra það. Í greinargerð frv. er greint frá því hvers vegna sótt er um þessi auknu útgjöld. Það er m.a. vegna kjarasamninga, vegna atvinnuleysistrygginga og annars sem til hefur fallið á síðasta ári og menn sáu ekki fyrir.

Í öðru lagi vil ég segja það varðandi úthlutun á styrkjum og öðru slíku að sá háttur er hafður á núna að fækkað var liðum og þeim skipt síðan. Fjárln. á eftir að fjalla um þetta en mun gera það í samráði við menntmrn. og ekki verður hægt að upplýsa um það fyrr en á síðari stigum.

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar ég gat þess að það hefðu verið rúmir 2 milljarðar sem Alþfl. hefði farið fram yfir heimildir fjárlaga var ég einfaldlega að fletta á bls. 2 í frv. til fjáraukalaga og tók þar ráðuneytin sem heyra undir alþýðuflokksráðherra. Það var ekki flóknara en það. En ef menn vilja fría sig af því að þeir fari með ábyrgð þeirra málaflokka, þá er það þeirra mál.

Varðandi Lottóið þá hefur það auðvitað komið íþróttahreyfingunni til hjálpar. En íþróttahreyfingin er geysifjölmenn og stór hreyfing og þeir fjármunir sem þar deilast síðan út skipta ekki sköpum. Lottópeningarnir nýtast kannski best hjá Örykjabandalaginu og þeim aðilum. Hjá íþróttahreyfingunni sem heild hjálpar auðvitað allt til. En þetta eru ekki slíkir fjármunir að þeir breyti neinu stóru.

Hvað varðar stöðu íþróttafélaganna yfirleitt og að foreldrar séu farnir að greiða meira fyrir börnin en áður var og að farið sé að greiða þjálfurum laun, sem er reyndar baggi á íþróttafélögunum, er það engu að síður staðreynd að nánast öll íþróttafélög sem ég þekki til berjast í bökkum. Ein lítil knattspyrnudeild sem ég þekki til skuldar tæpar 40 millj., bara ein lítil deild innan félags. Ég get talið mörg önnur slík dæmi. Önnur lítil deild úti á landsbyggðinni skuldar um 30 millj. kr. Það veitir svo sannarlega ekki af því að huga vel að stöðu íþróttanna. Ég tel að Alþingi eigi að gera það og gera það miklu, miklu betur en það gerir. Það er ekki nóg að koma upp á tyllidögum og afmælum einhvers staðar úti um land og berja sér á brjóst og segja: Ég er stuðningsmaður íþróttahreyfingarinnar. Síðan þegar þeir koma inn á hið háa Alþingi eru allir búnir að gleyma því um leið. Það er ekki nóg. Innantóm orð úti um allt land hafa ekkert gildi. Það er hér inni sem á að taka á málinu. Það gerum við með því að veita ríflegum fjármunum til íþróttanna. Ég veit að ég þarf ekki að fara yfir það hér hvert er gildi íþrótta yfirleitt, hvert gildið er fyrir landsmenn í heild, fyrir heilbrigði landsmanna, fyrir uppeldið, sem forvarnastarf og ég veit ekki hvað. Ég gæti sett á langa ræðu um það. En ég held að ég þurfi þess ekki fyrir hv. þm.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Til að fyrirbyggja allan misskilning þá tek ég undir hvert orð sem hv. 5. þm. Reykv. sagði um gildi íþrótta. Hitt er nokkurt áhyggjuefni að það er orðinn fjárhagslegur baggi á fjölskyldum að börnin fái tækifæri til að stunda íþróttir. Þar er um að ræða fjármuni sem skipta verulegu máli og ég tala nú ekki um ef í hlut eiga einstæðir foreldrar. Ég leyfi mér að fullyrða að það er ekki óalgengt að það kosti 15 þús. kr. fyrir lítið barn að vera í íþróttafélagi, í fótbolta eða handbolta eða einhverju slíku yfir veturinn. Þetta eru fjármunir sem um munar ef fólk á fleiri en eitt og fleiri en tvö börn.

Til þess að okkar ágætu tilheyrendur viti um hvað ég er að tala varðandi lottópeninga, þá lét ég athuga hvað komið hefði í hlut íþróttahreyfingarinnar fyrstu fjögur árin sem Lottóið starfaði. Það munu hafa verið um 140 millj. Þetta eru því auðvitað umtalsverðir peningar. Ég er ekki þar með að telja þá eftir nema síður sé og ég vil leggja á það áherslu að ég tel að það verði að sjá svo til, og þá er ég sammála hv. 5. þm. Reykv., að það þurfi ekki að vera fjárhagslegur baggi á barnafjölskyldum að börnin stundi íþróttir sem er sjálfsögð hollusta og uppeldisatriði sem ekkert okkar hefði viljað vera án.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka þeim hv. þm., sem hér hafa tekið til máls við 1. umr. um fjárlög fyrir árið 1993, fyrir mjög svo málefnalegar ræður. Mig langar til þess við lok þessarar umræðu að fjalla örlítið um nokkur sjónarmið og viðhorf sem komu fram í ræðum einstakra hv. ræðumanna.

Hv. 1. þm. Norðurl. e., Guðmundur Bjarnason, ræddi nokkuð um áreiðanleika fjárlaganna og tiltrú manna á þeim nú og hvort ástæða væri til þess að ætla að niðurstöður fjárlaga fyrir næsta ár væru betri en yfirstandandi árs eða áranna á undan. Auðvitað er afskaplega erfitt að ákveða það en sé litið til nokkurra staðreynda, þá hygg ég að menn geti verið sammála um að meiri líkur séu til þess á næsta ári að niðurstöðutölur standist en oft áður. Ég vil nefna nokkur dæmi því til staðfestingar.

Í fyrsta lagi er fjárlagagerðin með allt öðrum hætti nú, eins og í fyrra, en áður. Einstök ráðuneyti koma að málum með þeim hætti að fjárlagaundirbúningurinn fer fram úti í ráðuneytunum. Þetta hefur haft þá þýðingu að ráðherrar og fulltrúar einstakra ráðuneyta hafa ekki fundið sömu þörf hjá sér og oft áður að koma til hv. fjárln. og kvarta undan því að í fjárlagafrv. sé ekki tekið tillit til óska viðkomandi ráðuneyta. Þetta lýsti sér í því t.d. fyrir ári síðan, þegar fjárlagafrv. var til umræðu og umfjöllunar í hv. fjárln., að bæði tekjutölur og gjaldatölur frv. lækkuðu í meðferð þingsins. Það er auðvitað einstæður viðburður að ég hygg í þingsögunni.

Þá er næsta spurning hvort slík lækkun hafi ekki verið byggð á blekkingum, að aðeins hafi verið skafnar út þær tölur sem í frv. voru og nýjar tölur búnar til og síðan sé ekkert að marka þær. Ef við lítum á þær tölur sem við þekkjum nú í októberlok og miðum við niðurstöðutölur síðasta árs held ég að öllum sé ljóst að tölurnar í frv. yfirstandandi árs muni standast mun betur en tölur síðasta árs. Það er sérstaklega athyglisvert að hallinn verður mun minni þrátt fyrir verulegt tekjutap á yfirstandandi ári.

Til viðbótar þessu öllu skal það tekið fram að það sem veldur mestum erfiðleikum við að ná niður gjöldum og láta gjöld standast áætlanir fjárlaga eru svokallaðar rekstrartilfærslur, þ.e. fjármunir sem ríkissjóður lætur af hendi en aðrir en ríkið taka ákvörðun um hvernig er varið. Hér er t.d. um tvær stórar tölur að ræða. Annars vegar þær tölur sem ganga til niðurgreiðslna og útflutningsuppbóta í landbúnaði og hins vegar tölur sem ganga í gegnum Tryggingastofnun ríkisins til ýmissa bóta og til sjúkratrygginga, þar á meðal til sérfræðikostnaðar og lyfjakaupa. Það er ljóst að á næsta ári verður hægt að treysta niðurstöðunni hvað varðar landbúnaðarmálin vegna þeirra samninga sem gerðir hafa verið milli ríkisvaldsins annars vegar og bændasamtakanna hins vegar um búvöruframleiðsluna. Eftir stendur hins vegar að enn hefur ekki tekist nægilega vel að ná tökum á sjálfvirkni útgjalda sem fara til tryggingamála. Þrátt fyrir þetta hefur okkur tekist að fækka þeim gjaldaliðum sem hættast er við að fari úr böndum. Þess vegna tel ég fulla ástæðu til þess að ætla að það verði fremur að marka þetta fjárlagafrv. og áætlanir þess en fjárlagafrv. sem lögð hafa verið fram á Alþingi á undanförnum árum. Ég ætla þó ekki að gefa neinar yfirlýsingar um þetta efni. Við vitum það öll, sem hér erum í þingsalnum, að skjótt geta skipast veður í lofti og við vitum að ákveðin hætta vofir yfir í atvinnulífi okkar sem auðvitað getur haft áhrif á niðurstöðutölur fjárlaganna.

Hv. þm. ræddi síðan um gjaldahlið frv. að öðru leyti og virtist ekki hafa trú á einstökum atriðum þar. Skal ég ekki fjölyrða um það því ugglaust gefst betri tími til þess síðar, ekki síst við 2. og 3. umr. frv. þegar hv. nefnd hefur haft tækifæri til þess að fara duglega ofan í þessar tölur og gera sínar athugasemdir og jafnvel breytingartillögur.

Hann staðhæfði hins vegar að biðlistar á sjúkrahúsum hefðu lengst og nefndi til sögunnar, ef ég man rétt, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Nú er það svo að landlæknir hefur kannað þetta mál sérstaklega og fyrir liggja upplýsingar um það að biðlistar hafa styst á sjúkrahúsunum, að einu sjúkrahúsi undanskildu. Það sem er kannski enn merkilegra er að fjöldi aðgerða á sjúkrahúsunum hefur aukist á yfirstandandi ári og það þrátt fyrir allt niðurskurðar- og sparnaðartal. Það sem ég held að sé að í þessum málaflokki er það að okkur hefur ekki enn tekist að koma böndum á svokallaða sérfræðiþjónustu og það er brýn nauðsyn á því að hægt sé að gera samninga við sérfræðingana og til viðbótar að koma á beinu hlutdeildarfyrirkomulagi þegar fólk kaupir lyf. Ef við náum tökum á þessu tvennu tel ég að ekki þurfi að kvíða því að gjaldahlið fjárlaganna fari mikið úr skorðum.

Hv. þm. ræddi síðan talsvert um aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar og þá gjaldþrotastefnu sem hann taldi

hana reka. Ég vil aðeins og aftur ítreka það, sem reyndar kom fram í minni framsöguræðu, að með því að vitna til stefnuræðu forsrh. kemur glögglega í ljós að forsrh., og reyndar einnig iðnrh., gerðu því rækilega skil í sínum ræðum í umræðu um stefnuræðu forsrh. að það væri viðhorf ríkisstjórnarinnar að lækka bæri svokallaða kostnaðarskatta. Það breytir hins vegar ekki því, og það held ég að hv. 1. þm. Norðurl. e. hljóti að vera mér sammála um, að svo er komið fyrir sumum fyrirtækjum að þeim verður ekki bjargað með þeim eina hætti og þeim yrði ekki heldur bjargað þótt hér yrði gengisfelling, hvort sem hún yrði 10, 20, 30, 40 eða 100%, einfaldlega vegna þess að þegar skuldir fyrirtækjanna sem hafa safnast upp í áranna rás eru orðnar svo miklar, kannski meiri en eignir fyrirtækjanna, þá er ljóst að ekkert kemur þeim fyrirtækjum til hjálpar. Þá er eðlilegt að gripið sé annaðhvort til formlegra nauðasamninga, nauðasamninga utan réttarins eða gjaldþrota og ekki þarf að skammast sín fyrir það því allir vita að gjaldþrot eru hluti af þeim leikreglum sem við búum við hér eins og alls staðar í hinum vestræna heimi þar sem lagt er upp úr því að fyrirtæki eigi tekjuafgang og geti grætt, að það sé nauðsynleg forsenda tilvistar fyrirtækjanna.

Þetta vildi ég að kæmi fram því að stundum er því haldið fram að það sé sérstök stefna Sjálfstfl. að gera öll fyrirtæki gjaldþrota. Það er af og frá. Hitt er annað mál að þegar fyrirtæki verða gjaldþrota, þau fyrirtæki sem skulda opinberum sjóðum og bönkum, þá gerist það að skuldirnar færast yfir á hið opinbera og ef þeir sjóðir eru ekki mjög sterkir — og í því sambandi nefni ég atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar eða Framkvæmdasjóð — þá lenda skuldirnar að lokum á ríkissjóði. Að ríkissjóði standa aðeins skattgreiðendur þ.e. fólkið í landinu þannig að með þeim hætti flyst kostnaður vegna gjaldþrota yfir á skattgreiðendur framtíðarinnar. Þetta hljótum við öll að skilja en í þessu felst ekki nein stefna í þá átt að gera fyrirtækin í landinu öll gjaldþrota.

Það var athyglisvert að heyra hv. þm. lýsa því yfir að hann styddi, ég skildi hann svo að hann talaði þar fyrir hönd flokks síns, tilfærslu skatta frá fyrirtækjum yfir á einstaklinga. Þessi yfirlýsing hefur að ég held ekki komið jafnskýrt fram áður frá hv. framsóknarmönnum og ég túlka hana á þann veg að Framsfl. sé tilbúinn ásamt öðrum og með öðrum að líta á öll þessi mál með víðtækt samkomulag í huga.

Hv. þm. minntist á innheimtu virðisaukaskatts. Hann hefur rétt fyrir sér í því að þótt innheimtan hafi gengið betur í ár en á sl. ári þá hefur það komið í ljós að smám saman reynist þessi skattstofn ekki vera nægilegur heldur. Hann er of gisinn, undanþágur of margar, hlutfallið of hátt og það gerir það að verkum að skilin eru ekki nægilega góð. Þetta er gömul saga og ný og er ástæðan fyrir því að hæstv. ríkisstjórn hefur ætlað sér að breikka stofninn og lækka hlutfallið.

Hv. þm. gerði efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar á sl. ári síðan að umtalsefni sem hann taldi vera misheppnaðar og nefndi fyrst af öllu þá vaxtabreytingu sem varð þegar ríkisstjórnin tók við. Ég verð að segja að ég undrast það stórkostlega að ráðherra úr fyrrv. ríkisstjórn skuli koma í ræðustól á Alþingi og halda því fram að þessi aðgerð hafi verið misheppnuð þegar ljóst er að allir þeir sérfræðingar sem hafa kannað þetta mál telja að þetta hafi verið forsenda fyrir því að við gátum haldið áfram og náð tökum á málum og því jafnvægi sem við höfðum náð. Vegna hvers? Vegna þess að skráðir nafnvextir voru svo lágir að stórkostlegt útstreymi úr ríkissjóði átti sér stað. Milljörðum saman runnu fjármunir úr ríkissjóði og ríkissjóður varð að taka þá að láni í Seðlabankanum og Seðlabankinn að ganga á gjaldeyrisvarasjóðinn. Ef haldið hefði verið áfram eins og gert var á lokadögum síðustu ríkisstjórnar hefði allt farið hér lóðbeint á höfuðið á örskammri stund. Þess vegna var nauðsynlegt að grípa til þessarar aðgerðar. Það sem kannski má gagnrýna er að síðasta ríkisstjórn skyldi ekki hafa gripið til þeirra úrræða miklu fyrr en gert var. Ljóst er að það skrið og þau lausatök sem áttu sér stað í efnahagsstjórn síðustu ríkisstjórnar byrjuðu fyrir jól á árinu 1990. Um þetta hefur margoft verið fjallað og ég kalla það mikla dirfsku af ráðherra úr fyrrv. ríkisstjórn að koma hér og halda því fram að þessi nauðsynlega leiðrétting hafi verið mistök þegar það liggur fyrir að þetta var einhver nauðsynlegasta aðgerð sem ríkisstjórnin átti við að glíma. Svo koma menn hér upp og tala um sænskar aðferðir til að bjarga genginu og ég heyrði ekki betur heldur en sumir framsóknarmenn lýstu því yfir að það ætti ekki að fella gengið. Hvernig fóru Svíar að? Eru menn búnir að gleyma því? Halda menn að Svíar hafi eingöngu skóflað til sköttunum? Halda menn að Svíar hafi eingöngu skorið niður útgjöldin? Nei. Sænski seðlabankinn varð að grípa til þess að hækka vextina og einn daginn fóru þeir upp í 500%. Til hvers? Það var gert til þess að verja gengi sænsku krónunnar. Það er nefnilega þannig þótt það komist ekki inn í haus allra hv. framsóknarmanna og allra síst formanns flokksins að samband er á milli vaxta og gengis. Sem betur fer og ég óska hv. framsóknarmönnum til hamingju með það, hafa talsmenn þess flokks talað þannig í dag að svo er að skilja að þeir fylgi ekki gengisfellingarstefnu formanns síns. Ég tel það mikið fagnaðarefni fyrir bæði þing og þjóð.

Hv. þm. ræddi síðan um Vegagerðina og sagði réttilega að ætlunin væri að greiða þær framkvæmdir sem áformaðar eru á næsta ári og kosta munu um 1.800 millj. umfram það sem ætlað var áður af vegafé, þ.e. af tekjustofnum Vegagerðarinnar. Ég held að ég megi til með að bæta við: Það er forsendan fyrir því að við samþykktum þetta. Við teljum að hér sé verið að flýta verki, að þetta sé gert til þess að styrkja stöðu sveitarfélaganna, stækka atvinnusvæðin og réttlætanlegt sé að taka þetta lán og borga það síðan þegar fjárfestingar aukast á nýjan leik þannig að við getum þá slakað á í fjárfestingu til vegagerðar og verðum búnir að ná fram þeim ágóða sem hlýtur að verða í kjölfar þess að við leggjum vegi á milli þeirra staða þar sem mest þörf er á.

Ef við hefðum einungis tekið lán án þess að gera nokkra grein fyrir því hvernig borga eigi það lán til

baka hefði ég fyrir mitt leyti ekki fallist á þá aðgerð. Það vil ég að komi skýrt fram. Það er ekki nóg að bora í gegnum fjöll og leggja vegi. Frændur okkar í Færeyjum voru mjög iðnir og duglegir við það. En menn verða að hafa fyrirhyggju og kunna sér hóf og þegar fjárfestingar detta niður að hreyfa þær á milli ára en þá með því skilyrði að það sé greitt til baka þegar betur stendur á.

Hv. þm. ræddi nokkuð um viðhald og stofnkostnað. Í því sambandi held ég að full þörf sé á að minna á að í þeirri litlu verðbólgu sem hér ríkir og hefur ríkt um nokkurra missira skeið þá gerist það sem skiptir ákaflega miklu máli að menn taki eftir og það er að framkvæmdamáttur stofnframlaganna verður meiri en ella. Við skulum aðeins rifja upp. Fyrir nokkrum árum þegar verðbólga geisaði, hvort sem hún var 10%, 20% eða 30%, stóðu stofnframlögin og yfirleitt viðhaldsframlögin í stað. Þau voru ekki verðbætt í fjárlagafrv. þannig að þessar upphæðir rýrnuðu þegar fram liðu stundir. Nú þegar verðbólgan er minni en ráðgert var í frv. verður framkvæmdamáttur stofnframlaganna og viðhaldsins meiri en ráð var fyrir gert í upphafi. Þess vegna er hægt að gera meira fyrir jafnmargar krónur á yfirstandandi ári og væntanlega því næsta en ráð var fyrir gert. Það eru ekki allir sem taka eftir þessu en þetta er eitt af því sem gerist þegar verðbólgan dettur niður og sérstaklega ef verðbólgan er lægri en forsendur fjárlagafrv. gerðu ráð fyrir.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir ræddi örlítið um Evrópska efnahagssvæðið og taldi að fjárlagafrv. bæri því vitni að ríkisstjórnin treysti eingöngu á það. Þetta er að sjálfsögðu ekki rétt en ég viðurkenni hins vegar að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið gefur okkar ýmsar vonir. Þar eru sóknarfæri og allir hljóta að sjá, sem skynja að út- og innflutningur okkar er hér um bil þriðjungur af landsframleiðslunni, hve mikið við eigum undir því að slík samskipti og viðskipti á milli þjóða gangi snurðulaust fyrir sig og gerist með þeim hætti að Íslendingar megi njóta sem best verðlags og komi vörum sínum á markað með sem minnstum tilkostnaði. Þess vegna tek ég undir það sjónarmið sem hefur komið fram hjá mörgum en er ekkert bundið við frv. að við gerum okkur vonir um að Evrópska efnahagssvæðið hjálpi okkur í þeim vandamálum sem við eigum við að glíma.

Ég verð að viðurkenna að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með að það var ekki eins mikill sparnaðartónn í ræðu hv. þm. og í formanni Alþb. þegar hann hefur verið að kynna hina nýju stefnu bandalagsins upp á síðkastið, sem er fráhvarf frá hinni hefðbundnu stjórnarandstöðupólitík. Mér fannst eins og hv. þm. hafi stundum runnið örlítið til á línunni þegar komið var að því að deila á útgjaldahlið frv. Það er nefnilega svo, og ég óska Alþb. til hamingju með það, að í nýjustu skrifum þess sem undirbúin voru fyrir fundinn um daginn kemur fram meiri skilningur á því en oftast áður að okkur ber að spara og draga úr útgjöldunum meira að segja í íslenska velferðarkerfinu. Hv. þm. sagði: „Vandinn er ástæðulaus, þetta er heimatilbúinn vandi." (Gripið fram í.) Nú ætla ég að gera dálítið. Ég ætla að taka undir með hv. þm. og segja: Vandinn er kannski ástæðulaus og heimatilbúinn, en hann er orðinn. (**Gripið fram í:** Rétt.) Ef á sínum tíma hefði verið gripið til aðgerða til að koma í veg fyrir það sem gerðist værum við ekki að glíma við þennan vanda nú. Að því leytinu til er hann ástæðulaus. Hann er einnig heimatilbúinn vegna þess að segja má að með meiri fyrirhyggju og ráðdeild hefðum við að verulegu leyti getað hagað okkur öðruvísi í fortíðinni. En við gerðum það ekki. Vandinn er því til staðar og það er ekki hægt að flýja frá honum með því að segja að það hafi á sínum tíma verið ástæðulaust að efna til hans. Sú staðreynd blasir við okkur öllum að vandinn er hérna og við verðum að horfa framan í vandamálin og leysa þau.

Í lok ræðu sinnar minntist hv. þm. á að hún taldi að það vantaði umhyggju og væntumþykju í frv. Það kann vel að vera. Ég býst ekki við því að þeir sem skrifuðu frv. hafi hugsað sér að þeir væru að skrifa góða skáldsögu til þess að kveikja slíkar tilfinningar. En þegar frv. er skoðað kemur glöggt í ljós að kostnaður á einu tilteknu sviði er aukinn. Á hvaða sviði er það? Það er í málefnum fatlaðra. Og það er vegna þess að viðtæk samstaða hefur verið um það, að ég hélt, að þjóðin tæki á í þessum efnum. Ég held að það sé til fyrirmyndar. Það má vera að gengið hafi verið fulllangt í þeim efnum og það kann einnig að vera að ná megi meiri árangri úr þeim fjármunum sem til fatlaðra fara. Þrátt fyrir allan barlóminn, andbyrinn og öll vandamálin höfum við haft þá reisn sem þarf til að gera þetta og þar er ég ekkert að hæla ríkisstjórninni sérstaklega. Þar er ég að hæla hinu háa Alþingi fyrir það að takast á við vandamálið sem víða um heim hefur verið skilið eftir, ekki síst þegar aðstæður eru slæmar. Þetta vildi ég að kæmi fram því að mér finnst þó að í þessu komi fram væntumþykja í garð þeirra sem kannski eru verst settir í okkar þjóðfélagi.

Hv. þm. Jóna Valgerður ræddi m.a. um hallann í fjárlögum og taldi að þær tölur sem kæmu fram í frv. mundu ekki standast og sagði réttilega að ríkisstjórnin hefði í upphafi stefnt að hallalausum fjárlögum. Ríkisstjórnin stefndi í upphafi að því að ná hallalausum fjárlögum fyrir árið 1993. En aðstæður hafa breyst. Ef við skoðum vandlega hvað hefði gerst ef við hefðum ekki tekið tvo milljarða inn á næsta ári, ekki misst tekjurnar vegna samdráttarins og hefðum getað dregið úr útgjöldunum vegna minna atvinnuleysis, t.d. vegna þess að við hefðum verið að byggja álver eins og stóð til þegar þetta markmið var sett, hefðu niðurstöðutölur í fjárlagafrv. fyrir næsta ár verið þær að gjöld og tekjur hefðu staðist á. Þetta er staðreynd sem mjög auðvelt er að sýna fram á. En það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir ákváðu að breyta þessu markmiði vegna þess að ytri aðstæður hafa breyst og við getum auðvitað ekki barið höfðinu við steininn. Við verðum að takast á við vandann eins og hann kemur fyrir hverju sinni.

Hv. þm. spurðist fyrir um gjöld í framhaldsskólum sem eru 80 millj. kr. Ég vil einungis segja að ekki er um ný gjöld að ræða. Hér er verið að færa gjöld í fjár-

lögin sem tekin hafa verið á undanförnum árum. Það má kannski segja að verið sé að samræma fjárlög og ríkisreikning sem ekki hefur áður verið gert í fjárlögum. Áður var þetta framkvæmt með mjög misjöfnum hætti þannig að sumir skólar sýndu sértekjur en aðrir ekki. Hér eru hins vegar ekki á ferðinni skólagjöldin margumræddu og skal ég þó ekki láta undir höfuð leggjast að viðurkenna að ég hefði viljað sjá skólagjöld greidd í framhaldsskólum landsins, 6 þús. kr. á önn. Ég tel að þeim peningum hefði verið mjög vel varið og styð þá tillögu en viðurkenni að það þarf að leita eftir víðtækari samvinnu og samstarfi en nú er til staðar í ríkisstjórnarflokkunum til að ná því fram. Ég útiloka ekki að það geti orðið hluti af því víðtæka samstarfi og samstöðu sem menn eru að tala um þessa stundina. Þetta segi ég vegna þess að frændur okkar á Norðurlöndum hafa einmitt verið að fara þessa leið bæði í menntamálum og í heilbrigðismálum.

Hv. þm. minntist síðan á vegagerð og skerðingu á vegafé. Ég held að menn ættu að hika andartak þegar talað er um mikla skerðingu á vegafé. Þegar menn nota hugtakið skerðingu á vegafé eru menn að bera saman vegáætlun eins og hún var samþykkt fyrir kosningar vorið 1991 og framlög til vegamála. Ef við sleppum hins vegar vegáætlun og skoðun eingöngu þær upphæðir sem lagðar voru til vegamála 1990 og 1991 við hliðina á þeirri upphæð sem fór í ár og fer á næsta ári, kemur í ljós að frá árunum 1991–1993 vaxa framlög til vegamála um hvorki meira né minna en 38%, úr 5,5 milljörðum upp í 7,5 milljarða. En hluti af því skýrist með því að ferjurnar, um það bil 300 millj., fara nú inn í þessa hít og það á að greiða fyrir þann kostnað af tekjustofnum Vegagerðarinnar. (**Gripið fram í:** Sagði ráðherrann hít?) Ráðherra sagði hít við gamla nemandann sinn sem hlustar enn jafn vel og áður.

Þetta þýðir að framlög til vegamála hafa stóraukist í síðari tíð þótt þau nái ekki þeim upphæðum sem eru í vegáætluninni. Það skal fúslega viðurkennt, enda var sú vegáætlun samþykkt rétt fyrir síðustu kosningar og var eins og svo margt sem samþykkt er rétt fyrir kosningar með þeim bjartsýna hætti sem einkennir lánsfjárlög, vegalög og aðrar samþykktir Alþingis á slíkum tímum. (**Gripið fram í:** Það var samþykkt samhljóða.) Það var samþykkt samhljóða, það er hárrétt og þar er enginn undanskilinn, ekki heldur sá sem hér stendur.

Hv. þm. sagði síðan að við ættum val um það hvort við færum sænsku leiðina eða færeysku leiðina. Ég verð að segja að mér finnst sú sænska heldur skárri því að sú færeyska var engin leið. Þar mættu Færeyingar því miður þessum örlögum sínum af því að þeir flutu sofandi að feigðarósi. Við þurfum að koma í veg fyrir að það geti gerst hér.

Hv. þm. Jón Kristjánsson spurðist fyrir um það hvar umræðan um virðisaukaskattinn stæði hjá ríkisstjórnarflokkunum. Þegar gengið var frá frv. til prentunar var sá grunnur lagður af hálfu stjórnarflokkanna að miðað yrði við það að samræma undanþágureglur í virðisaukaskattinum sem þýddi að vissar greinar sem notið hafa þess að fá að draga innskattinn frá mundu ekki njóta þess eftir að viðkomandi frv. um virðisaukaskatt yrði samþykkt í takt við fjárlagafrv.

Nokkru eftir að málið hafði verið skoðað vel vaknaði áhugi á að kynna á nýjan leik nýjar hugmyndir sem fólu það í sér að leggja á nýtt þrep í virðisaukaskattinum á þær greinar sem ekki greiða skattinn í dag, lægra þrep, og leyfa þeim að sjálfsögðu síðan að njóta innskattsins á móti jafnvel þótt hann sé yfirleitt í miklu hærra skattþrepi.

Þessar umræður fara nú fram á milli stjórnarflokkanna í nefnd. Þær hafa ekki verið ræddar aftur í þingflokkum stjórnarflokkanna að því er ég best veit. Þær hafa verið ræddar á milli einstakra þingmanna. Málið er hins vegar, eins og ég sagði í minni framsöguræðu, í biðstöðu vegna þess að það hefur mikla þýðingu fyrir framgöngu málsins hvað verður um þær hugmyndir sem nú eru væntanlega í fæðingu hjá aðilum vinnumarkaðarins.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem fjárlög eru lögð fram án þess að tillögur á tekjuhlið fjárlaga séu fullútbúnar. Það hefur margoft gerst áður eins og ég veit að þeir sem hafa setið í ríkisstjórnum muna.

Hitt er svo annað mál að þetta eru ekki stórkostleg tekjumálefni. Þetta eru ekki mjög háar upphæðir og ég tel enga hættu á því að tekjuáætlun fjárlaga riðlist en tel fulla ástæðu til þess að svara því undandráttarlaust en það er ekki enn fullkomin vissa um það hver lendingin verður.

Ég bendi á, eins og reyndar kom fram í ræðum hv. þm., að samið hefur verið við sveitarfélögin um annan hátt en þann sem að var stefnt. Sú samþykkt ein og sér gefur auðvitað til kynna að ríkisstjórnin hefur áhuga á því að hverfa frá undanþágusamræmingunni. Það er rétt til getið að segja má að þar sé stigið stefnumótandi skref sem gefur til kynna hvert framhaldið kunni að verða.

Varðandi aðstöðugjaldið sem hv. þm. spurðist fyrir um skal frá því sagt að ítarleg skýrsla liggur fyrir um það mál og ég vona að hv. þm. hafi fengið fyrir allnokkru. Enn fremur hefur á grundvelli þeirrar skýrslu starfað nefnd og skilað nefndaráliti sem kynnt hefur verið fyrir atvinnurekendum og sveitarstjórnarmönnum, þ.e. forustumönnum í sveitarstjórnarsambandinu. Mér er kunnugt um að þessar tillögur verða til umræðu á vettvangi Sambands sveitarfélaga síðar í þessari viku.

Ég get ekki að svo stöddu fullyrt hvað verður ofan á í þessum efnum. Aðstöðugjöldin eru tekjustofn sveitarfélaganna en ekki ríkisins og þess vegna er nauðsynlegt að það mál fái úrlausn í samvinnu við og í samráði við sveitarfélögin í landinu. En auðvitað koma til greina ýmsar leiðir t.d. þær að flytja stofninn, þ.e. flytja tekjurnar sem sveitarfélögin fá nú af aðstöðugjaldinu, af fyrirtækjunum yfir á einstaklingana með því að hækka útsvar, eða finna einhvern annan stofn. Nefndar hafa verið nokkrar hugmyndir í því sambandi sem ég tel ástæðulaust að vera að ræða hér, enda veit ég ekki hve mikil alvara er í þeim málum. Þetta er eitt þeirra mála sem nú eru til umræðu hjá aðilum vinnumarkaðarins og í atvinnumálanefnd ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins.

Varðandi samkomulagið við sveitarfélögin sem ég minntist á fyrr í minni ræðu vil ég taka það fram að væntanlegt er lagafrv. um þetta efni. Í því lagafrv. verður gert ráð fyrir því að sveitarstjórnarmenn eigi aðild að ákvörðunum stjórnarinnar þegar fjallað verður um tiltekin málefni og einnig hitt að staðfesting á úthlutun sjóðsins til þessara sérstöku framkvæmda sem nefndar hafa verið til sögunnar verði að leita hjá heilbr.- og trmrh. sem er yfirmaður Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Varðandi þjónustugjöldin vil ég einungis láta það koma fram að þjónustugjöld eru ekki aukin í þessu frv. Það þýðir ekki að núv. fjmrh. sé horfinn frá þeirri stefnu sinni því að hann telur skynsamlegt að auka þjónustugjöld og hef ég fært fjölmörg rök fyrir því en ekki því miður komist nægilega hratt fram í þessu skynsamlega máli. Ég hygg og vona hins vegar að þau mál verði tekin upp ef og þegar víðtækt samkomulag verður gert um ráðstafanir í ríkisfjármálum til þess að tryggja stöðu fyrirtækjanna og stöðugleika í efnahagslífinu. (**ÓÞÞ:** Er það ný nýsköpunarstjórn?) Ég veit ekki hvort hægt er að gefa því samstarfi svo virðulegt nafn að kalla það stjórn. Ég minni hins vegar á að ríkisstjórnin hefur til að mynda fyrr á þessu ári átt gott samstarf við aðila vinnumarkaðarins og tók ákvörðun í tengslum við síðustu kjarasamninga um ýmsa þætti ríkisfjármálanna. Ég tel að nú sé önnur staða komin upp vegna þess að í ljós hefur komið að atvinnu- og efnahagsástandið er lakara en þá var spáð og þess vegna sé full ástæða til þess að taka þessi mál upp við aðila vinnumarkaðarins á nýjan leik. Ég held að mér sé óhætt að segja að það hljóti að vera eðlilegt þegar menn eru að ræða um víðtækt samstarf, samráð og samvinnu um þessi mál.

Varðandi Byggingarsjóð verkamanna vil ég taka það fram að segja má að það sé nokkurs konar þríliða í gangi. Við gerum ráð fyrir því að hinn 1. mars nk. hækki vextir í félagslega íbúðakerfinu. Framlag ríkisins verður óbreytt og ætlunin er að bæta við framlagið, eins og kemur fram í fjárlögum, þeim sparnaði sem næst út úr Húsnæðisstofnun ríkisins og réttilega kom fram hjá hv. þm. Ef sá sparnaður næst ekki fram, þá verða útlánin þeim mun minni og má því búast við að færri íbúðir verði byggðar en áður var ætlað.

Ég vil vegna orða hv. 2. þm. Austurl. um að hann byggist ekki við því að hv. þm. Framsfl. flyttu tillögur til hækkunar og mundu taka þátt í vinnu nefndarinnar af fullum heilindum einungis segja að það tel ég vera mjög mikilsvert og sýna að Framsfl. lítur á þessi mál með þeim hætti að nauðsynlegt sé að tempra útgjöld ríkisins og ná sem mestum árangri með því að draga úr ríkissjóðshallanum.

Virðulegi forseti. Það urðu nokkrar umræður hér á milli tveggja hv. ræðumanna um gengi og gildi gengisfellinga. Ég ætlaði ekki að skipta mér af þeim umræðum en tel þó ástæðu til að minna á að raungengi íslensku krónunnar nú er svipað og meðaltal raungengisins var á sl. áratug. Það sem vekur okkur vonir nú er að verðbólga hér á landi er lægri en í nágranna- og viðskiptalöndunum sem að öllu jöfnu ætti að styrkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Þó ber að geta þess að ef framleiðsla íslensku fyrirtækjanna dregst saman eins og nú gerist í sjávarútvegi þarf til viðbótar að grípa til annarra ráða. Þetta er öllum ljóst. Þess vegna er það sem fjöldi aðila hefur nú bundist samtökum um að finna leiðir til þess að draga úr kostnaði þessara fyrirtækja.

Hv. þm. Ingi Björn Albertsson spurðist fyrir um íþróttir. Því miður get ég ekki svarað honum fullkomlega. Ég vil þó benda á að á bls. 283 í fjárlagafrv. er fjallað um þessa þætti. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Þá er breyting gerð á framsetningu svokallaðra styrkjaliða menntmrn. en það eru fjárlagaliðir þar sem færðir eru styrkir til einstaklinga, samtaka og félaga vegna listastarfsemi, íþrótta- og æskulýðsmála og fleiri þátta. Undanfarin ár hefur viðfangsefnum á styrkjaliðum fjölgað verulega. Engar fastmótaðar reglur hafa gilt um úthlutun fjárveitinga og eftirlit með styrkþegum. Menntmrn. hefur nú í hyggju að setja reglur um styrki af þessu tagi, skýrslugerð styrkþega, reikningsskil o.fl. Reglur þessar verða unnar í samráði við fjárln. Alþingis. Í stað þess að sundurgreina framlög til einstakra verkefna er nú gerð tillaga um heildarfjárveitingu til tiltekinna málaflokka. Undantekning er ef fjárveiting er bundin ákvæðum laga eða sérstakra samninga. Þá er og gerður greinarmunur á almennum rekstrartilfærslum og stofnkostnaðartilfærslum. Heildarfjárhæð styrkjaliða er svo til óbreytt en töluvert er um innbyrðis breytingar þar sem nokkrir liðir hækka en aðrir lækka á móti."

Þetta skýrir uppsetninguna. Þetta skýrir einnig af hverju skákin er tekin út úr. Mér skilst að það sé vegna sérstakra samninga við þá sem stunda skák og standa að þeirri starfsemi. Ég vonast til þess að gott samkomulag náist um það á milli menntmrn. og fjárln. að skipta þessu fjármagni þannig að ekki verði um ágreining að ræða eins og því miður hefur viljað brenna við, ekki einungis á yfirstandandi ári heldur líka stundum áður.

Virðulegi forseti. Ég hef reynt í kannski of löngu máli að gera skil nokkrum þeim atriðum sem hafa komið fram í þessari ágætu umræðu. Það má segja að það hafi ríkt friður í þessari umræðu sem er ekki skrýtið. Margir hv. ræðumenn hafa minnst á að annars staðar sé verið að huga að þessum verkefnum. Ég fyrir mitt leyti fagna því. Ég tel afar nauðsynlegt að sem flestir í þjóðfélaginu komi að þessu verki, hafi skilning á því og sé tilbúnir til að styðja góða niðurstöðu málsins. Ég vona þó að þetta logn sem ríkt hafi hér í dag sé ekki lognið á undan storminum heldur merki um það að hv. þm. vilji gott samstarf um lausn málsins.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka það sem ég hef áður sagt að ég tel að þetta sé heimatilbúinn vandi eða eins og skáldið Þorsteinn frá Hamri sagði miklu fallegar: Heimatilbúið angur.

Í lánsfjárlögum sem hér liggja fyrir er ákvæði í 5.

gr. sem vekur ljúfar minningar. Fyrir tveim árum keypti íslenska ríkið brunarústir og sex fyrrverandi grenitré í Flekkuvík fyrir 108 millj. kr. sem hefði nú kannski mátt nota í eitthvað annað. Í athugasemd með 5. gr. lánsfjárlaga segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vatnsleysustrandarhreppur. Ráðgert er að veita Vatnsleysustrandarhreppi ábyrgð fyrir allt að 55 millj. kr. láni til undirbúningsrannsókna við Flekkuvíkurhöfn á vegum Hafnamálastofnunar ríkisins."

Það má ekki minna vera en að það komi höfn við rústirnar. Og af því að ég hef sterkan grun um að hæstv. ríkisstjórn hafi harla lítið hugmyndaflug en við í Alþb. þeim mun meira, þá ætla ég að gauka að hæstv. ráðherra hugmynd. Væri ekki ráð að koma hugarfóstri hæstv. iðnrh. fyrir á Grundartanga því að þar er höfn? Þar mætti spara ábyrgð á 55 millj. kr. láni til Vatnsleysustrandarhrepps til hafnargerðar við jörðina Flekkuvík sem kostaði 108 millj. kr.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þótt lánsfjárlagafrv. sé ekki til umræðu er það rétt sem kemur fram hjá hv. þm. að í 5. gr. lánsfjárlagafrv. er heimild efnislega eins og hv. þm. lýsti. Reyndar var einnig heimild í lánsfjárlögum yfirstandandi árs. Þetta eru heimildargreinar sem verða notaðar eingöngu ef ástæða þykir til. Við erum í viðbragðsstöðu. Við vonumst satt að segja til þess að til tíðinda dragi. Ég ætla þó ekki að vekja mönnum meiri vonir en ástæða er til þótt ekki væri nema vegna þess að þegar ég skrifaði undir Atlantsál-samninginn fyrst, þá sem iðnrh., 4. júlí 1988, var verð á áli meira en helmingi hærra en það er í dag.

Varðandi staðsetningu álversins skal ég koma þessum skilaboðum til skila en ég hygg að þetta sé samningsatriði á milli aðila. Það er athyglisvert að sú rödd kemur úr Alþb. að gott sé að setja niður álver þótt staðsetningin sé kannski ekki með sama hætti og stundum hefur verið rætt um áður.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að lengja þessa umræðu ekki mjög mikið. Hún hefur, eins og fram kom hjá hæstv. fjmrh., farið fram með nokkurri friðsemd og ég vona að ég gerist ekki neinn óróamaður í þessum orðum mínum. Friðsemdin stafar auðvitað af því að stjórnarandstaðan viðurkennir það í umræðunni að við mikla erfiðleika er að glíma í íslensku þjóðlífi. Það eru erfiðleikar í atvinnulífinu og atvinnuleysið er orðið svo alvarlegt vandamál að allir verða að takast á við að leita lausnar á því. Eini aðilinn sem hingað til hefur lítið kært sig um að leita lausna í því efni er auðvitað hæstv. ríkisstjórn. Það er þess vegna gott til þess að vita sem hæstv. fjmrh. sagði í lokaorðum sínum að mikilvægt væri að allir aðilar hefðu skilning á þeim vanda sem við er að glíma og standi saman um að leysa hann. Það er þá vonandi að hæstv. ríkisstjórn sé komin í þann hóp og átti sig á því.

Ég vil í fyrsta lagi þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann veitti. Það eru aðeins nokkrar athugasemdir, sem hann gerði við ræðu mína, sem ég vil fá að gera að umtalsefni. Hann nefndi m.a. að ég hefði sagt að frv. til fjárlaga fyrir næsta ár væri ótraust og miklir óvissuþættir í því, ekki síður en stundum áður. Hæstv. fjmrh. taldi frv. vera styrkara nú og ýmsum óvissuþáttum hefði verið eytt eða þeim hafði a.m.k. fækkað. En það sem stendur eftir er að tekjuhliðin er algjörlega í uppnámi og það viðurkennir hæstv. ráðherra sjálfur. Það er svo margt óljóst varðandi ákvarðanatöku um skattheimtu, um það hvernig standa eigi að breytingum á virðisaukaskatti sem er ekki minna en 40% af heildartekjum ríkissjóðs á næsta ári. Það hljóta því að vera fleiri óvissuþættir í þessu frv. en oft áður. Það er fyrst og fremst það sem ég setti fram í minni ræðu og ítrekaði að ég efaðist um tilgang þess í raun að fara í ítarlega umræðu um frv. að öðru leyti vegna þess að svona væri háttað.

Hæstv. ráðherra nefndi að þetta væri líklega ekki í fyrsta skiptið sem frv. væri lagt fram með þeim hætti að tekjuhliðin væri ekki að fullu frágengin. Það kann út af fyrir sig að vera rétt að stundum hafi menn átt eftir að leggja fram frv. til staðfestingar á ýmsum smærri sköttum. Ég nefni t.d. gamlan kunningja, skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, sem gott dæmi um að menn hafa þurft að taka mál upp samhliða afgreiðslu fjárlaga ár eftir ár, við sérstakan fögnuð hæstv. núv. fjmrh. þegar hann var óbreyttur þingmaður, ef ég man rétt, þó það kvæði við svolítið annan tón þegar hann mælti fyrir þessum skatti á síðasta ári. (**ÓÞÞ:** Honum mæltist mjög vel.) Ég hygg að óvissan nú sé enn þá meiri en áður og endurtek þá skoðun mína.

Hæstv. ráðherra upplýsti að biðlistar á sjúkrahúsunum hefðu styst en ekki lengst. Ég vona að þetta séu réttar upplýsingar og rengi ekki úttekt landlæknis á þessu máli en það sem ég vitnaði þó til í máli mínu áðan voru fréttir frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri þar sem það er skýrt tekið fram að biðlistar á bæklunardeild hafi lengst nú í u.þ.b. ár. Ég man eftir því fyrir tveimur eða þremur árum voru biðlistar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri hvað þessar aðgerðir varðaði styttri en t.d. á Ríkisspítölunum. Ég gæti trúað að biðtíminn hafi verið u.þ.b. tveir eða þrír mánuðir. Það er vissulega áhyggjuefni ef svo er komið að hér sé orðin árs bið eða meira, ekki síst hvað varðar bæklunaraðgerðir vegna þess að þeir einstaklingar sem bíða eftir slíkum aðgerðum eru auðvitað í mörgum tilfellum óvinnufærir. Þar er vinnuafl sem ekki nýtist og það sem verra er, þeir eru líka oft á tíðum öryrkjar og þiggja greiðslur frá Tryggingastofnuninni. Það þýðir auðvitað viðbótarútgjöld sem væri hægt að losna við ef hægt væri að gera þessar aðgerðir þegar þeirra er þörf.

Ég áskil mér rétt til að skoða þetta mál nánar. Mér er það ljóst að t.d. hjartaaðgerðum hefur verið flýtt með sérstöku samkomulagi milli Ríkisspítalanna og Tryggingastofnunar ríkisins, að sjálfsögðu með samþykki og að tilhlutan hæstv. heilbrrh. og vafalaust hefur hæstv. fjmrh. komið eitthvað að því samkomulagi líka. Því ber að fagna. Ég tel að þar hafi verið stigið skynsamlegt skref og sýnir að okkar heilbrigðisþjónusta getur tekist á við hin flóknustu verkefni og getur

leyst þau bæði fljótt og vel. Ég er viss um að í því er fólginn sparnaður til lengri tíma litið. Það er kannski meira að segja beinn sparnaður þá þegar af því að aðgerðirnar eru ódýrari hér heima en ef senda þarf sjúklingana til útlanda eins og gert er í ýmsum tilfellum. Þannig held ég að hægt sé að leita leiða fyrir heilbrigðisþjónustuna og finna leiðir sem eru ódýrari og hagkvæmari en sú niðurskurðar- og sparnaðarstefna sem þó hefur verið fylgt nú á þessu ári.

Hæstv. ráðherra gerði einnig athugasemdir við ummæli mín um gjaldþrotastefnu hæstv. ríkisstjórnar, aðgerðaleysi hennar í atvinnumálum. Mér fannst hann taka undir sumt af því sem ég var að tala um í minni ræðu. Ég býst ekki við því að neinn stjórnmálaflokkur sé beinlínis með það á stefnuskrá sinni að gera öll fyrirtæki gjaldþrota. Því miður hefur það hins vegar reynst stefna núv. hæstv. ríkisstjórnar. Það hefur orðið stefna hennar í raun vegna aðgerðaleysisins og það voru ekki aðeins mín orð, það voru orð forsvarsmanna úr atvinnulífinu að það væri stefna ríkisstjórnarinnar. Lýst var sérstökum áhyggjum eftir fund sem þessir aðilar áttu með hæstv. forsrh. Það virtist svo sem ríkisstjórnin hafi gert gjaldþrotaleiðina að stefnu sinni. Ég held ég muni þetta nánast orðrétt. Það er auðvitað hægt að fletta þessu upp af því það kom í blaðaviðtölum og fjölmiðlum frá þessum ágætu forsvarsmönnum þegar þeir gengu af fundi hæstv. forsrh. og lýstu vonbrigðum sínum og áhyggjum vegna þess að þetta virtist vera orðin stefna hæstv. ríkisstjórnar.

Vissulega er það rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra, og er það nákvæmlega það sama og ég sagði í minni ræðu, að gjaldþrot bitna auðvitað á skattgreiðendum, gjaldþrot eru engin allsherjarlausn. Vandamálin gufa ekki þar með upp. Við sitjum auðvitað uppi með tapið, skattgreiðendur, gegnum skuldir við hið opinbera og ýmsa sjóði, sem ríkið stendur á bak við, og sparifjáreigendur gegnum bankana og lántakendur með hærri vöxtum af því að bankarnir þurfa að auka sinn vaxtamun til að mæta því tapi sem þeir verða fyrir í gjaldþrotunum. Og svo, eins og ég nefndi áðan, verða einstaklingar, bæði einstaklingar úr atvinnulífinu, verktakar og þjónustuaðilar fyrir miklum áföllum þegar svona gjaldþrotahrina ríður yfir. Mér virðist við hæstv. fjmrh. vera nokkuð sammála um að þetta er óviðunandi ástand sem verður að bregðast við.

Hæstv. ráðherra taldi að ég hefði gefið merka yfirlýsingu varðandi endurskoðun á skattamálum. Ég ítreka það sem ég sagði um það mál og lesa það aftur upp, með leyfi forseta. Ég sagði:

„Við verðum að endurskoða skattastefnuna og leita leiða til þess að létta byrðum af atvinnulífinu en gæta þess jafnframt að sú tilfærsla á sköttum lendi fyrst og fremst á herðum þeirra sem hafa nægjanlega breið bök til að bera. Ég veit að þetta verður ekki auðvelt verk en í það verður að fara."

Ég endurtek þetta hér með og undirstrika það. Þetta eru ekki ný tíðindi. Þetta er bara staðreynd og nauðsynlegt að takast á við það til að mæta þeim vanda sem steðjar að atvinnulífinu. Ég gerði á öðrum stað í ræðu minni grein fyrir því nánar hvernig ég sæi þetta geta gerst og til hvaða ráða væri helst að grípa og ég ætla ekki að endurtaka það hér og nú tímans vegna, enda ekki ástæða til. (**Gripið fram í:** Það væri best að ríkisstjórnin færi frá fyrst.) Verði það svo að ríkisstjórninni takist ekki að skilja ástandið eins og það er nú held ég að væri best að hún færi frá sem allra fyrst. Ég tek undir það sem er kallað framan úr sal. Kannski eru þeir að vitkast og taka öðruvísi á málum en hingað til.

Þá eru aðeins örfá orð um vextina sem ég gerði að umtalsefni og reyndar ekki í fyrsta skipti. Ég gerði það við fjárlagaumræðuna fyrir ári. Þá lýsti ég því yfir að ég teldi að sú vaxtahækkun sem hæstv. ríkisstjórn beitti sér fyrir í upphafi ferils síns hafi verið röng og ég geri það aftur hér, jafnvel þótt hæstv. fjmrh. telji það ótrúlega kokhreysti, ef ég náði því rétt niður eftir honum, að viðhafa slík ummæli hafandi setið í fyrrv. ríkisstjórn.

Mig langar að segja um þetta örfá orð í viðbót. Ég tel að sú vaxtahækkun sem þarna var gripið til hafi verið allt of mikil. Ég vil segja það við hæstv. fjmrh. — ég held ég hafi nefnt það í fyrra líka, þegar við ræddum þetta mál eða hvort það var í umræðunum um bandorminn svokallaða eða í einhverju öðru tilviki þegar efnahagsmál voru til umræðu — að e.t.v. hafi staðan verið sú að nauðsynlegt hafi verið að hnika eitthvað til vöxtum. Ég ætla alls ekki að þvertaka fyrir það. Kannski hefði verið skynsamlegra að gera eitthvað í líkingu við það sem Svíarnir voru að gera og hæstv. ráðherra lýsti áðan þegar þeir til mjög skamms tíma — gott ef það var ekki einn dag eða einn sólarhring, hækkuðu vexti verulega, allt upp í mörg hundruð prósent. Það er auðvitað hægt að gera það til þess að koma í veg fyrir einhverja spákaupmennsku sem gæti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér. Kannski voru það slík viðbrögð sem ríkisstjórnin hefði átt að beita sér fyrir. Ég er ekki svo mikill hagspekingur að ég þori að leggja á það dóm hvort heppilegt sé að grípa til verulegrar vaxtahækkunar um mjög skamman tíma. En að skilja við ástandið eins og raun ber vitni, að hækka allt vaxtastig í landinu um tugi prósenta með ákaflega litlum árangri fyrir sparifjáreigendur og alvarlegum afleiðingum fyrir atvinnulífið er afleitt. Ef hæstv. fjmrh. skoðar það hverjar hafi orðið breytingar á hinum frjálsa sparnaði í landinu þá munar þar ekki stórum upphæðum. Ég held ég muni rétt að frjáls sparnaður á árinu 1990 hafi aukist um 18 milljarða og hafi farið í 20 milljarða kr. á síðasta ári. Þá er það auðvitað nokkur lagfæring en ekki stórkostleg breyting. En hins vegar hefur hinn frjálsi sparnaður samkvæmt upplýsingum í fjárlagafrv. lækkað aftur mjög verulega á þessu ári. Mig minnir að áætlun segi að hann stefni í 14 milljarða kr. Ég er því miður ekki með þetta með mér í ræðupúltinu en þessu er auðvelt að slá upp í greinargerð með fjárlagafrv. þar sem það kemur fram.

Virðulegi forseti. Ég lofaði að lengja þessa umræðu ekki mikið en eitt atriði langar mig að nefna í viðbót. Það er varðandi vegagerðina og þær fjárveitingar sem nú á að verja til að auka vegaframkvæmdir og styrkja atvinnulífið. Mér er auðvitað ljóst, ekki síður en hæstv.

fjmrh., að lántökur þarf að endurgreiða og það er sama hvað við hefðum gert ef ríkisstjórnin hefði, eins og ég nefndi í minni ræðu og lagði til, lagt eitthvað af þessum fjármunum til að viðhalda eldra húsnæði í opinberri eigu með lántökum hefðum við auðvitað á einhverju stigi orðið að greiða þau lán til baka og væntanlega með hærri sköttum ef ekki hefði tekist að lækka önnur útgjöld í staðinn. Ég hafnaði því ekki að þessi endurgreiðsla ætti sér stað af mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar. Ég lýsti aðeins áhyggjum mínum af því það kynni að skapa ný vandamál á þeim tíma þegar að endurgreiðslunni kæmi varðandi þessar sömu framkvæmdir. Ég held það væri ástæða til þess að spyrja hæstv. ráðherra að því hvað ríkisstjórnin hefur hugsað sér varðandi þessar endurgreiðslur. E.t.v. hefur það komið fram. Ég man ekki hvort menn hafa talað um ákveðinn lánstíma og hvort menn tala um endurgreiðslu á ákveðnu árabili strax að loknu þessu þriggja ára tímabili þegar verja á viðbótarfjármunum í atvinnuskapandi framkvæmdir eða hvort það á að taka enn lengri tíma og dreifast t.d. á 10 ár. Þá mundi það auðvitað vera dálítið annað viðhorf. Það er seinni tíma ákvörðun eða getur verið það. Ég er ekki að krefja hæstv. ráðherra um svar við þessu hér og nú, það getur komið fram í fjárlaganefndarvinnunni og til umræðu aftur síðar.

Ég læt þá þessum athugasemdum mínum lokið, virðulegi forseti, en vildi aðeins árétta þetta í framhaldi af þeim athugasemdum sem hæstv. fjmrh. gerði við ræðu mína áðan.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Áður en kemur að hinu eiginlega andsvari vil ég segja um endurgreiðslur að þótt ekki liggi fyrir endanlegar tillögur í þeim efnum finnst mér eðlilegt að líta á að um 10 ára tímabil geti verið að ræða en auðvitað þarf að haga þeim nokkuð eftir fjárfestingarstiginu í landinu. Meira get ég ekki sagt að svo stöddu.

Mitt erindi hingað er að fjalla aðeins um vexti og rifja upp að um það leyti sem núv. ríkisstjórn kom að völdum var því spáð að innlendur sparnaður yrði 24 milljarðar kr. en ekki 36 milljarðar eins og spáð hafði verið af Seðlabankanum haustið 1990 að yrði árið 1991. Eftir að við hækkuðum vextina gjörbreyttist þetta ástand og niðurstaðan varð sú að árið 1991 varð sparnaðurinn 37 milljarðar kr., þar af frjáls sparnaður 20 milljarðar. Í áætlun yfirstandandi árs er gert ráð fyrir að peningalegur sparnaður verði 34 milljarðar kr. og á næsta ári 36 milljarðar. Ég staðhæfi það hér og nú að ástæðan fyrir því að við höfum náð upp sparnaðinum aftur er m.a. og kannski ekki síst vegna þess að við höfðum kjark og þor til að taka þá réttu ákvörðun á sínum tíma, þótt óvinsæl væri, að hækka vextina duglega og koma hlutunum hér í lag.

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Andsvar er ekki langt og ástæðulaust að karpa um þessar tölur. Það liggur fyrir hver niðurstaðan hefur orðið í sambandi við þennan sparnað. Sparnaðurinn er að verulegu leyti kerfisbundinn, þ.e. sparnaður lífeyrissjóðanna. Það er vissulega rétt að áætlun sem gerð var í árslok 1990 um áætlaðan sparnað á árinu 1991 gerði ráð fyrir minni sparnaði en varð niðurstaðan á árinu 1991. En sú spá er auðvitað ekki gerð undir þeim kringumstæðum sem kunna að hafa skapast á vormánuðum eða fyrri hluta árs 1991, heldur er hún gerð um mitt ár eða seinni hluta árs 1990. Og niðurstöðurnar tala sínu máli. Síðan kemur í ljós að áætlað er að þessi sami frjálsi sparnaður minnki verulega í ár, niður í 14 milljarða þrátt fyrir hið háa vaxtastig sem hæstv. fjmrh. telur þó að sé röksemdin fyrir þessum mikla sparnaði.

Ég leyfi mér enn að fullyrða og ítreka það sem ég hef sagt áður að þessi hávaxtastefna hafði alvarlegar afleiðingar fyrir atvinnulífið og á sinn þátt í því hvernig þar er komið nú.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. þm. að það er kannski ástæðulaust að karpa mikið um þessa þætti þegar rætt er um fjárlagafrv. Ég get þó ekki annað en látið það koma fram til viðbótar að vextir hafa lækkað verulega frá því á sama tímabili í fyrra. Ég er með tölur fyrir framan mig sem til að mynda ná til nafnvaxta útlána. Það eru forvextir víxla sem voru 20% á tímabilinu ágúst til október 1991 en eru 11,6% núna. Á almennum skuldabréfum voru vextir 20,9% í fyrra en 12,3% núna. Þetta eru að vísu óverðtryggðir vextir en það er alveg ljóst að um verulega vaxtalækkun er að ræða sem auðvitað skýrir líka minni sparnað af því að inni í sparnaðinum eru auðvitað reiknaðir vextirnir eins og gamall og góður bankamaður veit. Ég veit að hv. þm. þekkir vel til þeirra mála.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

36. FUNDUR

miðvikudaginn 21. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjárlög 1993, stjfrv., 96. mál. þskj. 109. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Flugmálaáætlun og fjáröflun í flugmálum, stjfrv., 111. mál, þskj. 129. — 1. umr.
3. Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, stjfrv., 117. mál, þskj. 137, — 1. umr.
4. Umboðsöluviðskipti, stjfrv., 125. mál, þskj. 145. — 1. umr.
5. Fjarskipti, stjfrv., 138. mál, þskj. 159. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:
Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Össur Skarphéðinsson, 17. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:
Gjald fyrir greiðsluáskorun Húsnæðisstofnunar ríkisins, 152. mál, fsp. GHelg á þskj. 173.
Lækkun húshitunarkostnaðar, 151. mál, þáltill. JHelg o.fl., þskj. 172.

Fjárlög 1993, frh. 1. umr.

Stjfrv., 96. mál. — Þskj. 109.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHelg, GunnB, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, TIO, VS, VE, ÖS.
19 þm. (AÓB, ÁJ, EH, EgJ, GB, GHall, GÁ, HÁ, IBA, ISG, JóhS, KSG, ÓRG, RG, StG, SJS, StB, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárln. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHelg, GunnB, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, TIO, VS, VE, ÖS.
20 þm. (AÓB, ÁJ, EH, EgJ, GB, GHall, GÁ, HÁ, IBA, ISG, JóhS, KSG, KE, ÓRG, RG, StG, SJS, StB, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Flugmálaáætlun og fjáröflun í flugmálum, 1. umr.

Stjfrv., 111. mál (gjald á flugvélaeldsneyti). — Þskj. 129.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):
Hæstv. forseti. Á árinu 1967 fóru fram viðræður milli Íslendinga og Bandaríkjamanna um gagnkvæma niðurfellingu tolla og skatta af eldsneyti og smurningsolíum fyrir flugvélar sem skráðar eru í landi annars samningsaðilans en hafa viðdvöl í landi hins. Viðræðum þessum lauk með gerð milliríkjasamnings í formi skipta á orðsendingum. Tilkynnt var um samninginn með auglýsingu nr. 16/1967, sem hljóðar svo:
„Með orðsendingaskiptum hinn 7. júlí og 16. okt. 1967 var gengið frá samkomulagi stjórnvalda Íslands og Bandaríkja Ameríku um gagnkvæma niðurfellingu gjalda af flugvélaeldsneyti og smurningsolíum.
Gildistaka samkomulagsins miðast við hinn 1. júní 1967.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt."
Framangreindar orðsendingar eru birtar sem fylgiskjöl með frv. þessu, ásamt íslenskri þýðingu. Einnig fylgir orðsending frá 18. maí 1967 sem vitnað er til í fyrri orðsendingunni.
Við setningu laga nr. 31/1987 var talið að 5. gr. laganna bryti ekki í bága við gildandi milliríkjasamninga. (**Forseti:** Forseta finnst vanta dálítið hljóð í salnum á meðan hæstv. ráðherra talar.) Ræðumaður reynir þá að brýna raustina. Greinin hljóðar svo:
„Þeir sem selja flugvélabensín og þotueldsneyti á íslenskum flugvöllum til innanlandsflugs og millilandaflugs skulu greiða af því sérstakt gjald. Gjald þetta skal nema 1,30 kr. af hverjum lítra flugvélabensíns og 0,65 kr. af hverjum lítra þotueldsneytis.
Heimilt er að veita undanþágu frá greiðslu þessa gjalds vegna flugs á skemmri flugleiðum innan sama landsfjóðungs
Eldsneyti til áætlunarflugs á milli Íslands og Norður-Ameríku er undanþegið greiðslu gjalds skv. 1. mgr."
Þetta var 5. gr. laganna. Skv. 3. mgr. 5. gr. er undanþágа frá greiðslu flugvélaeldsneytisgjalds bundin við áætlunarflug. Þetta hefur leitt til þess að innheimt hefur verið gjald af flugvélaeldsneyti sem afgreitt hefur verið til bandarískra flugfélaga þar sem ekkert þeirra er með áætlunarflug milli Íslands og Norður-Ameríku. Bandaríkjamenn hafa með bréfi sendiráðs síns hér á landi, dags. 31. ágúst 1992, mótmælt þessari gjaldtöku og talið hana stríða gegn tilgangi samningsins frá 1967. Bréf sendiráðsins er birt sem fylgiskjal með frv. þessu. Enn fremur hafa átta bandarísk flugfélög krafist endurgreiðslu á gjaldinu og nema þær endurgreiðslur á milli 20 og 30 millj. kr.
Undanþágan í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 31/1987 bendir til þess að Alþingi hafi viljað taka tillit til samningsins frá 1967 en í þeim samningi er hins vegar hvergi sú takmörkun gerð að hann skyldi aðeins ná til áætlunarflugs. Þar segir eingöngu að flugvélar sem skráðar eru í Bandaríkjunum skuli njóta undanþágu frá gjöldum á eldsneyti í tengslum við millilandastarfsemi þeirra.
Því má halda fram að gagnkvæmni sé ekki gætt ef íslensk flugfélög njóta í reynd undanþágu frá gjaldinu á flugvélaeldsneyti en bandarísk ekki. Hætt er við að erfitt reynist að halda fram réttmæti gjaldtökunnar gagnvart bandarískum stjórnvöldum sem hafa fellt niður alríkisskatta á flugvélaeldsneyti til Flugleiða og beitt sér fyrir niðurfellingu fylkisskatta.
Frv. er flutt til að tryggja gagnkvæmni í gjaldtöku gagnvart bandarískum flugfélögum og að gjaldtaka skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 31/1987 sé ætíð í samræmi við

gildandi milliríkjasamninga. Frv. felur enn fremur í sér heimild til að endurgreiða þeim bandarísku flugfélögum sem gert hefur verið að greiða eldsneytisgjald á undanförnum árum. T.d. gæti þurft að ganga úr skugga um að íslenskar flugvélar njóti undanþágu frá gjaldtöku í Bandaríkjunum.

Ég sé ekki ástæðu til, hæstv. forseti, að fara fleiri orðum um þetta frv. en vil beina því til hæstv. samgn. að hraða afgreiðslu málsins. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og samgn.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta frv. efnislega. Ég tel eðlilegt að það sé hér fram komið og að þessum málum sé komið í það horf að þau uppfylli þá samninga og þau skilyrði sem við höfum gengist undir. En það sem fær mig til að koma í ræðustólinn er að það fylgir ekki þessu frv. álit fjmrn. á því hvað þetta kosti. Mig langar til að beina því til hæstv. ráðherra hvort hann hafi hugmynd um hvað það muni kosta að gera þessar skuldir upp og ef hann hefur ekki upplýsingar um það hvenær þær upplýsingar komi til með að liggja fyrir.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Eins og ég gat um áðan er búist við að við séum að tala um á milli 20 og 30 millj. kr. eftir þeim upplýsingum sem ég hef nýjastar um þau efni. En ég hef ekki töluna nákvæmlega eins og hún er í dag. Auðvitað mun samgn. fá fyllstu upplýsingar um þá hlið málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umboðssöluviðskipti, 1. umr.

Stjfrv., 125. mál (EES-reglur). — Þskj. 145.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um umboðssöluviðskipti sem er birt á þskj. 145. Þetta frv. er flutt í tengslum við frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið. Tilgangur þess er að samræma íslenskan rétt ráðstilskipun Evrópubandalagsins frá 18. des. 1986 um samræmingu á lögum aðildarríkja Evrópubandalagsins er varða sjálfstætt starfandi umboðssölumenn.

Ríki Evrópubandalagsins töldu nauðsynlegt að samræma löggjöf ríkjanna um þetta efni einkum vegna hins alþjóðlega eðlis starfa umboðssölumanna í milliríkjaviðskiptum. Þeir stuðla að viðskiptum milli landa og gildir það að sjálfsögðu einnig um umboðssölumenn hér á landi.

Það er engin sérlöggjöf til á Íslandi um þetta efni þótt segja megi að lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7 frá árinu 1936, taki á vissum atriðum varðandi umboð. Að þessu frátöldu má telja þetta frv. til nýmæla í íslenskri löggjöf.

Ég vil benda á að í þessu lagafrv. er það frávik frá tilskipun ráðs Evrópubandalagsins að ákvæði frv. ná ekki bara til sölu á vörum heldur einnig til sölu á þjónustu. Oft er hér um samslungin svið viðskipta að ræða og frjáls viðskipti á báðum sviðum eru meðal grundvallarreglna hins fyrirhugaða Evrópska efnahagssvæðis. Þá er rétt að benda á að í vaxandi mæli er oft erfitt að skilja að viðskipti með þjónustu frá viðskiptum með vörur.

Í þessu frv. er út frá því gengið að frv. geti öðlast gildi sem lög hinn 1. jan. 1993 án tillits til gildistöku EES-samningsins þar sem löggjöf um þetta efni er talin æskileg án tillits til þessa samnings og þess hvort hann hefur þá verið staðfestur. Ákvæði frv. mundu ná til nýrra umboðssölusamninga frá 1. jan. á næsta ári að telja en fram til 1. jan. 1994 yrði ákvæði um eldri samninga breytt til samræmis við þau. Það má ætla að samræmd lagaákvæði treysti á ýmsan hátt hagsmuni umboðssölumanna hér á landi og viðskiptamanna þeirra, en umboðssölumenn starfa sem í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins oftast fyrir erlenda umbjóðendur. Er enda oft undir hælinn lagt að gerðir hafi verið nægilega skýrir samningar á milli aðila um þessi efni.

Ég vík þá að nokkrum atriðum frv. og bendi á að í I. kafla laganna er fjallað um gildissvið og skilgreiningar hugtaka. Þar segir m.a. að lögin skuli gilda um viðskipti í umboðssölu. Umboðssölumaður er hér skilgreindur sem sjálfstætt starfandi milliliður sem hefur varanlega heimild til að semja um kaup eða sölu á vörum eða þjónustu fyrir hönd annars aðila, umbjóðanda, samkvæmt samningi þeirra í milli.

Í II. kafla frv. er fjallað um réttindi og skyldur í umboðssöluviðskiptum. Skulu bæði umboðssölumaður og umbjóðandi koma fram af skyldurækni og heiðarleika gagnvart hinum aðilanum og er þetta síðan nánar útfært. Ákvæði þessa kafla eru ófrávíkjanleg.

Í III. kafla frv. er fjallað um þóknun m.a. hafi ekki verið um hana samið milli aðila.

Í 7.–12. gr. frv. er fjallað sérstaklega um þóknun í formi umboðslauna. Er þar tekið á ýmsum efnisatriðum og má ætla að það sé ekki síst í þágu umboðssölumanns, yfirleitt hins íslenska umboðssölumanns, að kveðið sé skýrt á um umboðslaun, m.a. um gjaldkræfni þeirra og greiðslur.

Þá má benda sérstaklega á að samkvæmt 12. gr. frv. getur umboðssölumaður krafist þess að fá allar upplýsingar vegna viðskipta sem umbjóðandinn býr yfir til að sannreyna að umboðslaun séu rétt reiknuð. Það má nefna að ekki er unnt að víkja frá þessu ákvæði með samningi aðila.

í IV. kafla frv. er svo fjallað um lok og slit umboðssölusamninga. Er þar m.a. vikið að uppsagnarfresti hafi ekki verið um hann samið milli aðila, uppsögn umboðssölusamnings án uppsagnarfrests vegna vanefnda, greiðslu vegna samningsslita og skaðabótakröfur.

Um þessi atriði vil ég vísa, virðulegi forseti, nánar til frv. og greinargerðarinnar sem því fylgir.

Ég legg að lokum til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Þetta mál er eins og mörg önnur sem hafa verið futt í tengslum við staðfestingu á samningnum um Evrópskt efnahagssvæði að við höfum tekið þau öll til ítarlegrar umfjöllunar í efh.- og viðskn. Það hefur verið leitað umsagna um þessi frv. og þær umsagnir hafa gefið tilefni til breytinga og hugleiðinga sem munu koma fram þegar mál þessi koma til afgreiðslu.

Ég tel ekki ástæðu til að fjalla efnislega um þetta mál. Ég tel það betur henta í nefndarstarfi eins og í öllum öðrum málum sem þessu tengjast. Ég vil aðeins taka það fram að hér er um mikið starf að ræða og mikilvægt að nefndirnar hafi góðan tíma. Þær hafa hins vegar, a.m.k. efh.- og viðskn., ekki haft nægilegan tíma til að fjalla um þessi mál og þar af leiðandi mun það ef til vill taka lengri tíma en hæstv. ríkisstjórn hefur reiknað með.

Hins vegar hefur mér þótt koma fram m.a. í máli hæstv. viðskrh. að menn væru á einhvern hátt að reyna að þvælast fyrir þessum málum á Alþingi. Svo er alls ekki. Ég get fullvissað hæstv. viðskrh. um það. Enda höfum við leitast við að vera ekki að fara út í miklar umræður um þau þegar hæstv. viðskrh. hefur mælt fyrir þeim við 1. umr. en reynt þeim mun betur að kynna okkur málið í nefndarstarfinu. Þann hátt tel ég eigi að vera á málinu og þess vegna hefur mér þótt það heldur ómaklegt af hæstv. viðskrh. að láta í það skína að nefndarmenn væru á einhvern hátt að reyna að tefja framgang þessara mála. Svo er alls ekki og það höfum við reynt að sýna hér í umræðum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ég vil lýsa mig algerlega sammála hv. 1. þm. Austurl. um að það sé heppilegt og langheppilegasta vinnuaðferðin að fjalla um þessi viðskiptareglufrumvörp, sem mörg hafa verið lögð fyrir þingið á þessu hausti, í efh.- og viðskn. og eftir atvikum öðrum nefndum sem um þau mál fjalla. Um þetta er ég algerlega sammála hv. þm. og vil að lokum taka það fram að ég er afar þakklátur fyrir það samstarf sem tekist hefur bæði í þinginu og í hv. efh.- og viðskn. um vinnuna við mjög mörg af þessum málum.

Það sem hér var að vikið hjá hv. þm. að ég hefði sakað þingmenn um það að vera að tefja fyrir málum kannast ég ekki við. En hitt er annað að umræðan um samninginn sjálfan, um frv. um hið Evrópska efnahagssvæði og ýmislegt sem því tengist hefur að mínu áliti tekið of mikinn tíma í þinginu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel það mikilvægt sem fram kemur í ræðu hæstv. viðskrh. í framhaldi af orðum hv. 1. þm. Austurl. að hann fellst ekki á þau sjónarmið sem fram hafa komið frá hæstv. utanrrh. varðandi meðferð þessara mála á Alþingi. Hæstv. utanrrh. hefur aftur og aftur síðustu sólarhringa verið að gera tilraun til þess að stofna til illinda á Alþingi með ummælum utan þings um það hvernig haldið hefur verið á málum hins Evrópska efnahagssvæðis í þinginu.

Ég tel að þær tilraunir hans hafi út af fyrir sig ekki tekist. Menn hafa ekki látið það storka sér til þess að setja á verulega málfundi um þessi mál undanfarna daga. En allt um það, þá þykir mér mikils um vert að hæstv. viðskrh. hefur í raun og veru ómerkt yfirlýsingar og árásir hæstv. utanrrh. á stjórnarandstöðuna út af meðferð EES-málanna. Ég tel mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að það liggi fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, 1. umr.

Stjfrv., 117. mál (EES-reglur). — Þskj. 137.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Frv. þetta er lagt fyrir Alþingi vegna fullgildingar samnings um aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Með samþykkt frv. eru lögfestar reglur sem settar eru fram í tilskipun Evrópubandalagsins nr. 77/187, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar. Skv. 8. gr. tilskipunarinnar og með vísan til samnings um Evrópskt efnahagssvæði skulu aðildarríkin setja nauðsynleg lög og stjórnvaldsfyrirmæli til að hrinda markmiðum hennar í framkvæmd.

Þetta frv. er samið af nefnd sem ég skipaði til að undirbúa aðild Íslands að frjálsum atvinnu- og búseturétti á Evrópsku efnahagssvæði. Ég hef áður gert grein fyrir störfum nefndarinnar í tengslum við önnur EES-frumvörp auk þess sem það er rakið í greinargerð með frv.

Efni tilskipunar Evrópubandalagsins nr. 77/187 er ekki að finna í íslenskri löggjöf og slík úrlausnarefni hafa ekki mikið verið á borðum stjórnvalda. Almennt séð hafa lítil takmörk verið fyrir því til hvaða ráðstafana nýir eigendur geta gripið við aðilaskipti að atvinnurekstri hér á landi. Þó þeir verði jafnan að halda sig við gildandi lög og kjarasamninga, þá eru þeir almennt ekki bundnir af sérstökum ráðningarsamningum fyrri eigenda nema þess sé sérstaklega getið í aðilaskiptasamningi.

Með aðilaskiptum er samkvæmt frv. þessu átt við þau tilvik þegar nýr aðili, einstaklingur eða lögaðili, verður lagalega ábyrgur fyrir rekstri fyrirtækis, atvinnurekstrar eða hluta hans. Aðilaskipti geta átt sér stað með framsali kröfuréttinda á grundvelli kaupsamnings sem og leigusamnings. Ákvæði þessa frv. eiga einnig við þegar samruni fyrirtækja á sér stað. Þá er sá möguleiki og fyrir hendi að aðilaskipti geti orðið í öðrum tilvikum, svo sem nauðungarsölu eða uppboð á fyrirtæki. Sú undantekning sem er gerð vegna gjaldþrotaskipta verður að teljast sjálfsögð með hliðsjón af eðli skipta sem þessara.

Breyting á eignaraðild að hlutabréfum hlutafélaga teljast ekki aðilaskipti í merkingu laga þessara þar sem sami lögaðili er eftir sem áður ábyrgur fyrir rekstri fyrirtækisins og þar af leiðandi vinnuveitandi starfsmanna og ber því eðli málsins samkvæmt að standa við gerða ráðningarsamninga.

Meginreglan í þessu frv. er sú að frá og með þeim degi sem aðilaskipti verða tekur nýr atvinnurekandi við öllum réttindum og skyldum sem fyrri atvinnurekandi bar gagnvart starfsmönnum í fyrirtækinu eða atvinnurekstrinum að því er snertir ráðningarkjör, þar með talin áunnin réttindi svo og önnur starfsskilyrði. Þetta gildir um ráðningarkjör gagnvart kjarasamningum svo framarlega sem aðild að kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags sé ekki sagt upp vegna breytinga á eðli eða rekstrarformi fyrirtækisins.

Í því felst að starfsmennirnir eru eftir aðilaskiptin eða samruna ráðnir áfram hjá hinum nýja atvinnurekenda á sömu kjörun og þeir nutu samkvæmt ráðningarsamningi eða kjarasamningi hjá fyrri atvinnurekanda. Þessi réttindi og skyldur haldast án þess að til sérstakra ráðstafana þurfi að koma af hálfu þeirra aðila sem hlut eiga að máli. Þetta gildir eðlilega eingöngu um þá starfsmenn sem eru ráðnir hjá fyrri atvinnurekanda við aðilaskiptin.

Sérstaklega er tekið fram að áunnin réttindi skuli haldast gagnvart hinum nýja aðila. Er þar m.a. átt við orlofs- og veikindarétt starfsmanna, uppsagnarrétt og rétt til starfsaldurshækkana í launum sem starfsmenn hafa áunnið sér samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningi með starfi sínu hjá fyrri atvinnurekanda. Þá breytast ekki heldur skyldur þær er hvíldu á starfsmönnum samkvæmt ráðningarsamningi eða kjarasamningi gagnvart hinum nýja atvinnurekanda við aðilaskiptin.

Samkvæmt frv. geta aðilaskiptin sem slík ekki verið ástæða fyrir uppsögn starfsmanna af hálfu atvinnurekenda, hvorki fyrir né eftir aðilaskipti. Hins vegar er ekki ætlunin að hindra atvinnurekendur alfarið í því að segja starfsmönnum upp vinnu en þegar um slíkt er að ræða verður að vera unnt að rekja þær uppsagnir til efnahagslegra, tæknilegra eða skipulagslegra ástæðna sem hafa í för með sér breytingar á starfsmannahaldi í fyrirtækinu.

Þá er ákvæði um að sé ráðningarsamningi rift, t.d. af starfsmanni vegna þess að aðilaskiptin hafi í för með sér verulegar breytingar á starfsskilyrðum starfsmanni í óhag, skal litið svo á að atvinnurekandi beri ábyrgð á riftun samningsins.

Þegar aðilaskipti verða skal trúnaðarmaður halda réttarstöðu sinni og starfi samkvæmt lögum og samningum að svo miklu leyti sem atvinnureksturinn heldur sjálfstæði sínu. Aðalreglan er því sú að trúnaðarmaður starfsmanna í fyrirtæki heldur bæði réttarstöðu sinni sem slíkur og starfi í samræmi við það sem kveðið er á um í lögum hverju sinni þrátt fyrir aðilaskipti svo framarlega sem eðli atvinnurekstrarins er það sama.

Ef trúnaðarmaður missir umboð sitt vegna aðilaskiptanna skal hann eftir sem áður njóta þeirrar verndar sem lög eða samningar kveða á um. Leiði aðilaskiptin þannig til þess að hann missi umboð sitt, sem m.a. getur átt sér stað í kjölfar skipulagsbreytingar, t.d. við sameiningu starfshópa eða breytingu á störfum, þá skal hann eftir sem áður njóta verndar gegn t.d. uppsögnum, sbr. 11. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Aðilaskipti eða samruna skulu þeir sem hlut eiga að máli tilkynna trúnaðarmanni starfsmanna eða starfsmönnum sjálfum sé trúnaðarmaður ekki fyrir hendi með eins góðum fyrirvara og hægt er og a.m.k. áður en aðilaskipti koma til framkvæmda. Einnig hvílir á sömu aðilum skylda til að upplýsa hlutaðeigandi starfsmenn um ástæður fyrir aðilaskiptunum eða samrunanum. Einnig skulu þeir upplýsa um lagalegar, efnahagslegar og félagslegar afleiðingar aðilaskiptanna fyrir starfsmenn og um allar fyrirhugaðar ráðstafanir vegna starfsmanna.

Ef það liggur fyrir að atvinnurekandi hafi í huga að gera ráðstafanir vegna starfsmanna vegna aðilaskipta eða samruna skal hann hafa samráð við trúnaðarmann starfsmanna eða starfsmennina sjálfa í því skyni að ná samkomulagi um þær. Slíkt samráð skal hafa með góðum fyrirvara og áður en fyrirhugaðar ráðstafanir koma til framkvæmda.

Af þessu má vera ljóst að frv. þetta felur í sér verulegar réttarbætur fyrir launafólk þó mikið ráðist af því hvernig til tekst um framkvæmdina og túlkun einstakra ákvæða.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki ástæða á þessu stigi til að hafa mörg orð um frv. Það verður skoðað í þeirri nefnd sem ég á sæti í þannig að mér gefst tækifæri til að fara ítarlegar yfir efni þess en hér gefst. Ég vildi þó varpa fram spurningum til hæstv. ráðherra.

Í fyrsta lagi hvort nauðsyn beri til að frv. sé tengt Evrópsku efnahagssvæði með eins rækilegum hætti og fram kemur í 1. gr. og gildistökugrein, hvort ekki sé hægt að útbúa efni frv. þannig að það geti staðið sjálfstætt hvort heldur af þessu svæði verður eða ekki.

Í öðru lagi langar mig að spyrja hæstv. ráðherra varðandi 3. mgr. 1. gr. Þar er sérstaklega kveðið á um að lög þessi gildi ekki um haffær skip sem þýðir að ákvæði frv. um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum eiga ekki við þegar um haffært skip er að ræða. Þetta er í annað skipti sem fram kemur sérstaklega að sjómenn eru undanskildir réttindaákvæðum í frv. sem hæstv. félmrh. flytur. Ég minni á ákvæði frv. um hópuppsagnir sem veitir launþegum ákveðin réttindi og ákveðna vernd en þar er rækilega tekið fram að áhafnir skipa eru undanþegnar þeim réttindum án þess að nokkur skýring sé að öðru leyti gefin á því undanþáguákvæði. Í þessu frv. eru heldur engar skýringar gefnar hvers vegna áhafnir haffærra skipa eru undanþegnar réttindaákvæðum þessa frv.

Ég vildi gjarnan fá skýringar hæstv. ráðherra á því hvers vegna sjómannastéttin er sérstaklega undanþegin. Það kunna að vera skýringar á því sem láðst hefur

að geta um í framsöguræðu og greinargerð með frv.

Fleira tel ég ekki ástæðu til, virðulegi forseti, að tína til af efnisatriðum, en ég vek athygli á því að haffær skip geta verið fyrirtæki þannig að aðilaskipti geta farið fram á þeim eins og kveðið er á um í 1. mgr. 1. gr. Því er nauðsynlegt að hafa fullkomnar skýringar á því hvort starfsmenn á haffærum skipum njóti sömu réttinda og aðrir starfsmenn sem frv. nær til. Það kann að vera að slík ákvæði sé að finna annars staðar og verður það þá vonandi upplýst en ég vek athygli á því að það er ekki gerð grein fyrir því í frv.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Varðandi þá spurningu hv. þm. hvort þetta frv. tengist EES-samningnum eða hvort það geti staðið sjálfstætt er því til að svara að þetta er nauðsynlegt frv. varðandi samningana um EES en getur út af fyrir sig einnig staðið sjálfstætt ef ekki væri um EES-samninga að ræða.

Varðandi 1. gr. um að lög þessi gildi ekki um haffær skip, þá er þetta gert á grundvelli alþjóðareglna sem gilda um skip. Þetta er sérákvæði sem flest ríki hafa samþykkt. Eftir því sem ég kemst næst hefur verið álitið að hér sé um íþyngjandi ákvæði að ræða varðandi skiparekstur og gæti falist í því ákveðin hætta að ef slík ákvæði væru inni mundu skip hugsanlega fara að sigla undir öðru flaggi. En fyrst og fremst er hér um alþjóðlegar reglur að ræða sem gilda um skip og sérákvæði sem flest ríki hafa samþykkt.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég skildi ráðherrann svo, svo að það sé ekki uppi misskilningur, að frv. gæti í sjálfu sér staðið sjálfstætt og það er sama niðurstaða og mér sýndist á yfirlestri þess.

Hvað skipin varðar hef ég heyrt þessa skýringu um alþjóðlega samninga en það gildir fyrst og fremst um fraktskip. Frv. er ætlað að gilda hér á landi að öllu leyti og auðvitað mun það gilda einnig um fiskiskip. Ég tel að það verði að skoða undanþáguákvæðið um haffær skip alveg sérstaklega í nefndinni, bæði hvað varðar áhafnir fiskiskipa og áhafnir fraktskipa.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra sé sammála því að þetta atriði verði skoðað rækilega með það að leiðarljósi að gæta að því að réttarstaða sjómanna verði ekki lakari, hvorki í þessu frv. né frv. um hópuppsagnir, en annarra launþega sem fumvörpin ná til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjarskipti, 1. umr.

Stjfrv., 138. mál (EES-reglur, Fjarskiptaeftirlit o.fl.). — Þskj. 159.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um fjarskipti, nr. 73/1984. Frv. er samið af nefnd sem starfaði að endurskoðun á lögum um fjarskipti í heild sem ekki er lokið. Sú nefnd var skipuð hinn 27. apríl sl. og vinnur nefndin nú að heildarendurskoðun laganna. Vegna samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði var hins vegar nauðsynlegt að lögfesta nokkur ákvæði í samræmi við hann.

Með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði hafa EFTA-ríkin, þar á meðal Ísland, fallist á að taka inn í löggjöf sína ýmsar samþykktir Evrópubandalagsins um fjarskipti. Einna mikilvægastar þeirra samþykkta eru tilskipun um samkeppni á sviði fjarskiptaþjónustu, nr. 90/388, og tilskipun um að koma á frjálsum aðgangi að fjarskiptanetum, nr. 90/387. Meginmarkmið þessara samþykkta er að veita íbúum innan hins Evrópska efnahagssvæðis fjölbreyttari og betri fjarskiptaþjónustu á sem hagkvæmustu verði.

Innan Evrópubandalagsins hefur verið unnið markvisst að því að auka samkeppni á sviði fjarskipta allt frá útgáfu svokallaðrar „grænbókar" sem framkvæmdastjórn bandalagsins stóð að á árinu 1987. Í grænbókinni er áætlun bandalagsins um þróun innri markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu lýst og er stefnt að því að hún nái fram að ganga fyrir árslok 1992. Áætlunin tekur ekki til farsíma- og boðkerfis né heldur fjölmiðlunar svo sem hljóðvarps og sjónvarps. Með áætluninni stefnir Evrópubandalagið að því að bæta fjarskipti innan bandalagsins, enda er það talin forsenda fyrir samstilltri þróun atvinnulífs og samkeppnisfærum markaði í bandalaginu, bæði frá sjónarmiði þeirra sem veita þjónustu og þeirra sem njóta hennar. Áætlunin miðar að því að tækniframfarir á sviði fjarskipta komi að fullum notum innan Evrópubandalagsins.

Með samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði ná helstu atriði framangreindrar áætlunar einnig til EFTA-ríkjanna. Frelsi á sviði fjarskiptaþjónustu mun því aukast verulega í þeim ríkjum og á svæðinu öllu. Má búast við að á allra næstu árum muni samkeppni verða innleidd á öllum sviðum fjarskiptaþjónustu nema talsímaþjónustu, farsímum, gervihnattaþjónustu, fjarritun og rekstri grunnetsins. Áðurnefndar tilskipanir Evrópubandalagsins fela auk þess í sér að aðgangur að hinu opinbera neti og þjónustu verði samræmdur innan svæðisins. Raunar má búast við að í framtíðinni muni samkeppni verða innleidd á einhverjum þeirra sviða sem tilskipanir Evrópubandalagsins ná ekki til. Þannig má benda á að þótt einkaréttur á talsímaþjónustu sé viðurkenndur innan Evrópsks efnahagssvæðis má reikna með breytingum í því efni, m.a. með tilkomu samnetsins, ISDN, Integrated Services Digital Network, þar sem ekki verður skilið á milli talsíma- og gagnaflutnings. Þá má gera ráð fyrir að væntanleg löggjöf Evrópubandalagsins muni auka frelsi á sviði farsíma- og gervihnattaþjónustu. Nokkur ríki hafa reyndar nú þegar heimilað fleiri en einum aðila að reka stafrænt fjarsímakerfi, t.d. Þýskaland, Bretland, Frakkland, Noregur, Svíþjóð og Finnland.

Í greinargerð með frv. eru meginreglur um fjarskiptamál innan Evrópska efnahagssvæðisins raktar, en eins og áður segir gera þær það að verkum að nauð-

synlegt er að breyta núgildandi lögum um fjarskipti.

Samkvæmt núgildandi lögum fer Póst- og símamálastofnun með víðtækan einkarétt ríkisins á fjarskiptum og eru undanþáguheimildir fáar. Einkaréttur ríkisins nær þó ekki til notendabúnaðar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að einkaréttur ríkisins verði þrengdur verulega og nái framvegis eingöngu til talsímaþjónustu og til að eiga og reka almennt fjarskiptanet. Önnur þjónusta á sviði fjarskipta verður háð leyfum samgönguráðherra þar sem skilyrði verða að vera hlutlæg, skýr og þannig að gætt sé jafnræðis. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að veita þá þjónustu en verður að uppfylla sömu skilyrði og aðrir. Þá gerir frv. ráð fyrir heimild samgönguráðherra til að setja reglugerð um virðisaukandi þjónustu er tengist hinu almenna fjarskiptaneti og þurfa veitendur slíkrar þjónustu ekki að sækja um sérstakt leyfi enda uppfylli þeir ákvæði reglugerðarinnar. Samkvæmt reglum um frjálsan aðgang að fjarskiptanetum innan EES má ekki mismuna fyrirtækjum eftir þjóðerni heldur verður að tryggja jafnræði þeirra að því er snertir aðgang að fjarskiptaþjónustu. Öll skilyrði verða því að hvíla á hlutlægum, almennum og skýrum grundvelli þar sem tryggt er að ekki sé verið að takmarka samkeppni eða misnota yfirburða stöðu fjarskiptafyrirtækis á tilteknum markaði.

Ákvæði EES-samningsins taka ekki til ákveðinna fjarskipta, en eins og áður var rakið er þar um að ræða fjarrita, farsíma, boðkerfi og gervihnattaþjónustu. Þá ná samþykktir EB ekki til fjölmiðlunar, þ.e. flutnings hljóð- og sjónvarpsefnis í fjarskiptanetum. Ríkjum innan EES er þá í sjálfsvald sett hvort þau viðhalda einkaleyfi er tekur til þeirra þjónustusviða. Í Danmörku var farin sú leið að heimila veitingu einkaleyfa á þessum sviðum, en þó þannig að samgönguráðherra landsins er jafnframt heimilað að opna fyrir samkeppni enda hafi sérstök lög verið sett er heimili samkeppni á viðkomandi sviði. Þessi varnagli er sleginn í samræmi við líkur á því að áfram verði haldið á braut aukins frelsis og samkeppni í fjarskiptaþjónustu innan EB. Í þessu frv. er hins vegar farin sú leið að láta einkarétt ríkisins einvörðungu ná til talsímaþjónustu og hins almenna fjarskiptanets. Framkvæmdin verður þá einfaldari og auðveldara að bregðast við auknum kröfum um samkeppni. Einkaréttur ríkisins verður skýr og vel afmarkaður á þeim sviðum þar sem líklegt er að einkaréttur ríkisins verði viðurkenndur um alllangt skeið innan EES. Á hinn bóginn verður Póst- og símamálastofnun heimilt að veita sérhverja tegund fjarskiptaþjónustu, að uppfylltum sömu skilyrðum og gilda gagnvart öðrum aðilum. Einkaréttur Póst- og símamálastofnunar á framangreindri grunnþjónustu ætti og að nægja til að tryggja fjárhagslegan grundvöll stofnunarinnar þannig að hún geti á hverjum tíma boðið upp á öruggt fjarskiptanet sem er undirstaða samkeppni á öðrum sviðum fjarskipta.

Samkvæmt gildandi lögum um fjarskipti fer Póst- og símamálastofnun bæði með eftirlitshlutverk er varðar fjarskipti og atvinnurekstur. Slík samþætting felur í sér margvíslegar hættur á hagsmunaárekstrum og misnotkun. Með tilkomu EES-samningsins verður nauðsynlegt að greina þarna á milli og því er í frv. gert ráð fyrir því að ný stofnun, Fjarskiptaeftirlit ríkisins, taki við hinu opinbera eftirlitshlutverki sem Póst- og símamálastofnun hefur gegnt fram til þessa. Fjarskiptaeftirlit ríkisins verður sjálfstæð stofnun undir yfirumsjón samgönguráðherra. Reyndar hafa fyrstu skrefin þegar verið stigin í þessa átt með því að sjálfstæði eftirlitsins hefur verið aukið með skipun sérstakrar stjórnar fjarskiptaeftirlits þar sem eiga sæti, auk fulltrúa Póst- og símamálastofnunar, fulltrúar samgönguráðuneytis og notenda þjónustunnar. Frv. felur í sér að Fjarskiptaeftirlit ríkisins annist útgáfu leyfisbréfa, hafi með höndum eftirlit með gerð búnaðar og lögboðuðum tækniforskriftum, úthluti tíðnum og annist önnur slík mál.

Frv. felur þannig í sér að breytingar verði gerðar á þeim ramma sem stjórnvöld hafa sett starfsemi á sviði fjarskiptaþjónustu til samræmis við breytta tíma. Markmiðið er að stuðla að fjölbreyttari fjarskiptaþjónustu á sem lægstu verði en tryggja um leið öryggi þjónustunnar.

Hæstv. forseti. Gert er ráð fyrir því að frv. verði að lögum um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og samgn.

Jóhann Ársælsson:

Virðlegur forseti. Aðeins örfá orð. Ég á sæti í samgn. og fæ þess vegna tækifæri til að fara betur ofan í málið og fá upplýsingar sem er mjög nauðsynlegt að fá. Ég held að þarna sé um verulegar breytingar að ræða sem þarf að skoða vandlega. Einnig þarf að athuga hvort fleiri reglur þurfa að fylgja en hér koma fram. Mig langar samt fyrst að víkja að því sem kemur fram í 5. gr. Það er dálítið almenns eðlis. Þar er verið að tala um það að samgrh. setji reglugerð. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samgrh. setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd fjarskiptamála, eftirlit með þeim og annað er þar að lýtur. Honum er heimilt að setja reglugerðir á sviði fjarskipta að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiða af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu ...“ Það sem mig langar til að segja í þessu sambandi er að ég tel að það þurfi að koma skýrt fram með hvaða hætti hugmyndin er að haga reglugerðarsetningu eftir að EES-samningurinn tekur gildi ef hann þá gerir það. Í öllum lagafrv. sem ég hef séð er meira og minna gert ráð fyrir því að ráðherrar hafi heimildir til að setja reglugerðir á grundvelli samningsins. Það er orðað með þeim hætti að setja reglugerðir sem leiða af samningnum. Þá liggur beint við að spyrja þegar breytingar verða á viðkomandi reglugerðum hjá EB: Þarf sú reglugerðarbreyting að komast til framkvæmda á öllu EES-svæðinu? Þá erum við auðvitað skuldbundnir samkvæmt samningnum til þess, hvað sem hver segir, að láta þessar breytingar koma fram hér. Það er hvergi orðað og hefur hvergi verið gerð grein fyrir því, a.m.k. svo ég hafi heyrt til, með hvaða hætti þetta á að fara fram.

Þetta má skilja, samkvæmt orðanna hljóðan, þannig að ráðherra hafi leyfi til að setja nýjar reglugerðir ef hægt er að rökstyðja að það þurfi að gera það vegna samningsins. Ég tel að það sé óviðunandi aðferð að ráðherra hafi heimild til að breyta reglugerðum án þess það komi til kasta þingsins með einhverjum hætti. Ég tel þess vegna mjög nauðsynlegt að menn ræði það í alvöru með hvaða hætti hugmyndin er að standa að breytingum og reglugerðum eftir að búið er að staðfesta þennan samning ef hann verður staðfestur.

Það er annað sem ég hef áhuga á að vita. Nú virðist andi frv. vera sá að það eigi að gefa öllum jafnan aðgang að þeirri þjónustu sem veitt er á vegum þessa fyrirtækis eða þessarar fjarskiptaþjónustu. Ég veit svo sem að kannski er ekki litið þannig á að ljósleiðarakerfið sé hluti af því, þ.e. það tilheyrir þá frekar fjarskiptakerfinu sem er áfram undir einkaleyfi. En gott og vel. Andinn í frv. er samt sá að allir aðilar eiga að hafa sama rétt á aðgangi að þeirri þjónustu sem veitt er. Því spyr ég: Er sá samningur sem Póstur og sími er búinn að gera við Stöð 2 samrýmanlegur þeim skoðunum? Ég á við að það verður að vera gildandi gjaldskrá sem allir hafa aðgang að, með sama verði ef hægt á að vera að líta á það þannig að verið sé að gera öllum jafnhátt undir höfði. Er það þá meiningin hjá Pósti og síma að gefa öllum tækifæri til viðskipta á sama grundvelli og samið hefur verið um við Stöð 2, t.d. um aðgang að ljósleiðarakerfi? Ég hef áhuga á að vita hvernig hæstv. ráðherra lítur á þetta mál.

Ég vil nefna annað atriði. Það er sú tillaga sem kemur þarna fram um að sett verði upp sérstök eftirlitsstofnun, Fjarskiptaeftirlit ríkisins, sem ég ætla ekki að mótmæla að verði gert en ég vek athygli á því að þarna er á ferðinni allt önnur afstaða en kemur fram t.d. gagnvart sjávarútvegsmálum núna. Þar er lögð áhersla á að ríkið fari út úr eftirlitsþættinum og það á að stofna sérstakar skoðunarstofur. Þær eiga að vera einkafyrirtæki og Ríkismat sjávarafurða á að verða að hlutafélagi og ríkið ætlar sem sagt að losa sig þar út. Hér er það rökstutt með sannfærandi hætti að losa þurfi ríkið undan því, eins og stendur í athugasemdum við frv.:

„Samkvæmt gildandi lögum um fjarskipti fer Póst- og símamálastofnun bæði með eftirlitshlutverk er varðar fjarskipti og atvinnurekstur. Slík samþætting felur í sér margvíslegar hættur á hagsmunaárekstrum og misnotkun."

Í frv. sem við höfum til meðferðar í sjútvn. er gert ráð fyrir að það geti verið sömu eigendur að skoðunarstofunum og reka viðkomandi sjávarútvegsfyrirtæki. Þessar skoðunarstofur eiga að vera með samninga við sína umbjóðendur. Þær hafa það hlutverk að passa upp á að þeir fari eftir reglunum og það eru tillögur þessara skoðunarstofa sem koma til umfjöllunar hjá Fiskistofu, þ.e. hvort viðkomandi á að missa leyfin. Þarna er hver hagsmunaárekstur inn ofan í annan. Ég fagna því að menn skuli ekki ætla að setja upp svipað kerfi hér. En ég vek athygli á því að allt annar skilningur virðist á ferðinni í samgrn. en í sjútvrn. hvað varðar það hvernig haga eigi eftirliti með starfseminni.

Eins og ég sagði áðan ætla ég ekki að fjalla um einstaka þætti málsins. Ég hef ekki kynnt mér það nægilega mikið en ég fæ tækifæri til þess og ætla þess vegna ekki að hafa orð mín fleiri.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég þarf heldur ekki að segja margt um þetta mál á þessu stigi þar sem ég mun fylgjast grannt með málinu í samgn. en þangað hefur ráðherra lagt til að málinu verði vísað.

Það kemur auðvitað fram í greinargerð með þessu frv. að á mörgum sviðum erum við Íslendingar að kokgleypa löggjöf Evrópubandalagsins og sjálfsagt Rómarsáttmálann. Það er einkenni á ráðherrunum þegar þeir flytja þessi EES-mál að þeir verða illskiljanlegir, hinir bestu ræðumenn tafsa tilbreytingarlaust og virðast lítt þekkja efnið.

Það sem vekur athygli mína svona snöggt á litið og ég vildi að ráðherrann útskýrði betur er að mjög er talað um að stofnað verði sérstakt Fjarskiptaeftirlit ríkisins sem virðist eiga að verða hægri hönd ríkisvaldsins og undir handarjaðri samgrh. Í þeim efnum væri fróðlegt við þessa umræðu að heyra hjá ráðherranum hvernig til fjarskiptaeftirlitsins verður stofnað. Er það einhver sérstök nefnd sem skipuð er af ráðherranum eða ríkisstjórn eða er það stofnunin sjálf sem heitið hefur Póstur og sími fram undir þetta? Ég vil að ráðherra skýri þingheimi ögn frá því hvernig til þessa fjarskiptaeftirlits verður stofnað. Ég mun síðan sem einn af samgöngunefndarmönnum fylgjast með þessu máli í samgn.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Fyrri spurningin, sem til mín var beint, vék að því hvort allir mundu fá að njóta sömu þjónustukjara og Stöð 2 varðandi ljósleiðara. Mér er ekki kunnugt um annað en að allir standi jafnfætis gagnvart Pósti og síma að þessu leyti. Ég þekki ekki reglur um að sú stofnun mismuni sínum viðskiptamönnum, hvorki í þessu efni né öðrum, heldur gildi almennar reglur um þjónustu Pósts og síma.

Síðari spurningin sem báðir hv. þm. sem til máls tóku viku að er spurningin um Fjarskiptaeftirlit ríkisins. Ætli það sé ekki þannig í flestum löndum Vestur-Evrópu að búið er að aðgreina eftirlitsþáttinn og rekstrarþáttinn með fjarskiptum, ef svo má að orði kveða. Það er talið óeðlilegt að fyrirtæki eins og Póstur og sími geri hvort tveggja í senn, annast þjónustu og hafa einkarétt á henni sem henni er ákveðið með lögum og líka að Póstur og sími skuli vera eftirlitsaðili með því hvernig sú þjónusta er veitt og hvernig ýmsir viðskiptavinir og samkeppnisaðilar standa að vígi gagnvart þessu fyrirtæki. Þetta er því ekki eingöngu spurning um hið Evrópska efnahagssvæði heldur þróun sem hefur orðið í starfsemi eins og þessari, í Bandaríkjunum og annars staðar. Þegar hefur verið stigið fyrsta skrefið með því að ég hef skipað Fjarskiptaeftirliti ríkisins sjálfstæða stjórn. Í henni eiga sæti, eins og stendur í greinargerð, fulltrúi Póst- og símamálastofnunar, fulltrúi samgrn. og fulltrúi þeirra

sem veita sams konar þjónustu. Þessi aðgreining eftirlitsins og þjónustunnar er einungis tímanna tákn, eðlileg þróun sem ég hygg að allir séu sammála um að sé nauðsynleg um leið og þeim hefur gefist kostur á að ræða við fulltrúa Pósts og síma og aðra þá sem koma að fjarskiptaþjónustu. Ég held að ekki sé ástæða til að hafa um þetta fleiri orð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

37. FUNDUR

fimmtudaginn 22. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til forsætisráðherra:

1. Sveigjanleg starfslok, fsp., 113. mál, þskj. 133.

Til umhverfisráðherra:

2. Samþykktir Ríó-ráðstefnunnar, fsp., 124. mál, þskj. 144.

Sveigjanleg starfslok, ein umr.

Fsp. GÁ, 113. mál. — Þskj. 133.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það mun hafa verið í apríl 1989 að Alþingi samþykkti þál. um að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok. Hæstv. fyrrv. forsrh. mun hafa skipað þessa nefnd á síðustu dögum sem forsrh. Þó kannski væri eðlilegra að spyrja hæstv. félmrh. um þetta mikilvæga mál spyr ég forsrh. um framgang málsins og vænti því að þetta mál fái skjóta úrvinnslu.

Þegar við unnum að þessari þál. nokkrir þingmenn var það í framhaldi af könnun þar sem það hafði komið fram að alger hvíld, hvort sem hún er andleg eða líkamleg, er ekki það sem fullorðið fólk þarf á að halda. Að svipta fólk starfi sínu þegar það er nákvæmlega sjötugt hefur mjög alvarleg áhrif á líkamlega heilsu. Það kom fram í könnun sem gerð var að lyfjanotkun, bæði róandi lyfja og svefnlyfja, margfaldaðist hjá fólki á aldrinum 67–73 ára. Landlæknir fullyrðir að það sé í beinum tengslum við sviptingu starfsréttinda. Það eru auðvitað engin mannréttindi að reka fólk heim úr vinnu sinni eftir margra áratuga dygga þjónustu.

Það kom líka fram í þessari könnun að margt þetta fólk fer síðan í íhlaupavinnu út á vinnumarkaðinn. Þetta hefur gert það að verkum að kostnaður ríkisins margfaldast eins og ég hef bent á vegna lyfjanotkunar og auðvitað hefur þetta valdið mörgum manninum ég vil segja bráðum bana því að sú kynslóð sem nú er um þessar mundir að hverfa úr starfi sínu um sjötugt er kynslóðin sem hefur umskapað Ísland og á það áhugamál fyrst og fremst að duga við vinnu.

Ég held að það væri mjög mikilvægt að gefa kost á sveigjanlegum starfslokum þar sem fólk gæti kannski minnkað við sig störf fyrir sjötugt en haldið starfsréttindum sínum sé heilsan í lagi til 73–74 ára aldurs.

Um þetta fjallaði þál. og mér er forvitni á að vita hvað störfum þessarar nefndar líður og hvenær hæstv. forsrh. býst við að nefndin muni ljúka störfum.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Suðurl. hefur borið fram fsp. um hverjir eiga sæti í nefnd sem skipuð var samkvæmt ályktun Alþingis um sveigjanleg starfslok, hvernig störfum nefndarinnar miðar og hvenær áætlað er að hún ljúki störfum.

Ályktunin sem vitnað var til var samþykkt á Alþingi 13. apríl 1989 og var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd er fái það hlutverk að móta reglur um sveigjanlegri starfslok, t.d. á aldursbilinu 64–74 ára.“

Nefnd þessi var ekki skipuð fyrr en tveimur árum síðar eða í mars 1991. Í nefndina voru skipuð þau Guðmundur Benediktsson, fyrrv. ráðuneytisstjóri, formaður, Barði Friðriksson, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, Guðríður Elíasdóttir, tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands, Björn Jósef Arnviðarson, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga og Ólafur Ólafsson landlæknir.

Nefndin hefur aðeins komið saman einu sinni og mun þá hafa ákveðið að afla ýmissa gagna frá viðkomandi aðilum, svo sem samtökum atvinnurekenda, launþega, lífeyrissjóðum, Félagi eldri borgara, Læknafélagi Íslands og fleirum. Heimtur á umbeðnum gögnum hafa þó ekki verið allt of góðar.

Eins og fram kom hjá fyrirspyrjanda vísuðu flm. til þess að þeir teldu það mannréttindi að fólk héldi starfsréttindum svo lengi sem hæfni, starfsorka og starfslöngun væri fyrir hendi. Það eigi hvorki að vera lögþvingun né einhliða réttur atvinnurekenda að þvinga fólk til að hætta störfum þegar ákveðnu aldursmarki er náð.

Út af fyrir sig er hægt að taka undir það að það er óæskilegt að þeir sem hafa heilsu og vilja til þess að vinna verði að hætta störfum fyrr en þeir kæra sig um. Á hinn bóginn er það býst ég við regla í flestum ef ekki öllum þjóðfélögum að menn setja a.m.k. gagnvart hinu opinbera aldursmörk af þessu tagi. Sums staðar, til að mynda víða á Norðurlöndum, eru þessi aldursmörk miklu lægri. Ég get nefnt sem dæmi að í Finnlandi mun vera miðað við 63 ára aldur.

Hins vegar tel ég að þessi tillaga og sú hugsun sem að baki henni býr sé mikils virði og ég get fyrir mitt leyti sagt að ég sem borgarfulltrúi tók þátt í því á sínum tíma að málin væru unnin hjá Reykjavíkurborg með svipuðum hætti. Þar var nefnd að störfum alllangan tíma. Hún skilaði áliti og niðurstaðan varð síðan sú að þar er önnur skipan á en hér hjá ríkinu. Þar

geta menn fengið að vinna í fullu starfi til 71 árs aldurs en ekki til sjötugs eins og hjá ríkinu. Eftir það geta menn, eins og segir reyndar í ályktun þessara flm. og fyrirspyrjanda, ef heilsa og starfsorka leyfir og aðstæður unnið í hálfu starfi til 74 ára aldurs.

Ég minnist þess vel að þegar þetta var rætt og síðan reyndar ákveðið hjá Reykjavíkurborg voru mörg aðvörunarorð uppi um að þetta mundi geta reynst borginni afar illa. Menn mundu kannski sitja uppi með starfsmenn sem ekki mundu valda sínu hlutverki o.s.frv. Reynslan er ekki sú. Reynslan af þessu hjá borginni hefur eftir því sem ég best þekki til, og ég þekki þar allvel til, verið afskaplega jákvæð og góð.

Af þeim ástæðum vil ég stuðla að því að þessi nefnd vinni vel að sínum störfum og skili áliti ekki síðar en næsta vor. Menn gætu þá í framhaldi af því ef vilji stendur til þess af þingsins hálfu breytt reglum til að mynda eitthvað í þá veru sem gengið hefur hjá Reykjavíkurborg þó að ég sé ekki að segja að það þurfi endilega að vera sú eina forskrift sem rétt sé og dugi.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans og þau viðhorf sem koma fram í hans máli. Ég minnist þess að einmitt það sem hann minntist á hverning þessum reglum var breytt hjá Reykjavíkurborg með góðum árangri kynntum við okkur einmitt þegar unnið var að þessu máli.

Ég vil minnast á þær tölur sem eru svo sláandi um hvernig það fólk sem missir störf sín verður háð lyfjum. Það kom fram í þeirri rannsókn sem ég minntist á að t.d. lyfjanotkun fólks á aldrinum frá 47–66 ára er nokkuð lítil en á aldrinum 67–73 ára eykst neysla taugaróandi lyfja um 35% og svefnlyfja um 80% meðal kvenna. Meðal karlmanna á sama aldri eykst neysla taugaróandi lyfja um 50%.

Þetta eru alvarlegar tölur sem benda til mikillar vanlíðunar þegar líður að starfslokum. Menn segja kannski sem svo: Hvernig dettur mönnum þetta í hug við þær aðstæður sem blasa við í þjóðfélaginu þegar atvinnuleysi vex og samtök hafa verið stofnuð til baráttu fyrir atvinnulausa Íslendinga? Það er mín skoðun að þegar til lengri tíma væri litið og búið væri að móta hin sveigjanlegu starfslok mundi það hafa þau áhrif að fólk mundi byrja að hægja á vinnu sinni og kannski vera í hálfu starfi frá 65 til 73–74 ára.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta en auðvitað harma ég það að nefndin skuli ekki hafa komið saman nema einu sinni. Miðað við þau orð sem hæstv. forsrh. lét falla, þá treysti ég honum til þess að fylgja því eftir að niðurstaða þessarar nefndar liggi sem fyrst fyrir.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég geri ekki lítið úr þeim upplýsingum sem fyrirspyrjandi vitnaði til úr skýrslu landlæknis. Ég hlýt þó að nefna það að sjálfsagt er það svo að breyttar reglur um aukinn sveigjanleika af hálfu atvinnurekenda varðandi starfslok munu einar og sér ekki breyta allri mynd. Í því sambandi tel ég eðlilegt að vitna til þess að ýmsir aðilar svo sem Rauði kross Íslands hafa komið á laggirnar mjög þörfum starfslokanámskeiðum sem fjöldi fólks hefur nýtt sér til þess einmitt að undirbúa sig fyrir þessi miklu umskipti sem fyrirspyrjandi lýsti.

Ég er líka sammála hv. þm. að þrátt fyrir að atvinnuleysi hafi farið vaxandi og muni kannski vaxa nokkuð enn sé ekkert sem mæli gegn því að menn rifji upp þessa tillögu vegna þess að ef við mundum beita þeim rökum værum við að fallast á að sú þróun væri varanleg. Við hljótum að trúa því að svo sé ekki. Þess vegna er full ástæða til þess að ræða mál af þessu tagi eins og hv. fyrirspyrjandi hefur hér vakið upp.

Samþykktir Ríó-ráðstefnunnar, ein umr.

Fsp. EKG, 124. mál. — Þskj. 144.

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Það fer ekki á milli mála að sú merkilega ráðstefna sem haldin var í sumar í Rio de Janeiro um umhverfismál hefur ekki fengið þá eðlilegu umfjöllun hér á landi sem sjálfsagt væri að gera kröfu til. Þær umræður sem fram fóru í sumar í aðdraganda þeirrar ráðstefnu snerust fremur um formið og kostnaðinn en innihald ráðstefnunnar sem þó var afar merkilegt að mínu mati. Núna þegar segja má að rykið sé að byrja að falla, þá eru menn farnir að skoða samþykktir ráðstefnunnar og velta því fyrir sér hvaða þýðingu þær kunna að hafa fyrir einstaka málaflokka m.a. hér á landi. Þess vegna var það og er nokkuð athyglisvert að tveir vestfirskir sjómenn höfðu samband við mig og vöktu athygli mína á því að samþykktir sem gerðar voru í Ríó í sumar og lutu m.a. nýtingu og verndun á sjávarfangi gætu haft nokkra skírskotun eða a.m.k. verið athyglisvert innlegg í þá umræðu sem fram fer hér á landi um stjórnun fiskveiða.

Svo gerðist það núna í haust að fjórðungsþing fiskideildanna á Vestfjörðum gerði sérstaka samþykkt um þetta mál þar sem varpað var fram nokkrum spurningum í þessu sambandi og þessi mál eru einmitt til umræðu á fiskiþingi þessa dagana.

Það sem ég er að vísa til er framkvæmdaáætlun sem var ein þeirra samþykkta sem gerð var á Ríó-ráðstefnunni. Framkvæmdaáætlunin er í fjórum þáttum, 40 tölusettum köflum á um það bil 800 blaðsíðum eftir því sem ég hef fengið upplýsingar um. Þar er tekið á ýmsum framtíðarmálum sem lúta að umhverfismálum og m.a. þeim þætti sem ég hef hér nefnt.

Ég tel þetta hið merkasta og mikilvægasta mál og það sem mestu máli skiptir og er að mínu mati athyglisverðasta innleggið er hinn jákvæði tónn í garð íbúa sjávarbyggða sem þar er gefinn. Í kafla 17, 79 í b-lið er sérstaklega talað um að hafa beri hliðsjón af sérstakri þekkingu og hagsmunum sjávarbyggðanna og fiskimannanna á smábátunum og fólks við sjávarsíðuna þegar stjórnkerfið er sett á laggirnar — í lauslegri efnislegri þýðingu.

Sú spurning hefur m.a. vaknað hjá fólki hvernig fylgt verði eftir — það er fyrri hluti þeirrar fsp. sem ég hef lagt fram — þeim hluta framkvæmdaáætlunar á sviði umhverfismála, áætlunar 21, er tekur til nýtingar og verndunar sjávarfangs og samþykkt var á umhverfisráðstefnunni í Rio de Janeiro í Brasilíu í sumar. Í ljósi þess að mjög er rætt um einstakan rétt íbúa sjávarbyggða er seinni spurningin þessi: Samræmast þær samþykktir íslenskum lögum um stjórnun fiskveiða?

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Framkvæmdaáætlunin sem samþykkt var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun tekur til allra helstu þátta umhverfis- og þróunarmála. Þetta er eins og hv. fyrirspyrjandi réttilega nefndi mikið skjal, 700 blaðsíður og skiptist í 40 kafla. Í umhvrn. er unnið að greinargerð um ráðstefnuna og ég vænti þess að geta kynnt í næsta mánuði. Þar verður skýrt ítarlega frá þeim þáttum áætlunarinnar sem sérstaklega snerta hagsmuni Íslands.

Þessi framkvæmdaáætlun er pólitísk stefnumörkun og ekki lagalega skuldbindandi um einstök atriði. Hún er fyrst og fremst leiðsögn um aðgerðir í átt til sjálfbærrar þróunar og ljóst er að um mörg atriði þarf frekari ákvarðanir bæði að því er varðar alþjóðasamvinnu og aðgerðir einstakra ríkja. Það mun áreiðanlega taka mikinn tíma að koma til framkvæmda þeim fjölmörgu stefnumiðum sem þar er að finna.

Allar samþykktir Ríó-ráðstefnunnar verða lagðar fram á 47. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sem nú stendur yfir. Þess er vænst að þær verði þar staðfestar og sett verði á laggirnar framkvæmdanefnd um sjálfbæra þróun sem samræmi aðgerðir þjóða í anda þessarar áætlunar.

Hvað varðar framkvæmd áætlunarinnar hér á landi, þá mun umhvrn. og stofnanir þess fara yfir áætlunina í einstökum atriðum og gera tillögur sem miða að því að fylgja efni hennar fram í grundvallaratriðum á sem flestum sviðum. Hluti þeirrar vinnu er raunar þegar hafinn í nefnd á vegum ráðuneytisins.

Sá kafli sem fjallar um nýtingu lifandi auðlinda hafsins verður á næstunni tekinn til nánari umfjöllunar í samvinnu umhvrn., sjútvrn. og hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Í því sambandi verður leitast við að tryggja að við stefnumótun og framtíðarnýtingu auðlindanna verði tekið tillit til ákvæða þessarar áætlunar. Ég get nefnt sem dæmi áherslur um að auka nýtingu alls sjávarfangs. Íslensk stjórnvöld vinna að því að framfylgja þessum sjónarmiðum og í því sambandi má nefna reglur sem nýlega hafa tekið gildi um fullnýtingu afla nýrra frystitogara.

Meðal mikilvægra framtíðarverkefna sem samstaða náðist um voru skref í þá átt að vernda fiskstofna vegna ofveiða á úthafinu. Það var ákveðið að boða til alþjóðlegrar ráðstefnu um það efni. Ísland hefur hvatt til þess að boðað verði til hennar þegar á næsta ári. Tel ég mig þá hafa svarað fyrri lið fsp.

Grundvallaratriði þeirrar stefnu sem var samþykkt á umhverfisráðstefnunni varðandi verndun og nýtingu auðlinda er í fullu samræmi við meginstefnu okkar Íslendinga í þessum efnum og íslenska fiskveiðilöggjöf, þ.e. að nýta beri allar auðlindir á skynsamlegan og sjálfbæran hátt. Við Íslendingar tókum virkan þátt í samstarfi við önnur ríki vegna undirbúnings þessarar ráðstefnu, en það verður að segjast eins og er að þau drög að tillögum sem upphaflega bárust og vörðuðu fiskveiðar ollu okkur verulegum áhyggjum. Þar voru í fyrirrúmi það sem kalla mætti andnýtingarsjónarmið og hafa verið nokkuð áberandi í umræðum að undanförnu. Slík sjónarmið eru í andstöðu við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og þar stefndi allt nokkuð í sömu átt, hvort heldur það voru ákvæði um nýtingu einstakra tegunda, notkun veiðarfæra eða veiðiaðferðir almennt.

Sem betur fer tókst að breyta þessari þróun á undirbúningsfundum ráðstefnunnar. Það tel ég að þakka megi góðri samvinnu sem tókst hér heima við undirbúninginn, samstarfi umhv.-, utanr.- og sjútvrn., hagsmunaaðila í sjávarútvegi og annarra sem létu sig málið varða, m.a. fulltrúa Alþingis.

Í framkvæmdaáætlun Ríó-ráðstefnunnar, og það er mikilvægt, er sú meginregla staðfest að allar auðlindir hafsins beri að nýta á skynsamlegan hátt. Að því er varðar nánari stefnumörkun sem fram kemur í framkvæmdaáætluninni má nefna viðleitni til að auka þekkingu á lifandi auðlindum hafsins, nýtingu vannýttra stofna og tegunda, þróun nýrrar tækni, bætta meðhöndlun afla, nýtingu úrgangs, bætta menntun og þjálfun starfsmanna í sjávarútvegi, aukna valhæfni veiðarfæra, aðlögun stærðar fiskiflota að afrakstursgetu stofna og verndun vistkerfis.

Allt eru þetta atriði sem íslensk stjórnvöld stefna að á grundvelli þeirra laga og reglna sem gilda á sjávarútvegssviðinu. Stjórnkerfið sem stuðst er við í dag er í fullu samræmi við markmiðin, enda þótt efast megi kannski um að ákvarðanir hafi alltaf miðast við hagkvæmustu langtímanýtingu fiskstofna. Með þeirri ákvörðun sem tekin var í júní sl. um leyfilegan botnfiskafla á yfirstandandi fiskveiðiári var áreiðanlega farið að ystu mörkum afrakstursgetu stofnanna miðað við núverandi ástand þeirra.

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hefja máls á þessu mikilvæga máli á Alþingi. Ég hafði þá ánægju að vera fulltrúi Alþingis á þessari ráðstefnu og ég held að flest sem þar kom fram og var samþykkt hafi verið í ágætu samræmi við það sem við erum að leitast við að gera hér á landi.

Ég er hins vegar sammála hv. 3. þm. Vestf., hv. fyrirspyrjanda, um það að undirbúningur ráðstefnunnar, ráðstefnan sjálf og síðan það sem á eftir hefur komið hefur ekki hlotið þá umræðu sem skyldi.

Ef marka má framgöngu hæstv. umhvrh. og starfsmanna ráðuneytisins á ráðstefnunni og eins það sem síðan hefur fylgt á eftir held ég að hv. 3. þm. Vestf. þurfi ekki að kvíða því að við verðum eftirbátar annarra í því að fylgja fram samþykktum ráðstefnunnar.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Það sem rekur mig í stólinn er að hæstv. umhvrh. fullyrti að núgildandi kvótakerfi væri í fullu samræmi við þær hugmyndir sem var skrifað undir í Ríó. Ekki get ég séð það. Mér finnst það undarleg túlkun. Hafa menn t.d. gert sér grein fyrir því að ef núgildandi kvótakerfi væri komið á með sama hætti og ætlast er til hefðu smábátarnir, sem minnst var á áðan, orðið að kaupa veiðileyfin af stórútgerðunum á árinu sem er að líða. Þar sem verið er að tala um að vernda heimamið handa smærri útgerðarfyrirtækjum þá samrýmist það ekki því að menn geti keypt og selt aflakvótana eins og gert er í þessu kerfi.

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. skýr og greinargóð svör við fyrirspurnum mínum. Það sem mér finnst standa upp úr er í fyrsta lagi það sem hæstv. ráðherra nefndi, að það nýtingarsjónarmið, sem við Íslendingar höfum ævinlega verið talsmenn fyrir varðandi auðlindina við strendur landsins, varð ofan á. Auðvitað skiptir það mjög miklu máli. En það sem vekur mesta athygli innan lands og hlýtur óhjákvæmilega að verða mjög til umræðu, og sú umræða er raunar hafin nú þegar, er merking þeirra orða að hafa beri hliðsjón af sérstakri þekkingu og hagsmunum sjávarbyggðanna, fiskimannanna á smábátunum og fólks við sjávarsíðuna, þegar stjórnkerfi sé sett á laggirnar. Þetta er auðvitað það sem menn eru að horfa á og sú spurning vaknar með hvaða hætti menn ætla sér að reyna að tryggja þetta markmið. Sú spurning vaknar og hlýtur óhjákvæmilega að verða varpað fram, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði, með hvaða hætti við gerum það t.d. gagnvart eigendum smábátanna eða því fólki sem kann að standa frammi fyrir miklum erfiðleikum vegna fyrirkomulagsins um réttindi til þess að sækja fisk úr sjó.

Annað sem kom líka fram í máli hæstv. ráðherra var áherslan á valhæfni veiðarfæranna. Þetta er auðvitað innlegg í þá umræðu sem ævinlega fer fram um skynsamlega nýtingu hafsbotnsins og skynsamlega nýtingu sjávarfangsins, einkanlega það sem nú hefur verið meira á döfinni en oft áður. Það er spurningin: Hver er þáttur einstakra veiðarfæra í þróun vistkerfisins í sjónum? Það er mál sem var á þessari umhverfisráðstefnu réttilega vakin athygli á og þess vegna tel ég að ástæða sé til að fagna þessari samþykkt og að hún eigi erindi inn í þá miklu umræðu sem fram mun fara um nýtingu auðlinda hafsins.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég vil beina því til hv. 3. þm. Vesturl. að hann kynnti sér þetta mál örlítið betur áður en hann hefur hér uppi stórar fullyrðingar í þeim efnum eins og hann gerði áðan. Ég held að það sé alveg rétt að leggja sérstaka áherslu á að þessi áætlun er pólitísk stefnumörkun. Hún er mjög langt og ítarlegt skjal þar sem verið er að reyna að samræma sjónarmið, taka tillit til allra hagsmuna og þar er margt mjög athyglisvert og þar er líka margt sem má túlka á mismunandi og ólíka vegu. Þessi umræða er rétt að byrja. Það er afar mikilvægt að við Íslendingar tökum þátt í því alþjóðasamstarfi sem fram fer um þessi efni og þá nefni ég sérstaklega þá ráðstefnu sem ég minntist á áðan um veiðar á úthafinu og þær reglur og þann rétt sem þar á að gilda. Við höfum lagt til að það verði boðað fljótt til slíkrar ráðstefnu. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur sem fiskveiðiþjóð að fylgjast með og láta rödd okkar heyrast þar.

Ég nefni líka og tek undir með þeim sem áður hafa talað að auðvitað er það mikilvægasta í þessu öllu, það eru í raun og veru straumhvörfin í þessari umræðu, að nýtingarsjónarmiðin hafa orðið ofan á, þ.e. að nýta skuli með sjálfbærum hætti allar lifandi auðlindir sjávarins sem nýtanlegar eru. Það er mikil breyting frá þeirri umræðu sem áður var þar sem var talað í þá veru að ákveðnar auðlindir, eins og sjávarspendýrin, mætti ekki og ætti ekki að nýta. Það sjónarmið hefur orðið undir og andinn í öllu því sem samþykkt var á umhverfisráðstefnunni í Ríó er sá að það eigi með skynsamlegum hætti að nýta allar auðlindir sjávarins.

38. FUNDUR

fimmtudaginn 22. okt.,
að loknum 37. fundi.

Dagskrá:

1. Safn þjóðminja að Hólum í Hjaltadal, þáltill., 116. mál, þskj. 136. — Fyrri umr.
2. Endurskoðun umferðarlaga, þáltill., 128. mál, þskj. 148. — Fyrri umr.
3. Fréttamaður Ríkisútvarpsins á Vesturlandi, þáltill., 129. mál, þskj. 149. — Fyrri umr.
4. Sala rafmagns til skipa, þáltill., 133. mál, þskj. 153. — Fyrri umr.
5. Íbúðaverð á landsbyggðinni, þáltill., 139. mál, þskj. 160. — Fyrri umr.
6. Málefni aldraðra, frv., 147. mál, þskj. 168. — 1. umr.
7. Verðlagning á raforku, þáltill., 109. mál, þskj. 127. — Fyrri umr.
8. Foreldrafræðsla, þáltill., 114. mál, þskj. 134. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Jón Sigurðsson viðskrh.,
Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.,

Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Útbýting þingskjala:

Friðun Landnáms Ingólfs fyrir lausagöngu búfjár, 156. mál, þáltill. RG o.fl., þskj. 178.

Greiðslufrestur á fasteignalánum vegna fjárhagserfiðleika, 153. mál, frv. KHG og SvG, þskj. 175.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 155. mál, þáltill. FI o.fl., þskj. 177.

Sjóður til að styrkja efnilega íslenska íþróttamenn, 154. mál, frv. IBA o.fl., þskj. 176.

Sala rafmagns til skipa, fyrri umr.

Þáltill. GuðjG o.fl., 133. mál. — Þskj. 153.

Flm. (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um sölu rafmagns, afgangsorku, til skipa í höfnum landsins.

Tillagan, sem er á þskj. 153, var áður flutt á síðasta þingi en fékkst ekki afgreidd og er endurflutt óbreytt.

Flm. ásamt mér eru hv. þm. Sturla Böðvarsson og Árni Johnsen. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að skipa nefnd er hafi það verkefni að gera tillögu um hvernig best verði staðið að sölu rafmagns (afgangsorku eða ótryggrar orku) til skipa í höfnum landsins.

Í nefndinni sitji m.a. fulltrúar Sambands íslenskra rafveitna, Landssambands íslenskra útvegsmanna og Hafnasambands sveitarfélaga."

Eins og fram kemur í greinargerð með þessari þáltill. er helsti tilgangur hennar sá að fá hagsmunaaðila til að gera markaðsátak í þeim tilgangi að minnka verulega keyrslu dísilrafstöðva um borð í skipum í höfnum landsins en nýta í staðinn innlenda orku, framleidda í vatnsorkuverum landsins. Það er margt sem vinnst með slíku markaðsátaki, t.d. betri nýting innlendra raforkuvera en afkastageta þeirra er stórlega vannýtt eins og er. Gjaldeyrir sparast með aukinni notkun innlendrar orku í stað innfluttrar olíu. Mengun minnkar, bæði mengun andrúmslofts og hávaðamengun og væntanlega má með þessu spara útgerðinni verulegan kostnað.

Þessi markaður liggur sérlega vel við umframorku Landsvirkjunar vegna þess hve auðvelt er að grípa til varaafls ef þessa umframorku þrýtur og á ég þá við ljósavélar sem eru að sjálfsögðu til staðar í skipum. Til að ná þessum markaði verður útgerðin að sjá sér hag í þessum viðskiptum. Þess vegna verður orkan að seljast á lægra verði en sem nemur kostnaði við að framleiða orkuna í dísilvél.

Á það má einnig benda að þegar komið er öflugt dreifikerfi á hafnarsvæði má líka nota það til að flytja rafmagn frá skipum í land. Það getur komið sér vel og verið öryggismál, sérstaklega í minni byggðarlögum þegar langvarandi bilanir verða í dreifikerfum rafveitna af völdum veðurs eða vegna annarra orsaka. Slík notkun ljósavéla yrði að sjálfsögðu að fara fram á vegum viðkomandi rafveitu.

Til að lækka verð og auðvelda sölu á landrafmagni til skipa eru ýmsar leiðir. Það þarf að bæta aðstöðu til sölu á landrafmagni í mörgum höfnum landsins og samræma búnað í höfnum svo skip geti notað sama landtengingarbúnað í hvaða höfn sem er. Það þarf að ná samningum við Landsvirkjun um að hún lækki verulega verð á rafmagni sem notað er í þessum tilgangi og mætti semja um að þetta væri svokölluð ótrygg orka, þ.e. afgangsorka.

Eins og ég nefndi fyrr er trúlega enginn markaður betur fallinn fyrir þessa orku en einmitt sala til skipa í höfnum vegna þess hve auðvelt er að stöðva þessa raforkusölu tímabundið og skipta yfir á ljósavélar skipanna. Sá afsláttur sem Landsvirkjun mundi veita í þessum tilgangi yrði greiddur beint til söluaðila að því tilskildu að verðlag til skipa væri innan ákveðinna marka. Það þarf að samræma búnað í höfnum svo skip geti notað sama landtengingarbúnað í hvaða höfn sem er.

Til að afgreiða landrafmagn til skipa þurfa að vera sérstakir spennar um borð í hverju skipi. Þann kostnað sem af því leiðir mætti lækka með sameiginlegum innkaupum margra aðila.

Áhugi útgerðarmanna á að kaupa rafmagn úr landi til skipa í höfnum er ótvíræður ef þessu er sinnt vel af söluaðilum. Sem dæmi um það má nefna þá miklu söluaukningu sem varð á rafmagni til skipa á Akranesi eftir að Rafveita Akraness gerði markaðsátak og stórbætti þjónustuna við höfnina, m.a. með byggingu nýrrar spennistöðvar og lagningu nýrra leiðslna fram allar bryggjur. Þetta nýja kerfi var að fullu tekið í notkun í mars 1991 jafnframt því sem verð orkunnar var lækkað nokkuð og fjórfaldaðist þá salan á rafmagni til skipa. Enn er þó verð orkunnar of hátt og því nota ekki öll stærstu skipin landtengingar en mundu gera það ef hægt væri að lækka verðið enn frekar.

Þessar tölur um söluaukningu sýna þó glöggt þann mikla áhuga sem útgerðarmenn hafa á þessu máli og hve auðveldlega er hægt að gera átak til notkunar á innlendri mengunarlausri orku.

Það er nokkuð óljóst hversu stór þessi markaður er. Óneitanlega þarf talsverða orku til ljósa og upphitunar skipa í höfnum. Ég hef þær upplýsingar frá útgerðarmanni loðnuveiðiskips að skipið noti að jafnaði 25–30 kw afl þegar það liggur í höfn yfir veturinn, að stærstum hluta til upphitunar.

Eitt af hlutverkum þeirrar nefndar sem hér er gerð tillaga um að skipa yrði að kanna hve stór þessi markaður er.

Iðnrn. gekkst fyrir fundi með fulltrúum raforkufyrirtækja og umhvrn. 23. jan. sl. þar sem ræddar voru leiðir til að auka nýtingu raforkukerfisins. Í minnisblaði iðnrn. frá þessum fundi kemur fram að rætt hefur verið um húshitun, sundlaugar, garðyrkju, fiskimjölsverksmiðjur, rafmagn til skipa, m.a. til viðgerða,

samgöngur, fiskeldi og fleira. Um rafmagn til skipa í höfnum landsins segir þar, með leyfi forseta:

„Í Reykjavík og víðast á landinu eiga skip kost á að fá rafmagn frá viðkomandi dreifiveitum. Nokkuð mismunandi útfærsla er á því hvernig salan fer fram, ýmist hafnasjóðir eða rafveitur selja til skipanna. Almennt landrafmagn er lítið notað og kjósa flestir útgerðarmenn að keyra ljósavélar. Í því sambandi má einnig nefna að millilandaskip geta keypt mjög ódýra olíu sem gerir það að verkum að landrafmagn er ekki samkeppnishæft. Bent er á að í sumum skipum væru tæknilegir erfiðleikar við að tengjast landrafmagni. Nefnt var að hugsanlega mætti sporna við notkun ljósavéla í landlegu með því að takmarka heimildir til notkunar þeirra vegna mengunar."

Það er ekki hægt að segja að þarna komi fram mikil bjartsýni á að hægt sé að ná árangri á þessum vettvangi. En skyldi ekki fleirum en mér finnast undarlegt að það sé hagstæðara að kynda skip í höfnum landsins með innfluttri olíu en rafmagni, framleiddu í vatnsorkuverum landsins, á sama tíma og menn trúa því að hægt sé að selja rafmagn frá þessum sömu vatnsorkuverum um sæstreng til sömu landa og selja okkur olíuna?

Það er öllum ljóst að talsvert umframafl er til í vatnsorkuverum Landsvirkjunar og hefur fyrirtækið að sjálfsögðu leitað að nýjum markaði fyrir raforku. Í greinargerð tæknideildar Landsvirkjunar frá 20. jan. sl. segir m.a., með leyfi forseta:

„Þegar gjaldskrá Landsvirkjunar var breytt um áramótin 1990–1991 var m.a. með nýjum skilmálum um ótrygga orku reynt að höfða til þess hluta af orkumarkaðinum innan lands sem enn notar innflutta orkugjafa. Segja má að forgangsorkumarkaðurinn sé mettaður hjá núverandi einstökum notendum en aukning í þeim hluta markaðarins er nær eingöngu vegna nýrra notenda sem tengjast kerfinu. Með því að lækka það aflmark, sem ótrygga orkan miðast við, úr 1 mw í 100 kw. eða 500 mwst., var leitast við að vinna hluta af þeim markaði sem nú er fullnægt með olíu. Einkum var beint sjónum að húshitun, ýmiss konar iðnaði og stærri opinberum byggingum, skólum, sundlaugum og slíku."

Af þessu má sjá að áhugi Landsvirkjunar á aukinni sölu er mikill eins og eðlilegt er og þó að rafmagnssala til skipa í höfnum landsins sé ekki nefnd í þessari greinargerð Landsvirkjunar tel ég víst að öllum tillögum um aukin raforkuviðskipti verði vel tekið á þeim bæ.

Hæstv. forseti. Eins og ég gat um í upphafi máls míns var þessi tillaga flutt á síðasta þingi en komst ekki á dagskrá vegna þess mikla annríkis sem var í þinginu eftir að tillagan kom fram. Áður en ég endurflutti tillöguna lét ég athuga, m.a. hjá Sambandi ísl. rafveitna, í byrjun þessa mánaðar hvort eitthvað hefði gerst í þessu máli síðan í vor og fékk þau svör að svo væri ekki. Síðan frétti ég það í gær að iðnrn. hefði fyrir nokkrum dögum sett á fót starfshóp með Hafnasambandinu til að kanna þetta mál. Ég tel að tillagan sem hér er flutt eigi eftir sem áður fullan rétt á sér, bæði sé það tvímælalaust til bóta að fleiri aðilar eigi fulltrúa í nefndinni og eins leggi ályktun Alþingis aukna áherslu á jákvæða niðurstöðu af starfi nefndarinnar.

Hæstv. forseti. Ég legg til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. iðnn.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég tek til máls til að lýsa yfir stuðningi og fagna sérstaklega þeirri tillögu sem hér liggur fyrir til þál. um sölu rafmagns, afgangsorku, til skipa í höfnum landsins. Þessi tillaga hefði að skaðlausu mátt komast til umræðu og afgreiðslu á síðasta þingi vegna þess að hér er hreyft mjög miklu þjóðþrifamáli sem fyrir löngu ætti að vera komið í höfn og án þess að sérstakan atbeina þingsins þyrfti til. Sannleikurinn er sá að hér er um að ræða svo yfirgnæfandi hagsmunamál allrar íslensku þjóðarinnar og mál sem tengist um leið hagsmunum undirstöðuatvinnugreinar Íslendinga að maður furðar sig á því að ekki skuli hafa verið fyrir löngu búið að koma svo sjálfsögðu réttlætismáli í heila höfn.

Ég tel hins vegar að með þessari þáltill. sé verið að ýta undir það að hægt sé að leysa þetta mál og ljúka því. Það er rétt sem hv. 1. flm. tillögunnar sagði að hæstv. iðnrh. hefur greint frá því að hann sé að láta skoða með hvaða hætti sé hægt að auka raforkusölu til innanlandsnotkunar. Það þarf engan að undra að eitt af því sem menn skoða í þessu sambandi er þessi sjálfsagði, öruggi og góði markaður, landrafmagn til skipa. Það sem hins vegar vekur eftirtekt er að menn skuli yfir höfuð þurfa að skoða það mál fram og til baka og að það skuli þurfa að taka þetta langan tíma. Ég vænti þess að með þessari þáltill. sé alvara málsins undirstrikuð og að við þurfum ekki að bíða eftir því mánuðum, missirum og árum saman að svo sjálfsögðu máli sé lokið.

Til viðbótar við það sem hv. 1. flm. nefndi í sinni ítarlegu ræðu áðan vil ég nefna að það fylgir því líka gríðarlegt hagræði við allt eftirlit á skipum að geta tengt þau við landrafmagn. Það gefur auga leið að þegar verið er að keyra dísilvélar, ljósavélar, þarf aukið eftirlit um borð í skipunum daga og nætur. Það leiðir til kostnaðar. Með því að hafa landrafmagn á eðlilegu, sanngjörnu og lágu verði er hægt að draga úr þessum tilkostnaði. Ef það er eitthvað sem við þurfum á að halda í okkar atvinnulífi núna, sérstaklega í sjávarútveginum, sem býr við svo harða kosti sem raun ber vitni og erfiða gengisskráningu, þá er það auðvitað lækkun tilkostnaðar.

Ég vil svo bæta því við að í ljósi síminnkandi aflaheimilda hefur hafnarlegudögum skipanna auðvitað fjölgað mjög. Kostnaður við að keyra ljósavélar í landi verður því þeim mun stærri hluti af heildarútgjöldum skipanna. Þess vegna má segja sem svo að það sé stór og því miður vaxandi markaður fyrir sölu á hafnarrafmagni til skipa. Því sætir það mjög mikilli undrun hversu hægt gengur og hversu hægt miðar í þessu máli. Ég lýsi því fullum stuðningi mínum við þessa tillögu og vona að hún fái fljóta og skjóta afgreiðslu og hafi þó sérstaklega það hlutverk að ýta við þeim sem þess-

um málum ráða og tryggja að þessu sjálfsagða hagsmunamáli sé hrundið í framkvæmd.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að segja nokkur orð aðeins til að undirstrika stuðning við þessa tillögu. Ég tel að hún sé hin merkasta og henni beri að framfylgja sem allra fyrst, ekki einungis að því er varðar rafmagn til skipa og annars rekstrar í sambandi við sjávarútveg, heldur á auðvitað að nýta alla þá orku, sem við þegar höfum virkjaða og ekki nýtum, á sem allra hagkvæmastan hátt. Jafnvel á að herða á virkjunarframkvæmdum frekar en hið gagnstæða, að draga úr. Við vitum það að málið sem var til umræðu áðan í sambandi við mengun og mengunarvarnir tengist þessu mikilvæga máli. Við megum ekki láta deigan síga þó að menn séu svartsýnir, óþarflega svartsýnir á stundum. Við eigum einmitt að snúa vörn í sókn. Það eru okkar dýrmætustu verðmæti sem við erum nú að ræða um, annars vegar auðlindir sjávarins og hins vegar orkan.

Ég endurtek stuðning við þetta mál og ítreka þá beiðni til þingmanna að þeir hraði framgangi málsins.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Hér er vissulega hreyft athyglisverðu máli og vil ég lýsa eindregnum stuðningi við tillöguna. En ég legg jafnframt áherslu á, eins og fram hefur komið, að athugun málsins er að hluta til í gangi nú þegar á vegum iðnrn. og fleiri aðila. Það breytir ekki því að ég tel rétt að samþykkja þessa tillögu, hún er góð og gagnleg. Ég nefni hér sérstaklega að ef vel tekst til um framkvæmd þessa máls getur það orðið til að draga verulega úr útblæstri koltvísýrings. Við þurfum eins og aðrar þjóðir að gera markvissar ráðstafanir til að draga úr slíkum útblæstri. Við höfum þar að ýmsu leyti þrengra svigrúm en aðrar þjóðir vegna þess að við höfum þegar gert þær ráðstafanir, t.d. að því er varðar upphitun húsa að olíuhitun húsnæðis er nánast úr sögunni. Sá útblástur koltvísýrings sem hér er um að ræða kemur því að mestu frá samgöngutækjum og fiskiskipa- og kaupskipaflotanum. Þar er áreiðanlega svigrúm til að draga verulega úr útblæstri með því að nota rafmagn, sem framleitt er í vatnsorkuverum, í auknum mæli. Þess vegna eiga flutningsmenn þakkir skildar fyrir að hafa tekið þetta mál upp og vonandi verður þessi tillöguflutningur ásamt öðru því sem verið er að gera til þess að unnt verði að draga verulega úr því að ljósavélar skipa séu látnar ganga þegar þau liggja langtímum saman í höfn.

Flm. (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls og lýst stuðningi við þessa tillögu. Ég vil taka undir það með hv. 3. þm. Vestf. að þessu máli hefði mátt hrinda í framkvæmd fyrir löngu en vonandi fær það nú farsælan framgang sem fyrst.

Ég vil líka taka undir það með hv. 4. þm. Reykv. og hæstv. umhvrh. að nái þetta fram að ganga leiðir það að sjálfsögðu til stórminnkaðrar mengunar og það er mjög mikilvægt.

Ég vona svo að á næstunni verði unnið að þessu máli af krafti og að niðurstaðan verði sú að íslensk skip fái notið afgangsorku Landsvirkjunar á viðráðanlegu verði sem fyrst. Ég ítreka þakkir mínar fyrir góðar undirtektir við tillöguna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Safn þjóðminja að Hólum í Hjaltadal, fyrri umr.

Þáltill. TIO og PJ, 116. mál. — Þskj. 136.

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um safn þjóðminja að Hólum í Hjaltadal. Tillagan er 116. mál þingsins á þskj. 136.

Meðflutningsmaður minn að þáltill. er hv. 2. þm. Norðurl. v., Pálmi Jónsson. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa stofnun safns þjóðminja að Hólum í Hjaltadal er verði einkum helgað kirkjusögu Íslands."

Í grg. segir m.a.:

„Tillaga þessi var áður flutt á 115. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú flutt að nýju.

Þingsályktunartillagan miðar að því að efla það merka uppbyggingarstarf sem unnið hefur verið að Hólum í kirkju-, skóla- og menningarmálum. Enn fremur miðar tillagan að því að styrkja uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni, virkja í hennar þágu þann mikla menningaráhuga sem fram kemur í starfsemi minjasafna víða um landið og stuðla jafnframt að markvissari uppbyggingu þessarar starfsemi með því að sérhæfa hana í samræmi við hlutverk og vægi sögustaða."

Þjóðminjar eru meðal verðmætustu menningargilda hverrar þjóðar. Þær veita innsýn í sögu þjóðarinnar, styrkja ímynd hennar jafnt inn á við sem út á við og styrkja samkennd þjóðarinnar. Gripir, sem hafa varðveislugildi fyrir Íslendinga sem þjóð, tengjast mjög gjarnan ákveðnum héruðum eða söguslóðum. Menningargildi þeirra og áhrifamáttur sem sýningargripa styrkist til mikilla muna þegar hægt er að koma því við með góðum móti að sýna þá á þeim stöðum sem tengjast þeim með beinum eða óbeinum hætti, ekki síst ef slíkir staðir eru samofnir meginköflum í sögu þjóðarinnar og eru því í reynd minnismerki um líf og starf hennar. Er í þessu tilliti fulltímabært að leita eftir leiðum til að efla söfn þjóðlegra minja á sögustöðum og styrkja þannig menningarlega áfangastaði þar sem aðstæður leyfa.

Það einkennir mjög íslenskar minjar um liðna tíð hve lítið er þar um byggingar. Ræður þar mestu að varanlegt byggingarefni var illfinnanlegt innan lands og byggingar því forgengilegri hér á landi en víða annars staðar í Evrópu. Byggingar þær sem enn standa og hafa þjóðsögulegt gildi eru því allar fremur ungar á alþjóðlegan mælikvarða. Hóladómkirkja er þannig á al-

þjóðlegan mælikvarða frekar ung bygging en á íslenskan mælikvarða er hún ein merkasta bygging sem er minnisvarði um sögu þjóðarinnar.

Á undangengnum árum og áratugum hefur verið unnið mikið endurreisnarstarf að Hólum á sviði skóla-, kirkju- og menningarmála. Starf Bændaskólans að Hólum hefur eflst og mikil uppbygging orðið á staðnum sem tengist skólanum. Prestar Hólastiftis hafa mjög látið sig varða endurreisn biskupsstóls á Hólum og Skagfirðingar jafnan haft mikinn metnað fyrir hönd Hóla. Hefur vígslubiskupsembættið nú verið bundið Hólastað með lögum. Hólanefnd sú, sem skipuð var 1987, hefur á undanförnum árum haft umsjón með gagngerum endurbótum á Hóladómkirkju og umhverfi hennar. Hefur það starf tekist hið besta að mínu mati. Kirkjan er frá sögu-, menningar- og byggingarfræðilegu sjónarhorni séð merkasta kirkjubygging sem þjóðin á. Prýða hana nú þegar allmargir mjög merkir safngripir. Á staðnum er einnig gamall bær frá 19. öld og vinnur Þjóðminjasafn Íslands nú að endurbyggingu hans.

Á Íslandi er fornminjum víða mikill sómi sýndur og hafa sveitarstjórnir lagt þessum málaflokki lofsvert lið. Allmikið ber þó á því, að minni hyggju, að þessi söfn séu innbyrðis lík að uppbyggingu og ekki hefur verið hugað nægilega að því þar sem þess er kostur að þau gengdu hlutverki sem hefði þjóðlegt gildi fremur en vera bundið við hérað. Leita þarf því leiða til sundurgreiningar og sérhæfingar á þessum söfnum annars vegar og hugsanlega hlutverks einstakra landshluta í vörslu þjóðminja á hinn bóginn.

Meðal þeirra rúmlega 50 minjasafna eða safnígilda, sem starfrækt eru hér á landi, hafa nokkur söfn farið út á braut sérhæfingar. Ég vil í þessu tilliti nefna sérstaklega Nesstofu, sem er raunar deild í Þjóðminjasafninu, en þar er nú hýst lækningaminjasafn. Þá ber að geta þess að Sjóminjasafn Íslands í Hafnarfirði er nýlega orðið deild í Þjóðminjasafninu og má því segja að innan safnsins séu þessi mál í deiglunni nú og því réttur tími til að impra á hugmyndum er varða þróun vörslu þjóðminja á Íslandi.

Þess ber einnig að geta að á meðal þessara rúmlega 50 safna hafa nokkur söfn haft forgöngu um að marka sér sérstakt hlutverk. Ég nefni hér sem dæmi um athyglisvert frumkvæði í þessum efnum minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti. Ég vil einnig geta þess að á svipuðum grundvelli og þessi þáltill. er flutt má nefna safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri við Arnarfjörð. Það er sérhæft safn sem tengist mjög verulega sögu þjóðarinnar og þeim söguslóðum. Ég vil einnig nefna sem athyglisverða nýjung í safnamálum á Íslandi síldarminjasafnið á Siglufirði sem laðar að sér marga ferðamenn og er orðinn merkur áfangastaður í ferðaþjónustu. Sem dæmi um sérhæft safn á Norðurlandi má einnig nefna Nonnahús sem kallar til sín fjölmarga innlenda og ekki síður erlenda ferðamenn. Þannig er þessi þróun hafin og ástæða til að ýta undir hana. Það sem ég vil sérstaklega taka fram er að ástæða er til þess að söfn á landsbyggðinni fái sérstöku hlutverki að gegna í sambandi við vörslu þjóðlegra minja.

Þáltill. sú sem hér er mælt fyrir tengist þróun ferðamála með mjög beinum hætti. Tillagan miðar að því að efla Hóla sem áningarstað fyrir Íslendinga, jafnt þá sem ferðast um landið sér til hvíldar og afþreyingar frá amstri hversdagsins sem og hinna sem láta forvitni og fróðleiksfýsn um hagi landsins og sögu vísa sér veg. Er ekki síst gert ráð fyrir því að safn þjóðminja að Hólum dragi þannig að skólafólk á ýmsum aldri í skipulögðum námsferðum.

Það er samdóma álit þeirra sem reynslu hafa af ferðamálum og þekkingu á því sviði að beinasta leiðin til eflingar ferðaþjónustu almennt sé að leita fyrir sér á heimamarkaði. Erlendir ferðamenn leita síðan í þann farveg sem þjónusta við ferðamenn hefur markað. Hólar sem safn þjóðlegra minja, er vörpuðu sérstöku ljósi á íslenska kirkjusögu, yrðu varða á braut ferðamanna, innlendra sem erlendra, um landið. Slíkum höfuðáfangastöðum á að koma upp víðar og styrkja þannig uppbyggingu ferðaþjónustu um land allt.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að ríkisstjórninni sé falið að undirbúa stofnun þjóðminjasafns að Hólum er verði helgað íslenskri kirkjusögu. Er það gert með tvennt í huga. Annars vegar hefur ríkisstjórn Íslands tekið sameiginlega ákvarðanir sem hafa skipt sköpum um endurreisn Hóla og Hóladómkirkju. Í öðru lagi ber að taka tillit til þess að það mál sem hér er flutt tengist þremur ráðuneytum: kirkjumrn. að því er varðar málefni Hóladómkirkju, landbrn. að því er varðar staðarhald og bændaskóla en menntmrn. að því er þjóðminjar varðar.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri en vísa að öðru leyti til þeirrar greinargerðar sem fylgir þessari tillögu til þál. Ég geri það að tillögu minni að að lokinni fyrri umræðu verði tillögunni vísað til seinni umræðu og hv. menntmn. Alþingis.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun umferðarlaga, fyrri umr.

Þáltill. IP og FI, 128. mál. — Þskj. 148.

Flm. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um endurskoðun umferðarlaga á þskj. 148. Þessi tillaga var flutt á 115. löggjafarþingi en fékkst ekki afgreidd þá. Flm. ásamt mér er Finnur Ingólfsson.

Þessi þáltill. beinist fyrst og fremst að því að draga úr þeim fjölda umferðarslysa sem verða hér á landi á ökumönnum bifhjóla. Þau slys eru margföld miðað við tíðni bifreiðaslysa eða fimmföld sé miðað við fjölda farartækja auk þess sem slys á bifhjólum eru tíðust á mjög ungu fólki og slysin oftar en ekki alvarleg og draga til ævilangrar örorku. Margir foreldrar þekkja þá miklu pressu sem því fylgir þegar unglingur er kominn á þann aldur að mega stjórna bifhjóli og foreldrar finna að sjálfsögðu fyrir því hve litlar kröfur eru raunverulega gerðar til hæfni og þroska hins unga ökumanns sem stýrir fari sínu oftar en ekki meira af kappi

en forsjá. Varnaðarorð foreldra koma oft að litlu gagni. Því þarf að auka þær kröfur sem gerðar eru til ökumanna almennt með aukinni þjálfun fyrir ökupróf. Því ber ég fram eftirfarandi tillögu, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða endurskoðun umferðarlaga, nr. 50/1987, með síðari breytingum, m.a. með eftirfarandi að markmiði:

1. Auka fræðslu og forvarnastarf í skólum."

Þessi þáttur er mikilvægur en sú kennsla sem bæði Umferðaráð og lögregla hefur beitt sér fyrir, bæði í leikskólum og grunnskólum, hefur skilað miklum árangri og verkað jákvætt. En umferðarfræðslu þarf að styrkja enn frekar og e.t.v. verður það best gert með því að svæðisfulltrúar verði skipaðir í hverju fræðsluumdæmi sem skipuleggur umferðarkennslu markvisst. Það er aldrei nógsamlega unnið að því að efla jákvæð viðhorf, t.d. með notkun hvers konar öryggisútbúnaðar í umferðinni. Einnig þarf að skipuleggja fornám fyrir ökupróf sem hafist gæti strax í tíunda bekk grunnskóla. Það mundi tengjast grunnþætti fyrir próf ýmissa ökutækja.

Tilraunir hafa verið gerðar með skipun svokallaðs svæðisfulltrúa á Vesturlandi og einnig á Austurlandi. Á þessum svæðum hefur tekist að efla samband milli skóla og annarra aðila til stuðnings umferðarfræðslu með átaki um bætta umferðaraðstæður skólabarna, m.a. með auknu samstarfi við foreldra og forráðamenn í sveitarfélögum.

„2. Auka og bæta ökukennslu á bifhjól og létt bifhjól til samræmis við þær kröfur sem gerðar eru til undirbúnings ökuprófs á bifreiðum."

Það er langt frá að þarna sé kennsla fullnægjandi og það er mjög algengt að ungt fólk fari út í umferðina á bifhjólum án þess að hafa fullkomin tök á því, bæði á hjólinu sjálfu og almennum umferðarreglum.

„3. Lögfesta skyldu ökumanna og farþega á bifhjólum til að nota hlífðarfatnað."

Þeir sem bifhjóli stjórna eru algjörlega berskjaldaðir ef óhapp hendir og það er nauðsynlegt að gera meiri kröfur til hlífðarfatnaðar en nú er gert. Það getur dregið verulega úr vondum slysum að vera rétt búinn.

„4. Kanna, m.a. í samráði við slysaskráningardeild Borgarspítalans, hvort nauðsynlegt sé að hækka aldursmörk fyrir ökupróf á bifhjól og létt bifhjól með tilliti til mikillar slysatíðni ökumanna og farþega þessara ökutækja."

Á Borgarspítalanum eru nákvæmar slysaskráningar sem segja meira um ástand mála en mörg orð. Þær upplýsingar ættu að nýtast vel við endurskoðun laganna.

„5. Kanna hvort nauðsynlegt sé að skipta bifhjólum í flokka eftir stærð og vélarafli þeirra og áskilja t.d. reynslu eða hærri aldur til að fá ökuleyfi á aflmeiri bifhjól, m.a. með hliðsjón af reglum innan Evrópubandalagsins og í öðrum nágrannalöndum okkar."

Það er ekki óalgengt að sjá 17–18 ára unglinga á mjög aflmiklum bifhjólum og draga má í efa að svo ungt fólk hafi reynslu og burði til að stýra svo aflmiklum farartækjum.

Í grg. með frv. segir m.a.:

„Markmið endurskoðunar umferðarlaga hlýtur m.a. að beinast að því að leitast við að draga úr þeim mikla fjölda umferðarslysa sem ungmenni verða fyrir hér á landi á bifhjólum.

Samkvæmt slysaskráningum er tíðni bifhjólaslysa hlutfallslega hærri en tíðni bifreiðaslysa og bifhjólaslys hafa þá sérstöðu að þar slasast oftast mjög ungt fólk. Samkvæmt könnun á slysadeild Borgarspítalans slösuðust 454 í bifhjólaslysum á þremur árum (1987–1989), eða um 7% slasaðra í umferðarslysum. 77% slasaðra voru á aldrinum 15–24 ára og 20% slasaðra voru 15 ára. Þá voru 58% slasaðra á aldrinum 15–19 ára sem sýnir glöggt að úrbóta er þörf til að draga úr slysatíðni í þessum aldurshóp. Á árunum 1981 og 1990 létust 15 ungmenni í bifhjólaslysum.

Tíðni bifhjólaslysa er margföld miðað við tíðni bifreiðaslysa eða um fimmföld sé miðað við fjölda farartækja, eða 92 slys á hver 1.000 bifhjól á móti 19 slysum á hverjar 1.000 bifreiðar. Tíðni bifhjólaslysanna er því 9,2% af fjölda hjólanna og er það uggvænleg tala.

Vitað er með vissu að aðeins 13% slysa á bifhjólum á árunum 1987–1989 urðu í vinnutíma og bendir það til að bifhjól, bæði létt og þung, séu notuð sem leiktæki. Því virðist sem kapp, lífsorka og hraðafíkn unglinga á aldrinum 15–20 ára fari illa saman við þau öflugu farartæki sem þeim standa til boða. Einnig má ráða af þessum tölum að ökukennslu á bifhjól, bæði létt og þung, sé verulega ábótavant og er mjög brýnt að bæta þar úr.

Flestir geta verið sammála um að aukin og lengd ökukennsla sé grunnurinn að bættri umferðarmenningu og fækkun slysa. Því er vert að fagna sérstaklega þeim tillögum sem fram hafa komið um bætta og aukna ökukennslu og skora á Umferðarráð, sem væntanlega tekur innan tíðar við skipulagningu umferðarkennslu, að auka og lengja ökunám til að nemendur fái í námi að takast á við sem fjölbreyttastar aðstæður við akstur."

Virðulegi forseti. Ég tel að þessum málum sé aldrei nægur gaumur gefinn og ég vona að þessi tillaga verði tekin til greina við endurskoðun umferðarlaga. Að svo mæltu og að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. allshn.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem hér aðeins til að taka undir þá tillögu sem hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir flytur í annað sinn. Þegar þau umferðarlög sem nú eru í gildi voru samþykkt 1987 kom fram eindregin ósk ýmissa nefndarmanna í hv. allshn. um það að þessi breyting væri tekin inn í lögin. Það fékkst ekki en hins vegar undirrituðu ýmsir nefndarmenn nál. með þeim fyrirvara að þessi endurskoðun færi fram og þessi þáttur yrði sérstaklega tekinn til skoðunar. Þar á meðal var hv. þm. Guðrún Helgadóttir. Þetta ætti því að verða auðfengið því flestir þeir þingmenn sem stóðu að því nál. eru að ég held enn á þingi í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fréttamaður Ríkisútvarpsins á Vesturlandi, fyrri umr.

Þáltill. IP o.fl., 129. mál. — Þskj. 149.

Flm. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. á þskj. 149 um fréttastofu Ríkisútvarpsins á Vesturlandi. Flm. með mér eru Jóhann Ársælsson, Guðjón Guðmundsson og Sturla Böðvarsson.

Með leyfi forseta er tillagan svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á menntmrh. að hlutast til um að Ríkisútvarpið ráði til starfa fréttamann til öflunar frétta fyrir fréttastofu Ríkisútvarpsins og úrvinnslu á fréttatengdu efni frá Vesturlandi fyrir báðar rásir hljóðvarps og sjónvarp. Fréttamaðurinn starfi með fréttariturum útvarps og sjónvarps á Vesturlandi þegar því verður við komið."

Í grg. segir:

„Tillaga þessi var flutt á 115. löggjafarþingi en fékkst ekki afgreidd. Er hún því endurflutt nú nánast óbreytt.

Í útvarpi allra landsmanna gera menn kröfu til að njóta svipaðrar þjónustu og hlustunarskilyrða hvar sem þeir búa á landinu. Í ár eru liðin 11 ár frá því að svæðisútvarp á Akureyri tók til starfa og síðan hefur bæst við svæðisútvarp á Austfjörðum og Vestfjörðum.

Enginn vafi leikur á að með tilkomu svæðisútvarps í þessum landshlutum tengjast byggðir betur innbyrðis auk þess sem dagskrárgerðin verður fjölbreyttari og höfðar betur til hlustenda víðs vegar um landið með landshlutatengdu efni. Enn fremur eykur það skilning landsmanna á því hvað er að gerast á landinu öllu.

Svæðisútvarp á vegum Ríkisútvarpsins, sem er nú starfrækt á Vestfjörðum, Austfjörðum og Akureyri, hefur fyrir löngu sannað ágæti sitt. Það fyllir út í aðaldagskrá Ríkisútvarpsins, bæði með almennu útvarpsefni, fréttum eða fréttatengdum þáttum. Á því er enginn vafi að landshlutatengt efni frá svæðisútvarpsstöðvunum bætir mjög dagskrá útvarpsins.

Í þeim landshlutum, sem ekki hafa enn notið þessarar þjónustu eða aðstöðu til að bæta dagskrána, finnst notendum Ríkisútvarpsins þeir vera nokkuð afskiptir. Á þessu þyrfti að verða breyting. Menntmrh. hefur lýst því yfir á Alþingi að ekki sé fyrirhugað að fjölga svæðisútvarpsstöðvum í bráð vegna fjárskorts þótt það sé á stefnuskrá Ríkisútvarpsins. Í staðinn þyrfti að ná því marki í minni áföngum. Fyrir Vesturland, sem hefur verið afskipt á þessu sviði, væri það nokkur áfangi ef Ríkisútvarpið réði til starfa fréttamann með búsetu og starfsaðstöðu í landshlutanum sem annaðist öflun frétta og úrvinnslu á fréttatengdu efni frá Vesturlandi fyrir báðar rásir hljóðvarps. Fréttaritarar útvarps og sjónvarps á svæðinu hafa misjafna aðstöðu til að leggja vinnu í fréttaöflun, fréttamaður útvarpsins þar gæti aðstoðað þá og því ekki aðeins bætt tengsl útvarpsins við Vesturland með beinni fréttamennsku heldur einnig styrkt þá starfsemi útvarpsins sem þegar er fyrir hendi.

Íbúar á Vesturlandi telja sig eiga rétt á því að fá svipaða þjónustu frá Ríkisútvarpinu og íbúar annarra landshluta. Á meðan vinnsla frétta og dagskrárefnis er ekki svipuð í öllum landshlutum skortir nokkuð á að aðstaða landsmanna í þessu efni sé jöfn."

Virðulegi forseti. Þessi tillaga um fréttamann Ríkisútvarpsins á Vesturlandi er ekki fjárfrek tillaga. Vonast ég því til að hún verði litin jákvæðum augum og fái hraða meðferð í hv. menntmn. en það er tillaga mín að vísa henni þangað að lokinni umræðu um hana.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Sem einn af þingmönnum Vestlendinga lýsi ég fullum stuðningi við tillöguna. Enda þótt ég sé ekki af eðlilegum ástæðum einn flm. lýsi ég fullum stuðningi við efni tillögunnar. Ég held að sú þróun sem átt hefur sér stað á undanförnum árum að starfsemi Ríkisútvarpsins hefur með ýmsum hætti verið færð meira út á landsbyggðina og henni dreift meira sé af hinu góða. Það er svo sem eðlilegt og skiljanlegt að ekki sé hægt að koma upp föstu svæðisútvarpi á eins mörgum svæðum og æskilegt væri jafnfljótt og menn telja brýnt. Hefði ég þó talið að það væri athugunarefni hvort Ríkisútvarpið gæti ekki hagrætt í sínum rekstri og raðað verkefnum með þeim hætti að það mætti koma við svæðisútvarpi á Vesturlandi.

Mér fyndist það hefði mátt gera ráð fyrir því í tillögunni að leitast væri við að koma málum í þann farveg vegna þess að það væri auðvitað það æskilega því reynslan af starfsemi svæðisútvarps hygg ég að sé hvarvetna góð. En auðvitað gerist þetta ekki allt í einu og menn þurfa kannski að hafa svolitla biðlund.

Ríkisútvarpið er sá fjölmiðill sem tengir alla þjóðina saman og þó að útbreiðsla annarra ljósvakamiðla hafi aukist nokkuð skortir samt verulega á að þeir nái jafnvíða og Ríkisútvarpið og munu væntanlega ekki gera það alveg á næstunni vegna þess að því fylgir meiri kostnaður en líklegt er að þeir vilji leggja í á þessu stigi.

Ég lýsi fullum stuðningi við þessa tillögu og vona að efnslega fái hún góða og jákvæða afgreiðslu.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem hér aftur til að lýsa yfir stuðningi við tillögu sem hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir er 1. flm. að. Það ætti að vera sjálfsagt mál að allir landsmenn njóti svipaðrar þjónustu Ríkisútvarpsins hvar sem er á landinu. Eins og fram kom hjá hv. 1. flm. er svæðisútvarp með föstu starfsfólki starfandi á Vestfjörðum, Austfjörðum og Norðurlandi. Vesturland, Reykjanes og Suðurland njóta hins vegar ekki þessarar þjónustu. Ég hef lagt fram svipaða tillögu um fastráðningu fréttamanns og svæðisútvarp á Suðurlandi sem nú þegar hefur verið afgreidd til hv. menntmn. þar sem ég reikna með að þessar tillögur verða ræddar saman. Allir landsmenn greiða sömu afnotagjöld fyrir þjónustu Ríkisútvarps og sjónvarps og eiga því rétt á sömu þjónustunni og því ætti maður að geta átt von á að hv. þm. styðji framgang þessara tillagna.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Ég er einn flm. tillögunnar og vil

bæta við örfáum orðum. Ég tel að það þurfi einmitt að gerast að Ríkisútvarpið verði útvarp allra landsmanna með sem líkustum hætti hvar sem er á landinu. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að svipuð fréttaþjónusta verði frá öllum landsvæðunum.

Það er kannski fleira sem þarf að skoða hjá Ríkisútvarpinu. Mér dettur í hug kostnaðurinn af því taka þátt í starfsemi Ríkisútvarpsins. Það er t.d. þessi nýja sveitalína sem búið er að opna og hefur verið mjög í tísku undanfarið, Þjóðarsálin. Það er búið að endurvekja sveitasímann og landsmenn hringja langtímum saman í útvarpið og tala yfir þjóðinni. Þetta kostar miklu meira fyrir þá sem búa úti á landi en þá sem búa á Reykjavíkursvæðinu. Ríkisútvarpið hefur ekki séð sér fært að kaupa númer með 99 formerki en það er orðið nokkuð um að opinberar stofnanir hafi græn númer. Auðvitað væri langeðlilegast að það væri grænt númer fyrir þá sem þurfa að hringja í þessa ríkisstofnun. Hún á að veita öllum sömu þjónustu og það er viðurkennt með því að hafa sama afnotagjald um allt land. Þó það kosti auðvitað mismunandi mikið fyrir útvarpið í stofnkostnaði og öðru að koma boðunum til skila er samt viðurkennt að menn eigi að borga sama afnotagjald. Þess vegna tel ég að Ríkisútvarpið ætti að taka á sig þann kostnað sem því fylgir að vera með grænt númer fyrir þá sem þurfa af einhverjum ástæðum eða vilja taka þátt í starfsemi Ríkisútvarpsins.

Það var ekki fleira sem ég ætlaði að segja um þetta en ég vona að þetta mál fái góða og skjóta afgreiðslu og að Ríkisútvarpið reyni að jafna á milli landsmanna þessu hlutverki sínu eins og eðlilegt er.

Flm. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir jákvæða svörun við tillögunni sem ég lagði fram. Hæstv. umhvrh. saknaði þess í tillögu minni að þar væri ekki neitt um að Ríkisútvarpið gæti kannski hagrætt svo í sínum rekstri að það gæti innibyrt svæðisútvarp. Ég bar einmitt fram fsp. þess efnis til hæstv. menntmh. á síðasta þingi og fékk við henni neikvæð svör og þess vegna er það ekki í minni tillögu. Ef það væri hægt væri það það besta en hér er aðeins verið að tala um einn fastan fréttamann á Vesturland sem skref í rétta átt. Það fékkst ekki á síðasta þingi þannig að ég er hrædd um að það hefði lítið þýtt fyrir mig að fara fram á heilt svæðisútvarp í þessari tillögu en mun að sjálfsögðu gera það ef ég finn að það er stuðningur fyrir því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íbúðaverð á landsbyggðinni, fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 139. mál. — Þskj. 160.

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt á þskj. 160 till. til þál. um íbúðaverð á landsbyggðinni. Flm. ásamt mér eru Halldór Ásgrímsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Margrét Frímannsdóttir.

Tillagan er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er leiti leiða til þess að efla almennan íbúðamarkað á landsbyggðinni. Nefndinni verði sérstaklega gert að skoða hver áhrif lög og reglur um félagslegt íbúðarhúsnæði hafi á stöðu íbúðamarkaðarins."

Þessi tillaga er flutt að mjög gefnu tilefni. Þróun íbúðaverðs á landsbyggðinni er víðast hvar mikið áhyggjuefni. Fyrir margt löngu er orðið ljóst að markaðsverð íbúðarhúsnæðis er langt undir framreiknuðum stofnkostnaði þess. Verðmæti þessa húsnæðis hefur þannig brunnið upp og skert eignir fólks á landsbyggðinni svo að nemur gríðarlegum fjárhæðum.

Það þarf í sjálfu sér ekki að fara mörgum orðum um íbúðaþróunina í landinu undanfarin allmörg ár. Hún hefur í sem grófustum dráttum verið sú að á meðan fólki hefur fjölgað á höfuðborgarsvæðinu hefur því fækkað í það minnsta tiltölulega úti á landi. Um ástæður þessa mætti hafa mörg orð og misjafnlega spakleg en það er ekki ætlunin hér. Nauðsynlegt er hins vegar að draga fram þessa alþekktu staðreynd sem grunn að máli mínu á eftir.

Sú var tíðin að fólk keypti og byggði sér húsnæði allsendis óhrætt á landsbyggðinni. Þá var þar uppgangur, tekjur kappnógar og bjartsýni ríkjandi. Skuttogaravæðingin var í algleymingi og mikil atvinna víða um land. Ungt fólk kaus að búa úti á landi. Það fjölgaði í sjávarplássunum, fólk skorti húsnæði. Ungt fólk með bærilegar tekjur lagði óhrætt út í fjárfestingar, byggði, eignaðist húsnæði, lagði hart að sér og mig grunar að margt þessa fólks sé nú í þeirri stöðu að versta húsnæðisbaslið sé að baki og hjá sumum kannski vel það.

Nú er hins vegar öldin önnur. Þó að ég ætli síst að berja lóminn, þá er það samt sem áður staðreynd að fólki fjölgar ekki að tiltölu úti á landi. Sums staðar hefur orðið fækkun, jafnt töluleg sem tiltöluleg fækkun. Eftirspurn eftir nýju húsnæði á almennum íbúðamarkaði er þess vegna ekki mikil. Fólk hikar við að fjárfesta á eigin ábyrgð í húsnæði þótt það hugsi sér að búa á viðkomandi stað. Það óttast óvissuna, hræðist að sú staða komi upp að ekki reynist unnt að losna við húskofann ef þörf krefur. Fólk leitar þess vegna í öryggið, í vissuna, hið félagslega íbúðarhúsnæði sem sífellt verður stærri kostur í húsakosti þeim sem í landinu er, ekki síst úti á landi.

Fyrir löngu er orðin bærileg pólitísk sátt um það þjóðfélagslega markmið sem er lagalegur og hugmyndalegur grundvöllur Byggingarsjóðs verkamanna, „að annast lánveitingar til félagslegra íbúða með það að markmiði að bæta úr húsnæðisþörf þess fólks sem þarfnast til þess sérstakrar fyrirgreiðslu", eins og segir í 63. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Ég fullyrði að engin marktækur pólitískur ágreiningur ríkir um þessi mál lengur. Menn eru hins vegar ekki alveg sammála um framkvæmdina. Á þetta vil ég leyfa mér að leggja mjög mikla áherslu. Ég tel að það

sé sjálfsagt verkefni hins opinbera að greiða fyrir húsnæðisþörf þess fólks sem þarfnast sérstakrar fyrirgreiðslu til þess. Það er bjargföst skoðun mín að slíkt eigum við að gera með myndarlegum hætti og að því hnígi siðferðileg, pólitísk og efnahagsleg rök. Sú gagnrýni sem ég mun hér á eftir vissulega setja fram um afleiðingar núverandi félagslegs íbúðakerfis ber þess vegna að skoða í því ljósi.

Þegar við höfum í huga þær aðstæður á landsbyggðinni sem ég lýsti hér að framan þarf engan að undra þótt hlutfall nýrra, félagslegra íbúða á landsbyggðinni hafi verið 10–20% hærra þar en sem nam hlutdeild landsbyggðarinnar í öllum nýbyggingum. Ég hygg að segja megi að það endurspegli að einhverju leyti það ástand sem einkennist af ótta fólks við nýjar fjárfestingar á landsbyggðinni. Byggingarframkvæmdir eru á landsbyggðinni, ekki síður en í Reykjavík, nauðsynlegur þáttur í mikilvægri atvinnustarfsemi og nauðsynlegt er að þær séu öflugar og stöðugar. Ég held hins vegar að hér séum við stödd í skelfilegri sjálfheldu sem nauðsynlegt er að við losnum úr eigi ekki illa að fara og að þeirri fágætu tegund mannskepnunnar, sem kaupir sér hús úti á landi, verði hreinlega ekki útrýmt.

Í fyrra lagði ég fyrir félmrh. fyrirspurn á Alþingi í þeim tilgangi að varpa nokkru tölulegu ljósi á þetta mál allt saman. Fsp. var í tvennu lagi: Annars vegar laut hún að því að fá það upplýst hvert væri meðalverðið á fermetra á notuðu húsnæði á almennum íbúðamarkaði. Hins vegar að fá fram sömu upplýsingar um félagslegt íbúðarhúsnæði. Sá talnafróðleikur, sem birtist í svari ráðherrans, er að mínu mati afar merkilegur þótt vissulega séu á honum miklir og slæmir annmarkar. Að sumu leyti eru þessar
tölur mér nokkur ráðgáta. T.d. sýnist mér ljóst að lítil samsvörun er á milli fermetraverðs og stærð íbúða innan hins félagslega íbúðakerfis. Þá er afskaplega mikill munur á fermetraverði í hinu félagslega íbúðakerfi á milli einstakra landsbyggðarkjördæma og örðugt að sjá vitrænar eða rökréttar skýringar á því máli.

En aðalatriðið og það sem vakti vitaskuld mesta forvitni mína var að skoða í samhengi íbúðaverð annars vegar í félagslegu íbúðarhúsnæði og hins vegar húsnæðis á almennum íbúðamarkaði í kjördæmum landsins. Hver er niðurstaðan þar? Fyrir það fyrsta annmarkarnir. Við vitum að fermetraverð húsnæðis er breytilegt eftir stærð þess. Í svarinu er ýmist miðað við herbergjafjölda eða fermetrafjölda. Samanburður af því tagi getur því verið dálítið flókinn. Þá er ekki endilega víst að svipaðar stærðir húsnæðis hafi verið í boði á þessum tveimur sviðum íbúðamarkaðarins á sama tíma, hinu félagslega og því almenna. Allur samanburður er þess vegna margslunginn og stundum viðsjárverður. Nokkrum þáttum get ég þó örugglega slegið föstum.

1. Félagslegt íbúðarhúsnæði er í það minnsta ekki ódýrara en húsnæði á almennum íbúðamarkaði. Fyrirgreiðsla hins félagslega íbúðakerfis byggist því á öðrum þáttum.

2. Víða er fermetraverð hins félagslega íbúðakerfis verulega hærra en á almennum íbúðamarkaði. Af skiljanlegum ástæðum hef ég rýnt hvað mest í þær tölur sem eiga við um Vestfirði. Þar er samanburðurinn líka tiltölulega þægilegur. Ef við skoðum árið 1990 á Vestfjörðum, þá var fermetraverð notaðra félagslegra íbúða af stærðinni 110–130 fermetrar 63.100 kr. Á sama tíma var meðalverð á fermetra á almennum markaði 37.010 kr. Hæst á fjögurra herbergja íbúð á almennum markaði, 42.621 kr., en lægst á stærri íbúðum, 26.795 kr. Ef við gefum okkur að við hyggjumst kaupa okkur 130 fermetra íbúð á Vestfjörðum og verðið sé 63.100 kr. á fermetra í félagslegu íbúðakerfi en 37.010 kr. á almennum markaði þá gefur það vitaskuld auga leið að hvað verðið áhrærir er miklu vænlegri kostur að kaupa sér hús á almennum markaði. Verð á 130 fermetra húsnæði á almennum markaði, miðað við þessar forsendur, er 4,8 millj. kr. en í hinu félagslega íbúðakerfi 8,2 millj. kr. Mismunurinn er litlar 3,4 millj. Ég bað Húsnæðisstofnun að reikna út fyrir mig greiðslubyrði þessara ímynduðu fasteignakaupa, annars vegar á hinum almenna markaði og hins vegar í félagslega íbúðakerfiu miðað við nokkrar gefnar forsendur. Það verður að segjast eins og er að samanburðurinn er afskaplega fróðlegur.

Ef við tökum hið almenna íbúðakerfi, þá blasir það við að miðað við að viðkomandi hafi 150 þús. kr. í tekjur á mánuði, þurfi að leggja fram eigið fé upp á 820 þús. kr. og verðið sé 4,8 millj., þá er greiðslubyrðin fyrstu fjögur árin í almenna húsnæðiskerfinu að vísu talsvert meiri og hærri en í hinu félagslega. Hlutfall launa viðkomandi manns sem fer í að borga af þessu láni er 44% fyrsta árið, 27,2% annað árið, 27,4% þriðja árið og 27,8% fjórða árið. Eftir það, og það er mjög athyglisvert, eftir það hrapar þetta hlutfall niður í 10%. Í félagslega íbúðakerfinu, þar sem eru nákvæmlega sömu forsendur en verð íbúðarinnar 8,2 millj., er launahlutfallið jafnt öll árin að sjálfsögðu, 11,8%. Þ.e. hlutfall launanna sam fara í það að greiða fyrir félagslega íbúð er þá 11,8%. Með öðrum orðum, eftir fjórða árið, eftir að menn hafa borgað skammtímalánin, bankalánin, er hlutfallið orðið lægra á hinum almenna markaði.

Ég held þess vegna að sú sjálfhelda sem almennir íbúðaeigendur á landsbyggðinni eru í núna í húsnæðismálunum lúti ekki endilega því að auðveldara sé að eignast þak yfir höfuðið með því að komast inn í hið félagslega íbúðakerfi. Það tel ég mig hafa sýnt fram á með þessum tölulegu upplýsingum. Vandinn er hins vegar sá að fólk leitar inn í félagslega íbúðakerfið af því að þar er öryggið. Lögin um Húsnæðisstofnun kveða á um kaupskyldu sveitarfélaganna á öllum félagslegum eignaríbúðum og félagslegum kaupleiguíbúðum fyrstu tíu árin frá útgáfu afsals en í fimm ár á almennum kaupleiguíbúðum. Við endursöluna er upphaflegt kostnaðarverð framreiknað að frádrengum afskriftum. Sá sem er í félagslegu íbúðarhúsnæði hefur því allt sitt á þurru. Hann þarf ekki að óttast að geta ekki selt þegar honum býður svo við að horfa. Honum eru tryggð þau félagslegu réttindi að sveitarfélag hans verður að kaupa af honum húsnæði bjóði honum svo við að horfa. Það er því ekki einasta að sveitarfé-

lagið hafi rétt þessum einstaklingi hjálparhönd við að eignast húsnæði, svo sjálfsagt og eðlilegt sem það nú var, heldur kemur það einnig til bjargar ef hann ætlar að selja. Það er hins vegar ekki nóg með að við höfum byggt upp félagslegt kerfi við að aðstoða fólk við að kaupa húsnæði heldur höfum við líka komið á fót félagslegu kerfi til þess að selja hús.

Það blasir auðvitað við að þegar sífellt þrengir að á hinum almenna íbúðamarkaði á landsbyggðinni lækkar verð húsnæðis. Svigrúmið þrengist og möguleikar á eðlilegum fasteignaviðskiptum hverfa smám saman. Þetta er ekkert sérstakt fyrir þennan markað. Svipuð lögmál gilda einfaldlega í viðskiptum manna á milli og því þarf það ekki að koma mönnum á óvart. Þetta er hins vegar mjög alvarlegt mál fyrir íbúa landsbyggðarinnar vegna þess að hjá venjulegu fólki er öflun eigin húsnæðis helsta fjárfestingin sem það tekst á hendur. Þó að sparnaðarkostir fólks séu orðnir margvíslegir, þá hefur það ekki breytt því að enn er öflun íbúðarhúsnæðis aðalsparnaður fólks, ef svo má að orði komast, á lífsleiðinni og trygging þess fyrir framtíðina. Hin dapurlega verðþróun á íbúðarhúsnæði er þess vegna býsna alvarleg fyrir íbúa landsbyggðarinnar. Til viðbótar við þann efnahagslega skaða sem fólk verður fyrir bætist hitt að óvissa fólks verður nær óbærileg og veldur kvíða og vanlíðan.

Ég veit vel að ástæður þessa ástands eru að sjálfsögðu fjölmargar og margslungnar og fjarri mér er að halda að þær megi allar rekja til hins félagslega íbúðakerfis. En þegar það kemur til viðbótar með þeim hætti, sem ég hef lýst, er ekki að undra þótt ég orði það svo að við séum stödd í sjálfheldu að þessu leyti.

Virðulegi forseti. Þessi till. til þál. var flutt á 115. löggjafarþinginu en var ekki tekin fyrir og er þess vegna endurflutt nú. Frá því að hún var flutt í fyrra og hennar getið að nokkru í fjölmiðlum hefur ótölulegur fjöldi fólks haft samband við mig og lýst áhuga sínum á þessu máli og fullum stuðningi við það. Sveitarstjórnir hafa sent frá sér ályktanir, jafnvel þó að þetta mál hafi ekki verið tekið til umræðu á Alþingi, til þess að lýsa yfir stuðningi sínum við þetta mál.

Það vakti athygli mína í ferð fjárln. um Vesturland að í fyrsta sveitarfélaginu sem við heimsóttum, Borgarnesi, kom þetta mál sérstaklega til umræðu. Mál af þessu taginu, sem ég hef hér verið að lýsa, voru vandamál sem sveitarstjórnarmenn þar höfðu miklar áhyggjur af og lýstu miklum áhyggjum sínum yfir. Þess vegna veit ég að það búa miklar væntingar hjá mörgu fólki að baki þessu máli og fólk ætlast til þess að hið háa Alþingi sinni þeim vanda sem nú er kominn upp og er vissulega til staðar úti á landi. Það stoðar ekki að reyna að afgreiða málið með þeim hætti að því felist einhver óvild í garð félagslegs íbúðakerfis þó að menn séu að velta upp neikvæðum afleiðingum þess sem auðvitað geta alltaf komið upp.

Ég ítreka að það er mín skoðun og ég hygg líka annarra flm. þessarar tillögu að við viljum að til staðar sé öflug félagsleg aðstoð við það fólk sem þarf á henni að halda við að afla sér húsnæðis. En það gengur ekki að um leið séu aðrir skaðaðir sem síst skyldi.

Fjórðungsþing Vestfirðinga ræddi þetta mál og ályktaði um það og ég vísa enn í þau fjölmörgu viðbrögð sem ég hef fengið. Ég tel þess vegna nauðsynlegt að málið fái hraða og vandaða afgreiðslu hér á þinginu og að þingmenn sýni í verki vilja sinn til að taka á því sem er raunverulegt vandamál þúsunda fjölskyldna úti um allt land.

Að lokinni þessari umræðu geri ég það að tillögu minni að málinu sé vísað til síðari umr. og hv. félmn.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þar sem ég er einn af flm. þessa máls ætla ég að bæta nokkru við það sem hv. 1. flm., Einar K. Guðfinnsson, sagði áðan. Það kemur þá fyrst og fremst inn á það hvað hægt er að gera í framhaldinu. Það hafa verið hugmyndir uppi meðal ýmissa úti á landsbyggðinni hvort mögulegt væri að koma á fót eins konar húsakaupasjóði sveitarfélaga eða ríkisins sem fólk hefði aðgang að til að eiga tryggt að það gæti selt og aðrir sem vildu flytja út á landsbyggðina gætu keypt. Einhverja leið verðum við að finna til að gera þessum íbúðareigendum og hugsanlegum kaupendum álíka hátt undir höfði.

Það er líka nokkuð fróðlegt að skoða Fréttabréf Fasteignamats ríkisins frá því í mars á þessu ári þar sem rætt er um álagningu fasteignaskatta og við hvað þeir eru miðaðir. Með leyfi forseta ætla ég að lesa smákafla úr þessu fréttabréfi þar sem segir:

„Fyrir þá sem stjórna matsmálum og hafa þannig áhrif á heildarstöðu fasteigna í hagkerfinu er fróðlegt að fræðast um þau mál frá hendi Svía" — það er mjög í umræðunni nú að ræða um hvernig Svíar fara að — „sem án efa eru nú meðal þróaðri þjóða á þessu sviði, bæði hvað varðar mat fasteigna og skattameðferð. Svíar hafa nú ekki verið þekktir fyrir varfærni í skattlagningu og á það við um fasteignir ekki síður en tekjur. Það vakti því athygli á þeirri námsstefnu, sem hér er vitnað í, að þar kom fram að við álagningu fasteignaskatta nota þeir sem álagningargrunn aðeins 75% af matsverði fasteigna með tilliti til þeirra óvissu sem þeir telja að fjöldamat sé ævinlega háð. Þetta telja þeir nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að fasteignaeigendur séu skattlagðir á eignagrunni sem ekki sé til í reynd eða með öðrum orðum sagt að skattstofn hverrar eignar sé ekki hærri en líklegt markaðsverð hennar."

Það segir hér líka að það sé vissulega kærkomið fyrir Fasteignamat ríkisins að heyra þetta sjónarmið vegna þess að þeir hafi haldið því fram í þau 15 ár sem Fasteignamatið hefur starfað að Alþingi Íslendinga virðist ekki gefa mikinn gaum að því og alls ekki ef miðað er við þá breytingu sem gerð hafi verið á tekjustofnum sveitarfélaga með lögum nr. 91/1989. Í þeim var nefnilega ákveði um sérstakan gjaldstofn fyrir álagningu fasteignaskatts sem í mörgum tilfellum er án þess að það sé raunverulegt verðmæti á bak við eða ekki nema að hluta. Þarna er einn misbresturinn, ef við getum orðað það svo, í meðferð á fasteignum landsmanna að ekki er farið eftir því hvert líklegt markaðsverð eignarinnar er þegar verið er að leggja á fast-

eignagjöld. Í þeim löndum sem Fasteignamatið hefur upplýsingar frá er þessi álagning aðeins með tvennu móti. Það er annars vegar miðað við líklegt markaðsverð og hins vegar er miðað við tekjur sem af eigninni mætti hafa. Sú matsaðferð sem hér á landi er byggt á er algerlega óraunhæf.

Þetta vildi ég að kæmi fram því að menn hafa látið það yfir sig ganga í mörg undanfarin ár að búnir séu til óraunhæfir loftkastalar úr verðlitlum eignum og notaðir sem tekjustofn.

Eins og kom fram í máli hv. 1. flm. áðan hafa mjög margir úti um landsbyggðina, og það er ekki eingöngu bundið við Vestfirði þó að við séum þaðan tvö sem höfum talað í þessu máli núna, áhyggjur og ég get sagt eins og hv. 1. flm. að ég hef fengið mikil viðbrögð við þessu máli. Margir hafa skrifað eða hringt og rætt málið. Við teljum það að sjálfsögðu mjög þarft mál að koma þessu inn í umræðuna og taka inn í það fleiri þætti, ekki síst þann álagningarstofn til fasteignagjalda sem notaður er úti á landsbyggðinni.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég skil vel þann góða anda sem er í þessari tillögu en ég verð að viðurkenna að ég sé ekki fyrir mér í fljótu bragði hvernig þetta má takast. Það er mín skoðun að það eina sem raunverulega getur orðið til að koma þessum málum í betra horf sé að stjórnvöld móti stefnu sem byggi á því að réttur fólks til grunnframfærslu sé sem jafnastur. Þ.e. það verði álíka dýrt að hita húsin upp og að það verði álíka dýrt að kaupa rafmagn til almennra nota fyrir íbúana og að vöruverð sé svipað eða a.m.k. að möguleikar fólks til að kaupa ódýrari vörur verði auknir á landsbyggðinni. Það sem ég tel að sé kannski úrslitaatriði í sambandi við þessi mál öll er að það verði mótuð sjávarútvegs- og atvinnustefna sem viðurkennir að þessar byggðir allt í kringum landið eigi rétt á því að fá að lifa og að þær eigi þann rétt sem á að fylgja þeim vegna þess að þær eru til vegna fiskimiðanna í nágrenninu. Það kerfi sem við búum við núna er að grafa undan byggðum allt í kringum landið. Það þarf að snúa af þeirri braut. Ég er sannfærður um það að óvissan í ýmsum byggðum landsins er að miklu leyti vegna þess sem þarna er að gerast. Ég vona sannarlega að menn beri gæfu til þess að finna þær leiðir.

Það er ýmislegt sem má ræða í sambandi við þessa tillögu, m.a. um Fasteignamat ríkisins og gjöldin til sveitarfélaganna en ég hef því miður ekki tíma til þess að gera það. Ég sé að tíminn er búinn.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég stend hér aðeins upp til þess að þakka 1. flm. þessa máls fyrir að hreyfa því. Þetta er mál sem brennur á öllum landsbyggðarmönnum, alveg sama hvort þeir búa nálægt sjávarbyggð eða inni í miðju landi. Þetta brennur á dreifbýlinu öllu saman. Það er alveg rétt, sem er andinn í þessari tillögu, að það þarf að endurskoða félagslega íbúðakerfið í heild sinni og kannski húsnæðiskerfið allt saman. Það er því mjög mikilvægt að fá slíka tillögu fram hvort sem það sem lagt er til nær fram að ganga eður ei verður að finna einhvern flöt á þessu máli. Það er alveg útilokað að fólk sem er búið að byggja sér dýr hús úti á landi sé algerlega eignalaust ef það ætlar að fara burt. Það er þannig t.d. með fullorðið fólk sem á eign sem er 20 millj. kr. virði í Reykjavík fær kannski 3 eða 4 millj. fyrir hana og er svo að kaupa sér húsnæði í vernduðu umhverfi ellilífeyrisþega, kannski nýja tveggja herbergja íbúð eða raðhús upp á 12 millj. Þetta er stórmál og ég ætla bara að endurtaka þakkir mínar til flm. fyrir að hreyfa þessu máli. Þetta brennur alls staðar jafnt á, bæði í Borgarnesi og Ólafsvík, af því að síðasti ræðumaður talaði sérstaklega um að þetta væri sérstakt vandamál í sjávarbyggðum en þetta er vandamál alls staðar í dreifðum byggðum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill biðja hv. 3. þm. Vesturl. forláts á því að rautt ljós mun hafa kviknað í ræðu hans að ástæðulausu en nú hefur hann beðið um að taka til máls.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Mér hefur verið innrætt mikil virðing fyrir rauðum ljósum og þess vegna þagnaði ég um leið og það kviknaði en það mun hafa verið misskilningur að ræðutíma mínum væri lokið.

Það sem ég ætlaði að segja var að það má auðvitað velta ýmsu fyrir sér í sambandi við fasteignaskatta til sveitarfélaganna sem kom fram í ræðu hv. 6. þm. Vestf. Ég vil bara segja það að ég tel eðlilegt að líta á fasteignagjöld til sveitarfélaganna öðrum augum en þeim að þar sé fyrst og fremst verið að endurspegla verðmæti bygginganna. Þar er um að ræða gjöld til sveitarfélaganna vegna ýmiss rekstrar og ég tel eðlilegt að þau séu fyrst og fremst miðuð við eignirnar sjálfar, stærð þeirra og þann kostnað sem sveitarfélögin hafa af því að reka sína starfsemi og þess vegna sé út af fyrir sig kannski réttara að hafa þarna jafnari viðmiðanir en þær að taka tillit til söluverðs húsa á viðkomandi svæði. Ég er ekki á þeirri skoðun að það eigi að gera.

Ég er aftur á móti á þeirri skoðun að þau vandamál sem myndast vegna fasteignamatsins og viðskipta fólks t.d. við almenna húsnæðiskerfið séu það mikil að þar þurfi að taka alveg sérstaklega á. Ég veit mörg dæmi þess að fólk á í erfiðleikum vegna þess að fasteignamat húsanna er miklu lægra og þau hafa þá ekki sams konar veðhæfni og eignir annars staðar á landinu. Víða um landið er það lágt húsaverð að fólk á í vandræðum með að fá lán. Það er vandamál sem ég tel að þurfi með einhverjum hætti að vera hægt að taka á, a.m.k. meðan þetta ástand varir.

Auðvitað er, eins og ég sagði áðan, aðalatriði að reyna að skapa einhvers konar jafnrétti í landinu gagnvart framfærslunni. Það mun örugglega hafa mikil áhrif ef það tækist að jafna þá grunnþætti sem eru hvað dýrastir hjá hverjum einstaklingi eða fjölskyldu í framfærslunni. Þar fyrir utan tel ég ástæðu til að velta því fyrir sér hvort t.d. bankakerfið eða Húsnæðisstofnun geti ekki með einhverjum hætti rýmkað um þær höml-

ur sem eru og minnkað það tillit sem tekið er til mismunandi fasteignamats á svæðum. Mér finnst að þar sé um að ræða það mikið borð fyrir báru. Þegar talað er um venjulegt íbúðarhúsnæði hafa menn verið með þá viðmiðun að ekki mætti lána meira heldur en 50% af fasteignamati hússins. Þetta hafa sumir bankar haft sem viðmiðun og þetta hefur sett fólk í alveg óskaplega erfiðleika þar sem ég þekki til.

Mér finnst að það mætti vera hluti af þessari athugun sem ég fagna. Ég fagna þessu máli og því frumkvæði sem hér er og því að umræðan um þessi mál skuli vera vakin upp með þessum hætti og ætla að láta það verða mín lokaorð.

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær afar jákvæðu undirtektir sem þessi þáltill. hefur fengið. Ég tel að þær endurspegli í raun og veru þá miklu samstöðu sem er um þetta mál vítt og breitt úti í þjóðfélaginu. Ég vek athygli á því að flm. þessarar þáltill. eru úr fjórum mismunandi stjórnmálaflokkum og úr ýmsum kjördæmum. Þetta segir okkur auðvitað það, sem hefur komið fram og kristallaðist reyndar mjög vel í þessari umræðu, að þetta mál brennur mjög mikið á fólki og þess vegna er það krafa svo víða um landið að á því sé tekið með einum eða öðrum hætti.

Hér er í fyrsta lagi lagt til að skipuð sé nefnd í málið. Það er vegna þess að við gerum okkur grein fyrir því eins og fram kom í máli hv. 3. þm. Vesturl. að þetta mál er býsna margslungið. Það eru á því margir fletir og vissulega er það þannig, eins og fram kom í máli mínu, að það er ekki hægt að útskýra verðhrun á íbúðum og fasteignum úti á landi með einni einstakri skýringu. Við verðum auðvitað að leita miklu lengra og skoða miklu fleira í þessu sambandi. Þess vegna er það sem við leggjum til að nefnd fari ofan í þetta mál og skoði það frá öllum hliðum.

En auðvitað er það líka hitt og það er kannski hinn grunnþráðurinn í málinu að við vekjum á því athygli að það hafi orðið tiltekin þróun í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis úti á landi sem ef til vill á þátt í því, og það var það sem ég var að leiða rök að hér áðan, að breyta markaðsverði og lækka markaðsverð annarra eigna úti á landi. Með þessu er auðvitað verið að búa til nýtt vandamál um leið og annað vandamál er leyst.

Þessi mál þarf að skoða mjög vel og fara mjög vel ofan í þau. Spurningin sem við þurfum þurfum fyrst og fremst að fá svarað er: Hvað veldur þessari þróun íbúðaverðsins? Er hugsanlegt að skipulag húsnæðismála í okkar landi eigi þátt í því að grafa undan eignum og eignamyndun fólks á landsbyggðinni? Ef svo er er auðvitað um að ræða mjög alvarlegt mál, alvarlegt þjóðfélagslegt misrétti sem við sem alþingismenn getum auðvitað ekki leitt hjá okkur.

Þess vegna er það sem við flytjum þetta mál og þess vegna, held ég, á þetta mál svo mikinn hljómgrunn svo víða úti í þjóðfélaginu. Ég held nefnilega og það er dálítið athyglisverður punktur að þeir sem hafa verið að tala við okkur hv. flm. séu einmitt þetta venjulega íslenska fólk sem er ekkert að hafa hátt í fjölmiðlum, er ekkert á ráðstefnum, er ekkert á fundum með einhverjar ályktanir. Þetta er bara fólk sem stendur allt í einu í þessum sporum og er að velta nákvæmlega þessum hlutum fyrir sér sem við erum að velta upp í okkar umræðu og það er að spyrja nákvæmlega sömu spurninganna. Við værum að bregðast trúnaði þessa fólks ef við með sama hætti þegar við höfum sömu áhyggjur tækjum þetta mál ekki upp og reyndum að finna á því einhverjar lausnir. Það er um það sem þetta mál snýst og þess vegna þakka ég þennan góða stuðning og þennan jákvæða skilning sem mér finnst hafa komið fram í máli allra þeirra hv. þm. sem tóku til máls undir þessum dagskrárlið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 1. umr.

Frv. GunnB og SAÞ, 147. mál (úthlutun úr framkvæmdasjóði). — Þskj. 168.

Flm. (Gunnar Birgisson):

Frú forseti. Meðflm. minn á þessu frv. til laga um breytingu á lögum um aldraða er Sigríður Anna Þórðardóttir. Markmiðið með breytingunni er að gera úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra markvissari en þær eru í dag og taka tillit til mannfjölda byggðarlaga.

Skv. 1. gr. frv. orðist 2. mgr. 3. gr. laganna um Framkvæmdasjóð aldraðra svo:

„Í nefndinni eiga sæti fjórir menn, einn tilnefndur af Öldrunarráði Íslands, tveir tilnefndir af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn tilnefndur af heilbrrh. og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ef atkvæði falla jöfn í stjórninni ræður atkvæði formanns úrslitum."

2. gr.:

„a. 2. mgr. 11. gr. lagana orðast svo:

Sjóðstjórn úthlutar árlega fé úr sjóðnum samkvæmt ákvæðum 3. mgr.

b. Við 11. gr. bætist ný málsgrein er orðast svo:

Úthluta skal ⅞ hlutum þess fjármagns, sem kemur í sjóðinn úr hverju kjördæmi, til verkefna í kjördæminu, sbr. 12. gr. Því sem eftir stendur skal úthluta sérstaklega til verkefna utan höfuðborgarsvæðisins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í grg. með frv. segir: „Þjónusta við aldraða mun aukast í náinni framtíð þar sem meðalaldur þjóðarinnar fer hækkandi. Byggingu þjónustukjarna og hjúkrunarheimila mun fjölga. Framkvæmdir hafa að hluta verið kostaðar með styrkjum úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Tekjur framkvæmdasjóðsins eru nefskattur á einstaklinga í landinu, 70 ára og yngri. Því er eðlilegt að framlög úr sjóðnum skiptist nokkurn veginn eftir fólksfjölda í hverju kjördæmi.

Séu úthlutanir sjóðsins frá stofnun hans skoðaðar sést að Reykjaneskjördæmi hefur farið mjög halloka í úthlutunum úr sjóðnum. Einungis hefur verið úthlut-

að 16,11% til Reykjaness en í kjördæminu eru 25,11% landsmanna. Fjármunirnir hafa runnið til landsbyggðarinnar, t.d. til Norðurlands vestra, en þangað hafa 9,33% af fé sjóðsins farið en íbúar þar eru einungis 3,99% af landsmönnum.

Frv. þetta er sett fram með það í huga að sem sanngjörnust skipting verði á fjármunum sjóðsins.

Uppbygging á þjónusturýmum og hjúkrunarrýmum er vel á veg komin á landsbyggðinni en staðan í þessum málum á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega þó á Reykjanesi, er sú að mikið verk er óunnið í málefnum aldraðra. Uppbygging þjónusturýma eru grundvöllur þess að mögulegt sé að veita öldruðum daglega þjónustu, þó svo að þeir búi í eigin húsnæði. Samkvæmt frv. er áætlað að verja einum tíunda hluta tekna sjóðsins sérstaklega til verkefna utan höfuðborgarsvæðisins."

Rétt til að bæta við þetta, þá hlýtur það að vera hagsmunamál heilbrigðiskerfisins og okkar allra að aldraðir geti búið sem lengst í eigin húsnæði með uppbyggingu þjónusturýma. Þar sem þjónusta er fyrir hendi t.d. föndur, böð, snyrting, hárgreiðsla og annað geta aldraðir búið lengur í heimahúsum en staðan er í dag.

Að lokum legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr og til hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Út af dagskrá þessa fundar eru tekin 7. og 8. dagskrármál. Fleira liggur þá ekki fyrir fundinum. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Þessum fundi er slitið.

39. FUNDUR

mánudaginn 26. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Flugmálaáætlun og fjáröflun í flugmálum, stjfrv., 111. mál, þskj. 129. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, stjfrv., 117. mál, þskj. 137. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Umboðssöluviðskipti, stjfrv., 125. mál, þskj. 145. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Fjarskipti, stjfrv., 138. mál, þskj. 159. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Safn þjóðminja að Hólum í Hjaltadal, þáltill., 116. mál, þskj. 136. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Endurskoðun umferðarlaga, þáltill., 128. mál, þskj. 148. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Fréttamaður Ríkisútvarpsins á Vesturlandi, þáltill., 129. mál, þskj. 149. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Sala rafmagns til skipa, þáltill., 133. mál, þskj. 153. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Íbúðaverð á landsbyggðinni, þáltill., 139. mál, þskj. 160. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Málefni aldraðra, frv., 147. mál, þskj. 168. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Verðlagning á raforku, þáltill., 109. mál, þskj. 127. — Fyrri umr.
12. Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frv., 127. mál, þskj. 147. — 1. umr.
13. Lækkun húshitunarkostnaðar, þáltill., 151. mál, þskj. 172. — Fyrri umr.
14. Síldarverksmiðjur ríkisins, stjfrv., 115. mál, þskj. 135. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Friðrik Sophusson fjmrh.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.,
Stefán Guðmundsson, 4. þm. Norðurl. v.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Ólafur G. Einarsson menntmrh.

Útbýting þingskjala:

Aukatekur ríkissjóðs og gjaldtaka ríkisstofnana, 158. mál, þáltill. JÁ, þskj. 180.

Heildarafli á Íslandsmiðum, 102. mál, svar sjútvrh. á þskj. 174.

Stjórn fiskveiða, 159. mál, fsp. JÁ á þskj. 181.

Flugmálaáætlun og fjáröflun í flugmálum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 111. mál (gjald á flugvélaeldsneyti). — Þskj. 129.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, FI, FrS, GHH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, KHG, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, StH) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, MF, MB, ÓE, PP, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (ÁJ, FI, FrS, GHH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, KHG, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, StG, StH) fjarstaddir.

Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 117. mál (EES-reglur). — Þskj. 137.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (ÁJ, FI, FrS, GHH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, KHG, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, StH) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (ÁJ, EH, FI, FrS, GHH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, KHG, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, StH) fjarstaddir.

Umboðssöluviðskipti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 125. mál (EES-reglur). — Þskj. 145.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (ÁJ, FI, FrS, GHH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, KHG, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, StH) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (ÁJ, FI, FrS, GHH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, KHG, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, StH) fjarstaddir.

Fjarskipti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 138. mál (EES-reglur, Fjarskiptaeftirlit o.fl.). — Þskj. 159.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁJ, FI, FrS, GHH, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, KHG, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁJ, FI, FrS, GHH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, KHG, KE, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

Safn þjóðminja að Hólum í Hjaltadal, frh. fyrri umr.

Þáltill. TIO og PJ, 116. mál. — Þskj. 136.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (ÁJ, FI, FrS, GHH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, KHG, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, StG) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (ÁJ, FI, FrS, GHH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JVK, KHG, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG) fjarstaddir.

Endurskoðun umferðarlaga, frh. fyrri umr.

Þáltill. IP og FI, 128. mál. — Þskj. 148.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HG, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (ÁJ, FI, FrS, GHH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, KHG, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, TIO) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, MB, ÓE, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (ÁJ, EKG, FI, FrS, GHH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JHelg, KHG, KE, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, StG) fjarstaddir.

Fréttamaður Ríkisútvarpsins á Vesturlandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. IP o.fl., 129. mál. — Þskj. 149.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (ÁJ, FI, FrS, GHH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JVK, KHG, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (ÁJ, FI, FrS, GHH, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, KHG, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS) fjarstaddir.

Sala rafmagns til skipa, frh. fyrri umr.

Þáltill. GuðjG o.fl., 133. mál. — Þskj. 153.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (ÁJ, FI, FrS, GHH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, KHG, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG) fjarstaddir.

Till. vísað til iðnn. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (ÁJ, ÁMM, FI, FrS, GHH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, KHG, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG) fjarstaddir.

Íbúðaverð á landsbyggðinni, frh. fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 139. mál. — Þskj. 160.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (ÁJ, FI, FrS, GHH, GunnS, HÁ, IBA, KHG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG) fjarstaddir.

Till. vísað til félmn. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (ÁJ, FI, FrS, GHH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, JóhS, KHG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, StH) fjarstaddir.

Málefni aldraða, frh. 1. umr.

Frv. GunnB og SAÞ, 147. mál (úthlutun úr framkvæmdasjóði). — Þskj. 168.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (SighB) greiddi ekki atkvæði.

13 þm. (ÁJ, FI, FrS, GHH, GunnS, HÁ, IBA, KHG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (ÁJ, FI, FrS, GHH, GunnS, HÁ, IBA, KHG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, StG) fjarstaddir.

Verðlagning á raforku, fyrri umr.

Þáltill. StB og GuðjG, 109. mál. — Þskj. 127.

Flm. (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um verðlagningu á raforku. Till. er á þskj. 127 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela iðnrh. að láta fara fram athugun á verðlagningu á raforku til almenningsrafveitna."

Í grg. með tillögunni segir svo:

„Tillaga þessi var flutt á 115. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú flutt að nýju.

Á undanförnum árum hefur raforka stöðugt orðið stærri þáttur í útgjöldum fyrirtækja jafnt sem heimila. Það er því mikilvægt að verðlagning á raforku lúti reglum sem eru sanngjarnar gagnvart notendum jafnframt því sem þær tryggja eðlilega endurgreiðslu til Landsvirkjunar vegna virkjana.

Verðlagning Landsvirkjunar hefur sætt nokkurri gagnrýni og hafa forsvarsmenn almenningsrafveitna, sem kaupa raforku af Landsvirkjun, leitað eftir samningum um hámarksverð er lækki í þrepum fram til aldamóta að tilteknu marki.

Ekki hafa náðst samningar og er því eðlilegt að Alþingi álykti um að iðnrh. beiti sér fyrir athugun á verðlagningu á raforku og hlutist til um að samningar náist.

Með greinargerð fylgja bréf sem gengið hafa milli 1. flm. og Rafmagnsveitna ríkisins."

Í nokkurn tíma hef ég í ræðu og riti gagnrýnt þá stefnu Landsvirkjunar að halda uppi svo háu raforkuverði til dreifiveitna sem raun ber vitni. Það er mat margra að þessi stefna hafi ef til vill valdið vanda fiskvinnslu vegna þess hve raforka er víða stór hluti af rekstrarkostnaði vinnslunnar. Hátt raforkuverð hefur einnig aukið á mismun milli byggða, bæði gagnvart atvinnufyrirtækjum og heimilum og á þann hátt ýtt undir byggðaröskun, óánægju og meting milli landshluta. Hátt raforkuverð hefur einnig ýtt undir þá þróun að færa fiskvinnsluna út á sjó. Hátt raforkuverð hefur að mati sumra hamlað gegn þróun og nýsköpun í atvinnulífinu.

Á fundum sveitarstjórnarmanna á Vesturlandi hefur mjög verið hvatt til þess að ná fram meiri hagkvæmni í orkudreifingu og orkusölu til þess að styrkja atvinnuvegina og hamla gegn óæskilegri byggðaþróun. Í framhaldi af fundum þingmanna í Vesturlandskjördæmi skrifaði ég bréf til Rafmagnsveitna ríkisins sem ég vitna til, með leyfi forseta. Í því bréfi segir:

„Á fundum þingmanna Vesturlandskjördæmis, sem haldnir voru 19.–24. sept. sl., komu fram eindregnar óskir og kröfur um lækkun rafmagnsverðs. Í þeirri umræðu kom m.a. fram hörð gagnrýni vegna verðlagningar Landsvirkjunar á þeirri orku sem Rarik kaupir og endurselur notendum.

Hér með er óskað eftir áliti stjórnar Rarik á því hvort mögulegt sé að ná betri samningum við Landsvirkjun og/eða leiðrétta „óeðlilega" verðlagningu orkunnar frá Landsvirkjun.

Undirritaður mun gera þingmönnum kjördæmisins og sveitarstjórnarmönnum grein fyrir væntanlegu svari stjórnar Rarik."

Þann 10. mars sl. svaraði rafmagnsveitustjóri og segir m.a. í bréfi hans, með leyfi forseta:

„Rafmagnsveitur ríkisins geta fyrir sitt leyti tekið undir það álit sem fram kemur í bréfi yðar, dags. 12. febr. sl., um að verðlagning raforkunnar frá Landsvirkjun sé að ýmsu leyti óeðlileg. Fyrir því liggja ýmis rök sem betur verða tíunduð hér á eftir. En áður en það verður gert er nauðsynlegt að gera grein fyrir þeim almennu markmiðum sem Landsvirkjun hefur sett sér við verðákvarðanir sínar.

1. Stefnt er að því að Landsvirkjun verði skuldlaus upp úr aldamótum.

2. Stefnt er á því að verð frá Landsvirkjun sé jafnt langtímajaðarkostnaði um svipað leyti og þannig búið í haginn fyrir framtíðarvirkjanir.

3. Stefnt er að því að auka vægi orkugjalda enn frekar og minnka að sama skapi vægi aflgjalds í verðinu. Fyrri hluti þessarar breytingar hefur þegar komið til framkvæmda.

Ljóst er að það markmið, sem fram kemur í lið 1, ræður að mestu verðlagningu Landsvirkjunar nú. Rafmagnsveiturnar geta ekki tekið undir þetta sjónarmið, enda er það álitamál hvort núlifandi kynslóð á að greiða fjárfestingar í orkukerfinu niður með þeim hraða sem hér er ráðgert. Rafmagnsveiturnar eru ekki í neinum vafa um að þessar aukabyrðar eru hvorki sanngjarnar né hagkvæmar fyrir þjóðarbúið þegar til lengri tíma er litið. Þær tefja nauðsynlega iðnvæðingu og draga úr framkvæmdum og frumkvæði jafnframt sem þær gera aðra, jafnvel innflutta orkugjafa, samkeppnishæfa gagnvart raforkunni. Eðlilegra er að fjárfesting sé greidd niður í takti sem nálgast afskriftatíma hennar eða með öðrum orðum á meðan starfsemi hennar er tekjuskapandi.

Um markmið nr. 2 má fara mörgum orðum þó það verði ekki gert hér. Grundvallarhugsun verðlagningar samkvæmt langtímajaðarkostnaði er fyrst og fremst fjárfestingarsjónarmið. Það er með öðrum orðum verið að verðleggja næstu seldu kwst. með álagi sem taka skal þátt í að fjármagna næstu virkjun. Ef Landsvirkjun væri á flæðiskeri stödd varðandi afkastagetu virkjana er slík verðlagningarstefna hin eina rétta. Hins vegar er veruleikinn í dag allur annar.

Þegar afkastagetan er allt of mikil á að verðleggja orkuna samkvæmt skammtímajaðarkostnaði eða þeim kostnaði sem framleiðsla næstu kwst. kostar í óhagkvæmustu virkjuninni sem venjulegast er sú síðasta sem tekin var í notkun. Eins og við vitum er sá kostnaður allverulega lægri en það verð sem ríkir í dag.

Markmið nr. 3 er fyllilega í samræmi við sjónarmið Rafmagnsveitnanna en það þarf ekki að hafa áhrif á orkuverð til hækkunar.

Þau sjónarmið sem hér eru reifuð beinast fyrst og fremst að þeim viðhorfum sem gilda við ríkjandi einokunarskipulag í raforkugeiranum. Hugsanlega er hægt að bæta hag bæði orkunotenda og orkufyrirtækja með

breyttu skipulagi orkugeirans en út í þá sálma verður ekki farið að þessu sinni.

Hvað varðar hugleiðingar um möguleika Rafmagnsveitnanna til að ná betri samningum við Landsvirkjun en þær hafa nú má benda á að fyrirtækið leitar stöðugt eftir bestu kjörum sem kostur er á innan þess gjaldskrárramma sem Landsvirkjun setur hverju sinni. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að breytingar á söluskilmálunum og samningum Landsvirkjunar við almenningsrafveitur hafa hingað til miðast við að tekjur hennar verði alla vega ekki minni eftir en áður og eru slíkar breytingar því viðkvæmar.

Með bréfi þessu fylgja gögn yfir greiðsluflæðireikninga fyrir Landsvirkjun sem byggja á mismunandi forsendum um þróun raforkuverðs. Skuldastaðan á hverjum tíma kemur síðan fram sem afgangsstærð að gefinni þeirri forsendu að öllum greiðsluafgangi sé ráðstafað til niðurgreiðslu skulda eða sjóðssöfnunar.

Niðurstöður útreikninganna eru í stuttu máli eftirfarandi:

1. Ef tilmælum Rafmagnsveitnanna og annarra almenningsrafveitna verður fylgt (forsenda 1) er skuldastaðan komin niður í núll á árinu 2008. Með þessu móti lækkar verðið jafnt og þétt á þessum áratug niður í langtímajaðarkostnað (LTJ) árið 2000.

2. Ef verðið lækkar niður í LTJ á þessu ári (forsenda 2) verður skuldastaðan komin niður í núll á árinu 2010.

3. Ef fylgt er verðstefnu Landsvirkjunar (forsenda 3), þ.e. óbreytt verð til ársins 2000 en lækkar síðan jafnt og þétt niður í LTJ árið 2005, verður skuldastaðan orðin núll á árinu 2004.

Með því að bera saman ferla yfir verðþróun og samsvarandi þróun skuldastöðu kemur ofannefnd niðurstaða ef til vill best í ljós, eins og sjá má á meðfylgjandi línuritum.

Þegar litið er á þessar niðurstöður með hliðsjón af þeim langtímasjónarmiðum sem eiga að ríkja í orkugeiranum má ef til vill segja að deilan snúist um keisarans skegg, þegar ágreiningur stendur um hvort eðlilegt sé fyrir Landsvirkjun að vera skuldlausa fjórum til sex árum seinna en þeirra ýtrustu kröfur gera tilkall til."

Lýk ég þar með tilvitnun í bréf rafmagnsveitustjóra.

Forsvarsmenn almenningsrafveitna hafa ítrekað óskað eftir samningum við Landsvirkjun án þess að árangur hafi orðið. Í bréfi frá 1. nóv. sl. vísa forsvarsmenn Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja, Rafveitu Akraness, Orkubús Vestfjarða, Rafveitu Hafnarfjarðar og Rafmagnsveitna ríkisins til bréfs sem ritað hafði verið til Landsvirkjunar 25. okt. sl., en í því bréfi fara forsvarsmenn almenningsrafveitnanna fram á viðræður um þessi efni sem rafmagnsveitustjóri ríkisins gerir grein fyrir í sínu bréfi. Þessir aðilar óska eftir samningum við Landsvirkjun um viðskiptin milli dreifiveitnanna og þess ágæta fyrirtækis Landsvirkjunar. Ég ætla ekki að vitna sérstaklega til þess bréfs en bendi hv. þm. á að líta til þess í fylgiskjölum.

Þjóðhagsstofnun hefur lagt mat á verðlagningu Landsvirkjunar á raforku til almenningsrafveitna. Er ljóst af gögnum sem fyrir liggja að Þjóðhagsstofnun tekur undir þær ábendingar sem forsvarsmenn dreifiveitnanna hafa sett fram.

Einnig hefur Þjóðhagsstofnun bent á að þó að skammtímasveiflur í afkomu Landsvirkjunar séu verulegar sé ekki forsvaranlegt að láta það koma svo mjög niður á gjaldskrárbreytingum til almenningsrafveitna.

Þá hefur Þjóðhagsstofnun einnig minnt á það sem segir í ákvæði laga um Landsvirkjun að orkusölusamningar til stóriðju megi ekki valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið.

Að framansögðu má ljóst vera að Landsvirkjun hefur gengið mjög langt í því að tryggja stöðu sína á kostnað notenda að sjálfsögðu með þeim afleiðingum sem ég hef að framan tilgreint en það er hátt raforkuverð að mati rafmagnsveitustjóra. Með vísan til þess sem ég hef sagt í greinargerðinni og með tilvísun í bréf rafmagnsveitustjóra og bréf forsvarsmanna almenningsrafveitna til Landsvirkjunar legg ég fram þessa till. til þál. um verðlagningu á raforku um að Alþingi álykti að fela iðnrrh. að láta fara fram athugun á verðlagningu á raforku til almenningsrafveitna.

Að lokinni umræðu legg ég til, virðulegur forseti, að tillögunni verði vísað til hv. iðnn.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka flm. fyrir að flytja tillöguna aftur. Það er svo sem ekki í fyrsta sinn sem raforkuverð kemur til umræðu á hinu háa Alþingi. Það hversu mikil umræða er og í hve mörgum tilvikum er rætt um þessi mál bendir til þess að þau brenni mjög á fólki. Lækkun raforkuverðs er stærsta hagsmunamál okkar. Það er stórmál. Það er stórmál bæði fyrir fiskvinnslufyrirtækin og líka fyrir iðnaðinn. Íslenskur iðnaður situr þar ekki við sama borð og erlend stóriðja. Það er stórmál fyrir heimilisrekstur um allt land. Þær rökræður sem hér fara yfirleitt fram um lækkun raforkuverðs snúast um þetta allt saman.

Þau markmið sem Landsvirkjun hefur sett sér í sambandi við skuldastöðu fyrirtækisins og komu fram í máli hv. flm. eru óraunhæf. Það er furðuleg sú afstaða Landsvirkjunar að vera ekki til viðræðu um að lengja þann tíma sem hún setur sér til að ná skuldastöðu fyrirtækisins niður á núll. Það væri auðvitað til þess líka að koma meiru af framleiðslunni í gagnið og selja hana á lægra verði. Hvort tveggja ætti að vera markmið fyrirtækisins þó svo það þyrfti að lengja eitthvað þann tíma sem það tæki að ná skuldum fyrirtækisins niður. Landsvirkjun setur sér allt of stuttan tíma þarna sem er ekki í neinu samræmi við raunveruleikann.

Dreifiveiturnar hafa að sjálfsögðu tekið undir þetta og reynt að beita sér fyrir þessu, bæði á fundum með Landsvirkjun og samþykktum heima fyrir. Þjóðhagsstofnun tekur undir það sem hér kemur fram og ég tel að tillagan sé enn einn liðurinn í því að ýta á þetta mál.

Ég skora á iðnrh. að beita sér fyrir því að tillagan fái framgang og að það verði liður í því að hafa áhrif á stefnu Landsvirkjunar.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir það að þakka fyrir að þessi tillaga er flutt. Ég held þó að menn verði að muna eftir því að það eru mörg stórmál á ferðinni í sambandi við orkuverð í landinu núna. Þó þessi athugun fari fram verða kannski ekki straumhvörf í þeim málum. Það er forvitnilegt að vita hvort þeir sem flytja tillöguna muni styðja við bakið á ríkisstjórninni við þá ákvörðun hennar að taka 2% arð frá Rafmagnsveitum ríkisins sem mun þýða verulega hækkun raforkuverðs hjá þeim notendum sem þar eiga hlut að máli.

Það sem snýr að Landsvirkjun í þessu máli er vissulega umræðuvert og full ástæða til að þau mál komi til umræðu á þinginu. Afstaða Landsvirkjunar til mismunandi notenda sem eiga við hana viðskipti er undarleg og sá munur sem virðist vera á þegar fjallað er annars vegar um langtímasamninga við orkufyrirtæki og hins vegar um samninga við rafmagnsveiturnar í landinu og almenning þar af leiðandi. Það er t.d. sjálfsagt mál að skoða upp á nýtt
orkusölusamninga við Járnblendifélagið þegar það á í erfiðleikum en það er ekki jafnsjálfsagt mál að skoða upp á nýtt verðlagningu á raforku til iðnaðarins í landinu eða atvinnulífsins yfirleitt eða almennings.

Þarna þarf að verða breyting á. Það má ekki verða framtíðarmúsik í stjórn þessa fyrirtækis að það sé ævinlega hægt að bjarga sér á því að skrá upp á nýtt orkusölutaxtana til almennings í landinu og atvinnulífsins þegar þarf að ná markmiðum Landsvirkjunar. Eða þegar menn þurfa að bjarga sér upp úr ævintýramennsku í fjárfestingum sem hefur því miður verið á ferðinni á þeim bæ.

Það þætti ábyggilega ekki til fyrirmyndar hjá einkaaðilum í landinu að hafa fjárfest svo mikið sem Landsvirkjun hefur gert í veikri von um að fá samninga við einhverja erlenda aðila um sölu á viðkomandi framleiðslu. En þarna sitjum við uppi með eina af stærstu fjárfestingarvitleysunum sem við höfum í dag.

Ég tel fulla ástæðu til að fara að ráðum flm. tillögunnar um að láta skoða þessi mál. Mér finnst að grundvöllurinn fyrir þeirri skoðun eigi að vera sá að það sé meining stjórnvalda í landinu að tryggja fólkinu í landinu sambærilegan aðgang að raforku á svipuðu verði. Og það eigi að haldast í hendur við almenna stefnu stjórnvalda sem á að vera sú að bjóða fólkinu í landinu upp á eins sambærileg lífsskilyrði og mögulegt er. Stærstu þættirnir í grunnframfærslunni eru t.d. rafmagnsverð, húshitun, vöruverð, aðgangur að menntun og heilbrigðisþjónustu og þetta er bara einn þátturinn í því. Ég tel fulla ástæðu til að menn skoði þau mál vel.

Gagnvart atvinnulífinu þarf auðvitað að vera uppi svipuð stefna, þ.e. að reyna að skapa atvinnulífinu sambærilega möguleika í aðgangi að orku og sambærilega möguleika líka í samkeppninni við erlenda aðila. Það hafa verið settar fram sannfærandi upplýsingar um að hér sé, þótt ótrúlegt megi virðast, orka verulega dýr, að þrátt fyrir að við eigum mikið af ódýrri orku séum við jafnvel að láta fyrirtækin í landinu borga hærra verð fyrir hana en sambærileg fyrirtæki í löndunum í kringum okkur sem eru jafnvel að framleiða orku með, að maður hélt a.m.k., dýrum aðferðum, svo sem með gasi eða kolabrennslu.

Mig langar að koma aðeins aftur að þessu atriði sem ég nefndi áðan, þ.e. þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að láta Rafmagnsveitur ríkisins greiða 2% arð af sínu eigin fé. Þar finnst mér vera á ferðinni alveg forkastanleg ákvörðun og er þá vægt til orða tekið. Mér finnst það lýsa fádæma skilningsleysi á högum landsmanna. Þetta fyrirtæki dreifir raforku til að vísu stórs hluta af landinu en þó ekki nærri alls landsins og þetta mun þýða verulega hækkun á orkuverðinu. Áhrif breytinganna eru að mati Rafmagnsveitna ríkisins eins og segir í greinargerð frá þeim, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórn Íslands hefur til athugunar að leggja á *Rafmagnsveitur ríkisins*" — þ.e. *hún hefur* það ekki til athugunar. Það er búið að taka um þetta ákvörðun að því ég best veit — „að leggja 2% arð, eignarskatt, til ríkissjóðs. Eigið fé fyrirtækisins samkvæmt ársreikningi fyrir árið 1991 er 11.095 millj. kr. Ef álagning eignarskattsins kæmi til framkvæmda á þessu ári yrði kostnaðarauki fyrirtækisins 224 millj. kr. Eins og sakir standa er fyrirtækið alls ekki í stakk búið til að mæta þessum aukakostnaði og yrði að velta honum alfarið yfir á viðskiptavini sína. Það hefði í för með sér 8–10% meðaltalshækkun á öllum smásölutöxtum Rafmagnsveitnanna. Rétt þykir að benda sérstaklega á að þessi skattur mundi leggjast á Rafmagnsveiturnar eitt allra orkufyrirtækja í landinu. Slíkt hefði afar óheillavænleg áhrif á samanburð orkuveitna og samkeppnisaðstöðu Rafmagnsveitnanna gagnvart öðrum orkugjöfum jafnframt því sem þetta mundi einvörðungu bitna á viðskiptavinum *Rafmagnsveitnanna sem yrði síst til* þess fallið að jafna orkureikning landsmanna."

Tíma mínum er því miður að ljúka og þess vegna get ég ekki talað um það sem ég ætlaði að segja til viðbótar og lýk máli mínu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta láðist að geta þess í upphafi fundar að kl. hálffjögur hefst utandagskrárumræða að beiðni hv. 9. þm. Reykv. Umræðan fer fram skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaga og fjallar um hækkanir á farmgjöldum skipafélaganna. Biður forseti velvirðingar á þessu en vonar að það komi ekki að sök.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ef maður lítur yfir sviðið er eiginlega óhætt að segja að ýmsir hlutir sem gerst hafa í raforkumálum Íslendinga séu raunasaga. Við sitjum uppi með miklu meiri framleiðslugetu á rafmagni en selt er í landinu eins og stendur. Ég stilli mig um það að rifja upp ræðurnar sem ég flutti fyrir 10–12 árum um virkjun Blöndu. Því miður hefur það sannast að ég hafði rétt fyrir mér. Það lá ekkert á að virkja þetta vatnsfall. Reynslan hefur sannað að það var mikið fljótræði og glapræði að ráðast í þessa virkjun án þess að sjá fram á sölu á raforkunni þaðan. Við sitjum uppi með virkjun sem við þurfum ekki á að halda. Hún hefur kostað eitthvað á milli 13 og 14 milljarða og vegna þess að

hún er farin að snúast er raforkuverð til íslenskra notenda töluvert hærra en þyrfti að vera.

Það er ekki ástæða til að kenna Landsvirkjun um það fljótræði. Það var vilji Alþingis. Það voru fyrirmæli frá ríkisstjórn að virkja á þeim tíma sem gert var. Það var ekki fyrir sérstaka hvatningu Landsvirkjunar. Hún tók við þessu verkefni og framkvæmdi það. En það var Alþingi sem ákvað að Blanda skyldi virkjuð og það var hæstv. iðnrh. sem gaf virkjunarleyfið og réði tímasetningunni. Hv. síðasti ræðumaður ætti að skamma flokksbróður sinn, hv. 4. þm. Austurl., fremur en að ónotast út í Landsvirkjun út af því.

Við sitjum uppi með offjárfestingu í virkjunum. Þær áætlanir sem menn höfðu um uppbyggingu stóriðju hér á landi hafa ekki gengið eftir og er of langt mál að rekja þá sögu.

Það er offramboð á rafmagni núna og mjög mikilvægt að reyna að koma sem allra mestu af því í lóg, en það er ekki eins einfalt og mér heyrist á sumum ræðumönnum. Það ber að líta á skipulag raforkumála í landinu. Landsvirkjun kemst ekki að öllum notendunum og þetta verður ekki gert nema með víðtæku samstarfi Landsvirkjunar, ríkisstjórnar, Rarik og rafveitna sveitarfélaganna. Landsvirkjun selur rafmagn á sama verði um land allt, þ.e. á sömu spennu, og tekur þar með verulegan þátt í að jafna raforkuverð í landinu, hvar sem það er notað. En samsetning raforkusölunnar er þannig, eins og menn vita, að meiri hluti seldrar raforku gengur samkvæmt langtímasamningum um hér um bil fast verð til stóriðjufyrirtækja og síðan liggja möguleikarnir til verðbreytinga á smánotendaarminum.

Það er vissulega eftirsóknarvert að lækka raforkuverð til fiskvinnslunnar í landinu og reyndar margra annarra nota og sjálfsagt að skoða alla möguleika í því sambandi en Landsvirkjun getur ekki gert það ein og sér með ákvörðun stjórnar. Það er óhjákvæmilegt að miklu fleiri aðilar komi að því máli ef árangur á að nást. Ég mun beita mér fyrir því í stjórn Landsvirkjunar og hef reyndar lagt því lið nú þegar að slík athugun fari fram. Ég tel að það þurfi að efna til víðtækrar athugunar á því með hvaða hætti unnt er að selja meira rafmagn innan lands.

Það hafa komið fram nokkuð villandi upplýsingar um hvernig endurgreiðslum á lánum Landsvirkjunar er háttað og menn eru að vitna í gömul markmið sem löngu hefur verið fallið frá. Það eru horfur á því, ef tekst að halda svipuðu endurgreiðsluhlutfalli og nú er og ef ekki verður lagt út í nýjar fjárfestingar, að Landsvirkjun verði skuldlaus eftir 25–30 ár. Það er að vísu ekki langur tími. Mér segir svo hugur um að farið verði í verulegar fjárfestingar á næstu 25–30 árum. Við þurfum á því að halda að nýta auðlindir okkar og vonandi gengur okkur betur að selja raforku í framtíðinni en á síðustu árum. Þar af leiðir að ég á ekki von á því að fyrirtækið verði skuldlaust eftir 25–30 ár.

Þetta er allt miðað við óbreytta stöðu og óbreytt skipulag. Við gætum hugsað okkur að einkavæðingarflipp ríkisstjórnarinnar næði út yfir Landsvirkjun og uppi hafa verið hugmyndir þar um. Þá kann Landsvirkjun að verða komin að meira eða minna leyti í eigu útlendinga eftir 25–30 ár og þá hef ég engar áhyggjur af hvað fyrirtækið kemur til með að skulda.

Raunlækkun raforku til notenda frá Landsvirkjun hefur síðan 1984 verið 40% og ekki ástæða til að vanþakka það. (Forseti hringir.) Ég mun, frú forseti, innan stjórnar Landsvirkjunar reyna að beita mér fyrir víðtækri athugun á því og möguleikum á samstarfi um að koma meira rafmagni í lóg. Það er rétt að geta þess að stórfyrirtæki í kjördæmi hv. þm. Jóhanns Ársælssonar hefur farið fram á endurskoðun á raforkusamningi. Það mundi verða verulegur baggi fyrir Landsvirkjun ef farið yrði að óskum þess fyrirtækis.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Jöfnun orkuverðs er eitt þeirra mála sem allir þingflokkar hafa verið sammála um og haft á stefnuskrá sinni, enda veldur ójafn hitakostnaður meiri mismun á framfærslukostnað heimila eftir búsetu en nokkuð annað. Því má einskis láta ófreistað til að ná því markmiði að jafna orkukostnað almennt. Því ber að þakka hv. flm. þáltill. Í tillögunni er eiginlega meginmarkmiðið að lengja þau göfugu markmið sem Landsvirkjun hafði, að verða skuldlaus um aldamót. Nú kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að þegar er búið að lengja þetta tímabil og það orðið 25 ár, en ég verð að segja að það væri aldeilis glæsilegt ef undirstöðuatvinnugreinar þjóðarinnar gætu einhvern tímann leyft sér að hafa slík markmið að vera skuldlausar eftir 10 ár, 15 ár eða jafnvel 20 ár. Þess vegna segi ég það að þessi þjónustufyrirtæki undirstöðuatvinnugreinanna og heimilanna í landinu verða auðvitað að taka mið og mark af þeim sem kaupa af þeim þjónustuna. Það er því gott að hreyfa þessu máli svo langt sem það nær.

En það sem veldur auðvitað áhyggjum hjá neytendum í dag er að nú á að fara að skattleggja orkufyrirtæki miklu meira en nokkurn tímann hefur verið gert, auk þess að taka 2% arð frá rafmagnsveitunum. Þetta mun auðvitað verða til þess að orkuverð hækkar. Það getur ekki leitt til neins annars. Það er það sem við stöndum frammi fyrir í dag. Þó svo þessi markmið Landsvirkjunar verði öll endurskoðuð þá stöndum við frammi fyrir stórhækkuðu orkuverði og miklu meiri ójöfnuði en við höfum áður séð ef ekki verður horft fram hjá þeim tillögum sem ríkisstjórnin er með í fjárlagafrv.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér í umræðuna um þáltill. en geri það þó að gefnu tilefni vegna ræðu sem hv. þm. Páll Pétursson flutti með ákveðnum sendingum. Ég vil þó nefna það í sambandi við tillöguna sem hér liggur fyrir um verðlagningu raforku að það er út af fyrir sig góðra gjalda vert að láta fara fram athugun á málum og getur átt fullan rétt á sér en ég hefði viljað sjá skarpari tillöguflutning af hálfu hv. fyrra flm. þessa máls. Satt að segja er það auðvitað allt annað en athugun sem þarf til að koma. Þær liggja raunar fyrir og það þurfa engar athuganir fram

að fara til þess að tekið verði á þeim ójöfnuði sem viðgengst í sambandi við verðlagningu á raforku frá mismunandi orkufyrirtækjum í landinu og þeim mikla mismun sem er sérstaklega á húshitunarkostnaði. Það er öðru fremur það sem brennur á landsmönnum. Það ber því miður vott af sýndarmennsku að hv. stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar skuli flytja mál með þessum hætti inn í þingið. Ekki vil ég vanvirða það við hv. flm. þó þeir reyni með þessum hætti að hreyfa við ríkisstjórninni sem þeir styðja í sambandi við þetta mál. En það er þar sem á skortir að tekið sé á málum með þeim hætti sem óskir standa til og hefur raunar oft komið fram á hv. Alþingi og liggja fyrir beinar tillögur eins og frá hv. þm. Jóni Helgasyni um lækkun húshitunarkostnað sem er annað þingmál.

Ég vildi því hvetja flm. til þess að taka sig betur á næst þegar þeir hreyfa máli af þessu tagi. Ég held að fleiri stjórnarliðar séu að koma með mál af svipuðum toga. Ef þingmenn Sjálfstfl. sem eru að flytja mál varðandi raforkuverðið leggðu saman fengju þeir kannski einhverju um þokað gagnvart Alþfl. í ríkisstjórn í þessu máli og fjmrh. sem auðvitað þarf til að koma ásamt ríkisstjórninni í heild.

Þetta varðaði efni þáltill.

Svo er það þáttur hv. þm. Páls Pétursonar í umræðunni þar sem hann ræddi fjárfestingarmistök liðins tíma og nefndi í því sambandi Blönduvirkjun, með að vísu mjög kunnuglegum hætti vegna þess að ég þekki viðhorf hv. þm. bæði fyrr og síðar til þess máls. Þessi saga er ákveðinn hnútur í viðhorfum, ég gæti kannski orðað það svo í heilabúi hv. þm., og kom vissulega fram þegar verið var að takast á um virkjunarmál fyrir áratug síðan og rösklega það og mætti skrifa um það talsvert mál ef ætti að fara að rifja þá sögu upp eins og hún gekk fyrir sig.

Ég vil aðeins nefna það til upprifjunar fyrir þingheim og þá hv. þm. sem ekki voru á Alþingi þá og ekki þátttakendur í þessum ákvörðunum og ályktunum þingsins að á þessum árum sat ríkisstjórn sem hv. 1. þm. Norðurl. v. studdi. Það var ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens. Hún tók það upp í málefnasamning að næstu stórvirkjun hérlendis skyldi valin staður utan eldvirkra svæða. Það var leiðsögnin og að því var unnið að koma því máli í höfn og ná fram ákvörðun þar að lútandi að næsta stórvirkjun yrði valin utan þess sem þá var eðlilega kallað landsvirkjunarsvæðið vegna þess að lög um Landsvirkjun kváðu á um það 1981 að hún hefði virkjunarrétt í Þjórsá og Tungnaá. Það var hið eiginlega landsvirkjunarsvæði en önnur svæði á landinu lágu þar utan við. Þessu var breytt með lögum um raforkuverð vorið 1981 og vorið 1982 var samþykkt þál. varðandi virkjanaröð. Það er alveg rétt að hv. 1. þm. Norðurl. v. var andstæðingur þeirra ákvarðana, ef ég man það rétt, en það var einnig tekið tillit til sjónarmiða sem hann bar fram í sambandi við virkjanir með vissum hætti. Önnur virkjun var þar á blaði frá Norðurlandi vestra, Villinganesvirkjun.

Ég vil jafnframt rifja það upp að af þeirri ríkisstjórn sem þá sat var tekin ákvörðun um að verja nálægt 400 gwst. af raforku til iðnaðaruppbyggingar á Austurlandi, svonefndrar kísilmálmverksmiðju. Lög um hana voru sett á Alþingi vorið 1982. Áformin um þessa verksmiðju voru jörðuð af ríkisstjórninni sem tók við 1983 eða breytt um stefnu og áformin enduðu síðan úti í buska 1986 eða 1987 þegar endanlega var frá því horfið að reisa þetta fyrirtæki en því hafði þá verið vísað í hendur útlendinga að taka í ákvarðanir og hafa ráðin í þeim efnum af þáverandi ríkisstjórn.

Kannski skiptir þetta einhverju máli þegar verið er að tala um ákvarðanir á þessum tíma. Það ber líka að hafa í huga að orkuspá á þeim tíma var önnur en kom fram 1985 þegar hún var endurskoðuð og lækkuð til mikilla muna í ljósi reynslu og þeirra horfa sem þá blöstu við og breyttu einnig myndinni. Þegar ákvörðun var tekin um Blönduvirkjun á þessum tíma var hún talin miðlungsstór virkjun sem væri hagkvæm óháð hugmyndum um orkusölu til stóriðju. Það geta menn lesið sér til um í þeim fjölmörgum málsgögnum sem lágu fyrir þinginu um þessi efni að ákvörðun um Blönduvirkjun var tekin óháð uppbyggingu stóriðju í landinu. Hún var einnig studd mjög eindregið af Landsvirkjun, andstætt því sem hv. flm. var að halda fram í sínu máli, að það yrði einmitt ráðist í þessa virkjun og Orkustofnun og fleiri stofnanir stóðu þar að baki. Hv. þm. var að reyna að draga upp allt aðra og ranga mynd af viðhorfi stjórnar og forráðamanna Landsvirkjunar á þessum árum. Það var ekki svo að það væri eitthvert hik á Landsvirkjun að þessu leyti. Ó nei. Þeirra krafa á árinu 1981 og 1982 var ekki aðeins um það að virkjun á borð við Blönduvirkjun yrði ákveðin og í hana ráðist þá þegar heldur var talin þörf á því af stjórnarformanni Landsvirkjunar á þessum tíma að skjóta þar inn á milli annarri virkjun. Annarri virkjun sem kæmi í gagnið 1985, Búrfellsvirkjun II.

Þannig lágu málin að mati stjórnar Landsvirkjunar á þessum tíma og embættismanna, og það er vert að menn hafi þetta í huga þegar hlýtt er á söguskýringar hv. þm. Páls Pétursonar.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig ekkert undarlegt að þingmenn flytji fjölmargar tillögur um raforkumál, svo mikilvæg er raforkan í okkar þjóðarbúi. Ég get tekið undir það sem segir í þeirri tillögu sem hér er til umræðu.

En hitt vildi ég gera að umræðuefni að líklega er Landsvirkjun það afturhaldsamasta fyrirtæki sem til er í þjóðfélaginu. Ég man varla nokkur tilfelli að ekki hafi orðið að setjast á forustumenn Landsvirkjunar til að breyta fyrri ákvörðunum um of mikla hækkun raforkuverðs, sem var ekki í takt við það sem almennt var í þjóðfélaginu, eða til þess að lækka raforkuverð til fiskeldis, svo ég nefni dæmi. Hér var flutt tillaga sem við vorum að afgreiða til nefndar um að selja raforku til skipa.

Það er merkilegt að það skuli þurfa að flytja slíkar tillögur á hinu háa Alþingi. Hvar eru þessir markaðspostular sem tala stöðugt um að markaðssetja allan fjárann og með hæstv. höfuðpaurinn, hæstv. viðskrh., í broddi fylkingar? Af hverju er ekki reynt að

markaðssetja þá orku sem er til svona langt umfram það sem við þurfum? Af hverju fara þeir ekki út á mörkina og reyna að selja þessa raforku til skipa? Er það ekki nákvæmlega það sem menn eru að tala um? Af hverju eru ekki settir menn í það að rannsaka hvort það er hægt að nota þessa raforku, t.d. í fiskimjölsverksmiðjurnar, svo ég nefni bara eitthvert dæmi? Það eru fjölmörg dæmi um það að unnt er að nota raforkuna. Það hlýtur að borga sig. Virkjunin er þar, vatnið rennur í gegnum virkjunina, línurnar eru þar, dreifikerfið er þar. Það hlýtur að vera hagkvæmt að nota þessa virkjun, nota dreifikerfið og selja raforkuna til fjölmargra þarfa sem mætti flytja langa ræðu um. En staðreyndin er sú að þarna hafa ekki orðið breytingar í toppliði frá stofnun og áreiðanlega á það nokkra sök á því hvað þarna er mikil stöðnun. Þetta er gott dæmi um það sem ekki á að gerast í svo mikilvægu og stóru fyrirtæki sem Landsvirkjun.

Ég ætla ekki að flytja langa ræðu um þetta þótt gaman væri að ræða um fjölþætta notkun raforkunnar. Ég ætla þó að geta þess að mér var sagt af einum ágætum manni sem settist niður og reiknaði það út að ef við leggjum kapal til Evrópu gætum við líklega fengið ódýrari raforku framleidda með olíu frá Danmörku hingað en við greiðum nú fyrir íslenska raforku.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Fáein orð í viðbót. Ég hafði ekki lokið að fullu því sem ég ætlaði að koma til skila.

Ég sagði það og vil endurtaka að ég sé ástæðu til þess að hvetja stjórnarþingmenn sem hafa svona mikinn áhuga á að ná fram lækkun á orkuverði til þess að snúa sér að sinni ríkisstjórn og leiða hana af villu síns vegar. Það sem stjórn Rafmagnsveitnanna var gerð grein fyrir af fulltrúum iðnrn. þann 17. sept. í sambandi við fjárlögin var að B-hluta ríkisfyrirtæki tækju að sér lífeyrisskuldbindingar að fullu vegna eigin starfsmanna, að ríkisfyrirtæki greiði arð í ríkissjóð sem verði hlutfall af eigin fé, 2%, að hætt verði að endurgreiða innskatt þegar um er að ræða virðisaukaskatt af frjálsri sölu. Það hefur farið fram athugun á því hvað þetta mundi hafa í för með sér. Þetta mundi hafa í för með sér, ef kæmi fram í orkusölutöxtunum, 38–43 þús. kr. hækkun á orkuverði til meðalfjölskyldu. Það er hvorki meira né minna sem er á ferðinni. Ég tel að það sé full ástæða til að benda á þetta hér og óska eftir því að hæstv. iðnrh., sem er staddur hér og hlýðir á umræðuna, upplýsi okkur um að hvort þessar fyrirætlanir séu óbreyttar og hvort ekki þurfi að kjósa nefnd til að fara ofan í saumana á þessum tillögum og skoða þær nánar því að þær munu auðsjáanlega hafa miklu meiri áhrif á orkuverðið á næstunni en sú nefnd sem verið er að leggja til að verði sett á stofn.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Eins og umræður um þessa athyglisverðu tillögu hafa leitt í ljós er sannarlega að mörgu að gæta í því máli sem hér er hreyft. Ég leyfi mér að vitna annars vegar til orða hv. 1. þm. Norðurl. v. og hins vegar til orða hv. 7. þm. Reykn. Hv. 7. þm. Reykn. fór hér með heita og einlæga áskorun um það að menn létu markaðssóknina duga til þess að færa út á víðan völl þá orku sem væri umfram þarfir í okkar orkubúskap. Hann spurði: Af hverju eru ekki settir menn í það að markaðsfæra þessa umframorku af hálfu Landsvirkjunar? Hefði hann hlýtt betur á mál hv. 1. þm. Norðurl. v., eins og ég treysti að hann geri nú jafnan, hefði hann heyrt að þetta hefur þegar verið gert og því var ágætlega lýst af hv. 1. þm. Norðurl. v. að Landsvirkjun ásamt almenningsrafveitunum ynni nú að því að finna leiðir til þess að fá viðbótarorkusölu innan lands, m.a. með breytingum á verðkerfi Landsvirkjunar, sem hér er einmitt til athugunar og umræðu í dag.

Um efni tillögunnar vil ég segja að ég tel mikla ástæðu til þess að hv. iðnn. þingsins kynni sér vandlega málavöxtu áður en hún tekur efnislega afstöðu til tillögunnar. Ég hef síður en svo á móti því að slík áskorun og fyrirmæli frá þinginu berist mér sem greinir í tillögunni en tel að það væri mjög gagnlegt að iðnn. kynnti sér málið sem vandlegast vegna þess að þarna hafa hlutir verið að gerast frá því að tillagan var upphaflega flutt.

Það er sannarlega rétt, sem fram kom í máli hv. 7. þm. Reykn., að það er mikil þörf á því að leita nú leiða til þess að markaðsfæra orkuna en ég vil ítreka það sem ég sagði hér áðan að það er rangt að halda því fram að hér hafi menn verið aðgerðalausir. Það kom ágætlega fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. að að því máli er unnið.

Ég vil líka láta það koma fram vegna fyrirspurnar hv. 3. þm. Vesturl. að sú markmiðssetning sem fram er sett í greinargerðum með fjárlagafrv. um það að æskilegt sé að tiltekin ríkisfyrirtæki skili 2% arði af eigin fé er almenn viðmiðun og getur ekki verið almenn regla fyrir sérhvert fyrirtæki því þar verður arðgreiðslan náttúrlega að fara eftir arði. Er arður af rekstrinum sem fyrirtækið getur skilað í hendur eigandans? Ég tel þetta hins vegar gagnlega viðmiðun, ekki síst við fjárfestingarákvarðanir, sem hér hafa nokkuð verið ræddar, þótt ég biðji menn um að blanda ekki deilunum um Blöndu fyrir tíu árum allt of mikið inn í það mál sem við ræðum hér og nú. Það er rétt sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði í sínu máli: Þetta er einfaldlega svona, við verðum að ráða fram úr því. Það tjóar lítt um það að deila hvernig rökin voru þegar ákvörðunin var tekin. Við verðum að finna leiðir til þess að búa við það að við erum núna með um 500–600 gwst. orkuframleiðslu á ári umfram þarfir, e.t.v. meir. Það var erfitt að sjá þetta fyrir. Það er rétt hjá hv. 4. þm. Austurl. þótt að miklu leyti hafi náttúrlega verið í þessa virkjun ráðist út á ákveðin áform um orkufrekan iðnað sem ekki er rætt um nú. En svo sannarlega hefur verið að því máli unnið og verður áfram unnið að koma þessari orku í lóg, eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. orðaði það jafnan hér áðan, og ég treysti sannarlega á stuðning þingsins í því verkefni.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ein spurning til hæstv. iðnrh. Er það rangt sem kemur fram í bréfi frá Rafmagnsveitum ríkisins til iðnrh. frá því 18. sept. sl. að arður af eigin fé þess fyrirtækis hefði orðið 122 millj. kr. á árinu 1991? Er það ekki það sem verið er að tala um að taka út úr því fyrirtæki á næsta ári ef hag fyrirtækisins verður með svipuðum hætti?

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að vitna í þetta bréf sem hv. 3. þm. Vesturl. vitnar til að hann segir orðrétt. Ég vil eingöngu láta það koma fram að það má vel vera að þessi hundraðstala af eigin fé Rafmagnsveitna ríkisins, sem hann las hér áðan, sé rétt reiknuð en það hefur ekki verið tekin um það ákvörðun að slíkri arðgreiðslu verði skilað í ríkissjóðs á næsta rekstrarári. Það fer eftir aðstæðum. Ég vil ítreka það sem ég sagði hér áðan að það fer eftir arðinum. (Gripið fram í.) Það stendur ekki í fjárlagafrv.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég stend fyrst og fremst upp vegna orða sem hv. 4. þm. Austurl. lét falla í ræðustól rétt áðan. Ég held því fram og get fært að því sterk og óyggjandi rök að margvísleg ógæfa í raforkumálum Íslendinga á rót að rekja til ákvarðana sem teknar voru í ráðherratíð hv. 4. þm. Austurl. Það var ólukka yfir mörgum þeim ákvörðunum og oft farið fram af meira kappi en forsjá.

Nú sat ég að vísu ekki í stjórn Landsvirkjunar á þeim tíma sem ákvörðun var tekin um virkjun Blöndu. Mér er kunnugt um þann þrýsting sem hér var í þingsölum og í herbúðum ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens um að drífa sig í að virkja Blöndu. Sá þrýstingur sem á okkur var hér var aldeilis ekki frá Landsvirkjun komin. Landsvirkjun hljóp hins vegar með á endasprettinum. Það er að vísu rétt að stjórnarformaður Landsvirkjunar benti á það og hefur e.t.v. haft uppi einhverjar tillögur um að virkja Búrfell II enda var það, ef við ætluðum að bæta við rafmagni, ódýrast að gera það við Búrfell II. En byggðasjónarmið eða einhver önnur stjónarmið réðu því að farið var í Blöndu á undan Búrfelli II. Ég vildi virkja við Villinganes, reisa 32 mw. virkjun sem fyrirsjáanlega væri hægt að nýta en því var ekki sinnt. Við værum betur settir ef farið hefði verið að mínum ráðum.

Ég hélt því fram að sú orkuspá sem hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, var að vitna til áðan væri röng. Ég skal fletta upp í Alþingistíðindunum frá þeim tíma og sýna honum fram á það enda reyndist ég hafa rétt fyrir mér, því miður. Ég er út af fyrir sig stoltur yfir að hafa haft rétt fyrir mér. En mér þykir það samt verra af því að það kom illilega niður á þjóðarbúinu.

Mér finnst að það sé góðra gjalda vert að flytja tillögur eins og þessa en ef hv. flm. vilja vera að hnotabítast út í Landsvirkjun vil ég benda þeim á auðveldari leið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Það er hreinlega með því að tala við flokksbræður sína í stjórn Landsvirkjunar sem hafa þar meiri hluta.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við þyrftum að taka okkur tíma til þess við hentugleika, við hv. þm. Páll Pétursson, og fara yfir málsskjöl frá þessum árum. Ég væri reiðubúinn til þess og held að ég hafi flest í huga sem þá gerðist. Ég man m.a. eftir fjölda funda, líklega hátt í 100 talsins, með undirnefnd vegna þessara virkjunarmála þar sem m.a. áttu sæti tveir þáv. samráðherrar mínir, þar á meðal þáv. hæstv. landbrh., Steingrímur Hermannsson, og þáv. fjmrh., Ragnar Arnalds, og reyndar þriðji ráðherrann sem einnig var frá stjórnarflokkum. Þessir ágætu þingmenn og ráðherrar áttu þátt í því að marka þá stefnu sem og fylgja eftir þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hafði sett sér í málefnasamningi. Að lokum var um það fullt sammæli að taka þá ákvörðun sem tekin var af meiri hluta Alþingis, þar á meðal af þorra þingmanna, um virkjanaröð og ákvarðanir um virkjanaundirbúning og að hefja undirbúning að virkjun Blöndu á þessum árum. Í ræðum manna var annað að heyra en að of geyst væri farið. Ef menn vilja rifja það upp ættu þeir að lesa þingtíðindin frá þessum árum og athuga hvort þeir telja að þáv. iðnrh. hafið farið offari. Um hlut Landsvirkjunar er síðan auðvelt að ganga úr skugga. Hún vildi ekki aðeins Blönduvirkjun. Hún vildi áður fá af brýnni nauðsyn Búrfellsvirkjun II án þess að hnika til gangsetningu Blönduvirkjunar 1988. Þá var þar komin millivirkjun 1985 og raunar knúði Landsvirkjun fram gegn mínum ráðum byggingu Sultartangavirkjunar á árunum 1982 og 1983, að mig minnir, með ærnu fjármagni. Það var vissulega öryggisatriði fyrir Búrfellsvirkjun en jók jafnframt orkuvinnslu í kerfinu umtalsvert.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það getur vel verið að hv. 4. þm. Austurl. hafi setið á 100 fundum í undirnefnd með hæstv. samráðherrum sínum, Ragnari Arnalds, Steingrími Hermannssyni og Pálma Jónssyni og þeir hafi tekið þessar ákvarðanir meira og minna sameiginlega en það hafa ekki verið gæfulegar ákvarðanir. Það þýðir ekki fyrir hv. þm. samt sem áður, þótt hann geti vitnað til þess að hafa ekki haft ráðholla menn sér við hlið, að reyna að þvo hendur sínar því að hans var ríkið á þeim tíma þótt hann hefði kannski hvorki máttinn né dýrðina. Hann var að vísu að byggja í huganum einhverja kísilmálmverksmiðju austur á Reyðarfirði. Það fór með hana eins og þær verksmiðjur sem hæstv. núv. ráðherra hefur verið að byggja í huganum. Hún er ekki komin.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég varð ekki var við ágreining frá hv. þm. Páli Pétursyni gegn stjórnarsáttmála ríkisstjórnar sem við studdum báðir, ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens, um það að undirbúa og taka ákvarðanir um næstu stórvirkjun utan eldvirkra svæða. Ég varð ekki var við ágreining um það efni. Ég varð heldur ekki var við ágreining um lögfestingu varðandi kís-

ilmálmverksmiðju á Reyðarfirði vorið 1982, ákvörðun sem tekin var af Alþingi þar sem íslenska ríkið áti að hafa forgang.

Hv. þm. Páll Pétursson studdi hins vegar ríkisstjórn sem kúventi í því máli og varpaði því í hendur útlendinga hvort slíkt fyrirtæki yrði reist eða ekki og afsalaði sér forræði íslenska ríkisins í málinu.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens, sem ég samþykkti á sínum tíma, stóð að virkja skyldi utan eldvirka svæða og ég var út af fyrir sig sæmilega sáttur við það og vildi reisa við Villinganes 32 mw. virkjun sem hefði fullnægt okkar heimamarkaði.

Varðandi kúvendinguna um kísilmálmverksmiðjuna á Reyðarfirði veit ég ekki nema það væri rétt fyrir okkur að hugleiða í alvöru hvort heppilegt hefði verið að byggja hana. Við eigum í nógu basli við að halda járnblendiverksmiðjunni gangandi þó að við værum ekki með byrðar og vandræði af verksmiðju fyrir austan. Þessir útlendingar, Rio Tinto Zink, sem búið var að semja við sáu það fyrir af skynsemi sinni að það væri ekki góður bisness að reisa þessa verksmiðju. Ef við hefðum farið eftir upphaflegum hugmyndum Hjörleifs Guttormssonar, hv. þm. Austurl., værum við þar kannski með einn ómagann enn þá.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Það er verið að athuga þetta og athuga hitt. Það var inntakið í ræðu hæstv. iðnrh. Hvað ætli sé búið að athuga það í mörg ár að selja raforku til skipa? Ég held að það hljóti að vera tveir áratugir og enn er það ekki gert. Þau verða að brenna olíu í ljósavél sinni þegar þau liggja nokkra faðma frá rafmagninu í landi. (Gripið fram í.) Jú, ég hlustaði á ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. en það breytir þessu ekki. Hlutirnir gerast ekki samt þótt hann sé þar. Kannski lagast það eitthvað á næstunni.

Ég hef líka haft tækifæri til að kynna mér það sem svokölluð markaðsskrifstofa er að gera. Hún er ekki að gera neitt. Þetta öfluga og ríka fyrirtæki ætti vitanlega að hafa menn í sinni þjónustu sem leita allra leiða til að selja raforkuna.

Ég geri enga athugasemd við virkjun Blöndu, ég held að það hafi ekki verið óskynsamleg ákvörðun, en hitt er náttúrlega fáránlegt að virkja Blöndu og geta svo ekki selt raforkuna og þó notum við olíu til fjölmargra hluta. Hæstv. iðnrh. veit mætavel og hefur tekið þátt í því aftur og aftur að það hefur orðið að snúa ansi mikið upp á höndina á forustumönnum Landsvirkjunar til að fá þá til að gera ýmsa skynsamlega hluti, t.d. að lækka raforkuverð til húshitunar. Hvað ætli hafi orðið að þrýsta mikið á þá til að fá þá til að gera slíkt? Við höfum tekið þátt í því hvað eftir annað. Þetta öfluga fyrirtæki, þetta auðuga fyrirtæki á vitanlega að vera í forustu og kenna mönnum að nota raforkuna sem skynsamlegast. Af hverju ekki að hafa t.d. ráðgjöf fyrir fiskvinnslufyrirtækin um það hvernig þau geti nýtt raforkuna sem jafnast og fengið hana á sem lægstu verði? Ég kannast ekki við að nokkur minnsta tilraun sé gerð til slíks. Þegar samdráttur er í þjóðfélaginu segir Landsvirkjun upp tæknimönnum í grið og erg í staðinn fyrir að hefja nýja sókn og reyna að byggja upp. Ég hef líka talað við verkfræðinga sem hafa leitt rök að því að ýmsar þær hugmyndir sem á hefur verið byggt um virkjanir séu alls ekki nægjanlega vel skoðaðar. Ég heyrði í fréttum fyrir nokkrum dögum að nú er komin upp ný hugmynd um virkjun í Skagafirðinum sem er sögð vera langtum hagkvæmari en áður hefur verið talið. Það kemur einhvern veginn af tilviljun. Einhverjir glöggir verkfræðingar setjast yfir kort og skoða það og benda á það að nýjar leiðir mættu vera betri.

Það sem ég er að gagnrýna er þessi afturhaldssemi og íhaldssemi hjá Landsvirkjun að hafa ekki forustu um það að koma raforku til notenda á sem allra flestum sviðum hér á landi og þau eru mjög mörg þau svið þar sem raforku má nota með hagkvæmum hætti. Ég tek undir með 1. flm. að afskriftartími Landsvirkjunar er allt of stuttur. Hvað ætli sé oft búið að ræða það við Landsvirkjun að þennan tíma þurfi að lengja? Hann hefur að vísu fengist aðeins lengdur. En erlendis er algengt að afskrifa vatnsaflsvirkjanir á 40–50 árum. Þetta veit ég að hæstv. iðnrh. þekkir vel. Af hverju er talið nauðsynlegt að þessi kynslóð greiði þessar virkjanir? Af hverju má ekki greiða þær á lengri tíma og veita lægra raforkuverð? Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. framsögumanni.

Flm. (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Það fer ekki á milli mála af því sem hefur komið fram í umræðunni að það var svo sannarlega kominn tími til þess að stjórnarskipti yrðu í þessu landi. Hér hafa komið fram yfirlýsingar um að það hafi ekkert verið að gerast í orkusölumálum árum saman, m.a. undir stjórn ríkisstjórnar hv. 7. þm. Reykn. (**Gripið fram í:** Það hefur verið sami iðnrh.)

Varðandi þáltill. sem er til umræðu þakka ég undirtektir hæstv. iðnrh. og hv. 6. þm. Vestf. við tillöguna. Þeir fluttu málefnalegar ræður og komu með góðar ábendingar varðandi tillöguna. Sama er hins vegar ekki hægt að segja um málflutning annarra stjórnarandstöðumanna en Kvennalistans í þessari umræðu.

Hv. 3. þm. Vesturl. treysti sér ekki til að hafa uppi neinar málefnalegar umræður um þá mikilvægu tillögu sem hér er til umræðu heldur sneri sér að því að ræða fjárlögin og reyndi með því að draga athyglina frá tillögunni sem hér er til umræðu og draga athyglina frá því mikilvæga viðfangsefni sem er að beita öllum ráðum til þess að lækka raforkuverðið í landinu. Þetta er mjög athyglisvert og ég er alveg viss um að kjósendur á Vesturlandi munu taka eftir því og það mun vekja athygli á Vesturlandi að tillagan skuli ekki fá neinn stuðning frá 3. þm. Vesturl. Hann talar um að hér sé verið að óska eftir nefnd. Það kemur hvergi fram í tillögunni að óskað sé eftir því að setja á laggirnar nefnd heldur gengur tillagan út á það að iðnrh. sé falið að gera athugun á þessari verðlagningu. Það kom fram í umræðunum að ágreiningur er um verðlagningu Lands-

virkjunar og við flm. tillögunnar teljum mikilvægt og nauðsynlegt að láta fara fram athugun á því. Eins og fram kom í máli hæstv. iðnrh. tekur hann undir það að iðnn. eigi að skoða málið. Tillagan leggur engan dóm á það að útreikningar eða forsendur Landsvirkjunar séu rangar en við þurfum að fá fram athugun á því. Ég vísa því alveg á bug sem hv. 4. þm. Austurl. segir að ekki þurfi eina athugunina enn. Ég tel að það þurfi að athuga þær forsendur sem Landsvirkjun byggir útreikninga á raforkuverði á og ég tel að það sé kominn tími til þess að sú athugun eigi sér stað.

En það voru fleiri þingmenn stjórnarandstöðunnar sem reyndu að víkja sér undan málefnalegri umræðu um tillöguna. Það kom satt að segja nokkuð á óvart sem hv. 7. þm. Reykn. sagði þegar hann talaði um að allt magnaðasta afturhald landsins sé í Landsvirkjun og þar á meðal er hv. þm. Páll Pétursson væntanlega enda kom það mjög greinilega fram í ræðu hv. þm. Páls Péturssonar að hann er ekki tilbúinn til að standa að neinum breytingum. Hann telur að forsendur Landsvirkjunar séu með eðlilegum hætti varðandi útreikninga á raforkuverðinu. Ég verð að segja eins og er, virðulegi forseti, að þetta veldur mér miklum vonbrigðum. Hann segir að nú sé hann tilbúinn til að beita sér fyrir lækkun á raforkuverði eða breytingum í stjórn Landsvirkjunar. Hann hefur væntanlega ekki gert það hingað til ef hann er nú tilbúinn til að beita sér fyrir einhverjum breytingum.

Ég hef ekki fengið það upplýst, hv. 1. þm. Norðurl. v., að nokkrar breytingar hafi orðið á forsendum við útreikning Landsvirkjunar. Þau bréf sem eru í fskj. með þáltill. sýna að ekki hefur orðið nein breyting á þessum forsendum enda hefur ekki komið fram nein breyting á raforkuverði frá Landsvirkjun til dreifiveitnanna. Það verða að koma betri og fyllri rök fyrir þessum fullyrðingum þingmannsins en fram komu.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að blanda mér inn í þá umræðu sem kom hér upp um fortíðina, ágreining milli hv. 4. þm. Austurl. og hv. 1. þm. Norðurl. v. um Blöndu. Þetta er vandamál sem við búum við og þetta er vandamál sem Landsvirkjun býr við. Þeir verða að útkljá þau mál með einhverjum öðrum hætti en þeir geta gert við umræðu um þáltill. Enda heyrðist mér á hv. 4. þm. Austurl. að hann hefði fullan áhuga á því að reka það allt saman ofan í hv. þm. Pál Pétursson.

Hv. þm. Páll Pétursson sagði að flm. tillögunnar væru að reka hornin sérstaklega í Landsvirkjun eða væru með ónot í garð Landsvirkjunar. Því fer fjarri. Við erum að flytja hér með málefnalegum hætti þáltill. og óskum eftir því að forsendur þeirrar stjórnar, sem þingmaðurinn situr í, verði skoðaðar. Er það óeðlilegt að stjórn Landsvirkjunar sé spurð að því hvernig hún reiknar dæmin sín? Hefur hv. þm. Páll Pétursson ekki spurt þeirrar spurningar eða tekur hann allt sem gefið sem kemur frá stjórn Landsvirkjunar? Það væri fróðlegt að heyra það þó síðar yrði.

Ég held að nauðsynlegt sé, og það kom fram í máli mínu þegar ég mælti fyrir tillögunni, að skoða hvernig Landsvirkjun byggir upp sínar forsendur og útreikninga. Ég hef ekki fyrir fram sagt að þeir séu rangir eða óeðlilegir en ég vil að það verði skoðað og ég treysti hv. iðnn. og hv. iðnrh. mjög vel til að skoða og meta þær forsendur sem Landsvirkjun gefur sér við útreikninga á verði á raforku til dreifiveitna.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Það er von mín að sú umræða sem hér hefur farið fram leiði e.t.v. til þess að menn skoði tillöguna betur en annars hefði verið gert. Ég fagna þeirri umræðu sem hér hefur farið fram og vænti þess að þeir hv. þm. sem sitja í iðnn. skoði tillöguna rækilega og að hæstv. iðnrh. beiti sér fyrir athugun á verðlagningu raforku til dreifiveitna á grundvelli þáltill. sem ég vona að verði samþykkt á hinu háa Alþingi.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þykir fyrir því ef hv. 1. þm. Vesturl. hefur orðið sár við mig. Ég taldi mig hafa tekið undir að ágætt væri að fá þessa tillögu en leyfði mér í umræðunni að víkja að því að sú ríkisstjórn, sem þeir styðja sem flytja tillöguna, er með áform um stórhækkað raforkuverð í landinu. Það stendur í fjárlagafrv. að gert sé ráð fyrir því að 230 millj. kr. hækkun verði á greiðslum Rafmagnsveitna ríkisins og af þeim ástæðum þurfi að hækka raforkuverð í landinu um 7%. Mér finnst kannski rétt að benda mönnum á að snúa sér að ríkisstjórninni þegar svona háttar til. Ég endurtek það, sem ég sagði í upphafi minnar ræðu áðan, að ég tek undir það að menn skoði þessi mál með þeim hætti sem þeir leggja til. En ég legg eindregið til að þeir snúi sér að því að sjá til þess að sú raforkuhækkun sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. og þær fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar sem þar standa á bak við verði teknar til endurskoðunar.

Flm. (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki séð í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár að þar séu uppi sérstök áform um að hækka raforkuverð. Ég tel eðlilegt sé að fyrirtæki eins og Rafmagnsveitur ríkisins greiði með einhverjum hætti inn í ríkissjóð. Ég vona að það takist og ég er næstum því viss um að það muni takast að hagræða og standa þannig að rekstri þess fyrirtækis að ekki þurfi að koma til hækkunar á raforkuverði. Ég gef mér það ekki, eins og hv. 3. þm. Vesturl., að það þurfi að velta öllum hugsanlegum útgjaldatilefnum fyrirtækjanna yfir á neytendur. Ég held að stjórnendum Rafmagnsveitna ríkisins, sem eru hinir mætustu stjórnendur, ættu að geta dregið úr kostnaði og standa þannig að rekstri fyrirtækisins að ekki þurfi að hækka raforkuverð, fyrir utan það að gert er ráð fyrir því að auka niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði þannig að ég vænti þess að við hv. 3. þm. Vesturl. getum stuðlað að því sameiginlega að lækka þann útgjaldalið heimila jafnt sem fyrirtækja.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Til upplýsingar vil ég vitna í fjárlagafrv. á bls. 360, en þar stendur: „Þá hefur verið gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna niðurfellingar á endurgreiðslum virðisaukaskatts sem metinn er á 200 millj. kr., auk greiðslu uppbóta á lífeyri Lífeyrissjóðs

starfsmanna ríkisins að fjárhæð 5 millj. kr. Fyrirtækinu er ætlað að greiða 30 millj. kr. arð í ríkissjóð á næsta ári. Áformað er jafnframt að ná fram nokkrum sparnaði í launum og öðrum rekstrargjöldum frá yfirstandandi ári. Miðað við þessar forsendur er talið að fjárvöntun Rafmagnsveitna ríkisins verði 230 millj. kr. á næsta ári. Komi ekki til skerðingar á fjárfestingu þarf gjaldskrá að hækka um 7%".

Þetta er nákvæmlega það sem stendur í fjárlagafrv. og upplýsir kannski það sem kom fram áðan.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er mikill misskilningur sem kom fram í ræðu hv. 1. flm., Sturlu Böðvarssonar. Ég er aldeilis tilbúinn til breytinga og ég skil ekki hvernig hann hefur getað skilið ræðu mína svo að ég væri það ekki. Ég ræð hins vegar ekki einn við það að breyta þessum hlutum. Ég þarf stuðning flokksbræðra, a.m.k. einhverra flokksbræðra hv. þm. í stjórn Landsvirkjunar en þar hafa þeir, eins og ég hef áður getið um, meiri hluta.

Það dugir ekki einföld stjórnarsamþykkt Landsvirkjunar heldur verður að koma til samstarf við dreifiveiturnar til þess að mögulegt sé að koma hugsanlegum afslætti eða hugsanlegri aukanotkun til viðkomenda. Það er þar sem hnúturinn er, ekki fyrst og fremst hjá Landsvirkjun. Skipulagið er ekki gott ef það væri Landsvirkjun sem seldi beint til notenda. Ef þetta væri eitt fyrirtæki væri einfalt að leysa þetta í stjórn Landsvirkjunar.

Ég upplýsti nokkrar staðreyndir málsins sem hv. þm. hefur kannski ekki þolað að heyra og talið til málsbóta fyrir Landsvirkjun. Endurgreiðslutíminn er ekki um aldamót heldur verður Landsvirkjun að óbreyttu skuldlaus eftir 20–30 ár. Það getur vel verið að það sé of skammur tími. Það fer eftir því hvað við virkjum hratt og eftir því hver þróunin verður. Ég er alveg tilbúinn að skoða það að lengja þennan endurgreiðslutíma.

Ég vakti líka athygli á því að síðan 1984 hefur raunlækkun á rafmagninu verið 40%. Ég vakti líka athygli á því að Landsvirkjun selur rafmagn á sama verði á sömu spennu hvar sem er á landinu. Ég tek ekki allt trúanlegt eða án fyrirvara sem kemur frá reiknimeisturum Landsvirkjunar. Reiknimeistarar Landsvirkjunar reikna sjálfsagt rétt en það má endurskoða og draga í efa sumar þær forsendur sem þeir gefa sér. Ég er tilbúinn að skoða tillöguna í iðnn.

Flm. (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fagna þeim breytta tóni sem hefur orðið hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. og er mjög ánægður með að hann skuli taka svo mjög undir það sem í raun kemur fram í þeirri tillögu sem hér er til umræðu. Í fyrri ræðu hans eða einni af ræðum hans í dag kom fram að hann teldi að það væri ekki á valdi Landsvirkjunar einnar að lækka raforkuverð. Það er út af fyrir sig alveg hárrétt hjá þingmanninum. Það er ekki einungis á valdi Landsvirkjunar eða stjórnar Landsvirkjunar. Ég tel að það sé afskaplega stór þáttur sem Landsvirkjun á í verði raforkunnar og ég tel að það sé afar mikilvægt að gott samstarf náist á milli dreifiveitnanna og stjórnenda Landsvirkjunar um átak, bæði í því að selja raforkuna og auka þar með tekjurnar og einnig við að draga úr kostnaði og leita allra leiða til þess að hagræða og draga úr rekstrarkostnaði orkufyrirtækjanna í landinu.

Ég held að orkufyrirtækin hafi leitað leiða til að draga úr kostnaði á undanförnum árum en ég er jafnsannfærður um að það má betur gera, bæði hjá Landsvirkjun, sem er mjög öflugt fyrirtæki, og einnig hjá dreifiveitunum. Ég vona svo sannarlega og vænti þess að hv. þm. Páll Pétursson taki þátt í því með öðrum að stuðla að lækkun á raforkuverði til dreifiveitnanna svo bæði þeir sem mesta raforku nota til húshitunar og annarra heimilsnota og ekki síður atvinnufyrirtækin hafi nokkurn hag af því.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur svo sem ekkert breyst í mér tónninn. Ég hef haft sama tóninn í allan dag. Lækkun á raforku verður að leiða til söluaukningar og við, ég og frummælandi tillögunnar, erum út af fyrir sig sammála. Það þarf samstarf fleiri aðila. Það hef ég verið að reyna að segja hvað eftir annað í þessari umræðu. Einhliða lækkun Landsvirkjunar sem ekki skilaði sér til fiskvinnslunnar eða þess markhóps sem menn eru að sigta á mundi ekki koma markhópnum að gagni nema dreifiveiturnar væru tilbúnar að láta lækkunina ganga í gegn. Og lækkunin verður að leiða til söluaukningar ef ekki á svo að fara að kostnaðurinn flytjist til og hækki þá verð á annarri notkun í landinu.

Flm. (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara að lokum segja varðandi það sem fram kom hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. að ég tel að Landsvirkjun eigi og hafi afl og getu til þess að standa í fararbroddi fyrir því að auka raforkusölu og koma raforkunni til enn fleiri aðila og enn fleiri notenda en eru í dag. Dreifiveiturnar hafa af því mikinn hag að nýta betur dreifikerfið, bæði til sveita og einnig og ekki síður í sjávarbyggðunum um allt land. Þess vegna held ég að það sé óhætt að gera þá kröfu til stjórnenda Landsvirkjunar að þeir gangi í fararbroddi við það að selja orkuna, ekki síst til sjávarútvegsfyrirtækjanna, bæði fiskvinnslufyrirtækjanna og útgerðanna. Ég er sannfærður um að það er stór markaður þar sem er sala á raforku til skipa og ég vænti þess að stjórn Landsvirkjunar komi mjög öflug þar inn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, 1. umr.

Frv. EH og MB, 127. mál. — Þskj. 147.

Flm. (Eggert Haukdal):

Virðulegi forseti. Það var farið að nálgast vor þeg-

ar ég mælti fyrir þessu máli á sl. þingi í fimmta sinn, en nú mæli ég fyrir málinu í sjötta sinn. Hæstv. viðskrh. lýsti frv. á sl. vori sem vorboða og voru það ekki slæm meðmæli fannst mér ef þau væru meint í alvöru. Eitt það undursamlegasta sem skeður í náttúrunni er þegar vetur er að kveðja og vorið að ganga í garð. Mér fannst þetta vera góð lýsing á frv. mínu hjá hæstv. ráðherra og ég vona að hæstv. ráðherra finnist í alvöru eins og mér að vetur lánskjaravísitölunnar sé orðinn æði langur. Samkvæmt þessum ummælum hefði ráðherra átt að taka frv. mínu fagnandi. M.a. þess vegna flyt ég frv. enn og nú ásamt hv. 1. þm. Vestf.

Þótt nú sé haust og tíðarfarið gott vantar vissulega vorboða í mörgu tilliti. Það vantar vorboða í vextina sem þetta frv. boðar. Það vantar vorboða í atvinnumálin. Það vantar vorboða gegn atvinnuleysinu. Það vantar vorboða í skipasmíðaiðnaðinn sem heyrir undir hæstv. ráðherra, ásamt peningamálunum. Já, það vantar víða vorboða í íslenskt þjóðlíf.

Þessu næst vil ég vísa til grg. frv. sem er svohljóðandi:

„Frv. þetta er hér flutt í sjötta sinn, nú með örfáum breytingum. Síðast var það flutt á 115. löggjafarþingi.

Verðtrygging fjárskuldbindinga samkvæmt lánskjaravísitölu hefur þegar gengið sér til húðar, enda komið á daginn að atvinnuvegirnir bera hana ekki. Greiðslustöðvanir og gjaldþrot fyrirtækja, raunar einnig heimila, hafa farið hraðvaxandi. Áframhaldandi hrun og atvinnuleysi er fram undan ef ekki er gripið í taumana.

Fyrirheit, sem gefin voru með verðtryggingu fjárskuldbindinga, um samdrátt útlána, minni erlendar lántökur og aukinn sparnað, hafa öll brugðist eins og hagskýrslur bera með sér.

Lánskjaravísitalan er meiri verðbólguvaldur en aðrar vísitölur þar sem byggingarkostnaður er innifalinn, en hann er háður mestu sveiflum í hagkerfinu. Vinnulaun eru og reiknuð í vísitölunni en ein afleiðing þess er sú að sérhver kjarabót launþega er jafnharðan af þeim tekinn með sjálfkrafa hækkun skulda af íbúðalánum. Kaupgjaldsvísitalan hefur þegar verið afnumin með lögum og því ekki siðferðilega stætt á því að halda lánskjaravísitölunni. Afnám hinnar síðarnefndu var þess utan loforð ríkisstjórnar sem ekki er lengur unnt að víkjast undan, enda öll sett skilyrði fyrir hendi.

Um 1. gr.: Þegar lög þessi öðlast gildi er gert ráð fyrir að viðskiptabankar, sparisjóðir og aðrar innlánsstofnanir, sem veita viðtöku fé til ávöxtunar, taki upp þá reglu sem viðgengst í öðrum vestrænum ríkjum, að greiða vaxtaauka á bundin spariinnlán til eins árs eða lengur ef gildandi vextir eru lægri en nemur verðbólgu. Útgjöld vegna vaxtaaukans eru þá fjármögnuð með fé sem inn kemur við vaxtalækkun á hlaupareikningum, ávísanareikningum og almennum sparisjóðsbókum er notast sem viðskiptareikningar. Talið er af sérfræðingum í banka- og peningamálum að 90–95% af rekstrarkostnaðar í viðskiptabanka fari í að þjónusta þessa reikninga og fyrir þá þjónustu ber eigendum þeirra að greiða með lágum vöxtum af slíkum innlánum.

Langtímaútlán verða hins vegar samkvæmt viðtekinni reglu erlendis háð breytilegum vöxtum. Er þá ýmist heimilt að breyta vaxtaprósentunni innan ákveðinna marka eða binda hana í t.d. þrjú ár og láta hana síðan fylgja gildandi vöxtum á hverjum tíma.

Verðtrygging fjárskuldbindinga er ekki lengur við lýði í viðskiptalöndum okkar sem við erum að aðlagast. Þau ríki, sem reyndu verðtryggingu (Finnland, Ísrael og að takmörkuðu leyti Bretland og Svíþjóð), hafa hætt henni. Enginn grundvöllur er því lengur fyrir verðtryggingu hér. Það knýr á um afnám hennar að ekki eru lengur „rauð strik" í kjarasamningum. Við getum ekki varið það að verðtryggja skuldir en ekki kaupgjald láglaunafólksins sem á að borga skuldirnar.

Ísland hefur ekki efni á að raska því jafnvægi í kjaramálum og verðlagi sem náðist með þjóðarsátt. Atvinnuvegirnir þola ekki nýja vaxtaskrúfu af völdum lánskjaravísitölu eins og þá er varð 1982–1990 þegar skuldauppsöfnunin náði 100 milljörðum kr. hjá útgerð og fiskvinnslu. Það er grunnorsök vandans í dag, ekki aflasamdráttur sem oft hefur verið meiri án þess að valda sambærilegum erfiðleikum.

Það er út í hött að gera verðtryggingu frjálsa að vali lánveitenda og lántakenda. Hinir fyrrnefndu ráða ferðinni þannig að verðtryggingin yrði í reynd áfram lögþvinguð."

Eins og kemur fram í greinargerð skýrir frv. sig að mestu sjálft en ég ætla að leyfa mér að víkja nokkrum orðum að ræðum hæstv. viðskrh., Jóns Sigurðssonar, þegar frv. var lagt fram síðast. Það er stutt síðan og tókst ekki þá að ljúka umræðunni. Ég tel einmitt núna lag að hætta verðtryggingu fjárskuldbindinga til að komast hjá endurteknum skakkaföllum. Ráðherra vill ríghalda í kerfið og gera það lögþvingað ef lánveitandi krefst verðtryggingar. Utan þessarar yfirlýsingar hans í svarræðu hans sl. vor virtist mér hún vera innihaldslítil fyrir utan vorboðann. Það skiptir t.d. ekki máli hvort við tölum um afnám verðtryggingar eða afnám vísitölunnar sem mælir hana þegar markmiðið er eitt og hið sama.

Ekki er heldur þörf á að ræða framfærsluvísitölu og byggingarvísitölu þegar báðar eru innifaldar í lánskjaravísitölu. Þetta er bara orðaleikur ráðherrans sem skilar ekki neinu. Ráðherrann kveðst ekki átta sig á því hvers vegna ég mæli með vísitölu vöru og þjónustu ef verðtrygging er á annað borð viðhöfð. Það er af því að sú vísitala er háð minni sveiflum en t.d. byggingarvísitala, enda notuð erlendis. Snöggar breytingar á vöxtum eru skaðlegar atvinnulífinu. Það ætti ráðherrann að vita.

Varðandi spariskírteini ríkissjóðs er það að segja að langtímahefð er komin á verðtryggingu þeirra. Því lét ég mér til hugar koma að halda henni einnig fyrst um sinn en enginn grundvöllur er fyrir því lengur. Verðtrygging spariskírteina mundi við ríkjandi aðstæður hafa þau ein áhrif að örva opinberar lántökur og auka halla á ríkissjóði sem þegar er miklu mun meiri en góðu hófi gegnir.

Þess ber og að gæta að raunvexti af verðtryggðum lánum á að fastbinda við 2% á ári og í hæsta lagi við

3% á ári að mati hæfustu hagfræðinga, þeirra á meðal Nóbels-hagfræðinga, en þetta hefur komið fram í fjármálatíðindum. Þegar verðtryggingunni var komið á með Ólafslögum var talað um að 2% raunvextir væru eðlilegir en 4% væru okur. Orð þessa Nóbelshafa eru einmitt í samræmi við það.

Vona ég að málin fari nú að skýrast fyrir hæstv. viðskrh. en eitthvað hefur í raun vafist fyrir honum samkvæmt ræðunni en öðrum atriðum í ræðu hans hafði ég þegar svarað í framsöguræðu minni sl. vor sem ráðherrann virtist svo viljandi eða óviljandi hafa leitt hjá sér.

Verðtrygging fjárskuldbindinga hefur á sl. áratug valdið kreppu í landinu. Skuldauppsöfnunin sem komin er yfir 100 milljarða kr. hjá undirstöðuatvinnuvegunum, útgerð og fiskvinnslu, er meginorsök vandans í dag, ekki aflasamdrátturinn sem áður hefur verið meiri án þess að valda sambærilegum erfiðleikum.

Á nefndu tímabili, 1982–1990, tvöfölduðust skuldir landsmanna að meðaltali nálega annað hvert ár. Annan viðlíka hrunadans þolir þjóðin ekki.

Þá vil ég láta koma fram að það er ein mesta og sorglegasta þversögn í sögu verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi að forustumennirnir á þeim vettvangi vilja margir ef ekki flestir verðtryggja skuldir en ekki vinnulaun þeirra sem borga eiga skuldirnar. Slíkt leiðir að sjálfsögðu til gjaldþrota eins og raunin hefur á orðið. Ekki aðeins hundruð heldur þúsundir launþega hafa misst húsnæðið ofan af sér. Sá er munurinn á óverðtryggðum lánum og verðtryggðum að hin fyrrnefndu lækka við hverja afborgun en verðtryggðu lánin hækka við hverja afborgun. Eftir nokkurn árafjölda koma svo greiðsluþrot.

Margur segir að verðbólgan en ekki verðtrygging sé vandamálið. Vita menn ekki að þetta tvennt er nátengt? Vaxtahækkanirnar fara beint út í verðlagið. Um það er lýkur leiða þær til hruns. Óverðtryggð lán eru í byrjun þyngri en hin verðtryggðu sem flytja verðbótaþátt vaxta til seinni ára þar sem hann hleðst upp. En óverðtryggðu lánin má auðvelda með því að sleppa afborgunum og greiða aðeins vexti fyrstu 2–5 árin.

Ýmsir hafa verið hrifnir af rauðum strikum. Þau hafa þó ekki tryggt kaupmátt launa svo sem ljóst er af nýlegum kjarasamningum. En ef þau eru nothæf í reynd má líka hafa rauð strik í lánasamningum, þ.e. hækka raunvexti ef verðbólga fer yfir visst mark. Slíkt er algengt og kallast breytilegir vextir. Sá kostur er mun skárri en verðtryggingargerræðið.

Virðulegi forseti. Ég vil svo leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Útbýting þingskjala:

Aðbúnaður um borð í veiðiskipum, 148. mál, fsp. GHall á þskj. 169.

Endurmat á norrænni samvinnu, 161. mál, skýrsla forsrh. á þskj. 186.

Innflutningur, 6. mál, nál. efh.- og viðskn. á þskj. 185.

Lyfjakistur um borð í skipum, 150. mál, fsp. GHall á þskj. 171.

Orka fallvatna, 157. mál, frv. HG o.fl., þskj. 179.

Reglugerð um vistarverur áhafna og farþega skipa, 149. mál, fsp. GHall á þskj. 170.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég skal vera stuttorður. Ég kem bara upp til að lýsa yfir stuðningi við þetta frv. Ég sagði einhvern tíma við hv. flm. að þetta væri með bestu málum sem flutt hefðu verið á Alþingi. Ég gerði mér að vísu lengi vonir um að það næðist samkomulag um að afnema lánskjaravísitöluna og taldi reyndar í síðustu ríkisstjórn að það væri orðið. En framkvæmdin hefur ekki orðið sú. Og það væri út af fyrir sig afar gaman að vita hvernig menn hugsa sér að vera með verðtryggð lán þegar fjármagnsmarkaðurinn opnast um næstu áramót. Ætlum við þá einir þjóða á þessum sameiginlega fjármagnsmarkaði að vera með verðtryggð lán?

Ég veit að svarið verður eflaust það að það skipti engu máli af því að verðbólgan er svo lítil. En við höfum út af fyrir sig enga tryggingu fyrir því að verðbólga geti ekki aukist og þá skapar sú staðreynd að við yrðum þá einir með verðtryggð lán óhemju möguleika til fjármálabrasks. Mætti að sjálfsögðu spila á slíkt kerfi af þeim sem fjármagnið hafa erlendis.

Ég skal ekki lengja þetta. Ég styð þetta frv. Ég hef gefist upp við að gera mér vonir um að unnt sé að koma vitinu fyrir þá sem þessu ráða með góðu og ég held að Alþingi verði að taka þetta mál í sínar eigin hendur.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Eins og fram kom í ræðu 1. flm. og frsm. er þetta frv. flutt í sjötta sinn. Á þeim tíma sem liðinn er frá því að frv. var fyrst flutt hafa þau miklu tíðindi gerst í þessu landi að við höfum náð tökum á verðlagsþróuninni. Verðbólga er hér minni en í flestum Evrópulöndum. Vandamálinu sem frv. er ætlað að takast á við hefur verið ýtt til hliðar. Það hefur verið leyst á annan hátt. Þess vegna er frv. ekki nauðsynlegt lengur hafi það nokkurn tíma verið.

Ég vil benda á að í undirbúningi eru tillögur um afnám laga um verðtryggingu fjárskuldbindinga þannig að slík ákvæði verði framvegis eingöngu háð samningum milli lántakenda og lánveitenda. Þetta fyrirkomulag, sem ég hef nú lýst í einni setningu, er það fyrirkomulag sem gildir í langflestum viðskiptalöndum okkar. Ég tel mjög eðlilegt að hér ríki sömu starfshættir en engu að síður sé mönnum það frjálst að gera slíka samninga ef þeir telja það rétt og Seðlabanka verði ætlað að halda áfram að birta lánskjaravísitölu fyrir þá sem hana vilja nota.

Þetta er í raun og veru svarið við þeirri málaleitan og fsp. sem hér var fram borin m.a. af hv. 7. þm. Reykn. og reyndar við því erindi sem flm. frv. eru að reka.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Hækkun farmgjalda skipafélaganna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hefst nú utandagskrárumræða að beiðni hv. 9. þm. Reykv., Svavars Gestssonar, um hækkun farmgjalda skipafélaganna. Þessi umræða fer fram skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaga sem þýðir að hún má standa í hálftíma. Málshefjandi hefur 5 mínútur til framsögu og 2 mínútur í seinni umferð og viðkomandi ráðherra einnig. Aðrir þingmenn og ráðherra 2 mínútur tvisvar sinnum. Hefst nú umræðan og til máls tekur hv. 9. þm. Reykv.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum dögum tilkynnti Eimskipafélag Íslands hækkun á flutningskostnaði fyrir stykkjavöru, eins og það er kallað, um 6% að meðaltali eða frá 4,2% upp í 11% eftir því í hvaða mynt flutningsreikningar eru skráðir. Mest yrði hækkunin samkvæmt tilkynningu Eimskipafélagsins í dollurum og í sterlingspundum eða um 11%. Nokkrum dögum síðar tilkynnti svo fyrirtækið Samskip að skipafélagið mundi hækka jafnmikið og Eimskipafélagið eða um 6% að meðaltali. Þar með er ljóst að allir flutningar á stykkjavöru til landsins verða 6% dýrari frá 2. nóv. ef ekki verður gripið til sérstakra ráðstafana, þeirra að koma í veg fyrir hækkunina með samþykkt í verðlagsráði.

Eimskipafélag Íslands hefur eins og kunnugt er, virðulegi forseti, um 65% af flutningum á allri stykkjavöru til landsins og Samskip hafa nokkurn veginn allt það sem þá er eftir. Velta Eimskipafélags Íslands á síðasta ári var um 8 milljarðar kr. Forstjóri Eimskipafélagsins byggir kröfur sínar um verðhækkanir á þeirri forsendu að fyrirtækið þurfi að skila 10–11% arði um þessar mundir. Það þætti gott í sjávarútveginum að menn veltu slíkum tölum fyrir sér.

Hér verður sett fram sú fullyrðing, virðulegur forseti, að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar telji óeðlilegt að Eimskipafélagið græði 10–11% af sínu fjármagni við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu og þess vegna telji menn rétt að stöðva þá hækkun sem hér er gerð krafa um.

Auk þess ber auðvitað að líta á þann veruleika að Eimskipafélag Íslands er markaðsráðandi fyrirtæki samkvæmt almennum reglum þótt ekki séu skýr ákvæði um það í íslenskum lögum enn. Þetta fyrirtæki hefur auk þess komið sér upp mjög sterkum tengslum við önnur stórfyrirtæki. Forstjóri Eimskipafélags Íslands er jafnframt stjórnarformaður Flugleiða. Eimskipafélagið á um þriðjung í Flugleiðum þannig að Eimskipafélag Íslands tengist öllum flutningum á stykkjavöru til landsins hvort sem það er á sjó eða í lofti og býr þannig við markaðsráðandi aðstöðu, að ég segi ekki einokunaraðstöðu, auk þess sem fyrirtækið hugleiðir nú að reisa í Reykjavík stærsta hótel sem byggt hefur verið í höfuðborg landsins. Það er því ekki einasta ætlun þessa fyrirtækis að helga sig flutningum á stykkjavöru heldur gistingum fólks. Eins og kunnugt er hefur þetta fyrirtæki einnig komið sér með mjög sterkum hætti fyrir í tryggingastarfsemi hér á landi.

Það er talið að umtalsvert tap sé á fyrirtækinu Samskipum, um 130 millj. kr. á fyrri hluta þessa árs. Þetta tap getur hins vegar ekki verið röksemd fyrir hækkun á frakt Eimskipafélags Íslands. Forráðamenn Eimskipafélags Íslands hafa haldið því fram að þeir hafi orðið að lækka verð á frakt á síðustu mánuðum vegna samkeppni. Krafa þeirra um hækkun á frakt nú byggist fyrst og fremst á því að samkeppni hafi minnkað.

Það liggja nú fyrir Alþingi, virðulegi forseti, tvö frv. um þessi mál. Í öðru frv. er tekið mjög skýrt á því hvað telst vera markaðsráðandi aðstaða. Samkvæmt því frv. er það alveg skýrt að Eimskipafélagið hefur í raun og veru einokunaraðstöðu.

Með hliðsjón af þessu, virðulegi forseti, spyr ég hæstv. viðskrh.: Ætlar hæstv. viðskrh. að beita sér fyrir því að hækkun Eimskipafélags Íslands á stykkjavöruflutningum til landsins um 4–11% verði stöðvuð? Ég spyr að sjálfsögðu hæstv. viðskrh. um þetta mál af því að það er verðlagsmál en ekki samgöngumál þó auðvitað mætti ræða um stöðu Eimskipafélagsins sem samgönguþáttar undir öðrum dagskrárlið og öðrum þætti utandagskrárumræðna síðar.

Rökin fyrir að stöðva þessa hækkun eru auðvitað skýr. Í mínum huga eru þau fyrst og fremst þau að það er bersýnilegt að þessi tvö skipafélög, sem ráða öllum stykkjavöruflutningum til landsins, hafa haft samráð um þessa ákvörðun og því getur verðlagsráð stöðvað þessa hækkun. Ég skora á hæstv. viðskrh. að beita sér fyrir því að það verði gert.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Í tilefni af fsp. hv. málshefjanda, 9. þm. Reykv., vil ég taka fram að verðlagsráð hefur haldið sérstaka fundi um þá tilkynningu Eimskipafélagsins að það hyggist hækka farmgjöld sín frá og með nóvemberbyrjun og um sams konar tilkynningu sem borist hefur frá Samskipum.

Það er ástæða til að rifja það upp að í febrúar sl. ákvað verðlagsráð að gefa verðlagningu á farmgjöldum skipafélaga frjálsa samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. 4. gr. laga nr. 52/1982. Á þessum fundi var líka ákveðið að verðlagning á olíuvörum skyldi gefin frjáls. Báðar þessar ákvarðanir voru teknar með hliðsjón af samkeppnisaðstæðum, þ.e. til að efla virka samkeppni og stuðla að lægra vöruverði og verði þjónustu. Þessi ákvörðun tók gildi 1. apríl 1992. Með leyfi forseta, ætla ég að vitna beint í samþykkt verðlagsráðs. Hefst hér sú tilvitnun:

„1. Hvers kyns samráð skipafélaga, sem stunda farmflutninga, um verð, viðskiptakjör og markaðsskiptingu er óheimil.

2. Skipafélögum verði skylt að tilkynna Verðlagsstofnun um alla samninga og samþykktir um samkeppnishömlur ásamt breytingum sem kunna að verða gerðar á þeim.

3. Skipafélögum verði skylt að hafa eigin verðskrár þannig úr garði gerðar að viðskiptavinir eigi auðvelt

með að kynna sér verðið áður en til viðskipta kemur.

4. Verðlagsstofnun annist eftirlit og upplýsingamiðlun um samkeppnishætti á markaði fyrir farmflutninga skipafélaga.

5. Verðlagsstofnun leggur fyrir verðlagsráð í síðasta lagi í byrjun apríl 1993 skýrslu um reynsluna af afnámi ákvarðana um hámarksverðlagningu á farmgjöldum þannig að verðlagsráð geti endurmetið ákvörðun um verðlagsfrelsi í ljósi reynslunnar."

Það er þessi bakgrunnur sem ég tel alveg nauðsynlegt að þingheimur hafi skýran fyrir hugskotssjónum þegar um þetta mál er fjallað. Einmitt á grundvelli þessarar samþykktar fjallar nú verðlagsráðið um málið.

Það er rétt að fyrir skömmu tilkynnti Eimskipafélagið að það hygðist hækka farmflutningagjöld félagsins að meðaltali um 6% frá 2. nóv. Í kjölfarið tilkynntu Samskip hf. að félagið hygði á sömu hækkun frá sama tíma. Mér finnst eðlilegt að röksemdir talsmanna fyrirtækjanna fyrir þessum breytingum komi hér fram en þær virðast vera þessar helstar:

Í fyrsta lagi að mikil samkeppni á þessu ári hafi leitt til þess að meðalflutningsgjöld hjá Eimskip hafi lækkað um 4,2% fyrstu níu mánuði þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra en gjöldin fyrir mánuðina júní til september í ár hafi lækkað enn meira eða um tæp 9% miðað við sömu mánuði í fyrra. Hjá Samskipum hafi flutningsgjöldin lækkað um 9% fyrstu níu mánuði ársins samanborið við sama tímabil í fyrra.

Í öðru lagi hafa talsmenn fyrirtækjanna bent á að afkoma þeirra hafi verið óviðunandi það sem af er árinu. Hagnaður Eimskips var um 18 millj. kr. fyrstu sex mánuði ársins og hefur afkoma félagsins versnað síðan en níu mánaða uppgjör liggur enn ekki fyrir. Tap Samskipa fyrstu sex mánuði ársins nam um 130 millj. kr. og hefur farið vaxandi síðan.

Í þriðja lagi benda þeir á að samdráttur hafi orðið í flutningum á þessu ári. Hjá Eimskip hefur samdrátturinn numið um 10% fyrstu níu mánuði ársins en hjá Samskipum hefur hann verið heldur minni.

Nú getur mönnum sýnst sitt hvað um þessar röksemdir en það er ástæða til að hugleiða þær og skoða það þegar um þetta mál er fjallað, ekki síst það að með beitingu ýmiss konar afsláttar hafa skipafélögin í reynd verið að lækka farmgjöldin.

Eins og ég nefndi áðan voru farmgjöld í áætlanasiglingum felld undan ákvörðunum verðlagsráðs frá og með 1. apríl sl. Þetta var að sjálfsögðu gert á grundvelli þeirrar samkeppni sem þá var talin ríkja á markaðnum þrátt fyrir sterka stöðu Eimskips. Farmgjaldahækkunin sem nú hefur verið tilkynnt vekur eðlilega upp spurningar um það hvort í raun og veru ríki þarna nægilega virk samkeppni og þar er spurningin að sjálfsögðu: Hvað felst í markaðsráðandi stöðu fyrirtækis? Hvernig er henni beitt?

Það er auðvitað almennt talið að markaðsráðandi staða fyrirtækis sé sú staða að fyrirtæki geti að verulegu leyti tekið ákvarðanir án þess að þurfa að taka tillit til sinna samkeppnisaðila eða sinna viðskiptavina. Þau atriði sem menn leggja þar einkum til grundvallar eru hvort markaðshlutdeild fyrirtækisins, fjárhagsleg staða þess, raunveruleg eða möguleg samkeppni annarra fyrirtækja, lögbundnar eða raunverulegar hindranir á aðgangi annarra fyrirtækja á markaðnum, geri það að verkum að það ráði í raun og veru lögum og lofum á markaðnum.

Það er auðvitað eðlilegt að líta þannig á málið að Eimskip sé markaðsráðandi fyrirtæki á Íslandi í þessum flutningum. Fyrirtækið hefur 65% markaðshlutdeild. Það hefur aðeins einn stóran keppinaut og það eru verulegar hindranir á aðgangi nýrra fyrirtækja að markaðnum. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. En það er líka ástæða til að hafa í huga að markaðsráðin eru ekki bönnuð heldur misbeiting þeirra. Það liggur enn ekki fyrir hvort Eimskip hafi með þessari ákvörðun misbeitt stöðu sinni á markaðnum. Það er málið sem verðlagsráð kannar nú. Hins vegar gefur staða fyrirtækisins og tildrög þeirrar ákvörðunar sem tekin var tilefni til þess að samkeppnisaðstæðurnar verði kannaðar nánar. Það er í raun og veru ekki hin tilkynnta verðhækkun sem slík heldur möguleiki fyrirtækisins til að taka ákvörðun um verðlagsbreytingar án tillits til aðstæðna viðskiptavina sinna eða samkeppnisaðila sem athuga þarf. Það er þetta sem verðlagsráð hefur haft að leiðarljósi á sínum fundum og ekki síst það að Samskip ákveða samtímis 6% hækkun. Á þeim fundi sem ég vitnaði til og haldinn var sl. föstudag var upplýst að verðlækkun á þessu ári, sem ég nefndi hér áðan, hafi verið mjög misjöfn eftir vöruflokkum en tilkynnt verðhækkun sé hins vegar hugsuð til að fara nokkuð jafnt yfir alla vöruflokka.

Ég tel sérstaka ástæðu til að afla frekari gagna frá skipafélögunum og m.a. skýringa á því hvers vegna þau beiti einfaldlega ekki til baka þeim afslætti sem þau hafa veitt til að jafna sína stöðu án þess að breyta gjaldskránni almennt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti biður hæstv. ráðherra og þingmenn að taka tillit til þess að það er ákveðinn tími sem menn hafa í þessum umræðum og hann er mjög takmarkaður.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir að hafa tekið upp þetta mikilvæga mál og ekki síður þakka ég hæstv. ráðherra fyrir skýr svör sem skýra sérstaklega vel þær kröfur sem við hljótum í framhaldinu að gera til verðlagsráðs.

Það dylst auðvitað engum að við Íslendingar eigum í dag í óvenjulega miklum erfiðleikum. Það ríkir stöðnun og deyfð í efnahagslífinu og það er fyrirsjáanlegt að kaupmáttur fólksins, kaupmáttur fjölskyldnanna í landinu, getur ekki annað en dregist saman við þessar aðstæður. Sem betur fer, hv. þm., er þó að skapast þjóðarsamstaða um að vinna sig saman úr þessum vanda. Aðilar vinnumarkaðarins eiga um þessar mundir í mikilvægum viðræðum þar sem reynt er að finna leiðir til að sporna við kostnaðarhækkunum og til að létta klyfjum af fyrirtækjum landsins og reyna þannig að koma í veg fyrir vaxandi atvinnuleysi. Það er til

marks um þá samstöðu og áherslu sem þjóðin öll leggur á að við vinnum okkur sameiginlega út úr vandanum að tveir stærstu stjórnarandstöðuflokkarnir hafa lýst yfir að þeir vilji taka þátt í þeirri vinnu. Það er sögulegt, segi ég fyrir mitt leyti, að Alþb. hefur lýst því yfir að það getur fellt sig við að tiltekin gjöld verði felld af fyrirtækjum og að tekjumissi sveitarfélaga verði mætt með hærri sköttum á alþýðu manna. Þessi stefnubreyting hefði einhvern tímann þótt saga til næsta bæjar. (*Gripið fram í.*) Ég fyrir mitt leyti fagna þessum samstarfsvilja stjórnarandstöðunnar og ég er viss um að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, varaformaður Alþb., á sinn góða þátt í þessu.

Á sama tíma og þjóðin biður um samstöðu gerist það að svokallað óskabarn þjóðarinnar, Eimskipafélagið, hefur forgöngu um að rjúfa samstöðuna í fæðingu með því að hækka farmgjöld um allt að 11%. Það er auðvitað alveg ljóst að þessi hækkun fer beint út í verðlagið. Í kjölfarið hefur hitt skipafélagið, Samskip, siglt. Þetta kalla ég óeðlilegt samráð, siðlaust samráð. Ég sé ekki betur en miðað við þær reglur sem hæstv. viðskrh. las hér áðan og verðlagsráð á að fara eftir sé hér um að ræða fullkomið brot. Við hljótum að gera þær kröfur að þessi hækkun verði kölluð til baka.

Ég segi: Þetta er ekkert annað en blaut tuska í andlit þeirra sem leggja nú nótt við dag til að ná samstöðu um leiðir út úr þessum vanda. Þetta er hreint siðleysi, þetta er siðleysi einokunarinnar. Ég get ekki annað en tekið undir kröfur um að hækkunin verði dregin til baka.

Ég vil að það komi fram hér, virðulegi forseti, að þessi hækkun stafar einvörðungu af því að þetta félag býr við einokunaraðstöðu og ég fagna því að nú liggja fyrir þinginu frv. sem væntanlega geta skilið á milli þeirra tveggja þrepa sem þetta skipafélag hefur tangarhald á í flutningum, þ.e. bæði á affermingu og flutningum.

Þannig og einungis þannig getum við séð til þess að *ný félög geti komið hingað, erlend félög, ný innlend* félög og raunveruleg samkeppni verði loksins tekin upp.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Enn verður forseti að minna á að tíminn er takmarkaður og biður þingmenn að halda sig við þann tíma sem þeim er heimill hverju sinni.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka einnig hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir að taka þetta mál upp hér á hinu háa Alþingi við þær alvarlegu aðstæður sem við blasa. Það liggur fyrir að þeir stóru í sjávarútveginum sitji uppi með að tekjum þeirra er stjórnað með handafli ríkisstjórnarinnar. Þeir stóru í flutningum töldu hagræðingu og niðurlagningu þess þriðja á markaðnum tryggingu þess að vöruverð lækkaði og hækkanir mundu ekki eiga sér stað. Nú blasir það hins vegar við að þrátt fyrir fækkun skipafélaga og mikla hagræðingu telur óskabarn þjóðarinnar mikilvægt að hleypa af stað skriðu verðhækkana. Ég vil því taka undir orð málshefjanda og óska eftir því að þessari hækkun verði frestað um sinn. Við heyrum af því að mikilvægt samráð sé í gangi í þjóðfélaginu. Þótt þráðurinn liggi ekki hér inni í þinginu eru margir að reyna að skoða stöðu atvinnulífsins og ná sátt. Þess vegna er mikilvægt að þeir sterku og stóru verði einnig að bíða þeirrar niðurstöðu. Á þetta vil ég leggja áherslu. Það reynir auðvitað á hæstv. viðskrh. sem einungis hefur tjáð sig hér og sagt í fjölmiðlum að málið sé bagalegt. En nú reynir á. Er hann maður fólksins eða hinna stóru fyrirtækja sem vilja ein vera á markaðnum?

Ég er í engum vafa um að ef þetta nær fram að ganga fer hér af stað mikil skriða verðhækkana, framfærsluvísitalan hækkar, lánskjaravísitalan hækkar, Einbjörn byrjar að toga í Tvíbjörn og verðbólguhjólið rúllar af stað hægt og sígandi. Þess vegna vil ég leggja áherslu á að málinu verði frestað. Ég hygg að aðilar vinnumarkaðarins séu nú hin raunverulega starfandi ríkisstjórn í þessu landi. Þeir leita leiða og þola ekki þá deyfð sem ríkir á stjórnarheimilinu. Við væntum þess að tillögur þeirra til bjargar atvinnulífinu liggi fyrir innan skamms og Eimskipafélag Íslands verði á þeirri stundu að sætta sig við að bíða þeirrar niðurstöðu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það var ekki hátt risið á hæstv. viðskrh. þegar hann kom hér upp áðan og tók að sér upplestur á rökum Eimskipafélags Íslands fyrir þessari dæmalausu hækkun. Ég trúi ekki öðru en hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi verið að gera heiftarlega að gamni sínu þegar hann kom hér og þakkaði hæstv. ráðherra fyrir skýr svör.

Þessi dæmalausa hækkun dregur auðvitað athygli na að þeirri fákeppni og þeirri algjörlega markaðsráðandi aðstöðu sem einn aðili í stykkjavöruflutningi til landsins á sjó, Eimskipafélagið, er í. Saman hafa tveir aðilar fullkomna einokun á þessum markaði. Þess vegna hlýtur fyrst og fremst að vakna sú spurning hér: Er ekki um samsteyptar aðgerðir þessara tveggja einokunaraðila að ræða þegar þeir eins og fyrir tilviljun með tveggja eða þriggja daga millibili hækka sínar farmskrár nákvæmlega um sömu prósentu?

Þessi sjálftaka hagnaðar, sem er röksemdafærsla Eimskipafélagsins, er auðvitað út í hött við núverandi aðstæður í íslensku efnahagslífi. Menn hljóta að spyrja sig: Er það eðlilegt að einn aðili geti í krafti markaðsráðandi aðstöðu sinnar selt sér sjálfdæmi um hagnað og fylgt því fram með sjálftöku gjaldskrárhækkana burt séð frá aðstæðum á flutningamarkaði og í efnahagslífi þjóðarinnar? Það er það sem hér er að gerast. Á sama tíma og önnur fyrirtæki, aðrar atvinnugreinar, verða að sætta sig við skerta afkomu vegna samdráttar í þjóðarbúskapnum telur Eimskipafélags Íslands ekkert athugavert við það að selja sér sjálfdæmi um áframhaldandi hagnað. Í stað þess að draga þá úr kostnaði vegna minni flutninga ákveður fyrirtækið einfaldlega að tryggja hagnað sinn með gjaldskrárhækkunum. Í krafti yfirburðaaðstöðu sinnar sér það svo um að „litli bróðir", sem einn gæti einhverju um það breytt, verði með í verknaðinum.

Þetta dregur einnig athyglina að því, hæstv. forseti, og ég ætla að ljúka máli mínu á því, að minna á þá staðreynd að fyrirliggjandi frv. til laga um samkeppni er ófullnægjandi að þessu leyti og þarf að gera á því breytingar eins og ég hef reyndar lagt til. Einmitt þetta mál dregur athyglina með mjög skýrum hætti að því að frv. hæstv. viðskrh. er, eins og málflutningur hans, of máttlaus í þessum efnum.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er reyndar svolítið skrýtið að upplifa það að fulltrúar ríkisstjórnarinnar eru í vandræðum með að standa við þau tímamörk í ræðustól sem þeir áttu þátt í að setja til að stemma stigu við málflutningi stjórnarandstöðunnar.

En það er alveg greinilegt að skipafélögin ætla ekki að bíða eftir tillögum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum sem hv. 17. þm. Reykv. lagði áherslu á að væri verið að vinna. Það er ekki nægilegt að ræða um kostnaðarlækkanir til fyrirtækja, lækkun á tryggingagjaldi, niðurfellingu eða breytingu á aðstöðugjaldi þegar ekkert er framkvæmt. Menn taka þá bara til sinna ráða og það er ábending til ríkisstjórnarinnar. En kannski er það þetta sem hún vill. Fyrirtækin eiga að spjara sig. Markaðurinn á að ráða. En þá er nærtækt að spyrja: Hvaða markaður? Hefur ekki Eimskip yfirburðastöðu á markaðnum? Er með svo til alla flutninga til landsins. Þeir geta gert þetta í krafti þess að þeir ráða markaðnum. Þannig eru markaðslausnir ríkisstjórnarinnar í reynd.

Það er líka allrar athygli vert að Eimskip er ekki enn rekið með tapi en hefur aftur á móti verið rekið með góðum hagnaði síðustu ár. Sama er þó ekki hægt að segja um Samskip. Það mætti hugsa sér að Eimskip gæti tekið á sig tímabundið tap eins og mörg önnur fyrirtæki verða að gera hér á landi ef þeir á annað borð vilja taka mið af því efnahagsástandi sem er og stöðugleikamarkmiði ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins. Þeir virðast hins vegar ekki gera það og það segir okkur að Eimskip er ríki í ríkinu og lætur sér fátt um áætlanir stjórnvalda finnast.

Þessi hækkun mun að sjálfsögðu koma beint út í verðlag vörunnar og valda hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar, lánskjaravísitölu og byggingarvísitölu. Þar með fer boltinn að velta. Verðlag vöru á landsbyggðinni verður svo enn hærra þar sem hækkunin kemur með tvöföldum þunga á vöru sem flutt er út á land.

Ég tel að hér geti einnig verið um að ræða ólöglegt samráð milli fyrirtækja og sjálfsagt að viðskrh. skoði það í fullri alvöru.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þær umræður sem hafa verið hér í dag virðast sneiða gersamlega hjá því að á undanförnum árum hefur tekist að lækka flutningskostnað mjög verulega hingað til landsins eða um 37% á sl. 7 árum sem er auðvitað mjög verulegt. Það er um 5% á ári. Á síðasta ári, ef við tökum tímann frá september til september, er um 10% lækkun á flutningsgjöldum að ræða hingað til landsins.

Það er rétt sem kom fram í máli hæstv. viðskrh. að það hefur verið mjög harkaleg samkeppni milli skipafélaganna, sérstaklega síðan í apríl. En hitt er líka alveg öldungis ljóst að Samskip, sem fór mjög myndarlega af stað í sambandi við strandsiglingar umhverfis landið eftir að Skipaútgerð ríkisins var lögð niður, en með henni hafði ríkissjóður borgað 1 millj. á dag á undanförnum áratugum, hefur ekki tekjur til þess að halda uppi því þjónustustigi. Það gefur auga leið að ef hugmynd okkar er sú að halda uppi sterkum og öruggum samgöngum með félögum okkar sjálfra þannig að íslenskar hendur komi að því verki, þá verða fyrirtækin sem að því standa auðvitað að standa undir sér.

Mér þótti leiðinlegt að heyra það sem sérstakt markmið hjá formanni þingflokks Alþfl. að nauðsynlegt væri að setja hömlur við fákeppni. Og hann hélt áfram með því að segja að einungis þannig getum við séð til þess að ný erlend félög komi hingað. Það hefur raunar komið fram hjá fleiri þingmönnum að þeim finnist það sérstakt keppikefli að reyna að brjóta niður þær siglingar sem Íslendingar sjálfir hafa byggt upp hingað til landsins með því að reyna að stuðla að því að erlendir keppinautar komi hingað. Ég vil líka benda á annað. Skipafélögin hafa átt í erfiðleikum með að manna skip sín Íslendingum vegna þeirra miklu skattaívilnana sem sjómenn fá í nágrannalöndum okkar, svo ég taki Danmörku og Noreg sérstaklega sem dæmi, eða ýmis önnur lönd.

Auðvitað er það lofsvert að það skuli hafa tekist að lækka farmgjöld til landsins um 35% sl. 7 ár. Auðvitað er það gæfulegt að á sl. einu ári hefur tekist að lækka farmgjöldin um 10%. Auðvitað hljótum við að búast við því að Eimskipafélagið og Samskip reyni til hins ýtrasta að koma í veg fyrir hækkun nú. En ég vil líka segja að ef milliliðirnir, ef verslunin hefði staðið sig jafn vel og skipafélögin og lækkað álagninguna hjá sér um 35% á þessum tíma eins og skipafélögin hafa gert væri kannski hægt að hrósa þeim milliliðunum sérstaklega. Ég er raunar þeirrar skoðunar að kaupmennirnir geti vel tekið á sig þá hækkun þó einhver verði á farmgjöldum til landsins.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það vakti mikla athygli þegar hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir lýsti því yfir að hún styddi aðild að Evrópsku efnahagssvæði. Það voru mikil tíðindi og ill. En nú hefur greinilega bæst í skarðið þar sem er hæstv. samgrh. Það eru slæm skipti að vísu en hann snýst öndverður gegn þeirri samkeppni skipafélaga sem hann er sjálfur að gera tillögu um á Alþingi með aðild að Evrópsku efnahagssvæði.

Annars var málflutningur hans allur hinn sérkennilegasti satt best að segja. Þetta mál snýst ekki um það hvernig þessum hlutum hefur verið komið fyrir á undanförnum árum.

Þetta snýst um það, hæstv. ráðherra og virðulegi forseti, að það er verið að tala um að sveitarfélög lækki sínar tekjur og tapi aðstöðugjaldi. Það er verið

að skera niður heilbrigðiskerfi og menntakerfi. Það er verið að tala um gjaldþrot í sjávarútvegi og sérstakar ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Það er verið að tala um atvinnuleysi 3.500 manna á Íslandi. Atvinnuleysið snertir 10 þúsund einstaklinga á Íslandi beint eða óbeint.

Stjórnarandstöðuflokkar eru með hugmyndir um mjög róttækar aðgerðir í efnahagsmálum og það er bent á það að Alþýðusamband Íslands gengur fram fyrir skjöldu. Hvað gerist þá? Þá rís upp einn hæstv. ráðherra og tekur upp hanskann fyrir sjálftökuliðið á Íslandi og segir: Það má hækka fraktirnar. (**Gripið fram í:** Tveir.) Og hæstv. viðskrh.

Hér er auðvitað með þvílíkum ósköpum á hlutum haldið af þessari ríkisstjórn og ég segi: Ef þessi ríkisstjórn og stjórnarliðið ætlar að taka með svona loppnum hætti á þessu gengi mun hún ekki ráða við neinn vanda í efnahagsmálum. Það þýðir ekki fyrir ríkisstjórnina að ganga fram fyrir launafólk, sveitarfélög og fyrirtæki í sjávarútvegi og segja: Þið verðið að spara og hagræða — ef hún líður Eimskipafélaginu það að hirða hundruð milljóna sem ætlunin er að taka með þessari sérstöku hækkun.

Þess vegna hljótum við auðvitað, virðulegi forseti, að líta þannig á að hér sé um að ræða prófmál. Ræður ríkisstjórn Íslands við vandann eða ætlar hún að *glúpna og kikna í hnjánum frammi fyrir sjálftökuliðinu*? Er það svo að sá maður sem var fundarstjóri hjá Eimskipafélagi Íslands um skeið, núv. forsrh. Íslands, ráði ekki við þetta mál og beygi sig í knjánum frammi fyrir þessari kröfugerðarsveit sjálftökuliðsins á Íslandi?

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Eins og ég nefndi í minni fyrri ræðu mun Verðlagsstofnun afla frekari gagna um þróun farmgjalda að undanförnu og kanna sérstaklega tildrög þeirrar hækkunar sem nú hefur verið tilkynnt en ekki framkvæmd.

Hér hafa menn nokkuð nefnt kaupmáttarbreytingar og verðlagsbreytingar. Það er að vonum. En það er kannski ástæða til þess að huga að því að einmitt á þessu ári og því næstliðna hefur verð á innfluttri stykkjavöru lækkað verulega á Íslandi. Á sama tíma hefur kaupmáttur hjá Alþýðusambandsfólki reyndar aukist bæði árin. (**SvG:** En forstjóra Eimskips?) Þetta ættu menn að kanna. Ég hygg að það sé best að hv. 9. þm. Reykv. kanni það sjálfur.

En ég vildi koma aftur að skipafélögunum. Þau hafa verið beðin að svara m.a. eftirfarandi spurningum:

1. Hver var aðdragandi þeirrar verðlækkunar sem orðið hefur á þessu ári og þau hafa sýnt?

2. Hvernig var þessi verðlækkun framkvæmd í einstökum vöruflokkum og gagnvart einstökum viðskiptamönnum?

3. Hvers vegna er núna staðið með öðrum hætti að verðhækkun en þeirri verðlækkun sem orðið hefur jafnt og þétt það sem af er árinu?

Það þarf auðvitað að leiða í ljós hvort Eimskip sé í þeirri aðstöðu í raun og veru á markaðnum að geta breytt farmgjöldunum án þess að þurfa að taka tillit til annarra. Sé það rétt að sú lækkun sem sannarlega hefur orðið á þessu ári sé vegna samkeppni við aðra eins og félögin halda fram hlýtur sú spurning að vakna hvers vegna og hvað hafi skyndilega gerst sem valdi því að fyrirtækin söðli nú um samtímis og leggi samkeppnina til hliðar.

Þetta er eðlileg spurning sem kanna þarf og verður ekki úr leyst með háværum ræðum á Alþingi. Verðlagsráð og Verðlagsstofnun verða að upplýsa málið og gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við þau lög sem nú er starfað eftir.

Ég ætla ekki að mæla með beinni íhlutun í verðmyndun nema önnur úrræði dugi ekki. Þá verður að sjálfsögðu gripið til hennar. Aðalatriðið er að hér verði komið á heilbrigðri samkeppni eins og tekist hefur í mörgum greinum og hefur reynst besta tryggingin fyrir því að lækka og koma á stöðugu verðlagi eins og tekist hefur á undanförnum missirum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þessari utandagsrárumræðu er lokið. Því miður var ekki hægt að uppfylla óskir þriggja hv. þm. sem vildu komast á mælendaskrá en tíminn er búinn og hálftíminn er liðinn.

Útbýting þingskjala:

Gjaldeyrismál, 5. mál, nál. efh.- og viðskn. á þskj. 183; brtt. efh.- og viðskn. á þskj. 184.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Út af dagskrá eru tekin 13. og 14. dagskrármálið. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

40. FUNDUR

þriðjudaginn 27. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

2. Verðlagning á raforku, þáltill., 109. mál, þskj. 127. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

3. Fjáraukalög 1992, stjfrv., 140. mál, þskj. 161. —1. umr.

4. Lánsfjárlög 1993, stjfrv., 145. mál, þskj. 166. — 1. umr.

5. Síldarverksmiðjur ríkisins, stjfrv., 115. mál, þskj. 135. — 1. umr.

6. Fuglaveiðar og fuglafriðun, stjfrv., 146. mál, þskj. 167. — 1. umr.

7. Gjaldeyrismál, stjfrv., 5. mál, þskj. 5, nál. 183,

brtt. 184. — 2. umr.

8. Innflutningur, stjfrv., 6. mál, þskj. 6, nál. 185. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Jóhanna Sigurðardóttir félmrh.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

Útbýting þingskjala:

Framtíð herstöðvarinnar í Keflavík, 162. mál, fsp. KÁ á þskj. 187.

Tengsl ferðaþjónustu við íslenska sögu, 160. mál, þáltill. KÁ o.fl., þskj. 182.

Erindi lagt fram á lestrarsal:

Frá Öldrunarráði Íslands.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill ítreka að fyrirspurnum sé beint til eins ráðherra í senn og ekki sé spurt um fleiri en eitt efnisatriði í senn.

Seta forsætisráðherra í borgarstjórn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla að bera fram eina stutta fsp. til hæstv. forsrh.

Telur hæstv. forsrh. það samrýmast góðum stjórnsýsluháttum að gegna samtímis starfi bæjarfulltrúa í Reykjavík og embætti forsrh. Íslands?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég tel ekkert mæla gegn því og í lögum er örugglega ekkert sem mælir gegn því. Ég minni á að seta í sveitarstjórn telst þegnskylda, skyldu verkefni hvers borgara ef menn leggja að honum að gegna slíku starfi. Á hinn bóginn er ekki vafi á og ég ligg ekkert á því, að það kunna að fylgja því erfiðleikar að gegna báðum embættunum samtímis. Um leið vek ég athygli á að forsrh. er í þessu tilviki 1. þm. sama kjördæmis og hann er borgarfulltrúi fyrir og mundi þess vegna hafa mjög áþekk sjónarmið í huga sem 1. þm. kjördæmis og borgarfulltrúi.

Ég vek líka athygli á að það hefur tíðkast í öðrum löndum að menn séu ekki bara forsætisráðherra eins og Chirac var í Frakklandi, heldur jafnframt borgarstjóri Parísar.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Eins og fsp. mín bar með sér tel ég að það sé með öllu óeðlilegt og raunar óviðeigandi að sami maður sé í þeim fötum sem hæstv. forsrh. hefur klæðst með því að gegna þessum tveimur embættum samtímis. Satt að segja er ég afar undrandi á því að hæstv. forsrh. skuli kjósa að vera í þeim sporum vegna þess að ég hygg að það geti ekki verið þægilegt fyrir hann að þjóna með þeim hætti tveimur herrum. Ég tel að það sé ekki sambærilegt þingmannsstarfið fyrir Reykjavík og forsætisráðherrastarfið annars vegar og hins vegar spurningin um að sitja í sveitarstjórn í kjördæminu. Ég trúi ekki öðru en hæstv. forsrh. endurskoði sinn gang í þessu efni fyrr en síðar.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Það eru fjölmörg fordæmi þess að ráðherrar gegni embætti borgarfulltrúa í Reykjavík, bæði gömul og ný. Ég get nefnt tiltölulega nýleg fordæmi. Albert Guðmundsson var fjmrh. en jafnframt borgarfulltrúi í Reykjavík. Hann tók sér hlé um stund frá því starfi en ákvað síðan eftir nokkra reynslu að gerast borgarfulltrúi á nýjan leik. Gunnar Thoroddsen var borgarfulltrúi um nokkra hríð eftir að hann varð fjmrh. og gegndi meira að segja embætti forseta borgarstjórnar eftir að hann lét af starfi sem borgarstjóri og gerðist fjmrh.

Ég hygg að ég geti farið enn aftar í tímann en þori ekki að gera það eftir minni. Ég verð að fletta því upp áður en ég held því fram með fullum fetum. En ég hygg að fordæmin séu til og hugsanlega hafi forsrh. áður jafnframt verið borgarfulltrúi.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Umræða í þjóðfélaginu og þar með einnig á Alþingi Íslendinga á undanförnum árum hefur verið í þá átt, ef ég hef lesið rétt í mál manna, að greina sem skýrast á milli verkefna og stjórnsýslustiga þar á meðal. Ég vek athygli á að þau mál eru auðvitað fjölmörg þar sem um hagsmunaárekstra er að ræða og álitamál milli ríkis og sveitarfélaga. Þau dæmi liggja á borðum manna þessa stundina í sambandi við samskipti ríkis og sveitarfélaga og í sambandi við skattheimtu og skipti í þeim efnum. Hæstv. forsrh. gjörþekkir auðvitað þau efni. Jafnframt ber að líta á það að aðstaða sveitarfélaganna í landinu er afskaplega ólík, eins og allir þekkja. Reykjavík hefur þar nokkra sérstöðu. Það er ekki til að auka traust á landsstjórninni ef sami aðili er fulltrúi þar og jafnframt æðsti maður í ríkisstjórn Íslands.

Vinnubrögð í umhverfisráðuneyti.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar að eiga orðastað við hæstv. umhvrh. Það er vegna bréfs sem umhvrn. var

sent úr Öxarfjarðarhreppi 27. apríl sl. Þar fer bóndi í Sandfellshaga fram á það við umhvrn. að fá leyfi til þess að skjóta grágæsir við kartöflugarða þar sem, eins og stendur hér, með leyfi forseta:

„Önnur ráð virðast ekki duga til að fæla fuglana burt frá garðlöndunum. Grágæsirnar hirða útsæðið jafnharðan og það er sett niður, jafnvel þó notaðar séu vélar og sett niður til fullrar dýptar."

Þetta er skrifað 27. apríl sl. Síðan kemur svar frá ráðuneytinu dagsett 9. júní og sagt að ekki sé hægt að leyfa þetta vegna þess, eins og stendur orðrétt, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur til að leyfi af þessu tagi séu ekki veitt eftir 20. maí."

Með öðrum orðum, þann 9. júní er því svarað að ekki sé hægt að leyfa þetta eftir 20. maí. Erindið er sent þann 27. apríl.

Ég spyr hæstv. umhvrh.: Eru þetta eðlileg vinnubrögð og er venjan að það taki þennan óratíma að svara bréfum í því ráðuneyti sem hæstv. ráðherra ber ábyrgð á?

Það má bæta því við að þegar svarið barst í júní voru gæsirnar náttúrlega búnar með allt útsæðið í garðinum.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Þegar spurt er um einstök og bréfuð atriði væri æskilegra að það væri gert í öðrum fyrirspurnartíma en þeim þar sem enginn undirbúningur er til svarsins. Hins vegar skal ég segja hv. þm. það að bréf frá umræddum bréfritara sem barst ráðuneytinu hefur áreiðanlega verið sent til fuglafriðunarnefndar til umsagnar svo sem lög standa til vegna þess að hér var beðið um undanþágu frá gildandi reglum. Ég er ekki nákvæmlega kunnugur því og hef það ekki á takteinum hér og nú undirbúnings- og athugunarlaust, en dreg það ekki í efa að þær dagsetningar sem hér um ræðir séu réttar hjá hv. þm. Vera má að dráttur hafi orðið á að fuglafriðunarnefnd fjallaði um þetta sérstaka erindi og það skal alveg viðurkennt að æskilegt hefði verið að það hefði gerst fyrr. En athugunarlaust get ég ekki sagt öllu fleira um þetta mál.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég býst við að fuglafriðunarnefnd hafi fengið málið til umsagnar en spurningin er þá sú: Hvenær var það sent þangað úr ráðuneytinu? Ég er ekki að spyrja ráðherrann að því, ég er bara að vekja athygli á að það skiptir mjög miklu máli að tekið sé strax á svo brýnum erindum. Það er mjög bagalegt að svara beiðni sem berst fyrir mánaðamótin apríl/maí í júní. Í þessu tilfelli þýðir þetta stórkostlegt tjón fyrir bóndann og vekur kannski upp þá spurningu hjá bændum sem eiga eftir að lenda í svipuðum uppákomum hvort það þýði eitthvað að vera að biðja um leyfi. Mér er kunnugt um að í þessu einstaka tilfelli var um gríðarlegt tjón að ræða sem hefði kannski verið hægt að koma í veg fyrir ef vinnubrögð af hálfu ráðuneytisins hefðu verið sómasamleg.

Hertar aðgerðir gegn skattsvikum.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég beini fsp. til hæstv. fjmrh. og það er smá forspjall að því. Mikil umræða er í gangi vegna fjárlagagerðar fyrir næsta ár, hvernig draga megi úr halla ríkissjóðs. Í því sambandi er staða fyrirtækja og vaxandi atvinnuleysi einnig í umræðunni. Eitt er það þó sem ekki hefur heyrst mikið um til að auka tekjur ríkissjóðs og það er betri skattheimta og það að koma í veg fyrir skattsvik. Heyrst hefur að hér geti verið um allt að 10 milljarða að ræða.

Hvað hefur fjmrn. gert til að gera skattheimtu skilvirkari, ná tökum á skattsvikum og koma þannig í veg fyrir svokallaða svarta vinnu?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Sem svar við þessari fsp. vil ég geta þess að í fjmrn. hafa þessi mál verið til skoðunar að undanförnu. Reyndar er það svo að á hverju ári, í hverjum mánuði og í hverri viku eru ávallt aðgerðir til þess að koma í veg fyrir skattsvik. Síðasta aðgerðin sem fjmrn. greip til er að um næstu áramót verður skylt að hafa öðruvísi lituð númer á svokölluðum virðisaukaskattsbílum en það hefur komið í ljós, að áliti ráðuneytisins, að um not á bílum sé að ræða sem ekki má nota nema í atvinnurekstrarskyni.

Þá vil ég enn fremur geta þess að í síðustu kjarasamningum var samið um það að fjmrn., fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, ásamt aðilum vinnumarkaðarins settu niður hóp manna til þess að vinna að tillögum um þetta efni og sú nefnd hefur nú hafið störf og mun ljúka þeim fyrir næstu áramót.

Að öðru leyti vísa ég til þess að innheimtuárangur hefur heldur batnað hjá ríkinu að undanförnu og að að þessum málum er unnið frá einum degi til annars eins og eðlilegt er þegar um er að ræða svo mikilvægt mál að sköttum sé skilað eins og lög gera ráð fyrir.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er ágætt að heyra að unnið sé vel að þessum málum í ráðuneytinu, en mér fannst rétt að vekja athygli á þessu þegar mesta umræðan í þjóðfélaginu er í þá veru að eltast við einstæða foreldra í sambúð og ná þar því sem þeir hafa, kannski af illri nauðsyn, verið að svíkja undan skatti, eins og kallað er. Sú umræða hefur verið áberandi en minna verið tekið á hinu.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að vekja athygli á þessum málum. Ég er hins vegar ekki sammála því sem kom fram í síðari ræðu hv. þm. að ekki sé nauðsynlegt að taka á þessum málum alls staðar. Jafnvel þótt menn grípi til þess að segja að nauðsyn brjóti lög þá er það einu sinni þannig að okkur ber að fara að þeim lögum sem við höfum sett eða breyta þeim ella. Ég held því að það sé eðlilegur hluti skatteftirlitsstarfsins að sjá um að fólk fari eftir þeim lögum sem Alþingi setur.

Annað sem ég vil nefna í þessu sambandi og er allt of sjaldan nefnt, er að í öllum skattsvikaskýrslum hérlendis sem erlendis er bent á nauðsyn þess að lækka skatthlutföll og breikka skattstofna. En það er einmitt á stefnuskrá núverandi ríkisstjórnar.

Veiðar og sala á síld.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. sjútvrh. Undanfarna sólarhringa hefur verið mikil veiði af stórri og góðri síld, nánast mokveiði. Það er vissulega ánægjulegt en sá galli er á gjöf Njarðar að svo til öll síldin fer beint í bræðslu. Ef svo heldur áfram sem horfir með veiðarnar mun svo til allur síldarkvótinn klárast á næstu 10–14 dögum, a.m.k. á næstu 2–3 vikum. Þá horfir í það að vinnsluaðilar síldar fái ekki nægjanlegt hráefni til að fullnægja öllum þeim sölumöguleikum sem þeir hafa.

Nú stendur þetta mál þannig af sér að verðmæti síldarinnar margfaldast, allt að fjórfaldast til fimmfaldast, við að vinna hana beint í manneldisvöru í stað þess að bræða hana. Á undanförnum árum hefur tekist að stórauka sölu á síld á ýmsa aðra markaði en hina hefðbundnu saltsíldarmarkaði og sölu á öðruvísi hantéraðri síld. Það er þess vegna enginn vafi á því að það er bagalegt, bæði frá markaðslegu sjónarmiði en einnig þjóðhagslegu, ef svo tekst til að síldarkvótinn klárast á næstu vikum eða dögum án þess að við getum fullnýtt alla sölumöguleika á síld til manneldis.

Ég vil því spyrja hæstv. sjútvrh. hvort til greina komi af hans hálfu að beita sér fyrir því að tryggt verði að síldveiðinni verði þannig hagað að vinnsluaðilar fái nægjanlegt hráefni til að fylla alla sína sölumöguleika. Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann telji að fullreynt sé með sölu á saltsíld til Austur-Evrópu á okkar hefðbundnu markaði þar í vöruskiptum eða með greiðslum á einhverju öðru formi, svo sem veiðiheimildum í Barentshafi eða einhverjum þeim verðmætum sem kaupendur þar eystra gætu af hendi látið í staðinn fyrir síldina.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er rétt athugunarefni sem hv. þm. vekur athygli á. Síldarútvegsnefnd hefur beint því til ráðuneytisins með sérstöku bréfi sem barst síðla í gær. Strax í morgun var tekin um það ákvörðun að efna til fundar með þeim aðilum sem hér eiga hlut að máli, síldarútvegsnefnd og útgerðaraðilum, til þess að leita leiða til að tryggja þeim sem vilja fá síld til vinnslu og manneldis það hráefni sem nauðsyn krefur. Ég vona að sú viðleitni beri tilætlaðan árangur því að það er vissulega svo að það er mikið keppikefli að sem mest af síldinni fari til söltunar eða frystingar því að með þeim hætti fáum við mun meiri verðmæti úr þessari afurð.

Hvort fullreynt er með sölu til fyrrum Sovétríkjanna verður sjálfsagt ekki svarað með neinum óyggjandi hætti. Hitt er alveg ljóst að gengisfall rúblunnar hefur gert það að verkum að það eru afar litlir möguleikar á því að slík viðskipti geti farið fram jafnvel þó að viðskiptasambönd opnist. Síldarútvegsnefnd og aðrir þeir sem áhuga hafa á sölu síldar til Rússlands munu halda því máli vakandi og stjórnvöld eru reiðubúin til viðræðna við sovésk stjórnvöld. Við eigum von á því að sjávarútvegsráðherra Rússlands komi í desembermánuði til sérstakra viðræðna um þessi og önnur samskiptamál á sjávarútvegssviðinu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. þessi svör og ég fagna því að hreyfing er komin á málið í ráðuneytinu. Ég tel ekkert því til fyrirstöðu í raun og veru að tryggja að einhver hluti síldarkvótans verði nýttur til þess að fullnægja hráefnisþörfum vinnslunnar þannig að allir handbærir sölumöguleikar verði nýttir. Auðvitað skiptir líka miklu máli að fá á hreint eftir því sem hægt er hvort einhverjir raunhæfir möguleikar eru á sölu saltsíldar til Austur-Evrópu í formi vöruskipta eða á einhverjum öðrum viðráðanlegum kjörum vegna þess að þá verður að gera ráð fyrir þeirri síld við hráefnisöflun til vinnslunnar. Síldin sem nú veiðist er óvenjustór og falleg og verðmæt og kvótinn upp á 150 þús. tonn af þessum fína matfiski og það er auðvitað grátlegt í öllu tilliti ef ekki er hægt að nýta þennan stofn eins og kostur er til hámarksverðmætasköpunar og til manneldis.

Takmörkun og eftirlit með rjúpnaveiði.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. umhvrh. Það berast nú alvarlegar fréttir af ástandi rjúpnastofnsins sem virðist vera í lágmarki. Varpið misheppnaðist sl. vor vegna vetrarveðráttu sem skall yfir landið, ekki síst norðanvert landið, um Jónsmessuleytið. Það er fullyrt að mikill hluti af ungunum hafi drepist við þessar aðstæður.

Það berast alvarlegar fréttir af fleiru. Minnihlutahópur skotveiðimanna gengur mjög frjálslega um veiðilendurnar alveg eins og villimenn, ferðast um á fjórhjólum með hríðskotabyssur. Þar er það massinn og fjöldinn sem drepinn er sem skiptir máli. Þessar aðferðir eiga ekkert skylt við veiðigleði. Þarna eru hreinir villimenn á ferð. Bændur grípa til veiðibanns á sínum heimalöndum. Þeir óttast að stofninn sé í útrýmingarhættu og ofbýður þessar veiðiaðferðir.

Rjúpan hefur verið nytjafugl og með því skal mælt en við ríkjandi aðstæður vakna spurningar hvort ekki beri að minnka sóknina í stofninn, alla vega stöðva þessa bandóðu veiðimenn.

Engar rannsóknir liggja fyrir á stofninum hin síðari ár. Menn eru að dútla við að kanna og rannsaka og telja spörfugla en ekki eru til upplýsingar um rjúpnastofninn. Þess vegna spyr ég hæstv. umhvrh. hvort hann muni beita sér fyrir aðgerðum til verndar blessaðri rjúpunni við þessar erfiðu og óvissu aðstæður. Mun hann t.d. þegar þessar upplýsingar liggja fyrir kalla til viðræðna við sig þá sérstöku nefnd sem ráðu-

neytinu er til aðstoðar um veiðar og friðun fugla?

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég held að það hafi verið snemma í septembermánuði sem ég beindi þeirri fsp. til Náttúrufræðistofnunar Íslands hvort ástæða væri til að banna rjúpnaveiðar eða gera einhverjar aðrar sérstakar ráðstafanir til að takmarka veiðina. Að mati sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar Íslands var ekki talin ástæða til þess. Það var ekki talin ástæða til þess að banna rjúpnaveiðar. Hins vegar var á það bent að upplýsingar skorti að nokkru leyti um rjúpnastofninn og ástæða væri til að auka rannsóknir á íslenska rjúpnastofninum.

Á næsta ári er ráðgert að verja allnokkru fjármagni til að rannsaka æðarfuglinn sem er einn helsti nytjafugl okkar. Það væri vissulega ástæða til þess að verja auknu fjármagni til þess að rannsaka rjúpnastofninn og vonandi kemur að því að slíkt fjármagn verður fáanlegt.

Varðandi hitt atriðið sem hv. þm. nefndi, þ.e. villimannlegar aðferðir veiðimanna, munu áreiðanlega dæmi slíks. Þar er um lögbrot að ræða. Það er bannað að nota vélknúin farartæki við að elta uppi bráð. Æskilegt væri að meira fjármagn væri til umráða til þess að stunda löggæslu á þessu sviði og fylgjast með og handsama þá sem þessar reglur brjóta. Ég er ekki viss um að það sé jafnalgengt og útbreitt og hv. þm. lét í veðri vaka en þess eru áreiðanlega dæmi og æskilegt væri ef hægt væri að halda uppi öflugra eftirliti með þeim sem svo villimannlega fara um.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Þegar ég ræði um rjúpuna á hv. Alþingi, þá fer hæstv. umhvrh. að ræða um óbreyttan æðarfugl. En ég vil samt sem áður þakka honum fyrir þær spurningar sem hann hefur lagt fyrir stofnanir sem heyra undir hans ráðuneyti. En ég held að það væri full ástæða til þess að hann tryggði það að fjármagni verði varið til rannsókna á rjúpnastofninum við þessar aðstæður. Einhver hópur veiðimanna sem fer með glannalegum hætti um veiðilendurnar eins ég rakti hér verður að stöðva, mikilvægt er að sýslumönnum landsins verði sérstaklega gert viðvart um að framfylgja lögum. Því að þetta er auðvitað mjög alvarlegt ástand eins og menn sjá í blöðum fréttir af og á auðvitað við um fleiri tegundir fugla. Við munum eftir harmleiknum vestur í Dölum í sumar.

Ég hvet umhvrh. til þess að heita því hér að skoða þessi mál frekar en hann hefur gert.

Meðferð áfengissjúkra.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Fjárveitingar til áfengismeðferðar verða á næsta ári skornar verulega niður ef marka má það fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir Alþingi. Til stendur að Gunnarsholt verði í framtíðinni rekið á vegum trúarsöfnuðar. Þar hafa auk langt leiddra drykkjusjúklinga einnig verið vistaðir geðsjúklingar sem hvergi hafa verið úrræði fyrir innan geðheilbrigðiskerfisins, sumir þeirra einnig drykkjumenn. Margir þeirra þurfa sárlega á að halda öðrum og betri úrræðum en að vera geymdir uppi í sveit án þess að eiga nokkurn kost á endurhæfingu, liðveislu, stuðningi eða meðferð.

Því vil ég spyrja hæstv. heilbrrh.: Er það stefna heilbrrn. að beina illa stöddum geðsjúklingum og áfengissjúklingum í auknum mæli til trúarhópa í stað þess að bjóða þeim upp á hefðbundna læknisfræðilega áfengismeðferð og finna viðunandi lausnir á vanda þeirra geðsjúklinga sem nú eiga hvergi höfði sínu að halla nema á geymslustöðum á borð við Gunnarsholt ef þeir eru þá bara ekki á götunni?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það eru á milli 20 og 30 aðilar sem hafa tekið að sér og starfrækja meðferð fyrir áfengissjúklinga og þá sem ánetjast hafa ólöglegum vímuefnum. Þessir aðilar hafa allir verið til skoðunar á vegum heilbrrn. og fengið styrk á vegum heilbrrn. til margra ára. Allir þessir aðilar uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til slíkrar meðferðar þó að engir tveir noti nákvæmlega sömu vinnubrögðin við þá starfsemi sem þeir starfrækja.

Það stendur ekki til að afhenda trúarhópum einhverja meðferð sem þeir ráða ekki við. Margir af þessum aðilum hafa skilað mjög góðu starfi og ég tel ástæðulaust að vera að gera lítið úr góðum árangri margra þessara aðila í umræðum á Alþingi.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Mig langar þá til þess að spyrja hæstv. heilbrrh. hvort hann viti ekki af þeirri faglegu gagnrýni sem hefur verið á vinnubrögð þar sem beitt er aðferðum trúarhópa. Ég veit að það má alltaf um það deila hvað telst til árangurs og hvað ekki. Ég veit líka að það eru margir aðilar í sjálfboðastarfi sem hafa unnið góð verk og hafa haft fullt og gott samráð við færa fagmenn og boðið upp á mjög fullnægjandi læknisfræðilega meðferð. Ég tel engu að síður þess virði að spyrja hæstv. ráðherra hvort honum sé ekki ljóst að sumt af því sem flokkast hefur undir meðferð teljist ekki til góðra úrræða í slíkri meðferð. Ég vil vekja athygli á því að kirkjuþing og ýmsir innan geðheilbrigðiskerfisins hafa talið ástæðu til að hafa áhyggjur af þessari starfsemi.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðulaust að vera með svona dylgjur hér á Alþingi. Ég óska eftir því að hv. þm. tilgreini hvaða aðilar það eru sem hann telur að ekki fullnægi þeim skyldum sem þeir verða undir að gangast vegna áfengismeðferðar. Ég vil aðeins skýra frá því að á vegum heilbrrn. hefur farið fram á þessu ári skoðun á starfsemi allra þeirra aðila sem hafa fengið stuðning af opinberu fé til slíkrar meðferðar og það hefur ekki verið niðurstaða heilbrrn. að þar séu einhver umkvörtunarefni af því tagi sem hv. þm. nefndi.

Ég óska eftir því að menn séu ekki með tilhæfu-

lausar fullyrðingar heldur finni orðum sínum stað og hv. þm. nefni dæmi um þá aðila sem eru að fást við meðferð á áfengissjúklingum eða vímuefnasjúklingum og hv. þm. telur að séu þar að vinna verk sem betur væru falin öðrum og sem ekki séu fullnægjandi frá heilbrigðissjónarmiði. Ég óska eftir því að hv. þm. finni orðum sínum stað með dæmum en ekki tilhæfulausum fullyrðingum.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég tel ekki að hæstv. ráðherra hafi svarað spurningu minni. Ég beini því til hans að kanna þetta og fagna því að eitthvað hefur verið gert í sambandi við það að kanna hvort hér sé fullnægt þeim kröfum sem sjálfsagðar og eðlilegar verða að teljast.

Ég vil hins vegar beina athygli hans að því að á nýlegu málþingi um aðstæður þeirra geðsjúklinga sem lengst eru leiddir, m.a. í vímuefnaneyslu og búa á götunni, kom þetta til umræðu og ég tel ástæðu til þess að taka fullt tillit til þess þegar ábendingar koma frá fagfólki og gera eitthvað í því. Ég fagna því ef eitthvað hefur verið gert af því tagi.

Ég vil líka vekja athygli á því að það eru ekki tilhæfulausar dylgjur út í loftið sem eru að koma nú frá kirkjuþingi. Ég á ekki von á því úr þeirri átt. Ef ég hef brotið á einhverjum skal ég að sjálfsögðu bera það til baka.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég ítreka að á vegum heilbrrn. hafa verið kannaðar aðstæður allra þeirra sem fengið hafa styrk af opinberu fé til þessarar meðferðar og heilbrrn. taldi ekki ástæðu til þess að hætta við stuðning við neinn þeirra. Ef hv. þm. er að ræða um hvítasunnumenn sem hafa náð miklum árangri í sínum störfum vil ég upplýsa að þeir hafa stuðning bæði af lækni sem þeir vinna með og félagsfræðingi.

En ég ítreka það að svona dylgjur þar sem fólk getur ekki nefnt eitt einasta dæmi máli sínu til stuðnings um starfsemi þessara félagasamtaka og trúarhópa sem vinna mjög gott starf hver á sínu sviði, svona ástæðulausar dylgjur eiga ekki erindi í umræðu um þessi mál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Telur þingmaðurinn virkilega að hann þurfi að bera af sér sakir? Forseti gat ekki heyrt það. (Gripið fram í.) Ef þingmaður telur sig hafa ástæðu til að bera af sér sakir getur forseti ekki neitað um það. Tekur þá hv. 9. þm. Reykn. til máls og ber af sér sakir. En forseti vill ítreka að þingmenn fari sparlega með þennan rétt að bera af sér sakir.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Varðandi orð hæstv. forseta vil ég tak það fram að ég tel að það sé full ástæða til að bera af sér sakir þegar maður er sakaður um að vera með tilhæfulausar dylgjur. Ég vildi ekki vera að nefna neina sérstaka til og tel mig hafa fullan rétt til þess að vísa í heimildarmenn og að leggja fram spurningar án þess að vera sökuð um það að vera með tilhæfulausar dylgjur. Það var ekki ætlun mín og sá skilningur hæstv. ráðherra er á hans ábyrgð og ekki mína.

Verðlagning á raforku, frh. fyrri umr.

Þáltill. StB og GuðjG, 109. mál. — Þskj. 127.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GHall, GHelg, HG, ISG, IP, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, ÞorstP.

31 þm. (ÁMM, BBj, EgJ, GHH, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, KSG, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SighB, StG, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÖS) fjarstaddur.

Till. vísað til iðnn. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, HG, ISG, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, MB, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, ÞorstP, ÖS.

26 þm. (BBj, EgJ, GHH, GB, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, StG, StH, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Fjáraukalög 1992, 1. umr.

Stjfrv., 140. mál. — Þskj. 161.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1992 sem er að finna á þskj. 161 og er 140. mál þingsins. Frv. er flutt til að afla heimildar fyrir ýmsum óhjákvæmilegum greiðslum umfram fjárheimildir fjárlaga.

Í grg. með frv. er framvinda ríkisfjármála það sem af er ári ítarlega skýrð jafnframt því sem gerð er áætlun um afkomu ársins í heild. Niðurstaða þessa endurmats er að rekstrarhalli ríkissjóðs verði 9,1 milljarður kr. á þessu ári eða 5 millj. kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Frávik frá áætlun kemur bæði fram á tekjum og gjöldum. Þannig eru taldar horfur á að heildartekjur ríkisins verði 103 milljarðar kr. í ár eða allt að 2,4 milljörðum lægri en áætlað var í fjárlögum. Þetta þýðir að heildartekjur ríkissjóðs verða nær þær sömu í ár og á síðasta ári metnar á föstu verði. Skatttekjur dragast hins vegar lítillega saman, eða um rúmlega 1% að raungildi.

Tekjusamdráttinn má að hluta rekja til erfiðs efnahagsástands, bæði á yfirstandandi ári og árið 1991 sem rýrir tekjur þessa árs. Auk þess hafa ýmis tekjuáform

ekki gengið eftir. Samhliða versnandi afkomu fyrirtækja og minnkandi eftirspurn hefur atvinnuleysi farið vaxandi og vinnutími styst en það endurspeglast í minnkandi tekjum hjá ríkissjóði.

Þannig er nú gert ráð fyrir að tekju- og eignarskattar verði rúmlega 1 milljarði lægri en áætlað var. Hér munar mestu um að staðgreiðsla tekjuskatts lækkar vegna vaxandi atvinnuleysis og styttri vinnutíma.

Þá lækka tekjur af óbeinum sköttum um nálægt 1.100 millj. kr. Það skýrist bæði af meiri samdrætti í innflutningi, einkum í dýrari neysluvörum og því að tekjugrunnur þessa árs varð lægri en miðað var við í fjárlögum. Loks verða tekjur af eignasölu verulega lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir en á móti vegur að arðgreiðslur og vaxtatekjur verða meiri.

Útgjöld ríkissjóðs eru talin verða 112,1 milljarður kr. og hækka um 2,6 milljarða kr. frá fjárlögum en það skýrist mest af fjórum þáttum.

Fyrst er að telja áhrif yfirlýsinga ríkisstjórnar vegna kjarasamninga sl. vor sem valda 700 millj. kr. kostnaðarauka, einkum í útgjöldum til heilbrigðis- og tryggingamála. Í annan stað hefur atvinnuleysi orðið meira en áætlað var í forsendum fjárlaga sem leiðir til 500 millj. kr. viðbótarútgjalda ríkissjóðs. Í þriðja lagi má ætla að eftirhreytur gamla búvörukerfisins kalli á um 900 millj kr. umfram fjárlög. Og í fjórða lagi hafa ýmsir þættir sjúkratrygginga farið rúmlega 500 millj. kr. fram úr fjárlögum.

Skýringu á umframgjöldum er þannig í aðalatriðum að finna í sérstökum greiðslum vegna samninga eða þess tekjubrests sem orðið hefur í efnahagskerfi okkar en ekki vegna þess að mistekist hafi að ná fram áformuðum sparnaði fjárlaga.

Við framkvæmd fjárlaga var í ár beitt öflugra eftirliti en áður. Það fól m.a. í sér aukna ábyrgð ráðuneyta og stofnana og er ljóst að það hefur skilað árangri. Samkvæmt fjárlögum var stefnt að tæplega 7 milljarða kr. lækkun útgjalda milli ára að raungildi. Að teknu tilliti til þeirra nýju og óvæntu útgjalda sem sótt eru í þessu frv. verður lækkun gjalda milli ára engu að síður 4,5 milljarðar króna. Þetta gerist þrátt fyrir þann innbyggða vöxt sem er í útgjöldum ríkissjóðs og einkum kemur fram í tryggingagreiðslum, menntamálum og heilbrigðismálum. Athyglisvert er að mest lækkun verður í almennum rekstrargjöldum stofnana en þau lækka að raungildi um 2,3 milljarða kr. frá fyrra ári. Þar vegur saman beinn sparnaður í rekstri og áhrif aukinna sértekna.

Hins vegar hafa greiðslur ýmissa tilfærslna lækkað minna en að var stefnt. Þar skal fyrst nefna að erfiðlega hefur gengið að hafa hemil á þeirri sjálfvirkni sem er í útgjöldum sjúkratrygginga og er ljóst að áformaður sparnaður í lyfja- og lækniskostnaði næst ekki á þessu ári. Það hlýtur að verða með brýnustu verkefnum ríkisstjórnarinnar að efla áætlanagerð og eftirlit með greiðslum sjúkratrygginga. Að mínu áliti er nauðsynlegt að notendur greiði hlutfallsgreiðslur í stærri stíl til að tryggja ásættanlegan árangur í þessu efnum.

Aðrir liðir sem hækka frá fjárlögum eru greiðslur atvinnuleysisbóta og uppgjör samkvæmt eldri búvörusamningi eins og áður er rakið.

Greiðslur til viðhalds- og stofnkostnaðar eru í meginatriðum áætlaðar í samræmi við forsendur fjárlaga. Hins vegar er þess að geta að meðalhækkun verðlags milli ára var í fjárlögum áætluð 5,5% en nú bendir allt til þess að hækkun verði innan við 4%. Þetta eykur að sjálfsögðu framkvæmdamátt þeirra fjárveitinga sem til þessa eru ætlaðar.

Það kann að vera athyglisvert þegar rætt er um þessi fjáraukalög að skoða það sérstaklega hvernig verðbólguleysið annars vegar og minnkandi viðskiptahalli hins vegar fara með ríkissjóð. Eins og öllum má vera ljóst hefur sá háttur verið á hafður hér á landi að verðbæta aðeins hluta af útgjöldum ríkissjóðs, fyrst og fremst laun og launatengdar færslur ýmiss konar í rekstri, en ekki stofnframlög, viðhald og þess konar greiðslur. Þetta þýðir það að þegar verðbólgan geysar og verður meiri en áætluð var í fjárlögum gerist það að um sjálfvirka skerðingu er að ræða á slíkum liðum sem oftast hefur leitt til þess að framkvæmdamáttur stofnframlaga hefur dregist saman. Nú er þessu öðruvísi varið vegna þess að verðbólga er minni í ár en spáð var en stofnframlög og aðrar slíkur greiðslur, fjárheimildir, eru ekki lækkaðar. Þetta þýðir að framkvæma má meira fyrir þá peninga sem lagðir eru til slíkra þátta. Ég tel fulla áherslu til að leggja áherslu á þetta atriði því að það er nýtt fyrir okkur í okkar áætlanagerð að verðbólga sé lægri en spáð var.

Á sama hátt vil ég geta þess hér og tel ástæðu til þess sérstaklega að benda á að viðskiptahallinn í ár verður væntanlega minni en gert var ráð fyrir þrátt fyrir að útflutningur hafi dregist saman. Þetta gerist vegna þess að innflutningur hefur dregist meira saman en nemur samdrætti í útflutningi. Þetta þýðir hins vegar að verulegur samdráttur verður á tekjum ríkissjóðs. Veltusamdráttur leiðir til þess og auðvitað sá samdráttur sem kemur fram í launum en það er einmitt velta í vörum, þjónustu og laun sem eru aðaltekjustofnar ríkissjóðs. Þannig má kannski segja, þó að það sé kaldhæðni örlaganna, að batnandi efnahagsskilyrði hér á landi leiði til versnandi niðurstöðu fyrir ríkissjóð.

Þá vil ég nefna að veruleg óvissa ríkir að hve miklu leyti tekjur af sölu aflaheimilda Hagræðingarsjóðs koma til með að skila sér í ríkissjóð strax á þessu ári. Vegna aflaleysis, og kannski má segja aflabrests, er verulega mikið flutt af ónýttum aflaheimildum yfir á nýtt fiskveiðiár sem hófst 1. sept. sl. Þá ber að geta þess að aðeins hafa 800 tonn af 12 þús. tonna veiðiheimildum, sem útgerðinni var boðið að kaupa með forkaupsrétti, selst, en þetta er af aflaheimildum Hagræðingarsjóðs.

Þetta er að sjálfsögðu áhyggjuefni, ekki eingöngu fyrir ríkissjóð heldur fyrir landsmenn alla og þó sér í lagi auðvitað útgerðina sem stendur frammi fyrir þessum nýja vanda. Því miður get ég ekki sagt nákvæmlega hve mikið færðist á milli ára en ég hygg að það séu a.m.k. um 20 þús. þorskígildistonn. Ég vil leggja áherslu á þetta, virðulegi forseti, því að þetta þýðir að það kann að þurfa að grípa til sérstakra úrræða á með-

an ekki er hægt að selja aflaheimildir Hagræðingarsjóðs til að standa straum af kostnaði við Hafrannsóknastofnun.

Í fjárlögum 1992 var hrein fjárþörf ríkissjóðs áætluð 4,4 milljarðar kr. og heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs 13,4 milljarðar kr. Gert var ráð fyrir að hún yrði fjármögnuð bæði innan lands og utan. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er hrein lánsfjárþörf nú talin verða 10,8 milljarðar kr en heildarlánsfjárþörfin 19,4 milljarðar. Aukning heildarlánsfjárþarfar frá fjárlögum er því um 6 milljarðar kr. sem skýrist að stærstum hluta af meiri rekstrarhalla ríkissjóðs.

Ef samanburður er gerður við síðasta ár kemur í ljós að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs er nú áætluð 4 milljörðum lægri en á síðasta ári. Verulegur árangur hefur þannig náðst í því að draga úr lánsfjárþörf ríkissjóðs. Sama á við um lánsfjárþörf opinberra aðila sem á síðasta ári var meiri en öll aukning peningalegs sparnaðar, eða um 42 milljarðar kr. Hún er nú áætluð 28 milljarðar kr. á meðan nýr peningalegur sparnaður er áætlaður 34 milljarðar kr.

Þessi bati kemur enn skýrar fram í lánsfjármögnun ríkissjóðs innan árs. Mestan hluta síðasta árs var fjármagnsþörf ríkisins mætt með um það bil 8–10 milljarða kr. yfirdrætti í Seðlabanka. Á þessu ári hefur dæmið hins vegar snúist við því að ríkissjóði hefur nær alfarið tekist að leysa fjárþörf sína á innlendum lánamarkaði með sölu ríkisverðbréfa. Þrátt fyrir að rekstrarhalli ríkissjóðs hafi aukist, einkum vegna samdráttar í þjóðfélaginu og erfiðleika sem við er að etja í efnahagsmálum, verður að telja að tekist hafi að halda meginmarkmiði fjárlaganna. Þannig hefur tekist að lækka útgjöld ríkisins um 4,5 milljarða milli ára og draga úr rekstrarkostnaði ríkissjóðs.

Jafnframt hefur tekist að minnka fjárþörf ríkissjóðs og opinberra aðila verulega frá síðasta ári og með því er skapað betra jafnvægi á innlenda lánamarkaðnum en áður var. Það er enda nauðsynlegt skilyrði þess að sú ákvörðun að láta vaxtaákvörðun á ríkisbréfum ráðast af útboðum á markaði skili þeim árangri sem að er stefnt.

Virðulegi forseti. Ég hef hér gert grein fyrir framvindu ríkisfjármála á árinu og horfum til ársloka. Niðurstöðurnar sýna að verulegur árangur hefur náðst í ríkisfjármálum á árinu. Ég tel í sjálfu sér ástæðulaust að lýsa einstökum greinum í frv. sem hér er til umræðu. Það er með hefðbundnu sniði og í athugasemdum með frv. er, að ég held, mjög skýrlega lýst til hvers eigi að nota þær fjárheimildir sem um er beðið. Í flestum tilvikum hafa þær þó þegar verið út greiddar ef um er að ræða breytingar á gjaldahlið frv.

Ég mælist svo til þess að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til hv. fjárln. til frekari umfjöllunar og þó áður til 2. umr.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér til umræðu er frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1992. Þegar það kemur til umræðu verður manni fyrst hugsað til þess þegar fjárlög voru lögð fram fyrir um það bil ári síðan. 1. umr. fjárlaga 1992 var 22. okt. 1991. Þá mælti hæstv. fjmrh. svo, með leyfi forseta:

„Ég tel að það frv. sem hér er til umræðu geti haft veruleg áhrif með þeim aðgerðum sem það boðar. Mestu máli skiptir að allir, jafnt stjórnmálamenn sem almenningur, geri sér grein fyrir þeirri hættu sem okkur sem þjóð er búin ef ekki er spyrnt við fótum. Um það snýst stefna þessa fjárlagafrv. Ef okkur tekst að vinna þessari stefnu fylgi og framfylgja henni verður þetta tímamótafrv. annars ekki."

Spurningin er: Var fjárlagafrv. fyrir árið 1992 tímamótafrv.? Markaði það tímamót í afkomu ríkissjóðs?

Það er eðlilegt að hæstv. fjmrh. tíni það til sem jákvætt er og vissulega hafa ekki allir hlutir farið á verri veg, en það er langt frá því að þetta frv. og fjárlögin fyrir árið 1992 hafi markað nokkur tímamót í ríkisfjármálum. Það var lagt upp með 4,2 milljarða kr. halla þegar fjárlagafrv. síðasta árs var samþykkt sem lög frá Alþingi. Frv. til fjáraukalaga sem nú liggur fyrir gerir ráð fyrir að halli ríkissjóðs verði yfir 9 milljarðar kr. (**ÓÞÞ:** Hvað er það mikil skekkja í prósentum?) Hv. 1. þm. Vestf. er gamall skólastjóri og ég læt hann um prósentureikninginn. (**ÓÞÞ:** Hann er ekki við, 1. þm.) Hv. 2. þm. Vestf.

Það fjáraukalagafrv. sem nú liggur fyrir sýnir að núv. ríkisstjórn hefur ekki tekist að ná valdi á ríkisfjármálunum. Útgjaldavandi ríkissjóðs hefur ekki verið leystur. Þau átök sem urðu um síðasta fjárlagafrv. hafa ekki skilað ríkissjóði þeim sparnaði þegar á heildina er litið sem til var ætlast. Ljóst er að ekki hefur tekist að ná utan um gjaldavandann í ýmsum málaflokkum.

Sú spurning vaknar þegar rætt er um fjáraukalagafrv. sem hér liggur fyrir hve mikla vísbendingu það gefur okkur í raun um endanlega afkomu ríkissjóðs á árinu 1992. Því miður er það svo að mörg sólarmerki benda til þess að halli ríkissjóðs verði enn meiri en þetta fjáraukalagafrv. gerir ráð fyrir. Enn er nokkuð eftir af árinu og sjást teikn um það í frv. að ekki séu öll kurl komin til grafar.

Fjáraukalagafrv. gerir ráð fyrir að sala eigna ríkissjóðs gefi 500 millj. í stað 1.000 millj. eða rúmlega það sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Í bréfi til fjárln. þann 20. okt. sl. frá fjmrn. sem svar við fsp. hv. 1. þm. Norðurl. e., Guðmundi Bjarnasyni, er skrá yfir sölu eigna. Þar kemur fram að sala eigna hefur til þess tíma gefið 242 millj. kr. eða um það bil helminginn af þessari upphæð.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvaða möguleika sér hann á því að hægt verði að selja fyrir þessar 250 millj. eða rúmlega það það sem eftir er af árinu þannig að markmið þessara fjáraukalaga standist?

Á bls. 22 í fjáraukalagafrv. er rætt um afkomu ríkissjóðs og sett almenn markmið. Þar er sótt um greiðsluheimild fyrir geymdum fjárveitingum 720 millj. kr. Á móti eru yfirfærðar skuldir um 234 millj. kr.

Fylgiskjal frv. sýnir flutning inneigna og skulda yfir áramótin 1991–1992. Nú er það svo að ég er samþykkur þessari aðferð og tel til bóta að ríkisstjórnin hafi sveigju í því að flytja inneignir og skuldir yfir ára-

mót og sé ekki tilneydd til að eyða öllum sínum heimildum á yfirstandandi ári. Því höfum við fulltrúar Framsfl. í fjárln. verið samþykkir. En á bls. 22 stendur, með leyfi forseta:

„Almennt er því ekki sótt um viðbótarheimildir til rekstrar nema í sérstökum tilvikum, en þess í stað við það miðað að greiðslum umfram heimildir til einstakra málaflokka verði mætt af heimildum næsta árs. Þetta kann að eiga við um tryggingarbætur, einstaka framhaldsskóla og embætti sýslumanns og dómara. Loks ríkir óvissa um að hve miklu leyti tekjur af sölu veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs koma til með að skila sér í ríkissjóð strax á þessu ári."

Þarna er imprað á að greiðslum umfram heimildir til tryggingabóta verði mætt af greiðslum næsta árs. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvað sé þarna að baki. Hafa einhverjar sérstakar ákvarðanir verið teknar um breytingu á greiðslum tryggingabóta á næsta ári umfram það sem við höfum séð í því fjárlagafrv. sem lagt hefur verið fram fyrir árið 1993?

Á bls. 12 í fjáraukalagafrv. er fjallað um útgjöld sem varða heilbr.- og trmrn. Í lið 271 er fjallað um Tryggingastofnun ríkisins. Það er svo að þó fjáraukalagafrv. sé ekki komið enn þá formlega til fjárln. hefur hún þó fjallað um málið á einum eða tveimur fundum. Fulltrúar heilbrrn. hafa komið til fjárln. með heilbrrh. í broddi fylkingar til að leggja meiri áherslu á þann málflutning sem þeir höfðu fram að færa. Þar kom fram að hæstv. heilbrrh. fyrir hönd síns ráðuneytis hefur alvarlegar athugasemdir við þetta fjáraukalagafrv. og einkum þann lið sem á bls. 32 um málefni Tryggingastofnunar ríkisins. Þar segir að loks sé talið að greiðslur sjúkratrygginga vegna lyfjakostnaðar verði allt að 300 millj. kr. umfram áætlun fjárlaga. Þau útgjöld mundu koma til frádráttar heimildum næsta árs. Í heilbrrn. og fjmrn. er til skoðunar ýmsar leiðir til lækkunar á lyfjakostnaði ríkissjóðs.

Það kom fram í viðtali við hæstv. heilbrrh. að hann telur fráleitt að þessar 300 millj. kr. komi til frádráttar heimildum næsta árs. Hann áréttaði skoðun sína í bréfi til fjárln. Alþingis þann 23. okt. en hann kom á fund til okkar þann 22. okt. Þá eru þessar 300 millj. kr. sem eru í fjáraukalagafrv. orðnar að 400 millj. kr. í því bréfi degi seinna. Þetta gefur því vísbendingu um að ekki séu öll kurl komin til grafar.

Í öðru lagi segir í þessu bréfi til fjárln. orðrétt:

„Í fjáraukalögum er gert ráð fyrir að þessi umframkostnaður á árinu muni koma til frádráttar heimildum næsta árs en ráðuneytið telur það með öllu óraunhæft."

Nú vil ég spyrja: Hvað liggur að baki þessum texta í athugasemdum við kaflann um heilbr.- og trmrn. í athugasemdum frv.? Hvaða leiðir hafa verið til skoðunar í heilbrn. og fjmrn. til lækkunar á lyfjakostnaði ríkissjóðs? Sér hæstv. fjmrh. einhverjar leiðir í þessu efni sem hæstv. heilbrrh. sér ekki?

Í öðru lagi var áætlað í fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár að Tryggingastofnun ríkisins legði á sértekjur til að greiða þjónustu fyrir krabbameinssjúka hjá Ríkisspítölunum. Þessar sértekjur hafa ekki verið lagðar á hjá Tryggingastofnun ríkisins. Það hefur verið horfið frá því. Ríkisspítalarnir munu þess vegna ekki geta innheimt þessar tekjur. Þær nema 96 millj. kr. á þessu ári.

Samkvæmt upplýsingum frá heilbrrn. telur það að sértekjur Ríkisspítalanna séu ofáætlaðar um 96 millj. kr. af þessum ástæðum. Ráðuneytið leggur miklar áherslur á það samkvæmt þessu erindi til fjárln. að þetta verði leiðrétt fyrir árið í ár. Þarna eru ýmis málefni upp á einar 500 millj. kr. sem ýmist ættu að koma sem viðbótarútgjöld á þessu ári eða að dragast frá heimildum næsta árs sem heilbrrn. og hæstv. heilbrrh. eru algerlega ósammála.

Ég vildi því biðja hæstv. fjmrh. um skýringar á því misræmi sem kemur þarna fram.

Í umræðum um fjárlagafrv. fyrir árið 1992 varaði stjórnarandstaðan sérstaklega við ýmsum atriðum. Var þar einna efst á blaði sú áætlun um tekjur sem reiknað var með af sölu aflaheimilda Hagræðingarsjóðs. Það er komið í ljós að sú tekjuöflun er algjörlega í vindinum. Hæstv. fjmrh. lýsti því í framsöguræðu sinni fyrir fjáraukalagafrv. svo ég þarf í rauninni ekki miklu við það að bæta. Þessar heimildir hafa lækkað í verði og alger óvissa um hvað hægt er að selja af þeim það sem eftir er ársins. Þessi upphæð er hvorki meira né minna en 525 millj. kr. og reiknað var með sem tekjur af þessari sölu. Það á auðvitað eftir að koma til kasta Alþingis áður en árið er liðið hvernig eigi að mæta því tekjutapi sem óhjákvæmilega hlýtur að leiða af þessu. Stjórnarandstaðan varaði eindregið við þessari leið og nú er komið í ljós að þær aðvaranir voru réttmætar.

Í útgjaldahlið frv. koma fram ýmsar upplýsingar og beiðnir um viðbótarfjárveitingar. Þar kemur m.a. fram, svo getið sé um það sem er jákvætt og sýndi sig að aðvaranir stjórnarandstöðu voru réttmætar fyrir um það bil ári, að ríkisstjórnin hefur fallið frá því að fresta beinum greiðslum til bænda fram yfir áramót. Er það vel og ber að geta þess sem gert er í því efni. Hæstv. fjmrh. og væntanlega aðrir ráðherrar hafa séð að þetta markmið var óraunhæft og ekki réttlátt. Ber að geta þess.

Undir sjávarútvegsráðuneyti í lið 204 er farið fram á 38 millj. kr. til að hefja rekstur Fiskistofu sem stofnuð var með lögum nr. 36/1992. Rekstur þessarar Fiskistofu er nýhafinn. Einhvern veginn minnir mig að í umræðum um þessi mál á Alþingi sl. vetur hafi verið reiknað með því að verkefni mundu færast frá öðrum stofnunum og ekki yrði mikill viðbótarkostnaður við þessa skipulagsbreytingu.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort það hafi ekki verið réttur skilningur og hvort von sé á meiru áður en langt um líður vegna þessa verkefnis?

Sannleikurinn er sá að það er nauðsynlegt þegar gerðar eru slíkar kerfisbreytingar að menn sjái fyrir endann á því að þær upplýsingar um kostnað sem gefnar eru upp þegar þær lagabreytingar eru til umræðu og þær byggjast á séu réttar.

Það hefur komið í ljós að ein aðalástæðan fyrir auknum halla á yfirstandandi ári á fjárlögum er tekjubrestur sem stafar af samdrætti. Mætti auðvitað ræða lengi um þá samdráttarstefnu sem hér hefur verið. En ég læt nægja að vara eindregið við henni og tel að

mikill tími hafi farið til spillis á árinu í að berjast við aukið atvinnuleysi og samdrátt með raunhæfum hætti. Auðvitað kemur þetta fram í liðnum um Atvinnuleysistryggingasjóð. Þar er farið fram á 709 millj. kr. hvorki meira né minna í framlag til hans vegna aukins atvinnuleysis.

Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir 2% atvinnuleysi, segir í athugasemdum. Samkvæmt nýjustu áætlunum stefnir í nálægt 3% atvinnuleysi sem þýðir um 500 millj. kr. viðbótarútgjöld fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð. Við gerð kjarasamninga sl. vor var fallið frá áformum um að endurskoða rekstrarfyrirkomulag sjóðsins sem átti að spara 150 millj. kr. Þá er farið fram á 59 millj. kr. vegna ákvæða um eingreiðslur í síðustu kjarasamningum.

Nú er spurningin, sem ég hef ekki svar við og væri fróðlegt að vita hvort fjmrh. hæstv. hefur svar við henni: Hvernig er útlitið til áramóta í þessum efnum? Eru líkur á að Atvinnuleysistryggingasjóður geti staðið við skuldbindingar sínar það sem eftir er ársins?

Tölur sýna að atvinnuleysi fer mjög vaxandi. Í forsendum fjárlaga fyrir næsta ár er spáð 3,4% atvinnuleysi og það hefur verið viðurkennt í umræðum í fjárln. að skekkjumörk þar munu ekki verða niður á við heldur upp á við. Aðilar vinnumarkaðarins spá miklu hærri tölum í þessu efni, sem vonandi ganga ekki eftir. Ég ítreka spurninguna: Er útlit fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóði nægi þetta fjármagn það sem eftir er ársins eða má búast við viðbótarbeiðnum þegar fjáraukalagafrv. verður lagt fram á ný eins og mun áreiðanlega verða áður en árinu lýkur?

Kjarasamningur var gerður við aðstoðarlækna á spítölunum árið 1991. Í athugasemdum á bls. 32 og 33 er m.a. farið fram á 25 millj. kr. vegna kostnaðar sem til fellur á Borgarspítala vegna kjarasamnings við aðstoðarlækna sem gerður var árið 1991. Hagræðing samkvæmt bókun með samningnum sem ætlað var að mæta auknum kostnaði hefur enn ekki komið fram.

Nú höfum við í fjárln. verið að ræða við forsvarsmenn spítalanna, þar á meðal Borgarspítalans og Landakots, síðast í morgun og spurðum grannt út í þetta atriði, í hverju þessi hagræðing hefði átt að vera fólgin. Það voru sömu viðbrögðin hjá báðum, þeir töldu sig aldrei hafa heyrt á það minnst að þeir ættu að skila einhverri hagræðingu í tengslum við þessa kjarasamninga.

Hverju sætir þetta, hæstv. fjmrh.? Ég neita því ekki að maður verður dálítið undrandi þegar eitt rekur sig svona á annars horn. Það er alveg ljóst, hvað sem þessum staðhæfingum líður, að það er ekkert verið að vinna að þessum málum á spítölunum, hvorki á Borgarspítala né Landakotsspítala. Fulltrúar Ríkisspítalanna hafa enn ekki komið en að sjálfsögðu leggjum við þessa spurningu fyrir þá þegar þeir koma til fundar við okkur í fyrramálið.

Það væri fróðlegt að heyra frá hæstv. fjmrh. álit fjmrn. á þessu atriði, hvort ekki hefur verið til þess ætlast að þessum samningi fylgdi hagræðing og ef það hefur ekki verið, hvernig þessar setningar í athugasemdunum eru til komnar.

Undir fjmrn. er getið um það að farið sé fram á 500 millj. kr. lækkun fjárveitingar og er það fagnaðarefni. Þar er getið um það að vextir af erlendum lánum hafi verið mun lægri en áætlað var framan af árinu. Þetta er vissulega mjög jákvætt og ber að fagna því enda sagði ég í upphafi að það væri ekki allt neikvætt í þessu fjáraukalagafrv. Þetta leiðir hugann að því hvaða þýðingu vaxtakostnaðurinn innan lands hefur fyrir ríkisfjármálin. Ég held það hljóti að hafa töluverða þýðingu fyrir fjárhag ríkisins að reyna að stýra málum þannig að halda vöxtum innan lands niðri. Ég vil aðeins biðja hæstv. fjmrh. að fara yfir það aftur hvaða áhrif það hefur á vextina innan lands að beina lántöku ríkisins eingöngu út á markaðinn. Ég veit að hann telur það jákvætt en ég vil biðja hann að fara yfir þau rök.

Undir samgrn. á bls. 34 er rætt um flóabáta og vöruflutninga. Hér er farið fram á 28 millj. kr. viðbótarfjárveitingu til Hríseyjarhrepps vegna reksturs og afborgana skulda hjá Eyjafjarðarferjunum. Hér er breyting fram undan. Vegagerð ríkisins yfirtekur ferjurnar ef lög um það verða samþykkt á Alþingi. Ég ætla ekki að ræða þá kerfisbreytingu í sjálfu sér núna. Ég tel nauðsynlegt að koma rekstri og fjármálum Eyjafjarðarferjanna á ákveðinn grundvöll því þessi mál hafa verið í lausu lofti fram undir þetta. En ég spyr: Eru öll kurl komin til grafar varðandi ferjurnar á þessu ári? Hvað með Herjólf, Vestmannaeyjaferjuna? Þar var verið að kaupa nýtt skip á þessu ári. Eru allar þær skuldbindingar sem til falla á þessu ári varðandi hann komnar til skila eða er von á viðbótarbeiðnum varðandi þennan málaflokk?

Ég hef farið yfir nokkur atriði sem ég tel að þurfi skýringa við varðandi þetta fjáraukalagafrv. Ég held því miður að þetta sé ekki tímamótafrumvarp í ríkisfjármálum og það sé langt frá því að vera ljóst hver endanleg útkoma ríkissjóðs verður á yfirstandandi ári. Það er því áreiðanlega þörf á því að breyta nokkuð um vinnubrögð í ríkisfjármálunum, gera áætlanir til lengri tíma en gert hefur verið hingað til um það hvernig menn ráða við þennan útgjaldavanda ríkissjóðs. Það er náttúrlega bráðnauðsynlegt að reyna að fá hjól atvinnulífsins til að snúast því það er undirstaðan undir því að við höfum tekjur og að almenningur hafi tekjur til að standa undir þeirri þjónustu sem ríkið veitir. Það er mál málanna núna og ég gæti auðvitað haldið um það langa ræðu en ætla að bíða með það að sinni.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér erum við að ræða útkomuna úr fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar frá síðasta ári, svo langt sem það nær, þ.e. það á eftir að koma eitt frv. til viðbótar sem sýnir síðustu tölurnar í þessum fjárlögum. Eins og kom fram í máli hv. þm. áðan hafa fjárlög yfirstandandi árs engan veginn staðist og það er raunar búið að koma fram í umræðum um fjárlög fyrir árið 1993. Í stuttu máli gerir þetta það að verkum að gjöld umfram tekjur til viðbótar því sem áætlað hafði verið verða tæpir 5,4 milljarðar kr. en höfðu verið áætluð rúmir 4 milljarðar. Þess vegna verður lánsfjárþörf ríkissjóðs í viðbót við það sem áætlað hafði ver-

ið rúmir 6,3 milljarðar kr. Það er alveg ljóst að við framlagningu frv. sl. haust hafa menn ekki tekið hlutina mjög alvarlega, ekki gert ráð fyrir því sem í raun og veru var þó fyrirsjáanlegt, þ.e. að miklu minni umsvif yrðu á næsta ári, að atvinnuleysi yrði meira, að innflutningur yrði minni og þar af leiðandi mundu tekjur ríkissjóðs minnka frá því sem áætlað hafði verið í frv.

Með þessu fjáraukalagafrv. sýnir það sig að tekjurnar eru 2,5 milljörðum kr. minni en áætlað hafði verið. Það er hægt að fara yfir það í nokkrum orðum að staðgreiðslan skilaði 1 milljarði kr. minna, innheimta tekjuskatts fyrirtækja varð minni vegna vaxandi erfiðleika fyrirtækjanna, virðisaukaskatturinn skilaði 1,3 milljörðum kr. minna en gert var ráð fyrir og útlit er fyrir að sala eigna skili aðeins hálfum milljarði í stað eins milljarðs kr. Alls lækkar þetta tekjurnar um tæplega 2,5 milljarða. Gjöldin hækka svo um mjög svipaða tölu, um 2,6 milljarða kr. og eru þó ekki öll kurl komin til grafar þar sem enn þá er ágreiningur milli heilbrrn. og fjmrn. um það hvernig taka eigi á lyfjakostnaði Tryggingastofnunar ríkisins. Þar er ágreiningur um 400 millj. kr. sem ekki eru komnar inn í þetta fjáraukalagafrv. sem heilbrrh. vill að fari þar inn en fjmrn. telur að ekki eigi að fara þar inn. Strax er þetta fjáraukalagafrv. því orðið óraunhæft miðað við framlagningu.

Í frv. fara útgjöldin um 2,6 milljarða kr. fram úr áætlun og það er fyrir utan sjúkratryggingar sem ágreiningur er um. Heilbrigðismál eru 1,2 milljarðar í allt, auk þessara 400 millj. kr. Þá fara 500 millj. kr. í viðbót til atvinnuleysistrygginga vegna vaxandi atvinnuleysis sem ekki var tekið á með fjárlagafrv. þegar það var lagt fram og samþykkt. Síðan fara til viðbótar 900 millj. kr. til landbúnaðar vegna búvörueframleiðslu og vegna eldri samnings sem í gildi var á árinu og ýmissa annarra liða tengdra því.

Hins vegar ber að fagna því að þar sem verðbólgan hefur verið svo lág sem raun ber vitni eru vaxtagreiðslurnar ekki jafnmiklar og áætlað hafði verið. Þar munar um 500 millj. kr. og er auðvitað ástæða til að fagna því að vaxtagreiðslur ríkissjóðs eru þessari upphæð lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Það sýnir enn og aftur hversu óraunhæf fjárlög hér var um að ræða að ekki var þar gert ráð fyrir þessu. Menn höfðu reiknað með meiri verðbólgu, meiri umsvifum og betra atvinnuástandi en varð. Þetta fjáraukalagafrv. ber auðvitað keim af þessu öllu saman.

Hv. 2. þm. Austurl. Jón Kristjánsson fór mjög nákvæmlega í alla liði og ég veit ekki hversu nákvæmlega ég á að endurtaka það. En ég vil vekja athygli á því að þessi halli veldur auðvitað viðbótarlánsfjárþörf upp á 6,3 milljarða kr. Á það var lögð mjög mikil áhersla á síðasta ári að ekki yrði um mikinn halla á ríkissjóði að ræða og ekki yrði um að ræða auknar lántökur sem búið væri að gera of mikið af á undanförnum árum. Get ég vissulega tekið undir það.

Ég ætla að stikla á nokkrum atriðum. Það er t.d. talsverð hækkun, þótt hún sé eins og venjulega falin nokkuð inni á milli línanna í sambandi við þann kostnað sem við tökum á okkur vegna Evrópsks efnahagssvæðis eða þess samnings sem verður hugsanlega samþykktur. Nú þegar er það staðreynd að Alþingi þarf að sækja um 27,5 millj. kr. vegna þess að þinghald hófst sex vikum fyrr en áætlað hafði verið og beinlínis er þarna um 27,5 millj. kr. að ræða í viðbótarkostnað vegna þinghaldsins. Þar að auki sækir utanrrn. um rúmar 30 millj. kr., 24,6 millj., vegna ófyrirséðra útgjalda vegna samningsins, eins og það heitir. Síðan sækir það um 4,6 millj. kr. vegna þess að nýtt skrifstofuhúsnæði var tekið í notkun í Brussel hjá Evrópubandalaginu. Auk þess, eins og segir þar, þurfti að fjölga starfsmönnum en ekki er getið um þann kostnað sem af því hefur hlotist.

Það vekur athygli hvað varðar Lánasjóð ísl. námsmanna, sem mikið hefur verið í umræðunni, að farið er fram á 220 millj. kr. lækkun á fjárveitingu til stofnunarinnar og því lýst að ný lög, sem voru sett um sjóðinn í vor, og úthlutunarreglur, sem var breytt í kjölfar þeirra, hafi leitt til þess að um minni fjárþörf sjóðsins sé að ræða en gert hafi verið ráð fyrir í fjárlögum.

Það er staðreynd að námsmönnum hefur fækkað mikið og þar af leiðandi mun trúlega verða einhver samdráttur í því sem lýtur að úthlutunum námslána. Þó sýnist mér að þessi tala muni eins vera til komin vegna þess að ekki er um úthlutun haustlána að ræða. Það færist því yfir á næsta ár og þess vegna verður upphæð námslána miklum mun minni á þessu ári en var á síðasta ári og jafnvel enn minni en gert var ráð fyrir. Það er trúlega skýringin á því að lánasjóðurinn þarf ekki þær 220 millj. kr. á þessu ári. Hins vegar er það líka staðreynd að lánasjóðurinn mun þurfa á mjög auknum lántökum að halda í framtíðinni og kemur það fram í frv. til lánsfjárlaga sem hér verður rætt á eftir. Ef ekkert verður gert í þeim málum að lengja lán sjóðsins, en þau eru mörg til mjög skamms tíma, mun sjóðurinn þurfa að taka mjög mikið að láni á næstu árum því ekki er gert ráð fyrir því að framlag ríkisins muni vaxa að sama skapi. Það er því auðséð að sjóðurinn þarf aukið framlag á næsta ári og þarnæsta ári en á sama tíma er verið að fara fram á 220 millj. kr. lækkun á fjárveitingum á fjáraukalagafrv. Þetta stangast nokkuð á.

Eitt er það sem ekki hefur skilað sér í tekjuáætlun ríkisstjórnarinnar. Það eru tekjur af sölu kvóta Hagræðingarsjóðs. Það vakti athygli í haust þegar kvóti Hagræðingarsjóðs var auglýstur til sölu að engin keppni var um að kaupa hann. Mér skilst að það sé mest allt óselt af honum enn þá og ekki vitað hvort einhverjar tekjur verða af þeirri sölu. Ekki er því hægt að gera ráð fyrir því að þær rúmlega 500 millj. kr. innheimtist og raunar er búið að lækka þær að mig minnir í rúmar 400 millj. Í fjáraukalagafrv. er aðeins farið fram á 83 millj. kr. til að bæta upp þann mismun sem kvótinn á að seljast fyrir en ekki gert ráð fyrir því að tekjurnar skili sér ekki að öðru leyti þó að það sé mjög óvíst og í raun og veru staðreynd að ekki tekst að selja þennan kvóta.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann telji að það hafi orðið og verði sparnaður af því að hefja rekstur

Fiskistofu á þessu ári. Því var lýst að tilkostnaðurinn yrði sáralítill eða enginn vegna þess að þarna væri bara verið að sameina stofnanir, flytja verkefni til og ekki yrði um neinn kostnað að ræða. Samt er í fjáraukalagafrv. farið fram á 38 millj. kr. til að hefja rekstur Fiskistofu sem var stofnuð með lögum sem samþykkt voru á síðasta ári. Það virðist því ætla að verða einhver kostnaður við þetta og reynslan hefur sýnt að slíkar stofnanir hafa tilhneigingu til að vaxa samkvæmt Parkinsons-lögmálinu.

Ég tel einnig rétt að vekja athygli á ýmsum rekstrarkostnaði sýslumannsembætta. Þar er farið fram á 69 millj kr. hækkun á gjöldum vegna laga um aukatekjur ríkissjóðs. Þessar breytingar virðast allar vera að einhverju leyti vegna nauðungaruppboða, birtingu kvaðninga, undirbúnings aðfararaðgerða og slíks. Það segir manni að talsverður kostnaður sé orðinn við það að óska eftir nauðungaruppboðum, við að auglýsa kostnaðinn eða birta kvaðningar og undirbúa þau að öðru leyti. Þar að auki koma til viðbótar í félmrn. 76 millj. kr. vegna ábyrgðar á launum sem er auðvitað líka vegna gjaldþrota. Talsverður kostnaður er því hjá íslenska ríkinu vegna þessara mála þó að stefnan sé sú hjá hæstv. ríkisstjórn að það leysi nánast allan vanda að láta gjaldþrot eiga sér stað og hagræða með því móti. Það virðist kosta talsvert mikið í beinhörðum peningum fyrir utan alla félagslegu erfiðleikana sem það veldur.

Heilbr.- og trmrn. er kafli út af fyrir sig. Þar átti að ná tveggja milljarða kr. sparnaði á árinu en nú er til viðbótar farið fram á 1 milljarð 638,4 millj. kr. og það er ekki tekið á því hvernig á að fara með kostnað Tryggingastofnunar ríkisins sem ágreiningur er um og er allt að 400 millj. kr. Þar með erum við komin upp í 2 milljarða kr. sem áætlað er að þurfi til viðbótar í heilbrrn. en á sama tíma var áætlunin á fjárlögum í fyrra að það ættu að sparast 2 milljarðar kr. Nokkurn veginn sömu upphæð þarf núna til viðbótar til þess að fjárlög standist. Ég ætla ekki að fara nákvæmlega í hvað þetta er. Það gefst aftur tími til að rekja það betur við 2. umr.

Nokkuð einkennileg klásúla er frá heilbrrn. hvað varðar viðbótarkostnað sem farið er fram á til nokkurra sjúkrastofnana. Það er sagt að það þurfi viðbótarframlag, m.a. til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, Borgarspítalans og St. Jósefsspítala. Alla vega fyrir þessar þrjár stofnanir er farið fram á viðbótarframlag vegna kostnaðar sem hefði fallið til vegna kjarasamnings við aðstoðarlækna sem gerður var árið 1991. Skýringin er sú að hagræðing samkvæmt bókun með samningnum, sem var ætlað að mæta auknum kostnaði, hefur ekki farið fram. Þessi hagræðing virðist vera eitthvert rugl og feluleikur, eins og einn gestur orðaði það í fjárln. í morgun. Það kannast enginn við að hagræðing hafi átt að fara fram samkvæmt einhverri bókun með samningi sem gerður hafi verið og þar að auki upplýsti Borgarspítalinn eða fulltrúar hans að þetta væri ekki allt vegna kostnaðar sem til félli vegna kjarasamnings við aðstoðarlækna heldur væru ⅔ hlutar af þessari upphæð vegna sérfræðingskostnaðar. Það er því ekki einu sinni rétt farið með í greinargerð með þessum upphæðum. Ég held að rétt væri að beina því til hæstv. fjmrh. að skoða hvað hér muni vera um að ræða.

Þá kom það einnig fram hjá fulltrúum frá St. Jósefsspítala, Landakoti, sem í morgun voru á fundi með fjárln., raunar til að ræða um fjárlög næsta árs en ekki fjáraukalög, að umframkostnaður þeirra á þessu ári muni trúlega verða í kringum 75 millj. kr. Samt eru þeir búnir að hagræða eða að skera niður hjá sér með valdboði að ofan eins og það var gert milli 300 og 400 millj. kr. Þó komast þeir ekki hjá því miðað við þá starfsemi sem í gangi er að fara um 75 millj. kr. fram úr fjárlögum yfirstandandi árs. Þetta er ekki viðurkennt. Sagt er að þeir eigi að taka þennan umframkostnað af fjárveitingum næsta árs. Þrátt fyrir það að þeir hafi fengið tilskipanir um með svo til engum fyrirvara að skipuleggja sitt starf er ekki tekið tillit til þess heldur eiga þeir að færa þetta á milli ára og taka það af fjárframlögum til rekstrar á næsta ári. Aðeins er viðurkennt hér í þessu fjáraukalagafrv. að þeir þurfi 5,7 millj. kr. vegna kjarasamnings við aðstoðarlækna sem hafa verið gerðir.

Það liggur auðvitað í augum uppi að miðað við þær aðstæður sem sköpuðust á St. Jósefsspítala á síðasta ári þegar sífellt var verið að kasta þessari stofnun á milli ráðuneyta, á milli hugmyndafræðinga og nefnda. Svo þegar ákvörðunin kom loksins áttu þeir að fara eftir því án þess að hafa neinn tíma til þeirrar endurskipulagningar sem það hlaut að hafa í för með sér. Það er því ekki hægt að búast við því að stofnunin hafi getað náð öllum þeim markmiðum sem sett voru fram við fjárlagagerðina á síðasta ári.

Þá vil ég nefna það að í samgrn. er farið fram á 28 millj. kr. til Hríseyjarhrepps vegna rekstrar og afborgana skulda hjá Eyjafjarðarferjunum. Það er í stuttu máli mjög stórt mál. Það er ekki búið að ganga frá því hvernig það verður. Eins og það er orðað er það í endurskoðun og er þessa stundina líklega í skoðun hjá Vegagerð ríkisins sem mun eiga að yfirtaka rekstur flóabáta og ferja um áramót. Þrátt fyrir það að Vegagerðin muni fá þann rekstrarkostnað sem áætlaður verður og kannski í svipuðu hlutfalli og var á yfirstandandi ári er ekki búið að taka á því hvernig komist verður fram úr þeim erfiðleikum sem Hríseyjarhreppur og þeir aðilar standa í sem hafa séð um rekstur á þessum Eyjafjarðarferjum. Það er óleyst mál og ekki tekið á því í þessu fjáraukalagafrv., þar eru aðeins þessar 28 millj. kr. sem ætlaðar eru til þess sem áfallið er af afborgunum skulda. Þar er því enn eftir óleyst vandamál.

Ég vil svo að lokum leggja áherslu á að því miður hafa þau markmið ekki náðst sem ríkisstjórnin setti sér í því að minnka halla á fjárlögum. Það er kannski heldur ekki von til þess vegna þess að þær aðgerðir sem beitt var voru alls ekki raunhæfar. Þær voru ekki nógu vel undirbúnar og ekki var unnið að þeim með langtímasjónarmið í huga. Flatur niðurskurður skilar yfirleitt ekki miklu af því sem ætlast er til. Það sýnir sig með þessu fjáraukalagafrv. að engan veginn hefur tek-

ist að standa við þau áform sem voru um fjárlög yfirstandandi árs.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er kannski ekki miklu við það að bæta sem hér hefur þegar komið fram. Það liggur ljóst fyrir að allar tilraunir hæstv. ríkisstjórnar til að ná niður kostnaði við rekstur samfélagsins hafa að mestu mistekist. Það liggur fyrir að þrátt fyrir það að landsframleiðsla dragist minna saman en gert var ráð fyrir í fjárlögum — þá var gert ráð fyrir 6% samdrætti þjóðartekna en nú eru taldar horfur á að hann verði aðeins 4% og viðskiptahallinn gagnvart útlöndum verði um 1,5 milljarðar kr. minni á þessu ári en reiknað var með í forsendum fjárlaga eða í kringum 13,5 milljarðar kr. í stað 15 milljarða kr. eins og áætlað var — þarf ríkisstjórnin samt að biðja Alþingi um 5 milljarða kr. og liðlega það, 5 milljarða 383 millj. 900 þús. til viðbótar við þau fjárlög sem gerð voru fyrir tæpu ári síðan.

Það er athyglisvert að afkoma ríkisins er engan veginn eins slæm og spáð hafði verið en eyðslan er meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Rekstrarhalli ríkissjóðs verður um 9,1 milljarður kr. á þessu ári eða 5 milljörðum kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Menn geta spurt: Af hverju er þetta svo? Í fjárlögum fyrir árið 1992 voru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar 105,5 milljarðar kr. Nú eru hins vegar horfur á að þær verði allt að 2,5 milljörðum kr. minni eða í kringum 103 milljarðar kr.

Það leiðir af sjálfu að þegar samdráttur verður á öllum sviðum, atvinnulífinu er haldið í heljargreipum, launum er haldið niðri, þá dregur vitaskuld úr tekjum ríkissjóðs. Það fer ekkert á milli mála. Það sýnir sig einnig að eitthvað er bogið við innheimtu opinberra gjalda. Hún er miklu lélegri en gert hafði verið ráð fyrir og það er augljóst að innheimta virðisaukaskatts gengur ekki eins og gert hafði verið ráð fyrir og er sjálfsagt að fara fram á það við hæstv. fjmrh. að það mál verði ítarlega kannað. Menn hljóta að spyrja: Hafa menn lært nýjar leiðir til að komast hjá greiðslu þessara skatta eða er innflutningur til landsins orðinn slíkur að hann fer mestan part fram sem neðanjarðarstarfsemi? Við vitum öll að fólk flykkist þúsundum saman og gerir innkaup sín erlendis og hefur ekki þurft að borga af því skatta og skyldur eins og aðrir verða að gera. Það væri forvitnilegt ef úttekt yrði gerð á því hverju þetta sætir. En auðvitað verða minnkandi umsvif til þess að alls kyns skattar, veltutengdir skattar, gjaldeyrisskattar, lántökugjöld og fleira dregst saman.

Útgjöld ársins 1992 hafa verið endurmetin og það er talið að þau verði nú um 112 milljarðar kr. eða ríflega það. Það er 2,5 milljarða kr. hækkun frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Hvar skyldu nú þessar miklu umframgreiðslur vera? Þær eru nákvæmlega þar sem mest átti að spara. Lífeyristryggingar Tryggingastofnunar ríkisins vantar 163 millj. kr., sjúkratryggingar 530 millj., Atvinnuleysistryggingasjóð vantar 700 millj. og þarf ekki að undrast það þar sem atvinnuleysi virðist verða a.m.k. 2% ef ekki hátt í 3% á þessu ári.

Það kemur fram á bls. 24 í því þskj. sem hér liggur fyrir að Lánasjóður ísl. námsmanna er hins vegar skorinn niður um 220 millj. kr. Hann hefur að vísu verið skorinn niður meira vegna þess að minni lántökur en áætlað var valda því að þar hafa unnist 700–800 millj. kr. og jafnframt hafa vextir lækkað umtalsvert vegna lágs gengis dollarans að hluta enda eru vextir hér 500 millj. kr. lægri en gert hafði verið ráð fyrir en það eru vaxtagreiðslur af skuldum ríkisins.

Eins og hér hefur komið fram hjá tveim síðustu hv. ræðumönnum er skýringin sú að hér var farið fram af miklu kappi en lítilli forsjá. Það er auðvitað ekki hægt að ryðjast inn í gróin kerfi eins og heilbrigðiskerfi Íslendinga með einhverjum valdboðum ofan úr ráðuneytum án þess að hafa samráð við það fólk sem hefur um árabil verið að þróa þessar stofnanir í það sem þær eru í dag eða voru. Og hvað kemur í ljós? Hver er árangurinn eftir þau umskipti sem boðuð voru og þær breytingar á sjúkrahúskerfinu í Reykjavík þar sem vissulega átti að spara? Mönnum var hent til, deildir lagðar niður, aðrar settar inn í staðinn, læknum sem unnið höfðu áratugum saman á einni stofnun var ýtt yfir á aðrar, heilu deildirnar lagðar niður og ein tegund læknisaðgerða flutt yfir á önnur sjúkrahús og þar fram eftir götunum. Auk þess sem fjölda manns var sagt upp. Hver er svo árangurinn? Ríkisspítalarnir þurfa 120 millj. kr. í viðbót við fjárlög, Borgarspítalann vantar 25 millj., St. Jósefsspítala, Landakot, vantar samkvæmt þessu plaggi 5,7 millj. sem er ósatt. Fulltrúar spítalans voru hjá okkur á fundi í fjárln. í morgun og tilkynntu okkur að spítalann vantaði 75 millj. kr. Skýringin á þessari tölu í þskj. er sú að þessi skuld á að færast yfir á næsta ár og væntanlega dragast frá fjárframlögum þar.

Í fjárlagafrv. sem hér liggur frammi fyrir árið 1993 er athyglisverð klausa á bls. 326. Þar segir í lið sem ber yfirskriftina „St. Jósefsspítali, Landakoti", með leyfi hæstv. forseta: „Ekkert varð af áformum, sem sett voru í frv. til fjárlaga 1992, um að koma á samrekstri eða náinni samvinnu Borgarspítala og Landakots en unnið verður áfram að endurskoðun á verkaskiptingu spítalanna á höfuðborgarsvæðinu."

Hvernig hefði nú verið, hæstv. ráðherra og virðulegi forseti, að byrjað hefði verið á því að ganga frá samvinnu Borgarspítala og Landakots áður en farið var að umsteypa hvoru sjúkrahúsi fyrir sig? Hér hefur ekki verið unnið sem skyldi og ber að harma það. Það liggur fyrir að nú eru uppi áætlanir um að breyta St. Jósefsspítala aftur og setja inn deildir sem af voru lagðar. Það er kannski tilgangslaust að setja á langa ræðu um þetta en það er vissulega sorglegt þegar til stendur að lækka ríkisútgjöld að það skuli gert á þann hátt að að litlu sem engu gagni kemur.

Ef litið er til einstakra liða og hinna ýmsu ráðuneyta, sem ég skal ekki eyða miklum tíma í, þá blasir auðvitað við að alls staðar er beðið um nokkra tugi milljóna vegna EES-samninga, Alþingi biður um 27,5 millj. kr. til greiðslu á viðbótarkostnaði vegna umræðna um EES-samning og öll ráðuneytin biðja að sjálfsögðu um tugi milljóna vegna kostnaðar við þenn-

an mikla samning. Og það vakti athygli okkar í fjárln. þegar fram kom sem við ekki vissum, eða alla vega ekki ég sem hér stend, að fulltrúar þriggja ráðuneyta eru þegar komnir í starf erlendis til þess að gæta þessa samnings sem ekki er búið að samþykkja hér á hinu háa Alþingi.

Það er kannski hráslagalegt að byrja á menntmrn. á þessum degi vegna þess að í Ríkisútvarpinu í morgun var gerð grein fyrir nýlegri skýrslu nefndar frá OECD um ástand rannsókna- og þróunarmála hér á landi. Þar kom fram, eins og við alþýðubandalagsmenn höfum hamrað á um árabil og ekki síst hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, að við erum á hraðleið við að dragast aftur úr iðnríkjum heimsins vegna skorts á rannsóknum og vegna lélegra fjárframlaga til rannsókna. Á sama tíma og við fáum þessa einkunn erum við að skera niður Háskóla Íslands þannig að fjöldi námskeiða hefur verið lagður niður þar og nær allar deildir skólans eru í verulegum vandræðum við að halda uppi þeirri kennslu og þjónustu sem þar hefur farið fram, enda hefur innrituðum námsmönnum fækkað um 500 síðan Lánasjóður ísl. námsmanna hóf árásir sínar á námsmenn og skólagjöld voru tekin upp í háskólanum. Það segir sig sjálft að þetta kann ekki góðri lukku að stýra og það er ekki leiðin til að efla rannsóknastarf og þróunarstarf í nokkru þjóðfélagi að hrekja ungt fólk frá námi og væri hægt að eyða löngu máli á það en það verður ekki gert hér, ég hyggst aðeins hlaupa hér á nokkrum meginatriðum. Ég get hins vegar ekki gert að því að segja frá því til gamans að ég átti leið í húsnæði Lánasjóðs ísl. námsmanna fyrir klukkutíma síðan. Það blasir við hverju foreldri og einnig mér að framlög til námsmanna hafa verið skorin alvarlega niður svo til vandræða horfir. Þar er þó ástand ekki verra en svo að verið er að innrétta með miklum mannafla hálfa hæð til viðbótar undir starfsemi Lánasjóðs ísl. námsmanna og það hefur greinilega ekki nægt að mála þær skrifstofur sem fyrir voru. Þar er verið að innrétta að nýju. Ég er ekki að amast við því að það ágæta starfsfólk sem vinnur á þessum stað fái húsrými undir starfsemina. En það var ekki að sjá að þar þyrfti neitt sérstaklega að líta til fjármuna.

Ég hirði ekki um að minna á smáatriði sem á árum áður olli oft miklu írafári en hér er farið fram á 6 millj. vegna rekstrarhalla á Listahátíð. Það telst ekki lengur til tíðinda en það gerði það svo sannarlega hér á árum áður þegar vinstri menn fóru með stjórn borgar og ríkis og þóttu mikil tíðindi ef ekki tókst að láta Listahátíð standa undir sér. En ekki skal ég neitt amast við því. Ég tel að þeim fjármunum sé síður en svo illa varið og hef enga ástæðu til að halda að þar sé illa farið með fé.

Ef litið er til fjmrn. sjálfs — og bið ég nú hæstv. ráðherra að geyma sér að ræða við hv. 2. þm. Austurl. þó það sé skemmtilegt að tala við hann — en varðandi fjmrn. sjálft vil ég segja þetta: Á tímum þegar við reynum að halda í við allar stofnanir og reynum að halda útgjöldum niðri — og auðvitað erum við öll tilbúin til þess, við í stjórnarandstöðunni erum tilbúin til að benda á það sem við teljum að megi spara, auðvitað erum við það — þá er á vegum embættis ríkisskattstjóra verið að vinna að umfangsmikilli tölvuvæðingu sem kosta mun ekki minna en 84 millj. kr. Ekki er ég endilega að halda því fram að þetta geti ekki verið hið ágætasta framtak. Ríkisskattstjóri hefur auðvitað notið þjónustu Skýrsluvéla ríkisins og það kemur fram í gögnum frá þeim sjálfum að þeim hefur tekist í góðri samvinnu við SKÝRR að ná þeim árangri að Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar hafa lækkað verð sitt fyrir þjónustu um 16,81% nú á milli ára frá árinu 1991–1992 og það nemur hvorki meira né minna en 32 eða nær 33 millj. kr. Sá sparnaður verður auðvitað ekki mikils virði þegar 86 koma í staðinn, en auðvitað er þetta einföldun. Ég er ekki að segja að það geti ekki verið mjög þægilegt fyrir ríkisskattstjóraembættið að hafa einhvern hluta þess sem geymt er hjá Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar hjá sér til að geta gengið að því ef sérstaklega stendur á, en er það virkilega svo brýnt að þessum peningum verði að verja í það núna? Það er að vísu búið að hefja þetta verk með einum 10–12 millj. og það er búið að ráða tvo kerfisfræðinga til að vinna við þessi tæki. Það mun að vísu ekki vera stöðuaukning en þó áreiðanlega nokkur kostnaðaraukning.

Mér fyndist það umhugsunarefni hvort stofnun eins og ríkisskattstjóraembættið, þar sem yfirvinna er gríðarlega mikill og stór hluti af launakostnaði stofnunarinnar, ég má segja að hann sé um 55 millj., eða um 57% af unninni vinnu í stofnuninni, er þar með að spara. Það hlýtur að vera eðlilegt að spyrja: Eigum við von á að yfirvinna verði minni þegar þessi aukna tölvuvæðing er hafin? Það er ekki verið að ráðast á einn eða neinn þó spurt sé. Auðvitað er það kannski falleg framtíðarsýn að allar stofnanir í landinu sem fást við innheimtu og þurfa að eiga skipti við stóran hóp landsmanna hafi slík tæki, en ég hygg þó að það sé kominn tími til, hæstv. forseti, að stjórnvöld móti stefnu í tölvumálum. Ég held að sumt af þeirri tölvuvæðingu sem á sér stað í landinu sé harla tilviljanakennt. Þarna eru miklir fjármunir á ferðinni og þess vegna held ég að það sé ákaflega nauðsynlegt að reynt sé að hafa eitthvert heildaryfirlit yfir slíkt. Vissulega er ríkisskattstjóraembættið mikivæg stofnun. Það er tollstjóri líka og hans embætti og ótal, ótal margar aðrar stofnanir í landinu sem þyrftu e.t.v. ekkert síður að fá þessi samvinnslutæki sem mér skilst að þau séu kölluð eða alla vega heitir það samvinnsla og þessi tæki eru í sambandi við Skýrsluvélar ríkisins og geta nýtt sér þær upplýsingar sem þar eru því að auðvitað kemur gagnabankinn endanlega þaðan.

Ég vildi leyfa mér að benda hæstv. ráðherra á þetta vegna þess að við höfum dæmi, og raunar úr þessari stofnun sem við stöndum í nú, um ranga tölvuvæðingu sem kostaði hið háa Alþingi tugi milljóna og ekkert var svo við að gera annað en henda eftir örfá ár. Þetta er að fara illa með fé. Um það held ég að enginn okkar deili.

Ég skal, virðulegi forseti, ekki fjalla mjög ítarlega um frv. til fjáraukalaga nú við 1. umr. Ég á sjálf sæti í hv. fjárln. og hef öll skilyrði til þess að reyna að hafa

áhrif á þau mál þar, en það fer ekki á milli mála að ég hygg að okkur finnist mörgum að þau áhrif séu oft mjög lítil og of lítil því að þó að góður vilji liggi til að reyna að koma saman fjárlögum sem okkur getur öllum verið nokkur sómi að, þá er lítt á stjórnarandstöðuna hlustað og menn fara sínu fram eftir íslensku aðferðinni í trausti þess að þetta bjargist einhvern veginn á næsta ári. Það er kannski einmitt þetta sem OECD-nefndin er að ávíta Íslendinga fyrir, að hugsa aldrei til lengri tíma og leggja drög að velferð og framförum þó það sýni sig ekki á næstu dögum.

Virðulegi forseti. Ég held að ég láti máli mínu lokið. Ég mun að sjálfsögðu leggja það fram sem ég þykist hafa fram að færa í hv. fjárln. til þess að þetta fjáraukalagafrv. fái afgreiðslu. Um það þýðir auðvitað ekki að deila úr því sem komið er. Skuldir verðum við að borga. En ég vildi að lokum vekja athygli enn og aftur á því við hæstv. ráðherra að íslenska ríkið hefur umtalsverðar tekjur af því gengi sem er á dollaranum á þessu ári og er búið að vera nú um nokkurt skeið og *ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvort stjórnvöld hafi á* einhvern hátt reynt að nýta sér lágt gengi dollarans, t.d. með lántökum til að greiða lán sem greiða skal í dollurum til jafnvel lengri tíma til þess að nýta sér það gengi sem nú er. Hér er um umtalsverðar fjárhæðir að ræða sem góður hagnaður gæti verið að ef menn fara með fjármuni hins opinbera eins og þeir mundu fara með sína eigin fjármuni. Ég hygg að það sé ekki óeðlilegt að þeir sem skulda reyni að nýta sér það ástand sem er á hverjum tíma til að lækka skuldir eins og þegar hefur fram komið hér í máli mínu að gerst hefur.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það fer ekki hjá því að það hvarfli að manni að það þjóni e.t.v. ekki miklum tilgangi að halda uppi umræðum hér við hæstv. fjmrh. um þetta þingmál. A.m.k. er ekki fjölmennt í salnum og áhugi ekki mikill að því er virðist á viðfangsefni dagsins. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mikið en hafði hugsað mér að leggja spurningar fyrir hæstv. ráðherra um ein tvö, þrjú atriði ef hæstv. ráðherra vildi vera svo vænn að svara þeim eða e.t.v. koma aðeins skýrar inn á þá þætti sem þar eru á ferðinni. Þetta varðar t.d. sölu veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs og sölu eigna og fleira af því tagi.

Fyrst verður auðvitað að segjast eins og er að það var mikið mun hógværari hæstv. fjmrh. sem flutti nú framsöguræðu fyrir þessu fjáraukalagafrv., þessu viðhengi hins fyrsta fjárlagafrv. sem hæstv. núv. fjmrh. stóð fyrir og lagði fram hér á Alþingi fyrir um ári síðan. Það var ekki lengur talað jafnfjálglega um tímamótafjárlög sem mundu breyta öllu sem áður hafði farið úrskeiðis og standa eins og stafur á bók, ófallvölt, ekki bara á þessu ári og hinu næsta og í uppgjöri ríkisreiknings heldur um aldur og ævi, sem alveg sérstök tímamót, klettur úr hafinu í þessum óstöðugleika fjárlagagerðar sem verið hefur á Íslandi um langa hríð. (Gripið fram í.) Og síðan hefur molnað mjög úr klettinum, hv. þm., og þess gætti nokkuð í máli hæstv. fjmrh. að hann gerir sér grein fyrir því að þetta er ekki *lengur jafnháreist bygging og sterk og hann vildi vera* láta að verða mundi hér í ræðum á síðasta þingi.

Maður veltir því fyrir sér hvenær þjóðin ætlar að eignast svo skynsaman fjmrh. að hann brenni sig ekki á þessu sama, eins og þeir hafa gert mann fram af manni, að ganga fram með þessum mikla gassagangi í upphafi ferils síns og fullyrða að þeir hafi nú brotið í blað og smíðað þau fjárlög sem lengi muni standa til marks um garpsskap og áreiðanleika og lofa mönnum mikilli betrumbót frá því sem verið hefur. Þetta mun hafa hent fleiri en núv. hæstv. fjmrh., satt best að segja alla þá fjmrh. sem ræðumaður man eftir og sjálfsagt fleiri.

En það þýðir ekki að fást um það. Staðan er eins og hún er. Varðandi fjárlög líðandi árs, þá stefnir í hallinn verði miklum mun meiri heldur en gert var ráð fyrir í frv. og sannast þar að ýmsar veilur voru í þeirri fjárlagagerð, þeim undirstöðum og lausir endar sem bent var á að nokkru leyti og gengið hefur eftir.

Ekki þarf að fjölyrða um að þetta þýðir ekki bara að stefna hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. fjmrh. sé að molna niður hvað varðar fjárlög líðandi árs. Þetta er líka til marks um það, sem og fyrirliggjandi fjárlagafrv., að öll fögru og háleitu markmiðin um að halli ríkissjóðs mundi hverfa með *nýrri fjármálastjórn eru út í veður* og vind. Þvert á móti er fjárlagafrv. nú sett upp með meiri halla heldur en frv. síðasta árs og ef að líkum lætur er veruleg hætta á því, hæstv. fjmrh., að jafnvel sá halli reynist vanmetinn. Ef notaður er prósentureikningur sem þeir fundu upp fyrir sunnan, eins og segir í Sjálfstæðu fólki og Bjartur sögupersóna segir þar frá því eða honum eru lögð þau orð í munn sem mikil ótíðindi að nú séu þeir búnir að finna upp prósentureikninginn fyrir sunnan ...(**Gripið fram í:** Og nú eru þeir hættir að geta reiknað rétt.) Og ef honum er nú beitt, þessum fornfræga prósentureikningi og hallinn aukinn að sama skapi í fyrirliggjandi fjárlagafrv. og hér er að gerast, þá er útlitið ekki bjart, hæstv. fjmrh. Ég tel að því miður hafi ekki verið færð sannfærandi rök fyrir því að við séum eitthvað miklu betur á vegi stödd yfir höfuð, að þessar skekkjur og veilur í undirstöðum fjárlagagrunnsins, sem eru greinilega að sannast með þessum fjáraukalögum gagnvart fjárlögum yfirstandandi árs, séu ekki áfram fyrir hendi.

Fljótt á litið, hæstv. forseti, og ég segi fljótt á litið vegna þess að mér hefur ekki unnist tími til að grandskoða þetta mál, þá sé ég ekki annað en alveg sömu endileysurnar gangi aftur í núverandi fjárlagafrv. og *hér eru að sanna sig vitlausar. Ég nefni þar sem dæmi* tekjur sem menn ætla að hafa af sölu eigna ríkissjóðs sem eru færðar hér upp á háar fjárhæðir og því er gjörsamlega vísað á framtíðina að svara því, hvernig eigi að tryggja að þessar tekjur skili sér. Er það virkilega raunsætt mat á aðstæðum *líðandi stundar í efnahagsmálum* að það séu lausir fjármunir úti í þjóðfélaginu sem muni koma til og kaupa eignir ríkisins í þessum mæli? Ég held ekki. Það nýjasta sem ég hef heyrt núna er að menn bindi stórkostlegar vonir við að selja „aktíur" í Þvottahúsi Ríkisspítalanna, alveg sérstaklega. Þó

ætli ríkið ekki að selja það allt því að það vilji hafa hönd í bagga með línþvottinn. Ég verð nú að segja alveg eins og er, hvað á svona lagað að þýða? Hvaða tilgangi þjónar það í raun og veru að fara að stofna hlutafélag um Þvottahús Ríkisspítalanna sem ég veit ekki betur en sé ágætlega rekið og hafi sinnt sínum verkefnum vel og skilað þvottinum á Landspítalanum sæmilega hreinum á undanförnum árum á viðráðanlegum kostnaði, að fara að stofna um þetta hlutafélag og slá því upp sem einhverju stórmáli að selja hlutabréf í þessu fyrirtæki? Alveg furðuleg hugmynd, verð ég að segja, vegna þess að þessi starfsemi er nú einu sinni þannig að á henni er nánast einokun í þeim skilningi að sá aðili sem hefur þennan þvott með höndum og hefur þann tækjakost, er einráður um þann markað því það eru ekki aðrir sem ráða við hann úti í þjóðfélaginu. Það veit ég að hæstv. núv. fjmrh. þekkir frá því að þessi della kom upp á miðjum 9. áratugnum og menn voru sem betur fer svo þroskaðir þá að þeir hentu þessari vitleysu þegar þeir voru búnir að skoða þetta um stund, að einkavæða þvottinn á líninu á Landspítalanum. Þá vorum við báðir í stjórnarnefnd Ríkisspítala, ég og hæstv. fjmrh., og komumst saman að þeirri gáfulegu niðurstöðu að þetta væri best eins og það hefði verið að Þvottahús Ríkisspítalanna yrði bara rekið áfram og það sæi áfram um þvottinn. En nú er þessi draugur upp vakinn og hann er settur inn sem, að mér skilst, einhver sérstök stórtíðindi í þessum einkavæðingaráfanga og sölu ríkiseigna og á örugglega að skila miklum fjárhæðum inn í þetta fjárlagafrv.

En hver er reynslan, hæstv. fjmrh.? Hvað stendur í fjáraukalagafrv. sem hér er á dagskrá? Jú, það stendur að þessi áform frá fyrra ári voru tóm vitleysa. Minnst af þessu gekk eftir. Og ef menn ætla sér enn stórkostlegri hluti þarna, svo ekki sé talað um að selja heila banka, ja, þá er það nú bara slík útópía, segi ég, slík vitleysa, svo miklir draumórar að það er engan veginn boðlegt sem forsendur, sem grundvöllur undir fjárlagafrv.

Ég ætla þá í öðru lagi, hæstv. forseti, að koma að anga þessa máls sem er salan á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs. Það er enn verið að nudda með þær. Ég veit ekki betur en í fjárlagafrv. næsta árs eigi að sjálfsögðu að selja veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs. Það væri æskilegt að fjmrh. kinkaði kolli ef rétt er. Mér er ekki kunnugt um annað. En hvernig hefur þetta nú gengið á þessu ári? Það eru litlar 525 millj. sem fjárlögin gera ráð fyrir að komi fyrir sölu á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs. Hæstv. sjútvrh. var nú svo raunsær að hann slátraði þessari tölu strax í upphafi með því að verðleggja veiðiheimildirnar lægra en forsendur fjárlaganna gera ráð fyrir þannig að það hefðu nú aldrei getað skilað sér nema eitthvað á fimmta hundrað millj. fyrir söluna á því verði sem fjmrh. gerir ráð fyrir. Útkoman er hins vegar sú að það eru komnar nokkrar milljónir, einhverjir tugir í besta falli, í kassann hjá hæstv. fjmrh. fyrir þessa sölu. Og hann fær ekki mikið meira fyrir áramót. Það er nú mergurinn málsins vegna þess að ... (**Gripið fram í:** Hann verður sjálfur að veiða þennan þorsk.) Já. Hann verður sjálfur að róa eftir þessum þorski ef hann ætlar að gera sér verðmæti úr þessu. (Gripið fram í.) Þetta vissi hæstv. ríkisstjórn allt saman. Þetta var margsagt hér í fyrravetur. Það voru færð fram mjög sannfærandi rök fyrir því að sala veiðiheimildanna í þessu formi væri tóm endileysa. Það mundi ekki gerast að menn færu að binda fé sitt í uppkaupum á veiðiheimildum í byrjun veiðiárs upp á von og óvon um að þeir þyrftu e.t.v. að nota þær að ári liðnu og taka á sig þann fjármagnskostnað og þá fjármagnsbindingu sem því væri samfara þannig að hreint tæknilega séð var þetta auðvitað della fyrir utan það að þetta var einhver mesta pólitíska heimska sem lengi hefur komið fram og er rækilega að sannast því fátt hefur reynst meira klúður hjá hæstv. ríkisstjórn en þessi afkáralega tilraun til að selja veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs. Hæstv. ríkisstjórn var líka vöruð við því.

Auðvitað er það alveg ljóst að útgerðin er öðrum þræði er að mótmæla þessum skatti ríkisstjórnarinnar með því að kaupa ekki veiðiheimildirnar. Það er alveg ljóst að hér hafa myndast víðtæk samtök meðal útgerðarmanna um að kaupa ekki þessar veiðiheimildir og í því felast ákveðin skilaboð til hæstv. ríkisstjórnar. — Ég fagna því sérstaklega, hæstv. forseti, að hæstv. sjútvrh. er genginn í salinn og treysti því að hann verði nú fjmrh. til halds og trausts í þessum umræðum sem m.a. snúast um ástandið á Hagræðingarsjóði. En það er sem sagt þannig að peningarnir sem áttu að kosta rekstur Hafrannsóknastofnunar á þessu ári skila sér ekki.

Nú er næsta vers í þessum sálmi ríkisstjórnarinnar að halda allsherjaruppboð á kvóta. Samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum um Hagræðingarsjóð er það næst til ráðs að taka ef útgerðarmenn kaupa ekki veiðiheimildirnar í fyrstu umferð samkvæmt forkaupsréttarhlutdeild sinni að halda eitt allsherjaruppboð á veiðiheimildunum. Og það verður gæfulegt, segi ég nú bara. Ekki verður það ríkisstjórninni minna til háðungar að standa fyrir þeirri vitleysu heldur en það sem komið er í þessu máli. Það mun sáralitlum viðbótarpeningum skila við þær aðstæður sem nú eru í íslenskum sjávarútvegi. Þess vegna er það að hæstv. fjmrh. í allri sinni hógværð orðar þetta svo á bls. 22 í greinargerð með þessu frv. að loks ríki óvissa um að hve miklu leyti tekjur af sölu veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs komi til með að skila sér í ríkissjóð strax á þessu ári, það ríki óvissa um það. Já, það má víst kalla það óvissu.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Hverju gerir hann ráð fyrir því nú hlýtur ábyrgðaraðili ríkiskassans að vera með einhverja áætlanagerð og einhverjar hugmyndir uppi um það hvernig málin standa, hvernig þetta horfir? Hvað þýðir þessi óvissa? Metur hæstv. fjmrh. þetta svo að það muni kannski vanta 100–200 millj. eða kannski 400 millj. upp á það að þessar tekjur skili sér? Og hvernig ætlar hæstv. fjmrh. þá að leysa fjárhagsvanda Hafrannsóknastofnunar? Hafrannsóknastofnun er að vísu rekin úr ríkissjóði með jöfnum greiðslum frá mánuði til mánaðar eftir því sem útgjöld hennar kalla á, sem segir allt sem segja þarf um þessa fáránlegu merkingu söluhagnaðarins við rekstur Hafrannsókna-

stofnunar sem var auðvitað bara faktúra, bara skrifinnskuæfingar, því auðvitað var þetta fyrst og fremst upptaka á þessum fjármunum í ríkissjóð eins og allir menn sáu.

Nei, þetta er náttúrlega alveg fráleit uppsetning og ég satt best að segja skil það ekki að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki fara að reyna að bjarga sér í land í þessu máli og hætta þessari vitleysu. Hvað ætla þingmenn stjórnarliðsins úr landsbyggðarkjördæmunum eða sjávarútvegskjördæmunum hringinn í kringum landið að horfa lengi upp á þessa dellu? Það er náttúrlega svo yfirgengilegt að menn skuli þumbast svona við með þessum hætti, það er eins og í þessu sé fólgin einhver sjálfseyðingarhvöt, ríkisstjórnin vilji endilega verða sér til skammar í viðbót og enn frekar í þessu máli. Eða hvað? Til hvers er annars verið að nudda með þetta svona? Það raunsæja væri að afskrifa þessar tekjur vegna ástandsins í sjávarútveginum, viðurkenna að það hefði reynst algerlega mislukkað að ætla sér að selja veiðiheimildirnar á þessu verði við núverandi aðstæður í sjávarútvegi og falla frá þessu eða a.m.k. stórlækka verðið. Það er hægt að endurgreiða þeim fáu útgerðarmönnum sem þegar hafa borgað, senda þeim til baka þær ávísanir sem þeir hafa sent inn. Eða finnst mönnum það t.d. til fyrirmyndar í málinu að nú eru einhverjir smábátamenn búnir að kaupa þessar veiðiheimildir á fullu verði, en það er alveg ljóst að þegar obbinn af útgerðinni hefur hætt við það, að selja kannski afganginn á margfalt lægra verði á uppboði á eftir? Hvernig lítur það út gagnvart þeim fáu aðilum sem keyptu? Þeir sitja kannski uppi með veiðiheimildirnar á tvöföldu, þreföldu verði. Það er það sem getur gerst. Eða hvað segir hæstv. fjmrh. um það? Ef hann fær nú tilboð í allan kvótann á 10 kr. kg, ætlar hann að selja? Er það það sem hann á við með óvissu um þessar tekjur? Og hvernig skilur það eftir þá aðila sem eru búnir að kaupa? Ég man ekki hvort það eru 800 tonn eða hvað það nú er. (Gripið fram í.) Nei, það getur varla verið. (Gripið fram í.) Jæja, það er eitthvert smáræði, það er brot af þessu. En það er nóg til þess að þarna hafa ýmsir minni útgerðaraðilar keypt þessar veiðiheimildir á svo til fullu verði. Ég spyr hæstv. ríkisstjórn og hæstv. sjútvrh. — sem ætti nú að tolla hérna í salnum smástund á meðan við ræðum um þetta, svo getur hann farið til Mexíkó: Hvernig ætlar ríkisstjórnin að horfa framan í þá menn sem verða búnir að kaupa sínar veiðiheimildir á svo til fullu verði ef á síðan að setja þetta allt á útsölu núna eftir nokkrir vikur og selja kannski á bara einhverju broti af því verði sem hinir hafa borgað? Framkvæmdin á þessu öllu er orðin þannig, hæstv. fjmrh., að það er til hreinnar skammar, það stenst ekki. Auðvitað er það ljóst að allur sjávarútvegurinn var á móti þessari ráðstöfun. Það á jafnt við um útgerðarmennina sem áttu að kaupa og það á líka við um þá sem áttu að standa að framkvæmdinni fyrir hönd hæstv. ríkisstjórnar. Þeir voru auðvitað allir á móti þessu. Og skyldi það nú ekki vera að skilmálar sem settir voru upp fyrir kaupin hafi haft pínulítil áhrif á það hvernig þetta gekk? Eða hefur hæstv. fjmrh. velt því fyrir sér hvort þeim sem falið var að sjá um framkvæmdina fyrir hæstv. ríkisstjórn hafi verið mikið í mun að þetta gengi út? Nei, ég held að ríkisstjórninni væri hollast að reyna aðeins að hugsa sinn gang í þessu máli og reyna að bjarga sér í land þó seint sé. Nóg er nú háðungin orðin samt í sambandi við þetta mál. Ég undrast það eiginlega nú ekki síður að stjórnarþingmenn skuli enn vera svo geðlitlir upp til hópa að þeir horfi upp á þessa vitleysu ganga svona mánuð eftir mánuð og það skuli enginn vera farinn að skammast sín í þeirra röðum og leggja til að þessu verði hætt, það sé komið nóg.

En ég mun, hæstv. forseti, af velvilja mínu fylgjast með því hvernig ríkisstjórninni reiðir af í þessu máli, eins og ég hef gert hingað til, og ekki draga það af mér að leggja gott til í umræðum um það. (**Gripið fram í:** Mér líður strax betur.) Ég varaði hæstv. ríkisstjórn mjög drengilega við því að fara út í þessa vitleysu hér á sl. vetri, margbað menn um að hugsa sinn gang hvort þetta væri nú ekki óráðlegt og hvatti við síðustu umræðu um málið mjög til þess að tímanlega fyrir haustið veltu menn því fyrir sér hvort þetta gengi upp. Ég spáði hæstv. ríkisstjórn því að hún væri ekki búin að súpa seyðið af þessari ákvörðun sinni og það hefur svo sannarlega komið á daginn. (**Gripið fram í:** Hvar er hin ábyrga stjórnarandstaða?) Hún er hér í ræðustólnum, hv. framm íkallandi. (Gripið fram í.) Stór hluti af hinni ábyrgu stjórnarandstöðu er hér í ræðustól, það er rétt.

Í öðru lagi var ég að spyrja hæstv. fjmrh. um sölu annarra eigna. Þetta er óskaplega losaralegt allt í frv. og svona flúið í það að tala um óvissu og annað þar fram eftir götunum. Hvað getur hæstv. fjmrh. sagt okkur nánar tiltekið um stöðu mála hvað varðar sölu annarra eigna? Væri ekki sanngjarnt að hæstv. fjmrh. færi yfir það hver áformin voru í fyrra sem lágu til grundvallar tekjum upp á, ef ég man rétt, um 1.200 millj. kr. vegna sölu eigna sem núna hafa ekki skilað sér nema að mjög litlu leyti? Hvað hefur brugðist? Hvað hefur gengið eftir? Er það bara Gutenberg sem hefur gengið út vegna þess að þeir fá að prenta þingtíðindin sem er góður bisniss, eins og við vitum, eða er það eitthvað fleira?

Í þriðja lagi vil ég spyrja hæstv. fjmrh. — og ég vona að hæstv. fjmrh. númeri hjá sér spurningarnar og hafi reiður á þessu. — Í þriðja lagi eru það fjárútlát vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs. Er það nóg sem þarna er verið að bæta við? Nú liggur það fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóður var orðinn fjárvana á miðju sumri eða svo og hefur þurft að ganga á eignir sínar fram að þessu vegna útgjalda núna á haustmánuðum. Það er auðvitað mjög bagalegt, ekki síst með tilliti til þess hvernig horfir með atvinnuleysi í landinu og það er auðvitað alveg út í hött við þessar aðstæður og vaxandi atvinnuleysishorfur, því miður, á næsta ári að rýra eigið fé Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. fjmrh.: Liggja sæmilega traustir útreikningar til grundvallar þessari tölu sem hér er upp á 700 millj. kr. viðbótarfjárveitingu? Í utandagskrárumræðum um atvinnumál hér fyrir nokkru síðan setti ég mig lítillega ofan í stöðu þessara mála og ég hef áhyggjur

af því að þetta gæti reynst ónógt vegna þess ósköp einfaldlega að atvinnuleysið hefur vaxið það hratt og það jafnvel núna á allra síðustu vikum að ég hlýt að spyrja: Er ljóst að þetta muni duga? Það má segja að kannski vinnist svolítill tími til að fara betur ofan í það meðan málið er hér til umfjöllunar í þinginu, en mér leikur forvitni á að vita t.d. hversu gamlar forsendur liggja til grundvallar þessari tölu hér um að 700 millj. kr. í Atvinnuleysistryggingasjóð sé nægjanleg viðbót. Staðreyndin er sú að hvert prósentustig í atvinnuleysi kostar um 680–700 millj. kr. samkvæmt útreikningum sem ég gerði á því um daginn. Það eru að vísu mínir útreikningar, ég tek það fram, en prósentustig í atvinnuleysi er um 1.200 manns atvinnulausra og útgjöldin, þ.e. bætur að viðbættum tengdum gjöldum eru einhvers staðar á þessu bili, bæturnar sjálfar milli 500–600 millj. og viðbótarútgjöld hleypa þessu upp í 680–700 millj. Þannig að það sem mér sýnist vera hér á ferðinni er að það er búið að bæta við sem nemur útgjöldum vegna eins prósentustigs aukningar atvinnuleysis og spurningin er: Er það nóg?

Í fjórða lagi — og fer nú senn að ljúka lestrinum, hæstv. forseti, — stilli ég mig ekki um að spyrja hæstv. fjmrh. aðeins betur um þetta með sparnaðinn í heilbrigðiskerfinu. Hagorður maður orðaði það þannig við mig að hæstv. heilbrrh. hefði náð lágmarksárangri með hámarkserfiði hvað snertir sparnað í heilbrigðismálum, og ég hygg að þetta sé nokkuð vel orðað, að með allri þeirri óskapa armæðu, bægslagangi og fyrirgangi og erfiði sem hæstv. heilbrrh. hefur nú lagt í á undangengnu ári, hafi hann náð lágmarksárangri. (Gripið fram í.) Ja, þetta er nú bara fullyrðing frá glöggum manni sem mér barst og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann sé þessu sammála. Því miður er hann að viðurkenna hér í fjáraukalagafrv. sínu að það þurfi verulega aukið fé inn í heilbrigðisgeirann vegna þess að sá sparnaður sem þar var áformaður hafi ekki skilað sér og þá höfum við að einhverju leyti svarið við þeirri hlið spurningarinnar að sparnaðurinn hefur ekki skilað sér. (**Gripið fram í:** Nú ætla þeir að selja þvottahúsið.) Um hitt held ég að við getum ekki deilt að hæstv. heilbrrh. hefur haft alveg hámarkserfiði í þessu máli og mundi þá líka eiga við hið forna orðtak að hann hafi ekki haft erindi sem erfiði.

Síðan vil ég að lokum, og það er í fimmta lagi, spyrja hæstv. fjmrh. út í það sem hann sagði hér undir lok framsöguræðu sinnar þar sem hann vitnaði til þess að í nokkrum tilvikum gætu þessir hlutir enn breyst áður en árið rynni út. Getur hæstv. fjmrh. eitthvað aðeins nánar skilgreint það fyrir okkur hvað hann á þá við með því? Eru það einhverjir liðir öðrum fremur sem hann telur ótrygga í þessu enn þá? Kannski kemur það að einhverju leyti fram í svörum við fyrri spurningum mínum t.d. varðandi Hagræðingarsjóð eða annað því um líkt. Það skyldi þó ekki vera að hæstv. fjmrh. sé að átta sig á því að það er eitt af þessum tiltölulega óvissu atriðum. Ég hygg að það sé vægt til orða tekið að það fé sé ekki í hendi, það séu í besta falli fuglar í skógi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er hægt að gera mönnum grikk með ýmsu móti en eitt af því vinsæla sem virðist vera viðhaft í fjmrn. er að skrifa ræður fyrir fjmrh. sem eru á þann veg að þeir koma fram sem stórar hetjur einn dag í þinginu þegar þeir flytja þessar ræður. Og auðvitað getur það verið gaman að kvöldi dags að hlusta á sjónvarpið birta fréttir af því að nú loksins í fyrsta skipti í sögu íslenska lýðveldisins sé kominn maður til valda í fjmrn. sem vissi hvað hann var að gera og hafði þrek til að framkvæma það. Svo koma margir dagar á milli og aftur þarf að koma fram fyrir þingið. Enn setjast menn niður og semja ræður og enn eru það lofræður. En það hlýtur að vera erfitt að standa hér í ræðustól og flytja lofræðu um sjálfan sig vitandi að það sem ætlunin var að gera hefur mistekist. Að þessu leyti er danska þingið miklu fullkomnara en það íslenska. Það sleppir ráðherrum við þetta. Það er nóg hjá þeim að leggja fram skriflega ræðu. Þeir þurfa ekki að gera sig að athlægi með því að lesa hana upp líka. Þetta er náttúrlega mikil tillitssemi og ég skil satt best að segja ekkert í forsætisnefnd þingsins að taka það ekki fyrir hvort ekki sé rétt að þegar ráðherrar fá svona skriflegar ræður þar sem oflofi er hlaðið á menn sleppi þeir við að lesa þær upp. Þetta er auðvitað sjálfsögð tillitssemi og mundi strax vera mikil framför.

Ég veit að hæstv. ráðherra sem nú situr, hv. 2. þm. Reykv., er hinn vænsti drengur. Illmennska er honum yfir höfuð ekki í blóð borin. Hann hefur aftur á móti eins og fleiri orðið að gera fleira en gott þykir þennan tíma sem hann hefur verið ráðherra. En hann stendur nú frammi fyrir því með þessu frv. í fyrsta lagi að hafa eyðilagt fyrir hæstv. menntmrh. aðalrökin í því hvers vegna menntmrh. vildi breyta lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það muna allir eftir röksemdafærslum hæstv. menntmrh. Hann sagði: Lánasjóðurinn er að fara á höfuðið. Nú er aftur á móti kominn menntmrh. sem vill bjarga lánasjóðnum svo að námsmenn framtíðarinnar, börn framtíðarinnar eigi áfram lánasjóð og eigi möguleika í þessu landi. Og það get ég svarið að hæstv. menntmrh. var svo trúverðugur hér í stólnum á tímabili að það lá við að maður tryði honum. Aftur og aftur kom hann fram og flutti þennan boðskap. En hver var sannleikurinn? Sannleikurinn var sá að hann var að hugsa um það að skera niður framlögin í lánasjóðinn, borga Listahátíð í Reykjavík 6 millj., borga Þjóðleikhúsinu um 40 millj. af peningunum sem ætlaðir höfðu verið íslenskum námsmönnum. Það er ekki skrýtið þó hæstv. ráðherra telji skynsamlegt á svona degi að vera fjarverandi og þurfa ekki að standa frammi fyrir Alþingi Íslendinga og gera grein fyrir þessu. Hæstv. menntmrh. hefur náttúrlega engan áhuga á því núna að segja hvers vegna hann flutti þetta frv. Hæstv. menntmrh. gerir sér fullkomlega grein fyrir því að þetta frv. til fjáraukalaga gerir það að verkum að hann er afhjúpaður í málinu. Ef það var satt sem hann sagði að Lánasjóður ísl. námsmanna væri að fara á höfuðið, hvers vegna tryggði hann þá ekki að þessir peningar færu þar inn, ef hann meinti eitthvað með því að hann væri að hugsa um börn framtíðarinnar?

Nei. Þetta er merkilegt frv. Það kemur nefnilega í ljós að menntmrn., eitt allra ráðuneyta, eyðir minna fé en Alþingi Íslendinga veitti því heimildir til. Ég hygg að það sé í fyrsta skipti í sögu lýðveldisins sem það hefur gerst að þar komi stór afgangur á þennan hátt, nema þetta fjáraukalagafrv. feli það í sér að það séu rekstrarskuldir ætlaðar um áramót, stórar rekstrarskuldir sem mönnum þykir rétt að sýna ekki strax. Það eigi bara eftir að koma fram. Kannski hefur hæstv. fjmrh. ætlað að sýna Alþingi Íslendinga í áföngum niðurstöðuna af rekstrinum á þessu ári. Kannski er það það sem blasir við.

Þá er nú rétt að víkja að þeim stórsnillingi, hæstv. heilbrrh. sem eins og allir vita er fyrrv. formaður fjárveitinganefndar og fyrrv. fjmrh. þessarar þjóðar (**ÓS:** Og verður það lengi.) og er í embætti eins og allir vita á ábyrgð hv. 17. þm. Reykv. (Gripið fram í.) Hv. 17. þm. Reykv. *er uppáskrifandi að víxlinum að þessi* hæstv. ráðherra fer með heilbrigðismálin — enda forðar hann sér nú og situr í hliðarsal og vill ekki fyrir nokkurn mun að nokkur maður sjái hvað hann þjáist á þessari stundu þegar niðurstaðan liggur fyrir. Jú, það er búið að taka slíka loftfimleika í þessu ráðuneyti að maður er stundum hissa á því að hæstv. ráðherra skuli koma heill heilsu, ekki skaðaður á höndum eða fótum þegar hann mætir hér í þingsal. (**Gripið fram í:** Hann hefur nú ekki sést ...) Og seinasta stórafrekið til að finna sökudólginn mikla sem er búinn að eyða meiri peningum en stætt er, það er búið að finna það út að það eru þvottakonurnar í sjúkrahúsinu, þessar sem sjá um þvottana. Það eru manneskjurnar sem hafa hirt peningana sem áttu að fara í að hjúkra fólkinu. Þetta lið skal sett af. Ekkert hik. Maðurinn með hnífinn hikar ekki við að skera þetta lið af. (Gripið fram í.) Og ekki veit ég hvort það er satt að það sé fjárfestingarfélag Alþfl. sem hyggst kaupa þvottahúsið, en ég vona að þeir njóti þá vel ef það er tilfellið. Það er ekki skrýtið þó hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi gaman af því að vera útgefandi á svona víxli. Svona víxill fellur ekki eins og *venjulegir víxlar*. Hann er bara framlengdur og hann hækkar. Nei, það er náttúrlega skaði að því að ekki aðeins þessir stórráðherrar íslenskrar ríkisstjórnar heldur jafnframt einn mesti hagyrðingur þingsins skuli ekki geta setið hér í ráðherrastólnum og samið þó ekki væri nema eitt bréf eða eina vísu til að dreifa á milli manna. Brotlendingarnar eru slíkar að það er með ólíkindum. Og mikil guðs mildi væri það nú ef það hefði aldrei gerst að þeir hefðu fundið upp prósentureikninginn fyrir sunnan, eins og kom fram hér áðan í máli hv. þm. Steingríms Sigfússonar, og vitnaði hann þar til Bjarts í Sumarhúsum.

Staðan er nefnilega sú að að þessu sinni eru menn að fara yfir fjáraukalög þegar verðbólgan í landinu er sáralítil. Menn eru að fara yfir fjáraukalög þegar vextir af erlendum skuldum eru lægri en gert var ráð fyrir. Og þá leyfa menn sér að halda því fram að það sé hagspeki að minnka yfirdráttinn við Seðlabankann en selja meira á götum úti. Það minnki þrýstingurinn á markaðnum með þessum vinnubrögðum. Ég verð nú að segja eins og er að hæstv. ráðherra hefði náttúrlega þurft að hafa ráðherragengið allt sér við hlið. Það hefði verið sanngjarnt og svo hefði hann staðið upp og sagt: Ég tel eðlilegt að hver ráðherra geri grein fyrir sínu ráðuneyti. Það er nú svo með hæstv. heilbrrh. að þrátt fyrir hans veikleika á sumum sviðum stjórnunarlega séð, þá er það alveg á hreinu að hann hefur talandann í lagi. Það er alveg á hreinu þannig að það hefði náttúrlega ekki verið nokkurt vandamál fyrir hæstv. heilbrrh. að standa hér upp og gera grein fyrir hlutunum.

En ekki ætlaði ég að verða til þess að gera þennan dag að döprum degi fyrir hæstv. fjmrh. Mér finnst það ánægjulegt á þessum erfiðu tímum þegar maður sér þó ráðherra koma í salinn sem eru þokkalega glaðlegir á svipinn og ekki eru búnir að tapa allri trú á framtíðina og stundum jafnvel með blik í augum. En ég hafði hugsað mér að leggja fyrir hann eina spurningu og hún er þessi: Hyggst hæstv. fjmrh. leggja fram frv. til laga *um fjárgreiðslur úr ríkissjóði*? *Þetta er raunverulega* prófsteinninn á það hvort hæstv. fjmrh. hefur hugsað sér að ná valdi á því verkefni sem hann hefur tekið að sér eða hvort hann hefur hugsað sér að láta skeika að sköptu. Og þar skilur á milli feigs og ófeigs. Það gengur nefnilega ekki að embættismenn hins íslenska ríkis skammti sér sjálfir það fé sem þeir eyða. Það gengur ekki í neinu einasta landi að þannig sé staðið að málum. Það er gjörsamlega vonlaust. Það getur vel verið að það þurfi að setja suma menn af sem settir hafa verið til trúnaðarstarfa, það getur vel verið, en að það verði settur á Íslandi, á sama hátt og gert er annars staðar, einhver varnargarður sem tryggi það stjórnarskráin sé virt í þessum efnum, að ekki sé greitt fé úr ríkissjóði nema heimild sé til þess, annaðhvort í fjárlögum eða fjáraukalögum. Ég bind vonir við það að hæstv. ráðherra hafi hugsað sér að taka sitt starf alvarlega, ég bind vonir við það. En einmitt þess vegna bíð ég spenntur eftir því að fá að heyra svarið.

Fjárveitinganefnd lagði mikla vinnu í það undir forustu hv. 4. þm. Vestf., sem þá var formaður nefndarinnar en er í dag hæstv. heilbrrh., að koma saman frv. *um þetta mál og nefndin beitti sér fyrir því að núv. ríkisendurskoðandi fór til Norðurlanda til að kynna sér* það hvernig staðið væri að þessum málum þar. Því miður voru þeir margir sem trúðu því að best væri að hafa engar reglur í almennum lögum um þessi efni. Því miður voru þeir margir. Og það er búið að þvæla þessu máli hér í þinginu. En engu að síður er það staðreynd að málið var að þokast nær því að menn kæmust að niðurstöðu og nú reynir á hæstv. ráðherra: Er hann reiðubúinn að beita sér fyrir því að flutt verði frv. til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði sem sé að sjálfsögðu innan þess ramma sem stjórnarskráin setur?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég gera tilraun til þess að svara hv. síðasta ræðumanni en hann beindi til mín þeirri fyrirspurn hvort ég hygðist beita mér fyrir því að flutt yrði hér frv. í vetur um fjárgreiðslur úr ríkissjóði. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að það komi fram í framhaldi af ræðu hans að hér á síðasta þingi var flutt slíkt frv. Flm. voru hv. þm. sem sitja í fjárln. þings-

ins og frv. var flutt eftir að það hafði verið rætt af starfsmönnum fjmrn. og unnið af hv. nefndarmönnum í fjárln. með tilstyrk, vil ég segja, eða aðstoð starfsmanna Ríkisendurskoðunar. Ég vil einnig rifja það upp að það stóð til þá að frv. yrði flutt af ríkisstjórninni en niðurstaðan varð sú að fara þessa leið og ég get eingöngu sagt það hér að ég er fyrir mitt leyti tilbúinn til þess að standa að því að slíkt frv. verði flutt. Ég get ekki á þessari stundu sagt fyrir um það hvort heppilegt eða æskilegt sé að slíkt frv. sé flutt af ríkisstjórninni eða hvort eðlilegt sé að þetta verði þingmannafrv. eins og raunin varð á á sl. vetri. Ég vil þó láta koma fram að það eru nokkur atriði í því frv. sem mér finnst æskilegt að skoða betur og ég minni á að að undanförnu hafa farið fram mjög miklar viðræður í nefndum á vegum fjmrn., Ríkisendurskoðunar, ríkisbókhalds og annarra aðila um bæði fjárgreiðslur og heimildir stjórnvalda til þess að greiða úr ríkissjóði og einnig um það hvernig setja skuli fram ríkisreikninga.

Í þessu sambandi vil ég enn á ný benda hv. þm. á sérkafla í fjárlagafrv. sem mig minnir að sé 8. kafli athugasemdanna þar sem mjög ítarlega er greint frá því sem hefur verið að gerast í þessum efnum. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur hér að fylgjast mjög rækilega með því hvað er að gerast í þessum efnum annars staðar. Það var minnst á OECD hér fyrr í umræðunni og þannig vill til að á vegum þeirra samtaka er mjög mikið unnið að nýjungum í fjárlagagerð, uppsetningu ríkisreiknings og öðru slíku sem til framfara horfir. Nýsjálendingar hafa til að mynda nýlega breytt sínum ríkisreikningi þannig að það er nú auðveldara að lesa þar efnhagsreikning Nýja-Sjálands, sjá í hvað greiðslur fara, hvort um er að ræða eignaaukandi útgjöld eða hvort verið er að greiða aðeins fyrir rekstur.

Ég tel það sjálfsagt að á hverjum tíma fari fram umræða á milli Alþingis, á milli fjárveitingavaldsins, á milli löggjafarsamkomunnar annars vegar og framkvæmdarvaldsins hins vegar um þessi mál. Við megum hins vegar ekki falla í þá gryfju eins og mér sýnist stundum að menn geri, og er ég þá ekki að benda á einn eða neinn í því sambandi, og það er að álíta að það sé og hljóti að eiga að vera einhver togstreita á milli þingsins annars vegar og ríkisstjórnarinnar eða framkvæmdarvaldsins hins vegar. Ég held að slíkt sé óþarfi einfaldlega vegna þess að hér ríkir þingræði en í því felst að ríkisstjórnin á allt sitt undir því að meiri hluti þings styðji hana og verji hana vantrausti. Í framkvæmd er það þannig hér á landi að langoftast hagar þannig til að allir, a.m.k. flestallir ráðherranna eru úr hópi þingmanna og oft þess vegna erfitt að greina á milli löggjafarstarfs þeirra annars vegar og starfs þeirra í þágu framkvæmdarvaldsins hins vegar. Það er nefnilega þannig hér á landi að skilin á milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins eru mun óskýrari heldur en víða annars staðar og bendi ég á til að mynda á Bandaríkin og jafnvel Frakkland í því sambandi.

Ég ætla ekki að halda hér langa ræðu um annað af því sem kom fram hjá hv. þm. Það koma þá væntanlega svör við því þegar ég ræði um ræður annarra hv. þm. Ég vil þó segja varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna að tillögur í fjáraukalagafrv. eru þær að um 2 milljarðar kr. ganga til Lánasjóðs ísl. námsmanna á þessu ári. Til að hafa einhvern samanburð á því fjármagni sem hér er um að ræða var áttu á fjárlögum fyrir 1991 að ganga 1.700 millj. kr., ef ég man rétt, til þessa verkefnis. Munurinn er hins vegar sá að nú er gert ráð fyrir því að þeir sem fá lán úr sjóðnum greiði til baka með fljótvirkari hætti en áður. Þar að auki greiða þeir 1% vexti. Þetta þýðir að fjárframlag ríkisins er miðað við að eigið fjármagn sjóðsins sé það sama eftir sem áður. Við það er miðað og þegar verið er að færa til baka ákveðnar fjárhæðir er það eingöngu gert til þess að færa til samræmis við útgjöld og lán sjóðsins.

Þetta vildi ég að kæmi fram því ég held að það sé ekki hægt að gagnrýna hæstv. menntmrh. fyrir það sem kemur fram í þessu frv. eða að honum hafi gengið eitthvað annað til en hann sagði þegar hann flutti frv. til breytinga á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég vil undirstrika að ég tel að það hafi verið eitt þarfasta frv. sem flutt hefur verið á hinu háa Alþingi í seinni tíð.

Umræðan sem hér hefur farið fram ber þess nokkur merki, sem eðlilegt er, að hv. nefndarmenn í fjárln. hafa haft þetta mál til meðferðar að undanförnu. Þess vegna er ljóst að spurningar um tiltekin atriði eiga sér stoð í því að menn hafa verið að fara yfir frv. og „yfirheyrt" tiltekna starfsmenn framkvæmdarvaldsins eða átt viðræður við þá eins og kom hér fram.

Hv. þm. Jón Kristjánsson minnti á að sá sem hér stendur hafi á sínum tíma flutt ræðu með fjárlagafrv. og minnst þá á tímamótafrumvarp. Það er vissulega rétt að ég sagði þá að ef við næðum þeim tilgangi okkar sem kom fram í frv. væri hér um tímamótafrumvarp að ræða. Það er auðvitað annarra að dæma um það en ég kemst þó ekki hjá því að segja þrátt fyrir allt að það hlýtur að teljast til tíðinda, ég skal ekki segja tímamóta þó það séu kannski tímamót, að svo kann að fara að útgjöld á þessu ári og reyndar tekjur líka verði lægri en útgjöld og tekjur á sl. ári. Það er alveg nýtt, sama hvort reiknað er á föstu verðlagi eða hvort notaðar eru þær tölur sem eru á verðlagi hvors árs fyrir sig. Á þetta minni ég því það hlýtur að teljast til tíðinda þegar slíkt gerist og vissulega hefur árangur náðst þó ég skuli fyrstur manna viðurkenna að ég hefði gjarnan viljað sjá meiri árangur í þessum efnum.

Hv. þm. sagði að sparnaður hefði ekki náðst og þá þarf auðvitað að leggja ákveðna merkingu í orðið sparnaður. Ég tel nefnilega að sparnaðurinn hafi náðst. Rekstrarsparnaðurinn náðist. Um þá gagnrýni sem kom hér fram, m.a. frá öðrum hv. þm., um að flati niðurskurðurinn hafi ekki náðst fram vil ég segja að þvert á allar þessar fullyrðingar tel ég að eitt stærsta afrekið sé þó það að sá sparnaður sem snýr að rekstri hefur náðst.

Hins vegar er það rétt sem margoft hefur komið fram að í sjálfvirkum útgjöldum, þeim sem stundum eru kölluð rekstrartilfærslur, vantar enn talsvert á að árangur náist. Sem betur fer er þó sýnt að á næsta ári mun verða um árangur að ræða á landbúnaðarsviðinu. Ég vil taka undir það með mönnum sem hafa bent á að það gerist fyrst og fremst vegna þess að bændur taka

á sig verulegan skell. Það þarf að koma fram. Það gerist fyrst og fremst þess vegna og þeir búa ekki við sama öryggi og áður. *En við eigum enn eftir að ná tökum* á þeim vanda sem fylgir sjálfvirkum útgjöldum á heilbrigðis- og tryggingasviðinu. Enn og aftur vil ég segja að séu menn að tala um svokallaða sænska leið var eitt stærsta einkenni á þeirri leið að taka á velferðarkerfinu sænska. Ég hygg að það hljóti að vera okkar skylda að taka á okkar kerfi.

Þetta gefur mér kannski tilefni til þess á einni eða tveimur mínútum að benda á að Svíar og reyndar flest allir aðrir gera mun á tvenns konar útgjaldaaukningu. Það ættum við að gera líka hér á landi. Annars vegar kerfislægum halla og hins vegar halla sem stafar af breytingum í efnahagsástandi. Þeir lögðu mikið upp úr því í sínum niðurskurði að ná tökum á þessum kerfislæga halla, þ.e. þeim vexti sem m.a. skapast af því að þjóðirnar eru að eldast og kostnaðaraukningin er svo mikil vegna gildandi laga og það þarf að draga úr þessum sjálfvirka vaxandi kostnaði.

Hins vegar, segja þeir og fleiri og ég hygg að það sé rétt, ber að líta á það sem tímabundið vandamál þegar útgjöld aukast eða tekjur dragast saman vegna ytri aðstæðna sem svo eru kallaðar eða efnahagsaðstæðna. Með öðrum orðum séu aukin útgjöld vegna aukins atvinnuleysis eða minnkandi tekjur vegna veltusamdráttar af allt öðrum toga og allt annars konar vandamál sem leysist um leið og okkur hefur tekist að koma hjólum atvinnulífsins af stað aftur.

Á þetta vil ég leggja áherslu því mér hefur stundum fundist í umræðunum eins og það gleymist að greina í sundur útgjaldaástæðurnar.

Nokkuð var rætt um það og hv. þm. Jón Kristjánsson og reyndar Steingrímur J. Sigfússon ræddu um það að ekki hefði tekist að selja þær eignir sem að var stefnt í upphafi. Það er alveg hárrétt. Það var stefnt að því á yfirstandandi ári að selja eignir að upphæð 1.100 millj. kr. eða þar um bil. Sú eignasala sem nú þegar hefur átt sér stað, eða frá janúar til september, er 242 millj., þ.e. sala fasteigna upp á 100 millj., Framleiðsludeild ÁTVR, Gutenberg, Jarðboranir og Ferðaskrifstofa ríkisins. Þá er stefnt að því og að því unnið nú að selja hlutabréf ríkissjóðs í Þróunarfélagi Íslands og Íslenskri endurtryggingu. Auk þess er reiknað með að sala Jarðborana gefi meira en komið var í kassann í lok septembermánaðar. Það er því gert ráð fyrir því að það náist um 500 millj. eða þar um bil á þessu ári.

Það er rétt að um það bil 600 millj. kr. vantar upp á að sá árangur náðist sem að var stefnt á yfirstandandi ári. Ástæðan fyrir því er kannski fyrst og fremst sú að þá, eins og nú fyrir næsta ár, hafði verið ráðgert að selja lánastofnun sem gæti gefið meira í aðra hönd.

Á næsta ári er gert ráð fyrir því að við öflum tekna upp á 1.500 millj. kr. Þar er auðvitað horft til Búnaðarbankans. Sumir halda því fram að það sé erfitt fyrir markaðinn að taka við svo miklu magni af hlutabréfum til sölu en sérfræðingar hafa þó haldið því fram að markaðurinn hér geti tekið við 2–3 milljörðum í hlutabréfum til sölu á ári. Verðbréfamarkaðurinn hér sem er orðinn virkari en áður var sýnir sig að geta tekið við auknu magni þótt rétt sé að benda á að hlutabréfaverð hafi farið lækkandi að undanförnu af ástæðum sem menn þekkja.

Þá var nokkuð vikið hér að heilbrigðismálum og ég vil gera tilraun til að gefa skýringar á því sem um var beðið varðandi þann málaflokk. Það var réttilega minnst á að það er enn ekki fullt samkomulag um hvernig taka á á fyrirsjáanlegum 300–400 millj. kr. halla. Við töldum hallann vera 300 millj. kr. en í umræðunni kom fram að heilbrrn. teldi hann vera 400 millj. kr. Ég vil af þessu tilefni taka fram að það er verið að skoða allar leiðir til þess að lækka lyfjakostnaðinn. Þetta snýr fyrst og fremst að lyfjakostnaði Tryggingastofnunarinnar. Þegar þeirri skoðun er lokið verður áætlaður kostnaður ríkisins af lyfjum á næsta ári metinn og að hve miklu leyti megi færa þennan kostnað yfir til næsta árs.

Ég vil minna á að í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninganna á sl. vori var gert ráð fyrir að samráð skyldi vera á milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstjórnarinnar um upptöku hlutfallsgreiðslna neytenda í lyfjakostnaði með það að markmiði að kostnaður ríkisins vegna lyfja yrði innan heimilda fjárlaga. Þær breytingar sem gerðar voru um mitt sumar, reyndar allt of seint að mínu áliti, virðast því miður leiða til óverulegrar lækkunar útgjalda vegna lyfja og þess vegna er þörf á viðbótaraðgerðum.

Ég vil taka það fram að frá mínum bæjardyrum séð er augljóst að ekki verður hægt að ná tökum á þessum vanda fyrr en við innleiðum hlutfallsgreiðslur í stærri stíl en við höfum gert á þessu sviði og reyndar á fleiri sviðum heilbrigðisþjónustunnar. Það er einu sinni þannig, og það hef ég sjálfur sagt margsinnis, að stjórnmálamenn geta aldrei náð tökum á þessum útgjaldaflokki fyrr en þeir fá almenning í lið með sér. Almenningur fæst ekki til þess að ganga í lið með stjórnmálamönnum fyrr en hann veit hver kostnaðurinn er, hefur kostnaðarvitund og tekur að sér að greiða hluta kostnaðarins, jafnvel þótt hann fái hann kannski endurgreiddan síðar. Þetta er lykilatriði sem allir stjórnmálamenn gera sér grein fyrir og þess vegna er svo mikilvægt að um gagnsæi sé að ræða í þessum efnum og öllum sé ljóst hvað hlutirnir kosta.

Það er fleira sem varðar heilbrigðismálin og vil ég segja það sérstaklega að fjmrn. hafði aldrei fallist á að Tryggingastofnun ríkisins greiddi Ríkisspítölum fyrir þjónustu vegna geislalækninganna. Það er auðvitað mál heilbrrn. að áætla sértekjur Ríkisspítalanna rétt, en það er ljóst að fjmrn. hafði ekki fallist á að sértekjurnar væru fundnar með þessum hætti. Almennt gildir sú regla að stofnanir þurfa að standa við fjárlög. Ef það gerist ekki þá færast umframútgjöldin til næsta árs. Viðkomandi ráðuneyti hefur hins vegar möguleika á fjárlögum næsta árs að leiðrétta fjárveitingar, t.d. fjárveitingar Ríkisspítala, ef ástæða er til. Þetta held ég að sé nauðsynlegt að komi fram varðandi þá umræðu sem hefur orðið vegna heilbrigðismálanna.

Það var enn fremur spurt hvernig stæði á því að beðið væri um aukafjárveitingar vegna aðstoðarlækna og frá því sagt að menn í spítalakerfinu könnuðust ekki

við þennan samning. Samningurinn var reyndar gerður fyrir mína tíð eða 30. jan. 1991 og er kannski öðrum jafnvel hér í sal kunnugri en mér, en í bókun sem fylgir þessum samningi segir, með leyfi forseta:

„Samningsaðilar beina því til stjórnar sjúkrahúsa að þær feli yfirlæknum ásamt formönnum læknaráða að endurskoða vinnufyrirkomulag aðstoðarlækna með það að markmiði að vaktir þeirra séu hvorki óhóflega langar né tíðar. Jafnframt skal kannað hvort unnt sé að fækka vöktum aðstoðarlækna með því að sameina vaktir og/eða taka upp gæsluvaktir í stað bundinna vakta. Tekið skal tillit til óhjákvæmilegrar viðveru aðstoðarlækna á hefðbundnum dagvinnutíma vegna þjálfunar þeirra.

Niðurstöðum skal skila til stjórnar sjúkrahúsanna fyrir 15. mars nk." — Ég skýt því hér inn í að það er 15. mars 1991. — „Framkvæmdastjórar sjúkrahúsanna skulu hafa samráð við formenn læknaráða og forstöðumenn deilda um breytingar á vinnufyrirkomulagi aðstoðarlækna og skal við það miðað að þær komi til framkvæmda 1. apríl 1991."

Ég les ekki fleira úr þessari bókun, sem er bókun 1 og fylgdi þessum samningi, en bendi á að með þessari bókun var gengið út frá því að til hagræðingar kæmi og sá kostnaður mundi lækka, m.a. með því að færri aðstoðarlæknar tækju þá hærri laun hver maður. Þetta virðist ekki hafa gengið eftir eins og kom fram í umræðunni og kemur fram í fjáraukalagafrv. Ef það er hins vegar svo að skýringar frá viðkomandi stofnunum koma um að þetta sé aðeins hluti vandans verð ég að segja að erindi koma til fjmrn. með þeim hætti að viðkomandi ráðuneyti skrifa fjmrn. og óska eftir aukafjárveitingum. Það eina sem við gerum ef þær eru teknar til greina og ríkisstjórnin fellst á að hafa þær í fjáraukalagafrv. er það gert og textinn á að fylgja þeim bréfum.

Sé vandinn hins vegar annar er annaðhvort eitthvað að í samskiptum viðkomandi stofnana og fagráðuneytis eða eitthvað hefur gerst varðandi samskipti fagráðuneytis og fjmrn. En það kemur mér á óvart ef sagt er að það sem tilgreint er í athugasemdunum sé annað en þar er sagt. Þetta segi ég vegna þess að því var lýst áðan í umræðu að fleiri atriði hefðu komið til en kostnaður vegna aðstoðarlæknanna.

Um Fiskistofu get ég verið stuttorður. Það voru reyndar fleiri hv. þm. sem fjölluðu um Fiskistofuna. Það er álitið að hún komi í staðinn fyrir aðrar stofnanir og eigi ekki að auka útgjöld, en hér er hins vegar um flýtingu á fjárfestingu að ræða. Það var gripið til þess ráðs að hefja það starf þegar á þessu ári jafnvel þótt fjárveitingar væru ekki til. Það ætti hins vegar að jafna sig þegar frá líður.

Um Hagræðingarsjóðinn, sölu veiðiheimilda hans, hefur talsvert verið rætt í þessum umræðum. Ég vil fyrst segja það að ég viðurkenni að það hefði verið heppilegra að nota aðra aðferð en þá sem niðurstaðan varð. Ég hefði talið eðlilegra að allir þeir sem njóta rannsóknastarfseminnar á Hafrannsóknarstofnun hefðu greitt í þetta púkk. Þá á ég við, auk þeirra sem nú gera það, rækjuna og skeldýrin og fleiri en eins og allir vita eru ekki heimildir til veiða á þessum kvikindum í Hagræðingarsjóðnum. Þetta segi ég vegna þess að ég teldi að það hefði verið réttlátara að dreifa kostnaðinum á alla. Niðurstaðan varð hins vegar önnur af því að ég taldi að sjávarútveginum þætti það þekkilegra að fara þá leið sem valin var. Þetta vil ég að komi fram í fyrsta lagi.

Í öðru lagi er ljóst að menn hafa verið að kaupa veiðiheimildir að undanförnu fyrir milljarða króna á misjöfnu verði. Ekki úr Hagræðingarsjóði, heldur hefur það verið gert með því að einn hefur selt öðrum. Þetta er alþekkt. Menn verða að sætta sig við markaðsverð á hverjum tíma.

Það var ágreiningur um hvað textinn þýddi þegar talað var um verð á þessum heimildum. Ég féllst á það að miða við markaðsverð á þeim tíma þegar þessar heimildir áttu að koma til sölu. Þess vegna var verðið lækkað því eldri viðmiðun miðaði við markaðsverð þegar lögin voru sett.

Nú er ljóst að aflabrestur er mikill og mun meiri en við gerðum ráð fyrir. Ástandið nú er því ólíkt því sem verið hefur á undanförnum mánuðum og missirum. Þess vegna hafa verið flutt, að ég best veit, á milli fiskveiðiáranna líklega ein 32 þús. þorskígildistonn, hvorki meira né minna. Ástæðan fyrir þessu er sú að um aflabrest hefur verið að ræða. Það má gera ráð fyrir því og það vita flestir sem eitthvað fylgjast með sjávarútvegsmálum að þetta getur leitt til þess að afli á yfirstandandi ári verður miklu minni en ráð var fyrir gert í öllum þeim áætlunum sem við höfum staðið frammi fyrir. En við gerum okkur hins vegar vonir um það að sjálfsögðu að afli glæðist á næsta ári og gangi það eftir má búast við því að heimildir Hagræðingarsjóðs verði hægt að selja með góðu móti. Það er enn ekki fullkomlega ljóst hvernig að því verður staðið. Eðlilegast er að gera það á þessu hausti, að bjóða heimildirnar út en það kemur jafnframt til greina að taka lán og þá auðvitað með aðild Alþingis og geyma söluna til næsta vors. Ef það kemur hins vegar í ljós að aflinn er svo lélegur að menn leggja ekki í slík kaup stöndum við frammi fyrir alveg nýrri spurningu og hún er þessi: Kann það að vera að ríkið þurfi að sitja uppi með þennan kostnað sem eins konar fjárfestingu í friðun eða þurfi að halda veiðunum niðri, taka á sig þennan kostnað vegna þess að ljóst sé að engu máli skiptir hvort þessar veiðiheimildir eru gefnar eða seldar, aflinn fæst ekki hvort sem er? Gerist það stendur þessi þjóð frammi fyrir miklu alvarlegri vanda en við höfum haldið hingað til. Þá stendur hún ekki einungis frammi fyrir þeim vanda að við séum að skerða þorskveiðarnar núna til þess að byggja upp stofninn. Þá stöndum við frammi fyrir alveg nýjum vandamálum, sem sé þeim að Íslandsmið gefa ekki af sér það sem við héldum hingað til. Satt að segja get ég ekki hugsað þá hugsun til enda og ég efast um að aðrir hv. þm. geti gert það heldur. Það er mál sem við verðum öll í sameiningu að fygljast með og taka á þegar að því kemur.

Um Atvinnuleysistryggingasjóð vil ég einungis segja það að ég tel að þessir fjármunir dugi ef at-

vinnuleysi verður ekki meira en þau 3% sem nefnd eru. Um það vitum við að sjálfsögðu ekki nákvæmlega en við vitum þó að þetta er nokkurn veginn sú tala sem mun birtast. Það er fylgst með þessu frá einum mánuði til annars, reyndar í hverri viku en svo kann þó að fara í lok ársins að atvinnuleysi verði meira. Þá verður ríkissjóður að greiða þann kostnað og með þessu verðum við að fylgjast þegar frv. er til meðferðar í þinginu, í nefndinni. Það er nú einu sinni þannig og það vita auðvitað allir þingmenn sem hér hafa talað að fjárlagafrv. byggist á áætlunum og meira að segja fjáraukalagafrv., sem lagt er fram um þetta leyti, byggist einnig á áætlunum. Það er ekki fyrr en í lokin, þegar árið er gert upp, sem við vitum hver niðurstaðan verður. Þannig getur enginn búist við því að allar tölur í fjárlagafrv. standist. Þá væri meira en lítið að í þessu þjóðfélagi.

Um vexti ræddu nokkrir þingmenn, þar á meðal hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og hv. þm. Jón Kristjánsson. Ég vil aðeins taka það fram því mér fannst gæta misskilnings hjá þeim og reyndar einnig hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að hér væri einungis verið að greiða vexti af erlendum lánum. Svo er ekki því að hér er líka um vexti af innlendum lánum að ræða. Vaxtaþróunin varð sem betur fer á þessu ári þannig að vextir fóru lækkandi og það hefur haft þýðingu hér á landi. Um vexti af lánum í Bandaríkjadölum skal það sagt að langtímavextir í Bandaríkjunum hafa ekki lækkað eins mikið og skammtímavextir. Það er þekkt í bandarísku kosningabaráttunni hvernig þeir hafa verið að lækka skammtímavextina til að fá hjól ativinnulífsins til þess að snúast. Staðreyndin er sú að vextir af langtímaskuldbindingum í Bandaríkjunum hafa ekki lækkað eins mikið. Þetta er athyglisvert og kannski enn athyglisverðara í því ljósi að samkvæmt nýjasta hefti af The Economist, sem ég las í morgun, sá ég að bandarísk heimili hafa verið að greiða niður skuldir sínar að undanförnu þannig að bankakerfið þar hefur talsverða peninga umleikis. Vextir af skammtímaskuldbindingum hafa dottið niður en ekki af langtímaskuldbindingum. Þannig hagar til hjá okkur að við höfum Lánasýslu ríkisins í því frá einum degi til annars að reyna að finna hagstæðustu lánin og það eru blönduð lán. Þótt dollarinn sé góður í dag getur það snarbreyst á morgun ef gengi hans styrkist.

Um ferjurnar vil ég segja að það er rétt að þessar 28 millj. kr. gera einungis að laga til fyrir þessum ferjum á yfirstandandi ári. Ég vil láta það koma fram hér að ég hef óskað eftir því að Ríkisendurskoðun taki út þessar ferjur, rekstur og reyndar byggingu á ferjum sem ég held að sé meiri háttar vandamál hjá okkur. Ég hygg að í stórkostlegri vímu rétt fyrir kosningar hafi menn því miður gripið til þess ráðs að fara allt of geyst í sakirnar í þessum efnum og við sitjum núna uppi með timburmennina. Ég tel það eðlilegt að Ríkisendurskoðun skoði þessi mál og komi með sína úttekt áður en ég fer að segja fleiri orð um þetta. Þetta er vandamál sem er orðið og á því verður að taka. Við getum ekki hlaupið frá þessum kostnaði, hver sem hann verður, en við þurfum auðvitað að finna leið til þess að koma í veg fyrir það að kostnaðurinn verði sjálftekinn af rekstraraðilum. Ég hef talsverðar áhyggjur af því þessa stundina.

Um sýslumannsembættin vil ég segja að þarna var náttúrlega um að ræða verulega breytingu sem menn sáu ekki nákvæmlega fyrir hvað mundi kosta. Það kemur í ljós að hún kostar heldur meira en við gerðum ráð fyrir en hefur hins vegar ekkert með það að gera sem heitir ríkisábyrgð á launum og er liður í þessu vegna þess að þar var aðeins um eftirhreytur að ræða frá gamla kerfinu og er fyrst og fremst til komin vegna lífeyrissjóða sem gerðu tilkall til ríkisábyrgða á launum og sendu inn sínar kröfur áður en lögunum var breytt fyrr á þessu ári. Það er vonast til þess að með nýju lögunum dugi þeir peningar sem aflast frá fyrirtækjunum til að standa undir þessum málaflokki.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir ræddi um viðskiptahallann og ríkissjóðshallann og taldi, ef ég skildi hana rétt, að minnkandi viðskiptahalli ætti að hjálpa okkur í afkomu ríkissjóðs. Það er nú öðru nær. (**GHelg:** Þetta sagði ég ekki.) (**Gripið fram í:** Þá hefur ráðherrann skilið hana rangt.) Ef svo er biðst ég nú afsökunar á því en það má kannski segja það enn á ný að einmitt minnkandi viðskiptahalli og lág verðbólga eru engir sérstakir vinir ríkissjóðs. Þess vegna er það alveg ljóst að ef við hleyptum verðbólgunni af stað aftur og ef viðskiptahallinn mundi aukast stæði ríkissjóður mjög vel núna. Það er ekki hægt að segja það sama um þjóðarbúið.

Um virðisaukaskattinn er eingöngu það að segja að innheimtan hefur ekki verið verri en við var að búast. Hins vegar hefur veltusamdrátturinn orðið meiri en við áttum von á og þess vegna eru skilin minni. Það er staðreynd að við þurfum að breikka stofninn og lækka hlutfallið. Það er öruggasta aðferðin til að koma í veg fyrir skattsvik sem örlítið var minnst á.

Nokkur ráðuneyti hafa fulltrúa í Brussel, þar á meðal fjmrn., á sinn kostnað að sjálfsögðu. Það telur sig hafa mjög mikið gagn af því, ekki eingöngu vegna EES heldur vegna framtíðarsamskiptanna, verslunarsamskiptanna milli okkar og Evrópubandalagsins sem eru í mikilli deiglu. Við hljótum að hafa fullt gagn af því hvernig sem niðurstaðan verður og þessi starfsmaður, sem ég þekki reyndar best til af þeim starfsmönnum sem þar eru, nýtist mjög vel fyrir fjmrn.

Það er rétt sem hv. þm. sagði um skýrslu OECD. Þeir hafa bent á að á nokkrum og reyndar mörgum umliðnum árum hafi allt of litlu fé verið veitt til rannsókna- og þróunarstarfsemi og nýsköpunarstarfsemi hér á landi. Nú eru horfur á því að þetta breytist. Með fjárlagafrv. er ráðgert að auka stórkostlega þá fjármuni sem í slíka starfsemi eiga að fara. Um næstu helgi verður fundur sem fulltrúar OECD koma á. Því til viðbótar get ég sagt að það er annar hópur að koma frá OECD sem fjallar um efnahagsmálin sérstaklega. Það er reyndar hópur sem kemur einu sinni á ári og þar verður rætt um heilbrigðis- og tryggingamálin en þau mál hafa verið vandamál sem OECD hefur velt fyrir sér árum saman og ég held að nánast allar þjóðirnar í OECD hafi sett áætlun af stað til að draga úr kostnað-

inum við heilbrigðis- og tryggingamál. Það má ugglaust læra heilmikið af þeim. Þetta veit ég að fyrrv. heilbrrh. þekkir vel og reyndar kallaði hann hingað aðila sem höfðu komið nálægt slíku í öðrum löndum. Ef ég man rétt voru það Ernst og Young sem er breskt ráðgjafarfyrirtæki, reyndar alþjóðlegt fyrirtæki.

Um fjmrn., ríkisskattstjóra og skattinn vil ég segja að það er afar brýnt, að mínu viti, að laga til í skattinum. Það þarf nefnilega að breyta áherslunum. Áherslurnar í skattinum hafa verið þær að fylgjast með framtölum, taka framtöl t.d. opinberra starfsmanna sem svíkja held ég ekki margir undan skatti nema þeir kannski sem hafa tekjur af einhverju öðru, ég veit ekkert um það. Síðan hafa starfsmennirnir verið að gá að því hvort viðkomandi starfsmenn hafi fært rétt af launaseðlunum sínum og yfir í skattframtalið eða hvort þeir hafa fært rétt af fasteignamatsskýrslunni yfir í skattframtalið. Í þetta fer heilmikil orka. Það sem við viljum gera og hægt er að gera er að láta prenta á sjálft skattframtalið. Það eru um 100 þús. framseljendur sem í raun og veru gera ekkert nema þetta, að færa einhverjar tölur á milli og ruglast stundum í því óviljandi og fá þá kæru. Síðan er hægt að senda þetta heim til fólks og ef það sættir sig við það sem þar stendur kvittar það bara undir og þá þarf ekki að hugsa um það meir. Þá getur mannskapurinn snúið sér að því sem skiptir miklu meira máli, það er eftirlit. Þess vegna segi ég: Það er þessi þjónusta sem við þurfum að veita og þetta eftirlit sem við eigum að hafa. Það sem hér er að byrja er liður í því sem við ætlum okkur að gera og ég vonast satt að segja til að skilningur sé á því verkefni hjá hv. þm.

Það er rétt sem hv. þm. sagði um tölvuvæðingu, hún hefur verið dýr og mjög mikill leyndur kostnaður í henni. Það eru ekki bara kaup á einhverjum skermum og tökkum heldur er verið að leggja stokka í allt húsnæðið. Þetta er ekki talið með. Það er bara kallaður innréttingakostnaður. En þetta er hluti af öllum tölvukostnaðinum. Þegar farið er að skoða þetta, og það hefur verið gert af fjmrn., er ég sannfærður um að telja megi á undanförnum árum í hundruðum milljóna útgjöld sem í raun og veru eru dulin útgjöld og ættu að flokkast með tölvuútgjöldum en ekki innréttingakostnaði og öðru slíku.

Virðulegi forseti. Í lokin vil ég segja vegna spurningar hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. — Ég geri mér grein fyrir því að ég hef talað nokkuð lengi hér. Ég vona þó að mér verði virt það til vorkunnar. Ég hef verið að reyna að svara eða a.m.k. að ræða um fyrirspurnir og athugasemdir. — Hann spurði um sparnað í heilbrigðiskerfinu. Ég hef ekki svar á reiðum höndum en ég bendi til að mynda á upplýsingar á bls. 275 í fjárlagafrv. þar sem menn geta borið saman tölur um það hvað hefur verið að gerast í heilbr.- og trmrn. og heilbrigðis- og tryggingamálum. Við verðum samt að hafa í huga að þarna er mesti undirliggjandi vöxturinn.

Ég var einnig spurður að því hvort það væri alveg tryggt að fjárlagafrv. stæði fyrir sínu, að ekki þyrfti að gera neitt frekar. Það var hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem spurði að því. Ég held að það sé alveg ljóst að gera verður fleiri breytingar. Það er einu sinni þannig að hlutirnir breytast frá einum degi til annars. Ég á von á því að við þurfum í nýju fjáraukalagafrv. eftir jól að gera frekari breytingar. Ef þess þarf ekki er það í fyrsta skipti í sögunni, að ég best veit, að ekki þarf að gera þetta upp í lokin.

Virðulegi forseti. Ég vonast til að ég hafi komist nokkurn veginn yfir þau atriði sem ég var beðinn um að segja álit mitt á eða svara. Ef svo er ekki mun ég fúslega reyna aftur.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að það sé ekki skylda að koma tvisvar í ræðustól. En ég vil fyrst taka fram að að sjálfsögðu gerir hver einasti þingmaður í salnum sér grein fyrir því að það er bæði verið að tala um innlenda og erlenda vexti. Ég vakti athygli á því að greiðslur vegna erlendra vaxta eru lægri en gert var ráð fyrir. Innlendu vextirnir eru út af fyrir sig einkaböl núv. ríkisstjórnar og hún verður að sjálfsögðu að bera ábyrgð á sínu einkaböli hvað það snertir.

Hitt atriðið er það að hæstv. menntmrh. var búinn að fá samþykkt hér fjárlög með ákveðnum greiðslum til lánasjóðsins. Í sínum ræðum fyrir lánasjóðsfrv. kom það hvergi fram að ætlunin væri að stefna að því að taka það fé til baka. Hann er aftur á móti uppvís að því að það var ekki hagur lánasjóðsins sem hann bar fyrir brjósti eins og hann predikaði hér. Hann var að hugsa um ríkissjóð. Auðvitað er það sjónarmið út af fyrir sig en þá hefði líka verið heiðarlegra að gera grein fyrir því.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hæstv. ráðherra hafi misskilið mál mitt varðandi tölvuvæðingu ríkisskattstjóra. Ég held að það geti ekki verið liður í þeirri tölvuvæðingu að útfylla skattskýrslurnar okkar því að það fer ekki fram hjá ríkisskattstjóra og þeim er ekki skilað þangað eins og kunnugt er. Það það hefði verið skiljanlegra ef um væri að ræða Skattstofu Reykjavíkur og annarra sveitarfélaga. En þetta skiptir kannski ekki öllu máli. Ég vildi bara vekja athygli á því að í þeim gögnum sem ríkisskattstjóraembættið hefur lagt fyrir kemur þetta atriði, sem ráðherra minntist á, hvergi inn í fyrirætlanir. Ráðherrann hefur því dálítið misskilið það.

Vegna þess að ráðherrann dró í efa að ég hefði skilið hver áhrif samdráttur hefði á tekjur ríkissjóðs get ég fullvissað hann um að svo langt er ég komin á þróunarbrautinni að ég geri mér fyllilega ljóst að minnkandi umsvif í þjóðfélaginu minnka að sjálfsögðu tekjur ríkissjóðs. Það er nefnilega svo einkennilegt að allur samdráttur og niðurskurður veldur minnkandi tekjum ríkissjóðs. Þegar hjól atvinnulífsins, eins og menn kalla það svo gjarnan, hætta að snúast, þegar velferðin í samfélaginu er skorin niður en þetta hangir allt saman, dregst allt saman og allir tapa. Það er nefnilega misskilningur stjórnvalda að niðurskurður í velferðarkerfinu, heilbrigðiskerfinu, menntakerfinu, skólakerfinu og félagskerfinu veiti sjálfkrafa meira fé inn í at-

vinnulífið. Þetta er alrangt. Hins vegar viljum við heldur veita fé til atvinnulífsins en til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég held, virðulegi forseti, að menn ættu að reyna að taka upp þann sið að líta á allt þjóðfélagið í samhengi. Það er ekki hægt að leggja einn þátt þess í rúst án þess að afleiðingarnar sýni sig alls staðar annars staðar.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi eru skattstofurnar á vegum ríkisins þótt þær séu í mismunandi kjördæmum og ríkisskattstjóri vinnur verk sem er unnið fyrir skattstofurnar í mörgum tilvikum. Það verk sem ég var að lýsa er auðvitað unnið af ríkisskattstjóra en á að koma skattstofunum að gagni þannig að þetta er einu sinni ein samhangandi heild og heyrir undir ríkið, fjmrn. (**Gripið fram í:** Já, en þetta er ekki á áætlun.)

Til viðbótar því sem ég sagði áðan um framtöl einstaklinga þá er enn fremur verið að undirbúa það að við getum tekið í notkun forrit sem gagnast okkur í að leita að misfellum í framtölum á virðisaukaskatti. Það er þetta hvort tveggja sem nú er í undirbúningi. Um það sem hv. ræðumaður sagði að það ætti að líta á allt þjóðfélagið þá er það nákvæmlega það sem við erum að gera. Ef ég hefði eingöngu hugsað um ríkissjóð, þá hefði ég átt að segja: Nú skulum við bara djöfla okkur í að auka viðskiptahallann, flytja sem mest inn og setja verðbólguna á fullt. Ég hefði getað staðið í ræðustólnum, barið mér á brjóst og sagt: Ríkissjóður kemur miklu betur út en nokkur þorði að vona.

Þetta gerum við ekki. Það er hins vegar alveg rangt að hægt sé að bjarga einhverju með því að auka eingöngu eða tiltölulega mikið fjárgreiðslur til menntamála, heilbrigðismála o.s.frv., af því þá komi einhver vöxtur fram sem komi öllum að gagni. Það verður að líta á alla þætti eins og hv. ræðumaður sagði og ríkissjóður verður að átta sig á því að hann verður að draga saman seglin og draga úr halla sínum til að lækka vextina því vextirnir eru kostnaður fyrirtækjanna og fólksins rétt eins og skattar, svo annað dæmi sé tekið um kostnað.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sammála hæstv. fjmrh. að víst þarf að lækka vexti. Það rekur sig engin atvinnugrein með því vaxtastigi sem nú er. En mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað hefur ríkisstjórnin gert til þess að lækka vexti?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Ríkisstjórnin hefur fyrst og fremst gert tvennt: Hún hefur gert tilraun til þess að draga úr lánsfjárþörf hins opinbera og það sést best á stefnu ríkisstjórnarinnar í fjárlagafrv. næsta árs og reyndar í fjárlögum yfirstandandi árs og hefur auðvitað verulega mikla þýðingu.

Hitt sem ríkisstjórnin hefur verið að gera að undanförnu og kannski mest á undanförnum vikum og mánuðum er að koma vaxtaákvörðunum út á markaðinn, láta markaðinn ráða. Það höldum við að sé besta tryggingin fyrir því að ekki verði um slíkar vaxtabreytingar að ræða sem urðu hér á sl. ári þegar þessi ríkisstjórn tók við vegna vanrækslu fyrri ríkisstjórna sem hafði mánuðum saman þrjóskast við að setja vextina í það horf sem þeir raunverulega voru. (**GHelg:** Er þetta Eimskip-Samskip aðferðin?)

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. deildi hér á skoðun okkar um flata niðurskurðinn í fjárlögum yfirstandandi árs. Það kann að hafa náðst í sumum liðum að koma fram áformum um flatan niðurskurð en við skulum líka athuga að hluti niðurskurðarins var settur í pott sem ráðherra hafði til ráðstöfunar og kallaðist sá liður: Ráðstafanir vegna rekstrarsparnaðar. Ráðherra gat því deilt því út aftur þannig að mínu áliti verður það mjög misjafnt hvernig stofnunum tekst að ná þessum flata niðurskurði þegar upp er staðið.

Ég vil taka það fram að ég tel þetta ekki rétta aðferð til að ná niður halla og það hefur oft sýnt sig. Þetta hefur verið reynt áður og ekki gefist vel. Þetta er mjög erfitt fyrir stofnanir sem eru áður búnar að taka á sig tilætlaðan niðurskurð og reyna að hagræða samkvæmt því og svo á síðustu stundu fá þær yfir sig þennan flata niðurskurð og allt fer úr skorðum sem þær hafa áður verið búnar að áætla. Ég geri ráð fyrir að við getum kastað þessu á milli okkar, en það mun koma í ljós síðar þegar annað fjáraukalagafrv. kemur fram eða a.m.k. þegar endanlegt uppgjör fer fram og ríkisreikningur mun sýna niðurstöðurnar.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. ræðumanni að sýna einmitt fram á að ekki var um flatan niðurskurð að ræða. Við deildum heilmikið um það þegar þessi breyting var gerð. Ríkisstjórnin hélt því fram að þetta væri ekki flatur niðurskurður einmitt vegna þess að talsverðu af upphæðinni var spilað til baka inn í þessa svokölluðu potta og þannig komið í veg fyrir að um flatan niðurskurð yrði að ræða. Það er einmitt þessi aðferð sem notuð var sem reyndist svo vel að í fyrsta skipti hefur tekist að spara tiltekna prósentutölu úr almennum rekstri ríkisins með þeim hætti sem við sjáum nú blasa við m.a. í þessu frv.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að vísu alveg rétt að þarna var farið inn á nýjar leiðir en ég er ekkert viss um að við hér á hinu háa Alþingi séum mjög hrifin af þessum leiðum þar sem verið er að færa stórar fjárupphæðir á milli, taka þær út af áætluðum liðum sem eru inni á samþykktum fjárlögum og setja þær í pott sem ráðherra hefur til úthlutunar eftir geðþótta og ekki er víst að það sé alltaf þar sem mesta þörfin er. Það getur líka verið að það sé eftir þeim ákvörðunum sem hann persónulega tekur um það hvar mesta þörfin er,

það er ekki Alþingi Íslendinga sem tekur þær ákvarðanir.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna þess sem hv. þm. sagði þá vil ég eingöngu að það komi fram að ég tel það vera skynsamlegt að hafa meiri sveigjanleika í fjárveitingum til einstakra ráðherra og ráðuneyta og að ábyrgð þeirra á niðurstöðunni sé síðan meiri. Þetta eru stundum kölluð rammafjárlög og ég hygg að okkur farnaðist betur ef við hefðum alla ráðherrana í ríkisstjórninni sem fjmrh. yfir sínum hlut. Það er oft þannig að jafnvel á tólf mánuðum breytast aðstæður og það kann að vera skynsamlegt að færa til fjármuni og ég tel að það sé rétt svo fremi sem þingið verði síðan að leggja blessun sína yfir það og þá stendur ráðherrann auðvitað ábyrgur fyrir niðurstöðunni.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hefur flutt ræður og svarræður af hófsemi og afar skilmerkilega eins og hans er vandi. Það er fjarri mér í lok þessarar umræðu að fara að ræða frv. sem hér liggur fyrir í einstökum atriðum eða efnislega. Hæstv. fjmrh. greindi hins vegar frá því í svari sínu við fyrirspurn hv. 2. þm. Vestf. um frv. til laga um greiðslur úr ríkissjóði að í fyrsta lagi væri hann hlynntur því að frv. yrði flutt á þessu þingi og í öðru lagi að yfir stæði athugun á vegum fjmrn. á breyttri framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga og vitnaði til þess að um það væri sérstakur kafli í athugasemdum með fjárlagafrv.

Ég vil taka fram að ég tel þetta afar merkilegt mál og mjög vandasamt verk að stefna að nýrri löggjöf eða breytingum á löggjöf um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga ef þær breytingar eru sem einhverju nemur. Undir lok þessa kafla í fjárlagafrv. segir, með leyfi forseta:

„Meginniðurstaða vinnuhópsins er að rétt sé að breyta framsetningu og flokkun tekna ríkissjóðs í ríkisreikningi og fjárlögum til samræmis við þær uppgjörsaðferðir sem notaðar eru á alþjóðlegum vettvangi."

Ég vænti þess að það muni þurfa verulegrar athugunar við og met mikils þá vinnu sem unnin er í fjmrn. að þessu verkefni. Í kaflanum um þetta efni í fjárlagafrv. kemur hins vegar fram að ýmislegt af því sem þar er nefnt, sem þurfi breytinga við, er þegar í gildandi lögum. Jafnframt kemur fram að þar er mjög tekið undir þá gagnrýni sem ég hef flutt úr þessum ræðustól á undanförnum árum á þann mismun sem er og hefur verið að undanförnu á framsetningu ríkisreiknings annars vegar og fjárlaga og fjáraukalaga hins vegar. Í þessum kafla sem ber fyrirsögn um greiðsluuppgjör og framsetningu fjárlaga segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Lagðar hafa verið fram tillögur um breytta framsetningu fjárlaga til samræmis við ríkisreikning. Í fyrsta lagi er talið nauðsynlegt að sem mest samræmi sé milli ríkisreiknings og fjárlaga. Í öðru lagi er ekki talið fullnægjandi að áfallnar en ógreiddar skuldbindingar ríkissjóðs séu færðar í ríkisreikningi eftir lok fjárhagsársins. Nauðsynlegt er að þær skuldbindingar sem ákveðnar eru eða falla á ár hvert sem hluti eða afleiðing af ríkisstarfseminni komi fram í fjárlögum. Að öðrum kosti næst ekki yfirsýn yfir raunveruleg ríkisumsvif og breytingar þeirra frá einu ári til annars."

Segja má að það sem hér hefur verið lesið sé endursögn á gagnrýni minni á undanförnum árum. Ég hlýt af þessu tilefni að rifja upp að á síðasta kjörtímabili gagnrýndi ég þáv. fjmrh. stundum æði harkalega fyrir að þessi mismunur á framsetningu fjárlaga og fjáraukalaga annars vegar og svo ríkisreiknings hins vegar leiddi til þess, sem hér er fjallað um í fjárlagafrv. og ég vitna til, að í fyrsta lagi væri mikill mismunur á niðurstöðu þessara gagna og sá mismunur væri lagaður til þess að villa um fyrir, ekki einungis hv. alþm. heldur og einnig ekki síst almenningi í landinu. Þegar tvenns konar niðurstöður eru birtar um afkomu ríkissjóðs, ýmist í ríkisreikningi eða fjárlögum og fjáraukalögum hins vegar.

Ég hafði stundum meira að segja leyft mér að kalla þetta feluleik því stórar fjárhæðir sem birtast og koma til gjalda í ríkisreikningi voru ekki færðar til gjalda í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um þetta, ég hef gert það oft og mörgum sinnum og skal ekki lengja þessa umræðu mikið en þessi mismunur birtist t.d. í því að ef ríkissjóður til að mynda keypti húseign fyrir 100 millj. kr., yfirtæki lán sem á húsinu hvíldu fyrir t.d. 50 millj. kr. og gæfi út skuldabréf til fyrri eigenda fyrir 40 millj. kr. en greiddi í peningum 10 millj. kr. þá væru eftir þessu fyrirkomulagi um greiðsluyfirlit ríkissjóðs, sem birtist í fjárlögum og fjáraukalögum þess árs, færðar til gjalda 10 millj. kr. af þessum 100 millj. 100 millj. kr. yrðu hins vegar færðar til gjalda í ríkisreikningi. Þetta tel ég vera ekki einungis óþarft heldur mjög ámælisvert við uppsetningu gagna af þessu tagi og hef farið ofan í það margsinnis.

Ég hlustaði á ráðuneytisstjóra fjmrn. í útvarpsþætti einhvern tímann í haust þar sem hann lýsti þessari vinnu og þeim hætti sem hafður væri á um greiðsluuppgjör annars vegar hjá ríkissjóði og rekstraruppgjör hins vegar í ríkisreikningi og hann fór þeim orðum um greiðsluuppgjör ríkissjóðs að það væri líkast tékkheftisbókhaldi. Það eru orð að sönnu. Þetta eru greiðsluhreyfingar ýmist inn eða út úr ríkissjóði sem hefur verið stuðst við þegar hæstv. fjármálaráðherrar að undanförnu hafa lagt í fyrsta lagi fjárlagafrv., fjárlög eru afgreidd, og síðan hafa þeir flutt fjáraukalagafrv. Um þetta hafa staðið deilur og sem ég skal ekki rekja.

En vegna þessara setninga sem ég las úr greinargerð fjárlagafrv. um þetta efni þá hlýt ég að benda á að það þarf ekki breytingar á lögum til þess að koma þessu fram heldur einungis að framfylgja lögunum eins og þau eru.

Um þetta efni er fjallað í lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga en þau lög eru að stofni til frá 1966. Lögunum var breytt 1985 og ég man mjög eftir þeirri breytingu vegna þess að breytingin varð

m.a. til þess að það þurfti að breyta því fjárlagafrv. sem þá lá fyrir, en þá var ég formaður fjárveitinganefndar. Þá var það m.a. tekið inn í 1. gr. fjárlaga, þar skyldu talin öll endurlán ríkissjóðs.

Um þetta segir svo í þessum lögum, með leyfi hæstv. forseta, í 64. gr.:

„Í A-hluta fjárlaga skal áætla sundurliðuð gjöld og tekjur á rekstrarreikningi. Enn fremur skal áætla allar hreyfingar á innlendum og erlendum lánum ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða, svo og á lánum endurlánareiknings ríkissjóðs. Þó skal eigi getið lána sem greidd eru að fullu á sama ári og þau eru tekin."

Þessi lagaákvæði eru því skýlaus um þær breytingar sem hér er fjallað um í athugasemdum með fjárlagafrv. og þarf því ekki lagabreytingar til. Lögin eru fyrir hendi. Enn fremur segir í þessum lögum í 66. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárlagaárið skal afmarka eftir reglum sem um ræðir í II. kafla og allar sömu meginreglur skulu gilda um efnisskipun og sundurliðun fjárlaga og þær er gilda um ríkisreikning, að svo miklu leyti sem við á. Þó má sundurliðun í fjárlögum vera minni en í ríkisreikningi."

Í þessari lagagrein er sem sagt algjörlega skýrt kveðið á um að sem allra mest samræmi skuli vera á milli framsetningar fjárlaga og fjáraukalaga annars vegar og ríkisreiknings hins vegar, en ekki sá mikli mismunur sem hefur verið og tíðkast undanfarin ár á milli þessara gagna sem felst í því að annað gagnið er sett fram á svokölluðum greiðslugrunni og hitt á svokölluðum rekstrargrunni.

Ég taldi ástæðu til að vekja á þessu athygli í tilefni af því að hæstv. ráðherra vitnaði til þessara kafla í athugasemdum við fjárlagafrv. Þar er m.a. vitnað til þess sem ég gerði nærri því að prófmáli í öllu þessu dæmi sem voru skuldbindingar sem ríkissjóður gekkst undir við yfirtöku á skuldum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins á sínum tíma þannig að mjög fer þar saman öll sú gagnrýni sem ég hef flutt um þetta efni og það sem hér segir í þessum texta í athugasemdum með fjárlagafrv. og er það vel.

Ég vil svo aðeins segja það að ég fagna því að sú vinna er í gangi sem lýst hefur verið. Ef sú vinna á að leiða til þess að breytingar komi fram í verulegum mæli á lögunum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga hlýtur það að kosta miklar athuganir og verulega vinnu, það er vandasamt verk. En það er ekki vandasamt verk að framfylgja lögunum eins og þau eru og á það skortir. Á það skorti verulega í tíð fyrrv. hæstv. fjmrh. og ég vonast sannarlega til þess að núv. hæstv. fjmrh. beiti sér fyrir því að við afgreiðslu fjáraukalagafrv., sem hér er til umræðu, verði þetta fært í það horf að ekki þurfi að verða mismunur á milli niðurstöðu í þessu fjáraukalagafrv. og ríkisreikningi. Það er rétt sem hann sagði, þetta er ekki endanlegt mál. Það kunna að verða breytingar til loka ársins en við vonum að við lokayfirferð þess þurfi ekki að vera mismunur á niðurstöðum og því sem standa mun í ríkisreikningi fyrir árið 1992 þegar hann birtist.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Pálma Jónssyni fyrir ræðu hans. Þrjú atriði vildi ég þó að kæmu fram í umræðunni.

Í fyrsta lagi verður það að koma fram að hugmynd nefndarinnar er sú að hvor tveggja hátturinn verði hafður á. Það kemur skýrt fram í framhaldi af því sem hv. þm. las þar sem segir, með leyfi forseta:

„Á þessum forsendum lagði vinnuhópurinn til að framsetningu fjárlaga verði breytt þannig að í stað þess að þau séu eingöngu á greiðslugrunni, eins og verið hefur, verði þau sett fram bæði á greiðslugrunni og reikningsgrunni." Síðar segir, með leyfi forseta: „Í tillögunum er reynt að halda til haga báðum uppgjörsaðferðum því að þær þjóna hvor um sig ákveðnum tilgangi en breytingunni er ætlað að tengja saman og skýra frávikið milli þeirra. Fullt samræmi verður því milli fjárlaga og ríkisreiknings."

Þetta var ekki athugasemd heldur bara til fyllingar.

Í öðru lagi vil ég benda á til fróðleiks að á bls. 375 er gróf uppsetning á báðum aðferðunum. En loks, og það er kannski til þess að taka af allan vafa, þá er mín athugasemd sú að þrátt fyrir það að fjmrn. og fjmrh. hafi látið birta allt á greiðslugrunni er þó ein undantekning á. Það er um kaup á fasteignum. Ég mátti til af því að ég heyrði að hv. þm. notaði það sem dæmi til þess að skýra sitt mál, þ.e. kaup á fasteignum. Það eru einu dæmin um að greiðslugrunnur sé ekki notaður því það er ávallt svo að kaupverðið er fært til gjalda á kaupárinu og stingur það að sjálfsögðu í stúf við meginregluna um greiðslugrunnsaðferðina.

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins segja það um húsið sem ég tók sem dæmi að það var einfalt að nota slíkt dæmi til að skýra mitt mál þó að það sé vafalaust rétt sem hæstv. fjmrh. segir um meðferð þeirra mála. Ég gerði það hins vegar einvörðungu til að lengja ekki ræðu mína um of í lok umræðunnar að fjalla ekki um þetta atriði sem hér kemur fram í uppástungu frá vinnuhópnum um að setja fjárlagafrv. bæði fram á greiðslugrunni og rekstrargrunni. Ég get lýst því yfir að ég er andvígur þeirri aðferð og sú aðferð mun ekki verða til þess að greiða fyrir skilningi fólks á þessum málum eða hafa þetta í því einfaldasta formi sem unnt er. Það er ekkert sem hindrar það að setja frv. eða þessi gögn fram á rekstrargrunni svo sem gert er með ríkisreikning vegna þess að yfirleitt hefur ekki verið fundið að því að erfitt sé að ganga frá ríkisreikningi. Yfirleitt hafa ekki komið fram sterkar athugasemdir við það hvernig ríkisreikningur er settur fram.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mikið en það var þó eitt atriði í máli hæstv. fjmrh. áðan sem varð þess valdandi að ég ákvað að koma hér inn í umræðuna. Hann viðraði það sjónarmið sitt að æskilegt væri að ráðherrar hefðu meira svigrúm til þess að ráðstafa fjárveitingum, ynnu eftir rammafjárlögum

og þá væri hver þeirra fjármálaráðherra á sínu sviði. Þetta er hugmyndafræði sem er ágætt að velta fyrir sér. En sú spurning sem ég ætla að beina til hæstv. fjmrh. er á þá leið hvort sú nýja stefna sem hæstv. ríkisstjórn og hæstv. samgrh. hafa tekið upp varðandi skiptingu á vegafé sé liður í þessari stefnu sem hæstv. fjmrh. var að kynna áðan.

Nú bregður svo við að með ákvörðun ríkisstjórnar og samgrh. er farið að bjóða út vegaframkvæmdir án samþykkis Alþingis. Samkvæmt úrskurði Ríkisendurskoðunar stenst það ekki lög. Þar finnst mér að sú stefna, sem hæstv. fjmrh. var að lýsa áðan, sé farin að ganga í eilitlar öfgar og að menn verði að gefa sér tíma til að velta framkvæmdinni fyrir sér og gefa sér tíma til að fá nauðsynlegar lagaheimildir samþykktar áður en farið er af stað með slíka stefnu sem hæstv. fjmrh. var að lýsa í ræðustól áðan og birtist okkur í samþykktum ríkisstjórnar sem hæstv. samgrh. er farinn að framkvæma áður en nokkrar lagaheimildir liggja fyrir. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann sé samþykkur þessum vinnubrögðum og hvort þetta sé liður í þeirri nýju stefnu sem hann var að lýsa áðan.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja umræðuna mikið. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin sem hann veitti fyrr í umræðunni. Það eru örfá atriði sem ég vil undirstrika varðandi ræðu mína fyrr í dag og einhver atriði sem ég vil spyrja um til viðbótar.

Ég vil fyrst segja það varðandi orðaskipti hæstv. fjmrh. og hv. 2. þm. Norðurl. v. að ég var svo heiðarlegur í mínu máli, og er ég þó ekki að bera óheiðarleika á neinn, að ég gat ekki um þá deilu sem hefur verið milli Ríkisendurskoðunar og fjmrn. um uppsetningu fjárlaga. Ég hefði vissulega getað lagt út af því að þessi halli, sem hér er sýndur, væri of lágt metinn upp á 2,6 milljarða kr. Ég man ekki betur og hef það úr mínum minnisgögnum að Ríkisendurskoðun hafi talið svo vera. Þessi mál eru í skoðun í ríkisreikninganefnd og þar eru viðræður í gangi. Þar er reynt að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Frv. um fjárgreiðslur úr ríkissjóði hefur ekki verið endurflutt enn og ekki hefur verið gengið frá því í fjárln. enn hvernig og hvenær það verður flutt ef það verður niðurstaðan að fjárln. endurflytji frv. Ég gekk því einfaldlega út frá greiðslugrunni og hef ekki farið yfir frv. á öðrum forsendum og ætla mér ekki að hafa fleiri orð um það. Ég tel eigi að síður nauðsynlegt að fram komi sem allra fyrst niðurstaða í þessi mál, um uppsetningu ríkisreiknings og fjárlaga. Það er mjög bagalegt að deilur standi um það efni. En ég ætla mér ekki frekar í neina samanburðarfræði í þessu efni.

Mér er alveg ljóst að fjárlög og ekkert síður fjáraukalög á hverjum tíma byggjast á áætlunum. Það er ljóst með svo viðamikinn rekstur sem rekstur ríkissjóðs og allra þeirra stofnana og fyrirtækja sem hann hefur með höndum. Það væri mikil nákvæmni ef fjárlög gengu upp og þyrfti ekki að bæta þar um. Mér finnst eðlilegt að fjáraukalög séu flutt og það þarf auðvitað að flytja fjáraukalög aftur í lok árs. Spurningin sem ég var að velta fyrir mér var sú hversu miklar viðbótarfjárveitingar fjáraukalög, sem flutt yrðu í lok árs, gerðu ráð fyrir.

Sú áætlun að að selja Jarðboranir og Íslenska endurtryggingu segir mér í sjálfu sér ekki mikið um það hve ríkissjóður á von á miklum peningum af sölu þessara fyrirtækja. Allt byggist þetta á áætlunum sem ekki liggja ljósar fyrir.

Ég vil spyrja nánar um Eyjafjarðarferjurnar og Herjólf og hvort þessi skoðun Ríkisendurskoðunar eða skýrsla, sem hæstv. fjmrh. gat um, er um allar ferjur eða aðeins Eyjafjarðarferjurnar. Mér fannst það ekki koma fram í máli hans. (**Fjmrh.:** Um allar.) Hann hefur þá þegar svarað því.

Ég ætla ekki að lengja þá umræðu sem verið hefur um Hagræðingarsjóðinn. Það hefur komið fram svo greinilega í þessum umræðuma að sú aðgerð að ætla að innheimta tekjur með sölu á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs hefur mistekist og skoðun hæstv. fjmrh. er sú að allar greinar í sjávarútvegi hefðu átt að borga þessar rannsóknir. Það má í sjálfu sér rökræða þá kenningu. Hins vegar var það þungamiðjan í málflutningi stjórnarandstöðunnar um síðustu áramót að sjávarútvegurinn þyldi ekki þessar álögur vegna rekstrarstöðu hans og það á við um allar greinar.

Ég vil benda hæstv. fjmrh. á það í fyllstu einlægni að tala virðulega um rækjuna og kalla hana ekki kvikindi vegna þess að rækjan hefur bjargað miklu í atvinnuástandinu það sem af er þessu ári. Ef það kvikindi hefði ekki látið sjá sig, þá mundi ég nú biðja fyrir þessari ríkisstjórn enn meira en ég geri venjulega.

Það hefur einnig komið fram í umræðunni að sparnaður hefur mistekist í heilbrigðiskerfinu. Ég ætla ekki að halda því fram að ekki hafi náðst árangur á einhverju sviði þar en ég tel höfuðmistökin þar að gengið hafi verið of hratt til verks og menn hafi ekki haft yfirsýn yfir allan þennan flókna og margbrotna málaflokk enda kemur það í ljós þegar skrúfað er fyrir einn kranann þá rennur úr öðrum. Það hefur komið greinilega í ljós að ekki hafa náðst tök á heilbrigðiskerfinu og sparaður í heildina tekið hefur ekki náðst.

Hvað varðar menntmrn. er það vissulega rétt að þar hefur verið farið fram á lækkun útgjalda. Það er náttúrlega eingöngu vegna lánasjóðsins og ekki er enn séð fyrir endann á því hvaða afleiðingar sú löggjöf hefur. Mætti tala um það langt mál en ég ætla ekki að tefja umræðuna með því. Það hefur verið rætt ítarlega og hv. þm. munu áreiðanlega ekki hafa sagt sitt síðasta orð um það.

Eitt atriði áður en ég lýk máli mínu. Við fjárlaganefndarmenn höfum fengið yfirlit um stöðu mála varðandi 6. gr. fjárlaga og ég þakka fyrir það. Það kemur í ljós, þegar litið er yfir þann lista, að heimildir varðandi kaup á ýmsum embættisbústöðum hafa ekki verið notaðar og komið hefur fram að þau mál eru í athugun í viðkomandi ráðuneytum. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvað þeirri athugun líður. Eru líkur á því að þessar heimildir verði notaðar? Ég sé varðandi þann lista að heimildir, t.d. um læknisbústaði, prestbústaði og aðra slíka hafa ekki verið notaðar á þessu ári. Er

einhver heildarstefna þarna að baki og hvaða líkur eru á því að þær heimildir verði notaðar á yfirstandandi ári, svo og aðrar heimildir í 6. gr. sem ónotaðar eru?

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja umræðuna mikið. Ég gat því miður af óviðráðanlegum orsökum ekki verið viðstaddur í dag þegar hæstv. fjmrh. flutti framsöguræðu fyrir málinu eða hlýtt á upphaf umræðunnar. Mig langar að gera tvær athugasemdir eða svo við síðari ræðu hæstv. ráðherra og kannski að árétta spurningu eða spurningar varðandi hans mál. Þær fjalla einkum um þann þátt er varðar heilbrigðisútgjöldin í frv. til fjáraukalaga sem hér er nú til umræðu.

Það er auðvitað ljóst að ekki hefur tekist að standa við þann sparnað sem áætlaður var í fjárlögum ársins í ár og þarf út af fyrir sig ekki að setja langa ræðu á um það. Þar tala tölurnar skýru máli og reyndar nokkuð sama þó að hæstv. ráðherra reyni aftur og aftur að vitna til þess að sparnaður í rekstri hafi þrátt fyrir allt náðst og útgjöldin sýni það og frv. sem lagt var fram fyrir ári síðan hafi verið það traustasta og besta sem lagt hafi verið fram enda nýjum vinnubrögðum beitt. En niðurstöðurnar eru á blaði fyrir framan okkur og ég ætla ekki, eins og ég sagði áðan, virðulegur forseti, eyða löngum tíma í það.

Ég held að það hefði mátt leita annarra leiða sem hefðu gefið meiri sparnað í heilbrigðisþjónustunni en þann sem raun ber vitni. T.d með því að huga ofurlítið að ráðleggingum ráðgjafanna Ernst og Young, sem hæstv. ráðherra minnti okkur á áðan, en hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbrrh. gengu reyndar alveg þvert á þær tillögur sem þar voru fram settar um skipulag á rekstri sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu, svo dæmi sé tekið og á það minnt nú. Verður sjálfsagt hægt að fjalla um það síðar þegar rætt er um fjárlögin sjálf fyrir næsta ár og hvernig útgjöld hafa þróast á þessu ári við rekstur hinna þriggja stóru sjúkrahúsa á Reykjavíkursvæðinu.

Það sem mig langaði að nefna er fyrst það að áætlaður sparnaður í lyfjaútgjöldum hefur ekki náðst fram. Eru fyrir því ef til vill að hluta til þær ástæður að reglugerðir sem hugsað var að beita til þess að koma á hlutfallsgreiðslu í lyfjum tóku síðar gildi en áætlað hafði verið. Ég hygg þó að slíkar tillögur gefi ekki mikinn sparnað í þessum útgjöldum en þær gera hins vegar væntanlega hitt, sem hæstv. fjmrh. nefndi, þær vekja kostnaðarvitund hjá almenningi. Ég er út af fyrir sig hlynntur þeirri stefnu. Ég tel rétt að reyna eftir þeim leiðum sem við höfum tiltækar að vekja kostnaðarvitund hjá almenningi um útgjöld heilbrigðisþjónustunnar. Hins vegar er ég ekki alveg sammála því sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að það væri nauðsynlegt að innleiða þessar greiðslur í stærri stíl. Ég mundi a.m.k. vilja vita hvað hann á við þegar hann talar um stærri stíl í því efni, ég held ég hafi skrifað þetta orðrétt eftir honum, því ef það er svo að einstaklingar þurfi að auka svo greiðslur sínar vegna heilbrigðisþjónustunnar að hætta sé á að þeir nýti sér ekki þessa nauðsynlegu þjónustu held ég að við séum komin að hættumörkum.

Einnig held ég að það sé óeðlilegt að taka upp á sjúkrahúsunum eða heilsugæslustöðvunum einhvers konar skattstofur þar sem eigi reyna að ná því fram á þeim vettvangi hverjir hafa efni á að greiða og hverjir ekki. Það eigum við að gera í hinni almennu skattalöggjöf. Þar eigum við að leita leiða til þess að láta þá sem geta greitt skatta greiða þá en ekki setja upp skattstofur í heilsugæslustöðvunum, á sjúkrahúsunum eða jafnvel í skólunum, þegar verið er að innleiða þessa kostnaðarvitund eins og við höfum rætt um, en það óttast ég að verði gert ef á að fara að taka upp slíkar greiðslur í stærri stíl, svo ég vitni aftur til orða hæstv. ráðherra áðan.

Hæstv. ráðherra ræddi um þann sparnað í lyfjaútgjöldunum sem ekki hefur náðst upp á 300–400 millj. kr. Reyndar ber upplýsingum fjáraukalagafrv. annars vegar og upplýsingum frá heilbrrn. hins vegar ekki alveg saman sem er kannski ekki aðalmálið heldur hvernig það verður meðhöndlað. Hæstv. ráðherra sagði að ekki hefði enn náðst fullt samkomulag um meðferð þessa máls milli ráðuneytanna. Ég tek þá skýringu hans trúanlega og vænti þess að leiðrétting verði gerð á þessu máli í meðferð fjárln. á frv. sem er til umræðu. En ég bendi á að þá hefur eitthvað breyst frá því að frv. var lagt fram. Ef ég má vitna í grg. frv., með leyfi forseta, segir í kaflanum þar sem fjallað er um útgjöld almennt:

„Enn fremur er áætlað að allt að 300 millj. kr. útgjaldaaukning sjúkratrygginga á þessu ári færist til næsta árs."

Í kaflanum þar sem sérstaklega er fjallað um heilbr.- og trmrn. og málaflokka þess er þetta sjónarmið áréttað og segir:

„Loks er talið að greiðslur sjúkratrygginga vegna lyfjakostnaðar verði allt að 300 millj. kr. umfram áætlun fjárlaga. Þau útgjöld munu koma til frádráttar heimildum næsta árs."

Þessu veit ég að hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur mótmælt og talið að þetta væri óframkvæmanlegt. Þó hann hafi gerst mikill baráttumaður fyrir því að reyna að spara og hagræða í heilbrigðisútgjöldunum, stundum að vísu meira af vilja en mætti, þ.e. það hefur ekki allt náðst fram það sem hann hefur lagt til, hefur hann þó séð að í viðbót við það sem fjárlagafrv. fyrir næsta ár gerir ráð fyrir yrði þessum 300–400 millj. kr. ekki bætt við. Það segir okkur líka að hallinn á hallinn á ríkissjóði verður a.m.k. sem þessu nemur hærri en frv. það sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir.

Annað sem mig langaði að árétta enn frekar og einnig kom fram í seinni ræðu hæstv. ráðherra áðan er ósk heilbrrn. um lagfæringu á sértekjum Ríkisspítalanna. Ég verð að segja að ég var nokkuð hissa á því sem fram kom hjá hæstv. ráðherra áðan þegar hann lét orð falla á þá leið að ráðuneyti fjármála hafi aldrei fallist á að Tryggingastofnun ríkisins greiddi þessar sértekjur Landspítalans sem spítalanum er ætlað að innheimta og segir síðan að stofnanir verði að standa við fjárlög.

Við skulum segja að sú setning út af fyrir sig sé góð og gild ef menn leyfa sér að líta fram hjá því, sem

ég tel að hæstv. ráðherra hafi gert, hvernig að málum var staðið. Ég verð aðeins að fá að rifja það upp, virðulegur forseti, að við fjárlagagerðina í fyrra fyrir fjárlög þessa árs var gert ráð fyrir því að Ríkisspítalarnir afli sértekna með ákveðnum hætti. Síðan kemur í ljós að það stenst ekki vegna þess að það er enginn greiðandi af þessum sértekjum. Það er út af fyrir sig hægt að ætla stofnunum að innheimta sértekjur ef menn eru sammála um hvernig eigi að standa að því og hvernig þær sértekjur eigi að innheimtast. Þá er auðvitað eðlilegt að gera kröfu um það að stofnanirnar standi við slíka innheimtu. Það á alveg eins við um rekstrarútgjöld hvers konar. Ef spara á ákveðna upphæð á launalið eða í útgjöldum þá reyna menn að standa við það.

En hér var sem sagt ljóst að það var enginn greiðandi að þessum sértekjum upp á 100 millj. kr. og það er viðurkennt í grg. fjárlagafrv. fyrir næsta ár sem nú liggur fyrir. Mig langar, með leyfi forseta, að lesa eina setningu upp úr grg. þess frv. Þar segir:

„Breytingar til hækkunar frá forsendum fjárlaga 1992 eru annars vegar lækkun sértekna um 123 millj. kr. Þar af eru 100 millj. kr. tekjur sem ofmetnar voru í rekstraráætlun fyrir árið 1992."

Hér er þetta viðurkennt og þess vegna er sjúkrahúsinu ekki ætlað að innheimta þetta á næsta ári, og skal engan undra, en samt á að gera ráð fyrir því núna þegar skammt lifir af þessu ári að Ríkisspítalarnir standi við fjárlögin hvað þetta varðar.

Ég verð að ítreka þá spurningu til hæstv. fjmrrh.: Hvernig hugsar hann sér að Ríkisspítalarnir innheimti þessar sértekjur? Hver á að greiða þessar sértekjur upp á 100 millj. kr. sem búið er að viðurkenna í fjárlagafrv. fyrir næsta ár að enginn greiðandi er að og þess vegna er sértekjuáætlun Ríkisspítalanna lækkuð sem þessu nemur?

Ég vonast til þess að menn nái saman um þetta. Ríkisspítalar hafa eins og aðrar stofnanir lagt sig fram um það að standa við fjárlög þessa árs, að vísu með þeim afleiðingum að það hefur þurft að draga úr þjónustunni og deildum verið lokað. Þetta veit almenningur. Þetta vita að sjálfsögðu allir hv. alþm. og hæstv. ríkisstjórn. Samkvæmt forsendum sem fjárlagafrv. gerði ráð fyrir var fyrir löngu ljóst að þessi sérstaka upphæð, 96 millj. kr. í sértekjur Ríkisspítalanna á þessu ári, mundi ekki innheimtast og ekki verið gert ráð fyrir því að það væri neinn greiðandi að þeim sértekjum sem fjárlögin fyrir árið í ár gera ráð fyrir.

Þá hlýt ég að spyrja hæstv. fjmrh. hvort honum detti það virkilega í hug, hvort hann ætlist virkilega til þess að enn verði skorið niður um 100 millj. kr. hjá Ríkisspítölunum á þessum fáu vikum sem eftir lifa af þessu ári. Ég trúi því reyndar ekki og ég trúi því ekki að hann sjái ekki og viðurkenni ekki í raun að hér er nánast um óleysanlegan hlut að ræða og geta ekki verið rök fyrir öðru, miðað við það sem ég hef talið fram og fjmrn. reyndar sjálft viðurkennt og samþykkt fyrir næsta ár, en viðurkenna þessa staðreynd fyrir árið í ár.

Þetta langaði mig, virðulegi forseti, að árétta sérstaklega í þessum umræðum hér og nú. Það mætti auðvitað sjálfsagt fleira tína til en ég lengi ekki umræðurnar frekar. Ég veit að það hefur verið farið yfir hina ýmsu málaflokka í umræðunum í dag sem ég gat því miður ekki hlýtt á og læt þetta því duga.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það eru örfá atriði sem ég tel ástæðu til að nefna. Í fyrsta lagi er það fsp. frá 6. þm. Norðurl. e. sem spurðist fyrir um þau útboð sem farið hafa fram á vegum Vegagerðarinnar. Þau útboð snúa að nokkru leyti að framkvæmdum sem ekki eru á vegáætlun næsta árs. Fram hefur komið að Ríkisendurskoðun hefur fett fingur út í framkvæmdina. Af þessu tilefni vil ég segja þetta:

Innan tíðar mun verða lögð fram till. til þál. og í þeirri tillögu verður ráðgert að breyta útgjaldafjárheimildum Vegagerðarinnar á yfirstandandi ári þannig að 50 millj. kr. sem ætlaðar voru til snjómoksturs geti gengið til kostnaðar vegna útboðanna. Sum útboðin eru um framkvæmdir sem eru á vegáætlun og þær framkvæmdir verða að sjálfsögðu greiddar af fjármunum á næsta ári. Hins vegar verður settur sá fyrirvari í samninga við viðkomandi aðila sem taka að sér verkið að greiðslur komi ekki fyrr en fjárlög hafi verið samþykkt.

Haft hefur verið samband við Ríkisendurskoðun um framkvæmd málsins og gengið þannig frá málinu að Ríkisendurskoðun sætti sig við. Þetta vildi ég að kæmi fram með þessum hætti og jafnframt verði frá því skýrt að hér er ekki verið að breyta skiptingu á milli kjördæma því þótt boðin séu út verk sem tilheyra vissum kjördæmum mun sú skipting ekki breytast eftir að framkvæmdir fyrir allt næsta ár liggja fyrir. Þetta mál höfum við kannað mjög rækilega í fjmrn. og teljum að hægt sé að una við þessa framkvæmd málsins.

Hv. 2. þm. Austurl. ræddi um fjárlög og fjárlagahalla en það mál var nokkuð til umræðu fyrr í dag, ekki síst þegar hv. þm. Pálmi Jónsson ræddi um þetta mál og aðferðir til uppgjörs. Það kann að vera áhugavert að rifja það upp að ef gert hefði verið upp með reikningsaðferðinni á sl. ári hefði hallinn ekki verið 12,5 milljarðar heldur líklega nær 17 milljörðum vegna þess að um talsverðar skuldbindingar var að ræða.

Hv. þm. spurði síðan um 6. gr. fjárlaga og þá einkum og sér í lagi heimildir til kaupa á embættisbústöðum. Það er rétt sem fram kom í hans máli að athugun hefur staðið á því hvernig rétt sé að leigja út eða kaupa embættisbústaði og þó fyrst og fremst til að samræma reglur þar að lútandi milli aðila. Það eru fyrst og fremst prestar, læknar, sýslumenn og slíkir sem njóta þessara fríðinda. Þess vegna má gera ráð fyrir því að hægar verði farið í sakirnar að nota þær heimildir sem eru í 6. gr. Alls ekki er útilokað að fleiri bústaðir verði keyptir. Því miður gerðist það að sá starfsmaður ráðuneytisins sem um þetta mál fjallar sérstaklega varð veikur og hefur ekki getað komið til vinnu og einhver bið verður þess vegna á því að skýrsla verði tilbúin. Málið var til umræðu í ríkisstjórninni, það er hlé á þeirri umræðu en vonandi gefst kostur á því innan tíð-

ar að taka málið upp aftur þar til þess að fá skýrari línur í það.

Hv. þm. Guðmundur Bjarnason ræddi síðan nokkuð um útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála. Ég vil byrja á því að þakka ýmislegt sem kom fram í hans máli sérstaklega, sem ég reyndar vissi fyrir, hans skilning á því að það þyrfti að neyta margra tiltækra ráða til þess að ná niður útgjöldum og spara í þessum mjög svo dýra málaflokki.

Þegar ég var að ræða að það þyrfti í stærri stíl að láta fólk greiða hlutdeild í þeirri þjónustu sem það fær, bæði lyfjakostnað og á öðrum vettvangi, þá á ég við það til að mynda að það mætti hækka hlutfallið. Ég vil láta það koma fram að við gerum ráð fyrir því ef hlutfallsgreiðslurnar hækkuðu úr 25% í 30% að ríkissjóður spari þannig 150 millj. kr.

Ég á enn fremur við það að full ástæða er til þess að samræma reglur um gjaldtöku innan og utan sjúkrahúsa, t.d. að inniliggjandi sjúklingar greiði fyrir sömu þjónustu og göngudeildarsjúklingar, þannig að greitt verði fyrir sérfræðikostnað, lyf og rannsóknir. Þetta er auðvitað gert til þess að viðkomandi aðilar, hvorki læknar né sjúklingar, freistist til þess að leggja sjúkling inn á sjúkrahús í því augnamiði eingöngu að komast hjá þeim greiðslum sem viðkomandi hefði greitt ef hann hefði verið sjúklingur á göngudeild. Þetta er vel þekkt og ég veit að ég þarf ekki að skýra þetta frekar fyrir hv. þm.

Eins og fram hefur komið fyrr og kom aftur fram hjá hv. þm. er gert ráð fyrir því að 300 millj. kr. færist til næsta árs vegna sjúkratrygginga. Heilbrrn. hefur ekki samþykkt þá ákvörðun en frv. byggir á því eins og réttilega kom fram hjá hv. þm. Við erum nú að leita allra leiða til að ná niður þessum kostnaði. Fjmrn. hefur ekki fallist á að taka þessa upphæð inn á yfirstandandi ári en hefur heldur ekki útilokað það. Þetta er mál sem þarf að skoða mjög rækilega því svo kann að fara að við finnum leiðir til þess á næsta ári að létta af ríkinu kostnaði. Þá er auðvitað sjálfsagt að færa milli ára eins og gert hefur verið við aðrar stofnanir.

Um geislalækningar og krabbameinslækningar get ég ekki sagt mikið meira en ég hef þegar sagt. Fjárlagaskrifstofan hefur farið yfir öll sín gögn um málið og það eru einu heimildirnar sem um þetta er að finna í áætlunum sjúkrahússins, en þessar umræddu breytingar komu ekki til umræðna á milli heilbrrn. og fjmrn. og fjárlagaskrifstofan lækkaði ekki útgjaldaáætlun sjúkratrygginga vegna þessa máls enda hefur aldrei verið gert ráð fyrir hækkun útgjalda sjúkratrygginga vegna þess arna í fjárlagavinnunni. Þetta er sú niðurstaða sem kemur frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. Ef hér er hins vegar um mistök að ræða þá er að sjálfstöðu ástæða til að líta á það en staða málsins í dag er þessi.

Vænti ég þess þá, virðulegi forseti, að mér hafi tekist að svara flestum þeim fyrirspurnum sem til mín var beint.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil vel þörfina á því að setja fjáraukalög til þess að ganga endanlega frá svo viðamiklu máli eins og fjárlögin eru en ég skil hins vegar ekki þörfina á því að fara allt í einu að samþykkja aukavegáætlun til þess að fá stimpil Alþingis á geðþóttaákvarðanir ríkisstjórnar og samgrh. í vegamálum. Þetta eru algerlega óþolandi vinnubrögð, ekki síst í ljósi þess að um framkvæmd vegamála hafa skapast afskaplega fastar og ég vil segja farsælar reglur í ráðuneyti og Alþingi með vegáætlun eins og þar hefur verið unnið, m.a. á þann hátt að það séu þingmenn kjördæmanna sem endanlega skipti vegafénu í hverju kjördæmi fyrir sig.

Ef á að halda áfram á þessari braut þá veit ég ekki hvað kemur hæst. En að mínu mati er þetta næsta stig við það að ríkisstjórn ætli að fara að stjórna með tilskipunum nánast í öllum málum og ætli síðan að bjarga sér út úr málinu með því að koma með tillögu að einhvers konar aukavegáætlun og taka 50 millj. af snjómokstursfé til undirbúnings þessara útboða. Segja má um þetta, eins og sagt var einu sinni, að kannski er hægt að finna því stað að þetta sé löglegt en ég efast mjög um siðferðið á bak við. Þarna er verið að sniðganga lög á afar vafasaman hátt.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fullvissa hv. þm. um að það hefur verið leitað til Ríkisendurskoðunar þannig að það er ljóst að ekki er verið að brjóta lög.

Í öðru lagi vil ég að það komi fram að það þykir afar heppilegt að fara í þessar vetrarframkvæmdir, annars vegar vegna þess að það fæst meira út úr útboðum núna en ella og hins vegar vegna þess að með þessum hætti er komið í veg fyrir atvinnuleysi talsvert stórs hóps manna. Ég held að ef við lítum til allra þessara þátta þá sé ofur eðlilegt að málið komi inn í þingið með þeim hætti sem gert er ráð fyrir. Ég veit að hv. þm. getur þá gert sínar athugasemdir en ég held að langflestir skilji að hér er verið að gera hluti sem eðlilegir, nauðsynlegir og æskilegir eru og þetta breytir í engu skiptingarreglum á milli kjördæmanna eins og glöggt mun koma fram í þeirri þáltill. sem lögð verður fyrir þingið innan tíðar.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil benda hæstv. samgrh. á að þetta kemur því ekkert við hvort menn ætli sér að framkvæma eitthvað í vegagerð í vetur. Það eru næg verkefni samkvæmt samþykktri vegáætlun sem hefði verið hægt að vinna við og bjóða út. Ég bendi honum á að ég er ekki að taka neina efnislega afstöðu til þeirra verka sem þarna eru boðin út en ég bendi einfaldlega á að þau sum hver eru ekki einu sinni inni á vegáætlun. Og það eru næg verkefni á fyrirliggjandi vegáætlun sem hefði verið hægt að grípa til til þess að auka vegaframkvæmdir og atvinnu á þessu stigi eins og nú er, enda snýst spurningin ekki um það. Spurningin snýst heldur ekki um það hvort hægt sé að finna eftir á einhverja lagakróka til að bjarga sér í horn. Spurningin snýst um það hvort menn ætli að viðhafa þau vinnubrögð sem hafa verið mótuð á umliðnum árum

um framkvæmd vegamála. Það er greinilegt að núv. hæstv. ríkisstjórn ætlar sér ekki að gera það. Hún vill geta búið til sína eigin vegáætlun og fá hana síðan stimplaða eftir á á Alþingi. Það er um það sem málið snýst, hæstv. ráðherra. Það snýst ekki um það hvort ríkisstjórnin er búin að finna sér einhverja lagakróka til að sleppa út úr málinu. Þetta snýst um siðferði og vinnubrögð.

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann gaf við spurningum mínum. Við vitum þá nokkru meira um það nú hvernig hann getur hugsað sér að láta einstaklinga taka meiri þátt í kostnaði við heilbrigðisþjónustuna heldur en í hans fyrri ræðu. Ég vil þó benda á að það að hækka hlutfall einstaklinga í þátttöku við greiðslu lyfja úr 25% í 30% gefur ekki nema 150 millj. Auðvitað eru 150 millj. miklir peningar þannig að ég á kannski ekki að orða það svo að segja „ekki nema" vegna þess að auðvitað munar einstaklingana um það og ef ætti að ná 300–400 millj. kr. út úr þessu, þá sjá menn hvert stefnir því að ég býst við því að þar að auki veiti hæstv. heilbrrh. ekki af að finna einhverjar aðrar leiðir eða hækka hlutfallið enn meira ef hann á að standa við það sem fjárlagafrv. næsta árs gerir ráð fyrir og væntanlega fjárlög þessa árs. Þetta vil ég láta koma fram.

En ég vil líka segja við hæstv. ráðherra að mér fannst hann gefa aðeins undir fótinn með að það yrði að skoða betur sértekjumál Ríkisspítalanna og ég fagna því vegna þess að hæstv. ráðherra sagði að ef hér væri um einhvern misskilning að ræða þá yrði að sjálfsögðu að skoða það. Ég held að það hljóti að vera misskilningur þegar stofnun eru ætlaðar 100 millj. kr. í tekjur án þess að gera ráð fyrir því hver eigi að greiða þær eða hvaðan þær tekjur eigi að koma. Ef það væri ákveðið að það ætti að innheimta af inniliggjandi sjúklingum; ef það hefði verið í forsendum þessa fjárlagafrv. þá hefðu Ríkisspítalarnir auðvitað orðið að bregðast við því. Við því væri ekkert að segja. Það er bara ákvörðun stjórnvalda, það er bara ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar að standa þannig að málinu og Ríkisspítalarnir, eins og aðrar sjúkrastofnanir, hefðu þá orðið að bregðast við því en það er ekki. Það er sem sagt ekki gert ráð fyrir neinum greiðanda og þess vegna tel ég að það sé einsýnt að það verði að leiðrétta málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Tilhögun þingfundar.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil leita upplýsinga um það hvernig hátta eigi þinghaldi í kvöld. Það hefur engin tilkynning borist til þingflokkanna um að hér eigi að verða kvöldfundur. Við sjáum hins vegar að það er farið að undirbúa borðhald hér niðri sem bendir til þess að það sé ætlun einhverra að halda fundi í kvöld en ég man ekki til þess, alla vega þá vetur sem ég hef setið hér, að hér séu haldnir kvöldfundir án þess svo mikið sem að láta þingflokkana vita af því að slíkt standi til.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill taka fram að enn er eigi ljóst hvort kvöldfundur verður. Það verður haldið fram fundi fram á kvöldverðartíma og síðan kemur þá í ljós hvernig málum hefur þokað áfram og hvort þá verður þörf á því að hafa kvöldfund. Ég vil minna á að í starfsáætlun Alþingis er gert ráð fyrir að fundir á þriðjudögum geti orðið langir og e.t.v. kvöldfundir en ég sé ekki fram úr því enn þá hvort af því verður nú í kvöld.

Lánsfjárlög 1993, 1. umr.

Stjfrv., 145. mál. — Þskj. 166.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til lánsfjárlaga sem er 145. mál þessa þings. Lánsfjárlög eru nú sem fyrr mótuð af niðurstöðum fjárlagafrv. og þeirri efnahagsstefnu stjórnvalda sem það byggist á.

Í upphafi máls míns vil ég vekja athygli á fjórum atriðum sem að þessu sinni eru helstu einkenni frv. til fjárlaga og snerta lánsfjármál.

1. Lánsfjáreftirspurn hefur dregist verulega saman á yfirstandandi ári. Frumstæður verðbréfamarkaður og erfiðleikar í rekstri banka hér á landi hafa einkum orðið til þess að samdráttar gætir ekki nægjanlega í lækkun vaxta.

2. Gangi áætlun frv. eftir mun hrein lánsfjáröflun ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og opinberra lánastofnana lækka enn frekar á næsta ári. Góðar líkur eru á að rúmlega ⅔ hluta hennar verði unnt að afla innan lands án þess að það leiði til hækkunar vaxta.

3. Greiðslubyrði vaxta og afborgana af erlendum lánum er vaxandi áhyggjuefni. Á næsta ári fer nálægt helmingi hærri hlutur útflutningsverðmæta þjóðarinnar til þessara greiðslna en árið 1987.

4. Samhliða því að yfirdráttarheimild ríkissjóðs í Seðlabanka fellur niður um næstu áramót hef ég ákveðið að láta vaxtaákvörðun á ríkisverðbréfum ráðast af útboðum á markaði. Með þessu er stigið veigamikið skref frá beinum afskiptum af vaxtaákvörðun í landinu.

Betra jafnvægi ríkir nú á lánamarkaði en á undanförnum tveimur árum. Ástæða þess er að verulega hefur dregið úr lánsfjáreftirspurn. Á fyrri hluta þessa árs er lánsfjáreftirspurnin talin hafa aukist um 4,2% eða 27 milljarða kr. í stað 12,9% eða 68 milljarða kr. á sama tíma í fyrra. Samdrátturinn nemur þannig 60%. Lán til ríkisins jukust um 6,5% á fyrri hluta þessa árs samanborið við 20,3% á sama tíma í fyrra. Minni ásókn í lánsfé ætti að öðru jöfnu að leiða til lækkunar raunvaxta. Þessara áhrifa gætti á fyrri hluta ársins og fóru raunvextir þá lækkandi.

Á síðustu mánuðum hafa raunvextir sveiflast á verðbréfamarkaði en það er fremur talið endurspegla veikleika hans en breytingar á framboði og eftirspurn. Á síðustu vikum hafa vextir á óverðtryggðum skammtímabréfum þó heldur þokast niður á við.

Á undanförnum árum hefur lánsfjárþörf hins opinbera aukist mjög mikið. Hér vegur þyngst lánsfjárþörf húsnæðislánakerfisins og ríkissjóðs. Á þessu ári hefur tekist að hægja verulega á þessari þróun og er útlit fyrir að hrein lánsfjárþörf hins opinbera verði um 12 milljörðum kr. minni á þessu ári en 1991. Þetta sýnir glögglega þann árangur sem náðst hefur í ríkisfjármálum á árinu.

Hrein lánsfjárþörf hins opinbera er áætluð röskir 25 milljarðar kr. á árinu 1993 eða um 3 milljörðum kr. lægri en á þessu ári. Áformað er að afla 17,6 milljarða kr. á innlendum markaði nettó en 7,5 milljarða kr. erlendis. Á þessu ári nema hreinar lántökur innan lands 22 milljörðum kr. og erlendar lántökur 6,5 milljörðum kr. nettó. Á áætluðu verðlagi næsta árs hefur lánsfjárþörf hins opinbera lækkað úr ríflega 42 milljörðum kr. árið 1991 niður í 25 milljarða kr. á árinu 1993 eða um 40% ef áætlanir ganga eftir. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun Seðlabanka Íslands er talið að innlendur sparnaður verði um 34 milljarðar kr. árið 1992, þar af kerfisbundinn sparnaður um 20 milljarðar kr. eða heldur meiri en á síðasta ári. Aukning frjáls sparnaðar er hins vegar minni en á síðasta ári eða 14 milljarðar kr. Áætlað er að heildarsparnaður verði um 36 milljarðar kr. á árinu 1993 og verði 9,3% af landsframleiðslu. Reiknað er með að kerfisbundinn sparnaður verði um 19 milljarðar kr. en sá frjálsi um 17 milljarða kr. Rétt er að undirstrika að skekkjumörk við þessar áætlanir eru veruleg og því verður að skoða niðurstöðuna með fyrirvara. Lánsfjárþörf hins opinbera sem hlutfall af nýjum, innlendum sparnaði er því áætluð tæplega 70% á árinu 1993.

Á árinu 1993 var gert ráð fyrir að nýjar erlendar lántökur þjóðarbúsins til lengri tíma en eins árs verði um 31 milljarður kr. Að afborgunum frátöldum er áætlað að hrein aukning erlendra lána á árinu 1992 verði 7,5 milljarðar kr. sem jafngildir 2% af landsframleiðslu. Hrein aukning erlendra lána þjóðarbúsins á árinu 1992 er áætluð 12,8 milljarðar kr. Til að fá raunhæfa mynd af erlendum skuldbindingum þjóðarbúsins er eðlilegt að skoða það sem kallað er hrein skuldastaða, þ.e. stöðu langra erlendra lána og skammtímaskulda að frádreginni gjaldeyriseign þjóðarinnar. Skuldastaðan sem hlutfall af landsframleiðslu hefur farið hækkandi frá árinu 1987, enda hefur verið stöðugur halli á viðskiptum við útlönd allt þetta tímabil sem fjármagnaður er með erlendum lánum. Árið 1992 eru horfur á að skuldahlutfallið verði nálægt 49% af landsframleiðslu og á árinu 1993 stefnir í 52% eða með því hæsta sem orðið hefur. Þessi skuldastaða hlýtur að vekja okkur öll til umhugsunar um þá hættu sem stafað getur af mikilli erlendri skuldasöfnun. Greiðslubyrði vaxta og afborgana af erlendum lánum þjóðarbúsins stefnir í sömu átt. Í ár er hún talin verða um 8,3% af landsframleiðslu. Það jafngildir um 25% af útflutningstekjum þjóðarinnar. Í áætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að greiðslubyrðin þyngist verulega vegna mikilla afborgana af erlendum lánum og fari í 30% af útflutningstekjum. Þetta jafngildir því að allar þorskafurðir landsmanna ganga til afborgana af erlendum lánum þjóðarinnar á næsta ári. Vaxtabyrðin eykst þó minna þrátt fyrir aukna skuldsetningu þar sem á móti vegur áframhaldandi lækkun vaxta á alþjóðamörkuðum. Þannig er talið að meðalvextir af erlendum lánum lækki á þessu ári úr 8% í 6,9% og verði um 6,7% á árinu 1993 ef áætlanir um þessi atriði standast.

Í byrjun júní á þessu ári gerði fjmrn. samning við Seðlabanka Íslands um fyrirgreiðslu bankans við ríkissjóð sem takmarkar aðgang ríkissjóðs að yfirdrætti í Seðlabankanum innan ársins. Ákvæði samningsins taka mið af framlögðu frv. til laga um starfsemi Seðlabanka Íslands. Í samningnum er gert ráð fyrir að dregið verði úr fyrirgreiðslu Seðlabankans í áföngum. Þannig er á þessu ári 3 milljarða kr. hámark á yfirdráttarheimild ríkissjóðs en um áramótin fellur yfirdráttarheimild niður. Þetta hefur það í för með sér að ríkissjóður verður að mæta allri lánsfjárþörfinni á markaði. Með þessu er stefnt að því að draga úr þensluáhrifum sem mikill yfirdráttur ríkissjóðs í Seðlabanka gæti valdið. Nauðsynlegur þáttur í þessari nýbreytni er að ríkissjóður eigi jafnan aðgang að lánsfé á lánamarkaði. Því var ákveðið að láta vaxtaákvörðun á ríkisverðbréfum ráðast í útboðum á markaði en fram að þeim tíma hafði vaxtaákvörðunin verið tekin einhliða af stjórnvöldum. Með þessu var stigið veigamikið skref frá beinum afskiptum af vaxtaákvörðun í landinu. Fyrstu verðbréfin sem seld voru með útboði voru ríkisbréf og hafa þau verið boðin út mánaðarlega síðan í júní. Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa hefur farið lækkandi með hverju útboði og er meðalávöxtun bréfanna nú 10,6% en var 11,5% í júní. Er sú þróun í samræmi við þá stöðu sem ríkir á peningamarkaði um þessar mundir.

Nú hefur verið ákveðið að ríkisvíxlar og spariskírteini ríkissjóð verði seld á sama hátt og ríkisbréfin, þ.e. með útboði. Fyrsta útboð spariskírteina fór fram um miðjan október. Frá og með næstu mánaðamótum verða ríkisvíxlar seldir með útboði. Framvegis mun ríkissjóður þannig hafa meiri möguleika á að stýra samsetningu þeirra lána sem hann tekur, þar á meðal hlutfalli milli langtímalána og skammtímalána en hlutfall skammtímalána hefur verið allt of hátt.

Frv. til lánsfjárlaga 1993 nær til allra lána sem ríkissjóður hyggst taka eða ábyrgjast á árinu 1993. Þannig næst heildarsýn yfir ríkisábyrgðir á einum vettvangi.

Helsta nýmæli frv. er að í viðauka sem birtist með lagatexta kemur fram hvernig ráðgert er að skipta lántökum einstakra aðila milli erlendra og innlendra markaða. Þó segir að fjmrh. sé heimilt að víkja frá þeirri skiptingu hvað varðar ríkissjóð enda standi sérstaklega á og að höfðu samráði við bankastjórn Seðlabanka Íslands. Að baki liggja tvær meginástæður. Í fyrsta lagi þarf ríkissjóður strax á næsta ári að mæta allri lánsfjárþörf sinni á markaði þegar tekið verður fyrir yfirdrátt ríkissjóðs í Seðlabankanum eins og áður var

nefnt. Mikilvægt er að sú breyting valdi ekki óæskilegum sveiflum á peningamarkaðinum. Í öðru lagi taka nýjar reglur um fjármagnsflutninga til og frá öðrum löndum gildi um næstu áramót. Þykir ástæða til að hafa þetta svigrúm verði verulegt fjárstreymi úr landinu.

Þá er ákvæði í frv. þess efnis að lögbundin framlög til ýmissa aðila og verkefna skulu ákveðin í fjárlögum 1993.

Ég mun nú, virðulegur forseti, víkja að lántökum samkvæmt frv.

Í frv. er gert ráð fyrir að heimila ríkissjóði lántöku að fjárhæð allt að 15,8 milljarða kr. á árinu 1992 og er það í samræmi við greiðsluyfirlit fjárlagafrv. Afborganir af eldri lánum ríkissjóðs eru áætlaðar 6,3 milljarðar kr. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs nemur þannig um 9,5 milljörðum kr. Í ár stefnir hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs í u.þ.b. 11 milljarða kr. Af fyrrnefndum 15,8 milljarða kr. lántöku ríkissjóðs er gert ráð fyrir að endurlána 6,2 milljarða kr. til stofnana og sjóða í B-hluta fjárlaga. Þar vega þyngst 3,5 milljarða kr. lán til Lánasjóðs ísl. námsmanna og 1,3 milljarða kr. lán til atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar til að mæta misvægi á greiðslustreymi greiddra og innheimtra afborgana og vaxta. Á móti þessum lánveitingum er gert ráð fyrir að innheimta afborgana af áður veittum lánum nemi um 3,2 milljörðum kr. á árinu 1993.

Það sem ég sagði áður um 15,8 milljarðana átti ekki við 1992 heldur 1993 eins og ég býst við að hv. þm. hafi heyrt og skilið.

Stærsti hluti lánsfjárþarfar hins opinbera á næsta ári er nú sem fyrr vegna húsnæðislánakerfisins. Í frv. er gert ráð fyrir að heimila Húsnæðisstofnun ríkisins lántöku allt að 21 milljarði kr. eða um 14,3 milljörðum kr. umfram afborganir hennar. Miðað er við að ný húsbréf verði afgreidd fyrir að hámarki 12 milljarða á árinu 1993 sem er sama fjárhæð og í ár. Nýjar lántökur byggingarsjóðanna nema um 9 milljörðum kr.

Áætlað er að Landsvirkjun taki lán að fjárhæð allt að 7.450 millj. kr. á árinu 1993. Hrein lánsfjárþörf verður þó ekki nema 730 millj. kr. eða sem svarar til fyrirhugaðra framkvæmda þar sem afborganir af eldri lánum nema 6,7 milljörðum.

Þá er í frv. gert ráð fyrir að lántökur opinberra fjárfestingarlánasjóða nemi allt að 4,5 milljörðum kr. en hér vegur þyngst 2,3 milljarða kr. lántaka Iðnlánasjóðs.

Í lánsfjárlögum fyrir árið 1992 var ríkisábyrgð afnumin af öllum skuldbindingum sem Fiskveiðasjóður stofnaði til eftir 1. mars 1992. Þannig er ekki sett þak á lántökur Fiskveiðasjóðs í 4. gr. frv. Hins vegar bera lánskjör Fiskveiðasjóðs ótvírætt vitni þess að erlendir lánardrottnar telji að eignarhald ríkissjóðs á sjóðnum jafngildi fullri ríkisábyrgð. Í viðauka frv. er miðað við að lántökur Fiskveiðasjóðs verði ekki hærri en 2,5 milljarðar á næsta ári.

Áætlaðar afborganir áðurnefndra fjárfestingarlánasjóða ríkisins nema 6,9 milljörðum kr. þannig að hrein lánsfjárþörf þeirra er því sem næst engin.

Í frv. er gert ráð fyrir að ríkissjóður veiti sjálfskuldarábyrgð á lántökum tveggja sjálfstæðra aðila á árinu 1993, samtals að fjárhæð 89 millj. kr. Hér er um lægri fjárhæð að ræða en oft áður. Ríkisábyrgðir hafa verið notaðar ótæpilega á undanförnum árum og hafa menn sopið seyðið af því hvað felst í því að veita ríkisábyrgðir. Þannig hefur þurft að afskrifa verulegar fjárhæðir hjá fjárfestingarlánasjóðunum og aðrar ábyrgðir hafa fallið beint á ríkissjóð. Með aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu er skylt að gera þessi málefni mun gegnsærri en verið hefur. Á vegum ráðuneytisins er verið að skoða hvernig reglum um ríkisábyrgðir verður breytt svo ekki verði gengið eins léttúðlega um þær og til þessa. Vonir standa til að unnt verði að ljúka því verki í vetur. Til greina kemur að lögfesta þá reglu að í stað ábyrgða verði ákveðin framlög svo sem til ferjumála og annarra áþekkra mála þar sem víst er að tekjur af fjárfestingum munu ekki standa undir útgjöldum.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir áformum stjórnvalda um lántöku ríkissjóðs og annarra opinberra aðila sem ríkissjóður gengst í ábyrgð fyrir. Frv. til lánsfjárlaga 1993 tekur mið af þeim árangri sem náðst hefur í ríkisfjármálum á yfirstandandi ári og stuðlar að því að bæta hann enn frekar.

Ég mælist til þess að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til hv. fjárln. sem vísi því svo til efh.- og viðskn. til frekari umfjöllunar. En fyrst þarf að sjálfsögðu að vísa því til 2. umr.

Ég mun ekki fjalla frekar um frv., greinarnar eru tiltölulega skýrar og hafa legið fyrir í þskj. og í frv. er að finna athugasemdir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Þau lánsfjárlög sem nú eru til umfjöllunar byggjast á þeim grunni sem fjárlagafrv. gerir. Á þessu stigi veit maður ekki hversu alvarlega maður á að taka þessi plögg. Ég býst við að nær væri að tala um „ekki-frv." til fjárlaga og „ekki-frv." til lánsfjárlaga því aðilar úti í þjóðfélaginu, aðilar vinnumarkaðarins og e.t.v. einhverjir fleiri, eru að vinna að tillögum að aðgerðum í atvinnumálum sem væntanlega gera það óhjákvæmilegt að fjárlagafrv. verði meira eða minna tekið upp frá því sem búið er að leggja fram núna. Hvort það hefur mikil áhrif á greiðsluyfirlit og greiðsluflæði, skv. 1. gr. fjárlagafrv. sem frv. til lánsfjárlaga byggir á, skal ég ekki segja.

Ég ætla að koma örfáum orðum að því sem hæstv. fjmrh. sagði um þróun lánsfjármarkaðar og vaxta. Á síðasta þingi hélt hæstv. fjmrh. margar ræður um það að ef tækist að koma böndum á ríkisfjármálin skapaðist aukið svigrúm fyrir atvinnulífið í landinu og þá mundi nánast allt annað leysast að sjálfu sér. Hæstv. ráðherra dró eilítið í land í ræðu sinni áðan þegar hann kynnti okkur þá staðreynd sem legið hefur fyrir um nokkurt skeið, að þrátt fyrir minnkandi spennu á lánamarkaði hafa vextir ekki lækkað í neinu hlutfalli við það. Það skyldi þó ekki vera, hæstv. ráðherra, að þetta dæmi hafi verið flóknara en látið var í veðri vaka á sl. vetri? Það gæti verið að hlutirnir hafi æxlast eilítið öðruvísi. Kannski hefur fleira áhrif á vaxtastigið en eft-

irspurn ríkisins eftir lánsfé.

Hæstv. fjmrh. kenndi ófullburða verðbréfamarkaði hér á landi um að vextirnir hefðu ekki lækkað eins og við hefðum kannski getað reiknað með miðað við minni lánsfjáreftirspurn.

Það sem hæstv. ráðherra gleymdi hins vegar að nefna var atriði sem við stjórnarandstæðingar höfum hamrað á í meira en ár á Alþingi að ríkisstjórn á hverjum tíma verður að huga að því hver staða og rekstrarskilyrði atvinnulífsins í landinu eru og það erum við núna að finna út að hefur áhrifaríkar afleiðingar á vaxtastigið. Það er nefnilega þannig að forsvarsmenn bankanna hafa sagt það undanfarið að þeir treysti sér ekki til þess að lækka vexti meðan sú gjaldþrotahrina vofir yfir atvinnulífinu sem nú er. Á meðan svo er að bankar og fjármálastofnanir þurfa að afskrifa stórar upphæðir í töpuðum útlánum helst vaxtamunurinn hár, því eins og eiginfjárstaða bankastofnana á Íslandi er núna geta þær ekki sótt þessa fjármuni annað en í háan vaxtamun. Þetta undirstrikar það að ríkisstjórn á hverjum tíma þarf að huga að meiru en því að fjárlagahallinn sé ekki mikill og að hlutfall ríkisins í þjóðartekjum sé ekki allt of hátt. Ríkisstjórn verður einnig að sjá til þess að ekki fari allt úr böndunum í atvinnulífinu því þá riðlast allt fjármagnskerfið um leið.

Það er að renna upp fyrir mönnum að samspilið þarna á milli er miklu nánara og viðtækara en menn hafa ætlað, í það minnsta það sem forsvarsmenn núverandi ríkisstjórnar hafa ætlað.

Ég bendi hæstv. fjmrh. einnig á að þær þjóðir sem mestum jöfnuði hafa náð í sínum þjóðarbúskap á liðnum áratugum hafa einmitt unnið eftir þeirri kenningu að þar yrðu allir þættir að spila saman, ríkisvaldið, atvinnulífið og bankakerfið. Þar sem menn hafa ætlað að grípa til patentlausna sem byggja á því að með því að hræra í einum þessara liða lagist annað, hafa hlutirnir ekki gengið eins vel fyrir sig.

Það var einnig athyglisvert í ræðu hæstv. fjmrh. þegar hann ræddi — virðulegi forseti, nú geri ég hlé á ræðu minni meðan menn þinga um það hvernig halda eigi áfram þinghaldinu í kvöld, þar sem, eins og ég benti á áðan, láðst hafði að tilkynna stjórnarandstöðuflokkunum það að til stæði að halda kvöldfund. — Ég held þá áfram ræðu minni og var kominn þar sem ég vék að ræðu hæstv. fjmrh. þar sem hann var að tala um hlutfall skuldabyrði okkar erlendis af þjóðarframleiðslu og hlutfall greiðslubyrði af útflutningsverðmætum. Nú ætla ég ekki að draga það í efa að þar erum við komin að ákveðnum hættumörkum. Til þess að sýna fram á að skuldabyrðin hafi verið að aukast háskalega á þessum árum, þá greip hæstv. ráðherra til röksemdafærslu sem hæstv. forsrh. ræddi um sem óheiðarlega í sjónvarpi í gær, þ.e. að taka þetta sem hlutfall af þjóðarframleiðslu sem náttúrlega sveiflast verulega. Útflutningstekjurnar sveiflast líka. Þetta nefndi hæstv. forsrh. þegar rætt var um að skattbyrði núv. ríkisstjórnar væri hærri en á síðustu árum sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Þetta er hættulegur útreikningur og er í ætt við það sem einum fréttamanni varð á í gær eða fyrradag þegar hann ræddi um að ef það yrði 15% gengisfelling hækkuðu skuldir okkar erlendis um ótilgreinda milljarða. Það var að vísu í íslenskum krónum en gleymdist að ræða um hvernig það hefði staðið í þeirri mynt sem skuldirnar væru í á hverjum tíma.

Ég vil hins vegar ekki draga úr því að þarna erum við komin á hættumörk. Við verðum að snúa af þessari leið og vinna okkur á það stig að við getum farið að greiða af skuldum okkar á næstu árum.

Það sem ég sagði um samspil ríkisfjármála, bankakerfis og atvinnulífs, er svo sem ekki nýtt. Ég kom fram með þetta allt saman í utandagskrárumræðu um atvinnumál á fyrstu dögum þingsins. Þá sagði hæstv. forsrh. reyndar að allt væri í lagi, allt væri á réttri leið og við þyrftum ekki að hafa neinar áhyggjur af þessum þáttum.

Varðandi samspil ríkissjóðs, bankakerfis og atvinnulífs ætla ég að lokum að koma örfáum orðum að hugmyndum um sölu ríkisbankanna sem á að gefa, ef ég man rétt, 1.100 millj. á næsta ári. Ég spyr hæstv. fjmrh. að því hvers virði ríkisbankarnir verði ef haldið verður áfram á braut aðgerðaleysis í atvinnu- og fjármálum og sú gjaldþrotahrina ríður yfir sem allir ábyrgir aðilar innan verkalýðshreyfinga og atvinnulífs eru sammála um að muni gerast ef ekki verður gripið til aðgerða á næstunni. Þá spyr ég hæstv. fjmrh. einnig að því hvers virði hlutafé í hinum íslensku bönkum verði ef þannig fer.

Þetta leiðir hugann að því að nágrannaþjóðir okkar, Norðmenn, Finnar og Svíar að nokkru, hafa verið að læra þá beisku lexíu á síðustu missirum að ekki verður undan því komist að ríkisvaldið beri nokkra ábyrgð á bankakerfinu hvort sem það er í eigu þess eða ekki.

Örfá orð um frv. sem liggur hérna fyrir. Þar er ósköp fátt sem vekur upp spurningar. Þetta eru allt gamlir kunningjar að fráskildu einu ákvæði sem er 11. gr., um ráðstafanir vegna fjárlaga 1993. Þessar ráðstafanir voru í bandorminum á síðasta ári og þá í því formi að hver breyting á lögum var þar sem sérstök grein. Ég hygg að svo hafi verið áður þegar bandormurinn var fluttur með lánsfjárlögum eins og þá var gert. Nú hagar hins vegar þannig til að búið er að setja þetta upp þannig að þessar breytingar eru allar saman í einni grein og ekkert tilgreint hvað þær þýða í raun, hver munurinn sé á því sem viðkomandi lög segja til um og því sem stendur í fjárlagafrv. eins og það er í dag. Þessar upplýsingar liggja hvergi fyrir í aðgengilegu formi í þeim gögnum sem við þingmenn höfum fengið. Það er afar sérkennilegt að þetta skuli sett upp á þennan hátt. Ég spyr hæstv. fjmrh. hvaða ástæður liggi að baki því að þetta er gert á þennan hátt.

Ég nefni einnig að hér er viðauki sem er nýmæli en þar eru listaðar upp þær heimildir sem eru til innlendrar og erlendrar lántöku hins opinbera 1993. Þar er Fiskveiðasjóður sem þó var ákveðið á síðasta ári að taka út úr lánsfjárlögum. Þetta er túlkað sem skilaboð frá ríkisvaldinu um það að Fiskveiðasjóður fari ekki umfram þessar lántökur erlendis þar sem erlendir lánardrottnar líti svo á eign ríkisins á sjóðnum að hún

samsvari ríkisábyrgð. Ég spyr þess vegna hæstv. fjmrh.: Ef frv. væri sjálfu sér samkvæmt ætti þá ekki að vera ákvæði um heimildir ríkisbankanna til lántöku erlendis þar sem með sömu röksemdafærslu væri hægt að benda á að þeir nytu ríkisábyrgðar þar sem þeir eru alfarið í eigu ríkisins?

Það væri freistandi að fara út í langar umræður um stöðu atvinnulífsins, þátt ríkisvaldsins í vaxtastigi og öðrum þáttum. Ég hef reyndar eilítið gert það núna en mun ekki fara frekar út í það.

Að lokum vil ég nefna eitt atriði í áformum ríkisstjórnarinnar sem tengist mjög fjármálamarkaðnum í heild en það er sala ríkisfyrirtækja. Nú eru þau miseftirsótt en það sem á að vera stóri bitinn er eins og ég nefndi áðan sala á ríkisbönkunum. Nú færði ég nokkur rök að því að ef ríkisstjórnin héldi áfram á braut aðgerðarleysis gagnvart atvinnulífinu, þá væri vandséð hvers virði bankakerfið verður þegar líða fer á næsta ár. Við skulum gefa okkur að það takist að knýja ríkisstjórnina af þeirri óheillabraut sem hún er á og inn á braut skynsamlegra aðgerða, en þá spyr ég enn eins og ég gerði á síðasta ári: Hvernig álítur hæstv. fjmrh. að sala svo stórra eigna ríkisins, sala hlutabréfa í ríkisbönkunum, muni virka á mjög viðkvæman hlutabréfamarkað sem nú er í mikilli lægð? Það er hins vegar brýn nauðsyn fyrir atvinnulífið í landinu að komast á næstunni inn á hlutabréfamarkaðinn, peningamarkaðinn, með því að bjóða út hlutabréf í sínum rekstri.

Ég held að við þessar aðstæður hljóti að vera frumskylda ríkisins að hlúa að þeim markaði og trufla hann ekki meira en nauðsynlegt er. Ég er þeirrar skoðunar að það að setja 1.100 millj. kr. í hlutabréfum í ríkisbönkunum inn á þann markað á næsta ári mundi trufla hann mjög mikið.

Það er líka hægt að spyrja ýmissa spurninga um einkavæðingu í þessu sambandi því að á stundum sýnist mér að ríkisstjórnin sé að rugla saman einkavæðingu og einokun. Þar höfum við kannski frægasta dæmið um Bifreiðaskoðun ríkisins. Annað mjög svipað dæmi sýnist mér vera í uppsiglingu núna og það er salan á Jarðborunum ríkisins. En við þá sölu batt fjmrh. nokkrar vonir um uppgjör ríkissjóðs á þessu ári. Þar sýnist mér vera um skólabókardæmi að ræða þar sem ruglað er saman einokun og einkavæðingu. Það styð ég með því að fyrir nokkrum vikum vöknuðu Jarðboranir upp við vondan draum og áttuðu sig á því að í landinu var til einn nokkuð öflugur jarðbor sem gæti veitt þeim samkeppni sem á þessu stigi var í eigu þrotabús Ísbors og Byggðastofnun hafði yfirumsjón með. Jarðboranir ríkisins vöknuðu upp við vondan draum og hinar tvær stofnanir, einkavæðingarnefndin og starfsmenn Byggðastofnunar, sömdu um það í snarhasti að Jarðboranir keyptu borinn fyrir slikk til þess að tryggja að þetta nýeinkavædda fyrirtæki þyrfti ekki að standa frammi fyrir nokkurri samkeppni á næstunni og menn gætu í rólegheitum fært starfsemi Jarðborana í landinu í það horf sem var áður en fyrirtækið, sem Jarðboranir komu á höfuðið með bolabrögðum, var stofnsett. Svona er nú ýmislegt í einkavæðingaráformum núv. hæstv. ríkisstjórnar.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um frv. nú. Eins og fjmrh. nefndi áðan reiknaði hann með að frv. færi þá leið að því yrði vísað til fjárln. og þaðan til efh.- og viðskn. eins og gert var á síðasta ári. Reyndar er efh.- og viðskn. búin að þjófstarta eilítið og fór lauslega yfir frv. eins og það liggur fyrir núna í hádeginu í dag.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Kvöldfundur.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. innti eftir því áðan hvað yrði um framhald þingstarfa í kvöld. Það eru nokkur mál á dagskrá og flogið hefur fyrir að fyrirhugaður sé kvöldfundur.

Mér er fullljóst að í starfsáætlun þingsins er sagt að hægt sé að gera ráð fyrir kvöldfundum á þriðjudögum en í dag hefur kvöldfundur ekki verið tilkynntur og þess vegna hafa fjölmargir þingmenn ekki komið seinni partinn. Ég vildi inna eftir því hvað fyrirhugað er um þau mál sem eftir eru á dagskránni. Mér er fullljóst að þau annarrar umræðu mál sem eru á dagskrá eru samkomulagsmál, en mér er ekki ljóst hvort einhverjir hefðu viljað taka til máls í þeim við 2. umr. Ég legg til að þeim málum sem eftir eru verði frestað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það kemur forseta á óvart ef menn hafa ekki gert ráð fyrir því að þessi fundur gæti orðið langur. Eins og réttilega kom fram í máli hv. 2. þm. Austurl. er í starfsáætlun þingsins gert ráð fyrir að á þriðjudögum geti þingmenn notað daginn og kvöldið ef á þarf að halda til þess að ljúka dagskrá þess fundar. Þess vegna hefur verið gert ráð fyrir því að halda áfram þangað til dagskráin væri tæmd. Forseti hafði ekki gert ráð fyrir því að gera kvöldverðarhlé heldur að reyna að komast hjá því að fundurinn yrði langt fram eftir kvöldi og nýta tímann sem best. Forseti hafði þá gert sér vonir um að menn gætu verið lausir fyrr eða milli kl. átta og níu.

Eins og hv. þm. vita jafn vel og forseti þá er oft erfitt að áætla hvað umræður verða langar í hverju máli fyrir sig og nú hefur umræðan um fjáraukalögin tekið lungann úr deginum og tekið það langan tíma að við erum rétt að byrja á umræðu um annað málið sem tekið hefur verið fyrir. Þar sem í ljós hefur komið að þingmenn hafa ráðstafað sér annað þrátt fyrir að það sé þriðjudagur hafði forseti gert ráð fyrir því að fresta umræðu um þau mál sem eru á dagskrá, þ.e. 5. og 6. dagskrármálinu auk þess að fresta umræðu um lánsfjárlög héðan í frá, en hafði gert ráð fyrir að mælt væri fyrir nál. í 7. og 8. dagskrármálinu. Nú heyrist forseta að hv. 2. þm. Austurl. sé að fara fram á að þau mál verði heldur ekki tekin fyrir og vill ítreka spurningu sína hvort það sé rétt skilið að hv. 2. þm. Austurl. sé

að fara fram á að þau verði ekki tekin fyrir nú.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt að gert hefur verið ráð fyrir því að á þriðjudögum yrðu nokkuð langir fundir en ég hef litið þannig á að fyrst og fremst væri rætt um kvöldfundi ef þörf væri á þeim. Ég á erfitt með að sjá að það liggi það mikið fyrir í þinginu nú að þörf krefji að við séum hér langt fram eftir kvöldi. Ég er því ekki alveg sammála þessum skilningi forseta. Það kann að vera að eitthvað skorti á samráð okkar í milli því að varðandi 7. og 8. málið sem ætlunin var að mæla fyrir, ég held að ég fari rétt með, að ráðherrann sem málið heyrir undir sé ekki í húsinu. Þó að við, sem sitjum í efh.- og viðskn., höfum öll skrifað undir nál. þá eru atriði þar sem varða framkvæmd málsins og við vildum gjarnan inna hæstv. viðskrh. eftir og ítreka við hann. Við höfum skrifað undir nál. með þeim fyrirvara.

Þá vil ég líka benda á að einn heill þingflokkur er ekki í húsinu. Þó mér komi það kannski ekki við, tel ég óeðlilegt að ræða mál þegar heill þingflokkur er fjarverandi vegna fundahalda. Það kann að vera að við hefðum mátt bera bækur okkar svolítið betur saman.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur upplýst að hæstv. ráðherra er á leiðinni hingað.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég er að vísu staðgengill þingflokksformanns Framsfl. en hann mun ekki hafa rætt við forsætisnefnd þingsins um kvöldfund.

Mér er fullljóst að það er í starfsáætlun þingsins að hafa kvöldfundi á þriðjudögum ef á þarf að halda. Hins vegar er þetta ný regla og það er skilyrði að tilkynna það fyrr því það var alveg ljóst að umræða í dag mundi verða alllöng. Ég hef ekki haft tök á því að kanna hverjir ætla að taka til máls um annarrar umræðu málin. Ég get alveg fallist á að það verði mælt fyrir þessum málum ef menn eru tilbúnir til þess. En ég fer þá fram á að umræðu verði ekki lokið. Ég skil satt að segja ekki ef hér er um samkomulagsmál að ræða að svo knýjandi sé að klára þau í matartímanum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þegar rætt var við formenn flokka, formenn þingflokka og í forsætisnefnd var gengið út frá því strax í byrjun að gert væri ráð fyrir löngum fundum á þriðjudögum án þess að semja þyrfti um það sérstaklega.

Út af dagskrá eru tekin 5., 6., 7. og 8. dagskrármál. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Fundinum er slitið.

41. FUNDUR

miðvikudaginn 28. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 1992, stjfrv., 140. mál, þskj. 161. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Síldarverksmiðjur ríkisins, stjfrv., 115. mál, þskj. 135. — 1. umr.
3. Fuglaveiðar og fuglafriðun, stjfrv., 146. mál, þskj. 167. — 1. umr.
4. Gjaldeyrismál, stjfrv., 5. mál, þskj. 5, nál. 183, brtt. 184. — 2. umr.
5. Innflutningur, stjfrv., 6. mál, þskj. 6, nál. 185. — 2. umr.
6. Lánsfjárlög 1993, stjfrv., 145. mál, þskj. 166. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Finnur Ingólfsson, 11. þm. Reykv.,
Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

Um þingsköp.

Málþing um Sögu kristni á Íslandi í þúsund ár.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hinn 26. mars 1990 samþykkti Alþingi þingsályktun sem hljóðaði svo:

„Alþingi samþykkir, með tilvísun til þingsályktunar frá 17. apríl 1986 um þúsund ára afmæli kristnitökunnar, að fela forsetum þingsins í samráði við þjóðkirkju Íslands og guðfræðideild Háskóla Íslands að standa fyrir samningu ritverks um kristni á Íslandi og áhrif hennar á þjóðlíf og menningu í þúsund ár.

Forsetar þingsins skipi að höfðu samráði við biskup Íslands þriggja manna ritstjórn og ráði ritstjóra verksins frá ársbyrjun 1991. Ritstjóri ráði síðar aðra þá höfunda er að verkinu standa með samþykki ritstjórnar.

Kostnaður við verkið greiðist með öðrum útgjöldum Alþingis.

Ljúka skal samningu verksins á fimm árum."

Flm. þessarar tillögu voru auk undirritaðrar Jón Helgason, þáverandi forseti efri deildar, Árni Gunnarsson, þáverandi forseti neðri deildar, Ólafur G. Einarsson, Páll Pétursson, Eiður Guðnason, Margrét Frímannsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Ingi Björn Albertsson og Stefán Valgeirsson sem öll voru formenn þingflokka.

Síðan hefur þessu verki miðað mjög vel. Ritstjórn var fljótlega skipuð og sitja í henni þeir séra Sigurjón Einarsson, prófastur á Kirkjubæjarklaustri, sem er formaður, Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur og sr. Jónas Gíslason, vígslubiskup og fyrrverandi prófessor. Forsetar réðu fljótlega dr. Hjalta Hugason lektor sem ritstjóra verksins.

Allt hefur þetta verk verið hið ánægjulegasta og horfa margir með mikilli ánægju til að verkinu verði lokið.

Ástæðan fyrir því, virðulegur forseti, að ég kveð mér hér hljóðs er sú að þegar ég tók upp póst minn í gær fékk ég bréf sem merkt er Reykjavíkurborg, nánar tiltekið Viðeyjarstofu og stendur hér: Viðeyjarstofa, staðarhaldari, Sundaborg 1, 104 Reykjavík. Raunar er merki Sögu kristni á Íslandi í þúsund ár hinum megin í horninu. Bréfið ber yfirskriftina Málþing um Sögu kristni á Íslandi í þúsund ár hefst svo: Hér með boðar Reykjavíkurborg og ritstjórn Sögu kristni á Íslandi í þúsund ár til málþings í Viðey laugardaginn 31. okt. nk. Meðal þeirra sem taka til máls eru:

Fyrsti ræðumaður er undir liðnum „Málþingið sett — ávörp" Magnús L. Sveinsson, forseti borgarstjórnar, Salome Þorkelsdóttir, forseti Alþingis.

Hæstv. forseti. Mér mislíkar það að frú forseti skuli vera ræðumaður númer tvö á eftir forseta borgarstjórnar. Hingað til hefur borgarstjórn á engan hátt komið þessu máli við. Ég óska eftir, virðulegi forseti, að heyra skýringuna á því hvers vegna þetta verk er komið í samvinnu við Reykjavíkurborg. Ég hélt að þetta verk væri alfarið á höndum hins háa Alþingis.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti áttar sig ekki almennilega á því hvað hv. þm. er að fara með því að beina þessari fyrirspurn til forseta. Eins og kom fram í máli hv. 14. þm. Reykv. hefur forseti verið beðinn um að flytja ávarp við upphaf þessa málþings og mun að sjálfsögðu verða við því. Forseta var tjáð að forseti borgarstjórnar mundi flytja þarna ávarp til þess að bjóða fundarmenn velkomna þar sem málþingið er að þessu sinni haldið í boði staðarhaldara í Viðey. Forseti hefur í sjálfu sér ekkert við það að athuga. Þetta er samkomulag milli ritstjórnar og Viðeyjarstofu og staðarhaldara í Viðey að halda þetta málþing á þessum sögufræga stað. Sýnist forseta að það megi líta á það sem mikla gestrisni af þeim aðilum að bjóða ritstjórninni um þetta merka rit sem verið er að vinna að að halda málþingið þarna. Ekki getur forseti sett það neitt fyrir sig þó að hennar ávarp verði flutt eftir að forseti borgarstjórnar hefur boðið menn velkomna sem gestgjafi á staðnum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil aðeins ganga úr skugga um hvort ég hef skilið það rétt að það megi treysta því að forseti borgarstjórnar ætli ekki að fjalla um sögu kristni á Íslandi heldur aðeins að bjóða gesti velkomna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú held ég að forseti verði að biðja hv. þm. að beina þessari fyrirspurn til forseta borgarstjórnar en ekki forseta Alþingis. Hins vegar vill forseti geta þess að a.m.k. forseti Alþingis bindur vonir við að vel takist til með þetta merka verk og er í raun og veru stolt fyrir hönd Alþingis hve vel verkefnið hefur farið af stað og því verið sýndur mikill skilningur, ég held að óhætt sé að segja hjá þjóðinni almennt.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að það kom mér nokkuð á óvart að fá þetta bréf því eftir að hafa litið yfir það í fljótu bragði sló það mig þannig að Reykjavíkurborg væri að einhverju leyti búin að taka að sér þetta verkefni sem Alþingi hafði forgöngu um. Ég vissi ekki annað en ætlunin væri að Alþingi mundi ljúka því.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ekki hefur forseti skilið það svo að Reykjavíkurborg sé að yfirtaka þetta verkefni þó boðið sé til fundar þar sem staðarhaldari í Viðey ræður ríkjum.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég harma það að forsetinn skilur ekkert um hvað ég er að tala. Árið 1986 flutti þáv. forseti sameinaðs Alþingis, Þorvaldur Garðar Kristjánsson, þingsályktun um að Alþingi Íslendinga legði eitthvað það til sem um munaði til kristnitökuhátíðar árið 2000. Ég hygg að þáv. hæstv. forseta þingsins hafi verið töluvert alvörumál að Alþingi stæði að því verki.

Þegar ég var forseti sameinaðs Alþingis taldi ég mér skylt að fylgja þessu eftir. Eftir miklar og góðar umræður á hinu háa Alþingi við formenn þingflokka, forseta efri deildar og forseta neðri deildar, við biskup Íslands, við þáv. forsrh. og við forseta Íslands varð úr að rétt þótti að leggja fram þessa þingsályktun sem samþykkt var einróma á hinu háa Alþingi.

Þetta var nokkuð metnaðarfullt verk og voru kallaðir til allir helstu fræðimenn þjóðarinnar til þess að ekki færi fyrir þessu verki eins og mörgum öðrum áður að það dagaði uppi og ekkert yrði úr. Við bundum öll miklar vonir við þetta verk og vissulega er ástæða til að gera það enn, ég er ekki að segja annað. Þarna hefur verið unnið af miklum áhuga og af mikilli virðingu fyrir þessu frumkvæði Alþingis.

Það hlýtur því að vera eðlilegt að spyrja hvers vegna staðarhaldari í Viðeyjarstofu er farinn að boða til málþings um þetta verk sem ég fæ ekki með nokkru móti séð að sé á ábyrgð Reykjavíkurborgar að einu eða neinu leyti. Mér þykir það móðgun við hæstv. forseta Alþingis að hún skuli vera beðin að koma eins og hver annar gestur til að flytja ávarp á eftir forseta borgarstjórnar.

Þetta verk, hæstv. forseti, er á ábyrgð forseta Alþingis og okkar allra sem á Alþingi sitjum og ég vænti þess að hv. þm. vilji ekki sjá á eftir þessu verki í hendurnar á hverjum sem er og þá er auðvitað alveg sama hvort það er Reykjavíkurborg eða einhverjir aðrir aðilar.

Ég vænti þess að hið háa Alþingi þurfi ekki að vera

slík hornkerling að ef einhver aðili býður ókeypis húsnæði þá sé sá þar með orðinn fundarboðandi. Ég hélt að hingað til hefði það ekki valdið neinum vandræðum að hið háa Alþingi fengi inni í Viðeyjarstofu gegn eðlilegri greiðslu eins og vera ber. En ég harma ef hæstv. forseti Alþingis er búinn að afsala sér öllum rétti til þessa verks.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti Alþingis og fyrrv. forseti sameinaðs þings eru alveg sammála um að þetta er alvörumál og bera báðar mikla virðingu fyrir því eins og þingmenn almennt munu gera, þorir forseti að fullyrða. Ég held að það sé enginn misskilningur sem ríkir þar á milli þó fundarstaðurinn sé í Viðey að þessu sinni.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna að hér mun fara fram utandagskrárumræða klukkan hálffjögur að beiðni hv. 2. þm. Vesturl., Ingibjargar Pálmadóttur, um stefnu stjórnvalda í áfengis- og fíkniefnameðferð. Þessi utandagskrárumræða verður skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaga.

Fjáraukalög 1992, frh. 1. umr.

Stjfrv., 140. mál. — Þskj. 161.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

26 þm. (BBj, DO, EgJ, FI, GB, GHall, GHelg, GunnS, IBA, JóhS, JónK, KSG, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SighB, SP, StG, StH, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárln. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StH, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

23 þm. (BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GB, GHall, GunnS, IBA, JóhS, KSG, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SighB, SP, StG, SJS, VE) fjarstaddir.

Síldarverksmiðjur ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 115. mál. — Þskj. 135.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hér liggur fyrir til umræðu frv. til laga um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins. Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta Alþingi en þá tókst ekki að ræða það til hlítar og var það ekki að fullu afgreitt á því þingi. Það er því endurflutt nú.

Segja má að fyrir frv. liggi tvær meginástæður. Í fyrsta lagi er á það að líta að vorið 1990 blöstu við mjög alvarlegir og miklir rekstrarörðugleikar hjá Síldarverksmiðjum ríkisins sem óhákvæmilegt var að bregðast við. Ef ekki hefði verið gripið til aðgerða er eins víst að rekstur verksmiðjanna hefði stefnt í óefni. Í öðru lagi er á það að líta að frv. er komið til vegna þess yfirlýsta markmiðs ríkisstjórnarinnar að stefna að því að afla heimilda til að breyta opinberum fyrirtækjum sem starfa á samkeppnismarkaði í hlutafélög og selja þau eftir því sem æskilegt er talið og aðstæður leyfa hverju sinni.

Í samræmi við framangreinda stefnu og í ljósi þeirra aðstæðna sem voru í rekstri fyrirtækisins var sumarið 1990 hafinn undirbúningur að því að breyta rekstrarformi Síldarverksmiðja ríkisins. Var þá strax skipuð nefnd sem fékk það hlutverk að móta tillögur þar að lútandi. Nefndin skilaði þeim haustið 1990 og voru nefndarmenn sammála um að leggja til að rekstrarformi Síldarverksmiðja ríkisins yrði breytt í hlutafélag.

Stefna ríkisstjórnarinnar og niðurstaða nefndarmanna endurspeglar þá skoðun sem hefur vaxið mjög fylgi, bæði hér á landi og erlendis, að ríkið eigi að draga sem mest úr allri atvinnustarfsemi sem er í beinni samkeppni við almennan atvinnurekstur. Þá er jafnframt talið henta að reka opinber fyrirtæki, sem *þannig háttar til um, í hlutafélagaformi. Með þannig* formbreytingu er öllum aðilum sem standa að atvinnurekstri í sömu grein búin sambærileg starfsskilyrði hvort sem fyrirtækin eru í eigu einstaklings, ríkis eða opinberra aðila.

Þær fiskimjölsverksmiðjur sem eru í rekstri á Íslandi starfa langflestar á grundvelli hlutafélagalöggjafar.

Rökrétt afleiðing af því er að Síldarverksmiðjum ríkisins sem starfa á samkeppnismarkaði og eru í eigu ríkisins verði breytt í hlutafélag og búi þar með við sama rekstrarform og samkeppnisaðilarnir.

Ýmis önnur veigamikil rök hníga að því að nýta hlutafélagaformið fyrir fyrirtæki sem þetta. Má þar nefna að hér á landi, eins og í flestum öðrum löndum hins vestræna heims, hefur löggjafinn skilgreint starfsemi hlutafélaga vandlega og sett ítarlegar reglur þar að lútandi. Í lögum um hlutafélög er kveðið nákvæmlega á um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfunda. Þar eru einnig ákvæði sem vernda rétt minnihlutaeigenda.

Hlutafélagaformið er að því leyti hentugt félagsform þegar margir aðilar sameinast um rekstur eins

fyrirtækis. Einnig má benda á að rekstur fyrirtækis verður sveigjanlegri. Stjórn getur sótt um stuðning við fyrirhugaðar aðgerðir til hluthafa. Unnt er að leita að nýju fjármagni með hlutafjáraukningu og nýjum hluthöfum.

Þess má geta að fyrstu lög um síldarverksmiðjur í eigu ríkisins voru sett á árinu 1928. Núgildandi lög um Síldarverksmiðjurnar voru sett á árinu 1938 og hafa að mestu leyti staðið óbreytt síðan. Lögin eru í mörgum atriðum úrelt og ýmis ákvæði þess eðlis að nauðsynlegt er að fella þau úr gildi. Má þar nefna að í þeim eru ákvæði um að ríkisstjórnin þurfi að veita leyfi til að reisa eða stækka síldarverksmiðjur. Jafnframt er ríkissjóði í lögunum tryggður forkaupsréttur á síldarverksmiðjum. Þá gera núgildandi lög ráð fyrir að Síldarverksmiðjur ríkisins taki hráefni til vinnslu fyrir reikning innleggjanda en kaupi það ekki.

Með öll framangreind atriði í huga er með frv. þessu lagt til að Síldarverksmiðjum ríkisins verði breytt í hlutafélag sem taki við rekstri verksmiðjanna frá og með 1. maí nk. Hlutafélagið tekur við öllum eignum Síldarverksmiðja ríkisins, þar með töldum fasteignum. Fara mun fram mat á eignum og skuldum Síldarverksmiðjanna. Matið verður notað til viðmiðunar þegar hlutafé og eiginfjárstaða nýja félagsins verður ákveðin. Ekki er gert ráð fyrir að nýja hlutafélagið yfirtaki uppsafnað rekstrartap Síldarverksmiðjanna en hins vegar er gert ráð fyrir að ríkissjóður yfirtaki hluta skulda verksmiðjanna. Föstum starfsmönnum Síldarverksmiðja ríkisins, sem nú munu vera um 50 talsins, eru tryggð sömu störf við stofnun hlutafélagsins og þeir gegna nú.

Síldarverksmiðjurnar reka nú verksmiðjur á fimm stöðum á landinu, á Skagaströnd, Siglufirði, Raufarhöfn, Seyðisfirði og Reyðarfirði auk vélaverkstæðis á Siglufirði. Eru verksmiðjurnar vel tækjum búnar. Ekki er ofsögum sagt að verksmiðjurnar eru burðarás í atvinnulífi flestra þessara sveitarfélaga sem eiga hlut að máli. Á Skagaströnd er þó eingöngu unninn fiskúrgangur. Í hinum verksmiðjunum hefur um árabil aðallega verið framleitt mjöl og lýsi úr loðnu. Afkastageta þessara fjögurra verksmiðja er talin vera tæplega 30% af afkastagetu allra fiskimjölsverksmiðja í landinu.

Á undanförnum sjö árum hafa Síldarverksmiðjur ríkisins að meðaltali tekið á móti og unnið úr tæplega 25% af því magni sem landað var hjá innlendum bræðslum. Mest var móttekið á árinu 1986, eða 31,4% en minnst á árinu 1991 eða 12,5%. Það ár fór tvennt saman. Annars vegar var loðna gengin austur fyrir land þegar veiðar hófust. Verksmiðja SR á Siglufirði tók þar af leiðandi á móti litlu magni þar sem of langur siglingartími var af miðunum til Siglufjarðar. Hins vegar var verið að ljúka enduruppbyggingu á verksmiðjunni á Seyðisfirði þannig að hún tók einnig á móti litlu magni.

Á vetrarvertíð 1992 jókst hlutur SR aftur og tóku verksmiðjurnar á móti tæplega 28% af þeirri loðnu sem landað var til bræðslu innan lands.

Átta af síðustu níu árum hafa Síldarverksmiðjur ríkisins verið reknar með tapi. Árið 1991 var 325 millj. kr. tap af rekstrinum, 157 millj. kr. árið 1990 og 160 millj. kr. árið 1989. Eigið fé félagsins hefur rýrnað að sama skapi. Í árslok 1986 var eigið fé félagsins um 800 millj. kr. á verðlagi ársins 1990 en í árslok 1991 var það komið niður í um það bil 64 millj. kr. reiknað á sama verðlagi.

Tap Síldarverksmiðjanna má m.a. rekja til brests í loðnuveiðum og þungbærra fjármagnsgjalda vegna mikilla fjárfestinga og lántöku þeirra vegna. Milliuppgjör fyrstu sex mánaða þessa árs sýnir breytingar til batnaðar á afkomu fyrirtækisins. Hagnaður að fjárhæð 37 millj. kr. varð af rekstrinum samanborið við 236 millj. kr. tap á sama tímabili árið 1991.

Árið 1989 var ráðist í enduruppbyggingu á Seyðisfirði. Kostnaður af breytingum fór fram úr áætlun og er fyrirsjáanlegt að sú framkvæmd muni verða verksmiðjunum að fótakefli verði ekkert að gert. Uppsafnaðar skuldir Síldarverksmiðja ríkisins voru um 1.445 millj. kr. í árslok 1991. Framlag rekstrar til afskrifta og fjármagnskostnaðar miðað við framleiðslu í meðalári nemur um 13–14% af tekjum samkvæmt rekstraráætlun verksmiðjanna. Miðað við þær forsendur munu Síldarverksmiðjur ríkisins ekki geta staðið undir greiðslubyrði vaxta og afborgana af þegar teknum langtímalánum.

Er því með frv. þessu í tengslum við stofnun hlutafélags leitað heimildar til að ríkissjóður yfirtaki allt að 500 millj. kr. af skuldum verksmiðjanna að undangengnu mati sjútvrn. og fjmrn. á rekstrarhæfni verksmiðjanna þannig að eiginfjárstaða hins nýja félags verði viðunandi.

Verði frv. þetta að lögum er lagður grunnur að næsta skrefi málsins sem er að einkavæða fyrirtækið. Ríkissjóður verður einn eigandi allra hlutabréfa í hinu nýja félagi í upphafi. Enda þótt ríkissjóður verði eigandi allra hlutabréfanna við stofnun þess er fyrirhugað að selja öðrum hlutabréf í félaginu eða einstakar eignir þess. Skal við söluna sérstaklega horft til heimamanna og starfsmanna á þeim stöðum þar sem verksmiðjur eru starfræktar. Meta þarf sérstaklega hvenær aðstæður eru ákjósanlegar til sölu áður en ákvörðun verður tekin þar um. Að mati fiskifræðinga eru horfur um loðnuveiðar næstu tvö ár vænlegri en oft áður. Það ætti að geta leitt til betri sölumöguleika og að hæfilegir samningar um sölu náist þegar þar að kemur.

Frú forseti. Ég hef þá lokið við að gera í aðalatriðum grein fyrir þeim ástæðum sem liggja til þess að þetta frv. er nú flutt að nýju á þann veg að Síldarverksmiðjunum verði breytt í hlutafélag og að heimilað verði í framhaldi af því að selja hlut ríkisins eða einstakar eignir þess.

Ég legg svo til, frú forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Um þetta mál urðu alllangar umræður í fyrra þegar samhljóða frv. var til umræðu á Alþingi. Ég ætla ekki að endurtaka margt af því sem þar var

sagt. En ég vil þó ekki láta þessa umræðu fram hjá mér fara. Hér er um að ræða skref til einkavæðingar. Eins og ríkisstjórnin hefur meðhöndlað einkavæðinguna til þessa og eins og hún hefur birt áform sín um einkavæðingu og unnið að málinu hlýtur maður að hrökkva við þegar maður heyrir einkavæðinguna nefnda. Það er sannarlega ekki til fyrirmyndar hvernig haldið hefur verið á henni.

Þetta er tekið í tveimur skrefum. Fyrst er stofnað hlutafélag og hvað breytist við hlutafélagsstofnunina? Jú, ráðherra kemur til með að hafa vald á stjórninni með öðrum hætti. Hún kemur ekki til með að starfa í umboði Alþingis. Ráðherra velur stjórnarmenn. Þetta á almennt við um þá breytingu að gera ríkisfyrirtæki að hlutafélögum. Ég er ekki búinn að sjá að þessi breyting skipti verulegu máli. Það er auðvitað ágætt fyrir ráðherrann að geta raðað þarna flokksbræðrum sínum. En að stjórnin verði starfhæfari fyrir það, því hef ég ekki trú á.

Næsta skref, sem líka er í þessu tilfelli ýjað að að tekið verði, er að selja þetta fyrirtæki. Það væri kannski eðlilegra fyrir þá að tala um að afhenda fyrirtækið því það hefur venjulega verið reynslan þegar ríkisstjórnin hefur verið að einkavæða, að afhenda það sem fémætt er af eignum ríkisins einhverjum þóknanlegum aðilum. Hér er farið vinsamlegum orðum um að heimamenn geti gjarnan keypt þetta. Ég geri heldur lítið með það. Það er ekkert alveg víst að heimamenn hafi á hverjum stað tækifæri eða peninga til að ráðast í þessa fjárfestingu. Þetta verður til að búta þetta myndarlega fyrirtæki í sundur og hugsanlega yrði það til þess að leggja niður einhverjar verksmiðjur Síldarverksmiðjanna. Við þekkjum dæmi þess að Kolkrabbinn hefur ekki vílað fyrir sér að yfirtaka fyrirtæki til þess eins að loka þeim. Og því skyldi það ekki geta orðið eins með Síldarverksmiðjur ríkisins eða einstakar einingar þess fyrirtækis ef honum yrði t.d. afhent þetta fyrirtæki?

Ég hef í tvígang a.m.k. borið fram frv. til laga um það að sölu á hlutabréfum og öðrum eignum ríkisins verði að samþykkja á Alþingi alveg eins og sölu á fasteignum. Það má ekki selja einn skúr í eigu ríkisins öðruvísi en heimildar Alþingis sé leitað. Ég tel að sama eigi að gilda um aðrar eignir ríkisins. Ég mun endurflytja þetta frv. Ég teldi málið horfa ofurlítið öðruvísi við ef Alþingi afsalaði sér ekki valdi á málinu með þeim hætti sem það mun gera ef þetta frv. verður samþykkt og síðan ekki söguna meir.

Í einkavæðingarhugmyndum ríkisstjórnarinnar hafa starfsmannamál komið til athugunar. Sú varð niðurstaða a.m.k. hluta iðnn. Alþingis í fyrra að starfsmannamálin væru vandasöm. Það er ekki hægt að versla með þetta fólk. Það er ekki hægt að selja það eða réttindi þess eins og verksmiðjurnar.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta, frú forseti. Mér finnst að það þurfi að athuga þetta frv. vandlega áður en það verður samþykkt. Ég er reyndar ekki viss um að það sé skynsamlegt að samþykkja það. Ein afleiðing af þessum frumvarpsflutningi er hins vegar alveg augljós. Hún er sú að skapa óvissu í þeim byggðarlögum sem eiga mikið undir rekstri Síldarverksmiðja ríkisins.

Útbýting þingskjala:

Aðild Alþingis að 50 ára afmæli lýðveldisins, 167. mál, þáltill. SvG o.fl., þskj. 192.

Framkvæmd ýmissa ákvæða sjómannalaga, 165. mál, fsp. GHall á þskj. 190.

Gerðir-EB eftir mitt ár 1991 á sviði EES, 166. mál, fsp. KE á þskj. 191.

Kjör sjómanna á kaupskipum, 163. mál, fsp. SvG á þskj. 188.

Sjómannalög, 164. mál, frv. GHall, þskj. 189.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Þetta frv. var til meðferðar í þinginu í fyrra og er nú lagt fram óbreytt. Ég verð að segja að ég er dálítið undrandi á að það skuli vera sýnt óbreytt á þinginu vegna þeirrar umræðu sem átti sér stað bæði í þinginu sjálfu og í sjútvn. og reyndar iðnn. líka.

Við sem urðum í minni hluta í sjútvn. lögðum fram brtt. og minnihlutanál. Í því kom reyndar fram að við værum samþykk því að breyta Síldarverksmiðjum ríkisins í hlutafélag með ákveðnum skilyrðum sem komu fram í okkar tillögum. Þar var m.a. sett fram að það yrði með sérstökum hætti staðið að sölu hlutabréfanna. Það yrði ekki óháð og frjálst og í höndum þess ráðherra sem ætti hlut að máli eða ríkisstjórnar heldur væri um það áætlun. Það er vissulega vandasamt mál að selja svona stórt fyrirtæki þannig að það verði ekki til þess að atvinnulífinu sé stefnt í voða. Sannarlega finnst manni það undarlegt að finna fyrir því að menn skuli raunverulega vilja að þetta fyrirtæki verði hlutað í sundur því það hefur maður sannarlega orðið var við. Í annarri umræðu í þjóðfélaginu eru menn á einu máli um að sameining fyrirtækja sé af hinu góða en ekki hér. Það er undarlegt að verða var við það.

Við lögðum til að kjör stjórnarinnar yrði með öðrum hætti en yfirleitt hefur verið í sambandi við hlutafélög þar sem ráðherra yfirleitt hefur skipað stjórnir hlutafélaganna. Þó er það ekki undantekningarlaust og má minna á að stjórn Kísiliðjunnar er t.d. kosin að hluta til af Alþingi. Mér finnst það sjálfsagt mál þegar um svona stórt fyrirtæki er að ræða að á meðan ríkið á meiri hluta hlutabréfanna þá verði kosið með sérstökum hætti í stjórnina og er ekki hægt að sjá að það séu neinir sérstakir vankantar á því.

Í þriðja lagi kom það fram í umræðu og var bent á það mjög ákveðið af þeim sem um málið fjölluðu í sjútvn. að það ætti að taka á öðrum málum í leiðinni. M.a. eignum sem Síldarverksmiðjurnar eiga í hafnarmannvirkjum og öðru því um líku. Reyndar er undarlegt að það skuli höfð í frv. heimild til að yfirtaka skuldir af verksmiðjunum upp á 500 millj. kr. en ekki frekar gert ráð fyrir því að kaupa hafnarmannvirkin af verksmiðjunum þannig að þær geti hætt að reka starfsemi sem að öllu eðlilegu ætti að vera undir sveitarfélögunum.

Það var skoðun okkar að koma ætti á sérstakri sam-

starfsnefnd til að tryggja það að heimamenn komi að stjórn fyrirtækisins. Ekkert af þessu hefur verið tekið til greina. En kannski var mest umræða um fimmta atriðið sem var nefnt í nefndarálitinu en það var um réttindi starfsmannanna. Um það var verulegur ágreiningur og urðu um það langar umræður, bæði á Alþingi og líka í nefndunum sem ég nefndi áðan.

Ég verð að segja eins og er að ég er undrandi á því að ekki skuli hafa verið komið til móts við þá gagnrýni sem kom fram vegna þess að þeir sem skipuðu meiri hlutann létu í ljós þá skoðun, m.a. hv. 1. þm. Vestf., að réttara væri að breyta 14. gr. laganna um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna heldur en standa að með þeim hætti sem gert er í þessu frv. Nú er tækifærið nánast komið upp í hendurnar á mönnum því að kjarasamningarnir sem ollu því að þessi ágreiningur kom upp munu renna út 1. mars. Hvers vegna ekki að standa þá rétt að málinu og breyta lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna frekar en bjóða upp á sama slaginn um þetta mál núna og gert var í fyrra?

Ég tel að full ástæða sé til að benda á þessi atriði og vonast satt að segja til að það verði samkomulag í nefndinni um að skoða málið upp á nýtt. Ég er ekki vonlaus um það því mér er fullkunnugt um afstöðu manna sem fjölluðu um málið í fyrra.

Síldarverksmiðjur ríkisins eru stórt fyrirtæki á okkar mælikvarða og voru í erfiðri aðstöðu eins og hæstv. sjútvrh. lýsti hér áðan en hafa verið að rétta við. Það er ekki ástæða til að fyllyrða það hér og nú að það þurfi að rétta fyrirtækinu 500 millj. Ég tel að það sé mál sem þarf að endurskoða og að það verði gert í sambandi við þá skoðun á fyrirtækinu sem hlýtur að fara fram áður en málinu verður lokið.

Ég held að kapp ríkisstjórnarinnar við að selja fyrirtæki reki þá dálítið áfram í málinu og kannski hraðar en eðlilegt væri. Ég tek undir það sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði áðan að það ættu ekki að vera önnur grundvallaratriði á bak við það hvernig menn taka afstöðu til sölu ríkiseigna en það hvort þau eru hlutafélög eða á öðru formi. Það hlýtur að ráðast af mikilvægi málanna en ekki einhverjum lagatæknilegum ástæðum með hvaða hætti er farið með málið í Alþingi.

Eins og ég sagði áðan hefur staða fyrirtækisins verið að batna. Hún var auðvitað slæm fyrst og fremst vegna þess að það mátti ekki veiða loðnu. Ég læt ósagt hvort hún hafi verið til í sjónum eða ekki, um það eru deilur. En það mátti alla vega ekki veiða hana.

Hlutdeild fyrirtækisins í vinnslu aflans hefur aukist hratt undanfarið. Þess má geta að í staðinn fyrir þau 25% sem hæstv. ráðherra nefndi áðan hefur fyrirtækið núna unnið u.þ.b. 50% af þeirri loðnu sem hefur komið að landi á þessari vertíð. Fyrirtækið er í dag búið að vinna sér það í haginn að þótt ekki kæmi meira á land á þessu ári mundi þetta ár sleppa í gegn rekstrarlega séð.

Þarna er því um að ræða gott fyrirtæki og ég tel að það sé full ástæða til að fara sér hægt í málinu. Eins og ég sagði áðan leggst ég ekki gegn því að fyrirtækið verði gert að hlutafélagi. Ég tel að það sé ekkert óeðlilegt við það að þetta fyrirtæki keppi á almennum markaði við önnur sambærileg fyrirtæki og þess vegna mun ég auðvitað ekki leggjast gegn því. En ég vonast sannarlega til þess að menn verði tilbúnir til að ræða þetta mál með sama hætti og gert var í nefndinni í vetur sem leið og nota það tækifæri sem er núna, vegna þess að málið dagaði uppi á síðasta þingi, til þess að lagfæra frv. áður en það verður að lögum.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en byrjað á því að taka undir undrun þeirra sem hér hafa talað á undan mér yfir því að tíminn í sumar skuli ekki hafa verið notaður til þess að laga þá augljósu ágalla sem á frv. eru enn þrátt fyrir ítarlega umræðu og fróðlega í sjútvn. á síðasta vetri. Það er áreiðanlega hægt að gera betur en hér er gert. Spurningin er: Vantar viljann eða er verið að knýja fram pólitíska línu með þessu? Er verið að drífa í að einkavæða einkavæðingarinnar vegna og án þess að hugsa? Spyr sá sem ekki veit.

Ég trúi því hins vegar að í nefnd muni verða unnt að ræða þetta mál rétt eins og í fyrra og taka á þeim ágöllum sem á frv. eru. Einn af helstu ásteytingarsteinunum þá var að í frv. eru ákvæði sem eru gjörsamlega óásættanleg varðandi þá starfsmenn — það er í 7. gr. — sem fá tilboð um að vinna hjá ósambærilegu fyrirtæki, þ.e. hlutafélagi en hafa áður verið ríkisstarfsmenn. Þetta held ég að sé alveg hægt að sjá þrátt fyrir ýmsar hártoganir um það að breyting í hlutafélag sé bara formbreyting og ekkert annað. Það er auðvitað ekki svo. Það fer ekkert á milli mála að breytingin í hlutafélag á jafnframt að þýða það að hlutir í félaginu sem fyrst verða í eigu ríkisins verði seldir á almennum markaði. Það er ekki verið að fara í launkofa með það. Þetta þýðir einfaldlega að staða þeirra manna, sem samkvæmt 7. gr. eiga kost á að starfa hjá hinu nýja fyrirtæki, verður önnur.

Sagt hefur verið: „Auðvitað eru hvorki svartir né hvítir fletir á þessu máli.“ Og ýmsir hafa orðið til að benda á að nær væri að breyta 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en að ómerkja lögin með því að drita slíkum ákvæðum í hin og þessi frv. Það er auðvitað einfaldlega ekki réttur gangur mála. Menn geta síðan tekist á um hvað þeim þykir rétt og rangt við þá leið sem er farin. Ég vil vekja athygli á því, hæstv. forseti, að framsögumaður meiri hluta sjútvn. sagði þann 12. maí sl., með leyfi forseta, að „persónulega hafi hann talið réttara að breyta ákvæðum 14. gr. laga, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, bæði hvað varðar þetta mál sem og önnur.“ Þetta er efnislega orðrétt eftir haft.

Þetta er auðvitað dálítið furðuleg staða. Síðan voru ýmis vilyrði í sambandi við kjarasamninga o.fl. sem menn báru fyrir sig. Mér finnst þetta einfaldlega ekki nothæf vinnubrögð og geri enn og aftur athugasemd við þetta.

Það hefur ýmislegt breyst síðan frv. var fyrst lagt fram. Sem betur fer hefur staða Síldarverksmiðjanna batnað og auðvitað hljótum við öll að fagna því. Ég vil

taka það sérstaklega fram í þessari umræðu að margir sem gerst þekkja til Síldarverksmiðja ríkisins og þess kerfis sem þar hefur verið byggt upp, ekki síst sölu- og markaðskerfis, hafa varað eindregið við því að fyrirtækinu verði skipt upp meira og minna án þess að hægt sé að tryggja að um samstarf verði að ræða á milli þeirra eininga sem fyrirtækið gæti hugsanlega liðast í sundur í. Það tekur töluverðan tíma að byggja upp viðskiptavild og slíkt hefur ævinlega verið vanmetið hér á Íslandi. Mér er það raunar óskiljanlegt hversu seint gengur að fá það metið að verðleikum að það þarf að byggja upp tengsl á mörkuðum og byggja upp viðskiptavild. Viðskiptavinirnir hafa getað gengið að nokkuð öruggri vöru með viðskiptum við Síldarverksmiðjurnar og ákveðinn stöðugleiki hefur verið sem ýmislegt, svo sem aflabrestur og fleira, hefur gripið inn í. Það hefur verið ákveðin festa í þessum rekstri þrátt fyrir allt. Ég ætla ekki að segja að hann hafi verið gallalaus en ég ætla bara að benda á það að einingin sem slík, stærðin og sölukerfið, eru hlutir sem verður að gefa gaum. Það þýðir ekki annað en að horfa á þetta opnum augum. Það þýðir ekki að vera eins og strúturinn, að stinga sífellt höfðinu í sandinn. Ég sé enga aðra leið en að segja þetta bara hreint út hér.

Það er verið að tala um það fögrum orðum að gefa heimamönnum möguleika á að kaupa einstakar einingar. Ef við lítum fram hjá þessum ágöllum sem ég var að benda á er næsta spurning: Á að selja þessa hluti fullu verði eða á að færa heimamönnum fyrirtækið? Og hverjir eru þá heimamenn? Eru það einhverjir sérstakir aðilar eða er það almenningur? Hverjir hafa bolmagn til að kaupa eða þarf bolmagn? Og hver ætlar að skammta? Ég sé ekki að það sé ljóst samkvæmt frv. Ég veit að vísu að við reyndum innan sjútvn. í fyrravetur að benda á þessi atriði og ná fram ákveðnum skilningi. Ég held að það hafi að mörgu leyti verið hugmyndir margra að viðurkenna þessar staðreyndir. En ég sé ekki að við höfum þær fast í hendi. Ég held líka að það sé af og til ástæða til að staldra við og spyrja siðferðilegra spurninga eins og t.d.: Hvenær hefur ríkið leyfi til að afhenda eigur sínar, t.d. á lágu verði og hvaða lögmál eiga að ríkja þegar ákveðið er hverjir fá niðurgreidda hluti keypta? Nú er ég ekki að segja að sú verði raunin í þessu tilviki en það er ekkert sem segir að það geti ekki orðið og því miður höfum við fordæmin fyrir okkur. Þessara spurninga þarf því að spyrja.

Ég vænti þess að í nefnd munum við hafa möguleika til að halda umræðunni áfram. Ég vona að hún verði málefnaleg. Ég vona að hún verði gagnleg og ég vona að hún verði undanbragðalaus.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Frv. það, sem hér er flutt, var flutt á síðasta Alþingi og fékk ekki lokaafgreiðslu. Ég vil byrja á því að segja að ég tel það afar þýðingarmikið að þessu máli verið lokið sem fyrst þannig að það skapist einhver vissa um framtíðarform þessa fyrirtækis svo hægt sé að byggja það upp, selja það eða gera annað það við það sem menn telja nauðsynlegt. Stöðug óvissa um atvinnurekstur eins og þennan er afar óheppileg. Það er alveg nóg að hafa óvissu um það hvernig muni fiskast á næstu vertíð eða næstu vertíðum, eins og ávallt mun verða, þótt ekki bætist við mikil óvissa um form fyrirtækis sem þessa. Þetta mál hefur verið til umfjöllunar um nokkurra ára skeið og það er kominn tími til að ljúka því.

Ég harma að ekki skyldi hafa tekist að ljúka þessu máli á síðasta þingi. Það var allmikið unnið í því og við sem störfuðum í minni hluta sjútvn. vorum með nokkrar breytingartillögur. Ég tel að það hafi í sjálfu sér verið mjög auðvelt að ná samstöðu um þessar tillögur og taka tillit til þeirra án þess að skemma á nokkurn hátt fyrir framgangi málsins eða gera það erfiðara. Þar var um að ræða að þrengja ýmis ákvæði frv. og kveða betur á um sölu eigna, um kjör stjórnar, um efnahagsreikninga og skattalega stöðu, um samstarf við heimamenn og um réttindi starfsmanna. Ég vil í þessu sambandi rifja upp að lagt var til af minni hluta nefndarinnar að ríkisstjórnin fengi aðeins í upphafi heimild til að selja 40% af hlutafénu en síðan þurfi ríkisstjórnin að fá heimild Alþingis til að selja meira og jafnframt til sölu á einstökum verksmiðjum.

Það er einfaldlega svo að ýmsir aðilar, sem hafa hagsmuna að gæta, óttast það að einstakar einingar verði seldar og allir viðmælendur okkar sem komu og ræddu þessi mál töldu að það væri mikilvægt að reka þetta fyrirtæki áfram sem eina heild. Ég tel ekki erfitt fyrir hæstv. ríkisstjórn að fallast á slíka breytingu vegna þess að enginn útilokar það að meira verði selt, aðeins verið að kveða á um að til þess þurfi að leita frekari heimildar Alþingis. Það er veruleg óvissa í sambandi við þessi mál og ekki óeðlilegt að eftir slíkum heimildum sé leitað þegar þar að kemur. Það má líka spyrja sig í því sambandi hversu fýsilegt það sé að selja verksmiðjurnar á þessum tíma.

Það er vissulega rétt hjá hæstv. sjútvrh. að sem betur fer lítur betur út með loðnuveiðar í framtíðinni. Samkvæmt þeim efnahagsreikningi sem liggur fyrir í árslok 1991, sem ekki er stofnefnahagsreikningur hins væntanlega fyrirtækis heldur staðan eins og hún lá fyrir í lok 1991, er eigið fé því miður harla lítið ef fallist er á mat eignanna. Hins vegar er það mjög erfitt mál því eins og fram kom í fylgiskjali með frv. í umsögn frá endurskoðendum fyrirtækisins út af þessum reikningsskilum, með leyfi forseta: „Réttmæti þessarar eignfærslu er háð möguleikum fyrirtækisins til nýtingar eignanna í áframhaldandi arðbærum rekstri."

Nú hefur hæstv. sjútvrh. upplýst að það hafi verið hagnaður af rekstri fyrirtækisins fyrri hluta árs 1992. Ég á þá von á því, án þess að ég hafi séð þann rekstrarreikning, að sá hagnaður sé eftir að allir vextir hafa verið greiddir og eignir fyrirtækisins afskrifaðar. Það gefur vissulega von um að þar sé komin nokkur arðsemi á því eigin fé sem kann að finnast í fyrirtækinu og gefur tilefni til að álíta að eigið fé þess sé meira virði en kemur fram í þessu yfirliti, að það sé aðeins 69 millj. kr. virði í árslok 1991. Ávöxtun upp á 37 millj. gefur tilefni til þess en auðvitað er hér veruleg óvissa á ferð. Því má segja að eðlilegt sé að líta betur

á þessi mál. Þess vegna finnst mér rétt að spyrja: Er gert ráð fyrir því að þær 500 millj. kr., sem reiknað er með að ríkið yfirtaki, verði hlutafé ríkisins í þessu nýja fyrirtæki í þeim tilgangi að selja þetta hlutafé ásamt þeim eignum, sem þarna verða fyrir hendi, síðar meir?

Annað atriði sem við gerðum að umræðuefni í starfi nefndarinnar var kjör stjórnar. Þar var gert ráð fyrir því að Alþingi kjósi stjórnarmenn fyrirtækisins í samræmi við eignarhlut ríkisins, þ.e. svo lengi sem ríkið á meiri hluta í fyrirtækinu. Ég geri mér vissulega grein fyrir því að hér er um umdeilanlegt atriði að ræða, hvort Alþingi eigi almennt að kjósa stjórnarmenn í fyrirtæki sem þetta eða hvort ráðherra og ríkisstjórn eigi að fara með eignarhlut ríkisins að öllu leyti. Þannig er það í flestum tilvikum en um þetta var flutt breytingartillaga af minni hlutanum og við létum það koma fram að við værum að sjálfsögðu til viðræðu um aðra skipan þessara mála en þarna var lagt til, ekki síst með tilliti til þess hvernig þessum málum er háttað almennt í öðrum fyrirtækjum. Aðalatriðið er að sjálfsögðu það að stjórnarmenn sem veljast til slíkra starfa hafi þekkingu og yfirsýn í slíkum rekstri og séu valdir á þeim grundvelli. Einnig er mikilvægt að það sé það mikil breidd í vali þeirra að þeir séu að einhverju leyti fulltrúar þeirra sem hafa hvað mestra hagsmuna að gæta í slíku máli þótt þeir eigi að sjálfsögðu að vera fulltrúar hagsmunaeigenda fyrirtækisins þegar upp er staðið. Á það vil ég leggja áherslu.

Við fjölluðum líka í þessu nefndaráliti um efnahagsreikning og skattalega stöðu fyrirtækisins. Það er ljóst að þegar því verður breytt í hlutafélag mun það yfirtaka einhvern ákveðinn efnahagsreikning sem ekki hefur verið kynntur og það liggur líka fyrir að það er ekki gert ráð fyrir því að skattaleg áunnin réttindi, sem hefðu verið fyrir hendi ef félagið hefði verið hlutafélag, mundu færast yfir í hið nýja fyrirtæki. Það hefur því miður verið verulegt tap á fyrirtækinu á undanförnum árum og ef það hefði verið rekið í hlutafélagsformi væru þessi réttindi talin nokkurs virði miðað við að það gæti orðið hagnaður á því í framtíðinni. Það er að mínu mati eðlilegt, þegar mál sem þetta er endanlega afgreitt, að upphafsefnahagsreikningur í fyrirtæki sem þessu liggi nokkurn veginn fyrir því að það hefur að sjálfsögðu mikil áhrif á skattalega stöðu þess og mat aðila á því þegar þeir huga að kaupum á því eða hlutum úr því.

Í fjórða lagi gerðum við að umtalsefni samstarf við heimamenn sem er ekki aðeins mikilvægt vegna heimamanna heldur líka ekkert síður vegna fyrirtækisins sjálfs. Það er ljóst að það koma alltaf upp margvísleg samstarfsmál þar sem mikilvægt er að staðbundin þekking sé fyrir hendi. Því gerðum við ráð fyrir því að flytja þá brtt. og fluttum þá brtt. að nauðsynlegt væri að í samþykktum félagsins væri ákvæði um sérstaka samstarfsnefnd. Með því var verið að tryggja að heimamenn kæmu að stjórn fyrirtækisins og hefðu þar eðlileg ítök. Við lögðum á það áherslu að þetta væri ekki aðeins nauðsynlegt vegna byggðarlaganna heldur jafnframt fyrir fyrirtækið sem heild.

Nú er það vissulega svo að þegar einkaaðilum er selt þetta fyrirtæki að einhverju eða öllu leyti þætti sjálfsagt mörgum ekki eðlilegt að yfirtaka skyldur um slíkt samstarf. Þó held ég að ekki megi líta á það sem einhverja byrði á fyrirtækinu heldur muni það jafnframt hafa jákvæð áhrif fyrir það sjálft og það andrúmsloft og umhverfi sem það starfar í. Þetta tel ég vera atriði sem allir ættu að geta fallist á.

Að síðustu var fjallað um réttindi starfsmanna sem er búið að fjalla hér um og ég sé ekki ástæðu til að gera frekar að umræðuefni. Ég vil því almennt segja að ég er sammála því að þessu fyrirtæki sé breytt í hlutafélag og tel að það eigi að gerast sem fyrst. Það er mikilvægt að þessi starfsemi geti haldið áfram á þeim stöðum þar sem fyrirtækið er með rekstur. Það skiptir miklu máli í atvinnulegu tilliti, ekki síst nú á tímum atvinnuleysis og vaxandi samdráttar. Ég tel hins vegar að það sé nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á frv. og vænti þess að um það geti náðst samstaða þannig að það tefji á engan hátt fyrir afgreiðslu málsins. Ég er a.m.k. tilbúinn til að standa að því tiltölulega fljótt og vil þá minna á að við fluttum hér efnislegar og málefnalegar brtt. á síðsta ári. Því miður var ekki tekið neitt tillit til þeirra. En það sem verra var, hæstv. forseti, það var ekki gerð nein tilraun til þess að leita samkomulags um málið og þar af leiðandi varð niðurstaðan sú að málið dagaði uppi á Alþingi. Ég er helst á því að það hefði verið betra fyrir alla aðila að ljúka málinu og taka nokkurt tillit til þeirrar málefnalegu gagnrýni sem fram kom af hálfu minni hlutans.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa farið fram. Að vonum hafa þær fyrst og fremst snúist um atriði sem rædd voru á síðasta þingi og af þeim sökum er ekki ástæða til þess nú, áður en málið fer til nefndar, að fara mörgum orðum um þau álitaefni því að þau hafa verið rædd hér ítarlega áður. Hér hefur verið vikið að því eins og á síðasta þingi, hvaða hátt ætti að hafa á skipan manna í stjórn félagsins. Hér er gert ráð fyrir því að sá háttur verði viðhafður sem tíðkaður er í hlutafélögum, að hluthafafundir og þeir sem fara með atkvæði á hluthafafundi kjósi menn í stjórn. Ég hygg að það sé rökrétt og eðlilegasta fyrirkomulagið í þessu sambandi.

Á það hefur verið minnst að Alþingi væri að afsala sér valdi í þessu máli að því er varðaði sölu verksmiðjanna. Ég lít svo á að hér sé verið að leita eftir heimild Alþingis í því efni. Það er eðlilegt og að mínu mati nauðsynlegt að sú heimild sé sveigjanleg því að vissulega þarf að taka tillit til markaðsaðstæðna og meta á hverjum tíma hvort og þá hvernig heppilegast er að standa að sölu slíkra fyrirtækja. En sala fer ekki fram fyrr en Alþingi hefur veitt til þess heimild og hér er verið að óska eftir henni.

Eðlilega hafa menn velt því fyrir sér hvort eðlilegt megi telja að selja fyrirtækið í heild eða hluti í því ellegar þá að selja einstakar eignir. Frv. gerir ráð fyrir því að hér geti menn einnig haft svigrúm eftir því hvernig aðstæður eru. Vissulega geta verið rök fyrir því að freista þess að halda fyrirtækinu sem einni heild

og selja einungis hluti í félaginu en hitt kann að vera skynsamlegt, m.a. með tilliti til hagsmuna heimamanna, að selja einstakar eignir. Það verður að meta þegar þar að kemur og því er gert ráð fyrir heimildum af því tagi sem hér er fjallað um.

Að því er varðar réttindi starfsmanna er þar kannski meira um að ræða formlegan ágreining, hvort kveða eigi á um þetta atriði í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eða í þessum lögum. Ágreiningslaust er að ef slíkt ákvæði væri fyrir hendi með ótvíræðum hætti í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna væri þetta óþarft. Á hinn bóginn má ljóst vera að það á ekki, að mínu mati, að tefja framgang þessa máls að slíkt ákvæði er ekki fyrir hendi í starfsmannalögunum.

Að því er varðar þær 500 millj. sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður geti yfirtekið af skuldum fyrirtækisins, þá er ekki verið að mæla svo fyrir um að það skuli gert heldur er hér um að ræða heimild. Það verður fyrst tekin um það ákvörðun hvort hún verður að einhverju eða öllu leyti notuð þegar úttekt hefur verið gerð á stöðu fyrirtækisins áður en fyrirtækið verður formlega stofnað og rekstrarhæfni þess metin. Það liggur því ekki fyrir að sjálfkrafa verði yfirteknar 500 millj. kr. af skuldum fyrirtækisins.

Ég vil svo að lokum taka undir það sjónarmið, sem hv. 1. þm. Austurl. nefndi, að það er mikilvægt að ljúka þessu máli sem fyrst. Það er óheppilegt fyrir stöðu fyrirtækisins að ákvarðanir sem þessar séu mjög lengi á döfinni. Vitaskuld þarf Alþingi sinn tíma til að fjalla um svo veigamikið mál en hér eru miklir hagsmunir í húfi og mikið veltur á því að ekki sé lengi óvissa um það í fyrirtækinu hvernig þeim fyrirhuguðu breytingum, sem hér er verið að fjalla um, vindur fram. Því er mikilvægt að Alþingi hraði afgreiðslu málsins svo sem kostur er. Ég treysti því að á þessu þingi, sem hinu fyrra þegar málið kom til umfjöllunar, muni hv. sjútvn. ræða málið og hraða afgreiðslu þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fuglaveiðar og fuglafriðun, 1. umr.

Stjfrv., 146. mál (EES-reglur). — Þskj. 167.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 33 frá 26. apríl 1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun, en það er á þskj. 167 og er 146. mál þingsins. Frv. er samið til að uppfylla skyldur íslenska ríkisins vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði.

Í gildandi lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun eru ákvæði þess efnis að fuglaveiðar á afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla og í íslenskri landhelgi utan netlaga lögbýla séu einungis heimilar íslenskum ríkisborgurum. Vafasamt er talið að ákvæði þetta samræmist samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í álitsgerð Ólafs Walters Stefánssonar, Stefáns Más Stefánssonar og Tryggva Gunnarssonar, Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og fasteignir á Íslandi, sem gefin var út í sumar, segir á bls. 108–109, með leyfi forseta:

„Í 2. og 3. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun nr. 33/1966 segir að öllum íslenskum ríkisborgurum séu heimilar fuglaveiðar í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla sem enginn getur sannað eignarrétt sinn til og í íslenskri landhelgi utan netlaga lögbýla. Öðrum en íslenskum ríkisborgurum er því óheimilt að stunda fuglaveiðar á þessum stöðum og á það m.a. við um erlenda aðila sem njóta EES-réttar.

Sá fuglaveiðiréttur sem hér er fjallað um er ekki hluti af þeim rétti sem fylgir eignarhaldi á fasteign hér á landi andstætt því sem gildir t.d. um lax- og silungsveiði í vötnum á afréttum heldur er þetta sjálfstæður réttur til að nýta gæði sem eru hluti af svonefndum almannarétti. Veiðin fer fram á svæði sem samkvæmt gildandi rétti er ekki eign neins, þar með talið ríkisins, heldur fer ríkið með forræðisvald á þessum svæðum og getur í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um nýtingu þessara hlunninda.

Nýting þessa fuglaveiðiréttar getur ekki orðið tilefni þess að reyni á stofnsetningarrétt samkvæmt EES-samningum að því marki að þessi réttindi séu sérstaklega keypt til að leigja þau út en hins vegar er ekki útilokað að erlendur aðili sem nyti EES-réttar stofnaði til atvinnustarfsemi sem fælist í að skipuleggja ferðir, þar sem þátttakendur færu til fuglaveiða á umræddum svæðum.

Talið er að EB-réttur og þá EES-samningurinn girði ekki fyrir að áskilnaður sé gerður um sérstök tengsl við viðkomandi ríki til þess að hlutaðeigandi fái heimild til að nýta almannarétt, svo sem veiðirétt af því tagi sem hér er fjallað um. Þannig getur aðili sem nýtur EES-réttar og kemur til landsins sem ferðamaður væntanlega ekki gert kröfu um að fá sama rétt og innlendur aðili til fuglaveiða utan eignarlanda, en hér koma hins vegar upp markatilvik. Ef um er að ræða aðila sem nýtur EES-réttar og hefur fasta búsetu hér á landi á grundvelli launþegaréttar eða sem sjálfstæður atvinnurekandi er vafasamt að hægt sé að neita honum um heimild til að nýta slíka frjálsa veiðiheimild umfram þær takmarkanir sem einnig gilda gagnvart Íslendingum sem búsettir eru í landinu.

Framangreind ákvæði 2. og 3. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun þarf samkvæmt framansögðu að samræma þeim skuldbindingum sem Ísland hefur tekið á sig með EES-samningnum."

Til að uppfylla þær skyldur sem íslenska ríkið undirgengst með EES-samningnum er lagt til í frv. að ráðherra verði heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum um íslenskan ríkisborgararétt og binda undanþáguna því skilyrði að viðkomandi hafi fasta búsetu hér á landi. Þess vegna er lagt til að bætt verði nýrri mgr. aftan við 3. mgr. 5. gr. gildandi laga um fuglaveiðar og fuglafriðun sem hljóði svo:

„Ráðherra er heimilt með reglugerð að veita undanþágu frá skilyrði 2. og 3. mgr. um íslenskan ríkis-

borgararétt og að binda réttinn búsetuskilyrði, í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að."

Í frv. til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum öðrum en hvölum, sem lagt var fram á síðasta þingi en fékk þá ekki afgreiðslu, er samsvarandi ákvæði og varð það raunar ekki tilefni sérstakrar umræðu hér í þeim umræðum sem þá fóru fram um það mál. Þar er gert ráð fyrir að dýraveiðar og þar með taldar fuglaveiðar á afréttum, almenningum og í íslenskri landhelgi utan netlaga landareigna verði heimilar öllum íslenskum ríkisborgurum og mönnum með lögheimili hér á landi.

Ég hef í hyggju að leggja frv. fram að nýju á næstunni og verði það að lögum munu gildandi lög um fuglaveiðar og fuglafriðun falla úr gildi. Þar sem ekki er ljóst hvenær það frv. verður afgreitt héðan frá Alþingi, hvort það verður áður en verður af aðild að EES-samningunum, þykir rétt að leggja til þá breytingu á gildandi lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun sem ég hef nú gert grein fyrir.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. umhvn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það má segja varðandi þetta mál, frv. sem hæstv. umhvrh. hefur hér mælt fyrir um breytingu á lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, að víða teygja sig angar fjórfrelsisins og þess nýja réttar sem innleiða á ef vilji ríkisstjórnarinnar nær fram að ganga um að lögfesta á Íslandi samning um Evrópskt efnahagssvæði. Menn hafa kannski gert sér vonir um að þetta fjórfrelsi væri bundið við athafnir og þéttbýli er tengdist líkum umsvifum en ekki að angar þess teygðu sig út fyrir borg og bý, upp á hálendi landsins og upp á lendur sem eru skilgreindar frá fornu fari sem almenningar. Nú er það ljóst að margt er óljóst um réttarstöðu að því er almenninga snertir og raunar afrétti líka. Ég hygg því að í þessum efnum eigi eftir að koma til, ef samningur um Evrópskt efnahagssvæði verður lögfestur, enn frekari álitamál og deilur ef Evrópuréttur verður ríkjandi. Það verður að segja hæstv. umhvrh. til hróss að mér sýnist hann vera skylduræknari en ýmsir aðrir ráðherrar í ríkisstjórninni sem bera það fyrir brjósti að lögfesta samning um Evrópskt efnahagssvæði þar sem hann sér ástæðu til að leggja fram frv. til þess að brjóta hugsanlega ekki gegn þeim rétti sem hér stendur til að innleiða. Ég hefði gjarnan viljað sjá það að aðrir ráðherrar í ríkisstjórn landsins hefðu sýnt af sér ekki minni samviskusemi í því er lýtur að þessu stóra máli og legðu hér fyrir þingið með skaplegum fyrirvara frv. sem skýrðu réttarstöðu Íslendinga á hinum mikilvægustu sviðum sem lúta að þessu máli, þar á meðal að því er varðar fasteignir og kaup á landi og varðandi íslenskar náttúruauðlindir sem tengjast eignarrétti á landi, svo sem um virkjunarrétt fallvatna og jarðhitaréttindi. Því er hins vegar ekki að heilsa og þó liggur fyrir nefndarálit, sem hæstv. umhvrh. byggir frv. sitt á, frá þremur til kvöddum mönnum, raunar er það álitsgerð sem samin er að beiðni dóms- og kirkjumrh. og landbrh. og kom út í júní 1992. Í henni er aðalrökstuðningurinn í athugaemdum við lagafrv. þetta:

Eins og menn minnast komu þar fram ákveðin sjónarmið varðandi mörg atriði sem lúta að Evrópsku efnahagssvæði og fasteignum á Íslandi og það sjónarmið að í raun og veru hljóti Evrópurétturinn undantekningarlaust og án hindrana að ganga yfir okkur Íslendinga að því er varðar fasteignakaup og kaup á landareignum. Það má vera að þetta hafi sannfært hæstv. landbrh. þannig að hann hyggist ekki sýna hér á þinginu nein frv. um takmarkanir á fjórfrelsinu að því er þetta varðar. Það eigum við eftir að sjá. Það snertir ekki þetta einstaka mál nema í almennu samhengi þessa stóra samnings. En við hljótum að spyrja hvað valdi því að þau efni koma ekki fram á sama tíma. Og þó, hæstv. umhvrh. vill hafa vaðið fyrir neðan sig að því er varðar fuglaveiðar í sambandi við almenninga í landinu með því frv. sem hann ber hér fram.

Frv. kveður á um það, eins og gerð hefur verið grein fyrir, að erlendir aðilar fái sama rétt og Íslendingar til veiða á almenningum, a.m.k. ef þeir uppfylla skilyrði um búsetu sem hæstv. ráðherra er að afla heimildar til að sett verði samkvæmt þessu lagafrv. Það er alveg ljóst að hér er um gæði að ræða sem hafa þótt mikils verð hér á landi um langa hríð en ekki síður og líklega enn frekar víða í útlöndum, að hafa rétt til veiða á lendum, ekki síst á víðum lendum eins og gefur hér á Íslandi upp til óbyggða. Það er því engan veginn ástæða til að líta svo á að hér sé eitthvert lítilfjörlegt mál á ferðinni, eitthvað sem ekki er líklegt að reyni á. Ég gæti trúað því, ef svo illa fer að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði verður lögfestur og staðfestur af öðrum þátttakendum þannig að hann gangi í gildi, að þá eigi eftir að reyna á þetta mál og menn eigi eftir að finna fyrir aukinni samkeppni um þau náttúrugæði sem þarna er verið að opna fyrir.

Ég vek líka athygli á því sem fram er tekið í álitsgerðinni, sem hæstv. umhvrh. vitnar til, að það er ekki aðeins svo að hann telji að engar hömlur verði lagðar á gagnvart þeim sem öðlast búseturétt hér eða lögheimili samkvæmt nýjum rétti og nýjum reglum, þ.e. allir þeir erlendu launamenn sem hér fá leyfi til vinnu geta fengið atvinnu, þeir eru um leið búnir að fá þennan rétt og halda honum meðan þeir dveljast í landinu án takmarkana. Það er alveg ljóst.

Í öðru lagi segir hér, og ég vek athygli á því sem fram kemur í greinargerð með frv. og hæstv. ráðherra las í sinni framsögu: „...hins vegar er ekki útilokað að erlendur aðili sem nyti EES-réttar stofnaði til atvinnustarfsemi sem fælist í því að skipuleggja ferðir, þar sem þátttakendur færu til fuglaveiða á umræddum svæðum."

Hér vísa þeir, sem sömdu álitsgerðina sem ráðherrann byggir á, á stofnsetningarréttinn, þ.e. þeir sem reka fyrirtækið þurfa ekki að vera íslenskir ríkisborgarar í þeim skilningi. Þar gildir sami réttur yfir allt svæðið, rétturinn til að stofna til atvinnustarfsemi. Þeir hinir sömu geta þá nýtt sér þann rétt til að selja aðgang að almenningum í landinu, til að nýta þau gæði sem þar eru, þar á meðal það sem hér er til umræðu, veiðar á villtum fuglum. Það er raunar verið að undirstrika það

með framlagningu frv. að sá sé skilningurinn hjá stjórnvöldum hérlendis. Ég tel það sannarlega slæmt hvernig þessu máli er komið. Þetta er stórt mál í heild sinni með allar þær mörgu fylgjur sem af því hljótast og því tengjast. Hér er einn angi á ferðinni, margir mundu segja ekki sá stærsti, en hann er alvarlegs eðlis samt.

Það eru fleiri þættir sem snúa að veiðiskap og almenningum sem rétt er að koma að hér. Raunar er það svo að varðandi almenninga eru í lögum á Íslandi forn ákvæði, Jónsbókarákvæði, sem menn kannast vafalaust við og hafa gilt hér um langa hríð. Þau eru úr landsleigubálki Jónsbókar frá 1281, en þar segir í 52. kafla undir fyrirsögninni: „Ef menn vitu eigi hvárt eru almenningar eða afréttir.

Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit bæði hit efra ok hit ytra ...“

Þetta er tilvísunin varðandi mörk almenninga. Síðan er að finna í 57. kafla landsleigubálks ákvæði um merkta fugla og ómerkta. Þar er að vísu fyrst og fremst fjallað um merkingu fugla á eigin landi en þar segir einnig, og það getur varðað þetta mál. Ég vitna til þess kafla sem í gildi er: „Í hvers landi sem elptr verpa, [það mun vera forn beyging á álft í fleirtölu] þá eignist sá er markar, ef hann veitir atróðr í sínu landi. ... Nú hafa elptr þrjú sumur orpit í sama landi samfleytt, þá eignast sá er þat land átti, í hvers landi sem hann kreppir ok merkir, ok þó at annarr marki, þá á hann, ef grannar hans vilja þat með eiði sanna, at þeim þykki þat líkast, at þær elptr hafi í hans landi orpit, en hinn hafi þó fyrir starf sitt.“

Þetta varðar varp fugla, nýtingu og nýtingarrétt. Þarna er fjallað um það, miðað við að um sé að ræða landareignir. En ég spyr: Hvað um almenninga og réttinn að því er varðar almenninga, hin víðlendu svæði í óbyggðum Íslands sem meiningin er að hleypa á í óheftri samkeppni við Íslendinga veiðimönnum og áhugamönnum um veiðar frá allri Vestur-Evrópu? Þeir munu vera ófáir og kunna nokkuð vel til verka, þeir sem elta spörfuglana og hafa æft sig lengi á farfuglum sem héðan eru komnir til Evrópu. Íslendingar hafa löngum undrast, ég segi ekki dáðst að, miklu frekar undrast þann veiðiskap á spörfuglum, sólskríkju og minni fuglum. Sólskríkjan er þó staðfugl hér á landi og kann að verða sérstaklega eftirsótt upp til fjalla og óbyggða. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann hafi kembt Jónsbókarákvæði að þessu leyti og hvort ríkisstjórnin hafi mótað sér afstöðu til þess m.a. að því er varðar merkingar á fuglum.

Það eru hins vegar fleiri þættir sem snerta veiði sem ástæða gæti verið til að víkja að. Í nefndarálitinu frá þeim þremenningum er kveðið svo á að nokkuð annað gildi um lax- og silungsveiði og það þurfi ekki að hafa áhyggjur af henni í sambandi við fjórfrelsið. Ég spyr hæstv. umhvrh. að því hvort hann sé alveg viss um að ástæðulaust sé að hafa engar áhyggjur af þeim veiðiskap. Ég vísa einnig til þess sem snýr að fuglaveiðunum í sambandi við landareignir. Ég skal taka það á undan veiðum á laxi og silungi, þ.e. það sem kveður á um í 2. gr. um fuglaveiðar og fuglafriðun. Þar segir í 3. tölul. í 2. gr.:

„Eigi má skilja rétt til fuglaveiða að nokkru eða öllu leyti við landareign fyrir fullt og allt. En leyfilegt skal að skilja rétt til fuglaveiða við landareign um tiltekið tímabil, er eigi má vera lengra en 10 ár í senn.“

Þarna er sem sagt heimild til að undanskilja tímabundið veiðirétt á landareignum. Nú veit ég ekki hvað hæstv. umhvrh. hefur hugsað í sambandi við stefnumótun um þetta almennt í sambandi við frv. sem hann flutti í fyrra og var að boða endurflutning á því. Mér er það ekki í minni en mér sýnist að þarna gæti verið opnað fyrir það, á grundvelli þessa ákvæðis, að veiðiréttur á fuglum sé undanskilinn landareign og seldur. Þá sýnist mér nokkuð ljóst að það hljóti að geta orðið býsna margir á grundvelli EES-réttar til þess að keppa um þau réttindi. Ég spyr hæstv. ráðherra að því hvort hann hafi ætlað sér að marka stefnu um þessi efni áður en EES-samningurinn komi til framkvæmda, sem við skulum vona að verði nokkur bið á, og hvert viðhorf hans sé til þessa atriðis.

Það er ekki ósvipað efni sem er að finna einmitt í lögum um lax- og silungsveiði frá 1970 en í 4. tölul. 2. gr. um veiðirétt segir svo, með leyfi forseta:

„Eigi má skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma, sbr. þó 5. mgr. 14. gr., annan en stangarveiðirétt, en hann má skilja við landareign um tiltekið tímabil, er þó má eigi vera lengra en 10 ár, nema leyfi ráðherra komi til og veiðimálastjóri og veiðimálanefnd mæli með því, að leyfið sé veitt.“

Þarna er sem sagt um ákveðna heimild að ræða sem gefur færi á að undanskilja veiðiréttinn og má vera að þetta sé tíðkað nú þegar í sambandi við meðferð og ráðstöfun á lax- og silungsveiði. Um það vil ég ekki fullyrða.

Það eru mörg fleiri efni sem snúa að afréttum og almenningum sem eru kannski fremur á verksviði annarra ráðherra en hæstv. umhvrh. Þar eru m.a. afréttarmálefni og efni sem lúta að fjallskilum og öðru þess háttar. Það skyldi ekki vera að framkvæmdastjórnin í Brussel þyrfti innan tíðar að hafa einhver afskipti af þeim efnum vegna ákvæða í íslenskri löggjöf varðandi afrétti og notkun þeirra og fjallskilamálefni? Út í þá sálma ætla ég ekki að fara hér og nú þar sem umræðuefnið er þetta tiltekna frv. og af nógu að taka að því er það mál snertir.

Ég tel að hér sé um að ræða mjög varhugaverð ákvæði sem hugmyndin er að leiða í lög hér á landi og raunar slæm ákvæði. Það er hins vegar lagt hér fyrir sem sjálfsögð afleiðing þess, af hálfu hæstv. ráðherra að því er virðist, að til stendur af hálfu ríkisstjórnar að fá EES-samning lögfestan í þinginu.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra komi að þeim atriðum sem ég hef spurt um sérstaklega og ég inni hann jafnframt eftir því hvort það sé hans ásetningur að nýta þær heimildir um búsetuskilyrði og aðrar takmarkanir sem vikið er að í frv. en óskað er eftir heimildum fyrir ráðherra til þess að setja. Nú segir það út af fyrir sig ekki margt um það hvað sitjandi ráðherra hverju sinni vill gera, og segir ekkert um það hver

verður afstaða þeirra sem við tekur. Þar er því ekki á vísan að róa. Engu að síður fyndist mér eðlilegt að heyra um viðhorf ráðherrans að þessu leyti.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér erum við enn einu sinni að ræða um frv. sem gerir ráð fyrir breytingum á lögum í tengslum við hið Evrópska efnahagssvæði, eins og segir í formála. Þrátt fyrir það segir hér í 1. gr., með leyfi forseta:

„Ráðherra er heimilt með reglugerð að veita undanþágu frá skilyrði 2. og 3. mgr. um íslenskan ríkisborgararétt og binda réttinn búsetuskilyrði, í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að."

Það segir ekki í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið heldur í samræmi við alþjóðasamninga. Það er verið að opna þetta enn meira virðist vera með þessari grein en að það taki aðeins til samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Ég vil því spyrja hæstv. umhvrh. hvort það er meiningin að þarna sé hægt að veita heimild fyrir þessar undanþágur í sambandi við hvaða alþjóðasamninga sem gerðir verða á næstunni eða í náinni framtíð.

Í þeim lögum sem hér er vísað til, þ.e. lögum frá 26. apríl 1966 um fuglaveiðar segir í 2. tölul. 5. gr., með leyfi forseta:

„Öllum íslenskum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í afréttum og almenningum ..." Þannig eru lögin í dag. Öllum íslenskum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar.

Síðan kemur í 1. gr. frv. að ráðherra sé heimilt með reglugerð að veita undanþágu frá þessari heimild, þ.e. að íslenskum ríkisborgurum séu heimilar fuglaveiðar. Það er ekki verið að veita heimild til undanþágu frá einhverju sem er bannað heldur er verið að veita heimild frá annarri heimild. Ég verð að segja að mér finnst þetta einkennilega til orða tekið. Er ekki svolítið undarlegt málfar að setja þetta þarna inn?

Eins og ég sagði í upphafi er hér verið að koma með enn eina heimildina um reglugerðarleyfi fyrir ráðherra. Virðist ekki hægt að sjá fyrir um það hversu mikið það reglugerðarfargan getur orðið sem hellist yfir okkur í tengslum við þann samning sem hér er fyrirhugað að samþykkja. Það er út af fyrir sig gott að í athugasemdum við einstakar greinar frv. skuli standa að það megi binda undanþáguna búsetuskilyrði og ég vænti þess að það frv. muni koma fram mjög fljótlega. En mér finnst að það hefði verið eðlilegra að það hefði verið lagt fram um leið og jafnvel bara lagt fram slíkt frv. en ekki þetta undantekningarfrv. sem við erum að ræða. En hæstv. umhvrh. kynnti það að það mundi koma fram og ég vænti þess að það verði mjög fljótlega.

Sá hv. þm. sem talaði á undan mér, Hjörleifur Guttormsson, gat þess að hann hefði vænst þess að angar fjórfrelsisins mundu ekki teygja sig upp í óbyggðir en það held ég að sé borin von. Réttur fjórfrelsins mun teygja sig ansi langt.

Í álitsgerð sem hér er vitnað til og kom fram í sumar þar sem þrír menn, sem til þess voru fengnir, segja álit sitt á þessum samningi um Evrópska efnahagssvæðið og fasteignir á Íslandi má lesa að erlendum ríkisborgurum séu ekki heimilar fuglaveiðar í óbyggðum Íslands. En það er ekki farin sú leið að leggja fram nýtt frv. sem heimilar það eða að breyta frv. verulega til samræmis við það efnislega heldur að ráðherra sé heimilt að setja reglugerð.

Í þessu máli eins og mörgum öðrum finnst mér því vera komið aftan að fólki. Það eru margir sem treysta því úti í þjóðfélaginu að þetta sé í lögum eins og það er, en athuga það ekki hversu margar reglugerðir verða settar í tengslum við þetta. Ég held að þó að þetta frv. sé ekki mikið að vöxtum og ekki margar greinar þurfi það verulegrar athugunar við.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Þó mér komi það á óvart efa ég ekki að hæstv. ráðherra hefur metið það rétt að nauðsynlegt muni vera að breyta lögum vegna samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði einnig á þessu sviði. Þó verð ég að taka undir það sem kom fram áðan að ótrúlega langt teygir sig krumla EB. Hún minnir á krumluna úr heiðnabergi íhaldsins sem einu sinni var talað um. En ég trúi ekki öðru en hæstv. ráðherra sé sammála mér um það að hér er nefnilega fram komið mál þar sem við þurfum að byggja upp einhvers konar girðingu. Það vekur athygli mína að Danir eru að því. Í grg. með frv. segir, með leyfi forseta:

„Við þetta má bæta að Danir eru nú að undirbúa frv. til laga um veiði og stjórn villtra dýrastofna þar sem lagt er til að réttur til fuglaveiða í danskri landhelgi verði takmarkaður við þá sem lögheimili eiga í Danmörku enda sé ekki um að ræða veiðar í atvinnuskyni. Breyting þessi er m.a. rökstudd með tilvísun í Rómarsamninginn."

Ég hefði talið eðlilegt fyrst Dönum er þetta kleift að við gerðum það sama og settum lög um það að aðeins þeim sem eiga hér ríkisborgararétt verði leyft að veiða í íslenskum almenningi.

Svo eru veiðar í atvinnuskyni. Ég vil taka undir það sem fram kom hér áðan hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að það er orðið meira en lítið alvarlegt mál ef erlendir menn geta sett hér upp fyrirtæki og auglýst gæsa- og rjúpnaveiðar í almenningi og fengið hingað erlenda menn í þessu skyni.

Nú er mér að sjálfsögðu kunnugt eins og öðrum að til eru þeir einstaklingar sem stunda sérstaklega rjúpnaveiði og kannski eitthvað gæsaveiði í atvinnuskyni en ég kannast ekki við nein fyrirtæki sem það gera. Ég held satt að segja að það sé þess virði að athuga hvort ekki er unnt að banna það með almennum lögum sem ná til allra. Heimila má einstaklingum a.m.k. í sínum heimalöndum að stunda slíkt þó að það yrði bannað t.d. á almenningi að stunda slíkar dýraveiðar í atvinnuskyni. Okkur hlýtur að vera það heimilt að láta það ná til allra.

Ég vil stinga þessu að hæstv. ráðherra því að ég veit að honum er áreiðanlega ekkert síður kappsmál en mér og fleirum að halda þessu sem mest innan okkar íslensku heimildar og lögsögu.

Ég hlýt jafnframt að gagnrýna það að leggja fram frv. sem er svona opið. Sem sagt er ráðherra heimilt með reglugerð að undanþiggja frá þeim skilyrðum sem hér er verið að tala um þó honum sé jafnframt heimilt að setja skilyrði um búsetuskilyrði. Og ég held að það væri miklu betra að drífa sig bara í það að flytja frv. eins og Danir eru að gera. Er það nokkuð mikið verk? *Ég er sannfærður um það að hæstv. ráðherra* fengi mikinn stuðning við það að koma slíku máli fljótt í gegn.

Hæstv. ráðherra vísaði í frv. sem var flutt í fyrra og var hér mikið rætt og er að koma fram að nýju. Ég fagna því. Ég held að það þurfi, eins og ég sagði þá, að setja reglur um veiðar. Þó ég væri ekki sáttur við þær eins og þær voru þar skrifaðar þá fagna ég því. Það er áreiðanlega mjög mikil nauðsyn á slíku en ég held að við eigum ekki að bíða eftir því og bara drífa fram frv. eins og ég hef sagt og Danir eru að gera og jafnframt banna veiðar í atvinnuskyni í almenningi.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Fáein orð í viðbót. Það er greinilegt að menn vita ekki mjög nákvæmlega hvað þeir eru með í höndunum þegar þeir eru að fjalla um þetta mál. Það sést vel í greinargerðinni sem fylgir frv. Hér er ekki tekið mjög skýrt til orða. Þar eru setningar eins og „hins vegar er ekki útilokað ... Talið er ... væntanlega ekki gert kröfu ... er vafasamt að hægt sé ...“ o.s.frv. Mér finnst skrýtið að sjá það að menn skuli vera nánast með vangaveltur í greinargerð með lagafrv. um það hvort hlutirnir séu svona eða á hinn veginn. Það stendur t.d. hér: „... hins vegar er ekki útilokað að erlendur aðili sem nyti EES-réttar stofnaði til atvinnustarfsemi sem fælist í því að skipuleggja ferð þar sem þátttakendur færu til fuglaveiða á umræddum svæðum.“

Menn eru sem sagt ekki vissir um þetta. Ég held að það eitt að setja þetta í greinargerðina sýni að þó að svona sé til orða tekið séu menn reyndar vissir um þetta. Þeir væru bara varla að nefna það annars að þessi möguleiki sé fyrir hendi.

Ég tek undir það sem hv. 7. þm. Reykn. var að segja áðan að vitanlega þurfa menn ef þeir ætla í alvöru að fara inn í þetta ferli að reyna að setja allar þær skorður sem hægt er. Ég tel að það sé ýmislegt sem megi gera. Er t.d. nokkuð verið að athuga hvort ekki sé rétt að setja strangari reglur um meðferð skotvopna sem erlendir aðilar eigi að undirgangast eins og Íslendingar, þ.e. að menn eigi að geta framvísað vottorðum um að þeir hafi skotveiðileyfi með sama hætti og Íslendingar og þekkingu á þeim íslensku fuglum sem má veiða, hvenær ársins megi veiða þá og annað því um líkt, og þurfi að fá uppáskrift á Íslandi fyrir þessu? Þeir aðilar sem kæmu til landsins og hefðu það að markmiði að veiða fugla þyrftu að fara í gegnum einhverja ákveðna síu.

Ég tel fulla ástæða til að skoða þessi mál mun betur og ég hvet til þess að það verði gert í þeirri nefnd sem fær frv. til umfjöllunar. Það held ég geti annars valdið verulegum vanda. Menn vita ekkert hvað það getur vafið hratt upp á sig ef t.d. er hægt að fara að skipuleggja ferðir þar sem hluti af ferðunum er veiðimennska. Það er mikill áhugi á veiðum, ekki bara á Íslandi. Menn hafa haft áhyggjur af að veiðiferðir okkar eigin landa gangi of langt og jafnvel sé gengið allt of nærri fuglum og dýrastofnum. Við getum allt í einu staðið frammi fyrir því að hér hafi kannski orðið þróun sem er erfitt að stöðva, að til landsins komi stórir *hópar sem fara að nýta sér möguleika sem við gerum* okkur ekki grein fyrir í dag að eru fyrir hendi og jafnvel að alls konar hagsmunir landa okkar sem mundu tengjast þessum veiðiferðum og yrðu til trafala við að setja nýjar reglur til að koma í veg fyrir að það yrði skaði á náttúrunni.

Þetta er eitt með öðru sem sýnir okkur fram á að margt þarf að skoða og að mörgu að hyggja í sambandi við þetta stóra mál og þessi mál öll. Ég endurtek það að ég hvet nefndina til þess að skoða það vandlega hvort hún kemur ekki með tillögur um ákvæði í lögunum sem gætu sett varnagla þannig að hægt væri að beita reglum ef í óefni stefndi.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þakkir til hæstv. ráðherra fyrir að láta fara fram nákvæma skoðun á því hvaða atriði það eru í hinum væntanlega samningi um Evrópska efnahagssvæðið sem gætu haft áhrif á íslenska löggjöf og rétt útlendinga hér á landi. Hins vegar kemur það fram eins og vakin hefur verið athygli á í greinargerð frv. að hér sé nokkur vafi á og ekki alveg víst að það þurfi að gera þessa breytingu.

Þá finnst mér koma upp spurningin um stefnu ríkisstjórnarinnar. Ætlar hún að opna með breytingum á íslenskri löggjöf öll þau atriði sem hugsanlega væri hægt að túlka þannig að við þyrftum að breyta og opna fyrir útlendingum? Er þetta sem sagt afleiðing af slíkri stefnu?

Þá kemur upp önnur spurning: Hvað gerist ef við förum okkur hægt í sakirnar og gerum slíkar breytingar ekki ótilneydd? Samkvæmt þessum samningi á ágreiningur að fara fyrir sameiginlegu nefndina og reyna að fá hann afgreiddan þar. Liggur þá nokkuð á að gera svona breytingar sem ekki er vissa fyrir að þurfi að gera fyrr en einhver hefur gert athugasemdir við það og málið hefur farið fyrir sameiginlegu nefndina? Þá getum við tekið afstöðu til þess hvernig við á að bregðast.

Samkvæmt samningum, minnir mig vera, eiga önnur lönd rétt til þess að beita viðurlögum ef úrskurðað er að um brot sé að ræða. En yrðu þau viðurlög þá ekki á sama sviði, þ.e. að Íslendingar fengju þá ekki að veiða í almenningum annarra landa, og væri það svo hættulegt fyrir okkur þó að við nytum ekki þess réttar eða hvaða áhrif mundi það hafa á samninginn að öðru leyti?

Þetta er kannski ekki stórt mál en þó hefur verið rakið að það geti orðið og haft býsna miklar afleiðingar. En ég hef ekki fullkomlega fengið svar við því hvað gerist ef Íslendingar uppfylla ekki allar skyldur sem hugsanlega kynnu að vera úrskurðaðar af sameiginlegu nefndinni. Er það nema refsing sem fælist í því

að við nytum ekki sama réttar í öðrum löndum?

Það getur náttúrlega verið um miklu veigameiri atriði að ræða, t.d. orku eða eignarrétt á landi. Ef við ekki opnum slíkt fyrir útlendingum yrði refsingin þá aðeins sú að við gætum t.d. ekki eignast eignarhluta í orkulindum annarra þjóða sem samningurinn nær til eða íslenskir ríkisborgarar gætu ekki keypt lendur þar? Eða hversu víðtæk yrði refsingin?

Þetta kemur ósjálfrátt upp í hugann þegar um þetta atriði er fjallað og ég held að það væri mjög æskilegt ef hæstv. ráðherra mundi gera okkur grein fyrir þessu. Í fyrsta lagi: Hver er stefna ríkisstjórnarinnar, að breyta lögum sem hugsanlega gæti verið þörf fyrir að gera en ekki endilega víst? Í öðru lagi: Hver yrðu viðurlögin ef ekki væri gengið svo langt þegar í upphafi?

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður, 2. þm. Suðurl., spurði um stefnu ríkisstjórnarinnar. Raunar kom öll hans ræða mér nokkuð á óvart. Stefna ríkisstjórnar Íslands sem gerir samning á alþjóðavettvangi hlýtur að vera sú að standa við samninginn. Hún getur ekki að mínu mati a.m.k., og nú tala ég án þess að hafa ráðgast við samstarfsmenn mína, verið sú að brjóta samninginn á sem flestum sviðum og láta á það reyna hvort við komumst upp með það eða hvort refsingarnar kunna að vera svo veigalitlar að þær skipti okkur ekki máli. Ég verð, virðulegi forseti, að segja það að hugsunarháttur af þessu tagi gagnvart samningum hvort sem þeir eru við aðrar þjóðir, einstaklinga eða fyrirtæki, kemur mér verulega á óvart. Ef við gerumst aðilar að samningi og undirritum samning hlýtur það að vera okkar mark og stefna að standa við samninginn og ætlast jafnframt til þess að aðrir geri það.

Hv. þm. spurði mig líka hversu víðtækar refsingarnar mundu verða. Ég játa það í fullri hreinskilni að ég hef ekki þekkingu til þess að ræða það mál í smáatriðum. Hann spurði líka: Liggur nokkuð á? Það getur verið álitamál hversu mikið liggur á. Ég taldi rétt að leggja þetta frv. fram hér og nú. Í frv. sem var til umræðu í fyrra voru svipuð ákvæði eins og ég rakti í minni framsögu. Ég tel líklegt að það taki lengri tíma að fá það samþykkt og það er stefnt að því að þessi samningur öðlist gildi fyrir áramót og því taldi ég brýnt að flytja frv. af því tagi sem hér liggur nú frammi.

Í rauninni er hér ekki um mjög flókið mál að ræða þótt auðvitað getum við gert málið flókið með því að ræða lengi um athyglisverð atriði sem eignarréttur, afnotaréttur á almenningum og lendum af því tagi er. Það er mál sem við þurfum að ræða. En kannski væri skynsamlegra að ræða það undir öðrum formerkjum. Nefnd sem um margra ára skeið hefur fjallað um þau efni mun vera í þann veginn að skila áliti. Ég tel mjög brýnt, eins og raunar segir í stefnuskrá þessarar ríkisstjórnar, að sett verði lög um afnotarétt á landi sem ekki er í skýrri séreign. Þessi nefnd sem ég áður gat um mun skila áliti áður en langt um líður og ég bíð þess með nokkurri óþreyju að sjá hver hennar niðurstaða verður. Ég hygg að hún muni hafa starfað síðan 1983 eða 1984 ef mig ekki misminnir.

Það sem hér er um að tefla er í rauninni sáraeinfalt. Eins og nú er í lögum eru það íslenskir ríkisborgarar einir sem hafa rétt til þeirra veiða sem hér um ræðir. (**Forseti:** Forseti er tilneyddur að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann eigi langt mál eftir þar sem lofað hafði verið að utandagskrárumræða hæfist klukkan hálffjögur og forseti yrði þá að líkindum að fresta umræðu um þetta mál.) Já. Nú er það svo, virðulegi forseti, að ég á allmörgum spurningum ósvarað sem til mín var beint og geri ráð fyrir þó að ég gæti auðvitað fallist á að ljúka minni ræðu nú og málið færi þá til nefndar, að þingmönnum þyki eðlilegt að þeirra spurningum verði svarað. Ég kýs þá að gera hlé á minni ræðu. (**Forseti:** Forseti þakkar það því að þingfundi verður fram haldið kl. 6 og þá er unnt að halda þessari umræðu áfram.)

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Stefna stjórnvalda í áfengis- og fíkniefnameðferð.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Eins og áður hafði verið frá skýrt hefst nú utandagskrárumræða samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. laga um þingsköp að beiðni hv. 2. þm. Vesturl. og fjallar hún um stefnu stjórnvalda í áfengis- og fíkniefnameðferð.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég bið um utandagskrárumræðu vegna mikils niðurskurðar og væntanlegs meiri niðurskurðar varðandi áfengis- og fíkniefnameðferð. Heilbrigðisþjónustan hefur þurft að taka á sig mikinn niðurskurð sl. missiri, niðurskurð sem hæstv. ríkisstjórn telur hafa tekist vel, niðurskurð sem víða hefur komið þungt niður. Nægir þar að nefna þrengslin og örtröðina á fæðingardeild Landspítalans vegna lokunar Fæðingarheimilisins, biðlistann eftir bæklunaraðgerðum, erfiðleika á að koma öldruðum sjúklingum fyrir á sjúkrastofnunum og vaxandi óánægju hjá starfsfólki sjúkrastofnana vegna allt of mikils vinnuálags sem þýðir því miður lakari þjónustu. Þetta segir ríkisstjórnin að hafi tekist vel. Nú ætlar hæstv. ríkisstjórn að takast enn og betur.

Sá niðurskurður sem nú er áætlaður í fjárlagafrv. fyrir árið 1993 til áfengis- og vímuefnameðferðar virðist ekki í neinu samræmi við aðra þætti fjárlagagerðarinnar nema hæstv. ríkisstjórn ætli alfarið að breyta um stefnu í þessum málaflokki. Árið 1991 var framlagið til SÁÁ 236 millj., á yfirstandandi ári 200 millj. en áætlað á næsta ári 170 millj. Ef frv. verður samþykkt óbreytt er hér um að ræða 30% niðurskurð á þessu tímabili. Á sama tíma er fjárframlag til Landspítalans vegna þessa málaflokks lækkað enn meira og áformað er að fækka rúmum þar úr 63 í 15 með því að

leggja niður áfengismeðferðardeild að Vífilsstöðum og hætta rekstri Gunnarsholts.

Þeir sem stjórna raunverulegri meðferð á áfengis- og vímuefnasjúklingum er fyrst og fremst geðdeild Landspítalans, SÁÁ og Samhjálp. Þá er hér um að ræða raunverulega læknismeðferð sem er virk áfengismeðferð. Það eru 200 sjúkrarúm til afnota fyrir þessa sjúklinga. Ef niðurskurðurinn nær fram að ganga fækkar rúmunum um 52. Annað starf varðandi áfengissjúka er ekki á læknisfræðilegum grunni heldur meira á svokölluðum félagslegum grunni og á auðvitað fullan rétt á sér.

Hingað til hefur meðferð áfengis- og fíkniefnasjúklinga verið viðurkennd í samræmi við læknalög og heilbrigðislög og verið undir stjórn fagaðila. Það hefur verið hin viðurkennda stefna hingað til. Innlagnir á móttökudeild geðdeildar Landspítalans hafa verið um 470 á ári en innlagnir á stofnanir SÁÁ um 2.000.

Á sl. 15–20 árum hefur orðið stórkostleg breyting hvað varðar meðferð áfengis- og vímuefnasjúklinga á Íslandi. Tekið hefur verið á þessum vanda á allt annan hátt en áður var gert og árangurinn er stórkostlegur. Aðrar þjóðir hafa litið til Íslands hvað þennan málaflokk áhrærir. Við sem unnið höfum að heilbrigðismálum lengi vitum að hér er um algera byltingu að ræða. Allir sem þekkja til áfengis- og vímuefnamála vita að sjúkdómurinn er þannig vaxinn að hann er ekki aðeins skaðlegur sjúklingnum heldur leggst hann á alla fjölskyldu hins sjúka, oft með öðrum sjúkdómseinkennum auk þess sem umhverfið hefur ómældan skaða og oft ógn af hinum sjúka. Það verður því stórkostleg breyting í lífi jafnvel fjölda manns þegar sjúklinguriinn fær bata og hver læknaður sparar sér og þjóðfélaginu mikið fé og mikinn sársauka.

Í dag er talið að um 19 þúsund einstaklingar séu háðir vímuefnum á Íslandi og 28 þús. börn alist upp á alkóhólískum heimilum. Fyrir tæpu ári síðan var gagnmerk ráðstefna undir kjörorðinu „Verum vakandi", um mótun framtíðarstefnu í vímuefnavörnum á vegum heilbrrn. Þessi ráðstefna var glæsileg og vakti vonir þar sem hæstv. heilbrrh. kynnti nýtt frv. um mótun framtíðarstefnu í vímuefnavörnum. Á þessari ráðstefnu sagði hæstv. heilbrrh. m.a., með leyfi forseta:

„Neysla bæði löglegra og ólöglegra vímuefna er eitt mesta vandamál samtímans. Hún er undirrót afbrota og ómældra mannlegra þjáninga. Augu fólks eru að ljúkast upp fyrir þessu í ört vaxandi mæli", sagði hæstv. heilbrrh. fyrir ári síðan.

Mér finnst eins og augnlokin hafi sigið verulega á þessu eina ári sem liðið er. Hæstv. heilbrrh. kom einnig inn á meginþætti sem til bóta gætu horft sem of langt mál er hér að rekja. Eitt af merkustu nýmælum í tillögu ráðherra var, með leyfi forseta, að varið yrði til áfengis- og vímuefnavarna 2% af bruttósölu áfengis til þess að annast vímuefnastarf, eins og hann orðaði það. Bruttósala áfengis og tóbaks eru áætluð á næsta ári um 9,7 milljarðar kr. Menn geta síðan skoðað fjárlagafrv. og séð hversu langt við erum frá þessu markmiði.

En stóra málið er auðvitað að áfengis- og vímuefnavandinn er mikill og ekki einkamál SÁÁ eða geðdeildar Landspítalans. Hann er ekki einu sinni einkamál heilbrrn. Hann snertir okkur öll með beinum eða óbeinum hætti. Hann er vandi þjóðarinnar allrar. Þessi vandi hverfur ekki þó að sjúklingurinn hætti að leggjast inn á meðferðarstofnanir SÁÁ eða geðdeild Landspítalans. Erfitt er að spá um hvaða afleiðingar það hefur ef sú áfengismeðferð sem byggð hefur verið upp í landinu verður lömuð á næstu árum.

Ég verð verulega að stytta mál mitt þó það séu margir spurningar sem brenna á, virðulegi forseti, og spyrja hæstv. heilbrrh. stóru spruningarinnar: Hvað varð um nýjar áherslur í forvarnastarfi sem hæstv. ráðherra kynnti á ráðstefnu fyrir ári síðan? Telur hæstv. heilbrrh. að ekki þurfi að fara að læknalögum varðandi meðferð áfengissjúklinga? Þá er ég að tala um þegar afeitranir eiga sér stað. Hver er raunveruleg stefna stjórnvalda í þessum málaflokki?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Vesturl. fyrir að gefa tilefni til að ræða þessi mál hér og ég þakka hv. þm. fyrir það einnig að taka málið upp með nokkuð öðrum hætti en gert hefur verið á opinberum vettvangi að undanförnu og láta hjá líða að veitast að þeim sem hafa unnið ágætt starf á þessum vettvangi. Það gerði hv. þm. alls ekki, öfugt við það sem sums staðar annars staðar hefur gerst.

Það er vissulega ástæða til þess að vekja athygli á því hve margir aðilar það eru sem fást við meðferð áfengissjúklinga og þeirra sem hafa orðið vímuefnum að bráð. Heilbrrn. styrkir nú starfrækslu átta stoðbýla og áfangahúsa sem hér segir: Dyngjan í Snekkjuvogi, þar er rými fyrir 20 konur; Krossgötur í Kópavogi, þar er rými fyrir 8 karlmenn; Risið í Mjölnisholti, þar er rými fyrir 25 karlmenn; Þrepið á Laugarásvegi, þar er rými fyrir 12 karlmenn; SÁÁ á Akureyri, þar er rými fyrir 9 karlmenn; Skjöldur á Ránargötu, þar er rými fyrir 23 karlmenn; Takmarkið, Barónsstíg, þar er rými fyrir 18 karlmenn og Vernd á Laugarteig en þar er rými fyrir 17 karlmenn.

Hér er alls um að ræða 132 rými í stoðbýli og áfangahúsum og eftir því sem best er vitað eru þau alltaf fullsetin. Þeir sem eitthvað vinna og vistast þarna greiða hluta vistunargjalds en fjölmargir eru atvinnulausir og greiða ekkert og þar myndast skuld. Þessi starfsemi er yfirleitt unnin í sjálfboðavinnu af einstaklingum og félagasamtökum sem eru að vinna mikið miskunnarverk. Það fólk sem þarna vistast er í mjög mörgum tilvikum fólk sem hefur verið í meðferð á meðferðarstofnunum ríkisins en meðferð hefur ekki borið árangur. Það er ástæða til þess að geta þess að þeir aðilar sem þessi stoðbýli starfrækja hafa náð umtalsverðum árangri með fólk sem aðrar aðferðir hafa ekki skilað árangri með.

Á þessu ári hefur á vegum heilbrrn. verið framkvæmd sérstök skoðun á starfsemi allra þessara aðila og í framhaldi af þeirri skoðun hefur heilbrrh. tekið þá ákvörðun að styðja við bakið á þessari starfsemi því að ég tel að þarna sé fólk að vinna gott verk.

Sjúkravistun fyrir áfengissjúklinga sem ýmist eru

greidd með föstum fjárlögum eða með daggjaldi frá Tryggingastofnun ríkisins er sem hér segir: SÁÁ að Vogi 60 rými, SÁÁ að Staðarfelli 30 rými, Vík á Kjalarnesi 30 rými, Hlaðgerðarkot 30 rými, Víðines 70 rými, Gunnarsholt 30 rými. Áfengisdeild á Vífilsstöðum er nú rekin með 16 rýmum en var upphaflega ráðgerð og byggð fyrir 23 vistmenn og áfengisdeild á geðdeild Landspítala með 15 rými. Samtals eru þetta ekki 200 sjúkrarúm, eins og hv. 2. þm. Vesturl. sagði hér áðan, heldur 281 sjúkrarúm.

Það er alkunna að þar fyrir utan eru starfræktar meðferðarstofnanir sem veita slíku fólki viðtöku, bæði meðferðarstofnunin fyrir unglinga á Kjalarnesi, sem nú er starfrækt á vegum félmrn. en var áður starfrækt á vegum menntmrn. og enn fremur meðferðarstofnun fyrir ungmenni í Krýsuvík sem fjárveitinganefnd/fjárlaganefnd Alþingis hefur stutt á undanförnum árum. Það er því um allmiklu fleiri meðferðarrúm og vistrými í stoðbýlum að ræða en látið hefur verið í veðri vaka. Það eru eitthvað á fimmta hundrað rúm og vistunarpláss sem boðið er upp á til meðferðar af þessu tagi.

Það er auðvitað alveg rétt, og ég er ekkert að draga fjöður yfir það, að einn þáttur í tillögum ríkisstjórnarinnar í fjárlagafrv., sem ég er að sjálfsögðu ábyrgur fyrir ásamt mínum samráðherrum, er að draga úr framlögum ríkisins vegna meðferðar áfengissjúklinga. Það er ástæðulaust að draga neina fjöður yfir það. Það er verið að gera tillögur um það. Ástæðan er að sjálfsögðu ekki sú að við teljum að sú starfsemi sem þarna er rekin sé ekki góð og nauðsynleg. Ástæðan er sú að við verðum að draga úr kostnaði. Við verðum draga úr kostnaði í heilbrigðiskerfinu og ég treysti mér ekki til þess að halda öllu lengra á þá braut sem haldin var á þessu ári, þ.e. að skera niður fjárveitingar til einstakra sjúkrahúsa, til bráðaþjónustu sem þar er veitt.

Ég á nú í viðræðum við SÁÁ um að leita sameiginlegra lausna við SÁÁ um þessi meðferðarmál og mun væntanlega eiga viðræður við stjórnarnefnd Ríkisspítala um sama málefni. Fyrsti fundur þar um verður væntanlega á morgun. Ég trúi því og treysti að með ákveðinni hagræðingu, m.a. með aukinni göngudeildarstarfsemi, sem er ódýrari starfsemi en innlagnir og getur verið ekkert síður árangursrík, geti bæði Ríkisspítalar og SÁÁ haldið áfram þeirri þjónustu sem þeir veita í dag. En jafnvel þó að svo færi að ekki væri hægt annað en leggja niður rúmin á Vífilsstöðum og Staðarfelli er þar um að ræða 46 rými en ekki 52 sem jafngildir um það bil 16% samdrætti en ekki þeim skelfilegu afleiðingum sem verið er að tala um og látið er í veðri vaka í fjölmiðlaumfjöllun.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill minna þá hv. ræðumenn sem enn eiga eftir að tala að þeir hafa tvær mínútur.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Áfengissýki veldur meiri skaða í samfélaginu og fleirum skaða en flest önnur heilbrigðisvandamál. Kjarni málsins í þessari umræðu tel ég vera að skýr greinarmunur sé gerður á áfengismeðferð annars vegar og félagslegri aðhlynningu hins vegar. Ég hef ekki heyrt það hrakið hér í umræðunni að nú eigi að skera raunverulega niður 52 rými í hinni eiginlegu áfengismeðferð af um það bil 300. Tölum ber ekki alveg saman en þær tölur sem ég hef eru sitthvorum megin við 300.

Það er nefnilega ekki svo að það sé hægt að bera saman þá félagslegu aðhlynningu sem ýmis samtök veita og eru góðra gjalda verð og svo hins vegar áfengismeðferð. En raunverulega áfengismeðferð veita aðeins þrír aðilar, þ.e. geðdeild Landspítalans, SÁÁ og Samhjálp. Ég held að það sé fullljóst að það hefur oft ranglega verið talið með að um meðferðarrými væri að ræða á Víðinesi þar sem eru 70 rúm. Þar er um að ræða ellideild og sambýli og þar er veitt félagsleg aðstoð. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að taka með í dæmið. Að vísu er óvíst eftir mínum bestu heimildum hvað verður með þau 30 rúm sem eru í Gunnarsholti.

Þetta held ég að sé kannski það sem fyrst og fremst olli þeim orðahnippingum sem urðu um vímuefnameðferð á vegum trúarhópa milli okkar hæstv. heilbrrh. í gær og ég vil vísa honum á viðtal nokkurt sem var í morgunútvarpinu ef hann vill fá að vita hvers vegna ég tel að á vegum ýmissa þessara trúarhópa fari ekki fram meðferð heldur þessi aðhlynning með sínum brag.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þau vekja óneitanlega furðu framlögin sem áætluð eru á árinu 1993 til meðferðarstofnana vegna áfengis- og vímuefnaneyslu, ekki síst í ljósi þess að á síðustu missirum hefur það æ betur komið í ljós að neysla vímuefna er að aukast og afbrot tengjast að miklu leyti hvers konar fíkniefnaneyslu. Það hefur jafnvel verið fullyrt að um helmingur allra glæpa sé framinn undir áhrifum vímuefna. Þar er átt við ýmis auðgunarbrot en ekki síður ofbeldisverk. Í nær hverri viku fáum við fréttir af ofbeldisverkum og þeim mjög alvarlegum, ofbeldisverkum sem hægt er að rekja beint til neyslu vímuefna. Þar nægir að minna á nýlegt barnsrán sem framið var í Reykjavík.

Í úttekt, sem gerð var af DV fyrr á þessu ári og unnin var í samráði við ríkissaksóknara, Rannsóknarlögreglu ríkisins og yfirlækni slysadeildar, kom í ljós að aðferðir við ofbeldi eru orðnar mun grófari en áður og þessir aðilar eru fullvissir um að mörg þeirra ofbeldisverka sem framin eru tengist vímuefnaneyslu beint. Þetta eru allt staðreyndir sem liggja fyrir og allir þekkja. Það þekkja líka allir þá staðreynd að vandinn í ríkisfjármálum er mikill og það verður að skera niður. En finnst hæstv. ráðherra rétt að beita niðurskurðinum af svo mikilli hörku á alla starfsemi er lýtur að áfengis- og vímuefnameðferð? Telur hann það rétt á sama tíma og áfengis- og vímuefnaneysla eykst?

Þegar fjárlög fyrir árið 1992 voru samþykkt voru framlög til SÁÁ skorin niður um 15% og enn á að skera þar niður langt umfram það sem gert er hjá ýmsum stofnunum ríkisins sem fá framlög. Og það er rétt að það komi fram við þessa umræðu að það eru um

10.000 einstaklingar sem hafa farið í meðferð hjá SÁÁ frá því að stofnunin hóf störf.

Hjá Ríkisspítölunum eru framlög til þessara mála lækkuð enn meira. Þar á að fækka rúmum um 46 ef þessi áform ná fram að ganga. Með þessum aðgerðum, hæstv. ráðherra, er verið að brjóta niður það starf sem SÁÁ og starfsmenn Ríkisspítala hafa byggt upp á síðustu árum og það er því eðlilegt að hér sé spurt um stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málum og líka hvort hæstv. ráðherra telji að þetta séu þau framlög sem þurfi til að sinna þessari mikilvægu starfsemi.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að leita hagkvæmustu leiða eða hagkvæmustu rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu, þar með talinni áfengismeðferð á hverjum tíma, en það verður að hafa það að leiðarljósi að menn veiti bestu þjónustu sem völ er á. Ég leyfi mér að fullyrða að það sé því miður ekki alltaf gert þegar hæstv. ríkisstjórn leggur af stað í sína sparnaðarleiðangra, að menn hugi að leiðarlokum í því efni og þyrfti að gera það betur en dæmin sanna.

Því miður er nú í fjárlagafrv. boðaður mikill niðurskurður á framlögum bæði til SÁÁ og til Ríkisspítalanna, þ.e. þeirrar þjónustu sem Ríkisspítalar veita á þessu sviði, bæði á Vífilsstöðum og í Gunnarsholti. Ég óttast að það kunni að hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér, ekki síst ef brotin er upp sú meðferð eða það meðferðarform sem þessar stofnanir hafa byggt sína þjónustu á.

Vífilsstaðir t.d. gegna veigamiklu hlutverki í áfengismeðferð Ríkisspítalanna á sjúklingum þeim sem leita til þeirrar stofnunar og nauðsynlegt að huga vel að því hvað gerist ef sú starfsemi verður lögð af eða meðferðarformið verður brotið upp.

Því miður hygg ég að hvorki séu fyrirliggjandi tillögur frá SÁÁ né frá Ríkisspítölunum í þessu sambandi þegar hæstv. ríkisstjórn og hæstv. heilbrrh. leggja fram sínar tillögur.

Ég vil undirstrika að ég veit að unnið hefur verið gott verk af hálfu ýmissa einkaaðila og félagasamtaka á þessu sviði, ég ætla ekki að gera lítið úr því. Ég hef sjálfur reynslu af samstarfi við þessa aðila og veit að þeir vinna mikilvægt starf á þessu sviði og það verður einnig að gæta þess að þeir geti haldið áfram að veita þá þjónustu. En það sem ég vil undirstrika og leggja megináherslu á er að það verði haft í huga að ekki sé brotið upp það meðferðarprógram, það form, sem þær stofnanir hafa fylgt sem fyrst og fremst hafa verið að leita leiða til að berjast gegn þessum sjúkdómi, þ.e. Ríkisspítalarnir annars vegar, og SÁÁ hins vegar. Ég vænti þess að hæstv. heilbrrh. geri það þegar hann tekur upp viðræður sem hann hefur nú boðað við þessar stofnanir. Mér finnst gagnrýnivert að hann skuli ekki hafa rætt við fulltrúa þessara stofnana áður en þessar tillögur eru lagðar fram og gerðar að stefnu ríkisstjórnarinnar í fjárlagafrv. fyrir næsta ár.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil við þessa umræðu segja að það er í fyllsta máta eðlilegt að teknar séu upp viðræður og umræður um rekstur hinna margvíslegu og mörgu meðferðarheimila og stofnana sem sinna áfengissjúkum og ekki síst þegar árar eins og nú, en hins vegar er á það að líta að um allt þjóðfélagið blasa við samfélagsleg verkefni, samfélagsleg vandamál sem tengjast ofneyslu á vímuefnum og þá sérstaklega e.t.v. áfengi.

Meðferðarheimili, sem eru rekin hér, bæði á vegum opinberra aðila og ekki síður einkaaðila, hafa sýnt það að þau gegna mjög mikilvægu hlutverki og þess vegna verður með öllum ráðum að standa sem best að rekstri þessara stofnana.

Tilefni þess að ég vildi leggja hér orð að eru viðbrögð fulltrúa SÁÁ en viðbrögð þeirra vöktu nokkra undrun mína þegar fjárlagafrv. kom fram, þá voru fyrstu viðbrögðin þau að lýsa því yfir að e.t.v. yrði eftirmeðferðarheimilið að Staðarfelli lagt niður, þ.e. starfsemi þess. Þar eru 30 rúm, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra, sem sinna eftirmeðferð en 60 rúm eru á meðferðarheimili SÁÁ í höfuðborginni. Ég get ekki séð að SÁÁ hafi möguleika á því að standa að sinni starfsemi með sama hætti og áður ef heimilið að Staðarfelli verður algjörlega lagt niður, fyrir utan það að sú starfsemi sem hefur farið fram Staðarfelli hefur gefið mjög góða raun og hefur mjög gott orð á sér.

Ég vil þess vegna leggja ríka áherslu á að í allri þessari endurskipulagningu sem e.t.v. er nauðsynleg á þessum meðferðarheimilum er mikilvægt að heimili eins og heimilið að Staðarfelli fái möguleika á að starfa áfram með þeim sama hætti og verið hefur þrátt fyrir að e.t.v. þurfi að endurskipuleggja og styrkja þennan rekstur í tengslum við þá skoðun sem fer fram alls staðar í okkar þjóðfélagi. En ég vil endurtaka að þessi starfsemi er afar mikilvæg.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. að það er út af fyrir sig hægt að telja, sýnist mér, 413 rými í landinu öllu sem þjóna áfengis- og vímuefnasjúklingum með einum eða öðrum hætti. Vandinn er hins vegar sá að þessi rými eru misjöfn og þar fá sjúklingarnir mismunandi þjónustu. Það er í raun og veru útilokað að telja þau öll saman, að leggja þau saman og segja að þetta sé sams konar tilboð. Það er ekki þannig. Það er grundvallarmunur á þessum stofnunum. Ég held að það sé nauðsynlegt að við áttum okkur á því að það sem er að gerast núna í þessum hugmyndum er að hæstv. ráðherra talar um að leggja niður um 46 rými — aðrir segja 52 en ráðherra segir 46 — á tilteknum stofnunum sem hann telur upp. Þær stofnanir sem þarna er um að ræða og ég tel að séu í algjörum sérflokki að því er varðar áfengismeðferð frá læknisfræðilegu sjónarmiði eru Vík, Vogur, Staðarfell, Vífilsstaðir og geðdeild Landspítalans. Samtals eru rýmin á þessum stöðum 151 og það er verið að tala um að loka hugsanlega Vífilsstöðum og Staðarfelli, eða samtals 46 af 151 rými af þessu tagi.

Nú er hins vegar mikilvægt og nauðsynlegt að hafa í huga að það er mikilvæg þjónusta veitt annars stað-

ar í þessum efnum en ég hygg að þessi rými sem þarna eru nefnd, 151 talsins, séu út af fyrir sig nokkuð nálægt því að vera sambærileg. Ég tel þess vegna að það sé gengið býsna langt í því að skera niður þennan hluta þjónustunnar sem er í raun og veru þróaðastur frá almennu læknisfræðilegu sjónarmiði, burt séð frá því hvaða skoðun menn hafa á þeirri þjónustu sem veitt er annars staðar og ég gagnrýni ekki, langt frá því.

Ég tel að það sé mikilvægt, virðulegi forseti, að í þessu máli hefur það komið fram — um leið og ég þakka hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur fyrir að nefna þetta — hjá hæstv. ráðherra að ákvörðun í þessu máli liggur ekki fyrir endanlega, málin eru til meðferðar hjá viðkomandi aðilum og fjárln. Að lokum segi ég svo það, virðulegi forseti: Ég gagnrýni það hins vegar að nefna eitt heimili sérstaklega af þremur heimilum SÁÁ. Ég tel ekki að það sé verkefni heilbrrh. að stinga Staðarfellsheimilið út úr þeim þremur stofnunum sem eru starfræktar á vegum SÁÁ.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. svörin og hv. þm. fyrir umræðuna.

Ég verð að segja að ég sakna faglegrar umfjöllunar um málaflokkinn af hálfu hæstv. ráðherra því þegar ég er að tala um 200 rúm þá er ég að tala um 200 sjúkrarúm. Og ég er að tala um að þeim fækki um 52. Ég vil ekki sundra þeim fjölmörgu sem eru að vinna að þessum málum, en ég geri greinarmun á sjúkrarúmum og almennri félagslegri hjálp. Ég á eftir að sjá hvernig það verður, hvort við eigum ekki eftir að sjá á bak mörgum merkum stofnunum einmitt vegna þess að það vantar faglega umfjöllun um málið. En kannski átti ég ekki endilega von á að fá hana hér vegna þess að í útvarpsviðtali við hæstv. ráðherra í gær sagði hann að það væri ekki hlutverk ráðuneytisins að meta hvernig hefur til tekist á einstaka stofnunum, heldur væri blint skorið niður fé, ef ég skildi hann rétt. En það er einmitt það sem við þurfum að gera, við þurfum að meta árangurinn af meðferðinni og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að telja upp öll þau úrræði sem til eru. Ég þekki þau. En ég er að tala um sérstaka meðferð og mér fannst hæstv. ráðherra ekki svara spurningum mínum.

Ég spurði hæstv. ráðherra hvort honum þætti ekki rétt að farið væri eftir læknisfræðilegum ráðleggingum í sambandi við afeitranir. Ég sakna þess að hafa ekki fengið svar við því. Ég sakna þess líka að hafa ekki fengið svar við þeirri spurningu sem ég spurði í sambandi við forvarnirnar. Ég hrósaði hæstv. ráðherra fyrir þá miklu og góðu ráðstefnu sem hann hélt fyrir ári síðan og þeim tillögum sem hann hafði í sambandi við forvarnir, en það kom ekkert fram í máli ráðherra um forvarnastarfið sem ég tel það dýrmætasta af öllu saman, að koma í veg fyrir þennan sjúkdóm. Það er auðvitað það dýrmætasta og kemur þegar til lengri tíma er litið best út.

Ég held satt að segja að því miður sé enginn sparnaður í þessum niðurskurði hjá hæstv. heilbrrh. vegna þess að niðurskurðurinn kemur bara niður annars staðar í heilbrigðiskerfinu. Við fáum þessa sjúklinga á handlækningadeildirnar og á lyflækningadeildirnar eins og gerðist á árum áður. Það eru dýrari lausnir með litlum árangri.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil vara fólk mjög eindregið við því að ætla að fara að skipta meðferð áfengis- og fíkniefnasjúklinga í einhverja fyrsta flokks meðferð og annars flokks meðferð. Þetta er allt meðferð sem þjónar sama tilgangi og sömu vonum og þau eru mörg dæmin um það að t.d. læknarnir á geðdeild Landspítalans hafi beðið, við skulum bara taka dæmi, hvítasunnumenn um að taka við sjúklingum frá geðdeildinni sem hafa verið þar til meðferðar og ekki fengið bata. Og þó það sé verið að gera lítið úr hjálp þeirri sem þessi samtök eru að veita (**IP:** Ég var ekki að því.) þá hefur það engu að síður sannast að þessi samtök hafa náð árangri með fólk sem „fínu stofnanirnar" hafa ekki getað skilað árangri hjá. Ég var ekki að víkja að hv. 2. þm. Vesturl. í þessari umsögn heldur að því sem hv. 9. þm. Reykn. sagði áðan þegar hún vildi skipta þessari meðferð annars vegar í áfengismeðferð og hins vegar í félagslega aðhlynningu. Þetta er allt saman meðferð á sjúku fólki þar sem leitast er við að hjálpa því til sjálfshjálpar og mörg af þessum félagasamtökum, sem eru að vinna fyrir lítinn fjárstuðning frá ríkinu, eru að fást við sjúklinga sem „fínu stofnanirnar" hafa gefist upp á. (**Gripið fram í:** Hvernig eru „fínu stofnanirnar"?) Ég ítreka það, virðulegi forseti, að ég var þar að ræða um þessa tvískiptingu meðferðarinnar sem hv. 9. þm. Reykn. vildi gera annars vegar á áfengismeðferð og hins vegar á félagslegri aðhlynningu.

Ég vil líka benda á að það er ekki rétt að kirkjuþing sé búið að samþykkja einhverja ákveðna afstöðu til málsins og vísa til umræðna eða viðræðna sem voru í morgunútvarpi við biskup þar að lútandi.

Um það að áfengismeðferð geti undir öllum kringumstæðum gagnast sem hjálp vegna ofbeldistilhneiginga þá vil ég draga það í efa, virðulegi forseti. Í tengslum við aðra skoðun sem ekki kemur þessu máli við kom t.d. í ljós fyrir nokkrum dögum að á sl. ári hafði einn og sami einstaklingur verið lagður 21 sinni inn á meðferðarstofnun vegna áfengiserfiðleika. Ég efast satt að segja um það að 21 innlögn á meðferðarstofnanir af þessu tagi, sem við erum að ræða um, geðdeild og SÁÁ, sé líkleg til að bera árangur ef 20 tilraunir hafa ekki borið árangur og þá sé rétt að leita annarra úrræða.

Virðulegi forseti. Ég hef víst ekki meiri tíma, ég vildi gjarnan nefna fleiri dæmi en ég vil aðeins taka það fram að það er hvergi í fjárlagafrv. lagt til að Staðarfell verði lagt niður. Ég tók bara það dæmi áðan. Í fjárlagafrv. segir orðrétt, með leyfi forseta: „Viðræður munu m.a. fara fram við SÁÁ um endurskoðun á rekstri sem leiði til 35 millj. kr. lækkunar á framlögum." — Þar er ekki einu orði minnst á Staðarfell, ég tók þetta eingöngu sem dæmi vegna þess að þetta

dæmi var nefnt í umræðunni af SÁÁ-mönnum sjálfum.

Útbýting þingskjala:

Áfengis- og vímuefnameðferð 1991, 171. mál, fsp. AÓB á þskj. 197.

Áfengis- og vímuefnameðferð, 172. mál, fsp. AÓB á þskj. 198.

Landbúnaðarstefna, 168. mál, fsp. JHelg á þskj. 193.

Mannréttindi í Eystrasaltsríkjunum, 170. mál, fsp. GHelg á þskj. 195.

Sjávarútvegsstefna, 169. mál, fsp. JHelg á þskj. 194.

Skrifstofur heilbrigðismála í kjördæmum landsins, 120. mál, svar heilbrrh. á þskj. 196. — [Fundarhlé.]

Fuglaveiðar og fuglafriðun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 146. mál (EES-reglur). — Þskj. 167.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) (frh.):

Virðulegi forseti. Ég mun þá halda áfram ræðu minni þar sem frá var horfið fyrr í dag og svara þeim spurningum sem til mín var beint. Það var einkum hv. 4. þm. Austurl. sem beindi til mín spurningum. Hann er ekki hér í salnum núna en ég geri fastlega ráð fyrir að honum hafi verið kunnugt, eins og öðrum þingmönnum, að þessum fundi yrði fram haldið kl. 6.

Ég get tekið undir það sem hann sagði að margt væri óljóst um almenninga. Hann hafði raunar nefnt það hér áður. En hann vakti athygli á því, sem reyndar kemur fram í þeirri álitsgerð sem ég vitnaði til, að það gæti verið viss hætta á því að erlendur aðili, sem nyti EES-réttar, stofnaði til atvinnustarfsemi sem fælist í því að skipuleggja ferðir þar sem þátttakendur færu til fuglaveiða. Þessi hætta er kannski ekki mikil en í þessu sambandi ber að hafa í huga að í reglugerð, sem sett er samkvæmt lögum um skotvopn frá 1977 eða 1978, er kveðið á um að útlendingar verði að fá tímabundið leyfi fyrir skotvopn en það er bundið því skilyrði að Íslendingur ábyrgist viðkomandi aðila og sé honum kunnugur. Það er hætt við að þetta yrði svolítið erfitt í framkvæmdinni. Það er líklegt að erfitt sé að finna hér fólk sem væri kunnugt þeim útlendingum sem hingað kæmu og sem ferðaskrifstofa eða sambærilegur aðili kynni að fá hingað til veiða. Ég held að atvinnustarfsemi af þessu tagi sé heldur ólíkleg á meðan þessar reglur eru í gildi.

Það er einnig rétt að benda á að samkvæmt gildandi lögum er óheimilt með öllu að flytja veidda fugla úr landi nema með sérstöku leyfi ráðherra. Þar er þó rjúpan undanskilin. Þessi hætta er þó auðvitað fyrir hendi. Það mun t.d. hafa gerst að Ítalir hafi leigt sér veiðirétt á allmörgum jörðum uppi á Héraði sl. sumar. Samkvæmt frétt sem birtist í einu dagblaðanna eru þess dæmi að hingað komi útlendir menn á vegum Íslendinga til veiða í atvinnuskyni. Þetta er auðvitað mál sem þarf að athuga. Hins vegar leiðir það náttúrlega hugann að því hver sé eðlismunurinn á því að útlendingar komi hingað til laxveiða í ám sem eru í flestum tilvikum í eigu íslenskra bænda. Það hefur þótt gott og gilt og þykir gott og gilt enn. Af þessu hafa bændur miklar tekjur sumir hverjir, þeir sem byggja hlunnindajarðir hafa feiknarlegar tekjur. Það er full ástæða til að velta því fyrir sér hvort í rauninni sé svo gífurlegur munur á því til hvers konar veiða útlendingar koma. Ég er ekki að segja að þessu sé alveg saman að jafna, alls ekki.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vísaði einnig í gömul ákvæði Jónsbókar og taldi að það gæti verið hætta á því að æfðir spörfuglaveiðimenn frá Evrópu kæmu hingað til slíkra veiða og hvort ríkisstjórnin hefði markað afstöðu til þessa máls. Því er auðvitað mjög fljótsvarað. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. viti svarið og þessi spurning hans hafi fremur verið í hótfyndnistíl en að spurt væri af mikilli alvöru. Samkvæmt gildandi lögum eru allar veiðar bannaðar á þeim fuglum sem hann gerði hér að umtalsefni og það eru engar breytingar fyrirhugaðar á því. Því er hægt að svara mjög skýrt. Hann nefndi einnig ákvæði Jónsbókar um merkingar á álftum og spurði um afstöðu til fuglamerkinga í ljósi þeirra ákvæða. Samkvæmt gildandi íslenskum lögum er Náttúrufræðistofnun einni heimilt að láta merkja villta fugla á Íslandi. Það eru ákvæði um það í 28. gr. gildandi laga.

Varðandi þá spurningu hvort ekki felist hætta í því ákvæði að heimilt sé að skilja rétt til veiða við landareign um tiltekið tímabil, þá vísa ég til þess sem ég sagði áðan um heimild fyrir útlendinga til að bera skotvopn og flytja feng úr landi. Lagabreytingin sem hér er til umræðu breytir engu um það.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson taldi að eðlilegra væri að fara að dæmi Dana og flytja almennt frv. um veiðar og vernd dýra og lýsti yfir stuðningi við slíkt frv. ef það kæmi fram. Ég get í rauninni verið sammála honum enda var slíkt frv. flutt hér á Alþingi í fyrra en fékk þá ekki afgreiðslu. Það kom fram í minni framsöguræðu að ég mun leggja slíkt frv. fyrir að nýju. Þar eru m.a. ákvæði um veiðikort sem ættu að gera það verkum að það verði auðveldara að fylgjast með stærð, vexti og viðgangi þeirra stofna sem veitt er úr.

Þá má líka geta þess að í því frv. er gert ráð fyrir að settar verði sérstakar reglur um veiði erlendra ferðamanna. Ég sé enga sérstaka ástæðu til að amast við því ef t.d. bændur, þar sem víða kreppir nú að, geta haft aukatekjur af veiðum af þessu tagi, hvort sem þar er um innlenda eða erlenda ferðamenn að ræða á þeim löndum þar sem bændur eiga og ráða fyrir. Ég sé hreint ekkert athugavert við það.

Varðandi þá ræðu sem hv. 6. þm. Vestf. flutti áðan verð ég að játa að mér er ekki alveg ljóst um hvað hún var að tala þegar hún fullyrti að með þessu frv. væri verið að koma aftan að fólki. Ég verð að játa að mér er ekki alveg ljóst við hvað hún átti, við hvaða alþjóðasamninga aðra væri átt. Það er fyrst og fremst átt við þennan samning sem hér um ræðir og það er sjálfsagt álitaefni hvort tilgreina ætti hann sérstaklega í stað

hinna tilvitnuðu orða um alþjóðasamninga. Ég hygg þó að ekkert sé athugavert við það orðalag sem notað er í frv.

Ég held, virðulegi forseti, að ég hafi þá svarað þeim spurningum velflestum sem til mín var beint. Ég legg áherslu á að hér er í rauninni um tiltölulega einfalt mál að ræða, þ.e. að gera það, sem íslenskum ríkisborgurum, samkvæmt laganna bókstaf, er nú einum heimilt, heimilt þeim öðrum sem hafa fasta búsetu á Íslandi eða með öðrum orðum þeim sem eiga lögheimili hér á landi. Hitt er náttúrlega auðskilið — og verður kannski að horfa svolítið á umræðuna í ljósi þess að þeir sem eru mjög andvígir EES-samningnum, enda þótt þeir hafi áður tekið þátt í að koma honum fram, þeir eru auðvitað eðli málsins samkvæmt andvígir frv. líka og á það ber að líta þegar þessi umræða er skoðuð í heild.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þar sem hæstv. umhvrh. virtist ekki skilja það sem ég sagði áðan ætla ég að útskýra það aðeins betur. Ég tel að það að vera sífellt að breyta lögum aðeins í þá veru að setja reglugerðarheimildir inn í lögin, reglugerðarheimildir til ráðherra, en ekki að taka efnislega á því að öðru leyti, sé að koma aftan að fólki.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. hafi ekki lesið frv. sem hér er um að ræða nægilega vel enda þótt efnisgreinin sé ekki nema fjórar línur. Þar segir:

„Ráðherra er heimilt með reglugerð að veita undanþágu frá skilyrði 2. og 3. mgr. um íslenskan ríkisborgararétt og að binda réttinn búsetuskilyrði, ...“

Það er ekki verið að fara aftan að einum eða neinum með þeim ákvæðum sem hér eru til umræðu, síður en svo.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að þegar þessar heimildir eru settar inn í lagasmíðar ætti það að fylgja með að reglugerðirnar séu jafnframt kynntar og lagðar fyrir Alþingi en óvissar heimildir ekki settar inn í þau.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er að verða dálítið skrýtin umræða því að hv. þm. er í rauninni að segja að í hvert einasta skipti sem í löggjöf, sem samþykkt er hér á hinu háa Alþingi, er gert ráð fyrir að sett verði reglugerð um nánari útfærslu, þá sé verið að fara aftan að borgurum landsins. Þetta er auðvitað fullkomlega út í hött og alger fjarstæða.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hæstv. umhvrh. undraðist það að ég skyldi velta því fyrir mér hversu langt Alþingi ætti að ganga í að breyta lögum til þess að vera alveg öruggt um að ekkert ákvæði í íslenskum lögum kynni að stangast á við samninginn um EES. Honum fannst það ekki góður hugsunarháttur. Mig langar aðeins að spyrja hæstv. umhvrh. hvað honum finnst um viðhorf íslensku ríkisstjórnarinnar, t.d. til síðasta málsl. 5. gr. í viðbæti 1 við bókun 3 sem hér hefur verið rædd nokkrum sinnum þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Upphæð aðflutningsgjalda sem lögð eru á við landamærin skal þó aldrei vera hærri en það sem Ísland leggur á innflutning frá nokkrum samningsaðila árið 1991.“

Í enska textanum er að vísu enn þá fastar kveðið að orði, að aðflutningsgjald skuli undir engum kringumstæðum vera hærra. Nú hafa ráðherrar lýst því yfir hér á Alþingi að íslenska ríkisstjórnin ætli ekki að fara eftir orðanna hljóðan einu sinni, þar sem virðist ekki vera nokkur vafi á orðalagi, heldur lýsir ríkisstjórnin því yfir að hún ætli að leggja aðflutningsgjöld á vörur sem engin aðflutningsgjöld voru á í desember. Hæstv. viðskrh. sagði í vor að þarna hefði mátt vera ákveðnara orðalag og að niðurstaða um þetta fengist ekki fyrr en sameiginlega nefndin hefði fjallað um málið. Hvað ríkisstjórnin ætlar þá að gera, hvort hún ætlar að taka við viðurlögum vegna brots á þessu ef þannig yrði úrskurðað, breyta lögunum eða hvernig hún ætlar að fara að, þori ég ekki að segja um. En þarna ætlar ríkisstjórnin að reyna að ganga á móti því sem hægt er að lesa beint út úr þessari bókun.

Síðan getum við litið til Evrópubandalagsins, hvernig það vinnur í sambandi við þennan samning. Þar verðum við því miður vör við ýmislegt sem gengur okkur ekki í haginn. Það heyrist að ýmis atriði, t.d. í sjávarútvegssamningnum muni verða okkur óhagstæðari en gefið var í skyn, a.m.k. í upphafi, af hálfu Íslendinga. Þar virðist Evrópubandalagið því ekki vera að hugsa um að teygja sig eins langt og það getur til þess að koma til móts við það sem samningurinn segir.

Það síðasta sem við höfum frétt um það viðhorf snertir einmitt landbúnaðarvörurnar því að hér aftan við þessa bókun, á bls. 21 í einni bókinni er listi, viðbætir 2, 3, 4, 5, 6 og 7, sem eftir var að fylla út þegar undir samninginn var skrifað og þessi bók var prentuð. Eitt af þeim ákvæðum sem þar á að koma inn er á hvaða grunn skuli leggja þessi jöfnunargjöld. Í bréfi sem kom frá Noregi segir að þar ætli Evrópubandalagið ekki að standa við það sem gengið var út frá í viðræðunum um þann grunn. Norsku bændasamtökin segja að ef eigi að hverfa frá því sem út frá var gengið, þó að það væri ekki komið fast á blað, þá þýddi það að sumar atvinnugreinar norsks landbúnaðar mundu algerlega hrynja. Reyndar er í því bréfi líka sú alvarlega fullyrðing að Norðmenn standi alveg einir í því að reyna að berjast fyrir því að fá Evrópubandalagið til þess að standa við orð sín. Það er því íhugunarefni fyrir okkur Íslendinga hvort ekki er verið að gæta þar okkar hagsmuna að þessu leyti. Ég nefni þetta hér til þess að sýna að ég tel að það sé ekkert óeðlilegt að á meðan við erum að fjalla um samninginn veltum við því fyrir okkur hversu langt þurfi að ganga til að uppfylla samninginn og hvað muni gerast ef við göngum í upphafi ekki nógu langt, förum okkar frekar hægar en hraðar. Hvað telur ríkisstjórnin að muni

leiða af því að skilja þetta ákvæði við bókun 3 á þann veg sem hún gerir? Ég hef ekki fengið svar við því.

Það sem síðan má segja að sé aðalatriðið í þessu er að Alþingi hefur ekki samþykkt neinn samning enn þá. Við erum að fjalla um hann og auðvitað getum við gefið okkur ákveðnar forsendur, að við skiljum þetta á þennan veg og ef þeim forsendum er fullnægt getum við fallist á samninginn en annars ekki. Úr því að þessi ákvæði eru, ef öllum forsendum er ekki fullnægt komi til einhver viðurlög, þá er það öryggisákvæði fyrir aðra gagnvart samningnum. Ég tel því að það þurfi ekki að vera slæmar hvatir sem liggja að baki þeirri hugsun að velta svona atriðum fyrir sér og þá sérstaklega hvort íslenska ríkisstjórnin ætlar að ganga miklu lengra en t.d. Evrópubandalagið gerir í sinni afstöðu í því að fullnægja öllu því sem hugsanlega kynni að vera farið fram á í þessum samningi þótt vafi kunni að vera á eins og tekið er fram í greinargerð þessa frv. um þetta atriði.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Nokkur atriði vegna ræðu hæstv. ráðherra en að öðru leyti gefst mér kostur á að fjalla um þetta mál í þeirri þingnefnd sem ráðherrann leggur til að fái frv. til meðferðar. Þar mun það vafalaust verða gaumgæft. Hæstv. ráðherra bætti ekki miklu við til upplýsingar um það sem ég var að spyrjast fyrir um. Í raun staðfestir ráðherra það sem kemur fram í greinargerðinni, að líkur séu á því að á grundvelli réttinda fyrirtækja sé hægt að hefja hér starfsemi, t.d. á sviði ferðaþjónustu sem geri út á veiðar í almenningum. Ráðherrann benti á að að vísu væru þar ákvæði sem snertu skotvopn, um tímabundin leyfi varðandi skotvopn. Mér heyrist að þau ákvæði séu ekki meiri hindranir en svo að það verði tiltölulega auðvelt að uppfylla þau af þeim aðilum sem vildu nýta sér þessa möguleika. Þannig sé þetta fullkomlega raunverulegur möguleiki sem þarna er bent á af þeim þremur aðilum sem sömdu álitsgerðina fyrir dóms- og kirkjumrh. og landbrh. í sumar er leið. Þetta stendur því eftir hvað þetta ákvæði varðar.

Hæstv. ráðherra benti líka á að þegar væru brögð að framleigu á rétti hjá landeigendum. Ég tek undir að það er áhyggjuefni og atriði sem menn verða auðvitað að átta sig á, hvert er verið að fara, hvert stefnir í þeim efnum. Það ætti að vera nokkuð ljóst að eftir að þeim fjölgar sem nýta sér svona hlunnindi eða þá tegund útivistar sem tengist veiðiskap og fleiri koma þar að getur orðið erfiðara að talda utan um hagsmuni umhverfisverndar á þessum sviðum. Það er ekki saman að jafna veiði í ám og vötnum þar sem seld eru veiðileyfi og hins vegar veiði á fuglum í almenningum á landi í einkaeign. Það er mun erfiðara að hafa eftirlit með slíku og aðhaldið sem viðkomandi aðilar geta veitt er áreiðanlega til muna minna að því er varðar fuglaveiðar en t.d. að því er varðar veiðar í ám og vötnum. Þetta finnst mér liggja nokkuð skýrt fyrir.

Þá er það sá þáttur sem snýr að miðhálendinu sérstaklega. Hæstv. ráðherra bar fram á síðasta þingi frv. til laga um miðhálendið sem sérstaka stjórnsýslueiningu. Við ræddum það frv. í 1. umr. og það gekk til nefndar. Frv. fékk misjafnar undirtektir í þinginu eins og menn kannski muna. Ég tók jákvætt undir þau markmið sem þar voru sett fram og þær meginhugmyndir sem ráðherra reifaði í frv. og hafði raunar komið að málinu með vissum hætti á undirbúningsstigi. Ég held að ef slík mál væru komin í höfn eftir þeim meginhugmyndum sem ráðherra viðraði þá væri til muna auðveldara að halda utan um stjórnun mála og gæslu þeirra hagsmuna sem umhvrn. þarf að fylgjast með, hverjir svo sem þeir eru sem við er að skipta eða hverjir nýta viðkomandi svæði. Það er mikil ástæða til þess að hafa áhyggjur af þessum málum vegna þess stjórnleysis eða veiku stjórnunar sem er á óbyggðum hér eins og mál eru núna þótt við hefðum ekki við aðra að skipta en landsmenn sjálfa í þeim efnum. Vissulega vex sá fjölda erlendra ferðamanna sem kemur og nýtir sér óbyggðir Íslands sem eðlilegt er en með þeim hætti að það er býsna erfitt að ráða við þann straum og stýra því þannig að gætt sé umhverfissjónarmiða eins og vera þyrfti. Það er m.a. inn í þetta samhengi sem ég er hér að mæla mín aðvörunarorð hvað snertir það að auka þarna við álagið, fjölga þeim notendum umfram okkur Íslendinga sem frv. gerir ráð fyrir að verði. Eins og ráðherra leggur málið fyrir er það óhjákvæmilegt að hans mati vegna Evrópsks efnahagssvæðis.

Hæstv. ráðherra greinir okkur e.t.v frá því hvað líði endurflutningi frv. um stjórnsýslu á miðhálendi Íslands sem skiptir miklu máli. Eins og menn þekkja hafa verið uppi hugmyndir um að stækka þar mjög verulega verndarsvæði. Sumir hafa sett fram hugmynd um þjóðgarð fyrir mest allt miðhálendið eða allt miðhálendið ofan ákveðinna marka. Á því eru ákveðnir meinbugir gagnvart gildandi lögum vegna eignarréttarsjónarmiða. En ég er eindregið þeirrar skoðunar að þarna höfum við auðlind má segja þar sem eru óbyggðirnar, mjög þýðingarmikil verðmæti og skiptir þá ekki máli hvort um gróið land eða ógróið er að ræða. Óbyggt land með þeim sérkennum sem hálendi Íslands hefur að geyma verður verðmætara eftir því sem tímar líða svo fremi sem okkur tekst að varðveita þessi verðmæti og stýra nýtingunni á þeim með eðlilegum hætti svo þau bíði ekki hnekki af notkuninni. Það hlýtur að vera meginmarkmiðið. Mér finnst að það sé mjög óvarlega að málum staðið að lögfesta ákvæði af þessum toga, jafnóljós eins og allur grunnurinn er að því er snertir stjórnun, eftirlit og möguleika til að halda utan um umhverfishagsmunina í óbyggðum.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegur forseti. Aðeins örfá orð. Ég geri ráð fyrir því og er raunar fullviss um að hugmyndir okkar hv. 4. þm. Austurl. um hálendið fara mjög saman. Frv. sem ég mælti fyrir í fyrra, um stjórn skipulags og byggingarmála á miðhálendinu, hlaut eins og hann réttilega sagði ekki mjög jákvæðar undirtektir. Raunar varð það tilefni hártogana af ýmsu tagi. (**HG:** Misjafnar.) Misjafnar, segir þingmaðurinn. Það er kannski nákvæmar til orða tekið, á það skal ég vissulega fallast. Það varð tilefni ótrúlegra útúrsnúninga og hártog-

ana. Í rauninni sýndi það hjá sumum sorglegt skilningsleysi á kjarna þess máls sem þarna var um að tefla og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kom svo ágætlega að í sinni ræðu.

Ég hef velt því fyrir mér hvort ég eigi að flytja frumvarpið að nýju efnislega lítið breytt frá því sem var í fyrra. Ég hef ekki tekið ákvörðun í því efni en hér er mál á ferð sem er mjög brýnt að ráða til lykta. Ég hef hins vegar hugsað mér að freista þess að ræða við fulltrúa þeirra sveitarfélaga sem ég hygg að séu nálægt því að vera 38 talsins sem eiga land inn á miðhálendið, ræða við þá og vita hvort hægt er að finna einhverja aðra leið að því marki sem við stefnum, þ.e. að vernda þessa auðlind, sem þetta svæði er, og koma á stjórn í stað stjórnleysis í þessum efnum. Það er mér ekkert heilagt mál að fara nákvæmlega þá leið sem frv. gerir ráð fyrir. Ef hægt er að ná þeim markmiðum sem þar eru sett eftir öðrum leiðum þá er meira en sjálfsagt að freista þess að ná samkomulagi um slíkt. Aðalatriðið er að ekki verði haldið áfram á þeirri stjórnleysisbraut sem við höfum verið á varðandi nýtingu og notkun miðhálendisins.

Það er rétt sem hv. þm. sagði að stundum rekast hagsmunir veiðimanna og umhverfisverndar á. Þó hygg ég nú að þannig sé hægt að halda á málum að þar verði ekki um alvarlega árekstra að ræða. Af viðræðum við félaga í Skotfélagi Íslands og aðra veiðimenn, t.d. stangveiðimenn, veit ég að margir þeirra eru umhverfisverndarmenn sem vilja umgangast náttúru landsins með þeirri virðingu sem hún verðskuldar. Ég held því að þarna sé hægt að sneiða hjá árekstrum.

Að lokum, virðulegur forseti, held ég að þetta sé kannski ekki rétti dagskrárliðurinn til að fara út í ítarlegar umræður um túlkun á ákvæðum sem varða landbúnaðarmál og stendur kannski öðrum nær en þeim sem hér talar. Það má sjálfsagt deila um þá túlkun sem hv. þm. Jón Helgason gerði hér að umræðuefni og menn geta haft fleiri en eina skoðun á því. En ég sé ekki ástæðu til að setja hér á langa tölu um það efni en ítreka aðeins það sem ég sagði. Ég held að við eigum auðvitað þegar við undirritum samninga og göngum til samninga að gera það með því hugarfari að við ætlum að standa við þá. Ég hygg að þegar öllu er á botninn hvolft séum við í grundvallaratriðum sammála um það.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Það er tvennt sem ég vil nefna vegna ummæla hæstv. ráðherra. Það fyrra er varðandi frv. um stjórnsýslu á miðhálendinu. Ég vil eindregið hvetja hann til að koma með það mál á ný inn í þingið og helst sem líkast því sem það var lagt fyrir í fyrra þó að auðvitað sé sjálfsagt að líta á atriði til endurskoðunar ef það má verða til að breikka verulega samstöðu um málið án þess að hrófla við grundvellinum og markmiðunum. Auðvitað var ljóst að það voru mörg atriði sem gátu þurft endurskoðunar við gagnvart byggðum og slíku. Vafalaust hafa komið fram einhver viðbrögð við því. En það sem ég vil vara við er sú hugsun, sem ég tel ekkert óeðlilegt að komi af hálfu sveitarfélaga sem eru að líta á málin út frá sínu hlaði, og það er að framlengja stjórnsýslumörk sveitarfélaganna inn til landsins og í rauninni hverfa frá því að líta á miðhálendi landsins sem eina sameiginlega stjórnsýslueiningu. Ég held að það hafi kannski verið það þýðingarmesta í frv., að varðveita þá sýn til mála, til þess að unnt væri með skilvirkum hætti að taka á málefnum hálendisins, ekki út frá þröngt afmörkuðum reitum sveitarfélaga heldur út frá heildarsýn og heildarhagsmunum. Þannig liggja málin inn til landsins að það þarf að taka heildstætt á þeim, óháð því hver telst þar vera í þröngum skilningi yfirráðaaðili, út frá sjónarmiðum landsins alls.

Þetta var annað atriðið sem ég vildi nefna. Síðan vil ég nefna í sambandi við veiðiskap og hagsmuni umhverfisverndar að þá er hættan ekki tengd ofveiði á stofnum, þótt vissulega geti slíkt komið til, heldur það ónæði gagnvart öðrum sem nytja landið og alveg sérstaklega umferð, umferð vélknúinna tækja sem tengjast veiðiskap. Það er kannski það sem maður hefur mestar áhyggjur af.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánsfjárlög 1993, frh. 1. umr.

Stjfrv., 145. mál. — Þskj. 166.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér hefur átt sér stað ber þess merki að annars vegar erum við langt komin í að ræða þau fylgifrumvörp sem fylgja EES-samningnum og hins vegar er þinghaldið að færast í hefðbundið horf með því að við erum að ræða ríkisfjármálin og margt sem þeim tengist.

Ég ætla að hefja mál mitt með því að rifja það upp að fyrir ári síðan var gefinn út bæklingur undir heitinu: „Velferð á varanlegum grunni". Þessi bæklingur er í fallegri útgáfu en honum er ekki mikið hampað af ríkisstjórninni enda engin furða þegar maður fer að glugga í þennan bækling. — Fjmrh. dregur bæklinginn upp úr pússi sínu og veifar honum. Það er gott að hann skuli hafa hann til handargagns. En það væri nú skemmtilgera ef meira væri eftir honum farið í sumum efnum. (**Gripið fram í:** Hann er nú ekkert máður.)

Varðandi ríkisfjármálin segir í þessum bæklingi, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á þann ásetning sinn að gerbreyta fjármálastjórn hins opinbera. Dregið verður úr umsvifum ríkisins og þannig búið í haginn fyrir hóflega skattheimtu í framtíðinni. Þessar fyrirætlanir eru forsenda þess að viðreisn efnahagslífsins takist. Versnandi viðskiptakjör, aflasamdráttur og horfur á minnkandi landsframleiðslu undirstrika hve brýnt þetta er.

Um leið og dregið verður úr hallarekstri ríkissjóðs árið 1992 með því að stöðva þau vaxandi ríkisumsvif sem viðgengist hafa undanfarin ár verða næstu skref til

uppbyggingar og kerfisbreytinga í ríkisrekstrinum undirbúin. Uppstokkun og ný vinnubrögð eru nauðsynleg ef tryggja á markvissa opinbera þjónustu. Ríkisvaldið mun beita nýjum aðferðum í ríkisrekstri til að tryggja hagkvæma, en jafnframt hóflega og skilvirka skattheimtu. Markmiðið er öflug, vel skilgreind, en góð ríkisþjónusta, ásamt aukinni valddreifingu og ábyrgð stjórnenda og starfsmanna.

Stefnt er að því að fjármál ríkissjóðs verði komin í jafnvægi í árslok 1993, en með því skapast svigrúm fyrir aukna verðmætasköpun í atvinnulífinu. Með *minnkandi lántökum ríkisins ætti einnig að vera unnt* að lækka vexti og örva fjárfestingu og uppbyggingu."

Eins og flestum má ljóst vera sem fylgst hafa með atburðum síðasta árs er býsna langt í frá að þessi stefna ríkisstjórnarinnar hafi yfir höfuð verið reynd hvað þá að hún hafi náð fram að ganga nema í örfáum atriðum. Það verður auðvitað að segjast eins og er að ríkisstjórninni er ekki alfarið um að kenna heldur hafa ytri áföll bæst við. En þegar litið er á frv. sem hér er til umræðu, þ.e. frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1993, er erfitt að sjá að þessar miklu hugsjónir birtist í frv.

Ég ætla aðeins að ræða um ríkisfjármálin í heild áður en ég kem að frv. sjálfu enda hafa fá tækifæri gefist það sem af er þessu hausti til þess að ræða þau mál við ríkisstjórnina.

Eins og þingheimi er kunnugt má greina ríkisfjármálin niður í nokkra þætti og er þar fyrst að nefna fjárlögin en öllum þeim sem fylgdust með fjárlagaumræðunnni má ljóst vera að þau eiga eftir að breytast mikið. Menn hafa kallað þau „ekki-fjárlög" og ýmsum nöfnum, en það er ljóst að þau eiga eftir að breytast mikið, annars vegar vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur boðað að það þurfi að ná ríkisútgjöldunum meira niður en gert er í fjárlagafrv. og hins vegar verður að segjast eins og er að tekjuhlið fjárlagafrv. er mjög óviss, m.a. vegna ástandsins í þjóðfélaginu. Ef það ástand versnar er ekki við öðru að búast en að forsendur tekjuhliðar fjárlagafrv. muni raskast verulega.

Í öðru lagi eru það lánsfjárlögin sem hér eru til umræðu. Við hljótum alltaf að velta fyrir okkur þeirri spurningi hversu vel lánsfjárlögin standist og hvort halli ríkissjóðs á þessu ári, sem ætlunin er að greiða *með lánum á næsta ári, verði jafnvel meiri en spár gera* ráð fyrir núna.

Í þriðja lagi er sá þáttur ríkisfjármálanna sem birtist okkur í skattafrumvörpum og enn þá hefur lítið komið fram um það hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á skattalögum. Fjmrh. er í þeirri slæmu stöðu að hann er að innheimta skatta og framlengja skatta ár eftir ár sem hann hefur lýst yfir andstöðu sinni við eins og skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og það sýnir best að það er ekki tekið út með sældinni að innheimta skatta í þessu þjóðfélagi, ekki síst þegar kreppir að eins og nú.

Það kemur fram í fjárlagafrv. að fyrirhugað er að endurskoða ýmsa liði, svo sem vaxtabætur, húsnæðissparnaðarreikninga o.fl. og ég vildi gjarnan spyrja hæstv. fjmrh. í þessu samhengi hver þau fyrirheit eru því þau hafa að sjálfsögðu áhrif á skatttekjur ríkisins og tekjur ríkisins hafa að sjálfsögðu áhrif á lánsfjárþörfina. Ég spyr vegna þess að áform af þessu tagi var líka að finna í fjárlagafrv. í fyrra, þ.e. fyrir þetta ár, en ég hef ekki orðið vör við að þeim hafi verið fylgt eftir og ég á von á því að félmrh. hafi kannski staðið þar fyrir, svo sem varðandi vaxtabæturnar.

Í fjórða lagi eru það hinar svokölluðu ráðstafanir í ríkisfjármálum sem birtast á hverju ári og hamingjan má vita hvað okkar bíður í þeim efnum núna. En reyndar gerist það, og ég ætla að víkja betur að því síðar, að í þessu frv. til lánsfjárlaga þá birtist einn sá *þáttur sem einkenndi ráðstafanir í ríkisfjármálum á* þessu ári, bandorminn, en það eru hin svokölluðu „þrátt-fyrir-ákvæði" sem birtast nú í frv. til lánsfjárlaga.

Það verður auðvitað ekki hjá því komist að ræða aðeins stöðu þjóðarbúsins í þessu samhengi og við vitum það öll að því miður blasir við okkur vaxandi samdráttur sem birtist í öllum þessum frumvörpum sem við erum að ræða. Því er spáð að skuldir þjóðarbúsins muni vaxa sem m.a. er afleiðing af minni tekjum. Auðvitað vaknar sú spurning hvort við erum komin að hættumörkum í þeim efnum og ég vil gjarnan beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvar menn draga mörkin. Hver eru mörkin? Hvar telja menn að veruleg hætta blasi við? Það kunna að vera skiptar skoðanir á því en ég held að ég hafi það rétt eftir að forstjóri Þjóðhagsstofnunar telji að við séum komin í býsna slæma stöðu, auðvitað eru miklar skuldir ríkisins alltaf slæmar en við séum þó ekki komin að hættumörkum. En ég vildi gjarnan heyra álit hæstv. fjmrh. á því.

Það kemur fram að halli ríkissjóðs fer minnkandi í kjölfar mikils niðurskurðar en þó verður ekki annað sagt en að stefna ríkisstjórnarinnar hafi mistekist að því leyti að ná ríkishallanum niður á tveimur árum og það var svo sem fyrirséð. Við sögðum það í umræðunni í fyrra að þetta væru algjörlega óraunhæf markmið og reyndar miklu viturlegra að stefna að því að ná ríkissjóðshallanum niður á lengri tíma. Það hefur komið í ljós að sú mun verða raunin.

Víða erlendis er mikið rætt um halla ríkissjóðs og hvernig beri að taka á honum og m.a. hafa menn bent á það vestur í Bandaríkjunum að stjórnvöld þar hafi lagt allt of mikla áherslu að ná niður halla ríkissjóðs. Þeir hafi staðið í stanslausum niðurskurði sem hafi dregið úr fjárfestingum og hagvexti og valdið neikvæðum áhrifum í hagkerfinu og menn hafa lagt hart að Bush Bandaríkjaforseta að breyta um stefnu en það er líklega orðið of seint fyrir hann því það stefnir allt í það að hann missi sitt embætti og vonandi tekur við betri tíð fyrir almenning í Bandaríkjunum.

Atvinnuleysið spilar að sjálfsögðu inn í og komið hefur fram að allar spár um þróun þjóðarbúsins eru í jákvæðari kantinum. Menn óttast að samdrátturinn verði meiri og það á ekki síst við um atvinnuleysið og ef atvinnuleysið verður verulega mikið meira en spáð er þá veldur það auðvitað auknum útgjöldum ríkissjóðs sem auðvitað raskar allri keðjunni.

Það bólar því miður lítið á aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að draga úr atvinnuleysi þó boðaðar hafi ver-

ið nokkrar framkvæmdir, einkum í vegamálum, en ég hlýt að benda á að þær framkvæmdir munu fyrst og fremst gagnast karlmönnum og við hljótum að kalla á tillögur og aðgerðir sem geta gagnast konum og þá er manni ekki síst í huga það slæma ástand sem er á Suðurnesjunum sem er náttúrlega að verða aldeilis voðalegt og mjög erfitt og illt upp á að horfa og kallar hreinlega á að þar verði komið upp helst auðvitað arðbærri og skapandi vinnu, en ef ekki þá alla vega einhvers konar atvinnubótavinnu, því ástandið er komið á mjög alvarlegt stig. Það virðist bara magnast og er kannski fyrirboði þess sem koma skal annars staðar þó við vonum að svo verði ekki. En við hljótum að kalla á aðgerðir, bæði aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins, til þess að draga úr atvinnuleysinu.

Allt tengist þetta svo stöðu fyrirtækjanna sem því miður er heldur slæm ef litið er á meðaltalið og þá ekki síst í sjávarútvegi. Það leiðir auðvitað af sér enn meiri samdrátt og atvinnuleysi sem kemur niður á hag heimilanna í landinu, þannig að við megum aldrei gleyma því í þessu samhengi, hvort sem við ræðum um ástand þjóðarbúsins, ríkisfjármálin eða atvinnulífið, að þetta er allt saman samhangandi keðja.

Ég ætla þá að víkja að frv. sjálfu. Eins og ég nefndi áðan eru lánsfjárlögin ein hliðin á ríkisfjármálunum og í þeim birtist stefna ríkisstjórnarinnar og lánsfjárlögin spegla auðvitað stöðu ríkissjóðs. Í lánsfjárlögum fyrir árið 1993 birtist bæði það að samdráttur ríkir í þjóðfélaginu en líka það sem er kannski það jákvæða, að lánsfjárþörf ríkisins er heldur að dragast saman. En spurningin er hvort það sé í rauninni jákvætt, hvort það sýni hina raunverulegu stöðu eða hvort það birti fyrst og fremst niðurskurð. Því eins og ég hef nefnt þá getur líka niðurskurður í lántökum ríkisins og þar af leiðandi ýmsum framkvæmdum orðið til þess að magna samdráttinn.

Ríkisstjórnin hefur hrósað sér af því að lánsfjárþörfin fari minnkandi en því miður verður ekki séð að sú minnkandi eftirspurn hafi skilað sér í lægri vöxtum á lánamarkaðnum. Það er örlítil lækkun en hún er í rauninni alls ekki sú vaxtalækkun sem þyrfti að verða. En eins og við vitum þá eru lægri vextir eitt af því sem getur haft mikil áhrif á stöðu fyrirtækjanna í landinu og það er jafnbrýnt nú og það var fyrir ári síðan að ná niður vöxtunum.

Það kemur fram í þeim gögnum sem liggja fyrir að lánsfjáreftirspurn annarra en ríkisins hefur farið minnkandi, bæði fyrirtækja og heimila og það birtist ekki síst í þeim mikla samdrætti sem hér er í fjárfestingum sem er eitt af þessum alvarlegu teiknum sem við þurfum virkilega að huga að. En því miður virðist það vera svo að eftirspurn ríkisins eftir lánsfé sé enn þá það mikil að hún haldi vöxtunum uppi nema skýringin sé einhver önnur. Það hefur ekki tekist að ná vöxtunum niður eins og stefnt hefur verið að. Því verð ég að segja að ég fæ ekki séð að stefna ríkisstjórnarinnar hafi skilað sér að þessu leyti.

Heildarlántaka ríkisins er 15,8 milljarðar kr. sem er nokkur lækkun frá síðasta ári. Ef við lítum á einstaka liði þá er enn að finna þá stefnu sem ríkt hefur á undanförnum árum að það er verið að vísa ýmsum stórum sjóðum ríkisins út á lánamarkaðinn. Hér gerist það t.d. að Lánasjóði íslenskra námsmanna er ætlað að taka 3 milljarða 540 millj. kr. að láni á næsta ári sem er aukning um 735 millj. kr. Þannig að þrátt fyrir þessar breytingar sem gerðar hafa verið á lánasjóðnum, þrátt fyrir niðurskurðinn sem þar á að eiga sér stað, þá er Lánasjóður íslenskra námsmanna að taka enn stærri lán. Þetta skýrist auðvitað fyrst og fremst af því að það fer meira og meira í afborganir og vexti af lánum hjá þessum sjóðum vegna lántaka á undanförnum árum. Þetta kemur mjög vel fram í þessu frv. Það gildir það sama um Byggðastofnun sem fær endurlán upp á 1.300 millj., fyrst og fremst vegna afborgana. Landsvirkjun 7 milljarða 450 millj. kr., fyrst og fremst vegna afborgana. Og sama gildir um byggingarsjóði ríkisins.

Það er nokkuð merkilegt hvað lántaka Byggingarsjóðs ríkisins er mikil miðað við það hve útlánin hafa minnkað en þetta skýrist auðvitað fyrst og fremst af því að þeir sitja uppi með lán frá fyrri árum sem sjóðurinn þarf að greiða. Það sama gildir um Byggingarsjóð verkamanna, hann þarf líka að taka aukin lán, fyrst og fremst vegna afborgana og auðvitað lækkandi ríkisframlaga.

Það vekur enn upp þá spurningu og hugleiðingar um það sem ég ætla að varpa hér fram að ég tel að við eigum að hyggja að fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna, hvort ekki er hægt að fjármagna Byggingarsjóð verkamanna með öðrum hætti en gert hefur verið, þ.e. með ríkisframlögum og lántökum. Nú blasir sú staðreynd við okkur að þær tilraunir, sem hér hafa verið gerðar á undanförnum árum til ýmiss konar húsnæðissparnaðar, hafa meira og minna mistekist. Það er rætt um að leggja niður skyldusparnaðinn sem hefur verið neikvæður um nokkurra ára bil, það er verið að tala um að fella niður eða lækka skattafslátt af húsnæðissparnaðarreikningum og allt hlýtur þetta að vekja spurningar um það hvernig við fjármögnum þetta félagslega kerfi. Menn hafa neyðst til að setja ákveðnar takmarkanir á húsbréfakerfið en ég held að við hljótum að verða að huga að því ef við ætlum að tryggja gott félagslegt húsnæðiskerfi að það þarf að vera fjármagnað á ábyrgan og góðan hátt og ég varpa því fram eins og ég hef gert áður að menn hugi að því hvort ekki er hægt í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og ekki síst verkalýðshreyfinguna að leita leiða til öruggrar fjármögnunar fyrir Byggingarsjóð verkamanna því það er auðvitað óviðunandi að það fari alltaf stærri og stærri hluti af fjármagninu til afborgana af lánum og vöxtum.

Það vekur nokkra athygli hve Iðnlánasjóður tekur mikið að láni, 2,3 milljarða, og þar er sama sagan, þetta fé á fyrst og fremst að fara í afborganir. Allt sýnir þetta okkur að þessar miklu lántökur á undanförnum árum ef ekki áratugum hafa leitt þessa sjóði út í þá stöðu að þeir eru stöðugt að borga af lánum en spurningin er hversu gagnast atvinnulífinu til nýsköpunar og fjárfestinga.

Ég sé ekki ástæðu til að nefna sérstaklega ábyrgðirnar sem getið er í 5. gr., þ.e. til Vatnsleysustrandar-

hrepps, Norræna fjárfestingarbankans og Bæjarveitu Vestmannaeyja en kannski má geta þess að Vatnsleysustrandarhreppur er að undirbúa hafnargerð í Flekkuvík og er álverið þar aftur komið til sögunnar þó allt sé óvíst um þá framkvæmd.

Ég ætla þá sérstaklega að víkja að 11. gr. frv. Ég verð að hrella hæstv. fjmrh. með því að þar eru mörg af mínum áhugamálum sem fara illa út úr fjárlögunum núna eins og í fyrra. Ég ætla aðeins að nefna nokkur atriði. Þó það fyrst að ég hlýt að spyrja hæstv. fjmrh. um þessa lagasetningu. Mér þykir það afar einkennilegt að þessar ráðstafanir skuli vera settar inn í lánsfjárlög. Það kom fram á fundi efh.- og viðskn. að þetta hafi verið svona áður en það breytir ekki því að þessi ákvæði eru að mínum dómi afar sérkennileg inni í þessu frv. og ekki síst það að í þessum lögum er verið að vísa til þess að fjárframlög séu ákveðin í fjárlögum. Þarna er verið að vísa á milli laga og mér þykir þetta býsna sérkennilegt, fyrir utan það hve við erum í rauninni í vondum málum þegar menn endurtaka það ár eftir ár að skerða framlög, jafnvel framlög sem eru samkvæmt lögbundnum tekjustofnum.

Hér er um mikinn niðurskurð að ræða, upp á 1.541 millj. kr. samkvæmt yfirliti frá fjmrn. Margt af þessu er gamalkunnugt, annað er nýrra og ég hlýt að vekja athygli á nokkrum liðum og þá er fyrst að nefna Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins sem er tekinn með öllu, 200 millj. kr. Þá minnist ég þess að okkur þingmönnum barst í sumar bréf frá Ríkisútvarpinu þar sem vakin var athygli á slæmri stöðu framkvæmda á vegum Ríkisútvarpsins. Það hefur komið hér fram að menn eru að biðja um fréttamenn í ýmsum landshlutum og það þarf að endurnýja endurvarpsstöðvar og ýmislegt en ríkið stingur þessu í eigin vasa. Ég tel það nú vera af hinu vonda.

Ég vil nefna sérstaklega Húsfriðunarsjóðinn sem er skertur um 24,5 millj. kr. Við gerðum Húsfriðunarsjóðinn mjög að umtalsefni í upphafi þessa árs þegar við ræddum bandorminn. Ég hlýt að minna á það aftur að hans bíða gríðarlega mikilvæg verkefni og þá ekki síst það að gera upp marga gömlu torfbæina fyrir utan ýmis gömul hús sem liggja undir skemmdum en eru á skrá hjá Þjóðminjasafninu og þurfa virkilega mikilla viðgerða við.

Þetta er auðvitað algerlega óviðunandi vegna þess að þessi hús skapa miklar tekjur. Þetta eru minjasöfn. Þau kalla á fjölda ferðamanna og ef þau eru öll í niðurníðslu er náttúrlega lítil von til þess að fólk vilji koma að skoða þau.

Við kvennalistakonur vorum á ferð um Norðvesturland nú í haust og komum m.a. á Hofsós þar sem er að finna eitt af elstu húsum á landinu, mjög merkilega skemmu sem var reist hér á landi eiginlega fyrir tilviljun. Þetta merkilega hús var í umsjá Þjóðminjasafnsins en var að grotna niður þar til sveitarfélagið hreinlega tók sig til, lánaði Þjóðminjasafninu peninga og lét gera við húsið. Þetta hús hefur valdið því að ferðamenn streyma til Hofsóss til að skoða þetta merkilega hús sem átti að reisa sem veiðikofa á Grænlandi á 18. öld en lenti hér uppi á Íslandi. Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum en þarna er að mínum dómi um mjög alvarlegt menningarmál að ræða og ég skora á hæstv. fjmrh. að skoða þetta mál betur.

Þá er að nefna Menningarsjóð sem nú er algerlega skorinn niður og ber þess vott að ríkisstjórnin og hæstv. menntmrh. fremstur í fylkingu hefur unnið að því að leggja Menningarsjóð og bókaútgáfu hans niður að því er ég tel á algerlega ólöglegan hátt. Við munum koma síðar að því máli í þingsölum.

Þá vekur athygli liðurinn Uppgjör við sveitarfélög sem er skorinn niður um 295 millj. kr. Mér þætti gaman að vita hvað sveitarfélögin hafa um þetta mál að segja.

Þá er Stofnlánadeild landbúnaðarins enn einu sinni skorin hressilega niður. Við munum að sjálfsögðu kalla á þessa aðila í efh.- og viðskn. Þar skýrist væntanlega hvernig þessi niðurskurður kemur við þessa aðila. Það hlýtur að vekja athygli hér eins og reyndar í upphafi þessa árs og í fjárlögunum sem eru til umræðu hvað landbúnaðurinn verður fyrir miklum niðurskurði að þessu sinni.

Ég ætla ekki að nefna önnur atriði nema Ferðamálaráð og Ferðamálasjóð sem skorinn er niður um 111 millj. Þetta er auðvitað sama markinu brennt og annað hjá ríkisstjórninni að það er gjarnan verið að höggva af vaxtarbroddana og krukka í fjárframlög til þeirra aðila sem gætu orðið atvinnuskapandi. Ég lýsi yfir sérstakri óánægju minni með þetta. Við munum að sjálfsögðu athuga þetta mál sérstaklega í efh.- og viðskn.

Ég ætla ekki að fara nánar út í Vegagerðina. Það er stórt og mikið mál sem við þurfum að skoða rækilega.

Að lokum langaði mig til að koma aðeins inn á örfá atriði. Í fyrsta lagi það að frv. fylgir viðauki. Það er nýjung í þessum lögum að þeim fylgi viðauki þar sem birtar eru heimilaðar innlendar og erlendar lántökur hins opinbera árið 1993. Sú spurning hlýtur að vakna hvort það sé eðlilegt að fjmrn. ákveði með þessum hætti hvernig lántökum skuli háttað hjá opinberum sjóðum, þ.e. það sé ákveðið fyrir fram hversu mikið skuli tekið að láni innan lands og hversu mikið erlendis. Væri ekki eðlilegra að þeir sem stýra þessum sjóðum ákveði það sjálfir og leiti hinna hagstæðustu kjara? Mér þykja ákvarðanir af þessu tagi ekki alveg í samræmi við það viðskiptafrelsi sem hér er verið að innleiða og spurning hvort þetta séu eðlilegir og góðir stjórnarhættir. Þetta eru sjálfstæðir sjóðir þó þeir séu á ábyrgð ríkisins og ég teldi eðlilegt að þeir ákveði sjálfir hvernig þeir haga sínum lántökum. Það er að sjálfsögðu skiljanlegt að ríkisvaldið vilji fylgjast með skuldum þjóðarbúsins og halda lántökum innan ákveðins ramma. En að ákveða þetta með þessum hætti er ég ekki sammála.

Að lokum ein spurning til hæstv. fjmrh. Hún varðar þá ákvörðun fjmrh. að á næsta ári skuli heimild til yfirdráttar í Seðlabankanum afnumin. Sú spurning hlýtur að vakna hvort þetta sé skynsamlegt við þær aðstæður sem nú ríkja í þjóðfélaginu, hvort ekki sé nauðsynlegt að hafa upp á eitthvað að hlaupa og hvaða áhrif þetta muni hafa. Hvaða áhrif mundi þetta hafa á

ríkissjóð? Hvaða áhrif mundi þetta hafa á vaxtastigið? Því er haldið fram að yfirdrátturinn í Seðlabankanum, sem má segja að sé auðvitað peningaprentun, valdi aukinni spennu og haldi uppi vöxtum en við hljótum að velta því fyrir okkur hvort skynsamlegt sé við þær aðstæður sem nú ríkja að afnema þennan möguleika ríkissjóðs.

Virðulegi forseti. Ég hef farið í gegnum frv. og velt nokkuð vöngum yfir þeim forsendum sem það byggist á. Hér er margt að skoða og eins og ég nefndi fyrr í ræðu minni speglar þetta frv. bæði stefnu ríkisstjórnarinnar og ástandið í þjóðmálum, en það gildir eins og reyndar í fyrra að margt er í óvissu og það verður að koma í ljós hvernig frv. og þær áætlanir sem ríkisstjórnin hefur sett fram standast. Við kvennalistakonur munum taka afstöðu til þessa frv. á síðari stigum.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins gera að umtalsefni örfá atriði þessa máls. Ég skal ekki gera það í löngu máli því að hér er um mál að ræða sem kemur til umfjöllunar í þeirri nefnd sem ég á sæti í. Við hljótum í þessu máli eins og mörgum öðrum að taka mið af stöðu okkar Íslendinga um þessar mundir og skuldastöðu landsins út á við sem er ekki góð. Við skuldum of mikið erlendis og þar að auki er framleiðslan ekki nægilega mikil og staða atvinnulífsins almennt heldur bágborin. Það má því spyrja hvort þær áherslubreytingar komi fram í þessu frv. sem eru nauðsynlegar við þessar aðstæður. Það er alveg ljóst að reynt er að halda erlendum lántökum í skefjum en spurningin hlýtur hins vegar að vera: Er þar nóg að gert? Er því lánsfé sem við munum hafa til ráðstöfunar varið til réttra hluta? Mér er það alveg ljóst að stjórnvöld munu að sjálfsögðu ekki ráða því nema að einhverju leyti en geta þó haft veruleg áhrif þar á.

Það er eins og oft áður eftirtektarvert að samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því að innlend lántaka til húsnæðismála á árinu 1993 verði 21 milljarður. Það kemur jafnframt fram að lántaka til atvinnuvegasjóðanna er um það bil 7 milljarðar.

Ég vil nefna í þessu sambandi að samkvæmt 4. gr. er gert ráð fyrir því að Landsvirkjun taki lán upp á rúma 7 milljarða kr. á næsta ári án þess þó að þar sé um að ræða neinar verulegar fjárfestingar. Það eru sem sagt í reynd skuldbreytingar Landsvirkjunar. Þeir eru að taka ný lán til að borga af öðrum lánum í þeim tilgangi að lengja afborgunartíma á heildarskuldum fyrirtækisins. Ég er ekki með þessum orðum að segja að þetta sé óeðlilegt. Það er eðlilegt þegar lán eru til tiltölulega skamms tíma að menn leiti leiða til að hafa fjármál fyrirtækja í lagi og skuldbreyti með þessum hætti.

Nú held ég að það sé staðreynd að íslenskt atvinnulíf og kannski ekki síst sjávarútvegurinn getur á næstunni ekki greitt mikið niður skuldir sínar. Það eru þannig aðstæður í landinu að við megum þakka fyrir ef við getum haldið sjó og reynt að viðhalda þeirri stöðu sem sjávarútvegurinn er í og verðum trúlega að sætta okkur við að hann geti lítið greitt niður skuldir sínar. Að vísu virðist ríkisstjórn Íslands vera á annarri skoðun. Hún er þeirrar skoðunar að það sé hægt að láta þessa atvinnugrein borga sérstaka skatta og sýnir í reynd í hvaða hugarheimi ráðherrarnir eru. Þeir eru alltaf hugsa um það að bæta stöðu ríkissjóðs án tillits til þess hvort sá sem á að bæta stöðu ríkissjóðs er almennt fær um það. Það verður illa hægt að bæta stöðu ríkissjóðs ef fyrirtæki verða gjaldþrota í stórum stíl. Mér finnst þar af leiðandi að það hljóti að vera umhugsunarefni og ekki aðeins umhugsunarefni heldur nauðsynlegt að yfirfara hvort ekki sé rétt að draga úr lántöku til húsnæðismála og auka ráðstöfunarfé þeirra aðila sem lána til atvinnulífsins.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að þetta mun að einhverju leyti hafa þau áhrif að það muni draga úr nýbyggingum á húsnæði. Auðvitað mun það verða til þess að gera stöðu byggingariðnaðarins verri. En við hljótum að þurfa að hugsa fyrst og fremst um hvað mun verða til þess að auka hér framleiðsluna og hvað mun verða til þess að efla hér atvinnulífið í heild. Mér finnst engar hugleiðingar koma fram í sambandi við þetta mál sem ætti að vera mjög verðugt í máli sem þessu um þessar mundir. Þar af leiðandi hljótum við að taka þetta frv. með nokkrum fyrirvara. Það sé svona svipað og fjárlagafrv. að það sé allt til skoðunar og seinni breytingar og þar af leiðandi sé ekki ástæða til þess að ræða það af jafnmikilli alvöru og annars stæðu efni til.

Það eiga sér stað viðræður um þessi mál eftir því sem mér skilst milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar um breytingar á þessu máli og ríkisfjármálunum í heild sinni, en mér er það engan veginn ljóst hvar þær viðræður eru staddar né hvaða forustu ríkisstjórnin er þar að veita. Mér er nær að halda að sú forusta sé heldur lítil og þar af leiðandi eigi þessar viðræður sér fyrst og fremst stað milli aðila vinnumarkaðarins. Það skiptir ef til vill ekki meginmáli. Ég get tekið undir það eins og ég hef skilið hæstv. fjmrh. að auðvitað er aðalatriðið að menn komist að skynsamlegri niðurstöðu. Hins vegar er ég viss um það að málið í heild sinni er svo erfitt og vandmeðfarið að það verður ekki lagt á neinn einn aðila að fjalla um það og hlýtur að þurfa að koma þar til mjög náin samvinna milli hinna ýmsu áhrifaaðila í okkar samfélagi.

Þetta eru þær almennu athugasemdir sem ég hef við þetta frv. Ég mun að sjálfsögðu vinna að því með sama hætti og við höfum gert í hv. efh.- og viðskn. en ég hef lagt á það áherslu í því starfi að þar yrði breytt um áherslur og við tækjum mið af þörfum atvinnulífsins í mun meira mæli en fram kemur í frv.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu frekar. Ég hefði gjarnan viljað taka fyrir ýmis önnur atriði en mér hefur skilist að það standi til að ljúka þessari umræðu og skal ég ekki koma í veg fyrir að svo geti orðið.

Umræðu frestað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Út af dagskrá er tekið 4. og 5. dagskrármálið. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

42. FUNDUR

fimmtudaginn 29. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til menntamálaráðherra:

1. Fræðsluefni um EES, fsp., 76. mál, þskj. 78.
2. Málefni Ríkisútvarpsins, fsp., 82. mál, þskj. 89.
3. Bæklingur meiri hluta stjórnar LÍN, fsp., 84. mál, þskj. 92.
4. Farskóli Kennaraháskóla Íslands, fsp., 105. mál, þskj. 123.

Til iðnaðarráðherra:

5. Útboð, fsp., 106. mál, þskj. 124.
6. Afstaða Landsvirkjunar til lækkunar orkuverðs, fsp., 123. mál, þskj. 143.

Til utanríkisráðherra:

7. Skilgreining á hugtakinu Evrópa, fsp., 136. mál, þskj. 157.
8. Sendiráð Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, fsp., 142. mál, þskj. 163.
9. Íslenskt sendiráð í Vínarborg, fsp., 143. mál, þskj. 164.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti upplýsa, að fyrirhuguð er utandagskrárumræða í upphafi seinni fundar sem verður væntanlega um eða upp úr kl. 1.30. Umræðan fer fram að ósk hv. 9. þm. Reykn., Önnu Ólafsdóttur Björnsson, og er um til hvaða aðgerða stjórnvöld hyggjast grípa vegna vaxandi atvinnuleysis á Suðurnesjum.

Fræðsluefni um EES, ein umr.

Fsp. MF, 76. mál. — Þskj. 78.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér á hv. Alþingi er til meðferðar í nefnd till. til þál. þess efnis að samningur um Evrópska efnahagssvæðið verði borinn undir atkvæði þjóðarinnar.

EES-samningurinn er eins og svo oft hefur komið fram eitt mikilvægasta mál sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Samningurinn varðar alla þjóðina afar miklu og þess vegna fullkomlega eðlilegt og sjálfsagt að hann verði borinn undir þjóðaratkvæði. Tillagan virðist þrátt fyrir það falla í grýttan jarðveg hjá hæstv. ríkisstjórn. Ráðherrarnir telja þjóðina ekki nægilega vel að sér til að meta samninginn. Hæstv. utanrrh. hefur t.d. haldið því fram að þjóðin viti ekki um hvað samningurinn snúist og þess vegna sé hún ekki fær um að greiða atkvæði um hann.

Það er mjög alvarlegt mál ef ætlunin er að afgreiða samning um Evrópska efnahagssvæðið án þess að kynna hann rækilega fyrir íbúum landsins. Ekki er hægt að bera fyrir sig að tækifæri til þess bjóðist ekki. Við rekum bæði ríkisútvarp og ríkissjónvarp. Vissulega hefur ákveðnum þáttum samningsins verið gerð skil í fréttum frá Alþingi en það er greinilega langt frá því að vera nægjanlegt. Nauðsynlegt er að gera sérstaka fræðsluþætti þar sem kynnt verða helstu atriði samningsins og fram koma bæði sjónarmið þeirra sem eru samningnum andvígir og þeirra sem styðja hann.

Ég hef spurst fyrir um það hvort slík þáttagerð sé á döfinni hjá Ríkisútvarpi eða sjónvarpi en hef fengið þau svör að svo væri ekki vegna peningaskorts hjá stofnuninni. Ekki veit ég hvaða reglur gilda um skiptingu fjármagns milli deilda hjá Ríkisútvarpi/sjónvarpi eða hvar metnaður þeirra liggur í þeim efnum en oft finnst mér að meira fjármagn mætti fara til fréttastofu og til þess að gera fréttatengda þætti. Það er það efni sem flestir horfa á.

Því hef ég á þskj. 78 leyft mér að bera fram þessa spurningu til hæstv. ráðherra:

„1. Er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir því að ljósvakafjölmiðlar, sjónvarp og útvarp, standi fyrir víðtækri kynningu, gerð fræðsluefnis og þátta um EES?

2. Telur ráðherra þessa fjölmiðla hafa möguleika til slíkrar dagskrárgerðar án sérstaks fjárstuðnings?

3. Ef ekki, er ráðherrann tilbúinn til þess að beita sér fyrir sérstakri fjárveitingu til þessa verkefnis?"

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Þessi fsp. hefur beðið svars nokkuð lengi vegna fjarveru minnar af þingi um tíma. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda biðlundina og það sama gildir raunar um aðrar fyrirspurnir til mín sem á dagskrá þessa fundar eru.

Það er spurt hvort ég sé tilbúinn að beita mér fyrir því að ljósvakafjölmiðlar, sjónvarp og útvarp, standi fyrir víðtækri kynningu á gerð fræðsluefnis og þátta um EES. Svar mitt er þetta: Menntmrn. hefur til þessa ekki skipt sér af dagskrárgerð í ljósvakafjölmiðlum. Það er mikilvægt grundvallaratriði að ljósvakafjölmiðlar séu sjálfstæðir gagnvart framkvæmdarvaldinu og séu ekki á nokkurn hátt handbendi þess. Það eru ekki uppi áform í ráðuneytinu um að hverfa frá þeirri stefnu að láta dagskrárgerð ljósvakafjölmiðla afskiptalausa.

Í öðru lagi er spurt hvort ráðherra telji þessa fjölmiðla hafa möguleika til slíkrar dagskrárgerðar án sérstaks fjárhagsstuðnings. Hvað fjárhagslega getu ljós-

vakafjölmiðla til að sinna dagskrárgerð af þessu tagi varðar má benda á að ljósvakafjölmiðlar á Íslandi hafa mun rýmri möguleika til tekjuöflunar en tíðkast t.d. í öðrum ríkjum Norðurlanda þar sem íslenskum ljósvakafjölmiðlum er heimilt að afla tekna með afnotagjöldum og auglýsingum auk þess sem utanaðkomandi aðilum er heimilt að styrkja gerð einstakra dagskrárliða. Þessu til viðbótar er það hlutverk Menningarsjóðs útvarpsstöðva að veita styrki til dagskrárgerðar. Ég tel því að ljósvakafjölmiðlar hafi þessa möguleika án sérstaks fjárhagsstuðnings og þeir hafi raunar sýnt það.

Í þriðja lagi er spurt: „Ef ekki, er ráðherra tilbúinn til þess að beita sér fyrir sérstakri fjárveitingu til þessa verkefnis?" Mér sýnist að það ætti að vera óþarft með vísan til svars við 2. lið fsp. og jafnframt óheppilegt með vísan til svars við 1. lið fsp. að veita sérstaka fjárveitingu til dagskrárgerðar af þessu tagi.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu mikla máli. Það eru allir sammála um að hér sé um að ræða eitt mesta og stærsta mál íslenska lýðveldisins og vissulega þurfa menn að fá sem gleggstar upplýsingar. Ég vil vekja á því athygli að Alþingi gaf á sínum tíma út þessa bók, Ísland og Evrópa, sem ég er með hér í hendinni. Hún er hið merkasta plagg og er undirrituð af mér sem formanni Evrópustefnunefndar 7. des. 1990. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar en upplýsingar hafa verið af nokkuð skornum skammti fyrir almenning og er nauðsynlegt að fá að vita hvað er að gerast.

Ég skil ósköp vel sjónarmið hæstv. ráðherra að auðvitað á ríkisvaldið sjálft ekki beinlínis að ráða dagskrárgerð nema í þessu tilfelli þar sem Alþingi er að auglýsa núna þessa bók. Alþingi hefur gert annað. Það getur samið við Ríkisútvarpið og þess vegna er síðasti liður fsp. alveg eðlilegur. Alþingi getur gert þetta með beinni fjárveitingu.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og get að vissu leyti tekið undir að það er ekki eðlilegt og ekki gott að stjórnvöld fari að skipta sér almennt af dagskrárgerð ríkisfjölmiðlanna. Hins vegar er hér um mjög sérstakt og stórt mál að ræða. Hér er um að ræða samning sem á eftir að varða þjóðina svo miklu í framtíðinni ef hann verður samþykktur og reyndar hvort sem er. Það skiptir þjóðina afar miklu máli að hún sé mjög vel upplýst um innihald EES-samningsins.

Við erum þessa dagana að fjalla um fjáraukalög fyrir þetta ár og þar hefði ríkisstjórninni verið í lófa lagið að koma inn fjárveitingu til gerðar fræðsluefnis um EES og beina því til Ríkissjónvarps og útvarps að slík þáttagerð ætti sér stað. Reyndar finnst mér það vera þannig að hæstv. ríkisstjórn beri skylda til þess að upplýsa almenning í landinu um innihald samningsins.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Það er vissulega rétt sem fram kemur í hennar máli að stjórnvöldum ber auðvitað skylda til þess að kynna þetta mikla mál fyrir þjóðinni. Við höfum fengið þær niðurstöður úr könnunum utanrrn. að sú kynning sem fram hefur farið hingað til hefur í raun mistekist. Fólk gerir sér hvorki grein fyrir stærð þessa máls né inntaki og þess vegna er það mjög mikilvægt að þær vikur sem eftir eru verði notaðar til þess að kynna þetta mál rækilega. Ég minni á að innan skamms verður rædd hér tillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu sem ég vona að verði samþykkt á hinu háa Alþingi. Ef svo fer þarf auðvitað mjög mikil kynning að fara fram á málinu. Verði tillagan felld þarf engu að síður að eiga sér stað mikil og góð kynning því að þjóðin verður að gera sér grein fyrir því út í hvað við erum að fara hvort sem samningurinn verður samþykktur eða ekki.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það er vissulega rétt sem hefur komið fram að hér er um sérstakt og stórt mál að ræða sem skiptir miklu fyrir þjóðina. Ég dreg ekki úr því. En ég bendi hins vegar á að stjórnvöld hafa gengist fyrir mjög mikilvægu og fjölbreyttu kynningarstarfi og það hefur fyrst og fremst verið á vegum utanrrn. Kynningarbæklingur var sendur inn á hvert einasta heimili. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson minntist hér á útgáfu bókar Evrópustefnunefndar sem var mjög fróðleg bók og kannski væri ástæða til einmitt að kynna betur og koma henni sem víðast á framfæri.

Ég íteka líka að Ríkisútvarpið hefur á undangengnum missirum gengist fyrir mjög víðtækri kynningu á því sem hér er á dagskrá með mörgum þáttum um hið Evrópska efnahagssvæði.

Það að Ríkisútvarpið ber við peningaskorti eins og kom fram í ræðu hv. fyrirspyrjanda má vel vera. En Ríkisútvarpið verður að meta það í hvað það leggur sitt fjármagn, hvort því þykir t.d. mikilvægara að senda upptökumenn og fréttamenn til Tyrklands til þess að segja okkur frá því sem þar er að gerast, en að kynna nú á þessum dögum EES. Ég treysti mér ekki til þess að hafa bein afskipti af því hjá Ríkisútvarpinu.

Málefni Ríkisútvarpsins, ein umr.

Fsp. JVK, 82. mál. — Þskj. 89.

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Á síðasta þingi var beint fsp. til hæstv. menntmrh. um nýjan langbylgjusendi. Í svari hans þá kom fram að verið væri að skoða málið og í því sambandi horft til nýtingar lóranstöðvarinnar á Gufuskálum en starfrækslu hennar af hálfu Bandaríkjamanna verður hætt á árinu 1994.

Nú hefur verið tekið í notkun nýtt bráðabirgðamastur fyrir langbylgju sem er helmingi lægra en það gamla sem hrundi í febrúar 1991. Sendingar langbylgjunnar

heyrast mjög illa víða um land og sums staðar í Húnavatnssýslum og á Ströndum alls ekki. Sama má segja um að ná útvarpssendingum á hinum ýmsu stöðum úti á þjóðvegum landsins og skip á siglingu umhverfis landið ná heldur ekki sendingum útvarpsins nema mjög nálægt landinu og alls ekki út að 200 mílum. Má nærri geta hve bagalegt getur verið að heyra ekki einu sinni veðurfréttir í útvarpi.

Nefnd sú sem skilaði áliti um þetta mál í des. sl. taldi að áfram verði að nota langbylgju í sendingum Ríkisútvarpsins ásamt FM- og metrabylgjustöðvum. Það er algerlega óviðunandi ástand í þessum málum í dag og Ríkisútvarpið hefur ekki möguleika á að standa að eðlilegri endurnýjun dreifikerfisins þegar það fær ekki tilskilda tekjustofna eins og útvarpslög kveða á um. En nú í mörg ár hafa aðflutningsgjöld af sjónvarps- og útvarpstækjum runnið beint í ríkissjóð í stað þess að renna í Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins. Sama er að gerast í því frv. til lánsfjárlaga sem nú liggur hér frammi.

Ég vil því beina eftirfarandi spurningum til hæstv. menntmrh.:

„1. Hvað líður áformum um byggingu nýrrar langbylgjustöðvar sem næði til landsins alls?

2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins geti staðið við þau verkefni sem honum eru falin samkvæmt lögum nr. 68/1985?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Svar mitt við fyrri spurningunni um hvað líði áformum um byggingu nýrrar langbylgjustöðvar sem næði til landsins alls er þetta:

Við fall annars langbylgjumastursins við Vatnsenda í miklu óveðri 3. febr. 1991 varð langbylgjusendirinn þar óvirkur. Til bráðabirgða hafa verið reist möstur að Vatnsenda sem eru lægri en þau sem fyrir voru og draga því langbylgjusendingar þaðan ekki eins langt og fyrr en talið er að hægt verði að senda þaðan á langbylgju að óbreyttu í fimm til sjö ár í viðbót.

Að Eiðum er annar langbylgjusendir. Þar eru möstrin í góðu lagi en sendirinn úreltur og hætt við að hann stöðvist innan eins til tveggja ára ef ekkert verður að gert. Mikilvægt er að forða því að svo fari. Kostnaður við endurnýjun sendisins að Eiðum er talinn munu nema á bilinu 30–50 millj. kr.

Í svari við fsp. um svipað efni á síðasta þingi var greint frá því að í athugun væri að taka lóranstöðina á Gufuskálum í notkun sem langbylgjustöð þegar bandarískt herinn hættir að nota hana 1994. Við nánari athugun hefur komið í ljós að þessi kostur virðist ekki vera fyrir hendi og verður því að leita annarra leiða.

Ein lausn sem nokkrar vonir eru bundnar við er gervihnattaútvarp sem er í mjög örri þróun. Margt virðist benda til að þegar fram líða stundir muni gervihnattaútvarp koma í stað langbylgju. Á þessari stundu er þó erfitt að segja fyrir um hvenær slíkt fyrirkomulag verður orðinn raunhæfur kostur.

Kostnaður við að endurnýja varanlega langbylgjustöð á Vatnsenda er talinn munu nema a.m.k. 800 millj. kr. Í ljósi þess að bráðabirgðaaðstaðan þar virðist gefast sæmilega og að brýnasta verkefnið í sambandi við langbylgjuna á Íslandi er að endurnýja sendinn að Eiðum virðist skynsamlegt að láta Eiða hafa forgang og notast við bráðabirgðaaðstöðuna á Vatnsenda um sinn meðan fylgst er með tækninýjungum og þróun t.d. á sviði gervihnattaútvarps.

Svarið við síðari spurningunni hvort ráðherra muni beita sér fyrir því að Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins geti staðið við þau verkefni sem honum eru falin samkvæmt lögum nr. 68/1985 er svohljóðandi:

Framkvæmdasjóði Ríkisútvarpsins eru ætlaðar tekjur af aðflutningsgjöldum af útvarps- og sjónvarpstækjum. Sjóðnum er m.a. ætlað að tryggja viðunandi tækjakost og dreifikerfi. Á undanförnum árum hefur verið ákveðið með lánsfjárlögum að þessi tekjustofn renni beint í ríkissjóð og Ríkisútvarpið að sama skapi haft yfir minni fjármunum að ráða en ella. Það fé sem hefur árlega verið ráðstafað til uppbyggingar dreifikerfisins hefur verið á bilinu 15–20 millj. kr. á ári eða um 1% af bruttótekjum stofnunarinnar.

Í frv. til fjárlaga er gert ráð fyrir að framkvæmdasjóðurinn hafi tekjur sem nema 10% af afnotagjöldum og auglýsingum hljóðvarps og sjónvarps og er áætlað að það verði 207 millj. kr. á næsta ári. Af þeirri fjárhæð verður 18 millj. varið til að greiða kostnað af þeim hluta útvarpshússins sem ekki er í notkun. Afborganir af lánum eru áætlaðar 17 millj. Eftir standa 172 millj. sem verða notaðar til að fjármagna alla fjárfestingu Ríkisútvarpsins, þar með talið endurnýjun tækjabúnaðar hljóðvarps og sjónvarps og er það 59 millj. kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum 1992.

Nú er verið að endurskoða útvarpslögin. Við þá endurskoðun verður m.a. athuguð staða Ríkisútvarpsins og fjáröflunarleiðir þess. Ég tel rétt að bíða með ákvarðanir um framkvæmdasjóðinn þar til þessari endurskoðun er lokið.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda og hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. Hér er auðvitað um að ræða mikið hagsmunamál en um leið afar dýrt mál eins og fram kom í máli hæstv. menntmrh. Ég vil þess vegna vekja athygli á því og leggja á það mikla áherslu að yfirvöld, sem hafa um þessi mál að segja, reyni jafnframt því sem unnið er að endurbótum á þessu máli að snúa sér að því að byggja upp endurvarpsstöðvar þar sem hægt er að koma því við með tiltölulega litlum tilkostnaði sem dugir til þess að ná til ýmissa hópa sem ekki geta notið núna útvarps- og sjónvarpssendinga. Þar á ég ekki síst við sjómenn.

Ég hef áður vakið athygli á því á hinu háa Alþingi að hægt sé með afar litlum tilkostnaði að setja upp endurvarpsstöð við ratsjárstöðina á Stigahlíð nálægt Bolungarvík. Ég harma hversu það hefur lent í undandrætti. Það var um það talað í upphafi þegar ratsjárstöð var komið á að þarna mætti setja upp slíka endurvarpsstöð og mér finnst undarlegt hversu seint hefur gengið að framfylgja því fyrirheiti sem þá var gefið.

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans en ég bendi á að samkvæmt áliti þeirra sem um málið hafa fjallað er ekki önnur lausn í sjónmáli á næstu 10–15 árum en að nota langbylgjustöð. Til að tryggja boðleiðir Almannavarna ríkisins er langbylgjan nauðsynleg. Það er ekki fullnægjandi að treysta á FM-bylgju. Hún getur dottið út og gerir það oft.

Ríkisútvarpið verður að ná til allra landsmanna og hafa minnst eina varaleið. Ég ætla mér ekki að fara út í tæknilegar útskýringar, ég hef engar forsendur til þess. En ég held líka að það sé skammsýni að ætla að nota lóranmastrið á Gufuskálum til þessara hluta svo ég er fegin að heyra að það skuli ekki lengur vera inni í myndinni.

Í þessu sambandi verðum við líka að tala um öryggismál skipanna í kringum landið. Það er nauðsynlegt fyrir þau að hafa lóranstöðina á Gufuskálum.

Það er með öllu óviðunandi að sífellt sé farið í kringum gildandi lög eins og gert er með Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins. Á sama tíma hafa auglýsingatekjur útvarpsins verulega dregist saman fyrir áhrif frá öðrum fjölmiðlum. Nú kemur til viðbótar í fjárlagafrv. fyrir árið 1993 að stofnunin á að greiða virðisaukaskatt sem gæti numið um 120 millj. kr. ásamt greiðsluuppbót til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að upphæð 20 millj. kr. Það er því mjög þrengt að fjárhag Ríkisútvarpsins á alla kanta og því ekki gert mögulegt að sinna hlutverki sínu, jafnvel þó komið hafi fram í máli hæstv. ráðherra að nú séu á fjárlögum 59 millj. kr. hærri fjárveiting til útvarpsins en á síðasta ári.

Ég tel því að til þess að Ríkisútvarpið geti staðið við nauðsynleg fjárútlát á þessu ári þyrfti að koma til stórhækkun afnotagjalda. Þeir tala um allt að 10%. Það er alls ekki góður kostur á þeim tímum sem við lifum nú. Ég vænti þess að endurskoðun á útvarpslögum muni skila árangri fyrir útvarpið.

Bæklingur meiri hluta stjórnar LÍN, ein umr.

Fsp. KÁ, 84. mál. — Þskj. 92.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegur forseti. Sl. vor urðu miklar deilur á hinu háa Alþingi um breytingar þær sem ríkisstjórnin lagði til á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Þær tillögur voru samþykktar og í kjölfar þess hafa nú orðið töluverðar breytingar á starfsemi sjóðsins svo sem vænta mátti.

Nú í haust gerðist það að okkur alþingismönnum barst í hendur bæklingur sem gefinn er út af meiri hluta stjórnar LÍN. Ég fæ ekki betur séð við lestur þessa bæklings en að hér sé mjög einhliða áróður á ferð og réttlæting á þeim breytingum sem gerðar voru á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Þær breytingar eru mjög umdeildar og sú stefna sem mörkuð var með þessari lagasetningu. Það má vissulega horfa á stöðu og hlutverk sjóðsins frá ýmsum sjónarhornum.

Ég tel að útgáfa af þessu tagi sé mjög óeðlileg. Að meiri hlutinn sé að nota vald sitt til að réttlæta sín sjónarmið.

Og því spyr ég hæstv. menntmrh.: Hvað kostaði bæklingur sá sem meiri hluti stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna gaf út nýlega undir heitinu: „Hvers vegna breyttar reglur LÍN“?

Í öðru lagi: Telur ráðherra eðlilegt að almannafé sé varið til útgáfu áróðursbæklinga á vegum fulltrúa ríkisstjórnarinnar í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna?

Í þriðja lagi: Ætlar menntmrh. að beita sér fyrir því að minni hluti stjórnar LÍN gefist kostur á að kynna sín sjónarmið í litprentuðum bæklingi?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Svar mitt við fyrstu spurningunni er svohljóðandi:

Bæklingurinn kostaði 333.760 kr. Meiri hluti stjórnar LÍN gaf hann ekki út. Hann var gefinn út af stjórninni í heild þó rétt sé að taka fram að ágreiningur var hafður uppi af hálfu minni hluta stjórnarinnar um orðalag í honum og fulltrúar námsmanna mótmæltu útgáfu hans. Það breytir ekki því að fyrir útgáfu bæklingsins var stjórnarsamþykkt. Mótatkvæði rýra ekki gildi hans.

Önnur spurningin: Telur ráðherra eðlilegt að almannafé sé varið til útgáfu áróðursbæklinga á vegum fulltrúa ríkisstjórnarinnar í stjórn LÍN?

Ég vísa til svars við fyrstu spurningu og hafna því að hér sé um áróðursbækling á vegum fulltrúa ríkisstjórnarinnar í stjórn LÍN að ræða. Bæklingurinn er gefinn út af stjórninni sem slíkri. Ég tel fullkomlega eðlilegt að almannafé sé varið til útgáfu upplýsingabæklings sem þessa og treysti stjórn LÍN til að meta slíkt.

Í bæklingnum koma fram afarmikilvægar upplýsingar um staðreyndir. Þar er skýrt með glöggum hætti hvaða vanda var við að glíma í málefnum lánasjóðsins, hvaða lykilhlutverki hann hefur gegnt í íslensku þjóðlífi og hversu brýnt var að koma í veg fyrir að hann kæmist í greiðsluþrot og gæti ekki gegnt því hlutverki áfram. Þá er enn fremur gerð grein fyrir því hvernig framtíð sjóðsins er tryggð. Hér er því ekki um áróðursbækling að ræða, miklu fremur tel ég að í bæklingnum sé komið á framfæri mikilvægum upplýsingum sem rétt er og skylt að láta þeim í té sem fyrst og fremst þurfa að fjalla um málefni LÍN, þ.e. alþingismönnum og fjölmiðlum.

Þriðja spurningin er: Ætlar menntmrh. að beita sér fyrir því að minni hluti stjórnar LÍN gefist kostur á að kynna sjónarmið sín í litprentuðum bæklingi?

Svar mitt er að ég tel það ekki í verkahring menntmrh. að hlutast til um einstakar útgáfur á vegum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Sá bæklingur sem hér er rætt um var gefin út af stjórn LÍN. Það er í valdi þeirrar sömu stjórnar að taka afstöðu til þess ef tillögur koma fram um útgáfur á vegum sjóðsins og ég mun ekki skipta mér af því.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessi svör. Ég verð þó að segja að ég er túlkun hans mjög ósammála. Það kann að vera að minni hluti stjórnarinnar hafi ekki haft uppi mikinn ágreining um útgáfu þessa bæklings en ég veit þó að fulltrúar námsmanna í stjórn lánasjóðsins eru ekki sammála þeirri túlkun sem þar kemur fram. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að kynna námsmönnum og aðstandendum þeirra þær breytingar sem gerðar voru á reglunum sem gilda um sjóðinn, annað er ekki eðlilegt, því þarna verða verulegar breytingar á kjörum námsmanna og þeir verða að sjálfsögðu að vita hvað þeirra bíður í framtíðinni varðandi afborganir af sínum lánum.

Það þarf ekki annað en skoða þennan bækling til að sjá að hér er einhliða áróður á ferðinni. Hér er ákveðin túlkun á ferðinni. Þeir kalla þetta t.d. í millifyrirsögn „Viðreisn sjóðsins". Þegar búið er að lýsa samkvæmt þeirra túlkun stöðu sjóðsins segir, með leyfi forseta:

„Við þessar aðstæður varð menntmrh. Ólafur G. Einarsson og stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna að grípa til mjög róttækra úrræða til að forða lánasjóðnum frá þroti og reisa fjárhag hans við."

Það lá á þessum tíma fyrir skýrsla sem sýndi að hefði sjóðurinn verið gerður upp í fyrra hefði hann átt fyrir skuldum. Ég gæti tekið fleiri dæmi sem sýna þessa einhliða túlkun.

Við stöndum einfaldlega frammi fyrir því, virðulegi forseti, að sú stefna sem tekin hefur verið í Lánasjóði ísl. námsmanna er mjög umdeilanleg. Og ég teldi ekki óeðlilegt að menntmrh., sem er yfirmaður þessa málaflokks, gæti þess að réttlætið nái fram að ganga og að önnur sjónarmið eigi að koma fram en þau sem hér eru túlkuð af stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. 18. þm. Reykv. fyrir að taka þetta mál hér upp. Það er einkar athyglisvert að hæstv. menntmrh. hefur skipt um skoðun í þessum málum frá því að hann var í stjórnarandstöðu. Þetta er auðvitað hreinn áróðursbæklingur fyrir meiri hluta stjórnar LÍN sem hér hefur verið gefinn út eins og hv. þm. benti á. Hreinn áróðursbæklingur. Það er út af fyrir sig athyglisvert og gagnrýni vert. En hitt er kannski enn þá fróðlegra að í bæklingnum eru jafnframt beinar árásir á fyrrv. menntmrh. og fyrrv. stjórn þessara mála. Ég hygg að það sé býsna óvenjulegt að bæklingur af þessu tagi sé ekki aðeins notaður til þess að treysta stöðu þeirrar stjórnar sem með málin fer á hverjum tíma heldur sé hann notaður sem áróðursatriði gegn fyrrv. stjórn og fyrrv. menntmrh. Það tel ég einkar ósmekklegt.

Ég vil að lokum spyrja hæstv. ráðherra: Er þessi kostnaður upp á þrjúhundruð og eitthvað þúsund krónur allur kostnaður við bæklinginn, bæði prentun, dreifingu, uppsetningu og útsendingu?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. fyrirspyrjanda vil ég taka fram að ég sagði það í mínu svari að það hefði verið ágreiningur innan stjórnarinnar um orðalag í bæklingnum.

Það er enn verið að tala um að hefði sjóðurinn verið gerður upp í fyrra hefði hann átt fyrir skuldum og skilað meira að segja fé í ríkissjóð. Þetta er alveg rétt. Það hefur margsinnis verið viðurkennt af mér í þessum ræðustól. En við vorum bara ekkert að gera þennan sjóð upp í fyrra. Við vorum einmitt að vinna að viðreisn hans þannig að hann gæti starfað áfram. Það er meginmunur á því að gera sjóðinn upp á tilteknum tíma í fyrra. Þá hefði það getað gengið út af fyrir sig en það var aldrei ætlunin. Það var fyrirséð að sjóðurinn mundi verða gjaldþrota ef ekkert yrði að gert. Það voru ástæðurnar fyrir lagasetningunni á síðasta þingi.

Hv. þm. Svavars Gestssonar spurði hvort hér væri um allan kostnað að ræða, þessar rúmlega 333 þús. kr. Ég hef þessar upplýsingar frá skrifstofu lánasjóðsins og mín fyrirspurn til hans var ósköp einföld: Hver var kostnaðurinn við útgáfu bæklingsins? Þetta var svarið. Ég get því ekki svarað því skýrar en þetta en hvort í þessar tölu er dreifingarkostnaður skal ég kynna mér.

Farskóli Kennaraháskóla Íslands, ein umr.

Fsp. SvG, 105. mál. — Þskj. 123.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ein af þeim ánægjulegu nýjungum sem ákveðin var á síðustu missirum í menntamálum var stofnun dreifðrar og sveigjanlegrar kennaramenntunar sem undirbúin var í Kennaraháskóla Íslands, aðallega af Berit Johnsen lektor á sinni tíð.

Það hefur verið gert ráð fyrir því að farskóli Kennaraháskóla Íslands hefji störf á næsta ári. Okkur þingmönnum hafa borist fjölmörg bréf um það mál frá m.a. Kennarasambandi Íslands og fleiri aðilum. Ég leyfi mér, virðulegi foreti, að lesa upp stutt bréf sem barst afrit af til menntamálanefndarmanna frá fræðslustjóra Vestfjarðaumdæmis. En Vestfjarðaumdæmi hefur verið verr sett vegna skorts á menntuðum kennurum en önnur umdæmi. Bréfið er á þessa leið:

„Hér með er þess farið á leit við yður, hæstv. ráðherra, að þér beitið yður fyrir því að fjármagn fáist til að taka á móti a.m.k. 100 kennaranemum í farskóla Kennaraháskóla Íslands, sem hefst um næstu áramót. Enn fremur er farið fram á að sérstaklega verði tekið tillit til þeirra fræðsluumdæma sem búið hafa við kennaraskort á undanförnum árum. Samkvæmt upplýsingum frá Kennaraháskóla Íslands hafa 194 alls sótt um inngöngu í farskóla Kennaraháskóla Íslands, þar af 36 frá Vestfjörðum. Umsækjendur héðan að vestan hafa mjög margir starfað við kennslu undanfarin ár og eru búsettir á svæðinu. Ef þeir fá aðgang að þessu námi og ljúka því gæti kennaraskortur hér á Vestfjörðum heyrt sögunni til eða a.m.k. minnkað verulega.

Þess má geta að samkvæmt upplýsingum frá Kennaraháskóla Íslands er áætlaður kostnaður pr. nemenda

í þessu námi um 250 þús. kr. á ári sem er lægra en annað háskólanám hérlendis.

Þá er minnt á niðurstöður fræðslustjóra frá vorinu 1991 um ráðstafanir til úrbóta kennaraskortinum á landsbyggðinni þar sem m.a. var bent á þessa leið sem vænlega til lausnar. Þessar niðurstöður voru kynntar í þingflokkum á sínum tíma en ekkert var aðhafst í málinu. Enn fremur er minnt á ráðstefnu um þetta efni sama vor þar sem aftur var bent á þessa lausn og einnig hvatt til aukningar við almennt kennaranám við Kennaraháskóla Íslands.

Það er skoðun mín" — segir fræðslustjórinn á Vestfjörðum — „að hér sé um að ræða virkustu og ódýrustu aðgerð sem völ er á til að bæta úr kennaraskorti hér og því ítreka ég beiðni þá sem ég setti fram í upphafi að þér styðjið mál þetta sem nauðsynjamál skólakerfisins."

Með hliðsjón af þessu bréfi svo og bréfi sem borist hefur frá Kennarasambandi Íslands og dags. 20 okt. 1992, hef ég leyft mér að spyrja hæstv. menntmrh.: Hversu margir nemendur verða teknir í farskóla Kennaraháskóla Íslands á næsta ári og hvenær hefst það nám?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Kennaraháskóli Íslands afgreiddi innkomnar umsóknir um skólavist í farskólanum í byrjun þessa mánaðar. Alls höfðu borist 194 umóknir. 60 fengu skólavist. Átta eru á biðlista en 126 fengu neikvætt svar. Af innrituðum nemendum eru nokkrir sem ekki verða í fullu námi þannig að þessir 60 einstaklingar munu samsvara 50 nemendum í fullu námi.

Við undirbúning farskólans hefur Kennaraháskólinn áætlað heildarkostnað á hvern nemanda 250 þús. kr. á árinu 1993. Heildarkostnaður við innritaða nemendur í farskólanum mun því nema 12,5 millj. kr. Í ljósi kennaraskorts á landsbyggðinni er auðvitað erfitt að vísa frá 126 umsækjendum um farskólann. Ég get sem dæmi nefnt sem hér hefur raunar komið fram að af 194 umsækjendum voru flestir eða 37 frá Vestfjörðum. Fjórtán af þeim fengu skólavist, einn er á biðlista en synja þurfti 23.

Það er stórfellt byggðamál að sem flestir sem þess óska komist í farskólann. Kennaraskortur er eitt af mögum vandamálum landsbyggðarinnar sem við verðum að taka á þrátt fyrir þrengingar í ríkisfjármálum. Að beiðni menntmrn. hefur Kennaraháskóli Íslands kannað möguleika á að taka
fleiri nemendur inn í farskólann. Miðað við skipulag námsins er mögulegt að bæta við fleiri nemendum fáist til þess fjármagn. Ég vil fyrir mitt leyti beita mér fyrir auknum fjárframlögum til farskóla Kennaraháskólans og það mál er nú í sérstakri athugun.

Svar við síðari spurningunni um hvenær þetta nám hefst þá er ætlunin að það hefjist á næsta vori.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Ég spurði einnig um það á síðasta þingi hvað liði þessum málum og ég er mjög ánægð að heyra það í svari ráðherra að þetta nám er fyrirhugað. Hins vegar finnst mér rétt að benda á hversu fáir komast að og jafnframt að þetta nám mun fyrirhugað aðeins einu sinni. Ég tel þess vegna að það þurfi að gera ráðstafanir til þess að miklu fleiri geti stundað þetta nám, sérstaklega með tilliti til þess ef það á ekki að vera nema einu sinni sem mér finnst raunar svolítið undarlegt líka. Því þegar einu sinni er búið að koma þessu námi á hlýtur það að vera ódýrara að halda því áfram heldur en þegar það er sett á stofn í fyrsta skipti.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að leggja fram þessa fsp. og jafnframt hæstv. menntmrh. fyrir þær jákvæðu undirtektir sem komu fram í máli hans varðandi þessa hugmynd sem ég er sammála um að er eitt af því mikilvægasta til að leysa þann mikla vanda sem steðjar að landsbyggðinni vegna kennaraskortsins.

Ég vil vekja athygli á því vegna þess að það var talað um og kom raunar fram í svari við fsp. sem ég lagði fram um þessi mál að hlutfall fólks án kennararéttinda við kennslustörf er hæst á Vestfjörðum. Þá er engu að síður nauðsynlegt að vekja á því athygli að margt þetta fólk er með ágæta undirbúningsmenntun en skortir hins vegar hina eiginlegu kennarmenntun. Fyrir þetta fólk er auðvitað óskaplega mikils virði að hafa aðgang að kennaramenntuninni í gegnum kennaranám með fjarkennslusniði eða dreifða og sveigjanlega kennaramenntun.

Ég tel þess vegna mjög mikilvægt að þessu máli sé alveg sérstaklega sinnt og ég met mjög mikils yfirlýsingu hæstv. menntmrh. þess efnis að hann hyggist beita sér fyrir því að hægt verði að taka fleiri nemendur, því ljóst er að það að taka inn 60 nemendur, 50 nemendur í fullu námi, er engan veginn lausn á þeim mikla vanda sem við er að glíma á landsbyggðinni í þessum efnum.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka einnig hæstv. menntmrh. fyrir skýr svör og sömuleiðis ágætan vilja sem fram kom í hans máli. Ég vil hins vegar gera örfáar athugasemdir. Í fyrsta lagi það sem kom fram í máli hv. 6. þm. Vestf. að það væri ætlunin að þetta yrði aðeins einu sinni. Satt að segja hafði ég ekki haft hugmyndaflug til þess að láta mér detta í hug að það væri meiningin. Ég vil þess vegna skora á hæstv. menntmrh. að svara því hvort þetta er virkilega ætlunin.

Það er náttúrlega alveg ljóst að þessi mikla aðsókn núna, 194 einstaklingar, yrði ekki jafnmikil næsta haust, svo ég nefni dæmi. Hér eru auðvitað saman komnir þeir sem hafa fyrstir áhuga á að ganga í þetta, tiltekinn hópur brennandi áhugamanna sem vill fara í þetta nám núna. Það er því alveg ljóst að umsækjendahópurinn yrði eitthvað minni að ári.

Ég vil einnig taka undir það og segja að ég tel að okkur þingmönnum sé skylt að leita allra leiða til þess að fjárlagafrv. verði breytt ef nauðsyn krefur þannig að

þarna verði hægt að bæta við fólki. Ég bendi á að ef 100 nemendur yrðu teknir inn eins og hefur verið talað um, þá mundi það kosta um 12,5 millj. kr. í viðbót ef ekki kæmi til hagræðing innan Kennaraháskólans sem auk þess kann að vera kostur á og ég þekki ekki í einstökum atriðum.

Ég vil einnig leyfa mér að inna eftir því hvort hæstv. menntmrh. hefur við höndina tölur um hvernig sá hópur umsækjenda sem fengið hefur aðgang að fjarnáminu í Kennaraháskólanum skiptist á fræðsluumdæmin. Hann var með tölu fyrir Vestfirði. Það er hugsanlegt að hann hafi tölur fyrir önnur umdæmi sem væri þá fróðlegt að heyra.

Ég vil lýsa því yfir fyrir mitt leyti að ég tel þetta eitt allra brýnasta jafnréttismál í menntamálum í landinu og að okkur þingmönnum í öllum flokkum beri að beita okkur fast með ráðherranum, úr því hann hefur þennan jákvæða vilja, til þess að lenda málinu með góðum hætti.

Að lokum, virðulegi forseti. Ég hafði skilið það svo að ætlunin væri að byrja þetta nám núna um áramótin. Ég heyri að það á að byrja í vor og átta mig ekki alveg á því hvað hefur gerst í millitíðinni og hvort þessar 250 þús. kr. eru miðaðar við tvö missiri eða eitt.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég vona að það þurfi enginn að efast um minn vilja í þessu máli vegna þess að ég beitti mér alveg sérstaklega fyrir þessari lausn á sl. hausti. Kannski kom það einkum til vegna umræðna sem urðu um fyrirhugað fjórða námsár við Kennaraháskólann þar sem ég benti á að það mundi þýða að eitt árið mundi enginn kennari útskrifast. Það varð kveikjan að því að ákvörðun var tekin um þetta fjarnám sem er þriggja ára nám.

Það eru hins vegar takmörk fyrir því hversu marga nema Kennaraháskólinn getur tekið í þetta nám. Ég hafði skilið það svo að u.þ.b. 60 nemar væru hámarkið sem Kennaraháskólinn treysti sér til að taka inn. Bréf fræðslustjóra Vestfjarðaumdæmis var sent til umsagnar Kennaraháskólans. Í svari Kennaraháskólans kemur fram að skólinn er reiðubúinn að taka fleiri nema á þessa námsbraut sé fjárveiting tryggð. Hann upplýsir hins vegar ekki hversu marga. Þetta verður rætt frekar við fulltrúa Kennaraháskólans.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði hvort ég hefði á reiðum höndum tölur úr öðrum umdæmum. Þær hef ég en ég veit ekki hvort mér nægir tíminn til þess að svara því. (Gripið fram í.) Ég er ekki eins fljótmæltur en umsóknir voru þessar úr einstökum umdæmum:

Úr Reykjavík 13, teknir voru 2. Reykjanes 12, teknir 3. Vesturland 20, teknir 5, Vestfirðir 37, teknir 14, Norðurland vestra 26, teknir 9, Norðurland eystra 23, teknir 6, Austurland 34, teknir 13 og Suðurland 29, teknir 8.

Þetta eru þær upplýsingar sem ég get gefið hér og nú.

Útboð, ein umr.

Fsp. StG, 106. mál. — Þskj. 124.

Fyrirspyrjandi (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Á 115. löggjafarþingi flutti ég till. til þál. um útboð. Þar segir svo, með leyfi, virðulegi forseti:

„Alþingi ályktar að fela iðnrh. að skipa nefnd er hafi það verkefni að semja frv. til útboðslaga.

Starf nefndarinnar skal miða við að hægt verði að leggja frv. fram í október 1992.

Í nefndinni skulu m.a. eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila."

Í upphafi grg. segir svo:

„Grundvallarhugmynd útboðsfyrirkomulagsins er að koma á verðsamkeppni þar sem kostir heilbrigðrar samkeppni fá að njóta sín innan viðurkenndra leikreglna. Brýna nauðsyn ber til að endurmeta þær reglur sem nú eru um framkvæmd útboða hér á landi og setja lög er tryggja þau grundvallaratriði sem útboð byggjast á og skapa nauðsynlegt réttaröryggi verktaka og verkkaupa."

Þann 20. maí sl. samþykkti Alþingi síðan þessa þál. um útboð en þar segir svo:

„Alþingi ályktar að fela iðnrh. að skipa nefnd er hafi það verkefni að semja frv. til útboðslaga.

Í nefndinni skulu m.a. eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila."

Þetta var samþykkt á Alþingi 20. maí árið 1992. Því er iðnrh. spurður á þskj. 124:

„Hvað líður störfum nefndar sem Alþingi samþykkti 20. maí 1992 að iðnrh. skipaði til að semja frv. til útboðslaga?"

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Til þess að svara þessari fsp. vil ég gjarnan skýra frá því að í iðnrn. er verið að fjalla um drög að frv. til laga um útboð sem m.a. er byggt á tillögum sem Landssamband iðnaðarmanna hefur látið semja. Ég hef skipað nefnd með fulltrúum hagsmunasamtaka til þess að fjalla um þessi drög og ég býst við að þeirri umfjöllun verði lokið fyrir lok næsta mánaðar.

Fyrirspyrjandi (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en ég vil aðeins ítreka fsp. mína hvort við megum ganga út frá því að hér verði kynnt frv. til nýrra útboðslaga fyrir 1. des. nk. Einfalt svar, já eða nei.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Svarið er já.

Afstaða Landsvirkjunar til lækkunar orkuverðs, ein umr.

Fsp. EKG, 123. mál. — Þskj. 143.

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Hugmyndir um lækkun húshitunarkostnaðar til jöfnunar þar sem hann er nú hæstur hafa oft verið mjög ofarlega á baugi, ekki síst á Alþingi og margar tillögur verið fluttar í þeim anda. Skemmst er frá að greina að svokölluð orkuverðsjöfnunarnefnd sem skipuð var í tíð fráfarandi ríkisstjórnar lagði fram ítarlegar hugmyndir í þessum efnum sem kynntar voru í sérstakri till. til þál. um lækkun húshitunarkostnaðar. Því miður var sú tillaga ekki afgreidd en segja má að unnið hafi verið í anda þeirrar tillögu af hálfu núv. hæstv. ríkisstjórnar. Það hefur m.a. komið fram í máli hæstv. iðnrh.

Í þeirri tillögu var gert ráð fyrir því að jöfnunin yrði framkvæmd með tvennum hætti. Annars vegar með aukinni niðurgreiðslu ríkissjóðs og hins vegar með því að Landsvirkjun tæki á sig sérstaklega þátttöku í því að jafna orkuverðið. Hæstv. iðnrh. greindi frá því í umræðum á Alþingi þann 2. apríl sl. að hann hygðist inna Landsvirkjun eftir, með leyfi virðulegs forseta: „... afstöðu fyrirtækisins til málsins og muni óska eftir niðurstöðu í málinu fyrir 1. júní nk. En þá er ár liðið frá því" — sagði hæstv. ráðherra — „að niðurgreiðslur ríkissjóðs voru auknar. Í þáltill. var eins og ég hef þegar nefnt, gert ráð fyrir því að markmiðinu um jöfnun húshitunarkostnaðar yrði náð í þremur áföngum á tveimur árum þannig að komið væri að næsta áfanga 1. júní á þessu ári.

Ég mun vinna áfram í þeim anda að ná því markmiði þáltill. sem því miður var ekki samþykkt hér, enda er því lýst í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar sem nú situr, Velferð á varanlegum grunni, en þar segir einmitt: Einnig mun ríkisstjórnin leita leiða til að jafna enn frekar húshitunarkostnað í landinu."

Ég vil jafnframt minna á að það er ekki nóg með það að í stefnu- og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar sé þetta nefnt heldur er líka í þeim knappa en góða stjórnarsáttmála sem samþykktur var við myndun núv. ríkisstjórnar komið inn á þetta mál.

Ég tel þess vegna mjög mikilvægt að fá svar við því hver sé afstaða Landsvirkjunar til þess að taka þátt í jöfnun orkuverðsins og lækka orkuverðið og hef leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. iðnrh. um þau mál.

Fsp. er svohljóðandi:

„1. Hver er afstaða Landsvirkjunar til þess að auka afslátt á heildsöluverði raforku til hitunar á íbúðarhúsnæði?

2. Hyggst Landsvirkjun taka þátt í því að lækka húshitunarkostnað?"

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Vestf. hefur beint til mín tveimur spurningum. Hin fyrri er: Hver er afstaða Landsvirkjunar til þess að auka afslátt á heildsöluverði raforku til hitunar á íbúðarhúsnæði?

Til þess að skýra þetta mál ætla ég aðeins að rifja upp bréfaskipti iðnrn. við stjórn Landsvirkjunar. Hinn 10. apríl á þessu ári skrifaði ég stjórn Landsvirkjunar bréf og áréttaði þar þá ósk iðnrn. að fyrirtækið lækki heildsöluverð á raforku til íbúðarhúsnæðis í samræmi m.a. við þær umræður sem fram fóru á Alþingi og hv. 3. þm. Vestf. vitnaði til.

Í bréfinu minnti ég á tillögur orkuverðsjöfnunarnefndar sem, eins og hv. fyrirspyrjandi rifjaði upp, starfaði á vegum iðnrrn. veturinn 1990–1991. Í þeirri nefnd voru fulltrúar allra flokka sem þá áttu sæti á Alþingi. Í framhaldi af starfi þessarar nefndar var lögð fram á þinginu þáltill. um lækkun húshitunarkostnaðar eftir tillögu meiri hluta nefndarinnar. Það náðist ekki að afgreiða þessa tillögu fyrir þinglok eins og fram kom áðan, en annar liður ályktunartillögunnar beindist að stjórn Landsvirkjunar. Hún var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi beinir því til þingkjörinna fulltrúa í stjórn Landsvirkjunar að þeir á þeim vettvangi beiti sér fyrir sérstökum aðgerðum til lækkunar á heildsöluverði raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis. Aðgerðirnar miði að því að heildsöluverð á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis lækki á næstu tveimur árum niður í kostnaðarverð orku frá nýjum virkjunum að viðbættum flutningskostnaði til dreifiveitna."

Með bréfi mínu frá 10. apríl sl. var þessi ósk ráðuneytisins áréttuð til stjórnar Landsvirkjunar að hún vinni að því að þetta markmið náist. Í því sambandi var vísað til bréfs sem ráðuneytið hafi skrifað Landsvirkjun 21. maí 1991. Í bréfinu segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðuneytið bendir jafnframt á að vegna lágs heimsmarkaðsverðs á olíu er kostnaður við rafhitun íbúðarhúsnæðis svipaður eða hærri en við olíukyndingu þrátt fyrir auknar niðurgreiðslur ríkissjóðs. Ráðuneytið væntir þess að afstaða stjórnarinnar til þessa erindis liggi fyrir í maí nk. en 1. júní verður ár liðið frá því að niðurgreiðslur ríkissjóðs voru auknar og reglum um þær breytt. Sá áfangi náðist fyrst og fremst með auknum niðurgreiðslum ríkissjóðs. Í næsta áfanga væri æskilegt að hlutur orkufyrirtækjanna yrði stærri."

Stjórn Landsvirkjunar mun hafa fjallað um þetta erindi og í svari sem barst frá fyrirtækinu 4. júní á þessu ári var vakin athygli á því að 1. júní 1991 hafi rafhitunarafsláttur Landsvirkjunar hækkað úr kr. 0,155 á kwst. í 20 aura á kwst. og hafi hann frá þeim tíma miðast við allt að 30.000 kwst. á íbúð á ári í stað 40.000 kwst. áður. Þessi breyting var einmitt gerð í sambandi við þá kerfisbreytingu og aukningu á niðurgreiðslum ríkissjóðs sem tók gildi 1. júní 1991.

Stjórn Landsvirkjunar taldi hins vegar í sínu svari ekki unnt að koma til móts við þau tilmæli mín sem ég hef skýrt frá þar eð hvorki, að þeirra áliti, verðlagningarsjónarmið né ríkjandi markaðsaðstæður réttlættu verðlækkun af þeirra hálfu.

Með svari Landsvirkjunar fylgdi ítarleg greinargerð um samkeppnisstöðu raforku til húshitunar sem tímans vegna verður ekki unnt að gera skil hér, en ég er

að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að láta fyrirspyrjanda þessa greinargerð í té.

Ráðuneytið sendi Landsvirkjun spurningar fyrirspyrjanda og í svari við þeirri ósk ráðuneytisins vísaði fyrirtækið eingöngu til svars við bréfi ráðuneytisins frá 4. júní á þessu ári.

Þetta læt ég nægja um bréfaskipti mín við Landsvirkjun vegna þessa máls og sný mér þá að síðari hluta spurningarinnar sem var: Hyggst Landsvirkjun taka þátt í því að lækka húshitunarkostnað?

Við þeirri spurningu hef ég það svar eitt að segja að núverandi afstaða stjórnar Landsvirkjunar hefur þegar komið fram í því sem ég hef rakið. Með því er ég ekki að segja að hún kunni ekki að breytast síðar, um það get ég ekki fullyrt á þessari stundu, en eitt get ég fullyrt að ég mun leggja að Landsvirkjun að taka þátt í þessu verkefni.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það eru raunar engar nýjar upplýsingar sem hafa komið fram í þessu svari en ég þakka hæstv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli.

Ég ætla að benda á það í frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 er reiknað með auknum arðgreiðslum frá Landsvirkjun ásamt fleiri aðilum, Rarik, Íslenskum aðalverktökum og fleiri. Það er sem sagt reiknað með því að ríkissjóður fái auknar arðgreiðslur frá Landsvirkjun. Á sama tíma er ríkissjóður líka að óska eftir því að Landsvirkjun taki þátt í að greiða niður orkuverðið til hitunar. Þarna kemur fram ákveðinn tvískinnungur finnst mér. En kannski mætti hugsa sér að þessar arðgreiðslur frá Landsvirkjun yrðu notaðar til þess að auka niðurgreiðslur á húshitun.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir það sem hann sagði áðan að hann mundi beita sér fyrir því að þessi mál næðu fram að ganga, þ.e. Landsvirkjun kæmi til móts við raforkunotendur.

Forráðamenn Rarik fullyrða að Rarik greiði með þeirri húshitun sem sé í gangi. Ég tel það ekki viðunandi. Það þarf að vera þannig að Rarik fái a.m.k. kostnaðarverð fyrir sölu á sinni þjónustu, en ég tel það aftur á móti einboðið að Landsvirkjun eigi að eiga möguleika á því að útvega almenningi orku í landinu á verði sem er ekki bara sambærilegt heldur verulega lægra en verð innfluttra orkugjafa.

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir afar greinargóð svör hans og jafnframt fagna því að hæstv. ráðherra hefur beitt sér mjög fyrir því að reyna að fá Landsvirkjun til þess að taka frekari þátt í jöfnun orkukostnaðarins.

Það hefur alveg legið ljóst fyrir frá upphafi þegar farið var að ræða hvernig ætti að standa að því að jafna orkukostnaðinn í landinu að til þess að það væri mögulegt yrði Landsvirkjun með einum eða öðrum hætti að koma inn í það mál. Um þessi mál hafa farið fram ítarlegar umræður á Alþingi, m.a. í síðustu viku sem leiddu sitthvað í ljós.

Ég ætla ekki að gera þau orð hv. 7. þm. Reykn. að Landsvirkjun sé afturhaldssamasta fyrirtæki landsins að mínum en hins vegar valda viðbrögð Landsvirkjunar við svo eindregnum tilmælum iðnrh. um að taka þátt í jöfnun orkukostnaðar óskaplega miklum vonbrigðum. Ég hafði vænst þess að fyrirtækið mundi taka mjög myndarlega á þessu máli, m.a. vegna þess að manni hafa sýnst vera nokkrar markaðslegar forsendur fyrir því að Landsvirkjun tæki á þessu máli alveg sérstaklega. Það kom fram í skriflegu svari hæstv. iðnrh. við fsp. sem ég lagði fram varðandi málefni Landsvirkjunar á síðasta ári að sala Landsvirkjunar undanfarin ár hefur verið að minnka í kwst. talið. Þess vegna sýnist manni að hér sé um að ræða markaðslegar ástæður líka fyrir því að fyrirtækið reyni að auka hlutdeild sína, m.a. með því að verða betur samkeppnisfært um húshitunarkostnaðinn í landinu.

Ég vil líka vekja á því sérstaka athygli og árétta að þetta mál, jöfnun orkukostnaðarins í þeim dúr sem lagt var til með umræddri þáltill. sem margoft hefur verið minnst á, er ekki af þeirri stærðargráðu sem oft hefur verið gefið til kynna. Þetta er ekki það stórmál sem stundum hefur verið látið í veðri vaka. Ég vek athygli á því að í greinargerð orkuverðsjöfnunarnefndar kemur fram að hjá þessu stóra fyrirtæki, Landsvirkjun, sem veltir mörgum milljörðum kr. á ári hverju, mundi það ekki þýða annað en að afsláttinn þyrfti að auka um 130 millj. kr. 130 millj. kr. eru auðvitað býsna mikil upphæð, sérstaklega fyrir orkunotendurnar á hinum köldu svæðum en ég trúi því ekki að ekki sé unnt með einhverjum hætti, svo sem lengingu afborgana lána Landsvirkjunar, að koma því þannig fyrir að þetta stóra, myndarlega og vel stæða fyrirtæki geti tekið eðlilegan þátt í jöfnun orkuverðsins í landinu.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég held að það standi ekki á Landsvirkjun að selja ódýrt rafmagn. Ég vil vekja athygli á því að raforkuverð frá Landsvirkjun hefur lækkað um 40% að raungildi á sl. 8 árum. En þetta fyrirtæki verður náttúrlega að hafa viðunandi afkomu. Afkoman er í járnum ef svo mætti segja núna.

Endurgreiðslumarkmiðin hafa verið hér til umræðu. Þau eru að Landsvirkjun stefnir að því að hafa borgað núverandi skuldir eftir 25–30 ár. Það er spurning hvort lengja mætti þann tíma. Það er hægt að hægja á endurgreiðslu lána. Það er hægt að stofna til nýrra skulda eða hækka verð til annarra notenda. Það er kannski nærtækasta leiðin. Ég reikna þó ekki með því að það sé vilji þeirra sem hreyfa þessu máli hér.

Það er einfalt að leggja það til að leggja pinkla á Landsvirkjun en með einhverjum hætti verður að borga það. Það er líka einfalt að heimta arðgreiðslur í ríkissjóð og borgarsjóð frá þessu fyrirtæki. En það sem þarf til að koma og mér finnst að menn gleymi er að það þarf að auka markaðinn. Það þarf að selja meira af þeirri raforku sem tiltæk er og þá er hægt að gera það ódýrara. Aukin raforka og stærri markaður geta gert

fyrirtækinu kleift að selja orkuna á lægra verði.

Á síðasta stjórnarfundi Landsvirkjunar var ákveðinn, frú forseti, nýr afsláttur í samkomulagi við dreifiveiturnar til stórra notenda og á síðasta fundi var samþykkt í stjórninni tillaga frá mér um það að setja í gang ítarlega könnun á því hvernig hægt væri að auka orkunotkun. Gallinn á þessu öllu saman er sá að stjórnotendurnir eru að draga saman sín orkukaup og þar á ég við stóriðjufyrirtækin í landinu.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Þetta er einkar þörf umræða og hv. 1. þm. Norðurl. v. dró athyglina að því sem mestu máli skiptir sem er hvernig við getum aukið hlut raforkunnar í orkubúskap landsins. Til þess þarf að sjálfsögðu að beita verðkerfi orkufyrirtækjanna og eins og kom fram í máli hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur Landsvirkjun upp á síðkastið einmitt unnið að því, m.a. í samstarfi við dreifiveiturnar, á grundvelli samkomulags sem um það var gert í byrjun þessa árs. Þetta er gott og blessað en ég tel að Landsvirkjun þurfi að taka alveg sérstaklega á húshitunarmálinu vegna eindregins vilja þingsins og ríkisstjórnarinnar að fyrirtækið taki þátt í því máli.

Ég mótmæli því sem kom hér fram hjá hv. 6. þm. Vestf. að það lýsi einhverjum tvískinnungi að í sama fjárlagafrv. skuli fjallað um styrki til húshitunar til landsmanna og arðkröfu til Landsvirkjunar. Það er eðlilegur hlutur. Þarna þarf auðvitað að finna jafnvægi. Eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. benti á eigum við að beita þessu öfluga fyrirtæki landsmanna í þágu þeirra allra því að fyrirtækið lýtur núna sérstakri stjórn með lögbundnum og samningsbundnum hætti. Það hefur sjálfstæða fjárhagslega stöðu. Þess vegna hlýtur ríkisstjórnin, framkvæmdarvaldið og reyndar einnig löggjafarvaldið á þessu stigi máls að starfa með því að beina tilmælum til Landsvirkjunar. Ég veit að þingið mun sameinast um það, en þar má aldrei gera neitt sem brýtur í bága við eðlilega fjárhagslega forsjá í þessu fyrirtæki. Því veit ég að enginn þingmaður mælir bót.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hæstv. iðnrh. áðan um að ég hefði rætt um tvískinnung, þá finnst mér það vera tvískinnungur að á sama tíma og ríkisstjórnin vinnur að lækkun hitunarkostnaðar á köldum svæðum er hún ekki bara að lækka arðgreiðslur Landsvirkjunar heldur líka að hætta því að endurgreiða innskatt til dreifiveitnanna sem nemur samkvæmt fjárlagafrv. rúmum 500 millj. kr. Á móti eiga að koma 80 millj. sem á að taka til niðurgreiðslna.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig mjög þarft að fá umræðu sem dregur athyglina að afstöðu Landsvirkjunar til jöfnunar á orkuverði. Það er ljóst að við nokkuð ramman reip er að draga þar sem Landsvirkjun er varðandi sjónarmiðið jöfnun.

Hins vegar vekur athygli mína að þeir sem fyrst og fremst skiptast á orðum í þessari umræðu eru tveir stjórnarliðar, annar hæstv. ráðherra og hinn hv. 3. þm. Vestf. Hvorugur þeirra minnist á svar við spurningunni: Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til lækkunar orkuverðs?

Það sem við höfum fyrir framan okkur um afstöðu ríkisstjórnarinnar er að það á að hækka orkuverð á köldum svæðum á landinu og það er jafnaðarmannaráðherrann, hæstv. iðnrh., sem er forgöngumaður í þessari nýju stefnumörkun ríkisstjórnarinnar.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Út af orðum síðasta ræðumanns verð ég að vekja athygli á því að Landsvirkjun leggur nú talsvert af mörkum til að jafna orkuverð í landinu, þ.e. raforkan frá Landsvirkjun er seld á sölustöðum Landsvirkjunar, sama spenna vel að merkja, á sama verði hvar sem er á landinu. Þetta er út af fyrir sig talsvert skref í áttina til jöfnunar orkuverðs.

Hins vegar hefur Landsvirkjun lítið vald á olíuverði eða verði heitu vatni og þar af leiðandi er málið ekki alfarið í í höndum Landsvirkjunar. Ríkisstjórn og stjórnarmeirihluti þurfa að koma þar að.

Það er hins vegar skothent hjá ríkisstjórninni og ég felldi mig aldrei fyllilega við þau tilmæli sem Alþingi var að tillögu ríkisstjórnarinnar látið beina til fulltrúa sinna í stjórn Landsvirkjunar að þeir beittu sér fyrir lækkun á raforku til húshitunar. Vegna þess, og ég vek athygli á því, að fulltrúar Alþingis þó þeir standi saman í stjórn Landsvirkjunar, sem þeir reyndar gera oft, ráða ekki þessu fyrirtæki. Stjórn þess er þannig skipuð að borg og Akureyrarbær eiga helming fulltrúanna og formaður er ráðherraskipaður.

Skilgreining á hugtakinu Evrópa, ein umræða.

Fsp. KÁ, 136. mál. — Þskj. 157.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Á undanförnum þremur árum hafa miklar breytingar orðið í ríkjum Austur-Evrópu. Flestar þær þjóðir sem áður lifðu við kommúnískt kerfi hafa tekið stefnuna í átt til lýðræðis- og markaðsbúskapar þótt misjafnlega gangi. Þjóðir Austur-Evrópu allt austur að Úralfjöllum vilja gerast aðilar að því mikla samstarfi sem í gangi er milli ríkja Vestur-Evrópu hvort sem er á efnahags-, menningar- eða hernaðarsviði.

Sú spurning hefur vaknað hvaða þjóðir séu Evrópuþjóðir. Á að miða við landfræðilega eða menningarlega skilgreiningu? Það er ljóst að menning þjóða eins og Azera og Íslendinga er afar ólík. Réttareglur og trúarbrögð eru af ólíkum toga og fleira mætti telja. Í Evrópuráðinu þar sem ég á sæti ásamt nokkrum öðrum íslenskum þingmönnum hefur mikil umræða átt sér stað um þetta efni, m.a. vegna þess að fjöldi þjóða ber að dyrum og vill fá inngöngu. Það skiptir miklu máli fyrir framtíð hvers kyns Evrópusamstarfs hvaða sameiginlegi skilningur verður lagður í hugtakið Evrópa.

Þetta er atriði sem Alþingi Íslendinga þarf að ræða

en mig fýsir að vita hvort málefnið hefur verið rætt á vettvangi ríkisstjórnarinnar eða í utanrrn. og hvort afstaða hefur verið tekin til þess hvernig beri að skilgreina Evrópu.

Því spyr ég hæstv. utanrrh.: Hefur íslenska ríkisstjórnin tekið afstöðu til þess hvernig beri að skilgreina Evrópu í ljósi þeirra miklu breytinga sem átt hafa sér stað í álfunni á undanförnum árum? Ef svo er, hver er sú skilgreining?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Nýjar lexíur í landafræði og sögu hafa vissulega verið ræddar í utanrrn. þótt ofmælt væri að segja að við höfum komist að endanlegum kórréttum niðurstöðum.

Samkvæmt hefðbundinni landbundinni skilgreiningu nær Evrópa yfir vestasta hluta meginlands Evrasíu. Mörkin í norðri eru í Norður-Íshafi, mörkin að Asíu í austri og í suðaustri liggja um Úralfjöll, Kaspíahaf, Kákasusfjöll, Svartahaf og Eyjahaf. Miðjarðarhaf skilur að Afríku og Evrópu og Norður-Atlantshaf skilur að Evrópu og Norður-Ameríku. Stærstu eyjar Evrópu eru Novaja Semlja, Spitzbergen, Ísland, Stóra-Bretland og Írland.

Eins og kunnugt er er heimsálfan Evrópa fremur skilgreind á grundvelli sögulegra, pólitískra, efnahags-, félags- og menningarlegra þátta heldur en á grundvelli þessarar lexíu í landafræði.

Ríkisstjórnin hefur ekki talið ástæðu til að breyta með formlegum hætti skilgreiningu á Evrópu í ljósi þeirra breytinga sem átt hafa sér stað á undanförnum árum. Það hvort ríki teljist til Evrópu eða óski eftir samstarfi við Evrópu á samstarfsvettvangi hennar er kannað í hverju tilviki fyrir sig. Almennt teljast t.d. Rússland og Tyrkland til Evrópu þótt þau liggi landfræðilega að verulegu leyti í Asíu. Asíuríki fyrrum Sovétríkja eru meðlimir í Ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu þótt þau teljist ekki landfræðilega til Evrópu, en þau voru áður meðlimir sem hluti af Ráðstjórnarríkjum. Í Evrópuráðinu er talað um að þessi lönd geti haft samvinnu eða tengsl við ráðið ef þau hafa evrópskt stjórnkerfi að leiðarljósi og hafa haft stjórnmála og söguleg tengsl við Evrópu.

Þá má nefna að fyrrum nýlendur aðila að Evrópuráðinu hafa nána samvinnu við Evrópuríki og við Evrópuráðið þótt þessi ríki teljist ekki landfræðilega til Evrópu.

Hjá Sameinuðu þjóðunum starfar t.d. samráðshópur, ríkjahópur sem kennir sig við Vestur-Evrópu og önnur ríki en í þeim hópi starfa t.d. lönd eins og Nýja-Sjáland, Ástralía, Bandaríkin og Kanada af sögulegum ástæðum vegna þess að þessi lönd byggðust að stofni til af innflytjendum af evrópskum uppruna. Einnig má nefna að þar er ríkjahópur Austur-Evrópuríkja sem í dag er samstarfshópur um kosningar í ráð og nefndir á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Í ákveðnum tilvikum er talað um Evrópu sem samstarfsvettvang fyrir lýðræðislegt stjórnarfar ef menn vilja beita pólitískri skilgreiningu. Hugsanlegt er að hafa náið samstarf á vettvangi Evrópusamstarfs við lýðræðisríki, jafnvel þau sem eru einangruð frá alþjóðlegu samstarfi í sínum heimshluta.

Stundum er með hugtakinu Evrópa og einkum og sér í lagi í Evrópuráðinu og innan Evrópubandalagsins átt við Evrópubandalagið eitt sér eða samrunaferli þess. Slík skilgreining er hins vegar undir engum kringumstæðum notuð í utanrrn. og fellur ekki að þessu svari, virðulegi þingmaður.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég hef gaman af því að taka þátt í þessari umræðu og þakka flm. og eins ráðherranum fyrir skýringu hans og þá kennslustund sem við fengum núna.

Ég vil minna á að á Alþingi var samþykkt fyrir um það bil áratug þáltill. sem fjallaði einmitt um Evrópulönd í sambandi við kjarnorkuvopnalaust svæði, að skilgreining þeirra þyrfti að ná frá Grænlandsströndum til Úralfjalla. Þetta hugtak var síðan notað meðal stórveldanna og var alþekkt hugtak um hvað skyldi heyra til Evrópu og hvað ekki.

Hins vegar er það líka, svo að ég láti nú móðan mása eins og hæstv. ráðherra, athyglisvert að þótt við Íslendingar teljum okkur að sjálfsögðu Evrópuþjóð og höfum rekið okkar samskipta- og viðskiptamál til Evrópu á þeim grundvelli að við værum Evrópuþjóð, þá liggur Atlantshafshryggurinn gegnum þetta svæði sem við nú stöndum á og síðan norðaustur í land þannig að við erum ekki bara Evrópuþjóð í landfræðilegum skilningi eða jarðfræðilegum og getum ósköp vel hallað okkur að t.d. Bandaríkjunum og Japan. Við getum rakið tengsl þangað alveg eins og austur.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd, enda heimila þingsköpin víst ekki annað. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að bera fram þessa spurningu hér vegna þess að ég, eins og hv. þm., á sæti í Evrópuráðinu og þar er einmitt mikil umfjöllun um það nú hvernig Evrópuráðið eigi að taka á samskiptum við Asíuþjóðir fyrrverandi. Sovétríkjanna, hver samskipti eigi að vera þar á milli og hvernig samskipti þeirra við Evrópuráðið eigi að vera.

Ég þakka því ráðherra fyrir svör hans einnig en tel ekki óeðlilegt að komið væri á fundi með fulltrúum Alþingis sem sitja í Evrópuráðinu og fulltrúum utanrrn. til þess að fjalla nánar um þessi mál. Þó að við þekkjum nokkurn veginn um hina landfræðilegu skilgreiningu eins og hún hefur verið túlkuð hingað til, og við erum svo sem ekki að gera því skóna að farið verði í miklar breytingar á henni, eru uppi ákveðin vandamál varðandi þessi samskipti.

Ég á sæti í svokallaðri efnahagsnefnd Evrópuráðsins þar sem fjallað hefur verið um samstarf við þessar þjóðir, hvernig hægt sé að styrkja þær og styðja í lýðræðisþróun þeirra og efnahagslegri uppbyggingu og þess vegna finnst mér afar mikilvægt að eiga gott samráð við utanrrn. og ríkisstjórnina um það hvernig við eigum að taka á þeim málum þegar þau koma til um-

ræðu í þeim nefndum og því starfi sem við innum af hendi í Evrópuráðinu.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Mér fannst þau sýna það að hann nálgast þetta mál með opnum huga, enda tel ég rétt að gera það en gjarnan má umræðan um þetta verða meiri. Við þingmenn, sem sæti eigum í Evrópuráðinu, höfum hugsað okkur að standa fyrir því að slík umræða eigi sér stað í þinginu enda hafa verið lagðar fram miklar skýrslur í Evrópuráðinu þar sem tekið er á þessum málum og í þeim er m.a. skorað á þjóðþingin að ræða þessi mál.

Kjarni þeirrar spurningar, sem ég lagði fyrir hæstv. utanrrh., er auðvitað sá, hvaða áhrif það hefur þegar þessar þjóðir austast í álfunni koma inn í Evrópusamstarfið á hvaða sviði sem er. Menn hafa m.a. bent á að t.d. hjá þeim þjóðum sem eru múslimar gilda allt aðrar réttarreglur en við eigum að venjast. Hvaða áhrif hefur það t.d. þegar fulltrúar þessara ríkja koma inn í Mannréttindadómstól Evrópu og aðrar þær stofnanir þar sem tekist er á við ýmis þau vandamál sem álfan á við að glíma? Þetta eru mjög mikilvægar spurningar sem munu hafa áhrif á allt okkar samstarf en mér hefur sýnst þróunin vera sú að menn voru mjög efablandnir í fyrstu hvort það væri hreinlega rétt að hleypa þessum þjóðum að en eftir því sem menn skoðuðu málið betur þá varð sú niðurstaða ofan á, t.d. í þeim nefndum sem ég á sæti, að það væri bæði rétt og skylt að þjóðir Vestur-Evrópu reyndu að veita þessum þjóðum alla þá aðstoð og leiðbeiningar sem hægt er að láta af hendi. Það væri miklu nær að hleypa þeim að og aðstoða heldur en að útiloka þær frá samstarfi Evrópuþjóða. En íslenska þingið þarf að ræða þessi mál og okkur öllum að vera ljóst hvaða breytingar eru fram undan í Evrópusamstarfinu.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þessi fyrirspurnartími er satt að segja orðinn að lexíu í landafræði og ást, svo ég noti nafn á einhverjum ærslaleik sem settur hefur verið á fjalir. Landafræðin er út af fyrir sig óbreytt í breytilegum heimi. Það sem við erum að tala um er pólitík og hin pólitíska spurning er þessi: Eru Evrópuþjóðir reiðubúnar að opna vettvang sinn til samstarfs við aðrar þjóðir og þá á hvaða skilmálum?

Ef við lítum á þau meginskjöl Evrópusamstarfsins, sem liggja því til grundvallar, lokaskjal Helsinki-sáttmálans, Parísaryfirlýsinguna og ýmsar grundvallaryfirlýsingar annarra slíkra alþjóðasamtaka og skilgreiningar Evrópuráðsins á þeim skilmálum sem ríki verða að fullnægja til aðildar þar þá snúast þau um tiltölulega einfalda hluti. Þau snúast um það að hér sé um að ræða lýðræðisríki, samkvæmt skilgreiningu okkar hefða um fjölflokka lýðræðisríki þar sem lýðræðislegar kosningar fara fram með reglulegum hætti. Þær snúast um réttarríki, að einstaklingsfrelsi og mannréttindi séu virt og í hávegum höfð, fyrir utan það að af pólitískum ástæðum hafa ýmsir talað um að þau verði að vera valddreifð ríki, hvort sem menn kenna það við markaðshagkerfi eða blandað hagkerfi. Þetta eru almennt þeir mælikvarðar sem menn hafa notast við og í reynd hafa verið lagðir til grundvallar þegar á reynir um það hvort ríkjum skuli hleypt inn í þessi samtök.

Sendiráð Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, ein umr.

Fsp. KÁ, 142. mál. — Þskj. 163.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 163 beini ég eftirfarandi fsp. til hæstv. utanrrh.:

„1. Hvers vegna hyggst ráðherra leggja niður sendiráð Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum?

2. Telur utanrrh. að mögulegt verði að sinna öllu því starfi sem Íslendingar þurfa að taka þátt í og fylgjast með hjá Sameinuðu þjóðunum án sendiráðs í New York?“

Því er ekki að leyna, virðulegi forseti, að þessar spurningar eru sprottnar af fréttum sem birst hafa í fjölmiðlum og einnig þeim upplýsingum sem er að finna í frv. til fjárlaga fyrir árið 1993. En þar segir, með leyfi forseta:

„Aðrar helstu breytingar í starfsemi sendiráða og fastanefnda eru að gert er ráð fyrir að sendiherra Íslands í Bandaríkjunum gegni jafnframt starfi fastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York. Við þessa ráðstöfun er talið að sparast muni um 8 millj. kr.“

Til starfseminnar í New York, bæði þeirrar sem fram fer á vegum Sameinuðu þjóðanna og eins hjá ræðismanni Íslands eða þeirra sem gegna þeim störfum, eru ætlaðar 27 millj. kr. en sparnaður nemur eins og ég sagði áðan 8 millj. Nú er það ekki sparnaðurinn sem ég er að spyrja um heldur fyrst og fremst það hvernig starfinu hjá Sameinuðu þjóðunum verður háttað eftir þessar breytingar. Ég tel að ástæða sé til að hafa áhyggjur af því.

Ég hef sjálf verið fulltrúi Kvennalistans hjá Sameinuðu þjóðunum fyrir næstum því tíu árum síðan og þá sýndist mér að þar færi fram mjög mikið starf. Ég gat ekki betur séð en íslensku starfsmennirnir ættu fullt í fangi með að sinna því starfi og við varaþingmenn, sem þar voru, hlupum þar inn í eftir því sem þurfa þótti.

Nú hygg ég að á næstu árum muni Sameinuðu þjóðirnar eflast ef eitthvað er í ljósi þeirra breytinga sem átt hafa sér stað í heiminum og þar má nefna þá þróun sem fylgdi í kjölfar styrjaldarinnar við Persaflóa. Ég verð að segja að ég mundi heldur vilja sjá Sameinuðu þjóðirnar eflast en ýmsar stofnanir sem verið er að koma á fót og því tel ég ástæðu til að hafa áhyggjur af því hvað verða muni um starf Íslendinga hjá Sameinuðu þjóðunum og því legg ég þessar spurningar fyrir hæstv. utanrrh.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. 18. þm. Reykv. spyr hvers vegna ráðherra hyggst leggja niður sendiráð Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum.

Svarið gæti út af fyrir sig verið stutt og laggott. Það hefur ekki hvarflað að ráðherranum að leggja niður sendiráð Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. Fyrirspurnin er þess vegna á misskilningi byggð eins og hefði mátt upplýsa með stuttu símtali. Ísland hefur að vísu ekki sendiráð hjá Sameinuðu þjóðunum, það er þó ekki aðalatriðið, við höldum þar úti fastanefnd sem auk þess gegnir ræðisstörfum.

Í frv. til fjárlaga 1993 áætlar utanrrn. útgjaldalækkun eins og fyrirspyrjandi vék að með því að skipa ekki um stundarsakir í stöðu fastafulltrúa hjá Sameinuðu þjóðunum eða sameina starfið starfi sendiherra Íslands í Bandaríkjunum. Í upphafi þátttöku Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum var þetta fyrirkomulag reyndar við haft. En eftir sem áður munu starfa við fastanefndina fjórir starfsmenn og það er yfirveguð skoðun ráðuneytisins að þessir starfsmenn geti sinnt öllu því starfi sem Íslendingar þurfa að taka þátt í og fylgjast með hjá Sameinuðu þjóðunum.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég fagna því ef þessi fsp. er á misskilningi byggð. Það kann að vera að ég hafi ekki orðað þetta rétt, en ég skildi þetta þessum skilningi eins og segir í fjárlögunum að sendiherra Íslands í Bandaríkjunum gegnir jafnframt starfi fastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York.

Ég á sannast að segja erfitt með að skilja það og vil biðja hæstv. utanrrh. að skýra það betur hvernig þetta á að fara saman því þrátt fyrir það að fjórir starfsmenn verði áfram í New York þá gegnir sendiherrann miklu hlutverki líka í þeirri starfsemi og fundahöldum sem þarna fara fram. Það er hann sem ásamt sínu starfsliði fylgist með öllu því sem gerist hjá Sameinuðu þjóðunum. Ég ítreka þá spurningu hvort utanrrh. telji að með þessum hætti verði þessum störfum sinnt á þann hátt sem nauðsyn ber til, sérstaklega með tilliti til þess ef pólitískt hlutverk Sameinuðu þjóðanna eflist frá því sem nú er. En eins og ég nefndi áðan þá er það sú þróun sem ég vil helst sjá.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan af þessu tilefni árétta að hér er um að ræða tímabundna sparnaðarráðstöfun. Hv. þm. spyr: Er það alveg víst að þeir fjórir starfsmenn sem þarna eru geti sinnt þeim verkefnum sem sinna þarf?

Svarið við því er já. Fyrir því er nokkur reynsla. Þess má geta að starf fastanefndarinnar á hinum raunverulega álagstíma, sem er þegar allsherjarþingið situr er styrkt bæði með því að hv. Alþingi sendir fulltrúa þingflokkanna til starfa og sem betur fer hefur það í vaxandi mæli verið með þeim hætti að þeir taka virkan þátt í störfum nefnda á vegum þingsins. Auk þess sendir utanrrn. á álagstímum sérstakan starfsmann til þess að létta undir í þessum störfum. Við hefðum alls ekki gripið til þessarar sparnaðarráðstöfunar nema af sérstökum ástæðum og í fullri vitneskju og trausti þess að fastanefndin sem slík geti gegnt sínum störfum.

Ég vil kannski að gefnu tilefni vekja á því athygli að það eru einmitt sérstaklega fastanefndirnar hjá fjölþjóðasamtökum Íslands sem eru í vaxandi mæli að taka á sig meiri og þýðingarmeiri störf fremur en þau sendiráð sem gegna tvíhliða samskiptum við einstök ríki. Þetta á að sjálfsögðu við fastanefndirnar hjá Atlantshafsbandalaginu, hjá Evrópubandalaginu, hjá EFTA í Genf og hjá Sameinuðu þjóðunum í New York.

Það er hverju orði sannara að fyrirsjáanlegt er að í framtíðinni mun starfsemi Sameinuðu þjóðanna eflast. Það er mjög í mótun og ef þær breytingar sem fram undan eru leiða í ljós að það sé nauðsynlegt að styrkja þessa fastanefnd frekar þá verður það gert vegna þess að hér er um tímabundna ráðstöfun að ræða. En hitt verður að undirstrika að því fer fjarri að með þessari sparnaðarráðstöfun hafi sendiráð Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum verið lagt af eða einhver slík áform séu uppi.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram að það er afar mikilvægt starf sem fastanefnd okkar hjá Sameinuðu þjóðunum gegnir og mér finnst miðað við þau framlög sem eru í frv. til fjárlaga áætluð, 27 millj. kr., að nefndinni verði afar þröngur stakkur sniðinn hvað varðar fjárhag. Þessi 8 millj. kr. sparnaður finnst mér líka svolítið skondinn þegar ég hugsa til þess að í fjárln. hafa komið fram þær upplýsingar að á sama tíma og verið er að skera niður þarna þá er sérstakur lögfræðingur á föstum launagreiðslum erlendis og líklega staðsettur á nálægu svæði sem hefur í laun hátt í það sem á að spara með því að ráða ekki fastafulltrúa í New York. Sá lögfræðingur starfar að hvalveiðimálum eftir því sem okkur er sagt.

Íslenskt sendiráð í Vínarborg, ein umr.

Fsp. KÁ, 143. mál. — Þskj. 164.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Sú fsp., sem ég vil beina til utanrrh., er einnig sprottin upp úr fjárlagafrv. fyrir árið 1993. Ég spyr um sendiráð í Vínarborg. Það segir reyndar í fjárlögunum að þarna sé um að ræða fastanefnd Íslands hjá RÖSE í Vín og kann þetta að vera spurning um orðalag. Það er sendiherra sem þar fer fremstur í fylkingu og ég kýs að nota orðið sendiráð því þarna er verið að opna skrifstofu og hafa fastafulltrúa hjá RÖSE í Vín.

En það sem þessi fyrirspurn gengur út á er auðvitað fyrst og fremst sú forgangsröð sem hér kemur fram af hálfu utanrrn. Þá vil ég vitna til þess að í viðtali við hæstv. utanrrh. í Morgunblaðinu laugardaginn 11. júlí 1992, eftir að fundur hafði verið haldinn um öryggi og

samvinnu í Evrópu, er haft eftir hæstv. utanrrh. að Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu sé að hans mati enn þá fremur veik stofnun sem sé í leit að hlutverki. Síðar í þessu viðtali er haft eftir utanrrh.: „Utanríkisráðherra sagði að honum fyndist fundur RÖSE í Helsinki ekki ýkja merkilegur. Fyrirkomulag þar sem 51 ríki flytur heimatilbúna stíla í einn og hálfan sólarhring sýnir hversu tvístraður klúbbur RÖSE sé." — Og enn síðar segir, með leyfi forseta: „Framtíð RÖSE mun einkum ráðast af þróuninni í Rússlandi að sögn utanríkisráðherra."

Þetta vekur auðvitað spurningar um það hvers vegna þörf sé á því að Íslendingar hafi fastanefnd hjá RÖSE og hvort það séu ekki brýnni verkefni í utanríkisþjónustu okkar en að koma þarna upp nýju batteríi sem fær í sinn hlut 22,7 millj. kr. á næsta ári.

Ég hef heyrt það frá fulltrúum Íslands, sem hafa setið á þingmannasamkundum RÖSE, m.a. í Búdapest í sumar, að þetta séu, eins og reyndar kom fram hjá utanrrh., heldur ómerkilegar samkomur. Því spyr ég enn: Eru ekki brýnni verkefni hjá utanrrn. en að hafa fastanefnd hjá RÖSE í Vínarborg? Og því beini ég eftirfarandi spurningum til hæstv. utanrrh.:

„1. Hvers vegna stendur til að opna nýtt íslenskt sendiráð í Vínarborg?

2. Hvað gerir sendiráð í Vín brýnna en t.d. í Strassborg þar sem Mannréttindadómstóll Evrópu er til húsa eða að sendiráð verði sett á fót í Austurlöndum?

3. Hversu margir starfsmenn verða í sendiráðinu í Vínarborg?"

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 18. þm. Reykv. spyr: Hvers vegna stendur til að opna nýtt íslenskt sendiráð í Vínarborg?

Svarið við því er mjög einfalt: Það stendur ekki til. Það hefur ekki staðið til og mun ekki standa til eftir því sem ég best veit.

Það er ekki verið að opna nýtt sendiráð í Vínarborg. Því miður. Eða ekkert því miður, það er ekki verið að opna nýtt sendiráð í Vínarborg.

Við höfum haft fastafulltrúa hjá Ráðstefnuninni um samvinnu og öryggi í Evrópu frá árinu 1986 og það eru einir fjórir embættismenn sem hafa gegnt því starfi hingað til. Það sem hefur verið ákveðið, án þess að auka kostnað við þessa starfsemi um krónu, er að hagræða þátttöku Íslands hjá ráðstefnunni með því að gefa þeim fulltrúa, sem hingað til hefur verið útsendur heiman af aðalstöðvum, stöðu fastafulltrúa. Það er reyndar sparnaðarráðstöfun vegna þess að kostnaður við það að halda honum úti án starfsaðstöðu búandi á hótelum og á dagpeningakjörum ráðuneytismanna var óhagkvæmara en það fyrirkomulag sem nú er sem er í því fólgið að leigja íbúð og skrifstofu með skrifstofuaðstöðu.

Eins og ég sagði þá hafa fjórir slíkir útsendir embættismenn haft fasta viðveru í Vínarborg frá árinu 1986. Eftir því sem ráðstefnan hefur vaxið að umfangi og hefur verið stofnanabundin og hefur höfuðstöðvar ekki einasta í Vín heldur í Prag, Berlín og Varsjá þá hefur álag á þennan útsenda starfsmann vaxið gríðarlega mikið. Spurningin sem var til ákvörðunar var sú: Eigum við að hætta þátttöku í þessu eða eigum við að skapa þá lágmarksaðstöðu að hægt sé að sinna starfinu?

Mín niðurstaða var sú í ljósi þess að hér er um að ræða víðtækasta samstarfsvettvang og reyndar eina samstarfsvettvanginn, sem við höfum við hin nýfrjálsu ríki Mið- og Austur-Evrópu, ekki síst á sviði afvopnunarmála, á sviði ráðgjafar um lýðræðislegar stofnanir, kosningar og fleira þess háttar — og reyndar er margt sem bendir til þess að þetta samstarf verði enn þá víðtækara — þá hefði það ekki samrýmst íslenskum hagsmunum að leggja þetta af. Þess vegna var fundið upp fyrirkomulag sem gerir okkur kleift að sinna þessu með lágmarkstilkostnaði, minni tilkostnaði en við gerðum áður. Því er fsp. um að við séum að stofna íslenskt sendiráð í Vínarborg eða það er gefið í skyn að það sé með auknum kostnaði á misskilningi byggð.

Mér finnst það skjóta skökku við af því að ég veit að hv. þm. er að gera mér þær hugmyndir fyrir fram að hv. þm. sé friðarsinni, þá lýsi ég eftir því: Er hv. þm. virkilega þeirrar skoðunar að Ísland eitt Evrópuríkja hefði átt að segja sig frá víðtækasta samstarfi Evrópuríkja á sviði afvopnunarmála, öryggismála, friðarmála og samstarfs á sviði lýðræðislegrar þróunar? Ég ímynda mér að eftir skoðun hefði hv. þm. komist að þeirri niðurstöðu að það væri ekki verjandi að segja sig frá þessu samstarfi. Hvað sem líður því að ráðherrafundir eða þingmannasamkundur í tengslum við þessi samtök kunna að þykja heldur innihaldslitlir þar sem menn fara með heimastíla, sem er rétt, þá breytir það ekki því að þessi ráðstefna er vissulega sá vettvangur sem hefur skipt sköpun í þróun í Evrópu. Það var á vettvangi þessarar ráðstefnu í framhaldi af Helsinki-fundinum sem samið var um mestu afvopnunarsamninga í sögu heimsins. Og það er reyndar svo að sem aðili að Atlantshafsbandalaginu hefur Ísland þar hagsmuna að gæta og er þess vegna nauðugur einn kostur að taka þátt í þessu samstarfi.

Svo vil ég að lokum taka fram, virðulegi forseti, af því að það gafst ekki tími til að svara því hér áðan, að það er enginn bandarískur lögfræðingur í þjónustu utanrrn. sem ráðgjafi í hvalamálum. Hann er í þjónustu einhverra annarra.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Því miður gefst ekki tími til að ræða framtíð öryggismála eða hvernig Íslendingar skuli standa að þeim málum en ég ítreka það sem ég sagði áðan að ég vil heldur leggja áherslu á það að efla Sameinuðu þjóðirnar og alla þá starfsemi. Ég fæ ekki betur séð en menn séu sífellt að auka allt þetta alþjóðlega samstarf og alþjóðlega batterí með nýjum og nýjum stofnunum og ég held að menn ættu nú að snúa sér að því og reyna að hagræða svolítið og spara í þeim málum eins og annars staðar því að staðreyndin er sú að það er verið að ræða sömu málin mjög víða í mörgum stofnunum, NATO, væntanlegu Vestur-Evrópu-

bandalagi, RÖSE, hjá Sameinuðu þjóðunum, í Evrópuráðinu og ég held að hægt væri að sameina þetta að miklu leyti. Breytingarnar eru orðnar í Evrópu og ég skal ekki draga það í efa að RÖSE hafi átt þar aðild að, en ég held að við hljótum að þurfa að endurskipuleggja allt þetta alþjóðlega samstarf í ljósi breytinga og reynslu.

Mér þykir þetta vera hálfgerður útúrsnúningur hjá hæstv. utanrrh. Það er auðvitað spurning hvað við köllum hlutina en það er staðreynd að fastanefnd Íslands hjá RÖSE er nýr liður á fjárlögum og það er auðvitað þar með verið að festa hana í sessi hvernig sem utanrrn. hefur sinnt þessari þjónustu hingað til og ég verð að segja að ég er ekki sátt við þessa forgangsröð. Ég tel t.d. að það væri alveg jafnmikil ástæða til þess að efla hlut Íslands hjá Evrópuráðinu og tengslin við Mannréttindadómstól Evrópu þangað sem Íslendingar þurfa að leita í auknum mæli að því er virðist. Að mínum dómi er hér fyrst og fremst um það að ræða hvaða forgangsröð það er sem utanrrn. setur upp og það er verið að festa þessa starfsemi í sessi, fá húsnæði og þar er fulltrúi sem titlaður er sendiherra og ekki veit ég annað en honum sé ætlað að vera alla vega næstu ár í Vínarborg sem er reyndar yndisleg borg.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég hef þegar svarað því að það er á misskilningi byggt að verið sé að stofna þarna sendiráð. Það sem er verið að gera er sparnaðarráðstöfun. Í staðinn fyrir að hafa níu til tíu mánuði ársins útsendan embættismann frá aðalstöðvum á dagpeningakjörum og búandi á hóteli er honum sköpuð starfsaðstaða sem var annaðhvort nauðsynlegt að gera nú eða leggja þetta af. Þessi ráðstöfun eða sú aðstoð, sem hann fær, hefur ekki í för með sér fjölgun stöðugilda. Henni var mætt með því að fækka annars staðar þannig að það er alveg á hreinu að þetta er liður í sparnaðaraðgerðum utanrrn. Og af því að hv. þm. talar um forgangsröð þá er rétt að geta þess að þetta kemur því ekkert við hvort við eigum að auka eitthvað eða bæta aðstöðu hjá Evrópuráðinu. Því er sinnt frá sendiráðinu í París sem hefur það skylduverk.

Hitt er svo annað mál að fyrir nokkru síðan fluttu hv. þm. tillögur um að stofnsetja sendiráð í Japan sem könnun hefur leitt í ljós að mundi vera svona sex sinnum dýrara en t.d. fastanefndin í New York. Á sama tíma og þeir sem t.d. eru andstæðingar samningsins um Evrópska efnahagssvæðið segja að okkur sé mikil nauðsyn á að leggja áherslu á markaðsöflun og viðskiptaþjónustu í öðrum heimshlutum þá eru þeir náttúrlega í reynd að segja að við ættum að verja meiri fjármunum, setja forgangsröðina þannig að við stofnum sendiráð annars staðar en á þessum svæðum.

Á sama tíma eru auðvitað gerðar miklar kröfur til þess að sparað sé í þessari þjónustu fyrir okkar dvergsmáu þjóð. Og sannleikurinn er sá að það hefur verið unnið að slíkum sparnaði þannig að útgjöld utanríkisþjónustunnar í heild sinni hafa minnkað að raungildi. Reyndar á það við um fleiri ráðuneyti líka. Þær sparnaðaraðgerðir eru síðan harðlega gagnrýndar. Til þess að halda niðri kostnaði við þetta er færður til starfskraftur í utanríkisþjónustunni, sömuleiðis til þess að ná fram sparnaði. Í New York er það gert með tilfærslu og með því að styrkja starfsemina á álagstíma með því að senda út fólk.

Það hefur oft verið hreyft óskum um það hvort ekki mætti leggja niður sendiráð á Norðurlöndum. Skoðun á því leiðir í ljós að hér er fyrst og fremst um að ræða eins konar sýslukontóra fyrir brottflutta Íslendinga sem eru 13 þús. talsins í þessum þremur löndum og þurfa á verulegri þjónustu íslenska velferðarríkisins að halda. Það er nú eitt. En ef við ætlum að spara í þessari þjónustu þá verðum við að gera það með því að draga saman seglin þar sem það er unnt en frekar bæta við starfsemina þar sem álagið er mest. Það hefur verið gert, t.d. hefur verið fækkað starfsmönnum við sendiráðin á Norðurlöndum til þess að efla starfsemina þar sem álagið er mest hjá fjölþjóðasamtökum.

43. FUNDUR

fimmtudaginn 29. okt.,
að loknum 42. fundi.

Dagskrá:

1. Síldarverksmiðjur ríkisins, stjfrv., 115. mál, þskj. 135. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Fuglaveiðar og fuglafriðun, stjfrv., 146. mál, þskj. 167. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Endurmat á norrænni samvinnu, skýrsla, 161. mál, þskj. 186. — Ein umr.
4. Lánsfjárlög 1993, stjfrv., 145. mál, þskj. 166. — Frh. 1. umr.
5. Gjaldeyrismál, stjfrv., 5. mál, þskj. 5, nál. 183, brtt. 184. — 2. umr.
6. Innflutningur, stjfrv., 6. mál, þskj. 6, nál. 185. — 2. umr.
7. Foreldrafræðsla, þáltill., 114. mál, þskj. 134. — Fyrri umr.
8. Vatnsorka, þáltill., 118. mál, þskj. 138. — Fyrri umr.
9. Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frv., 127. mál, þskj. 147. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Útbýting þingskjala:

Flutningur á starfsemi Landhelgisgæslunnar, 174. mál, þáltill. ÁRÁ, þskj. 200.

Flutningur ríkisstofnana, 184. mál, frv. JGS og KÁ, þskj. 211.

Heilsutjón af völdum háspennuvirkja, 119. mál, svar heilbrrh. á þskj. 210.

Húsnæðislán, 180. mál, fsp. MF á þskj. 206.

Könnun á atvinnuleysi, 177. mál, fsp. ÓÞÞ á þskj. 203.

Launabreytingar hjá forstjórum o.fl., 176. mál, fsp. ÓÞÞ á þskj. 202.

Landgræðslulög, 175. mál, frv. ÓÞÞ o.fl., þskj. 201.

Landeyðing vegna ágangs straumvatna, 179. mál, fsp. MF á þskj. 205.

Meðlagsúrskurðir, 183. mál, fsp. ISG á þskj. 209.

Óafgreiddar umsóknir í félagslega húsnæðiskerfinu, 181. mál, fsp. MF á þskj. 207.

Rannsókna- og vísindastefna ríkisstjórnarinnar, 186. mál, beiðni um skýrslu frá SvG o.fl., þskj. 213.

Starfsemi Menningarsjóðs útvarpsstöðva, 182. mál, fsp. MF á þskj. 208.

Virðisaukaskattur og svört atvinnustarfsemi, 178. mál, fsp. MF á þskj. 204.

Umræður utan dagskrár.

Atvinnuleysi á Suðurnesjum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið verður til dagskrár er tekin fyrir utandagskrárumræða. Hún fer fram að beiðni hv. 9. þm. Reykn., Önnu Ólafsdóttur Björnsson, um efnið: Til hvaða aðgerða hyggjast stjórnvöld grípa vegna vaxandi atvinnuleysis á Suðurnesjum? Þessi umræða fer fram skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapa sem þýðir að málshefjandi og viðkomandi ráðherra hafa 5 mínútur í fyrri umferð og 2 mínútur hvor í þeirri síðari. Aðrir hv. þm. og ráðherrar hafa 2 mínútur hver. Hefst þá umræðan.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Atvinnuástandið er alvarlegt á Suðurnesjum. Það eru því miður ekki ný tíðindi. Í heilt ár hafa að jafnaði 10% kvenna á Suðurnesjum gengið atvinnulaus. Næstum ár er liðið síðan við kvennalistakonur lögðum fram tillögu hér á Alþingi um að tekið yrði sérstaklega á þeim vanda þar sem ljóst var að hann gæti orðið viðvarandi. En viljann vantaði þótt nóg hafi verið talað.

Það er eins og nú fyrst sé mönnum að verða ljóst að eitthvað verður að gera. Það sem verra er, engu er líkara en ríkisstjórnin hafi enn ekki skynjað þennan alvarlega vanda og viðurkennt að sértækra aðgerða er þörf. Ég vona að í þessari umræðu komi fram að nú muni þetta breytast. Það dugar ekki bara að skipa starfshóp eins og stjórnvöld hafa þegar gert. Það þarf að taka til hendinni og það strax. Vandinn er þekktur og ýmsar hugmyndir eru uppi um lausnir.

Ég bendi á að á vegum Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja eru mörg verkefni í gangi og nefni m.a. nýstofnaðan hugmyndabanka og markað atvinnulausra kvenna á Suðurnesjum. Á vegum Atvinnuþróunarfélagsins er verið að vinna að fleiri athyglisverðum hugmyndum sem ekki er heimild til að greina frá í smáatriðum hér, þær eru trúnaðarmál enn sem komið er eins og gerist í viðskiptum. En það er sammerkt mörgum þeirra að þar eru á ferðinni fyrirtæki sem vilja útfæra hugmyndir og þau skortir framkvæmdafé, oft og tíðum áhættufé og fjármagn til rannsókna, þróunar og markaðsátaks. Hér geta stjórnvöld komið til aðstoðar og ýtt undir frumkvæði, stutt nýsköpun. Það dugar ekki að vísa á úreltar allsherjarlausnir sem aldrei voru lausnir, svo sem álver og herinn. Og það dugar ekki að segja bara EES og halda að þar með sér málið afgreitt. Raunverulegra aðgerða er þörf. Stofnun sérstaks þróunarsjóðs á svæðum þar sem atvinnuástandið er vont er fyllilega athugandi. Einnig má hugsa sér að nýttar séu aðrar leiðir sem þegar eru fyrir hendi, en það þarf auðvitað að sjá fyrir fjármagni. Grundvallaratriðið er að viðurkennt sé að hér sé um sértækan vanda að ræða og brugðist við.

Það þarf líka að huga að fleiru. Það þarf að efla menntun. Það þarf að auka fjölbreytni hennar, ekki bara til að flokka á atvinnuleysisskrám heldur til þess að auka nýsköpun og fjölbreytni í atvinnu í framtíðinni. Síðast en ekki síst vil ég nefna það að ég tel að Suðurnesin eigi framtíð fyrir sér í sjávarútvegi. Þar er gríðarleg verkþekking fyrir hendi og húsnæði og tæki liggja ónotuð. Svæðið er í alla staði ákjósanlegt. En kvótinn hefur flutt þaðan vegna þess að lagabókstafurinn hefur leyft það. Ég fagna vissulega þeim hugmyndum sem uppi eru um endurheimtingu kvóta til Suðurnesja. Hér hefði skynsamleg nýting veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs verið gagnleg ef lögin hefðu verið með skynsamlegum hætti.

Niðurskurður velferðarþjónustu og opinberra framkvæmda er ámælisverður á samdráttartímum. Suðurnes hafa alla burði til að reka öfluga heilbrigðisþjónustu sem gæti m.a. nýst íbúum höfuðborgarsvæðisins. Þannig mundu skapast dýrmæt atvinnutækifæri fyrir konur. Reyndar hefur það gerst að undanförnu að konur alls staðar að hafa sótt til Suðurnesja og fætt þar börn sín til að eiga val um persónulega þjónustu í og eftir fæðingu og einnig val um fæðingaraðferð. Þetta kemur svo sem ekki til af góðu heldur gerðist það í kjölfar lokunar Fæðingarheimilisins. En það sýnir svo ekki verður um villst að fjölbreytta heilbrigðisþjónustu má byggja upp á Suðurnesjum ef svigrúm er gefið til þess.

Við þingmenn Reykjaneskjördæmis höfum verið samtaka í að krefjast úrlausna og sjálfsagt eru fleiri en ég langþreyttir á því skilningsleysi sem við höfum mætt, enn sem komið er a.m.k. Það er öllum í hag að óheillaþróun verði snúið við. Atvinnuleysi er ekki ókeypis. Það kostar samfélagið allt mikið fé í formi bóta, í skatttekjutapi og auknum félagslegum og heilsufarslegum vandamálum. Síðast en ekki síst er þó atvinnuleysið sárt þar sem það rýr fólk möguleikum til

sjálfsbjargar og atvinnuleysisbætur eru svo lágar að hvorki er hægt að lifa né deyja á þeim.

Við eigum að hlúa að því sem gott er gert og leyfa atvinnulífinu á Suðurnesjum að blómgast á ný. Það verður best gert með því að styðja frumkvæði heimamanna. Við berum ábyrgð á þessu atvinnusvæði ekki síður en öðrum hér á landi.

Samdrátturinn á Keflavíkurflugvelli var svo sem fyrirsjáanlegur. Spurningin var ekki hvort þar yrði dregið saman heldur hvenær. Við kvennalistakonur spurðum um aðgerðir stjórnvalda til að mæta slíkum samdrætti hér á Alþingi þann 7. mars 1991. Þá var fátt um svör. Nú sitjum við uppi með vandann og ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvað ríkisstjórnin hyggst gera til þess að bregðast við því alvarlega atvinnuástandi sem nú er á Suðurnesjum.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Atvinnumál á landinu öllu hafa verið í brennidepli vegna þess að fram er að koma það sem menn máttu vita að minnkun þorskafla og minnkandi tekjur þjóðarinnar draga dilk á eftir sér í atvinnumálum, ekki síst þar sem undanfarin sex ár hefur ríkt stöðnun á Íslandi og atvinnutækifærum hefur ekki fjölgað. Þeim fækkaði 1987–1989 og hafa síðan staðið í stað, meðan fólki á vinnumarkaði hefur fjölgað. Þessir tveir samtvinnuðu þættir, sex ára stöðnun annars vegar og síðan brestur í afla, lágt álverð og samdráttur í varnarliðsframkvæmdum hins vegar hafa leitt til þess að atvinnumálanefnd ríkisstjórnarinnar og aðilar vinnumarkaðarins hafa framlengt störf sín umfram það sem gert var ráð fyrir í kjarasamningum og gert þau almennari og víðtækari. Nú er leitað leiða til þess að ná víðtækri samstöðu um aðgerðir sem treyst geta stöðu atvinnulífsins til næstu ára en ekki eingöngu til fárra vikna eða mánaða eins og gerist með sértækum aðgerðum.

Fram hefur komið að ríkur vilji er hjá stjórn og stjórnarandstöðu til að ná saman, víkja til hliðar venjubundnum dægurmálum og ná samstöðu um árangur sem treyst geta þann stöðugleika sem verið hefur og forðað getur því að atvinnuleysisvofan fái fasta viðveru í landinu. Meginmáli skiptir fyrir atvinnulífið allt og atvinnuástandið hvar sem borið er niður á landinu að sköpuð séu skilyrði til aukins hagvaxtar.

Málshefjandi ræðir sérstaklega atvinnuástandið á Suðurnesjum og er það eðlilegt þar sem atvinnuleysið þar er tilfinnanlegt, eða um 6%. Slík tala er hærri en menn hafa átt að venjast um atvinnuleysi, a.m.k. um svo langt skeið eins og þarna er. Á hitt er að líta að atvinnuleysi hefur verið mun meira á Suðurnesjum undanfarin ár en að meðaltali á landinu öllu án þess að ríkisstjórnir, hvorki núverandi né fyrrverandi, hafi gripið til sérstakra aðgerða. Þannig var atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum 6,4% í janúar 1991 og 7,2% 1990. Þáverandi forsrh. og fjmrh. voru eins og nú þingmenn kjördæmisins sem um er að ræða gripu ekki til neinna sérstakra aðgerða eins og málshefjandi minntist á og kom fram 7. mars 1991 þegar rætt var um sama efni.

Núv. ríkisstjórn ákvað sem kunnugt er að verja 3.500 millj. kr. til atvinnuskapandi aðgerða umfram það sem fjárlög hafa gert ráð fyrir í framkvæmdum. Mönnum verður hins vegar að vera fullljóst að ákvörðun af þessu tagi, þótt hún liggi fyrir og Alþingi muni væntanlega staðfesta hana, eykur ekki atvinnu fyrr en *mörgum mánuðum eftir að hún er tekin*. Svo mun einnig vera um flestar þær aðgerðir sem teknar kynnu að verða varðandi Suðurnesin sérstaklega. Og það sem meira er, aðgerðir af þessu tagi eru ekki varanlegar. Þær eru plástur ekki lækning. Þær geta mildað högg um tiltekinn tíma en á bak við þær stendur ekki annað en úttekt á fjármunum og botninn dettur úr þeim þegar fjármunir klárast.

Slíkar ákvarðanir verða menn því að taka í trausti þess að varanleg atvinnutækifæri skapist með þeim almennu aðgerðum sem menn eru að vinna að og hafa verið að undirbúa um alllanga hríð.

Eftir viðræður mínar og iðnrh. við forráðamenn sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir nokkru ákvað ríkisstjórnin að setja niður sérstakan starfshóp til að gera atvinnustöðunni á Suðurnesjum sérstök skil í tengslum við þær almennu ákvarðanir sem teknar verða, væntanlega innan tiltölulega skamms tíma. Þættir sem síðan hafa verið tengdir umræðu opinberlega hafa verið til athugunar á þessum vettvangi og koma að mati ríkisstjórnarinnar til álita.

Við verðum hins vegar að standast þær pólitísku freistingar að gefa í skyn að til séu ódýrar lausnir sem bægt geti atvinnuleysi frá í einni svipan. Menn verða að standast þær freistingar að bregða sér í gervi pólitískra jólasveina og dreila út pökkum í skammdeginu. Við þekkjum af langri reynslu að slíkir pakkar geta verið gleðigjafar um stund en þeir breyta litlu þegar til lengri tíma er horft.

Við getum ekki og megum ekki taka okkar efnahags- og atvinnumál úr samhengi við það sem gerist í kringum okkur. Neyðarráðstafanir eru gerðar í Svíþjóð, efnahagskerfið hrynur í Færeyjum, atvinnuástand er erfitt í Danmörku, hrikalegt í Finnlandi og erfiðleikar í Noregi. Bretar engjast um í efnahagsörðugleikum, sama staða er uppi í Bandaríkjunum og Þjóðverjar hafa ekki staðið af sér sameiningu Þýskalands með þeim hætti sem þeir trúðu. Allt þetta hefur áhrif. Ísland er eyland í landfræðilegum skilningi en ekki í efnahagslegum.

Meginstaðan er sú að Íslendingar munu ef þeir bera gæfu til að standa saman um aðgerðir komast betur frá öllum þessum áföllum en okkar nágrannar. Þá munum við komast hjá því að afturkippurinn verði að kreppu. En forsendan er að menn nái saman um niðurstöðu sem mun slá varanlega á hættuna á auknu atvinnuleysi og er slík niðurstaða miklu brýnni en einstaka staðbundnar sértækar aðgerðir þó slíkar aðgerðir séu réttlætanlegar og jafnvel nauðsynlegar í einstökum tilvikum eins og því sem við ræðum um.

Ég hlýt líka að vekja athygli á því að sértæk aðgerð á Suðurnesjum þar sem menn kaupa sig frá tímabundnu atvinnuleysi með því að ganga á sjóði eða taka lán gengur ekki upp nema menn sjái með verulegu öryggi fram á að varanlegur stór vinnuveitandi komi inn

í myndina og bæti varanlega þann samdrátt sem orðið hefur á Suðurnesjum. Það er því óhjákvæmilegt að minna flokk málshefjandans á að sá flokkur, Kvennalistinn, hefur lagst gegn því að álver rísi á Suðurnesjum. En þrátt fyrir lágt verð á áli nú um stund eru bjartari vonir en fyrr um að ákvörðun um álversbyggingu verði tekin innan tveggja ára. Vænti ég þess að þá beri flokkur málshefjanda gæfu til þess að skáka þröngsýnni atvinnumálastefnu sinni til hliðar og taka þátt í því að stuðla að þeirri stórfelldu atvinnuuppbyggingu sem því mun fylgja á Suðurnesjum, atvinnuuppbyggingu sem stendur á traustum grunni en ekki á veikum grunni sértækra aðgerða fyrir fé sem eðli málsins samkvæmt er takmarkað og tryggir aðeins atvinnu um skamma hríð.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Sérstaða atvinnulífs á Suðurnesjum birtist okkur m.a. í því að á undanförnum árum hafa á milli 1.500 og 2.000 manns haft atvinnu sína af starfsemi í tengslum við varnarliðið, annaðhvort í þjónustu varnarliðsins eða í þjónustu Íslenskra aðalverktaka. M.a. vegna þess að menn þóttust sjá það fyrir að þessi starfsemi mundi dragast saman var lögð höfuðáhersla á að hefja nýtt átak varðandi virkjanaframkvæmdir og að byggja nýtt álver sem hefði tekið við þeim slaka sem myndast í atvinnu á þessu svæði ef af hefði orðið.

Í þessum skilningi hafa Suðurnesjamenn orðið sérstaklega fyrir barðinu á þeirri þróun sem öll heimsbyggðin fagnar en lýsir sér í því að það þarf að færa til störf frá varnartengdri starfsemi yfir til annarrar starfsemi. Svokölluð frysting starfsmannahalds á vegum varnarliðsins hefur leitt til fækkunar um 150 manns. Hitt er þó enn erfiðara að umsamdar stórframkvæmdir á vegum varnarliðsins, sem Aðalverktakar hefðu unnið að af stærðargráðunni 4 milljarðar ísl. kr., hafa ekki enn fengist fjármagnaðar. Þetta er ástæðan fyrir þeim uppsögnum sem nú hefur verið gripið til.

Þá er spurningin hvað sé til ráða. Menn líta að sjálfsögðu til Aðalverktaka. Sá sem hér stendur beitti sér fyrir því fyrir um það bil tveimur árum að tryggja ríkinu meirihlutaeignaraðild í því fyrirtæki. Tilgangurinn var augljós. Tilgangurinn var sá að reyna að tryggja að þessu fyrirtæki yrði haldið áfram og að til yrði á Íslandi öflugt verktakafyrirtæki sem hefði burði til þess að standa að stórframkvæmdum þegar kæmi að bæði virkjanaframkvæmdum og álversframkvæmdum sem nú hafa frestast.

Þetta er öflugt fyrirtæki með góða eiginfjárstöðu en sá er galli á gjöf Njarðar að þrátt fyrir meirihlutaeign ríkisins þá er þetta sameignarfyrirtæki. Það þýðir að ef verja á fjármunum frá því til annarra verkefna en kveðið er á um í stofnskrá þarf samkomulag allra aðila. Það hefur að sjálfsögðu verið rætt við forráðamenn Aðalverktaka og þar á meðal við forsvarsmenn Sameinaðra verktaka hvort þeir séu reiðubúnir til þess. Fulltrúar ríkisins í stjórn fyrirtækisins hafa lagt fram tillögur sem byggja á því að samstilla krafta öflugra aðila á Suðurnesjum til þess að leggja fé í arðvænlegar framkvæmdir sem þar kunna að opnast, bæði í tengslum við EES-samninginn, í tengslum við hugmyndir sem fram hafa verið lagðar um frísvæðið og má þar nefna marga aðila til.

Sjálfur legg ég á það áherslu að tillögur sem nú er unnið að í viðræðum við þessa aðila á vegum atvinnumálanefndar Suðurnesja og vegna þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin hefur í undirbúningi í samráði við aðila vinnumarkaðarins um átak til þess að styrkja atvinnuöryggið í landinu, verði allt þetta samhæft og styðji hvað annað.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Það er í senn bæði hlægilegt og sorglegt að fá hálftíma á Alþingi til að ræða þetta stórkostlega alvarlega mál, atvinnuástandið á Suðurnesjum. Reyndar verð ég að segja að svarræða hæstv. forsrh. var sorgleg. Hæstv. forsrh. er enn þá að ræða um fortíðarvandann. Hæstv. forsrh. sagði ekki orð um þá stöðu sem er núna með miklu minni verðbólgu t.d. til þess að ráðast í nýjar framkvæmdir á sviði atvinnuveganna. Það var ekki allt rétt sem hæstv. forsrh. sagði, t.d. það að síðasta ríkisstjórn leyfði vegna atvinnuástands á Suðurnesjum að ráðast í mjög stóra byggingu flugskýlis þar sem er til þess að auka þar vinnu í viðhaldi flugvéla. Einnig má nefna það að ég setti á fót nefnd til þess að skoða hvort ekki mætti, eins og nú er kallað, markaðssetja Keflavíkurflugvöll.

Ég vildi gjarnan nota þetta tækifæri til þess að spyrja hæstv. forsrh. að því hvað líður athugun á þeirri skýrslu sem nýlega er komin fram og tillögu um að gera Keflavíkurflugvöll að miðstöð alþjóðlegra farþega- og vöruflutninga. Ég tel þetta afar athyglisvert mál og sjálfsagt að ráðast í það sem fyrst.

Ég vil hins vegar nefna það að Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum beittu sér fyrir fundi með þingmönnum. Þar kom fram vilji þingmanna til að standa saman að aðgerðum á Suðurnesjum og ég legg mikla áherslu á að á það verði reynt.

Hins vegar hljótum við að vilja hér miklu ítarlegri umræðu um atvinnuástandið almennt ekki síst eftir ræðu hæstv. forsrh. Ég vil fara formlega fram á að hér verði utandagskrárumræða um atvinnuástandið í landinu og með ótakmörkuðum tíma.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Atvinnulífið í landinu glímir nú við óvenju margslunginn og erfiðan vanda. Til viðbótar aflaskerðingu og erfiðleikum sem fylgja almennri efnahagslægð í heiminum bætist sá vandi sem fylgir því að flytja atvinnustarfsemina frá störfum sem tengjast varnarmálum og hernaðarmannvirkjum til annarra starfa. Þetta eru allt saman almennir þættir en það vill svo til að þeir falla allir saman í einn stað á Suðurnesjum. Þar veldur samdráttur framkvæmda á Keflavíkurflugvelli uppsögnum starfsmanna hjá Aðalverktökum. Þar veldur erfiður róður í áliðnaði heimsins frestun á framkvæmdum á Keilisnesi. Þar eru erfiðleikar í sjávarútvegi tilfinnanlegir. Þetta eru ástæðurn-

ar fyrir því að atvinnuleysið er tvöfalt meira á Suðurnesjum en annars staðar á landinu. En þetta eru líka rökin fyrir því að taka þurfi sérstaklega á þessum staðbundna vanda.

Efnahagsvandi af þessu tagi verður ekki leystur með neinum skyndilausnum, hvorki gengisbreytingu né fjáraustri úr ríkissjóði. Við þurfum að taka á þessu með skipulegum hætti og stjórnvöld hafa sérstakar skyldur við þetta svæði af þeim ástæðum sem ég hef þegar lýst. Þetta hefur verið viðurkennt í verki með því að setja nefnd til starfa á vegum ríkisstjórnarinnar eins og hæstv. forsrh. lýsti. Hún mun leitast við að fella í einn farveg þær aðgerðir sem horfa til þess að treysta atvinnulífið á Suðurnesjum. Ég nefni þar aðgerðir á sviði sjávarútvegs, ekki síst markaðssókn inn á Evrópusvæðið. Ég nefni þar eflingu iðnaðar og staðsetningu stóriðju. Ég nefndi þar eflingu flugvallarins og markaðsfærslu hans. Ég nefni þar átak í ferðamálum. Ég nefni það líka að Íslenskir aðalverktakar eigi og hljóti að taka þátt í þessari uppbyggingu með einhverjum skynsamlegum hætti.

Þetta, virðulegi forseti, tel ég ástæðu til að segja í þessari umræðu sem að sjálfsögðu er við mjög knappan tíma. En eitt er mjög mikilvægt og það gildir að sjálfsögðu um Suðurnes eins og alla aðra staði á landinu. Það þarf að tryggja rekstrargrundvöll atvinnuveganna án þess að glata þeim stöðugleika sem unnist hefur á undanförnum missirum. Af því munu Suðurnesjamenn hafa sérstakt gagn og um það þarf að mynda breiða samstöðu í landinu.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það eru dapurleg tíðindi fyrir Suðurnesjamenn að hér í dag skuli forsrh. enn koma og boða kredduna um engar sértækar aðgerðir og ráðherrar Alþfl. skuli taka undir þann söng. Það ber að harma.

Það sem er þó jákvætt við það sem hefur verið að gerast og er að gerast á Suðurnesjum hefur verið byggt á sértækum aðgerðum. Það er rétt að segja forsrh. frá því ef hann veit það ekki. Þegar ég samþykkti sem fjmrh. að fella niður aðflutningsgjöld vegna flugskýlisbyggingar Flugleiða sem mun skapa um 200 ný störf, þá var það sértæk aðgerð. Þegar við gerðum samkomulagið um stækkun Fjölbrautaskólans við sveitarfélögin á Suðurnesjum eitt sér og ekki við neitt annað svæði, þá var það líka sértæk aðgerð. Það hús er nú tekið í notkun rúmlega ári seinna og flugskýlið er að rísa. Báðar þessar byggingar eru byggðar á sértækum ákvörðunum. Þess vegna er það auðvitað þannig að ef menn ætla að halda sig við kredduna um engar sértækar aðgerðir verður fórnarkostnaðurinn áframhaldandi atvinnuleysi á Suðurnesjum.

Nú á að gera samkomulag sveitarfélaganna og ríkisins um byggingu D-álmunnar með sama hætti og Fjölbrautaskólans. Sveitarstjórnirnar á Suðurnesjum eru reiðubúnar til þess að gera slíkt samkomulag. Ég vona það strandi ekki á kreddunni um engar sértækar aðgerðir hjá ríkisstjórninni.

Nú á að ákveða að Aðalverktakar komi með tækjakost sinn og mannafla og fjármuni í að breikka Reykjanesbrautina og aðrar atvinnuskapandi aðgerðir á Suðurnesjum.

Það er leitt að utanrrh. skuli segja það hér að hann treysti sér ekki til að hafa vald á því máli vegna þess að meirihlutaeign ríkisins í Íslenskum aðalverktökum sé marklaus. Ég vona að ráðherrarnir hverfi frá sínum kreddum því það væri dýrt að atvinnuleysi á Suðurnesjum þurfi að bera fórnarkostnaðinn vegna þess að í landsstjórninni eru menn sem halda fast við úreltar kreddur.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Staðan í atvinnumálum í landinu er vissulega áhyggjuefni. Ástæðurnar eru margar. Efnahagskreppa gengur yfir Vesturlönd og við förum ekki varhluta af þeirri kreppu. Við það bætist svo aflasamdráttur og misskipting kvótans sem hefur sérstök og óheillavænleg áhrif á Suðurnesjum. Og enn bætist við að við höfum ekki enn bitið úr nálinni vegna óráðsíu undangenginna ára.

Það vekur athygli að þeir sem harðast hafa barist fyrir brottför varnarliðsins mótmæla nú samdrætti hjá Aðalverktökum þegar dregur úr framkvæmdum varnarliðsins af eðlilegum ástæðum. Ég tek það fram að ég tel vel koma til greina að Aðalverktakar styrki með einum eða öðrum hætti atvinnulíf á Suðurnesjum af þeim auði sem þeir hafa safnað í skjóli sérréttinda sem ríkisvaldið hefur veitt þeim.

Ríkisstjórnin er gagnrýnd fyrir aðgerðaleysi og krafist sértækra aðgerða. En hvað gerði fyrri ríkisstjórn? Kom hún í veg fyrir sölu skipa og kvóta með sértækum aðgerðum sem voru þó hennar uppáhaldsúrræði? Ekki svo vitað sé.

Ég fagna yfirlýsingum einstakra þingmanna Reykjaneskjördæmis um að nú þurfi samstöðu, málin leysist ekki með öðrum hætti. Þingmenn Reykjaneskjördæmis hafa í sínum hóp rætt vandann og fundi höfum við átt með fulltrúum af Suðurnesjum. Þar hafa menn verið sammála um að engar svonefndar patentlausnir séu til en margt komi til greina.

Það sem einkum hefur verið rætt er fríiðnaðarsvæði á Suðurnesjum, uppbyggingu við Bláa lónið, bygging ríkisfangelsis í Njarðvík, fjármagnsútvegun til kaupa á þorski úr rússneskum togurum, álversbygging og fleira og fleira. Allt er þetta í athugun hjá ýmsum aðilum og ríkisstjórnin hefur skipað sérstakan starfshóp til að fjalla um vandann í atvinnumálum Suðurnesja eins og hér hefur komið fram.

Eiríkur Tómasson, útgerðarmaður í Grindavík, hefur bent á að ekki mætti gleyma því sem til staðar væri. Efla bæri fiskverkun, nýta kvótana betur á svæðinu, sameinast um rækjuverksmiðju og fullvinna síld meira en gert er. Undir þessi orð tek ég. Ég læt í ljós þá von að með samstilltu átaki takist að ráða bót á því mikla atvinnuleysi sem við nú upplifum.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég minni á að sjávarútvegurinn er undirstaða atvinnulífsins í landinu. Það hefur verið samdráttur og kreppa lengi. Fólki hefur fækkað í fram-

leiðslubyggðarlögum og flutt í stórum stíl á liðnum árum til þjónustubyggðarlaganna. Undirstaða er að bresta þegar sjávarútvegurinn er að bresta. Hér koma menn og berja sér á brjóst og segja: Þetta er í athugun. Gengið verður að vera óbreytt. Það þarf ekki að taka tillit til neins. Það kemur í ljós að við gengisfall sterlingspundsins koma tekjur af rækjuiðnaði einum í landinu til með að minnka um 400 millj. Enn þá eru til menn og það í framvarðarsveit þjóðfélagsins sem berja hausnum við steininn og láta sem þeim komi þetta ekkert við og skilji það ekki.

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt og ástæða til að ræða atvinnumál á Suðurnesjum. Þar hefur fólk nýlega fengið sem blauta tusku í andlitið uppsagnir frá fyrirtækjum sem hafa verið talin traust og vel sett. Þó verður á það að líta að af því fólki sem nú er atvinnulaust verður að telja að um þrjá fjórðu hluta megi rekja til samdráttar í umsvifum varnarliðsins og verktaka þess. Þó verð ég að segja að vegna þess að við höfum upplýsingar frá því fyrir nokkrum árum síðan um breytt viðhorf og löggjöf samstarfsþjóðar okkar um varnarmál að mér finnst undarlegt að í dag skuli forustumenn í stjórnmálum, í sveitarstjórnum á Suðurnesjum, í launþegasamtökum og í atvinnulífi segja að þetta komi sér á óvart. Ég held að menn hljóti að hafa tekið eftir þessum breytingum á sviði alþjóðasamskipta og í löggjöf okkar samstarfsmanna.

Ég tel miklu skipta í þessu efni að þær almennu aðgerðir sem gerðar verða væntanlega á næstu mánuðum eða vikum nái sérstaklega til ástandsins á Suðurnesjum. Ég mæli ekki fyrir því að við tökum aftur á ný gengisfellingarkollsteypu eða skuldasöfnun erlendis til framkvæmda sem standa aðeins í skamman tíma og höfum fólkið aftur atvinnulaust þegar kemur að gjalddögum. Það er engin lausn. Það eru bara sértæk úrræði og við þekkjum þau öll. Þau hafa alltaf hitt okkur í bakið síðar. En við þurfum og ég tel mig hafa vissu fyrir því að þeim erindum manna á Suðurnesjum sem vilja vinna að nýsköpun verður vel tekið. Þeim hefur verið vel tekið og þeir munu fá götu sína greidda. Þó menn álíti á stundum að erindin standi illa, þá munu þau fá framgang. Það skiptir miklu máli í þessu að sveitarfélögin á Suðurnesjum og fólk þar hefur búið við öruggt atvinnuástand þar til nú fyrir skömmu síðan. Við sem erum núna uppistaðan í vinnuafli landsmanna þekkjum ekki atvinnuleysi, við kunnum ekki að bregðast við. Það á við um starfandi fólk, það á við um stjórnmálamenn. Það á við um stjórnendur í röðum launþegasamtaka. Þetta er okkur nýtt ástand. Fólk á mínum aldri minnist þess í barnsminni, yngra fólk kann ekki að bregðast við. Þess vegna er þurrð á ráðum en það eru almenn ráð sem best duga til lengdar.

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Það er ekki að ástæðulausu að hv. 1. þm. Vestf. minnir okkur á að sjávarútvegur er undirstaða atvinnulífs okkar. Það á ekki síst við á Suðurnesjum. Því miður hefur aflaleysi og samdráttur í kvóta og kvótatilflutningur skaðað sjávarútveg á Suðurnesjum.

Því ber þó að fagna að þar hafa forustumenn í fiskvinnslu reynt að leita leiða til að bæta úr með því að nálgast hráefni til vinnslu erlendis frá til þess að nýta þær fjárfestingar sem þeir þar hafa og það vinnuafl sem þar er fyrir hendi. Þarna á ég við hugmyndir einstakra fiskverkenda um að kaupa þorsk til vinnslu frá Rússlandi.

Því miður hafa þessar tilraunir ekki mætt skilningi hjá forustumönnum banka og þeirra sjóða sem helst er til að leita. Ég vona þó að þetta standi til bóta og það verði hægt að koma á innflutningi á hráefni sem þessu til þess að fólk geti stundað fiskvinnslu áfram á Suðurnesjum og eflt fyrirtækin þar. Þessi vinnsla er áhættusöm, bæði vegna þess hvernig gæði hráefnisins geta verið og eins vegna gengisáhættu. Til að minnka þessa áhættu þarf því samstarf margra aðila og það þarf að koma til góður vilji frá bæði bönkum og sjóðum og öllum aðilum atvinnulífsins. Ég vil hvetja alla þá sem að þessu máli geta komið og geta lagt þessu lið á einhvern hátt að gera það til þess að styðja atvinnulífið á Suðurnesjum og til þess að styðja fiskvinnslu um allt land.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er enginn vafi á því að Suðurnesjamenn gjalda þess nú mjög að hafa á undanförnum árum og áratugum orðið háðir erlendum her um atvinnu sína, erlendum her sem nú dregur saman seglin þegar hagsmunum hins erlenda stórveldis hentar. Og sannast því það sem andstæðingar þessarar hersetu hafa sagt um árabil hversu fallvalt það er að setja traust sitt á slíkan vinnuveitanda.

Dæmin um þetta eru fleiri. Í mínu heimabyggðarlagi var á sjötta áratugnum reist herstöð og rekin þar í 15 ár. Það tímabil einkenndist þar umfram allt af stöðnun, algerri stöðnun í annarri atvinnuuppbyggingu á meðan. Einn angi af sambúð Suðurnesjamanna og landsmanna við herinn er sú staðreynd að helsti millilandaflugvöllur landsmanna er rekinn á herstöðvarsvæðinu. Ég fullyrði að möguleikar þessa flugvallar hafa á engan hátt verið nýttir á undanförnum árum til umsvifa og atvinnusköpunar eins og hægt væri. Forsenda þess að mínu mati að gera það er að gjörbreyta *því skipulagi um stjórn og uppbyggingu sem þar hefur* verið við lýði. Það þarf að taka flugmferð Íslendinga undan stjórn utanrrn., stjórna henni eins og öðrum samgöngumálum í landinu. Sömuleiðis þarf að taka það landsvæði sem er umhverfis flugstöð og þjónustusvæði undan þessari stjórn. Þá eru miklir möguleikar til að nýta þessa aðstöðu til atvinnuuppbyggingar og verðmætasköpunar ef rétt verður á málum haldið, en það mun ekki gerast undir stjórn utanrrn. sem af einhverjum ástæðum virðist hafa verið eins og mús undir fjalaketti allan þann tíma og alltaf þegar þessi mál eru til umræðu.

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Við Íslendingar horfum nú fram á vaxandi atvinnuleysi. Ljóst er að ástandið er misslæmt eftir landsvæðum en verst á Suðurnesjum. Orsakirnar þekkjum við öll, hallarekstur sjávarútvegsins, aflasamdráttur, minnkandi umsvif hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli, frestun álversframkvæmda og nú síðast uppsagnirnar hjá Íslenskum aðalverktökum. Suðurnesjamenn og þjóðin öll hafa að vonum áhyggjur af þessu ástandi. Er þá vænlegt að berja lóminn og fyllast svartsýni og bölmóði? Ég segi nei. Það gerir ekki annað en draga kjark úr fólki, fylla það vonleysi og hefta frumkvæði þess til að leita lausna. Við höfum alla burði til að takast á við þennan vanda og sigrast á honum. Ég treysti Suðurnesjamönnum til að hafa frumkvæði í sínum málum. Það hafa þeir þegar sýnt. Þeir hafa kynnt okkur þingmönnum hugmyndir sínar sem eru m.a. nýsköpun í úrvinnslu sjávarfangs, markaðssetning á EES-markað, frísvæði, vegaframkvæmdir, markaðssetning flugstöðvar, innanlandsflug til Keflavíkur, framkvæmdir við sjúkrahúsið í Keflavík, ferðaiðnaður og margt fleira mætti telja. Þessi mál verða rædd á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum á morgun og á laugardag.

Það er alveg víst að hér verður að bregðast við með aðgerðum sem miða að því að tryggja fólki atvinnu til framtíðar og þá duga ekki nein stundarúrræði.

Samtök aðila vinnumarkaðarins vinna nú að víðtækum tillögum í atvinnumálum í samvinnu við ríkisstjórnina og hefur ríkisstjórnin þegar ákveðið að verja 3,5 milljörðum í atvinnuskapandi aðgerðir í landinu á næstu þremur árum. Þingmenn Reykjaneskjördæmis, sveitarstjórnarmenn og athafnamenn á Suðurnesjum vinna að málinu. Við munum finna úrræði þegar allir leggja saman og vinna af heilindum að farsælli lausn. Þá lausn er ekki að finna í flugeldasýningum í fjölmiðlum.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ræða hæstv. forsrh. varð mér sár vonbrigði og hlýtur að hafa orðið það líka fyrir aðra þá þingmenn Reyknesing sem hér hafa tekið til máls, líka sjálfstæðismennina. Við heyrum enn gömlu klisjurnar um almennar aðgerðir. Að vísu kom viðskrh. og viðurkenndi hér annað veifið að sértækra aðgerða væri þörf þó að hann slægi í og úr.

Ég hlýt að hafna því að sértækar aðgerðir þurfi endilega að vera skammvinnar og veit ekki hvaðan sá fróðleikur er kominn og að sértækar aðgerðir séu plástrameðferð. Hvað þá með hinn risastóra plástur sem herinn hefur verið?

Ég vil líka leiðrétta það að ástandið á Suðurnesjum nú sé sambærilegt við fyrri ár eða í versta falli aðeins verra. Atvinnuleysistölur frá janúar eru nefnilega ekki dæmigerðar. Það sem er nýtt núna er að það sem áður var árstíðabundið atvinnuleysi er nú orðið viðvarandi atvinnuleysi í heilt ár og þar á ég ekki síst við þær fjölmörgu konur sem hafa gengið atvinnulausar.

Ég verð einnig núna að undrast að heyra það að atvinnustefna okkar kvennalistakvenna sem byggist á fjölbreytni og því að trúa ekki á eina patentlausn sé kennd við þröngsýni því að í mínum augum er það eitt þröngsýni að benda á einhverja eina allsherjarlausn og vona að hún bjargi öllu. Ég heyrði ekki betur en hér væri verið að kalla á eitthvert eitt stórt atvinnutækifæri eða fyrirtæki til þess að leysa allan vanda. Þetta gengur auðvitað ekki upp og ef stjórnvöld ætla að leggja upp með þessum hætti að finna annan her eða annað álver, þá er ekki á góðu von.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Það er óneitanlega kúnstugt að heyra hér ákveðna talsmenn koma og berja sér á brjóst vegna atvinnuástandsins á Suðurnesjum, einkum vegna samdráttar í starfsemi á vegum varnarliðsins, sömu aðila sem gengu til kosninga ár eftir ár og þóttust lofa því að herinn skyldi fara í einu vetfangi og þar með samstundis þau atvinnutækifæri sem honum þó fylgdu. Það var ekkert um það rætt að það yrði bætt á einni svipstundu. Herinn átti að fara hvað sem það kostaði. Það var þjóðfrelsisstefnan mikla. Nú koma þessir sömu aðilar og berja sér á brjóst í þessu sambandi.

Það er líka merkilegt, virðulegi forseti, að heyra það að menn koma hér hver af öðrum í ræðustólinn sem segjast bara hafa heyrt það sem þeir vildu heyra. Ég ræddi auðvitað um það að það sem meginmáli skipti væri að tryggja almennt stoðir atvinnulífsins í landinu. Ég held að það geti varla verið ágreiningur um það efni hér í þessum sal. En ég tók líka fram, og ekki einu sinni heldur tvívegis í ræðu minni, að ríkisstjórnin hefði fyrir nokkru sett á laggirnar sérstakan starfshóp manna til þess að taka þessa stöðu sérstaklega fyrir, taka hana út úr í þeim almennu aðgerðum sem menn vonandi ná saman um áður en langur tími líður. Menn meta það svo að það sé ástæða til að þessi sérstaki staður á landinu, sem hefur búið við mjög sérstök skilyrði, fái sérstaka meðhöndlun, sértæka ef menn vilja kalla það svo. Samt komu menn hér hver á eftir öðrum upp í ræðustól og héldu því fram að ég hefði algjörlega hafnað því að slíkt gæti komið til. Það gerði ég að sjálfsögðu ekki.

Síldarverksmiðjur ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 115. mál. — Þskj. 135.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GB, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JBH, JónK, JónS, KÁ, KE, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StH, SJS, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

30 þm. (ÁJ, BBj, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KSG, LMR, MF, PP, PJ, RA, SighB, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GB, GÁ, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JBH, JónK, JónS, KHG, KÁ, KE, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StH, SJS, ÖS.
29 þm. (ÁJ, BBj, FI, FrS, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KSG, LMR, MF, PP, PJ, RA, SighB, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Fuglaveiðar og fuglafriðun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 146. mál (EES-reglur). — Þskj. 167.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GB, GÁ, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JBH, JónK, JónS, KÁ, KE, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StH, SJS, ÖS.
1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.
29 þm. (ÁJ, BBj, FI, FrS, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KSG, LMR, MF, PP, PJ, RA, SighB, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til umhvn. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GB, GÁ, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JBH, JónK, JónS, KHG, KÁ, KE, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StH, SJS, ÖS.
29 þm. (ÁJ, BBj, FI, FrS, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KSG, LMR, MF, PP, PJ, RA, SighB, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Endurmat á norrænni samvinnu, ein umr.

Skýrsla forsrh., 161. mál. — Þskj. 186.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Við Íslendingar höfum um langt skeið tekið þátt í víðtæku norrænu samstarfi og segja má að það hafi því unnið sér nokkra hefð. Þetta samstarf er ekki einskorðað við vettvang Norðurlandaráðs þar sem þingmenn allra Norðurlanda koma saman og heldur ekki við samstarf ríkisstjórna um hin margvíslegu mál. Það er einkennandi fyrir norrænt samstarf að fjölmargir aðilar í þjóðfélaginu taka þátt í því. Þar má nefna stéttarfélög, samtök hinna ýmsu atvinnugreina, áhugamannafélög og marga fleiri. Þetta er líklega einsdæmi um alþjóðlegt samstarf. Norrænt samstarf nær til menningarmála á þróttmikinn hátt og mörg önnur mál mætti nefna.

Það er enginn vafi á því að norræn samvinna hefur skilað okkur Íslendingum margvíslegum ávinningi langt umfram það sem við höfum kostað til. Jafnframt verðum við að viðurkenna að norrænt samstarf hefur staðnað á undanförnum árum og mörgum hefur fundist að norræn samvinna væri kostnaðarsamur mannfagnaður sem skilaði litlum árangri.

Á síðustu árum hafa orðið miklar breytingar í næsta nágrenni Norðurlanda sem þegar hafa haft áhrif á norrænt samstarf. Hér nægir að nefna vaxandi samstarf og samvinnu ríkjanna í Vestur-Evrópu og hrun kommúnismans og Sovétríkjanna í austri. Gott dæmi um það hvernig þessar breytingar hafa þegar haft áhrif á norrænt samstarf er ályktun forsætisráðherra Norðurlanda á fundi þeirra á Borgundarhólmi í ágúst sl. um brottflutning rússneskra hermanna frá Eystrasaltsríkjunum. Þetta er dæmi um að utanríkis- og öryggismál hafa öðlast nýja þýðingu í norrænu samstarfi. Við viljum treysta norræna samvinnu við breyttar aðstæður og við viljum líka skerpa áherslur og ná betri árangri í þeirri samvinnu um norræn verkefni sem eru óháð samstarfi Norðurlanda á breiðari vettvangi.

Norræn samvinna er mikilvægur þáttur í umræðunni um tengsl Íslands við Evrópu. Málefni evrópskrar samvinnu hafa þegar sett mark sitt á umræður í Norðurlandaráði og svo mun verða í vaxandi mæli. Starfsemi Norðurlandaráðs á því að geta stuðlað að því að leggja áherslu á norræn gildi og viðhorf hvað snertir sameiningu Evrópu og getur þannig orðið mikilvæg viðbót við pólitískar umræður um þessi efni í einstökum löndum.

Það er nauðsynlegt að náin samvinna sé milli þjóðþinga Norðurlanda í þeim mikilvægu málum sem fjallað verður um á vettvangi Evrópu í framtíðinni. Frá næsta ári munu öll Norðurlönd í fyrsta skipti taka sameiginlega þátt í viðskipta- og efnahagssamstarfi Evrópu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Með þessu verða öll Norðurlönd loks einn markaður eins og reynt var fyrir tveimur áratugum en án árangurs. Nú er það að takast á hinum stærra vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins. Við verðum þess vegna að ræða samstarf Norðurlanda í tengslum við Evrópusamstarfið. Það er ekki lengur hægt að ræða norrænt samstarf sem sjálfstæðan kost sem gæti komið í staðinn fyrir samvinnuna í Evrópu. Spurningin snýst ekki um Norðurlönd eða Evrópu heldur hvort tveggja.

Það má líka minna á að Norðurlönd hafa um langt skeið unnið saman að mörgum sameiginlegum hagsmunamálum á alþjóðavettvangi, t.d. í EFTA, innan GATT, í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Alþjóðabankanum og ekki síst innan Sameinuðu þjóðanna. Þetta sýnir einmitt styrkleika norræns samstarfs og á þessari reynslu getum við byggt í samstarfinu innan EES.

Það verkefni sem við stöndum frammi fyrir í norrænu samstarfi er tvíþætt. Í fyrsta lagi að tryggja náið samstarf Norðurlanda á þeim sviðum þar sem um sérstök sameiginleg áhugamál er að ræða sem skynsamlegt er að vinna að innan Norðurlandanna einna. Í þessu efni getum við byggt á langri reynslu.

Í öðru lagi þurfum við að finna nýjar og hentugar samstarfsaðferðir vegna þátttöku okkar í evrópskri samvinnu.

Að því er fyrri þáttinn varðar má nefna menningarmál, menntun og rannsóknir, umhverfismál, ýmis félagsleg réttindi fólks og samgöngur. Til viðbótar kemur hér til sögunnar samband við ríkin við Eystrasalt og í vaxandi mæli utanríkis- og öryggismál.

Að því er seinni þáttinn varðar skiptir EES-samstarfið mestu máli á næstu árum. Síðan mun væntanleg aðild flestra Norðurlandanna að Evrópubandalaginu hafa áhrif á norrænt samstarf, en um það er enn margt í óvissu.

Á fundi forsætisráðherra Norðurlanda í Maríuhöfn á Álandseyjum í nóvember á sl. ári var fjallað um norræna samvinnu í ljósi þróunarinnar í Evrópu. Þar var ákveðið að forsætisráðherrarnir skipuðu fulltrúa sína í starfshóp til að fjalla um endurmat á norrænni samvinnu út frá eftirfarandi meginatriðum:

1. Nýjar forsendur norrænnar samvinnu vegna samruna Evrópuríkja.

2. Samvinna Norðurlanda við nágrannaríki, einkum Eystrasaltsríkin og svæðið í kringum Eystrasalt.

3. Þær skipulagsbreytingar sem tillögur til úrbóta miðast við, þar með talin hugsanleg breyting á Helsingfors-sáttmálanum.

Starfshópurinn skilaði skýrslu til forsætisráðherra á fundi þeirra á Borgundarhólmi 17.–18. ágúst sl. Tillögur starfshópsins fela m.a. í sér að forsætisráðherrarnir takast á herðar almenna pólitíska ábyrgð á mótun norrænnar samvinnu. Með því er stefnt að því að stuðla að nánari pólitískri leiðsögn, bæði hvað snertir samvinnu Norðurlandanna og þátttöku þjóðanna í evrópskri og alþjóðlegri samvinnu. Einnig er lagt til að innan norrænnar samvinnu verði hlutverk formennskulandsins eflt í því skyni að leggja aukna áherslu á pólitíska ábyrgð. Sú þjóð sem fer með formennsku í norrænni samvinnu hverju sinni ber almenna ábyrgð á samvinnunni í heild og framgangi hennar. Formennskan mun gilda á öllum sviðum, þ.e. jafnt á fundum forsætisráðherranna og annarra ráðherra, svo og á fundum embættismanna og sérfræðinga. Einnig mun formennska hvað snertir samstarf þjóðþinganna fela í sér ábyrgð á undirbúningi funda og að gæta þess að samþykktum sé hrundið í framkvæmd. Á þennan hátt er stefnt að því að styrkja sambandið og samskiptin milli ríkisstjórna og þingmanna í Norðurlandaráði en það hefur einmitt lengi verið ósk þingmannanna að svo yrði gert.

Jafnframt því að taka þátt í evrópskri samvinnu verður lögð áhersla á að endurnýja og stuðla að frekari samvinnu á þeim sviðum sem snerta Norðurlönd sérstaklega. Hér er um að ræða sameiginleg hagsmunamál allra eða nær allra Norðurlanda og það mun endurspeglast í fjárhagsáætlun fyrir Norðurlandasamstarfið og hinar ýmsu samstarfsstofnanir. Einnig má nefna samstarf Vestur-Norðurlanda þar sem Íslendingar hafa forustu og við verðum að rækta.

Starfshópurinn leggur m.a. til að stofnaður verði norrænn menningarsjóður og verði skipulag hans, umfang og stefna verulega frábrugðið því sem nú er. Um leið er lagt til að þau um það bil 800 norrænu verkefni sem nú er unnið að verði tekin til rækilegrar endurskoðunar. Til þessara verkefna er nú varið jafnvirði nær 3.000 millj. ísl. kr. Jafnframt verði norrænar stofnanir teknar til endurmats. Við þessa endurskoðun og endurmat verði þess sérstaklega gætt hvort starfsemin hafi skýr markmið, hvort unnt sé að leysa verkefnin af hendi með minni tilkostnaði og hvort hún sé nauðsynleg vegna sérstakra aðstæðna í einhverju Norðurlandanna. Ákvarðanir verða síðan teknar í samræmi við þau pólitísku markmið og forgangsröðun sem ríkisstjórnir Norðurlanda vilja beita sér fyrir.

Lagt er til að ⅓ hlutum af núverandi framkvæmdafé verði varið til að stofna menningarsjóðinn og miðað við að árleg fjárveiting til hans nemi nær 2.000 millj. ísl. kr. og ætti það takmark þá að nást að mynda sjóð sem nemi 10 milljörðum kr. árið 2000.

Hér er um verulega breytingu að ræða í norrænu samstarfi og það er nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að kanna vel og rækilega hvar okkar hagsmunir liggja sérstaklega og gæta þess að þeir verði áfram tryggðir á þeim sviðum sem við viljum leggja sérstaka áherslu á. Menningarmál, menntun og rannsóknir eru dæmi um þætti í norrænni samvinnu sem hafa skilað okkur verulegum ávinningi og ættu að falla vel að nýjum áherslum í norrænni samvinnu. Þetta þurfum við að gaumgæfa og undirbúa vel áður en til ákvarðana kemur.

Ríkisstjórnir Norðurlanda vilja stuðla að því að framhald verði á þróun í átt til lýðræðis og markaðsbúskapar í ríkjum Austur-Evrópu og Samveldisríkjunum. Norðurlöndin hafa hvert fyrir sig og ásamt öðrum ríkjum veitt nágrannaríkjum sínum margvíslega aðstoð. Þau hafa víða á alþjóðavettvangi látið í ljós þá ósk að taka þátt í nauðsynlegum ráðstöfunum til að ná þessum markmiðum. Starfshópurinn ræddi ýmsa tilhögun í samvinnu Norðurlandanna og t.d. Eystrasaltsríkjanna og Rússlands. Hann leggur til að kannað verði hvaða reynsla hafi fengist af þeirri samvinnu sem þegar er hafin og heppilegt kunni að vera að samræma aðgerðir þegar um tvíhliða samninga Norðurlandanna við þessi ríki er að ræða í því skyni að framlag tveggja eða fleiri ríkja nýtist betur.

Í sögu Norðurlandasamstarfsins hafa oftar en einu sinni verið gerðar breytingar og úrbætur. Þannig var t.d. við upphaf 8. áratugarins gert ráð fyrir að sérstakir samstarfsráðherrar skyldu huga að heildarstefnunni í samstarfinu og samræmingu á hinum ýmsu sviðum. Árangurinn hefur þó orðið annar en gert var ráð fyrir sem hefur haft áhrif á samstarf ríkisstjórnanna. Á undanförnum árum hafa samstarfsráðherrarnir aðeins í litlum mæli fengist við málefni sem snerta heildarstefnumótun í samstarfinu eða haft meiri háttar pólitískt hlutverk. Þess vegna er fyrirhugað að forsætisráðherrarnir móti stefnuna í meiri háttar norrænum samstarfsverkefnum sem samstarfsráðherrarnir fylgi svo eftir í framkvæmd. Ábyrgð á norrænni samvinnu á einstökum sviðum verður í höndum hlutaðeigandi fagráðherra og þeir annast tengslin við Norðurlandaráð á sínum sviðum. Þannig verður áfram gert ráð fyrir þátttöku fagráðherra í störfum Norðurlandaráðs eftir því sem efnisleg umfjöllun þeirra og ráðsins gefur tilefni til.

Þá verður skipuð stjórnarnefnd fimm aðstoðar-

manna ráðherra, eins frá hverju Norðurlandanna, eða embættismanna í sambærilegri stöðu og hafi þeir umboð til að taka ákvarðanir í öllum málum sem eining næst um svo fremi sem hlutaðeigandi ráðherrar hafi ekki áskilið sér rétt til ákvörðunar. Forsætisráðherrarnir geta vísað verkefnum beint til þessarar stjórnarnefndar en hún starfar að öðru leyti undir stjórn samstarfsráðherranna og er jafnframt stjórn skrifstofu ráðherranefndarinnar.

Áhersla verður lögð á að ríkisstjórnirnar tryggi framgang hinnar breyttu stefnu og skipulags í norrænni samvinnu. Þess vegna er mikilvægt að í hverri ríkisstjórn á Norðurlöndunum sé samstarfsráðherra sem í umboði forsætisráðherra beri ábyrgð á þróun norrænnar samvinnu. Hlutverk samstarfsráðherra í fyrirliggjandi tillögu er hins vegar enn of óljóst, en það verður nánar skilgreint og verður að skilgreina nánar áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar.

Skipan ráðherranefndarinnar og embættismannanefnda verður áfram með hefðbundnu sniði en fjöldi þeirra mun endurspegla þá forgangsröðun sem lögð er til. Þetta mun þýða nokkra fækkun ráðherra- og embættismannanefnda, en með þessu ætti að nást betri samsvörun við nefndir í Norðurlandaráði. Slík breyting getur einnig opnað möguleika á því að Norðurlandaráðið fái stærra hlutverk í fjárlagagerðinni og ákvörðun um fjárlög eins og þingmenn hafa lengi óskað.

Í tillögum starfshópsins er að finna tillögur um skipan mála á vettvangi Norðurlandaráðs. Þar er m.a. nefnt að Norðurlandaráð haldi að jafnaði tvo fundi á ári og auk þess geti það komið saman til stuttra funda með ráðstefnusniði eftir þörfum. Á sama hátt og í samstarfi ríkisstjórnanna verði einnig komið á virkri formennsku í starfi ráðsins. Það kallar reyndar á að þjóðþing þess lands sem fer með formennskuna verði að kosta nokkru til. Þetta þurfum við auðvitað að íhuga vel, m.a. með tilliti til þess kostnaðar sem þetta gæti falið í sér.

Þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á fyrirkomulagi norrænnar samvinnu snerta einnig starfsemi þeirra skrifstofa sem sjá um framkvæmd samstarfsins. Þannig eru taldar gildar ástæður fyrir því að skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar sem nú er í Kaupmannahöfn og skrifstofa forsætisnefndar Norðurlandaráðs sem nú er í Stokkhólmi verði á sama stað. Lagt er til að öll tæknileg þjónusta, starfsmannastjórn og þess háttar, verði sameiginleg, þ.e. að skrifstofurnar verði sameinaðar rekstrarlega en þær verði áfram tvær lögpersónur og yfir skrifstofu ráðherranefndarinnar verði sérstök stjórn eins og áður var lýst. Þessar tillögur eru fyrst og fremst gerðar í hagræðingarskyni og ber að líta á þær sem slíkar. Hins vegar þurfum við að gæta þess að starfsemi skrifstofanna gagnist okkur áfram sem best. Það er t.d. vafasamt að það henti okkur að nefndarritarar á skrifstofu forsætisnefndar ráðsins verði færðir af þeirri skrifstofu til heimalandanna, enda yrði þá lítið eftir af skrifstofu forsætisnefndarinnar. Þessi breyting gæti reynst okkur erfið og hentar okkur líklega alls ekki. Nauðsynlegt er að Norðurlandaráð ræði hvernig það vilji haga samstarfi þinganna. Það á m.a. að taka afstöðu til þess hvort skrifstofa ráðsins og ráðherranefndarinnar verði á sama stað. Norðurlandaráðið sjálft á að taka afstöðu til allra tillagna sem snúa að starfsemi ráðsins.

Þær tillögur sem nú hafa verið lagðar fram um breytt fyrirkomulag norræns samstarfs krefjast strangt til tekið ekki breytingar á Helsingfors-sáttmálanum. Samt sem áður telja forsætisráðherrar Norðurlandanna rétt að samningurinn endurspegli þessar breytingar. Þess vegna eru gerðar tillögur um breytingar á honum. Þar er m.a. kveðið á um hlutverk Norðurlandasamstarfsins í evrópskri samvinnu, um sérstaka ábyrgð ríkisstjórna á norrænni samvinnu og hlutverk formennskulandsins.

Eins og áður sagði var skýrsla starfshópsins lögð fram á fundi forsætisráðherra Norðurlanda á Borgundarhólmi í ágúst sl. Á þeim fundi var jafnframt ákveðið að fela einum fulltrúa frá hverju landi að undirbúa umfjöllun um tillögurnar í Norðurlandaráði og undirbúa framkvæmd breytinga á norrænu samstarfi og sérstaklega nauðsynlegar breytingar á Helsingfors-sáttmálanum.

Á fundi Norðurlandaráðs í Árósum 9.–11. nóv. nk. verður skýrsla samstarfshópsins um endurmat á norrænni samvinnu til umfjöllunar. Á sama tíma munu forsætisráðherrarnir fjalla um tillögur síðari starfshópsins um skipulag samstarfsins. Eftir umræðurnar á fundinum í Árósum munu forsætisráðherrarnir gera tillögur um breytingar á Helsingfors-sáttmálanum. Er stefnt að því að þessar tillögur verði lagðar fram á fundi Norðurlandaráðs í Ósló í mars nk.

Það starf sem nú er í gangi snýst fyrst og fremst um tillögur um skipulagsbreytingar á samstarfi ríkisstjórnanna. Starfshópurinn mun skila þessum tillögum eftir fundinn í Árósum og það er ætlun forsætisráðherranna að tillögurnar komi til framkvæmda eins fljótt og skynsamlegt og mögulegt er. Auðvitað þurfum við að ræða vel og íhuga hvernig þessar breytingar snúa að okkur Íslendingum og við þurfum að hafa um þær ákveðnar tillögur. Um leið verðum við að taka virkari þátt í því með samstarfsþjóðum okkar að gera þær breytingar á norrænu samstarfi sem taki tillit til þeirra breytinga sem eru að verða í alþjóðlegri samvinnu, fyrst og fremst vegna samvinnunnar í Evrópu. Við þurfum einnig að gera breytingar á hinu hefðbundna Norðurlandasamstarfi til þess að það skili okkur meiri og betri árangri en það gerir nú.

Virðulegi forseti. Norræn samvinna hefur unnið sér sess í hugum Íslendinga og þann sess viljum við varðveita en jafnframt verðum við að svara þeim kröfum sem við gerum til hennar.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Norrænt samstarf er það samstarf þjóða sem við hér á Íslandi höfum haldið hvað mest á lofti í umfjöllun um hvernig eðli samvinnu skuli best háttað. Samhyggð og skyldleiki Norðurlandaþjóðanna ásamt sterkum rótum í sameiginlegum menningararfi gerir það að verkum að þessar þjóðir hafa náð samstöðu um réttindi þegna sinna sem ein þjóð væri. Eru

þá ónefnd hin miklu grasrótartengsl meðal fólksins, svo sem vinabæjatengsl, íþrótta-, skóla- og félagaheimsóknir auk hins víðtæka samstarfs norrænna félaga, svo stiklað sé á stóru. En hér erum við ekki að ræða þessi grónu samskipti sem ekki verður stýrt að ofan heldur hið stjórnsýslulega samstarf norrænna þjóða.

Eins og hér hefur þegar komið fram eru breytingar nú til umræðu vegna fyrirhugaðs Evrópusamstarfs þjóðanna og það er ekki óeðlilegt að viðhorf til Evrópusamstarfsins liti viðbrögðin við tillögum um breytt norrænt samstarf. Það er hins vegar alls ekki svo að það að styðja Evrópusamstarfið þýði að þeim tillögum sem settar eru fram í þessari skýrslu sé tekið gagnrýnilaust. Hins vegar er það mikið atriði að skoða þær með jákvæðu hugarfari. Það hlýtur að mörgu leyti að vera auðveldara að skoða breytingar þegar maður hefur starfað á norrænum vettvangi í stuttan tíma þó staðgóð þekking þeirra sem átt hafa þátttöku um árabil sé auðvitað mjög mikils virði í umfjölluninni.

Ég er stuðningsmaður þess að Ísland verði aðili að hinu Evrópska efnahagssvæði og bind miklar vonir við þá aðild. Í því ljósi og sem aðdáandi hins gróna samstarfs Norðurlandaþjóðanna hef ég þær væntingar að á Evrópuvettvangi verði þessar þjóðir órjúfanlegur kjarni. Gro Harlem Brundtland hefur sagt að Norðurlönd og Evrópa sé ekki annaðhvort eða heldur bæði og. Undir þau orð vil ég taka.

Þegar við höfum rætt skýrsluna óformlega okkar í milli, þá er það nokkuð ríkjandi viðhorf að hún fjalli fyrst og fremst um samstarf og aukið frumkvæði ríkisstjórnanna, ábyrgð ýmissa mála sé færð til ráðherra og þetta sé á kostnað þingmannasamstarfsins. Því sé ekki nægilegur gaumur gefinn, enda þurfi nánari umfjöllun um þann hluta samstarfsins áður en ákvörðun um breytingar á því verður tekin. Í skýrslunni eru fyrst og fremst settar fram tillögur um róttækar breytingar, en þar vantar á móti úttekt á hvaða afleiðingar tillögurnar hafi. Í tillögunum er samstarfi á vettvangi menningar-, umhverfis- og efnahagsmála, svo og hvað varðar ýmis þegnréttindi, veittur forgangur. En það er mikilvægt að við gefum atvinnumálunum líka vægi í samstarfi okkar, svo mikill áhugi er fyrir þróun þeirra mála, ekki síst á norðursvæðum.

Sem formaður menningarmálanefndar Norðurlandaráðs kýs ég í máli mínu að taka þann þátt sem heyrir undir nefndina nokkuð til umfjöllunar. Á fundi nefndarinnar þann 23. sept. sl. var settur á laggir starfshópur á vegum nefndarinnar undir forustu varaformannsins, Paavo Lipponen frá Finnlandi. Starfshópurinn mun fyrst og fremst setja fram sameiginleg viðhorf nefndarinnar varðandi þær tillögur sem snerta menningarsamstarfið í framtíðinni auk annars sem hópurinn kýs að segja álit á. Hópurinn hefur ekki skilað áliti sínu til menningarmálanefndar en talsmaður nefndarinnar mun gera grein fyrir sjónarmiðum nefndarinnar á aukaþinginu í Árósum. Það eru því fyrst og fremst mínar vangaveltur sem ég set hér fram varðandi menningarsamstarfið.

Það er mjög þýðingarmikið, ekki síst að teknu tilliti til aukins Evrópusamstarfs, að fyrirhugað er að styrkja menningarsamstarfið sérstaklega, m.a. með sérstökum menningarsjóði. Hins vegar eru hugmyndir um stjórn sjóðsins á þann veg að a.m.k. við fyrstu sýn vekur það ótta um að stjórn sjóðsins tengist ekki nægilega norræna menningarsamstarfinu almennt. Það er mikilvægt að þarna verði ekki eingöngu embættismannastjórn, að Norðurlandaráð fái fulla innsýn í starfsemina með fulltrúa í stjórn sjóðsins eða með reglulegum samráðsfundum. Í dag er formaður núverandi menningarmálasjóðs jafnframt fulltrúi í menningarmálanefndinni.

Það er talað um að verja sem samsvarar ⅔ af því sem varið er til norrænna verkefna árlega til uppbyggingar hins nýja sjóðs sem eru um það bil 200 millj. danskar kr. Þessa fjár á að afla með því að leggja niður norrænar stofnanir og hætta við norræn verkefni á sviðum sem ekki njóta forgangs. Þessa upphæð er þó ekki hægt að taka bókstaflega á þessum tímapunkti vegna þess að í dag er fjárhæðin sem fer til verkefna sem ekki er á sviði menningar, lista og rannsókna aðeins 178 millj. og verkefna á menningarsviði um 103 millj. Heildarkostnaður við rekstur norrænu stofnananna er um 367 millj. danskra kr. og þær starfa nánast allar á sviði menningar, rannsókna og menntamála sem eru svið sem samkvæmt skýrslunni eiga að njóta forgangs.

Það er ljóst að þarna er verið að tala um gífurlegan niðurskurð hinnar almennu starfsemi og nauðsynlegt að taka umræðuna um hvaða stofnanir og hvaða verkefni menn eru tilbúnir að leggja af áður en fjárhæðir verða festar. Ef þessar tillögur ganga óbreyttar fram má vænta að megninu af norrænu menningarsamstarfi verði vísað í sjóðinn þar eð svo lítið verði til skiptanna fyrir það annað samstarf sem njóta á forgangs. Ekki er ljóst hvernig fara skal með menningarsamstarfið meðan á uppbyggingu sjóðsins stendur eða hvernig á að fjármagna annað samstarf sem halda á uppi meðan á uppbyggingu sjóðsins stendur eða hvaða fjárveitingar eru fyrirhugaðar til norræns samstarfs að lokinni uppbyggingu sjóðsins. Ég geng út frá að endanleg ákvörðun verði ekki tekin fyrr en fullnægjandi svör fást við þessum spurningum.

Þau sjónarmið sem sett eru fram um frekari samvinnu á sviði menningarmála, og er fyrst og fremst að finna á bls. 28 og 29 í þskj., get ég tekið undir að teknu tilliti til þess sem ég hef þegar gert athugasemdir við. Það eru tillögur um virka formennsku bæði hjá ráðherranefnd og Norðurlandaráði og jafnframt að skrifstofur landsdeildanna verði styrktar. T.d. eru hugmyndir um að ritari nefnda verði staðsettur hjá landsdeildarskrifstofu viðkomandi formanns. Eftir að hafa í nokkra mánuði stýrt svo umfangsmikilli nefnd sem menningarmálanefndinni úr fjarlægð varð ég hrifin af þessari hugmynd. Mér fannst að slík staðsetning nefndarritara hlyti að gera áhrif formanns virkari og opna nýja möguleika í samstarfi ritara og nefndarformanns. Hins vegar hef ég rætt þetta nokkuð við samstarfsaðila og heyri að menn sjá á þessari hugmynd mikla annmarka. Með henni yrði hreinlega að festa formennsku nefndar, a.m.k. hjá einni landsdeild, til ákveðins ára-

fjölda sem þykir nokkuð óframkvæmanlegt í raun.

Á sama hátt og það er jákvætt að forsætisráðherrar verði virkari í norrænu samstarfi og gefa því aukið vægi með stjórnsýsluþátttöku, þá eru þó blendnar tilfinningar gagnvart því að stjórn háttsettra embættismanna skuli eiga að fá svo vítt umboð til ákvarðana. Að sama skapi er staða samstarfsráðherra mjög óljós og mér finnst að staða þeirra verði að verða skýrari ef menn meina eitthvað með að viðhalda stöðu þeirra. Ég verð að segja það hér að ég er í hópi þeirra sem vilja sporna gegn auknu embættismannaveldi í samstarfinu.

Jonas Støre, norski fulltrúinn í forsætisráðherranefndinni, kom á fund menningarmálanefndar Norðurlandaráðs sem haldinn var í Ósló í september sl. Hann nefndi sem eina hugmynd að sex stórar embættismannanefndir gætu náð yfir allt samstarfssviðið í stað þeirra fjölmörgu embættismannanefnda sem nú starfa. Í fyrstu virðist þessi hugmynd góð vegna þess að þarna væri talað um að það væri embættismannanefnd á móti Norðurlandanefnd en við nánari skoðun er ljóst að hér yrði komið á kerfi sem er mjög þungt í vöfum. Þarna gætu setið fulltrúar 25–30 ráðuneyta frá Norðurlöndunum öllum í einni og sömu nefndinni til að ræða afmörkuð mál sem snerta aðeins hluta nefndarmanna. Lausnin hlýtur að vera að farið verði grannt ofan í saumana á því á hvaða sviðum samstarfið hefur og getur í framtíðinni skilað árangri. Það á einnig við þær 40 stofnanir og þau 800 verkefni sem á að endurskoða. Með hliðsjón af þessu má svo ákveða hvaða nefndir starfa og hverjar verða aflagðar.

Að mínu áliti er það afar jákvætt að forsætisráðherrarnir tóku frumkvæði í að endurskoða samvinnu Norðurlandanna og að þeir eru tilbúnir að axla aukna ábyrgð í þeirri samvinnu. En það þýðir ekki að þingmannasamstarfið eigi að hrökklast undan. Þvert á móti eigum við að ræða það á aukaþinginu á hvern hátt við getum eflt samvinnu okkar þingmanna á Norðurlöndum. Það hefur oft verið sagt að það sé orðið erfitt að hafa fulla yfirsýn yfir verkefni og fjárútlát. Við eigum þess vegna að ganga að þessari skoðun með opnum en gagnrýnum huga.

Það er mikilvægt að þing Norðurlandaráðs verði umræðu- og samstarfsvettvangur þingmanna og ráðherra og þessir aðilar eigi þar sæti. Þar eigum við saman að efla samstarf innan Norðurlandanna og verða mikilvægur kjarni í Evrópsku samstarfi því að þar sem í öðru alþjóðlegu samstarfi höfum við verið eining og fyrirmynd sem litið hefur verið til og sem saman hefur haft og mun hafa áhrif í alþjóðlegu tilliti.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka það að þessi skýrsla hefur verið unnin og umræður um hana skulu fara fram á Alþingi. Það er að mínu mati mjög mikilvægt að þessi umræða skuli fara hér fram því sjaldan eða aldrei hefur verið jafnmikilvægt fyrir okkur Íslendinga að fylgjast vel með og hafa áhrif á mótun hinnar norrænu samvinnu.

Þetta samstarf er á margan hátt einsdæmi í heiminum og hefur verið mikilvægur þáttur og ein mikilvægasta stoðin í utanríkismálum og utanríkisstefnu Íslendinga. Þessar fimm tiltölulega litlu þjóðir á heimsmælikvarða hafa þróað með sér samstarf um áratuga skeið og við höfum náð þar miklum árangri. Það er alveg ljóst að rödd Íslands hefur heyrst betur í heiminum vegna hins norræna samstarfs. Íslendingar sem þjóð og einstaklingar hafa notið sín betur í alþjóðasamskiptum vegna hins norræna samstarfs.

Þetta samstarf hefur verið að þróast í gegnum áratugina en það má segja að á sviði efnahagsmála hafi það ekki verið mjög umfangsmikið þótt ítarlegar tilraunir hafi verið gerðar til að auka það. Við munum hvernig fór fyrir NORDEK fyrir um að bil 20 árum í Reykjavík. Alla tíð síðan hefur umræðan átt sér stað en nú hafa spurningarnar um efnahagssamstarfið og viðskiptasamstarfið flust að verulegu leyti inn á vettvang umræðunnar um Evrópskt efnahagssvæði og aðildar Norðurlandanna að Evrópubandalaginu.

Að sjálfsögðu vakna við þetta áleitnar spurningar, spurningar sem við Íslendingar þurfum líka að spyrja og átta okkur á því hvernig við getum best haft áhrif á þessa samvinnu þannig að hún verði okkur í hag. Að mínu mati er alveg ljóst að breytingar á norrænni samvinnu munu taka mið af þeim staðreyndum sem nú blasa við í Evrópu. Þær munu taka mið af þeim staðreyndum að Norðurlöndin ætla sér að verða aðilar að Evrópsku efnahagssvæði og sum að Evrópubandalaginu.

Ég hef kosið að vinna að þessu máli í samræmi við þessar staðreyndir og vil leggja mig fram í samstarfi innan Norðurlandaráðs til að hafa áhrif á stöðu mála á þessum grundvelli. Ég geri mér ljóst að ekki verður hjá því komist en tel að við Íslendingar getum haft hér veruleg áhrif bæði sem þjóð og sem þingmenn. Ráðherrar geta að sjálfsögðu líka haft áhrif inn í þá flokkahópa þar sem þeir starfa. Það er staðreynd að flokkahóparnir gegna meira og meira hlutverki innan Norðurlandaráðs.

Fyrst þegar skýrsla frá samstarfsráðherrum Norðurlandanna kom fram skömmu fyrir áramót var í henni sú almenna skoðun að draga ætti verulega úr norrænu samstarfi á þeim sviðum sem samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði yfirtekur. Það var a.m.k. skilið svo af flestum sem lásu þessa skýrslu þó að það hafi nokkuð verið dregið til baka síðar.

Í þeirri skýrslu kom fram að nauðsynlegt væri að leggja sérstaka áherslu á önnur svið og þá sérstaklega menningarmál og umhverfismál. Það voru margir og ég var einn í þeim hópi sem hafði þau viðhorf að ekki mætti draga úr samvinnunni. Fremur væri ástæða til að styrkja samvinnu á þessum sviðum vegna tilkomu hins Evrópska efnahagssvæðis því að Norðurlöndin þyrftu á meiri sameiginlegum styrk þar að halda en alls ekki að draga úr samstarfinu.

Næsta skref þessa máls var svo að það kom skýrsla frá forsætisráðherrum Norðurlandanna í byrjun mars. Sú skýrsla gaf þær vísbendingar að ekki skyldi dregið úr samstarfi á hinum ýmsu sviðum efnahagsmála og atvinnumála og því finnst mér mikilvægt að líta á þetta mál í þessu ljósi því mér finnst núverandi skýrsla gefa

tilefni til þess að ætla að farið sé í þá átt sem samstarfsráðherrarnir lögðu til skömmu fyrir síðustu áramót *jafnvel þótt mörg orð í skýrslunni bendi til annars.*

Ég vil fyrst gera að umtalsefni eina helstu tillögu þessarar skýrslu að mikilvægi. Það er sú tillaga að breyta allverulega áherslum í norrænu samstarfi með því að stofna sérstakan menningarsjóð undir sérstakri stjórn og menntmálaráðherrarnir setji þessum nýja sjóði *starfsreglur. Eins og hæstv. forsrh. tók fram er gert ráð* fyrir að þessi sjóður fái sem tillag um 200 millj. danskar á ári fram til næstu aldamóta eða þar til sjóðurinn hefur náð því að verða 1 milljarður kr. Nú geri ég ekki ráð fyrir því að reiknað sé með því að þessi sjóður einn komi til með að standa undir menningarsamstarfinu. Þó að hann verði orðinn 1 milljarður um árið 2000 *er alveg ljóst að ekki er hægt að gera ráð fyrir því* að hans ávöxtun sé meiri en 100 millj. danskra króna á ári og eitthvað kostar að reka hann sem má áreiðanlega áætla um 15 millj. kr. 85 millj. duga skammt í þessu samstarfi þegar tekið er mið af þeirri staðreynd að menningar- og rannsóknasamstarfið í dag samkvæmt fjárlögum fyrir 1993 er 238 millj. danskra króna.

Ef litið er á þessar tölur eins og þær birtast þýðir það einfaldlega að ef rammi fjárlaganna á að vera óbreyttur, 650 millj., og síðan á að taka af þessum ramma 200 millj. í sjóðinn og halda áfram núverandi menningar- og rannsóknasamstarfi í svipaðri mynd, eða 250 millj. kr., er ekki mikið eftir, eða um 200 millj.

Síðan er gert ráð fyrir því að samstarf á sviði umhverfismála *verði aukið verulega sem þýðir væntan*lega að það eigi að setja aukið fjármagn til þeirra hluta. Án þess að ég ætli að gefa mér neinar forsendur í því sambandi má gera ráð fyrir því að það verði einhvers staðar á bilinu 50–100 millj. kr. og það verður líka að taka mið af því að það kostar verulegar fjárhæðir að reka þetta samstarf. Þannig kostar ráðherra*nefndarskrifstofan í dag einar 70 millj.* danskar. Mér sýnist því að ef þetta er sá rammi sem er til umfjöllunar verði lítið eftir til annarra hluta.

Hins vegar kemur fram í skýrslunni að það eigi að leggja áherslu á önnur málefni t.d. byggðamál og einnig málefni norrænna borgara. Til þessara málaflokka er eytt verulegu fjármagni í dag. Ég fæ ekki séð *hvernig nefndin hugsar sér að koma þessum forgangs*verkefnum að með bærilegum hætti, mynda þennan sjóð og sinna jafnframt ýmsum öðrum málum sem er nauðsynlegt að sinna og ekki síst á sviði efnahagsmála. Og ég minni á að á sama tíma er búið að ákveða að hætta við það sérstaka fjármagn sem hefur verið varið til aðgerða á sviði efnahagsmála og hefur verið á bilinu 50–70 millj. á ári.

Þetta er sú mynd sem blasir við þegar þessar tölur eru lesnar. Það er mikilvægt að menn skýri þetta betur og segi nákvæmlega fyrir um hvað hugmyndin er að gera en séu ekki að færa þetta mál í einhvern fallegan búning menningarsamstarfs, sem ég vil á engan hátt gera lítið úr, og síðan eigi að meira eða minna leyti að hætta við samstarf á öðrum sviðum. Þetta mundi að mínu mati eyðileggja hið norræna samstarf og veikja möguleikana til aukins samstarfs á öðrum sviðum sem ég tel að þurfi að styrkja að því er varðar hið Evrópska efnahagssvæði og hugsanlega að því er varðar aðra í sambandi við væntanlega inngöngu í Efnahagsbandalagið.

Nú ætla ég ekkert að fullyrða um hvort það er svona sem á að skilja þetta mál en ég tel að nefndin og þá forsætisráðherrarnir skuldi skýringar á því á fundinum í Árósum á næstunni hvernig þeir líta á þessa skiptingu. Til þess að ég segi mína skoðun á því hvað þarna eigi að gera, þá er hún sú að það eigi að hætta að tala um þennan menningarsjóð. Ég tel að sú hugmynd að taka tvo þriðju af 300 millj. sem varið er til sérstakra verkefna og leggja í menningarsjóð sé ekkert annað en tillaga um að draga tímabundið úr umsvifum Norðurlandasamstarfsins. Það hljóta allir að sjá að ef á að leggja þriðjung af fjármagninu á bankabók um nokkurra ára skeið, þá er það tillaga um að draga úr samstarfinu nema það sé ætlunin að veita meira fjármagni til þess sem ég hef hvergi séð og ég hef vissar efasemdir um að muni verða að veruleika.

Hitt er svo annað mál að það ber að sjálfsögðu að fara á gagnrýninn hátt yfir hvert einasta verkefni sem nú er á vegum Norðurlandaráðs og í hinu norræna samstarfi, hvort sem það eru sérstök verkefni, sérstakar stofnanir o.s.frv. Ég er alveg viss um að út úr þessari endurskoðun getur komið allverulegur sparnaður. Ég hef að vísu efasemdir um að það gætu verið 200 millj. En margt er verið að gera sem má gera með öðrum hætti og ekkert á að vera heilagt í þeim efnum. Ég er alveg viss um að sú fjárhæð sem kæmi út úr slíkri yfirferð gæti nýst vel til annarra verkefna á sviði menningarmála, umhverfismála, efnahagsmála, byggðamála o.s.frv. Ég ætla ekki að hafa neinar fyrirfram skoðanir á því hvað þar eigi að skipta mestu máli. Ég minni hins vegar á það að við höfum nú þegar menningarsjóð sem hefur starfað ágætlega. Hann styrkir *mörg verkefni en mjög mörgum umsóknum* getur hann ekki sinnt. Að mínu mati hlýtur það að vera eitt af því sem til álita kemur að styrkja þann menningarsjóð betur með því fjármagni sem hugsanlega mundi sparast við slíka yfirferð.

Annað atriði sem ég vildi gera að umtalsefni er hættan á því að það verði niðurskurður á verkefnum og stofnunum sem geta skipt okkur Íslendinga miklu máli. Ég teldi það t.d. mjög slæmt ef iðnaðarsjóðurinn yrði skorinn niður. Ég teldi það jafnframt mjög slæmt ef það samstarf, sem hefur tekist á undanförnum árum, á sviði fiskveiðimála svo ég nefni það dæmi, sem hefur nokkuð átt á brattann að sækja, yrði lagt niður og þannig gæti ég nefnt fjölmörg verkefni sem skipta miklu máli. Og eftir því sem minna fjármagn verður til ráðstöfunar á þessum sviðum og minna er um að vera þeim mun minni áhuga munu helstu embættismenn þjóðanna hafa á samstarfinu og þeim mun minni áhuga munu ráðherrar hafa á samstarfinu.

Það er að vísu sagt og það kemur hér skýrt fram í skýrslunni að þetta samstarf eigi að færast í meira mæli yfir í óformlegt samstarf. Forsrh. eiga að hafa með sér óformlegt samstarf í auknum mæli, fagráðherrarnir

o.s.frv. Ég er ekki og vil ekki gera lítið úr því að auka hið óformlega samstarf og ég get út af fyrir sig tekið undir margt sem hér er sagt. Það segir t.d. hér í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Starfshópurinn telur að óformlegt pólitískt samstarf Norðurlanda muni fá aukið vægi. Því verður enn brýnna en ella að stuðla að sameiginlegri stefnumótun hvað snertir jafnt hið óformlega og formlega samstarf. Þetta er sameiningarverkefni sem best fer á að sé í höndum forsætisráðherranna."

Þetta er út af fyrir sig ágætt svo langt sem það nær og það stendur hér einnig í skýrslunni á bls. 33, með leyfi forseta:

„Meginhlutverk Norðurlandanna" og þá er nú verið að tala um norrænt samráð innan Evrópubandalagsins, „innan Evrópubandalagsins er að stuðla að frekari þróun óformlegra samskipta hvert við annað."

Nú er mér alveg ljóst að margt af því samstarfi, sem menn hafa átt á sviði Norðurlandanna, mun færast að einhverju leyti yfir í samstarfið um EES og yfir í samstarfið um Efnahagsbandalagið fyrir þær þjóðir sem það gildir fyrir. En þótt óformlegt samstarf sé mikilvægt þá þarf það jafnframt að vera stutt formlegu samstarfi. Það má ekki fara svo að samstarfið gangi út á það að embættismenn og ráðherrar hittist svona kvöldið áður en þeir fara til fundar í Brussel eða einhvers staðar annars staðar. Ég held að það þurfi að undirbúa alla slíka fundi og þá er mikilvægt hver hefur þann undirbúning með höndum.

Það er víða talað hér um að formennskan eigi að vera virk eða „aktív" eins og einhvers staðar stendur. Auðvitað er það mikilvægt að formennska sé virk á hverjum tíma. En eftir því sem samstarfið verður óformlegra þeim mun meira máli skiptir að þessi formennska sé virk alla tíð.

Mismunandi persónur koma að þessum málum og í dag hafa menn e.t.v. utanrrh. sem hefur engan sérstakan áhuga á norrænu samstarfi hjá einhverri norrænu þjóðanna, en á morgun fá menn annan sem hefur mikinn áhuga á því og þar af leiðandi má þetta ekki byggja eingöngu á því hvað viðkomandi ráðherra vill á hverjum tíma þó að það skipti vissulega miklu máli. Það verða að vera einhverjir embættismenn sem undirbúa slíka fundi og halda utan um málið og ég held því að ráðherranefndarskrifstofan í Kaupmannahöfn komi til með að skipta miklu máli í sambandi við samstarfið á sviði hins Evrópska efnahagssvæðis og þá Efnahagsbandalagsins fyrir þá sem þangað ætla.

Ég vil í þessu sambandi minna á það að þegar við fengum eina fyrstu skýrsluna um þetta mál, sem var skýrsla utanríkisstofnananna á Norðurlöndunum sem Háskóli Íslands átti aðild að og kom út 1991, þá var það eitt af meginefnum hennar að Norðurlandasamstarfið byggði á veikum stofnunum og að þeirra mati yrðu þessar veiku stofnanir vandamál og þess vegna þyrfti að styrkja stofnanaþáttinn í Norðurlandasamstarfinu. Ég tel að þessi skýrsla sem hér er komin gangi í aðra átt. Hún gangi í þá átt að veikja stofnanir Norðurlandasamstarfsins. Ég vil m.a. styðja það þeim rökum að það er ekki gert ráð fyrir því að auka starfið á ráðherranefndarskrifstofunni í Kaupmannahöfn, þvert á móti á að draga úr því og þar með að draga úr þeirri fagþekkingu sem þar kann að vera til staðar. Ég held að það sé alveg ljóst að ef hið Evrópska efnahagssvæði og samningurinn um það gerir alveg nýjar kröfur til norræna samstarfsins og það sé þörf á því að auka fjármuni til þess samstarfs á norrænum vettvangi og það þurfi að styrkja þær stofnanir sem þar eiga að starfa.

Ég vil líka í þessu sambandi gagnrýna það hvernig hugmyndin er að svo miklu leyti sem hægt er að lesa út úr þessari skýrslu. Ekki verður annað séð en það sé hugmyndin að fækka embættismannanefndum mjög verulega. Nú vil ég taka fram að það er sjálfsagt að sameina eitthvað af embættismannanefndunum í þeim tilfellum að verkefni þeirra skarist eða þá embættismannanefndum sem ekki hafa unnið sérstaklega vel að mati þeirra sem þekkja til. Ég get ekki dæmt en ef á að fara að setja upp tiltölulega fáar embættismannanefndir sem vinna á stórum sviðum þá líst mér ekkert á það. Það er hægt að skilja skýrsluna svo að það skuli gert. Síðan geti þessar stóru embættismannanefndir komið verkefnunum í minni fagnefndir.

Ég ætla máli mínu til stuðnings að taka dæmi af embættismannanefnd sem ég þekki til. Fyrir nokkrum árum var sett á stofn embættismannanefnd um sjávarútvegsmál innan Norðurlandaráðs. Þessi embættismannanefnd hefur starfað prýðilega og á grundvelli starfs hennar hefur samstarf sjútvrh. Norðurlandanna verið aukið. Nú mætti hugsa sér að þessi nefnd yrði lögð niður og önnur nefnd yfirtæki hennar starf ásamt landbúnaðarmálum, jafnvel iðnaðarmálum og hugsanlega byggðamálum. Það hefur ekki komið fram hversu stórar þessar nefndir væru. Það liggur alveg ljóst fyrir að þessi stóra nefnd gæti ekki unnið þau verkefni sem t.d. nefndin um sjávarútvegsmál hefur unnið og því yrðu þau væntanlega sett í undirnefnd. Með þessu er búið að búa til nýtt stig í samstarfinu og ég held að þetta mundi allt gera það minna áhugavert og verða til þess að ráðherrar ræktu það ekki jafn vel og yrði líka til þess að bestu embættismennirnir í stjórnsýslunni á Norðurlöndunum mundu heldur ekki rækja það jafn vel og mundu þá senda einhverja fyrir sig til að sinna þessu starfi. Það má vel vera að ég sé að gera of mikið úr þessu máli en ég fæ þetta ekki til að ganga upp. Mér finnst svo margt vera í mótsögn hvað við annað að ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að gefa sér betri tíma í þetta mál. Og þeir sem þetta hafa unnið þurfi að gera forsætisráðherrunum betur grein fyrir því þannig að ekki eigi sér stað neitt slys í þessu sambandi. En það er einmitt ástæðan fyrir umræðunni sem nú fer fram að við fáum tækifæri til þess að gagnrýna það sem þarna er sett fram, koma fram með okkar eigin hugmyndir og vara við því sem þarna gæti hugsanlega verið á ferðinni.

Ég er t.d. alveg fullviss um að einhverjir þeir eru til sem vilja draga verulega úr þessu samstarfi og það má vel vera að áhrif þeirra séu nokkur. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að hagsmunir okkar Íslendinga liggi ekki í því. Þeir liggi í því að efla þetta starf og gera

það sterkara og árangursríkara. Hins vegar eigum við Íslendingar að sjálfsögðu að taka þátt í að endurskipuleggja það og breyta um áherslur. Það var kominn tími til þess alveg án tillits til þess að ekki hefðu farið af stað samningarnir um hið Evrópska efnahagssvæði.

Það er vissulega fleira sem er ástæða til að ræða. Hér er t.d. gert ráð fyrir að sett verði á stofn ný stjórn sem skuli stýra þessu starfi í umboði samstarfsráðherranna og spurningin er: Er hér verið að minnka áhrif hins pólitíska valds og auka vald embættismanna? Það er ekki beint hægt að lesa það út úr þessu en það gæti verið, en þar á móti er það staðreynd að gert er ráð fyrir því að auka starf forsætisráðherranna og áhrif þeirra á samstarfið. Hins vegar er það alveg rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að það vantar að skilgreina þetta betur og skilja í milli þess sem forsætisráðherrarnir bera ábyrgð á annars vegar og samstarfsráðherrarnir hins vegar.

Ég er þeirrar skoðunar að það eigi ekki að hætta að hafa samstarfsráðherrana. En ég tel hins vegar mikilvægt að það sé alveg skýrt hvað þeir eigi að gera og þeir hafi óskoruð völd fyrir hönd sinna ríkisstjórna og í umboði sinna forsætisráðherra. Hins vegar ber það vott um aukna þýðingu þessa samstarfs að forsætisráðherrarnir komi meira þar inn, en það má þá ekki vera aðeins í orði heldur jafnframt á borði. Ég geri mér að sjálfsögðu grein fyrir því að forsætisráðherrar Norðurlandanna hafa um ýmislegt annað að hugsa og þurfa að sinna fleiri málum en þessum. Og ef það yrði niðurstaðan að aukið vægi forsætisráðherranna í þessu starfi kæmi fyrst og fremst fram í því að þeir sendu embættismenn sína til þess að vinna öll þau verk, sem samstarfsráðherrarnir hafa að einhverju leyti unnið áður, þá er verið á vissan hátt að draga úr pólitískum áhrifum innan Norðurlandaráðs. Þetta er hins vegar hlutur sem á eftir að ræða betur og fara betur í gegnum og ég tók eftir því að hæstv. forsrh. skýrði frá því hér áðan.

Eitt af því sem menn ræða í sambandi við hina nýju skipan er hvernig hægt er að auka áhrif þingmanna í þessu samstarfi. Ég hef skilið það svo að það sé almennur vilji að svo verði, en það verður ekki ráðið af þessari skýrslu að svo muni verða en það er e.t.v. ekki verkefni þeirra sem hana sömdu að útfæra það heldur þingmannanna sjálfra. Ég tel að áhrif þingmanna á þetta samstarf verði ekki aukið í verulegum mæli nema þeir þurfi meira að fjalla um fjárlögin. Eins og málum er háttað í dag, þá eru það samstarfsráðherrarnir sem leggja fjárlagafrv. fram en það mætti hugsa sér að þeir ásamt forsætisnefndinni fyrir hönd ráðsins legðu fjárlagafrv. fram og síðan væri það samþykkt af ráðinu. Með því væri tryggara að ráðið hefði meiri áhrif á gerð fjárlaganna sem kæmi þá fram í því að sérhver nefnd þyrfti að vinna sína undirbúningsvinnu eins og gert er í dag, koma henni síðan áfram til forsætisnefndarinnar sem hefði með höndum lokastig samninga við samstarfsráðherrana. Auðvitað má líka hugsa sér að þetta fari fram með öðrum hætti, þ.e. að fjárlaganefndin hefði með það að gera þar sem sitja m.a. formenn nefnda. Þetta ætla ég ekki að fullyrða neitt um á þessu stigi, en ég bendi á að þetta er meginmál í sambandi við aukin áhrif þingmanna á samstarfið.

Það er líka grundvallaratriði í sambandi við áhrif þingmanna að ráðherrar og þingmenn haldi áfram að mætast í Norðurlandasamstarfinu, bæði á Norðurlandaráðsþingum og með sameiginlegum fundum ráðherra og þingmanna. Með því að þingmenn og ráðherrar hittast hlýtur það að hafa pólitísk áhrif á það sem gert er og því væri það að mínu mati mikil afturför ef ráðherrarnir mundu að verulegu leyti hverfa af fundum Norðurlandaráðs. Það er að vísu ekki gert ráð fyrir því en eins og ég skil þessar tillögur þá er gert ráð fyrir að það muni verulega draga úr því.

Nú má vel vera að stundum hafi verið lögð einum of mikil áhersla á mætingu ráðherranna og því er ekkert að leyna að manni finnst stundum að það mæti allt of stór hópur á Norðurlandaráðsþing og þá ekki síst hinn mikli fjöldi embættismanna sem fylgir ráðherrunum. Ég tel sjálfsagt að leita leiða til þess að draga úr þessum mikla fjölda og fækka e.t.v. eitthvað ráðherrum í sambandi við þingin. En ég tel að það væri mjög slæmt ef viðvera þeirra væri sáralítil, alveg á sama hátt og mönnum þætti það nokkuð skrýtið hér á Alþingi Íslendinga ef hér væru allt í einu engir ráðherrar til að skamma. Og ég býst við því að hæstv. núv. ráðherrar hafi orðið varir við að þeirra hefur stundum verið saknað hér í salnum. (**Gripið fram í:** Af þeim ástæðum?) Ja, sérstaklega af þeim ástæðum og náttúrlega ekki síst vilja þingmenn nú gjarnan reyna að hafa vit fyrir ráðherrum og líka að koma tillögum til þeirra og hafa áhrif á þeirra gerðir ef þess er nokkur kostur. Þetta er nú eðli hins pólitíska starfs hverjir sem sitja í þessum ráðherrastólum og það sama á við um Norðurlandasamstarfið. Menn vilja hitta norræna ráðherra, ekki endilega til að skamma þá, það er nú kannski ástæðulaust að gera það að aðalatriði en til þess að ræða við þá um norræn mál og um áhugamál sem uppi eru og það er líka mikilvægt fyrir ráðherrana að hafa samskipti við ráðið og þingmennina sem þar eru. Ég er viss um að það gefur þeim betra jarðsamband í norrænu samstarfi með sama hætti og það gefur ráðherrum nokkurt jarðsamband að hlusta á tal þingmanna hér á Alþingi.

Eitt af því sem kemur fram í þessari skýrslu er sameining skrifstofanna í Stokkhólmi og í Kaupmannahöfn. Ég tel sjálfsagt að færa þessar skrifstofur á einn stað en legg hins vegar áherslu á að þær þurfa að halda sjálfstæði sínu. Það verður að vera alveg ljóst að það er annars vegar um að ræða skrifstofu ráðherranefndarinnar og hins vegar skrifstofu Norðurlandaráðs. Það má hins vegar sameina margt í þeirra starfi eins og fjármál og vissa stjórnun og margt fleira, en annars vegar er um starfsmenn þingmannanna að ræða og hins vegar er um starfsmenn ráðherranna að ræða og þessi aðskilnaður verður að vera skýr. Það er hins vegar mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvað þessar skrifstofur eiga að gera og þá er mikilvægast hvort þær eiga að vinna á samnorrænum grundvelli eða ekki eða hvort starfið eigi að færast í meira mæli yfir til þjóðanna sjálfra, undirbúningsstarfið færist meira þangað eða hvort það eigi áfram að leggja áherslu á og e.t.v. auka

það að reka það á samnorrænum grundvelli. Í þessu sambandi hefur t.d. komið fram sú tillaga að færa nefndarritarana til þjóðlands sem fer með formennsku í viðkomandi nefnd. Þessi tillaga er byggð á því að starf formannsins yrði virkara með því að færa nefndarformanninn til hans heimalands og á skrifstofu þjóðlandsins. Ég hef miklar efasemdir um þetta og það hefur komið fram að um það erum við sammála í Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Og ég tel að þetta sé kannski sérstaklega varhugavert fyrir okkur Íslendinga sem höfum veikara embættismannakerfi en margar aðrar þjóðir af augljósum ástæðum, ekki vegna þess að við séum ekki með góða einstaklinga heldur vegna þess að við erum fámenn þjóð með miklu fámennara embættismannakerfi. Okkar fámenna embættismannakerfi mun eiga í erfiðleikum með að sinna þessari virku formennsku á öllum sviðum hvort sem er á sviði Norðurlandaráðs eða á sviði hins Evrópska efnahagssvæðis. Og þess vegna er okkur mikilvægara en flestum öðrum að stofnanir Norðurlandaráðs séu sterkari og við höfum okkar áhrif þar og getum treyst því að það er haldið á okkar hagsmunum. Ég vil ég sérstaklega leggja áherslu að þetta verði haft í huga í sambandi við sameiningu skrifstofanna.

Ég vildi svo aðeins að lokum nefna vestnorræna samstarfið og sjálfstjórnarlöndin, Færeyjar, Grænland og Álandseyjar. Það er ekki beint tekin afstaða til vestnorræna samstarfsins í þessari skýrslu heldur eingöngu vísað til þeirra tillagna sem hafa komið fram í því máli án þess að það sé tekin afstaða til þeirra. Vestnorræna samstarfið skiptir miklu máli. En þá skiptir að sjálfsögðu höfuðmáli að það sé mikill styrkur í því samstarfi sem snertir þetta vestnorræna samstarf eins og á sviði ferðamála, eins og á sviði byggðamála og á sviði sjávarútvegsmála. Það er mín skoðun að þeim mun meira almennt samstarf á þessum sviðum þeim mun sterkara verði vestnorræna samstarfið. Ég hef alltaf verið hræddur við að setja þetta samstarf of mikið á einn bás heldur hef ég verið þeirrar skoðunar að það væri mikilvægt að styrkja samstarf Norðurlandaþjóðanna sem styrkir þetta samstarf sérstaklega.

Að því er varðar Færeyjar og Grænland, þá sýnist mér að staða þeirra verði veikari í hinu norræna samstarfi eftir þessar breytingar, það sé a.m.k. mikil hætta á því. Og aðalástæðan er að sjálfsögðu sú að það er ekki gert ráð fyrir því að Færeyjar og Grænland verði aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði og þess vegna er að sjálfsögðu hætt við því að margt sem snertir þær þjóðir verði út undan í sambandi við þetta samstarf. Ég tel þrátt fyrir að margt af því sem þarna muni fara fram muni snerta þessa þætti þá eigi að reyna að tryggja virka þátttöku þessara þjóða m.a. í samstarfi forsætisráðherranna og mikilvægustu embættismannanefnda, sérstaklega á þeim sviðum sem skipta meginmáli fyrir þessar þjóðir. Það er okkur Íslendingum mikilvægt að nágrannar okkar, Grænlendingar og Færeyingar, haldist með virkum hætti inni í þessu samstarfi og það skiptir ekki síst vestnorræna samstarfið miklu máli að staða Grænlendinga og Færeyinga sé trygg í sambandi við hið nýja samstarfsform.

Ég vildi síðan aðeins að lokum nefna samstarf við nágrannaríkin. Við þekkjum að það hefur verið stofnað Eystrasaltsráð fyrir forgöngu danska utanríkisráðherrans. Þessi stofnun Eystrasaltsráðsins hefur valdið okkur Íslendingum nokkrum áhyggjum og við höfum lent þar nokkuð utan gátta og ekki verið með meðan á undirbúningi stóð. Við höfum hins vegar fengið góðar undirtektir um að við gætum verið þátttakendur í þessu samstarfi sem ég vænti að verði, en hins vegar læðist stundum að manni sá grunur að það séu e.t.v. uppi hugmyndir um það að færa einhvern hluta af því fjármagni, sem er til ráðstöfunar innan Norðurlandaráðs, yfir í þetta samstarf sem ég tel fyrst og fremst vera pólitískt samstarf af allt öðrum toga en Norðurlandasamstarfið. Og það sama á við um tilraunir norska utanríkisráðherrans nú til að stofna Barentshafsráð og hefur hann lagt í það mjög mikla vinnu. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst Íslendingar vera hálfutangátta í sambandi við þann undirbúning og tek eftir því bæði í ræðum Thorvalds Stoltenbergs og Gro Harlem Brundtland um þetta mál að Ísland er þar ekki nefnt á nafn. Hins vegar eru önnur ríki nefnd með sama hætti og þegar danski utanríkisráðherrann var að vinna að undirbúningi Eystrasaltsráðsins, þá var Ísland þar ekki nefnt.

Allar þessar hræringar skipta okkur miklu máli og við megum vara okkur á því að lenda ekki utan gátta í þessari þróun. Ég er að vísu þeirrar skoðunar að sú hugsun, sem norski utanríkisráðherrann setur fram, sé of þröng. Það þurfi víðtækara samstarf á norðurslóð en hann ætlar sér en þá eigum við Íslendingar að taka þátt í þeirri vinnu sem unnin er af hans hálfu og reyna að hafa sem mest áhrif þar á. Það er að sjálfsögðu verkefni utanrrn. og utanrrh. og það minnir á að það er mjög mikilvægt að íslensk utanríkisþjónusta sé ávallt vakandi að því er varðar norræna samvinnu. Það er ekki nóg að leggja það verkefni á forsrh. og samstarfsráðherra. Það verður líka að vera verkefni utanrrn. vegna þess að utanrrn. hefur fleira starfsfólk til að sinna slíkum málum og samstarfsráðherra og forsrh. hljóta að verulegu leyti að þurfa að treysta á starf þess. Og ég get ekki að því gert og ég ætla að hafa það mín lokaorð að mér finnst íslensk utanríkisþjónusta ekki sinna því máli nægilega vel og ég tel að það þurfi að taka það til umræðu og endurskoðunar. Ég veit að utanríkisþjónustan er fámenn en mér finnst hún beina athygli sinni í of litlum mæli að málefnum norræns samstarfs og ég tel að þar þurfi að verða grundvallarbreyting á. Hæstv. utanrrh. er ekki viðstaddur þessa umræðu. Það er mál sem ég hef áður rætt við hann en ég vænti þess að hæstv. forsrh. beiti áhrifum sínum til þess að utanríkisþjónustan sinni þessum málum í meira mæli.

Ég vil taka það skýrt fram að með þessu er ég ekki sérstaklega að gagnrýna núv. ríkisstjórn því að þessar rætur liggja dýpra. En ég vil hins vegar gagnrýna ýmislegt af því sem hæstv. utanrrh. hefur sagt í gegnum tíðina um norrænt samstarf og hefur heldur verið í þá átt að gera lítið úr því því að það er einmitt hvað mikilvægast fyrir okkur Íslendinga nú í sambandi við auk-

ið samstarf í Evrópu og í reynd alþjóðlegt samstarf á ýmsum sviðum að auka hið norræna samstarf. Þetta er í sjálfu sér ekkert flókið. Við erum lítil þjóð með takmarkaða möguleika til að hafa mikið af fólki á öllum sviðum og þess vegna verður samvinnan við Norðurlöndin okkur miklu mikilvægari í hinu vaxandi alþjóðlega samstarfi og þess vegna vænti ég þess að við Íslendingar getum náð um það samstöðu að beita öllum áhrifum okkar til þess að út úr þessari endurskoðun komi sterkara norrænt samstarf, virkara norrænt samstarf en ekki veikara og að mestu leyti óformlegt. Ég hef vissan ótta í því sambandi en ég vona að okkur takist að afstýra því.

Útbýting þingskjals:

Atvinnuþróun í Mývatnssveit, 173. mál, þáltill. HG og KE, þskj. 199.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Því hefur verið haldið fram í umræðum um þessi málefni á norrænum vettvangi að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði sé einn mikilvægasti samningur milli Norðurlandanna um áratuga skeið. Ég vil leyfa mér að taka undir þetta sjónarmið sem fram hefur komið í umræðum á þingum annarra Norðurlanda og sömuleiðis á þingi Norðurlandaráðs og leyfa mér að fullyrða að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði er stærsta skref fram á við í norrænu samstarfi um langt árabil.

En hvers vegna segi ég þetta í byrjun umræðu um skýrslu um endurmat á norrænu samstarfi? Það er vegna þess, eins og fram hefur komið í máli manna sem hafa talað á undan mér, að þær breytingar sem eru á döfinni í Evrópu hafa gert nauðsynlega þá endurskoðun á norrænu samstarfi sem við erum að ræða um þó svo að hún hafi reyndar verið nauðsynleg í sjálfu sér hvort sem þessi þróun hefði orðið eða ekki. Og það er líka rétt sem haldið hefur verið fram á norrænum vettvangi að það er ekki spurning um það hvort Norðurlöndin geti valið að standa annaðhvort ein að samstarfi sín á milli eða taka þátt í Evrópusamstarfi. Þetta er spurningin um hvort tveggja, spurningin um að vera bæði aðilar að norrænu samstarfi og þátttakendur í því sem er að gerast á stærri vettvangi milli Evrópulandanna.

Það er enginn vafi á því að norrænt samstarf á undanförnum árum — bæði hið formlega og skipulagsbundna samstarf á vettvangi ríkisstjórna, þjóðþinga og embættismanna sem og hið óformlega samstarf sem allir þekkja til á hvaða vettvangi sem þeir starfa í þjóðfélaginu, grasrótarsamstarf af ýmsu tagi — hefur verið Íslendingum gríðarlega mikilvægt. Og þó að það hafi verið lenska stundum að gera lítið úr þessu samstarfi, þá hygg ég að engum blandist um það hugur, sem með einhverjum hætti hefur kynnst eða tekið þátt í þessu samstarfi, hversu mikilvægt það er í raun og veru. Fyrir íslensk stjórnvöld og íslenska stjórnmálamenn er það staðreynd sem allir þekkja að samstarfið milli Norðurlandanna er gríðarlega mikill og öflugur bakstuðningur hvar sem Íslendingar fylgja fram sínu máli á alþjóðavettvangi. Þetta vita allir sem starfa á hinu háa Alþingi og þetta hygg ég að menn geri sér ljóst í æ ríkara mæli úti í þjóðfélaginu. Við getum ekki verið án þessa stuðnings, án þessa samstarfs við okkar norrænu bræðraþjóðir og við eigum að leggja töluvert á okkur til þess að því verði haldið áfram með þeim hætti sem okkur hentar og sem okkar hagsmunir krefjast.

Eins og ég sagði áðan eru núna breyttar forsendur í Evrópu að mörgu leyti. Það er ekki bara samrunaþróunin í Mið- og Vestur-Evrópu. Það eru líka breyttar aðstæður í Austur-Evrópu. Það eru breyttar aðstæður við Eystrasalt og það hefur sem betur fer einnig gerst að þau Norðurlöndin, sem áður treystu sér ekki til þess að fylgja hinum þremur að því er varðar utanríkis- og öryggismál, hafa núna miklu frjálsari hendur en áður var, einkum og sér í lagi Finnland, til þess að taka sjálfstæðar ákvarðanir og sjálfstæða afstöðu í utanríkis- og öryggismálum. Auðvitað hafa forsendur líka breyst verulega í Svíþjóð að þessu leyti og almennt viðurkennt meðal ráðamanna þar að hlutleysisstefnan sem þeir fylgdu um áratuga skeið sé nú orðin úrelt.

Þess vegna hefur það gerst samtímis að mjög margar og mikilvægar forsendur hafa breyst og er þess vegna nauðsynlegt og var nauðsynlegt og í samræmi við kröfur tímans þegar forsætisráðherrarnir ákváðu það fyrir um það bil ári síðan að beita sér fyrir að hið formlega norræna samstarf yrði endurskoðað en niðurstaðan sem liggur á borðum þingmanna sem þingskjal er sú skýrsla sem við erum að ræða.

Það þurfti að huga að breyttu skipulagi þessa samstarfs og breyttu innihaldi að einhverju marki með tilliti til þess sem hefur verið að gerast á þeim vettvangi sem ég hef nefnt. Það er ekkert athugavert við að þetta skuli gert og þetta er gert þrátt fyrir þann mikla árangur sem náðst hefur á undanförnum áratugum í samstarfi milli þessara landa sem óþarfi er að rekja hér sérstaklega og hefur verið gert margoft úr þessum ræðustól.

Ég vakti athygli á því að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði væri mikilvægt innlegg í þessi mál og hann væri mikilvægur samstarfssamningur milli Norðurlandanna. Það er auðvitað þannig að Norðurlöndin öll, þó svo mikið hafi verið um það talað, gátu ekki komið sér saman um samstarf með þessum hætti á vettvangi efnahags- og viðskiptamála. Það er búið að tala um Norðurlönd sem einn heimamarkað um árabil. Hann kemur ekki til framkvæmda fyrr en fyrst nú með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Þannig mætti auðvitað lengi telja. En þetta hefur það í för með sér að ýmis mál sem áður hafa mikið verið til umræðu og fyrirferðarmikil á vettvangi Norðurlandanna verða nú rædd á nýjum vettvangi, þ.e. innan þess fyrirkomulags sem Evrópskt efnahagssvæði gerir ráð fyrir ef við reiknum með því að sá samningur nái fram að ganga. Eins og kunnugt er hafa þingin í kringum okkur nú hvert af öðru verið að ganga frá fullgildingu þess samnings, síðast í gær Evrópuþingið og í fyrradag finnska þingið. Það er því ljóst að það var full þörf á

að endurskipuleggja þessi mál og ég tel að meginatriði þeirra tillagna sem nú liggja fyrir séu í samræmi við þá þróun sem þarna hefur orðið.

Ég ætla nú að víkja nokkuð að einstökum atriðum í þeim tillögum sem fyrir liggja án þess að eyða mörgum orðum að hverju atriði fyrir sig. Það er ástæðulaust að fjölyrða um hluti sem við í Íslandsdeild Norðurlandaráðs erum til að mynda sammála um og sömuleiðis kom fram í ræðu hæstv. forsrh. að hann er sammála.

Ég tel rétt og skynsamlegt á þessu stigi að fela forsætisráðherrunum aukna pólitíska ábyrgð á norrænu samstarfi og gera þá ábyrga fyrir þeirri virku formennsku sem er rauði þráðurinn í þeim skipulagsbreytingum sem hér eru lagðar til. Þetta útheimtir hins vegar aðrar breytingar á því skipulagi sem verið hefur og í tillögunum er gert ráð fyrir sérstakri stjórnarnefnd sem annist daglegan rekstur á þessu samstarfi ef svo mætti segja, sérstakri nefnd aðstoðarmanna ráðherra eða embættismanna á hæsta stigi í embættiskerfinu sem mundu sinna því verki.

Áfram er gert ráð fyrir því að samstarfsráðherrann, sem við þekkjum frá árinu 1971, starfi eins og verið hefur. Hins vegar eru þeir gallar á þessari tillögu að hans verkefni eru ekki mjög vel skilgreind og satt að segja ekki ljóst hvaða hlutverki hann mun gegna innan þessa nýja fyrirkomulags. Ég hef heyrt þeirri hugmynd hreyft að það gæti verið skynsamlegt í stað þess að viðhalda embætti samstarfsráðherra Norðurlandanna að taka upp sérstaka stöðu aðstoðarmanna norrænna málefna í stjórnarráðum þessara landa og þá á skrifstofu forsætisráðherrans og undir beinni stjórn hans að sjálfsögðu. Ég vil nefna þessa hugmynd hér án þess að gera hana endilega að minni en ég tel í öllu falli nauðsynlegt að það verði skýr verkaskipting milli manna hvert svo sem endanlegt skipulag verður þannig að það liggi alveg fyrir hver á að gera hvað; samstarfsráðherrann, forsætisráðherrann, fagráðherrarnir og svo stjórnarnefndin nýja sem gert er ráð fyrir í þessari skipan. Ég vil taka undir það sem fram hefur komið í ræðum manna fyrr í dag að það er ekki æskilegt að auka embættismannaveldið svokallaða í þessu samstarfi. Þvert á móti er ástæða til að auka áhrif og ábyrgð stjórnmálamannanna. Ég held að tillagan sem slík um virka formennsku og aukin áhrif forsætisráðherranna gangi einmitt út á það.

Að því er varðar breyttar áherslur í verkefnavali og hinn nýja menningarsjóð vil ég segja það að ég tel mörgum spurningum ósvarað varðandi þennan sjóð. Í fyrsta lagi liggur ekki fyrir hvaðan á að taka peningana. Með öðrum orðum liggur ekki fyrir hvaða verkefni eiga að hverfa af þeim sem nú eru í gangi eða hvaða norrænar stofnanir eigi að hverfa. Meðan það liggur ekki fyrir er auðvitað erfitt að leggja mat á hvort menn vilja fórna þeim stofnunum fyrir þennan nýja sjóð. Á Íslandi eru ekki margar samnorrænar stofnanir en til að mynda ein þeirra, Norræna eldfjallastöðin, er þess eðlis að þar eru ekki jafnbeinir hagsmunir hinna Norðurlandanna og okkar á rannsóknum á þessu sviði þó auðvitað hafi öll Norðurlönd áhuga á grundvallarrannsóknum í náttúruvísindum. Ég tel hins vegar að þessi stofnun gæti sem hægast fallið undir það ákvæði þessara tillagna þar sem talað er um að þær stofnanir eigi ekki að leggja niður sem séu nauðsynlegar vegna sérstakra aðstæðna í viðkomandi landi. En um þetta vitum við ekki nóg. Það er ekki búið að leggja fram tillögur um hvaða stofnunum eða verkefnum eigi að fórna til þess að stofna þennan nýja menningarsjóð.

Sömuleiðis er ekki ljóst hver eiga að vera samskipti þessa sjóðs við þann norræna menningarsjóð sem við þekkjum í dag og heldur er það ekki ljóst hvort þessi nýi sjóður eigi að vera undir stjórn þingmanna eða eingöngu ríkisstjórnanna eða menningarmálaráðherranna. Ef það er hugmyndin, eins og má raunar skilja á þessum tillögum, tel ég það ekki æskilegt. Ég tel hins vegar að hugmyndin um þennan nýja menningarsjóð, jafnöflugur og hann á að vera, geti haft ýmislegt gott í för með sér einkum að því er varðar eflingu alls kyns óformlegs samstarfs, grasrótarsamstarfs, sem, eins og allir vita, er oft á sviði menningarmála hvort sem það eru leiklistarhópar eða listamenn aðrir sem eru á ferðinni milli landanna og þurfa á slíkum stuðningi að halda. Það er einmitt oft á sviði menningar-, æskulýðs- og íþróttamála sem þetta samstarf fer fram. Það má því vel hugsa sér það að þessi nýi sjóður gæti orðið ný innspýting fjármuna og vítamínsprauta fyrir slíkt starf. Ef það yrði raunin yrði þetta að sjálfsögðu jákvætt en þetta vitum við ekki heldur enn þá vegna þess að þessi hugmynd er ekki komin nógu langt.

Hins vegar er það rétt sem fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns að fjármögnunarhugmyndin í kringum þetta er óvenjuleg. Það hefur ekki tíðkast á þessum vettvangi að safna beinlínis peningum í sjóði eða leggja inn á bankabækur heldur hefur þetta samstarf verið fjármagnað árlega með fjárveitingum. Það er þess vegna nýmæli og færi þá að sjálfsögðu eftir ávöxtun á slíku fé sem safnað væri hversu mikið yrði til ráðstöfunar á hverju ári. Það er eitt atriði til viðbótar sem ekki hefur verið upplýst skýrt hvernig á að haga.

Að því er varðar spurninguna um fjárveitingar, fjárlög og fjármuni almennt vil ég taka undir það sem fram hefur komið hjá ræðumönnum að ég tel rétt að auka hlut ráðsins frá því sem nú er og ef ekki ráðsins þá forsætisnefndarinnar í að skipta upp fjárlögum Norðurlandaráðs. Það mætti hugsa sér a.m.k. í byrjun að það yrði þannig að fulltrúar ríkisstjórnanna, samstarfsráðherrar eða fjármálaráðherrar eftir atvikum, kæmu sér saman um heildarfjármunina sem til ráðstöfunar yrðu en það yrði síðan verkefni ráðsins sjálfs, hvernig svo sem það skipaði sínum málum, að skipta þessum fjármunum upp til hinna einstöku verkefna.

Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum að hugmyndunum um að sameina skrifstofurnar. Ég vil taka undir þau sjónarmið sem fram hafa komið, bæði í umræðunum og ræðu forsrh. Ég tel það skynsamlega ráðstöfun að sameina þessar skrifstofur en óskynsamlega ráðstöfun að flytja nefndaritarana heim til þjóðlandanna þar sem formaðurinn býr. Ég tek undir þau rök sem

fram hafa komið í því efni hjá öðrum ræðumönnum. Hugmyndin með því að slá saman skrifstofunum tveimur er auðvitað tvíþætt. Bæði sú að reyna að spara einhverja fjármuni, og eflaust má gera það með þessum hætti, en jafnframt sú að reyna að gera starfið straumlínulagaðra og virkara. Ég held að það megi ná því fram með þessum hætti. En þarna eru ýmsar gildrur á leiðinni sem þarf að huga vel að.

Ég vil síðan að sjálfsögðu taka undir það sem menn hafa sagt hér um þátttöku ráðherranna á Norðurlandaráðsþingum. Það má auðvitað færa rök fyrir því að með sama hætti og í þjóðlöndunum beri að aðgreina fulltrúa löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og hafa það þannig að fulltrúar framkvæmdarvaldsins séu ekki að vasast inni á samkomum þar sem sitja þingmenn. Við erum að vísu almennt á því á okkar löggjafarsamkomu að þessu sé blandað saman og það hefur reynst okkur ágætlega. Auðvitað er Norðurlandaráðsþingið ekki þannig samkoma að það hafi neinar sérstakar hættur í för með sér gagnvart verkaskiptingu löggjafarvalds og framkvæmdarvalds að ráðherrar mæti þar. Þvert á móti er það eitt af því sem hefur aðgreint Norðurlandaráð frá öðrum alþjóðlegum samkomum þingmanna að þar hefur verið beinn aðgangur að handhöfum framkvæmdarvaldsins. Þar hefur verið hægt að tala beint við ráðherra og fulltrúa ríkisstjórna um þau mál sem uppi eru. Það hefur auðvitað verið mjög gagnlegt og æskilegt að svo verði áfram og undir það heyrist mér að flestir taki, bæði á Alþingi og sömuleiðis annars staðar á Norðurlöndum þar sem ég hef fylgst með umræðum um þessi mál.

Hitt er síðan annað mál og menn hafa vakið máls á því að það getur verið hvimleitt þegar menn eru í umræðum á Norðurlandaráðsþingum að elta uppi ráðherra frá sínu eigin landi með fyrirspurnir sem ættu alveg eins heima innan lands hjá viðkomandi. Það getur verið hvimleitt fyrir aðra að hlusta á slíkar umræður milli manna frá sama þjóðlandi um innanríkismál í viðkomandi landi. En ég tel engu að síður að það sé kostnaður sem vert er að taka á sig. Ef það tryggir að ráðherrarnir verði áfram þátttakendur í þingunum er það ekki atriði til þess að setja fyrir sig. En ég bendi á þetta engu að síður.

Ég vil einnig koma hér að, virðulegi forseti, tveimur atriðum sem ekki hefur verið minnst á í þessum umræðum enn sem komið er og koma ekki beint fram í þeirri skýrslu sem er til umræðu.

Mönnum hefur orðið tíðrætt um það á norrænum vettvangi að nauðsynlegt sé að tengja saman það starf sem fram fer innan þjóðþinganna gagnvart Evrópumálunum því starfi sem unnið er á vettvangi Norðurlandaráðs. Auk þess er það útbreidd skoðun að í einstökum þjóðdeildum á Norðurlandaráðsþingum eigi að sitja menn með mikla pólitíska reynslu eða menn sem gegni trúnaðarstörfum fyrir sína þingflokka.

Allt er það gott og blessað að sjálfsögðu en þetta vekur upp þá spurningu hvernig við höfum hugsað okkur á Alþingi að skipuleggja okkar mál með tilliti til Evrópumálanna og hvort við munum treysta okkur til þess að skipuleggja jafnframt Norðurlandasamstarf af okkar hálfu með tilliti til þess hvernig Evrópumálum verður fyrir komið á Alþingi í framtíðinni. Það er auðvitað hægt að segja að ástæðulaust sé að ræða það fyrr en það liggur fyrir hvort Íslendingar verða aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Ég tel reyndar nokkuð víst að svo verði. En spurningin er þá sú: Eigum við að fara þá leið í þeim málum sem t.d. Danir hafa farið og mönnum er mjög tíðrætt um á norrænum vettvangi, að setja á laggirnar sérstaka þingnefnd til að fjalla um EES-málefni? Ég varpa spurningunni hér fram í þessu samhengi vegna þess að það er almenn skoðun, leyfi ég mér að segja, að það beri að tengja saman starf þeirra fulltrúa sem sitja fyrir sín þjóðþing á vettvangi Norðurlandaráðs og þeirra sem sitja í slíkum Evrópunefndum þjóðþinganna. Ég vek athygli á þessu sem máli sem er óleyst og eiginlega órætt með öllu á hinu háa Alþingi. En ég tel að við hljótum að þurfa að taka afstöðu til þess von bráðar, ef til vill síðar á þessu þingi.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég vekja athygli á einu praktísku máli varðandi þær breytingar sem á döfinni eru. Það er lagt til í þessum tillögum og ég geng út frá því sem ákveðnum hlut að framvegis verði tvö þing Norðurlandaráðs á ári. Næsta þing verður t.d. í Árósum eftir tvær vikur og næsta þar á eftir verður í Ósló í mars og næsta þar á eftir verður á Álandseyjum eftir um það bil ár héðan í frá. Það er búið að ákveða að hafa þingin tvö á hverju ári en reyna jafnframt að stytta þau, þannig að þau taki minni tíma hvert um sig og umræður séu knappari en áður var.

Spurningin sem vaknar fyrir okkur er þessi: Viljum við ekki alveg örugglega búa þannig um hnútana að fimmta hvert þing verði haldið á Íslandi eins og verið hefur um hin reglulegu þing ráðsins? Er það ekki alveg öruggt að Íslendingar munu taka því opnum örmum að halda hér Norðurlandaráðsþing á þrjátíu mánaða fresti, tvö á hverjum fimm árum? Ég tel að það sé sjálfsagt og ekkert um annað að ræða í raun og veru en að við gerum það. Ég vænti þess að um það séu menn sammála. En mér finnst ástæða til að nefna þetta engu að síður á þessum vettvangi í umræðum um þetta mál.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þessa skýrslu að svo stöddu, virðulegi forseti, og hef lokið máli mínu.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hafði reiknað með að hæstv. forsrh. væri viðstaddur umræðuna því ég ætlaði að einhverju leyti að beina máli mínu til hans sem leggur fram þessa skýrslu. Ef forseti vildi kanna hvort forsrh. er í húsinu og getur verið viðstaddur.

Þessi skýrsla sem við ræðum um endurmat á norrænni samvinnu snertir afar þýðingarmikið mál fyrir okkur Íslendinga. Það hefur verið góð samstaða um það á liðnum áratugum að taka af þrótti þátt í norrænni samvinnu. Íslendingar hafa notið góðs af þessu samstarfi í mjög mörgum greinum og í skjóli hinnar opinberu samvinnu hafa skotið rótum hér á landi mun nánari tengsl við önnur Norðurlönd en ella hefði orðið. Þannig hefur þetta samstarf verið okkur mjög mik-

ils virði og er það áfram. Umræða um endurmat á þessu samstarfi frá okkar bæjardyrum séð hlýtur að snúast um það með hvaða hætti er unnt að verja þá ávinninga sem náðst hafa, styrkja grundvöllinn, treysta samvinnuna og efla hana á þeim sviðum sem skynsamlegt er og hægt að ná samstöðu um.

Það er auðvitað alveg ljóst að við Íslendingar ráðum ekki ferðinni í norrænu samstarfi. Hins vegar höfum við alla burði til þess að láta rödd okkar heyrast þar og hljótum að gera það varðandi okkar hagsmuni. Við hljótum jafnframt að leitast við að hafa áhrif á norrænt samstarf til að það þróist þannig að það verði okkur til hagsbóta almennt séð. Við tökum að sjálfsögðu ekki ákvarðanir fyrir önnur þjóðlönd og ætlum okkur það ekki. En við getum með alþjóðlegu samstarfi haft áhrif á það hvert hugur beinist og við getum varað við í þeim efnum ef við teljum að í óefni stefni. Það hefur verið verkefni á undanförnum árum á vettvangi Norðurlandaráðs að fjalla um Evrópumálin. Það hefur verið eitt af meginumræðuefnum þinga Norðurlandaráðs á undanförnum árum að ræða þá þróun bæði í nefndum og á þingum og álykta um þau efni. Þar hafa Íslendingar látið rödd sína heyrast. Þar höfum við tekið okkar ákvarðanir og ráðstafað okkar atkvæðum eftir því sem hverjum og einum hefur sýnst réttmætt.

Ég sakna þess vissulega að við skulum ekki hafa gert meira af því á vettvangi Alþingis og þá alveg sérstaklega Íslandsdeildar Norðurlandaráðs að fara yfir þessi efni og leggja okkur kannski betur fram um það heldur en við höfum gert að stilla saman strengi og átta okkur á því hverju sinni hvað er það sem full samstaða er um. Ég segi þetta ekki sem gagnrýni á neina sem sæti eiga með mér í Íslandsdeild Norðurlandaráðs, það væri ómaklegt. Ég get alveg eins beint því til sjálfs mín. Ég hef kannski ekki ýtt á það sem skyldi og höfum við þó oft tekið þessi efni fyrir en oftast haft takmarkaðan tíma til þess að ræða málin.

Tillögurnar sem hér liggja fyrir og hugmyndir frá forsætisráðherrum Norðurlanda og einkafulltrúum þeirra eru viðamiklar og kannski ekki hægt að átta sig á þeim í öllum greinum því sumpart eru þær mótsagnakenndar. Mér finnst nauðsynlegt að nefna það og vekja athygli á því. Vissulega fer það eftir því með hvaða hugarfari menn lesa á milli línanna í það sem ekki er sagt og hvernig menn meta þann almenna grundvöll sem þessar tillögur eru reistar á. Þar má vera að ég líti á málin með dálítið öðrum hætti vegna þess hvernig ég met áhrif samstarfs innan Evrópsks efnahagssvæðis ef til kemur á norrænt samstarf, að ekki sé talað um aðild að Evrópubandalaginu ef svo færi að meiri hluti Norðurlanda yrði aðilar að Evrópubandalaginu. Mér hefur sýnst að það væri býsna ólíkt mat uppi á vettvangi Norðurlandaráðs hvaða þýðingu og hvaða áhrif slík skref og slík binding einstakra Norðurlanda inni í þessu evrópska samstarfi muni hafa inn á við á hið norræna samstarf.

Ég ætla að reyna að þjappa því nokkuð saman sem ég vildi sagt hafa á þessum tíma um þetta efni þó hér sé af mjög mörgu að taka. Ég vil fyrst víkja að hinum formlega þætti og hinum formlegu tengslum og breytingum sem eru á döfinni samkvæmt þessum tillögum og víkja síðan að innihaldinu um hvað þetta norræna samstarf eigi að snúast.

Þar er fyrst til að taka að lögð er mikil áhersla á virka forustu og formaður Íslandsdeildarinnar, sem talaði áðan, taldi eitt meginefnið hina virku forustu sem nú ætti að koma til á vegum forsætisráðherra landanna. Og óhætt er um það að því er hægt að fagna. Það væri ástæða til að fagna því að forsætisráðherrar Norðurlanda ætluðu sér meiri hlut í norrænu samstarfi en áður ef það snerist um raunverulegt innihald sem fæli í sér aukið norrænt samstarf en ekki það sem því miður er — þá er ég kominn að innihaldinu jafnhliða — að verið er að draga mjög verulega úr þessu samstarfi í reynd. Það er ekki það sem við viljum sjá.

Ég hugsa að við séum í raun sammála um það sem tölum í þessari umræðu og almennt á Alþingi Íslendinga að við viljum ekki sjá hnignun í norrænu samstarfi. Það sýnist mér þó vera það sem er á döfinni. Síðan eru slegnir nokkrir varnaglar varðandi þessa virku forustu forsætisráðherranna. Það birtist okkur í tillögugerðinni varðandi formið t.d. í kafla 9 á bls. 12 og 13 í skýrslunni þar sem dregin eru saman aðalatriðin um aðlögun starfsins í norrænu ráðherranefndinni. Þar er í fyrsta lagi að finna verulega gagnrýni á samstarfsráðherra Norðurlanda á liðinni tíð. Það á ekki við neinn einstakan en ég les almenna gagnrýni út úr upphafsgrein kaflans á bls. 12. Síðan kemur að því að gert er ráð fyrir eins og þar segir að skipuð verði stjórn fimm aðstoðarmanna ráðherra eða embættismanna í sambærilegri stöðu. Sýnist mér komin þar í raun tillagan sem formaður Íslandsdeildar var að lýsa eftir áðan að kæmi til greina að einhver aðstoðarmaður ráðherra í forsrn., sem ég les út úr þessu, bæri ábyrgð á fyrir hönd síns forsætisráðherra. Ekki vil ég fullyrða það og kann að vera að ég lesi ekki rétt í textann. Þannig skil ég þetta þó.

Þetta er þessi fimm manna stjórn sem gæti verið aðstoðarmenn ráðherra, þá meira pólitískir, eða embættismenn eins og hér segir. Ef það verða embættismenn er farið að dofna svolítið yfir þessum svip á þessari virku forustu. Síðan kemur það sem mér finnst ákveðin rúsína í þennan pylsuenda þar sem segir: „Stjórnin kann að fá verkefni beint frá forsætisráðherrunum, en starfar að öðru leyti undir stjórn samstarfsráðherranna og er jafnframt stjórn skrifstofu ráðherranefndarinnar."

Ég er alveg hissa á forsætisráðherrum Norðurlanda að leggja fram svona óljósa tillögu og mér liggur við að segja heldur ófrumlega á þingum Norðurlanda og að þeir skuli ekki draga upp skýrari mynd af verkaskiptingu. Það er hægt að túlka þetta þannig að það eigi að vera toppforusta. Það er ósköp gott. Forsætisráðherrarnir ætla að mæta á aðalfundi Norðurlandaráðs en svo er þetta í höndum fimm manna stjórnar og svo eru samstarfsráðherrarnir eftir sem áður á sínum stað. Þetta er ekki sannfærandi og á það hafa fleiri bent í umræðunni. Ég geri ráð fyrir að þetta verði gagnrýnt af mörgum og spurt: Hvernig er hugmyndin að halda þessu?

Síðan er það sjálfur Helsingfors-sáttmálinn, grunnsáttmáli hins norræna samstarfs, sem á að breyta. Um hvað eru þær tillögur? Ég verð að segja að mér finnst heldur illa í hendur okkar búið og er þó pappírinn nokkuð langur og kvarta ég ekki undan því. En mér finnst heldur óljós og óskýr framsetning á bls. 46–48 þar sem verið er að rekja breytingar og nýtt orðalag á Helsingfors-sáttmálanum. Það er ekki haft fyrir því að segja hvað það er sem er verið að taka út því það er aðallega verið að taka út. Hvernig stendur á því að menn eru í rauninni að fela það með þessum hætti? Hvaða breytingar eru það sem verið er að gera tillögur um?

Kjarninn í þessum breytingum er sá að skilja á milli þingmanna í Norðurlandaráði og Norðurlandaráðs sem *þingmannasamkomu og hinna norrænu ráðherra*. Það er kjarninn. Það er verið að taka það hér út grein eftir grein eftir grein í Helsingfors-sáttmálanum að þeir séu með skuldbindandi viðveru á þingum Norðurlandaráðs. Vissulega má lesa þetta þó með óljósum hætti, eins og hefur komið fram í máli manna, út úr skýrslunni annars staðar. Þetta er það sem verið er að gera.

Auðvitað stendur til að leggja niður fagráðherranefndir. Ekki les ég þetta öðruvísi. Þeir mega koma að nánast ef þeim hentar en það er verið að leggja niður fagráðherranefndirnar. Það er látið liggja að því að það geti fallið að nefndakerfinu í Norðurlandaráði sem segir þá um leið, og þarf kannski ekki að koma á óvart, að það stendur til að fækka nefndum og fella niður nefndir á vegum Norðurlandaráðs samkvæmt hugmyndum forsætisráðherranna ef það á að vera samræmi á milli í þessum efnum.

Þetta leyfi ég mér að benda á og gagnrýna og vara við því sem þarna er á ferðinni. Ég tel að þarna horfi óvænlega ef það á að verða niðurstaðan að lagt sé af að hægt sé að gera kröfu til skuldbindandi viðveru norrænna ráðherra á vettvangi Norðurlandaráðs. Til þess að standa skil sinna mála og til þess að svara fyrirspurnum eins og við höfum notað mikið á þeim vettvangi. Auðvitað hafa þeir í leiðinni hitt sína samstarfsmenn og átt fundi með þeim. Þeim hefur fylgt mikill skari embættismanna sem ég held að væri að ósekju hægt að fækka til mjög mikilla muna á þessum vettvangi þó auðvitað þurfi embættismenn að vera með í *ákveðnum mæli. Það er þó meginatriði að hinir pólitísku fulltrúar séu til staðar ef menn ætla að veita þessu* samstarfi innihald og hafa þau tengsl og þau samskipti á milli þingmanna og ríkisstjórna sem þarf að vera ef þetta á að skipta einhverju teljandi máli. Þetta er varðandi formið á þessu.

Síðan eru það rökin fyrir þessum breytingum. Það er Evrópskt efnahagssvæði. Það er væntanleg aðild flestra eða allra Norðurlanda að Evrópubandalaginu á tíunda áratugnum eins og við lesum í skýrslunni. Auðvitað er það ástæðan. Auðvitað er það ástæðan fyrir því að þetta er tekið upp, fyrir þessu frumkvæði forsætisráðherranna. Þeir eru að bregðast við því sem þeir telja líklegt að verði ofan á: Aðild að Evrópsku efnahagssvæði og aðild að Evrópubandalaginu fyrir flest ríkin í framhaldinu.

Ég verð hins vegar að nefna það vegna þess að mér þótti það ánægjulegt að ég hef heyrt það á hæstv. forsrh. að hann hefur heldur dregið í land síðustu mánuði þegar aðild að Evrópubandalaginu hefur borið á góma. T.d. frá því sem hann svaraði á síðasta þingin Norðurlandaráðs við fyrirspurn sem ég leyfði mér að bera fram á þeim vettvangi. Það tel ég út af fyrir sig góðra gjalda vert. Batnandi manni er best að lifa. Það á við hæstv. forsrh. Íslands sem og aðra. Ég vona að það sé innihald á bak við orðin. Það vona ég sannarlega í þessu efni.

Víða í þessari skýrslu koma einmitt fram skýringarnar á þessum forsendum sem menn eru að gefa sér. Þá vil ég segja að ég tel að menn séu í rauninni allt of snemma á ferðinni með þær tillögur sem hér liggja fyrir, menn séu að flýta sér mjög um of, alveg sérstaklega þegar verið er að gera því skóna að Norðurlöndin fari inn í Evrópubandalagið. Ég er ekki að saka hæstv. forsrh. Íslands í þeim efnum. Ég á við talsmenn þeirra ríkja sem hafa þegar lagt inn aðildarumsókn eða eru að *leggja inn aðildarumsókn eins og* menn eru að gera ráð fyrir að gerist í Noregi núna innan fárra daga eftir þing Verkamannaflokksins. Þeir telja sig hafa það í hendi sér.

Mér finnst fólgin í þessu mikil lítilsvirðing gagnvart almenningsálitinu á Norðurlöndum. Að ætla að fara að stíga þær breytingar sem hér er verið að leggja til og gefa sér það sem forsendu sem gengur eins og rauður þráður í gegnum skýrsluna að Norðurlöndin verði öll nema kannski Ísland aðili að Evrópubandalaginu á þessum áratug. Hvernig er almenningsálitið á Norðurlöndum um þessar mundir hvað þetta snertir? Alveg kvitt og klár meiri hluti samkvæmt skoðanakönnunum nú um lengri tíma gegn aðild. Og langt bil á milli þeirra sem segja já við hugmyndinni um aðild að Evrópubandalaginu. Sama er uppi í Svíþjóð og kemur mörgum á óvart nú hálfu öðru ári eftir að Svíar ákváðu að leggja inn umsókn um aðild. Meiri hluti kosningabærra manna sem svara lýsa sig á móti aðild að Evrópubandalaginu. Í Finnlandi? Finnar hafa verið svo forsetahollir að þeir hafa að meiri hluta til elt skottið á forseta sínum í þessum efnum enn sem komið er. Þó er vaxandi andstaða þar gegn hugmyndinni um aðild. Danmörk er aftur í Evrópubandalaginu og er að reyna að komast út úr spennitreyju Maastricht-samkomulagsins. Þannig standa málin nú. Því miður horfir svo að þannig gæti farið að við lentum í Evrópska efnahagssvæðinu, þó er það ekkert einsýnt enn sem komið er. Það hafa ekki verið greidd atkvæði um það *á Alþingi Íslendinga né heldur farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla í Sviss um þessi efni.* Vel kann að vera að menn eigi eftir að sjá einhverja nýja fleti í því máli og síðan kemur spurningin um það hvort þjóðirnar uni þeirri treyju sem verið er að færa þær í í sambandi við Evrópskt efnahagssvæði.

Andstaðan í Noregi á eftir að segja til sín gagnvart þeim samningi. Hún er allt önnur en styrkleikahlutföllin í Stórþinginu um þessar mundir. Þeir flokkar sem eru í eindreginni andstöðu við Evrópskt efnahagssvæði, Miðflokkurinn norski og Sósíalíski þjóðar-

flokkurinn, hafa sópað til sín fylgi á undanförnum missirum og a.m.k. annar þeirra, Miðflokkurinn, lýst því yfir að hann muni berjast fyrir því að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði verði sagt upp. Óskandi væri að þeim miðflokkum fjölgaði sem slá sér í þann hóp.

Menn sjá það síðan t.d. á bls. 22 og bls. 41 í skýrslunni að verið er að gera að því skóna að þetta útvatnist, renni út eftir því sem ríkin koma inn í Evrópubandalagið, verði nánast ástæðulaust og þá getum við slegið striki undir þetta. Því miður er þetta undiraldan og við verðum að taka eftir þessu. Enginn taki orð mín þannig að ég vilji mála skrattann á vegginn eða telja að það sé ekki ómaksins vert að reyna að snúa þessu við. Þvert á móti.

Ég er sannfærður um að hugur fólks á Norðurlöndum víðar en á Íslandi sé í þá átt að vilja styrkja norrænt samstarf, viðhalda formlegu norrænu samstarfi og ekki láta hugmyndina um Evrópskt stórríki, sem nú er í mótun, verða til þess að brjóta niður norræna samheldni og norrænt samstarf. Auðvitað er ljóst, eins og er viðurkennt í skýrslunni, að innan EES og EB verður ekki um neitt formlegt samstarf Norðurlanda að ræða. Það samrýmist ekki reglum bandalaganna, hvorki Evrópubandalagsins né EES, því EES er ekki Norðurlönd. EES er fjögur Norðurlönd og þrjú Alpalýðveldi, sem við köllum stundum svo. Og það er þar sem á að tala einum rómi. Við notum ekki EES-vettvang til þess að bera okkur saman um samnorræn málefni. Sá vettvangur nýtist okkur ekki þannig að menn verða að fara krókaleiðirnar, hringja á milli ráðuneyta og landa með óformlegum hætti til þess að bera sig saman um það hvernig stilla eigi saman strengi í hinu evrópska samstarfi. Þannig met ég stöðuna í þessum efnum og hef miklar áhyggjur af því.

Virðulegur forseti. Þá ætla ég að fjalla aðeins um innihaldið. Í skýrslunni eru dregin upp svið sem ráðherrarnir telja að eigi að leggja áherslu á og þar stendur menningarsviðið upp úr. Einnig eru talin upp félagsmál, umhverfismál og samvinna á sviði efnahagsmála. Satt að segja er þessum sviðum gerð afskaplega lítil skil í skýrslunni og því með hvaða hætti og um hvað samvinnan á þessum sviðum eigi að snúast. Af hverju tóku menn ekki svolítið pláss undir það í þessum pappír að útfæra það? Satt að segja er það afskaplega lítið sannfærandi sem verið er að segja um félagsmálasviðið og umhverfissviðið og innihaldslaust.

Svo er það gulrótin. Hver er hún í þessum pappír? Það er menningarmálasjóðurinn. (Gripið fram í.) Já, formaður Íslandsdeildar las rétt í hug minn um það. Það er menningarmálasjóðurinn norræni. Það er gulrótin sem á að auðvelda mönnum þá sýn sem dregin er upp á þessum síðum, veikingu á innihaldi norræns samstarfs. Það hefur komið nokkuð vel fram í umræðunni að ég er ekki einn um það að vera gagnrýninn á þessa gulrót þó að ég vilji mjög gjarnan sjá aukin fjárframlög til norræns samstarfs og þá jafnframt á sviði menningarmála. En það er nú engum ósköpum fyrir að fara miðað við þá útreikninga sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson kom með eftir að hafa skoðað fjárlögin og stöðu þessara mála. Þetta eru engar stórsummur. Við hljótum að biðja hæstv. forsrh. um að skýra það svolítið betur fyrir okkur. Hver er hugmyndin með þessu og hvers vegna nýr sjóður um jafnveiklulega fjármuni og þarna eru á ferðinni? Hver er ástæðan fyrir því að setja upp nýjan sjóð? Er ekki verið að tala um að hagræða og fara gagnrýnið yfir o.s.frv.? Er þá ástæða til þess að búa til nýjan sjóð í kringum ekki meira? Hvað er það í reglum menningarmálasjóðsins, ég er með þær hérna, samninginn milli landanna um menningarsjóð Norðurlanda, sem veldur því að það má ekki ávaxta þessa viðbótaraura og ráðstafa vöxtunum inn í menningarsjóð Norðurlanda? Er stjórnin, sem í eru fimm frá ráðherranefndinni, fimm frá Norðurlandaráði og einn frá sjálfstjórnrsvæðunum, ástæðan fyrir því að það þarf að búa til nýjan sjóð í kringum þetta? Eða er þetta aðferðin til þess að skera niður með þeim hætti sem stendur skýrum stöfum í skýrslunni, ⅔ af því fjármagni sem varið hefur verið til samnorrænna verkefna? Það er kannski kjarninn. Kannski eru peningarnir kjarninn. Það er verið að skera þetta niður við trog þannig að ⅓ standi eftir. Síðan koma menn saman, kvarta og segja: Við verðum að standa saman um það sem skiptir okkur Íslendinga máli. Auðvitað verðum við að gera það besta úr þessu, það er rétt. En við mótmælum slíkri meðhöndlun á fjármagni inn í norrænt samstarf. Það er verið að lama norrænt samstarf með þessum hætti. Auðvitað á að fara gagnrýnið yfir samstarfsverkefni og það er skylda ráðherranefndarinnar á hverjum tíma að sjá um að ekki sé verið að sólunda í einhver samstarfsverkefni sem ekki skila árangri. Það þarf engar skýrslur til þess eða samþykktir. Það ætti að vera sjálfsögð vinnuregla að það séu ekki einhverjir kalkvistir sem þetta snúist um.

Ég er ansi hræddur um að víða eigi eftir að heyrast kveinstafir úr horni hérlendis þar sem haldið er uppi margháttaðri mikilvægri starfsemi sem snertir okkur hér á landi sumpart einvörðungu að heita má út á samnorrænt fjármagn. Það er þannig ljóst að það verða slegnar af stofnanir hér og fjölmörg verkefni þegar hnífurinn kemur sem skera á ⅔ af þessum verkefnum niður við trog. Mér líst ekki á það.

Hitt er annað mál að þetta kemur mér ekkert mjög á óvart. Ég las þetta út úr fyrstu yfirlýsingunni frá Maríuhöfn í nóvember 1991. Það var í rauninni þetta sem var þar á ferðinni. Mér finnst þeir þingmenn, sem slógu sér í hóp hins breiða meiri hluta á þingi Norðurlandaráðs í Helsingfors í vetur og hrópaði húrra fyrir hinu væntanlega aukna norræna samstarfi innan EES og Evrópubandalagsins, ekki þurfa að vera svo hissa eða geta kveinkað sér því það var einmitt þetta sem verið var að kortleggja í Maríuhöfn strax í fyrra. En það er nú svona og þessi Mið-Evrópusegull er ansi sterkur. Hins vegar hafa orðið dálítil veðrabrigði frá því veturinn 1991–1992 í sambandi við þá siglingu. Ég óttast bara að þau verði ekki nógu sterk og ekki nógu skörp til þess að snúa mönnum af þessari siglingu og að við lendum í þeim ófarnaði að taka ákvarðanir eða verða að lúta ákvörðunum sem verða til að veikja norrænt samstarf Norðurlöndum öllum til óþurftar og

mörgum af þeim hugsjónum sem við tengjum við Norðurlönd og norræn samfélög.

Ég vek t.d. athygli á því hvaða þýðingu það hefur gagnvart samstarfi við nágrannasvæði Norðurlanda í austri, Eystrasaltsríkin, héruðin í Rússlandi og önnur slík, þegar menn ganga í Evrópska efnahagssvæðið svo ekki sé talað um þegar menn ganga í Evrópubandalagið. Þar eru menn að loka á margháttaða samstarfsmöguleika sem þeir hafa verið að tala um í orði að þeir ætli að vera þátttakendur í og hafa verið að halda að Eystrasaltsríkjunum að Norðurlönd geti komið hjálpandi hendi og séu reiðubúin til aukins samstarfs, að styðja þau og styrkja. Þetta lesum við reyndar hérna líka. En það er ansi hætt við því að hindranirnar verði margar eftir að við gengjum í Evrópska efnahagssvæðið að ekki sé talað um eftir að við yrðum hluti af stórríkinu með þeim tollamúrum út á við sem því fylgja. Það verður kalt bak og kaldur hryggur sem snúið verður að Eystrasaltsríkjum og öðrum Austur-Evrópuríkjum ef Svíþjóð, Finnland og Noregur ganga í Evrópubandalagið eins og forsætisráðherrar þessara landa eru að strekkja í að verði. Það fylgir því nefnilega margt að ætla að sogast inn í evrópskt stórríki og lúta þeim boðum og bönnum sem þar eru og þeirri stefnu sem þar er sett á, þar á meðal utanríkisstefnu og hermálastefnu sem hugmyndin er að verði hluti af þessu ríki.

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að leggja skýrsluna fram og mæla fyrir henni. Ég heyri það á hæstv. forsrh., bæði í ræðu hans og á fundi með Íslandsdeild Norðurlandaráðs, að hann er hugsi yfir ýmsu af því sem hér er á blaði þótt í hans nafni sé, með óbeinum hætti þó þ.e. frá einkafulltrúum hans sem gefa skýrsluna en hún hefur fengið nokkuð almenna blessun af hálfu forsrh., ásamt öðrum forsætisráðherrum.

Ég held að það sé afskaplega mikilvægt að við Íslendingar sem erum á vettvangi Norðurlandaráðs með stuðningi frá Alþingi og ríkisstjórn Íslands, reynum að leggja okkur fram um að styrkja stöðu okkar í þessu á þeim sviðum þar sem við erum sammála. Ég vil ekki gera meira úr ágreiningnum en efni standa til, en það á heldur ekkert að draga fjöður yfir hann sé um misjafnt mat á forsendum að ræða. Um hitt held ég að við séu sammála í mörgum greinum, að reyna að treysta hið norræna samstarf og stöðu okkar í því. Því það er ljóst að Ísland hefur sérstöðu að því er varðar framtíðarsýn ef því má treysta að menn ætli ekki alla leið inn í Evrópubandalagið.

Það eru nokkur minni háttar atriði í skýrslunni sem ég ætla ekki að taka tíma í frekar. Ég er þegar kominn aðeins yfir þann hálftíma sem ég ætlaði mér til málflutnings hér. Það eru svolitlir meinbugir fyrir utan ritvillur í skýrslunni. Ég rak t.d. auga í það á bls. 11, svo farið sé í sparðatíning sem þó er ekki við hæfi undir lokin, að þar er talað um menningarmálanefndina þegar um er að ræða menningarmálasjóðinn og starfsreglur hans og annað slíkt. Það þarf því kannski að líta yfir það þannig að um samræmda þýðingu verði að ræða. A.m.k. á þetta við ef borin er saman norræni textinn og sá íslenski. En ég endurtek þakkir til forsrh. fyrir það að koma fram með skýrsluna og hlýða á mál manna hér. Ég treysti honum til þess að íhuga þau efni sem hér eru rædd hver sem í hlut á og að leggjast á sveif með okkur um að reyna að halda því sem mögulegt er og varðar íslenska hagsmuni. Auðvitað eigum við líka að vera hollráðir gagnvart frændum okkar á Norðurlöndum og gæta þess að þeir lendi ekki á bólakaf í þá ófæru sem þeir eru að halda í áttina til, inn í sjálft Evrópubandalagið.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þessa skýrslu sem okkur hefur borist á íslensku. Við höfum að vísu fengið hana fyrir nokkru á einhverju máli Norðurlanda sem ég man ekki lengur hvert var. En það er mikilvægt fyrir okkur að fá hana á íslenskri tungu og að heyra viðhorf þingmanna á innihaldi hennar. Því miður virðist það vera svo að það erum fyrst og fremst við, fulltrúar í Norðurlandaráði, sem tjáum okkur um innihald hennar. Auðvitað hefði verið betra að við fengjum sjónarmið einhverra annarra en okkar, sem höfum hist á fundum áður, en það verður þá að hafa það þó þingmenn tjái sig ekki um innihald þessarar skýrslu. Ég held þó að segja megi um flesta ef ekki alla Íslendinga og þar með talda þingmenn, að þeir telji norrænt samstarf mjög mikilvægt. Í mínum huga er það einnig svo og ég hef merkt hér í máli manna að mjög mikilvægt sé að norrænt samstarf verði eflt en ekki úr því dregið. Ég held að það sé nauðsynlegt að endurskoða samstarfið á hverjum tíma, ekki síst nú í ljósi breyttra aðstæðna í Evrópu allri. Þá er ég ekki einungis að líta til Evrópubandalagsins heldur ekkert síður til Austur-Evrópu og þeirra breytinga sem þar hafa átt sér stað. Mér finnst skýrslan hins vegar líta allt of mikið til Evrópubandalagsins eingöngu en ekki til þeirra aðstæðna sem óhjákvæmilega hafa áhrif á norrænt samstarf, þ.e. aðstæðurnar í Austur-Evrópu.

Samvinna Norðurlanda á alþjóðavettvangi er mjög mikilvæg, ekki eingöngu í Norðurlandaráði heldur ekki síður annars staðar t.d. á sviði Sameinuðu þjóðanna, RÖSE, EFTA og víðar þar sem Norðurlandaþjóðir hafa staðið saman og reynt að styrkja rödd sína með því að tala einróma eins og hægt er, þó það hafi auðvitað ekki alltaf tekist.

Ég þarf kannski ekki að hafa langt mál um það sem hér hefur komið fram. Ég get t.d. tekið undir flest af því sem fram kom í máli hv. 1. þm. Austurl. þar sem hann fór nánast í gegnum hvert einasta svið. Ég tel að það sé óþarfi að ræða það sérstaklega, en ég held að það sé mjög mikilvægt að við á Íslandi stöndum vörð um marga þætti því mikilvægt er að okkar þáttur sé þarna inni. Ég er sannfærð um að Íslendingar hafi fengið meira út úr norrænu samstarfi en flestir aðrir og þá er ég ekki að tala um á vettvangi Norðurlandaráðs eingöngu heldur á mörgum öðrum sviðum. Ég get t.d. nefnt svið sem ég þekki nokkuð vel og það er á sviði rannsókna. Þar hefur verið mjög víðtækt samstarf, t.d. rannsóknir á norðurslóð. Samvinna á milli Norðurlanda í rannsóknum, bæði í hafi og á landi, hefur ver-

ið Íslendingum mjög mikilvægt. Við erum mjög fá og getum í raun ekki farið ein út í það viðamiklar rannsóknir sem þarf að gera á ýmsum sviðum. Við verðum því að hafa samvinnu við aðra og samvinna við Norðurlöndin á þessu sviði er okkur mjög mikilvæg.

Við höfum líka haft samstarf á mörgum öðrum sviðum, t.d. á sviði sjávarútvegsmála, iðnaðar og ég tala nú ekki um á sviði menningarmála þannig að þetta eru allt svið sem ég tel mjög mikilvæg og ég treysti mér mjög illa til að segja að þarna sé eitt mikilvægara en annað þó að það sé alveg rétt, sem bæði kemur fram í þessari skýrslu og margoft hefur verið talað um, að það er mjög mikilvægt að það sé farið yfir sviðið og passað að ekki sé um tvíverknað að ræða eða verið að gera sömu hlutina í mörgum hornum. En ég held að það séu allir eða flestallir sammála um að norrænt samstarf hefur verið okkur mjög mikilvægt og er mjög mikilvægt í framtíðinni.

Þegar lesið er í gegnum þessa skýrslu er gengið út frá því að flest ef ekki öll Norðurlöndin verði aðilar að Evrópubandalaginu. Ég tel mjög óraunhæft að gera ráð fyrir því að þó að ríkisstjórnir flestra Norðurlanda, og þá undanskil ég íslensku ríkisstjórnina, hafi haft það á stefnuskrá sinni og sumar búnar að sækja um aðild að Evrópubandalaginu, þá er fólkið í löndunum því ekki sammála þannig að ég get ómögulega skilið að það sé hægt að leggja upp með skýrslu sem þessa og miða allt samstarf út frá möguleika sem á allan hátt er óraunhæfur. Bara það væri nægjanlegt til þess í raun að segja að það þurfi að endurskrifa og endurskoða þessa skýrslu alla. En ef við gerum ráð fyrir því, sem flestir gera ráð fyrir, að það verði af hinu Evrópska efnahagssvæði þá sé ég heldur ekki að samstarf Norðurlanda geti verið með þeim hætti sem ég hefði helst viljað sjá það. Þó hefur því verið haldið fram að það sé hægt og ef við gerum þá ráð fyrir því þyrfti auðvitað að styrkja þetta samstarf. En því miður finnst mér ekki að það gangi upp með þeim hætti sem þessi skýrsla gerir ráð fyrir. Það gengur alls ekki upp ef ætlunin er að auka norrænt samstarf. Það get ég ómögulega séð. Orðin segja að það eigi að gera það en þegar kemur að framkvæmdinni þá virðist mér alls staðar eiga að draga úr og frekar stefna að því að það verði að engu.

Ég hef ekki verið lengi í Norðurlandaráði, aðeins í eitt ár. Mér hefur fundist þingið vera ákaflega valdalítið og hafi lítið að segja og hefði frekar talið að það þyrfti að breyta því í þá átt að auka vald þess og áhrif en ekki að veikja það eins og mér finnst vera gert ráð fyrir í þessum tillögum. Mér finnst vera mjög mikil tilhneiging í þá átt í því sem þarna kemur fram. Ég er líka ósammála því sem kemur fram, að því er virðist, nú er þetta allt frekar óljóst, en ég les þannig úr þessu að ráðherrarnir eigi ekki að sitja fundi ráðsins. Það stendur reyndar orðrétt á bls. 42: „Ráðherrar eiga því ekki að sitja fundi ráðsins eins og hingað til með því að láta skipa sig fulltrúa í sendinefndum ríkjanna hjá Norðurlandaráði.“ Að vísu hélt ég að þeir væru ekki skipaðir fulltrúar eða létu skipa sig fulltrúa í sendinefndirnar en það er nú kannski misskilningur hjá mér, en ég átta mig ekki á hvernig þetta samstarf á milli þinganna og ráðherranefndanna á að fara fram. Er t.d. meiningin að viðræður milli ráðherranna og nefndanna eigi að falla niður? Ég átta mig ekki á hvernig þetta mun geta komið út ef þetta er raunin. Mig langar að nefna í tilefni af orðum hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifs Guttormssonar, að það kom greinilega fram hjá Carl Bildt í Svíþjóð þegar hann gerði grein fyrir þessar skýrslu eða eins og menn túlkuðu hans orð, ég heyrði ræðuna auðvitað ekki, en hann sagði: Það er verið að klippa á milli ráðsins og ráðherranna. Það var hans boðskapur til þingsins að þarna væri algerlega verið að skilja á milli. Og ef það er rétt túlkun hjá honum, þá líst mér mjög illa á þetta.

Ég tel einnig að það sé mjög sérkennilegt að gera ráð fyrir því, eins og ég reyndar sagði áðan, að allt þetta skuli horfa til Evrópubandalagsins og ekki neitt annað og átta mig alls ekki á hvernig Norðurlöndin, ef þau ganga í Evrópubandalagið eins og er gert ráð fyrir í þessari skýrslu, muni auka möguleikana til aukins samráðs norrænna þingmanna. Mér finnst þetta allt rekast hvað á annars horn, þau orð sem þarna eru sögð, þ.e. auka norrænt samstarf og svo þær tillögur sem lagðar eru fram.

Það hefur verið gert hér að umtalsefni að lagt er til að skera niður t.d. sérstök verkefni um ⅓ og það eigi að koma upp einum menningarsjóði. Það er auðvitað gott og gilt að auka samstarfið á sviði menningarmála en við hljótum að setja spurningarmerki við það hvort við séum tilbúin til að fórna öllu því sem þarf að fórna fyrir þennan eina sjóð.

Það eru auðvitað fjölmörg verkefni sem sjálfsagt má hætta við og skera niður og sameina öðrum, en ég á ákaflega erfitt með að sjá að það sé hægt að skera niður á þann hátt sem þarna er verið að gera nema það komi mjög alvarlega niður á mjög mikilvægum samstarfsverkefnum, m.a. mjög mikilvægum fyrir okkur Íslendinga. Það hefur hins vegar ekki legið fyrir nákvæmlega hvernig á að útfæra þetta en því hefur verið haldið fram eins og nú er háttað, að það fé, þessar 80–100 millj. danskra króna, sem þarna verður þá eftir í sérstök verkefni, verði meira en upp urið ef forgangsverkefnin eingöngu verða tekin. Þá verði nú þegar að skera niður forgangsverkefnin ef þetta gengur eftir. Og það er spurning hvort það hafi verið athugað hvaða afleiðingar þetta hefur og ég hlýt að draga þá ályktun að það hafi ekki verið athugað hvaða afleiðingar slíkar tillögur gætu haft fyrir norræna samvinnu. Ég hef verulega miklar áhyggjur af því ef þessar tillögur ná fram að ganga og ég vænti þess að íslenski forsrh. muni gagnrýna þetta og reyna að ná fram breytingum á þessu sviði. Þar fyrir utan býst ég við að við séum ekki ein um það að gagnrýna þessa áherslu og hef raunar ýmislegt fyrir mér í því sambandi það sem ég hef heyrt í norrænum þingmönnum.

Ég get bara tekið sem dæmi samstarf á sviði umhverfismála sem er eitt af forgangssviðunum sem nefnd eru í þessu plaggi. Ég tel að það sé eitt svið sem er okkur mjög mikilvægt og raunar heiminum öllum, en ef við tökum bara þau svið sem þar eru, svið á forgangslista varðandi umhverfismál, þá held ég að það

sé ekki mjög mikill afgangur eftir í önnur svið eða verkefni. Ég hefði talið eðlilegt að t.d. varðandi verkefni á sviði ýmissa mála eins og t.d. umhverfismála, þá ætti áherslan að fara meira til umhverfisnefndar Norðurlandaráðs og hún mundi raða forgangsverkefnum upp og deila niður fjármagni til verkefna fremur en það sé eingöngu gert á vettvangi ráðherranna. Þannig mundu þingmennirnir koma meira inn í ákvarðantökuna og bera meiri ábyrgð á þeim áherslum sem þarna eru lagðar.

Ég var búin að merkja við nokkuð mörg atriði hér og þar í þessa skýrslu sem ég hefði gjarnan viljað fá nánari skýringar á. Sumt eru atriði sem e.t.v. eru mjög óljós eins og mér hefur sýnst koma fram. Mörg af þeim hafa komið fram nú þegar þannig að ég ætla ekki að taka nema nokkur atriði og þá kannski fyrst það sem ég tel af hinu góða. Ég tel t.d. af hinu góða að forsætisráðherrarnir komi með meira afgerandi hætti inn í norrænt samstarf að svo miklu leyti að vísu sem þeir hafa tíma til en ég hef verið þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að hafa samstarfsráðherra einnig til að taka yfir ákveðin verkefni því að forsrh. hafa yfirleitt það mikið á sinni könnu að kannski er erfitt að *þeir hafi algerlega umsjón með þessu starfi*. Það vantar auðvitað inn í þetta meiri og skýrari verkaskiptingu og nákvæmlega hvað samstarfsráðherrum er ætlað að gera en það hefur verið upplýst hér á öðrum vettvangi að það sé verið að vinna að þeim málum þannig að það verður sjálfsagt ljósara þegar lengra kemur. En það sem mér líkar auðvitað illa við er þessi samstarfshópur eða stjórn háttsettra embættismanna sem á að því er virðist að hafa mjög mikilvægu hlutverki að gegna og stjórna meira og minna því sem þarna fer fram. Ég tek undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram hjá öðrum að mér líst ekkert á það fyrirkomulag.

Ég vil einnig taka undir það sem hér hefur verið sagt varðandi ritara nefnda. Ég tel að þau rök, sem mæla gegn því að þeir flytji til skrifstofu landsdeildanna, séu miklu veigameiri og ég vil upplýsa það hér að t.d. Danir telja slíkt hið sama og eru mjög óánægðir með að reiknað skuli vera með því í þessum tillögum, enda eru þetta bara tillögur sem eru til umræðu og verði þá væntanlega að breyta. Ég sé ekkert athugavert við það þó að skrifstofur Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar séu undir einu þaki en ég tel mjög mikilvægt að halda sjálfstæði hvorrar um sig og að ekki verði farið að grauta saman þessum tveimur þáttum.

Ég verð að segja það að mér fannst hlutur sjálfstjórnarsvæðanna í lausu lofti í þessu plaggi og eins fannst mér, þó að það gleddi mig auðvitað að Vestur-Norðurlönd væru tekin sérstaklega þarna sem sérstakur pakki, þá fannst mér ekki alveg nógu skýrt að það verður að vera áfram áhersla á það samstarf. En almennt vildi ég segja um þessa skýrslu að þó að mikið sé um jákvæð orð í henni, þ.e. um að efla og auka norræna samvinnu, þá held ég því miður að það módel sem þarna er lagt upp með og kemur fram í skýrslunni *gangi alls ekki upp ef ætlunin er að auka norrænt* samstarf. Það þarf sem sagt að endurskoða þessa skýrslu nánast frá grunni ef við ætlum ekki að gera norrænt samstarf að engu.

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Skýrsla sú, sem hér er til umræðu, er afrakstur nefndar forsætisráðherra Norðurlanda sem fékk það hlutverk að endurmeta norræna samvinnu í kjölfar Maríuhafnaryfirlýsingarinnar með tilliti til breyttra aðstæðna í Evrópu. Meginatriði í endurmatinu eru: Nýjar forsendur norrænnar samvinnu vegna samruna Evrópuríkja, samvinna Norðurlanda við nágrannaríki, einkum Eystrasaltsríkin og svæðið kringum Eystrasalt, og í þriðja lagi þær skipulagsbreytingar sem tillögur til úrbóta miðast við, þar með talin hugsanleg breyting á Helsingforssáttmálanum. Hér mun einkum fjallað þau atriði sem vöktu sérstaka athygli mína og ástæða er til að staldra nokkuð við.

Það er ljóst að norræn samvinna hefur um nokkurt skeið verið í eins konar tilvistarkreppu. Samstarfið er í föstum skorðum. Akurinn er vel plægður og þetta gengur allt sinn vanagang en það vantar e.t.v. þann neista sem þarf til að gera þetta samstarf jafnáhugavert og spennandi og vaxandi samstarf við önnur Evrópulönd vissulega er um þessar mundir. Áherslan og áhuginn beinist þangað, enda eru Norðurlöndin sem óðast öll að innsigla þá samvinnu með formlegum hætti þessa dagana. Þetta þýðir þó ekki að dregið hafi úr þörf fyrir norræna samvinnu heldur hefur eðli hennar breyst og það er nánar fjallað um það á bls. 18 í skýrslunni. Tíminn, sem valinn er til að endurmeta norræna samstarfið, er heppilegur að því leyti að það er gert í tengslum við þær breytingar sem fylgja samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og inngöngu fleiri Norðurlanda í EB.

Í skýrslunni eru nefndar fjórar meginástæður fyrir samvinnu milli ríkisstjórna: Í fyrsta lagi samvinna innan Norðurlanda, í öðru lagi norræn samvinna innan EES og EB, í þriðja lagi hagsmunagæsla Norðurlanda utan EES og EB og í fjórða lagi stöðug samvinna tveggja eða fleiri Norðurlanda um sameiginleg eða svæðisbundin mál.

Þessar forsendur eru allar mjög mikilvægar og miða að því að styrkja stöðu Norðurlanda, bæði innan landanna sjálfra og út á við og það er ljóst að með vel skipulögðu samstarfi Norðurlandanna innan Evrópska efnahagssvæðisins, Evrópubandalagsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu geta þau betur gætt hagsmuna sinna sem heild en hvert einstakt land væri fært um að gera.

Ein af meginbreytingunum, sem gert er ráð fyrir samkvæmt skýrslunni, er að forsætisráðherrar landanna taki ákveðnari forustu í norræna samstarfinu en verið hefur til þessa. Það gerir stjórnunina pólitískari og er í raun viðurkenning á mikilvægi þessarar samvinnu að forsætisráðherrar landanna komi hér ákveðnar að verki en áður hefur tíðkast. Jafnframt þessu er gert ráð fyrir að formenn í nefndum, ráðherranefndum, forsætisnefnd og öðrum nefndum Norðurlandaráðs verði virkari og er það mjög af hinu góða.

Í skýrslunni er gert ráð fyrir að fram fari nákvæmt mat á þeim 40 stofnunum sem starfa á norrænum vett-

vangi. Þær eru að öllu eða nokkru leyti fjármagnaðar með norrænni fjárhagsáætlun. Það er ljóst að stór hluti af fjármunum norrænnar samvinnu eða 41,9% er bundinn með þessum hætti. Það er sjálfsagt og nauðsynlegt að metið verði hvort þær verði í framtíðinni á norrænu fjárlögunum eða kostaðar á annan hátt. Að þessu þurfum við Íslendingar sérstaklega að huga og standa vörð um þær norrænu stofnanir sem eru hér á landi, svo sem Norræna húsið og Norrænu eldfjallastöðina. Einnig er gert ráð fyrir að draga stórlega úr þeim fjármunum sem varið er til norrænna verkefna. Eingöngu verði um að ræða verkefni sem séu í samræmi við pólitísk markmið og forgangsröðun sem ríkisstjórnir Norðurlanda vilja beita sér fyrir. Á þennan hátt og með hugsanlegum sparnaði við norrænar stofnanir er ætlunin að skapa skilyrði fyrir ný verkefni á menningarmálasviðinu sem gert er ráð fyrir í tengslum við tillögu um að stofna norrænan menningarmálasjóð.

Það er mikilvægt að í þessum efnum öllum verði farið með gát og ekki skorið of grimmt niður það sem ekki hefur forgang. Ég nefni sem dæmi upplýsingaskrifstofur í Eystrasaltslöndunum, Verkefna- og útflutningssjóðinn og Norræna iðnþróunarsjóðinn. Lögð er áhersla á nokkur samstarfssvið í innra samstarfi Norðurlanda sem hafi forgang á næstu árum. Þau eru menningarmál, félagsmál, umhverfismál og efnahagsleg samvinna. Á öllum þessum sviðum standa Norðurlöndin mjög framarlega á alþjóðavettvangi og litið er til þeirra sem fyrirmyndar í samfélagi þjóðanna. Þannig gætu Norðurlöndin tekið sameiginlegt frumkvæði í sínar hendur í Evrópusamvinnunni, t.d. í umhverfismálum og félagsmálum.

Ég nefndi áðan þá tillögu að stofna norrænan menningarmálasjóð sem ætlað er að styðja norræn verkefni er stuðla einkum að því að efla norræn sérkenni og sameiginlegar áherslur í menningarmálum, einkum á sviði rannsókna, menntunar, barnamenningar og ungmennaskipta og samvinnu á sviði kvikmynda og fjölmiðla. Í tenglsum við þessa tillögu er mörgum spurningum ósvarað. Hvernig verður háttað uppbyggingu sjóðsins og hvenær verður hægt að hefja úthlutanir úr honum? Í skýrslunni kemur ekki skýrt fram hvort sjóðurinn auki framlög til menningarmála miðað við þau framlög sem nú er varið til þess málaflokks. Það verður að standa vörð um menningarsamvinnuna og tryggja að sá málaflokkur beri ekki skarðan hlut frá borði í allri þessari endurskipulagningu. Gert er ráð fyrir að ríkisstjórnir Norðurlanda skipi stjórn sjóðsins, skýrslum um starfsemi hans verði skilað til menningarmálaráðherranna, eftirlitsnefnd fylgist með starfseminni og árlega verði gerð grein fyrir starfsemi hans í Norðurlandaráði. Mikilvægt er að í stjórn sjóðsins sitji ekki eingöngu embættismenn heldur komi þingmenn þar að og sérstaklega verði hugað að tengslum við menningarmálanefnd Norðurlandaráðs.

Norræn samvinna er einstök í sinni röð í heiminum. Hún byggist á einstæðu samstarfi almannasamtaka, þingmanna og ríkisstjórna. Þátttaka þingmanna hefur stuðlað að því að norræn samvinna hefur í meira mæli en ýmis önnur alþjóðleg samvinna orðið samvinna milli samfélaga, ekki aðeins samstarf ríkja. Hlutverk Norðurlandaráðs og þingmanna í þessu sambandi er ákaflega þýðingarmikið og það ber að styrkja og draga enn frekar fram mikilvægi þess en fram kemur í skýrslunni.

Einnig er mikilvægt að ekki verði dregið úr ráðherrasamvinnunni og tengslum ráðherranna við Norðurlandaráð. Skynsamlegt er að sameina skrifstofur ráðherranefndarinnar og forsætisnefndar. Ávinningurinn af þeirri hagræðingu sé notaður til að auka getu skrifstofunnar til að vera rannsóknastofnun fyrir starfið gagnvart málum sem afgreidd verða á vettvangi Evrópu. Hins vegar tel ég ekki rétt að ritarar fastanefndar séu skipaðir í því ríki sem fer með formennsku í viðkomandi nefnd og eigi þar starfsvettvang. Ég tel nauðsynlegt að nefndaritarar starfi allir á sama stað á sameiginlegu skrifstofunni til að tryggja samfellu í starfinu og samvinnu þeirra á milli.

Ég legg áherslu á að við Íslendingar gefum sérstakan gaum að þeim málum sem mestu skipta fyrir Ísland. Í því sambandi nefni ég sérstaklega vestnorrænu samvinnuna, þ.e. svæðisbundið samstarf í atvinnumálum, þar með talin sjávarútvegsmál.

Norræn samvinna skipar sérstakan sess í hugum Norðurlandaþjóðanna. Hinn sameiginlegi menningararfur tengir okkur traustum böndum. Náin samskipti fólks eru mikilvægur grundvöllur allrar norrænnar samvinnu. Hin fjölbreytta starfsemi Norrænu félaganna og almannasamtaka gefur norrænu samfélagi breidd sem mikilvægt er að huga að á komandi árum.

Tillögurnar ef af þeim verður fela í sér miklar breytingar og uppstokkun á samstarfi Norðurlanda. Ef vel tekst til ala þær af sér nýjar hugmyndir og nýtt blómaskeið í norrænu samstarfi.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. hefur í dag gert Alþingi grein fyrir skýrslu sem til er orðin eftir að nefnd var skipuð fyrir tæpu ári til að gera úttekt á norrænu samstarfi og endurmeta það, bæði form, starfshætti og skipulag.

Þessi úttekt á norrænu samstarfi og samstarfsháttum var tvímælalaust tímabær ekki hvað síst í ljósi allra þeirra breytinga sem orðið hafa í okkar heimshluta síðustu ár og missiri. Ekki skal úr því dregið hér að norrænt samstarf undanfarna áratugi hefur borið ótrúlega mikinn ávöxt. Hið formlega norræna samstarf, þ.e. samstarf þinganna og ríkisstjórnanna, sem hér er einkum til umræðu er þó eins og svo ágætlega hefur komið fram í þessari umræðu eingöngu lítill hluti af því víðtæka frjálsa samstarfi sem blómstrar milli þessara þjóða, milli félaga og félagasamtaka, einstaklinga, stofnana og fyrirtækja og nær til allra sviða þjóðlífsins og mannlegra samskipta.

Hinu formlega norræna samstarfi, þ.e. samstarfi þinganna á vettvangi Norðurlandaráðs og samstarfi ríkisstjórnanna í mynd norrænu ráðherranefndarinnar, hafa hins vegar óneitanlega verið settar vissar pólitískar skorður vegna mismunandi stöðu landanna í heimspólitíkinni sem aftur hefur verið afleiðing af söguleg-

um og landfræðilegum staðreyndum. Þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir þá reglu að meiri hluti atkvæða skuli ekki ævinlega ráða úrslitum mála hefur auðvitað afar margt vel til tekist í hinu norræna samstarfi. Þar nefni ég t.d. félagsmálasáttmálann, samninginn um afnám vegabréfaskyldu, sameiginlegan vinnumarkað og fleira sem of langt er upp að telja og raunar óþarfi hér því viðstöddum er það mætavel kunnugt.

Með tilkomu hins Evrópska efnahagssvæðis, sem öll Norðurlöndin munu væntanlega eiga aðild að, með gjaldþroti kommúnismans og hruni Sovétríkjanna og stækkun Evrópubandalagsins varð deginum ljósara að óbreytt, formlegt norrænt samstarf þurfti breytinga við, þurfti kannski vítamínsprautu. Það var einkum í ljósi þessa sem ég hef nefnt sem niðurstaða forsætisráðherranna varð sú að láta fara fram úttekt á þessu samstarfi.

Skýrslan sem hér hefur verið til umræðu skýrir sig sjálf í megindráttum þótt enn skorti vissulega nánari útfærslu og lýsingu á ýmsu því sem þar er um fjallað. Nefni ég þá sérstaklega það sem mjög hefur borið á góma í þessari umræðu, þ.e. hinn fyrirhugaða menningarsjóð. Gert hafði verið ráð fyrir því að þegar þessi umræða færi fram lægi fyrir nánari útfærsla á því hvernig hann mundi starfa, en þær upplýsingar hafa ekki borist enn og það skal játað alveg hispurslaust að ýmislegt, eins og það mál liggur fyrir núna, sýnist mér að gæti orkað tvímælis og þurfa a.m.k. nánari skýringa við.

En sú meginbreyting sem hér er gert ráð fyrir er sú að forsætisráðherrar landanna verði oddvitar samstarfsins í ríkara mæli en verið hefur til þessa og hafi meiri forsögu um að móta hina pólitísku stefnu samstarfsins og taka virkari þátt í því að öllu leyti. Það má raunar segja að svo hafi þetta verið við upphaf norræna samstarfsins og því séum við að vissu leyti að hverfa til upprunans.

Tvo síðustu áratugi hefur það verið svo að einn af ráðherrum hverrar ríkisstjórnar á Norðurlöndunum hefur farið með samræmingarhlutverk í norrænu samstarfi, gegnt embætti samstarfsráðherra. Hann hefur stjórnað fjárlagagerð ráðherranefndarinnar, haft umsjón með verkefnum sem ekki féllu undir eitt ákveðið stjórnsýslusvið og farið með ýmis önnur mál í sambandi við rekstur skrifstofu ráðherranefndarinnar.

Staðreyndin hefur hins vegar orðið sú og þróunin hefur orðið sú að samstarfsráðherrarnir hafa aðeins að mjög takmörkuðu leyti í raun borið pólitíska ábyrgð á stefnumörkun og mótun samstarfsins. Ég get alveg viðurkennt það að sem samstarfsráðherra hefur mér stundum fundist skorta á pólitíska stefnumótun í norrænu samstarfi og ég fagna því að nú hefur verið kveðið upp úr um það að hið pólitíska frumkvæði og hin pólitíska stefnumótun muni samkvæmt tillögu nefndarinnar vera í höndum forsætisráðherranna.

Nokkur breyting verður samkvæmt þessum tillögum gerð á verksviði samstarfsráðherranna. Þeir verða sérlegir fulltrúar forsætisráðherranna og munu áfram verða fjárlagaráðherrar ráðherranefndarinnar og samræmingaraðilar norrænna málaflokka en ýmis verkefni sem áður voru á könnu samstarfsráðherranna flytjast samkvæmt þessum tillögum til nýju nefndarinnar, hinnar norrænu samstarfsnefndar, sem leysa mun hina svokölluðu staðgenglanefnd af hólmi.

Sú nýja samstarfsnefnd fær víðara verksvið en staðgenglanefndin hafði og myndar formlega stjórn skrifstofu ráðherranefndarinnar og mun sinna ýmsum stjórnunar- og skipulagsverkefnum sem áður voru formlega hjá samstarfsráðherrunum.

Það hefur komið fram að í þessari skýrslu felist níu meginatriði sem horfa til breytinga. Til þess að nefna þau í örstuttu máli er fyrst að telja:

Í fyrsta lagi að forsætisráðherrarnir verði oddvitar samstarfsins.

Í öðru lagi að sama landið, þ.e. það land sem hefur forustu í norræna samstarfinu það árið, hafi með höndum formennsku í öllum ráðherra- og embættismannanefndum.

Í þriðja lagi að náin norræn samvinna verði um þau mál sem eru á dagskrá Evrópska efnahagssvæðisins, Evrópubandalagsins og á öðrum svæðisbundnum samstarfssviðum.

Í fjórða lagi að samvinna á sviði utanríkis- og öryggismála verði aukin.

Í fimmta lagi að ríkáhersla verði lögð á náið samstarf við Norðurlandaráð, m.a. með því að ríkisstjórnir geri ráðinu víðtæka og rækilega grein fyrir framvindu og stöðu mála sem snerta Evrópusamstarfið.

Í sjötta lagi að framlag til menningarmála verði stóraukið með menningarmálasjóðnum sem ég nefndi áðan. Að vísu er þess skylt að geta að ekki liggur fyrir að það takist með niðurskurði að afla jafnmikils fjár og menn gera ráð fyrir á þessari stundu. Ég er ekki fullkomlega sannfærður um að það verði auðvelt mál.

Í sjöunda lagi að haldið verði áfram að vinna að og efla þá málaflokka sem kalla má samnorræna í eðli sínu.

Í áttunda lagi að stuðlað verði að enn frekari samvinnu þeirra aðila í frjálsri félagastarfsemi sem eru virkir í norrænni samvinnu og eru jafnstór og veigamikill þáttur samvinnunnar og raun ber vitni.

Í níunda lagi að unnið verði að þeim breytingum á norræna stjórnkerfinu að það falli að þessu meginmarkmiðum skýrslunnar.

Þar ber auðvitað hæst tillöguna um að skrifstofur Norðurlandaráðs, eða forsætisnefndar og ráðherranefndar, verði undir sama þaki. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að það sé skynsamleg tillaga en tek undir með þeim sem hér hafa sagt að þar verða áfram að vera skil á milli. Tillagan um að flytja nefndaritarana til þess lands þar sem formenn nefndanna eiga heima er ekki skynsamleg eins og öllum sem hér hafa talað ber held ég saman um.

Það er auðvitað afar margt sem nefna má til viðbótar í þessari umræðu. Það má spyrja hvort sérstöðu Íslands hafi verið gætt nægilega í umfjöllun þessarar nefndar. Ég hygg að svo sé eftir því sem unnt er í slíku samstarfi. Það má líka spyrja hvort sérstöðu hins vestnorræna svæðis hafi nógsamlega verið gætt í þessari umfjöllun. Ég held að það sé okkar hlutverk að

halda fram hlut þessa svæðis í hinu norræna samstarfi. Við höfum gert það og við þurfum að leggja á það aukna áherslu.

Þá má líka spyrja sem svo hvort þessi endurskoðunarnefnd hafi gert sér nægilega skýra grein fyrir mikilvægi heimskautasvæðanna fyrir Ísland og hið norræna samstarf í framtíðinni. Það er bjargföst sannfæring mín að samstarf okkar bæði á Norðurlöndunum og samstarf Norðurlandanna við ýmsar aðrar þjóðir mun mjög í vaxandi mæli beinast að heimskautasvæðunum sem hafa með ýmsum hætti öðlast aukið mikilvægi og verðmæti á undanförnum árum. Þar þarf m.a. að sinna t.d. umhverfismálum í ríkara mæli en gert hefur verið.

Þá má líka spyrja sem svo hvort efnistök séu þannig í þessari skýrslu að austursvæðinu, og á þetta höfum við Íslendingar nokkuð oft minnst, þ.e. Eystrasaltinu og samstarfinu í þá áttina, sé gert hærra undir höfði í þessari umfjöllun en samstarfinu vestan til. Og þá má líka nefna, eins og hér hefur raunar verið gert, hvort gera hefði átt sjálfstjórnarsvæðunum eitthvað hærra undir höfði í þessari umfjöllun en skýrslan gerir. Ég hygg þó að þeirra hlutur sé með nokkuð eðlilegum og skynsamlegum hætti en auðvitað geta menn haft á því fleiri en eina skoðun.

Ég tel fyrir mitt leyti þessa skýrslu vera jákvæða en játa jafnframt að þar er ekki allt nægilega skýrt enn sem komið er. Það var kominn tími til að gera breytingar á norræna samstarfinu. Svona samstarf hlýtur að breytast og það er kannski eðli þess að breytast hægt og hægt smám saman en öðru hverju gerast stærri breytingar og við stöndum einmitt andspænis slíkri breytingu núna. Og við eigum þá ekki að flýta okkur um of og gaumgæfa það sem verið er að gera og stíga ekki skrefið fyrr en við erum bærilega sáttir í samráði við þá sem við störfum með að það sé skynsamlegt sem við ætlum að gera. En auðvitað er eðlilegt að þau séu skiptar skoðanir um það sem verið er að gera og við þurfum að ræða það. Þessi umræða er mjög af hinu góða. Meðal þingmanna sem sæti eiga í Norðurlandaráði hefur þetta tvisvar sinnum áður verið rætt. Í fyrra skiptið að tilhlutan samstarfsráðherra en nú alveg nýlega að tilhlutan forsætisráðherra.

Ég ítreka það að ég fagna þessari umræðu. Hún er gagnleg og mikilvæg en mér hefur kannski fundist að það gætti svolítið um of svartsýni hjá einstökum hv. þm. Að menn leituðust kannski við að draga frekar fram það sem þeir sæju neikvætt. En ég held að það sé ekki alveg tímabært en auðvitað er rétt og gott að á það sé bent.

Það hefur verið nefnt hér að embættismannanefndum mundi fækka. Það er rétt að gert er ráð fyrir því. Ég er ekki viss um að það sé endilega slæmt. Við ítarlega athugun sem fram hefur farið á nefndastarfi á sviði umhverfismála kom í ljós að þar var hægt að einfalda hlutina vegna þess að nefndir, vinnuhópar og starfshópar voru að fjalla töluvert mikið um sömu hlutina og jafnvel án þess að hafa mjög mikla og ítarlega vitneskju hver um annars starf. Ég held þess vegna að fækkun embættismannanefndanna ef rétt er á haldið kunni að leiða til aukinnar skilvirkni og hagræðingar.

Þá hefur það líka verið rætt hér að ráðherrar ættu að sækja fundi Norðurlandaráðsþingsins í auknum mæli. Það má rétt vera. Mér hefur sýnst að á hinu háa Alþingi höfum við fylgt þeirri starfsreglu að ráðherrar sæktu þessi þing ef þeir ættu þangað erindi. Ég hef setið velflest Norðurlandaráðsþing frá 1978 fram til 1989 og síðan 1991. Ég man eftir einu tilviki þar sem hæstv. ráðherra sat allt þingið án þess að eiga beint erindi á ráðherrafund. Ég veit ekki hvort menn telja slíkt af hinu slæma. Ég held að svo þurfi ekki að vera. Það er út af fyrir sig hægt að taka mjög sterkt undir þá skoðun að ráðherrar eigi að sækja þessa fundi vel og vera þar til að svara fyrirspurnum en þá er samtímis ekki hægt að gagnrýna það á hinu háa Alþingi að nú séu velflestir ráðherrar í burtu og allt of margir þingmenn líka og setja á langar tölur um það efni eins og við höfum oftlega heyrt. Þessu samstarfi fylgja ferðalög. Hjá því verður ekki komist.

Hins vegar verð ég að segja að það er kannski svolítið áhyggjuefni hvað þetta alþjóðlega samstarf sem við tökum þátt í og viljum taka þátt í er orðið tímafrekt, fjárfrekt og mannfrekt. Þá er ég ekki bara að tala um alþingismenn og ráðherra heldur ekki síður embættismenn í Stjórnarráði og stjórnkerfi. Þetta er umhugsunarefni og við þurfum að gera okkur far um að reyna að ná þannig utan um þetta samstarf að þar nýtist allt sem best, fólk og fjármagn. Við viljum taka þátt í þessu samstarfi, það kallar óhjákvæmilega á ferðalög og það kallar líka á fjárútlát.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson nefndi sérstaklega Eystrasaltsráðið og þá samvinnu sem nú er verið að ræða um og Stoltenberg utanríkisráðherra Norðmanna beitir sér einkum fyrir varðandi Barentshafssvæðið. Það voru utanríkisráðherrar Danmerkur og Þýskalands sem höfðu einkum forgöngu um Eystrasaltsráðið, okkur var ekki boðið þar til þátttöku. Það hefur verið gagnrýnt, ekki bara af okkur heldur mörgum öðrum sem taka þátt í þessu samstarfi, m.a. Norðmönnum.

Varðandi það samstarf sem er í undirbúningi á Barentshafssvæðinu þá flutti norski utanrrríkisráðherra nýlega ræðu í Rovaniemi einmitt um það og þar kemur mjög skýrt fram að það sé sjálfsagt og raunar grundvöllur þess sem hann er að segja að Norðurlöndin öll verði aðilar að því samstarfi ásamt ýmsum fleirum ríkjum. Og þótt ég hafi ekki lesið þessa ræðu nema fremur lauslega þá skildi ég það svo að þetta samstarf ætti að vera öllum opið sem hefðu hagsmuna að gæta á þessu svæði eða teldu sig hafa það. Því sýnist mér að þarna hafi Norðmenn staðið töluvert mikið öðruvísi að verki en gert var þegar stofnað var til Eystrasaltsráðsins og ég lýsi þeirri skoðun að við eigum auðvitað að taka fullan þátt í þessu samstarfi, svo og öðru samstarfi pólþjóðanna eins og því sem kennt er við Rovaniemi þar sem til viðbótar við Norðurlöndin eru líka Rússland, Bandaríkin og Kanada.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa um þetta öllu fleiri orð. Það er rétt sem ýmsir ræðumenn hafa sagt, m.a. formaður Íslandsdeildar, hv. þm. Geir H. Haarde, að hér er ýmislegt óljóst, t.d. varðandi þennan menn-

ingarsjóð og raunar sitthvað fleira. Það skýrist vonandi áður en langt um líður og vonandi verða þær umræður, sem fram fara á aukaþinginu, fróðlegar og gagnlegar. Við þurfum þar mjög að halda vöku okkar en ég hef ekki áhyggjur af því að þær breytingar og sú niðurstaða, sem fæst úr þessum breytingum, verði hinu norræna samstarfi háskaleg eða hættuleg. Til þess á hið norræna samstarf allt of ríkan og sterkan stuðning í öllum þingum Norðurlanda.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér hefur farið fram ágæt umræða, það sem ég hef fylgst með, um þessa skýrslu sem hæstv. forsrh. leggur fyrir þingið um endurmat á norrænni samvinnu í framhaldi af því starfi sem verið hefur í gangi af því tilefni. Eðli málsins samkvæmt hafa þátttakendurnir fyrst og fremst verið hinir virku þátttakendur Alþingis Íslendinga í þessu samstarfi, þ.e. þeir sem sæti eiga í Norðurlandaráði og er það fullkomlega eðlilegt. Ég er ekki í þeim hópi en ætla engu að síður að leyfa mér að segja nokkur orð og gera þá sérstaklega að umtalsefni Vestnorræna samvinnu sem hér er lítillega vikið að. Ég tel það síður en svo lakara að einhverjir úr hópi þingmanna, sem ekki eru beinir þátttakendur í norræna samstarfinu, þ.e. eigi sæti í Norðurlandaráði, láti sig þessi mál varða. Reyndar sakna ég þess eins og fleiri hafa gert í sínu máli að hér mætti vera meiri áhugi á viðfangsefninu hvað viðveru snertir af því að ég er þeirrar skoðunar að norrænt samstarf sé þrátt fyrir allt ein mikilvægasta og dýrmætasta kjölfestan í utanríkistengslum okkar Íslendinga og okkur beri alveg sérstök skylda til að rækja það.

En fyrst og fremst er erindi mitt hingað að segja fáein orð um þann þátt þessarar skýrslu þar sem vikið er að vestnorrænu samstarfi. Ég þakka fyrir að það hefur fengið þarna nokkurt rúm, bæði er að því vikið beint í tillögum nefndarinnar og eins í sérstökum kafla í skýrslunni. Meginniðurstaða starfshópsins eins og fram kemur á bls. 15 er sú að vestnorræna samstarfið eigi áfram að vera forgangsverkefni af vissu tagi í norrænni samvinnu og að það sé ástæða til að gæta hagsmuna þess eða Vestur-Norðurlanda með því að slík svæðisbundin samvinna verði sýnilegri í hinu norræna samstarfi í heild sinni. Ég get tekið undir þessa niðurstöðu, ég held að þess þurfi að gæta sérstaklega að svæðisbundið samstarf af þessu tagi einangrist ekki frá norrænu samstarfi í heild sinni, það eigi að vera í góðum og beinum tengslum við norrænt samstarf yfirleitt.

Á hinn bóginn er ég jafnframt talsmaður þess að samskipti vestnorrænu þjóðanna þriggja og þjóðþinga þeirra þurfi að geta farið fram á sjálfstæðum forsendum eins og það hefur reyndar gert frá 1985. Ég er talsmaður þess að það skipulag verði varðveitt að Vestnorræna þingmannaráðið, sem er samstarfsvettvangur þjóðþinganna þriggja, sé áfram sjálfstæður vettvangur. Tengslin við hið norræna samstarf er auðvelt að útfæra með öðrum hætti en þeim, svo sem í gegnum það embættismannasamstarf og rekstur þeirra stofnana sem eru hluti af norræna samstarfinu í heild en einnig gæti vel komið til greina að einhvers konar tengsl yrðu mynduð með formlegum hætti milli Vestnorræna þingmannaráðsins og þinga Norðurlandaráðs.

Sú hætta hefur vissulega oft komið til umræðu á síðustu árum að ekki aðeins vestnorræna samstarfið sem slíkt heldur og jafnvel Íslendingar sem slíkir gætu staðið frammi fyrir minnkandi áhuga á þessu svæði Norðurlandanna sem liggur á vesturmörkum. Hugur manna hefur beinst í aðrar áttir eins og kunnugt er, bæði til austurs og suðurs og þess vegna er það fullkomlega eðlilegt að menn velti því fyrir sér og ræði: Er sú hætta raunverulega fyrir hendi að við Íslendingar og vestnorrænu þjóðirnar tökum að einangrast í vaxandi mæli frá hinum Norðurlöndunum og norrænu samstarfi?

Ég fagna því að andinn í þessari skýrslu er alls ekki í þá veru. Ég tel að eftir atvikum hafi tekist ágætlega til hvað þá grundvallarhugsun snertir að þessi bönd megi ekki á nokkurn hátt trosna. Og að sjálfsögðu er það svo að okkur ber að gera allt sem í okkar valdi stendur til að tryggja að svo verði ekki.

Ég get þess vegna stytt mál mitt með því að segja að ég er eftir atvikum bærilega sáttur við það hvernig fjallað er um hið vestnorræna samstarf að svo miklu leyti sem það kemur inn í þessa skýrslu.

Ég hefði að vísu vel getað hugsað mér að meiri uppskera hefði orðið af starfinu, bæði nefndastarfinu og umfjöllun forsætisráðherranna og því endurmati í heild sinni sem farið hefur fram hvað beinan stuðning við samstarf vestnorrænu þjóðanna snertir, t.d. í formi fjárstuðnings til meiri sameiginlegs reksturs sem tengdist vestnorræna samstarfinu beint.

Ég er þeirrar skoðunar að það væri mjög nauðsynlegt að geta komið upp einhvers konar skrifstofu og starfsmannahaldi sem sérstaklega sinnti þessum verkefnum. Sú þróun hefur á undanförnum árum orðið að skrifstofan á Íslandi hefur tekið við skrifstofuhaldi fyrir Vestnorræna þingmannaráðið og sér nú um það fast í stað þess að það var áður á höndum þeirrar þjóðar sem hélt fundinn hverju sinni. Þetta er til bóta en þeir sem þekkja til um þá fjármuni og þann mannafla sem við höfum til að sinna öllum þessum stóru og miklu verkefnum sem tengjast norrænu samstarfi vita auðvitað að þar er ekki miklu á bætandi.

Um tíma batt ég vonir við að út úr þessu starfi gæti komið meira hvað þetta snertir beint, að við fengjum aukinn stuðning við að byggja upp skipulagða starfsemi, skrifstofuhald og mannahald til að sinna vestnorrænum verkefnum sérstaklega. Það út af fyrir sig er ekki enda má segja að það hafi kannski ekki legið mjög vel við þegar sparnaðarandi svífur yfir vötnunum og talsverður niðurskurður er fyrirhugaður á sameiginlegum rekstri. (Gripið fram í.) — Hv. formaður þingflokks Alþfl. er kominn til að ræða um norrænt samstarf og ég fagna því, það er ekki seinna vænna og hefur mikið til málanna að leggja eins og vant er.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta, bæði vegna þess að það er ekki mikið meira um þetta að segja af minni hálfu en eins er það að bæði koma tillögur frá síðasta ársfundi Vestnorræna þingmannaráðsins fyrir þingið

innan skamms í formi þáltill. eins og vant er og síðar á árinu mun að sjálfsögðu verða lögð fram skýrsla um það samstarf og rædd á Alþingi og vísa ég til þess. Hitt er mér ekkert launungarmál að ég held að það muni reyna á þetta samstarf, kannski með nýjum hætti á næstu árum m.a. vegna þeirra miklu erfiðleika sem eru í atvinnulífi og efnahagsmálum vestnorrænu þjóðanna og á vissan hátt geta tengst samskiptum þeirra. Nægir þar að nefna samskipti Íslendinga og Færeyinga á sviði sjávarútvegs. Einmitt á slíkum tímum reynir á það hvers virði vinskapar- og samstarfsböndin eru milli þjóða og ég þarf held ég ekki að fara um það fleiri orðum, hv. þm. vita væntanlega hvað ég á við.

Að lokum þetta, hæstv. forseti. Ég tel að Íslendingum beri alveg sérstakar skyldur í þeim efnum að gæta hagsmuna hins norræna samstarfs og ég finn það líka að meðal margra, bæði embættismanna og stjórnmálamanna á hinum Norðurlöndunum sem er þetta samstarf kært, að þeir horfa þó nokkuð til Íslendinga um að við veitum í raun og veru forustu þeim sjónarmiðum sem vilja veg og viðgang þessa samstarfs áfram sem mestan, samskiptin náin og mikil og stöndum, ef svo má að orði komast, nokkurn vörð um þann anda og það samstarf sem einkennt hefur þetta á undanförnum árum. Ég vil tala alveg tæpitungulaust, ég á ósköp einfaldlega við það að hugur margra stjórnmálamanna og jafnvel embættismanna í stjórnsýslu á hinum Norðurlöndunum er orðinn mjög upptekinn af öðrum atburðum en norrænu samstarfi, bæði hræringum í austurvegi en þó ekki síður samrunaferlinu í Evrópu og aðlögun eða aðild Norðurlandanna að þeim atburðum. Margir óttast að þetta muni koma niður á norrænu samstarfi í framtíðinni og jafnvel fyrr en varir. Þeim sem er þetta samstarf hins vegar kært verður það á, skiljanlega finnst mér, að líta svolítið til Íslands sem sjálfstæðs aðila í þessu samstarfi og fullvalda ríkis sem gæti haft veruleg áhrif með sínum málflutningi á þessum vettvangi. Ég tel að við Íslendingar eigum ekki og megum ekki bregðast þeim skyldum sem við berum og þeim vonum sem við okkur eru bundnar að því leyti að við reynum að standa dyggan vörð um áframhaldandi gott og náið samstarf Norðurlandanna. Það er hvort sem er í okkar þágu, um það held ég menn deili ekki, ég hef ekki heyrt þau sjónarmið a.m.k. í dag og ég vil þess vegna fyrir mitt leyti leggja sérstaka áherslu á það að við stöndum okkur í þessu hlutverki.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég vil færa mönnum þakkir fyrir þær umræður sem hér hafa átt sér stað sem ég hygg að hafi verið gagnlegar á marga lund, a.m.k. fyrir mig. Allir þingmenn fengu þessa skýrslu, eins og lög gera ráð fyrir, í tæka tíð fyrir þessa umræðu og menn hafa haft orð á því að það séu tiltölulega fáir sem hafa talið ríka nauðsyn til þess að sitja alla umræðuna eða jafnvel hluta hennar. Það væri freistandi að túlka það svo að þingmenn hefðu lesið skýrsluna nokkuð vel og komist að þeirri niðurstöðu að hún væri harla góð og þyrfti lítið um hana að segja og þeir mundu samþykkja hana með fjarveru sinni hvað þetta snertir. Ég held hins vegar að það væri varasamt að draga þá ályktun, fremur megi draga þá ályktun að þingmenn telji að félagar þeirra í flokkunum hér á þinginu, sem valist hafa til forustu um norræn málefni, séu þeirrar gerðar að þeim megi treysta til þess að halda málinu vel til haga á þessum fundi. Ég tel að það hafi þeir gert ágætlega. Ég finn auðvitað til þess að margur sá sem hér hefur talað er með miklu ríkari þekkingu á norrænu samstarfi en ég. Auðvitað var það þannig að ég fann fyrir því þegar fundir forsætisráðherranna um þessi mál hófust að það háði mér nokkuð að ég hafði ekki tekið þátt í norrænu samstarfi á verulegum grundvelli fyrir það starf, þess vegna var afskaplega mikilvægt fyrir mig að fá til samstarfs mann á borð við Matthías Á. Mathiesen sem gegnt hafði forsetaembætti Norðurlandaráðs og utanríkisráðherraembætti og eins Jón Júlíusson. Ég vil nota tækifærið og þakka þeim þeirra vinnu og framlag og áhuga og ágætt samstarf.

Menn hafa nefnt í þessari umræðu, og ég hygg að það sé rétt, að sitthvað í þessari skýrslu væri þess eðlis að þar væru hlutirnir ekki algjörlega ljósir og sumt jafnvel virtist vera í mótsögn hvað við annað og sumir hafa nefnt að jafnvel mætti lesa út úr skýrslunni að forsætisráðherrarnir og umboðsmenn þeirra stefndu að því í einstökum greinum að draga úr norrænu samstarfi en ekki að auka það. Ég vek athygli á því að þó að þetta kunni að líta þannig út þá þarf það í sjálfu sér ekki að vera óeðlilegt. Ég bendi á, eins og kom fram í ræðu hv. 1. þm. Austurl. fyrr í dag, að til stóð og hugur manna var þannig að þróunin væri að verða sú að það væri óhjákvæmilegt að draga mjög mikið úr samstarfi á þessum vettvangi. Síðan hafa menn verið að snúast í aðrar áttir og vilji forsætisráðherranna hefur gengið í þá áttina. Engu að síður má segja að menn hafa ekki farið alla leiðina til baka, menn hafa verið á vissum sviðum að draga úr og laga sig að breyttum veruleika í heiminum. Við margir fulltrúar Íslendinga á margvíslegum vettvangi norræns samstarfs höfum fundið fyrir því að við erum örlítið orðin meira utan gátta, a.m.k. meðan mesti móðurinn hefur verið á mönnum í evrópskum samruna og margir hafa talið að við værum í raun að hluta til að dæma okkur úr leik þar sem þróunin og umræðan hlyti að snúast um hin evrópsku málefni. Ég held að þetta sé reyndar aðeins að snúast aftur og ég tel að í þessu starfi hafi þó það unnist að þeim í þessum hópum sem hlynntari voru því að glata ekki þeim vettvangi og því samstarfi, sem hefur átt sér stað á Norðurlöndunum og gert gríðarlega mikið gagn, hefur vaxið ásmegin og hinir hafa frekar lagað sig að þeim heldur en öfugt og það tel ég vera mjög gott spor í rétta átt.

Hv. 4. þm. Austurl. benti á og það gerðu fleiri að margt í þessum tillögum tæki mið af þeirri þróun sem menn teldu að væri að verða varðandi Evrópu og hann sagði sem svo að þarna kynnu menn að vera of fljótir á sér. Ég fer ekki orðrétt með þetta en efnislega rétt, hygg ég. Ég er honum ekki sammála að þessu leyti til. Jafnvel þó að þróunin yrði ekki nákvæmlega sú sem þeir, sem lengst vilja ganga og á það trúa, telja þá sé

til bóta að taka á máli eins og þessu einmitt á þessum tímapunkti. Segjum nú svo að þróunin yrði sú sem hv. 4. þm. Austurl. telur bersýnilega að ekki muni verða en hún muni verða jafnör og menn trúðu, hraðlestin muni bruna jafnört og menn trúðu í fyrstunni. Þá kynni að verða of seint að taka með sama gagni á hinni norrænu samvinnu. Þá væru menn búnir að tapa sér ef svo mætti segja í því sem þá væri að gerast. Ég held því að tímasetningin, hvort sem þetta fer á þeim hraða sem sumir trúa eða hægar eins og hv. 4. þm. Austurl. trúir, sé rétt. Ég tel að vinnan hafi sýnt það. Það er reyndar erfitt að gerast spámaður. Þó vil ég aðeins fyllast örlitlum drýgindum fyrir mína hönd og hv. 4. þm. Austurl. Þó við eigum nú ekki alltaf samleið er það þannig — það hlýtur að vera skráð í þingtíðindum — að þegar skoðanakannanir spáð enn þá miklum meiri hluta við Maastricht í Danmörku vorum við tveir sem töldum í þessum ræðustól að þar gæti farið á aðra lund. Þar reyndumst við sammála og sá spádómur reyndist réttur. Ég hef ekki uppi neina spádóma núna en þó er enginn vafi að það hefur orðið viss hugarfarsbreyting á Norðurlöndunum eins og reyndar líka í Evrópuríkjunum varðandi þennan mikla og hraða samruna. Ekki af því að forustumennirnir í sjálfu sér hafi snúið af sinni braut eða þeir telji sig hafa verið á rangri braut heldur hefur fólkið í löndunum ekki fylgt þeim eftir á þeim hraða sem þeir gerðu ráð fyrir. En þrátt fyrir þetta þá tel ég og vil taka það fram að það hafi verið rétt tímasetning á þessari vinnu.

Ég sagði að þessi umræða hefði verið gagnleg og hún er gagnleg náttúrlega vegna þess að menn eru ekki að ræða endanlegt plagg. Við erum stundum í alþjóðlegri samvinnu í þeirri stöðu vegna þess að samningar hafa átt sér stað með löngum aðdraganda. Menn hafa samið fram og til baka niður í smæstu atriði. Í þingsalnum erum við í þeirri stöðu eins og reyndar okkar viðsemjendur í sínum þingsölum að verða nánast að taka samningana eins og þeir eru eða hafna þeim. Hér er ekki um samningsgerð af þessu tagi að ræða sem betur fer vil ég segja. Þess vegna er umræðan gagnlegri en áður.

Ef þetta væri ekki svo hefðu menn orðið að eiga þessa umræðu miklu fyrr og forsætisráðherrarnir að eiga kost á að heyra þessi sjónarmið miklu fyrr en við eigum nú. Að vísu mun sumt af þessu ganga fram fljótlega eftir Árósafundinn einkum það sem snýr að forsætisráðherrunum beint. En mörg önnur atriði eru enn þá nánast á umræðustigi enda nokkuð óljós og ekki fullfrágengin eins og hér hefur komið fram og margir hafa bent á.

Menn hafa til að mynda vakið athygli á menningarsjóðnum sem til átti að stofna og þar séu hlutir óljósir. Þeir eru vissulega óljósir. Ég verð að viðurkenna að ég hafði skilið málið þannig að þessar 200 millj. væru hámarksupphæð. Ef hún næðist ekki með þeim niðurskurði sem menn töluðu um yrði tvennt að gerast. Annars vegar að hámarksupphæð næðist á lengri tíma eða menn yrðu að taka ákvörðun um að að beina hærri fjárframlögum í þá átt til að ná þessu marki. Við mundum auðvitað gera ráð fyrir því að aðalhöfundarnir að þessari tillögu og áhugaaðilinn, þ.e. sænska ríkisstjórnin, mundi þá hafa frumkvæðið í þeim efnum. Jafnframt hafði ég skilið málið svo, það má vel vera að það sé misskilningur, að eftir að þessari stöðu hefði verið náð varðandi sjóðinn með þessari skerðingu þá mundi annað norrænt samstarf njóta fulls fjárframlags að öðru leyti. Þannig að þó þetta mundi þrengja að um hríð mundi sjóðurinn þegar hann væri hættur að taka til sín lifa á sínum eigin vöxtum og þá mundu þau framlög sem áður voru notuð til að byggja hann upp mega nýtast til annars. Það má vel vera, ég viðurkenni það, að þetta hafi ég misskilið. En ég hef þá eins og aðrir, þar sem þetta er ekki frágengið, tækifæri til þess að koma mínum sjónarmiðum að og heyra skoðanir okkar samstarfsaðila í hinu norræna samstarfi varðandi þetta atriði.

Varðandi hina nýju stjórn sem talað er um að sett verði á laggirnar af hálfu ráðherranna les ég það svo líka eins og hv. 4. þm. Austurl. að þar sé um að ræða að forsætisráðherrann tilnefni af sinni hálfu mann. Að vísu mun það vera svo að aðrar þjóðir kunni að hafa þar aðra skipan á eins og mun vera í Danmörku. Þar hafa þeir þá skipan á að utanríkisráherrann tilnefni mann í þetta starf. Ég hefði fremur kosið að það gengi hjá öllum að það væri á forsætisráðherrans vegum en það er ekki þar þó forsætisráðherrann eigi að hafa þennan atbeina sem þar er nefndur. Það er reyndar eitt af því sem bersýnilegt er að sá upprunalegi vilji sem menn höfðu hefur ekki alveg náð að ganga fram. Það er auðséð á þessum plöggum að menn hafa fengið bakþanka.

Í hverju eru þeir bakþankar fólgnir? Markmiðið var að auka forustuhlutverk forsætisráðherranna og afskipti þeirra af hinu norræna samstarfi. Þetta eru allir menn sammála um. Þegar síðan til stykkisins kemur fara menn að velta fyrir sér tíma þeirra og fara þá í næsta leik nokkuð að draga úr. Þetta blasir við og er kannski að hluta til eðlilegt og að hluta til mannlegt. En það er auðvitað dálítið hættulegt að hafa þá aðferð á hlutunum. Og ég tel mikilvægt að forsætisráðherrarnir séu í þessu af eins miklum þunga og hægt er eða þá að þeir séu ekki að taka til sín ábyrgðina.

Þar sem sú skipan er á að þeir vilja taka til sín ábyrgðina held ég að við ættum að ýta á það og það eigi að vera í framtíðinni að þeir komi sem minnstu af sér í þessum efnum því þá gæti í raun sá pólitíski ávinningur sem á að vera af þátttöku þeirra og sú þungavigt sem því ætti að fylgja orðið minni en að hafði verið stefnt.

Varðandi þátt ráðherranna sem menn hafa nefnt hef ég skilið málið svo að í sjálfu sér sé ekki gert ráð fyrir því að minnka þeirra afskipti af málefnum Norðurlandaráðs. Vegna þess, eins og hv. 1. þm. Austurl. benti á, að þó menn geri ráð fyrir víðtækara og óformlegra samstarfi sem ég tel einnig að EES í sjálfu sér kalli á ætti ekki að þurfa að gera ráð fyrir að í norrænu samstarfi dragi úr samstarfi á vegum einstakra fagráðherra þó þeir kunni að vera með öðrum hætti bundnir gagnvart viðveru í ráðinu en nú er.

Ég hef líka skilið það svo að eftir að þessar skýrsl-

ur hafa komið til umræðu á öðrum þjóðþingum hafi þetta atriði jafnframt verið gagnrýnt þar þannig að menn hljóta að skýra það nánar svo það liggi ljósar fyrir gagnvart þinginu hvert verði verkefni og skylda ef við getum sagt sem svo norrænna ráðherra gagnvart setum á Norðurlandaráðsþingum.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, á þessari stundu að fjalla nánar í einstökum atriðum um það sem hér hefur komið fram en segi á nýjan leik að þær athugasemdir verða bæði mér og þeim sem að þessum málum starfa mjög gagnlegar. Ég vonast til þess að okkar fulltrúar á þingi Norðurlandaráðs hafi líka við þær umræður sem þó hafa getað átt sér stað milli okkar og þeirra fulltrúa og eins hér í þinginu hafi markvissara og betra tækifæri til þess að láta til sín taka í lokameðferð málsins á næstu væntanlega tveimur fundum Norðurlandaráðs.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Aðeins örfá orð vegna þess sem kom fram hjá hæstv. samstarfsráðherra. Má kannski vera að einhvers misskilnings hafi gætt á milli okkar þegar hann ræddi um fækkun embættismannanefnda. Ég vil ekki að hann hafi skilið orð mín svo að það hafi ekki mátt fækka embættismannanefndum að neinu leyti.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að það er rétt sem hann sagði að það hafi verið of margar embættismannanefndir á sviði umhverfismála. Við vitum að það hefur verið mjög mikil aukning í alþjóðlegu samstarfi á sviði umhverfismála á undanförnum árum. Það hefur gengið mjög hratt og ég er ekki í nokkrum vafa um að oft og tíðum hafa menn verið nokkuð fljótir á sér og ætlað sér nánast að setja alla mögulega og ómögulega málaflokka undir samheitið umhverfismál. Ég er viss um að hæstv. umhvrh. hefur orðið mjög var við það. Og ég skil að það er ekkert einfalt að taka þátt í öllu því samstarfi á alþjóðlegum vettvangi og við hljótum að þurfa að velja þar og hafna.

En ég hygg að það eigi alls ekki við um öll svið. Þá á ég við eldri svið eins og atvinnumál, byggðamál og önnur þau svið sem eiga sér lengri sögu í norrænu samstarfi en samstarfið á sviði umhverfismála. Þetta vildi ég leggja áherslu á en var fyrst og fremst að vara við að ekki væri verið að safna saman í eina og sömu nefndina mörgum málaflokkum sem gerði starfið óáhugavert og dragi úr mikilvægu samstarfi. Það er þetta sem ég vil leggja áherslu á. En ég vil alls ekki útiloka að nefndunum fækki.

Ég vil heldur ekki að mál mitt verði skilið sem svo að ég væri að hvetja til að fleiri ráðherrar færu á Norðurlandaráðsþing og sérstaklega vil ég alls ekki hvetja til þess að þangað fari ráðherrar sem eiga þangað ekkert erindi. Það er bara til að safna saman fleira fólki og menn þvælast hver fyrir öðrum. Ég tek undir með hæstv. ráðherra í þeim efnum. En ég vil leggja á það áherslu að þangað fari ráðherrar sem eigi þangað erindi. Og það þýðir ekkert að vera að tala um það þó verið sé að skamma menn fyrir ferðalög. Það verður að treysta hæstv. ráðherrum fyrir því að meta það hvenær þeir eiga erindi og hvenær þeir eiga ekki erindi og þeir verða að geta tekið gagnrýni í þeim efnum. Þannig mun það alltaf verða því menn munu líta á það með mismunandi hætti.

Ég legg á það áherslu að ekki verði dregið úr samstarfi sem varðar hið Evrópska efnahagssvæði og menn túlki ákvæði samningsins eins og hann liggur fyrir rúmt. Því það stendur í 121. gr samningningsins, með leyfi forseta:

„Ákvæði samnings þessa útiloka ekki samstarf:

a) innan ramma norrænnar samvinnu að því leyti sem slík samvinna raskar ekki góðri framkvæmd samnings þessa;...."

Ég hef það stundum á tilfinningunni að menn séu eitthvað hræddir við formlegt samstarf á þeim sviðum sem varðar EES. Og það samræmist ekki þessum samningi.

Það liggur alveg ljóst fyrir að það er ekkert sem mælir á móti slíkri samvinnu enda raski hún ekki góðri framkvæmd samningsins. Ætli það sé ekki mikið samstarf innan þýska sambandríkisins um málefni Efnahagsbandalagsins? Þar eru mörg þing og stór heild á ferðinni. Er það óeðlilegt að hin smærri ríki í norðri hafi með sér meira samstarf en gengur og gerist í hinum stóru ríkjum sem hafa byggt upp sín mál með allt öðrum hætti? Lítum t.d. á Þýskaland. Öll þau mörgu ríki sem eru innan þýska sambandslýðveldisins mynda eitt þjóðþing í Bonn en eru síðan með sín þing og störf út um allt og enginn gerir neinar athugasemdir við. Þar af leiðandi tel ég að norrænu þjóðirnar eigi að ganga beint til verks og nýta sér þetta ákvæði sem var sett inn til þess að hindra á engan hátt hið norræna samstarf. Ég vil þess vegna leggja á það áherslu að þetta ákvæði verði túlkað rúmt. Enda tel ég að það ætti að vera í þágu þess að þetta mál fari vel fram að hið norræna samstarf geti gengið áfram með eðlilegum hætti. Og ég hef aldrei heyrt því mótmælt opinberlega af forustumönnum í Evrópu. Það má vel vera að einhverjir embættismenn hafi verið að gera það. En ég hef ekki heyrt það frá þjóðarleiðtogum og þeim aðilum sem við eigum að taka mark á í þessu sambandi.

Að lokum vil ég taka undir það með hæstv. samstarfsráðherra að það er mikilvægt að leggja áherslu á samstarfið á heimskautasvæðunum. Ég tel að forusta norska utanríkisráðherrans á þessu sviði sé mikilvæg en jafnframt tel ég að það sem þar er að gerast sé ekki alveg í samræmi við hagsmuni Íslands. Hins vegar er alveg rétt hjá hæstv. samstarfsráðherra að það hefur verið boðið til fundar í Kirkjunesi í janúar nk. Þangað er boðið öllum utanríkisráðherrum Norðurlandanna og utanríkisráðherra Rússlands. Samkvæmt því sem segir í ræðu forsætisráðherra Noregs: Samstarfið á Barentssvæðinu, — þetta er kallað Barentssvæðið — sem einnig nær yfir norðvestur Rússland og beint Svíþjóð og Finnland ... og endar: og allir norrænu utanríkisráðherrarnir munu taka þátt í utanríkisráðherrafundi um Barentssvæðið í Kirkjunesi í janúar nk.

Ísland er í sjálfu sér aldrei nefnt í ræðu utanríkisráðherra Noregs, þar sem hann gerir mjög góða grein fyrir sínum hugmyndum í þessu máli, þó ráðherrann

taki það fram að öllum sé boðið til fundar um Barentssvæðið, sem þeir hafa einnig kallað Evrópu-artíska svæðið.

Ég er fyrst og fremst að benda á það, hæstv. samstarfsráðherra, að ég tel að þær hugmyndir sem þarna eru uppi hjá norska utanríkisráðherranum séu ekki í samræmi við þær hugmyndir sem við Íslendingar höfum haft um samstarf á norðurslóðum. Þar af leiðandi þurfum við að hafa áhrif á þessar hugmyndir því auðvitað munum við ekki ná samstarfi á þessu svæði nema með þáttöku Norðmanna, Svía, Finna og Rússa. Við hljótum að geta reynt að víkka þetta samstarf betur út þannig að það nái jafnframt til okkar svæðis og nái ekki eingöngu til þeirra svæða sem þarna er verið að tala um.

Að því er varðar Eystrasaltsráðið er sagt að það samstarf eigi að ná til þeirra ríkja sem liggja að Eystrasalti. Það er ekki gert ráð fyrir að samstarfið nái neitt sérstaklega til Íslands. Hins vegar geti Íslendingar tekið þátt í því og haft áhrif á það sem þar er að gerast og gætt sinna hagsmuna. Ég tel að það sé allt annað mál að því er varðar samstarf á norðurslóð. Það verður að vera alveg ljóst að það samstarf og það ráð sem kynni að vera stofnað í því sambandi nái til Íslands, Grænlands, Kanada og jafnvel Bandaríkjanna eins og við höfum talað um en ekki eingöngu til þess svæðis sem norski utanríkisráðherrann segir frá.

Ég á ekki von á því að um þetta sé neinn ágreiningur okkar í milli en ég vildi bara leggja á það áherslu að íslenskra ríkisstjórnin gætti þessara hagsmuna og kæmi þeim kyrfilega á framfæri. Ég vænti þess að utanrrh. muni gera það fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar á fundinum í janúar nk. þannig að það komi meiri breidd í þetta samstarf. Það var fyrst og fremst þetta sem ég vildi benda á.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt vegna þess sem hv. 1. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, sagði um þetta fyrirhugaða samstarf sem kennt er við Barentssvæðið. Ég vildi aðeins láta það koma fram að auðvitað mun utanrrh. Íslands halda fram okkar hagsmunum í þessu máli á þessum fundi sem verður haldinn 13. jan. í Kirkjunesi eins og hv. þm. raunar sagði.

Ég held við þurfum hér aðeins að greina á milli. Við erum að tala um margs konar samstarf á norðurslóðum. Mér sýnist í ýmsu að þetta samstarf muni kannski í töluverðum mæli beinast að þeim landsvæðum sem þarna eru. Síðan erum við aðilar að annars konar samstarfi norðursvæðanna sem er Rovaniemi-samstarfið, sem tekur til þessara svæða hringinn í kringum norðurskautið. Það samstarf beinist fyrst og fremst að því að fylgjast með lífríkinu, að ýmsum sviðum umhverfismála. Síðan er þess að geta að Kanadamenn hafa hreyft þeirri hugmynd og henni hefur verið jákvætt tekið af okkar hálfu að stofnað yrði eins konar heimskautaráð, það sem þeir hafa kallað Arctic Council. Við höfum tekið þeirri hugmynd vel.

Hér er því býsna margt að gerast og við skulum bara sameinast um það að hlutur Íslands verði ekki með neinum hætti fyrir borð borinn í því samstarfi sem þarna er að hefjast. Ég veit að þar getum við átt gott samstarf.

Lánsfjárlög 1993, frh. 1. umr.

Stjfrv., 145. mál. — Þskj. 166.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það eru nokkur atriði sem ég vil gera að umtalsefni við 1. umr. lánsfjárlaga sem þegar er búið að ræða nokkuð og ég get vísað til þeirrar umræðu og tekið undir ýmsar þær spurningar sem ég veit að bornar hafa verið upp við hæstv. fjmrh. í því sambandi og óþarfi að ég sé að endurtaka hér.

Það verður að segjast eins og er og ég veit að hæstv. fjmrh. mun ekki reyna að mótmæla því að forsendur þessarar lánsfjáráætlunar sem og forsendur fjárlagafrv. eru nokkuð mikið á reiki. Hæstv. fjmrh. hefur sjálfur lýst því yfir að til álita komi að breyta ýmsu sem þarna er upp sett hvað tekjuforsendur fjárlagafrv. snertir og útgjaldaramma ríkissjóðs þá einnig. Ég hygg því að það sé nær lagi að líta á þessa lánsfjáráætlun, sem ég leyfi mér að kalla svo upp á gamlan móð, sem lauslegt vinnuplagg, sem fylgirit með fjárlagafrv. sem sömuleiðis er lítið meira en vinnuplagg á þessu stigi málsins. Ég get a.m.k. ekki valið því annað hlutlausara nafn þegar það liggur fyrir að sjálf hæstv. ríkisstjórn hefur til skoðunar ýmsar veigamiklar breytingar á tekjuöflun ríkissjóðs. Reyndar er vísað inn í framtíðina ýmsum óteknum ákvörðunum sem varða tekjuforsendur fjárlaga á komandi ári.

Ég ætla þess vegna ekki að ergja sjálfan mig né aðra með því að reyna að fara vandlega ofan í saumana á þeim forsendum sem lánsfjárlagafrv. fyrir komandi ár byggir á. Ég held það sé ósköp einfaldlega ótímabært að reyna að leggja mat á hvort t.d. innlend fjáröflun ríkissjóðs, eins og hún er upplögð samkvæmt frv. og áætlanir eru um í töflum, sé raunhæf. Og þar með að sjálfsögðu sá hlutinn sem fjármagnast á með erlendri lántöku á næsta ári.

Það er ljóst hvernig sem hlutföll koma til með að skiptast milli innlendrar og erlendrar lántöku að umfang ríkisábyrgða verður svipað á næsta ári og það er á þessu samkvæmt þessari lánsfjáráætlun og var varla við öðru að búast þegar niðurstöðutölur fjárlagafrv. eru á svipuðum nótum og reyndar hallinn sá sem raun ber vitni eins og hann er settur upp samkvæmt frv.

En svo ég víki að þeim einstöku efnisatriðum frv. sem ég ætlaði að gera að umtalsefni og trúlega hafa fleiri gert á undan mér, ég hef því miður ekki átt þess kost að fylgjast með allri umræðunni, er það sérstaklega IV. kafli frv. sem ég vil ræða. Ég geri það alveg sérstaklega í trausti þess að hæstv. fjmrh. láti skoða uppsetningu frv. á milli umræða eða taki þátt í því með hv. efh.- og viðskn., sem væntanlega mun ræða það á sínum vettvangi, að uppsetningunni verði breytt hvað þetta snertir. Ég felli mig engan veginn við hana eins

og hún er fram borin. Þannig er að það sem heitið hefur á máli manna „þrátt-fyrir" kafli og verið heldur hvimleiður fylgifiskur lánsfjárlagafrumvarpa undanfarin ár er nú sett upp með nýjum og ákaflega sérstæðum hætti að mínu mati. Sjálfstæður kafli er settur inn í frv. til lánsfjárlaga, IV. kafli í einni grein, 11. gr., og hefst hún, með leyfi hæstv. forseta, á þessum orðum:

„Framlög ríkissjóðs samkvæmt eftirtöldum lögum og lagaákvæðum skulu ákveðin í fjárlögum 1993:" — Síðan eru talin upp í einum 20 liðum ýmis lög hvar er að finna ákvæði um fjárráðstafanir, framlög, styrki og annað því um líkt sem ætlunin er síðan að skerða með niðurstöðutölum viðkomandi stofnana eða rekstrar eða samtaka í fjárlagafrv.

Þetta er, hæstv. forseti, ákaflega grautarleg uppsetning. Ég fer fram á að settir verði menn til að skoða það af hálfu þingsins með einhverjum hætti, ekki aðeins viðkomandi þingnefndar og þá fjmrn., hvort þetta sé tæk uppsetning við lagasetningu. Er boðlegt að afgreiða t.d. sérlög um Listskreytingasjóð ríkisins eða þjóðminjalög eða önnur slík með einni safngrein þar sem 20 mismunandi lagafrv. eru talin upp í einni grein? Menn tala stundum með lítilli virðingu um bandorma. Það sé heldur hvimleiður framgangsmáti við lagasetningu að breyta ákvæðum mismunandi og óskyldra laga í einu frv. með svokölluðum bandormi. En þó er sá munur á að þar eru viðkomandi lög sett upp hvert í sinni grein í viðkomandi frv. sem síðan eru bornar upp lið fyrir lið. Hér eru 20 lög, býsna myndarlegur hluti af íslenska lagasafninu settur inn í — það liggur við að ég leyfi mér að kalla það sull, ekki er hægt að kalla það bandorm — og síðan er vísað yfir í fjárlagafrv. um hinar efnislegu ákvarðanir afgreiðslu þessara laga.

Hvernig mundi það þá fara fram, hæstv. forseti? Ef við tökum til að mynda 16. lögin sem talin eru upp í 11. gr. frv. og eru lög nr. 3 frá 1987, um fjáröflun til vegagerðar, þá segir í upphafi að framlög ríkissjóðs samkvæmt þeim lögum og lagaákvæðum skulu ákveðin í fjárlögum 1993. Þá verður væntanlega að fletta upp á fjárlagafrv. og finna Vegagerð ríkisins sem fær fjárveitingar samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar. Hvernig verður þá hin efnislega ákvörðun tekin? Væntanlega með því að þegar afgreidd verður niðurstöðutala til vegamála fer þessi skerðing fram inni í miðju fjárlagafrv.

Ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, þetta finnst mér ekki ganga sem uppsetning á ákvarðanatöku og lagabreytingum á hinu háa Alþingi. Ég vil spyrja hæstv. forseta: Er Alþingi með atkvæðagreiðslu um 11. gr. lánsfjárlagafrv. — greinin er sjálfstæður kafli og þar af leiðandi borin upp sjálfstætt — að breyta 20 mismunandi lögum? Svarið er já. Í reynd er það þannig. Annars þjónar það litlum tilgangi að mínu mati að setja þennan kafla yfir höfuð inn í lánsfjárlögin. Sú spurning hlýtur að vakna: Er það þá úrelt að vera yfirleitt að færa þessi skerðingarákvæði með sjálfstæðum hætti inn í lánsfjárlög? Er ekki nóg að gera það í fjárlögunum einum? Hvers vegna hafa skerðingarákvæðin jafnan verið sett upp í lánsfjárlögum á undanförnum árum en ekki í fjárlögum? Þau voru sett upp í lánsfjárlögum í fyrra og var Alþingi þá starfandi í einni málstofu þannig að það hefur a.m.k. ekki breyst neitt síðan í fyrra. Þau rök sem stundum hafa verið færð fram að menn hafi á fyrri tíð talið að réttara að skerða sérlög með ákvæðum í lánsfjárlögum en ekki fjárlögum vegna þess að fjárlög voru afgreidd í sameinuðu þingi en önnur lagafrv. í deildum á fyrri tíð eiga a.m.k. ekki við hvað snertir þessa breytingu milli ára frá fyrra þingi og til þess sem nú stendur.

Reyndar tel ég að fleiri rök hafi staðið fyrir því að þetta sé eðlilegra að gera með skerðingarákvæðum í sjálfstæðum greinum í lánsfjárlagafrv. Vegna þess að þá fer hin efnislega afgreiðsla fram í sjálfstæðri atkvæðagreiðslu um hvern lið fyrir sig.

Þá vil ég koma því að sem ég tel líka að eigi að skoða í þessu sambandi og það er hvort skerðingin, þ.e. efnisbreytingin, eigi ekki að vera fyrir hendi inni í lánsfjárlagafrv. þannig að það segi ekki eins og hér er gert í 16. lið að framlög samkvæmt 2. málsl. 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með áorðnum breytingum, skuli ákveðin í fjárlögum heldur komi þar inn niðurstöðutala. Á sama hátt og verið hefur að orðalagið breytist yfir í: Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með áorðnum breytingum, skulu framlög ekki fara yfir X millj. kr. Þá kæmi þar ósköp einfaldlega sú niðurstöðutala Vegagerðar ríkisins upp á 7.516 millj. kr. sem gefur að líta á bls. 184 í fjárlagafrv. Þá er hin efnislega ákvörðun komin á sinn stað inn í lánsfjárlagafrv. og fer fram með atkvæðagreiðslu um þann lið sérstaklega. Ég tel það miklu eðlilegri afgreiðslu og miklu eðlilegri uppsetningu á þessu. Og ég fer fram á það í fullri vinsemd að það verði skoðað á hreinum tæknilegum grunni hvað sé eðlileg og góð venja í sambandi við lagasetninguna í þessum efnum.

Ég tel, hæstv. forseti, að ef við förum út í að afgreiða þetta eins og hér er verið að leggja til og svo komist menn kannski í framhaldinu að þeirri niðurstöðu að það sé yfir höfuð óþarfi að hafa þessa upptalningu inni í lánsfjárlögum, þá sé verið að gera sérlög af ýmsu tagi um framlög til menningar, lista, ferðamála o.s.frv., að slíkri markleysu að það sé orðið fullkomlega óviðunandi í raun og veru fyrir alla viðkomandi aðila. Þá sem eiga að búa við þessi lög, Alþingi sem hefur sett þau o.s.frv. Hvað er í raun og veru með það að gera að hafa á milli 20 og 30, eða guð má vita hvað mörg lög í gildi í landinu sem kveða á um ákveðin fjárframlög til tiltekinna verkefna sem eru svo ómerkt með slíkum hætti og tæknilega unnið að því eins og er stefnt í.

Ég held að ekki sé á bætandi það virðingarleysi í raun og veru sem Alþingi sýnir sjálfu sér og vinnubrögðum hér með því að setja lög um bundin útgjöld og bundin framlög af þessu tagi æ ofan í æ enn þann dag í dag. Sum þessi lög eru tiltölulega ný af nálinni, dæmi þjóðminjalög, og ómerkja þau svo svona.

Menn hafa oft á undanförnum árum rætt um þessa staðreynd og sumir farið um býsna hörðum orðum. Ég minnist þess t.d að hv. 1. þm. Vestf. hefur oft haldið

snotrar ræður um hversu hvimleiður þessi framgangsmáti sé og að mikið hreinlega væri ósköp einfaldlega að fella þessi ákvæði úr gildi, fella bara úr gildi ákvæði í lögum um skipan ferðamála sem kveða á um 10% framlög af sölutekjum Fríhafnarinnar til Ferðamálaráðs á hverju ári. Þegar niðurstaðan er sú að Ferðamálaráð hefur aldrei á gildistíma þetta laga fengið þau framlög að fullu. En þau standa alltaf í lögunum.

Þegar í hlut eiga t.d. mjög nýleg lög af því tagi sem ég hygg að eigi við um Þjóðminjasafnið eða þjóðminjalög, þar sem Alþingi hefur mjög nýlega afgreitt metnaðarfullan lagabálk um að taka svolítið á í þeim efnum að gæta þjóðarverðmætanna, fer þetta eins og nú horfir. Þau lög eru nánar tiltekið frá árinu 1989.

Ég er í raun og veru að segja, hæstv. forseti, að það sé nógu slæmt að við skulum sitja uppi með þetta þó hitt bætist ekki við að vinnubrögðin við þetta færist yfir í það horf sem mér sýnist stefna í. Það held ég að sé að bæta gráu ofan á svart og lágmark að á meðan slík sérákvæði í einstökum lögum eru ekki numin úr gildi sé þeim breytt með sjálfstæðri atkvæðagreiðslu í sjálfstæðri lagagrein hverju sinni og efnisafgreiðslan fari þannig fram.

Ég ætla ekki að leika einhvern helgan mann sem hafi efni á því úr þessum ræðustól að hafa uppi stór orð um þær skerðingar sem hér eru á ferðinni. Því miður er það svo að flestir flokkar sem sæti eiga á Alþingi hafa lent í því að afgreiða málin með þessum hætti ár eftir ár á undangengnum árum og áratugum og þar á meðal undirritaður. Það er þess vegna ekki það sem ég er að tala um þó ég geti efnislega gagnrýnt og reyndar vilji gagnrýna ákveðna hluti sem þar eru á ferðinni en ég ætla ekki að fjölyrða mikið um.

Ég vona að ég hafi komið því nokkurn veginn til skila hvað ég er að fara og ég tel að þarna sé hægt að greina algerlega á milli annars vegar efnisinnihaldsins og hins vegar þessarar framsetningar og má segja lagatæknilegra eða setningarlegra sjónarmiða í þessum efnum. Ég trúi því ekki að ýmsum sem eitthvað hafa velt vinnubrögðum fyrir sér, skipulagi og framsetningu mála hvað hin þingræðislegu form snertir, fari ekki svipað og mér að þeim þyki þetta heldur leiðinlegur framsetningarmáti.

Að lokum örfá orð um einn liðin og það eru framlög eða skerðingar til vegamála. Þar vil ég fyrst og fremst gagnrýna tvennt. Annars vegar þá miklu skerðingu á mörkuðum tekjustofnum til vegamála sem fjárlagafrv. og síðan lánsfjárlagafrv. gera ráð fyrir. Sú skerðing er miðað við gildandi vegáætlun nálægt 1 milljarði kr., á milli 900 og 1.000 millj. kr. Hún er auðvitað mjög bagaleg og þessi málaflokkur, Vegagerðin, má síst við því að taka hann á sig við núverandi aðstæður. Sú skerðing sundurliðast þannig að 344 millj. af tekjum Vegagerðarinnar á næsta ári eiga að renna í ríkissjóð, 330 millj. eiga að takast af tekjum Vegagerðarinnar til að kosta rekstur á ferjum og flóabátum og enn bætist við sú 250 millj. kr. lántaka sem vegáætlun gerir ráð fyrir vegna flýtingar framkvæmda við jarðgöng á Vestfjörðum. Þetta samanlagt gerir á tíunda hundrað millj. kr. og munar um minna, fjármagn sem hverfur út úr almennum vegaframkvæmdum til annarra nota á þessu ári. Það er nauðsynlegt að menn átti sig á þessu og ég held að það sé rétt að allir geri sér grein fyrir áður en frekari umræður eiga sér stað um fjárlög og framkvæmdir á næsta ári, ég tala nú ekki um í tengslum við þá skrautsýningu sem fjárlagafrv. býður upp á að undir Vegagerð ríkisins færist sérstakt framlag, liðurinn 10-211 611 Framkvæmdaátak vegna atvinnumála 1.800 millj. kr. Hér er verið að velja þá sérkennilegu aðferð í framsetningu að skerða fyrst framlög til vegamála um hátt í 1.000 millj. kr. frá því sem vegáætlun gerir ráð fyrir en auka það síðan aftur um 1.800. Menn sem eru glöggir í reikningi eins og hæstv. fjmrh. sem hefur kennt reikning í skólum fyrr á öldinni hefur hann sagt mér, (Gripið fram í.) þar á meðal hv. 5. þm. Vestf., Kristni H. Gunnarssyni, með glæsilegum árangri eins og þingheimur veit, sér að þá stendur minna eftir af þessari aukningu en menn hafa gumað af eða ekki nema 800–900 millj. kr. Nauðsynlegt er að menn horfist í augu við þetta eins og það er. Til viðbótar eru þessar 1.800 millj. lántaka. Eða er ekki svo, hæstv. fjmrh.? Heldur ríkisstjórnin sig ekki við þá ákvörðun að hinar 1.800 millj. verði teknar að láni og endurgreiddar af tekjum Vegasjóðs á næstu árum?

Ég er að hreyfa þessu hér, hæstv. forseti, vegna þess að þetta tengist þeirri ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar að skerða vegaféð í ríkissjóð upp á 344 millj. kr. Mér finnst þetta, hæstv. forseti, mikill skollaleikur. Ég verð að segja það alveg eins og er. Ég ætla líka að leyfa mér, þó það sé meira spurning um form og framsetningu, að gagnrýna það hvernig fjárlagafrv. er sett upp hvað snertir þessa skerðingu á mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar upp á 344 millj. í ríkissjóð. Frv. er þannig sett upp að hvergi kemur fram beinum orðum hvað þarna er á ferðinni. Það þarf að fara í útreikninga til að sjá hve miklar tekjur ríkissjóður ætlar sér að hafa beint af hinum mörkuðu tekjustofnum í gegnum skerðinguna sem lánsfjárlagafrv. gerir síðan ráð fyrir. Og að setja lánsfjárlagafrv. fram eins og það er gert án nokkurrar töflu um þessar skerðingar, án nokkurra útreikninga, er alveg óframbærilegt, hæstv. fjmrh. Nú vill svo til að ég sé á borðið hjá hæstv. fjmrh. og hann er með töfluna sem efh.- og viðskn. bað um í gærmorgun eða fyrradag að yrði unnin. En það er fyrir neðan allan hellur að hún skuli ekki vera fylgiskjal með frv. Framsetningin, hæstv. fjmrh., er ekki nógu greinargóð. Það vill svo til að sá sem hér talar kann býsna vel alla „tátólógíu“ í kringum vegamálin. Af minni þingeysku hæversku leyfi ég mér að halda því fram. Þess vegna gat ég reiknað það út að það væru 344 millj. sem verið væri að skerða Vegasjóð á næsta ári en það kemur hvergi fram beinum orðum í frv. Framsetningin á frv. er ekki nógu góð, hún er ekki nógu skýr. Og ég fer fram á að hæstv. fjmrh. messi lítillega yfir húskörlum sínum og biðji þá að vanda vinnubrögð sín betur. Við látum ekki bjóða okkur þetta í efh.- og viðskn. Við rákum starfsmenn hæstv. fjmrh. þegar til baka og förum fram á að þeir ynnu þessar töflur. Sömuleiðis óskuðum við eftir því að tekið yrði saman yfirlit yfir

vegamálin sem ég sé að hæstv. fjmrh. er líka með fyrir framan sig til þess að glöggva okkur á því hvernig þær tölur standa. Ég hygg að hæstv. fjmrh. verði mér sammála að því verður ekki á móti mælt að skerðing er á framkvæmdafé Vegagerðarinnar þegar þetta þrennt er lagt saman, upptakan í ríkissjóð, rekstrarkostnaður á ferjum og að hætt er við lántökur vegna Vestfjarðaganga. Það sem breytt getur lítillega þessum tölum í samanburði og menn þurfa að átta sig á er fyrst og fremst tvennt. Það er hækkun vegavísitölu, kostnaðarvísitölu vegagerðar, og mismunandi mikil umferð eða mismunandi bensínsala og tekjur af þungaskatti.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að eiga frekari ræðuhöld við hæstv. fjmrh. um þetta vegna þess að hann er ekki fagráðherra vegamála og það væri ekki sanngjarnt að ætla honum að svara fyrir meira en þær forsendur sem að fjárlagagerðinni snúa í því efni. Væntanlega gefst færi á því að ræða þetta í betra tómi við hæstv. samgrh. enda ekki vanþörf á. En ég lýk máli mínu með því að segja að þessi útreið á vegamálum er mér mikil vonbrigði.

Ég var einn af þeim sem fylltust gleði, leyfi ég mér að segja, þegar ég heyrði að hæstv. ríkisstjórn hefði í hyggju að auka vegaframkvæmdir um 1.800 millj. kr. Síðan fóru ótíðindin að berast. Í fyrsta lagi að þetta væri aukning eftir niðurskurð upp á um það bil milljarð og í öðru lagi að þetta væri lántaka sem Vegasjóður yrði að endurgreiða af tekjum sínum strax á næstu árum. Þá minnkaði fögnuður minn mjög. Þó það gæti vissulega verið réttlætanlegt og ágætt að flýta ákveðnum framkvæmdum er það ekki sú viðbót til vegamála á einhverju árabili sem við hefðum viljað sjá, síður en svo. Þvert á móti er þarna verið að rýra tekjustofna Vegagerðarinnar, færa yfir á hana útgjöld sem hún situr væntanlega uppi með á komandi árum o.s.frv.

Ef mér leyfist, þó að ég hafi sagt að þetta yrðu mín lokaorð áðan, að bæta við einni spurningu til hæstv. fjmrh. Það er spurningin um það hvort hæstv. fjmrh. kunni vel við það að eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar um 1.800 millj. til aukinnar vegagerðar og 2.000 millj. í auknar framkvæmdir skuli Vegagerð ríkisins undir stjórn hæstv. samgrh. rjúka til og hefja að bjóða út verk í stórum stíl þannig að nú er búið að bjóða út verk sem engar fjárheimildir eru fyrir á yfirstandandi ári, hvorki í fjárlögum, lánsfjárlögum, vegáætlun eða fjáraukalögum. Með því er farið fram hjá ákvæðum 10. gr. vegalaga um skipan framkvæmda á sviði vegamála og með því er að mínu mati með ákaflega óviðurkvæmilegum hætti — ég skal orða það þannig — undirbúnar útgjaldaskuldbindingar ríkisins sem á engan hátt hafa verið bornar undir samþykkt Alþingis og engar heimildir eru fyrir. Ég er ansi hræddur um að hreintrúarmenn á undanförnum árum hefðu látið í sér hvína ef þeir hefðu staðið frammi fyrir slíkum hlutum á Alþingi.

Ég ætla ekki að fara að standa í einhverri styrjöld út af þessu eða gera þetta að miklu máli en mér verður hugsað til manna eins og hv. 2. þm. Norðurl. v., Pálma Jónssonar, sem hélt hér mikla ræðu fyrir nokkrum árum síðan út af 35 millj. kr. áformaðri frestun framkvæmda sem hv. þm. taldi að ríkisstjórn og ráðherra hefðu engar heimildir til af því að Alþingi hefði ekki samþykkt þær. Þá voru menn trúir yfir hinu litla þegar ekki kom til greina að fresta eða færa yfir ein áramót framkvæmdir upp á 35 millj. kr. En nú er öldin önnur. Nú er það bara eins og sjálfsagt mál að ríkisstjórnin taki ákvörðun um 1.800 millj. kr. — ja, er það aukafjárveiting, hæstv. fjmrh.? Vill hæstv. fjmrh. svara því? Var þetta ákvörðun um 1.800 millj. kr. aukafjárveitingu? Það er það fyrsta sem manni dettur í hug þegar maður les í blöðunum nokkrum dögum seinna um útboð framkvæmda. Nú veit ég að hæstv. fjmrh. ætlar hugsanlega að koma hér upp og svara með því að segja: Þetta er útboð að vísu en það er ekki búið að semja um neitt. En það er bara ekki frambærilegt. Til hvers er verið að bjóða þessi verk út í september ef ekki á að semja um þau fyrr en eftir áramót eða hvað? Af hverju er verið að eyða peningum Vegagerðar ríkisins í að undirbúa útboðsgögn og bjóða út verk sem eru ekki til fjárlagaheimildir fyrir? Rúmast sú eyðsla innan gildandi reglna um útgjöld þessarar opinberu stofnunar? Svarið er nei. Auðvitað er það þannig, hæstv. fjmrh., að Vegagerð ríkisins er óheimilt að eyða einni einustu krónu vegna þessara verkefna sem sum hver eru alls ekki á vegáætlun og hafa þar af leiðandi enga blessun Alþingis hlotið. Þó svo að það væri ekki skrifað undir bindandi verksamninga fyrr en búið verður að afla heimilda með fjáraukalögum eða öðrum hætti, þá eru það samt ótæk vinnubrögð, hæstv. fjmrh. Mér þykir miður að ekki bara hæstv. samgrh. skuli ganga ofan í þessa gryfju. Ég hefði haldið að hæstv. fjmrh. hefði vandað betur vinnubrögð sín í þessum efnum og séð til þess að þetta yrði ekki gert fyrr en tilskilinna heimilda hefði verið aflað.

Ég vona að hæstv. fjmrh. treysti sér til að fjalla um málið frá þessum almenna sjónarhóli. Við skulum láta deilur um nauðsyn vegagerðar og allt það liggja á milli hluta, ræða það við annað tækifæri og að öðrum hæstv. ráðherra viðstöddum, þ.e. samgrh., en fjmrh. sem vörslumaður ríkissjóðs getur ekki skotið sér undan því að ræða þessi mál.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vona að hæstv. forseti og hv. þm. virði mér það til vorkunnar að röddin er ekki upp á marga fiska í dag sökum lasleika en ég vonast samt til þess að það heyrist þó það vel í mér að hv. þm. fái a.m.k. einhver svör við þeim fyrirspurnum og kannski nokkur orð um þau atriði sem þeir kusu að nefna í sínum ræðum.

Þessi umræða hefur borið þess nokkur merki að hafa verið sundurslitin og kannski það sem meira er, það er ekki alltaf sama fólkið sem hefur verið viðstatt umræðuna þannig að það er mikið um endurtekningar hjá hv. ræðumönnum. Er það ekki sagt ræðum þeirra til lasts.

Hv. 6. þm. Norðurl. e., Jóhannes Geir Sigurgeirsson, ræddi nokkur atriði sem ég kýs að minnast á. Í fyrsta lagi sölu ríkisbanka. Hann spyr: Hvers virði verður hlutaféð ef illa fer í efnahagsmálum? Auðvit-

að er ekki hægt að gefa neitt algilt svar við þessu en ég bendi á að stjórnvöld hafa fyrst og fremst haft það til skoðunar hvort selja skuli Búnaðarbankann að undangengnum breytingum á lögum um viðskiptabanka í ríkiseigu. Sem betur fer er staða Búnaðarbankans mjög góð og er engin ástæða til þess að óttast að hún fari á annan veg á næstunni. Auðvitað getur sala verið með ýmsum hætti. Þar kynni líka einhvers konar samruni við aðrar lánastofnanir að koma til greina.

Næsta atriði sem hv. þm. ræddi, og raunar allir aðrir hv. þm. sem tóku til máls, var sú breyting sem gerð hefur verið á 11. gr. frv. sem núna er IV. kafli frv. Þetta er kafli sem, eins og fram hefur komið, var í svokölluðum bandormi, þ.e. í lögum um ráðstafanir ríkisstjórnarinnar sem ég held að sé mál nr. 1 á þessu ári. Venjan hefur verið sú að þessi kafli hefur verið í lánsfjárlögum. Ég tel og það hefur reyndar hlotið lögfræðilega athugun að greinin, eins og hún stendur í frv., stenst fyllilega lög. Hitt er svo annað mál hvort ástæða var til að gera þessa formbreytingu því að vissulega er hér ekki um efnisbreytingu að ræða. Slík skerðingarákvæði hafa verið í lánsfjárlögum svo lengi sem ég man, að vísu mismikil frá ári til árs en þó eru flest skerðingarákvæðin gamlir kunningjar.

Það sem auðvitað skiptir máli þegar menn eru að vega þetta og meta er að átta sig á því hvort hugsanlegt sé að fjárlög eigi að gilda og hvernig hægt sé að styrkja fjárlögin gagnvart ýmsum heimildalögum sem Alþingi hefur samþykkt. Um þetta má deila og menn geta haft mismunandi skoðanir á því en mín vegna má hv. nefnd, sem fær þetta til meðferðar — og reyndar verða það tvær nefndir frekar en ein, það fer til hv. fjárln. en þaðan til fjh.- og viðskn. — breyta frv. í það horf sem lánsfjárlög voru á sínum tíma. Hér er ekkert meira virðingarleysi á ferðinni gagnvart þeim lögum sem Alþingi hefur sett fremur en gætt hefur í lánsfjárlögum á liðnum árum því að hér er ekki um neina efnisbreytingu að ræða heldur einungis formbreytingu.

Þá var að því spurt hvers vegna minnst væri á Fiskveiðasjóð í viðauka en ekki á ríkisbankana eftir þá breytingu sem gerð var á lögum á yfirstandandi ári. Ástæðan er sjálfsagt sú að Fiskveiðasjóður var ávallt talinn upp í lánsfjáráætlun og eðlilegt að menn skoði lánsfjáráætlun og lánsfjárlög í heilu lagi. Hins vegar hafa viðskiptabankarnir ekki verið inni vegna þess að þeirra starfsemi er um margt ólík starfsemi lánastofnananna og erlendar lántökur viðskiptabankanna eru oft með öðrum hætti, hvað þá innlendar lántökur sem auðvitað eru einungis hluti af daglegri starfsemi bankanna, þ.e. að taka að sér peninga hjá almenningi og varðveita og ávaxta.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir las hér upp mjög góðan kafla úr riti sem ríkisstjórnin gaf út fyrir rúmu ári síðan, Velferð á varanlegum grunni, og er ég henni ákaflega þakklátur fyrir að muna eftir þessum kafla sem á að sjálfsögðu fullt erindi til okkar í dag eins og þá. Það kann að vera nokkur fróðleikur í því ef frá því er sagt að ef — og það er nú þetta fræga ef sem menn ræða stundum um þegar rifjuð er upp sagan — efnahagsástand þjóðarinnar hefði orðið slíkt sem spáð var á vordögum síðasta árs, ef ekki hefði orðið sá samdráttur á fiskveiðum sem varð og kjarasamningar hefðu ekki skert möguleika ríkisstjórnarinnar til þess að draga saman útgjöld á vissum sviðum, ef ekki hefði verið bætt við tveimur milljörðum nú í lántökur ríkissjóðs til að standa undir ákveðnum verkefnum er lítill vandi að sjá að útkoman hefði verið um það bil núll, þ.e. munur á tekjum og gjöldum hefði enginn verið í því frv. sem var til umræðu fyrir skömmu, þ.e. frv. til fjárlaga og lánsfjárlagafrv. byggir algerlega á því. Þetta eru svo sem engin ný tíðindi en það var þegar ljóst að það hlaut að verða mjög erfitt fyrir ríkisstjórnina að ná þessu markmiði sínu strax þegar samdrátturinn átti sér stað og ákveðið var að draga saman þorskveiðarnar. Það var reyndar gert tvisvar. Álverið var ekki byggt. Eins og menn muna stóð það til þegar þessi yfirlýsing var gefin um vorið. En það er rétt að þrátt fyrir það var hugmyndin að ná þessum árangri þegar umrædd bók kom út um haustið.

Þetta gefur mér tilefni til þess að ræða það hér enn á ný sem ég held að ræðumenn og hv. þm. íhugi of sjaldan en það er að greina í sundur hallann á fjárlögum íslenska ríkisins. Með sama hætti og aðrir getum við bent á að hallinn er kannski tvenns konar: Annars vegar er kerfislægur halli, þ.e. halli sem er af þeim ástæðum að undirliggjandi vöxtur er í útgjöldum ríkisins, einkum og sér í lagi í velferðarkerfinu vegna aldurssamsetningar þjóðarinnar og vegna þeirra breytinga sem verða á lögum sem sífellt leiða til meiri og meiri útgjalda. Hins vegar er hagrænn halli sem er af ástæðum sem við þekkjum, til að mynda auknum atvinnuleysisbótum og samdrætti í veltu. Sá halli er vonandi einungis tímabundinn. Ástæðan fyrir því að ég greini þennan halla í sundur eru aðgerðir Svía fyrir skömmu en þar var gerð mjög merk tilraun til að skilja þennan halla í sundur. Svíar einhentu sér síðan í að skera niður eða reyna að ná tökum á kerfislæga hallanum því að þeir sögðu að um leið og atvinnulífið fer síðan að snúast þá lagast hagræni hallinn af sjálfum sér. Þetta tel ég að þurfi að koma fram í umræðunni því það hefur þýðingu fyrir starfið sem nú er unnið að og nokkuð hefur verið rætt um undanfarið af ýmsum aðilum, þar á meðal af aðilum vinnumarkaðarins og öðrum sem að því máli koma.

Hv. þm. spurðist fyrir um það hvar væru hættumörkin fyrir þjóðarbúið og gerði það í tengslum við þær umræður sem farið hafa fram um Svíþjóð og Færeyjar að undanförnu. Auðvitað get ég ekki svarað því frekar en hver annar en það er augljóst að það sem menn þurfa að líta á er hvert stefnir þrátt fyrir það að okkur hafi tekist hér á landi betur en Svíum að ná tökum á ríkisfjármálum sem voru með svipuðu móti fyrir tveimur árum síðan. Ég endurtek að íslensku ríkisstjórninni hefur þó tekist betur en þeim að ná niður hallanum. Ég hika ekki við að segja að hallinn á fjárlagafrv. næsta árs hefði líklega orðið 23–25 milljarðar ef ekkert hefði verið að gert. Í Svíþjóð verður hallinn í ár líklega 23–30 milljarðar, þ.e. samsvarandi halli. Okkur hefur þó tekist að draga úr hallanum en það breytir því ekki að hann er enn fyrir hendi og við

erum áfram að safna erlendum skuldum eins og sést á hallanum í viðskiptum við útlönd. Á meðan við erum á þessari leið tel ég að hér sé hættuástand, sérstaklega þegar á sama tíma er ljóst að samdráttur á sér stað í undirstöðuatvinngreinum þjóðarinnar. Það vil ég að komi hér mjög rækilega fram því ég vil ekki með nokkru móti láta fólk álíta að sá árangur sem hefur náðst sé nægilegur. Það er síður en svo. Þess vegna hef ég fengins hendi tekið því þegar hinir og þessir, þar á meðal aðilar vinnumarkaðarins, hafa bent á að víðtæka samstöðu þurfi til að ná tökum á vandanum. Reyndar, og ég ætti kannski að bæta því við, er það íslensk leið.

Ég rifja það upp að snemma árs 1990 voru gerðir kjarasamningar, þjóðarsáttarsamningar, þar sem forsendum fjárlaga fyrir það ár var algerlega rift. Alveg ný ríkisfjármálastefna kom út úr þeim samningum sem auðvitað voru gerðir af aðilum vinnumarkaðarins. Ríkisstjórnin samþykkti þá samninga og stjórnarandstaðan, a.m.k. hluti hennar sem er í mínum flokki, Sjálfstfl., fagnaði þeirri víðtæku samstöðu. Nú eru mál á þann veg að enn þarf á slíkri samstöðu að halda og það er ekki nýtt að þeir sem fyrstir bregða á leik og reyna að ná tillögum, sem síðar verða til umræðu, eru aðilar vinnumarkaðarins því að allir vita að kjarasamningar eru einhverjar stærstu efnahagsákvarðanir sem nokkur þjóð þarf að taka.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir ræddi um vexti. Ég ætla ekki að vera langorður um vexti. Vextir hafa lækkað hér ef tekið er t.d. heilt ár, þeir hafa lækkað á síðari hluta ársins. Þeir sveiflast að vísu nokkuð til og frá en þeir eru lægri en þeir voru áður. Því til viðbótar er rétt að það komi fram að vextir hér eru ekki hærri en á Norðurlöndum og ekki hærri en þeir finnast við svipaðar aðstæður í jafnlitlum hagkerfum og íslenska hagkerfið er. Hins vegar eru vextir í stærri hagkerfunum lægri eins og í Bandaríkjunum, t.d. á skammtímaskuldbindingum í Bandaríkjunum. En það er munur á vöxtum á skammtímaskuldbindingum þar og langtímaskuldbindingum.

Hv. þm. gerði, eins og fleiri, athugasemd við 11. gr. og minntist þar sérstaklega á Húsfriðunarsjóð ef ég man rétt og taldi að mjög illa væri við hæfi að skerða þann sjóð nú. Ég tel ástæðu til þess að það komi fram nú að í 6. gr. fjárlaga yfirstandandi árs var heimild til þess að kaupa Húsið á Eyrarbakka. Það hefur verið gert og sú upphæð sem í það fór er miklu hærri upphæð en þessari skerðingu nemur. Reyndar hefur ríkið gert samning við heimaaðila og Þjóðminjasafnið um rekstur hússins í framhaldi af því. Þessi tala ein og sér hefur ekki þýðingu. Við verðum einnig að skoða þau útgjöld sem ríkið verður fyrir á 6. gr. fjárlaga. Þegar upp er staðið fara meiri fjármunir til þessara mála en lögbundið framlag til Húsfriðunarsjóðs er í raun. Það vil ég láta koma fram og ætla alls ekki að gera lítið úr þeim húsum sem hv. þm. gerði að umtalsefni sem voru á Tanganum á Ísafirði og hús á Hofsósi ef ég man rétt.

Um viðaukann vil ég einungis segja að í ræðu minni kom fram hvernig stæði á þessum viðauka og til hvers hann var settur fram. Ég veit ekki hvort ég á að lesa aftur þann kafla ræðu minnar. Ég held að það sé mönnum hvorki til skemmtunar né fróðleiks en þar var sagt að hér væri verið að gera tillögu um það hvernig skipta ætti fjármunum á milli innlendra og erlendra lána og fyrir því voru færð rök í ræðu minni sem ég vonast til að hv. þm. hafi heyrt. (**Gripið fram í:** Það dugar.) Það dugar, heyri ég að er kallað úr sal.

Þá var einnig spurt um yfirdráttinn hjá Seðlabankanum, hvort hann væri skynsamlegur við núverandi aðstæður. Ég skal alveg viðurkenna það að sem fjmrh. er það auðvitað dálítið freisting fyrir mig að hugsa sem svo: Kann nú ekki að vera þægilegra að geta hlaupið yfir götuna til Jóhannesar og þeirra sem þar eru og sagt: Getið þið ekki hjálpað okkur því að nú er komið í óefni? Ég veit að það er miklu einfaldara. En það leysir engin vandamál og sannast sagna hygg ég að við verðum að átta okkur á því að alls staðar, a.m.k. í löndunum í kringum okkur, er þetta gert öðruvísi.

Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að verðbréfamarkaðurinn sé þróaður og að á hverjum tíma sé vaxtastigið ljóst sem á markaðnum er. Ég held að stærstu mistök fyrrv. ríkisstjórnar hafi verið að átta sig ekki á því hvað var að gerast á síðustu sex mánuðum á starfstíma þeirrar ríkisstjórnar þegar skráðir vextir voru í engum takti við það sem var að gerast í raunveruleikanum og stórkostlegar skuldir söfnuðust upp hjá Seðlabankanum með þeim afleiðingum sem allir þekkja, að næsta ríkisstjórn varð að stórhækka vextina til að byrja með til að ná tökum á þessum málum því að annars hefði stefnt þráðbeint í gengisfellingu síðari hluta síðasta árs.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson ræddi um nokkur atriði sem ég sé ekki ástæðu til þess að gera að miklu umtalsefni og reyndar hefur sumu af því sem hann sagði þegar verið svarað því að þar var um sömu atriði að ræða og aðrir hv. ræðumenn höfðu fjallað um.

Loks kem ég að þeim þætti sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ræddi, þ.e. vegamálin. Ég verð þó að byrja á því að segja að þessi mál voru til umfjöllunar í umræðum um fjáraukalög. Þar var nákvæmlega sömu fyrirspurnum beint til mín af hálfu annars hv. þm. Ég svaraði því þar og það svar er reyndar til í ræðu minni frá þeim tíma. Ég á þá ræðu og sá kafli er örstuttur og ég skal flytja hann aftur af því að það hefur kannski farið fram hjá mönnum. Þar sagði, með leyfi forseta:

„Innan tíðar verður lögð fram tillaga til þál. og í þeirri tillögu mun verða ráðgert að breyta útgjaldafjárheimildum Vegagerðarinnar á yfirstandandi ári þannig að 50 millj. kr., sem ætlaðar voru til snjómoksturs, gætu gengið til kostnaðar vegna útboðanna. Sum útboðin eru um framkvæmdir sem eru á vegáætlun og þær framkvæmdir verða að sjálfsögðu greiddar af fjármunum á næsta ári." — Hér ætti að standa: af þeim fjármunum á næsta ári.— „Hins vegar verður settur sá fyrirvari í samninga við viðkomandi aðila, sem taka að sér verkið, að greiðslur koma ekki fyrr en fjárlög hafa verið samþykkt." Ég skýt því hér inn að þetta gildir auðvitað um framkvæmdirnar sem ekki eru á vegáætlun. „Það hefur verið haft samband við Ríkisendurskoðun um framkvæmd málsins og gengið þannig frá málinu að Ríkisendurskoðun sættir sig við."

Þetta vildi ég láta koma fram vegna þess að fjmrn. gerði auðvitað athugasemdir við það að útboð skyldu fara fram með þessum hætti. Með því að leggja hér fyrir þáltill. og ganga þannig frá samningum tel ég að komið sé til móts við þau eðlilegu viðhorf að lögum sé fylgt í hvívetna.

Loks um það sem mér finnst allt of oft heyrast hér en það er að bera saman fjármagn til vegagerðar við vegáætlun. Um það vil ég að lokum fá að segja þetta: Rétt fyrir síðustu kosningar stóðu allir þingmenn að því að samþykkja nýja vegáætlun. Þetta var auðvitað gert í þeirri bjartsýni sem menn stóðu þá frammi fyrir, töldu að væri allt að batna í okkar efnahagsmálum. Það er alveg hárrétt að við erum að skerða fjármuni sem eiga að renna til vegamála ef fylgja ætti þeirri vegáætlun. Sé hins vegar miðað við framkvæmdir sem voru á síðustu árum, þar á meðal síðasta ári og árunum þar á undan, þarf sá sem hér stendur ekki að roðna þegar hann ber framkvæmdirnar á yfirstandandi ári og næsta ári saman við þær framkvæmdir sem þá fóru fram og þá fjármuni sem fóru til vegamála á þeim tíma. Sannleikurinn er nefnilega sá að, þótt við tökum þessar 1.800 millj. kr. frá sem mér finnst ósköp eðlilegt að gert sé, þá fer samsvarandi upphæð til vegamála á næsta ári og á síðasta ári. Það er að vísu heldur meira sem fer á næsta ári en á síðasta ári þegar búið er að setja þetta á fastan verðmælikvarða. En þá ber að taka tillit til þess að ferjur og flóabátar fá 330 millj. kr. eða þar um bil. Ef ég tek þá tölu frá einnig er upphæðin nánast sú sama. Það munar 2–3 tugum milljóna á því sem á að fara til vegamála á næsta ári og fór til vegamála árið 1991. Þetta vildi ég að kæmi fram því að það skiptir auðvitað máli við hvað er miðað.

Ég skal fyrstur manna viðurkenna að við erum að skerða fé til vegáætlunar eins og hún var samþykkt og ég tel dyggð að gera það við núverandi aðstæður. Ég skal líka segja það hér, eins og ég hef reyndar sagt áður að hér er um að ræða hröðun á framkvæmdum, þessar 1.800 millj. kr. eiga að hraða framkvæmdum. Það er vegna þess að við vonumst til þess að eftir örfá ár verði efnahagsaðstæður hér betri og auðveldara að draga þá úr fjárfestingum í vegagerð en aðrar fjárfestingar komi í staðinn og þannig sé hægt að endurgreiða þessa fjármuni. Af minni hálfu er það skilyrði fyrir því að þessi lán séu tekin að þau endurgreiðist af vegfé í framtíðinni. Ég vil bæta því við að ef Alþingi ætlar að auka á hallann með samþykktum, sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlagafrv., hljóta þessar 1.800 millj. kr. líka að verða skoðaðar ef skera á niður útgjöld samkvæmt frv. Það er því allt undir.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var nú dálítið sérkennileg þessi ef-ræða hér hjá hæstv. fjmrh., þessi páskildagatíðarræða. Það var „ef þetta og ef hitt hefði ekki gerst hefði þetta nú e.t.v. orðið í lagi". Ef ekki hefði verið hætt við álver og ef ekki hefði minnkað þorskafli og ef ekki hefðu verið útgjöld vegna kjarasamninga, þá kannski ... Þetta minnir mig á það þegar við vorum að burðast við að læra þýskar sagnir og beygja þær í tíðum. Þá lærði maður ýmislegt í páskildagatíð og setti upp langar formúlur eins og þessa: Wenn Sie früher gekommen wären, hätte ich Ihnen helfen können. Þ.e. ef þér hefðuð komið fyrr hefði ég kannski getað hjálpað yður. Þetta var þannig ræða hjá hæstv. fjmrh., ef, þá, kannski. Hún sannfærir mig ekki mikið í sjálfu sér og þjónar ekki miklum tilgangi enda er hæstv. fjmrh. orðinn allmiklu hógværari nú í sínum málflutningi um forsendur fjárlaga.

Um þjóðarsáttina frá 1990 ætla ég ekki að segja margt en við skulum fara út í þann samanburð, hæstv. fjmrh., þegar búið verður að reyna á það hvort eitthvað slíkt gerist hér á næstunni eða ekki.

Um vegamálin að allra síðustu verð ég að segja eins og er að óskaplega er þetta neyðarleg „redding" ef svo má að orði komast, með leyfi forseti, að ætla að reyna að afla heimildar eftir á, gera vitleysuna löglega eftir á með því að flytja hér þáltill. þegar augljóslega er búið að stofna til kostnaðarins áður. Með því er í raun og veru verið að viðurkenna að þetta hafi ekki gengið án sérstakrar heimildar. Þetta var ekki heimilt. Þess vegna verður þáltill. væntanlega flutt eins og til þess að gera lögleysuna löglega eftir á. Þetta er auðvitað óskaplega neyðarleg og dapurleg útkoma, hæstv. fjmrh., sem við skulum báðir tveir hafa sem fæst orð um.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. fyrir þýskukennsluna. Það er alltaf jafnánægjulegt að heyra hana hljóma aftur og aftur. (**Gripið fram í:** Hann er nú ekki síðri í dönskunni.) Nei, ég veit að í öllum tungumálum er hann mjög góður og flinkur ræðumaður, alveg sama í hvaða máli borið er niður. Varðandi vegamálin hygg ég að enn hafi ekki verið lagt út í kostnað umfram það sem lög leyfa. Kostnaðurinn kemur fyrst og fremst þegar greiða þarf verktökunum fyrir fram nokkrar milljónir. Þingið verður beðið um leyfi til að færa verði frá snjómokstri og yfir í þessar fyrstu greiðslur. (**Gripið fram í:** En ef það snjóar mikið.) Það er talið að jafnvel þótt snjói verulega fram að áramótum sé til nægilegt fé því að sparnaðurinn hafi komið fram á fyrstu mánuðum ársins. Síðan hefur það verið samþykkt að í samningana, og áður en þeir verða gerðir, verði settir þessir ákveðnu fyrirvarar. Ég skal hins vegar viðurkenna að það hefði ugglaust verið betri röð á hlutunum að koma fyrst fram með þáltill., fá hana samþykkta og síðan að bjóða út. En betra seint en aldrei. Því til viðbótar hefur það þýðingu fyrir verktakana að vita nokkurn veginn við hverju þeir megi búast í vetur. Að öðrum kosti hefðu þeir hiklaust sagt upp því fólki sem hefði unnið við þessar framkvæmdir þegar kemur fram á vetur.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er eingöngu að ræða þessi mál á þeim forsendum hvernig eðlilega hefði átt að standa að ákvarðanatöku og framkvæmdum á þessu sviði. Ég er efnislega sammála hæstv. fjmrh. að það er æskilegt að

hægt sé að ráðast sem fyrst í þessar framkvæmdir og hefur sína kosti að geta nýtt sér núverandi ástand á verktakamarkaði. En þetta er ekki réttur framgangsmáti, hæstv. fjmrh.

Það sem þarna er að gerast er að það er verið að taka ákvarðanir um allt aðra framkvæmdaröð verkefna í vegamálum sem á lögum samkvæmt að takast af Alþingi. Það stendur í 10. gr. vegalaga, ef ég man rétt, að samgrh. leggur fram vegáætlun sem er rammaáætlun um útgjöld í vegamálum og Alþingi við meðferð ályktunarinnar skiptir þeim fjármunum niður á einstök verk. Þetta stendur í lögum. Þar til viðbótar koma svo öll önnur lagaákvæði sem gera það að verkum að það er óheimilt að skuldbinda ríkið um útgjöld o.s.frv., nema fjárheimildir séu fyrir hendi. Þetta þekkjum við.

Síðast alls er ég nú að elta vini mína í Vegagerðinni sem ég veit að af samviskusemi hafa reynt að gera þetta eins vel og hægt var. En óttast ég að jafnvel þeim af allri sinni ráðdeildarsemi hafi því miður ekki tekist að fara í að mæla út fyrir sumum þessara vega, sem ekki voru inni á vegáætlun, útbúa útboðsgögn, prenta þau, ganga frá þeim, senda þau út og auglýsa útboðin án þess að það kosti peninga. Ég efast um að þeir hafi náð að gera þetta allt í sjálfboðavinnu. Þar með er í raun og veru beinlínis búið greiða fjármuni út sem ekki voru heimildir fyrir vegna verka sem ekki voru á samþykktri vegáætlun.

Það er mjög miður, hæstv. fjmrh. Ég ætla ekki að gera þetta að stóru máli að öðru leyti. Mér þykir bara dapurlegt að svona skyldi takast til. Og ég held að við séum allir menn að meiri að viðurkenna að þetta var ólánlegt og við skulum ekki láta þetta endurtaka sig.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það hefði verið afskaplega freistandi að halda langa ræðu til viðbótar um lánsfjárlögin og efnahagslífið. Það er eiginlega ekkert sem kemur í veg fyrir það af minni hálfu nema heilsuleysi hæstv. ráðherra. (**Gripið fram í:** Eða hungur.) Nei, hungur er það ekki því hér er eftir lítill samvalinn hópur sem ég efast ekki um að gæti komist að farsælli niðurstöðu um stöðu þjóðarbúsins og þær aðgerðir sem þyrfti að grípa til í efnahagsmálum á næstunni. Það væri kannski þess virði þó það reyni eiítið á heilsufar ráðherrans að fara í þá vinnu í kvöld.

En aðeins örfá orð um vegamálin og það klúður sem þar er komið upp núna þó við höfum rætt það við hæstv. ráðherra fyrir tveim dögum. Öll þessi saga minnir mig orðið mikið á byggingu á frægu hóteli hér á landi. Þar var þannig að verkum staðið að fyrst var byggt, síðan var leitað eftir samþykki byggingarnefndar og endað á því að teikna. Það er líkur gangur á þessum flumbrugangi sem hefur verið í vegamálunum hjá ríkisstjórninni á síðustu mánuðum. Ég trúi ekki öðru en fjmrh. líði eilítið illa út af þessu öllu saman.

Ég ætla hins vegar ekki að gagnrýna verknaðinn sem slíkan að taka lán til að flýta vegaframkvæmdum. Ég flutti þáltill. í þá veru á síðasta vetri. Það er alveg rétt hjá ráðherranum að það er mjög skynsamlegt að nota þá lægð sem nú er til vegaframkvæmda til að geta dregið úr spennu ef svo færi að við legðum í stórframkvæmdir á öðru sviði á næstu árum. Þessum peningum er áreiðanlega vel varið. En það hefði verið miklu skemmtilegra ef hægt hefði verið að framkvæma málið samkvæmt lögum og fara í það með þingmönnum kjördæmanna hvernig verkum yrði háttað.

Ég heyri það eilítið á þingmönnum Reykvíkinga að þeir standa í þeirri trú að það að þingmennirnir skipti þessu niður úti í kjördæmunum þýði að verið sé að skvetta smáaur hér og öðrum þar og peningarnir nýtist ekki eins vel fyrir vikið. Það held ég að sé alrangt. Í það minnsta í kjördæmi okkar hv. 4. þm. Norðurl. e. hafa þingmennirnir unnið mjög skipulega í málinu og tekið fyrir ákveðna verkþætti. Það var kláraður vegurinn Akureyri-Dalvík fyrst og síðan farið í Akureyri-Húsavík. Í þriðja áfanga er kláraður vegurinn vestur úr kjördæminu, vestur á Öxnadalsheiði. Við, þingmenn kjördæmisins, höfðum vænst þess, að geta tekið fullan þátt í því hvaða áfanga við vildum taka næst. En nú er svo komið að hæstv. samgrh., væntanlega vegna þess að hann treystir því ekki að hann sé sammála okkur hinum í öllum atriðum í kjördæminu, hefur ákveðið að taka sér tilskipunarvald í vegamálum með fulltingi hæstv. ríkisstjórnar. Síðan er núna verið að reyna að klóra yfir það eftir á.

Varðandi spurningar til ráðherra sem ég bar fram fyrir tveimur dögum um bankamálin. Hann svaraði annarri en hinni ekki. Ég spurði hver hann teldi að yrði staða bankanna, fjármálakerfisins, í landinu ef fram gengi sú galdþrotahrina sem fram undan væri. Nú sé ég, virðulegur forseti, að það er borin von að við náum að leysa efnahagsmálin í kvöld því nú er farinn úr þingsalnum fulltrúi Alþb. sem hefur tekið að sér friðargæsluhlutverk í þessum málum þessar vikurnar þannig að ég mun mjög stytta mál mitt — og enginn krati en það gerir kannski ekkert til.

Ég spurði hvert yrði verðmæti bankanna. Hæstv. ráðherra hefur svarað því og ef til vill afhjúpað eitthvað af áformum stjórnarflokkanna þar sem talað er um samruna ríkisbankanna við aðrar bankastofnanir. Ég spurði líka hvort það væri skynsamlegt í þessu efnahagsástandi að demba út á veikan hlutabréfamarkað hlutabréfum í ríkisfyrirtækjum upp á á annan milljarð. Ég held að ef ríkisstjórnin vill skapa svigrúm fyrir atvinnulífið sé fátt sem hún geti gert betra en leyfa fyrirtækjunum, einkafyrirtækjunum og samvinnufyrirtækjunum sem nú eru að fara af stað með samvinnuhlutabréf, að eiga hlutabréfamarkaðinn á næstu einu til tveimur árum. Ég held að ríkisstjórnin og ríkissjóður gæti fátt gert betra fyrir veikburða atvinnulíf í dag í viðleitni til þess að koma því upp aftur.

Ég get ekki farið héðan öðruvísi en minnast á þau orð hæstv. fjmrh. að hallinn á ríkissjóði hefði stefnt í, ef ekkert hefði verið að gert, 23–25 milljarðar, ef ég man rétt. Nú dettur engum heilvita manni í hug að sú ríkisstjórn sem hefði tekið við eftir síðustu kosningar, hver sem hún hefði verið, hefði ekki talið það eitt sitt brýnasta verkefni að taka á ríkisfjármálunum. Mér dettur ekki annað í hug. Það er þess vegna algjörlega út í

hött að tala um einhvern hugsanlegan 25 milljarða halla á ríkisfjármálum ef björgunarsveit núv. ríkisstjórnar hefði ekki komið til.

Það eru líka gömul sannindi og ný að á síðasta ári ríkisstjórnar vill slakna á ríkisfjármálum. Það er ósköp einfalt að benda á slík dæmi í sögu Sjálfstfl. í þau skipti sem hann hefur farið með ríkisfjármálin. Ég held því að það hafi verið alveg ljóst að það er sama hverjir komu til valda. Öllum var ljóst að eitt brýnasta verkefnið var að taka á ríkisfjármálunum.

Ég ætla ekkert að fara í það hvernig núv. hæstv. ríkisstjórn hefur tekist til þar. Þar held ég að ekki hafi allt farið sem skyldi.

Varðandi söguskýringu á þjóðarsáttinni 1990. Ég ætla ekki að ræða mikið um það. Ég minni hæstv. forsrh. á að í ræðu á ársfundi Vinnuveitendasambandsins þegar þetta var allt saman yfirstaðið sá þáverandi formaður Vinnuveitendasambandsins, Einar Oddur Kristjánsson, sérstaka ástæðu til að lýsa yfir mjög góðu samstarfi við ríkisstjórnina á meðan á þessu stóð og að allt sem farið hafði verið fram á við ríkisstjórnina og hún taldi innan síns verkahrings hefði gengið eftir og staðist.

Ég hef verið að reyna að fylgjast með því seinustu daga, m.a. í viðtölum við forsvarsmenn Alþýðusambandsins hvað er að gerast núna. Því miður virðist óskaplega lítið samband milli aðila vinnumarkaðarins og forustuafls ríkisstjórnarinnar. Það lítur út fyrir það, kannski merkilegt nokk sérstaklega meðal vinnuveitenda og útgerðarmanna, að þessir aðilar beri ekkert traust til forustu hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli.

Virðulegur forseti. Af ástæðum sem ég tilgreindi áðan fer ég að stytta mál mitt. Ég ætla þó að varpa fram einni spurningu til hæstv. fjmrh. um þann lista sem kominn er á borð mitt en var ekki þegar ég flutti ræðu mína í fyrradag. Ég gat ekki getið þessara upplýsingar vegna þess að þær lágu ekki fyrir hjá okkur þingmönnum í aðgengilegu formi. Ég ætla að spyrja hæstv. fjmrh. um einn lið. Það er lækkun úr lögbundnu framlagi upp á 350,8 millj. niður í 0 kr. til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Ég ætti sjálfsagt að vita hvers vegna þessi lækkun er þarna inni. En þó vildi ég inna fjmrh. eftir því hvað um er að ræða í þessu tilfelli.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna það að ég er ekki alveg klár á því hvað veldur þessari skerðingu. Ég get þó bent á að í lánsfjárlögum fyrri ára var um skerðingarákvæði að ræða þegar Stofnlánadeildin átti í hlut, þar á meðal t.d. vegna lánsfárlaganna 1991. Í 13. gr. þeirra laga var ákvæði sem skerti framlög verulega til Stofnlánadeildarinnar. Það snerti líka Lífeyrissjóð bænda en ég get ekki fullyrt að það sé í þessu dæmi sem hér er til umræðu. Ég efast ekki um að það sé hægt að fá upplýsingar um það í nefnd.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. ræðumanni að ég hafði ekki svarað annarri spurningunni um bankana. Það er líka kannski dálítið erfitt að svara því en ég get þó bent á af því að minnst var á fund Vinnuveitendasambandsins að einmitt á fundi Vinnuveitendasambandsins fyrir ári eða tveimur flutti Sigurður Stefánsson, er forstjóri Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka, ræðu og taldi óhætt að koma inn með ný hlutabréf eingöngu vegna einkavæðingar upp á tvo til þrjá milljarða á ári.

Sannleikurinn er sá að það vantar svona bréf markaðinn. Markaðurinn er m.a. veikur vegna þess að það vantar bréf í nýjum fyrirtækjum sem yrðu skráð á Verðbréfaþingi Íslands og það mundu þessi bréf verða. Lífeyrissjóðirnir og aðrir hafa verið að leita að dreifingu áhættu í sínum sparnaði og þá mundi einmitt eignaraðild að sterkum banka nýtast slíkum aðilum mjög vel.

Í öðru lagi langar mig til að það komi fram að þótt rétt sé að Einar Oddur Kristjánsson hafi hælt þáv. ríkisstjórn og reyndar stjórnarandstöðu fyrir hvernig staðið var að þjóðarsáttarsamningunum á árinu 1990 var það nú svo að ekki gekk allt eftir því strax að loknum þeim samningum lýsti Einar Oddur Kristjánsson því yfir að það yrði að breyta samningunum við BHMR. Og aftur og aftur hamraði hann á því en ríkisstjórnin lét undir höfuð leggjast að gera það og því fór sem fór sumarið 1990. Þetta vil ég að komi hér fram og þarf auðvitað ekki að rifja upp fyrir hv. þm.

Í lokin vil ég að það komi hér fram að auðvitað eiga fulltrúar ríkisstjórnarinnar, stundum formenn flokkanna, stundum ég og forsrh., stundum einungis fulltrúar fjmrn., samstarf og samráð við aðila vinnumarkaðarins um þá hluti sem nú er verið að ræða. Það liggur í hlutarins eðli vegna þess að margt af því sem þar er rætt er ekki hægt að fá upplýsingar um nema innan úr ráðuneytunum, þar á meðal útreikninga alls konar á skattamálum. Ég get hins vegar sagt að ég hygg að þetta starf sé ekki komið eins langt eins og ýmsir halda. Og ég tel ástæðu til að leggja áherslu á að gefa þessum aðilum frið til að komast að niðurstöðu. Það geta verið tvær til þrjár vikur í slíka niðurstöðu. Komi hún ekki hlýtur ríkisstjórnin að þurfa að taka á þessum vanda sem nú er augljós með viðeigandi hætti. Hún mun því ávallt bera ábyrgðina.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að taka undir það með hæstv. fjmrh. að því miður eru þessar umræður aðila vinnumarkaðarins ekki komnar eins langt og maður hefði ætlað, í það minnsta ef menn fylgjast með fjölmiðlum. Ég verð því miður einnig, virðulegur forseti, að segja að ég efast stórlega miðað við yfirlýsingar hæstv. forsrh. margítrekað undanfarið þess efnis að ríkisstjórnin verði að hafa úthald til þess að standa við þá stefnu sem hún hefur fylgt fram að þessu, að um skjótar aðgerðir ríkisstjórnar verði að ræða ef ekki koma tillögur frá aðilum vinnumarkaðarins. Verði komið undir áramót þegar kemur að slíkri ögurstund sé ég ekki hvernig á að koma öllu því fram á Alþingi sem þarf í tengslum við fjárlagagerð og skattamál fyrir árslok og hvernig atvinnulífið hefur úthald til að bíða eftir þeim aðgerðum.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi sagt það í framsöguræðu minni með fjárlagafrv. að tímarnir væru nokkuð breyttir. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að við getum ekki gert ráð fyrir því að fjárlagafrv. sé afgreitt bara einu sinni á Alþingi einhvern tímann rétt fyrir jól og síðan liggi allt kjurt þar til næsta samþykkt verður gerð. Þvert á móti hljótum við í hverjum mánuði, í hverri viku, jafnvel á hverjum degi að þurfa að taka ákvarðanir sem miðast við þær hröðu breytingar sem eru að verða á efnahagslífi þjóðarinnar. Þetta veldur því að umræður innan þings og utan eru með öðru sniði en oft áður. Sem betur fer er víðtækur skilningur og reyndar stuðningur við að gera verulegar breytingar á efnahags- og atvinnulífi landsmanna.

Ég er hins vegar sammála hv. þm., hafi ég skilið hann rétt, að það mun tryggja betri árangur ef slík víðtæk samstaða verður grundvölluð á tillögu sem aðilar vinnumarkaðarins hafa í upphafi komið sér saman um því langsamlega stærsta efnahagsaðgerðin sem Íslendingar standa frammi fyrir er þegar kemur að kjarasamningum og það eru einmitt þessir aðilar sem gera kjarasamninga.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er réttur skilningur að við erum sammála, ég og hæstv. fjmrh., að það er best að þessar tillögur komi frá aðilum vinnumarkaðarins. Ég get einnig tekið undir að fjárlögin sem slík hljóta að vera í endurskoðun eftir framvindu hlutanna á árinu. En ég minni hæstv. fjmrh. á öll atriði varðandi grunn tekjuþáttarins, þ.e. ákvarðanir varðandi skattlagningu, eru þess eðlis að þær verða af tæknilegum ástæðum að liggja fyrir í lok ársins á undan viðkomandi skattaári. Og þar er mjög mikil vinna óunnin. Við vitum ekkert um það í dag hvernig tekjuöflunarfrv. koma til með að líta út. Því miður sé ég ekki hvernig hæstv. fjmrh. getur látið vinna þá vinnu í sínu ráðuneyti á meðan sú óvissa ríkir sem nú er.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þótt ástandið sé slæmt þá er það ekki alslæmt, ekki einu sinni í tekjumálum ríkisins. Við eigum allar upplýsingar. Frv. grundvallast á ákveðnum breytingum og það er ekki gert ráð fyrir að þær séu miklar. Ég vek áthygli á því að þær breytingar sem þarf hugsanlega að gera á virðisaukaskattkerfinu þarf ekki að binda við áramót. Einungis það sem er bundið við tekjuskattinn hefur verið álitið að þurfi að gera breytingarnar fyrir áramót þannig að ekki verði um afturvirkni að ræða. Alþingi Íslendinga hefur oftsinnis og ekki síst í kjölfar víðtækrar samstöðu afgreitt slíkar breytingar á örskömmum tíma. Takist það ekki verður það auðvitað geymt yfir áramótin. En ég hef fulla trú á að okkur takist í sameiningu, stjórnarandstöðunni og ríkisstjórn, að koma nauðsynlegum breytingum til skila í tæka tíð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Út af dagskrá eru tekin 5. til og með 9. dagskrármálið. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

1

44. FUNDUR

mánudaginn 2. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Rannsókna- og vísindastefna ríkisstjórnarinnar, beiðni um skýrslu, 186. mál, þskj. 213. *Hvort leyfð skuli.*
2. Lánsfjárlög 1993, stjfrv., 145. mál, þskj. 166. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Foreldrafræðsla, þáltill., 114. mál, þskj. 134. — Fyrri umr.
4. Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frv., 127. mál, þskj. 147. — Frh. 1. umr.
5. Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, þáltill., 132. mál, þskj. 152. — Fyrri umr.
6. Lækkun húshitunarkostnaðar, þáltill., 151. mál, þskj. 172. — Fyrri umr.
7. Greiðslufrestur á fasteignalánum vegna fjárhagserfiðleika, frv., 153. mál, þskj. 175. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.,
Jóhanna Sigurðardóttir félmrh.,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjala:

Bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda, 187. mál, frv. PP, þskj. 215.

Samningar um álbræðslu á Keilisnesi, 95. mál, svar iðnrh. á þskj. 214.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 30. okt. 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Norðurl. e., Svanhildur Árnadóttir bankastarfsmaður, Dalvík, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir bréfið ritar Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Þá hefur borist annað bréf, einnig dags. 30. okt. 1992:

„Þar sem sjútvrh., Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, verður erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér að beiðni hans með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Drífa Hjartardóttir bóndi, Keldum, Rangárvallahreppi, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta bréf ritar Geir H. Haarde, formaður þingflokks Sjálfstfl.

Þá hefur borist eftirfarandi bréf, einnig dags. 30. okt.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varaþingmaður Framsfl. í Norðurl. v., Elín R. Líndal hreppstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta bréf ritar Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.

Þá er hér enn bréf, dags. 30. okt. 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að þar sem 1. varaþingmaður Alþb. í Reykjavíkurkjördæmi getur ekki vegna sérstakra anna tekið sæti sitt á Alþingi taki 2. varaþingmaður Alþb. í Reykjavíkurkjördæmi, Guðmundur Þ Jónsson, formaður Iðju, Félags verksmiðjufólks í Reykjavík, sæti í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta bréf ritar Guðrún Helgadóttir, 14. þm. Reykv.

Þá er hér bréf stílað til forseta Alþingis, dags. 30. ok. 1992:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti á Alþingi á næstunni sem 1. varaþingmaður. Alþb. í Reykjavíkurkjördæmi.

Virðingarfyllst,
Auður Sveinsdóttir."

Svanhildur Árnadóttir, Drífa Hjartardóttir, Elín R. Líndal og Guðmundur Þ Jónsson hafa öll tekið áður sæti á Alþingi og eru boðin velkomin til starfa.

Rannsókna- og vísindastefna ríkisstjórnarinnar.

Beiðni SvG o.fl. um skýrslu, 186. mál. — Þskj. 213.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðni leyfð til með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, DH, EGuðn, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GHall, GÞJ, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JHelg, JónS, KHG, KÁ, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SvG, ÖS.

29 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, GuðjG, GB, GÁ, GunnS, HBl, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KSG, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, StH, SJS, StB, SvÁ, VS, VE) fjarstaddir.

Lánsfjárlög 1993, frh. 1. umr.

Stjfrv., 145. mál. — Þskj. 166.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, DH, EGuðn, EL, FI, FrS, GHH, GHall, GÞJ, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónS, KHG, KÁ, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SvÁ, SvG, VS, ÖS.

25 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, EKJ, GuðjG, GB, HBl, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KSG, KE, MF, ÓRG, RA, SP, StG, StH, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárln. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GHall, GÞJ, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónS, KHG, KÁ, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SvÁ, SvG, VS, ÖS.

22 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, GuðjG, GB, HBl, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KSG, KE, MF, ÓRG, RA, SP, StH, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Foreldrafræðsla, fyrri umr.

Þáltill. GGuðbj o.fl., 114. mál. — Þskj. 134.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um foreldrafræðslu sem er að finna á þskj. 134. 1. flm. þessarar tillögu er hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir en auk hennar Anna Ólafsdóttir Björnsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að beita sér fyrir því að tekin verði upp foreldrafræðsla í skólum landsins, í fjölmiðlum og í samráði við heilbrrh. á heilsugæslustöðvum. Skipaður verði vinnuhópur sem komi með tillögur um æskilegt inntak, form og umfang foreldrafræðslu á fyrrgreindum stöðum fyrir 1. nóv. 1993.“

Tillaga þessi er endurflutt en hún var fyrst lögð fram undir lok 113. löggjafarþings og varð þá ekki útrædd. Efni tillögunnar er jafnviðeigandi nú, enda er uppeldi barna eitt af grundvallarviðfangsefnum hvers samfélags á hverjum tíma.

Ég mun ekki endurtaka greinargerðina sem fylgir þáltill. en vísa í hana. Eins og fram kemur þar bera foreldrar mikla ábyrgð samkvæmt skipulagi uppeldismála í okkar þjóðfélagi og margt bendir til þess að þeir hafi erfiða stöðu til þess að sinna foreldraskyldum sínum. Þar er þá fyrst og fremst átt við langan vinnudag og mikla atvinnuþátttöku foreldra sem m.a. gerir foreldrum erfitt að sinna samstarfi við aðrar uppeldisstofnanir, svo sem leikskóla og skóla eða stofnun eins og kirkjuna.

Þessi tillaga er flutt í þeim tilgangi að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu sem að mati flutningskvenna er mikilvægt til að núverandi uppeldisskipan fái staðist, auk þess sem fleiri aðgerðir þyrftu að koma til. Auk ofannefndra ástæðna fyrir fræðslu af þessu tagi er bent á eftirfarandi rök í greinargerðinni með tillögunni:

1. Engin fræðsla um foreldrahlutverkið og barnauppeldi er í boði fyrir alla í skólakerfinu eða annars staðar í þjóðfélaginu. Ástæður þess eru margvíslegar. Þær tengjast m.a. skilgreiningum á hugtakinu menntun, því hvernig hefðbundin skólanámsskrá þróaðist á grunni kynskiptra skóla og ekki síst á hlutverkamun kynjanna í uppeldismálum.

2. Bent er á þau rök að vísindaleg þekking á þroska og uppeldi barna hefur stóraukist á liðnum áratugum án þess að komast til foreldra almennt. Ætla má að það dragi úr öryggi foreldra í samskiptum við sérmenntað fólk á dagvistarheimilum og í skólum.

3. Bent er á að þótt foreldrar hafi hingað til getað byggt á reynslu fyrri kynslóða eru aðstæður nútímaforeldra og barna, a.m.k. í þéttbýli, mjög breyttar frá því sem foreldrarnir sjálfir þekktu frá eigin uppvexti. Í þessu sambandi má benda á eftirfarandi: Mun takmarkaðri tími er til samskipta en áður. Börnin í hverri fjölskyldu eru að meðaltali færri. Foreldrar þurfa að hafa samskipti við æ fleiri aðila sem annast börn þeirra í leik, námi og starfi. Hjónaskilnaðir eru tíðir, nýjar fjölskyldugerðir að verða æ algengari, t.d. stjúpfjölskyldur, og mun fleiri foreldrar eru einstæðir nú en bjuggu við slíkar aðstæður sem börn. Fjölmiðlar keppa við foreldra um athygli á heimilinu. Þá má minna á staðreyndir um einelti sem við kvennalistakonur höfum raunar sérstaklega gert skil, fíkniefnaneyslu, kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum, börn á vergangi og sjálfsvíg hjá ungu fólki sem dæmi um vandamál sem smám saman eru að koma upp á yfirborðið og þörf væri að fræða foreldra um. Einnig má benda á nýlega könnun á trúarlífi Íslendinga sem sýnir áhrifamátt foreldra, einkum mæðra, varðandi trúariðkun barna sinna síðar í lífinu.

4. Nefna má sem rök að þegar boðið er upp á foreldrafræðslu eða námskeið um samskipti foreldra og barna, bæði hér og í nágrannalöndunum, hefur eftirspurn foreldra verið mikil. Því miður hefur þetta mest verið í formi einkanámskeiða sem ekki ná til allra.

Í tillögunni er lagt til að foreldrafræðslu verði komið á í skólum landsins, í fjölmiðlum og á heilsugæslustöðvum samkvæmt nánari tillögum frá sérstökum vinnuhópi. Nú þegar samdráttur er í þjóðfélaginu er mikilvægt að gera átak í þessum málum. Samdrátturinn ætti að gefa foreldrum aukinn tíma fyrir slíka fræðslu og til barnauppeldis. Um leið má gera ráð fyrir að atvinnuleysi og erfiðleikar sem því eru samfara komi mjög niður á samskiptum foreldra og barna. Við þessar þjóðfélagsaðstæður tel ég raunar að þessi tillaga um foreldrafræðslu hafi sérstaka skírskotun.

Það er von flutningskvenna að nú ríki þjóðarsátt um það að styrkja beri fjölskylduna og hennar mikilvæga hlutverk og að þetta mál fái farsæla meðferð hjá hv. menntmn. Það er ósk flutningskvenna að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og menntmn.

Ég vil bæta því við að því miður gafst hv. 1. flm. ekki færi á að fylgja málinu úr hlaði að þessu sinni. Hins vegar hefur hún víðtæka þekkingu á þessum málum eins og fram kemur glögglega í greinargerðinni. Ég tel að í vinnu nefndarinnar muni að sjálfsögðu verða að leita álits og upplýsinga um hvernig þessum málum verði best fyrir komið. Það er fyrst og fremst ósk okkar flutningskvenna að þetta mál fái brautargengi því að ef þetta er ekki eitt af brýnustu málunum sem taka þarf á í samfélaginu, þá veit ég ekki hver þau eru. Og ég ítreka það að að lokinni þessari umræðu verði málin vísað til síðari umr. og hv. menntmn.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það er enginn vafi á því að hér er hreyft athyglisverðu máli sem mér þykir alveg sjálfsagt að verði kannað vandlega í hv. menntmn. Mér er kunnugt að í mörgum löndum er lagt mikið upp úr foreldrafræðslu. Ég veit að t.d. í Bandaríkjunum er lögð sérstaklega mikil áhersla á þetta atriði. Með þessu er auðvitað ábyrgð foreldra í skólastarfinu aukin og það er vafalaust af hinu góða.

Það er verðugt markmið að styrkja foreldra eins og segir hér í lok greinargerðarinnar með tillögunni í sínu ábyrgðarmikla hlutverki til góðs fyrir uppvaxandi kynslóðir Íslendinga því lengi býr að fyrstu gerð. Undir þetta tek ég og e.t.v. er þetta leiðin. Það ber sérstaklega að athuga og ég hvet til þess að hv. menntmn. fari vandlega ofan í þetta mál.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Mig langar til þess að taka undir orð þeirrar þingkonu sem talaði hér fyrir þáltill. að umönnun barna er brýnasta mál þessa þjóðfélags. Það er ekkert, ég vil segja í veröldinni, sem er mikilvægara en það hvernig við stöndum að uppeldi nýrra kynslóða. Það ræður úrslitum í rauninni um framtíð samfélaganna hvernig að þeim málum er staðið.

Þegar við komum að skólakerfinu er í grundvallaratriðum aðeins tvennt sem þyrfti að kenna ef út í það væri farið. Í fyrsta lagi að kenna fólki að afla sér lifibrauðs þannig að það geti séð sér farborða síðar meir. Í öðru lagi að kenna fólki að annast sjálft sig og afkvæmi sín. Þetta tvennt er í grundvallaratriðum það sem kenna þarf í skólakerfinu fyrir utan ýmislegt sem utan á þetta má hengja. En það vantar dálítið mikið upp á að í íslensku skólakerfi sé fólki kennt svo vel sé að annast sjálft sig og ekki síður afkvæmi sín.

Ég held að ef við hugsum sjálf til baka til þess tíma þegar við vorum í skóla hafi ekki verið lögð sérstaklega mikil áhersla á hvernig við ættum síðar meir að sinna foreldrahlutverkinu. Það á fyrir flestum okkar að liggja að verða foreldri. Ef ég hugsa til minna menntaskólaára minnist ég þess varla að þar hafi verið nokkurt námsefni sem laut að því að síðar meir ætti maður eftir að verða foreldri.

Það er mjög mikilvægt mál og mjög brýnt að fara að taka á þessu vegna þess að mér sýnist að að ýmsu leyti getum við merkt það í samfélaginu í dag að verulega skorti á þekkingu fólks á börnum og því hvernig umgangast beri börn og hvernig sinna beri börnum. Að einhver þráður hafi rofnað a.m.k. í nútímaborgarsamfélagi, sem kannski tengdi kynslóðirnar betur saman áður og skilaði þekkingu og reynslu frá einni kynslóð til annarrar, og þess vegna verði að fara að taka á þessum málum. Ég fagnaði því mjög þegar ég heyrði félmrh. lýsa því yfir nýverið að hún teldi að þetta ætti að vera eitt af brýnustu forgangsmálunum í íslensku samfélagi á næstu árum. Ég vona svo sannarlega að það sé raunverulegur vilji fyrir þessu og við sjáum þess stað í því sem þá verður gert af hálfu ríkisstjórnarinnar, í fjárlögum og ýmsum frv. sem hér eiga eftir að líta dagsins ljós og ýmsum verkefnum sem ríkisstjórnin mun beita sér fyrir.

Sumt fólk lendir í miklum vandræðum með börn sín vegna efnalegs skorts vegna þess að það hefur ekki aðstæður eða efni til að búa nógu vel að börnum sínum. Aðrir lenda líka í þessu hreinlega af þekkingarskorti vegna þess að þeir vita ekki á hverju börn þurfa að halda og hvernig annast á börn. Mig langar í þessu sambandi að benda á úttekt í Morgunblaðinu sunnudaginn 20. sept. Þar kom þetta hræðilega orð „pokabarn" fyrir. Í íslensku samfélagi er orðið talsvert af svokölluðum pokabörnum sem koma heim til sín á daginn að læstum dyrum þar sem poki hangir á hurðarhúninum. Í honum er það sem þau eiga að hafa til viðurværis yfir daginn. Það er náttúrlega hrein og klár tragedía að þannig skuli vera að börnum búið í okkar samfélagi. Þar er ekki bara við stjórnvöld að sakast heldur líka við foreldra sem bera auðvitað ábyrgð á börnum sínum.

Mig langar að vísa í það sem segir í þessari könnun, sem var unnin af tveimur konum úr Kennaraháskóla Íslands. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Samkvæmt þessari könnun blasir sú staðreynd við að helmingur allra átta ára barna í Reykjavík er einhvern tíma vikunnar án umsjár fullorðinna og 25% allra sex ára barna. Um 36,8% barna af heildarsvar-

endahópi eru allt upp í 30 klst. á viku án umsjár fullorðins aðila. Eru þau annaðhvort alein eða með systkinum eða félögum. Systkini eru oft á svipuðum aldri og börnin eru í könnuninni og í flestum tilvikum undir tólf ára aldri."

Þetta hefði kannski getað gengið og getur kannski gengið að einhverju leyti til sveita í dag. En í íslensku borgarsamfélagi gengur þetta engan veginn.

Þessar tvær konur, sem heita Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Rútsdóttir, segja í viðtali:

„Það sem vekur mesta furðu okkar er hversu ánægðir foreldrar eru þó yfirleitt. Við óttumst að það sé orðin almenn samþykkt í þjóðfélaginu að börn séu orðin fullorðin átta ára gömul og geti því bjargað sér sjálf. Kannski má líka skoða þessar niðurstöður í ljósi þess að þegar Íslendingar eru spurðir um ánægju og lífshamingju telja þeir sig gjarnan meðal ánægðustu og hamingjusömustu þjóða heims. Þeir vilja bera sig vel og finnst neikvætt að vera með barlóm."

Það er ábyggilega nokkuð til í þessu. En það breytir þó ekki staðreyndinni hversu mörg börn ganga sjálfala. Þær segja áfram: „Við ætlumst til mikils af börnum, t.d. að þau sýni kærleika, séu kurteis, umburðarlynd, hlýðin, beri virðingu fyrir fullorðnum og séu dugleg að læra," segja Hrönn og Jóhanna. „En hvaða forsendur hafa þau til að standa sig þegar þeim er ekki sinnt sem skyldi? Bernska þeirra einkennist oft af öryggisleysi, kvíða og mótþróa og þessi vanlíðan barnanna kemur ekki síst fram í skólastarfi."

Ástæðurnar fyrir því að svo illa er búið að yngstu kynslóðinni telja þær Hrönn og Jóhanna einkum vera þrjár. Í fyrsta lagi hafi skólamál ekki verið á forgangslista stjórnvalda — og ég vek athygli á því vegna þess að það snýr ekki síst að okkur sem hér sitjum. Í öðru lagi gera foreldrar litlar kröfur þegar börn þeirra eiga í hlut. Í þriðja lagi hefur skólinn of lengi hjakkað í sama farinu. Hann er rekinn með svipuðum hætti og þegar mæður voru heima, þ.e. fyrir 30–40 árum.

Þess vegna held ég að það sé orðið mjög brýnt fyrir okkur að taka á þessum málum. Ég held að ekki síst í ljósi þess þjóðfélagsástands sem við blasir ef hér verður áframhaldandi samdráttur og atvinnuleysi, sem við auðvitað vonum öll að verði ekki, eigi ástandið síst eftir að batna. Því við vitum að þá bætast oft ofan á þá erfiðleika sem fyrir eru ýmsir félagslegir erfiðleikar sem stafa af atvinnuleysi og slæmum efnahag.

Ég ítreka það hér að ég tel þetta mjög mikilvægt mál. Við verðum að gera það sem í okkar valdi stendur til að taka á þessum málum og til að gera foreldrum kleift að sinna sínum skyldum — ég vil taka það fram að þetta eru skyldur sem barnalögin leggja okkur á herðar. Stundum verður manni hugsað til þess vegna starfa hins hv. Alþingis að ekki sé alltaf borin mikil virðing fyrir barnalögunum á hinu háa Alþingi þegar vinnutími þingmanna er skipulagður.

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Hér er hreyft mjög þörfu máli og nauðsynlegt að gefa sér dálítinn tíma til að skoða það í þessari virðulegu stofnun.

Þannig vill til að ég á sæti í hv. menntmn. og gefst kostur á að fara aðeins yfir málið þar. Ég ætla því að spara mér athugasemdirnar í meginatriðum þangað til. Ég ætla þó að drepa á nokkur atriði.

Í fyrsta lagi: Að hverju lýtur sá almenni vilji sem hér kemur fram í þegar fluttum þremur ræðum? Hann lýtur að því að það eigi að búa sæmilega að börnum almennt í þessu þjóðfélagi. Hvernig á að gera það og hvernig getum við nálgast það verkefni sem eigum sæti á Alþingi? Það er ekki auðvelt. Hvaða börn er hér um að ræða? Það eru auðvitað í fyrsta lagi þau börn sem eru á vegum stofnana sem með einhverjum hætti snerta opinbera aðila. Það eru leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar.

Hvernig háttar þessu til að því sem varðar leikskóla í landinu? Staðreyndin er sú að þar erum við aftar en flestar aðrar þjóðir á svipuðu menningarstigi. Við *búum mjög illa að okkar börnum að þessu leytinu til*, sem m.a. sést af þeirri könnun sem hv. 10. þm. Reykv. vitnaði til áðan. Fjórðungur sex ára barna er einhvern tímann vikunnar einn, á sínum eigin vegum. Hér er verið að tala um sex ára einstaklinga.

Í öðru lagi eru það grunnskólarnir. Þar stöndum við frammi fyrir því að skornir hafa verið niður tímar. Samkvæmt nýlegum upplýsingum kemur í ljós að sá tímaniðurskurður kemur einkum og sér í lagi niður á almennum grunngreinum t.d. íslensku. Jafnframt þýðir þessi niðurskurður það að ekki er hægt að taka á ýmsum sérverkefnum sem aðalnámskrá grunnskóla kemur inn á og snertir þann þátt sem við erum einmitt að ræða hér. Með öðrum orðum er verið að loka fyrir að þeim málum sé sæmilega sinnt.

Um framhaldsskólann gildir það sama. Það er verið að loka framhaldsskólunum. Það er verið að tala um að þrengja þá verulega frá því sem er samkvæmt lögunum frá árinu 1988.

Þetta er skólinn. Og þegar ég tala um skólakerfið er ég ekki að tala bara um grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Ég er líka að tala um leikskóla. Ég tel að þar sé mjög víða pottur brotinn. Þetta er skólinn, það er einn þáttur þessa máls sem að börnum í landinu snýr.

Hinn meginþátturinn sem að börnum snýr í landinu eru fjölmiðlar. Það liggja fyrir ítarlegar rannsóknir sem sýna að verulegur hluti barna eyðir stórum hluta ævi sinnar á fyrstu mótunarárum fyrir framan fjölmiðla. Þá er ég að tala um myndmiðla, sjónvörp af *ýmsu tagi*.

Í þriðja lagi eru það svo heimilin sem hafa auðvitað áhrif á mótun barnanna á þessu skeiði. Þar er við margs konar vanda að glíma, ekki síst um þessar mundir þegar nærri fjögur þúsund Íslendingar eru á atvinnuleysisskrá. Sennilega hittir atvinnuleysið fyrir um það bil 10.000 landsmenn með beinum eða óbeinum hætti. Líka börn.

Svona lítur þetta dæmi út í dag. Þrátt fyrir þau fögru orð sem menn kunna að láta falla hér er veruleikinn úti í þjóðfélaginu hins vegar afar dapur, satt best að segja, að því er varðar aðhlynningu barna.

Spurningin í þessu efni er þess vegna að mínu mati í fyrsta lagi: Hvað er hægt að gera til þess að auka og

styrkja ábyrgðartilfinningu foreldra þannig að þau taki umönnun barnsins fram yfir allt annað? Ég varð t.d. var við það þann tíma sem ég var menntmrh. og reyndi að ýta undir foreldrastarf í skólum með skipulögðum hætti að ég heyrði það dálítið að menn segðu sem svo: Jú, þetta er gott og blessað en við höfum ekki tíma til að sinna þessu foreldrastarfi. Vafalaust er það til í einhverjum tilvikum að fólk er önnum kafið við að afla sér lífsviðurværis en það er líka til að hlutirnir eru í vitlausri forgangsröð.

Það er mikilvægara að mínu mati að sinna barni heldur en að afla tekna til þess að byggja sér tvöfaldan bílskúr svo ég nefni dæmi. Ég held að það þurfi í raun og veru að ýta á hlutina þannig að barn hafi ríkari og skarpari forgang í þjóðfélaginu en virðist vera nú í þjóðfélagi samkeppni, vöruþróunar, vöruæðis að ég segi ekki neyslusýki.

Í annan stað eigum við að skilgreina ábyrgð skóla. Í þriðja lagi eigum við að skilgreina ábyrgð fjölmiðla, í fjórða lagi sveitarfélaganna og í fimmta lagi ríkisins. Þetta á að gera með skipulegum hætti. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því líka að sú tillaga sem hér er verið að flytja kostar fjármuni. Ég spyr: Hver á að borga þá? Á ríkið að greiða þetta eða eru það sveitarfélögin? Við þurfum að svara því líka.

Staðreyndin er nefnilega sú að það er verið að taka, liggur mér við að segja, börnin frá umræðum í þessari stofnun. Það er verið að færa þjónustu við börn eingöngu yfir til sveitarfélaganna. Það er verið að tala um að flytja grunnskólana til sveitarfélaganna. Það er búið að flytja leikskólana til sveitarfélaganna. Hver verður þá okkar hlutur í þessari stofnun að því er varðar stefnu gagnvart börnum, að því er varðar barnaheill almennt í landinu? Mitt svar er það að okkar hlutur verða fyrst og fremst hin almennu lífskjör. Meðan þau eru þannig að um 10.000 manns verða fyrir barðinu á atvinnuleysi með beinum eða óbeinum hætti á hverjum degi höfum við ekki staðið okkur sem skyldi. Við eigum að byrja að treysta almenn lífskjör í landinu til að standa sæmilega að málum að því er varðar börn og foreldrafræðslu líka.

Þetta vildi ég segja, virðulegur forseti, um leið og ég endurtek það sem ég sagði áðan að þar sem ég á sæti í hv. menntmn. gefst mér kostur á að skoða þetta mál betur. En ég tel þetta mikilvægt og þarft mál og mér þykir vænt um að það skuli koma til umræðu í þessri stofnun sem ræðir sjaldan um hagsmuni barna.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar með örfáum orðum að lýsa yfir stuðningi við tillöguna sem hér er flutt af þingmönnum Kvennalistans og hefur reyndar verið flutt áður.

Hér er hreyft einhverju mikilvægasta máli í okkar þjóðfélagi, máli sem snýr að börnum. Þeir hv. þm. sem hafa talað á undan mér hafa rakið það mál nokkuð og eins þá umfjöllun sem hefur verið í fjölmiðlum nýlega um vanrækslu á börnum.

Hér er bent á ýmsar leiðir sem mættu verða til þess að styrkja foreldra í sínu hlutverki. Ýmist með því að taka upp innan skólakerfisins fræðslu á þessu sviði, á heilsugæslustöðvum, í fjölmiðlum og eflaust væri hægt að hugsa sér námskeið og fleira. Ekki ætla ég að dæma um hvaða leið væri affarasælust. Fyrst og fremst vil ég taka undir með hv. flm. hvað það snertir að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða.

Ég get tekið undir það með síðasta ræðumanni að það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að koma fyrir inni í skólakerfinu. Þá á ég sérstaklega við grunnskólann þegar alltaf er verið að fækka kennslustundum. Nú er svo komið að kennarar halda því fram að þeim undirstöðugreinum sem kenna þarf í grunnskólanum sé svo þröngur stakkur sniðinn að það sé orðið vandamál. Þá á ég kannski ekki síst við lestrarkennsluna. Kennarar biðja foreldra hreinlega um að láta börnin lesa heima. Láta þau lesa upphátt heima vegna þess að þeir hafi ekki tíma til að láta börnin lesa á þessum stutta skóladegi. Nú er ég ekki að finna að því að foreldrar séu beðnir um þetta. Ég nefni þetta aðeins vegna þess að ég er sannfærð um að sú stefna sem hefur verið uppi hjá stjórnvöldum og sérstaklega það skref sem stigið var í fyrra með svokölluðum bandormi er mjög hættuleg.

Hæstv. menntmrh. heyrir því miður ekki mál mitt en ég veit að hann er ekki langt undan. Ég velti því mjög fyrir mér þessa daga hvaða stefnu hann hyggst taka og hvaða leiðir hann hyggst fara í málefnum barna. Eftir því sem ég best veit er búið að taka út úr grunnskólalögum ákvæði um einsetinn skóla, lengri skóladag og skólamáltíðir. Hverjar skyldu hugmyndir hæstv. mennmrh. vera í þeim efnum að koma þessum mikilvægu áhersluatriðum inn í lög að nýju? Kannski eru engar hugmyndir uppi um það. Þetta er kannski örlítið annað mál en hér er á dagskrá en þó tengist öll fræðsla og allar nýjungar sem vissulega þarf að koma inn í grunnskólann því að skóladagur verði lengdur. Ef við sjáum fyrir okkur grunnskólann þannig að skóladagur sé lengri og gefinn kostur á skólamáltíðum þá erum við að tala um allt annað þjóðfélag. Ég held að nú sé svo komið að þetta sé það sem við verðum að setja á oddinn. Þrátt fyrir að hér séu ákveðnir erfiðleikar í efnahagsmálum, sem enginn mótmælir, verður ekki hægt að láta þá erfiðleika koma niður á börnum.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir hönd okkar flutningskvenna þakka jákvæðar undirtektir. Ég get tekið undir flest það sem hefur komið fram í þessari umræðu.

Ég tek ekki síst undir að það er hollt að hugsa öðru hverju um það hvað skiptir mestu máli í okkar skólakerfi og menntakerfi og hvað það er sem er raunverulegt veganesti út í lífið. Auðvitað hlýtur þetta að vekja upp spurningar um hvað er menntun og hvernig munum við geta fært þá menntun sem varðar mikilsverða hluti frá kynslóð til kynslóðar. Jafnframt þá vil ég taka undir það að til þess að slík foreldrafræðsla geti orðið til góða þarf jafnframt að þrýsta á um að breyta samfélaginu þannig að hægt sé að láta fara saman aukna meðvitund og ábyrgð foreldra og betri aðstöðu

þeirra. Hvort tveggja er börnum til hagsbóta og þar með samfélaginu öllu.

Það er ýmislegt sem þarf að gerast núna þegar hinn óralangi vinnutími foreldra er að styttast. Það þýðir jafnframt í langflestum tilvikum verulega launalækkun. Ég er ekki að segja að sá vinnutími sem t.d. árið 1989 var að meðaltali yfir 50 stundir hjá karlmönnum og yfir 44 stundir hjá konum sé það sem við viljum en ég veit að í sumum tilvikum var þessi langi vinnutími til kominn vegna þess að aðeins með þessum hætti gátu foreldrar aflað tekna sem dugðu til framfærslu. Auðvitað er þetta bundið þeim kröfum sem gerðar eru, en engu að síður eru þessar sláandi tölur athyglisverðar, ekki síst í ljósi þess að vinnutími í nágrannalöndum okkar var u.þ.b. 10–15 stundum styttri ef ég bara tek tölurnar frá Noregi og Svíþjóð. Ég get nefnt jafnvel enn meiri mun ef ég leita til fleiri landa.

Það sem ekki hefur gerst og verður að gerast er það að launamál komist hér í heilbrigt horf þannig að það séu greidd laun fyrir eðlilegan vinnutíma sem duga til framfærslu þannig að í rauninni sé hægt að tala um að hægt sé að sinna hagsmunamálum fjölskyldnanna. Auðvitað er þetta spurning um hugarfar og þetta er spurning um hvaðan þrýstingurinn kemur og þar skiptir að sjálfsögðu verulegu máli að foreldrar séu vel upplýstir og sjálfsöruggir í hlutverki sínu.

Á ráðstefnu Barnaheilla sem var haldin sl. föstudag og laugardag var það kynnt sérstaklega að búið væri að fullgilda Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna af Íslands hálfu í samræmi við þá ákvörðun um vilja Alþingis sem tekin var í vor, í maímánuði. Ég vek sérstaka athygli á því að í Barnasáttmálanum er skilgreining á barni önnur en ég held að við almennt teljum á Íslandi, en þar er einstaklingur talinn barn upp til 18 ára aldurs. Ég held að það sé kominn tími til að við lítum á þetta með þessum hætti og séum ekki of bráð í að gera börnin okkar sjálfstæð og unglingana okkar sjálfstæða og gerum þá kröfu til samfélagsins að það sé eitthvað sem tekur við þessum börnum annað en misþægilegur vinnumarkaður. Það eru nefnilega dæmi um það að börn og unglingar séu vinnandi. Vissulega hefur það ákveðið uppeldisgildi en ég get ekki ímyndað mér að það hafi nokkurt uppeldisgildi t.d. þegar 12 ára börn vinna við að bera fram áfengi eins og dæmi eru um. Ég held að einhvers staðar hljóti að vera pottur brotinn á meðan slíkt gerist. Áreiðanlega er hér um sambland af fáfræði og e.t.v. örbirgð og neyð að ræða. En með góðri fræðslu og bættum aðstæðum fjölskyldnanna er ég ekki í nokkrum vafa um að úr þessu megi bæta.

Ég óttast að í þessu samfélagi sé mikið um ráðvillta foreldra, bæði sem búa við erfiðar kringumstæður og einnig þá sem búa við skárri kringumstæður, því sem betur fer eru það ekki allir sem eiga erfitt. Það þarf að styrkja foreldra í að gera kröfur til sjálfra sín og til samfélagsins.

Ég er stundum svolítið undrandi á því að foreldrar, allir þessir foreldrar í landinu skuli enn ekki vera orðnir sá öflugi þrýstihópur sem ástæða væri til og það bæði fyrir sjálfa sig og fyrir sínar fjölskyldur og fyrir sín börn. Ég trúi því að með foreldrafræðslu væri hægt að ætla það að þessi grundvöllur skapaðist og foreldrar færu að knýja á um úrbætur því af nógu er að taka, eins og fram hefur komið í þessari umræðu, sem þarf að laga og leiðrétta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frh. 1. umr.

Frv. EH og MB, 127. mál. — Þskj. 147.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þetta frv. um lánskjör og ávöxtun sparifjár fjallar um það að óheimilt verði frá næstu áramótum að verðtryggja fjárskuldbindingar og þar með talin inn- og útlán í bankakerfinu, skuldabréf, verðbréf og fleira og að lánskjaravísitalan verði lögð niður.

Hv. 6. þm. Suðurl. hefur áður flutt þetta frv. fimm sinnum og í þetta sinn gerðist ég samflutningsmaður hans að frv. Segja má að oft hafi frv. verið flutt nokkuð seint á þingi, oft ekki fyrr en undir þinglok og ég held í eitt eða tvö skipti ekki komist til nefndar, en mér finnst vera komin full ástæða til nú þegar þetta frv. er flutt á haustdögum að sú nefnd sem væntanlega fær það til meðferðar, efh.- og viðskn., taki frv. alvarlega og afgreiði það frá sér. Ég get ekki látið hjá líða að lýsa yfir sérstakri þrautseigju þingmannsins að flytja þetta mál svo ár eftir ár.

Á sama tíma og við höfum í allmörg ár tekið kaupgjaldsvísitöluna úr sambandi þá getur það ekki gengið til lengdar að lánskjaravísitalan sé í sambandi því ekki fara saman hagsmunir launþegans og hagsmunir fjármagnseigandans eða þeirra sem fjármagninu stjórna. Til þess hefur verið ætlast á undanförnum árum með þjóðarsátt í kaupgjaldsmálum að launafólk í landinu geri ekki kröfur til kauphækkana og taki á sig í vaxandi mæli þá erfiðleika sem steðja að í þjóðfélaginu. Út af fyrir sig er þetta eðlilegt sjónarmið á þessum erfiðu tímum sem nú ganga yfir þjóðfélagið en það er óeðlilegt að sama skapi gagnvart þeim sem ætlast er til að haldi kröfum sínum í skefjum að þeir eigi yfir höfði sér að um það sem þeir skulda eigi að gilda allt annað lögmál. Þetta getur ekki gengið og ef þörf hefur verið á breytingu þá er hún rík nú og ríkari en áður. Þetta er það sem lýtur að launþegunum og þeim þjóðfélagsþegnum sem verða að láta sér nægja þau laun sem atvinnulífið og ríkisvaldið telja að hægt sé að greiða hverju sinni.

En þá komum við aftur að hinu dæminu, þ.e. atvinnurekstrinum sjálfum. Er hann fær um það að viðhalda þeim vöxtum sem verið hafa á skuldum atvinnulífsins? Atvinnulífið, og sérstaklega útflutningsatvinnuvegirnir, hefur verið að margfalda skuldir sínir á mörgum undanförnum árum og hinir háu vextir eiga sína sök á því hvernig komið er. Því er kominn tími til að slíðra þar sverðin líka og taka tillit til þess sem hinn

almenni launþegi á að taka að sér og á að búa við. Það má einnig huga að atvinnurekstrinum í þessu sambandi því það hefur líka í för með sér öryggi hins vinnandi manns hvernig ástatt er með atvinnureksturinn. Sumir segja að gengisfellingar séu bannorð í þjóðfélaginu þó öllum sjáandi mönnum sé fært að sjá það, þó slæmt sé að viðurkenna, að gengisfelling hefur orðið. Ég er ekki talsmaður gengisfellingar en ég vil líta á hlutina raunsæjum augum.

Ég tel að þegar pundið fellur um um það bil 15% þá glati útflutningsatvinnuvegirnir sem selja í sterlingspundum 15% af andvirði vöru sinnar, en þeir sem þurfa á gjaldeyri að halda til þess að eyða, og kannski það sem við segjum að óþörfu eða sem mætti draga úr, þeir fá hann á útsölu, með 15% afslætti.

Ég held að við verðum að viðurkenna það að þessi aðferð er miður heppileg til að halda í við að menn fari gætilega með fjármuni og það sé verið að tefla á tæpt vað hvað útflutningsatvinnuvegina snertir, og alveg sama í hvaða grein það er, þetta er það sama.

Við fáum ekki skilið, og það skilur það enginn nema helst ríkisstjórnin og Seðlabankinn, að þetta hafi engin áhrif. Þegar sterlingspundið fellur, þá eigi þetta engin áhrif að hafa á atvinnuvegina. Alls engin. Það átti engin áhrif að hafa heldur á atvinnuvegina þegar dollarinn féll. Fyrir einu ári fengu menn 62 kr. fyrir dollarann, núna hefur hann aðeins risið frá því að fara niður í 53 kr., ef ég man rétt. Á sama tíma erum við að myndast við að byggja upp nýjar atvinnugreinar. Við höfum lagt mikið upp úr ferðamannaþjónustu. Þar hefur verið farið í fjárfestingar upp á milljarða. Hvernig stendur hún að vígi? Er það aðlaðandi við þessa efnahagsstjórn að erlendir ferðamenn komi hér í ríkari mæli? Nei, ég held að það sé alveg öfugt. Þeir hljóta að draga úr ferðum til eins dýrasta lands í heimi. Það hlýtur að hrikta í stoðum undir ferðaiðnaðinum.

Hvað er að gerast í öðrum greinum? Hvað er að gerast í iðnaði? Við erum að kaupa í ríkari mæli fullunna vöru sem er unnin af erlendu fólki og flytja til landsins og eftir því sem haldið er áfram á þeirri braut verður meira um það að framleiðsla leggst niður og atvinna minnkar í landinu.

Því verður ekki á móti mælt að það verða að fara saman aðgerðir gagnvart launafólki almennt og aðgerðir gagnvart þeim sem fjármagnið eiga eða fara með umboð fyrir fjármagnið. Það verður að taka tillit á sama hátt í báðum þessum tilfellum.

Þess vegna held ég að úr því sem komið er, bæði vegna þess hve lengi hefur lifað í þessum glóðum og vandamálin hafa hrannast upp á síðustu árum, þá sé enn ríkari þörf fyrir að samþykkja frv. í þessa átt en áður hefur verið. Þetta er ástæðan fyrir því að ég vildi leggja mitt lóð á vogarskálina með því að vera samflutningsmaður hv. 6. þm. Suðurl. En ég beini þeim tilmælum til formanns efh.- og viðskn. sem hér er inni, að það er ekki vansalaust fyrir Alþingi þegar frv. um sama efni er flutt árum saman að afgreiða það ekki úr nefnd. Það er hægt að afsaka sig og rík afsökun fyrir því þegar frv. er flutt seint á þingi að þá eru yfirleitt annir miklar og raunin hefur orðið sú að þá hafa nefndir verið þrælluppteknar við að afgreiða stjórnarfrumvörp. Það er ekkert nýtt hjá þessari ríkisstjórn sem nú situr, aðrar ríkisstjórnir hafa lent í því sama, að vera með sinn annatíma í lok þings. Því er kannski ekki óeðlilegt að frv., þó þörf séu, mæti þá afgangi. En þegar frv. er flutt nú á haustdögum þá vænti ég þess að formaður efh.- og viðskn., sem er maður á besta aldri og knár og fljótur að bretta upp ermarnar, sjái sóma sinn og virðingu í því að afgreiða þetta frv. fljótt og vel.

Útbýting þingskjals:

Aukin hlutdeild raforku í orkubúskap þjóðarinnar, 185. mál, þáltill. SvG o.fl., þskj. 212.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég tek til máls vegna þess að ég vil lýsa yfir stuðningi við það mál sem hér er á ferðinni. Ég er einn af þeim sem trúðu á verðtrygginguna í upphafi. Þegar verið var að kynna fyrir okkur á sínum tíma hugmyndirnar um að verðtryggja fjárskuldbindingar þá var sú hugmynd seld mönnum með eftirfarandi hætti: Það væri ósköp eðlilegt að menn ættu að greiða sínar skuldir, það sem þeir fengju lánað ættu þeir að borga til baka. Og þegar væri búið að verðtryggja fjárskuldbindingar þá mundi koma ró á þennan markað, menn færu að borga sem svaraði 1–3% vexti af sínum lánum og hættu að græða á því að fá lán og greiða ekki til baka samsvarandi upphæðir með vöxtum og eðlilegt væri. Þetta var sagt við þjóðina. En hver er svo reyndin? Hvað hefur gerst síðan? Við fengum ekki bara jákvæða raunvexti, við fengum margfalda raunvexti. Við fengum okurvexti sem menn voru settir í steininn fyrir að taka áður en þessi lög tóku gildi.

Ég held að okkur hafi borið langt af leið í þessu máli og reyndar hafi stefnan frá upphafi verið röng, það verður að viðurkennast, einfaldlega vegna þess að leikreglurnar í þjóðfélaginu eru skekktar með svona ákvæðum. Eignir hljóta að verða að geta tekið breytingum, líka fjárskuldbindingar. Þjóðfélagið er alltaf að breytast og kaupi maður t.d. fasteign á einum stað þá sættir maður sig við það og veit að leikreglurnar eru þær að þessi fasteign getur selst fyrir minna eða meira þegar að því kemur að maður þarf að selja hana aftur. Og þegar einhverjir lána peninga í ákveðnum tilgangi, þá þurfa þeir líka að taka þessa áhættu. Það eru eðlilegar leikreglur fjármálakerfisins.

Ég held þess vegna að tillagan sé löngu tímabær. Það hefur líka komið í ljós að þjóðfélagið hefur ekki verið tilbúið að standa við einhver svipuð ákvæði gagnvart t.d. launafólki, gagnvart launum og öðrum stærðum í þjóðfélaginu, enda ekki hægt. Það hljóta allir skynsamir menn að sjá að um leið og búið er að negla niður allar stærðir í þjóðfélaginu með verðviðmiðunum, þá mun kerfið springa vegna þess að við munum aldrei geta reiknað svo nákvæmlega út að ekki muni einhverju skeika og einhvers staðar þarf að myndast útblástur úr kerfinu. Það hefur verðbólgan séð um í þessu kerfi okkar. Með því að trúa á það að hægt

sé að verðtryggja fjárskuldbindingar hafa menn séð til þess að þær skekkjur sem hafa verið á ferðinni í kerfinu hafa lent á einhverjum öðrum. Einhvers staðar hafa þær orðið að koma fram og það hafa þá færri aðilar orðið fyrir skaðanum. Ég held að mönnum ætti að vera orðið þetta nokkuð ljóst eftir allan þennan tíma sem búið er að viðhalda verðtryggingu á hluta af þessu kerfi okkar en ekki á öðrum hluta. Það er að vísu eðlilegt að sumir aðilar í þjóðfélaginu sem eiga hlut að máli séu fastheldnir á verðtryggingar, þeir telja sig hafa í þeim tryggingar og hafa í sjálfu sér verið með sérstökum hætti friðaðir í þjóðfélaginu gagnvart því að tapa fjármunum. Ég held að þessi tími eigi að vera liðinn og menn eigi að vera tilbúnir til að gera upp við þessa fortíð og setja alla aðila í þjóðfélaginu undir sama hatt með því að þeir verði að taka þátt í fjármálakerfi þjóðarinnar undir sömu leikreglum.

Flm. (Eggert Haukdal):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir góðar undirtektir við þetta mál og fagna því að það er í fyrsta sinn frá því að ég flyt frv. að ég fæ góðar undirtektir úr þessari átt, frá hans ágæta flokki og ég vona að ég njóti þar víðtækari stuðnings í þessu máli.

Ég þakka hv. samflutningsmanni mínum fyrir hans ræðu og tek undir brýningu hans til formanns efh.- og viðskn. um að hann liggi ekki á málinu heldur afgreiði það fljótt og hratt í gegnum nefndina.

Við umræður um daginn talaði hv. þm. Steingrímur Hermannsson og studdi málið og ég flyt honum og þakkir. Ég get hins vegar því miður lítið þakkað hæstv. viðskrh. fyrir þau orð sem hann lét falla um málið. Hann er enn við sama heygarðshornið og víkur ekki frá villu síns vegar. Nú gleymdi hann alveg vorboðanum sem hann líkti frv. mínu við sl. vetur.

Hæstv. ráðherra sagði að vandamálið sem frv. mínu er ætlað að takast á við hafi verið ýtt til hliðar enda sé verðbólga hér minni en í flestum Evrópulöndum. Vandamálið hefur verið leyst á annan hátt, sagði hæstv. ráðherra. En hvernig? leyfi ég mér að spyrja. Það var leyst með fjöldagjaldþrotum fyrirtækja og heimila sem vaxtaokrið og skuldauppsöfnin olli. Slíkan hrunadans þolir íslenska þjóðin ekki öðru sinni. Þeir sem líta fram hjá þessu eru menn sem neita að horfast í augu við staðreyndir. Ráðherrann kvað lög vera í undirbúningi þess efnis að verðtrygging verði háð samningum milli lántakenda og lánveitenda. Hinn síðarnefndi, lánveitandinn, getur sett verðtryggingu sem skilyrði fyrir láninu. Verðtryggingin yrði því í reynd áfram lögþvinguð. Ég undirstrikaði þetta um daginn og enn tyggur ráðherrann það sama. Þetta fyrirkomulag gildir ekki í viðskiptalöndum okkar. Það er rangt hjá ráðherranum. Verðtrygging er hvergi við lýði nú nema í löndum rómönsku Ameríku þar sem fjármál öll eru komin í kaldakol. Það er að sjálfsögðu barnaskapur hjá ráðherranum að verðbólga á Íslandi hafi verið sigruð í eitt skipti fyrir öll. Fregnir um stöðugar verðhækkanir einkafyrirtækja og opinbera geirans á síðustu vikum benda til verðbólguþróunar, ekki síst ef launþegasamtök sýna viðbrögð. Þá má verðtrygging fjárskuldbindinga samkvæmt lánskjaravísitölu ekki vera fyrir hendi til að magna að nýju verðbólgu upp í þá ófreskju sem hún varð á árabilinu 1982–1990.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Oft erum við sammála, ég og hv. 1. þm. Vestf., en ekki í dag. Hv. þm. sagði að nú væri enn ríkari þörf en áður hefur verið á að samþykkja frv. Þar vil ég lýsa mig honum algerlega ósammála. Þetta frv. er nú flutt í sjötta sinn. Frá því það var fyrst flutt hefur verðbólga á Íslandi hjaðnað meira en dæmi eru um í sögu lýðveldisins. Verðbólgan er núna lægri en hún hefur nokkurn tíma verið sl. hálfa öld. Veit ég víst að þetta er ekki varanlegt ástand en þetta er mjög mikill árangur í þessu hálfrar aldar stríði við verðbólguna. Ég vil vekja athygli þingmanna og flm. á því að það er einmitt á þeim tíma sem þetta gerist að lánskjaravísitala er hér við lýði. Ég tel það þess vegna ekki rétta skoðun að lánskjaravísitalan sjálf sé verðbólguvaldur, að henni fylgi sjálfkrafa verðbólguskrúfa. Þvert á móti sýnir reynsla síðustu fimm ára að svo er ekki. Ég held því alls ekki fram að þarna sé orsakasamhengið það að það sé lánskjaravísitölunnar vegna að verðbólgan hefur hjaðnað, því fer víðs fjarri. En þetta sýnir bara svo ekki verður um villst að vandamálið liggur annars staðar. Eins og ég vék að í minni fyrri ræðu, þá hefur tekist að stöðva framrás verðbólgunnar. Ég tel núna enga ástæðu til að samþykkja frv. af þessu tagi. Ég hef áður lýst því að ég er því andvígur. Fram undan er að fella úr lögum ákvæði sem skylda til notkunar ákveðinnar lánskjaravísitölu. Reyndar tel ég eðlilegt að við samræmum okkar skipan á þessu sviði því sem algengast er í okkar viðskiptalöndum, þ.e. það séu ekki lagaákvæði um verðtryggingar fjárskuldbindinga og heldur ekki bann, að mönnum sé frjálst að semja um þetta eins og aðra þætti lánskjara. Slíka breytingu er því aðeins óhætt að gera að menn telji sig hafa náð nokkurn veginn jafnvægi í verðlagsmálum. Ég vona að það fari senn að verða óhætt að segja að svo sé og ítreka afstöðu mína til frv.

Ég skil vel að frv. er í góðu skyni flutt og þess vegna leyfði ég mér að segja þegar við ræddum frv. síðast, af því að það kom í síðustu fimm skiptin fram um vor, að maður væri farinn að líta á frv. eins og vorboðann. Nú er það flutt að hausti og þar með er slíkur andblær, sem því áður fylgdi, úr sögunni.

Ég er andvígur frv. og hef ekki fleira um málið að segja.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir meginefni frv. en vil sérstaklega vekja athygli á því að að sjálfsögðu fara lánskjör eftir fleiru en verðtryggingu og því eru það vaxtakjörin í heild sem skipta á hverjum tíma miklu máli. Staðan er sú hjá okkur að vextir eru hér tiltölulega háir samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar þó þá megi finna hærri í öðrum löndum, t.d. í Svíþjóð. Eitt sker sig þó úr og það eru ríkisbréf. Vextir á þeim eru miklu hærri hér en í öðrum viðskiptalönd-

um. Það er vissulega athugunarefni, bæði fyrir hæstv. ráðherra, hæstv. ríkisstjórn og stuðningsflokka hennar að reyna að breyta því og koma í sambærilegt horf við samkeppnislönd okkar.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Það er rétt hjá hæstv. viðskrh. að verðbólgan var margföld miðað við það sem hún er nú þegar frv. var fyrst flutt, einkum í þrjú fyrstu skiptin ef ég man rétt. En þá voru líka töluverðar launahækkanir í landinu, bara miklar launahækkanir á þessu tímabili. En einmitt núna eftir að hin svokallaða þjóðarsátt var gerð, og síðan framlengd og maður er að vona að verði enn framlengd hvað sem kann að verða, þá er nauðsyn að sýna launþegum og atvinnurekstri í landinu að Alþingi Íslendinga ætlist til þess sama af þeim sem fjármagnið eiga og launþegum og atvinnulífi, að hafa hér taumhald á kaupgjaldi og líka á því sem fjármagnið fer fram á fyrir sig.

Það er ætlast til þess að launþegar færi miklar fórnir við þær erfiðu aðstæður sem eru í þjóðfélaginu. Til þess að sýna launþegum að það sama skuli yfir alla ganga og ef ætlast er til þess að launþegar, sem tekið hafa lán og eru bundnir af verðtryggingu, stilli í hóf sínum kröfum hljóta þessir sömu launþegar að fara fram á það við stjórnvöld og við löggjafann að hann stilli í hóf álögum á þá í sambandi við vaxtamál.

Það er auðvitað fleira en vextirnir sem kemur hér til. Það er ýmis kostnaður í sambandi við lánin sem er orðinn óheyrilega mikill. Lántökugjöldin eru ekki neinn smáskattur á þá sem taka lánin, hvort sem það er launþegi eða atvinnulífið. Það eru auðvitað margfalt hærri upphæðir sem atvinnurekstrinn verður að bera. Þess vegna sagði ég það að ég teldi núna enn brýnni þörf fyrir því að flytja og fá frv. lögfest. Það hefur hæstv. viðskrh. ekki fallist á svo að við getum sæst á það að vera sammála um það að vera ósammála í þessum efnum.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Frv., sem hér liggur fyrir, er fyrir margra hluta sakir býsna áhugavert og vekur upp og gefur færi á umræðu um lánskjaravísitölu, tilgang hennar, eðli og reynslu manna af henni. Ég tel það eitt af brýnni umræðuefnum Alþingis að velta þessu máli fyrir sér. Auðvitað er margt sem orkar tvímælis þá gert er, hvort sem það er að setja á tiltekna vísitölu til að mæla stærðir eða taka hana af. Það þarf að líta á málin frá nokkuð víðu sjónarhorni og taka inn í býsna marga þætti sem hafa áhrif á heildarmyndina.

Ég vil nefna fáein atriði sem mér hefur fundist vera annmarki á þessu vísitölukerfi almennt og stuðla frekar en hitt að því að grafa undan trausti á slíku fyrirkomulagi.

Ég vil fyrst nefna þann megingalla að sá sem á að greiða skuldina og undirgengst skuldbindingar um vísitölu tekur á sig alla áhættu um þróun mála á lánstímanum hvað varðar vísitölu og vexti og önnur þau kjör sem kveðið er á um í lánssamningi að séu breytileg. Eitt af því sem mér hefur fundist orka mjög tvímælis er hvort það ætti að heimila lánveitingar með breytilegum kjörum. Það er að mínu viti nokkurt siðleysi fólgið í því að fá fólk til að taka lán á tilteknum kjörum, eins og þau líta út við undirskrift samnings, en áskilja sér síðan rétt til að breyta þeim kjörum sér í hag og lángreiðandanum í óhag hvenær sem er á lánstímanum. Þar á ég fyrst og fremst við vextina. Það er alkunna og þarf ekki að minna menn á það að eitt af því sem hefur valdið verulegum vandræðum hjá fjöldamörgum hér á landi eru þessir breytilegu vextir. Menn muna kannski enn þá tíma þegar vextirnir fóru úr 3% upp í 10% á örskömmum tíma að því er mig minnir árið 1984 eða 1985. Auðvitað gerbreytir þetta stöðu þeirra sem taka lánið. Það eykur því gífurlega kostnað þeirra við lántökuna. Mér hefur stundum fundist að það væru réttar leikreglur að skipta áhættunni til helminga og skylda þá sem veita lán eða vilja fá aðra til að taka lán hjá sér að hafa fast fyrirkomulag á láninu og afnema ákvæði um breytileg lánakjör eða fyrirvara lánveitanda um það að hann áskilji sér rétt til að breyta kjörum á láninu hvenær sem honum dettur í hug. Það er eitt af þeim atriðum sem hafa reynst launafólki hvað erfiðust í gegnum tíðina og hefur ítrekað komið mjög hart niður á pyngju þeirra, t.d. hækkanir á afborgunum af lánum til húsnæðiskaupa.

Mér finnst að mörgu leyti sanngjarnar leikreglur að sá sem lætur lánið eða peningana af hendi undirgangist þá kvöð að lánið, sem hann er að veita, sé með föstum kjörum. Hvort sem það er með verðtryggingu eða vöxtum sem samið er um þarf það að vera fast og óumbreytanlegt út lánstímann svo sá sem tekur lánið veit að hverju hann gengur og hefur þar fast land undir fótum allan lánstímann. Hann tekur að vísu áhættuna af því að afsala sér hugsanlega skárri lánskjörum ef vextir kynnu að lækka en sá sem lætur lánið af hendi verður líka að sæta því að taka áhættu því hann getur ekki tekið sér hærri vexti ef vaxtastigið hækkar á lánstímanum. Það held ég að sé grundvallaratriði í fjármálaviðskiptum að þeir sem taka lán geti búið við það öryggi að lánskjör séu föst.

Eitt dæmi af hálfu stjórnvalda sem hefur breytt verulega miklu fyrir lántakendur er hringlandaháttur og lagabreytingar sem koma aftan að fólki. Ég nefni sem dæmi lögin um greiðslumark fasteignaveðlána sem sett voru 1985 en þau voru sett í kjölfarið á misgengi launa og verðlags og áttu að tryggja hag þeirra, sem greiða lán, með þeim hætti að greiðslubyrði þeirra fari ekki upp fyrir fast skilgreint mark hverju sinni. Ef vextir hækkuðu eða vísitölumisgengi myndaðist sem leiddi til hærri afborgunar af lánunum, þá átti sá munur sem varð á greiðslumarkinu og afborguninni, ef hún varð hærri, að flytjast aftur fyrir höfuðstól og lengja greiðslutíma þannig að þeir sem tóku lánin áttu þá að búa við það öryggi á lánstímanum að greiðslur þeirra af láninu færu ekki upp fyrir tiltekið greiðslumark. Þetta voru skilmálar sem voru samþykktir á Alþingi og settir fram í skuldabréfum t.d. hjá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Síðan gerist það að menn eru látnir sæta því, þeir sem að þessum skilmálum gengu og töldu sig hafa ör-

yggi í þessum efnum, að lögunum um greiðslumark er breytt og verndin gagnvart breytilegum vöxtum er afnumin þannig að hækkaðir vextir komu beint fram í hækkandi greiðslum en dreifðust ekki á lánstímann eða aftur fyrir lánstímann með vernd greiðslumarksins. Þarna voru stjórnvöld á þeim tíma að koma aftan að þeim sem höfðu tekið lán með þessum kjörum og töldu sig hafa skrifað undir skuldbindingar sem veittu þeim þessa vernd.

Ég hef tekið þetta mál upp í húsnæðismálastjórn og við höfum verið að fara yfir lögfræðilegt álit í þessum efnum. Það er ljóst að mínu viti að sú framkvæmd að velta hækkun vaxtanna á Byggingarsjóð ríkisins á síðasta ári úr 3,5% í 4,9% beint út til greiðenda í hverja afborgun er mjög umdeilanleg. Ég tel ekki leika vafi á því að þessi framkvæmd stenst ekki lög. Niðurstaðan í þessu máli liggur ekki fyrir en hún mun líka hafa mikil áhrif á greiðslubyrði þeirra sem hafa tekið lán í Byggingarsjóði verkamanna þar sem fyrirhuguð er hækkun vaxta úr 1% í 2,4% 1. mars nk.

Ég vil líka nefna að með verðtryggingunni sem slíkri er sá sem veitir lánin að taka sér býsna miklar tryggingar gagnvart öllum hugsanlegum breytingum, t.d. breytingum erlendis sem við getum ekki haft nein áhrif á og valda erfiðleikum í okkar þjóðarbúskap. Lánveitendur hafa tryggt sig fyrir þeim þó að þeir erfiðleikar lendi á almenningi í landinu af fullum þunga að öðru leyti. Þannig má nefna sem dæmi, sem að sumu leyti er kannski dálítið broslegt, að uppskerubrestur á kaffi í Brasilíu leiðir til hækkunar skulda hjá fólki hér á landi af því að sá sem hefur lánað hefur tryggt sig fyrir því með svokallaðri lánskjaravísitölu og hvernig að því er staðið að reikna hana út.

Maður kann auðvitað að spyrja sjálfan sig: Er rétt eða eðlilegt að sá sem á útistandandi peninga hjá öðrum þurfi ekki að taka neina áhættu í þessum efnum? Á hann að njóta þess að eign hans hjá öðrum hækkar við að erfiðleikar verði í kaffiuppskeru í Brasilíu? Það er nákvæmlega það sem gerist að það veldur hækkun á höfuðstól lánsins.

Annar ókostur verðtryggingar er sá að menn hætta að greina á milli raunverulegra vaxta. Menn hætta að gera sér grein fyrir hver er hinn raunverulegi kostnaður við að taka lán. Í vitund manna er til eitthvað sem heitir verðtrygging og hún er eitthvað sem er utan sviga í þeim efnum og bætist bara við höfuðstólinn. En auðvitað er kostnaðurinn við að taka lán ekki bara vextir og lántökukostnaður. Hann er líka verðtrygging. Verðtrygging er ekkert annað en aukavextir. Hún er í eðli sínu ekkert annað en vextir sem heita verðtrygging.

Hinu mega menn náttúrlega ekki gleyma að verðtryggingu fylgja líka kostir. Þeir kostir eru helstir fyrir þá sem skulda, eins og atvinnuvegina og aðra, að sá hluti vaxta sem heitir verðtrygging greiðist ekki út á *hverjum gjalddaga heldur dreifist á lánstímann.* Allir þekkja muninn á vöxtum og verðtryggingu þannig að vextir lánsins koma til greiðslu hverju sinni að fullu. Menn greiða vextina á gjalddaga frá síðasta gjalddaga en verðtryggingin, sem er hluti vaxtanna, veldur því að það er minna sem menn þurfa að greiða hverju sinni en hafa lengri tíma til að borga þann þátt vaxtanna sem heitir verðtrygging. Ókosturinn við að afnema verðtryggingu yrði sá að vextir kæmu að fullu til greiðslu hverju sinni. Það mundi trúlega hækka greiðslubyrði á ákveðnum tímabilum í afborgun láns. Þetta verða menn að vera meðvitaðir um líka.

En í heildina finnst mér óeðlilegt að verðtrygging skuli vera slík trygging fyrir þá sem lána peninga sem raun ber vitni. Þeir hafa í raun og veru allt sitt á þurru, taka enga áhættu og áskilja sér þar að auki heimild til þess að auka kostnaðinn við lántökuna með breytilegum vöxtum ef tilteknar aðstæður leiða til þess að vextir almennt hækka í þjóðfélaginu.

Staða þeirra sem lána gagnvart stöðu þeirra sem skulda allt of ójöfn. Staða þeirra sem skulda þarf að verða miklu styrkari en hún er í reynd. Því tel ég þetta frv. í sjálfu sér fyllilega tímabært og vænti þess að það leiði til skaplegrar umræðu um lánskjör og ávöxtun sparifjár, eins og hér segir, en kannski ekki hvað síst um stöðu skuldara í samfélagi markaðshyggjunnar.

Flm. (Eggert Haukdal):

Virðulegi forseti. Ég fagna mjög auknum stuðningi úr Alþb. við þetta mál. Það er erfitt að koma hæstv. ráðherra í skilning um þessi mál. Hann tuðar og endurtekur: Það er verðbólgan en ekki verðtryggingin. En veit hann ekki að þetta er náskylt og vaxtahækkanirnar fara beint út í verðlagið? Um það er lýkur leiða þær til hruns. Afstaða ráðherra til þessa máls er alveg furðuleg. Hann talar um að nú sé frv. ekki vorboði af því að það er flutt að hausti þegar það er að myrkra af nótt. Hæstv. ráðherra veitti ekki af vorboða þó að haust sé.

Síðar á þessum fundi á að ræða um atvinnuleysi. Myrkrið felur ekki atvinnuleysið. Það vantar vorboða þar og í mörgu tilliti, hæstv. ráðherra. Mál væri að vakna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lækkun húshitunarkostnaðar, fyrri umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 151. mál. — Þskj. 172.

Flm. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um lækkun húshitunarkostnaðar sem ég flyt ásamt tveimur öðrum þingmönnum. Till. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ljúka áætlun um lækkun húshitunarkostnaðar sem sett var fram í till. til þál. sem flutt var á 113. löggjafarþingi 1990–1991, 453. máli."

Hinn 1. okt. 1990 skipaði hæstv. þáv. iðnrh. og núv., Jón Sigurðsson, nefnd til að gera tillögur um verðjöfnun á raforku og undirbúa frv. til laga um það efni. Starfssvið nefndarinnar var síðar víkkað þannig

að hún fjallaði einnig um heildsöluverð á raforku og vanda þeirra hitaveitna sem hafa hæstar gjaldskrár. Í nefndina voru skipaðir fulltrúar allra þáverandi stjórnmálaflokka, þeir Eiður Guðnason, sem var formaður nefndarinnar, Þorvarður Hjaltason, Óli Þ. Guðbjartsson, Jón Helgason, Sveinbjörn Jónsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Pálmi Jónsson og Birgir Ísl. Gunnarsson, en þegar hann varð seðlabankastjóri tók Friðrik Sophusson við hans starfi. Nefndin skilaði skýrslu og tillögum 5. mars 1991 sem allir nefndarmenn stóðu að, þeir Friðrik Sophusson og Pálmi Jónsson þó með fyrirvara.

Á grundvelli tillagna nefndarinnar flutti iðnrh. strax eftirfarandi tillögu til þingsályktunar, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir að lækka húshitunarkostnað á Íslandi þar sem hann er hæstur og minnka þannig þann aðstöðumun einstaklinga og fjölskyldna sem nú er við lýði.

Þessi aðstöðujöfnun skal m.a. eiga sér stað með eftirfarandi hætti:

1. Auknum jöfnuði skal náð í þremur áföngum á næstu tveimur árum þannig að kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis vísitölufjölskyldunnar (35.420 kWh ársnotkun) hjá rafveitum og rafkyntum hitaveitum verði ekki hærri en 5.000 krónur að jafnaði á mánuði, miðað við verðlag í janúar 1991." — Þess má geta að miðað við breytingu á vísitölu síðan mun þessi upphæð vera núna um 5.400 kr.

„2. Alþingi beinir því til þingkjörinna fulltrúa í stjórn Landsvirkjunar að þeir á þeim vettvangi beiti sér fyrir sérstökum aðgerðum til lækkunar á heildsöluverði raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis. Aðgerðirnar miði að því að heildsöluverð á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis lækki á næstu tveimur árum niður í kostnaðarverð orku frá nýjum virkjunum að viðbættum flutningskostnaði til dreifiveitna." — Þess verður að geta að því miður hefur lítið áunnist í þessu efni en með því að lækka verðið niður í kostnaðarverð orku frá nýjum orkuvirkjunum var reiknað út að hinn svokallaði langtímajaðarkostnaður væri aðeins 74% af heildsöluverði Landsvirkjunar. Síðan hefur komið til krafa um auknar arðgreiðslur Landsvirkjunar í ríkissjóð sem að sjálfsögðu veldur líka hækkun á orkuverði.

„3. Viðskrh. ákveði að á síðari helmingi þessa árs verði greiddar 35 millj. kr. af því fé sem á fjárlögum er veitt til niðurgreiðslna á vöruverði á árinu 1991 til aukinnar verðjöfnunar á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis, enda eigi húseigendur ekki þess kost að kaupa orku frá hitaveitum sem byggja á jarðvarma. Þessi tilfærsla niðurgreiðslufjár verði síðan aukin.

4. Iðnrh. láti fram fara úttekt á fjárhagsstöðu hitaveitna sem byggja á jarðvarma þar sem kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis er hærri en sambærilegur kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis vísitölufjölskyldunnar hjá rafveitum og rafkyntum hitaveitum. Úttektinni verði lokið eigi síðar en 1. okt. 1991.

5. Fjmrh. beiti sér fyrir ráðstöfunum til að aðstoða hitaveitur, sem byggja á jarðvarma, við skuldbreytingar á lánum þeirra eða leggi fram tillögur um aðrar aðgerðir til þess að tryggja að kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis vísitölufjölskyldunnar hjá þeim verði ekki hærri en hjá rafveitum og rafkyntum hitaveitum skv. 1. tölul., enda sýni fyrirtækin aðhald í rekstri og umsvifum.

6. Því fé, sem Landsvirkjun kann í framtíðinni að verða gert að greiða ríkinu fyrir virkjunarréttindi, verði að hluta varið til aukinnar verðjöfnunar á innlendri orku."

Því miður náðist ekki samstaða um að afgreiða þessa tillögu fyrir þinglok þá. Þrátt fyrir það ákvað núv. ríkisstjórn í maí 1991 að taka fyrsta skrefið samkvæmt þessum tillögum og auka niðurgreiðslu til rafhitunar um 60 millj. kr. En síðan virðist tillögunum hafa verið stungið algjörlega undir stól þar sem ríkisstjórnin hefur ekkert aðhafst frekar í þessu skyni.

Samkvæmt tillögunni átti heildartilfærsla niðurgreiðslna þegar þeim væri lokið að nema um 220 millj. kr. Nú er gert ráð fyrir í núv. fjárlagafrv. að lækka mikið þá niðurgreiðsluupphæð sem þarna var ætlað til að taka af. Það fjármagn á ekki að renna til þess að lækka orkuverð heldur til þess að létta byrðum af ríkissjóði.

Síðustu vikurnar hafa hins vegar komið frá ríkisstjórninni hugmyndir og tillögur sem ýmsar orkuveitur óttast að muni valda auknum verðmismun á orku. Þegar þar við bætist að atvinnuleysi fer vaxandi og ráðstöfunartekjur minnka verður slíkur mismunur á okruverði enn þá ranglátari og tilfinnanlegri.

Það er því mikilvægt að Alþingi taki afdráttarlausa afstöðu í þessu máli með samþykkt á grundvelli tillagna sem allir flokkar voru í aðalatriðum sammála um fyrir tveimur árum.

Í 6. lið tillögu hæstv. iðnrh. er vikið að því að láta skuli hluta af því verði sem Landsvirkjun greiðir fyrir orkuréttindi í framtíðinni renna til orkujöfnunar. Það höfðar til þess að það sé óviðunandi að Landsvirkjun skuli fá þessi réttindi í sumum tilvikum fyrir ótrúlega lágt verð án þess að taka á sig einhverjar skyldur á móti. Þar virðist vera réttlætanlegt að hafa efst á blaði skylduna til þess að landsmenn fái orkuna frá fyrirtækinu á sem jöfnustu verði.

Ég vil svo leyfa mér að óska eftir því að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umr. og iðnn.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Í tilefni af þessari till. til þál. langar mig að rifja upp að í stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstjórnar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Lífskjör verða jöfnuð, m.a. með lækkun húshitunarkostnaðar þar sem hann er mestur."

Þetta stefnumið er svo áréttað í stefnu- og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, Velferð á varanlegum grunni.

Eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Suðurl. var það eitt af fyrstu verkum núv. ríkisstjórnar að auka niðurgreiðslur á orku til hitunar íbúðarhúsnæðis og breyta framkvæmd þeirra til jöfnunar. Þessi breyting kom til framkvæmda 1. júní 1991. Með þeirri ákvörðun má segja að fyrsta áfanga af þremur í tillögum meiri hluta

orkuverðsjöfnunarnefndar frá 1991 hafi verið náð, eins og reyndar hv. 2. þm. Suðurl. vék nokkuð að.

Með bréfi til stjórnar Landsvirkjunar 21. maí 1991 áréttaði ég það markmið að menn vildu stefna að lækkun kostnaðar við hitun íbúðarhúsnæðis á svonefndum köldum svæðum í samræmi við tillögur orkuverðsjöfnunarnefndar. Ég beindi því þar til stjórnar Landsvirkjunar að hún ynni að því marki.

Þann 10. apríl á þessu ári ritaði ég svo aftur stjórn Landsvirkjunar bréf og ítrekaði þar ósk ríkisstjórnarinnar til fyrirtækisins að heildsöluverð á raforku til íbúðarhúsnæðis yrði lækkað. Í þessu bréfi sagði enn fremur, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið bendir jafnframt á að vegna lágs heimsmarkaðsverðs á olíu er kostnaður við rafhitun íbúðarhúsnæðis svipaður eða hærri en við olíukyndingu þrátt fyrir auknar niðurgreiðslur úr ríkissjóði."

Þá var á það bent að sá áfangi sem náðist á sl. ári hafi fyrst og fremst verið með auknum niðurgreiðslum úr ríkissjóði og æskilegt væri að í næsta áfanga verði hlutur orkufyrirtækjanna stærri. Þessi sjónarmið áréttaði ég svo á *ársfundi Landsvirkjunar í apríl á* þessu ári þar sem ég fjallaði sérstaklega um jöfnun orkuverðs. Reyndar kom þetta líka fram í fyrirspurnatíma hér sl. fimmtudag. Þá kom einnig fram að stjórn Landsvirkjunar hefði að svo stöddu ekki séð sér fært að koma til móts við þessi tilmæli. Það er álit stjórnar Landsvirkjunar að hvorki verðlagningarsjónarmið né ríkjandi markaðsaðstæður réttlæti slíka verðlækkun.

Ég vil taka fram að ég mun enn halda þessum sjónarmiðum að stjórn Landsvirkjunar og minni á að þar eru þingkjörnir fulltrúar að störfum.

Hvað hitaveiturnar varðar og málefni þeirra sem hæstan hafa kostnað vil ég sérstaklega vekja athygli á því að á föstudag í síðustu viku yfirtók ríkissjóður stóran hluta af skuldum hitaveitu Eyra. Þá var jafnframt staðfest að byggðasamlag hefði verið stofnað um orkuveiturnar á Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri, en það var einmitt forsendan fyrir þeim stuðningi.

Þá liggur fyrir erindi frá Hitaveitu Suðureyrar við Súgandafjörð sem er eitt af þessum dýru orkuveitufyrirtækjum þar sem enn er óskað eftir aðstoð ríkisins. *Um það mál er fjallað hjá iðnrn. og fjmrn.*

Þá vil ég nefna að með vísun til samnings um yfirtöku ríkissjóðs af skuldum Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar frá árinu 1987 mun fara fram úttekt á stöðu þessara mála þar.

Það er því langt í frá, virðulegi 2. þm. Suðurl., að tillögum orkuverðsjöfnunarnefndar hafi verið stungið undir stól eins og hér virtist ýjað að í máli framsögumanns og í grg. þáltill. sem við hér ræðum, en í grg. með till. segir, með leyfi forseta:

„Síðustu vikurnar hafa hins vegar komið frá ríkisstjórninni hugmyndir og tillögur sem margir óttast að muni valda auknum verðmismun á orku."

Þessa hugsun endurtók svo 1. flm. tillögunnar. Ég get fullvissað hv. 2. þm. Suðurl. um að ekkert í þeim hugmyndum sem ræddar hafa verið í ríkisstjórn mun valda auknum verðmismun á orku. Ég tel þvert á móti að breytingar á virðisaukaskattsskilum orkufyrirtækja *gætu leitt til þess að dragi úr verðmismun á orku.*

Ég vek líka athygli á því að í hugmyndunum sem ræddar voru var gert ráð fyrir því að auknu fé yrði veitt til niðurgreiðslna á orku til hitunar hjá þeim sem búa við hæst orkuverð. Mín skoðun er sú að með tilteknum breytingum á virðisaukaskattskerfinu mætti einmitt með því að leggja virðisaukaskatt á orku til húshitunar afla þess fjár sem á hefur skort til að lækka hitunarkostnað á svonefndum köldum svæðum og hjá dýrustu hitaveitunum.

Ef Alþingi kýs að álykta um lækkun hitunarkostnaðar er að mínu áliti mjög mikilvægt að þingið móti samhliða stefnu um hvert fé verði sótt til slíkra breytinga. Ég tel mikilvægt að þingmenn fjalli einnig um þá hlið málsins. Við vitum öll, sem þingið sitjum, að á þessum erfiðu tímum í fjárhagsmálefnum ríkisins verður margt að víkja sem menn gjarnan vildu gera.

Mig langar til að benda á það að iðnrn. hefur ekki tök á því að auka fé til orkuverðsniðurgreiðslna á tímum almennrar lækkunar fjárveitinga í raunverulegum stærðum til allra málaflokka. Til þess eins að halda *niðurgreiðslum á orku óbreyttum á næsta ári í fjár*lagafrv., eins og tillaga er gerð um, þurfti í reynd að skera niður aðra fjárlagaliði iðnrn. umfram almenna kröfu til slíkrar lækkunar.

Í tillögu orkuverðsjöfnunarnefndarinnar var gert ráð fyrir því a.m.k. hluta þess fjár sem varið yrði til að auka niðurgreiðslur á orkunni kæmi af fé sem ætlað er til niðurgreiðslna á vöruverði. Eins og kunnugt er eru fram undan verulegar breytingar á því kerfi. Ég tel að þetta komi fyllilega til greina en tel að sjálfsögðu að það sé þingsins að fjalla um það í samhengi við fjárlagagerðina.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég árétta þá skoðun mína að ég tel það mikilvægt að hv. iðnn. fjalli um þetta mál, fyrst og fremst út frá því sjónarmiði hvernig er best að koma í framkvæmd þeirri stefnu sem mörkuð var í tillögum orkuverðsjöfnunarnefndarinnar frá 1991. Ég tel ekki fyrir fram víst að það sé heppilegast að gera það með þáltill. því hér er fyrst og fremst um framkvæmdaratriði að ræða sem ræðst af þeim fjárveitingum og skiptingu þeirra, en vil að lokum taka undir anda þeirrar tillögu sem hér er flutt.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Þetta er í þriðja sinn á þessu þingi sem húshitunarkostnaðarmál landsbyggðarinnar koma til umræðu. Sannarlega er ástæða til að svo brýnt hagsmunamál landsbyggðarfólks sé oft til umræðu á hinu háa Alþingi enda er mjög mikilvægt að hægt verði að halda áfram að beita aðgerðum til þess að lækka húshitunarkostnaðinn á hinum köldu svæðum og beita aðgerðum er miða að jöfnun upphitunarverðs í landinu.

Hæstv. iðnrh. gerði rækilega grein fyrir því í sínu máli að það hefði verið fyrsta verk eftir myndun ríkisstjórnarinnar að beita sér fyrir sérstakri aðgerð er lækkaði verð á húshitun á hinum köldu svæðum landsbyggðarinnar. Verðlækkunin nam allt að 11%. Þessi raunlækkun húshitunar á köldum svæðum landsbyggð-

arinnar hefur haldið sér allt fram til þessa og er, eins og ráðherrann gerði grein fyrir líka, í fjárlagafrv. fyrir árið 1993. Hæstv. ráðherra gerði einnig grein fyrir því að til þess að verja auknar niðurgreiðslur til lækkunar varð hann að grípa til niðurskurðar á öðrum þáttum í rekstri ráðuneytisins.

Það er sannarlega ástæða til að þakka hæstv. ráðherra vasklega framgöngu í þessu máli allt fram til þessa. Það gefur vonir um að hann muni halda áfram að beita öllum ráðum til að ná enn frekari árangri í þessu brýna hagsmunamáli. Ég vil hvetja hv. þm. til að styðja svo góðan hug sem birtist í störfum hæstv. ráðherra í þessu máli. Ég lít svo á að till. þeirra framsóknarmanna til þál. sé einmitt sett fram í þeim tilgangi að styðja við bakið á hinni jákvæðu viðleitni hæstv. iðnrh. og framgöngu hans í þessu máli allt fram til þessa.

Það verður nefnilega að segja eins og er að um fá mál hefur meira verið rætt á þingi mörg undanfarin ár en þetta en það hefur staðið á verkunum. Í raun hefur misréttið verið að aukast og húshitunarkostnaðurinn verið að vaxa og íþyngja heimilum á landsbyggðinni miðað við verðlagsþróun húshitunar á höfuðborgarsvæðinu. Er hér eitt talandi dæmi um það misrétti og aðstöðumun sem landsbyggðarfólk þarf að búa við andspænis höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna er það mjög brýnt landsbyggðarmál að þarna náist jöfnuður með því að lækka með öllum tiltækum ráðum húshitunarkostnað á köldum svæðum landsbyggðarinnar.

Á þessu hefur einmitt hæstv. iðnrh. mjög góðan skilning. Því ber sérstaklega að fagna. Og ríkisstjórnin hefur það líka. Það kom greinilega fram í yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar strax í upphafi að hún ætlar sér verk að vinna í þessu eins og fyrsta verk hennar gefur fyrirheit um og störf hennar fram að þessu. Að verja þó niðurgreiðslurnar til húshitunar í þeim þrengingum og þeirri kreppu sem yfir okkur dynur núna. Allir eru sammála um að grípa þurfti til sparnaðaraðgerða og niðurskurðar í ríkisfjármálum. Þó hefur tekist gott samkomulag um að verja niðurgreiðslurnar og reyna að auka þær þegar vænkast hagur ríkissjóðs.

Ég vil ítreka það að við eigum að reyna að ná góðum sáttum að styðja við bakið á ríkisstjórninni og hæstv. ráðherra til góðra verka og frekari átaka í þessu máli. Það sem brýnast er að gera núna er að styðja frumkvæði hæstv. ráðherra í að opna augu stjórnar Landsvirkjunar fyrir því að hún fari að grípa til sérstakrar lækkunar á heildsöluverði raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis.

Hv. flm. vita gjörla að gert var samkomulag um sérstaka áfangaáætlun eins og þessi till. til þál. kveður á um. Mikilvægur þáttur í þeirri aðgerð er að orkusölufyrirtækin mundu taka þátt í þessum samþáttaaðgerðum. Það er rétt sem hæstv. iðnrh. skýrði út áðan að nú er einmitt komið að þætti þeirra í þessu máli. Hæstv. ráðherra útskýrði nákvæmlega hvað hann hefði gert í þessu máli allt fram að þessu og hann hefði beitt öllum ráðum er hann byggi yfir til að reyna að kalla stjórn Landsvirkjunar til ábyrgðar og verka en það hefði lítið verið um jákvæð svör frá stjórn Landsvirkjunar fram að þessu önnur en þau að telja á þessu hin mestu vandkvæði.

Nú reynir á hv. þm. á hvern hátt þeir treysta sér til að styðja hæstv. ráðherra í þeirri góðu viðleitni að opna augu stjórnar Landsvirkjunar fyrir því að hún taki hér þátt og bendi á leiðir með hvaða hætti slíkt mætti gera. Trúi ég því að hv. flm. sem að baki till. til þál. standa muni ekki láta sitt eftir liggja í þeim efnum. Alla vega við að hafa áhrif á sinn mann eða sína menn í stjórn Landsvirkjunar. Ég mun gera slíkt hið sama.

Ég þakka hv. flm. að hafa vakið athygli enn á þessu máli. Ég tel að það sé samkomulag um að framkvæma þá áætlun sem fyrrv. ríkisstjórn gekk frá og samþykkti. Ég tel að það sé samkomulag um það innan núv. ríkisstjórnar að framkvæma þá áætlun. Og hafi fyrrv. ríkisstjórn hinar bestu þakkir fyrir góða framgöngu í því að koma þessu máli þó í þann farveg sem hún gerði.

Virðulegi forseti. Tímanum er lokið og ekki meira um þetta mál að segja að þessu sinni.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um lækkun húshitunarkostnaðar. Eins og hv. 1. flm., 2. þm. Suðurl., sagði er tillagan ekki ný af nálinni. Hún er sem sagt frá 113. löggjafarþingi en fékk ekki þann framgang sem menn vonuðust eftir þrátt fyrir góðan vilja allra þingmanna. Í fyrirspurnatíma á Alþingi í fyrra spurði hv. varaþingmaður Sigurður Þórólfsson hvort tillagan mundi ekki ná framgangi á hinu háa Alþingi. Þá sagði hæstv. iðnrh. að hann teldi svo mundi verða en vegna tímaskorts á 113. löggjafarþingi hefði ekki verið hægt að lögfesta hana. Nú höfum við tíma og nú höfum við tíma til að framkvæma hin góðu verk.

Hv. 5. þm. Austurl. talaði hér mikið og heitt. Ég vildi að hægt hefði verið að jafna þann hita sem í hans máli var því hann hrósaði hæstv. ráðherra mjög fyrir að hafa gengið skref í jöfnunarátt í fyrra. En hv. þm. gleymdi alveg að geta þess að í fyrra hækkaði rafmagnsverð þrisvar sinnum. Það varð því ekki um jöfnun að ræða því miður. Þessu má ekki gleyma.

Höldum áfram að skoða hvaða tillögur eru í gangi hjá hæstv. ríkisstjórn í húshitunarmálum af því að hæstv. iðnrh. gaf tilefni til þess. Hann sagði áðan að allar tillögur hæstv. ríkisstjórnar væru í þá átt að jafna húshitunarkostnað. Það er alrangt því miður. Það er alls ekki til að jafna. Ég er t.d. með bréf frá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Í tengslum við fjárlagafrv. fyrir árið 1993 hefur verið til umræðu að leggja ný gjöld á húshitun í landinu. Fréttir hafa borist af því að annaðhvort verði hætt að endurgreiða virðisaukaskatt, innskatt, eða lagt verði á nýtt þrep í virðisaukaskatti.

Stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar hefur af þessu verulegar áhyggjur. Það hefur verið rætt um það árum saman að orkuverð hitaveitunnar sé allt of hátt og leita þurfi allra leiða til að lækka það. Hækkun vatnsverðs vegna nýrra skatta yrði notendum hér mjög erfitt. Nú er hitunarkostnaður hér 2,5 sinnum hærri en í

Reykjavík er gerir samkeppnisstöðu þeirra byggðarlaga mjög erfiða gagnvart þeim svæðum sem bjóða ódýrari orku.

Samband ísl. hitaveitna hefur tekið saman meðfylgjandi töflu sem sýnir þá hækkun er nýir skattar hafa í för með sér. Það er reiknað með að nýtt skattþrep í virðisauka yrði 14%. Það er mjög breytilegt eftir veitum hver áhrifin yrðu. Hjá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar eru útgjöldin að stærstum hluta afborganir og vextir. Innskatturinn er því ekki ýkjahár. Nýtt skattþrep legst hins vegar á öll útgjöld af fullum þunga. Nýr skattur á húshitun yrði mjög óréttlátur því hann leggst svo mismunandi á notendur eftir því hvar þeir búa."

Leggst mismunandi á notendur eftir því hvar þeir búa. Það er ekki verið að jafna orkuverð með þessum tillögum.

Síðan er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir því að 80 millj. kr. komi til niðurgreiðslu á húshitun á köldum svæðum. 80 millj. gera náttúrlega ekki neitt til jöfnunar. Það hljóta allir að viðurkenna sem hafa skoðað þær miklu hækkanir sem verða. (Gripið fram í.) Ég heyri ekki almennilega hvað hv. síðasti ræðumaður segir þó hann tali nú hátt en hann er búinn með sinn tíma hér í þessari umræðu.

En það eru aðrar tillögur uppi líka hjá hæstv. ríkisstjórn sem ekki lækka orkuverð né jafna. Ég er hér með bréf frá Rafmagnsveitum ríkisins, sem iðnrh. var líka sent. Hæstv. iðnrh. var að ræða um að það væri verið að tala um jöfnun og jafnvel lækkun en það er alls ekki rétt. Ég ætla að lesa það bréf líka, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi Rafmagnsveitu ríkisins, fulltrúa iðnrn. og fjárlagaskrifstofu þann 17. sept. 1992 um fjárlög fyrir árið 1993 kom fram af hálfu fjárlagaskrifstofu að ríkisstjórnin hefði ákveðið eftirfarandi:

1. Að B-hluti ríkisfyrirtækja tæki á sig lífeyrissjóðsskuldbindingar að fullu vegna eigin starfsmanna.

2. Að ríkisfyrirtæki greiði arð í ríkissjóð sem verði hlutfall af eigin fé, 2%.

3. Að hætt verði endurgreiðslu innskatts þegar um er að ræða virðisaukaskattsfrjálsa sölu.

Afleiðingar af framangreindum breytingum verða eftirfarandi:

1. Tilfærsla á lífeyrissjóðsskuldbindingum frá ríkissjóði til Rarik veldur samkvæmt lauslegu mati kostnaðarauka upp á u.þ.b. 9 millj. kr. á árinu 1992.

2. 2% arður af eigin fé hefði vegna ársins 1991 orðið 222 millj. kr.

3. Ef innskattur verður ekki endurgreiddur af hitasölu sem er án virðisaukaskatts veldur það 200 millj. kr. kostnaðarauka á árinu 1993. Verði heimilað að fella niður virðisaukaskatt af þeirri heildsölu Landsvirkjunar sem ætla má að sé vegna húshitunar verður kostnaðarauki á árinu 1993 60–70 millj. kr. Samkvæmt upplýsingum tekjudeildar fjmrn. þarf sérstaka stjórnvaldsákvörðun til að heimila slíka túlkun eða undanþágu.

Þetta er það sem við höfum verið að tala um um jöfnun húshitunarkostnaðar. Þrátt fyrr góðan vilja og heitar bænir hv. 5. þm. Austurl. sýnist mér að ef ríkisstjórnin ætlar með tillögum sínum að ganga þennan veg verður hækkun og ójöfnuður enn þá meiri en nú er á húshitun í landinu. (Gripið fram í.) Ég er mjög óánægð með það, hv. þm., og ég er tilbúin að styðja bæði hæstv. ráðherra og hv. síðasta ræðumann til góðra verka. En ég er ekki tilbúin í nýjan ójöfnuð eða meiri ójöfnuð en nú er.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Vesturl. sagði frá því áðan að raforkuverðshækkanir hefðu étið upp allar niðurgreiðslurnar. Ég vona að ég hafi misskilið hana. Þegar hún sagði frá þessu virtist mér eins og hún væri frekar ánægð með þetta en hitt. Það vona ég að sé misskilningur af því að ég trúi því að hv. þm. sé mjög óánægður með það ef raforkuverðshækkanir eru meiri en ástæða þykir til og eðlilegt getur talist. En það breytir því eigi að síður ekki að niðurgreiðslurnar á húshituninni á köldum svæðum landsbyggðarinnar hafa hækkað að raunvirði um 11%. Fjárhæðirnar úr ríkissjóði á þessu ári til niðurgreiðslna á seinni helmingi síðasta árs og vonandi á næsta ári líka, ef hv. þm. ásamt stjórnarandstöðunni samþykkir væntanlega aðgerð ríkisstjórnarinnar fyrir næsta ár, leiða til þess að húshitunarkostnaðurinn er 11% lægri en hann hefði verið ef sömu niðurgreiðsluhlutföllum hefði verið beitt og gerðist í tíð síðustu ríkisstjórnar. Það er staðreynd. Hitt er rétt að raforkuverðið hefur hækkað. Það breytir því eigi að síður ekki að ef niðurgreiðslurnar hefðu ekki hækkað væri verðið núna 11% hærra. (**Gripið fram í:** Hvað hefur það þá lækkað mikið?) Það hefði þá verið 11% hærra. Það veit ég að hv. þm. Jóhann Ársælsson getur mjög einfaldlega reiknað út enda talnaglöggur maður og kann meira fyrir sér í útreikningi talna en margur annar hér í þessum sal.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hefði ekki verið flutningsmaður að þáltill. um lækkun húshitunarkostnaðar sem hér er um fjallað nema vegna þess að ég tel þann ójöfnuð sem er í hitunarkostnaði mjög alvarlegan og tel útúrsnúninginn afskaplega ósmekklegan sem hv. síðasti ræðumaður viðhafði. Ég skil hann satt að segja ekki. Hann er að tala um góðan hug og fagran hug og ætlar síðan öðrum eitthvað allt annað. Það er undarlegur málflutningur. En það er náttúrlega ekki það sem þetta mál snýst um. Ég er að tala um það að því miður hefur raforkuverð hækkað. Ég get nefnt dæmi um lítið fyrirtæki í Dalasýslu sem rekið er fáa mánuði ársins og borgaði 300 þús. kr. meira í raforku í fyrra en í hittiðfyrra. Það er þetta sem ég er að tala um, hv. þm. Ég vona að við getum verið sammála um það og þurfum ekki að vera að snúa útúr hvort fyrir öðru að þessi jöfnuður náðist því miður ekki eins og að var stefnt.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Staðan hefur því miður breyst svo frá því ég bað um orðið þar til ég kemst að að hæstv. iðnrh. er hlaupinn úr salnum að sinna brýnni erindum en að hlusta á umræðu þingmanna um lækk-

un húshitunarkostnaðar. Ég verð að lýsa sérstakri hryggð minni yfir þeim önnum ráðherrans að mega ekki vera að því að dvelja með okkur um stund til að hlýða á viðhorf þingmanna til þessa máls, ekki síst eftir brýningar hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar sem hvatti þingmenn til að láta hendur standa fram úr ermum og berja á óvininum sem hann var búinn að finna, stjórn Landsvirkjunar. Það er auðvitað mikil framför þegar menn átta sig á því hver bregður fæti fyrir fögur stefnumörk og átta sig á því hver andstæðingurinn er, sem liggur í leynum og spillir fyrir fögrum áformum. Það mun vera stjórn Landsvirkjunar. Það tilkynnist hv. Alþingi að samkvæmt upplýsingum frá hv. 5. þm. Austurl. er það stjórn Landsvirkjunar sem hefur komið í veg fyrir að ríkisstjórnin næði fram markmiðum sínum. Efa ég ekki að þessar upplýsingar eru réttar enda er þingmaðurinn í betra sambandi við almættið en ég.

Ég vil snúa mér að þessu fyrrbæri, stjórn Landsvirkjunar, sem þvælist fyrir og dregur lappirnar. Eftir því sem ég best veit er kosið í þá stjórn dálítið pólitískt, kannski ekki svo mjög en samt svolítið. Það slæðast þarna inn nokkrir menn sem ég er ekki grunlaus um að tilheyri Sjálfstfl. og Alþfl. Ef maður legði saman þessa grunuðu menn er ég ekki frá því að við hefðum drjúgan meiri hluta í stjórn Landsvirkjunar. Það er dálítið fróðlegt að velta því fyrir sér hvernig á því stendur að þessi meiri hluti, sem er sami meiri hluti og stendur að ríkisstjórninni, er að þvælast svona fyrir. Eru það sjálfstæðismennirnir og alþýðuflokksmennirnir í stjórn Landsvirkjunar sem eru svona fúlir út í sjálfstæðismennina og alþýðuflokksmennina í ríkisstjórn að þeir þvælast fyrir fögrum áformum, jöfnun? Það væri fróðlegt ef hv. þm. vildi gefa okkur upplýsingar um það því mér er alveg ókunnugt um hvernig mannval er í þessari stjórn að öðru leyti en því að hv. 1. þm. Norðurl. v. er þar og er mikill víkingur til verka eins og við vitum.

Þetta er eiginlega fyrsta atriðið sem ég tel að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson verði að varpa ljósi á. Hvernig stendur á því að sjálfstæðismennirnir og alþýðuflokksmennirnir í stjórn Landsvirkjunar þvælast fyrir fótum hæstv. iðnrh.? Þvílík ósvífni, liggur mér við að segja. Þetta gera ekki venjulegir flokksmenn, alla vega ekki í þessum flokkum, að þvælast fyrir sínum ráðherrum. Það er alveg greinilegt að þeir sem þarna eru eru engar heybrækur, eins og hæstv. utanrrh. upplýsti okkur um að fyrirfyndust í stjórnarliðinu, einhver slatti af heybrókum sem eyðilegði góð áform stjórnarinnar um breytingar á virðisaukaskatti. Það væri líka fróðlegt ef sá ágæti stjórnarþingmaður, sem hér situr og er annar af tveimur í þingsal að hlusta á umræður um lækkun húshitunarkostnaðar, upplýsti okkur um það svolítið nánar hverjar þessar heybrækur eru í stjórnarliðinu sem eyðileggja hin góðu áform í fjárlagafrv.

Við skulum skoða þessi góðu áform sem heybrækurnar brugðu fæti fyrir. Það segir í fjárlagafrv., með leyfi forseta, á bls. 342:

„Tekið er upp sérstakt framlag að fjárhæð 80 millj. kr. til niðurgreiðslu á húshitun á „köldum svæðum" í tengslum við breytingar á virðisaukaskatti."

Við höfum fengið útreikninga frá Sambandi ísl. hitaveitna á áhrifum þessara breytinga. Þær hafa ekki áhrif upp á 80 millj. kr. á fjárhag hitaveitna heldur 540 millj. Það kallast ekki að stuðla að lækkun eða jöfnun orkuverðs. Ég mundi segja að það væri öfugt, þ.e. hækkun. Það er sá fagnaðarboðskapur í fjárlagafrv. sem hæstv. iðnrh. stendur að. (**Gripið fram í:** Með góðu hugarfari.) Með góðu hugarfari. (**Gripið fram í:** Enda velviljaður maður.) Enda velviljaður maður. Til marks um velvilja hæstv. iðnrh. til jöfnunar á landsvísu á hinum ýmsu aðföngum launþega sem búa um allt land minni ég þingmenn á frv. sem ráðherra flutti á síðasta vetri til að draga úr jöfnun á bensínverði og á olíuvörum um landið. Í stað þess að það væri jafnt um allt land átti það að vera misjafnt. Það átti bara að vera jafnt á ákveðnum stöðum á landinu en annars staðar átti það að vera misjafnt. Þetta var gert í anda jafnaðarstefnunnar. (**Gripið fram í:** Þetta er eitthvert frv. sem þú hefur samið.) Þetta er frv. sem hv. 1. þm. Vestf. sat á og drap eiginlega í hv. efh.- og viðskn. við nokkurn óróleika hæstv. iðnrh. á síðasta þingi.

Ég minnist þess að í umræðu um það frv. sagði hæstv. iðnrh. til að lýsa góðum hug sínum til jöfnunar að það væri ekki hlutverk ríkisins að jafna öllu út og suður. Ég spurði ráðherrann þá hvort þetta ætti ekki bara við bensín og olíur eins og augljóst var eða hvort það ætti líka við um húshitun, hvort það væri ekki hlutverk ríkisins að jafna öllu út og suður varðandi húshitun. Ráðherrann neitaði því ekki. Ég vildi því fyrst velta því fyrir mér hvort það væri virkilega þannig að Alþfl., með hæstv. iðnrh. í fararbroddi, sé sammála þeirri stefnumörkun sem hér er lýst að hafi verið flutt sem þáltill. á 113. þingi. Ég er nokkuð efins um að markmið Alþfl. og iðnrh. sé að jafna orkuverðið í ljósi þeirra umræðna og þess frv. sem ráðherrann hefur þegar flutt. Ég sé ekki annað en það sé markmið Alþfl. og iðnrh., sem leiðir flokkinn í þessu máli, að auka mismuninn. Eða hvernig skyldi standa á því að ráðherrann skuli ekki koma fram þeirri stefnu sem hann telur sig standa fyrir, að auka jöfnuð, í þremur áföngum á næstu tveimur árum þannig að kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis vísitölufjölskyldu hjá rafveitum og kynntum hitaveitum verði ekki hærri en 5.000 kr. að jafnaði á mánuði miðað við verðlag í janúar árið 1991? Ráðherrann er búinn að vera eitt og hálft ár í ríkisstjórn. Það er liðið eitt og hálft ár af tveimur og enn er ekki kominn nema einn áfangi til framkvæmda af þremur. Hvenær koma hinir tveir áfangarnir til framkvæmda sem boðaðir eru í fyrsta tölulið? Það þýðir lítið að vera að skrattast á stjórn Landsvirkjunar og segja að hún sé að þvælast fyrir. Ég veit ekki betur en ríkisstjórnin hafi þau tök á sínum heybrókum að hún komi fram sínum málum þegar þurfa þykir innan þings sem utan. Við knýjum því á um efndir ríkisstjórnarinnar á þessu fyrirheiti. Hvar eru efndirnar? (Forseti hringir.) Virðulegur forseti, þetta var góður endir.

Útbýting þingskjala:
Einkaleyfi og vörumerki, 3. mál, nál. iðnn. á þskj. 216; brtt. iðnn. á þskj. 217.

Flm. (Jón Helgason):
Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram og undirtektir við tilgang þessarar þáltill. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir þær aðgerðir sem hann hefur komið fram og eru í þessa átt og m.a. eru nú tíundaðar í greinargerð með tillögunni. Ég vil ekki halda því endilega fram að þrátt fyrir þessar aðgerðir iðnrh. hafi húshitunarkostnaður verið að vaxa eins og hv. 5. þm. Austurl. sagði að hefði orðið niðurstaðan síðustu árin, þ.e. að mismunurinn hafi vaxið. Ég vil viðurkenna árangur af þessum fyrsta áfanga. Ég held að það hljóti að vera auðvelt að sjá að við flm. till. styðjum hæstv. iðnrh. þar sem tillagan fjallar um að framkvæmd sé þáltill. sem hæstv. ráðherra lagði fram. Ég sé ekki að það sé hægt að undirstrika betur stuðning við hæstv. ráðherra en með því formi sem hér er haft á tillögunni. En því miður virðist það vera svo að hæstv. ráðherra þurfi á meiri stuðningi að halda. Hér er verið að bjóða stuðning Alþingis fram ef þessi tillaga verður samþykkt. Það hefur verði bent á hvernig hann hefur farið halloka í glímunni við stjórn Landsvirkjunar. Ég held því að hann hljóti að taka því fagnandi ef Alþingi vill knýja þarna á.

Síðan er það hinn hlutinn sem er niðurgreiðsla úr ríkissjóði. Í tillögu hæstv. iðnrrh. var ákveði um að það yrði tekið fjármagn af ákveðnum lið í fjárlögum, öðru niðurgreiðslufjármagni. Nú í fjárlagafrv. er hins vegar gert ráð fyrir því að þessi fjárlagaliður verði skorinn niður að verulegu leyti. En fjármagnið verður ekki notað til jöfnunar orkuverðs eins og þáltill. hæstv. iðnrrh. gerði ráð fyrir heldur fer það beint inn í ríkissjóð. Þess vegna held ég að það sé mjög brýnt nú, áður en fjárlagafrv. verður tekið til afgreiðslu, að vilji Alþingis komi skýrt fram í þessu efni. Ég vona að hv. 5. þm. Austurl., sem á sæti í fjárln., muni beita sér fyrir því og styðja þannig hæstv. iðnrh. Með þessari ábendingu vil ég líka svara þeirri spurningu hæstv. iðnrh.: Hvert á að sækja féð? Við ætlumst til þess að það verði gert á sama hátt og samstaða nær allra þingflokka var um þegar nefndin afgreiddi sína tillögu sem hæstv. iðnrh. gerði að sinni. Ég vil því vonast til þess að menn verði við áskorun hv. 5. þm. Austurl. sem og annarra um að þessu máli verði tryggður framgangur og að eitthvað fari að gerast í þessum málum almennt. Það mun ekki hafa gerst síðan bókin Velferð á varanlegum grunni kom fram, engin almenn framkvæmd. Er það kannski svo að útgáfa þeirrar bókar hafi sett stólinn fyrir dyrnar? Ég veit það ekki. Ég vona að svo verði ekki til frambúðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):
Út af dagskrá eru tekin 5. og 7. dagskrármál. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

45. FUNDUR

þriðjudaginn 3. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Foreldrafræðsla, þáltill., 114. mál, þskj. 134. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frv., 127. mál, þskj. 147. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Lækkun húshitunarkostnaðar, þáltill., 151. mál, þskj. 172. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Kosning sjö fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. þingsályktun frá 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. des. 1969 og þingsályktun frá 17. nóv. 1983, um fullgildingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.
5. Gjaldeyrismál, stjfrv., 5. mál, þskj. 5, nál. 183, brtt. 184. — 2. umr.
6. Innflutningur, stjfrv., 6. mál, þskj. 6, nál. 185. — 2. umr.
7. Einkaleyfi og vörumerki, stjfrv., 3. mál, þskj. 3, nál. 216, brtt. 217. — 2. umr.
8. Fréttaflutningur af slysförum, þáltill., 99. mál, þskj. 116. — Fyrri umr.
9. Kaup á björgunarþyrlu, frv., 110. mál, þskj. 128. — 1. umr.
10. Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, þáltill., 132. mál, þskj. 152. — Fyrri umr.
11. Greiðslufrestur á fasteignalánum vegna fjárhagserfiðleika, frv., 153. mál, þskj. 175. — 1. umr.
12. Aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtaka ríkisstofnana, þáltill., 158. mál, þskj. 180. — Fyrri umr.
13. Tengsl ferðaþjónustu við íslenska sögu, þáltill., 160. mál, þskj. 182. — Fyrri umr.
14. Sjómannalög, frv., 164. mál, þskj. 189. — 1. umr.
15. Flutningur á starfsemi Landhelgisgæslunnar, þáltill., 174. mál, þskj. 200. — Fyrri umr.
16. Landgræðslulög, frv., 175. mál, þskj. 201. — 1. umr.
17. Flutningur ríkisstofnana, frv., 184. mál, þskj. 211. — 1. umr.
18. Orka fallvatna, frv., 157. mál, þskj. 179. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:
Jóhanna Sigurðardóttir félmrh.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:
Eftirlit með skipum, 192. mál, stjfrv., þskj. 223.
Hafnalög, 191. mál, stjfrv., þskj. 222.
Innheimta Pósts og síma, 189. mál, fsp. GHall á þskj. 219.
Leiðsaga skipa, 193. mál, stjfrv., þskj. 224.
Lögheimili, 188. mál, frv. ÓÞÞ, þskj. 218.
Vegáætlun 1992, 190. mál, stjtill. þskj. 220.
Þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, 31. mál, nál. 1. minni hluta allshn. á þskj. 221.

Foreldrafræðsla, frh. fyrri umr.

Þáltill. GGuðbj o.fl., 114. mál. — Þskj. 134.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EL, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GÞJ, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JHelg, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvÁ, VS, VE, ÖS.
17 þm. (ÁJ, BBj, FrS, GHall, GÁ, HÁ, ISG, JóhS, JGS, JBH, JónK, MF, ÓE, ÓÞÞ, SighB, StG, SvG) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EL, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GÞJ, HBl, HG, IBA, JÁ, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvÁ, VS, VE, ÖS.
21 þm. (ÁJ, BBj, FrS, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, KSG, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SighB, StG, SvG) fjarstaddur.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frh. 1. umr.

Frv. EH og MB, 127. mál. — Þskj. 147.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EL, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GÞJ, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvÁ, VS, VE, ÖS.
15 þm. (ÁJ, BBj, FrS, GHall, GÁ, HÁ, ISG, JóhS, JGS, JBH, MF, ÓE, SighB, StG, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EL, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GÞJ, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvÁ, VS, VE, ÖS.
14 þm. (ÁJ, BBj, FrS, GHall, GÁ, HÁ, JóhS, JGS, JBH, MF, ÓE, SighB, StG, SvG) fjarstaddir.

Lækkun húshitunarkostnaðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 151. mál. — Þskj. 172.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EL, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GÞJ, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvÁ, VS, VE, ÖS.
14 þm. (ÁJ, BBj, FrS, GHall, GÁ, HÁ, JóhS, JGS, JBH, MF, ÓE, SighB, StG, SvG) fjarstaddir.

Till. vísað til iðnn. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, DH, EgJ, EGuðn, EKG, EL, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GÞJ, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvÁ, VS, VE, ÖS.
15 þm. (ÁJ, BBj, EH, FrS, GHall, GÁ, HÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, RG, SighB, StG, SvG) fjarstaddir.

Kosning sjö fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. þingsályktun frá 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. des. 1969 og þingsályktun frá 17. nóv. 1983, um fullgildingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Geir H. Haarde (A),
Halldór Ásgrímsson, (B),
Árni M. Mathiesen (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Kristín Einarsdóttir (B).

Varamenn:
Sturla Böðvarsson (A),
Valgerður Sverrisdóttir (B),
Árni Johnsen (A),
Svavar Gestsson (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Ingi Björn Albertsson (A),
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (B).

Gjaldeyrismál, 2. umr.

Stjfrv., 5. mál (heildarlög). — Þskj. 5, nál. 183, brtt. 184.

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. og brtt. efh.- og viðskn. um frv. til laga um gjaldeyrismál. Ég vil þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir ágætt samstarf um þetta mál. Nefndin hefur orðið sammála um fjórar brtt. við frv. Þær eru á þskj. 184 og síðan nál. sem öll nefndin skrifar undir.

Allmargir aðilar hafa verið kallaðir til og beðnir um umsögn um þetta mál. Þær voru almennt séð mjög jákvæðar. Mönnum þykir nauðsynlegt að stíga þetta skref í frjálsræðisátt í gjaldeyrisviðskiptum. Þetta skref er líka nauðsynlegt til þess að markaðsskráning á gengi krónunnar geti gengið fyrir sig með eðlilegum hætti. Í frv. er lagt til að lögfest verði sú meginregla að gjaldeyrisviðskipti vegna inn- og útflutnings vöru, þjónustu og fjármagnshreyfinga verði óheft. Þar er líka kveðið á um frávik frá þeirri meginreglu í takt við það sem mun gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Nefndin leggur áherslu á að það verði vandað til framkvæmdar nýrra reglna og hugsanlegra breytinga.

Í þessu sambandi er mikil áhersla lögð á að millibankamarkaður með gjaldeyri verði þróaður áður en allar hömlur í fjármagnshreyfingum til skemmri tíma verða lagðar af. Þá þarf peningamarkaður að hafa þróast með þeim hætti að Seðlabankinn geti með viðskiptum þar og með beitingu peningalegra stjórntækja haft áhrif á skammtímanafnvexti og þar með fjármagnsstreymi til og frá landi.

Loks verður að tryggja að bankinn hafi nægilega sterk stjórntæki til þess að geta stýrt peninga- og gengismálum við nýjar aðstæður óheftra fjármagnshreyfinga.

Brtt. ganga í þá átt að í 1. málsl. 3. gr. komi í stað stöðvunar takmörkun eða stöðvun á tilteknum flokkum fjármagnshreyfinga þannig að hægt sé að að takmarka ýmsa flokka fjármagnshreyfinga án þess að þurfa beinlínis að stöðva þær.

Önnur brtt. er orðalagsbreyting þar sem skýrt sé kveðið á að ákvæði taki til gjaldeyrisviðskipta vegna tiltekinna flokka fjármagnshreyfinga.

Í þriðja lagi má segja að 3. og 4. brtt. sé um sama málið. Í frv. var gert ráð fyrir því að leyfi tiltekinna aðila til gjaldeyrisviðskipta félli niður og þau ætti að gefa út upp á nýtt. Við í nefndinni teljum eðlilegt að leyfin sem slík falla ekki niður heldur séu þau endurnýjuð með eðlilegum hætti án þess að þeir aðilar sem nú hafa rétt til gjaldeyrisviðskipta samkvæmt lögum, svo sem sparisjóðir, missi þau við samþykkt frv.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í ræðu formanns hv. nefndar er samstaða í nefndinni um afgreiðslu þessa máls og þarf þess vegna ekki að hafa um það mörg orð á þessu stigi. Nefndin hefur lagt mikla vinnu í málið og ég vil nota þetta tækifæri til að þakka formanninum fyrir góða og sanngjarna verkstjórn hvað það snertir.

Ég vil ítreka þær viðvaranir sem koma fram í annarri málsgrein nál. þess eðlis að það verði að fara varlega og stíga skrefin ekki hraðar en svo að peningamarkaður okkar og Seðlabankinn verði tilbúnir til að takast á við það á hverjum tíma.

Ég hef marglýst yfir þeirri skoðun minni úr þessum stól að það geti ekki staðist með frjálsum vöxtum og frelsi á fjármagns- og viðskiptamarkaði að öðru leyti, að halda genginu í handstýrðu kerfi. Ein af forsendum frv. ef það verður að lögum er að hægt verði að taka upp gjaldeyrismarkað sem byggist, eins og komið hefur fram, á millibankamarkaði, þ.e. viðskiptum banka með gjaldeyri sín á milli og við Seðlabankann.

Þetta leiðir hugann að því sem hefur verið að gerast á síðustu vikum þegar menn hafa látið sem svo að íslenska krónan væri eini gjaldmiðillinn sem gæti staðið af sér allar þær miklu breytingar sem hafa orðið á gjaldmiðlum í Evrópu, sem er mikil þversögn ef við tökum tillit til þess að í raun hefur íslenska krónan verið að hoppa upp og niður eftir því sem gjaldmiðlar í Evrópu hafa verið að breytast. Það er því ákveðin þversögn fólgin í því að genginu sé haldið stöðugu.

Ég ætla í þessum töluðu orðum að beina spurningu til hæstv. viðskrh. þess efnis hvað líði undirbúningi að því að taka upp markaðsskráningu krónunnar. Ég vil rifja upp í því sambandi að þegar seðlabankalögum var breytt á síðasta þingi til þess að leggja grunninn að þessari breytingu var það mjög uppi í umræðunni, m.a. frá hæstv. viðskrh., að tengja krónuna við ECU. Ég taldi það á þeim tíma hið mesta óráð og það væri engin forsenda fyrir því þó við vildum taka upp markaðsskráningu krónunnar að sú gengiskarfa sem við tengdum okkur við væri ECU. Ég tel enn að það sé miklu skynsamlegra að sú markaðskarfa endurspegli sem mest það viðskiptamunstur í útflutningsviðskiptum sem við búum við og tel reyndar að reynslan hafi sýnt að þetta álit mitt sé rétt.

En það er annað sem ég vil minna á í þessu sambandi. Í skýrslu sem við fengum varðandi þetta atriði, m.a. frá Seðlabankanum, var bent á það að ef menn ætluðu að tengja krónuna við ECU þyrfti að koma til, eins og þar var orðað ef ég man rétt, kerfislæg aðlögun krónunnar að gjaldmiðlum þeim sem við værum að tengja okkur við.

Við sem vorum að reyna að rýna í þetta skildum það á þann veg að menn efuðust um að sú gengisskráning sem væri á krónunni núna mundi standast og menn vildu finna ráð til þess að aðlaga gengið því sem við værum að ganga inn í áður en við tækjum upp markaðsskráninguna. Þetta held ég að sé skynsamlegt og eigi alveg eins við þótt sú gengiskarfa, sem við tengjum okkur við, verði sú sem er í gildi núna. Ég held að það sé miklu skynsamlegra að hnika genginu í það horf sem við teljum að við getum varið þegar við verðum búin að taka upp markaðsskráninguna þannig að það fari ekki á þann veg að gengið hrekjist strax í upphafi, eins og aðstæður eru núna, að þeim neðri fráviksmörkum sem við verðum að setja.

Ég vil inna hæstv. viðskrh. eftir hans áliti á þessum vangaveltum mínum. Auk þess vil ég spyrja hæstv. viðskrh. þeirrar sömu spurningar og ég spurði reyndar á síðasta þingi, þ.e. hver hann telji að séu eðlileg fráviksmörk krónunnar í okkar tilfelli miðað við sveiflukennda atvinnuvegi eftir að við erum búin að taka upp markaðstengingu krónunnar.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í örfáum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Þetta frv. til laga um gjaldeyrismál er eitt af hinum svokölluðu fylgifrv. EES-samningsins en í raun er það algerlega óháð þeim samningi. Ég lít svo á að við hefðum stefnt í þessa átt þótt samningurinn um EES hefði ekki verið til umræðu. Þar sem ég er almennt fylgjandi frjálsum viðskiptum, þótt ég sé ekki hrifin af þeirri viðskiptablokk sem verið er að koma upp úti í Evrópu, vil ég styðja frv.

Það er mikilvægt varðandi þetta mál að það verði mjög varlega farið í framkvæmd þess. Ég vil minna á að Seðlabankinn hefur heimild til að grípa inn í ef hætta steðjar að og því tel ég rétt að styðja þetta mál.

Ég vil beina tveimur spurningum til hæstv. viðskrh. Það er annars vegar spurning um hvernig hann hyggst standa að framkvæmd þessara laga í ljósi þeirra viðvarana sem hv. efh.- og viðskn. setur fram í sínu nál.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. viðskrh.: Hvað líður framlagningu frv. til nýrra seðlabankalaga sem vissulega tengjast þessu máli og ýmsum öðrum sem við höfum til umfjöllunar?

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst þakka hv. efh.- og viðskn. fyrir vandaða vinnu við meðferð frv., bæði á fyrra þingi og í sumarhléi og loks á því þingi sem nú stendur. Það er mjög ánægjulegt að samstaða skuli hafa náðst í nefndinni um þetta mikilvæga mál. Ég vil láta í ljós þakklæti mitt til nefndarmanna fyrir það starf. Ég vil taka það skýrt fram að ég er hlynntur þeim brtt. sem nefndin gerir, styð þær og tel þær vera til bóta.

Ég ætla þá að snúa mér að þeim spurningum og athugasemdum sem til mín var beint, bæði af hv. 6. þm. Norðurl. e. og hv. 18. þm. Reykv. Vegna þess sem fram kom hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. vil ég láta það koma skýrt fram að stöðugleiki í gengismálum er eitt mikilvægasta markmið stefnunnar í efnahagsmálum. Það er eitt mikilvægasta markmið stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Þær breytingar sem boðaðar eru með samþykkt þessa frv. í þá átt að leyfa meiri áhrif frá markaðsöflunum á gengisskráninguna frá degi til dags breyta ekki þessu meginmarkmiði. Það er hins vegar skoðun mín að við eigum að haga okkar efnahagsmálum að öðru leyti þannig að stöðugleiki í gengi haldist innan þeirra marka sem sett verða þegar þar að kemur.

Ég vil taka það fram að undirbúningi að millibankamarkaði með gjaldeyri miðar með eðlilegum hætti. Það er alveg ljóst að þar verður farið mjög gætilega. Tilvísun til þess mikla umróts sem varð á gjaldeyrismörkuðum heimsins, ekki síst gjaldeyrismörkuðum Evrópu á þessu hausti, er nægileg til að skýra það að þar munum við fara fram af fyllstu varkárni. Ég tek undir með hv. 18. þm. Reykv. að þar má ekki og verður ekki hrapað að neinu.

Síðan segi ég vegna þeirrar spurningar sem hv. 6. þm. Norðurl. e. bar fram um fráviksmörk eftir að sett hefði verið miðgildi fyrir gengið í kerfi frjálsra viðskipta með gjaldeyri. Ég tel ekki tímabært að nefna þær tölur en vil eingöngu endurtaka það sem fram kom hér þegar málið var síðast rætt. Ég taldi að þau mörk ættu ekki að vera ákaflega þröng og benti þar á fordæmi frá evrópska myntkerfinu þar sem dæmi eru um fráviksmörk alveg upp í 6% til hvorrar áttar frá viðmiðunargengi. Þetta segi ég ekki sem beina tillögu eða niðurstöðu í málinu heldur eingöngu sem sjónarmið sem ég held að hljóti að verða uppi. Í jafnsveiflukenndum búskap og Íslendingar búa við hlýtur slík viðmiðun í fráviksmörkum að vera mjög ákveðið til skoðunar.

Síðan kem ég að spurningum hv. 18. þm. Reykv. Hinni fyrri hef ég í reynd svarað. Það verður farið mjög gætilega í þessu máli og ekki tekin nein áhætta að nauðsynjalausu. Í öðru lagi spurði hv. 18. þm. Reykv. hvað liði undirbúningi og framlagningu frv. til nýrra seðlabankalaga. Ég get látið það koma hér fram að ég hef að undanförnu fengið fjölmargar umsagnir um frv. eins og það kom frá þeirri nefnd sem samdi það og eins og það var kynnt á þinginu í vor. Það er verið að vinna úr þessum umsögnum. Frv. verður væntanlega lagt fram í þinginu í þessum mánuði. Það er auðvitað háð því að niðurstaða fáist í nokkrum tiltölulega smávægilegum málum. Frv. fékk, eins og þingmenn muna, allgóðar viðtökur í þessari kynningarumferð í vor er leið. Ég á von á því að það geti tekist víðtæk samstaða um þær breytingar sem þar eru uppi um tillögur. Mér finnst afgreiðsla þessa frv. um gjaldeyrismál vísbending um að það verk eigi að geta heppnast vel.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. viðskrh. vék sér undan einni spurningu minni, þ.e. hvort hans viðhorf til tengingar við ECU séu þau sömu og voru á síðasta þingi. Hæstv. ráðherra sagði einnig að stöðugt gengi væri markmið ríkisstjórnarinnar og einn af hornsteinum efnahagsstefnunnar. Þá vil ég í framhaldi af því spyrja hæstv. ráðherrann hvort hann telji að Seðlabankinn sé í stakk búinn til að verja gengið, eins og það er í dag, ef búið væri að taka upp markaðsskráningu þannig að það mundi ekki strax slá niður í neðri mörk. Ég hlýt að skilja hans orð svo að hann telji að við hljótum að verða með mörk eins víð eins og þau gerast í Evrópu, 5–6%. Ef ekki koma til á allra næstu dögum og vikum róttækar aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum meðan viðskiptajöfnuðurinn er enn jafnóhagstæður og hann er nú þótt vöruskiptin séu orðin í skárra lagi, þá hlýtur, ef markaðskerfið ræður, þetta mikla framboð á gjaldeyri að verða þess valdandi að við missum gengið niður í neðri mörkin á mjög skömmum tíma.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Vegna ítrekaðrar spurningar hv. 6. þm. Norðurl. e. um myntkörfuna, sem fylgt er við gengisstjórn á Íslandi, vil ég láta það koma fram að ég er honum ekki sammála um það að núgildandi myntkarfa endurspegli ekki vel viðskiptamynstur Íslendinga í utanríkisviðskiptum. Sannleikurinn er sá að viðskiptakarfan sem nú er notuð er þannig gerð að þar eru 75% ECU, evrópska mynteiningin, 8% jen og afgangurinn Bandaríkjadalur. Þetta er ágæt mynd af okkar utanríkisviðskiptum ef menn vilja hafa það til viðmiðunar. En reyndar er það fleira sem ræður, bæði fjármagnsstraumar og þjónustugreiðslur, svokallaðar ósýnilegar hreyfingar, sem ég held að breyti þessu hvorki til né frá.

Um það hvort hætta er á því að við frjáls viðskipti mundi gengið þegar fara í neðri mörk vil ég líka láta það koma fram að það hefur ekki gætt tilhneigingar til þess að flýta eða tefja greiðslur út eða inn eins og jafnan vill gæta þegar markaður telur hættu á gengisbreytingu. Þessa hefur ekki gætt á Íslandi á undanförnum vikum og mánuðum sem verður að teljast mjög merkilegt miðað við það umrót sem ríkt hefur í gengismálum í veröldinni undanfarnar vikur. Þetta er einfaldlega staðreynd.

Í öðru lagi vil ég líka láta það koma fram að vöruskiptajöfnuður Íslendinga hefur batnað það sem af er þessu ári gagnstætt því sem margir virðast álíta. Það er verulegur samdráttur í innflutningi og meiri samdráttur en í útflutningi. Þetta held ég að nægi til að svara þeim álitamálum sem hv. 6. þm. Norðurl. e. hreyfði áðan.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú hef ég annaðhvort ekki komið því sem ég meinti nógu vel til skila eða hæstv. ráðherra ekki hlustað nægilega vel því ég tók það fram að ég tel þá gengiskörfu, sem við búum við í dag, spegla ágætlega okkar utanríkisviðskipti. Mín spurning var um viðhorf ráðherrans gagnvart því að breyta þeirri tengingu í það að karfan samanstæði eingöngu af ECU. Hæstv. ráðherra hafði um það nokkurn rökstuðning á síðasta þingi að það kynni að vera rétt og nefndi meira að segja dagsetningar um áform ríkisstjórnarinnar í því efni. Hann nefndi einnig að að baki því lægju kannski frekar pólitískar ástæður en viðskiptalegar. Ég spurði hæstv. ráðherra hvort hann væri sama sinnis enn, að það bæri að stefna að því að tengja íslensku krónuna við ECU. Nú man ég ekki rétt hvort hæstv. ráðherra nefndi í því sambandi áramótin 1993–1994. Það á ég einhvers staðar skjalfest í þingræðu ráðherrans.

Í öðru lagi gat ég ekki skilið seinni hluta ræðu ráðherra öðruvísi en svo að hann teldi gengisskráningu íslensku krónunnar bara í harla góðu horfi eins og hún er í dag. Ef sá skilningur minn er réttur þyrftum við ekki að fara í þær flóknu og sársaukafullu aðgerðir sem í það minnsta aðilar vinnumarkaðarins eru sammála um að þurfi að gera ef hægt á að vera að freista þess að koma í veg fyrir að gengi krónunnar falli eða réttara sagt ef hægt á að vera að freista þess að koma í veg fyrir að það fall krónunnar, sem nú þegar er orðin staðreynd, komi fram á markaðnum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi vil ég láta það koma fram að ég tel það enn skynsamlega og rétta stefnu að í framtíðinni tengist íslenska krónan nánar hinu evrópska myntkerfi og þar með evrópsku mynteiningunni. En það er jafnljóst að vegna þeirra erfiðleika og umróts sem gætt hefur innan hins evrópska gjaldeyrissamstarfs að undanförnu hljótum við að staldra við og meta okkar stöðu að nýju. Við munum meta hana eftir því sem framvindan skýrir það mál hjá Evrópumönnum. Það er ekki skynsamlegt fyrir okkur að taka afstöðu til þess endanlega nú. Það er heldur ekki þörf á því. Þetta er mín afstaða. Ég tel að í framtíðinni muni viðskipti við Evrópusvæðið verða enn mikilvægari. Það er afar auðvelt að sýna fram á það með tölum um þróunina undanfarin ár í hvaða átt þetta hefur stefnt. En við hljótum fyrst og fremst að horfa á það sem kemur okkur best og fær best borgið íslenskum hagsmunum. Ég tel að það sé sú stefna sem við fylgjum nú.

Það er þarflaust að ræða það í þingsölum hvert sé hið rétta gengi íslensku krónunnar. Það sem ég vék hér að áðan var eingöngu það að markaðshreyfingar, viðleitnin á markaðnum, bentu ekki til þess að þeir sem kaupa og selja galdeyri telji gengið valt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, BBj, DH, EGuðn, EL, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GunnS, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónS, KÁ, LMR, RA, RG, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, SvÁ, VS, VE, ÖS.

31 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, HÁ, HBl, HG, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK,

KSG, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SighB, StG, StB, SvG) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, BBj, DH, EGuðn, EL, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JónS, KÁ, LMR, RA, RG, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, SvÁ, VS, VE, ÖS.
1 þm. (HG) greiddi ekki atkv.
29 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GÞJ, HBl, JóhS, JBH, JHelg, JVK, KSG, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SighB, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Brtt. 184,1 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, BBj, DH, EGuðn, EL, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÞJ, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JónS, KÁ, LMR, RA, RG, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, SvÁ, VS, VE, ÖS.
3 þm. (GÁ, HG, JVK) greiddu ekki atkv.
27 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, HBl, JóhS, JBH, JHelg, KSG, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SighB, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, BBj, DH, EGuðn, EL, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÞJ, HÁ, IBA, IP, JÁ, JGS, JónK, JónS, KÁ, LMR, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, SvÁ, VS, VE, ÖS.
3 þm. (GÁ, HG, JVK) greiddu ekki atkv.
28 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GunnS, HBl, ISG, JóhS, JBH, JHelg, KSG, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SighB, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Brtt. 184,2 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, BBj, DH, EGuðn, EL, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JónS, KÁ, LMR, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, SvÁ, VS, VE, ÖS.
2 þm. (HG, JVK) greiddu ekki atkv.
26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, HBl, JóhS, JBH, JHelg, KSG, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SighB, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, BBj, DH, EGuðn, EL, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JónS, KÁ, LMR, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, SvÁ, VS, VE, ÖS.
3 þm. (GÁ, HG, JVK) greiddu ekki atkv.
27 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GÞJ, HBl, JóhS, JBH, JHelg, KSG, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SighB, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

5.–7. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, BBj, DH, EGuðn, EL, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JónS, KÁ, LMR, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, SvÁ, VS, VE, ÖS.
3 þm. (GÁ, HG, JVK) greiddu ekki atkv.
27 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GÞJ, HBl, JóhS, JBH, JHelg, KSG, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SighB, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Brtt. 184,3 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, BBj, DH, EGuðn, EL, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JónS, KÁ, LMR, RA, RG, SigG, SAÞ, SP, StH, SvÁ, VS, VE, ÖS.
3 þm. (GÁ, HG, JVK) greiddu ekki atkv.
29 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GÞJ, HBl, JóhS, JBH, JHelg, KSG, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SighB, StG, SJS, StB, SvG) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, BBj, DH, EGuðn, EL, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JÁ, JGS, JónK, JónS, KÁ, LMR, RA, RG, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, SvÁ, VS, VE, ÖS.
3 þm. (GÁ, HG, JVK) greiddu ekki atkv.
29 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GÞJ, HBl, IP, JóhS, JBH, JHelg, KSG, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SighB, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

9.–15. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, BBj, DH, EGuðn, EL, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JónS, KÁ, LMR, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SAÞ, SP, StH, SvÁ, VS, VE, ÖS.
2 þm. (HG, JVK) greiddu ekki atkv.
29 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GÞJ, GÁ, HBl, JóhS, JBH, JHelg, KSG, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SighB, StG, SJS, StB, SvG) fjarstaddir.

Ákv. til brb. I samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, DH, EGuðn, EL, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JónS, KÁ, LMR, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, SvÁ, VS, VE, ÖS.
4 þm. (AÓB, GÁ, HG, JVK) greiddu ekki atkv.
27 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GÞJ, HBl, JóhS, JBH, JHelg, KSG, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SighB, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Brtt. 184,4 (ákv. til brb. II falli brott) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, BBj, DH, EGuðn, EL, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JónS, KÁ, LMR, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SAÞ, SP, StH, VS, VE, ÖS.
3 þm. (GÁ, HG, JVK) greiddu ekki atkv.

29 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GÞJ, HBl, JóhS, JBH, JHelg, KSG, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SighB, StG, SJS, StB, SvÁ, SvG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, BBj, DH, EGuðn, EL, EKJ, GHH, GB, GHall, GÞJ, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JónS, JVK, KÁ, LMR, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SAÞ, SP, StH, SvÁ, VS, VE, ÖS.
2 þm. (GÁ, HG) greiddu ekki atkv.
28 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GuðjG, HBl, JóhS, JBH, JHelg, KSG, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SighB, StG, SJS, StB, SvG) fjarstaddir.

Útbýting þingskjals:
Þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, 31. mál, nál. 2. minni hluta allshn. á þskj. 226.

Innflutningur, 2. umr.

Stjfrv., 6. mál. — Þskj. 6, nál. 185.

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):
Virðulegi forseti. Um þetta mál var fjallað samhliða frv. til laga um gjaldeyrismál. Málið fór til umsagnar allra sömu aðila enda fylgjast þessi mál að. Þar sem hér er á ferðinni er fyrst og fremst formbreyting á löggjöfinni sjálfri en ekki miklar efnisbreytingar aðrar en þær að hér kemur skýrt fram í 1. gr. að innflutningur á vöru og þjónustu til landsins skuli vera óheftur nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum eða milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Þetta eru þær meginreglur sem gilda um þessi mál í dag.

Nefndin er sammála um að frv. eigi að afgreiða óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, BBj, DH, EGuðn, EL, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GunnS, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JónS, KÁ, LMR, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SAÞ, SP, StH, SvÁ, VS, VE, ÖS.
1 þm. (HG) greiddi ekki atkv.
29 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, HÁ, HBl, JóhS, JBH, JHelg, JVK, KSG, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SighB, StG, SJS, StB, SvG) fjarstaddir.

2.–6. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, BBj, DH, EGuðn, EL, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JónS, JVK, KÁ, LMR, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, SvÁ, VS, VE, ÖS.
1 þm. (HG) greiddi ekki atkv.
28 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GÞJ, HÁ, HBl, JóhS, JBH, JHelg, KSG, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SighB, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Ákv. til brb. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, DH, EGuðn, EL, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GunnS, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JónS, JVK, KÁ, LMR, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, SvÁ, VS, VE, ÖS.
2 þm. (AÓB, HG) greiddu ekki atkv.
27 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, HÁ, HBl, JóhS, JBH, JHelg, KSG, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SighB, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, BBj, DH, EGuðn, EL, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÞJ, GÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JónS, JVK, KÁ, LMR, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, SvÁ, VS, VE, ÖS.
28 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GunnS, HÁ, HBl, JóhS, JBH, JHelg, KSG, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SighB, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):
Það skal tekið fram að 7. og 10. dagskrármálið verða ekki tekin fyrir á þessum fundi.

Fréttaflutningur af slysförum, fyrri umr.

Þáltill. GunnS, 99. mál. — Þskj. 116.

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson):
Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera hér upp á Alþingi till. til þál. um fréttaflutning og upplýsingaskyldu um slysfarir og harmraunir fólks. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til þess að móta starfsreglur um fréttaflutning og upplýsingaskyldu stofnana um slysfarir og harmraunir fólks."

Í greinargerð kemur m.a. fram að þessi tillaga var flutt á 115. löggjafarþingi en varð þá eigi útrædd.

Tilgangur þessarar tillögu er að koma á fót samráðsvettvangi þeirra aðila og stofnana sem næst koma upplýsingamiðlun af slysförum og harmraunum fólks. Mikilvægt er að samræmdar viðmiðunarreglur eða leiðbeiningar geti ríkt við slíkar aðstæður er taki mið af mannhelgi, virðingu og hlutttekningu en um leið af

nauðsynlegri upplýsingaskyldu svo að ekki verði vegið að fjölmiðlafrelsi í landinu.

Fréttaflutningur af slysförum og harmraunum fólks er vandmeðfarið og viðkvæmt mál. Íslenskir fjölmiðlar hafa í áranna rás leitast við að fjalla um slík mál af tillitssemi og varkárni. Þó má greina þá þróun að ágengni fjölmiðla gagnvart einstaklingum, sem hlut eiga að máli, björgunarsveitum að störfum og öðrum viðkomandi aðilum verði æ meiri og óvægnari. Aukin samkeppni fjölmiðla um fréttaöflun af atburðum og málavöxtum getur orðið til þess að misbjóða mannvirðingu og siðrænum gildum. Hér er hvorki verið að leggja til lagasetningu né opinbera reglugerð heldur að þeir aðilar og stofnanir, sem nærri aðstæðum koma, geti sameinast um samræmdar starfsreglur. Þá er einnig mikilvægt að greina betur upplýsingaskyldu viðkomandi stofnana, samtaka og starfsstétta gagnvart fjölmiðlum.

Í tillögunni er lagt til að dómsmálaráðherra sjái um skipan slíkrar nefndar er lagt gæti grundvöll að samráðsvettvangi og styrkt og eflt gagnkvæman trúnað og skilning viðkomandi aðila og stofnana. Í starfi nefndarinnar er eðlilegt að hafa náið samráð m.a. við slysavarna- og björgunarsveitir, samtök blaða- og fréttamanna, Prestafélag Íslands, Lögreglufélag Íslands, Rannsóknastofnun Háskólans í siðfræði, Samtökin um sorg og sorgarviðbrögð, Læknafélag Íslands og barnaverndarráð.

Þessi tillaga er flutt vegna brýnnar nauðsynjar og vona ég að viðkomandi þingnefnd skoði málið rækilega.

Það er spurning sem við verðum líka að velta fyrir okkur hvort Alþingi eigi yfir höfuð að hafa einhverja skoðun í þessum efnum eða hvort það eigi algerlega að ráðast af markaðnum, ef við getum orðað það svo, hvernig með þessi mál skuli farið í fjölmiðlum og í samskiptum fjölmiðla og einstaklinga, samskiptum fjölmiðla og hinna ýmsu samtaka.

Hér er ég ekki að leggja til að það verði sett lög eða reglur er hefti fjölmiðlafrelsi með einhverjum hætti. Þvert á móti er ég að leggja til að það verði með einhverjum ráðum hægt að koma á fót samráðsvettvangi sem geti mótað og byggt upp reglur sem menn virði. Fjölmiðlarnir viti að það gildi ákveðnar reglur sem öruggt er að treysta. Þetta tel ég að sé mjög brýnt.

Mér er það vel ljóst að hér er um mikið vandamál að ræða. Eftir að þetta mál var flutt fyrst í fyrra hafa fjölmargir komið að máli við mig og lýst fyrir mér reynslu sinni af því hvernig einstakir fjölmiðlar hafi á stundum sagt þannig frá válegum tíðindum að það jók á sorg, það jók á sárin og það jók á erfiðleika sem fjölskyldur og einstaklingar áttu við að stríða vegna missis og vegna aðstæðna sem við blöstu. Íslenskt þjóðfélag er mjög sérstakt. Hér er nábýli mjög mikið. Íslendingar eru aldir upp við skilning og samúð og hluttekningu á lífinu. Ég er viss um að við viljum ekki að sá siður gildi hér eins og virðist vera algildur víða erlendis að fólk deyi í slysum í beinni útsendingu í fjölmiðlum. Ég tel mjög brýnt að við ræðum þá spurningu hvort við viljum að fjölmiðlunin komist á það stig í landinu. Og hvort við viljum að þróunin ráði því hvernig að þessari fjölmiðlun verði staðið í framtíðinni eða hvort við viljum reyna að beita öllum aðferðum til að hafa hér áhrif á.

Það má líka um það deila hvort það sé dómsmrh. sem á að hafa forustu í þessu máli eða hvort það ætti að vera forsrh., ríkisstjórnin eða menntmrh. Um það kemur viðkomandi þingnefnd til með að fjalla. Ég nefni hér sem tillögu dómsmrh. sem hefði frumkvæði um að skipa slíka nefnd enda heyra undir hann fjölmargar þær stofnanir sem hér eru nefndar í greinargerð með þáltill. En það kemur vel til greina að önnur ráðherraembætti en dómsmrh. hafi þarna frumkvæði.

Það má nefna það hér að ég tók þátt í mjög fróðlegum fundi fjölmiðlafólks sl. vetur þar sem einmitt var verið að fjalla um þetta mál. Sá fundur, sem var afar fjölmennur, gagnlegur og virkilega fróðlegur, upplýsti mig enn betur um þá nauðsyn að hér þurfi að gera eitthvað, að hér þurfi að spyrna með einhverjum hætti við fótum til að einhvers konar samræmdar reglur eða einhvers konar vettvangur skapist svo að það megi koma á meiri festu sem hægt sé að treysta betur í samskiptum fjölmiðla og viðkomandi stofnana þegar váleg tíðindi eiga sér stað í landinu okkar.

Virðulegur forseti. Ég legg til að þessu máli verði að lokinni fyrri umr. vísað til allshn.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þessa ágætu þáltill. Ég tek undir hvert orð í ræðu frsm. og tel tillöguna mikilvæga við þær aðstæður sem blasað hafa við í samfélaginu um langt skeið.

Í mínum huga er það mikilvægara nú en áður að reynt verði að ná saman reglum, starfsvenjum, um það þegar stórslys eiga sér stað.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að það hefur æ oftar gerst eftir hörmulega atburði að ættingjar og vandamenn hafa greint bifreiðir í sjónvarpsfréttatímum og frétt um leið að dauðsföll hafi átt sér stað. Slíkt getur valdið slíkri ringulreið að það verður aldrei bætt. Þess vegna tek ég undir það með frsm. að mikilvægt er að skipa nefnd, spyrna við fótum og ná samræmdum reglum um málið. Ég hef aldrei skilið kapphlaup fjölmiðlanna að hinum válegu slysum sem eiga sér stað. Sjónvarpsstöðvarnar eru ekki einar um það, þar eiga dagblöðin sinn hlut og útvarpsstöðvarnar líka. Ég hygg að fréttamenn þessara fjölmiðla séu einnig sammála um að þarna verði komið upp samræmdum reglum.

Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri en þakka frsm. þessa ágætu till. og vænti þess að hún verði afgreidd á þinginu.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla, eins og sá sem talaði á undan mér, að fagna þessari þáltill. og tel mjög brýnt að það verði tekið á málunum, þ.e. að móta einhverjar starfsreglur um fréttaflutning og ekki þá síður upplýsingaskyldu stofnana um það sem hér er kallað slysfarir og harmraunir fólks. Þarna kemur auðvitað ým-

islegt inn í myndina og af því að hér er talað um upplýsingaskyldu stofnana um slysfarir, vil ég minna á að skoða þarf upplýsingaskyldu dómsyfirvalda og annarra slíkra því þess eru þó nokkur dæmi í samfélagi okkar að menn hafi í fyrsta sinn heyrt um dóma, sem yfir þeim hafa verið felldir, í útvarpi. Það er því hlutur sem þyrfti líka að koma inn, að menn hafi tækifæri til þess að gera sér grein fyrir dómum sem yfir þeim eru felldir og tilkynna sínum nánustu um slíkt áður en þeir heyra um það í fjölmiðlum. Það eru því miður dæmi að slíkt gerist þannig að það er ekki síður mikilvægt að skoða þá hluti.

Ég gerði mál svipaðs eðlis að umtalsefni á þinginu í fyrra þegar ég bar fram fsp. til menntmrh. um myndbirtingar af börnum í dagblöðum. Eins og fólk kannski man þá birtist mynd í DV af níu ára gömlum dreng sem hafði orðið fyrir þeirri ógæfu að stinga jafnaldra sinn með hnífi. Sama dag eða daginn eftir birtist myndin í DV. Þá kom ég inn á það að í lögum um vernd barna og ungmenna væri hvergi minnst á vernd barna gagnvart fjölmiðlum. En ég held að fjölmiðlar misbjóði börnum oft og tíðum, bæði í málum eins og þessu, stundum í barnaverndarmálum og eins með ýmsum öðrum hætti. Þegar við komum að fjölmiðlum verðum við alltaf að stíga mjög varlega til jarðar vegna þess að prentfrelsið og málfrelsið er okkur mjög mikilvægt. Við þurfum að gæta þess að takmarka það ekki með lagasetningu og þess vegna held ég að sú leið sem stungið er upp á hér, þ.e. að menn móti sér einhverjar samræmdar starfsreglur, sé mjög góð. Það þarf að tryggja að fjölmiðlar hafi sjálfir eitthvert innra eftirlit með því hvernig þeir starfa.

Við vitum að hjá Blaðamannafélaginu er starfandi siðanefnd en eftir því sem mér er best kunnugt þá þarf einstaklingur að vera aðili að máli til þess að geta kært það til siðanefndar Blaðamannafélagsins. Þegar ég horfi á mynd í blaði eins og þá af drengnum í fyrra, þá meiðir hún mig. Ég er hins vegar ekki aðili að slíku máli þannig að ég reikna með að sem einstaklingur gæti ég ekki kært slíkt mál heldur þyrfti kæran að koma frá einhverjum sem tengdur væri málinu með beinum hætti, þ.e. forráðamanni barns eða einhverjum slíkum aðila. Ég held að þetta sé þannig en hugsanlegt væri þó að barnaverndaryfirvöld eða einhver slík samtök gætu kært dæmi eins og þetta.

Ég held að þetta sé ágætt mál sem við verðum að skoða á Alþingi og að það þurfi að skoða í nokkuð víðu samhengi. Ég fagna þessari tillögu og vona að hún fái góða umfjöllun á þinginu.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Eins og aðrir sem talað hafa á undan mér vil ég taka undir till. sem hér var flutt og lýsa yfir stuðningi mínum við málið. Eftir að hafa upplifað slíkt sjálfur tel ég að óvarkár fréttaflutningur af ógæfu fólks geti aukið á sorgina og lengt sorgartímabilið verulega þannig að nauðsynlegt er að settar verði sem fyrst leikreglur um það hvernig staðið yrði að fréttaflutningi og upplýsingaskyldu þegar ógæfu ber að höndum og farið yrði eftir þeim.

Ég vil benda flm. á hvort ekki sé skynsamlegt að setja tímamörk á nefndarstarfið þannig að nefndin skili niðurstöðum sínum innan tiltekins tíma. Ég tel að það sé yfirleitt betra að hafa slík tímamörk. Það bindur nefndina innan ákveðins ramma og verður til þess að málið kemur fyrr úr vinnslu en ella. Ég bendi hv. flm. á þetta og mun mæla fyrir því í hv. allshn., þar sem ég á sæti, að athuga það í samráði við 1. flm. hvort ekki sé skynsamlegt að breyta till. í þá veru að setja inn í hana dagsetningu.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég efast ekki um og engin ástæða til að efast um að fyrir flm. vaki að létta byrðar þeirra sem verða fyrir því óláni að fréttir um hörmuleg atvik sem um er rætt í tillögunni berist þeim. Ég efast ekki um góðan tilgang og tel að allt eigi að gera sem í mannlegu valdi stendur til þess að létta þeim byrðarnar sem verða fyrir þeim atvikum sem getið er um í tillögunni, slysum eða harmraunum fólks eins og þar segir.

Á hinn bóginn verð ég að láta í ljós efasemdir um að unnt sé að ná þessu göfuga markmiði með algildum reglum. Ég held það sé ákaflega vandmeðfarið að setja reglur í þjóðfélagi okkar eins og öðrum, sem takmarka fréttaflutning eða lúta að upplýsingaskyldu stofnana í slíkum tilvikum. Það hafa oft og tíðum verið til umræðu hugmyndir um upplýsingaskyldu stjórnvalda um önnur atvik en þau sem hér um ræðir og mjög erfitt að ná samstöðu um þær, hvað þá heldur þær sem rætt er um í tillögunni þar sem um er að ræða svið sem erfitt er fyrir löggjafann eða opinber stjórnvöld að fara inn á og lýtur að frelsi fjölmiðla og starfsemi þeirra í lýðræðisþjóðfélögum. Mér finnst því að hér sé hreyft ágætu máli en vil jafnframt láta þá skoðun í ljós að það kunni að vera ákaflega erfitt að móta sanngjarnar og skynsamlegar reglur sem geta náð til þessa sviðs, að í þessu efni verði menn að treysta frekar á heilbrigða dómgreind og tillit hjá þeim sem á fjölmiðlum starfa heldur en opinberar reglur eða fyrirmæli.

Mér er kunnugt um það úr eigin starfi á dagblaði að menn velta slíkum málum yfirleitt ákaflega vel fyrir sér og leitast við að samræma annars vegar tillit til þeirra sem orðið hafa fyrir djúpstæðri sorg og hins vegar þá þjónustu sem þeir telja sig vera að sinna viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru blaðalesendur, þeir sem horfa á sjónvarp eða þeir sem fylgjast með fréttum í útvarpi. Ég held að í þessum efnum verðum við að treysta á dómgreind þessara aðila frekar en opinberar reglur eða fyrirmæli og það kunni að reynast ákaflega erfitt að setja slíkar reglur. En ég mun leggja málinu lið og að þetta fái góða meðferð í allshn. þar sem málið verður væntanlega tekið til meðferðar. Ég vildi ekki láta hjá líða að láta þessar skoðanir mínar í ljós við fyrri umræðu um málið.

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka góðar undirtektir við þennan málatilbúnað. Ég geri mér vel ljóst að hér er

um mjög viðkvæmt mál að ræða og það verður að skoða mjög gaumgæfilega. Ég vil taka undir með hv. þm. Birni Bjarnasyni að málið þarf góða skoðun og þar þarf að standa vel að verki. Ég tek einnig undir með hv. þm. Inga Birni Albertssyni að það kann að vera rétt að hafa tímamörk í tillögunni svo niðurstöður megi líta dagsins ljós áður en langt um líður.

Það þarf ekki að bæta miklu við þær umræður sem hér hafa þegar farið fram. Ég vona að þær hafi orðið til þess að opna augu okkar fyrir því að nauðsynlegt er að málið verði skoðað mjög rækilega. Ég þekki svo mörg dæmi þess efnis að fjölmiðlar hafi gengið of langt og of fljótt að segja frá atburðum, segja jafnvel vitlaust frá atburðum vegna þess að það er verið að flýta sér svo mikið, sem síðan hefur valdið miklum skaða, aukið enn á sorgina og gert allar aðstæður langtum erfiðari en efni hefðu staðið til. Það má spyrja sig t.d. að því hvaða nauðsyn kalli fjölmiðil til þess að segja frá banaslysi í umferð, segja nákvæmlega frá öllum aðstæðum þremur klukkutímum eftir að atburðurinn gerðist þótt engin nöfn séu nefnd. Hvaða þörf er á slíkum hraða og hvaða fréttaþörf er verið að þjóna? Maður spyr sjálfan sig þessarar spurningar því að á meðan prestur og aðrir aðilar eru í þann mund að tilkynna nánustu aðstandendum hvað gerst hafi má jafnvel heyra nákvæmlega sagt frá því í útvarpinu hvernig allt hafi gerst.

Einnig má segja frá fleiri aðstæðum er fólk hefur verið að upplýsa mig um, t.d. þegar bátur ferst. Nokkur dæmi eru um það, því miður, að nafn báts og númer er nefnt jafnvel tveimur eða þremur klukkutímum eftir að skipskaðinn eða slysið varð og engin leið að skýra öllum nánustu aðstandendum frá á svo stuttum tíma. En um leið og búið er að nefna nafn og númer báts sjá allir að það er búið að nefna nöfn allra skipverja um borð við nánustu aðstandendur.

Þó niðurstaðan verði ekki sú að út úr starfinu komi samræmdar reglur væri betra en ekki að komið yrði á fót samræmdum samráðsvettvangi allra þeirra aðila sem koma að slíkum atburðum, fjölmiðla, björgunarsveita, presta, lögreglu og fleiri þar sem tækifæri gæfist til þess að efla trúnað og skilning og koma á fót samböndum sem yrðu til þess að reglur yrðu til sem síðan mundu gilda. Ég tek undir með hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu að þetta gildir ekki síst um stofnanir sem koma að slíkum málum eins og um björgunarsveitir, lögreglu og dómskerfið, presta og aðra, hvaða upplýsingar þeir megi gefa og hvenær. Hér er ekki einvörðungu verið að tala um þá hlið málsins er snýr að frelsi fjölmiðla til að segja frá, prentfrelsinu og hinu helga frelsi í landinu, heldur er líka verið að fjalla um það sem ég vil nefna frelsi einstaklingsins, að fá að vera maður með reisn og halda sinni sjálfsvirðingu. Það virðist vera orðið svo hér á landi að þegar minnst er á fjölmiðla þá eru það nánast heilagar stofnanir. Fjölmiðlar vinna sannarlega gott starf og það þarf að hlúa að því eins og frekast má með því að þeir njóti allra hinna bestu skilyrða. En fjölmiðill er ekkert annað en stofnun og frelsi hans má aldrei ganga svo langt að skerði rétt einstaklingsins til þess að njóta sjálfsvirðingar sinnar, reisnar og þess að vera maður. Það er kannski þess vegna sem ég vek athygli á þessari hlið málsins með till. til þál. Ég held að við séum einmitt að verja frelsið og ef okkur tekst að koma á góðri sátt um þetta mál í framtíðinni, þá yrði þjóðlífið betra og öðrum þjóðum til fyrirmyndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kaup á björgunarþyrlu, 1. umr.

Frv. IBA o.fl., 110. mál. — Þskj. 128.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. nr. 128, 110. mál sem er frv. til laga um kaup á björgunarþyrlu. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Steingrímur Hermannsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Guðrún Helgadóttir og Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Eftir að hafa farið yfir meðflm. að frv. ber að geta þess að þar eru fulltrúar allra flokka nema Alþfl. Mál þetta var kynnt þar en að því er virðist fyrir daufum eyrum. Þó ber að geta þess að hv. þingflokksformaður Alþfl. var meðflm. á sama frv. á síðasta þingi en hann var því miður erlendis þegar málið var lagt fram þannig að ekki var unnt að ná sambandi við hv. þm. og koma honum á sem meðflm. Hann hefur hins vegar lýst því yfir að hann hefði óskað þess að vera meðflm. og muni styðja málið eins og hann gerði á síðasta þingi.

Hæstv. forseti. Í raun er sorglegt að það þurfi að endurflytja frv., taka málið upp einu sinni enn á Alþingi, en því miður virðist engin önnur leið fær. Ef þetta mál á að ná fram að ganga virðist eina leiðin sú að setja lög um það og skylda ríkisstjórnina til þess að fara eftir þeim lögum, enda vil ég ógjarnan trúa því að hún geri það ekki.

Frv. er stutt í sniðum og einfalt. 1. gr. hljóðar svo:

„Ríkisstjórnin skal á árinu 1993 gera samning við framleiðendur eða seljendur um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna.

2. gr. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1993 að fjárhæð allt að 150 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

3. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í ljósi þess að málið hefur verið flutt hér margoft eða frá árinu 1987 og fluttar hafa verið um það þingsályktunartillögur, fyrirspurnir og nú endurflutt frv., þótti flm. óþarft að hafa við það langa greinargerð, enda þingheimi fullkunnugt um málið. Greinargerðin er mjög stutt, aðeins 4 línur og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Eftirfarandi þingsályktun um björgunarþyrlu var samþykkt á Alþingi 12. mars 1991:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að á árinu 1991 verði gerður samningur um kaup á

fullkominni björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna.

Frumvarp þetta þarf ekki frekari skýringa við."

Þannig hljóðar greinargerðin. Hæstv. forseti. Það eru auðvitað ákveðin skilaboð í svona stuttri greinargerð sem ég hygg og vona að ríkisstjórnin skilji. Engu að síður hlýtur maður að velta því fyrir sér og e.t.v. á maður að spyrja hæstv. forseta um það, að vísu er það ekki aðalforseti sem situr í stóli forseta að þessu sinni þannig að það er ekki sanngjarnt að óska eftir svari, en ekki óeðlilegt að menn velti því fyrir sér hvert gildi þingsályktunartillagna yfirleitt sé. Til hvers er ætlast af þingmönnum? Er eðlilegt að það sé ætlast til þess að þingmenn leggi á sig mikla vinnu við að kynna sér mál, skoða þau og leggja í mikla vinnu til að koma þeim í búning og mæla fyrir þeim á þingi, fá jafnvel samþykkta þál. eftir mikla vinnu í nefnd eftir umsóknir og eftir að hafa fengið umsagnaraðila til nefndar? Eftir að slík ályktun er samþykkt virðir ríkisstjórn hana að engu. Í mínum huga er ríkisstjórnin að starfa í umboði Alþingis. Það er Alþingi sem setur leikreglurnar að miklu leyti fyrir ríkisstjórn og það er að mínu viti skylda ríkisstjórnar að virða vilja Alþingis. Vilji Alþingis í þessu tiltekna máli hefur ítrekað komið í ljós, bæði með samþykkt þáltill., með því að setja heimild í tvígang inn í 6. gr. fjárlaga til lántöku vegna kaupa á björgunarþyrlu og ítrekað með því að setja það inn í lánsfjárlög.

Ég tel að ríkisstjórnin verði að gera sér grein fyrir því að hún starfar í umboði þessarar stofnunar. Hún er ekki sjálfstætt „apparat". Ég tel því að full ástæða sé til að inna eftir því hvert gildi þáltill. sé. Það er ekki bara sú þáltill. sem var samþykkt vegna kaupa á björgunarþyrlu sem ég hef í huga heldur margar aðrar sem virðast fara beint í salthauginn. Þá er ég ekki frekar að tala um þá ríkisstjórn sem nú situr heldur ríkisstjórnir yfirleitt. Ég held að það sé mjög hollt fyrir þingmenn að fá það upplýst og tekið út hvert gildið er og hvort menn eiga ekki hreinlega að hætta við það form að hafa þingsályktanir. Það er auðvitað nöturlegt að leggja í mikla vinnu og kalla til fjölda manns út um allt þjóðfélag og láta þá vinna að umsögnum eða gefa munnlegar umsagnir og síðan er ekkert gert með það. Þetta tel ég að þurfi að skoða.

Ég hef farið hér aðeins yfir ferli málsins. Það er auðvitað hægt að setja á mjög langa ræðu um það. Ég tel að það sé ekki nauðsynlegt. Það hafa verið skipaðar undanfarin ár margar nefndir í málið, fyrst af fyrrv. fjmrh., Ólafi Ragnari Grímssyni, og síðan hafa nokkrar verið skipaðar af hæstv. dómsmrh., Þorsteini Pálssyni. Allt kemur fyrir ekki. Niðurstaðan er sú að nú er endanlega hætt við kaup á þyrlunni þrátt fyrir ítrekaðar viljayfirlýsingar Alþingis, þrátt fyrir greinilegan vilja allrar þjóðarinnar fyrir málinu, þrátt fyrir áskoranir, fundahöld, ályktanir og safnanir. Málið nýtur almenns stuðnings alls staðar í þjóðfélaginu nema við Lækjargötu, nema hjá ríkisstjórninni. Það er eini staðurinn, eini þröskuldurinn á allri leiðinni, það er sjálf ríkisstjórnin. Samt hafa nokkrir sem þar hafa setið stutt þetta mál í gegnum tíðina. Maður hlýtur að spyrja sjálfan sig að því hvað veldur. Ýmis tilboð hafa borist, bæði í nýjar þyrlur og gamlar. Menn skýla sér nú á bak við erfitt ástand í þjóðfélaginu. En gera menn sér grein fyrir því að útgjöld leggjast ekki á ríkissjóð fyrr en hugsanlega eftir tæp þrjú ár?

Það liggur fyrir tilboð núna í þá tegund þyrlu sem sérstök nefnd á vegum ráðherra komst að niðurstöðu um að væri heppilegasti kosturinn. Tilboð liggur fyrir frá framleiðanda þeirrar þyrlu sem er á þann veg að ekki þarf að greiða af henni fyrstu afborgun fyrr en 14 mánuðum eftir að þyrlan hefur verið afhent. Það er tilboðið.

Það liggur líka fyrir að það tekur u.þ.b. 18–20 mánuði að framleiða þyrlu. Við erum því að tala um 34 mánuði frá því að ákvörðun er tekin. Það gæti því komið inn á fjárlög fyrir árið 1996. Ég tel mig hafa heyrt það á ráðamönnum þjóðarinnar að þá verði allt komið í himnalag.

Sú ráðgjafarnefnd sem dómsmrh. skipaði á sínum tíma til þess að taka út þyrlukaup lagði til að leitað yrði eftir tilboðum í notaða þyrlu af þessari tilteknu gerð. Ég er með niðurstöður þeirrar nefndar og skilaboð hennar til ríkisstjórnar. Þetta eru fulltrúar frá forsrn., fjmrn. og utanrrn. ásamt dómsmrn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fulltrúar ráðuneytanna leggja til að kannað verði hvort unnt er að fá keypta notaða AS 332 LI þyrlu (Super Puma) í fullnægjandi ástandi, búna nauðsynlegum tækjabúnaði björgunarþyrlu og á viðunandi kjörum. Jafnhliða verði kannaðir aðrir kostir enda ekki ljóst hvort unnt er að finna fullnægjandi notaða AS 332 LI þyrlu á viðunandi kjörum."

Ég hef í höndunum tvö tilboð í þessar þyrlur, notaðar þyrlur. Annars vegar þyrlu sem átti að kosta um 11 millj. dollara og má segja að sé ný vegna þess að henni hefur aðeins verið flogið í 22 klukkustundir. Hins vegar þyrlu sem er tilboðsverð á upp á u.þ.b. 7 millj. dollara og er búið að fljúga í 6 þús. stundir. Hún er að fara í skoðun sem skilar henni eins og nýrri. Þessi tvö tilboð liggja fyrir ásamt þessu glæsilega tilboði sem ég fór yfir áðan. Það eru því ekki rök í málinu að við ráðum ekki við þetta í dag. Auk þess sem fyrsta afborgun af nýrri þyrlu, sem yrði ekki fyrr en 14 mánuðum eftir afhendingu, bjóða framleiðendur að þyrlan sé greidd á 8–10 árum. Hvað geta menn beðið um betra? Komi menn með betra boð. Það betra boð sem berst frá ríkisstjórninni er að hætta við þetta. En þá verður ríkisstjórnin líka að vera ábyrg fyrir gerðum sínum.

Ég vissi ekki betur en að í maí í sumar hefðu dómsmrh. og fjmrh. fengið leyfi til að ganga til samninga um kaup á hentugri björgunarþyrlu. Hér er einn ágætur ráðherra að sniglast í kringum salinn. Hæstv. heilbrrh. er hér á vappi. Það væri ágætt að hann staðfesti hvort það er ekki rétt að fjmrh. og dómsmrh. hafi verið veitt þessi heimild og hann, eini ráðherrann sem ég sé í húsinu, getur þá líka upplýst þingheim um hvað gerðist. Af hverju var þessi heimild ekki nýtt?

Ég tel að ráðherra hafi lofað þjóðinni því að keypt yrði þyrla. Ég hef hér viðtal við hæstv. forsrh. á rás 2 þar sem hann lýsir því yfir. Ég ætla að fá að vitna ör-

lítið í það, með leyfi forseta. Þar spyr Stefán Jón Hafstein:

„En svo að ég ítreki þetta og fái það staðfest hjá þér: Þú telur sem sagt þörf á því að fá björgunarþyrlu til Íslands til Gæslunnar.“ Forsrh. svarar: „Af þeim ástæðum settum við inn í dag og samþykktum á ríkisstjórnarfundi að leita eftir heimild, að það væri heimild á fjárlögum nú, 6. gr. fjárlaga eins og það var reyndar í fyrra, að menn geti notað tækifærið og keypt slíka þyrlu en jafnframt að ljúka þeim samningum við Bandaríkjamenn sem nú standa yfir. Það sé það skynsamlegasta.“

Þarna er staðfest af hæstv. forsrh. að kaupa eigi þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Þetta var í orrahríðinni á síðasta þingi og í framhaldi af því. Síðan er framhald á þessu viðtali þar sem hnykkt er enn betur á þessu. Það er því von að menn spyrji: Hvað skeði? Hvað skeði þarna í millitíðinni? Af hverju er þjóðin svikin um þetta? Þjóðin er svikin um þyrlu. Það er hinn kaldi veruleiki í dag. Ítrekað hef ég hlustað á ráðherrana bæði svara fyrirspurnum og öðru og segja að efni og samþykkt þáltill. yrði virt. Þá hlýtur maður að spyrja enn á ný um gildi þingsályktana. Er það bara opið svið? Er það nóg að þeir virði ályktunina eftir 50 ár? Er það nóg? Hún hefur verið gersamlega vanvirt og um leið hefur Alþingi verið vanvirt.

Hér þarf ekki að færa rök fyrir þeirri þörf að eignast nýja þyrlu. Það hefur verið gert svo oft. Það hefur gjarnan verið tengt eingöngu við sjómenn en það er ekki rétt. Sú þyrla, sem við eigum í dag, er notuð að hálfu leyti fyrir sjómenn. Að öðru leyti er hún notuð til sjúkraflutninga og annars slíks á landi. Það sem þarf í dag er ekkert annað en vilji og við erum komin að því marki í dag að setja verður lög. Eina leiðin til þess að þjóðin eignist þyrlu er að setja lög. Ég neita að trúa því að ríkisstjórnin brjóti lög. Hún getur vanvirt þingsályktanir en ég neita að trúa því að lög yrðu brotin.

Þá kemur alltaf spurningin: Hvar á að taka fjármunina? Ég hef þegar lýst því að þetta lendir ekki á ríkissjóði fyrr en eftir hugsanlega þrjú ár og sennilega í fyrsta lagi þá því einhvern tíma tekur sennilega að ná málinu út úr nefndinni. Hvar á þá að taka fjármagnið? Ég get bent á það ósköp einfaldlega að við skulum taka risnukostnað íslenska ríkisins og skera hann niður um helming. Hann er á annan milljarð kr. Inni í honum er geysilegt sukk sem má vel taka og skera niður. Og svo er annað: Við skulum taka dagpeningana og afnema þá með öllu. Við borgum að sjálfsögðu útlagðan kostnað en dagpeningakerfið á að afnema og við skulum setja það inn í reksturinn á þyrlunni. Fjármunirnir eru til. Það sem vantar er viljinn.

Á meðan við bíðum eftir nýju vélinni eigum við að sjálfsögðu að leigja aðra vél. Við eigum að brúa bilið. Það er nauðsynlegt. Við eigum að byrgja brunninn. Þegar tvær þyrlur eru komnar eigum við ekki að staðsetja þær báðar hér heldur að hafa staðsetninguna breytilega.

Virðulegi forseti. Ég sagði í upphafi að ég ætlaði ekki að hafa um þetta langt mál enda tel ég að málið sé þrautrætt í þingsölum. Ég vil að lokum brýna menn til að styðja þetta mál. Ég fann það á síðasta þingi að mikill meiri hluti þingmanna er fyrir málinu. Okkar barátta núna mun snúast um að fá allshn. til að vinna hratt og vel að málinu og þá tel ég að það sé von.

Að lokinni 1. umr. óska ég eftir að málið verði sent til hv. allshn.

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki orða bundist þegar ég horfi yfir þennan sal og hv. 1. flm. reifar þetta mál. Ekki einn einasti ráðherra er í sæti sínu. Þess vegna vil ég spyrja hv. 1. flm.: Var ráðherrum ríkisstjórnarinnar ekki gert viðvart um að þetta mál yrði tekið til umræðu í dag? (**Gripið fram í:** Heldurðu að þeir lesi ekki dagskrána?) Ég tel það alvarlegan hlut. Einn ráðherrann hefur liðið hér í gegnum salinn eins og vofa undir umræðunni og allir bekkir eru hér auðir. (**Forseti:** Ég bið þingmanninn að gæta orða sinna.) Ég mun gæta orða minna en það er erfitt undir þessum kringumstæðum vegna þeirra fyrirheita sem ráðherrarnir gáfu í þessu máli fyrir einu ári. Það er upplýst af hv. flm., sem styður þessa ríkisstjórn, að búið sé að ákveða að svíkja þau fyrirheit. Það er erfitt að gæta hófs í orðum sínum, hæstv. forseti, undir slíkum kringumstæðum. Ég vil segja við hæstv. forseta hvort hann vilji ekki gera ráðherrum ríkisstjórnar sinnar viðvart um að þessi umræða sé í gangi, að það sé verið að ræða þyrlumálið sjálft, sem sjómannafjölskyldunum og sjómönnunum á Íslandi var heitið í fyrra að yrði leyst fyrir þennan tíma. Ég vil fara fram á það við hæstv. forseta að ráðherrar, alla vega fjmrh., forsrh., trmrh. og sá sem gegnir nú störfum dómsmrh., verði kallaðir í þennan sal undir þessum umræðum.

Flm. (Ingi Björn Albertsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðni Ágústsson beindi til mín þeirri fyrirspurn hvort ég hefði gert ráðherrum ríkisstjórnarinnar sérstaklega viðvart um málið. Það kom fram í frammíkalli einhvers hv. þm. að hann reiknaði með því að ráðherrar hefðu lesið dagskrána. Ég verð að viðurkenna að ég gerði líka ráð fyrir því og geri enn að þeir séu jafnlæsir og við hinir og lesi dagskrána eins og aðrir þingmenn. Þeir eru líka þingmenn þótt þeir séu ráðherrar. Svarið er því nei. Ég gerði það ekki en ég tel það skyldu þeirra, eins og okkar, að fara yfir þau mál sem eru á dagskrá og mæta ef þau mál heyra undir þá að einhverju eða öllu leyti.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Þegar ég ákvað að gerast meðflutningsmaður þessa máls í fyrra gerði ég það þrátt fyrir að ég teldi að í raun ætti að vera óþarft að flytja frv. af þessu tagi þar sem Alþingi hafði samþykkt þáltill. Mér sýnist að reynslan sanni það að ekki er vanþörf á því að brýna málið með þessum hætti og reyna að fá niðurstöðu sem ríkisstjórnin verður að hlíta og að hægt verði að ná með einhverjum hætti til hennar ef hún gerir það ekki. Mér þykir það hart að við skulum vera farin að grípa til slíkra óyndisúrræða í svo veigamiklu máli og að það skuli virkilega ekki vera hægt að

treysta því að svona einföld og skýr þál., eins og samþykkt var á Alþingi þann 12. mars 1991, skuli ekki virt og að það skuli virkilega þurfa að fjalla um þetta efni núna. Það finnst mér í raun forkastanlegt. Ég hlýt hér eins og aðrir að lýsa eftir hæstv. ríkisstjórn. Ég sá reyndar ekki sömu sýn og hv. 5. þm. Suðurl. hér í sal enda hefði það ekki dugað mér sem nærvera ríkisstjórnar. Mér finnst í rauninni að reynslan kenni okkur að það hefði verið þarft fyrir hana að vera hér og fylgjast með umræðunni og skilja að það fylgir fullur þungi þessu máli.

Ég er á þeirri skoðun að það sé góðra gjalda vert að sýna fram á hvernig fjármagna má slíka björgunarþyrlu. Og ekki ætti það að draga úr hæstv. ríkisstjórn að ganga þegar til verks þar sem það er búið að sýna fram á að þetta er vel framkvæmanlegt, jafnvel í þeim efnahagsþrengingum sem við nú förum í gegnum og eru reyndar að hluta til að mínu mati vegna þeirrar sömu stjórnar. En ég ætla að láta það liggja milli hluta í þessari umræðu. Hins vegar er það mín skoðun jafnframt að við getum ekki metið mannslíf til fjár. Jafnvel þó þetta þýddi mikil útgjöld sé þörfin svo brýn að það verði að gera eitthvað og það strax. Ég tek heils hugar undir það að fram til þess að þessi þyrla kemur til landsins er nauðsynlegt að leigja aðra.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu enda hef ég möguleika á því að fylgjast með henni innan allshn. og mun ekki láta mitt eftir liggja að sjá til þess að málið fái þar greiðan og góðan framgang eins og það verðskuldar.

Við þekkjum öll raunasöguna um þær nefndir og þær mótbárur og þau rök sem hafa orðið til að drepa þessu máli á dreif. Og við getum einfaldlega ekki unað við að sá undarlegi dans verði stiginn á nýjan leik. Ég vona því að nú verði tekið til hendinni. Ég get ekki ímyndað mér annað en þingmeirihluti sé fyrir málinu og hann verður að sjálfsögðu að koma í ljós.

Ég ítreka því stuðning minn við þetta mál og hvet alla þá þingmenn sem vilja tala í umræðunni til að beita öllum þeim þrýstingi sem þeim er unnt til að sjá til þess að þetta mál komist klakklaust í gegnum þingið og það sem allra fyrst.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs til að vekja athygli á því sama og hv. þm. Guðni Ágústsson gerði áðan. Þetta mál var mjög rætt á síðasta þingi og ég taldi þá samkomulag um samþykkt þeirrar þáltill. sem þá var afgreidd. Ég hefði kosið að hæstv. ráðherrar yrðu hér — dómsmrh. er að vísu erlendis en þá staðgengill hans. Ég tek undir það sem hv. þm. sagði áðan um aðra ráðherra. Ég vil eindregið óska eftir að þessari umræðu verði ekki lokið áður en hæstv. ráðherrar hafa mætt og tekið þátt í henni.

Vitanlega er það staðreynd að margar þáltill. hafa lagst niður í skúffu. Mér er kunnugt um að á það hefur verið lögð afar rík áhersla á hinu háa Alþingi að það gerist ekki. Iðulega hafa komið fram harðorðar áminningar til ríkisstjórna að draga þær upp úr skúffunum og afgreiða þær og gera Alþingi grein fyrir þeim.

Staðreyndin er jafnframt sú að þáltill. eru afar misjafnar. Þar getur verið allt á milli himins og jarðar sem á milli ber. Sumar eru einfaldlega ábendingar, beiðnir um athuganir o.s.frv. En þessi þáltill. er mjög ákveðin og fer þar ekkert á milli mála. „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að á árinu 1991“ o.s.frv. Ég held að við alþingismenn hljótum að vera sammála um að þetta er ekki virt. Alþingi er vanvirt með því að hlýða ekki þessum fyrirmælum Alþingis. Þetta eru fyrirmæli Alþingis. Tillagan er nefnilega mjög óvenjulega ákveðin að orðalagi. Ég tel að hæstv. ráðherrar skuldi Alþingi skýringu á því hvers vegna slík fyrirmæli sem hér koma fram eru ekki virt.

Ljóst er af frv. til fjárlaga að ekki er ætlunin að gera það. Reyndar hefur það komið fram í orðum ráðherra. Það er slík vanvirðing við þingið að ég legg á það mikla áherslu að hæstv. fjmrh. ekki síst og forsrh. geri Alþingi grein fyrir því hvers vegna það er ekki gert.

Ég ætla svo ekki að hafa rökstuðning fyrir málinu. Hann hefur komið fram hér svo ítarlegur að það er óþarfi að endurtaka það. Það kom fram í orðum hv. frsm. sérstaklega. Ég ætla aðeins undirstrika það sem hann sagði að það virðast vera langtum fleiri kostir í kaupum á góðri þyrlu en menn töldu á síðasta þingi. Það hafa komið mjög góð tilboð og má dreifa greiðslu yfir langan tíma.

Að sjálfsögðu dettur mér ekki í hug að nokkur, hvorki hæstv. ráðherra né þingmaður, vilji taka áhættu á því að mannslífum verði fórnað. Það liggur einhver óskhyggja á bak við þegar svona máli er frestað. Einhver óskhyggja að það verði engin slys. En slysin verða því miður og þá er illt í efni.

Ég ákvað þess vegna að flytja þetta frv. nú með hv. þm. Inga Birni Albertssyni. Það er út af fyrir sig alveg rétt hjá honum að það er víða hægt að spara en ég tek undir með síðasta hv. ræðumanni að í raun er mannslífið þannig að það má ekki meta til einhvers verðs í krónum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs til að leggja þessu máli lið. Ég vil leyfa mér að þakka hv. flm. fyrir elju hans í þessu máli. Við sem höfum átt sæti á Alþingi með hv. flm. málsins, Inga Birni Albertssyni, við þekkjum að það er orðin býsna löng barátta sem hér hefur farið fram. Og það verður að segjast eins og er að það er harla dapurlegt að standa nú enn í þessum sporum síðla árs 1992 með málið í þeirri fullkomnu óvissu a.m.k. hvað viðhorf hæstv. ríkisstjórnar snertir sem raun ber vitni.

Maður hefði getað látið sér detta það í hug fyrir fjórum eða fimm árum síðan þegar þessi mál bar á góma, eða jafnvel er orðið enn lengra síðan, ég man ekki svo gjörla hvenær menn fóru fyrst að ræða innan sala Alþingis um nauðsyn þess að hefja undirbúning að endurnýjun björgunarþyrlu, að við værum frekar á þessum tímapunkti að ræða um kaup á annarri vél og menn væru að undirbúa sig fyrir að reka hér frekar tvær en eina fullkomna björgunarþyrlu til þess að

fullnægjandi öryggi væri fyrir hendi á þessu sviði.

Þetta er að verða einhver allra dapurlegasti dráttur á þörfu máli sem maður hefur upplifað í einu tilviki og satt best að segja með ólíkindum hvað menn gerast litlir karlar og gefa lítið fyrir orð sín, heitstrengingar og fyrirheit þegar á hólminn er komið og það í máli af þessu tagi. Það er eins og táknrænt fyrir þessa sögu alla saman að enginn einasti hæstv. ráðherra skuli vera viðstaddur þegar þessi umræða fer fram. Við skiljum það auðvitað vel hvers vegna sumir þeirra kjósa að vera fjarri. Þeim þykir það sjálfsagt ekkert til álitsauka að upp sé rifjuð frammistaða þeirra í málinu.

Ég vil engu að síður leyfa mér að spyrja hæstv. forseta hvort það sé svo að enginn hæstv. ráðherra úr ríkisstjórn sé í húsinu. (**Forseti:** Í fljótu bragði sér forseti að a.m.k. einn ráðherra er í húsinu. Tveir eru með fjarvistarleyfi í dag. Um fjarveru annarra veit forseti ekki en telur að ef þeir eru ekki viðstaddir hafi þeir gildar ástæður fyrir því.) Já, ef að líkum lætur. Ég þakka hæstv. forseta fyrir. Ég teldi ómaksins vert að gera þeim eina hæstv. ráðherra sem er í húsinu viðvart um að þessi umræða fari fram skyldi hann ekki vera þess meðvitaður en ætla svo ekki að ergja mig að öðru leyti yfir nærveru þeirra eða fjarveru. (**Forseti:** Forseti biður velvirðingar. Forseti sér að það eru tveir hæstv. ráðherrar í húsinu og vill jafnframt benda á að hátalarar eru í þingflokksherbergjum a.m.k. þar sem bæði þingmenn og ráðherrar geta fylgst með umræðum.) Það fer kannski best á því, hæstv. forseti, að ráðherrarnir fái að hlusta á þetta í gegnum hátalara. Það sést þá a.m.k. ekki í salnum ef þeir skyldu roðna eitthvað.

Ég vil, hæstv. forseti, að öðru leyti bara undirstrika nauðsyn þess að á þessu máli verði nú tekið. Ég er orðinn þeirrar skoðunar og lái mér hver sem vill að það geti enginn annar aðili útkljáð þetta mál en Alþingi sjálft. Og ég held að það gangi ekki heldur að ætla hæstv. ríkisstjórn framkvæmdina því eins og hér hefur komið fram bæði í máli síðasta hv. ræðumanns og málshefjanda dugar ekki einu sinni samþykkt Alþingis og ótvíræð stefnumörkun um að ráðist skuli í þessi kaup. Ríkisstjórnin hefur það ósköp einfaldlega að engu. Skýrara dæmi um vanvirðingu á vilja Alþingis hef ég ekki séð í langan tíma hvað meðferð framkvæmdarvaldsins á slíkum hlutum snertir, samanber þáltill. um kaup á björgunarþyrlu sem var samþykkt á Alþingi 12. mars 1991.

Eins og fram hefur komið er hér fyrst og fremst um að ræða að tekin verði ákvörðun um að ráðast í þessa endurnýjun. Útgjaldaskuldbindingar ríkisins þurfa væntanlega ekki að koma til á allra næstu árum. Og þó svo væri yrðu þær a.m.k. ekki nema einhver lítill hluti kostnaðarins fyrr en að tveimur eða þremur árum liðnum eða jafnvel lengri tíma ef miðað er við þær upplýsingar sem fram hafa komið í gögnum starfshópa sem að þessu hafa unnið. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að það sé enginn annar kostur en að samþykkja lög af þessu tagi á þinginu. Ef eitthvað væri væri ástæða til að setja inn í þau lög skýrari fyrirmæli en eru í frv. um það hvernig framkvæmd málsins skuli háttað í einstökum atriðum þannig að það sé alveg augljóst að ríkisstjórnin eigi ekkert undanfæri í þeim efnum. Stefnumörkun og viljayfirlýsing Alþingis er ekki fullnægjandi samanber reynsluna af þáltill. frá 1991.

Það eina sem ég sæi þá ástæðu til að skoða t.d. í meðförum þingnefndar á frv. væri hvort, óvenjulegt sem það nú væri, Alþingi vildi í þessu sérstaka tilviki með tilteknum hætti í raun taka framkvæmdarvaldið í sínar hendur í ljósi þess að framkvæmdarvaldið, ríkisstjórnin hæstv., hefur algerlega brugðist. Og það væri með einhverjum hætti mælt fyrir um hvernig staðið yrði að framkvæmd málsins. Auðvitað getur Alþingi gert það með ýmsum hætti. T.d. væri hægt að ákveða að kjósa nefnd á þinginu sem fengi fengi vald til að semja um kaupin og hefði á bak við sig fjárveitingar sem Alþingi legði til þannig að ekki þyrfti að banka upp á í dómsmrn. eða annars staðar í stjórnkerfinu úr því að vilja- og getuleysi hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórnar er svo algert sem raun ber vitni.

Fyrir þessu eru fordæmi frá fyrri tíð a.m.k. að þegar mikið liggi við taki Alþingi málin sjálft í sínar hendur með einhverjum slíkum hætti. Ég vil a.m.k., hæstv. forseti, leyfa mér að hreyfa þessari hugmynd hér í ljósi reynslunnar. Það er algerlega óþolandi að mál af þessu tagi hrekjist fyrir fótum manna árum saman. Það er nógu slæmt í hvaða tilviki sem er en þegar viðkvæm mál af þessu tagi eiga í hlut er það enn ósæmilegra en ella.

Ég hef ekki tölu á því, hæstv. forseti, hversu margar nefndir hafa starfað á undanförnum árum að þessu máli. Hver nefndin á fætur annarri hefur á undanförnum árum verið sett á laggirnar að því er best verður séð eftir á að hyggja eingöngu til þess að tefja málið. Allar tæknilegar upplýsingar sem þörf er á hafa legið fyrir um árabil og sérfræðingar Landhelgisgæslunnar og aðrir sem þetta hafa skoðað hafa oftar en einu sinni á undanförnum árum orðið alveg sammála um hvað væri skynsamlegasta leiðin í þessum efnum. Samt sem áður þykir endalaust ástæða til að skipa nýja nefnd og setja málið í nýjar og nýjar skógarferðir.

Það síðasta sem afrekað var, ef ég man rétt, í þessum efnum var að hv. 3. þm. Reykv., Björn Bjarnason, var settur yfir sérstakri nefnd sem átti að ræða við ameríska herinn um hvort ekki væri með einhverjum hætti hægt að vera í púkki við hann um þessi mál. Niðurstaðan úr því varð samt sem áður sú að þeirra þarfir færu ekki saman við okkar þarfir fyrir björgunarþyrlu og menn yrði að stefna á það að kaupa sjálfir vél og reka hana til sinna þarfa. Það þarf auðvitað ekki að taka það fram að ræðumaður er því sammála og fylgjandi. Ég hef frá upphafi vega verið sannfærður um það að sama hvar á málið sé litið sé það nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að við treystum á okkur sjálfa, Íslendinga, í þessum efnum.

Ég ætla ekki, vegna þess að þetta mál er svo margrætt og margrökstutt eins og hér hefur komið fram, að ræða tæknilegar hliðar þessa máls. Það hef ég áður gert í umræðum um þetta fyrr á tíðum. Þá var bjartsýni manna slík að menn leyfðu sér að ræða spurningar af því tagi hversu stór þyrlan þyrfti að vera.

Hvort hún ætti að taka jafnvel stærri áhafnir sem hér eru á skipum við landið. Hvort ef til vill væri hyggilegra að stefna á kaup á tveimur e.t.v. lítið notuðum vélum og reka tvær öflugar björgunarþyrlur. Hvort möguleikar væru fyrir hendi að staðsetja aðra þeirra norðan eða austan lands og hina fyrir sunnan og auka þannig enn á öryggið.

Ég nefni þetta aðallega til að minna á hvað menn eru að hugsa um og hvað rætt er t.d. í flotanum og meðal björgunarsveita í þessum efnum á sama tíma og hæstv. ríkisstjórn landsins er að heykjast á því og svíkja marggefin loforð um að kaupa eina vél. Eru menn þó að ræða um á seinni tíma málsins jafnvel að láta sér duga að kaupa notaða vél fyrir minna fé en ný mundi kosta. En það eru og hafa allan tímann að mínu mati verið framkvæmdaratriði sem eiga ekki að blandast um of inn í stefnumörkunina sjálfa og ákvörðun um hvort þessi tækjakostur okkar verði endurnýjaður eða ekki.

Ég held að með öllu sé óþarft að vitna til þess sem þó er staðreynd að notkun þess tækis sem í gangi er hefur vaxið mjög allra síðustu árin. Til að mynda fékk ég upplýsingar um það síðsumars að sennilega stefnir í að útköll verði fleiri á vélinni en nokkru sinni fyrr á þessu ári a.m.k. miðað við virkan starfstíma hennar þann tíma sem hún er í notkun og er ekki frá vegna viðhalds og endurnýjunar. Einnig er rétt að minna á að það styttist mjög í meiri háttar viðhald á þessu tæki sem mun valda því ef engin úrræði verða viðhöfð að eina björgunarþyrla landsmanna verður frá langtímum saman á næsta ári eða hinu þarnæsta vegna meiri háttar skoðunar og sem komið er að.

Hæstv. forseti. Ég bind sem sagt vonir við að Alþingi sjálft taki þetta mál í sínar hendur, afgreiði það og það sem fyrst og gangi þannig frá hnútunum að þeir rakni ekki upp. Ef menn sjá ástæðu til myndi ég a.m.k. vera tilbúinn til að stuðla að því að Alþingi tæki sjálft framkvæmd málsins í sínar hendur með einhverjum þeim hætti að aðrir gætu ekki stöðvað það eða þvælst fyrir því lengur. Nóg er komið.

Útbýting þingskjala:

Fiskistofa, 44. mál, nál. sjútvn. á þskj. 229.

Meðferð og eftirlit sjávarafurða, 45. mál, nál. sjútvn. á þskj. 227; brtt. sjútvn. á þskj. 228.

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðni Ágústsson hafði orð á því áðan að það vekti athygli á að við þessa umræðu sætu engir hæstv. ráðherrar til þess að hlýða á mál manna og spurðist fyrir um hverju það sætti, hvort þeir væru ekki á næsta leiti.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson taldi einnig eðlilegt að umræðum um þetta mál yrði jafnvel frestað ef hæstv. ráðherrar gætu ekki verið við og skýrt þingheimi frá því hver afrek þeirra væru á þessu sviði sem hér er til umræðu.

Virðulegur forseti upplýsti áðan að a.m.k. tveir virðulegir ráðherrar væru staddir í húsinu. Því spyr ég, virðulegi forseti: Hefur forseti gert ráðstafanir til þess að fá hæstv. ráðherra til að koma í þingsalinn eða þarf að gera aðrar ráðstafanir til þess að það verði gert?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti upplýsti áðan, eins og kom fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. v., að tveir hæstv. ráðherrar væru í húsinu og benti jafnframt á að vítt og breitt um húsið væri hátalarakerfi og því færi það ekki fram hjá neinum (**StG:** Það var óskað eftir þeim.) hvaða umræður fara hér fram. Forseti hefur hugsað sér að gera ráðherrum viðvart um að þessi umræða fari fram og hvaða athugasemdir hafa komið fram. Meira getur forseti ekki gert í þeim efnum.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er gleðilegt að forseti upplýsi okkur um að það sé hátalarakerfi í húsum svo ráðherrar megi heyra. Hitt fannst mér á skorta að forseti gæti veitt okkur fullvissu fyrir því að ráðherrar legðu við hlustir. Eins og mönnum á að vera kunnugt er óþarfi að tíunda aðalatriði málsins sem er hvort ráðherrar leggi eyrun við málflutning þingmanna og skiptir meira máli en hitt hvort þeir sjáist á göngum eða eru staddir í öðrum vistarverum hússins en þingsal.

Um þetta mál er í sjálfu sér ekki ástæða til að hafa mörg orð. Því hefur verið lýst yfir að við þessi kaup verði staðið og ályktun Alþingis framkvæmd. Það er ekki hægt að ályktа annað en að valinkunnir heiðursmenn sem eru þekktir af því að standa við orð sín, a.m.k. að eigin sögn, eins og hæstv. forsrh., muni fyrr en síðar láta hendur standa fram úr ermum og efna sín fyrirheit og loforð sem skjalfest eru. Því eins og menn muna þegar sá ágæti maður, hæstv. forsrh., kom fram á sjónarsviðið snemma á sl. ári taldi hann eitt hið þarfasta verk sitt í íslenskri pólitík að breyta áherslum og ýta frá mönnum sem rekið hefðu pólitík sem að hans mati væri að nokkru leyti siðspillt. Hér var um að ræða siðvæðingarpólitík. Nú átti að taka upp nýja siði og efna fyrirheit í stað þess að svíkja það sem menn hefðu lofað. Það var kjarni í boðskap hæstv. núverandi forsrh. þegar hann var frambjóðandi fyrir Sjálfstfl. í Reykjavík að taka upp nýja og betri siði í stjórnmálum landsins. Slíkur maður getur ekki verið þekktur að því að svíkja gefin orð eða fyrirheit, hvað þá hann geti verið þekktur af því að standa ekki við það sem hans flokkur hefur samþykkt. Hvað skyldi hans flokkur hafa samþykkt fáum dögum fyrir síðustu kosningar, til að gefa kjósendum landsins skýr fyrirheit um hver stefna Sjálfstfl. væri í þessum málum? Auðvitað dettur ekki nokkrum manni í hug að formaður Sjálfstfl. muni ekki efna það sem skjalfest er sem samþykkt flokksins, sérstaklega þegar aðstaðan til þess að koma samþykktinni í framkvæmd er öll fyrir hendi. Formaður flokksins er forsrh. (**ÓÞP:** Þetta er samsteypustjórn.) Varaformaður er fjmrh. Og fyrrv. formaður er dómsmrh. Það eru því öll tök á málinu sem þarf til að koma því í framkvæmd.

Hér er bent á að um samsteypustjórn sé að ræða og ég velti því fyrir mér hvort það geti verið ástæðan fyrir töfum á efndum að það eru heybrækur í stjórnarlið-

inu. Eru það heybrækur úr Alþfl.? (**ÓÞÞ:** Þetta er allt krötunum að kenna.) Ég hygg, virðulegi forseti, að það sé orðin knýjandi nauðsyn á því að fá þessa ráðherra sem sjást í húsinu til að koma í þingsalinn til að veita okkur upplýsingar um hvort það er formaður Alþfl., utanrrh., sem er heybrók í þessu máli og hefur ekki dug í sér til að efna fyrirheitin. Það er nauðsynlegt fyrir okkur að vita hvar veikleikinn liggur svo við getum tekið á því. Einangrað þá meinsemd og veitt þá úrbót sem þarf til þess að Sjálfstfl. geti knúið sitt fram.

Hver skyldi samþykktin vera sem ég vitnaði til og flokkurinn gerði á landsfundi sínum fáum dögum fyrir kosningar, 10. mars? Fyrri hlutinn í þeirri setningu sem ég ætla að lesa ber vitni um annað en ég hygg að ætla mætti, en setningin er svona, með leyfi forseta:

„Sjálfstæðisflokkurinn telur að landhelgisgæsla og öryggismál sjómanna hafi setið um of á hakanum hjá núverandi ríkisstjórn og að áformum um kaup á nýrri og stærri björgunarþyrlu með afísingarbúnaði beri að hrinda undanbragðalaust í framkvæmd."

Hér er engin hálfvelgja á ferðinni eins og vænta má þegar hæstv. forsrh. er annars vegar. Þá er tekið ákveðið á málum og kveðið skýrt að. Það á að hrinda þessum áformum undanbragðalaust í framkvæmd og það er nauðsynlegt að stjórnarliðar þeir sem hafa dug í sér til að sitja í þingsölum svari því hver það er sem tefur framgang málsins. Hvar eru heybrækurnar í þessu máli, virðulegi forseti?

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki ætla ég að fara að standa upp til málsvarnar fyrir krata og ætla því ekki að leggja dóm beint á þeirra þátt í þessu máli, en hv. síðasti ræðumaður taldi að þar lægi kannski ein höfuðmeinsemd þess að málið er ekki komið lengra. Ég held hins vegar að meinsemdin liggi innan Sjálfstfl. Ég held að meinsemdin liggi í því að formaður Sjálfstfl. geti ekki hugsað sér að styðja mál sem hv. 1. flm. þessa máls flytur og berst fyrir.

Það er illa komið með svo alvarlegt mál og hér er flutt að svo sé komið. Mér þykir miður að hv. síðasti ræðumaður skildi reyna að drepa þessu á dreif með því að færa þetta yfir á heybrækur í Alþfl. Ég ætla ekkert að sverja fyrir að þær séu ekki til þar en ég hygg samt, hv. 5. þm. Vestf., að þarna liggi hundurinn grafinn í þessu máli.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki standa mjög fast á því að veikleikinn liggi í Alþfl. Ég hef svo sem ekkert yfirþyrmandi sannfæringu fyrir því að Sjálfstfl. sé heill í þessu máli. Hitt þykir mér illt ef þær grunsemdir læðast að þingmönnum að það sé ekki sama hver flutningsmaðurinn er úr röðum sjálfstæðismanna. Þá hygg ég að það sé orðið lítið eftir af því að heita sjálfstæðismaður ef menn mega ekki hafa sjálfstæðar skoðanir í Sjálfstfl. Ég velti því fyrir mér hvaða nafn menn ætla að gefa þvílíkum flokki.

Svanhildur Árnadóttir:

Hæstv. forseti. Ég heyrði einhvern hvísla: Nú versnar í því. Eins og fram hefur komið er þetta mál margrætt og margþvætt og það brennur mér meira í muna en svo að ég geti hreinlega setið undir því að menn séu að þvætta með þetta og gera grín að því hverjir séu heybrækur og því um líkt. Málið snýst um öryggismál sjómanna og landsmanna allra.

Ég er komin upp til að lýsa stuðningi mínum við frv. þetta og vil segja að það þarf ekki að hafa mörg orð um hversu nauðsynlegt öryggistæki hér er rætt um, ekki bara fyrir sjómenn heldur fyrir landsmenn alla. Ég tel því mjög brýnt að þjóðin eignist björgunarþyrlu sem sinnt gæti öryggismálum sjómanna og ég ítreka landsmanna allra.

Mér finnst það líka sjálfsögð mannréttindi sjómanna að búið sé betur að öryggismálum þeirra en nú er gert og ég get fullyrt það að ég tala fyrir munn allra sjómannskvenna í landinu, sjómanna og barna þeirra.

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Í þeim fjárhagslegu þrengingum sem þjóðin stendur frammi fyrir er eðlilegt að erfitt ástand verði til þess að ríkisstjórn hverra þeirra tíma leiti leiða til forsjálni í ríkisfjármálum. Hins vegar er það svo að ekki hefur staðið í íslenskum stjórnvöldum hingað til að treysta öryggi landsmanna. Á ég ekki von á öðru en hæstv. ríkisstjórn líti til þeirra átta sem raddir hafa heyrst frá, þ.e. nánast flestum landsmanna. Fjölmörg félagasamtök hafa sent frá sér ályktanir varðandi þetta mál, jafnt þeir sem standa næst sjávarsíðunni og líka þeir sem eru til sveita.

Hins vegar er athyglisvert þegar skoðuð eru útköll þessa ágæta sjúkravagns, ef svo mætti kalla, sem þyrlan er að 1990 voru 40 sjúkraútköll en 33 björgunar- og leitarflug. Árið 1991 eru 54 sjúkraflug, þar af 22 björgunar- og leitarflug. Fyrstu níu mánuði þessa árs hafa verið 47 sjúkraflug — og kemur þá kannski að því sem ég vildi sagt hafa — af þessum 47 sjúkraflugum eru 11 vegna þeirra sem eru á sjó en 36 vegna leitar og aðstoðar við fólk í landi.

Það segir kannski allt um það þegar menn eru að tala um, og einkum hefur það komið í umræðum margra manna, að þyrla væri fyrst og fremst vegna sjómanna. Eins og ég lýsti þessu hlutfalli áðan skulu menn hafa það í huga að það er ekki síður fyrir landsmenn alla en sjómenn sem þetta nauðsynlega björgunartæki verði keypt.

Líf hvers Íslendings er verðmætt þótt ekki verði til fjár metið. Flugmenn Landhelgisgæslunnar hafa unnið kraftaverk og unnið ótrúlegt starf. Þessi þyrla sem þeir hafa unnið þarft og gott verk með er komin nokkuð til ára sinna og segja mér menn sem gott vit hafa á að svo hafi tækninni fleygt fram að sambærilegar flugvélar sem Danir og Norðmenn nota eru ekki notaðar til flugs þá er skyggja tekur til þess er birta tekur að nýju. Það er ljóst að þyrlan sem við höfum nú er að verða þess eðlis að ekki verður hægt að nota hana nema í björtu.

Upptalning mín áðan er fyrir utan þær flugæfingar sem þeir hafa ástundað vegna æfinga með læknum, björgunarsveitum, Slysavarnaskóla sjómanna og öðrum þá vélin hefur verið til kölluð.

Virðulegi forseti. Í lok máls míns vildi ég segja þetta: Það sem hefur komið mest við mig sem fyrrverandi sjómann er sú einurð og vilji landsmanna að safna fyrir þessu ágæta björgunartæki. Það á jafnt við til sjávar og sveita. Það hlýtur að slá hvern mann sem verður þess var þá skip hefur farist samfara dauðsföllum að ættingjar auglýsa í útvarpi að þeir sem vildu minnast hinna látnu er bent á að láta af hendi rakna eitthvað í þyrlusjóð, blóm og kransar eru afbeðin. Það segir hug manna í þessu máli og skýrir kannski best hve mikill hugur fylgir máli og nauðsyn er á þessu björgunartæki.

Þó verður ekki farið frá þessu máli öðruvísi en víkja aðeins að fyrrv. ríkisstjórn. Hér hafa komið fram nokkrir ágætir félagar hennar og talað um hve seint gengi í þessu máli hjá núv. ríkisstjórn. Á síðustu dögum fyrrv. ríkisstjórnar vaknaði hún til lífsins en ekki fyrr en á allra síðustu lífdögum sinnar pólitísku veru í ráðuneytum hvar hún hafði þó tögl og hagldir til þess að koma þessu máli áfram. Hins vegar léttir það ekkert á ástandi eins og því sem hefur skapast hér en það segir manni samt að það er hálfgerð sorgarsaga í kringum þetta mál og að ekki eingöngu sjómenn hafi orðið bitbein í pólitískum deilum varðandi þetta mál heldur svo margir sem raun ber vitni. Ég vona að við berum gæfu til að leysa þetta mál svo fljótt sem verða má.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef oft talað fyrir daufum eyrum að þeirri reglu verði breytt að lesið upp hvaða ráðherrar séu fjarverandi eða óski eftir fjarvistarleyfi heldur sé þess ávallt getið í upphafi þingfundar ef gera megi ráð fyrir því að ráðherrar verði við. Það einfaldar málið og er líka miklu skýrara fyrir þjóðina að fá af því sannar fréttir hverju sinni hvaða ráðherrar eru í þingsalnum. Nú er ekki við forseta að sakast í þessum efnum því það hefur ekki fengið hljómgrunn að þessi breyting verði upp tekin og því hef ég ekki talið rétt að ræða þetta undir þingsköpum þar sem hin viðtekna regla er eins og allir vita að það er beðið um fjarvistarleyfi fyrir þá sem eru eða hyggjast vera fjarverandi.

Hins vegar tel ég rétt að leiðrétta það úr þessum ræðustól sem fram hefur komið hjá hv. 5. þm. Suðurl. að það veki undrun að ráðherrar séu ekki viðstaddir. Þetta gætu einhverjir skilið á þann veg sem læsu þingtíðindin að það væri reglan að þeir væru viðstaddir. En hér er ekki neitt undarlegt á ferðinni. Hér er allt samkvæmt hefðbundinni reglu eins og þeir vita sem eru í þingsalnum annað slagið.

Nokkuð hefur verið deilt um hverjum það sé að kenna að kosningaloforð Sjálfstfl. hafa ekki verið efnd. Sjálfur hefur hæstv. forsrh. vakið á því athygli í umræðuþætti í sjónvarpinu að þetta er samsteypuríkisstjórn. Og þegar hann kemur málum ekki fram stafar það af því að samstarfsflokkurinn hefur aðrar skoðanir. Það eru í sjálfu sér engin rök í þessu máli þó að einn flm. telji að þetta sé allt fyrrv. ríkisstjórn að kenna. Það eru engin rök í þessu máli einfaldlega vegna þess að hér hefur verið vitnað til yfirlýsingar sem gefin var út af Sjálfstfl. og staðfestir að þetta var eitt af því sem Sjálfstfl. taldi rétt að hampa í kosningabaráttunni.

Það er alveg rétt að fyrrv. ríkisstjórn kom ekki öllum málum fram. En það leiðir hugann að því að á þessari þáltill. er enginn einasti alþýðuflokksmaður, ekki einn einasti. Hvar eru þeir á þessu lagafrv.? Þeir eru bara ekki með. Það er sagt að það sé lítið af þeim í salnum, mjög lítið þó að það sé nú hér um bil í samræmi við stærð flokksins en það er sama, þetta er sennilega minna hlutfall en þar er til staðar. (**Gripið fram í:** Mjög eðlilegt hlutfall.) En svona frv. á ekki að þurfa að flytja. Þingtæknilega er það nefnilega hringavitleysa. Ef menn ætla að framkvæma eitthvað, þá flytja menn tillögu um það í formi þál. eins og gert hefur verið og þingið er búið að samþykkja. Næsta stig er að við fjárlagaafgreiðslu eru settir inn fjármunir til að framkvæma það og við afgreiðslu lánsfjárlaga eru settar inn heimildir til þess að taka lán til að framkvæma. Þarna eru menn nefilega komnir í merkilega stöðu. Ég held að ég verði eiginlega að víkja til hestamennskunnar svo að menn skilji hvað staðan er sérstæð. Þetta er eins og að vera komin á hestbak í besta skrúða og það er ekkert að nema það að klárinn neitar gersamlega að hreyfa sig úr stað. Hann er staður. En það er ekkert sem heitir, á þessu hrossi skal riðið til kirkjunnar að sjálfsögðu og neitað að skipta um. Menn heimta keyri, menn heimta spora. Úr sporunum skal skepnan en hún þrjóskast við og hreyfir sig ekki. (**Gripið fram í:** ...á hjólaskautum?) Ég hef nú aldrei séð riðið á hjólaskautum en það verða þeir að taka upp sem treysta sér til. Ég segi eins og er að ég er orðinn of gamall til að standa í slíkum nýjungum jafnvel þó að þeir sem eru kjarkmenn taki upp á því.

Það má merkilegt kallast að menn telji nú þrátt fyrir allt að ríkisstjórnin muni ekki brjóta lög og 1. flm., hv. 5. þm. Reykv., lýsir þeirri trú sinni hér úr ræðustól að þessi ríkisstjórn muni ekki brjóta lög. Ég verð að segja eins og er að það er sú einlægasta trúarjátning sem ég hef heyrt á þessum vetri úr ræðustólnum. Maður kemst nánast við. Ég hefði bara ekki verið fær um að fara í ræðustólinn strax á eftir þessari yfirlýsingu. Og það verður líka að segjast eins og er um óttа hans um það að allshn. ynni kannski ekki nógu hratt og vel í málinu að ég vil fyrst og fremst undirstrika það að sá ótti er ástæðulaus.

Mér fannst í fyrravetur að það væru öll efni til þess að hæstv. dómsmrh. mundi gera gangskör að því að framkvæma þetta, áttaði mig ekki á því að þetta væri innanbúðarvandamál hjá ríkisstjórninni, var ekki búinn að gera mér grein fyrir því að Alþfl. væri á móti því að keypt yrði þyrla, var ekki búinn að gera mér grein fyrir því að forusta Alþfl. væri alfarið á móti því að þyrla væri keypt og var ekki búinn að gera mér grein fyrir því að sennilega hefðu þeir einnig stuðning hv. 6. þm. Reykn. til þess að stöðva þetta mál þó að ég verði nú að segja eins og er að mér þykir dálítið skrýt-

ið ef það er rétt. En kannski er hann undir í sínum flokki í málinu.

Ég minnist þess að ég sat í nefnd undir forustu ágæts sjálfstæðismanns sem nú er farinn af Alþingi, Péturs Sigurðssonar, þar sem við unnum að öryggismálum sjómanna. Og mér er sem ég sæi þá kempu una því að búið væri að samþykkja þáltill. í svona máli og svo dytti mönnum í hug að gera ekki neitt. Ég vildi gjarnan vita hvernig ástand hefði verið í þingflokki Sjálfstfl. ef mönnum hefði dottið það í hug á þeim tíma sem hann sat þar á þingi. Það er náttúrlega svo dæmalaus ósvífni að það nær ekki nokkurri átt. Það þarf ekki að flytja hér mál um það að jafnvel þó þetta væri bara fyrir sjómenn eina sem komið hefur fram að er ekki, þá þurfi nánast að biðjast afsökunar á því að leggja þetta til. Það er náttúrlega gersamlega út í hött. Hins vegar þegar maður heyrir útlistanir hv. 1. flm. á því hvar eigi að taka peningana þá fer maður að skilja hvers vegna hæstv. utanrrh. telur þetta ekki skynsamlega tillögu. Og þá fer maður að skilja hvers vegna Alþfl. er á móti því. Það verður náttúrlega að fara með gát í að ganga í vasa annarra í þessum efnum. Það er liggur alveg ljóst fyrir. Ég held að ég mundi nú hika við að bera ábyrgð á því að borga fyrir þá allan útlagðan kostnað, ráðherra vors lands. Ég mundi nú hika við að skrifa undir það, en vissulega er það rétt að peningar eru til í íslensku samfélagi til þess að fara í þessa framvæmd. Ég stóð fyrst og fremst upp til þess að eyða öllum vafa um það og 1. flm. og þarf ekki að óttast að þetta frv. verði ekki afgreitt út úr allshn. það tímanlega að það komi til atkvæða hér í þinginu.

Jón Helgason:

Herra forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi mínum við það frv. sem hér er til umræðu. Þessar umræður rifja upp fyrir mér aðdragandann að því þegar núverandi þyrla var keypt vegna þess að að sumu leyti stendur nú svipað á, þ.e. brýnt er að kaupa nýja þyrlu. Það var árið 1983 sem Landhelgisgæslan missti þyrlu sína á sviplegan hátt og því var talið nauðsynlegt að bregðast skjótt við og ráða þar bót á. Eftir skamma athugun varð niðurstaðan sú að kaupa það tæki sem þá var talið best í þessu skyni. Ég gegndi þá starfi dómsmrh. og þurfti að sjálfsögðu að fá stuðning þáv. fjmrh. Alberts Guðmundssonar og ríkisstjórnarinnar allrar, ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Þegar sú ákvörðun hafði verið tekin, að fara þá leið að velja besta kostinn sem þá var talinn var það borið undir fjmrh. og ríkisstjórn og fékk þar eindreginn stuðning. Og þegar ríkisstjórnin hafði afgreitt málið þannig, þá beitti þáv. fjmrh. sér af sínum alkunna dugnaði fyrir því að leysa málið á þann besta og hagkvæmasta hátt sem unnt var, bæði með sem bestum kjörum fyrir ríkissjóð en jafnframt að þyrlan kæmi sem fyrst. Enginn efast um að sú ákvörðun sem þarna var tekin var rétt. Svo vel hefur flugmönnum Landhelgisgæslunnar borið gæfa til að nýta þetta tæki sem þeir fengu í hendur og bjarga mörgum sem hafa verið í nauðum staddir. En tæknin fleygir ört fram og að sjálfsögðu þarfnast tæki endurnýjunar sem svo mikið er notað. Og því hefur því miður í nokkur ár farið fram umræða um það hvernig standa skuli að endurnýjun. Sú saga hefur verið rakin m.a. í þessari umræðu og ég ætla ekki að endurtaka það.

Það hefur aðeins verið vikið að því af hverju hafi svona til tekist að nú skuli þurfa margra ára þras og umræður án þess að nokkur árangur verði þegar við höfum dæmi um það áður að það tók aðeins nokkra mánuði. Ég ætla ekki að leggja dóm á þær tilgátur sem hér hafa komið fram. Hins vegar vitum við það öll sem hér erum inni og reyndar þjóðin öll að núverandi hæstv. dómsmrh. er einnig sjútvrh. og þegar núv. hæstv. sjútvrh. hefur komið fram með einhverjar tillögur sem snerta sjávarútveg, þá hefur hæstv. forsrh. verið fljótur að láta í sér heyra og sagt: Þetta er tóm vitleysa, tómur óþarfi, og þannig tekið ráðin af hæstv. sjútvrh. Ég veit ekki hvort það er ástæðan í þessu máli. Um það eru sjálfsagt aðrir fróðari. En hver svo sem ástæðan er fyrir því að ekki hefur orðið úr framkvæmdum í þessu mikilvæga máli, þessu lífshagsmunamáli allt of margra í þjóðfélaginu sem því miður munu lenda í slysum, annaðhvort á sjó eða landi í framtíðinni, þá má ekki verða langur dráttur enn á því að niðurstaða fáist og aðgerðir sjái dagsins ljós þannig að þessi bráðnauðsynlega endurnýjun eigi sér stað og nýtt tæki komi hingað sem fyrst í hendur þeirra manna sem hafa sýnt að þeir kunna svo vel með það að fara og hafa bjargað svo mörgum á undanförnum árum.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég ræddi það við upphaf þessa máls að stólar ráðherranna væru auðir. Nú hefur þessi umræða staðið hátt á annan klukkutíma og enn eru þessir stólar auðir. Það er virðingarleysi við Alþingi að þetta skuli gerast undir þessari umræðu miðað við þau fyrirheit sem hæstv. ráðherrar hafa gefið þjóðinni í þessu máli. Ég og fleiri þingmenn fórum fram á það við aðalforseta þingsins að ráðherrum væri gert viðvart. Ég fór gáleysislegum orðum um ráðherra sem gekk hér í gegnum salinn meðan á umræðunni stóð. Ég var áminntur af forseta þingsins fyrir þau ummæli en mér sýnist að þetta hafi aðeins verið svipmynd af hæstv. ráðherra því að hann hefur ekki borist inn í þennan sal á nýjan leik undir þessari umræðu. Það var hæstv. heilbr.- og trmrh. sem hér gekk í gegnum salinn undir umræðunni. Ég harma það að forsetar þingsins skuli sýna þingmönnum það litla virðingu, ég tala nú ekki um þegar hv. þm. og fyrrv. forsrh. hefur farið fram á það að þessari umræðu ljúki ekki svo að ráðherrar ríkisstjórnarinnar, alla vega einhverjir, komi og greini frá stöðu málsins því að mér er ekkert gaman í hug undir þessari umræðu. Ég get tekið undir það með hv. 5. þm. Norðurl. e.

Hér er mikið alvörumál á ferðinni. Hér eru miklar brigður á ferðinni á loforðum og fyrirheitum sem ráðherrar hafa gefið í þessu máli. Það er ekki að ástæðulausu að nokkrir af hv. þm. stjórnarliðsins sjá sig knúna til þess að leggja fram frv. með þessum hætti og það kom hér fram í ræðu frsm. að alvarlegar brigður hefðu orðið. Það ætti ekki að standa við þau fyrirheit

sem hér voru gefin. Ég get ekki annað, hæstv. forseti, undir þessari umræðu en litið tæpt ár til baka og rifjað upp ummæli nokkurra ráðherra. Þá fór hér fram umræða utan dagskrár um þyrlukaup. Sú umræða fór að vísu fram í framhaldi af hörmulegu slysi þar sem margir sjómenn höfðu látið lífið, fyrst og fremst vegna þess að þyrlu skorti. Ég vil láta það koma fram, ekki síst vegna þess að fram hefur komið í umræðu hjá einstökum stjórnarliðum að það væri við fyrri ríkisstjórn að sakast, að hæstv. dómsmrh. og sjútvrh. Þorsteinn Pálsson sagði 25. nóv. 1991 undir þessari umræðu, með leyfi forseta:

„Eins og hér hefur komið fram í máli hv. málshefjanda tók Alþingi um það ákvörðun á sl. vori að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að kaupum á fullkomnari björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Á þann veg hefur verið unnið að undirbúningi þessa máls að í fyrsta lagi var í tíð fyrri ríkisstjórnar ákveðin í lánsfjárlögum heimild til þess að semja um slík kaup og taka 100 millj. kr. að láni í því skyni."

Ég vil síðar vitna í seinni ræðu sem hæstv. dóms.- og sjútvrh. ræddi undir þessari umræðu. Hér hafa menn efast um afstöðu Alþfl. Í þeirri sömu umræðu talaði hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson og sagði m.a., með leyfi forseta:

„Ég vil vekja athygli á því að í áliti þeirrar nefndar, sem var eitt af fyrstu verkum núv. ríkisstjórnar að skipa, er einmitt ítrekað að brýnt sé að Landhelgisgæslan fái öfluga þyrlu til afnota fyrir sína björgunarstarfsemi, öflugri en þá sem hún hefur nú." Síðar sagði Jón Sigurðsson viðskrh.: „Þetta vildi ég, frú forseti, nefna við þessa umræðu vegna þess að hún kallar á mikla alvöru í meðferð málsins."

Hver er alvaran undir þessari umræðu hér í dag? Alvaran er sú að það er fullyrt af stjórnarþingmönnum að ríkisstjórnin hafi horfið frá fyrirheitunum í málinu.

Síðan segir Jón Sigurðsson viðskrh.: „Ég vona að við finnum sameiginlega í þinginu bestu lausnina." Og að lokum segir hann: „Ég vil vekja athygli á því að við höfum þær heimildir sem þarf, bæði í lánsfjárlögunum og í fjárlögunum. Við eigum að nýta þær sem allra best. Það verður sem betur fer alls ekki til þess að tefja framgang málsins, en það er líka mikilvægt að þessar ákvarðanir séu vel grundaðar og þar tel ég að skýrsla þyrlunefndarinnar, sem undir forustu Björns Bjarnasonar var skilað í október, sé mjög góð undirstaða."

Þetta voru orð þessa hæstv. ráðherra við umræðu fyrir tæpu ári síðan. Í lokaræðu sinni sagði hæstv. dómsmrh. Þorsteinn Pálsson, sem af eðlilegum ástæðum er fjarri þessa umræðu og ég sakna þess, það er skiljanlegt en ég býst við að þótt hann sé fjarri gegni einhver ráðherra í ríkisstjórninni hans embætti um þessar mundir þó að mér sé ekki kunnugt um hver það er. Með leyfi forseta, sagði dómsmrh. í lok ræðu sinnar: „...í því fólst ekki á nokkurn hátt gagnrýni á vinnubrögð fyrri ríkisstjórnar í þessu efni. Ég tel þvert á móti að hún hafi unnið af fullum heilindum í þessu máli. Og ég andmæli því að annað hafi átt sér stað við vinnu núv. ríkisstjórnar. Í framhaldi af þessari undirbúningsvinnu fyrri ríkisstjórnar var skipuð sérstök nefnd með sömu aðilum og áður. Þeirri nefnd var falið að halda áfram undirbúningi að ákvörðun Alþingis og ég vil ítreka það sem hér hefur komið fram að um þetta mál var breið samstaða í þinginu. Engin ákvörðun hefur verið tekin um að breyta þeirri ákvörðun og vænti ég þess að áfram verði um málið góð samstaða. Um það á ekki að þurfa að vera pólitískur ágreiningur. Og það hefur verið og verður áfram unnið að framgangi málsins í samræmi við ákvarðanir Alþingis. Ég er sammála því að þær heimildir eru fyrir hendi í lánsfjárlögum sem á þarf að halda og ég er alveg sannfærður um að víðtæk samstaða verður um að í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1992 verður sú heimild endurnýjuð þannig að unnt verður að taka ákvörðun þegar niðurstaða er fengin. Ég tel mjög eðlilegt í framhaldi af áliti þyrlunefndar, sem segir mjög ákveðið að vinna verði hratt að því að bæta þyrlukost Landhelgisgæslunnar, að lokið verði þeim viðræðum við bandarísk stjórnvöld sem nefndin leggur til."

Að lokum segir hæstv. dómsmrh.: „Mér virðist einsýnt að um þetta eigi að geta orðið góð samstaða hér eftir sem hingað til í þinginu. Engin ákvörðun hefur verið tekin um að hverfa frá fyrri samþykktum Alþingis og ég er vissulega fús til þess að hafa samráð við fulltrúa þingflokkanna til að tryggja áframhaldandi einingu um framgang þessa máls og vandaðan undirbúning."

Svo mörg voru þau orð. Hér liggur skýrt fyrir að fyrir tæpu ári síðan virtist ríkisstjórnin og þingið standa einhuga. Nú hefur komið í ljós við þessa umræðu að hér hefur orðið vinaskilnaður. Ríkisstjórnin hefur svikið málið. Það hlýtur að vera ljóst að til að koma þessu brýna hagsmunamáli Íslendinga í höfn verður Alþingi að taka fram fyrir hendurnar á ríkisstjórninni. Við verðum að koma frv. í höfn svo þyrlumálið verði leyst sjómannanna vegna, fjölskyldnanna vegna og ég vil segja enn og aftur allra Íslendinga vegna. Við búum við þannig aðstæður að það er óþolandi að Alþingi, sem hefur góðan vilja í þessu máli, skuli ekki klára það. Hins vegar fer ég fram á og ítreka að ég tel að þessari umræðu, hæstv. forseti, sé ekki hægt að ljúka öðruvísi en rödd ríkisstjórnarinnar heyrist hér. Ráðherrarnir hafa ekki enn gengið í salinn eftir tveggja tíma umræðu um þyrlumálið. Hverju sætir fjarvera þeirra í dag?

Hvers vegna sýna forsetar Alþingis þinginu svo litla virðingu að verða ekki við beiðni í upphafi umræðunnar um að ráðherrar verði kallaðir fyrir? Það var ekki um einn ráðherra að ræða. Við nefndum að hér þyrfti að vera við umræðuna einhver þeirra sem færi með dómsmálin í dag, forsrh. eða fjmrh. Það var hægt að velja úr stórum hópi manna. En enginn ráðherra hefur sýnt þessari umræðu þá virðingu að vera viðstaddir hana. Þeir skulda íslenskum sjómönnum skýringu á því háttalagi.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill taka fram að hann vonast til að það hafi verið mismæli hjá hv. þm. sem var að ljúka máli sínu

að forseti sýni hv. þm. virðingarleysi. Hv. þm. ýjaði að þessu í tvígang og ég vil segja að ég tel þetta ofsagt og ég tel að forseti, hvort sem ég eða aðrir sitja á forsetastóli, kappkosti að sýna hv. alþm. virðingu. Ég bendi einnig á að ég veit ekki annað en hv. alþm. kappkosti hið sama.

Varðandi þau orð að ekki sé hægt að ljúka þessari umræðu án þess að kallaðir séu fyrir ráðherrar hefur sá forseti sem hér stendur að þessu sinni verið við hálfa umræðuna. Forseti sá sem var fyrr við umræðuna hafði svarað þessu. En það er venja ef flm. máls óska eftir að því sé frestað eða umræðu ljúki ekki að orðið er við því. Ég bendi á að hér er einvörðungu um 1. umr. um lagafrv. að ræða. Verði það að lögum eru tvær umræður eftir. Það eru því ærin tækifæri til þess í fyrsta lagi að láta það koma í ljós hvernig Alþingi tekur á málinu og síðar að krefja svara hjá hæstv. ráðherrum.

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að þessi dagur er býsna merkilegur í starfi þingsins fyrir mér ef það er svo, virðulegi forseti, að ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafna því að mæta til sjálfsagðra starfa á Alþingi á venjulegum þingtíma og gefa þingmönnum sjálfsagðar og eðlilegar upplýsingar um framgang samþykktrar tillögur á Alþingi. Svör sem við höfum fengið frá virðulegum forseta, þeim sem sat hér áður en hæstv. núv. forseti settist í þennan stól, voru á þann veg að ráðherrar sætu í herbergjum sínum og hlýddu á ræðumenn í hátalara. Ég spyr: Hvers konar túlkun og hvers konar skilaboð fengjum við venjulegir þingmenn ef við létum þau boð berast til þingsins að við mundum bíða úti í herbergjum okkar að morgni til þegar þingfundir væru settir og kæmum þannig í veg fyrir að hægt væri að setja þingfundi? Hvers konar vinnubrögð er verið að taka hér upp ef það á að duga að þingmenn geti bara setið í rólegheitum, ég tala ekki um ráðherra, og hlustað þar á glymskrattann? Því spyr ég og endurtek spurningu mína, virðulegi forseti: Liggur það klárt fyrir, virðulegi forseti, að ráðherrar ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, að hæstv. forsrh. meðtöldum, hafi hafnað því að koma í þingsalinn og verða viðstaddir þá umræðu sem hér fer fram? Liggur það fyrir? Ég bið virðulegan forseta að svara þingmönnum sem hér eru skýrt og klárt, án mikilla málalenginga og helst engra um þetta mál, einfaldlega játandi eða neitandi: Hafa þeir hafnað því að koma hér upp og vera viðstaddur þessa umræðu?

Ég tek undir orð hv. þm. Guðna Ágústssonar um að ráðherrarnir skulda ekki bara sjómönnum skýrslu um þetta mál. Þeir skulda þjóðinni allri skýrslu. Þeir skulda okkur þingmönnum hana. Ég gæti sagt mörg orð um þetta góða mál en ég ætla ekki að gera það nú. Hér hefur margt ágætt verið sagt. En ég vil fá svar af munni hæstv. forseta, já eða nei: Neita ráðherrar ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og hæstv. forsrh. að vera viðstaddir þessa umræðu? Já eða nei?

Forseti (Pálmi Jónsson):

Vegna fyrirspurnar hv. þm. hefur að sjálfsögðu enginn ráðherra neitað því að vera við þessa umræðu, a.m.k. hef ég engin skilaboð fengið um slíkt enda væri það afar óvenjulegt. Hitt er öllum hv. þm. kunnugt að ekkert sérstakt er við þessa umræðu eða umræður í þinginu almennt þegar fjallað er um þingmannafrv. Þá er það hvergi nærri algengt að ráðherrar séu viðstaddir. (**StG:** Ég hef óskað eftir því.) Forseti hefur látið kanna það hvort ráðherrar séu í húsinu nú og svo er ekki. (**StG:** Hafa þeir ekki bílakost til að komast á milli húsa?)

Guðni Ágústsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti ræddi undir liðnum um þingsköp að ég hefði sagt of stór orð hér. Nú vill svo til að það eru sjö forsetar á þessu þingi en á hverjum fundi verðum við að álíta að það sé einn forseti. Hér verða tíð mannaskipti í þessum stól. Mælendaskrá flyst frá einum forseta til annars. Ég vil ætla að skilaboð frá hv. þm. flytjist frá einum forseta til annars. Ef svo er ekki eru alvarlegar brigður í stjórnun þingsins. Hér kom fram snemma við umræðuna, vegna þess sem fyrr hefur gerst í þyrlumálinu, þ.e. samþykktum Alþingis, bæði þál. og ekki síður vegna þess að við afgreiðslu lánsfjárlaga og fjárlaga höfðu verið gefin fyrirheit um þetta mál, að það væri mikilvægt að hæstv. ráðherrar væru við umræðuna. Þegar ég tala hér á einum og sama fundi tel ég að ég þurfi ekki að endurtaka beiðnir mínar heldur geti ég vitnað til þess þótt annar forseti hafi tekið við störfum. Hafi þau skilaboð ekki komist til hæstv. forseta sem nú situr hefur aðalforseti brugðist við að flytja þau skilaboð.

Ég ítreka enn að það er svo margt sérstakt við þetta mál að umræðunni getur ekki lokið öðruvísi en fulltrúi ríkisstjórnarinnar, hver sem það er, komi hér til þessarar umræðu. Eftir umræðunni verður tekið en hún er óupplýst nema ríkisstjórnin geri grein fyrir því hvers vegna hún hefur farið svo hörmulega með allar ákvarðanir Alþingis í þessu máli. Þess vegna stend ég við það sem ég hef sagt hér og gagnrýni forseta fyrir að hafa brugðist þeirri beiðni að kalla ráðherra í salinn. Það gerðist undir minni ræðu að ráðherra gekk í gegnum salinn. Forseti áminnti mig fyrir gáleysislegt tal en ráðherra leið út úr salnum og hefur ekki sést síðan. Ég beitti þá að vísu glannalegum orðum en kannski var hann guðdómlegur og er ekki meðal okkar hér á þessari jörð. Það er alla vega svo að þeir hafa ekki sést í þessum sal undir umræðunni og því verður ekki unað.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Mér er ljóst að það getur verið erfitt hjá hæstv. forseta hverju sinni að halda aga á því liði sem hér á að vera við vinnu og tryggja að fjarvistir tefji ekki framgang mála. Í þingsköpum er mælt svo fyrir að hver sá sem af einhverjum ástæðum treystir sér ekki eða hefur ekki aðstöðu til að mæta á þingfundi skuli tilkynna það til forseta og forseti les í upphafi fundar upp nöfn þeirra sem af þeirri ástæðu óska eftir fjarvist eða leyfi til fjarvista. Hæstv. forseti las í upphafi fundar upp nöfn tveggja ráðherra sem ekki höfðu aðstöðu til að vera á þessum þingfundi, þ.e.

hæstv. menntmrh. og hæstv. félmrh. Þessi upplestur kemur gjarnan fram í fréttum og þjóðin fylgist nokkuð grannt með því hverjir það eru sem af ýmsum ástæðum treysta sér ekki til að vera við hverju sinni. En hún gagnályktar og álítur þá að hinir séu mættir til vinnu. En þegar það svo gerist eins og núna að ráðherrar leita ekki eftir heimild til að vera fjarverandi þá eru þeir fjarverandi í heimildarleysi því þeir hafa fullar þingskyldur. Það hefur verið á því skilningur aftur á móti og er rétt að það komi fram, að stundum er það svo að ráðherrar eru í önnum og hverfa úr salnum og þá er kallað til þeirra sérstaklega. (Forseti hringir.) Herra forseti, ég er að ljúka máli mínu. Okkur var tjáð að tveir væru niðri í flokksherbergjum og þar væri aðstaða til að hlusta. Okkur er tjáð að þeir séu líka horfnir úr húsinu. Ég vona að það sé alveg skýrt að ég lít á þetta sem óheimilar fjarvistir ráðherra.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill taka fram að hann veit ekki betur en hæstv. ráðherrar hafi verið við upphaf fundarins í dag eins og oftast er, þeir sem ekki hafa fjarvistarleyfi. Hins vegar þarf ekki að minna hv. þm. á að það gerist iðulega í önnum ráðherra að þeir ganga til annarra verka þegar líður á umræðu ef ekki er um mál að ræða sem þeir bera ábyrgð á og eru ekki flutningsmenn að. Nú hefur verið sagt af tveimur hv. alþm. að þeir telji að þessari umræðu geti ekki lokið án þess að einhver hæstv. ráðherra sé viðstaddur. Forseti er út af fyrir sig tilbúinn að fresta þessari umræðu ef um það kemur fram bein ósk.

Meðan ég hef setið í forsetastól hefur ekki komið fram bein ósk um það heldur þær ályktanir einstakra hv. alþm. að umræðunni geti ekki lokið án þess að hæstv. ráðherrar séu viðstaddir og enn eru þingmenn á mælendaskrá. Sé þess óskað er sjálfsagt að verða við því að umræðunni sé frestað.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að lesa upp þann texta þingskapanna sem við á í þessu tilfelli. Þetta er 53. gr., með leyfi forseta:

„Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem unnt er og metur hann nauðsynina. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki um fyrirspurnafundi."

Hér eru engar undantekningar gerðar á þeirri forsendu að um þingmannamál sé að ræða. Engar. Þannig að forseta bar og ber skylda til að meta þá nauðsyn hvort hægt sé að líta svo á að leyfa ráðherrum fjarvistirnar. Það eru engar heimildir til handa forseta að líta svo á að hinir sem ekki leita eftir fjarvistunum hafi heimildir til fjarvista. Það eru engar heimildir fyrir forseta að líta svo á. Þetta vil ég komi fram. Þess vegna gengur það ekki ef menn ætla að stjórna þessu þingi þannig að vinnufriður sé að forsetar ætli að fara að útdeila sínu valdi á þann hátt að hægt sé að veita ráðherrunum heimildir til að vera fjarverandi — guð má vita hvað þeir eru að gera, ég hef ekki trú á því að það sé þarfara en það sem hér fer fram.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti tekur fram að það hafa ekki verið veittar neinar undanþágur eða neinar heimildir. Forseti gat aðeins um það hvað tíðkast hefði á undangengnum árum og á ekkert frekar við á þessum fundi fremur en ýmsum öðrum.

Steingrímur Hermannsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Virðulegi forseti var ekki við áðan þegar ég flutti mína ræðu og honum hefur augljóslega ekki borist þá til eyrna mín tilmæli, ákveðin ósk um það að umræðu yrði ekki lokið fyrr en ráðherrar, forsrh., fjmrh. og staðgengill dómsmrh., geta verið viðstaddir. Ég ber fullt traust til virðulegs forseta, ég veit að þetta hefur ekki borist honum til eyrna en ég endurtek þessa ósk mína.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Fram hefur komið sú ósk að umræðunni verði frestað og forseti mun verða við því. Umræðunni er frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Viðvera ráðherra.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Í framhaldi af þeim umræðum sem hér hafa orðið þá vil ég gjarnan óska upplýsinga um það hvort ekki séð von á ráðherrum í dag. Ég á tillögu á dagskrá, sem 13. mál þessa fundar. Ég vildi mjög gjarnan að menntmrh. yrði viðstaddur þá umræðu og ég vil gjarnan að forseti kanni það fyrir mig hvort hans sé að vænta í dag. Ég verð að segja það að maður reiknar frekar með því að ráðherrar séu viðstaddir þegar mál eru til umræðu sem snerta þeirra ráðuneyti og finnst það sannast að segja sjálfsögð kurteisi af þeirra hálfu að vera viðstaddir umræðu og fylgjast með því sem hér gerist og snertir þeirra málaflokka.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseta er ókunnugt um það hvort von sé á ráðherrum hingað til fundar á síðdegisfundi en það er sjálfsagt að kanna það að ósk hv. þm. hvort menntmrh. geti verið viðstaddur.

Greiðslufrestur á fasteignalánum vegna fjárhagserfiðleika, 1. umr.

Frv. KHG og SvG, 153. mál. — Þskj. 175.

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir

frv. sem ég flyt ásamt hv. þm. Svavari Gestssyni á þskj. 175 um greiðslufrest á fasteignalánum vegna fjárhagserfiðleika.

Frv. lýtur að breytingu á tvennum lögum, annars vegar lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og hins vegar lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, nr. 63/1985, með síðari breytingum.

Ástæða fyrir því að þetta frv. er flutt er hið mikla atvinnuleysi sem hefur orðið á síðustu mánuðum og missirum sem breytir þeim forsendum sem menn höfðu til grundvallar þegar lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins voru sett árið 1988 og þeim breytingum sem menn hafa á þeim gert frá þeim tíma.

Þannig hefur t.d. atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu tífaldast frá árinu 1988 og nær þrefaldast á landsbyggðinni á sama tíma.

Atvinnuleysi er nú um 2,7% og í fjárlagafrv.. sem lagt hefur verið fram, er því spáð að atvinnuleysi verði að meðaltali um 3% á þessu ári og muni aukast á næsta ári upp í 3,5% sem þýðir að að meðaltali verði um 4.000 manns atvinnulausir á næsta ári. Enn fremur kemur fram að búast megi við því á fyrstu mánuðum næsta árs að þá verði atvinnuleysi mun meira, eða hátt í 5.000 manns.

Sem dæmi um tölur má nefna að 24. okt. sl., fyrir fáeinum dögum, voru 1.715 manns á atvinnuleysisskrá í Reykjavík, 260–270 manns í Kópavogi, 214 í Keflavík, 190 á Akureyri, svo hæstu tölur séu nefndar.

Auðvitað er það ljóst að fjárhagur þeirra sem verða atvinnulausir breytist til hins verra, tekjur heimilisins minnka og möguleikar fólks til að standa undir fjárhagslegum skuldbindingum sínum dvína mjög á meðan þetta ástand varir. Okkur flm. þótti því nauðsynlegt að huga að lagabreytingum sem gæfi Húsnæðisstofnun ríkisins heimild til þess að fresta afborgunum af lánum sem hafa verið tekin hjá byggingarsjóðum ríkisins og verkamanna og húsbréfadeildar byggingarsjóðsins á meðan fjárhagsástæður eru með þeim hætti sem ég var að greina. Reyndar ákváðum við að hafa heimildina ekki aðeins bundna við atvinnuleysi, heldur einnig að ef langvarandi veikindi eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans. Það er tilgangur frv. að bregðast við þeirri stöðu sem atvinnuleysið hefur í för með sér og að sumu leyti af eðlilegum ástæðum, menn hafa e.t.v. ekki hugsað fyrir í löggjöf á þeim tíma, fyrir 3–4 árum að menn kynnu að þurfa að standa frammi fyrir atvinnuleysi af þessari stærðargráðu.

Frv. er í fjórum greinum. Fyrstu tvær greinarnar lúta að breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, með síðari breytingum og er lagt til að á eftir 127. gr. þeirra laga komi tvær nýjar greinar. Þær orðist svo, með leyfi forseta:

„a. (128. gr.)

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita lántakendum frest á greiðslu afborgana, vaxta og verðbóta, að hluta eða að öllu leyti, af lánum veittum til íbúðaöflunar úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna og fasteignaveðbréfum sem húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins hefur tekið við í skiptum fyrir húsbréf.

Frest skv. 1. mgr. er heimilt að veita ef atvinnuleysi, langvarandi veikindi eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

Lánþegi, sem sækir um frest samkvæmt þessari grein, skal leggja fyrir húsnæðismálastjórn ítarlegar upplýsingar um tekjur, eignir, skuldir og önnur atriði er stjórnin telur máli skipta.

Frestur á greiðslum afborgana, vaxta og verðbóta, sem veittur er, getur gilt um öll lán lánþega. Veittur frestur skal hafa afmarkaðan gildistíma, þó aldrei lengri en eitt ár í senn.

Fjárhæðir afborgana, vaxta og verðbóta af lánum, sem greiðslum er frestað á samkvæmt þessari grein, skulu færðar á sérstakan jöfnunarreikning hvers láns og teljast til höfuðstóls lánsins og koma fjárhæðirnar til greiðslu eftir þeim ákvæðum sem eru í 5. gr. laga um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, nr. 63/1985.

b. (129. gr.)

Þrátt fyrir ákvæði 128. gr. skal fé til endurgreiðslu húsbréfa eftir hlutkesti, sbr. 25. gr. laga þessara, ekki skerðast og húsnæðismálastjórn gætir þess í fjárstreymi húsbréfadeildar."

Í 2. gr. frv. er lagt til að setja ákvæði til bráðabirgða sem heimili húsnæðismálastjórn að veita greiðslufrest til einstaklinga sem eru í vanskilum sem safnast hafa upp fyrir gildistöku frv. ef að lögum verður, ef ástæður eiga við að öðru leyti, eins og tilgreint var á undan.

Í II. kafla frv. er lögð til breyting á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga til þess að árétta að sá jöfnunarreikningur, sem frestunarfjárhæð á að færast á, sé sá sami og tilgreindur er í lögunum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána þannig að ekki sé ástæða til að hafa tvo jöfnunarreikninga í gangi, annan vegna laga um greiðslujöfnun fasteignaveðlána og hinn vegna áhrifa af þessu frv., heldur er lagt til í 3. gr. frv. að hér verði um sama jöfnunarreikninginn að ræða og með greiðslum út af þeim jöfnunarreikningi fari eftir sömu ákvæðum og gilda um í lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána.

Í III. kafla frv. er gildistökuákvæði, en lagt er til að lög þessi öðlist þegar gildi.

Það er að mínu viti ekki mögulegt að leggja til í lagafrv. skuldbindingar á herðar annarra lánastofnana en þeirra sem ríkið á eða hefur yfirráð yfir eins og Húsnæðisstofnun ríkisins, en gert er ráð fyrir því að verði þetta frv. að lögum þá mundu stjórnvöld beina þeim tilmælum til lífeyrissjóða, banka og annarra lánasjóða að taka með svipuðum hætti tillit til þessara aðstæðna fólks og þannig verði leitast við að tryggja að atvinnulausir geti búið við sæmilegt öryggi hvað varðar íbúðarhúsnæði.

Í núgildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins eru afar fátækleg ákvæði sem heimila frestun á greiðslu afborgana lána. Í 82. gr. er heimild til að fresta greiðslum á lánum í Byggingarsjóði verkamanna ef greiðslu-

byrði afborgana, vaxta og verðbóta fer yfir tiltekið hlutfall af heildartekjum greiðenda. En þessi heimild gefur aðeins rétt til að draga greiðslu og á meðan sá frestur er fyrir hendi eru reiknaðir dráttarvextir á skuldina þar til greiðsla berst.

Önnur heimild er varðandi svokölluð sérþarfalán sem gildir fyrir 70 ára eða eldri og fatlaða og veitir heimild til að fresta afborgunum um óákveðinn tíma ef fjárhag lánþega er þannig varið að sýnt þykir að hann fái ekki staðið undir afborgunum. En þetta á aðeins við um þau lán sem veitt voru skv. 5. tölul. 11. gr., svonefnd sérþarfalán. Frekari heimildir eru ekki fyrir hendi í núgildandi lögum og t.d. eru engar heimildir til þess að heimila frest á greiðslum af fasteignaveðlánum vegna húsnæðiskaupa sem menn hafa fengið í húsbréfadeild. Þar ber stofnuninni að innheimta greiðslur án tillits til aðstæðna greiðenda. Með þessu frv. yrði opnuð heimild til þess að veita frest á afborgunum af þessum lánum einnig. Gert er ráð fyrir því, eins og fram hefur komið, að fyrirkomulagið verði þannig að umsækjendur eða fólk, sem telur sig eiga rétt á frestun á greiðslum, sæki um þann frest til húsnæðismálastjórnar sem tekur afstöðu til hverrar umsóknar í ljósi aðstæðna hvers og eins. Með umsókninni verða að fylgja mjög ítarlegar upplýsingar um fjárhagslega stöðu, tekjur, eignir, skuldir og annað sem máli skiptir þannig að tryggt verði að ekki sé verið að veita heimildir til frestunar að ástæðulausu.

Þetta er almenn lýsing á tilgangi frv. og að öðru leyti tel ég ekki þörf á að rekja efnisatriði þess frekar. Þau eru þegar fram komin í meginatriðum en ég vísa til athugasemda við einstakar greinar frv. sem fylgir með frv.

Mönnum til glöggvunar má geta þess að úr húsbréfadeild var fyrir skömmu búið að afgreiða tæplega 9.300 lán og úr Byggingarsjóði ríkisins var búið að veita um 110.000 lán og Byggingarsjóði verkamanna um 7.250 lán, þannig að það eru býsna mörg lán sem hafa verið veitt í gegnum tíðina og frv. mundi ná til. En á hinn bóginn eru vanskil miðað við 30. apríl sl. mjög lítil þannig að ég tel í sjálfu sér ekki ástæðu til að ætla að hlutfall þeirra sem mundu sækja um frestun verði hærra en nemur atvinnuleysishlutfalli í þjóðfélaginu. Ég tel að frv. sé þannig úr garði gert að hér verði ekki um stórkostlegar fjárhæðir að ræða þó auðvitað sé það háð atvinnuleysi en þær verði í réttu hlutfalli við það á hverjum tíma.

Ég legg til, virðulegi forseti, að lokinni þessari umræðu verði frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í örfáum orðum lýsa stuðningi mínum við það frv. sem hér er lagt fram. Það er einu sinni svo að það er ekki bara í atvinnulífinu sem við stöndum frammi fyrir því núna að þurfa að skuldbreyta. Það er ekki síður í fjármálum einstaklinga sem verða illa fyrir barðinu á stórauknu atvinnuleysi. Þetta er nýtt í sögu okkar Íslendinga núna á seinni áratugum. Nánast allir þeir sem hafa ráðist í meiri háttar fjárfestingar í húsnæðismálum hafa getað gengið að því vísu að þeir hefðu trygga vinnu og getað aflað tekna til þess að standa undir sínum fjárskuldbindingum.

Það atvinnuleysi sem hér hefur verið á umliðnum árum hefur fyrst og fremst verið bundið ákveðnum félagslegum aðstæðum auk þess að vera tímabundið atvinnuleysi, sérstaklega þar sem menn hafa stundað sjómennsku og fiskvinnslu. Það hafa menn oft og tíðum og oftast nær getað unnið upp með meiri tekjum þess á milli. Þetta er því að mínu mati mjög brýnt og snertir þá einstaklinga sem að málinu koma mest, en ég vil benda á annan þátt í málinu. Þetta snertir einnig hið íslenska fjármálakerfi. Það hlýtur að vera mjög mikilvægt fyrir fjármálakerfi að allir þeir sem vilja og telja sig til lengri tíma litið geta staðið við sínar fjárskuldbindingar séu aðstoðaðir við það og aðstoðaðir við að komast yfir tímabundna erfiðleika.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtaka ríkisstofnana, fyrri umr.

Þáltill. JÁ, 158. mál. — Þskj. 180.

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Virðulegur forseti. Ég flyt hér till. til þál. um aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana.

Markmið endurskoðunarinnar verði að gera skýran greinarmun á skattheimtu og gjaldtöku fyrir veitta þjónustu sem hið opinbera ákveður að innheimta. Skal við það miðað að þjónustugjöld, sem eru innheimt vegna tiltekinnar þjónustu, skuli vera metin sem hlutdeild í þeim kostnaði sem af þjónustunni hlýst eða hluti þess kostnaðar, en aldrei hærri.

Ákveði hið opinbera að skattleggja tiltekna þjónustu skal koma skýrt fram við innheimtu hve hár skatturinn er, við hvaða stjórnvaldsákvarðanir er stuðst og hvernig útreikningi er háttað."

Tillögunni fylgir eftirfarandi greinargerð:

„Tillaga þessi var flutt á 115. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu úr nefnd og er því endurflutt.

Margvísleg gjaldtaka er viðhöfð í stofnunum ríkisins, t.d. fyrir vottorð, leyfi, skírteini, þinglýsingar og stimpilgjöld, svo og þjónustugjöld stofnana af ýmsu tagi. Mjög mikilvægt er að opinberir aðilar innheimti aldrei óeðlilega há gjöld fyrir veitta þjónustu. Gjöld, sem innheimt eru vegna tiltekinnar þjónustu, skulu þess vegna vera metin sem hlutdeild í henni eða hluti þess kostnaðar, en aldrei hærri.

Ýmis gjöld, sem hér er vísað til, eru það há að þau geta ekki verið eðlilegt endurgjald fyrir þjónustu og verður því að líta svo á að um skattlagningu sé að ræða. Full ástæða er til að meta að nýju hvort eðlilegt sé að ríkið noti sér ýmis þessara gjalda til sérstakrar

tekjuöflunar. Það að taka háar fjárhæðir í ríkissjóð í stimpilgjöld eða fyrir skírteini, leyfi eða þjónustu án tillits til efnahags eða ástæðna þeirra er í hlut eiga er brot á þeim réttlætisviðhorfum sem ríkja skulu við ákvörðun skattstofns.

Það kemur mörgum undarlega fyrir sjónir að hið opinbera skuli á tíðum innheimta gjöld af ýmsu tagi sem augljóslega eru óeðlilega há miðað við þá þjónustu sem veitt er. Þegar aftur á móti kemur að samningum um kaup og kjör eða önnur viðskipti milli almennra borgara landsins þykir sú regla sjálfsögð að full þjónusta sé veitt fyrir endurgjaldið og full rök séu færð fyrir þeim kröfum sem gerðar eru. Þá er einnig í ljósi þeirrar stefnu núverandi stjórnvalda að innheimta þjónustugjöld af ýmsu tagi í miklu meira mæli en áður ástæða til að gera aðgengilegar upplýsingar um hve stóran hlut menn greiða í þeirri þjónustu sem veitt er af hinu opinbera í hverju einstöku tilviki.

Almenn viðhorf til viðskipta milli aðila og nauðsyn á rökstuddri réttlætingu á gerðum hins opinbera kallar á aðgerðir í þessu efni."

Eins og mönnum er kunnugt eru í núv. ríkisstjórn miklir áhugamenn um þjónustugjöld og þess vegna er ekki síst ástæða til að huga að þessum málum. Nú held ég því ekki fram að ekki sé hægt að rökstyðja að kostnaður sé á bak við þau þjónustugjöld sem ríkisstjórnin hefur verið að ákveða í flestum tilvikum þó að maður geti út af fyrir sig verið ósammála um að það eigi að innheimta þau. Ég vil þó benda á að í frv. til laga um aukatekjur ríkissjóðs frá því í fyrrahaust kemur eftirfarandi fram í greinargerð, með leyfi forseta:

„Varðandi hækkanir á ýmsum öðrum gjöldum, þ.e. hinum eiginlegu aukatekjum, má almennt segja að þjónustustofnunum sé ætlað að verðleggja og selja þjónustu sína í auknum mæli í samræmi við tilkostnað." Verð ég að segja að þarna muni maður eiga að vera sammála ríkisstjórninni. Ef gjöld eru innheimt eiga þau að vera í samræmi við tilkostnað, alla vega ekki hærri en það sem til er lagt.

Mig langar að benda á örfá dæmi um gjöld sem ég tel mjög vafasamt að endurspegli þann kostnað sem ríkið hefur af viðkomandi þjónustu. T.d. er í lögunum um aukatekjur ríkissjóðs sem voru samþykkt á síðasta vetri gert ráð fyrir eftirfarandi gjöldum:

Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti kostar 75 þús. kr. Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi kostar 50 þús. kr. Hver munurinn er á þjónustu ríkisins í þessum tveimur tilfellum veit ég ekki. T.d. er talað um löggilding manns um ævitíð, þ.e. dómtúlkar, skjalaþýðendur og endurskoðendur, sem kostar 25 þús. kr. en löggilding manns um óákveðinn tíma kostar 5 þús. kr. Ég veit ekki hver munurinn er á þjónustu ríkisins í þessum tveimur tilfellum.

Svona mætti lengi telja og í sjálfu sér snýst þessi þáltill. um afmarkað málefni. Ég er hér að ræða um önnur atriði líka sem snúa að ríkinu og hef haft það í huga að ástæða væri til þess líka að leggja fram frv. um breytingu á lögunum um stimpilgjöld t.d. sem eru eitt af því hróplegasta sem maður sér í innheimtu ríkisins. Þar eru innheimtar stórar upphæðir af fólki fyrir það eitt að það skuli þurfa að fá stimpil á viðkomandi fógetaskrifstofu á lánum sínum. Annað er ekki af hendi reitt á fógetaskrifstofunum vegna þessarar þjónustu. Ég dreg það inn í umræðuna vegna þess að ég tel að það eigi að stuðla að því að ríkið sé til fyrirmyndar í viðskiptum. Ríkið sé ævinlega til fyrirmyndar í viðskiptum þegar um er að ræða innheimtu á gjöldum eða selda þjónustu.

Það eru áreiðanlega fáir í þessu þjóðfélagi sem hafa ekki einhvern tíma hrokkið við vegna innheimtu ríkisins, vegna þess að ríkið hefur í mörgum tilfellum ákveðið að taka ríflega til sín í einhverjum sérstökum tilfellum. Við skulum segja þegar einhver þarf á því að halda að fá einhvers konar leyfi eða láta þinglýsa skjölum. Alls konar gjaldskrár sem ákveðnar eru af stofnunum ríkisins eru ekki í samræmi við þann tilkostnað sem á bak við stendur. Ég vil t.d minna á umræðu sem varð í fyrra þegar Löggildingarstofan hækkaði verulega sína þjónustu þannig að dæmi voru kostnaður fyrir þjónusta hækkaði milli ára á einu viðkomandi fyrirtæki um 257%.

Síðasta vetur þegar ég lagði fram þetta mál nefndi ég dæmi um hvað það kostar t.d. að láta fylla út fyrir sig á fógetaskrifstofu einfalda tollskýrslu sem tekur 2–3 mínútur að útfylla. Það kostar samkvæmt gjaldskrá 1.020 kr. og eyðublaðið 50. Þetta viðvik að útfylla litla tollskýrslu vegna smápakkasendingar frá útlöndum kostar 1.070 kr. Hér er ekki um að ræða stórt atriði en það sýnir að ýmislegt mætti hugsa betur í þessari innheimtu.

Ég vil minna á umræðu sem varð hér um Bifreiðaskoðun Íslands og hennar gjaldskrá. Þar var sérstaklega til umræðu hvað númeraspjöld á bifreiðar kosta. Þau eru framleidd fyrir nokkur hundruð kr. hvert stykki en seld á eitthvað milli 4 og 5 þús. kr. Þar er hreint út sagt á ferðinni okur á viðkomandi viðskiptavinum.

Það mætti eins og ég sagði áðan mjög lengi telja. Þetta mál snýst fyrst og fremst um viðskiptasiðferði og um það að ríkið taki til endurskoðunar gamlar ákvarðanir sem byggðust á allt öðrum forsendum en eru í dag. Svo ég snúi aftur að lögunum um stimpilgjöld t.d. voru þau sett áður en verðbólgan fór niður, áður en menn fóru að verðtryggja fjárskuldbindingar. Þau voru sett á meðan menn trúðu því að það væri sérstakt lán að fá lán í bönkum og að menn ættu að gjalda fyrir það skatt. Í dag er það ekki lengur þannig að menn borgi ekki til baka sínar skuldir ef þeir hafa efni á því og þess vegna er það auðvitað fáránlegt að skattleggja þá einstaklinga sem af einhverjum ástæðum þurfa á fjármunum að halda að láni.

Því er ekki að neita að ég tel mjög ríka ástæða til að skoða þessi mál núna vegna þess að núv. ríkisstjórn ætlar sér að auka innheimtu þjónustugjalda sem svo eru kölluð. Þá held ég að mjög mikilvægt sé að það verði gert með eðlilegum hætti og menn fái reikning eins og þeir ætlast til að fá hjá öðrum aðilum í þjóðfélaginu og það sé sundurliðað hver þessi þjónusta er og hve stóran hluta viðkomandi einstaklingur er að borga. Þetta finnst mér að þurfi allt saman að vera

á hreinu og ég endurtek að lokum að ríkið á að vera til fyrirmyndar í viðskiptum og það á ævinlega að sýna skýrt og greinilega hvað stendur á bak við þá innheimtu sem um er að ræða.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir efni þessarar till. Eins og þingmenn eflaust minnast var samþykkt á síðasta þingi lagafrv. um aukatekjur ríkissjóðs og stóðu allir þingflokkar í hv. efh.- og viðskn. að samþykkt frv. Eftir á kom í ljós að við hefðum mátt skoða betur hvað þar var á ferð. Ég vil reyndar taka það fram að ýmsar athugasemdir voru gerðar við frv. og okkur þótti gæta býsna mikils misræmis, m.a. í leyfisgjöldum til sérfræðinga og annarra sem ljúka prófum og fá sérstök leyfi hjá ráðuneytunum eða viðurkenningu á sínum réttindum.

Því verður samt ekki neitað að við samþykktum þetta frv. Síðan það gerðist hefur verið bent á ýmsa galla og m.a. hafa lögmenn skrifað greinar í blöð um þetta mál og þá einkum til að benda á hve þung þessi gjöld geta reynst ýmsum þeim sem þurfa að leita til dómstóla eða fá einhverja gjörninga af hálfu hins opinbera. Ég minnist þess að þessi ákveðni lögmaður sem ég hef í huga varpaði fram þeirri spurningu hvort það samræmdist réttarríkinu og því að vilja virða lög og rétt að leggja stein í götu fólks með gjöldum af þessu tagi. Því er ekki að leyna að hér getur verið um býsna há gjöld að ræða. Því vil ég lýsa hér þeirri skoðun minni að þörf sé á því að endurskoða þessi lög og þá ekki síst, eins tekið er fram í tillögunni, að gjöldin séu í einhverju samræmi við þá þjónustu sem verið er að veita en ekki föst tala. Ég tel t.d. mjög óeðlilegt að menn þurfi að borga háar upphæðir fyrir það að fá að vinna sem sérfræðingar í sínu fagi hér á landi og hefði gaman af að vita hvernig þessi lög koma heim og saman við hið Evrópska efnahagssvæði, hvort hér er ekki enn eitt atriðið sem þarf að endurskoða.

En í þessari umræðu eins og hinum fyrri sem átt hafa sér stað í dag kemur í ljós hversu nauðsynlegt hefði verið að dómsmrh. eða staðgengill hans hefði verið viðstaddur. Ég get ekki annað en endurtekið það enn einu sinni, eins og menn hafa gert í dag, að það er í raun og veru hálfankannalegt að ræða hér hvert málið á fætur öðru þar sem maður hefði gjarnan viljað leggja spurningar fyrir viðkomandi ráðherra að standa þá frammi fyrir því að þeir eru hvergi nærri. Hér hefði t.d. verið kjörið tækifæri til að spyrja hæstv. dómsmrh. um afstöðu hans til þessarar tillögu eða hvort endurskoðun á lögunum sé í bígerð. En eins og ég hef nefnt er hann hér hvergi nærri. Mér finnst þetta í rauninni algjörlega óviðunandi og við þingmenn hljótum að verða að taka á þessu með einhverjum hætti. Það er algjörlega tilgangslaust að vera að mæla hér fyrir hverju málinu á fætur öðru, menn vilja gjarnan fá ýmsar upplýsingar í umræðunni en þess er ekki nokkur kostur að fá þær fram.

Ég vil ítreka þetta hér, virðulegi forseti, en nefni að lokum að ég tel þessa tillögu vera mjög góðra gjalda verða. Ég reikna með að hún komi til okkar í efh.- og viðskn. og við munum að sjálfsögðu skoða þetta mál rækilega þar.

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. 18. þm. Reykv. fyrir að taka undir þetta mál. Ég tek undir kvartanir hennar yfir því að hér skuli vera fáir í salnum, ekki bara ráðherrar heldur líka þingmenn. Það er til siðs að skamma ráðherra fyrir að vera ekki hérna og því meira sem færri eru í salnum og mest þegar enginn er, en það eru ekki margir þingmenn staddir hérna heldur. Ég ætla ekki að gefa töluna upp. En það er út af fyrir sig rétt að það hefði verið upplýsandi fyrir okkur þingmenn að fá að vita hvort hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að breyta eitthvað sínum venjum eða þeim venjum sem hafa viðgengist í sambandi við þjónustugjöldin og hvort hún er kannski með athugun í gangi á því að breyta lögunum um aukatekjur ríkissjóðs. Ég vona sannarlega að það verði gert og ég trúi ekki öðru. Þessi ríkisstjórn trúir svo mikið á þjónustugjöldin að ég trúi ekki öðru en hún vilji þó a.m.k. gera það sem hægt er til þess að þau verði framkvæmd með sem eðlilegustum hætti þannig að fólkið í landinu viti nokkuð nákvæmlega fyrir hvað það er að borga þegar það greiðir þjónustugjöld á sjúkrahúsum eða í skólum eða hvar sem er.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu neitt meira en ég gleymdi því áðan að óska eftir því að þessi till. fari til umfjöllunar í efh.- og viðskn. og lýk þar með máli mínu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tengsl ferðaþjónustu við íslenska sögu, fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 160. mál. — Þskj. 182.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Áður en flm. tekur til máls vill forseti geta þess að hæstv. menntmrh., sem flm. spurði eftir hér fyrr á fundinum, hefur fjarvistarleyfi í dag sem ég hafði eigi gætt þegar ég lét kanna hvort það væri mögulegt að hann gæti verið hér við.

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætla að láta mig hafa það að mæla fyrir þessari till. þrátt fyrir bæði ráðherraleysi og þingmannaleysi hér.

Ég mæli fyrir þáltill. á þskj. 182, en flm. ásamt mér eru Kristín Einarsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Anna Ólafsdóttir Björnsson. Tillgr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sagnfræðinga, fornleifafræðinga, þjóðháttafræðinga, íslenskufræðinga og fólks úr ferðaþjónustu til að setja fram hugmyndir og tillögur um það hvernig nýta megi sögu þjóðarinnar, sögustaði, þjóðhætti, verk-

menningu og bókmenntir til að efla og bæta ferðaþjónustu hér innan lands."

Í grg. með tillögunni segir, með leyfi forseta:

„Ferðamannaþjónusta er vaxandi atvinnugrein á Íslandi og er oft á hana bent sem einn helsta vaxtarbrodd atvinnulífsins. Það sem af er þessu ári hafa um 126 þúsund erlendir ferðamenn komið til landsins. Landsmenn sjálfir ferðast auðvitað mikið um landið, jafnt í byggðum sem óbyggðum.

Undanfarna áratugi hefur náttúra Íslands ráðið ríkjum við kynningu á landinu og áherslan þá einkum verið á óbyggðir landsins. Að dómi flutningsmanna hefur landið og þjóðin margt fleira upp á að bjóða, bæði tengt fortíð og nútíð, en þeir möguleikar eru enn að mestu ónýttir. Þannig mætti skapa nýja ferðamannastaði og jafna strauminn um landið.

Íslendingar eiga merka sögu. Hér varð til sérstakt samfélag í kjölfar víkingaferða á miðöldum sem fæddi af sér heimsbókmenntir sem ekki eiga sinn líka í veröldinni. Þessar bókmenntir, svo og tungumálið, má nýta í ferðaþjónustu í mun ríkara mæli en gert er, með sumarnámskeiðum, ferðum á söguslóðir o.s.frv. Hér á landi er t.d. ekki til neitt víkingasafn eða safn sem gerir sér verulegan mat úr sögu þjóðarinnar. Flest söfn landsins, þótt merkileg séu, eru afar gamaldags og þarfnast endurskipulagningar og aukinnar kynningarstarfsemi svo að þau geti gefið þá mynd af sögu og verkmenningu þjóðarinnar sem þeim er ætlað.

Margir helstu sögustaðir þjóðarinnar hafa ekki upp á neitt að bjóða sem tengist sögunni, ekki svo mikið sem reglubundna leiðsögn um staðinn. Má þar t.d. nefna Skálholt og Hóla í Hjaltadal, en þar væri tilvalið að hefja uppgröft bæjarhúsanna og væri það margra ára verk sem eflaust drægi til sín fjölda ferðamanna. Á gömlu biskupsstólunum mætti hafa stöðuga kynningu á biskupasögunum, umræður um trúmál og kirkju o.fl. Staðir, sem koma við sögu í Sturlungu, gefa kost á ferðum og sviðsetningu þeirra miklu atburða, t.d. í leikformi. Í Reykholti ætti að vera stöðug kynning á verkum Snorra Sturlusonar og bókmenntanámskeið í norrænum fornbókmenntum.

Sjávarútvegur að fornu og nýju, fjörurnar og nýting þeirra, mataræði Íslendinga gegnum aldirnar, gömul verkmenning, heimsókn á sveitabæi, kynning á íslenskum húsdýrum og búskap, minjagripagerð, þjóðsagnaheimur okkar o.fl. Hugmyndirnar eru óþrjótandi og möguleikarnir margir en þeim þarf að safna saman, setja í forgangsröð og gera áætlun um uppbyggingu ferðaþjónustu sem tekur mið af sögu landsins.

Með þessari tillögu er lagt til að þeir sem gerst þekkja sögu þjóðarinnar, sögustaði, verkmenningu, fornleifar og þjóðhætti verði kallaðir til að setja fram hugmyndir í samráði við fólk úr ferðaþjónustunni. Hugmyndirnar mætti síðan nýta til að auka og bæta þjónustu við ferðamenn.

Hér er ekki fyrst og fremst um það að ræða að nýta söguna og okkar fornu bókmenntir til að kynna fyrir útlendingum, heldur ekki síður að saga okkar, sögustaðir og menning verði Íslendingum aðgengileg á margvíslegan hátt."

Virðulegi forseti. Þessi tillaga var lögð fram á síðasta þingi en komst ekki einu sinni til umræðu vegna þess hve illa gekk að koma málum þingmanna að. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá, mest þó í eina átt, til vaxandi erfiðleika í okkar þjóðarbúskap. Það veitir því ekki af að leita allra leiða til atvinnusköpunar, ekki síst til kosta sem gagnast konum en eins og þingheimur veit er atvinnuleysi meðal kvenna meira en meðal karla. Og atvinnu- og framtíðarhorfur kvenna, einkum á landsbyggðinni, eru langt frá því að vera bjartar. Það er því brýnt bæði að grípa til aðgerða sem skapa vinnu strax, jafnvel atvinnubótavinnu, en ekki síður að horfa til framtíðar og undirbúa vel tillögur sem skapa varanlega vinnu og treysta byggð þar sem möguleikar gefast á ferðaþjónustu af ýmsu tagi.

Þeir sem ferðast um lönd og álfur taka eftir því hve ferðaþjónusta er víða háþróuð atvinnugrein. Má þar t.d. nefna Ítalíu, Þýskaland, Ungverjaland og Austurríki. Þessi lönd hafa upp á margt að bjóða og hefur tekist að flétta saman skoðun á náttúru, kynningu á menningu og þjóðháttum ásamt því að bjóða hundruðum þúsunda ferðamanna upp á hvíld og afþreyingu.

Að mínum dómi eigum við Íslendingar mikið verk óunnið í ferðaþjónustu en búum yfir miklum möguleikum. Þeir felast í því að við áttum okkur á hvað við eigum, ekki einungis í náttúru landsins heldur einnig hvað hægt er að byggja upp í kringum þá náttúru, svo sem heilsulindir, heilsurækt og útivist. Síðast en ekki síst felast miklir möguleikar, oft tengdir náttúrunni og umhverfinu, í sögu okkar og menningu eins og ég hef hér rakið.

Íslendingum er eiginlegt að drífa í hlutunum, oft fremur af kappi en forsjá. En hér er um það að ræða að setjast niður, safna saman hugmyndum og setja upp forgangsröð verkefna sem síðan yrði unnið eftir svo sem fjármagn og kraftar leyfa.

Sú tillaga sem ég mæli hér fyrir snertir allt landið og gæti orðið til þess að skapa mörg störf í framtíðinni. Fátt er okkur brýnna nú en að vinna að atvinnusköpun í landinu svo sem ég hef hér áður nefnt. Ekki síst þarf að tryggja því unga fólki sem koma mun út á vinnumarkaðinn á næstu árum vinnu, svo og þeim sem nú ganga um atvinnulausir. Ferðaþjónusta er möguleiki sem þarf að gefa mun meiri gaum en hingað til og þar er afar brýnt að fara skipulega og varlega því við erum þar einkum að fást við viðkvæma náttúru lands okkar.

Það er og í og með tilgangur þessarar tillögu að draga ferðamenn niður í byggð í ríkara mæli en nú er gert, en til þess að það megi verða þarf að bjóða upp á fjölbreytta þjónustu sem felur í sér skemmtun, fræðslu, upplifun og kynningu á því merkasta sem íslenskt samfélag hefur upp á að bjóða og tengist fortíð, nútíð og framtíð.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að till. verði vísað til hv. menntmn. þar sem ég tel að hér sé ekki síst um menningarmál að ræða.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er verið að hreyfa við góðu máli.

Með samþykkt þessarar þáltill. værum við Íslendingar vissulega að feta í fótspor þjóða sem hafa hagnýtt sér sögu sína til þess að ná fleiri ferðamönnum inn á sitt markaðssvæði og ég er sannfærður um að það er rétt hjá hv. 1. flm. að þetta er atvinnuskapandi tillaga. Ég tel að reynsla Breta í Yorkshire í Bretlandi þar sem þeir hafa sett á svið lifnaðarhætti norrænna manna, þ.e. víkinga, sé ólygið dæmi um það hvílíkt aðdráttarafl svona starfsemi getur haft ef rétt er að málum staðið.

Ég hallast að því að það sé einnig eðlilegt að leikarar komi að þessu verki því að sums staðar háttar svo til að fyrst og fremst má gera ráð fyrir því að það verði leikarar sem skipuleggi sögusýningar, t.d. á Þingvöllum sem er nú ein af þeim perlum sem við eigum og sú sem mest aðdráttaraflið hefur.

Ég get vissulega tekið undir það að Skálholt og Hólar eiga sína merku sögu en ég ætla að varpa því fram hér sem ég hef áður sagt að ekkert mundi vekja meiri athygli varðandi trúarbrögð heldur en það ef Íslendingar byggðu nú upp eitt hof að fornum sið. Ég held að það sé ástæðulaust að líta svo á að menn séu að ganga af kristinni trú þó að það yrði gert. Það yrði hluti af okkar menningararfi sem verið væri að kynna með þeim hætti og að mínu viti tengist það á margan hátt þeim atburði íslenskum sem ég er sannfærður um að á eftir að verða meira og meira í umræðunni og það er þegar Eiríkur rauði safnaði liði og hélt til Grænlands. Það er nefnilega svo að heiðið hof — þar sem menn gætu áttað sig á einhvern hátt á því hvað það var sem menn vildu verja og halda í og hvað það var m.a. sem e.t.v. hefur ýtt á þann höfðingja Vesturlands að halda til Grænlands, hann trúði því m.a. að þar yrði frekar friður til að halda trú sinni.

En hugmyndin sem hér er hreyft er sett fram í því skyni að öðrum en þingmönnum verði falið að útfæra hana þannig að ég ætla ekki að hætta mér of langt út á þann hála ís. En ég vil þakka flutningsmönnum fyrir að varpa þessari hugmynd hér inn í þingið og vona að þetta mál hljóti jákvæða afgreiðslu á Alþingi í vetur.

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 2. þm. Vestf. fyrir hans orð hér og ég held að þau hafi einmitt sýnt að það sem ég held að muni gerast í þessari nefnd er að kvikna munu ótal hugmyndir um það hvað hægt er að gera til þess að draga fram sérkenni íslenskrar sögu og íslenskrar menningar. Vandinn er bara sá varðandi þessa hugmynd um hofið að mönnum kemur ekki saman um það hvernig þau litu út eða hvers konar starfsemi fór þar fram. Okkur skortir mjög heimildir um það. En það er kannski hægt að öngla einhverju saman af því sem menn vita. Það eru til lýsingar útlendinga sem komu til Norðurlanda. Mönnum þykja þær heldur ótrúlegar því að þær voru ansi blóðugar og ýktar að því er menn telja. En það er alveg ljóst að það er ýmislegt hægt að gera og ég þakka fyrir þessa ábendingu með leikarana. Það held ég að væri mjög til bóta að þeir kæmu inn í slíkan hóp.

Ég vil undirstrika megintilganginn með þessari tillögu sem er annars vegar að skapa atvinnu en hins vegar að draga það fram að hér verður ekki til nein ferðaþjónusta sem verulega öflug atvinnugrein ef það er ekki eitthvað sem dregur fólk til sín, ef fólk kemur ekki til þess að skoða eitthvað. Við getum ekki endalaust gert út á fjöll og firnindi. Við eigum að nýta þessi miklu og merku sérkenni sem við höfum. Við eigum heimsbókmenntir sem enginn annar á. Þeir sem fylgst hafa með útvarpi og auglýsingum undanfarnar vikur hafa kannski orðið varir við það að hér eru í gangi stöðug námskeið í fornbókmenntum, Ríkisútvarpið flytur þætti á hverjum einasta virkum degi þar sem lesið er úr fornbókmenntum, aldrað fólk í Reykjavík er með kynningar á okkar gömlu bókmenntum þannig að það er greinilega mjög vaxandi áhugi á miðaldabókmenntum og þetta eigum við að nýta okkur til tekjuöflunar og til atvinnusköpunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjómannalög, 1. umr.

Frv. GHall, 164. mál (uppsagnarfrestur). — Þskj. 189.

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér frv. til laga um breytingu á sjómannalögum, nr. 35/1985. Þar er lagt til í 1. gr. að fyrri málsgrein 9. gr. laganna orðist svo:

„Sé eigi á annan veg samið skal uppsagnarfrestur á skiprúmssamningi vera einn mánuður. Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur.“

Í greinargerð með frv. segir m.a. svo:

„Allítarleg ákvæði um réttarstöðu sjómanna voru í fyrstu almennu siglingalögunum, nr. 63/1913. Þó voru ákvæði um uppsagnarfrest á einn veg, þ.e. alfarið í höndum skipstjóra. Árið 1930 voru ákvæði um kjör skipshafnar og skipstjóra numin úr siglingalögum, þau endurskoðuð og sett í sérstök sjómannalög, nr. 41/1930. Með þeim lögum var fyrst getið um tiltekinn uppsagnarfrest sjómanna. Með lögum nr. 67/1963 er uppsagnarfresti yfirmanna á öllum íslenskum skipum og undirmanna á kaupskipum verulega breytt, en á fiskiskipum er hann aðeins sjö dagar. Með breytingum, sem átt hafa sér stað á vinnumarkaði á réttarstöðu verkafólks og uppsagnarfresti, svo og þeirri breytingu sem orðin er með tilkomu aflaheimilda á fiskiskip, er það með öllu óviðunandi fyrir eina starfsstétt hér á landi, þ.e. undirmenn á fiskiskipum, að búa við sjö daga uppsagnarfrest eins og núverandi lög kveða á um.

Í ákvæðum siglingalaga, nr. 63 22. nóv. 1913, sagði svo í 30. gr.: „Skipstjóri ræður skipverja og segir þeim upp. Engan má hann ráða þann er hann veit að er ráðinn annars staðar.“ Í 87. gr. kemur fram að skipstjóri geti ráðið skipverja til tiltekinnar ferðar eða í tiltekinn tíma.

Í sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930, er uppsagnarfrestur tiltekinn og þá mismunandi eftir því hvort um

er að ræða stýrimann og vélstjóra eða aðra í áhöfn. 2. mgr. 13. gr. hljóðaði svo: „Uppsagnarfrestur á skiprúmssamningi stýrimanna og vélstjóra skal vera einn mánuður, ef ekki er öðruvísi samið, en sjö dagar á öðrum skiprúmssamningum, nema á íslenskum fiskiskipum einn dagur."

Þessi ákvæði sjómannalaga voru í gildi þar til ný sjómannalög voru sett, nr. 67 31. des. 1963. Þá var ákvæðum 2. mgr. 13. gr. um uppsagnarfrest breytt verulega og voru þau þannig: „Ef ekki er öðruvísi samið, skal uppsagnarfrestur vera þrír mánuðir á skiprúmssamningum stýrimanna, vélstjóra, bryta og loftskeytamanna, en einn mánuður á öðrum skiprúmssamningum, nema á íslenskum fiskiskipum sjö dagar." Með þessari lagasetningu var uppsagnarákvæðum yfirmanna á kaupskipum breytt, þ.e. úr einum mánuði í þrjá mánuði, hjá öðrum skipverjum úr sjö dögum í einn mánuð. Á fiskiskipum urðu sömu breytingar hjá yfirmönnum, þ.e. úr einum mánuði í þrjá mánuði, en hjá öðrum skipverjum úr einum degi í sjö daga.

Við endurskoðun sjómannalaga, sem fram fór síðari hluta árs 1984 og fyrri hluta árs 1985, urðu nokkrar umræður um þann mismun á uppsagnarákvæðum íslenskra sjómanna sem fram kom í sjómannalögunum frá 1963, einkum þá um mismun skipverja (annarra en yfirmanna) á kaupskipum og fiskiskipum. Við þær aðstæður, er þá voru varðandi fiskveiðar, töldu samtök sjómanna ekki ástæðu til breytinga á uppsagnarákvæðum fiskimanna og var 1. mgr. 9. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, m.a. þess vegna ekki breytt. Eins og í upphafi greinargerðar kemur fram hafa nú allar forsendur breyst hvað varðar starfsöryggi þeirra fiskimanna sem nú þurfa lögum samkvæmt að búa við sjö daga uppsagnarfrest og er því þetta frv. til breytingar á sjómannalögum lagt fram."

Eins og fram kemur í greinargerðinni má það teljast með ólíkindum að ein starfsstétt, undirmenn á fiskiskipum, þurfa að búa við að þeirra uppsagnafrestur skuli eingöngu vera sjö dagar.

Í allri þeirri hagræðingu sem svo mjög hefur verið talað um varðandi þær aflaheimildir sem settar hafa verið á íslenska fiskiskipaflotann og ekki hvað síst talað um hagræðingu er varðar útgerð skipa er það með sambærilegum hætti mjög nauðsynlegt að sjómenn búi við eitthvert ákveðið starfsöryggi, þ.e. að uppsagnarfrestur þeirra á fiskiskipum verði ekki lakari en á íslenskum kaupskipum.

Að öðru leyti skýra þessar breytingar sig sjálfar. Ég ítreka og legg áherslu á að það er með öllu óviðunandi fyrir þessa stétt sjómanna að búa við ein lökustu kjör sem fyrir finnast hér á landi hvað áhrærir uppsagnarfrestinn. Þegar ég fór að hugleiða hvert skyldi vísa þessu máli má segja að þetta falli undir atvinnumál og er umhugsunarefni hvort ekki sé rétt að vísa þessu máli til félmn. en það legg ég í hendur forseta og legg til að málinu verði vísað til 2. umr.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil þakka hv. flm. fyrir það að flytja þetta mál inn á Alþingi. Ég tel að hann hreyfi þarna mikilvægu réttindamáli sem er ekki vansalaust fyrir okkur að skuli vera í pottinn búið og eins það hefur verið lengi og er enn í dag. Ég tel að það hljóti að vera hægt að finna leið til þess að sjómenn eins og aðrar stéttir þjóðfélagins fái að njóta þess að hafa svigrúm til að finna sér aðra vinnu þegar þeim er sagt upp. Ég tel að útgerðarháttum í landinu sé ekki þannig komið að menn hugsi nú ekki meira en mánuð fram í tímann þegar þeir eru að gera út og þess vegna þurfi þeir hvort sem er að velta því fyrir sér hvort þeir verði með menn í vinnu innan þess tíma sem venjulegur uppsagnarfrestur er eða sá lágmarksfrestur a.m.k. sem er í gildi hjá flestum atvinnustéttum.

Þess vegna tel ég tíma kominn til að breyta þessu og er ekkert hræddur um að útgerðarmenn í landinu verði neitt í meiri vandræðum en aðrir atvinnurekendur voru þegar þeir stóðu allt í einu frammi fyrir því að það væri ekki nóg að segja mönnum: Komdu á morgun, góði, eða eitthvað slíkt eins og áður var. Nú er það liðin tíð hjá flestum atvinnustéttum að þannig hagi til að hægt sé að kalla menn til vinnu og senda þá heim fyrirvaralítið. Sjómenn eru að verða einir eftir með svona lítinn rétt.

Ég þakka fyrir að þetta mál er komið í þingið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flutningur á starfsemi Landhelgisgæslunnar, fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ, 174. mál. — Þskj. 200.

Flm. (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Á þskj. 200 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um flutning á starfsemi Landhelgisgæslunnar. Tillagan er þannig:

„Alþingi ályktar að fela dómsrh. að láta athuga kosti þess að flytja höfuðstöðvar og starfsemi Landhelgisgæslunnar til Keflavíkur. Verði niðurstaða hennar jákvæð hefji ráðherra þegar undirbúning að flutningnum."

Tillagan var lögð fram á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu. Í greinargerð fyrir tillögunni er þess getið að á undanförnum vikum og mánuðum hefur orðið mikil umræða um björgunarstarf Landhelgisgæslunnar í framhaldi af samþykktum Alþingis um kaup á nýrri björgunarþyrlu. Við undirbúning ríkisstjórnar og dómsmrh. að framkvæmd þessara samþykkta er fjallað um rekstrarskipulag gæslunnar og um samstarf hennar við björgunarsveit varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

Hlutverk Landhelgisgæslunnar í björgunarstarfi við strendur landsins hefur ávallt verið mikið og mikilvægt. Með tilkomu þyrlureksturs gæslunnar hefur það vaxið og jafnframt náð til björgunar- og leitarstarfa á hálendi og í óbyggðum. Hlutverk hennar í björgunarstarfi hefur vaxið svo að það er nú einn veigamesti þátturinn í starfsemi hennar. Er því nauðsynlegt að við

athugun á rekstrarskipulagi hennar og starfsemi verði brugðið ljósi á það hvar henni verði best valinn staður til frambúðar með tilliti til björgunarstarfa hér á landi og hins mikilvæga hlutverks sem hún gegnir í þeim.

Margt mælir með staðsetningu í Keflavík og nefni ég hér enn nokkur atriði sem koma fram í greinargerð:

Höfnin Keflavík-Njarðvík er allstór og vaxandi. Í nágrenni hennar á Suðurnesjum eru fiskihafnir í öllum sveitarfélögunum sjö. Í Grindavík og Sandgerði eru stórar fiskiskipahafnir og er mikil útgerð stunduð þaðan.

Keflavíkurflugvöllur er best búni flugvöllur landsins, raunar einn af best búnu og öruggustu flugvöllum við norðanvert Atlantshaf. Nálægð hans við stóran hluta af fiskihöfnum landsins og siglingaleiðir að og frá þeim er ákjósanlegur kostur í björgunarstarfinu.

Á Keflavíkurflugvelli er starfrækt björgunarsveit varnarliðsins og hefur hún yfir mun betri tækjum að ráða en við Íslendingar. Sveitin ræður yfir fleiri björgunarþyrlum en við, en einnig ræður varnarliðið yfir einstæðri tækni til eldsneytistöku á flugi sem mun nýtast mjög vel þegar leiðir til björgunar eða leitar gerast langar. Rætt er um aukið og nánara samstarf Landhelgisgæslunnar við sveitina. Einnig kemur til álita að Íslendingar taki að sér umtalsverð verkefni í starfi björgunarsveitar varnarliðsins, t.d. í björgunar- og leitarfluginu, sem mundi auðvelda samskiptin við íslenska aðila. Þá er álitsvert að stofna ásamt varnarliðinu til alþjóðlegrar björgunarsveitar sem hafi aðsetur á Íslandi og sinni þaðan björgunar- og leitarstörfum langt út frá landi og til fjalla um landið allt.

Á Keflavíkurflugvelli rís nú þjónustumiðstöð Flugleiða við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þangað mun félagið flytja allt viðhald á flugflota sínum, svo og á þeim flota Landhelgisgæslunnar sem það annast viðhald á. Með því verður á Keflavíkurflugvelli mjög góð og öflug aðstaða til að veita flugrekstri af því tagi, sem gæslan viðhefur, alla nauðsynlega þjónustu.

Keflavíkurflugvöllur er eini alþjóðaflugvöllur landsins. Hann gegnir lykilhlutverki í samgöngum um norðanvert Atlantshaf, m.a. með starfrækslu flugstjórnarmiðstöðvar fyrir afar stór hafsvæði. Öryggismál þessara samgangna, þar með talin leitar- og björgunarstarfsemi, hljóta að hvíla á herðum Íslendinga.

Á Keflavíkurflugvelli hafa Íslendingar gegnt stóru hlutverki í öryggismálum varnarliðsins, m.a. með því að stjórna og manna slökkvilið vallarins sem mikið orð fer af. Eðlilegt framhald þessa væri vaxandi þátttaka Íslendinga í starfi að fleiri öryggisþáttum og er björgunar- og leitarstarf rökrétt framhald.

Að lokum tel ég æskilegt, virðulegi forseti, að kanna eftir föngum kosti og ókosti þess að staðsetja stjórnsýslu- eða löggæslustofnanir á borð við Landhelgisgæslu Íslands utan höfuðborgarsvæðisins og þá út frá fjárhagslegum og faglegum sjónarmiðum varðandi þá starfsemi sem í hlut á, svo og út frá sjónarmiðum byggðastefnu. Í því sambandi er sérstök ástæða til að skoða með gagnrýni mikilvægi eða nauðsyn þess að slíkar stofnanir starfi einungis á höfuðborgarsvæðinu. Ég hlýt að segja að ég tel það ekki náttúrulögmál.

Mér virðist, virðulegi forseti, að staðsetning og starfsemi stofnana af þessu tagi geti verið þáttur og eðlilegt umræðuefni þegar rædd eru atvinnumál í tilteknum landshlutum. Atvinnumál á Suðurnesjum eru sérstök. Þar er atvinnuástandið langverst á landinu öllu, atvinnuleysi margfalt miðað við það sem er að meðaltali um landið allt. Það hlýtur að vekja athygli að á Suðurnesjum er einna minnst af almennum ríkisstofnunum staðsett miðað við aðra jafnfjölmenna landshluta. Þar eru eingöngu staðsettar þær ríkisstofnanir sem þjóna sveðisbundnu hlutverki.

Ég tel það mikils um vert til að viðhalda byggð um landið, og ég hygg að fleiri munu taka undir það, að þjónustustörf og sérfræðistörf dreifist líkt og framleiðslustörfin. Þá gefur auga leið að flest hlutverk þess fólks sem eru sérfræðingar eða stundar þjónustustörf tengjast tilveru og starfsemi opinberra stofnana, þjónustustofnana eins og við köllum þær oftast.

Fyrir liggur nýleg áskorun aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum um að hugmynd þessi um flutning Landhelgisgæslunnar verði samþykkt á Alþingi. Ég vek athygli þingsins á þeirri samþykkt um leið og ég legg til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og til hv. allshn.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að mæla gegn því að þessi tillaga sem hv. 5. þm. Reykn. flytur sé samþykkt á Alþingi. Ég tel eðlilegt að athugun fari fram á staðsetningu Landhelgisgæslunnar. En ástæðan fyrir því að ég blanda mér í umræðuna er sú að það veitti ekki af því að um leið færi fram athugun á því hvert málefni Landhelgisgæslunnar stefna. Það er satt að segja alveg ótrúlegt stefnuleysi í málefnum þessarar stofnunar. Við sem sitjum í fjárln. Alþingis höfum orðið rækilega vart við það að við fjárlagagerð árið 1992 er stórfelldur niðurskurður fyrirhugaður á fjárframlögum til Landhelgisgæslunnar og sá niðurskurður heldur áfram 1993. Nú er ætlunin að taka eitt skip úr rekstri og fylgir því athugasemd þess efnis í fjárlagafrv.

Það vill svo til að fulltrúar Landhelgisgæslunnar komu á fund fjárln. í morgun og fengu þá spurningu hvernig þeir mundu mæta þessu. Það er ljóst að ef þetta skip verður tekið úr rekstri, þá verður langtímum saman aðeins eitt gæsluskip á sjó og stundum ekkert. Spurningin er: Hvernig á að mæta þessu? Hvernig ætla þeir sem stjórna þessum málum — hæstv. dómsrh. í þessu tilfelli sem er reyndar ekki staddur í landinu en einhver hlýtur að vera staðgengill hans en hæstv. ráðherrar hafa ekki séð ástæðu til að mæta við umræður um Landhelgisgæsluna og hennar mál í dag — að mæta þessu?

Ef slík athugun sem tillagan gerði ráð fyrir gæti hreyft við málefnum Landhelgisgæslunnar er ekki nema gott um það að segja. Það er svo sannarlega þörf á því að ýta við hæstv. ríkisstjórn í þessum efnum. Þó að málefni Landhelgisgæslunnar heyri undir hæstv. dómsmrh. hlýtur stefnumótun að koma til kasta ríkisstjórnarinnar sem heildar.

Fulltrúar gæslunnar fóru þess á leit að það yrði reynt að hliðra þannig til málum að hægt væri að gera út þrjú skip. Þeir lýstu sig tilbúna til þess að reyna að skera niður í öðrum þáttum til þess að það væri hægt vegna þess að þetta er mikið öryggisatriði og gæti m.a. komið niður á gæslufluginu.

Ég vildi koma þessu að í umræðunni. Ég styð það að sú athugun fari fram sem hv. flm. gerir ráð fyrir. Mér þykir undarlegt að um leið og talað er um að samþykkja samning um Evrópskt efnahagssvæði um áramótin og samþykkja þar með um leið, ef hann verður einhvern tíma tilbúinn, tvíhliða samning um sjávarútvegsmál sem gerir ráð fyrir því að erlend skip fari að veiða í íslenskri landhelgi, þá sé farið svona með málefni Landhelgisgæslunnar. Er þýðing hennar að minnka? Ég reikna ekki með að fá svar við því við þessa umræðu frá hæstv. ráðherrum. Er henni ekki ætlað neitt hlutverk í framkvæmd tvíhliða samnings um sjávarútvegsmál varðandi Evrópskt efnahagssvæði? Ég tala ekki um það sem ætti að vera okkur hvað efst í huga, öryggishlutverkið.

Ef slík athugun á staðsetningu gæslunnar sem hér um ræðir gæti orðið til þess að það yrði stefnumótun í málefnum hennar og hún efld, þá er þetta af hinu góða og ég styð að þessi athugun fari fram.

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Síðasti ræðumaður varpaði fram þeirri spurningu hvort hlutverk Landhelgisgæslunnar væri að minnka. Miðað við umfangið eins og það er í dag með 750 þús. ferkílómetra svæði sem er rúmlega sjö sinnum stærra en landið sjálft, með það í huga að verið er að tala um að hugsanlega gætu skip annarra þjóða fengið leyfi til þess að veiða hér, með það í huga líka að við eigum forðabúr sem margar erlendar þjóðir vildu gjarnan geta sótt í og með það í huga líka að það gerist nú í ríkara mæli að skip erlendra þjóða þurfi að sigla hér um til þess að komast til Grænlands þar sem þau hafa fengið heimildir til veiða og síðast en ekki síst má nú líka búast við fjölgun erlendra veiðiskipa sem koma hingað í höfn til að landa afla sínum vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á lögum á síðasta ári. þá hlýtur það að freista margra aðila að dýfa veiðarfæri sínu í sjó hér úti við miðlínu eða þar fyrir innan á öllu því hafsvæði sem ég gat um áðan. Hvernig ætlum við að gæta þess? Ætlum við að gæta hafsvæðisins, eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni sem sat á fundi í fjárln. með landhelgisgæslumönnum í morgun, með einu varðskipi? Það liggur alveg ljóst fyrir að það er útilokað. Einhverjir spyrja: Hvað er átt við þegar talað er um eitt varðskip? Jú, það er hugmyndin að leggja varðskipinu Óðni og gera út Ægi og Týr. En vegna þess að það getur á stundum verið nokkuð löng sigling í heimahöfn eða úr heimahöfn til þeirra gæslusvæða sem viðkomandi skip á að hafa eftirlit með og vegna þeirra frídaga sem áhafnir þessara skipa eiga, því skip er venjulega bundið í höfn á meðan þeir taka sér frí, er það ljóst að meginhluta ársins yrði aðeins eitt skip á miðunum.

Landhelgisgæslan hefur líka á að skipa Fokker-flugvél til þess að fljúga yfir miðin og fylgjast með en hún er ekki daglega í flugi og því síður að hún geti farið yfir allt það hafsvæði sem við þurfum að gæta. Frá mínum bæjardyrum séð erum við ekki að ganga í rétta átt með því að minnka umsvif Landhelgisgæslunnar. Það hefur komið fram að verulegur fjárskortur háir rekstri Landhelgisgæslunnar, eins og á við um svo mörg önnur ríkisfyrirtæki, vegna þess vanda sem þjóðin stendur frammi fyrir varðandi fjármál almennt, sérstaklega ef litið er til ríkishirslunnar. En ég verð að segja það að svo ágæt sem hún er þessi till. til þál. um flutning á starfsemi Landhelgisgæslunnar, þá finnst mér að það vegi ekki þungt í rökum um flutning á Landhelgisgæslunni að fyrst og fremst sé verið að hugsa um ágæti þess að Keflavíkurflugvöllur sé nærri vegna flugflota Landhelgisgæslunnar. Engu að síður getur það samt sem áður verið hagkvæmt að staðsetja flugflota þar. En þegar til þess er litið að það kostar mikla fjármuni að flytja stofnun sem Landhelgisgæsluna til Keflavíkur, flutningurinn sjálfur kostar talsverða peninga og ég sé ekki annað en ráðast yrði í talsverðar hafnarframkvæmdir til þess að það gæti gerst, finnst mér tillagan hæpin. Enn fremur varðandi skipastólinn þó hann sé nú ekki að stækka eins og hér kom fram áðan. Engu að síður er það mjög þarft að fram komi þáltill. um Landhelgisgæsluna sem leiðir til þess að hennar starf sé skoðað.

Ég hef lagt fram till. til þál. um heildarskoðun á Landhelgisgæslunni, á allri starfsemi hennar miðað við það verkefni sem við sjáum og það sem fram undan er. Það kemur ekki þvert á þessa þáltill. en hins vegar kemur þáltill. kannski þvert á stöðu fjármála eins og þau eru í ríkisbúskapnum núna.

Ég endurtek það sem síðasti ræðumaður sagði áðan. Hvert erum við að stefna með Landhelgisgæsluna? Erum við að stefna í rétta átt á þeim tímum sem fram undan eru ef öðrum veiðiskipum verður heimilað að veiða innan landhelgi að takmörkuðu leyti og með það í huga líka að nú hafa erlend veiðiskip heimildir til þess að ferðast meira innan landhelginnar heldur en áður var? Í mínum huga er svo ekki.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við þessa tillögu. Það vill svo til að ég á sæti í nefnd sem forsrh. skipaði í sumar og hefur það hlutverk að kanna flutning ríkisstofnana út á land og leggja fram tillögur um slíkan flutning. Landhelgisgæslan er að sjálfsögðu ein þeirra stofnana sem þar hefur verið skoðuð. Ég held að ég brjóti ekki neinn trúnað þó að ég upplýsi það að forstöðumaður Landhelgisgæslunnar lét þau orð falla á fundi nefndarinnar að það skipti ekki svo miklu máli hvar höfuðstöðvarnar væru niður komnar því starfsemi Landhelgisgæslunnar er þannig að þeirra skip fara víða um. Þeir leggja skipunum í ýmsum höfnum meðan áhafnirnar fara í frí, m.a. hefur þeim verið lagt á Seyðisfirði og Landhelgisgæslan setur skipin í viðgerð þar sem hentugast er á landinu, t.d. á Akureyri ef svo vill verkast. Því tel ég að í ljósi þeirra staðreynda komi mjög vel til greina að flytja Landhelgis-

gæsluna til Keflavíkur eða Njarðvíkur og þá ekki síst með það í huga að tengja Landhelgisgæsluna Keflavíkurflugvelli. Við verðum að hafa í huga þann samdrátt sem átt hefur sér stað á Suðurnesjum og ekki síst á Keflavíkurflugvelli. Þegar og ef herinn fer veitir líklega ekki af að styrkja flugvöllinn með ýmiss konar starfsemi.

Það er ljóst að mikil mannvirki eru víða ónotuð og eflaust verður hægt að fá flugskýli til afnota á Keflavíkurflugvelli. Það sem gæslan þarf er auðvitað flugskýli og mannafli, m.a. flugvirkjar til þess að sinna þessari þjónustu.

Síðasti ræðumaður varpaði því fram hvort staða ríkisbúskaparins væri með þeim hætti að hann leyfði flutning ríkisstofnana því auðvitað fylgir þessu einhver kostnaður og við hljótum að verða að vega það og meta í ljósi þess ástands sem nú ríkir. En ef okkur er alvara í því að flytja ríkisstofnanir getum við auðvitað alltaf spurt: Hvenær er hinn rétti tími? Er hann verri nú en oft áður? Það eru ýmsar stofnanir í þeirri stöðu að þurfa að endurnýja sitt húsnæði og tækjakost og annað slíkt. Það er því ekki víst að flutningi Landhelgisgæslunnar fylgdu þeir ókostir sem kæmu í veg fyrir flutninginn eða hann kostaði svo mikið að menn legðu ekki í hann. En þetta er visssulega mál sem þarf að athuga og í rauninni hljótum við að taka undir flest það sem styrkt getur atvinnulíf og þjónustu á Suðurnesjum. Þótt hér sé ekki um stóra stofnun að ræða munar um hvað sem er.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Mig langar að leggja örfá orð í belg. Hér er náttúrlega um eitt af okkar stærstu málum að ræða og svo hefur lengi verið. Það er athyglisvert að ræða þetta á sama tíma og við erum að tala um fullveldisréttindi okkar og göngum langtum lengra en við gerðum áður. Þá var Landhelgisgæslan það sem sýndi hug þjóðarinnar kannski best þegar við fengum sjálfir að taka þátt í landvörnum okkar, sem voru auðvitað fyrst og fremst á sjónum, til að styrkja okkar auðæfi sem eru mest þar. Jafnvel þó að orkan sé mikils virði er það sjórinn sem við höfum lifað á. Ég endurtek að ég þakka fyrir það að fá tækifæri til þess að ræða þetta örlitla stund.

Sannleikurinn er sá að við höfum ekki gengið nærri því nógu langt í því að efla Landhelgisgæsluna. Raunar er ekki verið að efla hana heldur hið gagnstæða, þ.e. að draga úr möguleikum hennar á því að verja landið okkar. Landið okkar nær æðilangt út. Það nær 350 mílur út af Reykjanesi og það er enginn sem getur gagnrýnt þá skoðun. Svæðið á milli 200 mílna og 350 mílna hefur í bókstaflegri merkingu ekkert verið varið. Það hefur verið rányrkt af gífurlegum flotum, sérstaklega Austur-Evrópuskipum, um langa tíð og er enn. Það er ekkert gert í því máli. Á þessu svæði einu sér eru gífurleg auðæfi fólgin í botnlægum tegundum. Við vitum það og þótt það væru ekki annað en krabbadýr og hvers kyns aðrar lífverur eru þær auðvitað mikils virði. Þar þarf að verja og efla allt líf í þágu þjóðarheildarinnar um aldur og ævi.

Þar að auki eigum við lítið svæði eins og það sem kallað er Hatton-Rockall svæðið. Það eigum við einir ef miðlína er látin ráða á milli Bretlands og okkar. Þá eigum við allan Hatton-bankann. Hins vegar hafa Bretar beðið eftir því um margra ára skeið að við héldum áfram viðræðum við þá sem voru hafnar fyrir æðilöngu síðan um að nýta sameiginlega allt þetta svæði suður af landinu. Það eru margar þingsályktanir og aðrar ályktanir, líklega átta alls, sem ég hef flutt úr þessum ræðustól um hagnýtingu á þessum hafsvæðum. Ég hef unnið í því í áratug eða rúmlega það með ýmsum góðum mönnum, venjulega einum eða tveimur úr hverjum flokki. En við höfum ekkert sinnt því að halda áfram þessum viðræðum við Bretana. Þó er vitað að á því svæði eru mikil auðæfi í olíu. Þótt það væri ekki annað en að hindra jarðrask á þessu svæði höfum við tryggt það með þingsályktunum, af því að margar af þessum tillögum voru samþykktar þó að ekkert væri svo aðhafst þegar til átti að taka.

Við eigum þar að auki að réttum lögum svæði langt norður í höfum. Þannig er að hin eðlilega framlenging landsins á okkar hafsvæði og okkar landsvæðum er nefnilega með þeim hætti að Ísland er hæsti punkturinn og hin eðlilega framlenging kemur frá efsta svæðinu og síðan út eftir botninum. Á Indlandi t.d. fara þeir 1.500 mílur út. Við höfum rétt á að fara í norður, alveg norður að pól. Þetta hefur verið talið ofstæki eða draumórar en það er það aldeilis ekki. Þetta eigum við allt saman ef menn hafa djörfung í sér til að hagnýta sér það og sameinast um það.

Við erum nú að deila mjög hart um Evrópskt efnahagssvæði. Það er auðvitað hluti af þessu sama máli. Þetta er Íslandssagan sem við erum að skrifa þessa dagana. Ég vænti þess að á morgun og hinn daginn, daginn þar á eftir og um nánustu framtíð geri menn sér grein fyrir því að við erum hér að varðveita, efla, auðga og stækka þann auð sem þessi þjóð á. Þegar við hugleiðum það að fyrsta varðskipið okkar var að verja þrjár mílur en núna eigum við að verja á Reykjaneshrygg 350 mílur, á Hatton-bankanum fyrir 600 mílur og á Rockall-svæðinu sjálfu, þar sem mest er nú af olíumyndunum, svipað svæði.

Ég hugsa að ég sé búinn að halda 100 eða 200 svona ræður úr þessum ræðustól. Menn segja sjálfsagt að ég sé hundleiðinlegur. Þá verður bara að hafa það. Ég vona að einhverjir, ég sé a.m.k. tvo eða þrjá sem hlusta mjög gaumgæfilega, vilji standa að því með mér og öðru góðu fólki hér í þinginu, því allt er þetta gott fólk sem hér er, að fara að gera sér grein fyrir hvar við stöndum. Við erum langsamlega auðugasta þjóð heimsins, allur þessi barlómur er út í bláinn þegar við horfum á hin gífurlegu auðæfi sem við höfum í sjónum, í honum og á honum og í sjávarbotninum. Þetta tilheyrir okkur allt saman að réttum lögum, bæði fyrir hefð og það sem kallað er áunninn eignarréttur en líka eftir beinhörðum bókstaf hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem byggist fyrst og síðast á 76. gr. hans sem er náttúrlega mjög flókin í sjálfu sér en hefur de facto verið túlkuð á þann veg sem ég er að segja um víða veröld.

Ég hef verið á nokkrum fundum þar sem þetta hefur verið rætt, m.a. í Bretlandi þar sem voru menn frá Asíuríkjum t.d. Þeir hlustuðu grannt á það sem við voru að segja og gleyptu í sig þau gögn sem við gátum gefið þeim. Við höfðum nokkur gögn, t.d. samningana við Norðmenn um Jan Mayen-svæðið. Þar höfðum við gífurlegra hagsmuna að gæta, miklu meiri hagsmuna en menn virðast gera sér grein fyrir. Í Asíulöndunum hafa framfarirnar á þessu sviði verið mestar. Það eru Asíuþjóðirnar sem eru að hirða sín höf að réttum lögum en við erum athafnalaus, það gengur ekki lengur.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Um leið og ég tek undir það að mikill er auður Íslands á ýmsum sviðum, get ég ekki látið hjá líða að minnast á mannauðinn. Þar standa mál á þann veg, því miður, að í ráðherrastólum Íslands eru heybrækur innan um. Þess vegna hafa hér farið fram merkilegar umræður í dag, annars vegar um fjárlög eins og þeir menn vilja hafa sem vilja standa af reisn að málum og hins vegar um sjálfstæðismál þessarar þjóðar. Til þess að við njótum þess auðs sem við höfum verða heybrækurnar að víkja. Það er ekkert undanfæri.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. frá hv. 5. þm. Reykn. um að flytja höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar suður á nes. Eins og hv. flm. veit, þá höfum við staðið saman að því að móta stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem stendur að ríkisstjórnin ætli að beita sér fyrir því að opinberar stofnanir og opinber þjónusta verði í auknum mæli flutt út á landsbyggðina. Og til að ná fram þessu markmiði ríkisstjórnarinnar skipaði forsrh. nefnd með fulltrúum allra flokka til þess að vinna að málinu. Sú nefnd er að störfum núna og vinnur af miklum krafti undir forustu fyrrv. alþm. Þorvaldar Garðars Kristjánssonar. Og þess er að vænta að niðurstöður nefndarstarfsins liggi fyrir áður en langt um líður.

Auðvitað er Landhelgisgæslan ein þeirra stofnana sem þarf að skoða rækilega með tilliti til þess hvort flutt verður út fyrir höfuðborgarsvæðið eða ekki. Þær eru margar fleiri stofnanirnar sem þarf að skoða líka rækilega í þessu sambandi og það er verið að gera.

Það er rétt að nefna í þessu sambandi að áður hafa nefndir verið starfandi með góðum hug og haft það verkefni með höndum að skoða flutning opinberra stofnana út á land. Árangurinn hefur ekki verið nægjanlega góður. Þá má nefna að ýmsar opinberar stofnanir hafa í vaxandi mæli reynt að flytja hluta af starfsemi sinni út á landsbyggðina og aukið þjónustuna við landsbyggðarfólk eins og aðstæður frekast leyfa og lagt þar gott starf af mörkum. Ég vil í þessu sambandi sérstaklega nefna Byggðastofnun, en hún hefur einmitt núna á síðustu missirum stigið mjög mikilvæg skref í þá átt að efla þjónustu sína við landsbyggðina með því að flyja hluta af starfsemi sinni út á land með opnun útibúa. Ég var viðstaddur opnun skrifstofu Byggðastofnunar fyrir Austurland nú ekki alls fyrir löngu á Egilsstöðum og við bindum miklar vonir við það að þjónusta Byggðastofnunar, sem hefur verið góð fram að þessu, muni eflast og aukast og verða til eflingar atvinnulífi á Austurlandi. Og okkur er sagt að Byggðastofnun muni halda þessu starfi áfram.

Ég vildi láta þess getið sem vel er gert í þessum efnum en ég bind miklar vonir við það starf sem nú er unnið á vegum ríkisstjórnarinnar í nefnd sem kannar flutning opinberra stofnana út á land og hvernig megi flytja opinbera þjónustu í ríkara mæli út á landsbyggðina en verið hefur. Þetta er eitt stærsta og brýnasta byggðamálið sem við er að glíma um þessar mundir. Það verður að segjast eins og er að það sem hefur valdið vaxandi aðstöðumun á milli höfuðborgarinnar og landsbyggðarinnar á undanförnum árum er hvað opinberar stofnanir hafa þanist út hér á höfuðborgarsvæðinu og þar með valdið vaxandi byggðaröskun á milli þessara svæða. Ríkisstjórnin ætlar sér að reyna að snúa þessari þróun við og við verðum að reyna að styðja stjórnina náttúrlega í þeirri góðu viðleitni.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var afar sérstök hugvekja sem hér var flutt. Ég verð að segja það að ég er ekki eins bjartsýnn eins og hv. síðasti ræðumaður. Ég bendi á að það sem við stöndum frammi fyrir núna eru gerðir núv. ríkisstjórnar, það er stöðug barátta fyrir þeim stofnunum sem eru úti á landi. Það er stöðug barátta fyrir þeirri áráttu að skera þar fyrst niður. Ég skal nefna tvö dæmi fyrir hv. þm., annars vegar Kristnesspítala sem berst nú fyrir lífi sínu og hins vegar nefni ég að í fjárlagafrv. er felldur niður liður undir sjávarútvegsmál, um sjóvinnufræðslu og skólaskipið Mími. Þetta er gert á sama tíma og Alþingi er rétt búið að samþykkja þáltill. um eflingu Eyjafjarðarsvæðisins sem miðstöð í kennslu og rannsóknum í sjávarútvegi og fiskvinnslu. Það vill svo til að það litla sem farið var að gera á þessu sviði var fjármagnað af þessari fjárveitingu, rannsóknaverkefni sem var í gangi í Eyjafirði. Það er strikað út í fjárlagafrv. af þeirri hæstv. ríkisstjórn sem síðasti ræðumaður ber svo mikið traust til. Þetta eru nú staðreyndirnar. Það er svo hægt að standa hér upp og fara hástemmdum orðum um einhverja nefnd sem ríkisstjórnin er búin að stofna. Vonandi kemur eitthvað frá nefndinni. En það sem er sjáanlegt af störfum hennar enn þá er það að búið er að setja á fót stofnun hér uppi í Bankastræti undir formann nefndarinnar og merkt forsrn. Það væri verðugt athugunarefni hvort það hefði nú ekki verið ráð að þessi flutningastofnun ríkisfyrirtækja væri staðsett einhvers staðar utan höfuðborgarsvæðisins.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhannes Geir hóf mál sitt á því að segja að hann væri ekki mjög bjartsýnn. Ég hef mikinn skilning á því að hv. þm. skuli ekki vera mjög bjartsýnn eftir að Framsfl. er búinn að sitja í ríkisstjórnum samfellt í 20 ár og skila þeirri niðurstöðu sem blasir við okkur hér á höfuðborgarsvæðinu í þeirri

geysilegu opinberu stofnanauppbyggingu sem blasir við og Framsfl. öðrum flokkum fremur ber ábyrgð á, með skattpeningum borgara utan af landi jafnt sem borgara á höfuðborgarsvæðinu. Ég skil það mjög vel í ljósi þessarar reynslu að hv. þm. sé ekki bjartsýnn eftir að svona er búið að standa að málum í 20 ár. En við erum að reyna að breyta um stefnu þó að Framsfl. sé ekki með í stjórn. Hann er þó með í þessari nefnd og ég fagna því. Hann tekur þátt í þessu starfi af miklum heilindum og leggur þar mjög margt gott af mörkum og þar ríkir mjög góð og einlæg samvinna sem ég vona að muni skila árangri. Þess vegna er ég bjartsýnn m.a. vegna þess að Framsfl. tekur þátt í þessu starfi af fullum heilindum. En ég skil það vel að hv. þm. sé ekki bjartsýnn vegna þess að hann skoðar reynslu sl. 20 ára og hún er ekki glæsileg, hvorki fyrir landbyggðarfólk né fyrir Framsfl.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom í ljós hvers vegna þingmaðurinn var svona bjartsýnn. Það var vegna þess að Framsfl. tekur þátt í þessu starfi eins og hann sagði sjálfur áðan. Ég er alveg óhræddur að ræða við hv. þm. um störf Framsfl. síðustu 20 ár. Ég get nefnt að á þeim tíma hefur á landsbyggðinni verið byggð upp heilsugæslan frá grunni, framhaldsskólastigið frá grunni og vegakerfið nánast frá grunni og til viðbótar hafa verið byggðir upp atvinnuvegirnir til sjávarins og á þeim höfum við byggt okkar lífskjör á síðustu árum. Þessum grunni tók hæstv. núv. ríkisstjórn við en er að heykjast á að byggja á. Ég nefndi dæmi úr vinnu ríkisstjórnarinnar, úr vinnu við fjárlagagerðina og ég gæti nefnt þau miklu fleiri. Meðan ekkert af áþreifanlegum verkum ríkisstjórnarinnar bendir til þess að það eigi að hafa að einhverju þau fyrirheit sem eru gefin í stjórnarsáttmálanum þá er ég ekki bjartsýnn og þá gef ég ekki mikið fyrir þau orð sem standa í stjórnarsáttmálanum. Þá eru þau ekki meira virði en samþykktir Sjálfstfl. í þyrlumálunum sem hefur komið í ljós í dag að á að hafa að engu.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þessi síðustu orð. Hins vegar gæti ég haft gaman af því að flytja smá ræðustúf um það og kann ég nokkuð til í þeim málum. En eitt svona til fróðleiks vegna þess að það er skylt því máli sem ég ætla að ræða um, þá vil ég minna hv. þm. Alþfl. á það, af því að við erum að tala um Landhelgisgæsluna, að aldrei, hv. þm., hefur landhelgin verið færð út við Ísland nema þegar Framsfl. hefur átt aðild að ríkisstjórn. Það er kannski stóra málið, hv. þm. Hvað skyldu þeir hafa verið að gera á viðreisnarárunum, Alþfl. og Sjálfstfl. í landhelgismálunum þegar þeir hrökkluðust frá? Ekki neitt. Hvar voru þeir staddir í uppbyggingu skipaflota landsmanna? Hvar voru þeir staddir með uppbyggingu fiskvinnslustöðvanna? Nei, við framsóknarmenn þurfum ekki að biðjast afsökunar á stjórn Framsfl. undanfarin 20 ár. En það er rétt, við gerðum ekki allt og gátum ekki gert allt. Það voru oft og tíðum flokkar með okkur í ríkisstjórn sem þvældust fyrir þjóðþrifamálum og þeir eru enn til staðar. Því miður er það svo.

En það er mál á dagskrá á eftir sem lýtur að ekki óskyldu máli þannig að þessi umræða kemur þá aftur upp og við skulum þá eyða smástund í það. Tilbúnir erum við framsóknarmenn að ræða við Alþfl. um byggðamálin. Við erum tilbúnir að gera það, ég tala nú ekki um við Sjálfstfl.

Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson velti því fyrir sér áðan, þegar hann ræddi um þessa tillögu, sem hér er flutt af hv. þm. Árna R. Árnasyni, um flutning starfsemi Landhelgisgæslunnar, hvert við værum að stefna. Ég er ekki hissa á því. Ég er ekki hissa á því þó að einn og einn sjálfstæðismaður sé farinn að hugsa um það í alvöru hvert við erum að stefna. Ég held nefnilega sem betur fer að menn þar í flokki séu að vakna til vitundar um það að þeir sem í brúnni standa þekkja ekki á kompásinn. Og því er ástæða að spurt sé: Hvert stefnum við? Að vísu átti hv. þm. við í þessu máli, þ.e. Landhelgisgæsluna. En það er bara tímanna tákn, þetta er á öllum sviðum. Þessir menn kunna ekki á kompásinn. Hvernig má það vera að á sama tíma og þessir sömu menn berjast fyrir því með oddi og egg að opna íslenska fiskveiðilögsögu fyrir erlendum veiðiskipum, þá vaða þeir fram — og hvert er verkefnið? Á síðasta ári skáru þeir framlag til Landhelgisgæslunnar niður að mig minnir um 50 millj. kr. Nú er áætlað að bæta um og nú skal skorið um 30 millj. Er nema von að fyrrv. formaður Sjómannafélags Reykjavíkur — (**GHall:** Núverandi.) og núverandi já, fyrirgefið — spyrji: Hvert er verið að stefna?

Er það virkilega svo að við ætlum að gefa Spánverjum það eftir að gösla hér um miðin án eftirlits? Ég hefði gaman af því að heyra í formanni utanrmn. hér á eftir (**Gripið fram í:** Litlar veiðiheimildir en miklir möguleikar.) Hann er mælskur maður og glöggur og væri gaman að heyra hvernig hann sæi þetta eftirlit fyrir sér. Það er nú hvorki meira né minna en 758 þús. km^2 sem við þurfum að gæta. Það er allnokkurt hafsvæði.

Ég hef trú á því að það sé meirihlutavilji hér á Alþingi fyrir því að vinna öðruvísi að þessum málum en núv. ríkisstjórn ætlar sér að ná fram. Kannski heldur hún það og reiknar með því að hún geti barið nógu stóran hóp til hlýðni í þessu máli. En ég dreg það í efa. Ég held að það séu nógu margir hér inni á Alþingi, sem betur fer, sem geri sér grein fyrir því að við höfum ekki efni á því að skera niður starfsemi Landhelgisgæslunnar. Við höfum það ekki í dag. Þess vegna velti ég því fyrir mér — ég hef oft hlustað á hv. 4. þm. Reykv., sem hér stendur fyrir framan mig, Eyjólf Konráð Jónsson, flytja eldheitar ræður um rétt okkar á hafinu. Ég vil því spyrja þennan ágæta þingmann hvort hann vildi nú ekki reyna að leita leiða til þess hvort ekki væri hægt að ná meiri hluta fyrir því hér á Alþingi að þingmenn sameinuðust um það að flytja tillögu til þess að rétta hlut Landhelgisgæslunnar í þessu máli. Ég fullyrði það úr þessum ræðustól að það muni ekki standa á þingmönnum stjórnarandstöðunnar að fylkja liði með hverjum þeim stjórnarþingmanni sem

vildi beita sér fyrir því að Landhelgisgæslunni væri gert mögulegt að starfa við eðlilegar kringumstæður.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykn. hefur flutt till. til þál. um flutning einnar ríkisstofnunar til Keflavíkur. Það kom fram hjá hv. stjórnarþm., 5. þm. Austurl., að þeir tveir hefðu unnið að því að marka þá stefnu ríkisstjórnarinnar að stór flutningur ríkisstofnana út á land mundi hefjast. Vissulega eru það stór tíðindi og ástæða til bjartsýni þegar slík stórtíðindi eru flutt hér úr ræðustól. Ég verð þess vegna að taka undir það að ég hygg að það sé hárrétt hjá hv. 5. þm. Austurl. að hann er bjartsýnn. Það kom í ljós að til þess að ná þessu fram hefði hluti forsrn. verið fluttur úr stað og færður að Bankastræti þar sem fjármálaveldi vors lands hefur löngum staðið föstum fótum. Og ekki skapar það minna traust á að nú séu bjartir tímar fyrir stafni.

Það sem aftur á móti er umhugsunarefni í þessu er að á sama tíma og tveir ungir alþingismenn Íslendinga sem báðir vilja vel, tveir hv. þm. ríkisstjórnarinnar, hv. 4. þm. Reykv. og 16. þm. Reykv., formaður Sjómannafélags Reykjavíkur, marka sína stefnu og vekja báðir athygli á því með réttu hvílík auðæfi við eigum og það þurfi að gæta þeirra, sem eru ekki ný sannindi að auðæfa þurfi að gæta, liggur það fyrir að það er hægt að reikna það út með einföldum hlutfallareikningi að ekki þarf að fara til aldamóta þangað til Landhelgisgæslan verður lögð niður með sömu stefnu og verið hefur.

Nú hefur það áður komið fyrir að þeim sem fékk það hlutverk að vera á „útkikk" og segja fyrir um stefnuna og hvert leiddi af þeirri stefnu hefur ekki verið trúað. Eitt frægasta dæmi Íslandssögunnar í þessum efnum var þegar Halldór Snorrason var stafnbúi hjá Haraldi Sigurðssyni og kallaði að það bæri að breyta stefnunni og stýrimaður hlýddi fyrirmælum en konungur gaf fyrirmæli um það til baka að halda henni óbreyttri. Halldór gaf enn út fyrirmæli að breyta stefnunni og enn gaf konungur fyrirmæli um að halda henni óbreyttri. Þá strandaði skipið og konungur varð reiður og spurði hvers vegna ekki hefði verið látið vita. En Halldór svaraði því til að sér þyddi ekki að gefa leiðbeiningar því sér væri ekki trúað.

Ég vænti þess að hv. 5. þm. Reykn. hafi ekki hugsað sér að flytja lík til Keflavíkur. Norðlendingar fluttu að vísu lík heim að Hólum en þeir gerðu það með fullri reisn og það var ekki hlegið að þeim flutningi norður heiðar. En ef menn eru að flytja til Keflavíkur starfsemi sem miðar að því að það eigi, eins og réttilega hefur komið fram, að halda úti einu varðskipi til þess að gæta landhelginnar ásamt einni Fokker-flugvél sem á að fara í eftirlitsflug, þá vita allir að hér er um skrípaleik að ræða. Þá er eins gott að skera starfsemina alla niður því þá er búið að lýsa því yfir að þessara auðæfa Íslands sem vissulega eru, eins og fram kom hjá hv. 4. þm. Reykv., þau mestu á mann sem nokkurt land á, eigi ekki að gæta.

Það þýðir að flutningaskip sem í dag hafa tekið að sér það hlutverk að kasta úrgangi í sjóinn geta treyst því að ef þau sigla nógu langt frá meginlandi Evrópu sé allt í lagi að láta þetta fara innan landhelgi Íslands eða á þeim svæðum þar sem það mundi berast að þessari strönd. Eins og allir vita stunda alþjóðleg stórfyrirtæki það að bjóða út flutninga á úrgangi til þess að þurfa ekki sjálf að bera ábyrgð á því hvar þeim úrgangi er komið fyrir. Þetta er þó aðeins brot. Hér eru menn að tala um að hleypa veiðiskipum inn í landhelgina. Hér erum við með réttu að auka viðskipti okkar við aðila sem ... (Forseti hringir.) — Hvað ber nú til, herra forseti? (**Forseti:** Hv. þm. hefur talað sinn tíma sem er að hámarki átta mínútur samkvæmt þingsköpum og lýkur senn máli sínu.) Að sjálfsögðu mun ég virða tímamörk og ljúka máli mínu. Það er umhugsunarefni að umræðan nú er að mínu viti á þann veg að ég get verið bjartsýnn því feigðarmerki núv. ríkisstjórnar blasa við.

Björn Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu mál sem er í raun og veru tvíþætt eins komið hefur fram í umræðunum. Annars vegar spurningin um störf og starfsemi Landhelgisgæslunnar og hins vegar hvar hún eigi að hafa aðsetur.

Ég vil í upphafi máls míns svara þeirri fyrirspurn sem hv. 4. þm. Norðurl. v. beindi að mér þegar hann spurði um eftirlit með því ef erlend veiðiskip fengju að veiða eins og ráðgert er í gagnkvæmum veiðiheimildarsamningi sem er í bígerð við Evrópubandalagið. Ég vil svara því til að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef og þingmenn hafa líka fengið er eftirlit með þeim veiðum tryggt með samningnum. Hann bæði takmarkar svæðin þar sem þessi skip fengju að athafna sig og einnig yrðu íslenskir eftirlitsmenn þar um borð. Eftirlitið með þeim veiðum er því mjög vel tryggt og með allt öðrum hætti en áður hefur tíðkast þegar erlend veiðiskip hafa verið hér við veiðar og lýtur kannski ekki beinlínis að störfum og starfsemi Landhelgisgæslunnar í hefðbundnum skilningi þess eins og við höfum kynnst því fram að þessu.

Varðandi Landhelgisgæsluna vil ég láta þá skoðun mína koma í ljós sem ég hef oft sagt áður og er ekki neitt launungarmál að ég tel ákaflega óheppilegt að þrengja að starfsemi Landhelgisgæslunnar með næsta ómarkvissum aðgerðum við ákvörðun fjárlaga hverju sinni. Á vegum ríkisvaldsins hafa oft og tíðum verið starfandi nefndir um framtíðarstefnumörkun fyrir Landhelgisgæsluna en því miður finnst mér að þær hafi ekki skilað af sér með þeim hætti að þar hafi verið mótuð stefna um hvernig að starfseminni skuli staðið og hver eru markmið okkar með rekstri Landhelgisgæslunnar.

Ég held að það sé brýnt að slík alhliða stefnumörkun liggi fyrir um störf og starfsemi Landhelgisgæslunnar og að þessi stefna verði mörkuð og rædd á þessum vettvangi og annars staðar og þar eigi m.a. að taka tillit til þeirra sjónarmiða, sem koma fram í ágætri greinargerð með tillögunni sem til umræðu er, og ýmissa annarra atriða. Ég sakna þess að hv. flm. skuli ekki nefna hlut Landhelgisgæslunnar í gæslu öryggis almennt og varna Íslands. Þar finnst mér að Landhelg-

isgæslan eigi að gegna auknu og vaxandi hlutverki og menn eiga að ræða það mál í tengslum við þetta eins og mörg fleiri.

Með þessum orðum er ég ekki að hafna því sem fram kemur í fjárlagafrv. eða þeim ráðstöfunum sem þar eru boðaðar. Ég hef staðið að því máli en ég tel ekki forsvaranlegt að marka Landhelgisgæslunni framtíðarverkefni með ákvörðunum í fjárlögum og það eigi að gera með öðrum hætti.

Í þessu efni á það við um Landhelgisgæsluna eins og ýmsa þá starfsemi sem stofnað hefur verið til í öðrum löndum til að verja öryggi þeirra þjóða að menn hafa löngum forðast að þrengja um of að þeirri starfsemi með ákvörðunum um fjárveitingar og vilja heldur að ákvarðanir séu teknar á öðrum forsendum. Þó auðvitað þurfi að halda starfseminni innan þeirra marka sem þjóðarbúskapurinn leyfir hverju sinni og sníða verði sér stakk eftir þeim vexti sem menn almennt verða að gera í þjóðfélaginu, miðað við afkomu þjóðarbúsins og bolmagn ríkissjóðs og skattgreiðenda til þess að standa undir þeirri starfsemi.

Þessi almennu viðhorf mín vildi ég láta koma fram og tel að tímabært sé fyrir Alþingi að líta á Landhelgisgæsluna með öðrum augum en oft hefur verið gert í umræðum og hefur verið gert í umræðunum um þessa tillögu.

Varðandi flutning stofnunarinnar út á land finnst mér sjálfsagt að kanna það. Það hefur komið fram að það mál er til meðferðar í sérstakri nefnd sem starfar á vegum forsrh. Hugmyndir þeirrar nefndar hljóta að koma hér til umræðu og mér fyndist eðlilegt að nefndin tæki mið af þessari ályktunartillögu sem hér er komin fram. Að öðru leyti vil ég taka undir það að sá kostur sé kannaður að flytja höfuðstöðvar og starfsemi Landhelgisgæslunnar til Keflavíkur, en ég tel það aðeins einn þátt í starfi Landhelgisgæslunnar sem full þörf sé á að kanna og skoða í ljósi breyttra aðstæðna á hafsvæðunum umhverfis Ísland og ýmissa aðstæðna sem snerta öryggi þjóðarinnar og varnir.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þeirra orða sem féllu hjá hv. 3. þm. Reykv., Birni Bjarnasyni, langar mig til að fá hann til þess að tala aðeins skýrar en hann gerði vegna þess að ég veit að hann er kunnugur innviðum núv. ríkisstjórnar.

Mér fannst hann segja að uppi væru hugmyndir um það að fjármagna Landhelgisgæsluna á annan hátt en verið hefði. Ég held það hljóti að vera fleiri en ég hér inni sem töldu sig heyra hv. þm. orða það svo. Hv. þm. sagði að það væri verið að athuga slíkt og það væri eðlilegt.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt ef orð mín hafa vakið einhverjar slíkar hugmyndir. Ég sagði ekkert í þá veru að ég teldi að það ætti að fjármagna Landhelgisgæsluna með öðrum hætti en nú hefur verið gert með framlögum úr ríkissjóði. Ég hef ekki verið með neinar slíkar hugmyndir. Ég hef aldrei hugsað það mál öðruvísi en svo að starfsemi Landhelgisgæslunnar ætti að fjármagna af skattfé almennings. Ég vona að það hafi ekki verið fleira í máli mínu sem hafi verið jafnóskýrt og þetta. Það er mér fjarri að vera með slíkar hugmyndir.

Ég veit ekki hvernig menn ímynda sér að það sé unnt að fjármagna Landhelgisgæsluna frekar en önnur löggæslustörf með öðrum hætti en af skattfé almennings. Ég hef engar hugmyndir. Ef hv. þm. hefur einhverjar slíkar hugmyndir væri mjög fróðlegt að vita hverjar þær gætu verið. (**StG:** Þær komu úr munni þínum áðan, hv. þm.)

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég efa ekki að fullur vilji sé hjá þeim sem nú fara með völd að reyna að ganga þannig frá málum að sá eftirlitsmaður sem á að vera um borð í hverju veiðiskipi geti fylgst með því að það veiðiskip fari að réttum reglum. En það segir ekkert um að önnur veiðiskip sem eiga að vera utan landhelginnar fylgi ekki í kjölfarið inn ef enginn er til að fylgjast með því. Og það er einmitt þetta sem er til umræðu. Það er verið að gefa það út að eitt varðskip ásamt einni flugvél eigi að annast eftirlitið.

Ég segi það satt að það gladdi mig þegar ég heyrði hv. 3. þm. Reykv. tala um að það þyrfti að standa myndarlega að Landhelgisgæslunni og það gengi ekki að í fjárlögum væri svo þrengt að henni að þetta markmið næðist ekki. Það gladdi mig að heyra það og það gladdi mig líka að heyra að það er búið að eyða þeim misskilningi að hugsaðar hafi verið einhverjar sértekjur fyrir Landhelgisgæsluna, að hún ætti að fara á frjálsar veiðar til að afla sér tekna, eða hvernig það var hugsað.

Yfirlýsing hv. 3. þm. Reykv. liggur fyrir á þann veg að hann telji að það verði að nota skattpeninga þjóðarinnar til að framkvæma þetta. Þá kemur seinni hlutinn. Þá gengur dæmið ekki upp. Það gengur ekki upp að flytja svona fyrripart og lýsa því svo yfir að hv. þm. ætli að bera fulla ábyrgð á fjárlögum sem ganga þvert á það sem þingmaðurinn hefur sagt að væri rétt. Það gengur bara ekki upp.

Það er ekkert verið að afgreiða það eftir jól eða eftir áramót eða í maí hvaða fé eigi að fara í Landhelgisgæsluna á næsta ári. Það er afgreitt í einni atkvæðagreiðslu í þinginu í desember og það er aðeins þá sem fram kemur hvað menn vilja. Allar fagrar yfirlýsingar um að þeir vilji standa að þessum málum með reisn eru einskis virði, eru nákvæmlega einskis virði ef menn taka ákvarðanir um að skera niður starfsemina með þeim ævintýralega hraða sem verið er að gera að það stefnir í það um aldamót verði engin landhelgisgæsla í landinu. Þá getur náttúrlega vel verið að hafnarsvæðið sé aðalatriðið og menn vilji hafa skipin bundin sem minjagripi.

Ég trúi því ekki að þeir sem hafa talað til stuðnings þessu máli ætli að láta þá orustu líða án þess að taka þátt í henni þar til fjárlagafrv. kemur fram hvaða upphæðir verða settar í þessa starfsemi. Ég trúi því hreinlega ekki að þeir ætli að láta það gerast að staðið verði

að þeim málum eins og búið er að leggja til. Mér er nánast óskiljanlegt eftir það sem sumir menn hafa sagt hér að það verði ekki rætt af fullri festu í þingflokki Sjálfstfl. að þetta gangi ekki upp. Þarna verði menn að breyta um stefnu.

Ég skil það vel að hv. 3. þm. Reykv. vilji ekki gera neinn óvinafagnað í þessum sal og auglýsa ágreiningsinn. En ég treysti því að innan veggja þingflokksherbergisins fari það ekkert á milli mála að hann fylkir sér í sveit þeirra manna sem þar eru og munu fara fram á leiðréttingu. Það er ævintýraleg bjartsýni að láta sér detta það í hug að þessi auðæfi nýtist okkur ef við teljum okkur ekki þurfa að hafa hirðusemi á því að reyna að gæta þeirra, það er ævintýraleg bjartsýni. Ég verð að segja eins og er að ég trúi því ekki þegar menn hafa komið hér og sagt með réttu að það sé ekki hægt að vinna þetta verkefni með einu skipi og einni flugvél, að þá sigli menn þann sjó áfram og taki ekki tillit til leiðbeininga manna sem vita hvað þeir eru að tala um í þessum efnum vegna þekkingar sinnar á sjómennsku og á hafsvæðinu í kringum landið. Hér er verið að tala um slíkt alvörumál að það er alveg vonlaust að sitja undir því og líta svo á að hægt sé að afgreiða þetta eins og menn séu bara að leika sér með tölur þegar þeir ákveða að minnka umsvif Landhelgisgæslunnar.

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar talað er um fjármál Landhelgisgæslunnar kemur það oft upp í huga mér það sem hér hefur verið rætt jafnframt, um flutning ríkisfyrirtækja út á land. Í áranna rás hefur það mál oft og tíðum dagað hér uppi í þinginu og er orðið eins og tískubóla. Það kemur upp að það eigi að flytja ýmis ríkisfyrirtækin út á land. Á tímum atvinnuleysis eins og nú er er náttúrlega ekkert annað verið að gera en að flytja atvinnuleysi á milli staða. Hitt er svo annað mál sem snýr að Landhelgisgæslunni og rekstri hennar að það eru ýmis önnur störf sem Landhelgisgæslan gæti sinnt en eru staðsett í hinum ýmsu ráðuneytum. Tökum til að mynda Vitamálastofnunina. Það væri eðlilegt að Landhelgisgæslan yfirtæki þau störf öll. Það þarf ekkert að fækka fólk við það en hins vegar væri hægt að hagræða í starfi. Það er hluti fiskveiðieftirlitsins sem nú fer fram með sérstökum hætti, þ.e. að eftirlitsmenn eru um borð í ýmsum veiðiskipum. Það er ein stofnun innan núverandi Fiskistofu sem sér um það og væri eðlilegt að Landhelgisgæslan sæi um það. Þá má líka tala um mengunarvarnir Siglingamálastofnunar og hluta jafnvel af Siglingamálastofnuninni. Það eru því næg verkefni fyrir Landhelgisgæsluna. Talsvert fjármagn liggur í öðrum ráðuneytum og öðrum ríkisfyrirtækjum sem væri eðlilegt að sameina til að efla þennan útvörð Íslands.

En hitt er svo annað mál og það gerist sama hvaða ríkisstjórn er og hverjir ráðherrarnir eru. Það virðist vera af hinu vonda ef samræma á hluti eða hagræða á innan ráðuneytanna. Hvenær í ósköpunum getum við komið því svo fyrir að það gerist? Það gerðist ekki í fyrrv. ríkisstjórn og ekki í þeirri ríkisstjórn sem var á undan. Í mörg ár hefur verið talað um að efla Landhelgisgæsluna en það hefur aldrei náð fram að ganga vegna einhvers óskiljanlegs tregðulögmáls. (**Gripið fram í:** Þú ættir að skera hana.) Vegna þess sem hér hefur verið talað um aukið fjármagn og annað sem þarf til Landhelgisgæslunnar, þá liggur það þannig fyrir að þetta er hægt.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það stendur svo merkilega á, skulum við segja, að ég verð að þakka hv. ræðumanni fyrir hans ræðu. Ég tel að hann eigi að flytja hana orðrétta inni í þingflokksherbergi Sjálfstfl. og náttúrlega á hann þá að beina augunum að réttum aðilum. (**StG:** Þar er ekki hlustað.) Það verkar ekkert í málinu að skamma einn stjórnarandstæðing, jafnvel þótt það sé gert af myndugleika. Það bara dugar ekki. Það eru ráðherrarnir á hverjum tíma sem verður að taka á beinið. Auðvitað er rétt að það þarf að samræma verkefni. Þá gengur heldur ekki að láta sér detta það í hug að fara með hnífinn á starfsemina og skera hana niður því að starfsemi sem búið er að skera niður er ekki hægt að nota til annarra verkefna. Ég treysti því að hv. 16. þm. Reykv. mæti í fullum sjómannaskrúða og flytji þeim eldmessu á sínum tíma þegar fjárlögin verða tekin fyrir í þingflokksherbergi Sjálfstfl.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Hér hafa spunnist góðar umræður um málefni Landhelgisgæslunnar. Ég vil fagna þeim yfirlýsingum sem hafa fallið í þessari umræðu, bæði frá hv. 16. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Reykv., vegna þess að það hefur komið fram, eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði, að það er mjög óheppilegt að ákveða stefnumörkun Landhelgisgæslunnar með ákvörðun fjárlaga hverju sinni. Ég vona að það myndist þingvilji fyrir því og meirihlutavilji fyrir því hér í þinginu að fjárln. fari nú rækilega ofan í málefni Landhelgisgæslunnar. Það er alveg hárrétt sem hv. 16. þm. Reykv. sagði. Það eru ýmis verkefni sem Landhelgisgæslan gæti haft með höndum. En það er ekki því að heilsa heldur er verið að stefna í þveröfuga átt. Vitastofnun var nefnd hér. Ef hv. þm. hafa lesið fjárlagafrv. og athugasemdir þar þá stendur til að taka verkefni Vitastofnunar undan Landhelgisgæslunni og bjóða þau út. Þarna er að vísu ekki um mjög háar upphæðir að ræða en þarna er verið að draga úr starfsemi Landhelgisgæslunnar og draga undan henni verkefni. Þetta stefnir því allt saman í þveröfuga átt við þá ágætu ræðu sem hv. 16. þm. Reykv. flutti sem ég er alveg sammála. Auðvitað eru fjölmörg verkefni hér í þjóðfélaginu sem, eins og hann réttilega nefndi, mætti fela gæslunni til þess að efla hana.

Ég fagna þeim ágætu umræðum sem hafa farið fram hér því að mér er þetta mikið alvörumál og hef áhyggjur af framtíð þessarar stofnunar því að hún er afar mikilvæg til að gæta að okkar fjöreggi sem eru fiskimiðin. Hún er ekki síður mikilvæg í sambandi við öryggi sjómanna og það öryggishlutverk þarf að athuga sérstaklega. Ég ætla ekki að lengja umræður sem hér hafa verið í dag um björgunarþyrlu og þau mál. Þeirri umræðu er ekki lokið og það gefast tækifæri til að

ræða þau mál síðar. Hins vegar eru öryggismálin á þessu stóra hafsvæði mikið áhyggjuefni.

Ég flutti fyrir tveimur árum þáltill. um það að fela dómsmrn. að hafa forustu um að kanna hvort við gætum tekið höndum saman við nágrannaþjóðir okkar um öryggismál á Norður-Atlantshafi. Sú tillaga var samþykkt á Alþingi. Ég spurðist fyrir um það á síðasta þingi hvað hefði verið framkvæmt í þessu máli. Það var því miður mjög lítið svo ekki sé meira sagt. Ég hef grun um að þessari tillögu hafi verið nánast stungið undir stól. Ég mundi hvetja til þess að það yrði skoðað mjög rækilega til lengri framtíðar hvernig þessum öryggismálum verður fyrir komið á næsta áratug og jafnvel í byrjun næstu aldar vegna þess að við getum auðvitað ekki treyst á það endalaust að ameríski herinn leiki svo stórt hlutverk í okkar öryggismálum og hann gerir nú. Við verðum auðvitað að hugsa til þess hvað gerist ef sú starfsemi er ekki lengur fyrir hendi. Það hefur annað eins breyst í veröldinni að undanförnu og það.

Ég fagna þeim umræðum sem hér hafa verið um málefni Landhelgisgæslunnar og þeim vilja sem hefur komið fram í máli þeirra hv. stjórnarliða sem hér hafa talað um að skoða þau mál rækilega. Enn er tími til þess að fara í gegnum þau mál og rétta leiðin til þess er að fjárln. geri tillögur um leiðréttingu á málum þessarar stofnunar.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Þrír hv. alþm. hafa óskað eftir að veita andsvar við ræðu hv. 2. þm. Austurl. Verður sá háttur hafður á að þeim er heimilt að tala í tvær mínútur í fyrri umferð en eina mínútu í þeirri seinni. Sama regla mun gilda um hugsanleg svör hv. 2. þm. Austurl.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér hafa farið fram mjög athyglisverðar umræður um Landhelgisgæsluna. Þær hafa fjallað um það hvort verið sé að leggja gæsluna niður. Ég held, ef menn líta á þetta mál sanngjörnum augum, þá er ekki svo. Ég minnist þess að menn ræddu það hér í þinginu sl. haust að leggja ætti Landhelgisgæsluna niður með fjárlagagerðinni fyrir yfirstandandi ár. Mér virðist sem Landhelgisgæslan hafi staðið sig mjög vel í sínu stykki þrátt fyrir það að hún hafi orðið að lúta mjög miklum niðurskurði í yfirstandandi fjárlagagerð. Það veit hv. þm. Jón Kristjánsson að Landhelgisgæslan er einmitt núna þessa dagana til sérstakrar skoðunar í fjárln. Síðast í morgum vorum við að ræða við fulltrúa Landhelgisgæslunnar um hennar málefni. Þar kom ekki annað fram en að hún hafi staðið sig mjög vel í því að veita þá þjónustu sem henni ber. En það er vissulega ástæða til að hafa áhyggjur af því hvernig á að takast á við frekari niðurskurð til viðbótar þeim sem hún hefur þegar orðið að þola. Við skulum minnast þess að Landhelgisgæslunni er vel stjórnað. Þar starfar dugandi og fórnfúst fólk og það hefur brugðist við niðurskurði með því að reyna að koma á ýtrustu hagræðingu sem hægt er þar. Þess vegna á ég mjög erfitt með að skilja það þegar hv. þm. Jón Kristjánsson kemur í þennan ræðustól og lætur í veðri vaka að það sé nánast verið að leggja þessa stofnun niður, að það sé nánast verið að opna landhelgina upp á gátt og engin gæsla verði lengur á miðunum. Það er bara alls ekki svo. Það veit hv. þm. Jón Kristjánsson betur en flestir aðrir hér inni að það er verið að skoða þessi mál mjög gaumgæfilega um þessar mundir og hann tekur þátt í þeirri vinnu.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. 5. þm. Austurl. hefði hlustað á ræðu mína fyrr í umræðunni hefði hann heyrt að það er verið að skoða þessi mál í fjárln. Landhelgisgæslan hefur staðið sig vel í því að halda sig innan ramma fjárlaga yfirstandandi árs. Þá er ætlunin að ganga enn lengra fyrir næsta ár. Ég hef ekki látið þau orð falla í þessum umræðum að það sé verið að leggja Landhelgisgæsluna niður. Það voru aðrir hv. þm. sem gerðu það. En ég tek undir það að ef haldið verður áfram á þessari braut endar með því að það kemur niður á þjónustunni þótt þar séu dugandi menn og standi sig vel. Ég er alveg sammála því. En það raskar ekki því sem ég sagði að það stefnir í þá átt, þegar bæði er verið að taka frá gæslunni verkefni, skera niður til hennar fjármagn ár eftir ár, að auðvitað kemur það niður á þjónustunni. Það hlýtur að gera það og þá endar með því að Landhelgisgæslan getur ekki sinnt sínu mikilvæga hlutverki. Það getur ekki endað öðruvísi. Það er búið að skera niður til hennar um 80 millj. kr. á tveimur árum. Ef taka má mark á athugasemdum fjárlagafrv. er ætlunin að leggja einu skipi næsta ár. Forstjóri Landhelgisgæslunnar segir að það geti þýtt það, í undantekningartilvikum þó, að ekkert skip verði á sjó og langtímunum saman eitt skip.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála þeim ræðumönnum sem hér hafa sagt að með fjárlagafrv. fyrir næsta ár er ekki verið að leggja Landhelgisgæsluna niður. En ég ítreka það sem ég sagði áður að ég tel að það þurfi að taka ákvarðanir um framtíð gæslunnar á öðrum vettvangi en við afgreiðslu fjárlaga.

Ég stend hér upp undir formerkjum andsvars til þess að vekja athygli hv. 2. þm. Austurl. á því að í nefndaráliti, sem ég stóð að þegar rætt var um þyrlukaup, var tekin afstaða til tillögu hans varðandi björgunarþjónustu og öryggisgæslu á Atlantshafinu. Það var tekið undir þessi sjónarmið og tekið undir þau sjónarmið að eðlilegt væri að við Íslendingar litum fram til þess tíma að hér þyrfti að halda uppi öryggis- og björgunarþjónustu í samvinnu við aðrar þjóðir. Það kemur líka fram í áliti flm. till. sem hér er til umræðu. Ég held að þetta sé fyrst og fremst öryggis- og björgunarþjónusta en ég held að við ættum einnig að huga að auknum verkefnum okkar sjálfra í öryggis- og varnarmálum á þessu svæði og þar komi Landhelgisgæslan til álita. Það á að skoða framtíðarhlutverk Landhelgisgæslunnar, m.a. með því hugarfari að átta sig á því hvar hún geti látið að sér kveða varðandi varnar- og öryggismál, ekki aðeins björgunar- og öryggismál.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Reykv. fyrir hans orð. Það kom fram hjá honum að sú nefnd sem skilaði áliti nýverið hefði tekið undir mín sjónarmið. Það sem ég ræddi um í minni ræðu var framkvæmd málsins. Það skiptir mestu máli að að þessu máli sé unnið. Ég vildi láta það koma fram.

Mér er ekki ljóst á þessu stigi hvernig gæslan getur sinnt öryggismálum okkar og hún ætti þá væntanlega að fá annað hlutverk í sambandi við varnarmál en hún hefur. Mér er ekki ljóst á þessu stigi hvernig það gæti verið eða hvort hún á að taka við einhverju hlutverki varnarliðsins í Keflavík. Ég get ekki séð það fyrir mér miðað við þau fjárframlög sem eru til gæslunnar núna hvernig svo ætti að vera. Mér finnst að menn eigi að athuga þessi mál á borgaralegum grundvelli fremur en hernaðarlegum. Ég sé það ekki fyrir mér.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur komið glöggt fram í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram að Landhelgisgæslan á marga stuðningsmenn. Það hefur komið glöggt fram að hv. þm. vilja veg hennar sem mestan og það er út af fyrir sig eðlilegt. Landhelgisgæslan gegnir mikilvægu hlutverki. Engu að síður þegar herðir að í þjóðfélaginu og skoða þarf allan rekstur ríkisins þá vill það vera þannig og það gerðist í þessari umræðu, m.a. hjá hv. 2. þm. Austurl. og fleiri stjórnarandstæðingum, að þeir leggjast gegn öllum sparnaði, nánast hvaða nafni sem hann nefnist. Það fer minna fyrir því að bent sé á hvaða leiðir aðrar eigi að fara. Ég tel að Landhelgisgæslan verði að sæta því að þar sé reynt að spara og hagræða. En ég tel nauðsynlegt að það komi fram að að sjálfsögðu mun fjárln. þingsins skoða mjög rækilega alla möguleika til þess að skapa Landhelgisgæslunni betri skilyrði og betri aðstæður en liggja fyrir núna. Það hefur komið fram skýr vilji til þess innan fjárln. og hún mun hlusta rækilega, og það hefur hún gert, á hugmyndir og tillögur stjórnenda Landhelgisgæslunnar um það hvernig Landhelgisgæslan getur hagað sínum rekstri innan þess þrönga ramma sem við höfum. Á næstu dögum og vikum mun fjárln. skoða málefni Landhelgisgæslunnar af fullum velvilja og ég er sannfærður um að það fæst bærileg niðurstaða út úr þeirri skoðun.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. varaformanni fjárln., hv. 1. þm. Vesturl., fyrir hans orð. Það kemur í ljós hjá honum vilji til þess að endurskoða þessi mál í fjárlagagerðinni og ég fagna því sérstaklega. Það hefur komið fram almennur vilji í þessum umræðum til að skoða mál Landhelgisgæslunnar og til þess að koma í veg fyrir að hún verði að minnka þjónustu sína og leggja einu skipi.

Ég vil aftur á móti mótmæla því sem hv. varaformaður fjárln. sagði að við stjórnarandstæðingar í fjárln. legðumst gegn öllum sparnaði. Ég vil minna á það að við síðustu fjárlagagerð (**GunnS:** Þið vilduð leggja niður Ríkisskip.) fluttum við stjórnarandstæðingar ekki eina einustu tillögu til hækkunar fjárlaga. (Gripið fram í.) Við vildum ekki leggja niður Ríkisskip. (Gripið fram í.) Ef hv. 5. þm. Austurl. vill fara í umræður um skipaútgerðina og flutninga á ströndina væri hægt að taka þá umræðu síðar og ekki í andsvari vegna þess að nú er eftirleikurinn að koma í ljós. Nú eru skipafélögin að hækka sína taxta á ströndina, m.a. vegna þess að samkeppnin, sem þau bjuggu við, er farin að minnka.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. 2. þm. Austurl. vil ég taka fram að ég tel að þeir hv. þm. sem sitja í fjárln. úr hópi stjórnarandstæðinga hafi öðrum fremur sýnt skilning á því að það þurfi að draga saman. Vil ég að því leyti draga í land með það sem ég sagði að þeir hv. stjórnarandstæðingar í fjárln. hafa sýnt mjög gott fordæmi. Ég lít svo á að sú yfirlýsing sem hv. 2. þm. Austurl. var með gefi okkur góðar vonir um gott samstarf við það erfiða verkefni sem fjárln. á fram undan, m.a. gagnvart Landhelgisgæslunni.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf ekki einu sinni eina mínútu því hér fara menn með svo miklum friði og draga í land að maður þarf eiginlega ekkert að segja. Ég þakka það.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið en það sem er þess valdandi að ég stend upp er að mér finnst að hv. 3. þm. Reykv. skuldi okkur nánari skýringu á því sem hann á við þegar hann segir að málefni Landhelgisgæslunnar verði að leysa annars staðar en á vettvangi fjárlaganna. Nú hefur, svo lengi sem ég hef fylgst með, umfang Landhelgisgæslunnar ráðist á hverjum tíma af þeim fjárveitingum sem til hennar hefur verið veitt og einnig náttúrlega af því hversu vel mönnum hefur tekist að spila úr þeim peningum á hverjum tíma.

Hv. þm. er búinn að lýsa þessu yfir í tvígang og aðspurður hefur hann ekki gefið neina skýringu á því við hvað hann á. Af ræðu hans að öðru leyti um frekara samstarf við varnarliðið um öryggismál er ekki hægt að draga aðra ályktun, meðan hv. þm. svarar ekki við hvað hann á, en hann hafi í huga að varnarliðið taki að sér landhelgisgæsluna líka.

Þetta er sú eina ályktun sem ég get dregið af hans máli og ég verð að fara fram á að hann svari því hér.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú fer að skýrast hvað menn áttu við áðan þegar þeir voru að vekja máls á því hvort ég ætlaði að fjármagna Landhelgisgæsluna með öðrum hætti en gert hefur verið. (**StG:** Ræðumaður sagði það áðan.) Ég hef ekki verið að tala um það. Ég hef verið að tala um að það þurfi að móta Landhelgisgæslunni stefnu á öðrum vettvangi en við gerð fjárlaga. Það hafa verið settar niður nefndir sem hafa starfað að þessu máli án þess að fyrir liggi skýr stefnumörkun af hálfu íslenskra ríkisstjórna og íslenskra stjórnvalda um það

hvert er markmið og hvert er hlutverk Landhelgisgæslunnar við nýjar aðstæður.

Síðan hef ég sagt að ég telji að Landhelgisgæslan ætti hugsanlega að taka að sér hlutverk varðandi gæslu öryggis og varna þjóðarinnar. Þar er ég ekki endilega að tala um samvinnu við varnarliðið eða að varnarliðið taki að sér rekstur Landhelgisgæslunnar heldur kann Landhelgisgæslan að hafa alveg sjálfstæðu hlutverki að gegna á þessu sviði og menn mega ekki vera svo blindir á hlutverk varnarliðsins að þeir geti ekki hugsað um öryggi og varnir Íslands án þess að það komi fyrst upp í hugann. Það er þessu sem ég er að velta upp, þetta hefur verið rætt á öðrum vettvangi og er sjálfsagt að ræða innan veggja Alþingis. Það þarf einmitt að ræða þetta og velta fyrir sér en mér finnst að það eigi ekki að gera það í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom að því að hv. 3. þm. Reykv. útskýrði hvað hann átti við. Ég get ekki séð, hv. 3. þm. Reykv., að meðan slagurinn snýst um það að tryggja Landhelgisgæslunni fjármagn til þess að viðhalda lágmarksstarfsemi, sem allir eru sammála um að hún þurfi að gegna, þurfi nokkra sérstaka stefnumörkun. Um þetta snýst slagurinn þessar vikurnar.

Í öðru lagi sýnist mér að það muni koma heldur betur við fjárlögin ef Landhelgisgæslan ætti að fara að taka að sér hlutverk í öryggisgæslu. Ég átta mig ekki alveg á því hversu mikið það ætti að vera tengt beinum hagsmunum Íslendinga og hversu mikið hagsmunum okkar samstarfsaðila innan NATO og á öðrum þeim vettvangi þar sem við tökum þátt í starfi.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka að við erum að ræða um tillögu um flutning á Landhelgisgæslunni. Ég tel því að ummæli mín um hlutverk og starfsemi gæslunnar eigi fullt erindi inn í þessar umræður. Auðvitað þarf að ræða um málefni Landhelgisgæslunnar þegar ákveðin eru fjárlög íslenska ríkisins. En ég tel að það þurfi að taka grundvallarákvarðanir varðandi stöðu og störf Landhelgisgæslunnar. Þessi tillaga sem hér hefur verið til umræðu gefur tilefni til þess að hafa uppi þau orð sem ég hef haft um þetta mál. Það er alls ekki hægt að segja að ég sé að fara út fyrir ramma umræðnanna með því að vekja máls á þessum þáttum. Ég vakti einmitt máls á því að ég teldi að hv. flm. hefði átt að hafa þetta atriði í sinni greinargerð. Ég andmæli því þar af leiðandi harðlega að ég sé að fara út fyrir rammann eða vekja máls á öðrum atriðum en þeim sem menn gátu átt von á í þessum umræðum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit að hv. 3. þm. Reykv. er afskaplega annt um að menn framfylgi eðlilegum þingsköpum og þess vegna hefur hann tekið til sín eitthvað allt annað en það sem ég sagði úr þessum stól. Ég gerði engar athugasemdir við það út á hvaða braut þessi umræða hefur leiðst. Það er einmitt kosturinn við huggulega umræðu um þingmannamál að menn geta leyft sér að sveigja umræðuna yfir á tengd svið. Ég tel ekki að hér hafi á nokkurn hátt verið farið út fyrir það sem tengdist því máli sem var til umræðu.

Flm. (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmönnum undirtektir og umræður um þessa tillögu og um þau mál er henni geta tengst og tengjast í raun. Ég vil þó endurtaka að hún er flutt undir því fororði sem við köllum umræðu um byggðamál. Ég vakti á því sérstaka athygli í framsögu minni, raunar einnig í greinargerð, að fjölbreytni atvinnulífs í hinum dreifðu byggðum er nokkurt áhyggjuefni þegar við lítum til þess hvað fram hefur farið síðustu áratugi. Þessir síðustu áratugir eru nokkuð sérstakir. Menn hafa hrósað sér af þátttöku í þeirri pólitík sem hefur mótast og hefur ráðið þróun í atvinnumálum. Það verður að viðurkennast eins og er að einmitt á því tímabili hefur orðið að eins konar náttúrulögmáli að ríkisstofnanir verði á höfuðborgarsvæðinu. Ég er að tala um landsvæði sem er hið þriðja fjölmennasta á landinu, á eftir höfuðborgarsvæðinu og Eyjafjarðarsvæðinu. Til þessa hafa menn ekki getið þess að á Suðurnesjum er hlutfallslega minnst af ríkisstofnunum, af ríkisstarfsmönnum og af þjónustu opinberra stofnana miðað við íbúatölu og þrátt fyrir þennan íbúafjölda sem þar er er atvinnulíf þar jafneinhæft og í hinum fámennustu landshlutum. Þar er um tvennt að velja fyrir allt venjulegt fólk, að stunda fiskveiðar eða fiskvinnslu ellegar byggingarvinnu á byggingarstað. Þá er það nánast upp talið. Þetta eru sömu möguleikar og við sjáum þegar við lítum í hin fámennari byggðarlög og aðgætum hvers konar atvinnutækifæri bjóðast ungu fólki. Þá kemur fljótlega að því í þeirri athugun að þeir sem vilja og hafa áhuga á annarri atvinnu, þar sem hæfileikinn beinist að öðru, eru nánast tilneyddir að flytja annað. Það segir sig sjálft að þetta mun valda vaxandi einhæfni í starfsemi og mannlífi og mun væntanlega geta orðið til þess að mannlíf í þessum byggðum eigi sér ekki mikla framtíðarvon.

Hér hafa verið nefndar til sögunnar nú starfandi og áður starfandi nefndir um flutning ríkisstofnana út á land. Það verður að segjast að sögur hinna eldri nefnda um þessi mál vekja ekki miklar vonir og á það hafa hv. þm. réttilega minnst. Ég tel hins vegar að yfirlýsing núv. ríkisstjórnar um þetta efni og starfshættir núv. nefndar gefi betri vonir en nokkru sinni fyrr.

Minnst hefur verið á að álitaefni sé hvort hagkvæmni staðsetningar í Keflavík fyrir Landhelgisgæslu Íslands muni vera nægjanleg. Í því efni hef ég getið þess og skal endurtaka það að hafnaraðstaða þar er ágæt, hún er mjög vaxandi, þar eru talsverðar framkvæmdir og þar er mikið nábýli við góðar fiskihafnir. Þar er nálægð við fjölsótt fiskimið, við innsiglingarleiðir sem hafa reynst hættulegar aftur og aftur og nábýli við flugvöllinn sem gefur tækifæri til að samhæfa mjög vel gæslu á sjó og af lofti. Ef við virðum fyrir okkur aðstöðuna á Keflavíkurflugvelli annars vegar og

á Reykjavíkurflugvelli hins vegar hygg ég að allir séu þess vissir að annar flugvöllurinn á framtíð fyrir sér en hinn á þau örlög að hverfa. Varla mun flugvöllur í Reykjavík þjóna til frambúðar öðru hlutverki en því sem markast af daglegum þörfum byggðanna á höfuðborgarsvæðinu ef hann á ekki eftir að hverfa alveg af sjónarsviðinu.

Mér þykir vænt um sem tillögumanni að heyra af sjónarmiðum eða afstöðu forstjóra Landhelgisgæslunnar en ég læt það liggja á milli hluta. Tillagan fjallar um að athugun fari fram og hún hlýtur að leiða fleira í ljós en hans afstöðu. En menn hafa haft talsverðar áhyggjur af þeirri stefnu sem við nú höfum um málefni gæslunnar. Það er rétt, það er áhyggjuefni og álitamál hversu langt skuli ganga í sparnaði í löggæslu. Þessi löggæsla er mjög sérstök.

Hins vegar vegna þess að minnst hefur verið á samninga sem við kunnum að vera að undirgangast sem í fyllingu tímans munu leyfa öðrum þjóðum veiðar á Íslandsmiðum á ný að þá hefur þess réttilega verið getið að þar er ráðgert að eftirlit verði með öðrum hætti en það sem Landhelgisgæslan mundi annast. Í samningnum eru ráðgerð sérstök úrræði til þess að koma við eðlilegum viðbrögðum okkar ef okkur þykir ástæða til. En fjárveitingar til Landhelgisgæslunnar, eins og annarra ríkisstofnana, hljóta að markast af þeirri forgangsröð sem við sjálf setjum og þær hljóta að markast af þeim ásetningi stjórnarsinna að ná betri tökum á ríkisfjármálum en verið hefur undanfarinn áratug eða nærri tvo áratugi, þessa blessuðu framsóknaráratugi sem menn hafa hrósað sér af. Staðreyndin er sú þegar menn eru að velta sér upp úr því að þá hafi verið lagður grunnur að þeim lífskjörum á Íslandi sem við njótum í dag að við hljótum að horfa með svolítilli vantrú fram á víxlana sem við og börnin okkar eða barnabörnin okkar eiga eftir að borga því við Íslendingar erum illilega skuldugir.

Enn hafa menn nefnt til sögunnar að við munum í dag rita Íslandssögu framtíðarinnar. Það er í sjálfu sér ekkert nýtt fyrir hv. alþm. En ég vek sérstaklega athygli á þeim orðum sem voru sögð um ríkidæmi okkar og vænti þess að menn leiði hugann að því hvaða arð við megum hafa af ríkidæmi sem við geymum í einangrun og liggjum á eins og ormar á gulli. Skyldi það færa okkur mikið bætt lífskjör? Samhengið var væntanlegur samningur um Evrópskt efnahagssvæði og væntanleg þátttaka okkar í því samstarfi. Ég hygg að með því fáum við miklu meiri ónumin lönd fyrir mannauðinn á Íslandi, fyrir getu, kunnáttu og samkeppnishæfni okkar Íslendinga en með því að einangra okkur frá því að geta haft áhrif á þær ákvarðanir, stefnur og málflutning grannþjóða okkar sem munu koma til með í framtíðinni að skipta sköpum um okkar framtíð, til að mynda í umhverfismálum sem voru réttilega nefnd til sögunnar. (**Gripið fram í:** Þetta er gamalmennahæli heimsins, Evrópa. Þetta ætti flm. að vita.)

Ég er þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að þátttaka okkar í samfélagi þjóðanna sé okkur nauðsynleg, okkur og þeim sem munu taka við af okkur. Ég trúi því ekki að hv. þm. vilji í raun og veru að við og börnin okkar fáum lakari lífskjör til þess eins að einangrast frá áhrifum á þá þætti sem munu móta lífskjörin.

Virðulegi forseti. Ég segi aftur: Þökk fyrir góðar og málefnalegar umræður um málið sem ég flutti og þau málefni sem því tengjast. Ég er þess viss að nú eins og oft áður mun frv. um fjárlög ekki verða endanleg gerð fjárlaganna. Frv. á eftir að mótast í höndum fjárln. Hér hafa vissulega komið fram orð sem undirstrika þá skoðun og ég hygg að reyndari þingmenn þekki ekki frv. til fjárlaga sem hefur orðið óbreytt að lögum.

Ég vænti þess að okkur muni takast að bæta hag Landhelgisgæslunnar. En við verðum að fara þar með löndum. Þessi lönd heita ríkisfjármál.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af fyrir sig var þetta á margan hátt ágæt ræða en margt hef ég við hana að athuga. Við getum geymt okkur það til betri tíma en aðeins langaði mig að stinga á nokkrum atriðum. Hv. þm. vék að starfi Framsfl. í byggðamálum. Vegna þess að hann vildi tengja þessa tillögu sína sérstaklega byggðamálum langar mig til þess að minna hv. þm. á það og biðja hann að glöggva sig á því hvaða þýðingu það hafi fyrir viðkomandi byggðarlög að hafa byggt upp fjölbrautaskóla á Akranesi, menntaskóla á Ísafirði, fjölbrautaskóla á Sauðárkróki, verkmenntaskóla og háskóla á Akureyri, framhaldsdeild á Húsavík, menntaskóla á Egilsstöðum, fjölbrautaskóla á Selfossi fyrir utan Keflavík. Ég nefni enn þá til viðbótar uppbyggingu heilsugæslu og sjúkrahúsa vítt og breitt um landið. Þetta hefur gerst á þessum árum sem hv. þm. var að tala um og ýja að að væru glötuð ár.

Nú veit ég að hv. þm. Árni R. Árnason þekkir vel til í Keflavík. Ég tel víst að hann segi örfá orð þegar ég hef yfirgefið þennan stól. Þá hefði ég gaman af að hann mundi segja okkur frá því, þessum fáu aðilum sem hér sitjum enn og hlýðum á og fylgjum eftir tillögu hans, hvað hann álíti vegna þess að hann var að tala um þjónustustörfin sem ég er honum sammála um að er gríðarlega mikið mál að flytja í auknum mæli út á land. Við framsóknarmenn höfum, án þess að ég ætli að fara ítarlega yfir það, flutt um það margítrekaðar og mjög glöggar tillögur á Alþingi hvernig við viljum að sé staðið að því. Hvað heldur hv. þm. að margir aðilar í Keflavík starfi við sjúkrahúsið og heilsugæsluna í Keflavík og fjölbrautaskóla? (**Forseti:** Ræðutíma hv. þm. er lokið.)

Hann minntist einnig á það, virðulegi forseti, og ég skal ljúka máli mínu. (**Forseti:** Ég bið hv. þm. að ljúka máli sínu og hverfa úr stólnum.) Já, hann er að gera það. En hv. þm. vék í lokaorðum sínum að áhyggjum út af foreldrum okkar, öfum og ömmum, hvaða byrðar ... (**Forseti:** Ég verð að biðja hv. þm. að yfirgefa ræðustólinn vegna þess að ræðutíminn er úti.) Ég held einmitt að hv. þm. ætti að glöggva sig á því og minna Alþfl. á hvernig Alþfl. er að rústa það kerfi sem Alþfl. hefur fram að þessu státað sig af að hafa byggt upp.

Flm. (Árni R. Árnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er laukrétt. Það var ástæða til fyrir hv. framsóknarmenn á þingi að ganga til ræðustóls og reyna að gera eitthvað úr þessu. Það mætti kannski fram koma ef rétt væri að staðið hafi flokkspólitískar deilur um mannvirki þau sem nefnd voru til sögunnar, um byggingu fjölbrautaskóla, sjúkrahúsa, grunnskóla og annarra menntastofnana í ýmsum landshlutum. Það yrði mér nýmæli ef í ljós kæmi að flokkspólitískar deilur hefðu staðið um þessar byggingar eða uppbyggingu þeirrar þjónustu. (Gripið fram í.) Ég er sannfærður um að ef við rekjum þingmál munu menn komast að þeirri niðurstöðu að það var ekki fyrir einhliða málflutning Framsfl. í bága við aðra þingflokka.

Við erum sammála, ég og hv. 4. þm. Norðurl. v., um að það er nauðsyn að auka fjölbreytni atvinnulífs í hinum dreifðu byggðum. Við vitum það báðir vel að stórar opinberar þjónustustofnanir hafa fjölda starfsmanna. En ég fer ekki frá því að ég hef enn áhyggjur af skuldabyrði barnanna minna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landgræðslulög, 1. umr.

Frv. ÓÞÞ o.fl., 175. mál (áfrýjun ágreiningsmála). — Þskj. 201.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að endurflytja hér frv. til laga um breytingu á landgræðslulögum, nr. 17 frá 24. apríl 1965. Aðrir flm. eru hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Kristinn H. Gunnarsson.

Þetta frv. er mjög í takt við þær almennu breytingar sem átt hafa sér stað í þjóðfélaginu í þá veru að ætla ekki sama aðila bæði að vinna ákveðið verk og vera svo jafnframt dómari yfir því hvernig til hefur tekist. Það ætlar líka einstaklingum vissan rétt gagnvart ríkisstofnun, rétt sem bundinn er í stjórnarskrá samkvæmt eignarrétti.

Ég tel mig ekki þurfa að skýra það mál sem hér er lagt fram frekar svo augljóst sem það er. Við höfum verið að færa dómsvald frá sýslumönnum til dómara til að tryggja það að dómsvaldið sé óháð. Við lítum svo á að einn eigi að færa bókhald en annar eigi að annast endurskoðun. Þetta teljum við rökrétt vinnubrögð. Ég tel að sama hljóti að gilda um Landgræðsluna, að þar beri að breyta lögum á þann veg að þau séu í takt við okkar samtíð og þær breytingar sem við höfum gert á öðrum lögum með hliðstæðum hætti.

Ég legg því til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Orka fallvatna, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 157. mál. — Þskj. 179.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Út af dagskrá þessa fundar eru tekin 7., 10., 17. og 18. mál. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundi er slitið.

46. FUNDUR

miðvikudaginn 4. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fréttaflutningur af slysförum, þáltill., 99. mál, þskj. 116. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Greiðslufrestur á fasteignalánum vegna fjárhagserfiðleika, frv., 153. mál, þskj. 175. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtaka ríkisstofnana, þáltill., 158. mál, þskj. 180. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Tengsl ferðaþjónustu við íslenska sögu, þáltill., 160. mál, þskj. 182. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Sjómannalög, frv., 164. mál, þskj. 189. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Flutningur á starfsemi Landhelgisgæslunnar, þáltill., 174. mál, þskj. 200. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Landgræðslulög, frv., 175. mál, þskj. 201. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Orka fallvatna, frv., 157. mál, þskj. 179. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Einkaleyfi og vörumerki, stjfrv., 3. mál, þskj. 3, nál. 216, brtt. 217. — 2. umr.
10. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 45. mál, þskj. 46, nál. 227, brtt. 228. — 2. umr.
11. Fiskistofa, stjfrv., 44. mál, þskj. 45, nál. 229. — 2. umr.
12. Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, þáltill., 100. mál, þskj. 117. — Fyrri umr.
13. Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, þáltill., 132. mál, þskj. 152. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi hafa:
Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv.,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

Útbýting þingskjala:
Eftirlit Landhelgisgæslunnar innan 200 sjómílna efnahagslögsögu, 195. mál, þáltill. GHall og EKJ, þskj. 232.

Niðurskurður kennslu í skólakerfinu, 67. mál, svar menntmrh. á þskj. 225.

Staða loðdýrabænda, 196. mál, fsp. JVK á þskj. 233.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, 31. mál, nál. frá 3. minni hluta allshn., þskj. 234.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Forseta hefur borist eftirfarandi bréf, dags. 3. nóv. 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varaþingmaður Alþb. í Austurl., Einar Már Sigurðarson kennari, Neskaupstað, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl."

Einar Már Sigurðarson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er nú boðinn velkominn til starfa.

Fréttaflutningur af slysförum, frh. fyrri umr.

Þáltill. GunnS, 99. mál. — Þskj. 116.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, FI, GHH, GHall, GÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, SalÞ, SigG, SighB, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.

25 þm. (ÁRÁ, EH, EgJ, FrS, GuðjG, GB, GÞJ, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JGS, KÁ, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EGuðn, EKG, EMS, EL, FI, GHH, GÁ, HBl, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.

27 þm. (ÁRÁ, EH, EgJ, EKJ, FrS, GuðjG, GB, GHall, GÞJ, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, KÁ, MF, MB, ÓÞÞ, RA, RG, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Greiðslufrestur á fasteignalánum vegna fjárhagserfiðleika, frh. 1. umr.

Frv. KHG og SvG, 153. mál. — Þskj. 175.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, FI, GHH, GÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.

26 þm. (ÁRÁ, EgJ, FrS, GuðjG, GB, GHall, GÞJ, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JGS, JHelg, KÁ, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EGuðn, EMS, EL, EKJ, GHH, GHall, GÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓRG, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS.

26 þm. (ÁRÁ, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GuðjG, GB, GÞJ, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JGS, KÁ, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SJS, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtaka ríkisstofnana, frh. fyrri umr.

Þáltill. JÁ, 158. mál. — Þskj. 180.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, FI, GHH, GHall, GÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.

22 þm. (ÁRÁ, EgJ, FrS, GuðjG, GB, GÞJ, GunnS,

HÁ, IBA, ISG, JGS, KÁ, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, RG, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til efh.- og viðskn. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EKG, EL, EKJ, GHH, GÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, ÓRG, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.

29 þm. (EgJ, EGuðn, EMS, FI, FrS, GuðjG, GB, GHall, GÞJ, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JGS, JBH, JHelg, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Tengsl ferðaþjónustu við íslenska sögu, frh. fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 160. mál. — Þskj. 182.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, FI, GHH, GHall, GÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, SvÁ, VS, ÖS.

24 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GuðjG, GB, GÞJ, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JGS, JVK, KÁ, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SP, StG, StH, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, FI, GHH, GHall, GÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.

22 þm. (EgJ, FrS, GuðjG, GB, GÞJ, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JGS, JHelg, KHG, KÁ, MF, MB, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Sjómannalög, frh. 1. umr.

Frv. GHall, 164. mál (uppsagnarfrestur). — Þskj. 189.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EKG, EMS, EL, EKJ, FI, GHH, GHall, GÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.

21 þm. (EgJ, EGuðn, FrS, GuðjG, GB, GÞJ, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JGS, KÁ, MF, MB, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddur.

Frv. vísað til samgn. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EKG, EL, EKJ, FI, GHH, GHall, GÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KE, LMR, ÓRG, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.

1 þm. (AÓB) greiddi ekki atkv.

25 þm. (EgJ, EGuðn, EMS, FrS, GuðjG, GB, GÞJ, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JGS, JónS, KHG, KÁ, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Flutningur á starfsemi Landhelgisgæslunnar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ, 174. mál. — Þskj. 200.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, FI, GHH, GHall, GÁ, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, RA, SalÞ, SAÞ, StH, SvÁ, VS, ÖS.

25 þm. (EgJ, FrS, GuðjG, GB, GÞJ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, JGS, KÁ, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, RG, SigG, SighB, SP, StG, SJS, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, GHH, GHall, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.

24 þm. (EH, EgJ, FI, FrS, GuðjG, GB, GÞJ, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, JGS, KÁ, MF, MB, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Landgræðslulög, frh. 1. umr.

Frv. ÓÞÞ o.fl., 175. mál (áfrýjun ágreiningsmála). — Þskj. 201.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, FI, GHH, GHall, GÁ, HBl, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.

21 þm. (EgJ, FrS, GuðjG, GB, GÞJ, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JGS, KÁ, MF, MB, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddur.

Frv. vísað til landbn. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, FI, GHH, GHall, GÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.
21 þm. (EgJ, FrS, GuðjG, GB, GÞJ, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JGS, KÁ, MF, MB, ÓÞÞ, RA, RG, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddur.

Orka fallvatna, frh. 1. umr.

Frv. HG o.fl., 157. mál. — Þskj. 179.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, FI, GHH, GHall, GÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.
20 þm. (EgJ, FrS, GuðjG, GB, GÞJ, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JGS, KÁ, MF, MB, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til iðnn. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, FI, GHH, GHall, GÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.
21 þm. (EgJ, FrS, GuðjG, GB, GÞJ, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JGS, KÁ, MF, MB, ÓÞÞ, RG, SighB, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddur.

Einkaleyfi og vörumerki, 2. umr.

Stjfrv., 3. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 3, nál. 216, brtt. 217.

Frsm. iðnn. (Össur Skarphéðinsson):
Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti iðnn. um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, og lögum nr. 47/1968, um vörumerki, sbr. og lög nr. 31/1984.

Nefndin hefur rætt frv. í þaula og fengið á sinn fund ýmsa aðila til að fjalla um það, þau Rán Tryggvadóttur, deildarstjóra í iðnrn., Gunnar Guttormsson, forstjóra Einkaleyfastofunnar og Ómar Grétar Ingvarsson, verkfræðing frá Einkaleyfastofunni.

Það er í sjálfu sér ekki ágreiningur um frv. í nefndinni. Hún er sammála um að leggja til að það verði samþykkt með þeirri breytingu að bæta þremur greinum aftan við 1. gr. frv. Þessum þremur greinum er ætlað að taka af öll tvímæli um atriði sem varða framkvæmd gildistökuákvæða laganna um einkaleyfi.

Breytingarnar eru þær að í fyrsta lagi er lagt til að á eftir 2. mgr. 75. gr. laganna frá 1991 komi ný málsgrein sem feli í sér heimild til að veita einkaleyfi fyrir nautna- og næringarefnum á grundvelli umsókna sem lagðar eru inn eftir 1. jan. 1992.

Í öðru lagi er orðalag 78. og 79. gr. gert nákvæmara svo skýrara sé hvernig beri að meðhöndla umsóknir sem voru lagðar inn fyrir 1. jan. 1992.

Tómas Ingi Olrich, Guðjón Guðmundsson og Kristín Einarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu þessa máls en undir álitið rita Össur Skarphéðinsson, Pálmi Jónsson og Sigríður Anna Þórðardóttir og jafnframt Páll Pétursson, með fyrirvara, Finnur Ingólfsson, með fyrirvara, og Svavar Gestsson, með fyrirvara.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):
Frú forseti. Ég þakka hv. iðnn. fyrir vinnu hennar að þessu máli og tek það skýrt fram að ég er hlynntur þeim brtt. sem nefndin gerir og styð þær.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EKG, EMS, EL, EKJ, GHH, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GunnS, HBl, IP, JÁ, JBH, JónK, KSG, KHG, ÓRG, PJ, SalÞ, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.
2 þm. (AÓB, JVK) greiddu ekki atkvæði.
28 þm. (EgJ, EGuðn, FI, FrS, GuðjG, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónS, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SighB, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 217 (3 nýjar gr., verða 2.–4. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, GHH, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, IP, JÁ, JBH, JónK, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.
2 þm. (AÓB, JVK) greiddu ekki atkvæði.
27 þm. (EgJ, FI, FrS, GuðjG, GÞJ, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónS, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SighB, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

2.–13. gr. (verða 5.–16. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, GHH, GB, GHall, GÞJ, GunnS, HBl, IP, JBH, JónK, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.
2 þm. (AÓB, JVK) greiddu ekki atkvæði.
28 þm. (EgJ, FI, FrS, GuðjG, GÁ, HÁ, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónS, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SighB, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, GHH, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GunnS, HBl, IP, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS.

29 þm. (ÁJ, EgJ, FI, FrS, GuðjG, HÁ, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónS, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SighB, SP, StG, SJS, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Meðferð og eftirlit sjávarafurða, 2. umr.

Stjfrv., 45. mál. — Þskj. 46, nál. 227, brtt. 228.

Frsm. sjútvn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti sjútvn. um frv. til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Nefndin hefur fjallað ríkulega um þetta mál og hún hefur fengið á sinn fund fjölmarga aðila, þá Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra sjútvrn., Brynjólf Sandholt yfirdýralækni, Gísla Jón Kristjánsson fiskmatsstjóra, Einar M. Jóhannsson frá Ríkismati sjávarafurða, Árna Benediktsson og Aðalstein Gottskálksson frá Íslenskum sjávarafurðum, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sturlaug Daðason frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Jón Friðjónsson frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda. Þá studdist nefndin jafnframt við umsagnir sem bárust nefndinni á 115. þingi frá Sambandi ísl. kaupskipaútgerða, Íslenskum sjávarafurðum hf., Fiskiðn, Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Fiskmatsmannafélagi Íslands, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Ríkismati sjávarafurða, Félagi ísl. fiskmjölsframleiðenda, Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda, Landssambandi smábátaeigenda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Samtökum fiskvinnslustöðva, Hollustuvernd ríkisins og yfirdýralækni.

Nefndin leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frv.:

„1. Lagðar eru til breytingar á 2. og 3. gr. Annars vegar að fellt verði úr 2. gr. að ferskvatnsdýr teljist til sjávarafla. Er það gert í því skyni að forðast skörun við lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Hins vegar er lagt til að ákvæði um eftirlit vinnslu, slátrunar og pökkunar ferskvatnsdýra bætist inn í 3. gr. til þess að náð verði því markmiði að eftirlit með veiðum og hagnýtingu sjávarafurða og eftirlit með vinnslu og pökkun afurða hafbeitar- og eldisfisks verði í höndum sama aðila.

2. Lagt er til að við 6. gr. bætist ákvæði þess efnis að við innflutning lifandi fiska, skrápdýra, liðdýra og lindýra, sem lifa í söltu vatni, skuli höfð hliðsjón af lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, og er það til að tryggja samræmi við meðferð þessara mála.

3. Samkvæmt 14. gr. frv. er það skylda fyrirtækis eða útgerðar skips að hafa samning við viðurkennda skoðunarstofu. Lagt er til að ráðherra geti veitt undanþágur frá þessari skyldu enda helgist það af sérstökum ástæðum, t.d. ef erfitt er vegna staðsetningar fyrirtækis að koma við því fyrirkomulagi sem greinin gerir ráð fyrir eða ef fyrirtækin hafa sjálf byggt upp gæðaeftirlit innan sinna vébanda sem fullnægja öllum kröfum.“

Nefndin mælir með samþykkt frv. með þessum breytingum. Rétt er að taka fram, virðulegi forseti, að einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma. Það er rétt að einnig komi fram að Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista, sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Undir álit sjútvn. rita Matthías Bjarnason, formaður nefndarinnar, Össur Skarphéðinsson, Árni R. Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Vilhjálmur Egilsson og jafnframt Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara, Halldór Ásgrímsson, með fyrirvara, Stefán Guðmundsson, með fyrirvara, og Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð stórt mál sem hér er til umræðu og hefur verið fjallað töluvert um það í sjútvn. Það er margt þarna sem orkar tvímælis. Það er verið að gera verulega miklar breytingar á því hvernig staðið er að eftirliti með sjávarafurðum og framleiðslu þeirra og hafa komið fram mjög mismunandi sjónarmið hjá þeim sem eiga hlut að máli. Sérstaklega hefur Gísli Jón Kristjánsson fiskmatsstjóri sett fram gagnrýni á þetta fyrirkomulag. Margt af því sem hann hefur sagt um þessi mál er þannig vaxið að ég get undir það tekið. Ég hef áður lýst efasemdum í þinginu um hvernig að þessu er staðið með þessu frv. núna, en vegna þeirrar umræðu sem fór fram í nefndinni og þeirra breytinga sem voru gerðar á frv. hafa einstakir nefndarmenn skrifað undir það með fyrirvara og eru ekki með sérstakt nál.

Ég tel líklegast að menn muni samþykkja frv. en ég vil taka það fram sérstaklega vegna míns fyrirvara að ég tel að taka eigi þetta mál til endurskoðunar sem allra fyrst, einfaldlega vegna þess að þessi breyting er mjög mikil og fram hafa komið, eins og ég sagði áðan, verulegar athugasemdir. Það ætti að mínu viti að taka málið til endurskoðunar strax eftir fyrsta árið til þess að fara yfir hvort hér hefur tekist vel til eða ekki. Ég ætla ekki að vera á móti málinu vegna þess að inni í brtt. er m.a. kominn möguleiki fyrir sjútvrh. til að ganga fram hjá skoðunarstofunum, í trausti þess að hann geri það ef á þarf að halda. Ef þessi mál þróast öðruvísi en þeir sem hér hafa mest ráðið ferð vonast til að verði hefur sjútvrh. möguleika á því að hafa áhrif á gang mála. Það er kannski aðallega þess vegna sem ég mun ekki setja mig upp á móti málinu. Þó ég hafi, eins og ég segi, skrifað undir með fyrirvara er ekki þar með sagt að það komi fram brtt.

Það er mjög slæmt að á þessum fundi núna eru einungis fáir af sjávarútvegsnefndarmönnum mættir. Það vantar a.m.k. þrjá eða fjóra af sjávarútvegsnefndar-

mönnum við umræðuna. Það hefði verið heppilegt að þeir hefðu getað tekið þátt í umræðunni. Ég var því miður ekki á þeim fundi þar sem endanlega var gengið frá málinu og hef þess vegna ekki nákvæmlega vitneskju um þær umræður sem þar urðu. En ég geri ráð fyrir því að sjávarútvegsnefndarmenn muni tala saman fyrir 3. umr. málsins og gera það upp við sig hvort fram muni koma brtt. eða ekki.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Svo sem glöggir menn hafa e.t.v. tekið eftir kemur það fram á nál. að ég sat fundi nefndarinnar um þetta mál. Það kemur hins vegar ekki fram að ég sé samþykk þessari afgreiðslu málsins enda finnst mér ekki efni til þess. Ég hef ekki kost á að skrifa sérnefndarálit. Ýmislegt er ágætt í þessu frv. Þær leiðréttingar og lagfæringar sem gerðar hafa verið tel ég vera til bóta. Á því leikur enginn vafi.

Þetta frv. er nefnilega bæði gott og vont. Fullkomið gæðaeftirlitskerfi er nauðsynlegt fyrir þjóð sem byggir alla sína afkomu á sjávarafurðum. Ég leyfi mér að fullyrða það á meðan svo stór hluti okkar efnahagslífs er háður þessari vöru og því að selja hana í sæmilegu ástandi. Þar af leiðandi er ég sammála því að ýmis ákvæði þessara laga eru ljómandi góð. Það eru settar fram skýrar kröfur um gæði sjávarafurða og það er búið að sníða ákveðna hnökra af frv. í brtt. þannig að ljóst á að vera hvaða aðili fer með ábyrgð og eftirlit á hverri afurð fyrir sig, bæði úr sjó og ferskvatni. Þetta er að sjálfsögðu til bóta.

Það er alltaf spurning hvort kerfi sem verið er að byggja upp, eins og í þessu tilviki, sé fullnægjandi og hvort það sé skynsamlegt. Í versta falli tel ég að það kerfi sem þarna er verið að byggja upp, sem að vísu er undankomuleið út úr, sé hvorugt en það er hins vegar ágætlega flókið ef það er byggt upp með þeim hætti sem mögulegt er. Það er verið að færa eftirlit með meðferð sjávarafurða að hluta til í hendur einkaaðila og út af fyrir sig er ég ekki að hafa á móti því. Hins vegar er verið að staðfesta að þrátt fyrir allt verður eftirlit að vera í umsjá og á ábyrgð opinberra aðila því annars getum við ekki selt fiskinn okkar til helstu markaðslanda. Það tel ég mjög nauðsynlegt. Þessi ábyrgð er staðfest í frv. sem nú er lagt fram með þeim hætti sem það er lagt fram og það hefur fengist staðfest að sá háttur, sem hafður verður á hér, á að duga. Til eru að vísu menn sem hafa einhverjar efasemdir um það en ég vona að þær reynist rangar og ég er alveg sannfærð um að reynslan muni sýna okkur hvort svo verður eða ekki.

Hins vegar held ég að það hefði verið heillavænlegra að fara þá leið að efla innra eftirlit fyrirtækja þar sem þau eru nógu burðug til þess að gera það og það er vissulega mögulegt með þessu frv. En að setja það sem skyldu að hafa samning við skoðunarstofu held ég að sé röng leið. Það liggur við að mér finnist að orðið skoðunarstofa sé orðin hálfgerð þráhyggja í umræðunni. En það er mitt persónulega mat. Ég get að vísu stutt það í löngu máli í einhverjum röksemdum en ég tel það óþarft. Persónulegt mat er fullgilt.

Fyrst og fremst er nauðsynlegt að það sé ljóst hvaða kröfur eru gerðar og hver ber endanlega ábyrgð á því að þær kröfur séu uppfylltar sem þarf að uppfylla. Ljóst er að það verður á endanum á ábyrgð opinberra aðila og engra annarra. Ég er ekki að mæla með viðamiklu opinberu eftirliti en ég er að vara við því að það verði of laust í reipunum hver ber ábyrgð á hverju. Ég óttast það að annars vegar sé verið að segja að vissulega séu opinberir aðilar enn ábyrgir fyrir innra eftirliti en hins vegar sé hægt að varpa þessari ábyrgð á einkaaðila, þ.e. milliliðinn, skoðunarstofurnar. Svo getur það þýtt að hver kenni öðrum um. Innra eftirlitið sé ýmist með svipuðum hætti og nú er eða einhver skoðunarstofa úti í bæ beri ábyrgðina. Þetta finnst mér enn þá óþarflega loðið til þess að vel megi við una. Engu að síður held ég að reynslan sé sá húsbóndi sem gerir okkur nauðsynlegt að hafa þessa hluti í lagi. Ég geri ráð fyrir að þrátt fyrir hnökra á kerfinu muni reyndin verða góð vegna þess að öllum er ljóst hve mikið er í húfi.

Það eru vissulega möguleikar innan þeirra ákvæða sem sett eru í frv. til þess að framfylgja þessu á fullnægjandi hátt og það verður að sjálfsögðu að gera. Við þolum ekki eitt einasta slys í sambandi við að gæði sjávarafurða séu ekki næg, kröfurnar ekki nægar og eftirlitið ekki nægt. Ég er ekki að segja að allt hafi verið í himnalagi fram til þessa. Ég er bara að gagnrýna þá leið sem hér er farin. Hins vegar vona ég að hún reynist vel og ég hef trú á því að kerfið sem hér er verið að setja upp muni smátt og smátt aðlagast því sem skynsamlegt er. Þá er vel mögulegt að ráðherrar nýti þá heimild sem lagt er til í brtt. við 14. gr. að hann hafi til þess að byggja frekar upp innra eftirlit og hafa það sem möguleika ásamt opinberu eftirliti frekar en treysta þessa milliliði, þ.e. skoðunarstofurnar.

Ég ætla ekki að rekja alla þá viðamiklu umræðu sem orðið hefur innan sjútvn. vegna þessa máls. Ég held hins vegar að hún hafi verið af hinu góða. Málið liggur nokkuð skýrt fyrir eftir því sem hægt er miðað við þessa leið sem valin var. Ég held að fólk sé almennt meðvitað um kosti og galla þessa kerfis og þó ég sjái þarna ákveðna útleið frá göllum þessa kerfis í ráðherraheimild finnst mér mátinn að setja þetta sem heimild ráðherra afskaplega slæmur vegna þess að ég held að við ættum að láta okkar lög tala sem skýrast og binda sem fæst í ráðherravald. Í þessu tilviki er ég sammála því efnislega að sá möguleiki sé fyrir hendi en mér finnst aðferðin vond.

Ég geri ráð fyrir að ég geti mælt með því að efnisleg ákvæði þessa frv. séu studd að öðru leyti en því að ég treysti mér ekki til að styðja að skoðunarstofurnar verði settar á fót. Ég hefði viljað sjá þar önnur ákvæði. Það varð ekki samstaða um það. Það er alveg greinilegt að það er mikill vilji til að koma nákvæmlega þessu batteríi á fót. Við því er út af fyrir sig ekkert að gera en ég get ekki stutt það ákvæði.

Að öðru leyti vona ég að reynslan muni sýna okkur fram á hvernig þetta kerfi þarf að vera án þess að við tökum áhættu varðandi eftirlit og meðferð sjávarafurða því það megum við að sjálfsögðu ekki gera.

Frsm. sjútvn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu verulega. Ég vil einungis taka undir það sem hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson sagði að þetta mál hefur hlotið mjög mikla umræðu, bæði á þessu þingi og á síðasta þingi.

Það er alveg ljóst að til að byrja með voru verulegir hnökrar á þessu frv. Eftir þessa óvanalega ítarlegu umfjöllun um málið er búið að skera þá af eins og kom fram í máli ræðumanna á undan. Það er líka alveg ljóst af því sem hér hefur komið fram í máli þeirra tveggja þingmanna sem hafa talað auk mín að þrátt fyrir allt er bærileg samstaða um þessi mál. Hér er um að ræða verulega uppstokkun á því kerfi sem lýtur að meðferð og eftirliti sjávarafurða. Ég og við í meiri hluta nefndarinnar teljum að hér sé verið að stíga verulega mikilvægt skref til framfara.

Ég vil líka að það komi fram, út af orðum hv. þm. Jóhanns Ársælssonar áðan þar sem hann lýsti vonbrigðum sínum yfir því að hér eru ekki staddir fleiri menn úr sjútvn., að við gerðum allt sem hægt var til þess að ná samstöðu. Ég vek sérstaklega athygli á því að það mál sem deilt var hvað mest um, þ.e. skoðunarstofurnar, er í sjálfu sér atriði sem er svo róttækt og svo nýtt að það er eðlilegt að menn greini á um það. Til þess að reyna að ná samstöðu, sem að lokum tókst, féllumst við á það að taka upp í 14. gr., sem er lykilgrein í frv., þessa brtt. sem kom frá minni hlutanum, þ.e. um heimild ráðherra til þess að veita undanþágu frá skilyrðum um skoðunarstofurnar.

Þetta skiptir geysilega miklu máli og ég hygg að við getum e.t.v. leyft okkur að vera þeirrar skoðunar að kannski hefði í einhverjum greinum mátt gera betur en þetta er þrátt fyrir allt frv. sem skiptir miklu máli fyrir greinina, ekki síst vegna þeirra breytinga sem eru fram undan á íslensku þjóðfélagi og þar með á þess háttum. Þetta er frv. sem með þessum brtt. er þess eðlis að það var minn skilningur að í öllum grundvallaratriðum væri stjórnarandstaðan sammála frv.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, lýsa þökkum mínum til stjórnarandstöðunnar fyrir málefnalega og jákvæða umfjöllun í nefndinni.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Vegna orða hv. 17. þm. Reykv. vil ég segja að hann sagði að í öllum grundvallaratriðum væru menn sammála. Ég tel það að vísu ofsagt einfaldlega vegna þess að menn voru ekki sammála um sjálfar skoðunarstofurnar og eru það ekki enn þá. Það sem fékk nefndarmenn til að skrifa undir nál. sameiginlega var að það tókst að fá þessar breytingar. En það er enginn vafi á því að þeir sem skrifa undir með fyrirvara voru allir á þeirri skoðun, að ég tel, að þessi hugmynd um skoðunarstofurnar væri ekki góð og menn ættu að fara aðrar leiðir í málinu. Til þess að fá fram breytingar þurfa menn stundum að ganga kannski lengra en þeim þykir gott og það var gert í þessu tilfelli.

Það eru vissulega fleiri hnökrar á frv. sem ég ætla ekki að gera að sérstöku umræðuefni en voru til umræðu. Ég er t.d. dálítið hissa á því, svo ég nefni eitt dæmi samt, að í 12. gr. kemur fram hverjir eigi að fá vinnsluleyfi og þar er m.a. taldar fiskgeymslur sem eru ekki hlutar af fiskvinnslufyrirtækjum. Þetta var mjög til umræðu í nefndinni og sannleikurinn er sá að með þessu lagaákvæði eins og það lítur út núna þurfa flutningaskip sem flytja frystan fisk að fá sérstakt vinnsluleyfi. Það sjá allir að fyrir flutningaskip erlendra aðila t.d. sem gerir tilboð í flutninga að og frá landinu er nú dálítið umhendis að vera með þá skyldu á sér að hafa samning við skoðunarstofu.

Ég tel að þetta komi til með að verða eitt af því sem þurfi breytinga við. Það er auðvitað fleira í þessu sem þarf örugglega endurskoðunar og ég vona að menn verði sammála um að skoða þessi mál nánar. En aðalástæðan fyrir því að ég tók til máls aftur var að mér fannst hv. 17. þm. Reykv. taka of djúpt í árinni þegar hann sagði að við værum sammála í öllum grundvallaratriðum. Ég svo sem fagna því að það skuli þó hafa náðst þetta samkomulag sem er um málið núna en vona að það fái meiri umfjöllun síðar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, GHH, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, IP, JÁ, JBH, JónK, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.

29 þm. (ÁMM, EgJ, FI, FrS, GuðjG, GÞJ, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SighB, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 228,1 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, GHH, GB, GHall, GÞJ, GunnS, HBl, IP, JÁ, JBH, JónK, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.

28 þm. (EgJ, FI, FrS, GuðjG, GÁ, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SighB, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, GHH, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GunnS, HBl, IP, JÁ, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.

26 þm. (EgJ, FI, FrS, GuðjG, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónS, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SighB, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 228,2 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, GHH, GB, GHall,

GÞJ, GÁ, GunnS, HBl, IP, JÁ, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS.
27 þm. (EgJ, FI, FrS, GuðjG, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónS, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SighB, SP, StG, SJS, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, GHH, GB, GHall, GÞJ, GunnS, HBl, IP, JÁ, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.
27 þm. (EgJ, FI, FrS, GuðjG, GÁ, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónS, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SighB, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

4.–5. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EMS, EL, EKJ, GHH, GB, GHall, GÞJ, GunnS, HBl, IP, JÁ, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.
1 þm. (GÁ) greiddi ekki atkvæði.
27 þm. (EgJ, EKG, FI, FrS, GuðjG, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónS, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SighB, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 228,3 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, GHH, GB, GHall, GÞJ, GunnS, IP, JÁ, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, SalÞ, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.
30 þm. (ÁJ, EgJ, FI, FrS, GuðjG, GÁ, HÁ, HBl, IBA, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónS, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, GHH, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GunnS, HBl, IP, JÁ, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SAÞ, StH, StB, VS, ÖS.
27 þm. (EgJ, FI, FrS, GuðjG, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónS, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SighB, SP, StG, SJS, SvÁ, SvG, VE) fjarstaddir.

7.–13. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EMS, EL, EKJ, GHH, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, IP, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS.
1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkvæði.
29 þm. (EgJ, EKG, FI, FrS, GuðjG, GÞJ, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónS, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SighB, SP, StG, SJS, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 228,4 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, GHH, GB, GHall, GÞJ, GunnS, HBl, IP, JÁ, JBH, JónK, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.
2 þm. (AÓB, JVK) greiddu ekki atkvæði.
27 þm. (EgJ, FI, FrS, GuðjG, GÁ, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónS, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SighB, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 33:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, GHH, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, IP, JÁ, JBH, JónK, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.
nei: AÓB.
1 þm. (JVK) greiddi ekki atkvæði.
28 þm. (ÁJ, EgJ, FI, FrS, GuðjG, GÞJ, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónS, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SighB, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

15.–25. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, GHH, GB, GHall, GÞJ, GunnS, HBl, IP, JÁ, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.
27 þm. (EgJ, FI, FrS, GuðjG, GÁ, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónS, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SighB, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Ákv. til brb. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, GHH, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GunnS, HBl, IP, JÁ, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, ÓE, PJ, SalÞ, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.
27 þm. (EgJ, FI, FrS, GuðjG, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónS, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SighB, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EL, EKJ, GHH, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GunnS, HBl, IP, JÁ, JBH, JVK, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, SalÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.
30 þm. (EgJ, EMS, FI, FrS, GuðjG, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SAÞ, SigG, SighB, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Fiskistofa, 2. umr.

Stjfrv., 44. mál (eftirlit með framleiðslu sjávarafurða). — Þskj. 45, nál. 229.

Frsm. sjútvn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti sjútvn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 36 frá 27. maí 1992, um Fiskistofu.

Frv. hefur verið rætt í sjútvn. samhliða 45. máli sem við ræddum áðan, virðulegi forseti. Nefndin mælir með samþykkt frv. Þó er rétt að fram komi að einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja þeim sem kunna fram að koma. Rétt er einnig að taka fram að hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um Kvennalista, sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Undir þetta ritar formaður nefndarinnar Matthías Bjarnason, Össur Skarphéðinsson, Árni R. Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Vilhjálmur Egilsson, Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara, Halldór Ásgrímsson, með fyrirvara, Stefán Guðmundsson, með fyrirvara, og Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, GHH, GB, GHall, GunnS, HBl, IP, JÁ, JBH, JónK, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.

2 þm. (AÓB, JVK) greiddu ekki atkvæði.

29 þm. (ÁMM, EgJ, FI, FrS, GuðjG, GÞJ, GÁ, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónS, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SighB, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, GHH, GB, GHall, GunnS, HBl, IP, JÁ, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.

1 þm. (AÓB) greiddi ekki atkvæði

30 þm. (ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GuðjG, GÞJ, GÁ, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónS, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SighB, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EL, EKJ, GHH, GB, GHall, GunnS, HBl, IP, JÁ, JBH, JónK, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SAÞ, StH, StB, SvÁ, VS, ÖS.

2 þm. (AÓB, JVK) greiddu ekki atkvæði.

29 þm. (ÁMM, EgJ, FI, FrS, GuðjG, GÞJ, GÁ, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónS, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SighB, SP, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, fyrri umr.

Þáltill. GunnS og SigG, 100. mál. — Þskj. 117.

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér till. til þál. ásamt hv. 7. þm. Norðurl. e. um endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar, og miði sú endurskoðun m.a. að því að gefa fleiri aðilum kost á því að vinna að markaðsöflun og útflutningi á saltsíld."

Í grg. með tillögunni segir svo:

„Í lögum um síldarútvegsnefnd segir að hún skuli hafa eftirlit með verkun saltaðrar síldar, svo og með útflutningi hennar. Í 4. gr. laganna er kveðið á um að enginn megi „bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda saltaða síld sem íslensk skip veiða eða verkuð er hér á landi eða lögð á land verkuð, nema löggilding síldarútvegsnefndar komi til". Enn fremur segir í 8. gr.: „Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum síldarútvegsnefndar, að veita heildarsamtökum síldarsaltenda eða síldarútvegsnefnd einkarétt til útflutnings á saltaðri síld eða einkarétt til útflutnings á saltaðri síld sem verkuð er með tilteknum verkunaraðferðum eða seld til ákveðinna landa."

Ljóst má vera að heimild er í lögum um að aðrir flytji út saltaða síld en síldarútvegsnefnd. Sú hefur hins vegar ekki orðið raunin, heldur hefur síldarútvegsnefnd alfarið séð um útflutning saltaðrar síldar í krafti einkaréttar er lögin kveða á um.

Enginn efast um að síldarútvegsnefnd hefur unnið gott starf bæði við stjórnun síldarsöltunar og við útflutning á síldarafurðum. Þótt einkaréttur á útflutningi saltsíldar verði afnuminn mun síldarútvegsnefnd hafa mikilvægu hlutverki að gegna, en með því að gefa fleiri útflytjendum kost á að flytja út saltaða síld hlýtur það að efla markaðsleit, tryggja betur sölu og verð og nýtingu markaða. Lagaákvæðin eru hins vegar úrelt orðin og tímabært að endurskoða þau.

Vaxandi erfiðleikar við útflutning og sölu saltsíldar á erlendum mörkuðum hljóta að kalla á endurskoðun laga er kveða á um þessi mál. Miklir hagsmunir eru í húfi. Síldarsöltun er stór þáttur í atvinnulífi landsbyggðarinnar og í þjóðartekjum. Brýnt er að leitað verði allra leiða til þess að tryggja hámarksafrakstur atvinnugreinarinnar. Efling útflutningsstarfseminnar er löngu brýn og gæfi fleiri útflytjendum kost á að spreyta sig. Að veita fullt frelsi í útflutningi saltsíldar er tímabær aðgerð sem nú verður að framkvæma eins fljótt og auðið er."

Ég vil taka það skýrt fram að hér liggur ekki fyrir tillaga um að leggja síldarútvegsnefnd niður. Ekkert í tillögunni kveður á um að leggja hömlur á starfsemi síldarútvegsnefndar heldur er verið að leggja áherslu á hvort endurskoða megi lög með þeim hætti að fleiri aðilar sem í útflutningi starfa geti komið að markaðs-

leit, markaðsrannsóknum og útflutningi saltsíldar. Það er tilgangurinn með þessum málflutningi. Alls ekki að leggja stein í götu síldarútvegsnefndar heldur að gefa fleiri aðilum kost á því að spreyta sig.

Það eru allir sammála um að aðstæður eru orðnar mjög breyttar frá því að síldarútvegsnefnd tók til starfa vorið 1935. Einnig er rétt að vekja athygli á þeim erfiðleikum sem við er að etja í sambandi við samninga á saltaðri síld. Markaðurinn í Rússlandi er hrunin. Erfiðleikar fara vaxandi á hefðbundnum mörkuðum á Norðurlöndum og það má heita að útflutningur saltaðrar síldar sé í alvarlegum þrengingum um þessar mundir. Þegar slíkar þrengingar knýja á þá hljótum við að reyna að leita allra leiða til að bregðast við. Ég held að hér sé um eina leið að ræða, að breyta lögum eða réttara sagt að rýmka ákvæði laga svo að fleiri aðilar geti komist að og hafið markaðsrannsóknir, markaðsleit og útflutning síldar ef slíkt megi bera árangur.

Nú segja þeir sem telja að ekki sé þörf á svona tillöguflutningi að allar þessar heimildir séu nú þegar til staðar í lögum. En svo er alls ekki. Ef við lítum yfir lög um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar frá árinu 1962 þá eru ákvæði laganna, er verja einkarétt eða einkaleyfi síldarútvegsnefndar til útflutningsstarfseminnar, svo ákveðin að það eru nánast engar forsendur fyrir aðra að komast þar að. Þrátt fyrir að ekki sé gripið til ákvæðis 8. gr. um að ráðherra sé heimilt að veita síldarútvegsnefnd einkarétt. Girðingarnar eða hindranirnar í öðrum greinum laganna eru svo öflugar og sterkar að það kemur tæpast í hug nokkurs útflytjanda að reyna markaðsrannsókn eða markaðsleit fyrir síldarafurðir. Þar segir t.d. eins og ég hef áður getið í 4. gr. að „Enginn má bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda saltaða síld ... nema löggilding síldarútvegsnefndar komi til". Í 5. gr. segir:

„Síldarútvegsnefnd löggildir útflytjendur saltaðrar síldar með þeim skilmálum, sem nefndin telur nauðsynlega um löggildingartíma, framboð og lágmarksverð, um skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma og annað það, sem tryggir sem öruggasta sölu saltsíldarframleiðslu landsmanna. Nefndin gerir þær ráðstafanir, sem hún telur við þurfa til að tryggja, að löggildingarskilmálum sé fullnægt.

Til þess að geta fengið löggildingu sem útflytjandi samkvæmt þessari grein, skal hlutaðeigandi fullnægja ákvæðum laga nr. 52 27. júní 1925, um verslunaratvinnu, og ráða yfir því lágmarksmagni saltsíldar, sem nefndin ákveður."

Síðan segir í 6. gr., og kannski er það það ákvæði laganna sem helst þarf að líta á við þessa endurskoðun og e.t.v. er helstu hindrunina að finna í þeirri grein. Hún er sú grein sem veitir í raun síldarútvegsnefnd einkarétt í framkvæmd þannig að ekki þurfi að grípa til ákvæða í 8. gr. um heimild ráðherra til útgáfu einkaréttar. En í 6. gr. segir:

„Útflytjendur og síldarsaltendur eru skyldir að gefa nefndinni allar upplýsingar, sem hún óskar, um hvað eina, sem snertir söltun, sölu og útflutning síldar, og hefur nefndin frjálsan aðgang að verslunarbókum og skjölum þeirra hér að lútandi."

Það sér hver maður að miðstýrt eftirlitshlutverk síldarútvegsnefndar er svo algjört að ekkert útflutningsfyrirtæki reynir að fara út í útflutning saltsíldar á meðan ákvæði laga eru með þeim hætti sem raun ber vitni. 6. gr. laganna veitir þess vegna síldarútvegsnefnd í raun og réttu einkarétt og einkaleyfi af því að ákvæðin eru svo afgerandi að þau fæla alla aðra frá því að reyna fyrir sér með útflutning á saltaðri síld.

Frá því að síldarútvegsnefnd tók til starfa hafa allar aðstæður breyst. Útflutningsstarfsemin er orðin opnari og frjálsari og flestir eru sammála um að sú opnun hafi skilað íslenskum sjávarútvegi og þjóðarbúinu auknum arði og enginn vill snúa til baka til þeirra hafta, einokunar og einkaréttar er gilti hér á árum áður. Sú stefna hefur verið við lýði allt fram að þessu að frjálsari starfshættir eru að koma til hvað varðar útflutningsstarfsemina á sjávarafurðum. Og ég held að við getum líka verið sammála um að það hafi frekar hækkað verð og skilað okkur nýjum og sterkari mörkuðum og aukið samkeppni. Spurningin er sú hvort ekki þurfi að fara að huga að þessu núna í sambandi við útflutning á saltaðri síld. Hvort ekki sé ástæða núna í ljósi breyttra aðstæðna að skoða það gaumgæfilega hvort ekki sé rétt að setja frekar hvetjandi ákvæði í lög um að fleiri aðilar komi að þessu starfi.

Virðulegi forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til sjútvn. að lokinni þessari umræðu.

Útbýting þingskjals:

Fjáraukalög 1991, 197. mál, stjfrv., þskj. 235.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Mikil umræða hefur orðið að undanförnu um síldarsölumál almennt og það er ekki að ástæðulausu. Við stöndum ekki einungis frammi fyrir því að það gengur erfiðlega að selja síldina, m.a. vegna lokunar á Rússlandsmarkaði, heldur hefur það einnig skeð á undanförnum dögum að loðnubátarnir sem stunda síldveiðar hafa ekki verið undir það búnir að koma með síld til vinnslu til manneldis og því hefur síldin farið í meira magni til bræðslu en vonir stóðu til. Því er það sárt að þeir sem hafa samning um unna síld til manneldis fá ekki hráefni upp í sína samninga. Svo eru aðrir sem eru með það takmarkaða samninga að sölumöguleikar þeirra eru svo litlir að það tekur því ekki að starta dýrri vinnslulínu hjá þeim þannig að það magn fer kannski líka í bræðslu.

Í dag láta sér fáir detta í hug að vinna síld til söltunar án þess að hafa frágengna samninga, að sjálfsögðu ekki. En sú þáltill. sem hér er til umfjöllunar fjallar um endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd þar sem meintur einokunarréttur síldarútvegsnefndar til sölu á síld verði niður felldur.

Í grg. með þáltill. segir m.a. með leyfi forseta:

„Vaxandi erfiðleikar við útflutning og sölu saltsíldar á erlendum mörkuðum hljóta að kalla á endurskoðun laga er kveða á um þessi mál. Miklir hagsmunir eru í húfi. Síldarsöltun er stór þáttur í atvinnulífi landsbyggðarinnar og í þjóðartekjum. Brýnt er að leitað verði allra leiða til þess að tryggja hámarksafrakstur

atvinnugreinarinnar." — Ég endurtek: Hámarksafrakstur atvinnugreinarinnar. — „Efling útflutningsstarfseminnar er löngu tímabær og gæfi fleiri útflytjendum kost á að spreyta sig. Að veita fullt frelsi í útflutningi saltsíldar er tímabær aðgerð sem nú verður að framkvæma eins fljótt og auðið er."

Þetta hljómar vel ef menn vissu ekki betur. (**ÖS:** *Framsfl. veit betur.*) Það vita fleiri betur, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, það vita þeir 52 aðilar sem salta síld.

Það fyrirkomulag sem hér er við lýði á sér langa sögu. Eftir áratugaöngþveiti sem ríkti í sölumálum saltsíldar vegna hinnar óvenjumiklu áhættu sem fylgir þessari sérstæðu atvinnugrein neyddist Alþingi í lok ársins 1934 til að setja sérstök lög um skipulagningu og útflutning saltaðrar síldar. Lögum þessum hefur tvívegis verið breytt, þ.e. árið 1962 og árið 1968 að ósk hagsmunaaðila. Síldarútvegsnefnd tók til starfa 1935. Framan af hafði nefndin fyrst og fremst eftirlit með útflutningi saltsíldar og löggilti saltsíldarútflytjendur. Til þess að tryggja gæði og sölu á saltsíldarframleiðslu landsmanna á hinum takmörkuðu mörkuðum og til að koma í veg fyrir verðhrun ákvað löggjafinn m.a. að heimila nefndinni að ákveða hvenær söltun mætti hefjast svo og að takmarka eða banna söltun um skemmri eða lengri tíma ef nauðsyn krefði enda hefði offramleiðsla og skipulagslaus söltun hvað eftir annað valdið landsmönnum gífurlegi tjóni.

Í lögum um útflutning saltsíldar er tekið fram að sjútvrh. sé heimilt að veita síldarútvegsnefnd einkaleyfi til útflutnings til eins árs í senn. Einkaleyfi þetta hefur ekki verið veitt nema með samþykki Samtaka síldarsaltenda, útvegsmanna og sjómanna. Það er aðeins til eins árs í senn. Síldarútvegsnefnd hefur ekki sótt um slíkt einkaleyfi í allmörg ár. Af átta stjórnarmönnum síldarútvegsnefndar eru fimm tilnefndir af framangreindum samtökum, sem sagt síldarsaltendum, útvegsmönnum og sjómönnum.

Og þá skal líka taka fram að sala á síld í neytendaumbúðum heyrir ekki undir starfsemi síldarútvegsnefndar.

Það er líka rétt að taka það fram að síldarútvegsnefnd hefur aldrei fengið fé úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum til þess að standa undir rekstri stofnunarinnar. Síldarútvegsnefnd fær sölulaun á svipaðan hátt og ýmis önnur sambærileg útflutningssamtök. Þeir síldarsaltendur, sem óskað hafa eftir að kanna möguleika á sölu íslenskrar saltsíldar, hafa ætíð notið stuðnings síldarútvegsnefndar ef óskað hefur verið eftir. Í því sambandi er rétt að láta það koma fram að eitt árið tókst að frumkvæði forsvarsmanna íslenskra sölusöltunarstöðva að selja 1.700 tunnur af heilsaltaðri síld til reykingar vegna óvænts tímabundins skorts á þeirri tegund saltsíldar hjá einum erlendum kaupanda.

Hvað með mann sem í dag kynni að hafa áhuga á saltsíldarútflutningi? Hefur núverandi fyrirkomulag á einhvern hátt stöðvandi áhrif á sölumöguleika á íslenskri saltsíld? Það er auðvitað spurningin og það er einmitt vegna þess sem hv. 5. þm. Austurl. leggur til að lögin um síldarútvegsnefnd verði endurskoðuð að hann telur að núverandi fyrirkomulag hafi á einhvern hátt heftandi áhrif á útflutning.

Á sl. fjórum áratugum hefur nokkrum sinnum borið við að íslensk verslunarfyrirtæki og einstaklingar hafa óskað eftir að fá heimild til að reyna að selja saltaða síld til ákveðinna markaðslanda, þar á meðal þekkt útflutningsfyrirtæki. Í öllum tilfellum hefur verið látið á þetta reyna og viðkomandi aðilum þá um leið veitt aðstoð eftir því sem óskað var eftir. Um allar þessar sölutilraunir tókst góð samvinna við síldarútvegsnefnd. (**GunnS:** Hversu margir hafa flutt út?) Hv. þm. spyr hversu margir hafi flutt út beint og þá er spurningin hvers vegna þeir hafa ekki gert það. Það er vegna þess að þeir hafa verið með miklu lægra verð og hafa undirboðið aðra sem eru á markaðnum, hv. þm., en ef hv. 1. flm. getur beðið eftir að komast í pontu mun ég halda áfram ræðu minni. Hv. þm. er afskaplega órólegur og kallar frammí í gríð og erg, en nú bið ég hann að anda djúpt því hann kemst að eftir augnablik.

Það fyrirkomulag sem í dag er á útflutningi saltsíldar hefur verið talið heppilegasta fyrirkomulagið til að koma í veg fyrir undirboð, einmitt það sem ég var að ræða um áðan. Það er föst venja að leita umsagna þeirra samtaka sem mestra hagsmuna eiga að gæta áður en ákvörðun hefur verið tekin um sölufyrirkomulag hverju sinni. Þar sem heimildarákvæði eru um einkarétt til útflutnings er það jafnan viðkvæmt og vandmeðfarið mál og hafa ævinlega farið fram kannanir áður um viðhorfið hjá hagsmunaaðilum og á nokkurra ára fresti hafa farið fram skoðanakannanir hjá öllum síldarsaltendum út um allt land hvort óska verði breytinga á sölufyrirkomulagi og hvort sölumálin áfram eigi að vera í höndum síldarútvegsnefndar. Síðast þegar slík könnun var gerð urðu niðurstöðurnar þær að allar stöðvarnar 52 óskuðu eftir óbreyttu sölufyrirkomulagi. Engar óskir hafa komið fram um breytingar síðan.

Sú staðreynd, sem ég tel að allra mikilvægust sé í þessu máli er að við Íslendingar höfum í fjölda ára, þrátt fyrir offramboð á síld og gífurlega harða samkeppni um hinn takmarkaða markað, flutt út langtum meira af saltaðri síld en keppinautar okkar og sum árin meira en allir keppinautarnir til samans, og jafnframt náð mun hagstæðara söluverði og söluskilmálum en þeir. Þetta segir alla söguna um sölumál á síld. Þennan árangur ber að þakka. Og fyrir góða samstöðu, sem hér hefur ríkt milli allra hagsmunaaðila um sölu- og útflutningsmál saltsíldarinnar svo og áratuga stanslausa markaðskönnun, tilraunastarfsemi og vöruþróun á þessum sviðum, hafa Íslendingar verið langt á undan öðrum framleiðsluþjóðum á saltaðri síld.

Þess vegna finnst mér að sú þáltill. sem hér liggur frammi um endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd sé ekki byggð á þeim staðreyndum sem liggja fyrir í sölumálum um síld. Kaupendur á frjálsum mörkuðum eru ekki fáanlegir til að binda sig við fasta samninga ef þeir vita það fyrir fram að einhverjir aðrir muni koma á markaðinn seinna og undirbjóða. Og eins og ég sagði í upphafi þá dettur engum í hug í dag að byrja að vinna síld og salta síld nema fastir samningar liggi fyrir.

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég tel mér skylt og rétt að koma inn í þessa umræðu af marggefnu tilefni. Fyrst og fremst kannski vegna þess að hér er þörfu máli hreyft hvað áhrærir sölu á okkar síldarafurðum á erlendum mörkuðum. Það þarf ekki að fara lengra aftur í söguna en til 1968 þegar síldarstofninn hrundi og svo nú, hefur sala á síld verið vandi okkar Íslendinga þegar hún fór að veiðast aftur og höfum við m.a. staðið frammi fyrir þeim vanda að vera t.d. í samkeppni við Kanadamenn sem hafa verið að selja síld á 25% lægra verði en við Íslendingar höfum talið okkur þurft að fá fyrir þessa markaðsafurð.

Það verður að segjast eins og er að þá síldin er farin að veiðast með slíkum hætti og nú hefur gerst vekur það undrun hve mikið er sett í mjölafurðir. Sú spurning vaknar líka: Hvers vegna er síldin ekki unnin meir og betur en gert er? Hefur eitthvað brugðist í sölukerfi okkar Íslendinga? Sé orsakanna leitað þá eru þær fyrst og fremst að við erum að reyna að selja úrvalsvöru á allt of háu verði vegna þess að aðrir hafa komist inn á markaðinn á meðan lægð var í síldveiðum okkar Íslendinga.

Hv. 5. þm. Austurl. ásamt Sigbirni Gunnarssyni flytja hér merkilega þáltill. og verð ég að vitna aðeins í greinargerð þeirra, með leyfi forseta, þar sem segir:

„Ljóst má vera að heimild er í lögum um að aðrir flytji út saltaða síld en síldarútvegsnefnd. Sú hefur hins vegar ekki orðið raunin, heldur hefur síldarútvegsnefnd alfarið séð um útflutning saltaðrar síldar í krafti einkaréttar er lögin kveða á um."

Ekki er þetta nú alfarið svo vegna þess að heimildarákvæði eru um það að aðrir megi ef þeir geta. En þó hlýtur sú spurning að vakna: Hafa síldarsaltendur sett þetta alfarið í hendur síldarútvegsnefndar og nánast legið í dvala á milli síldarvertíða án nokkurra aðgerða til að reyna að afla markaða? Það væri fróðlegt að fá það fram hér: Hafa hinir frjálsu síldarsaltendur lagt sig fram um að selja þessa afurð? Það er í sjálfu sér óhugnanlegt að svo mikið af þessari síld skuli fara í mjölframleiðslu eins og raun ber vitni, á tímum þegar við vitum að mikil hungursneyð ríkir í heiminum og vegna þeirrar staðreyndar líka að við Íslendingar teljum okkur trú um að Íslandssíld sé besta síld sem finnst, a.m.k. í Norðurhöfum. Ég tel að ef eitthvað hefði átt að gera hefði átt að gera meiri kröfur til síldarútvegsnefndar um að standa sig betur í þeirri sölumarkaðsleit sem þeir hafa unnið að.

Ég sé ekki annað en það sé rétt og eðlileg tímasetning að þessi tillaga sé flutt til að reyna að skerpa á þeim aðilum sem hafa haft með sölu síldar að gera. Það er líka annað mál að sú síld hefur verið flutt út söltuð með þeim hætti sem í svo ríkum mæli hefur verið ástundaður á Íslandi. Þeir ytra taka síldina upp og flaka hana, setja hana í krukkur og selja hana til Íslands aftur. Það er mikið að í þessum þætti framleiðslu sjávarafurða okkar og það er vissulega brýnt að hreyfa því máli. Ég þakka flm. fyrir að hafa gert það með þessum hætti.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Síðasti ræðumaður, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, sagði að íslenskir söluaðilar hafi legið í dvala á milli síldarvertíða. Ég vil árétta að ég sagði í framsöguræðu minni áðan að Íslendingar hafi fengið stærstu og bestu sölusamninga á síld af öllum þeim sem veiða síld í heiminum. Það hlýtur að segja eitthvað um það að menn hér hafi staðið sig betur í sambandi við síldarsölumál þótt alltaf megi gera betur. Það skal ég fúslega viðurkenna. Af því að hv. þm. var að tala um fullunnar síldarafurðir og að við værum að kaupa danska síld í krukkum ...(**GHall:** Íslenska.) Íslenska, sem er orðin dönsk þegar hún er komin í krukkurnar ef ég skil rétt, hv. þm., þá er það alveg rétt. En það er ekki síldarútvegsnefnd eða sölukerfinu að kenna. Það er allt annar handleggur. Það er eitt að veiða og selja síldina út og annað að fullvinna hana. Það vil ég að komi fram.

Menn verða að skoða hver raunveruleikinn er. Raunveruleikinn er sá að engin þjóð í heiminum hefur getað selt jafnmikið magn af síld og Íslendingar og á jafngóðu verði.

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Íslensk síld er alltaf jafnísl ensk hvort sem hún er komin í danskar krukkur eður ei. Ég verð að segja varðandi það sem hv. þm. kom inn á, hversu vel við höfum staðið okkur í sölu á Íslandssíld, þá kann það vel að vera að við höfum selt þjóða mest af síld. Samt sem áður er það meginvandinn sem við blasir hjá íslenskum síldarsaltendum og síldarseljendum að þessi ágæta vara er of dýr. Það kostar of mikið að framleiða hana hér á Íslandi og það er það sem stendur okkur fyrir þrifum fyrst og fremst. Við skulum bara koma að kjarna málsins. Það verður eitthvað að gera. Maður spyr sjálfan sig: Er eðlilegt að hleypa svo mörgum bátum til þess að veiða svo mikið magn sem svo lítið fer af til manneldis en svo mikið í mjöl og fóðurframleiðslu? Er það eðlilegt? Hefði ekki verið eðlilegt að einhver hefði stýrt þessum veiðum og haldið svo á og sagt: Það er eðlilegt að fáeinir bátar fari en þeir skulu þó eingöngu veiða til manneldis, veiða meira magn sem er þó minna borgað fyrir en í heildina sé þó peningalegur hlutur þeirra ekki skertur. Síðan þarf auðvitað að hagræða hjá síldarsaltendum og við verðum að koma þessum afla á markað erlendis.

Það hefur einhvers staðar flogið fyrir að Rússar hafi óskað eftir því að koma hér inn í fiskveiðilandhelgina til þess að fá ferska síld í skiptum fyrir þorsk. Ekki veit ég um sannleiksgildi þessa en ég veit hins vegar að margir hafa sett sig í stellingar gegn þessum vöruskiptajöfnuði ef svo má segja, margir Íslendingar hafa sett sig á móti því. En gætum við ekki um leið slegið tvær flugur í einu höggi? Rússar gætu selt fyrir okkur Íslandssíld ásamt náttúrlega einhverri vinnslu frá okkur og hér í hinni dreifðu byggð yrði jafnvel unninn Rússlandsþorskur.

Mér finnst þessi mál öll vera með þeim hætti að þau þurfa umfjöllunar við í Alþingi. Þessi málaflokkur þarfnast endurskoðunar og það þarf að hrista upp í

þeirri lognmollu sem hefur verið hér allt of lengi við lýði varðandi sölu á jafnágætum sjávarafurðum og íslensk síld er.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég kom hingað til þessarar umræðu með vissa tortryggni gagnvart þessari tillögu félaga minna, hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar og Sigbjörns Gunnarssonar en ég verð að segja það að málflutningur hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur breytti skoðun minni algerlega. Hv. þm. sagði nefnilega: Við skulum skoða veruleikann. Og sá veruleiki sem hún lýsti í þessum málum var ekki ýkja beysinn. Veruleikinn er sá, að því er hún sagði hér, að það er verulega erfitt að selja síld. Það er verulega erfitt að koma út þessum afurðum. Með öðrum orðum felst í þessu sú yfirlýsing af hálfu þingmannsins að núverandi fyrirkomulag hefur brugðist. Þá hljótum við, og sérstaklega hinir skarpskyggnu framsóknarmenn, að draga þá ályktun að breyta þurfi núverandi fyrirkomulagi. Þá hljóta menn að halda áfram í þessari rökleiðslu og komast að þeirri niðurstöðu að rétt sé að styðja þessa tiltölulega saklausu tillögu sem gengur ekki einu sinni út á það að leggja niður síldarútvegsnefnd heldur einungis að endurskoða lögin.

Ég verð að segja að mér fannst hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur verða fótaskortur í sínum rökfimu dansi þegar hún lýsti því að ákveðnar forsendur hefðu verið lagðar til grundvallar stofnun síldarútvegsnefndar á sínum tíma, en þá ríkti offramleiðsla og skipulagslaus söltun. Hún lýsti því hins vegar sjálf að svo væri ekki í dag. Hún lýsti því að vegna þess að síldarútvegsnefnd hefur ekki tekist að ná sínu marki, þá væri það svo að í dag saltaði enginn nema hann hefði markað. Með öðrum orðum væru þær forsendur sem hún sjálf sagði að hefðu verið grunnur síldarútvegsnefndar ekki lengur fyrir hendi. Aftur getum við dregið þá ályktun, og ég veit að allir góðir framsóknarmenn eru mér sammála um það, að það eigi að breyta þessu fyrirkomulagi. Aftur legg ég áherslu á það að þeir félagar mínir, hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson og Sigbjörn Gunnarsson, eru ekki að tala um það sem e.t.v. væri hin rökrétta niðurstaða að leggja niður síldarútvegsnefnd heldur einungis að skipa nefnd til þess að endurskoða lögin um hana.

Ég hlýt að segja að það er krafa tímans, eins og kom vel fram í ræðu hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar, að breyta ýmiss konar fyrirkomulagi sem er á sölu sjávarafurða. Það er krafa tímans að víkja til hliðar þeim samtökum sem hafa allt of lengi haft lögverndaðan einkarétt, sem jaðrar við einokun, á sölu sjávarafurða. Nú er það svo að ég er farinn að þekkja Framsfl. og ég geri ekki þá kröfu til hans að hann skilji þetta kall tímans. Hitt er annað mál, hv. ritstjóri Tímans, að hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir kom hér eins og ferskur sviptivindur inn í hina myrku sali Framsfl. og ég átti satt að segja von á því að það væri hún og þingmenn af hennar kynslóð, með hennar hugsunarhátt, sem hefðu forgöngu um að taka höndum saman við okkur hin sem viljum brjóta niður þessi sölusamtök. Menn eins og okkur aðdáendur félaga Clintons, mig og hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, og ýmsa fleiri hér í þessum sölum. Vegna þess, þó að það komi þessu máli kannski ekki við, að Framsfl. hefur hér a.m.k. í prívatsamræðum gert kröfu til þess að eigna sér Clinton tel ég mig, eftir að hafa kynnt mér stefnu hans, geta sagt að hann yrði aldrei sammála fyrirkomulagi eins og er á sölu síldar frá Íslandi. Ég get vitnað um það. Ég þekki stefnu demókrata í þessum efnum.

Ég vil undirstrika það að þáltill. hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar er afar hógvær. Hún fer einungis fram á að það eigi að endurskoða þessi lög. Ég ætla að lesa úr þessum lögum eina tiltekna grein, 6. gr., sem mér finnst fráleit og löngu kominn tími til að sé aflögð. Hún er svona, með leyfi forseta:

„Útflytjendur og síldarsaltendur eru skyldir að gefa nefndinni allar upplýsingar, sem hún óskar, um hvað eina, sem snertir söltun, sölu og útflutning síldar, og hefur nefndin frjálsan aðgang að verslunarbókum og skjölum þeirra hér að lútandi."

Heyrið þið, félagar góðir? Lifum við ekki á tímum hinnar frjálsu samkeppni? Jafnvel Alþb. hefur gerst brautryðjandi frjálsrar samkeppni. Ætlar þá Framsfl. að hafna tillögu sem gerir okkur kleift að taka þetta út úr lögunum? Við getum ímyndað okkur stöðu þar sem síldarútvegsnefnd væri í samkeppni við frjálsa síldarsaltendur. Hvers konar samkeppni er það ef síldarútvegsnefndin á síðan að hafa frjálsan aðgang, lögbundinn frjálsan aðgang, að skjölum samkeppnisaðilans? Það væri svipað og hv. þm. Steingrímur Hermannsson, formaður Framsfl., ætti að hafa lögverndaðan rétt til að fá að horfa yfir öxlina á hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni á miðstjórnarfundum Alþb. Þetta er auðvitað fullkomlega út í hött. (Gripið fram í.) Vel kann að vera að mér hafi hér skjöplast á þessari skötu. En ég verð hins vegar að segja að mér finnst skorta nokkuð á að þeir menn sem hér hafa talað af hálfu Framsfl. leyfi sér örlítinn skammt af víðsýni og frjálslyndi. Það kann vel að vera að það sé tiltölulega þröngt um í þeim efnum hjá þeim ágæta flokki. En hér er um að ræða svo saklausa tillögu að ég get ekki séð hvernig menn ætla að leggjast gegn henni. Ég hef hér lesið tiltekna grein sem er þess eðlis að hún beinlínis kallar á það að verða breytt þegar í stað.

Ég vil að lokum segja, af því að menn hafa rætt hér um síld og síldarkvóta og kvartað hefur verið undan því að of mikil síld fari til bræðslu, að það er nú svo að veikasti hlekkur þeirrar skýrslu sem Hafrannsóknastofnun lagði fram, og var grundvöllur kvótaákvörðunar sjútvrh., varðar einmitt síldina. Menn þurfa ekki að hafa mörg háskólapróf á bakinu í líffræði og náttúrufræði til að skilja það þegar þeir lesa skýrsluna að það má einfaldlega veiða miklu meira af síld en menn eru að gera í dag. Þær tillögur sem voru lagðar fram og samþykktar voru gera ráð fyrir því að við séum að byggja upp innstæðu af síld í banka hafsins. Ég spyr: Hvers vegna erum við að gera það? Hvers vegna skyldum við fara í slíka uppbyggingu í dag þegar þjóðfélagið á í erfiðleikum? Hvers vegna veiðum við ekki meira? Ég hygg að það megi veiða 60–90 þús. tonn í

viðbót bara til þess að halda í horfinu, bara til þess að stofnarnir haldi núverandi stöðu og minnki ekki. En við erum núna að byggja á ákvörðun sem miðar að því að stækka síldarstofninn, auka innstæðuna í hafinu. Hvers vegna veiðum við ekki meira? Bræðum það sem við getum brætt og seljum afganginn til manneldis. Ég er viss um að jafnvel vinir mínir í Framsfl. eru reiðubúnir til að taka undir með mér.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði að þetta væri afar saklaus tillaga enda flutt af saklausum flm. Ég held að þetta sé Saklausi svallarinn sem flytur þessa tillögu vegna þess að í till. felast vissar hættur. (Gripið fram í.) En hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði líka að hann væri mikill kjarkmaður enda var hann svo mikill kjarkmaður að hann skipti um skoðun meðan ég var að tala. Nú vona ég að hann skipti aftur um skoðun. Þá er hann alfarið kominn yfir til okkar. (Gripið fram í.) Hann ætlar fyrst yfir til Ólafs en það er stutt leið — það er eiginlega ekkert á milli okkar Ólafs. Hv. þm. er því á réttri leið. Og hann sagði: Hver er veruleikinn? Við getum ekki selt okkar síld. Veruleikinn er sá, hv. þm., að þrátt fyrir það að okkur gangi illa að selja okkar söltuðu síld gengur okkur best allra þjóða. Það er málið og segir meira en mörg orð. Hvernig stendur á því að allir þessir 52 síldarsaltendur telja þetta rétt? Nú skal ég reyna að skýra það rólega út fyrir þingmanninum hvers vegna þeir telja þetta rétt. Það er vegna þess að það saltar enginn nema hafa fyrir fram gerða samninga. Segjum svo að nú sé búið að gera samninga fyrir fram og segjum að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi ekki áhuga á að leggja niður síldarútvegsnefnd og síldarútvegsnefnd er búin að semja um ákveðið verð og bankarnir búnir að ganga í ábyrgð með afurðalánum. Síðan kemur einhver inn á markaðinn og undirbýður. Næsta ár á eftir er enginn tilbúinn að gera slíkan fyrirframsamning ef hann veit að það kemur miklu ódýrari síld á markaðinn. Þá er búið að brjóta niður þennan útflutning sem okkur gengur best allra þjóða með, þótt ekki gangi nógu vel. Rússarnir eru hættir að kaupa af okkur og það er aðalmálið en þeir eru stærstu kaupendurnir og það er ekki síldarútvegsnefnd að kenna.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað sem líður þeim ástarjátningum sem hér hafa hrotið af munni hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur til formanns Alþb. hafa æðri máttarvöld fellt sinn úrskurð. Þegar hún hóf mál sitt hér í dag, þá var sólarglæta í heiði. Hvað sjáum við núna? Það er farið að snjóa.

Hv. þm. sagði áðan: Þrátt fyrir það sem hér hefur verið sagt um síldarútvegsnefnd gengur henni og okkur samt betur en öllum öðrum að selja síld. Það kann vel að vera. En öll hennar fyrri ræða í dag gekk út á það að okkur gengi samt ekki nógu vel. Þýðir það þá ekki að við ættum e.t.v. að reyna að huga að því hvort ekki sé rétt að breyta fyrirkomulaginu. En látum það vera. Jafnvel þótt við komumst að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki gengur tillaga klerksins einungis út á það að endurskoða lögin. Ég vil þá spyrja hinn ágæta framsóknarmann, hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur: Telur hún ekki, af því að hún fylgir flokki sem boðar frjálsa samkeppni, a.m.k. öðrum þræði, að nauðsynlegt sé að fella brott 6. gr. núverandi laga sem bókstaflega heimilar síldarútvegsnefnd að vaða með lögvernduðum rétti í bækur samkeppnisaðila? Telur hún það ekki? Ef hún telur það er hún um leið að segja að það þurfi að endurskoða lögin. Þar með er hún orðin sammála tillögu hv. þm. séra Gunnlaugs Stefánssonar.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel ekki að síldarútvegsnefnd hafi nýtt sér 6. gr. laganna.

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður sem orðið hafa um þetta brýna mál. Mig langar til þess að vitna í grein sem formaður síldarútvegsnefndar skrifaði í Morgunblaðið 7. sept. Greininni var dreift í upplýsingabréfi frá síldarútvegsnefnd frá 13. okt. Það er mjög athyglisverð grein. Hún hefur komið á borð þingmanna og ég skora á þingmenn að lesa hana. Þar segir m.a. orðrétt, með leyfi forseta:

„Hér skal enginn dómur á það lagður hvort núv. fyrirkomulag á sölu og útflutningi saltsíldar sé það heppilegasta sem völ er á enda verða aðrir að dæma um það en við sem störfum undir slíku fyrirkomulagi."

Ég held að hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir hefði líka átt að lesa þessa málsgrein úr blaðagrein formanns síldarútvegsnefndar er hún flutti sína ræðu hér áðan og fleiri málsgreinar úr þessari blaðagrein sem hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir sleppti í sinni ræðu. Það er einmitt það sem ég er að leggja hér til og formaður síldarútvegsnefndar nefnir í sinni grein, að það verði að endurskoða þessi mál núna frá grunni í ljósi allra aðstæðna. Það getur enginn verið á móti endurskoðun. Ef endurskoðunin leiðir það í ljós að við búum við besta fyrirkomulag sem hægt er að hugsa sér, þá verður svo áfram. En ef það kynni að vera að endurskoðunin mundi leiða það í ljós að aðrir starfshættir hentuðu betur væri það vel. Ég veit að allir hv. þm. vilja hafa það sem best reynist og það er ekki verið að leggja annað til með þessari þáltill.

Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson nefndi að eitthvað hefði brugðist. Ég hef ekki tekið svo djúpt í árinni að segja að eitthvað hafi brugðist varðandi útflutning á saltaðri síld. Ég hef meira að segja sagt að síldarútvegsnefnd hafi unnið mjög gott starf. Ég er aftur á móti að reyna að leggja áherslu á að reyna að finna bestu leiðir til að efla þá atvinnustarfsemi á ný í byggðum landsins sem er að salta síld. Það er vá fyrir dyrum.

Þegar hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir segir að við séum enn þá bestu seljendur, ekki einvörðungu bestu veiðendur, heldur bestu seljendur saltaðrar síldar þá minnist ég þess að í fréttabréfi frá síldarútvegsnefnd sem barst til hv. þm. í haust er lýst yfir sérstökum

áhyggjum vegna vaxandi sóknar Kanadamanna á hefðbundna markaði Íslendinga og sölu saltaðrar síldar á Norðurlöndum. Þar er lýst yfir sérstökum áhyggjum vegna þess að Kanadamenn séu að koma sterkari inn á markaðina en verið hefur allt fram til þessa.

Ég gat ekki lesið annað út úr þessari fréttatilkynningu en að það kynni að vera að Kanadamenn, jafnvel fleiri, væru farnir að veita okkur nokkuð mikla samkeppni í því að verða bestu seljendur. Það mátti jafnvel efast um það af orðalagi tilkynningarinnar hvort við værum enn þá bestu seljendur eins og við höfum verið allt fram til þessa.

Það kom einnig fram í þessari merku tilkynningu síldarútvegsnefndar að nú væri mikið framboð vegna aukinna veiða á saltsíld á öllum mörkuðum og ekki síst þá reynir mjög á að við getum notið þess besta fyrirkomulags heima fyrir er leggi alla okkar krafta í að finna bestu markaði og hæsta verð sem völ er á.

Ef við ætlum að láta þá starfshætti ráða er hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir talaði fyrir áðan, þá mundi hún leggja til að setja höft, einokun og einkarétt á alla útflutningsstarfsemina. Því ef þau rök gilda sem hún leggur fram fyrir því að það þurfi að verja einkarétt, það þurfi að verja ákveðið sérleyfi síldarútvegsnefndar og það þurfi að verja ákvæði laga um einkaleyfi hljóta þau að gilda líka um alla aðra útflutningsstarfsemi. Spurningin er sú hvort það eigi ekki að gilda líka um innflutningsstarfsemina. Ef það tryggir hæsta mögulega verð og bestu markaði að hafa einokun og þröng ákvæði laga er tryggja einkarétt eins og er í lögum um síldarútvegsnefnd hlýtur það líka um leið að tryggja besta og hagkvæmasta verð á vörum er við flytjum inn í landið.

Það er nauðsynlegt að spyrja í tilefni af þessari ræðu hvort þetta sé stefna Framsfl. Ég veit það að hv. þm. Jón Kristjánsson tekur ekki undir þessa stefnu en hvort þetta sé ný stefna hv. þm. og formanns Framsfl. Steingríms Hermannssonar sem hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir hefur numið hjá, það veit ég ekki en hér hafa fallið svo stórar yfirlýsingar hjá forustumanni Framsfl. í Vesturlandskjördæmi að það verður að leita eftir svörum.

Virðulegi forseti. Ég held að þessar umræður hafi leitt það rækilega í ljós að það þurfi að endurskoða þessi lög og löngu kominn tími til þess. Ég trúi því að það verði stefna Framsfl. líka þegar þetta mál verður skoðað þar í ljósi allra aðstæðna og þegar málsvarar flokksins í þessu máli fara að leita sér þekkingar verði niðurstaðan sú að þeir leggi jafnvel til enn meiri breytingar en hér hefur verið rætt um, enda eru framsóknarmenn framsýnir menn þegar á reynir. Sérstaklega þegar þeir eru í ríkisstjórn — eða hvað? (**JónK:** Alltaf.) Alltaf. Rétt hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni.

Að lokum vona ég að hv. þingnefnd taki þetta mál til gaumgæfilegrar athugunar og að sú athugun muni leiða í ljós að bættir og skynsamlegri starfshættir megi ríkja varðandi þennan útflutning í framtíðinni. Ekki vegna síldarútvegsnefndar heldur vegna atvinnulífsins í landinu.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála fyrri parti ræðu hv. 5. þm. Austurl. Við eigum auðvitað að nýta það sem best reynist hverju sinni. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. og það höfum við einmitt verið að gera. En hann fór á flug í lokin og fór að tala um einokun og einokunarstefnu Framsfl.

Það er engin einokunarstefna hjá Framsfl. Það veit hv. þm. Það er mjög langt frá því. Það er engin einokun hjá síldarútvegsnefnd heldur í sambandi við útflutning á síld. Það getur hver sem er selt síld. Hann þarf bara að fullnægja vissum skilyrðum sem eðlilegt er þannig að markaðurinn hrynji ekki hjá öllum sem eru að framleiða. Þetta vildi ég bara að fram kæmi. Það er engum bannað að selja síld. Það er málið. Við eigum ekki að brjóta niður sölusamtök sem hafa um áratuga skeið reynst okkur vel. Það er allt í lagi að endurskoða lögin en ekki með þeim formerkjum að það eigi að brjóta niður það sem hefur reynst okkur ágætlega.

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir það ekki gott að hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir skuli ekki heyra það sem verið er að reyna að segja úr þessum stól. Við erum ekki að leggja til að brjóta eitt eða neitt niður. Það kemur hvergi fram í þessari tillögu. Það hefur hvergi komið fram í málflutningi okkar. Þvert á móti miðar öll orðræða að því að reyna að efla það sem fyrir er.

Það er ekkert heilagt lögmál í sjálfu sér hverjir flytja út. Það sem verið er að leita eftir er að ná hámarksarðsemi á því sem gert er til eflingar atvinnulífinu. Það er markmiðið með þessum tillöguflutningi og ekkert annað. Ef hv. þm. les lögin um síldarútvegsnefnd hlýtur hún að komast að raun um að það er engin tilviljun að enginn annar en síldarútvegsnefnd hafi flutt út saltaða síld undanfarna áratugi. Það er engin tilviljun. Ástæðan er einfaldlega sú að lögin eru svo skýr um það að engum dettur í hug að reyna það. (Gripið fram í.) Það dettur engum í hug að reyna það, hv. þm. Stefán Guðmundsson — velkominn í salinn. (**StG:** Ekki einu sinni utanrrn.?) Utanrrn.? Þetta er ekki á vegum utanrrn. Síldarútvegsnefnd starfar á vegum sjútvrn. og utanrrn. hefur ekki einu sinni leyfi til að gefa út leyfi á útflutningi saltaðrar síldar, hv. þm. Stefán Guðmundsson. Það er rétt og góð ábending hjá flokksbróður hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur að undrast yfir því hvers konar sérákvæði gilda sérstaklega um útflutningsstarfsemi á síld. Kemur honum á óvart og mörgum fleiri framsóknarmönnum og mér líka ef þeir lesa lögin.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að gera aðeins athugasemd við þann hluta ræðu hv. 5. þm. Austurl. þar sem hann lagði með þeim hætti út af texta í grein formanns síldarútvegsnefndar að e.t.v. mætti draga þá ályktun, a.m.k. velta því fyrir sér, hvort síldarútvegsnefnd stæði undir þeim væntingum og stæði undir því sem menn hafa haldið fram að þar væri sérstaklega vel

haldið á málum og betur en almennt tíðkast í síldarsöluviðskiptum í heiminum. Ég vil leyfa mér að halda því fram að þannig sé þessum málum einmitt farið vegna þess — og það er kjarni þess máls og undirstrikar hversu vel síldarútvegsnefnd hefur haldið á spöðunum — að stærri hluti af síldarafurðum okkar hefur farið til manneldis en gerst hefur hjá nokkurri annarri þjóð, þrátt fyrir brestinn á Rússlandsmarkaði.

Það getur vel verið að Kanadamenn séu að sækja í sig veðrið og það er enginn vafi á því að það verður mjög hörð samkeppni á erlendum mörkuðum um síldarsölumálin. Það finnst mér einmitt vera sérstakt innlegg í þá umræðu og undirstrika nauðsyn þess að við höfum áfram það fyrirkomulag sem allir íslenskir síldarframleiðendur hafa viljað viðhalda, þ.e. þetta fyrirkomulag síldarútvegsnefndar.

Ég vil vekja athygli á því, sem er mjög athyglisvert, að þó að menn hafi tekist á um hvernig ætti að skipa málum í útflutningi á söltuðum fiski eða frystum fiski hefur ríkt nánast algjör friður um fyrirkomulag á útflutningi á saltsíld. Þetta segir okkur auðvitað að það er ríkjandi ánægja og fullvissa um það af þeim sem gleggst þekkja að þarna hafi verið vel haldið á spöðunum og líka hitt að síldarútvegsnefnd hefur aldrei nokkurn tímann lagt stein í götu þeirra manna sem hafa viljað flytja út saltaða síld. Það eru einmitt dæmi um menn sem hafa verið að reyna að fást við þetta og hafa notið mjög góðs atbeina síldarútvegsnefndar. Mér er ekki kunnugt um annað en að þeir hafi lýst yfir sérstakri ánægju sinni með það ágæta samstarf.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Út af dagskrá er tekið 3. dagskrármálið. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

47. FUNDUR

fimmtudaginn 5. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til utanríkisráðherra:

1. Samskipti Íslands og Bandaríkjanna, fsp., 101. mál, þskj. 119.

Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra:

2. Eignarhald á Brunabótafélagi Íslands, fsp., 107. mál, þskj. 125.

Til samgönguráðherra:

3. Reiðvegaáætlun, fsp., 134. mál, þskj. 154.

Til landbúnaðarráðherra:

4. Landbúnaðarstefna, fsp., 168. mál, þskj. 193.

Til félagsmálaráðherra:

5. Kjör sjómanna á kaupskipum, fsp., 163. mál, þskj. 188.

6. Könnun á atvinnuleysi, fsp., 177. mál, þskj. 203.

Samskipti Íslands og Bandaríkjanna, ein umr.

Fsp. ÁRÁ, 101. mál. — Þskj. 119.

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Ég hef á þskj. 119 borið fram fsp. til utanrrh. um samskipti Íslands og Bandaríkjanna. Meðal þeirra ástæðna sem kalla fram þessa fsp. eru umræður um væntanlega aðild okkar að hinu Evrópska efnahagssvæði en í þeim umræðum, bæði hér á hv. Alþingi og í fjölmiðlum, hafa talsmenn andstæðinga þess borið fram þá skoðun að aðild okkar að því muni skerða kjör okkar í viðskiptum og samskiptum við önnur ríki. Sérstaklega hafa þeir nefnt til sögunnar Bandaríkin en við þau eigum við einna mest og flóknust samskipti utan Evrópuríkja. Til að bregða ljósi á þau áhrif sem verða hugsanlega þarna eða verða ekki hef ég borið fram fsp. sem er þannig, með leyfi forseta:

„Hvaða samningar gilda á eftirfarandi sviðum um samskipti Íslands og Bandaríkjanna og hver eru kjör okkar Íslendinga:

í útflutnings- og innflutningsverslun,

í viðskiptum með sjávarafurðir á öllum vinnslustigum,

í viðskiptum með önnur matvæli, svo sem landbúnaðarafurðir, einnig eftirvinnslustigum,

í flutningum og þjónustu,

í samstarfi um tækniþróun og flutning tækniþekkingar,

í aðgangi að bandarískum menntastofnunum og vísindastarfsemi?

Telur ráðherra þessi kjör okkar svara þörfum okkar eða telur hann að þau þurfi að bæta?

Telur ráðherra að staðfesting samningsins um Evrópskt efnahagssvæði og aðild Íslands að honum muni hafa áhrif á framangreind samskipti og viðskipti Íslands við Bandaríkin og þá hvernig?“

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Reykn. beinir til mín spurningum í nokkrum liðum um samskipti Íslands og Bandaríkjanna. Fyrsta spurningin er hvaða samningar eru í gildi og hvaða kjara njótum við í útflutnings- og innflutningsverslun.

Það er ekki í gildi almennur tvíhliða samningur um viðskipti milli Íslands og Bandríkjanna. Ríkin eru hins vegar bæði aðilar að hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti, GATT, og fylgja ákvæðum þess samnings að því er viðskipti sín í milli varðar. Það er meginstefna Bandaríkjanna að móta viðskiptastefnu sína innan ramma GATT. Í þessu felst að ríkin veita

hvert öðru svokölluð „bestukjör" sem þau veita öðrum ríkjum varðandi tolla og annan markaðsaðgang.

Á undanförnum árum hefur verið rætt um gerð tvíhliða verslunarsamnings milli landanna. Þannig hef ég í tvígang spurst fyrir um afstöðu bandarískra stjórnvalda til slíkrar málaleitunar af Íslands hálfu ef af yrði. Bandarísk stjórnvöld hafa þá almennu stefnu að meðan á Úrúgvæ-viðræðunum sendur hafi Bandaríkin ekki í hyggju að gera tvíhliða viðskiptasamninga við önnur en meginlandsríki Ameríku. Í kosningabaráttunni tilkynnti fráfarandi forseti, Bush, hins vegar breytta stefnu í þessu efnum og boðaði að Bandaríkjamenn væru reiðubúnir til þess að taka upp samninga um fríverslun við önnur ríki og nefndi sérstaklega til ríki Mið- og Austur-Evrópu. Ekki er vitað með vissu um afstöðu hins nýkjörna forseta, Bill Clintons, til þessara tillagna.

Til þess að undirbúa viðræður og endanlega fríverslunarsamninga við Bandaríkin samþykkti ríkisstjórnin nú nýlega að skipa starfshóp til þess að hefja undirbúningsvinnu. Í þeim starfshópi eru fulltrúar frá utanrrn., fjmrn. og viðskrn.

Varðandi spurninguna um samninga sem snerta útflutnings- og innflutningsverslun mætti e.t.v. nefna einn samning sem skiptir máli og tengist því en það er tvísköttunarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 1975.

Þá spyr hv. 5. þm. Reykn. næst um samninga og kjör í viðskiptum með sjávarafurðir á öllum vinnslustigum. Á grundvelli GATT-samningsins njóta Íslendingar bestu kjara í viðskiptum með sjávarafurðir sem fluttar eru til Bandaríkjanna. Í Kennedy-viðræðunum í GATT svo og í Tokíó-viðræðunum var samið um verulegar tollalækkanir og í mörgum tilfellum um afnám tolla fyrir flestar okkar mikilvægustu útflutningsvörur til Bandaríkjanna. Má nefna niðurfellingu tolla á frystri fiskblokk og mjög lága tolla á frystum fiskflökum. Þá hafa tollar á lagmeti lækkað verulega. Þess má geta að um 80% af útflutningi okkar til Bandaríkjanna í fyrra voru fiskflök sem seldust þá fyrir tæpa 9,3 milljarða kr.

Næst spyr hv. þm. um samninga og kjör í viðskiptum með önnur matvæli, svo sem landbúaðarafurðir, en einnig eftir vinnslustigum. Það gildir hið sama og áður hefur verið sagt um landbúnaðarafurðir og sjávarafurðir að aðgangur að Bandaríkjamarkaði er tiltölulega greiður. Tollar eru lágir. Fyrir tveimur árum var meðaltal tolla sem íslenskar útflutningsafurðir sættu á Bandaríkjamarkaði um 1,2%, þ.e. allverulega lægri en hjá Evrópubandalaginu. Aðgangur að markaðnum er að öðru leyti án hindrana, að uppfylltum heilbrigðiskröfum. Áður en mjólkurframleiðsla var löguð hér á landi að eftirspurn á markaði fluttum við út talsvert magn af ostum til Bandaríkjanna. Það má nefna að árið í fyrra fluttum við út 322 tonn af ostum og var meðalverð í íslenskum krónum um 116 kr. á kg. Tilraunir til útflutnings á lambakjöti hafa strandað af margvíslegum ástæðum, fyrst og fremst af heimatilbúnum ástæðum fremur en hindrunum opinberra aðila.

Þá spyr hv. þm. um samninga og kjör í flutningum og þjónustu. Í gildi er loftferðasamningur milli Íslands og Bandaríkjanna sem veitir Íslendingum möguleika á allri venjulegri flugþjónustu. Þá er öll flutningastarfsemi á sjó líka frjáls í venjulegum viðskiptatilgangi. Sérstakar reglur gilda hins vegar um flutninga fyrir bandarísk hermálayfirvöld sem kunnugt er. Þau viðskipti eru boðin út og um það gerðir samningar. Varðandi aðra þjónustu er ekki um formlega samninga að ræða. Hins vegar er tiltölulega frjálst fyrir Íslendinga að stunda þjónustustarfsemi í Bandaríkjunum að uppfylltum hinum almennu skilyrðum.

Í Úrúgvæ-viðræðunum liggja fyrir drög að samningi um þjónustuviðskipti sem nær til allra stiga þjónustustarfsemi. Þessi samningur ef samþykktur verður mun leggja grunn að reglum um alþjóðleg þjónustuviðskipti.

Hv. þm. spyr einnig ...(**Forseti:** Ég verð að minna hæstv. ráðherra á að tíminn er úti og biðja hann að ljúka máli sínu.) Það er og. Þá verð ég við þeim tilmælum forseta. Hv. þm. hefur spurt um ýmis atriði önnur, tækniþróun og flutning tækniþekkingar, aðgang að menntastofnunum og hvað þurfi að gera til að bæta þessi viðskiptakjör. Ég verð þá að verða við tilmælum forseta og áskilja mér rétt til að svara því síðar í umræðunum.

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Ég kann hæstv. utanrrh. þökk fyrir þau svör sem hann kom að og vænti þess, sem hann nefndi sjálfur, að honum gefist færi þegar umræðum verður fram haldið til að veita svör við þeim atriðum sem eftir er að nefna. En það sem komið er hefur brugðið ljósi á að við eigum mjög víðtæk samskipti við Bandaríkjamenn og að aðgangur okkar að mörkuðum þeirra er greiður. Þó skiptir máli í þeirri umræðu, sem fram hefur farið, hver hugsanleg áhrif geta orðið vegna staðfestingar okkar á samningi og aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Þar er sérstaklega að nefna að í umræðunni hefur komið fram sú skoðun, sem ég tel að muni vera röng, að við munum missa af viðskiptum og samskiptum og við munum ekki einu sinni hafa eigin völd til þess að gera samninga við ríki utan þess svæðis á okkar eigin kjörum eða þeim kjörum sem við og þau verðum sátt um.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. hefur spurt um kjör og samninga varðandi tækniþróun og flutninga á tækniþekkingu. Svarið er að engir slíkir samningar eru í gildi milli Íslands og Bandaríkjanna en hins vegar eru engar hindranir á þessu sviði og mörg dæmi um að íslenskar og bandarískar rannsókna- og vísindastofnanir eigi mikið samstarf sín á milli.

Að því er varðar samninga og kjör um aðgang að bandarískum mennta- og vísindastofnunum, þá er það sama svarið. Þar eru engir samningar en aðgangur hins vegar mjög frjálslegur. Engar hömlur opinberra aðila eru á því að Íslendingar geti stundað nám við bandarískar menntastofnanir enda hafa Íslendingar hundruðum saman nýtt sér þau tækifæri og það hefur verið

mestur vöxtur í fjölda þeirra sem þangað leita til náms á undanförnum árum. Það er einn samningur í gildi á sviði mennta- og menningarmála en hann varðar greiðslu kostnaðar á ýmsum menningarmálum.

Þegar spurt er um það hvort bæta þurfi þessi kjör, þá er meginniðurstaðan sú að það eru engir sérstakir annmarkar sem hafa komið fram í þessum samskiptum milli Íslands og Bandaríkjanna og viðskiptakjörin eru allgóð og á frjálsum grundvelli. Hins vegar er eðlilegt að samskiptaformið sé í stöðugri athugun enda kveðið á um það í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar að haldið verði vakandi hugmyndum um fríverslunarsamning við Bandaríkin, Kanada og Kyrrahafslöndin. Ég hef þegar vikið að því að við höfum sett upp undirbúningshóp til þess að undirbúa það mál af kostgæfni og í smáatriðum og eftir því verður leitað, samanber stefnu ríkisstjórnarinnar.

Að því er varðar áhrif aðildar okkar að EB og viðskipti við Bandaríkin er það fljótsagt að EES er ekki tollabandalag, hefur ekki sameiginlega viðskiptastefnu út á við, hefur ekki sameiginlega ytri tolla og það er ekkert í sambandi við EES sem kemur í veg fyrir það að við getum beint viðskiptum okkar til Bandaríkjanna, leitað eftir samningum við Bandaríkin eða hagað okkar tollum gagnvart Bandaríkjunum að eigin vild. Í nákvæmlega í einni setningu sagt: Ekkert í sambandi við EES torveldar það.

Eignarhald á Brunabótafélagi Íslands, ein umr.

Fsp. StB. 107. mál. — Þskj. 125.

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 125 beini ég fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um eignarhald á Brunabótafélagi Íslands. Brunabótafélag Íslands hefur gegnt mjög merkilegu hlutverki við brunatryggingar fyrir húseigendur utan Reykjavíkur. Félagið hefur byggt upp mikilvægt traust milli félagsins og húseigenda og einnig sveitarstjórna gagnvart tryggingarstarfsemi og allri þeirri þjónustu sem félagið hefur veitt. Það þarf ekki að fjölyrða um það hversu mikilvægt það er að öryggi sé ríkjandi gagnvart brunatryggingum, ekki síst tryggingum á húseignum.

Fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem tryggja og tryggt hafa hjá Brunabótafélagi Íslands hafa verið mjög virkir þátttakendur í rekstri félagsins, bæði í gegnum fulltrúaráð félagsins og stjórn þess og litið á félagið sem eign sveitarfélaganna sem tryggt hafa hverju sinni hjá félaginu.

Brunabótafélag Íslands hefur jafnan veitt mikla og ágæta ráðgjöf um eldvarnir, um brunatryggingar húseigna og auk þess veitt sveitarfélögum fyrirgreiðslu í formi lána, sérstaklega til þess að byggja upp slökkviliðin í þeim sveitarfélögum sem hafa átt í viðskiptum við Brunabótafélagið. Einnig hefur það veitt lán til vatnsveituframkvæmda, bæði stofnæða og dreifikerfa, sem auðvitað tengist brunavörunum í hverju sveitarfélagi.

Með stofnun Vátryggingafélagi Íslands var á vissan hátt brotið blað þar sem Brunabótafélagið varð í raun eignarhaldsfélag án þess að skýrt væri kveðið á um það hver í raun væri eigandi félagsins. Ég tel því afar mikilvægt vegna framtíðar Brunabótafélagsins að eignarhald þess verði fært í fastar skorður. Því spyr ég hæstv. heilbr.- og trmrh.:

„1. Liggur fyrir lögformleg hlið eignarhalds á Brunabótafélagi Íslands?

2. Hve mörg sveitarfélög eiga aðild að fulltrúaráði Brunabótafélagsins?

3. Hvaða réttindi og skyldur fylgja aðild að fulltrúaráði félagsins?

4. Telur ráðherra koma til greina að Brunabótafélagið verði gert að hlutafélagi með eignaraðild þeirra sveitarfélaga sem eiga aðild að fulltrúaráði félagsins? Yrði eignarhlutur hvers þeirra þá metinn í samræmi við iðgjaldagreiðslur húseigenda fyrir brunatryggingar sl. fimm ár?"

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Fyrsta spurning hv. þm. hljóðar svo: „Liggur fyrir lögformleg hlið eignarhalds á Brunabótafélagi Íslands?"

Samkvæmt 1. gr. laga um Brunabótafélag Íslands, nr. 9/1955, með síðari breytingu, er félagið gagnkvæmt ábyrgðarfélag vátryggjenda. Samkvæmt 12. gr. sömu laga eru allir þeir sem hafa vátryggingar hjá félaginu félagsmenn þess á meðan þeir hafa tryggingarskipti við félagið. Líkt og um gagnkvæm ábyrgðarfélög ábyrgjast félagsmenn að iðgjaldasjóður félagsins standi í skilum. Ábyrgðin nær þó aðeins til þeirra eigna sem vátryggðar eru í félaginu. Heimilt er með ákveðnum skilyrðum þó að innheimta aukagjald hjá félagsmönnum. Hér vaknar því spurning um hver sé hinn raunverulegi eigandi félagsins, sveitarfélögin, sem semja við Brunabótafélagið um vátryggingar allra húseigna í sveitarfélaginu, eða húseigendurnir sjálfir. Hér má benda á að skv. 21. gr. laganna má greiða félagsdeildum eða félagsmönnum ágóðahlut af skyldubundnum fasteignatryggingum þegar varasjóður Brunabótafélagsins hefur náð ákveðnum styrk. Með reglugerð nr. 239/1985, um greiðslu ágóðahluta hjá Brunabótafélagi Íslands, eru settar nánari reglur um þetta. Þar kemur fram að ef Brunabótafélagið hefur gert sérsamning við tiltekið sveitarfélag um lækkun fasteignaiðgjalda í sambandi við auknar og endurbættar brunavarnir í sveitarfélaginu, þá sé félaginu rétt að greiða sveitarfélaginu sjálfu, þ.e. félagsdeildinni, ákveðinn tiltekinn ágóðahlut af árlegum tekjuafgangi fasteignatryggingganna þar á staðnum. Ágóðahluti annarra skal hins vegar að jafnaði greiðast til vátryggðra sjálfra þannig að ákvarðaður ágóðahluti greiðist sem lækkun eða frádráttur af iðgjöldum næsta árs á eftir.

Önnur spurning hljóðar svo: „Hversu mörg sveitarfélög eiga aðild að fulltrúaráði Brunabótafélagsins?"

Skv. 5. gr. laganna skiptist Brunabótafélagið í deildir og er hvert sveitarfélag sérstök deild. Ári eftir reglu-

legar sveitarstjórnarkosningar skal hver kaupstaður eða bær utan Reykjavíkur og allar héraðsnefndir í landinu, sem gert hafa samning um fasteignatryggingar hjá félaginu, tilnefna einn mann hvert og annan til vara í fulltrúaráð fyrir félagið. Nú eiga allir kaupstaðir og bæir á landinu aðild að fulltrúaráði Brunabótafélagsins nema Reykjavík, sem annast sínar brunatryggingar sjálf, og Hafnarfjörður sem sagði skilið við félagið árið 1985. Þessir aðilar eru 29 talsins og eiga 29 fulltrúa. Allar héraðsnefndir landsins, 21 að tölu, eiga fulltrúa í fulltrúaráðinu. Fulltrúaráðið er nú skipað 50 fulltrúum. Héraðsnefndirnar skipa sinn fulltrúa eingöngu með atkvæðum þeirra sveitarstjórna í nefndinni sem hafa samning um brunatryggingar fasteigna við Brunabótafélagið. Þetta munu nú vera liðlega 100 sveitarfélög.

Þriðja spurningin var: „Hvaða réttindi og skyldur fylgja aðild að fulltrúaráði félagsins?"

Í 6. gr laganna er fjallað nánar um fulltrúaráðið. Þar kemur fram að Brunabótafélagið skal kalla það saman til aðalfundar fjórða hvert ár, næsta ár á eftir reglulegum sveitarstjórnarkosningum. Fulltrúaráðið skal auk þess kalla saman til aukafundar hvenær sem framkvæmdastjórn ákveður og ætíð ef eigi færri en þriðji hluti fulltrúaráðsmanna óskar þess. Á aðalfundi fulltrúaráðs skal kjósa þrjá menn í framkvæmdastjórn fyrir félagið og þrjá til vara, alla úr hópi fulltrúaráðsmanna. Þar skal og ræða um rekstur félagsins, afkomu og framtíðarhorfur og taka til athugunar hvað unnt er að gera til hagkvæmra brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og brunavarnir og einnig um aðrar tryggingar er félagið kynni að takast á hendur. Félaginu er stjórnað af forstjóra sem ráðherra skipar í samráði við framkvæmdastjórnina. Réttindin sem fylgja aðild að fulltrúaráðinu eru því þau að eiga aðild að allri stjórn félagsins og skyldurnar eru þær sem af því leiðir, þ.e. að stjórna félaginu með þeim hætti að fjármunir þess hrökkvi fyrir bótagreiðslum.

Fjórða spurning hljóðar svo: „Telur ráðherra koma til greina að Brunabótafélagið verði gert að sveitarfélagi með eignaraðild þeirra sveitarfélaga sem eiga aðild að fulltrúaráði félagsins? Yrði eignarhlutur hvers þeirra þá metinn í samræmi við iðgjaldagreiðslur húseigenda fyrir brunatryggingar sl. fimm ár?"

Brunabótafélag Íslands verður ekki gert að hlutafélagi nema með því að slíta því fyrst. Aðalfundur fulltrúaráðsins 1991 og aukaaðalfundur þess 1992 hafa einróma óskað eftir því að félaginu verði ekki slitið. Engin ákvörðun hefur verið tekin um þetta mál í heilbr.- og trmrn. Hins vegar hef ég ákveðið að skipa nefnd sem fær það verkefni að endurskoða lögin um Brunabótafélag Íslands m.a. með það fyrir augum að ákveða hver verði framtíð þess félags.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Hæstv. forseti. Ég hlýddi á mál hæstv. heilbr.- og trmrh. og heyrði hann lesa upp skýringar á því hver væri eigandi Brunabótafélags Íslands. Mér fannst við þann lestur að það færi ekki á milli mála að það væru þeir sem tryggðu, þeir sem greiða tryggingagjöldin, sem væru eigendurnir. Ég vil fá það upplýst hér og nú ef hæstv. trmrh. hefur lesið eitthvað annað upp en þann skilning að það séu þeir sem tryggja hjá félaginu sem séu eigendurnir.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli mínu þá getur verið álitamál hvort eðli Brunabótafélags Íslands sé að vera gagnkvæmt tryggingafélag sem sé í eigu tryggingataka eða hvort umrætt félag sé í eigu eða geti talist vera í eigu sveitarfélaganna sem að því standa. Það er álitamál vegna þess að í báðum tilvikum gera lögin ráð fyrir að hægt sé að meðhöndla viðkomandi aðila, annars vegar tryggjanda og hins vegar sveitarfélag eins og um eiganda sé að ræða. Þetta mun hins vegar verða fyrir tekið í þeirri nefnd sem mun fjalla um endurskoðun á lögum um Brunabótafélag Íslands á næstunni og væntalega mun Alþingi síðan segja síðasta orðið um þetta mál eins og eðlilegt er því Alþingi er að sjálfsögðu löggjafarvaldið og það er ákvörðun löggjafarvaldsins hvernig með skuli fara.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Hv. 2. þm. Vestf. hefur óskað að gera athugasemd aftur. Ég verð að tilkynna hv. 2. þm. Vestf. að samkvæmt þingsköpum hefur hann talað einu sinni í eina mínútu og gert athugasemd og forseta er ekki heimilt að gefa honum aftur orðið. (**ÓÞÞ:** Gera örstutta athugasemd samkvæmt þingsköpum.) Ég verð að tilkynna hv. þm. að hann hefur ekki beðið um orðið til þess að gera athugasemd (**ÓÞÞ:** Jú.) um þingsköp né atkvæðagreiðslu en ég hef tilkynnt honum að honum er ekki heimilt að taka hér til máls um þennan dagskrárlið til að gera aftur stutta athugasemd á grundvelli þingskapa. — Hann hefur fallið frá orðinu.

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir hans svör við fyrirspurninni. Ég held að það fari ekki á milli mála að í því svari kemur glöggt fram að allar skyldur og öll réttindi þeirra sveitarfélaga, sem eiga aðild að fulltrúaráði Brunabótafélagsins, eru í raun með sama hætti og hjá hlutafélögum og þess vegna er eðlilegt að líta svo á að sveitarfélögin, sem hafa tryggt hjá Brunabótafélaginu, séu í raun hinir réttu og sönnu eigendur félagsins í umboði þeirra tryggingataka sem hafa tryggt hjá félaginu í þeim sveitarfélögum.

Það kom fram á aðalfundi fulltrúaráðs Brunabótafélagsins sem haldinn var í ágúst á síðasta ári að það er vilji fyrir því í fulltrúaráðinu að þessi eignaraðild verði skýrð og gerð greinileg og það er mitt mat að flestir sveitarstjórnarmenn leggi á það ríka áherslu að eignarhald Brunabótafélagsins verði skýrt og það verði ekki neinn vafi um það hvernig því verði háttað í framtíðinni.

Ég legg á það mjög mikla áherslu að hæstv. heilbr.- og trmrh. undirbúi lagabreytingar. Það verður að meta það hvort nauðsynlegt sé að leggja félagið niður en ég tel afar mikilvægt að lögum verði breytt og Brunabótafélagið verði gert að hlutafélagi með eign-

araðild þeirra sveitarfélaga sem hafa tryggt hjá félaginu. Brunabótafélagið er í samrekstri með Samvinnutryggingum sem eru helmingseignaraðilar að Vátryggingafélagi Íslands og það er óeðlilegt að það sé í lausu lofti hvernig þessari eignaraðild sé háttað.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég lít svo á að þegar ráðherrar taka að sér að svara fyrirspurnum þá beri þeim að svara þeirri fyrirspurn sem til þeirra er beint. Ef hæstv. heilbrrh. hefur komist að þeirri niðurstöðu að hann geti ekki svarað þeirri fyrirspurn sem til hans var beint þá hefði hann átt að standa hér upp og lýsa því yfir að sér væri ókunnugt um það hver væri eigandi Brunabótafélags Íslands. Það hefði verið mjög heiðarlegt svar. En að láta það liggja í lausu lofti eftir að fyrirspurnin er komin fram er ákaflega sérstætt svo ekki sé meira sagt og virðist sem margt sé komið á reik í Stjórnarráðinu ef eignarhald á mjög stórum félögum hefur gjörsamlega glatast og væri náttúrlega verkefni fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins að leita að eigandanum.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti verður að vekja athygli hv. þm. og hæstv. ráðherra á því að í 49. gr. þingskapa er kveðið mjög greinilega á um hvaða lög gilda um umræður um fyrirspurnir. Þar segir skýrt og skorinort:

„Öðrum þingmönnum er heimilt að gera einu sinni stutta athugasemd, eina mínútu hverjum."

Ég verð að segja af því tilefni að hv. 2. þm. Vestf. hefur óskaði eftir að gera stutta athugasemd við þingsköp: Það er mat forseta að hér sé verið að fara í kringum lög og kringum þingsköp. (**Gripið fram í:** Ekki í fyrsta skipið.) Hæstv. heilbrrh. hefur óskað eftir að taka til máls. Forseta er ekki kunnugt undir hvaða ákvæðum þingskapa hann óskar eftir því. — Hæstv. heilbrrh. óskar eftir að ræða þingsköp.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins láta það koma fram að ég er alfarið sammála úrskurði forseta. Það er ekki hægt að taka mál til efnislegrar umræðu undir umræðu um þingsköp. Ég hefði óskað eftir því að hæstv. forsrh. hefði stöðvað málflutning hv. þm.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Vegna fjarveru hæstv. forsrh. hefur hann ekki séð sér fært að stöðva þessa umræðu en ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. forseta hvort hann telji yfir höfuð að fyrirspurninni hafi verið svarað. Þetta er fyrirspurn sem er það einföld að það hlýtur að vera ljóst hvort hæstv. forseti hefur tekið eftir því að henni hafi verið svarað og ég vil þá gjarnan fá að vita á hvern veg.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseta er ljúft að svara hv. 2. þm. Vestf. því að það er ekki hlutverk og verkefni forseta þingsins að leggja efnislegt mat á það hvort fyrirspurnum hafi verið svarað eður ei. Það eru engin ákvæði þingskapa er fela forseta það verkefni og það hlutverk. Umræðum um fyrirspurnina er lokið og fyrirspurninni er svarað.

Reiðvegaáætlun, ein umr.

Fsp. FI, 134. mál. — Þskj. 154.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Þann 7. febr. 1991 var samþykkt á hinu háa Alþingi þál. um reiðvegaáætlun sem hljóðar svo með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að skipa nefnd með þátttöku samtaka hestamanna og sveitarfélaga til þess að kanna ástand reiðvega og gera reiðvegaáætlun."

Mér er kunnugt um að nefnd þessi var skipuð, mér er einnig kunnugt um að nefndin hefur ekki verið mjög starfsöm. Á nýafstöðnu landsþingi hestamannafélaga kom fram mjög hörð ádeila á þetta nefndarstarf og það áhugaleysi sem virtist ríkja um framkvæmd nefndarstarfsins. Af því tilefni var samþykkt á þessu þingi Landssambands hestamannafélaga, sem haldið var á Flúðum 30.–31. október sl., með leyfi forseta, svohljóðandi ályktun:

„Þing LH haldið að Flúðum 30.–31. október 1992 samþykkir að heimila stjórn LH að ráða sérfróðan starfskraft. Verksvið hans verði að vinna úr þeim gögnum um reiðvegi landsins sem nú liggja fyrir og afla nýrra upplýsinga ef þurfa þykir, samræma þau og gera heilsteypta reiðvegaáætlun. Ráðningartími verði sex mánuðir og verði stjórn LH falið að tryggja fjármagn til verksins."

Af þessu má ráða að Landssamband hestamannafélaga er uppgefið á þeim seinagangi sem ríkt hefur í þessu nefndarstarfi. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra þó svo ég geri mér grein fyrir því að það komi ekki fram í þeirri fsp. sem hér lá fyrir þinginu: Er samgrn. tilbúið til þess að styrkja Landssamband hestamanna fjárhagslega til þessa verks?

Það má segja að samþykkt þessarar þál. á sínum tíma feli í sér þá viðurkenningu að umferð hesta og manna á hestum sé hluti af samgöngum landsmanna og því hlýtur það að vera eðlilegt að Vegagerð ríkisins verði falið það verk að sjá um reiðvegagerð og viðhald reiðvega. Þetta er ekki síst hagsmunamál hestamanna í þéttbýli þar sem oft getur verið örðugt fyrir hestamenn og hesta að komast um vegna mikillar umferðar þar sem ekki er um skipulagða reiðvegi að ræða og ekki síður út frá því sjónarmiði og þeirri slysahættu sem fylgir því að vera með umferð hesta innan um aðra umferð.

En vegna þess hversu seint hefur gengið í þessu nefndarstarfi þá hef ég borið fram fsp. til samgrh. um reiðvegaáætlun, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um reiðvegaáætlun sem samþykkt var á Alþingi 7. febr. 1991 þar sem gert var ráð fyrir að samgrh. skipaði nefnd með þátttöku samtaka hestamanna og sveitarfélaga til

þess að kanna ástand reiðvega og gera reiðvegaáætlun?"

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Í framhaldi af samþykkt á Alþingi hinn 7. febr. 1991 um reiðvegaáætlun skipaði samgrh. starfshóp til þess að vinna að fyrrgreindu verkefni. Í starfshópnum eru Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga, Sigurður Þórhallsson, framkvæmdastjóri Landssambands hestamannafélaga, og Jón Birgir Jónsson aðstoðarvegamálastjóri sem jafnframt er formaður starfshópsins. Auk þess starfar Jón Rögnvaldsson, forstjóri tæknideildar Vegagerðarinnar, sem ritari hópsins.

Áætlunargerð af því tagi sem hér um ræðir er nokkuð viðamikið verkefni, sérstaklega á það við um gerð áætlunarinnar í fyrsta sinn. Kemur þar hvort tveggja til að móta þarf stefnu reiðvegaáætlunar og svo hitt að safna þarf miklu magni af gögnum til að unnt sé að gera marktæka áætlun. Hafa verður samráð við ýmsa aðila en þó allra mest við samtök hestamanna og sveitarfélög.

Nauðsyn þessa samráðs var raunar undirstrikuð í þál. þar sem tiltekið var að þessir aðilar skyldu taka þátt í þessu starfi.

Áðurnefndur starfshópur er nú að störfum, hann hefur komið sér saman um tilhögun gagnasöfnunar og verklag við áætlunargerðina. Gagnasöfnun er komin vel á veg. Reiðvegaáætlun og stefnumótun hennar var á dagskrá landsfundar hestamanna sem haldinn var á Flúðum dagana 30.–31. okt. sl. Formaður starfshópsins hafði framsögu um málið og urðu miklar umræður um það.

Samkvæmt því sem hér er rakið er vinna starfshópsins komin vel af stað, verkefnið er hins vegar viðamikið og ekki á þessu stigi unnt að segja til um hvenær því lýkur.

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ástæður þess að það er nauðsynlegt að gera reiðvegi eru tvær. Það er annars vegar öryggi hestamanna og annarrar umferðar þar sem þær koma saman og hins vegar hætta á gróðurskemmdum á viðkvæmum gróðurlendum þar sem hestamenn fara um. Grundvöllur þess að úr sé hægt að bæta er að fyrir liggi áætlun um gerð reiðvega og að það sé hægt við meðferð vegáætlunar að samræma afgreiðslu og fjárframlög til beggja þessara þátta. Það kom fram á þingi Landssambands hestamanna, þar sem ég hafði ásamt öðrum framsögu um þetta málefni, að starfshópur um reiðvegi hefur hafið störf og hefur lagt til að Vegagerðin leggi til fjármagn til að kosta þann starfsmann sem fyrirspyrjandi tilgreindi í upphafsorðum sínum hér.

Elín R. Líndal:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að leggja áherslu á nauðsyn þess að þessi reiðvegaáætlun komi sem fyrst, bæði að gengið verði frá henni og að hún verði framkvæmd. Það er víða ófremdarástand bæði í byggð og óbyggð fyrir hestamenn og eins og ástandið er þar sem búið er að girða meðfram þjóðvegum þá er í sumum tilfellum í raun verið að girða hestamenn á leið sinni inn á þjóðvegina. Eins og allir vita þá er umferðarhraði víða mjög mikill þannig að þarna liggur mikil hætta bæði fyrir hestamenn og aðra. Ég vil bara leggja áherslu á að það er brýnt að tekið verði myndarlega á í þessum málum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykn. gat um tvær ástæður sem gerðu það nauðsynlegt að fara í reiðvegagerð og áætlun þar um. En þriðja ástæðan má aldrei gleymast og hún er sú að það eru ein af elstu mannréttindum í þessu landi að mega ferðast um landið. Það er helgað í elstu lögbókum Íslendinga. Það er hægt að sjá um það lagaákvæði í Grágás og ég hygg að það vilji enginn standa fyrir því að loka landinu til ferðalaga með gaddavírsgirðingum eins og víða hefur verið gert og menn trúa í einfeldni sinni að standist lög. Ég vona að þetta atriði gleymist ekki þegar menn setjast yfir þetta verk.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svarið og þátttöku hv. þm. í umræðunni. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að starf nefndarinnar væri komið vel af stað og auðvitað ekki hægt að segja til um það nákvæmlega hvenær því muni ljúka. Það skil ég mætavel. Mér finnst í raun og veru sú samþykkt, sem gerð var á þingi Landssambands hestamanna um að landssambandið sjálft ætlaði að ráða sér starfsmann til þess að flýta fyrir verkinu, segja allt um það hversu mikil ánægja ríkir um þetta nefndarstarf í röðum hestamanna. Hins vegar komu fram fróðlegar upplýsingar hjá hv. 3. þm. Reykn., Árna M. Mathiesen, og ég fagna því sérstaklega að komið hafi fram tillaga um að Vegagerðin fjármagni að hluta til eða af hálfu leyti þann starfsmann sem Landssamband hestamanna ætlar að ráða til þess að sinna þessu verkefni. Það er fróðlegt vegna þess að hæstv. samgrh. svaraði því ekki áðan hvort ráðuneytið væri tilbúið til þess að fjármagna þetta með Landssambandi hestamanna. Hins vegar hlýtur Vegagerðin að hafa fengið heimild hæstv. ráðherra til þess að ráða mann í slíkt verk og ég vil sérstaklega fagna því og vonast til þess að hæstv. samgrh. fylgi þessu máli eftir og veiti því þann stuðning sem með þarf.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Eins og fram kemur í skipan nefndarinnar eru þessi mál í höndum Vegagerðarinnar. Það vekur sérstaka athygli að Skagfirðingur er sem er ritari nefndarinnar sem auðvitað sýnir þá þungu og ríku áherslu sem á málið er lagt. En ég vil líka vekja athygli á því að þó áætlun sé lokið hefur enn ekki verið séð fyrir því hvernig fjármagns skuli aflað til þessa sérstaka verkefnis sem er að sjálfsögðu erfiðasti og viðkvæmasti þátturinn í málinu.

Landbúnaðarstefna, ein umr.

Fsp. JHelg, 168. mál. — Þskj. 193.

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Herra forseti. Óhætt er að fullyrða að aldrei á síðari hluta þessarar aldar og jafnvel lengra aftur hefur ríkt jafnmikil óvissa og öryggisleysi í íslenskum landbúnaði og nú. Af ástæðum sem öllum eru kunnar hafa bændur gert búvörusamninga við ríkið þar sem framleiðsla skal dregin saman og fjárveitingum til útflutningsbóta hætt. Á móti skuldbatt ríkisstjórnin sig til að aðstoða bændur til aðgerða sem gætu vegið á móti samdrættinum.

Því miður hefur þyngst fyrir fæti og forsendur breyst síðan samningurinn var gerður í mars árið 1991. Alvarlegasta áfallið er tvímælalaust kollsteypan í efnahagsmálum eftir valdatöku ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar með ört vaxandi atvinnuleysi. Það kemur í veg fyrir að bændur geti fengið hlutastarf eða fulla vinnu í nágrenni sínu þó þeir búi áfram á jörðum sínum eins og gerst hafði í vaxandi mæli fram að þeim tíma. Jafnframt hefur ríkisstjórnin dregið úr framlögum sínum samkvæmt búvörusamningnum og bókunum sem honum fylgja samhliða stórfelldum samdrætti í öðrum fjárveitingum.

Þar má nefna yfir 300 millj. kr. niðurskurð á þessu ári á samningsbundnu framlagi til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Enn er hann skorinn niður um 50 millj. kr. frá ákvæði núgildandi samnings í fjárlagafrv. fyrir árið 1993. Í því frumvarpi er miklu víðar gengið rösklega til verks í sömu átt. 100 millj. kr. árlegt sérstakt framlag til ráðstöfunar hjá Byggðastofnun vegna bústofnsfækkunar er alveg svikið eins og gert var á þessu ári. Fjárveitingar til landgræðslu og skógræktar eru beinlínis lækkaðar og því minna en ekki neitt eftir af 2 milljarða fyrirheiti í það verkefni á næstu árum. Framlag í Lífeyrissjóð bænda lækkaði um 85 millj. kr. og niðurgreiðslur á ýmsar búvörur lækkaðar um yfir 40% eða 200 millj. kr. Engar fjárveitingar eru samkvæmt jarðræktarlögum til framlaga vegna framkvæmda á þessu og næsta ári. Öll framlög til rannsókna, skóla og leiðbeiningaþjónustu lækka þó hjá öllum öðrum þjóðum sé sú starfsemi talin lífsnauðsyn við aðstæður eins og hér eru nú til að snúa vörn í sókn.

Verst af öllu virðist þó ætla að verða stefna ríkisstjórnarinnar í samningunum um Evrópska efnahagssvæðið þar sem sífellt eru að koma í ljós fleiri hættur fyrir íslenskan landbúnað. Formaður landbn. nefndi nýlega að hætta gæti orðið á að allt að 15% markaður fyrir mjólk og mjólkurvörur hyrfi. Nú hefur EB gert nýja kröfu um að ekki verði lagt jöfnunargjald á kjötvörur. Í samningaviðræðum herðir EB stöðugt kröfu sína um að þeirra reglur skuli gilda á sem flestum sviðum þar sem EFTA-löndin verði hvort sem er gengin þar inn eftir fá ár.

Þannig virðist ríkisstjórn Davíðs Oddssonar stefna að því leynt og ljóst að koma landbúnaðinum á kaldan klaka.

Ég hef því borið fram eftirfarandi fsp. til hæstv. landbrh. á þskj. 193:

„Hver eru aðalatriðin í landbúnaðarstefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar?"

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu borin von að á þeim skamma tíma sem ég hef til umráða veitist mér svigrúm til að svara fsp. hv. þm. ítarlega hvað þá að svara hinum ýmsu rangfærslum sem hann hafði í frammi í inngangi að fsp. sinni og verður það að bíða betri tíma.

Stefna ríkisstjórnarinnar í landbúnaðarmálum var mótuð í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, Velferð á varanlegum grunni. Helstu atriðin eru eftirfarandi:

1. Aðlögun framleiðslu sauðfjár- og mjólkurafurða að innanlandsmarkaði í samræmi við búvörusamning sem síðasta ríkisstjórn gerði en hann felur m.a. í sér að útflutningur á heföbundnum landbúnaðarafurðum verði á ábyrgð bænda og afurðastöðva en útflutningsbætur falli niður.

2. Aukin hagræðing og lækkun á búvöruverði. Þessi atriði eru í samræmi við búvörusamninginn og framhald samnings um mjólkurframleiðsluna sem undirritaður var í ágúst sl. Aðlögunin hefur þegar átt sér stað samkvæmt markmiðum samninganna. Vegna minnkandi neyslu á kindakjöti annars vegar og hins vegar vegna þess að frjáls uppkaup á sauðfjárkvóta urðu minni en vonir stóðu til við samningsgerðina varð ekki komist hjá varanlegum flötum niðurskurði á kvóta sem er mjög tilfinnanlegur í mörgum héruðum. Skerðing á virkum mjólkurrétti var um 4,5%. Raunverð kindakjöts hefur þegar lækkað um 6% og mjólkursamningurinn gerir ráð fyrir 5% lækkun á mjólkurverð næstu tvö ár. Útflutningsbætur leggjast nú af. Niðurgreiðslur breytast í beinar greiðslur til bænda sem lækka í takt við lækkun afurðaverðs og þannig er að nást mikill árangur í sparnaði ríkisútgjalda.

3. Ríkisstjórnin leggur áherslu á aukið frjálsræði í viðskiptum með búvörur og verðmyndun þeirra. Jafnframt mjólkursamningnum við bændur hefur verðið mótuð stefna um gerbreytt rekstrarumhverfi mjólkurbúa þar sem verðmiðlun verður hætt nema til flutningsjöfnunar og verðlagning verður frjáls á öðrum mjólkurafurðum en neyslumjólk.

Með þessum breytingum og því að mjólkurstöðvum standi til boða styrkir til úreldingar og hagræðingar næstu tvö ár er stefnt að því að ná fram aukinni hagkvæmni í vinnslu og sölu mjólkurafurða.

Unnið er að tillögum til hagræðingar á rekstri sláturhúsa jafnframt því sem verið er að endurskoða allt kerfi sjóðagjalda í þeim tilgangi að draga úr kostnaði og lækka verð á búvörum. Samkvæmt búvörusamningunum á að endurskoða verðlagskerfi sauðfjárafurða árið 1993 og mjólkurafurða árið 1994.

Þá hefur bændasamtökunum verið boðið upp á viðræður um endurskoðun samninganna með það að markmiði að losa um framleiðslustýringu, minnka tengsl milli opinbers stuðnings og búvöruframleiðslu og auka frjálsræði á búvörumarkaðnum.

4. Ríkisstjórnin vill stuðla að öflugum og fjölbreyttum landbúnaði. Jafnframt því að gæði landsins séu nýtt til eins fjölbreyttrar fæðuframleiðslu og hagkvæmt þykir og skynsamlegt leggur ríkisstjórnin áherslu á eflingu annarrar atvinnustarfsemi til sveita sem ýmist gæti komið í stað eða stutt við þær búgreinar sem fyrir eru.

Í gangi eru athuganir á stöðu einstakra búgreina. Í alifugla- og svínarækt er sérstaklega horft til þess að styrkja stöðuna með markvissu kynbótastarfi jafnframt því sem opinberar álögur og allt rekstrarumhverfi er til endurskoðunar. Hvað garðyrkjuna varðar verður athugað sérstaklega hvaða möguleikar felast í bættri nýtingu gróðurhúsa með aukinni raflýsingu sem lengt getur ræktunartímann.

Með tilkomu samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði má vænta erlendrar samkeppni við vissar greinar mjólkuriðnaðar, svo og við garðyrkjuna. Þá er unnið út frá því að nýtt GATT-samkomulag um búvöruskipti geti tekið gildi í apríl 1994 en það bíður upp á víðtæka erlenda samkeppni við innlendan landbúnað. Ofangreind vinna og stefnumörkun hefur þann tvíþætta tilgang að styrkja samkeppnisstöðu íslenskra búvöruframleiðenda og lækka matvöruverð í landinu.

5. Ríkisstjórnin hyggst vinna að einföldun stofnlánakerfis landbúnaðarins með það að markmiði að bæta nýtingu fjármagns sem varið er til rannsókna, leiðbeininga og menntunar í greininni. Ríkisstjórnin leggur áherslu á nýsköpun í atvinnulífinu og hefur nýlega samþykkt að verja stórauknu fé til rannsókna, þróunar og markaðssóknar í því skyni. Með þessu mun aukast svigrúm til hvers kyns þróunarstarfs sem nýtast á landbúnaði jafnt sem öðrum atvinnugreinum eftir því sem menn eygja tækifæri til nýsköpunar.

6. Ríkisstjórnin vill efla landgræðslu og skógrækt. Sérstök áhersla verði lögð á að auka þátt bænda í þessum störfum og sér þess þegar nokkurn stað þótt erfið staða ríkissjóðs valdi því að við höfum farið hægar af stað en ég kysi. Lögð verður áhersla á áframhaldandi baráttu gegn gróðureyðingu í samræmi við ályktun Alþingis um að stöðva eyðingu jarðvegs og gróðurs þar sem þess er kostur fyrir aldamót. Unnið er að takmörkun lausagöngu búfjár á viðkvæmum gróðursvæðum og þar sem umferð er hröð og þung.

Elín R. Líndal:

Virðulegi forseti. Það er nú komið fram sem vitað var að stefnan væri: Fækkun bústofns, lækkun á framleiðsluverði og hagræðing. En ég vil spyrja eftir og óska að fram komi hvers sé að vænta í stuðningsaðgerðum í uppbyggingu atvinnu í sveitum. Hverjar eru stuðningsaðgerðirnar og hvers er að vænta í þeim málum?

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir þá tilraun til svars sem hann gaf hér. Því miður verð ég að segja að ég er litlu fróðari um hvað það er sem bíður íslenskra bænda, a.m.k. er ekki bjartara fram undan en áður en hæstv. ráðherra gaf svarið.

Hann byrjaði á að segja að ég hefði farið með ýmsar rangfærslur. Ég vænti þess að þegar hann les þetta betur muni hann sjá að það er ekki rétt með farið því að ég get staðið við hvert einasta atriði sem ég sagði. Því miður lýsir það því hvernig hæstv. ráðherra stendur við það fyrirheit sem hann sagðist hafa gefið um að stuðla að öflugum og fjölbreyttum landbúnaði og að nýjar greinar geti tekið við til styrktar þeim sem niður falla.

Dæmin þar um eru táknræn. Fjárframlög til skógræktar og landgræðslu lækka frá því sem er í núgildandi fjárlögum þannig að þar er farið beinlínis aftur á bak. Er hægt að kalla það stuðning?

Eitt fyrirheit var, jú. Að aukinn skyldi innflutningur. Er það stuðningur við íslenskan landbúnað að opna fyrir stórlega niðurgreiddar búvörur erlendis frá á sama tíma og við fellum niður útflutningsbætur?

Hæstv. ráðherra vildi auka frjálsræði með búvöru. Hann hefur lýst yfir hrifningu sinni á því er bændur koma með skrokka sína undir hendinni og selja hér á bílastæðum. Hvernig yrði það, hvers konar öngþveiti yrði það ef allir bændur færu að haga þannig sölu á sinni vöru? Er það framtíðin sem hæstv. ráðherra sér fyrir sér í sambandi við þetta?

Hér er auðvitað mörgu við hægt að bæta en tíminn leyfir það ekki. En ég lýsi vonbrigðum mínum því miður yfir þeirri framtíðarlýsingu sem hæstv. ráðherra gaf fyrir íslenskan landbúnað.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það er nauðsynlegt að fá það fram undir þessari umræðu hvort það sé rétt að hæstv. landbrh. styðji það að lambakjöt og mjólkurafurðir séu seld á bílaplönum. Og hvort hann telji að slík stefna, ef hann styður hana, samræmist þeirri löggjöf sem Alþingi Íslendinga hefur sett um meðferð á matvælum.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Varðandi fsp. hv. 1. þm. Norðurl. v. um hvers sé að vænta um stuðningsaðgerðir við atvinnulíf í sveitum er það að segja að atvinnumálin eru í heild sinni í athugun hjá ríkisstjórninni, eins og hv. þm. veit fullvel, í samráði og samvinnu við aðila í þjóðfélaginu.

Hitt veit ég að hv. þm. veit vel úr sínu kjördæmi að sporin hræða í sambandi við skipulagðar stuðningsaðgerðir við atvinnulíf í sveitum og er nærtækt að minnast á loðdýrarækt í því sambandi sem hv. síðasti þm. veit enn betur en ég sem formaður Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Um hitt er hálfbroslegt sem hv. þm. viku að, þingmenn Sunnlendinga, í sambandi við hvort ég vildi sérstaklega stuðla að því að kjöt og mjólk yrði selt á bílastæðum.

Í sambandi við þá kjötsölu sem var á dögunum í Kolaportinu þá er hún í samræmi við búvörusamning sem þessir tveir hv. þm. stóðu að í tíð hinnar fyrri ríkisstjórnar. Það var ekki annað en túlkunaratriði og raunar ekki annað en spurning um ritvinnslu fyrir mig

að svara því til að búvörusamningurinn gilti einnig fyrir bóndann á Garði í Mývatnssveit í Þingeyjarsýslu eins og um aðra bændur.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að of strangar reglur um afurðir bænda yfirleitt hafi skaðað þá verulega og ég hef orðið var við að þeir eru æ fleiri sem gera sér grein fyrir því. Ekki síst kannski þeim hluta kerfisins að láta sláturhúsin standa undir verslun og ýmsum öðrum hliðargreinum í kaupfélögunum eins og við sjáum víða stað og höfum jafnframt nýlegt dæmi um sem ég hef því miður ekki tíma til að rekja nú.

Kjör sjómanna á kaupskipum, ein umr.

Fsp. SvG, 163. mál. — Þskj. 188.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á undanförnum mánuðum hafa farið fram vaxandi umræður um kjör íslenskra og erlendra sjómanna á kaupskipum sem héðan eru gerð út eða leigð á vegum íslenskra skipafélaga. Í fersku minni eru umræður sem fóru fram m.a. um kjör, réttindi og aðstöðu útlendra manna sem voru ráðnir á eitt af þeim skipum sem tengdust Eimskipafélagi Íslands hf. Það var augljóst af þeim umræðum að verulegur misbrestur er á því að eðlilega sé með þessi mál farið af hálfu skipafélaganna. Þá er ég ekki fyrst og fremst og eingöngu að tala um hin íslensku skipafélög heldur líka erlenda aðila sem eiga skip sem hér eru notuð.

Nú er það svo að samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði er gert ráð fyrir því að hér verði í vaxandi mæli um það að ræða að fjölþjóðaáhafnir verði á hinum ýmsu skipum. Það hefur auðvitað verið svo að farskipaútgerðin hefur búið við það lengi að hér hafa getað starfað erlendar útgerðir með beinum og óbeinum hætti þannig að það er ekkert nýtt samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði.

Hins vegar er nýtt í þessu efni að aðstaða til þess að fylgjast með kjörum, réttindum og möguleikum starfsmanna til eðlilegs aðbúnaðar mun breytast með þessum samningi í verulegum mæli. Það er óhjákvæmilegt fyrir Íslendinga þess vegna að athuga hvort ekki er nauðsynlegt að verða aðili að þeim fjölmörgu alþjóðlegu sáttmálum sem eru til um áhafnir á kaupskipum en við höfum ekki gerst aðilar að. Það stafar kannski fyrst og fremst af því að menn hafa ekki talið fulla þörf á því af því að það hefur verið tiltölulega auðvelt að halda utan um þau mál sem hafa snert íslenskar kaupskipaútgerðir.

Nú verður þessi markaður auðvitað stöðugt alþjóðlegri á komandi árum, burt séð frá því hvort Íslendingar verða aðilar að Evrópsku efnahagssvæði eða ekki. Af þeim ástæðum hef ég leyft mér að bera fram til hæstv. félmrh. fsp. um hvort ætlunin sé að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt nr. 147 um lágmarkskröfur á kaupskipum samþykkt sem gerð var á allsherjarþingi Alþjóðavinnumálastofnunar 1976.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson hefur beint til mín fsp. á þskj. 188 um það hvort ég hyggist beita mér fyrir því að Ísland fullgilda samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 147 um lágmarkskröfur á kaupskipum.

Eins og hv. þm. veit fer samgrn. með málefni sjómanna. Hins vegar hefur félmrh. annast samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina allt frá þeim tíma þegar aðild Íslands var samþykkt að stofnuninni á Alþjóðavinnumálaþinginu haustið 1945.

Ég vil einnig taka fram að undanfarin ár hefur markvisst verið unnið að því að fullgilda samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Sl. tvö ár hefur Ísland fullgilt fjórar alþjóðasamþykktir. Næstu 20 ár þar á undan var einungis ein samþykkt fullgilt og átti fyrirspyrjandi þar nokkurn hlut að máli.

Ein þeirra samþykkta sem hefur komið til álita að fullgilda er alþjóðasamþykkt nr. 147. Ríki sem fullgilda þessa samþykkt skuldbinda sig til þess að hafa í lögum ákveðnar reglur um öryggi, vinnuskilyrði og aðbúnað um borð í skipum og að tryggja að slíkum reglum sé framfylgt. Þessar öryggisreglur varða m.a. vinnutíma, stærð áhafnar og hæfniskröfur. Þá krefst samþykktin ákveðins eftirlits með ráðningu eða skráningu í skiprúm og rannsókn á kærum sem upp kunna að koma í því sambandi. Eftir því sem við verður komið ber að fræða menn um hugsanleg vandamál í sambandi við skráningu á skip sem skráð eru í ríkjum sem ekki framfylgja sömu kröfum og gerðar eru í þessari samþykkt. Í samþykktinni felst einnig heimild til handa ríki til ákveðinna afskipta af erlendu skipi sem kemur til hafnar í landi þess ef vitneskja berst um að skipið fullnægi ekki kröfum samþykktar nr. 147.

Fram hefur farið athugun á því hvort eitthvað sé í veginum fyrir fullgildingu þessarar samþykktar af hálfu félmrn. Þessi athugun fór fram árið 1989. Tilefnið var ákvörðun stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 1987 um að gera úttekt á framkvæmd þessarar samþykktar. Samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar getur stofnunin krafið aðildarríkin um skýrslur um framkvæmd samþykktar sem þau hafa ekki fullgilt.

Á grundvelli þessarar greinar var óskað eftir skýrslu frá íslenskum stjórnvöldum um framkvæmd þessarar tilteknu samþykktar. Nefnd á vegum félmrn. sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina samdi drög að skýrslunni og var hún byggð á gögnum frá Siglingamálastofnun og samgrn. Skýrslan var send Alþjóðavinnumálaskrifstofunni 24. nóv. 1989. Alþjóðavinnumálaskrifstofan tók síðan saman heildaryfirlit yfir helstu upplýsingar sem fram komu í skýrslu aðildarríkjanna sem var til sérstakrar umfjöllunar á 77. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 1990. Félmrn. sendi þessa skýrslu í september 1990 til eftirtalinna samtaka: samgrn., Siglingamálastofnunar, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Sjómannafélags Reykjavíkur sem er aðili að Sjómannasambandi Íslands, Sambandi ísl. kaupskipaútgerða, Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Samtímis var vakin athygli á þeim tilmælum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til þeirra aðildarríkja sem ekki höfðu fullgilt samþykktina að gera það sem allra fyrst. Ekki bárust óskir um fullgildingu samþykktarinnar frá hagsmunaaðilum.

Við þetta má bæta að við fyrstu athugun komu ekki fram neinar sérstakar ástæður sem hindra fullgildingu samþykktarinnar af hálfu Íslands og hefur verið fullgilt samtals af 23 aðildarríkjum. Það er þó samgrn. að kveða endanlega upp úr um það efni. Minna má á að fleiri alþjóðasamtök en ILO vinna að hagsmunamálum sjómanna, þar á meðal Alþjóðasiglingamálastofnunin.

Á það ber að leggja áherslu að félmrn. hefur gert þó nokkuð í því að kynna þessa samþykkt fyrir þeim aðilum sem eiga hagsmuna að gæta. Afstaða félmrn. er jákvæð gagnvart því að samþykktin verði fullgilt en ég tel rétt að fá fram formlega afstöðu samgrn. og hagsmunasamtaka áður en endanleg afstaða er tekin. Hefur það verið ítrekað í bréfi til samgrn. og hagsmunaaðila og óskað er eftir svari þessara aðila í byrjun desember nk.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég vil spyrja hæstv. forseta að því hvort það sé ekki þannig að menn hafi eina mínútu en ekki hálfa þegar þeir gera athugasemdir. Það stóðu 30 sekúndur í klukkunni þegar ég steig í stólinn en nú er búið að breyta því þannig að ég er fyllilega sáttur við þetta. Eru það ein eða tvær, virðulegi forseti. (**Forseti:** Hv. fyrirspyrjandi hefur tvær mínútur.) Ég þakka forseta.

Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þau svör sem félmrn. gaf í þessu máli. Ég skil svör hennar þannig að ráðuneytið telji að ekkert sé í vegi fyrir því að fullgilda þessa samþykkt. Ég tel einnig mikilvægt að félmrn. er að reka á eftir samgrn. í þessu máli og býst við formlegri afstöðu frá því í byrjun desember. Auðvitað hefði verið best ef það hefði verið hægt að spyrja hæstv. samgrh. að bragði í þessum sama fyrirspurnatíma, en ég mun hinkra með það og geri það ekki fyrr en síðar í vetur ef þörf krefur.

Tilefni fsp. minnar er það að fyrir nokkrum dögum bárust mér upplýsingar um að skip á vegum íslenskra aðila hefðu gert um það sérstakan samning við hafnaryfirvöld í sænskri borg að áhöfnin á skipinu gæti ekki einasta stundað störf um borð meðan skipað er upp úr skipinu heldur gæti líka tekið að sér störfin á bryggjunni, þ.e. keyrt trukkana, lyftarana og séð um þau störf að öðru leyti. Slíkt væri brot á samningum og til þess að stöðva slíkt hefði Ísland þurft að vera aðili að þessari samþykkt.

Ég fékk um þetta upplýsingar frá, ég hygg að það heiti, Alþjóðaflutningaverkamannasambandinu og það er tilefni fyrirspurnarinnar sem hér var lögð fram. Ég tel mikilvægt að hæstv. félmrh. hefur sýnt jákvæðan hug í þessu máli og þegar gripið til aðgerða sem munu stuðla að því að Ísland fullgildi þennan sáttmála.

Könnun á atvinnuleysi, ein umr.

Fsp. ÓÞÞ, 177. mál. — Þskj. 203.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv félmrh.:

„Má vænta þess að ráðherra beiti sér fyrir könnun á atvinnuleysi í landinu með skoðanakönnunum eða öðrum úrtakskönnunum eins og gert er erlendis?"

Eins og öllum er kunnugt hefur fréttaflutningur verið á þann veg að menn eru að bera saman tölur um atvinnuleysi á Íslandi við atvinnuleysi í öðrum löndum. Meðan þannig er að málum staðið eins og hér er að atvinnuleysistölur á Íslandi byggja fyrst og fremst á því að þeir sem hafa rétt á atvinnuleysisbótum láta skrá sig en erlendis eru gerðar úrtakskannanir til þess að kanna hverjir það séu sem að eigin mati séu atvinnulausir, þá er ekki um sambærilegan grunn að ræða.

Þegar sáralítið atvinnuleysi er í landinu eins og verið hefur á undanförnum árum hefur þetta ekki komið að sök. En miðað við þær aðstæður sem nú eru upp komnar tel ég að þessi samanburður sé að verða mjög villandi. Að mínu viti er það mikil nauðsyn að gerð verði úrtakskönnun með eðlilegum hætti og þær verði gerðar reglulega vegna þess að allir vita að það eru margir raunverulega mjög stórir hópar í þjóðfélaginu sem geta verið atvinnulausir án þess að þeir séu skráðir það vegna þess einfaldlega að þeir eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Upplýsingar um atvinnuleysi byggjast ýmist á því hvort fólk lætur skrá sig sem atvinnulaust þar sem atvinnuskráning fer fer fram eða í gegnum vinnumarkaðskannanir þar sem fólk er spurt hvort það sé til ráðstöfunar fyrir vinnumarkaðinn ef það er ekki í vinnu. Því er almennt haldið fram og hefur reyndar einnig verið leitt í ljós víðast hvar að fyrri aðferðin, sem er almennt notuð, gefi yfirleitt lægri atvinnuleysistölur en sú síðari vegna þess að sumir láta eingöngu skrá sig ef það gefur þeim rétt á atvinnuleysisbótum. Einnig er eitthvað um það að ræða að fók telji sig eiga erfiðara með að fá vinnu ef það er skráð atvinnulaust. Síðari aðferðin hefur þannig sérstaklega leitt í ljós hærri atvinnuleysistölur í löndum þar sem fáir fá atvinnuleysisbætur. Þetta gildir t.d. almennt um Portúgal og Grikkland og um atvinnuleysi kvenna í Bretlandi og Írlandi.

Það að þurfa að skrá sig atvinnulausan til að fá atvinnuleysisbætur er aðalhvatinn til skráningar. Hins vegar hafa vinnumarkaðskannanir líka sínar takmarkanir og geta á sinn hátt ofmetið almennt atvinnuleysi. Þær bæta við ýmsum hópum sem almennt standa utan við vinnumarkaðinn, t.d. námsfólki sem gætu hugsað sér að vinna hlutastarf með náminu, húsmæðrum og fleirum sem gætu hugsað sér einhverja sérstaka vinnu ef í boði væri en slíkar óskir tengjast oft hlutastörfum. Þannig gætu verið til störf sem þessir hópar gætu fengið en vildu ekki þiggja.

Atvinnuleysi þessara hópa þarf þannig hvorki að vera almennt vegna lítils vinnuframboðs um allt land eða sértækt með tilliti til starfsreynslu og starfsmenntunar þessara hópa, heldur byggja einkum á því að framboð af hlutastörfum er takmarkað í mörgum atvinnugreinum. Þessir vankantar eru mest áberandi þegar atvinnuleysi er lítið eða þegar tekjusamdráttur knýr fleiri til að leita fyrir sér á vinnumarkaðnum en hafa möguleika á t.d. vegna náms eða ómegðar á heimilinu.

Einn liður í vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands er að kanna atvinnuleysi með þeim hætti sem spurt er um í fyrirspurninni. Hagstofa Íslands hefur gert þrjár slíkar kannanir undanfarin tvö ár. Þá fyrstu í apríl 1991, aðra í nóvember 1991 og þá þriðju í apríl 1992. Hagstofan er að gera nýja könnun í þessum mánuði og niðurstöður úr henni ættu að liggja fyrir innan 1–2 mánaða. Könnun þessi verður gerð a.m.k. tvisvar á ári, þ.e. í apríl og nóvember, og stefnt er að því að gera könnunina fjórum sinnum á ári þegar nægjanleg reynsla er komin á þessar kannanir.

Auk fjölmargra upplýsinga um vinnumarkaðinn leiða þessar kannanir í ljós atvinnuleysi á þessum tímapunktum, skipt eftir kyni, aldri og eftir þrem búsetusvæðum, þ.e. höfuðborgarsvæði, kaupstaðir og dreifbýli. Úrtakið í þessari könnun er nú um 4 þúsund manns á aldrinum 16–75 ára og eru þeir valdir úr þjóðskrá. Ætlunin er að stækka þetta úrtak í um 5 þús. manns. Svörunin hefur verið yfir 90%. Spurningarnar eru byggðar á spurningum í samræmdri við vinnumarkaðskönnun hagstofu Evrópubandalagsins sem á að beita í öllum EB-ríkjunum og í EES-samningnum hefur verið samið um að þeim verði einnig beitt í EFTA-ríkjunum.

Við samningu spurninganna hefur einnig verið leitast við að taka fullt tillit til íslenskra aðstæðna. Í könnununum var fylgt skilgreiningum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á grundvallarhugtökum um vinnumarkaðinn. Í þessum skilgreiningum felst að fólk telst vera í vinnu ef það hefur unnið eina klukkustund eða meira í þeirri viku sem könnunin tekur til eða verið fjarverandi frá starfi sem það gegnir að öllu jöfnu. Fólk er talið atvinnulaust stundi það ekki vinnu og hafi jafnframt leitað að vinnu undanfarnar 4 vikur áður en könnunin er gerð og sé tilbúið að hefja störf innan tveggja vikna. Samkvæmt EES-samningnum verður að gera a.m.k. eina slíka könnun á ári sem verður samanburðarhæf milli landa.

Niðurstöður þeirra kannana sem hafa verið gerðar hér á landi hafa m.a. orðið þær að í fyrstu könnuninni í apríl 1991 var atvinnuleysi 1,8% en var 1,4% samkvæmt atvinnuleysisskráningunni. Í annarri könnuninni, sem var gerð í nóvember 1991, var atvinnuleysi 2,7% en var 1,6% samkvæmt atvinnuleysisskráningunni. Í þriðju könnuninni í apríl 1992 munaði nær engu á þessum tveimur aðferðum, en þá var atvinnuleysi 3% og 2,9% samkvæmt skráningunni.

Æskilegt er að halda könnununum í þessum farvegi hjá Hagstofunni og sem svar við fsp. sé ég ekki á þessari stundu þörf fyrir öðrum sams konar könnunum.

Spurningarnar sem lagðar eru fyrir í þessum könnununum eru mjög margþættar og úrvinnsla gagnanna gefur marga möguleika til að afla upplýsinga um vinnumarkaðinn. Það er t.d. full þörf á að leggja sérstaka vinnu í það eftir könnunina núna í nóvember að athuga þessi gögn til að fá aðrar upplýsingar um atvinnuleysið en við höfum nú. Sérstaklega þyrfti að athuga samspil menntunar og atvinnuleysis með tilliti til samsetningar við aðra þætti. Athuganir þessara gagna gætu hugsanlega leitt í ljós þörf fyrir sérstakar kannanir eða gefið tilefni til sérstakra aðgerða í starfsmenntunar- og atvinnumálum af hálfu félmrn.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Vestf. fyrir að flytja þessa fsp. og vekja athygli á því alvarlega máli sem við stöndum frammi fyrir núna á Íslandi í fyrsta sinn að það þarf að taka þau mál föstum tökum sem lúta að atvinnuleysisskráningu.

Atvinnuleysisskráningin eins og hún er venjulega birt og umtöluð snertir eingöngu það fólk sem á rétt til atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð. Hins vegar er alveg ljóst að fjöldi fólks á ekki rétt á bótum samkvæmt þeim lögum og eru þar af leiðandi fyrir utan þessa tölu. Þar er ég að tala um einyrkja af ýmsu tagi, bílstjóra, sjómenn, bændur, ég er að tala um námsmenn úr framhaldsskólum og jafnvel á háskólastigi sem ekki fást skráðir í þessu kerfi eins og það er í dag. Ég held að það sé nauðsynlegt að halda þessum skoðanakönnunum áfram út af fyrir sig en ég held að það sé meginmál að breyta okkar lögum og reglum þannig að það verði tryggt að allir í landinu sem eru atvinnulausir fái atvinnuleysisbætur.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir það svar sem hér var gefið. Hið formlega svar var á þann veg að það væri ekki ætlun ráðherrans að beita sér fyrir breytingum en hið raunverulega svar var aftur á móti á þann veg að það yrðu breytingar því það var greint frá því að Hagstofan ætlaði sér að fjölga í sínu úrtaki og jafnframt að ráðherra mundi beita sér fyrir því að lesa þau gögn ofan í kjölinn sem er mikil framför miðað við það sem verið hefur þegar þessar athuganir hafa nánast farið beint í ruslafötuna.

Ég tel að kjarni málsins sé vissulega sá sem fram kom hjá hv. þm. Svavari Gestssyni, að við getum ekki unað við ástandið eins og það er. Þarna verða að verða breytingar og þessar kannanir eru forsendur fyrir því að svo geti orðið.

48. FUNDUR

fimmtudaginn 5. nóv.,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

Þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, þáltill., 31. mál, þskj. 32, nál. 221, 226 og 234. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:

Einkaleyfi og vörumerki, 3. mál, stjfrv., þskj. 237.

Endurskoðun laga um grunn- og framhaldsskóla, 204. mál, fsp. EMS á þskj. 245.

Fjöldi leiðbeinenda í grunnskólum, 202. mál, fsp. EKG á þskj. 243.

Gjaldeyrismál, 5. mál, stjfrv., þskj. 230.

Greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, 201. mál, fsp. GÁ á þskj. 242.

Jarðgangagerð á Austurlandi, 205. mál, fsp. EMS á þskj. 246.

Ljósleiðarar, 200. mál, fsp. BBj á þskj. 240.

Meðferð og eftirlit sjávarafurða, 45. mál, stjfrv., þskj. 236.

Námsráðgjöf og starfsfræðsla, 203. mál, fsp. EMS á þskj. 244.

Opinber fjárframlög vegna móttöku ferðamanna, 74. mál, svar samgrh. á þskj. 241.

Stjórnarráð Íslands, 206. mál, stjfrv. þskj. 247.

Umferðalög, 194. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 231.

Umhverfismál á norðanverðum Vestfjörðum, 198. mál, fsp. JVK á þskj. 238.

Virðisaukaskattur á heimilisiðnað, 199. mál, fsp. JVK á þskj. 239.

Erindi lagt fram á lestrarsal:

Frá Samstöðu um óháð Ísland ásamt undirskriftarlistum um kröfuna um þjóðaratkvæðagreiðslu um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 5. nóv. 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur, leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess, þar sem 1. varaþingmaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi getur ekki vegna sérstakra anna tekið sæti á Alþingi, taki 2. varaþingmaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Karen Erla Erlingsdóttir ferðamálafulltrúi, Egilsstöðum, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl."

Þá hefur borist svofellt bréf, dags. á Seyðisfirði 4. nóv. 1992:

„Virðulegi forseti. Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti á Alþingi á næstunni sem 1. varaþingmaður Framsfl. í Austurl.

Virðingarfyllst,

Jónas Hallgrímsson."

Kjörbréf Karenar Erlu Erlingsdóttur hefur verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur hins vegar ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því skv. 2. gr. þingskapa að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Karen Erla Erlingsdóttir, 1. þm. Austurl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Karen Erla Erlingsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, síðari umr.

Þáltill. ISG o.fl., 31. mál. — Þskj. 32, nál. 221, 226 og 234.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár og fyrir tekið eina dagskrármálið vill forseti geta þess að gert er ráð fyrir því að umræðu og afgreiðslu á málinu ljúki í dag en atkvæðagreiðsla fari ekki fram fyrr en klukkan 17.00 eða síðar að sjálfsögðu ef umræðu verður ekki lokið fyrir þann tíma.

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá 1. minni hluta allshn. varðandi till. til þál. um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Með leyfi forseta mun ég gera grein fyrir því nál. sem er á þskj. 221.

„Nefndin ræddi tillöguna á þremur fundum. Til viðræðna komu þeir lögfræðingar sem kennt hafa og kenna stjórnskipunarrétt eða almenna lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands, Eiríkur Tómasson hrl., dr. Gunnar G. Schram prófessor, dr. Magnús K. Hannesson lektor og Sigurður Líndal prófessor og auk þeirra Ólafur Þ. Harðarson, stjórnmálafræðingur og lektor við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

Íslensk stjórnskipun byggist á fulltrúalýðræði, sbr. 48. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir að alþingis-

menn séu eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum. Í almennum kosningum velja kjósendur þingmenn sem fá umboð til fjögurra ára. Í því umboði felst vald til að taka ákvörðun um samskipti Íslands við aðrar þjóðir eins og mælt er fyrir um þau í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði (EES). Þingmenn standa kjósendum sínum síðan skil gerða sinna þegar kjörtímabilið er á enda. Þjóðaratkvæðagreiðsla um EES-samninginn bryti í bága við þær hugmyndir sem hingað til hafa ráðið um fulltrúalýðræði hér á landi.

Rísi vafi um það hvort alþjóðasamningur brjóti í bága við stjórnarskrána fæst ekki úr því skorið með þjóðaratkvæðagreiðslu. Stjórnarskránni verður aðeins breytt með þeim hætti sem getið er í 79. gr. hennar. Þeir sem styðja EES-samninginn en telja að hann brjóti í bága við stjórnarskrána hljóta að krefjast breytinga á henni og síðan þingrofs og nýrra kosninga. Það er þingmanna að meta hvort alþjóðasamningur samrýmist stjórnarskránni eða ekki.

Í tveimur tilvikum hefur verið efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu hér á landi vegna breytinga á stjórnskipan ríkisins, árið 1918 um sambandslagasáttmálann við Dani og árið 1944 um afnám sambandslaganna og stofnun lýðveldis. Árið 1918 var framfylgt fyrirmælum í stjórnarskránni frá 1915 og þegar sambandslögin voru afnumin var það í samræmi við ákvæði í lögunum sjálfum. EES-samningnum verður með engu móti jafnað við fullveldið 1918 eða stofnun lýðveldis 1944.

Engin krafa hefur komið fram á Alþingi um að stjórnarskránni verði breytt sérstaklega vegna EES-samningsins. Hins vegar hafa þingmenn úr Alþýðubandalagi, Framsóknarflokki og Samtökum um kvennalista flutt tvær breytingartillögur við stjórnarskrána. Samkvæmt hinni fyrri er auknum meiri hluta þingmanna veitt heimild til víðtæks framsals á íslensku ríkisvaldi til fjölþjóðlegrar stofnunar eða samtaka. Í hinni síðari er mælt fyrir um alþjóðasamninga og ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um lagafrumvörp eða tillögur til þingsályktunar. Þessar tillögur eru nú til meðferðar í sérstakri stjórnarskrárnefnd Alþingis.

Frá því lýðveldið var stofnað má nefna þrjá tillögur um þjóðaratkvæði á Alþingi við meðferð mikilvægra samninga við erlend ríki eða fyrirtæki. Í öllum tilvikum voru tillögurnar felldar með atkvæðagreiðslu á þingi, þ.e. þegar fjallað var um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu (NATO), samninginn við Alusuisse um álverið í Straumsvík og aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA).

Í stuttu máli má því segja að það væri brot á íslenskri stjórnskipunarhefð að samþykkja þessa tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu vegna þátttöku Íslands í EES. Það gengi einnig í berhögg við fyrri niðurstöður á Alþingi þegar um mikilvæga alþjóðasamninga hefur verið að ræða.

Sé litið sérstaklega á EES-samninginn og spurningar um það hvort afgreiðsla hans kalli á þjóðaratkvæðagreiðslu er ástæða til að staldra við fjögur meginatriði:

1. Þegar gengið var til þingkosninga í apríl 1991 höfðu staðið umræður um þátttöku Íslands í EES frá því í mars 1989. Hafði skapast víðtæk samstaða um nauðsyn þessarar þátttöku þótt um skeið hafi verið deilt um leiðir að því markmiði að efla tengslin við Evrópubandalagið (EB). Allir meginþættir EES-málsins lágu skýrir fyrir við þingkosningarnar og kjósendur gátu einnig gert sér grein fyrir afstöðu einstakra þingmanna og flokka. Málið bar hátt í kosningabaráttunni. Þingmenn fengu því umboð í kosningunum til að ljúka málinu.

2. EES-samningurinn er uppsegjanlegur með 12 mánaða fyrirvara. Hann bindur því ekki Ísland nema 12 mánuði í senn. Unnt er að rifta samningnum með einföldum meiri hluta á Alþingi. Yrði hann borinn upp og samþykktur í þjóðaratkvæðagreiðslu væri Alþingi jafnframt að undirgangast þá pólitísku skuldbindingu að rifta honum ekki nema með sömu aðferð. Það er með öllu ástæðulaust að festa samninginn þannig í sessi, ekki síst með tilliti til þeirra breytinga er kunna að verða á EFTA og geta krafist skjótra viðbragða af hálfu íslenskra stjórnvalda.

3. Þó svo færi að EES-samningnum yrði vísað til þjóðaratkvæðagreiðslu yrði hún aðeins ráðgefandi. Þingmenn þyrftu því eftir sem áður að taka afstöðu til samningsins eftir sinni eigin sannfæringu í samræmi við 48. gr. stjórnarskrárinnar. Undan þeirri ábyrgð getur löggjafarvaldið ekki vikist.

4. EES-samningurinn hefur hlotið meiri og almennari kynningu en nokkur alþjóðasamningur síðan lýðveldið var stofnað. Samningaviðræður EFTA og EB fóru að verulegu leyti fram fyrir opnum tjöldum og hvers kyns fræðsluefni um samninginn er auðfengið og aðgengilegt. Það er því með öllu ónauðsynlegt að stofna til pólitískra átaka, sem mundu þar að auki líklega að verulegum hluta snúast um annað en EES, og töluverðra útgjalda með þjóðaratkvæðagreiðslu í því skyni að tryggja það að almenningur kynni sér EES-samninginn.

Með vísan til þess sem hér hefur verið sagt er lagt til að þessari tillögu til þingsályktunar verði hafnað. — Alþingi 3. nóvember 1992."

Undir álitið rita Sólveig Pétursdóttir, Björn Bjarnason og Sigbjörn Gunnarsson.

Virðulegi forseti. Til frekari skýringar á þessu nál. tel ég nauðsynlegt að minnast nánar á fáein meginatriði. Ef þáltill. hlyti samþykki yrði brotið blað í sögu íslenska lýðveldisins enda hefur þjóðaratkvæðagreiðsla ekki farið um slíkt einstakt mál frá stofnun þess. Hvað væri í raun að gerast með slíku samþykki?

Eins og rakið er í nál. er fulltrúalýðræði eitt af grundvallaratriðum íslenskrar stjórnskipunar. Í 48. gr. stjórnarskrárinnar er þessi skipan fest í stjórnskipan okkar með þeirri reglu að alþingismenn eru eingöngu bundnir af sannfæringu sinni við afgreiðslu þingmála og ekki við neinar reglur frá kjósendum sínum. Reglur um fulltrúalýðræði eiga rætur sínar allar götur aftur til frönsku stjórnarbyltingarinnar. Þær byggja á þeirri hugsun að þjóðin kjósi með tilteknu millibili hóp útvalinna fulltrúa sinna til að taka ákvörðun um lagasetningu og afstöðu til þjóðmála í stað þess að þjóðin

þurfi að gefa svör sín um slík ákvörðunaratriði í hvert og eitt skipti.

Fulltrúalýðræðið byggir þannig að nokkru marki á því viðhorfi að það sé nauðsynlegt að greiða fyrir stjórnun þjóðfélagsins með því að tiltölulega þröngur hópur þjóðkjörinna fulltrúa taki ákvarðanir í þágu þjóðarinnar. Þessi hópur getur sinnt því að kynna sér hvert og eitt mál af nægilegri nákvæmni og tekið síðan afstöðu til þess á þeim grundvelli í stað þess að ætlast verði til að hver og einn þjóðfélagsþegn geti varið tíma sínum til þeirra þarfa. Þótt þjóðkjörnir fulltrúar sæki vissulega þetta vald sitt til kjósenda eru þeir um leið að gangast undir skyldu gagnvart kjósendum, skyldu til að kynna sér mál og taka ákvarðanir fyrir kjósendur á kjörtímabili sínu. Þjóðin á þannig tilkall til að fulltrúar hennar á löggjafarþingi sinni þessu hlutverki eftir sannfæringu sinni en leitist ekki við að varpa ábyrgðinni af einstaka ákvörðunum yfir á þjóðina.

Fulltrúalýðræði byggir þó einnig á öðrum grunni. Í 48. gr. stjórnarskrárinnar kemur berum orðum fram að þingmenn eru ekki bundnir við neinar reglur frá kjósendum sínum heldur láti þeir sannfæringu sína ráða afstöðu sinni. Reglan tekur mið af því að það sé nauðsynlegt að skera á tengsl milli kjósenda og þingmanna meðan kjörtímabil stendur yfir því þingmenn verða stundum að taka nauðsynlegar ákvarðanir um þjóðfélagsmál sem geta verið óvinsælar meðal kjósenda þótt þær séu þjóðinni til heilla þegar til lengdar lætur. Ef slík mál yrðu borin undir atkvæði þjóðarinnar er hætt við að stundarhagsmunir réðu niðurstöðunni en ekki tillitið til áhrifa ákvörðunar til lengri tíma. Kjósendur fá í staðinn tækifæri sitt til að meta slíkar gerðir fulltrúa sinna við kosningar.

Þegar hv. þm. ganga til atkvæðagreiðslu um þessa till. til þál. er þarft að hafa í huga hvort vilji sé til að höggva skarð í þennan grundvallarþátt í stjórnskipun okkar. Í nál. er tekið svo til orða að það yrði brot á íslenskri stjórnskipunarhefð að samþykkja fyrirliggjandi þáltill. Með þeim orðum er ekki verið að halda þeirri skoðun fram að þjóðaratkvæði væri í andstöðu við reglur stjórnarskrárinnar enda ber mönnum almennt saman um að Alþingi hafi út af fyrir sig stjórnskipulega heimild til að ákveða að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram.

Á hinn bóginn væri samþykki tillögunnar andstætt markmiði fulltrúalýðræðis og að auki í andstöðu við hefðir sem hafa ríkt án undantekninga í nærfellt hálfa öld. Í fyrsta sinn í sögu lýðveldisins mundu hv. þm. bregðast þeirri skyldu sinni gagnvart þjóðinni að taka afstöðu til þingmáls eftir sinni eigin sannfæringu sem þeir verða að standa ábyrgir fyrir við kjósendur. Um leið væri verið að bregðast þeim anda sem reglur stjórnarskrárinnar byggja á. Er þetta breyting sem hv. þm. vilja standa að?

Þegar hver og einn gerir það upp við sig er full ástæða til að huga líka að afleiðingunum. Þegar litið er til afleiðinganna staðnæmist ég fyrst við þá spurningu hvert þetta fordæmi getur leitt. Því neitar enginn að EES-málið er umfangsmikið og hefur mikil áhrif á fjölbreytileg atriði í þjóðfélaginu. Eins og fram kemur í nál. er hins vegar ekki hægt að líta fram hjá því að við þingkosningar 1991 höfðu verið uppi umræður í þó nokkurn tíma um þetta mál. Kjósendum var ljóst þegar þeir gengu að kjörborði að ef áætlanir gengju eftir um framvindu þessa máls kæmi það í hlut fulltrúanna sem þeir voru að kjósa að taka afstöðu til þess. Kjósendur völdu þannig fulltrúa sína til að taka m.a. ákvörðun um EES og höfðu ekki tilefni til að búast við öðru en að málinu lyki á kjörtímabilinu.

Við undirritaðir nefndarmenn teljum því engan vafa á því að þingmenn hafi fullt umboð þjóðarinnar til að ráða fram úr þessu máli hver og einn eftir sinni sannfæringu.

Ef Alþingi víkst undan þeirri skyldu sinni nú hlýtur sú spurning að vakna rakleitt í kjölfarið hvort ekki þurfi að bera önnur mikilvæg þjóðfélagsmál einnig undir þjóðaratkvæði. Á að greiða þjóðaratkvæði t.d. um fiskveiðistefnuna, byggðastefnuna eða ríkisfjármál? Stefnumið frambjóðenda við síðustu alþingiskosningar til þessara mála voru kynnt kjósendum áður en þeir gengu til atkvæða líkt og afstaða frambjóðenda til EES. Fyrir mitt leyti fæ ég illa séð hver grundvallarmunur er á þessum málum innbyrðis enda skipta þau öll verulegu máli fyrir almenning. Kjarninn í þessu er einfaldlega sá að spurning um aðild að EES nýtur engrar þeirrar sérstöðu sem réttlætir að hún verði ein lögð undir þjóðina á meðan Alþingi tekur afstöðu til annarra mikilvægra mála.

Með ákvörðun um þjóðaratkvæði nú væri skapað fordæmi sem er erfitt að sjá hvert gæti leitt. Ef það er í raun vilji til að breyta grundvallarreglum stjórnskipunar okkar um fulltrúalýðræði verður að taka ákvörðun um þá breytingu á miklu breiðari grundvelli og án þess að afstaða hv. þm. dragi dám af afstöðu þeirra til eins tiltekins máls, þ.e. aðildarinnar að EES.

Varðandi afleiðingarnar sem gætu orðið af samþykkt þáltill. verður einnig að spyrja annarrar spurningar. Nú hefði verið gengið út frá því að ef þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram yrði hún eingöngu ráðgefandi. Til hvers mundi hún þá leiða? Eftir sem áður segir í 48. gr. stjórnarskrárinnar að þingmenn verði að taka afstöðu til þingmála eftir sannfæringu sinni. Sú sannfæring á ekki að taka mið af öðru en hvort hver og einn telji rétt eftir gaumgæfilaga athugun að samþykkja aðild að EES eða ekki. Sannfæringin á ekki að ráðast af meiri hluta atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslu. (**ÓÞÞ:** Eða pólitískum þrýstingi í þinginu.) Mundu hv. þm. fylgja reglum 48. gr. stjórnarskrárinnar eða mundu andstæðingar aðildar að EES greiða henni atkvæði að undangengnu þjóðaratkvæði þar sem hún væri samþykkt?

Ef sannfæringin á að ráða eins og stjórnarskráin býður þjónar þjóðaratkvæði engum tilgangi. Ef meirihlutavilji þjóðarinnar í slíkri atkvæðagreiðslu á að ráða framgangi þessa máls á Alþingi er allt eins hugsanlegt að þingmenn verði að greiða atkvæði í andstöðu við sannfæringu sína og brjóta þar með gegn stjórnarskránni.

Enn einni spurningu má varpa fram til umhugsunar. Ef þáltill. væri samþykkt og þjóðaratkvæði færi

fram þar sem meiri hluti kjósenda samþykkti aðild að EES, hver væri þá staða Alþingis að falla frá þeirri aðild á síðari stigum? Í nál. er bent á að EES-samningurinn sé uppsegjanlegur með 12 mánaða fyrirvara. Þessi staðreynd skiptir vissulega máli þegar afstaða er tekin yfirleitt til aðildar að EES. Margvíslegar breytingar gætu orðið í alþjóðamálum og samvinnu Evrópuríkja sem gætu valdið því að Alþingi teldi ástæðu til að nýta þennan uppsagnarrétt. Ef þjóðaratkvæði hefur farið fram um aðild að samningnum í upphafi má telja einsýnt að Alþingi væri tæplega stætt á að ákveða uppsögn án undangengins samþykkis í þjóðaratkvæðagreiðslu nema viðhorf um neyðarrétt gætu réttlætt það.

Í þessu ljósi væri meira og minna búið að binda samninginn þannig í sessi að ógerlegt væri að losna frá honum aftur með almennum reglum um meirihlutavilja Alþingis sem gilda þó um afnám laga. Með þessum hætti gæti Ísland verið aðili að EES um ókominn tíma án tillits til þingvilja. Ef þjóðin á að ráða á einhverjum tíma hvort við séum áfram aðilar að EES má eins spyrja hér í leiðinni hvernig ætti að bregðast við ef líkur væru á að þjóðin væri almennt orðin andstæð aðildinni? Væri Alþingi þá skylt að hlutast til um þjóðaratkvæðagreiðslu gagnstætt vilja meiri hluta þess til að staðreyna hvort sú væri orðin raunin? Væri Alþingi þá skuldbundið pólitískt til að ákveða uppsögn samningsins?

Þá er rétt að hafa það í huga að þegar kemur að næstu alþingiskosningum mun þjóðin væntanlega hafa fengið reynslu af EES-samningnum. Næstu kosningar gætu þannig hæglega snúist um EES-samninginn á þann hátt að þeir stjórnarandstöðuflokkar sem hafa lýst sig andvíga samningnum gætu lýst því yfir að þeir muni segja honum upp fái þeir til þess traust kjósenda.

Eins og ég gat um áður er ein af ástæðunum fyrir afstöðu þeirra sem standa að þessu nál. sú að samþykki þáltill. gæfi fordæmi sem gæti fyrr en varir leitt af sér þann nýja hátt í stjórnskipan okkar að fulltrúalýðræðið hyrfi í skugga ákvarðana í þjóðaratkvæðagreiðslum. Ég lýsti einnig þeirri skoðun hér áður að slíkar stórfelldar breytingar yrði að ákveða algerlega óháð einu einstöku máli. Sú breyting gæti læðst inn í stjórnskipunina með þessu eina fordæmi og við breytingunni sem slíkri viljum við vara.

Með því að taka upp þjóðaratkvæði sem almenna reglu til að leysa úr öllum veigameiri eða umdeildari málum væri í raun verið að færa löggjafarvaldið frá Alþingi. Lýðræðið byggir vissulega á því að valdið til löggjafar er sótt til þjóðarinnar. En í hvaða ógöngur væri stefnt ef þjóðarákvörðun um lagasetningu á að vera aðalreglan? Lagasetning getur ekki alltaf verið vinsæl. Það má minnast þess að litlu munaði t.d. á sínum tíma að nægilegur fjöldi þingmanna á danska þjóðþinginu fengist til að samþykkja tillögu um þjóðaratkvæði um afhendingu handritanna til Íslands. Ætli meiri hluti hefði fengist fyrir þeim málalokum sem urðu okkur í hag ef þjóðaratkvæðagreiðsla hefði farið fram?

Reynslan í þeim ríkjum Evrópu þar sem mislöng hefð er fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum getur einnig verið okkur til umhugsunar. Í Danmörku hefur t.d. verið deilt á ofnotkun þjóðaratkvæðagreiðslna sem öðrum þræði stafar þó af þeirri aðstöðu að þar hafa gjarnan setið við stjórn ríkisstjórnir sem hafa ekki haft þingmeirihluta að baki sér og hafa því gripið til þjóðaratkvæðis um veigamikil mál til að styrkja stöðu sína. Þar hafa verið uppi ádeilur á notkun þjóðaratkvæðagreiðslna um flóknari mál og bent á að hinn almenni kjósandi eigi að vonum erfitt með að taka afstöðu til þeirra á málefnalegum grundvelli. Því hefur verið borið við að í slíkri stöðu hverfi flestir kjósendur að þeirri lausn að greiða atkvæði í samræmi við afstöðu þess stjórnmálaflokks eða stjórnarmanns sem þeir bera helst traust til þó vissulega megi finna áberandi dæmi um hið gagnstæða.

Í Sviss hefur lengi verið viðtekinn háttur að ráðið sé fram úr mikilvægum málum með þjóðaratkvæði. Reynslan þar hefur á hinn bóginn sýnt að kjörsókn er almennt dræm og verður minni eftir því sem þjóðaratkvæði eru tíðari. Því hefur einnig verið haldið fram að reynslan í Sviss hafi sýnt áberandi tilhneigingu til að niðurstöður í þjóðaratkvæði verði almennt íhaldssamar og hneigist að því að fyrirbyggja breytingar. Sem dæmi hefur m.a. verið bent á hvernig hefur farið í þjóðaratkvæði gegnum árin um tillögur um kosningarrétt kvenna.

Til viðbótar því sem nú hefur verið sagt þá virðist sem framkvæmd þeirrar þjóðaratkvæðagreiðslu er hér er til umræðu gæti orðið miklum erfiðleikum bundin. Þá er ekki einungis átt við erfiðan árstíma hvað veðurfar snertir heldur bárust mér þær fregnir í gær að samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu væri miklum erfiðleikum háð að halda slíkar kosningar frá 15. nóv. til 15. jan. Ástæðan er sú að á því tímabili stendur yfir vinna við uppfærslu þjóðskrár sem er meginverkefni stofnunarinnar. Það hefði miklar afleiðingar að fresta því verkefni, t.d. væri ekki hægt að leggja á skatta og erfiðleikar gætu skapast fyrir Tryggingastofnun ríkisins.

Samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði mun hins vegar taka gildi um næstu áramót og fyrir þann tíma verða hv. þm. að hafa gert upp hug sinn til samningsins.

Virðulegi forseti. Beint lýðræði með notkun þjóðaratkvæðagreiðslna getur vel haft sína kosti. Ókostirnir eru hins vegar einnig fyrir hendi og vega þungt. Við undirritaðir nefndarmenn teljum stórlega varhugavert að ganga inn á þessa braut hér á landi án þess að umfangsmikil athugun og umræða eigi sér stað um kosti og ókosti hennar. Slík umræða mundi snúa að einu mikilvægasta grunnatriðinu í stjórnskipun okkar og má ekki verða lituð af afstöðu þeirra sem taka þátt í henni til aðildar að samningi um EES.

Frsm. 2. minni hluta allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 226 frá 2. minni hluta allshn. um till. til þál. um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Í íslensku stjórnarskránni eru nokkur ákvæði um að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram, t.d. ef ágreiningur verður milli forseta og þings um staðfestingu laga. Alþingi getur tvímælalaust ákveðið hvenær sem er að leita álits þjóðarinnar og vísað málum til þjóðaratkvæðagreiðslu telji það sérstaka þörf á því.

Þjóðaratkvæðagreiðslur hafa farið nokkrum sinnum fram, m.a. tvisvar um breytingar á stjórnskipun landsins, árið 1918, þegar Ísland varð fullvalda ríki og við lýðveldisstofnunina árið 1944.

Annar minni hluti allshn. telur sérstaka ástæðu til að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Fyrir því er hægt að færa mörg rök en ég mun að þessu sinni aðeins nefna nokkur þar sem þau eru svo skýr að frekar þarf ekki vitnanna við.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um samninginn er í fullu samræmi við þróun síðustu ára og áratuga í öðrum löndum Vestur-Evrópu þar sem þjóðaratkvæðagreiðslum hefur í vaxandi mæli verið beitt, og þá sérstaklega í sambandi við samningana um nánara samstarf Evrópuríkja. Það er lýðræðislegt andsvar við vaxandi áhrifum stofnana og embættismanna. En sú þróun hefur ekki síst orðið áhyggjuefni innan Evrópubandalagsins vegna hins gífurlega miðstjórnarvalds í Brussel. Sú stefna kemur reyndar fram á Alþingi nú í hverju frv. af öðru frá hæstv. ríkisstjórn þar sem heimildir skal veita til að setja reglugerðir og taka ákvarðanir um mikilvæg mál samkvæmt þeim. Því hefur heldur ekki verið haldið fram að þjóðaratkvæðagreiðsla um Maastricht-samninginn í Danmörku og Frakklandi sl. sumar hafi ekki átt rétt á sér. Þvert á móti hafi þær breytt viðhorfi og leyst úr læðingi umræðu sem bæld hafði verið niður þannig að Evrópa verði ekki sú sama á eftir.

Það kemur varla til greina að þeir sem mestan áhuga hafa á nánum tengslum Íslands við önnur Evrópulönd telji það ekki sjálfsagt að við fylgjum þessari lýðræðislegu þróun nágranna okkar heldur vilji halda sig í einhverjar steinrunnar kennisetningar. Það er líka athyglisvert fyrir okkur hér á Alþingi að þegar Danir breyttu fyrir nokkru skipan þjóðþings síns úr tveimur deildum í eina voru um leið sett inn ákvæði um rýmkaðar heimildir til að óska eftir þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég veit ekki hvort þetta var rætt við undirbúninginn að breytingu á þingsköpum Alþingis nú fyrir skömmu.

Allir eru sammála um að samningurinn er mjög umfangsmikill og fyrir Íslendinga hefur hann áhrif á flest svið þjóðlífsins frá öræfum landsins til ystu marka fiskveiðilögsögunnar. Yrði hann tvímælalaust víðtækasti fjölþjóðasamningur sem Íslendingar hefðu gert. Þegar um er að ræða svo örlagaríka ákvörðun er það lýðræðisleg krafa að þjóðin fái að segja álit sitt á samningnum áður en Alþingi afgreiðir hann með einföldum meiri hluta. Þá sanngjörnu kröfu hafa fjölmenn félagasamtök sett fram, svo sem Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Stéttarsamband bænda og Neytendasamtökin auk þess sem tugir þúsunda kjósenda hafa sent Alþingi áskorun um það.

Það kom fram í gær við kynningu formanna þessara samtaka á afstöðu þeirra að þeir teldu sérstaka ástæðu til þjóðaratkvæðagreiðslu að þessu sinni þar sem horfur eru á að ekki fari fram alþingiskosningar fyrir endanlega afgreiðslu málsins eins og kveðið er á um í stjórnarskránni vegna beytinga á henni. Nauðsynlegur undanfari að þjóðaratkvæðagreiðslu er ítarleg kynning á efni samningsins. Slík kynning er besta andsvarið við fullyrðingu um að þjóðin hafi ekki næga þekkingu til að taka afstöðu til efnis samningsins. Að vísu er það rétt að mörg atriði samningsins eru enn þá óljós enda margt ófrágengið. Í samningaviðræðum sem nú standa yfir um slík atriði hefur komið fram að Evrópubandalagið vill ganga lengra en áður hefur komið fram í þá átt að láta sínar reglur gilda. En að sjálfsögðu er hægt að gera grein fyrir því um hvaða atriði er þar verið að deila og út í hvaða áhættu er lagt ef ákvörðun er tekin áður en þeim er ráðið til lykta. Því miður er vægt til orða tekið að ríkisstjórnin hafi vanrækt hlutlausa kynningu á efni og afleiðingum samningsins þótt slík kynning sé mjög mikilvæg, ekki síst í þeim tilgangi að gera það sem unnt er til að koma í veg fyrir hörð átök í þjóðfélaginu eftir afgreiðslu málsins hvort sem samningurinn verður samþykktur eða honum hafnað.

Við undirritaðir nefndarmenn, Jón Helgason, Kristinn H. Gunnarsson, Anna Ólafsdóttir Björnsson og Ólafur Þ. Þórðarson, sem skipum 2. minni hluta allshn. leggjum til að þáltill. verði samþykkt óbreytt. Það gera einnig nefndarmennirnir Eyjólfur Konráð Jónsson og Ingi Björn Albertsson sem skipa 3. minni hluta allshn. þó að þeir hafi kosið að skila séráliti.

Frsm. 3. minni hluta allshn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Þar sem samkomulag er um að leitast við að afgreiða málið á þessum degi mun ég stytta mál mitt sem mest í þessari framsögu minni. Til að svo megi verða kýs ég að vitna til nál. og víkja sem minnst út frá textanum en ég get ekki alveg komist hjá því. Þótt Evrópumálin séu hin flóknustu má segja að þessi þáttur þeirra, þ.e. þjóðaratkvæðagreiðslan, sé einfaldur. Spurningin er í rauninni: Er það rétt og skynsamlegt að þjóðin fái að meta hvort hún sé samþykk efni þessarar tillögu? Um það er spurt, annað ekki. Þess vegna er þessi þáttur í sjálfu sér mjög einfaldur og þarf ekki að fara um það fleiri orðum. Almenningur þarf ekki t.d. að leggjast í lestur þúsunda blaðsíðna til þess að svara þeirri einföldu spurningu. Ég vil því helst losna við að svara málalengingum og útúrsnúningum um þau efni. Ljóst er að Alþingi getur, ef það vill, ákveðið atkvæðagreiðsluna en það getur líka hundsað vilja meiri hlutans. Verði það gert er ekki við góðu að búast við afgreiðslu EES-málsins í heild sinni eða öllu heldur draganna sem fyrir liggja um Evrópskt efnahagssvæði, því að enn eru það ekki nema drög. Það hefur enginn samþykkt neinn EES-samning mér vitanlega og verður kannski aldrei. Af þessum sökum vonast ég til að menn spari hér stóru orðin og skal

reyna að gera það. Ég vil þó gera um það athugasemd að áður en nál. okkar Inga Björns Albertssonar barst, þ.e. þriðja nefndarálitið, var búið að geta þess í nál. annarra manna, þeirra sem flytja nál. 2. minni hluta nefndarinnar. Það taldi ég ósmekklegt og ekki við hæfi. Það er ástæðulaust að hafa um það fleiri orð.

Enda þótt ágreiningur sé mikill um aðild að EES er það almenn skoðun að það mál sé hið mikilvægasta frá stofnun lýðveldisins. Enginn getur dæmt um hvort EES sé nú komið í endanlegt horf. Það hefur mótast á undangengnum missirum og er að mótast enn þann dag í dag. Til þess að fá úr því skorið hver sé vilji þjóðarinnar er bara ein leið og má raunar segja að aldrei hafi verið meiri ástæða til að láta fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu en einmitt við þessar aðstæður.

Það hefur komið fram í skoðanakönnunum að mikill meiri hluti virðist vera meðal þjóðarinnar um að efna til allsherjaratkvæðagreiðslu. Það er athyglisvert að þjóðin vill fá að segja sitt álit á málinu án tilits til þess hvort menn styðja aðildina að EES eða ekki.

Það er skoðun 3. minni hluta að samþykkt tillögunnar mundi leiða til markvissari kynningu á innihaldi samningsins, bæði kostum og göllum, sem gerði fólki fært að mynda sér skoðun og greiða atkvæði í samræmi við það. Svar þjóðarinnar er hins vegar ekki bindandi fyrir þingheim, eins og hér hefur komið fram, sem eftir sem áður getur og er raunar skyldur til að greiða atkvæði samkvæmt samvisku sinni. Hver þingmaður er skyldur til þess.

Þriðji minni hluti bendir á að víða um Evrópu fara fram þjóðaratkvæðagreiðslur í mjög auknum mæli. Þá er einnig vert að benda á að fimm þjóðaratkvæðagreiðslur hafa farið fram á Íslandi á undangengnum áratugum eins og einnig hefur komið fram og skal ég ekki endurtaka það sem aðrir hafa sagt.

Það er rétt að fjölmenn félagasamtök lýsa yfir kröfu um þjóðaratkvæðagreiðslu. Hér hafa verið nefnd samtök eins og BSRB, ASÍ, Stéttarsamband bænda, Neytendasamtökin o.s.frv. Einnig hafa tugþúsundir Íslendinga undirritað slíkar áskoranir. Ég held því að viljinn um þetta mál sé nokkuð ljós. En okkur vantar að fá að vita viljann um það hvert við leggjum héðan í frá og það ættu menn helst að vera sammála um.

Ef reynt er að knýja málið fram án þjóðaratkvæðagreiðslu gæti það haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Málið er ekki flokkspólitískt. Deilur um flokka eða ríkisstjórn eiga þar ekki heima. Þetta er mál sem er þannig vaxið að menn skiptast ekki eftir flokkum við stuðning eða andstöðu við það.

Sá sem hefur trú á málstað sínum og kynnir hann rækilega er að sjálfsögðu óhræddur að leggja sína samvisku og málstað undir dóm þjóðarinnar.

Það er langt í frá að Evrópuþjóðirnar hafi leyst sín mál eða að þau séu í höfn. Það sést best á því að þessar þjóðir standa ráðþrota við lausn hernaðarlegra átaka í álfunni sem Íslendingar vilja síst af öllu blandast í. Daglega berast líka fregnir af harkalegum pólitískum átökum í Evrópulöndunum, löndunum í álfunni okkar. Í stofnunum Evrópubandalagsins eru líka slík pólitísk átök og þau fara ekki minnkandi heldur vaxandi. Íslendingum ber líka að varast að blanda sér í slíkar deilur.

Nú síðast heyrum við fregnir af því að fríverslunarsamtökin, GATT, aðalsamtökin sem við höfum trúað á, bæði þessi þjóð og aðrar frjálsar þjóðir, að gætu opnað heiminn fyrir frjálsum viðskiptum og meiri auðlegð, eru nánast í uppnámi. Það veit enginn hver annan grefur. Það er að verða styrjaldarástand í óeiginlegri merkingu, pólitískri merkingu, á milli Bandaríkjanna og Evrópubandalagsins sérstaklega og Japans raunar líka, um það hvernig fara megi með viðskiptafrelsið sem menn tengdu við GATT. Það er ekki sérstaklega skemmtilegt fyrir okkur að taka afstöðu í því máli með eða móti einhverjum. Við verðum auðvitað að hafa okkar sjálfstæði og okkar eigin pólitísku skoðun eins og við höfum alltaf haft en ekki að ánetjast einhverjum öðrum skoðunum yfirgnæfandi stórveldis.

Ef svo illa tækist til að þetta mál leystist ekki og það með þeim hætti að tillagan yrði samþykkt er mikill vandi fyrir höndum. Hér er talað fjálglega um fulltrúalýðræði. Hvað það er veit ég naumast. Ég er hæstaréttarlögmaður engu að síður. Þetta er nýtt af nálinni hygg ég, alla vega finn ég þetta orð ekki í orðabókum. Þetta er líklega eitthvað sem notað er á tyllidögum.

Fullveldis landsins er af sögulegum ástæðum vendilega gætt í sjálfri stjórnarskránni og henni er erfitt að breyta án víðtæks stuðnings. Það er styrkur okkar í samskiptum við þá sem við viljum semja við, á grundvelli laga okkar að sjálfsögðu, að það er nánast ekki hægt að breyta stjórnarskránni. Þetta skilja þrautreyndir, erlendir samningamenn sem okkur eru velviljaðir. Það var svo vel gengið frá stjórnarskránni að hún er nærri því óhagganleg. Það er varla hægt að afnema neitt af fullveldinu og gefa það til annarra. Það er nánast ekki hægt. Málið er þess vegna gífurlega vandasamt og ég held að við ættum öll að gera okkur grein fyrir því.

Þriðji minni hluti telur engin vandkvæði á því að ná tvíhliða samningum í samráði við önnur EFTA-ríki en oftast mætti ná svipuðum árangri með einhliða lagasetningu af okkar hálfu. Það getum við gert. Við getum reynt að aðlaga ýmislegt að þeirri þróun sem er í Evrópu og ekkert nema sjálfsagt um það að segja að borga þar með óbeint eitthvað af kostnaðinum sem við höfum þegar lagt í. En samkvæmt þeim reglum sem við mundum hafa í skiptum við EFTA, sem kannski yrði eitt eftir, gætum við kannski samið beint við þá. En við mundum auðvitað fylgjast með þróuninni og herma gömul og ný loforð Evrópubandalagsins um að taka upp tvíhliða viðræður við okkur, sem ekki hefur mátt nefna nú um langt skeið, upp á bandalagið sjálft, hið heilaga bandalag, og vita hvort þeir minntust þess ekki að þeir hafa bæði í mín eyru og margra annarra heitið því að við sætum við svipað borð og þeir. Þeir hafa sagt það, t.d. Henning Christophersen, aðstoðarframkvæmdastjóri í framkvæmdastjórninni, að við hefðum gert allt sem að okkur sneri, þ.e. við hefðum opnað alla markaði með fríverslun til Íslands fyrir þá með verslun á þeirra afurðum, iðnaðarvarningnum til

okkar, en þeir hefðu svikist um að gera það sama gagnvart okkur, t.d. að því er varðaði fiskinn sem fer til Spánar og Portúgal.

Ég ætlaði sem sagt ekki að fara út í langt mál. Það er ástæðulaust. Ég held að þingmenn séu orðnir nægilega menntaðir eða þreyttir eins og utanrrh. sem sagðist hundleiður á þessu bandalagi. Það er langt síðan hann sagði það, blessaður. Við hv. þm. Ingi Björn Albertsson leggjum til að þáltill. verði samþykkt.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Það er óþarfi að halda langa ræðu um þetta mál nú. Bæði hefur málið verið ítarlega rætt á Alþingi og sömuleiðis og ekki síður með þjóðinni á fjölmörgum fundum og manna á meðal. Ég stend þó upp til að gera grein fyrir þeirri ákveðnu niðurstöðu Framsfl. að halda beri þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að hinu Evrópska efnahagssvæði. Það samþykkti flokkurinn einróma á miðstjórnarfundi sínum 2. maí sl. og hefur ítrekað þá samþykkt iðulega síðan. Það var gert að mjög vel athuguðu máli. Í rauninni þykir mér að þyngstu rökin fyrir því að þjóðaratkvæðagreiðsla verði haldin um þetta mál hafi komið fram í orðum hæstv. utanrrh. sem hefur sagt það aftur og aftur hér á hinu Alþingi að þetta sé mesti milliríkjasamningur sem Íslendingar hafa nokkru sinni gert. Ég hygg að þetta sér rétt hjá hæstv. utanrrh. Það eru því mjög veigamikil rök fyrir því að þjóðin fái að segja álit sitt á svo veigamiklum samningi.

Auk þess hefur komið fram mjög eindregin ósk frá fjölda manna að fá að segja álit sitt á samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Nægir þar að nefna rúmlega 34 þúsund kosningabæra einstaklinga sem hafa skrifað undir áskorun til Alþingis. Sömuleiðis hafa Neytendasamtökin, félög launþega og bænda eindregið skorað á Alþingi að þjóðaratkvæðagreiðsla verði höfð um samninginn. Samkvæmt síðustu skoðanakönnun munu yfir 70% aðspurðra telja að þjóðaratkvæðagreiðslu beri að hafa um samninginn. Það er afar athyglisvert að í þeim hópi eru fjölmargir sem svöruðu aðspurðir að þeir styddu þennan samning. Þarna eru vitanlega fram komin afar veigamikil rök fyrir því að um samninginn verði fjallað í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þessi samningur er mjög umdeildur. Á því er ekki nokkur vafi og það hljóta bæði þeir sem sækja fast að fá hann samþykktan og þeir sem eru andsnúnir honum að viðurkenna. Það er afar veikt að knýja svo umdeildan samning í gegnum Alþingi en neita þjóðinni að segja álit sitt á honum. Með því er að mínu mati verið að stofna til átaka sem við sjáum ekki fyrir endann á. Ríkisstjórnin stæði satt að segja langtum sterkari að vígi ef hún hlyti stuðning þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu við þennan samning. Hún mundi bæði styrkja þá ætlan sína að fá samninginn samþykktan og styrkjast sjálf mjög í sessi.

Ég vek athygli á því að í þessari sömu skoðanakönnun kom fram að meiri hluti þeirra sem aðspurðir voru eru fylgjandi því að samningurinn verði gerður.

Ég hlustaði að sjálfsögðu á rök hjá hv. flm. 1. minni hluta hér áðan og þótti þau heldur léttvæg. Við erum ekki að leggja til að almennt verði sú regla upp tekin að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um fjárlögin eins og kom fram eða eitthvað þess háttar. Ég tel að sá samanburður sé alveg út í hött ef ég leyfi mér að orða það svo. Við erum að leggja til að þjóðaratkvæðagreiðsla verði haldin um þann mikilvægasta alþjóðasamning sem gerður hefur verið af hálfu Íslendinga, svo notuð séu orð hæstv. utanrrh. Væntanlega verða slíkir samningar ekki margir.

Ég hlýt einnig að taka undir það með hv. síðasta ræðumanni að þetta með fulltrúalýðveldið, orð sem skyndilega hefur sprottið upp og virðist notað, eins og hann orðaði það, á tyllidögum, er gott og blessað út af fyrir sig. En það er enginn að tala um að kollvarpa þessu fulltrúalýðveldi.

Ég vísa því einnig á bug að þingmönnum beri svo ákveðið að fara eftir sinni sannfæringu að þeir megi ekki hlusta á vilja þjóðarinnar. Hvers konar rök eru það? Ég vil spyrja hv. þm.: Hve margir eru þeir hér inni sem hafa ekki hlustað á rök sinna umbjóðenda og kannski breytt sinni sannfæringu? Sannfæringin mótast *vitanlega af svo mörgu og hún mótast af eigin* skoðun þingmannsins á málinu að sjálfsögðu. Ég vona að enginn þingmaður sé svo þver í sínum skoðunum að hann hlusti ekki á rök annarra, bæði andstæðinga og ekki síst sinna umbjóðenda. Hér er í raun og veru verið að gefa kjósendum, Íslendingum sem hafa kosningarrétt, tækifæri til þess að segja sína skoðun. Ég yrði ekki undrandi þótt það kynni að hafa áhrif á afstöðu einhvers þingmanns og mér finnst það fullkomlega eðlilegt.

Þau rök hafa verið færð fram að þessi samningur sé svo flókinn að ekki sé hægt að leggja hann fyrir þjóðina. Ég vísa því fullkomlega á bug og vísa reyndar á rökstuðning 1. minni hluta sem segir að þessi samningur hafi verið mjög vel kynntur fyrir þjóðinni. Ég er að vísu þeirrar skoðunar að það þurfi að gerast enn þá betur. Ég treysti þjóðinni afar vel til að segja álit sitt á þessum samningi. Ég treysti því og veit reyndar að það er engum vafa undirorpið að hægt er að leggja fram öll meginrök með og á móti þessum samningi á mjög skiljanlegu máli fyrir þjóðina alla. Ég þykist vita að hæstv. utanrrh. telji að utanrrn. hafi gert það eins og kemur fram í áliti 1. minni hluta.

Ég vara við því að knýja þennan samning fram án þess að verða við þeirri eindrægu og einlægu ósk mikils meiri hluta þjóðarinnar, sem ég hef rakið hér, og ég óttast að það leiði til ófarnaðar ef það er gert. Þetta eru meginástæðurnar fyrir því að Framsfl. mælir eindregið með því að þjóðaratkvæðagreiðsla verði samþykkt.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í nál. 2. og 3. minni hluta allshn. er það skoðun meiri hluta nefndarfólks allshn. að krafan um þjóðaratkvæði sé krafa um lýðræðisleg vinnubrögð í meðferð þessa máls. Á sömu forsendum hafa öll fjölmennustu launþegasamtök landsins krafist þjóðaratkvæðagreiðslu, einnig hagsmunasamtök á borð við Neytendasamtökin að

ógleymdri áskorun líðlega 34.000 kjósenda víðs vegar að af landinu.

Samkvæmt skoðanakönnunum vilja um 70% þjóðarinnar þjóðaratkvæðagreiðslu. Víða erlendis, ekki síst í Evrópu, hefur farið fram ábyrg umræða um ástæður þess að stjórnmálamenn virðast hafa allt of lítil tengsl við umbjóðendur sína og þann lærdóm hafa stjórnmálamenn m.a. dregið af úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslna. Þessi umræða hefur m.a. fjallað um grundvallarspurningar um lýðræði og leikreglur þess. Ég held að það sé ástæða til að við tökum þessa umræðu alvarlega. Það er mín skoðun að ástæða væri til að efna oftar til þjóðaratkvæðagreiðslu en nú er gert.

Eins og fram kom í ræðu minni við 1. umr. þessa máls höfum við kvennalistakonur flutt á Alþingi tillögur um að þjóðin og íbúar einstakra sveitarfélaga eigi þess oftar kost að segja álit sitt í þjóðaratkvæðagreiðslu og allsherjaratkvæðagreiðslu innan sveitarfélaga. Auk þess tel ég að til séu mál sem eru svo stór og afdrifarík fyrir allan almenning að ekki sé forsvaranlegt annað en að spyrja þjóðina álits á þeim og um það geti allir sameinast, bæði þeir sem vilja fjölga þjóðaratkvæðagreiðslum og einnig þeir sem aðeins vilja að þær séu hafðar um veigamestu álitamálin sem þjóðin stendur frammi fyrir.

Ég vil taka heilshugar undir það sem segir í nýútkomnum bæklingi frá BSRB um EES. Þar segir, með leyfi forseta:

„Krafan um að þjóðin taki millilíðalaust afstöðu til þessa stórmáls kemur bæði frá fylgismönnum og andstæðingum samningsins. Þjóðaratkvæðagreiðsla leiðir til meiri og markvissari umræðu um kosti þess og galla fyrir Íslendinga að eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Röksemdir þarf að íhuga gaumgæfilegar og ætla má að þær komist betur til skila jafnt innan þings sem utan. Þjóðaratkvæðagreiðsla um Maastricht-samkomulagið í Danmörku og Frakklandi var til að örva umræður og skoðanaskipti og fyrir vikið eru viðkomandi þjóðir mun betur í stakk búnar til að taka afstöðu um eigið samfélag í nútíð og framtíð. Það er mikilvægt að niðurstaða í jafnafdrifaríku máli sé sannanlega byggð á yfirlýstum vilja meiri hluta þjóðarinnar. Með þjóðaratkvæðagreiðslu tekur þjóðin ábyrgð á niðurstöðunni á hvorn veginn sem hún verður. Fyrir bragðið verður aðlögun okkar að þróuninni í Evrópu auðveldari utan eða innan EES.

Samningurinn um EES hefur í för með sér viðamiklar breytingar á fjölmörgum sviðum. Mjög deildar meiningar eru um hvort þær breytingar séu til góðs eða ills. Nánari umfjöllun er ein af forsendum þess að þjóðin verði sátt við niðurstöðuna, hver svo sem hún verður."

Það er ljóst að ekkert mælir gegn því tæknilega séð að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram, heldur ekki ef litið er á stjórnskipun landsins. Til þess að svo megi verða þarf aðeins eitt: Að Alþingi samþykki það. Á það mun reyna á eftir.

Það kom fram í máli allra þeirra er komu á fund hv. allshn. að slík atkvæðagreiðsla væri bæði lögleg og í samræmi við íslenska stjórnskipan. Það væri fyrst og fremst pólitísk ákvörðun hvort hún færi fram eða ekki. Hins vegar komu fram í þessum umræðum vangaveltur um það hvort íslensk stjórnskipunarhefð væri fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu og í þetta hálmstrá hafa þremenningarnir sem snerust gegn þjóðaratkvæði í allshn. nú gripið. Ég ætla ekki að eyða miklum tíma í þessa umræðu en mér finnst nauðsynlegt að þetta komi fram vegna nál. hv. 1. minni hluta nefndarinnar.

Miklar umræður hafa verið um lýðræði, bæði beint lýðræði og fulltrúalýðræði og þessar umræður eru að mörgu leyti mjög gagnlegar. Þær urðu m.a. tilefni töluverðrar umfjöllunar nefndarinnar um málið. Þar kom fram, sem ég sé nú að er ein helsta röksemd hv. 1. minni hluta, að kjörnir fulltrúar séu einungis „bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum", eins og segir í nál. þeirra. Ég ætlast til þess, ekki síst út af þessum orðum, að það verði þá virt að þeir sem hafa þá bjargföstu sannfæringu að ganga eigi til þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mikilvæga mál, fái að láta skoðanir sínar í ljós og að þeirra skoðanir séu virtar. Þetta er mín sannfæring og við erum sex talsins í allshn. sem höfum þessa sannfæringu. Ég hef einnig vonað að meiri hluti Alþingis hefði hana. Mér fyndist það eðlilegt og mér fyndist það í takt við þá umræðu sem hér er oft og tíðum. Ég hlýt að spyrja ef menn eiga aðeins að hlýða sannfæringu sinni og ekki þrýstingi frá kjósendum: Hvað með annan þrýsting? Er ekki allur þrýstingur óeðlilegur? Er ekki eðlilegast að hlusta eftir röddum umbjóðenda sinna en ekki að láta undan þrýstingi annarra gegn eigin sannfæringu? Sé okkur annt um lýðræðið er nauðsynlegt að taka málefnalega afstöðu og skoða rök málsins.

Ég hlýt líka að spyrja hvort andstæðingar þjóðaratkvæðagreiðslu séu nokkuð hræddir við hana. Það mundi benda til þess að málstaður þeirra væri svo veikur að hann þyldi ekki skoðun almennings. Mér finnst afskaplega óþægilegt, svo ekki sé meira sagt, að heyra þá röksemd að þessi samningur sé of flókinn til þess að heppilegt sé að bera hann undir þjóðina. Ég hafna auðvitað þessum röksemdum. Ég bendi á að einn helsti ráðgjafi hæstv. utanrrh. eða utanrrn., Gunnar Snorri Gunnarsson sendiherra, er sama sinnis. Hann sagði í erindi á fræðslu- og umræðufundi hjá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur þann 16. sept. sl., með leyfi forseta:

„Ég get þó fullvissað ykkur um það að meginreglur þessa samnings eru tiltölulega skýrar og einfaldar. Þær skuldbindingar sem íslenska ríkið tekur á sig fyrir samþykkt samningsins og þau réttindi sem honum fylgja má leiða út frá tiltölulega fáum grundvallarreglum. Allt það pappírsflóð sem þar fylgir er að mestu leyti tæknileg útfærsla á þessum meginreglum, reglugerðir um framkvæmdaratriði."

Þetta er mat eins okkar allra fróðasta samningamanns og hann hefur oftar en einu sinni ítrekað það í samtölum, a.m.k. okkar á milli. Auk þessara skýru meginreglna hafa komið upp í umræðunni ákveðin vafaatriði í samningnum sem tiltölulega auðvelt er að einangra og um þetta eru einnig allir sammála. Þessi

vafaatriði eru mikilsverð en þau eru ekki mörg og þau eru ekki ýkja flókin. Ég held að kannski mundi almenn umfjöllun frekar leiða til þess að við fengjum skýr svör en öll sú umræða sem verið hefur í einstökum nefndum þingsins og raunar einnig hér á Alþingi. Ég á þar ekki síst við það hvernig fiskveiðisamningurinn muni líta út. Ég er sannfærð um það að almenningur mundi ekki sætta sig við að greiða atkvæði um EES-samninginn án þess að fiskveiðisamningurinn lægi fyrir og öll ágreiningsefni um hann útkljáð, skýr og fullmótuð. En það gæti farið svo á Alþingi að meiri hluti þingsins léti það yfir sig ganga ef marka má þau svör sem maður hefur heyrt og þær umræður sem hér hafa farið fram.

Enn vakna spurningar um ábyrg vinnubrögð fyrst þetta er möguleiki. Auðvitað vil ég ekki væna meiri hluta Alþingis um að gera þetta á meðan það er ekki sannað en því miður, það hefur komið fram, m.a. hjá hæstv. utanrrh., að ekki sé tiltökumál að gera þetta. Hann talar ekki í umboði allra þingmanna, ekki einu sinni þeirra sem styðja ríkisstjórnina.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa lengra mál að þessu sinni og ítreka það að beiðnin um þjóðaratkvæðagreiðslu er lýðræðisleg krafa. Ég vænti þess að hún verði samþykkt og ég trúi því að hlýði menn samvisku sinni og sannfæringu, eins og þeim ber að gera, muni það verða.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er fjallað um mikilsvert mál sem að vissu leyti, ef samþykkt verður, mundi hafa í för með sér nokkra breytingu á afstöðu Alþingis til mikilsverðra mála og rétt almennings til að hafa álit og segja sína skoðun á þeim. Í áliti 1. minni hluta kemur fram sú skoðun að það að vísa máli til þjóðar til umsagnar sé brot á íslenskri stjórnskipunarhefð. Með þessum rökum eru þeir sem standa að þessu áliti í raun og veru að segja að það komi ekki til álita að vísa til þjóðarinnar umsókn Íslands um aðild að Evrópubandalaginu ef til þess kemur. Það er ekki útilokað mál. Það kemur fram í samþykktum beggja stjórnarflokkanna að þeir útiloka ekki aðild að EB.

Það er augljóst mál að ef menn hafna þjóðaratkvæðagreiðslu nú á þeim grundvelli að það væri brot á íslenskri stjórnskipunarhefð væru menn að brjóta þá stjórnskipunarhefð ef menn vísuðu til þjóðarinnar umsókn Íslands um aðild að EB. Ég fæ ekki aðra niðurstöðu út úr röksemdafærslu 1. minni hluta en að hann sé andvígur því og muni verða ef til þess kemur að íslensk þjóð fái eitthvað um það að segja hvort við verðum aðilar að Evrópubandalaginu. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar menn fara yfir röksemdafærslu af þessu tagi, þ.e. hvað hún leiðir af sér gagnvart öðrum mikilsverðum málum.

Sú fullyrðing kemur fram í nál. þeirra að þingmenn hafi fengið umboð í síðustu alþingiskosningum til þess að ljúka málinu. Til að meta þessa fullyrðingu þurfum við að rifja upp hvað þessir flokkar sögðu um Evrópskt efnahagssvæði í kosningabaráttunni því við hljótum að álykta sem svo að hafi menn fengið umboð til að ljúka einhverju máli þá sé það á grundvelli þeirra yfirlýsinga sem menn gáfu þegar þeir ræddu við kjósendur fyrir síðustu alþingiskosningar.

Hvað skyldu þessir flokkar hafa lagt upp með gagnvart almenningi í landinu á þessum tíma? Hver voru þeirra skilyrði fyrir því að þeir mundu samþykkja aðild að EES? Við skulum rifja upp hvað Sjálfstfl. setti fram um það efni. Það kemur fram í landsfundarsamþykktum flokksins sem samþykktar voru 10. mars 1991 eða fáum dögum fyrir síðustu alþingiskosningar. Í hefti sem þeir hafa gefið út um sínar samþykktir kemur eftirfarandi fram á bls. 40, með leyfi forseta:

„Sjálfstæðismenn telja að Íslendingar eigi samleið með öðrum EFTA-ríkjum um þátttöku í Evrópsku efnahagssvæði að því tilskildu að samningar takist um hindrunarlaus viðskipti um sjávarafurðir."

Þetta voru skilyrði Sjálfstfl. fyrir aðild að EES og þetta var það sem þeir sögðu við kjósendur sína á þeim tíma, að það væri forsenda fyrir því að þeir gætu fallist á þennan samning að í honum fælust hindrunarlaus viðskipti með sjávarafurðir. Öll vitum við hver reyndin er. Það er ekki. Með þeirri röksemdafærslu að menn hafi fengið umboð til að ljúka málinu á grundvelli yfirlýsinga sinna má fallast á að ef samningurinn mætti þeim kröfum og skilyrðum sem menn settu þá hefðu menn það umboð. En þegar samningurinn gerir það ekki er ekki annað hægt að segja en að menn hafi ekki umboð til að ljúka máli á þeim grundvelli sem liggur fyrir. Það er augljóst mál að samningurinn uppfyllir ekki þær kröfur sem Sjálfstfl. setti fyrir samþykkt EES. Hann hefur því ekki fengið umboð til að ganga frá því að ljúka samningnum eins og liggur fyrir nú. Þegar hann hefur ekki það umboð er það eðlileg og lýðræðisleg afstaða að menn snúi sér til þjóðarinnar aftur með samning sem lítur öðruvísi út en rúmast innan þess umboðs sem menn telja sig hafa fengið.

Lítum á samþykktir Alþfl. Á hvaða grundvelli gengu þeir til sinna kjósenda og báðu um umboð til að ljúka málinu? Það kemur fram í kosningastefnuskrá þeirra á bls. 24, með leyfi forseta:

„Tollar á unnum fiski og styrkir til sjávarútvegs í Evrópubandalaginu torvelda innlendri fiskvinnslu að keppa um fiskinn sem aflast á Íslandsmiðum. Við þessu þarf að bregðast með því að knýja fram aukna fríverslun með fiskafurðir í samningaviðræðum EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins."

Skilyrðið er: Fríverslun. Niðurstaðan er: Ekki fríverslun. Samningurinn, eins og hann liggur fyrir nú, uppfyllir ekki það skilyrði sem Alþfl. setti fram.

Í þriðja lagi skulum við athuga hvaða skilyrði ríkisstjórnin sjálf setti fyrir því að samningurinn væri ásættanlegur. Skyldi samningurinn uppfylla þau skilyrði sem ríkisstjórnin sjálf setti þegar hún var mynduð? Við skulum gæta að hvað er í stefnuskrá þeirra sem ber heitið „Velferð á varanlegum grunni". Þar kemur fram á tveimur stöðum í stefnuskránni á bls. 31 og 39 að í fyrsta lagi sé samningaviðræðum ekki lokið. Þar segir á bls. 31: „Stefnt er að því að ljúka samningnum" og á bls. 39: „Ríkisstjórnin mun reyna til þrautar að ná samningum". Hvernig geta menn fengið

umboð til að ljúka máli sem er ekki lokið einu sinni þegar ríkisstjórnin er mynduð? Það er viðfangsefni þeirra sem bera fram röksemdafærslu af þessu tagi að rökstyðja það. En þá skulum við líta á þær kröfur sem ríkisstjórnin setur upp gagnvart samningnum til að hann sé ásættanlegur að mati ríkisstjórnarflokkanna. Það kemur fram á báðum þessum stöðum sem ég vitnaði til að forsendan er óhindraður markaðsaðgangur með afnámi erlendra tollmúra. Það er forsenda ríkisstjórnarinnar. Það er það sem hún segir sínum kjósendum að sé skilyrði fyrir því að hún geti tekið við samningnum. Þetta eru þær kröfur sem við setjum til að ganga að samningnum. Hver er niðurstaðan? Hún er allt önnur og veikari þannig að menn eru að leggja fram til samþykktar samning sem uppfyllir ekki kröfur Sjálfstfl. í kosningabaráttunni, ekki kröfur Alþfl. í kosningabaráttunni og ekki kröfur ríkisstjórnarinnar sjálfrar þegar hún var mynduð. Auðvitað er það eðlileg afstaða og lýðræðisleg krafa þegar svo er um hnútana búið að máli sem þannig er vaxið verði skotið til þjóðarinnar til umsagnar. Önnur afstaða er ólýðræðisleg og sæmir ekki þingmönnum hér á Alþingi að taka.

Sú skoðun, sem hér hefur komið fram að það beri ekki að heimila þjóðinni að segja sitt álit á þessum samningi, er ólýðræðisleg. Hún er skoðun manna sem eru hrokagikkir valdsins og hafa gleymt uppruna sínum og telja að lýðræðið sé fólgið í því að fulltrúarnir sem kosnir eru geti hagað sér eins og þeir vilja.

Það er hægt að fara yfir langan lista af kosningaloforðum t.d. Sjálfstfl. sem hafa verið svikin. Það er augljóst mál að menn, sem stjórna með þessu hugarfari, eru í engu sambandi við kjósendur og engum takti við lýðræðislegar hefðir. Ég vil segja um þá röksemdafærslu að samningurinn sé uppsegjanlegur með 12 mánaða fyrirvara að uppsögn á samningi riftir ekki gerðum sem gerðar eru í skjóli samningsins. Það er alveg borin von að halda því fram að ef menn segja upp samningnum eftir nokkur ár þá þýði það að menn rifti þeim gerðum innan lands sem gerðar hafa verið á því tímabili. Menn munu ekki afturkalla sölu lands til útlendinga þó að menn segi upp samningnum. Menn munu ekki ná forræði auðlinda úr höndum útlendinga sem þeir kunna að hafa fengið í skjóli samningsins við það að samningnum verður sagt upp. Það er því varla boðleg röksemdafærsla að bera fyrir sig þá skoðun að hægt sé einhvern tíma seinna að segja samningnum upp. Og það er beinlínis hlægilegt að hlusta á hæstv. utanrrh. segja: Ég er tilbúinn að bera upp samninginn eftir tvö ár, uppsagnarákvæði samningsins.

Við skulum rifja upp afstöðu hæstv. utanrrh. til þjóðaratkvæðagreiðslu í svona veigamiklum málum. Hver var afstaða hans árið 1969 til kröfunnar um þjóðaratkvæðagreiðslu um EFTA-samninginn? Sá ágæti ráðherra var þá að vísu ekki í Alþfl. heldur í öðrum flokki sem studdi EFTA-samninginn. En formaður þess flokks sagði: Í svona viðamiklu máli ber að hafa þjóðaratkvæði. Sá formaður hét Hannibal Valdimarsson. Ritstjóri málgagns þess flokks sagði það sama: Það ber að hafa þjóðaratkvæði, og ritstjórinn hét Jón Baldvin Hannibalsson.

Árið 1969 treysti hæstv. núv. utanrrh. þjóðinni til þess að hafa skoðun á málinu. 1992 hleypur hann frá þjóðinni og vill ekki að hún fái að segja álit sitt á málinu. Um svona afstöðu, þar sem menn eru á flótta undan eigin sannfæringu, verður ekki annað um sagt en að sé heybrókarskapur. Menn sem þora ekki að standa við afstöðu sína núna eru best geymdir í þeim hópi stjórnarliðsins sem ég veit ekki hver er, en hæstv. utanrrh. kallaði „heybrækurnar" í stjórnarliðinu.

Ég hef ítrekað reynt að fá hæstv. utanrrh. til að koma hér í ræðustól og svara því hvers vegna hann treysti ekki íslensku þjóðinni nú en hann hefur ætíð lagt á flótta út úr þingsalnum þegar þetta hefur borið á góma og menn sjá hér auðan stól utanrrh. Hæstv. utanrrh. vill ekki ræða þetta mál vegna þess að það er augljóst að afstaða hans mótast af eigingjörnum, persónulegum forsendum. Árið 1969 var hann í stjórnarandstöðu. Þá var allt í lagi að spyrja þjóðina. 1992 er hann sjálfur í stjórn og ráðherra. Þá má ekki spyrja þjóðina því að þjóðin gæti sagt annað en hann vill. Fulltrúalýðræði sem er komið í þá stöðu að fulltrúarnir í mikilsverðustu málum landsins taka afstöðu út frá eigingjörnum, persónulegum hagsmunum er komið á villigötur. Og það er kominn tími til að rétta af þessa fámennisvaldsslagsíðu á fulltrúalýðræðinu og það verður gert með því einu að menn hafi kjark til þess að horfast í augu við kjósendur og vísa stórum málum til þjóðarinnar.

Verði þessi tillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu felld þá eru núv. stjórnarflokkar að segja við þjóðina: Við ætlum ekki að spyrja ykkur þegar við ákveðum að sækja um aðild að EB.

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Till. sú sem hér er til umræðu fjallar í raun um að fara skuli fram víðtæk skoðanakönnun um afstöðu kosningabærra manna í landinu til aðildar að hinu Evrópska efnahagssvæði. Hér á undan hefur nokkuð verið vikið að því hvernig 48. gr. stjórnarskrárinnar gerir þjóðaratkvæðagreiðslu óþarfa og hirði ég ekki um að færa frekari rök fyrir því. Því er gjarnan haldið á lofti og kemur raunar fram í áliti 2. og 3. minni hluta allshn. að ef gengið verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að EES, muni þurfa ítarlega kynningu á efni samningsins. Slík kynning hefur þegar farið fram. EES-samningurinn hefur hlotið meiri og almennari kynningu en nokkur alþjóðasamningur sem gerður hefur verið frá stofnun lýðveldisins. Samningaviðræðurnar fóru fram fyrir opnum tjöldum og ég leyfi mér að efast um að nokkurs staðar hafi fjölmiðlar fylgst jafngrannt með gangi mála sem hér á Íslandi og miðlað af þeim fréttum. Auk þess hefur ráðuneyti utanríkismála gefið út bæklinga og dreift á heimili landsmanna og allar frekari upplýsingar verið auðfengnar fyrir þá sem þess óska. Þannig hafa þeir sem hafa viljað haft öll tækifæri til að kynna sér samninginn. Hins vegar er ógerlegt að neyða fólk til að kynna sér umræddan samning og varla trúi ég því að það sé vilji flm. tillögunnar.

Nú nýlega skýrði góður og gegn þingmaður frá því

að eftir nær tveggja ára vandaða athugun á EES-samningnum hefði hann loks komist að niðurstöðu um afstöðu sína. Er af sanngirni hægt að ætlast til þess að þjóðin setji sig af mikilli kostgæfni inn í mál á fáum vikum sem tekur þingmenn allt að tveimur árum að gera þrátt fyrir greiðan aðgang að upplýsingum og áliti sérfræðinga?

Við síðustu alþingiskosningar var aðild að Evrópsku efnahagssvæði eitt helsta kosningamálið. Eins og menn væntanlega muna var framganga formanns Framsfl. sérdeilis eftirtektarverð í baráttunni fyrir aðild að Evrópsku efnahagssvæði, einkum á síðustu dögum kosningabaráttunnar. Að vísu hefur formaðurinn skipt um skoðun síðan eins og alþjóð veit. Raunar hafa fleiri sporgöngumenn samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði frá tíð síðustu ríkisstjórnar snúið við blaðinu og eru nú fráhverfir hinum ágæta samningi sem þeir eiga miklar þakkir fyrir að hafa lagt drög að og verða seint oflofaðir fyrir. Mér segir svo hugur að síðar meir muni að því koma að allir vildu Lilju kveðið hafa.

Tillagan um þjóðaratkvæðagreiðslu mun hins vegar auðvelda þeim stjórnmálamönnum, sem leikið hafa tveimur skjöldum við meðferð EES-samningsins eftir því hvort þeir hafa verið stuðningsmenn ríkisstjórnar eða ekki, að taka ekki afstöðu til EES-samningsins. Með öðrum orðum, að skjóta sér á bak við það að Alþingi hafi hafnað þjóðaratkvæðagreiðslu og taka því ekki afstöðu til málsins. Það kann að vera þægilegt á stundum að koma sér hjá því að taka afstöðu í viðkvæmum deilumálum en hitt má síðan deila um hversu stórmannlegt það er.

Virðulegi forseti. Vissulega efast enginn um að Alþingi geti skotið málum til þjóðaratkvæðagreiðslu. Nokkrum sinnum frá stofnun lýðveldisins hafa tillögur þess efnis komið fram en ávallt verið hafnað á hinu háa Alþingi. Ég tel ekki viturlegt að hlaupa til og samþykkja tillögur um þjóðaratkvæði um einstök mál eins og hér er lagt til. Ég hygg að samþykkt tillögunnar muni skapa fordæmi um aukna notkun þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég tel varasamt að ana að slíku án fyrirhyggju. Það er t.d. ljóst að vægi atkvæða landsmanna mun verða jafnt og ef mig misminnir ekki, þá er slík hugsun eitur í beinum a.m.k. sumra flutnings- og stuðningsmanna tillögunnar. Í áliti stjórnarskrárnefndar frá 1983 laut ein tillaga að því að tiltekinn hluti kjósenda gæti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá urðu undirtektir litlar ef nokkrar við slík sjónarmið. Það er hins vegar full ástæða til að mínu mati að þingheimur velti rækilega fyrir sér hvort setja beri reglur um þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þau rök eru gjarnan færð fram að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði hafi svo víðtæk áhrif í þjóðfélaginu að nauðsynlegt sé að bera hann undir atkvæði þjóðarinnar. Vissulega er það rétt að áhrifin eru víðtæk. Hins vegar eru mörg önnur málefni sem að mínu mati hafa ekki síður víðtæk áhrif á daglegt líf fólks í landinu og bæri því að leggja í dóm þjóðarinnar samkvæmt framansögðu. Má þar t.d. nefna lög um stjórnun fiskveiða, landbúnaðarmál og byggðamál. Ef flm. tillögunnar um þjóðaratkvæðagreiðslu um EES-samninginn lýsa því yfir að þeir muni beita sér fyrir að slík málefni, sem ég nefndi hér á undan, verði borin undir þjóðaratkvæði, þá mun ekki standa á mér að endurskoða hug minn til þessarar tillögu. Ef þeir gera það ekki þá leyfi ég mér að álykta sem svo að eitthvað annað búi að baki flutningi tillögunnar en ást á lýðræðinu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér ástæðulaust að orðlengja mikið um þá tillögu sem hér liggur fyrir. Rök með og á móti hafa verið dregin fram en þó eru nokkur atriði úr þeim umræðum sem fram hafa farið hér í dag og sömuleiðis umræðum úti í þjóðfélaginu að undanförnu sem ég tel ástæðu til að staldra við.

Ég ætla fyrst að benda á þann veruleika í þessu máli að það er stór hluti þjóðarinnar sem vill greiða atkvæði um málið í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það getur út af fyrir sig verið að einhverjir í stjórnarliðinu kjósi að hunsa það viðhorf en það er umhugsunarvert engu að síður og ég vona að þeir velti því fyrir sér hvað það þýðir að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar samkvæmt skoðanakönnun vill gjarnan greiða atkvæði um málið í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég vona að við berum öll það mikla virðingu fyrir lýðræði og lýðræðislegum leikreglum að við teljum að þetta atriði skipti máli.

Við teljum vonandi líka að það skipti máli að forustusveitir Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Stéttarsambands bænda og Neytendasamtakanna hafa lýst stuðningi við kröfuna um þjóðaratkvæði. Finnst mönnum ekki að það skipti máli? Finnst mönnum að þeir séu í raun og veru það öruggir um sig innan múra valdsins að þeir þurfi ekki að hlusta á þessar kröfur, það skipti í raun og veru engu máli og þurfi ekki að eyða orði að því, hvað þá heldur hugsun, sem hér er á ferðinni?

Í þriðja lagi liggur það fyrir að 34 þúsund Íslendingar hafa skrifað undir áskorun til Alþingis um að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla í þessu máli. Þeir sem hafna þessum sjónarmiðum á þeim forsendum að þeir séu að verja fulltrúalýðræðið, eins og talsmaður ríkisstjórnarinnar gerði hér í dag, ganga í raun býsna langt. Eru þeir með því að segja að mál, sem yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar óskar að segja skoðun sína á, megi aldrei bera undir þjóðaratkvæði? Eru þeir að segja það af því að þar með væri verið að brjóta fulltrúalýðræðið á bak aftur? Eða eru þeir einfaldlega að segja að þeir vilji ekki taka mark á meiri hluta þjóðarinnar? Nei, það getur ekki verið.

Rökin fyrir því að það þurfi að verja fulltrúalýðræðið halda ekki heldur. Ég tel að ræða hv. 6. þm. Reykv., Sólveigar Pétursdóttur, hér áðan dugi engan veginn í þessu efni vegna þess að auðvitað er það þannig þegar um er að ræða mál af þessu tagi að þá finnast ekki þau rök til verndar fulltrúalýðræðinu sem skapa okkur í raun og veru stöðu til að hafna því að meiri hluti þjóðarinnar fái að segja skoðun á máli sem hann vill segja skoðun á. Þess vegna eru tilraunir hv. 6. þm. Reykv. og hæstv. utanrrh. til að vefja þetta mál

í einhverjar lögfræðilegar formúlur tilraunir til þess eins að breiða yfir hinn pólitíska veruleika málsins. Utanrrh. vill ekki leggja málið fyrir dóm þjóðarinnar af því að, eins og hv. 6. þm. Reykv. benti á, þessir þingmenn óttast að dómur meiri hluta þjóðarinnar verði þeim í óhag og það sem verra er og kom fram í ræðu hv. þm., þeir óttast það að ríkisstjórnin, staða hennar og stefna verði dregin inn í umræður um málið. Það er í raun og veru meginástæðan. Og það kom líka fram í ummælum hæstv. forsrh. í fjölmiðlum fyrir nokkru að hann teldi að þjóðaratkvæðagreiðslan í Frakklandi væri sönnun þess að á Íslandi ætti ekki að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla af því að í Frakklandi drógu menn inn í umræðuna um þjóðaratkvæðagreiðsluna hina óvinsælu stjórn Mitterands í Frakklandi. Með öðrum orðum, það eru pólitísk og aftur pólitísk rök og flokkspólitísk þröng sjónarmið sem ráða. Hv. 6. þm. Reykv. getur gleymt allri sinni lögfræði í sambandi við þetta mál. Það er í raun og veru tilraun til þess að drepa málinu á dreif.

Það er líka fróðlegt, virðulegi forseti, að velta því fyrir sér hvaða flokkar eru það sem hafa alltaf, ég segi alltaf, beitt sér gegn þjóðaratkvæðagreiðslum af því tagi sem við erum að að tala um? Það er Alþfl. og Sjálfstfl. Þannig er það. Staðreyndin er sú að í gegnum áratuga sögu þessara mála hafa Alþb. og Framsfl. í grófum dráttum átt samleið í málum af þessu tagi. Það segir sína sögu að Alþfl. skuli ævinlega þegar á herðir skipa sér hægra megin í átökum íslenskra stjórnmála um úrslitamál af þessu tagi.

Ég ætla, virðulegur forseti, þessu næst að víkja að þeim rökum öðrum sem hv. 6. þm. Reykv. og fleiri hafa rakið hér.

Í fyrsta lagi heyrði ég það koma fram hér áðan að þessi mál hefðu legið þannig fyrir síðustu kosningar að þjóðaratkvæði væri ónauðsynlegt. Hvernig liggur það mál við af hálfu okkar alþýðubandalagsmanna? Það liggur þannig að fyrir síðustu kosningar var því lýst yfir af okkur, m.a. af formanni Alþb., að við teldum óhjákvæmilegt að leggja samninginn um Evrópskt efnahagssvæði fyrir dóm þjóðarinnar, fyrir þjóðaratkvæði, ef hann yrði gerður á því kjörtímabili sem þá fór í hönd. Það var því augljóst mál hver okkar afstaða var í þessu efni. Þess vegna er það í raun og veru alveg út í hött að bera fyrir sig þau rök sem hv. 6. þm. Reykv. reyndi áðan.

Annað atriðið sem hv. þm. reyndi að bera fyrir sig var að ef það yrði samþykkt að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál yrði að hafa þjóðaratkvæðagreiðslur um fjöldamörg önnur mál. Hún nefndi sem dæmi: Fiskveiðistefnu, ríkisfjármál, byggðamál. Ég segi: Öll eru þessi mál stór en hvorki eru þau samanlögð né hvert um sig jafnstór og samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði. Það er algerlega fráleitt og í raun og veru engin rök til í því að segja að menn séu að ákveða þjóðaratkvæðagreiðslu í þessum málum þó svo menn ákveði þjóðaratkvæðagreiðslu um Evrópskt efnahagssvæði.

Ein rökin sem hæstv. utanrrh. hefur flutt í þessu máli eru svo þau að málið sé svo flókið að ekki sé hægt að leggja það fyrir þjóðina. Ég tel þetta bæði rétt og rangt. Í rauninni er málið viðamikið. Það er gríðarlega viðamikið og snertir alla þætti íslensks þjóðlífs en það er ekki flókið vegna þess að það er verið að spyrja þjóðina, ef við höfum um þetta þjóðaratkvæðagreiðslu: Eru menn tilbúnir til að samþykkja að ryðja burtu öllum takmörkunum ríkisborgararéttar á fjórfrelsissviðinu á því svæði sem Evrópskt efnahagssvæði nær yfir? Þetta eru öll ósköpin. Þetta liggur þarna fyrir og ekkert annað. Menn geta út af fyrir sig sagt: Þessu fylgja breytingar á lögum um einkaleyfi, breytingar á lögum um staðlaráð, breytingar á lögum um þetta og hitt. Það eru aukaatriði. Lykillinn að þessu fjölmúlavíli sem samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði er er alveg skýr. Hann liggur í ákvæðum sem lúta að því að fella niður í raun og veru allar takmarkanir sem byggjast á því að menn noti sinn rétt sem ríkisborgarar tiltekins ríkis. Málið er því í raun og veru nauðaeinfalt.

Hver eru rökin fyrir því að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um Evrópskt efnahagssvæði að mínu mati? Þau eru aðallega tvíþætt, virðulegi forseti.

Í fyrsta lagi eru mín rök þau að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði sé stærsta mál sem lagt hefur verið fyrir Alþingi Íslendinga á undanförnum áratugum — ég hef stundum sagt frá stofnun lýðveldisins — af því að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði og framkvæmd hans mun í einstökum atriðum snerta öll svið þjóðlífsins: Atvinnuvegi, iðnað, sjávarútveg, landbúnað, fjármálastjórn, menntamál og hvað eina.

Dæmi: Í iðnn. Alþingis liggur núna fyrir frv. til laga, sem flutt er vegna Evrópsks efnahagssvæðis, um svæðislýsingar smárása í hálfleiðurum og ég veit að þingmenn þekkja alveg í smáatriðum. Hér er um að ræða frv. sem gengur út á að það þurfi að setja sameiginlegar reglur á svæðinu um rétt hönnuða svæðislýsinga sem notaðar eru við framleiðslu smárása í hálfleiðurum. Ég sé það á andliti hvers einasta þingmanns og ekki síst hæstv. umhvrh. að honum er gjörljóst hvaða mál er hér á ferðinni.

Þetta nefni ég til marks um að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði mun alls staðar koma við í íslenska þjóðfélaginu og það eitt út af fyrir sig eru sjálfstæð rök í málinu.

Í annan stað tel ég að í þessu máli geti falist fyrsta skrefið inn í Evrópubandalagið. Það er mín skoðun að það sé veruleg hætta á að svo verði.

Í þriðja lagi tel ég að af þessum ástæðum og öðrum sé það siðferðilegur réttur hvers einasta manns í lýðræðisríki að fá að segja skoðun sína á þessu máli. Þetta eru rök númer eitt. Þetta snertir allt þjóðfélagið, þetta gæti verið fyrsta skrefið inn í Evrópubandalagið og þarna er um að ræða siðferðilegan rétt.

Auk þess ætla ég að tefla því fram í þessari umræðu, sem hefur kannski ekki komið allt of mikið fram áður, að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands gerir ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum. Það er beinlínis rangt að stjórnarskráin hafni þjóðaratkvæðagreiðslu. Þvert á móti er það þannig að stjórnarskráin gerir ráð fyrir

þjóðaratkvæðagreiðslum með alveg tilteknum hætti.

Reyndar er það svo að í þremur greinum stjórnarskrárinnar er þjóðaratkvæðagreiðslan nefnd sem óhjákvæmilegt úrræði. Það er í fyrsta lagi þegar forseti Íslands neitar að staðfesta lög sem Alþingi hefur samþykkt. Í öðru lagi þegar um það er að ræða að meiri hluti Alþingis telur að leysa þurfi forseta Íslands frá embætti og það er í þriðja lagi þegar gerðar verði, eins og það er orðað í stjórnarskránni, „breytingar á kirkjuskipan landsins". Með öðrum orðum gerir stjórnarskráin sjálf ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum um þessi atriði. Það er því rangt og hættulegur útúrsnúningur af lögfræðingum að halda því fram að stjórnarskráin geri ekki ráð fyrir því að þjóðaratkvæðagreiðslur fari fram.

Auk þess er það þannig að þegar stjórnarskrá lýðveldisins Íslands var sett ræddu menn um það hvernig ætti að velja forseta. Á að kjósa forseta með kjörmönnum eins og í Finnlandi? Á að kjósa forseta með kjörmönnum eins og í Bandaríkjunum? Eða á að kjósa forseta af Alþingi eins og gerðist þegar Sveinn Björnsson var kosinn forseti í fyrsta skipti? Niðurstaðan varð sú að forseti Íslands ætti að vera þjóðkjörinn. Hver voru rökin fyrir því? Rökin voru þau að með því móti gæti þjóðin veitt sínu eigin þingi aðhald. Þessi sjónarmið komu mjög skýrt fram í ræðum þeirra stjórnarskrárnefndarmanna sem lögðu stjórnarskrárfrv. fyrir á sínum tíma áður en lýðveldið Ísland var stofnað.

Þess vegna er það algerlega fráleitt og um leið háskalegt þegar einstakir þingmenn, ég tala nú ekki um löglærðir þingmenn, leyfa sér að halda því fram að stjórnarskráin hafni grundvallaratriðum þjóðaratkvæðagreiðslu. Því fer víðs fjarri. Það er af þessum ástæðum, virðulegur forseti, sem tekin er um það ákvörðun í stjórnarskránni að það er ekki ákveðið hér heldur af þjóðinni hver skuli vera forseti Íslands. Það fer fram þjóðaratkvæðagreiðsla um það hver skuli vera forseti Íslands. Þjóðaratkvæðagreiðsla um það hver skuli vera forseti Íslands hefur farið fram fjórum sinnum frá því að lýðveldið var stofnað.

Þessi veruleiki þar sem Alþingi og stjórnarskrárgjafinn sjálfur kallar þjóðina til með beinum hætti í þremur tilvikum og setur leikreglur sem kallar í raun og veru þjóðina til alltaf þegar valinn er forseti sannar það óvefengjanlega að stjórnarskráin byggist á því að þjóðin sé kölluð til.

Í erlendum fræðiritum af ýmsu tagi um stjórnarskrár, forsetaembætti og þing er fróðlegt að lesa yfir hvernig útlendir aðilar m.a. skoða íslensku stjórnarskrána. Það er afar fróðlegt að lesa þær úttektir þar sem það undirstöðuatriði kemur m.a. fram að í raun inni er það svo samkvæmt stjórnarskránni að forseti nn á Íslendi hefur mjög mikil völd þó að í veruleika hafi það verið þannig að því valdi hefur ekki verið mikið beitt. En valdið er til staðar. Stjórnkerfi okkar er þess vegna ekki þröngt parlamentarískt kerfi, er ekki þröngt fulltrúalýðræði, heldur er stjórnkerfi okkar það sem kallast á erlendum málum, „semiprecidentiell" eða parlamentarískur dúalismi. Hvað þetta þýðir upp á íslensku nákvæmlega skal ég ekki segja. En það sem verið er að tala um er að þarna eigast við tvö kerfi þar sem er annars vegar þingið og hins vegar þjóðin og stjórnarskráin gerir ráð fyrir því að þau taki þátt í því saman að kveða upp úrskurði í stærstu málum þjóðfélagsins.

Um þetta hafa verið skrifaðar langar og ítarlegar ritgerðir m.a. af þekktum frönskum sérfræðingi sem heitir Michail Deverges og sömuleiðis af skandinavískum sérfræðingum. M.a. er nýlega komin út bók eftir sænskan sérfræðing í stjórnmálum, stjórnmálafræði og stjórnskipun, sem starfar við háskóla í Stokkhólmi sem prófessor, þar sem hann gerir ítarlegan samanburð á stjórnkerfum Norðurlandanna. Þar er algerlega ljóst að menn telja íslenska stjórnkerfið sérstaklega athyglisvert vegna þess að það er gert ráð fyrir þeim möguleika að þjóðin ekki aðeins kjósi þingið heldur eigi hún það vald sem er fólgið hjá forsetanum eða í þjóðaratkvæðagreiðslum til þess að taka ákvarðanir eða jafnvel til þess að stöðva þingið.

Þess vegna er nál. 1. minni hluta í hróplegri andstöðu við grundvallarhugsjónir íslensku stjórnskipunarinnar. Það er verri lögfræði en hægt er að ætlast til að menn setji frá sér jafnvel þó þeir séu í þeirri þröngu stöðu að verja andstöðu við þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir hönd Sjálfstfl. þar sem menn hafa að vísu leyft sér eitt og annað í gegnum tíðina.

Þjóðaratkvæðagreiðslur hafa iðulega farið fram á Íslandi fyrr á árum eins og menn þekkja. M.a. um bann eða ekki bann, um þegnskylduvinnu og síðan um stofnun lýðveldis og fleiri þætti. Það er því sterk hefð fyrir því að það fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla og ég kem hér upp aðallega, virðulegur forseti, til að undirstrika að það er ekki í andstöðu við stjórnskipun Íslands að hafa þjóðaratkvæði og til að undirstrika að ég tel hættulegt að láta þeim hlutum ómótmælt að stjórnskipun Íslands sé svo þröng og einræðissinnuð að hún útiloki að það geti farið fram þjóðaratkvæði um mál sem er stærsta mál lýðveldisins hvernig svo sem menn skoða það.

Þess vegna skora ég á þá menn sem hafa verið að velta þessu máli fyrir sér að fylgja sannfæringu sinni, jafnvel þó flokkspressan kunni að hafa verið þung. Ég skora á hæstv. utanrrh., sem er vitur maður, að hugleiða það mjög alvarlega hvort hann er ekki á villigötum, hvort hann er ekki þarna að skapa fordæmi sem gæti verið notað af óvandaðri mönnum en honum þegar fram í sækir í landinu.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. allshn. þingsins fyrir umfjöllun þessa máls. Eins og kom á daginn var henni auðvitað vel treystandi til að fara með þetta mál og skila því til þingsins aftur fljótt og vel þótt svo væri að heyra á einhverjum þingmönnum þegar málinu var vísað til nefndarinnar að efasemdir væru uppi um það og talið að málið væri betur komið hjá utanrmn. þingsins. Mér finnst að það hafi ekki komið á daginn og ég þakka allshn. fyrir góða umfjöllun um þetta mál.

Þó að hér hafi verið flutt í sjálfu sér ágæt og merk ræða af frsm. 1. minni hluta verður ekki hjá því kom-

ist að fetta aðeins fingur út í ýmislegt sem þar kom fram.

Það má segja að frsm. 1. minnihlutaálitsins hafi verið með hljóðfærið allt undir. Það fer ekki hjá því þegar slíkt er gert og menn reyna að spila flóknara spilverk en þeim er unnt að slegnar séu ákveðnar feilnótur. Því miður kemst ég hjá því að benda á ákveðnar feilnótur sem mér finnst hafa komið fram í máli Sólveigar Pétursdóttur, 6. þm. Reykv. og frsm. nál. 1. minni hluta.

Ég hirði kannski ekki um rök eins og þau sem komu fram varðandi handritin heim. Hvort við hefðum kannski átt það á hættu að fá aldrei handritin heim til Íslands ef Danir hefðu verið spurðir að því í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort þeir vildu skila þessum handritum. Ég get bara sagt það að ég varð aldrei vör við það þegar ég var í Danmörku að handritin væru Dönum yfirleitt nokkurt mál né að þeir hefðu neinar sérstakar áhyggjur af þessum handritum, a.m.k. ekki almenningur í Danmörku. Það var líka talað um kosningarrétt kvenna í Sviss og að þjóðaratkvæðagreiðsla hefði með einhverjum hætti komið í veg fyrir að konur í tiltekinni kantónu í Sviss fengju kosningarrétt. Ég held að það hafi í sjálfu sér ekkert með þjóðaratkvæði og eðli þess að gera heldur einhverja tiltekna sérvisku og hugmyndir um kosningarrétt í þessari kantónu í Sviss.

Síðan komu fram ýmis almenn pólitísk rök sem mig langar aðeins til að fjalla um. Það var í fyrsta lagi talað um fulltrúalýðræðið. Ef við færum með þetta mál í þjóðaratkvæði værum við þar með að breyta íslenskri stjórnskipan. Við værum að hverfa frá þingræði til beins lýðræðis. Ég fæ ekki séð að það sé mótsögn í þingræðishugmyndinni og beina lýðræðinu vegna þess að það getur í eðli sínu aldrei verið rangt að leita til þeirra sem hafa falið okkur valdið, til umbjóðenda okkar. Það getur í eðli sínu ekki verið rangt ef við metum málið þess eðlis að umbjóðendur okkar eigi að segja sitt álit á því. Og þegar þeir krefjast þess, eins og komið hefur fram m.a. í skoðanakönnunum að 75% þjóðarinnar vill fá að segja álit sitt á þessu máli, vill axla þá ábyrgð sem fylgir því að segja skoðun sína á þessu máli, getur það í eðli sínu aldrei verði rangt.

Í öðru lagi var á það bent í framsöguræðu hv. 6. þm. Reykv. að ekki væri hefð fyrir að fara þessa leið. Ýmis rök voru þar tilfærð og m.a. talað um að hér hefði verið flutt tillaga um þjóðaratkvæði á sínum tíma þegar NATO-aðildin var til umfjöllunar, þegar samningurinn við Alusuisse var til umfjöllunar og EFTA-samningurinn. Þá hefði þessu verið hafnað og þar af leiðandi væri engin hefð fyrir því að fara með slíka samninga til þjóðarinnar og spyrja hana álits á málinu. Mér finnst þetta vera rökfærsla í hring, þ.e. við höfum aldrei gert eitthvað og gerum það þess vegna ekki nú. Ef við höfum ekki gert eitthvað þá gerum við það aldrei. Þannig er í raun og veru verið að segja: Það er ekki hægt að breyta hefðum. Ef hefð er komin til er ekki hægt að breyta henni.

Auðvitað höfum við það á valdi okkar að breyta hefðum. Við erum alltaf að breyta hefðum og við getum alveg gert það í þessu máli eins og svo mörgum öðrum. Þar að auki er þetta ekki að öllu leyti rétt að ekki sé hefð fyrir því að fara með mál í þjóðaratkvæði. Það hefur sex sinnum verið þjóðaratkvæðagreiðsla á Íslandi á þessari öld. Vissulega er því hefðin fyrir hendi þó hún hafi ekki verið iðkuð eftir að Ísland varð lýðveldi.

Þá var á það bent að atkvæðagreiðsla af þessu tagi væri eingöngu ráðgefandi og eftir sem áður væru þingmenn bundnir af 48. gr. stjórnarskrár sem kveður á um að þeir eigi fylgja sannfæringu sinni í tilteknu máli en engum reglum frá kjósendum. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram hjá öðrum sem hafa talað að ef við lítum svo á að við séum bundin eftir sem áður af sannfæringu okkar í málinu og þar af leiðandi sé ekkert mark takandi á þjóðaratkvæðagreiðslunni, þá erum við líka að segja það sama um hugsanlega aðild að EB ef það kemur upp. Þá erum við líka að segja: Það er ekki hægt að fara með það mál til þjóðarinnar þegar þar að kemur. Nú ætla ég að rifja það upp að ég man ekki betur en hæstv. forsrh. hafi sagt fyrir síðustu þingkosningar að ef aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu kæmi upp yrði farið með það mál í þjóðaratkvæði og það lagt undir dóm þjóðarinnar. Ég man ekki betur. En eru þeir þá að segja að við ætlum ekkert mark að taka á þeirri þjóðaratkvæðagreiðslu? Eða ætlum við að segja: Menn munu eftir sem áður fara eftir einhverri sannfæringu, ef þeir þá hafa hana, hér á þingi í því máli? Ég held að a.m.k. sjálfstæðismenn verði að svara þessu mjög skýrt hérna því að þetta er auðvitað eitt af því sem kemur inn í myndina. Þegar við tölum um EES er EB auðvitað inni í sjóndeildarhringnum að vissu marki þó að það verði sjálfstæð ákvörðun á sínum tíma hvort það eigi að tengjast því eða ekki.

Þá vil ég einnig benda á það að þegar við tölum um sannfæringu og að þingmenn eigi að fylgja sannfæringu sinni og engu öðru, þá getur það líka verið sannfæring manns að þjóðin eigi að ráða. Það er líka sannfæring að þjóðin eigi að ráða í svona málum. Þingmenn sem eru þeirrar skoðunar að þjóðin hafi kannski valið rangt eiga þess alltaf úrkosta að sitja hjá á þinginu og láta þá ráða málinu sem eru sammála þjóðinni í þessu tiltekna máli. Við eigum kost á hjásetu. Það er ekki bara um það að ræða að greiða atkvæði með eða á móti. Hjáseta er alltaf kostur út af fyrir sig. Ef hún væri ekki afstaða væri hreinlega ekki boðið upp á hana í þingsköpum Alþingis þannig að menn eiga þess kost að láta þá greiða atkvæði um málið sem hafa sannfæringu í því. Hinir geta bara hreinlega setið hjá. Sá möguleiki er alltaf fyrir hendi.

Í þessu sambandi langar mig líka til þess að nefna þá sem stóðu að tillögu stjórnarskrárnefndar 1982 á þinginu þar sem komið var með það ákvæði inn í stjórnarskrána að heimila ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslur. Það voru hugmyndir stjórnarskrárnefndarinnar þá og ég held að allir þingflokkar hafi átt aðild að því á þeim tíma að setja ákvæði um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu inn í stjórnarskrána. Hvað hugsuðu menn sér þá þegar þeir lögðu þetta til á sínum tíma? Höfðu þeir ekki hugsað það mál til enda? Eru

þeir að reyna að segja það? Eða eru þeir að segja að ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla geti aldrei komið til? Hvað eru menn að segja með þeim rökfærslum sem hér hafa komið fram?

Hv. 6. þm. Reykv. velti því nokkuð fyrir sér hvert fordæmið gæti leitt okkur, hvort það gæti leitt okkur út í það að við þyrftum að bera fiskveiðistefnuna undir þjóðina. Það væri líka stórmál sem varðaði þjóðina. Hún sagðist ekki sjá grundvallarmun á því máli og svo aftur samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefði enga sérstöðu sem hún kæmi auga á. Ég hlýt, eins og hv. 9. þm. Reykv., að mótmæla þessu. Auðvitað hefur þetta mál ákveðna sérstöðu. Þegar við erum að tala um fiskveiðistefnuna og þegar við erum að tala um landbúnaðarstefnuna erum við að tala um mál sem varðar okkur hér innan lands eingöngu. Það varðar ekki tengsl okkar við annað ríki. Mér finnst þegar tengsl við annað ríki kemur inn í myndina eins og gerðist með aðildinni að NATO, eins og gerðist með EFTA-samningnum og eins og gerist núna þá horfi málið öðruvísi við. Við erum að framselja ákveðið vald með því að gangast undir milliríkjaleikreglur og með því að gerast aðilar að samtökum eins og NATO og að Evrópska efnahagssvæðinu. Við erum að framselja ákveðið vald, þótt það sé á afmörkuðu sviði og menn geti fært að því rök að það sé takmarkað, þá er þetta engu að síður ákveðið framsal á valdi. Það er síðan hægt að færa rök fyrir því að það sé söguleg nauðsyn og það sé efnahagsleg nauðsyn og pólitísk nauðsyn. Það má auðvitað vel rökfæra þannig en framsal á valdi er það að vissu marki og það til annars ríkis. Það er það sem skiptir máli í þessu sambandi. Það gegnir allt öðru máli um fiskveiðistefnuna eða landbúnaðarstefnuna eða önnur slík mál.

Þá komu líka fram þau rök að ef við samþykktum með þjóðaratkvæði að gerast aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði þyrfti að taka samninginn af með sama hætti, þ.e. það þyrfti að bera það undir þjóðina hvort Íslendingar ættu að segja upp samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Á það var bent að samningurinn væri uppsegjanlegur með tólf mánaða fyrirvara og það væri í rauninni verið að taka það vald af stjórnvöldum að segja honum upp með þessum fyrirvara.

En þá ætla ég líka að spyrja: Hverju segjum við upp ef við segjum samningnum upp? Við erum öðru fremur að segja upp stofnanaþætti samningsins. Við tökum ekki af allar þær lagabreytingar sem hér á að gera í tengslum við þennan samning. Þær verða ekki teknar aftur eins og hendi sé veifað. Það er þá fyrst og fremst stofnanaþáttur samningsins sem verður tekinn af. Við getum rétt ímyndað okkur það ef allt annað sem tengdist samningnum væri tekið af hvílík kollsteypa það væri fyrir íslenskt samfélag. Hver vill setja íslenskt samfélag í þá kollsteypu? Er ekki komið nóg af þeim?

Við erum með því að gerast aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að stíga skref inn í ákveðna þróun og það verður ekki stigið skref aftur út úr þeirri þróun með sama hætti. Það verður ekkert eins og það áður var. Það er því ekki hægt að ganga inn í þetta og ganga svo bara skref til baka eins og allt sé óbreytt. Við getum tekið dæmi af Frökkum. Frakkar voru að samþykkja Maastricht-samkomulagið í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þeir geta aldrei stigið skref aftur út úr Maastricht eins og þeir stigu inn í Maastricht. Það er í eðli sínu ólíkt vegna þess að þetta er þróunarferli. Það hélt ég að öllum væri ljóst. Þarna eru hlutir að þróast og þetta breytist frá einum mánuði til annars. Ef við vildum segja upp samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði mundi væntanlega eitthvað annað leysa þann samning af hólmi, einhver annar samningur. Það væri þá hægt að bera þann samning, sem út úr því kæmi, undir þjóðina aftur. En það verður aldrei stigið út úr þessu eins og inn í það. Það væri kannski hægt að segja það um aðild NATO, gerist maður aðili að því bandalagi. Ef það er samþykkt í þjóðaratkvæði stígur maður út úr þeim aftur eins og ekkert sé. Það er ekki þróunarferli. Það er allt annars eðlis.

Það hefur líka verið sagt að kjósendur hafi kosið um þetta í síðustu kosningum. En ég hlýt að spyrja: Hvernig kusu þeir um þetta? Á hvaða forsendum kusu þeir um þetta? Hér hefur verið vitnað í stefnuskrá Sjálfstfl. fyrir síðustu kosningar þar sem segir að þeir teldu rétt að gerast aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði ef frjáls markaðsaðgangur fengist með fisk. Nú vitum við að hann fékkst ekki, kannski sem betur fer þá fékkst ekki fríverslun með fisk. Ég er hrædd um að við værum ekki í góðri stöðu ef við hefðum haldið þeirri kröfu til haga að hafa algera fríverslun með fisk. Þá væri fiskur bara eins og hver önnur vörutegund sem við gætum ekki takmarkað með neinum hætti útflutning á eða annað slíkt. Við þessar aðstæður, sem nú eru, held ég að það sé kannski eins gott að ekki fékkst fullkomin fríverslun með fisk.

Ég spyr: Hvernig kusu kjósendur um þetta mál? Ég hef verið að lesa greinar um málið þar sem menn hafa verið með röksemdafærslu, bæði grein eftir hv. þm. Björn Bjarnason og grein eftir Þröst Ólafsson, aðstoðarmann utanrrh. Björn Bjarnason heldur því fram í sínum greinum að allir flokkar nema Kvennalistinn hafi verið fylgjandi samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Þar af leiðandi hafi þeir sem ekki voru fylgjandi honum væntanlega átt að kjósa Kvennalistann.

Þröstur Ólafsson heldur því hins vegar fram að fyrir síðustu kosningar hafi stjórnarflokkarnir lýst yfir stuðningi við Evrópska efnahagssvæðið en ekki Framsfl. og Alþb. Ef þessir tveir menn, sem lifa og hrærast í stjórnmálum, skilja ekki eða hafa ekki skýra mynd af því hvað flokkarnir buðu upp á fyrir síðustu kosningar hvernig eiga þá kjósendur að hafa það? Ég hlýt að spyrja þeirrar spurningar hér. Um hvað kusu kjósendur og hvernig?

Ég sá það í nál. 1. minni hluta að þar er fjallað um að það sé með öllu ónauðsynlegt að stofna til pólitískra átaka um þetta mál og síðan segir að þau muni þar að auki snúast að verulegum hluta um annað en EES. Það er bara þannig stundum að pólitísk átök verða ekkert umflúin hvort sem við aðhöfumst eitt-

hvað eða ekki. Það held ég að öllum, sem hafa tekið þátt í stjórnmálum, ætti að vera ljóst. Stundum verða þau ekki umflúin ef stórmál er á ferðinni. Það er ekki þar með sagt að þó að við förum ekki með mál í þjóðaratkvæði verði ekki pólitísk átök áfram um málið. Það er nefnilega vel líklegt að stór hluti þjóðarinnar telji sig hafa verið snuðaðan í þessu máli, að þessu máli hefði verið þröngvað upp á þjóðina. Þjóðin hefði aldrei fengið að gera upp hug sinn varðandi málið og þar af leiðandi erum við kannski bara að lengja í þessum pólitísku átökum sem verða ekki umflúin.

Hér kom upp einn nefndarmanna í allshn., hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e., og taldi að það væri sérkennilegt hjá stjórnarandstöðuþingmönnum að vilja bera þetta mál undir þjóðina eins flókið og það væri. Hann sagði að einn þingmaður hefði komist að niðurstöðu í þessu máli eftir tveggja ára skoðun á því. Hann nefndi engin nöfn en eins og við segjum á mínu heimili þá skil ég fyrr en skellur í skoltum og skögultönnum og vissi að þessu var beint til þeirrar sem hér stendur. Þá hlýt ég að varpa fram þeirri spurningu: Hvers konar málafylgjumenn eru hv. þm. stjórnarliðsins? Ég kom að þessu máli fyrir tveimur árum með opinn huga, vildi skoða allar hliðar á því. Það hljóta að vera slappir málafylgjumenn ef það tekur þá tvö ár að koma rökum inn hjá manneskju eins og mér sem á að vera sæmilega greind, svona í meðallagi greind. Það má kannski segja að það sé ástæða fyrir stjórnarþingmenn til þess að óttast dóm þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu fyrst málafylgjan er ekki meiri en þetta.

Ég veit ekki hvort ég á að hafa þessi orð nokkuð fleiri. Þegar ég mælti fyrir þessari tillögu á sínum tíma færði ég fram helstu rökin fyrir því af hverju þjóðin á að fá að kjósa um þetta mál. Mér sýnast skoðanakannanir benda til þess að þjóðin vilji fá að kjósa um þetta mál, hún sé tilbúin til að axla þá ábyrgð sem þessu fylgir og hún sé tilbúin til að setja sig inn í málið. Það getur vel verið að hún sé ekki búin að því núna enda kannski ekki ástæða til fyrir hana fyrr en hún veit hvort hún á að segja álit sitt á málinu eða ekki. Það er bara þannig með okkur flest að við gerum ekki upp hug okkar fyrr en að því kemur að við þurfum að segja af eða á enda engin ástæða til að gera það í rauninni fyrr. Ég treysti þessari þjóð mætavel til þess að taka á þessu máli og gera það sem er rétt og skynsamlegt.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að eyða löngum tíma í þessum ræðustól. Ég undirrita álit 3. minni hluta allshn. ásamt hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni. Hann hefur gert ítarlega grein fyrir því áliti og hef ég í rauninni ekki miklu við það að bæta.

Ég vil hins vegar leyfa mér í upphafi míns stutta máls að spyrja hæstv. utanrrh. hvers vegna sú fyrirstaða er til staðar sem nú er fyrir því að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu, hvað það er sem ríkisstjórnin er að forðast, hvers vegna hún hlýðir ekki kalli 34 þúsund Íslendinga sem undirrita áskorun um það að fá að segja álit sitt á málinu. Hvað er í raun og veru að áliti ríkisstjórnarinnar og að áliti þess fagráðhera sem með málið fer í veginum fyrir því að þjóðin fái að segja álit sitt? Ég tel það alveg skilyrðislaust að þjóðin eigi heimtingu á því að fá svar af vörum ráðherra úr þessum stóli.

Maður hlýtur að spyrja sig: Hafa menn ekki hreina samvisku? Hafa menn ekki sannfæringu fyrir málstaðnum sem þeir eru að boða og vilja að Alþingi samþykki og þjóðin meðtaki síðan? Eru verið að fela eitthvað eða er þetta kannski dómur yfir dómgreind þjóðarinnar? Er henni ekki treystandi til þess að meta málið og taka afstöðu? Ég segi hiklaust: Þjóðin er það vel gefin að hún getur vel tekið afstöðu í þessu máli og hún á að gera það. Hún á að segja sitt álit. Ég ítreka að það álit er ekki bindandi fyrir þingmenn. Þeir eru eftir sem áður bundnir af sinni samvisku og munu láta hana eina ráða. Ég tel því að það sé skilyrðislaus krafa að ráðherrar geri grein fyrir því hvers vegna í ósköpunum þjóðin megi ekki segja álit sitt á málinu.

Það er athyglisvert að lesa DV í dag. Þar er birt skoðanakönnun þar sem fram kemur í fyrirsögn að þrír af hverjum fjórum vilji þjóðaratkvæði um EES. Það er ekkert smáræði. Er nú ekki allt í lagi að ráðherra hlusti aðeins á rödd þjóðarinnar? (**Gripið fram í:** Breytir það samviskunni?) Það hefur aldrei verið talinn löstur að hlusta á álit fólks og það held ég að klerkastéttin viti vel og hlusti eftir og móti sér svo skoðanir í framhaldi af því. Það getur því vel breytt skoðunum manna, hv. þm.

Sú skoðanakönnun sem birtist í DV í dag er afar athyglisverð. Ef aðeins eru teknir þeir sem taka afstöðu, þá eru 75,7% fylgjandi þjóðaratkvæði um samninginn en andvígir eru aðeins 24,3%. Þetta er athyglisverð niðurstaða. Ef litið er á þá sem styðja EES-samninginn kemur í ljós að 46,9% þeirra sem styðja hann eru einnig fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Þeir vilja fá að tjá sig í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er alveg ljóst að vilji þjóðarinnar til þess að fá að tjá sig um málið er skýr og klár. Ég tel að Alþingi eigi að hlusta á rödd þjóðarinnar og það eigi að gefa þjóðinni kost á að tjá sig.

Ummæli fólks í könnuninni eru líka athyglisverð og þau taka fyllilega undir það nefndarálit sem 3. minni hluti leggur fram þar sem 3. minni hlutinn hvetur til þess að ítarlegri kynning fari fram á samningnum þar sem bæði kostir og gallar eru kynntir. 3. minni hluti vill einnig að það sé alveg skýrt fyrir þjóðinni hverjar eru afleiðingar þess að hafna samningnum. Við viljum fá alla myndina. Það sem við viljum að þjóðinni verði ljóst er hvernig þjóðfélag við erum að búa til hér, hvernig þjóðfélagsmyndin verður. Þegar menn gera sér grein fyrir því er hægt að taka afstöðu til þessa máls en ekki fyrr. Það á ekki að leika sér að framtíð þjóðarinnar. Það á ekki að taka áhættu og uppgötva það svo einn góðan veðurdag hvað felst í raun og veru í öllum EB-tilskipunum, reglugerðum, lögum, dómum og öðru slíku sem við núna vitum kannski ekkert um. Við eigum bara að upplifa það eftir nokkur ár hvað í þeim felst. Við eigum ekki að taka áhættu með íslenskt þjóðfélag. Þess vegna á kynningin að vera ítarleg og hún á

að vera á báða vegu, bæði kostir og gallar tíundaðir. Öðruvísi er ekki hægt að mynda sér skoðun á málinu.

Ummæli fólks í könnuninni eru m.a. með leyfi forseta: „Ég get ekki tekið afstöðu til EES núna. Ég vil mun meiri upplýsingar", sagði kona á Austurlandi. „Maður stendur á gati því það veit enginn neitt um EES", sagði kona á Norðurlandi. Svo var hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson áðan að tala um að allítarleg kynning hafi farið fram. Ég er svolítið smeykur um að hún hafi verið of einhliða.

Ég ætla að lesa fleiri tilvitnanir í ummæli fólks, með leyfi forseta: „Ég vil fá örugga fræðslu um EES áður en ég tek afstöðu", sagði kona á Vesturlandi. Og síðasta tilvitnunin: „Þjóðin þurfti að hafa mikið fyrir því að brjótast undan yfirráðum Dana. Íslendingar eru bara peð í stórum veraldarleik og við þurfum að vera varkárir í alþjóðasamningum." Þetta sagði níræð kona á höfuðborgarsvæðinu. Ég held að það sé vel við hæfi að á þessar raddir sé hlýtt.

Hér hefur aðeins verið minnst á fulltrúalýðræði. Ég ætla ekki að fjalla um það. Ég vil bara segja að ég lít á það sem fulltrúalýðræði að fulltrúarnir geti tekið afstöðu til þess og ákveðið að leita eftir áliti þjóðarinnar. Ég tel það hluta af fulltrúalýðræðinu. Því er ekkert verið að fara á skjön við fulltrúalýðræðið þó að menn samþykki að hlusta á rödd þjóðarinnar enda veit ég ekki betur en það tíðkist víða um land í sveitarfélögum. Ég veit ekki betur en það hafi verið leitað eftir áliti fólks á hundahaldi, opnun áfengisverslunar og fleiru. Þetta er því til í smærra mæli.

Að menn séu að bregðast skyldu sinni við að taka afstöðu í þessu máli er alrangt. Það kom fram hjá frsm. 1. minni hluta. Það er bara alrangt. Það er enginn að bregðast skyldu sinni. Það er aðeins verið að leita eftir áliti þjóðarinnar til þess að hjálpa mönnum við að mynda sér skoðun, ef þeir hafa ekki þegar gert það, en fyrst og fremst að leyfa þjóðinni að tjá sig. Það er málið. Ég vil gjarnan að það komi fram hvað mína afstöðu varðar til EES, að hún kemur engan veginn fram með því að ég styðji tillögu um þjóðaratkvæði. Það hefur ekkert með afstöðu mína til málsins eða samningsins sem slíks að gera. Hér er hins vegar um svo stórt mál að ræða að við verðum að hlusta.

Auðvitað er fjölmörgum spurningum ósvarað sem þarf að upplýsa fólk um. Það þarf að upplýsa fólk um hverjar afleiðingarnar eru. Erum við að skerða dómsvald? Erum við að skerða löggjafarvald? Erum við að skerða fullveldið? Eru við að brjóta stjórnarskrána? Hvernig hafa hinir ýmsu afmörkuðu þættir áhrif á þjóðlífið?

Þessa stuttu ræðu, hæstv. forseti, vildi ég flytja. Ég sagði í upphafi að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefði þegar farið yfir okkar sameiginlega nefndarálit. Við það hef ég ekki miklu meiru að bæta öðru en því sem ég hef nú sagt.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það sakar e.t.v. ekki undir lok þessarar umræðu að ydda svolítið þær spurningar sem hér hafa verið bornar fram og snerta kjarna málsins.

Fyrsta spurningin er þessi: Er þessi tillaga sem við ræðum um það að vísa þessu máli í raun og veru til úrskurðar þjóðarinnar?

Önnur spurning: Ef þessi tillaga yrði samþykkt, mundi það á einhvern máta leysa hv. þm. frá þeirri stjórnarskrárbundnu skyldu og kvöð að taka afstöðu til þessa máls?

Þriðja spurning: Hvaða rök búa á bak við það að það sé nauðsynlegra að bera þennan milliríkjasamning, sem hefur að geyma uppsagnarákvæði með 12 mánaða fyrirvara, undir þjóðina en aftur á móti ekki hvers kyns önnur mál sem fela í sér langvarandi skuldbindingar og auðvelt er að sýna fram á að eru íþyngjandi fyrir almenning í landinu?

Fjórða spurning: Er það í raun og veru svo að hv. þm. sem gerst hafa talsmenn þessarar tillögu vilji með því skapa fordæmi um að breyta íslenskri stjórnskipan á þann veg að til skuldbindandi þjóðaratkvæðagreiðslu verði gripið í þýðingarmiklum málum?

Víkjum aðeins að fyrstu spurningunni. Tillagan sem við erum að ræða heitir „Tillaga til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu." Menn láta sem svo að tillagan sé um það að vísa málinu undir endanlegan dóm þjóðarinnar. Tillagan er ekkert um það. Í raun og veru er staðreyndin sú að heiti sjálfrar tillögunnar er rangnefni. Þessi tillaga er í reynd um það að fram fari á vegum stjórnvalda skoðanakönnun vegna þess að þessi svokallaða þjóðaratkvæðagreiðsla er ekkert annað en skoðanakönnun, þ.e. niðurstaða hennar yrði ekkert annað en ráðgefandi umsögn.

Nú vill svo til að það hafa farið fram skoðanakannanir og það hefur meira að segja verið harðlega gagnrýnt af stuðningsmönnum blessaðrar tillögunnar að ríkið skuli hafa beitt sér fyrir skoðanakönnunum og það hefur þótt bruðl með peninga. En skoðanakannanir hafa farið fram. Nýjasta skoðanakönnunin sýnir víst að meiri hluti þjóðarinnar sé með samningnum. Fyrri kannanir sýndu aðra niðurstöður. En það breytir engu um það að þetta er tillaga um að fram fari skoðanakönnun. Þetta er ekkert um það að vísa málinu til endanlegs úrskurðar eða dóms þjóðarinnar, að þjóðin fái að segja sitt seinasta orð um þetta mál. Það er bara misskilningur. (Gripið fram í.) Þetta er bara misskilningur. Skoðanakannanir, hv. þm., hafa farið fram og það breytir ákaflega litlu hvort þær eru ein eða tvær í viðbót. Þetta er ekki tillaga um að þjóðin fái að segja seinasta orðið í bindandi atkvæðagreiðslu. Hvað sannar það okkur? Það sannar okkur það eitt að við höfum engar reglur um það við hvaða skilyrði, undir hvaða kringumstæðum fram skuli fara raunveruleg þjóðaratkvæðagreiðsla sem merkir það sem við segjum með því orði.

Ef menn eru fylgjandi því, sem er mjög virðingarvert sjónarmið, þá stendur upp á hv. þm. sem þeirrar skoðunar eru að koma með vandaðan tillöguflutning sem auðvitað ætti að vísa til stjórnarskrárnefndar. Það hefur reyndar áður verið rætt hvort menn vilja í raun og veru taka upp þjóðaratkvæðagreiðslu sem snaran þátt í okkar stjórnskipun í staðinn fyrir það fulltrúa-

lýðræði sem við höfum búið við hingað til. Þessu er mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir. Þetta er ekkert tillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu.

Það skýrir náttúrlega að hina spurninguna: Breytir samþykkt þessarar tillögu einhverju um skyldu þingmanna til þess að taka afstöðu til málsins? Nei, auðvitað ekki. Hafa hv. þm. einhverja trú á því að hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, sem er manna sannfærðastur andstæðingur þessa samnings, muni láta af þeirri skoðun sinni þótt það birtist einhver skoðanakönnun um að meiri hluti þjóðarinnar sé honum ósammála? Auðvitað ekki. Auðvitað mun hv. 4. þm. Austurl. gera það upp við sína samvisku. Hann leggur ekki samviskuna undir dóm þjóðarinnar eins og stóð svo snilldarlega á einhverju nefndarálitinu. Menn standa við sína samvisku og gera upp sína samvisku en leggja ekki samviskutötrið undir dóm þjóðarinnar.

Hafa menn einhverja trú á því að hv. 10. þm. Reykv., sem hefur verið að kveða upp úr um niðurstöður sínar í þessu máli eftir að hafa kannað það vandlega í rúm tvö ár — ég á við hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur — muni hvika frá niðurstöðum sínum eftir tveggja ára vandlega skoðun þótt birt yrði einhver skoðanakönnun um það að meiri hluti þjóðarinnar væri henni ekki sama sinnis? Auðvitað ekki.

Það var ákaflega athyglisvert skólabókardæmi um pólitík sem átti sér stað innan Kvennalistans um daginn. Hv. þm. sagði frá því í áheyrn alþjóðar að að lokinni vandlegri könnun treysti hún sér ekki til þess samvisku sinnar vegna að mæla með því við þjóðina að þessi mikilvægi samningur yrði felldur. Samtök hennar voru annarrar skoðunar m.a. fyrir kosningar og einn af talsmönnum Kvennalistans greip til þess, væntanlega í fljótræði, að segja að hv. þm. sem hafði komist að þessari niðurstöðu yrði að draga sig út úr utanrmn. þar sem hún var fulltrúi samtakanna sem einhvern tíma hefði verið kennt við stalínisma. (Gripið fram í.) Það eru fordæmi fyrir því t.d. í öðrum flokkum að það hafa farið fram kosningar í þingflokki um fulltrúa í nefndir. Það eru fordæmin, hv. þm. (**Gripið fram í:** En menntamálaráð?) Já, já, það eru fordæmi fyrir því að það hafi farið fram kosningar í þingflokkum um það að skipta um fulltrúa, en það er að vísu ekki sambærilegt í þessu tilviki því að þar var um kvöð til þess að ræða. (Gripið fram í.) Nei, nei, látið þið ekki svona, hv. þm. Þar gerðist málið einfaldlega þannig — og við skulum ekki hafa það í flimtingum — að þingflokkur Alþfl. stóð frammi fyrir því að þurfa að kjósa nýjan fulltrúa. Þar var farið að öllum venjum og fordæmum og það var gert. Við erum hér að tala um allt aðra hluti.

Ég er að segja að hv. þm. komast ekkert undan þeirri skyldu, sem er stjórnarskrárbundin, að gera þetta mál upp við sig og taka þátt í atkvæðagreiðslu og standa og falla með sinni afstöðu, gera upp sína samvisku og standa ábyrgir gerða sinna og ákvarðana frammi fyrir kjósendum þegar þar að kemur. Við skulum ekki taka það mjög hátíðlega þótt einstaka stjórnmálamenn séu að leita að einhverri réttlætingu fyrir sinnaskiptum, fyrir að hafa skipt um skoðun eða þóst hafa skipt um skoðun frá því að þeir voru í stjórn og eru nú í stjórnarandstöðu. Þeir eru að leita að einhvers konar pólitískri fjarvistarsönnun í málinu. Menn sem búa við pólitísk óþægindi eða vita að það eru skiptar skiptar skoðanir í flokkum þeirra og þeir vilja endilega komast hjá því að taka efnislega afstöðu til málsins og eru þess vegna á einhvers konar pólitísku hundasundi eða flóttaleiðum frá málinu. Þeir komast ekkert frá málinu eftir þeim leiðum hvert sem þeir hlaupa og hvaða fíkjublað sem þeir reyna að bera fyrir sig í stormum sinnar tíðar. Það dugar ekki. Sýndarmennskan dugar ekki. Hv. þm. standa bara frammi fyrir því að þeir verða að gera upp hug sinn. Þeir hafa haft ærinn tíma til þess. Þeir hafa haft rúmlega þrjú og hálft ár til þess og hafa enga afsökun fyrir því að reyna að skýla sér á bak við einhverja skoðanakönnun í málinu. Þegar þessar skoðanakannanir hafa verið birtar hafa menn ekki raunverulega látið niðurstöðurnar ráða máli sínu.

Einn hv. þm. spurði mig hvort ég hefði virkilega ekki næga sannfæringu fyrir mínum málstað í þessu máli t.d. og ég væri þess vegna eitthvað hræddur við niðurstöður. Nei. Ég hef djúpa sannfæringu í þessu máli og hef ekki skipt neitt um skoðun í því. Ég hef haft sömu skoðun og sömu niðurstöður allan tímann, öfugt við ýmsa aðra hv. þm. Ég hef djúpa sannfæringu fyrir því að auðvitað er þetta mál gjörunnið fyrir þjóðarniðurstöðu þegar á það reynir. Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um það. Það breytir bara engu um þá aðferð sem við notum til þess að leiða þetta mál til lykta.

Niðurstaðan er sú að það verður að taka afstöðu til þess á Alþingi og þingmenn geta ekkert skotið sér undan því að segja það í heyranda hljóði hver er þeirra afstaða. Það verður leitað eftir því, hv. þm., sem hér talaði seinast og sagði og tók það sérstaklega fram að afstaðan til þess að vilja hafa skoðanakönnun segði ekkert um það hvaða skoðun hann hefði á málinu. Nei, merkilegt nokk.

Síðan er það þetta: Þessi samningur er svo óskaplega viðamikill og felur í sér svo miklar skuldbindingar að það er alveg sérstök ástæða til þess að hafa skoðanakönnun um þennan samning, en t.d. ekki um ýmis önnur máli. Menn geta haft á því hvaða skoðun sem þeir vilja og síst ætla ég að neita því að þetta sé mikilvægur samningur. En það er t.d. á honum sá munur, ef við berum hann saman við búvörusamning sem gerður var árið 1985 og gilti til sjö ára eða aðrar slíkar skuldbindingar sem væru íþyngjandi fyrir almenning í landinu, að þessi samningur hefur í sér fólgið uppsagnarákvæði. Í honum eru engar skuldbindingar umfram 12 mánuði, engar. Það er á valdi Alþingis að segja þessum samningi upp.

Þá segja menn: En ef við erum á annað borð búnir að samþykkja samninginn og hann er á annað borð genginn í gildi verður ekki aftur snúið. Einn hv. þm. líkti þessu við ráðhúsbyggingu. Menn væru á móti ráðhússbyggingunni, ef þeir væru spurðir eftir á ættu menn ekki annarra kosta völ en að rífa niður ráðhús. Þessi líking er ekki alveg heppileg og stenst ekki alveg vegna þess að það er ekkert sem kemur í veg fyr-

ir það eftir 12 mánaða reynslu að menn segi þessum samningi upp. Menn vita nákvæmlega núna hvað í því felst að hafna þessum samningi. Menn vita nákvæmlega eftir 12 mánuði hvað í því felst og hverju menn eru að hafna ef menn vilja beita uppsagnarákvæðinu.

Hvers vegna er það að þessi krafa er sett fram um þennan samning eða um alþjóðasamninga fremur en einhver önnur lög sem ekki hafa sólarlags- eða uppsagnarákvæði eða hafa í sér fólgin efnisákvæði sem eru íþyngjandi fyrir almenning í landinu? Nú er ekki um það deilt að þessi samningur er ekki íþyngjandi, þvert á móti. Hann færir þessari þjóð, sem á við ærna erfiðleika að etja, verulega bót sinna mála og hefur margsinnis verið sýnt fram á það. Þetta er ekki samningur sem íþyngir þjóðinni. Þetta er samningur sem léttir undir með þjóðinni á erfiðleikatímum og er, eins og ég sagði, uppsegjanlegur með 12 mánaða fyrirvara.

Þau rök sem hafa verið færð fram duga bara einfaldlega ekki til þess að styðja þessa tillögu, enda tillagan sjálf rangnefni. Þetta er ekkert spurning um þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er ekkert verið að stilla mönnum frammi fyrir valkostum. Annaðhvort að vísa málinu til þjóðarinnar þannig að þjóðin fái að ráða niðurstöðunni. Hún fær það ekki samkvæmt íslenskum stjórnskipunarreglum og ekki samkvæmt þessari tillögu og ekki samkvæmt þeim reglum sem gilda um þjóðaratkvæðagreiðslur. Þingið verður að komast að niðurstöðu. Þessi samningur verður í gildi ef meiri hluti alþingismanna samþykkir hann. Hann fellur ef meiri hluti alþingismanna hafnar honum. Þessi skoðanakönnun, sem verið er að biðja um, breytir engu til eða frá frekar en aðrar skoðanakannanir, nákvæmlega engu, ekki nokkrum öðrum sköpuðum hlut.

Spurningin er þess vegna í raun og veru allt önnur og hún er þessi: Er það raunverulegur vilji hv. flm. að settar verði reglur með stjórnskipulegum hætti um það að Alþingi geti ákveðið að fram fari raunveruleg þjóðaratkvæðagreiðsla þar sem niðurstöður yrðu bindandi? Og um hvaða mál? Ættum við að gera það t.d. um alþjóðasamninga?

Ég hef vitnað til þess áður að auðvitað yrði samþykkt slíkrar tillögu um þennan samning um Evrópska efnahagssvæðið fordæmi sem menn mundu vísa til til þess að rökstyðja það að sama máli gegndi um aðra slíka samninga sem væru þjóðréttarsamningar og yrðu hluti af landsrétti, þ.e. væru lagðir undir Alþingi til samþykktar eða synjunar. Ef við sköpuðum það fordæmi stæðu menn frammi fyrir þeirri spurningu: Vilja menn að vald framkvæmdarvalds og síðar löggjafarvalds Íslendinga yrði skert með þeim hætti í samningum við önnur ríki? Vilja menn það? Vilja menn skapa það fordæmi? Vilja menn að við hefðum lagt fyrir Alþingi 89 þjóðréttarsamninga sem gerðir hafa verið á undanförnum árum? Vilja menn að þessu verði ævinlega vísað til þjóðarinnar? Eða ætla menn að byggja á huglægu mati hvenær eigi að gera það? Á að gera það þegar ekki er uppsagnarákvæði eða hvað?

Eða eru menn segja: Þegar lögð eru fyrir Alþingi lagafrumvörp sem varða þjóðarheill eða almannahag og gætu t.d. varðað almenna kjaraskerðingu svo sem krísupakki sem kynni að vera í smíðum eða búvörusamningur sem gæti falið í sér skuldbindingar um tugi milljarða kr. t.d. hvernig eigi að verja öllum tekjuskatti einstaklinga sjö ár fram í tímann — er það svo lítils háttar mál að alþingismönnum sé treystandi til þess að afgreiða það eða á kannski að setja slík stór hagsmunamál undir dóm þjóðarinnar með bindandi niðurstöðu? Þeir sem svara þessum spurningum játandi eru að segja: Við viljum í raun og veru breyta íslenskri stjórnskipan og íslenskum stjórnskipunarhefðum í grundvallaratriðum. Menn gætu verið að segja: Við viljum taka upp svissneska fyrirkomulagið.

Ef menn eru að meina það væri það út af fyrir sig ákaflega fróðlegt að fá svar við þeirri spurningu: Halda menn að lýðræði sé meira í Sviss en t.d. hér á landi? Ég er t.d. þeirrar skoðunar að svo sé alls ekki. (Gripið fram í.) Nei. Það er nefnilega svo, merkilegt nokk, hv. þm., að alls ekki er ljóst um hvað menn eru að flytja tillögu. Það er alla vega ljóst að það sem menn segjast vera að flytja tillögu um eru þeir ekki að gera. Þeir eru ekki að flytja tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu.

Hafandi gert þetta sæmilega skýrt held ég að mín niðurstaða sé afar einföld. Hvað svo sem líður þessari tillögu um skoðanakönnun breytir hún ekki því, hv. þm., hvort sem það er þægilegt eða óþægilegt, hvort sem um það eru skiptar skoðanir í flokkum ykkar eða ekki, hvort sem menn eru í pólitískum feluleik eða ekki, hvort sem menn eru á hlaupum frá sannfæringu sinni frá fyrra kjörtímabili eða ekki, að sá tími er kominn að nú verða menn að gera málið upp.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Þrír hv. alþm. hafa óskað eftir því að veita andsvar við ræðu hæstv. utanrrh. Nú mega andsvör eigi standa lengur en 15 mínútur og verður beitt þeim tímamörkum að í fyrri umferð sé heimilað að tala fullan tíma, eða tvær mínútur, en í seinni umferð eina mínútu. Til máls tekur hv. 8. þm. Reykn.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur verið sagt af ýmsum hér í umræðum í dag að þessi samningur sé venjulegur samningur. Það er athyglisvert að öll önnur EFTA-ríki ætla sér að afgreiða þennan samning annaðhvort með auknum meiri hluta á þingi eða þjóðaratkvæðagreiðslu. Ríkisstjórn Íslands er eina ríkisstjórnin í EFTA-landi sem telur að það sé hægt að afgreiða EES-samninginn með einföldum meiri hluta á Alþingi. Engin önnur ríkisstjórn í EFTA-ríkjunum telur að það sé unnt, hæstv. utanrrh. En hæstv. utanrrh. var með röksemdir sem urðu til þess að ég vil leggja fyrir hann spurningu. Hún er á þessa leið:

Vill hæstv. utanrrh. að íslenska þjóðin fái að hafa, með skýrum hætti, síðasta orðið um EES-samninginn eða ekki? Já eða nei. Er ráðherrann sammála því að íslenska þjóðin eigi að fá að hafa síðasta orðið um EES-samninginn? Ef svarið er já, sem ég vænti, þá er mjög auðvelt að leita samkomulags um það. Þá er hægt að bæta nýrri grein við frv. um EES-samninginn sem

liggur fyrir Alþingi á þá leið að fyrst greiði Alþingi atkvæði um samninginn en hann taki ekki gildi fyrr en hann hefur verið samþykktur í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þannig er hægt að fullnægja þeim sjónarmiðum sem utanrrh. var með áðan að þingmenn greiði atkvæði um samninginn og þá er líka hægt að fullnægja þeim sjónarmiðum að þjóðin fái að hafa seinasta orðið. Það er líka hægt að fara þá leið að forseti Íslands vísi málinu í þjóðaratkvæði. Þess vegna er kjarni málsins ekki þeir loftfimleikar sem hæstv. utanrrh. var með áðan heldur sú einfalda spurning hvort hann vilji að þjóðin fái að segja síðasta orðið um samninginn eða ekki. Ef hann vill það er mjög auðvelt að finna leiðir til þess.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér fannst þau ummæli svolítið lítilsvirðandi sem ég heyrði hjá hæstv. utanrrh. um þjóðaratkvæðagreiðslu, að kalla það bara skoðanakönnun. Ég spyr hann: Ef við hefðum staðið frammi fyrir svipaðri spurningu 1944 og nýtt okkur heimild í lögum var þar þá líka um skoðanakönnun að ræða? Erum við ekki að tala um þær leiðir sem færar eru? Og hvað er hæstv. ráðherra að segja við 34.000 manns sem biðja um þjóðaratkvæðagreiðslu? Að þeir geti reynt að komast í góða skoðanakönnun. Mér finnst þetta ekki við hæfi.

Í öðru lagi bendi ég á að ýmsar leiðir eru mögulegar, eins og fram kom í máli ræðumanna áðan, til að bregðast við því ef úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu þeirrar sem hér er beðið um verða með þeim hætti að þau gefi skilaboð sem stangast á við sannfæringu þingmanna. Það eru ýmsar leiðir mögulegar, m.a. hjáseta.

Í þriðja lagi ítreka ég það enn og það er í rauninni sérkennilegt að hæstv. ráðherra skuli ekki vera búinn að gera sér grein fyrir því að það er ekki hægt að segja upp öllum þeim lagabreygingum sem orðið hafa á samningnum með tólf mánaða fyrirvara heldur einungis þeim ákvæðum sem tengjast samningnum beint.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að ítreka þá spurningu sem hv. 8. þm. Reykn. lagði fyrir ráðherrann áðan um það hvort hann sé tilbúinn að beita sér fyrir því að þjóðin fái að hafa síðasta orðið í þessu mikilvæga máli. Satt að segja finnst mér ráðherrann ekki geta verið þekktur fyrir annað en að svara spurningu af þessu tagi í framhaldi af þeim ummælum sem hann hafði um þessa tillögu áðan. Ég ítreka því þessa spurningu og skora á hæstv. ráðherra að svara henni um leið og ég segi þetta til að mótmæla ræðu hans áðan.

Í fyrsta lagi er það rangt að í samningnum felist engar skuldbindingar umfram eitt ár vegna þess að á grundvelli samningsins og þeirra laga sem honum kunna að fylgja geta menn gert bindandi samninga af ýmsu tagi og tekið ýmsar ákvarðanir sem hafa áhrif til margra ára, ákvarðanir sem verða ekki afturkallaðar með því að segja samningnum upp. Þetta er þess vegna útúrsnúningur hjá hæstv. ráðherra og ég skora á hann að kalla þessi ummæli til baka. Síðan vitnar hann til annarra alþjóðasamninga og lætur að því liggja að það sé erfitt að segja þeim upp og að samningurinn sé afbrigðilega hagstæður af því að aðrir alþjóðasamningar séu bundnir. Að sjálfsögðu hefur Alþingi Íslendinga fullt „súverenítet", fullveldi, til að segja upp alþjóðasamningum. Sá samningur sem hæstv. utanrrh. er að mæla fyrir hér er því ekkert betri en aðrir samningar að þessu leyti. Þetta er rökleysa.

Með því að segja: Þjóðaratkvæðagreiðsla um EES — eru menn þá að segja þjóðaratkvæði um alla alþjóðlega samninga? Mitt svar er nei. Ástæðan fyrir því að menn krefjast þjóðaratkvæðis um EES er fyrst og fremst sú að sá samningur er viðamesti alþjóðasamningur sem gerður hefur verið á vegum íslenskra stjórnvalda í sögu lýðveldisins. Þess vegna er sérstök ástæða til að leggja samninginn fyrir dóm þjóðarinnar.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er feginn að menn játa greiðlega að sú till. sem hér liggur fyrir er ekki tillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu heldur um það að fram fari skoðanakönnun sem hefur aðeins ráðgefandi gildi eins og aðrar skoðanakannanir.

Í annan stað er spurt: Vill ráðherra ekki að þjóðin hafi síðasta orðið um samninginn? Jú, hann bæði vill og er sannfærður um að hún hefur það. Það er óhagganleg staðreynd að þeir stjórnarflokkar sem nú mynda meiri hluta á Alþingi Íslendinga gengu til seinustu kosninga um það mál efst á blaði að lúka þessum samningi og fengu til þess meiri hluta þjóðarinnar.

Í annan stað: Það var frá því gengið og þannig um hnúta búið að það er uppsagnarákvæði í samningnum sem beita má hvenær sem er. Að fenginni tveggja ára reynslu af samningnum, ef menn telja erfitt að þekkja raunverulegt inntak hans nema af fenginni reynslu, mætti t.d. hugsa sér að spyrja þjóðina beinlínis að því í næstu kosningum hvort hún vilji að þessu uppsagnarákvæði verði beitt.

Hv. þm. sagði að það hefði verið villandi í mínu máli — að fullvalda þjóð geti alltaf rift alþjóðasamningum. Það er ekki algilt. Ef við lítum t.d. á þá samninga sem þjóðaratkvæðagreiðslur hafa gengið um samkvæmt stjórnskipunarreglum í Evrópubandalagsríkjum eins og Danmörku að því er varðar afstöðuna til Maastricht-samningsins, felur hún í sér framsal á valdi þjóðríkis öfugt við þennan samning og er bindandi og varanlegur og erfitt að snúa til baka af þeirri braut.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er útilokað fyrir hæstv. utanrrh. að rétta sig af í þessu máli með því að bera fyrir sig þá samninga sem hafa verið gerðir á vegum Evrópubandalagsríkjanna um Evrópubandalagið og stjórnskipun þess. Það er ekki hægt að bera það fyrir sig í þessu máli. Staðreyndin er sú að Íslendingar geta sagt upp alþjóðasamningum með tilteknum hætti sem er venjulega tiltekinn í þeim samningum sem um er að ræða. Mér finnst hins vegar afar merkilegt að hæstv. ráðherra skuli, í þeirri stöðu sem nú er komin upp, ekki vera tilbúinn að svara þeirri spurningu sem lögð

var fyrir hann áðan. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að ganga eftir því svari með sérstökum hætti áður en umræðunni lýkur, eins og hann hefur sett þessi mál upp.

Grundvallaratriðið er: Samningurinn um EES er stærsti milliríkjasamningur sem hefur nokkurn tímann verið gerður og það hefur utanrrh. sjálfur sagt. Þess vegna á þjóðin pólitíska og siðferðilegan rétt á því að greiða atkvæði um hann og hún vill það. Því hefur hún lýst yfir í undirskriftasöfnun, skoðanakönnunum og með yfirlýsingum stærstu samtaka landsins á sérstökum blaðamannafundi í gær. Ég skora á utanrrh. að endurskoða afstöðu sína í þessu máli því hann getur verið vitur maður, jafnvel góðgjarn ef hann hefur mikið við.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Samkvæmt þingsköpum er það alveg skýrt að ráðherra ber að svara hverju andsvari að því loknu ef hann á annað borð ætlar að svara því og veita þeim þingmanni sem andsvarið hefur veitt rétt til þess að segja álit sitt á svarinu. Hæstv. utanrrh. braut þessa reglu áðan með því að bíða með andsvar sitt við spurningu minni þar til aðrir þingmenn voru búnir að tala. Ég hafði því engan rétt til þess samkvæmt þingsköpum að fjalla um mál hans. Það er auðvitað mjög slæmt sérstaklega þegar um er að ræða slíkt lykilatriði hvort íslenska þjóðin fær að segja álit sitt á EES-samningnum og afstöðu ráðherrans til þess.

Ég varpaði fram spurningu til hæstv. utanrrh. um það hvort hann væri sammála því eða ekki að íslenska þjóðin hefði síðasta orðið um EES-samninginn áður en hann tæki gildi. Ef ráðherrann er sammála því að íslenska þjóðin eigi að hafa síðasta orðið reikna ég með að hægt sé að leggja vinnu í það hér í þingsalnum að ná samkomulagi um að gera það á þann hátt að bæði ráðherrann og þeir sem vilja þjóðaratkvæðagreiðslu geti unað niðurstöðunni. Ég benti á leið í þeim efnum. Hún er á þann veg að bætt verði nýrri grein við frv. um EES-samninginn sem hljóði svo: Að lokinni afgreiðslu Alþingis fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla um samninginn og samningurinn taki gildi sé hann samþykktur í þjóðaratkvæðagreiðslunni.

Þetta er slíkt lykilatriði að ef hæstv. ráðherra vill láta taka sig alvarlega og þá ræðu sem hann flutti áðan verður hann að svara spurningum af þessu tagi. Ef hann er hins vegar ósammála því í grundvallaratriðum að þjóðin fái að segja álit sitt á samningnum áður en hann tekur gildi falla öll hans rök í ræðunni áðan dauð og ómerk.

Mér þykir leitt, virðulegi forseti, að ráðherrann skyldi kjósa að víkja að þessu án þess að ég hefði rétt til að fjalla um það. Ég vona að í framtíðinni virði ráðherrann þær reglur um andsvör sem eru í þingsköpum en mun að öðru leyti fylgja þessu eftir í almennu umræðunum á eftir.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Undir dagskrárliðnum þingsköp hefur hv. þm., 3. flm. till. sem hér er flutt, viðurkennt að tillagan er ekki tillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu og kemur því ekki til skila. Þetta er eingöngu skoðanakönnun og er ekki skuldbindandi. Það stendur ekkert upp á mig að svara þeirri spurningu hvort ég vilji að þjóðin hafi seinasta orðið um málið. Ég hef þegar svarað því. Ef hv. þm. á við það með spurningu sinni hvort ég sé tilbúinn til einhvers krukks með honum í skúmaskotum um að breyta stjórnarskrá Íslands áður en við lúkum umræðunni eða á næstu dögum þá er svarið við því nei. Það eru ekki vinnubrögð við hæfi, hv. þm. Ef menn vilja breyta því og þar með breyta stjórnarskrá Íslands þannig að taka upp þjóðaratkvæðagreiðslu sem væri bindandi gera menn það ekki með þeim hætti. Það gera menn með því að flytja um það sérstaka tillögu, þessi dugar ekki til þess, og þeirri tillögu yrði síðan vísað til stjórnarskrárnefndar sem mundi gefa henni vandaða umfjöllun og þar með færi það væntanlega til sérstakrar nefndar samkvæmt þingsköpum Alþingis. Spurning hv. þm. var því ekkert sérstaklega beinskeitt.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Í umræðum um þingsköp ætla ég ekki að víkja að þeim furðulega efnislega útúrsnúningi sem kom fram hjá hæstv. utanrrh.

Það er merkilegt að hæstv. utanrrh. skuli telja málstað sinn svo veikan í þessari umræðu að hann þurfi að grípa til útúrsnúninga af þessu tagi. Þeim verður hins vegar svarað í umræðunni hér undir almennum reglum umræðunnar. Að ég hafi verið að leggja til stjórnarskrárbreytingu er gjörsamlega út í hött. Þingskapaæða ráðherrans áðan lýsir slíkri fáheyrðri vankunnáttu að undrum sætir því það er mjög algengt að í frv. sé gildistaka þeirra skilyrt með ýmsum hætti og tengd öðru en atkvæðagreiðslunni sjálfri á Alþingi. Um þetta getum við fjallað í umræðunum á eftir.

Eitt hefur þó komið í ljós hér á síðustu mínútum og það er að utanrrh. telur málstað sinn í andófinu gegn tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu svo veikan að hann hefur þau einu vopn í sínu búri að vera með ómerkilega útúrsnúninga og hártoganir.

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Í tilefni af þeim umræðum sem hér hafa átt sér stað langar mig til að koma með nokkrar athugasemdir.

Í allshn. beindist meðferð málsins fyrst og fremst að stjórnskipulegum þætti þess. Samkvæmt því leituðum við álits sérfræðinga í íslenskum stjórnskipunarrétti. Allir voru þeir sammála um að íslensk stjórnskipun byggði á fulltrúalýðræði, lýðræði sem væri frá fólkinu komið og ef fara ætti út í þjóðaratkvæðagreiðslu væri verið að breyta íslenskri stjórnskipun. Slíkt þyrfti að sjálfsögðu mikillar umhugsunar og athugunar við. En það mótmælir því enginn að Alþingi hafi vald til að taka slíka ákvörðun í einstöku máli enda er þessi þáltill. til síðari umræðu í dag.

Ég bendi hv. þm. Svavari Geirssyni sérstaklega á

þetta, hann er að vísu ekki staddur hér, og að það er ekki verið að loka neinum dyrum.

Þá má einnig benda á að það hefur einkum verið Alþb. sem hefur haft áhuga á breytingum í þá veru að koma á þjóðaratkvæðagreiðslum í einstökum málum. Reyndar er það nokkuð sérstakt að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og Ragnar Arnalds, sem báðir hafa átt sæti í svonefndri stjórnarskrárnefnd í mörg ár, skuli ekki hafa verið virkari í tillögugerð fyrst þeir hafa svona mikinn áhuga á þjóðaratkvæðagreiðslu.

Íslenska stjórnarskráin byggir einnig á fulltrúalýðræði og þar er ekki gert ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum almennt. Það er einungis í 2. málsgr. 79. gr. sem beinlínis er kveðið á um þjóðaratkvæðagreiðslu, þ.e. ef Alþingi samþykkir breytingu á kirkjuskipun ríkisins. Ákvæði 11. gr. um að forseti Íslands verði leystur frá störfum af hálfu Alþingis og 26. gr. um það ef forseti neitar að staðfesta lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt eru sértilvik sem ekki er beinlínis hægt að telja með greinum um þjóðaratkvæði. Þetta var og samdóma álit þeirra sérfræðinga í stjórnskipunarrétti sem mættu á fund allshn.

Það er því bæði eðlileg og lýðræðisleg ákvörðun í samræmi við íslenska stjórnskipun að alþingismenn taki sjálfir ákvörðun um EES-samninginn án þess að leita til þjóðaratkvæðis á undan.

Ólafur Þ. Harðarson stjórnmálafræðingur lýsti því m.a. fyrir nefndinni í hvaða tilvikum þjóðaratkvæðagreiðslur gætu átt sér stað í öðrum löndum sem byggju við fulltrúalýðræði:

1. Þegar um er að ræða grundvallarmál. Dæmi: Danir 1950 um stjórnarskrárbreytingu. Væntanlega eru engin mál jafnmikil grundvallarmál og breyting á stjórnarskrá en það þarf ekki þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrárbreytingar hér á landi.

2. Þau tilvik þar sem um er að ræða valdaágreining þings og forseta. Dæmi: Frakkland. Þá hafði þjóðaratkvæðagreiðsla það hlutverk að styrkja forseta í spennu gagnvart þinginu. Hér á landi væri forseti ekki með sömu aðstöðu og í Frakklandi og ætti þetta því ekki við hér.

3. Tilvik þar sem flokkakerfið eða þingið getur ekki leyst mál sjálft t.d. vegna ágreinings í flokkum. Dæmi: Svíþjóð á 8. áratugnum, um kjarnorku- og umhverfismál. Jafnan væri þetta lausn úr óþægilegum málum.

4. Í fylkjum Bandaríkjanna hafa kjósendur frumkvæði að löggjöf ef nægilega margir skrifa undir það. Dæmi: Kalifornía, t.d. vegna lækkunar skatta.

5. Tilvik sem er lítið beitt en það er þegar upp koma mál sem ekkert hafa verið rædd í kosningum.

Ekkert þessara tilvika eiga við hér.

Vegna athugasemda hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar vísa ég aftur til nefndarálits 1. minni hluta um að EES-samninginn bar hátt í síðustu kosningum. Vegna þessara orða þykir mér rétt að benda á ályktun 29. landsfundar Sjálfstfl. frá árinu 1991 um utanríkismál. Þar segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Sjálfstæðismenn telja að Íslendingar eigi samleið með öðrum EFTA-ríkjum um þátttöku í Evrópsku efnahagssvæði að því tilskildu að samningar takist um hindrunarlaus viðskipti með sjávarafurðir. Ef viðhlítandi samningar um EES-svæðið takast ekki leggja sjálfstæðismenn áherslu á að Íslendingar leitist við að ná fram þessum markmiðum eftir öðrum leiðum. Íslendingar eiga ekki fremur en aðrar Evrópuþjóðir að útiloka fyrir fram að til aðildar geti komið að Evrópubandalaginu. Viðfangsefnið er að tryggja þjóðinni efnahagslega farsæld í framtíðinni og sjá til þess að sjálfstæði og sjálfsákvörðunarréttur landsins skuli ávallt vera tryggður ásamt fullri stjórn á auðlindum landsins."

Í kaflanum um utanríkismál og utanríkisviðskipti í hvítbók ríkisstjórnarinnar segir enn fremur á bls. 39:

„Ríkisstjórnin mun reyna til þrautar að ná samningum um myndun hins Evrópska efnahagssvæðis EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins."

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. frá 30. apríl 1991 er því lýst í 16 liðum hvaða aðgerðum stjórnin ætlar að beita til þess að ná markmiðum sínum. Í 15. lið segir:

„Með því að semja um þátttöku Íslendinga í Evrópska efnahagssvæðinu, EES, til þess að tryggja hindrunarlausan aðgang sjávarafurða að Evrópumörkuðum. Ekki kemur til greina að gefa eftir forræði í íslenskri fiskveiðilögsögu í skiptum fyrir aðgang að mörkuðum."

Í fjórða lagi samþykktu þingflokkar Sjálfstfl. og Alþfl. framlagningu frv. um EES-samninginn athugasemdalaust.

Rétt er einnig að taka það fram að innganga í Evrópubandalagið er ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar enda hefur hæstv. forsrh. margoft lýst því yfir. Ef í framtíðinni kæmi hins vegar í ljós að slíkt mundi þjóna hagsmunum Íslendinga yrði væntanlega að huga að stjórnarskrárbreytingum e.t.v. með því að tryggja aukinn meiri hluta á þingi og fleira gæti komið þar til athugunar.

Vegna orða hv. þingkonu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur áðan vil ég gjarnan gera grein fyrir þeim tillögum að málum sem fóru í þjóðaratkvæðagreiðslu sex sinnum á þessari öld, eins og hún sagði. Árið 1905 kom fram tillaga um aðflutningsbann gegn áfengi, 1914 frv. til stjórnskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá, 1915 till. til þál. um atkvæðagreiðslu um þegnskylduvinnu, 1933 till. til þál. um þjóðaratkvæði um aðflutningsbann á áfengum drykkjum og 1944 lýðveldisstjórnarskráin.

Hv. þingkona talaði líka um heiðir og að heið væri hægt að breyta. Auðvitað er það hægt með vilja Alþingis. Vegna þessa vil ég benda á að prófessor Sigurður Líndal taldi að það hefði einmitt skapast ákvæðin hefð vegna þess að Alþingi hefur aldrei fallist á að stofna til þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál síðustu áratugina. Það er líka hefð. Ég vona og trúi því reyndar að hann hafi kennt mér þokkalega lögfræði á sínum tíma.

Varðandi NATO er það að mínu mati misskilningur hjá hv. þingkonu að auðveldara sé að segja upp þeim samningi en EES-samningnum því þar er aðallega um viðskiptahagsmuni að ræða en í NATO er um

að ræða varnarkeðju og öryggi annarra þjóða.

Í nefndarálitum hv. 2. og 3. minni hluta allshn. er vikið að þjóðaratkvæðagreiðslum í Evrópu. Þar var verið að greiða atkvæði um Maastricht-samninginn sem er allt öðruvísi en EES-samningurinn eins og allir vita því að hann er að mestu viðskiptasamningur þótt vissulega sé hann stór í sniðum. Í Maastricht-samningnum er hins vegar um að ræða ákveðið framsal á fullveldi sem kallar m.a. á stjórnarskrárbreytingar í viðkomandi ríkjum þar sem ætlunin er að móta sameiginlega pólitíska stefnu í fjölmörgum málaflokkum. Þessi samningur innan EB-ríkjanna er alls ekki á dagskrá hér heldur samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði og ekkert EFTA-landanna utan Sviss ætlar eða hefur látið fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um EES-samninginn.

Í nefndarálitum 2. og 3. minni hluta er einnig vikið að því að samþykkt þessarar tillögu mundi leiða til ítarlegrar kynningar á efni samningsins. Því er til að svara að EES-samningurinn hefur hlotið meiri og almennari kynningu en nokkur alþjóðasamningur síðan lýðveldið var stofnað. Ég er þó sammála því að aukin fræðsla sé til góðs en henni hefur ekkert verið hætt, m.a. er í undirbúningi þáttaröð á vegum Ríkissjónvarpsins um þetta efni. Þar að auki er hvers kyns fræðsluefni um samninginn auðfengið og aðgengilegt.

Þá hefur verið talað um að það yrðu pólitísk átök ef ákvörðun yrði tekin um þjóðaratkvæðagreiðslu. Við skulum ekkert vera að blekkja hvert annað hér á hinu háa Alþingi né heldur þjóðina með því að halda öðru fram. Dettur mönnum í hug að fulltrúar stjórnmálaflokkanna munu sitja með hendur í skauti ef til þjóðaratkvæðagreiðslu kemur? Auðvitað ekki. Það munu allir reyna að sannfæra kjósendur um sinn málstað nema að einhver flokkanna eigi í erfiðleikum með að finna sameiginlega stefnu.

Þá er líka ljóst að ríkisstjórnin hefur blandast inn í þetta mál og þær efnahagsþrengingar sem nú eru í þjóðarbúskapnum. Ég held að það sé engin tilviljun að stjórnarandstaðan sameinast um þetta mál. Hins vegar er ekkert óeðlilegt að önnur málefni blandist inn í þjóðaratkvæðagreiðslu um samninginn en það getur líka verið varasamt.

Nýlega birtist viðtal við Bent A. Koch, hinn danska ritstjóra og Íslandsvin í DV. Hann segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Þjóðaratkvæðagreiðslur eru mjög vafasamt lýðræðislegt verkfæri. Ég vara yfirleitt við þeim, líka á Íslandi. Það er vegna þess að maður veit aldrei nákvæmlega um hvað fólk er að greiða atkvæði. Á Írlandi var mest fjaðrafok í kringum fóstureyðingalöggjöfina. Í Frakklandi tóku menn afstöðu til Mitterand forseta og í Danmörku var mikil óánægja með stjórnmálamenn."

Enn fremur segir hann:

„Ég get alveg hugsað mér að þjóðaratkvæðagreiðsla á Íslandi gæti snúist upp í atkvæðagreiðslu með eða á móti ríkisstjórninni. Það er erfitt að túlka niðurstöðurnar, hverju menn neita og hverjum menn játa í hverju landi fyrir sig."

Svo mörg voru þau orð en þetta var hans mat.

Auðvitað verður því ekki haldið fram að hin íslenska þjóð hafi ekki nægu þekkingu til að taka afstöðu til samningsins. Slíkt fæli í sér vanmat á kjósendum. Það er bara ekki til umræðu hér né var það í meðferð allshn. á málinu. Það sem kom út úr þeirri vinnu var sú staðreynd að stjórnskipulega séð ætti þjóðaratkvæðagreiðsla ekki við hér á landi og ef menn vildu breyta því kallaði slíkt á nákvæma yfirvegun og umræður en ekki tekin slík ákvörðun hér og nú í tengslum við þetta eina mál.

Þá hefur verið minnst á það að atriði að EES-samningurinn bindi ekki Ísland nema 12 mánuði í senn. Menn hafa samt áhyggjur af réttaráhrifum þess t.d. varðandi samninginn um eignarrétt og atvinnuleyfi útlendinga. Það er auðvitað hægt að breyta lögum aftur í kjölfarið t.d. lögum um útlendinga og hugsanlegt að setja einhvers konar eignarnámsákvæði o.s.frv. Það yrði að sjálfsögðu í höndum Alþingis sem hefur löggjafarvaldið. Þess má einnig geta að nú þegar hefur verið unnið frv. sem felur í sér mun meiri takmarkanir á kaupum á fasteignum og jörðum en þegar eru fyrir hendi í íslenskum lögum.

Í nefndaráliti hv. 3. minni hluta eru enn fremur nokkur atriði sem ég tel rétt að gera athugasemdir við. Þar segir m.a.:

„Sá sem hefur trú á málstað sínum og kynnir hann rækilega er að sjálfsögðu óhræddur að leggja samvisku sína og málstað undir dóm þjóðarinnar."

Að sjálfsögðu verður tekið undir þessi orð. En þessi dómur verður ekki felldur í neinni þjóðaratkvæðagreiðslu heldur við næstu alþingiskosningar. Einnig segir í álitinu:

„Ef svo illa tækist til að málið leysist ekki með samþykkt tillögunnar yrði vandinn mikill. Deilur um óhjákvæmilegar stjórnarskrárbreytingar mundu þá magnast og er vandséð hvernig þær yrðu leystar."

Í fyrsta lagi er ljóst að þjóðaratkvæðagreiðsla sker ekki úr um þörf á stjórnarskrárbreytingu.

Í öðru lagi hlýtur maður að spyrja: Hvers vegna ættu deilurnar að magnast og hverjir ættu að deila? Í þessu sambandi er rétt að minna á að hin sérskipaða stjórnarskrárnefnd hefur þegar afgreitt þessi tvö frumvörp stjórnarandstöðunnar um breytingu á stjórnarskrá út úr nefnd. Var það gert í samkomulagi enda þótt álit manna verði ekki hið sama. Ég tel enga ástæðu til þess að ætla að þau mál hljóti ekki hefðbundna þinglega meðferð og varla fara flm. þeirra að tefja málið á þinginu. Þeir hafa þvert á móti lýst því yfir að þeir hyggja á breytingar á frumvarpstexta svo að túlkun hans valdi ekki þeim vandkvæðum að menn telji þar allt of langt gengið.

Þetta orðalag „óhjákvæmilegar stjórnarskrárbreytingar" virðist fela það í sér að þessir tveir nefndarmenn hafi þegar gert upp hug sinn og því skipti í raun og veru ekki máli þótt þjóðin samþykki samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu, það yrði að rjúfa þing og efna til kosninga. Í lok nefndarálitsins segir enn fremur:

„Ástæðulaust er því að væna þingmenn um kjarkleysi. Það hittir þá sjálfa fyrir sem þannig tala."

Þetta finnast mér nokkuð furðuleg ummæli og ég kannast ekkert við að slíkt hafi nokkurn tíma borið á góma í allshn. varðandi þessa þáltill. og afstöðu manna til hennar þar. Vonandi hafa allir hv. þm. þann kjark til að bera að taka þær ákvarðanir sem munu, ef til lengri tíma er litið, reynast farsælastar fyrir land og þjóð.

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég segja það, að þó vissulega sé erfitt að taka ekki tillit til þeirra undirskriftalista sem borist hafa til Alþingis er það engu að síður skoðun okkar þriggja þingmanna sem undirritum 1. minnihlutaálitið að ákvörðun okkar sé rétt. Hún er ekki einungis byggð á skoðun fræðimanna heldur ekki síst á okkar eigin sannfæringu um að ekki sé rétt að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu um EES-samninginn, bæði vegna hinnar íslensku stjórnskipunar og ekki síst með tilliti til þess hvernig kringumstæður eru nú í þjóðarbúskapnum. Ég vil leyfa mér að rifja upp orð leiðarahöfundar Morgunblaðsins í gær er hann sagði:

„En íslensk þjóð hefur ríkari þörf fyrir flest annað á líðandi stundu en víðfeðm átök og sundurlyndi sem þjóðaratkvæði af þessu tagi getur stefnt okkur í. Sundurlyndið er oftar en ekki skæðasti óvinur lítillar þjóðar."

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þrír hv. þm. hafa óskað eftir því að bera fram andsvar og verður sá háttur hafður á að viðkomandi má aðeins tala í tvær mínútur í fyrra sinn en eina mínútu í hið síðara. Fyrst ber fram andsvar hv. 2. þm. Suðurl.

Frsm. 2. minni hluta allshn. (Jón Helgason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna frásagnar hv. 6. þm. Reykv. af komu sérfræðinga til allshn. vil ég að það komi skýrt fram að þeir sögðu að Alþingi gæti ákveðið þjóðaratkvæðagreiðslu hvenær sem væri, það væri pólitísk ákvörðun.

Að öðru leyti ætla ég ekki að endurtaka þau rök sem hér hafa verið færð fram gegn málflutningi í varnarræðum hv. 6. þm. Reykv. og félaga hennar fyrir þeirri afstöðu að vera á móti þjóðaratkvæðagreiðslu.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla einnig að taka það fram að þeir sérfræðingar sem komu á fund nefndarinnar bentu á að það væri fyrst og fremst pólitísk ákvörðun að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu og ég tengi það því að við verðum að hafa þann kjark sem þarf til að taka slíka ákvörðun. Auk þess var umræðan um það hvort þetta mundi valda breytingum á stjórnskipun okkar. Sú umræða er fullgild og umhugsunarefnið var: Mun þetta leiða til þess eða ekki? Sjálf er ég hlynnt fleiri þjóðaratkvæðagreiðslum eins og fram kom í máli mínu áður. Ég mundi fagna slíkum breytingum en að sjálfsögðu er ekkert öruggt að þessi tillaga leiði til þess að þjóðaratkvæðagreiðslum fjölgi.

Í þriðja lagi er mér ekki fullljóst hvernig það er hugsað ef hætta er á því að þjóðaratkvæðagreiðslur snúist um fleiri en eitt mál þar sem aðeins er spurt einnar skýrrar spurningar. Hvernig stenst það ef rökin í málinu eru þau að fjallað hafi verið um EES í síðustu kosningum? Það hlýtur væntanlega að hafa verið fjallað um fleiri spurningar með sömu röksemd. Eða að dómur verði kveðinn upp í næstu kosningum? Ef kosningar um eina spurningu fela í sér að kosið sé um fleira hljóta venjulegar kosningar á fjögurra ára fresti að gera það líka. Ég sé því ekki annað en önnur röksemdin útiloki hina.

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka það sem ég sagði í báðum ræðum mínum hér áðan að hvorki ég né aðrir hafa efast um að Alþingi hefur fullan rétt til þess að taka ákvörðun um að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu. Svo það sé engin spurning um túlkun á orðum mínum vildi ég taka þetta fram.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom mjög skýrt fram í ræðu hv. 6. þm. Reykv. að það sjónarmið kom fram í nefndarálitinu að til þess að taka ákvörðun um EES þurfi menn umboð frá kjósendum. Það umboð hlýtur að markast af þeirri stefnu sem þeir lögðu fyrir kjósendur. Hv. 6. þm. Reykv. las upp þá stefnu, bæði úr samþykktum Sjálfstfl. og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem er að samningurinn verði að uppfylla það skilyrði að tryggja hindrunarlaus viðskipti með fisk. Það gerir samningurinn ekki. Það er óumdeilt. Það þýðir að ríkisstjórnin og þingmenn hennar hafa ekki umboð til að afgreiða þennan samning samkvæmt eigin skilningi. Fróðlegt væri að fá röksemdir frá hv. 6. þm. Reykv. fyrir því hvernig þingmenn ætli sér að taka afstöðu og ljúka málinu umboðslausir.

Ég bendi líka á að það er rétt að ef menn samþykkja þá till. sem hér liggur fyrir felst í því breyting á stefnu. Það skapar fordæmi. En það skapar líka fordæmi að hafna tillögunni. Það skapar fordæmi upp á síðari tíma, upp á enn stærri samninga sem hingað kunna að koma eins og t.d. samningur um aðild Íslands að EB.

Það kemur skýrt fram í áliti 1. minni hluta að þeir eru á móti því að brjóta íslenska stjórnskipunarhefð. Það þýðir að þeir eru væntanlega á móti því að samningur um aðild Íslands að EB verði borinn undir þjóðina ef til þess kemur.

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins ítreka það sem sagt hefur verið í nál. að öll undirstöðuatriði þessa samnings lágu almennt skýrt fyrir í síðustu kosningum. Það er bara útúrsnúningur að mínu mati hjá hv. þm. að tala á þennan hátt.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það lá skýrt fyrir í síðustu kosningum hvaða kröfur Sjálfstfl. gerði til samningsins. Það er útúrsnúningur af hálfu Sjálfstfl. og þingmanna hans að ætla að hlaupast frá þeim kröfum eftir kosningar

þegar búið er að samþykkja lélegri samninga en þeir gerðu sjálfir kröfu um og sögðu þjóðinni að væri skilyrði þess að þeir mundu samþykkja samninginn. Það er útúrsnúningur. Það eru svik við þjóðina.

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins rifja það upp fyrir hv. þm. út af orðum hans áðan að í síðustu ríkisstjórn stóð til að ganga enn lengra með dómsvaldið en gert er nú í dag.

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir gegn peningaþvætti, 210. mál, stjfrv., þskj. 251.

Geymslufé, 209. mál, stjfrv., þskj. 250.

Hönnunarvernd, 212. mál, stjfrv., þskj. 253.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 207. mál, frv., JVK o.fl., þskj. 248.

Sementsverksmiðja ríkisins, 211. mál, stjfrv., þskj. 252.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 208. mál, stjfrv., þskj. 249.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Mér þykir þeir sem vilja fella þá tillögu sem hér er til umræðu grípa vopnin á ýmsum stöðum og ég tel þau ekki verða merkileg í höndunum á þeim. Það hefur verið einkenni á málflutningnum að menn eru að þvæla þessu máli fram og til baka og reyna að tala um það eins og eitthvert venjulegt mál sem sé jafnvel afgreitt daglega á þinginu. Það er auðvitað af og frá. Við erum að tala um sjálfstæðismál þjóðarinnar. Við erum ekki að tala um búvörusamning eða það hvernig við stjórnum fiskveiðum í landinu. Við erum ekki að tala um mál sem snýr bara að íbúunum hér. Við erum að tala um mál sem snýr að öðrum þjóðum. Við erum að tala um sjálfstæði landsins.

Ég held að þess vegna sé út í hött að ræða málið með þeim hætti sem hér hefur verið gert. Ég tel það reyndar óvirðingu við þjóðina að kalla tillöguna skoðanakönnun vegna þess að verið er að tala um að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla. Skoðanakönnun er athugun sem fer fram. Þá eru fáir einstaklingar spurðir um eitthvert tiltekið málefni. Þjóðaratkvæðagreiðsla er aftur á móti atkvæðagreiðsla þar sem allir þegnar þjóðfélagsins fá tækifæri til að taka þátt.

Ég tel einsýnt að Alþingi Íslendinga hljóti að skoða vandlega niðurstöður slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu þó það sé ekki lögformlega bundið af niðurstöðunni. En mér er sem ég sjái Alþingi Íslendinga ganga í berhögg við vilja verulegs meiri hluta þjóðarinnar sem kæmi fram í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég tel þess vegna að þjóðaratkvæðagreiðslan hafi fullkomlega þann tilgang sem menn ætla henni þó niðurstaðan sé ekki fyrir fram ákveðin lögformlega sem lokapunktur í málinu.

Í mínum huga er ekki efi um það að þjóðin á að fá að kveða upp þennan dóm. Með þeim samningi sem við erum að tala um er verið að framselja ákvörðunarrétt þjóðarinnar í mörgum viðamiklum málum. Það hefur verið rætt um þessi mál í þinginu mjög lengi og við getum ekki endurtekið þau rök í þessari umræðu sem nú fer fram. En það er óhætt að minna á að ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA skerða framkvæmdarvaldið. Dómsvaldið verður framselt til EFTA-dómstólsins. Alþingi Íslendinga skal samþykkja í einu lagi öll lög og reglur EB sem gilda á þeim sviðum sem samningurinn nær til og fær ekki breytt einum einasta stafkrók í sambandi við þessi mál.

EB tókst að komast í gegnum allt samningaferlið án þess að gera eina einustu tilslökun. EB tekur ekki upp eina einustu reglu eða lög sem hafa gilt á EFTA-svæðinu en eru ekki í gildi hjá EB. Segir það mönnum ekki einhverja sögu um áhrif þeirra í þessu samstarfi í framtíðinni að allar samningaviðræðurnar snerust um tímabundnar undanþágur og smávægilegar tilslakanir sem í okkar tilfelli snúast um fisk en virðast haldlitlar þegar til framtíðarinnar er litið?

Það er ekki nóg, heldur á að gefa ráðherrum á hverjum tíma heimildir til að staðfesta nýjar reglugerðir sem koma frá EB. Og þær munu koma tugum og hundruðum saman frá Brussel. Flæðilínan á að liggja þaðan og beint inn á borð ráðherranna. Þar verður tekin ákvörðun um hvaða reglur eigi að gilda á hverju sviði. Það hefur komið fram í umræðum um þingmál í nefndum þingsins að það er ekki vilji til að skapa öðruvísi farveg fyrir reglugerðarbreytingarnar. Nýjar reglugerðir sem koma frá Brussel eiga að koma inn á borð ráðherra og fá þar staðfestingu.

Hvert er svo líklegasta framhaldið af þessu öllu saman? Það getur auðvitað hver hugsað um og gerir hver og einn. En mín skoðun er sú að framhaldið verði einfaldlega þannig að þegar allir aðilar hafa staðfest þátttökuna í EES-samningnum muni fljótlega, vegna þess að þjóðirnar sem með okkur eru í þessu samstarfi eru búnar að biðja um að fá aðild að EB, verða farið að ýta á eftir þeim umsóknum. Og að svar EB við þeim þrýstingi verði að óska eftir því að þjóðirnar komi í einu lagi í viðræður um aðild að EB. Skyldu þá ekki einhverjir fleiri fara að tala um að það væri rétt að vera með í þeim umræðum? Ég efast ekki um að þá munu margir rísa upp hér á landi og segja: Nú verðum við að vera með því annars erum við að einangra okkur pólitískt. Við þurfum á krafti þeirra félaga okkar að halda sem eru í EFTA til að ná fram okkar markmiðum í samningunum.

Það verða gífurlegar breytingar á réttarstöðu einstaklinga í landinu við þennan samning. Það eru að *mínu mati ekki síst rökin fyrir því að það eigi* að spyrja þjóðina. Við vitum að það er verið að innleiða hér allt aðra stöðu en hefur verið gagnvart atvinnu t.d. Og orðið Íslendingur mun auðvitað taka merkingarbreytingu í sjálfu sér. Það væri kannski eðlilegra að lýsa réttarstöðunni með því að segja að menn séu Evrópubúar á hinum íslenska hluta hins Evrópska efnahagssvæðis vegna þess að réttarstaða manna á að vera algerlega jöfn.

Ég held að íslenska þjóðin hafi ekki gert sér fyllilega grein fyrir þessu og því þurfi — og það er

kannski jákvæðast við að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu — að fá enn þá meiri umræðu með þjóðinni en orðin er.

Því hefur verið borið við að þessi samningur sé uppsegjanlegur með tólf mánaða fyrirvara og þá getum við bara kvatt þetta samkomulag. Ég tel það út í hött og tel að það hafi verið rökstutt mjög vel í umræðunum. En því til viðbótar vil ég segja að það eru efasemdir um að fríverslunarsamningar okkar við Efnahagsbandalagið og bókun 6 muni standa eftir að við værum búin að segja samningnum upp. Hvar værum við þá? Við værum komin á byrjunarreit í samningum við EB um viðskipti. Við værum komnir aftur að árinu 1973 og þyrftum að byrja algerlega upp á nýtt með þessa samninga.

Ég tel þetta svo viðamikla stefnumörkun sem hér er á ferðinni að þjóðin eigi að fá að segja sitt álit. Stefnan hefur verið tekin í svo mörgum málum sem tengjast Evrópska efnahagssvæðinu og þessum samningum. Ég tel að stefnan liggi raunverulega til samstarfs um að ganga í EB. Eða hvernig stendur á því að íslensk stjórnvöld hafa tekið þá ákvörðun að mynda tollmúr með EB? Það liggja fyrir frumvörp í þinginu þar sem gert er ráð fyrir að 7,5% tollur verði á vörum sem koma annars staðar að inn í landið en frá Evrópska efnahagssvæðinu. Halda menn virkilega að ef á stað fer einhvers konar efnahagsstríð á milli stórveldanna verði ekki litið á það að Íslendingar taka þátt í að mynda tollmúr með Evrópubandalaginu? Eru menn vissir um að Íslendingar lendi ekki öfugu megin? Eru menn vissir um að Bandaríkjamenn t.d. muni sleppa Íslendingum þegar Íslendingar hafa tekið þá ákvörðun að leggja hærri tolla á vörur frá Bandaríkjunum en frá Evrópu? Ég er ekkert viss um það. Ég tel ekki mikla framtíð í því kaupfélagi sem hér er verið að tala um að fara í samstarf við.

Frá aldaöðli hafa íbúar jarðarinnar barist um bestu landsvæðin og friður hefur sjaldan varað lengi í Evrópu. Ég óttast að frelsi fjármagnsins til að flytjast fyrirstöðulaust á milli landsvæða muni valda togstreitu. Yfirráð auðhringa og risafyrirtækja yfir atvinnulífi, stórum landsvæðum, jafnvel heilum ríkjum og flutningur fólks inn í önnur lönd án fyrirstöðu muni valda því að þessi draumur breytist í martröð. Og höllin í Brussel mun hrynja eins og spilaborg.

Ég tel að stærsta hlutverk Alþingis Íslendinga sé að vernda sjálfstæðið. En það er líka stærsta hlutverk forseta Íslands. Forseti Íslands er kosinn í þjóðaratkvæðagreiðslu og sækir umboð sitt beint til þjóðarinnar. Í 26. gr. stjórnarskrárinnar segir, með leyfi forseta: „Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar, eigi síðar en tveimur vikum eftir að það var samþykkt og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem auðið er undir þjóðaratkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu."

Halda menn virkilega að það sé ekki nein meining með þessu lagaákvæði? Þarna er forseta ekki bara gefinn kostur á að taka þessa ákvörðun. Það hlýtur að vera ætlast til að forsetinn geri það og taki afstöðu til mála sem eru samþykkt á Alþingi. Hann hlýtur að skoða þetta mál sérstaklega og öll þau mál sem tengjast sjálfstæði þjóðarinnar sérstaklega. Ég held að í raun og veru hljóti það að vera mikið umhugsunarefni fyrir þingið hvernig forseti lýðveldisins mun taka á þessu máli.

Mig langar að spyrja hæstv. utanrrh., sem alla lykla hefur í sínum höndum í þessu máli, hvort það hafi verið rætt við forseta Íslands hvaða álit hann hafi á þessu máli. Hvort hann muni staðfesta lög um Evrópska efnahagssvæðið sem stendur til að setja hér á Alþingi. Því ég held að það sé mjög mikilvægt að menn setji ekki lög á Alþingi þannig að forsetinn þurfi að grípa til 26. greinarinnar.

Ég vonast til að fá svar við þessu. Mér finnst það mjög mikilvægt. Ég tel reyndar að forseti geti mjög eðlilega tekið afstöðu til málsins sé hann í þeirri vissu að mikill meiri hluti þjóðarinnar sem kaus hann beint sé á þeirri skoðun að hann eigi að fá að segja álit sitt á máli sem varðar sjálfstæði þjóðarinnar. Þá hlýtur forsetinn að þurfa að hugsa sig vel um.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þess umræðu mikið umfram það sem þegar er orðið. Ég kom aðallega upp vegna þeirra orða hæstv. utanrrh. áðan að hér væri ekki verið að flytja tillögu um þjóðaratkvæði eins og hann sagði heldur væri verið að flytja tillögu um skoðanakönnun. Fyrirsögn ályktunarinnar gefur skýrlega til kynna að verið sé að bera málið undir þjóðaratkvæði þó það atkvæði sé ekki bindandi. Ástæðan fyrir því einfaldlega að ekki er flutt tillaga um bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu er sú að stjórnarskráin heimilar það ekki, hæstv. ráðherra. Hún heimilar það ekki. Þessi atkvæðagreiðsla hlýtur því í eðli sínu að vera ráðgefandi.

Menn hafa verið að tala um hefðir og að hefðir séu nánast eitthvað sem ekki megi breyta. Það var talað um að hér væri ekki hefð fyrir beinu lýðræði og þess vegna ættum við ekki að beita beinu lýðræði núna. En þó hefur farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla hér á landi sex sinnum á þessari öld. Ef við ætlum að notast við hefðirnar getum við líka sagt að sú hefð hafi skapast í þeim þjóðaratkvæðagreiðslum að þær séu bindandi vegna þess að mér vitanlega hefur Alþingi alltaf farið eftir niðurstöðu þegar hún hefur borið málið undir dóm kjósenda í þjóðaratkvæði. Það er þá hefðin. Ég er fús til að lýsa því yfir að ég mun lúta þeirri niðurstöðu sem yrði í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég er tilbúin til að lúta þeirri niðurstöðu hér á Alþingi Íslendinga.

Hæstv. utanrrh. spurði þeirrar spurningar hvort menn mundu láta af sannfæringu sinni í þessu máli þegar þjóðin væri búin að kveða upp sinn dóm. Og hann spurði hvort við héldum að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson mundi láta af sinni sannfæringu eða hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Ég verð að segja að

þar er dálítið ólíku saman að jafna, hæstv. utanrrh. (**ÓPP:** Það er ósvífni að vera með þetta í sama ávarpinu.) Það er rétt vegna þess að Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl. er sannfærður um andstöðu sína við samninginn, hefur verið það allt frá upphafi og hefur ekki látið neinn bilbug á sér finna. Það er vissulega virðingarvert að menn séu sjálfum sér samkvæmir gegnum þykkt og þunnt burt séð frá því hver situr við stjórnvölinn. Ég er ekki sannfærð manneskja í þessu máli. Það er vandamálið, hæstv. ráðherra. Ef sannfæring er sama og fullvissa þá hef ég enga fullvissu í þessu máli. Það er í rauninni vafinn sem er mitt hlutskipti í málinu og verður það kannski alla tíð. Það hlutskipti verð ég þá bara að búa við.

Þegar ég tók til máls um þetta fyrir líklega mánuði síðan lýsti ég því yfir að ég treysti mér ekki til eindreginnar andstöðu við þennan samning. Það var það sem ég sagði. Ég var í rauninni að tilkynna að ég treysti mér ekki til að vera fulltrúi andstöðunnar í utanrmn. Það var það sem ég var að segja, hæstv. ráðherra, og ráðherrann veit það væntanlega hafi hann lesið blöðin. Sem fulltrúi Kvennalistans í utanrmn. hlaut ég auðvitað að gera grein fyrir því, bæði kvennalistakonum og öðrum, að þetta væri mitt hlutskipti. Þetta væri mín staða. Og það skal ég segja ráðherranum að ég hef kvenna og karla líklega bestan skilning á þeim vanda sem það auðvitað skapar fyrir Kvennalistann. Ráðherrann hefur sjálfsagt lent sjálfur í svipaðri aðstöðu persónulega eða með sína þingmenn. Auðvitað skapar þetta vanda fyrir pólitísk samtök, það vitum við öll.

En ef það hefði komið til álita að ég segði af mér í utanrmn. og ef ég geri það, sem auðvitað er mál sem enn er opið til umhugsunar, verður það vegna þess að ég ákveð það sjálf. Þá er það ekki vegna þrýstings, sem ég er ekki beitt, í mínum samtökum í þessu máli heldur vegna þess að ég ákveð sjálf að þannig vilji ég standa að málinu.

Ég spurði ráðherra áðan hvað það þýddi ef við segðum upp samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Hverju værum við þá að segja upp? Ég held að það skipti verulegu máli að fá svör við þessu vegna þess að ef við erum þá að segja upp stofnanaþætti samningsins er hugsanlegt að einhverjir sem eru sáttir við fjórfrelsið sjái í því einhvern möguleika. Mér finnst skipta verulegu máli að fá einhver svör við því hér hverju við segjum upp ef við segjum upp samningnum.

Þá varpaði ég líka fram þeirri spurningu, sem mér finnst ég ekki hafa fengið svör við, með hvaða hætti menn hefðu hugsað sér að standa að þjóðaratkvæði um aðild að Evrópubandalaginu ef til kæmi. Þetta segi ég vegna þess að hæstv. forsrh. sagði það fyrir síðustu kosningar að ef aðildarspurningin kæmi upp á borðið, þá yrði það vissulega borið undir þjóðina. Nú segja menn að þetta geti ekki verið annað en skoðanakönnun sem ekkert mark sé á takandi og menn verði eftir sem áður að ráða niðurlögum málsins á Alþingi. Með hvaða hætti hafa menn þá hugsað sér að leggja það mál fyrir þjóðina ef til þess kemur? Mér finnst að menn verði að svara því einhverju hér og nú hvernig þeir mundu standa að því máli. Hvernig mundu þeir gera þann dóm þjóðarinnar bindandi? Hvernig vilja þeir tryggja að sá dómur verði bindandi?

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Í þessum umræðum í dag hafa aðallega komið fram tvíþætt rök frá þeim sem hafa andmælt því að þessi tillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu verði samþykkt. Annars vegar er það sjónarmið að ef tillagan yrði samþykkt væri verið að opna fyrir það að fram færu þjóðaratkvæðagreiðslur um ýmiss konar önnur lög eins og búvörusamning, fiskveiðistefnu og annað í þeim dúr. Hér sé með öðrum orðum ekki um neitt óvenjulegt mál, EES-samninginn, að ræða. Hins vegar eru þau rök að þingmenn verði að bera ábyrgð á atkvæði sínu og geti ekki skotið sér á bak við þjóðina. Ég ætla að fara nokkrum orðum um þessi rök sem eru í raun og veru það eina sem fram hefur komið af hálfu talsmanna ríkisstjórnarflokkanna og þar með hæstv. utanrrh. í þessu máli.

Varðandi fyrra atriðið er það auðvitað mjög athyglisverð staðreynd að ekkert EFTA-ríkjanna hefur treyst sér til þess að afgreiða EES-samninginn með venjulegum hætti. Í engu EFTA-ríkjanna nema á Íslandi á að greiða atkvæði um EES-samninginn eins og um venjulegt lagafrv. Í öllum öðrum EFTA-ríkjum er annaðhvort krafist aukins meiri hluta, yfirleitt að tveir þriðju hlutar þingmanna verði að samþykkja samninginn, eða, eins og er í tveimur EFTA-ríkjanna, að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla.

Það er auðvitað dálítið merkilegt að hæstv. utanrrh. treystir sér ekki í umræðu um það hér hvers vegna hann og ríkisstjórn Íslands eru eini utanríkisráðherra EFTA-ríkis og eina ríkisstjórn EFTA-ríkis sem leggja í að halda því fram að EES-samningurinn sé bara eins og venjulegt lagafrv. og hann sé hægt að afgreiða með venjulegum hætti. Í öllum öðrum EFTA-ríkjunum er það viðurkennt að hér er á ferðinni svo óvenjulegur lagabálkur, svo víðtækur og afgerandi fyrir stjórnskipan og stjórnarfar að það verði að krefjast aukins meiri hluta í þjóðþinginu eða að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram.

Þegar þessi staðreynd blasir við falla auðvitað dauð öll þau furðulegu rök sem hér hafa verið notuð í dag um að þetta sé eins og búvörusamningurinn eða lögin um fiskveiðistjórnun eða eitthvert frv. um aðgerðir í ríkisfjármálum eins og hæstv. utanrrh. sagði áðan.

Hin tegundin af röksemdum sem hér hefur verið notuð í dag er að þingmenn eigi ekki að skjóta sér á bak við það að greiða atkvæði í málinu. Þess vegna sé ekki hægt að láta þjóðaratkvæðagreiðslu fara fram vegna þess að ef hún fari fram áður, eins og hv. frsm. Sjálfstfl. í allshn. nefndi áðan, sé hún ekki bindandi. Hæstv. utanrrh. leyfði sér að setja fram það sjónarmið áðan að þá væri eingöngu um skoðanakönnun að ræða.

Ég notaði tvær mínútur í andsvari áðan til þess að spyrja hæstv. utanrrh. grundvallarspurningar sem honum ber að svara hér á Alþingi. Hæstv. utanrrh. hefur ekki svarað henni enn og ég krefst þess að hann svari þeirri spurningu áður en umræðunni lýkur. Spurning-

in er þessi: Er hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson sammála því eða ósammála að íslenska þjóðin hafi síðasta orðið um gildistöku EES-samningsins áður en samningurinn tekur gildi?

Þetta er mjög einföld og skýr spurning. Vill utanrrh. að þjóðin hafi síðasta orðið áður en samningurinn tekur formlega gildi eða ekki? Ef ráðherrann segir nei, hann er á móti því að þjóðin hafi síðasta orðið, þá er það auðvitað afstaða. En hann hefur ekki enn þá lagt í að segja það í ræðustól á Alþingi að hann sé andvígur því að íslenska þjóðin hafi síðasta orðið áður en samningurinn tekur gildi. Hann hefur skotið sér á bak við útúrsnúninga og hártoganir sem byggjast á því að þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram áður en atkvæðagreiðslan fari fram á Alþingi um sjálft frv. Þess vegna orðaði ég það áðan að ef ráðherrann væri sammála okkur um að þjóðin ætti að hafa úrslitaatkvæði í því hvort samningurinn tekur gildi eða ekki, þá reiknaði ég með að það væri tiltölulega auðvelt að ná samkomulagi um það á Alþingi að frv. um gildistöku EES-samningsins yrði breytt á þann veg að síðasta grein frv. hljóðaði: Áður en frv. tekur gildi skal fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Verði frv. samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu taki það gildi. Eða gildisdagur EES-samningsins verði sá dagur þegar meiri hluti þjóðarinnar segir já í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Það þarf enga breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins, hæstv. utanrrh., til þess að gera þetta. Það er alger misskilningur eða vankunnátta eða útúrsnúningur. Þetta er mjög einföld, þingræðisleg og eðlileg aðferð. Ef það er sjónarmið hæstv. ríkisstjórnar að þingmenn verði fyrst að greiða atkvæði er ég reiðubúinn til þess að beita mínum áhrifum til þess að ná slíku víðtæku samkomulagi þar sem bæði er hægt að fullnægja því sjónarmiði ríkisstjórnarinnar að þingmenn greiði atkvæði um samninginn — það er það eina efnislega sem ráðherrann og fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafa sagt — og orðið verði við þeirri kröfu okkar í stjórnarandstöðunni og tugþúsunda Íslendinga að þjóðin fái einnig að segja álit sitt á samningnum áður en hann tekur gildi.

Þess vegna, virðulegi utanrrh., er óskað eftir skýru svari við þeirri spurningu hvort ráðherrann og ríkisstjórnin vilji veita þjóðinni þennan rétt. Þá þarf ekki að bíða eftir næstu alþingiskosningum eftir tvö ár. Það þarf ekki að hindra það að þingmenn greiði hér atkvæði. Frv. getur gengið í gegnum allar þrjár umræður á Alþingi og síðan fer fram t.d. í desembermánuði atkvæðagreiðsla um hvort þjóðin er sammála þeirri afgreiðslu Alþingis. Sé þjóðin það tekur samningurinn gildi 1. jan. Það þarf enga stjórnarskrárbreytingu eða neitt af því tagi. Það er til einföld, þingræðisleg og skýr aðferð til þess að samræma þessi sjónarmið. Ég vona að hæstv. ráðherra hafi manndóm og pólitískt hugrekki til þess að svara því alveg skýrt hvað hann vill.

Til viðbótar þessu tvennu hefur að nokkru verið vikið að því í umræðunni að málið sé mjög flókið. Í raun og veru má segja að ef litið er til íslenskrar sögu á þessari öld, þá er málið mjög einfalt. Í íslenskri löggjöf á þessari öld eru fjölmörg atriði í lögum sem enn eru í gildi, sem veita Íslendingum einum margvísleg réttindi á sviði efnahagsmála, atvinnumála, félagsmála og viðskiptamála. Með einni og hálfri línu í 4. gr. þessa samnings og einni setningu eru öll þessi sérstöku réttindi Íslendinga á sviði efnahagsmála, atvinnumála, viðskiptamála og félagsmála afnumin gagnvart 350 millj. manna í Evrópu þannig að 350 millj. manna munu deila þessum réttindum okkar Íslendinga með okkur eftir gildistöku samningsins.

Mín skoðun er sú að það sé bæði siðferðilega, lýðræðislega og stjórnskipunarlega hæpið ef ekki beinlínis rangt að einfaldur meiri hluti á Alþingi með nokkurra sekúndna atkvæðagreiðslu afnemi þetta allt saman með þessum hætti án þess að spyrja þjóðina hvort hún sé sammála þessu afnámi.

Ég vil í því sambandi nefna að hvorki núv. ríkisstjórn né neinn þingmaður á Alþingi hefur lagt til að afnema þær aðferðir sem við Íslendingar höfum notað hingað til til að veita mönnum ríkisborgararétt. Alþingi hefur ekki treyst sér til að búa til almennar reglur um það hverjir fái lagalega séð íslenskan ríkisborgararétt. Alþingi hefur heldur ekki treyst sér til að framselja það vald í hendur dómsmrn. eða framkvæmdarvaldsins heldur er á hverju þingi flutt sérstakt frv. þar sem sérhver einstaklingur er nafngreindur sem á að fá íslenskan ríkisborgararétt. (**ÓPP:** Allir verða að hafa óflekkað mannorð.) Já, það er út af fyrir sig sjálfsagt og eðlilegt skilyrði að allir hafi óflekkað mannorð, virðulegi þingmaður. En það finnst mér í raun og veru ekki vera athugasemd sem snertir þetta mál heldur er það kjarni málsins að með einfaldri atkvæðagreiðslu á að veita 350 millj. manna meginþorrann af þeim réttindum sem hingað til hafa falist í ríkisborgararéttinum samkvæmt íslenskri löggjöf. Engu að síður á áfram að halda í gildi þeirri skipan að þingið treysti sér ekki til þess að búa til almennar reglur um það heldur verði að nafngreina hvern og einn.

Þess vegna er málið mjög einfalt, að spyrja þjóðina, sem í tæpa öld hefur verið að setja í lög og búið við margvísleg ákvæði af þessu tagi, hvort hún sé sammála því að þau séu öll afnumin með einni og hálfri línu í stystu grein þessa samnings. Það þarf engar 10 þús. blaðsíður til þess að nefna einfalt grundvallaratriði sem eðlilegt er að þjóðin fái að segja álit sitt á.

Þjóðin fékk að segja álit sitt varðandi ríkisborgararéttinn 1918, virðulegi þingmaður, frsm. Sjálfstfl. Og þjóðin fékk að segja álit sitt 1944 varðandi ríkisborgararéttinn, virðulegi þingmaður, frsm. Sjálfstfl. Hvers vegna á þjóðin ekki nú að fá að segja álit sitt varðandi ríkisborgararéttinn, virðulegi þingmaður Sjálfstfl.? Þess vegna er auðvitað samhengi í því að leggja nú til þjóðaratkvæðagreiðslu um ríkisborgararéttinn eins og gert var 1918 og 1944.

Virðulegi forseti. Ég ítreka spurningu mína til hæstv. utanrrh.: Er hann sammála því eða ósammála að íslenska þjóðin fái að hafa síðasta orðið varðandi gildistöku EES-samningsins? Ef svarið er já er hægt að finn form í þinginu um lagafrv. sem uppfyllir þau skilyrði. Ef svarið er hins vegar nei er það einfaldlega vegna þess að ráðherrann annaðhvort aðhyllist ekki

lýðræðisleg sjónarmið, sem við hin teljum eðlileg, eða hann er hræddur við dóm sinnar eigin þjóðar. Ráðherra sem er hræddur við dóm sinnar eigin þjóðar á einfaldlega að segja af sér.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. gerði fulltrúum á LÍÚ-þingi grein fyrir því að vestur á fjörðum hefði Jón nokkur orðið fyrir því að frá honum var stolið og eftir það hefði hann setið uppi með það að vera kallaður Jón þjófur. Mér finnst nú eiginlega sagan betri af konu nokkurri sem orðaði það svo um sinn Jón: Aldrei er honum Jóni mínum svo illa lýst að honum sé ekki rétt lýst. Ég skil eiginlega ekkert í því hvers vegna Jón, hæstv. utanrrh., sagði þeim fyrir vestan ekki frekar þessa sögu.

Hér er svo komið að við höfum hlustað á ræðu sem flutt var af hv. 6. þm. Reykv., ræðu sem var mjög vel undirbúin, fínpússuð, ef til vill yfirlesin inni í Valhöll og hugsuð til þess að sannfæra íslenska þjóð um að hún ætti ekki að hugsa fyrir þingmennina. Það væru þingmennirnir sem ættu að hugsa fyrir þjóðina. Þingmennirnir væru á launum til að taka ákvarðanir. Þeir hefðu verið kosnir til þess. Þeir væru að bregðast ef þeir tækju upp á því að fara fram á það að þjóðin hugsaði.

Nú er það svo að okkar lýðræði gerir ráð fyrir alþingiskosningum. Hvernig fær það þá staðist að þjóðin geti sloppið við það að hugsa? Neyðist hún ekki til að hugsa þegar hún er að velja menn til þings? Ég hygg að ekki fari á milli mála að svo sé. En hvers vegna þurfti þá hv. 6. þm. Reykv. að flytja svona langa ræðu? Vegna þess að Sjálfstfl. hafði þá stefnu fyrir seinustu alþingiskosningar að það ætti að fara í tvíhliða viðræður en það ætti ekki að velja þá leið sem þeir eru nú að leggja til. Það væri ekki þægilegt að þurfa að standa frammi fyrir þjóðinni og gera grein fyrir þessu. Það var auðveldara að flytja hér vel skrifaða ræðu í rólegheitunum og búa sig svo undir það að bíða í nokkur ár til að þurfa að mæta frammi fyrir þjóðinni. Það eru margir sem trúa á gleymskuna.

Nei. Það er nú einu sinni svo að lýðræðið gerir fyrst og fremst kröfu til alþýðu manna að alþýða landsins sé nægilega vel upplýst til þess að hún geti valið sér leiðtoga. Þess vegna er hægt að hafa lýðræði þar sem alþýðumenntun er til staðar. Þess vegna hefur lýðræðið ekki gengið upp þar sem engin alþýðumenntun hefur verið til staðar. Þetta eru þau sannindi sem blasa við. Það er boðið upp á þá kenningu að hér sé fyrst og fremst fulltrúalýðræði og þjóðin hafi nánast ekkert annað vald en að kjósa sína fulltrúa. Þetta er merkileg heimspeki og það er vitnað í stjórnarskrána til að staðfesta þetta.

Ég ætla að vekja athygli á því að eigi að setja forseta Íslands af, sem er heimilt samkvæmt stjórnarskránni, er Alþingi Íslendinga ekki treyst til þeirrar athafnar. Þjóðinni er treyst til þess með einföldum meiri hluta. En það þarf þrjá fjórðu af þingmönnum að samþykkja að slíkt sé gert og þrátt fyrir að þrír fjórðu samþykki það heldur forsetinn velli nema þjóðin í einfaldri atkvæðagreiðslu ákveði að setja hann af. Þetta er það fulltrúalýðræði sem verið er að tala um. Þarna er verið að tala um að valdið sé hjá þjóðinni þar sem það á að vera og hvergi annars staðar.

Mér er fullkomlega ljóst hvaða blekkingaleik var verið að leika hér í dag. Það er verið að reyna að verja þann illa málstað sem mönnum hefur dottið í hug að verja, að koma í veg fyrir að þetta mál fari fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu með einhverjum kenningum um hefðir. Í fyrsta lagi er það grundvallaratriði fyrir þá sem vilja lifa á öld breytinga að gera sér grein fyrir því að ef engu hefði mátt raska í tímans rás og hefðirnar einar hefðu átt að ráða þá væri náttúrlega konungsríki á Íslandi enn þann dag í dag. Það var sama og kristin kirkja taldi vitlegast forðum og erkibiskup Noregs taldi nánast hneyksli að á Íslandi skyldu menn hafa þing en ekki konung yfir landinu.

Auðvitað hljóta þeir fulltrúar sem hér eru inni og trúðu á þann boðskap á sínum tíma að hafa þá skoðun að þetta eigi allt að vera óbreytt. Það er furðulegt að þjóð sem hefur verið að berjast til sjálfstæðis í sjö aldir og verið stig fyrir stig verið að styrkja sína stöðu í þeim efnum á þessari öld, en þó ekki síður á öldinni á undan, og bar málið þá undir þjóðina í atkvæðagreiðslu skuli núna, þegar hún er byrjuð að vinda ofan af, afsala sér sjálfstæði í áföngum sem útflutningsbótum með fiski eða öðrum vörum og þá segi menn: Nú á ekki að spyrja þjóðina. Er það nokkuð skrýtið þó að hæstv. utanrrh. liggi undir þeim ámælum að hann þyngi drykkjuna þessa dagana? Er það nokkuð skrýtið? En ég ætla að segja og það er kannski það eina sem ég ber ekki á hann honum til hnjóðs vegna þess einfaldlega að í einu af þeim góðum kvæðum sem kveðin hafa verið á Íslandi var sagt: Svíktu aldrei ættland þitt í tryggðum. Það er glórulaust svo ekki sé meira sagt að halda því fram að hægt sé að svipta menn jafnmiklum réttindum og menn hafa verið að vinna sér inn í þessu landi og segja svo: Þjóðinni kemur það ekki við þó að þetta sé tekið af. Ég sé að sumir fulltrúar verslunarvaldsins í þessu landi, sem ávallt hafa verið reiðbúnir að selja sálina fyrir silfurpeninga, eru farnir að sussa á sjálfs sín samvisku.

Það er merkilegur hlutur að upplifa það hér og nú að sumir vilja forðast það sem mest þeir mega að fylgja eftir lýðræðisþróun Evrópu. Menn vilja forðast það að fara að fordæmi Dana þegar þeir ákváðu að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu. Menn vilja ekki taka mark á Frökkum með eina elstu lýðræðishefð í álfunni. Nei, menn vilja það ekki. Hér er það boðað kalt og ákveðið: Við gerum þetta. Þetta er uppsegjanlegt með 12 mánaða fyrirvara. Það er bara að segja þessu upp aftur. Er það þá sannleikanum samkvæmt að ef við samþykkjum þetta þurfi ekkert annað að gerast en að segja þessu upp og þá falli allir samningar úr gildi sem gerðir hafa verið á þessu tímabili?

Ef menn tækju nú ákvörðun um að selja Landsvirkjun, það er stefnuskráratriði núv. ríkisstjórnar, segjum að við trúum ráðherrunum, og auðvitað mundu menn ekki selja Landsvirkjun nema á fullu verði og hún yrði keypt af þeim aðilum sem vildu flytja rafork-

una út með streng til Evrópu. Mundi salan ganga til baka ef við segðum samningnum upp? Það er dauðaþögn í salnum og fulltrúi verslunarvaldsins sem situr með hönd undir kinn og sussaði á eigin samvisku á ekkert svar. Hann á svarið en hann vill ekki segja það. Hann veit að salan mundi ekki ganga til baka. Hann andmælir því ekki.

Það liggur ljóst fyrir að sú kenning er alröng að halda því fram að hér sé ekkert að gerast sem ekki sé hægt að segja upp með 12 mánaða fyrirvara. Sumir hlutir verða ekki aftur teknir. Mér er ljóst að Bretland mun hvenær sem er rífa sig út úr samstarfi við Evrópu með vopnavaldi ef þeim sýnist svo. Mér er ljóst að hið sama munu Frakkar gera ef þeir treysta sér til þess. Það hefur reyndar verið sagt um þá þjóð og ég held að það sé í fullu gildi enn að þeir séu lagnari að komast í stríð en að standast þau. En burt séð frá því, hvað verður með hinar smærri þjóðir? Þeim verður haldið til laga. Það er grundvallaratriði að gera sér grein fyrir því að menn eru að afsala sér valdi og það miklu valdi.

Ég hef mjög oft setið úti í allshn. og farið yfir lista þar sem menn hafa farið yfir það hverjir eigi að fá ríkisborgararétt í þessu landi. Þar hefur krafan verið óflekkað mannorð. En nú eru menn að veita mafíuforingjum Ítalíu og öllu því liði fullan rétt á Íslandi á við aðra. Það er aldeilis merkilegt starf sem maður hefur verið að vinna úti í allshn., að sitja yfir því að þurrka þá út sem ekki hafa óflekkað mannorð. Maður skammast sín nánast fyrir að hafa eytt ævinni í þetta eftir að hafa horft á veitinguna miklu, 350 milljón manns fá núna ríkisborgararéttinn með þessu fyrirkomulagi.

Ég hygg að það fari ekkert á milli mála og þurfi nánast ekki um það að hugsa hver niðurstaða þessarar atkvæðagreiðslu verður. Það stendur reyndar hér í ágætri grein að þingmenn séu aðeins bundnir af sannfæringu sinni en ekki reglum frá kjósendum. Það er samt svo að hæstv. ráðherrar telja að þó nokkuð af þingmönnum hér séu hálfgerðar heybrækur. Reyndar var það notað í því tilefni af hæstv. utanrrh. að þetta hefði varðað virðisaukaskattinn. Þar hefði komið í ljós að það var þó nokkuð af heybrókum. Hafi menn verið heybrækur í því máli hallast menn kannski að því að þeir geti verið það í fleiri málum. Vissulega fer ekki á milli mála að staðið hefur verið mjög myndarlega að því að reyna að hræða menn til hlýðni og koma mönnum til að styðja stjórnina og fella þá tillögu sem hér er til staðar. Sá sem hefur ekki meiri trú á sumum þingmönnum í stjórnarliðinu en að þar fari heybrækur er náttúrlega fyrir fram viss um að þetta hefur skilað árangri. En þetta er fyrsta umferð í málinu.

Bretar samþykktu það með þriggja atkvæða meiri hluta að mega taka Maastricht-samkomulagið til umræðu. Hér ræða menn það í fúlustu alvöru að því er virðist að fylkja Íslendingum við hlið Evrópu í því viðskiptastríði sem blasir við í heiminum.

Það hefur verið talað um atvinnuleysi á Suðurnesjum. Eitt af því sem þaðan hefur heyrst er að menn þar vilji fá að vinna rússneskan fisk, þ.e. fisk sem veiddur er af Rússum, að öðru leyti mjög þekkt tegund, þorskur. Skyldi Efnahagsbandalagið ekki bíða fagnandi að kaupa þennan fisk af Suðurnesjum? Nei. Þetta er sko fiskur sem þeir vilja ekki éta í Efnahagsbandalaginu. Þennan fisk verðum við að selja til Bandaríkjanna eða eitthvert annað. Uppruninn er ekki réttur. Meðferðin á rækjunni, 300 millj. kr. sekt handa Íslendingum. Er þetta forsmekkurinn að því sem koma skal? Eru þetta reikningarnir sem sendir verða hingað heim í framtíðinni? En þetta heyrir undir umræðuna þegar til atkvæðagreiðslunnar um frv. kemur, þ.e. hvort við ætlum að samþykkja samninginn eða ekki. Hérna eru menn fyrst og fremst að takast á um þá spurningu hvort það eigi að fara í þjóðaratkvæði eða ekki.

Hæstv. utanrrh. fékk fjármuni til að fræða þjóðina. Hæstv. utanrrh. ákvað að eyða sjálfur fjármunum í þá fræðslu. Hann dreifði þessum peningum ekki til stuðningsmanna eða andstæðinga eða stéttarfélaga eða fjölmiðla. Hann ákvað að eyða þessum peningum sjálfur. Mig minnir að í fjáraukalögunum sé beðið um 60 millj. í viðbót. Spurningin er: Var ekki alger óþarfi að eyða þessum peningum fyrst það þarf ekkert að fræða þjóðina? Hún á ekki að ráða þessu. Auðvitað hefði hæstv. utanrrh. átt að eyða þessum peningum í að fræða þingmenn ef þeir einir eiga að taka ákvörðunina. Eða var í reynd verið að drýgja áróðurspeninga Alþfl. í þeirri styrjöld sem háð er í landinu um áhrif og völd? Fóru peningarnir raunverulega í það? Í það minnsta er uppskeran svo rýr að það er með ólíkindum og langlélegasti árangurinn hefur náðst í því að fræða kratana. Það liggur fyrir. Ég verð bara að segja eins og er, ég efa að hæstv. utanrrh. vilji staðfesta það hér í þessum ræðustól að það sé vegna þess að þeir séu þetta tregari en aðrir, þeir viti minna. Ég trúi því ekki að hann sé þeirrar skoðunar. Þá hafa þeir hlustað verr en aðrir og það vita allir að það var sett fé í sérstaka skoðanakönnun til að rannsaka þetta. Árangurinn varð ekki eins og hæstv. utanrrh. hefði viljað og vegna þess að árangurinn varð ekki eins og hann vildi í málinu segir hann í dag: Þjóðin á ekki að dæma í stærsta málinu sem fyrir hana hefur verið lagt. Hún á bara að vera þolandinn.

Ég verð að segja eins og er að auðvitað hefur núv. ríkisstjórn yfirburðastöðu í fjölmiðlum þessa lands. Hún getur ekki borið það á stjórnarandstöðuna að hún hafi í þessu máli ekki beðið eftir því að flestar niðurstöður væru komnar fram áður en menn fóru fram á sviðið til að taka afstöðu. Samt vitum við ekki enn þá hvað þeir ætla að gera innan íslensku landhelginnar.

Það hefur aftur á móti átt sér stað orusta innan Sjálfstfl. og hún er stórmerkileg vegna þess að þeir hafa með réttu haft í sinni forustusveit í utanríkismálum um árabil ákveðinn þingmann. Þeir treystu honum til að móta Evrópustefnuna með formennsku í Evrópustefnunefnd. Stjórnarandstæðingar hafa stutt þennan þingmann til forustu í utanrmn. en þegar kom að því að keyra þetta mál áfram fór hann að sinni sannfæringu og sinni þekkingu og þeir ákváðu að skipta. En hver skyldi þá vera staðan hjá þjóðinni? Hver skyldi vera staðan hjá Sjálfstfl.? Ætli það sé tilfellið að þessi eini þingmaður hafi yfir helming Sjálfstfl. á bak við sig? Eitt er víst, sá sjálfstæðismaður sem þekktastur er

af yngri sjálfstæðismönnum fyrir að þora að fara eigin leiðir í þinginu hikar hvergi við að stefna á sama veg. Það er ekki skrýtið þó sumir þurfi að forða sér norður yfir heiðar í leit að kjörfylgi vegna þess að þeir hafa ekki haft aðstöðu til þess að brjóta sér ríki þar sem þeir eru. (**Gripið fram í:** Þetta er sýnilega rangt hjá honum.) Nei. Skyldi það vera tilfellið með íslenska íhaldsmenn að þeir hafi aldrei fylgst með því hvað breskir íhaldsmenn hafa verið að gera? Ef sagan er skoðuð, þá vita það allir, hver einasti maður, að á milli forustumanna Sjálfstfl. og leiðtoga íhaldsmanna í Bretlandi hafa oft verið leyniþræðir og stundum býsna sýnilegir. Það hefur aldrei verið á stefnuskrá breskra íhaldsmanna að byggja upp ríki sem miðaði að því að Bretland gegndi þar einhverju aukahlutverki. Þegar núv. forsætisráðherra Bretlands boðar að þeir ætli sér að vera leiðandi aflið til að koma í veg fyrir miðstýringuna í Evrópu, þá er það stór hópur íhaldsmanna sem trúir því ekki að þetta muni ganga eftir. Þessi stóri hópur telur að hér sé um álíka draumsýn hjá breska forsætisráðherranum að ræða og þegar hann trúði því að breska pundið yrði sterkasti gjaldmiðill Evrópu. Mig undrar það, svo ekki sé meira sagt, hversu blindir menn ganga til þessa leiks.

Ein snjallasta öfugmælavísan sem hér hefur verið notuð og er að sjálfsögðu bæði án höfuðstafa og ríms er sú að við megum ekki einangra okkur. Stórhættulegt er að einangra sig, segja þeir. En hvernig einangra menn sig? Menn einangra sig fyrst og fremst á þessum hnetti með því að horfa aðeins á örlítinn blett af honum en ekki hnöttinn allan. Í því felst einangrun. Er Evrópa fjölmennasta svæðið, stærsta svæðið, framtíðarsvæðið, sigursvæði framtíðarinnar á þessari jörð? Hver trúir því? Tvisvar á þessari öld hafa Bandaríkjamenn orðið að koma inn í Evrópu til að taka í hnakkadrambið á því liði sem hefur barist svo heiftarlega innbyrðis að maður efar að nokkur þeirra hafi verið fermdur hvað þá skírður. Það er merkilegt ef þær heimsstyrjaldir sem gengið hafa yfir Evrópu eru árangurinn af öllum kristnidóminum, ég segi ekki annað. Og þó var beðið fyrir leiðtogunum í öllum kirkjum Evrópu á báðum vígstöðvum.

Ég held að þeir séu fáir hér inni sem trúi því að framtíðarsvæðið sem muni sigra sé Evrópa. Ef Frakkar hafa orðið til þess að tryggja það að Evrópa lendir í viðskiptastríði við Ameríku, Japan og Asíu hafa þeir tryggt að það er verið að byggja kínverskan múr fáfræði og hleypidóma utan um Evrópu. Það er nefnilega svo að þó að Bandaríkin skuldi þá skulda þau bara í dollurum. Ef þýski seðlabankinn léti sér detta í hug að selja alla sína dollara mundu Bandaríkjamenn bara fella gengið á dollaranum meðan þeir væru að innleysa þá. Svo einfalt er það mál. Skuldin mundi hrynja vegna þess að þeir mundu einfaldlega flytja út sínar vörur og hinir sitja uppi með sinn iðnaðarvarning fastan á meðan. Það sama veit japanski seðlabankinn.

Aftur á móti er það athyglisvert að í Bandaríkjunum eru nýafstaðnar kosningar þar sem ungir menn komust til valda, ungir menn sem boða framtíð fyrir þetta stórveldi og ætla að ráðast til atlögu við vandamál sinnar samtíðar. Það hefur engin frétt að þar eigi að skipa fortíðarnefnd, frægustu nefnd sem núv. ríkisstjórn hefur skipað og er enn föst í. Það er spurning hvort hún verður laus eftir fjögur ár út úr fortíðarnefndinni eða hvort þá verður farið í að skrifa sögu fortíðarnefndarinnar svo þetta verður framhaldsleikrit. Það er munur á stefnu og markmiðum.

Ég verð að segja eins og er að þeir sem í dag friða sína samvisku með því að þjóðin hafi ekki tíma til að kynna sér þetta mál, friða hana með því að þeir séu sjálfir á kaupi og þess vegna eigi þeir að vinna verkið fyrir þjóðina hafa vissulega flutt hér merka ræðu fyrir vonlausum málstað. Málstað sem þjóðin tekur ekki mikið mark á. Íslenska þjóðin hefur ekki beðist undan því að kynna sér þetta mál, hún hefur ekki beðist undan því að greiða atkvæði um þetta mál. En stórkostlegustu loftfimleikana í þessu máli sýnir þó hæstv. utanrrh. sem fyrst heldur því fram að þjóðin sé ófær um að dæma í málinu, næst heldur hann því fram að þetta sé bara skoðanakönnun og þess vegna í reynd engin þjóðaratkvæðagreiðsla. Þá komum við kannski að þungamiðju þessa máls. Ráðherrarnir eru fulltrúar forsetans sem tekur vald sitt frá þjóðinni. Ef þeir, eftir að þjóðin hefði fellt þetta mál, tækju ákvörðun um að keyra það í gegn á Alþingi yrði forsetinn að sjálfsögðu að meta hvort þjóðin ætti að ráða eða hvort þingið ætti að ráða. Það vald hefur forsetinn. Hvers lags forseta hefði þessi þjóð ef forsetanum dytti í hug að samþykkja slík lög eftir að þjóðin væri búin að kolfella þau? Eru menn að halda því fram að Ísland hafi slíkan forseta? Ég trúi því ekki, ég segi það hreint út, að Ísland hafi slíkan forseta. Ég trúi því að undir þeim kringumstæðum mundi forsetinn að sjálfsögðu gera þessum fulltrúum sínum grein fyrir því að þetta gengi ekki upp. Þjóðaratkvæðagreiðslan er engin skoðanakönnun, hún mundi ráða í þessu máli.

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þykir leitt ef hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson ber ekki meira traust til mín, þar sem við sitjum saman í hv. allshn., en að ég þurfi að láta fínpússa ræður mínar uppi í Valhöll. Ég skil vel að hann reyni að gagnrýna ræðu mína en ég verð þó að segja, þó með mestu virðingu fyrir hv. þingmanni, að mér finnst árangurinn ekki í takt við erfiðið.

Það var rætt um það hér áðan að Alþingi gæti ekki vikið forseta Íslands frá án þess að til kæmi þjóðaratkvæðagreiðsla, samkvæmt stjórnarskrárákvæði. Þetta er að sjálfsögðu algjörlega óskylt mál því forsetinn er kosinn í almennum kosningum og það er ekki eðlilegt að Alþingi geti ógilt slíkar kosningar. Allt öðru máli gegnir um alþjóðasamninga en um þá geta fulltrúar á Alþingi að sjálfsögðu tekið ákvörðun.

Að lokum, eins og hv. alþingismönnum er mætavel kunnugt um vegna þeirra orða sem féllu áðan, þá munu þær reglur sem gilda um íslenskan ríkisborgararétt halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði EES-samningsins.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fullyrti ekki að ræða hv. þm. væri unnin í Valhöll en mér kemur á óvart hversu hv. þm. lætur sér bylt við verða þegar þetta er nefnt. Ég hef ekki talið að það væri neinum til lasts þótt hann leitaði ráðlegginga. Hafi hv. þm. leitað ráðlegginga í Valhöll lít ég ekki á það honum til hnjóðs.

Varðandi samninga er það meginregla að það er forseti Íslands sem gerir samninga við önnur ríki. Það er sagt í 21. gr. stjórnarskrárinnar: „Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til."

Varðandi ríkisborgararéttinn þá liggur ljóst fyrir að það er grundvallaratriði í fjórfrelsinu að allir þegnarnir skuli vera jafnir. Þeir skulu vera jafnir og þar með höfum við vissulega fengið frelsi úti í Evrópu en hinir hafa einnig fengið frelsi hér á landi.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í ræðu hv. 2. þm. Vestf. hefur málflutningur stjórnarandstæðinga að mínu viti risið hæst. Hv. þm. þótti við hæfi að bera utanrrh. þeim brigslum að hann vildi svíkja ættland sitt í tryggðum en færði honum það til afbötunar að landráðamaðurinn væri drykkjusjúklingur og því væntanlega ekki sjálfrátt. Þetta tekur jafnvel fram frægum ummælum hv. 8. þm. Reykn. sem svaraði forsrh. á þá leið að hann væri haldinn skítlegu eðli.

Ég spyr, virðulegi forseti á Alþingi Íslendinga, hver er *málstaður manna* sem lúta svo lágt í málflutningi? Ég viðurkenni það að hverjum þeim sem verður fyrir svo ærumeiðandi brigslyrðum úr ræðustól á Alþingi af manni sem nýtur þinghelgi verður svarafátt og hann á kannski erfitt um varnir. Ég hlýt þess vegna að treysta því að málflutningur af þessu tagi dæmi sig sjálfur og *vísa því* að öðru leyti til forseta hvort hann telst samboðin sóma Alþingis.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkvæmt þingsköpum ber forseta að víta ræðumann strax ef hann hefur sagt eitthvað sagt sem ekki stenst að *megi segja hér í þingsölum*. Í annan stað, ég gat ekkert um það hversu mikið hæstv. utanrrh. drykki. Ég sagði ekki eitt einasta orð um það hvort það væru tvær, þrjár flöskur á ári eða hvort það væri meira eða minna. Ég sagði aðeins „þyngja drykkjuna". Það er dálítið annað og hæstv. utanrrh. metur það sjálfur að *hann hafi staðið mjög tæpt ef það er vonlaust* að hann geti þyngt drykkjuna nema vera drykkjusjúklingur. Ég skil ekki svona röksemdafærslu, mér finnst hún út í hött.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna þess að hæstv. utanrrh. *beindi orðum til* forseta vill forseti taka undir það að vissulega eiga þingmenn sem taka hér til máls að gæta orða sinna í hita umræðunnar og spara sér stóryrðin eða ásakanir í garð hv. þingmanna eða ráðherra. Því miður verður forseti að viðurkenna að þau orð sem hér voru nefnd fóru fram hjá forseta. Ef forseti hefði heyrt hv. þm. segja þessi orð eða gripið þau um leið og þau voru sögðu hefði forseti svo sannarlega gert athugasemd við þau og slegið í bjölluna. Forseti biður því hæstv. utanrrh. velvirðingar á því að hafa ekki tekið eftir þessu og getað gert athugasemdir þar um.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki lagt í vana minn að gera athugasemdir við fundarstjórn hæstv. forseta en ræða eins og hv. 2. þm. Vestf. flutti áðan gefur sannarlega tilefni til þess að spyrja: Hvenær eru ummæli um þingmann eða ráðherra vítaverð?

Eins og hæstv. forseti rifjaði hér upp áðan og reyndar hv. 2. þm. Vestf. þá segir í 89. gr. þingskapalaga að beri þingmaður ráðherra eða þingmanni brigslyrðum eða víki verulega frá umtalsefninu eða með öllu skuli hann víttur, þá skuli forseti víta hann og kalla til hans: „Þetta er vítavert".

Ég tel að þau ummæli sem hér voru áðan viðhöfð gefi sannarlega tilefni til þess að forseti hugleiði þetta mál og svari því eins og hún hefur nú gert að þetta hafi verið vítaverð ummæli. Ég þakka það.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er mjög alvarlegt mál, þótt ekki sé meira sagt, ef hæstv. forseti vill standa á þeirri fullyrðingu sinni að hér geti þingmenn leyft sér að segja ýmsa hluti án þess að forseti fari að þingsköpum og berji strax í bjölluna og láti vita. Það er mjög alvarlegt mál. Það gengur nefnilega ekki að hæstv. forseti taki við pöntunum frá ráðherrum um það hvenær þeir telji að eitthvað sé vítavert sem hér er sagt. Það má vel vera að þung orð séu höfð um ráðherrana, það má vel vera. Það má vel vera að ráðherrar gefi tilefni til þess að svo sé. En það er gjörsamlega vonlaust að búa við það að forseti taki við því sem pöntun frá ráðherrunum hvenær hann vill gera athugasemdir við mál þingmanna eftir að ræða hefur verið flutt. Það er nefnilega skýlaus krafa þingskapanna að forsetinn dæmi það á þeirri stundu sem það gerist. Það er skýlaus krafa þingskapanna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur nú þegar svarað því sem hv. þm. var að tala um og telur ekki ástæðu til að fjalla frekar um það.

Útbýting þingskjala:

Flutningur Rafmagnsveitna ríkisins til Egilsstaða, 213. mál, fsp. KEE, á þskj. 254.

Gengismál, 214. mál, fsp. KEE, á þskj. 255.

Ríkismat sjávarafurða, 43. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 257.

Umhverfismat á virkjunarframkvæmdum á Jökulsá á Fjöllum, 215. mál, fsp. KEE, á þskj. 256.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. felld með 31:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AÓB, EKJ, FI, GB, GÁ, GÞJ, KEE, EMS, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, EL, RA, StG, StH, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvÁ, SalÞ, VE, DH.

1 þm. (EH) greiddi ekki atkv.

3 þm. (ÖS, MB, VS) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða umfangsmesta og afdrifaríkasta milliríkjasamning sem við höfum staðið frammi fyrir og nú á að taka ákvörðun um hvort þjóðinni verður leyft að segja álit sitt á honum. Í mínum augum er þetta fyrst og fremst spurning um lýðræði og að nauðsynlegt er að ekki rofni þau tengsl sem alltaf þurfa að vera á milli kjörinna fulltrúa og kjósenda þeirra. Þjóðaratkvæðagreiðsla er lýðræðislegt tæki sem við getum gripið til þegar um grundvallarspurningar er að ræða. Ég segi því já.

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Enn þá er margt óljóst í sambandi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og hann á eftir að koma til ítarlegrar umfjöllunar á Alþingi. Því tel ég ekki tímabært að taka nú ákvörðun um þjóðaratkvæðagreiðslu um þennan samning og greiði því ekki atkvæði.

Karen Erla Erlingsdóttir:

Virðulegi forseti. Afstaða Austfirðinga er skýr varðandi þessa þjóðaratkvæðagreiðslu. Austfirðingar vilja fá þá umræðu sem yrði undanfari slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu og í kjölfar þess taka afstöðu í þessu mikilvæga máli. Ég treysti þeim vel til þess. Ég tel rétt að leggja málið í dóm þjóðarinnar. Ég segi já.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Flestir eru sammála því að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði sé eitt stærsta mál sem þjóðin hefur staðið frammi fyrir frá stofnun lýðveldisins. Það er því sjálfsögð krafa ASÍ, BRSB, Neytendasamtakanna, bændasamtakanna og fjölmargra annarra að leggja málið í dóm þjóðarinnar. Rúmlega 34.000 kjósendur hafa skrifað undir kröfuna um þjóðaratkvæði. Stjórnarmeirihlutinn virðist ekki þora að leggja samninginn um EES undir dóm þjóðarinnar. Þeir virðast ekki sannfærðir um ágæti hans. Það er sjálfsögð lýðræðiskrafa að þjóðin sé spurð álits um EES-samninginn, að þjóðin sé spurð álits í þessu stóra og afdrifaríka máli. Ég segi já.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Það eru sjö EFTA-ríki sem standa að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Í fjórum þessara ríkja eru ákvæði í stjórnarskrá þar sem krafist er aukins meiri hluta á þingi við framsal valds til alþjóðlegra stofnana. Í Noregi þarf ¾ hluta greiddra atkvæða. Í Finnlandi og Austurríki þurfa tveir þriðju þingmanna að greiða því atkvæði og í Sviþjóð þarf ⅚ hluta greiddra atkvæða. Þar er að vísu umdeilt hvort ákvæðið eigi við í þessu tilviki en sá ágreiningur skiptir ekki máli, því þar liggur fyrir að ⅚ hlutar eru fylgjandi þessu máli. Í tveimur ríkjum, Sviss og Liechtenstein, fer fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Ísland er eina ríkið af þessum sjö þar sem hvorki eru ákvæði í stjórnarskrá um aukinn meiri hluta atkvæða á þingi né ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu í slíkum tilvikum. Hæstv. utanrrh. hefur lýst yfir að þessi samningur sé einn sá veigamesti og örlagaríkasti sem Íslendingar hafa gert. Samt er það ætlun hæstv. ríkisstjórnar að keyra málið í gegn með knöppum meiri hluta án þess að fallist sé á frv. stjórnarandstöðunnar um aukinn meiri hluta og án þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram og það jafnvel þótt endurteknar skoðanakannanir sýni að mjög er óljóst um vilja þjóðarinnar í þessu máli. Hitt er aftur á móti ótvírætt að yfirgnæfandi meiri hluti landsmanna telur rétt að þjóðin fái að fella sinn dóm.

Ég mótmæli vinnubrögðum hæstv. ríkisstjórnar í þessu örlagaríka máli. Ég segi já.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Samkvæmt nýlegri könnun eru um 70% þjóðarinnar því samþykk að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Það er engum samboðið, ekki einu sinni núverandi ráðherrum né fulltrúaráði sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, að halda því fram að þjóðin sé svo fávís að henni sé ekki treystandi til að taka ákvörðun í þessu mikilsverða máli. Í blaðagrein fyrir örstuttu síðan segir hv. 1. flm. þessarar tillögu, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

„Mér er alveg ljóst að ef við förum inn í Evrópskt efnahagssvæði þá er EB inni í þeirri mynd. Mér dettur ekki í hug að halda því fram að þetta sé bara EES og síðan ekki söguna meir. Ég held að þeir stjórnmálamenn sem það fullyrða séu annaðhvort að blekkja sjálfa sig eða aðra."

Ég vona að orð þessa þingmanns opni augu þings og þjóðar fyrir þeirri örlagaferð sem hér er verið að undirbúa. Þau hafa a.m.k. auðveldað mér að taka ákvörðun í þessu máli.

Virðulegi forseti. Hér er um svo stórt mál að ræða að þjóðin öll á að fá að kveða upp sinn dóm. Því segi ég já við þeirri tillögu sem hér er til umræðu.

49. FUNDUR

mánudaginn 9. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, þáltill., 100. mál, þskj. 117. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, þáltill., 132. mál, þskj. 152. — Fyrri umr.
3. Sjóður til að styrkja efnilega íþróttamenn, frv., 154. mál, þskj. 176. — 1. umr.
4. Lánasjóður íslenskra námsmanna, þáltill., 155. mál, þskj. 177. — Fyrri umr.
5. Vegáætlun 1992, stjtill., 190. mál, þskj. 220. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dagsett 5. nóv. 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir að 1. varaþingmaður Alþfl. í Vestf., Pétur Sigurðsson, forseti Alþýðusambands Vestfjarða, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir bréfið ritar Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.

Pétur Sigurðsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er nú boðinn velkominn til starfa.

Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, frh. fyrri umr.

Þáltill. GunnS og SigG, 100. mál. — Þskj. 117.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, DH, EH, EKG, EL, EKJ, FI, GuðjG, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SP, StB, SvÁ, VS, ÖS.

26 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, EGuðn, EMS, FrS, GHH, ISG, JóhS, JónS, JVK, KEE, KE, MF, MB, ÓE, PS, RA, RG, SigG, SAÞ, StG, StH, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til sjútvn. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, DH, EH, EKG, EL, EKJ, FI, GuðjG, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PS, SalÞ, SP, SvÁ, SvG, VS, ÖS.

23 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, EGuðn, EMS, FrS, GHH, JóhS, JónS, KEE, KE, MF, MB, ÓE, RA, RG, SigG, SAÞ, StG, StH, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, fyrri umr.

Þáltill., SvG og KHG, 132. mál. — Þskj. 152.

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil láta í ljós sérstaka ánægju yfir því að formenn stjórnarflokkanna skuli báðir vera viðstaddir við upphaf þessarar umræðu og vonandi meðan hún fer fram vegna þess að hér er verið að fjalla um mál sem snertir auðvitað stjórnarflokkana og pólitíska stefnu þeirra mjög mikið. Það má auðvitað halda því fram með ákveðnum hætti að að nokkru leyti sé hið alvarlega atvinnuleysi sem þjóðin stendur núna frammi fyrir afleiðing af þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að reka, stefnu afskiptaleysis og aðgerðarleysis í atvinnumálum og stefnu sem hefur birst annars staðar í fjöldaatvinnuleysi í stórum stíl, m.a. í Bandaríkjunum, Bretlandi og víðar, stefnu sem þeir hafa kosið að innleiða á Íslandi á sama tíma og slíkri stefnu hefur verið hafnað í öðrum löndum að undanförnu. Þess vegna er það mjög nauðsynlegt að þeir hæstv. ráðherrar sem bera ábyrgð á framkvæmd stjórnarstefnunnar séu viðstaddir umræðuna.

Sú tillaga, sem hér liggur fyrir um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, er sú fyrsta sinnar tegundar sem flutt er á Alþingi Íslendinga. Ástæðan er auðvitað sú að það hefur ekki áður verði bein þörf á að fjalla um afleiðingar atvinnuleysis með sama hætt og nú er.

Auk mín flytur tillöguna hv. 5. þm. Vestf. Í tillögunni er farið yfir nokkra liði sem við teljum óhjákvæmilegt að verði rannsakaðir í þeirri könnun sem við gerum ráð fyrir að fari fram.

Í fyrsta lagi segjum við að nauðsynlegt sé að í rannsókninni verði leitast við að leiða fram upplýsingar um áhrif atvinnuleysis á almenn kjör barna, kvenna, unglinga og annarra hópa sem atvinnuleysið kemur sérstaklega við. Það er auðvitað alveg ljóst að atvinnu-

leysið kemur sérstaklega hart við þessa hópa, t.d. unglingana sem núna geta ekki gengið að því vísu að fá atvinnu. Fjöldinn allur af þessum unglingum er fólk sem af einhverjum ástæðum hefur hrökklast út úr framhaldsskólakerfinu. Það gat áður treyst því að geta fengið vinnu en getur það ekki í dag.

Hér er með öðrum orðum um að ræða jarðveg fyrir stórfelld félagsleg vandamál. Alþjóðlegar kannanir sem hafa verið gerðar á atvinnuleysi og áhrifum atvinnuleysis hafa sýnt að einmitt þessi hópur er sérstaklega viðkvæmur fyrir margvíslegum félagslegum vandamálum eins og fíkniefnaneyslu og öðrum hliðstæðum vandamálum, vandamálum sem eru með þeim hætti að þau verða kannski aldrei leyst ef þau verða á annað borð til í lífi þessara einstaklinga. Þess vegna er mjög mikilvægt að á þessum málum verði tekið sérstaklega í þessari rannsókn. Þess vegna eru börn, unglingar og konur sérstaklega nefnd hér sem hópar sem þurfi að kanna.

Þá er í öðru lagi gert ráð fyrir að kannað verði sérstaklega hvaða áhrif atvinnuleysi hefur á heilsufar fólks og skólagöngu. Það er augljóst mál og hefur margoft komið fram á undanförnum árum að ein meginástæðan til þess að Íslendingar hafa búið við jákvæðari heilsufarstölur en flestar aðrar þjóðir hefur verið sú staðreynd að hér hefur verið full atvinna.

Ólafur Ólafsson landlæknir hefur á undanförnum árum aftur og aftur sent frá sér greinargerðir og skýrslur þar sem hann hefur haldið því fram að ein meginástæðan til þess að Íslendingar hafa náð að lifa sæmilega góðu lífi og aðeins lengur en margir aðrir sé sú staðreynd að hér hafa menn haft fulla atvinnu. Hér hafa menn alltaf haft eitthvað fyrir sig að leggja. Það er ekki nokkur vafi að hin niðurbrjótandi áhrif atvinnuleysisins spilla heilsu, valda heilsufarserfiðleikum hjá viðkomandi einstaklingum og þess vegna er þessi þáttur nefndur hér.

Í þriðja lagi er nefnt að það þurfi að kanna sérstaklega hvaða áhrif atvinnuleysið hefur á áhrif neyðarathvarfa af ýmsu tagi og skyldra stofnana. Það á t.d. að mínu mati að kanna hvaða áhrif atvinnuleysið hefur á rekstur meðferðarheimila áfengissjúklinga. Getur verið að aukið atvinnuleysi þýði aukna þörf fyrir meðferð áfengissjúklinga? Svar fræðimanna á þessum sviðum er alveg tvímælalaust já, eins og komið hefur m.a. fram í skýrslum frá landlækni. Það hefur einnig komið fram að þörf atvinnuleysingja fyrir stuðning birtist t.d. hjá stofnunum eins og Hjálparstofnun kirkjunnar. Það hefur aldrei áður gerst að viðlíka fjöldi fólks hafi leitað til Hjálparstofnunar kirkjunnar vegna persónulegra erfiðleika eins og gerist einmitt um þessar mundir. Það er talað um að sá fjöldi sem leitar til Hjálparstofnunar kirkjunnar um þessar mundir sé margfaldur á við það sem var í fyrra og hittiðfyrra.

Þá er í tillögunni gert ráð fyrir að það verði kannað sérstaklega hvaða beinn og óbeinn kostnaður leggst á þjóðfélagið vegna atvinnuleysis og sérstaklega skal rekja hve miklir fjármunir tapast í tengslum við atvinnleysi í þjóðarbúinu í heild. Mér vitanlega hefur engin slík könnun farið fram á því. Menn geta út af fyrir sig gefið sér tilteknar tölur. Menn geta t.d. reiknað það út hversu mikil verðmæti í þjóðartekjunum eru á bak við hvern vinnandi mann. Vinnandi menn í landinu eru taldir vera um 130.000 talsins. Það er talið að þjóðartekjur Íslendinga á næsta ári verði um 360 milljarðar eða svo. Með þessu móti má áætla að það sem tapast af fullu ársverki einstaklings fyrir þjóðarbúið, út úr þjóðartekjunum, sé að meðaltali um 3 millj. kr. Ef 3.500 einstaklingar eru atvinnulausir í heilt ár má gera ráð fyrir að tap þjóðarbúsins sé á milli 10 og 11 milljarðar kr. Hér er auðvitað um að ræða gífurlega háa tölu, alvarlegt umhugsunarefni, m.a. með hliðsjón af því að Atvinnuleysistryggingasjóður greiðir í atvinnuleysisbætur á ári með þessum hætti í kringum 3 milljarða kr. ef ég man rétt. Hér er því um að ræða margfalda þá tölu sem greidd er út í atvinnuleysisbætur.

Þá gerum við ráð fyrir því í tillögunni að sérstaklega verði í þessum athugunum unnið að því að gera tillögur til úrbóta á þeim sviðum sem talin eru liggja beinast við að því er varðar fjölgun starfstækifæra, fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í þágu atvinnulausra og þeirra sem standa tæpt á vinnumarkaði, t.d. fatlaðra. Eitt af því athyglisverðasta í sambandi við þróun atvinnuleysisins að undanförnu er að það eru vitaskuld fatlaðir sem verða harðast fyrir atvinnuleysinu og þeim hefur fjölgað mjög verulega, t.d. eru á atvinnuleysisskránni í Reykjavík núna þrisvar sinnum fleiri fatlaðir eða öðrykjar, eins og þeir eru kallaðir samkvæmt flokkun ráðningarstofunnar, en þeir voru í fyrra og í hittiðfyrra.

Í tillögunni er gert ráð fyrir því að við rannsóknina verði haft náið samráð við sveitarfélögin, samtök launafólks og samtök atvinnulausra sem hafa nýlega verið stofnuð. Það er gert ráð fyrir að rannsóknin verði flýtt eins og kostur er og fyrstu niðurstöður hennar birtar fyrir 1. febr. nk. Kostnaður við rannsóknina greiðist allur úr ríkissjóði.

Eins og kunnugt er er atvinnuleysi langstærsta vandamál samtímans í Evrópu og Norður-Ameríku í dag. Ef menn horfa yfir þessi lönd og velta fyrir sér þeim breytingum sem hafa orðið á síðustu árum og áratugum er augljóst að það er atvinnuleysið númer eitt, tvö og þrjú sem setur svip sinn á þróun síðustu ára og er alvarlegasta vandamál samtímans í Evrópu um þessar mundir.

Atvinnumál hafa ítarlega verið rædd á Alþingi í vetur og einnig utan þings eins og kunnugt er m.a. að frumkvæði okkar alþýðubandalagsmanna í sérstakri tillögugerð sem við höfum beitt okkur fyrir. Hins vegar er hér gert ráð fyrir því að rannsókn fari fram á afleiðingum atvinnuleysisins eins og ég hef hér rakið en engar heildarrannsóknir liggja fyrir um þau efni á Íslandi.

Sem fylgiskjöl með þessari tillögu eru birtar nokkrar skýrslur frá Hagstofu Íslands, félmrn. og Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar. Atvinnuleysið hér hefur verið þannig þann tíma sem við þekkjum til, sem hér erum, að það hefur varað skamma stund og verið staðbundið. Það hefur verið bundið við sérstakar ástæður sem fólk hefur í raun og veru getað haldið utan um og

áttað sig á af hverju eru. Núna stöndum við frammi fyrir algerlega nýjum hlutum á Íslandi. Eitt það alvarlegasta sem sést af tölum Hagstofu Íslands sem koma fram í þeim fylgiskjölum sem við birtum með tillögunni er sú staðreynd að um 300 Íslendingar hafa verið atvinnulausir í 52 vikur eða lengur. Svo mikið atvinnuleysi í svo langan tíma hjá svo stórum fjölda fólks hefur verið algerlega óþekkt á Íslandi á undanförnum áratugum. Ef svo heldur fram sem horfir getur þessi tala orðið enn þá ljótari.

Aðferð okkar til að taka á vanda atvinnulauss fólks er Atvinnuleysistryggingasjóður. Hann er löngu tómur á þessu ári. Mér er sagt að hann sé farinn að ganga á eignir sínar. Mér er sagt að staðan sé þannig að í ríkisstjórninni hafi menn velt því fyrir sér að ef sjóðurinn eigi að standa undir skuldbindingum sínum verði að skerða bótaréttinn. Það verði að lækka atvinnuleysisbæturnar. Heilbr.- og trmrh. gerði grein fyrir því snemma á síðasta þingi að það yrði að lækka atvinnuleysisbæturnar. Ég tel að það sé einhver dýrmætasti árangur verkalýðsbaráttunnar í síðustu kjarasamningum sem gerðir voru að það tókst að koma í veg fyrir þau áform heilbrrh. og ríkisstjórnarinnar að lækka atvinnuleysisbætur.

Nú er það augljóst mál að Atvinnuleysistryggingasjóður ræður ekki við það verkefni sem gert er ráð fyrir að skapist af atvinnuleysi hér á næsta ári. Þess vegna verður að styrkja Atvinnuleysistryggingasjóð frá því sem hann er nú. Þar bætist svo við að uppi eru af eðlilegum ástæðum kröfur um það að fjöldi annarra einstaklinga, nýrra hópa sem ekki fá atvinnuleysisbætur í dag og ekki greiða í Atvinnuleysistryggingasjóð með hefðbundnum hætti, fái atvinnuleysisbætur. Þar á ég t.d. við sjómenn, trillusjómenn, einyrkja, bílstjóra, bændur, námsmenn og slíka aðila. Hér er um að ræða mjög stóran hóp fólks. Það er talið að til viðbótar þeirri atvinnuleysingjatölu sem við erum hér með upp á 3.500 manns þurfi að gera ráð fyrir því að allt að 1.000 manns í viðbót séu atvinnulausir sem ekki komast inn á þessa hefðbundnu skráningu Atvinnuleysistryggingarsjóðs. Á því þarf að taka.

Ég hef aðeins hér rakið áður í þessari framsögu minni það áfall sem þjóðarbúið verður fyrir og giskað á að tap þjóðarbúsins í beinum verðmætum af atvinnuleysi 3.500 einstaklinga í heilt ár sé á milli 10 og 12 milljarðar kr.

Ég hef ekki farið ítarlega yfir þann vanda sem er í einstökum löndum í kringum okkur sem væri þó ástæða til. Í Finnlandi er atvinnuleysið upp í 15% sem þýðir að annar hver maður verður fyrir áhrifum atvinnuleysis beint eða óbeint í því landi. Í Danmörku eru um 11% vinnufærra manna án atvinnu. Í Svíþjóð er talað um 6%. Í Noregi er talað um 6%. Í flestum Evrópulöndunum er talað um mjög háar atvinnuleysistölur. Menn hljóta að spyrja sig: Er það hagkerfi í lagi sem hendir fólki út með þessum hætti? Er það hagkerfi í lagi sem hafnar fólki sem á yfirleitt ekkert til að lifa af nema það að selja vinnuafl sitt?

Ég tek eftir því að í umræðum t.d. um árangur dönsku hægristjórnarinnar undanfarin 10 ár er talið að hún hafi náð stórkostlegum árangri í efnahagsmálum. Það eru nefndar tölur um viðskiptajöfnuð, halla á ríkissjóði, litla verðbólgu og guð veit hvað. En ég segi: Ríkisstjórn sem skilar 10–11% atvinnuleysi hefur ekki náð árangri í efnahagsmálum. Það er ekki að ná árangri í efnahagsmálum að gera fólk atvinnulaust. Það er misheppnuð ríkisstjórn sem líður það að fólk verði atvinnulaust. Það er alveg sama hvað hún sýnir lágar verðbólgutölur. Það er alveg sama hvað hún sýnir lítinn halla á ríkissjóði. Það er alveg sama hvað hún sýnir lítinn halla á viðskiptum við útlönd. Ríkisstjórn sem sendir fólk í atvinnuleysi þúsundum saman á Íslandi er vond ríkisstjórn. Hún er ekki starfi sínu vaxin og það er ekki jafnvægi í efnahagsmálum, virðulegi forseti, í landi þar sem er atvinnuleysi upp á mörg þúsund manns, upp á fleiri, fleiri prósent vinnufærra manna. Það er ekki jafnvægi í efnahagsmálum. Það er jafnvægisleysi í efnahags- og atvinnumálum. Ríkisstjórn jafnaðarmannaflokks sem á aðild að stjórnarstefnu af þessu tagi og er ábyrg fyrir atvinnuleysinu, atvinnuleysisríkisstjórnin mikla, þarf að athuga sinn gang. Það er ekki rífandi gangur í vinnubrögðum þeirrar stjórnar í efnahagsmálum, svo mikið er víst.

Hvað er verið að gera, virðulegi forseti, með því að fólk verður atvinnulaust? Það er verið að hafna því í þjóðfélaginu. Það er verið að víkja því út úr þjóðfélag hins vinnandi, upprétta og stolta verkamanns. Það er verið að hafna þessum einstaklingum. Ég tel þess vegna algjört forgangsatriði í íslenskum stjórnmálum að ráða bug á atvinnuleysinu þannig að hér verði til ríkisstjórn sem á atvinnustefnu, ríkisstjórn sem á stefnu þar sem eru skráð tiltekin atvinnutækifæri, endurmenntunartilboð og starfsmenntunartilboð. Ríkisstjórn sem líður atvinnuleysi og kemur sér ekki upp neinni atvinnustefnu er ekki starfi sínu vaxin.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni fyrri umr. verði tillögunni vísað til síðari umr. og hv. félmn.

Elín R. Líndal:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft ákaflega mikilvægu máli og vil ég lýsa stuðningi mínum við það. Ég er þeirrar skoðunar að atvinnuleysi sé þjóðfélaginu ákaflega dýrt, bæði beint og óbeint. Það er ekki eingöngu hægt að setja punkt á eftir atvinnuleysisbótunum fyrir þá einstaklinga sem eru svo heppnir í óheppni sinni að eiga rétt á þeim. Það verða líka aukin útgjöld í heilbrigðiskerfinu þegar líkamlegt og andlegt þrek þrýtur hjá þeim aðilum sem búið er að skapa það þjóðfélag að ekki er pláss fyrir þá í atvinnulífinu.

Einn þátturinn er það böl sem fylgir atvinnuleysi, t.d. aukin hætta á upplausn heimilanna, aukin vímuefnaneysla og afbrot. Það er til fólk, t.d. ungt fólk, sem finnst ekkert pláss fyrir það í þjóðfélaginu og fyllist réttlátri reiði. Það gengur um götur og hefur ákaflega lítið við að vera. Aðgerðarleysið brýst út í hinum ýmsu myndum. Það myndast hópar sem hafa ýmis öfgamál sem sérstök baráttumál. Því miður segir það manni að þetta er orðið til í þjóðfélaginu eins og það er núna. Ég tel framtíðarsýn ungs fólks í dag sem er að koma út á vinnumarkaðinn ekki mjög bjarta.

Ég ætla aðeins að koma inn á þáltill. Í tillögunni er segir m.a. að rannsóknin skuli við að leitast við að leiða fram upplýsingar um áhrif atvinnuleysis á almenn kjör barna, kvenna, unglinga og annarra hópa sem atvinnuleysi kemur sérstaklega illa við. Ég tel vanta einn hóp í upptalninguna. Ég tel atvinnuleysi ekki síður hafa áhrif á karlmenn en aðra hópa. Við höfum byggt þetta þannig upp og erum ekki lengra komin en svo að þeir hafa margir enn þá þá trú að þeir séu aðalfyrirvinnur heimilanna. Ég tel því áhrif atvinnuleysis virka mjög niðurdrepandi á þennan hóp. Þess vegna tel ég ekki síður þörf á að þeir séu með í þessari upptalningu einfaldlega á þeim forsendum að ég tel áhrif atvinnuleysis ekki síður vega þungt hjá þeim þó ég taki undir þá skoðun flm. að atvinnuleysi komi mjög illa við þá hópa sem hann telur sérstaklega upp.

Í fylgiskjölum með þáltill. eru atvinnuleysisskráningar. Eins og fram hefur komið kemur hið alvarlega dulda atvinnuleysi, sem til er í þjóðfélaginu, ekki fram í þeim. Stór hópur manna á ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Svo eru líka það fólk sem skráir sig ekki strax þegar það missir vinnuna, meðan fólk trúir ekki að það sé orðið algjörlega atvinnulaust og reynir fyrst að útvega sér atvinnu. Þegar upp er staðið er það búið að tapa niður svo og svo mörgum tímum sem það þarf að skila til þess að eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Þetta safnast mjög fljótt upp og hverja viku eða mánuð sem fólk trúir ekki að það þurfi að fara niður á skrifstofurnar og standa frammi fyrir þessu tapar það tíma.

Þetta er vandræðakerfi sem við búum við og ekki að ástæðulausu sem þetta fólk hefur stofnað sín samtök og er vonandi að það hjálpi þeim sem bágt eiga í þessum málum.

Ég lýsi aftur stuðningi mínum við tillöguna. Ég bind vonir við að rannsókn eins og sú sem hér er lögð til auki skilning manna á aðstöðu þeirra sem atvinnulausir eru og er ekki vanþörf á.

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Öflugt atvinnulíf er undirstaða velferðar í landinu og það er efnahagslegra og fjárhagslegra mikilvægara en nokkuð annað. Á grundvelli þess rís samfélag menningar og mannúðar. Vinnan göfgar manninn og veitir honum gleði. Að hafa góða og trausta vinnu veitir öllum vissa lífsfyllingu, þegar menn finna að það er þörf fyrir vinnuafl þeirra og þeir sjá um leið sjálfum sér og fjölskyldu sinni farborða. Íslendingar hafa ekki þurft að glíma við verulegt atvinnuleysi áratugum saman og við höfum verið mjög stolt af þeirri sérstöðu okkar meðal nágrannaþjóðanna. Unglingarnir okkar hafa getað fengið störf í atvinnulífinu og verið þar alvöruþátttakendur. Það er því afar mikilvægt að þeir fái störf við sitt hæfi þegar þeir koma út á vinnumarkaðinn.

Því miður dynja yfir okkur fréttir alls staðar að af landinu þar sem verið er að segja fólki upp störfum svo tugum skiptir. Því miður virðist sem atvinnuleysið sé að verða viðurkennt sem viðvarandi ástand í landinu þar sem Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir 3,4% atvinnuleysi á næsta ári. En þetta er ekki alvont því við heyrum líka í fréttum að það vanti fólk til starfa víða á landsbyggðinni t.d. á Dalvík.

Atvinnuleysið er áhyggjuefni því það á sér marga drauga sem verður að kljást við. Þessir draugar nefnast vanmáttur, kvíði, ótti og sjálfsfyrirlitning. Það er erfitt að horfa upp á fullfrískt fólk finna fyrir vanmætti sínum og verða að viðurkenna þá staðreynd að það getur ekki lengur unnið fyrir daglegum nauðsynjum, verður að þiggja atvinnuleysisbætur og leita á náðir stofnana þegar allt um þrýtur. Það er því afar mikilvægt að gera sér grein fyrir því hve atvinnuleysið er viðamikið og hverjar afleiðingar þess eru.

Það eru margir óvissuþættir þegar rætt er um tölu atvinnulausra. Má þar nefna dulið atvinnuleysi meðal bændafólks, en engar upplýsingar liggja fyrir um hve marga einstaklinga sé þar að ræða. Bændur eiga engan rétt á atvinnuleysisbótum þrátt fyrir þá staðreynd að síðan 1991 hafa þeir greitt iðgjald af launum sínum. Réttindi og skyldur verða að fara saman og verður því annaðhvort að afnema greiðsluskyldu bænda í Atvinnuleysistryggingasjóð eða veita þeim rétt til bóta.

Við núgildandi búvörusamning um mjólkurframleiðslu undirrituðu páv. fjmrh. og landbrh. bókun þar sem fram kemur að þeir séu sammála um að skilgreina beri rétt bænda til atvinnuleysisbóta og launatryggingar vegna gjaldþrota í samræmi við álagt tryggingagjald. Þó bændafólk sé atvinnulaust getur það hvergi skráð sig atvinnulaust vegna þess að réttur þess til bóta hefur ekki verið skilgreindur. Ættu ekki þeir að eiga rétt til bóta sem hafa hætt búrekstri eða orðið að draga verulega saman starfsemi sína vegna óviðráðanlegra utanaðkomandi orsaka eða þeir sem hafa selt greiðslumark sitt og ekki fengið vinnu vegna samdráttar í þjóðfélaginu, þeir sem hafa selt hluta fullvirðisréttar eða orðið fyrir svo mikilli niðurfærslu fullvirðisréttar að bú þeirra er komið niður fyrir ákveðna lágmarksstærð. Aðeins þeir sem eru í stéttarfélagi hafa rétt til bóta og er það í rauninni einsdæmi meðal lýðræðisþjóðfélaga.

Á landsbyggðinni er einnig töluvert dulið atvinnuleysi meðal kvenna. Nú eru að fara af stað námskeið í öllum kjördæmum á vegum Iðntæknistofnunar sem er allverulega styrkt af félmrn. þannig að kostnaður þátttakenda verður í lágmarki. Markmið þessara námskeiða er að efla og bæta stöðu landsbyggðarkvenna á vinnumarkaði, m.a. vegna þess að konum bjóðast færri atvinnutækifæri en körlum. Það á að benda konum á leiðir til að velja og vinna úr hugmyndum um eigin atvinnumöguleika og gera konum kleift að taka virkan þátt í atvinnuuppbyggingu í heimabyggð og þjálfa þær í markvissum vinnubrögðum og ekki hvað síst að efla þeim sjálfstraust. Konur munu þarna fá hagnýtar upplýsingar um virðisaukaskatt, en hann er þyrnir í augum margra kvenna. Á þessum námskeiðum munu þær einnig fá upplýsingar um sjóði og aðrar hagnýtar upplýsingar.

Atvinnulífið á Íslandi hefur því miður einkennst af kjarkleysi og það er kominn tími til að efla þor og dug með þjóðinni. Við eigum mikla möguleika ef við kunn-

um að nýta okkur þá. Ísland er auðugt land og á að hafa alla burði til að standa undir góðum lífskjörum.

Við höfum borið okkur saman við OECD-löndin sem eru tekjuhæstu þjóðir heims. Í þeim samanburði höfum við dregist aftur úr undanfarin ár og munum halda því áfram ef ekki verður breyting á þeim hægagangi sem *íslenskt atvinnulíf hefur verið í*. Það þarf að setja fram djörf markmið um framþróun í atvinnumálum. Það sem er sýnilegt í dag er nýtt álver, sem mun gefa nokkur hundruð manns störf, og sala á orku úr landi. En við eigum mikla orku óbeislaða í fallvötnum og jarðhita. Talið er að ferðaþjónustan geti á næstunni bætt við sig 2.000 nýjum störfum.

Það er nauðsynlegt að örva nýsköpun og frumkvæði í íslensku atvinnulífi með því að styrkja og efla þá einstaklinga sem hafa yfir að ráða markaðshæfum nýjungum. Við þurfum að nýta okkur íslenskt hugvit og efla með okkur samkennd og þá vitund að velja það sem íslenskt er. Við getum ekki ætlast til þess að aðrir beri virðingu fyrir því sem við höfum upp á að bjóða ef við gerum það ekki sjálf. Við megum aldrei gleyma því að með því að kaupa íslenska vöru erum við að skapa löndum okkar atvinnu og við eigum að hlúa að *því sem fyrir er*.

Athyglisverðar aðgerðir í samvinnu ríkis og sveitarfélaga koma til með að tryggja jafnvel þúsund manns atvinnu. Þessar aðgerðir felast í því að ríkisvaldið hverfur frá því að hætta við endurgreiðslu virðisaukaskatts og sveitarfélögin greiði í staðinn 500 millj. kr. í Atvinnuleysistryggingasjóð sem notaður verður í verkefni á vegum sveitarfélaganna.

Ég hef trú á því að ef við snúum vörn í sókn og hættum öllu bölsýnistali þá muni okkur ganga vel.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Þáltill. fjallar um eitt stærsta vandamálið sem nú er að skapast í samfélaginu, atvinnuleysi. Þrátt fyrir ýmiss konar hremmingar svo sem aflasamdrátt og verðsveiflur á mörkuðum okkar er það fyrst og fremst pólitísk ákvörðun hvort atvinnuleysi verður lítið eða mikið á næstunni. Það skiptir máli hvort stjórnvöld eru reiðubúin til að standa að arðbærum atvinnuskapandi framkvæmdum eða ekki. Ég er ekki bara að tala um vegagerð þegar ég nefni arðbær störf heldur einnig forvarnastarf í heilsugæslu og fleiri velferðarmál. Það vill gleymast allt of oft að fyrirbyggjandi störf innan menntakerfis og heilsugæslu, á leikskólum og víða annars staðar, eru arðbær fyrir allt samfélagið. Þetta er dálítið alvarleg gleymska.

Það er eins og stjórnvöld séu núna fyrst að vakna upp við vondan draum og viðurkenna að sums staðar er ástandið orðið svo slæmt að grípa verður til sértækra aðgerða. Þetta viðurkenndi hæstv. forsrh. í utandagskrárumræðu sem við kvennalistakonur efndum til fyrir tíu dögum um atvinnumálin á Suðurnesjum. Nú er að bíða eftir efndunum. Aðgerða er þörf og það strax.

Það er á ábyrgð stjórnvalda á hvern hátt verður haldið á óhjákvæmilegum samdrætti í fiskveiðum, hvort valin verður ómarkviss gjaldþrotastefna eða álögum létt af fyrirtækjum sem mörg eiga sér lífsvon verði það gert og hvort snúið verður af þessari vonleysisbraut sem við erum á og farið að leggja í rannsóknir, í vöruþróun, í markaðsöflun og farið að byggja upp í stað þess að brjóta niður.

Ef talað er um sérstaklega að létta álögum af fyrirtækjum, *sem ég held að allir séu sammála um* að verði að gera með einum eða öðrum hætti, má það auðvitað ekki gerast á þann hátt að byrðunum verði velt yfir á almenna launþega heldur verða þeir að axla þetta sem efni hafa til. Ekki eru öll fyrirtæki jafnilla stödd. Við megum heldur ekki gleyma því. Það vill því miður gleymast í þessari umræðu. Ég er að tala um hátekjuskatt, lúxusskatt á neyslu, fjármagnsskatt og raunverulegar aðgerðir gegn skattsvikum sem gætu skilað okkur því sem þarf og við eigum ekki að sætta okkur við ... (**Forseti:** Forseti vill biðja um hljóð í salnum á meðan ræðumaður flytur mál sitt.) Ræðumaður tekur undir þetta og þakkar forseta fyrir liðsinnið. Ég var þar komin í ræðu minni að ég var að benda á að við ættum ekki að sætta okkur við að velta enn einu sinni vandanum yfir á láglaunafólkið, þ.e. konurnar með 50.000 kr. í mánaðarlaun. Ég held að þeir sem voru að tala hefðu reyndar alveg eins þörf á að heyra þetta og hverjir aðrir.

Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í að rekja þær hatrömmu deilur sem eru í samfélaginu, a.m.k. innan annars stjórnarflokksins um hvort réttlætanlegt sé að fara svokallaða gjaldþrotaleið í þeirri stöðu sem við erum nú. Mér finnst sú umræða í rauninni fáránleg og sá kostur alveg fráleitur. Hins vegar ætla ég að vekja athygli á því enn og aftur að forsvarsmenn innan ASÍ telja að sú leið geti haft í för með sér gífurlegt atvinnuleysi og heyrst hafa tölur eins og 25% sem er auðvitað stjarnfræðileg tala miðað við það sem við höfum heyrt fram til þessa.

Kostur þeirrar tillögu sem hér liggur fyrir er að í henni er ætlast til að horfst sé í augu við að aukning atvinnuleysis er engin lausn á vandamálum dagsins í dag, heldur fyrst og fremst ávísun á stóraukin vandamál morgundagsins. Rannsóknir á afleiðingum atvinnuleysis á heilsufar, félagslegar aðstæður, fíkniefnaneyslu, afbrot, starfsemi neyðarathvarfa og ýmislegt fleira mun tæplega leiða til annarra niðurstaðna hér en gerist í nágrannalöndum okkar. Líklegt er að ofan á bein fjárhagsleg útgjöld af atvinnuleysi í formi atvinnuleysisbóta, sem ekki allir njóta, bætist gífurlegur kostnaður fyrir samfélagið og varanlegur skaði ef ekki verður eitthvað að gert.

Mér finnst rétt í framhaldi af þessu að benda á atvinnuleysistölur í nokkrum nágrannalanda okkar, ekki síst í ljósi þess að ég held að sumir haldi að nú verði hægt að leysa atvinnuleysisvandann með því að blanda okkar vinnumarkaði enn frekar saman við evrópskan vinnumarkað. Ég held að þetta sé nokkurn veginn eins og menn ætluðu að fara að blanda saman undanrennu og mjólk til að fá út rjóma. Eins og glöggir menn skilja er það ekki hægt. Atvinnuástandið í Evrópu er heldur þunnur þrettándi. Á Ísland hefur það verið í nokkru jafnvægi. Hér hefur ekki verið atvinnuleysi

fram til þessa en nú hyggjast menn bæta við atvinnutækifærum með því að komast í bland við evrópskan vinnumarkað. Það er mér óskiljanlegt. Unga fólkinu okkar er nánast lofað því að spennandi atvinnutækifæri bíði innan EES. Ég hlýt að spyrja: Er verið að tala um Danmörku þar sem atvinnuleysið er um 11% og atvinnuþátttaka fólks á aldrinum 20–24 ára aðeins um 85%? Og þá veit ég ekki betur en litið sé fram hjá þeim sem eru í skóla. Þetta þýðir að þar eru um 15% unga fólksins án atvinnu. Hér er ég ekki með nýjustu tölur heldur staðfestar tölur áranna á undan. Í aldurshópnum 55–59 ára er atvinnuþátttakan um 70%, því við megum ekki bara einblína á unga fólkið. Ekki eru öll þessi 30% sem eru utan vinnumarkaðarins komin á eftirlaun eða veik. Ég trúi því ekki. Þarna er um mikið atvinnuleysi að ræða. Finnland stefnir hraðbyri inn á Evrópska efnahagssvæðið og í faðm EB. Þar er atvinnuþátttakan í aldurshópnum 20–24 ára 75%, þ.e. 25% eru utan vinnumarkaðar. Ef við lítum á eldri aldurshópinn, 55–59 ára, eru liðlega 60% þar sem eru á vinnumarkaði svo næstum 40% eru utan vinnumarkaðar. Ekki eru þeir allir veikir eða á eftirlaunum. Það segir mér heldur enginn.

Ef við lítum á samsvarandi tölur í Englandi, þá er þar um að ræða hátt í 20% fólks á aldrinum 20–24 ára sem er utan vinnumarkaðar og 34% í aldurshópnum 55–59 ára sem eru þá utan vinnumarkaðar. Þetta er sem sagt aðeins dæmi og ég vel alls ekki verstu dæmin. Þó að þessi séu slæm má vissuleg finna verri dæmi.

Við þurfum auðvitað ekki að fara aðra leið en við kærum okkur um sjálf en það þarf að sjálfsögðu að taka pólitíska ákvörðun og snúa vörn í sókn. Ég vil benda á nýútkomna OECD-skýrslu um hvað við verjum litlu í rannsóknir og þróun hér á landi. Ég hefði gjarnan viljað vitna aðeins meira í hana en tími minn er úti og m.a. hefur hluti af þeim tíma farið í að sussa á fólk. Hér gengur að sjálfsögðu ekki að setja fé til rannsókna á Íslandi á uppboð einkavæðingarinnar eða binda það einkavæðingu hvort hér verður efnt til einhverra rannsókna. Ríkisstjórnin virðist ætla sér að fjármagna rannsóknir og nýsköpun með hagnaði af sölu ríkisfyrirtækja. Ég held að við verðum að læra af reynslunni. Veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs áttu t.d. að bjarga öllum hafrannsóknum hér. Það hefur ekki gerst og var aldrei raunhæft. Við verðum að vera manneskjur til að beina fé til rannsókna.

Ég hef lokið því máli sem ég kem hér að en þar sem ég verð nú fyrir truflun veit ég að forseti er mjög umburðarlyndur.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir margt af því sem hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson sagði í ræðu sinni áðan. En ég hnaut um eitt. Ég hnaut um að hún gerði því skóna að aðild okkar að EES, sem í vændum er, mundi í rauninni auka atvinnuleysi hér á landi. Ég get ekki séð þau rök sem hníga að þessu. Ég bendi á það að flest samtök í helstu atvinnugreinum okkar, t.d. samtök í sjávarútvegi og í iðnaði, hafa lýst yfir blessun sinni og velþóknun á EES. Þau gera það vegna þess að þau telja að þetta treysti fyrirtækin í greininni. Þar með er verið að þeirri dómi að treysta atvinnustig í greininni og þar með hlýtur það að skjóta traustari stoðum undir atvinnu í landinu. Hvernig samrýmist það skoðun hv. þm. að aukið atvinnuleysi fylgi í kjölfar EES?

Mig langar líka að spyrja hv. þm. hvernig þessi skoðun hennar samrýmist því að Landssamband ísl. iðnaðarmanna og nú nýlega Iðnnemasambandið hafa lýst fylgi sínu við EES.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. 17. þm. Reykv. hafi að mörgu leyti komið að kjarna málsins er hann lýsti því að menn binda miklar vonir við inngönguna í EES. Ég held að sú tölfræði sem ég fór hér með, sem því miður var rýr, bendi til þess að engin ástæða sé til að binda þær vonir við Evrópskt efnahagssvæði sem óneitanlega er gert. Ég tel að ástæðan fyrir því að menn eru svo vongóðir sem raun ber vitni sé sú að rekin hefur verið mjög einhliða og að mínu mati mjög villandi áróður um þau tækifæri sem opnast okkur innan EES. Sem betur fer er þar áreiðanlega einhver tækifæri að finna. Ég efast ekki um það. En ég held að þegar mörg lönd ætla að leysa sín atvinnuvandamál með því að fara inn á þennan sama yfirfulla markað, bæði með vöru og vinnuafl, hljóti að gæta samdráttar, alla vega að þarna sé ekki það gull að sækja í greipar í formi atvinnutækifæra sem margir vilja vera láta. Með því að endurtaka það nógu oft að EES sé gott án þess að rökstyðja það með nokkrum hætti hefur það orðið að mjög margir eru vongóðir og halda að þarna sé lausnarorðið að finna rétt eins og áður hafi verið fundin upp önnur lausnarorð. Ég vil þó benda á að innan fiskvinnslunnar eru menn með töluverðar efasemdir um hversu gott sé að tengjast Evrópsku efnahagssvæði. Það eru að vísu mjög mörg atriði sem þar spila inn í. Ég vil líka benda á að í nágrannalöndum hefur gagnrýni af svipuðu tagi og ég var með verið mjög hávær.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson að margir binda vonir við EES og þeim fjölgar meira að segja í flokki hv. þm. Ég vek að öðru leyti athygli á því að hún svaraði ekki þeim spurningum sem ég beindi til hennar. Hins vegar er það rétt að hér er e.t.v. ekki um kjarna málsins að ræða en mikilvægt atriði eigi að síður sem þarf að taka til umræðu. Ekki síst vegna þess að í þeirri greinargerð sem fylgir tillögu flm. kemur þessi endileysa líka fyrir. Það er í greinargerðinni á bls. 3.

Ég verð að segja, sér í lagi með tilliti til ræðu þingmannsins áðan þar sem hún taldi nauðsynlegt að við færum að byggja upp hugvit og treysta meira á sérfræði, að ég er sammála henni um það. En sérfræðingarnir í þessum greinum, þ.e. sérfræðingarnir í sjávarútvegi og iðnaði hafa lýst blessun sinni yfir EES. Þeir telja að það treysti fyrirtækin og treysti atvinnuna.

Hvers vegna ekki að fylgja leiðbeiningum þessara þingmanna, hv. þm.?

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru til fleiri sérfræðingar en þeir sem hv. 17. þm. Reykv. vitnar til og það eru ekki allir á einu máli um þetta. Það veit hv. þm. jafn vel og ég. Það er ekki að ástæðulausu að þessi gagnrýna umræða fer fram og ákveðnar varnaðarraddir eru á ferðinni og full ástæða til þess að gæta að sér.

Ég vil líka benda á að það er ekki verið að loka á eitt eða neitt í sambandi við rannsóknir og þess háttar ef við förum ekki inn á Evrópskt efnahagssvæði. Það er þrálátur misskilningur að okkur séu allir vegir lokaðir ef við förum ekki inn á þetta dásamlega efnahagssvæði. Ég hef aldrei almennilega skilið það. Ég held að við getum farið út í rannsóknir, ég held að við getum farið út í þróunarstarf og verslun, við getum sótt á markaði og við getum gert það sem gera þarf og við þurfum að gera það sjálf. Við förum ekki að leita að björgun utan frá. Ef við gerum ekki hlutina sjálf gerist auðvitað ekki neitt. Þetta hlýtur að vera eitthvað sem full ástæða er til að vara við, að menn fari ekki að leita að hjálpræðinu að utan eins og oft hefur verið vitnað í. Þaðan kemur það að sjálfsögðu ekki. Það verður að koma frá okkur sjálfum. Ég held að það sé svolítið hættulegt að bíða bara eftir því að við göngum inn á einhvern markað og þá muni öll okkar vandamál leysast. Því miður eru jafnvel ábyrgustu sérfræðingar sekir um að haga málflutningi sínum þannig að ætla mætti að svo væri. Það er það að sjálfsögðu ekki.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Þessar umræður hafa á marga lund verið fróðlegar og gefa tilefni til íhugunar í mörgum efnum. Auðvitað er það umhugsunarefni að þrátt fyrir það að við höfum búið hér við stöðuga atvinnu og ekkert atvinnuleysi í áratugi skuli Atvinnuleysistryggingasjóður vera jafnveikur og hann er. Maður hefði haldið að áratuga stöðugleiki án atvinnuleysis hefði átt að leiða til þess að sjóðinn hefði mátt byggja upp svo hann gæti fleytt okkur yfir vanda þó að hann stæði kannski í eitt, tvö eða þrjú ár. Það er auðvitað mikið umhugsunarefni.

Þær tölur eru líka umhugsunarefni, vegna þeirrar miklu umræðu um atvinnuleysi sem hefur átt sér stað í þjóðfélaginu, sem hv. 9. þm. Reykv. nefndi um atvinnuleysi annars staðar í veröldinni. Það breytir að vísu ekki stöðunni fyrir okkur en er þó fróðlegt vegna umræðunnar. Eins og flm. benti á er atvinnuleysi í Svíþjóð og Noregi helmingi meira en hér á landi, fjórfalt meira í Danmörku og fimmfalt meira í Finnlandi. Þetta eru auðvitað hrikalegar tölur en segja þó þá sögu að enn er okkar atvinnuleysi sem betur fer með því minnsta sem þekkist hjá þjóðum Vesturlanda. Það eru til dæmi um að minna atvinnuleysi sé í löndum en hér er en enn sem komið er er atvinnuleysi á Íslandi með því minnsta sem þekkist.

Hv. þm. nefndi það jafnframt að menn þyrftu að gera meira í endurmenntunartilboðum og starfsmenntunartilboðum. Ég vek athygli á því og er ekki að gera lítið úr því sem málshefjandi sagði að einmitt í þessum löndum, til að mynda í Danmörku og Svíþjóð, eru slík námskeið og tilboð mjög fyrirferðarmikil, svo fyrirferðarmikil að menn segja sem svo að atvinnuleysistölurnar sem þar eru nefndar ættu í raun að vera miklu hærri. Allt er þetta auðvitað athyglisvert.

Það er ekki eins athyglisvert sem þingmaðurinn sagði að það væri meira og minna vondri ríkisstjórn að kenna. Ég geri ekki ráð fyrir því að við verðum sáttir um það frekar en hitt sem ég segi að ástæðan sé miklu fremur sú að hér hafi ríkt sex ára stöðnun þegar við verðum fyrir þeim ytri áföllum sem við höfum orðið fyrir varðandi fisk, álver o.fl. Það er vegna þess að við höfum búið við þá stöðnun, fækkandi atvinnutilboð en fleira fólki sem þetta áfall verður okkur jafnerfitt og raun ber vitni.

Þrátt fyrir það að atvinnuleysi upp á 2,7–3% sé ekki hátt á vesturevrópskan mælikvarða er það í rauninni ekki það sem við höfum óttast mest og ég hygg að það eigi við um málshefjandann. Við höfum óttast að þetta gæti versnað og vaxið og það er hárrétt sem hér hefur komið fram að það er margt sem bendir til þess að það geti vaxið og versnað. Það er einmitt þess vegna sem menn hafa verið í umræðum, t.d. aðilar vinnumarkaðarins með atbeina ríkisvaldsins og menn binda vonir við það að þær viðræður leiði til niðurstöðu sem geti komið í veg fyrir að þessar tölur þurfi að hækka. Sem betur fer, og það skal þakka, þá hefur það komið fram af hálfu forustumanna stjórnarandstöðunnar að þeir vilja leggja sitt af mörkum til þess að slíkt allsherjarsamkomulag eða sátt megi nást. Ég tel að eftir fund sem var haldinn í morgun með fulltrúum Alþýðusambandsins, Vinnuveitendasambandsins og formönnum stjórnarflokkanna sé ljóst að það styttist mjög í það að niðurstaða náist. Í framhaldi af því tel ég eðlilegt að innan ekki margra daga eigi sér stað á nýjan leik viðræður milli flokka. Alþb. hafði frumkvæði að því, eins og menn vita, að slíkar viðræður hófust milli flokka. Það er þakkarvert og ég tel að eftir fáeina daga sé rétti tíminn til að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið. Reyndar létu forustumenn flokka sem ræddu við mig og formann Alþfl. það í ljósi að þeir væru tilbúnir til þess að taka þráðinn upp þegar sú stund kæmi. Ég tel að sú stund sé einmitt að koma núna á næstu dögum. Ég vildi gjarnan að þetta kæmi fram.

Aðeins vegna þess sem hv. 9. þm. Reykn. sagði, þá er auðvitað ljóst að það er enginn í þessari umræðu eða þeim viðræðum sem yfir standa að velta fyrir sér að leggja byrðar af því sem kynni að verða niðurstaðan í þessu máli á þá aðila sem eru með 50 þús. kr. laun. Það kemur engum slíkt til hugar.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefði verið ánægjulegt ef hæstv. forsrh. hefði getað slegið einhverja nýja tóna hér í umræðunni en því var ekki eð heilsa. Fyrsti punktur hans var athyglisverður. Hann var sá að gagnrýna menn fyrir að hafa ekki safnað í digra sjóði atvinnuleysistrygg-

ingabóta gegnum tíðina til þess að núv. ríkisstjórn gæti einfaldlega ausið upp úr þeim. Það er dálítið merkileg niðurstaða hjá hæstv. forsrh. að það sé eitt aðalvandamálið í sambandi við atvinnuleysið í dag í ljósi þeirra ummæla sem hann hefur haft um sjóði í gegnum tíðina. Þetta er reyndar í fullkomnu samræmi við það að helstu efnahagsúrræði hæstv. ríkisstjórnar fram að þessu, t.d. í málefnum sjávarútvegsins, hafa verið að tæma sjóði frá tíð fyrri ríkisstjórnar samanber útgreiðslur úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins sem hafa haldið sjávarútveginum á floti í ár.

Annað meginefni hæstv. forsrh. í ræðustólnum var að sýna fram á það með tölum að ástandið væri miklu verra hjá öðrum, miklu verra hjá Finnum og fleiri slíkum. Er mönnum þá ekki ætlað að tengja eins og sagt er, að þetta hljóti þá að vera í lagi hjá okkur?

Í þriðja lagi var svo auðvitað forsrh. bundinn við fortíðina, þ.e. sökin liggur í fortíðinni. Það er ekki núv. ríkisstjórn að kenna þótt atvinnuleysi fari vaxandi mánuð af mánuði án þess þess að nokkuð sé reynt til að sporna gegn því. Nei. Þetta er fortíðarvandi.

Þetta var megininntak ræðu hæstv. forsrh. Hann kom svo að því í lokin að e.t.v. yrðu aðilar vinnumarkaðarins svo góðir við hæstv. ríkisstjórn að færa henni efnahagstillögur og kjarasamninga. Þá yrði kannski hægt að gera eitthvað. Ég skora á hæstv. forsrh. að gera betur. Ég skora í fyrsta lagi á hann að koma hér upp og lýsa stuðningi við þessa tillögu því ég held að það sé mikilvægt að það liggi fyrir hvaða viðhorf eru í garð hennar. Í öðru lagi ætti hæstv. forsrh., ef hann vill láta taka mark á sér í þessari umræðu, að koma og segja eitthvað um stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fara inn á þá útúrsnúningabraut og skæklatog sem hv. þm. var á. Ég verð að segja að andsvar hans olli mér vonbrigðum vegna þess að það var ekki í samræmi við þá stefnubreytingu hjá Alþb., að láta einmitt af þess háttar framkomu. Það getur vel verið að það sé aðeins formaður flokksins einn sem ætlar að taka upp þá stefnubreytingu en hv. fyrrv. samgrh. ætli að halda sér við hið gamla lagið.

Hv. þm. sagði að ég hefði verið að harma það og að það væri aðalvandamálið í atvinnuleysinu, eins og þingmaðurinn sagði, að Atvinnuleysistryggingasjóðurinn væri ekki nógu öflugur. Ég sagði að það væri athyglisvert og umhugsunarefni og ég kenndi engum um það ef hv. þm. hefur hlustað að þrátt fyrir það að í áratugi hefði ekki verið neitt atvinnuleysi hér hefði þessi sjóður ekki náðst að byggjast upp eins og hefði átt að gerast. Það er eðli slíks sjóðs. Það eru hreinar hártogarnir og skæklatog af ómerkilegum toga sem hv. þm. nefndi í því sambandi.

Í annan stað tók ég þær tölur sem ég nefndi beint eftir hv. málshefjanda og lagði, held ég út af, með svipuðum hætti og hann — það væri miklu meira atvinnuleysi annars staðar — og tók sérstaklega fram að það bætti ekki böl okkar. Ég tók það sérstaklega fram að engin tenging væri í því sambandi, hv. þm. Hv. þm. hefur því lagt skilning í málið sem lá ekki í málinu.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. kom hér upp og staðfesti það sem ég hafði réttilega eftir honum. Það fyrsta sem hann hafði fram að færa í þessari umræðu voru ummæli hans um að Atvinnuleysistryggingasjóður væri ekki nálægt því nógu öflugur og það væri mikill skaði því að nú þyrfti hann að greiða mikið af atvinnuleysisbótum. Þessi staðreynd verður ekki hrakin. Þetta var það fyrsta og væntanlega það mikilvægasta sem hæstv. forsrh. hafði fram að færa í þessari umræðu.

Varðandi nýjan og gamlan stíl þingmanna hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu mætti ýmislegt um ræða við hæstv. forsrh. við tækifæri. Það er auðvitað alveg ljóst að núv. stjórnarandstaða hefur gagnrýnt hæstv. ríkisstjórn harðlega í þeim tilvikum þar sem hún er gagnrýni verð. Það hefur ekkert breyst, hæstv. forsrh. Það er einhver veraldarinnar misskilningur ef hæstv. forsrh. heldur að búið sé að leggja það af að gagnrýna hæstv. ríkisstjórn þar sem hún stendur sig illa.

Því miður er það þannig að hæstv. ríkisstjórn stendur sig svo víða illa að stór hluti af málflutningi manna hér á þinginu hefur farið í réttmæta gagnrýni á hæstv. ríkisstjórn. Hér er verið að ræða og gagnrýna einn þann þátt þar sem hæstv. ríkisstjórn hefur ekki staðið sig nógu vel, þ.e. hæstv. ríkisstjórn hefur horft á atvinnuleysi vaxa mánuð af mánuði, missiri eftir missiri og er orðið það mesta um áratuga skeið nú án þess að hafa í raun og veru lagt nokkurn skapaðan hlut fram í þeim efnum.

Það var þetta sem ég var að vekja athygli á, að hæstv. forsrh. kaus ekki að nota ræðutíma sinn til þess að lýsa stefnu ríkisstjórnarinnar varðandi vaxandi atvinnuleysi, ekki til að tala fyrir tillögum eða úrræðum, heldur ræddi um fortíðina, um fjárhagsvanda Atvinnuleysistryggingasjóðs og aðra slíka hluti og sökin var allra annarra en hæstv. forsrh. sjálfs og ríkisstjórnar hans.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki að ófyrirsynju að við flm. höfum litið á mál hér út frá atvinnuleysi og þeirri breytingu sem orðið hefur á því á undanförnu ári sérstaklega. Afraksturinn enn sem komið er liggur fyrir þinginu í formi tveggja þingmála. Hið síðara, sem rætt er um, er þáltill. um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis. Fyrra málið sem við lögðum fram var frv. til laga um greiðslufrest á fasteignalánum vegna fjárhagserfiðleika. Málin eru beinar tillögur um viðbrögð vegna vaxandi atvinnuleysis og þeim hörmungum sem af því leiðir.

Fáeinar tölur ættu að varpa skýru ljósi á hversu mjög atvinnuleysi hefur vaxið á tiltölulega skömmum tíma. Það kemur fram að fyrir fáeinum dögum voru liðlega 1.700 manns skráðir atvinnulausir í Reykjavík, 190 manns á Akureyri, 260–270 í Kópavogi og um 214 í Keflavík svo ég nefni nokkra staði. Þessu til við-

bótar er fólk atvinnulaust sem ekki hefur látið skrá sig af ýmsum ástæðum en einkum þeim að það á ekki rétt á bótum. Menn hafa ekki upplýsingar um hvað það er stór hópur en lauslegar athuganir, sem ég veit um að hafa verið gerðar, benda til þess að þessi hópur sé mun stærri en menn höfðu ætlað, eða a.m.k. liðlega 1.000 manns.

Hvort sem sú tala er nákvæmlega rétt eða ekki er ljóst að atvinnuleysi er verulegt og hefur ekki verið svo mikið í annan tíma og jafnvel ekki svo mikið áður. Í fjárlagafrv. kemur t.d. fram að atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu hefur tífaldast á 3–4 árum og á landsbyggðinni hefur atvinnuleysi þrefaldast á sama tíma. Sem dæmi um hraðar breytingar á síðustu 12 mánuðum má nefna að í Reykjavík hefur atvinnulausum körlum fjölgað um 285% og atvinnulausum konum hefur samkvæmt skrám fjölgað um 335% á síðustu 12 mánuðum. Hvort sem mönnum líkar betur eða verr er ljóst að atvinnuleysi tekur stórt stökk í tíð núv. ríkisstjórnar og það er eðlilegt að menn velti því fyrir sér hvort beint samband sé á milli þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin hefur framfylgt og þeirrar aukningar sem orðið hefur á atvinnuleysi.

Samkvæmt því sem fram kemur í fjárlagafrv. virðist hér að einhverju leyti vera um að ræða afleiðingu af stefnu ríkisstjórnarinnar. Í fjárlagafrv. sjálfu er viðurkennt að spáð er auknu atvinnuleysi á næsta ári. Því er spáð að allt að 4.000 manns verði atvinnulausir á næsta ári að meðaltali og atvinnuleysi geti á fyrri hluta ársins farið allt upp í 5.000 manns. Það er spá fjmrh. um stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Það er dálítið merkilegt að sjá þessa spá því í henni felst að ríkisstjórnin er að segja að þrátt fyrir að Íslendingar gangi inn í Evrópskt efnahagssvæði, eins og áformað er, og njóti strax gífurlegs bata og hlunninda á fyrsta ári, eins og sífellt hefur verið haldið fram, er ávinningurinn af EES aukið atvinnuleysi fyrir launafólk í landinu. Það er ávinningur af EES fyrir íslenskt launafólk. Ég held að það sé ekki hægt að orða það skýrar, virðulegi forseti, en fram kemur í fjárlagafrv. sjálfu og forsendum þess hið beina samband á milli stjórnarstefnunnar og atvinnuleysis.

Því má bæta við að aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum getur leitt til þess að atvinnuleysi muni aukast enn hraðari skrefum frá þessum spám ef fram fer sem horfir þar sem menn virðast hafa það að meginmarkmiði að grisja skóginn, fækka fyrirtækjum og láta þau fara á hausinn því það sé ekki annað réttlæti til í veröldinni en að menn fari á hausinn. Látum það svo sem og kyrrt liggja. En hvergi er talað um það af hálfu ríkisstjórnarinnar hvað eigi að gera í þessum byggðarlögum þegar fyrirtækin fara á hausinn. Hvað ætla menn þá að gera til að viðhalda atvinnu á þessum stöðum? Svarið er ekkert. Ríkisstjórnin hefur ekki komið fram með neinar hugmyndir um það sem hún ætlar að gera í sjávarútvegsplássum um land allt þegar það hefur gerst, sem því miður virðist ætla að verða að staðreynd, að fjöldamörg atvinnufyrirtæki í sjávarútvegi fari á hausinn á næstu mánuðum. Ekki mun það bæta atvinnuástandið.

Ég vil svo að lokum benda á eina athyglisverða staðreynd í ljósi þeirrar áherslu sem er í stefnu ríkisstjórnarinnar á hagkvæmni stærðarinnar og nauðsyn þess að hagræða, sameina fyrirtæki og sveitarfélög, og ég veit ekki hvað fleira, að atvinnuleysið í dag er fyrst og fremst í stóru sveitarfélögunum. Það er miklu minna í litlu sveitarfélögunum og í sumum hverjum nánast ekki neitt. Það virðist því vera þrátt fyrir allt að þessi sjávarútvegspláss um landið, sem þykja ekki fínar rekstrareiningar í dag, séu þess bær að veita íbúum sínum atvinnu og jafnvel færari um það en hin stóru sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft þörfu máli og fyllsta ástæða að taka til umræðu á vettvangi Alþingis Íslendinga í dag það böl sem fylgir atvinnuleysinu. Það hefur verið þjóðarstolt okkar Íslendinga um langt árabil að okkur hefur tekist að halda atvinnuleysisvofunni utan dyra. Þetta hefur verið grundvallaratriði í stjórnarstefnu ríkisstjórna svo lengi sem ég hef fylgst með. Það er einfaldlega svo ríkt í þjóðareðli okkar Íslendinga að við höfum tækifæri til að vinna fyrir okkur með eigin höndum. Íslendingar hafa aldrei þolað atvinnuleysi og ég er þess fullviss að þjóðin mun hrinda af höndum sér hverri þeirri ríkisstjórn sem sveigir af þeirri braut varðandi atvinnuöryggi sem hefur verið fylgt á umliðnum áratugum.

Það hefur nokkuð verið rætt hér við hverja atvinnuleysið komi verst. Flm. nefna ákveðna hópa. Nú er það alltaf matsatriði og ég hef fullan skilning gagnvart þeim hópum sem hér eru nefndir. En ég vil þó nefna þann þjóðfélagshóp sem atvinnuleysið er líklega langsamlega sárast fyrir. Það er fólk sem komið er um og á rúmlega miðjan aldur og er farið að horfa fram á það að geta átt rólegri daga og notið frístunda með sínum ástvinum. Ég hygg að atvinnuleysið sé ekki sárara fyrir nokkurn hóp en þennan, ekki síst eins og hlutirnir hafa þróast í dag að það er miklu erfiðara fyrir þennan hóp að fá vinnu aftur en þá sem yngri eru.

Við þessa umræðu hefur einnig verið vakin athygli á því að kerfið sem hér hefur verið byggt upp til þess að lina þeim atvinnuleysið sem fyrir því verða gerir ekki ráð fyrir viðvarandi atvinnuleysi. Það gerir eingöngu ráð fyrir því að atvinnuleysið sé tíma- eða staðbundið, eins og það hefur verið lengst af hér. Þetta er eins konar viðlagahjálp til þess að aðstoða fólk við atvinnuleysi um skamman tíma. Þetta sést m.a. af því að eftir árið detta menn út af atvinnuleysisskrá og hafa þá ekki að neinu að hverfa. Þetta er stórt gat á okkar velferðarkerfi sem annars á að byggjast upp á því að tryggja öllum framfæri.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það þjóðfélagsböl sem getur fylgt í kjölfar atvinnuleysisins. Það hafa aðrir gert hér en ég ætla að lokum að ræða eilítið um hlutverk og stöðu ríkisvalds í atvinnumálum.

Sá sem hér stendur þóttist sjá strax í sumar að hverju stefndi og fór því fram á utandagskrárumræðu um ástandið í atvinnumálum strax á fyrstu dögum þingsins. Það var góð þátttaka í þeirri umfjöllun en það

sem vakti athygli voru þau ummæli hæstv. forsrh. að allt væri á réttri leið, stefna ríkisstjórnarinnar væri að skila árangri og ef menn hefðu úthald og hvikuðu ekki frá settri stefnu mundi þetta allt saman koma af sjálfu sér á næstu mánuðum.

Sú stefna sem hæstv. forsrh. vitnaði til er hin harða hægri peningahyggja sem hann hefur sótt sínar fyrirmyndir til Thatcher í Bretlandi og Reagan/Bush-stjórnarinnar í Bandaríkjunum. Því betur er þetta stjórnarfar á undanhaldi og því betur benti ræða hæstv. forsrh. áðan, sem nú hefur vikið úr þingsal og þykir mér miður að geta ekki rætt þetta beint við hann, til þess að aðilum vinnumarkaðarins sé að takast að koma að einhverju leyti vitinu fyrir hæstv. núv. ríkisstjórn í efnahags- og atvinnumálum. Er það vel og að sjálfsögðu munu stjórnarandstæðingar styðja þá viðleitni ef hún getur orðið til þess að leiða núv. hæstv. ríkisstjórn af þeirri háskabraut sem hún hefur verið á í atvinnu- og efnahagsmálum.

Þrátt fyrir ræðu hæstv. forsrh. áðan bendir því miður flest til þess að enn vanti miklu ákveðnari forustu og leiðsögn ríkisstjórnar í þeim tillögum sem nú er verið að vinna. Þær eru þess eðlis og svo erfiðar að það er einfaldlega ekki hægt að ætlast til þess að aðilar vinnumarkaðarins einir móti þær og beri fram. Það bendir margt til þess í fréttaflutningi allra síðustu daga að til þurfi að koma miklu ákveðnari leiðsögn stjórnmálamanna, miklu ákveðnari leiðsögn ríkisstjórnar en verið hefur fram að þessu.

Virðulegi forseti. Ég hef komið á framfæri þeim atriðum sem ég vildi láta koma fram í umræðunni en ég vil láta það vera mín lokaorð að ítreka það sem ég sagð hér áðan að það er ánægjulegt ef það er að gerast að aðilum vinnumakaðarins sé að takast hægt og bítandi að sveigja ríkisstjórnina að einhverju leyti af þeirri háskabraut sem hún hefur verið á í efnahags- og atvinnumálum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er í alla staði eðlilegt að fram fari á Alþingi Íslendinga alvarleg umræða um atvinnuástandið, eðlilegt að menn lýsi áhyggjum sínum yfir því hvað kunni að vera fram undan og þess væri að vænta að fulltrúar þingflokkanna á Alþingi væru reiðubúnir til þess að reifa hugmyndir sínar um það hvað sé til ráða.

Ég held að við bætum okkur ekki á því að ræða þetta mál á þeim forsendum að ástandið hér á landi sé að kenna vondri ríkisstjórn. Það sé við því að búast að í ljósi einhverrar hægri stefnu, eða ef menn vilja nota aðra frasa, hinnar köldu frjálshyggju, sé ástandið svona slæmt á Íslandi.

Það er staðreynd að ríkisstjórnir á Norðurlöndum hafa á undanförnum árum lagt sig fram um að halda atvinnuleysi lægra en víðast hvar annars staðar í Vestur-Evrópu og yfirleitt tekist það. Það hefur verið markmiðssetning þeirra. Það er vitað að ríkisstjórnir á Norðurlöndum, og þá er ég ekki eingöngu að vitna til jafnaðarmannastjórnanna, hafa rekið mjög virka vinnumarkaðspólitík og beitt margvíslegum ráðstöfunum til að draga úr atvinnuleysi. Þannig er staðreynd ef við lítum til landa eins og Svíþjóðar og Noregs að verulegum fjármunum hefur verið varið til þess að standa undir kostnaði við starfsþjálfun og endurmenntunarnámskeið í því skyni að vinna bug á atvinnuleysi sem verður til við samdrátt í atvinnulífinu.

Hv. frsm. nefndir nokkrar tölur um atvinnuleysi á Íslandi og í öðrum löndum. Nefndar voru tölurnar 5,5% í Noregi, 6% í Svíþjóð, 11–12% í Danmörku, 15% í Finnlandi, og mætti bæta við 20% á Írlandi, og meðaltal í Evrópubandalagslöndunum 9% o.s.frv. Þessar tölur segja ekki annað en það að í samanburði við löndin í kringum okkur er það svo sem betur fer að atvinnuleysi er miklu minna hér á landi en annars staðar. Ætla menn þá að álykta út frá því að það sé vegna þess að ríkisstjórn á Íslandi sé svo miklu betri en annars staðar? Væntanlega ekki. (**Gripið fram í:** Það sækir í verra horf.) Já, já, við höfum af því áhyggjur að það sæki í verra horf. En ef við notum þessa mælikvarða er niðurstaðan sú að sem betur fer þá hefur okkur hér á landi tekist betur en jafnvel í Noregi eða Svíþjóð að verjast atvinnuleysinu.

Ég geri ekki kröfu til þess fyrir hönd ríkisstjórnar eða stjórnarflokka að stjórnarandstæðingar komi hér upp og hæli ríkisstjórninni af þeim sökum vegna þess að þetta er ekki meginatriði málsins. Við bætum okkur ekki á því að ræða það á slíkum samanburðargrundvelli út af fyrir sig. Hinar eðlilegu spurningar eru þessar: Atvinnuleysið og horfurnar á vaxandi atvinnuleysi á Íslandi eru ekkert sérstakar fyrir Ísland. Við verðum að átta okkur á því að Ísland er partur af hinu alþjóðlega hagkerfi. Við höfum orðið fyrir sérstökum áföllum en þjóðirnar í kringum okkur hafa orðið að una því að atvinnuleysið þar er nú þegar orðið miklum mun meira. Þegar skyggnst er bak við tölurnar t.d. í Skandinavíu, þ.e. í Noregi og Svíþjóð, hafa menn rökstutt það mat að atvinnuleysi sé í raun og veru milli 8 og 9% ef fullt tillit væri tekið til þess sem lagt er fram af hálfu stjórnvalda í formi starfsþjálfunar.

Spurningin er út af fyrir sig ekki þessi: Vond eða góð ríkisstjórn? Spurningin er: Hver eru úrræðin? Þá held ég að menn bæti sig heldur ekki á því að búa til einhverja einfalda svarthvíta mynd og segja sem svo: Annars vegar eru þau sjónarmið að gera ekki neitt. Hver maðurinn á fætur öðrum hefur leyft sér að láta í ljós það mat sitt að hér sé ríkjandi af hálfu stjórnvalda sú stefna í atvinnumálum að hafast ekki að. Þeir sem til þekkja í íslensku atvinnulífi vita auðvitað að þetta er fjarstæða. Af þeirri einföldu ástæðu að hlutur hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, í íslensku atvinnulífi er mikill og má nefna mörg dæmi um það. Við skulum taka sem dæmi að það er sérstaða í íslensku atvinnulífi að fjármálakerfið, og á það bæði við um banka og sjóðakerfi, er yfirleitt í opinberri eigu og rekið á ábyrgð ríkisins. Hlutfall ríkisábyrgða vegna fjárfestinga í atvinnulífi er gríðarlega hátt. Þannig má mæla í milljörðum og aftur milljörðum beint framlag hins opinbera til atvinnustefnu á Íslandi. Meira að segja í mörgum tilfellum langt umfram það sem tíðkast hjá öðrum þjóðum.

Til eru þeir menn, sjálfskipaðir talsmenn hluta atvinnulífsins, sem hafa komið fram með kröfur um að þessi vandamál eigi að leysa með meiri háttar gengisfellingu. Það er kjarni málsins að fulltrúum stjórnarflokkanna, fulltrúum ríkisstjórnarinnar og fulltrúum aðila vinnumarkaðarins flestöllum ber saman um að nú beri okkur að taka höndum saman til að koma í veg fyrir að til slíks óráðs verði gripið. Það er auðvelt að sýna fram á að gengisfelling við þessar kringumstæður gerir ekki einasta illt verra heldur yrði beinlínis til að ríða baggamuninn um það að kollvarpa þeim skuldugu fyrirtækjum sem verst eru sett á Íslandi.

Þær aðgerðir sem nú eru til umræðu milli aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda og ræddar verða þegar þar að kemur áfram við fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna snúast um að varðveita þann árangur sem náðst hefur á undanförnum árum í íslensku efnahagslífi. Að varðveita þann árangur sem felst í stöðugleika til frambúðar. Að varðveita kosti þess að hafa hér lægri verðbólgu en í öðrum löndum. Að gera betur en okkur hefur tekist að svo stöddu í að styrkja þennan stöðugleika með aðhaldsaðgerðum í ríkisfjármálum. Um það snúast þessar aðgerðir. Fyrir utan að beita verður sérstökum sértækum aðgerðum til að ráðast að rótum vandans sem er uppsafnaður skuldavandi sjávarútvegsins frá fyrri tíð.

Við erum með öðrum orðum á sama báti og þjóðirnar í kringum okkur. Ef við lítum á það sem jákvætt er og það sem neikvætt er sjáum við að á suma mælikvarða hefur okkur tekist betur en öðrum. Það er vegna þess að atvinnuleysið er hér lægra en annars staðar. Það er vegna þess að verðbólga er hér lægri en annars staðar. Það er vegna þess að innbyggður hallarekstur í ríkisbúskapnum er þrátt fyrir allt minni hér en t.d. í þeim löndum sem við þurfum helst að bera okkur saman við. Ég skal nefna sem dæmi Svíþjóð þar sem stefnir í að halli í ríkisbúskapnum á árinu 1992 nemi um 180 milljörðum kr. og sé yfir 7% af þjóðarframleiðslu. Við erum að basla við 6 milljarða halla, sem er of hár, og hlutfallstölur 1,5–2,5% af þjóðarframleiðslu, svo ég nefni viðmiðun.

Það sem nú þarf að gerast er að það takist sem allra víðtækust samstaða meðal þjóðarinnar um að varðveita þann árangur sem náðst hefur og um að koma því til skila að menn mega ekki vanmeta þennan árangur. Menn mega ekki fórna honum í nafni einhverra heilagsandahoppara sem halda að þeir geti leyst þessi vanamál með patentlausnum og allra síst þeirra sem boða fortíðarúrræðin um gengisfellingu þegar vandinn er fyrst og fremst þessi: Við erum í samdrætti í hinu alþjóðlega hagkerfi. Það bitnar á okkur. Í annan stað erum við með sérstakt vandamál í sjávarútvegi sem er fyrst og fremst í því fólgið að sá afli sem á land berst, og ég er ekki bara að vitna til aflaheimilda heldur raunverulegra veiða, er miklum mun minni en hann var fyrir fáeinum árum síðan. Og skyldi engan undra að það reyni á í atvinnulegu tilliti þegar slíkt ástand bætist við samdráttarskeið sem búið er að standa í fimm ár og er einfaldlega að rekja til þess að við erum komin yfir endimörk vaxtar í sjávarútvegi og okkur hefur ekki tekist að ná fram þeim lausnum sem við stefndum að sem var að semja við erlenda fjármagnseigendur um nýtt átak í virkjunarmálum og nýja álbræðslu á Íslandi.

Ef hvort tveggja væri til staðar, þ.e. að ekkert sérstakt vandamál væri við að fást í sjávarútvegi, þ.e. ekki hefði orðið þessi raunverulegi aflabrestur, eða að tekist hefði að ná þeim samningum sem við stefndum að en raunverulega hafa frestast vegna samdráttarins í hinu alþjóðlega hagkerfi, þá væri ekkert atvinnuleysisvandamál við að fást á Íslandi. Þá væri reyndar enginn meðaltalshalli í sjávarútvegi heldur.

Þetta eru vandamálin. Við þeim verður ekki brugðist með gengisfellingu. Það sem við erum að ræða um er sameiginlegt átak með hugsun til framtíðar um að lækka kostnað fyrirtækja og atvinnulífs með því að létta af þeim ýmsum launatengdum gjöldum og sköttum, að styrkja síðan forsendur stöðugleika í gengi með styrkari stöðu í ríkisfjármálum og í þriðja lagi með því að ná samstöðu um hlut sem frestað hefur verið í mörg mörg ár í íslenskum þjóðarbúskap, þ.e. að ráðast að rótum vandans varðandi skuldastöðu sjávarútvegsins, sem er hinn raunverulegi akkilesarhæll, versta og illviðráðanlegasta vandamálið sem við er að fást. Í fjórða lagi að hugsa til framtíðar um hvað við getum gert sameiginlega á vettvangi stjórnsýslu, ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífs til að draga úr óþarfa kostnaði við yfirbyggingu. Hvort heldur það er með því að ná samkomulegi um að hraða áformum um fækkun sveitarfélaga og stækkun þeirra og fylgja því eftir t.d. með aðgerðum til að fækka og stækka lífeyrissjóði. Þannig mætti lengi telja þegar við lítum á hið opinbera kerfi á Íslandi.

Umræða sem snýst um rétta skilgreiningu á vandanum og jákvætt hugarfar gagnvart þeim leiðum sem færar eru út úr honum er af hinu góða. En umræða með gagnkvæmum ásökunum um að þetta sé allt einhverjum flokknum að kenna verður engum að gagni.

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það athyglisverðasta við ræðu hæstv. utanrrh. — ég þakka honum fyrir að taka þátt í umræðunum — var það sem hann nefndi ekki. Hann rakti vandann, gerði það skilmerkilega og að mörgu leyti vel. Hann rakti þær lausnir sem hugsanlegt væri að grípa til og hvaða vonir gætu blasað við landsmönnum sem lausn á þessum stóra vanda. Það sem hann nefndi ekki var Evrópskt efnahagssvæði. Það er í fyrsta sinn sem núv. hæstv. utanrrh. talar um framtíðina án þess að tengja hana endilega við Evrópskt efnahagssvæði. Það er fagnaðarefni að hann skuli gera sér grein fyrir því að að því er varðar Evrópskt efnahagssvæði sem lausn á vandanum hefur hann einmitt verið heilagsandahoppari. Hann hefur líka verið heilagsandshoppari varðandi fleiri hluti, t.d. það að sameining sveitarfélaganna leysi vandann.

Málið er ekki þannig. Málið snýst um hvort við getum hér eins og annars staðar með þjóðinni komið okkur saman um sameiginleg markmið í þeim átökum og verkefnum sem fram undan eru. Að mínu mati eiga

markmiðin í efnahags- og atvinnumálum að vera fjögur. Í fyrsta lagi að tryggja aukna atvinnu. Í öðru lagi að koma í veg fyrir aukna erlenda skuldasöfnun. Í þriðja lagi að stuðla að stöðugleika í gengismálum og í fjórða lagi að verja velferðarkerfið. Það er höfuðatriði að mínu mati ef menn ætla að ganga í þetta verk að velferðarkerfið verði varið líka.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get út af fyrir sig verið sammála hv. síðasta ræðumanni um þau markmið sem við eigum að setja okkur. Yfirleitt er það ekki vandinn í pólitískri umræðu hvort menn eru sammála um markmið. Pólitískur ágreiningur er yfirleitt allur um leiðirnar. En þegar hv. þm. fagnar því að ég nefndi ekki til þessarar sögu í stuttri ræðu áðan samninginn um Evrópska efnahagssvæðið er því til að svara að sumir hlutir eru sjálfsagðir hlutir og þarf ekki að endurtaka þá í síbylju. Að sjálfsögðu er það svo, eins og fram hafði komið í umræðunum áður, að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er það sem við höfum í hendi um ný tækifæri til vaxtar og þróunar í íslensku atvinnulífi. Þetta er öllum ljóst og þarf þess vegna ekki að endurtaka.

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Það er rangt hjá hæstv. utanrrh. að alltaf sé samstaða um markmið. Það er vandi íslenskra stjórnmála að hæstv. utanrrh. og formaður Alþfl. skuli ekki hafa skilið það. Það er ágreiningur um markmið. Það er t.d. ágreiningur um það höfuðmarkmið, sem ég nefndi áðan að hljóti að vera inntak átaks í efnahags- og atvinnumálum á næstu missirum og mánuðum, að verja velferðarkerfið. Hæstv. utanrrh. hefur ævinlega dregið það undan þegar um þau mál hefur verið fjallað. Þess vegna tel ég að ef hann er sammála þeim markmiðum sem ég nefndi áðan öllum í senn, sem auðvitað setja okkur ákveðinn vanda og skapa okkur erfiða stöðu að mörgu leyti og flókna, þá skipti það í raun og veru mjög miklu máli að hann hafi lýst því yfir og svo líka það að hann skuli vera orðinn þreyttur á að endurtaka sönginn um EES í síbylju.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er enginn ágreiningur um þau orð hv. síðasta ræðumanns að verja velferðarkerfið. Menn eru hins vegar ekki á einu máli um hvernig það skuli gert. Svo ég taki dæmi eru allir sem að þessum málum koma og hugleiða þau í alvöru sammála um að ef við ætlum að ná markmiðunum, sem hv. þm. nefndi, um að varðveita stöðugleika og lága verðbólgu, þá verður að grípa til aðgerða í ríkisfjármálum. Þetta vita allir. Það gengur ekki að setja sér það markmið að hafa stöðugleika í gengi en vera síðan með allt niður um sig í ríkisfjármálum. Það gengur ekki að setja sér það markmið að hafa stöðugleika í gengi og stöðugleika í verðlagi ef niðurstaðan í ríkisfjármálunum yrði 25 milljarða halli.

Með öðrum orðum leiðir af þessari samstöðu að menn eru sammála um að það verður að taka út úr ríkisbúskapnum sjálfvirkan útgjaldavöxt. Það getum við gert hvort heldur er á sviði landbúnaðarmála eða á sviði svokallaðra velferðarmála og um leið styrkt velferðarkerfið vegna þess að velferðarkerfið verður að hvíla á traustum fjárhagslegum grundvelli. Munurinn er bara í því fólginn hvort menn vilja í hreinskilni viðurkenna raunsæi í þessum málum eða láta sér nægja að fara með orðakonfekt.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Margt bendir til þess að hæstv. forsrh. og utanrrh. hafi orðið fyrir verulegum áhrifum á fundi með aðilum vinnumarkaðarins í morgun. Í það minnsta kveður við nokkuð annan tón hjá þeim báðum í umræðunni í dag og er það vel. Það hefði verið athyglisvert — ég vil benda hæstv. utanrrh. á það — ef hæstv. forsrh. hefði hlustað á lýsingu utanrrh. á ástandinu í okkar þjóðarbúskap, því ástandi sem hæstv. forsrh. lýsti með miklum stóryrðum sem þeim fortíðarvanda sem núv. ríkisstjórn hefði tekið við. Nú ber svo við að hæstv. utanrrh. lýsir því fyrir okkur að við stöndum á margan hátt mun betur en aðrar þjóðir. Það er minni verðbólga, það er minna atvinnuleysi og það er minni innbyggður halli í ríkisbúskapnum. Hvaðan skyldi þessi arfur vera, hæstv. utanrrh.? Skyldi hann ekki vera frá þeirri ríkisstjórn sem fór frá fyrir hálfu öðru ári og m.a. hæstv. ráðherra sat í?

Því miður fór hæstv. ráðherra aðeins út af brautinni, lenti aðeins í heybrókarstílnum og fór að tala um heilagsandahoppara sem hefðu á takteinum patentlausnir. Nú vil ég biðja hæstv. utanrrh. að skilgreina það fyrir okkur hverjir heilagsandahopparnir eru.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Heilagsandahopparar eru þeir menn sem hæst kyrja í gengisfellingarkórnum.

Hv. þm. vakti athygli á því að ég hefði nefnt til sögunnar nokkra þætti sem eru jákvæðir varðandi efnahagsástand á Íslandi samanborið við önnur lönd og spurði: Hverjum er það að þakka? Má ég nefna dæmi?

Núv. ríkisstjórn hófst handa um aðgerðir í ríkisfjármálum. Þær lýstu sér í því að grípa til aðgerða sem sættu mikilli og þungri gagnrýni stjórnarandstæðinga og voru taldar óþarfar og bera vott um helst illt innræti þeirra sem stjórnina leiddu. Þessar aðgerðir voru um það að spara ríkisútgjöld, taka upp í nokkrum mæli þjónustugjöld og draga úr greiðslustraumum frá ríkinu og snerust á fyrsta ári ríkisstjórnarinnar um um það bil 14 milljarða kr. Ef ekki hefði verið gripið til þessara aðgerða sem og þeirra aðhaldsaðgerða sem þó má finna í núv. fjárlagafrv. má slá því föstu að innbyggður halli í ríkisfjármálum væri á bilinu 20–25 milljarðar.

Þetta er dæmi um að þarna var af skammsýni sagt: Þetta eru þarflausar aðgerðir. Á þeim þurfti ekki að halda. Nú ber öllum saman um að þetta voru nauðsynlegar aðgerðir en gagnrýnin er öfug. Hún er um að ekki hafi verið gengið nógu langt.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég man ekki betur en þeir sem kölluðu á gengisfellingu hafi heitið heybrækur í síðustu viku. Það fer því að verða skrautlegur nafnalisti yfir þá. (**Gripið fram í:** Það voru menn úr Sjálfstfl.) Það eru reyndar sömu menn ef þú skoðar grannt málflutning þeirra, hv. 8. þm. Reykn.

En varðandi gengisfellinguna vil ég benda á að ég held að sá kór, sem kallar á gengisfellingu, sé hvorki stór né hávær en það er hins vegar annar hópur manna, hæstv. ráðherra, sem bendir á að verði ekki gripið til róttækra aðgerða í efnahagsmálum sé gengið fallið og þá verði ekki undan því vikist að skrá það miðað við þær aðstæður sem þá verða komnar upp.

Í öðru lagi hvað varðar hallann á ríkissjóði þá voru aðgerðir ríkisstjórnarinnar gagnrýndar á síðasta vetri og margt bendir til þess að sú gagnrýni hafi verið á rökum reist því þau markmið sem sett voru hafa ekki náðst. Ég bendi hæstv. ráðherra líka á það að það er algjörlega út í hött að tala um tilefni til 25 milljarða halla. Það lá alveg ljóst fyrir að hvaða ríkisstjórn sem hefði tekið við hefði þurft að taka á fjárlagavandanum og ég er þess fullviss að fyrri ríkisstjórn með hæstv. utanrrh. innbyrðis hefði tekist betur upp í þeirri vinnu en í þeirri sem nú situr.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Hann sagði að hvaða ríkisstjórn, sem hefði tekið við, hefði auðvitað orðið að taka á hallarekstri í ríkisbúskapnum, þar á meðal þeim vanda sem lýsir sér í sjálfvirkum vexti ríkisútgjalda án tillits til þess að þjóðartekjur og þjóðarframleiðsla eru að dragast saman. Já, það má færa rök fyrir því. Hvaða ríkisstjórn sem var, sem hefði tekið við, hefði borið skylda til að gera það. Þetta segir líka annað, að sú stjórnarandstaða, sem fór hamförum gegn nauðsynlegum aðgerðum til þess að draga saman seglin í ríkisbúskapnum, að lækka ríkisútgjöld, að grafast fyrir rætur þess með því að taka sérstaklega út þá þætti sem byggja á sjálfvirkum vexti, var á réttri leið. Og þar með var sú gagnrýni, sem fram kom af hálfu stjórnarandstæðinga að þessu leyti nú, það er nú viðurkennt af hv. þingmanni, ekki á réttum rökum reist, hún var ósanngjörn og hún var bara þetta venjulega pólitíska orðakonfekt. (**Gripið fram í:** Þetta er nú venjulegt pólitískt orðakonfekt.)

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Alþfl. hefur boðað þá stefnu í stjórn fiskveiða að taka upp veiðileyfagjald og greindi skilmerkilega frá þeirri stefnu í kosningastefnuskrá sinni sem ber nafnið „Ísland í A-flokk". Þar er viðurkennt að veiðileyfagjald sé kostnaður sem mundi leggjast á útgerðina og greint frá því úrræði Alþfl. að til að bæta útgerðinni þann kostnað verði gengið fellt á móti til að vigta út hækkunina sem kemur af veiðileyfagjaldinu. Nú segir hæstv. utanrrh. um gengisfellingu að hún sé óráð, fortíðarvandi og gangi gegn stöðugleikanum. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh.: Er veiðileyfagjaldið þá óráð, fortíðarúrræði og gengur gegn stöðugleikanum?

Það verður ekki annað skilið af máli hans en að Alþfl. hafi fallið frá stefnu sinni um að koma á veiðileyfagjaldi um næstu áramót í ljósi þess að þeir sem vilja halda því fram séu að biðja um gengisfellingu og séu þar af leiðandi heilagsandahopparar.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einn aðili í þessu landi sem hefur þegar lagt á og innheimtir á ári hverju veiðileyfagjald. Sá aðili heitir Landssamband ísl. útvegsmanna. Það er fyrirtæki sem þarf ekki að kvarta undan bágri afkomu vegna þess að samkvæmt efnahagsreikningi fyrir árið 1991 er eigið fé, óráðstafað, 516.252.470 kr. Bankainnstæður 210.325.237 kr. og síðan mætti nefna að félagið innheimtir félagsgjöld upp á eitthvað á fjórðu milljón, hefur árlegar tekjur yfir 85 millj., fjármunatekjur, vaxtabætur og verðbætur 61 millj. og hagnað fyrir óreglulegar tekjur og gjöld 56 millj.

Þetta eru þeir aðilar sem þegar innheimta veiðileyfagjald, aflagjald. (Gripið fram í.)

Nú er það svo að aðalvandi okkar, og ég nefndi það áður, er uppsafnaður skuldavandi í sjávarútvegi upp á u.þ.b. 100 milljarða kr. Ef menn ætla að ráðast að rótum þess vanda þá byggist það fyrst og fremst á því að bæta afkomuhorfur og lífslíkur þeirra fyrirtækja sem geta haft traustan grundvöll til frambúðar þegar slík skuldaskil hafa farið fram og þá er það að sjálfsögðu eðlileg krafa þjóðarinnar sem á auðlindina að þeir sem þannig fá stöðu sína bætta eigi hlut að því að standa undir áföllnum skuldum. Hvort menn kalla það veiðileyfagjald eða ekki gildir mig einu, en það gjald mun koma.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns lýsa yfir stuðningi við þá tillögu sem hér er til umræðu en umræðan hefur eins og vænta mátti beinst mjög að stöðu atvinnulífsins og efnahagslífsins í landinu og margt verið sagt sem þarf að svara.

En ég vil byrja á því, virðulegi forseti, að minna á að það vill svo til að í dag eru 60 ár liðin frá því að svo harkalega var barist á götunum í nágrenni Alþingishússins að lögreglan var gjörsamlega yfirbuguð. Það var hinn svokallaði Gúttóslagur sem átti sér stað 9. nóv. 1932. Þá stóð til að lækka um þriðjung kaup þeirra manna sem unnu í atvinnubótavinnu á vegum Reykjavíkurbæjar. Verkalýðshreyfingin brást hart við, enda var mikið atvinnuleysi hér í bæ og heimskreppan mikla að komast í algleyming. Kauplækkunartilraunin var brotin á bak aftur og fólki var fjölgað í atvinnubótavinnunni.

Áhrifa þessara miklu átaka gætti lengi í stjórnmálum í samskiptum verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda, svo og í samskiptum ríkisvaldsins við aðila vinnumarkaðarins og þetta mikla atvinnuleysistímabil setti mark sitt á þjóðina.

Frá því að Ísland var hernumið af Bretum í maí 1940 hafa Íslendingar haft litla reynslu af atvinnuleysi ef undan er skilið staðbundið eða tímabundið atvinnuleysi, svo og tímabilið frá 1968–1970 er mikill samdráttur varð í efnahagslífinu hér á landi.

Úti í Evrópu hefur atvinnuleysi verið viðvarandi um árabil og nægir þar að nefna reynslu Dana en þrátt fyrir uppgang í ýmsum atvinnugreinum hefur þeim ekki tekist að vinna bug á atvinnuleysinu. Þar í landi er að vaxa upp önnur kynslóð fólks sem aldrei hefur haft fasta atvinnu en fær bætur frá ríkinu í hverjum mánuði. Í Danmörku eru þúsundir karla og kvenna með sérmenntun sem engin þörf er fyrir og menn þurfa heldur betur að sýna hvað í þeim býr til að fá vinnu. Það gefur auga leið að hugarfar og sjálfsmynd fólks, sem fær stöðugt þau skilaboð að þjóðfélagið þurfi ekki á því að halda, hlýtur að brenglast og það kemur bæði niður á einstaklingunum og samfélaginu. Atvinnuleysi er því ekki vandamál þeirra einstaklinga sem það bitnar á heldur samfélagsins alls. Reyndar er sums staðar litið á atvinnuleysi sem hagstjórnartæki, hluta af fórnarkostnaði tæknibreytinga eða sem hluta af efnahagsstefnunni og þá ekki síst til að halda niðri launum og til að halda verkalýðshreyfingunni í skefjum.

Virðulegi forseti. Það eru mannréttindi að geta séð sér og sínum farborða með vinnu sinni og hluti af sjálfsvirðingu hvers og eins að leggja sitt af mörkum til þjóðarbúsins. Því eigum við ekki og megum ekki sætta okkur við að atvinnuleysi verði viðvarandi en líklega verður ekki hjá því komist nú um sinn meðan uppstokkun á sér stað hjá íslenskum fyrirtækjum. En það sem skiptir mestu máli er það hvernig verður brugðist við og til hvaða aðgerða verður gripið til að koma í veg fyrir meira atvinnuleysi og til að skapa því fólki vinnu sem nú mælir göturnar.

Þjóðhagsstofnun spáir 3,5% atvinnuleysi á næsta ári en flestir aðrir eru þeirrar skoðunar að það verði mun meira. Reyndar er skráning atvinnuleysis mjög gölluð hér á landi þar sem aðeins þeir sem rétt eiga á bótum skrá sig. Það er brýnt að taka upp aðrar skráningaraðferðir eða gera oftar kannanir á atvinnuleysi til að við vitum hvernig ástandið er í raun og veru. Og þá er ekki síður brýnt að breyta lögunum um atvinnuleysisbætur, enda er algjörlega óviðunandi í því ástandi sem nú er komið upp að hópur fólks skuli vera utan þess kerfis og eiga ekki annarra kosta völ en að leita á náðir félagsmálastofnana, svo og að fólk skuli missa bætur í sextán vikur eftir að hafa verið atvinnulaust í heilt ár. Þetta kerfi er arfur frá gömlum tíma og ber þess vott að menn litu á atvinnuleysi sem einhvers konar aumingjaskap.

Virðulegi forseti. Það þarf líka að skoða hvernig atvinnumiðlun á sér stað hér á landi en að mínum dómi er hún einnig afar gamaldags enda hefur hún verið að færast æ meira út í einkarekstur. Að mínum dómi þarf að efla samvinnu sveitarfélaga, ríkis, vinnuveitenda og samtaka launafólks til þess að atvinnumiðlun verði með eðlilegum og góðum hætti. En eins og ég gat um áðan, virðulegi forseti, þá er það mikilvægast hvernig verður brugðist við þessu ástandi sem upp er komið. Það er afar mikilvægt að hér fari fram sú rannsókn sem þessi tillaga gengur út á til þess að við getum betur áttað okkur á þeirri aðstoð sem þarf að veita atvinnulausu fólki. Hvaða endurmenntun sé hægt að skipuleggja, hvar atvinnuleysið er mest, hvernig það kemur niður á fólki, hvaða félagsleg vandamál skapast o.s.frv. Það er ömurlegt að horfa upp á hvernig ríkisstjórnin situr með hendur í skauti og bíður eftir tillögum frá atvinnumálanefndinni. Við höfum horft upp á ástandið versna mánuð eftir mánuð en ríkisstjórnin gerir ekki neitt. Hún hefur lagt fram tillögur um að leggja fram fé til framkvæmda á næsta ári en það verður ekki fyrr en upp úr miðju næsta ári, þ.e. 1993, sem sú vinna fer að skila sér. Ég get ekki annað en bent á það enn einu sinni að sú atvinnusköpun, sem ríkisstjórnin leggur til, kemur einkum körlum til góða. Það er mjög brýnt að samfélagið einbeiti sér að atvinnusköpun í þágu kvenna, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Það er eitt stærsta vandamál sem við stöndum frammi fyrir hve mikið atvinnuleysi kvenna er og þá ekki síst á Suðurnesjunum eins og við ræddum um daginn en það bólar enn ekkert á aðgerðum. Það sést hvorki tangur né tetur af aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Í umræðunni kom fram að sértækar aðgerðir af einhverju tagi kæmu til greina, en það gerist ekkert. Menn sitja bara og bíða.

Ég vona svo sannarlega að tillögur atvinnumálanefndarinnar líti dagsins ljós en það er auðvitað ekkert sama hvernig þær tillögur verða eða hvað menn ætla sér að gera, en það verður að koma í ljóst þegar þær koma fram að hverju er stefnt.

Landsfundur Kvennalistans sem haldinn var fyrir rúmri viku síðan ræddi stöðu atvinnumála og lagði fram ótal tillögur sem mega verða til úrbóta og ég ætla, með leyfi forseta, að lesa þær.

Í fyrsta lagi er bent á að aukin samfélagsþjónusta við börn, aldraða og fatlaða geti orðið til þess að skapa vinnu og sé ekki síður arðbær en t.d. vegavinna. Bygging barnaheimila og félagslegra þjónustuíbúða fyrir aldraða er mjög hagkvæm núna vegna lækkandi byggingarkostnaðar. Endurskoða þarf lög um Lánasjóð ísl. námsmanna í ljósi efnahagskreppunnar þannig að fleira fólk eigi kost á að velja milli atvinnuleysis og menntunar. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Ég er hér í miðjum klíðum að lesa upp tillögur Kvennalistans en ég á auðvitað ekki annarra kosta völ en að hlýða forseta og setja mig bara aftur á mælendaskrá til þess að koma þeim á framfæri. Ég átti líka eftir að svara ýmsu úr máli utanrrh. og því bið ég forseta að setja mig aftur á mælendaskrá.

Guðni Ágústsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Hvar eru þeir í dag, ráðherrarnir? Stólarnir eru auðir undir umræðu um alvarlegasta þjóðfélagsvandamál sem hefur blasað við Íslendingum um áratugi. Þeir komu í þennan sal, forsrh. og utanrrh., við upphaf umræðunnar. Þeir eru farnir. Hvar er félmrh. sem fær vandamálið til sín? Fólk í löngum bunum, þjakað fátækt og skorti. Hvar er iðnrh. sem ber ábyrgð á því að 1.000 störf hafa tapast á hverju einasta ári á Íslandi síðan hann tók við? Hvers lags framferði er

þetta við þingið að verða hér af hálfu forseta Alþingis? Ég fer fram á það að forsetadæmið taki það fyrir hvernig ráðherrar vanvirða hin stærstu mál sem hér eru tekin til umfjöllunar.

Ég held ekki ræðu hér undir þessum lið meðan stólar ráðherranna eru auðir. Við erum að tala um stærsta vandamál sem blasir við. Mesta áhyggjumál margra þúsunda fjölskyldna í þessu landi um þessar mundir. Fólk sem er búið að tapa vinnunni, fólk sem er að tapa vinnunni, er á síðasta sjens í sinni vinnu, fólk sem rekur fyrirtæki sem eru að stranda. Ég ræði þetta mál ekki þegar ráðherrar Íslands neita að vera við umræðuna.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka það fram vegna ræðu hv. 5. þm. Suðurl. að utanrrh. og forsrh. hafa verið við þessa umræðu. Utanrrh. er í húsinu en forseti mun að sjálfsögðu gera ráðstafanir til þess að fá þá ráðherra sem fært er að fá í þinghúsið til að koma hingað og væntir þess að hv. þm. sætti sig við það.

Flm. (Svavar Gestsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau orð sem hv. 5. þm. Suðurl. lét falla áðan. Ég tel að athugasemdir hans séu réttar og vil bæta því við að mér sýnist miðað við þann fjölda sem er á mælendaskrá í þessu máli að það megi gera ráð fyrir því að þessi umræða haldi áfram á morgun eða síðar í vikunni og ég óska eftir því að forseti hlutist til um að hæstv. félmrh. verði örugglega viðstaddur framhald umræðunnar.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti mun koma þeirri ósk á framfæri að hæstv. félmrh. verði við umræðuna þegar hún heldur fram á næsta fundi, en forseti hefur gert ráðstafanir til þess að þeir ráðherrar, sem eru í húsinu, verði viðstaddir umræðuna og óskar eftir því að unnt verði að halda áfram við þær umræður sem eru á dagskrá.

Guðni Ágústsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Mér skilst að það sé ekki nema einn ráðherra í húsinu um þessar mundir, það sé hæstv. utanrrh. Ég hef lítið við hæstv. utanrrh. að tala um atvinnumál eða neyð fólks. Hann hefur með slíkum glannaskap oft og tíðum því miður á síðustu dögum rætt um það og dregið úr því og hætt ráðherra í sinni eigin ríkisstjórn. Ég fer fram á það að þessari umræðu verði frestað þar til þeir ráðherrar, sem hægt er að ræða við um þetta mál, eins og félmrh. og forsrh., verða viðstaddir þessa umræðu og ég tel mjög mikilvægt að iðnrh. sem hefur týnt 1.000 störfum í hendurnar á erlendum mönnum á hverju einasta ári sem hann hefur starfað, verði við þessa umræðu. Hann ber slíka ábyrgð að þetta mál verður ekki rætt á Alþingi Íslendinga öðruvísi en hæstv. iðn.- og viðskrh. verði hér viðstaddur. Þess vegna held ég að það sé mikilvægt nú að við getum rætt þetta stóra mál við ríkisstjórnina því að ég hygg að íslensk þjóð, sem bæði hellist yfir haustmyrkur og áhyggjur vegna þess að hún er sannfærð um að vandamálið á Íslandi er nákvæmlega það sama og hefur gerst í tveimur öðrum frjálshyggjulöndum. Reaganismi nn var vandamálið í Bandaríkjunum, thatcherismi nn var vandamálið í Bretlandi og davíðismi nn er að verða vandamálið á Íslandi. Þess vegna verðum við að fá það tryggt að við umræðuna komi ríkisstjórnin með svör, bæði í atvinnumálum og hvernig hún hyggst mæta því stóra vandamáli sem blasir við þúsundum Íslendinga og atvinnufyrirtækja um allt land.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það í einlægni að ég held að ræða hv. seinasta ræðumanns sé dæmi um ræðuhöld sem enginn er að neinu bættari. Forsrh. er á fundi sem hófst kl. 3 í tengslum við þá vinnu sem nú fer fram af fullum krafti og þar sem umræðuefnið er aðgerðir í atvinnumálum. Ég held að það skipti meira máli að menn vinni vinnuna sína við lausnir þessara mála en að skeyta skapi sínu með munnsöfnuði eins og hv. þm. gerði. Það er enginn bættari með því. Hv. þm. er fullkunnugt um hvers vegna einstakir ráðherrar eru fjarverandi. Það vill svo til að margir þeirra eru viðstaddir Norðurlandaþing. Einhverjar gagnrýnisraddir hafa heyrst um það að forsrh. og utanrrh. eru ekki þar. Ég hef fyrir mitt leyti gert ráðstafanir til þess að viðsk.- og iðnrh., sem sat þar líka sameiginlega fundi með Norðurlandaráðherrum, kollegum sínum, gegni þar störfum fyrir mig og ástæðan er mjög einföld: Hvorki forsrh. né utanrrh. taldi sig eiga heimangengt vegna þeirrar vinnu og vegna þeirra miklu fundarhalda sem nú fara fram. Ég held að það sé ekki gagnrýnisvert heldur þvert á móti.

Flm. (Svavar Gestsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég tek eindregið undir þau orð sem hv. 5. þm. Suðurl. flutti áðan og ég vil einnig gagnrýna þann tón sem kemur fram í ræðu hæstv. utanrrh. í garð þingmanna, þessi hroka- og valdboðstónn sem birtist af hans hálfu nú eins og oft áður.

Það sem ég vildi hins vegar leggja til þessarar þingskapaumræðu var það að mér er kunnugt um að tveir hv. þm., sem báðir eru varaþingmenn og eiga báðir sæti í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, eru næstir á mælendaskrá. Ég vil leyfa mér að beina því til forseta og hv. 5. þm. Suðurl. hvort ekki gæti verið samkomulag um að þessir tveir hv. þm. fengju að leggja hér orð í belg af því að þeir hafa örugglega ýmislegt fróðlegt að segja um þá stöðu sem Atvinnuleysistryggingasjóður stendur frammi fyrir auk annarra vandamála sem atvinnuleysið hefur í för með sér.

Guðni Ágústsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ekki skal ég hafa á móti því að þeir stjórnarliðar sem eru á mælendaskrá fái að tjá sig ef þeir vilja það. (**SvG:** Þeir eru ekki stjórnarliðar.) Voru það ekki stjórnarliðar? (**SvG:** Stjórnarmenn í Atvinnuleysistryggingasjóði. Annar er stjórnarliði en hinn stjórnarandstæðingur.) Ef þeir kjósa svo mega þeir það mín vegna. Ég kýs að fresta minni ræðu þar til ráðherrar verða við.

Af því að hæstv. utanrrh. var að ræða um eitthvað í einlægni ætla ég að segja honum það í einlægni að þessi ríkisstjórn er nú komin á tólftu klukkustund og senn falla vísarnir. Það verður engin einlægni í viðræðum við þessa ríkisstjórn eftir að þessi mánuður er liðinn ef ekkert hefur gerst í atvinnumálum og atvinnuleysismálum Íslendinga. Ábyrgðin er þessarar ríkisstjórnar og á henni verður tekið af enn meiri hörku í jólamánuðinum en nú hefur verið gert. Vísarnir eru að falla, hæstv. utanrrh.

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé góð hugmynd sem hér kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að leyfa tveimur stjórnarmönnum í Atvinnuleysistryggingasjóði sem sitja á Alþingi nú sem varaþingmenn að fá hér orðið þannig að við getum hlýtt á mál þeirra. En mikið lifandi skelfing held ég að þeir hefðu gott af því, hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh., að hlusta á mál þessara manna. Ég held að þeir hefðu ekki síður gott af því en við venjulegir þingmenn.

Ástæðan fyrir því að ég kem hingað upp er fyrst og fremst sú að ég vil segja örfá orð við hæstv. utanrrh. Ég skil ekki þann tilgang og til hvers ferðin var upp í þennan ræðustól áðan ef það var ekki til annar en að skattyrðast við okkur þingmenn, virðulegi ráðherra. Ef það er ástæða til að veitast að þeim mönnum sem hér eru að tala um þetta þýðingarmikla mál og kvarta yfir því að ráðherrann geti ekki setið í húsinu eins og honum ber, þá veit ég ekki hvert við erum að fara. Ég á mörg orð ósögð við utanrrh. um ummæli hans síðustu daga í þessu máli. En utanrrh. væri sómi að því að koma upp í þennan ræðustól og biðja þingmenn afsökunar á orðum sínum áðan.

Útbýting þingskjala:

Kennsla í táknmálstúlkun, 217. mál, fsp. SvG á þskj. 259.

Tvöföldun Reykjanesbrautar, 216. mál, þáltill. ÁRÁ o.fl., þskj. 258.

Guðmundur Þ Jónsson:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort við stjórnarmenn í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs bætum umræðuna mikið ef við höfum til hliðsjónar þær mörgu og merku ræður sem hér hafa verið fluttar enda reikna ég ekki með því að þau fáu orð sem ég legg hér til verði talin tímamótaræða í þinginu.

Ég vil lýsa yfir ánægju minni yfir því að þessi tillaga skuli vera komin fram og tel fyllilega tímabært að fram fari rannsókn á þeim málum sem hún gerir ráð fyrir.

Við sem störfum á skrifstofum verkalýðsfélaganna upplifum það einu sinni í viku eða á hálfs mánaðar fresti að tugir manna, oft á annað hundrað, koma til að sækja atvinnuleysisbætur. Við fylgjumst með því hvernig þessu fólki líður, hve illa því líður, hvernig sjálfsvirðingin þverr smátt og smátt, hvernig vonleysið tekur við og hvernig fjármál þessa fólks fara gersamlega í rúst eftir ekki langan tíma. Margt af þessu fólki hefur verið tekjulágt fyrir en að fara á atvinnuleysisbætur gerir kannski útslagið, það er að missa eignir sínar. Fólk getur ekki staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sem það hefur reiknað með að geta þó staðið undir með þeim tekjum sem það hafði í venjulegri vinnu.

Þetta eru þau sjáanlegu atriði sem við höfum fyrir augunum og eru afleiðing atvinnuleysis. Það hafa margir orðið til þess í dag að rekja það og lýsa því hvernig það kemur fram. Út af fyrir sig þarf ekki að bæta mörgum orðum við það. Ég vil hins vegar vekja hér athygli á öðru sem er kannski ekki eins sýnilegt í sambandi við þetta atvinnuleysi. Það er staða verkafólks á vinnustöðunum sem hefur gerbreyst til hins verra á undanförnum mánuðum og missirum.

Fyrir fáeinum árum og jafnvel fáeinum missirum var það mjög fátítt að fólk þyrði ekki að sækja rétt sinn. Þá var það ekki algengt að yfirmenn og verkstjórar kæmu fram með hroka og yfirgangi gagnvart starfsmönnum. Þetta hefur breyst til hins verra. Nú er það mjög algengt að yfirmenn, verkstjórar, komi fram með yfirgangi og óbilgirni, eru meira að segja með hótanir og hræði fólk frá því að sækja rétt sinn. Það er ekki óalgengt og hefur alla tíð verið að það hefur verið brotið á fólki, stundum viljandi, stundum óviljandi. En a.m.k. hefur fólk sótt þennan rétt sinn. Það hefur leitað til stéttarfélaganna og fengið leiðréttingu sinna mála. Þetta hefur breyst mjög til hins verra. Nú er það oft þannig að fólk leitar upplýsinga, það þorir ekki að segja til nafns síns, það þorir ekki að segja hvar það vinnur o.s.frv. Það er hrætt. Enda klingir það oft ef það gerir athugasemdir: Góði maður, það eru hér hundruð manna sem bíða við dyrnar og vilja komast í vinnu. Það hræðir fólk, það kúgar fólk til þess að sætta sig við að á því sé brotið og það veigrar sér við að sækja rétt sinn. Þetta er ekki eins sýnilegt og það sem við sjáum fyrir okkur og er afleiðing atvinnuleysis. En þetta er eigi að síður mjög alvarlegur hlutur. Það er kannski ómaksins vert að rannsaka þennan þátt líka í þeirri könnun sem tillagan gerir ráð fyrir, þá breyttu stöðu verkafólks á vinnustöðunum og framkomu sem það þarf að þola og þann yfirgang sem það þarf að þola á sínum vinnustað.

Það væri vissulega hægt að segja margt um ástandið í þessum efnum en ég ætla ekki að fjölyrða mjög um það heldur ræða örlítið önnur atriði sem komið hefur verið inn á. Fólk hefur talað hér um Atvinnuleysistryggingasjóð og reyndar farið nokkrum orðum um reglur hans. Ég get tekið undir það að sú 16 vikna bið sem núverandi lög gera ráð fyrir á ekki lengur við. Það hafa kannski aldrei verið mjög sterk rök fyrir því ákvæði og allra síst núna þegar fólk er farið að vera á annað ár á atvinnuleysisskrá, eins og mörg dæmi eru um. Það er ekki hægt að viðhalda þeirri reglu öllu lengur vegna þess að fólk verður að hafa eitthvað til að lifa á og það hefur ekkert annað að leita nema þá til viðkomandi sveitarfélags, félagsmálastofnana. Ég tel nauðsynlegt að breyta þeim reglum. Ég veit að það stendur yfir endurskoðun á lögunum þessa dagana. Ég veit ekki í hverju þær breytingar verða fólgnar sem þar

eru lagðar til eða um hvað endurskoðunin snýst raunverulega en ég geri þó ráð fyrir að þessi atriði verði til endurskoðunar.

Það er alveg rétt sem hér kom fram að við síðustu kjarasamninga tókst að stöðva fyrirhugaðar breytingar á réttindum fólks til atvinnuleysisbóta. Það var eitt af því sem hæstv. ríkisstjórn lagði upp með þegar hún tók við völdum, að breyta lögum um atvinnuleysistryggingar og var nánast boðað með fyrsta frv. til fjárlaga sem hún lagði fram. En ég held að ég geti fullyrt að verkalýðshreyfingin mun aldrei líða það að núverandi réttindi fólks verði skert. Ég held að ég geti fullyrt það. Núverandi réttindi hljóða upp á tæpar 45 þús. kr. á mánuði og ég held að það sé alveg borin von að hægt sé að skerða þann rétt á nokkurn hátt. Það er enginn sem lifir á því og kannski deyr ekki heldur. En alla vega er það með þeim hætti að það er útilokað að skerða þau réttindi.

Staða Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur náttúrlega verið að breytast mjög til hins verra á undanförnum árum. Við skulum ekki gleyma sögunni sem er á bak við Atvinnuleysistryggingasjóð, hvernig hann varð til. Hann varð til í hörðum stéttaátökum 1955 og er kannski einn af merkustu áföngum í baráttu verkalýðshreyfingarinnar ásamt mörgum öðrum að vísu. Hann gegndi því hlutverki í áratugi að vera einn helsti aðilinn sem fjármagnaði húsnæðiskerfið. Hann keypti bréf af Húsnæðisstofnun og fjármagnaði húsnæðiskerfið á sínum tíma. Eignir hans hafa verið að rýrna mjög á undanförnum árum. Ef það verður viðvarandi atvinnuleysi lengi, þá tæmist hann. Hann gengur á eignir sínar og sem dæmi get ég sagt það að fyrir um 20 árum síðan átti Atvinnuleysistryggingasjóður fyrir 10 milljón bótadögum. Ég hef ekki skoðað það alveg nýlega en fyrir tveim árum átti hann eingöngu fyrir milljón bótadögum. Ég geri ráð fyrir því að hann hafi rýrnað töluvert síðan þannig að hann nær því varla að eiga fyrir milljón bótadögum. Þannig er staða sjóðsins. Að vísu eru lög hans þannig að ríkissjóður ber ábyrgð á honum. Ef hann skortir fé ber ríkissjóði að leggja honum það til en ég tel að það sé nauðsynlegt fyrir sjóðinn og það tryggir miklu betur réttarstöðu fólks gagnvart atvinnuleysistryggingunum að sjóðurinn sé sjálfstæður og geti staðið við þær skuldbindingar sem honum ber.

Aðeins nokkur orð um atvinnumálin almennt. Það er rétt að þessi mál eru öll alvarleg en ég held að það sé þó einna alvarlegast að á undanförnum mánuðum hefur ekkert verið að gerast sem gefur von um að þetta breytist. Við höfum nánast ekki heyrt neitt annað en úrtölur og svartsýni og það hefur enginn orðið til þess að lyfta þessu neitt upp og gefa fólki von um að eitthvað gæti farið að glæðast í atvinnumálum. Það er alveg rétt að við misstum af álveri eins og margoft hefur verið bent á. Það hefur alltaf verið mín skoðun að það hafi verið af hinu vonda. En það hefur ekkert komið í staðinn. Það hefur ekki verið unnið að neinu nýju í staðinn og menn hafa ævinlega brugðist mjög undarlega við öllu sem hefur verið að gerast síðan.

Ég ætla að rifja það upp að þegar svarta skýrslan svokallaða um ástand þorskstofnsins kom fram í sumar var ekki það fyrsta sem mönnum datt í hug að bregðast við á einhvern hátt heldur boðuðu þeir að nú væru forsendur kjarasamninga brostnar. Þar yrði fyrst og fremst að taka á. En það datt engum í hug að ræða það fyrr en síðar að það væri hægt að bregðast við þeim vanda með einhverjum öðrum hætti.

Virðulegi forseti. Það er kannski hægt að eygja örlítið ljós í myrkrinu þrátt fyrir allt og minna á það að við flytjum hér inn milli 5.000 og 6.000 ársverk í formi innfluttrar vöru. Verkalýðshreyfingin hefur nú tekið sig til ásamt mörgum fleiri aðilum og farið í auglýsingaherferð sem hvetur fólk til að velja íslenska framleiðslu. Ef Íslendingar taka nú vel við sér og velja íslenska framleiðslu, því við getum framleitt miklu meira en markaðurinn tekur við, getum við verulega létt á þessu atvinnuleysi og það svo að um munar. Ef menn eru samtaka og verkalýðshreyfingin, atvinnurekendur og stjórnvöld leggjast á eitt um það að breyta hugarfari þjóðarinnar þannig að hún velji frekar íslenskt en erlent getum við verulega létt á atvinnuleysinu og eytt því jafnvel á skömmum tíma.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar að þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir að bæta inn í umræðuna og í raun inni í greinargerð tillögunnar ábendingu um það að kanna sérstaklega áhrif atvinnuleysis á stöðu þeirra sem enn eru á vinnumarkaðinum. Ég tel að þetta sé mjög mikilsverð ábending og mig langar að bæta við að það er án efa vaxandi þrýstingur af hálfu vinnuveitenda að ráða fólk til starfa sem svokallaða verktaka. Það er af sem áður var að þar voru einhverjar aukagreiðslur í boði þegar vinnuveitandi réð launþega, kallaði hann verktaka, sparaði sér eitthvað í launatengdum gjöldum og hvor fyrir sig fékk eitthvað fyrir sinn snúð, a.m.k. á blaðinu þangað til kom til þess að reyndi á réttindin, svo sem uppsagnarfrest og almenn mannréttindi sem fylgja launavinnu eða eiga að fylgja launavinnu.

Nú er vaxandi þrýstingur á að menn ráði sig sem verktaka á lægra kaupi en þeir ættu að fá ef þeir tækju verkið að sér sem launþegar. Þessi þrýstingur er enn verri fyrir það að menn eiga ekki nokkurra kosta völ. Þeir verða bara að taka því sem að þeim er rétt ef þeir vilja fá vinnu og þetta grefur undan því skipulagi sem verið hefur á okkar vinnumarkaði og er ég þó ekki að hrópa húrra fyrir þeim launum sem þar eru í boði. Þetta finnst mér einnig nauðsynlegt að komi fram hér.

Guðmundur Þ Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að þetta hefur tíðkast nokkuð með svokallaða verktaka, undirverktaka, að fólk hefur verið ráðið til starfa á verktakagrundvelli án þess þó að það væri beinlínis verktakar. Það hefur þýtt að fólk hefur tapað verulegum réttindum. Það hefur komið síðan í ljós þegar upp er staðið að ekki hefur verið mikill ávinningur af þessu. Það hefur þá ekki átt rétt í sumum tilvikum til atvinnuleysisbóta þar sem um sjálfstæða atvinnurekendur hefur verið að ræða. Það er út af fyrir sig þáttur sem aðilar

vinnumarkaðarins hafa verið að reyna að taka á og breyta því að það er engum til hagsbóta að þetta fyrirkomulag sé við lýði. Það hefur gengið misjafnlega að ná árangri í því eins og öllu öðru en við gerum okkur vonir um að með ákveðnum aðgerðum sé hægt að stemma stigu við þessu.

Pétur Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri þáltill. sem hér er til umræðu um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis. Miðað við það ástand sem við búum við núna og spár liggja fyrir er þetta verkefni sem þarf að skoða mjög gaumgæfilega með tilliti til lausna sem hægt væri að vinna að fyrir það fólk sem lendir í slíkri ógæfu að fá ekki atvinnu við sitt hæfi í annars góðu þjóðfélagi sem við byggjum.

Það er auðvitað hægt að setja ýmislegt á skrá og í skýrslur um afleiðingar atvinnuleysis. Þó ætla ég að slíkar upplýsingar verði nokkuð efnislegar og veraldlegar. Í þeirri nauð sem menn verða fyrir þegar þeir missa vinnu sína eða eru settir hjá vegna þess að enginn þarf á þeim að halda þar sem atvinna er ekki í boði hafa menn glatað ákveðnu hlutverki og misst af ákveðnum lífstilgangi.

Ég sjálfur upplifði það á mínum yngri árum að lenda í atvinnuleysi og ég veit að sú sálarlega tilfinning sem ég upplifði á þeim tíma verður ekki sett á neinar skýrslur eða skrár. Þess vegna held ég að það verði kannski ekki mjög djúpt farið í slíkri könnun og hér er talað um. Aftur á móti hlýtur að verða, miðað við þetta ástand, að skoða gaumgæfilega þá þætti sem þarna eru á bak við og fyrst og fremst með það í huga *hvernig hægt er að leysa úr þeim málum.*

Við vitum það og ég hef alltaf haldið því fram að viðmiðun við aðrar þjóðir um atvinnuleysi, að við séum ekki illa staddir vegna þess að atvinnuleysi hjá nágrannaþjóðunum sé meira, er auðvitað firra sem enginn má halda fram. Hér í okkar litla þjóðfélagi eiga allir að hafa atvinnu sem kæra sig um og helst við sitt hæfi. Ég held að einmitt svona lítið þjóðfélag eins og okkar veiti mönnum tækifæri til þess. Það eru ýmsar leiðir í þjóðfélaginu og ýmis verkefni sem við höfum ekki fengist við og ekki tekið á en sem bíða eftir þeim vinnufúsu höndum sem núna eru atvinnulausar. Auðvitað þarf að afla fjár til að slíkt geti átt sér stað. Ég efast ekkert um að í þessu þjóðfélagi er til fjármagn. Ef menn finna réttar leiðir til að sækja það er til fjármagn til að leysa úr því atvinnuleysisböli sem við nú stöndum frammi fyrir.

Við vitum að hægt er að hugsa sér að hér verði og hefur reyndar verið á undanförnum áratugum ákveðið tímabundið og meira að segja svæðisbundið atvinnuleysi Það er hlutur sem hlýtur alltaf að geta komið upp í veiðimannaþjóðfélagi eins og okkar þar sem við byggjum aðallega á þeim afla sem við drögum úr sjó. *Miðað við þessar umræður held ég að það hafi ekki* komið nógu vel fram að skýringu á atvinnuleysisvandanum núna, þ.e. þeirri aukningu sem hefur orðið, má að miklu leyti rekja til þess að við megum draga miklu minna úr sjó á þessu ári og aflabrögð eru léleg. Það veldur kyrrstöðu í ýmsum atvinnugreinum og þess vegna meira atvinnuleysi.

Það er alveg greinilegt og á að vera öllum ljóst að ef við ráðstöfum ekki þeim afla sem við megum draga á land þannig að við fáum sem mest og flest atvinnutækifæri út úr honum hlýtur að blasa við atvinnuleysi, ekki bara í þeirri grein heldur líka hjá þeim þjónustuaðilum sem lifa á undirstöðuatvinnugreinunum. Það getur ekki orðið öðruvísi. Ég held að allir hljóti að vera mér sammála um það. Þar er vinna til að eyða atvinnuleysi.

Við vitum hvað atvinnuleysi kostar okkur. Það liggur fyrir að hvert prósentustig í atvinnuleysi kostar okkur 650 millj. kr. Við stefnun nú í 5% atvinnuleysi þannig að menn sjá að það er komið töluvert á fjórða milljarðinn sem það atvinnuleysi sem nú blasir við kostar okkur á ári. Þess vegna hlýtur um leið að vera nauðsynlegt að menn taki saman höndum til að leiða okkur út úr þeim vanda sem við erum í núna og koma til móts við það fólk sem er atvinnulaust og fjölga atvinnutækifærum í landinu.

Hér hefur verið vitnað í nokkra þætti í lögunum um Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég vildi aðeins vekja athygli á nokkrum punktum sem hér komu fram. 1. þm. Norðurl. v. sagði að mikið dulið atvinnuleysi væri hér á landi. Það kæmi ekki fram vegna þess að fólk léti ekki skrá sig jafnvel þótt það ætti rétt á atvinnuleysisbótum. Ég fullyrði að þetta sé rangt. Ég held að íslensk þjóð sé það upplýst og verkafólk almennt að það viti vel hvenær það á rétt og hvenær ekki. Þess vegna held ég að atvinnuleysiskráning fyrir þá sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum á annað borð sé nokkuð rétt.

Sá hv. þm. sagði líka að menn töpuðu bótum af því að þeir létu ekki skrá sig. Það er auðvitað rétt að menn vinna sér ekki inn réttindi til atvinnuleysisbóta á meðan þeir eru atvinnulausir. Aftur á móti halda þeir fullum réttindum á meðan þeir eru á atvinnuleysisbótum og láta skrá sig.

Það kom líka fram hjá 1. þm. Suðurl. að réttindi bænda væru ekki eins og þau ættu að vera miðað við það tryggingagjald sem þeir greiddu. Ég vildi aðeins leiðrétta það að tryggingagjaldið er breytt form á gjaldstofni til Atvinnuleysistryggingasjóðs og kemur réttindum ekki við. Enda er í greinargerð fyrir þeim breytingum sem gerðar voru á innheimtunni mjög rækilega tekið fram að þær breyti á engan hátt þeim réttindum sem fyrir eru í lögum og ekki gefin nein fyrirheit um breytingar á þeim. Aftur á móti vitna menn hér í annað samkomulag við stjórnvöld í sambandi við réttindi til bænda í þessu tilviki. Ég er ekki neinn talsmaður þess að bændur eigi ekki að hafa réttindi ef þeir búa við atvinnuleysi en það er ekki hægt að setja þetta fram á þennan hátt. Það er líka rétt að athuga í þessu samhengi að það er ekkert sjálfgefið að bóndi sem selur sinn fullvirðisrétt komist strax inn á atvinnuleysisbætur. *Það hlýtur að vera eitthvað á bak við söluna* sem hlýtur að koma til jafns við það sem menn eru að tala um í lögunum um Atvinnuleysistryggingasjóð.

Ég vil aðeins, virðulegur forseti, áður en ég vík úr pontu geta þess af því að það hefur komið hér til tals

að fram fer endurskoðun á lögunum um Atvinnuleysistryggingasjóð um þessar mundir. Reyndar er sú endurskoðun ekki komin mjög langt. Menn hafa rekið sig á að ákveðnir þættir í þessari endurskoðun eru vandmeðfarnir. Menn vilja helst láta endurskoðunina fara þannig fram að þar inn í komi allir sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum eða eiga að eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Nefndarmenn vilja opna það nokkuð miðað við þann þrönga ramma sem lögin setja í dag.

Auðvitað þarf að opna þar möguleika eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni. Það er auðvitað útilokað þar sem viðvarandi atvinnuleysi er að eftir 260 daga atvinnuleysi skulu menn ekki eiga neinn rétt á atvinnuleysisbótum í 16 vikur. Það sjá allir hvers konar niðurlæging það er manni sem búinn er að vera atvinnulaus í 260 daga ef hann þarf að fara til sveitarstjórnar til að leita hjálpar í 16 vikur þangað til hann kemst á atvinnuleysisbætur aftur.

Hér eru mörg önnur atriði sem hefði verið nauðsynlegt að taka á til að koma mönnum í frekari snertingu við hvað er að gerast í þessum málum. En það er búið að boða að hér verði framhaldsumræður og þá vonast ég til að ég geti rætt málið frekar.

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þær upplýsingar sem komu fram í þessari ræðu og þeirri síðustu þar á undan um Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég vil jafnframt spyrja því ég hygg að ekki sé öllum það ljóst: Á hvers vegum er sú endurskoðun á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð sem er í gangi og hverjir eiga aðild að endurskoðuninni?

Pétur Sigurðsson *(andsvar)*:

Sú nefnd sem er að endurskoða lögin um Atvinnuleysistryggingasjóð er skipuð af heilbr.- og trmrh. Í nefndinni er einn fulltrúi frá Vinnuveitendasambandinu, Jón Magnússon, og framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, Lára V. Júlíusdóttir, ég er í nefndinni, tilnefndur af heilbr.- og trmrh., Margrét Tómasdóttir, núverandi framkvæmdastjóri sjóðsins, og Dögg Pálsdóttir, fulltrúi í heilbr.- og trmrn. Áður var búið að skipa mjög stóra nefnd en stóru hagsmunasamtökin sem voru aðilar að henni voru sammála um að hún væri of stór til að fara ofan í svona nákvæma og viðkvæma hluti sem þar þyrfti að taka á og eðlilegra að það væri fámennari hópur. Það hefur verið tekið fram sérstaklega við þá aðila sem eru í nefndinni að þeir hafi gott samband við þá hagsmunaaðila sem málið snertir. Það hefur verið reynt að gera það og ég held að eftir því sem málið þróast lengra miðað við okkar vinnu komum við til með að leita enn frekar á næstu vikum og dögum álits aðila á hvað mætti fara betur og hvort við séum á réttri leið í endurskoðuninni.

Umræðu frestað.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Fundartími þessa fundar er liðinn. Af dagskrá eru tekin 3., 4. og 5. mál. Fyrir þessum fundi liggur ekki fleira. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

50. FUNDUR

þriðjudaginn 10. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Vegáætlun 1992, stjtill., 190. mál, þskj. 220. — Fyrri umr.
2. Hafnalög, stjfrv., 191. mál, þskj. 222. — 1. umr.
3. Eftirlit með skipum, stjfrv., 192. mál, þskj. 223. — 1. umr.
4. Leiðsaga skipa, stjfrv., 193. mál, þskj. 224. — 1. umr.
5. Innflutningur, stjfrv., 6. mál, þskj. 6. — 3. umr.
6. Gjaldeyrismál, stjfrv., 5. mál, þskj. 230. — 3. umr.
7. Fiskistofa, stjfrv., 44. mál, þskj. 45. — 3. umr.
8. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 45. mál, þskj. 236. — 3. umr.
9. Sementsverksmiðja ríkisins, stjfrv., 211. mál, þskj. 252. — 1. umr.
10. Hönnunarvernd, stjfrv., 212. mál, þskj. 253. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Jóhanna Sigurðardóttir félmrh.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv.,
Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.

Útbýting þingskjala:

Flugmálaáætlun og fjáröflun í flugmálum, 111. mál, nál. samgn. á þskj. 261.

Iðn- og verkmenntun, 218. mál, þáltill. StG o.fl., þskj. 260.

Staðlar, 4. mál, nál. iðnn. á þskj. 268.

Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, 2. mál, nál. iðnn. á þskj. 269; brtt. iðnn. á þskj. 270.

Erindi lögð fram á lestrarsal:

Frá sendiráði Tyrklands í Ósló.
Frá sendiráði Póllands í Reykjavík.

Vegáætlun 1992, fyrri umr.

Stjtill., 190. mál. — Þskj. 220.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Tillaga sú sem hér liggur fyrir fjallar um breytingu á vegáætlun fyrir yfirstandandi ár. Með tillögunni er fjárveiting til vetrarþjónustu lækkuð um 50 millj. kr., úr 490 millj. kr. í 440 millj. kr. Framlög til nýrra þjóðvega hækkar á móti um sömu upphæð og kemur hækkunin fram á liðunum Almenn verkefni og bundin slitlög, 40 millj. kr. og Stórverkefni, 10 millj. kr.

Í tillögunni eru þessi viðbótarframlög síðan sundurliðuð á verkefni.

Nú er það fremur fátítt að vegáætlun sé breytt þegar svo langt er liðið á árið og er því rétt að fara nokkrum orðum um ástæður fyrir breytingartillögu þeirri sem hér er til umræðu.

Um miðjan september ákvað ríkisstjórnin að beita sér fyrir auknum framkvæmdum til að bæta atvinnuástand. Var einkum horft til verkefna í vegagerð og var miðað við að 1.800 millj. kr. færu til þessa málaflokks á árinu 1993, þ.e. sama upphæð og í frv. til fjárlaga sem nú liggur fyrir Alþingi.

Í samþykkt ríkisstjórnarinnar var tiltekið að upphæðin skiptist milli kjördæma samkvæmt hefðbundnum reglum sem notaðar hafa verið við afgreiðslu vegáætlunar. Þá fylgdi samþykktinni einnig listi um þau verkefni sem njóta skyldu fjárins. Á verkefnalistanum eru fyrst og fremst þau verkefni sem voru í vegáætlun og langtímaáætlun á næstu árum. Má því segja að með þessu viðbótarfé sé verið að styrkja vegáætlun. Einstökum verkum er flýtt nokkuð en við það skapast aukið svigrúm fyrir önnur verkefni í áætluninni.

Það var ósk ríkisstjórnarinnar að reynt yrði að ýta þessu átaki til atvinnuaukningar af stað sem fyrst. Var þá haft í huga að verkefnaskortur var þegar orðinn verulegur í verktakaiðnaði. Sá árstími fer einnig í hönd sem jafnan er daufastur í þessari starfsemi og því mikil þörf að koma verkefnum af stað. Einnig má nefna að útboð hafa óbein áhrif á markaðinn um leið og þau eru auglýst. Allt þetta mælti með því að bjóða út sem fyrst hluta verkefnanna. Með hliðsjón af þessu var Vegagerð ríkisins falið að hefjast þegar handa um útboð ef unnt væri og jafnframt að kanna möguleika á tilfærslum fjármagns innan vegáætlunar til að standa undir þeim kostnaði sem af því leiddi á þessu ári. Kostnaður við vetrarþjónustu var með minna móti sl. vetur vegna hagstæðrar tíðar. Er því fyrirsjáanlegt að nokkur greiðsluafgangur verði á þessum lið.

Samkvæmt tillögunni á liðurinn Vetrarþjónusta að lækka um 50 millj. kr. en það á að nægja til að standa undir kostnaði á þessu ári við útboð þeirra verka sem tilgreind eru í tillögunni.

Verkefni til fyrstu útboða samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar eru valin af Vegagerðinni. Valið ræðst fyrst og fremst af því hvaða verk voru komin nægilega langt í undirbúningi til að bjóða mætti þau út með svo skömmum fyrirvara.

Þá er höfð hliðsjón af því hvernig verkefnin eru fallin til vetrarvinnu. Af þeim sex verkefnum sem fá fjárveitingu samkvæmt tillögunni eru tvö á Suðurlandi, tvö á Vesturlandi og tvö á Norðurlandi eystra. Verkefnin fá fjárveitingu samkvæmt mati á þörfum þeirra fram að áramótum. Það leiðir af þessu að í bili er vikið frá hefðbundinni skiptingu fjár á milli kjördæma í vegáætlun. Reglubundin endurskoðun vegáætlunar fer hins vegar fram á yfirstandandi þingi. Er gert ráð fyrir að við skiptingu fjár á kjördæmi á árinu 1993 verði tekið tillit til þessa og hún leiðrétt sem þessu nemur enda ganga öll verkin yfir á næsta ár. Þær heimildir, sem veittar eru samkvæmt tillögunni, taka til kostnaðar á þessu ári. Við endurskoðun vegáætlunar verður frekari fjárþörf þessara verkefna tekin til afgreiðslu. Í verksamningum sem fylgja í kjölfar útboða er gerður fyrirvari um samþykki Alþingis við fjárveitingum til þess að standa við skuldbindingar viðkomandi samnings.

Nokkur útboð hafa þegar farið fram. Reynslan sýnir að mikil eftirspurn er eftir þessum verkefnum og tilboð hagstæð. Þetta undirstrikar þá brýnu nauðsyn sem var á því að ýta sem fyrst úr vör með átak til atvinnuaukningar á þessu sviði.

Ég legg til, hæstv. forseti, að þessari tillögu verði vísað til samgn. og vil mælast til þess við nefndina að vinna og athugun á tillögunni verði látin sitja fyrir og hraðað eftir því sem kostur er.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er verið að leggja til breytingu á vegáætlun fyrir yfirstandandi ár og þó að hér í sjálfu sér sé ekki um stóra upphæð að ræða, þ.e. 50 millj., sem taka á af viðhaldsfé vegna þess að vetrarþjónusta varð ekki eins mikil og áætlað var. Það á að færa yfir á framlag til framkvæmda, en lengri saga er á bak við það en hér er gefið til kynna. Á bak við það liggur, eins og hæstv. samgrh. kom inn á, sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að beita sér fyrir því að 1.800 millj. kr. séu lagðar í nýframkvæmdir í vegamálum. Þessi ákvörðun var tekin án samráðs við samgn. og án samráðs við þingmenn og því hafa þarna verið tekin upp alveg ný vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í því hvernig standa á að áætlunum um vegamál. Þetta eru vinnubrögð sem hafa verið gagnrýnd hér á þinginu þ.e. að ekki er búið að fjalla um þetta í þingmannahópum og heldur ekki í samgn. Þessi vinnubrögð eru því mjög gagnrýnisverð. Þarna er verið að brjóta upp verklag sem hefur tíðkast árum saman og komin hefð fyrir og sú afsökun er notuð að atvinnuástandið sé svo slæmt í þjóðfélaginu að það þurfi nauðsynlega að taka þessa ákvörðun á stundinni.

Út af fyrir sig hljótum við sem erum að berjast fyrir því að samgöngur séu bættar um landið að fagna því að áætlað er að leggja aukið fé til framkvæmda í vegamálum þar sem þörfin er brýn. En við gagnrýnum þessi vinnubrögð og við gagnrýnum líka að sú afsökun sé viðhöfð að verið sé að bæta atvinnuástandið. Talið er að hverjar 10 millj. kr. í vegagerð geti skapað tvö og hálft ársstarf. Þetta er svo framreiknað og

talið muni geta útvegað 480 ársverk eða allt að 500 ársverk.

Ég er alveg viss um að það að leggja þetta fjármagn til vegagerðar er ekki mest atvinnuskapandi ef ríkisstjórnin væri að hugsa aðallega um það því ég er sannfærð um að það hefði mátt fjölga störfum og bæta atvinnuástandið á margan annan hátt heldur en með þessu.

Það er einnig gagnrýnisvert í þessari áætlun ríkisstjórnarinnar að þarna er ekki verið að taka nýtt fjármagn, ekki aukið fjármagn til vegagerðar, heldur verið að ganga á tekjustofna Vegagerðarinnar í framtíðinni því í fjárlagafrv., sem núna liggur fyrir þinginu, er sagt að þetta skuli tekið af mörkuðum tekjustofnun á næstu árum. En það hefur ekki enn verið mótað hvernig eða á hve löngum tíma.

Það er því mjög margt í þessari litlu till. til þál. sem er hægt að gagnrýna og ég geri ráð fyrir að það verði tekið fyrir í framhaldi af því þegar vegáætlun verður endurskoðuð í samgn. og fjárln., hvort heldur sem verður, og muni umræður þá verða nokkuð miklar um það verklag sem hér hefur verið tekið upp.

Ég ætla út af fyrir sig ekki að fara nánar út í þá sérstöku liði sem hér eru, ég býst við að það sé útreiknað hjá Vegagerðinni og reyndar er áætlað síðan að skipta því upp eftir þeim skiptireglum sem gilda innan kjördæmanna. Um það verður að sjálfsögðu fjallað, bæði í tengslum við þessa breytingu og eins í tengslum við endurskoðun vegáætlunar sem gerð verður í framhaldi af þessu eða a.m.k. í vetur. En ég gagnrýni harðlega þessi vinnubrögð. Þau stangast á við núgildandi lög um hvernig staðið skuli að vegáætlun. Ég hefði talið betra hjá ríkisstjórninni að hafa um þetta samráð við þingmenn og hafa í heiðri þau vinnubrögð sem hér hafa viðgengist.

Karen Erla Erlingsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í þessari till. til þál. ætlar ríkisstjórnin að beita sér fyrir auknum framkvæmdum í vegagerð til að auka atvinnu. Það er að mínu mati góðra gjalda vert að hún skuli reyna eitthvað. Þetta er þó engin framtíðarlausn á þeim mikla vanda sem þjóðin stendur frammi fyrir í dag í atvinnumálum og skýrt kom fram hér í umræðum í gær. Þá á ég við hið aukna atvinnuleysi sem við eigum við að stríða og gæti orðið varanlegt ef ekki verður gripið til einhverra ráða og það fljótt. Þessar vegagerðarframkvæmdir koma heldur ekki til með að leysa atvinnuvandamál kvenna í þjóðfélaginu í dag.

Hér kemur líka fram að vegna hagstæðrar tíðar síðasta vetur sé fyrirsjáanlegt að nokkur greiðsluafgangur verði á vetrarþjónustu á þessu ári og því sé fjárveiting til vetrarþjónustu á vegáætlun lækkuð um 50 millj. kr. og þessari upphæð bætt við fjárveitingu til nýrra þjóðvega. Ég tek það fram að ég er ekki á móti nýjum framkvæmdum en að mínu mati væri eðlilegt að nota þetta fjármagn til þess að auka þjónustu við íbúa þeirra byggðarlaga sem verst eru sett hvað varðar samgöngur að vetrarlagi. Ef ég tek mitt kjördæmi, Austurland, sem dæmi, þá eru það byggðarlög eins og Vopnafjörður, Neskaupstaður, Borgarfjörður eystri og Seyðisfjörður. Í stað þess að vegir eru aðeins opnaðir þrisvar sinnum í viku ætti það að vera sjálfsögð þjónusta við íbúa að opna þá daglega eða þegar þess er þörf. Ég reikna með að Vestfirðingar eigi við sama vandamál að stríða.

Auk þess vil ég geta þess að vinnubrögð hæstv. samgrh. við skiptingu fjármagns á einstök verkefni eru forkastanleg þar sem ekkert samráð er haft við þingmenn viðkomandi kjördæma eins og venja er til. Talandi um sameiningu sveitarfélaga, en það virðist vera töfralausnin hjá þessari ríkisstjórn í atvinnumálum fyrir utan EES eins og fram kom hjá hæstv. utanrrh. í gær, þá er sameining sveitarfélaga á ákveðnum svæðum alveg út í hött ef ekki koma til eðlilegar samgöngur á milli staða innan væntanlegs sveitarfélags. Fyrir mér er það t.d. mikið viturlegra að sameina allan Reykjanesskagann eins og hann leggur sig í eitt sveitarfélag en sameina t.d. Jökuldalshrepp, Fljótsdalshérað og Seyðisfjörð af ofangreindum ástæðum.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Hér erum við að ræða till. til þál. um breytingu á vegáætlun. Hæstv. samgrh. sagði áðan að þetta snerist um að auka vegaframkvæmdir. Hvernig eru þessar vegaframkvæmdir auknar? Það sem við höfum séð í fjárlagafrv. er að í því eru skorin niður framlög til vegamála um 344 millj. kr. af lögbundnum framlögum, að ferjur og flóabátar eru flutt yfir til Vegagerðarinnar en þau kosta 330 millj. og hætt er við fyrirhugaðar lántökur til Vestfjarðaganga upp á 250 millj. Samtals eru þetta 924 millj.

Svo er aftur á móti ákveðið að fara í 1.800 millj. kr. lántöku til aukningar á vegaframkvæmdum. Það út af fyrir sig ætla ég ekki að gagnrýna einfaldlega vegna þess að ég er sammála því að það eigi að halda uppi framkvæmdum í vegagerð á tímum eins og núna eru. Við fáum bæði hagstæðari tilboð í vegalagningar og höldum uppi atvinnu sem er mjög mikilvægt núna. Burt séð frá því hvað við viljum gera á öðrum sviðum til að auka atvinnu er skynsamlegt að halda uppi atvinnu í vegagerð þegar svona háttar til. Ég ætla ekki að gagnrýna það. En ég ætla að gagnrýna aðferðina. Mér finnst hún algerlega fráleit.

Það hefði auðvitað mátt taka lán til vegagerðar en að nota tækifærið til þess að breyta framkvæmdaröð með þeim hætti sem hér er gert og slá sig til riddara á fölskum forsendum með þeim rökum að þarna sé verið að auka sérstaklega atvinnuskapandi framkvæmdir finnst mér forkastanlegt. Hvaða mat hefur farið fram á því hvaða vegagerðarfyrirætlanir eru atvinnuskapandi? Mig langar að vita það.

Hvernig var staðið að þessu verki? Ég á að heita nefndarmaður í samgn. Á sama tíma og þær fyrirætlanir urðu til sem við erum hér að ræða hélt samgn. enga fundi. Frá því að þing kom saman 17. ágúst og þangað til 19. okt. hélt samgn. enga fundi. Hún hélt einn fund til þess að kjósa sér nýjan formann og eftir það engan fund fyrr en 19. okt. Á því tímabili urðu þessar hugmyndir að ákvörðun hjá ríkisstjórninni og

voru kynntar. Þessar fyrirætlanir hafa ekki einu sinni verið lagðar fram í þinginu enn eða kynntar neins staðar fyrir þingmönnum svo ég viti til. Mig langar að spyrja hæstv. samgrh. hvernig að þessari ákvarðanatöku var staðið því ég veit að það var ekki haft samband við samgöngunefndarmenn, ég veit að það var ekki talað við Vegagerðina fyrr en daginn áður eða tveimur dögum áður en þessar ákvarðanir voru kynntar og ég veit að þingmenn kjördæmanna komu ekki að málinu. Var ákveðið á ríkisstjórnarfundum hvaða framkvæmdum ætti að flýta eða var það kannski ráðherra einn sem ákvað með hvaða hætti ætti að raða upp á nýtt í vegaframkvæmdum? Mér finnst þessi vinnubrögð vera forkastanleg og þinginu til vansæmdar að svona skuli vera hægt að standa að málum.

Mig langar að fá svar við því hjá hæstv. samgrh. hvernig hann hafi gert þingmönnum kjördæmannna og samgn. grein fyrir málinu og hvernig hann hyggst standa að svona málum í framtíðinni. Finnst honum þetta eðlileg vinnubrögð? Ég hef heyrt að hann hafi verið gagnrýninn á vinnubrögð hér í þinginu áður en hann varð ráðherra og fundist að þingmenn ættu að hafa fullan rétt til þess að vita af því hvað stæði til. Svo langt hefur þetta mál gengið að það er búið að ákveða þessar framkvæmdir. Það er meira að segja búið að bjóða þær út án þess að ákveðið hafi verið að fara í þær. Frammi fyrir því stendur þingið. Ég tel að það sé óviðunandi fyrir nefndir þingsins og þetta er ekki fyrsta málið. Við erum búin að sjá það ítrekað frá því að þing kom saman að gengið er gersamlega fram hjá þingnefndunum í sambandi við fyrirhugaðar breytingar sem eiga að verða. Ég tel að þingnefndirnar þurfi að taka þessi mál til skoðunar og að þingið verði að ná einhvers konar samkomulagi um að ekki sé gengið fram hjá þingmönnum með þeim hætti sem hér er gert. En ég vil taka það fram svo það valdi ekki misskilningi að ég er síður en svo á móti því að hér sé aukið við í vegaframkvæmdum. Ég vil reyndar benda á að þegar verið var að ræða vegamál á síðasta þingi, þá var sérstök bókun minni hluta samgn. um þessi mál þar sem hvatt var til aukinnar vegagerðar. Við höfum því aldeilis ekki lagt það til að skorið væri niður með þeim hætti sem gert var á síðustu fjárlögum til vegagerðar.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Þetta mál ber að vægast sagt með nokkuð sérkennilegu hætti en sjálfsagt fer það í gegn vegna þess að hv. þm. hafa skilning á mikilvægi þess að flýta framkvæmdum í vegagerð almennt. Menn verða samt að gæta þess, þótt kappsfullir séu, að virða leikreglur. Það er einmitt þess vegna sem ég er kominn í þennan ræðustól, til að finna að því að hæstv. ráðherra hefur ekki gert það í þessu máli.

Hér er engin spurning um það að um breytingu á vegáætlun er að ræða og þess vegna er það, eins og hefur komið fram hjá öðrum ræðumönnum sem hér hafa talað á undan mér, að það hefði verið sjálfsagt að hæstv. ráðherra hefði komið með þetta mál til samgn. þingsins og kynnt það fyrir samgöngunefndarmönnum og síðan hefði þingmönnum hinna ýmsu kjördæma gefist kostur á að fjalla um málið eins og gert er við skiptingu vegafjár. Ég skal ekkert um það dæma hvort einhverjir aðrir vegarkaflar hefðu orðið fyrir valinu ef svo hefði verið. Menn hefðu orðið að sætta sig við það og ráðherrann þá líka en það eru þær leikreglur sem hér hafa verið viðhafðar. Það er engin spurning um það í mínum huga að hér er um breytingu að ræða á vegáætlun og einstökum verkefnum er þess vegna flýtt langt fram yfir önnur verkefni sem þingmenn kjördæma hefðu sett framar.

Aðeins til þess að við glöggvum okkur á því, ekki bara þingmennirnir heldur líka hæstv. ráðherra, þá langar mig til að lesa örstuttan kafla í vegalögum og hvað þar er sagt um vegáætlun. Þar segir svo, með leyfi, virðulegi forseti:

„Samgönguráðherra leggur að fengnum tillögum vegamálastjóra tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir Alþingi. Í tillögunni skal gerð grein fyrir fjáröflun þeirri, sem fyrirhuguð er á áætlunartímabilinu, og útgjöld sundurliðuð eftir helstu framkvæmdaflokkum skv. lögum þessum. Við meðferð tillögunnar fyrir Alþingi skal ákveða skiptingu útgjalda til einstakra framkvæmdaliða og tillagan afgreidd í endanlegu formi sem þingsályktun um vegáætlun fyrir fjögurra ára tímabil."

Síðan segir: „Sé fé veitt til þjóðvegagerðar eftir öðrum leiðum en getið er um í tillögu til þingsályktunar um vegáætlun, svo sem í landshlutaáætlunum, með sérstakri fjáröflun eða á annan slíkan hátt, skal fjalla um skiptingu þess innan ramma vegáætlunarinnar á sama hátt og að framan getur."

Hér er náttúrlega alveg skýrt talað og þarf þess vegna ekki miklu fleiri orð um þetta. Hér hefur ráðherranum því miður orðið á. En eins og ég sagði, þá hef ég tilfinningu fyrir því að honum verði fyrirgefið vegna þess að menn skilja og finna hve þörfin er brýn á framkvæmdum í þessum málaflokki. En skilaboðin eru alveg skýr, virðulegi ráðherra, að hér er ekki farið að eðlilegum leikreglum.

Ráðherrann notaði það einnig sem vörn í málinu að þessi tími sem nú væri væri einstaklega heppilegur til útboða og skynsamlegt þess vegna að vera í vegagerð. Það er alveg rétt. Ég er ráðherra sammála um það. Þess vegna vil ég spyrja ráðherra að því hvort hann hafi þá ekki hugsað sér að við gætum breytt um vinnubrögð og hagað því svo að við gætum verið með vegaframkvæmdir í gangi í miklu ríkari mæli en verið hefur hingað til, nánast samfellt árið um kring. Við eigum mjög mikið af dýrum tækjum sem standa allt of lengi ónýtt. Það vitum við og þess vegna er það kannski, eins og ráðherrann sagði, að við fáum hagstæð boð. Menn velta því nú fyrir sér hvernig það megi vera að þau verk sem eru boðin út þessa dagana í vegagerð eru nánast flest eða öll innan við 60% af kostnaðaráætlun ef ég hef heyrt rétt. Algengar tölur sem við heyrum eru svona 52–54% af kostnaðaráætlun. Ég er því ekkert hissa á því þótt ráðherrann vilji hraða framkvæmdum.

Ég þarf nú ekki, virðulegi forseti, að lengja mál mitt en mig langar þó til þess að spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé ekki alveg skýrt og rétt skilið hjá mér að

þessi verk sem er talað um, a.m.k. einhver þeirra, séu ekki inni á verkáætlun eða áætlun Vegagerðarinnar. Það út af fyrir sig finnst mér, eins og ég hef sagt, ekki rétt af ráðherra að hafa gert án þess að hafa samráð við þingmenn viðkomandi kjördæma vegna þess að það raskar auðvitað þeim áætlunum sem menn hafa verið að gera til lengri tíma.

Menn hafa vikið að því að undanfari þessara framkvæmda er auðvitað það fjármagn sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir að leggja fram til þess að glæða og auka atvinnu hér í landinu. Auðvitað eru þær tölur sem settar voru fram, tæpir tveir milljarðar kr., mjög falskar tölur og standast náttúrlega hvergi. Það er ekki nema brot af því sem á að fara til aukinnar vegagerðar. Það vitum við vegna þess að það eru aðrir liðir sem voru settir inn sem mínusa þessa upphæð svo það nemur háum upphæðum. Þannig er það nú. Svo er hitt, að ef við færum að skoða það, þá er spurning hvort þessi verk eru einmitt valin með tilliti til þess að þau þjóni þessu eða komi til með að verka á þeim stöðum þar sem atvinnuástandið er hvað verst.

Virðulegi forseti. Ég undirstrika það enn og aftur að ég fagna hverri krónu sem kemur til þess að auka framkvæmdir í vegagerð landsins. Ég held að það sé brýnt mál. Það er mikið byggðamál og það er heljarins mikið mál fyrir okkur öll sem byggjum þetta land. Það hefur ekki orðið breyting í vegagerð á síðustu árum, það hefur miklu fremur orðið bylting á seinni tíma og því ber að fagna. En ég stend upp, virðulegi forseti, fyrst og fremst til að gagnrýna meðferð ráðherrans á þessu máli, að hann skuli hafa gengið fram hjá þingnefnd og þingmönnum kjördæmanna.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er vissulega ástæða til þess að fagna því átaki til atvinnuaukningar sem hæstv. ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir með því að veita auknu fé til vegamála í landinu. Það fer ekkert á milli mála að með þeirri ákvörðun og þeirri tillögu ríkisstjórnarinnar sem við erum að ræða hluta af í dag er verið að byrja að taka myndarlega á máli sem mikil nauðsyn hefur verið á þ.e. að auka fé til vegamála og sérstaklega til einstakra verkefna sem einstök kjördæmi hafa verið í miklum vandræðum með.

Menn hafa velt því fyrir sér hvort átak til atvinnuaukningar sé réttmætt nafn á auknu fé til vegamála. Menn hafa sagt sem svo: Það er hægt að benda á að hægt sé að auka atvinnu með ýmsum öðrum hætti, kannski með áhrifameiri hætti. Ég held að í þessu felist nokkur misskilningur því að ávinningurinn af því að veita auknu fé til vegamála er í raun og veru tvenns konar. Í fyrsta lagi eykst atvinna á meðan verið er að vinna að vegagerðinni. Í öðru lagi hitt, sem skiptir auðvitað mjög miklu máli, að með því að tengja saman byggðir, sem er yfirlýstur tilgangur þeirrar fjárveitingar sem hér er verið að leggja til, munu eðli málsins samkvæmt verða til aukin atvinnutækifæri, ekki síst í dreifbýlinu þar sem þeirra er þörf.

Vegna þess að menn eru auðvitað ekki bara að ræða þessa tillögu eins og hún birtist hér í efnisatriðum, menn eru auðvitað að ræða þetta mál í víðara samhengi, samhengi við átak til atvinnuaukningar sem ríkisstjórnin hefur kynnt, þá finnst mér aðalatriði þessa máls vera það að með því að veita nú svo miklu fé til þess að hraða vegagerð í landinu, þá skapist nýtt svigrúm fyrir kjördæmin í landinu til þess að ráðast í verkefni sem hafa verið þeim gersamlega ofviða. Ég tek sem dæmi þau verkefni sem lagt er til að farið verði í á Vestfjörðum, þ.e. vegskáli við Óshlíð og áframhald framkvæmdanna um Hálfdán milli Bíldudals og Tálknafjarðar. Það fer auðvitað ekkert á milli mála að með því að fara í þau verkefni er verið að leysa gríðarlega mikil og aðkallandi vandamál og ekki síður hitt að það hefur blasað við að í einstaka kjördæmum, eins og Vestfjarðakjördæmi, hefur það verið einfaldlega þannig að kjördæmin hafa verið í hreinustu vandræðum með að ráða við þessi stóru verkefni af sínu takmarkaða fé. Þá hefði einu gilt þó að um hefði verið um að ræða örlítið meiri fjárveitingar í einstök kjördæmi. Það hefði einfaldlega ekki dugað. Sannleikurinn er sá að það þurfti stórt og mikið átak af þessu taginu til þess að við réðum við þessi verkefni í okkar kjördæmum. Þetta á ekki bara við um Vestfirði. Mér er kunnugt um að svipað hefur verið uppi á teningnum annars staðar.

Það sem mér hefur fundist hvað athyglisverðast í þessari umræðu hingað til er það að menn hafa ekki gagnrýnt að aukið skuli fé til vegamála. Menn hafa allir eða flestir sagt sem svo: Það í sjálfu sér er gott. Ég hef líka hlustað af mikilli athygli eftir því hvort fram hafi komið í málflutningi hv. þm. ábendingnar um önnur verkefni en hæstv. ríkisstjórn hefur lagt til. Það hefur heldur ekki komið fram. Menn hafa með öðrum orðum ekki verið að ræða þessa tillögu efnislega. Menn hafa fremur verið að ræða, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, um aðferðina.

Nú blasir það hins vegar við að inn á borð Alþingis er komin tillaga ríkisstjórnarinnar. Hér er því fullnægt þeirri athugasemd um formið sem hefur verið rauði þráðurinn í umræðum manna í dag. Ég vona þess vegna að við getum fremur farið að snúa okkur að því verkefni að fjalla efnislega um þessa merku tillögu sem ég hef miklar mætur á eins og hefur komið fram í máli mínu.

Ég vil í þessu sambandi nefna úr því að hv. 3. þm. Vesturl. nefndi það að auðvitað er rétt að ríkisstjórnin hefur gert ráð fyrir því að rekstur flóabáta og ferja kæmi inn á vegaféð. Ég er alveg sammála hv. þm. um það að þegar og ef sú ákvörðun verður tekin verða menn auðvitað að gæta afskaplega vel að því að staðið verði að því með þeim hætti að Vegagerðinni verði séð fyrir sómasamlegu rekstrarfé til þess að annast rekstur þessara skipa. Það hefur verið gert ráð fyrir því að sérstök aukning væri á tekjum Vegasjóðs til þessa rekstrar. Eftir upplýsingum sem ég hef aflað mér má búast við því að tekjur Vegasjóðs muni jafnframt aukast af öðrum ástæðum. Ég held að þegar menn fara í alvöru að ræða þetta mál sérstaklega verði að fara mjög nákvæmlega ofan í það hver kostnaður ferja og flóabáta verður þegar að því máli kemur og átta okk-

ur á hverjar tekjur Vegasjóðs verða síðan til að standa straum af þessu. Það gengur auðvitað ekki að við skrifum upp á þetta eins og óútfyllta ávísun í þeim skilningi að við vitum ekki nákvæmlega hver kostnaðurinn af rekstri flóabáta og ferja verður. Ég óttast í þessu sambandi að ekki séu öll kurl komin til grafar og þess vegna verðum við að fara af mjög mikilli gætni í þessi mál.

Ég vek athygli á því að í fjárln. Alþingis var óskað eftir upplýsingum um það hver heildarkostnaðurinn væri nú orðinn við kaupin á Herjólfi og smíði bryggjanna í tengslum við það skip. Þá kom þar fram að sem betur fer hafi uppgjörið við skipasmíðastöðina gefið til kynna að smíðin á skipinu hefði verið öllu ódýrari en upphaflegur samningur hljóðaði upp á. Engu að síður þegar við leggjum saman kostnaðinn við smíði skipsins að viðbættum öðrum kostnaði vegna hönnunar, eftirlits, stjórnunar og ýmsum stofnkostnaði, heimsiglingu, olíu og vaxta á smíðatíma, sem sjálfsagt er að taka með í reikninginn, er heildarkostnaðurinn lauslega áætlaður um 1.370 millj. kr. Til viðbótar þessu er síðan kostnaður vegna hafnargerðar í Þorlákshöfn 155,9 millj. kr. og vegna Vestmannaeyjahafnar 95,4 millj. kr. Ég ætla ekki að gagnrýna þetta. Það dettur mér ekki í hug. En það sem ég vil hins vegar leggja áherslu á er það að þessi kostnaður upp á samtals 1.621,3 millj. kr. verður auðvitað ekki lagður á Vegasjóð án þess að við gerum ráð fyrir því að hann hafi auknar tekjur til þess að standa straum af þessu. (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu ekki, hv. 4. þm. Norðurl. e. Þú veist auðvitað sjálfur að það stendur ekki til. Ég var aðeins að vekja athygli á því hver þessi kostnaður væri og ég sundurliðaði hann eins og þú heyrðir sjálfur þannig að þetta frammíkall var tilefnislaust. Aðalatriðið er sem sagt að það verður að sjá fyrir þessu öllu saman og skoða allt saman í heild sinni. Að öðru leyti dreg ég saman mál mitt með því að segja að ég er afskaplega ánægður með þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að auka fé til vegamála og tel að það sé í eðli sínu gott vegna þess að að skapar atvinnu til lengri og skemmri tíma.

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Stjórnarliðar eru nú afar stoltir yfir þessu framtaki sínu. Við stjórnarandstæðingar töldum að vísu í fyrra að mikilvægt væri að auka hin ýmsu verkefni en hér tala þeir eins og þeir séu að finna upp nýjungar, séu allt í einu að koma með nýja peninga inn í málið. Er það ekki ljóst að hér er verið að ganga á tekjustofna framtíðarinnar? Er það ekki alveg ljóst að í þessum tillögum ríkisstjórnarinnar stendur að það á að taka nokkur stórverkefni sem verða skorin af fjármagni næstu ára? Það er farið í nokkur stórverkefni og hinir almennu vegir margir hverjir sem skipta íbúa landsbyggðarinnar ekki litlu máli munu enn frekar sitja á hakanum. Það er t.d. ljóst í þessu að hér hefur ríkisstjórnin leyft sér það að taka inn verkefni sem ekki hafa komist inn á vegáætlun. Verður ekki að skera niður einhver verkefni í framtíðinni til þess að fjármagna þau? Einhverju verður fórnað fyrir það? Fyrir utan hitt sem manni er kannski ofarlega í huga: Hverjum er verið að bjarga með þessu? Voru það ekki stóru risarnir, verktakarnir, sem drundu hátt yfir ríkisstjórnina og sögðu: Við erum að deyja vegna stefnu ykkar? Þið verðið að draga okkur að landi, sögðu þeir. Þið verðið að fara í stórverkefni, enda fylgdu skilaboð frá hæstv. samgrh. um að heimamenn mættu ekki sitja að þessum bitum, þeir yrðu að berjast við risana hér á höfuðborgarsvæðinu til þess að fá þetta verkefni. Ég hef grun um að það séu mörg atriði í þessum dúr sem ráði því að ríkisstjórnin hefur nú ráðist í þessa stórverkaáætlun. Það hriktir í víða í samfélaginu vegna atvinnuástandsins og mörg stór verktakafyrirtæki eru auðvitað að fara á hliðina og kannski fjármálastofnanir í leiðinni.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég lít svo á að það hafi verið tvær fyrirspurnir sem hv. þm. beindi til mín. Í fyrsta lagi það hvort þau lán sem tekin verða til þess að standa straum af þessari hröðrun á framkvæmdum verði greidd af framtíðinni. Ég geri ráð fyrir því að það verði þannig með þessa lántöku eins og aðrar lántökur til vegamála að hún verði greidd af framtíðinni. Það er viðurkennd aðferð og ég á ekki von á því að það verði mikil breyting á því í sjálfu sér.

Í öðru lagi var spurt hvort það hafi verið risarnir í verktakabransanum sem hafi ýtt á menn að hraða vegamálunum. Mér finnst það ekki skipta neinu máli hvort það hafi m.a. verið vegna þrýstings til að mynda frá verktakasambandinu eða öðrum ágætum mönnum sem þessi ákvörðun var tekin. Aðalatriðið er að þessi ákvörðun var tekin og ég tel að það sé bara af hinu góða að starfsmenn risanna í verktakabransanum eins og annars staðar fái vinnu.

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. svar hans. Hann upplýsir hér að það sé viðurkennd aðferð að taka lán. Það er hárrétt, það er viðurkennd aðferð. En hann svaraði ekki spurningu minni. Ég spyr hann aftur: Gerir hann sér ekki grein fyrir því að það að flýta stórverkefnum mun koma niður á ýmsum öðrum brýnum verkefnum? Þau verða skorin niður á næstu árum. Ég vil fá skýrt svar frá hv. þm. um það hvort hann hafi ekki áttað sig á þessu atriði um leið og hann féllst á rök ríkisstjórnarinnar.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að jafnþingvanur maður og hv. þm. Guðni Ágústsson viti það mætavel að eftir því sem skuldbindingar okkar aukast hvort sem það er í hafnamálum eða vegamálum kemur það auðvitað niður á framkvæmdaþættinum þegar fram í sækir. Þannig mun það vitaskuld verða þegar menn fara að greiða af þessum lánum sem öðrum lánum.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér er það mjög mikilvægt að menn tali um þessi mál þannig að fólk skilji hvað ver-

ið er að tala um. Hér koma stjórnarþingmenn og tala um aukið fé til vegagerðar. Það er rangt. Það er ekki verið að auka fé til vegagerðar. Það er verið að flýta framkvæmdum. Það er verið að skerða fé til vegagerðar það mikið, eins og ég lýsti áðan, að af þessum 1.800 millj., sem gert er ráð fyrir að taka að láni og á að greiða til baka á næstu 4–5 árum, er ekki eftir eftir þetta ár meira en 876 millj. kr. Þessar 876 millj. eru ekki nema rúmlega það sem skorið var niður í fyrra af fyrirhuguðum framkvæmdum í vegagerð. Mér finnst mjög mikilvægt að menn tali um þetta eins og það er. Ég er ekki á móti því að menn taki þessi lán en menn eiga ekki að tala eins og það sé verið að ákveða það að vinna einhver verkefni í vegagerð sem ekki stóð til að vinna. Það er verið að tala um að flýta þeim. Það sem við höfum gagnrýnt hér er fyrst og fremst hvernig að því hefur verið staðið að velja þessa framkvæmdaröð. Þar hafa menn gripið tækifærið til að breyta henni án þess að láta málið fara í gegnum þann feril sem það á að fara.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég hygg að hv. 3. þm. Vesturl. hafi mætavel verið ljóst, þá ræddi ég alltaf um það í minni ræðu að verið væri að flýta þessum framkvæmdum. Auðvitað hefur það legið fyrir frá upphafi hvernig að fjármögnuninni var staðið. Það er í sjálfu sér ekki neitt nýtt. Ég sýndi hins vegar fram á það í umræðum um vegáætlun sl. vor að þrátt fyrir allt tal manna um niðurskurð lægi það fyrir að hæstv. samgrh. gæti verð fullsæmdur af hlut vegamála bæði í þjóðarframleiðslunni og í samanburði við fyrri ár. Það stendur óbreytt. Ef menn skoða samanburðartölur um framlög til vegamála fyrir næsta ár liggur það fyrir að það ár mun auðvitað skera sig úr. Þrátt fyrir það að auðvitað liggi fyrir að hér sé um að ræða lán sem væntanlega verður greitt á löngum tíma, eins og er gjarnan um lán af þessu taginu, verður næsta ár ár mjög mikilla framkvæmda í vegamálum. Það er auðvitað það sem öllu máli skiptir og ég held að við ættum fremur að lýsa fögnuði okkar yfir því en að hnotabítast um atriði sem lýtur að forminu þegar þetta mál er komið hér inn í sali Alþingis.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ekki taka undir það eða viðurkenna að við séum að hnotabítast út af því að verið er að auka fé til vegamála á næsta ári, það er síður en svo. Við höfum verið að gagnrýna aðferðirnar. Það er alveg rétt að hv. þm., sem talaði hér næst á undan mér, lagði á sig að rökstyðja það með löngu máli að miklir peningar færu til vegamála og hefði ekki verið dregið mikið saman í þeim efnum. Það segir auðvitað sína sögu. Við vorum á öðru máli þá. Við lögðum það til að aukið yrði fé til vegamála frá því sem fyrirhugað var af ríkisstjórninni og stuðningsmönnum hennar. Það var ekki orðið við því þá en við fögnum því þegar menn taka sönsum og gera það sem við lögðum til í fyrra.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er með ólíkindum hvað hæstv. ríkisstjórn er umhugað um að ráðast á vegáætlun sem samþykkt var vorið 1991 með samhljóða atkvæðum í Alþingi og stuðningi allra þingflokka. Það byrjaði strax eftir kosningar þegar hæstv. samgrh. tók sér löggjafarvaldið og sendi hv. þm. lista yfir það sem hann hefði ákveðið að skera niður. Hann fékk að sjálfsögðu miklar þakkir fyrir frá stjórnarliðum öðrum en hv. 1. þm. Vestf. sem þótti þetta lögbrot. En eins og menn vita er hann búinn að vera nokkuð lengi á þingi og er kannski fastur í gömlum hefðum og ekki farinn að læra hina nýju siði Sjálfstfl. og hvar löggjafavaldið liggur.

Síðan var ráðist á vegáætlun annað sinn þegar árið 1992 var tekið út sérstaklega og nú er í þriðja sinn lögð til breyting og í annað skipti sem menn breyta árinu 1992.

Ráðherra hefur ekki haft fyrir því að láta fylgja með þessari áætlun eða ályktun þær tillögur sem ríkisstjórnin samþykkti um verkefni á næsta ári. Það kemur hvorki fram né heldur útlistun á því hvaða verkefni af þeim eru ný og ekki á vegáætlun eða hver þau eru. Ég hef ekki séð þennan lista nema í fjölmiðlum og kannski er það framtíðin undir stjórn Sjálfstfl. í samgöngumálum að þingmenn eigi að frétta af ákvörðunum ríkisstjórnarinnar í gegnum Morgunblaðið. Ég hef haldið að fram til þessa væri venjan sú að ráðherra talaði við þingið og leitaði heimilda hjá því. Síðar er upplýst af öðrum ráðherra að hér sé ekki um að ræða neina aukningu. Jafnvel þótt hv. 3. þm. Vestf. hafi verið mjög kátur í ræðustól og talað um aukningu vegafjár, þá er það upplýst að ekki er um neina aukningu að ræða heldur verður fjármagn til að mæta þeim framkvæmdum sem flýtt er tekið af vegáætlun sjálfri á seinni árum. Niðurstaðan er því einfaldlega sú að það er verið að færa til fé milli ára og í öðru lagi er verið að færa til fé á milli verkefna. Það er verið að setja önnur verkefni fram fyrir þau sem áður voru ákveðin og eru í núgildandi þingsályktun og verið að taka ný verkefni inn sem ekki eru til í vegáætlun.

Stjórnarliðar eru mjög kátir. Þeir eru svo kátir yfir því að þurfa sennilega ekki lengur að sitja yfir því í þingmannahópum kjördæmanna að taka ákvörðun um það hvernig á að skipta fé til vegaframkvæmda í kjördæminu. Ég dreg ekki aðra ályktun af kæti stjórnarliða en þá að þeir hafi verið með í ráðum ríkisstjórnarinnar við ákvörðun á þessu verkefni. Af þessu verður ekki önnur ályktun dregin en sú að þingmenn stjórnarliðsins í einstökum kjördæmum hafi tekið upp þann sið að ætla sjálfir að stýra því í hvaða verkefni fé verði veitt. Stjórnarandstöðuþingmönnum í kjördæmunum kemur það ekkert við. Það eru skilaboð stjórnarþingmanna og ráðherra til stjórnarandstæðinga. Nú er verið að slíta í sundur þann frið sem hefur verið um skiptingu vegafjár á Alþingi fram til þessa og það er Sjálfstfl. sem hefur forgöngu um það undir forustu hæstv. samgrh. en hann tekur öðrum fram í kjördæmapoti og þykir það ekki fínt í hans flokki, alla vega ekki á höfuðborgarsvæðinu.

Mig undrar að ungir og kappsfullir menn skuli lýsa

yfir fögnuði með þessa breytingu. Hvað sem framtíðin ber í skauti sér er ljóst að menn hljóta að hafa þetta í huga þegar vindar í stjórnmálum breytast. Sjálfstfl. getur ekki treyst því að vera ávallt í ríkisstjórn og það styttist í að hann víkur þaðan. Þeir eru kannski að biðja um að þeir verði ekki hafðir með í ráðum þegar kemur að því að þeir verði í stjórnarandstöðu. Hvort sem það verður eða ekki, eru vinnubrögð þeirra þannig að þau verðskulda ekki önnur viðbrögð af okkar hálfu.

Hitt er ekki víst að menn sýni sömu framkomu og þeir sem að þessu máli standa að hálfu ríkisstjórnarinnar og sýnir meiri þroska í störfum þingsins.

Um þessi verkefni vil ég segja að í sjálfu sér er það þannig í þjóðfélagi sem býr við mikið vegakerfi og mörg óunnin verkefni að menn fagna því sem gert er og ég hygg að segja megi að öll verkefni séu þörf. En málið snýst ekki um það heldur hitt að við höfum takmarkað fé til ráðstöfunar, við höfum minna en við viljum og verðum að deila því út, verðum að velja og hafna. Það er alvarlegt þegar menn rífa það upp sem áður er búið að semja um.

Ég nefni brúargerð sem dæmi. Í langtímaáætlun sem lögð var fyrir þingið og í bærilegu samkomulagi allra þingflokka var dregin upp sú áhersluröð að tvö næstu stórverkefni í brúargerð hér á landi yrðu yfir Kúðafljót og yfir Gilsfjörð. Í núgildandi vegáætlun og í langtímaáætlun þeirri sem lögð var fram og tekur við af henni er ljóst að brúin yfir Gilsfjörð er síst á eftir brúnni yfir Kúðafljót. Þegar lagt er til að taka brúna yfir Kúðafljót, sem er þarft verk og gott, en boðað jafnframt að önnur verkefni verði skorin niður, þá spyr ég: Hvað verður um brúna yfir Gilsfjörð?

Hæstv. ráðherra hafði ekki fyrir því að segja okkur hvað hæstv. ríkisstjórn hafði ákveðið að skera niður á móti þeim verkefnum sem hún mun taka inn ný. Maður hlýtur að spyrja um það sem mér þykir vera hættulega nærri: Er það ákvörðun stjórnarflokkanna að ýta brúnni yfir Gilsfjörð aftur fyrir?

Við þessu verður að fá svör. (**Forseti:** Hv. þm. hefur lokið þeim tíma sem hann hefur til umráða.) Það var skaði, virðulegi forseti, ég á nefnilega töluvert eftir. (**Gripið fram í:** Þú biður bara um orðið aftur.) Ég tek þeirri ábendingu og bið um orðið aftur, ég má tala tvisvar í þessari umræðu og læt þessu lokið.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er með ólíkindum hvernig ræður eru haldnar af hálfu stjórnarandstæðinga við þessa umræðu. Ólund þeirra í garð hinnar mikilvægu ákvörðunar að hraða framkvæmdum í vegagerð kemur mjög glöggt fram ekki síst hjá hv. síðasta ræðumanni, 5. þm. Vestf., og er ástæða til að hann geri betur grein fyrir því hvaða tillögur hann hefði lagt fram aðrar en þær að leggja til sömu framkvæmdir á Vestfjörðum og eru í frv., þ.e. vegskáli í Óshlíð og vegurinn á milli Bíldudals og Tálknafjarðar. Það væri fróðlegt að heyra hvað þeir leggja til í þessum efnum.

Það vakti mikla athygli að þegar tillögurnar komu fram hjá ríkisstjórninni óskaði einn af þingmönnum Alþb., hv. 14. þm. Reykv., eftir því að Ríkisendurskoðun tæki málið til meðferðar, hvort ríkisstjórninni væri heimilt að ganga til þeirra mikilvægu verkefna að auka og tryggja atvinnu, bæta framkvæmdir í vegamálum eftir að síðasta ríkisstjórn með alþýðubandalagsmann í samgrn. hafði unnið að þessum verkum. Það er nauðsynlegt að rifja þetta rækilega upp og minna á svipaðan málflutning og hv. 5. þm. Vestf. hafði uppi í umræðum um Skipaútgerð ríkisins á síðasta þingi. Ég held að hv. stjórnarandstæðingar ættu miklu fremur að fagna þeirri tillögu sem fram hefur komið en að leggjast í ólund út af henni.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki ferst hv. 1. þm. Vesturl. vel vörnin. Skorað hefur verið á hann ásamt öðrum þingmönnum Vesturl. og Vestf. að standa vörð um vegáætlun hvað varðar Gilsfjarðarbrú. Hann upplýsti ekkert um áform ríkisstjórnarinnar hvað þá framkvæmd varðar. Spurningin sem ég beini til stjórnarþingmanna úr þessum tveimur kjördæmum er: Hvað sömdu þessir þingmenn um Gilsfjarðarbrú? Sömdu þeir hana aftur fyrir aldamót?

Varðandi Skipaútgerð ríkisins bendi ég hv. þm. á að í landsfundarsamþykkt Sjálfstfl. stendur „að tryggt verði að afskekkt byggðarlög fái flutningaþjónustu þótt hún verði að vera niðurgreidd. Setja þarf ákveðin takmörk á flutningaþjónustu ríkisins." — Hvað er að gerast nú í afskekktum byggðarlögum eins og í Árneshreppi á Ströndum, á Bíldudal og Suðureyri? Þessi byggðarlög fá enga skipaþjónustu og verða að borga hærra verð en önnur byggðarlög fyrir flutninga. Það er skattur sem núverandi ríkisstjórn er að leggja á íbúa í afskekktum byggðarlögum. Staðhæfingar mínar við afgreiðslu frv. um Skipaútgerð ríkisins hafa því miður allar gengið eftir.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hv. 5. þm. Vestf. tek ég fram að það hefur enginn samningur verið gerður um Gilsfjarðarbrú í tengslum við þá till. sem hér er til umfjöllunar. Þingmaðurinn, sem er þingmaður Vestf. og hlýtur að koma að þeirri ákvörðun sem snýr að Gilsfjarðarbrú og ég vona að hann styðji það verk. Það kom ekki fram hjá honum í þessari umræðu.

Hins vegar væri fróðlegt að heyra hvort Alþb. ætli sér, þegar það kemst í þá aðstöðu, að taka aftur til við rekstur Skipaútgerðar ríkisins.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég hygg að segja megi fyrir hönd Alþb. hvað varðar afskekkt byggðarlög er að það er vilji og stefna flokksins að tryggja öllum sambærilega þjónustu án þess að borga mismunandi hátt verð fyrir hana.

En ég bendi þingmanninum á að í þeirri brtt. sem hér liggur fyrir er lagt til að veita fé í framkvæmd sem er ekki á framkvæmdaáætlun fyrir 1994. Gilsfjarðarbrú er á áætlun 1993 og hjá hæstv. fjmrh. liggja fyrir yfirlýsingar um að á móti flýttum verkum verði samsvarandi verkefni skorin niður. Samkvæmt þeim yfir-

lýsingum verða fjárveitingar til Gilsfjarðarbrúar skornar niður á móti þeim fjárveitingum sem flýtt er vegna Kúðafljóts. Það er það sem ég les út úr yfirlýsingu ráðherrans og spyr því stjórnarþingmenn: Eru þið búnir að semja um það að Gilsfjarðarbrú flytjist aftur fyrir aldamót?

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nauðsynlegt að leiðrétta þrjú atriði í málflutningi hv. 5. þm. Vestf., Kristins H. Gunnarssonar.

Í fyrsta lagi er samkvæmt núgildandi vegáætlun ekki búist við að fara af fullum krafti í Gilsfjörð á þessu áætlunartímabili. Ef litið er á stór verkefni, stórbrýr, eins og vegáætlun liggur nú fyrir er gert ráð fyrir 22 millj. á árinu 1993 og 38 millj. á árinu 1994, sem ekki hrekkur til þess enda er undirbúningur þess verks ekki svo langt kominn að unnt sé að bjóða það út á næsta ári. Þannig að það mál hefur ekki verið inni í myndinni.

Í öðru lagi er það misskilningur hjá hv. þm. að minna fé hafi verið varið til vegamála á þessu ári en á þremur síðustu árum. Ef við tökum tölur á áætluðu verðlagi 1993, vísitala 4740, var það svo að á árinu 1989 var 5 milljörðum 223 millj. varið til vegagerðar, 5 milljörðum 225 millj. á næsta ári, árið 1991 5 milljörðum 401 millj. og á þessu ári 5 milljörðum 677 millj. kr. Hér er því vöxtur. Ef við berum saman nýja þjóðvegi, fóru í þá á sl. ári 2 milljarðar 449 millj. en á þessu ári 2 milljarðar 588 millj.

Í þriðja lagi er það misskilningur hjá hv. þm. að langtímaáætlun sé í gildi. Engin langtímaáætlun er í gildi og lá fyrir að það var uppi skoðunarmunur um hana eins og hún var lögð fram, m.a. í mínu kjördæmi.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það þýðir ekki fyrir hæstv. ráðherra að deila um það að framlög til vegamála á árinu 1992 voru skorin niður frá vegáætlun sem samþykkt var með atkvæðum Sjálfstfl. ári áður. Það þýðir heldur ekki fyrir hæstv. samgrh. að deila um það að sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hafa framlög til vegamála minnkað í tíð núv. ríkisstjórnar, eftir að hafa vaxið í tíð fyrrv. ríkisstjórnar frá árinu 1987.

Í þriðja lagi eru framlög til Gilsfjarðar meiri en hæstv. ráðherra las upp á núgildandi vegáætlun fyrir árin 1991–1994.

Í fjórða lagi bendi ég ráðherranum á að þó langtímaáætlun hafi ekki verið samþykkt hefur verið unnið samkvæmt henni því það hefur verið samstaða um hana í öllum meginatriðum. Ég bendi ráðherranum einnig á að samkvæmt þáltill. um langtímaáætlun í vegagerð sem lögð var fram í þinginu átti að verja 330 millj. kr. til Gilsfjarðar á fyrsta og öðru tímabili vegáætlunarinnar, 1991–1994 og 1994–1998, en til Kúðafljóts 180 millj. kr. Allur áhersluþunginn í þessum framkvæmdum var því á Gilsfjarðarbrú þó meiningin væri að taka bæði verkin samhliða. Ég geri ekkert lítið úr Kúðafljótsbrúnni eins og komið hefur fram hjá mér áður, en ég mótmæli því og vænti þess að það sé ekki sá ágreiningur sem hæstv. samgrh. var að tala um, þ.e. að ágreiningur eigi að vera um Gilsfjarðarbrú, ekki nema að það hafi verið hæstv. samgrh. sem gerði þann ágreining. Kannski hefur það verið.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þó minna kosti að leggja brú yfir Kúðafljót en Gilsfjörð þarf það ekki að þýða að áherslumunurinn sé minni.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég endurtek fyrir hæstv. samgrh. að það sem fyrir liggur er að byrja strax á Kúðafljóti. Í öðru lagi liggur fyrir að það fjármagn sem tekið verður og ekki er þegar inni á vegáætlun verður tekið af samsvarandi framkvæmd og hún er engin önnur en Gilsfjörður.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hefði óskað eftir viðveru hæstv. félmrh., ef hægt væri. Ég tel mjög mikilvægt að hæstv. félmrh. verði við þessa umræðu. (**Forseti:** Hæstv. félmrh. hefur fjarvistarleyfi í dag og er staddur á Vestfjörðum.)

Herra forseti. Vel má vera að hæstv. félmrh. telji þörf á því að auka fylgi Alþfl. á Vestfjörðum og ekki skal gert lítið úr því en það vill svo til að það er vonlaust að ræða þetta mál frekar án þess að hæstv. félmrh. sé við.

Ég vænti þess að hæstv. forseti geri sér grein fyrir því að þegar beðið er um ráðherra er annaðhvort verið að biðja um að fá ráðherrann á staðinn eða frestun umræðunnar þar til ráðherrann getur verið við. Ég vil fá úrskurð forseta um það hvort hann sé reiðubúinn að fresta umræðunni þar til hæstv. félmrh. getur verið við. (**Forseti:** Forseti á erfitt með að átta sig á samhenginu þarna á milli. Hvers vegna leggur hv. þm. svo mikla áherslu á að fá hæstv. félmrh. á fundinn þar sem hér er verið að tala um samgöngumál? Forseti vill biðja hann að endurskoða þessa ósk sína.) Herra forseti. Mér er ljúft að reyna að verða við því að upplýsa forseta betur um málið en vonlaust er að endurskoðun verði.

Þannig var mál með vexti að hæstv. félmrh. á sínum tíma, Alexander Stefánsson, beitti sér fyrir sameiningu sveitarfélaga í Austur-Barðastrandarsýslu. Þegar þær umræður fóru fram var það eitt og annað sem sveitarstjórnir á því svæði spurðu um og vildu fá svör við. M.a. var það talið grundvallaratriði, ef þetta ætti að hafa einhvern tilgang, að fá það staðfest að opinberir aðilar tryggðu viðunandi heilsugæslu í Reykhólasveit hinni nýju. Viðunandi heilsugæsla byggðist á því (Forseti hringir.) að vegasamband milli Reykhólahrepps og Búðardals yrði til staðar þar sem læknar fyrir svæðið sitja í Búðardal. Það er vonlaust annað, herra forseti, en að sá skilningur verði til staðar að hægt sé að fá frestun á umræðunni til að fá úr því skorið hvort núv. félmrh. hefur lagt það til í umræðum í ríkisstjórn um þessi mál, að staðið verði við þau loforð sem gef-

in voru þá um Gilsfjarðarbrú.

Ég ítreka ósk mína um frestun á umræðunni. (**Forseti:** Forseti vill byrja á því að biðja hv. þm. afsökunar á þessum bjölluhljómi, forseti hafði stutt á rangan takka í borðinu þannig að þingmaðurinn hefur ekki lokið tíma sínum. Þá vill forseti enn og aftur óska eftir því að hv. þm. beri fram fyrirspurn til hæstv. félmrh. um þetta efni sem hann hefur rakið hér. Hv. þm. hefur alla möguleika á því að fá svör frá hæstv. félmrh. um þetta efni sem vissulega er mikilvægt og hv. þm. nefndi, en óskar eindregið eftir því að umræða um samgöngumál megi halda áfram.)

Herra forseti. Það er mikill misskilningur að leggja megi fram á Alþingi fyrirspurnir um hvað gerist í ríkisstjórn. Bókanir ríkisstjórnarinnar eru ekki opinberaðar fyrir þingheimi með fyrirspurnum. Ég hef óskað eftir því að umræðunni verði frestað þar til úr því fáist skorið hvort hæstv. félmrh. hafi fylgt því loforði eftir að beita sér fyrir því að þessi brú yrði byggð.

Mér sýnist með ólíkindum hvað hæstv. forseti virðist misskilja þetta mál. Ég hef það fyrir satt eftir öðrum leiðum að hæstv. félmrh. hafi lagt til í ríkisstjórn að Gilsfjarðarbrú yrði boðin út núna. Ég vil fá svör ráðherrans við því. Ég fæ þau ekki nema ráðherrann sé við umræðuna. Ég er ekki að spyrja um það hvort Gilsfjarðarbrú verði færð aftur fyrir aldamót. Ég vil aðeins fá staðfestingu á því hvort bjóða eigi hana út eins og um hefur verið rætt eða ekki.

Það verkar ekki vel á mig hvernig hv. 1. þm. Vesturl. sem getur stundum sagt mikið með þögninni, (**Samgrh.:** Eins og ...) Já, það er rétt tilvitnun hjá hæstv. ráðherra, fer í kringum þetta mál. Það verkar heldur ekki vel á mig hvernig hv. 3. þm. Vestf., sem lét mynda sig við brúarstæðið fyrir seinustu kosningar og vildi koma því á framfæri að hann væri sérstakur áhugamaður um þetta mál, situr nú heitur í vöngum og hálffelur andlitið vitandi að það eru einföld sannindi að peningar verða ekki samtímis notaðir á vegáætlun til að endurgreiða lán vegna brúargerðar yfir Kúðafljót og til þess að byggja brú yfir Gilsfjörð.

Ég óska ráðherra til hamingju með það að hafa unnið það afrek að sigra kratana í ríkisstjórninni varðandi vegamálin sem heild og fá þá til að fallast á meiri fjármuni til vegamála þó það sé aðeins í formi flýtingar og það eigi að greiða það af framkvæmdafé seinna. En mér finnst það skipta höfuðmáli hvort menn eru að tala um endurgreiðslur á þessu fjármagni eftir 8 til 10 ár eða hvort menn eru að tala um að hefja þær endurgreiðslur jafnsnöggt og hér er verið að tala um. Því ef það er ákveðið að hefja endurgreiðslurnar jafnsnöggt og hér er verið að tala um eru menn að ýta ákveðnum verkefnum út af borðinu. Á sínum tíma gaf hæstv. félmrh. þau svör að með þessu móti vildi hann tryggja eðlilega heilbrigðisþjónustu á Reykhólum. Hann hafði til þess stuðning ríkisstjórnar sinnar og því verður ekki tekið þegjandi að það verði gengið á bak við þær yfirlýsingar. (Forseti hringir.) Herra forseti. Hvað táknar bjölluhljómurinn nú? (**Forseti:** Hann táknar að hv. þm. hefur lokið við þann tíma sem hann hefur til umráða í fyrra skiptið sem hann má taka til máls.)

Herra forseti. Ég vænti þess að forseti hafi samviskusamlega dregið frá þann tíma sem hann notaði sjálfur á þessu tímabili.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Áður en forseti gefur hv. 3. þm. Vestf. orðið til þess að veita andsvar, vill hún segja það að þar sem hæstv. félmrh. kemur ekki til borgarinnar fyrr en síðdegis á morgun og verður líka með fjarvistarleyfi á morgun, hefur forseti ákveðið að verða ekki við þeirri beiðni hv. þm. um að fresta umræðunni.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Vestf. er vel kunnugt um það að einhugur er meðal þingmanna Vesturl. og Vestf. að standa við þau áform sem verið hafa um gerð Gilsfjarðarbrúar. Ljóst er, eins og fram kom í máli hæstv. samgrh., að á árunum 1993 og 1994 var eingungis gert ráð fyrir litlum upphæðum til þessa verks. Það hefur verið mat sérfræðinga Vegagerðar ríkisins að með þeirri flýtingu á vegamálum sem ríkisstjórnin hefur kynnt er ljóst að hagur Gilsfjarðarbrúar muni vænkast mjög og það verði fremur en áður hægt að tryggja að gerð brúarinnar gangi sem best og snurðulausast fyrir sig.

Ég er sannfærður um að þrátt fyrir að hv. 2. þm. Vestf. og raunar eftir atvikum hv. 5. þm. Vestf. séu að reyna að búa til ágreining um þetta mál, vita menn að um málið hefur verið býsna góð samstaða þingmanna í báðum kjördæmum. Þrátt fyrir það sem hér hefur verið sagt, vænti ég þess að sú samstaða megi ríkja áfram.

Auðvitað er ljóst að málin hafa verið lögð þannig upp varðandi þá endurgreiðslu sem koma mun til, að hún mun ekki falla til á allra næstu árum og þess vegna fráleitt að hún hafi áhrif á gerð Gilsfjarðarbrúar. Sú flýting á verkefnum sem nú hefur verið lögð til mun fremur auðvelda gerð brúarinnar en hitt.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki stórmannlegt að skýla sér á bak við einhverja sérfræðinga. Ég fæ ekki séð hvernig hæstv. ráðherra getur látið hjá líða að svara því undir þessum kringumstæðum hvenær eigi að hefja endurgreiðslur á þessu fé. Hér er komið mjög loðið svar hjá hv. 3. þm. Vestf. sem verður ekki skilið á annan veg en þann að ekki verði greitt af lánum — nú væri vel ef þeir hlustuðu — fyrr en búið sé að byggja Gilsfjarðarbrú. Það verður enginn ágreiningur ef þetta er það sem hæstv. þm. er að segja. (**Gripið fram í:** Háttvirtur.) Við skulum hafa hann hæstvirtan að þessu sinni. Það er kjarni málsins. En ég vil hafa það á hreinu að samstaða um mál gildi ekki aðeins þegar menn eru í kosningaham heldur gildi hún líka eftir kosningar og lengi skal manninn reyna. Þess vegna gengur það ekki upp að tala hér um að það sé til að flýta fyrir vegagerðinni yfir Gilsfjörð að taka annað verkefnið fram fyrir en skilja hitt eftir í óvissunni. Það gengur ekki upp í málflutningi. Þetta veit hv. 3. þm. Vestf.

Ég tel að ekki fari á milli mála að við í stjórnar-

andstöðunni munum óska eftir fundi um þetta mál í þingmannahópnum til þess að fá niðurstöðu og óska þá eftir viðveru ráðherra við þær viðræður.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var alrangt hjá hv. 2. þm. Vestf. að ég væri að reyna að skýla mér á bak við sérfræðinga. Hins vegar var ég meðfram öðru að vitna í sérfræðinga mér til halds og trausts eins og við gerum oft, bæði ég og hv. 2. þm. Vestf., og mat þeirra á þessu máli. Það hefur ekkert gerst í þessum umræðum sem gefur til kynna að staða Gilsfjarðarbrúar hafi versnað við þessa tillögugerð hæstv. ríkisstjórnar nema síður sé. Ég held að það sé miklu fremur hitt að staða hennar hafi batnað eins og ég reyndi að koma orðum að áðan.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að það fari ekki á milli mála og hv. 3. þm. Vestf. sé ljóst að Gilsfjarðarbrú verður ekki byggð nema fyrir peninga. Á hvað sviði þeir sérfræðingar eru sem hann ræddi við er mér ekki ljóst og mætti gjarnan nafngreina þá ef þeir eru ekki ósýnilegir. En Gilsfjarðarbrú verður ekki byggð nema fyrir peninga og það er verið að takast á um þá hluti í umræðunni.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég er búinn að sitja á þingi nokkuð lengi miðað við meðalaldur þingmanna eins og hann er nú og miklu lengur en margir hafa talið heppilegt. Og ég brýt dálítið heilann um hvort forsætisnefndin hin nýja og sú fjölmennasta sem stýrir þessu þingi og nokkurn tíma hefur stýrt — það er eiginlega jafnmikið lið og var til að manna sexæringa í gamla daga *meðan einn var hafður við stýrið — hafi komist að* þeirri niðurstöðu að nú skuli stjórna þinginu með sem minnstri tillitssemi við almenna þingmenn. Það er ekkert nýtt þegar mikil deilumál hafa verið rædd að óskað sé eftir því að ráðherrar séu við þegar verið er að tala um stórmál eins og framkvæmdirnar þær sem hér er fjallað um. Ég hygg að það væri hollt fyrir hæstv. forseta að kynna sér beiðnir þingmanna úr Norðurlandskjördæmi eystra sl. 20 ár til að átta sig á því hvaða vopnaburð hæstv. forseti er að taka upp. Ég hygg það væri hollt. Það er ekki til neinnar fyrirmyndar þegar forsetar sem eru nánast blautir á bak við bæði eyrun í þessum stól telja sig ekki þurfa að ráðfæra sig við aðra forseta þegar svona ákvarðanir eru teknar.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Samkvæmt þingsköpum hefur sá forseti sem situr í forsetastól hverju sinni fullt vald til að taka ákvarðanir sem þessar. Forseti hefur kveðið upp sinn úrskurð.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það verður ekki annað sagt en að sumir hv. stjórnarandstæðingar séu fullalvörugefnir utan um sig í þessari umræðu í þessu annars jákvæða máli. Allir virðast vera sammála um að hér sé um gott mál að ræða en á hinn bóginn hafa þeir hinir sömu allt á hornum sér. Fyrst og fremst er ástæða til þess að fagna því máli sem hér er til umfjöllunar, að ákvörðun skuli hafa verið tekin um átak sem styður aukna atvinnu og framkvæmdir í landinu við erfiðar aðstæður. Það er mergurinn málsins. Menn geta deilt um tæknileg atriði og á kannski ekki að þurfa langan tíma í það, en meginmálið er að tekin var ákvörðun um að ganga til verka á þann hátt sem reyndar hefur verið rætt um bæði í röðum stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga, að koma til móts við erfiða stöðu í þjóðfélaginu. Þess vegna skýtur skökku við að halda umræðunni áfram á þessum grundvelli. Auðvitað er þessi flýting verka blóðgjöf fyrir atvinnu og framkvæmdir í landinu. Hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir nefndi að menn hafa talað um 500 ársverk eða þar um bil og ætti ekki að þurfa að deila um jákvæða hluti þó svo í minna magni mæli miðað við það fjármagn sem ætlað er til verkanna.

Þessi umræða hefur svolítið minnt mig á frásögn í sjónvarpinu fyrir skömmu þar sem þingfréttamaður sjónvarps sá ástæðu til þess að segja frá því í kvöldfréttum að nú væri afslappað ástand í Alþingi, öllum virtist líða vel, umræður gengju vel og snurðulaust og enginn virtist þjást. En daginn eftir helltu sér yfir fréttamanninn nokkrir úr röðum stjórnarandstæðinga og sögðu að þetta væri argasta lygi, þeim liði illa og allt væri í versta óstandi. Það er slæmt þegar umræða gengur á svona nótum.

Hér hefur verið minnst á ákveðnar framkvæmdir og ég get nefnt það sem ákveðið hefur verið að gera í Suðurlandskjördæmi. Kúðafljót, Þingvallavegur og vegur frá Laugarvatni að Geysi. Allt eru þetta verkefni sem eru fremur á landsmælikvarða en kjördæmismælikvarða. Um Þingvallaveginn, um veginn að Gullfossi og Geysi og um Kúðafljót fara kannski í meiri mæli aðrir en Sunnlendingar sjálfir. Tilgreindu vegirnir tveir eru einhverjir mestu ferðamannavegir landsins og Kúðafljót er ekki síst til hagsbóta fyrir Auturland og umferð austur um land. Menn ættu ekki að gagnrýna að ákvörðun um þessi mikilvægu verk sé tekin, heldur taka því jákvæðum höndum þó kannski væri hægt að benda á ýmis verkefni önnur sem væru meira í þágu Sunnlendinga sérstaklega en þau sem ákveðið hefur verið að fara í.

Það er einkennilegur málflutningur hjá hv. 2. þm. Vestf. að agnúast út í þessa afgreiðslu málsins eins og hún liggur fyrir sérstaklega með tilliti til þess að auðvitað vænkast hagur Gilsfjarðarbrúar með þessu flýtiverkefni. Ekkert bendir til þess að það gangi ekki fram samkvæmt áætlun. En það virðist þurfa eitthvað mjög mikið til þess að hugarástand hv. þm. geti farið batnandi og kannski ekki á neinna færi að skera þar úr um.

Það var minnst á Herjólf í umræðunni. Ég vil bara geta þess að áætlunargerð á því verkefni, annars vegar á smíði skipsins og hins vegar aðstöðu fyrir skipið, fór ekkert fram úr áætlun en það var sett upp í tvennu lagi. Í þriðja lagi er rekstrarþáttur sem er í höndum ráðuneytismanna tveggja ráðuneyta. En ekkert hefur farið úr lagi og reyndar má geta þess að smíði skips-

ins sjálfs var undir áætluðum smíðakostnaði sem þýddi að menn voru innan ramma þegar kom að því að byggja landgöngubrýr í skipið í Þorlákshöfn og í Vestmannaeyjum.

Það er erfitt að ætlast til þess að menn gangi til flýtiverkefna og til átaks við erfiðar kringumstæður en komi síðan á hitt borðið og gagnrýni það að menn skuli taka þá ákvörðun sem ætlast var til í öðru orðinu. Hér er um framkvæmd að ræða sem er jákvæð og góð. Henni er vel tekið af landsmönnum. Vegagerð er arðbær fjárfesting og líklega einhver sú arðbærasta sem hægt er að benda í dag og þetta verkefni stuðlar að jafnrétti. Þetta verkefni er brúarbygging til jafnræðis byggðanna í landinu og á þeim nótum held ég að menn ættu að horfast í augu við það en vera ekki að eltast við tittlingaskít.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fjórir hv. þm. hafa óskað eftir að veita andsvör við ræðu hv. 3. þm. Suðurl. Til þess að allir komist að verður forseti að ákveða að hver hafi aðeins tvisvar sinnum eina mínútu til andsvara og svara.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var svolítið sérstakt að heyra síðasta ræðumann segja að það væri tittlingaskítur að ætlast til þess að þó að um góð mál sé að ræða sé farið eftir lögum. Það er fátt eins hættulegt og þegar menn sem ekki eru til þess bærir telja sig geta tekið löggjafarvaldið í sínar hendur í þágu góðs málstaðar. Ég vil biðja hv. þm., síðasta ræðumann, að skoða það í ljósi sögunnar.

Ég vil í þessu sambandi benda á að meira að segja þetta plagg sem hér er verið að fjalla um stenst ekki lög. Ef menn lesa kaflann um vegáætlun stendur þar, með leyfi forseta: „Í tillögunni skal gera grein fyrir fjáröflun þeirri sem fyrirhuguð er á áætlunartímabilinu og útgjöld sundurliðuð eftir helstu framkvæmdaflokkum samkvæmt lögum þessum."

Síðan stendur að skiptingin á einstakar framkvæmdir skuli vera í höndum Alþingis. Þetta hefur ekkert með það að gera að menn séu ekki ánægðir með auknar framkvæmdir til vegagerðar, hv. þm. Árni Johnsen. Þetta snýst um siðferði í vinnubrögðum og löggjafarsetningu.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hv. þm. Árna Johnsen áðan vil ég segja að það er einkennileg rökfærsla að halda því fram að þetta sé gott vegna þess að verið sé að setja fjármagn til vegamála vegna erfiðrar stöðu í þjóðfélaginu þegar það er upplýst, hv. þm., að minna fjármagn fer til vegamála en áætlað var. Það fæst ekki staðist. Kjarni málsins er sá, hv. þm., að við höfum ekki verið að gagnrýna það að flýta þessum verkum í sjálfu sér. Við höfum gagnrýnt röðina og vinnbrögðin. Það segir skýrt í kaflanum um vegáætlun og í lögum: „Sé fé veitt til þjóðvegagerðar eftir öðrum leiðum en getið er um í till. til þál. um vegáætlun, svo sem í landshlutaáætlunum, með sérstakri fjáröflun eða á annan slíkan hátt, skal fjalla um skiptingu þess innan ramma vegáætlunarinnar og á sama hátt og að framan getur."

Þetta er kjarni málsins. Við erum að gagnrýna að hæstv. ráðherra hafi ekki séð ástæðu til þess að koma með málið inn í samgn. þingsins og síðan í þingmannahópana.

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ranghermt hjá síðasta ræðumanni varðandi fjárframlag til vegagerðar á næsta ári. Árið 1991 voru 5,4 milljarðar til vegaframkvæmda, árið 1992 5,7 milljarðar og á næsta ári 7,2 milljarðar. Það þýðir að það er meira fjármagn sem fer til vegamála. Það er rangt sem þingmaðurinn sagði.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um hvað snýst málið? Það snýst ekki um hvort verið er að framkvæma meira í vegamálum. Um það eru allir sammála. Það eru allir sammála um að fá aukið fé til vegamála. Það snýst fyrst og fremst um hvernig ákvörðun er tekin. Hvort verið sé að brjóta lög og þau vinnubrögð ekki virt sem tíðkast hafa. Allir eru sammála um að það er mjög þarft að auka framkvæmdir til vegamála enda hafa allir lýst því hér yfir.

Það hefur líka verið gagnrýnt að við bendum ekki á annað til atvinnuskapandi framkvæmda. Ég vil benda á að Ferðamálaráð hefur lagt fram tillögur sem gera ráð fyrir ef farið væri að þeim að hægt væri að auka atvinnutækifæri um 2.200 á næstu fimm árum. Það er líka til í dæminu. Þar eru 2.200 atvinnutækifæri á næstu fimm árum. Hér er um að ræða 500 atvinnutækifæri á einu ári.

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar spurt er hvað menn vilji gera í staðinn fyrir það átak sem nú hefur verið ákveðið af ríkisstjórninni væri æskilegt að fá svör. Að vitna í tillögu Ferðamálaráðs er ágætt út af fyrir sig en þar eru ótal margar spurningar sem eru háðar mörgum þáttum þar sem ekkert er í hendi en flest má reikna eins og fugl í skógi. Þó það séu vel unnar tillögur er það meira spá en það sem menn geta reiknað með. Á tíma eins og nú, þegar ljóst er að það þarf átak nú þegar eru menn að bregðast við. Það er engin spurning að hverju er gengið. Þess vegna dettur manni í hug hvort menn ætlist til þess að maður hlaupi út í glugga og gái hvort einhver atvinnutækifæri eða möguleikar komi hlaupandi. Það er líklega enginn að tala um það. Hér eru klárir og kvittir hlutir.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað varðar það að atvinnutækifæri Ferðamálaráðs séu aðeins fugl í skógi vil ég einnig benda á að Ferðamálaráð hefur ekki fengið þær fjárveitingar sem það á samkvæmt lögum. Það á að fá ákveðið hlutfall, 10% minnir mig af tekjum af Fríhöfninni, en það hefur alltaf verið skorið við nögl. Ráðið hefur þess vegna ekki haft aðstöðu til að koma

þeim tillögum sem það hefur viljað í framkvæmd.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Suðurl. flutti ræðu með sínum stíl. Það er aðeins eitt atriði í þeirri ræðu sem ég vil hafa alveg á hreinu. Sá sem hér stendur studdi þá ríkisstjórn sem ákvað að byggja brú yfir Kúðafljót. Sá sem hér stendur sat í fjárveitinganefnd og lagði til þegar farið var yfir það mál að fé yrði sett í þá brúargerð og sá sem hér stendur vill að staðið sé við það. Þess vegna er það algjör misskilningur hjá hv. 3. þm. Suðurl. að hægt sé að stilla mér upp við vegg sem einhverjum óvini Kúðafljótsbrúar. Það er mikill misskilningur.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér hafa eðlilega orðið nokkrar umræður um till. til þál. um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árið 1992. Það er upphaf þessa máls að af því bárust fregnir að hæstv. ríkisstjórn hygðist í tengslum við erfitt atvinnuástand leggja 1.800 millj. kr. til aukinna framkvæmda í vegamálum. Þessum fréttum fögnuðu menn að vonum en sú hrifning stóð því miður ekki lengi óskert því í næstu umferð kom í ljós að þessar 1.800 millj. skyldu reiknaðar ofan á áður niðurskorinn grunn vegáætlunar upp á tíunda hundrað milljónir kr. Hin eiginlega aukning vegafjár væri þannig mælt ekki nema tæpar 900 millj. Enn dvínaði svo hrifningin þegar í ljós kom að þessar 900 millj., sem voru til aukinna framkvæmda, voru ekki framlög heldur lántaka.

Út af fyrir sig getur verið skynsamlegt og er oft gert að flýta framkvæmdum og það er vel þekkt að gera það með lánsfé þegar um einstök verk er að ræða. En reynslan af því að ganga of langt í þeim efnum er líka slæm. Ég vil nefna sem dæmi þá stöðu sem Suðurlandskjördæmi var komið í á árabilinu 1987–1989 vegna mikilla lántöku sem þá hafði farið fram til að ljúka reyndar mjög brýnum og þörfum verkefnum, eins og flestar vegaframkvæmdir eru, en gerðu það að verkum að skuldastaða kjördæmisins var orðin mjög þung og stór hluti fjárveitinganna á hverju ári fór í að greiða eldri lán. Þannig rúllaði kjördæmið á undan sér verulegum skuldum sem með tilheyrandi kostnaði skertu framkvæmdafé þegar til lengri tíma var litið.

Ég held að menn þurfi að hafa í huga að því eru auðvitað takmörk sett hversu mikið er hægt að gera í þessum efnum og hversu langt er réttlætanlegt að ganga í lántökum því þær þarf að borga aftur.

Það hefur einnig verið gagnrýnt og að mínu mati mjög að réttu hvernig að þessari ákvörðun var staðið. Því miður er það svo að tæplega er hægt að horfa fram hjá því að sá verklagsmáti sem hæstv. ríkisstjórn tók upp er skýlaust brot á vegalögum. Gengið er algjörlega í berhögg við fyrirmæli 10. gr. vegalaga um hvernig standa skuli að ákvarðanatöku um vegamál. Sú lagagrein hefur verið lesin upp í heild sinni fyrr í umræðunni og ég vitna til þess. Það er alveg ljóst að þar er mælt fyrir um að Alþingi skuli í meðhöndlun vegáætlunar skipta vegafé, hvort sem um venjulegar fjárveitingar á grundvelli markaðra tekjustofna er að ræða eða ef viðbótarfjármagn kemur til vegaframkvæmda með einhverjum hætti. Í síðari málsgrein 10. gr. segir: „Sé veitt fé til þjóðvegagerðar eftir öðrum leiðum en getið er um í till. til þál. um vegáætlun, svo sem í landshlutaáætlunum, með sérstakri fjáröflun eða á annan slíkan hátt, skal fjalla um skiptingu þess innan ramma vegáætlunar á sama hátt og að framan getur." Þ.e. Alþingi skal skipta fjárveitingunum niður á einstök verk og ákveða framkvæmdatilhögun.

Þessu til viðbótar gilda, hæstv. forseti, mjög fastmótaðar verklagsreglur um hvernig Alþingi og þingmannahópar kjördæmanna vinna að slíkum verkum. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að þessar verklagsreglur og fyrirmæli 10. gr. vegalaga er verið að brjóta.

Það sem ég tel þó langalvarlegast í þessu sambandi, og mér finnst skaði að menn skuli ekki gæta rætt hér í hreinskilni og horft fram hjá flokkadráttum í þeim efnum, er hvaða staða verður í framkvæmdum til vegamála til lengri tíma litið í tengslum við þessa ákvörðun. Því miður er ljóst að á þessu ári er verið að færa ný útgjöld yfir á hina mörkuðu tekjustofna Vegagerðarinnar, sem er rekstur ferja og flóabáta, svo nemur 330–500 millj. kr. á næstu árum spái ég. Þeir peningar verða teknir af hinum markaða tekjugrundvelli vegagerðar og fara ekki til annarra framkvæmda. Strax frá og með árinu 1994 og til næstu ára verður ráðstöfunarfé til vegagerðar þannig minna en ekki meira en ella hefði verið í tengslum við þessar ákvarðanir af tveimur ástæðum. Annars vegar verður Vegagerðin með á herðunum útgjöld vegna reksturs ferja og flóabáta sem geta numið allt að hálfum milljarði og hins vegar fara að falla afborganir af 1.800 millj. kr. láninu sem tekið verður á næsta ári til þessara framkvæmda.

Munurinn er sá að ef þessar 1.800 millj. kr. hefðu verið framlög hefði verið ástæða til að standa hér og fagna og það virkilega heitt og innilega. Ég segi þó ekki nema 900 millj., sem er aukningin, hefðu verið framlög hefði líka verið ástæða til að fagna. Það er því miður ekki eins mikið gleðitilefni sem við erum að ræða þegar í ljós kemur að fyrst eru framlögin skert um rúmar 900 millj. — það er reyndar ekki rétt, það er ekki nákvæmt orðalag, framlögin eru skert um 700 millj. og síðan eru 1.800 millj. teknar að láni. Í stað þess að þessar 700 millj. séu óafturkræf framlög til framkvæmda eru þær lán sem þarf að endurgreiða.

Þetta er því miður það dapurlega við þetta mál sem að öðru leyti er á ýmsan hátt mjög jákvætt. Jákvæðasta er auðvitað að vegirnir koma í gagnið og verða ekki aftur teknir og það skal ég verða fyrstur manna til að viðurkenna og fagna.

Ég spurði hæstv. fjmrh. að því í umræðum um fjáraukalög hvort ekki væri alveg ljóst að þetta yrði allt saman lántaka. Því miður staðfesti hæstv. fjmrh. það og hann sagði meira. Það var skilyrði af minni hálfu til þess að fallast á þetta að þetta yrði lántaka og hún yrði endurgreidd strax af mörkuðum tekjustofnun Vegagerðarinnar á næstu árum. Ég bið menn að fletta upp

á þessum orðaskiptum okkar hæstv. fjmrh. ef þeir trúa ekki minni endursögn. (**ÓÞP:** Strax á næstu árum.) Á næstu árum, ef ég man rétt, var orðalag hæstv. fjmrh. Á sama tíma og Vegagerð ríkisins á á komandi ári að leggja 344 millj. í ríkissjóð af sínum mörkuðu tekjum og taka á sig kostnað af rekstri ferja upp á 330 millj. er hún svo í hinni hliðinni að taka lán til aukinna framkvæmda.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. samgrh. til að byrja með: Kemur ekki til álita til að reyna að ná betur saman um þessi mál að hann beiti sér fyrir því að a.m.k. það af tekjum Vegagerðarinnar sem gera átti upptækt í ríkissjóði á næsta ári verði notað í þessar framkvæmdir þannig að skuldin lækki þó sem því nemur? Auðvitað er það mjög öfugsnúið að gera hinar mörkuðu tekjur Vegagerðarinnar annars vegar að tekjustofni fyrir ríkissjóð en slá lán fyrir framkvæmdum á sama tíma. Það er mjög öfugsnúið og ekki sanngjörn útkoma.

Hæstv. forseti. Ég sé að senn fer að blikka á mig ljós, því miður. Ég hefði viljað segja margt fleira um þetta og geri það kannski síðar í umræðunni. T.d. hefði verið fróðlegt að rifja upp ummæli ýmissa hv. stjórnarandstæðinga á Alþingi árið 1989 þegar hliðstæðir atburðir, ef svo má að orði komast, voru til umræðu í sambandi við vegamál. Ýmsir þeirra, þar á meðal hv. 2. þm. Norðurl. e., Pálmi Jónsson, mótmæltu mjög því harðlega svo ekki sé meira sagt með þyngra orðbragði en viðhaft hefur verið í dag að gengið væri fram hjá Alþingi, þingmannahópum kjördæmanna og þeim sem með þessi mál ættu að fara samkvæmt lögum í þeim efnum.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. það er mikill misskilningur hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að með þessari þáltill. sé verið að brjóta lög. Þvert á móti blasir við að ekki er þörf á öllu því fé til snjómoksturs sem áður hafði verið til þess ætlað. Hér er gert ráð fyrir að verja því fé til annarra hluta. Jafnframt er nauðsynlegt og verður fjárln. skrifað um það að breyta fjáraukalögum fyrir yfirstandandi ár í samræmi við hvernig fjármunum Vegagerðar ríkisins verður varið. Auðvitað er það ekki brot á lögum að leggja fram á Alþingi brtt. við gildandi vegáætlun og allra síst þegar brtt. er svo hógvær að hún er innan þeirrar fjáröflunar sem er í gildandi vegáætlun. Þetta er svo augljóst að ekki þarf um það að fara mörgum orðum.

Í öðru lagi er það skiljanlegt og rétt hjá hv. þm. að ástæða er til að hafa áhyggjur af því hversu miklir fjármunir þurfi á næstu árum að fara til flóabáta. Það er rétt sem hv. þm. sagði. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 330 millj. kr. í þessu skyni en það má búast við því að sú fjárhæð hækki jafnvel á næsta ári mjög verulega, í eitthvað á fimmta hundrað millj. kr. og fari svo í sjötta hundraðið eftir tvö ár vegna þess hversu vondur viðskilnaður síðustu ríkisstjórnar var í þessum efnum.

Ég vil taka sem lítið dæmi Djúpbátinn fyrir vestan, Fagranesið. Ástandið er þannig að hann hefur hvergi bryggju að leggjast að. Til þess að bæta úr því þarf tæpar 100 millj. kr. ef inn í dæmið eru teknar nauðsynlegar vegaframkvæmdir og bifreiðastæði sem tengjast slíku.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað alveg ljóst að það sem hér er að gerast er að hæstv. samgrh. er að reyna að bjarga sér í land með flutningi þessarar sérkennilegu þáltill. um breytingu á vegáætlun sem er einsdæmi í sögunni fullyrði ég. Ég man aldrei eftir slíku plaggi áður á þingi og mér er nær að halda að ég geti fullyrt að þó farið væri áratugi aftur í tímann þá fyndu menn ekki sambærilegan pappír.

Það er út af fyrir sig rétt að á meðan menn verjast því að til beinna útgjalda sé stofnað og svo lengi sem menn afla þó seint sé samþykkis Alþingis fyrir nýrri framkvæmdaröð getur það gengið, en ég held að öllum hv. alþm. sé ljóst að hér er ekki unnið að hlutunum í samræmi við þær reglur, þau lög og lagafyrirmæli sem í gildi hafa verið. Það er verið að reyna að gera þennan verknað löglegan eftir á. Það er út af fyrir sig betra seint en aldrei. En ég hygg að hv. alþm. hljóti að upplifa sig dálítið úti í horni og upp við vegg þegar búið er að bjóða út verulegan hluta þeirra verka sem hæstv. ríkisstjórn ákvað við sitt borð að skyldu unnin í vegamálum á næstu árum í staðinn fyrir að þau kæmu til umfjöllunar á Alþingi. Venjan hefur verið, eins og menn þekkja, að vegáætlun er lögð fram sem rammaáætlun með niðurstöðutölum og ekkert einasta verk sundurgreint. Það er í meðförum Alþingis sem skipting niður á einstök verk kemur. 10. gr. vegalaganna er alveg skýr að svo skuli vera.

Varðandi viðskilnað síðustu ríkisstjórnar í ferjumálum vísa ég því til hv. 3. þm. Suðurl. að svara t.d. þeirri spurningu hvort það hafi verið vond og vitlaus ákvörðun að endurnýja Herjólf.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. að hér sé verið að leggja fram vegáætlun í heild sinni. Hér er verið að leggja fram litla brtt. við gildandi vegáætlun. Ég vil minna á að ekki ómerkari maður en Ólafur Jóhannesson hélt því fram í sölum Alþingis að ef breyting væri gerð á gildandi vegáætlun bæri samgrh. að leggja fram þáltill. til breytingar á gildandi vegáætlun. Þessi afstaða Ólafs Jóhannessonar var alveg ljós á sínum tíma. Hann lýsti þessu yfir af því tilefni að samgrh. á þeim tíma breytti vegáætlun og skar niður framkvæmdir sem Alþingi hafði áður ákveðið. Það liggur því alveg ljóst fyrir að það var mat Ólafs Jóhannessonar að málsmeðferð eins og sú sem hér er viðhöfð er í samræmi við gildandi hefðir og raunar óhjákvæmileg.

Það liggur líka alveg ljóst fyrir að það er ekki nóg að þessi þáltill. sé borin fram til samþykktar heldur verður að breyta tölum fjárlaga með fjáraukalögum yfirstandandi árs í samræmi við þær þarfir og þau verkefni sem fjármununum er varið til. Þetta hvort tveggja liggur alveg ljóst fyrir og raunar furðulegt að menn sem hafa setið á Alþingi svo árum og kjördæmum

skiptir og hafa farið með samgöngumál á Alþingi skuli ekki hafa kynnt sér kjarna þessa máls betur.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég leiði hjá mér persónuleg svigurmæli hæstv. samgrh. í minn garð en held mig við efni málsins. Það er út af fyrir sig alveg hárrétt að breyta þarf vegáætlun og þessi örk er ný lítil vegáætlun í sjálfu sér. Stjórnskipulega hlýtur það að vera þannig. Ég þarf því ekkert að draga til baka það sem ég sagði, en hún er örugglega sú þynnsta í sögunni. Ég hef aldrei séð svona þunnt eintak af vegáætlun.

Það er ekki verið að deila um það, hæstv. samgrh., okkur er ljóst að það þarf bæði lagaheimildir fyrir útgjöldunum og breyta þarf vegáætlun. Það er betra, eins og ég sagði áðan, þó seint sé að nú hefur hæstv. samgrh. áttað sig á því og er að reyna að bjarga sér í land eftir á. Hann áttar sig á því að sá framgangsmáti sem ríkisstjórnin ætlaði að viðhafa í byrjun gengur ekki og er þess vegna að koma með málin inn til samþykktar Alþingis eftir á þó seint sé.

En vinnubrögðin eru jafnóskemmtileg eftir sem áður. Ég vil leyfa mér að vitna í það sem hv. þm. Pálmi Jónsson sagði á Alþingi 1989 við kringumstæður sem hann taldi sambærilegar, þ.e. að úti í bæ væri verið að breyta áður teknum ákvörðunum Alþingis á óeðlilegan hátt. Þá sagði hv. þm., með leyfi forseta:

„Ég tel það vitaskuld afar einkennilega að verki staðið, að maður taki nú ekki sterkar til orða, og afar óviðfelldið að um leið og verið er að taka ákvarðanir um að auka útgjöld ríkisins umfram það sem fjárlög kveða á um skuli á sama tíma verið að kippa til baka ýmsu af því sem Alþingi taldi við afgreiðslu fjárlaga og afgreiðslu vegáætlunar vera nauðsynjaverk í framkvæmdum og hefur samþykkt og ætlar síðan að kippa því til baka á síðustu mánuðum ársins og vera búið með allra handa baktjaldavinnubrögðum að hindra það að þær framkvæmdir fari í gang og koma þannig alveg í bakið á ákvörðun Alþingis við afgreiðslu mála á þessu ári."

Þarna var hv. þm. Pálmi Jónsson að verja þann stjórnskipulega rétt og það vald sem Alþingi hefur í þessum málum. Í vegamálunum er sá réttur óvenjuskýr vegna þess að til viðbótar fjárlögum og reglum um greiðslur úr ríkissjóði koma ákvæði vegalaga sem styrkja enn stöðu Alþingis í þessu sambandi.

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sá engin rök fyrir því að hv. 4. þm. Norðurl. e. væri að hnýta í þingmenn Suðurl. vegna stöðu og framkvæmda í vegamálum. Það er rétt að á ákveðnu tímabili var skuldastaða slæm vegna vegaframkvæmda í Suðurlandskjördæmi en hún dróst ekki með neinum hala í mörg ár. Þetta var bundið við tvö verkefni sem voru bygging brúar yfir Ölfusá við Óseyrarnes og vegarlagning yfir Mýrdalssand sem voru mjög brýn verkefni. Vegarlagning yfir Mýrdalssand var kannski einn af síðustu erfiðu hlekkjunum á eðlilegum hringvegi.

Varðandi spurningu hv. þm. um það hvort smíði og endurnýjun Herjólfs hafi verið til góða, þá er það auðvitað engin spurning. Ef fyrrv. samgrh. hefði staðið faglegar að því máli, svo ekki sé meira sagt, hefði framtíð þeirrar þjónustu staðið á traustari fótum en nú er, þ.e. ef valin hefði verið leið sérfræðinga en ekki póltísk geðþóttaákvörðun.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var misskilningur eða misheyrn hjá hv. 3. þm. Suðurl. að ég hafi verið að hnýta í þingmenn Sunnlendinga. Ég leyfði mér ósköp einfaldlega að nefna Suðurlandskjördæmi sem dæmi. Það voru reyndar fleiri kjördæmi en ég hygg að það sé ekki á neinn hallað þó ég segi eða fullyrði að Suðurlandskjördæmi hafi verið komið í einna erfiðasta stöðu um tíma vegna skulda þegar lokið var þar, eins og ég réttilega nefndi, brýnum verkefnum, bæði Óseyrarbrú og Mýrdalssandi, tekin umtalsverð lán til þess að ljúka þeim framkvæmdum sem voru mjög sterk rök fyrir. Það leiddi hins vegar til þess, hv. þm., að skuldastaða kjördæmisins varð mjög erfið um skeið. Það vill svo til að þegar ég kom að því að fara með forsjá samgöngumála stóð einmitt þannig á. Ég átti fundi með Vegagerðinni og þingmönnum Suðurlands út af því máli og það var sett upp ákveðin áætlun um það hvernig væri unnt að ná niður skuldum Suðurlandskjördæmis og reyndar fleiri kjördæma á ákveðnu árabili, m.a. með því að setja sérstakar reglur um þessar lántökur af því að menn áttuðu sig á því þá, eins og menn gera vonandi núna, að það er skammgóður vermir að skuldsetja sig of mikið í þessum efnum. Þá hleðst upp fjármagnskostnaður og það verður óskaplega lítið spennandi fyrir þá sem koma að málum þegar kemur að skuldadögunum að þurfa að sjá stóran hluta tekna hvers árs fara beint í endurgreiðslur á eldri lánum. Það verður svo lítið spennandi. Það verður miklu minna gaman að koma sem samgrh. í þennan ræðustól árið 1995 og verja það að af tekjum vegáætlunar það ár fari kannski rúmlega ½ milljarður í rekstur á ferjum og nokkur hundruð milljónir í endurgreiðslur af lánum. Þá verður að vísu örugglega annar hæstv. ráðherra en sá sem nú er. Engu að síður ber ég svo mikla umhyggju fyrir þessum samgrh. framtíðarinnar að ég leyfi mér að viðhafa þessi orð hér hver sem hann verður. Það er nefnilega þannig að lán hafa haft þá náttúru, alveg frá dögum talentnanna, að þau þarf að endurgreiða. Það kemur að skuldadögum.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég bar fram þá ósk við þann forseta sem þá sat í forsetastól að hér yrði frestað umræðu þar til hæstv. félmrh. kemur til þings. Mér skilst að hann sé á Vestfjörðum, fjarri höfuðborgarsvæðinu. Ég hef beðið um orðið aftur í almennu umræðunni og hefði mjög gjarnan viljað að umræðunni yrði frestað áður vegna þess að það er, eftir því sem ég best veit, ekki aðeins fyrrv. félmrh. sem hefur lofað vegaframkvæmdum í tengslum við sameiningu sveitarfélaga heldur hef ég það fyrir satt að núv. félmrh. hafi sent bréf til afskekktra sveitarfélaga þar sem hann lofar að beita sér

fyrir vegaframkvæmdum í tengslum við sameiningu sveitarfélaga. Ég á náttúrlega engan kost annan, verði forseti ekki við þessu, en að leita á fund forseta og óska eftir umræðum utan dagskrár, að sjálfsögðu hinum skemmri af tillitssemi við hæstv. forseta. Ég ítreka þessa ósk mína vegna þess að mér finnst ástæðulaust að lengja umræður í þinginu vegna stirðleika af hendi forseta og hefði talið mun betra ef hæstv. forseti vildi verða við þessu. Það vita allir að nefndir geta tekið mál til umræðu áður en málið er komið til þeirra og hefur margoft verið gert hér. Þetta á því ekki að tefja það. En hins vegar er óhjákvæmilegt annað en fá að vita þetta án nokkurra vífilenginga hvaða afskipti félagsmálaráðherrar hafa af vegaframkvæmdum í landinu og hvort þeir líti svo á að það beri að standa við slíkar yfirlýsingar og slík loforð.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Sá úrskurður, sem sitjandi forseti gaf hv. 2. þm. Vestf. fyrir skömmu, stendur óhaggaður. Hins vegar er forseta ljúft að taka á móti hv. þm. við tækifæri vilji hann bera fram formlega ósk um utandagskrárumræðu af hinni styttri gerð.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir það að vilja taka ljúflega á móti þingmanninum eins og hér kom fram og mælist til þess að það mót verði staðfest sem allra fyrst. Ef forseta er það ekki á móti skapi óska ég eftir því viðtali á morgun.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti samþykkir að það viðtal geti farið fram á morgun og þótt það hefði verið í dag væri það velkomið. (**Gripið fram í:** Hvar?) Á skrifstofu forseta.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það fór svo að ég lauk ekki við að koma þeim atriðum öllum að sem ég hafði hugsað mér í fyrri ræðu minni. Síðan hafa bæst við ummæli sem kalla á umfjöllun svo ég sá mig tilneyddan til að taka til máls öðru sinni í þessari umræðu.

Ég vil fyrst segja varðandi fullyrðingu hæstv. samgrh. um að það kosti um 100 millj. eða kannski meira að koma upp aðstöðu fyrir Fagranesið ... (**Samgrh.:** Ég sagði þvert á móti tæplega 100 millj.) Tæplega 100 millj., segir hæstv. ráðherra. Ég vil gjarnan leggja fram aðrar upplýsingar sem ég hef undir höndum um það mál. Síðan verða menn að meta hvort réttara er. Djúpbáturinn, fyrirtækið sem sér um rekstur Fagraness, hefur lagt áherslu á það við hæstv. samgrh. að nýtt verði heimild í fjárlögum þessa árs til að koma upp ferjuaðstöðu bæði á Ísafirði og inni í Djúpi en hefur fengið heldur þungar undirtektir hjá ráðherranum, a.m.k. hefur sést lítið til lands í þeim verkum sem menn eru að biðja um að verði unnin. Í bréfi frá þessum aðila, dagsettu 21. ágúst sl., segir svo, með leyfi forseta:

„Ferjuskipið sem hf. Djúpbáturinn keypti stendur nú í 46 millj. kr. eftir ýmsar lagfæringar. Þannig má ætla að heildarkostnaður við skipið og ferjubryggjuna verði varla yfir 100 millj. kr. sem verður að teljast mjög ódýrt miðað við það sem almennt gerist hérlendis."

Miðað við þessar upplýsingar er kostnaðurinn ekki nærri 100 millj. kr. heldur nærri 50 millj. Auðvitað skiptir máli að menn hafi staðreyndir í þessu máli á hreinu. Ég skal ekkert segja um það hverjar þær eru. Ég er aðeins að greina frá þeim upplýsingum sem mér hafa verið sendar og stangast á við upplýsingar hæstv. samgrh. Það er því ljóst að frekar þarf að líta á þetta mál en hlýða á orð hæstv. samgrh. um það.

Þá vil ég einnig nefna af því að hér hefur verið sett fram sjónarmið sem er að mörgu leyti eðlilegt að ríkisstjórnin hafi gripið til þess að flýta framkvæmdum í vegagerð til að treysta atvinnuástandið í landinu. Það liggur auðvitað í augum uppi að það mun hjálpa til við það verk. En ég vil gjarnan benda á það sem ekki hefur komið fram í umræðunni að þar sem atvinnuástand er kannski bágbornara en víðast hvar annars staðar, á Suðurnesjum, er ekki að sjá í tillögu ríkisstjórnarinnar að miklu fé verði varið, af um 1.800 millj. kr., til að bæta úr atvinnuástandi. Ég hlýt því að spyrja hæstv. samgrh. því hann er einn hér til svara fyrir ríkisstjórnina eins og stendur: Eru fyrirhugaðar einhverjar aðrar ráðstafanir á þessu svæði þar sem atvinnuleysi er hvað mest til að bæta úr á öðrum sviðum en í samgöngumálum eða koma síðar tillögur í samgöngumálum sem lúta að því að draga úr atvinnuleysi á því svæði? Ég minni á að fimm þingmenn Sjálfstfl. hafa séð sig tilneydda, þrátt fyrir það að eiga samgrh. í þessari ríkisstjórn, að leggja fram sérstaka tillögu um vegaframkvæmdir í sínu kjördæmi.

Ég vil líka koma að því atriði sem hv. 1. þm. Vesturl. nefndi fyrstur manna í umræðunni. Það er Skipaútgerð ríkisins og það mál. Eins og menn kannast við var það fyrirtæki lagt niður fyrr á þessu ári með sérstökum lögum og margir óttuðust að hagsmuna landsbyggðarinnar væri ekki gætt sem skyldi í þeim efnum og það mundi bitna á þeim byggðarlögum þannig að flutningskostnaður á vöru til þeirra mundi hækka. Þá töldu stjórnarliðar enga ástæðu til að óttast að slíkt mundi gerast í þessum málum. Ég vil gjarnan koma því að í þessari umræðu sem mönnum er kannski kunnugt um að því miður hefur þróun mála verið sú, og hún hefur verið nokkru hraðari en ég átti von á, að bæði skipafélögin sem sinna strandflutningum hér við land hafa dregið úr komum sínum í hinum dreifðu byggðum landsins. Nú er svo komið að sum byggðarlög njóta þess alls ekki að fá neinar skipakomur til sín. Ég minni á að þetta mál heyrir undir Vegagerð ríkisins samkvæmt nýlegri ákvörðun.

Ég vil t.d. benda á staði eins og Bíldudal, Suðureyri og Árneshrepp á Ströndum svo ég telji upp þrjá staði. Þessir staðir búa við það að þeir fá ekki vörur til sín sjóleiðina heldur eru þær settar annars staðar á land og viðtakanda gert að greiða til viðbótar flutningskostnaði kostnað við að flytja vöruna frá þeim stað til síns heima.

Þann 2. okt. gerði Fjórðungssamband Vestfirðinga þá samþykkt á fundi sínum, með leyfi forseta: „... að skora á hæstv. samgrh. að hann semji við þar til bær-

an flutningsaðila að annast með fullnægjandi hætti vöruflutninga sjóleiðis til og frá Norðurfirði í Árneshreppi.“ Eftir að þessi samþykkt var gerð 2. okt. hafa, eins og ég gat um áður, tveir aðrir staðir misst skipakomur. Það eru Bíldudalur og Suðureyri. Hvað hyggst hæstv. samgrh. gera til að tryggja jöfnuð í þessum efnum? Fyrst hv. 1. þm. Vesturl. varð fyrstur til að nefna þetta mál er ekki úr vegi að hann geri þingheimi grein fyrir afstöðu sinni til þess. Er það hans skoðun og ráðherrans að hver eigi að bera sinn bagga? Það er a.m.k. í ósamræmi við málflutning stjórnarliða fyrr á þessu ári. Eru menn að ganga á bak orða sinna í þessu efni eða ætla menn að tryggja þessa flutninga? Það væri fróðlegt að fá svar við því. Gætu menn sett það undir aðgerðir í flóabátum og ferjum?

Ég vil líka að lokum, virðulegi forseti, nefna brúna yfir Gilsfjörð. Hv. 3. þm. Vestf. sagði að lánið sem verður tekið vegna brúar yfir Kúðafljót og aðrar flýtiframkvæmdir yrði ekki endurgreitt fyrr en búið væri að byggja brúna yfir Gilsfjörð, það hefði ekki áhrif. Er hæstv. ráðherra reiðubúinn að staðfesta það að endurgreiðsla þessara lána muni ekki seinka framkvæmdum í brúargerð yfir Gilsfjörð? Ég vil minna á það að á síðasta kjörtímabili fyrir kosningar hétu allir þingmenn Vesturl. og Vestf. því að beita sér fyrir því að framkvæmdir við Gilsfjarðarbrú yrðu boðnar út strax á árinu 1993.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru þrjú atriði. Í fyrsta lagi fór hv. þm. rangt með þegar hann gaf það í skyn að ég hefði sagt að brú fyrir hina nýju ferjubryggju mundi kosta nær 100 millj. kr. Það sagði ekki. Ég sagði að þegar búið væri að taka tillit til þess að nýjan veg þarf að leggja að Nauteyri, gera bifreiðastæði og aðra aðstöðu færi heildarkostnaður upp undir 100 millj. kr. Það var það sem ég sagði.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að það komi fram vegna síendurtekinna ummæla hv. stjórnarandstæðinga að ekki er gert ráð fyrir því samkvæmt gildandi vegáætlun að hafist verði handa á næsta ári við að gera brú yfir Gilsfjörð. Það er einfaldlega rangt. Ég hef minnst á þetta áður en þetta hefur verið endurtekið æ ofan í æ. Það er gert ráð fyrir því að á fyrsta tímabili verði varið í stórverkefni 55 millj. kr., til Gilsfjarðarbrúar 571 millj. kr. á fyrsta tímabili en 511 millj. á öðru tímabili. Það er gert ráð fyrir því samkvæmt gildandi vegáætlun að ekki verði hafist handa af neinum þunga fyrr en í lok áætlunartímabilsins eða á árinu 1994.

Spurning hv. 2. þm. Vestf. um það hvort til hafi staðið að ráðast þegar í stað í þá framkvæmd að bjóða út Gilsfjarðarbrú á þessu ári. Þeirri spurningu hef ég raunar svarað áður. Það verk er alls ekki svo langt komið að unnt sé að bjóða það út nú þó menn hefðu kosið. Hönnun þess er ekki lokið með öðrum orðum þannig að málin standa alls ekki þannig.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Merkilegast er andsvar ráðherrans fyrir það sem hann sagði ekki. Hann svaraði engu um hvort hann eða ríkisstjórnin hygðist standa við yfirlýsingar sínar um jöfnun flutningskostnaðar og niðurlagning Skipaútgerðar ríkisins mundi ekki bitna á fámennum og dreifðum byggðum. Hann svaraði engu um það.

Hvað varðar Gilsfjarðarbrú er ég ekki sammála því sem fram kom í ræðu hæstv. ráðherra, hvorki því að ekki stæði til af neinum þunga að hefja framkvæmdir á árinu 1993 né hinu að verkið sé ekki tilbúið til útboðs. Ég er með bréf, dags. 23. sept. sl., frá sveitarstjórum og oddvitum við Breiðafjörð. Í bréfinu er vitnað til skýrslu Vegagerðarinnar frá mars 1991 um rannsóknirnar og stöðu verkefnisins og segir svo í framhaldi af því, með leyfi forseta:

„Samkvæmt þessu er öllum hefðbundnum athugunum og nauðsynlegum undirbúningi lokið og komið að framkvæmd verksins. Þingmenn Vestfjarða og Vesturlands er sátu á þingi síðasta kjörtímabil samþykktu einróma að hafist yrði handa í Gilsfirði umsvifalaust að lokinni brú yfir Dýrafjörð. Var þá gert ráð fyrir að verkið yrði allt boðið út á árinu 1993.“

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal): *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Út af Gilsfirði aðeins þetta eitt: Gert er ráð fyrir 511 millj. kr. til þessa verkefnis á öðru áætlunartímabili. Málin eru þannig. Það er ekki spurning um skoðun hv. þm. á því. Alþingi hefur einfaldlega ekki samþykkt að verja til þess verkefnis nema 71 millj. kr. en til þess þarf 582 millj. kr.

Í öðru lagi er ekki von á því að ég hafi svarað fsp. hv. þm. um flóabáta þar sem ég var ekki að þeim kominn. Það liggur fyrir að það sparast milljón á dag fyrir ríkissjóð með því að leggja niður Skipaútgerð ríkisins. Það liggur jafnframt fyrir að vegna þeirra ráðstafana sem síðasta ríkisstjórn gerði í sambandi við flóabáta á síðasta kjörtímabili, mig minnir að kaupin á Herjólfi hafi verið í síðustu vikunni fyrir síðustu kosningar, er nú svo komið að styrkir til flóabáta munu á næstu árum fara upp í eitthvað á sjötta hundrað milljónir króna. Það var gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að 330 millj. kr. mundu nægja. Nú er svo komið þegar búið er að fara yfir reikningana á nýjan leik að búist er við því að meðgjöfin með flóabátum verði nær hálfum milljarði króna á næsta ári. Ég skal ekki segja hvar á milli 400 og 500 millj. kr. en það liggur einhvers staðar þar. Auðvitað verða þessir peningar að dragast frá öðrum útgjöldum ríkissjóðs. Fram hjá því er ekki hægt að komast.

Í þriðja lagi hef ég greitt fyrir því að hægt sé að halda uppi samgöngum til Norðurfjarðar á þessu ári eins og áður hafði verið ráðgert af Samskipum. Um þetta er oddvita Norðurfjarðar kunnugt. Hann er í fullu sambandi við samgrn. og fulltrúa Vegagerðarinnar um þessi mál. Ástandið þar er því ekki eins og hv. þm. vildi vera láta.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra er ekki reiðubúinn að staðfesta yfirlýsingu hv. 3. þm. Vestf. að end-

urgreiðsla lána vegna flýtingu framkvæmda muni ekki bitna á þeim framkvæmdum sem dragast þannig aftur fyrir röðina. Þvert á móti gefur hæstv. ráðherra það berlega í skyn að Gilsfjarðarbrú bíði, að ekki eigi að fara í hana á tímabilinu 1991–1994. Með því að stjórnarþingmenn úr báðum þessum kjördæmum hafa fremur stutt ráðherrana í þessu máli í umræðunni en hitt er ljóst að hvorki núv. þingmenn Sjálfstfl. í þessum kjördæmum né hæstv. ráðherrar eru reiðubúnir að standa við yfirlýsingu þingmanna Sjálfstfl. fyrir kosningar um Gilsfjarðarbrú. Þeir eru að ganga á bak orða sinna í þessum efnum. Það sannast sem oft hefur komið fram að það er léttara að veita loforð og tala upp í eyrun á kjósendum fyrir kosningar á framboðsfundum en efna þau eftir kosningar.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst varðandi Skipaútgerð ríkisins og þjónustuna við einstöku byggðarlög. Það hefur komið fram í máli hæstv. samgrh. hvernig þau mál hafa verið leyst varðandi Árneshrepp á Ströndum. Ég hef fengið þær upplýsingar nýverið varðandi Bíldudal alveg sérstaklega að þar muni þau mál leysast með þátttöku Eimskipafélags Íslands sem muni geta tryggt þá þjónustu sem verið hefur. Það er auðvitað kjarni þess máls sem við höfum verið að ræða hér að með flýtingu vegagerðar m.a. yfir Hálfdán milli Tálknafjarðar og Bíldudals verður auðveldara að sinna þessum byggðarlögum. Þess vegna er það sérstakt ánægjuefni að það skuli hafa verið ráðist í að flýta þessum framkvæmdum því með þeim hætti er hægt að sinna þörfum íbúa þessa kjördæmis með skipulegri, skynsamlegri og ódýrari hætti.

Það er alveg fráleitt eins og hv. 5. þm. Vestf. hefur verið að reyna að ýja að að eitthvað hafi komið fram sem bendir til þess að seinkun verði á fyrirhuguðum framkvæmdum yfir Gilsfjörð. Það er alveg fráleitt. Það er ekkert sem gefur honum tilefni til að ályktа það nema síður sé. Ég hef þvert á móti verið að leiða að því rök að einmitt með tillögu ríkisstjórnarinnar um að flýta þessum vegaframkvæmdum verði hægt að hraða brúargerð yfir Gilsfjörð fremur en að hún tefjist. A.m.k. verð ég að segja að ef það er rétt sem ég las út úr ummælum hv. 5. þm. Vestf. að honum fyndist lítið fara til Reykjaneskjördæmis úr þessum pakka og hann vildi með öðrum orðum ganga inn í skiptireglu vegafjárins og taka peninga af öðrum kjördæmum til þess að leggja til Reykjaness til atvinnuskapandi framkvæmda, þá óttast ég hins vegar að það yrði til að hægja á einhverjum framkvæmdum úti á landi, svo sem á Vestfjörðum og þar á meðal Gilsfjarðarbrú.

Ég styð hins vegar tillögu hæstv. ríkisstjórnar að því leyti að ég er fullkomlega sammála því að vitaskuld á að nota skiptiregluna milli kjördæmanna þegar verið er að skipta vegafénu.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi Suðurnes var ég að benda á að menn rökstyðja ákvörðunina og bakgrunn þáltill. með því að segja: Við erum að grípa til aðgerða til að draga úr atvinnuleysi. Það er gott. En ég benti á að atvinnuleysið er óvíða meira en á Suðurnesjum. Þessar aðgerðir draga ekkert úr því. Og því spurði ég: Hvaða aðgerða ætlar ríkisstjórnin að grípa til til að draga úr atvinnuleysi á Suðurnesjum?

Í öðru lagi vil ég benda á og fagna því í sjálfu sér ef það er rétt sem hæstv. ráðherra hefur upplýst að hann ætlar að tryggja skipakomur á Norðurfirði á Ströndum því þá er verið að reyna að standa við það fyrirheit sem ráðherrann gaf þó samgöngur hafi slitnað í sundur og misbrestur orðið á efndum. Það væri fróðlegt að vita hjá hæstv. samgrh. hvort svo muni verða gert gagnvart öðrum stöðum og með þeim hætti að íbúarnir á þeim stöðum beri ekki baggana.

Ég vil svo að lokum segja að mig undrar að hv. 3. þm. Vestf. telji að hægt sé að flýta framkvæmdum við Gilsfjarðarbrú í ljósi yfirlýsingar ráðherra frá því sem menn ætluðu sér. Það liggur fyrir að menn ætluðu sér að bjóða út allt verkið 1993. Það liggur fyrir að hæstv. samgrh. lítur ekki á þetta verkefni til framkvæmda fyrr en eftir 1994. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Ég hlýt að túlka það svo að þessi stefnubreyting og vanefndir á loforðum af hálfu núv. þingmanna Sjálfstfl. í þessum tveimur kjördæmum tengist mannabreytingum. Ekki ætla ég að bera það á hv. 1. þm. Vestf. að hann standi ekki við þau loforð sem hann gaf. Getur verið að svo linlega sé á málum haldið nú vegna þess að búið er að skipta um hinn sjálfstæðisþingmann Vestfirðinga?

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég nenni ekki að sitja undir þessum dylgjum hv. 5. þm. Vestf. um að ég ætli mér að standa að einhverjum svikum eða brigðum á loforðum sem hafa verið gefin varðandi Gilsfjarðarbrú. Við höfum setið á ótal fundum um þessi mál, m.a. með fulltrúum Gilsfjarðarnefndar, og þar hefur sjónarmið mitt rækilega komið fram. Þess vegna er alveg óþolandi og gjörsamlega út í hött að hlusta á þetta tal hv. 5. þm. Vestf.

Það sem hæstv. ráðherra hefur einfaldlega gert er að vekja athygli á því að samkvæmt vegáætlun hefur verið gert ráð fyrir því að aðalþunginn í þessari framkvæmd ætti sér stað á öðru tímabili. Um það geta menn varla verið að prátta því þetta er hér skjalfest. Það hefur hæstv. samgrh. einfaldlega verið að segja.

Varðandi Gilsfjarðarbrú sérstaklega er það sjónarmið uppi að við teljum mjög mikla nauðsyn á því að koma þeirri brú á. Um það hefur ekki verið og er ekki ágreiningur mér vitanlega í þingmannahópum hvorki Vesturlands né Vestfjarða. Þess vegna er það fullkomlega ástæðulaust og a.m.k. síst til þess að auðvelda málið að vera að reyna að vekja upp hugmyndir um að eitthvað annað sé uppi á teningnum þegar svo er alls ekki. Um það er fullkomin sátt meðal þingmanna og það er allsendis ástæðulaust af hv. 5. þm. Vestf. að gefa eitthvað annað í skyn.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrir liggur af hálfu hæstv. samgrh. að í Gilsfjarðarbrú verður ekki farið á þessu tímabili. Fyrir liggur af hálfu hæstv. fjmrh. að lán sem tekin verða til að flýta framkvæmdum, þar með talið við Kúðafljót, verða greidd af öðrum framkvæmdum síðar. Af þessu verður ekki önnur ályktun dregin en sú að lántökur vegna brúarsmíða, t.d. Kúðafljóts, muni verða endurgreiddar af fjárveitingum til samsvarandi verkefna eða með öðrum orðum stuðla að því að seinka verkinu.

Ég skal ekkert halda því fram að hv. 3. þm. Vestf. vilji ekki standa við gefin loforð fyrirrennara sinna en hann verður þá að sýna það í verki. Það eina sem dugar til að sýna það í verki er að standa við samþykkt þingmannanna frá því fyrir síðustu kosningar um að verkið verði boðið út árið 1993. Það er hægt að bjóða það út með ýmsum hætti og hægt að ákvarða í útboðsskilmálum hvernig framkvæmdatíminn verður. En aðalatriðið er að í verkið verði ráðist og það verði boðið út. Það liggur fyrir að allt er klárt. Öllum undirbúningi er lokið og það eina sem eftir er er að taka ákvörðun um framkvæmdir. Hv. 3. þm. Vestf. verður að sýna fram á vilja sinn í þessu verki með því að standa að því með mér og fleirum að sjá til þess að verkið verði boðið út á þessu ári. Um það voru fyrirheitin sem ég vitnaði til.

Útbýting þingskjala:

Veiting ríkisborgararéttar, 222. mál, stjfrv., þskj. 265.

Verkmenntun í framhaldsskólum, 219. mál, fsp. DH á þskj. 262.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Þessar umræður rifja það enn einu sinni upp fyrir mér hvað það er gott hlutskipti að vera þingmaður Austfirðinga og þægilegt og ánægjulegt viðfangsefni að starfa að málefnum Austurlands í hópi þeirra alþingismanna sem bæði nú og áður hafa setið á Alþingi fyrir Austurlandskjördæmi.

Nokkuð hefur verið minnst á fordæmi og þá að sjálfsögðu varðandi þann tillöguflutning sem hér er til umræðu. Það er vissulega mikil ástæða til þess að rifja upp fordæmi.

Menn hafa sagt í þessari umræðu að það væri fordæmalaust að lögð væri fram vegáætlun með þeim hætti sem hér hefur átt sér stað. Það er reyndar ekki. Á þeim árum sem ég hef setið á Alþingi man ég sérstaklega eftir því að það hafi gerst einu sinni áður. Það var í tíð Matthíasar Á. Mathiesens. Sem samgrh. kom í hans hlut að leggja fram aukavegáætlun undir sömu formerkjum og nú er gert með það að markmiði að auka framkvæmdir. Ég man hins vegar ekki til að það hafi gerst nema í tíð samgrh. Sjálfstfl.

Það má líka rifja upp að með svipuðum hætti og nú er gert er fordæmi fyrir því að teknar hafa verið ákvarðanir um breytingar á vegáætlun. Ég hygg að það hafi verið í tíð samgrh. Alþb. Það var gert með því að skera niður framkvæmdir. Þá voru þingmenn ekki spurðir.

Fyrir mér er það nokkuð annað hvort ráðherrar taka sér vald til þess að víkja frá framkvæmdum til þess að draga úr vegaframkvæmdum eða hvort þeir gera það til þess að auka framkvæmdir eins og nú er gert.

Ég ætla ekki að ræða þetta sérstaka atvik nánar. Mér er kunnugt um að hv. 2. þm. Norðurl. v. er á mælendaskrá á eftir mér og hann mun áreiðanlega skýra þetta mál betur en ég enda var því sérstaklega til hans beint.

Það er eftirtektarvert þegar umræðan sem hér hefur átt sér stað er metin um hvað málið snýst raunverulega. Venjan er sú að alþingismenn hafa orðið að standa í því að gera breytingar á áformum í vegamálum til lækkunar. Nú bregður hins vegar svo við að hér er verið að taka ákvarðanir og ræða sérstaklega breytingar á vegagerðarframkvæmdum til aukningar.

Miðað við stöðu málsins eins og hún var í upphafi þessa þings var ráðgert að leggja til stofnbrauta tæplega 1,9 milljarða kr. Með ákvörðun ríkisstjórnarinnar, sem sérstaklega hefur verið til umræðu, bætist 1,8 milljarðar kr. við vegagerðarframkvæmdir. Þetta er ákvörðun um að auka framkvæmdir á næsta ári um helming. Svo hópast menn hér upp með svör og andsvör til þess að finna þessu máli allt mögulegt til foráttu. Menn komast meira að segja að þeirri snilldarlegu niðurstöðu að með því að auka þessar framkvæmdir um helming verði það sérstaklega til þess að seinka tilteknum framkvæmdum. Ég hef aldrei heyrt það fyrr þann tíma sem ég hef setið á Alþingi að ákvarðanir um að stórauka fjárveitingar til framkvæmda séu til þess fallnar að seinka því að tilteknar framkvæmdir náist í höfn. Mér finnst satt að segja að málflutningur af þessum toga sé ekki samboðinn þeim heiðursmönnum sem hér eiga í hlut.

Það er vert að minna á það alveg sérstaklega að þegar endurskoðun á þeirri vegáætlun sem nú er í gildi fer fram í vetur hafa þingmannahópar úr einstaka kjördæmum fulla möguleika á því að koma sínum áherslum að þó að ríkisstjórnin hafi tekið ákvarðanir um útdeilingu á þessum 1,8 milljörðum kr., sem ég tel að hafi verið af hinu góða.

Ég vil svo aðeins, sem er grundvallaratriði í þessum efnum, undirstrika sérstaklega að með þessari ákvörðun liggur það fyrir að tiltölulega bjartsýn vegáætlun, sem afgreidd var á kosningaári í góðri samstöðu á þinginu, kemst heil í höfn og reyndar gott betur. Það er vissulega nýlunda þegar litið er til þessara mála.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er óhjákvæmilegt að leiðrétta atriði í ræðu hv. 3 þm. Austurl. Fyrir það fyrsta er ekki verið að auka fé til vegamála heldur verið að flýta framkvæmdum. Það er því á engan hátt bættur upp sá niðurskurður sem núv. ríkisstjórn hefur staðið að og þar á meðal í jarðgangagerð á Vestfjörðum. Til að hressa upp á minni hv. þm. um frammistöðu samgrh.

Sjálfstfl. vil ég rifja upp viðtal við hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, í Morgunblaðinu 29. maí 1991 þegar hæstv. samgrh. tók sér það vald að skera niður fé til vegamála um 350 millj. Hæstv. samgrh. sjálfur komst að þeirri niðurstöðu áðan að samkvæmt tilvitnun í Ólaf heitinn Jóhannesson hefði það verið ólögmætt. Hv. þm. Matthías Bjarnason segir í viðtalinu, með leyfi forseta: Ég tel að það sé ekki ráðuneytis eða Vegagerðar að taka sér það bessaleyfi að skera niður framkvæmdir. Alþingi hefur samþykkt vegáætlun og þingmenn viðkomandi kjördæma skipt framkvæmdafénu á milli verkefna og ég tel að Alþingi eitt geti breytt þeirri ákvörðun." Hann segir enn fremur, virðulegi forseti, að lokum: „Það er ekki á það bætandi þegar ný ríkisstjórn sem maður vill af heilum hug styðja kemur og ræðst á garðinn þar sem hann er lægstur."

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Einungis eitt efnisatriði í máli hv. síðasta ræðumanns er svaravert þar sem hann komst að þeirri spaklegu niðurstöðu að ekki væri verið að gera ráðstafanir til að auka fjárveitingu í vegaframkvæmdum. Hér er ég með útreikninga Vegagerðar ríkisins í þeim efnum. Þar kemur m.a. fram að á árinu 1990 voru fjárveitingar til vegagerðar rétt rúmir 5,2 milljarðar, árið 1991 5,4 milljarðar, árið 1992 5,6 milljarðar og á næsta ári, eins og þegar hefur verið tekin ákvörðun um, verða fjárveitingar til vegaframkvæmda 7,1 milljarður kr. Ég veit ekki hvernig þeir menn sem reikna með þessum hætti geta komist að vitlausari niðurstöðu en þeirri að segja að aukning frá 5,6 milljörðum upp í 7,1 milljarð jafngildi ekki aukningu í vegagerðarfé.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af nokkuð langri reynslu minni við að reikna út dæmi er ljóst í mínum huga að dæmið verður aldrei rétt reiknað nema það sé reiknað til enda. Ég hygg að hv. 3. þm. Austurl. ætti að halda áfram með sitt dæmi og segja þingheimi hversu mikið fé verður til framkvæmda í vegamálum á næstu árum þegar farið verður að endurgreiða þau lán sem á að taka á næsta ári til að auka framkvæmdir. Niðurstaðan verður auðvitað sú að fé til framkvæmda mun ekki verða meira heldur minna sem nemur vaxtakostnaði.

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Samkvæmt sömu heimildum verður vegagerðarfé á árinu 1994 6,5 milljarðar og á árinu 1995 6,1 milljarður kr.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessari umræðu og hefði metið það meira að koma þessu máli til nefndar þannig að hægt væri að fara að vinna því brautargengi hér á Alþingi. Segja má að umræðan hafi farið mjög um víðan völl og þar á meðal hefur verið vitnað til orða minna úr þessum ræðustól á haustþingi 1989 þar sem ég gagnrýndi þáv. ríkisstjórn fyrir þær tillögur sem hún hafði þá gert í vegamálum.

Það má segja að það sé ekki mjög frjótt umræðuefni að fara að grafa í þær orsakir sem þá lágu til minna orða, en hverjar skyldu þær hafa verið? Þær voru þess efnis að þáv. hæstv. samgrh., sá sem las orð mín úr ræðustól áðan, núv. hv. 4. þm. Norðurl. e., hafði gefið Vegagerð ríkisins fyrirmæli um að skerða fé til tiltekinna verkefna sem voru á þágildandi vegáætlun og Alþingi hafði afgreitt. Þetta gagnrýndi ég harðlega. Þetta var gert án þess að haft væri samráð við þingmenn kjördæma og án þess að það væri borið undir Alþingi fyrr en með breytingum sem gerðar voru tillögur um í fjáraukalögum fyrir það ár sem síðla ársins kom til umræðu þegar mín tilvitnuðu orð voru flutt.

Það er svo önnur saga að sú hæstv. ríkisstjórn kom ekki þessum tillögum fram vegna þess að meiri hluti Alþingis hafnaði tillögum þáv. ríkisstjórnar um niðurskurð á tilteknum verkum í samgöngumálum. Fyrirmæli hæstv. þáv. ráðherra höfðu eigi að síður orðið til þess að ýmis verk urðu ekki unnin á því ári. Þau fyrirmæli voru gefin af þáv. hæstv. ráðherra án þess að hann hefði til þess tilstyrk Alþingis. Þetta er eins og ég sagði næsta ófrjótt efni og ég hefði ekki farið að rifja það upp nema að þessu gefna tilefni.

Hér liggur fyrir till. til þál. um breytingu á vegáætlun sem hefur það að markmiði að geta hafið útboð á nokkrum nýjum verkum vegna þess að það hefur sparast fé á öðrum lið í útgjöldum Vegagerðar ríkisins. Ég vænti þess að allir hv. alþm. séu alls hugar fegnir að þetta skuli vera hægt. Ég hvet þess vegna hv. alþm. að láta nú staðar numið um að flenna þessa umræðu um víðan völl með brigslyrðum á báða bóga og reyna heldur að greiða fyrir því máli sem ég hygg að öllum þyki vænt um að komist fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hafnalög, 1. umr.

Stjfrv., 191. mál (heildarlög). — Þskj. 222.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þetta frv. var lagt fram á síðasta Alþingi og hlaut þar efnislega meðferð. Það hefur verið sent til umsagnar fjölmargra aðila og ég tók þann kost að flytja frv. óbreytt en fela embættismönnum mínum að vinna að því í samráði og samvinnu við samgn. að meta umsagnir, einstakar athugasemdir og athuga með hvaða hætti og hvort frv. verði betur úr garði gert með því að hnika til texta eða einstökum efnisatriðum í samræmi við ný sjónarmið og þær áherslur sem nú eru helst uppi í samgöngumálum.

Eins og áður hefur komið fram af minni hálfu er ég raunar þeirrar skoðunar að ekki sé hægt að líta á hafnamál einangrað, ekki sé hægt að líta á vegamál einangrað né flugmál heldur sé nauðsynlegt að taka upp

önnur vinnubrögð og vinna þannig að samgöngumálunum í heild að ein framkvæmd styðji aðra og samvinna megi takast á sem víðustum grundvelli í öllum þessum þáttum.

Í sambandi við hafnamálin vil ég nefna sérstaklega að nú er ofarlega á baugi víða að setja á stofn hafnasamlög sem hafi það að markmiði að sveitarfélög komi sér saman um ekki aðeins framkvæmdaröð í einstökum höfnum heldur líka verkefnaskiptingu milli hafna. Ein höfn skuli leggja meiri áherslu á vöruflutninga en önnur og þar fram eftir götunum. Til þess að hægt sé að ná þessu markmiði fram er nauðsynlegt að breyta áherslum í vegamálum samhliða stofnun slíkra hafnasamlaga. Gott dæmi er það hafnasamlag sem nú er unnið að að stofna um utanverðan Eyjafjörð milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar. Má raunar vera að Árskógshreppur komi inn í þá samvinnu og jafnvel Hrísey. Grundvöllurinn fyrir því að til slíks samlags geti komið er að unnt sé að ljúka vegalagningu milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur sem er raunar einn af þeim vegaspottum sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í gildandi vegáætlun. Sá hluti þess vegar kemur að því leyti inn í þá umræðu sem hér fór fram áðan.

Á Suðurfjörðum eru einnig uppi umræður að stofna til hafnasamlags. Sveitarstjórnir á Patreksfirði, Tálknafirði og Bíldudal hafa skrifað samgrn. og óskað eftir að það tilnefni fulltrúa til að vinna með hafnarstjórnum þar að slíku samlagi. Það sem gerir það mögulegt er m.a. og kannski ekki síst að veruleg áhersla hefur verið lögð á að ljúka vegi yfir Hálfdán sem gerbreytir stöðu Bíldudals að þessu leyti og gerir frekari samvinnu milli hafnanna mögulega.

Enn eitt hafnarsvæði sem til greina kemur og er raunar sjálfgert að stofnað verði er á Norðurfjörðum fyrir vestan þegar jarðgöngum er lokið á svæðinu frá Þingeyri til Flateyrar um Súgandafjörð, Bolungarvík, Ísafjörð og Súðavík. Enn fremur hefur komið fram að á Suðurnesjum er uppi ákveðinn vilji til þess að athuga hvort þar sé hægt að auka samvinnu milli hafnanna.

Sama þróun á sér stað annars staðar á landinu. Þetta frv. sem hér liggur fyrir er m.a. flutt til þess að greiða fyrir slíkri þróun.

Aðalbreytingarnar í frv. eru þessar, eins og segir í grg.:

„1. Í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir því að eigendur hafna geti auk sveitarfélaga einnig verið hlutafélög. Jafnframt er gert ráð fyrir því að hafnir geti orðið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra. Hafnir gætu t.d. samkvæmt þessu ákvæði orðið hluthafar í fiskmörkuðum.

2. Í 8. gr. er einnig gert ráð fyrir því að mynduð verði hafnasamlög um rekstur hafna þar sem landfræðileg skilyrði eru fyrir hendi. Í fylgiskjali með frv. eru hugmyndir nefndarinnar sýndar um það hvernig mætti hugsa sér stofnun þessara hafnasamlaga og hvernig þau hvert fyrir sig mundu koma út fjárhagslega. Með stofnun hafnasamlaganna er stefnt að hagræðingu í nýtingu hafna og framkvæmdum, enda gert ráð fyrir að milli þeirra sé almennt gott vegasamband árið um kring. Þannig er ekki gert ráð fyrir að hafnasamlag á Vestfjörðum verði raunhæft fyrr en lokið er gerð jarðganga milli Ísafjarðar, Suðureyrar og Flateyrar. Nefndin telur eðlilegt að ríkisvaldið stuðli að sínu leyti að því að hafnasamlög verði mynduð, m.a. með gerð sérstakra framkvæmdaáætlana fyrir hvert einstakt hafnasamlag og betri fyrirgreiðslu varðandi ríkisframlög til framkvæmda en einstakar hafnir innan samlaganna gætu annars vænst.

3. Ákvæði um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs er nú breytt á þann hátt að ýmis ytri mannvirki hljóta 90% ríkisframlag. Ber þar aðallega að nefna hafnargarða (öldubrjóta) og dýpkanir hafna og innsiglinga auk siglingamerkja og sérbúnaðar fyrir ekjuskip og ferjur, en þessar framkvæmdir njóta nú 75% ríkisframlags. Í þessum styrkflokki var áður aðeins dýpkun aðalsiglingaleiðar að höfn. Allar aðrar styrkhæfar hafnarframkvæmdir hljóta 60% ríkisstyrk en 40% styrkflokkurinn er felldur niður. Jafnframt er fellt niður 40% ríkisframlag til hafnarvoga, hafnsögubáta og fastra krana til löndunar úr smábátum en ríkisframlag til upptökumannvirkja fyrir skip hækkar í 60% stofnkostnaðar."

Ég vil taka fram varðandi þessi atriði að um þau komu fram ýmsar athugasemdir frá umsagnaðilum og er nauðsynlegt að fara mjög rækilega ofan í þennan þátt málsins í hv. samgn.

„4. Í frv. eru ákvæði um 25% álag á vörugjald er renni í Hafnabótasjóð. Þetta er í samræmi við 29.–32. gr. laga nr. 1/1992. Sú breyting er gerð að álagið er látið renna til lán- og styrkveitinga úr sjóðnum en ekki sem framlag ríkisins til almennra hafnarframkvæmda eins og þau lög gerðu ráð fyrir. Miðað við núgildandi gjaldskrá má ætla að tekjur af sérstöku álagi á vörugjald nemi um 125 millj. kr. á ári og með hliðsjón af því er framlag ríkisins nú gert háð ákvörðun Alþingis hverju sinni."

Ég sé ekki ástæðu til þess, hæstv. forseti, að hafa fleiri orð um frv. Það er hv. þm. kunnugt og legg til að því verði sem áður vísað til 2. umr. og samgn.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Mig rekur minni til að í umræðum um frv. á síðasta þingi sagði hæstv. samgrh. að hann legði ekki áherslu á að frv. yrði að lögum á því þingi. Þetta væri stórt og mikið mál og þyrfti athugunar við. Í umræðum um málið komu fram ýmsar athugasemdir. Hæstv. samgrh. hefur samt ákveðið að leggja frv. fram óbreytt og hefur þess vegna ekki tekið tillit til neinna þeirra athugasemda sem komu fram við þetta mál í fyrra. Ég ætla út af fyrir sig ekki að gera því skóna að ekki sé vilji fyrir breytingum. Það hlýtur að reyna á það í samgn. Ég tel að ýmsa hluti þurfi að skoða betur.

Ég benti á það við umræðuna síðast að um ný atriði er að ræða, t.d. hvernig skipað er í hafnaráð. Þar er mjög merkilegt ákvæði. Við ráðherraskipti skal skipa að nýju tvo fulltrúa samgrh. Það er skylda. Það stendur „...skal skipa að nýju við ráðherraskipti." Ef stólaskipti verða í ríkisstjórninni er ráðherra skylt að

skipa að nýju menn í þessa stofnun.

Ég gerði líka athugasemd við það að í 5. gr. er sagt að heimilt sé að endurskipa hafnamálastjóra svo oft sem verða vill. Ég er í grundvallaratriðum andvígur því að embættismenn hafi einhvers konar æviráðningu. Það ætti að setja einhvers konar sólarlagsákvæði við það hve lengi menn geta verið embættismenn stofnana. Það er ekki síður ástæða til þess að endurnýjun verði hjá yfirmönnum stofnana en á mörgum öðrum stöðum í þjóðfélaginu.

Eitt gagnrýndi ég við frv. síðast sem ég trúði varla að hefði ekki verið tekið til athugunar og það nefndi hæstv. ráðherra áðan. Það er sú hugmynd sem kemur fram í 8. gr.: „Eigendur hafna samkvæmt lögum þessum eru sveitarfélög eða hlutafélög. Hafnir geta verið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra."

Þarna er verið að fara inn á nýja braut sem út af fyrir sig skal ekki gagnrýnd neitt sérstaklega hérna en hvernig geta menn látið það koma heim og saman við 14. gr. í frv.? Þar segir:

„Tekjum og eignum hafnarsjóðs má einungis verja í þágu hafnarinnar. Hafnarsjóðir skulu undanþegnir hvers konar sköttum til sveitarsjóða."

Það er með öðrum orðum verið að segja að þeir sem stofna hafnir og mynda um það hlutafélög fái leyfi til þess að reka sína starfsemi án þess að borga af því eðlilega skatta og gjöld. Hæstv. samgrh. sagði í ræðu sinni áðan að hann teldi að það væri ekki bara hugsanlegt að hafnir tækju þátt í að reka fiskmarkaði, sem yrðu þá undanþegnir þessum gjöldum, heldur gætu þær rekið einhver önnur samgöngumannvirki. Ég tel það að taka peninga út úr rekstri hafnanna og nota þá til að kaupa hlutafé í svona fyrirtækjum sé í raun og veru að gera atvinnustarfsemi að ýmsu leyti mishátt undir höfði eins og allir hljóta að sjá þar sem tekjur sem ekki bera skatta eru notaðar í annan atvinnurekstur. Þetta tel ég að verði að taka til endurskoðunar.

Ég ætla mér ekki að telja upp allt sem kom fram við umræðuna síðast. Ég tel að samgn. hljóti að fara vandlega yfir þessi mál og skoða þau með það fyrir augum að gera lagfæringar á frv. Þar vil ég setja spurningarmerki við ýmislegt. Ég tel t.d. svolítið undarlegt að þarna skuli vera gerð tillaga um rétt til þess að taka að 60% þátt í kostnaði við upptökumannvirki fyrir skip og vil minna menn á að það mun líklega einungis um einn slipp að ræða í landinu sem ekki er í eigu einkaaðila. Það hlýtur þá bara að vera að menn séu að setja þessa reglu til að geta komið til móts við eitt fyrirtæki í landinu. Ég skal svo sem ekki segja hvað liggur á bak við þetta en það hlýtur alla vega að hafa verið rætt hjá þeim sem sömdu frv. hvers konar ástand er á þessum málum. Skipasmíðar og verkefni sem unnin eru í skipasmiðjum eru auðvitað iðnaður. Það er auðvitað spurning hvað á að greiða þann iðnað mikið niður. Ekki ætla ég að vanþakka það ef menn vilja taka þátt í því að endurreisa skipasmíðaiðnaðinn. Ég vara hins vegar við því að það sé gert með einhverjum hætti sem kemur eingöngu örfáum til bjargar.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Frv. var, eins og komið hefur fram, lagt fram til kynningar á síðasta þingi en þá var ekki mjög mikil umfjöllun um það í samgn. Það hafa komið fram nú mjög margar athugasemdir við frv. og á aðalfundi Hafnasambands sveitarfélaga höfðu menn margt við það að athuga og furðuðu sig raunar á því að það skyldi ekki hafa verið tekið til endurskoðunar og breytt í samræmi við það. Ráðherra sagði áðan að til greina kæmi að endurskoða og breyta einhverju í samræmi við þær athugasemdir sem fram hefðu komið. Það er svolítið undarlegt að það skuli samt hafa verið lagt fram óbreytt núna án þess að það hafi verið endurskoðað en mikið af athugasemdum höfðu komið fram.

Ég ætla að nefna nokkur atriði sem mér finnst athugaverð í frv. og vil taka undir það sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði áðan. Það er svolítið einkennilegt sem segir í 8. gr., að eigendur hafna geti samkvæmt þessum lögum verið sveitarfélög eða hlutafélög. Það má líka spyrja að því hvort í raun sé þá rökrétt að ræða um styrki til hafna. Erum við þá farin að ræða um að hægt sé að stofna hlutafélag um hafnirnar og síðan að ræða um styrki til hafnanna líka? Eru það ekki orðnir styrkir til hlutafélaga? Ég vil alla vega gera athugasemd við þetta.

Það er einnig sagt í 8. gr., sem er sú grein sem tekur á þó nokkrum breytingum, að ráðherra skuli ákveða með reglugerð að höfðu samráði við eigendur viðkomandi hafna að mynduð verði hafnasamlög þar sem landfræðileg skilyrði eru fyrir hendi. Í máli hæstv. ráðherra áðan kom fram að nú væri verið að ræða um stofnun hafnasamlags á sunnanverðum Vestfjörðum. Hann nefndi í því sambandi þau sveitarfélög sem þar eiga hlut að máli og að vegaframkvæmdir yfir Hálfdán væru stórt mál varðandi stofnun hafnasamlags, það væri verið að auka og bæta vegasambandið yfir Hálfdán. Það er vissulega rétt og ég tel að það eigi að vinna að því í framtíðinni að stofna hafnasamlög þar sem aðstæður eru fyrir hendi. Ég vil í því sambandi benda á að þær aðstæður eru í dag víða fyrir hendi, bæði hér á Suðurlandinu og eins á Norðurlandi vestra. Ég tel að á þeim stöðum hefði átt að vera búið að vinna að því að koma á hafnasamlögum. Það virðist mjög augljóst mál að þar séu samgöngulegar forsendur þess eðlis að hafnasamlag eigi fullan rétt á sér.

Hvað varðar þá áætlun sveitarfélaga á sunnanverðum Vestfjörðum að stofna til hafnasamlags vænti ég þess að þau áform, sem hafa nýlega verið kynnt, muni ganga eftir og verði þá fordæmi fyrir þá sem hafa nú þegar öll skilyrði til þess að stofna til hafnasamlags vegna þess að samgöngur milli þeirra eru mjög greiðar.

Hvað varðar 25% vörugjaldið, sem tekið var upp í fyrra, sem segir í 12. gr. að skuli leggja í Hafnabótasjóð, þá var það nokkuð umdeilt í þinginu á sl. vetri. Vörugjaldið verður vissulega til þess að auka kostnað á flutningi á vörum út á land og af því leiðir að sjálfsögðu líka hærra vöruverð þar. Það er annað mál og má kannski túlka á annan veg í þessu frv. Hér er það

túlkað þannig að það muni verða til þess að styrkja Hafnabótasjóð. Ég vil í því sambandi nefna að hafnirnar hafa gagnrýnt það að þurfa að innheimta 25% álag á vörugjald. Það var upplýst á síðasta vetri að það væri mörgum erfiðleikum háð að innheimta þetta gjald og hefur gengið frekar hægt. Það er ekki séð fyrir endann á því að það náist inn.

Það segir í athugasemdum með frv. að sú breyting sem þarna er gerð sé til þess að álagið muni verða látið renna til lán- og styrkveitinga úr sjóðnum en ekki sem framlag ríkisins til almennra hafnarframkvæmda. Ég sé ekki alveg breytinguna þarna vegna þess að þetta er áfram háð ákvörðunum ráðherra. Þetta er sjóður sem ráðherra hefur í sínu valdi að veita úr. Ég sé því ekki alveg muninn á þessu en það verður sjálfsagt skoðað nánar hvort þetta er eitthvert orðalag sem ekki er alveg skýrt. Ég hef aðstæður til að skoða það nánar í samgn. þegar um það verður fjallað.

Þær breytingar sem hér eru gerðar á greiðsluþátttöku ríkissjóðs til hafna eru að það fer ekki lengur 75% til hafnarmannvirkja, eins og er í núgildandi lögum, heldur verður því breytt samkvæmt frv. í 90% og 60%. Ég sé ekki alveg hvaða tilgangi það á að þjóna að 90% framlag sé til ytri hafna vegna þess að í dag er raunverulega hægt að fá 90% framlag til ytri hafna. Það er 75% samkvæmt hafnalögum og síðan geta heimaaðilar sótt um 15% framlag úr Hafnabótasjóði. Þá eru þeir komnir með 90% framlag til ytri hafna svo ég get ekki séð að þetta sé nein viðbót fyrir hafnirnar. Aftur á móti hlýtur það að vera skerðing þegar til innri hafna á að vera 60% framlag. Mér sýnist því að ríkið sé að reyna að koma meiri kostnaði yfir á sveitarfélögin í þessu sambandi, að það verði erfiðara um vik fyrir þau að fjármagna gerð innri hafna.

Ég ætla ekki að fara nákvæmlega yfir einstakar greinar í frv. Ég tel ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins. Ég held að við þurfum líka að skoða það að það skuli eiga að fella niður allt ríkisframlag til hafnarvoga, hafnsögubáta og fastra krana. Ég held að það geti komið mjög illa við smærri hafnirnar, sérstaklega þær sem í dag eru ekki búnar að koma sér upp hafnarvogum. Það verður gert að skyldu og er í raun og veru þegar skylda að vigta allan afla sem berst á land í höfnum úti um landið þar sem fiskibátar landa. Það getur orðið erfitt fyrir smærri hafnir að eiga að fjármagna alfarið hafnarvogir, hafnsögubáta og krana til löndunar. Ég held að þetta þurfi að skoða nánar og reyndar heyrðist mér það líka í máli ráðherra áðan að það væri mál sem þyrfti athugunar við. Ég held að það verði ekki til bóta og verði sveitarfélögunum og hafnarnefndum mjög erfitt að eiga alfarið að fjármagna þetta af sínum tekjum.

Að öðru leyti ætla ég ekki að orðlengja frekar um frv. á þessu stigi málsins en mun skoða það í samgn.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það er kannski ekki ástæða til að setja á mjög langa umræðu um þetta mál við 1. umr. Það verður tekið til meðferðar í hv. samgn. Hér er um viðamikið mál að ræða og nokkuð miklar breytingar gerðar á hafnalögum. Það eru eigi að síður nokkur atriði sem ég vil láta koma fram í þessari umræðu þótt þeir hv. þm., sem hafa talað hér á undan mér, hafi komið inn á sum þeirra.

Í 8. gr. frv. segir að eigendur hafna samkvæmt lögum þessum geti verið sveitarfélög eða hlutafélög. Ég hef allan fyrirvara á við þessa grein. Ég fæ ekki séð með hvaða hætti það samrýmist rekstri hafnanna að þar séu hlutafélög sem sjá um reksturinn eða hvers konar hlutafélag það eiga að vera. Tilgangurinn með hlutafélögum og þátttöku í þeim er sá umfram allt að græða peninga og hlutafélög sem eiga hafnir hljóta að gera miklar arðsemiskröfur til hafnanna. Ég fæ ekki séð annað en þetta geti haft áhrif til hækkunar gjaldskrár hafnanna. Ég tek undir með hv. 3. þm. Vesturl. að ég get ekki séð hvernig 8. og 14. gr. frv. eiga að ríma saman og hvernig samkeppnisstaða t.d. fyrirtækja í sjávarútvegi verður, ef höfnin er aðili að einu fyrirtæki en ekki öðru. Þetta opnar auðvitað leið til þess. Ég held að hv. samgn. verði að fara vel yfir þessa grein frv. og ræða hvernig þetta ákvæði muni virka í raunveruleikanum.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að ráðherra geti ákveðið með reglugerð og að höfðu samráði við eigendur viðkomandi hafna að mynduð verði hafnasamlög þar sem landfræðileg skilyrði eru fyrir hendi. Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti þessu ákvæði, ég held að það geti verið til bóta ef heimamenn koma sér saman um slíkar leiðir í rekstri hafnanna.

Í 12. gr. er verið að leiða í lög sérstakt vörugjald sem var til umræðu við síðustu fjárlagagerð eða í tengslum við hana. Gjaldið skal vera sem svarar 25% álagi á vörugjöld, önnur en aflagjald. Þarna er verið að taka upp gjöld sem óhjákvæmilega hækka vöruverð. Þótt tilgangurinn sé í sjálfu sér góður, að efla Hafnabótasjóð, er það mjög vafasamt, svo ekki sé meira sagt, að þetta sé heppileg aðferð til þess vegna þeirra áhrifa sem þetta vörugjald hefur á vöruverðið í landinu. Ég hef því allan fyrirvara við þessi ákvæði. Reyndar hafa skoðanir mínar ekkert breyst á þessu vörugjaldi síðan frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum var til umræðu eftir síðustu áramót.

Hér eru einnig ný ákvæði um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga varðandi hafnargerð og ákvæði um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs. Aðalbreytingin þar er, eins og fram kom hjá hv. 6. þm. Vestf., að framlög ríkissjóðs til innri hafnarmannvirkja eru lækkuð niður í 60%. Ég hef einnig fyrirvara um þessa kostnaðarskiptingu og tel að það þurfi að fara vel yfir hvaða rök eru þarna að baki, hvort viðkomandi sveitarfélög eru fær um að taka að sér þennan aukna kostnað við hafnarframkvæmdir og hvernig þetta kemur niður í hinum einstöku höfnum. Ég tel að það þurfi að skoða sérstaklega í samgn.

Ég tel einnig að það orki tvímælis að fella niður 40% ríkisframlag til hafnarvoga, hafnsögubáta og fastra krana til löndunar úr smábátum. Það er einmitt hjá þessum litlu höfnum, sem t.d. eru með krana til löndunar úr smábátum, að sá kostnaður getur verið

mjög tilfinnanlegur. Þetta nýja ákvæði getur komið mjög hart niður á þeim.

Ég ætla, eins og ég sagði í upphafi, ekki að hafa um frv. mörg orð. Það eru ýmis ákvæði í því sem horfa til bóta en önnur ákvæði, sérstaklega þau sem ég hef talið upp, orka mjög tvímælis. Ég tel að frv. þurfi vandlega yfirferð í hv. samgn. Ég vildi ekki láta hjá líða að benda á þessi atriði við 1. umr. málsins.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það má jafnan tíðindum sæta þegar hafnamál eru til umræðu á Alþingi og það gildir það sama um vegamál. Það er sannarlega ástæða til þess að fara vandlega yfir þau mál sem koma fyrir þingið og snerta þessa málaflokka sérstaklega. Það má segja að dagurinn í dag hafi verið sérstakur samgöngudagur í þinginu og fer vel á því.

Það frv. til hafnalaga sem hér er til umræðu er lagt fram óbreytt frá því sem var á síðasta þingi. Ég hef fullan skilning á því að hæstv. ráðherra skuli leggja frv. fram óbreytt og gefa þar með þinginu og þingnefndinni kost á því að ljúka þeirri vinnu sem hún hlýtur að hafa hafið á síðasta þingi við skoðun frv. Það hefði ekki verið eðlilegt að ráðherrann hefði lagt frv. fram núna í breyttu formi miðað við einhverja hugsanlega útkomu út úr þingstörfunum. Það er eðlilegra að frv. komi fram í þeirri mynd sem það var fyrst lagt fram í þannig að þingið geti lokið sínu starfi og lokið þeim störfum sem það hefur þegar hafið við að endurskoða hafnalögin.

Það er ástæða til þess að vekja athygli á nokkrum frumvarpsákvæðunum sem hér eru til umræðu. Hér er lagt til í einni grein frv. að heimilað verði að stofnuð verði hafnasamlög. Það er nýmæli. Það verður í einlægni að spyrja þeirrar spurningar hvort með þessari heimild sé verið að stíga fyrsta skrefið í þá átt að leggja hafnir á Íslandi niður. Það verður að spyrja þeirrar spurningar og við verðum að reyna að svara þeirri spurningu hvort þannig sé komið að leggja verði niður einhverjar hafnir á Íslandi. Hér er enginn að mótmæla því að ástæða sé til þess að efla samvinnu sveitarfélaga og ástæða til þess að efla samvinnu stofnana á vegum hins opinbera á landsbyggðinni eins og frekast er kostur. Það hefur verið gert mjög mikið átak í vegamálum á undanförnum árum og þessi ríkisstjórn virðist ætla að vinna sér sérstakan sess í Íslandssögunni með því að gera sérstakt átak, meira en aðrar ríkisstjórnir hafa gert á undanförnum árum ef ekki áratugum með því að standa vel að verki í þeim efnum eins og hér hefur greinilega komið fram í umræðum í dag. En verða samgöngubæturnar til þess að einhverjar hafnir á landsbyggðinni hætta að vera nauðsynlegar? Er verið að heimila stofnun hafnasamlaga til þess að opna fyrir möguleika á því að leggja einhverjar hafnir niður? Hér vil ég að staðið verði rækilega á verði vegna þess að við vitum það gjörla sem eigum heima í smáþorpum úti á landi að höfnin er hjarta byggðarlagsins. Höfnin er hjarta þorpsins. (**ÓÞÞ:** Er verið að tala gegn ráðherranum?) Það er ekki verið að tala gegn ráðherranum, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson. Hæstv. ráðherra hefur fullan skilning á þessu enda þekkir hæstv. samgrh. betur til í dreifðustu byggðum landsins en margir aðrir þingmenn. Það sem ég er að gera með þessum orðum er að skerpa skilning hæstv. ráðherra og skerpa skilning okkar hv. þm. (**Gripið fram í:** Ekki veitir af.) til þess að standa vel á verði.

Ég vil líka vekja athygli á greinum í frv. sem eru einmitt settar fram til þess að verja rétt hafna í smæstu byggðarlögunum. Það er 28. gr. frv. og síðan 30.–37. gr. frv. sem fjalla annars vegar um heimildir til þess að gera sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða sem ekki hafa nægar tekjur til að standa undir fjárhagslegum skuldbindingum vegna styrkhæfra hafnarframkvæmda og svo hins vegar ákvæðin er fjalla um það að efla Hafnabótasjóð.

Ég skil það svo að þó að verið sé að breyta hér eða leggja til að breytt verði hlutfalli kostnaðar ríkissjóðs við byggingu hafna eigi að nýta þessar greinar sérstaklega til þess að tryggja að smæstu byggðum verði áfram gert kleift að reka sínar hafnir og standa undir þeim framkvæmdum sem nauðsynlegar eru. Þó er rétt að geta þess að það hefur víða verið gert mikið átak í hafnargerð á undanförnum árum. Ekki lít ég svo á að það sé búið að ljúka hafnargerð á öllum stöðum og kannski hvergi. Þess vegna verður enn og aftur að ítreka það að þessar greinar eru settar sérstaklega fram í ljósi þess skilnings sem hæstv. samgrh. hefur, að verja rétt smæstu hafnanna.

Það vekur sannarlega athygli í ljósi allra þeirra samgöngubóta sem hafa orðið í landinu á undanförnum árum að þar sem samgöngurnar eru bestar, hér á höfuðborgarsvæðinu, virðist samvinna hafnarsjóða ekkert hafa aukist að ráði. Það vekur sannarlega athygli. Ef við ætlum að tala um það að sameina hafnir væri náttúrlega réttast að byrja þar sem samgöngurnar eru greiðastar og samgöngurnar eru greiðastar á höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna mundi ég vilja sjá hæstv. ráðherra hafa forustu um að greiða fyrir sameiningu hafna hugsanlega með viðræðum á höfuðborgarsvæðinu á milli t.d. Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Ég nefni ekki hafnirnar á Suðurnesjum þar sem ég veit að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson vill leggja allt af mörkum þó ég muni ekki styðja hann í þeirri viðleitni, ef sú tillaga kæmi fram, að þar yrði bara ein höfn sem stæði eftir fyrir allt svæðið. Ekki trúi ég því að það sé hans skilningur en hann kemur kannski til með að skýra það betur út á eftir.

Virðulegi forseti. Það er sannarlega ástæða til þess að hafa varnaðarorð í þessari umræðu vegna þess að byggðin á víða í vök að verjast í landinu. Í ljósi umræðna sem hér hafa farið fram á undanförnum mánuðum og árum um það að sameina sveitarfélög kemur ein spurning upp: Á að sameina hafnirnar líka? Ef það er tillagan sem liggur fyrir okkur hér að stofna hafnasamlög til þess að stíga fyrsta skrefið í þá átt hef ég ekki þann skilning á hafnasamlögum er felst í þeirri hugsun, þvert á móti. Ég lít svo á að með stofnun hafnasamlaga séum við að koma á fót samvinnu sem mun efla og auka hagræðingu, bæta nýtingu hafnanna og efla framkvæmdir eins og kostur er.

Ég trúi því og treysti að hv. þingnefnd muni taka þetta mál til rækilegrar skoðunar og sérstaklega skoða byggðaþáttinn, rétt hinna smæstu hafna og rétt hinna smæstu sveitarfélaga. E.t.v. á byggðin þar í mestri vök að verjast. Ég trú því að hv. þingnefnd taki mark á þessum orðum og taki tillit til þeirra eins og gert hefur verið allt fram til þessa. Ég trúi því líka að hæstv. ráðherra sé sömu skoðunar og hann staðfesti þá skoðun á eftir.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Frv. til hafnalaga er til umræðu og ástæða til þess að leggja nokkur orð inn í þá umræðu. Að vísu var mælt fyrir þessu frv. á síðasta þingi og þá gafst tækifæri til að ræða efni þess þannig að ég ætla ekki að endurtaka þá ræðu sem ég flutti þá. Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur orðið tel ég ástæðu til að nefna það að frv., sem hér er til umfjöllunar, er mikilvægt tæki til þess að styrkja sérstaklega litlu hafnirnar í landinu. Ekki til þess að þær streitist gegn því að stofnuð verði hafnasamlög, sem ég tel að sé mikilvægasti þátturinn í frv., þ.e. 8. gr. þar sem kveðið er á um það að samgrh. geti í samvinnu og samstarfi við þá sem eiga hafnirnar sett reglugerð um að stofna hafnasamlög, heldur tel ég að hagur og hagsmunir hafna í fámennum byggðum séu alveg sérstaklega tryggðir með frv. Ef við lítum til þess með hvaða hætti það er gert vil ég geta þess að 26. gr. frv. er kveðið á um það að 90% styrkur sé veittur til ytri hafnarmannvirkja og dýpkana. Í núgildandi hafnalögum er gert ráð fyrir því að dýpkun innri hafna sé einungis styrkt að 75%. Með þessu ákvæði eru hagsmunir litlu hafnanna þar sem þarf að dýpka innri hafnirnar, tryggðir. Mér sýnist þegar litið er á hafnaáætlun sem nú er í undirbúningi og ef litið er á framkvæmdaóskir hafnanna vítt og breitt um landið að þá sé mjög víða þörf fyrir dýpkun og endurbyggingu ytri hafnarmannvirkja. Það fer því ekki á milli mála að með því að tryggja það í lögum að ytri hafnarmannvirki og dýpkun séu 90% styrkhæf er vel fyrir þessum hlut séð.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að hafnirnar í landinu eru afskaplega mikilvægar fyrir atvinnulífið og fyrir byggðina en samt sem áður er nauðsynlegt, ekki síst fyrir okkur Íslendinga, að líta til þess með hvaða hætti við getum tryggt hagsmuni byggðanna um landið. Ég tel að með því að gera ráð fyrir stofnun hafnasamlaga, svo ég vitni aftur til ákvæða í 8. gr. frv., þá er það mjög mikilvægt til þess að styrkja rekstur hafnanna. Því fer fjarri að nokkur hugmynd hafi verið uppi um það að nýta slíkt ákvæði í lögum til þess að leggja niður einstakar hafnir nema heimamenn ákveði það sjálfir. Það getur verið ákvörðunaratriði en við þurfum auðvitað að líta til þess ef það reynist hagkvæmt af einhverjum ástæðum að stöðva framkvæmdir í tiltekinni höfn en leggja áherslu á framkvæmdir í annarri höfn. Samkvæmt ákvörðun heimamanna og eigenda hafnanna ber að standa við slíkar ákvarðanir.

Varðandi þau atriði sem eru í frv. og lúta að kostnaðarskiptingunni vil ég nefna, vegna þess sem hefur komið fram í umræðunum og vegna þess að ég hafði tækifæri til að vinna við undirbúning frv. í þeirri nefnd sem vann að gerð þess, og benda á ákvæðið þar sem segir um Hafnabótasjóð að honum sé heimilt að veita styrk eða lán allt að 30% til viðbótar þeim 60% sem lögin gera ráð fyrir að sé styrkur úr ríkissjóði. Þá skiptir mjög miklu máli að Hafnabótasjóður hafi fjármuni. Það hefur satt að segja viljað brenna við í gegnum tíðina að Hafnabótasjóður hafi verið sveltur. Það þekkja ýmsir hv. þm., sem hér eru inni og hafa jafnvel verið ráðherrar, að Hafnabótasjóður hefur haft mjög takmarkaða fjármuni. Þess vegna er gengin sú leið að styrkja Hafnabótasjóð með sérstöku álagi á vörugjöldin. Ef til vill hefði mátt veita heimild til þess að hækka vörugjöldin beint í hafnarsjóðina en þessi leið var valin. Þrátt fyrir að hún hafi verið gagnrýnd tel ég að þegar á heildarhagsmunina er litið sé það ásættanleg leið að tryggja tekjur Hafnabótasjóðs með því að tengja þær innheimtu vörugjaldanna. Ef aðrar leiðir eru finnanlegar og færar tel ég auðvitað að þær megi skoða.

Ég má til með að koma aðeins að gagnrýni á það að gert skuli vera ráð fyrir því að heimila stofnun hlutafélaga, að eigendur hafna geti jafnframt því að vera sveitarfélög verið hlutafélög. Ég sé ekkert athugavert við það að sveitarfélög sem vilja sameinast um rekstur hafna geti gert það í formi hlutafélags og jafnvel að þeir aðilar sem hagsmuni hafa af rekstri hafna geti orðið meðeigendur í slíku hlutafélagi. Það á hins vegar ekki að koma í veg fyrir að slíkur hafnarekstur geti fengið styrk úr ríkissjóði. Hins vegar er afar mikilvægt að skoða þetta ákvæði rækilega og ég tek undir það að samgn. þarf að líta til þessa ákvæðis í frv. eins og annarra.

Að öðru leyti ætla ég ekki að lengja 1. umr. um frv. Það gefst tækifæri til þess að fara yfir frv. í samgn. og við 2. umr. Ég fagna því satt að segja að ekki skuli hafa komið meiri athugasemdir við frv. við 1. umr. en raun ber vitni. Mér sýnist að mikill vilji sé til þess að sérstaklega ákvæðin um hafnasamlög nái fram að ganga þannig að hægt sé að ganga til þess verks óhikað að efla rekstur hafnanna.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að menn hafa kannski ekki gert neinar stórvægilegar athugasemdir við frv. Þó held ég að ég hafi skilið menn rétt í því að þeir geyma sér allan rétt til þess að fjalla um þetta mál í nefnd. Þetta mál hefur ekki legið lengi á borðum þingmanna til skoðunar. Ég segi a.m.k. fyrir mig að ég áskil mér allan rétt til þess að fjalla allítarlega um frv. og koma þeim ábendingum sem ég tel nauðsynlegar á framfæri og mun gera það í þeirri nefnd sem þetta mál fer til.

Hv. þm. Sturla Böðvarsson sagði einnig að Hafnabótasjóður hefði haft takmarkaðar tekjur. Ég spyr: Ætli það muni ekki vera enn svo þrátt fyrir þetta frv.? Ætli það muni ekki vera sannara í málinu að ekki sé svo séð fyrir þörfum hans nú.

Það eru nokkur atriði í sambandi við frv. sem mig langar til þess að spyrja hæstv. ráðherra um. Í athugasemdum við 8. gr. frv. segir: „Jafnframt er höfnum

heimilað að gerast hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra, svo sem fiskmörkuðum..."

Nú spyr ég: Er það ekki rétt skilið að eigendur hafnanna gætu, ef þetta mál nær fram, orðið hluthafar í útgerðarfyrirtækjum, í verslanafyrirtækjum og í veiðarfæragerð? Ég veit ekki með olíufélögin. Ég held að hér sé verið að opna býsna víðfeðmt svið. (**Gripið fram í:** Eins og Sambandið.) Já, mér sýnist það og væri fróðlegt að heyra hvernig hæstv. ráðherra sér þetta fyrir sér. Mér finnst dyrnar opnaðar hér vel upp á hálfa gátt.

Hv. 5. þm. Austurl., Gunnlaugur Stefánsson, vék aðeins að hafnasamlögunum og hafði áhyggjur af því að kannski væri verið að hreyfa þeirri hugmynd að að leggja ætti niður eitthvað af höfnum á minni stöðum. Ég verð að segja að ég á bágt með að trúa því að það sé beint ætlan nema, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að vilji sé hjá heimamönnum að gera slíkt. En vegna varnaðarorða hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar langar mig til þess að spyrja: Er ekki alveg ljóst að þetta er stjfrv. sem hér er lagt fram? Hefur Alþfl. ekki lagt blessun sína yfir þetta mál eða er hér um misprentun að ræða? Hefur Alþfl. ekki samþykkt að leggja þetta fram? Ég sé hvergi neina fyrirvara á því eða kannski er það eins og í öðrum málum að Sjálfstfl. telur sig ekki þurfa að spyrja Alþfl. hvernig farið er með stjórn mála í landinu í dag. Það kemur manni svolítið spánskt fyrir sjónir að þingmaðurinn skuli varpa þessu fram hér.

Einnig langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðherra í sambandi við vörugjaldið. Er það ekki alveg rétt skilið, hæstv. ráðherra, að í mörgum tilfellum munu íbúar t.d. á Austurlandi þurfa að borga þetta vörugjald þrefalt? Í a.m.k. sumum tilfellum gætu þeir þurft að borga þetta vörugjald þrefalt. Getum við ekki verið sammála um það, hæstv. ráðherra samgöngumála, sem er fulltrúi dreifbýliskjördæmis, að hér sé hallað á landsbyggðina enn og aftur? Ég sé það að menn velta vöngum yfir því og vilja sjálfsagt spyrja: Hvað er þingmaðurinn að fara?

Mörg dæmi eru um að vörum sem koma frá útlöndum er skipað upp í Hafnarfirði og þá leggst vörugjaldið á. Þær eru keyrðar til Reykjavíkur og settar þar um borð í skip sem fer með þær út á land. Þar kemur vörugjaldið á. Síðan er vörunni skipað upp austur á Reyðarfirði og þar kemur vörugjaldið á. Er það ekki rétt skilið, hæstv. samgrh., að við sem úti á landsbyggðinni búum megum búast við því að þurfa að borga þetta vörugjald á þennan hátt?

Einhver ágætur þingmaður vék áðan að 28. gr. um að létta greiðslubyrði af þeim höfnum sem illa standa. Í greininni stendur: „Ráðherra skal gera tillögu til fjárlaganefndar og Alþingis um skiptingu fjárins og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum..." Getur ekki hæstv. ráðherra samgöngumála verið mér sammála um að hér sé eðlilegt að samgn. þingsins fjalli um þetta mál? Hún fái að fjalla um þessi tilvik sem svo stendur á um.

Ég þarf ekki að segja meira. Ég gæti sagt ýmislegt fleira en ég þarf ekki að lengja fundinn vegna þess að ég á sæti í samgn. og gefst þar betra tækifæri til þess að fjalla um þessi mál.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Stefán Guðmundsson spurði hvort þetta væri stjfrv. og hvort ekki væri alveg óruggt að Alþfl. stæði að frv. og hvort hæstv. ráðherra hefði ekki haft samráð Alþfl. við þegar hann lagði þetta fram. Ég veit að hv. þm. þarf ekki að spyrja þessara spurninga en hún kemur mér sannarlega á óvart. Í frv. er ekkert sem ég hef verið að gagnrýna heldur hef ég verið með varnaðarorð um það að ákvæði frv. verði ekki túlkuð sem fyrstu skref í tiltekna átt og til þess að skapa tiltekna þróun sem ég vakti athygli á hér áðan.

Það kann að vera að það ríki svolítið aðrir stjórnarhættir í Framsfl. en Alþfl. vegna þess að viðhorf Alþfl. til þingsins er það að hér ríki þingræðislegir starfshættir. Þó að Alþfl. sé aðili að ríkisstjórn, þá tekur hann þátt í að móta lög hér á Alþingi og gerir það í samvinnu og samráði. Þetta frv. er lagt hér fram og það þarf enginn að segja hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að ekki megi breyta stafkrók. Þvert á móti. Hér má breyta stafkrók ef hv. þingnefnd og þessar umræður opna augu okkar fyrir því að aðrar leiðir séu skynsamlegri. Þess vegna fer þessi umræða fram og það veit hv. þm. Ég trúi því ekki að stjórnarhættir í Framsfl. séu þannig að þegar formaðurinn er búinn að segja eitthvað megi engu breyta.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það þarf ekkert málæði í kringum þetta. Ég vildi bara biðja hv. þm. að svara því hér, já eða nei: Samþykkti Alþfl. ekki að leggja þetta frv. fram eins og það er? Já eða nei.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar áðan um hvort hér væri verið að fara inn á þá braut að leggja niður einhverjar hafnir langar mig til að benda honum á að í 3. mgr. 29. gr. segir, með leyfi forseta:

„Við áætlanagerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild."

Ég tel því að áhyggjur hans af því að hér sé hugsanlega verið að stíga fyrsta skrefið til að skoða það séu á rökum reistar á þessari málsgrein og þarf trúlega að skoða nánar í framhaldi af því.

Ég ætla að bæta við einni spurningu til hæstv. samgrh. Hún er vegna 22. gr. Mér yfirsást það hér áðan. Í 3. mgr. segir, með leyfi forseta: „Hafnarframkvæmdir, er njóta ríkisstyrks, skulu að jafnaði unnar samkvæmt tilboði á grundvelli útboðs. Ef verk er þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti að útboð telst ekki muni gefa góða raun er heimilt að fenginni umsögn Hafnamálastofnunar að víkja frá útboði."

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Telur hann að þessi grein muni geta staðist samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, ef hann verður samþykktur hér, þ.e. að

hægt sé að meta það hvort útboð teljist muni gefa góða raun eða ekki og falla þá frá útboði? Það er ekki verið að miða við ákveðna upphæð eins og útboð samkvæmt EES-samningnum eiga að vera háð. Hér segir aðeins að ef útboð telst ekki muni gefa góða raun sé heimilt að víkja frá útboði. Ég vil spyrja hann hvort hann telji þetta ákvæði geta staðist samninginn um Evrópskt efnahagssvæði verði hann að veruleika.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Í frv. sem er til umræðu eru ýmis atriði sem vert er að gefa gaum og ekki ástæða til að taka þeim öllum illa í sjálfu sér. Auðvitað er eðlilegt að menn brjóti upp nýjar hugmyndir og velti hlutunum fyrir sér. Ég hygg að það séu eðlileg viðbrögð af hálfu þingmanna að taka því með tiltölulega jákvæðu hugarfari og velta málum fyrir sér undir þeim formerkjum hvort breytingarnar sem er verið að leggja til leiði til góðs fyrir landsbyggðina eða ekki. Ég vil aðeins drepa á fáein atriði í þessu frv.

Fyrst vil ég nefna það ákvæði að heimilt sé að stofna hlutafélag um hafnir sem fram kemur í 8. gr. ef ég man rétt. Hins vegar segir í 14. gr. að hafnarsjóðir skulu vera undanþegnir hvers konar sköttum til sveitarfélaga. Ég er ekki alveg með það á hreinu hvernig menn ætla að ná því fram að gefa mönnum annars vegar heimild til að stofna hlutfélag um höfn sem mundi skattalega séð lúta undir hlutafélagalög og segja hins vegar að hafnarsjóðurinn sé undanþeginn hvers kyns sköttum sveitarfélaga. Ég vildi gjarnan fá skýringar á því hvort menn hugsi sér að leggja til breytingar á hlutafélagalögum til að ná fram þessu markmiði. Að mínu viti ná menn því ekki fram sem að er stefnt í 14. gr. Ég hygg að miðað við óbreytt frv. yrði hlutafélagaformið ekki mjög fýsilegt fyrir hafnarsjóðinn.

Þá er einnig vert að skoða heimildina um hafnasamlög. Hv. 5. þm. Austurl. hafði greinilega nokkrar áhyggjur af þessu ákvæði út frá hagsmunum minni byggðarlaga og þeirra hafna og spurði hvort verið væri að stíga skref til þess að leggja niður hafnir. Mér finnst það eðlileg spurning í ljósi þeirrar stefnu sem núv. ríkisstjórn, sem hv. 5. þm. Austurl. styður, hefur í byggðamálum og öll eru á þá lund að líta á hina fáu og smáu sem óhagkvæma rekstrareiningu í þjóðfélaginu og það þurfi að gera sérstakt átak til að skera af kostnað á þeim stöðum. Ég tel þann ótta sem felst í spurningu hv. 5. þm. Austurl. eiga við nokkur rök að styðjast og bendi á að hann er innanbúðarmaður og þekkir betur en ég þær hugrenningar sem blunda í stjórnarliðinu í byggðamálum.

Ég vil aðeins spyrjast fyrir um 8. gr. og hafnasamlögin. Þar segir að ráðherra ákveði með reglugerð að stofna hafnasamlag að höfðu samráði við eigendur viðkomandi hafna. En ekkert segir að það samráð sé á þann veg að eigendur hafnanna svari því allir jákvætt að stofna eigi hafnasamlag. Það gæti verið að sumir segðu já og aðrir nei og hvað þýðir þá heimildin? Þýðir hún að ráðherra getur sett reglugerð um að búa til hafnasamlag hvort sem vilji er fyrir því eða ekki? Mér sýnist orðalagið vera þannig að verið sé að afhenda ráðherra heimild til að koma á hafnasamlagi jafnvel þó einhverjir menn eða jafnvel allir séu því andsnúnir. Það sé á valdi ráðherra að meta hvort hann nýtir heimildina til að þvinga fram hafnasamlag eða ekki.

Það kom að vísu fram hjá hv. 1. þm. Vesturl. að ekki verði stofnað hafnasamlag nema heimamenn ákveði sjálfir. Það er út af fyrir sig góður og gildur skilningur en það er ekki sama og stendur í frv. og hann er ekki sá sem mundi fara með þetta reglugerðarvald heldur samgrh. Ég tel því breyta þyrfti 8. gr. til að mæta þessu sjónarmiði hv. 1. þm. Vesturl.

Ég tek auðvitað eftir því að sá ágæti þingmaður, hv. 1. þm. Vesturl., er formaður nefndarinnar sem vann að samningu að þessu frv. þar sem helsta nýmælið er hafnasamlög. Auðvitað er það athyglisvert að sá ágæti þingmaður, fyrrv. bæjarstjóri í Stykkishólmi og bæjarfulltrúi enn, ef ég man rétt, dregur á grundvelli frv. upp á fskj. I hugmyndir um hafnasamlög. Ég tek eftir því að höfn formanns nefndarinnar, Stykkishólmur, á ekki að vera í hafnasamlagi með neinum. Það er dálítið athyglisverður punktur að jafnvel sá sem hefur forustu um að leggja fram þessa breytingu gerir í raun og veru ráð fyrir því að breytingin nái ekki til sín. Ég spyr hvort það geti verið tilviljun eða hvort hafnasamlag sé fyrir aðra en þá.

Ég vil greina frá erindi sem ég hef fengið, eins og trúlega aðrir þingmenn Vestfirðinga, frá einum hreppi á Vestfjörðum, Kaldrananeshreppi. Þar var fjallað um frv. 2. nóv. sl. og þeirri hugmynd mótmælt, sem fram kemur í fskj. I, að Hólmavík og Drangsnes verði eitt hafnasamlag. Þeir benda á að það mundi ekki skila neinum fjárhagslegum ávinningi og að forsenda þess sem getið er um í athugasemdum við frv. um gott vegasamband árið um kring sé ekki fyrir hendi og því þurfi fyrst, ef áform eru um að þessar tvær hafnir verði í hafnasamlagi, að bæta samgöngurnar. Auðvitað er það eðlilegur framgangsmáti að til þess að breytingar geti náð fram að ganga þarf fyrst að breyta skilyrðum þannig að þær séu mögulegar en ekki fara í málið í öfugri röð.

Auðvitað er það grunntónninn, sýnist mér, í hugmyndum um hafnasamlög að reyna að spara í rekstri, komast af með minna fé til þess að reka þessar hafnir og einnig að komast af með minni framkvæmdir í fjárfestingum og reyna þannig að draga úr fjárfestingarkostnaði um land allt. Auðvitað gerir maður sér grein fyrir því að þetta er grunntónninn í þessari hugmynd. Ég vil því spyrja hæstv. samgrh. hvernig er t.d. með Blönduóshöfn. Er það áform ráðherra eða ríkisstjórnarinnar að verða við óskum hluta af sveitarstjórninni þar að leggja nokkur hundruð milljónir í nýja höfn á Blönduósi? Það væri fróðlegt að fá það upplýst af hálfu samgrh. hvort framkvæmd stefnunnar yrði öfug miðað við stefnuna í frv.

Það er augljóst mál að mínu viti að höfn á Blönduósi er fjarri því að vera forgangsverkefni og mér sýnist miklu nær að miða við að byggja upp Skagastrandarhöfn og nýta hana fyrir bæði byggðarlögin. Það væri

í anda þessa frv. að stuðla að því að svo verði. Ég vildi spyrja hæstv. samgrh. hvort áform hans varðandi Blönduós séu þau að þar verði byggð upp á næstu árum höfn fyrir nokkur hundruð milljónir króna.

Ég hef líka tekið eftir því að um það leyti sem þetta frv. til hafnalaga var lagt fram var lögð fram skýrsla svokallaðrar sveitarfélaganefndar. Hún hefur þennan sama grunntón: Hagræðingu og sparnað á hinni óhagkvæmu landsbyggð eins og trú manna er. Í skýrslunni segir að þeir vilji kannski fara aðra leið en kemur fram í þessu frv. en það muni skila svipuðum árangri að slá saman sveitarfélögum og stofna hafnasamlög. Menn telja sig ná sams konar niðurstöðu. Í þessari skýrslu eru tillögur um breytingar í hafnamálum sem eru unnar í samráði við samgrn. og samgrh. þannig að ég veit ekki betur að þær séu lagðar fram með samþykki samgrh. — Er nú nokkur skaði að ráðherra skuli ekki á þessu augnabliki geta verið í salnum því að ég tel nokkuð mikilvægt að hann heyri þær tillögur sem eru í þessari skýrslu sveitarfélaganefndar sem ég var að vitna til. Ég vildi gjarnan fá fram svör hans við því hvort sá skilningur minn sé ekki réttur að tillögur þær sem eru í skýrslu sveitarfélaganefndar um breytingar í hafnamálum séu lagðar fram með samþykki ráðherrans.

Ég vil greina frá meginatriðum tillaganna. Þar er t.d. lagt til að Hafnasamband sveitarfélaga ákveði viðmiðunargjaldskrá hafna en síðan hafi einstakar hafnarstjórnir svigrúm til að hækka og lækka þessa viðmiðunargjaldskrá. Þetta er önnur tillaga en fram kemur í frv. ráðherra.

Í öðru lagi er lagt til að leggja niður núverandi Hafnabótasjóð. Það er verulega önnur tillaga en sjá má í frv. til hafnalaga. Þar er lagt til að leggja niður Hafnabótsjóð eins og hann er en stofna í staðinn það sem heitir Hafnabótasjóður sveitarfélaga og úthlutun úr honum verði á forræði sveitarfélaganna.

Þá vil ég líka geta þess að í skýrslunni er lagt til að 25% álagið á vörugjaldið verði fellt niður og í þess stað geti hafnirnar náð sér í aukinn pening með því svigrúmi sem þær hafa í fráviki frá viðmiðunargjaldskrá. Þetta mundi þýða ef við lítum á þessar tvær hugmyndir að þunginn í innheimtunni mundi færast af vöruflutningunum í Reykjavík, þaðan sem megnið af 125 millj. kr. koma, yfir á aðrar hafnir og dreifast m.a. á fiskiskipaflotann. Menn mundu þannig m.a. í auknum mæli sækja sér peninga í aflagjaldi og hækkuðu vörugjaldi á höfnum úti á landi frá því sem er miðað við kerfið með 25% álaginu sem eðli málsins samkvæmt kemur að miklu leyti frá vöruflutningum í gegnum Reykjavíkurhöfn. Menn væru þá að dreifa skattheimtunni frá þeirri höfn yfir á aðrar hafnir og aðra greiðendur.

Í fjórða lagi er bent á það í skýrslunni að sameining sveitarfélaga mundi draga úr fjárfestingarþörf við hafnir á landinu um 50–100 millj. kr. á ári. Þar sem segir í skýrslunni að sú leið að velja sameiningu sveitarfélaga skili sambærilegri niðurstöðu og hafnasamlög, þá spyr ég: Er það niðurstaða þeirra sem að þessu frv. standa að þeir telji að hafnasamlagaleiðin muni spara fjárfestingarþörf í höfnum um 50–100 millj. kr. á ári?

Þetta vildi ég láta koma fram á þessu stigi málsins, virðulegi forseti. Ég tel mjög mikið ósamræmi á milli þeirra tillagna í hafnamálum sem sveitarfélaganefndin leggur fram með samþykki samgrn. og ég veit ekki betur en með samþykki samgrh. og þess frv. sem ráðherrann sjálfur er að leggja fram. Það væri því fróðlegt að fá fram skýringar á því hvers vegna þetta mikla ósamræmi er í þessum tveimur tillögugerðum.

Að öðru leyti vil ég spara mig í umræðum um þetta mál en frekar er orðið en vil að lokum endurtaka það sem ég sagði í upphafi. Mér finnst sjálfsagt að líta á frv. með þessum nýju hugmyndum þannig að menn séu tilbúnir til að skoða þær og velta því fyrir sér í alvöru hvort þær leiði til góðs eða ekki. Á hinn bóginn verð ég árétta það sjónarmið að auðvitað hljótum við við mat á slíkum breytingum að hafa í huga það sjónarmið, sem mér er ofarlega í huga, að styrkja byggðina í landinu og gera ekki þær breytingar á lögum sem leiða til þess að hún veikist. Öðru nær, við þurfum fremur að standa að breytingum sem styrkja landsbyggðina frá því sem nú er.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í ræðu hv. 5. þm. Vestf. kom fram að hann undraðist að minn heimabær, Stykkishólmur, skuli ekki vera í hafnasamlagi og tengdi það setu minni í nefndinni sem vann að samningu frv. og því að ég hafði verið bæjarstjóri þar í 17 ár. Það er ekki svo heldur tengist það allt öðrum hlutum, landafræði, vegalengd, samgöngubótum og öðrum þvílíkum hlutum. Í starfi nefndarinnar var ekki tekið neitt tillit til persónulegra aðstæðna heldur fyrst og fremst staðreynda um byggðina í landinu, samgöngur og rekstur hafnanna. Hins vegar get ég frætt þingmanninn á því að mín gamla fæðingarbyggð, Ólafsvík, tengist hugsanlegu hafnasamlagi ef það mætti verða til þess að hugga hann örlítið.

Ég vil vekja athygli á því sem kom fram hér hjá þingmanninum. Hann er að gagnrýna það sem kemur fram í tillögum sveitarfélaganefndar. Ég vil vekja athygli á því að hv. 5. þm. Vestf. sat í þessari sveitarfélaganefnd og ber ábyrgð með sínum hætti á undirbúningsstarfi nefndarinnar og þeirri faglegu umfjöllun sem þar hefur farið fram þó að hann kysi síðan að hlaupa frá þeirri tillögugerð og hafa uppi sérbókanir og sérálit eftir að hafa tekið þátt í öllu starfi nefndarinnar. Ég held að það sé nauðsynlegt að vekja athygli á þessu í tengslum við þau atriði sem hv. þm. dró hér fram og reyndi að gera tortryggileg. (**Forseti:** Ég verð að vekja athygli hv. þm. á því að tíminn er búinn.)

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get að sjálfsögðu tekið góðar og gildar skýringar hv. 1. þm. Vesturl. á því að Stykkishólmur er þannig landfræðilega í sveit settur að honum verður ekki komið með neinu móti í samband við aðrar hafnir, ekki einu sinni nálægar hafnir eins og Grundarfjörð. En ég held áfram að vera dálítið undr-

andi á því að þetta skuli ekki vera hægt þegar menn eru svo snjallir að geta t.d. sett saman í eitt hafnasamlag hafnirnar á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Bolungarvík, Ísafirði og Súðavík. Það kalla ég mikið afrek að geta náð þessu fram en finna ekki leiðir á Snæfellsnesinu. En ég tek að sjálfsögðu skýringar þingmannsins góðar og gildar.

Hins vegar vildi ég segja varðandi ummæli hans um störf mín í sveitarfélaganefndinni að maður ber ekki ábyrgð á tillögum sem maður stendur ekki að. Auðvitað hefur starf mitt í nefndinni verið fólgið í því að halda fram sjónarmiðum landsbyggðarinnar gegn yfirþyrmandi sjónarmiðum hagfræðinnar um hagkvæmni stærðarinnar. Ég hef að sjálfsögðu lagt mig fram um það í nefndinni að halda fram byggðasjónarmiðum og hagsmunum hinna dreifðu byggða og leitast við að beina starfi nefndarinnar inn á þá braut að þar verði sem mest tillit tekið til þeirra þannig að útkoman verði tillögur sem maður hefur trú á að viðhaldi samfelldri byggð um land allt og styrki hana. Því miður eru niðurstöðurnar ekki þannig að ég hafi trú á því og því kaus ég að standa ekki að þeim heldur hafa fremur uppi þetta sjónarmið og reyna að koma því á framfæri og beina þessari umræðu um sameiningu sveitarfélaga á skaplegri brautir.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þær hugmyndir sem settar eru fram um byggðasamlög og eru á fskj. með frv. sem hér er til umræðu eru að sjálfsögðu hugmyndir sem þarf að skoða og eru ekki settar fram til þess að þær skulu gilda ævarandi. Ég trúi því að þegar menn hafa rætt hafnasamlagahugmyndina rækilega muni ef til vill koma fram enn frekari vilji til sameiningar og stofnunar hafnasamlaga um fleiri hafnir en þarna er gerð tillaga um.

Varðandi tilgreindar hafnir á Vestfjörðum er þess að geta að hafnasamlagahugmyndin kom fyrst fram á ársfundi Hafnasambandsins sem haldinn var á Ísafirði 1989 minnir mig. Í mjög merkri ræðu sem Jóhann T. Bjarnason, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga, flutti kom fram hugmynd um að setja á laggirnar öflugt samstarf hafnanna og sameiningu hafnanna á Vestfjörðum um leið og samgöngur væru bættar með jarðgöngum. Það má því segja að þessi hugmynd hafi fæðst í ræðu þess merka manns, Jóhanns T. Bjarnasonar, og ég hef litið svo á að á Vestfjörðum ætti að vera hægt að ná verulega mikilli og góðri samvinnu um rekstur hafnanna.

Varðandi sveitarfélaganefndina held ég að í þeirri nefnd hafi verið mjög margir áhugasamir menn um eflingu byggðanna þannig að ég trúi því ekki að hv. 5. þm. Vestf., Kristinn H. Gunnarsson, hafi verið eini talsmaður landsbyggðarinnar í þessari nefnd. Ég lít svo á að þar hafi verið mjög öflugur hópur talsmanna landsbyggðarinnar og ég vænti þess að starf nefndarinnar beri ávöxt.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við ummæli hv. þm. Kristins Gunnarssonar hér áðan. Vegna þeirra sem hugsanlega fylgjast með því sem gerist í þessu húsi og vilja hafa það sem sannast er í hverju máli finnst mér nauðsynlegt að taka það fram að það eru alls engar áætlanir og hugmyndir um að byggja höfn á Blönduósi fyrir hundruð milljóna króna. Það eru alls engin áform uppi um það. Það er einfaldlega ekki rétt. Það er höfn á Blönduósi í dag. Þær hugmyndir sem eru uppi eru um að byggja grjótvarnargarð, skjólgarð til að skýla skipum og skapa þeim aðstöðu til þess að hafna sig á Blönduósi í dag. Hér eru menn að tala um allt of háar upphæðir að orða það svo að um hundruð milljóna króna sé að ræða. Það er einfaldlega ekki rétt.

Hins vegar hefur þessi umræða um höfn á Blönduósi gengið býsna lengi hér í sölum og menn gert úr því mikið mál. Við gætum farið yfir sviðið og velt fyrir okkur höfnum í Norðurlandskjördæmi vestra og svo annars staðar í öðrum kjördæmum og gert þar samanburð. Við þolum alveg á Norðurlandi vestra að gera slíkt. Ég hef lengi velt því fyrir mér þegar þessi umræða hefur farið hér fram hver það er sem ætlar að kveða upp þann dóm að banna íbúum á Blönduósi að sækja rétt sinn til hafsins eins og aðrir hafa. Ég trúi því ekki að það komi frá þingmanni af Vestfjörðum sem þekkir svo gjörla til. Ég veit ekki hver það er hér sem ætlar að setja sig í það dómarasæti að banna þeim það. Blönduós er útgerðarstaður í dag og hefur verið í mörg ár. Þar er rekið öflugt fiskvinnslufyrirtæki. Ég sé ekki af hverju þessi málflutningur er hafður hér og hvers vegna menn tala svo ógætilega um þessi mál.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað umhugsunarefni þegar verið er að vinna á þeim nótum að koma málum þannig fyrir að menn komist af með minna fé til hafna en verið hefur, m.a. með því leggja fram hugmyndir um hafnasamlag sem ég tók sérstaklega fram í minni ræðu að ég tæki ekki illa í að skoða, ef uppi eru áform um að fjölga höfnum frá því sem nú er og verja verulegum peningum í að byggja upp nýja höfn þegar það liggur fyrir að fyrir hendi er önnur höfn sem getur þjónað því hlutverki og samgöngur mjög greiðar á milli og fjarlægðir ekki miklar.

Þær framkvæmdir sem ég var með í huga þingmanninum til upplýsingar eru 227 metra brimvarnargarður og viðlegukantur upp á 80 metra. Hér er um að ræða framkvæmdir fyrir 200 millj. kr. og ég veit ekki betur en að þessar framkvæmdir séu þegar komnar inn í drög að hafnamálaáætlun fyrir næstu fjögur ár. Ég vil gjarnan fá það upplýst ef ég fer með rangt mál í þeim efnum. Ég vil gjarnan fá hæstv. samgrh. til að svara því og þess vegna beindi ég til hans spurningu í minni ræðu hvernig það samræmdist markmiði frv. til nýrra hafnalaga og hvernig þessi framkvæmd, ef menn ætla á annað borð að ráðast í hana, fer saman við frv. Ég fæ það ekki til að ganga upp.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Ég vil bara koma

því hér skýrt og klárt á framfæri og hélt að hv. þm., sem var að tala áðan, ætti að vita það að það er höfn á Blönduósi. Um hana fara stór fiskiskip og þangað koma fraktskip og því getur hv. þm. ekki talað svona. Eða er það svo að það sé Alþb. sem er að leggja það til að fækka eigi þessum höfnum? Er það meiningin? Það sem verið er að gera á Blönduósi er að reyna að verja þau mannvirki sem þar eru til staðar. Það eru hugmyndirnar. Hæstv. núv. forseti hafði annan skilning á þessum málum rétt áðan.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað hljóta menn að spyrja þegar svo háttar til eins og ég greindi frá hvor leiðin er ódýrari: Að byggja upp nýja höfn á Blönduósi eða bæta úr á Skagaströnd ef þörf krefur til að ná sama markmiði. Mér er kunnugt um það að hv. þm. Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v., hefur mjög ákveðnar skoðanir á þessu máli og ég veit að hv. þm. Stefáni Guðmundssyni er ekki ókunnugt um þær skoðanir. Ég hygg að skoðanir hans fari nokkuð vel saman við það álit sem ég lét hér uppi áðan þannig að ég sé ekkert ósamræmi í því.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil fyrst segja það út frá þeim umræðum sem hér spunnust síðast að það er svo um samgöngumál að þau verður að taka upp á nýjan leik frá einu ári til annars má segja. Svo hröð er þróunin í þeim málum og eins og nú standa sakir er brýnt að koma fram ýmsum nýmælum sem eru í frv. sem ég hef lagt fram. Í því er ekki tekin afstaða til þess hvernig hafnamálum verður skipað eftir svo og svo mörg ár. Reynslan verður að skera úr um það. Hitt er annað mál að nú á þessu augnabliki er mikill áhugi og mikill þrýstingur á það að sveitarfélög sameinist. Rætt hefur verið um ýmislegt í því sambandi og auðvitað hafa samgöngumálin komið inn í þá mynd. Þegar sérstaklega er talað um Blönduós og Skagaströnd í því sambandi vil ég minna á að í þessum tveimur sveitarfélögum eru tvö verkalýðsfélög sem með nokkrum hætti hafa stundum torveldað það að þessi pláss geti talist eitt atvinnusvæði í fyllsta skilningi þeirra orða. Ef ég tek annað dæmi, t.d. af Eyjafirði, þá er Eyjafjörður allur eitt atvinnusvæði sem auðvitað veldur því að samvinna á öllum sviðum er miklu auðveldari en ella hvort sem við horfum til þess á sviði sveitarstjórnarmála eða sviði atvinnumála, þjónustu eða með öðrum hætti.

Eins og hv. þm. man fullvel var það samþykkt með fjárlagaafgreiðslunni fyrir tæpu ári að ráðist skyldi í gerð hafnargarðs á Blönduósi og að sjálfsögðu hefur Hafnamálastofnun unnið í samræmi við þá samþykkt. Ég hef falið henni að undirbúa útboð á hafnarmannvirkjunum á Blönduósi og vænti þess að hægt verði að auglýsa útboð eða kynna það á allra næstu dögum svo það geti legið fyrir, helst fyrir afgreiðslu fjárlaga, hver kostnaður sé við þau mannvirki sem nú hefur verið ákveðið að ráðast í við Blönduóshöfn. Ég get ekki séð að þessi hafnarframkvæmd réttlæti þau orð hv. þm. að þar sérstaklega sé verið að vinna á móti því að hafnir vinni saman. Það er á ýmsum stöðum öðrum þar sem talað er um hafnasamlög sem ráðist hefur verið í mjög kostnaðarsamar framkvæmdir. Ég get farið beint heim til hv. þm. til Bolungarvíkur til að minna hann á það.

Á hinn bóginn vakti það sérstaka athygli mína þegar við ræddum um vegamál fyrr í dag hversu ríka áherslu hv. þm. lagði á að flýta um einhver ár vegagerð yfir Gilsfjörð en óhjákvæmilegt var að skilja hann öðruvísi en svo að hann væri ósammála þeirri áherslu sem ég hef lagt á það að vegsvalir séu byggðar á Óshlíðarvegi. Svo er að heyra sem hv. þm. kjósi heldur að fara með þá peninga vestur á Gilsfjörð. Varla býst hv. þm. við því að öll þau stórverkefni sem ráðist verður í á næstu árum fari til hins sama kjördæmis. Það verður auðvitað í sambandi við stórverkefni eins og annað að gæta tillitssemi og ákveðins skilnings í garð annarra þingmanna og ekki við því að búast að einn geti fengið allt en aðrir þurfi að bíða og bíða. Það liggur fyrir í sambandi við Gilsfjörð að ekki verður farið í framkvæmdir fyrr en á árinu 1994 og annað hefur raunar aldrei staðið til þar sem þunginn af því verki kemur á næsta áætlunartímabil. Þó er á það að líta að langtímaáætlun liggur ekki fyrir.

Við umræður hér hefur komið fram nokkur gagnrýni á það að í frv. skuli gert ráð fyrir því að halda áfram 25% álagi á sérstakt vörugjald sem renna skuli í Hafnabótasjóð. Þetta sérstaka vörugjald var lagt á í fyrsta skipti á þessu ári og ástæðan fyrir því var sú að þingmenn töldu nauðsynlegt að afla meira fjár til hafnarframkvæmda og ég hagaði álagningu vörugjaldsins með þeim hætti að það kæmi ekki á aflagjaldið. Það er rétt sem kom fram hjá hv. 5. þm. Vestf. að vörugjaldið kemur fyrst og fremst inn hér í Reykjavíkurhöfn. Það er misskilningur að það leggist á hafnirnar úti á landi. Það leggst fyrst og fremst á þær hafnir sem stærstar eru og mest umferðin er um. Þá munar að sjálfsögðu langmest um Reykjavíkurhöfn. Hitt er líka laukrétt hjá hv. 4. þm. Norðurl. v. að vörugjaldið er sama eðlis og t.d. aðstöðugjald, það getur lagst oftar en einu sinni á sömu vöruna þegar varan gengur á milli frá einni höfn til annarrar. Auðvitað var þetta laukrétt athugað en hitt held ég að sé þó rétt að hafnirnar úti á landi fái miklu meira í sinn hlut með vörugjaldinu heldur en frá þeim er tekið.

Ástæðan fyrir því að vörugjaldið var lagt á var sú að menn vildu og töldu nauðsynlegt að fá meira fé til hafnarframkvæmda á þessu ári en gert hafði verið ráð fyrir með fjárlögum. Við settum okkur á síðasta ári ákveðið markmið í ríkisfjármálum. Staðan í hafnamálunum var óvenju slæm. Ég man satt að segja ekki eftir því að staðan í hafnamálum hafi verið jafnslæm nokkru sinni og einmitt við stjórnarskiptin síðustu. Forveri minn talaði um það oftar en einu sinni áðan hversu hættulegt það gæti verið í vegamálum að safna upp miklum skuldbindingum og skuldum. Hann virtist greinilega hafa gleymt því að búið var eyða fyrir fram í hafnamálum miklu meira en áður hefur gerst fyrir utan það að hingað til lands höfðu verið keyptir flóabátar og ferjur sem ekki höfðu neinn kant eða bryggju að leggjast upp að. Munaði þar að sjálfsögðu

langmest um Herjólf eins og alþingismenn muna. Það var af þessum sökum sem menn treystu sér ekki til annars en leggja vörugjaldið á. Þó fór svo, þrátt fyrir þessa nýju skattheimtu, að þingmenn treystu sér ekki við skiptingu hafnafjár að leggja til hliðar fé er mundi nægja til þess að verja 45 millj. kr. til þess að byggja ferjuhöfn fyrir Fagranesið á Nauteyri. Eins og fjárlög liggja nú fyrir er þar enga heimild að finna fyrir samgrh. til þess að ráðast í þá framkvæmd. Kannski er það merkilegt með hliðsjón af þeim miklu umræðum sem hafa orðið í dag út af þeirri framkvæmd að engum skuli hafa komið til hugar að flytja þingmál um að að slíkrar heimildar skyldi aflað.

Fram að þessu hefur það verið svo að hafnaáætlanir hafa verið lagðar fram, ekki til samþykktar á Alþingi heldur sem nokkurs konar upprifjun á þeim óskalistum eða framkvæmdaáætlunum sem einstaka hafnir hafa gert sér og hafa að því leyti verið marklaust plagg að það hefur legið fyrir jafnan að ógerningur hefur verið að standa við þær. Hafnaáætlanir hafa af þeim sökum ekki haft sömu þýðingu fyrir framkvæmdir og vegáætlun eða flugmálaáætlun. Vilji minn hefur staðið til að breyta þessu, hann hefur staðið til þess að reyna að vinna að hafnaáætlun sem sé í samræmi við þarfir og óskir sveitarfélaga, komi til móts við þær eins og nokkur kostur er en á hinn bóginn taki áætlunin mið af þeim fjármunum sem búast megi við að hægt sé að leggja til hafnarmála á hverjum tíma. Hún verði með öðrum orðum plagg sem unnt sé að reiða sig á.

Ég vil í þessu sambandi svara þeirri spurningu sem fram kom varðandi 22. gr. Þar var spurt um það hvort unnt yrði að standa við það að víkja mætti frá útboði í sambandi við hafnarframkvæmdir vegna samninganna um Evrópskt efnahagssvæði ef Hafnamálastofnun teldi að það gæti reynst betra eða gefið góða raun. Ég held að það sé alveg ljóst að hér er ekki verið að tala um nein slík stórvirki sem mundu falla undir samningana um Evrópska efnahagssvæðið.

Inn í þetta kemur auðvitað hugmyndin um hafnasamlög og hugmyndin um það hvort hafnir geti verið reknar í hlutafélagsformi. Hingað til hafa alltaf verið til ákveðnar hafnir eða bryggjur sem hafa verið í einkaeigu. Það er mjög nærtækt að rifja upp í þessu sambandi t.d. bryggjuna inni á Miðsandi í Hvalfirði sem er töluvert mannvirki og ég veit ekki betur en Olíufélagið og hvalveiðistöðin hafi ávallt staðið undir henni.

Það hefur ekki verið vandamál fram að þessu að of margir hafi verið reiðubúnir til þess að leggja fram fé til hafna. Þess vegna átta ég mig ekki alveg á hvaða hætta gæti verið því samfara að gera ráð fyrir því í lögum að höfn eða hafnasamband geti verið rekið í hlutafélagaformi. Við getum vikið aftur að flóabátunum fyrir vestan og spurningunni um það hvort höfn megi eiga hlut í einhverju því fyrirtæki sem tengist starfsemi hafnarinnar eða ekki.

Eins og kom fram áðan hjá hv. 5. þm. Vestf. mun Faganesið standa í 45 millj. kr. Ég hef þessa tölu ekki nákvæmlega hjá mér en treysti því að hann fari rétt með hana. Nú er spurningin: Er hugmyndin að reka það skip sem bílaferju? Ef svo er er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt að ráðast í hafnarframkvæmdir sem ásamt nauðsynlegum vegaframkvæmdum og bifreiðaplani og öðru sem til slíks þarf mundi kosta eitthvað innan við 100 millj. kr. Ég skal ekki segja nákvæmlega um það hvort nú séu svo lág útboð að hægt sé að fá þetta á 60 millj. kr. Ég hef ekki nokkra hugmynd um það. Sú upphæð mun sennilega liggja samkvæmt áætlunum eitthvað innan við 100 millj. kr. Tilgangurinn með þeim framkvæmdum yrði að sjálfsögðu eingöngu sá að þjóna þeirri bifreiðaferju sem nú hefur verið keypt til Ísafjarðardjúps. Án slíkrar bryggju er erfitt að sannfærast um að skip af réttri tegund hafi verið byggt. Ef hugmyndin er að Alþingi standi á bak við rekstur ferjunnar hlýtur maður líka að telja það nauðsynlegt að ferjan hafi ákveðnu hlutverki að gegna í samgöngumálum. Þá erum við með öðrum orðum komin að þeirri niðurstöðu, ef þessar vangaveltur mínar eru réttar, að mjög náið samband er á milli hafnarinnar á Nauteyri og þeirra hafnarframkvæmda sem nauðsynlegt er að leggja í á Ísafirði og þess skips sem eigi að sigla þar á milli. Það er ekki nema hálfkák að reyna að finna einhverja ódýrari leið. Þess vegna hlýtur það að vera opin spurning hvort einhverjir fyrir vestan mundu vilja koma inn í þessa rekstrarheild sem í þessu tilviki yrði bæði skipin, hafnaraðstaðan á Ísafirði og hafnaraðstaðan inni á Nauteyri.

Þegar við tölum um að höfn megi eiga hlut í fiskmarkaði getum við líka velt því fyrir okkur hvort hafnir megi eiga hlut í flutningafyrirtæki og hvort slíkt samrýmist starfsemi hafnar í þrengsta skilningi þess orðs. Ef við tökum dæmi af stöðum eins og Ólafsfirði og Dalvík og að nauðsynlegt kunni að vera að reka gámafyrirtæki samhliða þeirri sameiningu hafnanna sem þar er talað um, kann að vera að mönnum þyki skynsamlegra að höfnin leggi fram fé til slíks fyrirtækis í formi hlutafjár fremur en hún standi sjálf alfarið á bak við fyrirtækið. Kunna að vera til þess sérstakar ástæður.

Það er auðvitað rétt ábending sem kom fram hjá hv. 3. þm. Vesturl. að slíkt fyrirkomulag kann að vekja spurningar um hvernig farið skuli með skattlagningu slíkra fyrirtækja. Gagnvart höfninni hlýtur það þó að vera ljóst að allar þær tekjur sem hafnarsjóðir kunna að hafa af slíkum samrekstri eru undanþegnar sköttum vegna þess að óheimilt er að taka þá fjármuni út úr slíku fyrirtæki eða verja til annarra þarfa. En ekki skal ég með neinum hætti víkjast undan því að þetta atriði verði athugað nánar eða að nefndin taki það rækilega til meðferðar og athugunar.

Að síðustu vil ég segja um 24., 25. gr. og 26. gr. að vitaskuld er það álitaefni hvernig rétt sé að ríkið standi að því að styrkja einstakar hafnarframkvæmdir. Um það eru skiptar skoðanir meðal sveitarstjórnarmanna. Að sjálfsögðu hafa þeir sveitarstjórnarmenn sem búa við mjög góð náttúruleg hafnarskilyrði allt önnur sjónarmið. Þeir eru kannski komnir langt og vel áleiðis með hafnarframkvæmdir eða búa á stöðum þar sem alls ekki er gert ráð fyrir útgerð. Ég veit ekki hvort ég á að segja fyrir aldarfjórðungi, 20 árum eða svo áttum við mjög skemmtilegan fund um það hvernig ríkissjóður

skyldi koma að hafnamálunum í Eyjafirði. Sigurgeir Sigurðsson, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, talaði þá um nýja verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og taldi að ríkið ætti að hætta afskiptum af hafnarmannvirkjum og hafnamálum. Mér var aldrei ljóst hvort hann sagði þetta í fúlustu alvöru eða ekki en það skiptir í raun inni ekki máli. Útgerðarmennirnir og hafnarstjórnarmennirnir við Eyjafjörð sem þar voru mættir voru auðvitað á öndverðum meið og töldu að sjávarplássin væru ekki í neinum færum um að taka á sig þær byrðar sem slíku fylgdi. Spurning um það hvernig ríkið kom að þessum málum er auðvitað eilíf og ég ætla ekki að gera það frekar að umræðuefni, aðeins lýsa ánægju minni yfir þeim umræðum sem hér hafa farið fram og vonast til þess að starf nefndarinnar að frv. megi ganga vel og heita því að láta í té alla þá aðstoð og upplýsingar sem hún kann að óska í sínu mikilvæga starfi.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðlegi forseti. Það var mjög athyglisvert að hæstv. ráðherra vék ekki að því að svara fyrirspurnum mínum varðandi tillögur þær sem er að finna í skýrslu sveitarfélaganefndar um hafnamál. Ég skil það þannig að ráðherra sé ósammála þeim tillögum og þær séu því ekki lagðar fram með hans samþykki. Það er fróðlegt að það liggi fyrir.

Þá undrast ég yfirlýsingu ráðherra um að 6. gr. heimild í fjárlögum þessa árs veiti ráðherra ekki heimild til að ráðast í ferjubryggju á Nauteyri við Ísafjarðardjúp. Á fyrri hluta ársins var ekki annað að skilja hjá ráðuneytinu en að sú heimild væri fyrir hendi því svo mjög var hart keyrt á heimamönnum að taka ákvörðun um það hvort þeir vildu að ferjubryggjan yrði á Nauteyri eða Melgraseyri að það mátti engan tíma missa. Þetta er greinilega seinni tíma skilgreining af hálfu ráðherra til að hlaupast frá því verkefni sem honum hefur verið falið af Alþingi. Í bréfi sem þingmenn hafa fengið frá Djúpbátnum kemur m.a. fram að óskað er eftir stuðningi þingmanna við að knýja fram ákvörðun um framkvæmdir sem allra fyrst þannig að útboð geti farið fram núna í haust. Allir sem að málinu hafa komið hafa þannig haft þann skilning á því að hér hafi verið um ákvörðun að ræða og heimild til framkvæmda. Mér þykir svar hæstv. ráðherra benda til þess að hann vilji snúa sig út úr þessum málum með því að víkja sér undan framkvæmdum að sinni og ekki er að finna aðra heimild í stað þeirrar sem nú er fyrir næsta ár. Það er illt til þess að vita að ekki skuli vera meiri hugur að baki þessu efni.

Ég mótmæli ummælum hæstv. ráðherra varðandi Gilsfjörð. Ég var ekki að tala um að flýta framkvæmdum á brú yfir Gilsfjörð heldur að standa við þær áætlanir sem gerðar hafa verið og þau fyrirheit sem þingmenn beggja kjördæma hafa gefið. (**Forseti:** Nú er tími hv. þm. úti og ég bið hann um að ljúka máli sínu.) Já, virðulegur forseti. Ég skal ljúka máli mínu.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkvæmt fjárlögum er fjmrh. heimilt að semja við hafnarsjóð Ísafjarðar og hreppsnefnd Nauteyrarhrepps um kostnaðarhlut ríkissjóðs við byggingu ferjubryggja. Þetta er heimildin, að semja um kostnaðarhlut ríkissjóðs um byggingu ferjubryggja. Þetta gefur hins vegar ekki heimild til að ráðast í framkvæmdir.

Nú hefur hv. 14. þm. Reykv., frú Guðrún Helgadóttir, skrifað Ríkisendurskoðun bréf þar sem tíundað er hvert valdsvið samgrh. sé í dæmum eins og þessum. Ég ráðlegg hv. þm. að snúa sér til flokkssystur sinnar og athuga hvort hann geti fengið afrit af bréfinu og svarbréfi Ríkisendurskoðunar.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var gott framtak hjá hv. 14. þm. Reykv., Guðrúnu Helgadóttur, að fá atbeina Ríkisendurskoðunar til að fá hæstv. samgrh. til að fara að lögum svo að linnti einhverju kjördæmapotinu í verkum ráðherrans sem hafa verið nokkuð yfirþyrmandi og meiri en menn hafa séð dæmi um af hálfu ráðherra í seinni tíð. Auðvitað þurfa ráðherrar að hafa lagaheimildir fyrir því sem þeir hyggjast hrinda í framkvæmd.

Hvað varðar heimild um ferjubryggju í Ísafjarðardjúpi, kemur fram nýr skilningur af hálfu hæstv. samgrh. núna á haustdögum að heimild sé ekki til framkvæmdar. Þann skilning hafði ráðuneytið ekki uppi fyrr á þessu ári þegar verið var að knýja heimamenn í Nauteyrarhreppi til þess að samþykkja vilja ráðuneytisins um hvar bryggjan ætti að vera. Lá mikið á að þeir afgreiddu málið. Fyrst hæstv. ráðherra leggur þennan skilning í málið nú verður ekkert við það ráðið. Þeir verða að eiga það við sig sem ekki standa við orð sín í þessum efnum.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann sé búinn að semja við Ísafjarðarkaupstað og hreppsnefnd Nauteyrarhrepps um kostnaðarskiptinguna sem honum er falið að gera. Er það búið og hver er hún?

Hvað varðar heimildir í fjárlögum að öðru leyti vil ég minna á heimild í 6. gr., lið 2.1, þar sem heimilt er að stofna til tímabundins yfirdráttar af viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum til þess að mæta útgjöldum vegna 6. gr. Ég sé því ekki annað en að ráðherra hafi allar þær heimildir sem hann þurfi í þessu máli.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur verið svo að bryggjur ferja og flóabáta hafa verið greiddar að öllu úr ríkissjóði, 100%, nema á þeim stöðum þar sem kaupstaður er við annan endann. Ég held því að engum hafi dottið í hug að Nauteyrarhreppur mundi leggja fram verulegt fé til ferjubryggja fyrir þennan flóabát nema hv. þm. Vestf. hafi aðrar upplýsingar og þess sé að vænta að þeir þar vestra vilji sýna af sér meiri rausnarskap en venja hefur verið til. Sé möguleiki á því að semja um aðra kostnaðarskiptingu skal ekki standa á mér að taka þátt í því.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. sagði að hann sæi enga hættu í því að breyta eignarheimildum yfir höfn-

um eða veita hlutafélögum eignarheimild að höfnum og síðan einkavæða þær, sem getur fylgt í kjölfarið, þar sem engin sérstök ákvæði eru í frv. um þau hlutafélög sem eignast hafnirnar.

Nú vitum við að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar vill breyta þjónustustofnunum í hlutafélög og selja t.d. banka og margt fleira. Þá er líklegt að bæjarstjórnir sem lúta einveldi núverandi stjórnarflokka, t.d. í Reykjavík og Hafnarfirði, vilji gera slíkt hið sama. Það mun a.m.k. vera í athugun hjá borgarstjórn á einhverjum sviðum.

Nú eru hafnirnar í Reykjavík og Hafnarfirði mikilvægar fyrir flutninga í þjóðfélaginu og hafa lykilaðstöðu. Rekstur þeirra er því tryggur til að skila góðum arði til eigenda þeirra. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann óttist ekki að frv. opni leið til að einkavæða þessar hafnir og eigendurnir geti ákveðið gjöldin til þess að tryggja sér góðan arð af þeirri fjárfestingu.

Ég vil jafnframt spyrja hæstv. ráðherra að því hvort aðild okkar að EES og frv. opni ekki leið til þess að t.d. þessar hafnir verði arðvænlegasti fjárfestingarkostur erlendra aðila á Íslandi og að innan einhvers tíma geti það orðið svo að útlendingar eigi þessar líflæðar þjóðfélagsins og tryggi sér ríflegar tekjur af þeim.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil ekki þennan ótta. Það hefur verið vandamál með hvaða hætti hægt sé að útvega fé til hafnarframkvæmda. Ég man eftir því í tíð síðustu hæstv. ríkisstjórnar, þegar talað var um að álver kynni að rísa við Eyjafjörð, að þá þóttust þeir menn sem báru hitann og þungann af ríkissjóði og fóru með landsstjórnina ekki geta risið undir því ef byggja ætti höfn við Eyjafjörð heldur yrðu Eyfirðingar sjálfir að koma til vegna þess að það var ekki talið mjög arðvænlegt fyrir hið erlenda félag sjálft að eiga höfnina. Hins vegar hélt ég að hv. þm. hefði lesið það nýlega í Frey sem Búnaðarfélagið gefur út — er ekki svo? — að útvegsbóndinn Haraldur Sigurðsson á Núpskötlu á sína eigin bryggju sem hann hefur kosið að reisa norður þar til þess að skjóta fleiri stoðum undir sinn búskap. Þó Reykjavíkurhöfn sé ekki rekin í hlutafélagaformi, þá eru samt sem áður til einstaklingar sem eiga sínar eigin — ég vil nú ekki kalla það höfn en sínar eigin bryggjur og bera af þeim veg og vanda og allan kostnað. Ég held að aðalatriðið í þessum efnum sé að reyna að finna allar leiðir til þess að draga úr kostnaði við flutninga og við sjósókn. Einn liðurinn í því er að reka hafnir ódýrari en nú er og afla meira fjár til þeirra hluta.

Ég held að ég hafi ekki meira um þetta að segja nema ítreka það að ég skil ekki af hvaða hvötum slíkur ótti er runninn.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. skildi ekki ótta minn, enda sagði hv. 5. þm. Austurl. áðan að það þyrfti að skerpa skilning hæstv. ráðherra. Ég tek undir það og vonast til að hv. 5. þm. Austurl. verði eitthvað ágengt í þeirri iðju sinni. Að sjálfsögðu er ekki sama hvar höfnin er sett og ég held að öllum öðrum sé ljóst að Reykjavíkurhöfn hefur þá lykilaðstöðu að í gegnum hana fara fram meginflutningar bæði að og frá landinu. Tekjumöguleikar þar eru því meiri en nokkurs staðar annars staðar. Ég held að okkur sé líka ljóst að þeir sem reka hlutafélög hugsa fyrst og fremst um hagsmuni eigendanna, að skila þeim sem mestum arði af því fjármagni sem þeir leggja í það. Það er þeirra skylda. Því muni það vera það sjónarmið sem ráði rekstri hafnanna. Miðað við þá aðstöðu sem t.d. Reykjavíkurhöfn hefur held ég að öllum sé ljóst að þegar það er í valdi hafnarstjórnarinnar sjálfrar að ákveða gjöldin eru það býsna tryggar tekjur sem þar er hægt að hafa.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. nefndi þá höfn sem síst þarf á því að halda að fara í samvinnu við aðra aðila um stofnun hlutafélags um höfnina. Auðvitað hefur Reykjavíkurborg allan hagnað og arð af höfninni eins og hún er nú og þarf ekki að fara í samvinnu við aðra um rekstur hennar eða uppbyggingu. Á hinn bóginn eru ýmsar aðrar hafnir hér á landi sem hafa átt í erfiðleikum með að afla fjár til framkvæmda og rekstrar. Það hefur orðið þungur baggi á sveitarfélögunum að standa undir brýnum þörfum þeirra og það hversu óskipulega oft og tíðum hefur verið unnið að þeim málum á landsvísu og tilviljanakennt, að samvinna hafnanna hefur ekki orðið eins mikil og við hefðum kosið. En auðvitað eru hafnasamlögin og þessar nýju hugmyndir allar til þess fallnar að draga úr bæði stofn- og rekstrarkostnaði slíkra mannvirkja.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með skipum, 1. umr.

Stjfrv., 192. mál (heildarlög). — Þskj. 223.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þetta frv. var lagt fram á tveimur síðustu þingum en varð eigi útrætt. Það er samið af nefnd sem skipuð var til að endurskoða gildandi lög um eftirlit með skipum. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar Landssambands ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambandsins, Samband ísl. kaupskipaútgerða og siglingamálastjóri auk fulltrúa samgrn. sem jafnframt var formaður nefndarinnar.

Nefnd sú sem samdi frv. hefur farið yfir umsagnir sem samgn. hafa borist og hefur frv. af þeim sökum tekið nokkrum breytingum. Sú helsta er að lagt er til að siglingadómur verði lagður niður, en það er í samræmi við tillögur Réttarfarsnefndar laganefndar Lögmannafélagsins og meiri hluta siglingadóms.

Gildandi lög um eftirlit með skipum eru ekki gömul, frá marsmánuði 1987. Nokkur ákvæði þeirra hafa

hins vegar sætt gagnrýni og töldu ýmsir hagsmunaaðilar að frekari breytinga hafi verið þörf þegar þau lög voru sett. Af þessari ástæðu og þeirri að ýmsar breytingar hafa orðið á framkvæmd eftirlits með skipum og viðhorfi gagnvart réttarfarsatriðum og þvingunarúrræðum var sú ákvörðun tekin að endurskoða lögin.

Við samningu frv. var löggjöf Danmerkur og Noregs um öryggi skipa höfð til athugunar. Enn fremur voru kallaðir til ráðuneytis við nefndina formaður réttarfarsnefndar, formaður siglingadóms og ríkissaksóknari.

Veigamiklar efnisbreytingar eru gerðar á nokkrum aðalþáttum laganna, ákvæði um haffæri skipa, hámarksaldur innfluttra skipa, farbann og siglingadóm. Allar þessar breytingar eru til þess fallnar að gera framkvæmd laganna markvissari.

Hámarksaldur innfluttra skipa er hækkaður úr 12 árum í 15 ár í samræmi við þróun í smíði, búnaði og endurbyggingu skipa. Ástæðan fyrir þessari breytingu er m.a. sú að 12 ára skip eru almennt í mun betra ástandi nú en slík skip voru þegar þetta ákvæði var upphaflega lögfest. Þessu til viðbótar er heimildarákvæði fyrir Siglingamálastofnun um innflutning kaupskipa ákveðinnar stærðar, dýpkunarskip og rannsóknaskip allt að 21 ári.

Allt er þetta vissulega háð því að viðkomandi skip fullnægi lögum og reglum um gerð og búnað.

Í frv. eru ákvæði um farbann gerð skýrari og ótvíræðari en í gildandi lögum og lagt er til að heimilt verði að kæra farbann til farbannsnefndar sem samgrh. skipi. Skipun farbannsnefndar er nýmæli en samkvæmt gildandi lögum er einungis heimilt að kæra farbann til siglingadóms og er dómur hans endanlegur. Ákvörðun um farbann hefur mikla fjárhagslega þýðingu og er því mikilvægt að fá úr réttmæti þess skorið svo fljótt sem auðið er.

Síðast en ekki síst er, eins og ég gat um áðan, er lagt til að siglingadómur verði lagður niður.

Það er trú mín að frv. þetta leiði til betri framkvæmdar eftirlits með skipum. Ákvæði þessi eru skýr, bæði efnisreglur og réttarfarsákvæði með því að stuðla að auknu öryggi á hafinu bæði skipa og sjófarenda.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og samgn.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er enn einu sinni verið að ræða um frv. sem lagt var fram á síðasta þingi og hlaut þó nokkra umfjöllun í hv. samgn. Mjög margar umsagnir bárust um frv. Margt í því er til bóta og ég ætla ekki að fara yfir öll þau atriði sem þar komu fram. Við munum fjalla nánar um það í hv. samgn. þegar frv. kemur þangað aftur.

Ég ætla þó aðeins að nefna örfá atriði sem komu fram í þessum athugasemdum og það hef ég áður gagnrýnt í öðrum frumvarpsdrögum á hinu háa Alþingi. Í 1. gr. segir:

„Ráðherra getur ákveðið í reglugerð að lög þessi gildi að hluta eða öllu leyti fyrir erlend skip ...“

Við þetta komu athugasemdir og við fleiri staði í frv. þar sem vitnað er í þau ákvæði að ráðherra geti með reglugerð ákveðið eitt og annað í sambandi við þessi lög og í sambandi við búnað, öryggi skipa og fleira gera hagsmunasamtök eins og Sjómannasambandið, Farmanna- og fiskimannasambandið og fleiri þær athugasemdir að eðlilegra sé að þetta standi í lögunum en að vísað sé í reglugerðir sem ráðherra geti sett. Í því sambandi er t.d. nefnt að í fyrri lögum sé þetta sums staðar tiltekið en núna sé það numið brott og í staðinn sett ákvæði um að ráðherra geti ákveðið þessa hluti í reglugerð.

Ég hef gagnrýnt það áður að mér finnst of mikið gert af því að færa ráðherrum það vald að setja reglugerðir um ýmislegt sem ég tel að ætti frekar að standa í lögum.

Það er líka ágreiningur um það hvort taka eigi út úr núgildandi lögum ákvæði um hámarksaldur skipa sem keypt eru til landsins. Þar eru uppi ýmis sjónarmið, eftir því hvort um er að ræða sjómannasamböndin eða útgerðaraðilana. Það mál þarf því að skoða mjög vel. Þar stangast greinilega á hagsmunir.

Eins og ég sagði hefur frv. hlotið mjög góða skoðun. Það var búið að senda það til umsagnar ýmissa aðila og verður örugglega farið nánar yfir þau atriði sem frá þeim komu, þar á meðal það sem hér er lagt til um siglingadóm sem eru breytingar frá fyrri lögum. Ég ætla ekki að ræða það frekar núna til þess að lengja ekki umræður um frv. Mér sýnist að farið sé að fækka í þingsal og ekki tilgangur að kynna þetta mál frekar fyrir þingheimi.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það vill svo til að ég á sæti í samgn. og málið kemur þangað. Þess vegna skal ég vera stuttorður enda eru ekki margir hér eins og hv. þm. sagði áðan.

Í athugasemdum við frv. segir, með leyfi forseta:

„Frumvarp til laga um eftirlit með skipum var lagt fram á 113. löggjafarþingi 1990 og 115. löggjafarþingi 1991, ...“ Málið hefur því ekki náð fram að ganga á þessum þingum.

Ég trúi því varla að það geti verið að hæstv. núv. samgrh., sem þá var þingmaður og er enn í Norðurl. e., hafi sem óbreyttur og venjulegur þingmaður verið með athugasemdir við frv. þá þegar það var hér til meðferðar. Að vísu sat þá önnur ríkisstjórn og það gæti kannski hafa verið ástæðan fyrir því að þetta mál komst ekki í gegn á tveimur þingum. Nú er það flutt af hæstv. ráðherra samgöngumála, Halldóri Blöndal, nánast óbreytt frá því sem verið hefur á tveimur þingum.

Ég veit að minni ráðherrans er gott, ég þekki það, þegar hann vill muna, og nú spyr ég ráðherrann: Man hann eitthvað út í þessi mál?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leiðsaga skipa, 1. umr.

Stjfrv., 193. mál (heildarlög). — Þskj. 224.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Frv. þetta var lagt fram á 115. löggjafarþingi og var þá vísað til 2. umr. og samgn. en varð eigi útrætt. Frv. er samið í samgrn. í samráði við Vitastofnun og hagsmunaaðila. Gildandi lög um leiðsögu skipa eru lög nr. 48 frá 19. júní 1933 en samkvæmt þeim hefur verið sett reglugerð um leiðsögu skipa, nr. 215 frá 28. júlí 1972. Þá er í gildi gjaldskrá fyrir leiðsögu skipa, nr. 396 frá 15. ágúst 1989.

Ljóst er að gildandi lög eru fyrir löngu orðin úrelt, þjóna ekki markmiðum sínum og þykir brýn þörf á endurskoðun laganna. Tillögur þær sem settar eru fram í frv. miða að tvennu: Í fyrsta lagi auknu öryggi siglinga við strendur landsins og í öðru lagi einföldun á leiðsögukerfinu.

Fyrra markmiðið á að nást með þeirri skyldu að ávallt sé nærtækur á skipi skipstjórnarlærður maður sem trygging er fyrir að hafi nokkra staðarþekkingu og skyldur til að aðstoða yfirvöld við framkvæmd við störf þeirra.

Síðara markmiðið á að nást með að útgerðarmaður eða umboðsmaður skips getur sjálfur ráðið hver leiðsögumaður er. Þau staðarmörk sem sett eru miðast við að flest fiskiskip séu undanþegin því að þurfa að taka um borð sérstakan leiðsögumann enda munu skipstjórar hinna stærri skipa yfirleitt hafa öll skilyrði til að öðlast réttindi leiðsögumanna. Þá er við það miðað að ekki þurfi að setja almenna leiðsögumenn um borð í íslensk flutningaskip að öllu jöfnu þar sem stjórnendur þeirra munu uppfylla þær kröfur sem settar eru fram, í öllu falli varðandi þau svæði sem þeir sigla oftast um eða þá að viðkomandi útgerð á kost á að hafa í áhöfn skipstjórnarlærðan mann með staðarþekkingu á því svæði sem skipið á leið um.

Varðandi erlend skip mun aðalreglan sú að íslenskur leiðsögumaður kemur um borð í fyrstu höfn og fylgir síðan skipinu uns það snýr af landi brott. Ekkert á þó að vera í vegi fyrir því að erlendur skipstjórnandi fái löggildingu leiðsögumanns og þar með heimild til að sigla skipi sínu um þau svæði sem hann hefur kynnst í fylgd löggiltra leiðsögumanna.

Sú leiðsöguskylda sem frv. gerir ráð fyrir er mun minna krefjandi en almenn leiðsöguskylda í nágrannalöndum.

Hér er aðeins gert ráð fyrir að skylda sé að staðkunnugur maður sé til taks hvenær sem er án þess að hann sé á stöðugri vakt á stjórnpalli, svo sem almennt er skylda leiðsögumanna annars staðar á Norðurlöndum og víðar. Hafnaryfirvöld meta hvort leiðsögumaður á að leiðbeina skipinu inn á hafnarsvæði. Við sumar hafnir getur þó verið hafnsöguskylda og verða þær hafnir taldar upp sérstaklega í reglugerð um leiðsögu skipa.

Bráðabirgðaákvæði frv. gefur núverandi leiðsögu- og hafnsögumönnum tækifæri til að halda áfram starfi sínu en gera ráð fyrir að að loknum umþóttunartíma taki ákvæðin um hæfni að fullu gildi. E.t.v. mun á smærri stöðum þurfa að sjá í gegnum fingur varðandi réttindi hafnsögumanna en aftur á móti munu þangað aðeins leita smærri skip og þá yfirleitt með fullgildan leiðsögumann um borð svo fagþekking ásamt staðarþekkingu ætti ávallt að vera fyrir hendi.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fara fleiri orðum um frv. en legg til að því verði vísað til 2. umr. og samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innflutningur, 3. umr.

Stjfrv., 6. mál. — Þskj. 6.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gjaldeyrismál, 3. umr.

Stjfrv., 5. mál (heildarlög). — Þskj. 230.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fiskistofa, 3. umr.

Stjfrv., 44. mál (eftirlit með framleiðslu sjávarafurða). — Þskj. 45.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð og eftirlit sjávarafurða, 3. umr.

Stjfrv., 45. mál. — Þskj. 236.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Út af dagskrá þessa fundar eru tekin 9. og 10. mál. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Fundinum er slitið.

51. FUNDUR

miðvikudaginn 11. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Vegáætlun 1992, stjtill., 190. mál, þskj. 220. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Hafnalög, stjfrv., 191. mál, þskj. 222. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Eftirlit með skipum, stjfrv., 192. mál, þskj. 223. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Leiðsaga skipa, stjfrv., 193. mál, þskj. 224. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Innflutningur, stjfrv., 6. mál, þskj. 6. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
6. Gjaldeyrismál, stjfrv., 5. mál, þskj. 230. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
7. Fiskistofa, stjfrv., 44. mál, þskj. 45. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
8. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 45. mál, þskj. 236. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
9. Ríkismat sjávarafurða, stjfrv., 43. mál, þskj. 44, nál. 257. — 2. umr.
10. Flugmálaáætlun og fjáröflun í flugmálum, stjfrv., 111. mál, þskj. 129, nál. 261. — 2. umr.
11. Sementsverksmiðja ríkisins, stjfrv., 211. mál, þskj. 252. — 1. umr.
12. Hönnunarvernd, stjfrv., 212. mál, þskj. 253. — 1. umr.
13. Sjóður til að styrkja efnilega íþróttamenn, frv., 154. mál, þskj. 176. — 1. umr.
14. Lánasjóður íslenskra námsmanna, þáltill., 155. mál, þskj. 177. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Jóhanna Sigurðardóttir félmrh.,
Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.

Útbýting þingskjala:

Aðstoð við íbúa fyrrum ríkja Júgóslavíu, 224. mál, fsp. ISG á þskj. 272.

Ferðamál, 220. mál, þáltill. KEE, þskj. 263.

Fræðslustörf um gigtsjúkdóma, 225. mál, þáltill. IP o.fl., þskj. 273.

Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði, 223. mál, fsp. MF á þskj. 271.

Upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn, 221. mál, þáltill. KEE, þskj. 264.

Vegáætlun 1992, frh. fyrri umr.

Stjtill., 190. mál. — Þskj. 220.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DH, EH, EgJ, EKG, EMS, EL, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÞJ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓRG, PJ, PS, SalÞ, SP, StH, SvÁ, SvG, ÖS.

23 þm. (ÁMM, DO, EGuðn, FI, FrS, GHH, GÁ, GunnS, JóhS, JGS, JónS, KE, ÓE, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, VS, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DH, EH, EgJ, EKG, EMS, EL, EKJ, FI, GuðjG, GB, GHall, GÞJ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓRG, PJ, PS, SalÞ, SP, StG, StH, SvÁ, SvG, ÖS.

21 þm. (ÁMM, DO, EGuðn, FrS, GHH, GÁ, GunnS, JóhS, JGS, JónS, KE, ÓE, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, VE) fjarstaddur.

Hafnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 191. mál (heildarlög). — Þskj. 222.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DH, EH, EgJ, EKG, EMS, EL, EKJ, FI, GuðjG, GB, GHall, GÞJ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓRG, PJ, PS, SalÞ, SP, StG, StH, SvÁ, SvG, ÖS.

21 þm. (ÁMM, DO, EGuðn, FrS, GHH, GÁ, GunnS, JóhS, JGS, JónS, KE, ÓE, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, VE) fjarstaddur.

Frv. vísað til samgn. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DH, EH, EgJ, EKG, EMS, EL, EKJ, FI, GuðjG, GB, GHall, GÞJ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓRG, PJ, PS, SalÞ, SP, StG, StH, SvÁ, SvG, ÖS.

21 þm. (ÁMM, DO, EGuðn, FrS, GHH, GÁ, GunnS, JóhS, JGS, JónS, KE, ÓE, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, VE) fjarstaddur.

Eftirlit með skipum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 192. mál (heildarlög). — Þskj. 223.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DH, EH, EgJ, EKG, EMS, EL, EKJ, FI, GuðjG, GB, GHall, GÞJ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓRG, PJ, PS, SalÞ, SP, StG, StH, SvÁ, SvG, ÖS.
21 þm. (ÁMM, DO, EGuðn, FrS, GHH, GÁ, GunnS, JóhS, JGS, JónS, KE, ÓE, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, VE) fjarstaddur.

Frv. vísað til samgn. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DH, EgJ, EKG, EMS, EL, EKJ, FI, GuðjG, GB, GHall, GÞJ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JVK, KEE, KSG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓRG, PJ, PS, SalÞ, SP, StG, StH, SvÁ, SvG, ÖS.
24 þm. (ÁMM, DO, EH, EGuðn, FrS, GHH, GÁ, GunnS, JóhS, JGS, JónK, JónS, KHG, KE, ÓE, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, VE) fjarstaddir.

Leiðsaga skipa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 193. mál (heildarlög). — Þskj. 224.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DH, EH, EgJ, EKG, EMS, EL, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÞJ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓRG, PJ, PS, SalÞ, SP, StG, StH, SvÁ, SvG, ÖS.
22 þm. (ÁMM, DO, EGuðn, FI, FrS, GHH, GÁ, GunnS, JóhS, JGS, JónS, KE, ÓE, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DH, EH, EgJ, EKG, EMS, EL, EKJ, FI, GuðjG, GB, GHall, GÞJ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓRG, PJ, PS, SalÞ, SP, StG, StH, SvÁ, SvG, ÖS.
21 þm. (ÁMM, DO, EGuðn, FrS, GHH, GÁ, GunnS, JóhS, JGS, JónS, KE, ÓE, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, VE) fjarstaddur.

Innflutningur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 6. mál. — Þskj. 6.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DH, EH, EgJ, EKG, EMS, EL, EKJ, FI, GuðjG, GB, GHall, GÞJ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, KEE, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓRG, PJ, PS, SalÞ, SP, StG, StH, SvÁ, SvG, ÖS.
2 þm. (JónK, JVK) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁMM, DO, EGuðn, FrS, GHH, GÁ, GunnS, JóhS, JGS, JónS, KE, ÓE, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, VE) fjarstaddur.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 277).

Gjaldeyrismál, frh. 3. umr.

Stjfrv., 5. mál (heildarlög). — Þskj. 230.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DH, EH, EgJ, EKG, EMS, EL, EKJ, FI, GuðjG, GB, GHall, HBl, IBA, IP, JÁ, JHelg, JónK, KEE, KSG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓRG, PJ, PS, SalÞ, SP, StG, StH, SvÁ.
5 þm. (AÓB, GÞJ, ISG, JVK, KHG) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ÁMM, DO, EGuðn, FrS, GHH, GÁ, GunnS, JóhS, JGS, JBH, JónS, KE, ÓE, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 278).

Fiskistofa, frh. 3. umr.

Stjfrv., 44. mál (eftirlit með framleiðslu sjávarafurða). — Þskj. 45.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, DH, EH, EgJ, EKG, EMS, EL, EKJ, GuðjG, GB, GHall, HBl, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, KEE, KSG, LMR, MF, MB, ÓRG, PJ, PS, SalÞ, SP, StG, StH, SvÁ, SvG.
6 þm. (AÓB, GÞJ, ISG, JVK, KHG, KÁ) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁMM, EGuðn, FI, FrS, GHH, GÁ, GunnS, JóhS, JGS, JónS, KE, ÓE, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 279).

Meðferð og eftirlit sjávarafurða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 45. mál. — Þskj. 236.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, DH, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, GuðjG, GB, GHall, HBl, IBA, IP, JÁ, JBH, KSG, LMR, MF, MB, ÓRG, PJ, PS, SalÞ, SP, StH, SvÁ, SvG.

9 þm. (AÓB, GÞJ, ISG, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, StG) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁMM, EGuðn, EMS, FrS, GHH, GÁ, GunnS, JóhS, JGS, JónS, KEE, KE, ÓE, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. samþ. sem lög frá Alþingi (þskj. 280).

Ríkismat sjávarafurða, 2. umr.

Stjfrv., 43. mál. — Þskj. 44, nál. 257 og 274.

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Þetta frv. um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða var flutt á síðasta Alþingi í tengslum við endurskoðun á stjórnsýslu sjávarútvegsins. Frv. var lagt fram seint á þinginu og tókst því ekki að ræða það til hlítar á því þingi. Það er nú endurflutt ásamt fleiri málum sem ekki náðist að afgreiða á síðasta þingi.

Nefndin hefur fjallað um málið og studdist við umsagnir sem bárust á síðasta vori frá Ríkismati sjávarafurða, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum fiskvinnslustöðva, Félagi veiðieftirlitsmanna, Vélstjórafélagi Íslands, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, nefnd um einkavæðingu ríkisfyrirtækja, BSRB og BHMR.

Formenn BSRB og SFR komu að máli við formann nefndarinnar og lýstu áhyggjum sínum af stöðu starfsmanna Ríkismats sjávarafurða í sambandi við fyrirhugaða stofnun hlutafélagsins. Var nefndinni skýrt frá þessum viðræðum.

Ég vil taka það fram að nefndin er þeirrar skoðunar að allt verði að gera til að leggja áherslu á það að starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða verði útvegað starf hjá væntanlegu hlutafélagi eða hjá Fiskistofu. Einhverjir starfsmenn verða ráðnir hjá Fiskistofu. Tel ég sjálfsagt að að því sé unnið af framkvæmdarvaldinu eftir að frv. verður orðið að lögum.

Hjá Ríkismati sjávarafurða starfa nú 28 manns þar af einn í tímabundinni ráðningu. 27 starfsmenn munu því eiga biðlaunaétt ef frv. verður að lögum og Ríkismatið verður lagt niður frá næstu áramótum. Samkvæmt yfirliti sem fylgdi frá sjútvrn. mun, ef allir starfsmenn Ríkismatsins fara ekki í störf frá þessum stofnunum, biðlaunaréttur þeirra nema rétt innan við 19 millj. kr. Bæði af þeirri ástæðu sem og því að sjálfsagt er að vinna vel að því að það fólk sem hefur margt hvert unnið lengi hjá Ríkismatinu verði gert allt sem hugsanlegt er til þess að það fái að halda störfum hjá væntanlega félagi sem á að taka við sem og hjá Fiskistofu.

Það er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að stofnfé hins nýja hlutafélags verði 25 millj. kr. og verði það fyrst um sinn. Það er talið að fyrst um sinn verði það alfarið í eigu ríkisins en áætlað er að fyrirhugað félag yfirtaki meginhluta af eignum Ríkismats sjávarafurða og verðmæti þeirra eigna verði hluti af hlutafjárframlagi ríkisins. Lausleg áætlun bendir til þess að þær séu að verðmæti um 5 millj. kr. Með hliðsjón af því er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs í nýju hlutafélagi verði um 20 millj. kr. á árinu 1993 og er það áætlað í fyrstu grein frv.

Sjútvn. varð ekki á eitt sátt um afgreiðslu frv. Meiri hluti nefndarinnar skrifar undir sitt álit og þar af tveir með fyrirvara.

Undir álit meiri hlutans rita: Matthías Bjarnason, Árni R. Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Vilhjálmur Egilsson, Össur Skarphéðinsson og Stefán Guðmundsson og Halldór Ásgrímsson með fyrirvara.

Minni hluti nefndarinnar sem Jóhann Ársælsson og Steingrímur J. Sigfússon skipa skilar séráliti.

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta sjútvn. um frv. til laga um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða.

Nefndin hefur við umfjöllun sína stuðst við umsagnir sem lágu fyrir á síðasta þingi frá Ríkismati sjávarafurða, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Samtökum fiskvinnslustöðva, Félagi veiðieftirlitsmanna, Vélstjórafélagi Íslands, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, nefnd um einkavæðingu ríkisfyrirtækja, BSRB og BHMR.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að stéttarfélög starfsmanna hafa miklar áhyggjur af stöðu starfsmanna Ríkismatsins ef stofnað verður hlutafélag um Ríkismat sjávarafurða.

Miklar skipulagsbreytingar hafa nú þegar verið gerðar á stjórnkerfi sjávarútvegsins með stofnun Fiskistofu. Hin nýja skipan þarf að fá sinn reynslutíma og þess vegna er rétt að reka starfsemi Ríkismats sjávarafurða tímabundið sem hluta af starfsemi Fiskistofu. Með því móti má koma í veg fyrir að vandamál skapist þegar nýtt kerfi tekur við í einu vetfangi. Að stofna hlutafélag um þann hluta starfseminnar sem ríkið hefur með höndum er rétt að láta bíða uns reynsla er komin á hve vel skoðunarstofurnar skila sínu hlutverki.

Minni hluti nefndarinnar telur þær breytingar sem í frv. felast ekki tímabærar og leggur til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar og að sjútvrh. verði falið að undirbúa og leggja fyrir Alþingi nýjar tillögur þar sem gert verði ráð fyrir því að starfsemi Ríkismats sjávarafurða falli undir Fiskistofu.

Undir nál. rita Jóhann Ársælsson og Steingrímur J. Sigfússon.

Miklar umræður urðu í sjútvn. um þetta mál og höfðu reyndar farið fram í þinginu áður. Hér eru á ferðinni mjög miklar breytingar, eins og ég sagði áðan, og komið hafa fram miklar efasemdir um það fyrirkomulag sem verið er að taka upp, þ.e. stofnun skoðunarstofa. Það hefur verið vandlega rökstutt bæði á Alþingi og á fundum nefndarinnar að upp geti komið ýmiss konar vandamál vegna þessarar nýbreytni. Þess vegna er full ástæða til að fara sér hægt í málinu og

bíða með að gera Ríkismatið að einni venjulegri skoðunarstofu með sömu réttarstöðu og hinar einkavæddu skoðunarstofur sem menn hugsa sér að taki við þessu hlutverki. Það er þess vegna sem við leggjum til að beðið verði með að stofna þetta hlutafélag.

Það tókst samkomulag í nefndinni um frv. sem var samþykkt áðan um meðferð og eftirlit sjávarafurða. Það var eftir langar umræður sem það samkomulag tókst og þeir sem skipa þennan minni hluta tóku þátt í því samkomulagi m.a. og kannski ekki hvað síst vegna þess að inn í frv. tókst að koma ákvæðum um það að sjútvrh. gæti gengið þess götu til baka ef á þyrfti að halda. Ég tel að það þurfi að vera ljóst að ekki verði sett af stað atburðarás sem muni valda verulegum vandræðum. Sjútvrh. getur þá alla vega greitt úr þeim með því að láta fyrirtækin í landinu, sem eiga þarna hlut að máli, ekki vera bundin af þeirri skyldu að gera samninga við þessar skoðunarstofur. Það er auðvitað algert einsdæmi að Alþingi Íslendinga geri atvinnurekendum í sjávarútvegi skylt með lagaboði að gera samning við einkaaðila úti í bæ um eftirlit með þeirri framleiðslu sem á að flytja á erlendan markað. Það liggur fyrir að það eftirlit sem þarna er á ferðinni muni ekki duga erlendum aðilum. Stimpill skoðunarstofu verður því að koma til.

Það hefur verið mín skoðun eftir að hafa fylgst með þessum umræðum að þetta muni leiða til þess að smám saman muni Fiskistofa verða að koma upp sams konar eftirliti og Ríkismat sjávarafurða hefur haft með höndum. Þetta fyrirkomulag með einkavæddum skoðunarstofum þar sem einkaaðilar geta verið jafnvel fyrirtækin sjálf, þar sem hagsmunaárekstrar eru greinilega *frá upphafi fyrir hendi og þar sem skoðunarstofunum* er raunverulega skapaður sá grundvöllur að þær verða að hafa eftirlit með sínum viðskiptamönnum og eru, ef þær þurfa að beita hörðu við sína viðskiptamenn, jafnvel að kasta sínum viðskiptavinum frá sér, veldur því að ég tel ástæðu til að fara hér hægt. Af þessum og ýmsum fleiri ástæðum sem ég ætla ekki að telja upp í löngu máli er full ástæða til að fara varlega og hafa opna leið til að ganga þessa götu til baka.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Hér er eitt af mörgum frumvörpum ríkisstjórnar um kerfisbreytingarnar í sjávarútveginum. Það var allítarlega rætt þegar frv. var lagt fram. Ég sé það að ríkisstjórnin er ákveðin í því að ná þessu máli í gegn og þeim breytingum sem eiga sér nú stað. Þess vegna sé ég ekki í sjálfu sér ástæðu til að hika við að ganga til atkvæðagreiðslu um þetta mál eins og fulltrúar Alþb. í nefndinni leggja til. Ég held að það sé eins gott að klára málið núna. Við munum engu geta breytt þar þótt við stjórnarandstæðingar í nefndinni hefðum vilja til þess.

Það er að ýmsu að hyggja í frv. og það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni áðan að samkvæmt kröfum Evrópubandalagsins og Bandaríkjanna er vottunarþátturinn eða gæðastimpillinn ekki viðurkenndur nema hann sé gerður af stofnun sem heyrir undir ríkið og sé í eigu þess. Þess vegna munu skoðunarstofurnar duga skammt í þeim efnum. Mér finnst satt að segja í þessu máli öllu að verið sé að búa til óþarfa kerfi með þessum skoðunarstofum. Það hefði verið miklu heilbrigðara og eðlilegra að breyta Ríkismati sjávarafurða í þessum efnum og með tilliti til þess að við höfum nú ákveðið að taka upp Fiskistofu. Mér finnst þessi árátta hjá ríkisstjórninni og hjá þinginu almennt dæmalaus. Við erum alltaf að breyta og koma með eitthvað nýtt. Gerðar eru kostnaðaráætlanir. Við fáum frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun að þetta muni kosta nánast ekki neitt eða sáralítið. Ég efast um að það standist nokkurn tíma því að staðreyndin er sú að fyrr en varir erum við farnir að tala um stórkostlegt fjármagn sem þarf að auki til starfseminnar. Ég held að þess vegna væri það oft og tíðum miklu heppilegra og skynsamlegra að reyna að bæta það kerfi sem við höfum frekar en sífellt að vera að breyta. Þess vegna hefði ég heldur viljað að við hefðum reynt að taka þannig til hendi í sambandi við Ríkismatið og aðlaga það að hinni nýju starfsemi.

Ég hefði líka gaman af að spyrja hæstv. sjútvrh., ef hann væri hér, hvaða kröfur um starfsréttindi munu verða gerðar til þeirra aðila sem munu starfa á skoðunarstofunum. Nú munu um 14 manns missa atvinnu sína eða það er a.m.k. óvíst hvað verður um 14 starfsmenn hjá Ríkismati sjávarafurða og auðvitað hljótum við að hafa áhyggjur af því.

Ég hefði áhuga fyrir að heyra álit hæstv. sjútvrh. á því sem segir í 3. gr. frv.: „Á fyrsta starfsári nýja félagsins er heimilt að bjóða þeim mönnum, sem starfa hjá Ríkismati sjávarafurða við stofnun félagsins, hlutabréf til kaups á sérstökum kjörum og binda þá sölu sérstökum skilyrðum.“

Ég vil fá hæstv. sjútvrh. til að fara yfir þetta og skýra aðeins fyrir okkur nánar hvað hér er verið að fara.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Það er ljóst að ríkisstjórnin ætlar sér að ná þessu fram. Hún sér ekkert annað en einkavæðingu á öllum sviðum. Það er alveg skýr stefna ríkisstjórnarinnar hvort sem það verður til bóta eða ekki. Ég tel að þessi breyting sem hér er verið að gera muni hafa mikinn kostnaðarauka í för með sér fyrir hin ýmsu fyrirtæki. Það er alveg ljóst í mínum huga. Það mun kosta mikið. Ég sé fyrir mér t.d. grásleppukarlana víðast hvar hringinn í kringum landið þegar þeir þurfa að fara að kalla til fulltrúa frá Skoðunarstofunni hf. og fá þá til að fljúga til sín og kannski ekki að fljúga því svo afskekkt er þetta víða. Ekki eru flugvellir alls staðar svo þeir þurfa að keyra og yfirvinnutíminn byrjar að tifa um leið og þeir koma út frá Reykjavík. Ég sé því fyrir mér hvernig þetta muni verða og kannski mun verð afurðanna ekki hrökkva fyrir kostnaðinum af því að ná eftirlitsmönnunum *til sín á staðinn*. Við ríkisstjórnina þarf ekki að tala. Það er skýlaus stefna hennar að einkavæða og Alþfl. fylgir þar dyggilega á eftir í þessu máli eins og öðrum. Ég hefði talið, virðulegi forseti, skynsamlegra að breyta og hagræða í kerfi Ríkismats sjávarafurða og tengja það betur við starfsemi Fiskistofunnar. Það ætti að skila betri árangri.

Útbýting þingskjals:
Ríkismat sjávarafurða, 43. mál, nál. minni hluta sjútvn. á þskj. 274.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:
Virðulegi forseti. Úr því sem komið er er e.t.v. ekki miklu við umræðuna að bæta. Aðalákvörðunin var tekin þegar ákveðið var að stofna Fiskistofu. Sú umræða sem þá fór fram var sú grundvallarumræða sem þurfti að fara fram og ég er ekki sátt við þá niðurstöðu sem þar varð því miður. Ég tel að þrátt fyrir röksemdir sem fram komu í þeirri umræðu hafi ákvörðunin sem tekin var ekki verið sú besta. En reynslan verður að skera úr um hvort þetta muni reynast viðunandi. Vissulega hafa verið sniðnir ákveðnir hnökrar af þeim frv. sem fylgdu í kjölfarið. Kannski er best að búið er að ganga frá því mjög skýrt og skilmerkilega að ábyrgð á eftirliti með sjávarafurðum er hjá opinberum aðilum. Þetta varð að komast á hreint áður en þessi fylgifrv. voru afgreidd og það komst á hreint.

Hér erum við hins vegar að fjalla um aðra hlið málsins en það er stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða. Eftir stofnun Fiskistofunnar má segja að þetta sé alveg eins eðlileg afgreiðsla eða framhald og hver önnur. Ég hef rökstutt það áður og ætla ekki að endurtaka það í löngu máli að ég tel að þessi milliliður, skoðunarstofurnar, sé yfirleitt óþarfur. Þessi þjónusta gæti verið góð sem möguleiki fyrir þá sem ekki hafa bolmagn til að byggja upp öflugt innra eftirlit en þessi skoðunarstofumilliliður er meira og minna óþarfur. Ábyrgðin er hjá ríkinu, eftirlitið er hjá fyrirtækjunum og skoðunarstofurnar eru milliliður sem hangir meira og minna í lausu lofti. Breytingartillögur sem fluttar hafa verið varðandi meðferð sjávarafurða hafa staðfest að í rauninni er svo komið að þessar skoðunarstofur eru viðurkenndur milliliður.

Hver þróunin verður skal ég ekki spá um. Hún gæti orðið vegna formsins sú að hér mundu byggjast upp öflugar skoðunarstofur og innra eftirlit fyrirtækja yrði þá meira og minna í höndum þeirra. Ég er ekki viss um að það sé æskilegasta þróunin og ég er alls ekki viss um að það sé hagkvæmasta þróunin. En það virðist hvort eð er ekki verið að leita að því.

Varðandi Ríkismat sjávarafurða virðist þetta vera einhvers konar lending eða niðurstaða að stofna hlutafélag um Ríkismatið og gera það að skoðunarstofu. Ég er út af fyrir sig ekki sérlega sátt við það en einhvern veginn verður að nýta þá krafta sem þar eru og þetta er kannski ein leiðin. Það virðist ekki vera pláss fyrir alla þá sem unnu hjá Ríkismati sjávarafurða hjá Fiskistofu. Einhverjir fara á biðlaun og það út af fyrir sig er umdeilanlegt mál eins og hér hefur fram komið.

Ég hef líka efasemdir um það að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar einfaldlega vegna þess að mér sýnist ekki að ríkisstjórnin hafi sýnt neitt ýkja mikla skynsemi í öllu þessu fiskistofumáli og afleiðingum þess. Ég er því ekki alveg viss um að það væri besti staðurinn fyrir frv. Í raun stöndum við hér frammi fyrir orðnum hlut og eftir því sem þessi þróun verður verðum við að vona að það muni nást bæði hagkvæmni og öruggt mat og eftirlit með sjávarafurðum. Það er það sem skiptir okkur máli. Vissulega væri það kostur ef þetta næðist á hinn hagkvæmasta hátt. Um það hef ég verulegar efasemdir og ég sé ekki að það sé sáluhjálparatriði hvort það er hlutafélag eða eitthvert annað form á því sem tekur við núna af Ríkismati sjávarafurða og hvort skoðunarstofur munu verða það sem þeim var upphaflega ætlað. Ég mun því ekki og hef ekki áhuga á því að taka þátt í afgreiðslu þessa máls. Mér finnst það hafa farið út á braut sem ég er ekki sátt við. Ég sé hins vegar enga ástæðu til að leggja stein í götu afgreiðslu málsins. Það stendur í nál. meiri hlutans að ég hafi setið fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi. Það er rétt. Það stendur hins vegar ekki að ég sé samþykk þessu áliti og ég vil einnig að það komi skýrt fram hér í umræðunni.

Ég sé því ekki annan kost vænni en að taka ekki þátt í afgreiðslu málsins vegna þess að mér þykir að hér sé mikið af vafasömum atriðum sem því miður hefur ekki verið greitt úr þrátt fyrir mjög ítarlega umfjöllun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sementsverksmiðja ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 211. mál. — Þskj. 252.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Hæstv. utanrrh. mælir fyrir frv. í fjarveru hæstv. iðnrh.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):
Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Frv. er að finna á þskj. 252. Frv. hefur þrívegis áður verið lagt fram á Alþingi í mjög svipaðri mynd. Á 112. löggjafarþingi var það raunar afgreitt frá efri deild en dagaði uppi í neðri deild. Á 113. löggjafarþingi var frv. flutt að nýju í efri deild en hlaut ekki afgreiðslu, enda var þinghald þá venju fremur stutt. Á síðasta þingi var frv. aftur flutt og fór til nefndar eftir 1. umr. en hlaut ekki afgreiðslu þaðan.

Tilgangurinn með þessu lagafrv. er, eins og fram kemur í heiti þess, að breyta rekstrarformi Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag. Frv. er að stofni til byggt á frv. sem samið var í iðnrn. árið 1987. En á því hafa síðan verið gerðar nokkrar breytingar. Meginefni frv. má í stuttu máli lýsa í sex liðum.

Í fyrsta lagi er lagt til að ríkisstjórninni sé heimilt að leggja Sementsverksmiðju ríkisins og allt hennar fylgifé til sérstaks hlutafélags sem stofnað verði og að sérstök matsnefnd skuli meta eignir og verði matið haft til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár í væntanlegu félagi.

Í öðru lagi að hlutverk hins nýja félags verði víðtækara en hlutverk Sementsverksmiðjunnar er nú og því heimilað að gerast eignaraðili í öðrum hlutafélög-

um eða sameignarfélögum. Heimili félagsins og varnarþing verður á Akranesi.

Í þriðja lagi er lagt til að öll hlutabréf félagsins verði við stofnun þess eign ríkissjóðs og að samþykki Alþingis þurfi til að bjóða hlutabréfin til sölu.

Í fjórða lagi er lagt til að við verksmiðjuna starfi sérstök samstarfsnefnd starfsmanna og stjórnar og lögbundið samráð verði haft við Akraneskaupstað um málefni félagsins.

Í fimmta lagi er lagt til að skipuð verði sérstök undirbúningsnefnd til þess að undirbúa stofnun félagsins og að stofnfundur verði haldinn eigi síðar en 1. júlí 1993.

Í sjötta lagi er lagt til að nýja hlutafélagið yfirtaki reksturinn í ársbyrjun 1994.

Með lögum nr. 35/1948 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að reisa hér á landi verksmiðju til að framleiða sement. Á grundvelli þessara laga var Sementsverksmiðja ríkisins á Akranesi síðan reist og hefur verið rekin sem sérstakt ríkisfyrirtæki en um hana gilda raunar ekki önnur lagaákvæði en lögin um byggingu sementsverksmiðju frá 1948.

Sementsverksmiðjan tók til starfa árið 1948 og hefur starfað óslitið síðan. Fjárhagur hennar er traustur eins og fram kemur í grg. með frv.

Alþingi kýs nú fimm menn í stjórn Sementsverksmiðjunnar til fjögurra ára í senn og skipar iðnrh. einn úr hópi stjórnarmanna formann. Í þessu frv. er lagt til að lögbundið verði samráð starfsmanna og stjórnenda í þessu væntanlega hlutafélagi og jafnframt að tryggt verði til frambúðar samráð félagsstjórnar og bæjaryfirvalda á Akranesi.

Þetta er lagt til ekki síst með tilliti til þess að tryggja stöðu starfsmanna og bæjaryfirvalda, tryggja stöðu þeirra að stjórn félagsins en þessir aðilar hafa jafnan átt gott samstarf við hina þingkjörnu stjórn fyrirtækisins.

Til þess að tryggja sem best að mat á eignum verksmiðjunnar endurspegli réttilega þau verðmæti sem þarna er um að ræða er í frv. lagt til að þriggja manna matsnefnd hæfra og óvilhallra manna leggi mat á verðmæti verksmiðjunnar og skal a.m.k. einn þeirra vera löggiltur endurskoðandi. Nefndin skal dómkvödd af héraðsdómara Vesturlands í Borgarnesi.

Hér verð ég að vekja athygli hv. þm. á villu í b-lið í 1. gr. frv., en þar segir að bæjarfógetinn á Akranesi skipi hina dómkvöddu nefnd. Þetta á ekki lengur við vegna nýlegra breytinga á dómstólaskipun landsins og það er því héraðsdómari Vesturlands í Borgarnesi sem skal dómkveðja matsnefndina.

Inn í mat nefndarinnar kemur að sjálfsögðu jafnt verðmæti fasteigna, véla og búnaðar, sem og þróunarkostnaður, viðskiptavild og fleira.

Síðan er lagt til að ráðherra skipi aðra nefnd sem hafi það hlutverk að stofna hlutafélagið og koma því á laggirnar en lagt er til að það taki við verksmiðjurekstrinum 1. jan. 1994.

Ef þetta frv. verður að lögum mun stjórn hlutafélagsins kjörin á aðalfundi til eins árs í senn og mun iðnrh. fara með eignarhlut ríkisins í félaginu. Um stjórn félagsins, framkvæmdastjórn, ársreikninga o.s.frv., mun fara eftir ákvæðum hlutafélagalaga og samþykktum félagsins en gæta verður í því sambandi sérákvæða sem lagt er til að lögfest verði, svo sem um hlutverk, heimili, endurráðningu starfsmanna, samstarfsnefnd og samráðsfundi.

Það er gengið út frá því að þetta fyrirtæki greiði skatta eins og hvert annað hlutafélag. Verksmiðjan greiðir nú landsútsvar í stað aðstöðugjalds og fær Akraneskaupstaður fjórðung landsútsvarsins auk hlutdeildar í tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samkvæmt reglum þar að lútandi.

Reikna má með því að tekjur kaupstaðar af aðstöðugjaldi verði nokkru hærri en hlutur kaupstaðarins í landsútsvari. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga mun tapa samsvarandi fjárhæð í tekjum sínum sem þó skiptir sjóðinn tiltölulega litlu máli.

Við þessa breytingu verða aðstöðugjaldstekjur bæjarfélagsins á hvern íbúa sambærilegar og hjá velflestum öðrum sveitarfélögum. Því er við að bæta að nú eru uppi tillögur sem taka til þess að aðstöðugjald sem tekjustofn sveitarfélaga verði lagt af fljótlega annaðhvort að hluta til eða með öllu. Kemur þá til kasta hv. þingnefndar að meta stöðu málsins að því er þetta varðar en ganga má út frá því sem gefnu að þótt þessi breyting kunni að verða í náinni framtíð eru jafnframt uppi tillögur um hvernig því skuli mætt að því er varðar breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga.

Þegar breyta á ríkisfyrirtæki í hlutafélag þarf að huga m.a. að aðstöðu starfsmanna. Með frv. er núverandi starfsmönnum Sementsverksmiðjunnar tryggur réttur til endurráðningar hjá hinu nýja hlutafélagi. Um 20 af starfsmönnum Sementsverksmiðjunnar eru nú í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Réttindi þeirra haldast óbreytt við þá formbreytingu á rekstri sem hér er stefnt að. Vísast í því sambandi til ákvæðis í 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1963. Engir starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins hafa gerst aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins hin síðari ár. Um lífeyrismál annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum kjarasamninga.

Virðulegi forseti. Aðalspurningin sem upp kemur varðandi frv. er þessi: Hvers vegna er lagt til að Sementsverksmiðjan skuli rekin sem hlutafélag? Svarið við því er einfalt. Með því að fyrirtækið væri rekið sem hlutafélag yrðu rekstrarskilyrði þess samræmd því sem almennt gildir um stærri fyrirtæki í landinu. Með því móti yrði ábyrgð ríkissjóðs á fyrirtækinu takmörkuð við hlutafjáreign ríkisins. Um alla starfsmenn giltu sömu reglur og á almennum vinnumarkaði og skattareglur fyrirtækisins yrðu þær sömu og almennt gilda. Sementsverksmiðjan hefur auðvitað í raun haft einokunaraðstöðu á íslenskum markaði. Hlýtur hún þess vegna að vera undir smásjá hvað varðar verðlagningu á framleiðslu fyrirtækisins.

Skylt er að geta þess í þessu sambandi að innflutningur á sementi er frjáls. Hins vegar hefur enginn séð sér hag í því hingað til að flytja inn sement vegna þess að innflytjendur hafa ekki getað keppt við það verð sem Sementsverksmiðja ríkisins býður. En meðan ríkissjóður á öll hlutabréf í þessu fyrirtæki verður ekki

breyting á ábyrgð stjórnvalda á verðlagningu sements en í raun hafa það verið verðlagsyfirvöld en ekki eigendur fulltrúa fyrirtækisins sem á undanförnum árum hafa haft síðasta orðið um verðlagningu á sementi. Ef hlutabréf í félaginu yrðu hugsanlega seld síðar, með samþykki Alþingis, mundu koma upp spurningar um yfirburðaaðstöðu félagsins á markaði og auðvitað þá stóraukið eftirlit opinberra aðila. Fyrirtækið yrði áfram undir smásjá verðlagsyfirvalda samkvæmt núgildandi lögum, en það fellur undir skilgreininguna „markaðsráðandi fyrirtæki á sínu framleiðslu- og sölusviði".

Við eigum væntanlega eftir á næstunni að sjá breytingar á þeirri löggjöf sem mælir fyrir um frjálsa samkeppni fyrirtækja á íslenskum markaði og munum þá e.t.v. taka nýjum tökum ýmis vandamál í verðmyndun hér á landi sem stafa af einokunaraðstöðu fyrirtækja hvort sem þau eru í opinberri eigu eða einstaklingseigu.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hér er gamall kunningi kominn til meðferðar þingsins enn og einu sinni en það er frv. til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Frv. svipaðs eðlis hefur verið lagt fram á þingi af og til allt frá árinu 1984 en þáv. iðnrh., Sverrir Hermannsson, lagði það frv. fram. Það var fellt í efri deild Alþingis vorið 1985. Árið 1987 var samið nýtt frv. af Friðriki Sophussyni, þáv. iðnrh. Það frv. var lagt fram á þingi árið 1988 og 1989 en fékk eigi afgreiðslu.

Þetta frv., sem hæstv. núv. iðnrh. Jón Sigurðsson lagði fyrir 115. löggjafarþing, er einu sinni enn komið til meðferðar á 116. löggjafarþingi. Ég tek það fram að frá því að þetta frv. var lagt fram fyrst hefur það tekið miklum breytingum og allt breytingum til bóta.

Að breyta ríkisreknu fyrirtæki í hlutafélag er eitt og að selja hlutafé í slíku fyrirtæki er annað. Ljóst er að með þessum breytingum vakir ekkert annað en sala fyrir hæstv. ríkisstjórn. Það hefur komið fram í ræðu og riti æ ofan í æ hjá hæstv. ráðherrum og er reyndar á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar. Hæstv. fjmrh. sagði t.d. í fyrrasumar að áætlanir fjárlaga hefðu ekki staðist vegna þess að um sölu Sementsverksmiðjunnar var ekki að ræða, vegna þess að breytingin á lögum um Sementsverksmiðju ríkisins komst ekki í gegnum þingið. Hann taldi að þar hefði ríkissjóður misst stóran spón úr aski sínum.

Hæstv. umhvrh. sagði einnig orðrétt í umræðunni um þetta mál á Alþingi í fyrra, með leyfi forseta: „Það er einkennileg tímaskekkja þegar kommúnisminn um gjörvalla Austur-Evrópu er hruninn þá skuli talsmenn þessa sjónarmiðs koma hér í ræðustól og predika á hinu háa Alþingi að það sé sáluhjálparatriði að ríkið standi í stórfelldum fyrirtækjarekstri."

Þessi tvö ummæli sem ég hef vitnað til sýna svo ekki verður um villst að það er algjört sáluhjálparatriði hjá hæstv. ríkisstjórn að breyta Sementsverksmiðjunni í hlutafélag til að geta selt hana og því er ekki lengur hægt að aðskilja þessi tvö mál, hlutafélagsformið, sem ég tel á margan hátt nútímalegra og betra rekstrarform og miklu hagkvæmara fyrir stjórnendur fyrirtækisins, og söluna sem er gerð auðveldari með breytingu í hlutafélagsform.

Ég tel hugmyndir um sölu þessa ágæta fyrirtækis algjöra tímaskekkju þar sem Sementsverksmiðjan er í eðli sínu einokunarfyrirtæki. Ekkert annað íslenskt fyrirtæki framleiðir sement og þrátt fyrir að innflutningur hafi verið gefinn frjáls 1975 eftir inngöngu í EFTA njótum við fjarlægðarverndar. Því verður ekki á móti mælt enda hefur innflutningur á sementi verið mjög óverulegur. Það kemur einmitt fram í grg. með frv. um Sementsverksmiðjuna. Það er aðallega borgarsjóður Reykjavíkur sem hefur keypt sement erlendis frá og mér skilst að í ráðhússhöllinni sé aðallega innflutt sement. Það hefur ekki verið talið mikilvægt að styðja íslenskt þegar sú ágæta höll var byggð.

Framleiðsla á sementi tengist mjög öðru fyrirtæki sem íslenska ríkið á stóran hlut í en það er Járnblendifélagið á Grundartanga. Kísilryk frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga hefur verið blandað saman við sement allt frá 1980 sem bætir verulega gæði sementsins, eins og segir í athugasemd við lagafrv. þetta. Ég vil taka það fram að þessi blöndun er orðin allt að því helmingur og er því kísilrykið frá Grundartanga orðinn stór þáttur í framleiðslu sements.

Ég vitna beint í grg. frv.:

„Um 1980 byrjaði Sementsverksmiðjan blöndun ryks frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga í allt sement, en rykið er síað úr útblæstri verksmiðjunnar. Ryk þetta er tvisvar sinnnum virkara gegn alkalíþenslu en líparít og bætir auk þess fleiri eiginleika steinsteypunnar. Járnblendifélagið og Sementsverksmiðja ríkisins reka og eiga í sameiningu fyrirtækið Sérsteypuna sf. sem sinnt hefur ýmsum þróunarverkefnum er miða að því að auka notkunarsvið steinsteypu. Erlendis hefur orðið mikil þróun á því sviði á seinustu árum."

Það eru tvö fyrirtæki í eigu ríkisins sem vinna mjög náið saman. En af hverju hlutafélagsform um verksmiðjuna? Hæstv. utanrrh., sem mælti fyrir frv., kom inn á ýmis rök og þau rök sem hann kom inn á eru mörg hver ekki í gildi enn þá. Alla vega ekki ef fram fer sem horfir.

Það hefur verið talað um að eðlilegt sé að Sementsverksmiðja ríkisins greiði aðstöðugjald eins og önnur fyrirtæki en fyrirtæki í eigu ríkisins greiða að sjálfsögðu landsútsvar. Nú er fyrirhugað að fella niður aðstöðugjaldið almennt svo þessi rök eru þar af leiðandi fallin úr gildi. Hlutur verksmiðjunnar í landsútsvari er í kringum 10 millj. og skiptist þannig að bæjarsjóður Akraness fær um fjórðung en að öðru leyti deilist útsvarið til annarra sveitarfélaga. Ef um aðstöðugjald væri að ræða fengi bæjarsjóður Akraness um 7–8 millj. eins og hæstv. utanrrh. gat réttilega. Hann taldi mikilvægt fyrir bæjarsjóð að fá þessar auknu tekjur en gleymdi að geta þess, og þess er heldur ekki getið í grg. með frv., að landsútsvar er ekki með í dæminu þegar jöfnunarframlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er reiknað úr. Fyrir bæjarsjóð Akraness

skiptir þetta engu máli tekjulega séð vegna þess að bæjarsjóði er bætt þetta upp með jöfnunarframlagi. Tekjulega séð bætir þetta ekkert hag Akranessbæjar eins og maður gæti ætlað þegar grg. frv. er lesin.

Þessa dagana er ótrygg atvinna það sem allir hræðast mest og það má ekki hræra svo í vel reknu fyrirtæki eins og Sementsverksmiðju ríkisins vegna einhverrar trúarkreddu um einkavæðingu að starfsmönnum sé á einhvern hátt sköpuð ótrygg vinna vegna breytts rekstrarforms. Ef fyrirtæki eins og Sementsverksmiðja ríkisins væri á einhvern hátt byrði á ríkissjóði horfði málið allt öðruvísi við. Ríkissjóður hefur sem betur fer aldrei þurft að leggja krónu í þetta fyrirtæki en aftur á móti hefur hæstv. ríkisstjórn tekið þá ákvörðun núna í þeim mikla samdrætti sem almennt er í þjóðfélaginu og kemur að sjálfsögðu niður á fyrirtækinu með minnkandi sölu sements að taka arð úr fyrirtækinu. Fyrirtækinu er nú ætlað að greiða 2% af ávöxtun á eigin fé, þ.e. 15 millj. kr. Á þessu ári á Sementsverksmiðja ríkisins að greiða 15 millj. kr. arð til ríkissjóðs á sama tíma og mikill samdráttur er í sementssölu.

Mér finnst ástæða til að minnast á þetta við umræðuna um Sementsverksmiðjuna vegna þess að þetta verður auðvitað þungur baggi á Sementsverksmiðjuna. Í fjárlagafrv. er talað um að þeir baggar sem ríkið er að leggja á Sementsverksmiðjuna núna muni ekki hækka sementsverð. Ég sé ekki almennilega hvernig hægt er að reikna það út þrátt fyrir að ég viti að unnið er að því af fullum krafti af forráðamönnum Sementsverksmiðjunnar að draga saman seglin og spara eins og mögulegt er í mannahaldi og öðrum rekstri þannig að um hækkun á sementi verði ekki að ræða.

Hvað stendur svo eftir? Af hverju erum við að breyta Sementsverksmiðjunni í hlutafélag? Það sem eftir stendur er aukið svigrúm stjórnarmanna til að taka þátt í öðrum fyrirtækjarekstri. Það stendur eftir. Það hefur þó gerst í töluverðum mæli að Sementsverksmiðjan hefur tekið þátt í öðrum fyrirtækjarekstri og hefur aldrei verið stöðvuð af ríkinu sem betur fer. Fyrir það ber náttúrlega að þakka ágætum ráðherrum iðnaðarmála fyrr og síðar. Eins og ég sagði áðan hefur Sementsverksmiðjan t.d. verið þátttakandi í Sérsteypunni hf., sem er dótturfyrirtæki henanr og hefur komið fram með mjög merkar nýjungar sem tekið hefur verið eftir bæði hérlendis og erlendis.

Virðulegi forseti. Í frv. er kveðið á um réttindi starfsfólks og ég legg sérstaka áherslu á atvinnuöryggi þess og að réttur þess sé tryggður. Í beinu framhaldi af því vil ég geta þess að hæstv. iðnrh. og þingmenn Vesturlands fengu bréf frá starfsmönnum Sementsverksmiðjunnar sem stór hluti starfsmanna skrifaði undir á vordögum í fyrra þegar þetta mál átti að vera til endanlegrar afgreiðslu. Þar mótmæla starfsmenn Sementsverksmiðjunnar þessari breytingu vegna hræðslu við að selja eigi þetta ágæta fyrirtæki. Eins og ég segi skrifuðu tugir manna undir mótmælaskjal. Starfsmenn verksmiðjunnar óttast mjög um hag sinn og framtíð fyrirtækisins, segir í bréfinu til þingmanna og hæstv. ráðherra.

Mér finnst rétt að geta þess að lokum að fyrirtækjum sem eru í samkeppni við önnur fyrirtæki er sjálfsagt og rétt að breyta í hlutafélög og selja þau. Það er alveg sjálfsagt. Það kemur einmitt fram í grg. með frv. hvernig hefur verið farið með hlutafé Gutenberg og sölu þess. Mér finnst ekki hægt að tala um prentsmiðjuna Gutenberg í sama orði og Sementsverksmiðju ríkisins vegna þess að það eru margar prentsmiðjur í landinu en, ég tek enn og aftur fram, aðeins ein sementsverksmiðja.

Það er von mín að það verði ekki gerðar ástæðulausar breytingar breytinganna vegna. Ég sé ekki almennilega kosti einkavæðingar þegar Sementsverksmiðjan er annars vegar. Ég sé það ekki nema mér verði þá bent á eitthvað alveg nýtt hér í þeim málum. Ég sé að formaður iðnn. er þegar farinn að skrifa og ég er ekki frá því að hann muni benda á einhverja kosti sem mér eru huldir á þessu augnabliki. Ég vil geta þess í lokin að bæjarstjórn Akraness hefur margsinnis ályktað um þetta mál og telur eðlilegt að Sementsverksmiðja ríkisins sé rekin sem hlutafélag svo framarlega sem allt hlutafé er í eigu ríkissjóðs. Nú er deginum ljósara að aðalatriðið er að selja þetta fyrirtæki og þar af leiðandi er því miður ekki hægt að samþykkja þetta frv. um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir lýsti í mörgum fögrum orðum kostum þess að breyta fyrirtækjum í eigu ríkisins í hlutafélag en sagði hins vegar að það væri gjarnan ekkert annað en fyrsta skrefið að sölu og taldi að fyrir ríkisstjórninni vekti ekkert annað en að selja fyrirtækið. Hún telur það hins vegar mikla tímaskekkju vegna þess að fyrirtækið búi við einokunaraðstöðu.

Nú liggur fyrir þinginu frv. um samkeppnislög og það er mikil samstaða held ég í þingsölum um meginatriði þess frv. Þess vegna langaði mig til að spyrja hana: Þegar og ef frv. verður samþykkt og verður að lögum, en í því er tekið mjög á fyrirtækjum sem hafa markaðsráðandi aðstöðu eins og Sementsverksmiðjan hf. mun hafa, mun hún þá treysta sér til þess að samþykkja þetta frv.?

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mun skoða það frv. mjög nákvæmlega. Ég tel það frv. mjög mikilvægt en það breytir ekki þeirri staðreynd að annað fyrirtæki á Íslandi mun ekki framleiða og selja sement en Sementsverksmiðja ríkisins.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ótti hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur í tengslum við einokunaraðstöðu hinnar fyrirhuguðu Sementsverksmiðju hf. byggist á því að í krafti aðstöðu sinnar mundi fyrirtækið spenna upp verð. Nú er ljóst að meginábersluatriði í frv. sem liggur hér varðandi samkeppni og hringamyndun byggir einmitt á því að skapa þannig kringumstæður að hægt verði að

hafa áhrif á og koma í veg fyrir að markaðsráðandi fyrirtæki geri einmitt það. Ef þetta frv. verður samþykkt og ef hún fellir sig við það frv. mun hún þá geta samþykkt að Sementsverksmiðjan verði gerð að hlutafélagi?

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var mjög sérkennileg spurning. Ef og ef og ef og ef og ef, mun hún þá? Ég skoða það þegar þar að kemur, hv. formaður iðnn.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Það er endurtekið efni hér á ferð eins og stundum. Þetta frv. hefur oft verið lagt fram og aldrei náð fram að ganga í þinginu og vonandi verður svo áfram. Ég tel enga ástæðu til að breyta Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag, enda hafa umræðurnar í raun og veru leitt það í ljós. Tilburðir til þess að rökstyðja að það þurfi endilega að breyta Sementsverksmiðjunni í hlutafélag hafa a.m.k. sannfært mig um að það er alger óþarfi. Ég hef verið í stjórn fyrirtækisins og kannast ekki við þau vandamál sem menn eru að lýsa í rekstri fyrirtækisins. Það hefur fengið að taka þátt í rekstri annarra fyrirtækja svo það sé nefnt. Aftur á móti eru vankantar á því að breyta fyrirtækinu í hlutafélag svo miklir að ég gæti ekki sætt mig við að það verði gert.

Stærsti vankanturinn er auðvitað sá að ríkisstjórnin, sem nú situr, er búin að lýsa því yfir að hún ætli að selja þetta fyrirtæki, hún ætli að breyta því í hlutafélag og selja það. Þó að ég hafi gert það áður held ég að rétt sé að lesa einu sinni enn hvað stendur í Hvítu bókinni sem ríkisstjórnin gaf út. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Meðal fyrirtækja sem áformað er að breyta í hlutafélög og undirbúa sölu hlutabréfa í má nefna Búnaðarbanka Íslands, Sementsverksmiðju ríkisins og Síldarverksmiðjur ríkisins.“ Svo er haldið áfram. Þetta er nákvæmlega orðavalið í Hvítu bókinni og ekki hægt að misskilja það. Þó halda ýmsir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar því fram að engin meining sé í því sem stendur í þessari hvítu bók. Ráðherrar hafa samt lýst því yfir að þeir hafi áhuga á því að selja hlutabréf í fyrirtækinu og ýmsir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar reyndar líka. Er það svo voðalegt að selt verði hlutafé í fyrirtækinu? Ég vil rökstyðja að það sé slæmur hlutur með eftirfarandi hætti:

Í fyrsta lagi munu þeir sem eignast hlutabréf í Sementsverksmiðju ríkisins auðvitað gera kröfu um bestu ávöxtun sinna peninga. Því verður ekki hægt að neita á aðalfundi þess fyrirtækis að þeir hafi einhvern rétt á að óska eftir því að sú ávöxtun sé með besta móti. Þetta fyrirtæki hefur verið rekið samkvæmt þeirri meginreglu að sjá þeim fyrir sementi sem þörf hafa á Íslandi á sem allra lægsta verði og neytendum á því sviði í hag. Allt önnur sjónarmið munu auðvitað koma upp þegar eigendur hlutafjár sem eru að ávaxta sína peninga koma að rekstri fyrirtækisins. Vegna þess að við erum ekki að tala um venjulegt fyrirtæki. Við erum að tala um fyrirtæki sem hefur raunverulega einokunaraðstöðu á markaðnum. Þótt það hafi ekki lögvarða einokunaraðstöðu er sú fjarlægðarvernd sem fyrirtækið hefur trygging fyrir því að hægt er að halda uppi verulega hærri sementsverði en þörf er á vegna framleiðslukostnaðar. Mér er sem ég sjái það ef einkaaðilar ættu svona fyrirtæki að þeir reyndu ekki með öllum ráðum að nýta sér þá möguleika sem þetta gefur. Það er reginmunur á því að tala um þetta fyrirtæki eða t.d. Síldarverksmiðjur ríkisins sem keppa á samkeppnisgrundvelli við aðrar verksmiðjur, flytja út og selja sínar vörur á samkeppnisgrundvelli úti í heimi. Þarna er aldeilis allt annar hlutur á ferðinni.

Frá því að þetta mál kom upp núna eftir að þessi ríkisstjórn settist að völdum hafa hlutirnir breyst dálítið. Það lá t.d. fyrir jákvæð niðurstaða frá starfsmönnum verksmiðjunnar um að það væri svo sem ágætt að breyta fyrirtækinu í hlutafélag. Eftir að þeir höfðu séð og heyrt yfirlýsingar ráðamanna um hvað stæði til, þá drógu þeir þennan stuðning til baka.

Og það er fleira sem snýr að starfsmönnunum. Í 4. gr. frv. segir að ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eigi ekki við um starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins. Þetta var mjög vel rætt í vetur sem leið og ég hélt að sú umræða hefði komið stjórnarliðum í skilning um að það þyrfti að fara sér hægar í málinu. Það liggur fyrir að sú yfirlýsing sem ríkisstjórnin skrifaði undir í samningum við aðila vinnumarkaðarins í fyrravetur segir beinum og skýrum orðum að ekki verði hróflað við þessum lögum. Samt er þetta frv. lagt fram óbreytt. Samningarnir á vinnumarkaðinum sem nú eru í gildi munu gilda til 1. mars. Ég held að full ástæða sé til að gera það sem ýmsir stjórnarliðar hafa lýst yfir að þeir vilji frekar gera en það sem hér stendur, þ.e. gera breytingar á lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna frekar en koma með frumvörpin óbreytt inn í þingið.

Hæstv. utanrrh., sem talaði í umboði iðnrh., hafði þó svolítið aðra tóntegund en iðnrh. hafði við umræðuna síðast um þetta sama mál. Hann virtist gera sér betur grein fyrir einokunaraðstöðu þessa fyrirtækis en sjálfur iðnrh. og hefur greinilega áhyggjur af því að það muni þurfa að gera einhverjar ráðstafanir í sambandi við hana og er það vel. Kannski er það forboði þess að hann verði einhvern tíma iðnrh. og þá verður vonandi tekið með öðrum tökum á þessum málum en gert hefur verið því að hæstv. iðnrh. sagði beinum orðum við umræður um þetta mál að hann hefði ekki nokkrar áhyggjur af því að um neina einokunaraðstöðu væri að ræða á þessum markaði. Hann virtist ekki gera sér grein fyrir því að það væri einokun í raunveruleikanum.

Ég ætla ekki að endurtaka þær umræður sem fóru fram síðast um þetta mál en tel fulla ástæðu til að menn fari sér hægt og gæti að sér því það er greinilegt hver viljinn er og að hverju er stefnt. Það sem menn sögðu áður gildir ekki lengur. T.d. má minna á að þegar forráðamenn Akranessbæjar afgreiddu þetta mál á sínum tíma var verið að tala um að Akranes mundi njóta þessarar breytingar í háum aðstöðugjöld-

um. Bæjarfulltrúar stóðu frammi fyrir því að ef þeir væru á móti hugmyndinni um að stofna hlutafélag um Sementsverksmiðjuna væru þeir að berjast gegn því að bæjarfélagið fengi viðbótartekjustofna. Nú stendur til að fella aðstöðugjaldið niður og í augnablikinu virðist fátt koma í veg fyrir að menn gangi þá götu til enda. Hvað verður þá um tekjustofna Akranessbæjar? Það er út af fyrir sig ekkert sérstakt umræðuefni hér hvaða tekjur bæjarfélagið hefur en menn færðu það m.a. fram sem röksemdir fyrir því að það væri gott mál að forráðamenn Akranessbæjar væru búnir að skrifa upp á þetta.

Ég vonast til að þetta mál fái að sofna eins og það hefur fengið svo oft áður og menn hætti síðan þessum tilburðum við að reyna að gera Sementsverksmiðju ríkisins að hlutafélagi með það fyrir augum að selja hana. Þetta er, eins og ég sagði fyrr, hluti einkavæðingaræðis ríkisstjórnarinnar sem hefur verið meira í orðum en gerðum. Fátt hefur náð fram að ganga af þeim hugmyndum enn þá og vonandi verður ekki allt að veruleika sem menn hafa ímyndað sér að gæti gerst í því.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins hefur, eins og fram hefur komið, áður sést í þingsölum. Það var til ítarlegrar umræðu í hv. iðnn. á síðasta þingi og er eitt þeirra frumvarpa sem ríkisstjórnin ætlar að koma í gegnum þingið og fjalla um einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Í sjálfu sér hef ég ekkert á móti einkavæðingu ríkisfyrirtækja, síður en svo, og finnst hún að mörgu leyti koma vel til greina ef þau skilyrði eru til staðar að samkeppni ríki í greininni eða hægt er að koma við samkeppni og tryggja að ekki verði um einokun og hringamyndun að ræða.

Hins vegar eru mínar athugasemdir við þetta frv. fyrr og nú þau ákvæði 4. gr. frv. sem snúa að starfsmönnum þeirra fyrirtækja sem um ræðir. Í sjálfu sér snertir 4. gr. frv., yrði það að lögum, sárafáa starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins því eftir því sem ég best veit er líklega enginn starfsmaður þar í dag sem þetta ákvæði á við um. Hins vegar er það fordæmi sem verið er að skapa með frv. hættulegt hvað varðar önnur ríkisfyrirtæki sem frumvörp eiga eftir að birtast um og breyta á í einkafyrirtæki. Gangi þetta fram með þessum hætti er ég hræddur um að slíkt verði notað sem fordæmi.

Sá hópur sem einkavæðing ríkisfyrirtækja snertir langmest er auðvitað starfsmenn viðkomandi fyrirtækja. Opinberir starfsmenn hafa þurft að búa við lægri laun en almennt hefur gerst á hinum almenna vinnumarkaði og það fyrir sambærileg störf. Þessi launamunur hefur í gegnum tíðina verið réttlættur með tvennum hætti. Í fyrsta lagi að lífeyrisréttindi opinberra starfmanna væru miklu tryggari en hjá öðrum hópum og hitt að lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna frá árinu 1954 tryggi starfsmönnum, sem þessi lög ná til, sérstök vildarkjör. Þar vegur náttúrlega langþyngst biðlaunarétturinn svonefndi.

Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir, eins og kom fram hjá hv. 3. þm. Vesturl. áðan í tengslum við kjarasamninga, að ekki verði hróflað við þeim réttindum sem ríkisstarfsmenn hafa í lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna frá árinu 1954. Undir þetta atriði var ritað í síðustu kjarasamningum. Í 14. gr. laganna um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna er gert ráð fyrir því að réttindi til launa, sé mönnum sagt upp, séu trygg verði staða þeirra lögð niður. Í greininni er gert ráð fyrir að ríkisstarfsmaður eigi rétt á föstum launum í sex mánuði hafi hann verið í þjónustu ríkisins skemur en fimmtán ár en í tólf mánuði eigi hann að baki lengri þjónustualdur hjá ríkinu en fimmtán ár enda hafi hann þá ekki hafnað sambærilegri stöðu á vegum ríkisins.

Hvað þýðir það að vera boðið sambærilegt starf eins og gert er ráð fyrir samkvæmt 4. gr.? Það er verið að hrófla við þessum réttindum og þeim breytingum er beint að ákveðnum hópi starfsmanna sem reyndar eru í tilfelli Sementsverksmiðjunnar sárafáir eða jafnvel enginn. Varðandi Síldarverksmiðjur ríkisins, sem frv. sást hér um í fyrra og er einnig núna komið inn í þingið, þá er gert ráð fyrir þessum sömu breytingum. Það er í 7. gr. Það er gert ráð fyrir að stafsmönnum fyrirtækjanna verði boðið sambærilegt starf hjá hinu nýja félagi. Því skulu ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, ekki eiga við um þá starfsmenn. Með þessu er í raun verið að svipta þennan tiltekna hóp starfsmanna þeim réttindum sem biðlaunin kveða á um að skuli vera, þ.e. þiggi starfsmennirnir hið nýja starf hjá hinu nýja fyrirtæki, gangi þar frá ráðningarsamningum að fáum dögum, vikum eða mánuðum liðnum þá er einfaldlega hægt að segja þessum starfsmönnum öllum upp. Þeir geta þá ekki sótt sinn rétt á grundvelli þeirra laga sem þeir eru með nýjum ráðningarsamningi búnir að afsala sér réttinum til. Tilgangur löggjafans í upphafi með lögunum um biðlaun þegar staða er lögð niður var að greiða skaðabætur fyrir þá röskun á öryggi sem felst í því að missa starf hjá ríkinu. Með því að breyta ríkisfyrirtæki í hlutafélag er ljóst að starfsmennirnir njóta ekki lengur lögkjara sem opinberir starfsmenn og hafa því misst rétt sinn til biðlauna sem einmitt hefur verið hluti af þeim kjarabótum sem talið er að opinberir starfsmenn hafi notið fram yfir aðra á hinum almenna vinnumarkaði og þar af leiðandi þurft að sætta sig við lægri og lakari kjör.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar — það kom kannski ekki fram hjá hæstv. utanrrh. áðan þegar hann mælti fyrir þessu máli — þá hefur verið reynt að halda því fram að ríkisstarfsmenn sem fara aftur að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi eftir breytinguna og eiga að njóta biðlaunaréttarins þiggi tvöföld laun. Þarna er ríkisstjórnin auðvitað að rugla saman tveimur óskyldum hlutum. Annars vegar launagreiðslunum og hins vegar þessum lögmætu skaðabótum sem gert er ráð fyrir að ríkisstarfsmenn eigi sé staða þeirra lögð niður hjá ríkinu þrátt fyrir að þeim sé boðið starf í hinu nýja hlutafélagi. Það er því lágkúrulegt af hálfu þeirra sem reyna að rökstyðja sinn málflutning með því að um tvöfalda launagreiðslu verði að ræða ráði menn sig aftur hjá

hinu nýja fyrirtæki og njóti biðlaunanna og það sé óeðlilegt að greiða slíkt. Í gegnum tíðina hafa opinberir starfsmenn þurft að sætta sig við lakari kjör af því að þeirra réttur hefur átt að vera tryggður í lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna vegna biðlaunanna og vegna lífeyrisréttindanna. Það er því náttúrlega lákúrulegur málflutningur að halda slíku fram.

Það sem er þó langalvarlegast í þessu og alvarlegasta gjörðin af hálfu ríkisstjórnarinnar er að ætla að keyra þetta mál í gegnum þingið þrátt fyrir að það sé álit tveggja virtra lögfræðinga, þau álit liggja fyrir bæði í iðnn. og í sjútvn. um samsvarandi ákvæði í frv. um Síldarverksmiðju ríkisins, að þessi svipting á biðlaunaréttinum þýði í raun brot á 67. gr. stjórnarskrárinnar. Samt kemur ríkisstjórnin enn með málið óbreytt inn í þingið. Hv. formaður sjútvn. hélt ágætan fund á síðasta þingi með iðnn. og sjútvn. þar sem þessir lögfræðingar voru kallaðir til. Gestur Jónsson, sem hafði lagt álit sitt fyrir iðnn. og sjútvn., kemst ótvírætt að þeirri niðurstöðu að þetta ákvæði í 4. gr. frv., sem er óbreytt frá því sem það var í frv. sem lá fyrir þinginu í fyrra og í 7. gr. frv. um Síldarverksmiðjur ríkisins, brjóti í báta við 67. gr. stjórnarskrárinnar. Að þessari sömu niðurstöðu kemst einnig Hróbjartur Jónatansson lögfræðingur sem skrifar sitt álit í nafni Almennu málflutningsskrifstofunnar hf. Báðir þessir aðilar telja að þetta sé skýlaust bort á stjórnarskránni. Samt ætlar ríkisstjórnin að keyra þetta fram og kemur með frv. óbreytt inn í þingið. Sjálfsagt ætlar hæstv. utanrrh. að eggja stjórnarliðið til þess að samþykkja frv., þrátt fyrir að það sé brot á stjórnarskránni eða líkur séu á því að það sé brot á stjórnarskránni, með því að tala um að menn séu bara heybrækur þori þeir ekki að brjóta stjórnarskrána.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs aðallega út af ummælum hv. 17. þm. Reykv. Það þarf greinilega að fræða hann svolítið um samkeppnislagafrv. sem hv. þm. hefur mikla trú á. Það er út af fyrir sig vel. En hv. þm. gerði sérstaklega að umtalsefni að með tilkomu hinna nýju laga um samkeppni, ef að lögum verða, yrði sérstaklega tekið á stöðu markaðsráðandi eða einokunarfyrirtækja. Ég verð því miður að upplýsa hv. þm. um að það er misskilningur. Það er því miður misskilningur, hv. þm. Það er einmitt það atriði sem ég og margir fleiri hafa gagnrýnt sérstaklega við þetta annars ágæta samkeppnislagafrv., sem það að mörgu leyti er og m.a. þess vegna hef ég flutt við það brtt. í allmörgum liðum. Eitt stærsta gatið í frv., eins og það er í dag og var flutt af hæstv. ráðherra, því miður endurflutt óbreytt, er að þar er ekki lagt út í að skilgreina hvað sé markaðsráðandi fyrirtæki og hvernig skuli taka á því ef staða eins aðila eða tengdra aðila á markaði er þannig að þeir ráði í raun og veru verði og viðskiptahættum fyrir tiltekna vöru. Það kaldhæðnislega er að gildandi löggjöf, gömlu lögin um verðlag samkeppnishömlur og ólögmæta viðskiptahætti eru í raun og veru miklu betri til þess að verðleggja framleiðsluaðila eins og Sementsverksmiðju ríkisins sem í reynd er einokunarfyrirtæki á íslenska markaðnum. Þau eru betri vegna þess að þá er hægt að beita hinum almennu verðlagsákvæðum. Samkeppnislagafrv., eins og það er úr garði gert, liggur fyrir þinginu eða er til umfjöllunar í hv. efh.- og viðskn., er því miður þannig að engin almenn verðlagsákvæði eru í því. Það er eingöngu heimilt ef náttúruhamfarir eða styrjaldir ber að garði að grípa til almennra verðlagsákvarðana á framleiðslu fyrirtækis eins og Sementsverksmiðju ríkisins. Að öðru leyti á samkeppnin að sjá um þetta. Íhlutunarréttur samkeppnisráðs samkvæmt frv. myndast eingöngu ef tilteknar athafnir fyrirtækja brjóta í bága við almenn ákvæði frv. Ég hef sérstaklega bent á að það þurfi að vera inni í löggjöfinni úrræði til að taka á ástandi sem er fyrir hendi eða myndast án þess að nein sérstök ákvörðun eða athöfn leiði til hins ólögmæta eða óæskilega ástands.

Þess vegna er það, hv. 17. þm. Reykv., að ég tel að einmitt þegar dæmi koma upp í hendurnar á okkur eins og þetta sem hér er til umræðu um Sementsverksmiðju ríkisins, sem í reynd er einokunarfyrirtæki á Íslandi hvað sementsframleiðslu snertir vegna þess að ekki hefur nein önnur verksmiðja hafið hér starfsemi og innflutningur hefur sjáanlega ekki getað keppt við verksmiðjuna — það er út af fyrir sig góðra gjalda vert svo langt sem það nær, að þá þurfi að vera úrræði í samkeppnislögum eða verðlagslögum til þess að bregðast við slíku. Við getum ekki gefið okkur að verksmiðjan sé á hverjum tíma að verðleggja framleiðslu sína með sanngjörnum hætti bara vegna þess að það er heimill innflutningur en hann á sér ekki stað. Fjarlægðarvernd verksmiðjunnar gæti verið svo mikil að hér ætti að vera meiri verðmunur en er eða kann að verða á næstu árum. Með öðrum orðum kann verksmiðjan að nýta sér aðstöðu sína hér og fjarlægðarvernd vegna þess hvers eðlis sement er og flutningskostnaður mikill. Hún sé því ekki vegna þessara aðstæðna að verðleggja framleiðslu sína með sanngjörnum hætti. Við höfum enga tryggingu fyrir því að svo sé. En verksmiðjan er ekki með neinum ólögmætum hætti að níðast á samkeppnisaðilum sínum og ekki hefur hún heldur brotið í bága við samkeppnislögin með neinum öðrum sjáanlegum hætti vegna einstakra stjórnarákvarðana eða með neinum sérstökum tilteknum aðgerðum. Hvaða grein samkeppnislagafrv. ætlar hv. 17. þm. Reykv. að nota til að hafa eftirlit með verðlagningu framleiðslunnar? Ég bið hv. þm. að benda mér á hana. Hún er nefnilega ekki fyrir hendi í frv. Það eru eingöngu tvær greinar í frv. sem gefa yfirvöldum leyfi til hlutast til um verðlag. Það er íhlutunargreinin, ef fyrirtækin með tilteknum ákvörðunum eða athöfnum brjóta ákvæði samkeppnislaganna og það er sú grein sem er tengd náttúruhamförum, styrjöldum eða slíku afbrigðilegu ástandi sem kann að koma upp.

Ég held að það sé nauðsynlegt að hv. 17. þm. Reykv. lesi betur þau frv. sem hann er að hæla hér og gerist ekki sá mikli spámaður að hæla þeim ólesnum eða óskoðuðum. (**Gripið fram í:** Það er skynsamlegra að hæla þeim ólesnum.) Það kann að vera í sumum til-

vikum þegar frv. ráðherra Alþfl. eiga í hlut að það sé auðveldara að hæla þeim ólesnum. Það er skarplega athugað. Það er samt sem áður ekki mjög virðingarverður málflutningur.

Ég held t.d. að í sambandi við frv. og ef menn fara út á þá braut, sem ég ætla lítillega að víkja svo að hér, hæstv. forseti, að fara að einkavæða eða undirbúa það að einkavæða einokunarstarfsemi þá fyrst verði ástæða til þess að vanda sig við lagasetningu á samkeppnissviðinu. Við skulum fara yfir pollinn og hugleiða stundarkorn reynslu Breta af því að einkavæða einokunarstarfsemi. Hvernig er hún? Hvernig er reynsla Breta af því að einkavæða British Telecom eða veiturnar? Hún er ekki par glæsileg. Það er meira að segja svo komið að gallhörðustu íhaldsmenn viðurkenna að þar gerðu þeir mikil mistök, að láta ofstækið leiða sig í slíkar ógöngur að afhenda einkaaðilum einokunarstarfsemi sem var búin að koma sér þannig fyrir í landinu og hafði þá stöðu að enginn gat keppt við hana. Það spretta bara ekki upp einn góðan veðurdag fyrirtæki *sem leggja símalínur um allt landið* eða veitulagnir og nákvæmlega það sama á við um sementið. Það kemur bara ekki af himnum ofan einn góðan veðurdag fyrirtæki sem kemur sér upp aðstöðu hringinn í kringum landið til að afgreiða sement í lausu formi. Það er auðvitað forsenda þess að menn geti keppt á markaðnum í dag, boðið verktökum og öðrum stærri kaupendum sambærilegt verð. Það er engin raunhæf samkeppni að afgreiða sement í pokum eins og var gert hér fyrr á öldinni, hv. 17. þm. Reykv. Það er liðin tíð. Hefur Alþfl. ekki heyrt af þessu? Nú er sement afgreitt með allt öðrum hætti. Það er flutt í lausu formi á allar helstu hafnir landsins og afgreitt meira að segja beint til stærstu kaupendanna á því formi. Til þess að vera samkeppnisfær þarf sá aðili sem ætlar að keppa að koma sér upp slíkri dreifingaraðstöðu og leggja í fjárfestingu upp á milljarða króna. Það gerist bara ekki sí svona. Þess vegna er það þannig að Sementsverksmiðjan hefur einokun á íslenska markaðnum. Það sem ég er að segja er að sú einokun er mjög sterk. Sú staðreynd að síðan 1975 hafa menn mátt flytja inn sement hefur engu eða sáralitlu breytt um stöðu verksmiðjunnar. Það er þægilegt að vita af því að það er möguleiki.

Niðurstaðan er sú að í gegnum þá aðstöðu og þá fjarlægðarvernd sem verksmiðjan býr við er hún einokunarfyrirtæki og verður það um sjáanlega framtíð. Það er vel að við Íslendingar framleiðum okkar sement. Það má enginn skilja orð mín svo að ég sé að mæla gegn því. Við eigum auðvitað að reyna að halda í það fyrirkomulag sem lengst að vera sjálfum okkur *nógir á þessum sviðum sem fleirum. En við eigum* að horfa raunsætt á það hvaða aðstæður ríkja í viðskiptum með þessar vörur og haga verðlagseftirliti og rekstrarforminu í samræmi við það. Það þarf að mínu mati að byggja fyrst og fremst á tvennu: Það þurfa að vera í samkeppnislöggjöfinni almenn verðlagsúrræði gagnvart stöðu af þessu tagi vegna þess að það þarf engar styrjaldir til eða stjórnarákvarðanir til að gera það að verkum að þessi staða myndist. Hún er fyrir hendi og hefur verið um árabil. Gagnvart slíkum aðstæðum, sem ósköp einfaldlega eru bara fyrir hendi, þarf að vera hægt að bregðast. Ég tel það galla á þessu ágæta samkeppnislagafrv., sem er reyndar alveg prýðilegt að ræða hér í sambandi við þetta einkavæðingarmál, að þessi almennu úrræði vantar.

Að öðru leyti úr því að ég er farinn að ræða þetta á annað borð, hæstv. forseti, ætla ég að fjalla aðeins meira um þessa einkavæðingaráráttu og spurninguna: Til hvers að breyta Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag? Er það: af því bara? Hvar eru í raun og veru rökin fyrir því ef maður á að taka mark á því að ekki standi til að selja hana alveg á næstunni? Mig langar til að taka mark á því. Það er þó örlítil skynsemisglæta í því að fara ekki að tala um að henda henni út á markaðinn og reyna að selja hana á niðursettu verði eins og allt annað þessa dagana.

Ég sé ekki í fljótu bragði hvaða vandamál það leysir, hverju það breytir. Það er aðeins eitt sem ég kem auga á að breytist við það að breyta fyrirtækinu úr venjulegu ríkisfyrirtæki í hlutafélag. Hvað er það sem breytist? Það sem breytist er það að hæstv. iðnrh. tekur til við að skipa stjórn fyrirtækisins fríhendis í staðinn fyrir að hún sé samkvæmt gildandi lögum kosin af Alþingi. Það er í raun og veru ekkert annað sem breytist. Hér stendur í 5. gr. frv.: „Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins skulu skipaðir eða kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, svo og varamenn þeirra." Hvernig verður aðalfundurinn meðan ríkið á 100% og iðnrrh. eða fjmrh. fara með eignarhlut ríkisins? Þeir mæta þá báðir eða annar þeirra á aðalfundinn. Í umsögn um 5. gr. segir ekki mikið. Þar segir: „Gert er ráð fyrir að skipun eða kjör fulltrúa í stjórn fari fram með sama hætti og tíðkast hjá hlutafélögum." Þ.e. eigendur í krafti hutafjáreignar tilnefna eða kjósa stjórnarmenn. Meðan ríkið á 100% þá eru það ráðherrarnir sem fríhendis mynda stjórnina í staðinn fyrir að hún er samkvæmt gildandi lögum kosin á Alþingi. Ég segi: Það er miklu heilbrigðara fyrirkomulag í ríkis- og einokunarfyrirtæki af þessu tagi að stjórn þess sé kosin hlutfallskosningu á Alþingi. Vill hv. 17. þm. Reykv. af lýðræðiskynslóðinni koma hér upp og segja að það sé meira lýðræði í því að ráðherrar Alþfl. tilnefni fulltrúa fríhendis? Er það hugsunin? Er það sókn lýðræðiskynslóðarinnar til aukinnar valddreifingar og aukins lýðræðis? Að tala um að ábyrgð stjórnarmanna aukist. Ábyrgð gagnvart hverjum? Er verið að segja að stjórnarmenn Sementsverksmiðju ríkisins á undanförnum árum hafi ekki verið nægjanlega ábyrgir? Þetta jaðrar við róg sem hér stendur í greinargerð frv. Ég veit ekki annað en þeir menn hafi upp til hópa sinnt sínu verkefni vel *á undanförnum árum*. Það vill reyndar svo til að margir af ágætum fyrrv. og jafnvel núv. þingmönnum Vesturlands hafa verið í þessari stjórn sem fulltrúar sinna flokka en stjórnin hefur þó yfirleitt verið því marki brennd að í henni hafa verið fulltrúar allra stærstu stjórnmálaflokkanna í landinu. Það hefur skapað meiri pólitískan frið og dreifðari þátttöku í stjórninni en ella hefði verið.

Þetta er það sem fyrst og fremst breytist ef ekki

stendur til að selja hlut ríkisins á næstunni eins og mér skilst að núna sé verið að reyna að flagga með þrátt fyrir og reyndar þvert á stjórnarsáttmálann. Ef hins vegar á að selja eignarhlutinn er það orðið meira efnahagslegt atriði í mínum huga. Hvort það er mjög skynsamlegt að binda fjármagn í íslenska þjóðfélaginu í dag með því að kaupa upp eignarhluti ríkisins í fyrirtækjum efast ég um. Er mest þörfin á því t.d. í dag að losa 10 milljarða kr. í íslenska hagkerfinu til þess að kaupa Búnaðarbankann? Er það skynsamleg efnahagsleg ráðstöfun á tímum atvinnuleysis og samdráttar og þegar skortir nýtt fjármagn í nýjar fjárfestingar og ný störf? Svarið er nei. Það er auðvitað eitt það alheimskulegasta sem hægt er að gera. Þvert á móti á ríkið auðvitað að eiga sinn hlut í þeim fyrirtækjum og laust fjármagn á að leita í ný störf, nýja uppbyggingu en ekki í það að kaupa upp eignarhlut í grónum fyrirtækjum. Auk þess sem það væri að fara út í hreinar ógöngur að afhenda einkaaðilum einokunarstarfsemi af því tagi eða fyrirtæki í einokunarstöðu, með algerlega markaðsráðandi stöðu, eins og Sementsverksmiðjan er.

Það er satt best að segja dálítið dapurlegt að þessi frv. þeirra hæstv. ráðherra eða ríkisstjórnar skuli koma hér ár eftir ár. Alþingi hefur borið gæfu til að svæfa þennan pappír líklega tvö eða þrjú skipti í röð. Nú kem ég því ekki lengur fyrir mig hversu oft það hefur birst hér þetta hlutafélagsfrv. um Sementsverksmiðjuna en Alþingi hefur jafnan borið gæfu til þess að ráðstafa tíma sínum á gáfulegri hátt en þann að afgreiða þetta. Að sjálfsögðu vona ég að það geri það núna eins og áður vegna þess að ég sé ekki hvaða vanda þetta leysir. Ég hélt satt best að segja að menn væru að átta sig á að þetta er komið úr tísku. Þessi einkavæðingarblaðra er sprungin, a.m.k. þessi ofstækisstefna, trúboðið sem rekið var beggja vegna Atlantshafsins á síðasta áratug. Hafa menn ekki heyrt af því að Bush er fallinn og reganisminn úr sögunni? (**Gripið fram í:** Þeir einkavæða í Moskvu.) Já, þarna kom skynsamlegt frammíkall frá 1. þm. Vesturl. og var nú mál til komið að heyrðist í honum í þessari umræðu um Sementsverksmiðju ríkisins. Ég veit að hann ætlar glaðbeittur upp á Akranes og hæla sér af afstöðu sinni til þessa máls hér á eftir. Við skulum ræða aðeins um einkavæðinguna í Moskvu. Það er vel til fundið hjá hv. þm.

Staðreyndin er auðvitað sú að alls staðar annars staðar en á Íslandi hafa menn áttað sig á því að ofstækið í þessum efnum leiðir menn ekki til eins né neins, þvert á móti bara út í ógöngur. Það er alveg sama hvort við skoðum reynslu Breta eða Bandaríkjamanna, Nýsjálendinga eða annarra sem hafa lent á villigötum í þessum efnum. Þar eru menn unnvörpum að hverfa frá þessari stefnu sem betur fer. Menn eru ekki þar með að afskrifa það að eitt og eitt ríkisfyrirtæki, þar sem aðstæður mæla með því, geti færst yfir í hendur einkaaðila. Menn eru ekki þar með, hv. 1. þm. Vesturl., að ræða um að taka upp ríkisrekstur á nýjan leik í stórum stíl. Það er bara ekki verið að ræða um það hér. Það er verið að ræða um það hvort það sé skynsamlegt og gáfulegt að við uppi á Íslandi höldum út á þá braut að einkavæða einokunarstarfsemi á sama tíma og aðrar þjóðir hafa áttað sig á því að það eru mistök. Það eru mistök. Það hefur leitt til hærra verðs. Það hefur leitt til verri þjónustu og það hefur leitt til ófremdarástands í mörgum tilvikum, t.d. hjá Bretum sem leiddust út í það að einkavæða einokunarstarfsemi.

Það vill svo til að fyrir einu og hálfu ári eða svo þá fór ég yfir það hvernig staðan væri hjá Bretum, t.d. varðandi einkavæðinguna í símkerfinu og einkavæðinguna hjá veitustofnunum. Ég held að það væri fróðlegt fyrir fleiri en ræðumann að láta nú svo lítið og kynna sér það, reyna að losa sig við alla fordóma og ósköp einfaldlega að kynna sér það hvernig þetta hefur gengið hjá öðrum.

Ég tek undir það sem hér kom fram fyrr í umræðunni að menn verða að greina á milli þess hvers eðlis starfsemin er og í hvers konar aðstöðu þau fyrirtæki eru sem stendur til að einkavæða. Ég segi það t.d. að í mínum huga var í góðu lagi að einkavæða prentsmiðjuna Gutenberg. Þó svo þetta sé gamalt og gott fyrirtæki og hafi veitt Alþingi og hinu opinbera dygga þjónustu um langt skeið þá er það auðvitað þannig að ekkert sérstakt mælir með því að ríkið reki prentsmiðju, þ.e. eina af tugum prentsmiðja í landinu. Þess vegna er það þannig, og rétt að hv. 1. þm. Vesturl. leggi við eyrun, að ræðumaður er t.d. prýðilega sáttur við það að í slíkum tilvikum líti menn á það sem sögulegan arf sem sé barn síns tíma að ríkið átti þessa prentsmiðju en það sé í góðu lagi að færa hana með skynsamlegum hætti yfir í hendur einkaaðila. Sömuleiðis tel ég að sú breyting sem átti sér stað á Ferðaskrifstofu ríkisins á sínum tíma sem í áföngum var komið yfir í hendur starfsfólksins hafi verið tiltölulega skynsamleg og að lokum tókst með nokkuð farsælum hætti að losa í áföngum eignarhlut ríkisins út úr ferðaskrifstofurekstri og koma honum í hendur starfsfólksins enda var þar um viðráðanlega stærð að ræða og margt sem mælti með að sú breyting yrði gerð. Sama á auðvitað við um Síldarverksmiðjur ríkisins sem er í samkeppni við bræðslur annars staðar í landinu. Það er miklu nær að menn skoði það hvort ríkið geti ekki með einhverjum hætti losað sig smátt og smátt út úr slíkum atvinnurekstri. Það er alls óskylt því að leggja til að einkavæða starfsemi af þessu tagi.

Ég vil helst ræða málið með þessum hætti, hæstv. forseti, án allra trúarbragða eða fyrir fram sannfæringa. Ég hef sem sagt enga sérstaka heilaga trú í þeim efnum að ekki megi breyta um rekstrarform í ýmsum tilvikum þar sem ríkið hefur áður í ljósi löngu liðinna aðstæðna staðið fyrir ákveðnum atvinnurekstri. Í því felst engin gagnrýni á það sem gert var í þá daga þegar t.d. var verið að byggja hér upp mjöliðnaðinn í landinu eða koma upp ferðaþjónustu í gegnum nýtingu á heimavistarhúsnæði skólanna með rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins. Það var mjög skynsamleg, þörf og góð aðgerð á sínum tíma og hefur lyft grettistaki í okkar ferðaþjónustu en það var við aðrar aðstæður og á öðrum tímum. Nú hafa tímarnir breyst og vonandi mennirnir með og þá á mönnum ekkert að vera að vanbúnaði að endurskoða afstöðu sína til slíkra hluta. Alveg

eins er það austur í Moskvu, hv. 1. þm. Vesturl., sem er sérstakur áhugamaður um Moskvu heyri ég, ég ætla að vona að þeir verði gæfusamir þar í því að koma einkarekstri á fót á fjölmörgum sviðum í sínu atvinnulífi þar sem hann er örugglega skynsamlegra form en sá miðstýrði búskapur sem þar var áður og gafst misvel eins og við allir þekkjum. En ég ætla líka að vona að þeir verði svo gæfusamir að vera ekki haldnir ofstæki í þessum efnum og láti sér t.d. ekki detta í hug að einkavæða félagslega þjónustu, velferðarkerfið eða fyrirtæki sem hafa sjálfkrafa einokunaraðstöðu eða markaðsráðandi aðstöðu í þjóðfélaginu. Það er vitleysa og kemur í bakið á mönnum að láta ofstækið hlaupa með sig þannig í gönur.

Hæstv. forseti. Mín síðustu orð um þetta sem er kannski ekki ástæða til að fjölyrða mikið um, ýmsum finnst það örugglega ástæðulaust, m.a. hæstv. starfandi iðnrrh. sem ég sé að á erfitt með að hemja sig við að halda athygli sinni við þessa umræðu. Gæti kannski hugsast að iðnaðarmálin liggi ekki sérstaklega fyrir hæstv. ráðherra sem hefur aðallega hugsað um utanríkismál síðasta hálfan áratug. Ég ætla að segja það, hæstv. forseti, með þínu leyfi við hæstv. utanrrh., að ég held við höfum margt þarfara að gera á Íslandi í dag en að skakast á svona hlutum eins og því að breyta Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag. Ég held að við ættum að reyna að snúa okkur að því að bjarga því sem bjargað verður í íslensku atvinnulífi og íslenskum efnahagsmálum og geyma svona pappíra einhvers staðar djúpt niður á skúffubotninum á meðan við erum að sinna brýnum og aðkallandi verkefnum. Þetta er ekki framfaraspor. Þetta er tiltölulega og ég vil leyfa mér að segja fullkomlega óþarft frv. Það er ekkert framfaraspor á nokkurn hátt í okkar atvinnumálum og okkur er mikið nær að snúa okkur að því að taka á brýnni málum.

Það liggur við að mig langi til að leggja eina spurningu fyrir hæstv. starfandi iðnrrh., af strákskap kannski, en ég geri það nú samt. Hún er: Hversu langt á þessi hlutafélagaárátta að ganga? Hefur hæstv. ríkisstjórn farið yfir það með tæmandi hætti hvað hún sér fyrir sér á næstu árum að hún vilji ganga langt í því að breyta starfsemi í hlutafélög? Það gæti verið fróðlegur listi. Það var verið að hvíslast á um það úti í salnum áðan hvort t.d. yrði ekki að stofna hlutafélag um rekstur nýja gufubaðsins í Arnarhváli. Einn hv. þm. sagði að það yrði að vera almenningshlutafélag. Ekki skal ég segja um það. Hvar vill hæstv. ríkisstjórn láta staðar numið í þessari hlutafélagatrú sinni?

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. iðnrh. hvort skilningur minn á ákvæðum 5. gr. laganna sé ekki kórréttur. Hvort það sé ekki meiningin, verði frv. að lögum, að þá skipi hæstv. iðnrh., sem fer með málefni verksmiðjunnar og þessi lög, stjórnina fríhendis svo lengi sem verksmiðjan er öll í eigu ríkisins. Þar með felist breytingin fyrst og fremst í því og í raun og veru praktískt talað í því einu að í stað þingkjörinnar stjórnar komi þessi einlita stjórn skipuð af hæstv. iðnrh. Láta mun nærri miðað við reynsluna hvernig liturinn verður á henni.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér ganga hálfgerðar vofur aftur verður að segjast. Þetta mun vera í sjötta sinn sem þetta frv. fer í gegnum sali Alþingis. (**ÓS:** Er það Steingrímur Jóhann?) Ég var að tala um frv., hv. 17. þm. Reykv. Þetta mun vera í sjötta sinn sem frv. er endurflutt.

Hér er verið að ræða um að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag. Þótt það standi hvergi að það eigi að selja það hljótum við að taka það sem markmið sem stendur í sáttmála ríkisstjórnarinnar, svokallaðri Hvítbók. Það hefur komið hér fram að það getur náttúrlega verið ágætt að breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög, þ.e. ef þau eru þannig vaxin eða að starfsemi þeirra hafi eðlilega samkeppnisaðstöðu, þau hafi frjálsari hendur með ákvarðanatöku um að breyta starfseminni og fara út í aðra starfsemi. Þetta tel ég og margir fleiri að gildi sérstaklega ef þau eru í samkeppni við aðra. Þá er komið að kjarna þessa máls. Þetta fyrirtæki er ekki í samkeppni við aðra og það er ekkert útlit fyrir að það verði það á næstu árum. Þessi starfsemi er nú einu sinni þannig að ekki er útlit fyrir það að á okkar markaði verði annað sams konar fyrirtæki sett á laggirnar.

Ef við skoðum hvernig hefur til tekist í sambandi við það að selja fyrirtæki hér á Íslandi, förum ekki svo langt að skoða þetta í Bretlandi eða Bandaríkjunum heldur skoðum hvernig hefur gengið þegar einokunarfyrirtæki hafa verið seld á Íslandi, þá er auðvitað nærtækast að taka dæmi sem margir muna örugglega eftir. Það er Birfreiðaeftirlit ríkisins. Birfreiðaeftirlit ríkisins hafði hér einokunaraðstöðu. Það fyrtæki var selt. Hvernig hefur reynslan verið af því? Hún hefur að flestra dómi held ég ef ekki allra verið sú að það fyrirtæki hefur nýtt sér þá einokunaraðstöðu sem það hefur á markaðnum. Það hækkaði sína gjaldskrá margfalt og það virtist ekki koma neinum til góða að selja það fyrirtæki og einkavæða það nema þeim sem fengu það fyrir lítið og gátu síðan makað krókinn í skjóli þess að hafa einokun.

Í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir að skipun eða kjör fulltrúa í stjórn fari fram með sama hætti og tíðkast hjá hlutafélögum. Þar er í raun og veru verið að herða einokun í þessu fyrirtæki vegna þess að í 10. gr. segir: „Iðnrh. fer með eignarhluta ríkisins í félaginu." Það þýðir auðvitað að iðnrh. er einn um að skipa stjórn fyrirtækisins.

Ég tel því að það áform að ætla að breyta þessu atvinnufyrirtæki í hlutafélag með það að markmiði að það sé eitthvað hagstæðara fyrir fyrirtækið eða hagstæðara fyrir neytendur standist engan veginn. Reynslan sýnir okkur að það gerist ekki þegar fyrirtæki hafa einokun og jafnframt kemur það fram í þessum tveimur greinum sem ég nefndi að stjórnin er ekki lengur kjörin af Alþingi heldur skipuð af iðnrh. Ég man ekki betur en að í umræðum á síðasta þingi, þegar rætt var um frv., hafi jafnvel iðnrh. viðurkennt að ekki hafi tekist nógu vel til í sambandi við sölu Bifreiðaeftirlit ríkisins. Það bendir það til þess að a.m.k. stjórnarliðar og þeir sem um þetta hafa fjallað séu ekki allt of vissir um að þetta sé gott mál þar sem það hefur aldrei kom-

ist í gegnum þingið. Ég vænti þess að svo fari einnig í þetta sinn, að ekki verði lengra haldið en kynna frv. hér. Það virðist vera orðið hálfgert trúaratriði hjá hæstv. iðnrh. að koma hér fram með frv. sem hann er búinn að leggja fram, jafnvel þótt hann viti að ekki sé hljómgrunnur fyrir þeim, ekki heldur innan hans eigin raða.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um frv. Ég tel að svo margir séu búnir að benda á ýmsa annmarka í því, sérstaklega í sambandi við starfsmenn og eins það sem ég hef verið að rekja um einokunaraðstöðu fyrirtækisins. Ég tel rétt að vísa frv. frá á þeim forsendum að það er á engan hátt til bóta í þessu þjóðfélagi að frv. verði að lögum.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið en hún hefur verið þarfleg að því leyti til að menn eru að ræða grundvallaratriði í stefnu ríkisstjórnarinnar sem er það hvort rétt sé að einkavæða fyrirtæki eða taka skrefið sem á undan er, að breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög og síðan e.t.v. að taka næsta skref og selja þau. Í þessari umræðu hefur komið fram tvennt sem er nokkuð mikilvægt og merkilegt. Þannig hafa tveir hv. þm. Framsfl. talað og það hefur ekki verið hægt að skilja annað af máli þeirra en að í grundvallaratriðum sé Framsfl. ekki á móti einkavæðingunni. (Gripið fram í.) Bæði hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir og hv. þm. Finnur Ingólfsson hafa talað þannig að þótt á þessu tiltekna máli séu agnúar sem þau felli sig ekki við séu þau almennt ekki á móti því að ríkisfyrirtæki séu gerð að hlutafélögum. Ég skildi líka mál beggja þingmannanna þannig að þau gætu líka fellt sig við það að slík fyrirtæki, hlutafélög í eign ríkisins, væru seld. Ef það er rangt þætti mér vænt um að það kæmi fram vegna þess að ég tel að það sé mikilvægt að afstaðan liggi fyrir.

Ég skildi jafnframt mál þeirra tveggja hv. þm. Alþb. sem hér hafa talað þannig að þeir séu í grundvallaratriðum á móti því að breyta ríkisfyrirtækjum yfir í hlutafélög. Ég skildi a.m.k. mál hv. þm. Jóhanns Ársælssonar þannig. Hins vegar hefur það komið fram hér áður að sá þingmaður Alþb. sem hefur mest vit á rekstri, hefur mest komið nálægt því og hefur dýpsta þekkingu á því, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, hefur lýst því yfir í umræðum um skylt mál að vísu að hann sé í grundvallaratriðum ekki á móti því að breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög. Þetta finnst mér í sjálfu sér rétt að draga hér fram. Mér sýnist að Kvennalistinn sé hins vegar á móti þessu. Ég hef skilið mál þeirra þannig.

Varðandi Sementsverksmiðjuna, sem við erum að ræða hér, er það hins vegar svo að það er óskaplega erfitt að festa hönd á þeim rökum sem beitt er gegn þessu tiltekna frv. Ég verð að segja að ég tel þetta frv. gott frv. og tel að breyta eigi Sementsverksmiðjunni í hlutafélag. Einhvern tíma síðar tel ég að það sé í lagi að reyna að selja það. Ég tel að fyrsta skrefið sé að breyta henni fyrst í hlutafélag.

Það er rétt að í Hvítu bókinni kemur fram að selja eigi Sementsverksmiðjuna. Ég er hins vegar ekki þeirrar skoðunar að það verði mjög auðvelt. Ég tel að því miður sé ekkert fjármagn á lausu í landinu til þess að gera slíka hluti. Hins vegar tel ég að sú skylda hvíli á fyrirtækjum og stórfyrirtækjum sem hafa góða eiginfjárstöðu, til að mynda Sementsverksmiðjan, að reyna að taka þátt í því að byggja upp atvinnulífið hér á landi og taka þátt í nýjum fyrirtækjum. Ekki síst þess vegna tel ég nokkuð gott að fyrirtæki eins og Sementsverksmiðjan séu gerð að hlutafélögum vegna þess að það gerir stjórnun þeirra miklu ábyrgari og sveigjanlegri. Það er auðveldara fyrir þau að eiga frumkvæðið að nýjum fyrirtækjum sem tengjast rekstri þeirra. Auðveldara er fyrir þau að taka slíkar ákvarðanir án þess að þurfa að fara til ríkisvaldsins og biðja um það, auðveldara fyrir þau líka að fá önnur fyrirtæki inn í slíka nýsköpun, auðveldara að draga inn fjármagn. Þetta er mín skoðun. Þess vegna segi ég að það er ekkert á móti því að breyta Sementsverksmiðjunni í hlutafélag.

Menn hafa haft það á móti þessu frv. að verð á sementi muni hækka og það er réttmæt athugasemd. Sementsverksmiðjan nýtur fjarlægðarverndar. En hvaða breyting verður við það að taka Sementsverksmiðjuna úr eigu ríkisins í því formi sem hún er núna og gera hana að hlutafélagi þar sem öll hlutabréfin a.m.k. til að byrja með, — takið eftir, a.m.k. til að byrja með, eru í eigu ríkisins? Hvernig er verðlagning á sementi í dag? Hún er þannig í raun og veru eftir því sem hæstv. gegnandi iðnrh. hefur sagt að verðlagsyfirvöld en ekki eigendur fulltrúa fyrirtækisins hafa á síðustu árum haft síðasta orðið um verðlagningu á sementi. Með öðrum orðum: það mun ekkert breytast við að Sementsverksmiðjan verður gerð að hlutafélagi í eigu ríkisins. Er það ekki rétt? Við getum því a.m.k. sagt að þeir sem hér hafa talað ættu á þeim forsendum ekki að geta verið á móti frv.

Tökum síðar til skoðunar næsta skref sem gæti verið sala á hlutabréfum þar sem hluti bréfanna eða öll yrðu seld. Ég tel að vísu að ekki muni takast að selja öll hlutabréfin, en ef það gerðist, hvað mun þá breytast? Áfram verður Sementsverksmiðjan, eins og hún er í dag, með yfirburðastöðu á markaðnum. Það mundi auðvitað leiða til þess að verðlagsyfirvöld mundu setja það undir enn meiri smásjá og eftirlit. Fyrirtækið yrði eftir sem áður undir smásjá verðlagsyfirvalda. (Gripið fram í.) Með aðstoð góðra þingmanna hefur það dugað. Ég sé þess vegna ekki alveg muninn á þessu.

Varðandi frv. sem hefur réttilega verið dregið inn í umræðuna, þ.e. frv. um samkeppni og einokun, get ég alveg sagt og hef sagt að það eru ýmsir gallar á því frv. Ég stóð hins vegar í þeirri trú að góð samstaða væri í nefndinni og góð vinna í gangi til þess einmitt að taka á verstu göllunum í því frv. Og ég hygg að alveg sama hvað menn segja um skilgreiningar og hvort skilgreiningu vanti á því hvaða fyrirtæki er markaðsráðandi þá megi það vera léleg skilgreining, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, ef Sementsverksmiðjan sem eina verksmiðja sinnar tegundar hér á landi fellur ekki undir hana. Ég verð því að segja að þó að þessi umræða hafi verið málefnaleg finnast mér rökin gegn frv.

ekki nógu sterk og ekki nógu grunduð.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil leiðrétta það að ég sé í grundvallaratriðum á móti því að breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög. Það er ekki rétt lýsing á minni afstöðu. En þegar ég er á þeirri skoðun að breyta megi ríkisfyrirtæki í hlutafélag er ég um leið að segja að mér finnst allt í lagi að selja hlutafé í fyrirtækinu. Það hef ég t.d. sagt um Síldarverksmiðjur ríkisins. Ég tel að því fylgi út af fyrir sig ekkert sérstakt vandamál að hlutafélagaformið sjálft sé tekið upp hjá Sementsverksmiðju ríkisins. Vandamálið er ekki þar. Vandamálið er að við höfum ríkisstjórn sem er búin að segja að hún ætli að selja fyrirtækið. Og við verðum auðvitað að taka mark á því.

Hv. þm. spurði áðan: Af hverju eruð þið á móti þessu ef ekkert mun breytast? Það er nákvæmlega svarið sem ég var að gefa áðan. Við getum ekki treyst því að ekkert breytist. Það eru yfirlýsingar um allt annað. Það er gert ráð fyrir því að fyrirtækið verði selt og þar með eru þessar hættur og vandamál fyrir hendi sem menn hafa verið að lýsa hér.

Það er ekki nóg að halda því fram að einokuninni verði afstýrt með eftirliti. Það mun verða mikil krafa um arð af því fé sem menn koma til með að leggja í þetta fyrirtæki eftir að farið verður að selja hlutabréfin á almennum markaði.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 17. þm. Reykv. varpaði fram þeirri spurningu hvort Kvennalistinn væri á móti einkavæðingu. Það er alls ekki svo að við séum almennt á móti einkavæðingu en það er auðvitað spurning um hvað er verið að einkavæða.

Við höfum höfum nefnt að það er nauðsynlegt að skilgreina hlutverk ríkisins upp á nýtt út frá ýmsum þeim breytingum sem hafa átt sér stað og að spyrja sig þeirrar spurningar í hvaða rekstri ríkið eigi að vera. Ég get verið sammála því sem hér kom fram fyrr í dag að t.d. á ríkið ekki að vera að reka prentsmiðju. Ríkið á ekki að vera í rekstri þar sem aðrir aðilar veita þjónustu. En þegar kemur að fyrirtækjum þar sem ríkið hefur setið eitt að þjónustunni, þá spyr maður auðvitað: Er eitthvað betra að einkaaðilar stundi einokun en ríkisfyrirtæki, fyrirtæki í eigu almennings? Menn verða auðvitað að skoða allt sem fylgir slíkum breytingum og reyna að meta reynslu annarra þjóða, t.d. Breta þar sem stór ríkisfyrirtæki sem hafa setið ein að þjónustunni hafa verið einkavædd. Það hefur einungis leitt til þess að þjónustan hefur orðið dýrari. Menn verða því aðeins að skoða hvað er verið að gera þegar einkavæðing á sér stað, en við erum vissulega tilbúnar til að skoða ýmis þau dæmi sem hér hafa verið til umræðu.

Hins vegar dreg ég mjög í efa að ríkið muni ná því fram sem það ætlar sér nú á næsta ári með sölu ríkisfyrirtækja. Eins og reynslan hefur sýnt á þessu ári virðist ekki vera mikill markaður fyrir slíkar eignir og ég tel rétt að mótmæla því að mínar eignir og annarra þjóðfélagsþegna séu seldar á útsöluprís.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið gagnleg umræða. Hún hefur verið málefnaleg sem sýnir þrátt fyrir allt að hægt er að finna viss merki um þroska hjá þessari ágætu stofnun.

Þegar núv. ríkisstjórn kom fram með sína stefnu, sem að ýmsu leyti braut í blað m.a. varðandi ríkisfyrirtæki, og talaði um það hátt og í hljóði að hún hygðist breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög var það alveg ljóst að obbinn af stjórnarandstöðunni var því andsnúinn. Nú hefur umræðan síðasta eitt og hálfa árið þó leitt til þess að hér hafa í dag fulltrúar allra stjórnarandstöðuflokkanna talað þannig að þeir séu komnir á þá skoðun að það sé ekki í grundvallaratriðum gegn þeirra stefnu að breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög. Ég geri þess vegna ráð fyrir því að þegar hæstv. gegnandi iðnrh. er búinn að sinna sínu núverandi embætti talsvert lengur, muni hann væntanlega leiða ykkur öll til frekari þroska þannig að eftir eitt og hálft ár verðið þið líka sannfærð um að það sé sennilega í lagi að selja a.m.k. hluta af hlutabréfum ríkisfyrirtækjanna sem þá eru orðin að hlutafélögum.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 17. þm. Reykv. er mikill bjartsýnismaður og gerir manni upp skoðanir. Ég vil benda á að það sem verið er að gera með þessu frv. um Sementsverksmiðju ríkisins er kannski fyrst og fremst það að færa meiri völd í hendur hæstv. iðnrh. Hann er með þessu að taka til sín mikið vald. Hann á að skipa stjórnina til að byrja með og hann fer með hlut ríkisins. Hans vald í þessu fyrirtæki verður því býsna mikið og ég sé ekki mikla lýðræðisþróun í slíku fyrirkomulagi.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í dag búum við við afskaplega staðnað og erfitt athafnalíf hér á landi. Ég sagði í minni fyrri ræðu að það skipti miklu máli að þau fyrirtæki sem hafa bærilegt eigið fé taki þátt í því að byggja upp vaxtarbrodda í iðnaði til að mynda. Menn hafa hér verið að tala um hvort lýðræði sé fólgið í því að breyta því að þetta þing kjósi meira og minna fólk úr sínum eigin röðum til þess að stjórna þessum fyrirtækjum eða að einhver einn tiltekinn ráðherra fái vald til að skipa menn sem hafa miklu betra vit á rekstri en við sem erum í þessum sölum. Ég verð að segja að ég tel miklu betra ef menn fara út í það að taka fyrirtæki eins og Sementsverksmiðjuna, sem hefur góða eiginfjárstöðu, og breyta henni í hlutafélag m.a. til þess að veita henni betra svigrúm til þess að taka þátt í nýjum fyrirtækjum á sínu sviði að þar séu í stjórn menn sem eru sérfræðingar og hafa miklu meira vit á því að véla um þessi mál heldur en þið og við.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst satt að segja að þetta hafi að mörgu leyti verið fróðleg og gagnleg umræða og til marks um hvað hv. 17. þm. Reykv. er snjall við að snúa umræðunni í kringum það sem honum sjálf-

um finnst henta, þ.e. það hvort við stjórnarandstæðingar erum hlynntir því eða ekki að mynduð verði hlutafélög. Hann talar eins og það séu einhverjar gífurlegar fréttir og hæstv. iðnrh. hafi tekist að sannfæra stjórnarandstöðuna um að það megi mynda hlutafélög. Ég hef satt að segja aldrei heyrt aðra eins lofgjörð til hæstv. iðnrh. og mér finnst hann illa fjarri góðu gamni eða kannski frekar grimmu sem formaður þingflokks Alþfl. stendur hér fyrir.

Málið snýst kannski ekki alveg svona heldur frekar um hitt. Er það þannig að Alþfl. sé á móti félagslegum rekstri af hvaða tagi sem er? Er Alþfl. alltaf sammála því að breyta rekstri ríkisfyrirtækja í hlutafélag? Svarið er nei. Alþfl. hefur beitt sér mjög fast gegn því t.d., eða vissir einstaklingar í honum, að Búnaðarbankinn verði hlutafélag. Með öðrum orðum hafa tilteknir menn í Alþfl., eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, vilja meta hlutina eftir aðstæðum hverju sinni. Það er auðvitað nákvæmlega það sem við stjórnarandstæðingar í hvaða flokki sem við erum af þessum þremur stjórnarandstöðuflokkum höfum yfirleitt viljað gera. Menn vilja meta hlutina hverju sinni.

Í þessu sambandi vil ég nefna það sérstaklega af því að ríkisprentsmiðjan Gutenberg sem var hefur dregist inn í tal manna. Hverjir ætli hafi helst ýtt á það við hæstv. iðnrh. þáv. og reyndar núv. líka að ríkisprentsmiðjan Gutenberg yrði gerð að hlutafélagi? Það voru m.a. þeir sem unnu með honum í ríkisstjórn á þeim tíma og voru ekki endilega í Alþfl. (**ÓS:** Þið gerðu hann að einkavæðingarsinna.) Nei, það er ekki svo, hv. þm., að við höfum þurft að beita okkur fast fyrir því að gera hann að einkavæðingarsinna. Hann hafði auðvitað smávegis af þeim bakteríum í sér áður.

Ég held þess vegna að við eigum ekki að vera að setja hlutina upp á þessu plani. Við þurfum þess ekki. Við eigum að skoða málin málefnalega eins og þau koma fyrir. Auðvitað er það þannig að stundum á það við að fyrirtæki verði gerð að hlutafélögum. Stundum á það við að fyrirtæki séu ríkisfyrirtæki, stundum bæjarfyrirtæki, stundum hvort tveggja og það er enginn endanlegur dómur til í þessu efni um öll fyrirtæki. Það væri auðvitað barnaskapur að halda slíku fram. Það hefur enginn gert í raun og veru nema mér hefur fundist örla á því í Sjálfstfl. og hjá vissum einstaklingum í Alþfl. að þar væru komnir málflytjendur einkavæðingar sem ganga svo langt að segja: Það á að einkavæða allt endilega af því að það er einkavæðing. Það má ekki vera til neinn félagslegur rekstur. Það er þessi manntegund sem ég hef hallað heilagsandahoppara. Þeir hafa tekið trú á tiltekin atriði og í staðinn fyrir að temja sér aðferðir skynseminnar hafa þeir ákveðið að trúa á það að einkavæðing og aftur einkavæðing leysi allan vanda. Það er bara ekki þannig. Stundum leysir hún einhvern vanda og þá notum við hana. Um það eru engar deilur hér. Þeir sem eru að efna til rifrilda um það mál hér eru að óska þess að þingið fari fram eftir sömu forsendum og það gerði kannski fyrir 50 eða 60 árum. Þetta er löngu liðin tíð og löngu liðin deila.

Vandinn sem við stöndum frammi fyrir hér, virðulegi forseti, varðandi þetta frv. er hins vegar ekki fyrst og fremst grundvallardeilan. Hún er ekki aðalvandinn. Það er alveg ljóst. Það hefur komið fram m.a. hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að það er ekki grundvallarvandinn í þessu máli. Grundvallarvandinn í þessu máli er fyrst og fremst starfsmennirnir af því að ekki hafa verið settar reglur um það hvernig á að fara með réttindi starfsmanna þegar fyrirtækjum er breytt úr ríkisfyrirtækjum í hlutafélög. Þarna hefur ríkisstjórnin því miður ekki unnið sína heimavinnu.

Ég vil segja að ég tel bera vel í veiði að formaður Alþfl. skuli vera sá sem mælir fyrir frv. vegna þess að ég vil koma á framfæri við hann ákveðnum mjög mikilvægum skilaboðum sem eru þau að fjmrh. og iðnrh. áttu auðvitað fyrir mörgum mánuðum að taka upp viðræður við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og aðra slíka aðila um hvernig hægt sé að standa að einkavæðingu fyrirtækja burt séð frá því hvernig biðlaunarétti og lífeyrisrétti er komið fyrir. Þetta snertir öll fyrirtæki af þessu tagi sem menn vilja einkavæða. Ég held að þessi vanræksla á heimavinnu sé ástæðan til þess að þetta mál, síldarverksmiðjumálið, staðlaráð Íslands hét það minnir mig í fyrra og fleira af því tagi, hafa strandað af því að menn hafa ekki unnið sína heimavinnu.

Auðvitað þarf að vera til leið til þess að einkavæða fyrirtæki sem er samstaða um, ekki aðeins pólitísk leið heldur líka samstaða um við viðkomandi stéttarfélög, þ.e. við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Auðvitað verður að vera til slík leið og auðvitað er ekki samið um slíka leið nema í kjarasamningum. Hún verður ekki ákveðin einhliða af ríkisstjórn hver sem hún er. Það er í raun og veru kjarni þessa máls að þessi vinna ríkisstjórnarinnar hefur ekki verið unnin. Það snertir ekki bara þetta frv. heldur öll önnur frumvörp af þessu tagi.

Um þetta má lesa sér til í ítarlegum greinargerðum sem hafa verið nefndar af hv. þm. á undan mér í prýðilega greinargóðum ræðum og kannski ekki síst í ræðu hv. 11. þm. Reykv. Þar gat hann um að frv. er í raun og veru ekki afgreiðslutækt eins og það er af tæknilegum og efnislegum ástæðum gagnvart stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Það eru þrjú atriði sem skipta þarna máli.

Í fyrsta lagi að frv. gerir ráð fyrir því að menn verði fluttir frá ríkinu til hlutafélagsins í sambærileg störf. Það liggja fyrir tveir hæstaréttardómar um að það eru ekki til sambærileg störf hjá einkaaðila miðað við þau störf sem eru hjá ríkinu. Það liggja fyrir tveir hæstaréttadómar um þetta mál þannig að það þarf ekkert að eyða frekari tíma í að skoða það. Þess vegna þurfa menn að eyða tíma í að semja sig út úr þessu ef þeir vilja vera að einkavæða og auðvitað þarf að vera hægt að einkavæða fyrirtæki.

Annað atriði sem skiptir máli er biðlaunarétturinn. Það þarf að semja um það mál líka. Biðlaunarétturinn snýst ekki um að menn séu á tvöföldu kaupi eins og það er stundum kallað og menn þenja sig mikið út af því. Í lögfræðilegum álitsgerðum sem okkur bárust í iðnn. Alþingis í fyrra segir svo, með leyfi forseta:

„Biðlaunagreiðslunni verður ekki jafnað til greiðslu launa í uppsagnarfresti. Greiðslan felur í sér bætur fyr-

ir ýmis sérstök réttindi sem starfsmenn ríkisins njóta umfram aðra launþega sem falla niður þegar staða ríkisstarfsmanns er lögð niður og hann fær ekki sambærilegt starf hjá ríkinu."

Þriðja atriðið snertir síðan lífeyrisréttinn alveg sérstaklega og spurninguna um hver á að borga lífeyrisréttinn. Það er mjög athyglisvert hvaða orð Gestur Jónsson lögmaður notar um þessi mál í greinargerð sem okkur barst í iðnn. í fyrra. Hann segir, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi er verið að gera tillögu um að lögfesta reglu sem ætlað er að taka lögbundin og áunnin réttindi af tilteknum hópi einstaklinga og reglan á einmitt að koma til framkvæmda þegar áunnu réttindin eiga að verða virk. Að mínu mati er rétturinn til biðlauna hjá núverandi starfsmönnum Síldarverksmiðja ríkisins einstaklingsbundin réttindi þeirra einstaklinga sem í hlut eiga og þau verða ekki tekin af þeim án fullra bóta vegna ákvæðis 67. gr. stjórnarskrárinnar." — Síðan segir: „Ef heimilt væri með lögum að skerða bótalaust slík áunnin réttindi er vandséð að eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar hefði mikið innihald."

Síðan segir, sem hæstv. utanrrh. örugglega kannast vel við frá því að við ræddum tiltekna setningu bráðabirgðalaga fyrr á öldinni þegar við vorum báðir aðeins yngri: „Á sama hátt telst þessi regla brot á jafnréttisreglunni sem talin er felast í stjórnarskránni, þ.e. það er ætlunin að afnema lögbundin og áunnin réttindi hjá einungis þessum þrönga afmarkaða hópi manna, en sömu lögbundnu réttindin verða áfram virk hjá öllum öðrum starfsmönnum ríkisins. Er hugsanlega ætlunin að Alþingi taki afstöðu til þess hverju sinni með löggjöf hvort og þá hverjir starfsmanna ríkisins fái notið áunninna lögbundna kjara? Slíkt gengur auðvitað ekki."

Til hvaða deilu er ég að vitna? Ég er að vitna til deilu þáv. ríkisstjórnar við Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, þar sem niðurstaðan var sú að sett voru bráðabirgðalög sem tóku af almenn réttindi en ekki þau réttindi sem takmörkuðust við þennan hluta launamanna af því að það myndi vera brot á jafnréttisreglu stjórnarskrárinnar og þar af leiðandi ekki lagasetningartækt.

Þess vegna er það alveg augljóst mál, virðulegi forseti, hvernig sem það er skoðað og hvaða skoðun sem menn hafa á einkavæðingu og Sementsverksmiðjunni og öllu þessu, að frv. eins og það liggur hér fyrir það gengur ekki upp. Það stenst ekki. Ég vil segja það líka að ég tel að þar sé ekki við neinn annan að sakast en ríkisstjórnina í heild og fjmrn. Ég tel t.d ekki hægt að sakast við einstaka embættismenn í iðnrn. eða sjútvrn. sem hafa unnið þessi frv. sem við erum að fjalla um. Þeir hafa verið að vinna sín verk. Þeir sem eiga eftir að vinna *sína pólitísku heimavinnu* eru í raun og veru fyrst og fremst forsrh. og fjmrh. og utanrrh. sem formaður annars stjórnarflokksins vegna þess að það verður að fara í viðtöl við opinbera starfsmenn um það hvernig þessu á að koma fyrir. Þannig snýr málið. Ég skora á hæstv. utanrrh. að beita sér fyrir því að það verði gert.

Annað atriði sem ég ætlaði að vekja athygli á er að stjórn Sementsverksmiðju ríkisins hefur gert tillögu um breytingar á þessu frv. sem er ekki hlustað á. Það er satt að segja dálítið sérkennilegt og engin rök eru flutt fyrir því af hverju tillögunni er hafnað.

Stjórn Sementsverksmiðju ríkisins sendi bréf, dags. 4. febr. 1992, til iðnn. Alþingis þar sem segir m.a.:

„Vísað er til bréfs iðnn. Alþingis, dags. 10. des. 1991, þar sem óskað er eftir umsögn stjórnar verksmiðjunnar á frv. til laga um Sementsverksmiðju ríkisins. Erindið var tekið til afgreiðslu á fundi stjórnarinnar 4. þessa mánaðar. Þrír stjórnarmenn geta stutt frv. ef gerð verður breyting á 8. gr. þess og hún verði svohljóðandi:

Ríkissjóður getur ekki boðið hlutabréf í Sementsverksmiðjunni til sölu nema hafa til þess samþykki þriggja fjórðu hluta atkvæða á Alþingi." — Þ.e. það þurfi aukinn meiri hluta.

Nú getur auðvitað vel verið að staðan sé þannig að ríkisstjórnin og hæstv. iðnrh. telji að þetta sé svo vitlaus samþykkt stjórnar Sementsverksmiðjunnar að það taki því ekki að tala um hana og menn láti sér nægja að láta heyrast í sér hnussið þegar þessi tillaga er á annað borð nefnd. En hún er nú einu sinni niðurstaða verulegs hluta stjórnar Sementsverksmiðju ríkisins og ég segi alveg eins og er að ég tel að stjórnin og stjórnarmenn eigi það inni hjá ríkisstjórninni að hún svari því af hverju tillögunni er hafnað.

Ég vil í þriðja lagi, virðulegi forseti, vekja athygli á því að þetta frv. og framlagning þess er ótrúleg frá einu sjónarmiði sérstaklega. Það er að í rauninni er verið að flytja tvö frumvörp en ekki eitt. Iðnrh. flytur eitt frv. en fjmrh. annað því með þessu frv. birtist sem fskj. greinargerð frá fjmrn. sem segir allt annað um nauðsyn breytinga á þessu máli en iðnrn. segir. Fjmrn. mótmælir t.d. sérstaklega 6. og 7. gr. frv., telur þær óþarfar og segir: „Óvenjulegt er að lögfesta ákvæði sem þessi og gætu þau verið til þess fallin að hafa áhrif á verðmæti hlutabréfa í félaginu við sölu þeirra."

Í umsögn sem fjmrn. sendi frá sér til iðnn. á síðasta þingi er enn þá skarpar til orða tekið í þessu efni. Fjmrn. gerir sex breytingartillögur við stjfrv. Út af fyrir sig vissum við vel að þetta var sérkennileg ríkisstjórn og brautryðjandi á eiginlega öllum sviðum. Ekki bara það að hún vildi helst selja allt nema einn og einn maður í ríkisstjórnarliðinu sem ekki vill selja Búnaðarbankann. Nú er svo komið að ríkisstjórnin er farin að flytja frv. sem eru ekki studd nema af helmingnum af *ríkisstjórninni því Sjálfstfl. sem væntanlega er fjmrn.*, fjmrh. er þar að minnsta kosti, er með allt annað frv. hérna. Fjmrn. flytur sex breytingartillögur við stjfrv. Það er vissulega nýlunda að einstök ráðuneyti flytji breytingartillögur við stjfrv. Þetta er sniðugt. Það mætti kannski spara ríkisstjórnarfundi, fella þá bara niður og fagráðherrarnir sendi breytingartillögur hér inn á færibandi. Ég veit að hæstv. utanrrh. hefði gaman af því að gera breytingartillögur við sumar vitleysurnar sem hann telur að komi frá hæstv. landb.- og samgrh. Það væri gaman að sjá þær breytingartillögur. En hér gerir einn ráðherrann breytingartillögur við stjfrv.

Í fyrsta lagi: Hver er fyrsta breytingartillaga fjmrn.?

(**Forseti:** Ef forseti má trufla ræðu hv. þm. og vekja athygli hans á því að klukkan er núna fjögur. Það er ekki ætlunin að vera lengur á þessum fundi en til fjögur. Hv. þm. er velkomið að fresta ræðu sinni en ef hann gæti lokið henni á fimm mínútum mundi forseti halda þessum fundi áfram um þær mínútur.) Það er best að ég ljúki ræðu minni á fimm mínútum, virðulegi forseti.

Í fyrsta lagi flytur fjmrn. breytingartillögu varðandi biðlaunaréttinn. Það þurfi að taka fram að hann falli örugglega niður og ekki nóg að segja það svona loðið heldur þurfi að segja fullum fetum: burt með biðlaunaréttinn. Það er fyrsta breytingartillaga fjmrh.

Önnur breytingartillagan er sú að á frv. verði gerðar þær breytingar að réttur starfsmanna til veru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins falli niður við formbreytingu fyrirtækisins þannig að það verði tekið fram í lögunum að þeim verði örugglega bannað að vera í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Í þriðja lagi verði einnig tekið fram í lögunum að orðnar en ógjaldfallnar skuldbindingar vegna lífeyris hvíli á hlutafélaginu og komi sú kvöð til álita við mat á eignum verksmiðjunnar.

Fjórða breytingartillagan er í umsögn fjmrh. Friðriks Sophussonar, varaformanns Sjálfstfl.: Í 6. gr. er fjallað erum samstarfsnefnd stjórnenda og starfsmanna verksmiðjunnar. Ekki er ljóst hvaða tilgangi þessi grein þjónar öðrum en þeim að takmarka með lögum valdsvið stjórnenda fyrirtækisins.

Fimmta breytingartillagan: Skv. 7. gr. frv. skal halda árlega tvo samráðsfundi með fulltrúum Akranesskaupstaðar til að ræða sameiginleg hagsmunamál. — Svo segir fjmrn.: Ef einhver sameiginleg hagsmunamál eru á milli aðila er líklega óþarft að hvetja til samstarfs. Viðkomandi aðilar eru fullfærir um að leita eftir samstarfi sjálfir. Það þarf ekki að setja það í lög.

Í sjötta lagi er hér ein breytingartillaga sem kannski er mikilvægust. Hún segir: Í 10. gr. segir að iðnrh. skuli fara með eignarhlut ríkisins í nýja félaginu. Samkvæmt auglýsingu nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands skal fjmrh. fara með eignir ríkisins, þar á meðal hlutabréf. Telja verður að rétt sé og skylt að fara eftir þessu almenna ákvæði nema sérstakar aðstæður séu til að fara eftir undantekningarákvæðum auglýsingarinnar.

Lagt er til — segir varaformaður Sjálfstfl. — að greininni verði breytt þannig að fjmrh. verði falið að fara með eignarhluta ríkisins í félaginu en skuli tilnefna í stjórn félagsins að fenginni tillögu iðnrh.

Með öðrum orðum liggja hér fyrir tvö stjfrv. Það er búið að ræða annað nokkuð ítarlega í dag. En það er augljóst mál að hér er mjög sérkennilega á málum haldið af hálfu ríkisstjórnarinnar vegna þess að það er engin samstaða um þetta frv. eins og það liggur fyrir.

Þó er aðalatriðið hitt, sem ég rakti áðan, að menn hafa vanrækt að vinna sína heimavinnu og tala við hlutaðeigandi stéttarfélög um það hvernig á að einkavæða fyrirtæki. Ef stjórnarliðið hefur áhuga á að einkavæða fyrirtæki, sem getur auðvitað verið réttlætanlegt og eðlilegt, eru það lágmarks — mér liggur við að segja mannasiðir — að ræða við viðkomandi stéttarfélög um það hvernig á að fara að því þannig að fólkið sem vinnur í fyrirtækjunum sé ekki svo að segja selt á fæti eins og skynlausar skepnur úti á hinum almenna hlutabréfamarkaði.

Umræðu frestað.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Út af dagskrá þessa fundar eru tekin 10., 12., 13. og 14. mál. Fleira liggur ekki fyrir fundinum. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá.

52. FUNDUR

fimmtudaginn 12. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til sjávarútvegsráðherra:

1. Hvalveiðar, fsp., 130. mál, þskj. 150.
2. Stjórn fiskveiða, fsp., 159. mál, þskj. 181.
3. Sjávarútvegsstefna, fsp., 169. mál, þskj. 194.

Til forsætisráðherra:

4. Evrópska mannfjöldaráðstefnan 1993, fsp., 135. mál, þskj. 156.
5. Kaup á Hótel Valhöll, fsp., 141. mál, þskj. 162.

Til utanríkisráðherra:

6. Framtíð herstöðvarinnar í Keflavík, fsp., 162. mál, þskj. 187.

Til fjármálaráðherra:

7. Virðisaukaskattur og svört atvinnustarfsemi, fsp., 178. mál, þskj. 204.
8. Virðisaukaskattur á heimilisiðnað, fsp., 199. mál, þskj. 239.

Til samgönguráðherra:

9. Innheimta Pósts og síma, fsp., 189. mál, þskj. 219.
10. Jarðgangagerð á Austurlandi, fsp., 205. mál, þskj. 246.

Til landbúnaðarráðherra:

11. Staða loðdýrabænda, fsp., 196. mál, þskj. 233.

Til iðnaðarráðherra:

12. Flutningur Rafmagnsveitna ríkisins til Egilsstaða, fsp., 213. mál, þskj. 254.

Til viðskiptaráðherra:

13. Gengismál, fsp., 214. mál, þskj. 255.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár er rétt að geta þess að það verður einhver breyting á röð dagskrármála vegna fjarveru ráðherra. Forseti vonast til þess að því verði ekki illa tekið af hv. þm.

Evrópska mannfjöldaráðstefnan 1993, ein umr.

Fsp. KÁ, 135. mál. — Þskj. 156.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Mikil fjölgun mannkynsins er eitt stærsta vandamál sem við glímum við á jörðinni. Sameinuðu þjóðirnar og ýmsar aðrar alþjóðastofnanir hafa beint sjónum að þessum vanda og reynt margt til að draga úr fólksfjölgun án verulegs árangurs. Það er mikilvægt að átta sig á mannfjöldaþróun, hvar hún er mest, hvernig fólki gengur að brauðfæða sig, hvar sjúkdómar herja o.s.frv., en þó ekki síst að fylgjast með flutningum fólks milli landa og heimsálfa. Evrópubúar hafa nokkurn veginn náð tökum á fólksfjölgun í álfunni þótt þar þrjóskist ýmsir við, svo sem kaþólska kirkjan, sem að mínum dómi sýnir mikið ábyrgðarleysi gagnvart þessu vandamáli mannkynsins.

Þó er mikill þrýstingur á lönd Evrópu frá fólki sem vill fá að flytjast frá fátækt eða örbirgð yfir í velsældina sem það telur vera í Evrópu. Ólöglegur flutningur fólks, þrælahald af ýmsu tagi og flóttamannastraumur er vaxandi vandamál í Evrópu og því veitir þjóðum álfunnar ekki af að fylgjast með því sem gerist innan hennar.

Dagana 23.–26. mars nk. verður haldin mannfjöldaráðstefna Evrópu í Genf í Sviss sem m.a. er undirbúningur fyrir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um mannfjölgun og þróun sem haldin verður árið 1994. Ráðstefnan í Genf var kynnt á fundi nefndar þeirrar sem fjallar um málefni flóttamanna, mannfjöldaþróun og lýðfræði hjá Evrópuráðinu, en í þeirri nefnd á ég sæti. Eftir þá kynningu aflaði ég mér gagna um þessa ráðstefnu en þau vöktu hjá mér þær spurningar hvernig að þessum málum hefði verið unnið hér á landi. Því vil ég spyrja hæstv. forsrh.:

„1. Hvernig hefur undirbúningi íslenskra stjórnvalda verið háttað fyrir evrópsku mannfjöldaráðstefnuna sem haldin verður í Genf 23.–26. mars 1993?

2. Hvernig hyggjast stjórnvöld haga þátttöku Íslendinga í evrópsku mannafjöldaráðstefnunni 1993?"

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Hv. 18. þm. Reykv. spyr:

„1. Hvernig hefur undirbúningi íslenskra stjórnvalda verið háttað fyrir evrópsku mannfjöldaráðstefnuna sem haldin verður í Genf 23.–25. mars 1993?

2. Hvernig hyggjast stjórnvöld haga þátttöku Íslendinga í evrópsku mannfjöldaráðstefnunni 1993?"

Mannfjöldaráðstefna Evrópu sem verður haldin í mars 1993 er nú í fyrsta sinn haldin sameiginlega af Genfarskrifstofu Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðinu og Evrópubandalaginu. Sameinuðu þjóðirnar hafa frá upphafi unnið að mannfjöldamálum og halda á áratugs fresti heimsþing um mannfjöldaþróun og mannfjöldapólitík. Undanfari hvers slíks heimsþings eru svæðisbundnar ráðstefnur, svo sem sérstök Evrópuráðstefna. Á ráðstefnuna koma sendinefndir ríkisstjórna og er óskað eftir því að fyrir sendinefnd fari sem hæst settur embættismaður og helst ráðherra. Ráðstefnan samþykkir stefnumarkandi ályktanir.

Evrópuráðið stendur fyrir umfjöllun um mannfjöldamál og starfar mannfjöldanefnd Evrópu á þess vegum. Þar er einn fulltrúi hvers aðildarlands en þeir eru þar sem einstaklingar og hlutverk nefndarinnar er fyrst og fremst fræðilegs eðlis. Hún er Evrópuráðinu til ráðgjafar um mannfjöldamál og stýrir verkefnum sem valdir fræðimenn eru fengnir til að vinna. Nefndin stendur fyrir námsstefnum og ráðstefnum um mannfjöldamál Evrópu.

Þegar ljóst var að mannfjöldaráðstefnur beggja stofnanna voru fyrirhugaðar á árinu 1993 samdist um að sameinast um eina ráðstefnu ásamt Evrópubandalaginu. Utanrrn. hefur annast þann takmarkaða undirbúning fyrir ráðstefnuna sem fram hefur farið. Ráðuneytið sendi Hagstofunni spurningalista frá Sameinuðu þjóðunum um álit á stefnu yfirvalda varðandi mannfjöldaþróun. Eins og áður annast Hagstofan upplýsingasöfnun fyrir Sameinuðu þjóðirnar og hefur sent þann hluta listans sem varðar fæðingar og manndauða til landlæknisembættisins og þann sem varðar dreifingu byggðar og fólksflutninga innan lands og milli landa til Byggðastofnunar. Boð um að senda sendinefnd til fundarins var sent út í sumar af hálfu forstöðu stofnunarinnar. Boð þetta er til athugunar í utanrrn. en ekki hefur verið ákveðið enn sem komið er hvernig þátttöku Íslands verður þar háttað. Fyrir liggur þó að starfsmaður Hagstofunnar mun sækja ráðstefnuna sem nefndarmaður í mannfjöldanefnd Evrópuráðsins.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv forsrh. fyrir svörin. Ég beindi þessari spurningu til hans vegna þess að ég taldi að það væri Hagstofan sem ynni að undirbúningi þessarar ráðstefnu og vissi reyndar að starfsmaður þaðan hafði setið undirbúningsfundi.

Önnur ástæða fyrir því að ég lagði þessar spurningar fram var sú að á fundinum hjá Evrópuráðinu sem ég nefndi áðan þar sem þessi ráðstefna var kynnt kom fram að þess væri ekki síst óskað að fulltrúar þjóðþinga kæmu á þessa ráðstefnu. Óskað var eftir pólitískum fulltrúum vegna þess að það eru þeir sem taka ýmsar þær ákvarðanir sem valdið geta miklu um fólksfjöldaþróun og hversu miklir fólksflutningar eru leyfðir milli landa. Þess var líka sérstaklega óskað að konur ættu fulltrúa á þessari ráðstefnu, enda er málið þeim mjög skylt, svo sem körlum líka, en þetta kom fram. Konur og þingmenn eru sérstaklega velkomin á þessa ráðstefnu. Ég vil koma þessu á framfæri og tel að hér sé um mjög merka ráðstefnu að ræða. Þó að við Íslendingar eigum ekki við nein teljandi vandamál að stríða í þessum efnum, hvorki hvað varðar fólksfjölgun eða fækkun eða að hingað sé mikill straumur flóttamanna, þá er mjög brýnt að við fylgjumst mjög vel með þessum málum vegna þess að það er mjög mikið að gerast í þessum málefnum. Eins og ég nefndi fyrr í ræðu minni er mikill þrýstingur á Evrópulöndin frá

öðrum heimsálfum og við þurfum að marka okkur stefnu í þeim málum eins og aðrar þjóðir.

Kaup á Hótel Valhöll, ein umr.

Fsp. KÁ, 141. mál. — Þskj. 162.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Eftir tvö ár höldum við Íslendingar upp á hálfrar aldar afmæli lýðveldisins Íslands, vonandi með pomp og prakt. Óneitanlega vakna spurningar um hvað gera skuli til hátíðabrigða, enda orðið stutt til stefnu. Lýðveldið var sem kunnugt er formlega stofnað á Þingvöllum í ausandi rigningu 17. júní 1944 og því er ekki óeðlilegt að vænta þess að þar á völlunum verði þessara sögulegu tímamóta minnst á einhvern hátt, vonandi þó í betra veðri en þá var.

Það vakna ýmsar spurningar um hvað gera þurfi í þjóðgarðinum og hvaða áætlanir séu uppi um aðgerðir vegna afmælis lýðveldisins. Um nokkurra ára skeið hefur verið heimild í 6. gr. fjárlaga til að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum. Eftir því sem mér skilst hefur ekki náðst samkomulag við eiganda hótelsins um verð og því hefur ekki orðið af kaupunum. Sú spurning hlýtur að vakna hvað yfirvöld ætla að gera við þetta gamla hótel og hvort bygging af þessu tagi eigi heima innan þjóðgarðsins. Ætlar ríkisstjórnin að taka að sér veitingarekstur á Þingvöllum? Er ætlunin að gera húsin að einhvers konar móttökustað eða e.t.v. rífa þau? Ég vil því spyrja hæstv. forsrh.:

„Í hvaða tilgangi ætlar ríkisstjórnin að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum?"

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Hv. 18. þm. Reykv. spyr: „Í hvaða tilgangi ætlar ríkisstjórnin að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum?"

Í 6. gr. fjárlagafrv. fyrir árið 1993 er að finna ákvæði sem heimilar ríkisstjórninni að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán. Heimildarákvæðið ber ekki að túlka svo að ríkisstjórnin hyggist kaupa þessa fasteign.

Nokkur umræða hefur farið fram innan Þingvallanefndar á liðnum árum um hvort æskilegt væri að ríkið keypti Hótel Valhöll. Árið 1986 fór Þingvallanefnd fram á við fjárln. Alþingis að heimild yrði veitt til þessara kaupa í fjárlagafrv. árins 1987. Þá var hafin vinna að gerð skipulags fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum og var talið að örðugt gæti reynst að ljúka því starfi með viðunandi hætti nema ríkið ætti öll mannvirki á svæðinu.

Í fundargerð Þingvallanefndar frá árinu 1986 kemur fram það mat lögmanns nefndarinnar að æskilegt væri að ríkið eignaðist umrædda fasteign, m.a. þar sem eiganda hennar væri frjálst að ráðstafa henni til allrar lögmætrar starfsemi án afskipta Þingvallanefndar. Æskilegt var talið að Þingvallanefnd gæti ráðstafað húsinu og umhverfi þess líkt og öðru hlutum þjóðgarðsins m.a. til að tryggja að starfsemin í því samræmdist þeim hugmyndum sem til umræðu hafa verið í nefndinni um uppbyggingu þjónustu í þinghelginni. Fyrirhugað var að nýta húsið áfram með sambærilegum hætti, þ.e. fyrst og fremst til veitingareksturs, en einnig til tilfallandi verkefna.

Minna má á að í lögum nr. 59/1928 um friðun Þingvalla segir í 1. gr. að frá ársbyrjun 1930 skuli Þingvellir við Öxará og grenndin þar vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga. Í 4. gr. sömu laga segir orðrétt:

„Hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og ævinlega eign íslensku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja."

Sem kunnugt er var þetta heimildarákvæði ekki nýtt árið 1987. Samhljóða ákvæði er að finna á fjárlögum 1988, 1989, 1990, 1991 og á fjárlögum yfirstandandi árs en til þessa dags hefur heimildin ekki verið nýtt. Fullur vilji hefur verið meðal fyrri nefndarmanna í Þingvallanefnd til að eignast húsið en það verð sem eigandi hússins hefur krafist hefur verið talið of hátt. Talið var rétt að viðhalda umræddu heimildarákvæði á fjárlögum næsta árs, m.a. af þeim ástæðum sem hér hafa verið nefndar.

Alþingi kaus nýja fulltrúa í Þingvallanefnd á síðasta þingi og kom hún saman í fyrsta sinn í ágústmánuði sl. Sú nefnd hefur enn sem komið er ekki rætt um hugsanleg kaup á Hótel Valhöll. Ítrekað skal að ríkisstjórnin hefur ekki uppi sérstök áform um að festa kaup á Hótel Valhöll á Þingvöllum en mun taka afstöðu til óskar þar að lútandi berist hún frá Þingvallanefnd.

Út af spurningum sem fram komu hjá fyrirspyrjanda áðan vil ég segja sem mína persónulegu skoðun að hugmyndir um að flytja alla starfsemi frá þeim stað sem hún er nú út úr hinum eiginlega þjóðgarði og upp og vestur fyrir Almannagjá hafa ekki á þessu stigi minn stuðning. Ég tel nauðsynlegt að hafa á þessu svæði möguleika á þjónustu hvort sem það verður í því húsi sem þarna er um að ræða óbreyttu eða endurbættu eða nýju húsi. En ég tel nauðsynlegt að hafa þess konar þjónustu á þessum stað.

Aðeins vegna þess sem fyrirspyrjandi nefndi um hátíðarhöldin á 50 ára afmæli lýðveldis, þá vænti ég þess að þáltill. um það efni verði af hálfu ríkisstjórnarinnar lögð fram á þinginu mjög fljótlega.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins taka undir það sem kom fram í máli hæstv. forsrh. að Þingvallanefnd sem tók við störfum í ágústmánuði sl. hefur ekki fjallað um þetta mál og ekki tekið afstöðu til þess. Þar eru ekki uppi áform um að fjalla sérstaklega um málið alveg á næstunni.

Varðandi það sem hv. 18. þm. Reykv. nefndi, undirbúning að þjóðhátíðarhaldi á Þingvöllum 1994, vil ég láta það koma fram að Þingvallanefnd hefur ritað forseta Alþingis og hæstv. forsrh. og boðið fram krafta sína við undirbúninginn en einnig látið það álit í ljós að í tæka tíð þurfi að ákveða hvaða hluti hátíðarhald-

anna fer fram á Þingvöllum þannig að undirbúningur geti hafist sem fyrst.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Ég tel að þetta mál hafi nú skýrst. Það er greinilegt að það hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvað gert skuli í þessu máli enda liggur kannski ekkert sérstaklega á því að ákveða framtíð þessara húsa. En það liggur þeim mun meira á að hefja undirbúning að afmælinu því það er orðið stutt til stefnu. Ég fagna því að það er greinilega komin hreyfing á það mál og við munum þá væntanlega ræða hér þegar þáltill. kemur fram hvernig að þeim málum verður staðið.

Framtíð herstöðvarinnar í Keflavík, ein umr.

Fsp. KÁ, 162. mál. — Þskj. 187.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hafa miklar breytingar átt sér stað í heimsmálum. Kalda stríðinu er lokið og gömlu stórveldin eru óðum að kalla þá heri sína heim sem dvalið höfðu í Evrópu um hálfrar aldar skeið. Áhrifa þessara miklu breytinga hlaut að gæta hér á landi eins og annars staðar, enda hefur nú komið í ljós svo sem vænta mátti að dregið hefur úr framkvæmdum á vegum Atlantshafsbandalagsins og nokkuð hefur fækkað í liði því sem situr Keflavíkurflugvöll. Að mínum dómi voru íslensk stjórnvöld ótrúlega sofandi vegna þessarar þróunar því ljóst mátti vera að samdráttur var yfirvofandi ef ekki lokun og slíkt hlaut að leiða af sér atvinnumissi fyrir fólk á Suðurnesjum og tekjumissi fyrir íslenska ríkið.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að ég græt ekki þessa þróun heldur fagna ég því hve friðsamlega horfir í heiminum ekki síst hér á norðurslóðum og vona að við þurfum ekki lengi enn að hafa erlendan her í landi okkar. Þó er afar brýnt að við fylgjumst vel með þróuninni og við förum að ræða í alvöru að hve miklu leyti við eigum sjálf að taka við öryggisgæslu umhverfis landið jafnt í lofti sem á láði. Við verðum að átta okkur á áhrifum samdráttarins og grípa til aðgerða til að skapa því fólki vinnu sem um áratuga skeið hefur byggt allt sitt á hernum í Keflavík.

Í september sl. fór sendinefnd vestur til Washington á fund bandarískra stjórnvalda m.a. til að ræða framkvæmdir á vegum Mannvirkjasjóðs NATO og væntanlega framtíð herstöðvarinnar. Mig fýsir að heyra meira frá þeim viðræðum en það sem lesa má í fréttatilkynningum ráðuneytisins og yfirlýsingu þeirri sem gefin var út eftir fundinn. Því spyr ég hæstv. utanrrh.:

„Hverjar urðu helstu niðurstöður þeirra viðræða sem áttu sér stað í september sl. milli fulltrúa íslenskra og bandarískra yfirvalda

a. um framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli og annars staðar á vegum hersins,

b. um framtíð herstöðvarinnar í Keflavík?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Í júní sl. skipaði ég sérstaka nefnd fulltrúa stjórnarflokkanna og embættismanna undir formennsku Benedikts Gröndals, fyrrv. utanrrh., til að greina og leggja mat á stöðu Íslands við breyttar aðstæður í öryggis- og varnarmálum og til að fjalla sérstaklega um tvíhliða varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna og framtíð þess. Nefndin hóf þegar störf. Dagana 10. og 11. sept. átti nefndin viðræður við fulltrúa bandarískra stjórnvalda í Washington. Nefndin skilaði áfangaskýrslu sem lögð var fyrir ríkisstjórn og kynnt í utanrmn. í október sl. Ég hef ákveðið að dreifa þeirri skýrslu nú á borð þingmanna. Ég vísa þess vegna til þessarar áfangaskýrslu sem svari við fsp. hv. þm. Ég legg áherslu á þann þátt í niðurstöðunum að það var sameiginlegt mat fulltrúa beggja ríkisstjórna að þrátt fyrir stórfelldar breytingar í umheiminum hafi grundvallaratriði og landfræðilegar staðreyndir ekki breyst. Að tvíhliða varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna verði áfram grundvallarþáttur í tengslum Atlantshafsríkjanna beggja vegna Atlantshafs.

Að því er varðar framtíð varnarstöðvarinnar á Keflavíkurflugfelli var staðfest af hálfu ríkisstjórnar Bandaríkjanna að staðið verði við þeirra skuldbindingar á grundvelli varnarsamningsins frá 1951. Að engar ráðagerðir væru uppi af hálfu bandarískra stjórnvalda um verulegar breytingar á starfsemi varnarliðsins. Þess skal hins vegar getið að ekki var á dagskrá þessa fundar að ræða um framkvæmdir á vegum varnarliðsins heldur snerust umræðurnar um sameiginlega grundvallar- og öryggishagsmuni og framhald tvíhliða varnarsamstarfs þess. Upplýsingar um stöðu framkvæmdanna hafa hins vegar verið kynntar. Þar er staðan sú að þrátt fyrir samninga um meiri háttar verk til næstu þriggja ára hafa enn ekki fengist fjárveitingar til þess að standa undir kostnaði þannig að þau mál eru enn í biðstöðu.

Ég vil bæta því við að nefndin sem fjallar um öryggis- og varnarmál hefur nýlega einnig átt viðræður og aflað upplýsinga í aðalstöðvum Atlantshafsbandalagsins í Brussel og hefur einnig átt viðræðufundi með fulltrúum norskra stjórnvalda og fyrirhugaðar eru viðræður einnig við fulltrúa breskra stjórnvalda í London.

Upphaflega var ráð fyrir því gert að nefndin skilaði lokaskýrslu um störf sín um áramót en í ljósi stjórnarskipta í Washington geri ég ráð fyrir að ég óski eftir að nefndin starfi fram eftir vetri og lokaskýrsla nefndarinnar verði síðan lögð fyrir hv. Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svörin. Þau voru að vísu ekki mjög nákvæm en þess var kannski ekki að vænta því eins og fram kom í hans máli hafa þeir atburðir nú gerst í Bandaríkjunum að þar hefur verið kjörinn nýr forseti. Það er auðvitað enn óljóst hvort kjör hans hefur í för með sér einhverjar stefnubreytingar.

Á kosningafundum forsetaframbjóðendanna í Bandaríkjunum kom fram að það var nokkur áherslumunur í þeim niðurskurði sem þeir nefndu. Það er ljóst

að Bandaríkjamenn munu halda áfram að skera niður herafla sinn í Evrópu. Clinton, hinn nýkjörni forseti, nefndi töluna 100 þús. hermenn. Við vitum náttúrlega ekkert um það hvar sá niðurskurður mun koma niður.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan að það er afar brýnt að við fylgjumst með þessum málum og að mótuð verði stefna til frambúðar. Það dylst auðvitað engum að við þurfum að fylgjast með því sem gerist í kringum okkar land. Þó nú horfi friðsamlegar eru enn bæði herskip og kafbátar á ferð umhverfis landið. Ekki síst þurfum við að fylgjast með því ef slys eiga sér stað. Og við þurfum að móta framtíðarstefnu.

Eins og fram kom í máli utanrrh. er margt óljóst í þessum efnum. En ég held að það sé alveg ljóst að hér mun verða frekari niðurskurður og það brýnir fyrir stjórnvöldum að við verðum að huga að atvinnusköpun á þessu svæði. Það er að mínum dómi eitt mikilvægasta verkefni sem við stöndum frammi fyrir. Ástandið í atvinnumálum á Suðurnesjum er mun verra en annars staðar á landinu.

Flutningur Rafmagnsveitna ríkisins til Egilsstaða, ein umr.

Fsp. KEE, 213. mál. — Þskj. 254.

Fyrirspyrjandi (Karen Erla Erlingsdóttir):

Hæstv. forseti. Á síðustu árum hefur sú aukning sem verið hefur á nýjum atvinnutækifærum hér á landi verið í þjónustugreinum. Hlutfallslega hefur aukningin orðið mest á höfuðborgarsvæðinu. Á árunum 1983–1991 hafa launagreiðslur ríkisins á landsbyggðinni dregist hlutfallslega saman um 6% á meðan íbúum hefur fækkað um 4%. Þær umræður eru uppi nú og það er raunar á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að flytja ríkisstofnanir út á land til að auka atvinnutækifæri á landsbyggðinni og sporna þar með við þeirri neikvæðu þróun sem verið hefur undanfarið.

Í þessu sambandi spyr ég hæstv. ráðherra hvort ekki hafi farið fram athugun á hagkvæmni þess að flytja aðalstöðvar Rafmagnsveitna ríkisins austur á land, nánar tiltekið til Egilsstaða. Austurland er stærsta þjónustusvæði Rafmagnsveitnanna og þar er stærsti hluti orkuöflunar þeirra með Lagarfljótsvirkjun, Smyrlabjargarvirkjun og Grímsárvirkjun. Í Reykjavík er engin framleiðsla á rafmagni né markaður á vegum Rarik. Hins vegar eru aðalstöðvarnar staðsettar þar og starfa þar 85 manns. Þetta þætti nokkuð stór vinnustaður úti á landi. Hvaða hagkvæmni er í því á tímum beinna boðskipta að hafa aðalstöðvar veitnanna í Reykjavík þegar önnur starfsemi á vegum þeirra er ekki fyrir hendi nema að það er auðvitað atvinnuskapandi fyrir höfuðborgarsvæðið?

Það er mjög mikilvægt fyrir atvinnuuppbyggingu úti á landsbyggðinni að þar byggist upp vinnustaðir sem hafa mikið af vel menntuðu starfsfólki. Má í því sambandi benda á að um 11% af íbúum höfuðborgarsvæðisins hafa háskólamenntun á meðan hlutfallið er aðeins um 3% á landsbyggðinni. Reykjanes er undanskilið með 9%. Ástæðan fyrir þessu er að háskólamenntað fólk hefur ekki nægileg atvinnutækifæri úti á landsbyggðinni. Öll fyrirtæki sem veita sérfræðiþjónustu eru staðsett á höfuðborgarsvæðinu. M.a. þess vegna er flutningur ríkisfyrirtækja svo sem Rafmagnsveitna ríkisins nauðsynlegur og liður í að skapa jafnvægi í atvinnuuppbyggingu.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. utanrrh. svarar fsp. í fjarveru iðnrh.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda er það á stefnuskrá núv. ríkisstjórnar að undirbúa flutning ríkisstofnana frá höfuðborgarsvæðinu út á land annaðhvort í heild eða að hluta. Til þess að fylgja því máli fram hefur forsrh. tilnefnt sérstaka nefnd sem vinnur að því máli undir forustu fyrrv. þingmanns og forseta sameinaðs Alþingis, Þorvalds Garðars Kristjánssonar. Í þeirri nefnd er verið að skoða þau mál í heild sinni m.a. með vísan til eldri tillagna sem fyrir lágu frá fyrri tíð um það efni. Þess skal getið að staða Rafmagnsveitna ríkisins hefur þegar verið á dagskrá í starfi nefndarinnar og forstjóri Rarik hefur verið kvaddur á fund nefndarinnar til viðræðna um það.

Hins vegar hefur engin sérstök athugun farið fram á því máli í iðnrn. og engin ákvörðun verið tekin enn. Á það má hins vegar benda að Rarik hefur á undanförnum árum eflt mjög umdæmisskrifstofur sínar, þar á meðal á Egilsstöðum, með auknu sjálfdæmi umdæmisskrifstofanna um bæði rekstur og framkvæmdir. Höfuðstöðvar í Reykjavík hafa þróast í að verða eins konar aðalskrifstofa en sífellt fleiri verkefni hafa verið flutt frá aðalstöðvunum með aukinni ábyrgð stjórnsýslulega séð til umdæmisskrifstofanna.

Þess má síðan geta að í því nál. sem fyrir lá frá nefnd sem fjallaði um þetta sama efni í tíð ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar voru gerðar tillögur sem m.a. tóku til flutnings á höfuðstöðvum Rarik. Ég geri ráð fyrir að þær tillögur verði skoðaðar í ljósi breyttra aðstæðna.

Svarið er því í stórum dráttum á þá leið að stefnumörkun liggur fyrir, nefnd er að störfum, um þetta er fjallað en ákvörðun hefur enn ekki verið tekin.

Fyrirspyrjandi (Karen Erla Erlingsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherra kærlega fyrir greinargóð svör í þessu sambandi.

Gengismál, ein umr.

Fsp. KEE, 214. mál. — Þskj. 255.

Fyrirspyrjandi (Karen Erla Erlingsdóttir):

Virðulegi forseti. Kemur til greina að breyta þeirri myntkörfu sem gengi íslensku krónunnar er miðað við?

Eins og kunnugt er miðast gengi íslensku krónunnar við ákveðna myntkörfu. Þetta fyrirkomulag hefur haft margvísleg áhrif á afkomu atvinnuvega, m.a. þar sem ég þekki best til en það er í ferðaþjónustu. Verst kom þetta út sumarið 1991. Sú ráðstöfun að skrá gengi lægra gagnvart þýsku marki og láta dollarann hafa slík áhrif til lækkunar er óskiljanleg þar sem vitað er að þýska markið er einn sterkasti gjaldmiðill í heimi. Ferðaskrifstofustjóri hefur sagt mér að á sama tíma og tekjur ferðaskrifstofunnar árið 1991 minnkuðu um 5% vegna þessarar röngu gengisskráningar óx kostnaður innan lands, m.a. á fólksflutningabifreiðum, um allt að 20% milli ára og alls ekkert var gert til að hamla gegn þeirri þróun.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr hvort til greina komi að breyta þeirri myntkörfu sem gengi íslensku krónunnar miðast nú við. Svarið við því er: Já, það kemur til greina en þó ekki fyrr en Alþingi hefur gengið frá nýjum lögum um Seðlabanka Íslands.

Það lagafrv. var lagt fram til kynningar á seinasta Alþingi og sent út til umsagnar. Nú er verið að vinna úr þeim umsögnum og fyrir dyrum stendur að þetta frv. verði lagt fram aftur. En í því felst að með þeim nýju lögum verður í fyrsta sinn þannig um hnútana búið að Seðlabanki Íslands fái þau stjórntæki að því er varðar stofnun innlends fjármagnsmarkaðar sem mundu duga til þess að gera honum kleift að fylgja eftir virkari stefnu í peninga- og gjaldeyrismálum.

Svarið við kjarna málsins er því þetta: Það kemur til greina, enda er það í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar frá því á sl. hausti sem gerði ráð fyrir að þetta mál yrði endurskoðað þegar ný lög um Seðlabanka eru komin á lögbókina og Seðlabankinn orðinn að alvöru seðlabanka með nauðsynlegum stjórntækjum í því efni.

Að því er varðar þessa myntkörfu þá er hún nýleg, eða frá byrjun þessa árs. Hún var beinlínis útbúin með tilliti til vægis hinna ýmsu mynta í utanríkisviðskiptum Íslendinga. Í myntkörfunni eru nú ECU, sem er notað sem samnefnari fyrir myntir Evrópubandalagsins þar á meðal þýska markið og hún vegur 76%, Bandaríkjadalur vegur 18% og japanskt jen vegur 6%. Þetta eru ekki stórvægilegar breytingar frá því sem eldra fyrirkomulag hefði þýtt. Í raun og veru hefði eftir eldri aðferðinni vægi Evrópumynta verið þannig að vægi Evrópumyntar hefði verið 73,8% í stað 76%, Bandaríkjadollars og Kanadadollars hefði verið 18% en vægi japanska jensins 6%.

Sú ákvörðun sem tekin var á sínum tíma um samsetningu þessarar myntkörfu var tekin með tilliti til sameiginlegrar stefnumörkunar ríkisstjórnar og Seðlabanka í gengismálum frá því í október á sl. ári. Með þeirri stefnumörkun var ákveðið að undirbúa ákveðnari tengingu krónunnar við ECU á árinu 1993 og nota tímann þangað til til þess að skjóta traustari stoðum undir stöðugleika í gengismálum, m.a. með uppbyggingu gjaldeyrismarkaðar og þróun skammtíma peningamarkaðar hér á landi. Þess vegna er ekki tímabært að taka um endanlega ákvörðun að því er varðar breytingu á samsetningu körfunnar fyrr en þessi stjórntæki Seðlabankans eru orðin virk.

Því er síðan við að bæta að þær aðstæður sem nú eru á gjaldeyrismörkuðum, þ.e. sú tvísýna sem er um myntsamstarf Evrópubandalagsríkjanna og reyndar ríkja utan Evrópubandalagsins, mun óhjákvæmilega hafa áhrif á þá ákvörðun sem fyrir höndum liggur að taka, hvort hún verður tekin eða hvort henni verði frestað. Það verður að segja eins og er að það mál verður í nokkurri óvissu.

Fyrirspyrjandi (Karen Erla Erlingsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svar hans. Mikilvægi ferðaþjónustu í atvinnulífi okkar Íslendinga hefur aukist mjög á síðustu árum. Það má nefna hér að gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu á síðasta ári voru um 13 milljarðar á meðan stóriðja færði þjóðinni um 9 milljarða. Yfirgnæfandi meiri hluti þeirra ferðamanna sem koma til landsins koma frá Evrópu. Flestir frá Þýskalandi, Sviss og Frakklandi og verð eru öll gefin út í mynt þessara þjóða. Auk þess hefur útflutningur okkar aukist mjög til Evrópulanda eins og kunnugt er. Því er brýnt að tillit sé tekið til þess við gengisskráningu.

Hvalveiðar, ein umr.

Fsp. IP, 130. mál. — Þskj. 150.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Áður en hvalveiðibann tók gildi árið 1986 höfðu a.m.k. 250 manns störf af hvalveiðum og vinnslu á hvalveiðivertíðinni, þ.e. frá júní til september ár hvert. Hér er um að ræða áhafnir hvalveiðibátanna, starfsfólk í hvalstöðinni í Hvalfirði, Flóka hf. á Barðaströnd og starfsmenn frystihúss Hvals hf. í Hafnarfirði. Það þarf ekki að fjölyrða um að hvalveiðar hafa verulega þýðingu fyrir Íslendinga og hvalur var um 2% af heildarútflutningstekjum þjóðarinnar á meðan hvalveiðar voru og hétu.

Þegar Íslendingar ákváðu að segja sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu á sl. ári tók hæstv. sjútvrh. það fram að úrsögn þyddi ekki endilega að við hæfum hvalveiðar að ný, alla vega ekki á þessu ári sem nú er senn á enda runnið. Hann hét því jafnframt að stofna ný hvalveiðisamtök þjóða við Norður-Atlantshaf en þau samtök eru nú orðin að veruleika. Undir forustu Íslendinga hafa farið fram umfangsmiklar rannsóknir á hvalastofnum í Norður-Atlantshafi. Þær rannsóknir gefa ótvírætt til kynna að nú þegar er óhætt að hefja veiðar, a.m.k. á hrefnu og langreyði hér við land.

Áframhaldandi hvalveiðibann og aukin hvalagengd, sem hlýtur að fylgja slíku banni sem hér hefur ríkt, mun leiða til minnkandi afla á komandi árum og hefur raunar eflaust haft áhrif nú þegar. Því er nauðsynlegt fyrir þjóð sem byggir jafnmikið og við á sjávarafla að vísindalegar niðurstöður áhrifa hvalveiðibanns

á fiskstofna við Ísland liggi fyrir hið fyrsta.

Það er löngu ljóst að hvalfriðunarsinnum vex stöðugt fiskur um hrygg og hefur orðið mjög ágengt á íslenskum mörkuðum erlendis hafa þeir gert verulegt rúmrusk og það er augljóst að við verðum, ef við ætlum að hefja hvalveiðar að nýju, að hefja áróðursstríð. Því spyr ég hæstv. sjútvrh.: Er undirbúningur fyrir áróður okkar Íslendinga á mikilvægi hvalveiða hafinn erlendis?

Ég veit að slíkur áróður er ekki einfaldur og hann kostar mikla peninga en það er mikilvægt áður en við hefjum hvalveiðar að við undirbúum það mjög vel í löndum þar sem við seljum okkar afurðir.

Virðulegi forseti. Það er vandséð hvaða ávinning við höfum að úrsögn úr Alþjóðahvalveiðiráðinu nema við ætlum að hefja hvalveiðar að nýju. Því legg ég fram spurningu til hæstv. sjútvrh. á þskj. 150, svohljóðandi: „Hvenær hyggst ríkisstjórnin heimila hvalveiðar að nýju?"

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er eitt af mikilvægustu verkefnum sem við stöndum frammi fyrir að tryggja rétt okkar til þess að nýta auðlindir sjávarins og hefja hvalveiðar að nýju. Við ákváðum að segja okkur úr Alþjóðahvalveiðiráðinu og sú ákvörðun tók gildi á miðju þessu ári. Það gerðum við fyrst og fremst vegna þess að við töldum útséð að á þeim vettvangi skapaðist svigrúm á næstu árum til þess að við næðum markmiðum okkar í þessu efni.

Það hefur verið unnið að undirbúningi að stofnun svæðasamtaka hér á Norður-Atlantshafinu. Um það var gerður stofnsamningur í Grænlandi í aprílmánuði sl. og þau samtök hafa tekið til starfa og fyrsti fundur þeirra var haldinn nú í haust. Við höfum lagt mjög ríka áherslu á að koma upplýsingum um okkar málstað á framfæri. Það var gert í tengslum við úrsögn okkar þegar hún var ákveðin um síðustu áramót og enn með skipulagsbundnum hætti í tengslum við ársfund Alþjóðahvalveiðiráðsins þar sem úrsögn okkar tók gildi. Við höfum hafið samstarf við helstu útflytjendur á sjávarafurðum til þess að afla upplýsinga um markaðsstöðu og viðhorf helstu seljenda á mörkuðum til þess að hafa allar haldbærar upplýsingar í þeim efnum við höndina og standa með sem víðtækastri samstöðu að þeirri upplýsingaöflun sem nauðsynleg verður þegar ákvörðun verður tekin um að hefja veiðar.

Markmið okkar í þessu er alveg skýrt. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það. Ég hef áður greint frá því að forgangsverkefni í þessu efni verður að hefja veiðar á hrefnu. Ég hef einnig áður lýst því að ég teldi æskilegt að slíkar veiðar gætu hafist á næsta ári en eins og sakir standa get ég ekki fullyrt að ákvörðun verði tekin þannig að veiðar geti hafist þegar á næsta ári. En ég ítreka það að ég tel æskilegt að allur okkar undirbúningur miðist við að svo geti orðið en ekki er hægt að fullyrða hvort það tekst eins og mál standa í dag.

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég tel það sjálfgefið að við hefjum hvalveiðar að nýju, því fyrr, því betra. Að því hníga öll rök. Offriðun hvala leiðir til ójafnvægis í hafinu í kringum Ísland sem aftur bitnar á fiskstofnum okkar. Hvalveiðar eru mjög verðmætaskapandi eins og hv. fyrirspyrjandi benti á áðan. Hvalveiðar skapa mikla atvinnu. Síðasta árið sem hvalveiðar voru stundaðar í atvinnuskyni, árið 1985, unnu um 250 manns hjá Hval hf. í Hvalfirði og auk þess fjöldi manna við hrefnuveiðar og talið var að það ár hefðu verið um 150 ársverk við veiðar og vinnslu hvals við Íslandsstrendur. Við megum að sjálfsögðu eiga von á hótunum og viðskiptaþvingunum þegar við hefjum þessar hvalveiðar að nýju. Þann slag verðum við einfaldlega að taka. Ef við hefðum hopað fyrir slíkum hótunum, þá hefðum við aldrei fært út landhelgina á sínum tíma og sætum enn með 12 mílna fiskveiðilögsögu. Við getum ekki hopað fyrir slíkum hótunum. Við verðum sjálf að ákveða hvernig við nýtum auðlindir hafsins í kringum Ísland, við getum ekki látið erlenda öfgahópa taka þær ákvarðanir fyrir okkur. Ef við látum undan þessu liði, þá getum við eins búist við því að þeir hefji baráttu gegn fiskveiðum okkar því að með þeim séum við að taka fæðuna frá þeim eðalskepnum, selum og hvölum. Ég hvet því hæstv. sjútvrh. til að fylgja þessu máli fast eftir þannig að hvalveiðar geti hafist að nýju sem fyrst og þá á ég ekki eingöngu við hrefnuveiðar heldur hvalveiðar almennt.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er á þveröfugri skoðun við það sem fram kom hjá síðasta ræðumanni. Ég held að það sé brýnt að fara afar varlega í þessum efnum og að heildarhagsmunir Íslendinga hljóti að ráða andspænis hvalveiðunum. Ég vil bara minna á að núna fyrir örfáum dögum bárust fréttir af því að verið væri að ræða um það í Bandaríkjunum að setja bann á innflutning á eldisfiski frá Noregi vegna þess að þeir hafa hafið örlitlar hvalveiðar. Það er nýbúið að kjósa varaforseta í Bandaríkjunum sem er einn af þeirra helstu umhverfisverndarmönnum. Ég veit reyndar ekki hvaða afstöðu hann hefur varðandi hvalamál. Við verðum bara að átta okkur á því að þetta er miklu, miklu stærra mál en eitthvert smástríð okkar við umhverfisverndarmenn. Það eru ákveðin sjónarmið sem eru ríkjandi og ná inn í stjórnkerfi margra ríkja, ekki bara í Bandaríkjunum heldur í Bretlandi og víðar og ég tel miklu brýnna að við snúum vörn í sókn og beinum umræðunni að meðferð dýra almennt. Ég verð að segja það hér, forseti, að við tvö sem sóttum fund Evrópuráðsins núna í október sáum þar mynd um meðferð dýra í Evrópu, flutning á dýrum sem verið er að selja og það er eitthvert það hryllilegasta sem ég hef séð. Við þurfum að opna þessa umræðu, ekki að vera hér í eilífri vörn. Það eru lífshagsmunir okkar Íslendinga að geta selt fisk, en við verðum að fara varlega í þessu máli.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir það að hafa komið með þessa fsp. og ég vænti þess að við stefnum að því að hefja hvalveiðar að nýju. Ég tel

að það verði að vera samræmi á milli þeirra tegunda sem við viljum nýta úr auðlindum hafsins og það gildi líka í sambandi við hvalveiðar og selveiðar vegna þess að það þýðir ekki að friða einhliða eina tegund heldur verður að nýta það allt með samræmi fyrir augum þrátt fyrir umhverfisverndarsjónarmið.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég tek innilega og einarðlega undir sjónarmið hv. 5. þm. Vesturl. Ég get tekið undir það að við eigum ekki að hugsa og rökræða lengur um þessi mál heldur hefja hvalveiðar og þar með hrefnuveiðar. Ástandið er ekki gott og við þurfum að bæta atvinnuástandið. Þessum dýrum fjölgar svo í hafinu umhverfis landið að það veldur fjölmörgum miklum áhyggjum og við eigum að nýta okkur þessa stofna innan ákveðinna marka eins og við höfum alltaf gert.

Ég vil út af því sem hv. 18. þm. Reykv. sagði um sjónarmiðin og það að fara varlega, gætilega og rólega segja að við lifum ekki á sjónarmiðunum einum. Við þurfum séstaklega núna á því að halda að auka atvinnu í landinu og efla framleiðslu þjóðarinnar og við eigum ekki að vera það lítilfjörleg að við látum einhverja menn, þótt það séu voldugir menn í Bandaríkjunum, hræða okkur.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem kom fram mjög greinilega í máli hv. 5. þm. Vesturl. að það skiptir okkur Íslendinga mjög miklu máli að hvalveiðar hefjist og þessi stofn sjávarins verði nýttur eins og við Íslendingar höfum alla tíð gert.

En ég vil einnig vekja athygli á því í þessari umræðu að í enn einu málinu klofnar Kvennalistinn. Það kom fram að það eru mjög mismunandi sjónarmið innan Kvennalistans í hvalveiðimálum og mér sýnist að hluti Kvennalistans í þessu máli sé að verða kaþólskari en páfinn.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. svörin. Það kom greinilega fram í máli hans að það er ekki búið að ákveða hvenær hvalveiðar hefjast.

Við eigum í miklum atvinnuerfiðleikum og þurfum auðvitað að hugsa um heildarhagsmunina. Það er ekki spurning að við þurfum að gera það en við eigum allt til að hefja hvalveiðar. Við eigum hvalstöðina, við eigum fullt af frystihúsum þar sem hægt er að frysta hvalinn og við eigum mikinn skipaflota, mikinn mannskap sem skortir vinnu og við eigum mikið af hval í sjónum og við eigum markað fyrir hvalinn í Japan. En það er rétt að við verðum að hugsa um heildarhagsmunina og þess vegna var ég að spyrja hæstv. sjútvrh. hvernig það áróðursstríð gengi sem við verðum að fara út í úti í hinum stóra heimi. Við verðum að vinna það áróðursstríð. Ég var úti í Bandaríkjunum einmitt þegar þessi áróður hvalfriðunarsinna stóð sem hæst og það var ótrúlegt að sjá hvað þetta hafði mikil áhrif á markaðinn. Það komu t.d. börn heim með miða úr skólanum, en þau fengu heita máltíð í skólanum sem var fiskur frá Íslandi og á miðanum stóð í bréfi til foreldra: Hættið að láta börnin ykkar borða í skólanum því þar er fiskur frá Íslandi þar sem hinir miklu hvalamorðingjar búa. Þetta er ekkert einfalt mál. Ég geri mér fulla grein fyrir því. Þetta er ekkert einfalt mál en við verðum samt að vinna þetta stríð því að hvalurinn er að éta þann fisk sem við viljum gjarnan veiða og selja á þessum mörkuðum. Og þess vegna er það mjög mikilvægt að við hefjum okkar áróðursstríð úti í hinum stóra heimi.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ræða hv. 18. þm. Reykv. vakti furðu mína um þetta efni. Það er nú einu sinni svo að við höfum með alþjóðahafréttarsáttmálanum skuldbundið okkur til þess að taka ákvarðanir um hvalveiðar í samvinnu við aðrar þjóðir og að því erum við að vinna. En að við eigum að taka tillit til þeirra sjónarmiða að Bandaríkin og bandarísk stjórnvöld geti einhliða tekið ákvarðanir varðandi viðskipti með sjávarafurðir út frá eigin duttlungum um það hvernig eigi að standa að verndun einstakra tegunda í sjónum, eru atriði sem ég hélt að þingmenn á Alþingi Íslendinga ættu ekki og þyrftu ekki að deila um. Það er svo aldeilis fráleitt að við förum að beygja okkur undir slíkt alþjóðalögregluvald Bandaríkjanna, hverju nafni sem forsetar eða varaforsetar þess ríkis nefna sig.

En við höfum undirgengist ákveðnar skuldbindingar í þessu efni með aðild okkar að hafréttarsáttmálanum. Þó að hann hafi ekki enn þá verið staðfestur af nægjanlega mörgum ríkjum höfum við litið svo á að við værum skuldbundnir til þess að vinna eftir þeim meginreglum sem þar eru settar og á þeim grundvelli er unnið og hefur verið unnið að undirbúningi þessa máls. Það er út af fyrir sig auðvelt að segja að við eigum að hefja hvalveiðar þegar í stað, en við verðum að hyggja að þeim skuldbindingum sem við höfum sjálfir undirgengist og þeim sáttmála sem við höfum lagt mesta áherslu á að í heiðri verði hafður.

En ég ítreka enn að áfram verður unnið að þessu máli á þessum grundvelli.

Stjórn fiskveiða, ein umr.

Fsp. JÁ, 159. mál (störf endurskoðunarnefndar). — Þskj. 181.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að bera fram fsp. á þskj. 181 til sjútvrh. um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða. Spurningarnar eru þrjár:

„1. Hvernig miðar þeirri athugun á mismunandi kostum við stjórn fiskveiða sem mælt er fyrir í lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum?

2. Hvernig er háttað því samráði við sjútvn. Alþingis og hagsmunaaðila í sjávarútvegi sem fyrir er mælt í lögunum?

3. Hvenær er þess að vænta að málið verði lagt fyrir Alþingi?"

Það er ekki að ástæðulausu að þessar spurningar eru bornar fram. Allt frá því að kosningabaráttan stóð yfir fyrir síðustu kosningar hefur þetta mál verið mikið á döfinni og satt að segja hélt ég að þessi endurskoðun yrði komin lengra þegar komið væri fram í nóvember árið 1992 en nú virðist vera. Tíminn er að renna frá okkur. Endurskoðun laganna er miðuð við næstu áramót og það er ekki mjög margt sem við sjáum að hafi gerst.

Mig langar til þess að minna á umræður sem fóru fram hér utan dagskrár um sjávarútvegsmál 7. okt. 1991. Þá sagði hæstv. sjútvrh. eftir að hafa verið spurður um þessi mál. Ég vil hafa það orðrétt eftir honum, með leyfi forseta:

„...samkvæmt skýrum ákvæðum í þeim lögum og samkvæmt samkomulagi stjórnarflokkanna er ætlunin að endurskoða kerfið á grundvelli laganna og þeirri endurskoðun á samkvæmt lögunum að vera lokið fyrir árslok 1992. Það er eðlilegt að stjórnarflokkarnir hafi þar forustu um, þess vegna var skipuð sérstök nefnd þeirra. Jafnframt hefur verið skipuð nefnd hagsmunaaðila og sjútvn. Alþingis hefur verið skrifað bréf þar sem gerð er grein fyrir því að hún á lögum samkvæmt að vera samráðsaðili í þessu efni. Við gerum ráð fyrir því að samstarfinu við sjútvn. verði hagað með þeim hætti að fulltrúar endurskoðunarnefndarinnar fari á fund sjútvn. eftir því sem hún óskar. Hér er því búið að leggja grunn að öruggri pólitískri forustu um þessa endurskoðun sem hlýtur að hvíla á ríkisstjórnarflokkunum á hverjum tíma og breiðri, víðtækri samstöðu við hagsmunaaðila í sjávarútveginum og alla stjórnmálaflokka á Alþingi. Ég tel að það sé nauðsynlegt að viðhafa slíkt víðtækt samráð og víðtæka samvinnu til þess að treysta sem best samstöðuna um þessa endurskoðun."

Sér er nú hvað. (Forseti hringir.) Ég er því miður búinn með tíma minn, en ég vil, með leyfi forseta, ljúka þessu með tveimur til þremur setningum. Í umræðu um rekstrarvanda sjávarútvegsfyrirtækja — (Forseti hringir.) virðulegi forseti, þetta tekur enga stund — sem fór fram 11. maí sagði hæstv. sjútvrh. að þessu undirbúningsstarfi væri um það bil að ljúka og gerði ráð fyrir að tillögur nefndarinnar lægju fyrir í haust þegar Alþingi kæmi saman. Nefndin hafi kynnt sér rekstrarstöðu sjávarútvegsfyrirtækja rækilega og haft *forustu um ýmsar athuganir á þessu sviði. Spurningarnar* sem ég lagði fram eru skýrar og það verður athyglisvert að heyra hvaða svör hæstv. sjútvrh. gefur.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Við myndun núv. ríkisstjórnar var um það samið að við endurskoðun laganna um fiskveiðistjórnun skyldi sett á fót sérstök nefnd stjórnarflokkanna þar sem slíkt jafnræði væri með stjórnarflokkunum að báðir hefðu þar jafna hlutdeild að því er varðaði forustu. Eins og hv. þm. er kunnugt lyktaði því máli á þann veg að skipa varð tvo menn til þess að hafa forustu fyrir nefndinni.

Það er vissulega óheppilegt þegar pólitísk ábyrgð eða stjórnskipuleg ábyrgð er slitin í sundur með þessum hætti en það hefur verið aðstaða þeirra sem unnið hafa að þessari endurskoðun og vissulega haft nokkur áhrif á störf nefndarinnar. Hitt er þó mikilvægast að fyrir góð persónuleg tengsl þeirra tveggja manna sem þarna hafa valist í forustu, þeirra Magnúsar Gunnarssonar og Þrastar Ólafssonar, hefur nefndin unnið mjög örugglega að þeim meginviðfangsefnum sem henni hefur verið ætlað. Hún hefur unnið að mati á þeim kostum sem fyrir hendi eru í þessu efni, upplýsingaöflun um stjórnunarkerfi við fiskveiðar hjá öðrum þjóðum og samanburð á þessum atriðum, tengsl fiskveiðirannsókna og aðstæðna í hafinu við fiskveiðistjórnun. Hér liggur sem sagt að baki mjög viðamikil vinna og gagnaöflun. Komið hafa fram hugmyndir í nefndinni frá þeim eina þingmanni sem sæti á í henni að rétt hefði verið að leggja fram fleiri kosti til umræðu af hálfu nefndarinnar við nefnd hagsmunaaðila sem skipuð hefur verið og sjútvn. Alþingis. Á hinn bóginn hefur það sjónarmið verið uppi í nefndinni að stjórnarflokkarnir eða nefnd stjórnarflokkanna yrði að koma sér endanlega saman um tillögur áður en hún hefði raunverulegt samráð við nefnd hagsmunaaðila og sjútvn. Þar erum við komin að kjarna málsins. Eins og hv. þm. er kunnugt hefur verið og er mjög verulegur ágreiningur á milli stjórnarflokkanna að því er varðar skattheimtu eða gjaldtöku af sjávarútveginum. Sá ágreiningur hefur tafið nefndarstarfið að undanförnu.

Nú er það svo að það er ágreiningur í öllum flokkum um þessi málefni. Innan Sjálfstfl. eru til menn sem vilja skattleggja sjávarútveginn. Innan Alþfl. eru menn sem mega ekki heyra það nefnt að sjávarútvegurinn sé skattlagður og við heyrum umræður bæði innan Alþb. og Framsfl. um gjaldtöku af sjávarútvegi, svo ég nefni ekki veiðaleyfagjaldahugmyndir Kvennalistans sem hv. 17. þm. Reykv. hefur verið iðinn við að gera að umtalsefni á hinu háa Alþingi. *Þetta er kjarni málsins.* Vandinn er enn óleystur og það hefur tafið niðurstöðuna.

Ég geri mér enn vonir um það að menn geti, innan ekki langs tíma, lokið þessu nefndarstarfi og í framhaldi af því geti umræður hafist við hagsmunaaðila og sjávarútvegsnefnd þingsins.

Inn í alla þessa umræðu koma ýmis tæknileg atriði varðandi núgildandi löggjöf sem rætt hefur verið um að þyrfti að endurskoða. Þar á ég m.a. við reglur um tvöföldun línuveiða á ákveðnum tímabilum og þær reglur sem í gildi hafa verið um krókaveiðar smábáta. Þannig eru ýmis tæknileg atriði sem þarf að hyggja að. Hitt er svo sérstakt athugunar- og íhugunarefni hvort ekki þarf mun lengri reynslutíma til þess að meta árangur af núverandi kerfi. Í reynd höfum við ekki í höndum upplýsingar nema frá einu og hálfu ári sem þetta núverandi kerfi hefur staðið. Ýmislegt mælir því auðvitað með því að menn taki lengri tíma til þess að meta raunverulega reynslu og árangur af stjórnkerfinu.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég held að kjarni þessa máls sé

sá, hversu margir sem formennirnir eru í þeirri nefnd sem nú er að endurskoða skipulag um stjórnun fiskveiðanna, að það sem kemur fyrir þingið mun auðvitað verða borið fram á ábyrgð hæstv. sjútvrh. Sú stefnumótun sem inn í þingið kemur hlýtur að verða á ábyrgð hæstv. ráðherra. Því vil ég spyrja og mér finnst það þurfa að liggja skýrt fyrir í lok umræðu um þessa fsp. hvort afstaða hæstv. ráðherra til þeirra hugmynda sem Alþfl. hefur verið með um veiðileyfagjald sé ekki óbreytt. Hann hefur verið einn harðasti og ötulasti baráttumaður gegn þessu gjaldi á sjávarútveginn sem Alþfl. hefur viljað leggja á. Því spyr ég hvort hans afstaða sé ekki óbreytt í þeim efnum.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Virðulegur forseti. Það kom mjög greinilega fram í svörum hæstv. sjútvrh. að það sem við óttuðumst í upphafi er að gerast. Það er verið að draga þessi mál, þau eru að komast í eindaga og nú er hugmyndinni varpað fram, þ.e. lengri reynslutíma. Það var einmitt þetta sem við sögðum í upphafi. Þarna væru á ferðinni hugmyndir um það að teygja á þessum málum eins lengi og mögulegt væri þangað til þau væru komin í eindaga. Menn mundu svo halda áfram með sama kerfi án breytinga.

Ég ætla ekki að mótmæla því að það geti verið góð persónuleg tengsl milli þeirra tveggja höfðingja sem stýra endurskoðunarnefndinni hjá stjórnarflokkunum en sjútvrh. sagði okkur áðan að ágreiningur væri til staðar. Hann ætlar að leysa hann með þessu móti, að framlengja kerfið án þess að á því verði grundvallarbreytingar. Ég tel að það sé gjörsamlega óviðunandi að svona sé staðið að málinu. Hér kemur skýrt fram að sjútvrh., sem er gert það með lögum að leggja fram endurskoðun á þeirri fiskveiðistefnu sem í lögunum felst, er ekki tilbúinn með þau mál, hann er ekki kominn með þau hér til að ræða þau í þinginu. Hann sagði við umræður í vor að nú væru þessi mál komin á það stig að það þyrfti að leggja fram tillögur til þess að standa frammi fyrir. Það hefur ekkert gerst í því. Og nú kemur hann inn á fundinn hér og segir okkur að hann sé að hugsa um að framlengja þessu óbreyttu. Það er niðurstaðan. Grundvallaratriðið sjálft um eignarréttinn á fiskinum í sjónum á að afgreiða með því að prófa þetta svolítið lengur.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég tel óþarft að endurtaka það sem ég sagði í fyrra svari mínu. Ég held að það hafi verið nokkuð skýrt. Það eru ýmis atriði sem hafa verið til umfjöllunar og menn hafa rætt um að mikilvægt sé að endurskoða og endurmeta. Ég nefndi tvö þeirra en ég held að það geti ekki farið á milli mála að ekki er óeðlilegt að menn ætli sér lengri reynslutíma fyrir jafnmikilvægt kerfi en gögn sem liggja fyrir eftir eitt og hálft ár. Þar með er ég ekki að segja að það hafi verið óráðlegt að ákveða það í upphafi að hefja vinnu við endurskoðun á þessu og stefna að því að henni yrði lokið innan tveggja ára en eigi að síður þá stöndum við í þessum sporum. Það þarf heldur ekki að koma á óvart að mismunandi sjónarmið skuli vera á milli stjórnarflokkanna um tiltekið atriði í þessu efni. Það hefur lengi verið fyrir hendi og sá ágreiningur var fyrir hendi í fyrri ríkisstjórn og innan allra stjórnmálaflokka eru mismunandi sjónarmið í þessu efni.

Varðandi spurningu hv. 11. þm. Reykv. vil ég aðeins segja það að skoðanir mínar í því efni hafa í engu breyst og úrlausnir sem nú eru til umfjöllunar á vanda sjávarútvegsins eru ekki í því fólgnar að hækka skatta sjávarútvegsins heldur að leita leiða til þess að lækka kostnað og þar á meðal kostnaðarskatta sjávarútvegsfyrirtækjanna.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hæstv. sjútvrh. að áherslumunur væri á milli stjórnarflokkanna um stjórnun fiskveiða. Ég tel að það sé mjög orðum aukið að einhver raunverulegur munur sé á stefnu þessara tveggja flokka. Ég vil minna á að í þeirri tillögugerð sem Alþfl. hefur lagt fram og nefnir veiðileyfagjald er forsendan fyrir því gengisfelling á móti kostnaðarauka sem veiðileyfagjaldið framkallar.

Formaður Alþfl. og hæstv. utanrrh. hefur þegar hafnað gengisfellingu sem úrræði, bæði í bráð og lengd, og kallar það gamaldags stjórnunaraðferð og þá sem fyrir því tala heilagsandahoppara. Þar með er alveg ljóst að Alþfl. hefur fallið frá stefnu sinni um veiðileyfagjald. Formaður Alþfl. hefur skotið í kaf kröfur Alþfl. um að taka upp veiðileyfagjald og ég tel því, virðulegur forseti, að allur ágreiningur sem menn láta líta út fyrir að sé milli stjórnarflokkanna sé verulega orðum aukinn.

Sjávarútvegsstefna, ein umr.

Fsp. JHelg, 169. mál. — Þskj. 194.

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Fyrir rúmu ári síðan kvað hæstv. sjútvrh. upp þann dóm að rekstrarstaða sjávarútvegsfyrirtækja væri þá óviðunandi svo stefndi í rekstrarstöðvun margra þeirra. Þetta kom engum á óvart sem til þekkti þar sem fyrsta efnahagsaðgerð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, vaxtasprengingin mikla, lagði eins milljarðs kr. útgjöld á sjávarútveginn á ársgrundvelli. Hæstv. sjútvrh. fylgdi þessari yfirlýsingu eftir í ríkisstjórninni með tillögum um aðgerðir sem þyldu enga bið. Um það sagði hæstv. forsrh. að ríkisstjórnin hefði annað þarfara að gera en að sinna slíkum málum. Í verki svöruðu stjórnarflokkarnir því á Alþingi við afgreiðslu fjárlaga með nýjum skattaálögum á sjávarútveginn, yfir hálfan milljarð króna.

Eftir áramót vakti hæstv. sjútvrh. enn máls á rekstrarvanda sjávarútvegs í ríkisstjórninni. Þá vísað hæstv. forsrh. málinu til nefndar um endurskoðun fiskveiðistefnu, nefndarinnar sem hér var rætt um áðan. Þá nefnd hafði hæstv. sjútvrh. skipað sumarið 1991 og jafnframt formann hennar samkvæmt ákvæðum laga

um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Við því brást hæstv. utanrrh. með kröfu um að fá einnig sinn formann og síðan hefur hún haft þá einstæðu skipan að hafa tvo formenn.

Þegar þorskafli var dreginn saman á síðasta sumri eftir harðar opinberar deilur milli forsrh. og sjútvrh. var flestum ljóst að það áfall þyrfti að jafna. Hæstv. sjútvrh. lagði eindregið til að Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins yrði notaður í þessu skyni. Hæstv. forsrh. sagði að það kæmi ekki til greina því hann hefði lofað formanni Alþfl. að gera það ekki. Í staðinn sagðist hann ætla að koma með nýjar tillögur sem hann ferðaðist með landshorna á milli í tösku sinni og kynnti síðan í fjölmiðlum án vitundar sjútvrh. Hins vegar hefur ekkert af þeim hugmyndum komið til framkvæmda frekar en annað gagnlegt.

Fyrir skömmu flutti hæstv. sjútvrh. enn ræðu á þingi LÍÚ og flutti þar sinn aftökulista. Daginn eftir flutti hæstv. utanrrh. sína alkunnu heybrókarræðu þar og sagði tóma vitleysu sem sjútvrh. sagði. Allt situr því við það sama, ekkert heyrist frá tvíhöfða nefndinni hvorki um rekstrargrundvöll sjávarútvegs eða stjórn fiskveiða. Á sama tíma biður hvert fyrirtækið eftir annað um greiðslustöðvun og með hverri viku sem líður vofir yfir fleirum að riða til falls. Enginn veit hvað ríkisstjórnin ætlar að gera.

Ég hef því á þskj. 194 spurt hæstv. sjútvrh.:

„Hver eru aðalatriðin í stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í málefnum fiskveiða og fiskvinnslu?"

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil fyrst taka það fram að ég lít svo á að þessi fsp. sé ekki í samræmi við ákvæði þingskapa um það hvernig bera eigi fram fyrirspurnir en þar er tekið fram að þær skuli vera um afmörkuð málefni. Það er miklu nær að hér sé um að ræða tilefni til þess að biðja um skýrslu og eftir atvikum umræður um hana. Væri mér auðvitað ljúft að verða við því ef áhugi væri á því af hálfu hv. þingmanna. En vegna ummæla hv. 2. þm. Suðurl. er nauðsynlegt að leiðrétta nokkrar missagnir. Hann minnti á tillögur sem ég flutti fyrir tæpu ári til þess að bregðast við rekstrarvanda sjávarútvegsins. Meginuppistaðan í þeim tillögum var sú að hafist yrði handa við skuldbreytingu á skuldum sjávarútvegsfyrirtækjanna, að hafist yrði handa við að afnema aðstöðugjald og athugað yrði með lækkun raforkuverðs.

Tillögunni um að lengja lán sjávarútvegsins var hrundið í framkvæmd þegar í stað. Sú ákvörðun var tekin nokkrum dögum eftir að tillögurnar lágu fyrir og lán sjávarútvegsfyrirtækjanna í Atvinnutryggingarsjóði voru lengd og afborganir felldar niður í tvö ár og lánin lengd að sama skapi. Fiskveiðasjóður varð við tilmælum mínum um svipaðar aðgerðir til þess að lengja lán sjávarútvegsfyrirtækja sem staðið hafa í endurskipulagningu á rekstri og hafa verið að sameinast. Þannig hefur mjög umtalsverð aðstoð verið veitt af hálfu Fiskveiðasjóðs eins og ég veit að hv. þingmanni er kunnugt um.

Nú er verið að ræða hugmyndir um afnám eða lækkun aðstöðugjaldsins til þess að bæta rekstraraðstöðu sjávarútvegsfyrirtækjanna. Því miður hefur ekkert unnist að því er varðar raforkuverðið.

Næsta atriði lýtur svo að því að ég setti fram tillögur um það að stöðva inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins þó að gildandi lagaákvæði, eins og fyrrverandi ríkisstjórnarflokkar gengu frá þeim, gerðu ráð fyrir að atvinnufyrirtækin yrðu þá að halda áfram inngreiðslu í sjóðinn. Þessar breytingar voru samþykktar fyrir áramót í fyrra.

Á vormánuðum var augljóst að til viðbótarráðstafana yrði að grípa og þá var lagt til að þrátt fyrir ákvæði verðjöfnunarsjóðslaganna, eins og fyrrv. stjórnarflokkar gengu frá þeim, yrði greitt út úr sjóðnum til atvinnufyrirtækjanna í þeim tilgangi að mæta skuldum. Vegna þeirrar ráðstöfunar hefur rekstrarstaðan verið viðunandi fram undir þetta. Nú þarf hins vegar að bregðast við og það er fagnaðarefni að aðilar vinnumarkaðarins hafa sýnt því máli mikinn áhuga og forustumenn bæði launþega og atvinnurekenda sýnt vilja til þess að ná saman, mynda nýja þjóðarsátt um ráðstafanir til þess að styrkja útflutningsframleiðsluna. Það er of snemmt að segja nokkuð til um það hvort sú viðleitni ber árangur en hún er lofsverð í þröngri stöðu. Það er auðvitað mjög mikilvægt atriði að það hefur tekist að viðhalda hér lágri verðbólgu og ná enn frekari árangri í þeim efnum á síðustu missirum. Þjóðarsáttasamningarnir í febrúar 1990 mörkuðu þar sannarlega þáttaskil en það er mjög mikilvægt að það hefur tekist með markvissri og aðhaldsamari stjórn peningamála og ríkisfjármála að tryggja að verðbólgan hefur enn haldið niður á við. Það er mikilvæg undirstaða til að það takist að skjóta styrkari stoðum undir rekstur útflutningsfyrirtækjanna í landinu.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég held að það sé full ástæða til að fagna því að hæstv. sjútvrh. er tilbúinn að gefa okkur skýrslu um stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málum. Okkur er hún ekki ljós og það er mjög nauðsynlegt að hún verði ljós. Þeim tíma sem við höfum til að endurskoða sjávarútvegsstefnuna er að ljúka. Þó svo að hæstv. sjútvrh. hafi sagt það áðan að það sé hans hugmynd að framlengja þessu kerfi, sem nú er, svo til óbreyttu með einhverjum smávegis lagfæringum og að sniðnir verði einhverjir lítils háttar agnúar af því þá er grundvallarágreiningur um þetta kerfi. Ég er alveg sannfærður um að það er ekki nein samstaða í ríkisstjórnarflokkunum um það að framlengja þessu óbreyttu. Ég hef það frá fyrstu hendi. Þess vegna held ég að þessi skýrslugjöf sem hann er að bjóða okkur upp á sé mjög nauðsynleg og ætti að geta upplýst þingið og þjóðina um það hvaða vandamál það eru sem ríkisstjórnin stendur frammi fyrir við mótun fiskveiðistefnunnar.

Stefán Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Hér er ekki tími til að fara ítarlega í þetta merkilega mál sem hv. þm. Jón Helgason hefur hafið umræður um. Ég kem hér til að mótmæla og

lýsa undrun minni á þeim orðum hæstv. sjútvrh. að rekstrarstaðan hafi verið viðunandi í sjávarútveginum. Rekstrarstaðan í sjávarútveginum hefur verið allsendis óviðunandi allan starfstíma þessarar ríkisstjórnar. Það streyma milljarðar á milljarða ofan úr þessum framleiðslubyggðarlögum. Það er óviðunandi að búa við það. Ég veit að hæstv. sjútvrh. veit betur. Hann veit betur í þessum efnum. En hér er ekki staður né stund, því miður, undir þessum kringumstæðum til að ræða svo ítarlega sem nauðsynlegt væri þennan þátt mála, sjávarútvegsmálin, en sem betur fer eru fáir dagar í það að tekin verði upp umræða um atvinnumálin og hún mun óneitanlega og óhjákvæmilega standa lengi og þar munu menn ræða sjávarútvegsmálin.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Sú fsp. sem hér var fram borin er ákaflega skýr. Hún spyr um aðalatriðin í stefnu. Svar hæstv. sjútvrh. er að fsp. sé varla þingtæk því að afmarka skuli efni hennar. Ég get ekki dregið aðra ályktun en þá að það sem er óskýrt sé ekki fsp. heldur stefna ríkisstjórnarinnar. Hún er ekki afmörkuð og því er erfitt fyrir hæstv. sjútvrh. að svara henni þar sem hann hefur ekki afmarkaða stefnu til að svara skýrri fsp.

Ég vil eins og hv. 4. þm. Norðurl. v. mótmæla þeim ummælum ráðherrans að rekstrarstaða í sjávarútvegi hafi verið viðunandi fram til þessa og fyrst nú þurfi menn að bregðast við. Þetta er alveg fráleitt. Ætli menn að ná saman þjóðarsátt um aðgerðir nú þá þurfa þeir í fyrsta lagi að ná saman þjóðarsátt í Sjálfstfl. svo menn viti hver talar fyrir þann flokk og um hvað. Það næst aldrei fram nein þjóðarsátt um það að raska byggð í landinu með þeim hætti sem horfir í samkvæmt upptalningu hæstv. sjútvrh.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Málflutningur hæstv. sjútvrh. er auðvitað fyrir neðan allar hellur. Hann talar með fullri skynsemi jafnan þegar hann er staddur norðan fjalla. Fyrir stuttu sagði hann að það væri stórkostlegur vandi í sjávarútvegnum og það yrði kannski, ef ekki ekki yrði mörkuð stefna, tekist á um það hvort leggja ætti af 37 byggðarlög. Þar var hann að segja þeim sem hann hefur umboð fyrir og er í vinnu fyrir að hann skyldi berjast með þeim. Það væri tekist á um það í þessari ríkisstjórn að reyna að ná fram stefnu. Hér kemur hann fram og er stefnulaus í dag. Það er nefnilega það sorglega sem Magnús Gunnarsson sagði: Þeir ætla að höggva tærnar af til að lækna höfuðverk. Þessi ríkisstjórn kemst ekki undan því að marka stefnu gagnvart sjávarútveginum og atvinnulífinu í heild. Þess vegna vil ég heyra hér norðanræður hæstv. sjútvrh. og harma það þess að þegar hann er kominn í nánd við hina ráðherrana er allur þrótturinn horfinn, þá er allt í góðu lagi.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það kom nokkuð skýrt fram í svari hæstv. sjútvrh. hver hafa verið helstu atriðin í stefnu núv. ríkisstjórnar í sjávarútvegsmálum. Þau eru í fáum orðum þau að hafa tekið sjóði sem fyrrv. ríkisstjórn safnaði í fyrir sjávarútveginn eða skapaði skilyrði fyrir sjávarútveginn til að safna í og ausa þeim út. Þetta er það sem gert hefur verið í málefnum sjávarútvegsins. Út af stendur það að hæstv. forsrh. hefur haft mörg orð um það hversu vanur hann sé að standa við orð sín og að allar þær tímasetningar sem hann setji standist. Það hafi verið boðaðar aðgerðir 15. nóv., ekki verður lengur beðið. Ég held hins vegar að það hafi verið einnhvern föstudaginn í maí að hann sagði að það yrði alveg klárt þann föstudag hvernig þeim styrkjum sem sjávarútvegsfyrirtækin ættu að fá úr ríkissjóði, úr Fiskveiðasjóði og fleiri stofnunum yrði komið fyrir.

Nú spyr ég hæstv. sjútvrh. vegna þess að ég sé að hæstv. forsrh. er ekki við: Hvaða ár er þessi föstudagur í maí þegar á að greiða út styrkina til sjávarútvegsins? Hvað er að frétta af því máli? Flestöll sjávarútvegsfyrirtæki sem eru rekin með bullandi tapi bíða eftir þessum pengingum. Er von á einhverju slíku? Þetta er það eina sem ríkisstjórnin hefur ætlað að hafa frumkvæði um.

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir beiðni hans og boð um að svara skýrslu um þessi mál. Ég vonast þá til þess að sú skýrsla muni koma fljótt. Að sjálfsögðu er þetta form valið til þess að reyna að fá svör fljótt þar sem svo mikið er í húfi og þarf ekki að hafa mörg orð um það hversu dýr hver vika er sem nú líður.

Ég hef ekki tíma til að fjalla ítarlega um það sem hæstv. sjútvrh. sagði og ekki var út af fyrir sig svör um þá stefnu sem nú er fram undan. En ég býst við að allir hv. þm. minnist orða hæstv. forsrh. þegar hann sagði fyrir tæpu ári að það þyrfti að hugsa um að afgreiða fjárlög en ekki að huga að málefnum sjávarútvegsins.

Það sem hæstv. sjútvrh. tíundaði um störf sín fyrir þessa atvinnugrein var að lengja lán og greiða út úr sjóðum sem fyrri ríkisstjórn hafði skilið eftir. Að telja að það sé viðunandi rekstrargrundvöllur þegar raunverulegur halli er um 5%, eins og Þjóðhagsstofnun segir að hafi verið hjá sjávarútveginum á þessu ári en hafi bjargast vegna útgreiðslnanna úr Verðjöfnunarsjóðnum, þá er það furðulegt mat. Er það viðunandi rekstur þegar mjög mörg sjávarútvegsfyrirtæki eru komin að því að reka í strand? Það hlýtur að vera búið að ganga eitthvað á á undan sem gerir það að verkum að staðan er orðin svo enda augljóst að fyrirtæki sem eru rekin með 5–6% halla af mikilli veltu geta ekki verið í lagi.

En aðalatriðið er að það er algerlega óviðunandi að hagsmunir undirstöðuatvinnuvegs þjóðarinnar séu látnir reka svo algerlega á reiðanum vegna þess að hver höndin er upp á móti annarri í ríkisstjórninni. Slík ríkisstjórn er að sjáfsögðu ekki starfi sínu vaxin þó svo að hæstv. sjútvrh. beri stjórnsýslulega ábyrgð einn á því

hvernig málin eru komin fyrir þessa atvinnugrein sem undir hans ráðuneyti heyrir.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Þeir keppast við að snúa hér út úr hv. 2. þm. Suðurl. og hv. 5. þm. Suðurl. Ég stend að sjálfsögðu við það að með þeim ráðstöfunum sem gerðar voru var reksturinn viðunandi fram til þessa hjá sjávarútvegsfyrirtækjunum. Hv. 2. þm. Suðurl. orðaði það svo að reksturinn hefði bjargast með þessum ráðstöfunum. Út af fyrir sig má alveg nota það orðalag. En það er enginn ágreiningur hvorki milli mín né þeirra um það að þegar þessum ráðstöfunum sleppir stöndum við frammi fyrir því að rekstraraðstaðan er óviðunandi og svo óviðunandi að jafnvel forustumenn launamanna hafa boðist til að taka höndum saman við forustumenn atvinnurekenda til að mynda þjóðarsátt um ráðstafanir til að styrkja undirstöðu framleiðslu og útflutnings í landinu. Ég hef áður fagnað því frumkvæði og vona að það leiði til lausnar.

Ef menn vilja ganga enn lengra skulu menn átta sig á því að hér er verið að tefla um það hvort leggja eigi meira til framleiðslunnar eða neyslunnar. Það er gaman að því þegar talsmenn Alþb. bjóðast til að ganga enn lengra í því efni en umræður hafa fallið til um. Það þýðir auðvitað að ganga þarf tímabundið á kaupmátt til að styrkja útflutningsframleiðsluna. Um það snýst málið ef menn eru að tala um það í alvöru og ef menn eru að horfa til þess að bæta í raun og veru rekstrarstöðu sjávarútvegsfyrirtækjanna. Það þýðir ekki að tala um þessi efni og slá um sig án þess að gera sér grein fyrir því um hvað málið snýst.

Varðandi þá spurningu hvernig komið sé þeim athugunum sem ákveðnar voru til þess að bæta þeim tjónið sem verst urðu úti í þorskbrestinum þá er það svo að um það náðist ekki samkomulag að nota Hagræðingarsjóð í þessu skyni. Þá var ákveðið að fela Byggðastofnun að koma fram með tillögur. Hún gafst upp við að útfæra þær tillögur og sérstakri nefnd sem þrír ráðherrar skipuðu, sjútvrh., fjmrh. og viðskrh., hefur verið falið það verkefni. Hún vinnur undir forustu ráðuneytisstjórans í fjmrn. og ég vænti þess að tillögur frá henni komi innan ekki langs tíma.

Virðisaukaskattur og svört atvinnustarfsemi, ein umr.

Fsp. MF, 178. mál. — Þskj. 204.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á síðustu árum hafa átt sér stað miklar kerfisbreytingar í innheimtu skatta. Menn bundu á sínum tíma vonir við að þessar kerfisbreytingar mundu skila sér í betri árangri í innheimtu og draga úr svokallaðri svartri atvinnustarfsemi og skattsvikum. Í fyrstu virtist þetta ætla að ganga eftir en nú er aftur komin í gang umræða um að hér á landi sé um verulega skattsvik að ræða og svört atvinna blómstri sem aldrei fyrr. Upphæðirnar sem nefndar eru í þessu sambandi eru misjafnar en allar háar. Jafnvel þótt við tækjum aðeins mið af tölum þeirra sem varlega fara í fullyrðingum er þarna um svo miklar fjárhæðir að ræða að leysa mætti fjárlagahallann sem gert er ráð fyrir á næsta ári. Eða, ef marka má þær fréttir sem berast, er hér um að ræða hærri fjárhæðir en þær sem færa á frá atvinnulífinu yfir á almenna launþega.

Sérstakur starfshópur kannaði umfang skattsvika árin 1984–1986 og komst að þeirri niðurstöðu að umfang dulinnar starfsemi væri á bilinu 5–7% af vergri landsframleiðslu. Ef við reiknum með að umfang svartrar atvinnustarfsemi sé svipað í dag þá erum við að tala um upphæð sem nemur allt að 27 milljörðum króna. Þetta er ekki svo lítil upphæð og ég tala nú ekki um ef við berum hana saman við þær upphæðir sem áformað er að leggja til sjávarútvegsfyrirtækja til að tryggja rekstur þeirra.

Alþingi samþykkti í febrúar árið 1991 þál. þar sem ríkisstjórninni var falið að kanna umfang virðisaukaskattssvika og svartrar atvinnustarfsemi. Þál. þessa fluttu hv. þm. Guðni Ágústsson og Stefán Guðmundsson. Þessi þál. var samþykkt 4. febr. það ár. Mér er hins vegar ekki kunnugt um að þessi könnun hafi farið fram. Því spyr ég hæstv. fjmrh. á þskj. 204:

„1. Hefur á síðustu tveimur árum farið fram könnun á umfangi virðisaukaskattssvika og „svartri atvinnustarfsemi“?

2. Ef svo er, hver varð niðurstaða þeirrar könnunar?“

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Það er spurt hvort á síðustu tveimur árum hafi farið fram könnun á umfangi virðisaukaskattssvika og svartri atvinnustarfsemi og ef svo er hver niðurstaða þeirrar könnunar hafi verið.

Því er til að svara að ekki hefur farið fram skipuleg heildarkönnun á umfangi virðisaukaskattssvika eða svartri atvinnustarfsemi á síðustu árum. Síðasta könnun sem gerð var á slíkum skattsvikum sem hugsanlega færu fram var gerð, eins og fram kom í ræðu fyrirspyrjanda, á árinu 1985 vegna ársins 1984 og 1985 ef ég man rétt. Gefin var út 1986 svokölluð skattsvikaskýrsla og sú skýrsla var lögð fyrir Alþingi á árinu 1986. Mikið hefur verið vitnað til hennar síðan og ýmsir framreikningar verið í gangi en ég vara við slíkum framreikningum vegna þess að við búum nú við mjög breytt virðisaukaskattskerfi en þarna var miðað við söluskatt fyrst og fremst.

Virðisaukaskattur var tekinn upp í ársbyrjun 1990. Við undirbúning framkvæmda var lögð áhersla á að hún gæti verið sem einföldust og unnt væri að koma á virku eftirliti. Af þeim ástæðum var m.a. lögð áhersla á að skattþrep yrði aðeins eitt og að undantekningar frá skattskyldu yrðu fáar og vel afmarkaðar.

Fyrri reynsla af söluskatti hér á landi og reynsla annarra þjóða sýnir að þessi atriði eru lykill að virku eftirliti og viðunandi skattskilum. Það er reyndar sammerkt með niðurstöðum allra slíkra kannana hérlendis og erlendis að það er nauðsynlegt að skattstofnarn-

ir séu sem breiðastir og hutföllin sem lægst ef ná á miklum árangri og koma í veg fyrir skattsvik. Á síðasta ári, eftir að fyrir lágu endanleg skil á skattgögnum fyrir fyrsta ár virðisaukaskatts, þ.e. árið 1990 og ársreikningar skattskyldra aðila, var hafist handa um skipulega endurskoðun á uppgjöri virðisaukaskattsins fyrir það ár. Valin voru út tiltekin fyrirtæki og starfsgreinar með tilliti til þess hvar helst þótti vera hætta á undanskoti. Borin voru saman skattskil þessara fyrirtækja og ársreikningar þeirra og önnur tiltæk gögn um starfsemina.

Auk þessa eftirlits fer fram með reglubundnum hætti eftirlit með virðisaukaskattskýrslum fyrir hvert tveggja mánaða uppgjörstímabil fyrir sig. Er í því eftirliti einkum litið til þeirra aðila sem gera kröfu um endurgreiðslu á innskatti eða þar sem innskattshlutfallið er óeðlilega hátt miðað við aðra hliðstæða starfsemi.

Þessar endurskoðanir leiddu til enndurákvörðunar á virðisaukaskatti að fjárhæð nærri 400 millj. kr. vegna ársins 1990. Þetta er niðurstaða þessa eftirlits. Eins og áður segir hefur ekki farið fram sérstök athugun á svartri atvinnustarfsemi, þ.e. hvort þeir sem atvinnustarfsemi stunda standa skattyfirvöldum skil á skýrslum og þeim skatti sem þeim ber að innheimta. Eftirliti með tekjuskráningu er haldið uppi svo sem kostur er.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga fyrr á þessu ári var því lýst yfir að unnið yrði að könnun á umfangi skattsvika og leiðum til að stemma stigu við þeim. Hefur verið ákveðið að fela nefnd aðila vinnumarkaðarins og ríkisins að annast þessa úttekt sem m.a. mundi fela í sér að endurmeta niðurstöðu skattsvikaskýrslunnar frá 1985 í ljósi þeirrar þróunar og breytinga sem orðið hafa síðan. Nefndin hefur verið skipuð og fjmrn. hefur undirbúið starfið en gert er ráð fyrir að sjálft nefndarstarfið hefjist á næstunni og tillögur geti legið fyrir um næstu áramót.

Fjmrn. vinnur sem stendur að endurskoðun á fyrirkomulagi skatteftirlits í skattkerfinu má gera ráð fyrir að sú athugun leiði til verulegra breytinga frá því sem nú er. Gert er ráð fyrir því að aukin áhersla verði lögð á rannsókn brota á skattalögum og brota á bókhaldslögum og að embætti skattrannsóknastjóra verði eflt til að taka á málum af þessum toga. Í þessu sambandi má og vekja athygli á aukinni áherslu sem rannsóknalögregla ríkisins leggur á efnahagsbrot og að í undirbúningi er endurskoðun á bókhaldslögum þar sem málefni er varða viðurlög við bókhaldsbrotum er eitt þeirra atriða sem sérstaklega verða athuguð.

Samhliða framangreindri breytingu á verkefnum skattrannsóknastjóra er fyrirhugað að flytja skatteftirlit, þ.e. reglulegt eftirlit með framkvæmd skattalaganna, til skattstofanna í meira mæli en verið hefur svo þær verði í stakk búnar að sinna þessum málum betur en nú er.

Stefán Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Hér er hreyft stóru og miklu máli en það er lítið um svör og ekki í fyrsta sinn. Þessu máli hefur oft verið hreyft í þingsölum. Ég hef gert það oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. Á þinginu 1990 fluttum við Guðni Ágústsson till. þál. eins og hér hefur komið fram. Sú till. til þál. var samþykkt í febrúar 1991. Þar segir: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna umfang virðisaukaskattssvika og „svartrar atvinnustarfsemi" á Íslandi."

Ég verð að segja að miðað við grunsemdir um það hversu víðtæk þessi skattsvik eru er það með ólíkindum hversu fjármálaráðherrar, ekki bara þessi heldur þeir margir sem á undan honum hafa setið, hafa verið kærulausir og sinnulausir í þessum efnum.

Það er óviðunandi að hæstv. ráðherrar komist upp með að vinna ekki eftir þeim samþykktum sem gerðar eru á Alþingi og ég heiti á núv. fjmrh. að duga í þessum efnum og standa við þá samþykkt sem gerð var á Alþingi í febrúar 1991. Hann skuldar þinginu þessa skýrslu.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra svörin. Auðvitað er slæmt að ekki skuli hafa verið framkvæmd sú könnun sem Alþingi fól ríkisstjórninni að láta gera 4. febr. 1991. Mér fannst hins vegar koma fram í máli hæstv. ráðherra að á vegum ráðuneytisins væri að fara í gang starfsemi í þessa veru. Ég læt mig svo sem einu skipta hvort eftirlitið og vinnan fer fram í ráðuneyti eða hvort við fáum hingað skriflega skýrslu. Mestu skiptir að eftirlitið verði framkvæmt.

Það er mjög varhugavert, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra, að fara með tölur sem við heyrum um virðisaukaskattssvik og svarta atvinnustarfsemi. Þó hljótum við á meðan við höfum ekki önnur gögn en þá skýrslu sem var skilað á þinginu 1985–1986, þar sem svört atvinnustarfsemi var áætluð um 5–7% af vergri landsframleiðslu, að miða við þær tölur í dag þar sem við höfum í rauninni ekki aðra viðmiðun. Ef við gerum það gefur það okkur 27 milljarða vegna svartar atvinnustarfsemi í dag.

Til samanburðar er hægt að nefna að beinu skattarnir allir skila ríkissjóði ekki nema tæplega 20 milljörðum og tekjuskattur einstaklinga 3,5 milljörðum. Hér er því um svo stórar upphæðir að ræða að það er vissulega þörf á því að taka á þessu og kanna hvort sú skýrsla sem þingið fékk 1985/1986 er enn í fullu gildi og þær tölur sem þar koma fram.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að virðisaukaskattskerfið hér á landi er tiltölulega nýtt. Þess vegna var það svo til skamms tíma að mikill fjöldi starfsmanna ríkisins, ríkisskattstjóraembættisins og reyndar skattstofanna var upptekinn við að koma kerfinu á. Það tekur auðvitað sinn tíma.

Ég sagði áðan að nú yrði áherslubreytingu að ræða. Fólkið sem hingað til hefur verið að koma kerfinu á getur snúið sér í meira mæli að því að stunda eftirlitið og að því er unnið í ráðuneytinu, hjá skattstofunum og ríkisskattstjóra að breyta þessu.

Ég vil leggja áherslu á að eftirlitið þarf að aukast og

þarf alltaf að vera til staðar. Auðvitað er gott að gera einu sinni átak en það kemur ekkert í staðinn fyrir það sem er sífellt.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, vísa á bug ummælum hv. 4. þm. Norðurl. v. Ég held að þau séu óréttmæt og út í bláinn að segja að fjármálaráðherrar hafi verið kærulausir og sinnulausir í sínu starfi. Ég vil eingöngu benda á að þetta er eitt meginviðfangsefni þessara ráðherra og ég tel að bæði sá sem hér stendur og eins aðrir sem hafa farið með þetta embætti, hafi lagt sig fram um að ná tökum á þessum málum. (Gripið fram í.) Mér er alveg nákvæmlega sama hvað hv. þm. segir. Ég hlustaði gaumgæfilega á hann og tel að ummæli hans séu dauð og ómerk og vísa þeim aldeilis á bug. Ég vil þvert á móti segja að núna er að fara af stað starf sem aðilar vinnumarkaðarins koma að og ég vonast sannarlega til þess að árangur náist með þeim hætti. Gífuryrði eins og komu fram hjá hv. þm. gera í hæsta máta talsvert ógagn ef eitthvað er.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Hv. 4. þm. Norðurl. v. óskar að bera af sér sakir.

Stefán Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það vantar ekki að hæstv. fjmrh. telur sig hafa efni á að slá um sig í þessum ræðustól þegar hann talar um þessi mál. Framganga hans í skattsvikamálum eru ekki sæmandi honum og þeim fjármálaráðherrum sem á undan honum hafa setið um nokkurt skeið. Það er hreint og klárt. Og bera því síðan við að ekki sé tími til þess hjá starfsmönnum ráðuneytanna að vinna að þessu máli er honum heldur ekki sæmandi. Það er ekkert sjálfgefið að það séu akkúrat þeir menn sem í ráðuneytinu vinna og hafa smíðað þetta hripleka kerfi sem eiga að endurskoða það. Það væri miklu nær fyrir ráðherrann að fá aðra utanaðkomandi aðila til að fara ofan í þetta kerfi og kanna hversu hriplekt það er.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. fjmrh. óskar að bera af sér sakir og tekur hann til máls.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Þessi ræða hv. þm. breytir í engu minni skoðun á því sem hann sagði fyrr á þessum fundi á hinu háa Alþingi. Ég bendi á að það fólk sem hefur unnið að breytingum hefur auðvitað unnið að breytingunum á grundvelli gildandi laga. Það voru stjórnmálamennirnir, við sem hér sitjum, sem settum löggjöfina og því miður er hún æði götótt. Þess vegna er erfitt að halda úti eftirliti.

Þetta vil ég að komi fram því það er ekki hægt að kenna starfsfólkinu um þetta með nokkrum hætti. Ég vil einungis segja og fullyrða að fjármálaráðherrar hafa talið eftirlit með skattsvikum vera sitt forgangsverkefni. Ég veit að þar tala ég ekki bara fyrir mína hönd heldur hönd fyrri fjármálaráðherra sem setið hafa undanfarin ár. Ég hvet hv. þm. til þess að spara hávaðann og gífuryrðin. Það er ekki þannig sem við leysum þessi viðkvæmu mál heldur með þrotlausu starfi og þar eigum við að standa saman til þess að árangurinn geti náðst.

Virðisaukaskattur á heimilisiðnað, ein umr.

Fsp. JVK, 199. mál. — Þskj. 239.

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Í þjóðfélaginu fer fram mikil umræða um það atvinnuleysi sem við stöndum frammi fyrir í meira mæli en við höfum átt að venjast. Flestöll fyrirtæki eiga í vök að verjast í þeirri efnahagslægð sem nú er. Til sveita hefur orðið mikill samdráttur í hefðbundnum búrekstri og mörg býli eru þannig í sveit sett að ekki er hægt um vik að stunda launaða vinnu frá búinu til að bæta sér upp það tekjutap sem verður vegna þeirrar skerðingar sem átt hefur sér stað í hefðbundnum búskap.

Margt fólk, bæði konur og karlar, hafa því leitað leiða til að auka tekjur sínar. Mikil gróska hefur orðið í ýmsum heimilisiðnaði sem framleiðendur hafa síðan selt, aðallega yfir ferðamannatímann. Þá hefur komið í ljós að framleiðendur sitja ekki við sama borð. Mjög misjafnt er hvort þeir falla undir ákvæði um undanþágu frá virðisaukaskatti eftir því hvort þeir stunda launaða vinnu eða hafa hingað til haft framfærslu sína alfarið af búrekstrinum. Einnig getur skipt máli hvernig þessi heimilisiðnaður er skilgreindur.

Þetta skapar ýmsa örðugleika hjá þeim sem í þessu standa. Það er því spurning hvort ekki þurfi að samræma reglur. Ég tel að það væri mjög æskilegt að styðja við bakið á þeim sem eru að reyna fyrir sér í framleiðslu minjagripa og nytjahluta með því að framleiðsla þeirra allra væri undanþegin virðisaukaskatti upp að tiltekinni upphæð árlega. Ég tel að það yrði ekki til að lækka tekjur ríkissjóðs heldur mundi stuðla að aukinni framleiðni sem skilaði sér í auknum tekjum þegar á heildina er litið. Því beini ég eftirfarandi fsp. til hæstv. fjmrh.:

„1. Hvaða reglur gilda um virðisaukaskatt á heimilisiðnaði?

2. Gilda sömu reglur um undanþágu frá virðisaukaskatti upp að ákveðnu marki á framleiðslu handunninnar vöru á heimilum, hvort sem um er að ræða framleiðslu einstaklings sem stundar búrekstur eða sem stundar launaða vinnu utan heimilis?“

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Þessi fsp. kemur beint í kjölfar annarrar fsp. og sýnir hve þessi mál eru viðkvæm því í raun er erfitt og vandratað meðalhófið í þessum efnum. Áðan var verið að tala um svarta atvinnustarfsemi og skattsvik. Nú er hins vegar verið að tala um að hve miklu leyti starfsemi á að vera undanþegin þessum skatti. Það er auðvitað grundvallaratriði fyrir þá sem

þurfa að stunda eftirlitsstörfin og fylgjast með því hvort staðið sé við lögin að hafa undanþágur sem allra fæstar, helst engar.

Í 2. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, kemur fram að skattskylda nái til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra. Þetta er meginreglan í lögunum.

Í 3. gr. sömu laga er sagt að skylda til að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð hvíli m.a. á þeim sem í atvinnuskyni eða með sjálfstæðri starfsemi sinni selja eða afhenda vörur eða verðmæti ellegar inni af hendi skattskylda vinnu og þjónustu.

Sala á heimilisiðnaði sem stunduð er í atvinnuskyni er því skattskyld samkvæmt þessum lögum.

Þó er þess að geta að þeir eru undanþegnir skattskyldu sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 183.000 kr. á ári.

Svar við síðari spurningunni er að framangreint undanþáguákvæði er miðað við heildarsölu hins skattskylda en ekki einstaka þætti sölunnar. Ef sá sem stundar búskap selur skattskyldar vörur fyrir meira en 183.000 kr. á ári nýtur hann ekki þessarar undantekningar, eins þó einstaka þættir, svo sem sala á heimilisiðnaði, nái ekki hinu tilgreinda marki. Það sama á við um þann sem stundar vinnu utan heimilis. Ef skattskyld heildarsala viðkomandi m.a. vegna annarrar sölu en heimilisiðnaðar er umfram framangreinda upphæð þá er hann skattskyldur.

Það er hins vegar rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að það kann að sýnast ósanngjarnt að þeir sem stunda framleiðslustarfsemi geti ekki nýtt sér þessa reglu þegar borið er saman við rétt hins sem vinnur launaða vinnu en stundar ekki virðisaukaskattskylda starfsemi.

Þetta eru reglurnar eins og Alþingi skildi við þær á sínum tíma. Við höfum reynt að fara eftir þessum reglum en við vitum að það er erfitt og erfitt að meta hvenær á að krefjast þess að um skýrslugerð sé að ræða og staðið sé skil á þessum skatti. Vil ég í því sambandi vísa til þeirra umræðna sem fóru fram fyrr á þessum fundi.

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans. Það sem fyrir mér vakti með fsp. var að ég vildi benda á það misræmi sem þarna á sér stað og skapar þeim sem þessa framleiðslu stunda núna ákveðið óhagræði að sitja ekki við sama borð þó þeir séu að vinna að sömu störfum og hafi, eins og er í mörgum tilfellum, myndað með sér samstarfshóp til að vinna að þessu og selja síðan framleiðsluna en sitja ekki við sama borð við að selja sína framleiðslu inn á markaðssvæði. Ekki er endilega verið að tala um að auka þurfi frádráttinn heldur að þarna sé ákveðið samræmi á milli. Í því sambandi mætti vel hugsa sér að prósentan væri lækkuð og gilti fyrir alla jafnt. Ég tel það miklu hagstæðari leið en að vera með undanþágu hjá einum sem ekki gildir í öðru tilfelli.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég skil mjög vel hvers vegna þessi fsp. er flutt. Hún er flutt til þess að vekja athygli á því misræmi sem kemur upp t.d. þegar hópur kvenna vinnur saman að því að framleiða heimilisiðnaðarvörur til sölu. Þá kemur í ljós að hluti kvennanna getur notið þessarar reglu upp á 183.000 kr. á meðan annar hópur, sem stundar framleiðslustarfsemi, hvort sem það er til sveita eða bæja, getur ekki nýtt sér heimildina af því að hún er uppurin þar sem sala fyrirtækisins eða búsins er með þeim hætti.

Ég vil eingöngu segja að auðvitað er gott og gilt að samræma sjónarmið en í þessu tilviki er þó meginstefnan sú að það eigi að koma í veg fyrir undantekningar sem allra mest vegna þess að undantekningarnar eru ákaflega erfiðar fyrir þá sem sinna eftirlitshlutverkinu. Þess vegna hefur það verið straumurinn, ekki aðeins hér á landi heldur annars staðar líka, að koma í veg fyrir svona undantekningar og gera alla söluna skattskylda hvort sem um er að ræða 1 kr. eða 180.000 kr.

Ég er ekki með þessu að segja að það liggi fyrir tillögur um að breyta þessu nú en bendi á að sú hugmynd sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda er um að fara í öfuga átt við það sem sá straumur virðist liggja sem nú ræður ríkjum um þessar mundir, þ.e. að gera alla jafna fyrir lögunum og koma í veg fyrir undantekningarnar.

Innheimta Pósts og síma, ein umr.

Fsp. GHall, 189. mál. — Þskj. 219.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Fyrir um það bil tveimur vikum var dreift hér á þingi þskj. 219 með fyrirspurn til samgrh. vegna innheimtu Pósts og síma. Svo hefur borið við að síðan þessi fsp. var lögð fram hefur allnokkur umræða verið í þjóðfélaginu varðandi einn þátt þeirrar spurningar sem ég beini til samgrh., þ.e. um ýmsa þjónustu sem fer fram í gegnum Póst og síma. Menn geta hringt í ákveðin fyrirtæki og fengið ýmsar upplýsingar. Bæði í Ríkisútvarpi og ýmsum blöðum hafa foreldrar um þetta rætt og ritað og bent á m.a. að kostnaður vegna hverrar mínútu er á bilinu 30 til 70 kr. og má segja að slíkar hringingar kosti allverulega fjárhæð, a.m.k. ef lengi er legið í símanum.

En fsp. mín er:

„1. Innheimtir Póstur og sími gjald af símnotendum fyrir símaþjónustu sem nokkur fyrirtæki hafa auglýst að undanförnu og felst m.a. í ýmsum upplýsingum varðandi skemmtanalíf í borginni, upplestri á ýmiss konar afþreyingarefni, úrslitum getrauna og öðru þess háttar?“

Ef ég má vitna til þeirrar umræðu sem fram hefur farið í þjóðfélaginu er þess getið, sem kemur ekki fram í fsp. minni, að m.a. sækja unglingar mjög í, kynlífsfræðslu — ef menn hafa hug á því að hlusta á allan

kaflann mun það kosta einar 8.000 kr. — auk stjörnuspeki og annars því um líks, sem hv. 18. þm. Reykv. leitar víst nokkuð til að morgni dags í upphafi vinnudags.

„2. Er símanum lokað greiði notandi ekki gjald fyrir umræddda þjónustu?

3. Hafi síma verið lokað vegna vangjalda af þessum sökum eða fyrir almenna notkun er þá hvorki hægt að hringja í né úr þeim síma?"

4. Stangast það ekki á við mannréttindi að sá er greitt hefur svokallað heimtaugargjald og annan kostnað geti ekki notað símann sem öryggistæki, þ.e. að hægt sé að hringja í viðkomandi númer?"

Ég hélt að það væri símnotandinn sem hefði greitt fyrir sitt símtæki og sitt heimtaugargjald þannig að það væri eðlilegt að a.m.k. væri hægt að hringja í símann. Þess vegna hlýtur það að stangast á við eignarrétt manna að síminn skuli viðhafa svo stranga innheimtuaðgerð sem raun ber vitni.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Póst- og símamálastjóri svarar þessum fsp. svo:

Þjónusta eins og sú sem er boðin hér á landi á svokölluðu símatorgi hefur þekkst í öðrum löndum Vestur-Evrópu um nokkurra ára skeið. Miðlun hefur rekið upplýsingasímann 991 000 um þriggja ára skeið og var litið á þann rekstur sem tilraun en nú hafa fleiri aðilar tekið til starfa á þessum vettvangi. Um símatorgið gildir ákveðin gjaldskrá og getur hvaða fyrirtæki sem er nýtt sér þann möguleika að veita upplýsingar í gegnum símkerfið með þessum hætti. Slík þjónusta verður þó að vera innan allra velsæmismarka en að öðru leyti telst það ekki hlutverk Pósts og síma að velja eða hafna þeim sem vilja bjóða þjónustu á símatorginu.

Vegna eðlis þessarar þjónustu verður hún ekki rekin nema á almenna símakerfinu og Póstur og sími er rekstraraðili þess. Því er eðlilegt að fyrirtækið sjái um að innheimta gjöld fyrir þá sem bjóða þjónustu á símatorginu.

Yfirstjórn Pósts og síma er ljóst að setja þarf ákveðnar reglur um starfsemi af þessu tagi og verða þær gefnar út á allra næstu dögum. Í þeim mun koma fram að hægt verður að bjóða þvílíka þjónustu í fimm mismunandi gjaldflokkum og verða þrír dýrustu flokkarnir aðeins opnir fyrir notendur í stafræna kerfinu. Þeir munu þá geta látið loka símanum þannig að ekki verði hægt að hringja úr honum í símatorgið.

Hingað til hefur Póstur og sími ekki aðgreint gjald fyrir hringingar í númer á símatorginu frá öðrum símakostnaði notenda. Slík aðgreining er heldur ekki möguleg í hliðræna símakerfinu. En í stafræna kerfinu, sem nær til um helmings landsmanna, er hægt að biðja um sundurliðað símreikninga og þá er hægt að sjá kostnað við öll dýrari símtöl en venjuleg innanbæjarsímtöl. Það er einnig til athugunar innan Pósts og síma að tilgreina sérstaklega á hverjum símreikningi innan stafræna kerfisins heildarkostnað við hringingar í númer á símatorginu. Ef af slíkri sundurliðun verður er hugsanlegt að ekki verði lokað fyrir venjuleg símaafnot þótt símnotandi skuldi vegna hringingu á símatorgi en slík framkvæmd yrði ýmsum vandkvæðum bundin.

Þegar síma er lokað vegna ógreiddra reikninga 45 dögum eftir gjalddaga er alltaf lokað fyrir hringingar úr og í viðkomandi númer, enda hefur hliðræna kerfið ekki boðið upp á annað.

Að lokum: Það öryggi sem fæst af því að hafa síma tengist aðallega þeim þætti að hægt sé að hringja úr honum til að láta vita af sér frekar en því að hægt sé að hringja í viðkomandi. Því hefur það ekki komið til álita að loka einungis símanum í aðra áttina.

Fyrir Póst og síma er líka mjög erfitt að greina milli öryggisþáttarins og áframhaldandi almennrar notkunar þess sem skuldar símreikninginn.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt um þetta. Hér hefur komið fram um þessar beinu upplýsingalínur að það sem þar er sagt þurfi að vera innan almennra velsæmismarka, eins og hæstv. ráðherra hefur orðað það. Mig langar þess vegna til að varpa tveimur spurningum til hæstv. ráðherra: Hveru eru þessi almennu velsæmismörk og hver fer yfir þetta efni? Er það póst- og símamálastjóri eða er það ráðherrann sjálfur?

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra fyrir hans svör og tek undir spurningar hv. 17. þm. Reykv. Það er vissulega mjög nauðsynlegt að slík fyrirtæki sem bjóða þjónustu eins hér hefur komið fram haldi sig innan velsæmismarka. Sú spurning hlýtur að vakna hver ætlar að gæta þess.

Jafnframt kom fram hjá ráðherra, sem er athyglisvert, að ekki hefur verið athugaður sá þáttur lokunar símakerfisins sem beinist í aðra áttina. Vissulega er mjög nauðsynlegt að það sé gert.

Það er líka umhugsunarefni hvort hvaða fyrirtæki sem er getur auglýst slíka þjónustu og ætlað síðan Póst- og símamálastofnun að innheimta fyrir sig með þeim hætti sem hér er gert. Hins vegar er það athyglisvert eins og kom fram að hugsanlega yrði símanum ekki lokað þótt þessi þjónusta væri ekki greidd, en hvert fer þá greiðslan? Greiðir viðkomandi símnotandi beint til þessa fyrirtækis eða fer greiðslan í gegnum Póst og síma? Væri áhugavert að fá að vita hver er hlutur Pósts og síma í innheimtugjöldum vegna þessarar þjónustu.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að það væri almenn eftirspurn eftir því að fá að slást í hóp þeirra manna sem eiga að meta það fyrir Póst og síma hvað fari yfir hin almennu velsæmismörk og skal koma því áleiðis að hér inni séu tveir áhugasamir þingmenn sem gjarnan vilji taka það að sér og skilgreina betur en gert hefur verið hvar þau mörk liggja.

Um hitt hef ég það eitt að segja að þessir upplýsingasímar eru dýrari en aðrir símar vegna þess að Póst-

ur og sími annast innheimtu fyrir þá sem láta slíka upplýsingaöflun í té og eftir reglum, sem ég ekki kann, skiptast greiðslur milli slíkra fyrirtækja og Pósts og síma.

Jarðgangagerð á Austurlandi, ein umr.

Fsp. EMS, 205. mál. — Þskj. 246.

Fyrirspyrjandi (Einar Már Sigurðarson):

Frú forseti. Í lok árs 1988 skipaði þáv. samgrh. nefnd um jarðgangagerð á Austurlandi. Nefndin var hugsuð sem samráðsnefnd Vegagerðar, ráðuneytis, Byggðastofnunar og heimamanna. Í upphafi gerði nefndin ráð fyrir því að skila áliti sínu árið 1990. Af þeirri ástæðu að ekki kom álit frá nefndinni á því ári var hæstv. samgrh. spurður að því á Alþingi fyrir rétt rúmu ári hvað liði störfum nefndarinnar. Í svari hæstv. ráðherra þá kom fram að nefndin áformaði að ljúka störfum sl. vetur. Því miður hefur álit nefndarinnar ekki enn fram komið og verður enn brýnna að fá að sjá álit hennar.

Alþingi hefur markað með samþykkt langtímaáætlunar um vegagerð að jarðgangagerð á Austurlandi komi næst á eftir jarðgangagerð á Vestfjörðum. Miðað er við að jarðgangagerðin hefjist 1997 eða 1998.

Ýmsir hafa gert sér vonir um það eftir að ákveðið var að flýta jarðgangagerð á Vestfjörðum að einnig væri unnt að flýta jarðgangagerð á Austurlandi.

Með töfum á störfum nefndarinnar er augljóst að þær vonir verða litlar ef ekki fer fljótlega að rætast úr að nefndin ljúki störfum.

Á Austurlandi hafa vaknað miklar áhyggjur um störf þessarar nefndar og vil ég leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa ályktun sem samþykkt var á aðalfundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi sl. haust. Hún hljóðar svo:

„Aðalfundur Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, haldinn á Höfn í Hornafirði dagana 28. og 29. ágúst 1992, beinir þeim eindregnu tilmælum til samgrh. að hann beiti sér fyrir því að nefnd um jarðgangagerð á Austurlandi sem skipuð var af fyrrv. samgrh. 1988, skili áliti hið fyrsta."

Það er m.a. af þessum ástæðum, virðulegi forseti, sem ég hef leyft mér á þskj. 246 að leggja fyrir hæstv. samgrh. fsp. sem hljóðar svo:

„Hvenær má búast við að nefnd um jarðgangagerð á Austurlandi, sem skipuð var árið 1988 af fyrrv. samgrh., ljúki störfum og skili áliti?"

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Eins og fram kom hjá fyrirspyrjanda fékk ég samhljóða fsp. í hendur á síðasta þingi. Ég svaraði henni á þann veg að nefndin hefði ætlað sér að skila áliti á sl. vetri en af því hefur ekki orðið eins og hér hefur verið rakið. Ég hef eins og áður fengið upplýsingar um að það sé góður vilji nefndarinnar að henni takist að ljúka störfum á þessum vetri og formaður nefndarinnar metur það svo að enn sjái fyrir endann á störfum nefndarinnar.

Ég rifja það upp að engin samþykkt langtímaáætlun liggur fyrir. Alþingi hefur ekki samþykkt langtímaáætlun og merkingarlaust að vitna til áætlunar sem ekki er til. Á hinn bóginn var gert ráð fyrir því í áætlun sem forveri minn lagði fram á síðasta þingi sínu sem samgrh. að framkvæmdir við Austfjarðagöng gætu hafist í lok annars tímabils, þ.e. á árunum 1997–1998. Það var alveg í lok tímabilsins þannig að allur þunginn af verkinu ætti þá að fara yfir á þriðja tímabil. Einnig var gert ráð fyrir því að greiða að fullu þær skuldir sem samkvæmt þál. sem samþykkt var á Alþingi hefðu fallið vegna Vestfjarðaganga.

Á síðasta þingi lét ég í ljós þá skoðun mína við umræður um fsp. þá að undirbúning og rannsóknir ætti að miða við þá tímasetningu, þ.e. að framkvæmdir gætu hafist í lok næsta áætlunartímabils þannig að ekki þurfi að stranda á þeim atriðum þegar málið kemur til ákvörðunar Alþingis við endurskoðun vegáætlunar.

Ég hef einnig ítrekað þetta sjónarmið mitt við nefndina. Mér er sagt að þrátt fyrir þær tafir sem orðið hafa á útkomu skýrslu nefndarinnar sé nægur tími til stefnu til að ljúka rannsóknum og öðrum undirbúningi í tæka tíð. Ég hygg raunar að þingmönnum Austfirðinga sé þetta allt kunnugt jafn vel og mér. Nefndin hefur miðað störf sín við að reyna að ljúka þeim sem fyrst. Ég hygg að öllum þingmönnum Austfirðinga sé jafnframt kunnugt að Vegagerðin hefur miðað undirbúning og athuganir við að hægt verði að standa við hin fyrri markmið sem síðasta ríkisstjórn setti í þessum efnum og ekki þurfi að stranda á undirbúningnum þegar ákvörðun verður tekin um framhaldið.

En ég tek fram að engin fyrirmæli um þessi efni liggja fyrir frá Alþingi.

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Varðandi það mál sem hér er til umræðu vil ég taka fram að það er mjög áríðandi að fá tillögur jarðganganefndar sem fyrst. Ég vil einkum undirstrika við þessa umræðu að það er nauðsynlegt að við þá röð sem miðað hefur verið í jarðgangaframkvæmdum verði staðið. Við Austfirðingar reiknuðum með því þegar var farið í jarðgöng á Vestfjörðum að við yrðum næstir. Ég vil einnig láta það koma fram að ég hef alltaf haft fyrirvara um að það er erfitt og vekur óvissu að ekki verði samfella í framkvæmdunum. Ef jarðgangaframkvæmdir falla niður um eitt ár, tvö ár eða fleiri er framhaldið óvíst. Þess vegna vil ég að sú afstaða verði endurskoðuð og samfella verði í jarðgangaframkvæmdum.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt að fram komi vegna athugasemda ráðherra að það var bærileg samstaða um þá langtímaáætlun í vegagerð sem lögð var fram á þinginu á sínum tíma þótt hún hlyti ekki afgreiðslu og bókun fulltrúa Sjálfstfl. lýtur ekki að efnisatriðum í tillögugerðinni. Það verður því ekki skilið svo frá

þeirri bókun að ágreiningur hafi verið í nefndinni um einstakar framkvæmdir og tímasetningu á þeim.

Það er ljóst þeim sem þetta lesa og kynna sér efni langtímaáætlunarinnar að áformin eru alveg skýr. Það á að ráðast í Austfjarðagöng þegar að loknum Vestfjarðagöngum þannig að samfella verði í jarðgangaframkvæmdum. Ástæða er til að ítreka það og fá fram viðhorf ráðherra til þess hvort hann sé þeirrar skoðunar að svo beri að vera eða hvort áform ráðherra lúti að því að slíta þessi verk í sundur og láta einhvern tíma líða frá því að menn ljúka Vestfjarðagöngum og þar til hafist verði handa á Austfjörðum.

Fyrirspyrjandi (Einar Már Sigurðarson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin þó vissulega hefði verið ánægjulegra að heyra skýrar um það hvenær nefndin stefnir að því að ljúka störfum því þetta svar er býsna líkt því sem barst um svipað leyti í fyrra. Ég vil vekja athygli hæstv. ráðherra á því að auðvitað starfar nefndin á hans ábyrgð og það er í hans verkahring að ýta við henni. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að hvetja hann sérstaklega til þess.

Ég vil einnig nota tækifærið og taka undir með hv. þm. sem hafa lagt áherslu á að það er auðvitað mjög nauðsynlegt að samfella verði í jarðgangagerð hér á landi, bæði vegna þeirrar verkkunnáttu og mikils tækjakosts sem þá nýist. Ég vona að hæstv. ráðherra lýsi því að hann sé sammála okkur um þetta mál.

Ég vil einnig nota tækifærið og bera undir hann ummæli sem birtust í því ágæta vikublaði Austurlandi í síðustu viku. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Jónas Hallgrímsson, formaður samgöngunefndar Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, segir að samgrh. hafi lýst því yfir að áhugi samgönguyfirvalda standi til alls annars en að bora hér í gegnum fjöll."

Ég vona svo sannarlega að hér sé um misskilning að ræða og þetta sé ekki rétt eftir haft og hæstv. samgrh. hafi aldrei lýst þessari skoðun sinni og við fáum hér á eftir að heyra allt annað og hann taki hér undir með öðrum og telji það mjög brýnt að samfella verði í jarðgangagerð á landi hér.

Rétt undir lokin, virðulegi forseti, langar mig til að hafa eftir örstutt ummæli sem viðhöfð voru við svör við svipaðri fsp. fyrir rétt rúmu ári síðan. Þá sagði hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson m.a., með leyfi forseta:

„Ég vil endilega að sú skoðun mín komi fram að taka þurfi þessa tímasetingu til endurskoðunar ef byggðastefna ríkisstjórnarinnar á að standa fyrir sínu."

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Mjög fjölgar fyrirspurnum, enda hef ég engan tíma til svara og rétt að haga sér þannig ef menn vilja fá svör. Ég vil fyrst segja að það vekur ekki undrun mína þótt hv. 5. þm. Vestf., Kristinn H. Gunnarsson, vilji hlaða mjög verkefnum á vegáætlun á næstu árum. Það stendur þannig á í hans kjördæmi að sennilega þarf ekki mikið að huga að Djúpvegi eða öðru slíku því hér virðist hann styðja öll stórverkefni sem fram koma og vilja hraða þeim miklu meir en forveri minn gerði og setur fram miklu stífari kröfur en hann í þeim efnum.

Við fyrirspyrjanda vil ég segja í fyrsta lagi að ég hef gefið þau fyrirmæli og hann getur sjálfur síðan, ef hann vill draga í efa að eftir þeim sé farið, haft samband við vegamálastjóra og formann þessarar nefndar, sem raunar er Austfirðingur, og spurt hann hvort ástæða sé til að reka mjög á eftir honum í þessum störfum. Ég er mjög undrandi á því að slíkt skuli gefið í skyn. Það er verið að tala um mjög kostnaðarsamar framkvæmdir sem skipta milljörðum kr. Ég skal ekki segja hversu mörgum milljörðum kr. en milljörðum kr. Og það hvort skýrsla um slík efni berist mánuði fyrr eða síðar er auðvitað ekki höfuðatriðið. Aðalatriðið er að reynt sé að standa vel að slíkum undirbúningi og athuga sinn gang vel áður en farið er af stað. Ég hef óskað eftir því að undirbúningur miðist við að verkinu verði ekki seinkað frá því sem áður hafði verið ákveðið.

Nú er hins vegar komið í ljós að hv. 2. þm. Austurl., Jón Kristjánsson, sem og fyrirspyrjandi eru mjög óánægðir með þá stefnu sem mörkuð var meðan þeir voru í stjórnarmeirihluta varðandi jarðgöngin fyrir austan. Nú sætta þeir sig ekki lengur við að nokkurt hlé sé gert á jarðgangagerðinni eins og ákveðið var af þeim samgrh. sem þeir báru sjálfir ábyrgð á og ákveðið var í þál. sem samþykkt var á Alþingi á síðasta kjörtímabili.

Staða loðdýrabænda, ein umr.

Fsp. JVK, 196. mál. — Þskj. 233.

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum árum voru bændur hvattir til mikilla fjárfestinga í loðdýrarækt. Sú hvatning kom frá stjórnendum landbúnaðarmála og var byggð á grundvelli arðsemisútreikninga sérfræðinga. Þegar ljóst var að loðdýraræktin varð ekki sú lyftistöng í íslenskum landbúnaði sem ætlað var og tekjuvonir brugðust og margir bændur urðu að hætta við frekari tilraunir í þeim efnum var ljóst að skuldastaða margra þeirra var mjög erfið. Þrátt fyrir að nokkuð hafi verið gert til að koma til móts við bændur í þessari stöðu eiga margir þeirra enn yfir höfði sér gjaldþrot og eignamissi vegna þessarar tilraunar. Ég tel að þarna hljóti ábyrgð stjórnvalda að koma til. Ég vil því beina eftirfarandi fsp. til hæstv. landbrh. á þskj. 233:

„1. Hefur nefndin, sem skipuð var til að skoða stöðu loðdýrabænda, lokið störfum?

2. Ef svo er, hverjar eru þá tillögur hennar til lausnar á vanda þeirra?"

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Spurt er hvort nefnd sem skipuð var til að skoða stöðu loðdýrabænda hafi lokið störfum. Svarið við því er já. Síðan er spurt hverjar séu þær til-

lögur sem hún leggi til til lausnar á vanda þeirra. Vegna þess skamma tíma sem ég hef til umræðu kýs ég að svara fyrst hvaða tillögur það eru sem ríkisstjórnin og þingflokkar stjórnarflokkanna hafa samþykkt um vanda loðdýraræktar. Þær tillögur eru svohljóðandi:

„Lagt er til að öllum aðilum sem hafa heimild til reksturs loðdýrabúa og fengið hafa lán til þeirra hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins verði gefinn kostur á að sækja um fyrirgreiðslu stjórnvalda.

Lagt er til að stjórnvöld beiti sér fyrir almenmum aðgerðum til aðstoðar starfandi loðdýrabændum og þeim loðdýrabænum sem hætt hafa starfsemi. Annars vegar verði leitað eftir því við Stofnlánadeild landbúnaðarins og aflað nauðsynlegra heimilda til að deildin geti fellt niður verulegan hluta af lánum til loðdýraræktar sem verði liður í heildarsamningum um skuldauppgjör loðdýrabænda. Miðað er við að sú niðurfelling geti numið allt að helmingi af heildarskuldbindingum sem til hefur verið stofnað vegna loðdýraræktar. Hins vegar leggi ríkissjóður fram fé til greiðslu á lánum með ríkisábyrgð. Verði framlagið veitt árlega og svari til greiðslu afborgana og vaxta af þeim lánum.

Lagt er til að jöfnunargjald á loðdýrafóður verði fellt niður frá og með 1. jan. 1994.

Lagt er til að beina tilmælum til sveitarfélaga um að gefa eftir eða lækka kröfur sínar vegna fasteignaskatts og aðstöðugjalds sem er í vanskilum hjá loðdýrabændum.

Lagt er til að um frekari aðgerðir verði ekki að ræða af hálfu stjórnvalda að þessum aðgerðum loknum."

Fyrir utan þær aðgerðir sem ég hef minnst hér á lagði nefndin til varðandi ráðstöfun eigna:

„Ríkissjóður heimilar að ónotuð loðdýrahús verði seld og/eða nýtt til annarrar starfsemi án þess að endurgreiða þurfi af þeim söluskatt samkvæmt þinglýstri kvöð. Aflétta ber þeirri kvöð enda ekki í samræmi við núgildandi skattkerfi."

Enn fremur um jöfnunargjald á loðdýrafóðri og ráðgerðri fóðurframleiðslu:

„1. Jöfnunargjald á loðdýrafóður verði greitt áfram á þessu ári og næsta með sama hætti og á árinu 1990.

2. Samsvarandi fjármagni og Framleiðnisjóður hefur veitt til greiðslu afurðalána verði varið frá sjóðnum til að auka fóðurniðurgreiðslur enn frekar og til ráðgjafar við fóðurgjald. Reiknað er með því að slíkt jöfnunargjald verði greitt á næsta ári eins og á þessu."

Í nefndini var fjallað um fóðurstöðvar. Í nefndaráliti segir:

„Vegna þess hver staðan er breytileg er ljóst að erfitt er að leggja til ákveðnar lausnir fyrir fram. Grípa þarf til sértækra aðgerða fyrir hverja og eina ef bæta á stöðu þeirra. Meginmáli skiptir að fylgjast með og hafa viðbúnað ef fóðuröflun loðdýrabænda stefnir í að vera ótrygg á einstökum svæðum."

Um afurðalán segir:

„a. Afurðalán til loðdýrabænda verði hækkuð þannig að þau nemi 75% af söluverðmæti skinna hvers undanfarins árs, þó ekki hærri en sem nemur breytilegum kostnaði búanna.

b. Fóðurstöðvar hafi forgangsrétt til afurðalána til að standa undir fóðuruttekt hvers og eins loðdýrabónda.

c. Viðskiptabankar veiti viðbótarlán til skinnaverkunar í nóvember og desember.

Það felst ekki í samþykkt ríkisstjórnarinnar að koma að afurðalánum til loðdýrabænda heldur er það málefni sem þeir verða að taka upp við sína viðskiptabanka."

Til þess að gera þetta skýrara vil ég endurtaka það sem er kjarninn í aðgerðum ríkisstjórnarinnar nú. Í fyrsta lagi að afla nauðsynlegra heimilda til að Stofnlánadeild landbúnaðarins geti fellt niður verulegan hluta af lánum til loðdýraræktar sem verði liður í heildarsamningum um skuldauppgjör loðdýrabænda. Er miðað við að sú niðurfelling geti numið allt að helmingi af heildarskuldbindingum sem stofnað hefur verið vegna loðdýraræktar. Í öðru lagi taki ríkissjóður að sér greiðslur á þeim lánum sem loðdýrabændum hafa verið veitt með ríkisábyrgð þannig að þau lán verði niður felld.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Því miður verð ég að gera athugasemdir við þær tillögur sem ráðherra kynnir hér og harma í leiðinni að sá maður sem fer með þennan málaflokk og er æðsti maður Stofnlánadeildar skuli ekki hafa leitað eftir samráðsfundi með stjórn deildarinnar. Ég tel mikilvægt að það eigi sér stað því að svo óljósar eru þessar tillögur sem hér liggja fyrir.

Ég vil að vísu lýsa því yfir að ég hef alltaf verið fylgjandi mikilvægum aðgerðum til þess að bjarga því fólki og þeirri búgrein sem loðdýraræktin er til þess að hún geti horft til framtíðar. Hér sýnist mér því miður að komnar séu upp á borðið tillögur sem segi það í rauninni að þessi starfsgrein muni líða undir lok. T.d. er ljóst að minkaskinnin hafa verið að lækka enn í verði, sá tími er alltaf að lengjast og voru þau lægst í september. Mér sýnist að með því að ákveða það heilt og klárt 1994 að fella niður jöfnunargjald á loðdýrafóður muni þeir sem eftir eru fara á hausinn og allar fóðurstöðvar.

Ég vil alla vega spyrja hæstv. ráðherra hvað hann sjái fyrir sér í sambandi við skinnaverð, hvort hækkun sé í sjónmáli.

En ég verð að lýsa því yfir að deildin hefur, hæstv. forseti, unnið markvisst að því að kanna stöðu loðdýrabænda og er tilbúin eftir þeim leiðum sem hún hefur að semja við þá um niðurfellingu, bæði þá sem starfandi eru og ekki síður hina sem hættir eru starfsemi.

Ég hefði heldur kosið að eiga um þetta fund með ráðherra þar sem hægt væri fyrst og fremst að huga að því verkefni sem mikilvægast er, að tryggja framtíðarstöðu greinarinnar. (Forseti hringir.) Því miður, forseti, þyrfti ég að fá að halda miklu lengri ræðu en tíminn er liðinn.

Elín R. Líndal:

Virðulegi forseti. Loðdýrabændur bíða og hafa beð-

ið lengi eftir lausnum á þeim vanda sem þeir sitja enn uppi með. Ég vil spyrja hæstv. landbrh. hvort hann vildi skýra það aðeins betur út hvernig tillögurnar eru um lán sem eru með ríkisábyrgð. Það kom fram að Stofnlánadeildin geti fellt niður allt að helmingi heildarskuldanna. Ég óska eftir svörum um hvort sú aðgerð sé tengd afgreiðslu lána með ríkisábyrgð. Mig langar að fá fram hvort það verði að gerast jafnhliða.

Ég vil bara leggja áherslu á það að stofnanir þær sem málið varðar mega ekki leyfa sér að ýta málinu á milli sín á meðan þolendur fá engar lausnir á sínum málum mánuðum og sumir árum saman.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað mjög sérkennilegt af hv. 5. þm. Suðurl. að gera lítið úr tillögum til lausnar á vanda loðdýraræktarinnar sem eru þær mestu og stærstu sem gerðar hafa verið í einstakri aðgerð frá því að þessari grein var komið á. Það er alveg ljóst að hér er verið að leggja til að annars vegar verði felldar niður greiðslur sem geta numið í heild allt að 850 millj. kr. og hins vegar að létta af greiðslum vegna Ríkisábyrgðasjóðs sem uppreiknaðar munu nema þegar þær hafa verið greiddar um 450 millj. kr.

Hér er verið að leggja til aðgerðir sem eru ómetanlegar fyrir þessa grein. Það er ljóst að til þess og ef þessi aðgerð á að ganga upp — vegna ummæla hv. 1. þm. Norðurl. v. — verða allir að koma að því verki, Stofnlánadeildin, Ríkisábyrgðasjóður og aðrir þeir lánardrottnar sem máli skipta. Enginn getur vikið sér undan.

Aðalatriðið er að með þessum aðgerðum er verið að viðurkenna þann vanda sem greinin stendur og hefur staðið frammi fyrir og taka á honum með ábyrgum og *hraustlegum hætti.*

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Hv. 5. þm. Suðurl. óskar að bera af sér sakir og tekur til máls.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hver var að gera lítið úr þeim tillögum sem hér liggja frammi? (**Gripið fram í:** Þú varst að því.) Ég tel þær að vísu mjög óljósar. Það er yfirleitt sagt: Lagt er til. En ég vil vekja athygli á því, sem menn þekkja kannski ekki, að Stofnlánadeildin hefur í þrjú ár verið með öll loðdýralán án vaxta og án afborgana í frysti, sem sé fellt niður á þessa grein 150 millj. á hverju einasta ári. Og hún er tilbúin að gera það áfram í þau tvö ár í viðbót sem hún hefur heimild, en fyrst og fremst leggur stjórn deildarinnar áherslu á að farið verði í raunhæfar aðgerðir.

Á öllum blöðum hjá ráðherranum er „lagt til". Hann talar aðallega um Stofnlánadeildina en það er ekki einu sinni ljóst hvort ríkisábyrgðasjóðslánin fara út af veðunum.

Ég vildi fá svar við því og ég hef vakið athygli á því atriði. (**Forseti:** Nú þykir forseta að hv. þm. sé kominn út í efnislega umræðu.) Já, ég er að ljúka. Ég hef vakið athygli á því og ég geri lítið úr því að taka ákvörðun um það í dag að fella niður jöfnunargjaldið á fóðri því mér sýnist miðað við stöðu og verðið að það þýði að búgreinin líði undir lok og við töpum þessari verkþekkingu. Fóðurstöðvarnar fara á hausinn og bændurnir fara á hausinn líka, hæstv. forseti.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill taka það fram að það er mjög mikilvægt að hv. þm. misnoti ekki þetta ákvæði þingskapalaga um að fá að bera af sér sakir. Biðji þeir um það er mjög mikilvægt að þessi tími sé einungis nýttur til þess að bera af sér sakir en ekki til þess að fara út í efnislega umræðu.

Nú hefur hv. 3. þm. Vestf. óskað að bera af sér sakir og tekur hann til máls.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Suðurl. vakti athygli á því að í þessum tillögum hæstv. ríkisstjórnar sé talað um að leggja til. Það er náttúrlega einfaldlega þannig að þegar tillögur eru lagðar fram verða menn að orða þær svo „að leggja til". Það er auðvitað ljóst eins og hv. 5. þm. Suðurl. veit að það er gert ráð fyrir því og um það talað að beina ákveðnum tilmælum til Stofnlánadeildar vegna þess að agavald yfir þeirri deild hefur landbrh. að sjálfsögðu ekki.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur það gerst að ríkisstjórnin hefur haft frumkvæði að því að leysa mjög þrúgandi og erfiðan vanda sem loðdýrabændur eru í. Það er alveg ljóst að bændur hafa beðið eftir þessari lausn. Þeir hafa lifað við óljósa framtíð um nokkurra ára skeið og ég verð að segja að ég er afskaplega hissa að *hlýða á mál hv. þm. Guðna Ágústssonar, ekki síst* í ljósi þess að nokkrir forvígismenn bænda hafa komið að máli við þá sem hafa verið í þessari tillögugerð og óskað eftir því að málinu yrði hraðað.

Hér hefur það gerst að hv. þm. Guðni Ágústsson er fyrsti talsmaður gjaldþrotastefnunnar í íslenskum landbúnaði. Hann segir það einfaldlega að þessar tillögur séu ekki nógu góðar. Hins vegar er alveg ljóst að þær koma í veg fyrir að bændur verði boðnir upp og koma í veg fyrir það að þeir verði gjaldþrota. Hann er samt að leggjast gegn þessum tillögum.

Það er alveg ljóst að þessar tillögur og þetta frumkvæði ríkisstjórnarinnar verður ekki að veruleika nema Stofnlánadeild landbúnaðarins spili með. Það er hins vegar ekki hægt að skilja mál hv. þm. öðruvísi en svo að hann sem æðsti yfirmaður deildarinnar ætli að leggjast gegn því. Hann verður auðvitað að hreinsa það mál hérna. Ætlar hann að knýja loðdýrabændur í gjaldþrot eða ætlar hann að styðja stefnu ríkisstjórnarinnar sem miðar að því að koma í veg fyrir að loðdýrabændur sem eru enn starfandi eða hafa hætt störfum verði gjaldþrota?

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Hv. 5. þm. Suðurl. óskar að bera af sér sakir.

Guðni Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég er ekki talsmaður gjaldþrotastefnunnar og svona ræður eiga ekki rétt á sér. Ég hef staðið sem formaður deildarinnar fyrir mikilli fyrirgreiðslu til þessarar búgreinar. En mér sýnist ... (Forseti hringir) Því miður verð ég að fara út í efnislega umræðu því að forseti leyfir árásir á þingmenn sem ekki hafa málfrelsi undir efnislegum umræðum. (**Forseti:** Forseti stjórnar því ekki hvað hv. ræðumenn segja.) Þá skal berja í hausinn á þeim ef þeir ekki gæta hófs í orðum. En það stendur ekki á því hjá deildinni að setjast yfir það verkefni. Hún hefur setið yfir því hvernig má leysa vandann. Ég t.d. tel að þá verði að flokka menn niður. Deildin telur að auðvitað verði að leita lausna hjá þeim sem við vandann búa.

Mér sýnist að hér sé verið að leggja til flatan niðurskurð á skuldum en ýmsir eru ágætlega settir og þurfa ekki á neinni hjálp frá stjórnvöldum að halda. Þess vegna verð ég líka, miðað við þá miklu fyrirgreiðslu sem þessi búgrein hefur fengið, að gæta hagsmuna annarra búgreina sem ekki sætta sig við það. Það eru margir fleiri í miklum vanda í Stofnlánadeildinni. Ég minni á sauðfjárbændur. Ég get minnt á marga fleiri.

Hér verða menn því að gæta orða sinna og hæstv. ráðherra hlýtur að leita eftir fundi við deildina fljótlega. Þá mun hann auðvitað sjá að þar er markvisst starf hafið til þess að finna framtíðarlausn á stöðu greinarinnar. En þetta plagg sýnist mér miðað við skinnaverðið að sé gjaldþrotastefna. Það þýðir að fóðurstöðvarnar og búin sem eftir standa fara á hausinn. Þau verða gjaldþrota. 35 millj. á fjárlögum eru ætlaðar til niðurgreiðslu á fóðri. Þær á að fella í burtu og það þýðir dauðadóm yfir búgreininni og gerir auðvitað stöðu Stofnlánadeildarinnar enn þá alvarlegri. Við getum búist við því að t.d. 1994–1995 hækki skinnaverðið úti í heimi á nýjan leik. Það hefur tafist í 2–3 ár miðað við það sem áætlað var.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti verður að endurtaka það sem hún sagði hér áðan að hv. þm. verða að bera þá virðingu fyrir þingskapalögunum að misnota ekki ákvæði um að fá að bera af sér sakir.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Þar sem ég átta mig ekki á því hvaða mál er raunverulega á dagskrá miðað við þá yfirlýsingu formanns þingflokks Alþfl. að ríkisstjórnin geti ekki stjórnað nema Stofnlánadeildin spili með, þá vildi ég gjarnan fá upplýst hvort svo er komið fyrir hæstv. ríkisstjórn að hún telji sig ekki þurfa að stjórna að lögum heldur þurfi að hafa góða spilamenn með sér og hvaða mál er á dagskrá. Það getur varla verið sú fsp. sem hér var lögð fram?

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill upplýsa að það er 11. dagskrármálið sem er á dagskrá á 52. fundi.

Stefán Guðmundsson:

Hæstv forseti. Fáránlegur málatilbúnaður hjá þeim stjórnarliðum í þessu máli að veitast að hv. þm. Guðna Ágústssyni á þennan hátt og segja að hann sé að gera lítið úr tillögum þeirra. Það er bara rangt. Það sem hv. þm. fann að var að hæstv. ráðherra skyldi ekki hafa haft samráð við Stofnlánadeild landbúnaðarins þegar þessar tillögur voru í smíðum. Hann fann einnig að því til framtíðar litið að fella niður jöfnunargjaldið á fóðri. Og segja að hv. þm. Guðni Ágústsson sé á móti loðdýraræktinni. Ég veit ekki hvaða þessir menn koma. Koma þeir af fjöllum eða hvað? Ég held að það hefði verið nær að sitja hér í sæti og fylgjast með umræðunni.

Hins vegar er spurning sem ég vildi leggja fyrir hæstv. ráðherra og biðja hann að svara mér þannig að það liggi ljóst fyrir. Nái þessar tillögur fram er það ekki rétt skilið, hæstv. ráðherra, að þar með falli niður veðréttur Ríkisábyrgðasjóðs á lögbýlunum? Er það ekki rétt skilið? Ég sé að hæstv. ráðherra hefur náð þessu. Það er mjög mikils um vert að fá svar við þessari spurningu.

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans sem lýsa því að nefndin hefur lokið störfum og lagt fram ákveðnar tillögur til lausnar á vanda loðdýrabænda. Reyndar mun það ekki leysa allan þeirra vanda þar sem eftir standa bankalán en þau hafa í raun og veru verið fryst vegna þess að hvorki Stofnlánadeildin eða Ríkisábyrgðasjóður hafa getað gefið ákveðið svar um það hvernig að þessum málum yrði unnið.

Ég tel þessar tillögur til mikilla bóta og vænti þess að í gang muni fara það starf sem þarf til að koma þeim í framkvæmd. Auðvitað vænti ég þess að það náist gott samstarf á milli hæstv. ríkisstjórnar og Stofnlánadeildar landbúnaðarins til þess að fylgja því máli eftir að það verði til hagsmuna fyrir þá bændur sem bíða eftir úrlausnum í sínum málum.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég fagna því að menn skuli vera komnir með tillögur í þessu efni, en ég tel að að einu leyti hefðu menn átt að gá að sér. Það er að því leytinu til að fleiri atvinnugreinar á Íslandi eru illa staddar. Ég hefði talið að þetta mál ætti að skoða í samhengi við það hvort menn ætla að gera t.d. eitthvað vegna fiskeldisins eða ætla menn kannski að yfirfæra þær hugmyndir, sem eru á bak við þær tillögur sem hér hafa verið ræddar, beint yfir á fiskeldið? Þá geta verið á ferðinni allháar upphæðir og þess vegna tel ég að hefði átt að skoða þessi mál í samhengi.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Eins og ég hélt að þingmönnum væri kunnugt er þetta mál þannig vaxið að þau við sem Ríkisábyrgðasjóður tók fyrir þeim ábyrgðum sem hann veitti loðdýrabændum vegna skuldbreytinga sem gerð-

ar voru fyrir, ég man ekki hvort það var 1989, eru einskis virði í flestum tilvikum og fjárhagur flestra loðdýrabænda sem ríkisábyrgð fengu þannig að ekki er við því að búast að þessi lán greiðist nema seint og illa. Þess vegna metur ríkisstjórnin það svo að það sé eðlilegast og hreinlegast að Ríkisábyrgðasjóður taki þessi lán á sig. Auðvitað losna þessi veðbönd þá að því sama marki. Hins vegar gefur það ekki öðrum rúm því að þessi veðbönd eru aftar en svo að öðrum gagnist.

Þess mun hins vegar verða gætt í framkvæmdinni að slík lausn á veðböndum færi ekki rétt annarra upp þannig að loðdýrabóndi verði jafnilla staddur eftir sem áður.

Í öðru lagi vil ég taka fram að í þeirri nefnd sem lagði grunninn að þeirri samþykkt sem ríkisstjórnin samþykkti sat m.a. framkvæmdastjóri Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Leifur Jóhannesson. Í tillögu nefndarinnar segir m.a.: „Jöfnunargjald á loðdýrafóður verði greitt áfram á þessu ári", þ.e. þessu ári sem nú er, „og næsta með sama hætti og á árinu 1990." Sú hugsun var því komin inn áður um það.

Hvort samráð hafi verið haft við Stofnlánadeildina vil ég segja að til viðbótar því að framkvæmdastjóri Stofnlánadeildar kom beint að störfum nefndarinnar komu eftirfarandi menn á fund nefndarinnar: Guðni Ágústsson, formaður stjórnar Stofnlánadeildar og Búnaðarbankans, Stefán Pálsson, bankastjóri Búnaðarbanka og fer með stjórn Stofnlánadeildar, Jón Helgason, stjórnarmaður Stofnlánadeildar, og Þórólfur Sveinsson, stjórnarmaður Stofnlánadeildar. Fyllsta samráð var þannig haft við Stofnlánadeildina.

Þar sem ég sé ekki ástæðu til þess, hæstv. forseti, að bera af mér sakir lýk ég máli mínu.

53. FUNDUR

fimmtudaginn 12. nóv.
að loknum 52.fundi.

Dagskrá:

1. Ríkismat sjávarafurða, stjfrv., 43. mál, þskj. 44, nál. 257 og 274. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Skýrsla umboðsmanns Alþingis 1991.
3. Starfsskýrslur Ríkisendurskoðunar 1990 og 1991.
4. Kaup á björgunarþyrlu, frv., 110. mál, þskj. 128. — Frh. 1. umr.
5. Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, þáltill., 132. mál, þskj. 152. — Frh. fyrri umr.
6. Sjóður til að styrkja efnilega íþróttamenn, frv., 154. mál, þskj. 176. — 1. umr.
7. Lánasjóður íslenskra námsmanna, þáltill., 155. mál, þskj. 177. — Fyrri umr.
8. Sementsverksmiðja ríkisins, stjfrv., 211. mál, þskj. 252. — Frh. 1. umr.
9. Hönnunarvernd, stjfrv., 212. mál, þskj. 253. — 1. umr.
10. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 222. mál, þskj. 265. — 1. umr.
11. Flugmálaáætlun og fjáröflun í flugmálum, stjfrv., 111. mál, þskj. 129, nál. 261. — 2. umr.
12. Hópuppsagnir, stjfrv., 20. mál, þskj. 20, nál. 266. — 2. umr.
13. Vinnumarkaðsmál, stjfrv., 22. mál, þskj. 22, nál. 267. — 2. umr.
14. Staðlar, stjfrv., 4. mál, þskj. 4, nál. 268. — 2. umr.
15. Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, stjfrv., 2. mál, þskj. 2, nál. 269, brtt. 270. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.

Útbýting þingskjala:

Húsgöngu- og fjarsala, 10. mál, nál. efh.- og viðskn. á þskj. 275; brtt. efh.- og viðskn. á þskj. 276.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 222. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 265.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Þar er lagt til að 17 tilgreindum útlendingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur. Þeir fullnægja allir þeim almennu skilyrðum sem hv. allshn. hefur sett varðandi veitingu ríkisborgararéttar og gert er ráð fyrir að gildandi ákvæði mannanafnalaga gildi um veitingu ríkisborgararéttar.

Hér er um að ræða hefðbundið frv. Það hefur verið tíðkað á undanförnum árum að leggja tvisvar fyrir hvert þing tillögur um veitingu ríkisborgararéttar, á haustþingi og aftur á vorþingi. Þetta er fyrra frv. af tveimur sem lagt verður fyrir þetta þing.

Ég vænti þess að hv. allshn. taki málið til umfjöllunar venju samkvæmt og legg til að málinu verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsskýrslur Ríkisendurskoðunar 1990 og 1991, ein umr.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Samkvæmt 12. gr. laga nr.

12/1986, um Ríkisendurskoðun, ber Ríkisendurskoðun árlega að semja heildarskýrslu um störf sín á liðnu almanaksári og leggja fyrir Alþingi. Starfsskýrslur stofnunarinnar fyrir árin 1990 og 1991 voru í samræmi við þessi lagaákvæði lagðar fram á Alþingi á tilsettum tíma. Á hinn bóginn hefur eigi gefist tími til að gera grein fyrir þeim hér á hv. Alþingi fyrr en nú.

Ég mun hér á eftir fara örfáum orðum um starfsemi Ríkisendurskoðunar á sl. tveimur árum og mun í því sambandi stikla á örfáum atriðum sem fram koma í starfsskýrslum stofnunarinnar frá þessum tveimur árum. Fyrst þykir mér þó rétt að geta þess að liðlega 60 ár eru liðin frá því að fyrstu lög um bókhald og endurskoðun hjá íslenska ríkinu voru sett. Það var á árinu 1931.

Þegar Stjórnarráð Íslands var sett á laggir í kjölfar heimastjórnarinnar 1904 samanstóð það af þremur skrifstofum. Meðal annarra verkefna sem einni skrifstofunni var falið að gegna var að endurskoða landsreikninga. Við fullveldisstofnunina árið 1918 voru á sama hátt sett á laggir þrjú ráðuneyti og skyldi endurskoðun ríkisreiknings framkvæmd af starfsmönnum fjmrn. Það var síðan með lögum nr. 61/1931, um ríkisbókhald og endurskoðun, að komið var á fót sérstakri endurskoðunardeild í fjmrn. undir stjórn aðalendurskoðanda ríkisins er starfaði beint undir fjmrh.

Sú skipan endurskoðunar hjá íslenska ríkinu sem tók gildi á árinu 1931 var að mestu óbreytt að formi til þar til 1. jan. 1987 þegar lög nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun, tóku gildi. Með lögum nr. 12/1986 var stjórnsýsluaðstaða Ríkisendurskoðunar gerð sjálfstæðari en áður með því að færa hana frá Stjórnarráðinu til Alþingis. Þá var Ríkisendurskoðun með lögum falin aukin verkefni. Helstu verkefni stofnunarinnar eru þessi: Endurskoðun ríkisreiknings, endurskoðun reikninga fyrirtækja og stofnana sem ríkissjóður á að hálfu eða meira, þar með talin hlutafélög og ríkisbankar, framkvæmd stjórnsýsluendurskoðunar, eftirlit með framkvæmd fjárlaga og þjónusta við Alþingi.

Þau sex ár sem liðin eru frá því að núgildandi lög um Ríkisendurskoðun tóku gildi er ljóst að störf stofnunarinnar hafa tekið talsverðum breytingum. Þar kemur fyrst og fremst til að nú eru álit og skýrslur stofnunarinnar lagðar fram á Alþingi og þar með gerðar opinberar. Þessi skipan hefur ótvírætt gefið Alþingi fyllri upplýsingar um stöðu og þróun fjármála ríkisins sem hefur m.a. skapað því betri aðstöðu til að takast á við þau vandamál sem við er að fást í fjármálum hins opinbera.

Það er afdráttarlaus skoðun mín að sú skipan sem upp var tekin með lögunum frá 1986 hafi gefist vel. Sjálfstæði stofnunarinnar var treyst. Eftirlitshlutverk hennar hefur verið virkara og niðurstöður hafa haft aukna þýðingu.

Á árinu 1991 flutti Ríkisendurskoðun starfsemi sína að Skúlagötu 57 í Reykjavík. Allt frá árinu 1967 hafði stofnunin leigt húsnæði að Laugavegi 105 sem var fyrir nokkru síðan orðið helst til þröngt. Hin nýju húsakynni eru vistleg og þjóna starfseminni vel.

Á árunum 1990 og 1991 urðu tiltölulega litlar breytingar á starfsmannafjölda og starfsmannahaldi stofnunarinnar. Í lok ársins 1990 voru starfsmenn 40 en í lok ársins 1991 voru þeir á hinn bóginn 39 og þar af þrír í hálfu starfi. Ársverkum hafði því fækkað um eitt á árinu 1991 frá því sem var á árinu á undan. Skv. 4. gr. laga um Ríkisendurskoðun er stofnuninni heimilt að fela óháðum löggiltum endurskoðendum að vinna að einstökum verkefnum sem stofnuninni eru falin. Þessa heimild hefur stofnunin orðið að nýta sér í verulegum mæli þar sem starfsmannafjöldi og aðstaða að öðru leyti takmarkar möguleika stofnunarinnar til að vinna að endurskoðun reikninga margra ríkisfyrirtækja og stofnana í B-hluta.

Þetta vandamál er leyst með því að fela óháðum, löggiltum endurskoðendum umrædd verkefni eftir því sem aðstæður krefjast á hverjum tíma. Í árslok 1991 rann úr gildi 31 samningur við löggilta endurskoðendur um endurskoðun 80 ríkisfyrirtækja og stofnana. Nú hafa hins vegar verið gerðir nýir og ítarlegri samningar við flesta þá endurskoðendur sem áður önnuðust þessi verkefni.

Starfsemi Ríkisendurskoðunar má skipta í þrjá meginþætti. Í fyrsta lagi fjárhagsendurskoðun, í öðru lagi þjónustu við Alþingi og yfirskoðunarmenn og í þriðja lagi verkefni á sviði stjórnsýsluendurskoðunar.

Fjárhagsendurskoðun lýtur einkum að því að fylgjast með rekstri og fjárvörslu ríkisstofnana. M.a. kannar Ríkisendurskoðun hvort fjárráðstafanir þeirra samrýmast lagaheimildum, viðteknum venjum eða starfsreglum svo og hvort hagkvæmni og hagsýni sé gætt í rekstri. Helstu niðurstöður þeirrar vinnu birtist í endurskoðunarskýrslu er fylgir ríkisreikningi hlutaðeigandi ára. Ríkisendurskoðun veitti fjárln., áður fjárveitinganefnd, aðstoð á sl. tveimur árum með svipuðum hætti og áður var. Verkefnin hafa tengst vinnu við afgreiðslu fjárlagafrv. og ýmiss konar upplýsingaöflun og upplýsingagjöf, bæði fyrir nefndina og einstaka nefndarmenn.

Á árinu 1990 bárust stofnuninni þrjár beiðnir frá forseta Alþingis um álitsgerðir um tiltekin mál í samræmi við óskir einstakra þingmanna eða þingflokka, sbr. 3. gr. laga um Ríkisendurskoðun. Í samræmi við þessar beiðnir skilaði stofnunin skýrslu um fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, greinargerð um undirbúning og framkvæmd við nýja virkjun við Búrfell og loks greinargerð um húsbréfakerfið. Ein beiðni um álitsgerð af þessum toga barst á árinu 1991 og var þar um að ræða skýrslu um sölu fjmrh. á meiri hluta hlutabréfa í Þormóði ramma hf. á Siglufirði.

Á sviði stjórnsýsluendurskoðunar er helst að geta þriggja verkefna sem sýnilega hafa verið mjög viðamikil á liðnum tveimur árum. Fyrst er að nefna skýrslu um stjórnunarsvið Pósts og síma frá því í maí 1990. Önnur fjallaði um Ríkisspítalana og var skýrsla um það verkefni gefin út í mars 1991 og hin þriðja um Tryggingastofnun ríkisins, samanber skýrslu sem gefin var út í desember 1991.

Á árinu 1990 birti stofnunin tvær skýrslur og greinargerðir um afkomu ríkissjóðs og framkvæmd fjárlaga

á því ári. En meðal lagaskyldna stofnunarinnar er að hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga eins og áður er fram komið.

Á árinu 1991 birti stofnunin á hinn bóginn fimm skýrslur og greinargerðir um afkomu ríkissjóðs og framkvæmd fjárlaga á því ári.

*Á árinu 1991 bárust stofnuninni auk beiðna frá Al*þingi, beiðni frá forsrn., heilbr.- og trmrn., fjmrn. og Lánasjóði ísl. námsmanna um sérstaka úttekt á tilteknum sjóðum og stofnunum og varð stofnunin við þeim öllum.

Að beiðni forsrn. var gerð ítarleg úttekt á fjárhagsstöðu Byggðastofnunar og Framkvæmdasjóðs Íslands. Fjmrn. fór fram á úttekt á fjárhagsstöðu Ríkisábyrgðasjóðs og virði veittra lána ríkissjóðs. Heilbr.- og trmrn. óskað eftir athugun á rekstri Heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði. Og loks bað stjórn Lánasjóðs ísl. *námsmanna um úttekt á fjárhagsstöðu* sjóðsins.

Þá má geta þess að samkvæmt lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, skal stofnunin halda skrá yfir heildartekjur og gjöld svo og eignir og skuldir allra skráðra sjóða og stofnana svo og athugasemdir sínar við framlagða reikninga þeirra.

Í samræmi við 6. gr. laganna hófst á síðasta ári í samvinnu við dómsmrn. vinna við að leggja niður sjóði sem áttu 50.000 kr. eða minna og sameina þá öðrum *sjóðum sem höfðu svipuð markmið. Á árinu 1991 var* lagður niður 71 sjóður af þessum toga en 14 nýir bættust við. Um síðustu áramót voru 977 slíkir sjóðir á skrá.

Á árinu 1990 voru eftirtaldar skýrslur og greinargerðir gerðar: Skýrsla um starfsemi Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina, skýrsla um stjórnsýsluendurskoðun á stjórnunarsviði Pósts og síma, skýrsla um framkvæmd fjárlaga 1989, skýrsla um framkvæmd fjárlaga á tímabilinu 1. jan. til 30. júní 1990, skýrsla um fjölda stöðugilda og launakostnað A-hluta stofnana ríkisins, skýrsla um fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, skýrsla um stjórnsýsluendurskoðun hjá Launaskrifstofu ríkisins, greinargerð um undirbúning og framkvæmdir við nýja virkjun við Búrfell, greinargerð um húsbréfakerfið og reglur um skilamat fyrir opinberar framkvæmdir.

Á árinu 1991 voru á hinn bóginn unnar eftirfarandi skýrslur af hálfu Ríkisendurskoðunar: Skýrsla um sölu á hlutabréfum ríkisins í Þormóði ramma hf., skýrsla um skuldbreytingar opinberra gjalda frá 1. júní 1989 til ársloka 1990, skýrsla um stjórnsýsluendurskoðun hjá Ríkisspítölum, skýrsla um Lánasjóð ísl. námsmanna, samanburður á fjölda stöðugilda og launakostnað hjá A-hluta stofnunum ríkisins, skýrsla um athugun á rekstri Heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands, Hveragerði, í samræmi við bréf heilbr.- og trmrh. frá 11. des. 1991, skýrsla yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins og Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1989, skýrsla um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 1990, greinargerð um afkomu A-hluta ríkissjóðs í janúar til mars 1991 ásamt mati á afkomuhorfum í árslok 1991, skýrsla um framkvæmd fjárlaga á fyrsta ársþriðjungi 1991, yfirlit um afkomu A-hluta ríkissjóðs janúar til ágúst 1991, skýrsla um framkvæmd fjárlaga til septemberloka 1991, skýrsla um stjórnsýsluendurskoðun hjá Tryggingastofnun ríkisins, greinargerð um rekstur og stöðu Framkvæmdasjóðs aldraða *á árinu 1990, skýrsla um fjárhagsstöðu* Byggðastofnunar og Framkvæmdasjóðs Íslands, skýrsla um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina, skýrsla um fjárhagsstöðu Ríkisábyrgðasjóðs ásamt úttekt á endurlánum ríkissjóðs og veittum löngum lánum ríkissjóðs.

Nokkrar af skýrslum Ríkisendurskoðunar á þessum tveimur liðnum árum fengu verulega umfjöllun á opinberum vettvangi. Má þar einkum nefna skýrslu um sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Þormóði ramma hf. og um fjárhagsstöðu Byggðastofnunar og Framkvæmdasjóðs Íslands.

Nokkurrar gagnrýni hefur gætt varðandi niðurstöður stofnunarinnar að því er þessar skýrslur varðar. Hvað sem um þá gagnrýni má segja er ekki hægt að horfa frm hjá því að meginniðurstöður stofnunarinnar í nefndum skýrslum hafa ekki verið hraktar. Þau viðfangsefni sem hér um ræðir og eru mörg hver mjög vandasöm og viðkvæm. Eðli málsins samkvæmt byggja niðurstöður í skýrslum af þessu tagi á ýmsum gefnum forsendum og það má því ævinlega búast við því að þær forsendur geti verið með þeim hætti að um þær séu skiptar skoðanir. Hvað sem slíkum skoðanaskiptum líður eða skoðanamun þá verður ævinlega að gera kröfu til þess að gagnrýni sé byggð á faglegum og málefnalegum grunni. Ég tel ótvírætt að á slíkum grunni hafi stofnunin starfað og birt sínar niðurstöður og ég er þess enn fremur fullviss að á þeim sama grunni muni stofnunin starfa áfram að sínum verkefnum sem eru þýðingarmikil fyrir Alþingi og fyrir þjóðfélagið í heild.

Ég vil svo að lokum fyrir hönd forseta Alþingis, forsætisnefndar og væntanlega allra hv. alþm. færa Ríkisendurskoðun þakkir fyrir vel unnin störf á síðustu tveimur árum.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. þm. Pálma Jónssyni þá hefur það nokkuð dregist að þessar skýrslur Ríkisendurskoðunar væru teknar til umræðu. Ég vil í upphafi ræðu minnar líka lýsa nokkurri undrun á því að þessi umræða er sett á dagskrá þegar vitað er að hæstv. fjmrh. er fjarverandi. Hann er alla vega ekki í húsinu samkvæmt viðvistartöflu. Ég vil bæta því við vegna þess að hv. þm. Össur Skarphéðinsson lýsir því yfir að fjmrh. hafi verið í húsinu í morgun að það var kannski ákvörðun ráðherrans að vera fjarverandi umræðuna og er það þá ekki í fyrsta *sinn sem hann kýs að vera ekki viðstaddur þegar þarf* að taka afstöðu til skoðana Ríkisendurskoðunar. Það er mjög vont vegna þess að á undanförnum árum hafa verið skiptar skoðanir um afstöðu Ríkisendurskoðunar í mati á stöðu ríkissjóðs, uppgjöri fjárlaga og hvernig færa skuli langtímaskuldbindingar.

Ég ætla ekki að verja löngu máli í þessa skýrslu. Ástæðurnar eru einkum þær að við höfum við ýmis tækifæri í þinginu rakið mismunandi sjónarmið varðandi störf Ríkisendurskoðunar og í öðru lagi að nýr maður hefur tekið við starfi ríkisendurskoðanda fyrr á þessu ári og ég tel bæði sanngjarnt og rétt að bíða eitthvað með að meta þá stefnu sem hann kann að taka í málefnum stofnunarinnar. Ég hef gagnrýnt þá stefnu sem fyrirrennari hans fylgdi í málefnum stofnunarinnar og teldi farsælt ef eftirmaður fyrrverandi ríkisendurskoðanda hugaði vandlega að breyttum áherslum.

Hv. þm. Pálmi Jónsson sagði áðan, mér var ekki ljóst hvort það var hans persónulega skoðun eða hvort hann var þar að tala fyrir forsætisnefndina, að niðurstöður Ríkisendurskoðunar t.d. um uppgjörið á Framkvæmdasjóði Íslands hefðu ekki verið hraktar. Fyrsta spurningin, þegar slík fullyrðing er sett fram, er hvora niðurstöðuna þingmaðurinn á við. Á hann við fyrri niðurstöðuna um það að fjárhagur Framkvæmdasjóðs sé traustur og ekki þurfi að gera neina athugasemd við stöðu sjóðsins eða á hann við síðari niðurstöðuna sem var sett fram nokkrum mánuðum seinna um það að sjóðurinn sé í raun og veru gjaldþrota og ríkissjóður þurfi að greiða inn í hann?

Deilan hefur einmitt staðið um það að Ríkisendurskoðun komst að gjörólíkum niðurstöðum um stöðu Framkvæmdasjóðs á innan við ári og sú umræða ætti að vera öllum hv. þm. kunnug. Þess vegna verð ég að segja að ég skil ekki alveg fullyrðingu um það að niðurstöður Ríkisendurskoðunar um málefni Framkvæmdasjóðs hafi ekki verið hraktar.

Það hefur verið bent á það fyrr að hv. þm. Össur Skarphéðinsson, núv. þingflokksformaður Alþfl., lét kalla fulltrúa Ríkisendurskoðunar á fund stjórnar Framkvæmdasjóðs Íslands þegar hann sat í þeirri stjórn vegna þess að núv. þm. Össur Skarphéðinsson neitaði að skrifa undir reikninga Framkvæmdasjóðs nema hann væri búinn að fá það staðfest frá ríkisendurskoðanda að staða sjóðsins væri í lagi. Þegar fulltrúar Ríkisendurskoðunar lýstu því formlega yfir að þeir teldu stöðu Framkvæmdasjóðs vera í lagi þá skrifaði stjórnarmaðurinn, núv. þm. Össur Skarphéðinsson, undir reikningana en ekki fyrr.

Það liggur þess vegna alveg ljóst fyrir að meðferð Ríkisendurskoðunar á fjárhagsstöðu Framkvæmdasjóðs er auðvitað mjög undarleg og skýringin sem kom fram frá Ríkisendurskoðun, þegar þingflokkur Alþb. skrifaði Ríkisendurskoðun fyrr á þessu ári og óskaði eftir því að fá nánari skýringar á þessu misræmi, þá voru svör Ríkisendurskoðunar þau að hinar pólitísku forsendur hefðu breyst, svo ég dragi svörin saman í eina setningu. Þá vaknar auðvitað sú spurning: Er það virkilega þannig að Ríkisendurskoðun geti á innan við ári komist að gjörólíkum niðurstöðum um eiginfjárstöðu opinberra sjóða eftir því hvaða ríkisstjórn er í landinu eða ekki?

Mat Ríkisendurskoðunar verður auðvitað að vera þannig á opinberum sjóðum og ríkissjóði að við á Alþingi og þjóðin öll, óháð því hverjir sitja á bekkjum stjórnarsinna og hverjir sitja á bekkjum stjórnarandstæðinga í það og það sinn, getum treyst því að um rétt og ópólitískt mat sé að ræða.

Í öðru lagi hefur verið hér nokkur deila um aðferð Ríkisendurskoðunar við að meta stöðu ríkissjóðs. Sú deila hefur einkum tengst því hvernig eigi að færa langtímaskuldbindingar sem ríkissjóður tekur að sér. Í skýrslu sem Ríkisendurskoðun gaf út í sumar og var reyndar fyrsta skýrslan undir stjórn hins nýja ríkisendurskoðanda brá svo við að allt í einu hætti Ríkisendurskoðun að færa langtímaskuldbindingar ríkissjóðs með sama hætti og hún vildi ætíð gera meðan ég var fjmrh. Þegar ég vakti athygli á þessu misræmi, misræmi sem hafði það auðvitað í för með sér að niðurstaða Ríkisendurskoðunar var spá um minni halla á þessu ári heldur en hefði átt að vera samkvæmt fyrri aðferðum Ríkisendurskoðunar — gaf núverandi ríkisendurskoðandi út yfirlýsingu þar sem hann játaði það að þetta hefðu verið mistök og það hefði verið réttara að taka fram í niðurstöðum skýrslunnar, eins og gert hefur verið ætíð áður, að reikna ætti langtímaskuldbindingarnar inn í töluna um hallann. Það breytir því ekki að ég er ósammála þessari aðferð Ríkisendurskoðunar hvort sem henni er beitt í þeirri tíð meðan ég var fjrmh. eða henni er beitt í tíð núv. fjmrh. Ég hef ekki skipt um skoðun í þeim efnum. Ég er ósammála þessari aðferð, ég tel hana óskynsamlega þó ég viti ósköp vel að fyrir henni er hægt að færa fræðileg bókhaldsleg rök, ég tel að hún rugli skilning almennings og þjóðarinnar á því hver er hinn eiginlegi rekstrarhalli ríkissjóðs á hverju ári, þ.e. mismunurinn á tekjum og gjöldum þess árs. Gjöldum sem sannanlega eru innt af hendi á því ári og tekjum sem sannanlega koma inn á því ári. Að taka inn í þá tölu heildarupphæð langtímaskuldbindinga, sem oft fyrir tilviljun eru skráðar hérna megin við áramótin en ekki hinum megin, ruglar einfaldlega dæmið.

Það var nokkuð vikið að því í sumar að fjárln. beitti sér síðan fyrir því að við afgreiðslu fjáraukalaga á síðasta þingi var skuldbinding vegna Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins færð öll til gjalda í þeim fjáraukalögum og ég held að ég hafi verið eini þingmaðurinn sem greiddi atkvæði gegn því. Það var eitt atkvæði á móti og það var mitt. Ég hafði reiknað með því að hæstv. fjmrh. hefði tekið þátt í afgreiðslu málsins en hann hefur síðan upplýst að hann hafi verið fjarstaddur og allt í lagi með það, það er sjálfsagt að hafa það sem réttara reynist. Það breytir því ekki að það vekur auðvitað spurningar hver er afstaða hæstv. núv. fjmrh. Er hann sammála fjárln. og Ríkisendurskoðun eða er hann sammála mér? Það er auðvitað mjög slæmt að hæstv. fjmrh. skuli láta þjóðþingið og ég tel reyndar Ríkisendurskoðun og fjmrn. og fjárln. einnig vera í slíkri óvissu um atriði af þessu tagi. Þess vegna hefði mér fundist æskilegra að hæstv. fjmrh. væri viðstaddur þessa umræðu þannig að hann hefði kost á því að tjá sig um þessi atriði því þetta er eina skiptið á árinu sem þessi mál eru formlega tekin hér fyrir. Þetta er þess vegna hinn þinglega rétti staður til að ræða þetta. Ég hafði lýst því yfir, að mig minnir í ágústmánuði, að ég vildi gjarnan eiga orðastað við hæstv. fjmrh. um þetta

mál í stuttri utandagskrárumræðu. Ég ákvað síðan vegna anna í þinginu að bíða með það og taka það þá frekar fyrir undir þessum dagskrárliðum sem ég vissi að kæmu upp hvort sem það væru fjáraukalög eða þessi skýrsla Ríkisendurskoðunar sem nú er verið að ræða. Það er auðvitað ekki gott að hæstv. fjmrh., fyrst hann er í bænum, sé ekki viðstaddur þessa umræðu.

Niðurstaða mín er sú að því miður er það þannig að á síðustu missirum hefur orðið efnislegur ágreiningur um meðferð Ríkisendurskoðunar á ýmsum veigamiklum málum. Það er ekki bara eitt og ekki bara tvö mál. Það eru því miður þó nokkuð mörg mál þar sem efnislegur ágreiningur hefur komið fram um aðferðafræði og niðurstöður Ríkisendurskoðunar. Ég vil t.d. nefna að Ríkisendurskoðun gaf út skýrslu um ákveðinn þátt í heilbrigðiskerfinu sem þó nokkuð mikið var tekinn til umræðu opinberlega. Síðan birtust greinar eftir lækna og ýmsa sérfræðinga þar sem þeir gerðu faglegar athugasemdir við matsaðferð Ríkisendurskoðunar. Mér vitanlega hefur Ríkisendurskoðun hvergi svarað þessu faglega mati læknanna. Það er auðvitað mjög vont þegar Ríkisendurskoðun leggur fram veigamikla skýrslu um stóran þátt í útgjöldum ríkissjóðs og þar eru felldir harðir dómar sem vekja mikla athygli opinberlega og síðan kemur fram fagfólk á viðkomandi sviði og setur fram málefnalega gagnrýni á aðferðafræði Ríkisendurskoðunar í matinu og því er ekki svarað.

Það er nokkur vandi fyrir Ríkisendurskoðun ef hún ætlar að halda áfram á þeirri braut að vera dómhörð um framkvæmd fjármála á ýmsum sviðum ríkisútgjaldanna, og sjálfsagt hjá henni að vera það, ef hún er síðan ekki reiðubúin að rökstyðja mál sitt og svara faglegri gagnrýni þegar hún kemur fram.

Ég er sammála því sem kom fram hjá hv. þm. Pálma Jónssyni að það var breyting til batnaðar að Ríkisendurskoðun var færð frá fjmrn. og yfir til Alþingis. Ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa þeirri skoðun minni að mér finnst þingið ekki hafa staðið sig í stykkinu hvað það snertir að finna sér form og aðferðir til þess að taka á þeim vanda þegar ágreiningur kemur fram um aðferðir og störf Ríkisendurskoðunar.

Það er óþægilegt að eina umræðan í þinginu um málið er í þingsalnum þar sem ríkisendurskoðandi og starfsmenn stofnunarinnar geta ekki mætt og tekið þátt í umræðunni. Ég hef þess vegna varpað fram þeirri hugmynd, ég held að ég hafi gert það í fyrra og geri það aftur nú, að breyta þingsköpum á þann hátt að þessum skýrsum sé vísað til þingnefnda. Það fari fram fyrri umræða um skýrslurnar og síðan sé þeim vísað, kannski sameiginlega, til fjárln. og efh.- og viðskn. svo að ég taki dæmi eða þá að viðkomandi fagnefnd, t.d. heilbr.- og trn. ef veigamikill þáttur í störfum Ríkisendurskoðunar hefur verið skýrsla um útgjöld t.d. Ríkisspítalanna eða tryggingakerfisins, geti komið inn í þá umfjöllun þannig að það skapist vettvangur tengdur nefndum þingsins þar sem þingmenn geta kallað fyrir starfsmenn Ríkisendurskoðunar og sérfræðinga utan þings, embættismenn fjmrn., sérfræðinga Seðlabankans, sérfræðinga í reikningsskilum og svo sérfræðinga á þeim sviðum sem Ríkisendurskoðun hefur tekið til umfjöllunar hvort sem það eru menntamál eða heilbrigðismál. Við síðari umræður um skýrslurnar fengjum við frásagnir af meðferð þingnefndanna um það og þannig sé skilað nál. til þingsins um skýrslurnar. Ég vil biðja forsætisnefndina að hugleiða það vandlega hvort ekki er nauðsynlegt að breyta þessu formi eitthvað svo það skapist vettvangur fyrir vandaða efnisumfjöllun um þessar skýrslur. Það verður tiltölulega dautt form ef við höldum okkur bara við það að einu sinni á ári séu þessar skýrslur ræddar hér og þeir sem að verkinu hafa komið geti ekki tekið þátt í umfjölluninni. Það t.d. gerir það að verkum að þeir sem vilja gagnrýna hika kannski við að ganga eins langt og þeir vildu gera, bera ekki fram spurningar vegna þess að þeir vita að þingmenn geta ekki svarað þeim, forsætisnefndin getur ekki svarað þeim og þeir einu sem gætu svarað þeim eru ekki viðstaddir umræðuna.

Ég vona að þingið geti fundið sér form til að geta sinnt því hlutverki sínu að vera ábyrgðaraðili gagnvart Ríkisendurskoðun. Ég vona einnig að nýr yfirmaður Ríkisendurskoðunar hugleiði vandlega reynsluna af störfunum á undanförnum missirum þannig að það geti skapast meiri samstaða um þær aðferðir og þær niðurstöður sem Ríkisendurskoðun fylgir.

Kristín Ástgeirsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Nú eru hér á dagskrá skýrslur Ríkisendurskoðunar fyrir árin 1990 og 1991. Næsta mál á dagskrá er skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1991. Þau mál sem greint er frá í þessum skýrslum snerta flestöll ráðuneytin. Að mínum dómi eru meginspurningarnar, sem við alþingismenn erum að fjalla um við meðferð þessara skýrslna, hvernig málum er fylgt eftir. Við fáum þessar skýrslur í hendur og sú spurning hlýtur að vakna: Hvað er gert við þær? Hvernig er niðurstöðunum fylgt eftir? Ég verð að segja það sem mína skoðun að mér finnst það fullkomlega óeðlilegt þegar löggjafarvaldið fylgist með framkvæmdarvaldinu í gegnum þessar skýrslur að fulltrúar framkvæmdarvaldsins skuli ekki vera viðstaddir. Hér er ekki einn einasti ráðherra og ég sé nánast engan tilgang í því að ræða þessar skýrslur án þess að ríkisstjórnin sé viðstödd. Ég er búin að fara í gegnum þessar skýrslur. Ég er búin að punkta hjá mér ótal spurningar sem varða þau mál sem koma fram í þessum skýrslum og ég vil fá að vita hvernig þeim hefur verið fylgt eftir. Þar af leiðandi sé ég ekki tilgang í að ræða skýrslurnar eins og hér háttar nú málum, virðulegi forseti.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill taka fram að Ríkisendurskoðun heyrir undir Alþingi. Forseta er þó kunnugt um að hæstv. fjmrh. hefur verið gert viðvart um að þess sé óskað að hann sé hér viðstaddur og það er verið að athuga hversu langt er í að hann mæti hér á fundinn.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég tek eindregið undir orð hv. 18. þm. Reykv. Staðreyndin er sú, eins og hv. 8. þm.

Reykn. kom inn á áðan. að samkvæmt þingsköpum er ekki gert ráð fyrir neinum eðlilegum farvegi til þess að fjalla um niðurstöður Ríkisendurskoðunar. Það er náttúrlega óþolandi aðstaða fyrir Ríkisendurskoðun sem stofnun að búa við þær kringumstæður. Það dugir auðvitað ekkert fyrir þingmenn við þessar aðstæður að setja á langar ræður til að gagnrýna Ríkisendurskoðun. Hún er að vinna sitt verk en í raun á hún enga formlega aðild að vettvangi til þess að ræða mál við þingið. Ég tel að menn eigi auðvitað ekki bara að vera með ráðherrana. Ég tel reyndar að það sé ekki nóg að hafa fjmrh. Ég tel að hérna eigi líka að vera heilbrrh. vegna þess að hér er mjög ítarleg skýrsla um Tryggingastofnun ríkisins, um Ríkisspítalana, um Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna, ítarleg skýrsla um Lánasjóð ísl. námsmanna og þannig mætti lengi telja. Það verður auðvitað að haga málum þannig og ég vil beina því til forsætisnefndarinnar að það skapist vettvangur til þess að það sé hægt að ræða efnislega um niðurstöður Ríkisendurskoðunar í þinginu.

Ég hef, virðulegi forseti, mínar ákveðnu hugmyndir um það hvernig ég tel að væri skynsamlegast að koma því fyrir. Ég hefði talið skynsamlegast að það væri verkefni yfirskoðunarmanna ríkisreikninga að taka þessar skýrslur til meðferðar og tryggja að þær fái efnislega meðhöndlun hjá öllum fagnefndum og komi svo aftur hingað til meðferðar. Það teldi ég langsamlega heppilegustu leiðina. Til þess þarf hins vegar breytingu á lögum og breytingu á þingsköpum en núverandi kerfi er algerlega vonlaust, sérstaklega fyrir stofnunina Ríkisendurskoðun. Ég tel að við eigum ekki að sýna Ríkisendurskoðun þá óvirðingu, stofnun sem er að vinna vel fyrir okkur að flestöllu leyti, að við ræðum þessar skýrslur öðruvísi en að þeir ráðherrar, sem hér hafa verið nefndir bæði af mér og öðrum, séu viðstaddir.

Á þetta vil ég leggja áherslu, virðulegi forseti, og fara fram á að forsætisnefndin íhugi aðra umgjörð um umræðu um skýrslu Ríkisendurskoðunar en hér hefur verið sett upp í dag án þess að ég sé á neinn hátt að gera lítið úr því ágæta máli sem hv. þm. Pálmi Jónsson flutti af hálfu forsætisnefndarinnar. Auðvitað situr forsætisnefndin ekki fyrir svörum að því er varðar framkvæmd á athugasemdum Ríkisendurskoðunar um einstök atriði.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forsætisnefnd mun taka til athugunar þær ábendingar sem hér hafa komið fram og snerta meðferð á skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram í umfjöllun um þessa skýrslu. Það er mjög erfitt að fjalla um hana án þess að a.m.k. fjmrh. sé viðstaddur. Ég var með spurningar til hans í þessari umræðu sem ég hefði viljað fá svör við. Ég tek líka undir það að skýra þarf reglur um það og endurskoða í ljósi fenginnar reynslu hvernig með skýrslur Ríkisendurskoðunar er farið. Það er ekki langt síðan lög um Ríkisendurskoðun tóku gildi eða síðan við hv. þm. og forsætisnefnd vorum að móta reglur um þetta starf. Auðvitað þarf í ljósi reynslunnar að endurskoða þær. Ég vildi taka undir það.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. fjmrh. mun vera á leiðinni og mun þá sitja fundinn eins og hv. þm. óska.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þær ábendingar sem hér hafa komið fram um viðveru ráðherra, einkum þeirra sem hafa forræði yfir ráðuneytum er skýrslur Ríkisendurskoðunar lúta að að einhverju leyti. Ég tel t.d. bráðnauðsynlegt varðandi byggingarsjóðina að hæstv. félmrh. verði viðstaddur til þess að hægt sé að eiga skoðanaskipti við ráðherrann og inna hann eftir einstökum efnisatriðum.

Þá vil ég líka benda á að að lokinni þessari umræðu um skýrslu Ríkisendurskoðunar er á dagskrá skýrsla umboðsmanns Alþingis. Þar er vikið að fjölmörgum málum sem við þingmenn munum væntanlega koma inn á. Þau lúta að býsna mörgum ráðherrum og ég hef búið mig sérstaklega undir það í þessari umræðu að taka upp eitt atriði sem umboðsmaður Alþingis er að taka upp í annað sinn í sinni skýrslu, ábendingar til Alþingis um úrbætur í málum sem lúta að félmrn. Ég tel nauðsynlegt að sá ráðherra verði viðstaddur þá umræðu og e.t.v. dómsmrh. líka. Ég vil því spyrja hæstv. forseta hvort hann geti upplýst hvaða ráðherrar verða viðstaddir umræður um þessar skýrslur í dag.

Pálmi Jónsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Vegna þeirra umræðna sem hér hafa farið fram um þann vettvang sem væri hugsanlegt að móta til þess að fjalla um skýrslu Ríkisendurskoðunar með nánari hætti en umræða af þessu tagi býður upp á vil ég geta þess að við hv. 9. þm. Reykv., Svavar Gestsson, erum við þriðja mann yfirskoðunarmenn ríkisreikninga. Á fundum okkar með núv. ríkisendurskoðanda höfum við rætt það að ákjósanlegt væri að koma á því formi að einhver tiltekin þingnefnd fjallaði um þessar skýrslur til að geta veitt þeim meira vægi en núverandi form býður upp á og rekið á eftir því að það komist fram sem skýrslurnar greina ef sú þingnefnd yrði því sammála sem þær hafa að flytja. Þetta munum við fjalla um nánar en ég tel ástæðu til þess að taka þetta fram. Hæstv. forseti hefur gefið þá yfirlýsingu úr forsetastóli að forsætisnefndin muni enn fremur taka þetta til athugunar.

Ég vil svo aðeins segja það að í umræðum um þessi mál tel ég samt sem áður ástæðu til að fjalla um þessa skýrslu miklu ítarlegar en hér hefur þegar verið gert.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti getur því miður ekki greint frá því nákvæmlega hvaða ráðherrar eru innan seilingar eða svo nærri að hægt sé að fá þá á fundinn. Hæstv. fjmrh. er mættur eins og sjá má. Forseti vill óska eftir því að

umræður geti haldið eitthvað áfram enda mun hæstv. fjmrh. hlýða á málflutning hv. þm.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að bregðast skjótt við og koma í þingsal og bjarga þar með orðstír ríkisstjórnarinnar að hluta til. Það er auðvitað alls ekki nóg og ég verð að gera það að umtalsefni að mér finnst býsna sérkennileg þau sjónarmið sem virðast ráða hér að í hvert sinn sem eitthvert málefni snertir eingöngu eða er flutt af þingmönnum eða forsætisnefndinni láti ráðherrar sig hverfa og láti eins og málin komi þeim ekkert við. Þær skýrslur sem hér eru til umræðu snerta framkvæmdarvaldið, eins og ég nefndi áðan, og það er auðvitað óviðunandi að ræða þessi mál án þess að ráðherrar séu hér og sitji fyrir svörum. Þetta er í eitt af fáum skiptum sem farið er í gegnum svona heildarskýrslur þar sem sjá má úttekt á ýmsum framkvæmdum á vegum ríkisins og ýmsar athugasemdir sem gerðar hafa verið við rekstur ríkisstofnana. Það er hart við það að búa að ekki skuli vera hægt að fá svör hjá ráðherrum. En ég ætla samt að láta mér lynda að glugga aðeins í þessar skýrslur Ríkisendurskoðunar fyrir árin 1990 og 1991.

Það er auðvitað ljóst af þessum skýrslum að Ríkisendurskoðun vinnur mikið og merkilegt starf. Í ljósi þess að stofnunin heyrir undir Alþingi koma þessar skýrslur til umræðu og hafa þá beðið býsna lengi. Sú spurning sem fyrst og fremst vaknar við lestur þessara skýrslna er sú hvernig þeim er fylgt eftir. Það eru gerðar hér úttektir á heilu stofnununum og lagðar fram tillögur um það hvernig eigi að endurskipuleggja þær og við hljótum að spyrja hvað hefur verið gert. Hér eru teknir fyrir sjóðir og staða þeirra skýrð og skoðuð og við hljótum líka að spyrja: Hvað hefur verið gert í framhaldi af því? Hvað er það sem menn læra af þessu starfi Ríkisendurskoðunar? Það er meginspurningin.

Ef við lítum á skýrslu ársins 1990, þá fór fram stjórnsýsluendurskoðun á tveimur stofnunum, þeirri stóru stofnun sem nefnist Póstur og sími og er hér í nágrenni við okkur alþingismenn. Þar voru lagðar fram tillögur til úrbóta varðandi skipulag stofnunarinnar. Ég hlýt að spyrja hvað gert hefur verið í þeim málum. Hvernig hefur þeim tillögum verið fylgt eftir?

Þá var líka gerð úttekt á Launaskrifstofu ríkisins. Sú skrifstofa kemur reyndar líka við sögu í skýrslu umboðsmanns sem hér er til umræðu á eftir. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hvað hefur verið gert til þess að endurskipuleggja starfsemi Launaskrifstofu ríkisins?

Af þeim skýrslum sem gefnar voru út árið 1990 vöktu ekki síst athygli skýrslurnar um Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. Samkvæmt úttekt Ríkisendurskoðunar stóðu báðir þessir sjóðir mjög illa enda hefur Byggingarsjóði ríkisins verið lokað að mestu leyti en ríkið situr auðvitað uppi með miklar skuldir vegna hans. Ríkisendurskoðun lagði til eða benti á að ef ekki kæmu til aukin ríkisframlög yrði að hækka vexti verulega og það hefur nú verið gert. Það er nýbúið að hækka vexti í Byggingarsjóði verkamanna en það verður fróðlegt að sjá hvort atvinnunefndin tekur á því máli hér á næstu dögum. Ég á erfitt með að trúa því að verkalýðshreyfingin sætti sig við þessa vaxtahækkun. En spurningin er auðvitað: Hvernig hefur verið tekið á stöðu þessara sjóða og duga þær aðgerðir? Hvað þýðir þetta fyrir framtíðina? Hvað þýðir þetta fyrir skuldastöðu og greiðslur ríkisins í framtíðinni?

Það var gerð úttekt á húsbréfakerfinu og samkvæmt útreikningum Ríkisendurskoðunar taldist þeim svo til að húsbréfakerfið þyrfti um 12 milljarða á ári til þess að haldast í jafnvægi. Það kom fljótlega í ljós að kerfið kallaði á mun meira lánsfé en á þessu ári og næsta ári er áætlað að halda útlánum við 12 milljarða kr. Ríkisendurskoðun reiknaði með að vaxtabótakerfið mundi kalla á 2–2,3 milljarða kr. á næstu árum, eins og segir í skýrslunni, en samkvæmt fjárlögum þessa árs eru greiddir út 3 milljarðar í vaxtabótum. Það kemur fram í fjárlagafrv. að einhverjar breytingar eru fyrirhugaðar á vaxtabótakerfinu þó að engar slíkar tillögur hafi litið dagsins ljós. Ég hlýt að vara við því að farið verði að krukka í vaxtabótakerfið, að enn einu sinni verði fæti brugðið fyrir það fólk sem hefur verið að kaupa íbúðir og reikna út sína skulda- og eignastöðu. Það er auðvitað ljóst að ef kerfið er ekki í jafnvægi vaxa þær upphæðir sem fara til vaxtabóta.

Það er líka athyglisvert varðandi skýrsluna um Þjóðleikhúsið, sem snertir fyrrv. menntmrh. sem hér situr í salnum, að Ríkisendurskoðun varaði við því að þar væri farið of hratt og farið út í framkvæmdir og útboð áður en teikningar og verklýsingar væru tilbúnar. Hér er því slegið fram að svona vinnubrögð hafi reynst dýr. Eftir því sem ég best veit eru frekari umbætur nánast úr sögunni í bili í Þjóðleikhúsinu. Það er auðvitað ekki gott mál að hætta svona í miðjum klíðum og ljúka ekki þessu verki. Ég spyr hæstv. fjmrh. hvað ætlunin sé að gera í því mikla og erfiða máli. Hann verður að sitja fyrir svörum fyrir hönd ríkisstjórnarinnar.

Varðandi skýrsluna fyrir árið 1992, þá eru þar ýmsir kunningjar. Þar er fyrst af frægum að nefna skýrsluna um Þormóð ramma en eins og fram hefur komið hafa verið allmiklar deilur um niðurstöður þeirrar skýrslu. Ég ætla ekki að leggja dóm á það mál en í framhaldi af skýrslunni um söluna á hlutabréfunum í Þormóði ramma benti Ríkisendurskoðun á, það er á bls. 5 í skýrslunni, að full þörf væri á því að setja með formlegum hætti samræmdar almennar reglur um það hvernig standa skuli að sölu á eignum ríkisins með sama hætti og settar hafa verið reglur um hvernig standa skuli að opinberum innkaupum. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hafa þessar reglur verið settar eða stendur til að setja þær? Þarna er sem sagt enn ein spurningin um það hvernig ábendingum Ríkisendurskoðunar hefur verið fylgt eftir.

Á árinu 1991 var gerð mikil úttekt á Ríkisspítölunum. Þá vaknar líka sú spurning hvernig þeirri könnun hefur verið fylgt eftir. Það er ýmislegt sem fram kemur í athugasemdunum um Ríkisspítalana sem vert er að staldra við. Ríkisendurskoðun dregur t.d. í efa að það samræmist markmiðum Ríkisspítalanna að reka dagheimili með ærnum tilkostnaði og fara þar með inn á

verksvið bæjar- og sveitarfélaga. Ég á erfitt með að sjá það að stofnanir eins og Ríkisspítalarnir hafi ekki heimild til að reka dagvistarheimili til þess að fá til sín starfsfólk og tel slæmt að það sé verið að leggja stein í götu slíkra stofnana því nógu erfið er staðan í dagvistarmálum í borginni þó að ekki sé verið að gera fólki enn erfiðara fyrir eins og raunin hefur reyndar orðið.

Ríkisendurskoðun lagði til að komið yrði á fót sérstakri þróunardeild í heilbrrn. til þess að marka framtíðarstefnu í málefnum sjúkrahúsanna og í öðrum heilbrigðismálum, „ákveða verkaskiptingu og stuðla að frekari samvinnu sjúkrahúsa", eins og segir í skýrslunni, með leyfi forseta. Mér þætti fróðlegt að vita hvort komið hefur verið á slíkri deild í heilbrrn. eða hver staðan er í þeim málum.

Það komu þarna fram ýmsar tillögur um nýja verkaskiptingu á sjúkrahúsunum sem ég veit ekki til að hafi verið fylgt eftir. Hér er bent á að lokanir deilda, sem hafa verið eitt helsta ráðið sem heilbrrn. hefur gripið til í sparnaðarskyni, spara lítið þegar öll kurl koma til grafar, eins og segir á bls. 6–7. Það vakna því margar spurningar um aðgerðir ríkisstjórnarinnar í sparnaðarmálum, spurningar sem fróðlegt hefði verið að fá svör við hjá hæstv. heilbrrh.

Við vitnuðum mikið í skýrsluna um Lánasjóð ísl. námsmanna á síðasta vori. Eins og við vitum hafa þegar verið gerðar miklar breytingar á lögunum um lánasjóðinn. Ríkisendurskoðun benti náttúrlega fyrst og fremst á það að sjóðurinn ætti fyrir eignum ef hann yrði gerður upp en áframhaldandi vöxtur mundi kalla á aukin ríkisframlög og þá erfiðu stöðu sem sjóðurinn hefur verið settur í vegna þess hve honum hefur verið vísað í ríkum mæli út á lánamarkaðinn þar sem hann hefur orðið að taka lán með háum vöxtum. Við munum á næstu dögum ræða frekar um málefni lánasjóðsins svo ég ætla ekki að víkja að honum neitt frekar.

Það fór fram stjórnsýsluendurskoðun hjá Tryggingastofnun ríkisins og fróðlegt þætti mér að vita hvort þeirri skoðun hefur verið fylgt eitthvað eftir. Þar kemur margt merkilegt fram eins og það að stjórnskipulag Tryggingastofnunar hefur verið nánast óbreytt síðustu áratugi þrátt fyrir að tillögur um breytingar hafi komið fram. Hér segir, með leyfi forseta, á bls. 9: „Helsti galli stjórnskipulags stofnunarinnar er hin víða stjórnspönn forstjóra."

Eins og allir vita er Tryggingastofnunin mikið bákn og eftir því sem mér heyrist frá fulltrúum Kvennalistans í tryggingaráði megi þar margt bæta til að gera stofnunina skilvirkari. Hér segir um Tryggingastofnun á bls. 10, með leyfi forseta: „Óhentugt og úrelt stjórnskipulag svo að ráðherraráðning ýmissa lykilmanna stofnunarinnar draga þó úr möguleikum forstjóra á að sinna því hlutverki sínu á fullnægjandi hátt." Þ.e. að stjórna þessari stofnun. Hér eru gerðar mjög veigamiklar athugasemdir við skipulag og stjórnun Tryggingastofnunar og við hljótum að spyrja hvernig þeim verður fylgt eftir.

Á síðasta ári var gerð úttekt á öllum helstu sjóðum ríkisins, Byggðastofnun, Framkvæmdasjóði, sem hefur nú verið lagður undir Lánasýslu ríkisins, og ýmsum fleiri sjóðum sem átt hafa í miklum erfiðleikum, hafa lánað mikið fé en fá lítið til baka. Við vitum að þetta komum við til með að greiða á næstu árum og áratugum.

Að lokum, virðulegi forseti, get ég ekki annað en vakið athygli á hinni ótryggu stöðu Byggðastofnunar. Við hljótum að spyrja hvað ríkisstjórnin ætlar sér með Byggðastofnun. Hennar staða er afar erfið og í raun inni óljóst hvaða hlutverki hún á að gegna í framtíðinni. Ég spyr hæstv. fjmrh. hvað ríkisstjórnin ætlar sér með þá stofnun.

Að lokum vaknar sú spurning hvort Ríkisendurskoðun þjóni því hlutverki sem henni er ætlað. Við getum spurt okkur: Eru skýrslur hennar hlutlausar? Eru þær vandlega unnar og gefa þær rétta mynd af því ástandi sem verið er að kanna? Við þekkjum það af deilunum um Þormóð ramma og deilunum um það hvernig gerð skuli grein fyrir skuldastöðu ríkissjóðs að það eru auðvitað skiptar skoðanir um þessi mál. Ég tel þó að starf þessarar stofnunar sé afar mikilvægt og mjög nauðsynlegt bæði fyrir alþingismenn og ríkisstofnanir að geta leitað til stofnunar eins og Ríkisendurskoðunar. Að sjálfsögðu þurfi þó að fara rækilega ofan í starfsemi hennar og fylgjast vel með skýrslum þaðan og ræða þær í ríkara mæli en gert hefur verið.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 18. þm. Reykv. vék að einum kafla í skýrslu Ríkisendurskoðunar þar sem Ríkisendurskoðun dregur í efa að það samræmist markmiði Ríkisspítalanna að reka dagheimili með ærnum tilkostnaði og fara þar með inn á verksvið bæjar- og sveitarfélaga. Undirritaður flutti ásamt hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni tillögu á síðasta þingi þar sem því var beint til yfirvalda að hefja viðræður við stjórnir spítalanna um það að þessi þáttur í rekstri þeirra yrði færður til þeirra sem ættu að annast rekstur dagvistunarstofnana, svo sem sveitarfélaganna. Það liggur auðvitað fyrir í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að hér er klárlega um að ræða verk eða verksvið sem sveitarfélögin eiga að annast. Það er auðvitað þannig að þó svo sé, sem ég er ekkert að draga í efa, að ýmis atvinnufyrirtæki þurfa að laða til sín starfsmenn með einhverjum hætti, þá er það ekki á verksviði ríkisins að greiða rekstur dagvistunarstofnana. Það eru sveitarfélögin sem eiga að gera það. Þetta er þeim mun eftirtektarverðara ef við höfum það í huga að víða úti um land hafa sveitarfélögin orðið að grípa til þess ráðs að til þess að laða til sín kennara, sem þó eiga klárlega að að fá laun greidd af ríkisins fé, að borga ýmiss konar fríðindi svo sem kostnað af dagvistun til þess að laða til sín starfsmenn sem þó eru starfsmenn ríkisins. Þess vegna tel ég að athugasemd Ríkisendurskoðunar sé fyllilega réttmæt og mjög tímabær.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað rétt hjá hv. 3. þm. Vestf. að dagvistarmál heyra skipulagslega undir sveitarstjórnirnar en þegar þær sinna ekki sínu hlutverki á

fullnægjandi hátt vaknar auðvitað spurningin: Hvað á að gera? Er það algert skilyrði að allar dagvistarstofnanir séu á höndum sveitarfélaga? Hér hefur fólk verið að reyna ýmsar leiðir í rekstri dagvistarstofnana. Ég tel ekkert óeðlilegt við það að ýmsar stofnanir og vinnustaðir komi þar inn í svo lengi sem því fylgir ekki einhver þvingun eða að stofnanir hafi stjórn á sínu starfsfólki í gegnum sínar dagvistarstofnanir. En það er ekkert sem mælir á móti því að mínum dómi að það séu fleiri form á rekstri dagvistarstofnana en að sveitarfélögin reki þau. Ég dreg í efa að það sé á verksviði Ríkisendurskoðunar að gagnrýna það þó að stofnanir reyni að bjarga sínu starfsfólki með slíkum rekstri.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get verið sammála hv. 18. þm. Reykv. um það að ekkert óeðlilegt er við að það sé fjölbreytilegt form á rekstri dagvistunarstofnana. Þetta mál snýst ekki um það. Þetta mál snýst um það að hér hefur það gerst að stofnanir ríkisins, sem eru sjúkrahúsin, hafa verið að reka dagvistunarstofnanir. Það var upplýst í greinargerð þeirrar þáltill. sem ég og hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson fluttum að kostnaður við þetta væri á þriðja hundrað milljónir á ári sem sannarlega eiga í þessu tilviki að greiðast af viðkomandi sveitarfélögum. Ég tel mjög eðlilegt að þessum kostnaði sé létt af ríkinu. Það er auðvelt að finna þeim orðum stað að a.m.k. Ríkisspítalarnir og önnur sjúkrahús í landinu gætu hæglega nýtt þetta fé til annarra hluta. Það liggur auðvitað í augum uppi, eins og hv. þm. veit, að í landinu eru ákveðnar reglur um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Eins og ég rakti áðan og eins og hv. þm. veit er það þannig að dagvistunarstofnanir eru greiddar af sveitarfélögunum. (Gripið fram í.) Dagvistunarstofnanir eru greiddar af sveitarfélögum. Það vill þannig til, hv. þm., að greiðslur á kostnaði við dagvistunarstofnanir sjúkrahúsanna eru ekki bundnar við Reykjavík. Það er þess vegna sem ég nefndi ekki Reykjavík, hv. þm., heldur nefndi ég sveitarfélögin og ég vona að hv. þm. viti hvaða stjórnsýslueining það er.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vill svo til að við hér í Reykjavík búum við stjórn íhaldsins sem sinnir ekki sínu hlutverki í dagvistarmálum og þess vegna verðum við að grípa til annarra ráða hver sem þau eru.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég sé að hæstv. fjmrh. er mættur á staðinn og fagna ég því auðvitað. En ég sé að það er illt í efni að frummælandi er horfinn á braut. Mér finnst nú satt að segja dálítið skothent að halda áfram þessari umræðu og að sá hlýði ekki á fyrir hönd Alþingis sem mælir fyrir málinu. Vil ég nú spyrja hæstv. forseta hvort ekki sé rétt að fresta þessu máli. Ég gæti að vísu fallist á það að flytja mál mitt af því að það er ekki langt. Það voru einkum spurningar til fjmrh. sem ég vildi bera fram. Ég vildi beina því til hæstv. forseta, hvort ekki væri rétt, af því að áreiðanlega eru fleiri á mælendaskrá, að gera hlé á. (**Forseti:** Forseti getur fallist á að þessari umræðu verði frestað. Það hafði komið ósk um það og verið gert ráð fyrir að fresta þessari umræðu innan tíðar. En ef þingmaðurinn óskar eftir því og er tilbúinn að gera hlé á ræðu sinni þá er forseti tilbúinn til að fresta þessari umræðu.)

Hæstv. forseti. Ég er tilbúinn til að segja þau orð sem ég ætlaði að segja hér nú en ef — (**Forseti:** Forseti mun þá fresta umræðu að lokinni ræðu hv. þm.)

Mín ræða í þessu máli átti ekki að verða löng og ég tel að breytt skipulag á starfsemi Ríkisendurskoðunar sé til bóta. Það hefur oft komið fram að það eru miklar endurbætur í stjórnsýslunni síðan hún kom undir Alþingi en hætti að heyra undir framkvæmdarvaldið. Hins vegar er það svo með hinni nýju skipan að verk stofnunarinnar vekja meiri athygli og umtal í þjóðfélaginu þegar þau birtast en áður var.

Það hefur verið svo undanfarið að Ríkisendurskoðun hefur verið nokkuð í sviðsljósinu og m.a. vegna ágreinings við fjmrn. út af uppsetningu fjárlaga. Ég ætla ekki að blanda mér mikið í þær deilur sem verið hafa um það. Ég vil benda á að á vegum fjmrn. er ríkisreikninganefnd að störfum. Fyrir störfum hennar er gerð rækileg grein í fjárlagafrv., sem liggur fyrir, á bls. 368–373. Ég hygg að það sé rétt að bíða eftir tillögum ríkisreikninganefndar um þessi mál en þær eru væntanlegar, það er upplýst, fyrir áramót 1993.

Það er sagt frá því hér í fjárlagafrv. á bls. 373 um áhrif tillagnanna, sem væntanlegar eru, með leyfi forseta: „Tilllögur vinnuhópsins hafa veruleg áhrif á tekju- og gjaldahlið fjárlaga og ríkisreiknings. Þannig verða heildartekjur og heildargjöld ríkissjóðs 15,5 milljörðum kr. hærri samkvæmt tillögunum en fram kemur í fjárlögum fyrir árið 1992. Þyngst vegur gjaldfærsla ýmissa bótagreiðslna í tekjuskatti einstaklinga og tilfærsla á sértekjum frá gjaldahlið."

Hér hafa verið á undanförnum vikum deilur um að hversu mikill halli væri á ríkissjóði og ég ætla í sjálfu sér ekki að blanda mér í þær deilur. Það hefur komið fram að áætlaður halli á yfirstandandi ári er í rauninni meiri ef fjárlögin eru sett upp á rekstrargrunni en greiðslugrunni. En ég tel að það sé mjög áríðandi að það komist niðurstaða í þessi mál og þessum deilum milli Ríkisendurskoðunar og fjmrn. eða skoðanaskiptum um þessi mál linni. Og ég tel að sú nefnd og þeir vinnuhópar, sem eru að störfum, séu réttur vettvangur fyrir þá vinnu.

En það var eitt atriði varðandi uppsetningu fjárlaga sem varðar Ríkisendurskoðun og starfsemi hennar á næsta ári sem ég vildi spyrja út í við þessa umræðu. Ríkisendurskoðun er ætlað að innheimta hærri sértekjur á næsta ári en gert var ráð fyrir á síðasta ári. Hér tel ég að sé farið út á varhugaverða braut og vil spyrja hæstv. fjmrh. hvað fyrir fjmrn. vaki í þessum efnum. Á Ríkisendurskoðun að fara í vaxandi mæli að selja út þjónustu sína eins og hver önnur endurskoðunarskrifstofa eða hvaða tekjustofnar eru þarna og hvað vakir fyrir fjmrh. með þessari uppsetningu? Gert er ráð fyrir að Ríkisendurskoðun innheimti sértekjur upp á 3,6 millj. á næsta ári á móti 1,1 millj. á árinu 1992. Mér

finnst þetta vera dálítið einkennilega að verki staðið svo ekki sé meira sagt vegna þess að hér er um stofnun að ræða sem heyrir undir Alþingi. Og ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Hvaða tekjustofnar eru þetta? Hefur verið haft samráð við forsætisnefnd. Alþingis um uppsetningu á þessum sértekjulið?

Það er ekki fleira að sinni sem ég hef að leggja inn í þessa umræðu. Ég hef tækifæri til þess, ef umræðan heldur áfram síðar, að fjalla nánar um þessi mál eða aðrir úr þingflokki Framsfl. sem það kynnu að vilja.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Eins og fram hafði komið hjá forseta var óskað eftir því að umræðunni yrði frestað. En fjmrh. hafði verið kallaður hingað til þessarar umræðu.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Mig langar aðeins til að gera athugasemd um málsmeðferð hér í dag. Hér er verið að ræða skýrslur stofnana sem heyra undir Alþingi. Og það er auðvitað sjálfsagt að slíkar skýrslur liggi fyrir og séu til umræðu. Þess var sérstaklega óskað að ég kæmi hingað í dag og væri við þessa umræðu. Og varð ég að sjálfsögðu við því en þá ber svo við að umræðunni er frestað. Hér liggja fyrir nokkrar spurningar sem ég hef verið beðinn um að svara og mér skilst að hv. 8. þm. Reykn. hafi einnig beint til mín fyrirspurnum og athugasemdum sem sjálfsagt er að svara. Og ég vil að það komi fram að ég er tilbúinn til þess að halda þessum umræðum áfram og hefði gjarnan kosið að þeir sem hófu umræðuna hefðu verið viðstaddir en hlypu ekki á brott um leið og sá ráðherra kemur sem beðinn er að koma og þurfti að gera breytingar á sinni dagskrá vegna þess að um það var sérstaklega beðið að hann kæmi hingað.

Ríkisendurskoðun er stofnun sem heyrir undir Alþingi, þjónar reyndar öðrum aðilum sérstaklega þegar um er beðið. Aðfinnslur og ábendingar Ríkisendurskoðunar eru ekki dómur í eðli sínu heldur ábendingar. Og það er ekkert sem segir sérstaklega að einstakir ráðherrar, hver sem í hlut á þurfi að fara að þeim aðfinnslum, ábendingum eða tillögum og niðurstöðum, allra síst þegar um það er að ræða að viðkomandi ráðherrar biðja sjálfir um skýrsluna. En mér sýnist sá misskilningur vera hér uppi í ræðum hv. þm.

Ég vildi, hæstv. forseti, að það kæmi fram að það er ekki að minni beiðni sem þessari umræðu er frestað.

Umræðu frestað.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis 1991, ein umr.

Frsm. allshn. (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Á síðasta þingi var mér falið af allshn. að koma fram fyrir hennar hönd í þessum umræðum og gera grein fyrir skýrslu umboðsmanns Alþingis. Því miður vannst ekki tími til þess á þinginu í vor að ræða skýrslu ársins 1991. Og vegna kosninga varð 1991 gafst ekki þá tími til að ræða skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1990. Lögmætar ástæður voru þannig fyrir því í bæði skiptin að ekki var efnt til umræðna um skýrslurnar en ekki áhugaleysi Alþingis á störfum umboðsmanns.

Forsætisnefnd Alþingis ákvað að vísa skýrslum umboðsmanns fyrir árin 1990 og 1991 til allshn. og var nefndinni falið að sjá um framsögu í þeim umræðum sem nú er að hefjast um skýrslurnar. Hér er um nýmæli í meðferð skýrslu umboðsmanns Alþingis að ræða og tel ég að það stuðli að því að umræður um skýrslurnar verði meiri meðal þingmanna en ella. Má geta þess að umboðsmaður og aðstoðarmaður hans komu sérstaklega á fund allshn. í tilefni af skýrslugjöfinni. Vík ég að komu þeirra og umræðum um störf umboðsmanns í allshn. síðar en ætla fyrst að drepa á nokkur atriði úr þessum tveimur skýrslum þingmönnum til glöggvunar.

Til embættis umboðsmanns Alþingis var stofnað með lögum nr. 13/1987 er tóku gildi 1. jan. 1988. Hinn 17. des. 1987 var Gaukur Jörundsson kjörinn í starf umboðsmanns Alþingis til fjögurra ára og 18. des. 1991 var hann endurkjörinn umboðsmaður Alþingis til fjögurra ára frá 1. jan. 1992 að telja.

Í samræmi við 1. mgr. 12. gr. laga nr. 13. 1987, um umboðsmann Alþingis, og 12. gr. reglna nr. 82/1988, um störf og starfshætti umboðsmanns, hefur umboðsmaður samið skýrslur þær sem hér hafa verið lagðar fram.

Í bréfi umboðsmanns, er fylgdi skýrslu hans frá árinu 1990 og prentuð er fremst í henni, er lýst efni skýrslunnar. Hún skiptist í fimm kafla.

I. kaflinn fjallar um störf umboðsmanns Alþingis og rekstur skrifstofu hans árið 1990. Í II. kafla eru tölur og tölfræðilegar upplýsingar um þau mál sem hann kannaði árið 1990. Í III. kafla eru birtar niðurstöður og álit í málum sem hann afgreiddi á árinu og ástæður þóttu til að gera sérstaka grein fyrir í skýrslunni. Þar eru þó aðeins tekin með þau mál sem hafa almenna þýðingu fyrir starf umboðsmanns og starfshætti í stjórnsýslu. Í IV. kafla er gerð grein fyrir framvindu mála sem fjallað var um í skýrslum hans fyrir árin 1988 og 1989. V. kaflinn geymir skrár yfir atriðisorð og lagatilvitnanir.

Á árinu 1990 voru skráð 152 ný mál. Skráð mál á grundvelli kvartana, sem bornar voru fram, voru 151 en eitt mál tók umboðsmaður upp að eigin frumkvæði. Í upphafi ársins 1990 var 67 málum frá fyrra ári ólokið. Alls fjallaði umboðsmaður því árið 1990 um 217 mál og af þeim höfðu 162 hlotið afgreiðslu um áramótin 1990–1991. Þær tölur, sem hér hafa verið nefndar, eiga þó aðeins við um þau mál sem eru formlega skráð í tilefni af skriflegri kvörtun eða umboðsmaður hefur tekið upp að eigin frumkvæði. Rétt er að vekja athygli á því að á bls. 5 í skýrslu ársins 1990 tekur umboðsmaður fram að mikið sé um það að menn hringi eða komi á skrifstofu hans og beri upp mál sín og leiti upplýsinga. Er þá oftast greitt úr málum með skýringum eða með því að koma þeim í réttan farveg

innan stjórnsýslunnar án þess að þau mál séu skráð. Fram kemur í skýrslunni að þessi þáttur í starfsemi umboðsmanns sé tímafrekur.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1991 skiptist í fimm kafla. Er hún byggð upp með sama hætti og skýrslan fyrir árið 1990, eins og hér var lýst að framan. Árið 1991 voru skráð 170 ný mál. Skráð mál á grundvelli kvartana, sem bornar voru fram, voru 168 en tvö mál tók umboðsmaður upp að eigin frumkvæði. Í upphafi ársins 1991 var 57 málum frá fyrra ári ólokið. Alls fjallaði umboðsmaður því á árinu 1991 um 227 mál og af þeim höfðu 168 verið afgreidd við áramótin 1991–1992.

Þær tölur, sem hér hafa verið nefndar, eiga sem fyrr aðeins við um þau mál sem voru formlega skráð í tilefni af skriflegri kvörtun eða umboðsmaður hefur tekið upp að eigin frumkvæði. Viðfangsefni í þeim málum sem berast umboðsmanni eru af margvíslegum toga og kvartanir beinast að ýmsum ráðuneytum og stofnunum. Eins og áður er getið tók umboðsmaður Alþingis upp nokkur mál að eigin frumkvæði árið 1990 til 1991. Eitt af þeim fjallaði um tilkynningar um niðurfellingu mála hjá ríkissaksóknara. Álit þetta er að finna á bls. 75–82 í skýrslu ársins 1991. Benti umboðsmaður þar á að það leiddi af 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu að þeir sem bornir væru sökum um refsiverða háttsemi ættu kröfu til þess að máli lyki innan hæfilegs tíma annaðhvort með niðurfellingu þess eða úrlausn dómstóla. Þetta minnir á að telja má það eðlilegan þátt í störfum umboðsmanns að gæta þess að stjórnvöld skýri lög og beiti þeim til samræmis við þjóðréttarsamninga um mannréttindi sem íslenska ríkið hefur undirgengist að þjóðarétti.

Eins og fram kemur í skýrslu umboðsmanns frá árinu 1991 hafa bæði ráðgjafaþing og ráðherranefnd Evrópuráðsins litið svo á að umboðsmenn þjóðþinga séu vel til þess fallnir að gæta mannréttinda og efla
þau.

Skv. 11. gr. laga nr. 13/1987 skal umboðsmaður tilkynna Alþingi og jafnframt hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórn eftir því sem við á ef hann verður þess var að meinbugir séu á gildandi lögum eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum. Í skýrslum umboðsmanns Alþingis fyrir árin 1990 og 1991 eru 11 mál þar sem bent er á meinbugi á lögum.

Í þingræðisríkjum er eitt af aðalverkum þings að hafa eftirlit með stjórnsýslunni. Í skýrslu umboðsmanns fá þingmenn upplýsingar um vandamál í stjórnsýslu og hvaða breytinga sé þörf. Af málum, sem umboðsmaður Alþingis hefur fjallað um og birt eru í skýrslum fyrir árin 1990 og 1991 svo og fyrri skýrslum, verður ráðið að töluvert kveður að því að stjórnsýslan hafi á ólögmætan hátt farið inn á svið löggjafans við setningu reglugerða. Virðist þetta gerast aðallega með tvennum hætti:

Í fyrsta lagi hafa verið sett ákvæði í reglugerðir sem *er íþyngjandi fyrir almenning og hefur skort lagastoð.* Í öðru lagi hafa verið sett ákvæði í reglugerðir sem beinlínis fara í bág við sett lög.

Hljóta þessi mál að vekja upp þá spurningu hvort Alþingi verði ekki að afmarka betur þá heimild sem það veitir stjórnsýslunni til setningar stjórnvaldsfyrirmæla svo sem reglugerða, reglna og auglýsinga. Má í þessu sambandi benda á að hjá sumum þjóðum er bundið í stjórnarskrá að valdframsal til stjórnsýslunnar verði að afmarka með tilteknum hætti. Má í því sambandi benda á 80. gr. þýsku stjórnarskrárinnar þar sem lagaheimild til setningar reglugerðar verður að vera afmörkuð um efnið, markmið og gildissvið. Í skýrslum umboðsmanns fyrir árið 1989 og fyrir árið 1990 víkur umboðsmaður Alþingis að nauðsyn setningar stjórnsýslulaga hér á landi. Ef litið er á þau mál sem birt eru í skýrslum umboðsmanns Alþingis fyrir árin 1990 og 1991 kemur í ljós að þau atriði sem rætt hefur verið um að taka upp í stjórnsýslulög koma oft til kasta umboðsmanns. Má þar nefna réttarreglur um aðgang aðila máls að gögnum og upplýsingum, andmælarétt aðila, hæfi starfsmanna stjórnsýslunnar, leiðbeiningaskyldu starfsmanna stjórnsýslunnar, réttarreglur um málshraða og um rökstuðning ákvarðana. Með tilliti til þess að um er að ræða grundvallarreglur til tryggingar réttaröryggi borgaranna er þörfin fyrir stjórnsýslulög afar brýn.

Í skýrslu umboðsmanns fyrir árið 1989 er mál sem umboðsmaður Alþingis tók upp að eigin frumkvæði og varðar svör ráðuneyta við erindum sem þeim berast. Í skýrslu fyrir árið 1991 er á bls. 154 fjallað um mál sem varðar sama efni, en þar tók það ráðuneytið rúmlega eitt ár og 10 mánuði að svara erindi og voru engar viðhlítandi skýringar gefnar á þessum langa afgreiðslutíma. Fram kemur í skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1991 að enn virðist vera brotalöm á starfsháttum í stjórnsýslu að þessu leyti. Þetta mál og önnur sambærileg hljóta að vekja upp þær spurningar hvort ekki verði að ganga ríkt á eftir því að stjórnvöld hafi einhverja þá skipan mála að fylgst sé reglulega með því að öllum erindum sé svarað greiðlega. Dragist afgreiðsla hins vegar af einhverjum ástæðum lengur en ætla verður að aðilar geri ráð fyrir verður að gera þá kröfu að tafir á svörum við erindum séu skýrðar fyrir aðilum. Slíkir stjórnsýsluhættir eru nauðsynlegt skilyrði eðlilegra samskipta almennings og stjórnvalda og þess trausts sem stjórnvöld verða að njóta hjá almenningi. Þegar erindi, sem stjórnvöldum berast, eru bókuð á kerfisbundinn hátt ætti með nútímatækni að vera mjög auðvelt fyrir yfirmann stofnana að fylgjast með því að þessum grundvallarreglum sé sinnt.

Í skýrslu ársins 1991 rekur umboðsmaður Alþingis hver viðbrögð stjórnvalda hafi verið við starfi hans. Þar kemur m.a. fram að þeirrar skoðunar hafi gætt að algengt sé að stjórnvöld hafi álit, tilmæli og tillögur umboðsmanns að engu. Það er álit umboðsmanns að of mikið sé gert úr þessu þó að finna megi dæmi um slíkt. Það heyrir þó til undantekninga og hafi einkum borið við á fyrstu starfsárum umboðsmanns.

Í skýrslu ársins 1991 gerir umboðsmaður einnig *grein fyrir þeim málum þar sem stjórnvöld hafa ekki* farið að tillögum og tilmælum umboðsmanns. Að öðru leyti hafi stjórnvöld oftast brugðist skjótt við og breytt starfsháttum sínum eða lýst ásetningi sínum um breyt-

ingar. Loks kemur fram hjá umboðsmanni Alþingis að ekki liggi fyrir nein dæmi um það frá síðasta ári að stjórnvöld hafi risið öndverð við áliti hans.

Eins og í upphafi var getið kom Gaukur Jörundsson, umboðsmaður Alþingis, til fundar við allshn. 26. okt. sl. og með honum var Páll Hreinsson, aðstoðarmaður umboðsmanns. Var það mat bæði umboðsmanns og nefndarmanna að þær viðræður sem þar fóru fram hafi verið ákaflega gagnlegar og ættu að stuðla að því að veita hvorum aðila um sig styrk og aðstöðu til að taka á ýmsum málum sem snerta starfsemi umboðsmanns og einnig sinna þeim skyldum sem hvíla á Alþingi vegna starfa hans. Á fundinum kom fram að umboðsmaður telur að það hafi verið óheppilegt að ekki voru sett stjórnsýslulög hér á landi um svipað leyti og til embættis umboðsmanns var stofnað. Það veikti stöðu umboðsmanns að ekki giltu almenn stjórnsýslulög í landinu. Í slíkum lögum yrðu væntanlega sett lágmarksskilyrði sem þyrfti að fullnægja við málsmeðferð innan stjórnsýslunnar, svo sem reglur um kæru frá lægra settu stjórnvaldi til æðra setts stjórnvalds. Innan stjórnsýslunnar vantaði samræmi og samræmdar reglur, t.d. varðandi það hvenær unnt væri að kvarta til æðra stjórnvalds. Í nefndinni var einnig rætt um þá meðferð sem tilmæli umboðsmanns fengju frá stjórnvöldum. Kom fram að umboðsmaður taldi miður ef stjórnvöld, er fengju tilmæli frá sér, gripu til þess ráðs að ræða um efni þeirra fyrst við fjölmiðla en kysu ekki að bregðast við ábendingum umboðsmanns með því að snúa sér til hans áður en farið væri í fjölmiðla. Ekki væri venja umboðsmanns að ganga eftir viðbrögðum við ályktunum eða svörum en æskilegt væri að stjórnvöld gerðu honum grein fyrir því hvernig þau tækju ábendingum umboðsmanns eða áliti.

Í þessu sambandi var sérstaklega rætt um það þegar umboðsmaður sendir Alþingi álit á grundvelli 11. gr. laga um umboðsmann Alþingis þar sem fjallað er um meinbugi á lögum eða beinum stjórnvaldsfyrirmælum. Í þeim tilvikum er æskilegt að Alþingi taki til athugunar ábendingar um að lögum sé áfátt. Er nauðsynlegt í þessu sambandi að forsætisnefnd hafi ákveðna starfsreglu og myndi farveg innan þingsins til þess að unnt sé að fylgjast með slíkum málum og hvernig þeim reiðir af. Er þeirri hugmynd komið á framfæri að allshn. taki álit umboðsmanns til meðferðar og sinni þeim fyrir hönd Alþingis. Í viðræðum nefndarinnar við umboðsmann kom fram að allshn. væri einmitt kjörinn vettvangur innan Alþingis til þess að sinna þessu hlutverki.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að skýra frá því á Alþingi að í umræðunum í allshn. var upplýst að hér á landi berast umboðsmanni hlutfallslega fleiri mál en annars staðar á Norðurlöndum og auk þess eru fleiri mál hér en annars staðar tekin til meðferðar hjá umboðsmanni. Vaknaði þá sú spurning hvort þetta kynni að einhverju leyti að stafa af því að hér væri löggjöf áfátt í því efni að tryggja rétt borgaranna gagnvart yfirvöldunum. Var þeirri skoðun ekki hafnað í viðræðum við umboðsmann. Taldi hann t.d. heppilegt að lögfesta Mannréttindasáttmála Evrópu hér, a.m.k. ákvæði hans sem fjalla um mannréttindi, því að með því yrði dregið úr hættu á árekstrum sem kunna að rísa vegna óvissu um réttarstöðu sáttmálans. Það yrði styrkur fyrir starf umboðsmanns að lögfesta sáttmálann. Einnig kom fram að ekki eru aðeins gömul lög sem valda því að mál eru borin undir umboðsmann, heldur kann þess að gæta í nýrri löggjöf að réttur borgaranna sé ekki nægilega vel tryggður. Var m.a. vakin athygli á því að með lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð ísl. námsmanna, var sú breyting gerð að samkvæmt 16. gr. laganna var ekki lengur gegið út frá því að lagaskylda hvíldi á menntmrh. til þess að setja reglugerð um sjóðinn. Samkvæmt lögum lánasjóðsins er í 16. gr. mælt fyrir um heimild ráðherra til útgáfu reglugerðar en ekki skyldu eins og áður var. Telur umboðsmaður að skortur á reglugerð samkvæmt nýju lögunum hafi veikt réttarstöðu viðskiptavina lánasjóðsins. Ábending umboðsmanns um þetta atriði er umhugsunarverð fyrir okkur þingmenn eins og raunar afstaða Alþingis almennt til ákvæða í lögum um útgáfu reglugerðar því að eins og segir í áliti umboðsmanns hvað þetta snertir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú grundvallarregla réttarríkisins, sem hér kemur til skoðunar, er hins vegar sú að ekki er nóg að valdhafar fylgi oftast vönduðum málsmeðferðarreglum sem til þess eru fallnar að stuðla að mjög auknu réttaröryggi heldur þurfa slíkar reglur að vera lögfestar þannig að þær setji valdhöfunum skorður og bindi þá að lögum og verndi þannig borgarana."

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Skýslurnar liggja fyrir en mér finnst sérstök ástæða til að árétta þá skoðun mína að þess verði gætt við setningu laga á hinu háa Alþingi að nýmæli í lögum verði frekar til þess að auðvelda umboðsmanni störf hans en auki ekki fjölda þeirra mála sem hann þarf að láta til sín taka.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka frsm. fyrir þá ítarlegu ræðu sem hann flutti. Hann kom inn á margt það sem merkast er í þessum skýrslum en ég vil vekja athygli á því í upphafi máls míns að samkvæmt dagskrá á eingöngu að ræða skýrslu ársins 1991. Mér skilst að þetta sé villa en ég tók þetta mjög bókstaflega og fjallaði aðeins um skýrsluna fyrir árið 1991.

Eins og hefur verið komið inn á var embætti umboðsmanns Alþingis stofnað með lögum nr. 13/1987, en Íslendingar voru óvenjuseinir til að stofna slíkt embætti og stafar það e.t.v. af því að menn hafi talið að almenningur hér á landi ætti greiðan aðgang að stjórnvöldum og dómstólum. Reynslan hefur leitt í ljós að mikil þörf var fyrir embætti umboðsmanns Alþingis hér á landi, ekki eingöngu vegna þeirra sem leita þurfa réttar síns og telja sig misrétti beitta af stjórnvöldum, heldur ekki síður vegna þess aðhalds sem embættið veitir stjórnkerfinu.

Í mars sl. sótti ég fund nefndar þeirrar sem fer með málefni flóttamanna, mannfjöldaþróunar og lýðfræði innan Evrópuráðsins, en ég á sæti í þeirri nefnd. Á þeim fundi, sem haldinn var í Valencia á Spáni, var

farið gegnum stöðu mála þar í landi og var staða flóttamanna einkum könnuð. Umboðsmaður fólksins, eins og hann heitir á Spáni og jafngildir embætti umboðsmanns Alþingis hér á landi, kom á fund nefndarinnar til að greina frá því hvernig málefni flóttamanna snerta embætti hans. Hann sagði okkur jafnframt frá ýmsu því sem hans embætti fæst við. Það vakti athygli mína hve umboðsmaðurinn naut mikillar virðingar. Sjónvarpsstöðvar voru mættar til að fylgjast með máli hans, spænskir þingmenn, sem þarna voru mættir, lýstu því hve þungt álit hans vega í spænska stjórkerfinu og sögðu að stjórnvöld tækju mikið mark á hans ábendingum sem hann leggur fram til úrbóta í stjórnkerfi þeirra. Þá kom einnig fram að spænski umboðsmaðurinn heimsækir spænska þingið einu sinni á ári, gefur því skýrslu sína, svarar fyrirspurnum og hlýðir á umræðuna um skýrslu umboðsmannsins. Síðan víkur hann af þingfundi.

Mér þótti þetta mjög athyglisvert og hjá mér vöknuðu spurningar um það hver staða umboðsmannsins íslenska er, hvort hann njóti tilhlýðilegrar virðingar, hvort stjórnvöld virði ábendingar hans og ekki síst hvort fjölmiðlar veiti störfum hans nægilega athygli. Samkvæmt skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1991 kvartar hann ekki og telur að stjórnvöld taki oftast mið af álitum hans enda eru þess dæmi að ráðuneyti hafi tapað málum fyrir dómstólum, málum sem ráðuneytið neitað að leiðrétta í samræmi við álit umboðsmanns en fóru síðan rétta leið til dómstólanna.

Í skýrslunni fyrir árið 1991 kemur fram að fjöldi mála sem embætti umboðsmanns Alþingis tók fyrir var 170. Þar af tók umboðsmaðurinn upp tvö mál að eigin frumkvæði.

Þegar málalistinn er skoðaður kemur margt athyglisvert í ljós. Í fyrsta lagi er merkilegt hve fáar konur leita til umboðsmannsins. 28 konur áttu við hann erindi á móti 123 körlum. Nú er það svo í þjóðfélagi okkar að staða kvenna er mun lakari en staða karla og iðulega brotið á þeim jafnt á vinnumarkaði sem í einkalífi. Það kann að vera að tilvist Jafnréttisráðs og tilvist kvörtunarnefndar Jafnréttisráðs hafi einhver áhrif en ég hlýt að spyrja hvaða skýring er á þessum mikla mun milli kynjanna. Getur verið að konum sé ekki almennt kunnugt um þann möguleika sem felst í því að leita til umboðsmanns Alþingis eða speglar þessi mikli munur einhvers konar mismun á virkni og óvirkni? Ég held að það sé ekki raunin og við þurfum að kafa dýpra eftir skýringum. En við hljótum að spyrja hvort öllum almenningi hér á landi sé ljóst hvaða möguleikar felast í því að leitar réttar síns hjá umboðsmanni Alþingis.

Þá er athyglisvert að skoða hvaðan þeir koma sem leita til umboðsmannsins. Eins og vænta mátti eiga flest málin uppruna sinn í Reykjavík og á Reykjanesi, en það vekur athygli hve Vestfirðingar eru duglegir að leita til umboðsmannsins miðað við íbúafjölda. Þegar litið er á það að hverju kvartanirnar beinast kemur í ljós að 25 mál snerta málefni dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Það kemur ekki mjög á óvart því að þar er m.a. að nefna mál sem snerta barnavernd og forræðismál og annað slíkt. 25 mál af þessum 170 sem umboðsmaðurinn fjallaði um á sl. ári snúast um stjórnun fiskveiða og þar kemur kannski skýringin á því hve Vestfirðingar eru iðnir við að leita til umboðsmannsins. Málafjöldinn varðandi stjórnun fiskveiða sýnir að mínum dómi hve vandasamt mál er á ferðinni og umdeilt.

Sú spurning vaknar við lestur skýrslunnar hvernig þeim málum, sem koma til umboðsmannsins og hann gefur álit sitt á, er fylgt eftir. Ég ætla að varpa fram nokkrum spurningum en hér eru fáir til svara. Engu að síður ætla ég að láta þessar spurningar koma fram.

Eitt af þeim málum sem umboðsmaðurinn fjallaði um varðaði erlenda leiðsögumenn sem störfuðu hér á landi. Hann leggur til að félmrn. komi málefnum erlendra leiðsögumanna í löglegt horf, eins og segir í skýrslunni og sú spurning vaknar hvort eitthvað hafi verið gert í því máli.

Eins og fram kom í máli frsm., hv. 3. þm. Reykv., hefur umboðsmaður Alþingis ítrekað bent á seinagang hjá ýmsum ríkisstofnum og þar er ekki síst að nefna lögregluna og skattayfirvöld svo og meðferð mála hjá ríkissaksóknara og jafnvel dómstólum. Við hljótum að spyrja hvort og hvernig hafi verið brugðist við þessum athugasemdum. Umboðsmaður Alþingis gerir athugasemd við það í skýrslunni fyrir árið 1991 að fólki sé ekki tilkynnt um það þegar stjórnvöld, t.d. lögreglan, kemst að niðurstöðu í málum og mér er spurn hvort bætt hafi verið úr því. Mér er kunnugt um mál þar sem dómur hefur verið felldur og fólk hefur ekki hugmynd um niðurstöðuna.

Í skýrslunni er sagt frá málum sem snerta launagreiðslur ríkisins og sú spurning vaknar hvort þeim málum hafi verið kippt í liðinn þar sem áfátt var. Eitt málið snertir kaupskrárnefnd utanrrn., þ.e. launanefnd sem ákveður laun starfsmanna á Keflavíkurflugvelli, og umboðsmaður bendir á að þar þurfi að taka til hendi og spurningin er hvort það hafi verið gert. Fleiri dæmi mætti nefna úr skýrslunni en frsm. vék að mörgum málum og ég ætla ekki að endurtaka það. Það má ljóst vera af þessari upptalningu að við stöndum auðvitað frammi fyrir ýmsum málum sem við þingmenn ættum að spyrja ráðherra um. Hér eru efni í fyrirspurnir.

Virðulegi forseti. Ég tel að embætti umboðsmanns Alþingis gegni mjög mikilvægu hlutverki í samfélagi okkar. Hann er kjörinn af Alþingi og því ber okkur alþingismönnum að standa vörð um virðingu þessa embættis, fylgja málum eftir og kanna hvort framkvæmdarvaldið sinnir þeim ábendingum sem frá umboðsmanninum koma. Samfélag okkar verður æ flóknara og vandamál einstaklinganna æ fjölbreyttari. Því er afar brýnt að standa vörð um lög og rétt og tryggja að fólk geti leitað réttar síns jafnframt því að við sjáum til þess að hér á landi sé haldið uppi góðum stjórnarháttum. Í því starfi er embætti umboðsmanns Alþingis afar mikilvægt.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég nefna að umboðsmaðurinn á Spáni gat þess að til hans leita oft útlendingar sem telja á sér brotið á Spáni, en mér er alls ekki ljóst af þeim lögum sem gilda hér á landi um um-

boðsmann Alþingis hvort útlendingar, t.d. flóttamenn, eiga greiðan aðgang að umboðsmanni Alþingis. Í lögunum stendur, með leyfi forseta:

„Hlutverk umboðsmanns er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga á þann hátt sem nánar greinir í lögum þessum og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins."

Og síðar segir: „Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að sjálfs síns frumkvæði.

Kvörtun getur hver sá borið fram við umboðsmann sem telur stjórnvald hafa beitt sig rangindum."

Lokaspurning mín er hvort það sé skilningur umboðsmanns Alþingis að þetta ákvæði nái einnig til útlendinga. Við því hef ég ekki fengið svar.

Frsm. allshn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þessarar síðustu fyrirspurnar hv. 18. þm. Reykv. tek ég fram að umboðsmaður sinnir kvörtunum frá útlendingum og beinir málum þeirra í þann farveg sem samræmist íslenska stjórnkerfinu. Einnig er sá háttur hafður á hjá umboðsmanni að svara útlendingum á því máli sem þeir skrifa honum þannig að ekkert fari á milli mála og til að auðvelda þeim að fá úrlausn mála sinna.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Margt bitastætt er í þeirri skýrslu sem liggur fyrir frá umboðsmanni Alþingis og býsna mörg úrlausn á málum sem hann fær til meðferðar og eru þau forvitnileg og kalla á spurningar bæði til Alþingis og ráðherra um viðbrögð í framhaldi af ábendingum umboðsmanns. T.d. kom fram í máli frsm. að sú ábending hefur komið frá umboðsmanni að lögfesta beri ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu. Okkur er kunnugt um að boðað hefur verið frv. þess efnis á þessu þingi, en nokkuð er um liðið síðan þau boð voru látin út ganga. Fróðlegt væri að fá um það svör frá hæstv. dómsmrh. hvenær þess væri að vænta að frv. þess efnis sæist í þingsölum.

Í öðru lagi kemur fram í skýrslu umboðsmanns, sem einnig var minnst á af hálfu frsm., að umboðsmaður hefur áréttað ábendingu sína frá ársskýrslu 1989 sem sjá má í þessari skýrslu 1991 á bls. 166. Þar greinir umboðsmaður frá því að hann hafi ritað forsrh. bréf 20. des. 1991 og vakið athygli ráðherrans á því að gert var ráð fyrir því í upphafi þegar lagt var fram frv. um umboðsmann Alþingis á 109. þingi að jafnhliða yrði afgreitt annað frv. til stjórnsýslulaga. Þessi tvö frumvörp voru mjög samtengd og hefur verið skaði að því að þau voru ekki bæði afgreidd. Umboðsmaður vekur athygli á þessu og leggur áherslu á nauðsyn þess að lögfesta í stjórnsýslulögum helstu grundvallarreglur um málsmeðferð í stjórnsýslu og óskar eftir upplýsingum um hvort einhverjar ákvarðanir hafi verið teknar í því efni.

Hæstv. forsrh. svarar með bréfi 27. febr. 1992 og upplýsir að í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar sé verið að vinna að undirbúningi löggjafar á sviði stjórnsýslu. Enn fremur kemur fram í svari forsrh. í febrúar að á næstunni verði skipun nefnd sérfræðinga til að sinna framangreindum viðfangsefnum og er við það miðað að frv. verði lagt fram á þessu þingi, þ.e. því þingi sem síðast lauk, 115. þingi. Enn hefur ekki sést neitt til þessa frv. og ég vildi gjarnan fá upplýsingar um það frá hæstv. forsrh. hvenær þess væri að vænta að fram kæmi það frv. sem hann boðar og upplýsingar um þá nefnd sem hann greinir frá að ætlunin sé að skipa, hvort hún hafi verið skipuð, og hvernig starfi hennar miðar og hvenær vænta megi þess að efndir verði á fyrirheitum sem gefin eru í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar.

Ég vil taka undir það álit að hér er um afar þýðingarmikla löggjöf að ræða sem hefði þurft að vera búið að setja í lög fyrir löngu og oftlega verið reynt hér á Alþingi í frumvarpsformi en því miður hafa efndir ætíð verið á sama veg að málið hefur ekki hlotið afgreiðslu.

Þriðja málið sem ég vildi víkja að og geri að meginmáli í erindi mínu er eitt afmarkað mál sem umboðsmaður Alþingis nefnir í skýrslu sinni fyrir árið 1991 og er á bls. 10, en þar segir umboðsmaður, með leyfi forseta:

„Að lokum er hér að nefna sem þriðja dæmi þá ákvörðun félmrn. að sinna ekki tilmælum umboðsmanns um að úrskurða lögmæti tiltekinna ákvarðana sveitarstjórna, sem til ráðuneytisins hafði verið skotið. Nánari grein fyrir þessu máli er gerð á bls. 117–119 í skýrslu fyrir árið 1989 og á bls. 7 í sömu ársskýrslu fyrir nauðsyn þess að greitt sé úr þeim vanda, sem þessi afstaða félmrn. veldur."

Ég tel nauðsynlegt, virðulegi forseti, að þingheimur bregðist við ítrekaðri ábendingu umboðsmanns Alþingis í þessu máli og vildi gjarnan fara um það nokkrum orðum og knýja á um afstöðu hæstv. félmrh. og röksemdir fyrir afstöðu ráðuneytisins og leitast við að fá fram stuðning við það á Alþingi að nauðsyn beri til þess að ráðuneytið breyti afstöðu sinni í þessu máli. Fyrst er að gera grein fyrir efnisatriðum málsins þannig að mönnum sé ljóst um hvað það snýst nákvæmlega. Þá verðum við að líta á það sem umboðsmaður vitnar til í skýrslu sinni árið 1989. Ágreiningsefnið er fólgið í því í meginatriðum að samkvæmt bréfi félmrn. 25. jan. 1990 leggur ráðuneytið þann skilning í hlutverk sitt samkvæmt 119. gr. sveitarstjórnarlaga að ráðuneytið telji sér hvorki rétt né skylt að skera úr ágreiningi á milli gjaldenda og sveitarstjórnar um lögmæti álagningar nema skýlaus kæruheimild til ráðuneytisins sé í þeim lögum sem álagningarheimildin hefur stoð í. Enn fremur kemur fram í bréfi ráðuneytisins að ráðuneytið leggur þann skilning í 119. gr. að með orðunum „framkvæmd sveitarstjórnarmálefna" sé átt við innri málefni sveitarfélags eða með öðrum orðum túlkar félmrn. þessi fyrirmæli í lögunum afar þröng. Þau áhrif sem verða af þessari túlkun ráðuneytisins er að umboðsmaður Alþingis hefur ekki rétt til að hafa afskipti af þeim málum sem falla utan túlkunar ráðuneytisins. Hér snýst málið því um rétt manna í sveitarfélögum hvort heldur það er í sveitarstjórnum eða íbúa þeirra til þess að áfrýja málum frá sveitarstjórn eða ákvörðun hennar til félmrn. Í þeim málum sem sá réttur er fyrir hendi hefur umboðsmaður Al-

þingis rétt til að hafa afskipti af þeim. Telji ráðuneytið hins vegar að það falli utan verksviðs þess að fjalla um ágreiningsefni er þar með búið að víkja til hliðar embætti umboðsmanns Alþingis í meðferð þessa máls. Það skiptir því afar miklu máli upp á réttarstöðu íbúa hver skilningur er eða túlkun á þessu efnisatriði.

Eins og ég gat um áðan og vil leggja áherslu á er í lögum um umboðsmann Alþingis er tekið fram afmarkað verksvið hans. Samkvæmt 3. gr. fjallar umboðsmaður því aðeins um stjórnsýslu sveitarfélaga að um sé að ræða ákvarðanir sem skjóta má til ráðherra eða annars stjórnvalds ríkisins. Í greinargerð sem fylgdi með 3. gr. frv. um umboðsmann Alþingis fáum við dálítinn skilning á því hvað menn áttu við og hvernig ætti að túlka þetta ákvæði, en þar segir í greinargerð, með leyfi forseta:

„Ljóst er skv. 76. gr. stjórnarskrárinnar sbr. og 1. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 að sveitarfélög ráða sjálf málefnum sínum að vissu marki. Þau sæta hins vegar eftirliti landsstjórnarinnar samkvæmt því sem ákveðið er í lögum.

Þess má þó geta hér að venjulega er unnt að bera undir landsstjórnina (félagsmálaráðherra) álitaefni um hvort sveitarstjórnirnar hafi fari að lögum í sýslu sinni." Vísað er um það efni til rits dr. Ólafs Jóhannessonar, Stjórnarfarsréttur, sem gefið var út 1974. Að lokum segir að valdsvið umboðsmannsins gagnvart sveitarstjórnum verði auðvitað það sama og landsstjórnarinnar. Eins og fram hefur komið vill ráðuneytið túlka þetta lagaákvæði afar þröngt og að það gefur út þann skilning á 119. gr. sveitarstjórnarlaga, 1. mgr., sem er svohljóðandi:

„Ráðuneytið skal úrskurða um ýmis vafaatkvæði sem upp kunna að koma við framkvæmd sveitarstjórnarmálefna..." Þessa túlkun hefur ráðuneytið þrengt verulega og þar af leiðandi þrengt jafnhliða verksvið umboðsmanns Alþingis. Með öðrum orðum hefur það af íbúum eða öðrum aðilum þann rétt sem ætlast er til í lögum að þeir hafi, geta skotið máli sínu til umboðsmanns Alþingis.

Ég vil einnig benda 118. gr. í sveitarstjórnarlögum en 1. mgr. þeirrar greinar er svohljóðandi, með leyfi forseta: „Ráðuneytið skal hafa eftirlit með því að sveitarstjórnir gegni skyldum sínum samkvæmt lögum þessum og öðrum löglegum fyrirmælum." Með öðrum orðum er í sveitarstjórnarlögum ákveðið í fyrsta lagi að félmrn. eigi að hafa eftirlit með sveitarstjórnum og að þær framfylgi lögum. Hins vegar er ráðuneytinu skylt að úrskurða um vafaatriði sem upp kunna að koma við framkvæmd sveitarstjórnarmálefna.

Það væri fróðlegt að vita hvernig hæstv. ráðherra túlkar eftirlitshlutverk ráðuneytisins gagnvart þessu lægra setta stjórnvaldi. Rökrétt væri að álykta sem svo að ráðuneytið túlkaði eftirlitshlutverk sitt jafnþröngt og áfrýjunar- eða úrskurðarhlutverk sitt því það hlýtur að fara saman að ráðuneytinu beri að úrskurða í álitamálum sem eru mál sem ráðuneytið á jafnframt að hafa eftirlit með. Fyrra atriðið leggur þá skyldu á herðar ráðuneytisins að hafa eftirlit eða fylgjast með að eigin frumkvæði. Síðara atriðið veitir íbúum rétt til að snúa sér til ráðuneytisins. Rétturinn hlýtur báðum megin að vera sá sami, annað væri ekki rökrétt niðurstaða.

Ég vil draga fram fleiri atriði til rökstuðnings því að túlkun ráðuneytisins er of þröng miðað við það sem ætlast er til í sveitarstjórnarlögum. Fyrir það fyrsta er það álit umboðsmanns Alþingis sjálfs en umboðsmaður Alþingis hefur sett fram í sinni ársskýrslu, sem hann vitnaði til og er fyrir árið 1989, þá túlkun að ráðuneytinu sé falið vald til að úrskurða um lögmæti ákvarðana sveitarstjórna í málefnum sem teljast til sveitarstjórnarmálefna samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Með öðrum orðum að það sem upp er talið í sveitarstjórnarlögum að heyri undir sveitarstjórnir séu allt málefni sem ráðuneytið hafi vald til að úrskurða um ef ágreiningur rís um lögmæti ákvarðana. Umboðsmaður er greinilega og ítrekað þeirrar skoðunar að ráðuneytið fari nokkuð villt vegar í túlkun sinni.

Enn fremur segir umboðsmaður í þessari skýrslu sinni frá árinu 1989, með leyfi forseta:

„Ég tel orðalag 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 benda til rýmri málsskotsréttar en haldið er fram af félmrn. Í grg. með frv. til laga um umboðsmann Alþingis var gengið út frá víðtækum málskotsrétti."

Ég vil einnig minna á að það kemur fram í frv. því sem síðar varð sveitarstjórnarlög að ætlast er til að félmrh. taki í raun og veru stöðu stjórnsýsludómstóls. Menn höfðu velt því fyrir sér við samningu frv. að setja upp sérstakan stjórnsýsludómstól á þessu sviði en hurfu frá því ráði sökum kostnaðar. Þeir ákváðu þess í stað að félmrh. yrði þessi stjórnsýsludómstóll. Þetta bendir tvímælalaust til að ætlunin og hugsunin hafi verið að úrskurðarvaldið yrði mun víðtækara en fram kemur í túlkun ráðuneytisins. Það segir t.d. í greinargerð með frv. sem ég vitnaði til með þeirri grein sem síðar varð 119. gr. sveitarstjórnarlaga, með leyfi forseta: „Komið hefði til álita að ráðherra væri fengið endanlegt úrskurðarvald um sveitarstjórnarmálefni án heimildar til þess að leita endurskoðunar dómstóla en vegna réttaröryggis hefur ekki verið talin ástæða til að skerða svo rétt manna til að leita úrlausnar dómstóla."

Menn hverfa því frá því að láta ráðherrann vera endanlegan úrskurðaraðila og hafa opið að það sé hægt að fara með mál fyrir dómstóla. Þarna kemur skýrlega fram að ekki er verið að tala um einhver afmörkuð mál eins og ráðuneytið vill vera láta heldur um sveitarstjórnarmálefni eins og segir hér. Ef maður les þetta saman við skýringar við 117. gr. þar sem ráðuneytinu er veitt heimild til að fela umboðsmönnum ríkisins þetta úrskurðarvald sitt, framselja það, að þá segir í athugasemd um þá grein:

„Með þessu skapast jafnframt möguleiki á áfrýjun stjórnsýsluúrskurða til æðra setts stjórnvalds sem er mikilvægt meðan hér á landi eru eigi sérstakir stjórnsýsludómstólar eins og stundum hefur verið rætt um og tíðkast víða."

Það kemur fram þarna og reyndar víðar í þessu frv. að menn eru að ræða um víðtækan málskotsrétt frá lægra settu stjórnsýslustigi, þ.e. sveitarstjórnum, til æðra stjórnsýslustigs, þ.e. ráðuneytis.

Í ljósi þess sem fram hefur komið hjá félmrn. er rétt að fara yfir þau tvö atriði sem þar skipta mestu máli. Fyrra atriðið er það álit ráðuneytisins að það telji sér hvorki rétt né skylt að skera úr ágreiningi nema skýlaus kæruheimild sé í lögunum, með öðrum orðum er það álit ráðuneytisins að kæruheimild frá lægra stjórnsýslustigi til hins æðra sé ekki fyrir hendi nema það sé sérstaklega tekið fram í lögunum. Ég vil aðeins fjalla um þetta atriði því að það skiptir máli. Ég vil vitna þar til Stjórnarfarsréttar Ólafs Jóhannessonar þar sem segir á bls. 156 í almennum hluta II, eins og það heitir. Þar veltir prófessorinn þessu fyrir sér og segir, með leyfi forseta:

„Því mætti hreyfa hvort almennri heimild til stjórnlegrar kæru sé ekki í raun og veru ofaukið hér á landi þar sem menn alla jafna hafa heimild til að bera gerðir stjórnvalda undir almenna dómstóla, þ.e. hvort málskotsheimild til æðra stjórnvalds sé ekki óþörf samhliða þeim rétti. Þeirri spurningu er í rauninni svarað hér áður. Eins og þar er vikið að er dómstólaleiðin oft seinfarin og kostnaðarsöm og almenna dómstóla brestur heimild til að dæma um sum þeirra atriða sem æðri stjórnvöld geta metið. Venjuleg dómstólaleið kemur því vart að fullum notum í þessum efnum. Þess vegna verður að svara áðurgreindri spurningu neitandi."

Enn fremur segir á bls. 158 í sama riti, með leyfi forseta: „Þá er það og almenn regla að íslenskum rétti, eins og gerð var grein fyrir í næsta kafla hér á undan, að ákvörðun stjórnvalds megi skjóta til æðra stjórnarstigs nema slíkt málskot sé beint eða óbeint bannað í lögum eða óheimilt eftir eðli máls." Prófessorinn kemst að þveröfugri niðurstöðu miðað við niðurstöðu ráðuneytisins. Ráðuneytið vill halda fram að heimildin til að áfrýja til ráðuneytis sé ekki fyrir hendi nema hún sé sérstaklega tekin fram í lögum en álit Ólafs Jóhannessonar er hið gagnstæða, að sú heimild sé almennt fyrir hendi að áfrýja frá lægra settu stjórnsýslustigi til æðra setts stjórnsýslustigs.

Ég hef því álit Ólafs Jóhannessonar til samanburðar við álit ráðuneytisins og er í engum vafa um það að þetta álit sem ráðuneytið hefur í bréfi dags. 25. jan. 1990 stenst ekki. Ég tel því og er sammála áliti umboðsmanns Alþingis að hér sé beitt túlkun sem er hæpin svo ekki sé meira sagt. Niðurstaðan af vangaveltum um þetta atriði er að almennt er kæruheimild frá lægra settu stjórnsýslustigi til æðra setts stjórnsýslustigs fyrir hendi jafnvel þótt sú heimild sé ekki sérstaklega tilgreind í lögum. Í sveitarstjórnarlögunum er heimildin tilgreind en ráðuneytið túlkar hana þröngt. Ég vil segja um þetta mál sem tilvitnunin almennt á við, ég er reyndar að tala almennt um málið en af því að ég er með ákveðna tilvitnun og hún á við um tiltekið mál vegna gatnagerðargjalda, að niðurstaðan þar er sú, þótt það standi ekki í lögum um gatnagerðargjöld að heimild sé til málskots, þá er hún fyrir hendi samkvæmt niðurstöðu Ólafs Jóhannessonar. Það ætti ekki að vera ágreiningur um það að ráðuneytið eigi að úrskurða um málefni sem nefnd eru í sveitarstjórnarlögum samkvæmt ákvæðum 119. gr. Álit umboðsmanns Alþingis er að svo beri ráðuneytinu að gera að úrskurða í álitaefnum um öll þau mál sem falla undir sveitarstjórnarmálefni eða eru talin upp í sveitarstjórnarlögum. Þar er sérstaklega talið upp í 6. gr. sveitarstjórnarlaga hver verkefni sveitarstjórna eru. Í málum sem eru reist á þeim grunni hafa íbúarnir eða aðrir sem málið varðar í sveitarfélaginu rétt til málskots frá sveitarstjórnarstiginu til ráðuneytisins.

Ég hygg að ég þurfi ekki að fara frekar yfir röksemdir gegn niðurstöðu ráðuneytisins hvað þetta varðar og þann skilning ráðuneytisins í síðara atriðinu að túlka þröngt orðin framkvæmd sveitarstjórnarmálefna. Ég vísa til greinargerðar sem fylgdi með frv. því sem síðar varð að sveitarstjórnarlögum sem ég hef að nokkru leyti vitnað til nú þegar en þar kemur berlega í ljós að þessi túlkun ráðuneytisins á orðunum „framkvæmd sveitarstjórnarmálefna" getur ekki staðist miðað við efni og innihald í lögunum og þeirri greinargerð og skýringum sem frv. fylgdi. Það er mikið réttlætismál að hnekkja þessari túlkun ráðuneytisins og fá það til að viðurkenna skoðun umboðsmanns Alþingis í þessu máli og umboðsmaðurinn sjálfur leggur á það þunga áherslu í skýrslu sinni að Alþingi taki þetta til umfjöllunar og væntanlega þá í því skyni að knýja fram breytingu og afstöðu ráðherra eða ráðuneytis í þessu atriði. Ég tel ekki boðlegt í lýðræðisríki, eins og við viljum vera, að hafa engar aðrar úrlausnir í nánast öllum málefnum sem lúta að íbúum sveitarfélaga gagnvart ákvörðunum sveitarfélagsins en almenna dómstóla. Það er of seinfarin leið og kostnaðarsöm til að við getum boðið fólki upp á hana sem almenna málskotsleið. Auðvitað ættu menn fyrir löngu að vera búnir að setja sérstök lög um stjórnsýsludómstól og stjórnsýslulög en því miður hefur ekki orðið af því að því undanteknu, eins og fram hefur komið, að í sveitarstjórnarmálefnum er ráðherra hugsaður sem stjórnsýsludómstóll. Það má því segja að á því sviði hafi löggjafinn komið þessu á. Afstaða ráðuneytisins hefur í raun og veru tekið til baka þær réttarbætur sem fólust í þessari breytingu.

Þegar menn horfa fram í tímann, eins og ég veit að hæstv. ráðherra gerir varðandi sveitarstjórnarmálefni og sér fyrir sér 27 sveitarfélög á landinu öll þokkalega fjölmenn skulum við segja, er enn meira áríðandi að réttur íbúanna gagnvart stjórnsýsluvaldinu sé tryggður hvort sem það stjórnsýsluvald heitir ríki eða sveitarfélag. Í ljósi þess að hin nýju sveitarfélög sem menn hafa teiknað upp á himinhvolfin eiga að taka yfir meira af verkefnum ríkisvaldsins er enn nauðsynlegra að íbúarnir hafi greiðan aðgang að einhverjum áfrýjunaraðila eða úrskurðaraðila í vafaatriðum eða ágreiningsatriðum sem upp kunna að rísa á milli þeirra annars vegar og sveitarstjórnarinnar hins vegar eða vegna ákvörðunar sveitarstjórnarinnar. Ég vil því fara þess á leit við hæstv félmrh. að hann færi rök fyrir afstöðu ráðuneytisins ef einhver eru önnur en þau fátæklegu rök sem fram hafa komið og eru birt í skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1989. Sérstaklega mundi ég vilja skora á hæstv. ráðherra að láta af þessari þröngsýni og taka upp þá túlkun á lögunum nr. 8/1986, sem frv. gerði ráð fyrir og ég tel óyggjandi að sé fyr-

ir hendi eins og umboðsmaður Alþingis sjálfur kemst að. Við hljótum að taka verulegt mark á áliti þess aðila sem Alþingi hefur sett á stofn til þess að gæta hagsmuna þegnanna gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður ræddi þá afstöðu ráðuneytisins að neita að kveða upp skuldbindandi úrskurð vegna gatnagerðargjalda. Ég vil af þessu tilefni vísa í 1. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga en þar segir:

„Ráðuneytið skal úrskurða um ýmis vafaatriði sem upp kunna að koma við framkvæmd sveitarstjórnarmálefna en það skerðir þó eigi rétt aðila til þess að höfða mál fyrir dómstólum."

Ákvæði þetta er almennt orðað og er ekki að finna neinar leiðbeiningar í athugasemdum við frv. til sveitarstjórnarlaga eða öðrum lögskýringargögnum hvernig beri að skýra ákvæðin.

Ég vil einnig benda á að í þessu sambandi hlýtur að vega þungt sjálfsforræði sveitarfélaga í eigin málum og um það er reyndar kveðið á í stjórnarskránni. Sú regla er leidd af því að sveitarstjórnir skulu sjálfar taka ákvarðanir um þau málefni sem þeim eru falin með lögum en ríkisvaldið geti ekki hróflað við efni slíkra ákvarðana nema til þess sé skýr lagaheimild. Með vísan til sjálfsforræðis sveitarfélaga er það skoðun ráðuneytisins að skýra beri 1. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga þröngt, þ.e. að ákvæðið veiti ráðuneytinu einungis heimild til þess að úrskurða með skuldbindandi hætti um form þeirra ákvarðana sem undir sveitarstjórn heyra en ekki efni.

Við úrlausn á því hvort ágreiningur um lögmæti gatnagerðargjalda falli undir 1. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga verður að auki að hafa í huga að löggjafinn hefur skipað skattamálum sveitarfélaganna með ýmsum hætti. Dæmi eru um að embættismönnum ríkisins, skattstjórum, sé falið að leggja á skatta sem til sveitarfélaga renna, svo sem útsvar en slíkum ákvörðunum verður að sjálfsögðu skotið til æðri stjórnvalda. Í öðrum tilvikum leggja sveitarstjórnir sjálfar á slíka skatta, svo sem fasteignaskatt og gatnagerðargjöld. Það er sérstaklega tekið fram vegna álagningar fasteignaskatts að hægt sé að skjóta ágreiningi í því máli til æðri stjórnvalda en ekkert sambærilegt ákvæði er að finna í lögum nr. 51/1974 varðandi gatnagerðargjöld. Með gagnályktun frá þeim lögum er það álit félmrn. að ráðueytið eigi ekki að óbreyttum lögum úrskurðarvald um lögmæti gatnagerðargjalda.

Ég vil einnig að það komi fram að félmrn. hefur leitast við að fara eftir tilmælum umboðsmanns Alþingis eftir því sem það hefur talið fært. Ráðuneytið tekur undir það sjónarmið sem fram hefur komið hjá umboðsmanni að rök liggja til þess að einstaklingar geti borið lögmæti gatnagerðargjalda, eins og annarra skatta sem til sveitarfélaga renna, undir æðri stjórnvöld. Af þeirri ástæðu mun ráðuneytið beina því til nefndar, sem ákveðið hefur verið að skipa til þess að endurskoða núgildandi lög um gatnagerðargjöld, að skoða þetta atriði sem hér hefur verið rætt sérstaklega.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ekkert nýtt í andsvari hæstv. ráðherra sem ekki hefur þegar komið fram í skýrslu umboðsmanns Alþingis og hann hefur haft til athugunar þegar hann hefur metið að hvaða niðurstöðu hann hefði átt að komast. Niðurstaða hans er m.a. varðandi þetta sérstaka mál, sem ég reifaði aðeins um gatnagerðargjaldið, en um það fjallar umboðsmaður í skýrslu sinni frá 1989. Hann bendir á að gatnagerðargjöld eru lögð á samkvæmt reglugerð sem ráðherra staðfestir. Hamm segir svo, með leyfi forseta: „Tel ég að ekki fái staðist að sveitarstjórn hafi lokaorð á vettvangi stjórnsýslu um lögmæti álagningar sem samþykkt hefur verið eftir að samþykkt hefur verið staðfest. Má reyndar þar við bæta að það fari í bága við það sem almennt tíðkast um málskot á sviði skattheimtu, að ekki væri kostur á að bera lögmæti álagningar undir annað og æðra stjórnvald en það sem lagt hefur á gjald í upphafi." Enn fremur segir hann að það fái ekki staðist að ráðherra sé laus allra mála af samþykkt sem hann hefur sjálfur staðfest og beri því ábyrgð á.

Hvað varðar það sem fram kom í máli ráðherra um hina þröngu túlkun sem byggist á gagnályktun sem hún skýrði frekar, þá var ég einmitt að vitna til álitsgerðar eða stjórnarfarsrits sem ber nafnið Stjórnarfarsréttur eftir Ólaf Jóhannesson. Þar kemur skýrt fram að þessi gagnályktun er ekki rétt. Ég vil gjarnan að ráðuneytið gefi okkur upplýsingar um það hvaða lögfræðispekinga þau hafa yfir að ráða sem taka Ólafi Jóhannessyni fram. Ég vil árétta að það er nauðsynlegt að ráðuneytið fari að áliti umboðsmanns Alþingis.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir þriðja og fjórða starfsár þeirrar stofnunar. Ég leyfi mér að þakka þessar skýrslur og það starf umboðsmanns og starfsliðs hans sem frá er skýrt í þessum skýrslum. Þessi stofnun hefur nú fest sig í sessi og ég hygg að með því brautryðjandastarfi hafi starfsliðið skapað embættinu þá stöðu að það nýtur virðingar sem gefur því möguleika til að fylgja eftir viðhorfum sínum og álitum. Umboðsmanni Alþingis hefur þegar tekist að þoka mörgum málum til betri vegar eins og fram kemur í þessum skýrslum og reyndar í þeim umræðum sem hér hafa farið fram.

Það er líka vert að benda á og þakka að það hefur ekki farið eins og margir óttast þegar nýjar stofnanir eru settar á fót hafi þær tilhneigingu til þess að stækka ört í upphafi og þenjast út. Í þessari stofnun tel ég að hafi verið haldið mjög vel á málum að þessu leyti. Það hefur tekist að velja þangað gott starfslið sem hefur leyst þessi verkefni vel af hendi án þess að um fjölmenna stofnun yrði að ræða. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að Alþingi taki jákvæða afstöðu til ábendinga umboðsmanns og styðji hann í þessu mikilvæga starfi. Í þessum umræðum hefur verið bent á atriði þar sem tilmæli umboðsmanns hafa ekki verið nægjanlega

tekin til greina og náð fram að ganga. Þau þarf að sjálfsögðu að taka til skoðunar og sjá hvað þar er hægt að gera til að bæta úr. Það hefur einnig verið vakið athygli á ýmsu sem gagnlegt er bæði fyrir löggjafarvald og framkvæmdarvald að hafa í huga í framtíðinni. Ýmis slík atriði komu fram í máli frsm. allshn., hv. 3. þm. Reykv. Þar má benda á að ekki eigi að ganga of langt í setningu reglugerða eða veitingu heimilda til þeirra nema það sé þá skýrt afmarkað hvert svið þeirra eigi að vera. Það finnast mér orð í tíma töluð eins og fram hefur komið í umræðum áður þegar fyrir þinginu liggja mörg frumvörp þar sem gengið er lengra í heimildum til reglugerðarsetninga en áður hefur verið.

Þá var vakin athygli á ábendingu umboðsmanns um setningu stjórnsýslulaga en þau eiga m.a. að fela í sér ákvæði um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Ég vil aðeins benda á í því sambandi að nú liggur fyrir eitt frv. sem inniheldur slíkt ákvæði, þ.e. um upplýsingaskyldu um umhverfismál. Það mál er nú til meðferðar í umhverfisnefnd og þar er aðalálitamálið hversu langt eigi að ganga í ákvæðum um upplýsingaskyldu sem allir eru sammála um að ekki megi vera alveg fortakslaus en undantekningarheimildirnar mega þó ekki leiða til þess að það verði beinlínis til að þrengja upplýsingaskylduna. E.t.v. mun setning þeirra laga sem frv. liggur fyrir um verða nokkur prófsteinn á þetta atriði og auðvelda framhaldið með þeirri reynslu sem þar fæst.

Ég vil svo að lokum aðeins víkja að málsmeðferð við þessar umræður. Það var ákvörðun forsætisnefndar að vísa þessum skýrslum til allshn. til skoðunar áður en umræðan færi fram. Ég held að það sé gagnlegt til þess m.a. að gefa umboðsmanni og starfsliði hans kost á að koma ábendingum á framfæri beint við þingmenn um þau atriði sem þeir vilja sérstaklega leggja áherslu á. Auk þess tel ég að það hafi verið mjög gagnlegt fyrir allshn. að fá þá gesti á sinn fund. Að sjálfsögðu er möguleiki líka ef sérstakar óskir koma fram um það við þessa umræðu hér að fresta umræðunni og óska eftir því að allshn. leiti svara við spurningum sem ekki er hægt að fá svarað hér beint við umræðuna. Þetta tengist þeirri umræðu sem fram fór fyrr í dag um skýrslu Ríkisendurskoðunar sem enn hefur ekki fengið þá meðferð hjá forsætisnefnd að vera vísað til sérstakrar nefndar fyrir umræðu. Þetta hvort tveggja gefur tilefni til þess að huga að breytingum á þingsköpum um það atriði að þarna sé umræðum um skýrslurnar markaður ákveðnari farvegur. Eins og ég sagði tel ég að forsætisnefnd og Alþingi geti ákveðið slíka málsmeðferð þó að það sé ekki beinlínis tekið fram en það mundi skapa meiri festu í meðferð þessara umræðna ef ákveðnari ákvæði væru um það í þingsköpum.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég gat þess í umræðu um þingsköp fyrr í dag að ég teldi þörf á því að ráðherrar yrðu hér viðstaddir og taldi þá sérstaklega upp forsrh., dómsmrh. og félmrh. Félmrh. var hér viðstaddur ræðu mína en svaraði að vísu engu spurningum mínum og er farinn aftur úr húsinu. En ég var með spurningar til forsrh. og dómsmrh. í framhaldi af ábendingum umboðsmanns Alþingis og ég tel að þessari umræðu geti engan veginn lokið fyrr en þessir ráðherrar hafa veitt svör við spurningum sem fram eru komnar og allra síst í ljósi þess að þeir hafa ekki verið hér undir þessari umræðu og hafa greinilega öðrum mikilvægari hnöppum að hneppa en að sinna þinginu sem þeir eru kjörnir fyrst og fremst til að sinna meðan það er að störfum. Ég vil því fara fram á það, virðulegur forseti, að þessir tveir ráðherrar verði kvaddir til þingfundar til að svara fyrirspurnum. Verði ekki unnt að ná til þeirra eða geti þeir ekki komið verði umræðunni frestað þar til síðar þegar betur stendur á hjá þeim.

Frsm. allshn. (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég átti eftir að ljúka máli mínu sem frsm. allshn. um þessa skýrslu. Þar ætlaði ég einmitt að víkja að þeim atriðum sem hv. 5. þm. Vestf. nefndi og taldi að væri ástæða þess að það þyrfti að fresta þessum umræðum. Ég held að svo sé ekki. Eins og hv. 18. þm. Reykv. nefndi vakna spurningar hjá mönnum við lestur þessara skýrslna, sem þeir vilja fá ákveðin svör við hjá ráðherrum, er mjög einfalt mál fyrir hv. þm. að leggja fram fyrirspurnir til ráðherra samkvæmt þingsköpum og fá svör við þeim í fyrirspurnatímum. Mér finnst ekki unnt að gera þá kröfu til ráðherra að þeir séu viðstaddir mál eins og þetta, skýrslu umboðsmanns, þegar það er til umræðu hér í þinginu. Mér finnst ósanngjarnt að gera þá kröfu og mér finnst líka ástæðulaust að fresta þessum umræðum vegna þess að eins og kom fram í máli mínu í upphafi var þetta mál á dagskrá þingsins sl. vor. Þá var því miður ekki tími til að ræða það. Þetta mál var einnig á dagskrá þingsins vorið 1991 og þá gafst ekki tími til að ræða það. Mér finnst mjög bagalegt ef það þyrfti að fresta þessum umræðum núna og láta málinu vera ólokið á dagskrá þingsins um óákveðinn tíma. Ég skora á hv. þm. að draga þessa ósk til baka auk þess sem ég er sjálfur í stakk búinn til að svara fyrirspurnum hans að verulegu leyti því að ég á sæti í nefnd sem skipuð var af dómsmrh. til þess að huga að lögfestingu Mannréttindasáttmála Evrópu en að því laut spurning hv. þm. til dómmsrh. Þessi nefnd er að störfum. Hún er undir formennsku Ragnhildar Helgadóttur, fyrrv. ráðherra og þingmanns. Auk hennar sitja í nefndinni Markús Sigurbjörnsson prófessor, Eiríkur Tómasson lögfræðingur, Ragnar Aðalsteinsson lögfræðingur auk mín. Nefndin er að vinna sitt starf og mun skila ráðherranum áliti sínu og tillögum á næstu vikum. Ég þori ekki að segja hvenær. Þetta er miklu meira starf en menn höfðu ætlað í upphafi. Það þarf að fara í gegnum mikið af íslenskri löggjöf og kanna ýmsa þætti í okkar löggjöf, stjórnarfarsþáttum og stjórnskipunarháttum í tengslum við þetta og rannsaka starfshætti hjá Evrópuráðinu og Mannréttindadómstólnum. Þetta mál er til meðferðar hjá nefndinni og ég efast ekki um að eftir að nefndin hefur skilað áliti sínu muni ráðherrann taka tillögum hennar vel. Þær miða að því, eins og hv. þm. nefndi og kemur fram í skýrslum umboðsmanns, að eyða þeirri réttaróvissu sem skapast vegna þess að

Mannréttindasáttmáli Evrópu hefur ekki verið lögfestur hér á landi.

Í öðru lagi varðandi spurningu hv. þm. til hæstv. forsrh. um stjórnsýslulögin, þá er það, eins og hv. þm. gat um, í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar að slík lög skuli sett. Það var skýrt frá því í fréttum að það hefði verið sett niður nefnd vegna þess máls sem er að vinna að samningu frv. Í fylgiskjali, sem fylgdi stefnuræðu hæstv. forsrh., kemur fram að það er ætlun ríkisstjórnarinnar að leggja þetta frv. fram í þinginu í vetur.

Ég vil eindregið mælast til þess við hv. þm. að hann dragi ósk sína um að fresta þessum umræðum um skýrslu umboðsmanns til baka þannig að við gætum lokið umræðunni. Ég tek undir það með hv. 18. þm. Reykv. að vakni upp spurningar, sem eðlilegt er, í sambandi við þessar skýrslur og umræðurnar sé eðlilegt að menn beini þeim til ráðherra eftir þeim leiðum sem gilda í þinginu um fyrirspurnir til ráðherra. Eins og við vitum svara ráðherrar því öllu hvort sem það er skriflega eða munnlega.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, þakka þessar umræður. Ég tel að þær séu gagnlegar. Ég tel einnig að það hafi verið skynsamleg ákvörðun hjá forsætisnefndinni að vísa málinu til allshn. í ljósi þessara umræðna hér. Ef óskir eru um það að einstakir ráðherrar verði viðstaddir umræður í þinginu um þessar skýrslur væri hægt að undirbúa það betur í nefndinni áður en málið kemur á dagskrá svo ekki þurfi að koma til vandræða af því að ráðherrar eru fjarverandi sem ég tel ástæðulaust að kvarta undan að þessu sinni. Það hefur ekkert komið fram sem ekki hefur verið unnt að svara í umræðunum sjálfum.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Framsögumaður skýrslunnar hefur beint því til mín að draga til baka ósk mína um frestun á þessari umræðu þar til ráðherrar væru viðstaddir til að svara fyrirspurnum sem ég hefði til þeirra beint. Ég er tilbúinn til að skoða það með jákvæðu hugarfari að verða við þessari ósk. Frsm. svaraði fyrirspurnunum að nokkru leyti, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um það, þó að mér þyki það auvitað lakara að þeir sem spurningunni er beint til skuli ekki geta svarað sjálfir heldur þurfi að grípa til þess að skipa blaðafulltrúa.

Ég vil segja um þá ábendingu að menn geti tekið upp spurningar sem vakna í umræðum og í skýrslunni sjálfri, farið með þær sem fyrirspurnir með venjubundnum hætti, að auðvitað er það hægt. En það er að mínu viti fremur óeðlileg leið. Það er einmitt tilgangur skýrslunnar, og það að hún skuli vera hér lögð fram til umræðu, að menn varpi spurningunum fram og fái svörin í umræðunni sjálfri. Menn eru að minnka vægi umræðunnar og draga úr þýðingu hennar með því að vísa spurningum sem vakna við lestur skýrslunnar yfir í annað form og á annan vettvang í raun og veru en umræðan er í sjálf. Ég tek því ekki undir það sem leið út úr því vandamáli sem skapast þegar ráðherrar eru ekki viðstaddir umræðu um skýrslu umboðsmanns Alþingis. Ég tel þvert á móti að við ættum að knýja á um það að ráðherrar væru viðstaddir umræðu um þessa skýrslu svo sem kostur er og helst allir, a.m.k. þeir sem eiga mál sem í skýrslunni er vikið að. Ég vil a.m.k. gera mitt til að mæta óskum þingmannsins og er alveg tilbúinn til að falla frá því að óska eftir frestun á umræðunni. En ég vil gjarnan, áður en ég geri það endanlega, fá upplýst hvert framhaldið verður að lokinni umræðunni. Verður skýrslunni vísað í einhverja þingnefnd sem tekur hana til umfjöllunar og skilar kannski af sér áliti eða er málinu lokið þegar umræðunni lýkur? Þetta vil ég að sé ljóst.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill taka fram að umræðu um þessa skýrslu er í sjálfu sér lokið ef umræðunni lýkur nú. En hv. þm. og hv. nefnd geta að sjálfsögðu tekið málið upp í hv. allshn. ef ástæða þykir til. Forseti vill þakka hv. þm. fyrir þau viðbrögð sem hann sýndi í þingskapaumræðu hér áðan.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara ljúka þessu af minni hálfu. Í ljósi þessara upplýsinga skil ég það svo að þingmaður geti óskað eftir því að efni skýrslunnar verði tekið upp í nefnd og væntanlega er það helst allshn. þar sem ég á sæti. Ég óska formlega eftir því hér og nú að skýrslan verði tekin fyrir í vetur og nefndin hafi hana til umfjöllunar. Vonandi kemur eitthvað út úr því starfi í formi ábendinga eða álits og ég fell því frá þeirri ósk minni sem ég hafði borið fram um viðveru þessara ráðherra.

Kaup á björgunarþyrlu, frh. 1. umr.

Frv. IBA o.fl., 110. mál. — Þskj. 128.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjóður til að styrkja efnilega íþróttamenn, 1. umr.

Frv. IBA o.fl., 154. mál. — Þskj. 176.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 176, 154. mál, um stofnun sjóðs til að styrkja efnilega íþróttamenn. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Guðni Ágústsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Steingrímur Hermannsson, Svavar Gestsson, Össur Skarphéðinsson, Guðmundur Hallvarðsson, Árni Johnsen, Stefán Guðmundsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Eggert Haukdal, Árni M. Mathiesen, Kristinn H. Gunnarsson, Finnur Ingólfsson og Sigbjörn Gunnarsson.

Mál þetta er endurflutt. Það var var flutt á síðasta þingi, komst þá til nefndar og dvaldi þar í heila fimm mánuði. Það er því óhætt að líta svo á að málið hafi fengið verulega umfjöllun og að nefndarstarfi hljóti í raun og veru að vera lokið en sökum tímaskorts í vor náðist ekki að afgreiða málið. Þar sem málið er núna tiltölulega snemma á ferðinni hygg ég að það þurfi ekki að dvelja lengi inni í hv. þingnefnd.

Frv. er ekki stórt í sniðum. Það er sex greinar og ég ætla að hlaupa yfir þær.

1. gr. tekur á stofnun sjóðs sem er til að styrkja unga, efnilega íslenska íþróttamenn. Það ber kannski að geta þess í framhjáhlaupi að orðið „íslenska" féll út úr fyrirsögn frv. Þar átti að standa „um stofnun sjóðs til að styrkja efnilega íslenska íþróttamenn", en það kemur ekki að sök og mér þótti ekki ástæða til að láta prenta þingskjalið upp bara vegna þess.

Í 1. gr. er sem sagt tekið á stofnun sjóðsins og hvert stofnféð skuli vera. Það á að vera samsvarandi árslaunum fjögurra háskólakennara. Þess ber að geta að það er eftir fyrirmynd laga um stórmeistara í skák sem þiggja þessi laun.

Þá er getið um tilgang sjóðsins sem er að skapa efnilegum íþróttamönnum fjárhagslegan grundvöll til að helga sig íþrótt sinni.

Í 2. gr. er þess getið að fjárveitingin skv. 1. gr. skuli í fyrsta sinn veitt í fjárlögum fyrir árið 1993. Það ber auðvitað að taka með fyrirvara og nefndin skoðar hvort það næst inn í fjárlög fyrir 1993. Ef nefndin vinnur hratt og vel ætti það að nást og verður væntanlega að leggja fram breytingartillögu við fjárlögin sem gerir ráð fyrir þessari upphæð. Hún mun vera eitthvað í kringum 5 millj. kr. Það er því ekki um háar tölur að ræða. Enda er það fyrst og fremst hugmynd flutningsmanna að gera þennan sjóð að veruleika og síðan að vinna að því í framtíðinni að efla hann og styrkja.

Síðan segir í 2. gr. að þessi fjárveiting skuli ætluð í fjárlögum hvers árs og megi ekki nema lægri fjárhæð en greinir í 1. gr. og að fjárhæðina skuli endurskoða ár hvert við undirbúning fjárlaga með tillit til breytinga á launum háskólakennara.

Í 3. gr. er fjallað um hverjir hafa rétt til greiðslu úr sjóðnum. Það eru þeir íþróttamenn sem að mati sjóðstjórnar hafa sýnt ótvíræðilega hæfileika í sinni íþróttagrein og þykja líklegir til afreka. Einnig að sérsambönd innan ÍSÍ skuli senda stjórn sjóðsins fyrir upphaf hvers fjárhagsárs tilnefningar um íþróttamenn er hljóta skulu styrk það ár.

Í 4. gr. er getið um skipan sjóðstjórnar. Samkvæmt frumvarpstextanum mundi menntmrh. skipa stjórn til þriggja ára í senn og í henni sitji þrír menn, einn tilnefndur af framkvæmdastjórn ÍSÍ, einn af íþróttanefnd ríkisins og einn skipaður án tilnefningar og sé hann jafnframt formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

5. gr. fjallar um það að menntmrh. setji reglugerð um framkvæmd laganna þar sem m.a. skal kveðið á um vörslu sjóðsins og úthlutun úr honum.

Síðan er 6. gr., þessi hefðbundna um að lög þessi öðlist þegar gildi.

Það var örlítið gagnrýnt í nefndinni sem fjallaði um málið á síðasta þingi að ekki voru umsagnir um hverja lagagrein. Flm. þá, sem voru 24, nálægt helmingur þingsins, fannst þetta afskaplega ljóst og nánast óþarfi að vera með skýringar um hverja grein, enda ekki ávallt svo að skýringar séu við greinar, sérstaklega í litlum og auðskiljanlegum frv. Úr þessu var bætt og núna eru athugasemdir um hverja grein frv. þannig að ekki ætti það að tefja starf nefndarinnar að þessu sinni.

Ég tel tæplega þarft, virðulegi forseti, að fjalla mikið meira um frv. Ég tel þetta sé afar brýnt mál. Gildi íþrótta tel ég öllum ljóst hvort sem litið er á uppeldisþáttinn sem íþróttastarfið fer með eða alla þá undirþætti sem þar koma fram. Má nefna hluti eins og stundvísi, hreinlæti, aga, hvernig menn vinna saman í hóp, tillitssemi við náungann og þar fram eftir götum. Það liggur líka ljóst fyrir að þeir sem leggja stund á íþróttir eru almennt betri námsmenn. Það hefur komið fram í nýlegri könnun. Það er heilbrigðara og hraustara fólk og þar af leiðandi minni byrði á þjóðfélaginu hvað það varðar. Forvarnastarfið er öllum ljóst og ekki vanþörf á að efla það hið mesta. Ég held að það sé þingmönnum ljóst sem ekki gera annað en þó að lesa blöðin og fylgjast með þeim hörmungum sem nú dynja yfir dag eftir dag vegna fíkniefnamála og annarrar óreglu. Ég tel að það sé öllum ljóst. Um þetta má náttúrlega setja langa ræðu.

Landkynningarþáttur íþróttanna er geysilegur. Við erum öll afar stolt af þeim íþróttamönnum okkar sem standa sig vel á erlendri grund. Það er kannski óþarfi að nefna einhver nöfn en við getum nefnt nafn eins og Ásgeir Sigurvinsson. Við getum nefnt fatlaða frjálsíþróttamenn, sundmenn sem sópuðu inn gullverðlaunum, silfurverðlaunum og bronsverðlaunum sl. sumar á Spáni og hvort menn hafi ekki verið stoltir þegar þjóðsöngurinn var spilaður og fáninn dreginn að hún og hvort það hafi ekki verið landkynning þegar tugir milljóna horfðu á það. Ég held að landkynning gerist ekki mikið betri. (Gripið fram í.) Hæstv. utanrrh. vill að hér sé sérstaklega getið Jóns Páls Sigmarssonar og mér er mikil ánægja að gera það, enda hefur hann verið geysileg landkynning fyrir okkur og við erum auðvitað öll stolt af honum. Ég þakka ábendinguna.

Frv. þetta er flutt í þeim tilgangi að við glötum ekki efnilegum íþróttamönnum en það erum við að gera í dag vegna þess að við styðjum ekki við bakið á þeim. Það er fjöldinn allur af efnilegum íþróttamönnum sem hafa ekki ráð á og hafa ekki þá hvatningu sem til þarf til þess að halda áfram á þeirri braut sem þeir hugsanlega hafa byrjað á. Fyrir utan hvatann til annarra að taka þátt í íþróttastarfi þegar þeir sjá að afreksfólk kemur fram.

Eins og ég sagði áðan tel ég nefndinni ekkert að vanbúnaði að afgreiða þetta mál fljótt og vel. Nefndin eyddi í þetta mál fimm mánuðum á síðasta þingi jafnlítið, jafneinfalt og jafnauðskilið og það er. Mér er því mjög til efs að eyða þurfi miklum tíma í það. Allir umsagnaraðilar hafa tjáð sig um málið þannig að það er ekkert því til fyrirstöðu ef á annað borð er vilji fyrir því innan nefndarinnar að afgreiða málið.

Virðulegi forseti. Ég tel að ekki þörf á því að hafa fleiri orð um þetta mál. Ég bendi aftur á það að bregðist nefndin skjótt við þarf að fylgja breytingartillaga við fjárlögin þar sem gert er ráð fyrir þessum fjárútlátum. Ef það næst ekki einhverra hluta vegna verður það að koma inn á fjárlög næsta árs.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég held að þetta frv. sem hér er til umræðu sé byggt að mörgu leyti á mjög jákvæðri hugmynd, þ.e. þeirri hugmynd að efla virðingu fyrir afreksmönnum í íþróttum. Ég tek undir þau orð hv. 1. flm. frv. að það er mjög mikilvægt að búa vel að íþróttunum í landinu og efla þann hugsunarhátt að góðir íþróttamenn og afreksmenn á sviði íþrótta séu í sjálfu sér jákvæðar ímyndir fyrir æsku landsins. Þess vegna tel ég sérstaka ástæðu til þess, vegna þess að tilefni gefst til þess í þessari umræðu, að andmæla því sjónarmiði sem stundum heyrist að afreksmennska í íþróttum sé eitthvað neikvætt og gagnstætt því að efla almennar íþróttir í landinu. Stundum hafa menn sagt sem svo að það að íþróttahreyfingin leggi áherslu á afreksíþróttir sé í andstöðu við almenna íþróttaiðkan í landinu og komi niður á henni. Þetta held ég að sé alveg fráleitt og ég held að einmitt það að efla áhuga fólks á afreksmönnum og benda fólki á afrek íslenskra íþróttamanna sé mjög jákvætt innlegg í það að auka gildi íþróttanna sem allir eru sammála um að er ótvírætt í okkar þjóðfélagi.

Það er því ekki vegna þess að ég hafi ímugust á íþróttum né telji að afreksmennska í íþróttum sé eitthvað af hinu vonda að ég leyfi mér að andmæla því frv. sem hér er lagt fram. Ég ætla að gera það á öðrum forsendum og leyfa mér að benda á hluti sem mér finnst skipta dálitlu máli þegar við erum að ræða um íþróttir, gildi íþrótta, afreksmennsku og það hvort við eigum með þeim hætti sem hér er lagt til að ýta undir og efla áhuga fólks á afreksmönnum í íþróttum.

Íþróttahreyfingin er auðvitað einhver hin merkasta í okkar landi og innan vébanda hennar starfa þúsundir fólks. Að mjög verulegu leyti er starf íþróttahreyfingarinnar borið uppi af mjög duglegu og áhugasömu áhugafólki, en vegna þess að mál hafa þróast með þeim hætti í nútímaþjóðfélagi kostar íþróttahreyfingin að sjálfsögðu mjög mikið fé. Þess fjár er aflað með ýmsum hætti með samskotum, með félagagjöldum og líka með því að ríkið hefur lagt til íþróttahreyfingarinnar fé nokkuð á ári hverju. Til viðbótar við þetta varð sú breyting á högum íþróttahreyfingarinnar á árinu 1989, hygg ég, að tekjustofnar íþróttahreyfingarinnar efldust með því að hún fékk hluta af lottótekjunum svokölluðu. Menn hafa deilt um það hversu eðlilegt það sé að íþróttahreyfingin fái þennan hlut af lottótekjunum. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það sé mjög eðlilegt og sjálfsagt mál að íþróttahreyfingin, ÍSÍ, fái hlut af þessu vegna þess mikla og ótvíræða hlutverks sem hún gegnir.

Þess vegna tel ég það mjög eðlilega stefnu, sem mörkuð var á 61. ársþingi Íþróttasambands Íslands, að efling afreksmannasjóðs væri gerð innan vébanda íþróttahreyfingarinnar sjálfrar. Íþróttahreyfingin hefur af þessum lottópeningum mjög miklar tekjur og þess vegna fannst mér það mjög sjálfsögð og góð niðurstaða 61. ársþings ÍSÍ að nota stærri hluta af lottópeningunum, þ.e. 8% í stað 3% áður, til þess að efla afreksmannasjóð ÍSÍ.

Ég er hlynntur þeirri hugsun sem kemur fram í þessu frv., eins og ég hef margítrekað, en tel ég eðlilegast að Íþróttasamband Íslands sjálft annist fjármögnun og útdeilingu þess fjár sem þarf til þess að standa undir afreksmannasjóði. Þetta segi ég einkanlega vegna þess að þegar maður skoðar fjárlagaliðinn „Íþróttamál" aftur í tímann eins og hann birtist í fjárlögunum — þessar tölur hafa verið unnar af allt öðru tilefni raunar fyrir fjárln. Alþingis — kemur fram að á sömu árum og íþróttahreyfingin, sem betur fer, hefur verið að fá auknar tekjur vegna lottósins hafa fjárveitingar á liðnum „Íþróttamál" á fjárlögum Alþingis fyllilega staðið í stað og raunar aukist samkvæmt þeim upplýsingum sem ég byggi hér á.

Samkvæmt þeim tölum sem ég hef er í fjárlögum ríkisins varið til íþróttamála á verðgildi ársins í ár 72,8 millj. kr. árið 1987, 78,8 millj. kr. 1988 — ég rúnna auðvitað tölurnar af, það er einfaldara — 59,7 millj. kr. 1989, 75,6 millj. kr. 1990, 80,5 millj. kr. 1991 og 81,2 millj. kr. 1992. Ef við síðan skoðum tekjur ÍSÍ af lottói á árunum 1989–1991, að sjálfsögðu hef ég ekki tölur fyrir þetta ár vegna þess að þær tölur eru ekki til fyrir allt árið, kemur fram að tekjurnar voru árið 1989 148,5 millj. kr., 1990 154 millj. kr. og 1991 137 millj. kr. Þær hafa aðeins minnkað væntanlega vegna minni þátttöku í lottóinu en engu að síður er hér um að ræða mjög miklar tekjur sem, guði sé lof, íþróttahreyfingin hefur úr að spila. Ég veit að henni veitir ekkert af því í sjálfu sér. Þessi starfsemi er dýr og þarfnast auðvitað mikils fjár. En á árunum frá 1989 til 1991 samkvæmt þeim útreikningum sem ég byggi á og hlýt að treysta á hefur ÍSÍ fengið 439,5 millj. kr. af liðnum „lottótekjur". (Gripið fram í.) Frá árinu 1989 til 1991. Ég hygg að það sé rétt hjá mér að lottóið hafi hafist árið 1989, a.m.k. er mér ekki kunnugt um annað.

Þess vegna vil ég segja að ég tel það sjálfsagða hugsun sem fram kemur í frv. að efla hlut afreksmanna af ástæðum sem ég hef þegar rakið, en tel hins vegar að ekki standi efni til þess sérstaklega að fé sé veitt af fjárlögum af ástæðum sem ég hef verið að rekja. Ég tel miklu eðlilegra að þeim málum sé skipað eins og þeim er gert núna og að Íþróttasamband Íslands efli þátttöku sína í því eins og ákvörðun var tekin um á 61. ársþingi þess.

Virðulegi forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að flytja langt mál um þetta. Ég sé á fjölda flutningsmanna að þetta mál nýtur víðtæks stuðnings í flestum stjórnmálaflokkum. Að vísu sé ég ekki fulltrúa Kvennalistans og á ekki von á það hafi neina kvennapólitíska skírskotun að sjá hvergi nafn fulltrúa hans enda hef ég ekki áhuga á að velta því fyrir mér. Ég vildi aðeins leyfa mér að benda á þessa hluti í mikilli vinsemd og vekja á þeim athygli vegna þess að mér finnst að þetta eigi erindi inn í umræðuna og tengjast þeirri ákvörð-

un Íþróttasambands Íslands sjálfs að taka frumkvæði í þessu máli með þeim hætti sem ég hef þegar lýst.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess að hér kom fram að mjög margir stæðu að því frv. sem hér er verið að ræða en þess getið sérstaklega að þar væri enginn fulltrúi Kvennalistans vil ég taka fram að það er ekki vegna andstöðu Kvennalistans við þetta mál. Ég veit ekki til þess að til okkar hafi verið leitað að vera meðflutningsmenn. En ég minni á að á síðasta þingi fluttum við till. til þál. þar sem sérstaklega var mælt með því að auka fjárframlag ríkisins til þess að styrkja íþróttaiðkun kvenna.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað eru þau sjónarmið sem fram komu í máli hv. 3. þm. Vestf., Einars K. Guðfinnssonar, góðra gjalda verð. Það er auðvitað spurning hvar á að koma þessum hlutum fyrir. Hér er stuðst við það fyrirkomulag að stórum hluta til að gera líkt og byggt hefur verið upp meðal skákmanna. Þar var það var gert af þeirri ástæðu að til voru menn sem stóðu sig afskaplega vel bæði innan lands og líka á alþjóðlegum vettvangi og ríkisvaldið tekur að stórum hluta þátt í því að kosta skákina hvað afreksmennina eða stórmeistarana snertir og hér er þeirri sömu hugmynd fylgt eftir að að þessu leyti.

En aðeins út af þeim tölum sem hv. þm. fór með um tekjur íþróttahreyfingarinnar þá hygg ég að honum eigi að vera annað ljóst en kom fram í máli hans. Ég veit að á fundi sem Ungmennafélag Íslands átti með fjárln. sl. mánudag voru kynntar tölur fyrir fulltrúum í fjárln., þar sem hv. þm. situr, þar sem allt annað kom í ljós en þingmaðurinn var að tala um. Því miður er ég ekki með þetta plagg fyrir framan mig en ég hygg ég muni rétt að tekjur Ungmennafélags Íslands með ríkisstyrk, getraunum og öðrum fjáröflunum, sem félagið hafði árið 1987 áður en lottóið kom til, hafi verið í kring um 20 millj. kr. Árið 1991 með ríkisstyrknum, getraununum og lottóinu á föstu verðlagi er þessi upphæð komin niður í tæpar 16 millj. eða 15,8 millj. kr. Auðvitað skiptir það höfuðmáli hver upphæðin er á föstu verðlagi en ekki hvaða krónur menn hafa haft milli handa á hverjum tíma eftir mismunandi verðlagi. Ég hygg að það sé eins með Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélagið að þessar tekjur hafa dregist saman hjá íþróttahreyfingunni í heild. Þess vegna er hún ófær um að mínu viti að koma upp slíkum afreksmannasjóði og hv. þm. var að tala hér um.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur eitthvað skolast til í máli mínu gagnvart hv. þm. Finni Ingólfssyni. Þær tölur sem ég nefndi voru tölur, eins og ég held að ég hafi þráfaldlega útskýrt, um tekjur ÍSÍ, Íþróttasambands Íslands. Því má auðvitað ekki rugla saman við Ungmennafélag Íslands. Bæði þessi samtök vinna að hinum merkustu verkum. En þær tölur sem ég nefndi um tekjur Íþróttasambands Íslands eru þær tölur sem ég hef verið að byggja á. Og ég varð ekki var við að hv. þm. gerði neinar tilraunir til þess að hrekja þær. Þær sýna að á sama tíma og íþróttahreyfingin, guði sé lof, hefur verið að fá auknar tekjur af lottói hafa tekjur ÍSÍ til íþróttamála ekki verið að dragast saman á fjárlögum ríkisins.

Varðandi það sem hv. þm. nefndi um að auðvitað beri að bera svona hluti saman á föstu verðlagi er ég honum fullkomlega sammála og þess vegna gerði ég það. Þær tölur sem ég las upp áðan voru einmitt framreiknaðar til verðlags ársins í ár. Mér er það mjög vel ljóst að það er afarlítið gagn í því að bera saman tölur nema þær séu bornar saman á sambærilegum verðlagsgrundvelli.

Varðandi það sem hv. þm. nefndi með Skáksambandið, án þess að ég þekki fjármál þess sambands, held ég að fram til þessa hafi það samband ekki haft sambærilega tekjustofna og t.d. lottóið. Þess vegna er tæplega hægt að bera saman Íþróttasamband Íslands og Skáksamband Íslands að þessu leytinu.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bara til að hafa það á hreinu að ég var síður en svo að tala um að Skáksamband Íslands hefði of mikla fjármuni og var ekki að bera ÍSÍ og Skáksambandið saman á nokkurn hátt. Ég var hins vegar að benda á að hugmyndin sem að baki lægi væri sú sama að umbuna þeim sem standa sig vel og íþróttir stunda.

Varðandi þær tölur sem hv. þm. fór með frá Íþróttasambandi Íslands rengi ég þær ekkert en á meðan ég þekkti til vissi ég að fjárveitingar til Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands hækkuðu alltaf nákvæmlega eins milli ára. Nú getur verið að þetta hafi breyst á undanförnum árum. Ég þekki ekki til þess en ég hygg þó að þess hafi verið gætt bæði af menntmrn., fjmrn. og fjárln. að þeir styrkir sem viðkomandi samtök fengu frá ríkinu hækkuðu jafnt milli ára. Engu að síður getur það verið að Íþróttasambandið hafi hlutfallslega hærri tekjur og þær hafi hækkað á undanförnum árum á meðan dregist hafi saman hjá Ungmennafélagi Íslands af þeirri ástæðu að þeir hafi fengið meira út úr lottóinu. Ég ætla ekki að rengja það.

Staðreyndin er hins vegar sú að þannig er þetta a.m.k. hjá Ungmennafélagi Íslands. Ég veit að hv. þm. getur fengið þessar upplýsingar hjá fjárln. vegna þess að þessar tölur og staðreyndir voru lagðar fyrir hv. fjárln. sl. mánudagsmorgun.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að sjálfsögðu verulega til baga fyrir okkur í þessari umræðu að hafa ekki undir höndum þessar tölur um tekjur Ungmennafélagsins. Ég ætla ekki að reyna að rifja þær upp í öllu því talnaflóði sem yfir oss fjárlaganefndarmenn gengur. En það mun vera rétt að tekjur Ungmennafélagsins hafa breyst með einhverjum öðrum hætti m.a. af ástæðum sem eru raunar óskyldar þessu máli að því er ég hygg. Þess vegna er ekki gott að blanda þessu saman.

Eftir stendur, sem var auðvitað kjarninn í því sem ég var að segja, að ég tel ekki sérstök efni til að stofna þennan sjóð af fjárlögum Alþingis. Hins vegar er ég þess mjög hvetjandi að afreksmenn séu efldir og studdir og hvattir til dáða á alla lund vegna þess að ég tel að þeir hafi mjög miklu hlutverki að gegna í okkar þjóðfélagi. En ég tel einfaldlega að þeim málum eigi að skipa þannig að Íþróttasamband Íslands noti stærri hluta af sínum miklu tekjum, sem það þó vissulega þarf á að halda, til þess að efla og bæta hag afreksmanna af ástæðum sem ég hef rakið vegna þess að ég tel afreksmenn í íþróttum gegni miklu uppeldislegu hlutverki í okkar þjóðfélagi sem síst má vanmeta.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég stend upp hér til að þakka flm. fyrir að leggja fram þetta ágæta frv. og þeim 15 ágætu afreksmönnum sem eru flm. með honum. Það eru ekki færri en 15 manns. Það eru allt afreksmenn sýnist mér.

Mér finnst ástæða til að segja nokkur orð vegna þess að hér hefur verið talað um að ríkið leggi töluvert mikið til íþróttamála og í frv. til fjárlaga þessa árs sé reiknað með 80 millj. kr. til íþrótta. Ég segi: Hvað er það? Mér finnst það bara akkúrat ekki neitt. Það er allt of lítið. Þó svo íþróttahreyfingin fái 137 millj. kr. út úr lottóinu þá eru 200 millj. kr. samtals ekki neitt miðað við mikilvægi íþróttanna og það mikla uppeldishlutverk sem í þróttirnar gegna. Ég tel að ríkið eigi að leggja fjármuni til efnilegs íþróttafólks eins og alls annars íþróttafólks. Og þetta er ódýrasta og besta auglýsing og landkynning sem við getum hugsað okkur.

Fyrir nokkrum dögum var hér umræða um landkynnningarmál og talað um að leggja í það einhverja tugi milljóna. Efnilegt íþróttafólk er sú allra besta landkynning sem við getum sýnt og sú allra ódýrasta.

Menn geta talað um að við eigum heldur að efla almenningsíþróttir en ég held að afreksmenn í íþróttum efli almenningsíþróttir vegna þess að þeir draga með sér. Eftir Ólympíuleika fatlaðra í haust t.d. er verið að stofna íþróttafélög fatlaðra um allt land. Þetta er svo mikill hvati. Um síðustu helgi var t.d. verið að stofna Íþróttafélag fatlaðra á Akranesi og íþróttahúsið fylltist af fólki. Áhuginn er svo mikill. Ég tel að áhuginn sé fyrst og fremst vegna þess að fatlaða afreksfólkið okkar er búið að auglýsa þetta og hrífa með sér fólk.

Þetta er því hið besta mál og ég mun mjög fljótlega koma með tillögu um að ríkið leggi meira til íþróttamála almennt og efli íþróttasjóð vegna þess að það er það ódýrasta sem ríkið getur gert varðandi forvarnir og langmest sparandi gagnvart ýmissi vá. Ég trúi þess vegna að aldrei sé of mikið gert fyrir íþróttirnar. Það er það ódýrasta sem ríkið leggur í og það sparast svo margt annað við það. Ég vona svo sannarlega að þetta frv. nái fram að ganga enda kostar það mjög lítið.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég geta þess varðandi Kvennalistann að honum var boðin þátttaka á þessu frv. Ég hafði samband við þingflokksformanninn og bauð honum að standa að málinu. Hún tók málið og skoðaði það en eins og sést varð niðurstaðan sú að Kvennalistinn er ekki með á þessu máli. Það þýðir í mínum huga ekki andstöðu Kvennalistans við málið. Það getur vel verið að mismunandi skoðanir séu innan flokksins um það en ég tel að góður hugur sé til málsins hjá einstaka þingmönnum þar.

Ég verð að segja að mér létti mjög þegar ég hlustaði hér á ræðu hv. þm. Einars Guðfinnssonar. Mér létti mikið. Ég vissi að hann ætlaði að tala gegn málinu en þegar ég heyrði að hann hafði gjörsamlega misskilið málið létti mér mjög mikið. Vegna þess að það er gríðarlegur munur á því að vera efnilegur eða vera afreksmaður. (Gripið fram í.) Hv. þm. er hvort tveggja já, á mismunandi sviðum að vísu. Það er gríðarlegur munur á því. Við erum að tala um það, hv. þm., að við viljum styrkja efnilega unga íþróttamenn ekki afreksmenn. Það er geysilegur munur á því. Við viljum ekki týna þessum ungu, efnilegu íþróttamönnum. Við viljum ekki missa þá út úr íþróttunum eins og við erum að gera í dag. Það er meginhugsunin á bak við frv., ekki það að styðja afreksmenn. Í dag missum við þessa menn út í tugatali. En ef við komum á virkri keppni og hvetjum til frekari þátttöku í íþróttum þar sem menn gera sér grein fyrir að kannski er von á því að þeir verði studdir til frekari dáða, þá held ég að það virki sem hvati. Ef menn setja upp heilu stóru skólamótin með stórum úrslitakeppnum þar sem þessi efni koma fram, þar sem þjálfarar, kennarar, foreldrar eða einhverjir aðrir geta tilnefnt þessa einstaklinga til stjórnarinnar komum við í veg fyrir að missa þessi efni. Þannig getum við hlúð að þeim og þá kannski búið til afreksmenn. En þá líka sleppir tökunum hvað þennan sjóð varðar. Hann er bara forvörn í raun og veru til að við týnum ekki þessum efnum.

Hvert erum við að týna þeim í dag? Örugglega hluta þeirra í það sem var nefnt hér áðan. Þess vegna í fíkniefnin, í óregluna, í afbrotin. Það er geysilegt forvarnastarf sem er verið að leggja til með þessu litla frv.

Þess vegna fagna ég því að það er um misskilning að ræða. Og ég vona að þegar hv. þm. hefur áttað sig á því að þetta er misskilningur geti hann stutt málið. Því öll hans rök hnigu að afreksmönnum. Vonandi verða þessir ungu og efnilegu íþróttamenn að afreksmönnum og við verðum stolt af þeim seinna meir og við verðum þá stolt af því að hafa samþykkt lög eins og hér er verið að leggja til. Þetta er meginhugtakið.

Varðandi afrekssjóðinn og tillöguna sem var samþykkt á ársþingi ÍSÍ gegnir allt öðru máli. Ég tók þátt í að semja þá tillögu og ég þekki hana mjög vel. Það er bara allt annað mál. Hins vegar á ÍSÍ einn af fulltrúum í þessari litlu sjóðstjórn þannig að ÍSÍ er mjög virkur aðili þarna.

Hv. þm. fór aðeins yfir fjárveitingar til íþróttanna undanfarin ár, að ég hygg frá 1987 til 1992, og þær hafi spannað eitthvað frá rúmum 50 millj. kr. upp í rúmar 80 millj. kr. Finnst þingmanninum það mikið? Nei, það er ekki mikið. Það er skammarlega lítið. Og ekki einu sinni öll sú upphæð sem hv. þm. nefndi fara beint til íþrótta. Upphæðin fer ekki öll þangað.

Hér var líka minnst á íþróttasjóðinn sem er rangnefni. Það er enginn sjóður. Hann var 16 millj. kr. á síðasta ári. Umsóknir í sjóðinn voru hátt í 300 millj. kr. Menn sjá hvað slíkur sjóður getur gert fyrir 16 millj. kr. Ég fagna því að hér á eftir að koma tillaga sem hnígur að því að efla þann sjóð. Og eftir því hvernig hún er úr garði gerð mun ég væntanlega styðja þá tillögu.

Þó ÍSÍ fái einhverja fjármuni úr lottósjóðum er það allt annað mál. Lottóið er hugmynd íþróttahreyfingarinnar. Það var ekki frumkvæði ríkisvaldsins sem lottóið var sett á. Hins vegar er það lögverndað. Og vissulega hjálpar það geysilega mikið til innan íþróttahreyfingarinnar að fá þá fjármuni. En það er langur vegur í að það dugi eitthvað. Það er langur vegur. En auðvitað hjálpar það. Innan vébanda ÍSÍ eru tugþúsundir manna og ég efast um að rekstur Íþróttasambands Íslands þegar allt er tekið til, allt sjálfboðaliðsstarf og slíkt, sé undir milljarði. Það er ríkinu og okkur auðvitað til skammar hvernig við stöndum að baki íþróttum.

Það vantar ekki að menn hlaupi út í Leifsstöð í hvert einasta sinn sem einhver nær góðum árangri og rífi upp veskin og segja: Milljón hér og milljón þar. Borgum þetta og borgum hitt. Þá vilja menn styðja. En þegar við komum með lítið frv. upp á fjórar til fimm milljónir sem er stefnumarkandi frv. fyrir íþróttir í landinu hiksta menn. Ég segi að það er hræðilegur tvískinnungur í þeim mönnum sem hlaupa út í Leifsstöð í hvert sinn sem við náum góðum árangri og ætla að baða sig í ljómanum með íþróttamönnunum. Það er tvískinnungur í því. En ef menn samþykkja mál hér í þingsalnum sem virkilega styðja íþróttahreyfinguna þá skal ég taka mark á þeim. En tyllidagaræður eru einskis virði.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan eigum við að líta á þetta m.a. sem forvarnastarf. Það sem mun gerast í framhaldi af samþykkt svona frv. er að menn fara að gæta betur að efniviðnum, bæði innan íþróttahreyfingarinnar, íþróttafélaganna í skólunum og á heimilunum. Þegar jafnaldrar sjá strákinn eða stelpuna við hliðina á sér sem allt í einu kom í ljós á einhverju skólamóti eða einhvers staðar að var spretthörð eða stökk langt og það er farið að styðja við bakið á þessum einstakling og framfarir farnar að sjást og hugsanlega að þetta verði afreksmaður, ef nota má það orð, þá virkar það auðvitað sem hvati. Það smitar út frá sér. Og þó við bara björgum einum unglingi frá því að lenda í fíkniefnum erum við búin að greiða þetta frv. niður.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins leggja orð í þennan belg í þá veru að ítreka stuðning minn við þetta frv. sem hér hefur verið mælt fyrir. Ég tel fulla þörf á því að Alþingi taki til rækilegrar endurskoðunar afstöðu sína gagnvart íþróttum og íþróttahreyfingunni og einkum og sér í lagi tengi hana frekar en nú er forvarnastarfi í heilbrigðismálum og vímuefnamálum, svo við nefnum dæmi.

Mér hefur stundum flogið í hug að það væri rétt að veita verulegu fé til þessa málaflokks miklu meira en verið hefur og færa það undir forvarnastarf af lið vegna heilbrigðismála. Ég tel það í raun og veru mesta ávinninginn af þessari hreyfingu að skila af sér fólki sem er heilbrigðara en ella ef ekki nyti starfsemi íþróttahreyfingarinnar.

Auðvitað eru til mörg birtingarform á því að laða ungt fólk til skynsamlegri lifnaðarhátta. Eitt af því er stofnun sjóðs til að styrkja efnilega íþróttamenn. Mér er engin launung á því að ég bind nokkrar vonir við að þetta verði vísir sem muni gildna þegar fram líða stundir og sýna fram á að réttlætanlegt er að staðfesta þetta frv. þegar á þessu þingi.

Það er nánast hlægilegt þegar maður skoðar fjárlagafrv. og fjárveitingar undanfarinna ára sem merktar eru íþróttamálum. Í fjárlagafrv. fyrir næsta ár kemur fram að þessar fjárveitingar eru skornar niður um 10% frá núgildandi fjárlögum. Það er ekki merki um mikinn metnað af hálfu núv. ríkisstjórnar í viðleitni til þess að skapa ásku landsins þá aðstöðu sem leiðir frekar en ekki fólk inn á réttar brautir. Í fjárlagafrv. er samtals undir liðnum Ýmis íþróttamál 73,4 millj. kr. Það er allt og sumt. Af því eru þegar eyrnamerktar fjárhæðir 5 millj. kr. í byggingarstyrk til Skáksambands Íslands og 6,4 millj. kr. í Launasjóð stórmeistara í skák eða samtals 11,4 millj. kr. Eftir stendur því óskipt til íþróttastarfsemi 62 millj. kr. Þetta eru öll ósköpin og varla svo háar upphæðir að menn ættu að vera að halda því fram að íþróttahreyfingin hafi nokkuð mikla peninga umleikis og geti af þeim fjármunum varið fé til að mæta markmiði þessa frv. Ég undrast satt að segja dálítið þessi viðhorf, svo gamaldags eru þau, og hélt að fáir væri eftir og vandfundnir þeir menn í þjóðfélaginu í dag sem hefðu þau viðhorf til íþróttamála sem fram hafa komið í þingræðu. En það er hlutur sem við verðum auðvitað að búa við og reyna að sannfæra fleiri um að víkja af hinni þröngu stefnu gamaldags hugsunarháttar og snúa þeim til réttrs vegar í þessum efnum.

Ég bendi á að með því að hafa stofnað Launasjóð stórmeistara í skák er þegar búið að viðurkenna meginsjónarmið frv. Þótt þar eigi í hlut afreksmenn en í þessu tilviki efnilegir menn er megintilgangurinn sá sami og Alþingi hefur þegar fallist á þetta sjónarmið. Ég trú því ekki öðru en frv. fái greiða leið í gegnum þingið jafnvel þótt svo sé að upplýst er að Sjálfstfl. er í þessu máli eins og öllum öðrum klofinn í tvennt.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það þarf í sjálfu sér ekki að orðlengja umræðuna svo mjög. Sjónarmiðin sem uppi eru í þessari umræðu eru ekki þau hvort það eigi að búa vel að íþróttahreyfingunni, eru ekki þau hvort menn greini á um gildi íþrótta. Enginn slíkur ágreiningur hefur komið fram. Það er heldur enginn ágreiningur um að efla beri hlut afreksmanna né um að æskilegt sé að ungt og áhugasamt og efnilegt íþróttafólk fái sómasamlega aðstöðu. Það er enginn ágreiningur um neitt af

þessu. Ég hef ekki andmælt neinu af þessu að minnsta kosti.

Ég hef þvert á móti verið að draga það fram að ég telji að íþróttir hafi ómetanlegt gildi og ég hef verið að leggja á það áherslu að fólk, hvort sem við köllum það ungt og efnilegt eða afreksfólk, skapi jákvæðar ímyndir fyrir íþróttahreyfinguna og sé þáttur í því að leiða ungt fólk af villigötum og forða æsku landsins, eins og hv. 1. flm. þessa frv. lagði svo mikla áherslu á í sínu máli að þyrfti að gerast, frá solli og óheilbrigðum lifnaðarháttum.

Deilurnar snúast nefnilega ekkert um þetta og þess vegna mega menn ekki vera að gera sér að leik í þessari umræðu að reyna að snúa umræðunni í að einhverjar deilur séu um hvort það eigi að búa vel að íþróttahreyfingunni eða búa vel að ungu æskufóki eða búa vel að efnilegu fólki eða afreksfólki. Við megum ekki fara að leiða umræðuna á villigötur með einhverjum slíkum útúrsnúningum.

Kjarni málsins er einfaldlega sá að ég hef verið að benda á að á sama tíma og íþróttahreyfingin hefur, guði sé lof eins og ég hef orðað það, verið að fá betri og meiri tekjur, þá hefur ríkið ekki fram undir þetta séð ástæðu til þess að draga úr framlögum til íþróttamála í fjárlögum. Þess vegna finnst mér að það standi engin sérstök efni til þess að stofna sérstakan sjóð sem sé fjármagnaður af fjárlögum til þess að standa undir því sem ég í sjálfu sér tek undir að sé hin jákvæðasta og besta hugmynd. Ég tel hins vegar miklu eðlilegra og heppilegra og rökréttara í ljósi þess sem ég hef verið að segja að þessum málum sé einfaldlega skipað innan vébanda íþróttahreyfingarinnar. Þetta mál er ekkert flóknara en það. Ég tel að það eigi að efla hag ungs og efnilegs, íslensks íþróttafólks. Það eigi að efla hag afreksmanna en það ber að gera það innan vébanda íþróttahreyfingarinnar af þeim tekjum sem íþróttahreyfingin hefur, hvort sem það eru tekjur sem hún hefur af fjárlögum eða með öðrum tekjustofnum svo sem lottói eða einhverju öðru.

Ég vil ítreka það sem kom fram í máli hv. 1. flm., og sem ég áréttaði raunar og lagði mikla áherslu á í máli mínu áðan, að langstærsti hluti af þeirri vinnu sem er unninn innan íþróttahreyfingarinnar er að sjálfsögðu unninn sem sjálfboðavinna og þess vegna hefur íþróttahreyfingin svona mikið gildi. Það væri útúrsnúningur og rangt að halda því fram að ég hafi verið að gefa eitthvað annað til kynna. Hins vegar er auðvitað íþróttahreyfingin í okkar nútímaþjóðfélagi hreyfing af því taginu að hún er fjárfrek vegna þess að íþróttakappleikir kosta fé m.a. vegna þess að það þarf að ferðast á milli landa. Það þarf að búa vel að ungu íþróttafólki með góðri íþróttaaðstöðu o.s.frv. Allt kostar þetta fé og þess vegna er ég ekki að halda því fram nokkurn tíma að íþróttahreyfingin sé of sæl af þeim tekjum sem hún hefur.

Hins vegar vildi ég í þessu sambandi benda á að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef hafa framlög til íþróttamála ekki dregist saman á sama tíma og hreyfingin hefur verið að fá aðrar tekjur. Og svo ég dragi þetta saman í örfáum orðum tel ég eðlilegast að þessum málum, hvort sem við erum að tala um sjóð til að styrkja afreksmenn eða sjóð til að styrkja efnilega íþróttamenn, sé langeðlilegast að skipa innan vébanda íþróttahreyfingarinnar.

Flm. (Ingi Björn Albertsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil minna hv. þm. sem hér talaði síðast á að innan ÍSÍ er 21 sérsamband sem er ætlað að þrífast á þeim fjármunum sem lottóið og þær tekjur sem þingmaðurinn minntist á áðan gefa þeim. Sennilega, ég ætla ekki að fullyrða það, eru öll þessi sambönd rekin með bullandi tapi. Innan þeirra eru svo aftur félög í einstökum greinum sem sömu sögu má segja um.

Ég skal alveg taka undir það með hv. þm. að þetta má alveg greiðast út úr þessum sjóðum. En þá skulum við líka gera það með því laginu að hækka hið árlega framlag til íþróttahreyfingarinnar sem þessu nemur og fela þeim að standa fyrir slíkum sjóði. Það er allt í lagi. Svo framarlega sem þessi hugsjón kemst á laggirnar er mér nokkuð sama hvort það er gert með þessu forminu eða öðru en það verður að vera eyrnamerkt á fjárlögum hvers árs fyrir þennan tiltekna málaflokk líkt og sjóðurinn fyrir stórmeistara í skák. Í liðnum Ýmis íþróttamál verði undirliður sem er sjóður fyrir unga, efnilega íþróttamenn. Ég skal samþykkja það hvenær sem er ef hv. þm. vill fara þá leið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sementsverksmiðja ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 211. mál. — Þskj. 252.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki ætlað að blanda mér í umræðuna eins og hún fór fram í upphafi í gær. Hins vegar var ræða hv. 17. þm. Reykv. þess valdandi að ég sá ástæðu til þess að blanda mér í umræðuna.

Hv. þm. talaði með þeim tón: Vér einir vitum. Stjórnarliðarnir voru þeir einu sem höfðu vit á einkavæðingu og uppbyggingu hlutafjármarkaðar.

Ég ætla að fara örfáum orðum um mína afstöðu til þessa máls og ekki síður afstöðu Framsfl. eins og hún kom fram á síðasta þingi og minna hv. þm. á örfá atriði og þó sérstaklega eitt sem mér sýnist á öllu og heyrðist á ræðu hans í gær að hann hafi verið búinn að gleyma. Það var nefnilega svo að fyrir síðustu áramót var heilmikil umræða hér á þinginu, ekki um einkavæðingu því það er eitt, um annan hlut sem er uppbygging og styrking á hlutabréfamarkaðnum. — Virðulegi forseti. Ég geri hlé á ræðu minni meðan formaður Alþfl. leggur þingflokksformanninum línuna. Það var hér heilmikil umræða um uppbyggingu og styrkingu okkar veikburða hlutabréfamarkaðar.

Þá vil ég minna hv. þm. á að í þeirri orrahríð allri var lagt fram stjfrv. að því er okkur var sagt í stjórnarandstöðunni að kröfu Alþfl., þ.e. sá hluti stjfrv. sem

var þess eðlis að breyta í grundvallaratriðum þeim reglum sem gilda um skattafrádrátt á arðgreiðslum. Þessar reglur voru þess eðlis að ekki er hægt að hafa eftir í ræðustól Alþingis þau orð sem þeir aðilar sem eru að reyna að byggja upp hlutabréfamarkað og standa í atvinnulífinu höfðu um þessa tillögu stjórnarliðsins. (**ÖS:** Ef þú treystir þér ekki til þess fáðu þá Ólaf Þ. Þórðarson). Virðulegi forseti. Ég ætla að halda áfram ræðu minni og læt sem ég heyri ekki aulafyndni hv. 17. þm. Reykv.

Eins og ég sagði eru ekki eftirhafandi hér þau orð sem aðilar vinnumarkaðarins og reyndar fulltrúi ASÍ líka og hlutabréfamarkaðarins höfðu um þá tillögu sem stjórnarliðið að kröfu Alþfl. ætlaði að knýja í gegn. Ég vil minna hv. þm. á að það kom fyrst og fremst í hlut fulltrúa Framsfl. í efh.- og viðskn., þess sem hér stendur að viðbættum 1. þm. Austurl., að berjast fyrir því að ekki yrði samþykkt á Alþingi tillaga sem hefði að mati þeirra sem best þekktu haft ófyrirséðar afleiðingar varðandi alla uppbyggingu á hlutabréfamarkaði á Íslandi. Og hvað hefði þá orðið um einkavæðinguna, hv. þm.? Hvað hefði orðið um einkavæðinguna ef fyrir fram hefði verið búið að fara þannig með hlutabréfamarkaðinn að mjög ólíklegt var að stórir aðilar, það kom m.a. fram hjá lífeyrissjóðunum, færu að leggja það að fjárfesta í hlutafé? Mér sýnist á öllu að ef hv. þm. er einhver alvara með að vilja stuðla að uppbyggingu virks hlutabréfamarkaðar ætti hann að snúa máli sínu ekki til stjórnarandstæðinga heldur inn á við í sínum flokki. Ég vil spyrja hv. þm.: Treystir hann sér til þess að neita því að þetta atriði, sem ég nefndi, hafi verið komið inn í þetta frv. að kröfu Alþfl.?

Lyktir þessa máls voru þær að stjórnarflokkarnir komu sér saman um orðalag sem er svo klúðurslegt að annað eins hefur varla sést í lagatexta. Þeir komu sér saman um að setja inn í þennan lagatexta eina grein úr stjórnarsáttmálanum, úr Hvítu bókinni, þess efnis að þetta ákvæði varðandi skattafrádrátt vegna arðgreiðslna yrði lögfest en tæki þó ekki gildi fyrr en búið væri að samþykkja lög um skattlagningu eignatekna. Svona eru nú vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar og stjórnarflokka þegar kemur að veigamiklum atriðum sem snúa að uppbyggingu hlutabréfamarkaðar og snúa að því að fyrirtækjum hér á landi verði gert kleift að afla sér fjár á markaði. Þetta vil ég rifja upp af því að hv. þm. sá ástæðu til þess að fara út í þessa umræðu.

Hv. þm. viðhafði þau orð líka að við ættum að láta aðra um þetta en alþingismenn, einhverja sem hefðu vit á rekstri. Nú ætla ég ekki að ræða um vit hv. 17. þm. Reykv. á rekstri. En ég hygg að kannski séum við einhver á þingi sem höfum komið nálægt rekstri. Sá sem hér hefur talað hefur lengst af sinnar ævi unnið fyrir sínu lífsviðurværi með eigin rekstri til viðbótar að hafa komið með stjórnarsetu á síðasta áratug að rekstri sem spannar nánast alla þætti þess rekstrar sem okkar atvinnulíf stendur að. Mér finnst því að hv. þm. eigi að spara sér slík ummæli. Við verðum að vona að innan Alþingis sé til nauðsynlegur skilningur á þörfum atvinnulífsins.

Um það einstaka mál sem var til umræðu og hv. þm. sá ástæðu til þess að fara út í þessar vangaveltur um hef ég ekki margt að segja sem slíkt. Ég bendi hins vegar á það að tímarnir hafa mjög breyst. Það sem menn töldu eðlilegt fyrir einhverjum áratugum að væri í verkahring ríkisins er það kannski ekki í dag. Hlutirnir voru einfaldlega þannig á fyrri hluta þessarar aldar að það var ekkert fjármagn til í landinu og því mjög eðlilegt á þeim tíma að ríkið hefði forgöngu á mjög mörgum sviðum sem við í dag teljum alls ekkert eðlilegt að það sé að vasast í. Ég tek það skýrt fram að það er alls ekki stefna Framsfl. að ríkið sé með puttana í atvinnurekstrinum í landinu nema að sem minnstu leyti.

Það er alveg ljóst að ef við förum að lista það upp hvað ríkið á að gera, þá sé ég enga ástæðu út frá grunnhugmyndafræðinni að ríkið sé að reka sementsverksmiðju. Það er svo aftur annað mál að vegna ýmsa þátta, m.a. þeirra að umrætt fyrirtæki er hið eina sinnar tegundar í landinu og orðið samtvinnað ríkiskerfinu, m.a. launa- og eftirlaunakerfinu, er full ástæða til þess að menn gangi þar varlega um dyr.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að lengja þessa umræðu mikið, en af því tilefni sem hv. 17. þm. Reykv. gaf í gær sá ég mig knúinn til þess að hafa um þetta nokkur orð.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Í gær fóru fram miklar og merkar umræður um Sementsverksmiðju ríkisins enda er hér verið að ræða um eitt allra stærsta fyrirtækið í ríkiseign og hefur verið einn af burðarásunum í atvinnulífinu á Akranesi um áratuga skeið, fyrirtæki sem að öllu jöfnu hefur gengið vel og á tímum frábærlega.

Ég hefði ekki miklu við það að bæta sem ég sagði í gær ef hv. 17. þm. Reykv. og formaður iðnn. hefði ekki komið með ýmis rök í þessu máli af hverju hann vildi breyta fyrirtækinu í hlutafélag. Þau rök sem mér fannst vega þyngst á metunum hjá honum voru eftirfarandi, með leyfi forseta. Ég hef það beint eftir virðulegum formanni iðnn.:

„Hins vegar tel ég að það hvíli sú skylda á fyrirtækjum og stórfyrirtækjum sem hafa góða eiginfjárstöðu eins og til að mynda Sementsverksmiðjan að taka þátt í því að byggja upp atvinnulíf hér á landi og taka þátt í nýjum fyrirtækjum."

Þetta er alveg hárrétt hjá hv. formanni og ég er alveg sammála honum, enda hefur Sementsverksmiðjan gert það. Sementsverksmiðja ríkisins hefur einmitt verið að byggja upp dótturfyrirtæki og fengið til þess leyfi hæstv. iðnrh. hverju sinni. Það er því engin ástæða til að breyta Sementsverksmiðjunni í hlutafélag bara vegna þess, því þessi leyfi hafa sem betur fer alltaf verið auðfengin.

Hv. þm. 17. þm. Reykv. Össur Skarphéðinsson talaði líka um að honum fyndist þingmenn almennt ekki hafa mikið vit á atvinnurekstri, það getur vel verið að það sé rétt hjá hv. þm., og þess vegna ættu þingmenn sem minnst að skipta sér af því. Ég tel það að mörgu leyti alveg rétt hjá honum. En það sýnir bara hvað þingmaðurinn hefur þroskast á einni viku því hann

sagði fyrir viku síðan og talaði mjög þungt fyrir því að beyta lögum um síldarútvegsnefnd alveg þvert á það sem sjómenn vilja, útvegsmenn og síldarsaltendur. Þá hafði hann svo mikið vit fyrir atvinnurekendum en hefur aftur á móti á þessari einu viku hann þroskast svo að hann er búinn að sjá að það er kannski rétt að leyfa atvinnurekstrinum sjálfum að marka reglurnar.

Ég ætla enn og einu sinni að ítreka að það hafa ekki komin nein rök í þessu máli sem knýja það fram að frv. verði samþykkt.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhannes Geir tók svo til orða að hann hefði ekki ætlað sér að taka þátt í því að tefja umræðuna. Ég hygg að það hafi verið viturleg ákvörðun hjá honum og satt að segja skil ekki hvers vegna hann féll frá henni.

Það er einu sinni svo að framsóknarmenn koma hér upp í hrönnum þegar menn tala um einkavæðingu og segja að þeir séu allir með einkavæðingu. Við sem sitjum í þessum sölum heyrum það aftur og aftur að þeir styðji það að fyrirtæki í eigu ríkisins verði gerð að hlutafélögum og mögulega seld. En svo kemur alltaf viðhengið, eins og hjá hv. þm. Í þessu tilviki er það svo að Sementsverksmiðjan, segir þingmaðurinn, er gömul og gróin stofnun og hún er vitaskuld orðin svo samofin ríkiskerfinu hvað varðar lífeyrisréttindi og biðlaunarétt að menn eigi að ganga varlega um dyr. En nákvæmlega þessi rök gilda auðvitað fyrir allar stofnanirnar, öll ríkisfyrirtækin, sem við erum að tala um. Þegar framsóknarmenn koma hingað og segjast í orði vera sammála þessu neita þeir því hins vegar á borði. Mér finnst þetta því ekki vera ýkjagóður málflutningur.

Ég vil líka segja að því er varðar það sem þingaðurinn sagði um stefnu Framsfl., að hann vildi koma hingað til þess að gera henni skil, þá verð ég að segja að ég treysti alveg hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur til þess að gera það með mjög góðum hætti eins og hún hefur gert.

Virðulegi forseti. Ég vil ekki tefja þessa umræðu mikið. Ég vil einungis ítreka þá skoðun mína að ég tel að aðrir en alþingismenn séu miklu betur til þess fallnir að reka og vera í stjórnum ríkisfyrirtækja, þ.e. sérfræðingar og ýmsir aðrir út athafnalífinu séu mun betur til þess fallnir heldur en alþingismenn. Ég veit að um það verður þingmaðurinn mér sammála þegar hann hugsar þetta betur.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um það er enginn ágreiningur með mér og hv. 17. þm. Reykv. að ekki sé eðlilegt að alþingismenn séu skipaðir í stjórnir fyrirtækja á vegum ríkisins. Það sem ég gerði hins vegar ágreining um var sú fullyrðing hans frá því í gær að alþingismenn hefðu ekki vit á rekstri. Þá væri mjög illa komið fyrir Alþingi sem þarf að móta m.a. alla löggjöf sem reksturinn þarf að starfa eftir ef alþingismenn hafa ekki vit á rekstri og ef hér eiga ekki að vera menn sem búa yfir slíkri reynslu.

Í öðru lagi svaraði hv. þm. mér engu þegar ég spurði hver hefði verið afstaða Alþfl. til mjög umdeilds ákvæðis í lagasetningu á síðasta ári varðandi skattafrádrátt arðgreiðslna. Þar kom ekkert svar. (**ÖS:** Það kemur ekkert við málinu um Sementsverksmiðjuna.) Virðulegi forseti. Það kemur mjög við þá umræðu, og nú þori ég ekki að nota orðið skinhelgi því það er orðið bannorð, og því sjónarmiði þingmannsins í gær að stjórnarliðar hefðu einir vit á einkavæðingu og því hvernig ætti að byggja hér upp hlutabréfamarkað.

Að lokum vil ég segja að ég er sannfærður um að hv. þm. er í hjarta sínu mjög svo sammála okkur frjálslyndum miðjumönnum um það hvernig á að byggja hér upp virkan hlutabréfamarkað og standa að einkavæðingu. Ég held að hluti af því hvernig hann talaði hér í gær sé vegna þess að honum líður illa í samfloti við ýmsa af þeim sem eru innan núv. ríkisstjórnar, samanber fljótfærnislegar hugmyndir um að einkavæða ríkisbankana.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt. Ég er að mörgu leyti sammála frjálslyndum miðjumönnum. Ég skil bara ekkert hvað þeir eru að gera í Framsfl.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þessi umræða gefur tilefni til eftirfarandi athugasemda.

Í fyrsta lagi virðist vera um það breið samstaða að æskilegt sé og styðjist við veigamikil rök að breyta fyrirtækjum sem ríkið á í hlutafélagsform. Þegar að því kemur hvort beita eigi ákvæðum um heimild til sölu á hlutum í fyrirtækinu kunni að vera skiptar skoðanir. Það er hins vegar sérstakt mál eins og hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir komst að orði. Til þess taka menn afstöðu síðar, enda verður ekki gengið með þá ákvörðun fram hjá Alþingi.

Annað mál. Sumir hafa látið í ljós ugg um að þessi rök eigi ekki við ef um er að ræða fyrirtæki sem er í einokunaraðstöðu, markaðsráðandi fyrirtæki. Í því efni var því haldið fram að ákvæði samkeppnislaga dygðu ekki til að gæta hagsmuna neytenda gagnvart einokunaraðstöðu. Ég held að það sé á misskilningi byggt. Samkvæmt frv. til samkeppnislaga á þskj. 9 er tekið á eftirliti með verðmyndun fyrirtækja sem hafa markaðsráðandi stöðu. Þar segir í 17. gr. 5. kafla sem fjallar *um eftirlit með samkeppnishömlum:*

„Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum og athöfnum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Hin skaðlegu áhrif geta m.a. falist í:

a. að fyrirtækin nái, viðhaldi eða styrki markaðsráðandi stöðu sína á þeim markaði sem um ræðir,

b. óhagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta, t.d. vegna þess að valkostum viðskiptavina fækkar, framleiðsla og sala verður dýrari og keppinautar útilokast frá markaðnum.

Íhlutun getur falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði. Íhlutun getur m.a. falið í sér að samkeppnisráð grípi til ákvörðunar um verð og við-

skiptakjör einstakra fyrirtækja eða fyrirtækjahópa."

Þetta, virðulegi forseti, er frumvarpsgreinin sjálf. Hún er betur skýrð í allrækilegri greinargerð þar sem m.a. segir á þessa leið:

„Þá getur samkeppnisráð mælt fyrir um á hvaða verði fyrirtæki eða fyrirtækjahópar skulu selja vörur sínar eða þjónustu. Þessi heimild kemur einkum til greina þegar samkeppni er ófullnægjandi. Hin ófullnægjandi eða takmarkaða samkeppni getur átt sér ýmsar orsakir. Fyrirtækin sem í hlut eiga kunna að hafa komið málum svo fyrir með því að viðhafa ýmiss konar samkeppnishindranir. Fyrirtæki kann að vera markaðsráðandi sökum eðlis þess sviðs sem það starfar á, svo sem veitufyrirtæki og ýmis önnur þjónustufyrirtæki fyrir almenning. Loks getur fyrirtæki verið einrátt á markaði sökum þess að hið opinbera eða löggjafinn hefur séð svo til."

Nú er það svo að Sementsverksmiðjan er ekki einokunarfyrirtæki í tæknilegum skilningi vegna þess að innflutningur á sementi er frjáls. En það sem ég nú hef vitnað til ákvæða samkeppnislaga, ef að lögum verða og greinargerð, sýnir að markaðsráðandi fyrirtæki, hvort heldur er í eigu ríkis eða hlutafélaga, er undir þessum ákvæðum og að samkeppnisráð hefur ærnar heimildir til að ekki aðeins hafa eftirlit með heldur hafa íhlutun um verðmyndun við þær kringumstæður sem hér um ræðir. Eftir því sem slíkum málum verður ráðið með löggjöf er því vel fyrir þeim séð.

Þriðja mál sem menn hafa nefnt varðar það að menn hafa vakið upp spurningar um atvinnuöryggi starfsmanna. Menn þurfa ekki að hafa áhyggjur af því í þessu tilviki. Samsvarandi ákvæði og í 4. gr., sem gefa fastráðnum starfsmönnum rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi, er að finna í ýmsum lögum sem samþykkt hafa verið umræðu- og athugasemdalaust á undanförnum árum, m.a. af öllum hv. þm. Framsfl. og Alþb. Ég nefni sem dæmi um þetta 5. gr. laga nr. 7/1987, um stofnun hlutafélags um Útvegsbanka Íslands, 2. gr. laga nr. 59/1988, um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, þ.e. Ferðaskrifstofu ríkisins sem nú er Ferðaskrifstofa Íslands, 3. gr. laga nr. 45/1989, um stofnun hlutafélags um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg, 52. gr. laga nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, en með þeim var Grænmetisverslun ríkisins lögð niður, og 6. gr. laga nr. 107/1985, um Jarðboranir hf. Ég hygg að þetta skýri það að hér er stuðst við nákvæmlega sams konar lagaákvæði í fyrri tilvikum og um þau hefur ekki orðið ágreiningur.

Þá hafa menn vakið upp spurningar um biðlaun varðandi þau atriði sem mest hafa verið til umræðu um réttindi starfsmanna. Um biðlaun gildir 14. gr. laga nr. 38/1954 og um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna er enn fremur svipað að segja, þ.e. réttur til biðlauna fellur niður samkvæmt greininni ef menn þiggja sambærilegt starf hjá hinu nýja hlutafélagi, enda óeðlilegt við þær kringumstæður að menn gegni sama starfi áfram á tvöföldu kaupi. Hins vegar ef núverandi starfsmenn Sementsverkmiðju ríkisins hafna starfi hjá hinu nýja hlutafélagi vegna þess að þeir telja það ekki sambærilegt, þá verður biðlaunaréttur þeirra virkur. Starfsmenn eiga þess vegna valið í þessu tilefni og það styðst við önnur fordæmi.

Að því er varðar lífeyrisréttindi, þá er það svo að þeir sem eru í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna eiga einstaklingsbundinn rétt til þess að sækja um að vera áfram í þeim sjóði, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1963. Munu þeir starfsmenn sem lent hafa í sams konar aðstöðu á síðustu árum í flestum tilvikum hafa notfært sér þann rétt.

Þá hafa verið gerðar athugasemdir um ákvæðin um samstarfsnefndir skv. 6. og 7. gr. frv. um samstarfsnefnd stjórnar og starfsmanna hins nýja hlutafélags. Þetta ákvæði er nú byggt á 12. gr. laga nr. 18/1977, um Járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Það ákvæði hefur gefið mjög góða raun. Slík ákvæði mun í framtíðinni verða að finna í lögum og samþykktum um hlutafélög þar sem þetta er þróun í evrópskum félagarétti sem er orðin að veruleika og kveðið er á um í EES-samningnum. Þessi þróun mála verður að teljast jákvæð þar sem hún tryggir hagsmuni og samstarf þessara samstarfsaðila.

Því var haldið fram að það vantaði svör varðandi þá ósk þriggja núv. stjórnarmanna um að samþykki þriggja fjórðu hluta atkvæða á Alþingi þurfi að koma til gagnvart sölu á hlutabréfum í hinu nýja hlutafélagi. Nú er því til að svara að það er sjálfstæð ákvörðun hvort hlutur ríkisins verður seldur og sú ákvörðun verður ekki tekin nema leggja hana fyrir Alþingi Íslendinga. Hins vegar er það ljóst að slík samþykkt er auðvitað gagnstæð grundvallarreglum um lýðræði með því að láta þannig minni hluta alþingismanna hafa úrslitaáhrif á hugsanlega sölu hlutabréfa í fyrirtækjum og stenst þess vegna ekki. Nægileg trygging fyrir vandaðri málsmeðferð við sölu felst í 8. gr. frv. en hún kveður á um samþykki Alþingis við sölu hlutabréfa í fyrirtækjum.

Hv. 9. þm. Reykv. skemmti sér nokkuð við að lesa upp athugasemdir frá fjmrn. við þetta frv. Það þarf að koma fram að sá texti sem hann las er úreltur, fylgir ekki lengur þessu frv. og hefur verið dreginn til baka. Um hann þarf því ekkert meira að segja. Hins vegar er ástæða til að minna á að ríkisstjórnin hefur samþykkt að láta ávallt birta kostnaðarumsögn fjmrn. við frumvörp sem lögð eru fyrir Alþingi og er reyndar lagaskylda. Slík ákvörðun er af hinu góða og leiðir til mun betri yfirsýnar allra sem um málið fjalla um hvaða kostnað ný frumvörp geta haft í för með sér. Síðan þessi ákvörðun var tekin hefur mikill fjöldi frumvarpa sætt þessari meðferð. Sú umsagnarkvöð er í höndum starfsmanna fjmrn. Hún á eingöngu að snúast um kostnaðaráhrif en ekki afstöðu fjmrn. til einstakra efnisákvæða frv. Um það er ekki mikið meira að segja.

Ég þakka fyrir þessa umræðu, virðulegi forseti, og óska eftir því að að henni lokinni verði frv. vísað til hv. iðnn. og 2. umr.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég saknaði þess dálítið að hæstv. ráðherra skyldi ekki svara betur þeim spurningum sem

komu fram t.d. um biðlaunaréttindin og hvers vegna þetta frv. er lagt fram án þess að gera breytingar frá því í fyrra. Það liggur fyrir undirskrift ríkisstjórnarinnar á því plaggi sem varð til í viðræðum hennar við aðila vinnumarkaðarins í fyrravetur þar sem því var lofað að hrófla ekki við 14. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Samt koma þessi frumvörp fram með ákvæðum sem hrófla við réttindum þeirra einstaklinga sem eiga þarna hlut að máli. Auðvitað er ástæðulaust að endurtaka það að þeir sem munu taka starfi hjá hlutafélaginu en yrði hugsanlega sagt upp strax eftir að það yrði stofnað missa þessi réttindi.

Mér finnst að þessi umræða hafi fyrst og fremst leitt í ljós, sem mig hefur reyndar grunað allan tímann og hefur fundist koma í gegnum allar umræður um það að breyta Sementsverksmiðju í hlutafélag, að menn eru ekki að leysa Sementsverksmiðjuna úr einhverjum fjötrum. Það er ekki það sem menn eru að hugsa um. Menn eru ekki að velta fyrir sér rekstri fyrirtækisins. Áhuginn er af allt öðrum ástæðum til kominn. Hann getur ekki verið af neinum öðrum orsökum en þeim að menn vilji selja fyrirtækið og menn vilji standa við það sem stendur í Hvítu bókinni. Vitanlega vita menn að það mun ekki þurfa nema einfaldar samþykktir á Alþingi þar sem kannski yrði tekin afstaða til margra mála, þ.e. að ráðherrum yrði heimilt að selja hlutabréf í eftirfarandi ríkisstofnunum (**ÁJ:** Bara í einum pakka.) í einum pakka, einmitt hv. þm. Árni Johnsen, og væntanlega mundir þú rétta upp höndina.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Frumvarp til jarðalaga.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs um gæslu þingskapa er sú að um nokkurt skeið hefur í fjölmiðlum verið fjallað það sem þar er sagt frv. að nýjum jarðalögum. Það hefur meira að segja gengið svo langt að aðstoðarmaður ráðherra kemur fram í fjölmiðlum til viðræðna um það sem þar er sagt frv. til jarðalaga. Samkvæmt minni skilgreiningu á því hvað er frv. verður mál ekki að frv. til laga fyrr en búið er að leggja það fram á Alþingi.

Þetta mál er orðið mjög sérstaks eðlis og mjög bagalegt fyrir okkur stjórnarandstæðinga að þurfa að hlusta á umræður um mál sem ríkisstjórn ætlar að fara að leggja fram á Alþingi í fjölmiðlum kvöld eftir kvöld án þess að hafa fengið svo mikið sem aðstöðu til þess að sjá málið.

Ef svo er að ríkisstjórnarflokkarnir eigi í einhverju basli með að ná um þetta samstöðu og koma því fram, þá ber þeim að halda málinu að sér á þann hátt að það sé ekki komið til opinberrar umfjöllunar löngu áður en þingmenn fá að sjá það. Ég tel reyndar að þeir embættismenn sem hafa fjallað um þetta opinberlega hljóti að gera það í óþökk Alþingis og í raun setji Alþingi niður við slík vinnubrögð framkvæmdarvaldsins.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Sökum þeirra fyrirspurna sem kom frá hv. þm. um það hvort stjórnarflokkarnir ættu í einhverju basli með frv. að jarðlögum, þá er rétt að það komi fram að þeir eiga ekki í nokkru basli með það. Báðir stjórnarflokkarnir hafa fyrir sitt leyti samþykkt framlagningu frv. Þeir einu sem virðast eiga í basli með þetta frv. er stjórnarandstaðan og það meira að segja áður en það er komið fram á þinginu. Það er fyrst og fremst stjórnarandstaðan sem hefur verið að setja puttana í þetta. Þó vil ég minna hv. þm. Jóhannes Geir á að formaður Framsfl. hefur lýst gleði sinni og ánægju yfir þessu frv. í fjölmiðlum. Hann hefur hingað til verið iðinn og duglegur við að taka línuna og ég hvet hann til þess að halda því áfram. Að öðru leyti ef hann er andsnúinn því að fjölmiðlar fjalli um frv. ætti hann fyrst að beita ítökum sínum í blaðstjórn Tímans til þess að koma í veg fyrir að Tíminn geri það því að hann hefur mest allra blaða skrifað um frv. Ef það er ekki nóg fyrir hann, þá tel ég að hann ætti að leggja hér fram frv. að nýjum ritskoðunarlögum sem banni blöðum að fjalla um hluti eins og þessa.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að svara miklu þessari forkastanlegu ræðu sem hv. 17. þm. Reykv. hélt undir liðnum þingsköp. Ég get sagt honum það að ég hef engin ítök í blaðstjórn Tímans. Í öðru lagi er þetta ekki mál til þess að hafa í flimtingum. Það rekur sjálfsagt að því og hefur stundum gert það hér í þingsölum að hv. 17. þm. Reykv. hefur þurft að horfa framan í alvöru þess að vera þingmaður. Ég ætla ekki að nefna nein dæmi.

Það er alvörumál ef þetta á að vera sú leið sem frumvörp til laga hafa. Þetta er eitt af viðkvæmustu málunum varðandi samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði og ég hef ekki tekið nokkra afstöðu til þessa máls og hef ekki séð ástæðu og ekki viljað ræða það fyrr en það er komið fram í þingi. Ég vil nú fara fram á það við virðulegan forseta að Alþingi láti kanna hvernig á því standi að þetta mál er ekki komið hér fram þannig að við þingmenn þegar við erum spurðir um mál, sem komið er í svona mikla umfjöllun, höfum eitthvað í höndunum til þess að taka þátt í þeirri umræðu.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti skal að gefnu tilefni kanna það eftir því sem tök eru á.

Hönnunarvernd, 1. umr.

Stjfrv., 212. mál. — Þskj. 253.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um

hönnunarvernd sem er á þskj. 253. Eins og heiti frv. ber með sér tekur það til verndar hugverka á sviði hönnunar. Með hönnun samkvæmt frv. er átt við útlit og gerð vöru og skreytingu hennar. Rúm 30 ár eru frá því að farið var að ræða þörf á lagasetningu um hönnunarvernd hér á landi. Frv. hefur þó ekki fyrr verið lagt fram á Alþingi.

Með samningu frv. var einkum stuðst við tillögur og hugmyndir um hönnunarvernd sem settar voru fram í svokölluðum „Green paper" 1991 á vegum Evrópubandalagsins en sú greinargerð hefur verið til umfjöllunar í ríkjum Evrópubandalagsins og EFTA frá þeim tíma. Stefnt er að því innan Evrópubandalagsins að leggja fram frv. sem byggir á þeim tillögum. Með þessu frv., sem nú lítur dagsins ljós, skipar Ísland sér í röð frumherja á þessu sviði.

Þörfin fyrir skráða hönnunarvernd hefur orðið æ ljósari með hverju árinu sem líður. Þar kemur ekki síst til stöðugt vaxandi þáttur hönnunar í markaðssetningu og viðskiptum. Íslenskir hönnuðir og framleiðendur verða í þessu efni að eiga völ á sambærilegri vernd á hönnun sinni og líkur eru á að lögfest verði í helstu viðskiptalöndum okkar. Í flestum iðnríkjum njóta hönnuðir og framleiðendur skráðrar mynsturverndar.

Hönnunarvernd tekur til heildarútlits vöru og skreytingar vöru. Einungis hönnun sem er sérstæð frá sjónarhóli kunnáttumanna og almennings getur notið verndar. Hönnunarvernd getur annaðhvort byggt á skráðri vernd eða óskráðri samkvæmt frv. Óskráð hönnunarvernd gildir í tvö ár en skráð vernd getur verið í gildi í samtals aldarfjórðung. Ástæða þess að frv. gerir ráð fyrir tvenns konar verndarformi er sú að annars vegar er þörf á vernd vegna hönnunar ýmissa tískuvara sem breytast ár frá ári, t.d. í fatahönnun. Á þeim sviðum er aðeins þörf á vernd í mjög stuttan tíma og af þeim sökum ólíklegt að hönnuður vilji leggja í umstang og kostnað til að tryggja vernd sína. Hins vegar er einnig þörf á lengri verndartíma fyrir hönnun sem gildi hefur í langan tíma, t.d. ýmis húsgögn og stærri búnaður. Þegar svo er ástatt er einnig þörf á skýrari afmörkun verndarinnar sem fæst með skráningarkerfinu.

Einkaleyfastofan mun sjá um framkvæmd laganna og sjá um skráningu hönnunar samkvæmt umsóknum þar að lútandi. Gert er ráð fyrir að umsóknar- og rannsóknagjöld muni standa undir kostnaði við skráningu hönnunarverndar þegar fram í sækir. Hins vegar má gera ráð fyrir að um einhvern undirbúnings- og stofnkostnað verði að ræða við það að innleiða nýtt skráningarkerfi hér á landi. Sá kostnaður réttlætist þó af þörf þeirri sem er á að vernda hugverk íslenskra hönnuða sem og erlendra. Auknir verndarmöguleikar íslenskra hönnuða eru mikilvæg forsenda markaðasetningar á framleiðslu þeirra, bæði hér á landi og erlendis.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja í þessari framsögu ræðu nákvæmlega efni allra greina frv. Meginefni þess kveður á um hvaða hönnun getur notið verndar, hvernig sækja skal um skráða vernd og hvaða réttarúrræða handhafar hönnunarverndar geta gripið til. Verði frv. að lögum mun það verða einn þáttur í að búa betur að íslensku hugviti og treysta samkeppnisgrundvöll íslenskrar framleiðslu.

Við gerð frv. hefur náið verið fylgst með stefnum og straumum í þessum efnum í Evrópu. Frv. er því að meginefni til byggt á reglum sem líklegt er að gilda muni í Evrópu í framtíðinni sem og gildandi norrænum lögum á þessu sviði.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um efni þessa frv. frekar en vísa til ítarlegra athugasemda við frv. og einstakra greina þess. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Fleira verður ekki tekið fyrir á þessum fundi. Út af af dagskrá er tekið 1., 5., 7., 11., 12., 13., 14. og 15. dagskrármál. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

54. FUNDUR

mánudaginn 16. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Ríkismat sjávarafurða, stjfrv., 43. mál, þskj. 44, nál. 257 og 274. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Sementsverksmiðja ríkisins, stjfrv., 211. mál, þskj. 252. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Hönnunarvernd, stjfrv., 212. mál, þskj. 253. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 222. mál, þskj. 265. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Kaup á björgunarþyrlu, frv., 110. mál, þskj. 128. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Sjóður til að styrkja efnilega íþróttamenn, frv., 154. mál, þskj. 176. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, þáltill., 132. mál, þskj. 152. — Frh. fyrri umr.
8. Lánasjóður íslenskra námsmanna, þáltill., 155. mál, þskj. 177. — Fyrri umr.
9. Friðun Landnáms Ingólfs fyrir lausagöngu búfjár, þáltill., 156. mál, þskj. 178. — Fyrri umr.
10. Aukin hlutdeild raforku í orkubúskap þjóðarinnar, þáltill., 185. mál, þskj. 212. — Fyrri umr.
11. Aðgerðir gegn peningaþvætti, stjfrv., 210. mál, þskj. 251. — 1. umr.
12. Geymslufé, stjfrv., 209. mál, þskj. 250. — 1. umr.
13. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 208. mál, þskj. 249. — 1. umr.
14. Stjórnarráð Íslands, stjfrv., 206. mál, þskj. 247. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.,
Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Guðrún Helgadóttir, 14. þm. Reykv.,
Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 13. nóv. 1992:

„Þar sem Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl., er á förum til útlanda til setu á þingi Sameinuðu þjóðanna og getur því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varaþingmaður Alþfl. í Austurlandskjördæmi, Hermann Níelsson íþróttakennari, Egilsstöðum, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta bréf ritar Össur Skarphéðinsson, formaður þingflokks Alþfl.

Hermann Níelsson íþróttakennari hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Þá hefur borist annað bréf, sem einnig er dags. 13. nóv. 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til setu á þingi Sameinuðu þjóðanna og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi, Þuríður Pálsdóttir yfirkennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta bréf ritar Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.

Þuríður Pálsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Þá hefur einnig borist hér bréf, dags. 13. nóv. 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að þar sem 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Reykjavík mun í dag taka sæti á Alþingi taki 2. varaþingmaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Guðmundur H. Garðarsson, fyrrv. alþm., sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir það bréf ritar Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.

Guðmundur H. Garðarsson hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili. Kjörbréf hans hefur hins vegar verið samþykkt. Eins og kunnugt er hefur Guðmundur H. Garðarsson áður setið á Alþingi og hefur því undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Þá hefur enn borist bréf, dags. 13. nóv. 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til setu á þingi Sameinuðu þjóðanna og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því 1. varaþingmaður Samtaka um kvennalista í Vestfjarðakjördæmi, Ágústa Gísladóttir útibússtjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta bréf ritar Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.

Kjörbréf Ágústu Gísladóttur hefur verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur hins vegar ekki áður tekið

sæti á Alþingi og ber því skv. 2. gr. þingskapa að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Ágústa Gísladóttir, 6. þm. Vestf., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnaskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ágústa Gísladóttir hefur nú undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysistryggingar, 226. mál, stjfrv., þskj. 283.

Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, 232. mál, stjtill., þskj. 289.

Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins, 228. mál, stjfrv., þskj. 285.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 227. mál, fsp. SvÁ á þskj. 284.

Stjórnarskipunarlög, 29. mál, nál. meiri hluta stjórnskipunarnefndar, þskj. 281.

Stjórnarskipunarlög, 30. mál, nál. meiri hluta stjórnskipunarnefndar, þskj. 282.

Ríkismat sjávarafurða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 43. mál. — Þskj. 44, nál. 257 og 274.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 274 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 31:14 atkv. og sögðu

já: ÁgG, EMS, GHelg, ISG, JÁ, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SJS, SvG, ÞurP*.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHG, HBl, HN, JóhS, JBH, JónS, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO, VE, ÖS.

10 þm. (FI, GÁ, IP, JGS, JHelg, KEE, PP, StG, StH, VS) greiddu ekki atkvæði.

8 þm. (AÓB, GHall, JónK, KSG, KE, MB, PS, SP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

1. gr. samþ. með 30:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHG, HBl, HN, ISG, JóhS, JBH, JónS, ÓE, PJ, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO, VE.

nei: ÓÞÞ.

16 þm. (ÁgG, FI, GB, GÁ, IP, JÁ, JGS, JHelg, KEE, KÁ, MF, ÓRG, PP, StH, SJS, VS) greiddu ekki atkvæði.

16 þm. (AÓB, EKG, EMS, GHall, GHelg, JónK, KSG, KHG, KE, MB, RA, SP, StG, SvG, ÞurP, ÖS) fjarstaddir.

2.–8. gr. samþ. með 33:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHG, HBl, HN, ISG, JóhS, JBH, JónS, ÓE, PJ, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO, VE, ÞurP, ÖS.

nei: ÓÞÞ.

19 þm. (ÁgG, FI, GB, GÁ, GHelg, IP, JÁ, JGS, JHelg, KEE, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StH, SJS, VS) greiddu ekki atkvæði.

10 þm. (AÓB, EMS, GHall, JónK, KSG, KE, MB, SP, StG, SvG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHelg, HBl, HN, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

4 þm. (KHG, ÓÞÞ, PP, RA) greiddu ekki atkvæði.

15 þm. (AÓB, EgJ, EMS, GHall, GÁ, JÁ, JónK, KEE, KSG, KE, MB, SP, StG, SJS, SvG) fjarstaddir.

Sementsverksmiðja ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 211. mál. — Þskj. 252.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHelg, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, KEE, KHG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

1 þm. (GÁ) greiddi ekki atkvæði.

7 þm. (AÓB, GHall, JónK, KSG, KE, MB, SP) fjarstaddir.

Frv. vísað til iðnn. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHelg, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, KEE, KHG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

10 þm. (AÓB, GHall, GÁ, JónK, KSG, KE, MB, ÓÞÞ, SP, VE) fjarstaddir.

Hönnunarvernd, frh. 1. umr.

Stjfrv., 212. mál. — Þskj. 253.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHelg, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, KEE, KHG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

8 þm. (AÓB, GHall, GÁ, JónK, KSG, KE, MB, SP) fjarstaddir.

Frv. vísað til iðnn. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHelg, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, KEE, KHG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

9 þm. (AÓB, GHall, GÁ, JónK, KSG, KE, MB, PS, SP) fjarstaddir.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 222. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 265.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHelg, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, KEE, KHG, KÁ, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞurP, ÖS.

10 þm. (AÓB, EgJ, GHall, GÁ, JónK, KSG, MB, PP, SP, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHelg, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, KEE, KHG, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

8 þm. (AÓB, GHall, GÁ, JónK, KSG, MF, MB, SP) fjarstaddir.

Kaup á björgunarþyrlu, frh. 1. umr.

Frv. IBA o.fl., 110. mál. — Þskj. 128.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EMS, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHelg, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, KEE, KHG, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

1 þm. (FrS) greiddi ekki atkvæði.

9 þm. (AÓB, GHall, GÁ, HBl, JónK, KSG, MF, MB, SP) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHelg, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, KEE, KHG, KÁ, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

9 þm. (AÓB, EGuðn, FI, GHall, GÁ, JónK, KSG, MB, SP) fjarstaddir.

Sjóður til að styrkja efnilega íþróttamenn, frh. 1. umr.

Frv. IBA o.fl., 154. mál. — Þskj. 176.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHG, GÁ, GHelg, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, KEE, KHG, KÁ, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP.

7 þm. (AÓB, GHall, JónK, KSG, MB, SP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHG, GÁ, GHelg, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, KEE, KHG, KÁ, KE, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

10 þm. (AÓB, BBj, GB, GHall, JónK, KSG, MB, ÓÞÞ, SP, StG) fjarstaddir.

Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvG og KHG, 132. mál. — Þskj. 152.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Þegar þetta mál var til umræðu um daginn þótti mér mikilvægt þegar svo stórt mál er til umræðu sem rannsókn á afleiðingum þess mikla atvinnuleysis sem nú er að skella yfir að hæstv. félmrh. væri viðstaddur umræðuna. Nú sé ég að svo er. Einnig taldi ég þá mikilvægt að hæstv. iðnrh., sem farið hefur með iðnaðarmálin um mjög langt skeið, væri hér einnig því að það liggur ekki síst í iðnaðinum hver atvinnuleysisþróunin er. Á einu ári hefur hæstv. iðnrh. horft á bak hvorki meira né minna en 1.200 störfum úr þeirri grein einni. Þetta segir að ráðherrar sem fara með svo stóran málaflokk komast ekki hjá því að svara á Alþingi hvort þeir ætla að knýja í gegnum þessa ríkisstjórn nýja og markvissa stefnu í atvinnumálum.

Það *er sjálfsagður hlutur að kanna og rannsaka* hverjar afleiðingar atvinnuleysis eru. Ef ríkisstjórnin þarf að fá þær upplýsingar í gegnum nefnd, þá álít ég að Alþingi eigi að verða við því. Ég hygg að flestir sem hér eru séu þó sammála því að það þarf í sjálfu sér ekki að rannsaka afleiðingarnar. Við höfum séð þennan harmleik skella yfir í nokkur missiri og við vitum hverjar afleiðingarnar eru. Fólkið missir vinnuna, það verður örvinglað við þær aðstæður en vandinn sem fylgir því er óleystur. Vandinn á eftir að margfaldast því að Ísland, þar sem ekki hefur verið atvinnuleysi í yfir 20 ár, er ekki undirbúið undir slíkan harmleik sem atvinnuleysið er. Þess vegna hefur enginn búið sig undir þessi mögru ár og framhald þess, að missa vinnu sína, er auðvitað persónulegt gjaldþrot einstaklinganna, hjónaskilnaðir o.s.frv. Þetta á ekki að þurfa að segja eða rannsaka, við þekkjum afleiðingarnar hér og frá löndunum í kringum okkur.

Fyrir ári síðan þegar við stóðum hér á Alþingi var á Íslandi rúmlega 1% atvinnuleysi eða rúmlega þúsund manneskjur í landinu sem ekki höfðu atvinnu. Nú komum við saman ári síðar og þá er þetta 3% þjóðarinnar eða 4.200 manns. Spárnar, sem settar eru fram, eru hrikalegar, að hér muni atvinnuleysið margfaldast á næstu mánuðum og menn deila um hvort það verður 10, 15 eða 20%, það er að segja verði stjórnarstefnunni ekki snúið við. (**Gripið fram í:** Tuttugu og fimm.) Þess vegna ræða menn ekki bara um atvinnuleysi undir þessum lið heldur hljóta menn að spyrja: Til hvaða ráða ætlar ríkisstjórnin að grípa því það er stefna hennar sem veldur ástandinu í þjóðfélaginu?

Ég sagði um daginn að staðan væri sú að í Bandaríkjunum hefðu menn hafnað reganismanum, í Bretlandi væru menn að hafna thatcherismanum. Á Íslandi verða menn að hafna davíðismanum því það er frjálshyggjan og hin nýja stefna þessarar ríkisstjórnar sem ber sök á þeim voða sem nú er að skella yfir heimilin.

Fyrir stuttu síðan var mjög gagnleg grein eftir Magnús Torfa Ólafsson í blöðunum þar sem hann skýrir þetta nokkuð vel. Ég ætla að grípa ofan í þessa grein Magnúsar Torfa. Hann er þar að fjalla um afleiðingar frjálshyggjunnar í Bandaríkjunum en mér finnst að nákvæmlega það sama sé að gerast hér. Hann segir, með leyfi forseta:

„Þýðingarmesta kosningamálið er hvort stefnuleysi í efnahagsmálum og hrörnun að tiltölu í iðnaði verða stöðvuð og Bandaríkjunum beint í nýja stefnu þar sem tillit til félagslegs réttlætis fær að njóta sín á ný eftir tólf ár."

Þetta er nákvæmlega það sem hér þarf að spyrja um. Eigum við ekki að reyna að snúa ofan af þessari 18 mánaða stefnu, efla félagslegt réttlæti og koma stoðum undir iðnaðinn og atvinnulífið?

Magnús segir síðar, með leyfi forseta:

„Kosningasmiðirnir sem færðu okkur slíka og þvílíka stefnu bera það enn blákalt fram í berhögg við sönnunargögnin að sérhver ríkisafskipti af mörkuðum eða alvarleg tilraun til að breyta tekjuskiptingu eyðileggi samkeppnisstöðu þjóða. Þeir neita að viðurkenna að Þýskaland, Japan og Frakkland ásamt öðrum löndum sameina með góðum árangri afar samkeppnishæfa iðnaðarframmistöðu og félagslegt réttlæti. Auðvitað er ekki í tísku að tala um félagslegt réttlæti. Þeir sem hafa tekið markaðinn í guðatölu neita að viðurkenna að með þjóð verður að ríkja félagslegur sáttmáli þar sem þeir sem stjórna fyrirtækjunum og þeir sem vinna verkin viðurkenna sameiginlega hagsmuni og gagnkvæmar skuldbindingar."

Það er nefnilega sú oftrú sem hefur verið sett í gang af þessari ríkisstjórn að markaðurinn skuli ráða og að menn menn, sem hafa verið kjörnir til að stjórna þessu þjóðfélagi, skuli helst ekkert gera heldur horfa á með hendurnar í vösunum. Það var athyglisvert að hlusta á viðtal við Davíð Scheving Thorsteinsson fyrir nokkrum kvöldum þar sem hann sagði að umhverfi atvinnulífsins væri eins og Ódáðahraun. Hann beindi t.d. spurningum til iðnrh. sem byggi íslensku atvinnulífi raforkuverð sem væri 800% hærra en það raforkuverð sem erlendum eigendum fyrirtækja reknum hér á landi væri ætlað að borga.

Ég veit að við eigum í þessari viku eftir að taka upp umræðu um atvinnumálin á hv. Alþingi og reyna að knýja fram þá stefnu ríkisstjórnarinnar að stöðva þróun atvinnuleysis og þá erfiðleika sem nú ríkja í atvinnulífinu og stafa fyrst og fremst af mannavöldum því ytri áföllin eru fram undan. Þess vegna get ég vel tekið undir það, svo ríkisstjórnin átti sig á þeim harmleik sem fjölskyldurnar eru að upplifa með auknu atvinnuleysi, að hér verði sett á stofn nefnd sem segi frá því hvaða afleiðingar fylgja því að verða atvinnulaus. Ég styð þess vegna þáltill.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér fóru fram í síðustu viku ágætar umræður um þessa þáltill. Er það að vonum því hér er hreyft við mjög brýnu máli eins og kom fram í máli flestra ef ekki allra hv. ræðumanna sem þá tóku þátt í umræðum. Málið er því miður brýnt og það þarf ekki annað til sögunnar að nefna en það að atvinnuleysi í

landinu er nú 3% og er vaxandi. Spár liggja fyrir frá mismunandi aðilum um atvinnuleysi á komandi vetri og næsta ári sem verði jafnvel af stærðargráðunni 5–6%, samanber nýlega spá Vinnuveitendasambandsins svo ekki sé minnt á þær hrollvekjur sem einstakir forustumenn í þjóðmálum hafa á undaförnum dögum látið frá sér fara með fullyrðingum um að atvinnuleysi gæti orðið allt að 20–25% ef færi á hinn versta veg. Ég tek fram að ég tel það málinu ekki sérstaklega til framdráttar að vera með hrollvekjuspádóma af þessu tagi enda þarf mikið að ganga á sem betur fer til að ástandið verði svo ljótt. En þó er vert að hafa í huga að jafnvel slíkar tölur hafa verið nefndar í samhengi við hina umfangsmiklu hrinu galdþrota í þjóðfélaginu. Engu að síður er það atvinnuleysi sem þegar er orðið það mesta á öldinni síðan í kreppunni miklu. Jafnvel ljótustu ár viðreisnaráranna í þessu sambandi, árin 1967, 1968 og 1970 eru með mun minna atvinnuleysi á ársgrundvelli en hér er rætt um. Þetta þýðir að 3.500–3.600 manns ganga atvinnulaus eins og fram hefur komið og atvinnuleysið snertir þess vegna beint um 10–15 þús. manns í þjóðfélaginu.

Ég vil sérstaklega leggja á það áherslu, sem hefur reyndar áður verið nefnt, að þegar aðstæður af þessu tagi koma upp skiptir miklu máli að menn hafi sem allra gleggstar upplýsingar um það sem er að gerast. Ég er þeirrar skoðunar að það skorti nokkuð á að upplýsingaöflun í gegnum skráningu á atvinnuleysi sé með þeim hætti sem æskilegt væri og einnig er upplýsingaöflun takmörkuð vegna skorts á öllum rannsóknum sem atvinnuleysinu tengjast. Það þarf ekki síður að athuga hvernig vinnan dregst saman hjá þeim sem þó hafa enn þá atvinnu en að mæla eða telja fjölda þeirra sem beinlínis ganga án atvinnu.

Ef menn vilja glöggva sig á því hvernig atvinnustigið í landinu hefur dregist saman er ekki síður nauðsynlegt að skoða það hversu mikið yfirvinna og í raun og veru vinnuumfang almennt í þjóðfélaginu hefur minnkað. Það er ljóst að þegar þetta tvennt er lagt saman, 3.500 atvinnulausir einstaklingar í dag og sá mikli samdráttur sem orðið hefur í vinnu og þar með tekjum fjölmargra á vinnumarkaði þá er hér um mjög alvarlega breytingu að ræða.

Ég tel að skráningu upplýsinga þurfi að bæta en það þarf einnig að sjálfsögðu að huga að atvinnuleysisbótaréttinum. Þar hafa þegar verið nefndir í umræðunni hópar eins og bændur, sem ekki njóta þessa réttar í dag, og er þó landbúnaðurinn sem atvinnugrein farinn að greiða þau tryggingagjöld sem sérstaklega eru tengd fjáröflun í þessu sambandi. Ég vil í öðru lagi nefna sjálfstætt starfandi atvinnurekendur af ýmsu tagi. Það er ljóst að gildandi löggjöf í þessum efnum mismunar mönnum stórlega þannig að ég tel enga réttlætingu orðið fyrir slíku. Ég nefni sem dæmi sjálfstæða atvinnurekendur í hópi vinnuvélaeigenda annars vegar og vörubifreiðastjóra hins vegar. Staðan er sú í dag að vörubifreiðastjórar eru vegna aðildar Landssambands vörubifreiðastjóra að Alþýðusambandi Íslands aðilar að atvinnuleysisbótaréttinum og fá atvinnuleysisbætur en sjálfstætt starfandi vinnuvélaeigendur sem vinna á nákvæmlega sama markaði og eru gjarnan háðir sömu sveiflum um atvinnu fá ekki þessar bætur einfaldlega vegna þess að þeir eru skráðir sem sjálfstætt starfandi atvinnurekendur og eru ekki aðilar að hinni almennu verkalýðshreyfingu. Þetta er misræmi sem hvað sem öllu öðru líður er auðvitað ófært og þessu þarf að breyta.

Það mætti margt segja og hefur reyndar verið gert um kostnað þjóðfélagsins vegna atvinnuleysisins. Það liggur fyrir að kostnaðurinn í bótunum einum og tengdum greiðslum er um 700 millj. kr. fyrir hvert prósentustig atvinnuleysis á vinnumarkaði. Sérhverjir 1.100–1.200 einstaklingar sem eru í hverju prósentustigi atvinnuleysis kosta þetta í beinum útgreiðslum bóta. Þá er minnstur hluti sögunnar sagður. Þá er eftir allur sá ómældi kostnaður þjóðfélagsins, sú sóun sem felst í því að viðkomandi einstaklingar hverfa úr verðmætaskapandi störfum yfir í það að gerast bótaþegar vegna atvinnuleysis.

Ég hygg að ef menn bera þennan kostnað saman við þá tiltölulega litlu fjárfestingu sem í mörgum tilvikum getur verið í því fólgin að skapa ný störf eða halda í störf sem menn eru að tapa geti útkoman úr því dæmi ekki orðið nema ein. Það er efnahagslega skynsamlegt, það er félagslega skylt að gera allt sem hægt er til þess að sporna gegn atvinnuleysi. Ég leyfi mér að fullyrða að í skipasmíðaiðnaðinum væri fyrir brot af því fé sem það kostar að missa hvern mann yfir á atvinnuleysisskrá hægt að halda þeim störfum í landinu. Það hafa farið smíðasamningar upp á milljónir króna, hver á fætur öðrum, út úr landinu vegna þess eins að skipasmíðaiðnaðurinn í nágrannalöndunum er niðurgreiddur sem nemur hluta af vaxtakostnaði lántökunnar vegna smíðanna. Ætli það sé ekki þannig að stór hluti vinnufærra manna í byggðinni við Flekkefjord í Noregi hafi í raun verið á launaskrá hjá Íslendingum undanfarin ár vegna þess eins að smíðaverkefnin hafa streymt úr landinu og þangað vegna vaxtaniðurgreiðslna norskra stjórnvalda?

Það liggur fyrir að það er hagstæðara þjóðarbúinu að taka innlendum tilboðum í verkefni af því tagi sem skipasmíðar eru þó svo að hin innlendu séu allt að 10–15% dýrari. Fyrir um þremur árum síðan lét ég gera á þessu litla úttekt af tilteknum ástæðum og þá kom það í ljós að innlend tilboð mættu vera a.m.k. 7–10% hærri og það væri samt sem áður hagstæðara að taka þeim. Ef hins vegar atvinnuleysi er í landi og þeir sem ella fengju vinnu við skipasmíðarnar fara yfir á atvinnuleysiskrá verður þessi munur skiljanlega meiri. Þá fá menn tölur á bilinu 11–14% og jafnvel upp í 17% sem það má muna innlendum tilboðum í hag og er samt efnahagslega skynsamlegt fyrir ríki og sveitarfélög og aðra viðkomandi aðila að taka hinum innlendu tilboðum. Af þessu sést að verðmismunur vegna vaxtaniðurgreiðslna sem er e.t.v. á bilinu 50–70 millj. kr. í smíðasamningi á verksmiðjutogara sem kostar 1.200 millj. er hverfandi kostnaður. Það sparar verulegar fjárhæðir, útkoman er jákvæð svo nemur tugum ef ekki hundruðum milljóna beint fyrir ríki og sveitarfélög að leggja þann mismun fram svo ekki sé

talað um allt annað sem slíkum málum tengist.

Ég tek þetta sem dæmi vegna þess að ég tel að í aumingjaskap íslenskra stjórnvalda gagnvart ástandinu í skipasmíðaiðnaðinum endurspeglist kannski hvað best hversu hroðalega sofandi við Íslendingar erum og höfum verið í þessum efnum. Það er algjör aumingjaskapur að hafa tapað þeim hundruðum starfa út úr íslenska skipasmíðaiðnaðinum á undanförnum árum sem við höfum gert þegar það er skoðað í réttu ljósi að í raun og veru er þar um beint efnahagslegt tap þjóðarbúsins að ræða.

Ég vil, hæstv. forseti, taka undir þessa tillögu, bæði vegna þeirra þörfu aðgerða sem hún gerir ráð fyrir hvað snertir rannsóknir og upplýsingaöflun á þessu sviði og líka vegna þess að það gæti orðið og verður vonandi, ef menn manna sig upp, grundvöllur að því að gera átak í baráttunni gegn atvinnuleysinu.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Við fyrstu sýn, þegar ég leit yfir þessa þáltill. um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, fannst mér að hún væri meingölluð. Ástæðan er sú að þegar menn eru að taka slík vandamál sem atvinnuleysi eða annað slíkt til umfjöllunar, athugunar og rannsóknar þurfa þeir auðvitað alltaf að gera sér grein fyrir hver er orsök vandans. Þál. gerði einfaldlega bara ráð fyrir að fram færu rannsóknir á afleiðingum atvinnuleysisins. En þegar betur er að gáð sé ég að flm. hafa verið framsýnir vegna þess að orsök atvinnuleysisins er auðvitað alveg klár. Það er stjórnarstefna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Þær niðurstöður og þá staðreynd þarf auðvitað ekkert að rannsaka. Það eru afleiðingarnar sem af atvinnuleysinu munu hljótast sem eru rannsóknarinnar verðar.

Þessi stjórnarstefna mun auðvitað setja og hefur nú þegar sett dökkan blett á sögu þjóðarinnar, ekki síst þegar afleiðingarnar af atvinnuleysinu liggja fyrir og niðurstöður þessara rannsókna birtast. Þá mun sá blettur í sögunni verða enn þá dekkri en menn gera sér nokkurn tímann grein fyrir.

Auðvitað er það ljóst að niðurstaðan af þessum rannsóknum, án þess að hægt sé að gefa sér hana fyrir fram, mun verða með svipuðum hætti og þekktar afleiðingar eru hjá öðrum þjóðum. Við höfum strax orðið vör við þetta í okkar litla samfélagi. Aukin glæpatíðni, fíkniefnasala, líkamsárásir og þannig mætti lengi telja allar þær skelfilegu afleiðingar sem við þekkjum eru hér farnar að sjá dagsins ljós.

Ríkisstjórnin státar mjög af því um þessar mundir að hér ríki jafnvægi í efnahagsmálum. Verðbólga sé lítil, mælist nú hvert missirið á fætur öðru 0,0%, hér ríkir algjör kyrrstaða í atvinnulífinu, samdráttur er í innflutningi. Þetta telur ríkisstjórnin jákvætt og glögg merki þess að hér sé mikill stöðugleiki og jafnvægi ríki. Staðreyndin er hins vegar sú að það er auðvitað ekkert jafnvægi ríkjandi í efnahagslífi þar sem fleiri þúsund manns eru skráð atvinnulaus, á bilinu 4–5 þúsund. Því er spáð að atvinnuleysistölur nálgist 5–6% á næsta ári. Það má því miklu frekar segja að hér ríki ógnarjafnvægi þegar á fimmta þúsund manns eru atvinnulaus. Menn þora ekki lengur að leita eftir kjarabótum af þeirri ástæðu að þá sé yfirvofandi að menn missi atvinnuna. Við slíkar kringumstæður er náttúrlega miklu nær að tala um ógnarjafnvægi sem ríki í efnahagslífinu en eitthvert jafnvægi vegna þess að atvinnulíf og efnahagslíf sem býr við þetta mikla atvinnuleysi er alls ekki í jafnvægi.

Stjórnarstefna þessarar ríkisstjórnar í atvinnumálum hefur verið kennd við gjaldþrotaleiðina. Hins vegar hafa höfundar gjaldþrotaleiðarinnar, sem er atvinnustefna ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og hæstv utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson, fundið út það snjallræði að með því að koma 20–25% af fyrirtækjum í sjávarútvegi á hausinn sé hægt að bæta rekstrarafkomu fyrirtækjanna um 4–5%. Hvað segja slíkar hugsanir og slíkar hugmyndir? Hvernig ætla menn í raun og veru að koma þessu í kring? Jú, þetta væri hægt með stalínískum vinnubrögðum þannig að þessir tveir bræður, Viðeyjarbræðurnir sem nefndir hafa verið, tækju öll illa stödd sjávarútvegsfyrirtæki í landinu og mundu ákveða hver þessara fyrirtækja yrði gjaldþrota og hver skyldu lifa. Þannig yrði ákveðið að koma 20–25% af fyrirtækjunum í sjávarútvegi í gjaldþrot og staða sjávarútvegsins mundi batna um 4–5%. Þetta er auðvitað ekki hægt nema með einhverjum slíkum aðferðum, þ.e. að með handafli skuli fyrirtæki sett á hausinn og þannig ákveðið hver skuli deyja og hver skuli lifa. Við þekkjum það af reynslunni að kvóti fyrirtækja í sjávarútvegi sem hafa orðið gjaldþrota hefur ekki flust yfir til fyrirtækja sem eftir standa. Dæmi um þetta eru Ólafsvík, Ísafjörður og fleiri staðir um allt land. Það er alltaf tilhneiging og eðlilegir tilburðir hjá mönnum sem eru á stöðunum að koma aftur á fót fyrirtækjum á svæðunum þannig að kvótinn haldist innan svæðisins til þess að skapa framleiðsluverðmæti og halda atvinnu á viðkomandi svæði. Sú gjaldþrotaleið sem ríkisstjórnin vill fara er algerlega óraunhæf og lýsir í raun og v[illegum] ákaflegum þekkingarskorti manna sem tala þannig að hægt sé að hagræða með þessum hætti í undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar.

Sagan segir okkur að í þeim fyrirtækjum og á þeim svæðum þar sem gjaldþrotin hafa átt sér stað hafa menn reynt að byggja fyrirtækin upp aftur. Sjóðir, bankar og einstaklingar hafa orðið fyrir verulegu tapi og þurft að afskrifa sínar skuldir sem hefur leitt til þess að vextir í landinu hafa hækkað. Um leið og þeir hafa hækkað hefur rekstrarafkoma þeirra fyrirtækja sem þó hafa lifað af orðið verri en áður. Þetta er því vítahringur sem menn eru að lenda í.

Það hefur komið fram við þessa umræðu að mesta niðurlæging fyrir nokkurn einstakling er einmitt það að hafa ekki atvinnu, að fullfrískt fólk geti ekki gengið til þeirra verka sem það er vant að ganga til. Nú eru um 4 þúsund manns a.m.k. á skrá Atvinnuleysistryggingasjóðs og fá þaðan atvinnuleysisbætur. Fari atvinnuleysið upp 6% má búast við því að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs muni verða á næsta ári í kringum 4 milljarðar eða á fimmta milljarð króna. Á skrá hjá sjóðnum er fullt af vel menntuðu fólki sem hefur góða þekkingu á atvinnulífinu og hefur unnið lengi. Það

kom fram í umræðum sl. fimmtudag um fyrirspurn hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur að verulegir fjármunir eru ekki innheimtir í virðisaukaskatti. Þar er verulegt undanskot. Væri ekki rétt að virkja þennan hóp fólks sem er á skrá Atvinnuleysistryggingasjóðs og nýtur atvinnuleysisbóta einmitt til þess að fara út í fyrirtækin undir stjórn og eftirliti skattrannsóknastjóra og ná þannig í verulegum fjármuni hjá þeim sem skjóta undan skatti?

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Það er orðið allangt síðan ég bað um orðið í þessari umræðu og verður að segjast eins og er að samfellan í henni er farin að rofna nokkuð og kannski til lítils að halda þessu mikið áfram því að mér sýnist á þingsalnum að áhuginn sé farinn að dofna heldur á þessu máli sem allir segja þó að sé kannski eitt það mikilvægasta sem við tölum um á þinginu, þ.e. atvinnuleysið og ástandið í atvinnumálum í landinu.

Það er flutt hér till. til þál. um að kanna áhrif atvinnuleysis á ýmsum sviðum. Ég lít svo á að þetta sé ekki síst félagsleg úttekt á því hvernig atvinnuleysið kemur niður. Það er kunnara en frá þurfi að segja að sveiflur í efnahagsástandi hafa áhrif á öðrum sviðum þjóðlífsins. Þær hafa sveifluáhrif þar líka. Ég ætla bara að nefna það því ég sat í Félagsmálaráði Reykjavíkurborgar á árunum 1985–1988 og var að skoða tölur í ársskýrslum Félagsmálastofnunar. Þar kom fram t.d. ef við tökum árið 1983–1984, sem við getum kallað árið þegar leiftursóknin gegn lífskjörunum var gerð og kjörin voru skert um 30%, að það ár höfðu aldrei verið fleiri barnaverndarmál til meðhöndlunar hjá Reykjavíkurborg ef miðað er við árin á undan. Það var toppur í barnaverndarmálum í kjölfar þeirrar kjaraskerðingar sem þá var. Það sama, ef ég man rétt, gerðist líka í Kvennaathvarfinu í Reykjavík. Það varð aukin ásókn í Kvennaathvarfið í kjölfar þessarar 30% kjaraskerðingar sem þá var gerð. Svo sá ég um daginn úttekt þar sem var verið að fjalla um 6, 7 og 8 ára gömul börn í Reykjavík og hvort þau hugsuðu um sig sjálf eða hvar þau væru yfir daginn. Þá sá ég þá athyglisverðu staðreynd að 1987, þensluárið, skattlausa árið þegar vinnugleðin var sem mest og menn gerðu hvað þeir gátu til þess að afla tekna höfðu kannski aldrei fleiri börn verið á eigin vegum. Þegar vinnugleðin var sem mest og fólk gerði sem mest í því að afla sér tekna voru flest börn sem þurftu að sjá um sig sjálf. Þessar sveiflur, hvort sem þær koma fram í óhófi eða örbirgð, hafa mjög mikil áhrif á líf fólks í landinu. Þess vegna er ákveðinn stöðugleiki í efnahagsmálum mjög mikilvægur því að hann elur af sér stöðugleika á svo mörgum öðrum sviðum. Ég held að það sé öllum ljóst sem eru að tala um mikilvægi þess að varðveita stöðugleikann.

En við erum hér að tala um atvinnuleysi og það er nýtt fyrirbæri hjá okkur og sérstaklega hjá minni kynslóð sem aldrei hefur þekkt þetta fyrirbæri og veit ekki annað en að fólk geti fengið vinnu ef það óskar eftir henni. Allt í einu stendur það andspænis því að það er enga vinnu að fá á sumum sviðum. Þetta er nýtt hjá okkur en þetta er þekkt og viðvarandi fyrirbæri úti í Evrópu þar sem atvinnuleysi hefur um langt árabil verið um 10%. Ef við tökum lönd eins og Ítalíu og Spán og stöðu ungs fólks þar og sérstaklega ungra kvenna berast okkur hrikalegar tölur frá þessum löndum. Þar er atvinnuleysi meðal kvenna undir 25 ára aldri tæp 40% þannig að tæpur helmingur ungra kvenna á engan möguleika á að komast í störf. Í þessum löndum er atvinnuleysi 11–16% að meðaltali hjá öðrum. Það er alveg ljóst að atvinnuleysi kemur mjög illa við konur og ekki síst ungar konur sem eru að koma út á vinnumarkaðinn.

Í því sambandi langar mig til þess að nefna ástandið á Suðurnesjum vegna þess að atvinnuleysið hjá konum á Suðurnesjum er að verða á evrópskan mælikvarða. Það er að verða 10% og er búið að vera það um nokkurt skeið. Það stakk mig hins vegar — ég verð að játa það — dálítið ónotalega að þegar það gerðist á Suðurnesjum að Íslenskir aðalverktakar sögðu upp 100 karlmönnum, sem auðvitað er mjög alvarlegt mál, fóru allir forustumenn stjórnmálaflokkanna um Suðurnesin og héldu fundi til þess að ræða við menn og athuga hvort ekki væri hægt að gera eitthvað í þeim málum, en atvinnuleysið hjá konum þar hafði verið langvarandi án þess að sæist að menn tækju það mjög alvarlega. Það er því ekki sama hver á í hlut. Það er greinilega enn þá litið svo á að karlmenn séu aðalfyrirvinnur heimilanna og það sé alvarlegra mál þegar karlmenn missa vinnu en konur. Staðreyndin er sú að konur eru jafnmiklar fyrirvinnur og karlar í íslensku samfélagi í dag.

Þegar kemur að því að skapa vinnu fyrir fólk er ekki sama til hvaða ráða er gripið. Ég hef séð hér þáltill., sem er góðra gjalda verð, um breikkun Reykjanesbrautar sem á að vera atvinnusköpun fyrir fólk á Suðurnesjum en hver fær vinnu við að breikka Reykjanesbraut? Ekki konurnar sem eru atvinnulausar á Suðurnesjum heldur karlarnir. Það er líka mjög algilt ráð að grípa til byggingarframkvæmda. Hver fær vinnu við byggingarframkvæmdir? Það eru yfirleitt ekki konur. Það er auðvitað hægt að hugsa sér að setja einhverja kvóta á þá hluti en reynslan segir okkur að konur fá ekki vinnu við slík störf. Það sem skiptir máli fyrir konur og atvinnusköpun fyrir konur eru langtímaverkefni, að jafnt og þétt sé byggt upp og sköpuð störf með langtímamarkmið í huga.

Þegar við tölum um hinar almennu ástæður fyrir atvinnuleysinu, bæði hér á landi og í Evrópu, eru fyrir því almennar alþjóðlegar ástæður. Það sem við sjáum núna og er dálítið alvarlegt er að það er ekki bara ein skrúfa laus í hinu vestræna hagkerfi heldur er almennt og margháttað bilerí í þessu maskínerí öllu saman. Það er það sem við sjáum í Vestur-Evrópu og er alvarlegt og gerir mann auðvitað óttasleginn.

Alls staðar í Evrópu eru háir vextir. Þessir háu vextir valda því að menn halda að sér höndum. Það er ekki mikil fjárfesting eða framkvæmdir í gangi, verðbólga er lítil og alls staðar er stuðlað að því að draga saman í opinberri þjónustu og framkvæmdum. Allt þetta veldur því svo að ekki er vöxtur í þessu kerfi. Þess

vegna sér maður ekki beinlínis í hverju atvinnusköpunin á að vera fólgin. Verði síðan viðskiptastríð á milli Bandaríkjanna og Evrópu er það náttúrlega eins og olía á eld.

En það eru líka sérstakar ástæður fyrir atvinnuleysinu. T.d. eru sérstakar ástæður hér á landi og nægir í því sambandi að nefna offjárfestingu í sjávarútveginum og samdrátt í afla, sem ekki er hægt annað en horfa á. Það er líka mikil skuldasöfnun fyrirtækja og opinberra aðila og svo almennt fyrirhyggjuleysi sem hefur verið til margra ára og kemur m.a. fram í því að engin rækt hefur verið lögð við rannsóknir og nýsköpun, við langtímahugsun í atvinnusköpun. Þegar við komum að þeim málum eiga mjög margir sök. Ég get ekki staðið hér og sagt að það sé allt einhverjum davíðisma að kenna. Ég get ekki gert það. Þetta er mál sem á sér djúpar rætur og er uppsafnaður vandi sem margir eiga sök á. Það er alveg fráleitt að skella skuldinni á einhvern einn aðila eða eina ríkisstjórn í því sambandi. Margir hafa komið hér að verki og margir eru ábyrgir fyrir þeirri offjárfestingu sem hefur átt sér stað í sjávarútvegi. Það mætti telja saman marga aðila sem hafa komið þar nálægt og lagt hönd á það verk.

Hins vegar eru leiðir út úr vandanum í öllum þessum málum og atvinnuleysinu og atvinnusköpunin er á ábyrgð núv. ríkisstjórnar. Það er hægt að gagnrýna núv. ríkisstjórn fyrir að benda ekki á neinar leiðir. Þær leiðir sem hægt er að fara láta á sér standa. Líka er ástæða til þess að óttast kreddurnar sem ríkja á ríkisstjórnarbænum. Þeir tala ævinlega um að skapa skilyrði fyrir fyrirtækin og treysta því að þar með leysist atvinnuleysisvandinn. En það er bara ekki nóg. Þetta hefur verið reynt í Evrópu í tíu ár með engum árangri. Það þarf að beita ríkisvaldinu markvisst í þessu máli til þess að skapa atvinnu.

Ég vil vara við því, eins og fleiri sem hér hafa talað, að menn haldi sífellt áfram að elta það mýraljós sem álverið er og renna sér út á Keflavíkurflugvöll með rauðan dregil til þess að heilsa upp á einhverja álfursta í hvert skipti sem þeir millilenda hér. Það er margt annað hægt að gera og ég vil í því sambandi nefna t.d. prentiðnaðinn okkar. Við stöndum með 4% atvinnuleysi í prentiðnaðinum núna yfir háannatímann. Hvernig verður þetta eftir jól, sérstaklega ef menn ætla að leggja á virðisaukaskatt og flæma prentverkið úr landi með þeim hætti?

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í framhaldi af ágætri ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar og þeirri ábendingu sem hún kom á framfæri um umfjöllun fjölmiðla og þingmanna um uppsagnir karlmanna á Suðurnesjum þykir mér rétt að minna á að á síðasta þingi var lögð fram þáltill. um atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum af hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson. Ég hygg að engin þáltill. hafi fengið eins mikla umfjöllun í þinginu og hún. Þingmenn almennt tóku mjög mikinn þátt í þeirri umræðu og vildu nokkuð á sig leggja til að koma með úrbætur í þeim efnum. Það var nokkuð vel frá þessari umræðu greint í fjölmiðlum og ég hygg að hún hafi fengið þá umfjöllun sem hún verðskuldaði. Hins vegar má segja að það hafi strandað á aðgerðum, úrbætum, og þar er við stjórnvöld að sakast en ekki þingheim.

Ég vil líka minna á vegna þess sem fram kom í ræðu hv. þm. og fleiri í þjóðfélaginu þessa dagana og mánuðina þar sem er tíska að tala um offjárfestinguna í sjávarútvegi að það er verulega orðum aukið að hamra svo á því sem raun ber vitni. Ég minni á að fjárfesting í sjávarútvegi er innan við 9% af þjóðarauðnum og ég minni líka á að fjárfesting í sjávarútvegi undanfarin ár hefur ekki verið nema brotabrot af heildarfjárfestingu landsmanna, eða um 4–5 milljarðar á ári af um 70 milljarða kr. fjárfestingu árlega. Uppbygging í sjávarútvegi um land allt miðaðist auðvitað við þá veiði sem menn höfðu á þeim árum og árunum á undan. Það er því ekki sanngjarnt að saka atvinnugreinina í heild um mikla offjárfestingu í ljósi þess að stofnanir hafa minnkað. Það skapar sérstakt vandamál sem verður að bregðast við en ég held að menn verði að draga úr þessari áherslu sem verið hefur á offjárfestingu í sjávarútvegi.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er vissulega rétt hjá þeim sem talaði áðan að á síðasta þingi var flutt þáltill. af fulltrúa Kvennalistans um atvinnumál kvenna á Suðurnesjum og varð löng umræða um þetta mál á þingi. Ég held að hún hafi meira að segja staðið í nokkra daga. En ég ætla að benda hv. þm. á að lesa þá umræðu því ég held að það hafi nánast verið undantekning að menn hafi talað um atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum í þeirri umræðu. Menn fóru vítt og breitt um landið allt og miðin og ræddu ótrúlegustu mál undir þessum lið og komu mjög lítið nálægt atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum. Það voru fleiri en einn og fleiri en tveir þingmenn sem bentu einmitt á þetta í umræðunni á þessum tíma.

Hvað varðar offjárfestinguna í sjávarútvegi, þá má öllum ljóst vera að þar hefur verið fjárfest of mikið. Við erum með miklu stærri fiskiskipaflota en við þurfum til þess að sækja þann fisk sem við getum veitt á miðunum. Við erum með miklu fleiri hús en við þurfum í rauninni til þess að vinna aflann. Ég held að öllum sé ljóst að það verður að taka á þeim vanda.

Það sem maður horfir á núna er að ríkisstjórnin og þeir menn sem þar ráða málum eru að koma til almennings í landinu og biðja hann að taka á sig gífurlegar álögur, en hvernig ætla þeir að leysa þennan vanda? Hvernig ætla þeir að koma málum þannig fyrir að ekki verði komið aftur eftir nokkur ár og fólk beðið að leysa ákvæmlega sama vandann. Það var gert 1983, það var gert 1988 og nú á að gera það eina ferðina enn. Á svo að koma aftur eftir nokkur ár og biðja fólk að taka á sig einu sinni enn álögur til þess að leysa vanda sem aldrei er tekið á?

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega verður umframafkastageta þegar aðalfiskstofn okkar minnkar svo að við megum veiða mun minna en verið hefur áratugi þar á

undan en uppbygging hefur miðast við það veiðiþol. Því er ekki mótmælt. Ég er að mótmæla þeim fullyrðingum að á undanförnum áratugum, t.d. tveimur síðustu áratugum, hafi verið mikil offjárfesting í sjávarútvegi og uppbygging um land allt á frystihúsum og fiskiskipum. Það tel ég verulega orðum aukið. Ég bendi mönnum á að skoða hagtölur síðustu ára um fjárfestingu. Fjárfesting t.d. á höfuðborgarsvæðinu í veitingahúsum, gistihúsum og því um líku og í verslunarhúsnæði hefur verið meiri en í sjávarútvegi. Þar liggur verulega stór hluti af okkar fjárfestingarvandamálum. Ég bendi á að fjárfesting í íbúðarhúsnæði er um 12–15 milljarðar kr. á hverju ári eða um þrisvar sinnum meira en menn eru að fjárfesta í sjávarútvegi.

Við verðum að horfa á fjárfestinguna í heild og reyna að stýra henni eftir því sem tök eru á, en ég held að menn hafi fengið of mikið á heilann að fjárfesting í sjávarútvegi sé vandamálið.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég stend nú í ræðustóli öðru sinni við þessa umræðu þar sem mér tókst ekki að ljúka því sem ég vildi segja í fyrri hluta umræðunnar. Eins og fram kom í máli mínu þá er aðalatriðið í þessu mikla vandamáli sem við stöndum frammi fyrir, þ.e. atvinnuleysinu sem því miður virðist fara stöðugt vaxandi, hvernig menn bregðast við. Hvað er til ráða? hljótum við að spyrja. Hvaða tillögur hafa menn til þess að leysa þennan vanda? Á landsfundi Kvennalistans, sem haldinn var um síðustu mánaðamót, voru settar fram nokkrar tillögur til úrbóta í atvinnumálum sem mig langar til að kynna hér. Það er síður en svo að hugmyndir skorti eða að ekki sé nóg af verkefnum en það er viljann sem vantar.

Við leggjum til að samfélagsþjónusta verði aukin við börn, aldraða og fatlaða vegna þess að aukin þjónusta við einstaklinga er ekki síður arðbær en t.d. vegavinna. Við leggjum til að hér hefjist bygging barnaheimila og félagslegra þjónustuíbúða fyrir aldraða sem er mjög hagkvæmt núna vegna lækkandi byggingarkostnaðar. Það þarf að endurskoða lög um Lánasjóð ísl. námsmanna í ljósi efnahagskreppunnar svo fleira fólk eigi kost á að velja milli atvinnuleysis og menntunar. Við bendum á að það er nauðsynlegt að semja um styttingu vinnutímans til að draga úr fjöldauppsögnum, m.a. vegna þess að erlendar rannsóknir sýna að konur eru fyrstar til að missa vinnuna þegar kreppir að í atvinnumálum og síðastar til að fá vinnu aftur. Með því að stytta vinnutímann má veita fleirum vinnu. Það þarf að stórefla rannsóknir og þróunarstarfsemi til að tryggja næga atvinnu fyrir komandi kynslóðir og til að draga úr landflótta, ekki síst menntafólks. Það þarf að byggja upp víðtækt endurmenntunarkerfi svo fólk geti tileinkað sér nýjustu tækni og verkþekkingu eins og best gerist í samkeppnislöndum okkar. Það þarf að breyta lögunum um atvinnuleysistryggingar þannig að atvinnuleysisbætur falli ekki niður eftir að fólk hefur verið atvinnulaust í heilt ár. Eins og þingmenn vita missa menn þá atvinnuleysisbætur og fá engar bætur í 16 vikur. Það þarf að efla atvinnuþróunarfélög svo þau geti unnið markvisst að atvinnumálum einstakra byggðarlaga á grundvelli langtímamarkmiða. Atvinnuþróunarfélög eiga að beita sér fyrir frumathugunum á nýjum atvinnumöguleikum ásamt því að veita einstaklingum og fyrirtækjum markaðs- og rekstrarráðgjöf. Brýnt er að ráðin verði kona sem atvinnumálaráðgjafi í hverju kjördæmi og hún sinni sérstaklega atvinnumálum kvenna. Lækka þarf orkuverð til íslenskra fyrirtækja til að bæta samkeppnisstöðu þeirra. Lækka þarf vexti lánastofnana og beina auknu fé í ferðaþjónustuna sem er einhver helsti vaxtarbroddur okkar atvinnulífs. Fjöldi erlendra ferðamanna hefur rúmlega tvöfaldast á einum áratug. Ársverk eru nú talin um 6.000 eða 4,8% af vinnuaflinu. Ferðamálaráð telur unnt að skapa 2.200 ný ársverk á næstu átta árum án mikillar fjárfestingar. Þar þarf auðvitað mikil vinna og skipulagning að koma til. Efla þarf rannsóknir á atvinnuskapandi möguleikum sem felast í visthæfri framleiðslu og endurvinnslu. Hvetja þarf fyrirtæki til nýsköpunar á því sviði því markaður fyrir visthæfar vörur stækkar stöðugt bæði hér og erlendis. Stjórnvöld ættu að vera stefnumótandi og leita eftir samstarfi við atvinnulífið með því að styrkja fyrirtæki sem áhuga hafa á að starfa áð visthæfri framleiðslu á einn eða annan hátt. Í síðasta lagi, segir í tillögum Kvennalistans, er á tímum vaxandi atvinnuleysis áríðandi að efla frumkvæði og efnahagslegt sjálfstæði kvenna varðandi eigin atvinnusköpun. Nauðsynlegt er að stjórnvöld styðji stofnun lánatryggingasjóðs kvenna sem veiti þeim aðgang að ráðgjöf og fjármagni.

Virðulegi forseti. Eins og þessar tillögur bera með sér skoðum við að sjálfsögðu atvinnuvanda kvenna sérstaklega enda eru fleiri konur atvinnulausar en karlar og eitt brýnasta verkefni okkar þjóðfélags er að taka á atvinnuvanda kvenna. Í þeirri umræðu sem hér fór fram í síðustu viku um þessa tillögu sem við erum að ræða létu ráðherrar ýmis orð falla sem nauðsynlegt er að svara. Það er vinsælt í þeirra máli að horfa annars vegar til Svíþjóðar þar sem gripið var til efnahagsaðgerða og menn bera Ísland og Svíþjóð saman eins og enginn munur sé þar á. Á hinn bóginn eru svo Færeyjar þar sem allt er í kalda koli og það virðist um þetta tvennt að velja, Svíþjóðarleiðina eða leið Færeyja. Sannleikurinn er nú sá að Ísland og Svíþjóð eru alls ekki sambærileg. Menn verða að horfa á að þegar Svíar treysta sér til að skera niður í sínu velferðarkerfi er það nú einfaldlega vegna þess að það er miklu umfangsmeira en það kerfi sem við búum við.

Hæstv. fjmrh. nefndi það á fundi á laugardaginn, þar sem konur voru saman komnar, að til greina kæmi að stytta fæðingarorlof og hækka greiðslurnar, greiðslurnar mundu þá þjappast saman á styttri tíma og vísaði þar til þess sem gert var í Svíþjóð. Sannleikurinn er hins vegar sá að fæðingarorlof í Svíþjóð hefur verið helmingi lengra en hér. Ég vara því við því að menn séu að bera saman þessi kerfi og gefa sér það að hægt sé að ná miklum peningum út úr íslenska velferðarkerfinu. Við kvennalistakonur höfum bent á ýmsar betri leiðir til þess og þar er ekki síst að nefna fyrir-

byggjandi aðgerðir í heilbrigðiskerfinu sem verulega gætu eflt sparnað.

Ráðherrarnir horfa mjög til Norðurlandanna og bera saman þann efnahagsvanda sem þar er og þann vanda sem við eigum við að glíma. Auðvitað erum við öll háð utanaðkomandi áhrifum og efnahagsþróun í heiminum en okkar vandi er þó miklu frekar heimatilbúinn en það sem riðið hefur yfir Norðurlönd og þá ekki síst Finna sem hafa orðið fyrir miklum skakkaföllum vegna hrunsins í fyrrverandi ríkjum Sovétríkjanna. Það sem hér hefur verið að gerast er einfaldlega það að við höfum horft upp á atvinnuástandið versna mánuð eftir mánuð án þess að ríkisstjórnin hafi gripið til nokkurra aðgerða. Hún situr enn með hendur í skauti. Segist reyndar eiga tillögur í skúffunni. Þetta getur ekki gengið svona lengur. Þeir sem nú sitja á ríkisstjórnarstólunum trúa því að markaðurinn muni jafna þetta þótt mönnum sé að takast að þvinga þá til einhverra aðgerða. Við bíðum enn til að sjá hverjar þær verða. Svona getur þetta ekki gengið. Hér verður að grípa til atvinnusköpunar. Það verður að koma í veg fyrir að atvinnuleysi verði meira en það er nú.

Útbýting þingskjals:
Lífeyrissjóður sjómanna, 231. mál, stjfrv., þskj. 288.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):
Virðulegi forseti. Það er ástæða til að taka undir meginefni þeirrar tillögu sem hér er til umræðu. Ég tek undir það að brýnt er að gera könnun á högum atvinnulausra. Tillagan er mjög viðamikil að mínu mati. Hún felur í sér rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis. Slík könnun sem hér er lögð til að fram fari tel ég að sé sambærileg við könnun sem fram fór í Danmörku fyrir nokkrum árum. Það var mjög umfangsmikil könnun sem tók mörg ár að vinna og niðurstaðan varð margar skýrslur. Mér skilst að þær samsvari þremur bókaígildum.

Ég tel ástæðu til að gerð verði könnun sem taki styttri tíma og taki kannski til færri þátta en hér er lagt til þó ég leggist á engan hátt gegn því að svo umfangsmikil könnun fari fram. Ég hef átt samtöl við Landssamtök atvinnulausra sem hafa leitað til mín og farið fram á að þeir fái aðstoð til að gerð verði könnun á þeim aðstæðum sem atvinnulausir búa við sem gefi óvefengjanlega niðurstöðu sem unnt sé að byggja frekari aðgerðir á, m.a. ákvarðanir um aðstoð. Ég hef skoðað þessa ósk Landssamtaka atvinnulausra í samráði við Félagsvísindastofnun og Hagstofuna með það í huga hvernig best verði að standa að slíkri könnun. Ég hef fallist á að aðstoða þá við að slík könnun geti farið fram.

Hagstofan hefur staðið í eitt ár fyrir nokkuð umfangsmikilli könnun. Úrtakið er um 4.000 manns á aldrinum 16–75 ára sem gefa miklu meiri upplýsingar en hægt er að sjá úr þessum heiðbundnu skráningum sem gerðar eru hjá vinnumálaskrifstofunni. Út úr þessum könnunum sem Hagstofan hefur gert er hægt að greina atvinnuleysi eftir kyni, aldri, hjúskaparstétt, búsetu, menntun, fyrri störfum, lengd atvinnuleysis og fleiri þáttum. Þessar kannanir, sem gerðar hafa verið þrisvar, fjórða könnunin er á leiðinni, eru byggðar á spurningum í samræmi við vinnumarkaðskönnun hagstofu Evrópubandalagsins. Þessi könnun gefur mynd af atvinnuleysi þeirra sem ekki láta skrá sig atvinnulausa. Ég greindi frá því í fyrirspurnatíma fyrir nokkrum dögum eða vikum síðan að niðurstöður þessara þriggja kannana sem gerðar hafa verið sýndu ekki mjög mikinn mun að því er varðar hina heiðbundnu atvinnuleysisskráningu og þessa úrtakskönnun. Því hefur verið haldið fram í fjölmiðlum að dulið atvinnuleysi sé mikið hjá þeim sem ekki hafa atvinnuleysisbætur og láta ekki skrá sig. Niðurstöður þessara kannana sýna að í apríl 1991 var atvinnuleysi samkvæmt þessari úrtakskönnun 1,8% en 1,4% samkvæmt atvinnuleysisskráningunni. Í annarri könnun sem var gerð í nóvember 1991 var atvinnuleysi 2,7% en var 1,6% samkvæmt atvinnuleysisskráningunni. Í þriðju könnuninni í apríl 1992 munaði nær engu á þessum tveimur aðferðum. Fjórða könnunin er nú að fara af stað. Niðurstaða úr henni er væntanleg innan hálfs mánaðar. Ég tel að tvennt þyrfti að koma til í framhaldi af henni. Það er að Félagsvísindastofnun gerði þá könnun sem Landssamtök atvinnulausra er að fara fram á. Eftir að við höfum skoðað þetta sameiginlega með Félagsvísindastofnun og Hagstofunni teljum við réttast að þessi könnun, sem yrði þá könnun á aðstæðum atvinnulausra, næði til allra sem eru á atvinnuleysisskrá. Hér er yrði um töluvert viðamikla könnun að ræða sem ég tel að svara mundi nokkrum af þeim spurningum sem lagt er til að leitað verði svara við, sérstaklega um áhrif atvinnuleysis á einstaklinga og fjölskyldur. Ég vænti þess að slík könnun þurfi ekki að taka langan tíma og er ég að láta athuga það.

Einnig tel ég að Hagstofan ætti í framhaldi niðurstöðu sinnar könnunar að láta gera framhaldskönnun hjá þeim í úrtakinu sem ekki eru á atvinnuleysisskrá og hafa ekki atvinnuleysisbætur. Þetta vildi ég að fram kæmi í þessari umræðu. Um leið tek ég undir það sem hér hefur komið fram hjá nokkrum þeirra sem hafa talað að það er nauðsynlegt að skoða stöðu þeirra sem fá ekki atvinnuleysisbætur og tryggja þeim rétt. Ég tel að það þurfi að skoða það í alvöru að það eigi ekki að vera skilyrði fyrir atvinnuleysisbótum að vera félagi í stéttarfélagi. Það er auðvitað ljóst að ekki er hægt við það að búa að fjöldi fólks fái ekki atvinnuleysisbætur þegar það býr við atvinnuleysi.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:
Virðulegi forseti. Það sem varð þess valdandi að ég kveð mér hér hljóðs er hluti af ræðu hv. 10. þm. Reykv. áðan. Ég þekki þann hv. þm. ekki að öðru en vönduðum og málefnalegum málflutningi og þess vegna fannst mér skjóta nokkuð skökku við þegar kom að þeim kafla ræðunnar sem fjallaði um fjárfestingar í sjávarútvegi og fjárfestingar almennt. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að ein af ástæðunum fyrir því hvernig komið er fyrir okkar atvinnulífi í dag sé að fjárfestingar í atvinnulífinu allra síðustu árin eru komnar niður fyrir hættumörk. Við getum deilt um það hvað hafi

verið fjárfest fyrr á árum en það hefur nákvæmlega ekkert að gera með þann vanda sem við stöndum frammi fyrir og verðum að leysa núna. Ég vil þó í því sambandi benda á að fjárfestingar í sjávarútvegi, þótt deila megi um einstaka þætti, hafa seinustu tvo áratugina verið þess valdandi að okkur hefur tekist að ná þeim lífskjörum sem við búum við í dag. Það þurfti fjárfestingar til þess að við gætum fylgt eftir útfærslu landhelginnar og sótt hámarksafrakstur til sjávarins. Það var ekki síst nauðsynlegt eftir þær breytingar sem urðu við inngöngu okkar í EFTA sem höfðu þær afleiðingar að iðnaður dróst því miður á mörgum sviðum saman, ekki vegna þess að fríverslunin hafi verið slæm heldur vegna þess að okkur tókst ekki á því sviði að huga nægilega vel að þeirri atvinnugrein.

Ég held að við værum mjög illa stödd í dag ef ekki hefðu verið þær fjárfestingar sem verið hafa í sjávarútvegi á síðustu árum. Það getur vel verið að frystiskipaútgerðin hafi verið að ganga út í öfgar á síðustu mánuðum en guð hjálpi okkur ef við hefðum ekki fengið frystitogara sem náð hafa að hámarka afrakstur af hluta af sjávarfanginu auk þess sem þeir hafa að mínu mati knúið landvinnsluna til breytinga. Þeir ruddu brautirnar fyrir flæðilínurnar þar. Flæðilínurnar eru aftur grundvöllurinn fyrir frekari fullvinnslu þar sem við eigum kannski fyrst og fremst vaxtarbrodd í sjávarútvegi núna. Fjárfestingar verða að eiga sér stað ef við ætlum að fylgjst með og taka þátt í því sem er að gerast í kringum okkur.

Ég hygg að ég hafi á margan hátt átt við mína samvisku og mínar skoðanir hliðstæðar vangaveltur síðustu vikur og mánuði og hv. 10. þm. Reykv. gagnvart Evrópumálunum. Þar er eitt kristaltært í mínum huga. Ef við ætlum að fylgjast með og taka þátt í þeirri þróun sem opinn markaður knýr okkur til verðum við að auka fjárfestingar í atvinnulífi. Við getum velt því fyrir okkur hvar þær eiga sér stað. Við þurfum kannski ekki í sjávarútvegi að fjárfesta mikið í skipum. Við þurfum verulegar fjárfestingar í þróun og markaðsstarfi og þeim tæknibúnaði sem þarf til að sveigja sjávarútveginn yfir á þær brautir sem væntanlega geta gefið okkur mestan arð á næstu árum. Ég get átt viðræðu við hv. þm. á öðrum tíma og öðrum vettvangi um það hvert við erum að fara með þeirri stefnu sem leggur stöðugt áherslu á meiri hagvöxt og hvort við eigum ekki að reyna að nýta okkar auðlindir betur en byggja ekki allt saman á vextinum. Það er alveg sama þótt ég horfi til þeirrar áttar. Sú þróun til umhverfisvænni umsetningar í okkar atvinnuvegi, okkar auðlindum, hlýtur einnig að byggjast á tækniframförum og fjárfestingu. Það er eiginlega sama hvert ég lít, mín niðurstaða er sú að eitt mesta hættumerkið sem við sjáum í okkar þjóðarbúskap í dag er að fjárfestingar í atvinnulífinu eru komnar niður fyrir hættumörk eins og ég sagði hér áðan.

Ég gæti á sömu forsendum og hv. 10. þm. Reykv. gerði hér áðan tekið fyrir annars konar fjárfestingar, í verslunarhúsnæði og öðru slíku. Ég ætla ekki að gera það hér og tel að það þjóni takmörkuðum tilgangi. Ég held að þjóðarsáttarumræðan undanfarið sýni að fleiri og fleiri eru að átta sig á því að við höldum ekki uppi góðum lífskjörum, við höldum ekki uppi öflugu velferðarkerfi öðruvísi en að atvinnulífið sé öflugt og geti staðið undir neyslunni, bæði samneyslunni og einkaneyslunni á hverjum tíma.

Virðulegi forseti. Ég ætla svo að lokum, sem innlegg inn í þessa umræðu, að koma að því að mér finnst það eilítið áhyggjuefni að ekki skuli hafa á síðustu árum komið meira út úr okkar menntakerfi og þeim þó háa menntunarstandard sem við höfum byggt hér upp þegar kemur að nýsköpun í atvinnulífinu. Mér finnst skorta töluvert á að unga menntaða fólkið komi út á vinnumarkaðinn og spyrji: Hvað get ég gert til þess að byggja upp nýjungar í atvinnulífi? Mér finnst því miður miklu algengara að spurningin sé þessi: Hvað getur samfélagið, hvað getur atvinnulífið gert fyrir mig?

Nú er langt frá því að ég sé að sakast við hið unga, vel menntaða fólk í þessu sambandi. Ég er miklu frekar að velta því fyrir mér hvar orsökin liggi. Er hún í eðli þeirrar menntunar sem við bjóðum upp á? Ég hygg að það ráði að einhverju leyti en kannski ræður miklu meira um þetta að við höfum ekki náð að skapa þann grundvöll, skapa þann jarðveg sem þarf til þess að þessi hugsunarháttur sé ráðandi.

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sem hv. 6. þm. Norðurl. e. nefndi áðan varðandi tengsl skóla og atvinnulífs sé fróðlegt til umhugsunar. Ég hygg að skýringin á því liggi fyrst og fremst í því að þó við höfum haldið uppi sæmilegu menntakerfi um langt skeið þá höfum við á sama tíma skorið niður fjármuni til rannsókna. Ég held að tenging skólakerfis við atvinnulíf liggi í gegnum rannsóknir og sú staðreynd að við ákváðum árið 1990 að tvöfalda framlög til rannsókna á tíu ára bili hafi haft það í för með sér að framlög til rannsókna hækkuðu á árinu 1991 um 25% í raunstærðum. Síðan tók við önnur stjórn sem lækkaði framlög til rannsókna verulega, um meira en þessi 25%. Og ef það er eitthvað til í því sem sagt er þegar menn eru að kenna núv. ríkisstjórn um hvernig á þessum málum er haldið þá er það rétt að því er rannsóknirnar varðar. Þar er pottur mjög brotinn, að ekki sé meira sagt og ég tel að það sé í raun og veru alveg grundvallaratriði að menn geri sér grein fyrir því að ef tengja á saman með árangri skóla og atvinnulíf þá verður að stórauka fé til rannsókna.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð eiginlega að þakka fyrir þetta andsvar en samkvæmt eðli andsvara þá hefði ég eiginlega átt að standa upp og verja ríkisstjórnina, en mér er alveg ómögulegt að gera það. Ég get tekið undir mikið af því sem hv. þm. sagði.

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er misskilningur að andsvörin séu hugsuð þannig að menn séu endilega að kastast á deiluefnum. Andsvörin geta líka verið grunnur fyrir jákvæð skoðanaskipti af ýmsu tagi. Þau eru reyndar

hugsuð þannig fyrst og fremst. Það sem kannski villir mönnum sýn í þessum efnum er orðið „andsvar" og ég vona að það verði ekki til þess að draga úr jákvæðum athugasemdum í framtíðinni.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég sé að orð mín um offjárfestingu í sjávarútvegi hafa farið fyrir brjóstið á ýmsum mætum mönnum og það vekur athygli mína að það skuli aðallega hafa verið brjóst núverandi stjórnarandstöðuþingmanna sem hafa hrærst við þessi orð mín. Ég hefði kannski frekar átt að segja: röng fjárfesting í sjávarútvegi. Það hefði e.t.v. verið nær lagi heldur en að einskorða það við offjárfestingu. Ég held, þó ég hafi orðað þetta þannig, þá felist ekki í því nein fullyrðing um að ekki eigi að fjárfesta í atvinnulífinu. Það fólst alls ekki í mínum orðum þó ég væri að gagnrýna offjárfestingu eða rangar fjárfestingar í sjávarútvegi. Ég er alveg sammála hv. 6. þm. Norðurl. e., Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, að fjárfesting í atvinnulífinu almennt er komin niður fyrir hættumörk og það þarf einhvern veginn að reyna að örva þessa fjárfestingu. En hvort hún á að gerast með þeim hætti sem hefur verið undanfarin ár, það hef ég vissulega efasemdir um og ég held að við hljótum að vera sammála um það að við erum með miklu meiri fiskiskipaflota en við þurfum til að sækja þennan fisk sem um er að ræða.

Við þurfum fyrst og fremst að fjárfesta í einhverju sem skapar verðmæti, einhverju sem eykur framleiðni, og það er ekki endilega víst að störfunum fjölgi. Við verðum líka að hafa það í huga. Það er ekki endilega víst að störfunum fjölgi við það vegna þess að alls kyns hagræðing er á döfinni núna sem veldur því að störfunum fjölgar ekki endilega þó að framleiðni aukist.

Ég held að við, ekki bara við á Íslandi heldur í Evrópu og í heiminum öllum, stöndum á ákveðnum tímamótum í atvinnumálum og framleiðsluhættir eru einfaldlega að breytast. Áður var það kannski ekki síst vinnuafl sem skipti máli, þ.e. að hafa aðgang að nægu vinnuafli. Nú orðið er það miklu fremur spurning um að hafa aðgang að tækni og vel menntuðu vinnuafli sem skiptir máli í atvinnulífinu og í verðmætasköpuninni. Og það er að verða æ erfiðara að skapa fleiri störf þó að hægt sé að auka framleiðnina eða auka verðmæti þess sem framleitt er. Þess vegna held ég að vegna þessara tímamóta stöndum við andspænis nýjum viðhorfum, það þarf ný viðhorf í þessum málum til þess að skipta jafnar þeirri vinnu sem fyrir hendi er, ekki bara hér á landi heldur úti í Evrópu. Það verður einfaldlega að skipta vinnunni jafnar og vonandi verður hægt að gera það þannig að fólk missi ekki mikið í tekjum við það.

Mín skoðun er sú að allir eigi siðferðilegan og lagalegan rétt til vinnu. Þeir ættu að eiga lagalegan rétt, þeir eiga siðferðilegan rétt til vinnu og við eigum ekki í neinu samfélagi að komast upp með það að dæma eitthvert fólk úr leik. Dæma það til aðgerðaleysis vegna þess að við höfum ekki störf handa því meðan aðrir vinna talsvert umfram venjulega dagvinnu. Þetta er umræða sem á sér stað úti um alla Evrópu núna. Það þarf einfaldlega breytt viðhorf og ný viðhorf í atvinnumálum og það þarf að skipta þeirri vinnu sem fyrir hendi er jafnar þannig að allir hafi hlutverk í samfélaginu og engir séu dæmdir til atvinnuleysis eða aðgerðaleysis.

Og af því að talað hefur verið um dulið atvinnuleysi þá vil ég fullyrða að dulið atvinnuleysi sé mun meira meðal kvenna en karla. Ef við tökum bara bændakonur um allt land sem eru í rauninni atvinnulausar vegna þess að búin bera ekki nema eitt stöðugildi og laun sem samsvara einu stöðugildi. Þessar konur eru meira og minna atvinnulausar ef við lítum þannig á málin. Það eru líka heimavinnandi konur sem ekki komast út á vinnumarkaðinn vegna þess að þær fá ekki vinnu, þær skrá sig ekki atvinnulausar. Þær hafa verið heima að sinna börnum og þær eiga allt í einu ekki kost á því eins og áður að fara út á vinnumarkaðinn þegar þær óska þess að taka til hendi þar.

Ég held að við stöndum einfaldlega andspænis því að við verðum að draga úr vinnu ákveðinna hópa, ekki síst karla, ákveðinna hópa karla, og það verði að skipta þeirri vinnu jafnar. Ég vil nefna eina atvinnugrein — við skulum bara kalla það atvinnugrein — sem er mjög framleiðin en þar sem er mikill skortur á vinnuafli og nú skulið þið hugsa svolítið hvaða atvinnugrein ég er að tala um — það eru heimilisstörfin. Það er mjög framleiðin starfsemi ef við tölum um hana út frá hagfræðilegum nótum og þar vantar fólk í störf og það á ekki að leysa þau mál þannig að konum sé þrýst inn á heimilin aftur heldur á að skipta vinnunni jafnar þannig að karlar hafi nú loksins raunverulega ástæðu til að fara inn á heimilin og taka þar til hendinni.

Af því að verið var að tala um annars vegar sænsku leiðina versus færeysku leiðina sem einhverjar andstæður þá vil ég nefna að þó að Carl Bildt sé mikill frjálshyggjumaður þá er Svíum ekki alls varnað. Ég er einmitt með grein úr Dagens Nyheter þar sem segir að þeir séu að setja upp nýjan lánasjóð til þess að styrkja lítil fyrirtæki og ætla að setja einn milljarð sænskra króna í þennan sjóð og veita smáfyrirtækjum lán til 15 ára, víkjandi lán, sem eru afborgunarlaus fyrstu árin og með niðurgreiddum vöxtum til þess einmitt að reyna að skapa störf og til þess að nýta frumkvæði fólksins sjálfs sem hefur hugmyndir og vill koma þeim á framfæri. Þetta eru nú Svíarnir að gera þannig að þeim er ekki alls varnað, enda held ég að menn séu að sjá það úti um allan heim að það verður að beita ríkisvaldinu með afgerandi hætti í atvinnumálum. Ég held að menn séu líka að sjá það alls staðar að fara verður varlega í niðurskurð á opinberri þjónustu og opinberum framkvæmdum vegna þess að þegar hið opinbera fer að skera mjög mikið niður þá er mjög mörgum sem finnst þeim vera ógnað. Þeir óttast þennan niðurskurð og þetta skapar ákveðna lömun í samfélaginu sem gerir það að verkum að við fáum ekki fram þetta frumkvæði sem býr í fólkinu sjálfu.

Ég held að það hafi verið utanrrh. sem sagði það um ríkisfjármálin á fyrsta degi umræðunnar að menn

væru með allt niður um sig í ríkisbúskapnum, eins og hann orðaði það. Ég tek það þannig á myndmálinu að það sé augljóst hverjir um halda, og valda þeir er á halda. Og ég ætla bara að vara menn við því að hysja nú ekki svo harkalega upp um sig að það fari alveg rassinn úr buxunum í þessum ríkisfjármálum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við verðum að ræðast hér við, stjórnarandstæðingar. Þeir sitja lítið, stjórnarliðar, undir þessum umræðum. En fyrir það fyrsta, hv. 10. þm. Reykv., þá fór ræða hv. þm. ekkert sérstaklega fyrir brjóstið á mér en málið er bara það að ég hef staðið óbeint í sjávarútvegsrekstri nú um áratug þannig að ég tel mig þekkja orðið sæmilega vel til mála. Við getum rökrætt það varðandi fiskiskipastólinn sem slíkan hvort hann sé of stór eða ekki. Það er matsatriði í dag. Hvar er hann of stór? Það vantar skip til síldveiða og til loðnuveiða. Við þurfum á hverjum einasta dalli að halda til að ná þorskkvótanum. Við höfum verið að fara með hluta af skipastólnum yfir í stóraukna sókn á rækju sem hefur orðið til þess að halda uppi umfanginu í sjávarútveginum núna allra síðustu árin. Við eigum núna varla skip afgangs til að þreifa fyrir okkur með þær nýjungar sem verið er að tala um í útsjávarveiðum þannig að þetta er mikið matsatriði á hverjum tíma. En svo getum við aftur velt því fyrir okkur hvort við megum beita flotanum eins þungt og við gerum núna til að mynda á þorskinn. (**Gripið fram í:** Það er óheft sókn í þorskinn.) Það er rétt, það er óheft sókn á þorskinn vegna þess að menn þurfa á hverri fleytu að halda til þess að ná aflanum.

Ég get alveg tekið undir með hv. þm. þegar hann ræddi um að við þurfum að beita orðið allt annarri hugmyndafræði gagnvart því hvernig á að skipta vinnunni því það er alveg rétt og einnig það sem ég nefndi hér í ræðu minni áðan varðandi tæknivæðingu í sjávarútveginum til að skapa þar meiri arð. Ég sé ekki að það þýði fleiri störf þannig að ég get alveg tekið undir það sömuleiðis þar sem þingmaðurinn nefndi varðandi atvinnustöðu bændakvenna og kannski ekki síst varðandi heimilisstörfin.

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir þá ágætu umræðu sem fram hefur farið hér á tveimur fundum um rannsóknir á afleiðingum atvinnuleysis. Það eru um 20 ræðumenn sem hér hafa komið við sögu og haldið um 30 ræður að andsvörum meðtöldum. Það er sem sagt mikill áhugi á málinu. Hann hefur komið fram og það er ástæða til að þakka fyrir það, bæði þátttöku þingmanna úr stjórnarliði og stjórnarandstöðu, sömuleiðis hæstv. félmrh. Ég vona að þessi áhugi sé til marks um það að menn vilji í raun og veru rannsaka afleiðingar atvinnuleysis og að þessi tillaga, sem hér er flutt, fái jákvæða meðferð í hv. félmn., hún verði ekki söltuð og látin liggja óafgreidd eins og yfirleitt allar tillögur stjórnarandstöðunnar, jafnvel góðar tillögur sem menn hafa með vörunum játað að væru góðar og jákvæðar í umræðum í þessari virðulegu stofnun en svo hefur verið tregt um að fá þær afgreiddar í hv. þingnefndum.

Í tengslum við þessa umræðu, virðulegi forseti, vil ég skýra frá því að ég fékk í hendur í dag grein sem mun birtast eftir nokkra daga í Vinnunni, tímariti Alþýðusambands Íslands, eftir Jón Sigurð Karlsson sem er í senn sálfræðingur og viðskiptafræðingur. Í þessari grein eru teknar saman niðurstöður erlendra greina úr 12 virtum tímaritum á þessu sviði og er þetta afar fróðleg grein og ég vona að hv. þm. kynni sér efni hennar þegar þar að kemur. Í greininni kemur það greinilega fram að það er eins og allir geta svo sem ímyndað sér en samkvæmt vísindalegum niðurstöðum sem hafa verið unnar erlendis er fylgni á milli atvinnuleysis og mælikvarða á streitu enda þótt þar með sé ekki orsakasamband fundið, eins og það er orðað í greininni. Síðan segir í greininni:

„Öllum sem hafa rannsakað þetta ber saman um að hópar atvinnuleysingja finni að meðaltali meira fyrir álagi og neikvæðum tilfinningum en sambærilegir hópar í vinnu. Þeir sýna færri vísbendingar um hamingju, lífsgleði og jákvæðar tilfinningar en það fólk sem hefur fulla atvinnu." Og síðan segir m.a.: „Í stórum dráttum er samsvörun milli allra vísbendinga í þessu efni. Það kemur t.d. fram í hærra meðaltali af streituhormónum í blóði hjá atvinnulausum. Oft koma vísbendingar um lakari líkamlega heilsu meðal atvinnulausra og minnkaða mótstöðu gegn sjúkdómum fram í þessum könnunum."

Síðan eru raktar ástæðurnar fyrir þessu samkvæmt þeim könnunum sem gerðar hafa verið, svörum sem atvinnulausir hafa veitt við spurningum og m.a. segir svo í greininni, með leyfi forseta:

„Hugarangur vegna atvinnumissis gerir menn enn viðkvæmari fyrir mótlæti á öðrum sviðum. Það þarf minna til að fylla mælinn. Oft aukast spenna og togstreita innan fjölskyldunnar. Spennan getur leitt til meiri óróleika hjá börnum sem aftur eykur á líkur á ósamkvæmni í uppeldi og vítahringur er kominn af stað. Það er hins vegar mjög einstaklingsbundið hvernig fólk bregst við," segir svo í þessari grein.

Í greininni segir enn fremur: „Sjálfsvirðing minnkar og margir finna fyrir tilgangsleysi. Eitt mikilvægasta atriði í andlegri vellíðan er tilfinning um að maður geti haft áhrif á gang mála. Algengt er að atvinnuleysingjum finnist þeir hafa lítil eða engin áhrif. Þeir séu að miklu leyti leiksoppar örlaganna og geti ekki tekið málin í eigin hendur. Hjá flestum leiðir þetta meinta áhrifaleysi til aukinnar streitu."

Síðan eru raktir þættir eins og hætta á misnotkun áfengis, tíðni sjálfsvígstilrauna sem sérfræðingar telja oftast vera ákall um hjálp og er mun hærra meðal atvinnulausra en annarra. Hér er farið rækilega yfir atvinnuleysi og geðrænar truflanir og þar kemur t.d. fram að þegar borin eru saman stig á algengum geðlægðarkvarða í mjög fjölmennri könnun að meðaltal þeirra sem eru í vinnu eru 5,5 stig en hjá þeim atvinnulausu 11 stig. Á þessum kvarða eru 0–9 talin eðlileg en 10–19 talin gefa vísbendingu um væga geðlægð.

Samkvæmt sænskri könnun sýnir u.þ.b. einn af

hverjum fimm atvinnulausum vísbendingar um geðrænar truflanir sem þarfnast meðferðar sem er mun hærri tíðni en hjá þeim sem hafa atvinnu. Það kemur einnig fram að atvinnuleysið kemur misjafnlega við fólk eftir svæðum m.a. eftir því hve stór fjöldi atvinnulausra er o.s.frv. Loks hefur það verið kannað mjög rækilega hver eru óbein áhrif atvinnuleysis á vinnumarkaðinn. Það kemur t.d. fram eins og segir hér: „Atvinnuleysið breytir valdahlutföllum á vinnumarkaði atvinnurekendum í hag. Þeir þurfa t.d. ekki að hafa eins mikið fyrir að halda fólki í vinnu, geta gefið í skyn að hægt sé að fá nóg af fólki ef þeim finnst starfsfólkið ekki leggja nógu mikið á sig. Sænsk könnun er t.d. með vísbendingar um að yfirvinna hafi aukist í þó nokkrum greinum þegar atvinnuleysi fór vaxandi. Þetta skýrðu þeir m.a. með því að starfsfólk hafi síður viljað neita að vinna yfirvinnu af ótta við að missa starfið."

Þessi grein eftir Jón Sigurð Karlsson, sem er bæði viðskiptafræðingur og sálfræðingur, kemur eins og ég sagði áðan í tímaritinu Vinnunni eftir nokkra daga. Sömuleiðis er rétt að geta þess að greinin er unnin upp úr víðtæku greinasafni og jafnframt kemur fram í bréfi Jóns Sigurðar Karlssonar til mín í dag að hann er að vinna að annarri grein þar sem mun verða farið enn þá rækilegar yfir þessi mál. Þetta dreg ég hérna inn, virðulegi forseti, vegna þess að þetta er innlegg í málið. Það sýnir að rannsóknir af þessu tagi hafa farið fram víða annars staðar og þess vegna er ekki þörf á neinni þriggja binda rannsókn hér á Íslandi. Eins og hæstv. félmrh. gat um þá er óþarfi að fara út í neina slíka rannsókn hér heldur ber að staðnæmast við aðalatriðin sem m.a. eru nefnd í þeirri tillögu sem við flytjum.

Ég tel að í þessari umræðu hafi komið mjög margt gott og gagnlegt fram og ég þakka fyrir það. Ég tel mjög mikilvægt t.d. sem kom fram í máli hv. varaþingmanns Guðmundar Þ Jónssonar, sem sat hér í síðustu viku og næstsíðustu þar sem hann segir frá því, sem ég held að verði að kanna sérstaklega, hvernig atvinnuleysið er farið að koma niður á fólki á vinnustöðunum. Hv. þm. orðar það svo að sé það mjög algengt að yfirmenn, verkstjórar, komi fram með yfirgangi og óbilgirni, eru meira að segja með hótanir og hræði fólk frá því að sækja rétt sinn. Það er ekki óalgengt og alla tíð hefur verið brotið á fólki, stundum viljandi, stundum óviljandi, segir hv. þm. Nú er það oft þannig að fólk leitar upplýsinga en þorir ekki að segja til nafns. Það þorir ekki að segja hvar það vinnur o.s.frv., enda klingir oft ef það gerir athugasemdir: Góði maður, hér bíða hundruð manna við dyrnar og vilja komast í vinnu. Það hræðir fólk og kúgar það til að sætta sig við að á því sé brotið. Fólk veigrar sér við að sækja rétt sinn.

Þetta er ekki eins sýnilegt og það sem við sjáum fyrir okkur og er afleiðing atvinnuleysis. Þessi ummæli hv. þm. Guðmundar Þ Jónssonar finnst mér sýna að það er óhjákvæmilegt að í þessari könnun verði líka skoðað hvaða áhrif atvinnuleysið hefur á líðan og stöðu fólksins á vinnustöðunum, sjálfsvirðingu þess og reisn.

Þetta segir líka, virðulegi forseti, að við þessar aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu miklu frekar en ella er hættulegt, að ég segi ekki stórhættulegt, að skerða félagslegt öryggi fólks vegna þess að einmitt á tímum eins og þessum þegar um er að ræða mikið atvinnuleysi þarf félagslegt öryggi að vera styrkara og þéttara og þéttriðnara net í kringum fólk en ella. Þess vegna ber sérstaklega við þessar aðstæður að mótmæla þeim hugmyndum sem uppi hafa verið af hálfu hæstv. utanrrh., formanns Alþfl., um að skerða félagsleg réttindi launafólks sem ráðstafanir í því efnahags- og atvinnuástandi sem nú er. Það er algerlega fráleitt við þessar aðstæður. Ég bið menn að hugleiða hvaða afleiðingar slíkt hefur á fólk sem er á vinnustöðunum og er kannski með tæpa stöðu með hliðsjón af atvinnuleysinu.

Virðulegi forseti. Hér hafa menn rætt ítarlega um það af hverju atvinnuleysið er og við höfum í sjálfu sér ekki ætlað okkur að fara út í það rækilega í þessari umræðu. Þó er nokkurn veginn samstaða um það af hverju atvinnuleysið er. Atvinnuleysið stafar auðvitað í fyrsta lagi af almennum efnahagslegum aðstæðum sem eru allt í kringum okkur. Það er atvinnuleysi í löndunum allt í kringum okkur. Með því eru menn ekki að afsaka atvinnuleysið á Íslandi heldur er það staðreynd. Það þýðir að menn geta ekki sótt sér atvinnu til útlanda, til Málmeyjar, Lundar eða Kaupmannahafnar eins og gerðist á árunum 1968–1970 þegar menn breyttu kontórum verkalýðsfélaganna í ferðaskrifstofur. Það gengur ekki lengur. Þar er enga vinnu lengur að hafa.

En þessi veruleiki, hið almenna efnahagslega ástand í löndunum í kringum okkur, hlýtur hins vegar að vekja okkur til umhugsunar um hvort það að sækja út m.a. inn á hið Evrópska efnahagssvæði sé lausn á vanda. Ég tel það í raun og veru mýraljós að halda því fram alveg á nákvæmlega sama hátt og haldið hefur verið fram að það hafi verið mýraljós að tala t.d. um álverksmiðju hér. Það er mýraljós af því að í Evrópsku efnahagssvæði er engin lausn. Þar er alveg nákvæmlega sama myrkrið alls staðar og það er ljótt að blekkja fólk, sérstaklega atvinnulaust fólk. Það eigum við ekki að gera.

Í öðru lagi er ástæðan fyrir þessum vanda auðvitað sú að það er samdráttur í sjávarútvegi.

Í þriðja lagi er ástæðan offjárfesting á liðnum árum hvar svo sem hún er, fjárfesting sem m.a. nýtist okkur ekki í dag, t.d. í orkumannvirkjum svo ég nefni dæmi.

Í fjórða lagi er það líka rétt að vandinn stafar af stórfelldri skuldasöfnun á undanförnum árum. Það er líka vandi sem við glímum við aukalega.

Í fimmta lagi stafar vandinn af því að við höfum ekki lagt peninga í rannsókna- og þróunarstarfsemi á neinu sviði.

En í sjötta lagi er það staðreynd að núverandi ríkisstjórn er á villigötum samdráttar og niðurskurðar á sama tíma og það liggur fyrir að sú stefna í Bandaríkjunum, Bretlandi og öðrum löndum þar sem hægri menn hafa stjórnað ber dauðann í sér. Aðrir eru að

hafna hægri stefnunni, reaganismanum. Íslendingar eru núna að taka þá stefnu upp og afleiðingarnar sjást strax.

Það er því augljóst mál að hvernig sem menn skoða þetta er niðurstaðan sú að við þurfum virk afskipti félagslegra aðila, verkalýðssamtaka, ríkisvalds og sveitarfélaga ef við eigum að komast út úr þessum vanda í efnahags- og atvinnumálum sem nú blasir við. Þar duga engin mýraljós og þar dugir enn síður sú stefna hinnar köldu markaðshyggju sem hefur verið látin taka völdin í landinu og situr til borðs svo að segja á fjögur þúsund heimilum á Íslandi um þessar mundir, þökk sé Alþfl. m.a.

Það versta í atvinnuleysinu er auðvitað það að atvinnuleysið brýtur niður fólk. Við þekkjum jafnvel persónulega dæmi um slíkt og við vitum líka að það er sárara að vera atvinnulaus á Íslandi en í öðrum löndum af því að við erum fá og hér hefur einstaklinguriinn verið mikilvægur og vinnuframlag hans mikils metið. Framlag hans til samfélagsins hefur verið mikils metið og þess vegna er það sárara hér en í nokkru öðru landi, liggur mér við að segja þar sem íbúar eru yfirleitt miklu fleiri t.d. á Norðurlöndum, að missa vinnuna.

Þess vegna er það svo, virðulegi forseti, að það dugir ekki fyrir okkur að halda því fram að við höfum leyst einhver efnahagsleg vandamál á Íslandi meðan atvinnuleysið er jafnmikið og raun ber vitni um og fer vaxandi. Við höfum ekki leyst nein vandamál. Ríkisstjórn sem hefur lága verðbólgu en mikið atvinnuleysi er vond ríkisstjórn. Ríkisstjórn sem hefur lítinn viðskiptahalla en mikið atvinnuleysi er vond ríkisstjórn. Ríkisstjórn sem hefur lítinn halla á fjárlögum en mikið atvinnuleysi er vond ríkisstjórn. Það er ekki stöðugleiki í efnahagsmálum, það er ekki stöðugleiki í atvinnumálum að henda fólki út. Það er ekki stöðugleiki í efnahags- og atvinnumálum að neita fólki um að nota það eina sem það á, einu vöruna sem það á, þ.e. vinnuaflið, sem það getur selt sér og sínum til lífsframfæris.

Ég tel, virðulegi forseti, að sú umræða sem fram hefur farið um þessa tillögu sé til marks um það að allir þingmenn vilji gera sér grein fyrir afleiðingum vandans. Ég mun leggja á það áherslu og margir aðrir þingmenn trúi ég að þessi tillaga fái jákvæða afgreiðslu í hv. félmn. og ég þakka enn fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Friðun Landnáms Ingólfs fyrir lausagöngu búfjár, fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 156. mál. — Þskj. 178.

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um friðun Landnáms Ingólfs fyrir lausagöngu búfjár. Flm. ásamt mér eru Svavar Gestsson, Árni R. Árnason, Sigríður A. Þórðardóttir, Karl Steinar Guðnason, Valgerður Sverrisdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Össur Skarphéðinsson og Björn Bjarnason. Tillgr. ályktunarinnar hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela landbrh. og umhvrh. að vinna áætlun í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög sem miði að því að koma í veg fyrir lausagöngu búfjár í landnámi Ingólfs.

Áætlunin verði lögð fyrir Alþingi í upphafi næsta þings."

Tillagan er endurflutt og flutt lítillega breytt þar sem nú er lagt til að Alþingi feli landbrh. í stað umhvrh. frumkvæði. Talsverðar umræður urðu um tillöguna við flutning hennar síðasta vetur. Má segja að frá gagnrýnendum tillögunnar hafi borist tvenn ólík skilaboð. Önnur að tillaga sem þessi sé árás á bændur og hin að tillagan sé óþörf þar sem nefnd sé að störfum á vegum landbrh. sem muni fjalla m.a. um þessi mál.

Ég vísa því alfarið á bug að tillaga okkar sé aðför að bændum á svæðinu þar sem hún miðar einmitt að því að þéttbýlisfólk lifi í sambýli og sátt við búsmalann á svæðinu. Með því að fela landbrh. frumkvæði að framkvæmd málsins nú er m.a. verið að koma til móts við það sjónarmið að sú vinna sem fram hefur farið á vegum þeirrar nefndar sem vísað var til nýtist við áætlunarvinnuna reynist vilji Alþingis á sama veg og okkar flm.

Það svæði sem nefnt er Landnám Ingólfs er Gullbringu- og Kjósarsýsla, Þingvallahreppur vestan þjóðgarðs, Grafningshreppur, Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur og brot af Selfosshreppi. Landssvæðið takmarkast af línu sem dregin er úr Hvalfjarðarbotni í þjóðgarðinn á Þingvöllum og þaðan suður Þingvallavatn, Úlfljótsvatn og Ölfusá til sjávar.

Sérstaða þessa svæðis er mjög mikil hvað varðar búsetuþróun því mikill meiri hluti landsmanna eða um ⅔ hlutar býr á þessu svæði. Í Landnámi Ingólfs eru 20 sveitarfélög og yfirgnæfandi meiri hluti íbúa býr í þéttbýli.

Í Landnámi Ingólfs eru 17 friðlýst svæði sem skiptast þannig eftir gerð friðlýsingar: Einn þjóðgarður, fjögur friðlönd, átta náttúruvætti og fjórir fólkvangar. Þingvallaþjóðgarður er ekki friðlýstur samkvæmt náttúruverndarlögum og er því ekki undir stjórn Náttúruverndarráðs. Með framkvæmd friðlýsingar í þjóðgarðslandinu fer sérstök þingskipuð nefnd.

Mikill áhugi hefur verið á því á undanförnum árum meðal áhugafólks um verndun og eflingu gróðurs í landinu að þetta svæði verði friðað fyrir lausagöngu búfjár. Í greinargerð með þeirri till. til þál. sem flutt var sl. vetur var m.a. greint frá þeim samþykktum og ályktunum sem settar hafa verið fram.

Í áskorun, sem send var þingmönnum haustið 1990 og undirrituð af 14 félögum og félagasamtökum, er bent á að samband milli gróðurs og búsetu sé allt annað nú en það var fyrr á öldum. Áður fyrr hafi landsmenn þurft að sækja mest af lífsbjörg sinni beint og óbeint í gróður landsins. Þó hafi gróðureyðing verið miklu minni en síðar varð. Frá landnámsöld sé talið að

¾ gróðurlendis hafi eyðst með öllu og eyðing gróðurs fari hraðvaxandi hin síðustu ár.

Bent er á að gróðureyðingu verði tafarlaust að stöðva og gróðurvernd og landgræðsla geti skilað miklum árangri með nútímaræktunaraðferðum ef náttúrulegur gróður og jarðvegur hefur ekki eyðst og lögð áhersla á að friðun lands sé ekki stefnt gegn hagsmunum bænda. Þvert á móti muni friðun lands og efling gróðurs bæta hag þeirra. Í niðurstöðu þeirra segir, með leyfi forseta:

„Félagasamtökin, sem stofnuð hafa verið af áhugamönnum um verndun og eflingu gróðurs í landinu, hafa bundist samtökum um að vinna að framgangi þess að Landnám Ingólfs verði friðað fyrir lausagöngu búfjár. Þekking á gróðurástandi þessa svæðis og hnignun gróðurs hin síðari ár er þegar fyrir hendi. Bent er á að semja þurfi um málið við sauðfjárbændur og gera áætlun um fyrirkomulag framkvæmda í einstökum atriðum."

Þessi mál hafa reyndar oft áður verið til umræðu á Alþingi og í þingræðu minni sl. vor fór ég yfir helstu áherslur sem birst hafa í eldri þingmálum og las þá einnig upp umsögn Ingva Þorsteinssonar um bann við lausagöngu búfjár í Landnámi Ingólfs frá því í febrúar 1991. Þar sagði Ingvi m.a. um viðkvæm svæði, svo sem sandfokssvæði sunnan við Hafnir, í Þorlákshöfn, norðan Þingvalla, Krýsuvík og á Hengilssvæðinu, Grafningi og víðar í Þingvallasveit og um mikinn hluta Reykjanesskagans, sem er hraun með afar þunnum og viðkvæmum gróðri:

„Öll rök mæla með því að þessi svæði séu friðuð fyrir beit og því markmiði er unnt að ná með því að banna lausagöngu búfjár eins og áskorunin til Alþingis leggur til að hafist verði handa um." Hann segir síðar að hann telji raunar að fyrir löngu hefði átt að taka á þeim málum, en hins vegar væri rétt á þessu stigi að undanskilja Kjalarnesið og Kjósina á þeim grundvelli að þar er ekki hægt að telja að um umtalsverða gróður- eða jarðvegseyðingu sé að ræða því að gróður á því svæði sé í eðli sínu slitsterkur og það ásamt fækkun á sauðfé á sl. áratug hafi jafnvel leitt til þess að gróður sé í framför. Þar gildi því ekki sömu rök fyrir banni við lausagöngu búfjár. Þetta skiptir miklu máli um þá áætlanagerð sem lagt er til með þáltill.

Það eru skiptar skoðanir um að hefta lausagöngu búfjár og stundum dregin sú ályktun að átakapunkturinn sé ábúendur og þeirra stuðningsmenn annars vegar gegn þéttbýlisfólki, vegfarendum og jafnvel umhverfissinnum. Svo einfalt er málið ekki en þó er ljóst að allt of algengt er að bændum þyki umræðu um þessi mál stefnt gegn hagsmunum sínum meðan aðrir telja að í lausn þessara mála felist hagsmunir allra aðila.

Margir hafa látið skoðun sína í ljós á friðun Landnáms Ingólfs fyrir lausagöngu búfjár. Þannig óskaði Skógræktarfélag Reykjavíkur tillögunni skilnings hins háa Alþingis sl. vor og kveðst treysta því að sjónarmið og skoðanir þúsunda ræktunarmanna næðu eyrum virðulegra alþingismanna. Á aðalfundi sínum sl. vor samþykkti Skógræktarfélag Reykjavíkur svofellda tillögu:

„Aðalfundur Skógræktarfélags Reykjavíkur haldinn 27. apríl 1992 samþykkir að stjórn félagsins skuli hafa forgöngu um friðun fyrir lausagöngu búfjár í Landnámi Ingólfs eða á svæðinu sem takmarkast af Ölfusá, þjóðgarðsgirðingunni og línu sem hugsast dregin frá Meyjarsæti um Hvalvatn í Hvalfjarðarbotn og hafnar verði gróðurbætur og skógrækt á öllu svæðinu á grundvelli heildaráætlunar. Í þessu skyni verði leitað eftir samstarfi við öll skógræktarfélög í landinu, sveitarstjórnir og aðra aðila sem tiltækir eru. Efnt skal til kynningar meðal almennings og hjá fyrirtækjum og stofnunum um þetta mál og áhugi þeirra virkjaður til framgang málsins."

Í september barst mér nýtt erindi þeirra þar sem m.a. er hvatt til endurflutnings tillögunnar. Þar segir m.a. að á nýafstöðnum aðalfundi Skógræktarfélags Íslands, þar sem saman voru komnir fulltrúar um fjögur þúsund félaga í skógræktarfélögum víðs vegar um landið, hafi eftirfarandi tillaga verið samþykkt:

„Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn á Akranesi í ágúst 1992 vekur athygli á að viðteknar umgengnisreglur í landinu, sem heimila mönnum að láta búsmala ganga lausan nema girðingar hindri, eru að mörgu leyti orðnar úreltar. Einkum er brýnt að taka á þessu máli að því er varðar Landnám Ingólfs, enda er þéttbýli orðið svo mikið á því svæði að lausagangan stendur ræktun mjög fyrir þrifum.

Þar sem einnig liggur fyrir að minnka þarf framleiðslu sauðfjárafurða telur fundurinn sjálfsagt að hlutast sé til um að lausaganga verði ekki leyfð öllu lengur á svæðinu."

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar hefur einnig skorað á þingmenn og tjáir sig um að aðalverkefni félagsins sé að sjálfsögðu skógrækt og önnur uppgræðsla og landbætur og í því starfi hafi lausagangan valdið ærnum erfiðleikum og geri enn. Skógræktarfélagið segir umrætt svæði fyrir löngu orðið svo þéttbýlt að mjög langsótt sé að hver og einn sem rækta vill og bæta land verði með ærnum kostnaði að girða það og gæta þess fyrir búsmala.

Það sjónarmið hefur verið sett fram varðandi bann við lausagöngu búfjár í Landnámi Ingólfs að þar hafi búskaparhættir breyst svo mjög að ekki sé þörf afskipta af þessum málum. Þar hafi orðið mikil fækkun sauðfjár og jafnframt að framkvæmd búvörusamnings geri það að verkum að smám saman verði slík fækkun að ekki sé aðgerða þörf. Jafnvel er því sjónarmiði hreyft að vegna hins mikla niðurskurðar á svæðinu skapi slík tillaga glundroða og sé árás á Landnám Ingólfs og til þess fallin að skapa ótta hjá þeim fáu ábúendum sem eftir eru.

Þetta kom fram hjá þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni þegar tillagan var til umræðu síðasta vor. Með þeirri áætlunargerð sem hér er lögð til er fremur verið að tryggja hagsmuni ábúenda á þessu mesta þéttbýlissvæði landsins og verið að tryggja að sveitarfélögin og þar með hagsmunir ábúenda komi að áætlunarvinnunni. Lagt er til að áætlunin verði lögð fyrir Alþingi og með því er fallist á það sjónarmið að ekki sé æskilegt að setja lagaboð um þetta efni.

Sveitarfélög fengu með lögum um búfjárhald sem sett voru á sl. vori heimild til að koma í veg fyrir ágang búfjár og að ákveða að eigendum búfjár sé skylt að hafa það í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta ársins. Mörg þeirra hafa tekið á þessum málum af festu og langar mig í því efni að vísa til nýlegrar samþykktar um búfjárhald fyrir Kópvogskaupstað. Þar hefur verið sett fram það sjónarmið að það hafi verið eðlileg viðleitni mannsins sem alist hefur upp í sveit að reyna að halda áfram búskap þó í smáum stíl sé til þess að létta sér þessar breytingar. Þessar aðstæður hafi hins vegar oft valdið árekstrum vegna ágangs búpenings í görðum og trjárækturum vegna búpenings í görðum og trjárækturum. Nú sé runninn upp sá tími að finna þurfi réttan farveg, aðhald og stjórnun þannig að allir megi vel við una, bæði þeir sem stunda búfjárhald og þeir sem ekki gera það. Markmið samþykktarinnar hjá Kópavogskaupstað er að tryggja sem best skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi í Kópavogi þannig að búfjárhald í lögsögu Kópavogs sé óheimilt án sérstaks leyfis bæjarstjórnar en í samþykktinni koma fram skilyrði sem þarf að uppfylla til að leyfi fáist. Vörsluskylda er á öllum búfénaði allt árið um kring og ber leyfishafi alla ábyrgð á búfjárhaldi sínu. Ég vek athygli á því að þetta er að sjálfsögðu búfjársamþykkt fyrir kaupstað.

Með samvinnu við sveitarfélögin eins og hér er lagt til er tryggt að tekið sé tillit til sjónarmiða ábúenda á svæðinu. Það liggur líka í hlutarins eðli að í áætlun sem þessa komi kostnaðaraðgerðir og hlutdeild ríkisins í þeim. Það væru ný vinnubrögð og samábyrgð Alþingis að slík áætlun væri lögð fyrir þingið. Þar með kemur fram vilji stjórnvalda til að viðhalda búskap á svæðinu til þess m.a. að tengja þéttbýli og dreifbýli. Það er mikilvægt fyrir íbúana og verður að vera í ákveðnum böndum.

Ábyrgð búfjáreigenda hér á landi er minni en víðast hvar annars staðar á Vesturlöndum og hin síðari ár hefur orðið vart vaxandi spennu milli almennings og bænda vegna lausagöngu búfjár, ekki síst vegna umferðarmála.

Umhverfismál eru þó að fá meira vægi en áður hjá bændasamtökunum og langar mig að grípa niður í ályktun aðalfundar Stéttarsambands bænda frá því í sumar. Þar segir í ályktun, sem er miklum mun lengri, um umhverfismál og kemur víða við „...að samstilla þurfi krafta þeirra aðila sem vinna að gróðurvernd hér á landi. Því telji fundurinn að þá reynslu og þekkingu sem fengist hefur við landgræðslu og gróðurvernd undanfarna áratugi beri að nýta samhliða auknum áhuga þjóðarinnar á að endurheimta þau landgæði og gróður sem talið er að hafi eyðst. Mikilvægt er að reynsla bænda á sviði tækni- og ræktunarstarfa verði nýtt bæði við uppgræðslu landsins og viðhalds gróðurs þess. Því telur fundurinn nauðsynlegt að staðið verði við bókun 6 um landgræðslu og skógrækt í stefnumörkun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt frá 11. mars 1991 svo hægt sé m.a. að leggja aukna áherslu á ræktun heimalanda til að létta á beitarálagi á gróðurfarslega viðkvæmum afréttum. Jafnframt því sem bændur verða að gera strangar kröfur til sjálfra sín um umgengni við landið er nauðsynlegt að komið verði til innlendra og erlendra ferðamanna skýrum og einföldum upplýsingum um góða umgengnishætti og þau réttindi og skyldur sem helst getur reynt á í ferðalögum hérlendis. Hins vegar áréttar fundurinn fyrri tillögur um viðhald vegagirðinga og nú síðast aðra tillögu umhverfisnefndar frá sl. ári."

Þetta var, með leyfi forseta, ályktun um umhverfismál frá aðalfundi Stéttarsambands bænda. Það kemur fram þarna, eins og svo víða, að flestir eru sammála um að umferð, fólk og fé á tæplega samleið. Sum okkar telja að beitarhólf séu leiðin á meðan aðrir vilja girða vegina af. Ég hafna því ekki að á ákveðnum svæðum geti það verið lausnin að vegagirðingar séu í stað beitarhólfa en það hlýtur að vera niðurstaðan á svo þéttbýlu svæði sem hér að á ákveðnum tíma eigi að stefna að uppbyggingu beitarhólfa fyrir sauðfé.

Virðulegi forseti. Aðstæður eru afar misjafnar í Landnámi Ingólfs. Við höfum Reykjanesið með sinn viðkvæma gróður, Kjalarnesþing þar sem gróðurskilyrði eru yfirleitt góð og Þingvallasveit þar sem aðstæður eru enn aðrar. Það er sjálfsagt að taka tillit til þess en það er líka orðið löngu tímabært að tengja betur saman ábyrgð og réttinn til landnotkunar. Ég vil að lokum taka undir þau orð að flóra, fána og fólk eigi saman í nánu sambýli þar sem full tillitssemi ríkir.

Virðulegi forseti. Í samræmi við breytta tillögugrein í þessari till. til þál. um að landbrh. hafi frumkvæðið í málinu legg ég til að að lokinni umræðu verði málinu vísað til landbn.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hér er flutt tillaga um landgræðslumál sem er mikið áhugamál allra hér á landi. Eins og kom fram í máli hv. 1. flm. eru flestir sammála um að að þessu þurfi að vinna. Ég get tekið undir fjölmargt af því sem kom fram í máli hennar, sérstaklega vegna þess að ég tel mikilvægt að allir aðilar reyni að standa þannig að þessum málum að auka samvinnu um þau en koma í veg fyrir að nokkuð það sé gert sem geti valdið misskilningi og óþarfa deilum. Þess vegna vil ég, þótt ég taki undir hennar málflutning, koma með nokkur aðvörunarorð um þessa tillögu því mér finnst a.m.k. fyrirsögn hennar sé nokkuð villandi miðað við þann rökstuðning sem flm. færði fyrir sínu máli.

Ég vil benda á að þessi tillaga kom til umræðu á nýafstöðnum aðalfundi Landverndar sem var haldinn í Reykjavík. Þar var ekki tekið undir stuðning við hana heldur bent á að við friðun þurfi fyrst og fremst að huga að aðstæðum á hverju svæði. Eins og hv. flm. sagði eru aðstæður á því svæði sem hér er tiltekið ákaflega misjafnar. Hún nefndi sandfok suður í Höfnum en það svæði hefur í áratugi verið friðað svo engin skepna hefur komið þar að. Hins vegar væri ástand gróðurs gott uppi í Kjós þar sem landið hefur verið beitt frá landnámstíð og er enn þótt þar, eins og alls staðar á landinu, hafi sauðfé fækkað mjög mikið síðustu ár. Að sjálfsögðu hefur það áhrif á það hvernig hægt er að taka á þessum málum og kannski ekki síð-

ur þeir breyttu búskaparhættir sem orðið hafa á þessum tíma.

Ég vil taka undir það að bændur hafa að sjálfsögðu manna mestan áhuga á uppgræðslu lands. Það eru þeir sem nýta landið og lifa á að nýta það. Að sjálfsögðu er það þeirra hagur að þannig sé með landið farið að það gefi sem mestan arð og að það gangi ekki úr sér heldur verði betra fyrir afkomendurna til nytja. Það hafa bændur sýnt á svo marga vegu í verki.

Það hefur komið fram í fréttum að fyrir stuttu stofnuðu t.d. bændur í Öræfum landgræðslufélag í samvinnu við Landgræðslu ríkisins. Þótt þar í sveit hafi kannski orðið meiri uppgræðsla af sjálfu sér á síðustu áratugum en víðast hvar annars staðar, að vísu vegna mannvirkja sem þar hafa verið reist, fyrirhleðslna fyrir jökulár, þá eru þar enn gífurlega stór svæði gróðurlítil eða gróðurlaus. Þessu vilja bændurnir ekki una og hafa því óskað eftir samvinnu við Landgræðsluna. Til að vinna að því þarf auðvitað fjármagn. Því er sérstök áhersla til að ítreka það sem hv. flm. sagði eða las upp úr ályktun Stéttarsambands bænda að sýnd sé viðleitni til að standa við þau fyrirheit sem bændum og þjóðinni allri voru gefin með búvörusamningnum árið 1991 um fjárveitingar til landgræðslu og skógræktar. Í því fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir er það ekki gert heldur eru fyrri fjárveitingar til þessara verkefna skornar niður svo minna en ekki neitt verður þarna til ráðstöfunar. Það er vissulega alvarlegt mál því það er ekki aðeins í Öræfum sem bændur hafa hug á að vinna markvisst að þessum verkefnum í samvinnu við Landgræðsluna. Ég veit að vilji er miklu víðar til að gera það í ríkara mæli en gert hefur verið á síðustu árum. Því er það mjög slæmt ef ekki er komið til móts við þau fyrirheit sem þarna voru gefin.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar því út af fyrir sig held ég að við séum öll sammála um það markmið að græða upp landið. Ég held að það sé misskilningur, og reynslan hefur sýnt það, að ekki sé hægt að græða upp land þótt einhvers staðar sjáist skepna. Það er spurning til hvers er verið að græða landið ef ekki má nytja það um leið. Ég held að þarna þurfi að fara hinn gullna meðalveg til að allir sjái árangur og hann sem bestan í samræmi við þær sameiginlegu óskir sem við höfum.

Ég held að nauðsynlegt sé að sú nefnd sem fær málið til meðferðar hafi þetta í huga og það veit ég sannarlega að mun verða gert af hálfu þeirra ágætu þingmanna sem sæti eiga í landbn. Ég vil sem sagt ítreka stuðning minn við það að unnið sé að landgræðslu á markvissan hátt til að sem bestur árangur náist en jafnframt verði þess gætt að gera það í samvinnu við alla svo kraftarnir nýtist sem best.

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Suðurl. ágætt innlegg hans í þessa umræðu og vil aðeins koma með viðbrögð við aðvörunarorðum hans. Fyrst það að fyrirsögn tillögunnar sé villandi. Ég hef rekið mig nokkuð á að menn hafa fjallað um þetta mál eins og verið sé að leggja til friðun fyrir búfé á svæðinu. En það stendur: Friðun fyrir lausagöngu búfjár — það má vel vera að mátt hefði orða þetta öðruvísi en það átti að vera markmiðið með þeirri áætlanagerð sem færi í gang. Ég lagði sérstaka áherslu á umsögn Ingva Þorsteinssonar og það var reyndar í upplestri úr hans umsögn sem svæðið fyrir sunnan Hafnir var nefnt. Ég lagði sérstaka áherslu á að aðstæður á Kjalarnesi og í Kjós væru aðrar og það hlyti að koma inn í þá áætlanagerð sem væri lögð til. Það kom mér ekki á óvart þótt aðalfundur Landverndar tæki ekki undir þetta mál núna þrátt fyrir það að á sínum tíma, þegar þingmönnum var send áskorun fjórtán félaga og félagasamtaka, hafi Landvernd verið með og einn af frumkvöðlum. Þegar þetta mál var til umræðu á síðasta vetri var formaður Landverndar hér sem varaþingmaður og var með nokkuð skörp viðbrögð við þessari tillögu. Ég get ekki deilt því sjónarmiði sem þar kom fram vegna þess að þótt verið sé að vinna að svæðaskipulagi eða skipulagsmálum á ákveðnum svæðum er það bara til að festa í sessi hvar ákveðin staðsetning á hinum ýmsu sviðum skuli vera. Kaupstaðirnir t.d. eru búnir að búa við skipulag í sínum bæjarfélögum um áratuga skeið. Þó gerist ekkert í lausagöngumálum hjá þeim fyrr en þeir setja reglur um lausagöngu. Skipulagsmál og vinna að svæðaskipulagi er allt annað en að sporna við þeirri lausagöngu sem hér er verið að tala um.

Þingmaðurinn nefndi líka að bændur hefðu mest áhrif á uppgræðslu. Ég ætla ekki að deila við þingmanninn um það. Við erum að tala um að hjá okkur gildi þær sérstöku aðstæður að sauðfé hefur ótrúlegt frelsi miðað við hvað viðgengst í nágrannalöndum okkar. Það er verið að leggja hér til að stefnt verði að því að á ákveðnu árabili verði sauðfé á þessu þéttbýlasta svæði landsins í afmörkuðum beitarhólfum, stórum eða smáum, á það er ekki lögð áhersla. Ég setti meira að segja fram þá skoðun mína að það væri hugsanlegt að á einhverjum stöðum væri ástæða til að girða af vegi. Það ætla ég ekki að leggja mat á fyrir fram. Mér finnst fráleitt að á okkar þéttbýlasta svæði landsins eigi að girða vegina af og alla þá staði þar sem ræktun fer fram. Um það snýst þetta mál.

Það var líka nefnt að sjálfsagt væri að græða landið en að það væri ekki gott ef ekki mætti sjást skepna. Ég held að það sé mjög mikilvægt að sátt verði um það búfjárhald sem verður áfram á þessu svæði. Ég er í hópi þeirra sem vilja sjá ákveðið búfjárhald á svæðinu. Ég er ekki að leggja til að búfjárhald verði lagt af í Þingvallasveit. En ég er mjög meðvituð um að það þarf að hafa það þar eins og annars staðar í ákveðnum böndum. Um þetta snýst málið.

Ég er mjög ánægð með að eins og kom fram í máli hv. 2. þm. Suðurl. þá held ég að meiri sátt sé um þetta mál en menn vilja láta. Því treysti ég mjög vel á það að landbn. muni á þessum vetri taka af festu á þessu máli, hafa um það samvinnu og kalla á sinn fund þá aðila sem sagt var á síðasta vetri að væru að vinna að þessum málum á vegum landbrh. og kanna á hvern hátt er hægt að hrinda þessum málum í framkvæmd. Þá vil ég m.a. nefna það sem hefur staðið til í nokkurn tíma, þ.e. að setja girðingu þvert yfir Reykjanesskagann sem

er einn angi af þessu máli. Ég hef kannað hvort þetta hafi verið gert. Það stóð til að það yrði gert í sumar en því miður þá náðist það ekki fram vegna þess að enn þá er eitthvert sauðfjárhald fyrir sunnan þá línu þar sem girðing átti að vera en menn töldu að það yrði lagt af. Ég fagna viðbrögðum hv. 2. þm. Suðurl. við þessu máli og vona að góð samstaða verði um það.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram að gefnu tilefni um friðun Reykjanesskagans að fram kom ósk um það frá fyrrv. sýslunefnd Gullbringusýslu, ég held að það hafi verið hennar síðasta verk áður en hún var lögð niður, að komið yrði á friðun Reykjanesskagans. Að vísu hafa sveitarstjórnir þar heimild til að gera þetta en sýslunefndin taldi að það væri æskilegra að fá meiri stuðning frá Alþingi um það. Ég var því meðmæltur, þ.e. að það yrði ekki lausaganga á því svæði. Ég held að þannig sé landslagi og gróðri háttað að það geti verið mjög æskilegt að hafa þann hátt á þar. Ég held að mál í sambandi við þá girðingu, sem hv. þm. talaði um, sé svo langt komið að það muni verða framkvæmt áður en langt um líður. Ég vona það a.m.k. Þetta undirstrikar að því er mér finnst það sem ég sagði að í þessari þáltill. er tekið fyrir stórt svæði þar sem aðstæður eru svo mismunandi að það gildir ekki alveg það sama á öllu svæðinu. Ég lýsti yfir stuðningi mínum við að þessi háttur yrði hafður á á Reykjanesskaga.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna og þakka fyrir þá trúverðugu umræðu sem hefur farið fram um tillöguna og það sem snýr að gróðurverndarmálum almennt séð. Ég get fullvissað 1. flm. tillögunnar um að hún verður tekin til ítarlegrar umfjöllunar í landbn. og að sjálfsögðu er mér ljúft að gera flutningsmönnum nokkra grein fyrir því hvernig þau mál þróast. En ég endurtek það sem ég sagði áðan að um hana mun fara fram trúverðug umræða á þessum vetri.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. formanni landbn. fyrir jákvæð orð í garð þessarar tillögu, um hugsanlega afgreiðslu hennar og meðferð í nefndinni. Við höfum flutt þessa tillögu áður, bæði ég og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir og fleiri þingmenn. Sömuleiðis hafa hliðstæð mál verið flutt hér fyrr af hv. þm. Geir Gunnarssyni fyrir allmörgum árum, mjög skyld mál. Ég tel því að það sé mjög mikilvægt að sátt geti náðst um þetta mikilvæga mál í hv. landbn. og ég endurtek þær þakkir sem ég flutti áðan til hv. formanns landbn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér eru nú fluttar miklar þakkarræður á báða bóga en ég ætla ekki að fara inn í þann kór. En ég tel að fullþakkað sé í allar áttir. Ég vil eingöngu bæta við fáeinum upplýsingum um þetta mál. Það hefur lengi verið til umfjöllunar á ýmsum stigum í stjórnsýslunni og þar á meðal var þetta kunningi mikill í landbrn. í minni tíð þar. Þá var heilmikil vinna lögð í það af hálfu landbrn. að reyna að ná fram samkomulagi um friðun verulegs hluta þess landssvæðis sem hér er fjallað um. Bæði Landgræðslan og landbrh. og fleiri aðilar komu að því máli og menn voru þá og eru vonandi enn tilbúnir til að leggja talsvert á sig, þar á meðal í formi fjármuna til þess að ná fram slíku samkomulagi og náðst hefur talsverður árangur. Ég tel rétt að það komi hér fram. T.d. hafa aðilar eins og Hafnarfjarðarkaupstaður tekið mjög myndarlega á sínum málum í þessu efni. Þar var sett reglugerð ef ég man rétt um búfjárhald og í framhaldinu kostaði Hafnarfjarðarbær girðingu á beitarlandi og kom skikk á búfjárhald sinna íbúa þannig að til fyrirmyndar var í góðu samstarfi við landbrn. og reyndar undir forustu þess að nokkru leyti.

Það var sömuleiðis unnið að því í samstarfi Landgræðslunnar, Vegagerðarinnar og landbrn. að reyna að ná fram friðun Reykjanesskagans með girðingu þvert yfir skagann um Kleifarvatn og með það að markmiði að afnema lausagöngu sunnan þeirrar girðingar og þar með losna við þann kostnað sem girðingar meðfram Reykjanesbrautinni enda í millum ella hefði orðið. En eitt vandamálið í þessu sambandi er lausaganga búfjár á jafnumferðarmikilli æð og Reykjanesbrautin er. Og það liggur í hlutarins eðli að eftir að búpeningur er orðinn jafnsjaldgæfur, ef svo má að orði komast, og hann nú er á Reykjanesskaganum þá er það mun ódýrari og skynsamlegri lausn að koma honum fyrir í girðingum heldur en girða helstu umferðaræðar á skaganum og láta nokkur hundruð eða þó það séu 1–2 þúsund kindur ganga þar lausnar. Þannig að ég held einfaldlega að öll skynsemisrök mæli með því að unnið sé að málinu á þessum nótum.

Ég vil hins vegar láta það sjónarmið mitt koma fram varðandi þessa tillögu, um leið og ég styð meginefni hennar, þ.e. þá hugsun að afnema lausagöngu búfjár á þessu þéttbýla svæði hér í kringum höfuðborgina, eða að hafa þó þann fyrirvara á að það er ekki að mínu mati að öllu leyti víst að Landnám Ingólfs, eins og það er nú að bestu manna yfirsýn miðað við sagnfræðilegar heimildir, sé heppilegasta landfræðilega afmörkunin á þessu svæði né heldur sú auðveldasta að ná fram. Því vil ég eingöngu hafa þann fyrirvara á að það kann að vera að einhver ofurlítil önnur landfræðileg afmörkun heldur en Landnám Ingólfs sé auðveldari viðfangs í þessum efnum. Það breytir ekki því að hitt hlýtur að vera markmiðið að koma á samkomulagi um að afnema lausagöngu hér á þessu þéttbýla svæði og einfalda þar með til mikilla muna alla vörslu og friðun landsins með því að ekki þurfi þá að girða af þá reiti sem á að friða. Eins og ástandið er í dag eru tugir ef ekki hundruð alls konar girðinga á þessu svæði utan um skógræktarbletti og garða og friðlönd af ýmsu tagi sem allar mætti leggja niður ef skynsamlegt samkomulag tækist um að setja þessa skipan á. Ég er alveg viss um að þeir aðilar, sem þarna eiga líka mikilla hagsmuna að gæta eins og Landgræðslan, Vegagerðin og Skógræktin og landbrn. og fleiri slíkir, eru tilbúnir til þess að leggja í nokkurn kostnað ef nauð-

synlegt er til þess að koma þessari skipan á.

Ég vil svo minna á, eins og reyndar hefur þegar verið gert, að þessu máli hefur oft verið hreyft áður. Það á sér langa sögu. Þannig flutti t.d. hv. fyrrv. þm. Reykn. Geir Gunnarsson iðulega og ítrekað till. til þál. um könnun á möguleikum skóg- og trjáræktar á Suðurnesjum og á þessu svæði með það í huga að slíkir möguleikar yrðu kannaðir í tengslum við átak til að friða þetta land.

Úr því að farið er að ræða hér lausagöngu eða vörslumál búfjár á annað borð þá vil ég að lokum láta þess getið að það var unnið talsvert að því máli í minni tíð sem landbrh. M.a. vann starfshópur að þessu með aðild Vegagerðar ríkisins, Skógræktarinnar, Landgræðslunnar og fleiri aðila og skilaði að mínu mati ágætum niðurstöðum og tillögum sem því miður strönduðu á andstöðu nokkurra páv. hv. stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar sem ekki féllust á að tillögur starfshópsins yrðu lagðar fram í frumvarpsformi, en þær gengu m.a. út á það að taka upp þá almennu reglu að lausaganga stórgripa yrði bönnuð í landinu. Ég er þeirrar skoðunar og ég vil láta það koma hér fram við þetta tækifæri úr því að verið er að ræða þessi mál á annað borð að óheft lausaganga stórgripa sem almenn regla sé alger tímaskekkja á Íslandi. Ég bendi á þau hroðalegu slys sem verða nánast í hverjum mánuði svo tugum skipta núna t.d. á Norðurl. v. þar sem lausaganga stórgripa á þjóðvegi 1 er mikið vandamál svo ekki sé meira sagt. Þeir sem taka fram slysakort Umferðarráðs og skoða blettina sem tengjast slysum vegna lausagöngu búfjár og þá fyrst og fremst stórgripa, hljóta auðvitað að horfast í augu við þá staðreynd að ástand þessara mála t.d. í Skagafirði og Húnavatnssýslu er óviðunandi í dag. Vöruflutningabílstjórar eru farnir að sjóða stórar stálgrindur framan á trukkana til þess að verja þá fyrir skemmdum ef til árekstrar kemur milli bílanna og stórgripa. Og slysin stafa fyrst og fremst af stórgripunum. Sauðfé er hér allt annað mál og ekki ástæða til að hafa áhyggjur af því að sama skapi hvað snertir tjón á mönnum eða ökutækjum. Þó svo að umferðaróhöpp tengist lausagöngu sauðfjár þá er þar sem betur fer í sárafáum tilvikum um alvarleg óhöpp að ræða.

Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að það eigi að breyta löggjöf í þessa veru en ég hafði ekki til þess stuðning að flytja það mál eins og ég hefði þó viljað í minni tíð sem landbrh. Ég minni þó á að í þessari þáltill. er vitnað í lagabreytingar sem gerðar voru á vormánuðum 1991 og eru m.a. grundvöllur þess að sveitarfélög geta nú tekið á þessu máli með öðrum hætti en áður var.

Ég væri tilbúinn til þess að standa að því fyrir mitt leyti að breyta lögunum frekar og þá í þá veru að afnema sem almenna reglu lausagöngu stórgripa. Ég tek það þó fram að að mínu mati þarf að vera heimild til þess að stórgripir geti gengið lausir í beitilandi eða á afréttum. Það sem ég er hér fyrst og fremst að tala um er lausaganga stórgripa á vegum eða í byggð sem er alvarlegt vandamál sem þarf að taka á. Ég fagna því eins og fleiri að hv. landbn. ætlar að skoða þessi mál og ég bind vonir við að hún líti þá á þau í víðara samhengi heldur en þessu einu sem snýr að Reykjanesskaganum.

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt andsvar. Vegna þeirra orða sem hér féllu um fyrri þingmál þá vil ég gjarnan að það komi fram að bæði í greinargerð með tillögunni sem sett var fram sl. vetur, svo og í þingræðu minni þá, rakti ég þau fyrri þingmál sem varða þetta mál og þetta svæði og eðli þeirra og tengsl við það sem ég var að flytja nú.

Varðandi það að Landnám Ingólfs sé e.t.v. ekki landfræðilega besta afmörkunin þá hefur það verið mat þeirra sem skorað hafa á þingheim að gera eitthvað í þessu mál og ég tel að það komi þá í ljós og yrði e.t.v. breytt í nefnd ef niðurstaða yrði sú að taka fyrir eitthvað þrengra svæði.

Ég er mjög bjartsýn á að landbn. taki vel á þessu máli miðað við það sem hér hefur komið fram og ég þakka mjög jákvæð innlegg í umræðuna af hálfu allra þeirra sem taka til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Út af dagskrá eru tekin 8., 10. til og með 14. dagskrármálið. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

55. FUNDUR

þriðjudaginn 17. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

2. Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, þáltill., 132. mál, þskj. 152. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

3. Friðun Landnáms Ingólfs fyrir lausagöngu búfjár, þáltill., 156. mál, þskj. 178. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

4. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 208. mál, þskj. 249. — 1. umr.

5. Aðgerðir gegn peningaþvætti, stjfrv., 210. mál, þskj. 251. — 1. umr.

6. Geymslufé, stjfrv., 209. mál, þskj. 250. — 1. umr.

7. Stjórnarráð Íslands, stjfrv., 206. mál, þskj. 247. — 1. umr.

8. Flugmálaáætlun og fjáröflun í flugmálum, stjfrv.,

111. mál, þskj. 129, nál. 261. — 2. umr.
9. Hópuppsagnir, stjfrv., 20. mál, þskj. 20, nál. 266. — 2. umr.
10. Vinnumarkaðsmál, stjfrv., 22. mál, þskj. 22, nál. 267. — 2. umr.
11. Staðlar, stjfrv., 4. mál, þskj. 4, nál. 268. — 2. umr.
12. Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, stjfrv., 2. mál, þskj. 2, nál. 269, brtt. 270. — 2. umr.
13. Húsgöngu- og fjarsala, stjfrv., 10. mál, þskj. 10, nál. 275, brtt. 276. — 2. umr.
14. Ríkismat sjávarafurða, stjfrv., 43. mál, þskj. 44. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:
Davíð Oddsson forsrh.,
Guðjón Guðmundsson. 5. þm. Vesturl.,
Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Útbýting þingskjala:
Fullorðinsfræðsla, 230. mál, fsp. EMS, þskj. 287.
Húsnæðislán, 180. mál, svar félmrh., þskj. 290.
Óafgreiddar umsóknir í félagslega húsnæðiskerfinu, 181. mál, svar félmrh., þskj. 291.
Tilraunaverkefni framhaldsskóla á Austurlandi, 229. mál, þáltill. EMS, þskj. 286.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Endurgreiðslur lána vegna framkvæmda í vegagerð.

Kristinn H. Gunnarsson:
Virðulegi forseti. Ég vil beina eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. fjmrh.: Hvenær hefjast endurgreiðslur vegna þeirra lána sem taka á á næsta ári til að auka framkvæmdir í vegagerð? Hvenær hefjast þær endurgreiðslur og á hve löngum tíma á að endurgreiða þau lán?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):
Virðulegi forseti. Eins og öllum er ljóst er gengið út frá því í fjárlagafrv. fyrir 1993 að teknir verði að láni 1,8 milljarðar á næsta ári og síðan minni upphæðir á tveimur næstu árum sem getið er um þar til vegagerðar. Það kemur einnig fram að ætlunin er að þessir fjármunir verði endurgreiddir af fjármunum sem ráðstafa á til vegagerðar síðar. Það liggur ekki fyrir endanlega hvenær um slíkar endurgreiðslur verður að ræða, en þó má gera ráð fyrir því að það verði í fyrsta lagi eftir að tekin hafa verið lán til þeirra hluta næstu þrjú árin. Mér þykir eðlilegt að þetta verði síðan endurgreitt á um það bil 10 næstu árum þar á eftir án þess að um það hafi verið gerð tillaga að svo stöddu. (**ÓÞÞ:** Byrja eftir þrjú ár?) Það er óljóst hvenær byrjað verður en í fyrsta lagi eftir að þessi þrjú ár eru liðin, gæti verið síðar. Það sjá allir hvers vegna þetta er gert. Atvinnulíf er í lamasessi, mjög lítið. Við höfum tæki og tól til staðar í landinu. Það ríkir hér atvinnuleysi og þótti skynsamlegt að flýta framkvæmdum með þessum hætti.

Kristinn H. Gunnarsson:
Virðulegi forseti. Það er ljóst af svörum ráðherra að engar ákvarðanir hafa verið teknar í þessu skyni en hugmyndir ráðherrans stefna til þess að endurgreiðslur hefjist á árinu 1996 og taki nokkur ár. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvort hann eða ríkisstjórnin hafi gert sér grein fyrir því hvort þessar endurgreiðslur leiði til þess að verkum sem nú þegar eru á vegáætlun verði þar með frestað þar til endurgreiðslutíma lýkur.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):
Virðulegi forseti. Ef ég hef skilið spurningu hv. þm. rétt, þá sé ég ekki neinar ástæður til þess. Við skulum átta okkur á því að hér er um viðbótarfjármagn að ræða næstu árin sem ætti auðvitað að þýða það að næstu árin þar á eftir mætti draga saman seglin án þess að allur framkvæmdamátturinn riðlaðist. Það er athyglisvert í þessu sambandi að koma því að við þessa umræðu að framkvæmdamáttur þeirra fjármuna sem renna til vegagerðar um þessar mundir er mun meiri en áður vegna þess að verðbólga nú er lægri en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlagafrv. yfirstandandi árs. Það segir sína sögu og auðvitað hljótum við að líta til þess og fagna því að vel hefur gengið í þeim efnum.

Sjávarútvegssamningur milli Íslands og Evrópubandalagsins.

Kristín Einarsdóttir:
Virðulegur forseti. Ég ætla að beina spurningu til hæstv. utanrrh. Í Morgunblaðinu í dag er frétt frá fréttaritara Morgunblaðsins í Brussel þar sem segir m.a., með leyfi forseta, þegar verið er að ræða um sjávarútvegssamning milli Íslands og Evrópubandalagsins: „Náist þessir samningar ekki mun bókun 9 við EES-samninginn, sem kveður á um tollaívilnanir á sjávarafurðum til aðildarríkja EB, ekki taka gildi." Síðan segir: „Ekki hefur enn náðst samkomulag um rétt Íslendinga til eftirlits með löndunum í höfnum innan EB úr þeim skipum sem koma til með að stunda veiðar á Íslandsmiðum. Aðildarríkin hafa hafnað öllum hugmyndum Íslendinga um slíkt eftirlit." Og svo segir undir lok fréttarinnar: „Reiknað er með því að samningafundur verði boðaður fyrir lok þessa mánaðar."
Mig langar því að spyrja hæstv. utanrrh. í fyrsta lagi hvort þetta séu réttar upplýsingar sem þarna koma fram frá fréttaritara Morgunblaðsins í Brussel og hvenær gerir hæstv. utanrrh. ráð fyrir að samningurinn verði lagður fyrir Alþingi?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegur forseti. Ég get ekki staðfest sannleiksgildi fréttar í Morgunblaðinu. Þetta mál var á dagskrá í utanrmn. í gær. Þær upplýsingar sem ég hef undir höndum eru í stórum dráttum þessar:

Flest þau útfærsluatriði, sem á dagskrá eru, eru vel á veg komin. Í erindaskiptunum sjálfum frá 2. nóv. eru upp talin þau efnisatriði sem þarf að ganga frá í þessum tvíhliða samningi. Það eru augljóslega atriði eins og þau tvö svæði sem um er að ræða sem hafa verið afmörkuð. Síðan er verið að fjalla um fjölda skipa sem heimilaður hefur verið þar sem nefndar hafa verið tölurnar að hámarki þrjú á hvoru svæði, fimm að hámarki á umræddum tíma sem er á seinni hluta árs. Síðan hafa verið til umræðu útfærslur á öðrum þáttum eins og eftirfarandi: Forræði Íslendinga að öllu leyti yfir þeirri fiskveiðistjórnun, kvöð hinna til þess að hlíta ákvæðum íslenskrar fiskveiðistjórnunar varðandi t.d. veiðarfæri að öllu leyti, reglur sem kynni að vera gripið til um friðun, veiðarfæri og o.s.frv. Eftirlitsþátturinn er ekki togstreituefni samkvæmt upplýsingum aðalsamningamanns. Það eru búið að ganga frá því að eftirlitsmenn skuli koma um borð, með hvaða hætti það skuli gert, þeir verði á kostnað viðkomandi útgerðar. Það er hins vegar svo með alla þætti málsins að það er ekkert frágengið fyrr en samningurinn í heild liggur fyrir. Það eru fyrst og fremst tvö atriði sem hafa orðið að ásteytingarsteini. Annars vegar það sjónarmið að um sé að ræða skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum. Hins vegar sú krafa að um sé að ræða skipti á veiddum afla upp úr sjó.

Aðalsamningamaður hefur óskað eftir fundi í lok mánaðarsins þar sem stefnt er að því af hálfu beggja aðila að lúka samningnum. Takist það, þá mun verða unnt að leggja samninginn fyrir til endanlegrar afgreiðslu hér á Alþingi Íslendinga, trúlega í byrjun desember.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Hæstv. utanrrh. taldi sig ekki geta staðfest það sem hér kom fram en þó kemur hér greinilega fram að bókun 9 við EES-samninginn mun ekki taka gildi ef þessi samningur hefur ekki náðst. Það er því greinilegt að EB hefur þarna tangarhald á Íslendingum, sérstaklega ef ætlunin er að reyna að keyra EES-samninginn í gegnum Alþingi áður en sjávarútvegssamningurinn er frágenginn. Mín spurning var fyrst og fremst þess vegna, hvort þetta kemur þá ekki fyrr en í byrjun næsta mánaðar, en hingað til hefur verið talað um það að umfjöllun utanrmn. um EES-samninginn ætti að ljúka fyrir mánaðamót og þá væntanlega ræða hann hér á Alþingi fljótlega, en ég tel það auðvitað ekki hægt. Ég vil því spyrja ráðherrann aftur hvort þetta séu þá ekki réttar upplýsingar sem hér komu fram, að bókun 9 muni ekki taka gildi nema sjávarútvegssamningurinn liggi fyrir. Jafnframt vil ég spyrja um það að aðildarríkin hafa hafnað öllum hugmyndum um að Íslendingar geti fylgst með löndunum í höfnum EB, hvort það sé þá ekki rétt sem hér kom fram.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það hefur allan tímann legið fyrir í þessum samningum í heild sinni að tvíhliða samningarnir sem EFTA-ríkin skuldbundu sig til að gera þyrftu að vera frágengnir fyrir áramót til þess að EES-samningurinn tæki gildi. Það er ekkert nýtt í því. Það hefur legið fyrir allan tímann.

Að því er varðar samningsstöðuna, þá er hún sú að því er okkur varðar að takist að lúka þessum samningi í byrjun desember þannig að hann megi leggja fyrir í byrjun desember, þá höfum við nægan tíma til þess að afgreiða samninginn og þá er ekkert það að óttast að EES-samningurinn taki ekki gildi af þeim sökum. Hins vegar er það alveg vitað að það er komin tímapressa innan Evrópubandalagsins af því að staðfestingarferill þess er miklu flóknari. Það verða öll þjóðþing aðildarríkja EB að staðfesta samninginn fyrir utan Evrópuþingið sjálft þannig að sá tími sem er til stefnu fyrir Evrópubandalagið að lúka þessu fyrir áramót er orðin naumur. Sá tími sem við höfum til stefnu er hins vegar nægur.

Að því er varðar einstök atriði í frétt Morgunblaðsins, þá get ég hvorki staðfest þau eða neitað að öðru leyti en því að í raun og veru er það fyrst og fremst eitt atriði sem er ásteytingarsteinn og það er mat okkar að önnur atriði verði auðleyst þegar það er leyst.

Samningafundir Íslendinga og EB um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum.

Stefán Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Í framhaldi af þessum fyrirspurnum hef ég áhuga fyrir að beina fyrirspurn til hæstv. utanrrh. hvort rétt sé, eins og segir í Morgunblaðinu í dag, að enginn samningafundur hafi verið haldinn um tvíhliða viðræður Íslendinga við Evrópubandalagið vegna gagnkvæmra skipta á veiðiheimildum síðan 26. júní í vor. Er það rétt að enginn fundur hafi verið haldinn um þetta mál síðan 26. júní í vor?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það sem hér er átt við er það að það hefur enginn fundur verið haldinn fullskipaður með fulltrúum frá öllum aðildarríkjum. Hitt er annað mál að málið hefur verið rætt af hálfu samninganefnda eftir þessa dagsetningu, þ.e. eftir að samningamenn Evrópubandalagsins komu úr sumarleyfi. Sérstaklega hafa þessar viðræður farið fram milli aðalsamningamanns Íslands annars vegar, sem styðst við sérstaka baknefnd af sinni hálfu, þar sem m.a. eiga sæti aðilar frá sjútvrn., ráðuneytisstjóri og fulltrúar hagsmunaaðila, og hins vegar við fulltrúa DG 14, þ.e. sjávarútvegsnefndarinnar undir forustu Schmieglows samningamanns EB. Formlegur fundur þar sem koma að málinu fulltrúar allra aðildarríkja verður væntanlega haldinn undir lok þessa mánaðar.

Að því er varðar frétt Morgunblaðsins, þá hefur málið sem sé verið í umfjöllun og vinnslu þó að ég geti ekki fullyrt hvort fullskipaður samninganefndar-

fundur hafi komið saman frá þeirri dagsetningu sem hv. þm. nefndi.

Lækkun vaxta.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að beina fyrirspurn til hæstv. viðskrh. í tengslum við þær umræður sem nú eru um efnahags- og kjaramál. Er í gangi einhver vinna á vegum ríkisstjórnarinnar í þá veru að verða við þeirri réttmætu kröfu aðila vinnumarkaðarins að vextir verði lækkaðir? Nú greinir menn á um það hvort hægt sé að lækka vexti með handafli eða ekki. Ég ætla ekki að fara út í þær umræður hér. Hins vegar er það jafnljóst að fjölmargar gerðir stjórnvalda geta haft áhrif á vextina og þess vegna varpa ég þessari spurningu til viðskrh.: Hvað er ríkisstjórnin að vinna þessa dagana til að geta komið til móts við þessa réttmætu kröfu?

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Vegna spurningar hv. 6. þm. Norðurl. e. vil ég láta það koma fram að ríkisstjórnin hefur ítrekað rætt mikilvæg atriði sem varða ákvörðun vaxta og lánskjara í landinu. Þar vil ég fyrst nefna að sjálfsögðu eftirspurn ríkisins sjálfs eftir lánsfé, með öðrum orðum útgáfu ríkisskuldabréfa. Það er mikilvægast í þessu máli að halda henni við hóf. Það þarf að huga að fjölmörgum öðrum atriðum í málinu, m.a. þeim starfsskilyrðum sem Seðlabankinn setur viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum. Þar nefni ég bindiskyldu, þar nefni ég fyrirkomulag á ákvörðun dráttarvaxta. Ég nefni þar afskriftir vegna tapshættu. Ég nefni þarna fjölmörg atriði sem varða rekstrarskilyrði bankanna. Þetta mál hefur verið rætt af fulltrúum ríkisstjórnarinnar og Seðlabanka við viðskiptabanka og sparisjóði. Ég mun í dag t.d. eiga fund með bankastjórn Seðlabankans og fulltrúum bankastjórna viðskiptabanka og sparisjóða einmitt til að ræða það hvernig þessi skilyrði verði best lögð til að vaxtalækkun geti orðið enda séu þessar forsendur rétt vísandi fyrir þá þróun.

Vextir verða ekki lækkaðir með valdboði einu saman en það er margt sem hið opinbera með ítökum sínum á lánamarkaði getur gert til að stuðla að lækkun vaxta enda séu horfur á að verðlagsþróun fram undan, stöðugleiki í gengi, stöðugleiki í launaþróun meðal þess sem á er hægt að byggja. Að þessu marki beinist viðleitni ríkisstjórnarinnar og samstarf hennar við aðilana á vinnumarkaðnum og aðilana á lánamarkaðnum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það kom fram í lokaorðum hæstv. viðskrh. að vaxtalækkun væri háð því skilyrði að í engu væri hætt hagsmunum fjármagnseigenda, þ.e. að engu væri hætt gagnvart þeirri verðlagsþróun sem væri fram undan. Þetta er því miður rauði þráðurinn í allri vaxtapólitík hæstv. ríkisstjórnar. Ég bendi einnig á að hæstv. ríkisstjórn hélt því fram á síðasta vetri að allt mundi komast í lag í vaxtamálum ef tækist að draga úr eftirspurn ríkisins eftir fjármagni. Nú hefur komið í ljós að það hefur ekki gerst. Það stefnir í svipaðan fjárlagahalla og verið hefur áður. Hins vegar hefur eftirspurn eftir lánsfjármagni minnkað mikið á markaði en vextir hafa ekki lækkað í neinu samræmi við það.

Það er vel ef hæstv. ríkisstjórn er að átta sig á því, ef búið er að leiða henni það fyrir sjónir nú síðustu dagana að fleiri þættir hafa áhrif á vextina en akkúrat framboðið. Þar hefur ekkert að mínu mati meiri áhrif en afskriftaþörf fjármálastofnana vegna slæmrar stöðu atvinnulífsins sem ríkisstjórnin hefur frestað í ár að taka á þrátt fyrir ítrekuð tilmæli stjórnarandstöðu og aðila vinnumarkaðarins.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. 6. þm. Norðurl. e. um að ég hafi lýst rauða þræðinum í vaxtastefnu þessarar stjórnar í mínum fáu orðum áðan má það til sanns vegar færa. En þau orð lýstu reyndar líka rauða þræðinum í vaxtastefnu sem fylgt hefur verið undanfarin fimm ár að mínu áliti með góðum árangri. Þeim góða árangri að við höfum náð verðbólgunni niður í lægri tölur en dæmi eru um á lýðveldistímanum með þeim árangri að vextir hér eru nú lægri bæði á mælikvarða nafnvaxta og raunvaxta en í flestum nágrannalöndum okkar. (Gripið fram í.) Það er rangt, virðulegi þingmaður. Þetta eru staðreyndir í málinu og þess vegna get ég alveg tekið undir það sem sagt var. Þetta er rauði þráðurinn í þeirri vaxtastefnu sem hefur m.a. haft þær farsælu afleiðingar að Íslendingar hafa ekki glímt við jafnalvarleg vandamál í sínu banka- og lánakerfi og grannþjóðirnar. Ég vona að það geti orðið framhald á því því það er mikilvægt fyrir heilsufarið í okkar atvinnulífi að lánastofnanirnar séu ekki á hnjánum.

Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvG og KHG, 132. mál. — Þskj. 152.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GB, GÁ, GHelg, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StH, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EgJ, GHH, GuðjG, GHG, GHall, JóhS, JBH, JónK, JónS, KEE, KSG, MF, ÓE, SP, SJS, StB, SvG, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Till. vísað til félmn. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GB, GÁ, GHelg, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónS, KHG, KÁ, KE, MB, ÓRG, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

18 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EgJ, GHH, GuðjG, GHG, GHall, JóhS, JGS, JónK, KEE, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, SP, SJS) fjarstaddir.

Friðun Landnáms Ingólfs fyrir lausagöngu búfjár, frh. fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 156. mál. — Þskj. 178.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GHelg, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónS, KHG, KÁ, KE, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

16 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EgJ, GuðjG, GHG, GHall, JóhS, JónK, KEE, KSG, MF, ÓE, ÓRG, SP, SJS) fjarstaddir.

Till. vísað til landbn. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GHelg, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónS, KHG, KÁ, KE, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

15 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EgJ, GuðjG, GHG, GHall, JóhS, JónK, KEE, KSG, MF, ÓE, SP, SJS) fjarstaddir.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 1. umr.

Stjfrv., 208. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 249.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um viðskiptabanka og sparisjóði sem er á þskj. 249. Þetta frv. er eitt af mörgum fylgifrv. EES-samningsins. Samhliða þessu frv. hefur verið lagt fram á Alþingi frv. til laga um breytingu á lögunum um geymslufé sem er á dagskrá þessa fundar. Þá hyggst ég leggja fram á þingi frv. til laga um aðrar lánastofnanir en viðskiptabanka og sparisjóði en þar er einkum um að ræða fjárfestingarlánasjóði og eignarleigur. Ég vil einnig geta þess að frv. til laga um Seðlabanka Íslands sem lagt var fram til kynningar á síðasta þingi verður lagt fram í þinginu á ný á næstunni.

Í þessu frv. um viðskiptabanka og sparisjóði er fólgin sú tillaga að öll lagaákvæði um þessar stofnanir verði sameinuð í einum lögum. Hingað til hafa gilt aðskilin lög um þessar stofnanir. Lengi vel var það svo að sérstök lög giltu um hvern viðskiptabanka. En á árinu 1985 voru samþykkt almenn lög um stofnun og starfsemi viðskiptabanka hér á landi. Þau lög tóku gildi 1. jan. 1986. Á sama tíma tóku gildi ný lög um sparisjóði sem komu í stað eldri laga frá árinu 1941.

Þátttaka okkar í Evrópsku efnahagssvæði krefst þess að sett verði nokkru ítarlegri ákvæði um stjórnun, breytingar á eignarhaldi og starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða en gilt hafa til þessa hér á landi, auk ákvæða sem beinlínis tengjast því að stofnunum þessum verður nú heimilt að opna útibú og veita þjónustu sína hvar sem er innan EES-svæðisins. Þegar ljóst var við athugun málsins að mun fleiri sameiginleg ákvæði áttu bæði við um viðskiptabanka og sparisjóði fremur en ólík var ákveðið að leggja til að sameiginlegur lagabálkur skyldi gilda um báðar þessar greinar lánastarfseminnar og kæmi sá lagabálkur í stað laganna um viðskiptabanka og laganna um sparisjóði frá 1985.

Ég vil vekja athygli á því, virðulegi forseti, að fyrr á þessu ári voru samþykktar breytingar á lögunum um viðskiptabanka og á lögunum um sparisjóði þannig að lögfestar voru nýjar eiginfjárreglur um þessar stofnanir. Þar var um að ræða alþjóðlegar reglur, hinar sömu og gilda innan Evrópubandalagsins og Evrópska efnahagssvæðisins.

Aðlögun að öðrum ákvæðum EES-samningsins um þessar stofnanir er því tiltölulega einföld. Því er í frv. lagt til að Ísland nýti sér ekki aðlögunarfrest til ársloka 1994 á þessu sviði. Það er hér gert að tillögum fulltrúa þessara stofnana í nefndarstarfi sem undirbjó þetta frv. Það er rétt að benda á að væri aðlögunarfresturinn nýttur mundi starfsleyfi íslenskra stofnana ekki gilda í öðrum EES-ríkjum á meðan fresturinn stæði. Hins vegar mundi starfsleyfi erlendra stofnana gilda hér á landi samkvæmt gagnkvæmnisreglum. Með þessu væri því innlendum stofnunum búin þrengri starfsramma en erlendum keppinautum þeirra.

Virðulegur forseti. Ég tel ekki rétt að taka upp allt of mikið af dýrmætum tíma þingsins til að gera í smáatriðum grein fyrir öllum ákvæðum þessa 103 greina frv. Þar er að langmestu leyti um það að ræða að fella í einn lagabálk ákvæði gildandi laga og fella inn í lögin breytingar sem á þeim hafa orðið. Hér er því í senn verið að skipa lögunum saman með einfaldari hætti en gilt hefur og færa þau til samræmis við þær skuldbindingar sem við höfum tekið á okkur í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði.

Það eru þó nokkur mikilvæg atriði, virðulegur forseti, sem ég vil vekja athygli hv. þm. á. Að öðru leyti treysti ég á gott samstarf við hv. efh.- og viðskn. um meðferð þessa mikilvæga máls.

Ég nefni þá fyrst að í frv. er lagt til að starfsheimildir viðskiptabanka og sparisjóða verði nokkru víðtækari en nú gildir. Þetta er í samræmi við þróun víða um lönd á síðustu árum og þær reglur Evrópubandalagsins að bönkum og sparisjóðum sé heimilt að veita alhliða fjármálaþjónustu. Auk hefðbundinnar banka- og sparisjóðastarfsemi fengju þessar stofnanir samkvæmt frv. nú fullar heimildir til að stunda verðbréfaviðskipti og fjármögnunarleigu. Hingað til hafa þær haft takmarkaðar heimildir til verðbréfaviðskipta og ekki ver-

ið heimilt að stunda fjármögnunarleigu.

Þá verður þessum stofnunum heimilt að stunda vátryggingastarfsemi en einungis í sérstökum dótturfyrirtækjum. Auk þess er þeim heimilt að stunda aðra starfsemi en talin er upp í 44. gr. frv. enda sé þar um að ræða hliðarstarfsemi í eðlilegum tengslum við viðskiptabanka- og sparisjóðareksturinn. Í þeim tilvikum þarf þó að koma til samþykki bankaeftirlitsins. Samkvæmt ákvæðum frv. getur það ákveðið að starfsemin skuli stunduð í sérstöku félagi telji eftirlitið ástæðu til þess. Slík krafa kæmi að mínu áliti einkum til geina ef talið væri að umrædd starfsemi væri áhættumikil eða fjarskyld viðskiptabanka- og sparisjóðastarfsemi.

Þá er í þessu frv. lagt til að bankar og sparisjóðir í öðrum aðildarríkjum hins væntanlega EES-svæðis fái heimild til að stofna útibú hér á landi eða veita þjónustu hér á landi án opnunar útibús, án þess að þurfa sérstaklega að sækja um leyfi til þess. Í þessu felst að vísu ekki grundvallarbreyting því erlendum hlutafélagabönkum hefur verið heimilt að opna útibú hér á landi frá byrjun þessa árs. Þá hefur markvisst afnám gjaldeyrishafta leitt til þess að Íslendingar geta nú í auknum mæli nýtt sér þjónustu erlendra banka og lánastofnana. Samhliða því að EES-stofnanir fá heimild til að starfa hér á landi fá íslenskir bankar og sparisjóðir fullar heimildir til að opna útibú hvar sem er innan EES-svæðisins eða veita sína þjónustu utan Íslands. Í þessu kunna að felast margvísleg tækifæri fyrir framsæknar stofnanir.

Þá vil ég geta þess að í frv. er lagt til að heimildir banka og sparisjóða til að eiga eða taka að veði hluti í félögum sem ekki stunda viðskiptabanka- eða sparisjóðastarfsemi verða nú auknar samkvæmt tillögum frv. verulega frá því sem í dag gildir. Þetta er í samræmi við ríkjandi reglur innan Evrópubandalagsins sem reyndar taka að mestu leyti mið af þýskum bankarétti, þýskum bankareglum. Eins og kunnugt er eru bankar stórir eigendur í fjölmörgum mikilvægum framleiðslufyrirtækjum þar í landi. Samkvæmt núgildandi lögum má eignarhlutur banka í einstöku félagi og lán til félagsins ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar 2% af eigin fé bankans og samtala allra slíka eignarhluta og lána má ekki fara yfir 15% af eigin fé bankans.

Í frv. eru mörkin hins vegar þau að eignarhlutur í einstöku félagi eða hlutir teknir að veði megi ekki verða hærri en 15% af eigin fé viðkomandi banka eða sparisjóðs. Samtala virkra hluta, þ.e. hluta umfram 10% af eigin fé eða atkvæðisrétti í viðkomandi félagi, má ekki verða hærri en 60% af eigin fé viðkomandi banka eða sparisjóðs. Loks má bókfært virði allra eignarhluta sem banki eða sparisjóður hefur eignast ekki nema hærri fjárhæð en allt eigið fé viðkomandi banka eða sparisjóðs. Með þessum tillögum er lögð til umtalsverð rýmkun á gildandi heimildum sem að mínu áliti gætu komið íslensku atvinnulífi til góða og gefið færi á einfaldari og hagkvæmari lausnum á ýmsum fjármögnunarvandamálum okkar atvinnulífs.

Í frv. sem hér er til umræðu er áfram gert ráð fyrir að tvenns konar viðskiptabankar starfi á Íslandi. Annars vegar ríkisviðskiptabankar og hins vegar hlutafélagsbankar. Það er hins vegar stefna ríkisstjórnarinnar að breyta ríkisviðskiptabönkunum tveimur í hlutafélagsbanka. Að því gerðu yrðu allir viðskiptabankarnir þrír hér á landi seldir undir sömu starfsskilyrði. Eftir að ríkisviðskiptabönkum hefði verið breytt í hlutafélagsbanka verða þau ákvæði þessa frv. sem lúta sérstaklega að ríkisviðskiptabönkunum að sjálfsögðu óþörf.

Ég vil vekja athygli þingmanna á einu af ákvæðum frv. um ríkisviðskiptabankana. Í 3. mgr. 8. gr. frv. segir að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabanka. Hér er kveðið skýrt og afdráttarlaust að orði. Í samsvarandi ákvæði í núgildandi lögum er kveðið á um að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabanka en til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eigum þurfi ríkisviðskiptabanki sérstaka lagaheimild hverju sinni. Þetta ákvæði hefur verið túlkað með mismunandi hætti af ýmsum fræðimönnum og lögfræðingum. En þegar á reyndi hefur ríkissjóður tekið á sig allar skuldbindingar viðkomandi banka. Ég tel því eðlilegt að við búum nú þannig um hnútana að ríkissjóður beri með skýrum hætti ábyrgð á skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna. Með hlutafélagsforminu er hins vegar unnt að takmarka þá ábyrgð sé það ákvörðun þingsins.

Ég vek athygli þingmanna á þeirri nýjung í frv. að tilkynna verður til bankaeftirlitsins fyrir fram um breytingar sem verða kunna á eignarhaldi í þessum stofnunum: Upp fyrir eða niður fyrir 10%, 20%, 33% og 50% af hlutafé eða stofnfé eða þegar breytingarnar leiða til þess að viðkomandi stofnun fer að teljast dótturfyrirtæki annars félags. Bankaeftirlit getur samkvæmt tillögum frv. synjað viðkomandi hluthafa eða stofnfjáreigenda um að eignast hlut eða fara með atkvæði telji bankaeftirlitið viðkomandi ekki hæfan til þess með tilliti til heilbrigðs reksturs viðkomandi banka eða sparisjóðs eða eðlilegra viðskiptahátta. Þá er bankaeftirlitinu einnig heimilt að svipta hluthafa atkvæðisrétti ef það telur að viðkomandi fari þannig með hlut sinn að það geti skaðað heilbrigðan rekstur bankans eða sparisjóðsins eða samrýmist ekki eðlilegum viðskiptaháttum. Þótt vonandi komi ekki til þess að beita þurfi ákvæðum af þessu tagi tel ég engu að síður mikilvægt að öryggisákvæði af þessu tagi séu til staðar í okkar löggjöf.

Varðandi sparisjóðina vil ég nefna það sérstaklega að í frv. er lagt til að sparisjóður verði ekki stofnaður með lægra stofnfé en 80 millj. kr. Hér er um umtalsverða hækkun að ræða frá 3 millj. kr. lágmarkinu í gildandi lögum. Þar kemur tvennt til sem ég vil nefna:

Í fyrsta lagi reglur Evrópubandalagsins og hins vegar sú skoðun fjölmargra hér á landi að það sé í hæsta máta óeðlilegt að unnt sé að stofna sparisjóð með aðeins 3 millj. kr. stofnfé. Í þessu sambandi má benda á að lágmark hlutafjár í eignarleigufyrirtæki eru 10 millj. kr. samkvæmt gildandi lögum og 20 millj. kr. í verðbréfafyrirtæki.

Þá vil ég nefna að framvegis er gert ráð fyrir því að svokallaðir ábyrgðarsparisjóðir heyri sögunni til. Í ábyrgðarsparisjóðum er ekkert stofnfé heldur leggja

stofnendur fram ábyrgðir í stað stofnfjár. Í þessu frv. er lagt til að starfandi ábyrgðarsparisjóðum verði breytt í stofnfjársjóði innan þriggja ára frá gildistökudegi laganna.

Við gerð þessa frv. var reyndar mikið rætt í hópi nefndarmanna sem undirbjuggu það um eignarhald og stjórnarfyrirkomulag í sparisjóðunum sem augljóslega þarf að breyta í framtíðinni. Niðurstaðan varð þó sú að leggja ekki til breytingar í því efni heldur gera það með sérstöku frv. síðar þannig að sú samræming og samfelling löggjafarinnar sem hér er gerð tillaga um blandist ekki inn í það viðkvæma mál.

Í frv. er lagt til að gildandi ákvæði um Tryggingarsjóð viðskiptabanka og Tryggingarsjóð sparisjóða verði lögfest að nýju. Í athugasemdum með frv. er hins vegar vakin athygli á því að unnið sé að samræmingu á reglum um tryggingarsjóði banka og sparisjóða á vettvangi Evrópubandalagsins. Þegar niðurstaða er fengin úr því starfi verða þær reglur væntanlega einnig teknar upp innan hins Evrópska efnahagssvæðis. Því er fyrir séð að þessi ákvæði frv. muni koma til endurskoðunar í náinni framtíð.

Ég vil ekki draga dul á þá skoðun mína að ég tel afar brýnt að hér á landi starfi öflugir tryggingarsjóðir til að standa að baki innstæðum í bönkum og sparisjóðum. Það er mitt álit að við eigum ekki að bíða eftir endanlegri niðurstöðu nágranna okkar í Evrópu í þessu efni. Því hyggst ég skipa á næstunni nefnd til að móta tillögur um annars vegar sameiningu tryggingarsjóðanna tveggja og hins vegar hvernig efla megi tryggingar fyrir innstæðum í bönkum og sparisjóðum hér á landi.

Virðulegi forseti. Í gildandi viðskiptabankalögum er ekki sérstaklega kveðið á um heimildir erlendra aðila til að eiga hlut í íslenskum viðskiptabanka. Ákvæði þess efnis eru í lögunum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri frá árinu 1991. Þar eru ákvæði um það að erlendum aðila sé í hæsta lagi heimilt að eiga um 25% af hlutafé í íslenskum hlutafélagsbanka. Í gildandi sparisjóðalögum er hins vegar kveðið á um að erlendur ríkisborgari sem á hér lögheimili og hefur átt það a.m.k. samfellt eitt ár geti orðið aðili að sparisjóði.

Samkvæmt EES-samningnum er Íslendingum heimilt að viðhalda gildandi reglum á þessu sviði fram til ársbyrjunar 1996 gagnvart ríkisborgurum og lögaðilum í öðrum aðildarríkjum EES. Það er mín tillaga að sá aðlögunarfrestur verði nýttur til fulls. Á þessu er ekki tekið í frv. sem hér liggur fyrir um viðskiptabanka og sparisjóði. Þar er einungis að finna almenn ákvæði um eignaraðild að þessum stofnunum, en þessa takmörkun verður áfram að finna í lögunum um erlenda fjárfestingu í atvinnurekstri.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Hér kemur enn einn stór lagabálkurinn sem verður væntanlega vísað til efh.- og viðskn. á þessu haustþingi og er vart bætandi á það sem fyrir er. Það hefur farið svo með tíma okkar nefndarmanna að hann hefur einskorðast fyrst og fremst við vinnu þeirra mála sem eru komin til vinnslu í nefndinni. Því hefur lítill tími gefist til þess að fara í gegnum þau mál fyrir fram sem verið er að vísa til nefndarinnar. Ég mun þó fara örfáum almennum orðum um frv. og bankastarfsemina tengda því.

Það er rétt, sem hæstv. viðskrh. sagði hér áðan, að á síðasta þingi voru lögfestar nýjar eiginfjárkröfur til bankanna. Þær kröfur eru þess efnis að það er rétt með naumindum að þeir ná því í dag að uppfylla þær. Það setur m.a. að mínu mati sitt mark á þá baráttu sem nú er háð um lækkun vaxta að bankarnir eru þannig staddir að þeir hafa ekki af öðru að taka en því sem þeir geta náð inn í gegnum vaxtamun á hverjum tíma. Þess vegna er það mjög brýnt, sem ég nefndi í óformlegri fyrirspurn áðan, að tekið verði á vanda atvinnulífsins á þann hátt að óheyrilegar afskriftir hafi ekki óheillavænleg áhrif á vaxtastigið í þeirri glímu sem nú er fram undan.

Í frv. kemur fram að starfsheimildir banka verða mun víðtækari en nú er og til viðbótar eru komnar mun rýmri heimildir en verið hafa áður í þá átt að bankarnir mega eiga hluti í fyrirtækjum. Þetta allt saman stefnir að því að bankarnir geti orðið virkari aðilar í atvinnu- og efnahagslífi okkar. Ég get út af fyrir sig tekið undir það sjónarmið að eðlilegt sé að bankarnir finni til ábyrgðar á annan hátt en bara að verja sitt lánsfjármagn gagnvart atvinnulífinu og þjóðfélaginu almennt. En það verður þá að vera liður í nýrri stefnumótun gagnvart atvinnulífinu og gagnvart þjóðfélaginu öllu sem byggist á nánu samráði og samstarfi ríkisvalds, aðila vinnumarkaðarins og fjármálakerfis á hverjum tíma. Því miður sýnist mér á yfirlýsingum hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. síðustu daga að í það minnsta sá armur Sjálfstfl. sé ekkert á þeim buxunum að taka upp vinnubrögð og stefnumótun í þessa veru. (Gripið fram í.) Nú heyri ég að hv. 17. þm. Reykv. hefur ekki fylgst alveg með. *Ég náði ekki spurningunni.* (**ÖS:** *Hvaða armur?*) Hvaða armur Sjálfstfl.? Ég nefndi að það væri sá armur sem þeir veittu forustu hæstv. fjmrh. og forsrh. og ég held ég skýri það ekkert nánar út. Eins og hv. þm. veit er Sjálfstfl. margarma, hálfgerður kolkrabbi, og þessi armur fer með völdin í augnablikinu, er áhrifamestur og virðist vera búinn að berja til hlýðni við sig jafnvel þá þingmenn sem maður hefði síst ætlað. (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. Ég held ég verði að fara fram á það að fá að taka þessar viðræður við hv. 17. þm. Reykv. niður í kaffistofu á eftir eða á einhverjum öðrum vettvangi.

Síðan kem ég að þeim ásetningi ríkisvaldsins að breyta ríkisbönkunum í hlutafélagabanka. Það er eitt atriði. Annað atriði er að selja þessa banka. Nú kom það ekki fram í ræðu hæstv. ráðherra en það kemur hins vegar fram í forsendum fjárlagafrv. að meiningin sé að selja ríkisbanka, það sé uppistaðan í þeim 1.100 millj. sem eiga að koma inn á næsta ári í gegnum sölu ríkisfyrirtækja.

Margt væri hægt að ræða um þetta ekki síst eftir

reynslu síðasta árs, ekki hérlendis heldur erlendis. Það er fyrsta spurning til hæstv. viðskrh.: Telur hann að ríkisbanki sem breytt væri í hlutafélagsbanka og væri alfarið í eigu ríkisins gæti takmarkað ábyrgð sína við útgefið hlutafé sem væri þá að öllum líkindum eigið fé viðkomandi banka eins og það væri á þeim tíma? Ég efa stórlega að þetta gengi upp, að ríkið gæti á þann hátt takmarkað ábyrgð sína á ríkisbanka. Þetta tengist einnig þeirri umræðu sem verið hefur uppi síðustu vikurnar í þá veru að í raun geti ríkisvald ekki vikist undan ábyrgð á bankakerfi landsins. Þetta hefur komið fram í Noregi og Finnlandi einnig. Ég vil þess vegna varpa þeirri spurningu til hæstv. viðskrh. hver hann telji að sé ábyrgð ríkisvaldsins á bankakerfinu, fjármálakerfinu, hvort ríkisvaldið geti nokkurn tíma vikist undan þeirri ábyrgð og hvort ríkisvaldið fái það ekki í hausinn þótt seinna verði ef menn ætla að víkjast undan því. Því ef bankakerfið hrynur fer allt atvinnulífið með, svo samtvinnaðir eru þessir þættir. Mér sýnist alla vega að það sé að koma betur og betur í ljós að ein af höfuðskyldum ríkisvalds í hverju landi sé að sjá til þess að þar sé traust fjármála- og bankakerfi.

Í þessu samhengi hefði ég haft áhuga á að beina þeirri spurningu til hæstv. viðskrh. hvort hann telji svigrúm til þess á hlutabréfamarkaðnum á næsta ári að til komi sala á hlutabréfum úr ríkisbönkunum upp á hugsanlega milljarð. Mér sýnist ekkert veita af því að atvinnulífið og þau fyrirtæki sem þurfa virkilega á því að halda að afla sér peninga á þeim hlutabréfamarkaði sem hér er að byggjast upp fái næstu árin að hafa forgang að því fjármagni sem kann að vera á lausu og menn eru tilbúnir til þess að leggja í atvinnulífið á þennan hátt.

Þá eru hugleiðingar um sparisjóðina. Kannski hefði ég getað verið búinn að lesa mér til um þessa þætti ef ég hefði haft tök á því að fara vel í gegnum frv. Varðandi stofnframlög sparisjóðanna upp á 80 millj. langar mig að spyrja: Verður gerð sú krafa til núverandi starfandi sparisjóða að þeir uppfylli þetta skilyrði eða á þetta eingöngu við um nýja stofnun? Það er eins með ábyrgðarsparisjóðina sem hafa starfað og eiga að breytast innan þriggja ára. Hvaða kröfur verða gerðar þar varðandi stofnframlög? Sparisjóðir hafa að vísu verið að sameinast og sameina krafta sína en víða gegna litlir sparisjóðir veigamiklu hlutverki heima í héraði.

Það hefði verið freistandi af því að umræðan býður upp á það að taka langa umræðu um vaxtamálin og hvað er að gerast þar þessa dagana. Ég mun ekki gera það nema stikla á örfáum atriðum og fylgja því eftir sem kom fram í óformlegum fyrirspurnatíma áðan. Mér sýnist að ríkisstjórnin hafi á umliðnum mánuðum ekki haft þá yfirsýn sem þyrfti yfir vaxtamálin. Í fyrravetur var sú umræða uppi að ef tækist að lækka ríkisútgjöldin, þá kæmi nánast allt annað af sjálfu sér í peningamálunum. En það gleymdist algerlega að huga að því að staða bankanna, vaxtastaðan, er svo nátengd stöðunni í atvinnulífinu. Það hefur komið í ljós síðustu mánuði að bankarnir halda vaxtamun uppi eins og þeim mögulega er stætt á meðan óvissa er í atvinnulífinu. Meðan ekkert liggur ljóst fyrir um það hvernig eigi að endurfjármagna atvinnulífið munu bankarnir halda vaxtamuni í hæstu hæðum. Það er því væntanlega ekkert mikilvægara gagnvart því að hægt sé að lækka vextina en að endurfjármögnun atvinnulífsins liggi fyrir. Þar er ekkert eitt sem kemur til. Það þarf að lengja lán. Það þarf að grípa til þess ákvæðis, sem er rýmkað í þessu frv., að bankarnir geti átt hlutafé í fyrirtækjum og að menn gangi nú í þessa vinnu þannig að hægt sé að lágmarka afskriftaþörf bankanna.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri en bendi hæstv. viðskrh. á varðandi orð hans um að hann vænti góðs samstarfs við nefndina að ég tel ekkert benda til annars en það geti verið gott. Hins vegar bendi ég á að hér er um að ræða mjög viðamikinn lagabálk til viðbótar við önnur veigamikil störf í nefndinni þannig að það getur tekið einhvern tíma að fara í gegnum þetta allt saman. Í raun er ámælisvert að þetta frv. sé að koma fram rétt rúmum mánuði áður en það ætti að taka gildi. Stjórnarandstaðan var tilbúin til þess strax í vor að vinna eins og þyrfti í sumar að þeirri undirbúningsvinnu sem ríkisstjórnin taldi nauðsynlega vegna Evrópska efnahagssvæðisins, en því miður fór það svo að frumvörpin komu ekki fram og stór og veigamikil frumvörp eins og þetta eru að koma fram nú á síðustu vikum ársins.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það með hv. síðasta ræðumanni að þetta frv. er býsna seint fram komið. Miðað við það mikla vinnuálag sem er í efh.- og viðskn. hlýtur mín fyrsta spurning til hæstv. viðskrh. að vera: Hversu brýn þörf er á því að þetta frv. verði afgreitt fyrir áramót? Ég sé það í frv. að gert er ráð fyrir því að lögin taki gildi samhliða samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Það ákvæði er að finna í býsna mörgum þeirra frumvarpa sem lögð hafa verið fram á þessu hausti þó að málin séu í sjálfu sér óháð samningnum og hægt að líta á þau óháð honum. Mér er ekki alveg ljóst hvað það er í frv. sem er svo brýnt að gangi í gildi um næstu áramót, þ.e. ef samningurinn verður samþykktur. Þess vegna hlýt ég að spyrja hvort hæstv. viðskrh. sjái möguleika á því að gildistakan frestist eitthvað. Ég tel reyndar að hér sé að mörgu leyti um mjög gott mál að ræða að svo miklu leyti sem ég hef náð að kynna mér það, en mér er ljóst að þetta mikla mál þarfnast mikillar vinnu og mikillar skoðunar í nefndinni. Til þess að þau vinnubrögð verði vönduð hljótum við að þurfa meiri tíma en mér virðist vera til stefnu ef reiknað er með því að málið nái fram að ganga fyrir áramót.

Þetta mikla frv. er í 103 greinum og með þrjú ákvæði til bráðabirgða. Það má því ljóst vera að hér er ekki um neitt smámál að ræða. Ég vil í upphafi lýsa ánægju minni með að hér skuli vera sett í einn lagabálk allt sem snertir bankastofnanir og sparisjóði, hvort sem þeir eru ríkisbankar, hlutafélagsbankar eða sparisjóðir í eigu almennings. Ég tel mjög eðlilegt að sömu reglur gildi um þessar stofnanir.

Hæstv. viðskrh. nefndi nokkrar nýjungar í frv. en þó ekki allar. Það er ein sem ég tel sérstaklega ástæðu til

að lýsa yfir ánægju með. Það er varðandi ráðningu bankastjóra. Bæði í 29. gr. og 38. gr. er vikið að ráðningu bankastjóra. Í 29. gr. segir að bankastjórar skulu eigi ráðnir til lengri tíma en sex ára í senn og auglýsa skuli opinberlega eftir umsóknum um stöðu bankastjóra með hæfilegum fyrirvara.

Ég fagna þessu alveg sérstaklega vegna þess að hér tel ég að verið sé að færa bankastarfsemi til nútímahorfs. Vonandi lýkur þeim ljóta kafla í íslenskri sögu sem tengist ráðningum þar sem flokkshagsmunir ráða meiru en almannahagur og það að stofnunum sé stjórnað með faglegum hætti.

Í 38. gr., þar sem er að finna sameiginleg ákvæði varðandi stjórnun bankastofnana og sparisjóða, segir í 2. mgr., með leyfi forseta:

„Auk þess að fullnægja skilyrðum 1. mgr. skal menntun eða starfsreynsla og starfsferill bankastjóra og sparisjóðsstjóra vera með þeim hætti að tryggt sé að þeir geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt."

Þetta er nýjung í lögum og mér finnst það mjög til fyrirmyndar bæði að gera kröfur til menntunar og starfsreynslu þannig að ljóst sé að hún nýtist í því starfi sem mönnum er ætlað að gegna en því miður hefur allt of oft verið brotalöm þar á í íslensku stjórnkerfi.

Það eru örfáar spurningar til hæstv. viðskrh. Hann gat þess og ég tel það bæði eðlilegt og gott að nú fái íslenskar bankastofnanir aukið rými til þess að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum. Hann vísaði þar til reynslu Þjóðverja sem ég tel vera mjög eftirbreytniverða þar sem þeir hafa iðulega gripið til þess að aðstoða sín fyrirtæki og bjarga þeim m.a. til þess að reyna að koma í veg fyrir að eign í fyrirtækjum flytti úr landi. Er skemmst að minnast þegar Þýskalandsbanki keypti hlutafé í Mercedes Benz til að koma í veg fyrir að Arabar eignuðust stóran hlut í því mikla fyrirtæki. Ég vildi gjarnan heyra nánar frá ráðherranum hvernig hann sér þetta fyrir sér. Ég hef ekki kynnt mér það nægilega vel í frv. hvernig þessu er háttað.

Í upphafi frv. er talað um hlutafélagsbanka og ríkisbanka en sú spurning vaknaði hjá mér: Hvað um hreina einkabanka? Þá er ég fyrst og fremst að hugsa um erlenda banka. Þeir eru eflaust ekki margir en ég veit ekki annað en einkabankar séu til, m.a. í Bandaríkjunum. Auðvitað vaknar sú spurning hvort ekki þurfi að nefna þá í lögunum. Ég vildi gjarnan heyra frá hæstv. iðnrh. varðandi það mál.

Samkvæmt frv. fær að bankaeftirlitið aukin völd. Það kemur heim og saman við það sem er að finna í öðrum frumvörpum um fjármálastofnanir að gert er ráð fyrir vaxandi hlutverki bankaeftirlitsins. Ég hlýt að spyrja hvernig bankaeftirlitið er undir það búið. Hvernig verður staða þess styrkt?

Hæstv. viðskrh. nefndi líka atriði sem varðar eignarhald á bönkum og sparisjóðum sem mikið hefði verið rætt í nefndinni og þyrfti að breyta í framtíðinni og sagði að það væri viðkvæmt mál. Mig langar til að biðja hann að skýra nánar hvað þar er á ferð.

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í mínu máli hefur mér ekki gefist nægilegt tækifæri til þess að kynna mér þetta mál en ég á sæti í efh.- og viðskn. og þar munum við fara vandlega ofan í málið en ég ítreka þær áhyggjur mínar hversu skamman tíma við höfum til stefnu ef ekki verður veittur aukinn frestur til að afgreiða þetta viðamikla mál.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni mjög þýðingarmikið frv. og ég hlýt að leyfa mér að taka undir með þeim hv. ræðumönnum sem þegar hafa talað að það er seint í rassinn gripið að fá þetta mikilvæga frv. fram nú þegar komið er fram yfir miðjan nóvember. Að vísu er það orðið mjög teygjanlegt hugtak í seinni tíð hvað telst miður nóvember en það er nú samt í mínum málskilningi þannig að það er komið fram yfir hann. Ofan á allar aðrar annir bætist það að fara yfir þessa löggjöf og afgreiða hana fyrir jól því að gildistökuákvæðin eru hengd á Evrópska efnahagssvæðissamninginn eins og nú er í tísku.

Þetta væri kannski sök sér ef hér væru eingöngu á ferðinni breytingar sem leiddu beint af þátttöku okkar í Evrópska efnahagssvæðinu og að öðru leyti væri öllum breytingum á íslenskri bankalöggjöf skotið á frest en svo er ekki. Nú er ég ekki þar með að segja að það sé verri eða lakari hluti þessa frv. sá sem ekki tengist Evrópska efnahagssvæðinu beint. Þvert á móti tel ég líklegt að þar sé margt brúklegt að finna. Hitt er augljóst mál að þeim mun víðtækari sem löggjöfin er og þeim mun meiri breytingar sem hún felur í sér burt séð frá áhrifum af Evrópska efnahagssvæðinu eða tilkomu þess ef af verður, sem rétt er að hafa innan gæsalappa og sem spurningu enn sem komið er, þá er ósköp einfaldlega meiri vinna fólgin í því að fara yfir málið.

Hér er t.d. verið að gera þá kerfisbreytingu að sameina í eina löggjöf öll ákvæði um banka og sparisjóði og alla starfsemi sem þeim tengist, svo sem starfsemi veðdeilda, lánastofnana, tryggingarsjóða og annað því um líkt sem mælt hefur verið fyrir um í ýmsum sérlögum fram að þessu. Þetta sjá menn þar sem talin eru upp í gildistökugreininni öll þau lagaákvæði sem falla úr gildi með tilkomu þessa frv. Þau eru 10 talsins. Nú eru þau auðvitað ekki öll mikilvæg í sjálfu sér, t.d. heimildir fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út bankavaxtabréf o.s.frv., en þó eru hér á ferðinni lög um veðdeildir ríkisbankanna og fleira af því tagi auk þess sem gera á verulegar breytingar á skipulagi tryggingarsjóðanna og Lánastofnunar sparisjóðanna.

Ég er að nefna þetta hér, hæstv. forseti, vegna þess að ég vil fyrir mitt leyti a.m.k. hafa á því allan fyrirvara að það sé boðlegt við þessar aðstæður að ljúka öllum þessum breytingum fyrir áramót. Ég sé ekki annað en það horfi í það hjá hv. efh.- og viðskn. að hún verði að fara að flokka eitthvað verkefni sín í það sem er óhjákvæmilegt að afgreiða fyrir áramót og hitt sem unnt er að hafa tíma til að skoða betur. Það er ekki nokkur hemja að vera með mikilvæga löggjöf af þessu tagi í höndunum og hafa ekki tíma til þess að fara sómasamlega yfir hana. Nefndin hefur lagt mikla vinnu t.d. í lagafrumvörp eins og samkeppnislög sem er rétt

og skylt, en til samanburðar við það verkefni sem hér þyrfti að vinna ef fara á vel yfir þetta er ég hræddur um að tíminn sé að verða naumur.

Ég vil í fyrsta lagi segja að fljótt á litið held ég að það sé margt sem mæli með því að sameina þessi lagaákvæði á einn stað og á margan hátt eðlilegast að stofnanir sem eru með starfsemi á þessu sviði falli allar undir ein og sömu lagaákvæðin að svo miklu leyti sem við verður komið. Til að mynda séu almenn ákvæði í bankalögum sambærileg fyrir bæði ríkisbanka, hlutafélagabanka og sparisjóði. Auðvitað þarf að huga að því að þessar stofnanir hafa orðið til nokkuð hver með sínum hætti og það er ekki langt síðan að um þær giltu allar saman sérlög. Fram til 1985, ef ég man rétt, giltu sérstök lög fyrir hvern banka fyrir sig. Þau voru þá sameinuð í tvo meginlagabálka, þ.e. viðskiptabankalög og lög um sparisjóði. Hér er svo verið að slengja þessu öllu saman og má segja að hringurinn sé þá að lokast og að mörgu leyti eðlileg þróun. Á hinn bóginn skiptir miklu máli að þannig sé frá því gengið að til að mynda sérstöðu og eðli sparisjóðanna sé til haga haldið og fullur sómi sýndur í lagasetningunni.

Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. vegna þess að hann nefndi takmarkandi ákvæði í lögum um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnulífinu, þar sem m.a. er að finna þak gagnvart heimilli hlutafjáreign erlendra aðila í íslenskum bönkum. Eins og menn muna hefur 25% verið í lögum. Hæstv. viðskrh. sagði að ekki væri ástæða til að taka á því í þessum lögum þar sem takmarkanir laganna um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri mundu halda sér og ég skil það svo að það gildi á meðan á aðlögunartímann stendur, þ.e. fram til 1996. Er það þá svo að við þau tímamörk falli niður allar takmarkanir og er þá samningurinn eða ákvæði hans þannig að frá og með 1996 yrði Íslendingum óheimilt að vera með nokkrar takmarkanir af því tagi gagnvart eignarhlut útlendinga í íslenskum bönkum? Væri þá t.d. fræðilega möguleg sú útkoma ef ríkisstjórninni væri búið að takast að breyta bæði Landsbankanum og Búnaðarbankanum í hlutafélagabanka og þeir komnir að einhverju leyti á almennan markað að meirihlutaeign þessara banka færðist út fyrir landsteinana og væri okkur óheimilt að reisa skorður gegn því á grundvelli ákvæða samningsins um Evrópskt efnahagssvæði eftir að aðlögunartíminn væri útrunninn?

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. viðskrh. hvort merkja megi einhverja stefnubreytingu hjá hæstv. ríkisstjórn í þessari uppsetningu frv. í ríkisviðskiptabanka annars vegar og hlutafélagabanka hins vegar. Boðar þetta fráhvarf frá þeirri stefnu, sem ég hélt að væri ríkisstjórnarinnar, að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög þó svo annar þeirra yrði t.d. áfram alfarið eigu ríkisins? Ef ríkisstjórninni væri alvara með þessa stefnu hefði maður e.t.v. átt von á öðru en að lagafrv. væri uppsett með þeim hætti að gert sé ráð fyrir tilvist ríkisviðskiptabanka án nokkurra takmarkana. (Gripið fram í.) Það er svo aftur annað mál og kemur að því, hv. frammíkallandi, hvort ég sé nokkuð að sýta það þó ríkisstjórnin hafi vitkast og áttað sig á því að eitt það allra heimskulegasta af mörgum vitleysum sem henni hefur dottið í hug er vera að hrófla við eignarhaldi á ríkisbönkunum einmitt við þessar aðstæður.

Ég veit ekki betur en ríkisstjórnin hafi bæði í Hvítbókinni sinni frægu, handbók ráðherranna sem aldrei var samþykkt í þingflokkum stjórnarliðsins eins og frægt er og ég hef þess vegna kallað því nafni, sem og stjórnarsáttmálanum þunna, sem kom frá Viðey, boðað það að hún ætli að breyta bönkunum í hlutafélög og selja þá ef mögulegt er. Sömuleiðis man ég ekki annað en hér sé í fjárlagafrv. gert ráð fyrir ekki minna en 1.500 millj. vegna sölu eigna ríkisins á næsta ári og inni í þeirri mynd hefur Búnaðarbankinn verið nefndur. Þá þarf ekki aðeins að breyta honum í hlutafélag væntanlega til þess að hægt sé að selja hlutabréfin heldur einnig að setja hann á markað og selja. Ég hlýt að leyfa mér að spyrja hæstv. viðskrh.: Hefur orðið stefnubreyting hjá hæstv ríkisstjórn og er hún e.t.v. fallin frá því að hrófla við ríkisviðskiptabönkunum vegna aðstæðna í okkar fjármálum og vegna almennrar skynsemi sem skyndilega hafi komið yfir hæstv ríkisstjórn?

Ég hélt að ekki þyrfti að taka það fram en það er kannski skylt að gera það að ræðumaður er þeirrar skoðunar að það sé hin mesta fásinna að fara að hrófla við ríkisbönkunum við þessar aðstæður. Í fyrsta lagi vegna þess að það eru engir þeir fjármunir til á lausu á Íslandi að mínu mati sem skynsamlegt væri að ráðstafa í það að kaupa út eignarhlut ríkisins í þessum bönkum. Það væri della. Ef þeir peningar eru einhvers staðar fyrir hendi og á lausu höfum við nóga þörf fyrir þá í aðra og brýnni hluti en að kaupa út eignarhlut ríkisins í Búnaðarbankanum eða Landsbankanum. Þeir fjármunir eiga að fara í nýtt hlutafé í nýjum fyrirtækjum sem skapa ný störf en ekki í það að kaupa Búnaðarbankann.

Aðstæður á markaði eru hvort sem er þannig að ríkið gæti aldrei fengið sannvirði fyrir bankann, a.m.k. ekki frá íslenskum aðilum við þær aðstæður sem nú eru, fullyrði ég. Ef meta ætti með raunverulegum hætti eign og viðskiptavild bankanna þá væru það fjármunir sem ég fullyrði að liggi ekki á lausu í íslenska peningakerfinu.

Í þriðja lagi held ég að það væri forheimska að hrófla við ríkisviðskiptabönkunum vegna stöðu Íslands á lánamörkuðum erlendis. Það er enginn vafi á því að hin beina ábyrgð ríkisins sem er á bak við ríkisbankana, sem ekki eru hlutafélög heldur hrein ríkisfyrirtæki, styrkir stöðu þeirra á erlendum lánamarkaði. Það gæti valdið óróa þó að ekkert annað kæmi til en það eitt að eignarforminu yrði breytt yfir í hlutafélag því að þar með takmarkast í fyrstu umferð ábyrgð bankans við hlutafé. Það er ekki fyrr en að því að gengnu sem kæmi að eigendaábyrgðinni þó svo það væri ríkið. Þetta þekkja menn og vita og t.d. þeir sem eru í mjög nánum tengslum við hinn alþjóðlega lánamarkað, svo sem framkvæmdastjórar stærstu fjárfestingarlánasjóða landsmanna, fullyrða að þessir hlutir hafi áhrif. Ég tel að menn eigi ekki að hegða sér með þeim beturvitrungshætti, ef svo má þýða það þýska hugtak að menn

hyggist vita alla hluti betur en aðrir menn. Ég held að þeir sem starfa á þessum markaði og vinna við það að taka lán fyrir fjárfestingarlánasjóði eða banka erlendis séu best færir um að dæma um það hvernig lánstrausti okkar verði þar best fyrir komið. Ég leyfi mér að fullyrða að það væri skaðleg breyting ein og sér að fara úr ríkisbankafyrirkomulaginu yfir í hlutafélagaform þó svo að ríkið ætti öll hlutabréfin eða mestan hluta þeirra fyrst um sinn.

Ég vona að hæstv. viðskrh. láti svo lítið að tjá sig eitthvað um þessa þætti málsins hér. Það er mjög ankannalegt að vera að ræða þetta hafandi opið fjárlagafrv. í höndunum sem gerir ráð fyrir sölu á öðrum ríkisviðskiptabankanum svo best verður vitað.

Mig langar í fjórða lagi að spyrja hæstv. viðskrh. hvort með lagaákvæðunum sem lúta að sparisjóðunum verði breyting á högum einstakra sparisjóða frá því sem er með gildandi löggjöf. Ég tek eftir því t.d. að í 36. gr. er mælt fyrir um að í stjórn sparisjóðs skuli sitja fimm menn. Ef ég man rétt eru a.m.k. í stjórnum sumra sparisjóðanna í dag eingöngu þrír menn. Þar er byggt á ákveðnu hlutfalli milli héraðsnefnda eða sýslunefnda sem áður voru annars vegar og stofnenda sparisjóðsins hins vegar. Ef þarna er að verða breyting á sem út af fyrir sig getur verið í góðu lagi með vil ég samt spyrja hæstv. viðskrh. hvers vegna. Þótti einhver sérstök ástæða til þess að setja bein fyrirmæli í lög um það hvernig stjórn sparisjóðanna skyldi háttað? Veldur þessi lagagrein breytingu á högum einhverra sparisjóðanna og þá hvers vegna?

Í 55. gr. er komið að afar viðkvæmu atriði þar sem er eiginfjárhlutfall lánastofnana. Mér er auðvitað ljóst að ekki er að öllu leyti æskilegt að vera að ræða það fyrir opnum tjöldum á Alþingi t.d. ef staðan er þannig að í einhverjum tilvikum leiki vafi á því að stofnanirnar uppfylli þær reglur sem kveðið er á um og ganga í gildi nú um áramótin. Það er ekki víst að allir hafi áttað sig á því að það er fyrst um næstkomandi áramót sem nýstaðfestar reglur, BIS-reglur sem svo eru kallaðar, taka gildi hér á Íslandi. Þær byggja á samræmdum erlendum reglum um skilgreiningu á eiginfjárhlutfalli lánastofnana og skal það vera að lágmarki 8% af svonefndum áhættugrunni. Maður hlýtur engu að síður að leyfa sér að spyrja hæstv. viðskrh. um það hvernig hann meti stöðuna gagnvart gildistöku þessara ákvæða fyrir íslensku lánastofnanirnar um áramótin. Liggur ljóst fyrir að þær muni allar uppfylla þessi takmörk? Eða sér hæstv. viðskrh. að í sjáanlegri framtíð gæti þurft að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja að allar helstu lánastofnanir landsmanna standist þessar kröfur? Ég held að það hljóti að mega tala hér það tæpitungulaust að menn viti að í þessu sambandi hafa menn aðallega áhyggjur af stærsta banka landsmanna. Hann hefur samkvæmt upplýsingum sem fram hafa komið og eru opinberar ekki nema rétt náð þessum mörkum samkvæmt útreikningum sem gerðir hafa verið á undanförnum missirum. Þess vegna er eðlilegt að spurt sé því öllum eru ljósar þær miklu afskriftir sem bankarnir hafa þurft að framkvæma á undanförnum mánuðum eða árum og mikil áhætta sem þeir eru að taka vegna viðskipta sinna m.a. við skuldsettar atvinnugreinar þar sem gjaldþrot eru tíð. Ég tala ekki um ef efnahagsstefnan blífur, sú efnahagsstefna galdþrotanna sem hæstv. ríkisstjórn hefur orðið heimsfræg fyrir, að það verði áframhaldandi úrræði og lausnarorð að gera fyrirtæki í landinu gjaldþrota í hagræðingarskyni eins og sagt er. Þá hljóta menn a.m.k. að viðurkenna þann þátt málsins að því fylgja óhjákvæmilega geysilegar afskriftir hjá helstu lánardrottnum fyrirtækjanna. Þá er öruggt mál að ástæða er til að hafa verulegar áhyggjur af þessum þætti.

Mig langar aðeins að víkja að starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða eins og hún er skilgreind í 44. gr. og áfram, þ.e. í V. kaflanum. Þar er, eins og hæstv. ráðherra m.a. nefndi, að nokkru leyti um nýmæli að ræða og útvíkkun á heimildum bankanna til starfsemi. T.d. sé ég að í næstsíðustu málsgrein er komið inn á að viðskiptabönkum og sparisjóðum sé heimilt að stunda vátryggingastarfsemi með stofnun dótturfyrirtækis. Fleira af því tagi vekur vissulega þær spurningar hvort það sé allt saman sjálfsagt. Nú er ég ekki að taka afstöðu til þess fyrir fram en fljótt á litið er kannski ýmislegt annað sem við höfum meiri þörf fyrir í augnablikinu en það að bæta við okkur á ýmsum slíkum sviðum, fjölga stofnunum o.s.frv. E.t.v. er hægt að færa fyrir því skynsamleg rök að nauðsynlegt sé og eðlilegt að bankarnir megi spreyta sig í slíkum rekstri.

Í 45. gr. eru ákvæði sem kveða á um yfirtökuheimildir banka og sparisjóða á eignum til að gæta hagsmuna sinna, eins og menn þekkja af frægum dæmum á síðustu dögum, til að tryggja fullnustu krafna sinna eða gera sér verðmæti úr veðum sem bankarnir eiga í fasteignum eða einhverjum eignum. Þetta ákvæði er galopið ef svo má að orði komast. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. viðskrh.: Er það virkilega svo í bankalöggjöf nálægra ríkja að þetta sé fullkomlega opin heimild án nokkurra hugsanlegra takmarkana af hálfu yfirvalda? Hér stendur sem sagt í fyrri mgr. 45. gr.: „Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu". Síðan segir að vísu: „Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt að mati bankastjórnar eða sparisjóðsstjóra."

Þetta þýðir sýnist mér að viðskiptabankar og sparisjóðir hafa algjörlega ótakmarkaðar heimildir til yfirtöku eigna af hvaða tagi sem er. Það er beinlínis tekið fram að það sé bannað að takmarka það og það er á valdi þeirra sjálfra að meta hvenær þeir skuli selja eða afsetja viðkomandi eignir. Þeir geta með öðrum orðum rekið þær eins lengi og þeir fullyrða að sé í þágu hagsmuna bankans. Ég hefði að mörgu leyti talið að það væri eðlilegra að hafa þarna einhver takmörk á. Að hinu leytinu væri eðlilegt að hafa svigrúm fyrir bankana til einhverrar þátttöku í atvinnurekstri óháð ákvæðum um yfirtöku eigna. T.d. mætti ákveðinn hluti eiginfjár banka vera bundinn í fjárfestingum eða atvinnurekstri með svipuðum hætti og tíðkast í Þýskalandi og svo væru aftur sérstök ákvæði sem vörðuðu það þegar bankinn þarf að yfirstíga þessi mörk og leysa til sín miklar eignir, standa jafnvel í umfangs-

miklum atvinnurekstri um skeið til að tryggja hagsmuni sína. Þá er ég þeirrar skoðunar að það sé ekki skynsamlegt að það ákvæði sé þannig úr garði gert að engar takmarkanir sé hægt að setja á það.

Gæti t.d. Landsbankinn yfirtekið Reykjavíkurborg sem skuldar mikið í Landsbankanum og rekið hana um skeið á grundvelli þessa ákvæðis? Það er von að spurt sé. Væri þá skynsamlegt að þetta væri bara galopin heimild og það væri bara í valdi Sverris Hermannssonar að skilgreina það hversu lengi það væri í þágu hagsmuna bankans að eiga fyrirtækið? (**Gripið fram í:** En ríkissjóð?) Það kæmi sennilega seinna til þess að Landsbankinn yfirtæki ríkissjóð. En því miður, hv. framsíkallandi, hættan er frekar á hinn veginn, að ríkissjóður þurfi að gera Landsbankanum gott á næstu missirum. Við skulum ekki fara frekar út í að ræða það viðkvæma mál.

Svo öllu gamni sé sleppt vil ég gjarnan að hæstv. viðskrh. tjái sig aðeins um þetta. Eru fyrir því einhver sérstök rök að þetta ákvæði skuli vera svona algjörlega ótakmarkað? Væri ekki sú leið sem ég er að nefna athugunar virði, þ.e. að þetta væru tvískipt ákvæði. Annars vegar ákvæði um almenna þátttöku bankanna sem væri sett undir ákveðin takmörk, gæti eftir atvikum greitt fyrir nýsköpun í atvinnulífi og að einhverju leyti þátttöku fjármálastofnana í uppbyggingu og fjárfestingum eins og ég nefndi dæmi um, t.d. frá Þýskalandi. Að hinu leytinu væru sérstök ákvæði um yfirtöku. Þá kæmi til greina að hafa einhver takmarkandi ákvæði, t.d. að hægt væri að beina tilmælum um eða fyrirskipa að bankarnir hefðu tiltekinn frest til að afsetja eignir niður fyrir viss mörk. Mér finnst þetta dálítið sérkennilegt satt best að segja þótt ég sé ekki endilega að gera því skóna að á þetta reyni í stórum stíl. Við höfum þó nýlegt dæmi um yfirtöku á engu smáfyrirtæki, á stærstum hluta eigna stærsta fyrirtækis landsins, þ.e. yfirtaka Landsbankans á eignum Sambandsins. Á slíka hluti, því miður, gæti oft átt eftir að reyna á næstu árum.

Í XI. kafla er svo fjallað um erlenda banka og þar er orðalag sem ég vil biðja hæstv. viðskrh. að skýra lítillega fyrir mér. Það er sökum þess, eins og fleiri ræðumenn hafa minnt á, að maður hefur ekki haft mikinn tíma til að skoða frv. Þar er talað um starfsemi erlendra viðskiptabanka og sparisjóða hér á landi og að þeir hafi hér rétt til að stofnsetja hér útibú eins og reyndar er í lögum ef ég man rétt. Það er orðalag í fyrstu línu 84. gr. sem ég vil spyrja um. Þar stendur: „Erlendir bankar og sparisjóðir sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins ...“ Er þá verið að takmarka þetta við banka sem hafa þennan staðfesturétt og geta það verið utanaðkomandi bankar, t.d. bankar frá Asíulöndum, sem eru með starfsemi með einhverjum þeim hætti inni á Evrópska efnahagssvæðinu? Telst það staðfesta og hafa þeir þá aftur rétt til að stofna útibú hér? Ég man ekki betur en að ákvæðið í gildandi lögum sé ekki bundið við Evrópu frekar en aðrar heimsálfur. Þess vegna er spurning mín sú: Er þarna verið að þrengja með vissum hætti hópinn? Gætu þá bankar, t.d. frá Asíu, sem ekki hafa staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu ekki komið hér inn með útibú? Hver er þá hugsunin á bak við það? Ég sé ekki betur en að heimildin, eins og hún er hér sett upp í 84. gr., sé bundin við það að erlendir bankar hafi staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu. (**Viðskrh.:** Má ég benda á 86. gr.) Þá kemur að því, hæstv. viðskrh., að við höfum ekki haft mikinn tíma til að skoða þetta. Þar sé ég að hæstv. ráðherra ætlar að ná sér í eina þægilega reglugerðarheimild til að leyfa vel völdum bönkum frá öðrum svæðum að koma inn ef honum sýnist svo. Þar segir, með leyfi forseta: „Um heimildir erlendra viðskiptabanka og sparisjóða, annarra en um ræðir í 1. málsgr. 84. gr., til starfsemi hér á landi fer eftir reglum sem viðskrh. setur að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.“

Það er þá greinilega þannig að það verður í valdi hæstv. viðskrh. að velja þá banka utan Evrópska efnahagssvæðisins sem fá að starfa hér. Þeir þurfa þá auðvitað að koma sér vel við þann ráðherra til að verða í náðinni.

Ekki finnst mér þetta sérlega gáfulegt. Ég sé enga sérstaka ástæðu til að binda heimild erlendra banka til að hafa hér útibú, ef hún er fyrir hendi á annað borð, eða hnýta hana með þessum hætti við Evrópska efnahagssvæðið. Er þarna e.t.v. á ferðinni sami þrengslahugsunarhátturinn og gefur að líta í frv. hæstv. ríkisstjórnar um bifreiðagjöld, tolla og vörugjöld, sem þau eiga víst að heita, þar sem verið er að taka þátt í að byggja upp tollmúra Evrópu með því að hafa mismun á, t.d. um bílavarahluti, eftir því hvort þeir koma frá Evrópu eða öðrum heimsálfum? Það er þá gott að hæstv. viðskrh. fari yfir þetta.

Að lokum vil ég spyrja hæstv. ráðherra um Lánastofnun sparisjóðanna. Samkvæmt 101. gr. svo og ákvæði til bráðabirgða III á að leggja Lánastofnun sparisjóðanna niður í núverandi mynd og breyta henni í raun og veru í banka. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. hvers vegna þetta er gert. Er þetta samkvæmt ósk Sambands sparisjóða? Er það vilji þeirra sem standa fyrir rekstri þessara stofnana, sem er ákaflega mikilvægur þáttur í uppbyggingu sparisjóðanetsins í landinu, að hún breytist með þessum hætti eða eru það sérstaklega einhver bankaleg sjónarmið sem valda því? Eða er þetta e.t.v. afleiðing einhverra tilskipana Evrópubandalagsins að þessu þarf að breyta?

Það má vel vera að það sé ekkert sem mæli sérstaklega gegn því að lánastofnunin taki þessum eðlisbreytingum en ég vek þó athygli á því að hlutverk hennar var ekki að verða einhvers konar samkeppnisaðili á þessum markaði heldur eingöngu þjónustuaðili við starfandi sparisjóði. Ef þetta þýddi að hún tæki einhverjum breytingum í þá veru mundi ég fyrir mitt leyti hafa efasemdir um að það væri rétt spor. Ég held að rekstur hennar, eins og hann hefur verið uppbyggður, hafi þjónað markmiðunum afar vel. Það er enginn vafi á því í mínum huga að uppbygging sparisjóðanna á síðustu árum með tilkomu sameiginlegs rekstrar og Sambands sparisjóða og Lánastofnunar sparisjóðanna hefur verið mjög farsælt skref. Ég held að að mörgu leyti sé í sparisjóðafyrirkomulaginu gott fordæmi fólg-

ið um hlut sem mikið er nú talað um en allt of lítið gert af. Það er að dreifa valdi og ábyrgð, færa verkefnin heim í héruð. Það lygilega er nefnilega að í sparisjóðunum eiga menn sjálfstæðar stofnanir heima í héraði með fullt ákvarðanatökuvald og full fjárráð sem er hlutur sem mikið er talað um á ýmsum öðrum sviðum en lítið verður úr. Ég hef stundum undrast hversu lítið hefur farið fyrir því að í sparisjóðunum *eiga menn sýnishorn af valddreifingu og ákvarðanatökudreifingu* af þessu tagi. Ég er þess vegna svolítið viðkvæmur fyrir því ef verið er að gera einhverjar breytingar sem hafa áhrif á það skipulag.

Hæstv. forseti. Ég ætla þá ekki að hafa orð mín fleiri. Ég hef lagt fram nokkrar spurningar fyrir hæstv. viðskrh. sem ég vona að hann greiði úr. Það mætti auðvitað margt fleira um frv. segja svo ekki væri talað um að fara hér út í pínulitla umræðu um vaxtamál og handafl eða annars konar afl í þeim efnum og stöðu mála almennt séð í bankakerfinu, t.d. þann óhóflega vaxtamun sem hér er haldið uppi í bankastofnununum. Hann er hluti af þeirri uppdráttarsýki efnahagslífsins sem *við búum við*, að rekstur þessara fjármálastofnana er óheyrilega dýr og leggur allt of miklar byrðar á viðskiptavini þeirra, skuldug fyrirtæki og einstaklinga. Við leysum það víst ekki á einni eftirmiðdagsstund þótt við ræddum það kannski okkur til bóta. Ég ætla a.m.k. í fyrstu umferð að fá að heyra svör hæstv. viðskrh. og svo sjáum við til.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það kom fram í ræðum þeirra þriggja sem hér hafa talað að þeim þætti þetta mál harla seint fram komið. Það má til sanns vegar færa. En til að skýra nokkuð aðdraganda málsins, sem ég *vona að verði til hægari verka og geti tryggt þessu* máli skjóta en vandaða meðferð í hv. efh.- og viðskn., vil ég taka það fram að fyrir réttu ári, nánar tiltekið 18. nóv. 1991, skipaði ég nefnd manna úr bankakerfi og ráðuneyti til að semja tillögur um lagabreytingar vegna væntanlegrar aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Það var mín von að frv. yrði tilbúið þá um vorið, þ.e. á liðnu vori. Það tókst ekki, m.a. vegna þess hversu mjög var til verksins vandað, m.a. með því að leita til þeirra sem málið snertir með umsagnir og álit meðan á verkinu stóð. Ég fékk svo hið fullbúna frv. í hendur fyrir stuttu og lagði það fyrir þingið jafnskjótt og kostur var. Ég vona að þessi undirbúningsvinna *muni gera þingnefndinni og þinginu sjálfu auðveldara* að vinna málið og meta það. Ég vil leyfa mér að benda á að það að hér er stærstum hluta um að tefla að einfalda lög og hreinsa úr lögum ákvæði sem ekki eru þörf, að fella saman í einn bálk það sem saman á. Ég tók eftir því í máli flestra sem hér hafa talað að þeir fögnuðu því út af fyrir sig að svo skyldi að málum staðið. Ég vil fullvissa hv. þm. um það að ég hygg gott til samstarfsins við þingnefndina um þetta mál eins og önnur sem þar hafa verið unnin í vor, sumar og það sem af er þessum vetri.

Ég vil taka þetta fram vegna þess að ég hefði sjálfur kosið að frv. kæmi fyrr fram. Ég bendi á að þetta gæti orðið til þess vegna þess að margir þeirra aðila sem hér voru nefndir til sögunnar af ræðumönnum hafa þegar kynnt sér eða starfað að gerð frv. og fengið ærin tækifæri til að láta sitt álit í ljós.

Ég sný mér þá, virðulegur forseti, að því sem fram kom í máli hvers hinna þriggja þingmanna sem hér hafa talað og vil fyrst víkja máli mínu að hv. 6. þm. Norðurl. e. Það er rétt hjá hv. þm. að þátttaka banka í atvinnufyrirtækjum með þeim hætti sem tillaga er gerð um í frv. mun að mínu áliti kalla á nýja stefnumótun í starfsemi bankanna, stefnumótun sem ég tel þarfa. Í raun og veru má að vissu leyti segja að með þessum ákvæðum, og reyndar ákvæðunum sem hv. 4. þm. Norðurl. e. gerði að umtalsefni um heimildir til yfirtöku og tímabundins rekstrar, þá er verið að færa þessa löggjöf til samræmis við veruleikann vegna þess að þau ákvæði sem nú gilda hafa ekki dugað nægilega vel á prófstein lífs og starfs. Það er þess vegna sem þessar breytingar eru gerðar og ég mun víkja að þeim nánar þegar ég kem að beinum spurningum hv. 4. þm. Norðurl. e. Fyrirmyndin er fengin úr evrópskri löggjöf og felur þess vegna í sér samræmingu á okkar ákvæðum og þeim sem almennt gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði sem væntanlegt er. Þar er ekki síst Þýskaland til fyrirmyndar. Ég held að við gætum haft mikið gagn af því þótt ég taki undir með hv. 6 þm. Norðurl. e. að það kunni að taka nokkurn tíma að sveigja það stóra hafskip sem er hið íslenska lánakerfi um þær gráður sem þarf til þess að það taki virkari þátt í eflingu atvinnulífs til nýsköpunar og framfara í okkar þjóðarbúskap.

Ég vil nefna, vegna beinnar spurningar hv. 6. þm. Norðurl. e., og reyndar vék hv. 4. þm. sama kjördæmis að því sama, að það hefur verið unnið að marghátt*uðum undirbúningi* að *því* að breyta *ríkisbönkum* í hlutafélög. Það er hins vegar ekkert í reynslu grannþjóða okkar, sem hafa lent í erfiðleikum í sínum bankamálum, sem styður þá skoðun að það sé ekki rétt stefna að breyta þessum ríkisbönkum okkar í hlutafélagsform. Ekkert þeirra landa sem hefur lent í þeim erfiðleikum sem hér er gjarnan til vitnað hefur brugðið á það ráð að breyta sínum hlutafélagsbönkum, sem sumir hverjir eru að fullu í ríkiseign, í ríkisbanka með beinni ábyrgð ríkisins. Það vekur að sjálfsögðu upp spurningu um þessa breytingu hvað það er sem menn eiga við þegar þeir vara við því vegna þess að breytingin hefur ekki eingöngu það gildi að takmarka ábyrgð. *Hún hefur það gildi að veita aðhald. Hún hef*ur það gildi að setja öllum bönkunum sams konar starfsskilyrði þannig að samkeppnin sé á jafnræðisgrundvelli. Hún veitir stjórnendum, hinum daglegu stjórnendum, þeim sem aðalfundur eða þingið hefur valið, aðhald sem er skilgreint í arðkröfu af því fé sem bundið er í fyrirtækinu. Þetta tel ég heilbrigt og eðlilegt og nauðsynlegt en það breytir því ekki að það er rétt hjá hv. 6 þm. Norðurl. e. að það er meðal mikilvægustu hlutverka ríkisvaldsins að bera ábyrgð á heilbrigði fjármálakerfisins. Mín skoðun er að því hlutverki verði þeim mun betur sinnt sem ríkið ber minni ábyrgð á einstökum stofnunum sama kerfis. Í þessu

liggur mikilvæg aðgreining. Það er þarna sem hundurinn er grafinn, til þess að ríkið geti sem best sinnt því hlutverki sínu að bera ábyrgð á heilbrigði fjármálakerfisins má það sem minnst vasast í því hvernig einstakar stofnanir þessa sama kerfis eru reknar á viðskiptalegum grundvelli. Ég vona að hv. þm. geti orðið mér sammála um þetta. Í þessu felst ekki að það sé á nokkurn hátt úr því dregið hversu mikilvægt, traust, fjármálakerfið er fyrir atvinnulífið, fyrir farsæld þjóðarinnar, því að það er sannarlega rétt, en það er þessi hugsun, virðulegi þingmaður, sem ég vil leggja mikla áherslu á og sem er að sjálfsögðu höfuðtilgangur tillögunnar að breyta ríkisbönkunum í hlutafélagsbanka og veita þeim þar nýtt svigrúm en um leið nýtt aðhald.

Síðan er spurt um það hvort svigrúm sé á okkar fjármagnsmarkaði fyrir hugsanlega sölu hlutabréfa ríkisins í Búnaðarbankanum svo maður tali umbúðalaust um hlutina. Ég hef leitað álits þeirra sem gerst til þekkja og þeim ber öllum saman um að þær hugmyndir sem lýst er í fjárlagafrv. séu mjög vel innan marka þess sem mögulegt er. Um það munu lagðar fram greinargóðar skýrslur þegar þar að kemur en ég tek fram að það er ákaflega mikilvægt að undirbúa þessa breytingu sem best og halda aðgreindum þessum tveimur skrefum, hinu fyrra að breyta ríkisbönkunum í hlutafélagsbanka að öllu leyti í eigu ríkisins og hinu síðara sem fer eftir aðstæðum á lánamarkaði og í þjóðarbúskapnum yfirleitt hvort og hvenær ráðlegt sé að selja og að hve miklu leyti þá hluti sem þannig verða myndaðir í þessum bönkum.

Vegna beinnar spurningar frá hv. 6. þm. Norðurl. e. um það hvort ráðgert sé að breyta kröfunum um stofnfé gagnvart starfandi sparisjóðum þá er svarið nei. Það er ekki ráðgert að breyta þeim. Það er engin hugmynd uppi um það. Þá var spurt með ábyrgðarsparisjóðina sem á eru lagðar kvaðir í þessum tillögum, að ábyrgðunum verði breytt í stofnfé. Það er beinlínis sérstakt ákvæði um það í fyrsta ákv. til brb. í frv. þar sem eru sérreglur. Hið nýja stofnfé svari þá til ábyrgðanna sem áður voru veittar og ekki gerð krafa um að fullnægja kröfum frv. þótt að sjálfsögðu sé það æskilegt. Ég bendi á það sem hér var áður talað að sparisjóðirnir eru á margan hátt þarfar stofnanir en margir þeirra hafa býsna grannan grunn til þess að reka á lánastarfsemi.

Ég ætla ekki að gera vaxtamálin að umtalsefni í nákvæmum greinum. Við áttum um það nokkur orðaskipti áðan. Ég vil ítreka það sem fram kom hjá mér áðan að það er afar mikilvægt að vaxtaákvarðanir séu með þeim hætti að fjárhagslegur grundvöllur lánakerfisins sé sem traustastur. Þar kem ég aftur að þeim sjónarmiðum sem fram komu í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 6. þm. Norðurl. e. að afar mikilvægt sé fyrir okkar þjóðarbúskap að lánakerfið standi traustum fótum. Undir það tek ég og það er að sjálfsögðu eitt mikilvægasta sjónarmiðið þegar vaxtamálin eru rædd.

Ég kem þá að spurningum og athugasemdum hv. 18. þm. Reykv. Hv. 18. þm. Reykv. spurði: Hvað er það sem knýr á um að tengja gildistöku þessa frv., sem í mörgum greinum er að sjálfsögðu þarft hvað sem líður aðild okkar að hinu Evrópska efnahagssvæði, við gildistöku þess samnings? Svarið er fólgið í hinum gagnkvæma rétti sem með samningnum er stofnaður, þ.e. fyrir okkar stofnanir til þess að starfa á grundvelli íslenskra reglna á hinu Evrópska efnahagssvæði og fyrir stofnanir sem staðfestu hafa og starfsstaði innan hins Evrópska efnahagssvæðis að starfa hér. Við erum m.a. að heimila þessum stofnunum að starfa hér og viljum þá fá rétt til þess að starfa þar og þar í liggur kannski mikilvægasta tengingin við gildistöku samningsins.

Um nýmæli sem tengjast ráðningu bankastjóra með hæfikröfum og takmörkuðum ráðningartíma, þá þakka ég það að hv. 18. þm. hafði orð á því sem sjálfsagt er, en það er svo stundum með það sem er sjálfsagt er eiginlega enn sjálfsagðara þegar það er sagt. Ég þakka þingmanninum fyrir að hafa vakið athygli þingheims á þessum ákvæðum.

Um Lánastofnun sparisjóða spurðu bæði 18. þm. Reykv. og 4. þm. Norðurl. e. Hér er gert ráð fyrir því að Lánastofnun sparisjóða breytist í viðskiptabanka sem starfað geti með sama hætti og þeir. Þetta er gert að eindregnum óskum Samtaka sparisjóðanna og til þess að lánastofnunin geti betur sinnt sínu þjónustuhlutverki við sparisjóðina. Hið sérstaka form þess fyrirtækis á sér ekki hliðstæður í nálægum löndum hefur torveldað starf lánastofnunarinnar í samskiptum við erlenda banka, m.a. hvað varðar fjárútvegun fyrir hina mörgu smáu sparisjóði. Með þessu er það skýrt að lánastofnunin hefur sömu stöðu að íslenskum lögum og viðskiptabankar en heldur um leið sérkennum sínum sem þjónustustofnun fyrir sparisjóðina. Þetta vona ég að svari spurningum þingmannsins því hér er fyrst og fremst verið að stuðla að því að þjónustuhlutverkið haldist en bankahlutverkið fái sömu stöðu og í viðskiptabönkunum.

Þá vék hv. 18. þm. Reykv. líka nokkuð að þátttöku banka í atvinnurekstri. Ég get í sjálfu sér vísað til þess sem ég áður sagði um það mál og mun reyndar koma nokkuð að því hér á eftir þegar ég sný mér að spurningum hv. 4. þm. Norðurl. e. varðandi 45. og 46. gr. frv. Það var líka spurt af 18. þm. Reykv. um einkabankana og stöðu þeirra samkvæmt íslenskum lögum og samkvæmt þessum tillögum. Ég vil láta það koma fram að ég tel ekki ástæðu til að gera ráð fyrir því rekstrarformi í okkar löggjöf. Aðalreglan verður hlutafélagsform og stefnt að almenningshlutafjáreign í slíkum hlutafélögum. Ég tel það vera heppilegasta fyrirkomulagið. Hitt er rétt að vera má að í þeim lögum sem nú gilda um fjárfestingu erlendra aðila í íslenskum atvinnurekstri, þar sem erlendum bönkum og fjármálastofnunum er heimilað að eiga ákveðinn hlut í íslenskum bönkum, geti erlendur banki sem hefur starfsleyfi, t.d. samkvæmt EES-rétti, eignast hér hlut í banka. Það er þá vegna þess að hann fullnægir þeim kröfum sem þar eru gerðar. Þetta vona ég að nægi sem svar en það er ekki mitt áform að taka þar upp neitt sem sérstaklega helgaði slíkum rekstri rétt.

Um bankaeftirlitið er hverju orði sannara að þar er þörf á að hafa öfluga og styrka starfsemi. Ég vil þó alls ekki gera því skóna hér að þar standi til að fjölga.

Ég vil benda á að eitt af því sem mjög hefur verið rætt og tengist reyndar heimildarákvæðum þessa frv. fyrir banka og sparisjóði að tengjast vátryggingastarfsemi að þróunin er kannski ekki síður frá hinum vængnum, þ.e. að vátryggingafélögin gerist í vaxandi mæli umsvifamikil með verðbréfaumsýslan og lánastarfsemi, að sennilega væri rétt að tengja saman tryggingaeftirlitið og bankaeftirlitið. Það má vel vera að út úr því geti komið öflugri stofnun. Það er mál sem rætt hefur verið innan ríkisstjórnarinnar og innan þessara atvinnugreina og í því kann að felast möguleiki til að efla þessa starfsemi án þess að fjölga fólki, jafnvel með því að fækka fólki. Þetta vil ég nefna hér.

Um eignarhald og yfirstjórn sparisjóðanna langar mig til að svara hv. 18. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Norðurl. e. því að í þessum tillögum felast ekki breytingar í grundvallaratriðum á stjórnskipan sparisjóðanna nema hvað það varðar sem hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi, þ.e. dæmi eru um þriggja manna stjórn í sparisjóðum. Hér er gert skylt að fyrir sparisjóðum séu fimm manna stjórnir. Það má vel vera að þetta valdi einhvers staðar röskun á valdajafnvægi í sparisjóðum úti um land. Þó hygg ég að þau dæmi muni vandfundin. Ég veit að Samtök sparisjóðanna gáfu þessu sérstakan gaum þegar breytingartillagan var gerð og hún er ekki gerð að þeim forspurðum. Það sem ég átti við þegar ég nefndi í minni framsöguræðu að það kynni að vera ástæða til að skoða sjálfan grundvöllinn fyrir vali í þessar stjórnir þar sem er réttur þeirra sem eiga stofnfé í sjóðunum, og það er oft orðið býsna fyrnt og fornt og margerft, ásamt fulltrúum sveitarstjórna. Það kann að vera ástæða til þess að huga nokkuð að því hvort það sé eðlilegt fyrirkomulag. Ég ætla mér að snúa mér að því verkefni. Ég geri mér það ljóst að það er vandmeðfarið og það átti ég við. Þarna er víða um fámennisstjórnir að ræða sem eru eins og sænska akademían, sjálfskipaðar og sjálfvaldar. Þetta er málið sem ég átti við þegar ég ræddi þetta. Ég taldi ekki rétt að blanda þessu hér saman og bind reyndar vonir við að sameining sveitarfélaga geti breytt grundvelli þessa starfs nokkuð vegna þess að þá þarf að grípa til sérstakra úrræða af því að stjórnir í sparisjóðum eru bundnar við sveitarstjórnir. Reyndar minni ég hv. þm. á að þegar sýslurnar hurfu þurfti að gera sérstakar breytingar þess vegna vegna þess að sýslunefndir áttu í sumum tilvikum fulltrúa í sparisjóðsstjórnum. Þetta er hins vegar ekki tekið hér til meðferðar að öðru leyti en því að ákvæði er um myndun fulltrúaráðs við sérstakar aðstæður sem ég held að geti orðið býsna þarflegt til þess einmitt að hafa farveg fyrir breytingar í sparisjóðunum vegna breytinga á sveitarfélögum.

Ég þarf ekki að segja margt fleira um það sem fram kom hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 18. þm. Reykv. um stjórnarfyrirkomulag í sparisjóðum. Í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. kom fram að honum fannst ekki skýrt hvað verða mundi um takmörkun eignarhalds erlendra banka eða fjármálastofnana í íslenskum bönkum eftir að þessi lög höfðu verið sett. Ég talaði alveg skýrt og beinlínis um þetta mál í minni framsöguræðu. Þar sagði ég að sú takmörkun sem er í gildandi lögum geti staðið út aðlögunartímann. Ég sagði reyndar ekkert um það sem þá tæki við en það lá að sjálfsögðu í mínum orðum að þá hyrfi hún. Ég bendi á að þingið hefur það í sinni hendi þegar fjallað verður um málið sjálft, þ.e. fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi, og ég held að það sé eðlilegast að geyma þá umræðu þangað til það mál kemur hér til umræðu. Ég vil hughreysta hv. 4. þm. Norðurl. með því að það er ekki áform stjórnarinnar að hverfa frá þeirra stefnu að breyta ríkisviðskiptabönkum í hlutafélagsbanka enda fjallaði ég um þetta í minni framsöguræðu með alveg með skýrum orðum, að hér væri ekki verið að gera annað en það að færa inn í ein lög ákvæði þau sem nú gilda enda þingið ekki búið að fjalla um það mál sem hv. þm. tók hér upp.

Ég vil hins vegar vegna ummæla þingmannsins um heimsku mannanna — og þá væntanlega með gagnályktun um visku sjálfs sín — taka undir með honum að meðal þess viturlegasta sem gert var í þeirri stjórn sem hv. þm. sat í ásamt mér og fleiri góðum mönnum var að selja hlut ríkisins í Útvegsbanka Íslands til þess að stofna Íslandsbanka og ná þannig fram sameiningu í íslenska bankakerfinu. Það er einmitt frá þeim tíma, frá þeirri ögurstund, sem starfsfólki hefur fækkað í íslenska bankakerfinu. Ég vil minna hv. þm. á það þegar því var hér á árum áður jafnan stillt upp í fréttum og umræðum um vanda sjávarútvegsins að það væri einlægt verið að gera kröfur til hans um aukna hagræðingu á sama tíma og menn munaði ekkert um það að hafa tvær togaraáhafnir í bankaútibúum í tiltölulega litlum bæjum úti um land. Þetta hefur nefnilega breyst, virðulegi þingmaður, einmitt vegna þeirrar ákvörðunar sem tekin var í fyrri ríkisstjórn sem ég þykist vita að hafi enn ekki fennt yfir í minni þingmannsins. (Gripið fram í.) Ekki ætla ég að segja neitt um það, hv. þm. En nóg um þetta.

Ég vil líka minna á það vegna þess sem fram kom hjá þingmanninum, að gott væri að virkja það fjármagn sem fáanlegt væri til framfara í landinu, að ríkisstjórnin sem nú situr hefur einmitt ákveðið að verja fimmtungi þess sem inn kemur vegna sölu á fyrirtækjum í ríkiseigu til rannsókna- og þróunarstarfa. Þetta er meðal merkari ákvarðana sem teknar hafa verið því hún færir og virkjar fjárstofn, sem nú er bundinn í störfum sem aðrir geta sinnt jafn vel og ríkið, í það sem gera þarf og í það sem koma skal. Þetta er einmitt dæmi um það sem fólst í orðum þingmannsins, að hann vildi virkja það fé sem er til í landinu til góðra verka og framfara. Þarna eru þessar tvær hugmyndir tengdar saman, virðulegi þingmaður.

Um eiginfjárhlutföllin og þær kröfur sem nú eru gerðar samkvæmt BIS-reglunum, sem samþykktar voru hér á þinginu fyrr á árinu og öðlast munu gildi um áramót, þá minni ég á að, þegar það mál var rætt, kom það mjög skýrt fram að bankarnir og sparisjóðirnir uppfylltu þessar kröfur yfirleitt miðað við reikningsuppgjörið um síðustu áramót. Ég hef þá trú að þeir muni geta mætt þessum kröfum um komandi áramót. Þó er því ekki að neita að vissir erfiðleikar hafa verið í rekstri sumra banka en ég vil fullvissa þingmann-

inn um að þessum kröfum verður mætt. Til þess verða fundin þau ráð sem duga. Ég tel að það sé fullkomlega rétt og ábyrg skoðun að horfa mjög til þess að tryggja þetta. Ég treysti á að þau sjónarmið ráði þá öðrum ákvörðunum sem teknar eru í landinu, m.a. um skattlagningu, vexti og fleira sem oft kemur hér til umræðu.

Þá vék hv þm. að 44., 45. og 46. gr. frv. sérstaklega. Í 44. gr. er fólgin víkkun á starfssviði banka og sparisjóða. Þar er almenn skilgreining á starfseminni og þar er m.a. gefin heimild til vátryggingastarfsemi í sérstökum félögum, verðbréfaumsýslu og fjármögnunarleigustarfsemi með tilteknum hætti. Það er til samræmis við þær starfsreglur sem gilda munu á hinu Evrópska efnahagssvæði. Það er aðalástæðan. Hin efnisástæðan, sem ég kýs að nefna, er sú að þetta er þróun sem reyndar hefur gætt í starfsemi stofnana okkar hvort sem er og er ástæða til að reyna að sníða lagarammann að henni þannig að hagsmuna almennings, innstæðueigenda og viðskiptamanna, sé gætt sem best við þær nýju aðstæður.

Ég kem þá 45. gr. Þar tel ég að hv. 4. þm. Norðurl. e. hafi farið svolítið út úr efninu vegna þess að í 1. mgr. þessarar greinar er alveg óbreytt ákvæði 2. mgr. 29. gr. og 2. mgr. 33. gr. gildandi laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Þar er almenn heimild án takmörkunar til yfirtöku eigna til fullnustu krafna. Þetta er fullkomlega óbreytt og ef þingmaðurinn telur að þetta standi galopið þá er það svo nú þegar af því að ákvæðið er óbreytt. Það er hins vegar mjög skýrt í þessari lagagrein að heimildin til þess að stunda aðra starfsemi en almennt er heimiluð með lögunum er tímabundin og hin ótakmarkaða heimild til þess að yfirtaka kröfur er takmörkuð við skilyrði nauðsynjar til að fullnusta kröfur. Í því er fólgin mjög veigamikil takmörkun þannig að því verður ekki með nokkru móti samsinnt að hér séu galopnar heimildir. Þær eru það ekki, virðulegi þingmaður, en þær eru hins vegar teknar hér upp til þess að koma til móts við kröfur hversdagslífsins í landinu. Það hefði verið afar óheppilegt að koma í veg fyrir t.d. yfirtöku afgangsins af Álafossi á sínum tíma eins og gert var. Til þess að koma því um kring þarf núna sérstakar tilfæringar, stofnun hlutafélaga og fleira af því tagi sem ég tel að eigi að geta gengið samkvæmt almennum reglum. Og hér er að danskri fyrirmynd í 2. mgr. 45. gr. einmitt innleitt að bönkum sé heimilt að stunda tímabundið aðra starfsemi. En það er rétt hjá þingmanninum að orðið „tímabundið" er ekki nánar skilgreint þarna. En ég endurtek, heimildirnar sem 45. gr. veitir eru takmarkaðar við það að tryggja fullnustukröfu. Þess vegna verða þær ekki með nokkrum hætti skildar þannig að þær séu galopnar.

Ég kem þá að 46. gr. og vil segja um hana, sem ég hef að vísu nokkuð vikið að áður í mínu máli, að ég tel að það væri hið besta mál ef þingið féllist á þessa tillögu einmitt til þess að virkja bankana betur til framfara í atvinnulífinu, kalla þá meira til ábyrgðar á því sem þar gerist, gera þá betur meðvitaða um sinn ábyrgðarhlut í því að tryggja framfarir og rekstrargrundvöll fyrirtækjanna sem eiga í viðskiptum við þá. Ég tel að þetta hafi reynst vel í þeim löndum sem hafa slíka löggjöf. Við höfum fylgt annarri löggjafarhefð þar til þetta frv. verður samþykkt.

Að endingu um heimildir erlendra banka til að starfa hér á landi og þau orð sem hv. 4. þm. Norðurl. e. lét falla um 86. gr. frv. þá vil ég taka það skýrt fram um 84. og 86. gr. frv. að hér eru ákvæði um að þau bankafyrirtæki og sparisjóðir, sem hafa staðfestu innan ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu og hafa þar lögmætt starfsleyfi, geti starfað hér á grundvelli þess leyfis á sama hátt og okkar bankar og sparisjóðir geta starfað á EES-svæðinu á grundvelli íslensks starfsleyfis. Þetta eru sérstök ákvæði vegna EES-samningsins eins og ég vék að í svari mínu til hv. 18. þm. Reykv. Þetta er ekki takmörkun á þeirri heimild sem almennt var veitt með lögunum frá í mars 1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi þar sem segir að útibúum sé heimilt að starfa hér frá erlendum bönkum og fjármálastofnunum. Reglugerðarheimildin í 86. gr. er nákvæmlega það, reglugerðarheimild. Hún er ekki heimild til þess að banna fyrirtækjum frá löndum utan EES til þess að starfa hér. Þvert á móti er hún í raun og veru bara staðfesting á því að þeim sé heimilt að starfa hér samkvæmt þeim lögum sem um þau mál hafa verið sett. Og það er gert í tvennum lögum. Í fyrsta lagi lögunum um fjárfestingu erlendra aðila hér á landi. Í öðru lagi með breytingu á viðskiptabankalögunum. Ég vil minna á þetta og tek það fram að geðþóttavald ráðherra er ekki til staðar í 86. gr. Það fer að lögum um það að bankar mega setja hér upp útibú, en að sjálfsögðu áskiljum við okkur rétt til þess að starfsemi þeirra fari að íslenskum lögum og reglum. Reyndar á ég þess von að hv. 4. þm. Norðurl. e. sé mér sammála um það.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég ætla að gera hér að umtalsefni er tvennt. Í fyrra lagi varðandi vinnubrögð og hversu seint frv. kemur fram. Hæstv. ráðherra útskýrir það með því að það sé vegna þess að frv. hafi verið unnið svo vel í samvinnu við banka og alla hlutaðeigandi aðila. Nú ætla ég ekki að lasta það að lagafrumvörp séu sæmilega undirbúin en ég held hins vegar að það sé miður ef frumvörp eiga að koma hér inn í því formi að Alþingi eigi að hafa nokkra daga til þess að setja stimpilinn, þ.e. það sé búið að vinna það það vel fyrir fram.

Ég tel að þau vinnubrögð sem hafa verið til að mynda með samkeppnislögin og reyndar frumvörpin um verðbréfaþing, verðbréfasjóðina og kauphallarviðskipti séu að mörgu leyti góð, þau hafi komið til okkar í raun hálfunnin og nefndin þannig unnið með þessum hagsmunaaðilum og ráðuneytinu að frekari úrvinnslu. Það hefur gefið okkur nefndarmönnum í raun miklu betra færi á að meta og taka þátt í starfinu.

Í öðru lagi er það ein bein spurning. Er það ekki réttur skilningur hjá mér að ríkisbankar séu undanþegnir þeim ákvæðum að aðilar innan hins Evrópska efnahagssvæðis gætu keypt í þeim hlut þegar sá fyrir-

vari fellur niður, þ.e. gætum við ákveðið að verja a.m.k. einn banka alfarið í eigu Íslendinga með því að hafa hann áfram ríkisbanka?

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna athugasemdar hv. 6. þm. Norðurl. e. um þann tíma sem frv. kemur fram á, þá get ég tekið undir það með honum að ég hefði kosið að frv. kæmi fyrr. Ég hefði líka sætt mig við það að það hefði ekki verið alveg jafnlangt fram gengið og raun ber vitni, þ.e. ég hef alltaf skilið orðið „frumvarp" í frumlægri merkingu þess að það sé ekki hinn endanlegi hlutur. Að sjálfsögðu fjallar þingið efnislega um frumvörpin. Ég get tekið undir það með þingmanninum um þau mál sem hann vitnaði til og unnin höfðu verið í sumar þannig að frv. kom á frumstigi til nefndarinnar og síðan var það unnið milli nefndarmanna, aðila sem létu sig málið varða og ráðuneytisins. Það varð ekki í þessu máli en ég vona engu að síður að góð samvinna takist með nefndinni.

Um seinna atriðið sem hreyft var þá er það réttur skilningur á okkar samningi um hið Evrópska efnahagssvæði sem hér bíður staðfestingar að kjósi Íslendingar að halda ríkisviðskiptabanka, þá er það þeirra mál, það geta þeir gert.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svörin. Það eru aðeins fáein atriði sem ég vil nefna í framhaldinu. Í fyrsta lagi talaði hæstv. ráðherra um og olli okkur vonbrigðum með því að segja að því miður hefði engin stefnubreyting orðið hjá hæstv. ríkisstjórn varðandi áform um að einkavæða bankana og taldi að þrátt fyrir hremmingar í bankamálum víða í grannlöndunum hefði ekkert þar gerst sem fældi menn frá því að halda út á þessa braut og kom með þá merkilegu röksemdafærslu að menn sæju það af því að þeim skyldi ekki hafa dottið það í hug í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi eða hvar það nú er að breyta um aftur í ríkisbanka eða yfirtaka þá í þessum vandræðum. Ég held að þetta sé nú ekki sterkur málflutningur og ég er einfaldlega ósammála hæstv. viðskrh. og leyfi mér að vera það. Ég tel að það sé fullkomin ástæða til að staldra við þá hluti sem gerst hafa í bankaheiminum í Noregi, Finnlandi, Svíþjóð og jafnvel í Bandaríkjunum, samanber sparisjóði eða „loans and savings"-kerfið hjá þeim.

Meginlærdómurinn, sem mér sýnist nú að menn dragi af þessu, samanber umfjöllun um þetta í t.d. erlendum fagtímaritum, er sá að í raun og veru sé það þannig að eftir að bankar eru komnir yfir vissa stærð, visst hlutfall í efnahagslífi þjóða, þá þoli menn ekki að þeir séu látnir fara á hausinn og það gerist einfaldlega ekki þannig að hlutafélagaformið og að einhverju leyti einkaeign eða hlutafjáreign dreifð úti í þjóðfélaginu í slíkum bönkum breyti engu um það að þegar á hólminn er komið grípi ríkisstjórnir viðkomandi landa til ráðstafana og afstýri því að viðkomandi bankar fari á höfuðið og ábyrgðin takmarkist við hlutaféð eitt. Eru þetta þá í raun og veru meðmæli með hlutafjárforminu? Er ekki í raun og veru verið að segja með þessari reynslu að hlutafélagaformið sé hálfgerð blekking því að þegar á hólminn er komið treysta menn sér ekki til að láta hlutaféð eitt standa á bak við umsvif bankanna og hlutaféð eitt eða eigið fé bankanna eitt vera tryggingu þeirra sem eiga viðskipti við stofnunina. Ég held það. Ég get þess vegna ekki undir neinum kringumstæðum tekið undir það með hæstv. viðskrh. að það hafi ekkert það gerst í bankamálum í nálægum löndum sem geri það að verkum að hæstv. ríkisstjórn ætti að endurskoða þessar hugmyndir sínar um að einkavæða bankana eða breyta þeim í hlutafélög og svo hefja sölu á einhverjum hlutum í þeim. Við verðum auðvitað að horfast í augu við það að ríkissjóðir nágrannaríkjanna hafa þurft að dæla alveg ótrúlegum fjárhæðum inn í bankakerfið, t.d. í Noregi og í Finnlandi. Og ef það er nú tilfellið að ríkisbankar geti notið góðs af beinni eign ríkisins og beinni eigendaábyrgð ríkisins með því að þeir eru ekki hlutafélagabankar heldur hreinir ríkisbankar er þá ekki sjálfsagt að njóta þess hagræðis og hafa þetta ríkisbanka áfram? Og við sjáum auðvitað í hendi okkar að íslensku ríkisbankarnir eru slík stærð í fjármálaheiminum hér að úr því að t.d. ríkisstjórn Noregs treystir sér ekki til að láta stærri bankana þar fara á hausinn og dælir inn í þá peningum, sama í Finnlandi, sama í Svíþjóð, þá mundu menn varla gera slíkt hér. Ég held að það liggi í hlutarins eðli. Og ég sé þá ekki í raun og veru hver niðurstaðan getur orðið önnur en sú að það væri hálfgerður skollaleikur að vera að búa til hlutafélag t.d. úr Landsbankanum, selja eitthvað af bréfum þar ef svo bæri undir, en vitandi svo það að Landsbankinn er auðvitað slík stærð í fjármálaheiminum íslenska að við gætum ekki látið hann fara á hausinn. Að sjálfsögðu yrðu menn að dæla inn í hann peningum, auka í honum eigið fé eða hlutafé ef þessi breyting væri gerð þannig að ég held að hvað sem hæstv. viðskrh. segir hér og heldur uppi tiltölulega heiðarlegri vörn fyrir þessa stefnu sem var sett niður í stjórnarbæklingana þá sé nú þróunin umhverfis okkur sú að menn séu farnir að setja spurningarmerki við þetta.

Í öðru lagi spurði ég hæstv. viðskrh. um það hvað við tæki eftir aðlögunartíma EES-samningsins varðandi mögulega eignarhlutdeild erlendra aðila í íslenskum bönkum. Úr því að hæstv. viðskrh. hefur ekki heyrt þessa spurningu eða náð að skilja hana þá ætla ég að endurtaka hana. Mér er alveg ljóst hvað gerist núna með því að í þessu frv. er ekki hróflað við þeim ákvæðum sem eru í lögunum frá 1990 um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstrinum. Þá heldur sú 25% takmörkun sér sem þar er svo lengi sem þau lög verða í gildi. Og má ég þá skjóta að í framhjáhlaupi þeirri spurningu: Verður flutt frv. til laga um breytingu á þeim lögum á þessu þingi eða ekki? Ef ég man rétt heyrði ég hæstv. viðskrh. segja einhvers staðar úti í bæ að hann teldi ekki þörf á því að breyta þeim lögum strax vegna aðlögunartíma sem væri á þeim sviðum sem tengdust EES-samningnum. Ég hafði skilið það svo að það hlyti að koma inn frv. til laga um breytingu á þeim lögum. Mér er ekki kunnugt um að það

hafi enn litið dagsins ljós, alla vega ekki hér á þingi en vissulega skal játað að mörg skipin eru að verða ærið sein í höfn, þau sem áttu að fylgja þessum pakka. Komið er fram yfir miðjan nóvember, eins og frægt er orðið að skilningi allra annarra en hæstv. forsrh. sem hefur eitthvað mjög reikult mat á því hvenær sé miður mánuður, og þarna er eitt stórt mál eftir enn. Ætlar hæstv. ríkisstjórn sér að koma hér með frv. til laga um breytingu á fjárfestingum erlendra aðila í atvinnurekstrinum eða ekki?

Segjum sem svo að hvað sem því líður þá haldi þessi 25% takmörkun sér til 1996. Spurning mín var: Hvað þá? Eru ákvæði EES-samningsins þannig að óheimilt væri að takmarka eignarhlut útlendinga í þeim bönkum sem á annað borð eru hlutafélagabankar og eru á markaði? Hv. 6. þm. Norðurl. e. spurði hér um ríkisbankana og fékk það svar að Íslendingar gætu áfram átt ríkisbanka. Ja, þakka skyldi það nú þó að EES-samningurinn taki það ekki af okkur. En hvað um þá banka sem væru hlutafélagabankar og hlutabréf í hverjum gengi kaupum og sölum? Þetta var mín spurning, hæstv. viðskrh. Hvernig verður landslagið þegar aðlögunartímabilinu er lokið 1996? Vonandi er þetta alveg skýrt.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið varðandi Lánastofnun sparisjóðanna. Ég tek það gott og gilt. Sé svo að það sé vilji aðstandenda þeirrar stofnunar að hún taki þessum breytingum og fyrir því færð ýmis hagræðingarrök þá er að sjálfsögðu rétt og skylt að verða við því til þess að hún geti þjónað sínu mikilvæga hlutverki. Það er alveg ljóst að innan sparisjóðakeðjunnar eru svo smáar stofnanir að þeim er það beinlínis lífsnauðsynlegt að vera í slíku sambandi og fá slíka þjónustu til þess að geta sinnt nútímalegum bankaviðskiptum og verið fullgildir þátttakendur í öllum þeim færslum og tæknilega rekstri öllum saman sem tengist orðið nútímaumsýslu á þessu sviði.

Þá er aðeins eitt eftir og það er að hæstv. viðskrh. nefndi óskabarnið sitt, Íslandsbanka hf., sem hann átti sannarlega aðild að að til varð á sínum tíma og réttilega gerðist í ríkisstjórn sem við þekkjum báðir til. Það má margt um það mál segja og eitt er það að í gegnum þessar breytingar varð ákveðin hagræðing í íslenska bankakerfinu. Það er rétt. Það lá fyrir og hafði lengi legið fyrir að eitt af því allra skynsamlegasta var að fækka eitthvað þessum bönkum sem höfðu verið allt of margir. Það var engin deila um það, hæstv. viðskrh. Hins vegar bentu menn á að í það væri hægt að fara með ýmsum leiðum og það voru uppi hugmyndir um ýmiss konar öðruvísi uppstokkun í íslenska bankakerfinu sem mörg rök mæltu með heldur en einmitt þá sem þarna varð þannig að ég held að hæstv. viðskrh. eigi ekki að stilla þessu upp þannig að það hafi annaðhvort verið tilurð Íslandsbanka með nákvæmlega þeim hætti sem gerðist eða ekkert. Auðvitað var það ekki þannig. Það var t.d. bent á þann möguleika að Útvegsbankinn sameinaðist einfaldlega öðrum hvorum hinna ríkisbankanna og það var bent á margar fleiri mögulegar aðferðir, t.d. þar sem Samvinnubankinn, sparisjóðirnir og e.t.v. einhverjir af þeim bönkum sem mynduðu Íslandsbanka tengdust saman og mynduðu eitt net o.s.frv. Þetta veit hæstv. viðskrh. vel og kemur sér auðvitað ekki hjá því að ræða t.d. um þætti í þessu sambandi eins og verðlagningu Útvegsbankans o.s.frv. á þeim stað sem þær umræður eiga heima. Ef ég man rétt hafa hv. þm. Framsfl. lagt fram skýrslubeiðni eina mikla um það mál og er þá ástæðulaust af minni hálfu að lengja um það umræður. Þá fáum við þær upplýsingar sem þar er beðið um og getum eftir atvikum rætt þær ef mönnum sýnist svo.

Ég gef ekki mikið fyrir þá gulrót sem hæstv. ríkisstjórn ku hafa dottið ofan á til að hengja á krókinn í sambandi við sölu ríkisfyrirtækja, þ.e. að ⅓ hluti andvirðis þeirra ætti að fara í einhverjar rannsóknir og þróunarstarf, a.m.k. ekki án frekari útskýringa. Ég vil þá fá að vita hvort þetta á að vera svipað og með Vegagerðina, fyrst eigi að skera niður og svo að bæta við. Það segir mér ekki mikið þó að ⅓ hluti af nokkur hundruð milljónum, sem í mesta lagi koma upp úr krafsinu á næsta ári, eins og þessu ári, 1.200 millj. kr. sem gildandi fjárlög byggja á, verði að einhverjum par hundruðum kannski á þessu ári. Það verður öll uppskeran úr þessu bröltí. Þó að fimmtungur af slíkum fjárhæðum eigi að fara til rannsókna í tengslum við þessa sölu geri ég ekki mikið með það fyrr en ég sé pakkann í heild sinni. Hvað verður þá mikið lagt úr ríkissjóði? Verður það óskert eða leggur ríkið kannski krónu á móti hverri krónu til viðbótar því sem það fær úr sölu ríkisfyrirtækja? Ef þarna væri um eitthvert myndarlegt átak af því tagi að ræða gegndi öðru máli og væri hægt að hafa það sem fagnaðarefni og jafnvel líta á það sem raunverulega gulrót í sambandi við þessa eignasölu ríkisins. Ef það verða svona kúnstir eins og í sambandi við lántökuna til Vegagerðarinnar eða sölu á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs til að efla hafrannsóknir með þeim endemum sem það mál er nú orðið vil ég bíða með allar yfirlýsingar um að þetta sé sérstakt innlegg í málið og að skynsamlegt sé að rjúka til og selja Búnaðarbankann af því að ⅓ af söluandvirðinu eigi að fara í rannsóknir sökum gæsku hæstv. ríkisstjórnar. Það er ekki svo.

Hæstv. ráðherra svaraði að öðru leyti því sem ég spurði um og mörgu ágætlega. Þó var kannski eitt eftir nema menn hafi átt að skilja orð hans svo að allt yrði þetta að afgreiðast fyrir jól. Ég spurði sérstaklega um það hvort hæstv. ráðherra teldi mögulegt að vinsa út úr frv. þær breytingar sem nauðsynlegar þurfa að tengjast EES-málinu og hægt væri að kippa í gegn í formi einfaldra breytinga á gildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði og afgangurinn mætti þá bíða vormissirisins til rækilegrar vinnu í efh.- og viðskn. Alþingis. Ég er eingöngu að spyrja um álit hæstv. viðskrh. því að sjálfsögðu veit hæstv. ráðherra að hann ræður þessu ekki heldur nefndin sjálf og tekur sér þann tíma í að vinna þetta mál sem hún þarf. Það væri til hagræðis að vita það strax frá byrjun að hæstv. viðskrh. hefði á því skilning og væri því velviljaður að svona yrði með málin farið ef efh.- og viðskn. teldi sér nauðsynlegt að vinna í þessu fram yfir áramót.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ég ætla að nefna fjögur af þeim atriðum sem hv. 4. þm. Norðurl. e. vék að í máli sínu í síðara sinn. Í fyrsta lagi vil ég fullvissa hann um það að í íslenska bankakerfinu og íslenska bankaeftirlitinu hafa menn reynt að draga lærdóm af þeirri þróun sem orðið hefur að undanförnu í bankamálum í grannlöndum okkar. Þeir lærdómar sem helst eru af því dregnir eru að betra eftirlit þurfi að hafa og meiri árvekni í rekstri hverrar einstakrar lánastofnunar. Það er meðal þess sem hlutafélagsbreytingin mun færa með sér, strangara aðhald sem stafar af þeim takmörkunum sem takmörkuð ábyrgð og krafa um arð af hlutafénu hefur í för með sér. Þetta þýðir ekki þar með að breytingin í hlutafélag á líðandi stund muni færa okkur betri niðurstöðu þegar í stað. Hún er a.m.k. viðleitni til þess að varnaðarljósin kvikni þegar eitthvað er að. (Gripið fram í.) Því miður, virðulegi þingmaður, eru þess dæmi en vandamálin koma þó a.m.k. fram fyrr því að ríkisbanki af því tagi sem við höfum getur eðli sínu samkvæmt ekki farið á höfuðið. Það er veila að menn sjái ekki jafnfljótt og viðskiptaleg aðhaldsmerki eru farin að koma í ljós að þarna sé eitthvað að.

Það er nefnilega þannig að ábyrgð ríkisins á lánakerfinu er ákaflega mikilvæg en ríkið á ekki sjálft þar með að taka ábyrgð á lánastofnununum hverri fyrir sig. Það er þessi greinarmunur sem gera þarf til að átta sig á því hvað hér er verið að fara. Þess vegna er það ekki nein kerskni eða hótfyndni að benda á að ekkert af þeim ríkjum sem lent hafa í þessum erfiðleikum vegna sinna lánakerfa hefur brugðið á það ráð að hætta að reka banka, sem þau hafa tök á, sem hlutafélagsbanka. Þau halda því áfram einfaldlega af því að það er hið sjálfsagða rekstrarform fyrir þessa starfsemi til þess að jafnræðis sé gætt gagnvart skattalögum, gagnvart starfsreglum og öllu starfsöryggi. Það er ekki uppskrift að öryggi í bankarekstrinum. Það þarf jafnframt að gæta þess að lánakerfinu í heild sé sinnt og auðvitað er það rétt að hætta á tapi í mikilvægum lánastofnunum getur jafngilt kerfishættu. Því getum við ekki breytt en við getum reynt að haga skipulagi bankanna þannig að dregið sé úr þessum hættum. Það er einmitt tilgangur þeirrar breytingar sem ég geri tillögu um og mun gera tillögur um síðar. Það er líka rétt að það þarf að fara þarna fram með fyllstu gát til þess einmitt að varðveita lánstraust landsins út á við. Það gerum við ekki með andvaraleysi og opnum reikningum hjá ríkissjóði. Þeir sem meta okkar lánstraust eru miklu skynugri en svo að þeir skoði ekki grundvöllinn sjálfan en horfi bara á formið.

Í öðru lagi um það hvað verða muni eftir 1996. Ég hygg að hv. 4. þm. frá Norðurl. e. hafi ekki hlýtt alveg á það sem ég sagði í mínum svörum. Ég sagði: Eftir ársbyrjun 1996 verður þessi takmörkun ekki eftir þjóðerni. Það er ekki þar með sagt að við kynnum ekki að ákveða að eignarhlutur eins aðila í banka verði takmarkaður. Hann er það reyndar samkvæmt gildandi lögum. Það má vel vera að hugað yrði að þeim reglum á þeim tíma sem líður fram að árslokum 1995. Það er eins og kom fram hjá þingmanninum í hendi þingsins að meta það hvernig það vill halda á slíkum málum. Það er hins vegar ekki skuldbinding um annað af okkar hálfu en að slíkar takmarkanir verði ekki mismunandi milli aðilanna að hinu Evrópska efnahagssvæði.

Að lokum nokkur orð um Íslandsbanka og breytingarnar sem þar urðu. Það má vel vera að aðrar leiðir kunni að hafa virst færar fræðilega til þess að hagræða og bæta skipulag íslenska bankakerfisins. Ég ætla bara að benda á þá einföldu sögulegu staðreynd að menn höfðu reynt þær leiðir, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. hreyfði hér áðan, að færa banka saman, draga úr tíverknaði í þessu kerfi, fjölverknaði reyndar, til þess að fækka þeim, án árangurs í aldarfjórðung. Það hafði ekki tekist. Það tókst með þessum hætti og auðvitað má segja eftir á að það hefði verið hægt að gera þetta einhvern veginn öðruvísi. Það stendur eftir að það var ekki gert fyrr en til þessa ráðs var gripið.

Að lokum um tímann og hvort unnt sé að skilja með einföldum hætti að þau ákvæði sem beinlínis tengjast gagnkvæmnisrétti samkvæmt EES-samningunum og annað sem lýtur að samræmingu á okkar bankalögum og reglum að því sem gildir á því svæði. Eins og nefndin, sem samið hefur frv., bendir á þá valdi hún þá leið sem kannski má segja að sé erfiða leiðin en um leið að mínu áliti betri leiðin, að fara róttækt í málið, steypa saman í ein lög lagaákvæðum sem eiga saman um þessar lánastofnanir. En einmitt af því að hún valdi þessa leið er erfiðara að skilja þetta að. Það er vafalaust mögulegt en ég held að til hægari verka væri betra að nota ferðina og klára málið.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Nú hafa þrír hv. þm. beðið um að fá að veita andsvar. Forseti neyðist því til að takmarka örlítið ræðutímann því að einungis eru leyfðar 15 mínútur til andsvara. Forseti mun því leyfa tvær mínútur í fyrri umferð og eina í þeirri seinni ef á þarf að halda.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. viðskrh. talaði um ríkisbankana áðan eins og þar væri ekkert aðhald og þar væru engin ljós sem blikkuðu ef komið væri að hættumörkum. Nú minni ég hæstv. ráðherra á þær reglur sem taka gildi um næstu áramót um eiginfjárstöðu, BIS-reglurnar, sem veita þarna verulegt aðhald og gefa öll merki sem til þarf. Ég hef reyndar þá trú á ríkiskerfinu að þar séu nokkuð breytt sjónarmið. Þau hafa verið að breytast á síðustu árum í þá veru að menn vinna þar ekkert síður að því að verja sína hagsmuni og verja okkar sameiginlegu fjármuni. Ég sé því ekkert sem bendir til þess að menn fari nema brýna nauðsyn beri til að standa þannig að rekstri ríkisbanka að ríkið þurfi að leggja þar til mikla fjármuni. Vissulega getur til þess komið. Eins og hér hefur verið rökstutt er það engin trygging fyrir því að ríkið þurfi ekki að leggja fram fjármuni að bankarnir séu í hlutafélagsformi. Auk þess ítreka ég það sem ég benti á áður að ef við viljum taka þá ákvörðun, sem ég held að sé rétt,

að hafa hluta af okkar bankakerfi í íslenskri eigu þá gerum við það ekki öðruvísi en það verði í formi ríkisbanka.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Áfram um reynsluna af bankahremmingum í nálægum löndum. Hæstv. ráðherra taldi að það sem menn hefðu lært af þessu væri að meira aðhald þyrfti að hafa að hverri stofnun fyrir sig og hlutafélagaformið væri svarið. Ég leyfði mér að kalla fram í og spyrja hæstv. ráðherra: Voru þessir bankar, sem lentu í erfiðleikum á hinum Norðurlöndunum, ekki yfirleitt hlutafélög? Svarið er jú. Hvernig getur þá lærdómurinn eða reynslan orðið sú að það sé einmitt rétt að breyta okkar bönkum yfir í hlutafélög þegar þeir bankar sem við erum að ræða um og lentu í erfiðleikum og ríkið þurfti að borga peninga inn í voru hlutafélög? Ekki dugði hlutafélagaformið þar til að afstýra erfiðleikum. Hvort sem ríkið átti í þeim meira eða minna en ekki neitt er reynslan sú að ef þeir voru komnir yfir tiltekna stærð í efnahagsmálum sinna landa, þá treystu menn sér ekki til þess að láta þá fara á hausinn og dældu inn í þá peningum. Svo kemur hæstv. viðskrh. og segir: Vandinn er sá að ríkisbanki getur ekki farið á hausinn. En lærdómurinn er sá að hlutafélagabankar gera það ekki heldur á hinum Norðurlöndunum ef þeir eru komnir yfir ákveðna stærð. Þess vegna mundu hvorki Búnaðarbankinn né Landsbankinn við sambærilegar aðstæður fara á hausinn. Það er því engin trygging fólgin í því að formbreytingin geri menn meira vakandi gagnvart þessum hlutum. Þetta er herfilegur mótsagnamálflutningur sem þarna er uppi, hæstv. viðskrh. Ég tel að væri gæfulegra að segja sem fæst um þetta á meðan umræður um þessi efni eru að þróast í framhaldi af hræringum í bankamálum í nágrannalöndunum.

Það sem ég var að spyrja hæstv. viðskrh. um varðandi árið 1996, þegar aðlögunartímanum lýkur, er: Hvaða heimildir höfum við eða höfum við ekki til þess að takmarka umsvif útlendinga í bankarekstri hér? Mun ekki jafnræðisreglan gilda þannig að það verði óheimilt að binda við þjóðerni einhverjar takmarkanir á eignarhaldi í íslenskum bönkum?

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér virðist að hv. 4. þm. Norðurl. e. hafi ekki alveg meðtekið það sem ég sagði áðan. Það var að það væri að mínu áliti æskileg breyting til að stuðla að betri rekstri og meira öryggi í bankakerfinu að bankar væru reknir með takmarkaðri ábyrgð og þeim reglum sem gilda um rekstur hlutafélagsbanka. Það er hins vegar ekki nægilegt skilyrði, þótt þessu yrði fullnægt, til þess að tryggja áfallalausan eða öruggan bankarekstur, hvorki hér á landi né annars staðar. Það er þessi einfaldi munur á því sem er æskilegt og því sem er nægilegt. Þetta er allt sem um þetta mál þarf að segja og fjarstæðukennt að halda því fram að nokkuð annað hafi verið látið í ljós af minni hálfu.

Ég tel í raun og veru enga þörf á að bæta við það sem ég sagði áðan um það hvað gerast muni í ársbyrjun 1996 samkvæmt EES-samningnum, þ.e. að eftir þann tíma verði ekki mismunun eftir þjóðerni.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Búnaðarbankinn er ríkisbanki, ekki hlutafélagabanki. Á sama tíma og bankar í nágrannalöndunum, sem eru hliðstæð stærð við Búnaðarbankann í bankaheimi viðkomandi landa, hafa lent í miklum erfiðleikum, hafa sýnt slíkt aðgæsluleysi í útlánum að ríkissjóðir viðkomandi landa hafa þurft að hlaupa undir bagga til að bjarga þeim stendur Búnaðarbankinn íslenski nokkuð vel. Hann er nokkuð traustur. Hann er langt yfir viðmiðunarmörkum um eigið fé miðað við áhættugrunn. Þetta hefur honum tekist þó að hann sé ríkisbanki, þó að hann búi ekki við þetta fína hlutafélagaform. Bendir samanburður á Búnaðarbankanum íslenska, sem er ríkisbanki, og ýmsum álíka stórum bönkum að hlutfalli í fjármálaheiminum á hinum Norðurlöndunum til þess að hlutafélagaformið sé endanlegt svar eða endanleg lausn í þessum efnum? Ég segi nei.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. þrástagast á því að það að ríkisbanki geti gengið vel sanni svo ekki verði um villst að hlutafélagsbreyting gæti ekki gert bankarekstur betri. Það er að sjálfsögðu hverjum manni ljóst sem hugsa vill um málið að þetta sannar ekki neitt. Að sjálfsögðu er það rétt í þessu eins og öðru að þar veldur hver á heldur. Það er að mínu áliti farsælla þegar horft er til langrar framtíðar, hvað sem segja má um breytingar á líðandi stund, að breyta því formi sem við höfum á ríkisbankaeigninni einmitt til þess að gera okkar bankakerfi skilvirkara og öruggara.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. viðskrh. hefur varpað fram ýmsum kenningum af jafnmiklu öryggi og þegar hann sagði fyrir 2–3 árum að framkvæmdir um byggingu nýs álvers mundu hefjast á Íslandi veturinn 1992–1993. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann er ekki reiðubúinn að afla gagna til að kanna megi hvort þessar kenningar eru réttar. Í fyrsta lagi vil ég spyrja ráðherrann hvort hann er ekki reiðubúinn til að leggja fyrir Alþingi skýrslu þar sem borinn er saman rekstur Búnaðarbankans annars vegar og Íslandsbanka hins vegar síðustu tvö ár þannig að við fáum gögn um það hvort rekstrarformið hefur reynst vænlegra. Slík skýrsla mundi t.d. leiða í ljós hvort það er rétt sem sagt hefur verið að Íslandsbanki sé með verri lánskjör á erlendum mörkuðum en Búnaðarbankinn. Þess vegna sé dýrara að reka Íslandsbanka en Búnaðarbankann og þess vegna þurfi vaxtakjörin í Íslandsbanka að vera óhagstæðari en í Búnaðarbankanum vegna þess að Íslandsbanki fær ekki þau hagstæðu lánskjör á erlendum mörkuðum sem Búnaðarbankinn fær. Það er mín fyrsta spurning hvort ráðherran er ekki reiðubúinn til að leggja fram slíkan samanburð í þinginu.

Í öðru lagi vil ég spyrja ráðherrann hvort hann er

ekki líka reiðubúinn að taka saman skýrslu um það í hve miklum mæli og hvernig ríkið hefur orðið í Svíþjóð, Noregi, Finnlandi og í Bandaríkjunum að setja gífurlegar upphæðir inn í einkabankana úr ríkissjóðum viðkomandi landa til að tryggja það að einkabankarnir gangi áfram og reikna þessar upphæðir inn í fjárlögin.

Að lokum þetta: Er ráðherrannn ekki sammála því að afar óskynsamlegt sé að ætla sér að selja hlutabréf í Búnaðarbankanum, ef hann verður gerður að hlutafélagi á árinu 1993, þegar ljóst er að mjög alvarlegt kreppuástand er í íslensku atvinnulífi, þegar ljóst er að hinn ríkisbankinn liggur með bunka af hlutabréfum í ýmsum stærstu fyrirtækjum landsins sem hann getur ekki selt og ríkið verður fyrirferðarmikið á lánamarkaðnum og að árið 1993 sé því augljóslega afar vont ár til að selja hlutabréf í Búnaðarbankanum og fá sæmilegt andvirði fyrir bréfin?

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna spurninga hv. 8. þm. Reykn. vil ég í fyrsta lagi segja það að ég tel að þegar við ræðum frv. til laga um breytingu á ríkisviðskiptabönkum í hlutafélagsbanka sé bæði rétt og æskilegt að ræða hvernig rekstur með mismunandi formi hefur reynst. Ég vil ekki á þessari stundu lofa tilteknum skýrslum um málið en ég treysti því að þingmaðurinn og aðrir sem að þessu máli koma og sýna því áhuga muni meta það á réttum rökum en ekki út frá einhverjum fyrirframskoðunum. Um þetta mál er sjálfsagt að reyna að leggja fram þær skýrslur sem menn vita réttastar og sannastar. Hins vegar vill oft fara svo að það er erfitt að setja slíkan samanburð í tölur.

Í öðru lagi um lánskjörin virðist mér að á lánskjörum Íslandsbanka annars vegar og ríkisbanka eða stofnana hins vegar sé mjög lítill munur og dagsveiflur eða dagbrigði í markaðskjörum skipti þar meira máli en munurinn á stofnununum. Reyndar kemur á móti að í lánskjörum frá Búnaðarbanka þarf að reikna með ríkisábyrgðargjaldi vegna lántökunnar sem ég hygg að hv. þm., fyrrv. fjmrh., kannist mæta vel við. Ég hygg að það gjald jafni þessi met.

Ég vil svo að lokum segja um það sem gerst hefur í fjármálum bankanna í löndunum í kring að ég tel það vera eitt af þeim efnum sem nauðsynlegt sé að ræða í samhengi við það skipulagsmál sem hér var rætt. Hins vegar er ég ekki á þessari stundu tilbúinn til að taka afstöðu til þess hvort rétt kunni að reynast að selja hlutabréf á næsta ári eða einhvern tíma síðar. Það er mín skoðun að þarna eigi fyrst og fremst það sjónarmið að gilda hvort við erum að bæta skipulag bankanna til frambúðar. Fjáröflunarsjónarmiðið hlýtur að koma í annarri röð. Að sjálfsögðu verður að meta markaðsástandið og stöður í þjóðarbúskapnum þegar ákvörðun um sölu er tekin.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek það svo að hæstv. ráðherra muni hugleiða það jákvætt að afla gagna um það hvernig ríkið hefur í ýmsum löndum orðið að setja stórkostlegar fjárhæðir inn í einkabankana á síðustu missirum. Mér er sagt að Bandaríkjastjórn sé t.d. búin að setja inn í einkabankana þar á undanförnum árum upphæð sem nemur hærri tölu en heildarkostnaður Bandaríkjanna við Víetnam-stríðið á sínum tíma var. Og að ráðherra muni einnig skoða samanburð á einkabankanum hér, Íslandsbanka, og Búnaðarbankanum á næstunni og leggja það jafnvel fyrir þingið í frumvarpsgreinargerð eða með öðrum hætti.

Ráðherrann verður hins vegar að taka afstöðu til þess á næstu vikum hvort á selja hlutabréfin í Búnaðarbankanum á næsta ári eða ekki því það er ein af forsendum fjárlaganna að selja eigi hlutabréfin í Búnaðarbankanum á næsta ári. Ef ráðherrann er sammála mér um það hvað sem líður deilum um rekstrarformið að afar óskynsamlegt sé að ætla sér að selja slík hlutabréf á markaðnum á næsta ári miðað við það sem markaðurinn ber nú þegar af óseldum hlutabréfum, þá þarf auðvitað að taka mið af því í forsendum fjárlagafrv.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um leið og sjálfsagt er að samsinna því að huga þurfi að markaðsaðstæðum þegar ákvörðun um sölu á verðbréfum af hálfu ríkisins er tekin, það gildir jafnt um ríkisskuldabréf, hlutabréf sem og önnur verðbréf, vil ég láta það koma fram að hugsanleg sala á hlutum ríkisins í atvinnufyrirtækjum og lánastofnunum upp á 1.000–1.200 millj. kr. er mjög lítið brot af heildarumsvifum á íslenska fjármagnsmarkaðnum. Af þeim sökum hef ég ekki ástæðu til að ætla annað en þetta sé hægt, enda liggja fyrir um það glöggar greinargerðir frá þeim sem gerst til þekkja.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir gegn peningaþvætti, 1. umr.

Stjfrv., 210. mál. — Þskj. 251.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um aðgerðir gegn peningaþvætti. Þetta frv. er á þskj. 251. Frv. er eitt af fylgifrv. samningsins um EES og byggir í aðalatriðum á tilskipun Evrópubandalagsins um aðgerðir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis. Það má vel vera að menn staldri dálítið við þetta nýyrði, hugtakið peningaþvætti, sem hér er ætlað til þess að taka yfir það sem kallað er á ensku „Money Laundering" eða hliðstæðum orðum. Að þessari orðasmíð var unnið í samvinnu og samráði við íslenskufræðinga hjá Íslenskri málstöð með það í huga að finna heiti á athöfn sem menn vilja helst ekki vera viðriðnir. Þar af augljós skyldleiki við úrþvætti.

Sögnin að þvætta þekktist í fornu máli og merkti ýmist að þvo eða þvæla. Sú merking þykir nokkuð góð lýsing á þeim verknaði sem hér er fjallað um. Á vettvangi alþjóðastofnana beinast einmitt fjölmargar aðgerðir gegn því að óprúttnir aðilar komi í umferð illa

fengnu fé, það sem hér er kallað peningaþvætti. Fást við það slíkir menn. Hér má nefna til sögunnar Sameinuðu þjóðirnar, Evrópuráðið, Basel-nefndina um bankaeftirlit og alþjóðlegan vinnuhóp sem heitið hefur Financial Action Task Force on Money Laundering og er laustengdur OECD, Efnahags- og framfarastofnuninni. Íslendingar koma á einn eða annan hátt að starfi allra þessara alþjóðastofnana sem ég hef nefnt og hafa þess vegna tengst þessum samkomulagsgerðum.

Tilgangurinn með frv. er að koma í veg fyrir að íslenskar fjármálastofnanir verði notaðar til að dylja slóð fjármuna sem fengnir eru með ólögmætum hætti.

Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum að nauðsyn er á því að hérlendir bankar, verðbréfafyrirtæki og aðrar fjármálastofnanir verði ekki misnotaðar á þennan hátt. Á þetta enn frekar við nú þegar við blasir aukið frelsi í fjármagnshreyfingum og rétti til að bjóða fram fjármálaþjónustu milli ríkja.

Í frv. er ekki berum orðum skilgreint hvað átt er við með peningaþvætti heldur er því lýst með almennum hætti að fjármálastofnanir skuli ekki taka þátt í viðskiptum sem rekja má til refsiverðs verknaðar. Frv. byggir á því að viðbrögð starfsmanna fjármálastofnana miðist við viðskipti sem grunur leikur á að falli almennt undir refsilöggjöfina. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli þingmanna á því að dómsmrh. hyggst leggja tengt frv. fyrir Alþingi um breytingar á almennum hegningarlögum þar sem öll tvímæli eru af tekin um það að peningaþvætti sé refsiverður verknaður að íslenskum lögum.

Ég vík nú að gildissviði og helstu efnisatriðum frv. en almennt er ekki að finna hliðstæð ákvæði í gildandi lögum okkar. Hér er lagt til að samheitið fjármálastofnun verði notað fyrir þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir gildissvið þess. Þar er átt við eftirtalda aðila:

1. Viðskiptabanka, sparisjóði og dótturfélög þeirra.
2. Stofnanir samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði að því gefnu að frv. um þessar stofnanir sem lagt verður fyrir Alþingi innan skamms verði að lögum.
3. Líftryggingafélög og séreignalífeyrissjóði.
4. Verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði.
5. Útibú erlendra fjármálastofnana hér á landi.

Meginreglan yrði sú að fjármálastofnanir skuli ekki af ásetningi taka þátt í þvætti peninga. Vísað er til refsilöggjafar um hvaða refsiverða verknaði geti verið hér um að ræða. Lykilatriði í baráttu yfirvalda gegn peningaþvætti er að þeim sé unnt að rekja slóð hinna brotlegu. Krafan um framvísun persónuskilríkja er frumskilyrði fyrir því að þetta geti gerst. Skylt er að krefja viðskiptamenn um sönnur á því hverjir þeir eru í þremur tilfellum:

1. Við upphaf varanlegs viðskiptasambands, t.d. við stofnun bankareiknings.
2. Í hvert sinn sem fjárhæð viðskipta fer yfir ákveðin fjárhæðarmörk.
3. Hvenær sem grunur leikur á að rekja megi uppruna viðskipta til refsiverðs verknaðar.

Hér er lagt til að starfsmenn fjármálastofnana þurfi ekki að mynda sér skoðun á því hvers konar afbrot gæti verið um að ræða, enda krefðist það sérþekkingar á refsilöggjöf sem ekki er ætlunin að leggja á þá starfsmenn sem hér eiga hlut að máli að afla sér. Það þarf ekki að krefjast persónuskilríkja þegar viðskiptaaðili er önnur fjármálastofnun innan hins Evrópska efnahagssvæðis, enda hvílir þá skyldan á henni um að berjast gegn þessum ólögmæta verknaði. Hér er gert ráð fyrir því að sú skylda hvíli á stjórnendum og starfsmönnum fjármálastofnana að öll viðskipti sem vekja grun um að rekja megi til refsiverðs verknaðar verði athuguð gaumgæfilega með það í huga hvort tilkynna skuli um þau til ríkissaksóknara. Þá er mælt fyrir um að forðast skuli slík viðskipti þar til ríkissaksóknara hefur verið um þau tilkynnt. Sömu aðilum er skylt að segja ekki frá því að tilkynning um grunsemdir hafi verið send til ríkissaksóknara eða rannsókn sé hafin vegna gruns um refsiverðan verknað. Þetta gildir jafnt gagnvart hinum grunaða viðskiptamanni sem og öllum utanaðkomandi aðilum.

Til að fyrirbyggja að fjármálastofnanir verði notaðar til að þvætta peninga er lagt til að þær komi á innra eftirliti og veiti starfsmönnum sérstaka þjálfun til þess að reyna að greina þau viðskipti þar sem um peningaþvætti gæti verið að ræða. Slíkt eftirlit gæti m.a. falist í að fjármálastofnun útnefni sérstakan starfsmann sem beri ábyrgð á hvernig ákvæði frv. þessa verði framfylgt verði það að lögum. Eðlilegt virðist að slíkur starfsmaður taki af skarið með það hvort tilkynning um grunsemdir skuli send ríkissaksóknara. Gert er ráð fyrir að það sé hverri fjármálastofnun í sjálfsvald sett hvernig hún stendur að fræðslu og þjálfun starfsmanna svo framarlega að vissum lágmarkskröfum verði fullnægt. Hér er lagt til að ákvæðið um innra eftirlit og þjálfun starfsmanna öðlist gildi á 6 mánuðum eftir að lögin taka gildi. Reiknað er með því að fjármálastofnanir nýti þann aðlögunartíma til nauðsynlegs undirbúnings.

Eitt af helstu nýmælum frv. er að gert er ráð fyrir afnámi bankaleyndar þegar rannsóknaraðili óskar eftir upplýsingum sem nauðsynlegar eru taldar til rannsóknar máls. Samkvæmt gildandi rétti þarf dómsúrskurð til að afnema bankaleynd vegna rannsóknar opinbers máls. Þó ber að leggja á það áherslu að ákvæðið leiðir aðeins til breyttrar framkvæmdar þegar um rannsókn peningaþvættismála er að tefla. Að auki þarf beiðni rannsóknaraðila ávallt að liggja fyrir áður en bankaleynd er aflétt. Þegar starfsmaður eða stjórnandi fjármálastofnunar veitir lögreglu eða ríkissaksóknara upplýsingar í góðri trú telst það því ekki brot á þagnarskyldu sem hann er bundinn samkvæmt lögum eða með öðrum hætti. Í þessu felst m.a. að samningur um þagnarskyldu geti aldrei rutt til hliðar skyldu samkvæmt frv. til að veita rannsóknaraðilum upplýsingar. Þá er gert ráð fyrir því að slík upplýsingagjöf leggi hvorki refsiábyrgð né skaðabótaábyrgð á herðar hlutaðeigandi stofnunum, stjórnendum þeirra eða starfsmönnum.

Virðulegi forseti. Þetta frv. er skilgetið afkvæmi þess aukna alþjóðasamstarfs sem Íslendingar eru nú

þátttakendur í. Ísland má ekki verða griðland fyrir skipulagða glæpastarfsemi. Ákvæði frv. miða að því að koma í veg fyrir það. Ég legg áherslu á að frv. fái afgreiðslu á þessu þingi og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. viðskrh. er frv. sem hér kemur til 1. umr. flutt af honum í tengslum við samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Í 15. gr. frv. segir:

„Lög þessi taka gildi um leið og samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði öðlast gildi að því er Ísland varðar. Ákvæði 9. gr. öðlast gildi sex mánuðum síðar."

Ég vil í fyrsta lagi gera þá athugasemd við þetta frv. að ég tel að gildistökuákvæðið í 15. gr. eins og það er sett upp sé óeðlilegt vegna þess að ég tel sjálfsagt og eðlilegt að setja lög um aðgerðir gegn peningaþvætti burt séð frá því hvort Íslendingar verða aðilar að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði eða ekki. Ég tel þess vegna óþarfa að setja hlutina upp eins og gert er í gildistökuákvæðinu og spyr hæstv. viðskrh. hvort ekki sé hægt að fallast á það sjónarmið. Í því sambandi bendi ég m.a. á að fyrir þessum fundi liggur nál. frá hv. iðnn. þar sem gert er ráð fyrir að breyta einmitt sams konar gildistökuákvæði í frv. til laga um svæðislýsingar smárása í hálfleiðurum. Í gildistökuákvæðinu var gert ráð fyrir því að lögin öðluðust gildi þegar samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði tæki gildi. Í upphafi var þetta svo en síðan breyttum við því í nefndinni þannig að við felldum þetta skilyrði út vegna þess að við töldum að hér væri um almennt jákvætt skref að ræða að því er þennan málaflokk varðar sem er varðveisla ákveðinna höfundaréttinda og þess vegna ákváðum við að breyta gildistökugreininni. Ég spyr: Af hverju er það ekki gert hér líka þannig að gildistaka þessa frv. ef af lögum verður er ekki bundin samningnum um Evrópskt efnahagssvæði? Ég sé satt að segja engin rök fyrir því að hafa það svo og í frv. sjálfu er þannig að orði komist að í rauninni er hægt og einfalt að breyta t.d. 4. gr. þannig að hún standi burt séð frá hugsanlegri aðild Íslands að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði.

Þetta er þeim mun eðlilegri ósk tel ég vera þegar þess er gætt að Ísland hefur um árabil tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi um aðgerðir gegn peningaþvætti. *Það er ekkert nýtt. Það er ekki mál sem kemur upp* með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Það er mál sem hefur verið á dagskrá mjög lengi. Þannig gekk Ísland til samstarfs við vinnuhóp sem vinnur gegn peningaþvætti á árinu 1991. Með þeirri inngöngu skuldbatt Ísland sig til þess að samræma löggjöf og starfsreglur að þessum tillögum. Ég tel það því rökrétt skref í þessum efnum að ákveða að gildistökuákvæðinu yrði breytt á þann hátt sem ég hef rakið.

Í þriðja lagi eru rök fyrir því að breyta gildistökuákvæðinu í því sem fram kemur t.d. á bls. 5 þar sem fjallað er um tilskipun Evrópubandalagsins um peningaþvætti. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ákvæði tilskipunarinnar eru lágmarkskröfur. Það þýðir að einstök ríki geta sett strangari reglur en fram koma í tilskipuninni."

Ég tel að Íslendingar eigi að setja mjög strangar reglur í þessum efnum, jafnvel strangari en gert er ráð fyrir í frv. eins og það lítur út núna. Í raun og veru er ekkert sem hamlar því hvort sem Ísland verður aðili að hinu Evrópska efnahagssvæði eða ekki.

Í þessu sambandi má kannski benda á líka, virðulegi forseti, að í frv. eins og það lítur út núna eru mörg almenn ákvæði sem eiga að mínu mati alveg eins heima í almennum lögum um viðskiptabanka og starfsemi þeirra. Í því sambandi bendi ég t.d. á 6. gr. þar sem lagt er til að fjármálastofnunum sé gert skylt að varðveita ljósrit persónuskilríkja. Hér er um að ræða *almennt ákvæði sem á ekki bara við þegar brot af* þessu tagi eru meðhöndluð, þó hér sé um að ræða mikilvæg gögn í tengslum við þau brot, heldur er hér í raun og veru um að ræða almenna skyldu viðskiptabanka að þeir eiga að varðveita ljósrit af persónuskilríkjum þegar um er að ræða meiri háttar viðskipti við bankana.

Ég vil í þessu sambandi benda á ákvæði 9. gr. sem einnig mætti vera í almennum viðskiptabankalögum þar sem fjármálastofnanir eru skyldaðar til að hafa innra eftirlit sem miði að því að hindra að stofnunin sé notuð til viðskipta sem tengjast afbrotum.

Mér finnst þess vegna, virðulegi forseti, í fyrsta lagi eðlilegt og óhjákvæmilegt að endurskoða gildistökuákvæðið, í öðru lagi að velta því fyrir sér hvort ákvæði þessa frv. komast ekki öll inn í almenn lög um viðskiptabanka, hvort þörf sé á því að setja sérstök lög um þetta mál, og í þriðja lagi vil ég benda á að tvö atriði önnur í þessu frv. eru með þeim hætti að óhjákvæmilegt er að skoða þau sérstaklega.

Í fyrsta lagi er hér í fyrsta sinn að mínu mati hróflað við því sem kallað hefur verið bankaleynd án þess að dómsúrskurður þurfi að liggja fyrir. Það er auðvitað skýrt að samkvæmt gildandi lögum getur dómsúrskurður kveðið á um að aflétta skuli bankaleynd vegna rannsóknar opinbers máls. Það hefur legið fyrir lengi og er sjálfsagður hlutur. En það er ljóst að hér er verið að aflétta lögbundinni þagnarskyldu af starfsmönnum bankanna þegar grunur leikur á því að um svokallað peningaþvætti sé að ræða án þess að dómsúrskurður hafi áður verið felldur.

Það munu vera líklega ein 13 ár síðan, virðulegi *forseti, að flutt var á Alþingi frv. um* að aflétta bankaleynd við vissar kringumstæður. Það var frv. sem gekk út á að það skyldi skylda bankana til þess að gefa upplýsingar um allra stærstu innstæðueigendur og allra stærstu skuldara. Frv. var talið stangast gersamlega á við almennar reglur banka og kröfur um bankaleynd og þess vegna var það fellt með naumum meiri hluta á Alþingi þó að frv. eða þetta ákvæði þess væri flutt af þáv. ríkisstjórn. Það kom sem sagt í ljós að menn töldu að þetta væri í raun og veru óþolandi ákvæði. Ég vil taka það fram að ég studdi frv. á sínum tíma og átti reyndar aðild að því að flytja það. En niðurstaðan var

sú að meiri hluti Alþingis gafst upp á þessu vegna þess að hann þorði ekki að hrófla við því sem kallað hefur verið bankaleynd.

Hér er hins vegar gert ráð fyrir því að aflétta lögbundinni þagnarskyldu af starfsmönnum bankanna við vissar kringumstæður. Út af fyrir sig eru ákveðin rök fyrir því að losa um þessa bankaleynd þegar um peningaþvætti er að ræða. Vandinn er hins vegar sá að menn gera þetta ekki eftir almenna íhugun varðandi þagnarskylduna sem slíka heldur er hér verið að taka þagnarskylduna upp í þessu einstaka tilviki. Ég hefði talið eðlilegra að sett hefði verið inn breytt ákvæði um þagnarskyldu bankastarfsmanna í lögin um viðskiptabanka frekar en að setja breytingarnar inn í sérlög um peningaþvætti af því tagi sem hér er verið að flytja frv. um. Þess vegna tel ég að efh.- og viðskn. verði að skoða þetta mjög rækilega varðandi hina lögbundnu þagnarskyldu og vísa ég þar alveg sérstaklega til 11. gr. frv. en um hana segir svo í athugasemdum, með leyfi hæstv. forseta:

„Lagafrumvarp þetta afléttir lögbundinni þagnarskyldu samkvæmt almennum ákvæðum í þeim tilvikum sem frv. tilgreinir. Þá felst í ákvæðinu að samningur um þagnarskyldu getur aldrei komið í veg fyrir skyldu til að veita ríkissaksóknara og lögreglu upplýsingar samkvæmt frv. Þetta á jafnt við um fjármálastofnanir og aðra aðila skv. 2. mgr. 1. gr., stjórnendur þeirra og starfsmenn."

Ég tel því að þetta atriði ásamt ýmsum fleirum í frv. ætti frekar heima í almennum lögum um viðskiptabanka.

Þá vil ég einnig vekja athygli á einum þætti í þessu litla frv. sem sýnir að það er að mörgu leyti vanbúið. Í frv. er á þremur stöðum gert ráð fyrir því að hæstv. viðskrh. eða viðskrh., hver sem hann er, setji í reglugerð ákvæði um mjög veigamikil framkvæmdaratriði frv. Það á t.d. við um 6. gr. en þar segir svo í greinargerð, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að viðskrh. ákveði nánar í reglugerð, sbr. 13. gr., með hvaða hætti varðveisla skal vera og hvað teljist fullnægjandi upplýsingar. Gera má ráð fyrir að skrá þurfi t.d. í tölvu fullt nafn viðkomandi viðskiptavinar, kennitölu og staðfestingu starfsmanns á að hann hafi skoðað persónuskilríki, hvaða persónuskilríkjum var framvísað og númer þeirra."

Í annan stað segir í athugasemdum um 7. gr.:

„Gert er ráð fyrir að viðskrh. muni ákveða nánar í reglugerð með hvaða hætti slíkar tilkynningar skuli vera og gefa leiðbeiningar um að hvaða atriðum beri að hyggja við mat á óvenjulegum og grunsamlegum viðskiptum."

Í 9. gr. eru einnig ákvæði af þessu tagi þar sem segir í 2. mgr. greinargerðarinnar:

„Fjármálastofnun skal sjá til þess að starfsmenn hennar þekki þær kröfur sem gerðar eru til þeirra með þessum lögum, og hver viðurlögin eru ef þau eru brotin. Það er hverri fjármálastofnun í sjálfsvald sett hvernig hún stendur að fræðslu og þjálfun starfsmanna sinna, en þó er gert ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð ákveðin lágmarksatriði hvað þetta varðar."

Hér er gengið býsna langt í því að tíunda það að ráðherra eigi að setja tiltekin atriði í reglugerð. Hér er um að ræða mjög veigamikil atriði annars vegar sem alveg eins ættu heima í lögum um viðskiptabanka að mín mati en hér er líka um að ræða að mínu mati almenn minni háttar fyrirkomulagsatriði sem er vafamál að eigi heima inni í reglugerð frá viðskrn. og eðlilegra að skylda stofnanirnar sem í hlut eiga til að setja reglur um frekar en ráðherrann skrifi það niður í reglugerð sem síðan er birt í Stjórnartíðindum með tilheyrandi hætti.

Virðulegi forseti. Varðandi það orð sem hér er notað, penngaþvætti, þá tel ég að það sé eftir atvikum nokkuð gott. Satt að segja vekur það þegar í stað hugrenningatengsl sem eru gersamlega í anda þess máls sem við erum að ræða um, þ.e. tengsl við orðið úrþvætti sem er algengast í íslensku máli af þessu tagi. Orðið er því gott. Hins vegar hefur viðskrn. bersýnilega ekki mikla trú á þessu orði vegna þess að á tveimur stöðum í frv. stendur í sviga á eftir orðinu peningaþvottur, sic, sem er eins og kunnugt er latnesk skammstöfun og bendir til þess að mönnum þyki textinn heldur vafasamur. Neðst á síðu 3 stendur:

„Hinn 10. júní 1991 samþykkti ráð Evrópubandalagsins tilskipun nr. 91/308 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvottar (sic)."

Á öðrum stað stendur þetta í greinargerðinni: „Ákvæðið ákvarðar til hvaða aðila frv. nær til. Samkvæmt 1. gr. tilskipunar Evrópubandalagsins um aðgerðir gegn peningaþvotti (sic) skal það gilda um lána- og fjármálastofnanir ..." Ég hef satt að segja aldrei áður séð stjfrv. lagt fram með þeim hætti að menn telji að ástæða sé til þess að setja háðsmerki á eftir hvert sinn sem orðið sem frv. fjallar um er notað. Það er a.m.k. nýlunda, virðulegi forseti. Ég er ekki að segja að hún sé forkastanleg vegna þess að að mörgu leyti mætti skilja þetta svo að hæstv. viðskrh. sé að gera tillögu um að Alþingi noti eitthvert annað orð en peningaþvætti. Það er nokkuð spaugilegt eins og þetta kemur hér fram og er auðvitað ekkert nýtt, virðulegi forseti, að hæstv. viðskrh. sé skemmtilegur. Það er nú ekki frétt.

Að lokum er hér ein spurning til hæstv. ráðherra um það sem fram kemur á miðri bls. 5, að ætlunin sé að flytja í framhaldi af framlagningu þessa frv. frv. á vegum dóms- og kirkjumrn. um breytingu á almennum hegningarlögum þar sem lagt verður til að refsiákvæði, eins og Vínarsamningurinn gerir ráð fyrir, verði lögleitt. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. hvenær ríkisstjórnin hyggst leggja frv. fyrir hv. Alþingi.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með hv. 9. þm. Reykv. og gera athugasemd við 15. gr. frv. um að gildistaka þessara laga skuli vera bundin við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og þau rök sem hann flutti. Þetta stendur nú í mörgum þeim frv., sem Alþingi er að fjalla um, m.a. frv. sem liggja fyrir umhvn. Ég spurði að því hvort ekki mætti taka þennan hortitt

í burtu þegar um er að ræða mál sem menn eru sammála um að horfi til bóta þó að hvatinn sé að einhverju leyti runninn undan rifjum þessa samnings. Varla er það ætlun þeirra sem að þessum frv. standa að þarna sé um svo alvarlegan atburð að ræða, þ.e. inngönguna í Evrópska efnahagssvæðið, að í lagasafnið þurfi raunverulega að koma ný tímatalsviðmiðun fyrir og eftir inngöngu í Evrópska efnahagssvæðið. Að öðru leyti hljótum við að vera sammála tilgangi frv., þ.e. því sem frv. er ætlað að gera og verður það að sjálfsögðu skoðað í þeirri nefnd sem um það fjallar. Ég skal ekki fara frekar út í efnisatriði þess.

Það voru hins vegar lokaorð hæstv. viðskrh. sem stungu mig dálítið þegar hann sagði eitthvað á þá leið að inngangan í Evrópska efnahagssvæðið mætti ekki leiða til þess að Ísland yrði griðastaður fyrir ólögmæta starfsemi. Þá vaknar sú spurning hvort sú hætta sé á fleiri sviðum og hvort það hafi verið athugað hve mikil hætta þar er á ferðinni og hvort ekki þurfi víðar að reisa sérstaka varnarmúra en með þessu frv. og öðru sem boðað er af hæstv. dómsmrh.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Fyrst vil ég fagna þeim stuðningi við efnistillögur frv. sem fram komu í máli hv. 9. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Suðurl. Það er vel og boðar gott um framhald málsins í þinginu.

Um gildistökuákvæðið vil ég fyrst segja það að eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrv. er það svo að samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði er Ísland skuldbundið til þess að hafa lagað löggjöf sína að þessari gerð eða tilskipun Evrópubandalagsins sem fjallar um peningaþvætti, eða aðgerðir gegn því, við gildistöku EES-samningsins. Það er skuldbinding sem ég vil fyrir mitt leyti að við virðum og þess vegna er frv. flutt með því gildistökuákvæði sem í því er. Út af fyrir sig er það alveg rétt að það hefur almennt gildi og þarf að leiða í lög hvort sem við gerumst aðilar að Evrópsku efnahagssvæði eða ekki. Ég bendi bara á að við erum skuldbundnir til þess að leiða í lög lágmarksákvæðið sem finna má í þessari gerð Evrópubandalagsins sem er nr. 91/308. Þetta vil ég láta koma fram. Náist um það samkomulag að afgreiða málið fyrir áramót þarf enga slíka tilvísun í það frá mínum bæjardyrum séð en að sjálfsögðu er þá tímaatriðið mikilvægt.

Ég vil líka segja um efnisatriðin sem hv. 9. þm. Reykv. nefndi að frávikið frá bankaleynd, sem felst í þessu frv., er að sjálfsögðu fyrst og fremst rökstutt með því að við erum hér að verjast refsiverðum verknaði, koma í veg fyrir að fyrir slíkum athöfnum sé greitt. Þess vegna er að mínu áliti eðlilegt að hafa þetta í sérstökum lögum. Hins vegar er ég mjög opinn fyrir því að hv. efh.- og viðskn. kanni það, sérstaklega af því að hún fjallar um frv. til nýrra laga um viðskiptabanka og sparisjóði, hvort eitthvað af ákvæðum þessa lagafrv. eigi eðlilega heima þar. Ég vek athygli á því að nefndin sem samdi frv. hafði fulltrúa frá bönkunum, Seðlabankanum og dómsmrn. sér til halds og trausts. Við erum hér að fullnægja skuldbindingum sem við höfum tekið á okkur víðar en á vettvangi hins Evrópska efnahagssvæðis.

Vegna athugasemdar hv. 2. þm. Suðurl. um það að ég hefði sagt að aðild okkar að EES fylgdi meiri hætta á því að Íslands tengdist skipulagðri glæpastarfsemi vil ég taka skýrt fram að það sagði ég ekki. Ég sagði hins vegar að það aukna alþjóðlega samstarf sem setur svip sinn á heiminn, Ísland meðal annarra landa, gerir það því miður nauðsynlegt að grípa til sérstakra ráða til að verjast alþjóðlegri glæpastarfsemi. Þetta hefur merkingu hvort og þá hvenær við verðum aðilar að EES. Þetta vil ég láta koma alveg skýrt fram.

Hv. 9. þm. Reykv. taldi nokkur atriði í frv. sýna að það væri vanbúið. Ég er honum alls ekki sammála um það. Það má vel vera rétt að sumt af þessum reglugerðarefnum séu verklagsfyrirmæli sem gefa megi í bönkum. Það kemur þá væntanlega fram í reglugerðinni en það er ekkert í frv. sem er óvenjulegt hvað varðar reglugerðarheimildir.

Hins vegar út af því sem hann sagði réttilega að væri nokkuð óvenjulegt að finna svona „sic" í athugasemdatextanum við frv. en þær athugasemdir hv. þm. sýndu enn á ný að mönnum skýst þótt skýrir séu. (Gripið fram í.) „Sikkið" er einmitt þegar Íslensk málstöð, sem hefur tekið að sér að þýða heilmikið af þessum tilskipunum fyrir ríkið, er að þýða heiti þessara tilskipana, þá notar hún ekki það orð sem hún hefur sjálf lagt til, nefnilega þvættið. Bæði dæmin eru einmitt þar sem notað er hið jákvæða orð þvottur. Ég bið hv. þm. að kynna sér betur athugasemdatextann áður en hann fer að finna að þessu. Hins vegar þykist ég vita að það sé yfirsjón prófarkalesarans að hafa ekki fjarlægt þetta sic. Þetta mun hafa verið til þess að vekja athygli þeirra sem unnu að endanlegri gerð frv. að þarna er notað annað hugtak. En það geti byggst á því að þarna sé um að ræða opinbera eða hálfopinbera þýðingu á þessum tilskipunum. Ég vek athygli á því að á bls. 3 og eins á öðrum stað í þessum texta er það einmitt ekki þvættishugtakið sem notað er heldur, eins og segir í athugasemdum við frv. á síðu 3, með leyfi hæstv. forseta:

„Hinn 10. júní 1991 samþykkti ráð Evrópubandalagsins tilskipun nr. 91/308 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvottar (sic)." Athyglismerkið, sem ekki þarf endilega að vera háðsmerki þótt hv. 9. þm. Reykv. vildi svo vera láta, mun vera vegna þess að orðanotkun er ekki samræmd. Það hefði átt að gera en þarna var e.t.v. um fastan texta að ræða sem höfundar frv. fengu engu um breytt. Ég þakka hv. þm. fyrir þá natni og athygli sem hann sýnir með því að benda á þessa eiginleika í athugasemdum frv.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Forseti. Þessi ágæta umræða um íslenskt mál leiðir náttúrlega til þess að menn hljóta að þróa áfram þetta orð, þvætti, með forskeytum af ýmsu tagi. Sumir mundu hér fyrr meir hafa kallað orð viðskrh. áðan, þegar hann var að fara yfir þetta mál, kattarþvott en seinna meir kann að fara svo að menn noti hér í

þingsölum orðið kattarþvætti í tengslum við mál af þessu tagi. Það eru ekki mín orð í dag.

Varaðandi gildistökuákvæðið vil ég segja þetta: Burt séð frá málinu að öðru leyti finnst mér sjálfsagt að gildistökuákvæðin séu bara venjuleg í svona frumvörpum og standi þar: Lög þessi öðlast þegar gildi, o.s.frv. ef þau verða samþykkt á annað borð. Síðan er auðvitað eðlilegt, ef samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði verður gerður að lögum, að þá sé þar safngildistökuákvæði fyrir þau mál sem sérstaklega tengjast þessum samningi frekar en það verði í lagasafninu, eins og fram kom hjá hv. 2. þm. Suðurl., þannig að það sé rétt eins og hlutirnir hafi gerst fyrir eða eftir EES og menn séu að ganga hér inn í nýtt tímatal. Það er ekki svo þó að Evrópskt efnahagssvæði sé mikilvægt og þó að við höfum verið upplýst um það í morgun í samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar að frv. til laga um kirkjugarða og líkbrennslur fáist ekki flutt á Alþingi enn vegna þess að það sé eftir að samræma ákvæði þess samningnum um Evrópskt efnahagssvæði.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég játa það að vísu að við sameiginlega, ég og hv. 9. þm. Reykv., tökum nokkra áhættu hvað það varðar að hér kynni að vera að hefjast málþvætti, sem er að sjálfsögðu nýyrði fyrir málþóf í þinginu. Ég vil samt bæta þeim orðum við að gildistökuákvæðið, eins og það er, er ekki sett þar af neinni tilviljum. Það er einmitt af því að Ísland hefur skuldbundið sig til þess að laga löggjöf sína að þessari gerð eða tilskipun frá Evrópubandalaginu samkvæmt EES-samningnum. Við verðum að reyna að standa við það.

Hitt er svo annað mál að sé unnt að koma því svo fyrir að almenn löggjöf hafi almennan gildistökutíma, þá er það bara hið besta mál. Ef hægt er að ná samkomulagi um það að samþykkja frv. með hinum venjulegu orðum: „Lög þessi öðlast þegar gildi“, og það takist í tæka tíð, þá fagna ég því manna fyrst.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég bið hæstv. viðskrh. afsökunar á því ef ég hef misskilið orð hans. Hins vegar held ég að við séum öll sammála um það hvert svo sem viðhorf okkar til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er að hann eykur mjög mikið alþjóðaviðskipti okkar og samskipti og því hlýtur hann að vera stórt skref í að auka þá hættu sem hæstv. ráðherra varaði við.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Geymslufé, 1. umr.

Stjfrv., 209. mál (almenn heimild). — Þskj. 250.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 9/1978, um geymslufé. Þetta frv. er á þskj. 250. Ég vek athygli þingmanna á því að þetta frv. er nátengt frv. til laga um viðskiptabanka og sparisjóði sem mælt var fyrir hér fyrr í dag.

Samkvæmt 1. gr. laganna um geymslufé, nr. 9/1978, geta menn fullnægt greiðsluskyldu sinni með því að greiða skuld sína á geymslureikning í ríkisviðskiptabanka eða annarri þeirri innlánsstofnun sem heimild hefur lögum samkvæmt til þess að taka við geymslufé. Samkvæmt þessum lögum hafa því aðeins ríkisviðskiptabankar heimild til þess að taka við geymslufé með stoð í lögunum um geymslufé. Hins vegar hafa aðrir viðskiptabankar og sparisjóðir notið samsvarandi heimilda samkvæmt ákvæðum laga um viðskiptabanka og laga um sparisjóði.

Breytingin sem tillaga er gerð um með þessu frv. felur í sér að viðskiptabankar og sparisjóðir sæki heimildir til að taka við geymslufé frá almenningi til laga um geymslufé í stað laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Breyting þessi er liður í lagahreinsun sem fylgir þeirri viðamiklu endurskoðun á bankalöggjöfinni sem nú stendur yfir.

Í frv. til laga um viðskiptabanka og sparisjóði er einmitt lagt til að ákvæði 1. mgr. 31. gr. laga um viðskiptabanka og ákvæði 35. gr. laga um sparisjóði um rétt þessara stofnana til að taka við geymslufé verði felld niður. Sú breyting er hér lögð til í trausti þess að frv. sem ég mæli nú fyrir nái fram að ganga, enda er alls ekki ætlunin að þrengja heimildir til að taka við geymslufé frá því sem nú er. Tilgangur frv. er hins vegar að jafnsetja sambærilegar stofnanir gagnvart þessari þjónustu, þ.e. að allar lánastofnanir geti veitt geymslufjárþjónustu.

Virðulegi forseti. Þetta frv. er ekki umfangsmikið og hefur þann tilgang einan að gera menn jafna fyrir lögunum í þessu tilliti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að það frv. sem hér er verið að flytja er tæknilegs eðlis. Það er sérkennilegt að það skuli ekki hafa verið flutt fyrir löngu vegna þess að gildandi ákvæði laganna frá 1978 eru of takmörkuð eins og hæstv. ráðherra benti á. Flutningur þessa frv. kemur því samningi um Evrópskt efnahagssvæði ekkert við út af fyrir sig. Samt sem áður er gildistökuákvæðið eins og það er. Ég endurtek það sem fram kom í umræðunum áðan um ráðstafanir gegn peningaþvætti. Ég tel að gildistökuákvæðinu ætti að breyta í frv. Um efni frv. getur örugglega orðið fullt samkomulag hvað sem líður Evrópsku efnahagssvæði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flugmálaáætlun og fjáröflun í flugmálum, 2. umr.

Stjfrv., 111. mál (gjald á flugvélaeldsneyti). — Þskj. 129, nál. 261.

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. þetta og birtist álit nefndarinnar á þskj. 261. Nefndin kvaddi til viðræðna á fundum sínum Ragnhildi Hjaltadóttur skrifstofustjóra, Þórhall Jósepsson, deildarstjóra frá samgrn., Þórhall Arason, skrifstofustjóra frá fjmrn.

Frv. er ætlað að miða að því að taka af öll tvímæli um túlkun á gagnkvæmum samningi sem gerður var milli Íslendinga og Bandaríkjamanna á árinu 1967 um að fella niður tolla og skatta ef eldsneyti og smurningsolíum fyrir flugvélar sem skráðar eru í landi annars samningsaðilans en hafa viðdvöl í landi hins. Þessi samningur var undirritaður og tók gildi þann 1. júní 1967.

Á árinu 1987 voru sett lög nr. 31/1987 um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum sem ekki var þá talið að brytu í bága við þennan millirikjasamning, en svo fór að tiltekin lagagrein í þeim lögum hefur verið túlkuð með mismunandi hætti. Þannig hafa Íslendingar innheimt af bandarískum flugvélum sem ekki eru í áætlunarflugi slík gjöld sem hér um ræðir en Bandaríkjamenn hafa á hinn bóginn ekki innheimt af íslenskum flugvélum í Bandaríkjunum sams konar gjöld þar, hvorki alríkið né einstök fylki.

Í nefndinni kom fram að þeir hagsmunir sem hér er um að tefla eru allmiklir og auðvitað gagnkvæmir, en þó eru hagsmunir Íslendinga meiri en Bandaríkjamanna í þessum efnum.

Í bráðabirgðaákvæði frv. er gert ráð fyrir heimild til þess að endurgreiða þau gjöld sem tekin hafa verið hér á landi frá því að lögunum var breytt 1987. Er talið að sú fjárhæð geti numið 20–30 millj. kr. Samgn. er sammála um að mæla með því að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir, en hv. 6. þm. Vestf., Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, skrifar þó undir nál. með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Viðskipti Stofnlánadeildar og loðdýrabænda, 236. mál, fsp. ÖS, þskj. 299.

Ríkismat sjávarafurða, 3. umr.

Stjfrv., 43. mál. — Þskj. 44.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Út af dagskrá eru tekin, 7., 9., 10., 11., 12. og 13. dagskrármálið. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

56. FUNDUR

miðvikudaginn 18. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 208. mál, þskj. 249. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Aðgerðir gegn peningaþvætti, stjfrv., 210. mál, þskj. 251. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Geymslufé, stjfrv., 209. mál, þskj. 250. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Flugmálaáætlun og fjáröflun í flugmálum, stjfrv., 111. mál, þskj. 129, nál. 261. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Ríkismat sjávarfurða, stjfrv., 43. mál, þskj. 44. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
6. Fjáraukalög 1991, stjfrv., 197. mál, þskj. 235. — 1. umr.
7. Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins, stjtill., 228. mál, þskj. 285. — Fyrri umr.
8. Hópuppsagnir, stjfrv., 20. mál, þskj. 20, nál. 266. — 2. umr.
9. Vinnumarkaðsmál, stjfrv., 22. mál, þskj. 22, nál. 267. — 2. umr.
10. Staðlar, stjfrv., 4. mál, þskj. 4, nál. 268. — 2. umr.
11. Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, stjfrv., 2. mál, þskj. 2, nál. 269, brtt. 270. — 2. umr.
12. Húsgöngu- og fjarsala, stjfrv., 10. mál, þskj. 10, nál. 275, brtt. 276. — 2. umr.
13. Lánasjóður íslenskra námsmanna, þáltill., 155. mál, þskj. 177. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.,
Karl Steinar Guðnason, 6. þm., Reykn.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.

Útbýting þingskjala:

Áfengis- og vímuefnameðferð, 172. mál, svar heilbrrh., þskj. 293.

Efling Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðis sem miðstöðvar fræðslu og rannsókna á sviði sjávarútvegs, 234. mál, fsp. SJS, þskj. 297.

Kolbeinsey, 233. mál, fsp. SJS, þskj. 296.
Lögbýli í sveitum, 235. mál, fsp. GÁ, þskj. 298.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Áður en gengið er til dagskrár vill forseti upplýsa að kl. 3.30 fer fram umræða utan dagskrár um Gilsfjarðarbrú og afskipti félmrh. af samgöngumálum í tengslum við sameiningu sveitarfélaga. Umræðan fer fram að beiðni hv. 2. þm. Vestf. og skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapalaga.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 208. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 249.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁMM, DO, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHall, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, KEE, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PS, RA, RG, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞurP, ÖS.
21 þm. (ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKG, GÁ, HN, JóhS, JónK, JónS, KSG, KE, MF, MB, ÓE, PJ, SalÞ, SP, StH, TIO, ÞorstP) fjarstaddur.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁgG, ÁRÁ, ÁMM, DO, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHall, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, KEE, KHG, KÁ, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, RG, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞurP, ÖS.
22 þm. (AÓB, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKG, GÁ, HN, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, KSG, KE, MF, ÓE, SalÞ, SP, StH, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Aðgerðir gegn peningaþvætti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 210. mál. — Þskj. 251.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHall, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, KEE, KHG, KÁ, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, RG, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞurP, ÖS.
20 þm. (ÁJ, BBj, EgJ, EKG, FI, GÁ, HN, HG, JóhS, JónK, JónS, KSG, KE, MF, ÓE, SalÞ, SP, StH, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHall, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, KEE, KHG, KÁ, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PS, RA, RG, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.
18 þm. (ÁJ, BBj, EgJ, EKG, GÁ, HN, HG, JóhS, JónK, JónS, KSG, KE, MF, ÓÞÞ, SalÞ, SP, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

Geymslufé, frh. 1. umr.

Stjfrv., 209. mál (almenn heimild). — Þskj. 250.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁMM, DO, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHall, GHelg, HBl, HN, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónS, KEE, KHG, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, RG, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.
17 þm. (ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKG, GÁ, JóhS, JBH, JónK, KSG, KÁ, KE, MF, SalÞ, SP, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHall, GHelg, HBl, HN, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónS, KEE, KHG, KÁ, MB, ÓRG, PP, PJ, PS, RA, RG, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.
17 þm. (ÁJ, EgJ, EKG, GÁ, IP, JóhS, JBH, JónK, KSG, KE, MF, ÓE, ÓÞÞ, SalÞ, SP, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

Flugmálaáætlun og fjáröflun í flugmálum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 111. mál (gjald á flugvélaeldsneyti). — Þskj. 129, nál. 261.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHall, GHelg, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónS, KEE, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.
2 þm. (ÁgG, KÁ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁJ, BBj, EGuðn, EKG, GÁ, HG, JóhS, JónK, KSG, KHG, KE, MF, PP, PS, SalÞ, SP, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHall, GHelg, HBl, HN, HG, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónS, KEE, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.
4 þm. (ÁgG, ISG, KÁ, ÓRG) greiddu ekki atkvæði.
15 þm. (ÁJ, EKG, GÁ, IP, JóhS, JónK, KSG, KHG, KE, MF, PS, SalÞ, SP, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

Ákv. til brb. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HN, HG, IP, JGS, JBH, JHelg, JónS, KEE, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, RG, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.
4 þm. (ÁgG, ISG, JÁ, KÁ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁJ, EH, EKG, FI, JóhS, JónK, KSG, KHG, KE, MF, SalÞ, SP, StH, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GB, GÁ, GHelg, HBl, HN, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónS, KEE, KÁ, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, RG, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.
1 þm. (FI) greiddi ekki atkvæði.
16 þm. (ÁJ, EH, EKG, GuðjG, GHG, GHall, JóhS, JónK, KSG, KHG, KE, MF, SalÞ, SP, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

Ríkismat sjávarafurða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 43. mál. — Þskj. 44.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 29:3 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GHG, GHall, GHelg, HBl, HN, JBH, JónS, MB, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SAÞ, StB, TIO, VE, ÞurP, ÖS.
nei: JÁ, StG, SvG.
18 þm. (AÓB, ÁgG, FI, GB, GÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, KEE, KHG, KÁ, ÓRG, PP, PS, SJS, VS) greiddu ekki atkvæði.
13 þm. (ÁJ, EKG, GuðjG, JóhS, JónK, KSG, KE, MF, ÓÞÞ, SalÞ, SP, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 304).

Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins, fyrri umr.

Stjtill., 228. mál. — Þskj. 285.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):
Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. á þskj. 285 um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins (TSSL) en þessi samningur var undirritaður í Prag 20. mars 1992.

Samningurinn er að mestu byggður á fríverslunarsamningum milli einstakra EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins 1972–1973, þ.e. fríverslun með iðnaðarvörur og heimild til verðjöfnunar í tilviki Íslands til álagningar tolla og fjáröflunartolla eða verðjöfnunar á vörur unnum að hluta eða öllu leyti úr landbúnaðarhráefnum. Jafnframt felur samningurinn við tékkóslóvakíska sambandslýðveldið í sér að komið er á fullri fríverslun með fisk og fiskafurðir milli EFTA-ríkjanna og tékkóslóvakíska sambandslýðveldisins strax við gildistöku.

Tékkóslóvakísa sambandslýðveldið sýndi mikinn velvilja í garð Íslands með því að samþykkja þetta þar sem samningsaðilinn hefur fyrir sitt leyti 10 ára aðlögunartíma við að fella smám saman niður höft við innflutning iðnaðarvara til Tékkóslóvakíu samkvæmt fríverslunarsamningnum. Landbúnaðarvörur sem slíkar falla utan fríverslunarsamningsins. Einstök EFTA-ríki gerðu þó samhliða fríverslunarsamningnum tvíhliða samning um þær vörur við tékkóslóvakíska sambandslýðveldið.

Í tvíhliða samningi Íslands og Tékkóslóvakíu er einungis um að ræða vörur sem ekki eru framleiddar hér á landi, einkum ávexti.

Fríverslunarsamningurinn hefur verið staðfestur af hálfu allra annarra samningsaðila en Íslands og Liechtenstein. Samningurinn öðlast gildi hvað Ísland varðar á fyrsta degi annars mánaðar eftir að staðfestingarskjöl um fullgildingu hans hafa borist vörsluaðila, sbr. 39. gr. samningsins.

Ríkisstjórnir Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins hafa nú komist að samkomulagi um að sambandslýðveldið verði leyst upp og stofnuð verði tvö sjálfstæð og fullvalda ríki frá og með 1. jan. 1993. Einnig hefur verið ákveðið að koma á tollabandalagi milli þessara tveggja ríkja frá sama tíma með frjálsu vöruflæði og þjónustu án allra tolla og annarra viðskiptahindrana og með samræmdum tollum gagnvart þriðju ríkjum. Sameiginlegu tollaráði verður komið á fót til að sjá um framkvæmd tollabandalagsins. Ríkisstjórnir sambandslýðveldisins hafa lýst því yfir að þær muni taka yfir öll réttindi og skyldur sem tékkóslóvakíska sambandslýðveldið hefur gagnvart þriðju ríkjum. Er þannig stefnt að því að GATT-skyldur og réttindi tékkóslóvakíska sambandslýðveldisins verði tekin yfir af lýðveldunum tveimur. Sama mun eiga við um aðra samninga eins og þennan.

Varðandi fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og

tékkóslóvakíska sambandslýðveldisins hefur þannig orðið að samkomulagi að yfirtakan verði leyst með sérstakri bókun, protokoll, þar sem EFTA-ríkin sjö annars vegar skrifa undir og hin nýju ríki tvö hins vegar. Yrði þetta gert á sameiginlegum fundi ríkjanna í apríl nk. Áður en gengið verður formlega frá yfirtöku á réttindum og skyldum samkvæmt samningnum með þessum hætti er stefnt að því að hann verði framlengdur til bráðabirgða með gagnkvæmum yfirlýsingum þann 11. des. nk.

Í athugasemdum við þáltill. er gerð ítarleg grein fyrir samningnum sem og fyrir viðskiptum Íslands við tékkóslóvakíska sambandslýðveldið og undanfara þess á undanförnum árum og vísast til þeirra upplýsinga.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að tillögu þessari verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þetta var stutt og snarplega flutt ræða af hálfu hæstv. utanrrh. þegar hann mælti fyrir þessari þykku bók. Ég vil leyfa mér að leggja fyrir hann tvær, þrjár spurningar í sambandi við þetta mál en byrja á því að fagna því að þessi samningur hefur tekist og reyndar ekki seinna vænna að ganga frá honum áður en ríkið sem samið var við af hálfu EFTA líður undir lok. Það skiptir svo sem ekki öllu máli því eins og hér er upplýst munu hin nýju lýðveldi, það tékkneska annars vegar og slóvakíska hins vegar yfirtaka skuldbindingarnar þannig að það kemur út á eitt.

En það vekur þá spurningu í mínum huga: Hvernig er þessum málum á veg komið gagnvart öðrum lýðveldum Mið- og Austur-Evrópu? Er samningagerð af þessu tagi þar, þar sem til að mynda fullkomin fríverslun með fisk fæst, sem er meira en sagt verður um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eins og kunnugt er? Þar náðist sú samningskrafa ekki fram. Þess vegna er að sjálfsögðu fagnaðarefni ef samningar eru að takast við lönd utan samnings Evrópska efnahagssvæðisins um þetta atriði. Ég vildi gjarnan heyra frá hæstv. utanrrh. hvernig þau mál eru stödd gagnvart t.d. löndum eins og Ungverjalandi og e.t.v. Póllandi eða nýju lýðveldunum í norðanverðri Júgóslavíu, Króatíu o.s.frv.

Í öðru lagi spyr ég: Hvað verður um samninga af þessu tagi? Er í ljósi núverandi aðstæðna í EFTA á einhvern hátt vikið að því hvernig fara skuli með fríverslunarsamning af þessu tagi þegar EFTA nánast líður undir lok á næstu árum, ef svo fer? Mundu þá t.d. gagnkvæm fríverslunarkjör Íslendinga annars vegar og Tékkneska og slóvakíska lýðveldisins hins vegar breytast í einhvers konar tvíhliða samning? Mér finnst ekki óeðlilegt að spurt sé því að það er hálfankannalegt að vera að fullgilda samning af þessu tagi á Alþingi við þær aðstæður að endalok EFTA virðast blasa við án þess að menn hafi í huga hvað eigi að taka við til þess að spara sér tvíverknað þannig að ekki þurfi að fara í að endursemja um þessa hluti alla saman eða ganga einhvern veginn frá þeim með öðru móti.

Ég vona að hæstv. utanrrh. flokki það ekki undir óeðlilegar tafir á framgangi málsins eða málþóf það af síður þó maður leyfi sér að leggja fyrir hann eins og tvær spurningar af þessu tagi.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. spurði nokkurra spurninga. Hvað líður samsvarandi samningum við önnur ríki Mið- og Austur-Evrópu? Eins og hv. þm. er kunnugt er lokið samningum af þessu tagi við ríkin Tyrkland, Ísrael og nú Tékkóslóvakíu. Samningarnir eru að heita má frágengnir að því er varðar Pólland. Þeir eru á samningastigi en vel á veg komnir að því er varðar Rúmeníu og Búlgaríu. Að því er varðar Slóveníu, af því að minnst var á ríki fyrrum Júgóslavíu, er kominn á samstarfssamningur og ákvörðun um að taka upp samningaviðræður við Slóveníu. Þetta er því allt saman á góðum vegi.

Önnur spurning var: Hvað verður um þessa samninga ef og þegar EFTA sem fríverslunarsamtök líða undir lok? Svarið er að samningarnir eru að formi til tvíhliða samningar við hvert einstakt ríki og munu því halda gildi sínu. Að öðru leyti ræðst þróun slíkra viðskiptasamninga mjög af því hvað gerist á vettvangi GATT á næstu árum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, BBj, EH, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHall, GHelg, HN, HG, IP, JBH, JónS, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, PS, RA, RG, SigG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

28 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, FI, GÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KEE, KSG, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, BBj, EH, EGuðn, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHall, GHelg, HG, IP, JBH, JónS, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, RG, SigG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

30 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GÁ, HBl, HN, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KEE, KSG, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

Fjáraukalög 1991, 1. umr.

Stjfrv., 197. mál (greiðsluuppgjör). — Þskj. 235.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til fjáraukalaga sem er 197. mál þingsins á þskj. 235. Þetta er frv. til endanlegra fjáraukalaga fyrir árið 1991. Með því eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöðutölur sem greiðslur úr ríkissjóði á árinu 1991 umfram þær heimildir sem

veittar hafa verið á Alþingi í fjárlögum 1991 og lögum nr. 75/1991, fjáraukalögum fyrir 1991.

Frv. var lagt fram á Alþingi sl. vor en var ekki afgreitt og er nú endurflutt með lítils háttar breytingum. Þar vegur þyngst að nú er sótt um greiðsluheimild fyrir geymdum fjárveitingum frá fyrra ári en láðst hafði að sækja um þær heimildir í fjáraukalagafrv. því sem lagt var fyrir Alþingi haustið 1991. Fjárln. var strax í vor, þegar málið var til meðferðar þar, gerð grein fyrir þessu atriði. Að öðru leyti verða lítils háttar breytingar á flutningi geymdra fjárheimilda til 1992 og á einstökum liðum með tilliti til endanlegs greiðsluuppgjörs ríkisbókhalds.

Með frv. að fjáraukalögum, sem var lagt fram á Alþingi í október 1991, fylgdi greinargerð um framvindu ríkisfjármála á árinu 1991 og þær heimildir sem óskað var samþykktar á umframheimildir fjárlaga. Þá var hinn 27. febr. sl. lögð fram á Alþingi ítarleg skýrsla um ríkisfjármál fyrir 1991 þar sem afkoma ríkissjóðs er skýrð í samanburði við áform samkvæmt fjárlögum og útkomu ársins 1990. Í framsöguræðu með frv., sem hér er til umræðu og lagt var fram í vor, var gerð ítarleg grein fyrir efnisatriðum frv. og verður það ekki endurtekið hér.

Hæstv. forseti. Ég mælist til að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjárln. til frekari umfjöllunar.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. eyddi ekki löngum tíma í að mæla fyrir frv. að þessu sinni, lét sér duga að vísa til ræðu sem flutt var á síðasta þingi enda var málið þá lagt fram og fór til 1. umr. og til hv. fjárln. en var ekki útrætt. Málið strandaði m.a. á því að um ákveðna þætti þess og framsetningu varð nokkur ágreiningur. Það var ágreiningur sem er ekki nýr af nálinni og endurspeglast í skoðanaskiptum sem ekki hafa fengið endanlega afgreiðslu milli fjmrn. annars vegar og Ríkisendurskoðunar hins vegar um framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings sem vöktu deilur og urðu til þess að málið varð ekki útrætt. Ég kem nánar að því síðar.

Það er kannski, hæstv. forseti, ekki ástæða til að fara mörgum orðum um frv. Það er verið að fá hér lagalega staðfestingu á raunverulegum niðurstöðum af fjárgreiðslum í og úr ríkissjóði og niðurstöðu einstakra ráðuneyta og stofnana eins og reynsla seinasta árs skar úr um eða eins og endanlegar niðurstöður urðu. Á síðasta vori, þegar málið var til umræðu, varð nokkur umræða um efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, um hvernig staðið hefði verið að tekjuöflun og sparnaðarhugmyndum ríkisstjórnarinnar og hvernig þær hefðu náð fram að ganga á seinsta ári. Sú umræða verður ekki endurtekin hér, a.m.k. ætla ég ekki að hafa frumkvæði um það fyrst hæstv. ráðherra tók þann kostinn að vísa til fyrri ræðuhalda enda gefst ábyggilega kostur á því að ræða við hæstv. ríkisstjórn á næstu dögum og vikum um þau mál öll sömul, bæði í sambandi við umræður um fjárlög fyrir næsta ár og svo einnig í sambandi við efnahagsaðgerðir ef þær koma einhvern tíma til með að líta dagsins ljós. Maður veit auðvitað ekki með neinni vissu um það eins og er en væntir þess sannarlega að ríkisstjórnin taki til höndum og láti eitthvað frá sér heyra til þess að bregðast við því alvarlega ástandi sem nú er í efnahags- og atvinnumálum.

Það eru aðeins nokkur atriði sem mig langar til að nefna eða árétta í sambandi við frv. sem liggur fyrir og er til hér meðferðar. Ég vil í fyrsta lagi lýsa stuðningi mínum við þær hugmyndir sem hér eru settar fram og skilgreindar eða vel afmarkaðar í meðförum þingsins varðandi fjárveitingar sem stofnunum er heimilt að flytja milli ára eða geyma ef það má orða það svo. Þetta hefur viðgengist varðandi fjárveitingar til viðhalds og stofnkostnaðarverkefna um nokkurt árabil en ekki með eins skýrum hætti verið framkvæmt varðandi fjárveitingar til rekstrar.

Fjmrn. hefur sett sér leikreglur sem eru skýrðar í greinargerðinni varðandi þessar yfirfærslur, hvaða skilyrðum þurfi að fullnægja til að þær séu heimilar og eru þær reglur tilgreindar hér. Ég ætla ekki að fara um það mörgum orðum en vil þó nefna í sambandi við það skilyrði að til þess að fá flutta heimild milli ára, greiðsluheimild yfirfærða, þurfi ástæðan að vera að vel hafi til tekist með hagræðingu og/eða flutning verkefna milli ára hjá viðkomandi stofnun og fjárveitingin verið yfirfærð með tilvísun til þess. Ég get tekið undir þetta en vil aðeins segja að ég tel að það þurfi að vanda mjög þær vinnuaðferðir sem fjmrn. mótar sér nú í þessu efni því að það kemur auðvitað til með að hafa áhrif á það hvernig stofnanir fara með þessar fjárveitingar og hvernig stjórnendur haga sér þegar þeir velta fyrir sér hvernig nýta megi best þá fjármuni sem stofnanirnar þær hafa til meðhöndlunar.

Við getum nefnt dæmi um þetta. Sjálfsagt er í einhverjum tilvikum hægt að finna dæmi þess að stofnanir hafi reynt að eyða fjárveitingu fyrir áramót til þess að tapa ekki af henni af því að hún fékkst ekki yfirfærð og jafnvel ekki staðið eins vel að málum eins og hægt hefði verið ef stofnunin hefði átt það víst að eiga fjárveitinguna geymda. Í sumum tilfellum hafa forstöðumenn stofnana talið að stofnun ætti skilið að eiga geymda eða yfirfærða fjárveitingu því þannig hafi rekstri verið háttað en fjmrn. sem úrskurðaraðili komist að niðurstöðu um það að leikreglurnar hafi ekki verið að þeirra höfði og því strikað fjárveitinguna út. Ég vil aðeins undirstrika þetta og beina því til hæstv. fjmrh. að vel sé vandað til verka þegar þessar vinnureglur verða settar og síðan kynntar fyrir forsvarsmönnum og stjórnendum stofnana þannig að þeir viti nokkuð vel að hverju þeir ganga.

Þá vil ég benda á að það er örlítið misræmi á þessu frv. annars vegar og því frv. sem lagt var fram í vor hvað varðar þessar yfirfærslur. Nú er gert ráð fyrir því undir verkefnum fjmrn. að yfirfæra tæpar 300 millj. kr. sem er sá listi eða sú upphæð sem stofnunum var heimilt að geyma á milli ára 1990 og 1991 sem ekki var í frv. eins og það lá fyrir í fyrravor en er nú skýrt eða áréttað í þessu frv.

Þá langar mig aðeins að koma að þessum ágreiningi sem uppi hefur verið milli fjmrn. annars vegar og

Ríkisendurskoðunar hins vegar um framsetningu á fjárlögum og fjáraukalögum þegar gengið er frá niðurstöðum hvers árs til þess að endanlegar niðurstöður fjárlaga og fjáraukalaga séu í samræmi við ríkisreikning eins og hann kemur til með að líta út þegar frá honum er gengið. Þetta er ekki nýtt mál og var síðast til umræðu í þjóðfélaginu fyrir nokkrum vikum þegar fjmrn. gaf út yfirlýsingar um það hver væri staða ríkisfjármála á þessu ári sem nú er að líða. Ríkisendurskoðun kom síðan með aðra niðurstöðu sem var byggð á nokkuð öðrum forsendum. Það er auðvitað óviðunandi að þessar stofnanir geti ekki komið sér saman um það eða réttara sagt að við fáum ekki niðurstöður í það hvernig leggja á þessar upphæðir fram þannig að öllum sé skiljanlegt og ekki sé misvísun í því hvernig ein opinber stofnun túlkar niðurstöðuna. Nógu er villugjarnt í frumskógi fjármála ríkisins og ýmsum efnahagsmálum svo ekki sé verið að villa enn um fyrir fólki, svo jafnvel munar milljörðum króna þegar verið er að reyna að átta sig á því hver sé hin raunverulega niðurstaða.

Það hafa þegar komið til umfjöllunar nokkrar athugasemdir frá Ríkisendurskoðun og þær hljóta að koma til umræðu í fjárln. næstu daga þegar fjárln. fjallar um frv. sem hér er til 1. umr. Það er auðvitað í samræmi við það sem kom fram strax í fyrravor og Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegt að taka til athugunar áður en fjáraukalög eru frágengin.

Ég ætla aðeins til upprifjunar að nefna þessi atriði en ekki ræða þau að öðru leyti efnislega. Ég vísa til þess að fjárln. á eftir að fjalla um þetta og það á síðan eftir að koma til umræðu aftur á hv. Alþingi við 2. umr. Ég hefði gjarnan viljað heyra álit fjmrh. hvað þessa þætti eða þessi mál varðar. Það eru t.d. lántökur vegna framkvæmda við Sandgerðishöfn. Á árunum 1990 og 1991 var unnið að verulega kostnaðarsömum framkvæmdum við þá höfn og fjárveitingar voru ekki í fjárlögum til að greiða framkvæmdir að fullu heldur var tekið til þess erlent lán. Þá er spurningin: Á þessi framkvæmd ekki að koma öll fram í þessu fjáraukalagafrv. svo ljóst sé hver hin raunverulegu umsvif í hafnarframkvæmdum voru á þessu ári?

Svipaða sögu er að segja um Framkvæmdasjóð aldraðra. Þar gerir Ríkisendurskoðun líka athugasemd og hefur hún komið til umræðu áður við umræðu um annað frv. sem hér var lagt fram af hæstv. heilbr.- og trmrh. og verður ekki rætt frekar að þessu sinni. Hér er nefnd yfirtaka á lánum vegna Byggðastofnunar. Hér er nefnd niðurfelling á lánum vegna Hitaveitu og Rafveitu Seyðisfjarðar svo eitthvað sé nefnt af því sem nú þegar liggur fyrir og kann að vera að fleira komi upp þegar málið er skoðað í fjárln.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég vildi aðeins koma þessum atriðum á framfæri. Í fyrsta lagi þessu með yfirfærslu á fjármunum milli ára sem ég tel að sé mikilvægt markmið og geti komið til með að hafa þau áhrif að stofnanir nýti fjármuni sína betur og það auðveldi þeim hagræðingu í rekstri sínum. Það er enn fremur óviðunandi að ekki skuli fást niðurstaða í því hvernig staðið er að framsetningu fjárlaga og fjáraukalaga þannig að skiljanlegt sé öllum þeim sem um þurfa að fjalla.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Frv. sem hér liggur fyrir til fjáraukalaga fyrir árið 1991 var, eins og fram hefur komið, flutt á síðasta Alþingi og þá á eðlilegum tíma enda er frv. ætlað að loka reikningsyfirliti ríkissjóðs í samræmi við niðurstöður í tekjum og gjöldum ríkissjóðs á árinu 1991. Frv. var þá eigi afgreitt. Hér er rétt frá greint að nokkur atriði þessara mála hafa verið með þeim hætti að menn hafa ekki verið á eitt sáttir um hvernig skuli færð.

Nú er frv., eins og ég sagði, flutt til að loka reikningshaldi fyrir árið 1991 og því er mjög mikilvægt að inn í frv. séu tekin þau útgjöld og lántökur sem ríkissjóður hefur tekið á því ári og gert er ráð fyrir að fram komi í þessu reikningsyfirliti samkvæmt lögum. Ég er ekki undrandi á því að Ríkisendurskoðun hafi gert nokkrar athugasemdir. Þær athugasemdir hef ég ekki séð en hv. 1. þm. Norðurl. e. greindi frá nokkrum þeirra sem fjalla um lántökur ríkisins sem ekki koma fram í frv. Ég er ýmsum þeirra kunnugur og man eftir þeim ýmsum og þarf ekki að endurtaka það. En ég hlýt að láta það koma fram að sá ágreiningur sem um þessi mál hefur staðið er ekki einvörðungu á milli fjmrn. annars vegar og Ríkisendurskoðunar hins vegar.

Við sem vorum í fjárveitinganefnd á síðasta kjörtímabili og skipuðum minni hluta fjárveitinganefndar héldum uppi verulegri gagnrýni á reikningsfærslu páv. hæstv. fjmrh., Ólafs Ragnars Grímssonar, og þá uppgjörshætti sem þá voru viðhafðir við lok á uppgjöri fjárlaga og fjáraukalaga. Þetta hygg ég að allir muni sem voru þá á hinu háa Alþingi.

Ég hygg líka að allir hv. alþm. muni að við afgreiðslu á fjáraukalagafrv. fyrir árið 1990 gerði fjárln. tilteknar breytingar á frv. til þess að taka inn aukin útgjöld sem nefndin taldi að ættu að koma fram í fjáraukalögum. Þetta voru nærri 1,5 milljarðar vegna yfirtöku ríkissjóðs á lausaskuldum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sem ekki höfðu verið taldar til gjalda í fjárlögum þess árs og ekki í fjáraukalagafrv. heldur komu inn með brtt. fjárln. og var afgreitt með þeim hætti á Alþingi.

Ég tel því mjög nauðsynlegt að fjárln. sú sem nú starfar taki þessi mál til athugunar og líti á það hvort ekki sé enn sama sjónarmið ráðandi og var á síðasta Alþingi, þ.e. að taka inn þær fjárhæðir, þær lántökur og þær skuldbindingar, sem vitað er að muni koma fram í ríkisreikningi. Til þess að leggja enn áherslu á hvaða þýðingu þetta hefur ætla ég að vitna til laganna sem um þetta fjalla. Það eru lög um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga sem að stofni til eru frá 1966. Þessum lögum var síðan breytt á árinu 1985. Þeim var breytt á því ári m.a. til þess að lögfesta það enn skýrar að í 1. gr. fjárlaga skyldu ekki einungis taldar fram allar lántökur ríkissjóðs heldur öll endurlán ríkissjóðs svo fram kæmu þar öll lán ríkissjóðs sem eigi væru greidd á sama ári og tekin væru. Þá voru gerðar nokkr-

ar fleiri breytingar þar á meðal að færa Tryggingastofnun ríkisins yfir til A-hluta. Ég var vel kunnugur þeim breytingum vegna þess að ég var formaður fjárveitinganefndar þegar þær breytingar fóru fram og lagabreytingin hafði áhrif á afgreiðslu fjárlaga fyrir það ár.

Í hinum tilvitnuðu lögum nr. 52 frá 13. maí 1966 með breytingum nr. 84/1985 segir í 64. gr., með leyfi hæstv. forseta.:

Í A-hluta fjárlaga skal áætla sundurliðuð gjöld og tekjur á rekstrarreikningi. Enn fremur skal áætla allar hreyfingar á erlendum og innlendum lánum ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða, svo og á lánum endurlánareiknings ríkissjóðs. Þó skal eigi getið lána sem greidd eru að fullu á sama ári og þau eru tekin."

Í þessari grein er það afdráttarlaust tekið fram að öll lán ríkissjóðs og öll endurlán ríkissjóðs skuli koma fram í yfirliti fjárlaga og fjáraukalaga nema þau lán sem greidd eru á sama ári og þau eru tekin. Í 66. gr. sömu laga segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárlagaárið skal afmarka eftir reglum sem um ræðir í II. kafla og allar sömu meginreglur skulu gilda um efnisskipun og sundurliðun fjárlaga og þær er gilda um ríkisreikning, að svo miklu leyti sem við á. Þó má sundurliðun í fjárlögum vera minni en í ríkisreikningi."

Í þessari grein laganna um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga kemur það afdráttarlaust fram að samræmi skuli vera á milli uppsetningar fjárlaga og uppsetningar ríkisreiknings. Undantekningin sem gefin er er að þó megi sundurliðun vera minni í fjárlögum en ríkisreikningi. Það mun ekki raska heildarniðurstöðum. Hitt vita auðvitað allir að uppsetning fjárlaga, sem er áætlun um tekjur og gjöld ríkissjóðs, getur aldrei orðið nákvæmlega eins og uppsetning ríkisreiknings. En þegar lokað er árinu á að vera hægt að færa þetta í sama horf og árinu er lokað með fjáraukalagafrv., svo sem því frv. sem hér liggur fyrir fyrir árið 1991.

Ég held að það þurfi enginn að velkjast í vafa um hver eru lagafyrirmælin í þessu efni og ég hlýt að líta svo á að fjmrn. beri að færa þessi mál með þeim hætti sem lög kveða á um. Ég hlýt að líta svo á að hv. fjárln. beri að haga sinni vinnu og sínum breytingum við frv. í samræmi við það sem hér hefur verið vitnað til í lögum. Þær lántökur og þær skuldbindingar, sem vitað er að muni koma fram í ríkisreikningi, komi því einnig fram í þessu frv. þegar það verður afgreitt.

Ég skal ekki ræða þetta neitt frekar þrátt fyrir að ýmislegt sé hægt að segja um þessi mál. Það er hárrétt sem hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði áðan og ég hef margsagt úr þessum ræðustól að sá mismunur sem er á þessum uppgjörsaðferðum, þegar verið er að færa þetta eftir mismunandi kerfum, er síst til þess fallinn að auka skilning almennings í landinu og alþingismanna á niðurstöðum um fjárhagsafkomu ríkissjóðs á hverju ári. Ég hef oft heyrt frá því greint af starfsmönnum fjmrn. að það sé mjög flókið að fara að þessum reglum sem ég hef mælt fyrir en ég hef aldrei heyrt að það væri sérstaklega flókið eða óvinnandi verk að færa ríkisreikning enda er það gert og hefur löngum verið gert á þann hátt að ekki hafa komið fram sérstakar athugasemdir. Þótt vissulega hafi út af brugðið og athugasemdir komið fram er það hlutverk Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings að koma þeim á framfæri. Þetta sannar auðvitað að hægt er að færa frv. af þessu tagi með nákvæmlega sama hætti og ríkisreikningur verður síðan færður.

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég nota mér ekki þennan rétt í þingsköpum að veita andsvar við ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e., Pálma Jónssonar, til þess að andmæla honum heldur til þess miklu frekar að leiðrétta það sem kom fram í mínu máli áðan, ef það mátti skilja það svo, að ekki hefði aðra greint á um málið en fjmrn. og Ríkisendurskoðun. Vissulega er það hárrétt sem kom fram í máli hv. þm. varðandi þessi framsetningaratriði að það hefur verið umræða í þingi, í þjóðfélaginu og fjárln. margsinnis fjallað um málið og einstakir þingmenn látið skoðanir sínar koma fram á því, m.a. í umræðum um fjárlög og fjáraukalög á síðasta þingi. Ég vil aðeins minna á að þá vorum við hv. 2. þm. Norðurl. v. kannski ekki alveg samstiga hvað varðaði afgreiðslu málsins. Það var ekki ágreiningur um efnisatriði heldur það að ég lýsti þeirri skoðun minni og geri enn, ég gerði það áðan, að mér fyndist nauðsynlegt að í þessi mál fengist ákveðin niðurstaða. Við gætum ekki sætt okkur við að þessar tvær opinberu stofnanir, fjmrn. annars vegar og Ríkisendurskoðun hins vegar, létu frá sér fara aftur og aftur ósamhljóða niðurstöðu eða afstöðu til mála. Ég lét það koma fram á síðasta þingi að ég vildi að reynt yrði að finna endanlega niðurstöðu í málninu og við næðum saman um það hverng ætti að standa að þessu. Það yrði þá reynt að taka á málinu í heild en ekki á einstökum þáttum við þessa afgreiðslu og svo einhverjum viðbótarþáttum næst þar til við værum komnir með endanlegu afgreiðsluna. Heldur væri reynt að komast að sameiginlegri niðurstöðu um hvernig ætti að fjalla um málið og hún sett fram þegar það lægi fyrir og þá auðvitað á þann hátt sem lög mæla fyrir. Ég er sammála hv. síðasta ræðumanni, hv. 2. þm. Norðurl. v., um það hvernig eigi að taka á málinu þegar þetta liggur fyrir. Það kann að vera að það verði ekki öðruvísi en svona, að menn séu að taka eitt og eitt atriði fyrir í senn eftir því sem það kemur upp. Best hefði þó verið að menn legðu línu í upphafi sem hægt væri síðan að vinna eftir.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Það er ekki undarlegt þótt umræður verði ekki langar að sinni um þetta mál því mér telst til að það hafi a.m.k. verið talaðir 27 dálkar við 1. umr. þessa sama máls þegar fyrir því var mælt á Alþingi, að mig minnir snemma í aprílmánuði í vor. Þá urðu umræður um hin og þessi málefni, þar á meðal blandaðist inn í umræður efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar. Þótt auðvitað sé fyllsta ástæða til að ræða um

efnahagsmál þá hygg ég, og ég tek undir með hv. 1. þm. Norðurl. e., að það gefist betra tækifæri til þess síðar og vonandi sem fyrst að ræða þau mjög svo mikilvægu mál.

Ég þakka hv. þm. fyrir það sem hann sagði um þá styrkingu sem verið er að gera vegna tilfærslu milli ára og þann stuðning sem hann sagðist vilja sýna við þær leikreglur sem settar hefðu verið upp. Ég tek undir það jafnframt að það er fyllsta ástæða til að fara varlega og þróa leikreglurnar þannig að þeim verði ekki beitt eftir hendinni og þeim breytt á hverju ári. Það er ákaflega mikilvægt að þeir sem ráðstafa fjármunum ríkisins geti gert það með eðlilegum hætti, að þeir þurfi ekki að kappkosta, t.d. í árslok, að eyða þeim fjárveitingum sem þeir hafa fengið einfaldlega af ótta við að af þeim verði skorið á næsta ári. Jafnframt verður mönnum að vera ljóst að ef þeir fara án þess að hafa fyllstu ástæðu til yfir þau mörk sem fjárlög ætla þeim megi búast við að þeir þurfi að gjalda þess á næsta ári á eftir nema Alþingi samþykki annað. Smám saman þróast þessar leikreglur og gera allt starf ríkisins, ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja snurðulausara en verið hefur þegar menn hafa hugsað þetta nákvæmlega í skorðum innan ársins. Þetta er auðvitað ekki pólitískt mál að öðru leyti en því að ég hygg að það eigi stuðning í öllum stjórnmálaflokkum sem eiga fulltrúa á Alþingi.

Varðandi misræmið sem kemur fram í frv. eins og það er flutt núna og í vor var það skýrt í framsöguræðu og reyndar í frv. Ég hygg að langsamlega stærstur hluti breytinganna hafi verið kynntur fjárln. á síðasta vori. Hugmyndin var þá að taka málið úr nefndinni þótt það breyttist vegna tímaskorts.

Hér hafa síðan orðið umræður sem eru eins og gamall kunningi og ætla ég síst að gera lítið úr þeim umræðum. Þessar umræður snúast um það með hvaða hætti eigi að setja upp fjárlög, fjáraukalög og ríkisreikning. Ég held að til glöggvunar sé rétt að það komi fram að frá og með árinu 1989 hafa menn sett ríkisreikninginn upp sem allra líkast því sem gerist hjá fyrirtækjum og stofnunum, þ.e. að ríkisreikningurinn sýni efnahag, bæði skuldbindingar og útistandandi kröfur. Þetta er auðvitað markmiðið þegar menn skoða hvað hafi í raun gerst í fjármálum íslenska ríkisins á ári hverju og glöggva sig á því hvort gjöld eru vegna þess að um rekstur hafi verið að ræða eða rekstrartilfærslur eða hvort gjöld skapast vegna þess að ríkið er að eignast nýja hluti, hús eða aðrar eignir. Í fjárlögum er hins vegar ekki gerður munur á slíku í heildarupphæðinni. Þar er fyrst og fremst lögð áhersla á greiðslustreymi í gegnum ríkissjóð og áætlanir sem liggja til grundvallar byggjast á því að kanna nákvæmlega og reyna að áætla hve mikið innheimtist og skilar sér af skatttekjum og hve mikið rennur úr ríkissjóði til ýmissa þátta sem ríkissjóður á að standa undir.

Þótt sumir hafi deilt hart um þessi málefni hygg ég að flestir sem ræða þau af alvöru skilji að hér er um atriði að ræða sem menn þurfa að semja um, ná niðurstöðu um, svo hægt sé að bera saman árangur bæði á milli ára og eins árangur ríkisreiknings miðað við áætlanir fjárlaga með sama hætti svo menn séu ekki að nota tvo mælikvarða þegar samanburðurinn á sér stað. Í fjárlagafrv. næsta árs var gerð ítarleg grein fyrir niðurstöðu nefndar sem hefur fjallað um þessi mál, um breytta framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga, og er hana að finna í 8. kafla athugasemda með fjárlagafrv. Ég vísa til þess og það hefst á bls. 368 í fjárlagafrv. sem lagt hefur verið fram sem frv. á yfirstandandi þingi. Þar er mjög ítarlega greint frá því hvað sé á döfinni. Jafnframt er ljóst að þeir aðilar sem koma að málum, m.a. Ríkisendurskoðun, fjmrn. og aðrar stofnanir, ætla sér tímann út næsta ár til að ná endanlegri niðurstöðu í málinu. Á bls. 370 í athugasemdum með fjárlagafrv. er þó skýrt fá því að hugmyndin sé að birta framsetningu fjárlaga með tvennum hætti til að byrja með svo almenningur og alþingismenn ekki síst geti áttað sig á því hvernig framsetning fjárlaga yrði annars vegar á greiðslugrunni, eins og hefur verið á undanförnum árum og venja hefur verið, og hins vegar á svokölluðum reiknings- eða rekstrargrunni.

Ég veit ekki hvernig einfaldast er að fjalla um þetta málefni en ég hygg að það sé kannski auðvelt að nálgast það með þeim hætti að segja að það er nauðsynlegt í fjárlögum að skýra mjög rækilega hvernig ríkið hyggst ná inn tekjum og greiða sín gjöld á greiðslugrunni. Ég hygg að það verði aldrei komist hjá því að slíkar áætlanir verði kynntar í fjárlagafrv. og samþykktar í fjárlögum viðkomandi ára. Jafnframt er ljóst að ríkisreikningur verður héðan af, allt frá því að hann var samþykktur fyrir 1989, birtur á reikningsgrunni eða rekstrargrunni sem svo er kallaður. Spurningin er hins vegar sú hvenær þessi breyting á að eiga sér stað. Hv. þm. Pálmi Jónsson var að fjalla um að eðlilegt sé að það gerist þegar fjáraukalög eru til meðferðar. Það er vissulega sjónarmið sem er góðra gjalda vert og fyllilega réttlætanlegt og margir styðja það sjónarmið. Hv. þm. hefur m.a. bent á að hann telji að lög standi til þess að það sé gert. Jafnvel hefur hann gengið svo langt að tekja að lög standi til þess að fjárlög séu sett fram á reikningsgrunni. Um þetta eru menn hins vegar ekki sammála. Nefndin, sem fjallar um þetta mál, hefur birt bráðabirgðaálit sem kemur fram í fjárlagafrv. og notar sem dæmi það atriði sem hv. þm. notaði jafnframt sem dæmi. Það var yfirtaka ríkissjóðs á skuldbindingum Verðjöfnunarsjóðs á sínum tíma að upphæð 1.500 millj. kr. Það hefur orðið eins konar skólabókardæmi um þau mismunandi sjónarmið sem ríkja í þessum málum.

Ég ætla ekki hér og nú að gera upp á milli þessara aðferða. Þær eru báðar góðar og gildar. Ég vil einungis segja það hér að ég tel að kominn sé tími til að menn nái samkomulagi um það með hvaða hætti framsetning á fjárlögum, fjáraukalögum og ríkisreikningi verði í framtíðinni. Ég legg áherslu á það sem ég tel að einnig hafi komið fram í máli hv. 1. þm. Norðurl. e. að það er nauðsynlegt að þegar breyting verður gerð þá sé það gert með heildstæðum hætti. Ég hygg að hv. fjárln. hafi verið þeirrar skoðunar á sínum tíma að málið sé undirbúið rækilega og ekki verið að hlaupa til með breytta framsetningu fyrr en menn eru búnir að kanna

það mjög rækilega hvernig best sé að setja upp reikning, fjáraukalög og fjárlög.

Í þessu sambandi er einnig nauðsynlegt að líta til framsetningar á fjárlögum annarra þjóða. Vissulega er það svo að átt hafa sér stað miklar framfarir í framsetningu ríkisreiknings, fjárlaga og ýmiss konar annarra fjárlaga eða lánsfjárlaga innan t.d. OECD-samstarfsins. Ég vil að það komi fram hér að fjmrn. fylgist að sjálfsögðu mjög vel með þeim breytingum.

Jafnframt er frá því að segja að uppsetning ríkisumsvifa hjá þeim þjóðum hefur verið að breytast og nú er svo komið að framsetning fjárlaganna er talsvert frábrugðin því sem gerist víða í OECD-löngunum svo ríkisreikningur, jafnvel þótt hann sé á reikningsgrunni, er ekki fyllilega samanburðarfær við sams konar reikning í OECD-löndum. Þetta varðar í fyrsta lagi til hvaða þátta ríkisreikningur á að taka. Víða er t.d. lífeyriskerfi þjóða tekið inn í slíka reikninga. Það á ekki fyllilega við hér því okkar lífeyriskerfi er öðruvísi en þar. En það sem skiptir þó meira máli er að hér á landi hafa tekjur og gjöld verið færð nettó í íslenskum fjárlögum, fjáraukalögum og ríkisreikningi. Þannig hafa til að mynda sértekjur verið dregnar frá gjöldum og nettóniðurstaðan birtist gjaldamegin í fjárlögum. Á sama hátt hafa gjöld teknamegin verið dregin frá tekjum áður en niðurstöðurnar birtast. Þetta þýðir að ríkisumsvifin í heild mælast minni hér á landi en annars staðar. Dæmi um þetta eru sértekjur ýmissa stofnana gjaldamegin, þjónustugjöld líka gjaldamegin en teknamegin eru dæmi um þetta ýmsar bætur og skattaafslættir sem eru færðir til gjalda teknamegin. — Vona ég að menn fyrirgefi mér það þó ég fari svona rækilega ofan í bókhaldsmál íslenska ríkisins. Vissulega gaf umræðan tilefni til þess. (Gripið fram í.) Já, það má segja.

Ég ætla að ljúka þessu með því að segja að það sem skiptir auðvitað máli er hvernig lokin verða. Ég held að það hafi verið tekið stórt framfaraspor þegar ríkisreikningur var settur upp á þessum svokallaða rekstrargrunni þannig að útistandandi skuldbindingar og kröfur sjást í ríkisreikningi. Ég tel að hv. alþingismenn, Ríkisendurskoðun, fjmrn. og aðrir aðilar sem þurfa að vinna að þessum málum eigi að gefa sér góðan tíma til að fara ofan í þær hugmyndir sem birtast í fjárlagafrv. og síðan geti legið fyrir endanlegar tillögur fyrir árslok næsta árs þannig að ekki verði frekari áhöld um það hvernig setja skuli upp þetta veigamikla bókhald íslenska ríkisins.

Um einstaka þætti sem ég var spurður um skal ég aðsins drepa á en vonandi gefur þessi ræða mín þó tilefni til þess að álíta að einhlít svör fást ekki því svörin byggjast á því hvaða sjónarmið viðkomandi ráðherra velur. Ég man satt að segja ekki í svipinn hvernig lántökur voru vegna Sandgerðishafnar en hafi sveitarfélagið tekið lánið, sem ég man ekki hvort er rétt, er alveg ljóst að á greiðslugrunni kemur ekkert til gjalda fyrr en ríkið greiðir lánið til framkvæmdanna.

Um Byggðastofnun er nákvæmlega það sama og rætt hefur verið um um aðra þætti. Samkvæmt greiðsluuppgjörinu gerist ekkert í fjárlögum og fjáraukalögum við að ríkið tekur yfir útistandandi skuldbindingar Byggðastofnunar fyrr en ríkið þarf að greiða af þeim lánum. Þetta eru útistandandi skuldir til lánardrottna Byggðastofnunar. Samkvæmt rekstraruppgjörinu hefði átt að færa 1.200 millj. kr. á því ári sem þær voru færðar sem útgjöld, safnast upp á reikningi sem síðan er greitt af og færist inn á aftur þegar greiðslur eiga sér stað. Ég veit að gamlir bankamenn þekkja hvernig gert er og er ég þá að líta til hv. 1. þm. Norðurl. e. sem ég veit að er vel að sér í þeim málum.

Það sama á við um rafveitu Seyðisfjarðar. Ef það er yfirtaka lána, sem ekki eru greidd strax, eru þau lán samkvæmt greiðslugrunninum ekki færð til gjalda þegar yfirfærslan á sér stað heldur einungis þegar greitt er af lánunum smám saman. Þetta er auðvitað það sem vitað er og óþarfi að hafa um mörg orð.

Um þetta er ágreiningur. Málið verður í höndum hv. nefndar og það er hún sem gerir tillögur til Alþingis og Alþingi sem samþykkir niðurstöðuna og við hana verður auðvitað unað. Eitt slíkt mál vil ég nefna og það var mál sem greidd voru atkvæði um á síðasta þingi og uppi var mikið rifrildi um á milli fyrrv. fjmrh., hv. 8. þm. Reykn., og mín þó það væri reyndar vegna þess að hann taldi mig hafa greitt atkvæði með öðrum hætti en ég gerði sem mér var ómögulegt því ég var ekki viðstaddur atkvæðagreiðsluna. En það breytir ekki því að þessi mál verða án efa til umfjöllunar hér.

Ég hvet hv. nefndarmenn í fjárln. til að kynna sér þetta mál vel, sem ég veit að þeir hafa gert, og hjálpa til við það, sem ég er tilbúinn að gera líka, að ná niðurstöðu með þeim hætti að þegar breyting verði gerð verði hún gerð þannig að það verði ekki til baka snúið heldur sé það gert vegna þess að við ætlum okkur að breyta framsetningu fjárlaganna, fjáraukalaganna og ríkisreikningsins.

Ég kem svo að síðasta málinu sem ég var spurður um. Það snertir Framkvæmdasjóð aldraðra. Ég tel að athugasemdir Ríkisendurskoðunar hvað það mál varðar séu af nokkuð öðrum toga. Við í ráðuneytinu, eins og menn segja, höfum látið kanna þetta. Það þýðir að lögfræðingur ráðuneytisins hefur skoðað þetta mál út frá sjónarhóli ráðuneytisins því auðvitað er Ríkisendurskoðun ekki dómstóll í málinu. Okkar niðurstaða er sú að ef gætt verður þeirra formreglna að stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra samþykki þessa ráðstöfun fjárins jafnvel eftir á sé hægt að réttlæta það sem gerðist á fyrri hluta ársins 1991 og ég veit að hv. 1. þm. Norðurl. e. þekkir betur en ég. Þetta eru formsástæður og ég held að það sé rétt hjá Ríkisendurskoðun að varla verður fallist á að þetta gerist án þess að slík formleg afstaða liggi fyrir. Hins vegar tel ég að þessi millifærsla fái efnislega staðist. Ég hef auðvitað ekki sjálfur staðreynt það að hve miklu leyti þessir fjármunir runnu til rekstrar stofnana fyrir aldraða. Það þekkir hv. þm. að sjálfsögðu mun betur en ég. Ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þennan þátt.

Virðulegi forseti. Ég vona að mér hafi tekist án þess að vekja upp miklar deilur um veigamikið mál að svara flestum þeim spurningum sem til mín var beint og gert

grein fyrir þeim atriðum sem komið hafa fram í umræðunni og ég tel fyllstu ástæðu til að fjalla um.

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt um þær lántökur Hafnabótasjóðs vegna framkvæmda við Sandgerðishöfn sem minnst var á hér af hv. 1. þm. Norðurl. e. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir:

„Með bréfi fjmrn., 25. júní 1951, ákvað ráðuneytið að nýta heimild í lánsfjárlögum um að Endurlán ríkissjóðs veiti Hafnabótasjóði lán að fjárhæð 275 millj. kr. til endurlána vegna framkvæmda við Sandgerðishöfn. Þá kemur fram að ríkissjóður muni greiða allan lántöku- og vaxtakostnað af láninu og gert er ráð fyrir að lánið greiðist með framlögum af fjárlögum á næstu átta árum samkvæmt bréfi fjmrn. Í ársreikningum bæjarsjóðs Sandgerðis fyrir árið 1991 er fyrrgreint lán ekki fært í reikning bæjarfélagsins í árslok 1991 þar sem bæjarsjóður Sandgerðis telur með réttu að sá kostnaður sem nefnd lántaka á að bera sé alfarið viðfangsefni ríkissjóðs. Ríkisendurskoðun telur í ljósi efnisatriða þessa máls að fyrrnefnd lánveiting frá Endurlánum ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs og síðan til bæjarsjóðs Sandgerðis eigi að ganga til baka. Í stað þess eigi að sýna í fjáraukalögum fyrir árið 1991 og ríkisreikningi fyrir sama ár framlag til Sandgerðishafnar að fjárhæð 275 millj. kr."

Það er vissulega þörf á því, virðulegi forseti, að samræma eins og kom fram hjá ráðherra að samræma framsetningu á ríkisreikningi og fjárlögum. Ég gæti svo sem hafa kvatt mér hljóðs og flutt um það langa tölu en hv. þm. Pálmi Jónsson tók af mér ómakið og ég get tekið undir hvert einasta orð í ræðu hans og vil jafnframt að það komi fram að ekki var aðeins um tímaskort að ræða að frv. til fjáraukalaga var ekki afgreitt sl. vor heldur var það einmitt vegna þessa ágreinings um það hvernig frv. væri sett upp og sá ágreiningur var í fjárln.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það getur stundum farið saman tímaleysi og ágreiningur því að það tekur stundum tíma að leysa úr ágreiningi. Það er alveg hárrétt að fjáraukalög fyrir liðið ár koma venjulega ekki fram fyrr en í marsmánuði. Þetta frv. kom fram í lok mars og var til umræðu í byrjun apríl. Þess vegna gafst ekki mikill tími til að leysa málið. Það er rétt.

Ég hef ekki gögn Ríkisendurskoðunar hjá mér þannig að ég get því miður ekki svarað spurningunni betur en ég gerði áðan. Ég hvet hins vegar til að hv. fjárln. fái þá aðila fjmrn. sem um þetta mál fjalla og Ríkisendurskoðunar til að ræða um hvernig eigi að bókfæra þetta lán. Ég satt að segja veit ekki nákvæmlega hvernig þetta var sett upp á sínum tíma. Ég hélt, það er sjálfsagt mitt misminni, að þetta hefði verið gert með þeim hætti að Sandgerði hefði tekið lánið og þess vegna væri það ekki fært hinum megin. Ef þetta liggur fyrir með þessum hætti þá finnst mér eðlilegt að fjárln. ásamt Ríkisendurskoðun og fulltrúum fjmrn. kanni málið og leysi úr því eins og eðlilegt getur orðið.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Mér þykir ástæða til að taka alveg sérstaklega undir með hæstv. fjmrh. um þann þátt í máli hans sem fjallaði um að ná um það heildarsamkomulagi ef breytingar verða gerðar á framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings umfram það sem gert er ráð fyrir í lögunum um þessi efni. Ég er alveg sannfærður um að ef þessum lögum er breytt og breyting verður á framsetningu fjárlagafrv., fjáraukalaga og ríkisreiknings í kjölfar slíkra breytinga þá er það vandasamt verk. Ég styð þá viðleitni hæstv. ráðherra að vanda slíkt verk og ná um það víðtæku samkomulagi. Þetta haggar ekki því að á meðan slík breyting hefur ekki komist á ber auðvitað að fara að þeim lögum sem gilda. Hæstv. ráðherra vitnaði til 8. kafla athugasemda með fjárlagafrv. Sá kafli hefur orðið mér tilefni til tilvitnanna fyrr úr ræðustól á þessu Alþingi. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, undir fyrirsögninni „Greiðsluuppgjör og framsetning fjárlaga":

„Lagðar hafa verið fram tillögur um breytta framsetningu fjárlaga til samræmis við ríkisreikning. Í fyrsta lagi er talið nauðsynlegt að sem mest samræmi sé milli ríkisreiknings og fjárlaga. Í öðru lagi er ekki talið fullnægjandi að áfallnar en ógreiddar skuldbindingar ríkissjóðs séu færðar í ríkisreikningi eftir lok fjárhagsársins. Nauðsynlegt er að þær skuldbindingar sem ákveðnar eru eða falla á ár hvert sem hluti eða afleiðing af ríkisstarfseminni komi fram í fjárlögum. Að öðrum kosti næst ekki yfirsýn yfir raunveruleg ríkisumsvif og breytingar þeirra frá einu ári til annars."

Það sem hér segir að tillögur hafi komið fram um er nákvæmlega það sem kveðið er á um í lögunum eins og þau eru í dag og þarf engar tillögur um. Í stað þessa kafla í athugasemdum við fjárlagafrv. hefði átt að standa að hæstv. fjmrh. hefði ákveðið að framfylgja lögunum eins og þau eru vegna þess að deilur hafa staðið um það í mörg ár og ég óska honum þeirrar giftu að hann megi standa svo að færslu þessara mála sem og annarra að það þurfi ekki að velkjast í vafa um að það sé í samræmi við ákvæði laga.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, ÁMM, DO, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHall, GHelg, ISG, IP, JÁ, JBH, JónS, KHG, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PS, RA, RG, SigG, SJS, StB, TIO, ÞurP, ÖS.

31 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GÁ, HBl, HN, HG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KEE, KSG, MF, MB, PP, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SvG, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

Frv. vísað til fjárln. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, ÁMM, BBj, DO, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHall, GHelg, ISG, IP, JÁ, JBH, JónS, KHG, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, PJ, PS, RA, RG, SigG, SJS, StB, TIO, ÞurP, ÖS.

31 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GÁ, HBl, HN, HG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KEE, KSG, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SvG, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

Útbýting þingskjala:

Áfengis- og vímuefnameðferð 1991, 171. mál, svar heilbrrh., þskj. 292.

Hafrannsóknastofnun, 122. mál, svar sjútvrh., þskj. 295.

Hópuppsagnir, 2. umr.

Stjfrv., 20. mál. — Þskj. 20, nál. 266.

Frsm. félmn. (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um frv. til laga um hópuppsagnir. Nál. sem er á þskj. 266 er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um málið. Fékk hún á fund sinn Berglindi Ásgeirsdóttur, Gylfa Kristinsson og Gunnar Sigurðsson frá félmrn. Enn fremur komu á fund nefndarinnar Hrafnhildur Stefánsdóttir frá VSÍ, Hjörtur Eiríksson frá VMSS, Björn Arnórsson frá BSRB, Páll Halldórsson, Birgir Björn Sigurjónsson og Eggert Lárusson frá BHMR, Ari Skúlason frá ASÍ, Ragnhildur Hjaltadóttir frá samgrn., Guðjón A. Kristjánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Jónas Haraldsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Þá studdist nefndin við umsagnir er bárust á 115. löggjafarþingi frá VMSS, VSÍ, Kennarasambandi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, BHMR, ASÍ, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Sambandi byggingamanna og Landssambandi vörubifreiðastjóra.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

7. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1993. Frá sama tíma fellur úr gildi 55. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma."

Undir nál. rita: Guðjón Guðmundsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, með fyrirvara, Ingibjörg Pálmadóttir, Drífa Hjartardóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Jón Kristjánsson, Össur Skarphéðinsson, Eggert Haukdal og Pétur Sigurðsson.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Með þeirri breytingu sem nefndin leggur til á frv. má segja að það sé orðið vel ásættanlegt og horfi til bóta í lagasetningu hvað varðar réttindi launþega hér á landi.

Það er rétt að taka fram að með þessari breytingu er verið að breyta frv. úr EES-frv. í almennt lagafrv. sem mun standa hvað svo sem verður um afdrif frv. um EES-samninginn sem fyrir liggur í þinginu. Hér er því um að ræða algerlega sjálfstætt frv. eftir þessa breytingu. Þó eru ýmis atriði sem vert er að nefna í þessu þannig að því sé til skila haldið.

Í fyrsta lagi vil ég taka sérstaklega fram að frv. nær til allra launþega í landinu og þar með talið opinberra starfsmanna og er óumdeilt. Það nær einnig til allra atvinnurekenda í landinu, þ.e. jafnt á almennum vinnumarkaði sem hjá hinu opinbera, ríki eða sveitarfélögum. Gildissvið frv. er því þetta.

Þá eru atriði sem fram komu í umsögnum og eru ábendingar eða beinar óskir um breytingar á frv. sem ég vildi greina frá. Þær eru að mínu viti þó ekki svo veigamiklar efnislega að það breyti afstöðu minni til frv. hvort þær verði samþykktar eða ekki. Ég tel samt rétt að greina frá þeim og áskilja mér rétt til að flytja brtt. til að mæta þessum tillögum umsagnaraðila við 3. umr. málsins.

Í fyrsta lagi er nokkuð almenn ábending og tillöguósk frá umsagnaraðilum um að í a-lið 1. gr. verði tölunni 20 breytt í töluna 16 með þeim rökum að það sé til samræmis við samkomulag aðila vinnumarkaðarins sem gert var á sl. vori. Það þýðir að ákvæði 1.–4. gr. frv. eigi við um uppsagnir ef um er að ræða a.m.k. tíu starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa 16 eða fleiri eða færri en 100 starfsmenn í vinnu í stað 20.

Í öðru lagi kom fram líka sú ábending að breyta tölunni tíu í þessum sama staflið í töluna fjóra þannig að ákvæði frv. ættu við ef fjórum starfsmönnum eða fleirum væri sagt upp í stað tíu. Það eru nokkur rök fyrir þessari tillögu. Bent er á að samkvæmt lögum frá 1979 er skylda að tilkynna félmrn. og viðkomandi stéttarfélagi um fyrirhugaða uppsögn ef um fjóra eða fleiri er að ræða. Það er gert ráð fyrir í frv. að þessi tilkynningaskylda haldist áfram. Þarna væri þá samræmis gætt í frv.

Þá vil ég koma á framfæri þeirri ábendingu sem fram kom frá Alþýðusambandi Íslands sem lagði nokkra áherslu á að inn í frv. bættist einn liður úr fyrrgreindu samkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá því sl. vor og fjallar um framkvæmd hópuppsagna. Ég tel vel athugandi að fella þennan lið samkomulagsins inn í frv. en um það er ekki samstaða og ég læt ekki brjóta á því af minni hálfu hvað frv. varðar en tel þó rétt að koma þessari ábendingu á framfæri og afstöðu mína til hennar.

Þá vil ég líka minna á b-lið í 5. gr. frv. sem undanskilur áhafnir skipa ákvæðum frv. Eins og þingmönnum er kunnugt fjallar frv. um hópuppsagnir og ákveðið ferli sem fer í gang þegar þær eru ráðgerðar en undantekningar frá ákvæðum frv. eru taldar upp í 5. gr. Meðal undantekninga eru áhafnir skipa. Engar skýringar fylgja með í frv. hvorki í greinargerð með þessari grein né almennum athugasemdum hvers vegna þetta er svo en við eftirgrennslan í nefndinni hafa þau svör fengist að vísað er til kjarasamninga sjómanna, alþjóðasamninga á sviði siglinga og í þriðja lagi í sjó-

mannalög. Þar munu réttindi sjómanna vera tryggð til jafns við þau réttindi sem verið er að tryggja öðrum launþegum í frv.

Ég hef ekki kannað það til hlítar hvort þetta eru réttar ábendingar. Í ljósi þess að samtök sjómanna, þ.e. Farmanna- og fiskimannasambandið, hafa gert athugasemdir áskil ég mér rétt til að skoða þetta á milli 2. og 3. umr. Hitt er skaði að ekki kom umsögn um frv. frá Sjómannasambandi Íslands en ég hygg að ég fari rétt með að þeim var gefinn kostur á að veita umsögn. (**Gripið fram í:** Þeim var boðið að mæta á fundinn en komu ekki.) Já, þeim var boðið að mæta á fund nefndarinnar en komu ekki. Það má því segja að nefndin hafi gert sitt til að gefa samtökum undirmanna tækifæri á að koma sjónarmiðum sínum að um frv.

Aðrar athugasemdir sem fram komu eru ekki margar. Þó vil ég nefna tvær. Sú fyrri er frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem leggst í raun gegn þeim þætti frv. að vinnumiðlun sveitarfélaga skuli leita lausna á þeim vanda sem uppsagnirnar kunna að valda. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga segir orðrétt, með leyfi forseta: „Afleiðingin er aukið eftirlit, umsýsla, skriffinnska og kostnaður sveitarfélaga. Stjórn sambandsins telur eðlilegt að fyrirkomulag þessara mála haldist óbreytt."

Ég er dálítið undrandi á þessari umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga, einkum og sér í lagi í ljósi þeirrar áherslu sem stjórn þessa sambands leggur á að fá til sín aukin verkefni, að leggjast þá gegn því að þeirri vinnumiðlun sem þeir hafa með höndum séu ætluð aukin verkefni og að vera nær því raunveruleg vinnumiðlun. Ég hlýt því að láta þessa afstöðu sambandsins koma fram mönnum til íhugunar og vonandi setja þeir fram skýringar þó síðar verði á þessari afstöðu sinni. Eins og hún birtist okkur lítur svo út sem þeir leggist gegn því að stjórn vinnumiðlunar vinni frekar að vinnumiðlun.

Þá vil ég að lokum vekja athygli á að Vinnumálasamband samvinnufélaganna bendir á það sem þeir telja staðreynd að víða hafi orðið misbrestur á því að stjórnarnefndir vinnumiðlunar hafi verið skipaðar í sveitarfélögum landsins sem eru með yfir 500 íbúa eins og kveðið er á um í lögum nr. 18/1985. Ef rétt reynist er um nokkuð umhugsunarefni að ræða ef svo er sjö árum eftir gildistöku laganna að víða hafi orðið misbrestur á hjá sveitarfélögum að uppfylla þetta lögbundna hlutverk sitt. Ég hygg að það verði að skoða þetta mál nánar til að fá úr því skorið við hversu mikil og gild rök umsögn Vinnumálasambands samvinnufélaga styðst í þessu efni.

Fleira ætla ég ekki að segja að þessu sinni, virðulegi forseti, um efni frv. Ég ítreka þá fyrirvara sem ég áskildi mér en einnig almennan stuðning minn við frv. eins og það lítur út eftir brtt. nefndarinnar.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til 2. umr. frv. til laga um hópuppsagnir sem kemur fram m.a. til að tryggja í framkvæmd að Ísland uppfylli þær reglur sem gilda munu á sviði félags- og vinnumála á Evrópska efnahagssvæðinu og aðilar vinnumarkaðarins geti fylgst með þátttöku útlendinga hér á landi þannig að íslensk lög og íslenskir kjarasamningar séu framkvæmdir.

Allir í hv. félmn. voru sammála um að burt séð frá EES-samningnum væri þetta frv. um hópuppsagnir hið besta mál og þess vegna er borin fram brtt. með nál. sem allir nefndarmenn voru sammála um. Um frv. var meiri samstaða í félmn. en um mörg önnur mál sem við fjöllum um þar því frv. felur í sér nokkra réttarbót til handa starfsfólki þegar til svokallaðra hópuppsagnar kemur. Það lengir þann feril frá því að uppsögn er ákveðin og þangað til til henni kemur. Það lögfestir líka samráð atvinnurekenda og trúnaðarmanna í þessu sambandi.

Eins og hv. síðasti ræðumaður gat um höfum við fengið athugasemdir við frv. Ég ætla ekki að endurtaka þær. Ég er sammála honum um 1. gr. M.a. var ASÍ með athugasemdir þar að lútandi að vegna þess hversu mörg fyrirtæki á Íslandi eru lítil vexti þá sé rétt að í 1. gr. komi fjórir starfsmenn í staðinn fyrir tíu þegar til uppsagna kemur og í staðinn fyrir 20 komi 16. Þetta rakti hv. síðasti ræðumaður mjög vel og mér finnst vel koma til greina að koma með brtt. þar að lútandi.

Ég er líka sammála því sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að ég er svolítið undrandi á svari Sambands ísl. sveitarfélaga sem vill ekki fá þetta aukna verksvið til sín. Ég tel alveg nauðsynlegt að sveitarfélögin taki þetta verkefni og séu meira vakandi yfir því hvað er að gerast í sveitarfélögunum varðandi þróun atvinnumála. Ég tel því rétt að lögfesta það. Ég er í meginatriðum sammála þessu frv. og mun samþykkja það þegar til afgreiðslu kemur.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Eins og sést á nál. þá skrifa ég undir það með fyrirvara. Sá fyrirvari minn lýtur að því sama og hér hefur verið gert að umtalsefni af öðrum félagsmálanefndarfulltrúum sem hafa talað, þ.e. bæði 5. þm. Vestf., Kristni H. Gunnarssyni, og 2. þm. Vesturl., Ingibjörgu Pálmadóttur. Þetta varðar ekki síst a-lið 1. gr. frv. þar sem talað er um að samráðið skuli fara af stað ef fjöldi starfsmanna sem sagt er upp á 30 daga tímabili er a.m.k. tíu starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa fleiri en 20 og færri en 100 starfsmenn í vinnu.

Við vitum að íslensk fyrirtæki eru mörg hver lítil og hafa ekki mjög marga menn í vinnu. Ef við erum að tala um fyrirtæki þar sem starfa við skulum segja 21–22 fer samráðið ekki af stað fyrr en nánast helmingnum af starfsmönnum er sagt upp, þ.e. tíu. Þess vegna fannst mér að það væri eitthvað sem við þyrftum að velta fyrir okkur og ég vildi gjarnan sjálf hugsa á milli umræðna hvort ekki bæri að flytja brtt. við frv. og hugsanlega í þá veru sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson minntist á áðan, þ.e. að þarna kæmu fjórir starfsmenn í staðinn fyrir tíu og talan 16 í stað 20. Þetta var það sem minn fyrirvari gekk út á.

Þegar ég fór að hugsa um þetta, þó ég sjái vissulega í frv. ákveðna réttarbót og telji þetta jákvætt mál

sem ætti að fá umfjöllun og afgreiðslu hér óháð samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði, fannst mér samt þegar ég fór að skoða málið nánar að réttarbótin væri kannski ekki eins mikil og mér fannst þegar ég kom fyrst að málinu. Eitt af því sem kom t.d. upp í hugann voru uppsagnir manna í álverinu að undanförnu. Þegar maður fór að reikna það út kæmi þetta frv., ef það hefði orðið að lögum, ekki til álita í því sambandi vegna þess að það þarf að segja upp a.m.k. 10% starfsmanna í fyrirtækjum eins og álverinu. Ég veit ekki hvað þar eru margir starfsmenn en þeir skipta sjálfsagt einhverjum hundruðum. Það þarf því talsvert miklar uppsagnir til þess að þessi samráðsferill allur fari af stað.

Samt sem áður er bót að frv. Þó að það sé kannski ekki sú mikla réttarbót sem mér sýndist í fyrstu er það samt til bóta og engin ástæða til annars en fagna því og styðja það.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með þá umræðu sem hér fer fram af hálfu nefndarmanna í félmn. og sérstaklega taka fram hversu góð samvinna hefur verið í nefndinni um þetta frv. og reyndar þau markaðs- og vinnumálafrv. sem við erum með í nefnd okkar nú vegna EES-samningsins. Mér finnst það mjög jákvætt hvernig hefur verið staðið að vinnu og hver áhugi manna hefur verið á því að skoða þessi mál mjög grannt og algjörlega óháð afstöðu þeirra til EES-samningsins út af fyrir sig.

Það er, held ég, alveg óumdeilt að það frv. sem er komið til 2. umr. er mikil réttarbót fyrir launþega. Þrátt fyrir að einhver áherslumunur sé á tölunum sem hafa verið nefndar hér af þeim sem hafa talað á undan mér er samt 2. gr. frv. mesta réttarbótin. Með leyfi forseta hefði ég áhuga á að lesa hana upp: „Áformi atvinnurekandi uppsagnir skv. 1. gr. skal hann hafa samráð við trúnaðarmann starfsmanna eða annan fulltrúa, sem þeir hafa til þess valið, svo fljótt sem auðið er.

Með samráðinu skal stefnt að því að ná samkomulagi til að komast hjá uppsögnum að svo miklu leyti sem mögulegt er og draga úr afleiðingum þeirra.

Trúnaðarmenn eða aðrir fulltrúar starfsmanna skulu eiga rétt á að fá allar upplýsingar frá atvinnurekanda, sem máli skipta, um fyrirhugaðar uppsagnir. Tilgreina skal skriflega ástæður uppsagna, fjölda starfsmanna sem til stendur að segja upp, hve margir eru að jafnaði í vinnu og á hvaða tímabili uppsagnirnar eiga að taka gildi.

Atvinnurekandi skal senda afrit af öllum skriflegum upplýsingum, sem um getur í 3. mgr., til stjórnar vinnumiðlunar í umdæminu. Sé vinnumiðlun ekki fyrir hendi í sveitarfélaginu skulu gögn send viðkomandi sveitarstjórn."

Hv. 5. þm. Vestf., Kristinn H. Gunnarsson, setti fram nokkur atriði, sem fylgt var eftir af þeim þingmönnum sem jafnframt hafa talað, en hann hefur einnig á vissan hátt svarað þeim álitamálum sem fram komu varðandi athugasemdir og þær breytingar sem rætt var um. Mér finnst mjög mikilvægt að taka það fram, eins og reyndar hefur komið fram í þeirra máli, að menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að þetta frv. er ásættanlegt þó ekki sé breytt þeim tölum sem hefur verið talað um. Þá vísa ég í að þar sem um er að ræða a.m.k. tíu starfsmenn í fyrirtæki sem venjulega hefur fleiri en 20 og færri en 100 starfsmenn í vinnu komu fram óskir um að 20 yrði fært niður í 16 og einnig að talan tíu yrði færð niður í fjóra. Mér finnst mikilvægt að það komi fram að í 6. gr. frv., sem hljóðar svo:

„Leiði ráðgerður samdráttur eða aðrar ráðgerðar breytingar í fyrirtæki til uppsagnar fjögurra eða fleiri starfsmanna er atvinnurekanda skylt að tilkynna uppsagnir til Vinnumálaskrifstofu félmrn. og viðkomandi verkalýðsfélags með tveggja mánaða fyrirvara." Þessu ákvæði um tilkynningaskylduna er haldið óbreyttu um leið og starfsmenn eru orðnir fjórir eða fleiri þrátt fyrir að hinar viðamiklu aðgerðir sem fara á í gangi ekki í gildi fyrr en við uppsögn tíu starfsmanna í fyrirtækjum af þeirri stærð sem hér hefur verið nefnd.

Það er líka mikilvægt að nefna varðandi nýtt ákvæði sem óskað var eftir varðandi framkvæmd hópuppsagna að að smíð frv. komu bæði fulltrúar ASÍ og VSÍ, þ.e. aðilar vinnumarkaðarins. Það er alveg ljóst að þarna átti sér stað ákveðin málamiðlun og er e.t.v. nokkuð viðkvæmt að fara þar inn í með tillögur sem komu á eftir frá öðrum aðilanum. Ég held að við höfum verið sammála um að það hefðu þá verið réttlát vinnubrögð að við settum okkur inn í hvað hafi verið á döfinni af hálfu beggja. Eins og ég segi er hér um sameiginlega niðurstöðu að ræða fyrir utan þá fyrirvara sem hér hafa komið fram.

Varðandi áhafnir skipa sem eru undanskildar ákvæðum frv., og reyndar eru áhafnir skipa almennt undanskildar í frumvörpum sem varða vinnuréttarmál, hefur verið upplýst að mjög viðamiklir lagabálkar fjalla um þeirra mál og þeir hafa ekki samið um ákvæði af þessu tagi í sínum kjarasamningum enn þá. Hins vegar kom það fram að ASÍ samdi í apríl á sl. vori um ákvæði í sínu samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins varðandi tíu starfsmenn í fyrirtækjum með 16–100 starfsmenn. Það eru mjög margir aðrir sem ekki hafa samið um slíkt ákvæði og við fengum líka ábendingar um að það gæri verið viðkvæmt að fara inn í ákvæði sem í raun og veru eru samningsatriði þrátt fyrir að þarna sé verið að tryggja ákveðin lágmarksréttindi. Og það vil ég árétta að með þessu frv., sem er mikil réttarbót að mínu mati, er verið að tryggja lágmarksréttindi starfsfólks við hópuppsagnir.

Líka var nokkuð rætt um eitt ákveðið atriði frv. Það var sá 30 daga aðdragandi sem átti að vera að uppsögnum. Sumir höfðu viljað skilja það þannig að þarna væri um að ræða 30 daga framlengingu á uppsagnarfresti, Svo er ekki. Við létum skoða þetta sérstaklega og þá hverjum það kæmi best til góða fyrir utan hinn almenna aðdraganda. Ákvæðið er um það að með 30 daga fyrirvara sé tilkynnt um að atvinnurekandi hyggist segja upp fólki. Þær tilkynningar eru ekki um nöfn heldur fyrst og fremst fjölda og þær upplýsingar sem frv. kveður á um. Það er alveg ljóst að þegar búið er

að tilkynna um að segja eigi upp ákveðnum fjölda manna mun það kalla á aukinn þrýsting um frekari upplýsingar. Það er líka ljóst að þeir sem hafa styttri uppsagnarfrest en einn mánuð, t.d. allir þeir starfsmenn sem hafa viku uppsagnarfrest og þeirra trúnaðarmenn, hafa þá þriggja vikna aðlögun að því að kalla eftir upplýsingum sem skipta máli fyrir viðkomandi.

Eins og ég sagði áðan komu fram í máli þingmanna í félmn. svör við þeim athugasemdum sem menn voru með. Þess vegna er í raun og veru ekki ástæða til að ég fylgi þessum málum frekar eftir að öðru leyti en að koma með þessar ábendingar mínar. Ég tek undir að það var mikil samstaða um að þetta mál skyldi ná fram að ganga alveg óháð samningnum um EES og þess vegna er fullt samkomulag um að frv. verði að lögum sem öðlast gildi 1. jan. Að sjálfsögðu geta komið fram brtt. í þessu máli sem einstakir nefndarmen áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja. En það er full samstaða um málið eins og það kemur núna úr nefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vinnumarkaðsmál, 2. umr.

Stjfrv., 22. mál. — Þskj. 22, nál. 267.

Frsm. félmn. (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um frv. til laga um breytingar á lögum um vinnumarkaðsmál vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Með leyfi forseta mun ég nú gera grein fyrir álitinu sem er á þskj. 267.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar komu Berglind Ásgeirsdóttir, Gylfi Kristinsson og Gunnar Sigurðsson frá félmrn. Enn fremur komu Hrafnhildur Stefánsdóttir frá VSÍ, Hjörtur Eiríksson frá VMSS, Björn Arnórsson frá BSRB, Páll Halldórsson, Birgir Björn Sigurjónsson og Eggert Lárusson frá BHMR, Ari Skúlason frá ASÍ, Ragnhildur Hjaltadóttir frá samgrn. og Guðjón A. Kristjánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Þá studdist nefndin við umsagnir er bárust á 115. löggjafarþingi frá VMSS, Sambandi byggingamanna, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, BHMR, Jafnréttisráði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Stéttarsambandi bænda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, ASÍ, Vinnuveitendasambandi Íslands, Kennarasambandi Íslands, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum og Fjórðungssambandi Vestfirðinga.

Nefndin mælir með samþykkt frv. verði frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér jafnframt rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma. Eggert Haukdal tekur fram að stuðningur hans við frv. sé óháður því hvaða afstöðu hann muni taka við afgreiðslu frv. um Evrópska efnahagssvæðið."

Undir nál. rita Guðjón Guðmundsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Drífa Hjartardóttir, Össur Skarphéðinsson, Eggert Haukdal og Pétur Sigurðsson. Með fyrirvara rita undir nál. Ingibjörg Pálmadóttir, Jón Kristjánsson og Kristinn H. Gunnarsson.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hér kemur annað frv. nokkuð skylt því sem rætt var hér á undan. Þetta er allt saman hluti af hinum sameiginlega vinnumarkaði hins Evrópska efnahagssvæðis með öllum þeim réttindum og skyldum sem því fylgir. Það sem er jákvætt við þetta frv. sem hér er til umræðu er fyrst og fremst 5. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skulu vera lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma, fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir."

Þetta er mjög mikilvægt atriði. Menn hafa verið að deila um að á íslenskum kaupskipum séu útlendingar með miklu lakari kjör. Það er tryggt með þessum lögum að svo geti ekki verið. Það er mjög mikilvægt atriði.

En það sem orkar tvímælis, og þess vegna er ég með fyrirvara varðandi málið er það að aðilar frá EES-löndum geta komið án þess að hafa vinnu, verið hér í þrjá mánuði og leitað vinnu og fengið atvinnuleysisbætur. Vegna þess hversu mikið atvinnuleysi er í Evrópu almennt óttast ég að stór hópur af atvinnulausu fólki geti komið og dvalist hér í þrjá mánuði og leitað sér að vinnu. Slíkir hópar geta valdið vissri röskun. Mér finnst ekki nægilegur öryggisventill við það hvenær við getum sagt að nú sé komið nóg.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli frsm. þá skrifa ég undir frv. með fyrirvara. Ástæðan er fyrst of fremst sú að hér er um að ræða frv. sem er bein afleiðing af öðru frv. sem fyrir þinginu liggur um Evrópskt efnahagssvæði. Ég er andvígur því frv. og hef því fyrirvara varðandi uppáskrift á þessu til að taka það skýrt fram að þó ég geti fallist á að efnisatriði frv. væri rökrétt að lögfesta ef hitt frv. yrði samþykkt þá felur það ekki í sér neitt samþykki af minni hálfu við fyrrgreindu frv. um Evrópska efnahagssvæðið.

Þó eru í þessu frv. atriði sem í sjálfu sér tengjast ekki Evrópsku efnahagssvæði. Það eru 2., 3. og 5. gr. frv. sem greinilega eru settar með í samfloti með hinum atriðunum. Ég geri ekki stóra athugasemd við það en minni á að það sem um var rætt á sínum tíma var að fylgifrumvörpin hefðu einungis efnisatriði tengd frv. um Evrópskt efnahagssvæði. Það er dálítið bagalegt að ráðuneytin eru að skjóta inn í frv. atriðum sem eru ótengd því máli og ekki í fullu samræmi við það sem um var rætt á sínum tíma, vil ég meina.

Ég vil vekja athygli á 1. gr. sem felur í sér að ríkisborgarar einhvers ríkis EFTA eða EB eru undanþegnir lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Þar með

talið eru þeir ríkisborgarar undanþegnir ákvæðum 6. gr. laganna um atvinnuréttindi útlendinga sem er svohljóðandi, með leyfi forseta: „Hvers konar áróður til þess fallinn að hvetja til innflutnings verkafólks til landsins er óheimill ef hann er villandi eða byggður á röngum eða ónógum upplýsingum."

Ég minnti á þetta við 1. umr. málsins og geri það aftur. Ég tel ekki sjálfgefið að fella bann við villandi áróðri sem á að leiða til innflutnings verkafólks til landsins úr lögum gagnvart ríkisborgurum EB- eða EFTA-ríkja. Ég hef reyndar ekki séð í sjálfu frv. um Evrópska efnahagssvæðið og fylgiskjölum þess að þetta bann sé upp tekið þar. Ef ég fer með rétt mál hættir þessi villandi áróður að vera lögbrot hér á landi, ef hlutirnir liggja eins og ég skil þá. Þetta vildi ég minna á aftur mönnum til umhugsunar.

Að öðru leyti vil ég minna á að ég get fallist á 2. og 3. gr. sem breytingar á lögunum gagnvart útlendingum utan Evrópska efnahagssvæðisins og tel þær breytingar ekki vera til neinna baga nema síður sé. Sérstaklega hvað varðar 9. gr. og 11. gr. í lögunum um atvinnuréttindi útlendinga sem lagt er til að falli brott er minnt á að við settum lög á árinu 1991 og 8. gr. laga nr. 23/1991 sem í staðinn koma er sá varnagli sem 9. gr. var ætlað að vera.

5. gr. er ekki afmörkuð Evrópska efnahagssvæðinu því hún er altæk og gildir um launþega af öllum þjóðernum. Ég er henni fyllilega sammála og tel þarft verk að setja hana í lög. Þó vil ég taka fram til þess að ekki verði misskilningur síðar að þessi grein bannar ekki mismunandi byrjunarlaun eftir starfsaldri. Það má skilja 5. gr., sem kveður á um að laun skuli vera óháð ráðningartíma, þannig að það sé bannað að mismuna mönnum í launum sem eru að hefja starf á sama vinnustað hafi þeir mismunandi starfsaldur að baki í greininni. Þetta er ekki skilningurinn í greininni þannig að ég vildi taka þetta fram þannig að a.m.k. af minni hálfu lægi fyrir að þessi skilningur á ekki við sem óneitanlega er hægt að setja fram.

Að öðru leyti ætla ég ekki frekar um málið að segja en það að ég tel að ábendingar um 6. gr. frv. séu íhugunarverðar en ég hef ekki talið ástæðu til þess að gera athugasemdir við greinina þrátt fyrir það. Og varðandi 7. gr. og lokagrein samningsins þá er fyrirvari minn virkur gagnvart henni því ég tel ekki unnt að styðja 7. gr. eins og hún liggur fyrir. Menn verða að sýna andstöðu sína við frv. um Evrópskt efnahagssvæði alla leið og það á við um þessa gildistökugrein í þessu frv. eins og öðrum af sama toga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Gilsfjarðarbrú.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og áður hafði verið tilkynnt fer nú fram utandagskrárumræða að beiðni hv. 2. þm. Vestf. Þessi utandagskrárumræða er um Gilsfjarðarbrú og afskipti félmrh. af samgöngumálum í tengslum við sameiningu sveitarfélaga.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég leitaði eftir því að hæstv. félmrh. væri viðstaddur umræðu um vegamál vegna þess að við sameiningu Austur-Barðastrandarsýslu í eitt sveitarfélag var um það rætt að það sveitarfélag þyrfti að sækja þjónustu í verulega ríkum mæli yfir í Dalasýslu, m.a. læknisþjónustu. Á Reykhólum var aftur á móti verið að byggja upp aðstöðu fyrir aldraða og það hlaut að kalla á þá spurningu hvort það væri raunhæft ef ekki væri hægt að tryggja svæðinu eðlilegar samgöngur við heilsugæslustöðina í Búðardal. Margt fleira kom að sjálfsögðu inn í þá umræðu að brúargerð eða vegarlagning yfir Gilsfjörð væri sú samgöngubót sem sennilegust yrði til að tryggja lífvænlega byggð á þessu svæði.

Þáv. félmrh., Alexander Stefánsson, tók á móti þeim skilaboðum heimamanna að forsenda þess að hægt væri að sameina sveitarfélög með þjónustutengslum við Dalabyggð væri að lagður yrði vegur yfir Gilsfjörð. Hann túlkaði þetta mál hjá þáv. ríkisstjórn á þann veg að hann hefði lofað sem ráðherra að beita sér eins og hann gæti til þess að af þessu gæti orðið. Í framkvæmd var þetta svo unnið áfram og í vegáætlun, sem samþykkt var á Alþingi Íslendinga, var lagt til að árið 1993 færu 22 millj. í veg yfir Gilsfjörð og 1994 38 millj.

Ég hef aflað mér gagna sem hæstv. félmrh. sá er nú situr hefur látið fara frá sínu ráðuneyti og þar segir svo til Björns Benediktssonar oddvita að Sandfellshaga varðandi sameiningu Öxarfjarðarhrepps og Presthólahrepps, þetta bréf er ritað 28. nóv. 1990 og er svarbréf ráðuneytisins vegna bréfs sem þeir höfðu fengið frá oddvita Presthólahrepps:

„Samgöngumál eru sem kunnugt er ekki á verksviði þessa ráðuneytis og getur það því aðeins haft óbein áhrif á þeim málum. Í sambandi við sameiningarmál hefur þetta verið gert með þeim hætti að beita sér við samgrh., Vegagerð ríkisins og þingmenn viðkomandi kjördæmis. Ráðuneytið telur að til þessa hafi verið tekið nokkurt tillit, enda ljóst að góðar samgöngur eru mikilvæg forsenda fyrir sameiningu sveitarfélaga."

Það má segja að hérna sé verið að vinna á nákvæmlega sama hátt og gert var þegar rætt var um það af heimamönnum, af þingmönnum Vestfjarðakjördæmis og Vesturlandskjördæmis og af Vegagerðinni að koma þessu máli áfram. Þess vegna hlýtur það að vera ærið umhugsunarefni hvort það sem hér stendur og verið er að vinna að í þessu bréfi hefur nokkurt gildi nema því eins að næsti ráðherra sem tekur við muni þá líta svo á að hann vinni áfram að þeim verkefnum sem ekki voru komin í höfn af hendi þess ráðherra sem hóf verkið. Ég lít svo á að innan ráðuneytanna sé yfirleitt skilningur á þessu.

Mín spurning er því sú til hæstv. félmrh.: Hvaða tillögur lagði ráðherrann til í vegamálum þegar ákveð-

ið var að verja 1.800 millj. til atvinnubóta í þessu landi eða til aukningar á atvinnu? Hver var tillaga hæstv. félmrh. þá varðandi vegaframkvæmdir?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Við undirbúning sameiningar sveitarfélaga hafa sveitarstjórnarmenn oft lagt áherslu á einhver sérstök atriði í samgöngumálum, skólamálum og fleiri málaflokkum. Af hálfu ráðuneytisins hefur það að sjálfsögðu alltaf verið gert ljóst að það geti fyrst og fremst haft áhrif í sínum eigin málaflokkum, en varðandi málaflokka sem heyra undir önnur ráðuneyti verði að leita til viðkomandi ráðuneyta. Ráðuneytið hefur hins vegar stundum skrifað viðkomandi ráðuneyti og óskað eftir að þau mál, sem sveitarstjórnarmenn hafa lagt áherslu á við sameiningu, verði tekin til athugunar. Oftast hefur hér verið um að ræða samgöngumál og þingmönnum viðkomandi kjördæmis hefur verið sent afrit af slíkum bréfum. Ég dreg hins vegar enga dul á það að jafnhliða sameiningu sveitarfélaga þyrfti að vera hægt að tryggja ákveðnar aðgerðir, einkum á sviði samgöngumála, atvinnumála og annarra byggðamála en tillögur um þetta komu einmitt fram í nýútkominni skýrslu sveitarfélaganefndar.

Varðandi það mál, sem hv. þm. gerði hér að sérstöku umræðuefni, að fyrrv. félmrh., Alexander Stefánsson, hafi gefið einhver sérstök loforð um brú á Gilsfjörð í tengslum við sameiningu sveitarfélaga í Austur-Barðastrandarsýslu, þá liggur það alveg ljóst fyrir að í félmrn. er ekki að finna nein gögn sem styðja slíka fullyrðingu.

Í fyrirliggjandi tillögum um langtímaáætlun fyrir árin 1991–2002 er gert ráð fyrir að lítill hluti fjárveitingar til Gilsfjarðar komi á fyrsta tímabilinu, þ.e. 1991–1994, en meginhluti fjárveitinga á öðru tímabili, 1995–1998. Fjárveitingar í gildandi vegáætlun fyrir árin 1991–1994 eru í samræmi við þetta. Hefur verið tekið mið af þessu við undirbúning verksins og er áætlað að um það bil ársvinnu vanti til að fullhanna það til útboðs, en verkið er nokkuð flókið og vandasamt. Í áðurnefndri tillögu um langtímaáætlun er gert ráð fyrir að aðeins rúmist tvö verk á liðnum Stórbrýr á öðru tímabili áætlunarinnar, þ.e. Gilsfjörður sem er áætlað að kosti 800 millj. kr. og Kúðafljót sem er áætlað að kosti um 350 millj. kr. Gert er ráð fyrir lítils háttar fjárveitingum í bæði verkin á fyrsta tímabilinu, en ekki tekin afstaða til þess hvort ætti að gera á undan eða hvort unnið yrði að báðum verkunum samtímis. Verkið um Kúðafljót er hins vegar miklum mun einfaldara í undirbúningi og unnt að ljúka hönnun þess til útboðs á skömmum tíma. Hefur því verið gerð tillaga um að hluta viðbótarfjár til atvinnuaukningar á næsta ári verði varið til Kúðafljóts. Jafnframt er undirbúningi framkvæmda við Gilsfjörð haldið áfram og við það miðað að framkvæmdum við hann verði hagað í samræmi við fyrri áætlanir. Ákvarðanir varðandi Kúðafljót tel ég að frekar geti flýtt fyrir framkvæmdum við Gilsfjörð en hitt.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er mjög bagalegt þegar ráðherra svarar ekki þeirri beinu spurningu sem beint er til ráðherrans. Hvaða tillögu lagði ráðherrann fram í ríkisstjórninni? Því er ekki svarað. Hér er lesið upp eitt og annað. En það sem blasir við sem staðreynd fyrir venjulegan þingmann er að það er engin samþykkt langtímavegáætlun til. Það er aðeins til samþykkt áætlun til fjögurra ára. Þar er verið að taka ákvörðun um að það verk, sem fékk fjárveitinguna árið 1993, eigi ekki að fara af stað en þeir sem fengu ekki peninga á því ári eigi nú að fá fjármagn. Og það er líka verið að taka ákvörðun um að þetta eigi að takast með lánum og það eigi að endurgreiða lánin af þessum lið. Það hefur verið upplýst af fjmrh. að sú endurgreiðsla hefjist þegar búið sé að byggja brúna yfir Kúðafljót. Þetta þýðir það að þeir peningar, sem hugsaðir voru í þeirri langtímaáætlun sem lögð var fram en ekki samþykkt, eiga samkvæmt þessu að fara í að greiða það mannvirki. Þetta hlýtur hæstv. félmrh. að gera sér grein fyrir.

Ég bið ekki um neinar langar skýringar á því hvað ráðherrann ætli sér að gera í þessum efnum. Ég vil fá upplýst hvað ráðherrann lagði til á ríkisstjórnarfundinum vegna þess að stuðningsmenn ráðherrans fyrir vestan hafa haldið því fram að ráðherrann hafi þar lagt til að farið yrði í brúargerð yfir Gilsfjörð. Annaðhvort verða þeir gerðir ómerkingar þeirra orða eða ráðherrann hefur þor til að svara þessu.

En það er meira í bréfum ráðuneytisins en það hafi verið að tala um athuganir. Hér stendur í bréfi: „...til athugunar og fyrirgreiðslu". Þetta bréf er ritað á því tímabili sem hæstv. núv. félmrh. var ráðherra. Ég vara við þeim blekkingaleik að vera að telja fólki úti um land trú um að það eigi að framkvæma hluti eins og samgöngubætur ef ekkert stendur á bak við (Forseti hringir.) og breytir þar engu bjölluhljómur forseta.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er nauðsynlegt að leiðrétta fáein atriði sem fram hafa komið í þessari umræðu af hálfu hæstv. félmrh. Það liggur fyrir að í mars 1991 gaf Vegagerð ríkisins út skýrslu um Gilsfjarðarbrú og þar með var rannsókn málsins lokið og Vegagerðin gerði ákveðna tillögu. Forhönnun er líka lokið í málinu og í viðtali við hv. 1. þm. Vestf., sem birt var í blaði Sjálfstfl. á Vestfjörðum fyrir síðustu kosningar, lýsir hv. þm. Matthías Bjarnason því yfir að það sé ekkert því til fyrirstöðu að bjóða verkið út þegar á árinu 1992.

Sjálfstæðismenn voru með mikla svardaga um það að við þetta verk yrði að standa og framkvæmdir yrðu að hefjast eigi síðar en 1993. Og á það er minnt í nýlegu bréfi sem við þingmenn fengum frá nokkrum sveitarstjórnarmönnum á Vesturlandi og í Austur-Barðastrandarsýslu að fundur þingmanna Vestfirðinga og Vestlendinga, sem haldinn var skömmu fyrir síðustu alþingiskosningar, hafi ályktað einróma að hafist yrði handa í Gilsfirði umsvifalaust að lokinni brúargerð yfir Dýrafjörð. Var þá gert ráð fyrir að verkið

yrði allt boðið út á árinu 1993. Fyrirheitin af hálfu stjórnarþingmanna þessara tveggja kjördæma liggja fyrir. Við spyrjum um efndirnar. Það sem liggur fyrir er að það verk sem síðar átti að hefjast á að byrja á undan. Það liggur líka fyrir að það verk sem verður síðar, þ.e. Gilsfjarðarbrú, mun gjalda þeirra lána sem tekin verða vegna Kúðafljóts og menn skulu ekki gera lítið úr þeim fjárhæðum sem falla á Vegagerðina þegar farið verður að endurgreiða þessi lán. Það verða um 300–400 millj. á ári í afborganir af lánunum auk vaxta. Vextirnir einir á fyrsta ári endurgreiðslutímabilsins gætu verið allt að 300 millj. kr. og ég spyr hæstv. félmrh.: Ætlar ráðherrann að standa við loforð flokksmanna sinna í kjördæminu og Vesturlandskjördæmi eða er hann á flótta undan stóru yfirlýsingum flokksins?

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Hér fer fram mjög undarlegur málflutningur, satt að segja. Tveir hv. þm. Vestf., 2. þm. og 5. þm., hafa lagt sig sérstaklega fram um það að gera fyrirhugaðar framkvæmdir við Gilsfjörð tortryggilegar. Hv. 2. þm. Vestf. gerir það með því að óska eftir utandagskrárumræðu og beina spurningum sínum til félmrh. og hv. 5. þm. Vestf. gefur út sérstakar fréttatilkynningar í vestfirska fréttablaðinu um það að Vestfirðingar hafi verið sviknir um Gilsfjarðarbrú. Ég verð að segja eins og er, virðulegur forseti, að þegar þessi umrædda framkvæmd er ekki á dagskrá að öðru leyti en því að hún er að sjálfsögðu inni á vegáætlun, þá skil ég ekki þann málflutning sem er að því er virðist einungis gerður til þess að gera þetta mál tortryggilegt og vekja ugg hjá því fólki sem leggur mjög mikla og eðlilega áherslu á að Gilsfjarðarbrú verði byggð eins og gert er ráð fyrir.

Allt tal um að þessi framkvæmd sé tilbúin er á misskilningi byggt. Það liggur fyrir að undirbúningi er ekki lokið og það ætti hv. 4. þm. Norðurl. e. t.d. að þekkja. Ég hef aflað mér upplýsinga um að það þarf m.a. að hefja verulegar framkvæmdir til að undirbúa hönnunina. Það þurfa að fara fram sprengingar til þess að rannsaka berg og margt fleira sem tengist forathugun og undirbúningi þessarar framkvæmdar og ég vara við því að hv. þm. séu að vaða fram með slík mál einungis til þess að gera það tortryggilegt og vekja ugg hjá því fólki sem á svo mjög undir því að þessi mikilvæga samgöngubót komist á.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er tvennt í þessu máli sem mér finnst vert að ræða og auðvitað er þörf á að ræða betur við annað tækifæri og hentugra. Hið fyrra er að ég held að það sé ákaflega mikilvægt að sveitarstjórnarmönnum, sem eru að skoða sameiningu sveitarfélaga hvar sem er á landinu, séu gefnar réttar og aðeins réttar upplýsingar um hvað stendur í valdi viðkomandi stjórnvalda að gera til að greiða fyrir slíkri sameiningu. Því miður, verð ég að segja, tel ég að brögð hafi verið að því að misskilnings hafi gætt í þeim efnum og mönnum hafi stundum verið gefnar vonir um eða vaktar hjá þeim væntingar um meira en innistæður voru fyrir, m.a. hvað snertir möguleikana á samgöngubótum sem tengdust sameiningu sveitarfélaga sérstaklega. Þetta er bagalegt og slíkum misskilningi þarf að eyða eða fyrirbyggja að hann eigi sér stað ósköp einfaldlega með því að upplýsa og upplýsa algerlega hver gangur þessara mála er — eða hefur verið, vel að merkja. Nú er öldin önnur og Alþingi hefur ekki verið haft mikið með í ráðum eins og menn vita.

Þá er það síðari hluti málsins sem er spurningin um það, sem menn hljóta auðvitað að þurfa að svara játandi, hvort gildandi framkvæmdaröð verkefna samkvæmt vegáætlun er raskað með nýlegri ákvörðun ríkisstjórnar um niðurskurð vegaframkvæmda um 900 millj. kr. og síðan lántöku í staðinn upp á 1.800 millj. Svarið er já. Gildandi framkvæmdaröð er raskað vegna þess að að hluta til koma inn ný verkefni sem ekki voru á vegáætlun og að öðru leyti eru verk færð til, verk sem voru aftar eru færð fram fyrir. Þar með er eðlilegt að þingmenn, hvort heldur þeir eru þingmenn Vestfjarða, Vesturlands eða annarra kjördæma spyrji um áhrif þessara breytinga á þau verk sem þeir hafa borið fyrir brjósti. Það er það sem er til umræðu varðandi Gilsfjörð. Það kostaði marga samningafundi og það voru miklir svardagar sem tengdust afgreiðslu vegáætlunar og langtímaáætlunar vorið 1991 þar sem þingmenn Vesturlands og Vestfjarða sérstaklega stigu margir á stokk og strengdu þess heit að þetta verkefni skyldi koma í beinu framhaldi af framkvæmdum í Dýrafirði. Ég held að menn verði að skilja m.a. í því ljósi málflutning þingmanna Vesturl. eða Vestf. sem mér finnst með öllu ástæðulaust að gera lítið úr. Það hlýtur að vera hægt, hv. 1. þm. Vesturl., að ræða þetta mál án þess að í því felist annað en vilji til að upplýsa það og vita hvar menn standa í þessum efnum.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég verð að byrja á því að segja að mér finnst málflutningur hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar í þessu máli afar sérkennilegur og eru menn þó ýmsu vanir, að ekki sé meira sagt, þegar sá hv. þm. á í hlut. Ég fagna áhuga hans á Gilsfjarðarbrú. Við þingmenn Vesturl. höfum haldið marga fundi um það og ég minnist ekki bara funda með núv. þingmönnum kjördæmisins heldur einnig þeim sem sátu á þingi fyrir Vesturl. á fyrra kjörtímabili. Ég minnist fundar sem haldinn var í Króksfjarðarnesi fyrir allnokkrum árum þar sem þetta mál var rætt og mættu allir þingmenn Vesturl. En atvikin höguðu því þannig að ekki mætti nema einn þingmaður Vestf. einhverra hluta vegna. Áreiðanlega hafa þeir allir haft lögleg forföll, þeirra á meðal hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson.

Það er alveg augljóst að hér er um mjög stórt verkefni að ræða og dýrt. Það er líka ljóst, sem hér hefur komið fram, að þetta verk er ekki fullhannað. Þegar verið var að ákveða í hvaða verkefni yrði ráðist fyrir þá peninga sem verða til umráða umfram það sem verið hefur á vegáætlun var það haft í huga hvaða verkefni væru tilbúin til framkvæmda og hvar væri hægt að byrja sem allra fyrst. Fleiri sjónarmið voru vissulega höfð í huga en það réði þó kannski mestu. Þetta verk-

efni er ekki fullhannað. Það er ekki tilbúið til framkvæmda. Hitt er svo aftur deginum ljósara, og það veit hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson þó að hann kjósi að tala á annan veg, að þær ákvarðanir sem hafa verið teknar um framkvæmdir í vegamálum tryggja og flýta og staðfesta að ráðist verður í það mikilvæga verkefni sem brú yfir Gilsfjörð er. (**ÓÞÞ:** Þetta er einfaldlega lygi, hæstv. ráðherra.) (**Forseti:** Má biðja þingmanninn að gæta orða sinna.)

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Þegar hæstv. ríkisstjórn tók þá ákvörðun að leggja fram tvo milljarða til að flýta framkvæmdum við vegabætur á næsta ári var eðlilegt að horft yrði til Gilsfjarðarbrúar þegar það var skoðað vegna þess að Gilsfjarðarbrú er á áætlun 1993 og 1994. Menn hafa talað um að hér væri ekki um fullhannað verk að ræða. Það er alveg rétt, þetta er ekki fullhannað verk en hönnun er langt komin. Ég býst ekki við að farið verði í fullnaðarhönnun fyrr en búið er að ákveða hvenær framkvæmdir eiga að hefjast.

Það hefur komið fram í umræðunum að það hafi verið ákveðið að um leið og brúin yfir Dýrafjörð væri fullbúin yrði næsta verkefni Gilsfjarðarbrú. Það er búið að vígja brúna yfir Dýrafjörð með pomp og prakt sem betur fer. Því bjuggust menn við því, sérstaklega þegar meira fé var lagt til vegamála en við var búist, að þetta yrði skoðað. Þetta er málefni sem er sameiginlegt hagsmunamál okkar Vestfirðinga og íbúa Vesturlands eins og kom fram áðan hjá hæstv. umhvrh. Það er slæmt að svona mikill hiti skuli hlaupa í þetta mál því þetta er mál sem við eigum að sameinast um. Mér fannst svolítið erfitt að hlusta á það hjá hv. 1. þm. Vesturl. áðan þegar hann sagði að Gilsfjarðarbrú hefði ekki verið á dagskrá þegar þessir 2 milljarðar voru skoðaðir til nýrra framkvæmda. Mér fannst það slæmt.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég held að öllum þingmönnum ætti að vera það ljóst að það er ekki á valdi félmrn. eða félmrh. að taka ákvarðanir um vegaframkvæmdir. Í öllum tilfellum þar sem áhersla hefur verið á það lögð í sameiningarmálum sveitarfélaga hefur sveitarstjórnarmönnum ávallt verið gert það ljóst að félmrn. gæti einungis beint tilmælum til viðkomandi ráðherra og þingmanna kjördæmisins. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þetta komi fram.

Varðandi þær framkvæmdir sem voru ákveðnar núna og fjármagn til vegamála, hvaða afskipti ég hefði haft af þeim málum í ríkisstjórn og hvað ég hefði lagt þar til, þá voru tvö meginmarkmið sem ég lagði áherslu á. Það var að farið yrði í framkvæmdir sem miðuðust að því að styrkja atvinnusvæði og framkvæmdir sem miðuðu að því að auðvelda sameiningu sveitarfélaga. Ég held að þegar horft er yfir þennan lista varðandi viðbótarverkefni megi finna þar mjög mörg verkefni sem miða að því að auðvelda sameiningu sveitarfélaga. Brú yfir Kúðafljót er eitt af þeim verkefnum, Snæfellsnesvegur, Hálfdán, Óshlíð, Ólafsfjarðarvegur og vegir á Austurlandi hjálpa þar vissulega til. Ég held að tekið hafi verið fullt tillit til þeirra sjónarmiða sem ég lagði sérstaka áherslu á, að framkvæmdir mundu miðast við það að auðvelda sameiningu sveitarfélaga. Ég held að öllum ætti að vera það ljóst líka að þegar ákvörðun er tekin um Kúðafljót mun það, þegar þeirri hindrun er rutt úr vegi, verða til þess að flýta framkvæmdum við Gilsfjarðarbrú.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. 2. þm. Vesturl. verð ég að taka það fram að ég gat þess ekki í minni ræðu áðan að Gilsfjarðarbrú hefði ekki verið á dagskrá þegar aukið fé til framkvæmda í vegamálum kom til umfjöllunar. Það sem ég var að segja og kom glöggt fram var að ég tel að framkvæmdir í Gilsfirði séu ekki á dagskrá með þeim hætti núna að tilefni sé til að hafa sérstaka utandagskrárumræðu um það mál í þinginu eða sérstakar fréttayfirlýsingar frá hv. 5. þm. Vestf. um svikin loforð. Gilsfjarðarbrú er að sjálfsögðu á dagskrá og hefur verið þegar verið er að fjalla um vegáætlun og framkvæmdir við vegagerð. Það er mín von og trú að þær framkvæmdir þurfi ekki að dragast og að það takist að undirbúa það verk þannig að hægt verði að bjóða þar út framkvæmdir sem allra fyrst.

Ég vil taka fram og taka undir með hæstv. umhvrh. að ég tel að hið aukna fjármagn, sem hefur fengist til vegagerðar á þessu ári, muni hraða því að hægt verði að ráðast í framkvæmdir við Gilsfjörðinn en það þarf eðlilegan undirbúning. Ég held að Vegagerðin muni leggja mjög ríka áherslu á undirbúning þess verks strax og hægt verður. Verið er að undirbúa þá vinnu, m.a. í tengslum við undirbúning framkvæmda á næsta ári.

Að öðru leyti vil ég segja við þessa umræðu að ég tel að það sé ekki svo mikilvægum verkum til framdráttar að þyrla upp í kringum þau ágreiningi eins og hér hefur verið gerð tilraun til.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég verð að segja eins og er að menn ættu ekki að þurfa að vera undrandi á því þó að þessi mál hafi einhvern eftirmála í þinginu eins og að þeim hefur verið staðið. Ég ætla ekki að endurtaka þá umræðu hér. En það að menn séu hér að gera málin tortryggileg og að það sé það sem hér er á ferðinni held ég að sé einfaldlega rangt. Það er mjög eðlilegt að menn að menn spyrji um þessi mál og reyni að fá hlutina á hreint. Það hlýtur að vera mjög eðlilegt að félmrh. þurfi t.d. a gera mönnum grein fyrir því hvort það verði eitthvað að marka yfirlýsingar sem væntanlega verða gefnar í sambandi við ákvarðanatöku um sameiningu sveitarfélaga. Ef það er niðurstaðan að ekki sé hægt að treysta því sem verður lofað í því samhengi munu menn kannski verða tregari til en annars væri.

Vegna þeirrar umræðu sem hefur verið hér um að undirbúningi sé ekki lokið vegna Gilsfjarðarbrúar vil ég að það kom skýrt fram, og ég held að það sé engin ástæða til að rengja það, að Vegagerðin hefur lokið öllum undirbúningi sem stendur til að vinna og það verður ekki gengið í að klára verkið fyrr en ákvarðanir liggja fyrir um það hvenær eigi að hefja það.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt að leiðrétta hv. 1. þm. Vesturl. sem í tvígang hefur farið nokkuð frjálslega með staðreyndir. Það sem ég hef gert varðandi frásögn af umræðum í þinginu er ekki annað en rekja þær umræður og þær yfirlýsingar sem ráðherrarnir hafa verið með. Ég hef dregið þá ályktun af því að það muni verða til þess að seinka Gilsfjarðarbrú. Það tel ég ekki að hv. þm. Sturla Böðvarsson geti nýtt sem tilefni til ásakana í minn garð eins og hann hefur í tvígang verið með úr ræðustól. Fremur ætti hann að reyna að hrekja mína niðurstöðu og ályktun með því að koma með nýjar upplýsingar sem leiða til annarrar niðurstöðu. Það gerði hann ekki heldur kemur hann í tvígang fram með fullyrðingar sem í fyrsta lagi ómerkja hv. 1. þm. Vestf., sem hélt því fram fyrir rúmu ári að öllum undirbúningi væri lokið og ekkert því til fyrirstöðu að hefja framkvæmdir á árinu 1992. Þetta liggur fyrir. Ég verð að segja að lokum, virðulegi forseti, að það horfir ekki gæfulega fyrir starfi nefndar sem á að stuðla að sameiningu sveitarfélaga þegar menn hafa beðið í sex ár eftir efndum í Austur-Barðastrandarsýslu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þessari utandagskrárumræðu er lokið. Út af dagskrá eru tekin 10. til og með 13. dagskrármál. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Fundinum er slitið.

57. FUNDUR

fimmtudaginn 19. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til dómsmálaráðherra:

1. Umboðsmaður barna, fsp., 126. mál, þskj. 146.

Til samgönguráðherra:

2. Ljósleiðarar, fsp., 200. mál, þskj. 240.

Til landbúnaðarráðherra:

3. Viðskipti Stofnlánadeildar og loðdýrabænda, fsp., 236. mál, þskj. 299.

Til menntamálaráðherra:

4. Endurskoðun laga um grunn- og framhaldsskóla, fsp., 204. mál, þskj. 245.

5. Kennsla í táknmálstúlkun, fsp., 217. mál, þskj. 259.

Til umhverfisráðherra:

6. Umhverfismat á virkjunarframkvæmdum á Jökulsá á Fjöllum, fsp., 215. mál, þskj. 256.

Til utanríkisráðherra:

7. Aðstoð við íbúa fyrrum ríkja Júgóslavíu, fsp., 224. mál, þskj. 272.

Umboðsmaður barna, ein umr.

Fsp. GHelg, 126. mál. — Þskj. 146.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Eins og menn rekur eflaust minni til hef ég á fjórum þingum lagt fram frv. til laga um embætti umboðsmanns barna. Ástæðan fyrir því að ég flutti málið í fjórða sinn á síðasta þingi var sú að í greinargerð fyrir frv. sem þá lá fyrir, frv. til laga um vernd barna og ungmenna, var sérstaklega tekið fram af hálfu sifjalaganefndar að hún teldi mikilvægt að stofnað yrði embætti umboðsmanns barna.

Málið velktist síðan að venju í hv. allshn. þar til þingi var að ljúka og hlaut þá að lokum afgreiðslu í þá veru að því var vísað til ríkisstjórnarinnar.

Í umræðum um frv., þegar það kom úr nefnd, tók ég fram að ég hlyti að verða að sætta mig við þessa afgreiðslu í trausti þess að hæstv. dómsmrh. væri málinu vinveittur og kynni að undirbúa setningu laga um embætti umboðsmanns barna enda sagði hæstv. ráðherra í þessari umræðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég skal taka það fram að gefnu tilefni að ég lýsti því við fulltrúa hv. allshn. og enn fremur við hv. flm., 14. þm. Reykv., að ég væri reiðubúinn að beita mér fyrir því að sifjalaganefnd mundi undanbragðalaust taka þetta mál til athugunar í sumar og þau álitaefni sem hv. nefnd telur nauðsynlegt að könnuð verði frekar áður en aðrar ákvarðanir verða teknar og við það mun ég að sjálfsögðu standa."

Þessi orð glöddu vissulega og því hef ég leyft mér að ganga eftir þeim við hæstv. dómsmrh. Ég hef því lagt fram fsp. á þskj. 146 sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hefur verið staðið við loforð frá síðasta þingi um að fela sifjalaganefnd athugun á frumvarpi til laga um embætti umboðsmanns barna?"

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Sifjalaganefnd hefur haft til athugunar frv. til laga um embætti umboðsmanns barna. Að auki var talið rétt og eðlileg verklagsregla að dómsmrn. kannaði málið betur með því að afla gagna, einkanlega erlendis frá, um þetta viðfangsefni. Eins og kunnugt er hafa farið fram miklar umræður víða erlendis um réttarstöðu barna og úrræði af því tagi sem hér er fjallað um. Vissulega hafa komið fram skiptar skoðanir en rétt þótti að afla upplýsinga um umræður af þessu tagi erlendis frá og ráðuneytið hefur unnið að því í sumar. Í haust tók ráðuneytið einnig þátt í sérstakri ráðstefnu á vegum Evrópuráðsins í Búdapest þar sem eitt af aðalumræðuefnunum var álitaefnið um það hvort embætti umboðsmanns barna væri heppilegt úrræði til að tryggja réttarstöðu þeirra.

Þegar þessari gagnasöfnun verður lokið, sem ég á von á að verði innan skamms, verður sifjalaganefnd afhent þau gögn og þær upplýsingar og henni falið að gera lokaathugun og gefa upp lokaálit á viðfangsefninu.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans þó mér finnist þau valda nokkrum vonbrigðum. Sannleikurinn er sá að öll sú athugun sem hæstv. ráðherra talar um er næsta óþörf. Það liggur fyrir reynsla af þessu embætti í nágrannalöndum okkar og ég held að það sé kannski einum of langt seilst að gera könnun um gjörvalla heimsbyggð til að komast að því hvort embætti sem þetta sé nauðsynlegt. Allir sem áhuga hafa á málefnum barna telja þetta tvímælalaust nauðsynlegt. Hér er ekki um að ræða stórkostlegan kostnað. Hagsýslan skilaði áliti fyrir tveimur eða þremur árum á því hvað þetta embætti mundi kosta og talaði þá um 5 millj. kr. Það gæti hafa hækkað eitthvað. Hér er ekki um að ræða nein stórkostleg fjárútlát.

Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði að nú fara fram um allan heim miklar umræður um réttindi barna og á þingi Sameinuðu þjóðanna var ítarleg umræða um jafnrétti barna eins og það heitir. Menn hafa smám saman gert sér ljóst að það skiptir allmiklu máli hvernig búið er að börnum og unglingum. Kjör þeirra hafa síður en svo batnað á síðustu áratugum í hinum svokallaða siðmenntaða heimi.

Ég hlýt því að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann geti virkilega hugsað sér að enn eitt þing líði án þess að þetta embætti verði stofnað. Á nýlegu þingi Barnaheilla, sem norski umboðsmaðurinn var viðstaddur, var mikið rætt um nauðsyn þess að þetta embætti yrði að veruleika. Ég leyfði mér í trausti mínu á hæstv. ráðherra að fullyrða að ég teldi að svo yrði þar sem hæstv. ráðherra hefði sýnt málinu áhuga. Ég vil því mjög gjarnan fá svör við því hvort við megum ekki eiga von á frv. á þessu þingi.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég kom örlítið of seint í þessa umræðu en þó kom það mér á óvart, þegar ég var að spyrjast fyrir, að hafa ekki fengið skýlaus skilaboð um að það stæði til að stofna þetta embætti umboðsmanns barna og það frekar fyrr en seinna. Ég var líka á þessu þingi Barnaheilla 30.–31. okt. Ég heyrði ekki betur en að þar væru menn ekki í vafa um að svo yrði og hefðu eitthvað fyrir sér innan kerfisins. Mig langar að beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmrh. hvort einhverjar efasemdir sæki á menn eða hvort hér sé aðeins um venjulegt hik í kerfinu að ræða. Ég tel að þetta sé mjög brýnt mál. Ég held að öll sú könnun sem þarf að fara fram hafi þegar átt sér stað og heimsókn norska umboðsmanns barna hafi líka verið lærdómsrík.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Flm. frv. um umboðsmann barna á síðasta þingi, hv. 14. þm. Reykv., hefur flutt málið á fjórum þingum alls. Það er ljóst að af hennar hálfu og okkar alþýðubandalagsmanna er lögð rík áhersla á úrbætur í þessum efnum. Hins vegar kom það fram á síðasta þingi að skoðanir voru nokkuð skiptar um það hvort þörf væri á þessu embætti eða með hvaða hætti ætti að sinna þessu verkefni. Því var gert samkomulag um að fela sifjalaganefnd athugun á þessu úrlausnarefni og svör hæstv. ráðherra staðfesta að við það samkomulag hefur verið staðið. Þau sjónarmið sem uppi voru voru þau að e.t.v. væri rétt að umboðsmaður Alþingis hefði þetta verkefni með höndum eða einhverjir aðrir. Ég vil segja að þótt mér þyki kosturinn „umboðsmaður barna" bestur er ég tilbúinn að skoða hina kostina.

Ég vil beina því til hæstv. dómsmrh. að hraða þessu máli eftir föngum.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er aðeins rétt að ítreka í tilefni af þeim orðum sem hér hafa fallið að sú ákvörðun var tekin að fela sifjalaganefnd að athuga málið frekar og gefa endanlegt álit um þetta úrræði. Það var talið rétt að ráðuneytið gengist fyrir gagnasöfnun fyrir nefndina. Að fengnu áliti sifjalaganefndar verður tekin endanleg ákvörðun um hvort slíkt embætti verður stofnað. Ég hygg að ekki sé ágreiningur um markmiðin og ekki sé ágreiningur í þinginu um þau meginsjónarmið sem eðlileg eru nú um stundir til að tryggja réttindi og heill barna í þjóðfélaginu. Ákvörðun var tekin um að gera á því frekari athugun hvort stofna ætti þetta embætti. Sú athugun stendur yfir og ég skal fyrir mitt leyti beita mér fyrir því að sifjalaganefnd hraði sinni niðurstöðu þannig að hún komi sem fyrst og við getum tekið endanlegar ákvarðanir í framhaldi af því.

Ljósleiðarar, ein umr.

Fsp. BBj, 200. mál. — Þskj. 240.

Fyrirspyrjandi (Björn Bjarnason):

Hæstv. forseti. Spurningar þær sem ég beini til hæstv. samgrh. skýra sig sjálfar og þarf ég því ekki að hafa langan formála að þeim.

Engum blöðum er um það að fletta að lagning ljósleiðara umhverfis landið er bylting í fjarskiptamálum og meðal þess mikilvægasta sem gert hefur verið á undanförnum árum til að auðvelda byggð í landinu öllu og tryggja að allir landsmenn búi við sömu kjör að því er nýtingu fullkomnustu tækni til fjarskipta varðar.

M.a. með þetta í huga fer ég þess á leit við hæstv. samgrh. að hann svari eftirfarandi spurningum:

„1. Hvenær var ákvörðun tekin um að ráðast í að leggja ljósleiðarakerfið?

2. Hver eru tengsl hins nýja ljósleiðarakerfis umhverfis landið við ratsjárstöðvar varnarliðsins og endurnýjum ratsjárkerfis þess?

3. Hver er heildarkostnaður við lagningu ljósleiðara umhverfis landið?

4. Hvernig hefur lagning ljósleiðara umhverfis landið verið fjármögnuð?

5. Hvernig er ákvörðunum fyrir gjaldskrá fyrir afnot af ljósleiðarakerfinu umhverfis landið háttað?"

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Fyrst er spurt: „Hvenær var ákvörðun tekin um að ráðast í að leggja ljósleiðarakerfið?"

Lagning ljósleiðara hófst á árinu 1985 með lögn frá Reykjavík austur yfir Hellisheiði. Lagning ljósleiðara um landið var eðlileg þróun fjarskiptakerfis Póst- og símamálastofnunar. Þarfir almenna símakerfisins og þarfir stærri viðskiptavina fyrir hágæðafjarskiptaleiðir, t.d. til flutnings hljóðvarps- og sjónvarpsefnis hafa ráðið ferðinni.

Í öðru lagi er spurt: „Hver eru tengsl hins nýja ljósleiðarakerfis umhverfis landið við ratsjárstöðvar varnarliðsins og endurnýjum ratsjárkerfis þess?"

Með samningi árið 1989 við utanrrn. og Póst- og símamálastofnun voru varnarliðinu tryggðar fjarskipta- og flutningslínur milli allra sinna stöðva á landinu um ljósleiðarakerfið og eru þess vegna lagðar sérstakar lagnir út frá ljósleiðarakerfinu inn á allar ratsjárstöðvar varnarliðsins. Þessi samningur hraðaði uppbyggingu hringkerfisins. Auk framangreinds langlínukerfis um landið hafa verið lagðir ljósleiðarastrengir milli allra símstöðva á höfuðborgarsvæðinu með hringtengingarmöguleikum til öryggis.

Í þriðja lagi er spurt: „Hver er heildarkostnaður við lagningu ljósleiðara umhverfis landið?"

Heildarkostnaður ljósleiðarakerfisins verður um 2,5 milljarðar kr. þegar það verður fullbyggt með öllum búnaði. Þegar er búið að taka það í notkun fyrir almenna símaþjónustu frá Reykjavík norður um land til Egilsstaða og Neskaupstaðar og nýlega frá Reykjavík suður um land til Hafnar.

Auk þess hafa sjónvarpsleiðir verið tengdar á mörgum stöðum á landinu aðallega þó fyrir Stöð 2 þar sem Ríkisútvarpið hefur sínar örbylgjuleiðir á flestum stöðum. Lagningu aðalkerfis ljósleiðarans verður að mestu lokið innan tveggja ára.

Spurt er: „Hvernig hefur lagning ljósleiðara umhverfis landið verið fjármögnuð?"

Ljósleiðarakerfið, eins og aðrar framkvæmdir Póst- og símamálastofnunar, er fjármagnað úr rekstri fyrirtækisins og með stofnframlagi frá Atlantshafsbandalaginu.

Í fimmta lagi „Hvernig er ákvörðunum um gjaldskrá fyrir afnot af ljósleiðarakerfinu umhverfis landið háttað?"

Gjaldskrá fyrir afnot af ljósleiðarakerfinu er miðuð við tilkostnað. Er þá tekið tillit til stofnkostnaðar og áætlaðs afskriftatíma, viðhalds og rekstrar. Einnig er tekið mið af vegalengd, tíma og umferðarmagni ef ekki er um fast samband að ræða. Með tilkomu ljósleiðarans hefur þegar komið fram mikil lækkun á langlínutöxtum innan lands sem flestum landsmönnum hefur komið til góða.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er tvennt sem mig langar til að spyrja um. Fyrra atriðið er hversu stór hluti af heildarkostnaðinum er frá NATO, stofnframlag frá NATO sem upplýst var að hefði tekið þátt í stofnkostnaði. Í öðru lagi langar mig að benda á að samkvæmt þeirri gjaldskrá sem gildir um ljósleiðara er mér sagt að hann sé það hár að sjónvarpsstöðvar veigri sér við því að senda efni eftir ljósleiðurum milli landshluta, t.d. frá Akureyri til Reykjavíkur. Ég vil spyrja ráðherra hvort í undirbúningi séu breytingar á þeirri gjaldskrá.

Fyrirspyrjandi (Björn Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans sem voru greinargóð nema að því er varðar að mínu mati fjórðu spurninguna þar sem ekki var gerð nægilega glögg grein fyrir því í svari ráðherrans hvernig skiptingu stofnkostnaðar er háttað á milli Pósts og síma annars vegar og Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins hins vegar. Það kemur fram að kostnaðurinn við þessa miklu framkvæmd er 2,5 milljarðar. Ég held að með hliðsjón af því sem kom fram í svari ráðherrans við fimmtu spurningunni sé nauðsynlegt að það liggi betur fyrir til að menn geti áttað sig á þessu máli hvernig þessari skiptingu á milli Pósts og síma annars vegar og Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins hins vegar er háttað.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Heildarkostnaður ljósleiðarakerfisins verður um 2,5 milljarðar kr. Gert er ráð fyrir að hlutur Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins verði um 22 millj. dollara sem er að hluta fyrirframgreiðsla af leigu eða notum af ljósleiðurunum. Varðandi spurningu hv. 5. þm. Vestf. vil ég aðeins taka fram að það kom fram í svari mínu að sjónvarpsleiðir hafa verið tengdar á mörgum stöðum á landinu, aðallega þó fyrir Stöð 2. Á hinn bóginn hefur Ríkisútvarpið notað örbylgjuleiðir sínar á flestum stöðum. Það gefur að sjálfsögðu auga leið þegar um leigu á slíkum búnaði er að ræða að þá er ekki nóg að hún standi undir hinum breytilega kostnaði heldur verður leigan að hluta til að standa undir stofnkostnaðinum. Þar gildir hið sama um ljósleiðara og aðra fjárfestingu Pósts og síma því að öðrum kosti mundi framkvæmdafjármagn fljótt ganga til þurrðar ef ekki væri gert ráð fyrir að það endurnýjaðist með afnotagjöldum.

Viðskipti Stofnlánadeildar og loðdýrabænda, ein umr.

Fsp. ÖS, 234. mál. — Þskj. 299.

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Það þarf ekki að rekja þann mikla skuldavanda sem loðdýrabændur hafa ratað í á síðustu árum. Á sínum tíma leit hið opinbera og ekki síst samtök bænda svo á að loðdýrarækt væri æskilegur farvegur fyrir búháttabreytingar. Bændur voru hvattir ekki síst af þessum aðilum til að hefja loðdýrarækt og þessir aðilar, ríki og samtök bænda, bera því verulega ábyrgð þarna á.

Nú hefur ríkisstjórnin gengið fram fyrir skjöldu og

ákveðið að horfast í augu við þá staðreynd að lán sem veitt var ríkisábyrgð á eru meira og minna töpuð. Þess vegna hafa stjórnarflokkarnir beitt sér fyrir því að ríkisábyrgðalánin verði felld af bændunum. Markmið þeirrar lausnar er að koma í veg fyrir að bændur verði boðnir upp, koma í veg fyrir að lánadrottnar knýi jarðir þeirra á uppboð. Í þessu skyni þarf Stofnlánadeildin m.a. að fella niður helming af heildarskuldbindingum sínum til greinarinnar. Meðan verið var að vinna að lausn þessa máls kom það fram að Stofnlánadeildin var reiðubúin til þessa. Af því að ég vann þetta mál fyrir hönd Alþfl. meðal annarra vil ég að það komi skýrt fram að það er alger forsenda samkomulagsins um lausn á vanda loðdýrabænda að Stofnlánadeildin standi við sinn þátt í henni.

Hins vegar er nauðsynlegt fyrst málið er komið á rekspöl að hraða þessari vinnu og þess vegna spyr ég, virðulegi forseti, hvort landbrh. hyggist beita sér fyrir viðræðum við Stofnlánadeild landbúnaðarins til þess að móta vinnureglur um skuldaskil loðdýrabænda. Ég spyr jafnframt hvort ráðherrann muni beita sér fyrir því að Stofnlánadeild landbúnaðarins stöðvi innheimtu hjá loðdýrabændum uns vinnureglurnar liggja fyrir. Ég spyr að gefnu tilefni vegna þess að það er staðhæft í mín eyru af loðdýrabændum að þrátt fyrir að tillögurnar liggi nú fyrir sé Stofnlánadeildin enn að ganga harkalega fram gagnvart bændum í sínum innheimtum. Mér finnst það ekki gott mál og vil þess vegna varpa þessari spurningu til hæstv. landbrh.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég skrifaði formanni Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Guðna Ágústssyni, svohljóðandi bréf í dag:

„Ríkisstjórnin hefur ákveðið að beita sér fyrir aðgerðum í málefnum loðdýrabænda sem hafa þann tilgang að treysta rekstrar- og eiginfjárstöðu greinarinnar og koma í veg fyrir fjöldagjaldþrot núverandi og fyrrverandi loðdýrabænda. Liður í því er að Ríkisábyrgðasjóður taki á sig þau loðdýralán sem ríkisábyrgð er fyrir. Hins vegar verði heimildar aflað til þess að Stofnlánadeild landbúnaðarins afskrifi allt að helmingi af heildarskuldbindingum vegna lána til loðdýraeldis. Áhersla er lögð á að unnið verði að þessum málum í góðri samvinnu við samtök loðdýrabænda og landbn. Alþingis en atbeini þeirra er nauðsynlegur til þess að unnt sé að ljúka málinu.

Stjórn Stofnlánadeildar er þökkuð góð samvinna um þessi erfiðu úrlausnarefni í vissu um að samkomulag muni takast sem tryggi í senn hagsmuni deildarinnar og loðdýrabænda."

Ég vil svo taka það fram til viðbótar að meðan ég átti sæti í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins var tekin ákvörðun um að láta innheimtu á vöxtum og afborgunum á loðdýralánum liggja niðri um nokkur ár eða uns niðurstaða fengist um það hvernig staðið skyldi að skuldaskilum loðdýrabænda. Var þá hvort tveggja haft í huga að hagur greinarinnar kynni að vænkast vegna hækkandi verðs á loðdýraskinnum á erlendum mörkuðum en einnig var sá möguleiki að sjálfsögðu til staðar eins og nú hefur komið á daginn að viðunandi verð mundi láta standa á sér. Ég hef skilið það svo að innheimta á lánum til loðdýrabænda í Stofnlánadeild landbúnaðarins liggi niðri þangað til gengið hefur verið frá þeim ráðstöfunum sem nú eru í undirbúningi. Ég vil taka sérstaklega fram að Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur unnið markvisst að því á undanförnum mánuðum að undirbúa skuldaskil af því tagi sem hér er fjallað um og er því vel búin undir það verkefni að móta vinnureglur um þau skuldaskil sem ríkisstjórnin hefur lagt til.

Á hinn bóginn veldur það erfiðleikum að Lífeyrissjóður bænda hefur veitt veruleg lán til bústofnskaupa á loðdýrabúum. Ég hygg að þau lán hafi verið innheimt. Það er að sjálfsögðu sérstakt mál sem nauðsynlegt er að ræða við stjórn Stofnlánadeildar en ég minni á hinn bóginn á að deildin ber ábyrgð á þessum skuldbindingum gagnvart Lífeyrissjóði bænda.

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra þessi svör. Ég tek eftir því að hann kveðst vera vel búinn undir það verkefni að móta vinnureglur um skuldaskil. Spurning mín var sú hvort hann hyggist beita sér fyrir viðræðum um að Stofnlánadeildin móti slíkar vinnureglur. Ástæðan er sú að við höfum verið að vinna að þessu máli lengi og mér finnst framgangur þess ekki nógu hraður. Ég tel að það sé æskilegt að núna þegar loksins er komin lausn, þegar ríkisstjórnin hefur fyrir sitt leyti lýst yfir að hún vilji vinna að lausn þessa máls, verði unnið hratt. Ég legg áherslu á það og þess vegna skora ég á landbrh. að beita sér fyrir viðræðum um mótun þessara vinnureglna.

Ég tók líka eftir því að ráðherrann orðaði það svo að hann skildi það svo að innheimtur lægju niðri. Ég skil orð ráðherrans þannig að hann hafi ekki beitt sér sérstaklega fyrir því að Stofnlánadeildin stöðvi innheimtuna. Ég lýsti því hér yfir áðan að ég hef á þessum morgni fengið upplýsingar hjá loðdýrabændum sem eru þess eðlis að enn sé verið að ganga hart að bændum um innheimtu þessa máls. Þess vegna tel ég æskilegt að það komi hér fram hvort ráðherrann muni beita sér fyrir því, mælast til þess við til að mynda formann Stofnlánadeildarinnar eða aðra aðila sem henni tengjast, að deildin stöðvi innheimtu þangað til þessar vinnureglur liggi fyrir, þangað til það er ljóst hvernig Stofnlánadeildin í samvinnu við ríkisvaldið ætlar að ljúka þessu máli. Ég tel að það sé orðið mjög brýnt að gera það. Þarna er um að ræða einar 250 fjölskyldur og við viljum auðvitað beita okkur fyrir því að jarðir þeirra verði ekki boðnar upp og þær fjölskyldur sem hafi sitt framfæri af þeim lendi ekki á vonarvöl. Þess vegna hvet ég ráðherrann til þess að beita sínu mikla valdi og sannfæringarkrafti sem gekk vel til að mynda á Alþfl. í þessu máli líka á Stofnlánadeildina.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir þessa fsp. Ég vil að það komi fram við

þessa umræðu að öll mál loðdýrabænda í Stofnlánadeild eru í friði. Menn rugla þá saman öðrum handlegg sem eru lífeyrissjóðsskuldir sem gætu verið að angra þá.

Stofnlánadeild hefur svo til lokið úttekt á stöðu hvers loðdýrabús og er að móta reglu um að viðurkenna töp og hvernig skuli standa að niðurfellingu skulda. Það hafa verið lagðar til hliðar 650 millj. til að mæta þessum vanda og sú upphæð hækkar á þessu ári.

Ég gagnrýndi það eitt hér um daginn í þessum tilmælum ríkisstjórnarinnar að þar væru menn að hætta fóðurniðurgreiðslunni, sem gengi ekki upp eftir rúmt ár, það yrði að framlengja þann tíma ef búgreinin ætti að lifa, og hefðu ruglað saman í einn pott óskyldum málum. Eitt atriði er að menn sjái til sólar fyrir skuldum sínum. Annað atriði er að þeim sé tryggt að gera tilraun til þess að styrkja búgreinina til framtíðar.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs fyrst og fremst til að undirstrika það hvað þjóðin er gæfusöm og kemur fram í máli formanns þingflokks Alþfl. að eiga Búnaðarbanka sem er ríkisbanki. Það er auðvitað augljóst mál að ekki væri hægt að gera þessar kröfur til Stofnlánadeildar eða Búnaðarbankans ef hann væri orðinn hlutafélagabanki. Eins og kunnugt er virðast þessir svokölluðu hlutafélagabankar eins og Íslandsbanki vera firrtir öllum félagslegum skyldum. Ríkisbankarnir hafa tekið á sig miklar félagslegar skyldur og Búnaðarbankinn hefur staðið við þær á mörgum sviðum gagnvart bændastéttinni í landinu. Mér þykir vænt um að málið skuli hafa þróast þannig að hv. formaður þingflokks Alþfl. skuli hafa gert sér grein fyrir þessari mikilvægu staðreynd.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í þessum fáu orðum mínum benda á það að lykillinn að lausn þessa máls hlýtur að liggja hjá ríkisstjórn og stjórnarflokkum. Það þjónar litlum tilgangi þó að fyrir fimm eða sex mánuðum hafi verið búið að koma á blað ákveðnum tillögum til lausnar meðan ríkisstjórn hefur ekkert gert til þess að koma því í þann búning í gegnum Alþingi með lagasetningu að hægt væri að vinna eftir tillögunum. Út frá þessu sjónarmiði er það sjónarspil sem formaður þingflokks Alþfl. og hæstv. ráðherra hafa sett hér upp eilítið hjákátlegt og sérstaklega í ljósi þess að hér er um að ræða háalvarlegt mál. Það verður að gera þá kröfu til landbrh. að hann búi þessar tillögur í form þingmáls þannig að hægt sé að taka á málinu. Ég hef átt viðræður við fulltrúa Stofnlánadeildar að undanförnu og ég treysti því að þar séu menn tilbúnir til þess að taka á málinu. (**Forseti:** Tími hv. þm. er liðinn.) Ég ætla aðeins að benda á einn hlut til viðbótar sem ekki hefur komið fram. Hann er sá að verði ekki höfð gát á varðandi niðurfellingu veða Stofnlánadeildar, þá geta í vissum tilfellum aðrir veðhafar skotist inn í og málið þá ónýtt.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Hv. 17. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé allverulega þungur áburður að vera sakaður um það hér að standa í einhverju leikriti með hæstv. landbrh. (Gripið fram í.) Það er vegna þess, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, að þrátt fyrir mikla burði ráðherrans, þá hefur hann aldrei sýnt nein tilþrif á leiksviðinu eins og ég og hv. þm. Ólafur Ragnar gátum hins vegar þegar við vorum í menntaskóla fyrr á öldinni. En þetta er auðvitað alvarlegur áburður vegna þess að það er verið að segja að við séum að koma með eitthvert leikrit þegar það eina sem við erum að gera er að reyna að ljúka vanda loðdýrabænda. Ég tel það vera alvarlegan áburð. Ég er hér að reyna að ljúka ákveðnu máli sem ég ber umhyggju fyrir. Ég ber umhyggju fyrir þessum fjölskyldum og ég er viss um það að hv. þm. Jóhannes Geir ber svipaða umhyggju fyrir þessum bændum og ég frábið mér svona ávirðingar, ágæti þingmaður.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Hv. 6. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir. Forseta er að vísu ekki ljóst hverjar þær sakir eru.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég hefði kannski alveg eins átt að biðja um orðið um þingsköp og benda á það að hv. 17. þm. Reykv. var hér uppi á röngum forsendum áðan. Ég benti einfaldlega á það og það eru þær sakir sem hann taldi að ég hefði borið á hann. Ef þessar tillögur voru til strax í maí á síðasta ári af hverju voru þá ekki stjórnarflokkarnir og ríkisstjórnin komnir með málið fram í formi þingmáls strax í upphafi þings núna? Það þýðir ekkert í þessu sambandi að benda á formann Stofnlánadeildarinnar einfaldlega vegna þess að málið vinnst ekki áfram þó að það sé góður vilji Stofnlánadeildar fyrr en búið er að setja það í það form sem ríkisstjórn vill koma því fram.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þær umræður sem hér hafa farið fram gefa ekki tilefni til langra athugasemda af minni hálfu. Ég hef talað bæði við stjórnarformann Stofnlánadeildar og bankastjóra Búnaðarbankans um það að innheimtuaðgerðir vegna loðdýralána verði stöðvaðar og ég veit ekki betur en það verði gert. Ég spurði raunar ekki um það hvort lán vegna loðdýra í Stofnlánadeild landbúnaðarins hefðu verið innheimt að undanförnu en eins og ég sagði áðan vissi ég ekki betur en að lægi fyrir samþykkt stjórnar Stofnlánadeildarinnar um að svo yrði ekki gert fyrr en þessum ráðstöfunum yrði fram hrundið. Sú samþykkt var gerð meðan ég átti sæti í stjórn Stofnlánadeildar og henni hefur þá verið breytt ef hún liggur ekki þegar fyrir.

Ég vil í öðru lagi taka undir það með hv. 6. þm. Norðurl. e., Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, að það var auðvitað ekki við því að búast fyrr en í maímánuði á sl. ári að einhverjar ráðstafanir yrðu gerðar í málefn-

um loðdýrabænda. Stjórnarskiptin voru 30. apríl á sl. ári og síðasta ríkisstjórn hafði engan vilja til að koma til móts við loðdýrabændur í þessu máli.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs um gæslu þingskapa fyrst og fremst vegna þess að hæstv. landbrh. var síðastur manna á mælendaskrá í umræðum um síðasta dagskrárlið og lauk máli sínu með alveg ótrúlegum útúrsnúningi. Í fyrsta lagi út úr orðum hv. 6. þm. Norðurl. e. en síðan með ósmekklegum árásum á fyrrv. ríkisstjórn, afar ósmekklegum þar sem iðulega var tekið á þessum vanda loðdýraræktarinnar, eins og allir þekkja, og þar sem m.a. gekk iðulega mjög illa að fá t.d. flokk hv. fyrirspyrjanda hér áðan til þess að taka á þeim málum. Núna hefur verið mynduð önnur ríkisstjórn fyrir nokkru og síðan kemur hæstv. ráðherra landbúnaðarmála þeirrar stjórnar og ræðst að fyrrv. stjórnarflokkum með svo ósmekklegum hætti þegar menn geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Þetta eru ódrengileg vinnubrögð af hæstv. ráðherra. Það er ekki nýtt að hann hagi sér svona. Það er ekki nýtt. Þessi hæstv. ráðherra hefur hvorki kunnað mannasiði, með leyfi forseta, né heldur þingsköp yfirleitt, en þessi atlaga hans hér áðan var með því allra ósmekklegasta sem til hans hefur heyrst og er þá langt til jafnað, virðulegi forseti.

Össur Skarphéðinsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að nokkurs misskilnings gæti í máli hæstv. landbrh. þegar hann segir að síðasta ríkisstjórn hafi ekkert viljað gera varðandi málefni loðdýrabænda alveg eins og nokkurs misskilnings gætir í máli hv. þm. Svavars Gestssonar þegar hann vísar því til Alþfl. að erfitt hafi verið að fá þann ágæta flokk til þess að taka á þeim vanda.

Staðreyndin er sú að ef það var erfitt að fá einhvern til þess í síðustu ríkisstjórn, þá var það auðvitað hæstv. fyrrv. fjmrh. en eigi að síður tókst að koma vitinu fyrir hann í þeim málum og staðreyndin er sú ...(**ÓRG:** Bera af mér sakir.) Þingmaðurinn ætlar að bera af sér sakir. Hann telur greinilega rangt að það sé búið að koma vitinu fyrir hann. Það má vel vera að fleiri séu þeirrar skoðunar. En staðan er einfaldlega sú, virðulegi forseti, að við erum hér í dag að ræða um lausn á vanda loðdýrabænda sem felst í því að framfylgja aðgerðum sem voru hafnar í tíð síðustu ríkisstjórnar. Þá var lögð fram sú ríkisábyrgð sem nú er töpuð og núv. ríkisstjórn er einungis að horfast í augu við staðreyndir. Hún er að horfast í augu við það að ábyrgðin er fallin, það þarf að borga lánin og hún vill meðfram því hlutast til um að heildarvandinn sé leystur. Það er nákvæmlega það sem er að gerast og það er það sem mér sýnist að allir séu af vilja gerðir til þess að ná fram.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þetta er nú kannski miklu alvarlegra mál en menn geti haft það í einhverjum flimtingum. Þess vegna vil ég undir liðnum um þingsköp, þar sem hæstv. ráðherra notaði sín síðustu orð á þann smekklega hátt sem hann gerði hér áðan, benda á að þar sneri hann á grófan hátt út úr mínum orðum. Ég kann að hafa sagt í fyrra skiptið þegar ég ræddi um tillögur þær sem hér eru til umfjöllunar um loðdýramál að þær hefðu komið fram í maí í fyrra en hins vegar sagði ég í seinna skiptið þegar ég nefndi þær að þær hefðu komið fram fyrir fimm til sex mánuðum síðan og hæstv. ráðherra veit mætavel að hér er verið að ræða um tillögur sem voru til mótunar á sl. vori. Að snúa því síðan upp á það að þær hefðu verið — og fara áravillt um eitt ár að þær hefðu verið að koma fram í maí fyrir þrem missirum þegar stjórnarskiptin áttu sér stað og því hefði núv. ríkisstjórn ekki komist að málinu fyrr er argasti útúrsnúningur og hæstv. ráðherra ekki á nokkurn hátt sæmandi og á engan hátt í takt við alvöru þess máls sem hér er verið að fjalla um.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Hæstv. landbrh. óskar að bera af sér sakir.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það eru nú orðnar undarlegar umræður hér á hinu háa Alþingi. Ég hef setið undir því að hv. 6. þm. Norðurl. e., Jóhannes Geir Sigurgeirsson, brigsli mér um það að hafa legið á tillögum til úrbóta í málefnum loðdýrabænda í hálft annað ár og þegar ég síðan tek upp hið sama efnisatriði og hann hafði, eins og ég tók eftir, tvítekið í ræðu sinni, þá kemur hér hver á eftir öðrum og brigslar mér um útúrsnúninga, ég snúi út úr málum á grófan hátt og þar fram eftir götunum. Ef ég hefði ekki vakið athygli á ummælum hv. þm. hefði það staðið eftir að ég hefði legið á þessum tillögum í hálft annað ár. Það eru staðreyndir málsins.

Ég vil mælast til þess við hv. þm. að hann breyti ekki ræðu sinni þegar hann fær hana til yfirlestrar sem handrit heldur láti hana standa eins og hann sagði hana hér. Jafnframt vil ég ítreka það sem ég sagði áðan að hv. þm. tók maí á sl. ári til viðmiðunar, fyrsta mánuð þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr, talaði um að á þeim tíma hefðu legið fyrir tillögur til úrbóta fyrir loðdýrabændur en ég hefði ekki verið maður til að koma þeim í verk. Þetta voru efnisatriði ræðu hans, en það er auðvitað ekki útúrsnúningur af minni hálfu þó ég svari greinilega því sem hv. þm. segir, enda vita menn að hann er glöggur maður og tekur ekki til máls að óþörfu hér á hinu háa Alþingi.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Hv. 8. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Örlög þess fólks sem lagði fjármuni sína í loðdýrarækt hafa verið mikil harmsaga og það er dálítið sérkennilegt að hæstv. landbrh. skuli hér á Alþingi nota umræður um þetta mál til þess að höggva í garð fyrirrennara síns með ómaklegum hætti sem er mjög undarlegur fyrir okkur sem þekkjum sögu þessara mála í tíð síðustu ríkisstjórnar. Að bera það á hv. þm. Steingrím J. Sigfússon að hann hafi ekkert gert

í málefnum loðdýrabænda meðan hann var landbrh. er svo fáránleg, ódrengileg og ósmekkleg ásökun að það væri ráðherra sæmst að strika það út úr ræðu sinni fyrst hann á annað borð er farinn að ræða um hvað sé gert við handrit. Við þekkjum það vel sem sátum í þeirri ríkisstjórn hvernig þáv. landbrh., Steingrímur J. Sigfússon, lagði margar vikur og mánuði í að reyna að finna lausn, bæði á vanda greinarinnar almennt, þeirra einstaklinga sem voru að missa eigur sínar og fjölskyldna þeirra sem voru að missa eigur sínar vegna þess að menn höfðu trúað á möguleika þessarar greinar.

Ég ætla heldur ekki að fara að karpa við hv. þm. Össur Skarðhéðinsson um hlut Alþfl. í þessu máli í fyrri ríkisstjórn en ég þekki auðvitað vel hvernig við urðum að bíða oft mánuðum saman í ríkisstjórninni eftir að niðurstaða fengist í þingflokki Alþfl. varðandi þá tillögugerð sem þáv. landbrh. Steingrímur J. Sigfússon var með. Hæstv. ráðherra hefur óskað eftir því að bera af sér sakir. Honum er það að sjálfsögðu frjálst en það væri drengilegast af honum að biðjast afsökunar á ógætilegum ummælum sínum hér áðan.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Hv. 6. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir öðru sinni og er honum heimilt að gera stutta athugasemd.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Hæstv landbrh. lét að því liggja hér áðan að ég mundi e.t.v. ætla að strika út úr ræðu minni það sem ég teldi ekki eðlilegt að fram kæmi. Nú er hann að upplýsa mig um einhverja hluti sem ég, óreyndur þingmaður, hef alls ekki hugmynd um að nokkrum manni detti í hug og slíkar hugrenningar hljóta að vera komnar úr hugskoti ráðherrans sem slíks því að mér hefur aldrei dottið annað í hug að gera meira en að leiðrétta augljósar málfarsvillur þegar farið er yfir þingræður. En þetta er kannski eitthvað sem hefur tíðkast hjá hæstv. ráðherra. Og þar sem hæstv. ráðherra benti á það að sá þingmaður, sem hér stendur, færi ekki oftar í ræðustól en nauðsyn kræfi þá er það alveg rétt. Ég lærði það í efri deild fyrir tæpum þremur árum þegar ég sat þar heilan vetur með hæstv. ráðherra, þá sem almennum þingmanni, þá lærði ég það af hæstv. ráðherra að menn skyldu umgangast ræðustól Alþingis með ákveðinni virðingu.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Hæstv. landbrh. hefur þegar borið af sér sakir en fær nú að gera stutta athugasemd.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ræða hv. 8. þm. Reykn., Ólafs Ragnars Grímssonar, áðan kom mér ekki á óvart. Hún var af mjög persónulegri gerð. Ég vil taka það fram að ég hóf þessar umræður og hef reynt að taka þátt í þeim án þess að fara út í almennt pólitískt karp um einstök efnisatriði í því alvarlega máli sem er saga loðdýraræktarinnar. Það liggur fyrir að sumir loðdýrabændur eiga um mjög sárt að binda og það liggur líka fyrir að þær reglur sem fyrrv. ríkisstjórn hafði um skuldbreytingu hjá loðdýrabændum í sambandi við Ríkisábyrgðasjóð voru með þeim hætti að þeir sem verst voru staddir og gátu ekki fengið veðleyfi hjá ættingjum sínum fengu ekki skuldbreytingu í gegnum Ríkisábyrgðasjóð þannig að það hefur þegar átt sér stað persónuleg harmsaga hjá mörgum loðdýrabændum og fjölskyldum þeirra en þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin er nú að beita sér fyrir miða að því að þeim þætti ljúki senn þar sem því verður við komið.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég bað um orðið um þessa fsp. fyrir allnokkuð löngu síðan og hef síðan hlýtt í mörgum ræðum á umræður um fyrirspurnina undir öðrum dagskrárliðum. Menn bera af sér sakir og tala um þingsköp og það er að mörgu leyti ekki óeðlilegt að umræður verði nokkuð tilfinningaþrungnar undir umræðum um þessi málefni.

Það er ljóst að fyrirspyrjandi, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, og hæstv. landbrh. eru mjög farnir að ókyrrast yfir frammistöðu ríkisstjórnar sinnar í málefnum þessa fólks. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að hann hefði í dag skrifað bréf til Stofnlánadeildar sem í segir að heimildar verði aflað til afskriftar allt að helmingi af lánum loðdýrabænda. Sú heimild er því ekki fyrir hendi í dag 18 mánuðum eftir að þeir tóku við málinu. Hvað hafa þeir verið að gera í 18 mánuði? (**Gripið fram í:** Það þarf lagaheimild.) Það þarf lagaheimild já, og þeir hafa haft þau tök sem þarf til þess að knýja fram þessa lagaheimild ef þeim hefði verið einhver alvara með að ætla að bregðast við vanda þessa fólks. Nú eru þeir greinilega komnir með mikið samviskubit (Forseti hringir.) og hæstv. ráðherra bregst við því með því að ráðast á fyrrv. samgrh. Það kalla ég ómaklegt og þau ummæli eru dauð og ómerk.

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Stundum þekkir maður hæstv. núv. landbrh. þegar hann kemur í pontuna. Það eru gömul tilþrif sem hann sýnir og gerði það hér svona nokkurn veginn þegar hann gekk niður úr stólnum áðan en honum fórst það ekki vel úr hendi. Þegar hann var að finna að því að fyrrv. ríkisstjórn hefði lítið eða nánast ekkert aðhafst í vandamálum loðdýraræktarinnar. Man hæstv. ráðherra ekki eftir því að Byggðastofnun hafi fellt niður skuldir loðdýraræktarinnar? Sat ekki hæstv. núv. landbrh. í stjórn Byggðastofnunar þegar það var gert? Var hæstv. landbrh. ókunnugt um vilja þáv. ríkisstjórnar til þess að það væri gert? Auðvitað ekki.

Hæstv. ráðherra veit það einnig að fyrrverandi ríkisstjórn greip til margvíslegra annarra aðgerða til aðstoðar þessari grein. Auðvitað er ráðherranum það ljóst. Og ráðherrann veit það einnig að ráðherrar núv. ríkisstjórnar og þá einkanlega forsrh. sjálfur og utanrrh. hafa verið að gagnrýna þá fyrirgreiðslu, þær aðgerðir sem gerðar voru fyrir loðdýraræktina, þeir hafa veist að ýmsum mönnum sem þar hafa farið fyrir með

ýmsum svigurmælum vægast sagt þegar þeir hafa verið að beita sér fyrir því að liðka til fyrir þessari atvinnugrein. (**Forseti:** Forseti biður nú hv. þm. að gera sér grein fyrir því að þessi ræða fjallar naumast um gæslu þingskapa.) Jú, hún fjallar akkúrat um gæslu þingskapa. (**Forseti:** Heldur er þetta efnisleg umræða sem ekki er pláss fyrir hér undir þessum dagskrárlið.) Nú spyr ég hæstv. forseta: Var hæstv. forseti að tala í mínum tíma eða sínum? (**Forseti:** Forseti hefur sinn tíma.) Mín rök eru þessi: Vegna þeirra tillagna sem hér liggja fyrir vil ég biðja menn að athuga hvort þeir geti ekki sæst á það og fundið leið til þess að leysa þann vanda og það mál sem er verst í tillögunum, það er um að falla frá niðurgreiðslum á fóðri 1. janúar 1994? Ég bið menn um það að reyna að ná sáttum um þann þátt tillagnanna.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Ég verð að biðja hv. alþm. að gæta þess að þegar þeir biðja um orðið um gæslu þingskapa þá skulu þeir fjalla um þingsköp og um stjórn á fundum þingsins.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) (*um þingsköp*)**:**

Herra forseti. Óhjákvæmilegt er að rifja það upp að síðasta ríkisstjórn lagði ráðstafanir vegna erfiðleika loðdýrabænda fyrir Alþingi á sínum tíma. Það var lagt fram í efri deild og það var fyrir tilstuðlan þingmannanna Egils Jónssonar og Skúla Alexanderssonar sem málið var sett í þann búning að hægt væri að segja að þær ráðstafanir væru viðunandi.

Endurskoðun laga um grunn- og framhaldsskóla, ein umr.

Fsp. EMS, 204. mál. — Þskj. 245.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í fjarveru hv. varaþm. Einars Más Sigurðarsonar mæli ég fyrir fsp. til hæstv. menntmrh. um störf 18 manna nefndar sem vinnur að endurskoðun laga um grunn- og framhaldsskóla. Fsp. er á þessa leið:

„1. Hvenær má búast við að nefnd, sem skipuð var af menntmrh. sl. vor til að endurskoða grunn- og framhaldsskólalög, skili áliti?

2. Er fyrirhugað að nefndin skili frumvörpum að nýjum grunn- og framhaldsskólalögum?

3. Hvert hefur verið samráð nefndarinnar við samtök kennara?"

Það er út af fyrir sig óþarfi, virðulegi forseti, að fara ítarlega yfir aðdragandann að skipun þessarar nefndar en þó ætla ég að gera það í örfáum orðum.

Þegar hæstv. menntmrh. tók við störfum, þá lá fyrir ítarleg stefnumótun í málefnum grunnskóla eins og annarra skólastiga undir heitinu: Framkvæmdastefna í skólamálum til nýrrar aldar. Hæstv. menntmrh. kaus að leggja þá stefnumótun til hliðar þó að unnið hafi verið að henni samviskusamlega af hundruðum og þúsundum kennara og skólamanna um allt land og um hana hefði náðst full samstaða. Hann ákvað jafnframt í ríkisstjórninni að skera niður framboð á tímum í grunnskólum og veikja það skólastarf sem þar var samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1992 og það var einnig staðfest með fjárlagafrv. fyrir árið 1993.

Á fyrstu mánuðum starfstíma síns ákvað hann síðan eftir fjarska ruglingslegar yfirlýsingar um málefni grunnskóla og framhaldsskóla að skipa nefnd þar sem í eru hvorki meira né minna en 18 menn. Hún á að endurskoða lögin ekki aðeins um grunnskóla sem voru nýsett og voru m.a. sett með atkvæðum Sjálfstfl. á sínum tíma heldur einnig um framhaldsskóla en lögin um framhaldsskóla voru sett að atbeina Sjálfstfl. og menntmrh. Sjálfstfl., Birgis Ísl. Gunnarssonar, vorið 1988. Þetta á að endurskoða í 18 manna nefnd en þó varð þar ekki pláss fyrir neinn fulltrúa sveitarfélaganna. Það var ekki pláss þar fyrir neinn fulltrúa Kennarasamtakanna, hvorki á grunnskóla- né framhaldsskólastigi, það var ekki leitað eftir neinum tilnefningum frá þessum samtökum og það var ekkert samráð haft við þessa aðila um skipan þessarar nefndar almennt og heldur ekki þingflokka. Ég hygg að það megi líka segja að nefndin sé skipuð mjög þröngt pólitískt, óvenjuþröngt þar sem það er reynt samviskusamlega að þræða fram hjá öllum þeim sem hugsanlega hafa komið nálægt t.d. forustuverkefnum á vegum annarra stjórnmálaflokka en þeirra sem aðild eiga að ríkisstjórninni. Þessi flokkspólitíska einokun á skólakerfinu er auðvitað stórkostlega hættulegt mál út af fyrir sig. Og af því tilefni og öðru, virðulegi forseti, er þessi fsp. hér borin fram og lögð fyrir hæstv. menntmrh.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég ætla að svara hér fsp. frá hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni, en leiði hjá mér að mestu ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar sem hljóp hér í skarðið fyrir Einar Má.

Það er spurt hvenær búast megi við að nefnd, sem skipuð var af menntmrh. sl. vor til að endurskoða grunn- og framhaldsskólalög, skili áliti. Um miðjan desember mun nefnd um mótun menntastefnu og endurskoðun grunn- og framhaldsskólalaga skila áfangaskýrslu um mat á skólastarfi og innra starfi skóla, einkum á unglingastigi grunnskóla og í framhaldsskóla. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að nefndin ljúki störfum fyrr en í lok mars á næsta ári.

Í öðru lagi er spurt hvort fyrirhugað sé að nefndin skili frumvörpum að nýjum grunn- og framhaldsskólalögum. Svarið við þeirri spurningu er já. Það er fyrirhugað að nefndin skili frv. að nýjum grunn- og framhaldsskólalögum.

Í þriðja lagi er svo spurt hvert samráð nefndarinnar við samtök kennara hafi verið. Í erindisbréfi nefndarinnar segir:

„Nefndin skal í störfum sínum hafa samráð við þá hagsmunaaðila sem að skólamálum koma svo sem samtök foreldra, samtök kennara í grunnskólum og framhaldsskólum, samtök skólastjórnenda í grunnskól-

um og framhaldsskólum, samtök sveitarfélaga, Kennaraháskólans og Háskóla Íslands og aðra þá aðila sem nefndin telur þörf á að hafa samráð við."

Áfangaskýrslunni er ætlað að vera umræðugrundvöllur fyrir nefndina og samráðsaðila. Þegar hún liggur fyrir mun verða haft samráð við alla þá aðila sem kveðið er á um í erindisbréfinu, þar á meðal samtök kennara.

Varðandi orð hv. þm. Svavars Gestssonar um 18 manna nefndina og skipan hennar þá hef ég svarað því áður. Það var ekki leitað eftir tilnefningu þeirra mörgu aðila sem hagsmuna hafa að gæta af lagasetningu almennt um skólamál. Hins vegar eiga sæti í þessari nefnd menn sem eru í sveitarstjórnarmálum og í kennslu á ýmsum sviðum þótt þeir teljist ekki fulltrúar neinna þessara samtaka. Það er rétt. En í nefndinni eru menn sem sitja í stjórnum kennarasamtaka t.d.

Um pólitískar skoðanir þessara manna er mér ekki að fullu kunnugt. Mér er ekki kunnugt um pólitískar skoðanir þeirra allra en mér er kunnugt um pólitískar skoðanir sumra. En það er rangt veit ég að þeir séu allir sjálfstæðismenn. Þó ég vildi gjarnan að þeir væru það hef ég komist að því að þeir eru það ekki allir. (**SvG:** Vildir þú það virkilega?) Ég vildi helst að allir landsmenn væru sjálfstæðismenn. En mér verður víst ekki að þeirri ósk minni. Ég veit að þeir eru ekki allir í þeim flokki sem sæti eiga í þessari nefnd.

Svo aðeins varðandi það að ég hafi lagt til hliðar stefnumótun forvera míns í skólamálum, Til nýrrar aldar. Það er rétt að ég lagði það plagg til hliðar. En lét þess auðvitað getið að það gilti að því er tæki til gildandi laga. Og það er margt sagt í því ágæta riti, sjálfsagðir hlutir sem styðjast við gildandi lög. Og að sjálfsögðu gildir það áfram.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það kom fram í svari hæstv. ráðherra að nefndin mundi skila áfangaskýrslu um miðjan desember um innra starf og mat á skólum sem yrði umræðugrundvöllur fyrir málið og nefndin mundi síðan ljúka störfum í lok mars. Með öðrum orðum yrðu stefnumarkandi ákvarðanir ekki teknar fyrr enn að umræðu lokinni. Það rímar ekki við þær upplýsingar sem fyrir liggja um yfirlýsingar formanns nefndarinnar, hv. þm. Sigríðar A. Þórðardóttur, um að sú ákvörðun hafi þegar verið tekin í nefndinni að flytja grunnskólann frá ríki til sveitarfélaga — sú ákvörðun hafi þegar verið tekin. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra vegna þess að sú tillaga er líka komin fram í skýrslu svokallaðrar sveitarfélaganefndar á hvaða verði sveitarfélögin eigi að yfirtaka þetta verkefni. Er það miðað við fjárveitingar eins og þær eru núna? Er það miðað við viðmiðunarstundaskrá eins og hún er og er ekki uppfyllt? Eða er það miðað við þær kröfur sem menn munu gera í þessari lokaskýrslu nefndarinnar um skólastarf?

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég hef áður hér í ræðustól á Alþingi gagnrýnt það hvernig ráðherrar í núverandi ríkisstjórn standa að því að skipa menn í nefndir sem eiga að endurskoða mikilvæga lagabálka. Þar vil ég sérstaklega nefna þá nefnd sem hæstv. menntmrh. skipaði á síðasta þingi til að endurskoða grunn- og framhaldsskólalögin. Ég er mjög mótfallin því að menn standi að málum eins og þar er gert. Það eru handpikkaðir einstaklingar sem ráðherra eða hans samstarfsfólki eru hugnanlegir. Það sama virtist mér hafa gerst með endurskoðunina á útvarpslögunum. Þar voru líka handpikkaðir einhverjir einstaklingar sem ráðherra líkaði og stjórnarandstaðan kemur þar hvergi að eða ýmsir hagsmunaaðilar sem ætti að sjálfsögðu að tilnefna í slíkar nefndir.

Mér finnst mjög mikilvægt þegar við erum að vinna að málum í íslensku samfélagi, sem er ekki nema 250 þús. manna, að við reynum að finna einhvern lágmarkssamnefnara í einstökum málum, t.d. varðandi grunnskólann og framhaldsskólann, útvarpsrekstur o.s.frv. Og ef við viljum tryggja þennan lágmarkssamnefnara þá þarf að skipa í nefndirnar með öðrum hætti en ráðherra hefur gert. Slíkan samnefnara er hægt að finna í nefnd sem fleiri tilnefna í og fleiri sjónarmið koma saman.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eiga grunnskólalög að ná til allra barna landsins í hvaða flokki sem foreldrarnir eru? Eiga framhaldsskólalög að ná til allra unglinga í landinu? Eiga framhaldsskólalög og grunnskólalög og skólalöggjöf yfirleitt að vera með þeim hætti að þegar í ríkisstjórn kemur ráðherra frá Sjálfstæðisflokknum þá snúi hann þar öllu við í þágu þröngra flokkshagsmuna Sjálfstfl.? Eða er það þannig að þegar ráðherra sest í störf í menntmrn. eigi hann að leita að samnefnara fyrir þjóðina alla, allt íslenska skólasamfélagið?

Mér fannst satt að segja óhugnanlegt þegar hæstv. mennmrh. sagði frá því hér áðan að hann teldi að í rauninni væri það best að allir í nefnd sem eru að endurskoða lög um grunnskóla og framhaldsskóla væru í Sjálfstfl. Mér fannst þetta talandi dæmi um þau þröngu flokkspólitísku viðhorf sem einkenna meðhöndlun Sjálfstfl. á þessum málaflokki sem snertir þjóðina alla. Ég harma að þessi viðhorf skuli hafa komið fram með þessum hætti í orðum ráðherra og einnig í gjörðum hans.

Hverjir eru það sem eru í skólum landsins? Börn og unglingar. Það eru í raun þau sem munu skapa framtíð þjóðarinnar. Þess vegna ber okkur að vanda okkur við ákvarðanir á þessu sviði og ekki kasta til þeirra höndunum. Þess vegna ber okkur að leita samstöðu og víkja á bug þröngum flokkspólitískum ofstækissjónarmiðum, liggur mér við að segja, á þessu sviði eins og öðrum en sérstaklega á þessu sviði, virðulegi forseti, segi ég um leið og ég þakka þau svör sem komu fram hjá hæstv. ráðherra sem ég tel að hafi út af fyrir sig staðfest það sem legið hafi fyrir í grófum dráttum í þessum efnum.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson taldi

að ósamræmi væri milli þess sem ég sagði og þess sem formaður endurskoðunarnefndarinnar, hv. þm. Sigríður A. Þórðardóttir, hafi sagt varðandi flutning grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga. Ég þekki ekki alveg, ég verð að viðurkenna það, þessa yfirlýsingu formanns nefndarinnar sem hv. þm. skýrði hér frá að það væri ákveðið að grunnskólinn skyldi fluttur frá ríki til sveitarfélaga. Ég held nú að hafi hún sagt þetta þá felist ekki annað í orðum hennar en það að það sé samstaða í nefndinni um að gera þá tillögu. Það er svo eftir því sem ég hef fregnað að nefndin muni leggja það til alveg eins og sveitarfélaganefndin hefur raunar gert líka. En að sjálfsögðu bíður það lagasetningar frá Alþingi ef svo verður. (**Gripið fram í:** Hver er afstaða ráðherrans?) Afstaða ráðherrans er alveg skýr. Ég hef lýst því yfir í langan tíma og löngu áður en ég varð ráðherra þessa málaflokks að grunnskólinn skyldi fluttur til sveitarfélaganna. Það er mín skoðun að það væri til bóta.

Ég sé ekki ástæðu til að vera með neinar vangaveltur um það á hvaða verðlagi það verði gert. Það er ekki hægt að segja til um það núna.

Kennsla í táknmálstúlkun, ein umr.

Fsp. SvG, 217. mál. — Þskj. 259.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Fyrir fjárln. Alþingis liggur núna beiðni frá Ríkisspítölunum um fjárveitingu á árinu 1993 til að kosta táknmálstúlkun fyrir sjúlinga Ríkisspítalanna sem ekki geta átt í venjulegum samskiptum á rödduðu máli. Það hefur komið fyrir aftur og aftur í sögu Ríkisspítalanna að það hefur verið erfitt að veita þessu fólki eðlilega þjónustu. Og það hefur komið fyrir aftur og aftur í öðrum opinberum stofnunum að það er tilfellið. Ástæðan er sú að það er ekki til táknmálstúlkar. Það eru margir sem halda að í raun og veru séu þessir hlutir svo einfaldir að þá sé hægt að leysa með þeim hætti að ekki þurfi að hafa mikið fyrir því en það er misskilningur. Heyrnarlausir á Íslandi eru sjálfstæður málminnihlutahópur, menningarminnihlutahópur. Þeirra mál er ekki tungumálið íslenska heldur íslenska táknmálið og íslenska táknmálið er fullkomið fágað mál út af fyrir sig með ríkan orðaforða og þó nokkuð flókna málfræði. Þetta íslenska táknmál hefur verið að þróast að undanförnu og að þróun þess er unnið. Það er ekki langt síðan menn fóru að viðurkenna táknmál með þeim hætti sem nú er gert. T.d. var það fyrst gert í Svíþjóð árið 1980 að táknmálið var viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra þar í landi. Málvísindamenn byrjuðu ekki að rannsaka táknmál fyrr en árið 1960.

Hér á landi er mikill fjöldi fólks sem á í erfiðleikum vegna þess að það vantar kennslu í táknmáli og táknmálstúlka. Það er talið að hér á landi sé um að ræða u.þ.b. 230–300 sem eru fæddir heyrnarlausir eða hafa misst heyrn sem börn eða unglingar. Þetta fólk mundi geta notað táknmál. Í öðru lagi eru heyrnarskertir frá fæðingu, verulega heyrnarskertir, 450–600 talsins. Þetta fólk notar einnig táknmál. Í þriðja lagi eru daufblindir sem eru taldir milli 35–40 hér á landi. Þeirra eina leið til skilnings við aðra er svokölluð snertitúlkun á táknmáli.

Það er óhjákvæmilegt að undirbúin verði kennsla í táknmálstúlkun og þess vegna er þessi fsp. borin fram. Það hefur verið undirbúin kennsla í táknmálstúlkun í Háskóla Íslands og fsp. er þessi:

„1. Hve miklum fjármunum verður varið til kennslu í táknmálstúlkun við Háskóla Íslands á næsta ári samkvæmt tillögu menntmrn.?

2. Hvenær hefst kennsla í táknmálstúlkun?

3. Hvað er gert ráð fyrir að margir nemendur geti stundað nám í táknmálstúlkun á næsta ári?"

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Í fyrsta lagi er spurt hve miklum fjármunum verði varið til kennslu í táknmálstúlkun við Háskóla Íslands á næsta ári samkvæmt tillögu menntmrn. Til kennslunnar verður á árinu 1993 varið um 2,4 millj. kr. Þar af verði 1 millj. kr. framlag af fjárveitingu til Samskiptamiðstöðvarinnar sem fæst með tilhliðrun í starfsemi hennar.

Í öðru lagi er spurt hvenær kennsla hefjist í táknmálstúlkun. Kennslan mun hefjast haustið 1993 á grundvelli samnings við Háskóla Íslands. Með því móti fæst nægur tími til undirbúnings og skipulagsvinnu. En hér er um brautryðjendastarf að ræða.

Í þriðja lagi er spurt hvað gert sé ráð fyrir að margir nemendur geti stundað nám í táknmálstúlkun á næsta ári. Miðað verður við að menntaðir verði tveir átta manna hópar táknmálstúlka að þessu sinni. Samkvæmt því mundu átta nemendur geta hafið nám í táknmálstúlkun næsta haust. Áætlað er að seinni hópurinn hefji nám ári síðar.

Þessi áætlun miðast við að ekki þurfi að leggja fram sérstaklega fé úr ríkissjóði til tækjakaupa vegna kennslunnar a.m.k. á fyrsta kennsluári. Enda hefur Samskiptamiðstöðin gert sér vonir um að afla fjár til þess þáttar með öðrum hætti. Breytist sú forsenda þarf að endurskoða þessar fyrirætlanir í því ljósi.

Ég vil svo bæta því við að það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að vandi heyrnarlausra til tjáskipta er mikill. Það hefur verið ríkjandi skilningsskortur á vanda þessa hóps í þjóðfélaginu. En ég held að það megi segja að augljósar breytingar séu að verða og menn séu samtaka um að reyna að greiða úr þessum vanda. Táknmálið er tungumál þessa hóps og eins og hv. fyrirspyrjandi rakti er ekki svo langt síðan að stefnubreyting varð í þessum efnum. Ég læt í ljós von um að af þessu muni verða og þessar áætlanir standist.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég vil aðeins vekja athygli á því að það er gert ráð fyrir því samkvæmt þessum upplýsingum að verja 1,4 millj. kr. til kennslu í táknmálstúlkun við Háskóla

Íslands á næsta ári. Það er mjög lítið, að ég segi ekki meira. Auk þess á að taka 1 millj. af Samskiptamiðstöð heyrnarlausra sem ég hygg að sé ekki aflögufær. Ég vil leyfa mér að nota þetta tækifæri og skora á hæstv. menntmrh. að beita sér fyrir því að þetta fjárframlag verði hækkað. Ég bendi á að framlag til Heyrnleysingjaskólans samkvæmt fjárlagafrv. er skorið niður um 13,7 millj. kr., hvorki meira né minna. Það er lækkað um um það bil einn fimmta. Ég tel að sú lækkun sem tvímælalaust eru ákveðin rök fyrir, þá fjármuni ætti auðvitað að nota til þess að hefja kennslu í táknmálstúlkun og að styrkja Samskiptamiðstöð heyrnarlausra frekar en skera niður framlög til Heyrnleysingjaskólans fyrst og fremst til að styrkja almennt stöðu ríkissjóðs.

Ég vil einnig benda á það að ef nauðsynlegt verður að leggja út í tækjakaup vegna kennslu í táknmálstúlkun við háskólann á næsta ári er áætlaður kostnaður við það á milli 10 og 15 millj. kr. að mati Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra. Ég tel í sjálfu sér að það sé nokkuð ríflega í lagt, það þurfi ekki svo mikla upphæð. Auðvitað mætti samnýta tæki með hljóðver og fleira með háskólanum. En það þarf örugglega einhverja fjármuni til tækjakaupa. Um leið og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin þá endurtek ég áskorun mína til hans um að beita sér fyrir því að í fjárlögunum fyrir árið 1993 verði hærri tala til kennslu í táknmálstúlkun við Háskóla Íslands á því ári.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Það kom fram hjá mér áðan að til kennslunnar verður varið 2,4 millj. á næsta ári, þ.e. gert ráð fyrir að kennslan hefjist haustið 1993, en þar af verði 1 millj. kr. af fjárveitingu Samskiptamiðstöðvarinnar. Það er eflaust rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að Samskiptamiðstöðinni veitir ekkert af þeim fjármunum sem henni hafa verið ætlaðir. En um þetta er þó samkomulag við Samskiptamiðstöðina. Þá vantar upp á 1,4 millj. kr. sem ekki eru sérstaklega nefndar í fjárlagafrv. Hins vegar verður athugað við afgreiðslu fjárlaganna hvort það verður tekið inn sem sérstakur liður. Ef ekki þá verður þessi kostnaður greiddur af safnliðum ráðuneytisins. Um það hefur verið rætt í ráðuneytinu.

Af því að hv. þm. minntist á hversu mjög framlög til Heyrnleysingjaskólans hafa lækkað og það mætti láta Samskiptamiðstöðina eða táknmálstúlkunina njóta þess þá er það vissulega rétt að fjárveitingar til Heyrnleysingjaskólans hafa lækkað mjög verulega en fyrir því eru augljósar ástæður. Þar hefur nemendum fækkað svo mjög að af sjálfu leiðir að fjárveitingar lækka.

Varðandi tækjakaupin mun það vera einhvers staðar á þessu bili sem hv. þm. nefndi, 10–15 millj., kannski nálægt 12 millj., sem nauðsynleg tækjakaup munu kosta en ákveðnar ráðagerðir eru um það hvernig þess fjár verður aflað.

Umhverfismat á virkjunarframkvæmdum á Jökulsá á Fjöllum, ein umr.

Fsp. KEE, 215. mál. — Þskj. 256.

Fyrirspyrjandi (Karen Erla Erlingsdóttir):

Hæstv. forseti. Mikil umræða er í gangi um stórfelldar framkvæmdir í orkumálum. Þessi umræða snýst ekki aðeins um orkuframleiðslu til orkufreks iðnaðar hérlendis heldur einnig um stórfelldan útflutning á orku út í hinn stóra heim eftir sæstreng. M.a. má geta þess hér að borgarstjórn Reykjavíkur mun samkvæmt frétt DV frá 17. nóv. taka um það ákvörðun í dag hvort hún taki þátt í hagkvæmnis- og kostnaðarúttekt varðandi lagningu sæstrengs til Hollands. Talað er um að flytja allt að tvöfalt meiri raforku þangað en nú er notuð hér á landi. Eftir nauðsynlegar virkjunarframkvæmdir væri þá búið að virkja tæplega helming allrar þeirrar vatnsorku sem hagkvæmt er talið að virkja hér á landi.

Talið er að orkuforði sá sem felst í hringrás vatnsins á Íslandi sé um 250 teravattstundir á ári. Landsvirkjun hefur sett fram það mat að hagkvæm nýtanleg orka nái aðeins um 30 teravattstundum á ári ef tillit er tekið til kostnaðar og í öðru lagi umhverfisverndar, ég endurtek, umhverfisverndar. Um 30% af þessari nýtanlegu orku er fólgin í vatnsföllum á Austurlandi og Norðausturlandi og kæmist í gagnið með tilkomu Austurlandsvirkjunar eða langstærsta draumsins, LSD, eins og fyrirbærið er almennt kallað. Nokkur mismunandi virkjunarkerfi koma til greina en sú hugmynd sem virðist njóta hvað mests fylgis, þá er samkvæmt niðurstöðum sérfræðinga tekið tillit til umhverfisins, er að flytja Jökuls á Fjöllum og Jökulsá á Brú yfir í farveg Jökulsár í Fljótsdal og virkja svo allt þar.

Ég þarf varla að upplýsa þingheim um það hvers konar umhverfisspjöll verða framin nái þessi fyrirætlun fram að ganga. Jökulsá á Fjöllum á sem kunnugt er aðallega upptök sín í Brúarjökli og rennur til sjávar í Öxarfirði. Hún rennur í gegnum einn af þremur þjóðgörðum landsins, Jökulsárgljúfur, og vil ég geta þess að um þjóðgarða gilda ákveðin lög sem segja m.a. til um að við þeim skuli ekki hróflað á nokkurn hátt. Enn fremur er í Jökulsá á Fjöllum ein mesta náttúruperla landsins. Það er Dettifoss. Ef þessi virkjunarframkvæmd lítur dagsins ljós mun hann trúlega hverfa eða alla vega stórminnka.

Þess má einnig geta í þessu samhengi að á hálendi Austurlands og Norðausturlands verður vart þverfótað fyrir uppistöðulónum og miðlunarskurðum. Það er e.t.v. ágætisráð að sökkva hálendinu bara í vatn til þess að koma í veg fyrir uppblástur. Því spyr ég hæstv. umhvrh. hvort fram hafi farið umhverfismat á hugsanlegum virkjunarframvæmdum á Jökulsá á Fjöllum. Ef svo er ekki þá spyr ég: Er slíkt mat væntanlegt?

Forseti (Pálmi Jónsson):

Hæstv. viðskrh., sem er starfandi umhvrh., svarar.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr hvort fram hafi farið umhverfismat á hugsanlegum virkjunarframkvæmdum á Jökulsá á Fjöllum og hvort slíks mats sé að vænta hafi það ekki farið fram. Hið beina svar er að umhverfismat hefur ekki farið fram vegna hugsanlegra möguleika á því að virkja Jökulsá á Fjöllum í eigin farvegi enda hafa ekki verið uppi slík áform um framkvæmdir, a.m.k. ekki fyrir allra næstu ár. Reyndar voru hugmyndir um slíka virkjun settar fram fyrir nokkrum árum og endurskoðaðar árið 1991 á vegum Landsvirkjunar en lengra er það mál ekki komið.

Á hinn bóginn voru á 8. áratugnum á vegum Orkustofnunar mótaðar fyrstu hugmyndir um virkjun Jökulsár á Fjöllum og Jökulsdár á Dal og í framhaldi af því hófust athuganir á umhverfisáhrifum vegna hugsanlegra virkjunarframkvæmda samkvæmt þeirri hugmynd sem hv. fyrirspyrjandi vísaði nokkuð til áðan í máli sínu. Frá þessum tíma hefur verið að því unnið að leita leiða til að koma til móts við sjónarmið um umhverfisnvernd á svæðinu við hugsanlegar virkjunarframkvæmdir. Þetta mál hefur verið til meðferðar í samstarfsnefnd iðnrn. og Náttúruverndarráðs um orkumál, sem oft er nefnd skammstöfuninni SINO.

Vinnuhópur á vegum samstarfsnefndarinnar, SINO, hefur borið saman virkjunarkosti í Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Dal og lagði skýrslu fyrir samstarfsnefndina í apríl 1990. Þessi skýrsla var líka kynnt á fundi Náttúruverndarráðs í maí það sama ár. Á þeim fundi mótaði Náttúruverndaráð þá stefnu í sambandi við hugmyndir um virkjun Jökulsár á Fjöllum í eigin farvegi að vernda beri fossa í ánni þannig að í þeim verði eðlilegt vatnsmagn að sumarlagi og ekki skuli reisa virkjunarmannvirki í Jökulsárgljúfrum en hv. fyrirspyrjandi nefndi einmitt þann stað. Þessi stefna ráðsins var kynnt á fundi SINO í júní árið 1990. Í framhaldi af því var ákveðið að hefja myndatökur af Dettifossi til að kanna hvernig útlit hans breytist eftir vatnsmagni og framburði til sjávar. Að þessu verki er nú unnið og reyndar hefur það þegar leitt í ljós að fossinn hefur verið að breytast í sögunnar rás og má sjá það glöggt af samanburði misgamalla ljósmynda af honum.

Í þessu sambandi hefur einnig verið vakin athylgi á því að kanna þurfi umhverfisáhrif þess að aurburður ánna til sjávar muni að öllum líkindum minnka verði árnar virkjaðar. Orkustofnun hefur þess vegna gert frumkönnun á líklegum breytingum á ströndinni fyrir botni Héraðsflóa og fyrir botni Öxarfjarðar með hliðsjón af þeim vatnsflutningum sem greina eru taldir koma. Ef litið er á hagkvæmnissjónarmið, þá virðist hagkvæmara að veita vatni úr Jökulsá á Fjöllum yfir í Jökulsá á Brú en að virkja ána í eða við farveg hennar sjálfrar. Landsvirkjun er nú að kanna þennan möguleika nánar og virkjunarkosti sem því fylgja. Að tillögu fulltrúa Náttúruverndarráðs í SINO var í byrjun þessa árs samþykkt að ráða líffræðing til að fara yfir fyrirliggjandi gögn með sérfræðingum sem hafa unnið að umhverfisathugunum á svæðinu og leggja mat á umhverfisáhrif mismunandi virkjunarleiða á áhrifasvæði veitu og virkjana á landsvæðinu á milli jökulsánna, sunnan Þríhyrningsvatns. Þetta mat miðar m.a. að því að kanna og bera saman hugsanleg lónstæði. Það er gert ráð fyrir að niðurstöður liggi fyrir um miðjan næsta mánuð.

Með þessum orðum, virðulegur forseti, hef ég gert grein fyrir þeim umhverfisathugunum sem fram fara vegna hugsanlegra virkjanaframkvæmda við jökulsárnar á Norðaustursvæðinu.

Við þetta svar get ég svo bætt því að að sjálfsögðu verður umhverfisvernd í heiðri höfð við ákvarðanir um virkjunarframkvæmdir á þessu svæði enda hefur þess verið gætt við allar ákvarðanir um virkjunarframkvæmdir hér á landi, a.m.k. undanfarna tvo áratugi.

Jafnframt vil ég benda á að verði það frv. til laga um umhverfismat að lögum, sem lagt hefur verið fram hér á Alþingi, er alveg ljóst að ekki verður ráðist í virkjun Jökulsár á Fjöllum án þess að fyrir liggi vandað mat á áhrifum slíkrar virkjunar á umhverfið.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í örfáu orðum varpa fram þeirri spurningu hvort í því dæmi, þegar rætt er um heildarorku sem hagkvæmt sé að virkja á Íslandi, taki menn nægilegt tillit til umhverfisþátta. Það læðist að mér sá grunur að þegar farið er að leggja umhverfismat á hverja einstaka framkvæmd fyrir sig gæti komið út önnur stærð en sú sem er talað um í dag sem hina hagkvæmu vatnsorku tl þess að virkja. Þess vegna tel ég mjög brýnt að á þetta sé lagt mat í heild svo við göngum ekki á orkuforðann á þann hátt að það verði okkur Íslendingum til óþurftar þegar fram í sækir.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil nota tækifærið til að þakka fyrirspyrjanda fyrir fsp. vegna þess að ég held að það sé aldrei nóg af því gert að minna á umhverfismálin og að nauðsynlegt sé að taka þau með í reikninginn þegar menn meta hagkvæmni ýmissa framkvæmda. Okkur er mjög tamt að tala um það að við megum ekki skila kynslóðunum sem á eftir koma miklum erlendum skulum, við megum ekki eyða um efni fram og senda reikninginn á komandi kynslóðir. Það nákvæmlega sama á við og kannski enn frekar í umhverfismálum. Við megum ekki ganga svo á gæði umhverfisins að við skilum komandi kynslóðum mun verra landi en við tókum við. Við þurfum í rauninni að skila þeim betra landi.

Ég vil í þessu sambandi minna á þær hugmyndir sem nú eru uppi um að leiða íslenska raforku um hund til Evrópu. Menn hafa talað um í því sambandi að það kosti 200–300 milljarða kr. sem eru tvöföld fjárlög íslenska ríkisins og það skapi um 300 störf hér á landi í 15 ár. Þetta er allt sem á að skapast í kringum þetta. Nú eru menn að fara í hagkvæmniskönnun á þessu á vegum borgarstjórnar Reykjavíkur. Þá held ég einmitt að mjög mikilvægt sé að hafa umhverfismálin inni í þeirri mynd.

Fyrirspyrjandi (Karen Erla Erlingsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka svar ráðherra. Í mínum huga er enginn munur á því að virkja Dettifoss beint eða flytja ána í annan farveg. Ef flytja á orku út um sæstreng, sem væntanlega liggur út frá Austurlandi, og til þess þurfi helming af þeirri nýtanlegu orku sem til er í landinu hlýtur að þurfa að taka LSD í gagnið.

Ráðherra tekur fram að sú hugmynd sé uppi að vatni skuli hleypt á fossinn á ferðamannatímum. Það er skemmtileg framtíðarsýn í ferðamálum á Íslandi að hafa einhverja púka húkandi bak við hóla til að skrúfa frá vatnsrennslinu þegar ferðamenn ber að garði. Ég vek máls á þessu vegna starfa minna við ferðaþjónustu. Samkvæmt nýlegri könnun sem Vestnorden-nefndin lét gera meðal erlendra ferðamanna kom í ljós að ferðamenn koma til landsins fyrst og fremst til þess að berja hinar óviðjafnanlegu náttúruperlur landsins augum.

Í Jökulsárgljúfur og að Dettifossi koma á hverju sumri tugir þúsunda ferðamanna, bæði erlendir og innlendir. Ferðaþjónustan aflaði okkur meiri gjaldeyristekna í þjóðarbúið á síðasta ári en stóriðja. Í ferðaþjónustu er mikill vaxtarbroddur og gæti verið enn meiri og gæti, samkvæmt stefnumörkun Ferðamálaráðs Íslands, skilað okkur 2.200 nýjum atvinnutækifærum til aldamóta ef rétt verður haldið á málum.

Þessi fyrirhugaði raforkuútflutningur mun kosta okkur mikla fjármuni, eins og Ingibjörg Sólrún kom inn á áðan, ef hann á þá nokkurn tíma eftir að borga sig fyrir okkur. Auk þess skil ég ekki samhengið í því að velta fyrir sér þeim möguleika að flytja orkuna ónýtta úr landi á kostnað náttúruperlna sem við notum til þess að markaðssetja Ísland sem ferðamannaland úti í honum stóra heimi.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að þær ábendingar og athugasemdir sem hér hafa komið fram hjá hv. fyrirspyrjanda, hv. 6. þm. Norðurl. e. og hv. 10. þm. Reykv. um að það sé mikilvægt að taka tillit til umhverfissjónarmiða þegar vatnsorkan er nýtt eru sannarlega ummæli sem hægt er að taka undir. Ég vil benda á að nú er unnið að sérstöku umhverfismati á öllum virkjunarmöguleikum, sem fólgnir eru í vatnsafli, á vegum Orkustofnunar og Náttúruverndarráðs. Þá mun til skila haldið því sjónarmiði sem hv. 6 þm. Norðurl. e. nefndi að þyrfti að taka skipulega með í reikninginn þegar við metum á hvað leggja sig allar landsins ár samanlagt til virkjunarframkvæmda.

Ég vil líka, vegna þess sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, taka skýrt fram að það er mjög mikilvægt að reyna að leita allra leiða til þess að saman geti farið umhverfisvernd og hagnýting orkulinda. Ég bendi á að þessi tvö sjónarmið þurfa alls ekki alltaf að rekast á. Því er oft haldið fram án athugunar að það sé sjálfsagt mál að þarna sé um árekstur að ræða. Svo þarf alls ekki að vera og ég vil t.d. benda á að nýjar lausnir við gerð virkjana, m.a. með jarðgöngum í stað skurða af því að hv. fyrirspyrjandi nefndi það, hafa gefið okkur færi á því að varðveita yfirborð landsins þar sem það er verðmætt og mikils um vert með því að leiða vatnið frá lóni eða upphafsstað til virkjunarmannvirkja eftir jarðgöngum í stað skurða. Það er einmitt þessi lausn sem í senn er ódýrari og hagkvæmari frá sjónarmiði arðsemismats og náttúruverndar sem menn hafa fundið til þess að virkja Jökulsá á Fljótsdalsheiði.

Þetta vil ég nefna af því að það er ekki skynsamlegt að gefa sér alltaf fyrir fram að þetta tvennt geti ekki samrýmst. Það er stefnan að láta þetta tvennt fara saman. Ég bendi á að í því frv. sem fyrir liggur á Alþingi um umhverfismat er sérstök upptalning á því hvaða mannvirki það eru sem eru háð umhverfismati. Ég vona sannarlega að þingið samþykki það frv.

Aðstoð við íbúa fyrrum ríkja Júgóslavíu, ein umr.

Fsp. ISG, 224. mál. — Þskj. 272.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að segja það að tilefni þessarar fsp., sem ég ber fram til utanrrh. um aðstoð við íbúa fyrrum ríkja Júgóslavíu, er bréf sem formönnum þingflokka og utanrmn. Alþingis barst frá umræðuhópi um hjálp til júgóslavneskra barna en þessi umræðuhópur er starfandi á Seyðisfirði. Þarna tóku sig til nokkrir íbúar á Seyðisfirði sem ofbauð ástand mála í fyrrum ríkjum Júgóslavíu og fannst að Íslendingar mættu láta meira að sér kveða í þeim málum. Þeir settust niður og lögðu á ráðin um það með hvaða hætti þeir gætu komið inn í þessi mál. Með leyfi forseta, langar mig til að lesa úr bréfinu en þar segir:

„Vegna þess hörmulega ástands sem nú ríkir í löndum þeim eða landsvæðum sem áður voru Júgóslavía hefur myndast umræðuhópur á Seyðisfirði til að kynna sér þessi mál og um leið að reyna að gera sér grein fyrir hvernig koma mætti til hjálpar þeim sem þar verða verst úti, ekki síst börnum. Vitað er að ef ekkert verður að gert gætu hundruð eða þúsundir barna dáið á komandi vetri vegna næringarskorts, kulda og ónógrar aðhlynningar. Málið krefst bráðrar úrlausnar því að nú fer vetur í hönd syðra."

Síðan segir frá því að umræðuhópurinn hafi rætt þrjár hugsanlegar leiðir til hjálpar; fatasöfnun, peningasöfnun og að stofna stöðvar í öllum löndum þangað sem flytja mætti börn frá áhættusvæðum.

Það sem út úr þessu frumkvæði íbúanna hefur komið er að nú hafa þessir íbúar náð sambandi við fólk í Króatíu og eru að leita sér þar að þorpi til þess að komast í vináttutengsl við. Þau eru byrjuð á fatasöfnun og nú hafa Reyðfirðingar, eftir því sem mér skilst, bæst í hópinn og ætla að gera eitthvað svipað, þ.e. leita sér að þorpi sem þeir geta aðstoðað með einhverjum hætti.

Við stöndum núna andspænis einhverjum mesta flóttamannavanda í Evrópu sem um getur eftir seinni

heimsstyrjöld. Það eru 1,8 milljónir manna á faraldsfæti í fyrrum ríkjum Júgóslavíu og eiga tæplega höfði sínu nokkurs staðar að halla. 500 þúsund manns hafa flúið frá þessum svæðum til annarra ríkja í Evrópu og má í því sambandi nefna að Þýskaland hefur nú þegar tekið við 275 þúsund manns, Svíþjóð, eftir því sem mér skilst, um 40 þúsund manns og í Danmörku koma hundrað flóttamenn á hverjum degi, eftir því sem nýjustu fregnir herma, til þess að leita þar skjóls. Í Norrænu, sem kemur hingað til Íslands á hverju sumri, búa um þúsund flóttamenn frá fyrrum ríkjum Júgóslavíu þar sem hún liggur við festar við Islandsbrygge í Kaupmannahöfn. Nú hlýtur maður að spyrja vegna alls þessa hvað íslensk stjórnvöld hafa gert og hvað þau ætla að gera. Mér er kunnugt um að Kjartan Jóhannsson sat fund í Genf í júlímánuði þar sem rætt var um þennan flóttamannavanda og sú spurning vaknar auðvitað hvort Íslendingar þurfa ekki eins og aðrir að axla sína ábyrgð og taka á móti fólki. Ég spyr því:

„1. Með hvaða hætti hafa íslensk stjórnvöld liðsinnt stríðshrjáðum íbúum í fyrrum ríkjum Júgóslavíu?

2. Hvaða fyrirætlanir eru uppi meðal íslenskra stjórnvalda um að koma til hjálpar þeim tugþúsundum barna sem búa við stríðsátök, næringarskort og ónóga aðhlynningu á helstu átakasvæðum þessara ríkja, svo sem í Bosníu-Hersegovínu?“

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Á fundi Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna í Genf 29. júlí um neyðaraðstoð við fórnarlömb átakanna í fyrrum Júgóslavíu tilkynnti Ísland fyrsta framlag sitt sem þá var einungis 3 millj. kr. Næst hafði ríkisstjórnin frumkvæði að því að Rauði kross Íslands og Hjálparstofnun kirkjunnar stóðu fyrir sameiginlegri fjársöfnun í þágu flóttamanna í fyrrum Júgóslavíu og í þágu hungraðra í Sómalíu. Aðalfjársöfnunin fór fram í september sl. og söfnuðust alls um 23 millj. kr. Þar af var framlag ríkisstjórnarinnar 4 millj. Þá greiðir Ísland umtalsverðar fjárhæðir til Sameinuðu þjóðanna vegna friðargæslusveita í ríkjum fyrrum Júgóslavíu, alls um 10 millj. kr. á árunum 1992 og 1993.

Að frumkvæði utanrrh. stofnaði ríkisstjórnin 13. okt. sl. starfshóp um aðstoð við flóttamenn í fyrrum Júgóslavíu. Starfshópurinn afhenti ríkisstjórninni áfangaskýrslu um aðstoð við Slóveníu 27. okt. sl. í kjölfar heimsóknar utanrrh. þangað. Þar var m.a. gerð tillaga um fæði fyrir 8.800 einstaklinga í einn dag og yrði kostnaður íslenskra stjórnvalda þá 3 millj. kr. Ríkisstjórnin féllst á þessa tillögu 27. okt. sl. og mun Rauði kross Íslands hafa milligöngu um aðstoðina.

Þá afhenti starfshópurinn ríkisstjórninni tillögu um aðstoð við Króatíu og Bosníu-Hersegovínu þann 13. nóv. sl. og gerði tillögu um aðstoð að upphæð 16 millj. kr. Fallist var á tillögur starfshópsins en tillögur hans fela í sér þrennt:

1. Að Hjálparstofnun kirkjunnar og Rauði kross Íslands hefji í samstarfi við íslensk stjórnvöld fatasöfnun sem fram mun fara nú á næstunni. Tilgangurinn er að afla skjólfatnaðar fyrir veturinn í fyrrum Júgóslavíu. Áætlaður kostnaður sem greiðist af ríkisstjórninni er um 5 millj. kr.

2. Ísland tekur að sér að endurbyggja skóla, barnaheimili eða önnur mannvirki til hagsbóta fyrir flóttamenn. Áætlað framlag yrði um 6 millj. kr.

3. Að Ísland sendi matvæli sem þörf er fyrir í löndunum sem væntanlega yrði einkum sjávarfurðir og sláturafurðir. Það framlag yrði 5 millj., þá alls 16 millj.

Að því er varðar spurninguna um að taka á móti flóttamönnum þótt tímabundið væri, þá er margt að athuga. Útvega þarf fólkinu húsnæði, fatnað og viðurværi. Ekki væri unnt að tryggja flóttafólki atvinnu vegna þess að atvinnu er ekki að fá í flestum tilvikum. Spurning hefur vaknað um að taka á móti munaðarlausum börnum. Vegna hættuástandsins er ekki hvatt til slíkra flutninga af hálfu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og Barnahjálpar. Nýlega var t.d. skotið á rútu sem var full af munaðarlausum börnum. Reynt er að tryggja umönnun barnanna á staðnum og mælt með þeirri leið sem stefnu.

Innan Atlantshafsbandalagsins hafa átt sér stað umræður um hugsanlegar aðgerðir til stuðnings ákvörðunum Sameinuðu þjóðanna varðandi Júgóslavíu, svo sem hjálparstarfsemi og aðgerðir til verndar hjálparstarfseminni sem mikil þörf er á. Aðalframkvæmdastjóri hefur hvatt aðilarríkin til að gera uppskátt um fyrirhuguð framlög til hjálparstarfs. Í umræðum þessum hefur Ísland svarað því til að Ísland gæti að sjálfsögðu ekki lagt til herlið en að íslensk stjórnvöld mundu kanna á hvaða hátt Ísland gæti veitt stuðning. Ísland hefur til þessa ekki tekið þátt í almennri friðargæslustarfsemi en fulltrúar utanrrn., fjmrn. og Hjálparstofnunar kirkjunnar og Rauða kross Íslands vinna að tilnefningu fimm aðila sem Sameinuðu þjóðirnar geta leitað til vegna friðargæsluverkefna í ríkjum fyrrum Júgóslavíu og jafnframt hvernig við getum styrkt það fjárhagslega.

Önnur spurning hv. þm. var hvaða fyrirætlanir væru uppi um að koma til hjálpar þeim tugþúsundum barna sem búa við stríðsátök, næringarskort og ónóga aðhlynningu á átakasvæðum, svo sem í Bosníu og Hersegovínu. Ég hef þegar greint frá því hvað Ísland hefur gert fyrir stríðshrjáða íbúa fyrrum Júgóslavíu, en færa má rök fyrir að öll sú aðstoð gagnist einnig börnum út af fyrir sig. Fjársöfnun Rauða kross Íslands og Hjálparstofnunar kirkjunnar í þágu flóttamanna í Júgóslavíu og hungraðra í Sómalíu í september rann að verulegu leyti til barna. Verulegum hluta fjárhæðarinnar, um 23 millj., var varið í kaup á sérstökum barnapökkum eða matarpökkum og klæðisplöggum handa börnum. Verið er að kanna möguleika á endurbyggingu mannvirkja, t.d. sérstaklega barnaheimila og eldhúsa sem mundu fæða um 1.000 flóttamenn, þar á meðal konur og börn.

Að lokum vil ég víkja að hugmyndinni um brottflutning munaðarlausra barna frá fyrrum Júgóslavíu sem ég hef látið kanna sérstaklega. Í ljós kom að Flóttamannastofnun og Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna mæla ekki með slíkum flutningum og telja þá óæskilega. Þessar stofnanir telja mikilvægt að hafa

hagsmuni barnsins að leiðarljósi en kannanir hafa leitt í ljós að brottflutningur geti reynst börnunum óæskilegir. Viðskilnaður við fjölskyldu er oft meira áfall en vera viðskila við foreldra eða önnur ættmenni. Fyrrnefndar stofnanir hafa reyndar gefið út ítarlega yfirlýsingu um brottflutning barna frá fyrrum Júgóslavíu, dags. 13. ágúst sl., sem ég bendi áhugasömum aðilum á að kynna sér. Benda má t.d. á að börnum er talið betur borgið hjá vinum og ættingjum en hjá ókunnugum fjölskyldum. Aðskilnaður varir yfirleitt lengur en áætlað er og tengsl barnsins rofna við þjóð og menningu. Þá skal bent á að þegar markmið hernaðarátakanna er tilfærsla og búferlaflutningar þjóðarbrota, þá kann að vera þrýst á aðila að flytja börn burt í þessum tilgangi en hins vegar er mikil andstaða gegn því oft og tíðum af hálfu ættmenna og fjölskyldna.

Loks er rétt að benda á óvæntar stjórnmálaflækjur sem geta spillt fyrir árangri brottflutninga. Þá skal tekið fram að Rauði kross Íslands og Hjálparstofnun kirkjunnar eru sammála því mati er fram kemur að því er þetta varðar.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka þátt í þessari umræðu fyrst og fremst til þess að vekja athygli á því hversu gríðarlega stórt þetta vandamál er og að hér þurfi að koma framlag allra þeirra þjóða sem eitthvað geta lagt af mörkum og það mjög hressilega. Nú er ekki einungis yfirvofandi vetur heldur er vetur að ganga í garð og því skiptir tíminn verulegu máli. Jafnframt er það staðreynd að á mjög erfiðum svæðum, svo sem í lýðveldinu Bosníu-Hersegovínu eru 810 þúsund manns á faraldsfæti og það er einmitt í þessu ríki fyrrum Júgóslavíu sem stríðsátökin hafa verið einna hörðust að undanförnu.

Í Króatíu er samsvarandi tala 717.798 samkvæmt nýjum tölum. Hér er því um verulegan hóp fólks að ræða sem býr við ófrið og eymd.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka utanrrh. fyrir skilmerkileg svör við fsp. Þau voru reyndar kannski það ítarleg að það þarf aðeins að leggjast yfir þau til þess að skoða nánar þær tölur sem hann nefndi. Það er vissulega góðra gjalda vert það sem gert hefur verið og íslensk stjórnvöld hafa kannski látið meira fé af hendi rakna til þessa máls en oft hefur verið áður þegar vandi hefur steðjað að fjarlægum ríkjum.

Ég viðurkenni alveg þau rök sem fram hafa komið um að brottflutningur barna geti verið mjög óæskilegur og geti valdið þeim talsverðum skaða. Það sem hins vegar hlýtur að koma upp í hug fólks þegar svona mál er annars vegar er hvort barnanna bíði bráður bani eða ekki. Þá er betra að flytja þau þó að þau hljóti af því tímabundinn eða jafnvel einhvern skaða en þau hreinlega týni lífinu með því að vera á staðnum. Ef um þetta er að ræða þá blandast manni varla hugur um að brottflutningur geti verið betri.

Hins vegar langaði mig aðeins til þess að koma inn á flóttamannamálið vegna þess að mér fannst ráðherra svolítið víkja sér undan í því máli. Ég held að það sé alkunna víða um heim að Íslendingar séu taldir ógestrisnir gagnvart flóttamönnum. Við höfum ekki verið dugleg að taka á móti flóttamönnum og það er ekki nýtt. Það er gömul saga og við þurfum ekki annað en rifja upp sögurnar sem til eru um þá gyðinga sem hingað leituðu t.d. á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar. Það er alveg ljóst að Sameinuðu þjóðirnar hafa hvatt ríki Evrópu til þess að taka á móti flóttamönnum. Það eru að skapast mikil vandamál í flóttamannabúðum sem eru í fyrrum ríkjum Júgóslavíu eins og í Slóveníu og víðar. Þessi vandamál aukast eftir því sem búðirnar standa lengur. Fólk hefur það lítið við að vera og það skapast ýmis félagsleg vandamál á staðnum og þó að við höfum ekki vinnu að bjóða þessu fólki, þá á það auðvitað við um öll Evrópuríki. Það er atvinnuleysi og miklu meira atvinnuleysi í öðrum ríkjum Evrópu en hér hjá okkur. Við eigum nógan mat og við eigum nógan auð á Íslandi og getum vel tekið á móti fólki sem berst í bökkum í sínu heimalandi.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka hv. þm. fyrir að vekja athygli á þessu vandamáli. Það er ekki lengra síðan en í gær að mér barst bréf frá starfsbróður mínum í Slóveníu sem var þá nýkominn heim eftir heimsókn um Bosníu-Hersegovínu og sérstaklega Sarajevo. Þetta er í reynd neyðarkall vegna þess að þrátt fyrir að Rubel, utanríkisráðherra Slóveníu, sé kunnugur á þessum slóðum og hafi átt þarna marga vini og kunningja frá fyrri tíð, þá er lýsing hans vægast sagt hrollvekja. Hann beinir því beinlínis til starfsbræðra sinna í Evrópu að hrista af sér slenið og sameinast um það beinlínis að koma á vettvang til að sjá með eigin augum það þjóðarmorð sem þarna fer fram. Þær hörmungar sem blasa alls staðar við þar sem annars vegar er um að ræða með öllu varnarlaust fólk og hins vegar skipulagðar og grimmilega hervæddar morðsveitir.

Það er hverju orði sannara sem hér hefur verið sagt að mikið skortir á að samviska heimsins eða Evrópubúa hafi verið vakin í þessu máli. Það er vægast sagt dapurlegt að horfa á viðbrögð stjórnmálamanna sem kalla til ráðstefnu eftir ráðstefnu sem flestar hverjar renna út í sandinn. Ég tek undir með þeim sem segja: Það er nóg talað. Menn verða í alvöru að koma sér saman um til hvaða ráða skuli gripið til þess að stöðva þessar samviskulausu, tilgangslausu og hörmulegu blóðsúthellingar, enda er rík ástæða til að ætla, eins og Rubel getur um í þessu bréfi, að ef þetta heldur svona áfram, þá er þetta aðeins byrjunin á því sem í vændum er því að þetta mun breiðast út til Kosovo og Albaníu og verða með öllu gersamlega stjórnlaust.

Það er ástæða til þess að þakka frumkvæði starfshópsins á Seyðisfirði og annarra sem látið hafa sig þetta mál varða. Sérstaklega er einnig ástæða til þess að geta þess að því er varðar hin munaðarlausu börn þrátt fyrir það hversu erfitt það mál er að við erum að reyna að koma á milligöngu við einhverja aðila sem geta a.m.k. haft milligöngu þegar um er að ræða ósk-

ir foreldra sem vilja ættleiða börn þegar búið er að ganga úr skugga um að þau hafi raunverulega misst foreldra sína.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú lýsing sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. kemur heim og saman við það sem utanríkisráðherra Bosníu-Hersegovínu tjáði okkur á Evrópuþinginu síðast þar sem hann kom með neyðarkall fyrir hönd þjóðar sinnar og sagði að það væri verið að fremja þjóðarmorð í Bosníu-Hersegovínu. Hann bað um mat, klæði, byggingarefni, eldsneyti og annað það sem þeim mætti að liði verða. En hann sagði líka: Evrópa hefur yfirgefið okkur. Við eigum hvorki olíu né kjarnorkuvopn og það virðist vera það eina sem skiptir máli í heiminum í alþjóðastjórnmálum.

Það er alveg ljóst að þarna er hræðilegt ástand og þetta fólk þarf nauðsynlega á aðstoð að halda, en við hljótum að spyrja okkur þeirrar spurningar: Hvernig stendur á því að Evrópuríkin og Sameinuðu þjóðirnar ráða ekki yfir þeim tækjum að geta stöðvað þessi ósköp sem þarna eru á ferð? Ég tek undir það með hæstv. utanrrh. að menn verða að leggjast á eitt um að finna leiðir til þess að leysa þennan hræðilega vanda sem þarna er á ferð.

58. FUNDUR

fimmtudaginn 19. nóv.,
að loknum 57. fundi.

Dagskrá:

1. Hópuppsagnir, stjfrv., 20. mál, þskj. 20, nál. 266. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Vinnumarkaðsmál, stjfrv., 22. mál, þskj. 22, nál. 267. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Flugmálaáætlun og fjáröflun í flugmálum, stjfrv., 111. mál, þskj. 129. — 3. umr.
4. Starfsskýrslur Ríkisendurskoðunar 1990 og 1991. — Frh. einnar umr.
5. Vatnsorka, þáltill., 118. mál, þskj. 138. — Fyrri umr.
6. Lánasjóður íslenskra námsmanna, þáltill., 155. mál, þskj. 177. — Fyrri umr.
7. Flutningur ríkisstofnana, frv., 184. mál, þskj. 211. — 1. umr.
8. Bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda, frv., 187. mál, þskj. 215. — 1. umr.
9. Lögheimili, frv., 188. mál, þskj. 218. — 1. umr.
10. Umferðarlög, frv., 194. mál, þskj. 231. — 1. umr.
11. Eftirlit Landhelgisgæslunnar innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar, þáltill., 195. mál, þskj. 232. — Fyrri umr.
12. Tvöföldun Reykjanesbrautar, þáltill., 216. mál, þskj. 258. — Fyrri umr.
13. Ferðamál, þáltill., 220. mál, þskj. 263. — Fyrri umr.
14. Staðlar, stjfrv., 4. mál, þskj. 4, nál. 268. — 2. umr.
15. Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, stjfrv., 2. mál, þskj. 2, nál. 269, brtt. 270. — 2. umr.
16. Húsgöngu- og fjarsala, stjfrv., 10. mál, þskj. 10, nál. 275, brtt. 276. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Eiður Guðnason umhvrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.,
Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.,
Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjala:

Áburðarverksmiðja ríkisins, 238. mál. stjfrv., þskj. 307.

Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1992, 237. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 301.

Gerðir EB eftir mitt ár 1991 á sviði EES, 166. mál, svar utanrrh., þskj. 300.

Innflutningur á gröfupramma, 239. mál, stjfrv., þskj. 308.

Rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnsævi, 121. mál, svar sjútvrh., þskj. 294.

Stjórnarskipunarlög, 30. mál, nál. minni hluta stjórnarskrárnefndar, þskj. 302; brtt. minni hluta stjórnarskrárnefndar, þskj. 303.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna um að fyrirhuguð er hálftíma utandagskrárumræða sem hefst kl. 14.30. Hún fer fram að beiðni hv. 7. þm. Reykn. og er um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um að Ísland gerist aukaaðili að Vestur-Evrópusambandinu.

Hópuppsagnir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 20. mál. — Þskj. 20, nál. 266.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta þykir miður að verða að fresta þessari atkvæðagreiðslu, a.m.k. um sinn, þar sem ekki eru nægjanlega margir hv. þm. komnir til fundar. Verða því atkvæðagreiðslur látnar bíða þar til síðar á fundinum.

Guðni Ágústsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég sé ástæðu til að vekja athygli á að stjórnarliðar fylgja illa sínum málum. Hér eru örfáir heiðursmenn úr þeirra hópi mættir til þingstarfa eftir hádegi á fimmtudegi. Ráðherrabekkurinn til vinstri er ekki setinn og tveir ráðherrar eru á hægri hönd.

Það er auðvitað spurning sem ég velti fyrir mér hvort stjórnarliðar séu hættir á þingi. Hvort einhverjir hafi tilkynnt uppsögn starfa sinna hér í morgunsárið. (**Gripið fram í:** Að vera eða vera ekki.) (**Forseti:** Að gefnu tilefni vill forseti upplýsa hv. þm. um að samkvæmt töflu eru 19 stjórnarliðar í húsinu og 13 frá stjórnarandstöðu. Það gefur væntanlega skýringu og svar við athugasemd hv. þm.)

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Samkvæmt viðverutöflu eiga nú að vera nægjanlega margir þingmenn í húsinu til þess að atkvæðagreiðsla geti farið fram. Verður nú gerð önnur tilraun.

Forseti verður að endurtaka að honum þykir miður að þurfa að fresta atkvæðagreiðslum þar sem ekki eru nægjanlega margir þingmenn komnir til fundar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flugmálaáætlun og fjáröflun í flugmálum, 3. umr.

Stjfrv., 111. mál (gjald á flugvélaeldsneyti). — Þskj. 129.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hér hljóðs við 3. umr. til þess að koma á framfæri fyrirvara sem hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir hafði við afgreiðslu málsins úr nefnd en hann kom því miður ekki fram við 2. umr. málsins. Ég segi betra seint en aldrei og kem fyrirvara hennar hér með á framfæri.

Hv. þm. Jóna Valgerður segir að til þess að skoða þetta mál hafi verið skipuð nefnd frá þremur ráðuneytum til að fara yfir málið. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að þarna hefðu átt sér stað mistök sem bæri að leiðrétta. Þó voru ekki allir nefndarmenn sammála um málsmeðferð og vildi einn þeirra að samhliða færi fram endurskoðun á þeim samningi við Bandaríkin sem þessi undanþága byggði á.

Það er ekki ágreiningur um að við Íslendingar höfum hag af að gagnkvæm niðurfelling á þessum gjöldum sé í gildi og eigum vitaskuld að standa við áður gerðar skuldbindingar nema þeim sé sagt upp. Samningurinn sem gerður var á sínu tíma tók til tolla og skatta en hefur síðan verið túlkaður á ýmsa vegu. Samningurinn er í gildi fyrir alríkisstjórnina en gildir ekki fyrir fylkisstjórnir Bandaríkjanna. Það hefði því verið full ástæða til að nota þetta tækifæri til að endurskoða samninginn í heild sinni og fá fylkisstjórnirnar inn í það.

Nú skal ekkert um það sagt hvort það hefði skilað sér í fjárhagslegum ávinningi fyrir okkur Íslendinga. Um það er ekki hægt að dæma fyrir fram. En þessi samningur er orðinn gamall og tími til kominn að fara yfir hann að nýju miðað við breytta tíma.

Þetta er efnislega sá fyrirvari sem hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir hafði við afgreiðslu málsins úr nefnd. Hún gat þess einnig er hún gerði grein fyrir þessu gagnvart okkur öðrum kvennalistakonum að hún væri efnislega sammála frv. en fyrirvarinn lægi í því að hún vildi gera grein fyrir þessu sem hér hefur fram komið um leið. Hún tók það fram að ástæða væri til að endurskoða þennan samning sem þessi ákvæði byggja á með það að markmiði að fá fylkisstjórnirnar meira inn í það dæmi.

Ég tel að með þessum upplestri mínum hér hafi þessi fyrirvari komist til skila þó ekki sé fyrr en við 3. umr. og því sé öllum rétt gert til.

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Er ég mælti fyrir áliti samgn. við 2. umr. lét ég þess geti að hv. 6. þm. Vestf., Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, hefði ritað undir nál. með fyrirvara. Eigi að síður stendur hún að áliti nefndarinnar eins og raunar kom hér fram. Þó fyrirvari hennar hafi verið sá að koma því á framfæri að einn nefndarmanna í þriggja manna nefnd sem athugaði þetta mál hafi talið að ástæða gæti verið til að endurskoða þennan samning var það ekki álit nefndarinnar í heild. Það var heldur ekki álit okkar í samgn. sem afgreiddum málið að það væri sérstakt tilefni til þess. Nægilegt væri eins og gert er ráð fyrir í frv. að taka af tvímæli um það að ekki yrði lengur um mismunandi túlkun á þessum samningi að ræða og það kæmist á hreint. Þar eru hagsmunir okkar Íslendinga drjúgum meiri en Bandaríkjamanna. Ég tel ástæðu til að láta þetta koma hér fram þannig að nefndin sem heild stendur að frv. eins og það liggur fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vatnsorka, fyrri umr.

Þáltill. PP og StH, 118. mál. — Þskj. 138.

Flm. (Páll Pétursson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 138 um heildaráætlun um nýtingu vatnsorku. Flutningsmaður ásamt mér er hv. 7. þm. Reykn. Steingrímur Hermannsson.

Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera heildaráætlun um nýtingu vatnsorku á Íslandi. Áætlunin sé þannig unnin að unnt sé að bera saman nýtanlega virkjunarkosti með tilliti til umhverfisverndar, hagkvæmni og fyrirhugaðrar nýtingar."

Þessi tillaga var flutt á 115. þingi en varð ekki afgreidd og er því endurflutt óbreytt.

Á undanförnum árum hefur Landsvirkjun einkum

annast og kostað virkjunarrannsóknir. Landsvirkjun hefur byggt og rekur allar okkar stærri virkjanir þannig að segja má að þetta fyrirkomulag hafi verið eðlilegt. Landsvirkjun hefur enda eitt fyrirtækja í landinu haft burði til að reisa stórvirkjanir.

Nú eru stjórnvöld að gera gælur við það að einkavæða Landsvirkjun og kljúfa fyrirtækið þannig að búast má við að hún búi ekki við neinn einkarétt á hagkvæmustu virkjunarkostum í framtíðinni og komi til með að eiga í samkeppni. Ef verður af aðild okkar að Evrópsku efnahagssvæði verður ekki unnt að halda nýtingu orkulindanna í höndum Íslendinga til frambúðar. Þannig er ekki sanngjarnt að leggja allan kostnað af heildaráætlun um nýtingu vatnsorkunnar á Landsvirkjun og þar með láta þá sem nú kaupa raforku af Landsvirkjun bera allan undirbúningskostnaðinn. Eðlilegra er að frumáætlanir um virkjanaröð séu kostaðar af almannafé þótt sjálfsagt sé að nýta mannafla og þekkingu Landsvirkjunar til þessa verkefnis að einhverju leyti. Á hinn bóginn er sjálfsagt að Landsvirkjun annist hönnun og fullnaðarundirbúning þeirra virkjana sem fyrirtækið kemur til með að reisa.

Á undanförnum árum hafa Íslendingar fjárfest mikið í virkjunarframkvæmdum svo sem kunnugt er. Þessi fjárfesting hefur í sumum tilfellum verið allt of tilviljanakennd, bæði hvað varðar markaðssetningu orkunnar og val virkjunarstaða og stundum hefur ekki verið leitað umhverfisvænstu virkjunarkosta. Um þetta gæti ég nefnt sláandi dæmi en ætla ekki að gera það hér. Þá hefur reynslan leitt í ljós að fram hafa komið nýjar og miklu vænlegri leiðir hvað snertir tilhögun virkjananna eftir að þær hafa verið ákveðnar og jafnvel verið komnar á framkvæmdarstig. Nægir þar að nefna Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun.

Hvað Blönduvirkjun varðar gjörbreyttist virkjunartilhögun frá frumáætlun og veituleið var breytt eftir að langt var liðið á framkvæmdatímann. Þá var heppilegasta virkjunartilhögun ekki valin með tilliti til náttúruverndar þar sem vistvænni virkjunarkostum var hafnað alveg að óathuguðu máli þar sem „ekki ynnist tími til“ eins og það var orðað á sínum tíma að gera nauðsynlegar rannsóknir til undirbúnings raunhæfs kostnaðarsamanburðar.

Hvað Fljótsdalsvirkjun áhrærir var upphaflega áformað að ráðast í virkjun Bessastaðaár, en síðan voru sett lög 1981 á grundvelli tilhögunar sem Orkustofnun og Landsvirkjun töldu þá heppilegasta. 1989 gerðu norskir verkfræðingar tillögur um gjörbreytingu á veitukerfi virkjunarinnar og lögðu til að í stað ógnarlegra veituskurða og stíflugerða yrðu boruð göng til að veita vatninu að virkjuninni. Þetta var miklu umhverfisvænni og hagfelldari lausn en sú sem áður hafði verið talin fullrannsökuð og talin sú besta. Þetta hefur verið staðfest með útboðum. Því miður eru horfur á að virkjun í Fljótsdal dragist vegna frestunar á byggingu álvers. Nú hafa enn komið fram hugmyndir sem benda til þess að ekki sé endilega enn þá fundið heppilegasta frambúðarfyrirkomulag virkjunar í Fljótsdal.

Settar hafa verið fram hugmyndir um Austurlandsvirkjun af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. Þessar hugmyndir snerta Fljótsdalssvirkjun mjög og benda á margar leiðir til virkjunar Jökulsár á Brú og Jöklulsár á Fjöllum, m.a. niðri í Fljótsdal. Þá eru uppi hugmyndir um Hraunavirkjun sem nýtti vatn af hálendinu austan Fljótsdals. Auk ofantaldra virkjunarhugmynda eru uppi lauslegar hugmyndir um virkjanir sem til greina gætu komið, í Jökulsánum í Skagafirði, Skjálfandafljóti og neðri hluta Þjórsár. Áætlanir um virkjanir á efra Þjórsársvæðinu eru hins vegar lengra komnar.

Við flm. tökum að svo stöddu ekki afstöðu til einstakra hugmynda enda eru umhverfissjónarmið einungis að litlu leyti athuguð. Þó er óhjákvæmilegt að kanna þessar hugmyndir nánar í sambandi við aðrar virkjunarframkvæmdir á viðkomandi svæðum. Það er mjög mikilvægt áður en ráðist er í virkjun að hafa heildarmynd af framtíðarfyrirkomulagi nýtanlegs vatns þannig að með einum virkjunaráfanga sé ekki komið í veg fyrir aðra og ætíð sé leitað umhverfisvænstu leiða enda standist þær eðlilegan kostnaðarsamanburð. Það ber að leggja höfuðáherslu á það að haga virkjunum þannig að þær spilli umhverfinu sem allra minnst og okkur ber að umgangast landið með siðlegum hætti og vinna því ekki tjón ef unnt er að komast hjá því. Uppistöðulón eyðileggja sums staðar gróðurlendi og það ber að forðast ef unnt er. Við verjum miklum fjármunum til uppgræðslu á Íslandi og almennur skilningur er á nauðsyn þess. Því er sárt að eyða gróðurlendi í stórum stíl vegna virkjunarlóna. Sumarið 1991 eyddist meira gróðurlendi vegna virkjunarframkvæmda á Íslandi en gerst hefur áður af mannavöldum á einu sumri. Þá ber að hafa hliðsjón af varðveislu fagurra fossa og annarra merkilegra náttúrusmíða. Umhverfismál varðandi línulagnir verður einnig að gaumgæfa vandlega og leita bestu leiða. Umfjöllun um virkjunarkosti tekur tíma og kanna verður öll sjónarmið. Sennilega er óhjákvæmilegt að afskrifa alveg suma fjárhagslega hagkvæma virkjunarkosti vegna umhverfisverndar.

Á undanförnum árum hefur stundum gleymst að gera ráð fyrir því á fullnægjandi hátt hvar og til hvers eigi að nota orkuna frá þeim orkuverum sem byggð hafa verið eða ákveðið hefur verið að byggja. Þetta leiðir til mikils óþarfa kostnaðar við flutning orkunnar og til mjög mikils aukakostnaðar á raforku til almennra notenda vegna tímabundinnar offjárfestingar í virkjunum. Reykvíkingar þurfa að borga allt að 15% hærra raforkuverð vegna Blönduvirkjunar samkvæmt úttekt tímaritsins Vísbendingar.

Þetta er ekki skynsamlegt háttalag. Á sínum tíma hefði verið miklu réttara að ráðast í 35 mw virkjun á Villinganesi í Skagafirði á undan Blönduvirkjun enda væri virkjað fyrir innlendan markað. Samningar um sölu á raforku til stóriðju á framleiðslukostnaðarverði eru enn ekki í höfn. Vonandi tekst okkur að selja raforku til stóriðju innan allt of langs tíma á því verði sem það kostar að framleiða hana. Þjóðarbúið þarf á því að halda að framleiðsla aukist í landinu. Fiskstofnar eru flestir fullnýttir og útflutningsiðnaðurinn á erfitt uppdráttar svo sem menn vita og það blæs ekki byr-

lega með landbúnaðarframleiðslu.

Þá hafa verið settar fram athyglisverðar hugmyndir um útflutning raforku með sæstreng. Verðmætin skapast að vísu fyrst og fremst þar sem raforkan er nýtt en ekki þar sem hún er framleidd. Þrátt fyrir það getur raforkuútflutningur, ef hann er skattlagður til ríkisins, orðið raunhæfur kostur innan fárra áratuga. Ef virkjað er til útflutnings raforku ber að virkja austan lands og norðan þar sem styttra er að flytja orkuna. Þar er a.m.k. þriðjungur af hagkvæmustu vatnsorkunni. Ástæða er til að leggja áherslu á mikilvægi þess að velja stóriðjuverum stað með hliðsjón af æskilegri byggðaþróun, umhverfismálum og öðrum aðstæðum en láta staðarvalið ekki í hendur erlendra fyrirtækja eins og gert var þegar menn voru að sýsla við hugmyndina um álver á Keilisnesi. Heppilegur undirbúningstími virkjana er 12–15 ár og þó að nú sé hlé á virkjunarframkvæmdum tel ég að það sé mjög mikilvægt að halda áfram rannsóknum og undirbúningi, m.a. til þess að nýta þekkingu og mannafla svo ekki þurfi að rasa um ráð fram þegar úr rætist. Það er þess vegna sem tillagan er flutt.

Ég legg svo til, frú forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til umfjöllunar í hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, fyrri umr.

Þáltill. FI o.fl., 155. mál (endurskoðun laga). — Þskj. 177.

Flm. (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um endurskoðun á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð ísl. námsmanna. Flm. ásamt mér eru hv þm. Svavar Gestsson, Valgerður Sverrisdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Páll Pétursson. Tillagan er á þskj. 177 og þetta er 155. mál þingsins. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 21/1992, um Lánasjóð ísl. námsmanna. Nefndin skal m.a. skipuð fulltrúum allra þeirra námsmannasamtaka sem hagsmuna eiga að gæta og fulltrúum allra þeirra stjórnmálaflokka sem nú eiga sæti á Alþingi. Í starfi sínu skal nefndin hafa hliðsjón af þeirri reynslu sem fengin er af nýsettum lögum um Lánasjóðinn og þeim tillögum sem fram hafa komið á Alþingi og frá námsmönnum um breytingar á lögunum."

Reynslan af lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna, sem sett var í vor, er smátt og smátt að koma í ljós. Því miður er það svo að spár hinna svartsýnustu í þessum efnum virðast ætla að ganga eftir. Þessu til stuðnings ætla ég að nefna örfá dæmi.

Í fyrsta lagi ætla ég að minnast örlítið á það víðtæka vald sem stjórn lánasjóðsins var veitt með þessari lagabreytingu sl. vor. Iðnskólanum í Reykjavík er gert að spara og draga það mikið úr kennslu að henn getur ekki boðið fram nema 75% af því sem gert er ráð fyrir á námsskrá skólans svo enginn námsmaður getur í raun og veru tekið meira en 75% nám í þeim skóla. Þar af leiðandi getur enginn fengið lán úr lánasjóðnum nema sem nemur 75% af láni.

Annað dæmi er það að mastersnám í Bandaríkjunum er yfirleitt 9 einingar. Stjórn lánasjóðsins veit auðvitað að mastersnám í Bandaríkjunum er ekki meira en 9 einingar. Stjórn lánasjóðsins ætlar hins vegar taka þá ákvörðun, ef hún hefur ekki gert það á sínum síðasta fundi, að mastersnámið skuli vera að hennar mati 12 einingar í Bandaríkjunum. Þetta þýðir það að enginn námsmaður sem er í mastersnámi í Bandaríkjunum getur tekið nema 9 einingar þrátt fyrir góðan vilja. Það er bara ekki meira boðið fram. Hins vegar verður hann fyrir þeirri skerðingu að fá ekki nema 75% af láni vegna þess að stjórn lánasjóðsins lítur svo á að hann eigi ekki að fá nema 75% af námsláni af því að hann tekur ekki nema ¾ af því sem stjórnin setur upp þó svo að skólinn bjóði ekki fram meira.

Fleiri dæmi væri hægt að nefna en stuttur tími er hér til að mæla fyrir þáltill. svo ég ætla ekki að nefna fleiri dæmi því að ég þarf að koma að öðru er tengist þessu máli frá upphafi. Þetta staðfestir auðvitað að stjórnin er að reyna að leita leiða til þess að þurfa ekki að greiða út nema aðeins 75% af lánum til þeirra sem þurfa á lánum að halda.

Önnur dæmi vil ég nefna um það hvernig stjórnin hefur með framkvæmd sinni gert hæstv. menntmrh. ómerkan orða sinna við 2. umr. þessa máls þegar frv. var til meðferðar á Alþingi sl. vor. Ég vil þar nefna nokkur dæmi og spyrja hæstv. ráðherra um leið hvort þetta sé í samræmi við það sem hann ætlaðist til á þeim tíma.

Í fyrsta lagi er það varðandi skólagjöldin. Í svari sínu við fsp. frá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur þar sem hún spyr um lán fyrir skólagjöldin, svarar hæstv. menntmrh. á þessa lund, með leyfi forseta: „Þingmaðurinn spurði í ræðu sinni hvort lánað yrði fyrir skólagjöldum. Því get ég svarað játandi. Það verður lánað fyrir skólagjöldum og lánin verða veitt eftir á. Það verður einnig væntanlega bætt við fyrir vöxtum sem falla á upphæðina t.d. frá hausti og þar til í febrúar þegar gert er ráð fyrir að lánin verði greidd út."

Nú er það svo að stjórnin lánar ekki nema fyrir þeirri upphæð sem er umfram 15 þús. kr. á ári í skólagjöld. Í Háskóla Íslands eru skólagjöldin 17 þús. kr. sem renna beint til háskólans. Síðan er viðbótaruppæð upp í 22.350 kr. sem rennur til námsmannasamtakanna. Í raun má segja að þrátt fyrir þessa yfirlýsingu hæstv. ráðherra frá því við 2. umr. í vor láni stjórnin ekki nema 12% skólagjöldum við Háskóla Íslands. Ég trúi því ekki að það sé þetta sem hæstv. menntmrh. hafi átt við sl. vor þegar hann viðhafði þessi orð.

Varðandi lán fyrir vöxtum segir menntmrh., og enn er hæstv. menntmrh. að svara hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur og segir svo, með leyfi forseta:

„Ég hef áður lýst því yfir í sambandi við skóla-

gjöld að áfallnir vextir, sem námsmenn verða að greiða bönkum, verða bættir, þ.e. þeim verður bætt við lánin. Það gildir um öll almenn lán sjóðsins hvort sem um er að ræða lán til skólagjalda eða framfærslu."

Stjórn lánasjóðsins hefur tekið þá ákvörðun að öllum skuli lánað fyrir vöxtum óháð því hvort námsmenn taka lán í banka. Það er föst upphæð sem námsmenn fá fyrir vöxtum, ákveðin upphæð og hún er reiknuð þannig að í raun er bara verið að lána fyrir 80% af vaxtakostnaðinum þannig að 20% af vaxtakostnaði þeirra sem raunverulega verða fyrir vaxtaútgjöldunum eru ekki bætt. Ég er sannfærður um að það var ekki þetta sem hæstv. mentmrh. átti við í vor þegar hann var að svara hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur. Þar að auki er nú farið að bæta við lán þeirra sem í raun og veru þurfa ekki á aðstoð sjóðsins að halda af því að þeir taka ekki bankalán en taka sér lán í lánasjóðnum af því að það er á hagstæðum kjörum m.a. Ég er þá ekki að mæla með vöxtunum en það eru hagstæðir vextir á þessum lánum þótt þeir hefðu aldrei átt að koma á. Ég hef lýst því áður og hef ekki tíma til að lýsa því nánar hér.

Í þriðja lagi spurði hv. þm . Valgerður Sverrisdóttir um ferðakostnaðinn og þá svaraði hæstv. menntmrh. svo með leyfi forseta: „Þingmaðurinn spurði hvort lánað yrði fyrir ferðakostnaði. Það er gert ráð fyrir að ferðastyrkir sem eru í gildandi lögum falli niður. Í stað þess er sjóðstjórn heimilt að taka tillit til búsetu. Það verður því lánað fyrir ferðakostnaði. Sá kostnaður verður reiknaður inn í framfærslulánin og greiddur eftir á með bótum fyrir vaxtakostnaði eins og ég hef áður sagt. Ég hef rætt það sérstaklega við fulltrúa ríkisins í stjórn lánasjóðsins að fullt tillit verði að taka til ferðakostnaðar, ekki síst hér innan lands og ég trúi því að það verði gert."

Hvernig hefur verið staðið við þetta loforð, hæstv. menntmrh.? Lán fyrir ferðakostnaði til Evrópu er 26 þús. kr. Ferð fram og til baka til Kaupmannahafnar, sem námsmenn geta fengið, kostar 62.290 kr., til London 58.160 kr. Lán fyrir ferðakostnaði til Bandaríkjanna eru 40 þús. kr. Ferð fram og til baka til New York kostar 82 þús. kr. Var það þetta sem hæstv menntmrh. átti við í vor þegar hann svaraði hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur? Nei. Það var ekki þetta. Ég er sannfærður um það.

Ég er líka sannfærður um það að hæstv. menntmrh. meinti allt gott með þessu í vor. Hann ætlaði sér að þetta gengi fram með allt öðrum hætti en stjórn lánasjóðsins hefur framkvæmt þetta. Ég er sannfærður um að það fylgdi góður hugur máli hjá hæstv. menntmrh. í vor þegar hann talaði fyrir þessu máli og svaraði spurningum. En af því hvernig stjórn lánasjóðsins hefur hagað sér segi ég: Því miður er það svo að hún hefur að mörgu leyti ómerkt þær yfirlýsingar sem hæstv. menntmrh. gaf við umræðuna í vor.

Varðandi atriðið í 6. gr., um eftirágreiðslurnar, sem var gríðarlega umdeilt atriði á síðasta þingi þegar verið var að afgreiða málið og af því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson situr hér í salnum, formaður þingflokks Alþfl., ætla ég að rifja upp nokkur dæmi — og þau væri hægt að hafa miklu fleiri — um hvaða afleiðingar 6. gr. hefur haft fyrir fólk sem er í námi:

1. Ung hjón með tvö börn, karlinn í viðskiptafræði á þriðja ári og konan í lögfræði á öðru ári treystu sér ekki til þess að taka meiri lán í banka en þau voru búin að gera áður og hættu því bæði í námi.

2. Par sem er í sambúð, bæði í verkfræði við Háskóla Íslands, fengu ekki sjálfskuldarábyrgð þegar þau komu í banka af því að þau skulduðu svo mikið fyrir og ábyrgðarmennirnir voru ekki alveg nógu traustir. Þau þurftu að hætta námi.

3. Einstæð móðir á öðru ári í heimspekideild með eitt barn fékk aðstandendur sína til þess að skrifa upp á sjálfskuldarábyrgð á viðkomandi láni. Þegar bankinn fór að skoða sjálfskuldarábyrgðina kom í ljós að þessir aðstandendur voru bara ekki nógu góðir pappírar í bankanum. Það er því alls ekki hægt að lána viðkomandi aðila. Það blasti ekkert annað við hjá þessari stúlku en að hætta námi. Hins vegar heldur hún áfram enn þann dag í dag vegna þess að hún býr hjá vinkonu sinni sem vinnur úti og heldur henni uppi.

4. Piltur á fyrsta ári í lagadeild sem er orðinn 25 ára gamall kemur inn í banka og ætlar að fá lán til framfærslu þennan tíma þangað til lánasjóðurinn kemur inn og aðstoðar. Hann hafði lent í því að skrifa upp á fyrir vin sinn og lenti á svörtum lista. Niðurstaðan varð sú að bankinn hafnaði umsókn hans.

Ég get nefnt mýmörg önnur dæmi en tími vinnst ekki til þess. Ég veit að fleiri þingmenn geta nefnt dæmi alveg sambærileg þeim sem hér er minnst á.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði við lokaafgreiðslu þessa máls, með leyfi forseta:

„Ég ítreka það hins vegar að leiði reynslan í ljós að 6. gr. hindri menn í að stunda nám sitt með eðlilegum hætti, þá áskil ég mér allan rétt til að eiga þátt að breytingum á því ákvæði í framtíðinni, enda sýnist mér nú að það sé að skapast vilji til þess innan stjórnarliðsins, jafnvel innan Sjálfstfl. Ég segi því, virðulegi forseti, að þessu sinni já."

Ég veit ekki hvort hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni duga þessi dæmi sem ég hef hér nefnt til þess að vilja eiga aðild að breytingu á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Hann mun vonandi svara því á eftir. Hins vegar hefur það komið fram, bæði hjá flokksstjórn Alþfl., einstökum þingmönnum Alþfl. og fleiri stofnunum Alþfl. að það er vilji fyrir því í Alþfl. að breyta. Hæstv. menntmrh. hefur hins vegar þvertekið fyrir það að breyting komi til greina. Ég skil það auðvitað. Það var mikið streð og erfitt hjá hæstv. menntmrh. að koma þessu máli í gegnum þingið og í sjálfu sér, hversu slæmt sem málið er nú, skal ég viðurkenna að það er visst afrek hjá hæstv. menntmrh. að hafa komið málinu í gegnum þingið. Ýmsir fleiri menntamálaráðherrar hafa reynt það og þá sérstaklega menntmrh. Sjálfstfl. en hafa ekki haft þá burði sem núv. hæstv. menntmrh. hefur til þess að koma máli eins og þessu í gegnum Alþingi. Það er því út af fyrir sig afrek þótt málið sé óskaplega fjandsamlegt námsmönnum og hefði betur farið svo að það hefði ekki farið í gegnum Alþingi.

Rök hæstv. menntmrh. fyrir því að ekki komi til

greina að gera neinar breytingar eru þau að ekki sé enn farið að reyna á hvernig lögin verði í framkvæmd. Þessi dæmi sem ég hef nefnt eru auðvitað staðfesting á því að það er farið að reyna á lögin að vissu leyti. Hins vegar var mjög fróðlegur allur rökstuðningur hæstv. menntmrh. fyrir því að þessi breyting þyrfti að eiga sér stað á gömlu lögunum um námslán og námstyrki sem voru frá árinu 1982. Öll sú breyting var rökstudd út frá því að það væri svo ofboðsleg skuldasöfnun að eiga sér stað hjá lánasjóðnum og hann yrði gjaldþrota innan tíðar. Maður hefði auðvitað haldið að þarna væri verið að kippa ákveðnum hlutum í lag. Nú liggja þær upplýsingar fyrir að sennilega muni lántaka lánasjóðsins aldrei verða meiri en árið 1996 þegar verulega er farið að reyna á lögin. Öll þessi rök gilda ekki, hæstv, menntmrh. Breytingin var þess vegna óþörf. Það var ekki í raun og veru farið að reyna á gömlu lögin.

Þar að auki var hamrað á því í allri umræðunni um lögin sl. vor að aðalvandamál sjóðsins sem hann stæði frammi fyrir væri það að í gegnum tíðina hefðu verið tekin svo óskaplega mikil lán. Lánasjóðurinn fær 2.220 millj. kr. á fjárlögum ársins 1992. Hann fær lántökuheimild fyrir 750 millj. kr. Nú eru menn að sýnast í fjáraukalagafrv. með því að taka 220 millj. og lækka ríkisframlagið í lánasjóðinn. Framkvæmdastjóri lánasjóðsins staðfesti á fundi menntmn. Alþingis fyrir skömmu að það blasti við að í desember þyrfti sjóðurinn að nýta 750 millj. kr. lántökuheimildina sem hann hefði. Hvað eiga svona vinnubrögð að þýða? Það er vitað að vandamál sjóðsins, ég get tekið undir það, var að hann var settur í þá stöðu að þurfa að taka verulega lán í gegnum tíðina. Núna gafst tækifæri til að auka ríkisframlagið. En var það gert? Nei. Það er fært til baka og sjóðnum er vísað á lántökur. Ég skil ekki svona vinnubrögð.

Virðulegi forseti. Tími minn er á þrotum svo ég legg til að að lokinni fyrri umr. verði málinu vísað til síðari umr. og hv. menntmn.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Í þessari þáltill. er lagt til að Alþingi skipi nefnd til að endurskoða nýsett lög um Lánasjóð ísl. námsmanna. Nefndinni er síðan ætlað að hafa hliðsjón af þeirri reynslu sem fengin er af lögunum nýsettu og þeim tillögum sem fram hafa komið á Alþingi og frá námsmönnum um breytingar á lögunum. Fyrst er rétt að taka fram, eins og áður hefur komið fram á Alþingi í vetur, að mér sýnist ótímabært að draga lærdóma af framkvæmd nýrra laga um LÍN nú þegar nýbyrjað er að vinna eftir þeim. Það er ekki hægt að fullyrða um áhrif laganna á fjölda námsmanna og framtíðaráform þeirra. Ég nefni það sem ég hef raunar gert fyrr að áður voru allir námsmenn sem þegið höfðu lán sjálfkrafa skráðir sem umsækjendur hjá LÍN. Nú hefur því verið breytt á þann veg að allir þurfa að sækja um. Enginn er skráður sjálfkrafa sem umsækjandi.

Fækkun innritana í háskólann kann að eiga margar skýringar aðrar en þær að breyttar reglur LÍN komi þar til. Aðsókn í suma aðra skóla á háskólastigi hefur aukist. Það er ekki óeðlilegt að ætla að slíkt hafi áhrif til fækkunar í Háskóla Íslands. Hækkuð innritunargjöld á háskólastiginu hafa áreiðanlega sín áhrif. Það hefur verið talið að tiltölulega stór hluti skráðra nemenda í Háskóla Íslands sé óvirkur, þ.e. skrái sig en stundi ekki nám. Um það eru til tölur. Augljóslega hlýtur hækkun innritunargjalda að valda fækkun í þessum hópi óvirkra nemenda. Mér segir svo hugur að þær tölur um nemendafjölda í háskólanum sem við höfum séð haust gefi réttari mynd af raunverulegum fjölda nemenda í skólanum en tölur fyrri ára.

Mér þykir óneitanlega dálítið furðulegt að sjá því haldið fram í greinargerð með þessari þáltill. að við meðferð frv. um LÍN á Alþingi á síðasta vetri hafi öllum brtt. við frv., svo og öllum tillögum stjórnarandstöðunnar um samstarf og samvinnu milli hennar og ríkisstjórnarinnar um lagasetninguna, verið hafnað af ríkisstjórnarflokkunum. Flm. tillögunnar neyða mig til að rifja það upp, og ég tala þar sérstaklega til 1. flm., að ég lét reikna sérstaklega út áhrif hugmynda hans um endurgreiðslukerfið. 1. flm. vildi láta endurgreiðslur vera tekjutengdar fyrstu 25 árin en að eftirstöðvar yrðu greiddar upp ótekjutengt á næstu 15 árum þar á eftir. Þetta lét ég reikna sérstaklega því að ég vildi skoða allar hugmyndir og tillögur frá stjórnarandstöðunni ef það mætti verða til þess að hægt væri að ná sáttum um málið. Ég þarf ekki að minna hv. þm. á að niðurstaðan varð sú að kerfið, sem hann lagði til, var alveg ótækt, bæði fyrir sjóðinn sjálfan og ekki síður fyrir lánþegana, sérstaklega þá sem voru tekjulágir. Skipti þá engu hvernig reynt var að lappa upp á þessar tillögur. Ég minni á að það var horfið frá því að festa vaxtaprósentuna við 3% eins og var í frv. og ákveðið að hafa breytilega vexti allt að 3%. Hugmyndin um að festa ekki prósentuna var komin frá hv. þm. Svavari Gestssyni og það var tekið tillit til þess sem hann lagði til. Ríkisstjórnin ákvað síðan að vextirnir yrðu aðeins 1%.

Ég minni einnig á að komið var m.a. til móts við námsmenn með því að kveða á um að þeir sem höfðu tekið lán bæði í gamla kerfinu og því nýja þyrftu ekki að greiða samhliða af lánum í báðum kerfum. Tekjutengingu endurgreiðslna var í meðförum þingsins breytt þannig að í stað þess að endurgreiðslur væru 4% fyrstu fimm árin og 8% eftir það var ákveðið að þær yrðu 5% fyrstu fimm árin og 7% eftir það. Það bætir hag lántakenda til lengri tíma litið.

Í greinargerð með þáltill. eru talin fimm atriði sem legið hafi til grundvallar gömlu lögunum um LÍN frá 1982. Ég þarf ekki að taka það fram að flm. telja að frá öllum þessum fimm atriðum hafi nú verð vikið:

„1. Að hlutverk lánasjóðsins væri að jafna aðstöðu manna til náms.“ Þetta markmið er óbreytt í núgildandi lögum. Það er markmið LÍN að tryggja mönnum jafna aðstöðu til náms án tillits til efnahags og það er tryggt í lögunum.

„2. Að tekið væri tillit til aðstæðna námsmanna meðan á námi stæði.“ Í gildandi lögum er tekið ríkt tillit til aðstæðna námsmanna, m.a. fjölskyldustærðar,

raunar mun meira tillit en hjá öðrum þjóðum.

„3. Að við endurgreiðslu námslánanna að námi loknu skyldi tekið tillit til tekna lánþega." Þetta er gert í gildandi lögum. Endurgreiðslur fara algerlega eftir tekjum lánþega.

„4. Að lánin skyldu ekki bera vexti." Hér var breyting gerð og kveðið á um að lánin skuli bera væga vexti, mun lægri en gerist á opnum markaði.

„5. Að endurheimtuhlutfall lánanna skyldi vera sem hæst." Þetta er einmitt eitt af því sem misbrestur varð á í framkvæmd eldri laganna en reynt er að bæta úr með hinum nýju.

Mikilvægt er að hafa í huga að þeir sem stóðu að samþykkt nýrra laga um LÍN á síðasta vori voru að bregðast við gífurlegum vanda sjóðsins og fyrirsjáanlegu rekstrarþroti hans. Þeir sem farið höfðu með málefni LÍN síðustu árin á undan höfðu umgegnist lánasjóðinn af fullkomnu kæruleysi og í raun vísað vandanum yfir á framtíðina. Það var gert með því að auka útlán sjóðsins stórkostlega á sama tíma og framlög til hans voru lækkuð. Það mátti öllum vera ljóst hvert stefndi. Lögin sem samþykkt voru í vetur sem leið eiga að tryggja áframhaldandi rekstur LÍN og að sjóðurinn geti eftir sem áður gegnt því hlutverki sínu að gera íslensku námsfólki kleift að stunda nám sitt án tillits til efnahags. Gjaldþrota lánasjóður tryggir engum jafnrétti til náms. Fjárhagslega öflugur lánasjóður er trygging fyrir því að aðrir en þeir einir sem eru efnameiri geti stundað nám við sitt hæfi.

Ég hef víst varla tíma til þess að svara nokkru af því sem kom fram í ræðu hv. 1. flm. Ég vil aðeins geta þess varðandi lðnskólann að þær fyrirætlanir skólans hafa verið leiðréttar. Skólinn mun því bjóða upp á fullt nám og nemendur fá þar af leiðandi fullt lán. Ég hef svarað því áður sem hv. þm. tiltók og sagði að stjórn lánasjóðsins hefði haft að engu. Ég hef svarað þessu öllu áður og skal gera það enn á ný í ræðu þá hér seinna. Ég hef ekki tíma til þess núna þar sem ræðutími minn er liðinn en ég geri það síðar í umræðunni.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Sem einn af flm. þessarar tillögu taldi ég rétt að kveðja mér hljóðs og fara nokkrum orðum um þau rök sem flutt hafa verið gegn því að breyta lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Rökin sem fram hafa komið hjá hæstv. menntmrh. og hv. þm. Alþfl. eru þau að það sé ótímabært. Reynslan hafi ekki skorið úr um breytingarnar. Það er m.a. bent á það af hæstv. menntmrh. að þær tölur sem liggi fyrir um Háskóla Íslands segi ekki alla sögu af því að það hafi fjölgað í öðrum skólum á háskólastigi.

Ég tel óhjákvæmilegt að svara þessum rökum vegna þess að ég tel að þetta séu einu rökin sem fram hafi verið talin af hv. þm. Alþfl. og af hæstv. menntmrh. Hver er staðan í raun og veru? Ég er með nýjar upplýsingar um þessa hluti sem voru lagðar fyrir menntmn. Alþingis fyrir nokkrum dögum þar sem eitt og annað kemur fram sem gerbreytir myndinni ef þessir hv. þm. eru á annað borð að hugsa um rök í málinu.

Hver er staðan að því er varðar fjölda lánþega hjá Lánasjóði ísl. námsmanna? Samkvæmt upplýsingum frá stjórn lánasjóðsins, frá Lárusi Jónssyni, framvæmdastjóra Lánasjóðs ísl. námsmanna, er það þannig að lánþegar sem voru í fyrra taldir 5.726 á Íslandi eru núna 5.155. Þeim hefur fækkað á aðeins örfáum mánuðum um 600–700 frá því að lögin voru sett og það er ekki aðeins vegna skólagjaldanna. Það er auðvitað vegna lánabreytingarinnar líka. Það hljótum við þingmenn að þekkja af persónulegum kynnum af námsmönnum í stórum stíl. Ég veit að það á a.m.k. við mjög marga þeirra þingmanna sem hér eru í salnum núna. Hér er um að ræða fækkun um 600 eða nákvæmlega 609 frá því sem var á síðasta ári. Það er ekki lítil fækkun. Það eru 600–700 námsmenn, tíu sinnum fjöldi alþingismanna ef menn vilja hafa þá tölu eða eitthvað sem menn geta staðnæmst við og skilið. 600 manns sem fækkar um hjá lánasjóðnum, bara á Íslandi.

Erlendis er þróunin þannig að þar voru í fyrra 2.535 en eru 2.406. Samtals voru námsmenn hjá LÍN í fyrra 8.261 en eru núna 7.561. Það er með öðrum orðum búið að fækka námsmönnum með þessum aðgerðum og fleirum um um það bil 700 manns. Það eru marktæk tíðindi. Það eru rök fyrir því að breyta lögunum aftur, rök sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson lýsti eftir þegar lögin um lánasjóðinn voru til lokaafgreiðslu á síðasta þingi. Þau rök liggja fyrir, staðreyndirnar tala sínu máli.

Hverjir eru það sem þarna hefur aðallega fækkað um, hvaða fólk er það? Það liggja líka fyrir tölur um það, ekki frá mér, ekki frá stjórnarandstöðunni, ekki frá hv. þm. Finni Ingólfssyni heldur frá stjórn lánasjóðsins, frá framkvæmdastjóra lánasjóðsins sem leggur þær fram óumbeðinn á fundi menntmn. Hver er niðurstaðan þar? Hún er sú að hlutfall foreldra af heildarfjölda námsmanna er lægra nú en það var í fyrra, lægra en það var í hittiðfyrra og lægra en það var árið þar áður líka. Hlutfall foreldra í fjölda námsmanna er komið niður fyrir það sem það var 1989–1990. Það er búið að bakka þessu hlutfalli um 3–4 ár. Hlutfallið er núna það lægsta á sex ára tímabili. Það er 28% í ár, var 34% í fyrra, 38% í hitteðfyrra, 30% þar áður, 29% þar áður, 30% árið 1987–1988. Með öðrum orðum, lægsta hlutfall foreldra í hópi námsmanna sem fá lán hjá lánasjóðnum á sex ára tímabili. Staðreyndirnar hafa talað líka þarna, hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hæstv. menntmrh. Þær hafa talað og það liggur fyrir. Ef við skoðum hlutfall einstæðra foreldra var það hlutfall 8% í fyrra en er 7% í ár samkvæmt tölum frá Lánasjóði ísl. námsmanna. Það er ljóst að námsmönnum hefur fækkað um um það bil 700 og það eru aðallega foreldrar í hópi námsmanna, einstæðir foreldrar og auðvitað fyrst og fremst konurnar sem verða fyrir barðinu á þessum niðurskurði lánasjóðsins eins og við sögðum í vor, m.a. í þeirri greinargerð með atkvæði mínu sem ég flutti þegar lauk umræðunum um Lánasjóð ísl. námsmanna síðasta vor. Harkalegast bitnar þetta á konunum og við erum að hverfa aftur til þess tíma þegar stúlkurnar, sem eru í sambúð, eru á vinnumarkaðinum þegar vinnu er að hafa en strákarnir eru í námi. Dæmi um það þekkjum við líka persónulega

sem eitthvað þekkjum til kjara íslenskra námsmanna og það gerum við öll sem hér erum inni.

Meginrök hæstv. menntmrh. fyrir lagabreytingunni í fyrra voru þau að bæta þyrfti fjárhag sjóðsins og draga úr skuldum hans. Einnig þau rök eru hrunin, virðulegi forseti. Samkvæmt niðurstöðu fjárlaga og ríkisreikninga á síðasta ári var lánsfjárþörfin á síðasta ári, árið 1992, þegar sá vondi skúrkur sem hér stendur hafði með þessi mál að gera eða hafði haft með þessi mál að gera í aðdragandanum, 2,8 milljarðar, þar áður 3,2 milljarðar. Hver er hún samkvæmt spá lánasjóðsins sjálfs á næsta ári, 1993? Hún er ekki lægri en í ár. Hún er heldur ekki lægri en í fyrra þegar hún var þó í hámarki, gagnrýnd harðlega af núv. ríkisstjórn. Hver er hún? Lánsfjárþörf Lánasjóðs ísl. námsmanna er hærri en nokkru sinni fyrr eða 3,5 milljarðar kr. Því er lofað að það verði skuldbreytt hjá lánasjóðnum. Það hefur ekkert verið gert í því. Ef ekki verður skuldbreytt þarf sjóðurinn að taka að láni á næsta ár 3,5 milljarða, á þar næsta ári 3,8 milljarða, á árinu 1995 4,2 milljarða og á árinu 1996 4,7 milljarða kr.

Virðulegi forseti, öll rökin sem þeir fluttu eru hrunin. Það liggur fyrir fækkun námsmanna, það liggur fyrir að það bitnar aðallega á einstæðum foreldrum, fyrst og fremst á konum og það liggur fyrir að fjárhagur sjóðsins verður fyrirsjáanlega verri á næsta og komandi árum en hann hefur nokkurn tíma verið. Er hægt að finna betri rök fyrir nauðsyn þess að endurskoða lögin eins og hér er flutt tillaga um, virðulegi forseti?

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér fer fram málefnaleg umræða um málefni lánasjóðsins. Það liggur fyrir og það er staðreynd sem ekki er hægt að mótmæla að námsmönnum hefur fækkað og það meira að segja á tímum þegar þeim ætti frekar að fjölga vegna atvinnuástandsins. Rýrnandi og dvínandi atvinnuástand hefur yfirleitt leitt til þess að yngra fólkið hefur farið í ríkara mæli í skóla en yfirleitt áður.

Ég tek undir það með hv. þm. Svavari Gestssyni að námsmönnum hefur fækkað og það sem við erum m.a. að reyna að gera í þessari málefnalegu umræðu er að komast að raun um hvers vegna. Þingmaðurinn talaði þannig að það væru einungis lögin um lánasjóðinn sem hefðu valdið því. Þannig skildi ég mál hans. Ekki skal ég á þessu stigi málsins draga úr því eða mótmæla því. En mig langar að varpa til hans tveimur spurningum: Telur Svavar Gestsson að það séu einungis lögin sem valda fækkun námsmanna? Telur hann ekki að nýjar og gerbreyttar úthlutunarreglur hljóti líka að hafa dregið verulega úr fjölda námsmanna? Telur hann ekki líka að skólagjöld, sem hann var á móti í fyrra og fleiri voru á móti, hafi líka leitt til þess að menn hafi í minna mæli en ella farið í langskólanám?

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er allt rétt hjá hv. 17. þm. Reykv. Það sem þarna er um að ræða er í fyrsta lagi lögin. Í öðru lagi er það framkvæmd laganna sem ég gagnrýndi mjög rækilega í ræðu sem ég flutti þegar ég mælti fyrir frv. sem við alþýðubandalagsmenn flytjum í þinginu um þessi mál þar sem ég gagnrýndi stjórn lánasjóðsins og vinnubrögð hennar við setningu úthlutunarreglna sem eru fyrir neðan allar hellur. Í þriðja lagi eru það auðvitað skólagjöldin. Ég þekki dæmi þess að þau hafa hrakið fólk frá námi. Það er rétt.

Má ég, hæstv. forseti, þá skilja ræðu hv. þm. svo að hann hafi lagst í sveit með því liði sem vill breyta þessu öllu, lögunum, úthlutunarreglunum og ákvæðunum um skólagjöld?

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Áður en ég kem að því efni sem ég sá ástæðu til að tala um í þessari umræðu vil ég ítreka þá spurningu sem hv. 9. þm. Reykv. bar fram til hv. 17. þm. sama kjördæmis. Ég vonast til að síðar í umræðunni munum við fá tækifæri til að kynnast hug þingmannsins til þessa máls, ekki einungis í orði heldur einnig í æði.

Ég vil þá taka þrennt fram varðandi þetta frv. sem einn fulltrúi Kvennalistans, sú sem situr í menntmn., á aðild að. Ég vil í fyrsta lagi taka það skýrt fram að ég tel að endurskoðun sé tímabær eigi síðar en nú þegar, bæði vegna þeirra ákvæða í lögunum sem við höfum harðast gagnrýnt og þar á ég nú ekki síst við eftirágreiðslur lánanna sem hafa reynst og munu reynast námsmönnum mjög þungur baggi, ekki síður vegna þeirrar óvissu sem við búum við varðandi vaxtaákvarðanir þar sem mér sýnist svona hálft í hvoru að við sitjum á tímasprengju. Hvenær sem er geta vextirnir sprungið upp úr þessu eina prósenti sem var ákveðið í vor eftir harða hríð og í hærri upphæðir og illviðráðanlegri.

Í þriðja lagi er ýmislegt fleira sem flokkast undir vankanta þessara laga sem ástæða er til að endurskoða eigi síðar en nú þegar. En það er ekki síður ástæða til þess að endurskoða þessi lög vegna þeirrar framkvæmdar sem orðið hefur á þeim og þar tek ég svo sannarlega undir með hv. 17. þm. Reykv. Einmitt vegna þess að lögin hafa gefið möguleika og svigrúm fyrir því að þau séu túlkuð á þennan veg og þær úthlutunarreglur settar sem gera jafnvel illt verra eins og við höfum hér rækilega rætt á þinginu, þá er ástæða til að endurskoða lögin og hafa það í huga að hafa ekki þessar opnu smugur heldur þvert á móti að ganga þannig frá að slík slys eigi sér ekki stað eins og orðið hafa við setningu sumra þeirra úthlutunarreglna sem nú gilda.

Ég vil taka sérstaklega undir það sem þegar hefur komið rækilega fram í þessari umræðu og öðrum umræðum um svipað efni hér fyrr á þessum vetri að konum í háskólanámi hefur fækkað. Þetta er bein afleiðing af þeim breytingum sem orðið hafa. Það er ekki hægt að túlka það á nokkurn annan veg og ég hef raunar ekki heyrt neinn reyna slíkt. Ég vil taka það fram t.d. að í Háskóla Íslands hafa konur verið upp undir 60% eða nánar tiltekið á síðasta ári 59,1% innritaðra nemenda. Það kemur bæði til vegna þess að þær sækjast meira eftir menntun og einnig vegna þess að við erum enn að klára uppsafnaðan vanda fyrri ára

þegar konur biðu eftir því að komast í nám einmitt vegna þeirra aðstæðna að þær voru fyrirvinnur á meðan eiginmennirnir voru að læra. Þær hafa sem sagt verið að sækja í nám, bæði yngri og eldri konur, á undanförnum árum vegna þess að það var mögulegt. En núna þegar er umtalsverð fækkun og við innritun í Háskóla Íslands voru aðeins 54,9% í stað rúmlega 59% innritaðra stúdenta konur. Ég hef heyrt það en get því miður ekki komið með neinar beinar tölur um það að það sé jafnvel enn verra sem hefur verið að gerast í ýmsum öðrum skólum. En ég er fús til þess ef þessi umræða heldur áfram síðar að koma með nákvæmari tölu, ég veit að t.d. í Myndlista- og handíðaskóla Íslands hefur orðið sjáanleg fækkun á konum en þar hafa konur verið í töluverðum meiri hluta en meiri hluti þeirra er sem sagt ekki hlutfallslega sá sem hann var áður.

Ég vil geta þess að við kvennalistakonur höfum tekið á því sem varðar vaxtakjörin sérstaklega með sérstöku frv. þar sem einfaldlega er gengið út frá því að fólk, sem er að fara í nám, viti við hvaða vaxtakjör það mun búa og það tel ég sjálfsagða og eðlilega leiðréttingu sem yrði að vera með inni í myndinni þegar svona allsherjarleiðrétting ætti sér stað.

Síðast en ekki síst vil ég vekja athygli á því að menntun er ekki útgjöld heldur fjárfesting heils samfélags. Og við höfum nú nýverið fengið enn eina ábendinguna um það að við höfum ekki sinnt því sem skyldi að leggja rækt við menntun. Þrátt fyrir það að margir hafi komið nálægt námi þá er það einfaldlega ekki það sem við hlúum að sem skyldi. Þarna er ég að vitna til nýútkominnar OECD-skýrslu um rannsóknir og þróun sem mér þykir mjög merkileg lesning og er ég síður en svo búin að fulllesa til þess gagns sem ég hugsa að hún verði, en engu að síður er ekki hægt að misskilja þessa skýrslu. Það er hreinlega hvatt til þess að Íslendingar byggi framtíðina á því að hlúa vel að þeirri menntun sem boðið er upp á. Ég kalla það ekki að hlúa vel að menntun ef menn eru ekki reiðubúnir til þess að endurskoða nú þegar lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna þar sem í ljós hefur komið að á þeim eru alvarlegir gallar og taka öll þau mál inn í þessa endurskoðun sem hér hefur verið drepið á og þau önnur sem kunna að koma upp og vera athyglisverð. Við verðum að setja okkur það verðuga markmið að byggja á þeirri auðlind sem menntun er. Þá er ég ekki bara að tala um menntun sem bóknám heldur alhliða menntun er í öllum samfélögum.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það má segja að það sé að bera í bakkafullan lækinn að halda enn eina ræðu um Lánasjóð ísl. námsmanna en þó verður ekki hjá því komist að lýsa yfir stuðningi við þessa sjálfsögðu tillögu því að það þarf ekkert að bíða eftir áhrifum þessara nýju laga, þau eru löngu komin fram. Ég ætla þess vegna ekki að endurtaka allt það sem ég sagði í umræðum þegar það frv. var til meðferðar sem síðar varð að lögum. En það er harla þreytandi að heyra menn endalaust tala um Lánasjóð ísl. námsmanna eins og hann sé handa einhverjum pakka, einhverjum óræðum pakka. Það er talað um fjölda námsmanna. Við erum að tala um lifandi fólk og ég held að það væri kannski ráð að reyna að fara að endurskoða hvað þessi hugtök, sem menn eru alltaf að nota, þýða ef sjóðurinn á að tryggja það að ekki fari fram mismunun á aðgengi fólks til náms.

Það sem menn gleyma er að með hertum reglum um námsframvindu svokallaða, menn fá ekki 100% lán nema þeir skili 100% afköstum, þá er auðvitað verið að mismuna fólki vegna þess að jafnrétti til náms er m.a. jafnrétti til þess að ganga illa í námi. Það eru ekki allir jafnfljótir að læra og það er ekki spurning um hvort menn ljúka námi sínu á þremur árum eða fjórum árum. Ég er ansi hrædd um að margur ágætur menntamaðurinn í þessu landi hafi verið lengur en ströngustu tímamörk gerðu honum. (**Gripið fram í:** Nefndu dæmi.) Hvað sagði hver? (Gripið fram í.) Ég gæti nefnt ansi mörg dæmi um þjóðkunna Íslendinga sem voru árum saman við nám og tóku aldrei nein próf en hafa gert þessari þjóð meira gagn heldur en flestir aðrir menn og nægir nú að menn rifji aðeins upp Íslandssöguna.

Þar fyrir utan er þetta álag á nemendum auðvitað óbærilegt. Ég átti þess kost að vera í Bandaríkjunum í hálfan mánuð og hitti þar nokkra stúdenta og m.a unga, einstæða móður sem þar hefur verið í námi um þriggja ára skeið og gengið prýðilega. Hins vegar féll hún á einu prófi um daginn. Það þýðir fyrir hana bókstaflega ekkert minna en það að hún er ekki viss um að hún geti haldið áfram. Auðvitað er þetta gersamlega fáránlegt.

Ríki nemandinn, sem á ríka foreldra og þarf kannski ekki einu sinni að taka námslán, má vera að þessu eins lengi og hann vill. Er þetta jafnrétti til náms, hæstv. forseti og hæstv. menntmrh.? Nei, það er það auðvitað ekki. Háskólanám er nú einu sinni þannig í eðli sínu að það er ekkert sem menn hrista fram úr erminni fyrirhafnarlítið eða fyrirhafnarlaust þó að menn virðist stundum halda það.

Annað er það að atriði eins og vinna með námi eru að verða næstum útilokuð. Hér á árum áður komust menn áfram með því að hægja aðeins á náminu, unnu svolítið með því og gátu þess vegna klofið nám sitt. Með þessum óskaplegu 100% kröfum er það aldeilis útilokað og þetta skiptir hvern einasta einstakling máli. Mér er alveg sama hvort menn sitja og telja að það sé einhver árangur að fækka mönnum sem í námi eru. Þetta er auðvitað fráleitt. Við eigum auðvitað að gera allt sem við getum til þess að fjölga fólki í námi.

Síðan eru auðvitað hafðar uppi alls kyns blekkingar. Framfærsluútreikningur er út úr öllu korti. Það lifir enginn námsmaður t.d. utan af landi á rúmum 40 þús. kr. ósköp einfaldlega vegna þess að íbúðin, sem hann verður að búa í, kostar ekki undir 35 þús. kr. hversu lítil og léleg sem hún er. Og á hverju á þá maðurinn að lifa? Hér er tafla yfir það sem fólk þarf til þess að lifa í hinum ýmsu löndum og það er boðið upp á það að hjón með eitt barn geti lifað af rúmlega 1.000 dollurum í Bandaríkjunum. Ég get upplýst hæstv. ráð-

herra, og er mér nú málið skylt þar sem ég á raunar námsmann í Bandaríkjunum, að fyrir svona þokkalega íbúð borga menn 850 dollara og þá er ekkert eftir.

Að lokum, hæstv. forseti, tíminn er því miður mjög takmarkaður en það mætti margt segja. Það gleymast ýmis grundvallaratriði í þessu máli. Eins og alkunna er hafa lán til þeirra nemenda t.d. í Bandaríkjunum, sem hafa fengið greidd skólagjöld í Bandaríkjunum, verið skert um helming. Rökin eru þau að þeir hafi haft það betra heldur en menn í háskólum í Evrópu. Það er alveg rétt. En ástæðan fyrir því að þessir stúdentar fóru til Bandaríkjanna, miklu lengri leið og erfiðari, var að þeir gengu að nokkuð góðum kosti. Þessir nemendur gerðu samning við samfélag sitt. Ég veit dæmi um námsmenn sem áttu kost á ýmsum góðum skólum í Evrópu og góðum skólum í Bandaríkjunum sem kusu Bandaríkin vegna þess að þeir töldu sig komast best af þar. Þetta er bara samningur sem menn treystu og lögðu út í áralangt nám á þeim kostum. Er það verjandi að koma svo í bakið á þessum nemendum sem sumir hverjir eru að ljúka námi, hafa staðið sig frábærlega og segja: Þetta á ekkert að vera svona, þetta á að vera allt öðruvísi. Og enginn spyr auðvitað: Hver á að borga mismuninn? Það geta eflaust einhverjir foreldrar en ekki nærri allir og oft er um að ræða fólk sem er komið vel á þrítugsaldurinn og kannski ekki vel hresst með að fara að leita á náðir foreldra sinna að nýju. Og þannig mætti tæta þetta allt saman niður.

En að lokum vil ég ítreka að ég tek undir að ofan á vond lög hefur stjórn sjóðsins hegðað sér með ólíkindum og það væri satt að segja hægt að segja margar hárreisandi sögur um hvernig þessir menn sitja og reyna að pilla og plokka af stúdentum það sem þeir mögulega geta. Ég skal sýna hæstv. ráðherra ef hann vill sönnun þess að maður fékk ferðastyrk fyrir hálft barn. Svo langt er gengið að lítil börn eru helminguð áður en greiddur er ferðastyrkur vegna ferða þeirra til annarra landa og við þetta verður auðvitað ekki unað. Og nú trúi ég ekki öðru en að hv. 17. þm. Reykv. sé fyrir löngu búinn að sjá hvernig þetta er að arta sig og útkoman satt að segja skelfileg því að hún á eftir að versna. Fólk er einfaldlega unnvörpum að gefast upp í námi og ég held ekki að hæstv. ráðherra hafi beinlínis verið að vinna að því, því trúi ég ekki.

En svona á meðan nefndin er að fjalla um þessa tillögu er það eindregin ósk mín að hæstv. ráðherra fari í heimsókn upp í Lánasjóð ísl. námsmanna, í nýtt og stærra húsnæði sem þeir hafa nú fengið, heila hæð til viðbótar eða hálfa a.m.k. því að mikil starfsemi krefst mikils húsnæðis, (Forseti hringir.) og kanni hver völd þessi stjórn er búin að taka sér og hversu svíðingslega er gengið að nemendum. Ég skal ljúka máli mínu, frú forseti.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Fyrst nokkur orð vegna þess sem hv. þm. Finnur Ingólfsson sagði hér í ræðu sinni áðan og ég hafði ekki tíma til að svara varðandi skólagjöldin og lán fyrir vöxtum og ferðalán og kannski eitthvað fleira sem hann nefndi og taldi að lánasjóðsstjórnin hefði ekki farið eftir því sem ég hefði sagt hér í umræðu áður um þessi mál. Ég ætla að grípa niður í ræðu sem ég hélt 19. okt. þegar rætt var frv. um breytingu á lánasjóðslögunum. Ég sagði þá m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Meðal þess sem stjórnin [þ.e. stjórn LÍN] hefur samþykkt er að lán vegna skólagjalda þeirra sem stunda nám erlendis“ — vel að merkja sem stunda nám erlendis — „verða greidd fyrir fram á svipuðum tíma og tíðkast hefur. Þetta veldur því að skólagjöld að upphæð um 200 millj. kr. greiðast nú strax í haust.“

Þá sagði ég: „Þeir námsmenn sem höfðu fengið staðfesta skólavist í grunnháskólanámi eða sérnámi erlendis fyrir 3. júní sl., þegar úthlutunarreglur fyrir skólaárið 1992–1993 voru gefnar út, fá lán vegna skólagjalda í samræmi við reglur sem giltu á síðasta ári. Ferðalán til þeirra sem stunda nám erlendis verða greidd strax og þeir hafa lagt fram gögn um ferðir sínar og fjölskyldu. Bókalán verða greidd í einu lagi við fyrstu útborgun framfærsluláns til námsmanna.“

Um vextina sagði ég: „Sérstöku álagi verður bætt ofan á námslánin vegna þess að þau greiðast nú að meðaltali tveimur til fjórum mánuðum síðar en áður. Þetta álag er miðað við 9% raunvexti á ári og bætist við lán allra námsmanna án tillits til þess hvort þeir taka lán eða ekki. Talið er að þetta hækki námslán samtals um 50 millj. kr á næsta skólaári.“ Ég sé því ekki að stjórn lánasjóðsins hafi gert mín orð að einhverjum ómerkum orðum.

Svo nokkur orð um þau lán sem sýnilegt er að lánasjóðurinn þarf að taka á næstu árum. Menn gera hér mikið mál úr því að þetta verði hærri upphæðir en áður hafi sést. Þetta er ekkert sem er að koma í ljós núna. Þetta geta menn lesið á töflum sem fylgdu frv. um lánasjóðinn og það ætti ekki að þurfa að segja mönnum það að hertar endurgreiðslukröfur skila sér ekki strax á fyrsta ári, aldeilis ekki. Það tekur mörg ár fyrir sjóðinn að jafna sig á því sem áður var gert þannig að þetta er ekkert sem á að koma mönnum á óvart. Það liggur alveg fyrir að með ríkisframlaginu núna og aðstoðinni sem kemur frá ríkinu, sem er 54%, þá stendur lánasjóðurinn undir skuldbindingum sínum en það var ekki svo í tíð síðustu ríkisstjórnar. Og það þýðir ekkert að vera að hamra á því enn og aftur að ef sjóðurinn hefði verið gerður upp á árinu 1991 þá hefði hann skilað 9 milljörðum kr. Þetta hefur ekkert verið reynt. En það var bara ekki meining okkar að gera sjóðinn upp. Það var ætlun okkar með lagasetningunni að koma í veg fyrir gjaldþrot sjóðsins og hann gæti starfað áfram. Það var það sem við gerðum. (**GHelg:** ... milljörðum.) Sagði ég það ekki? (**GHelg:** Nei.) Ja, ég sagði milljörðum. Hafi ég ekki gert það, þá var það ætlunin, það voru 9 milljarðar sem hefur verið talað um.

Hv. þm. Svavar Gestsson talaði hér um að foreldrum í námi fækki núna alveg sérstaklega. Það er út af fyrir sig rétt og þarf ekki að koma svo mjög á óvart þótt lántakendum yfirleitt fækki. Menn verða að hafa í huga upp á hvað var boðið einmitt í tíð síðustu ríkisstjórnar. Þá var boðið upp á miklu betri kjör, ef ég

má orða það svo, fyrir námsmenn en almenningur hafði á vinnumarkaði. Námslánin voru hækkuð langt umfram launakjör annarra. Þegar þau voru skert, þá voru lánin hækkuð. Það var ekkert óeðlilegt við það að fleiri leituðu í nám og í lánasjóðinn þegar boðið var upp á þessi kjör. Hlutfall foreldra er nú svipað því sem var áður en námslánin voru hækkuð svo mjög sem gert var í tíð síðustu ríkisstjórnar.

Ein ástæðan fyrir því að lánasjóðurinn þarf að taka svona há lán núna er einmitt sú að í tíð fyrri ríkisstjórnar voru tekin skammtímalán og það er unnið að skuldbreytingum þeirra einmitt núna. Það er ástæða til þess að ætla að sú skuldbreyting fáist og við það er miðað.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir talaði um jafnrétti til náms og hinar hertu endurgreiðslureglur. Það er sjónarmið út af fyrir sig að það sé jafnrétti til náms að fá að vera eins lengi og manni sýnist við nám. (**GHelg:** Ég sagði það ekki.) Hv. þm. sagði að jafnrétti til náms væri leyfi þá til þess að ganga það illa. Má ég orða það svoleiðis? (**GHelg:** Já.) Ég tek þá fyrri orð mín aftur. Ég veit að það er merkingarmunur á þessu. Það væri vissulega ósköp gott ef við hefðum efni á því að veita mönnum námslán, mér liggur við að segja ótiltekinn tíma bara vegna þess að þeir hefðu ekki sömu námshæfileika og kannski aðrir sem ná náminu á þeim tíma sem viðkomandi skóli gerir ráð fyrir að þurfi. Þetta væri áreiðanlega mjög gott ef við gætum þetta, en því miður er ekki staðan sú í dag og það hefur Alþingi í raun og veru sagt í gegnum árin. Það hefur ætíð sagt það.

Í tíð síðustu ríkisstjórnar voru tekin gífurlega mikil lán. Skuldir sjóðsins, ég hef það hér, jukust á árunum 1988–1991 mjög verulega. Það voru tekin lán að upphæð tæplega 8,5 milljarðar kr. á árabilinu 1988–1991. (**SvG:** Á þremur árum.) Já, já, en afborganir af lánum á sama tíma voru einungis 1.833 millj. (**GHelg:** Þrjár Perlur). Já, við höfum dálítið annað mat á peningum. Ég veit það. Það hefur oft komið fram og líka í þessu frammíkalli hv. þm. Skuldsetning sjóðsins jókst um 6,5 milljarða á þessu árabili og auðvitað má líkja þessu við hreina tímasprengju.

Ég get svo upplýst hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að ég hef þegar farið í heimsókn á skrifstofu lánasjóðsins og ég veit að þar er mjög mikið starf unnið og þar er líka ýmislegt skipulagsstarf óunnið, m.a. í kjölfar breytinga á lánasjóðslögunum.

Um skólagjöldin í Bandaríkjunum gæti ég svo sem margt sagt. Ég læt það nægja af því að tími minn er liðinn að það er ekki lengur lánað fyrir skólagjöldum sem eru greidd af viðkomandi háskólum. Það er náttúrlega grundvallarbreyting og lækkar vissulega framfærslueyri margra námsmanna sem höfðu notið þeirra forréttinda vil ég segja að frá styrki frá sínum háskólum og jafnframt lán fyrir þessum styrkjum hjá Lánasjóði ísl. námsmanna. Því var breytt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Tveir hv. þm. hafa beðið um orðið til þess að veita andsvör og verður það leyft en að loknum þeim andsvörum þarf að fresta umræðu vegna þess að boðuð hefur verið utandagskrárumræða frá kl. 2.30 til 3.

Flm. (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi ræða hæstv. menntmrh. var að mörgu leyti miklu fróðlegri en sú fyrri er hann flutti hér við þessa umræðu. Í þessum stutta tíma til andsvars er ekki hægt að gera athugasemd við flest það sem hann sagði þar. Það mun ég gera síðar við umræðuna en spyr hæstv. ráðherra af því að hann ítrekaði það að stjórn lánasjóðsins hefði síður en svo ómerkt hans orð við 2. umr. sl. vor þegar verið var að ganga frá þessum lögum, þá spyr ég aftur: Þegar hæstv. menntmrh. var að svara hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur átti hann þá við þegar hann var að tala um að það yrði lánað fyrir skólagjöldunum að það yrði bara lánað fyrir 12% af skólagjöldunum við Háskóla Íslands? Átti hæstv. menntmrh. við að það yrði bara lánað fyrir 80% af vöxtunum sem námsmenn þurftu að taka í bönkunum en það yrði lán til hinna sem ekki þyrftu að fá lán í bönkum til þess að geta brúað bilið þar til lánasjóðurinn kæmi inn? Átti hæstv. menntmrh. við að lán fyrir ferðum til Evrópu yrði 20 þús. kr. þegar það kostar 60 þús. kr. að fljúga til Kaupmannahafnar og 58 þús. kr. til London? Átti hæstv. menntmrh. við að lánið til Bandaríkjanna væri 40 þús. kr. þegar að kostar 82 þús. kr. að fljúga til New York og svo aukinn kostnaður því til viðbótar? Og átti hæstv. menntmrh. við það að það yrði bara lánað fyrir 50% af fargjaldi makans og 10% af fargjaldi barnsins? Átti hæstv. menntmrh. við þetta?

Hafi hann gert það, sem ég trúi að hann hafi ekki átt við og sé þess vegna í þessari umræðu að bera blak af stjórn lánasjóðsins, þá hefði það þurft að koma miklu skýrar fram í umræðunni í vor.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er búinn að svara þessu öllu saman en kannski ekki nægilega skýrt varðandi skólagjaldanám til þeirra sem stunda nám við háskólastigið hér heima. Ég var að svara þessu varðandi skólagjöldin erlendis. Skólagjöld voru fyrst tekin upp nú í haust við Háskóla Íslands og á háskólastiginu. Það var ákvörðun stjórnarinnar að lána ekki til þessara gjalda nema það sem væri umfram 15 þús. kr. Það var svo.

En ég hef svarað þessu alveg skýrt varðandi ferðalánin og með þessum orðum sem ég skal tiltaka enn einu sinni. Ferðalán til þeirra sem stunda nám erlendis verða greidd strax og þeir hafa lagt fram gögn um ferðir sínar og fjölskyldu. Ég kann ekki að segja frá því hver fargjöldin eru eins og hv. þm. kann til hinna ýmsu landa. En eftir því sem ég best veit eru til lægri fargjöld en hann nefndi. Ég veit ekki satt að segja hvort lánasjóðsstjórnin hefur ákveðið að binda þessi ferðalán við einhverja tiltekna gjaldaflokka hjá flugfélögunum. Ég hef einhvern veginn grun um að ekki sé ætlunin t.d. að lána fyrir fargjöldum á Sagafarrými. Ég býst ekki við því án þess að ég geti fullyrt það. (Gripið fram í.) Já, það er ágætt. Þingmaðurinn er þegar bú-

inn að biðja um orðið. Ég heyrði það.

Þetta hef ég um þetta að segja og um 12% af skólagjöldum við HÍ er það að segja að lánasjóðsstjórnin hefur tekið ákvörðun að lána eingöngu skólagjöld umfram það sem er 15 þús.

Flm. (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hæstv. menntmrh. að stjórn lánasjóðsins hefði tekið þessar ákvarðanir. Það er dálítið mikill munur á því eða því sem hæstv. menntmrh. svaraði við 2. umr. við afgreiðslu málsins. Það sem hæstv. ráðherra sagði var að það yrði lánað yrði fyrir skólagjöldum og það yrði lánað fyrir ferðakostnaðinum. Til þess að upplýsa hæstv. ráðherra um það, þá leitaði ég eftir þeim upplýsingum hjá Flugleiðum og Ferðaskrifstofu stúdenta hvaða fargjöld það væru sem námsmenn væru að taka. Og vera að tala um einhver fargjöld á Sagaklass. Ég þekki þau ekki. Námsmenn þekkja þau ekki. Ráðherrarnir í ríkisstjórninni hygg ég hins vegar að þekki fargjöldin á Sagaklass. Þau eru ekki þessi, hæstv. menntrmh, þau eru miklu, miklu hærri en hér um ræðir. Það er auðvitað viss ósvífni sem felst í því að vera að blanda þeirri umræðu hér inn hvort námsmenn séu, eins og hæstv. menntmrh. lét liggja að, að ferðast á Sagaklass. Það er af og frá. Þeir leita hagstæðustu leiða í að ferðast milli landa. Ég er sannfærður um það.

En það er þá skýrt eins og ég skil það a.m.k. að það var stjórn lánasjóðsins sem tók þessar ákvarðanir og eins og ég skil, þá tók hún ekkert tillit til þess sem hæstv. menntmrh. sagði um þessi mál við umræðuna í þinginu.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af þessum síðustu orðaskiptum hæstv. menntmrh. og hv. 11. þm. Reykv., þá er það auðvitað alveg ljóst að hæstv. ráðherra ræður ekkert við stjórn sjóðsins. Iðnnemasambandsmálið er náttúrlega talandi dæmi um það þar sem hæstv. ráðherra hefur sagt að Iðnnemasambandið eigi að fá áheyrnarfulltrúa í stjórn sjóðsins en stjórn sjóðsins segir nei. Þannig hafa hlutirnir staðið núna í hálft ár að því er það mál varðar. Þetta er auðvitað eins með úthlutunarreglurnar miðað við þau dæmi og þær tilvitnanir sem hv. 11. þm. Reykv. hér var með áðan.

Ég kvaddi mér hins vegar hljóðs hér, virðulegi forseti, fyrst og fremst vegna þess að samkvæmt áætlunum lánasjóðsins sjálft er gert ráð fyrir því að skuldir hans fari mjög vaxandi á komandi árum. Hæstv. ráðherra sagði áðan í hneykslunartón að lántökur lánasjóðsins hefðu verið 8 milljarðar á þremur árum. Samkvæmt áætlunum hans eigin stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna er gert ráð fyrir því að lántökurnar á næsta ári verið 3,5 milljarðar, á þar næsta ári 3,8, milljarðar, á árinu 1995 4,3, milljarðar, á árinu 1996 4,7 milljarðar. Þ.e. á árunum 1995 og 1996 samkvæmt hans eigin upplýsingum 9 milljarðar kr. á tveimur árum. Þessi stjórn er að kollsigla lánasjóðinn. Sjóðurinn getur ekki ráðið við þessar skuldir. Af því að hæstv. ráðherra sagði að í fjárlagavinnunni sé gert ráð fyrir því að þessum lánum verði skuldbreytt, þessum skuldum verði breytt og þær lengdar þá er það rangt. Það er ekki punktur, ekki komma, ekki stafkrókur í fjárlagafrv. um að breyta lánum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Þegar embættismenn sjóðsins komu á fund menntmn. fyrir nokkrum dögum, þá upplýstu þeir að það lægi ekkert fyrir í þessum efnum. Mér er kunnugt um að í fjárln. liggur engin niðurstaða fyrir í þessum efnum. Það er ljóst að sjóðurinn verður skuldsettari á næstu árum en hann hefur nokkru sinni áður verið. Það er því til lítils farin sú ferð sem lagt var í sl. vor reisa við fjárhag Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það verð ég að segja, virðulegi forseti.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson nefndi sem dæmi um að ég réði ekkert við stjórn sjóðsins að ekki hefði verið farið að tilmælum mínum um að Iðnnemasambandið fengi áheyrnarfulltrúa í stjórninni. Ég get upplýst hv. þm. um að Iðnnemasambandið mun fá þennan áheyrnarfulltrúa. Ég hef rætt það nýlega við stjórnina og ég veit að sú ákvörðun, hafi hún ekki þegar verið tekin, mér er ekki alveg kunnugt um það, þá verður það gert og það hef ég tilkynnt Iðnnemasambandinu í símtali að vísu.

Um skuldirnar vil ég aðeins segja að ég hef raunar þegar svarað því hvers vegna skuldirnar fara vaxandi. Ég hef fullyrt að með ríkisframlaginu, sem ætlað er að vera 54% af námsaðstoðinni, muni sjóðurinn standa undir sér. Það er ekki verið að setja sjóðinn í neina hættu fyrir þessar vaxandi lántökur á næstu árum. Ég hef því miður ekki undir höndum töflu um það hvenær þessi lántaka fer lækkandi en þetta er alveg ljóst.

Ég sagði ekki orð um það að í fjárlagafrv. væru upplýsingar um þessar skuldbreytingar. Ég sagði að af hálfu lánasjóðsstjórnarinnar væri unnið að því að fá þessum skammtímalánum skuldbreytt og ég veit ekki annað en vonir standi til að það muni takast að fá slíka samninga fram alveg á næstunni.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Staðreyndin er auðvitað sú að það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um skuldbreytinguna. Það liggur ekkert fyrir um það. Í fyrsta lagi vil ég leggja á það áherslu.

Í öðru lagi vil ég segja, virðulegi forseti, að ég óska hæstv. menntmrh. hjartanlega til hamingju með það að stjórn lánasjóðsins skuli hafa hlýtt honum. Það hefur tekið hann sex mánuði að fá stjórn lánasjóðsins til að hlýða sér og hygg ég að það séu fá dæmi um það að ráðherrar hafi verið jafnlangan tíma að koma vilja sínum fram að því er varðar stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Fyrir nokkrum dögum voru umræður um þessi mál í þessari stofnun þar sem hæstv. menntmrh. sagði að hann vildi að Iðnnemasambandið fengi áheyrnarfulltrúa í stjórn lánasjóðsins. Þá var formaður stjórnar lánasjóðsins á þingi. Þá sagði hann sem næsti ræðu-

maður á eftir menntmrh. að það væri mjög erfitt að taka Iðnnemasambandið inn í stjórn lánasjóðsins við þessar aðstæður. Það er með öðrum orðum bersýnilegt að formaður lánasjóðsins hefur staðið mjög hart gegn óskum menntmrh. í þessu efni. Ég skora á hæstv. menntmrh. að draga af þessu eðlilegan lærdóm sem er sá að setja af núverandi formann stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna vegna þess að framkvæmd hans á lögunum og framkoma hans við fulltrúa námsmanna hefur auðvitað verið með þeim endemum að það eru full rök til að skora á hæstv. menntmrh. að setja Gunnar Birgisson af sem formann stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki orðið við þessari áskorun hv. þm. að setja Gunnar Birgisson af. Hann er góður og gegn maður og ekki síst í þessu starfi sínu sem formaður stjórnar lánasjóðsins.

Það var ágreiningur á milli okkar um þetta atriði. Hann kom reyndar fram hér á Alþingi. Við höfum rætt þetta mál oftar en einu sinni. Núna fyrir tiltölulega skömmu ræddi ég þetta við fulltrúa ríkisins í stjórn lánasjóðsins og þar varð sú niðurstaða að Iðnnemasambandið skyldi fá fulltrúa í stjórninni. Ég bendi hins vegar á það að stjórn lánasjóðsins, og það var umdeilt atriði við meðferð málsins á þingi, fékk til muna meira vald en hún hafði haft samkvæmt fyrri lögum. Við gerðum þetta með alveg opnum augum þannig að ráðherra hefur ekki það vald yfir stjórninni sem hann hafði samkvæmt fyrri lögum. Ég tel það vera til bóta en það eru ekki allir á sama máli um það.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjals:
Ríkisreikningur 1990, 243. mál, stjfrv., þskj. 312.

Umræður utan dagskrár.

Aðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá hefst utandagskrárumræða sú sem boðuð hefur verið. Hún fer fram að beiðni hv. 7. þm. Reykn. og er um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um að Íslandi gerist aukaaðili að Vestur-Evrópusambandinu. Nú sér forseti að hæstv. utanrrh. er ekki staddur í salnum en hann mun væntanlega birtast innan tíðar ef hv. þm. vill aðeins hinkra við.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég hef beðið um þessa umræðu til að ræða þau ótrúlegu tíðindi að hæstv. ríkisstjórn hefur ákveðið að skrá okkur Íslendinga í hernaðarbandalag. Og meira að segja án þess að það mál fáist rætt á hinu háa Alþingi. Kunnugt er að hæstv. utanrrh. hyggst undirrita aukaaðildarsamning við Vestur-Evrópusambandið. Þetta mál, eins og ég sagði, er ekki einu sinni rætt hér og hefur varla verið nefnt í hv. utanrmn.

Hvað er þetta Vestur-Evrópusamband? Ég er ekki viss um að allir hv. þm. þekki Vestur-Evrópusambandið. Það er út af fyrir sig alls ekki nýtt. Það var sett á stofn fyrir nokkrum árum, mest að áeggjan Frakka sem ekki hafa verið virkir þátttakendur í hernaðararmi Atlantshafsbandalagsins. Það fór afar lítið fyrir þessu sambandi í mörg ár og var eiginlega ekki hafið til vegs og virðingar fyrr en í Maastricht á sl. vetri þegar Evrópubandalagið varð sammála um að styrkja sína samstöðu og stefna að því m.a. að móta sameiginlega utanríkisstefnu. Þá var ákveðið að Vestur-Evrópusambandið skyldi vera hernaðararmur hinnar sameiginlegu utanríkisstefnu Evrópubandalagsins. Þá var jafnframt ákveðið að bjóða þremur löndum sem ekki eru aðilar að Evrópubandalaginu aukaaðild, Tyrklandi, Noregi og Íslandi. Það var ákveðið að bjóða þeim löndum sem eru á útköntum Evrópu, þ.e. í norðri, austri og vestri að gerast aukaaðilar, augljóslega ekki í einhverju góðgerðarskyni, hygg ég, heldur til að hafa aðgang að þessum útvörðum Evrópu.

Ég vil harðlega mótmæla þessu og tel satt að segja að margar minni ákvarðanir hafi verið ítarlega ræddar á hinu háa Alþingi. Ég vil líka mótmæla því að sá sáttmáli sem þarna á að undirrita hefur ekki fengist t.d. til skoðunar í hv. utanrmn. Ég held að það hljóti að vera einsdæmi.

Ég er þeirrar skoðunar að við Íslendingar eigum ekkert erindi í Vestur-Evrópusambandið. Við eigum ekkert erindi í þessa sameiginlegu lögreglu Evrópubandalagsins nema það sé ætlun hæstv. ríkisstjórnar að við Íslendingar gerumst aðilar að Evrópubandalaginu. Það er rétt að Norðmenn virðast ætla að sækja þar um aðild og sömuleiðis hafa Tyrkir gert það en það höfum við ekki gert.

Ég álít að í varnarmálum okkar beri okkur að snúa okkur, eins og við höfum gert, að Atlantshafsbandalaginu og Bandaríkjunum. Það er vissulega full ástæða til að taka upp viðræður við þessa aðila um hvernig okkar samstarfi við þá verður hagað í þeim breytta heimi sem við erum í nú. Mér hefur reyndar skilist að hæstv. ríkisstjórn hafi gert út menn í því skyni. Ég vona ekki bara í því skyni að biðja Bandaríkjamenn að draga sem minnst úr sínum umsvifum hér.

Ég vil harðlega mótmæla þessu og hlýt að spyrja hæstv. utanrrh. um þau gögn sem þarna á að undirrita. Getur hann upplýst hið háa Alþingi um þau og hvað í þeim er skráð? Getur hann upplýst Alþingi um það t.d. hvaða kostnaður fylgir því að vera aukaaðili? Reyndar vildi ég fá frá hæstv. utanrrh. miklu nánari upplýsingar um þetta mál heldur en okkar stutti tími í þessari umræðu gefur kost á. Ég hefði talið nauðsynlegt að utanrmn. kæmi saman og ræddi þetta mál mjög ítarlega áður en þessi samningur er undirritaður og hv. utanrmn. gæfi hinu háa Alþingi skýrslu um málið og það þá mætti ræðast hér.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það mál sem hv. 7. þm. Reykn. reifar hér á sér langan aðdraganda. Upphaf þessa máls er það að þann 26. des. á fyrra ári skrifaði utanríkisráðherra Þýskalands, Hans-Dietrich Genscher, fyrir hönd formennskulands Vestur-Evrópusambandsins bréf til íslensku ríkisstjórnarinnar þar sem boðið var til umræðna um hugsanlega aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu og þess getið að þetta væri byggt á samkomulagi sem gert hafði verið í Maastricht af hálfu leiðtoga þess þar sem samþykktin náði einnig til annarra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins sem ekki eiga þar aðild, sem eru Noregur og Tyrkland.

Málið var rætt snemma árs í ríkisstjórn. Niðurstaðan varð sú að 18. mars sl. svaraði ég bréfi Genschers og fagnaði því að hafa fengið þetta boð og því var tekið jákvætt fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar að efna til slíkra viðræðna. Þann 3. júlí var síðan lögð fram í ríkisstjórn greinargerð þar sem skilmálar, réttindi og skyldur aukaaðildarríkja voru loks skilgreind. En það hafði gerst með svokallaðri Petersberg-yfirlýsingu frá því fyrr um sumarið.

Þessi mál voru kynnt í utanrmn. á fundum hennar 7.–9. júlí og þar var Petersberg-yfirlýsingin lögð fram og rædd. Þann 7. sept. var lögð fram skrifleg greinargerð og mat á stöðu málsins í utanrmn. og nú þann 16. nóv. var aftur afhent greinargerð um niðurstöður þeirra viðræðna sem staðið hafa yfir af hálfu embættismanna utanrrn. allt frá 15. júlí og lauk þann 10. nóv. Þess er síðan að geta að í skýrslu minni til Alþingis um utanríkismál er ítarlega fjallað um Vestur-Evrópusambandið og þar á meðal greint frá þessum bréfaskriftum og jákvæðri afstöðu íslensku ríkisstjórnarinnar til þess að efna til þessara viðræðna þannig að málið á sér langan aðdraganda. Það hefur að sjálfsögðu verið rætt í þingflokkum stjórnarflokkanna og eftir því sem ég best veit hlotið þar jákvæðar undirtektir.

Á seinasta fundi utanrmn., þann 16. nóv. sl., þar sem greinargerð var lögð fram um málið var síðan frá því skýrt að þessar viðræður hefðu leitt til jákvæðrar niðurstöðu, þ.e. að tillit hefði verið tekið til athugasemda Íslendinga sem voru fyrst og fremst þær að leggja á það áherslu í aðildarsáttmálaskjalinu að þar væri lögð meginhersla á að varðveita Atlantshafsamstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, þ.e. að Vestur-Evrópusambandið væri hinn evrópski þáttur Atlantshafssamstarfsins. Jafnframt var orðið við kröfum okkar um að ekkert í þessu aukaaðildarskjali breytti í neinu öðrum skuldbindingum okkar, réttindum og skyldum innan Atlantshafsbandalagsins. Það kemur fram í sérstakri yfirlýsingu formennskulandsins, sem flutt verður á fundinum í Róm þann 20. ágúst, að þar sé átt við Washington-sáttmálann.

Öll efnisatriði þessa máls er að finna í hinni svokölluðu Petersberg-yfirlýsingu sem lögð var fram í utanrmn. og hefur þar verið rædd.

Um skilmálana er það að segja að þar hafa réttindi og skyldur aukaaðildar verið skilgreind og eru í veigamiklum atriðum önnur en ef um er að ræða fulla aðild.

1. Aukaaðilar hafa þátttökurétt og málfrelsi á fundum Vestur-Evrópusambandsins en geta ekki komið í veg fyrir samróma ákvörðun aðildarríkja.

2. Aukaaðilar geta tengst svonefndri varnaráætlun með föstum tengilið þ.e. áheyrnarfulltrúa.

3. Formennskulandið eða helmingur aðildarríkja getur þó takmarkað þátttöku á fundum við ríki sem eiga fulla aðild.

4. Aukaaðilar geta tengst að eigin ákvörðun ákvörðunum aðildarríkja og geta tekið þátt í framkvæmd þeirra nema því aðeins að formennskulandið eða helmingur aðildarríkja ákveði annað.

5. Aukaaðilar geta tekið þátt í varnaraðgerðum Vestur-Evrópusambandsins á sama grundvelli og ríki með aðild ef þau leggja til liðsafla. Af hálfu Íslands hefur verið bókað að slíkt komi ekki til greina.

6. Aukaaðilar tengjast fjarskiptakerfi aðildarríkjanna vegna funda og annarrar hliðstæðrar starfsemi á vegum samtakanna.

7. Aukaaðilar munu greiða sinn hlut til sjóða Vestur-Evrópusambandsins. Hlutur Íslands er um saminn 0,1%. Miðað við fjárhagsáætlun sambandsins á sl. ári mundi það samsvara u.þ.b. 280 millj. kr.

Virðulegi forseti. Því miður gefst mér ekki tími til að segja meira á þessum takmarkaða tíma en það er ástæða til að vekja athygli á því að hér er um það að ræða að þrjú aðildarríki Atlantshafsbandalagsins gerast aukaaðilar samkvæmt þessum skilmálum. Það er til þess að laga sig að þeim breytingum sem nú eiga sér stað innan Atlantshafsbandalagsins. Með öðrum orðum að tryggja það að sjónarmið Íslands geti heyrst í þessum samtökum og að við getum fylgst með þeim breytingum á umþóttunarskeiði sem eru að eiga sér stað í öryggismálum Vestur-Evrópu.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það hefur oft verið tekið upp mál utan dagskrár á Alþingi af minna tilefni. Ég vil þakka hv. þm. Steingrími Hermannssyni fyrir að gera það nú, degi áður en formlega á að innsigla aðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu, aukaaðild sem á að kosta Íslendinga 280 millj. kr. árlega ef ég hef numið rétt orð hæstv. utanrrh. Aðild sem felur í sér miklar skuldbindingar fyrir Ísland eftir því sem ráðherrann einnig greindi hér frá. Aðild þar sem aðeins níu ríki Evrópubandalagsins eru þátttakendur. Nú á að bæta þar við Íslandi, Noregi og Tyrklandi. Menn taki eftir söfnuðinum sem þarna er á ferðinni. Við skulum minnast þess að eitt af því sem var niðurstaðan í þjóðaratkvæðagreiðslunni í Danmörku og sem danska ríkisstjórnin í heild sinni hefur nú sett fram sem sína kröfu gagnvart samstarfsaðilum innan Evrópubandalagsins er það að Danmörk komi ekki nálægt þessu hermálasamstarfi innan Evrópubandalagsins. Alþb. hefur mótmælt áformum ríkisstjórnarinnar um aukaaðild Íslands að bandalaginu. Það hefur verið gert ítrekað og það hefur komið fram í utanrmn.

Ég vil ítreka þessi mótmæli hér. Ég tel það með öllu fráleitt að ætla að fara að binda Íslendinga í þátttöku í þessu hernaðarsamstarfi eins og hér er lagt til.

Við hljótum hér á Alþingi að vera algerlega óbundin af þessum ákvörðunum og taka þessi mál upp við fyrstu hentugleika til þess að hnekkja þeirri ákvörðun sem hér er verið að taka. Ég ráðlegg hv. þm. að kynna sér kaflann á bls. 20–21 í skýrslu utanrrh. til Alþingis þar sem fram kemur m.a. að aukaaðild í þessu hernaðarsamstarfi sé hliðstæð aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði á viðskiptasvæðinu. Það er nú ekkert minna og þessu á að smeygja nánast þegjandi upp á íslenska þjóð og Alþingi Íslendinga. En við því verður að auðvitað brugðist.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill að gefnu tilefni biðja hv. þm. að halda sig við þann tíma sem leyfður er, tvær mínútur.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætla að þakka upphafsmanni þessarar umræðu fyrir að taka þetta mál upp hér sem ég held að sé mjög brýnt. Ég vil vekja sérstaka athygli á því hversu svör hæstv. utanrrh. voru rýr. Það er ljóst og hefur komið fram í utanrmn. og kemur fram aftur hér að það vantar algerlega rök fyrir aðildinni að Vestur-Evrópusambandinu. Engin haldbær rök hafa komið fram.

Það eina sem ég sé í þessu máli, ég horfi kannski á það dálítið öðrum augum en upphafsmaður þessarar umræðu, hv. 7. þm. Reykn., er að ég held að það sem þarna er á ferðinni sé að NATO-ríkin þrjú, Tyrkland, Ísland og Noregur, ætli sér í raun og veru að vera augu og eyru Bandaríkjamanna inni í þessu bandalagi. Það sé það sem málið snúist um. Ég vil bara nefna þá áherslu sem hér er lögð á það að þetta hrófli í engu við Atlantshafssáttmálanum, bæði í gögnum sem við höfum fengið í utanrmn. og í umræðunni hér.

Hvað varðar aðild að varnar- eða hernaðarbandalögum þá verður auðvitað að réttlæta þau eða rökfæra út frá varnar- og öryggishagsmunum Íslendinga. Það hefur ekki verið gert hér. Ég hef ekki heyrt það og hef ég þó lagt eyrun eftir því í þessari umræðu.

Árið 1918 þegar Íslendingar lýstu yfir ævarandi hlutleysi þá gerðu þeir það út frá þeirri heimsmynd sem þá blasti við. Síðan að stríðslokum var ákveðið að gerast aðili að NATO og gera herstöðvarsamning. Það var réttlætt, ég segi réttlætt, með átökum risanna í austri og vestri, að staða Íslands á landakortinu gerði þetta nauðsynlegt. Hins vegar blasir ný heimsmynd við núna og menn verða að skilgreina öryggishagsmuni okkar upp á nýtt út frá þeirri heimsmynd en ganga ekki inn í þessi bandalög sem fyrir eru. Það mætti segja mér að ef við færum að skoða þessa öryggishagsmuni upp á nýtt þá kæmumst við að því að það væri kannski hlutleysi sem samræmdist best stöðu okkar í heiminum eins og hann lítur út í dag.

Ég vil bæta við í þessari umræðu af því að ég held að það hafi verið Hans-Dietrich Genscher sem sagði að nú þyrfti að byggja öryggisstefnuna á efnahagsmálum, þá vil ég segja að það þarf að byggja öryggisstefnuna á umhverfismálum. Það er eitt brýnasta hagsmunamál okkar Íslendinga núna.

Að lokum, virðulegur forseti, vil ég koma því á framfæri að landsfundur Kvennalistans sem haldinn var nýverið mótmælti aðildinni að Vestur-Evrópusambandinu. Ég vil koma þeirri spurningu á framfæri við stjórnarflokkanna hvort þessi aðild hafi verið samþykkt í þingflokkunum, þ.e. að Íslendingar mundu ganga inn í þetta hernaðarbandalag, hvort t.d. þingflokkur Alþfl. hafi samþykkt þetta.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegur forseti. Ég verð að biðjast velvirðingar á því að það skolaðist heldur betur til þegar kom að spurningunni um heildarkostnaðarhlutdeild Íslendinga. Ég verð að viðurkenna að þessar upplýsingar voru fengnar með símtali núna áðan og upplýsingar gefnar í síma. Staðreyndirnar eru þessar áður en lengra verður haldið: Fjárhagsáætlun Vestur-Evrópusambandsins á sl. ári var 2,8 millj. pund eða 280 millj. ísl. kr. Hlutdeild Íslands upp á 0,1% er því 2,8 millj. en ekki sú tala sem ég nefndi.

Björn Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir þingmenn þakka hv. 7. þm. Reykv. fyrir að vekja máls á þessu máli í þinginu í dag. Vissulega þurfum við að ræða það frekar eins og fram hefur komið. Við erum ekki að binda hér enda á umræður um þetta mál frekar en önnur þau viðfangsefni sem við okkur blasa í utanríkismálum. Mér finnst síðasti ræðumaður, hv. 10. þm. Reykv. í rökstuðningi sínum gegn þessu máli, einmitt hafa komið inn á kjarna málsins. Við þessar breyttu aðstæður í heimsmálum og á alþjóðavettvangi er mjög brýnt fyrir okkur Íslendinga eins og aðrar þjóðir að taka ákvarðanir sem miða að því að laga okkur að þessum breyttu aðstæðum.

Ég tel einmitt aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu skynsamlegt úrræði á þessum tíma til að tryggja okkar hagsmuni og gæta okkar öryggis í varnarmálum og öryggissamstarfi við okkar næstu nágranna. Það er ekkert í þessu samstarfi, sem nú er verið að taka upp og hefur oft verið á dagskrá og til umræðu í þinginu, í þingflokkum og í utanrmn., sem skaðar okkar hagsmuni. Það er ekkert í því sem skaðar samstarf okkar við Bandaríkjamenn eða Atlantshafsbandalagið. Þvert á móti er þetta samstarf til þess fallið að treysta öryggi okkar, gefa okkur tækifæri við nýjar aðstæður á alþjóðavettvangi til að vera þátttakendur í nýju samstarfi við okkar næstu nágranna.

Ég verð að segja að ég sé ekki þær hættur sem menn sjá í því að gerast aukaaðilar að þessu samstarfi. Það kallar ekki á neinar þær skuldbindingar sem brjóta í bága við annað og raskar ekki með nokkru móti okkar öryggishagsmunum, þvert á móti efla þá og teysta.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég verð að leyfa mér að draga það í efa, að óreyndu máli a.m.k., að þingmeirihluti sé fyrir þessu máli ríkisstjórnarinnar að gerast aðili að þessu bandalagi. Það eru engin hernaðarleg rök fyrir því að tengja Íslendinga hernaðararmi Evrópubandalagsins.

Það eru engin siðleg rök fyrir því að gera það. Við erum vopnlaus þjóð og friðsöm með alveg örfáum undantekningum. Það eru engin fjárhagsleg rök fyrir því. Við munum bera af þessu töluverðan kostnað. Það er þakklætisvert að hæstv. utanrrh. leiðrétti sig áðan og upplýsti að Íslendingar ættu ekki að borga allan kostnaðinn af bandalaginu og það má náttúrlega þakka honum fyrir þá fyrirhyggju. Það eru engin vitræn rök fyrir þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar og þó, einu rökin fyrir þessari ákvörðun eru þau að ríkisstjórnin er að taka enn eitt skrefið inn í Evrópubandalagið með því að gerast aukaaðili að hernaðararmi þess. Það er þarna sem hundurinn liggur grafinn. Þetta er skref inn í Evrópubandalagið sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að stíga og ég leyfi mér að efast um að það sé þingmeirihluti fyrir því að taka þetta skref.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka frummælanda fyrir að taka mál þetta upp. Þetta er vissulega stórmál, kannski eitt af stærstu málum okkar tíma og ég get ekki komist hjá því að gagnrýna að ríkisstjórnin skuli ekki fyrr hafa gert grein fyrir sínum málum. Að vísu voru svör hæstv. utanrrh. með þeim hætti að það var lítið á því að græða sem hann hafði að flytja og lítið fyrir að þakka, af minni hálfu a.m.k.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir spurði hvort samþykkt hefði verið í stjórnmálaflokkunum aðild að þessu bandalagi, þessu hernaðarbandalagi. Ég veit ekki til að það hafi nokkru sinni verið gert í Sjálfstfl. Hins vegar var í lok fundar í gær sýnt eitt lítið plagg sem menn vissu nú ekki eiginlega, alla vega ég, hvað var. Ég hafði ekki hugmynd um að neitt í þessa veru væri til umræðu og ætti að vera í dag. Þetta er allt með eindæmum og hlýtur að vekja fólk til umhugsunar um hvort þessi Evrópusamskipti yfirleitt séu öll með þessum hætti. Þá held ég að við þurfum ekkert að óttast að við ánetjumst EES með óbærilegum hætti. Menn muni þá skilja að það er ekki verið að gera eitt eða neitt fyrir okkur. Það eru farnar þær leiðir sem Evrópubandalagið ætlar sér að fara með hvaða vopnum sem eru og með hvaða bandamönnum sem þeir geta fundið til ef þeir þá finna þá einhverja.

Ég skal ekki orðlengja þetta. Mér finnst málið augljóst. Þetta er hneykslismál og hv. þm. þurfa allir að hugsa vel sinn gang áður en þeir láta það ganga lengra.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Eins og kom fram hjá hæstv. utanrrh. hefur málið verið rætt ítarlega í ríkisstjórn og jafnframt hefur það verið verið rætt allnokkrum sinnum í þingflokki Sjálfstfl. að sjálfsögðu og reyndar var bókaður á þingflokksfundi 15. júlí sérstakur stuðningur við það að taka upp samningaviðræður um aðild að þessu bandalagi. Jafnframt var þar bókað, að tilmælum hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, að athygli yrði vakin á því að Íslendingar væru vopnlaus þjóð og hygðust vera það og ætti það að koma fram í þeim viðræðum sem þá væru að hefjast og Sjálfstfl. var að samþykkja. Og eins og hæstv. utanrrh. nefndi var gerð sérstök bókun um þetta efni. Þetta var einnig rætt á þingflokksfundi í gær, málið kynnt og sérstaklega beðið um það í upphafi fundar að ef menn gerðu athugasemdir þá væru þær gerðar á þeim langa fundi sem menn þá sátu. Það gerði enginn slíka athugasemd.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Við höfum nú fengið smáinnsýn í vinnubrögðin í þingflokki Sjálfstfl. þar sem það er þannig að ef menn gera ekki hávaðaathugasemdir við bókanir þá þýðir þögn sama og samþykki. Það er nú bersýnilegt að það fer eitthvað á milli mála við afgreiðslu þessa máls í þingflokki Sjálfstfl. Það er bersýnilegt og það er einnig athyglisvert að það hafa engar sérstakar upplýsingar, eftir spurningar hv. þm. Páls Péturssonar, komið fram um það hvernig þetta mál hefur verið afgreitt í þingflokki Alþfl. og auðvitað full ástæða til þess að draga það í efa að stefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli njóti þingmeirihluta og því óhjákvæmilegt að leita leiða til þess að það verði kannað því að hér er um að ræða svo stórt og alvarlegt mál að útilokað er að láta hér við sitja.

Kjarni þessa máls er sá sem kom fram hjá hv. 4. þm. Austurl. áðan að aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu, sem hér er verið að ræða um, mundi ekki aðeins tengja Ísland Evrópusamstarfinu á sviði öryggis- og varnarmála með hliðstæðum hætti og EES mundi tengja Ísland við Evrópusamstarfið á sviði utanríkisviðskiptamála. Með öðrum orðum, hér er í raun og veru um að ræða hernaðarlegu hliðina á EES-tillögunum. Það er nauðsynlegt fyrir menn að gera sér grein fyrir því og þeir sem draga það í efa skulu lesa skýrslu utanrrh. Á bls. 21 í skýrslu utanrrh. kemur þetta skýrt fram.

Ég hygg að það sé nefnilega alveg hárrétt sem hv. 10. þm. Reykv. sagði áðan að besta leiðin fyrir Ísland við þessar aðstæður væri auðvitað hlutleysi þannig að Ísland héldi sig fyrir utan þessar sviptingar, m.a. fyrir utan þetta bandalag hvort sem um er að ræða aukaaðild eða aðalaðild að því. Mín skoðun er reyndar líka sú að óhjákvæmilegt sé fyrir Íslendinga að halda sig fyrir utan Evrópubandalagið og einnig fyrir utan það bandalag sem heitir EES og er eins og þetta skref inn í Evrópubandalagið. Ég tel þess vegna að það væri rökréttasta niðurstaðan í framhaldi af ábendingum hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, ekki einasta að hafna þessu heldur líka að hafna aðild að Evrópsku efnahagssvæði.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans eins langt og þau náðu. Það var gott að hann leiðrétti þetta með kostnaðinn. En mér reiknast til að 0,1% sé ekki nema 280 þús. kr. og það er nú ekki meira en svona ein ferð utanrrh. með fylgdarmönnum á einn fund í þessu Vestur-Evrópusambandi þannig að ég hef ekki heyrt um ódýrari þátttöku okkar Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi og ég hygg að hæstv. utanrrh. ætti að hringja aftur til London og kanna betur hver kostnaðurinn er. Ég held að það fari ekkert á milli

mála að kostnaðurinn við svona samband verður mikill. Hver hann verður veit ég ekki. En það vita allir að það var ákveðið í Maastricht að efla og auka þetta samstarf mjög.

Ég átti þess kost að taka þátt í fundi sem haldinn var í Grikklandi í júnímánuði sl. Þar var umræðan ekki síst um það hvaða hlutverki þetta samband eigi að gegna. Og þar kom mjög greinilega fram að Frakkar hafa stofnað til og lagt áherslu á þetta samband til að vera mótvægi við þátttöku Bandaríkjanna í Atlantshafsbandalaginu. Það fór ekkert á milli mála. Og t.d. sagði gríski varnarmálaráðherrann mér það að Grikkir sæktu mjög stíft að verða aðilar að þessu bandalagi en vildu Tyrki alls ekki með og hugsuðu sér reyndar að þetta ætti að vera einhvers konar varnarstöð þeirra gegn Tyrklandi. Menn sjá náttúrlega að ef þetta bandalag á að verða einhvers konar lögregla fyrir það sem er að gerast í Evrópu, þá eru menn ekki að tala hér um kostnað sem er 280 millj. kr. samtals. Menn eru að tala um margfaldan þann kostnað. Það fer ekkert á milli mála.

Ég hef þegar mótmælt þessu flani, ég get ekki kallað þetta annað og ég tek undir það sem hér hefur verið sagt að það er útilokað að skilja þetta öðruvísi en sem einhvers konar viljayfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar um að hún vilji gerast aðili að Evrópubandalaginu. Ég mótmæli því einnig að við fáum ekki að sjá það sem á að undirrita á morgun. Hér segir m.a., með leyfi forseta, í því bréfi sem við höfum fengið:

„Til viðbótar við aukaaðildarskjal sem verður undirritað í Róm 20. nóv. nk. af viðeigandi utanríkisráðherrum og er pólitískt bindandi var í undirbúningsviðræðum gengið frá sameiginlegum bókunum."

Hvað er þetta skjal sem verður pólitískt bindandi? Væri ekki gott að fá að sjá það? Ég vil taka undir það sem hér hefur verið sagt, ég held að það hljóti að vera einsdæmi að ríkisstjórn skuli leyfa sér að binda okkur Íslendinga í slíkt bandalag án þess að málið sé ítarlega rætt hér og meira að segja það skjal, sem á að undirrita, ekki sýnt í hv. utanrmn.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er sennilega rétt sem fram kom hjá hv. málshefjanda og seinasta ræðumanni að þær tölur, sem hér hafa verið nefndar um kostnaðarhlutdeild, benda ekki til þess að þetta sé voldugt eða mikið varnarbandalag. Ég vil þess vegna taka mönnum vara við því að þessar tölur eru fengnar, eins og ég sagði, með einu símtali og eru byggðar á þýðingu á því sem upp var gefið, „operating costs". Það er vitað að Vestur-Evrópusambandið er auðvitað að taka miklum breytingum. Það er m.a. að flytja aðalstöðvar sínar frá London til Brussel og þróun þess í framhaldi af Maastricht-samningnum verður væntanlega á þann veg að heildarkostnaðurinn aukist. En tölurnar gefa engu að síður til kynna að ekki sé um miklar skuldbindingar að ræða.

Í annan stað. Hv. þm. spurði: Er ekki hægt að fá birt þau skjöl sem hér um ræðir? Það kom fram í fyrri ræðu minni að grundvallarskjalið, sem skilgreinir réttindi og skyldur aukameðlima í Vestur-Evrópusambandinu, var lagt fram á þessu sumri í utanrmn. Það er svokölluð Petersberg-yfirlýsing. Ég taldi upp í svari mínu áðan alla meginþætti þess, sjö að tölu, og það er hafið yfir allan vafa að við erum ekki að taka á okkur neinar nýjar skuldbindingar umfram þær sem við höfum þegar gert með aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu, þar á meðal enga skuldbindingu til þátttöku í varnaraðgerðum, framlag á vopnuðum mönnum eða neitt þess háttar. Í því er með öðrum orðum engin breyting. Hvers vegna er þá verið að óska eftir aukaaðild? Það er vegna þess að Atlantshafsbandalagð er nú á breytingaskeiði, ef svo má komast að orði, það stefnir í þá átt í vaxandi mæli að Vestur-Evrópusambandið, sem hin evrópska stoð innan NATO, ráði ráðum sínum saman þannig að Atlantshafsbandalagið er í vaxandi mæli að verða einhvers konar tvíhliða bandalag. Þau lönd innan Atlantshafsbandalagsins, sem ekki eiga þar neina aukaaðild, standa þess vegna frammi fyrir þeirri áhættu að standa frammi fyrir orðnum hlut þegar kemur þar að ákvörðunum. (Forseti hringir.) Hér er þess vegna eingöngu um það að ræða að við óskum eftir því að fá aðstöðu til þess að koma sjónarmiðum okkar á framfæri á þessum vettvangi og við erum að gera það með því að leggja áherslu á að koma þar á framfæri sjónarmiðum sem tengjast nauðsyn þess að viðhalda Atlantshafssamstarfinu.

Að því er varðar afstöðu bandarískra stjórnvalda, þá er það merkilegt að bandarísk stjórnvöld eru eindregið meðmælt því að bandalagsþjóðir þeirra eins og Noregur og Ísland stígi þetta skref. (**Gripið fram í:** En Alþýðuflokkurinn?) Sömuleiðis.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þessari utandagskrárumræðu er nú lokið. Því miður var ekki hægt að veita fleiri hv. þm., sem báðu um orðið í lokin, leyfi til að taka til máls því að þessi umræða má samkvæmt þingsköpum aðeins standa í hálftíma og sá hálftími er liðinn og gott betur.

Guðmundur H. Garðarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil mótmæla því að þessum aðferðum hæstv. forseta sé beitt í sambandi við þetta mál. Ég kvaddi mér hljóðs og sá ekki betur en sá tími væri ekki liðinn þegar ég óskaði eftir því að fá að mæla hér nokkur orð. Jafnframt vil ég vekja athygli þingheims á því að forseti tók greinilega ekki eftir því þegar aðrir hv. þm. óskuðu eftir því að fá að taka til máls fyrr í umræðunni. Ég ætla þess vegna, virðulegi forseti, þar sem það gefst væntanlega ekki tækifæri til þess að fá að ræða þetta síðar á fundinum, að vekja athygli á því eins og aðrir hv. þm. hafa gert að málið er þess eðlis að ég efast um að það standist samkvæmt þingsköpum og með tilliti til vægis þessa máls að skera niður umræður með þeim hætti sem hér hefur verið gert. Ég ætla að vísu ekki að brjóta gegn ákvörðun forseta með því að hefja umræðu um málið sem slíkt undir ákvæðum þingskapa um umræður um þingsköp en ég vil mótmæla því alveg eindregið að fá ekki tækifæri til að fjalla efnislega um þetta mál. Það er þess

eðlis að utanrrh. hefur m.a. viðhaft orð sem ekki eru rétt varðandi stöðu Atlantshafsbandalagsins og ég vil beina því til forseta hvort hann leyfi það að ég komi með leiðréttingu þar sem hann túlkaði stöðu Atlantshafsbandalagsins annars vegar og Vestur-Evrópusambandsins hins vegar og um þýðingu þessara samtaka í framtíðinni. Leyfir forseti það? (**Forseti:** Forseti vill benda hv. þm. á að nota sér réttinn til að bera fram fsp. til hæstv. utanrrh. ef hann vill fara að þingsköpum og fara ekki í efnislegar umræður undir þessum dagskrárlið.) Má ég þá, virðulegi forseti, gera það hér munnlega eða verður það að vera skriflegt? (**Forseti:** Hv. þm. getur lagt fram fsp. sem kemur þá fram á þskj. og væntanlega hefur hann tækifæri til þess að bera hana fram í næsta fyrirspurnatíma þingsins.)

Virðulegi forseti. Eins og honum er kunnugt er hérna sem varaþingmaður og hann gerir sér fullkomlega grein fyrir því að ef það er vilji forseta eða annarra hv. þm. eða ráðherra að mínar skoðanir komi ekki fram í þessu máli þá er þetta góð aðferð til að koma í veg fyrir að ég fái svör við minni fyrirspurn. Ég vil hins vegar vekja athygli forseta á því að það er rangt sem hæstv. utanrrh. sagði þegar hann sagði að það verði breytingar á stöðu Atlantshafsbandalagsins. Það er ekki rétt. Bæði Bandaríkjamenn, Kanadamenn og Bretar hafa marglýst því yfir að staða Atlantshafsbandalagsins sé óbreytt þannig að þörfin fyrir Vestur-Evrópusambandið í þeim skilningi sem hæstv. utanrrh. kom hér inn á, sá skilningur sem hann hefur er rangur. Það hefur ekki orðið sú grundvallarbreyting á stöðu Atlantshafsbandalagsins sem réttlætir að það, sem hæstv. utanrrh. leggur til, sé gert, að skrifa undir það að Ísland gerist raunverulegur aðili að einni stofnun Evrópubandalagsins með þeim hætti sem hér er verið að gera. Ég segi fyrir mitt leyti að ég mótmæli svona vinnubrögðum. Ég mótmæli því einnig að þannig sé verið að smeygja Íslandi á fyrsta stigi inn í Evrópubandalagið.

Jón Helgason *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi beina þeim eindregnu tilmælum til forseta Alþingis og reyndar ríkisstjórnar að taka það til gaumgæfilegrar athugunar hvort hér sé ekki verið að brjóta allar þingræðisvenjur og hefðir. Hér segir hæstv. utanrrh. að það sé verið að binda okkur pólitískum böndum við hluta af Evrópubandalaginu og ef það á að gera það með undirskrift utanrrh. án þess að um málið sé fjallað á hv. Alþingi, án þess að stór hluti þingmanna hafi hugmynd um þetta og virðist vera vafasamt mjög að meiri hluti sé fyrir, þá dreg ég það í efa að svona vinnubrögð standist þá lágmarkskröfu sem verður að gera til framkvæmda á þingræðisreglum.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég óskaði eftir að ræða þingsköp þegar ljóst var að forseti meinaði þingmanni, hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, að taka þátt í umræðunni sem nú hefur rætt hér um þingsköp. Nú vil ég ekki leggja mat á tímamælingu forseta, ég vefengi það ekki að hálftími hafi verið liðinn. Hins vegar er hér um svo mikilsvert mál og sérstætt að ræða eins og það kemur fram gagnvart Alþingi að það nær auðvitað ekki nokkurri átt að hér sé verið að takmarka ræðutíma með þeim hætti sem gert er. Og ég vil skora á forustu þingsins að fara nú þegar yfir þetta mál með tilliti til stöðu Alþingis Íslendinga. Ég skora á forustu þingsins, forsætisnefndina, að fara nú þegar yfir þetta mál með tilliti til stöðu Alþingis Íslendinga gagnvart framkvæmdarvaldinu sem ætlar sér á morgun að binda Ísland pólitískt inn í hernaðarsamtök með aukaaðild þar sem skilyrðin liggja ekki fyrir, Alþingi hefur ekki séð þau og þar sem óvissa er um það hvort stuðningur er á Alþingi við þetta. Mér finnst að það hljóti að vera verkefni forustu þingsins að taka nú þegar á þessu máli og tryggja að það sé a.m.k. ljóst hver þingviljinn er áður en utanrrh. Íslands eða fulltrúi hans skuldbindur landið í svo stóru og mikilsverðu máli. Ég treysti hæstv. forseta til að taka á þessu máli með forsætisnefnd.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti verður að upplýsa að því miður þarf hún að hverfa úr forsetastóli. Ef einhverjar athugasemdir beinast að þeim forseta sem hér stendur væntir hún þess að það verði hægt að koma því til skila. Það er af óviðráðanlegum ástæðum sem forseti þarf að hverfa úr forsetastóli um sinn.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Örstutt athugasemd áður en frú forseti yfirgefur stólinn. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Ég vil láta það koma fram að þegar ég óskaði eftir henni fyrir hönd þingflokksins í morgun. að þá óskaði ég eftir hálftíma umræðu og vonaðist til að hún dygði. Reynslan hefur hins vegar sýnt að þetta mál þarf að ræða miklu ítarlegar. Það hefur komið fram í þessum umræðum að tveir af þingmönnum Sjálfstfl., þar á meðal annar þeirra sem er reyndastur í utanríkismálum, styðja ekki þessa ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Ég verð að krefjast þess að áður en hæstv. utanrrh. skrifar undir eitt eða neitt eða lætur skrifa undir verði samningurinn, svo og bókanir honum tengdar, hvort sem þær eru pólitískt bindandi eða ekki, lagðar fram í hv. utanrmn. og teknar þar til umræðu. Enn fremur að þá fari fram umræða á Alþingi og ákvörðun um þetta mál verði tekin með þingræðislegum hætti. Hér hefur ekki verið farið eftir þingræðislegum vinnubrögðum og það ber að harma.

Ég ítreka kröfu mína um það að málið hljóti umfjöllun í utanrmn. áður en fleira verður gert af hálfu Íslands í málinu.

Guðni Ágústsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég sakna þess að aðalforseti skuli hverfa úr forsetastóli undir slíkum kringumstæðum þegar þingheimur bíður eftir ákvörðun sem allir líta á sem mjög mikilvæga, þ.e. að Alþingi fái að ræða þetta stóra mál sem hér hefur verið á dagskrá, fái til þess meiri tíma og að Alþingi Íslendinga geti haft einhvern

viðbúnað áður en hæstv. utanrrh. staðfestir þann gerning sem hann hefur kynnt. Þess vegna harma ég það að aðalforsetinn skuli vera horfinn úr salnum og telji önnur verkefni brýnni á þessari stundu en því að ná sátt við þingið á þessari örlagastundu. (**PP:** Frú forseti hefur lögleg forföll.) Það kann að vera. En þá treysti ég á þann forseta sem nú er að hann kveði upp þann úrskurð að hér verði gefinn lengri tími til þess að ræða þetta stóra mál, hvernig Alþingi má taka þetta mál til umræðu eða mikilvægar nefndir þingsins og felli úrskurð um það hvernig þessum vinnubrögðum verður hagað.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Þegar því er lýst yfir að vegna þingskapa sé ekki hægt að halda umræðunni áfram byggir það að verulegu leyti á þekkingarleysi á þingsköpunum. Ég vil biðja þá sem eru með þingsköpin að fletta upp á 90. gr. þingskapanna. Þau eru alveg ótvíræð:

„Eftir uppástungu forseta eða formanns þingflokks má bregða út af þingsköpum þessum ef tveir þriðju hlutar þeirra þingmanna, er um það greiða atkvæði, samþykkja."

Forseta er í lófa lagið ef hann vill liðka fyrir umræðunni að bera það upp við þingheim hvort nú verða teknar 20 mínútur til þess að hleypa þeim að sem höfðu beðið um orðið en ekki komist að. Ég verð að segja eins og er að mér finnst skrýtið að hafa svona heimildir inni, eins og hér eru í 90. gr., ef það á ekki að nota þær þegar augljóst er að sú ákvörðun um ræðutíma sem tekin hefur verið áður af forsetanum leiðir til þess að margir, sem leitað hafa eftir, hafa ekki fengið að tjá sig um málið, ekki einu sinni í hálfa mínútu. Það er þess vegna misbeiting á valdi, að mínu viti, ef forseti lítur svo á undir þessum kringumstæðum að það séu þingsköpin sem koma í veg fyrir að þetta sé gert. Ef þingheimur er sammála forsetanum í því að ekki eigi að lengja umræðuna er það auðvitað sjálfgefið. En ég tel að undir þessum kringumstæðum vaxi forsetar þingsins að virðingu ef þeir hliðra til og leggja til að umræðum verði fram haldið svo þeir sem höfðu beðið um orðið fái sama ræðurétt og þeir hefðu fengið ef þeir hefðu komist að meðan hálftímaumræðan stóð.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Eins og fram kom hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. þá var eingöngu beðið um hálftímaumræðu og hún var leyfð. Hér fór fram umræða í 36 mínútur. Það var farið að samkvæmt þingsköpum. Það hefur ekki komið fram ósk, hvorki frá forseta né formanni þingflokks um að bregða út af þessu.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég held að þær ásakanir sem hafa komið fram á hendur forseta þingsins séu ekki á rökum reistar. Það hefur komið fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. sem bað um þessa umræðu að hann bað einvörðungu um hálftíma umræðu. Hún fór í einu og öllu fram í samræmi við þær reglur sem um það gilda. Það er hins vegar alveg ljóst að margt er ósagt í þessum umræðum. Eflaust verður tóm til að ræða þetta allt miklu nánar síðar. Ég vil vekja athygli á því að hv. þm. Páll Pétursson, sem eins og kunnugt er bað um þessa umræðu, óskaði líka eftir því að utanrmn. kæmi saman. Það vill svo til að mér er kunnugt um það að formaður nefndarinnar er að boða fund í nefndinni og ætlar að halda fund í henni síðar í dag, hið allra fyrsta. Ég vænti þess að þar með sé kominn grundvöllur fyrir því að leysa ágreining um þessar umræður með því að ræða þetta mál frekar í nefndinni. Það verður svo einfaldlega að ráðast síðar hvort grundvöllur eða ástæða er til að taka þetta mál upp fljótlega aftur.

Guðmundur H. Garðarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er virðingarvert að hv. utanrmn. skuli ætla að fjalla um þetta mál daginn áður en hæstv. utanrrh. ætlar að undirrita það samkomulag sem hann skýrði frá hér í upphafi þessarar umræðu. Það eitt nægir ekki, vil ég álíta, hv. Alþingi þar sem ég álít að afgreiðsla þessa máls hljóti að verða að fara fram á hinu háa Alþingi áður. Það kom fram í ræðu formanns þingflokks Sjálfstfl., hv. þm. Geirs Haarde, að það gæti verið að þessi umræða færi fram síðar ef efni stæðu til. Það hlýtur þá að vera eftir undirskriftadag sem er á morgun en það er ekki fullnægjandi.

Þess vegna vil ég, virðulegi forseti, óska eftir því að samkvæmt 90. gr. þingskapalaga beri forseti það undir þingheim hvort ekki sé hægt að framlengja þessa umræðu um 20 mínútur eins og þingsköp gera ráð fyrir. Það fari þar af leiðandi fram atkvæðagreiðsla um það hvort þingheimur leyfir slíkt en þingsköp gera ráð fyrir því að slíkt sé hægt.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Nú háttar svo til að erfitt er að framlengja umræðu sem búið er að slíta og lýsa yfir að sé lokið.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég held að sú ósk sem hér hefur komið fram eigi fullkomlega rétt á sér, að utandagskrárumræðan sem hér fór fram áðan hefjist að nýju. Ég vil benda hæstv. forseta á að þetta er ekki dagskrármál. Þó að umræðunni hafi verið lokið er það á valdi forseta að hefja hana að nýju. Forseti getur ákveðið það og sem einn af þeim þingmönnum sem sitja í forsætisnefnd þingsins vil ég leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta að orðið verði við ósk hv. 5. þm. Reykv., ekki síst þar sem mér skilst að hann sé á förum út af þingi. Hann er ýmsum öðrum kunnugri þessum málum hér á hinu háa Alþingi og ég held að það sé alfarið í valdi hæstv. forseta að hefja umræðuna að nýju eins og farið var fram og standi hún næstu 20 mínúturnar. Dagskrá þingsins ruglast ekki á nokkurn hátt. Mér er ljóst að ef þetta væri skráð dagskrármál væri ekki hægt að hefja málið að nýju. Það er algerlega í valdi hæstv. forseta að gera svo. Ef forseti kýs getur hann auðvitað leitað sér samþykkis þingsins.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Upplýst hefur verið að utanrmn. muni koma saman nú þegar og ræða þetta mál. Telur forseti því rétt að bíða með frekari ákvarðanir um framhald málsins þar til þeim fundi er lokið og gengið verði aftur til dagskrár.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. fyrri umr.

Þáltill. FI o.fl., 155. mál (endurskoðun laga). — Þskj. 177.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að lýsa ánægju minni með það að hv. þm. Guðrúnu Helgdóttur fer nokkuð fram í mannasiðum. Síðast þegar þessi mál voru til umræðu, ég var þá fjarstaddur, þótti henni sæmandi að fara þeim orðum um mig að ég hefði ekki þorað að vera viðstaddur umræðuna og hefði þess vegna sett inn varamann þegar staðreyndin var sú að ég var á leið til Alaska í ferð sem hafði verið skipulögð með um það bil sex mánaða fyrirvara. Þetta vildi ég að kæmi hérna fram. En vegna þess að þingmanninum fer svo hratt fram í mannasiðum mun hún vitaskuld koma hér upp og biðjast afsökunar á þessu en hún er næst á mælendaskrá.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að með þeirri tillögu sem hér er flutt hef ég mikla samúð. Ég vil líka segja það að þau dæmi sem hér hafa verið rakin af hv. þm. Finni Ingólfssyni hljóma í mínum eyrum næsta sannfærandi. Ég held að þau gefi fyllilega tilefni til að þetta mál verði kannað niður í kjölinn. Ég vil að vísu lýsa því yfir hér að ég tel á þessu stigi ekki fært af minni hálfu að gefa um það yfirlýsingu hvort ég muni fylgja málinu vegna þess að innan Alþfl. hafa, eins og málflytjendur vita, verið miklar deilur um þetta mál, og í gangi er vinnuhópur um málið. Það hefur orðið sammæli okkar sem erum að vinna að þessum málum þar að við munum bíða með það fram yfir áramót þegar niðurstaða liggur fyrir að taka ákvarðanir sem varða þessi mál. Ég vil hins vegar staðfesta það sem hér hefur komið fram að bæði Samband ungra jafnaðarmanna og flokksþing Alþfl. hafa tekið mjög afdráttarlausa afstöðu í þessum málum. Það var ekki síst sökum þess sem vinnuhópurinn var settur á laggirnar.

Ég vil hins vegar líka, virðulegi forseti, lýsa þeirri skoðun minni að þótt margt megi vafalaust finna að þessum lögum megi um það deila hvort 6. gr., greinin um eftirágreiðslurnar, sé í rauninni versta greinin. Ég held, eins og kom fram þegar menn voru að vinna að þessum málum í fyrra, að það sem kann e.t.v að reynast erfiðast til frambúðar, sér í lagi menntamönnum framtíðarinnar, séu reglurnar um endurgreiðslurnar. Það kom fram í umræðum þá af minni hálfu að ég teldi að til frambúðar þyrfti að skoða þetta betur. Ég er sannfærður um að það verður nauðsynlegt á næstu árum að gera það, a.m.k. þetta atriði. Þetta tel ég óhjákvæmilegt að komi hér fram.

Ég vil líka lýsa þeirri skoðun minni, virðulegi forseti, að ég tel að sú mikla áhersla sem málflytjendur hafa í dag lagt á það að það hafi verið lögin, lagasetningin sem slík, einkum og sér í lagi 6. gr., sem hafi fækkað námsmönnum jafnmikið og raun ber vitni — talan 700 er hér nefnd og ég rengi hana ekki — að ég dreg í efa að svo sé. Ég held miklu frekar, virðulegi forseti, að það séu m.a. skólagjöldin, en ég var einn af þeim sem lagðist harkalega gegn þeim innan míns flokks og hér á hinu háa Alþingi, ekki síst vegna þess að ég taldi að þau mundu draga mjög úr þeim hvata sem er hjá tilteknum hópum námsmanna til þess að sækja nám. Ég byggi hér á nokkurri reynslu. Fyrir utan það að hafa komið víða við í atvinnulífinu, þá var ég lektor við Háskóla Íslands í eitt ár, kenndi einkum í þessum greinum sem stundum eru nefndar kvennagreinar. Ég varð var við það að í þeim hópi sem sótti þá nám voru konur sem voru komnar á miðjan aldur og sóttu námið með barnauppeldi, vinnu og höfðu greinilega mikinn áhuga á því að sækja háskólanám. Því miður varð það reynsla mín að þær áttu talsvert örðugt með það og heltust fyrr og í meira mæli úr lestinni en aðrir hópar námsmanna. Ég hygg að skólagjöldin verði þess valdandi að þessi hópur kvenna muni hugsa sig um tvisvar áður en hann fer í nám og borgar þessar 20 þús. kr.

Ég tel líka, virðulegi forseti, að úthlutunarreglur og breytingar á þeim, hlutir sem varða auðvitað miklu en koma ekki til kasta þingsins, skipti þarna verulega miklu máli. Ég tel að þær upplýsingar sem liggja fyrir sýni það alveg ótvírætt að þær þarf að skoða mjög gaumgæfilega. Ég hefði talið að það væri rökrétt í ástandi eins og núna þegar atvinnuleysi eykst að sókn í skólana mundi aukast. Ég hefði talið að það væri rökrétt. Við sjáum hið gagnstæða. Það hljóta að vera ástæður fyrir því sem þarf að kanna.

Menn hafa í umræðum lýst því yfir að það komi sérstaklega fram að konum fækki í námi. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki kannað þetta til hlítar. Þó sá ég við lestur á umræðum sem fóru fram þegar ég var í Alaska að hv. varaþingmaður Gunnar Birgisson, stjórnarformaður lánasjóðsins, upplýsti að konur hefðu árið 1988 verið 47% af lánþegum LÍN, 48% 1989, 1990, 1991 og 1992 voru þær 49%. Síðan sagði stjórnarformaðurinn að hann teldi að hlutfallið fyrir komandi ár, 1993, gæti orðið svipað. Ég las úr máli hans þá efnislegu niðurstöðu að hann vísaði því algerlega á bug að breytt lög hafi leitt til þess að konum hafi hlutfallslega fækkað.

Nú tel ég að það sé ekki rétt að skoða heildarhlutfall kvenna þegar menn eru að líta á þetta, ekki ef menn ætla að fá marktæka niðurstöðu. Menn eiga að líta á hlutfall kvenna á meðal nýnema fyrst og fremst. Á meðal nýnema hefur konum verið að fjölga. Þær komust fyrst yfir 50% árið 1986. Síðan hefur hlutfall þeirra vaxið jafnt og þétt. Það er auðvitað ljóst að sú þróun getur ekki haldið áfram. Það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt þó að þeim jafnvel fækki eitthvað. Á

þessu ári hefur þeim fækkað niður í 55%. En ef við lítum hins vegar á tölur yfir hlutfall kynjanna meðal nýnema erlendis, sem ég hygg að sé marktækara, þá kemur það fram að árið 1990–1991 voru konur 45% og núna hefur þeim fækkað um svipað hlutfall og við Háskóla Íslands, þ.e. þær eru 41%.

Það er lítill efi í mínum huga um að það eru breyttar aðstæður námsmanna sem valda þessu. Ég tel það a.m.k. á þessari stundu. Það sem mig greinir e.t.v. á við ýmsa sem hér hafa talað er hvað það er sem veldur þessu. Ég tel þó að vera kunni að lögin, ákvæði um endurgreiðslur og eftirágreiðslur ráði miklu, ég get ekki sagt hve miklu, þá er ég sannfærður um að breyttar úthlutunarreglur, einkum og sér í lagi breyttur fjölskyldustuðull og breytt tillit til námsmanna í veikindum, einkum þegar um er að ræða veikindi barna, skipti þarna miklu meira máli. Ég verð að segja það. Það er bara mín ærleg skoðun — og skólagjöldin. Ekki síst breytingin á fjölskyldustuðlunum.

Ég segi það aftur um þessa tillögu að ég hef fulla samúð með henni. Ég hef fyrirvara með það að lýsa yfir hvaða niðurstöðu ég tek að lokum. Við vinnum að þessu máli eftir okkar hætti og okkar leiðum í Alþfl. eins og þið sjáið af þeim upplýsingum sem ég hef hér komið fram með. Við viðum að okkur gögnum og á grundvelli þeirra munum við einstakir þingmenn og þingflokkurinn ná niðurstöðu í þessu máli.

Hvað varðar þessa tillögu þá tel ég í sjálfu sér að hún komi fram á ákaflega heppilegum tíma núna tiltölulega skömmu fyrir jól. Ég geri ráð fyrir því að umræðu verði lokið í dag eða næstu daga. Hún fer til nefndar og ég tek undir með menntmrh. þegar hann segir: Það er erfitt í dag að draga óyggjandi niðurstöður af því hvernig málið hefur þróast. Hann hefur sagt að það komi ekki í ljós fyrr en eftir áramót. Ég hef tilhneigingu til þess að vera honum sammála og vil alla vega láta njóta velvildar vafans. Ég tel að einmitt í umfjöllun menntmn. munu þær upplýsingar koma fram sem sýna það betur en í dag hvernig þetta mál hefur þróast í kjölfar þeirra laga sem samþykkt voru í fyrra.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel mikilvægt sem fram kom hér í máli hv. 17. þm. Reykv. Ég er honum sammála að sumu leyti. Ég er honum hins vegar algerlega ósammála um það að skólagjöldin ráði þessum úrslitum. Ég segi fyrir mig sem þekki talsvert til í þessum hópum að ég þekki ekki dæmi um það að þau hafi ráðið úrslitum. Ég þekki dæmi um hitt að eftirágreiðsluákvæði laganna hafi ráðið úrslitum, þ.e. 6. gr. Hún hafi hrakið fólk í burtu. Ég þekki fjölda dæma um það. Annað atriði sem ég þekki sérstaklega mörg dæmi um eru námsframvindukröfur stjórnar lánasjóðsins. Þær eru t.d. með þeim hætti að það að hefja nám segjum í lögfræði sem skilar í raun og veru ekki niðurstöðum fyrr en eftir tvö misssiri er satt að segja alveg ógerningur fyrir fólk t.d. sem hefur vinnu og við þessar aðstæður atvinnuleysis vill ekki sleppa vinnunni, vill ekki taka þá áhættu að fara í skólann, falla og komast svo ekki í vinnu aftur. Ég held því að námsframvindukröfurnar séu í raun og veru það ljótasta í úthlutunarreglunum eins og þær eru auk þess sem ég tel að námsframvindukröfurnar standist heldur ekki af því að Háskóli Íslands hefur verið skorinn svo mikið niður að hann getur ekki veitt nemendunum þá þekkingu á þeim stutta tíma sem lánasjóðurinn krefst til þess að fólkið fái þessi lán. Þannig að þetta stenst ekki.

Ég verð að segja að ég tel mikilvægt og ég finn það alveg greinilega að hv. 17. þm. Reykv. vill vel í þessu máli og það hygg ég að eigi við um flesta hv. þm. Ég segi samt við hann eða ég bið hann öllu heldur að vera ekki að plata okkur. Ég vona að það sé ærlegt sem hann er að segja og hann vilji í alvöru taka þátt í því að laga lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna því að þau eru slæm. Reynslan sýnir það nú þegar, virðulegi forseti.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þeir dagar eru löngu liðnir að ég plati hv. þm. Svavar Gestsson. Það var á allt öðrum dögum í allt öðrum flokki sem það gerðist. Ég segi aðeins mitt álit á þessu. Mér finnast sum þeirra raka sem hér eru fram borin ekki standa á góðum grunni. Mér finnst ýmislegt í því sem menntmrh. segir vera nokkuð gott. En hvers vegna ætti ég eða einhver annar í Alþfl. að koma hér og plata? Það hlýtur alltaf að koma að skuldadögum. Skuldadagarnir eru þegar við stöndum í þessum sal og tökum endanlega afstöðu til þeirra tillagna sem fram eru bornar. Það yrði þá einungis bið eftir því að upp komist svik og þau komast alltaf upp um síðir fari menn undir röngu skinni.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst vænt um það ef hv. 17. þm. Reykv. hefur lært þær lexíur í Alþfl. sem honum tókst því miður aldrei að læra sem skyldi meðan hann var í Alþb.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er dæmalaust hversu lengi maður þarf að tala um þetta mál áður en menn byrja að skilja það sem verið er að tala um. Eftir hvaða afleiðingum og árangri eru menn að bíða? Hvort nemendum fækkar? Ætla menn að rannsaka hvort nemendur eru grennri eða hvað ætla menn að rannsaka? Það er ekki hægt að tala um námsmenn eins og einhvern óskilgreindan hóp. Hér eru á ferðinni mál sem varða örlög hvers einstaklings sem ætlar sér í nám og það er verið að fara illa með þessa nemendur. Það er mergurinn málsins.

Menn tala hér með mikilli skelfingu um að það þurfi að taka 3 milljarða lán þetta árið og 3,5 milljarða næsta ár. Fulltrúar þess stjórnmálaflokks sem er búinn að sólunda eigum almennings með slíkum endemum — hafa menn hugsað út í að 3 milljarðar eru bara eitt stykki Perla, eitt stykki ráðhús. Mennirnir sem eru búnir að setja Hitaveitu Reykjavíkur á hausinn, eitthvert ríkasta fyrirtæki í landinu, og sjálfa Reykjavíkurborg, og tala svo eins og það sé að kasta peningum að leggja 3 milljarða í það að halda uppi öflugu

menntakerfi í landinu. Ég held að það sé mikill munur á gagni þeirra fjárfestinga og ég held að menn ættu kannski að reyna að hugsa ofurlítið um það. Eins og margoft hefur komið fram eru námsmenn ekki að fjárfesta í eigin eign heldur samfélagsins alls. Sú menntun sem nemendur afla sér er auðvitað eign okkar allra og auðvitað á okkur að vera það gleðin ein að taka þátt í að þeir geti veitt okkur þann munað sem góðri menntun fylgir.

Þessar heildartölur um hvort nemendum hefur fjölgað eða fækkað koma mér afskaplega spánskt fyrir sjónir. Börnunum mínum sem eru í námi fækkar ekki neitt. Þau verða bara blankari og ég þarf að borga meira. (**Gripið fram í:** En verðbólgan?) Fyrir nú utan að það er auðvitað verið að vinna að aukinni fátækt okkar allra vissulega. Það er rétt hjá hv. þm. Ég ætla ekki að gleyma því að biðja þingmanninn afsökunar. Mér var ljóst að þingmenn fara víða um til að sinna skyldustörfum sínum en einhvern veginn hafði mér aldrei dottið Alaska í hug þannig að ég hafði ekki hugmynd um að hv. 17. þm. Reykv. væri staddur í Alaska þegar umræðan fór fram. Ég hefði sent honum kveðju mína hefði ég vitað það þá. En mér er ljúft og skylt að biðja afsökunar á dylgjum mínum um að hann hafi ekki þorað að vera í þingsal.

Ég held, hæstv. forseti, að við þurfum öll og í mikilli vinsemd að endurskoða afstöðu okkar til mennta og menningar í þessu landi. Það er ekki bara verið að skera niður lánasjóðinn. Það er líka verið að skera niður allt skólakerfið í landinu. Ég var rétt að lesa hér The European, sem ný er út komið, þar sem verið er að tala um Bandaríkin. Ég las það af áhuga vegna þess að ég var að koma þaðan. Þar er talað um hina kvalafullu — nú kann ég ekki íslenskt orð yfir „midlife crisis" en það er sú kreppa sem fólk lendir oft í á miðjum aldri þegar því finnst líf sitt kannski ekki hafa náð því takmarki sem ætlað var. (**ÖS:** Við þekkjum hvorugt.) Við þekkjum það hvorugt nei, sem betur fer. En kvalafull kreppa Bandaríkjanna. Í hverju liggur hún? Hún liggur í uppblásinni sjálfsánægju Bandaríkjamanna með mesta ríki í heimi eins og maður heyrir í sjónvarpi þrisvar á dag. Auðvitað er þessi kreppa kvalafull vegna þess að þeir vita að þetta er blekking. Af hverju er þetta blekking? Af því að samfélagið er að hrynja. Heilbrigðiskerfið er hrunið, skólakerfið er hrunið, samgöngukerfið er hrunið. Við manni blasa fátækrahverfi sem líkjast engu þar sem búa milljónir manna.

Íslendingar eru sem betur fer ekki komnir á þetta stig og ég vona að það gerist aldrei. En það er svo óhuggulega stuttur tími sem þarf að líða til að svona ástand skapist og hnignunin í Bandaríkjunum er ömurleg á að líta. Ég vona að hinn nýi forseti Bandaríkjanna trúi því sjálfur að hann geti úr bætt, enda býst ég við að hann hafi verið kosinn þess vegna og það væri óskandi. En því þjóðfélagi sem heldur ekki uppi menntun í landinu hnignar fyrr en menn órar fyrir og það gæti vel gerst í okkar tíð.

Ég vil enn og aftur biðja hæstv. ráðherra að setjast niður með þeim sem láta sig þessi mál varða og leiðrétta í fyrsta lagi þær fáránlegu úthlutunarreglur sem teknar hafa verið upp. Það er því miður alveg satt að orð ráðherrans í umræðunni í fyrra hafa öll verið gerð ómerk. Það er hárrétt hjá hv. 11. þm. Reykv. Ráðherrann sagði þá að það yrði lánað fyrir ferðalögum nemenda til útlanda. Ég var sjálf að sækja 40 þús. kr. af 100 þús. kr. fargjaldi fyrir þrjá, ódýrasta fargjaldi sem ég gat fengið, frá Chicago til Reykjavíkur og til baka. 40 þús. kr. fékk ég af 100 þús. kr. Ráðherrann ætlaði áreiðanlega ekki að segja ósatt en því miður hefur farið svo að hann gerði það. Allt það sem hv. 11. þm. Reykv. taldi hér upp er hárrétt. Það er ekki greitt nema brot af því sem okkur var lofað í fyrra. Það er ömurlegt að standa við hliðina á gömlum þreyttum verkamanni, eins og kom fyrir sjálfa mig, sem var að fá marglofað bankalán út á lánshæfan nemanda og það fyrsta sem hann var spurður að var hvort hann ætti íbúð. Það kom í ljós að hann átti hana ekki og þess vegna var nafn hans ekki tekið gilt á víxil.

Þetta er staðan sem búið er að setja fólk í og ef hæstv. ráðherra kallar þetta jafnrétti til náms, þá held ég að skilgreina þurfi jafnrétti upp á nýtt. En stjórnarformann lánasjóðsins munar kannski ekki mikið um það því að ég fékk betur séð þegar hann hélt ræðu sína hér að hann væri líka búinn að skilgreina upp á nýtt hvað væru konur því að niðurstaða hans kemur ekki heim og saman við neitt sem heilbrigð skynsemi sýnir manni svo að óyggjandi er.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, það er þetta með ferðalánin. Það sem ég hef sagt um þau hef ég beint frá framkvæmdastjóra Lánasjóðs ísl. námsmanna. Bæði það sem ég sagði í vor og það sem ég hef sagt á þessu þingi. Ég mun að sjálfsögu óska eftir skýringum á því hvers vegna greiddar eru 40 þús. kr. ef á að greiða 100 þús. kr. Ég mun óska eftir skýringum frá framkvæmdastjóra lánasjóðsins vegna þessara orða hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur. (Gripið fram í.) Mér nægja ekki reikningarnir frá hv. þm. Ég þarf að fá skýringar frá lánasjóðnum.

Ég vil svo aðeins segja að ég er alveg sammála hv. þm. um að námsmenn eru ekki eingöngu að fjárfesta fyrir sjálfa sig með sínu námi. Það eru þeir ekki að gera. Þeir gera það fyrir þjóðina alla. En þjóðin tekur þátt í þessari fjárfestingu námsmanna með því að greiða þeim beint 54% af námsaðstoðinni. Það eru alveg óhrekjandi staðreyndir. Ef þingmaðurinn vill að þessi greiðsla verði allt að 100%, þá væri það vissulega afskaplega æskilegt. En það er alveg útilokað að í þeirri stöðu sem við eru í dag og höfum verið undanfarin ár að ná því markmiði sem er markmið út af fyrir sig.

Útbýting þingskjala:

Jarðalög, 246. mál, stjfrv., þskj. 315.

Mótmæli gegn plútonflutningum, 242. mál, fsp. HG, þskj. 311.

Stjórnarnefndir vinnumiðlunar, 245. mál, fsp. KHG, þskj. 314.

Flm. (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hann hefur gefið við umræðuna og þátttöku hv. þm. í umræðum um þáltill.

Menntmrh. ítrekar það, sem hann hefur áður sagt við svipaðar umræður um Lánasjóð ísl. námsmanna, að reynslan sé ekki komin í ljós. Ég get í sjálfu sér tekið undir það að vissu leyti að ekki er farið að reyna að fullu á þessi lög sem samþykkt voru í maí á sl. ári, ekki frekar en að fullu var farið að reyna á lögin frá 1982. Ég er ekki að bera fram þessa þáltill. til þess endilega að það eigi að kollvarpa öllu því sem er í þessum lögum. Það er hins vegar vegna þess að mjög sterkar vísbendingar, hæstv. menntmrh., benda til þess að það sem stjórnarandstaðan sagði við afgreiðslu málsins sl. vor og námsmenn og allir þeir sem svartsýnastir voru á það sérstaklega hvernig 6. gr. laganna yrði í framkvæmd var á rökum reist. Það er það sem í raun og veru, hæstv. menntmrh., er verið að biðja um að kanna sérstaklega. Fyrir utan það, eins og getið er um í greinargerð þáltill., að það hefur aldrei náðst samstaða í þjóðfélaginu um slík lög nema námsmenn og stjórnarandstaðan ásamt ríkisstjórninni komi að því að vinna málið. Það er það sem hér er lagt til.

Hæstv. menntmrh. gerði það að nokkru umræðuefni í ræðu sinni áðan að ég hafi við 1. og 2. umr. um lánasjóðslögin komið með tillögu um að endurgreiðslukerfi yrði tekið upp sem byggði á því að 25 fyrstu árin væru tekjutend og síðan væri um jafngreiðslur að ræða síðustu 15 árin. Þetta var auðvitað hugmynd sem ég setti inn í umræðuna til þess að láta kanna sérstaklega. Það er auðvitað skylda stjórnarandstöðunnar þegar hún er að gagnrýna mál að koma með tillögur eða hugmyndir sem gætu hugsanlega lagað og betrumbætt það sem til umfjöllunar er en ekki sérstaklega það að ég hafi verið að halda þessari tillögu til streitu í umræðunni. Ég áttaði mig fljótlega á því að þarna var um mjög hertar endurgreiðslureglur að ræða sem erfitt yrði að búa við. En það hefur sýnt sig að í þessum lögum hefur stjórn lánasjóðsins önnur eins völd og þau að milda þá endurgreiðslurnar síðustu 15 árin.

Ég held að ég muni það rétt og það hafi komið fram á fundi í hv. menntmn. fyrir fáum dögum hjá fjármálastjóra sjóðsins að 75–80% allra lánþega sjóðsins greiddu lánin sín upp á fyrstu 15 árunum. Hér er því kannski um 15–25% að ræða. Ég veit ekki hversu hátt hlutfall lántakenda sjóðsins greiðir upp skuldirnar á fyrstu 25 árunum. Við erum því kannski að tala um 10% námsmanna á þessum 15 ára endurgreiðslum. Það hefði auðvitað verið létt og löðurmannlegt verk fyrir stjórnina miðað við allar þær heimildir sem hún hefur til að líta til með þessum hópi hefðu menn viljað skoða það. Nú er ég ekki að segja, hæstv. menntmrh., að þetta sé það endurgreiðslukerfi sem átti að taka upp. Ég er hins vegar að benda á að það er rétt að skoða það og ég þakka auðvitað fyrir að það skyldi hafa verið gert.

Vaxtafyrirkomulaginu var breytt að beiðni eins stjórnarandstöðuþingmanns, hv. þm. Svavars Gestssonar, og þá er látið eins og hann eigi einhvern hlut að vöxtunum. Þetta er náttúrlega mikill misskilningur. Stjórnarandstaðan setti það skilyrði við afgreiðslu málsins að ef ríkisstjórnin væri tilbúin til að eiga einhverja samvinnu við stjórnarandstöðuna væri það *tvennt sem þyrfti að breyta: Ákvæði 6. gr. og vextirnir.* Að öðru leyti kæmi samstarf og samvinna ekki til greina um málið. Þetta veit ég að hæstv. menntmrh. veit.

Það er sagt í þáltill. og það gerði hæstv. menntmrh. að umræðuefni að öll þau markmið sem sett voru með lögunum 1982 séu í raun og veru úr gildi fallin. Það er *rétt og ég stend við það. Ég ítreka það einnig á síðu 2* í þáltill. að því eina sem eftir stendur af markmiðunum sem hin víðtæka samstaða náðist um, að lánþegar eiga að endurgreiða lánin í samræmi við tekjur sínar, var breytt í meðförum þingsins og endurgreiðslurnar svo hertar. Það hefur margoft komið fram í umræðunni að menn eru að vísa vandamálum sjóðsins í dag yfir á framtíðina þegar þessi hópur sem þá á að fara að greiða getur ekki staðið undir hertum endurgreiðslum. Með því að fara með endurgreiðsluprósentuna úr 3,5% upp í 7% eru menn auðvitað að vísa þessu vandamáli á kjarasamninga sem ríkið þarf að koma að í framtíðinni. Því getur hæstv. menntmrh. bara tekið eftir.

Ég ætla ekki enn og aftur að fara að skattyrðast við hæstv. menntmrh. um framkvæmdina á því sem hann lýsti yfir bæði varðandi skólagjöldin, ferðakostnaðinn og vextina. Við erum búnir að því hér í andsvörum og ég ætla ekki að ítreka mína afstöðu til þess og hvernig ég skil hæstv. menntmrh. í þeim efnum. Ég er alveg sannfærður um að ef hæstv. menntmrh. hefði ætlast til þess að aðeins væri lánað fyrir 80% vaxtanna, ef bara ætti að lán brot af skólagjöldunum og ef lána ætti fyrir aðeins broti af ferðakostnaðinum, þá er hæstv. menntmrh. svo sanngjarn maður að hann hefði sagt okkur það við 2. umr. í vor. En það kom skýrt fram í hans máli fyrr að það var stjórn lánasjóðsins sem tók þessar ákvarðanir. Hæstv. menntmrh. þarf að sitja uppi með þær ákvarðanir þrátt fyrir að hann hafi viljað, og ég er sannfærður um það, fara aðra leið og þrátt fyrir það sem hann sagði við 2. umr. málsins.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson vildi meina að það væru ekki bara lögin sem væru vandamál. Það kann vel að vera rétt. Hann nefndi í þeim efnum skólagjöldin og úthlutunarreglurnar. Menn verða að átta sig á því að úthlutunarreglurnar, sem stjórn lánasjóðsins setur, eru settar á grundvelli laganna. Það er það sem verið var að gera. Það var verið að opna fyrir mjög víðtækar heimildir stjórnar lánasjóðsins til að setja nánast hvaða reglur sem er. Hvort sem menntmrh. lýsir einu eða öðru yfir í þeim efnum og vill fara aðra leið þá tekur stjórnin ákvarðanirnar. Þær miða allar að því, hæstv. menntmrh., að skerða framfærslu námsmanna um 25%. Að þurfa aldrei að lána nema 75% af því sem stjórnin á að lána út. Því færði ég rök fyrir fyrr í umræðunni. Hitt er svo annað mál að skólagjöldin hafa sínar afleiðingar líka. En af hverju er þetta nú tilkomið? Jú, þetta er tilkomið vegna aðgerða ríkisstjórnar sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson styður. Þessarar ríkisstjórnar sem nú situr, Sjálfstfl. og Alþfl. Hann ber

því auðvitað ábyrgð á þessu. Ég heyrði það á hv. þm. að hann var ekkert að skjóta sér undan þeirri ábyrgð.

Hæstv. menntmrh. svaraði ekki þeirri spurningu minni við fyrri umræðu hvaða ástæður lægju að baki því nú ef menn eru sammála um að vandamál sjóðsins séu þau lán sem sjóðurinn hefur þurft að taka á undanförnum árum. Nú fékk sjóðurinn ríflegt ríkisframlag, 2.220 millj. kr. Í fjáraukalögum núna eru 220 millj. færðar til baka og sjóðnum vísað yfir á áframhaldandi lántökur. Hvaða rök liggja að baki þessu miðað við það sem hæstv. ráðherra og við allir þingmenn höfum verið sammála um og höfum haft það sem samkomulag okkar á milli að vera ekki að kenna einum eða öðrum um í þeim efnum? Það eru allar ríkisstjórnir í gegnum tíðina samsekar í þeim efnum að hafa vísað sjóðnum á auknar lántökur. Ég hélt að þessi ríkisstjórn ætlaði að hætta því og væri að breyta lögunum til þess en það er síður en svo.

Varðandi orð hæstv. ráðherra áðan um það að námsmenn hefðu búið við allt önnur kjör og miklu betri kjör en almennt hefði viðgengist á hinum almenna launamarkaði og því hafi þurft að skerða og þeir hafi fengið alveg sérstaka fyrirgreiðslu af hálfu hæstv. fyrrv. menntmrh. Svavars Gestssonar og páv. ríkisstjórnar ...(**Menntmrh.:** Ástæðan fyrir auknum fjölda lántakenda.) Hæstv. ráðherra. Staðreyndin er nú sú að í menntamálaráðherratíð Birgis Ísl. Gunnarssonar páv. þingmanns, og páv. hæstv. menntmrh., voru lánin skert um 16,7% en hinn almenni launamaður varð ekki fyrir neinni slíkri skerðingu. Það var hins vegar leiðrétt í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og nú hefur því öllu verið kippt til baka og rúmlega það.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði að hann hefði samúð með málinu og það þótti mér afskaplega vænt um að heyra. Ég veit að hugur fylgir máli í þeim efnum og er ekki með neinar dylgjur um að hann sé að plata okkur, síður en svo. Hann þekkir þessi mál mjög vel. Hann er auðvitað í sambandi við námsmenn. En ég ítreka það aftur sem ég sagði í upphafi að það eru sterkar vísbendingar um að 6. gr. ákvæðið, sem hv. þm. hafði mjög á móti við afgreiðslu málsins, fari illa með námsmenn. Hann lýsti því yfir við umræðuna við lokaafgreiðslu málsins að kæmi það í ljós að afleiðingarnar yrðu slæmar þá mundi hann beita sér fyrir breytingum. Ég skil það vel að hv. þm. ætlar ekki að vera með neinar sérstakar yfirlýsingar um málið á þessari stundu. Ég hef í sjálfu sér enga sérstaka löngum til þess að draga fram einhverjar ákveðnar yfirlýsingar í þeim efnum. Það sem mér er miklu meira virði í þeim efnum er ef hv. þm. ætlar sér að fylgja því eftir sem hann sagði við lokaafgreiðslu málsins að hann mundi beita sér fyrir breytingu á 6. gr. ákvæðinu ef það kæmi í ljós að það hefðu þær afleiðingar sem ég segi að nú séu sterkar vísbendingar um.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Finnur Ingólfsson sagði að ekki hefði verið farið að reyna á lögin frá 1982. Skildi ég það ekki rétt? Hvernig er þá hægt að segja, ef þetta er rétt hjá hv. þm., að það sé komin nægileg reynsla á lögin frá sl. vori að það réttlæti endurskoðun á þeim? Mér finnst þetta ekki ríma saman. Og ég er þessu líka ósammála. Ég held að það hafi einmitt verið komin sú reynsla á lögin frá 1982 að það lá alveg ljóst fyrir að það yrði að endurskoða þau. Það yrði að gera það. Ég hef rakið það svo oft áður að ég ætla ekki að fara frekar út í það núna.

Með því sem ég sagði um hlut hv. þm. Svavars Gestssonar í að breytt var frá frv. þar sem kveðið var á um 3% vexti var ég ekki með þeim orðum að koma einhverri ábyrgð yfir á hv. þm. Svavar Gestsson á þessu ákvæði laganna, alls ekki. Ég var bara að taka þetta sem dæmi um að það var tekið tillit til þess m.a. sem kom fram í umræðunum um lánasjóðsfrumvarpið á sl. vetri.

Ég get svo hnýtt því aftan í vegna þess að þingmaðurinn sagði að það hefði verið eitt af skilyrðum stjórnarandstöðunnar að þetta ákvæði færi út ef við vildum eitthvert samstarf og samráð við hana, þá minni ég á orð foringja hans, hv. þm. Steingríms Hermannssonar, sem sagði í umræðunum um þetta mál að hann væri vel til viðtals um að ákvæði um vexti yrðu í lögunum en þeir yrðu þá að vera lágir. Það var einmitt það sem var gert.

Það er talað um að vandamálum sjóðsins í dag sé vísað á framtíðina. Ég spyr á móti: Hverjir voru það sem vörpuðu vandamálum sjóðsins yfir á framtíðina? Það voru einmitt þeir sem umgengust hann með slíku kæruleysi að þar stefndi allt í gjaldþort. Hverjir eiga að leysa þennan vanda aðrir en þeir sem nú eru og verða?

Ég vil svo aðeins segja varðandi lántökuna. Lántökuheimild 1992 er nýtt og gerir það að verkum að ríkisframlagið þarf ekki að nýta að fullu.

Ég vil svo í lokin segja að mér finnst sjálfsagt að þetta mál fari til nefndar og verið þar skoðað. En ég tel ekki þörf á að samþykkja tillöguna

Flm. (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins út af þessari reynslu. Ég held að ég hafi tekið það fram í upphafi ræðu minnar að ég tæki undir það með hæstv. ráðherra að auðvitað væri ekki farið að reyna á öll ákvæði laganna eins og þau stæðu nú. Hins vegar ef hæstv. ráðherra vill kynna sér það lágu fyrir útreikningar sem gerðu ráð fyrir því að í raun yrði ekki farið að reyna á endurgreiðsluhluta lánanna frá 1982 fyrr en á árinu 2002. En þá var gengið út frá ákveðnum skilyrðum varðandi ríkisframlag og lántökur.

Hins vegar er ég að benda á að það eru sterkar vísbendingar strax á fyrstu sex mánuðunum sem benda til þess að 6. gr. ákvæðið í frv., sem stjórnarandstaðan hafði mest á móti, sé svo hart í framkvæmd af hálfu stjórnarinnar og sé svo ósanngjarnt í lögunum að við það verði ekki búið. Þess vegna er nauðsynlegt og því er þáltill. flutt að fara strax að undirbúa breytingar á gildandi lögum og taka til þess starfs stjórnarandstöðuna og námsmannasamtökin og eiga um það mjög víð-

tæka samstöðu vegna þess að reynslan segir okkur að þetta tekur langan tíma.

Varðandi það að vísa vandamálum á framtíðina. Hæstv. menntmrh. hefur oft sagt hversu kæruleysislega menn hafa gengið í fortíðinni um þennan sjóð. Þess vegna hefði maður haldið að hæstv. ráðherra mundi nú snúa af þeirri braut með minni lántökum, auknu ríkisframlagi og ekki eins hertum endurgreiðslureglum. Nei, það er síður en svo. Það er haldið áfram á sömu braut. Með lánsfjárlögunum núna er dregið úr þeim styrk sem sjóðurinn átti að fá á fjárlögum og farið yfir í lánsfjárlögin og tekin lán.

Varðandi vaxtamálin sem hæstv. menntmrh. kom inn á og var að blanda hv. 7. þm. Reykn., Steingrími Hermannssyni, þar inn í, að hann hefði talað um að lágir vextir kæmu til greina. Það var á allt önnur lán. Það var ekki á hin almennu lán. Þetta hef ég allt saman farið yfir fyrr með hæstv. menntmrh. Það var á lánin handa fólkinu sem fór til útlanda í nám og ætladi ekki að koma heim aftur að námi loknu. Menn mega ekki rugla þessum hlutum saman, hæstv. menntmrh.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ferðamál, fyrri umr.

Þáltill. KEE, 220. mál. — Þskj. 263.

Flm. (Karen Erla Erlingsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ber hér upp till. til þál. á þskj. 263 um að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að efla starf Ferðamálaráðs á sviði umhverfisverndar, vöruþróunar og markaðssetningar.

Þegar talað er um atvinnumál á Íslandi er oft vitnað til ferðaþjónustunnar sem þeirrar atvinnugreinar sem hvað mestur vaxtarbroddur er í. Ferðamálaráð Íslands hefur undanfarin missiri unnið að stefnumótun í ferðaþjónustu, annars vegar í umhverfismálum og hins vegar í markaðsmálum. Í stefnumótun í markaðsmálum er eitt af höfuðmarkmiðum að auka fjölda ferðamanna til landsins um 6% á ári til aldamóta. Þessu markmiði á að ná án þess að til komi fjárfesting að nokkru ráði í aðstöðu svo sem í gistingu. Þetta á að gera með því að markaðssetja Ísland sem ferðamannaland utan háannatímans. Ferðamálaráð telur í stefnumótun sinni að gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu geti orðið allt að 130 milljarðar á þessum tíma.

Það er nauðsynlegt að leggja á það áherslu hér að ferðaþjónusta er mjög mannfrek atvinnugrein. Lauslega er áætlað að við hana starfi eitthvað í kringum 6.000 manns í dag og raunhæft er talið að til aldamóta megi skapa um 2.200 ný störf til viðbótar. En þetta kemur auðvitað ekki allt af sjálfu sér. Til að þessi markmið nái fram að ganga þarf að koma til aukið fjármagn. Aukið fjármagn til vöruþróunar og aukið fjármagna til markaðssetningar ekki síst.

Ég ætla ekki að tala mikið um umhverfisnefnd nú en vil aðeins ítreka það að umhverfið, náttúra landsins, er sú auðlind sem ferðaþjónusta byggir afkomu sína á. Ég ætla að leggja áherslu á vöruþróunina og ekki síður markaðssetninguna.

Víða, ekki síst úti á landsbyggðinni, er verið að byggja upp ferðaþjónustu. Heilu landshlutarnir hafa mótað framtíðarstefnu í ferðamálum og aðrir eru að því um þessar mundir. Niðurstaðan úr þessari stefnumótun er víða að það þurfi að byggja upp afþreyingu fyrir ferðamenn. Margar góðar hugmyndir vakna. En menn standa frammi fyrir því vandamáli að það er næstum ekki hægt að fjármagna góða hugmynd. Hins vegar virðist það engum vandkvæðum bundið að fá fjármagn úr opinberum sjóðum til að fjárfesta í steinsteypu. Þá á ég t.d. við gistiaðstöðu enda hefur slík aðstaða sprottið upp nánast eins og gorkúlur á hinum síðustu og verstu tímum.

En ferðamaðurinn kemur ekki til Íslands til að gista á einhverju hóteli eða borða á einhverjum skyndibitastað. Hann kemur til að skoða náttúruperlur landsins og til þess að upplifa eitthvað óvenjulegt oftast tengt náttúrunni, t.d. að fara á jökul, fara í hestaferð eða í bátsferð. Að fjármagna hugmynd sem tengist slíkri afþreyingu er nánast ekki hægt. Mitt mat er því að það þurfi að vera til sjóður sem veitir áhættufjármagn til slíkra hluta. Það þarf í raun og veru ekki að stofna slíkan sjóð. Hann er til og heitir Ferðamálasjóður. Vandamálið er hins vegar að hann er févana. Það þarf að veita aukið fé í þennan sjóð til þess að hann standi undir nafni sem slíku.

Enn fremur þarf aukið fjármagn til kynningar á landinu. Það er auðvitað ekki nóg að byggð sé upp öflug ferðaþjónusta hér á landi ef enginn veit af því. Fólk kaupir ekki það sem það veit ekki um.

Ísland mun mæta aukinni samkeppni á næstu árum sem ferðamannaland. Við eigum í bullandi samkeppni við önnur lönd um markað, svo sem Írland, Finnland og Noreg sem setja nú aukið fjármagn í markaðssetningu sína. Því er ljóst að til þess að mæta þeirri samkeppni og til þess að ná þeim markmiðum sem við höfum sett okkur um 6% aukningu á fjölda ferðamanna til landsins, 130 milljarða gjaldeyristekjur á árinu 1992 til ársins 2000 og 2.200 ný atvinnutækifæri á sama tíma, verðum við að gera átak í kynningu á landinu. Þeirri spurningu verður örugglega varpað fram hvaðan þessir peningar skuli koma. Í núgildandi lögum frá 1978 um skipulag ferðamála á Íslandi stendur í 8. gr., með leyfi forseta:

„Fríhöfnin í Keflavík skal greiða til Ferðamálaráðs gjald er nemur 10% af árlegri vörusölu."

Er ekki kominn tími til að farið verði eftir þessum lögum? Hafa ekki stjórnvöld ákveðið að ef EES-samningurinn nær fram að ganga að verja 100 millj. kr. á næsta ári til sérstaks markaðsátaks á EES-markaði? Væri ekki hægt að nota hluta þessa fjármagns til markaðssetningar Íslands sem ferðamannalands á EES-markaði?

Stjórnvöld hafa einnig ákveðið að verja 240 millj. til sérstakra þróunar- og rannsóknarverkefna árið 1993. Væri ekki hægt að úthluta einhverju af þessu fjármagni til uppbyggingar ferðaþjónustu úti á lands-

byggðinni, þeirrar atvinnugreinar sem mestur vaxtarbroddur er í um þessar mundir?

Ég mælist til þess, virðulegi forseti, að tillögunni verði vísað til samgn.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni mál sem að mörgu leyti er merkilegt. En ég hegg eftir því að flm. telur rétt að verja hluta þeirra 250 millj. kr. sem á að nota í sérstakt þróunar- og rannsóknarverkefni á næstu árum m.a. til þess að standa undir þessari tillögu. Það er í sjálfu sér ekki vitlaus hugmynd en ég vek athygli á því að obbinn af þessum peningum á að koma af sölu Búnaðarbankans. Ber þá að líta svo á að Framsfl. sé loksins orðinn hlynntur því að Búnaðarbankinn verði seldur?

Jafnframt ítreka ég það að mér finnst tillagan að mörgu leyti ágæt. En fyrir okkur sem höfum gegnt því hlutverki í þingsölum að reyna að koma vitinu fyrir Framsfl., stundum með því að styðja tillögur þeirra, jafnvel að vera meðflutningsmenn, þá er lágmark að við skiljum nákvæmlega hvað um að vera.

Tillagan segir að ríkisstjórninni skuli falið að efla starf Ferðamálaráðs m.a. á sviði umhverfisverndar. Ég las tillöguna í gegn og sé ekkert um umhverfisvernd. Ég tók að vísu eftir því að hv. flm., 1. þm. Austurl., kvaðst að svo stöddu ekki ætla að segja mikið um umhverfisvernd. En til þess að ég geti haldið uppteknum hætti og stutt framsóknarmenn til góðra verka er lágmark að ég skilji hvað felst í tillögunni ekki síst vegna þess að ég tilheyri þeim flokki sem fer með umhvrn. Þetta kemur inn á starfssvið míns ástkæra hæstv. umhvrh. þannig að ég tel óhjákvæmilegt að fá örlitla skýringu á því hvernig hv. þm. ætlar að efla starf Ferðamálaráðs á sviði umhverfisverndar. Vill hann e.t.v. færa Ferðamálaráð undir ráðuneyti umhverfismála?

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir efni tillögunnar og fagna því að hún skuli komin fram. Hún er mjög einföld í framsetningu en í rauninni er hér um stórt og þýðingarmikið mál að ræða. Eins og fram kom í máli flm. tillögunnar felur ferðaþjónusta á Íslandi í sér mikla möguleika til atvinnusköpunar og við vitum að hér eru margir ónýttir möguleikar í ferðaþjónustu. Eins og ég hef reyndar rakið áður úr þessum stóli, er íslensk ferðaþjónusta að mínum dómi um margt frumstæð. Við eigum mjög margt óunnið í þeim efnum og ég minni á tillögu sem ég mælti fyrir hér fyrir skömmu þar sem bent var á hvernig við gætum nýtt sögu okkar og menningu til þess að efla ferðaþjónustu. En auðvitað verður það svo að náttúra Íslands kallar fyrst og fremst á erlenda ferðamenn hingað vegna þess að hún er um margt sérstök og við erum sem betur fer enn þá að mestu laus við mengandi stóriðju sem spillir umhverfinu. Ég þarf ekki að nefna það hversu mikilvægt það er að verja umhverfi okkar og að það fer ekki saman að einbeita sér að stóriðju og ætla að markaðssetja Ísland sem land hreinnar náttúru og án mengunar. Það sem er því svo mikilvægt í þessu máli er að stefnumörkun eigi sér stað, að menn geri sér grein fyrir því hvert beri að stefna í ferðaþjónustu og hvað það er sem eigi að markaðssetja. Eins og ég hef sagt, er það fyrst og fremst náttúran, en við höfum líka upp á margt annað að bjóða eins og kyrrð og ró og að hér geta menn einbeitt sér að því að byggja upp heilsu sína með gönguferðum og ýmsu öðru. En mikilvægt er að menn hafi eitthvað að skoða og geti snúið sér til einhvers hér á landi og veitt sé sú þjónusta sem tengist ferðamálum. Þar getum við mikið lært af öðrum, ekki síst þjóðum Evrópu.

Eins og fram kom hjá frsm. er til sjóður hér á landi sem á að styðja við bak ferðaþjónustunnar, en það vill svo til að hann hefur verið skorinn niður ár eftir ár. Á hverju ári er lögð fram tillaga í hinum svokölluðu „þrátt-fyrir-ákvæðum" ýmist í bandormi eða lánsfjárlögum þar sem þessi sjóður er skorinn niður. Sú ríkisstjórn sem nú situr hefur verið iðinn við þann niðurskurð og þar finnst manni að rétt einu sinni sé verið að skera af þá vaxtarbrodda sem geta orðið til þess að efla atvinnu hér því að í ferðaþjónustunni felast miklir möguleikar til atvinnusköpunar jafnframt því sem hún getur skapað miklar gjaldeyristekjur fyrir þjóðina og það er ekki síst mikilvægt. En menn verða að gæta þess að fara varlega. Við megum ekki flýta okkur um of sem yrði til þess að spilla náttúrunni eða offjárfesta í þessari atvinnugrein eins og við höfum svo oft brennt okkur á. Þar hafa menn t.d. nýlega bent á að kannski sé betra fyrir bændur að fara að hugsa sig um og gæta þess að offjárfesta ekki í ferðaþjónustu bænda. Það er margs að gæta í þessum efnum en ég tek undir það að hér eru miklir möguleikar á ferð. Þess vegna fagna ég tillögunni og tek undir þá meginhugsun sem í henni er að finna.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Austurl. fyrir að flytja þessa tillögu og koma þannig með þetta málefni til umræðu á Alþingi því það virðist sannarlega ekki vera vanþörf á að um það sé rætt og bent á eitthvað af því sem þar þarf að gera. Þar er sannarlega að mörgu að hyggja.

Við minnumst þess t.d. að fyrir skömmu komu þær fréttir að ríkisstjórnin hygðist leggja á annað söluskattsstig fyrirvaralaust nú í haust m.a. á ferðaþjónustu. Að mati þeirra sem til þekkja hefði það þýtt að útgjöld hennar hefðu vaxið um 10–11% eftir að búið var að senda verðlista fyrir næsta ár út í lönd þar sem verðið er fast og að sjálfsögðu ekki hægt að hreyfa það. Þetta er dæmi um hvað takmarkaður skilningur virðist vera á máli þessa atvinnuvegar sem samt er talinn vera vaxtarbroddur.

Hv. 17. þm. Reykv. sagði áðan að í þessari tillögu væri ekki nægilega góð leiðsögn til þess að hann vissi hvernig gera ætti eitthvað til bóta í sambandi við umhverfisvernd sem tengist ferðamálum. Við sem til þekkjum vitum að sums staðar á landinu er mikil aðsókn ferðamanna á viðkvæma staði. Þar er því nauðsynlegt að koma á betra skipulagi. Sem betur fer hefur margt gott verið unnið á síðustu árum. Mikið af því

byggist á sjálfboðavinnu t.d. að merkja göngustíga. Þó hefur Ferðamálaráð og fleiri aðilar reynt að styðja þessa áhugamennsku með lágum fjárveitingum af sínum takmörkuðu sjóðum. En ef ferðamönnum fjölgar, eins og við vonumst til að verði á næstu árum, þarf meira að gera. Þetta er ein ábending til hv. 17. þm. Reykv. um hvaða verkefni gæti verið að ræða og nauðsynlegt að gera. Tillagan gerir ráð fyrir því að auka markaðssetningu og vera viðbúinn því að taka við þeirri aukningu.

Víða um land er mikill áhugi á að vinna betur að ferðamálum. Mönnum er vel ljóst að það dugar ekki eingöngu að byggja hús og bíða síðan eftir því að ferðamennirnir komi. Þeir koma kannski í stórum hópum í örstuttan tíma en síðan ekki meir, þ.e. tímabundið á hverju ári. Nauðsynlegt er að byggja upp skipulega þjónustustarfsemi við ferðamenn til þess að þeir geti haft eitthvað við að vera og að koma þeirra sé ekki eingöngu bundin við þann tíma þegar sól er hæst á lofti. Það er því sannarlega að mörgu að hyggja í þessu sambandi og þörf á að vekja athygli á því og hreyfa þessu máli hér.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en tekið upp hanskann fyrir konurnar í Framsfl. Hér gerist það í annað skiptið á örfáum dögum að ég varpa spurningu til alþingismanns sem svo vill til að er kona. Þá gerist það að það koma upp karlar úr hópi þeirra og svara fyrir þær. Ég verð að segja það, hv. þm. Jón Helgason, að það er reynsla mín af framsóknarkonum í þessum sal að þær eru fyllilega færar um að svara fyrir sig sjálfar.

Ég spyr hvað gera eigi varðandi umhverfisverndarþátt tillögunnar. Þingmaðurinn kýs bersýnilega að svara því í umræðunni á eftir. Þá finnst mér ekki við hæfi að þið haldið þessum upptekna hætti að svara fyrir ykkar konu. Þið verðið að læra að meta og virða ykkar konur.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel það alls ekki neitt vanmat á konum þó að ég ræði um þau málefni sem ég hef mjög mikinn áhuga á úr ræðustól á Alþingi og m.a. um það atriði að styðja við starfsemi Ferðamálaráðs. Ég hef komið nálægt þessum málum mjög lengi. Ég minnist þess að einhvern tíma fyrir 1980 var samgn. að fjalla um breytingu á lögum um ferðamál og þá var komið inn ákvæðinu um prósentu af hagnaði af verslun á Keflavíkurflugvelli sem að mínu mati hefði getað verið mjög mikil lyftistöng fyrir ferðaþjónustu í landinu ef það hefði orðið virkt. Því miður hefur það farið á annan veg.

Ég tel síður en svo að ég sé að gera lítið úr konum þó ég taki undir málflutning þeirra og þakki fyrir það sem þær eru að flytja fram.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir það með hv. 17. þm. Reykv. að það er mjög hvimleitt þegar menn standa upp hér og svara fyrir konur. Ég upplifði þetta fyrir stuttu þegar ég varpaði fram spurningu til hæstv. félmrh. og hafði hlustað á ræðu hennar að þá stóð upp heldur ófrýnilegur karlkynsráðherra — ég bið hv. þm. að fara ekki að hlæja, það gæti verið misskilið í Alþýðublaðinu og valdið minnst heillar opnu skrifum ef hann tæki upp á því — en þá stóð upp heldur brúnaþungur ráðherra og fór að verja og svara fyrir konuna. Ég kunni ekki við þetta, ég segi það alveg eins og er og gerði athugasemdir sem ég veit að hv. 17. þm. Reykv. hefur fullan skilning á.

En ég þakka stuðning hans við þetta mál. Það er mjög virðingarvert að þingflokksformaður Alþfl. skuli koma strax upp og lýsa stuðningi við málið. Ég veit að honum er ljóst að það litla sem okkur greinir á í þessu máli varðandi Búnaðarbankann kemur ekki að sök. Við teljum að þjóðin geti átt þennan banka og teljum að eigur þjóðarinnar eigi ekki að gefa út um hvippinn og hvappinn jafnvel þó sumum finnist það eðlilegt.

Það sem kom mér upp er tvennt. Annars vegar að lýsa yfir stuðningi við það að við eigum að virða lögin um Fríhöfnina og sjá til þess að 10% af innkomunni fari til ferðamála. Það er það sem við eigum að gera og hárrétt hjá flm. að það er Alþingi til vansa að það hefur ekki verið gert.

Hitt atriðið að ekki hefur verið lánað til jökla-, hesta- og bátsferða á Íslandi er aftur á móti alrangt. Það hefur verið lánað til fyrirtækis á Austfjörðum sem sér um jöklaferðir. Það hefur notið stuðnings Byggðastofnunar. Það hefur einnig verið lánað til fyrirtækis á Vesturlandi sem sér um bátsferðir og það hefur líka notið stuðnings Byggðastofnunar. Ég veit að einnig hefur verið lánað til þess sem er þarna er talið upp á milli, þ.e. hestaferða. En umhverfisþátturinn liggur víða eftir.

Hæstv. heilbrrh. hafði skilning á því þegar hann var formaður í fjárveitinganefnd að umhverfisþátturinn skipti máli. Eitt af því sem við höfum verið að gera er að koma upp þjónustumiðstöðvum. Þjónustumiðstöðin í Skaftafelli er á margan hátt mjög til fyrirmyndar. Aðstöðu við Gullfoss hefur verið komið upp og við þurfum að koma þessu víðar upp þar sem mikill fjöldi ferðamanna kemur. Ég vil sjá slíka þjónustumiðstöð rísa við Látrabjarg. Ég er sannfærður um að þeir sem þangað hafa komið gleyma því ekki.

En ég stóð ekki upp til þess að svara fyrir flm. heldur fyrst og fremst til þess að þakka hv. 17. þm. Reykv. fyrir að hafa tekið til máls og látið vinsamleg orð falla í garð okkar framsóknarmanna.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Aðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Í framhaldi af skyndifundi utanrmn. sem boðað var til áðan að ósk nokkurra hv.

þm. vil ég taka það fram að á ríkisstjórnarfundi í fyrramálið mun ég taka það upp sem fyrsta mál á dagskrá og beita mér fyrir því að þáltill. um aukaaðildina verði lögð fram á Alþingi við fyrsta tækifæri, enda verður undirritunin að sjálfsögðu með löghelguðu formi, þ.e. með fyrirvara um samþykki Alþingis Íslendinga. En aðildin eða undirskriftin að aukaaðildarskjalinu verður staðfest fyrir mína hönd af umhvrh. í fyrramálið.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. þessa yfirlýsingu. Ég tel það rétt skref að hann beiti sér fyrir því að undirritunin fari fram með fyrirvara og að málið verði tekið til umræðu með þinglegum hætti svo fljótt sem verða má. Þessu fylgir að sjálfsögðu að málið verður rætt ítarlega í utanrmn. Það var enginn ágreiningur um það eða neinn óvilji hjá formanni nefndarinnar. Ég vil að það komi fram að þetta verði gert.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Utanrmn. hefur rætt þetta mál á fundi sínum og hér hefur komið fram yfirlýsing frá hæstv. utanrrh. Það hefur komið fram að ég tel eðlilegt að ríkisstjórnin og hæstv. utanrrh. frestaði undirritun undir samninginn um aukaaðild af hálfu Íslands á morgun og að málið yrði kynnt á Alþingi Íslendinga og leitað eftir afstöðu þingsins áður en svo ákvarðandi skref yrði stigið af hálfu stjórnvalda. Mál eru komin í aðra stöðu eftir að ríkisstjórn hefur tekið sína ákvörðun og þingið er ekki með sama hætti frjálst að ræða málið og tjá afstöðu sína eins og ef slíkt skef hefði ekki verið stigið. Ég tel hins vegar að það hafi verið komið í veg fyrir stjórnarfarslegt stórslys í kjölfar þeirrar umræðu sem fram fór í dag með því að hæstv. ráðherra hefur gefið til kynna að hann muni láta fyrirvara fylgja undirritun af sinni hálfu og leggja málið fyrir þingið, því ég tel að það hljóti að vera á valdi ráðherra sjálfs að gera það og að hann þurfi ekki að spyrja mjög marga um svo sjálfsagt atriði eins og að leggja stórmál af þessu tagi fyrir Alþingi.

Því sem hér liggur fyrir verður ekki breytt af hálfu stjórnvalda. Menn hafa lagt orð sín inn í belg utanrmn. um þessi efni og ég þakka ráðherranum fyrir það að hann hefur stigið til móts við sjónarmið okkar stjórnarandstæðinga í þessu máli þó að við vildum hafa séð það með ákveðnari hætti.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég upplýsi það hér en það kann að vera ókunnugleika mínum um að kenna að ég leit svo á að þegar aukaaðild Íslendinga að Vestur-Evrópusambandinu var kynnt í utanrmn. og var reyndar rædd hér áðan, taldi ég ótvírætt að málið kæmi til kasta Alþingis. Það hefur hins vegar verið upplýst að það var alls ekki svo ótvírætt heldur varð það í rauninni niðurstaða umræðu sem var núna í utanrmn. að ráðherra mundi beita sér fyrir því í ríkisstjórninni að málið kæmi til kasta Alþingis í formi þingsályktunar. Í því sambandi vek ég athygli á hversu málum er sérkennilega háttað á hinu háa Alþingi vegna þess að á borðum hjá okkur liggur m.a. frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa Sveinbirni Runólfssyni sf. innflutning á gröfupramma. Þetta mál á að koma til kasta Alþingis og fá þinglega meðferð í þremur umræðum og í nefnd, en stórmál eins og aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu átti ekki að fara til umfjöllunar þingsins nema með einhverri sérstakri aðgerð af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Hér er um pólitíska skuldbindingu að ræða. Hér er stórt mál á ferðinni og í slíkum málum teljum við kvennalistakonur almennt eðlilegt að sótt sé umboð til Alþingis og viljum minna á að þegar farið var til viðræðna um stofnun Evrópsks efnahagssvæðis ásamt EB og öðrum EFTA-ríkjum, var það skoðun Kvennalistans að það ætti að sækja umboð til Alþingis til þess að fara til þeirra viðræðna. Það var ekki gert. Við erum líka þeirrar skoðunar í þessu máli að sækja hefði átt umboð til Alþingis. Hins vegar er ljóst að það verður heldur ekki gert. Engu að síður tel ég að eftir atvikum sé niðurstaðan sem fékkst í þetta mál eftir fund utanrmn. viðunandi sérstaklega ef mál fara fram eins og ráðherra hefur lýst.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég vil láta þá skoðun mína koma fram að hér hafi náðst farsæl lausn í máli sem leit ekkert allt of vel út fyrr í dag. Hún hefur náðst vegna þess að allir hafa lagst á eitt um að tryggja að málið fái þann búning að þingið geti vel við unað. Hæstv. utanrrh. hefur lagt sig fram um að koma til móts við óskir stjórnarandstöðunnar í þessu efni og um þetta hefur náðst gott samkomulag. Það gerðist vegna þess að í hv. utanrmn. var haldinn fundur strax og um hann var beðið.

Ég vil fyrir mitt leyti og fyrir hönd míns þingflokks þakka öllum þeim lagt hafa hönd á plóg í þessu efni.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég þakka að sjálfsögðu fyrir þá ákvörðun sem tekin hefur verið svo langt sem hún nær. Meðferð málsins mun þannig verða með þinglegum hætti þó að ég hins vegar hljóti að láta í ljós vonbrigði mín yfir því að undirrita eigi aðild okkar, þó með fyrirvara sé, að hernaðarlegum hluta Evrópubandalagsins.

Ferðamál, frh. fyrri umr.

Þáltill. KEE, 220. mál. — Þskj. 263.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Það er þungt í hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni pundið og satt að segja finnst mér hann kominn út á heldur hálan og þunnan ís þegar hann greinir þinginu frá viðureign sinni við hæstv. félmrh. því eins og þingheimur varð vitni að í gær reið hann

ekki feitu hrossi frá þeirri viðureign.

Virðulegi forseti. Við erum að ræða till. til þál. um að efla starf Ferðamálaráðs, m.a. á sviði umhverfisverndar. Áðan kom ég fram með þá saklausu spurningu með hvaða hætti flm., hv. 1. þm. Austurl., hyggst beita Ferðamálaráði til þess að efla umhverfisvernd. Nú er ég þeirrar skoðunar að það þurfi að efla umhverfisvernd hér á landi. Ég er hins vegar ekki sannfærður um að Ferðamálaráð sé rétti aðilinn til þess að gera það þó að ég taki undir ákveðnar ábendingar sem fram hafa komið, svo sem að Ferðamálaráð taki þátt í að merkja göngustíga o.s.frv. Ef ég hins vegar á að geta haldið uppteknum hætti og stutt framsóknarmenn til góðra verka þá þarf kannski ekki að stafa hana ofan í okkur, en a.m.k. að greina okkur frá stærstu dráttunum í því hvernig Framsfl. hyggst fara að þessu. Mér er það nefnilega hulið.

Ég tek líka undir það með hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að það er ekki alls kostar rétt sem virðist koma fram í greinargerð að ekki sé til vettvangur til þess að draga frá fé til að efla fyrirbæri eins og bátsferðir, jöklaferðir og hestaferðir.

Nú er mér kunnugt um að flm. hefur unnið afskaplega gott starf á þessu sviði í sínu kjördæmi og hef heyrt hana flytja mjög gott erindi um það sem ég hreifst mjög af. Ég veit að hún er kunnáttumanneskja á þessu sviði. Eigi að síður þarf rétt að vera rétt og í dag er staðan sú að Byggðastofnun hefur unnið ágætt verk á þessu sviði.

Þegar menn tala um hvaðan eigi að draga fram peninga og fjármagn til þess að efla ferðaþjónustu, þá tel ég að Reykjavíkurborg þurfi að ganga í það mál með miklu vaskari hætti. Ég tel að höfuðborgin skipti hér miklu máli og mér finnst hún ekki sinna þessu máli nóg. Ef menn eru að tala um að efla ferðaþjónustu og draga hingað útlenda ferðamenn tel ég mjög brýnt að Reykjavíkurborg beiti sér í miklu ríkari mæli í þeim efnum. Hér vantar t.d. ráðstefnuhöll. Meiri hluti sjálfstæðismanna í Reykjavíkurborg hefur árum saman verið að tala um þetta en lítið hefur orðið um efndir. Hann hefur lítið gert nema talað. Ég verð að segja að mér finnst kominn tími til að meiri hluti sjálfstæðismanna í Reykjavík taki miklu vaskar á þessu máli. Ég tel til að mynda að hann eigi að taka fast og rösklega undir hugmyndir sem fram hafa komið um að hefja byggingu tónlistarhúss sem um leið er hægt að nota sem ráðstefnuhús. Ég tel að það væri til að mynda mjög jákvætt framlag af hálfu Reykjavíkurborgar ef hún vildi leggja fram áætlun í þessu efni. Þá gæti hún gengið fyrir dyr okkar framsóknarmanna og annarra vandamanna í þinginu um einhvers konar mótframlag. Ég verð að segja að ég mundi óska eftir því að Reykjavíkurborg gengi fram fyrir skjöldu í þessu máli.

Við vitum að fyrir þá sem koma um langan veg, e.t.v. úr öðrum álfum hingað til Íslands á ráðstefnu, er það einstök ferð í lífi flestra sem búa fjarri landinu, slíkir ferðalangar fara í Austurlandskjördæmi og á jökul með hv. þm. Karen Erlu. Það gefur auga leið.

Upplýsingar liggja fyrir um það að þar sem menn hafa farið út í að byggja ráðstefnuhús á svæðum þar sem ekki er um neitt slíkt að ræða dregur það að ósköpin öll af ferðafólki, ósköpin öll af fjármagni og skapar mikla vinnu. Ég segi því og tek undir með framsóknarmönnum, sem væntanlega eiga eftir að koma fram með þessa tillögu í borgarstjórn Reykjavíkur eftir að hafa heyrt hana hér, að það er nauðsynlegt að Reykjavíkurborg taki vaskar á þessu máli.

Síðan vil ég segja það að mér finnst með ólíkindum að sjá tvískinnunginn í málflutningi framsóknarmanna. Það er stórkostlegt stundum. Þessir menn hafa komið og rifið sig niður í rass út af því að það á að fara að selja Búnaðarbankann og hvað eru þeir síðan að gera? Varla hafa þeir sleppt orðinu þegar þeir eru farnir að slást um peningana sem á að draga úr þeirri sölu til þess að byggja upp rannsóknir og þróun. Hér liggur fyrir tillaga sem hlýtur að hafa verið samþykkt í þingflokki Framsfl. þar sem beinlínis er byggt á því að nota eigi fjármagn sem dregið er úr sölu Búnaðarbankans til þess að efla ferðaþjónustu á Íslandi. Ég hlýt að óska eftir því að formaður þingflokks Framsfl. komi hingað og lýsi því yfir hvort í þessu felist að Framsfl. hafi loksins slegist í fylgd með hæstv. viðskrh. í viðleitni hans til þess að selja Búnaðarbankann.

Flm. (Karen Erla Erlingsdóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Ég lýsi ánægju minni yfir því að mínir menn skuli styðja svo dyggilega við bakið á mér í þessu máli. Það er meira en aðrir geta sagt. (**Gripið fram í:** Össur er einn af okkur.)

Mér var alls ekki ljóst að ríkisstjórnin þyrfti að selja eignir sínar til þess að geta staðið við þau áform um að verja þessum milljónum til sérstakra þróunar- og rannsóknarverkefna. Það hlýtur að vera mögulegt að fá peninginn annars staðar frá þar sem um svo mikilvægan málaflokk er að ræða, þ.e. þróunar- og rannsóknarverkefni.

Varðandi umhverfisþátt Ferðamálaráðs vil ég segja þetta, af því að það virðist eitthvað óljóst, að eitt af hlutverkum Ferðamálaráðs samkvæmt lögum eru umhverfismál. Á nýlegri ráðstefnu um ferðamál sem fram fór í Stykkishólmi var eindregið lagst gegn því að umhverfisþátturinn yrði færður undir umhvrn. heldur var talið að umhverfisþátturinn og markaðssetningin á landinu væru óaðskiljanlegir þættir því það er einmitt umhverfið eða náttúra landsins sem er sú auðlind sem ferðaþjónustan byggir afkomu sína á. Báðir þessir þættir áttu því að heyra áfram undir samgrn. Hins vegar var hvatt til aukins samstarfs við Náttúruverndarráð á þessu sviði.

Ferðamálaráð hefur starfsmann á sínum vegum sem sér um umhverfismál, sér um að taka út ferðamannastaði og ráðleggja hvað betur mætti fara á þessum stöðum, og er búið að fara í alla landshluta af þessu tilefni. Vandamálið er að það er varla hægt að fjármagna einu sinni þessa stöðu og t.d. mætti koma aukið fjármagn til þessara hluta.

Einnig úthlutar Ferðamálaráð styrkjum til úrbóta í umhverfismálum, svo sem til salernisgerða, stígagerða og annarra mála. Vandamálið hér er líka mjög tak-

markað fjármagn í þessum sjóði og þar mætti gera úrbót.

Þingmaður benti á að ég vinn að ferðamálum og hef gert um nokkurt skeið. Reynsla mín í þeim málum er að mjög erfitt er að fá fjármagn til þess að framkvæma góðar hugmyndir þó að einstaka dæmi hafi verið tekið um annað. Það er auðvitað líka til og þá hefur Byggðastofnun staðið sig nokkuð vel í því. En mitt mat er að hér megi enn auka við til þess að við getum náð þeim árangri sem við setjum okkur í þessum málum.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Karen Erlu fyrir að hafa upplýst með hvaða hætti hún telur að það eigi að láta Ferðamálaráð vinna að umhverfisvernd. Ég hef ekkert nema gott eitt um það að segja. Ef hún vill, í stað þess að láta útlendinga ganga álfreka á þeim stöðum sem þeir hafa hingað til kosið sér, láta Ferðamálaráð sjá um að setja upp hvers kyns aðstöðu til þess eins og salernisgerð o.s.frv. og taka þau verkefni frá umhvrn., kann vel að vera að það sé rétt hugmynd. Samt sem áður vek ég athygli á einu sem er mjög sláandi við þessa þáltill., sem er í eðli sínu ágæt, og kom fram í greinargerðinni. Hv. þm. vill draga fé til þessara verkefna úr þremur stöðum og tveir af þeim varða mjög umdeilda þætti í stefnu ríkisstjórnarinnar, þætti sem Framsfl. hefur hingað til barist gegn með oddi og eggju eða það hefur ekki verið hægt að skilja mál hans með öðrum hætti.

Í fyrsta lagi vill þingmaðurinn nota þær 100 millj. eða hluta þeirra 100 millj. sem á að nota til þess að markaðssetja Ísland í tengslum við EES í þessu skyni. Hún vill taka hluta af 240 millj. sem á að nota til átaks í vöru og þróun og koma frá sölu Búnaðarbankans. Framsfl. hefur verið á móti sölu Búnaðarbankans. Framsfl. hefur talað þannig eða það hefur ekki verið hægt að skilja hann öðruvísi, a.m.k. ekki helminginn af honum, en að hann sé á móti EES. Svo kemur allt í einu þingmaður Framsfl. sem búinn er að fá samþykkta þáltill. í þingflokki Framsfl. og hún byggist fyrst og fremst á tvennu:

1. Að við seljum Búnaðarbankann.
2. Að við göngum í EES.

Ef þetta er ekki tvískinnungur, þá veit ég ekki hvað það orð þýðir.

Flm. (Karen Erla Erlingsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Mín tillaga byggist bara alls ekki á sölu Búnaðarbankans eða inngöngu í EES. En ég veit ekki betur en að þú sitjir í ríkisstjórn sem hefur meiri hluta. Ég held að það sé bara ekki á valdi Framsfl. hvort EES verður samþykkt eða Búnaðarbankinn seldur. Ég held að þetta sé bara í þínum höndum, Össur minn og þinna manna.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil enn ítreka það að ég er ekki andsnúinn eðli þessarar þáltill. Ég hef einungis kosið að nota þetta tækifæri til þess að sýna fram á mjög undarlegan málflutning af hálfu Framsfl. Nú er það upplýst að sá hluti greinargerðarinnar sem lýtur að því að verja hluta af andvirði Búnaðarbankans til þess að efla ferðaþjónustu á Íslandi er byggður á missilningi. Sömuleiðis virðist það byggt á einhverjum misskilningi hjá hv. þm. að þessar 100 millj. kr. sem á að verja til sérstaks markaðsátaks á fyrirhuguðu EES-svæði tilheyri tillögunni um aðild okkar að EES. Sá óttalegi grunur læðist að mér að það sé svo margt fleira í stefnu Framsfl. sem birtist þessum þingsölum sem er líka byggt á misskilningi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hv. 17. þm. Reykv. hefur fengið mjög svo fullnægjandi svör og var til fyrirmyndar prúður seinast þegar hann kom í ræðustól. Ég tel það náttúrlega góðs vita. Ég verð aftur á móti að segja að ég hef átt í dálitlum samskiptaörðugleikum við Alþfl. undanfarið. Mér hefur fundist með ólíkindum hvað þeir hafa verið framstyggir þegar ég held lofræðu um hv. 17. þm. Reykv. og vek athygli á því hvað mér hefur þótt það miður þegar ég átti orðastað við hæstv. félmrh., að umhvrh. skyldi þá blanda sér í málið og ganga fram fyrir skjöldu. Þá hefur það gerst nú að ekki aðeins umhvrh. hefur gengið fram fyrir skjöldu heldur einnig 17. þm. Reykv. og reynt að koma því á framfæri að ég hafi ekki riðið feitum hesti frá þeirri umræðu.

Nú er það svo, og því vona ég að hv. 17. þm. Reykv. geri sér grein fyrir, að það er ekki keppikefli góðra hestamanna að ríða sérstaklega feitu hrossi. Hann má ferðast á þeim feitustu fyrir mér en það er ekki keppikefli hestamanna almennt að ríða á sérstaklega feitu hrossi. Það skipti náttúrlega mestu, þegar menn gáfu lítið fyrir gangtegundir, að skepnan kæmist einhvern veginn leiðar sinnar og það þótti benda til þess að menn kæmust lengri veg væri hún mjög feit þegar þeir færu af stað. En þetta er löngu liðin tíð. Nú stunda menn hestamennsku sér til ánægju.

Ég ætla aftur á móti að segja það hér og nú að kjarni þessa máls og ástæða fyrir því að ég legg á það þunga áherslu að Alþingi taki það upp á sína arma er að það er til vansa fyrir Alþingi Íslendinga að virða ekki lögin sem gera ráð fyrir því að 10% af tekjunum sem koma af Keflavíkurflugvelli, af fríhöfninni, fari til þess að byggja upp ferðaþjónustu í landinu. Það er ekkert sem við getum gert sem skapar jafnmörg störf með jafnlitlu fjármagni eins og að efla ferðamálaþjónustuna í landinu. Þetta veit ég að maður sem er jafnframsóknarlega sinnaður og hv. 17. þm. Reykv. gerir sér grein fyrir. Hann gerir sér líka grein fyrir því að það þarf ekki endilega að fara saman, kratarnir og kreppan, þó að því miður hafi það mjög oft verið svo að það hefur fylgst að vegna þess að sumir menn virðast ekkert sjá nema það sé svo stórt að jafnvel þótt þeir sitji sem ráðherrar og leiðbeinendur ríkisstjórnar um langt skeið ná þeir því ekki fram, því miður.

Ég vil gjarnan sjá það gerast að við virkjum okkar fallvötn og seljum orkuna á góðu verði og náum árangri. En ef slíkar hugmyndir eru draumsýnir dagsins og veruleikinn sá að það er ekki það sem nær landi í

atvinnumálum heldur hitt að efla íslenska ferðastarfsemi eiga menn að taka jákvætt á slíkum málum og ekki líta svo á að það sé eitthvað sem vaxi bara af sjálfu sér og ekkert þurfi að gera. Það er til vansa hvað við höfum stutt lítið við þessa atvinnugrein. Það er staðreynd og það veit ég að hv. 17. þm. Reykv. gerir sér grein fyrir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir taka undir efni þessarar þáltill. Ég held að það sé mjög mikilvægt að unnið verði á þeim nótum á næstunni að tengja saman ferðamálin og umhverfismálin einfaldlega út frá þeirri staðreynd að það er sá auður sem við eigum til að selja útlendingum sem hér vilja koma. Það er ómenguð og tær náttúra.

Það sem hins vegar varð þess valdandi að ég kem upp er vel þekkt ást hv. 17. þm. Reykv. á framsóknarmönnum og leiðsögn sem hann tekur oft óbeðinn að sér að veita okkur. Það sem vefst hins vegar aðeins fyrir mér núna er afstaða hv. þm. til sölu Búnaðarbankans því hann hefur dregið það mál inn í þessa umræðu. Ég vil því, virðulegi forseti, fara þess á leit við hv. þm. að hann upplýsi okkur um það hvort hann hafi verið meðmæltur þeim markmiðum fjárlagafrv. að meginuppistaðan í öflun fjár með sölu ríkisfyrirtækja á næsta ári verði sala Búnaðarbankans. Einhvern veginn minnir mig að hv. þm. hafi gengið fremstur í flokki til að stöðva þær ráðagerðir á síðasta ári. Það er svolítið hlálegt að þeir peningar sem eiga að renna til nýsköpunar og til rannsókna eiga að koma sem hlutfall af þessari sölu. Hæstv. ráðherrar og hv. þingmenn stjórnarliðsins grípa oft til þess að nefna það að þarna sé búið að finna tekjustofn til þess að fjármagna rannsóknir á næstunni.

Ég hef tvennt við þetta að athuga. Í fyrsta lagi sé ég ekki og það hefur enginn sýnt mér fram á það að þau markmið ríkisstjórnarinnar að selja ríkisfyrirtæki og afla til þess fjár upp á 1.500 millj. á næsta ári standist. Það bendir ekkert til þess að það markmið fjárlaga standist frekar en það stenst á yfirstandandi ári. Það markmið sem þá var sett stenst ekki. Bágur er hlutafjármarkaðurinn í ár og því miður eru engar líkur á því að hann verði öflugri á því næsta.

Í öðru lagi bendi ég hv. þm. á það að út frá þessum forsendum er allt tal um það að ríkisstjórnin ætli að efla rannsóknir og þróunarstarf með þessari fjárveitingu orðagjálfur eitt.

Varðandi ummæli þingmannsins og áhuga hans á ferðamálum get ég bent honum á það að í þeirri málefnavinnu sem nú fer fram innan Framsfl. fyrir flokksþing, sem er eftir rúma viku, er m.a. tekið sérstaklega á ferðamálunum. Í þeirri vinnu hafa menn lagt eyrun við því sem Ferðamálaráð og aðrir hagsmunaaðilar hafa verið að vinna á síðustu vikum. Ég vil því að lokum beina því til hv. þm. að nú láti hann að þeim vilja sínum, sem berlega hefur komið í ljós að undanförnu, m.a. í viðtölum hans við Tímann og þeim framsóknaranda sem svifið hefur yfir vötnunum í þeim viðtölum, og gangi í Framsfl. fyrir flokksþing svo hann geti komið þar og tekið virkan þátt í að móta ferðamálastefnu Framsfl.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhannes Geir gengur hreint til verks. Það virðist gilda um ástir sem annað. Hann ber sýnilega lítið skyn á það sem heitir á virðulegum tungum „foreplay" og við höfum stundum kallað tilhugalíf eða forleik.

Það er að sönnu rétt að hugur minn til Framsfl. hitnar æ meir. Mér hefur lengi líkað ágætlega við þann flokk. En þó tel ég að ást mín á honum sé stórlega ýkt í þessum umræðum.

Það er hins vegar alveg ljóst, virðulegi forseti, að misskilningurinn heldur áfram að ríða húsi Framsóknar. Það var ekki ég, hv. þm. Jóhannes Geir, sem dró inn í þessa umræðu þá hugmynd að verja hluta af andvirði frá sölu Búnaðarbankans til þess að byggja upp ferðaþjónustu. Það var Framsfl. sem samþykkti að leggja fram þessa þáltill. hv. 1. þm. Austurl. Það var ekki ég.

Hv. þm. kallaði það orðagjálfur eitt að verja eigi þessu fé til uppbyggingar eða til rannsóknar og þróunar. Ber að skilja það svo, virðulegu framsóknarmenn sem hér eru staddir, að grunnur tillögu hinnar ágætu framsóknarkonu að austan, hv. þm. Karenar Erlu Erlingsdóttur, sé orðagjálfur? Það er ekki hægt að draga aðra ályktun af því sem hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson sagði.

Ég vil að endingu segja varðandi afstöðu mína til Búnaðarbankans að þá hefur það komið mjög skýrt fram að ég tel að það eigi að breyta sumum ríkisfyrirtækjum í hlutafélög. Hvort selja eigi einhverja hluti úr þeim fer eftir efnum og aðstæðum í þjóðfélaginu hverju sinni. Ég vil að það komi skýrt fram hér til þess að valda ekki vinum mínum í Framsfl. hugarangri að fari svo að ég tælist til stuðnings við þessa tillögu, þá hef ég enn fullan fyrirvara á því hvort ég vil taka þátt í því að selja Búnaðarbankann eins og virðist koma fram í þessari tillögu.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 17. þm. Reykv. staðfesti reyndar það sem ég hélt fram í ræðu minni áðan þegar hann nefndi að hann væri tilbúinn til að breyta ákveðnum fyrirtækjum ríkisins í hlutafélag en síðan færi það eftir efnum og ástæðum hverju sinni hvort þau yrðu seld. Ég hygg reyndar að ég og hv. 17. þm. Reykv. séum sammála um það að á næsta ári séu hvorki efni né ástæður til þess að selja Búnaðarbankann á innlendum markaði. Í ljósi þess er sá málflutningur stjórnarliða, sem ætla að nota hlutfall af þeirri sölu til eflingar rannsókna og þróunar, orðagjálfur eins og ég sagði áðan.

Ég ætla hins vegar ekki að svara fyrir hv. 1. þm. þessarar tillögu. Ég hygg, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að hún sem kom í fyrsta sinn inn á Alþingi hafi tekið nokkurt mark á þeirri tölu sem stóð í fjárlögunum að verja ætti ákveðinni fjárhæð til rannsókna og

þróunarstarfs því að sá fyrirvari er ekki augljós nema menn fari í það að lesa skýringarnar með frv.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að láta í ljós vonbrigði mín yfir þeirri stefnu Alþfl. að ekki eigi að verja fjármagni til stuðnings við atvinnulífið, eins og þessum 100 millj. sem rætt er um í greinargerð með þáltill. til markaðsátaks, nema Ísland gerist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Ber að skilja þetta þannig að ef við gerumst ekki aðilar að því standi íslenskt efnahagslíf svo miklu betur að það þurfi ekki að verja neinu fjármagni til að efla atvinnulífið eða ber að skilja það þannig að veita þurfi atvinnulífi hér á landi þennan stuðning eftir að erlendir aðilar hafa rétt til þess að ganga hér inn og þar séu möguleikar þeirra ekki nógu miklir nema því aðeins að það komi fram stuðningur frá ríkinu? Þetta hefur sem sagt komið fram á fleiri sviðum og verið áður til umræðu. Ég get ekki skilið af hverju þessar 100 millj. kr. eiga ekki að vera handbærar til markaðsátaks þó að við gerumst ekki aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Ég tel, eins og staða íslensks atvinnulífs er í dag, að það þurfi á stuðningi að halda í þessu skyni, jafnvel þótt við gerumst ekki aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda, 1. umr.

Frv. PP, 187. mál. — Þskj. 215.

Flm. (Páll Pétursson):

Frú forseti. Mér þykir að vísu að því nokkur skaði að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera viðstaddur og ráðherrar allir fjarverandi. Ég hef þó kosið að mæla fyrir frv. og fer ekki fram á að þeir verði sóttir hingað í húsið. Það geri ég vegna þess að ég óttast að ef ég kem ekki málinu til nefndar dragist það úr hömlu og hljóti ekki afgreiðslu.

Þannig er mál með vexti að þetta frv. er ég búinn að flytja á tveimur fyrrfarandi löggjafarþingum en það varð í hvorugt skiptið útrætt þrátt fyrir það að hér sé á ferð mjög brýnt mál og nauðsynlegt að frv. verði samþykkt. 1. gr. frv. hljóðar þannig:

„Fjármálaráðherra, eða viðkomandi ráðherra, er óheimilt að selja eftirtaldar eignir ríkissjóðs, ríkisstofnana eða sjóða í ríkiseign nema samkvæmt heimild í almennum lögum eða fjárlögum:

a. fasteignir,

b. hlutabréf eða eignarhluti í félögum,

c. skip eða flugvélar,

d. listaverk, listmuni eða söfn sem geyma menningarverðmæti,

e. aðrar eignir sem hafa verulegt verðgildi."

Síðan er gildistökugrein.

Sá háttur er á hafður að fjmrh. er óheimilt að selja fasteignir ríkissjóðs skv. 40. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta er fortakslaust ákvæði um fasteignir. Það er ekki einu sinni hægt að selja ómerkilegan skúr í ríkiseign öðruvísi en samþykki Alþingis komi til. Það er því mjög óeðlilegt að ekki gildi sama regla um hlutabréf, eignarhluti í félögum, skip, flugvélar, listaverk, listmuni, menningarverðmæti eða aðrar eignir sem hafa verulegt verðgildi.

Nú vil ég að það komi strax fram að ég er ekki alfarið á móti því selja ríkiseignir. Það getur alveg átt rétt á sér. Ég er ekki á móti skynsamlegri einkavæðingu þar sem hún við og þar sem hagsmuna ríkisins er fyllilega gætt. En á undanförnum árum höfum við horft upp á fjölmörg afar ljót dæmi þar sem ráðherrar hafa ákveðið sölu á mjög verðmætum eignum ríkisins eða afhent mjög verðmætar eignir ríkisins gegn ómerkilegu gjaldi. Nú hefur núv. ríkisstjórn mikil einkavæðingaráform uppi og þegar af þeirri ástæðu er það alveg nauðsynlegt að samþykkja þetta frv. Það er ekki sett ríkisstjórninni til höfuðs sem slíkri heldur til að hjálpa henni að láta þessa einkavæðingu sína ganga eðlilega fyrir sig og koma í veg fyrir að hana hendi verulegt slys sem verði þjóðinni til skaða og ríkisstjórninni til skammar.

Það hefur verið inntak einkavæðingarathafna núv. ríkisstjórnar að afhenda það sem fémætt er af eignum ríkisins til kolkrabbans eða annarra þóknanlegra aðila fyrir lítinn prís. Ég átti þess kost í gærmorgun að sitja stórfróðlegan fund sem BSRB gekkst fyrir á Hótel Sögu. Þar flutti erlendur fyrirlesari ramma og skynsamlega hugvekju um einkavæðingu. Hann rakti reynsluna af thatcherismanum og reaganismanum og hvernig þessar stefnur hafa farið með Breta og Bandaríkjamenn á umliðnum árum. Hv. 10. þm. Reykv., Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, er ekki í salnum til varnar davíðismanum svo ég minnist ekkert á hann, enda gerði fyrirlesarinn, sem ég var að segja frá, það ekki. Hann skipti einkavæðingarríkisstjórnunum í tvo flokka. Önnur var sú sem hann kallaði heiðarlega, sú sem ekki dyldi einkavæðingaráform sín og í þeim flokkum voru bæði Reagan og Thatcher. Síðan voru aftur hinar sem dulbyggju einkavæðingaráformin. Þær byrjuðu á að stofna hlutafélög og þættust ekki ætla að selja, a.m.k. ekki strax en seldu samt hlutabréfin. Hann benti á að sala ríkisfyrirtækja, og það finnst mér nauðsynlegt að vekja athygli á í þessari umræðu, lagar í sjálfu sér ekki fjárlagahallann. Það þarf allt annað til að laga fjárlagahalla en að selja eignir ríkisins. Ráðherraskipuð stjórn stjórnar fyrirtæki ekkert betur en þingkjörin og starfsmenn batna ekkert þó þeir hafi yfir sér ráðherraskipaða stjórn fremur en þingkjörna. Séu fyrirtæki þess eðlis að þau eigi að reka í gróðaskyni en ekki til að þjóna almenningi þá geti það haft gróðavænleg áhrif að einkavæða þau.

Frú forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira en legg til að þessu frv. verði vísað til efh.- og viðskn. til athugunar og ég vænti þess að hv. nefnd treysti sér til að mæla með samþykkt þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Stjórnarskipunarlög, 29. mál, nál. minni hluta stjórnarskrárnefndar, þskj. 305; brtt. minni hluta stjórnarskrárnefndar, þskj. 306.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Út af dagskrá þessa fundar er tekið 2., 4., 7., 9., 10., 11., 12., 14., 15. og 16. dagskrármálið. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

59. FUNDUR

mánudaginn 23. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tilkynning frá ríkisstjórninni.
2. Hópuppsagnir, stjfrv., 20. mál, þskj. 20, nál. 266. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Vinnumarkaðsmál, stjfrv., 22. mál, þskj. 22, nál. 267. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Flugmálaáætlun og fjáröflun í flugmálum, stjfrv., 111. mál, þskj. 129. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
5. Vatnsorka, þáltill., 118. mál, þskj. 138. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Lánasjóður íslenskra námsmanna, þáltill., 155. mál, þskj. 177. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Ferðamál, þáltill., 220. mál, þskj. 263. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Stjórnarskipunarlög, frv., 29. mál, þskj. 30, nál. 281 og 305, brtt. 306. — 2. umr.
9. Stjórnarskipunarlög, frv., 30. mál, þskj. 31, nál. 282 og 302, brtt. 303. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Eiður Guðnason umhvrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.,
Guðmundur Hallvarðsson, 6. þm. Reykv.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Sighvatur Björgvinsson heilbrrh.

Útbýting þingskjala:

Fyrirboðar gjaldþrota, 250. mál, fsp. HN, þskj. 324.

Gagnkvæm viðurkenning á menntun vegna EES, 77. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 317; brtt. meiri hluta menntmn., þskj. 318.

Gjaldþrot fyrirtækja, 251. mál, fsp. HN, þskj. 325.

Sala rafmagns til skipa, 133. mál, nál. iðnn., þskj. 319.

Samningur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands, 247. mál, stjtill., þskj. 321.

Skipulags- og byggingarlög, 240. mál, stjfrv., þskj. 309.

Strandferðir, 248. mál, fsp. HN, þskj. 322.

Veiðistjóri, 249. mál, fsp. HN, þskj. 323.

Verkmenntun í framhaldsskólum, 219. mál, svar menntmrh., þskj. 316.

Erindi lögð fram á lestrarsal:

Frá bæjarráði Njarðvíkur um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði.

Frá bæjarráði Vestmannaeyja um staðfestingu EES-samningsins og um veiðiheimildir Efnahagsbandalagsins í íslenskri lögsögu.

Frá bæjarstjórn Keflavíkur með áskorun um að Alþingi samþykki samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Frá Landssambandi vörubifreiðastjóra.

Tilkynning frá ríkisstjórninni.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér tilkynningu frá ríkisstjórninni um eflingu atvinnulífs:

Yfirlýsing ríkisstjórnar Íslands um aðgerðir til að styrkja stöðu íslensks atvinnulífs og sporna gegn auknu atvinnuleysi.

Á undanförnum vikum hafa ríkisstjórn, aðilar á vinnumarkaði og fulltrúar sveitarfélaga rætt leiðir til að treysta atvinnulíf. Þannig verður þess freistað að koma í veg fyrir að atvinnuleysi aukist á næsta ári og um leið lagður grunnur að öflugra atvinnulífi og auknum hagvexti á næstu árum. Aðgerðirnar munu bæta ástandið á næstunni en beinast enn frekar að því að bæta samkeppnisskilyrði íslenskra atvinnuvega til framtíðar, m.a. með því að laga skattakjör þeirra að aðstæðum í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

Mikilvægasta vörnin fyrir þá sem lægst laun hafa er að varðveita stöðugleika, enda er það meðal meginmarkmiða aðgerðanna. Um leið eru útflutningsgreinum sköpuð öruggari framtíðarskilyrði.

Lögð verður áhersla á nýsköpun í íslensku atvinnulífi með öflugra rannsóknar- og þróunarstarfi í þágu atvinnulífs og með eflingu markaðsstarfs.

Breytingum á skattkerfi og ráðstöfunartekjum einstaklinga er hagað þannig að þeir taka meira á sig sem betur standa. Með þessum aðgerðum er einnig stefnt að því að raunvextir geti lækkað. Þróun í vaxtamálum hlýtur þó einnig að ráðast af efnahagsskilyrðum og ekki síst af ytri skilyrðum þjóðarbúsins.

Seðlabanki hefur í dag ákveðið að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að lækka gengi íslensku krónunnar um 6%. Ríkisstjórnin hefur ákveðið eftirfarandi aðgerðir:

1. Bætt starfsskilyrði atvinnuveganna:

Aðstöðugjald verður fellt niður en sveitarfélögum bætt upp tekjutap til bráðabirgða á árinu 1993 með hlutdeild í tekjum ríkisins. Á árinu 1993 verður unnið að því af hálfu ríkisstjórnar og Sambands ísl. sveitarfélaga sameiginlega að finna sveitarfélögum tekjur í stað aðstöðugjalds.

2. Sérstakar aðgerðir til að treysta atvinnu og efla rannsóknir og þróun:

a. Í fjárlagafrv. næsta árs er gert ráð fyrir 2 milljörðum króna til framkvæmda til að treysta atvinnu, einkum til vegaframkvæmda.

b. Í tengslum við afgreiðslu fjárlagafrv. var ákveðið að verja verulega auknu fé til rannsóknar- og þróunarstarfsemi og til markaðsmála.

c. Samkomulag er um að sveitarfélögin leggi Atvinnuleysistryggingasjóði til 500 millj. kr. til verkefna sem auka atvinnu.

d. Varið skal 500 millj. kr. til aðgerða í atvinnumálum á Suðurnesjum í samstarfi sveitarfélaga, Íslenskra aðalverktaka og annarra fyrirtækja.

e. Varið verður 500 millj. kr. til sérstakra framkvæmda við byggingu og viðhald opinberra mannvirkja.

3. Tekjuöflun vegna aðgerða til að treysta atvinnulíf:

a. Tekjuskattshlutfall einstaklinga verður hækkað um 1,5%.

b. Næstu tvö árin verður lagður sérstakur skattur á háar tekjur, 5% á mánaðartekjur yfir 200 þús. kr. hjá einstaklingi og 400 þús. kr. hjá hjónum.

c. Breytingar verða gerðar á álagningu virðisaukaskatts með því að fækka undanþágum í áföngum á árinu 1993. Þannig verður 14% skattur lagður á húshitun og á afnotagjöld útvarps og sjónvarps frá 1. jan. 1993, á bækur, blöð og tímarit frá 1. júlí 1993, og á hótelgistingu og fólksflutninga frá 1. sept. 1993. Jafnframt verður tryggingagjald á hótelgistingu og fólksflutninga lækkað úr 6% í 2,5% 1. sept. 1993. Frá 1. jan. 1993 verður endurgreiðsla af virðisaukaskatti af vinnu iðnaðarmanna við íbúðarhúsnæði lækkuð í 60%. Almennt skatthlutfall virðisaukaskatts verður óbreytt, 24,5%.

d. Bensíngjald verður sérstaklega hækkað um 1,50 kr. á hvern lítra frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Þessi hækkun rennur í ríkissjóð.

e. Viðmiðunarmörk reiknaðra launa einstaklinga í atvinnurekstri verða hækkuð um 15% og skatteftirlit hert verulega.

f. Útgjöld vegna barnabóta verða lækkuð um 10%.

g. Vaxtabætur verða teknar til endurskoðunar í því skyni að draga úr útgjöldum vegna þeirra.

h. Dregið verður úr ríkisútgjöldum um 1.240 millj. kr. frá fjárlagafrv. til að hamla gegn skuldasöfnun.

4. Aðgerðir til vaxtalækkunar:

a. Með auknu aðhaldi í ríkisfjármálum og með því að draga úr lánsfjárþörf hins opinbera verður stefnt að því að skapa forsendur fyrir lækkun vaxta.

b. Útgáfa húsbréfa verður skoðuð með hliðsjón af þróun vaxta á lánsfjármarkaði og af þróun á fasteignamarkaði en gert er ráð fyrir minni fasteignaviðskiptum vegna almenns samdráttar í þjóðfélaginu sem leiði þá til minni útgáfu húsbréfa.

c. Áfram verður haldið samráði við lífeyrissjóði í því skyni að stuðla að betra jafnvægi á lánsfjármarkaði og auka þátttöku þeirra í fjármögnun atvinnuveganna.

d. Lagaákvæði um ákvörðun dráttarvaxta verða endurskoðuð með það í huga að lækka þá um 2–2,5%.

e. Seðlabanka hefur verið veitt rýmri heimild til ákvörðunar bindiskyldu en lækkun hennar stuðlar að lægri vöxtum og lengingu lánstíma.

5. Fjárhagsleg endurskipulagning í sjávarútvegi:

Ríkisstjórnin mun hlutast til um að fram fari fjárhagsleg endurskipulagning í sjávarútvegi. Stofnaður verði þróunarsjóður sjávarútvegsins. Hlutverk sjóðsins verði að draga úr afkastagetu í sjávarútvegi. Sjóðurinn sinni hlutverki sínu með því að kaupa eignir sjávarútvegsfyrirtækja og úrelda fiskiskip. Sjóðurinn verður í eign ríkisins og hefur sérstaka þriggja manna stjórn sem heyrir undir sjútvrn. og skal einn tilnefndur af samtökum atvinnurekenda í sjávarútvegi. Tekjur sjóðsins verði með eftirfarandi hætti:

Gjald sem leggst á fiskiskip og fari gjaldið eftir stærð skipa.

Gjald sem lagt er á fasteignamat þeirra fasteigna sem nýttar eru til fiskvinnslu.

Tekjur af eignum.

Frá og með kvótaárinu 1996–1997 verði ákveðið þróunargjald lagt á úthlutuð þorskígildi.

Sjóðnum verði enn fremur heimilt að greiða fyrir þátttöku íslenskra útvegsfyrirtækja í verkefnum og fyrirtækjum erlendis, þar með talið öflun veiðiheimilda. Það getur sjóðurinn gert með því að ábyrgjast greiðslu að hluta af áhvílandi veðskuldum fiskiskipa í tiltekinn tíma í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Enn fremur er sjóðnum heimilt að greiða hluta af kostnaði við öflun slíkra verkefna.

Ég vil gera nokkra grein fyrir þessum þáttum frekar.

Á undanförnum vikum og mánuðum hefur mikill órói verið á alþjóðagjaldeyrismarkaði. Þetta hefur orðið til þess að verulegar breytingar hafa orðið á gengi gjaldmiðla sem miklu máli skipta fyrir íslenskar útflutningsafurðir. Þar munar mest um gengislækkun sterlingspundsins, en einnig má nefna lækkun á gengi spánska pesetans, portúgalska eskúdóans, ítölsku lírunnar og sænsku krónunnar. Séu þessar breytingar metnar eftir hlutdeild þessara landa í útflutningi Íslendinga fela þær í sér að gengi krónunnar var í raun orðið rúmlega 3% hærra en það var í byrjun september. Um leið veikja þessar gengisbreytingar mjög samkeppnisstöðu íslenskra afurða á mikilvægum mörkuðum. Í ljósi þessara atburða er óhjákvæmilegt að gera nú breytingu á gengi krónunnar og verður gengi hennar lækkað um 6%. Leitast er við að halda gengisbreytingu í lágmarki, enda er gripið til víðtækra annarra aðgerða til að treysta stöðu atvinnulífsins. Gengi krónunnar verður haldið stöðugu miðað við óbreytta gengisvog og fráviksmörk en vegna óvissu á gjaldeyrismarkaði verður einnig höfð hliðsjón af útflutningsvog við daglega ákvörðun gengis.

Veigamikill þáttur í þeim aðgerðum sem hér er fjallað um er afnám aðstöðugjalds. Eftir því sem alþjóðaviðskipti verða frjálsari og samkeppni harðnar verður mikilvægara að skapa íslensku atvinnulífi sambærileg skattakjör og helstu keppinautum. Þess vegna er orðið brýnt að afnema aðstöðugjaldið. Með þessari aðgerð og fyrirhugaðri lækkun tekjuskatts félaga úr 45% í 33% má telja að skattlagning atvinnurekstrar á Íslandi sé með því hóflegasta sem þekkist í nálægum löndum. Þetta styrkir mjög stöðu íslensks atvinnulífs í

samkeppni á EES-markaði auk þess sem þetta hefur áhrif á áhuga erlendra fyrirtækja að fjárfesta á Íslandi.

Afnám aðstöðugjalds hefur veigamikil áhrif á fjárhag sveitarfélaga og breytingin er meiri en svo að unnt sé að ákveða fyrirvaralítið hvernig henni verður mætt til frambúðar. Þess vegna er ákveðið að sveitarfélögin fái á árinu 1993 tekjur úr ríkissjóði sem nemi 80% af aðstöðugjaldi af stofni ársins 1992. Aðstöðugjald verður því að formi til lagt á á árinu 1993 miðað við sama álagningarhlutfall og 1992, en eingöngu til að ákveða endanlega greiðslu ríkissjóðs til hvers sveitarfélags. Greiðslunum verður hins vegar jafnað mánaðarlega niður á árið.

Þetta fyrirkomulag gildir til bráðabirgða á árinu 1993. Næsta ár verður notað til að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga í því skyni að finna sveitarfélögunum varanlegar tekjur í stað aðstöðugjaldsins. Þessi endurskoðun verður gerð sameiginlega af fulltrúum ríkisstjórnar og Sambands ísl. sveitarfélaga og er stefnt að því að nýtt tekjuöflunarkerfi sveitarfélaganna verði tekið upp í ársbyrjun 1994.

Tryggingagjald á ferðaþjónustu og fólksflutninga verður lækkað úr 6% í 2,5% 1. sept. 1993.

Niðurfelling aðstöðugjalds og lækkun tryggingagjalds kallar á tekjuöflun enda er afar brýnt að þessar aðgerðir veiki ekki fjárhag ríkissjóðs. Tekjuöflun ríkisins er hins vegar að stærstum hluta tímabundin meðan verið er að finna sveitarfélögum nýjar tekjur. Skatthlutfall ríkisins hækkar því á næsta ári en það mun síðan lækka aftur strax á árinu 1994. Skatthlutfall hins opinbera í heild breytist hins vegar lítið á næsta ári.

Á tekjuhlið eru þrenns konar aðgerðir.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir sérstakri hækkun á tekjuskatti einstaklinga um 1,5%. Auk þess er áformað að leggja á sérstakan tímabundinn skatt á tekjur umfram 200 þús. kr. á mánuði hjá einstaklingum, 400 þús. kr. hjá hjónum. Þessi skattur verður innheimtur í staðgreiðslu og kemur síðan til endanlegs uppgjörs við álagningu árið eftir.

Í aðgerðunum felast breytingar á virðisaukaskatti, fækkun á undanþágum sem verða nú felldar inn í skattkerfið með sérstöku 14% skattþrepi. Þessar breytingar koma í staðinn fyrir þær breytingar sem kynntar voru í fjárlagafrv. Við upptöku skatts á þeim sviðum sem áður voru undanþegin fá þau sömu meðferð í skatti og önnur skattskyldusvið, þ.e. allur innskattur er frádráttarbær. Þessi leið er mun einfaldari og öruggari en að fella niður frádrátt á innskatti.

Þessi breyting verður í þremur áföngum. Í fyrsta áfanga, sem kemur til framkvæmda um næstu áramót, verður undanþága vegna húshitunar og afnotagjalda útvarps og sjónvarps felld niður. Jafnframt verður endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu iðnaðarmanna við íbúðarhúsnæði lækkuð í 60%. Í öðrum áfanga, sem tekur gildi um mitt næsta ár, fellur undanþága vegna sölu bóka og blaða og tímarita niður. Í þriðja áfanga, sem tekur gildi í september á næsta ári, er gert ráð fyrir að undanþága vegna fólksflutninga og ferðaþjónustu falli niður, en um leið lækkar tryggingagjald af þessum greinum úr 6% í 2,5%.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að hækka bensíngjald um 1,50 kr. Enn fremur verða reglur um reiknuð laun einstaklinga í atvinnurekstri til viðmiðunar í staðgreiðslu endurskoðaðar með það fyrir augum að hækka viðmiðunarmörk. Jafnframt er áformað að gera sérstakt átak í skatteftirliti.

Á útgjaldahlið er gripið til enn frekari sparnaðaraðgerða en fólust í fjárlagafrv. sem nema rúmlega 1.200 millj. kr. á næsta ári og um 600 millj. kr. árið 1994. Jafnframt er gert ráð fyrir að lækka útgjöld ríkissjóðs vegna barnabóta um 10% á næsta ári. Auk þess verða gildandi reglur um vaxtabætur endurskoðaðar til þess að koma í veg fyrir áframhaldandi aukningu en þetta hefur þó ekki áhrif á fjárhag ríkissjóðs fyrr en á árinu 1994.

Samkvæmt fjárlagafrv. fyrir árið 1993 var gert ráð fyrir 6,2 milljarða kr. halla á ríkissjóði á næsta ári. Þar af má rekja 2 milljarða til ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um sérstakar aðgerðir til að treysta atvinnu á næsta ári, einkum til vegaframkvæmda.

Með efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar er afkoma ríkissjóðs styrkt um rúmlega 2 milljarða á næstu tveimur árum eða sem nemur u.þ.b. þriðjungi rekstrarhallans. Þetta er nauðsynlegt til þess að skapa skilyrði fyrir lækkun vaxta. Jafnframt stuðla aðgerðir ríkisstjórnarinnar að því að treysta atvinnulífið og stöðva aukningu atvinnuleysis.

Það er ekki aðeins lánsfjárþörf ríkissjóðs sem áhrif hefur á vaxtastigið í landinu. Önnur fjáröflun fyrir atbeina ríkissjóðs skiptir þar einnig máli, svo sem útgáfa húsbréfa sem eru með ríkisábyrgð. Þess vegna er nauðsynlegt að haga útgáfu húsbréfa með hliðsjón af þróun vaxta á lánsfjármarkaði jafnframt því sem þess verður gætt að valda ekki alvarlegri truflun á fasteignamarkaði. Reyndar bendir margt til þess að útgáfa húsbréfa muni dragast talsvert saman á næsta ári vegna efnahagsástandsins.

Skuldabréfaviðskipti lífeyrissjóða og opinberra aðila hafa sérstaklega verið rædd við fulltrúa lífeyrissjóðanna og þá einkum hvað hver aðili um sig getur gert til að stuðla að betra jafnvægi á lánamarkaði og lægri vöxtum. Einnig hafa þessir sömu aðilar rætt aukna þátttöku lífeyrissjóðanna í fjármögnun atvinnulífsins með auknum hlutabréfakaupum. Stefnt er að því að á árinu 1993 og 1994 auki lífeyrissjóðir landsmanna þátttöku sína í fjármögnun atvinnulífsins með því að verja a.m.k. 5% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á hlutabréfum í íslenskum fyrirtækjum. Þetta munu vera um 1,8 milljarðar á ári.

Aðrar aðgerðir í vaxtamálum snúa m.a. að dráttarvöxtum. Gerðar verða breytingar á vaxtalögum í ljósi breyttra aðstæðna í þjóðarbúskapnum, þ.e. að verðbólgan er nú lítil og núgildandi dráttarvextir því allt of háir. Lágmarksálag er nú 5% en lagt verður til að lágmarksálag falli niður og kveðið verði á um 6% hámarksálag. Verði þessar lagabreytingar gerðar mun Seðlabankinn nýta þessa heimild og lækka álagið úr 5% í 2,5–3%.

Viðskrn. hefur óskað tillagna Seðlabankans um endurskoðun á reglum um bindiskyldu í því skyni að

bindiskylda geti orðið sveigjanlegri en nú er og m.a. verði unnt að lækka hana og beita á þann hátt að hún stuðli að lengingu lánstíma við skilyrði stöðugleika í efnahagslífinu.

Með þessum aðgerðum er stefnt að því að raunvextir geti lækkað en afar erfitt er að spá fyrir um hversu mikið og hvenær það muni gerast. Einnig þarf að hafa í huga að þróun í vaxtamálum ræðst einnig af efnahagsskilyrðum almennt og ekki síst af ytri skilyrðum þjóðarbúsins.

Þjóðhagsstofnun hefur metið þjóðhagsleg áhrif aðgerðanna og áhrif á afkomu sjávarútvegsins sérstaklega og hefur greinargerð verið dreift um það efni í þinginu.

Áhrif aðgerðanna felast einkum í þrennu: Í fyrsta lagi styrkist staða atvinnulífsins, einkum útflutnings- og samkeppnisgreina. Þetta stafar af lækkun á gengi krónunnar og að sköttum er létt af atvinnulífinu. Í öðru lagi dregur úr þjóðarútgjöldum frá því sem áður var gert ráð fyrir sem leiðir til minnkandi viðskiptahalla gagnvart útlöndum. Í þriðja lagi batnar afkoma ríkissjóðs, sérstaklega þegar horft er til næstu tveggja ára.

Í þjóðhagsáætlun var gert ráð fyrir að verðbólga yrði mjög lítil á næsta ári eða um 2%. Gengislækkunin hefur í för með sér aukna verðbólgu. Á móti vega áhrif aðgerðanna á kostnað fyrirtækja þannig að verðbólga verður um eða innan við 4,5% á næsta ári. Þá er byggt á þeirri forsendu að laun hækki ekki á næsta ári. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann er nú talinn dragast saman um 4,4% milli áranna 1992 og 1993, borið saman við 0,9% á forsendum þjóðhagsáætlunar.

Mjög erfitt er að ráða í þróun atvinnuleysis á næstu missirum í ljósi þeirra óvenjulegu aðstæðna sem nú eru í þjóðarbúskapnum. Sú styrking á stöðu atvinnulífsins sem felst í aðgerðum ríkisstjórnarinnar bætir atvinnuhorfur frá því sem annars hefði orðið, sérstaklega þegar líður á næsta ár og á árinu 1994 þótt þær nái varla að stöðva aukningu atvinnuleysis á næstu mánuðum.

Með gengisbreytingunni og aðgerðum ríkisstjórnarinnar lækkar raungengi (á mælikvarða verðlags) um 5,2% milli áranna 1992 og 1993. Samkeppnisstaða atvinnulífsins verður reyndar betri en þessar tölur sýna því raungengi krónunnar lækkar meira á mælikvarða hlutfallslegra launa.

Í þjóðhagsáætlun voru taldar horfur á um 12 milljarða kr. halla á viðskiptajöfnuði við útlönd á árinu 1993. Með lækkun þjóðarútgjalda í kjölfar efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar má ætla að viðskiptahallinn verði um 4 milljörðum kr. minni á næsta ári eða rúmlega 8 milljarðar kr. Áhrif aðgerðanna koma ekki að fullu fram fyrr en árið 1994 og því er reiknað með að hallinn minnki enn frekar á því ári.

Minni umsvifum í þjóðarbúskapnum og minni viðskiptahalla fylgir óhjákvæmilega að landsframleiðsla og þjóðartekjur dragast meira saman en reiknað var með í þjóðhagsáætlun. Nú er talið að landsframleiðsla dragist saman um 1,4% á árinu 1992 í staðinn fyrir 0,6% í þjóðhagsáætlun. Þjóðartekjur dragast meira saman vegna rýrnandi viðskiptakjara eða um 2,4% borið saman við 1,6% í þjóðhagsáætlun.

Samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar frá því í september sl. er halli botnfiskveiða og -vinnslu talinn um 8% miðað við verð- og kostnaðarskilyrði á þeim tíma og aflahorfur á næsta ári. Með aðgerðum ríkisstjórnarinnar er talið að afkoman batni um tæplega 5%. Til viðbótar má nefna að lækkun innlendra raunvaxta getur einnig komið greininni til góða. Í því sambandi má nefna að lækkun þeirra um 1 prósentustig skilar tæplega 0,5% afkomubata.

Þá má enn nefna það sem getið var um í yfirlýsingunni um hina fjárhagslegu endurskipulagningu í sjávarútvegi. Þó erfitt sé að meta þann afkomubata sem greinin hlýtur af þeirri breytingu er ekki vafi á að í þeim breytingum felst töluverður afkomubati. Með þeirri niðurstöðu einnig hafa ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir náð endanlega saman um stefnumótun í sjávarútvegsmálum og sátt innan þeirrar nefndar sem að þeim málum hefur unnið. Er ljóst að sú niðurstaða mun skapa aukið traust og aukinn stöðugleika í sjávarútvegi á næstu árum.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir ákvörðun ríkisstjórnarinnar til að efla atvinnulíf í landinu.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. ríkisstjórn hefur stundað það upp á síðkastið að auglýsa allvel að hún hefði gott samráð ekki aðeins við aðila vinnumarkaðarins heldur einnig við stjórnarandstöðuna. Við mættum m.a. á fundi hjá hæstv. forsrh. sl. miðvikudag. Satt að segja var fátt nefnt þar af því sem forsrh. hefur nú farið yfir. Ég fékk í hendurnar þessa greinargerð sem forsrh. las að hluta núna ásamt greinargerð Þjóðhagsstofnunar fjórum mínútum áður en ég gekk á þennan fund.

Það er varla hægt að segja að samráð sé mikið. Ég held að hæstv. forsrh. hefði átt að taka sér eins og hálftíma af sínum mikilvægu önnum og kalla á forustu stjórnarandstöðunnar til að upplýsa hana um það sem hér hefur verið gert nokkru fyrir þennan fund.

Ég skal því ekki fara mörgum orðum um þetta en áskil okkur rétt til að ræða þetta mál langtum ítarlegar á fundi sem t.d. gæti orðið á morgun. Mér sýnist eiginlega þrennt einkenna þær aðgerðir sem nú eru boðaðar.

Þær koma í fyrsta lagi allt of seint. Í öðru lagi ná þær hvergi nærri að leysa þann vanda sem að steðjar í dag. Í þriðja lagi held ég að ekkert standi eftir af loforðum hæstv. forsrh. frá því fyrir síðustu kosningar.

Í raun verður að rekja aðdraganda þeirra erfiðleika sem nú eru til upphafs þessarar ríkisstjórnar. Ríkisstjórnin mætti ekki þeim erfiðleikum sem þá voru augljósir vegna minni afla með nauðsynlegum aðgerðum. Þvert á móti gerði ríkisstjórnin sér lítið fyrir og hækkaði vexti um þriðjung með einu pennastriki. Hún lagði miklar álögur á sjávarútveginn og eyddi Hagræðingarsjóðnum sem var ákaflega mikilvægur að sjálfsögðu fyrir sjávarútveginn til að gera honum kleift að hagræða til að mæta afleiðingunum.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að með langtum sársaukaminni aðgerðum hefði verið unnt að halda ís-

lensku atvinnulífi í sæmilegri stöðu í dag. Í stað þess hefur ríkisstjórnin fylgt hinni svokölluðu aðgerðaleysisstefnu eða frjálshyggju sem alls staðar hefur löngu verið gefin upp á bátinn, jafnvel í Bretlandi þótt þar sitji enn þá íhaldsstjórn við völd.

Ég segi líka: Ekki nær þetta nógu langt. Í því mati sem fylgir með frá Þjóðhagsstofnun er metið að þessar aðgerðir geti verkað fyrir sjávarútveginn um plús 4,9% en samkvæmt áætlun þeirrar sömu stofnunar er augljós afkoma sjávarútvegsins nú í mínus 8%. Mér þykja þó satt að segja áhrifin af gengislækkun krónunnar nokkuð hátt metið hjá Þjóðhagsstofnun. Þau eru metin upp á plús 3,2% en ég hygg að flestir þeir sem í sjávarútvegi starfa muni telja að áhrif af gengisfellingar verði vart meira en þriðjungur af því sem gengið fellur, eða í þessu tilfelli um u.þ.b. 2%. Því veldur að sjálfsögðu, eins og oft hefur komið fram, mikil skuldsetning sjávarútvegsins. Því segi ég að þessar aðgerðir ná hvergi nærri nógu langt.

Við framsóknarmenn erum því fylgjandi að fella niður aðstöðugjald af íslensku atvinnulífi og teljum satt að segja að það hefði þurft að gerast fyrr. Við samþykktum það í síðustu ríkisstjórn og hófum þá viðræður við sveitarfélögin um að fella niður aðstöðugjaldið en því miður náðist ekki um það samkomulag. Þá var beðið um eins árs frest. Mér kemur nokkuð á óvart að ríkisstjórnin skuli ekki jafnvel eftir margra mánaða viðræður við sveitarfélögin og aðila vinnumarkaðarins hafa ákveðið hvernig á að bæta sveitarfélögunum upp þennan tekjumissi. Hér kemur fram að það verði gert til bráðabirgða með því að greiða úr ríkissjóði og að síðan verði tekin ákvörðun um það hvernig það verði gert varanlega. Þetta skapar að sjálfsögðu afar mikla óvissu.

Ég sé hins vegar ekki neinar nýjar aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi. Enda kemur fram í orðum hæstv. forsrh. að hann treystir sér ekki á þessari stundu til að meta hvort þessar aðgerðir dragi í raun úr atvinnuleysi og boðar reyndar að að öllum líkindum muni atvinnuleysi fara vaxandi á næsta ári. Það sem hér er talið undir sérstökum aðgerðum til að treysta atvinnu og efla rannsóknir og þróun er ekkert nýtt. Þar eru taldar upp þær aðgerðir sem boðaðar hafa verið með fjárlagagerðinni en í raun er ekki allar að finna þar, t.d. aukið fjármagn til Rannsóknasjóðs. Hér er enn talað um 2 milljarða til að flýta vegaframkvæmdum sem ég ætla alls ekki að gera lítið úr en vek athygli á því að þetta verður að borga aftur með minni framkvæmdum í vegamálum á árunum 1994, 1995 og 1996. Ekkert fjármagn er lagt fram til nýsköpunar í atvinnulífinu. Það er ekkert áhættufjármagn, engin viðleitni til að slá dálítið á þá miklu svartsýni sem nú ríkir sem er kannski það mikilvægasta sem þessi ríkisstjórn gæti gert.

Í þriðja kafla er fjallað tekjuöflun vegna aðgerða til að treysta atvinnulíf. Það er nokkuð athyglisvert að undir þeim kafla er talinn virðisaukaskattur sem nú á að leggja á bækur og ferðaþjónustu. Ég held að þetta hljóti að vera misskilningur. Varla getur það verið talið til að treysta ferðaþjónustuna í landinu að leggja 14% virðisaukaskatt á ferðaþjónustu frá 1. sept. 1993. Ferðaþjónustan á nú í mjög mikilli og erfiðri samkeppni. Það er enginn vafi á því að samkeppnisaðstaða ferðaþjónustunnar er orðin afar bágborin. Að vísu er gert ráð fyrir að lækka á móti tryggingagjald. En ég hef a.m.k. ekki séð hér neina útreikninga á því að það jafni þá 14% álagningu virðisaukaskatts sem er talin til að treysta atvinnulífið í landinu. Ég held satt að segja að það hljóti að vera augljóst að það tryggingagjald sem verður lækkað úr 6% í 2,5% geri hvergi nærri að mæta þeirri hækkun álagningar sem ferðaþjónustan mun þurfa að þola.

Ég vil einnig harma það að hér er tekin sú ákvörðun að leggja 14% virðisaukaskatt á útgáfu bóka og tímarita. Við framsóknarmenn hefðum að öllum líkindum getað fallist á að leggja einhvern virðisaukaskatt á bækur og tímarit þó það þurfi langtum nánari athugunar við en ég er persónulega þeirrar skoðunar að ef við ætlum að halda þeirri stöðu sem íslensk bókaútgáfa hefur sem betur fer haldið um langa tíð þá mætti sá skattur ekki vera yfir 5–6%.

Undir „Tekjuöflun vegna aðgerðar til að treysta atvinnulífið“ er talað um að bensíngjaldið verði sérstaklega hækkað um 1,50 kr. á hvern lítra. Atvinnulífið greiðir líka kostnað við bensín og hér er ekki um neitt annað að ræða en almenna álögu á almenning og atvinnulífið í landinu.

Ég tek undir það og fagna því að hér á að auka skatteftirlit og ég tel réttmætt að hækka nokkuð viðmiðunarmörk. Ég get hins vegar ekki metið hvernig ýmislegt annað sem hér er rakið muni koma út. Ég þarf lengri tíma til þess.

Hér er jafnframt sagt að dregið verði úr ríkisútgjöldum um 1.240 millj. kr. frá fjárlagafrv. til að hamla gegn skuldasöfnun. Vel getur verið að draga megi eitthvað út ríkisútgjöldum. Þó væri afar fróðlegt að fá nánari upplýsingar um það ef hæstv. forsrh. eða fjmrh. geta upplýst okkur um hvar meiningin er að bera niður. Er ætlunin að lækka t.d. enn útgjöld til menntamála eða til heilbrigðismála þar sem okkur þykir mörgum mjög ríflega hafa verið skorið niður?

Ekki eru heldur aðgerðir til vaxtalækkunar miklar. Ég leyfi mér að fullyrða að það sem hér er talið muni því aðeins leiða til vaxtalækkunar að ríkisstjórnin beiti handaflinu svokallaða einnig. Ég er sannfærður um að það muni þurfa verulegan þrýsting á bankastofnanir til að taka þessar aðgerðir sem örugga vísbendingu um að þeir geti lækkað vexti. Að vísu verður fróðlegt að vita hve Seðlabankinn muni lækka bindiskylduna mikið. Hann fær heimild til þess en það er aðgerð sem ég sannarlega viðurkenni að getur orðið til þess að lækka vexti. Ég held hins vegar að til þess að vextir lækki hér svo um munar sé óhjákvæmilegt að ríkissjóður dragi til baka þá hækkun vaxta sem hann framkvæmdi í upphafi starfa þessarar ríkisstjórnar. Það er nánast útilokað fyrir bankana að keppa við ríkissjóð um innlánsfjármagn þegar vextir ríkissjóðs eru svona háir. Ég er reyndar einnig þeirrar skoðunar að vel gæti komið til greina fyrir ríkisstjórnina að fela Seðlabankanum að auðvelda viðskiptabönkunum að dreifa nokkuð afskrift þeirra miklu galdþrota og tapa sem fallið hafa á bank-

ana að undanförnu. Með öðrum orðum óttast ég að þær aðgerðir sem hér eru taldar til vaxtalækkunar beri lítinn árangur nema meira fylgi á eftir.

Ég sagði í upphafi míns máls að samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar eiga aðgerðirnir að bæta afkomu sjávarútvegsins um 4,9%. Það heyrist mér á mönnum sem í sjávarútvegi starfa að muni vera nokkuð ofreiknað. Ég nefndi áðan sérstaklega áhrif gengislækkunar. Hvernig hugsar ríkisstjórnin sér að gera sjávarútveginum kleift að þola það sem nú er 8% rekstrartap og mundi vera samkvæmt þessum útreikningum 3%? Er honum ætlað að bera það án þess að rekstrargrundvöllur verði lagaður frekar?

Í kafla um fjárhagslega endurskipulagningu í sjávarútvegi er að finna nokkurn fróðleik. Þar er rætt um að stofna þróunarsjóð sjávarútvegsins og ég get tekið undir það. Ég held að mikil þörf sé á sjóði til að stuðla að því að fiskvinnslustöðvar verði úreltar og afkastageta í sjávarútvegi verði minni. Ég vek hins vegar athygli á því að á sama tíma hefur ríkissjóður raunar fellt niður hlutverk Hagræðingarsjóðs svo að þar er ekkert orðið. Það er einnig athyglisvert að sjávarútveginum er ætlað að greiða sjálfum kostnað við starfsemi þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Hér er boðað að gjald skuli leggja á fiskiskip og fari gjaldið eftir stærð skipa. Hér er einnig boðað að gjald sem lagt er á fasteignamat þeirra fasteigna sem nýttar eru til fiskvinnslu skuli renna í þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Þá vekur það ekki síst athygli að hér er boðað að frá og með kvótaárinu 1996–1997 verði ákveðið þróunargjald lagt á úthlutuð þorskígildi. Er þetta veiðileyfagjaldið sem Alþfl. hefur barist fyrir? Er þetta gulrótin sem hæstv. utanrrh. fékk fyrir að taka við ýmsu því sem ég held að hljóti að ganga nokkuð gegn stefnu Alþfl. ef hún er þá til?

Það væri satt að segja afar fróðlegt að fá að heyra frá hæstv. sjútvrh. hvort hann telur að þessar aðgerðir í þágu sjávarútvegsins séu fullnægjandi. Það er vitanlega nauðsynlegt að fá að vita það. Sömuleiðis vildi ég mjög gjarnan spyrja hæstv. sjútvrh. að því hvernig hann metur þetta þróunargjald. Eru nokkrar upplýsingar um það hve hátt þetta gjald gæti orðið á úthlutaðan kvóta á árunum 1996–1997? Telur hann þetta vera upphaf að veiðileyfagjaldi eða hvernig skýrir hann það ef svo erekki?

Hér er vissulega ýmislegt fleira sem mætti ræða, t.d. að draga eigi saman útgáfu á húsbréfum. Það kemur ekki fram hvað það er mikið og hæstv. félmrh. hefur tekið því heldur illa. Mig minnir að hæstv. félmrh. hafi enn einu sinni lofað að segja af sér ef það yrði gert en hún hefur ekki gert það enn þá svo líklega er ekki hætta á því. Eru nokkrar nánari upplýsingar um þessa minni útgáfu á húsbréfum?

Þannig er það því miður, virðulegi forseti, að það er æðimargt sem spyrja þyrfti um. Staðreyndin er sú, eins og ég sagði í upphafi að a.m.k. ég, og ég hygg að eins sé farið með aðra stjórnarandstöðuþingmenn, við höfum alls ekki haft það tækifæri sem við þurfum að hafa til að skoða þessar aðgerðir. Við höfum t.d. ekkert tækifæri haft til að ræða við aðila úr atvinnulífinu og launþega um þessar aðgerðir. Við höfum ekki haft tækifæri til þess að ræða við forstjóra Þjóðhagsstofnunar og fleiri mætti telja. Reyndar væri fróðlegt að vita hvort þessar aðgerðir sem hér eru boðaðar eru gerðar í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Ekki fór svo lítið fyrir því samráði vikum saman áður en þessar aðgerðir voru boðaðar.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Í einn og hálfan mánuð hefur það legið ljóst fyrir að mikill fjöldi samtaka í þjóðfélaginu er reiðubúinn að taka höndum saman með ríkisstjórninni til þess að skapa hér grundvöll fyrir varanlegar efnahagsaðgerðir sem hefðu það að markmiði að treysta atvinnulífið í landinu, halda stöðugleika í verðlagsmálum og leggja grundvöll að nýrri sókn í atvinnulífi Íslendinga. Það er einn og hálfur mánuður síðan Alþb. lýsti sig formlega reiðubúið í umræðum um stefnuræðu forsrh. til samstarfs við ríkisstjórnina og aðra stjórnmálaflokka um slíkar aðgerðir. Fulltrúar Alþýðusambands Íslands hafa vikum saman unnið að því að reyna að skapa grundvöll að nýrri þjóðarsátt í þessum málum. Satt að segja hefur engin ríkisstjórn um langt árabil búið við það eins og sú sem nú situr að allir stjórnmálaflokkarnir í landinu, líka þeir sem eru í stjórnarandstöðu, samtök launafólks og samtök atvinnulífsins væru reiðubúin að taka höndum saman um nýja þjóðarsátt til að bjarga íslensku atvinnulífi.

Því miður er það þannig að sú niðurstaða sem ríkisstjórnin náði á næturfundum sínum um helgina eyðir á svipstundu þessum möguleika á þjóðarsátt. Fulltrúar Alþýðusambands Íslands hafa þegar lýst því yfir að þessar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar séu eins og blaut tuska í andlit launafólksins í landinu. Sá maður sem hefur sýnt ríkisstjórninni hvað mesta tiltrú í þessum efnum, Ásmundur Stefánsson, lýsir yfir djúpum vonbrigðum sínum með þessa niðurstöðu. Forsvarsmenn atvinnulífsins segja að aðgerðirnar hljóti bara að vísa á nýjar aðgerðir.

Hæstv. forsrh. Hvernig stendur á því að þú kaust ekki að taka í þessar útréttu hendur? Þú hafnaðir því að taka í útréttar hendur okkar í stjórnarandstöðinni. Þú hafnaðir því að taka í útréttar hendur samtaka launafólks og kaust í staðinn á næturfundum að leiða ríkisstjórnina inn á brautir þar sem friðurinn er slitinn í sundur, þar sem í staðinn kemur tímabil óvissu og átaka, upplausnar og sundrungar.

Ef reynt er að draga saman í örstuttu máli kjarnann í því sem ríkisstjórnin hefur nú ákveðið má draga hann saman í sex þætti. Í fyrsta lagi er því hafnað að fara leið þjóðarsáttar til að ráða fram úr hinum mikla vanda okkar Íslendinga og friðurinn slitinn við samtök launafólks og önnur stjórnmálaöfl í landinu.

Í öðru lagi er hafnað þeirri leið sem bæði við í Alþb., Alþýðusambandi Íslands og aðrir hafa lagt til, að herkostnaðurinn af þessum aðgerðum væri fyrst og fremst borinn af fjármagnseigendum og hátekjufólkinu í landinu. Þessu er hafnað. Fjármagnseigendur verða á næsta ári algerlega stikkfrí eins og í ár. Þeir leggja ekki krónu í þennan pott. Hátekjuaðallinn í land-

inu fær á sig byrðar sem eru svo litlar að þær mælast varla meira en upp í nös á ketti. Í staðinn er ákveðið að hækka almennan tekjuskatt, lækka barnabætur, lækka vaxtabætur og leggja stórfelldar auknar byrðar á almennt launafólk í landinu, fólk með 70, 80 og 90 þús. kr. mánaðartekjur. Í stað þess að láta fjármagnseigendur og hátekjufólkið bera fórnarkostnaðinn af þessum aðgerðum er hann lagður á almennt launafólk í landinu.

Í þriðja lagi eru engar sérstakar nýjar aðgerðir til atvinnuskapandi framfara í landinu á næsta ári í þessari niðurstöðu. Við í Alþb. lögðum fram tillögur sem fela í sér möguleika á því að hér yrðu sköpuð 1.200–1.800 ný störf á næstu 8–12 mánuðum. Slíkum tillögum er hafnað. Það eina nýja sem er í þeim texta sem forsrh. las áðan eru 500 millj. sem hann segir að eigi að fara í einhvers konar aðgerðir á þessu sviði og þó kemur það ekki skýrt fram hvort það eru 500 millj. kr. til viðbótar við það sem búið var að ákveða áður. Allt annað sem hann las upp hefur áður verið tilkynnt og ákveðið. Það er ekkert nýtt sem tekin var ákvörðun um á þessum næturfundum til að skapa hér aukna atvinnu heldur mun þessi stefna helgarinnar og næturinnar leiða til þess að atvinnuleysið mun því miður halda áfram að aukast. Atvinnuleysið mun halda áfram að aukast eftir þessar aðgerðir. Það er ekkert í þessum aðgerðum sem stöðvar aukningu atvinnuleysisins á Íslandi.

Í fjórða lagi er alveg ljóst að aðgerðirnar rjúfa stöðugleikann. Þær stefna í hættu þeim mikla árangri sem við höfum náð í baráttunni gegn verðbólgunni. Verðbólguhugsunarhátturinn byrjar í dag. Hækkanahugsunarháttur gamla tímans byrjar í dag. Gengisfellingarhugsunarháttur gamla tímans byrjar í dag. Kollsteypuhugsunarháttur gamla tímans byrjar í dag. Óstöðugleikinn þar sem menn bíða eftir næstu gengisfellingu byrjar í dag. Á einni helgi, á einni nóttu er kippt grundvellinum undan þeim mikla árangri sem við höfum í sameiningu náð, síðasta ríkisstjórn og launafólkið í landinu, og sem þessi ríkisstjórn hafði fram að þessari helgi sagt að hún mundi standa við. Nú veit enginn lengur hvað verður hér í næstu viku, næsta mánuði eða byrjun næsta árs í þessum efnum. Tölurnar fara aftur að stíga upp á við.

Í fimmta lagi rýfur ríkisstjórnin fyrirheitið sem hún gaf samtökum launafólks í síðustu kjarasamningum og samkvæmt texta kjarasamninganna hefur Alþýðusamband Íslands, BSRB og Kennarasamband Íslands fullan samningsbundinn rétt til að segja upp samningum nú þegar. Það er ríkisstjórnin í landinu sem hefur ákveðið að rifta kjarasamningunum með þessum hætti og hún treystir kannski á það að launafólkið í landinu muni ekki notfæra sér þetta ákvæði kjarasamninganna. En það er alveg ljóst að búið er að brjóta einn meginhornstein síðustu kjarasamninga og innleiða þannig á nýjan leik gömlu óvissuna á vinnumarkaðinum, gamla óstöðugleikann. Enn á ný ofan á gamla verðbólguhugsunarháttinn, gömlu aðferðirnar er búið með þessari gömlu aðferð um slit á kjarasamningum að skapa gamla ástandið um óvissu á vinnumarkaði. Við þurfum svo að bíða eftir því næstu daga og vikur að fá að vita það hvort samtök launafólks muni notfæra sér þann rétt sem þau hafa í kjarasamningunum eftir þetta brot ríkisstjórnarinnar á þeim fyrirheitum sem hún gaf.

Í sjötta og síðasta lagi er það auðvitað eitt megineinkenni þessara aðgerða að þær fela í sér ávísun á nýja gengisfellingu. Það hljóta allir menn að sjá, allir þeir sem þekkja atvinnulífið í landinu, allir þeir sem sitja í ríkisstjórn og eiga að heita ábyrgir menn með opin augu að sjá það að þessar aðgerðir eru bara boðskort að nýrri gengisfellingu. Það er bara spurning um einhverjar vikur og einhverja mánuði hvenær hún verður framkvæmd. Með öðrum orðum, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrh., þið eruð komnir inn á hina gömlu braut ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar þegar gengið var fellt og gengið svo aftur fellt og þannig koll af kolli. Það er ekki nokkur forustumaður í íslensku atvinnulífi í dag sem trúir því að þessar ráðstafanir dugi atvinnulífinu. Því trúir enginn forustumaður í sjávarútvegi, enginn forustumaður í iðnaði og ég veit að hæstv. sjútvrh. mun auðvitað ekki koma hér upp og segja að þessar ráðstafanir dugi sjávarútveginum. Svo eftir þetta næturverk er spurningin bara: Hvenær kemur næsta gengisfelling? Það hljóta allir í viðskiptalífinu og atvinnulífinu að miða sínar ákvarðanir við það að ríkisstjórnin hefur nú vakið þá spurningu. Í stað stöðugleikans í verðlagsmálum, stöðugleikans á vinnumarkaði og stöðugleikans í gengismálum er búið að innleiða hina gömlu tíma óvissunnar í þessum efnum. Því miður, hæstv. forsrh.

Við í Alþb. vorum tilbúin til að leggja mikið á okkur og einnig félagar okkar í stjórnarandstöðunni til að taka höndum saman við ríkisstjórnina í þessum verkum. Við gerðum okkur grein fyrir því að það kynni kannski að treysta ríkisstjórnina í sessi. En við töldum málið svo mikilvægt, erfiðleikana svo afgerandi að það væri nauðsynlegt að við sýndum vilja okkar í þessum efnum og værum reiðubúin að rétta fram útrétta hönd og við hvöttum til þess að forustusveit samtaka launafólks gerði slíkt hið sama. Við hvöttum til þess að forustumenn atvinnulífsins gerðu slíkt hið sama. En því miður er það þannig að ríkisstjórnin hefur slegið á þessar útréttu hendur og það verður mjög erfitt fyrir ríkisstjórnina að koma sér á ný upp trúnaðarsambandi við forustumenn samtaka launafólks og atvinnulífsins eftir það sem nú hefur gerst.

Erfiðleikarnir eru það miklir að við þurftum einmitt á því að halda nú að ríkisstjórnin teymdi þjóðina saman þannig að við sætum öll saman við árar í þeim lífróðri sem nú þarf að róa. Við höfum enga tryggingu fyrir því að efnahagslegt sjálfstæði Íslendinga verði veruleiki eftir fjögur eða fimm ár. Erfiðleikarnir eru svo djúpstæðir að við getum ekki sagt með vissu: Við munum ná höfn.

Ég trúði því nánast alveg þangað til um þessa helgi að ríkisstjórninni væri alvara með að vilja ná þessari víðtæku samstöðu. En það hefur ekki gerst. Ég hélt að fundurinn með okkur í stjórnarandstöðu síðasta miðvikudag væri byrjunin á víðtæku samráði. Það var ekki svo. Við fulltrúar Alþb. komum til utanrrh. og forsrh.

fyrir einum og hálfum mánuði síðan og sögðum: Við erum tilbúnir í viðræður um stuðning við aðgerðir, og utanrrh. og forsrh. sögðu við okkur: Við skulum ræða saman eftir næstu helgi. Síðan er liðinn rúmur mánuður og það eina sem hefur gerst er þessi fundur sem var í síðustu viku, á miðvikudaginn var. Tilboði stjórnarandstöðunnar um víðtæka samvinnu hefur í reynd verið hafnað, því miður.

Forseti Alþýðusambandsins, Ásmundur Stefánsson, var allt fram á síðasta föstudag að vinna að því að reyna að ná víðtæku samkomulagi um réttlátar aðgerðir. Með þessum ákvörðunum um helgina hefur líka verið gefið til kynna að menn ætli ekki að fylgja slíkri aðgerð.

Virðulegi forseti. Ef litið er yfir feril ríkisstjórnarinnar á undanförnum vikum er hann auðvitað allur með þeim hætti, þegar niðurstaða helgarinnar er skoðuð, að tiltrú manna á að ríkisstjórnin ráði við verkið hlýtur að vera algerlega horfin. Fyrir rúmum tveimur mánuðum sagði hæstv. forsrh. Davíð Oddsson að ekki væri þörf á neinum aðgerðum. Fyrir einum og hálfum mánuði síðan lagði fjmrh. fram fjárlagafrv. þar sem ein meginforsenda frv. var að botninum í efnahagslífinu væri náð og þess vegna þyrfti ekki á öðrum aðgerðum að halda. Hvort tveggja reyndist algerlega rangt.

Fyrir helgina sagði hæstv. forsrh. að gengislækkun sænsku krónunnar væri góð tíðindi fyrir okkur og það væri algerlega þarflaust fyrir Íslendinga að hreyfa við gengi íslensku krónunnar nema norska krónan félli. Norska krónan stendur enn og hefur styrkst á síðasta sólarhring eftir fréttum að dæma. En forsrh. tók helgina í að gera þveröfugt við það sem hann sagði þjóðinni.

Þær aðgerðir sem hér voru raktar af hálfu hæstv. forsrh. eru auðvitað slík öfugmælavísa þegar horft er á stefnuyfirlýsingar Sjálfstfl. fyrir síðustu kosningar að þessir menn þurfa satt að segja kjark til að koma aftur til kjósenda og biðja um stuðning. Sjálfstfl. lofaði því að lækka skattana á einstaklingum, lækka tekjuskattinn, lækka eignarskattinn o.s.frv. Tilkynningin sem birtist okkur í dag hefur það í för með sér að árið 1993 verður algert og sérstakt metár í skattheimtu á einstaklinga af hálfu ríkisins. Það hefur stundum verið notað orðið skattmann á fjmrh. Það dugir ekki lengur á þessa stærðargráðu. Það verður að fara í aðra veru kvikmyndaheimsins, ófreskjuna King Kong, til þess að finna einhverja samlíkingu við það risavaxna stökk sem skattheimta fjmrh. Friðriks Sophussonar og Davíðs Oddssonar á einstaklingana mun hafa í för með sér á árinu 1993. Þeir sem lofuðu ekkjunum lækkun á ekknaskattinum og eignarskattinum. Það hlýtur að vera undarlegt sálarlífið hjá þeim að þurfa að horfast í augu við það enn á ný að sá skattur var ekki lækkaður í fyrra, hann er ekki lækkaður í ár og hann verður ekki lækkaður á næsta ári, hann verður ekki lækkaður á þessu kjörtímabili. Allt það sem kjósendum í Reykjavík var lofað af hálfu Sjálfstfl. í skattamálum hefur verið svikið. Það litla sem eftir stóð af loforðunum fauk með ákvörðunum helgarinnar og næturinnar.

Hvað á ríkisstjórn að gera sem er komin í þessa stöðu? Hún er komin í þá stöðu að henni hefur mistekist að skapa hér breiða þjóðarsamstöðu um aðgerðir. Hún hefur fengið verkalýðshreyfinguna upp á móti sér. Hún hefur slitið forsendur kjarasamninganna. Hún hefur gengið á bak kosningaloforðanna sem flokkur forsrh. gaf fólkinu í landinu og hún kemur með aðgerðapakka sem hlýtur að vera ávísun á nýja gengisfellingu eftir skamman tíma. Hún skapar ekki stöðugleika í atvinnulífi, á vinnumarkaði eða á gengismarkaði. Í raun og veru, hæstv. forsrh., hefði verið meiri manndómsbragur að því og það hefði verið skynsamlegra að viðurkenna einfaldlega að ríkisstjórninni hafi ekki tekist að standa við fyrirheit sín, að henni hafi brugðist bogalistin og að hún hefði farið út af þeirri braut sem hún ætlaði að ganga. Ríkisstjórnir sem lenda í þeirri stöðu og vilja sýna manndóm, skynsemi og heiðarleika eiga auðvitað að biðjast lausnar. Það hefði verið hin rökrétta ákvörðun helgarinnar að þingflokkar Sjálfstfl. og Alþfl. hefðu í gærkvöldi ákveðið að beðist yrði lausnar fyrir ráðuneyti Davíðs Oddssonar og það yrði reynt að skapa breiða samstöðu á þingi og utan þings um það sem gera þarf.

Hlutur Alþfl. í þessum aðgerðum er auðvitað sérstakur kapítuli og ég veit ekki hvort maður á í upphafi þessara umræðna að eyða löngu máli í það. Alþfl. hefur sagt á undanförnum vikum: Fjármagnstekjuskattur er algert skilyrði fyrir því að Alþfl. taki þátt í þessum aðgerðum. Hver er niðurstaðan? Algerlega óbreytt ástand. Alþfl. fær bara endurprentaða í þessari tilkynningu gömlu yfirlýsinguna frá því fyrir ári um að lofa fjármagnsskatti einhvern tíma í framtíðinni. Alþfl. hefur sagt það á undanförnum vikum að umtalsverður hátekjuskattur væri skilyrði fyrir því að Alþfl. tæki þátt í þessu. Hver er niðurstaðan? Hátekjuskattur sem nær varla máli.

Alþfl. hefur sagt það undanfarnar vikur að það komi ekki til greina að samþykkja almenna tekjuskattshækkun. Alþfl. hafnaði því með miklum yfirlýsingum hér fyrir um það bil tíu dögum síðan. Hver er niðurstaðan? Niðurstaðan er almennur tekjuskattur, hækkun upp á 1,5% plús lækkun á barnabótum, plús lækkun á vaxtabótum.

Alþfl. hefur sagt það í mörg missiri að ný sjávarútvegsstefna frá áramótunum 1992–1993 væri forsenda fyrir því að Alþfl. tæki áfram þátt í þessu samstarfi. Hver er niðurstaðan? Niðurstaðan er stórkostlegur sigur fyrir Kristján Ragnarsson og Þorstein Pálsson. Ef einhverjir eru sigurvegarar þessarar helgar í fiskveiðimálum eru það þeir. Alþfl. verður að sætta sig við það að forsrh. lauk á hógværan hátt ræðu sinni áðan með því að segja að þar með sé störfum tvíhöfða nefndarinnar lokið. Það stendur að vísu í þessu plaggi að það eigi á árinu 1997, tveimur árum eftir næstu kosningar, þegar næsta kjörtímabil er hálfnað og utanrrh. verður fyrir löngu orðinn sendiherra hjá Sameinuðu þjóðunum, kannski að taka upp einhvers konar gjald. (Gripið fram í.) Ég hélt að við Ísfirðingar héldum öðruvísi á málum. Við létum ekki bjóða okkur svona meðferð.

Fjármagnstekjukröfum Alþfl. er hafnað. Hátekju-

kröfum Alþfl. er hafnað. Tekjuskattsandstöðu Alþfl. er ýtt til hliðar. Kröfu Alþfl. um nýja fiskveiðistefnu er ýtt til hliðar. Aflagjald er sett á tveimur árum eftir næstu kosningar. Það vita auðvitað allir að það getur enginn hér í salnum bundið þann þingmeirihluta sem kann að verða hér eftir næstu kosningar. Ósigur Alþfl. í þessum efnum er því alger.

Það er dálítið um vaxtamálin í þessum textum. Ég vil orða það þannig að ef það er metið á jákvæðan hátt og með skilningi megi e.t.v. komast að þeirri niðurstöðu að þessar ráðstafanir kunni e.t.v. að lækka vextina örlítið. En það er túlkun byggð á mjög jákvæðu hugarfari gagnvart því sem hér er sagt. Það er hins vegar alveg eins líklegt að þessar aðgerðir, þegar þær verða komnar til framkvæmda, muni viðhalda því vaxtastigið sem er í landinu og jafnvel hækka það aðeins. Það verður engin umtalsverð breyting á vaxtastiginu í landinu í kjölfar þessara aðgerða, það eitt er víst. Þess vegna er það því miður þannig að þegar litið er yfir það sem hér var tilkynnt áðan, þá boðar það ekki þær breytingar sem við höfum lengi vonað að yrðu.

Alþb. lagði fram sínar tillögur fyrir einum og hálfum mánuði. Þær standa enn. Þær tillögur fólu í sér að það yrðu fyrst og fremst fjármagnseigendurnir og hátekjufólkið í landinu sem yrði látið borga fjármagnskostnaðinn af því að rétta hlutina við. Því er hafnað í niðurstöðu ríkisstjórnarinnar. Tillögur Alþb. fólu í sér margvíslegar ráðstafanir til að skapa hér 1.200–1.800 ný störf á næstu missirum. Slíkri nálgun er algerlega hafnað í þessum tillögum. Tillögur Alþb. fólu í sér að í stað hinnar hörðu frjálshyggju, grundvallarhugmyndafræði ríkisstjórnarinnar, kæmi ný leið samhæfingar og samvinnu aðila atvinnulífs, samtaka launafólks og stjórnvalda. Því er líka hafnað í verki með þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað um helginga.

Við hörmum það að ríkisstjórnin skuli ekki hafa borið gæfu til þess að taka í útrétta samvinnuhönd okkar og annarra. Við hörmum það að niðurstaðan af þessum aðgerðum verður aukið atvinnuleysi. Við hörmum það að niðurstaðan af þessum aðgerðum verður fimmföld rýrnun kaupmáttar hjá launafólki á næsta ári samanborið við það sem orðið hefði ella en umfram allt er það auðvitað hin stóra sök þessarar ríkisstjórnar að með ákvörðunum næturinnar og helgarinnar er aftur gengið inn á hina gömlu braut verðhækkana, hina gömlu braut sífelldra gengisfellinga, hina gömlu braut óróleika á vinnumarkaði og hina gömlu braut átaka og togstreitu í þjóðfélaginu. Íslensk þjóð hefði þurft að fá annað í gjöf frá ríkisstjórn sinni á þessum degi en slík verk.

Það hefði verið skynsamlegra fyrir hæstv. forsrh. að ákveða í nótt að horfast í augu við þá staðreynd að honum og ríkisstjórn hans hefur mistekist að ráða fram úr erfiðleikum íslensku þjóðarinnar og skapa þá samstöðu sem við þurfum nú á að halda. Hann hefði átt að biðjast lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt í dag.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Í tæpan einn og hálfan mánuð hefur verið rætt um aðgerðir til að bæta stöðu atvinnulífsins og til að halda uppi vinnu í landinu. Stjórnarandstöðuflokkarnir áttu fund með forsrh. fyrir nokkrum vikum þar sem farið var yfir stöðuna. Þar vísaði hann fyrst og fremst á atvinnumálanefndina og gaf henni þá hálfan mánuð til þess að skila tillögum. En vikurnar liðu og þá voru höfð fögur orð um samráð og samstöðu. Hæstv. forsrh. sagði að það yrði ekki hægt að grípa til aðgerða án þess að um þær ríkti víðtæk samstaða sem flestra aðila í þjóðfélaginu. Þrátt fyrir það áttu viðræður sér stað án þess að fjölmörg samtök launþega væru kölluð til og án þess að stjórnarandstaðan fengi að fylgjast með rás viðburða þar til í síðustu viku að við áttum enn á ný fund með fulltrúum ríkisstjórnarinnar þar sem aftur var farið yfir stöðuna en virtist þó harla fátt hafa gerst. Síðan gerðist það í þann mund sem stjórnarandstaðan sat á fundi með fulltrúum ASÍ og VSÍ að atburðarásin fór af stað. Gengið féll í Svíþjóð og það má segja að rás viðburðanna úti í heimi hafi leitt það af sér að ríkisstjórnin ákvað loksins að taka málin í sínar hendur, að þessu sinni án samráðs við stjórnarandstöðuna og án þess að stór hluti vinnumarkaðarins fengi að fylgjast með. Það er því niðurstaðan af því sem hér hefur verið kynnt að hin pólitíska ábyrgð er hjá ríkisstjórninni og hún getur ekki vænst þess að samstaða muni ríkja um aðgerðir hennar enda eru þær nú flestar gamalkunnugar plástursaðgerðir og ýmis óljós áform sem ekki er hægt að samþykkja að mínum dómi.

Ef við lítum á þessar aðgerðir, virðulegi forseti, þá verður auðvitað að segjast eins og er að við sem hér erum í dag höfum haft ákaflega stuttan tíma til að átta okkur á þeim. Að vísu er ýmislegt gamalkunnugt úr umræðunni en hér er líka að finna margt nýtt sem ekki hefur komið til tals og við hljótum að spyrja okkur hvað þýði og hvert eigi að stefna.

Ég spyr mig: Hver eru markmiðin með þessum aðgerðum? Hvaða árangri á að ná? Hver eru langtímamarkmiðin sem þessi ríkisstjórn er að setja sér? Ég sé þau hvergi í þessum plöggum. Ég fæ ekki betur séð en þetta séu allt saman skammtímaaðgerðir.

Í lok síðasta mánaðar voru 4.200 manns á atvinnuleysisskrá samkvæmt opinberum tölum og því má ljóst vera að það er afar brýnt að taka á þeim atvinnuleysisvanda sem við erum að glíma við. Ég spyr: Hvar eru þær aðgerðir? Hvar eru aðgerðirnar til þess að aðstoða það fólk sem nú þegar er atvinnulaust? Það sem getið er um hér eru gamalkunnugar aðgerðir sem kynntar voru í fjárlagafrv. Ég hlýt að benda á það að hér eru m.a. nefndar aðgerðir til að efla rannsóknir og þróun. Eins og við vitum eiga þeir peningar að koma frá sölu ríkisfyrirtækja en það er afar hæpið að þeir peningar muni skila sér.

Þær aðgerðir sem bent er á í atvinnumálum eru fyrst og fremst í vegaframkvæmdum og byggingarframkvæmdum. Ég hlýt enn einu sinni að spyrja: Hvar eru þær aðgerðir sem eiga að koma konum til aðstoðar? Hvar eru aðgerðirnar sem eiga að veita konum vinnu því það er staðreynd að konur eru í meiri hluta atvinnulausra. Svona tillögur er ekki hægt að bera á borð

fyrir okkur. Hér er að vísu vikið að sérstökum aðgerðum á Suðurnesjum sem ég fagna vissulega. En ég hlýt að spyrja: Hvað felst í þeim? Er það eitthvað annað en tvöföld Reykjanesbrautarinnar? Hvar er vinnan sem konurnar eiga að fá?

Ég spyr líka: Hvað þýða þessar aðgerðir fyrir hina lægst launuðu? Ég fæ ekki betur séð við að skoða þessar tillögur en að hér sé um margfaldar álögur á heimilin í landinu að ræða. Hér er hækkun tekjuskatts upp á 1,5% sem leggst á alla. Kaupmáttarrýrnun mun fylgja í kjölfar gengisfellingarinnar. Niðurskurður er boðaður í ríkisbúskapnum og þar eru t.d. nefndar bæði barnabætur og vaxtabætur og við hljótum að spyrja: Hvað felst í þeim áformum? Hvernig munu þau koma niður á fjölskyldunum í landinu? Við minnumst þess að barnabætur voru skornar niður í fyrra hjá mörgum fjölskyldum. Hér á enn að höggva í þann knérunn og þetta eru allt saman álögur sem leggjast á fjölskyldurnar í landinu. Skuldir heimilanna, sem eru miklar að vöxtum og hafa farið mjög vaxandi á undanförnum árum, munu einnig vaxa með þessum aðgerðum. En það er afar óljóst hvort sú vaxtalækkun sem meiningin verður að ná með þessum aðgerðum muni nást.

Það segir í plaggi ríkisstjórnarinnar að mikilvægasta vörnin fyrir þá sem lægst hafa launin sé að varðveita stöðugleikann enda er það meðal meginmarkmiða aðgerðanna, segir þar. Ég sé hvorki stöðugleika né að mikil vörn felist í þessum aðgerðum fyrir þá sem lægst hafa launin. Hér er verið að leggja auknar álögur á heimilin í landinu og það er ekki að sjá í þessu neinar aðgerðir til þess að verja hina lægst launuðu. Því hlýt ég að mótmæla.

Það segir einnig hér að þessar breytingar feli það í sér að þeir sem betur mega sín beri byrðarnar. Þar er væntanlega átt við hátekjuskattinn upp á 5%. Sem betur fer var viðmiðuðun hækkuð frá því sem um var talað. Það var rætt um 160 þús. kr. tekjur fyrir einstakling en þau mörk hafa nú verið hækkuð upp í 200 þús. Vissulega tökum við kvennalistakonur undir það að löngu tímabært var að setja á hátekjuskattþrep en þessi skattur skilar afskaplega litlu. Enn einu sinni gefst ríkisstjórnin upp við það að koma á fjármagnsskatti. Enn einu sinni treystir hún sér ekki til þess að ganga gegn mótmælum fjármagnseigenda. Reyndar verð ég að segja það, virðulegi forseti, að mér leist ekki á þá útfærslu sem var til umræðu og hefði hugsanlega leitt af sér einhvern sparifjárflótta því að sjálfsögðu er mjög mikilvægt að verja hagsmuni sparifjáreigenda. En auðvitað eru þetta bara eins og hverjar aðrar tekjur og að fólk skuli geta haft milljónir króna í vaxtatekjur án þess að borga af því nokkurn skatt er aldeilis fráleitt og tíðkast hvergi nokkurs staðar í ríkjum Evrópu. Að mínum dómi hefði verið mun nær að snúa sér að því skattleggja neysluna með ríkari hætti en hér er gert. Þá ég einkum við það sem ég kalla lúxusskatta og tíðkast í mörgum ríkjum Evrópu. Hér er alltaf sama sagan, það má hvergi koma nálægt þeim ríkustu.

Hér er staðfest að það á að hækka virðisaukaskatt á bókum, blöðum, útvarpi, sjónvarpi, ferðaþjónustu og húshitun. Ég hlýt að vara við þessum áformum og spyrja hvaða áhrif þetta hafi á þær atvinnugreinar sem standa að útgáfu blaða og bóka og ekki síður ferðaþjónustu sem til skamms tíma hefur verið einn helsti vaxtarbroddur í íslensku atvinnulífi. Við hljótum að spyrja okkur hvað það þýði fyrir þessa atvinnugrein. Það hefur verið að koma í ljós að þeir hafa verðlagt sína þjónustu heldur hátt og menn eru kvíðnir vegna þess að greinin er að koma sér í erfiða stöðu. Þetta verður ekki til þess að bæta hana og ég hlýt að spyrja hvað þetta þýði fyrir þessar atvinnugreinar.

Ég hlýt líka að spyrja, hvað er átt við með virðisaukaskatti á húshitun? Er meiningin að skattleggja alla húshitun í landinu? Þetta er ekki nógu skýrt eins og það kemur hér fram. Það er boðað að ná eigi samstarfi við sveitarfélögin í landinu til þess að bæta þeim upp þann tekjumissi sem þau verða fyrir en samkvæmt reynslu okkar í fyrra af þeim aðgerðum sem þá var gripið til gegn sveitarfélögunum hljóta að vakna spurningar um það hvernig því samstarfi verði háttað. Sveitarfélögin hafa mörg hver mótmælt harðlega áformum um að leggja niður aðstöðugjaldið enda vegur það mjög þungt í tekjuöflun margra þeirra. Það verður auðvitað að tryggja það að sveitarfélögin nái þessum tekjum inn á annan hátt þó að við vitum öll að aðstöðugjaldið er óréttlátur skattur og hefur mjög mismunandi þýðingu fyrir hin ýmsu sveitarfélög. Hér er það ekki síst Reykjavíkurborg sem við verðum að taka tillit til og minnast þess hve mikla félagslega þjónustu Reykjavíkurborg hefur á sínum snærum. Ég vona að menn séu ekki með hugmyndir um að skerða hana.

Sú spurning hlýtur einnig að vakna hvað þessar aðgerðir þýða fyrir kjarasamningana. Síðustu kjarasamningar byggðust á því að gengið yrði stöðugt og það hlýtur að verða rætt meðal samtaka launafólks hvernig brugðist verði við þessum aðgerðum. Það gæti farið svo að órói yrði á vinnumarkaðnum vegna þessara aðgerða. Ég get ekki annað en minnst á að það er ekki einu sinni búið að semja við öll samtök launafólks, þar á meðal eru ríkisstarfsmenn í BHMR.

Virðulegi forseti. Það er ekki ástæða til þess að hafa mjög langt mál um þessar aðgerðir enda þarf að skoða þær betur. Sú spurning vaknar hvað þetta þýði fyrir stöðu atvinnuveganna. Hverju breytir þetta fyrir atvinnulífið? Ég tel að þessar aðgerðir dugi of skammt. Ég spyr líka: Hvað þýðir þetta fyrir stöðu heimilanna í landinu? Þeirra hagur versnar. Við verðum vissulega að horfast í augu við það, virðulegi forseti, að atvinnulífið á við mikinn vanda að stríða en hann verður ekki leystur með svona skammtímaaðgerðum. Uppstokkunar er þörf, bæði í sjávarútvegi og landbúnaði en fyrst og fremst er þó brýnt að hér eigi sér stað nýsköpun í atvinnulífinu. Við verðum að afla tekna. Það er ekki endalaust hægt að skera niður. Við verðum að afla tekna á móti. En ég sé þess engin merki í tillögum ríkisstjórnarinnar að slík stefnumörkun sé hér á ferð.

Ég átti þess kost í síðustu viku að hlusta á hagfræðing sænska vinnuveitendasambandsins þar sem hann ætlaði sér að greina frá hinni svokölluð sænsku leið en hún tók svo miklum breytingum þann sólar-

hring sem hann var hér á ferð að hann varð að breyta nokkuð máli sínu. Það vakti athygli mína þegar hann sagði að sænskir vinnuveitendur hefðu bent stjórnvöldum á það fyrir u.þ.b. ári að það yrði að grípa til aðgerða. Þeir bentu á þá spennu sem var að myndast í sænsku atvinnulífi en það var ekkert á þá hlustað. Ég spyr mig: Hvaða ljós eru það sem blikka nú í íslensku atvinnulífi? Við höfum heyrt það undanfarna daga að fulltrúar sjávarútvegsins eru mjög áhyggjufullir vegna þeirrar stöðu sem þar er og ekki síst vegna þess hve illa veiðist þessar vikurnar. Ég spyr mig: Eru þau ljós að blikka sem boða enn meiri samdrátt og enn meiri erfiðleika á næsta ári? Ég held að við verðum að gefa því gaum hversu erfið staða það er sem við stöndum frammi fyrir og það er ekki útlit fyrir að við séum að komast út úr þessum vanda heldur virðist því miður blasa við okkur margra ára samdráttur. Því hljótum við að verða að spyrja okkur grundvallarspurninga um það *hvernig* við *ætlum* að reka okkar þjóðfélag og hvaða vinnu við ætlum að halda uppi í landinu.

Ríkisstjórnin sér ekkert annað en niðurskurð. Þar skortir mjög á alla víðsýni og bjartsýni og að menn reyni að horfa á það hvar og hvernig hægt er að afla aukinna tekna. Það er ljóst af því sem hér hefur verið sagt í dag að helst má hvergi koma nærri þeim sem best *hafa kjörin*. Ég verð að segja að það er *lítið* um sálfræðileg trikk í þessum aðgerðum en hæstv. forsrh. boðaði það að sumar af þessum aðgerðum væru bara sálfræðilegar til þess að friða einhverja aðila úti í bæ.

Hér er allt gamalkunnugt, eins og ég sagði áðan, og ég verð að segja það að lokum, virðulegi forseti, að ég óttast það að eftir nokkra mánuði þegar þessar aðgerðir *hafa skilað sér úti í þjóðfélaginu með góðu og illu* munum við aftur standa í sömu sporunum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 8. þm. Reykn. komst svo að orði í ræðu sinni áðan að sá vandi sem steðjar að okkur Íslendingum væri djúpstæður og erfiður. Það er rétt hjá honum. Það var kannski það eina í ræðu hans sem minnti á þann stjórnarandstöðuforingja sem fyrir fáum vikum síðan sagði: Gamla stjórnarandstöðupólitíkin að vera á móti öllu sem frá ríkisstjórninni kemur er fyrir bí. Það er úrelt. Svoleiðis vinnubrögðu stundum við ekki framar. Það var í anda þess hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar sem boðaði hina útréttu sáttahönd. En það var líka það eina í ræðu hv. þm. sem var í anda hins nýja Ólafs Ragnars. Afgangurinn var gamli Nixon, ekki „new Nixon".

Það er alveg rétt að vandinn er mikill og djúpstæður. Við megum hins vegar ekki standa í þeirri trú að við Íslendingar séum einir á báti í þeim efnum. Allt í kringum okkur sigla þjóðir krappan sjó í djúpri efnahagslægð. Að sumu leyti eigum við við svipuð vandamál að etja af þeim sökum, önnur eru sértæk fyrir okkar þjóðarbúskap. Það er ekkert nýtt þegar ég segi að vandinn er einkum þríþættur, svo ég noti algengt orðalag virðulegs prófessors. Aflabrestur, sem hefur víðtækar samdráttarafleiðingar um allt þjóðfélagið. Djúp efnhagslægð í efnahagsumhverfinu, sem hefur m.a. orðið til þess að við höfum orðið að fresta áformum um stórtækar nýjar fjárfestingar sem hefðu þýtt nýja sókn í atvinnulífinu. Og hið þriðja er uppsafnaður vandi frá langri fortíð, skuldavandi þjóðarinnar sjálfrar, atvinnuveganna og þá sérstaklega sjávarútvegsins sem takmarkar mjög svigrúm okkar til að bregðast við þegar kreppir að.

Það er vegna þess að menn voru sammála um að vandinn væri djúpstæður og erfiður sem forustumenn í íslensku þjóðlífi, forustumenn verkalýðshreyfingarinnar, vinnuveitenda og ýmsir forustumenn stjórnmálaflokka, sögðu: Nú þurfum við að efna til sem víðtækastrar samstöðu um það hvaða leið er skynsamlegust út úr þessum vanda, ekki bara til skamms tíma heldur til frambúðar.

Það var mikið fagnaðarefni og góðs viti ef við það hefði verið staðið. Ég er alveg sannfærður um að frumkvæði aðila vinnumarkaðarins á undanförnum vikum hefur skilað góðu verki og þess sér rækilega merki í þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur boðað. Förum aðeins yfir það. Hvað voru þeir að segja, þessir góðu menn? Þeir sögðu: Fyrst og síðast viljum við forðast að við lendum aftur í nýrri kollsteypu víxlverkana verðbólgu. Fyrst og síðast viljum við varðveita þann árangur sem náðst hefur á sl. þremur árum. Seinast af öllu *viljum við fórna honum fyrir skyndiaðgerðir* t.d. risavaxna gengisfellingu. Við skulum sameinast um þau úrræði sem duga til þess að festa stöðugleikann í sessi — og lögðu fram ákveðnar tillögur til þess.

Þeir sögðu með öðrum orðum: Við skulum reyna að fara þessa kostnaðarlækkunarleið frekar en gengislækkunarleið. Um það var víðtæk samstaða. Hvað annað fólst sérstaklega í þessu?

Þeir sögðu: Aðstöðugjaldið er skattur af því tagi sem samrýmist ekki inngöngu okkar í EES. Það er óréttlátur skattur. Það ber að leggja hann af. Aðstöðugjaldið er lagt af í þessum aðgerðum.

Þeir vildu að tryggingagjöld í sjávarútvegi og í atvinnulífinu yrðu einnig lækkuð. Það var í hinum upphaflegu *tillögum okkar en var dregið til baka í ljósi* þess að við urðum að bregðast við gengisfellingu gjaldmiðla allt í kringum okkur. Það var því dregið til baka. Gengisfellingin hins vegar bætir stöðu útflutnings- og samkeppnisgreinanna betur en það hefði gert í því dæmi.

Í annan stað sögðu aðilar vinnumarkaðarins: Við viljum að í þessum aðgerðum komi fram eftirfarandi þættir: Við vitum að það er verið að létta sköttum af atvinnulífinu sem þýðir tekjutap fyrir ríkissjóð og þeir komu með ákveðnar tillögur í því efni:

Í fyrsta lagi vildu þeir að sett yrði upp tímabundið hátekjuþrep í tekjuskattinum. Það er í þessum tillögum.

Í annan stað sögðu þeir: Við leggjum á það höfuðáherslu að í þessum aðgerðum verði markvisst stefnt að því að vextir geti lækkað, nafnvextir og raunvextir. Þeir viðurkenndu að til þess að ná því markmiði var eitt sem sker úr. Það var að treysta stöðu ríkisfjármála. — Hefur það tekist? Já, það hefur tekist með umtalsverðum hætti. Hér hafa verið miklar umræður

um það að fjárlagafrv., eins og það var lagt fram, hafi verið á ótraustum grunni. Við höfum viðurkennt það, hæstv. fjmrh. og aðrir talsmenn ríkisstjórnarinnar.

Nú er það svo að þrátt fyrir að gjöldum er létt af atvinnuvegunum, sem nemur mörgum milljörðum, náðist samt sá árangur að ýmsum veikleikamerkjum í fjárlagafrv. var rutt úr vegi og niðurstöðutölur að því er varðar halla eru lægri þrátt fyrir auknar aðgerðir til atvinnusköpunar. Þetta er umtalsverður árangur og þetta er forsenda fyrir vaxtalækkun.

Nú gátum við ekki ætlast til þess að aðilar vinnumarkaðarins leystu ríkissjóðsdæmið. Það hlutum við að gera sjálfir. Þeir lögðu auðvitað ekki fram tillögur í því efni. Sannleikurinn er sá, svo hann sé sagður, ef farið hefði verið að þeirra ýtrustu tillögum hefði ríkisfjárhagurinn verið veiktur svo verulega að vaxtalækkunarmarkmiðið hefði ekki verið trúverðugt. Þess vegna urðum við að ganga lengra í þeim efnum, sérstaklega með lækkun ríkisútgjalda. Hv. stjórnarandstæðingar geta ekki talað eins og heyrðist áðan: Ríkisstjórnin er uppfull af því að skera niður og skera niður. Það er krafa á þessa ríkisstjórn þegar fyrirtæki í landinu og heimili í landinu standa frammi fyrir þrengingum að draga saman seglin í ríkisútgjöldum til þess að skapa svigrúm fyrir atvinnulífið, fyrir fyrirtækin, skapa forsendur fyrir lækkun vaxta. Það er það sem við erum að reyna að gera. Það eina sem hægt er að gagnrýna er að við höfum ekki gengið nægilega langt í því.

Þeir sögðu: Það verður að vera lækkun vaxta. Hvað er síðan gert til þess fyrir utan að reyna að tryggja þessar forsendur? Það eru sértækar aðgerðir sem gripið er til sem eiga að stuðla að lækkun vaxta, hnykkja á því markmiði. Hvað er það? Þeir báðu um lækkun bindiskyldu. Það er lækkun bindiskyldu. Þeir báðu um lækkun dráttarvaxta. Það er lækkun dráttarvaxta. Í samtölunum kom fram að það væri til þess að styðja það markmið að ná samningum við lífeyrissjóðina um að þeir verðu ákveðnum hluta af sínu mikla ráðstöfunarfé, helmingnum af öllum sparnaði þjóðarinnar, til þess að styðja við bakið á atvinnulífinu í formi samnings um kaup hlutabréfa í atvinnulífinu. Sá samningur er gerður.

Allt eru þetta aðgerðir sem gefa raunhæfar vonir um lækkun vaxta. En af hverju var þá ekki orðið við tillögunni um vaxtaskattinn? Við skulum fara yfir það. Tillagan var skilyrt. Hún var um þetta: Það var lagt til að fara út í skatt á vexti í staðgreiðslukerfinu en undanskilið skyldi vera: Ekki á lífeyrissjóðina. Nei. Ekki á fyrirtækin. Nei. Heldur bara á sparnað almennings, kannski einn fimmta af öllum sparnaði þjóðarinnar, sparisjóðsbækur hjá almenningi án frítekjumarks. Því miður, sögðum við. Það er ekki hægt. Um leið og þið biðjið okkur um að gera allt sem hægt er til þess að lækka vexti þá gengur þessi tillaga ekki upp. Hún er bæði óréttlát og gengur móti því meginmarkmiði sem þið eruð að biðja okkur um að styðja.

Þess vegna hrín það ekki á mér þegar hv. 8. þm. Reykn. segir: Hvað varð um fjármagnstekjuskattinn? Fjármagnstekjuskatturinn er í stefnuyfirlýsingu þessarar ríkisstjórnar. Það liggur fyrir viðamikið nefndarálit um það hvernig hann skuli framkvæmdur. Það er staðreynd að það er ekki hægt að koma honum á nema með lengri undirbúningstíma. En það er jafnframt ljóst að til þess að undirbúa það verðum við t.d. að koma fram með frv. um svokallaða upplýsingaskyldu eða leysa það mál, því ella hangir í lausu lofti sú ákvörðun að tekjutengja t.d. grunnlífeyri ellilífeyrisþega, þannig að fjármagnseigendur með verulegar tekjur af fjármagni sitji við sama borð og aðrir ellilífeyrisþegar sem hafa tekjur af t.d. vinnu sinni. Þau frýjuorð um að þessum skatti hafi ekki verið komið á hér og nú eru þess vegna óraunsæi og ósannur áróður. Ríkisstjórnin er ekki fallin frá markmiði sínu en vegna þess að við tókum alvarlega áskorun um lækkun vaxta, gat ríkisstjórnin ekki gert annað en það sem hún hefur gert.

Hvað var það annað sem talsmenn atvinnulífsins og verkalýðshreyfingarinnar báðu um? Í þessum viðræðum sögðu þeir, og það var kannski ekki hvað síst gagnlegasti partur þessara viðræðna: Við viðurkennum núna að efnahagsaðgerðir við þessi skilyrði geta ekki treyst atvinnu eða skilað árangri nema með því að við tökum á skuldavanda sjávarútvegsins. Ég þarf ekkert að nefna tölur í því efni. Yfir 100 milljarðar í atvinnugrein sem á seinasta ári skilaði söluverðmæti upp á 70–80 milljarða og skuldadreifingin slík að almennar efnahagsaðgerðir duga ekki til til þess að tryggja heilbrigðan rekstur slíkra fyrirtækja í framtíðinni.

Þetta er hrikalega stórt vandamál. Verkalýðshreyfingin lagði til að ríkissjóður legði fram á næsta ári 1,8 milljarða í því skyni. Hvað gerði ríkisstjórnin? Ríkisstjórnin tilkynnir hér með í sínum efnahagsaðgerðum að samkomulag hafi tekist um að stofna þróunarfélag í sjávarútvegi. Leggur því til heimanmund upp á 4 milljarða ísl. kr. í formi skuldabréfa sem skulu vera afborgunarlaus næstu þrjú árin. Leggur jafnframt fram tillögur um það hvernig staðið skuli undir þessum áfallna kostnaði með því að inn í þetta félag renna gjöld af greininni sjálfri sem hún þegar greiðir í formi úreldingargjalds af skipum og nýtt gjald komi til sem úreldingargjald af fiskvinnslu. Í þriðja lagi komi frá og með fiskveiðiárinu 1996–1997, í trausti þess að þá hafi ræst úr að því er varðar afrakstur fiskstofna og afkomu í greininni, sérstakt þróunargjald sem við köllum svo.

Þetta er sá þáttur þessara tillagna þegar upp er staðið, þegar allir verða búnir að gleyma smáatriðunum og aukaatriðunum í þessum „krísupakka“, sem mun standa upp úr og þykja merkilegast til framtíðar vegna þess að í þessum aðgerðum er í fyrsta sinn með skipulögðum og vel undirbúnum hætti tekist á við þennan skuldavanda.

Af hverju skiptir það svo miklu máli núna? Það er einfaldlega vegna þess að ef þetta verk tekst sæmilega felst í því að þau fyrirtæki sem verða fjárhagslega endurskipulögð og munu fá annaðhvort í sinn hlut til veiða eða vinnslu stærri hlut af heildarafla fá sína stöðu bætta til frambúðar. Það þýðir að afkoma þess sjávarútvegs og þeirra sjávarútvegsfyrirtækja sem hafa traustan fjárhagslegan grundvöll mun batna verulega. Arðsemin mun batna verulega. Þjóðhagsstofnun hefur ekki

haft tíma og ekki forsendur til að meta það hversu stór þáttur í afkomubata í sjávarútvegi þessar aðgerðir verða þegar tímar líður fram. En í samtölum okkar er það alveg ljóst að þetta er ekki veigaminnsti þátturinn.

Þegar menn spyrja: Hvernig verður með afkomu í sjávarútveginum að loknum þessum aðgerðum? Aðgerðir af gengislækkuninni skila sér í bata. Afnám aðstöðugjaldsins skilar sér að sjálfsögðu í bata og óbein áhrif afnáms aðstöðugjaldsins sömuleiðis. Síðan er munur á hækkun erlends kostnaðar og áhrifa hækkunar verðs á sjávarafurðum erlendis sem skilar nokkru. Áhrif vaxtalækkunar, ef hún tekst, verða til að bæta mjög hag sjávarútvegsins og annarra greina. Sérstakar aðgerðir til þess að lækka dráttarvexti munu skila greininni umtalsverðum bata. Þessi fjárhagslega endurskipulagning sem mun ekki fara að skila sér að ráði fyrr en að nokkrum tíma liðnum mun gera mjög stórt strik í þennan reikning. Við höfum látið meta það vandlega hverju það gæti numið. Ég tel ekki rétt á þessari stundu að nefna neinar tölur um það vegna þess að í þessu eru mörg álitamál.

Í því sem ég hef hér sagt hef ég svarað þeim spurningum hvort samráðið við aðila vinnumarkaðarins hafi verið hundsað. Svarið við því er nei. Ég er búin að telja upp hver eru aðalatriðin í því sem þeir lögðu áherslu á. Ég er búinn að svara hvernig ríkisstjórnin brást við og ég held því fram að það starf sem þeir unnu hafi vissulega borið mikinn árangur og þess sjáist rækilega merki í þeim tillögum sem hér liggja fyrir hv. þm.

Síðan er þess að geta, sem rétt er að halda til haga, að í þessum tillögum er að sumu leyti um að ræða varanlegar aðgerðir, ekki bara viðbrögð við efnahagsvanda, sem munu skila árangri til frambúðar. Í því efni nefni ég t.d. afnám aðstöðugjaldsins sem var ekki bara óréttlátur skattur heldur skattur sem hafði uppsöfnunaráhrif í verði og á, við eðlileg samkeppnisskilyrði, að skila verðlækkunum sem einnig munu koma að gagni.

Annað dæmi um varanlegar umbætur eru þær tillögur sem hér liggja fyrir um breytingar á virðisaukaskatti. Það eru tillögur sem kveða upp úr um það að við ætlum að hafa hér tveggja þrepa virðisaukaskatt. Af tvennu illu er það skárra en núverandi kerfi úr því að ekki er hægt að hafa hér einfaldan eins þreps skatt, sem menn greinir ekki á um að er hagkvæmasta kerfið. Þetta er ákvörðun um óbreytta efri prósentu að svo stöddu og 14% lægra þrep.

Svo eru sérstakar aðgerðir til að taka á þeim vandamálum sem mest hafa vafist fyrir mönnum. Ég nefni vaxtarbroddinn, ferðaþjónustuna. Hún var nefnd hér af hv. þm. Steingrími Hermannssyni. Hvað er um hana að segja? Um hana er það að segja að það er mat manna að 14% virðisaukaskattur á ferðaiðnaðinn allan, þ.e. hótel, gistingu, samgöngur, flutninga, muni leggja á hana um 600 millj. kr. Á hún að sitja uppi með það? Svarið er nei. Vegna þess að afnám aðstöðugjaldsins léttir af henni sem svarar 300 millj. kr. og sérstök lækkun tryggingagjalds í þessari grein léttir af henni um 200 millj. kr. Síðan eru áhrif gengisfellingarinnar sem auðvitað vega þungt í þessari grein sem er nánast útflutningsgrein. Við metum það þess vegna svo að þarna hafi tekist með skynsamlegri tillögu að koma fram kerfisbreytingu til frambúðar en jafnframt taka tillit til sérstakra aðstæðna í þessari vaxtargrein.

Að því er varðar virðisaukaskatt á hitunarkostnað er líka ljóst að þeirri aðgerð hljóta að fylgja mildandi aðgerðir að því er varðar hin köldu svæði. Þær eru ekki að fullu mótaðar en ég veit að iðnrh. mun gera nánari grein fyrir þeim hugmyndum.

Virðulegi forseti. Ef við reynum að meta þessar aðgerðir og spyrja spurninga eins og þessara: Munu þessar aðgerðir duga? Þá skulum við líta á það sem hv. 8. þm. Reykn. sagði og þarfnast dálítilla skýringa. Hann segir: Svarið er nei. Það mætti kannski biðja hv. þm. sem það fullyrðir að líta á það hvert mat Þjóðhagsstofnunar er á annars vegar þróun verðbólgu og hins vegar afkomu í sjávarútvegi. Lítum á þjóðhagsleg áhrif aðgerða ríkisstjórnarinnar og lítum á verðbólgutölur. Ríkisstjórnin tók ákvörðun um þessa gengisfellingu út frá þessum forsendum: Kjaminn í þessum efnahagsaðgerðum er sú kostnaðarlækkunarleið sem við höfum unnið að og undirbúið á mörgum undanfarandi vikum. Gengislækkunin er fyrst og fremst viðbrögð við staðreyndum lífsins sem orðið hafa um gengisfellingar á mörkuðunum allt í kringum okkur. Gengisfellingunni er haldið í hófi af því að við ætlum ekki að láta hrekja okkur af leið stöðugleikans umfram það sem við erum nauðbeygðir til af óviðráðanlegum ytri aðstæðum. Verðbólgan er talin verða um 4,5% 1993. Hv. þm. sagði: Þetta er nú bara gamli tíminn. Þetta er bara kollsteypan. Nei, það er ekki rétt. Þetta er ekki gamli tíminn. Þetta er ekki kollsteypan. Enda er spáin sú að verðbólga verði hér 0,8% á árinu 1994. Hvernig getur nokkur maður haldið því fram að leið sem svona er sett fram og svona hugsuð og svona metin sé afturhvarf til fyrri tíma? Sameiginlega stóðum við að því, hv. þm., í ríkisstjórn árið 1989 að fella gengið, ég man ekki hve oft, allt upp í 30%. Þá var því haldið fram að það væri gamli tíminn. Það var heldur ekki gamli tíminn. Það var tilraun til að fikra sig út úr vandanum við þáverandi skilyrði til þess að ná stöðugleika. Við höfum ekkert snúið baki við því markmiði. Ég veit að innst inni er hv. þm. sammála mér. Hann sagði það fullum fetum áður en gripið var til aðgerðanna að hann væri ekki gengisfellingarmaður. Hann vildi varðveita stöðugleikann og hann kynni að meta hann. (**Gripið fram í:** Og segir enn.) Og segir enn, takk. Um það er samstaða. Þess vegna er þessi leið í fullu samræmi við sjónarmið þeirra manna í forustu stjórnarandstöðuflokkanna og í forustu á vinnumarkaðnum sem segja: Fórnum ekki þeim dýrkeypta árangri sem náðst hefur á undanförnum árum, líka í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, í að draga úr verðbólgu og að koma á stöðugleika. Því að við vitum ekki þó við eigum að vita það af gamalli reynslu til hvers það leiðir.

Ég held því fram að með þeirri kostnaðarlækkunarleið sem hefur verið mótuð með þessari gengisaðlögun höfum við verið að vinna í anda samkomulags og sátta, í anda sáttfýsi og samstöðu. Meginatriðin í þessum tillögum eru í sátt og samlyndi við sjónarmið

aðila vinnumarkaðarins. Ég lýsi engri undrun minni á því þótt þeir lýsi efasemdum sínum um að þetta sé nóg. Um það var engin samstaða í þessum hópi. Það var fullt af aðilum í sjávarútvegi sem voru eindregið þeirrar skoðunar að hér ætti að vera 30% gengisfelling. Því hefur verið hafnað. Það er minnihlutasjónarmið. Það er sérhagsmunasjónarmið. Það er óábyrgt sjónarmið.

Þetta þarf að meta á mælikvarða þess að varðveita stöðugleikann en gera samt það sem gera þurfti til að draga úr hættu á atvinnuleysi, til þess að styrkja afkomu atvinnulífs, til þess að koma í veg fyrir verðbólgukollsteypu, til þess að styrkja samkeppnisstöðu, einkum og sér í lagi útflutnings- og samkeppnisgreina og til þess að draga úr viðskiptahalla og þar með erlendri skuldasöfnun. Lítið á töflurnar. Samkvæmt þessari leið er verið að draga verulega úr viðskiptahalla í samanburði við grunndæmi sem lagt var fram, þ.e. grunndæmið kostnaðarlækkunin ein sér. Samkvæmt þessari leið er verið að draga úr hættunni á vaxandi erlendri skuldasöfnun á þrengingartímum. Þegar allt er lagt saman í sjávarútveginum er auðvitað ekki búið að koma öllum sjávarútvegi Íslands upp á eitthvert meðaltalsnúll. Það stóð aldrei til. Það er ekki vinnandi vegur. Það er ekki hægt. Það sem hins vegar er gert er að verða við flestum óskum.

Auðvitað segja menn: Við hefðum kosið að sjá meira. Og auðvitað eru þar uppi álitamál. Ég nefni t.d. óskir um að sveitarfélögin legðu í þetta púkk með því að létta af sjávarútveginum hafnargjöldum. Þau hafa ekki boðið sig fram til þess en þau gætu svo sem gert það. Því sannleikurinn er sá að þeirra hlutur í þessum aðgerðum er óeðlilega góður. Þegar verið er að jafna byrðum á alla aðila sker einn aðili sig úr og fær að fullu bættan miðað við óeðlilega hátt innheimtuhlutfall sinn hlut. Þeir ættu kannski að svara því í staðinn með því að taka þátt í því átaki að létta kostnaði af sjávarútveginum með því t.d. að skera niður hafnargjöldin.

Virðulegi forseti. Ég held því fram að þessar tillögur séu hinn gullni meðalvegur sem skynsamlegt var að reyna að feta við þessar kringumstæður. Ég held því fram að við höfum eftir bestu samvisku reynt að koma til móts við sjónarmið vinnumarkaðarins eftir því sem mögulegt var að svo miklu leyti sem það gekk ekki gegn markmiðunum sjálfum, svo sem vaxtalækkunarmarkmiðinu. Kjarni málsins er sá að við erum að reyna að grípa til aðgerða sem eru nægilega róttækar án þess þó að stefna í voða þeim árangri sem náðst hefur fyrir fórnfúst starf margra aðila, ekki síst aðila vinnumarkaðarins, við að koma hér á siðaðra manna hagstjórn.

Ég óttast ekkert frýjuorð eins og þau: Hefur Alþfl. gengið hér í berhögg við stefnu sína? Ekki síst þegar það er í sömu andránni sagt: Þessar tillögur eru þannig að forsrh. og formaður Sjálfstfl. hefur svikið öll sín kosningaloforð. Er það þá meðaltalið?

Alþfl. er í ríkisstjórn fyrst og fremst út frá því meginsjónarmiði að gæta almannahagsmuna en ekki sérhagsmuna. Alþfl. er í ríkisstjórn fyrst og fremst til þess að leggja fram alla krafta sína til þess að varðveita stöðugleika og koma í veg fyrir kollsteypur, óöryggi og allt sem af því leiðir. Berið þið þessa leið saman við það hverjar afleiðingarnar af 20–25% gengisfellingu hefðu orðið fyrir launþega á Íslandi. Hver hefði kaupmáttarskerðingin orðið þá? Hún hefði orðið a.m.k. 12%. Hvert hefði atvinnuleysið orðið þá? Að mati aðila vinnumarkaðarins 20–25%. Auðvitað höfnuðum við þeirri leið. Það er ósatt að ríkisstjórnin hafi fallið frá áformum sínum um fjármagnstekjuskatt en ég hef fært hér þau rök sem eru rétt og sönn um það hvers vegna ekki var unnt að koma á strax vaxtatekjuskatti með þeim skilyrðum að hlífa hefði átt þremur fjórðu á fjármagnsmarkaðnum.

Að lokum, virðulegi forseti, segi ég enn og aftur að síðar meir, löngu eftir að menn hafa gleymt um hvað þetta þras snerist þessa daga og nætur og löngu eftir að menn hafa gleymt einstökum steinvölum í þessum vegg, þá mun eftir standa að með þessum aðgerðum var loksins með skipulegum hætti lagt til atlögu við það vandamál okkar sem erfiðast verður viðfangs á næstu árum, þ.e. skuldasöfnunin fyrst og fremst í atvinnulífinu og þá sjávarútveginum. Því verki mátti ekki fresta lengur.

Mér er það þess vegna sérstakt fagnaðarefni að birtar hafa verið tillögur um og samstaða orðið um að stofna þróunarsjóð í sjávarútveginum. Ég legg á það megináherslu að hlutverk hans er hlutverk úreldingarsjóðsins en ekki hlutverk jólasveinsins eða gjafapakkans. Það er fyrir því séð með heimanmundi frá ríkinu — og það hefur litlu kastljósi verið beint að þessum sjóði — eru lagðir til miklir fjármunir: 4.000 millj. kr. Honum eru tryggðir gjaldstofnar sem eiga að duga honum til að standa undir þessum kostnaði. Menn spyrja eins og hv. 8. þm. Reykn. sagði: Hvað þýðir þetta? Er þetta dæmi um að Alþfl. hafi fallið frá stefnu sinni? Þetta er tilraun til öfugmælasmíða eins og hv. þm. er stundum kunnur að.

Við höfum sagt að í framhaldi af því að við höfum náð því fram með aðstoð fleiri aðila á hinu háa Alþingi að fiskimiðin á Íslandi séu lýst þjóðareign sé eðlilegt þegar sú breyting er orðin í okkar þjóðlífi að þau eru ekki lengur frjáls almenningur heldur sóknin takmörkuð að þjóðin fái einhvern arð af þessari eign sinni eins og gerist og gengur almennt samkvæmt venjulegum markaðslausnum. Við höfum hins vegar aldrei sagt að það eigi að ofbjóða gjaldþoli sjávarútvegsins. Við höfum aldrei gert kröfu um að því yrði skellt á fyrirvaralaust. Við erum ekki að boða neinar patentlausnir. Við erum einfaldlega að segja: Það er eðlilegur hlutur í samskiptakjörum sjávarútvegsins og annarra greina á Íslandi að sjávarútvegurinn eins og aðrar atvinnugreinar greiði nokkuð fyrir aðganginn að auðlindinni þegar hún er takmörkuð. Það var allt annað mál þegar hún var alfrjáls.

Sérstaklega er það svo að þegar við stöndum frammi fyrir 100 milljarða skuldavanda, þar af skuldavanda allt of margra fyrirtækja sem eru með neikvæða eiginfjárstöðu, þá er engin deila um það, vona ég, á hinu háa Alþingi að þetta er vandamál sem verður að

taka á. Það verður að fara fram fjárhagsleg endurskipulagning. Það verður að bæta stöðu þeirra sem eiga framtíðina fyrir sér og að svo miklu leyti sem þessar skuldir eru gjaldfallnar getum við ekki hlaupist frá þeim. Hverjir eiga að greiða þessar skuldir? Almenningur í landinu? Endanlega gerir hann það, já. En það er líka eðlilegt að ætlast til þess að greinin sjálf greiði fyrir bætta afkomu sína í þessari fjárhagslegu endurskipulagningu. Það er sanngirnissjónarmið og um það er ekkert ósætti við forsvarsmenn í greininni.

Ég segi það að löngu eftir að þessar tillögur að öðru leyti eru gleymdar og grafnar mun það verða svo að þessi þáttur tillagnanna mun verða minnisstæður þó ég viðurkenni það að sjálfsögðu að mikið er komið undir því að framkvæmdin takist farsællega.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. utanrrh. sagði, ef ég heyrði rétt áðan, að niðurskurður um 1.250 millj. kr. mundi styrkja stöðu ríkissjóðs og minnka hallann í ríkisfjármálum. Spurning mín er þessi: Hefur allt dæmið verið skoðað? Hefur hækkun á erlendum skuldum við 6% gengisfellingu um 10 milljarða króna og afborganir af þeim, ekki síst með tilliti til hækkunar dollarans þar að auki, verið tekin inn í dæmið? Eða umframfjárþörf t.d. Lánasjóðs ísl. námsmanna í kjölfar gengisfellingar sem hlýtur auðvitað að koma til svo eitthvað sé nefnt?

Ég vil biðja hæstv. utanrrh. að segja það hér og nú að ekki verði um að ræða aukin útgjöld ríkissjóðs á árinu 1993 og þar af leiðandi verði ríkisfjárhallinn minni.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst árétta að í þessum tillögum að því er varðar ríkisfjármál felst lækkun útgjalda upp á 1.240 millj. kr. Eins og ég nefndi verður áætlaður halli ríkissjóðs, þrátt fyrir aukið álag á hann vegna framlaga til atvinnuskapandi aðgerða, lægri en í fjárlagafrv. var sýnt.

Að því er varðar áhrif 6% gengisfellingar á skuldir er það augljóst mál að það er gallinn við gengisfellingarleið að höfuðstóll skulda hækkar í innlendum gjaldmiðli. Þar er spurningin hins vegar sú: Hversu varanleg verður þessi breyting? Í töflum Þjóðhagsstofnunar kemur fram að hún gerir ráð fyrir meðalhækkun verðbólgu milli ára upp á 4,5% en gerir ráð fyrir að verðbólguhjöðnunin verði síðan hröð og leiði til þess eftir aðgerðir að á árinu 1994 verði verðbólgan 0,8%. Að því er varðar hreina erlenda skuld gerir hún ráð fyrir því að metið að raungildi milli ára, ef við tökum grunndæmið 1993 var hrein erlend skuldaaukning upp á 2,5% og hefði orðið 2,4% árið 1994 en verður eftir aðgerðir milli ára 0,4% og lækkar um 0,2% eftir aðgerðir á árinu 1994. Þessi hófstilling og vonin um að þetta sé skammvinnur, tiltölulega lítill verðbólgukúfur er því einmitt dæmið um það, einn af ákvörðunarþáttunum um það hvers vegna reynt var að þræða þennan gullna meðalveg.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það voru fjögur atriði sem hæstv. utanrrh. nefndi til þess að verja þessar aðgerðir:

1. Að þær væru „í sátt og samlyndi við aðila vinnumarkaðarins“ hvað meginatriði snertir, svo ég vitni orðrétt í ráðherrann. Ég held að hann ætti að bíða með þær fullyrðingar þar til þing Alþýðusambands Íslands sem nú er haldið á Akureyri svarar því næstu daga. Þá mun koma í ljós hvort Alþýðusamband Íslands telur að þessar aðgerðir séu í sátt og samlyndi við það. Ég held að ráðherrann ætti að bíða með stóru orðin þangað til það svar kemur.

2. Að með þessum aðgerðum hafi tekist að treysta ríkisfjármálin. Það sagði hæstv. ráðherra líka fyrir ári þegar ríkisstjórnin sagði að hallinn á ríkissjóði á árinu 1993 yrði rúmir 3 milljarðar. Nú er að koma í ljós að niðurstaðan verður 9–10 milljarða halli svo hæstv. utanrrh. hefur nákvæmlega enga tryggingu fyrir því að þessar aðgerðir muni minnka hallann á ríkissjóði eins og ég mun koma að eftir augnablik.

3. Að hann byndi miklar vonir við það að sú verðbólguspá sem er sýnd í töflu Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1994 sýni að þetta sé allt saman skynsamlegt. Má minna hæstv. ráðherra á það að fyrir tæpum tveimur mánuðum síðan lagði ríkisstjórnin fram fjárlagafrv. á Alþingi sem miðaði við það að verðbólgan yrði á næsta ári, árinu 1993, 2%. Nú kemur ríkisstjórnin áður en nóvembermánuður er liðinn, næsti mánuður á eftir framlagningu fjárlagafrv., og tilkynnir okkur að verðbólgan verði tvisvar sinnum meiri á næsta ári en spáð var í fjárlagafrv. fyrir um það bil sex vikum. Heldur svo ráðherrann að einhver hér í salnum taki mark á spá fyrir árið 1994? Auðvitað gerir það ekki nokkur maður.

4. Að lokum sagði ráðherrann að ríkisstjórnin hefði ákveðið að setja 4 þús. millj. kr. í þennan sjóð. Það stendur hvergi í þessum plöggum sem forsrh. kynnti hér. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðherra: Er það rétt skilið sem hann sagði (Forseti hringir.) — ég er að ljúka máli mínu, virðulegi forseti — að ríkisstjórnin ætli að leggja skuldabréf inn í þennan sjóð sem nemur 4 þús. millj. á næsta ári? Það þýðir samkvæmt aðferðum Ríkisendurskoðunar og fjárln. að fjárlagahallinn á næsta ári muni aukast að sama skapi um þær 4 þúsund millj. sem nemur framlagi ríkissjóðs í þennan sjóð. Það er því auðvitað nauðsynlegt að ríkisstjórnin átti sig á því hvað hún er að gera.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hv. þm. sagði í framhaldi af minni ræðu áðan að ríkisstjórnin hefur ákveðið að verja allt að 4 milljörðum kr. í hið nýstofnaða eða væntanlega þróunarfélag í formi skuldabréfa sem verða afborgunarlaus næstu þrjú árin og síðan mun þessi sjóður eða þetta félag með tekjustofnum sínum standa undir afborgunum á því. Ég hygg því að þetta framlag verði ekki til þess að auka halla á ríkissjóði enda eru þetta ekki framseljanlegir markaðspapp-

írar heldur ganga til lækkunar skulda skuldugra sjávarútvegsfyrirtækja gagnvart lánardrottnum þeirra og er þess vegna aðgerð til þess að styrkja bankakerfið og fjármálakerfið í landinu.

Að lokum vil ég taka það fram til þess að fyrirbyggja misskilning, virðulegi forseti, að mér er ekki kunnugt um að hv. 8. þm. Reykn. sé blaðafulltrúi Alþýðusambandsins. Við skulum láta þá tala sínu máli en ekki hv. þm.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála því. Við skulum bíða eftir dómi Alþýðusambandsins. En hitt eru merkileg tíðindi að eftir að forsrh. er búinn að flytja hér sína tilkynningu, þar sem hvergi er að finna einn staf, hvað þá heldur eitt orð um þessar 4 þúsund millj. sem á að leggja á nýju ári inn í þennan nýja sjóð, komi hæstv. utanrrh. og segi: Þegar allir verða búnir að gleyma smáatriðunum í þessum tillögum — og hver eru smáatriðin? Það er það sem forsrh. var að tilkynna hérna áðan — þá mun hann rísa upp í sögunni, þessi nýi þróunarsjóður sem fær 4 þúsund millj. til sín með skuldabréfum á næsta ári.

Hæstv. utanrrh. Samkvæmt því sem fram kom í síðustu viku í umræðum um fjáraukalagafrv. fyrir árið 1991 af hálfu talsmanna Sjálfstfl. og talsmanna fjárln. er alveg ljóst að þessar 4 þúsund millj. verða reiknaðar sem útgjöld hjá ríkinu og skuldbindandi greiðsla á árinu 1993 og koma þar með inn í hallatöluna. Ég get hins vegar verið sammála ráðherranum um það að þegar menn eru búnir að gleyma ýmsu smáu í þessum aðgerðum muna menn eftir þeim degi þegar hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hóf sjóðasukkið. Því munu menn örugglega muna eftir þegar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar ákvað að stofna sértækan sjóð þar sem þriggja manna nefnd, þar af tveir, meiri hlutinn, valdir af sjútvrh., fá að úthluta „ganske pent" 4 þúsund millj. til þeirra fyrirtækja sem þeim eru þóknanleg. Það hefðu einhvern tíma þótt tíðindi frá Davíð Oddssyni og Sjálfstfl.

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í stuttu andsvari er ekki ráðrúm til þess að nefna nema eitt atriði sem fram kom í ræðu hæstv. utanrrh. Í rauninni eru stærstu tíðindin í þessum aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar þau að ríkisstjórnin og þá einkum og sér í lagi Alþfl. heykist á því að leggja á fjármagnsskatt. Formaður Alþfl. nefndi það sér til varnar áðan að það hefði ekki verið hægt að leggja þennan skatt á vegna þess að aðilar vinnumarkaðarins hefðu viljað undanþiggja fyrirtækin og lífeyrissjóðina þessum fjármagnsskatti. Hér er auðvitað um svo alvarlegan blekkingarleik að ræða að ekki er hægt að láta ómótmælt.

Það er einfaldlega þannig og það þekkja allir sem eitthvað hafa kynnt sér þessi mál að vaxtatekjur fyrirtækja koma inn í rekstur þeirra með venjulegum hætti og síðan koma auðvitað vaxtagjöld þar á móti og mismunurinn er skattlagður eins og aðrar tekjur og önnur gjöld. Þegar við erum að tala um fjármagnsskatt, þá erum við að tala um fjármagnsskatt á einstaklinga vegna þess að það er hann sem er undanþeginn. Vaxtatekjur einstaklinga umfram vaxtagjöld einstaklinga eru ekki skattlögð. Það er undanþágan í okkar kerfi í dag, þessi furðulega undanþága sem hefur verið við lýði um langt skeið og menn hafa verið að tala um að afnema og koma á fjármagnsskatti. Þá erum við fyrst og fremst að tala um tekjuskatt einstaklinga. Það gilda sérreglur um hann. Um tekjuskatt fyrirtækja gilda allt aðrar reglur eins og menn vita. Þar af leiðandi er sú afsökun hæstv. utanrrh. algerlega út í hött að blanda fjármagnsgreiðslum fyrirtækjanna inn í þetta. Það er í engu öðru skyni gert en að varpa ryki í augu almennings því að það kemur málinu hreinlega ekkert við. Fyrirtæki greiða að sjálfsögðu þennan skatt með óbeinum hætti í dag.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það væri æskilegt að hv. formaður þingflokks Alþb. svaraði því mjög skýrt vegna þess að eftir því verður tekið: Er formaður þingflokks Alþb. að boða stefnu þess flokks þegar hann leggur það til og þykir það sjálfsagt mál að lagður verði á 15% skattur í hvert skipti sem sparisjóðsbækur gamla fólksins eru gerðar upp til vaxtagreiðslna án þess að inn í það komi nokkurt einasta frítekjumark? Eru það hugmyndir Alþb. og talar hv. þingflokksformaður í nafni flokksins þegar hann segir að Alþb. sé tilbúið til þess að undanþiggja alla aðra en leggja bara undanþágulausan, frítekjumarkslausan skatt á sparnað gamla fólksins í landinu? Svar óskast.

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek á því athygli að hæstv. utanrrh. gerði enga tilraun til þess að útskýra blekkingarleik sinn hér áðan en spyr mig hins vegar einfaldrar spurningar hér. Ég á mjög auðvelt með að svara henni vegna þess að ég flutti í fyrra frv. til laga um fjármagnsskatt. Þar var einmitt gert ráð fyrir því að sparisjóðsbækur almennings yrðu undanþegnar, þ.e. að það væri ákveðið frítekjumark og ekki væri lagður skattur á hinn almenna sparnað hins almenna manns, heldur væri fyrst farið að leggja skattinn á þegar komið væri yfir ákveðin mörk. Það kom einmitt vel á vondan, ef svo má segja, að spyrja mig að þessu því að við alþýðubandalagsmenn höfum alltaf gert ráð fyrir því að ákveðin mörk væru undanþegin.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir vænt um að hv. formaður þingflokks Alþb. gerði hreint fyrir sínum dyrum og ég er ánægður með það að við erum sammála um þetta. Ef við ætlum að koma á fjármagnstekju-

skatti, sem er stefnumál þessarar ríkisstjórnar, verður það að gerast með þeim hætti að lágmarkssparnaður almennings í landinu sé verndaður undir þaki fríeignamarks eða frítekjumarks og ef það er sjónarmið Alþb., þá erum við sammála um þetta. Þá erum við líka sammála um næsta atriði. Nefnilega það að að svo stöddu er ekki unnt að koma þeim skatti á fyrirvaralaust. Hann þarfnast meiri undirbúnings og það gildir jafnt um okkur sem stöndum að ríkisstjórninni og hv. alþýðubandalagsmenn. Þeir eru hér að gera grein fyrir tillögum sem eru allt aðrar en þær tillögur sem lagður voru fram af hálfu aðila vinnumarkaðarins. Ég skal láta það koma skýrt fram að af hálfu vinnuveitenda er einmitt svona skattform, fjármgnstekjuskattur með frítekjumarki, ég tala nú ekki um ef hann er eingöngu á raunvexti, mál sem Vinnuveitendasamband Íslands hefur lýst algerri andstöðu við öfugt við Alþfl., Alþb. og stjórnarflokkana.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegi forseti. Þessi mál hafa verið til umfjöllunar alllengi á Alþingi og það er ekkert nýtt að við vitum það að íslenskir atvinnuvegir eiga við mikinn vanda að stríða og það er ekkert nýtt að menn viti það, þeir hafa lengi vitað að þörf var á að grípa til aðgerða.

Hæstv. utanrrh. segir að einkenni þessara aðgerða sé sáttfýsi og samlyndi. En við hjótum að spyrja: Sáttfýsi við hverja og gott samlyndi við hverja? Ég lít þannig á að þessar aðgerðir miðist fyrst og fremst að því að ná sátt milli ríkisstjórnarflokkanna og reyna að koma þar á bærilega góðu samlyndi eða koma á siðaðra manna hagstjórn, eins og hæstv. utanrrh. orðaði það, og þá væntanlega siðaðra manna samstarfi milli ríkisstjórnarflokkanna. Það er allt saman gott og blessað og nauðsynlegt að góður andi ríki á stjórnarheimilinu svo mikilvægt sem það er almannahagsmunum.

Umræðan hefur verið með öðrum hætti að undanförnu. Við sem höfum starfað í stjórnarandstöðu höfum lýst því yfir að við viljum taka með einum eða öðrum hætti þátt í þessum aðgerðum, ekki með beinum hætti heldur með óbeinum hætti og um það hefur nokkuð verið rætt. Það er hins vegar ljóst að ríkisstjórnin hefur hafnað því. Það lýsir ákveðnu hugarfari þegar ríkisstjórn tilkynnir aðgerðir með þessum hætti og lætur ekki svo mikið að láta stjórnarandstöðuna vita um þær nema nokkrum mínútum áður en þær eru birtar. Það lýsir því hugarfari að hæstv. ríkisstjórn lítur meira á það sem formsatriði að tilkynna þessar aðgerðir á Alþingi og vill ekki gefa okkur í stjórnarandstöðunni tækifæri til að undirbúa umræðuna. Ég vænti þess að ríkisstjórnin hafi komið fram með öðrum hætti við aðila vinnumarkaðarins en það er hins vegar alveg ljóst að aðgerðirnar tryggja ekki sáttfýsi og samlyndi við þá.

Hæstv. utanrrh. sagði að engar kollsteypur væru teknar í þessu máli. Gengisfelling væri engin kollsteypa. Það er út af fyrir sig ekkert undrunarefni fyrir mig þótt gengið hafi látið undan síga og ég gagnrýni hæstv. ríkisstjórn ekki fyrir það. Ég tel það nokkuð augljóst að íslenska krónan fékk ekki staðist þann þrýsting sem var á hana, sérstaklega með tilliti til þess að ríkisstjórnin hafði ekki um langt skeið brugðist við þeim vanda sem var til staðar. Ríkisstjórnin er búin að vita það um margra ára skeið að aflabrögð verða mun minni á árunum 1992 og 1993. Ætli ríkisstjórnin hafi ekki vitað að það mundi hafa nokkur áhrif. Ríkisstjórnin er búin að vita það um margra mánaða skeið að verðlag hefur fallið á mikilvægum útflutningsvörum. Síðan kemur hæstv. utanrrh. og segir að það eina sem gerðist hafi verið óróleiki að því er varðaði sænsku krónuna og spánska pesetann. Nei, auðvitað var hæstv. utanrrh. að éta ofan í sig nauðsynlegan hlut en hann getur ekki gert það nema með því að skella því á sænsku krónuna og spánska pesetann. Þetta er ekki mjög karlmannlegt, hæstv. utanrrh. Það er einfaldlega staðreynd að tekjur hafa dregist saman. Kostnaðarlækkunarleiðin hefur ekki gengið upp og ef menn hefðu viljað fara þá leið af fullri einurð hefði þurft að ná fram meiri kostnaðarlækkunum og þá að skerða kjör launþega í landinu sem óhjákvæmilega munu skerðast með öðrum hætti.

Var verkalýðshreyfingin spurð um það hvort hún vildi fremur standa að launalækkunum, sérstaklega til þeirra sem hafa hæstu launin í þjóðfélaginu, ef fallið yrði frá gengisbreytingu? Ég spyr hæstv. utanrrh. Var sú leið reynd til þrautar? Ég held að það sé ljóst að málið snerist fyrst og fremst um það að skipta þeirri óhjákvæmilegu kjaraskerðingu, sem við höfum orðið fyrir, með réttlátum hætti. Ég held að það sé alveg ljóst að gengisfelling gerir það ekki og það var þess vegna sem forusta Alþýðusambandsins vildi koma í veg fyrir hana. Það var ástæðan fyrir því. Þeir vildu hlífa þeim sem minnstar hafa tekjurnar.

Auðvitað hafa fleiri kollsteypur verið teknar í þessu máli. Sjálfstfl. hefur tekið miklar kollsteypur og sáttfýsin og samlyndið virðist fyrst og fremst ganga út á það að sætta sig við að geta ekki staðið við ýmislegt sem ráðherrarnir hafa sagt á undanförnum mánuðum og árum.

Hæstv. ríkisstjórn segir að aðalmarkmið þessara aðgerða sé að styrkja undirstöður atvinnulífsins. Það er ljóst að atvinnulífið þarf á því að halda. Ég fagna því að nú er búið að ákveða að fella aðstöðugjaldið niður og tel það mjög mikilvægt skref. Það er jafnframt ljóst að breyting á genginu styrkir undirstöðu atvinnulífsins ef það tekst að halda þeirri raungengisbreytingu sem þar kemur fram. Það er hins vegar nokkur mótsögn í því að ætla sér að styrkja undirstöðu mikilvægrar atvinnugreinar sem ferðaþjónustan er með því að leggja á hana sérstaka skatta. Hæstv. utanrrh. talaði um að þetta væri ósköp svipað. Það væri létt af greininni 500 millj. en ekki lagt á hana nema 600 millj. kr. Er hæstv. utanrrh. að tala um þessa atvinnugrein sem eitt fyrirtæki? Þetta eru að sjálfsögðu mjög mörg fyrirtæki með mismunandi aðstæður. Sum eru í hótelrekstri, önnur í veitingaþjónustu og enn önnur í samgöngum. Samkeppnisstaða þessara fyrirtækja verður mjög misjöfn og ekki hægt að líta á greinina sem eina heild. Þetta er óhjákvæmilega vandamál sem menn

hljóta að þurfa að líta til.

Ég viðurkenni það fúslega að það þurfti að dreifa þessum byrðum með réttlátum hætti á almenning. Ég mótmæli því hins vegar að það skuli eiga að leggja sérstakan skatt á húshitun og þá væntanlega mest á þá sem mest þurfa að borga fyrir húshitun. Hæstv. utanrrh. ýjaði að því að þar ætti að grípa til einhverra jöfnunaraðgerða. Það er þá a.m.k. ekki haft fyrir því að útskýra það í þessu plaggi sem ég fékk fyrir stuttu. (**Gripið fram í:** Það er í fjárlagafrv.) Ég reikna ekki með því að við gerð fjárlagafrv. hafi menn verið svo framsýnir að taka sérstakt tillit til þessa skatts. Að vísu er ríkisstjórnin búin að rugla svo mikið um hann að undanförnu að vel má vera að þeim hafi tekist að rugla þann sem hér stendur og hefði það í sjálfu sér ekki talist til neinna sérstakra afreka miðað við hve margir hafa ruglast í því þegar menn eru að breyta málum á hinu ýmsu næturfundum.

Það er tilkynnt að það eigi að lækka barnabætur. Er það sanngjarnt að hækka skatt enn einu sinni á þá sem eiga flest börnin? Var ekki nóg komið af því, hæstv. ráðherrar? Ég get hins vegar fallist á að tekjuskattshlutfall einstaklinga verði hækkað því auðvitað verða einhverjir skattar að breytast. En það skiptir máli að það sé gert með þeim hætti að annað hvort sé um almenna skattbreytingu að ræða og þá sérstaklega skattbreytingu á þá sem hafa mestu tekjurnar.

Hér hafa menn komið sér saman um svokallaðan hátekjuskatt. Og hátekjuskatturinn er 5% á mánaðartekjur yfir 200 þús. kr. hjá einstaklingi og 400 þús. kr. hjá hjónum. Við vitum það af fyrri umræðum um þessi mál að vandinn við að taka upp þennan skatt er að endanlegt uppgjör hans getur ekki verið nema eftir á. Það er öllum ljóst að aðili, sem hefur 200 þús. einn mánuðinn og 50 þús. næsta mánuð, getur ekki borið hátekjuskatt. Það verður að líta á meðallaun hans yfir árið. Þar af leiðandi fellur þessi skattbreyting illa að staðgreiðslukerfinu. En fyrst að þessi prósenta var ekki hærri en 5% þá hefði að sjálfsögðu verið mun einfaldara að hækka skattprósentuna og hækka síðan persónuafsláttinn þannig að þetta kæmi betur út fyrir þá sem lægstu tekjurnar hafa. Það að ætla að fara að taka upp eitt sérstakt skattþrep til bráðabirgða vegna þessara 5% er að mínu mati fráleitt og hefði verið mun betri jöfnunaraðgerð að gera það með öðrum hætti. Ekki veit ég af hverju ríkisstjórnarflokkarnir gátu ekki náð saman um þetta. Mér skilst að Sjálfstfl. hafi ekki viljað fara út í þetta og mér skilst að Alþfl. hafi viljað fara út í mun hærra þrep. En fyrst ekki var farið út í hærra þrep af hverju í ósköpunum komu menn sér þá ekki saman um skynsamlegri tillögu?

Síðan er gert ráð fyrir að taka upp sérstakt skattþrep í virðisaukaskatti eða 14%. Það verða þá ekki aðeins tvö skattþrep heldur verður áfram hátt skattþrep á matvælum með einhverjum niðurgreiðslum. Hér er t.d. ekki gert ráð fyrir að þessi sérstaki 14% skattur verði á matvælum. Ég skil það svo að áfram verði hærra þrepið á matvælum.

Ég tel það mjög vafasamt svo ekki sé meira sagt að taka upp sérstakt skattþrep fyrir húshitun, útvarp og sjónvarp, bækur og blöð, hótelgistingu og fólksflutninga. Skatturinn vegna fólksflutninga leggst fyrst og fremst á íbúa landsbyggðarinnar og ferðaþjónustuna. Skatturinn á húshitun leggst í enn ríkara mæli á íbúa landsbyggðarinnar. Og jafnvel þótt einhver fyrirheit séu um það í fjárlögum þá hef ég ekki trú á að þar standi til að jafna þær byrðar að fullu.

Það er vissulega umdeilt hvort taka á upp virðisaukaskatt á bækur, blöð og tímarit. En ég tel að þetta nýja 14% skattþrep séu mistök og ég sakna þess að hæstv. utanrrh. skuli ekki lengur verja þessi mikilvægu mál, þ.e. að hafa hér einfalt og traust virðisaukaskattskerfi. Það gerði hann í fyrri ríkisstjórn og gerði það nokkuð vel. Það er stundum sagt um okkur stjórnarandstæðinga að við skiptum um skoðun vegna þess að við erum ekki lengur í ríkisstjórn. En hæstv. utanrrh. virðist skipta um skoðun í hinum mikilvægustu málum við það að vera heldur lengi í ríkisstjórn. (**Utanrrh.:** Ég hef ekki skipt um skoðun á þessu.) (**Gripið fram í:** Jú, jú.) En það er kannski eitt af því sem utanrrh. kallar sáttfýsi og samlyndi, þ.e. sem sagt að gera einhverja óskynsamlega hluti í nafni sáttfýsi og samlyndi, væntanlega aðallega við sjálfan sig án þess að taka kollsteypur með almannahagsmuni í huga eins og hann orðaði það því Alþfl. gerði aldrei neitt annað en það sem almannahagsmuni skipti máli. (**Utanrrh.:** Rétt.) Aldrei gert nokkurn skapaðan hlut, aldrei settur maður í eitt einasta embætti, hvorki innan lands eða erlendis nema almannahagsmunir séu þar í fyrirrúmi.

Ég gef mikið fyrir slíkt hugarfar en hitt er svo annað mál að mér hefur stundum fundist þegar Alþfl. er að tala um almannahagsmuni og sérhagsmuni þar á móti að málefni atvinnulífsins séu einhverjir sérhagsmunir. Það að verja stöðu sjávarútvegsins og það að verja stöðu landbúnaðarins það sé að verja sérhagsmuni. Þannig hefur Alþfl. talað. En þannig skilgreini ég ekki almannahagsmuni. Og mér finnst því miður að hér vanti nokkuð á að hagsmunir þessara mikilvægu atvinnugreina séu varðir. Þar að auki eru veiktar þær stoðir sem eru undir ferðaþjónustunni í landinu.

Þá ætla ég að koma að því sem hæstv. utanrrh. segir að sé langmikilvægasta málið í þessum pakka. Það er hinn nýi sjóður sem er undir fjárhagslegri endurskipulagningu í sjávarútvegi. Á að skilja það svo að það eigi ekkert annað að gerast í fjárhagslegri endurskipulagningu í sjávarútvegi en þessi sjóður? Eiga ekki að eiga sér neinar skuldbreytingar? Ætlar ríkisstjórnin ekki að hafa forustu um að slíkt eigi sér stað? Á það er ekki minnst í þessu plaggi. Hæstv. utanrrh. segir að þessi sjóður eigi að fá 4 milljarða í heimanmund og þar eigi engir jólasveinar að vera að störfum. Þar eiga væntanlega að vera vel siðaðir kratar sem hafa aldrei komið nálægt jólasveinum. (**Gripið fram í:** Jónasveinum.) Þessi nýi sjóður á að heita Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Og hæstv. utanrrh. lagði á það áherslu að nú væri fyrst verið að byrja á þessu verki. Þetta sýnir nú vel hvað hæstv. utanrrh. er fljótur að gleyma. Hann er ekki bara fljótur að gleyma því hvernig sparifé atvinnurekstrarins er skattlagt. Hann hefur gleymt því að í tíð fyrri ríkisstjórnar var stofnaður sjóður sem

hét Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins. Og hæstv. utanrrh. taldi sér það mjög til gildis að hann átti mikinn þátt í stofnun þess sjóðs og það er rétt hjá honum. (Gripið fram í.) Það er rétt hjá honum. (**Forseti:** Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni.) Nei, ekki ef ég fæ frið fyrir hv. þm. (**Forseti:** Forseti tekur undir að það væri gott ef hv. þm. gæfu ræðumanni frið til að ljúka máli sínu. Það er komið að lokum þessa fundar ef hv. þm. á ekki mjög langt eftir þá mundi forseti leyfa honum að ljúka ræðunni, annars yrði að fresta henni.) Já, ég skal reyna að vera nokkuð fljótur, virðulegur forseti, að ljúka þessu. Ég vildi aðeins leggja áherslu á að Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins hafði heimild til að kaupa fiskiskip og úrelda þau. Hann hafði ákveðna tekjupósta. Hann hafði ekki heimild til að kaupa fiskvinnslufyrirtæki. Núv. ríkisstjórn lagði áherslu á það þegar hún var sett á stofn að það væri meginatriði að leggja þennan sjóð nánast niður og eyðileggja hann. Til hvers? Til þess að geta farið að innheimta tekjur í ríkissjóð til að þóknast Alþfl., almannahagsmunahugsjón Alþfl. sem er mjög svo misskilin. Þar með var þessi sjóður eyðilagður. Nú á að stofna nýjan sjóð sem á að fá nákvæmlega sama hlutverk. Og ég spyr: Á þá að fella niður gjaldið til Hafrannsóknastofnunar? Ætlar ríkisstjórnin virkilega að ganga frá því í lögum að ákveðinn skattur verði lagður á 1996 eða 1997? Ætlar ríkisstjórnin með því að lýsa því yfir að þessir flokkar ætli að starfa saman til aldamóta og halda ríkisstjórnarflokkarnir að þeir geti leyft sér slíkt í ljósi þess hvaða hljómgrunn þeir hafa meðal þjóðarinnar? Trúir hv. þm. Matthías Bjarnason t.d. að það sé rétt fyrir Sjálfstfl. að vera í þessu stjórnarsamstarfi fram yfir næstu aldamót? Það verður náttúrlega að svara þessari spurningu. Núv. ríkisstjórn getur ekki gert þetta. Mér er alveg sama þótt þetta sé skrifað hér á blað. Svona gera menn ekki með sama hætti og menn munu væntanlega ekki festa í lögum að tekjuskattur verði lækkaður eða hækkaður 1996 eða árið 2000. (**MB:** Kannski aldamótunum verði frestað.) En væri þá ekki rétt að halda nýjan næturfund um það næstu nótt, hv. þm. Matthías Bjarnason?

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjala:

Landeyðing vegna ágangs straumvatna, 179. mál, svar landbrh., þskj. 320.

Lífeyrissjóður sjómanna, 241. mál, frv. PS og MF, þskj. 310.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Út af dagskrá eru tekin 2. til og með 9. dagskrármálið. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

60. FUNDUR

þriðjudaginn 24. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Hópuppsagnir, stjfrv., 20. mál, þskj. 20, nál. 266. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Vinnumarkaðsmál, stjfrv., 22. mál, þskj. 22, nál. 267. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Flugmálaáætlun og fjáröflun í flugmálum, stjfrv., 111. mál, þskj. 129. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
4. Vatnsorka, þáltill., 118. mál, þskj. 138. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Lánasjóður íslenskra námsmanna, þáltill., 155. mál, þskj. 177. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Ferðamál, þáltill., 220. mál, þskj. 263. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Tilkynning frá ríkisstjórninni. — Frh. umr.
8. Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, stjfrv., 2. mál, þskj. 2, nál. 269, brtt. 270. — 2. umr.
9. Staðlar, stjfrv., 4. mál, þskj. 4, nál. 268. — 2. umr.
10. Húsgöngu- og fjarsala, stjfrv., 10. mál, þskj. 10, nál. 275, brtt. 276. — 2. umr.
11. Stjórnarráð Íslands, stjfrv., 206. mál, þskj. 247. — 1. umr.
12. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 226. mál, þskj. 283. — 1. umr.
13. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 231. mál, þskj. 288. — 1. umr.
14. Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, stjtill., 232. mál, þskj. 289. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Eiður Guðnason umhvrh.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Jón Sigurðsson viðskrh.

Útbýting þingskjala:

Gagnkvæm viðurkenning á menntun, 77. mál, nál. minni hluta menntmn., þskj. 327.

Úrskurðir og samningar um aukið meðlag, 252. mál, fsp. ISG, þskj. 326.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 23. nóv. 1992:

„Þar sem ég, vegna veikinda, get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að vegna sérstakra anna 1. varaþingmanns Alþb. í Suðurl. taki 2. varaþingmaður Alþb. í Suðurlandskjör-

dæmi, Anna Kristín Sigurðardóttir, kennari á Selfossi, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir bréfið ritar Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.

Þá hefur borist annað bréf, dags. í Vestmannaeyjum 23. nóv. 1992:

„Ég undirritaður varaþingmaður Alþb. í Suðurlandskjördæmi get því miður ekki tekið sæti Margrétar Frímannsdóttur, 4. þm. Suðurl., í fjarveru hennar nú. Ástæður þess eru önnur óhjákvæmileg störf mín."

Undir þetta bréf ritar Ragnar Óskarsson, Hásteinsvegi 28, Vestmannaeyjum.

Anna Kristín Sigurðardóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Hópuppsagnir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 20. mál. — Þskj. 20, nál. 266.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHelg, HN, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, MB, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StH, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

8 þm. (AKS, FI, HG, JÁ, KÁ, KE, PP, StG) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, EGuðn, FrS, GB, GHG, GHall, GÁ, HÁ, HBl, JGS, JónS, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SAÞ, StB) fjarstaddur.

2.–6. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHelg, HN, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, MB, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StH, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

7 þm. (AÓB, AKS, FI, HG, JÁ, KÁ, StG) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, EGuðn, FrS, GB, GHG, GHall, GÁ, HÁ, HBl, JGS, JónS, KSG, KHG, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SAÞ, StB) fjarstaddir.

Brtt. í nál 266 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHelg, HN, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, MB, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StH, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

7 þm. (AKS, FI, HG, JÁ, KÁ, KE, StG) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EGuðn, FrS, GB, GHG, GHall, GÁ, HÁ, HBl, JGS, JónK, JónS, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SAÞ, StB) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, MB, PP, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StH, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

1 þm. (StG) greiddi ekki atkv.

25 þm. (AKS, ÁJ, ÁMM, EgJ, EGuðn, FrS, GB, GHG, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HN, JGS, JónS, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, SAÞ, SJS, StB) fjarstaddir.

Flugmálaáætlun og fjáröflun í flugmálum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 111. mál (gjald á flugvélaeldsneyti). — Þskj. 129.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EKG, GHH, GuðjG, GHelg, HN, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, KE, MB, PP, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

6 þm. (AKS, ÁgG, FI, HG, ISG, KÁ) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GB, GHG, GHall, GÁ, HÁ, HBl, JGS, JónS, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SAÞ, StB) fjarstaddir.

Frv. afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 330).

Vatnsorka, frh. fyrri umr.

Þáltill. PP og StH, 118. mál. — Þskj. 138.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHelg, HN, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, KÁ, KE, MB, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

1 þm. (AKS) greiddi ekki atkv.

22 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, EGuðn, FrS, GB, GHG, GHall, GÁ, HÁ, HBl, JGS, JBH, JónS, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SAÞ, StB) fjarstaddir.

Till. vísað til iðnn. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHelg, HN, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, MB, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, StH, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP.

1 þm. (AKS) greiddi ekki atkv.
22 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, EGuðn, FrS, GB, GHG, GHall, GÁ, HÁ, HBl, JónS, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SAÞ, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. fyrri umr.

Þáltill. FI o.fl., 155. mál (endurskoðun laga). — Þskj. 177.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁgG, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, MB, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP.
25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EGuðn, FrS, GB, GHG, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HN, JóhS, JGS, JónS, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SAÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁgG, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHelg, HN, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, MB, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
20 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, EGuðn, FrS, GB, GHG, GHall, GÁ, HÁ, HBl, JónS, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SAÞ, StB) fjarstaddir.

Ferðamál, frh. fyrri umr.

Þáltill. KEE, 220. mál. — Þskj. 263.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁgG, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHelg, HN, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KSG, KÁ, KE, MB, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
19 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, EGuðn, FrS, GB, GHG, GHall, GÁ, HÁ, HBl, JónS, KHG, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SAÞ, StB) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁgG, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHelg, HN, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KSG, KÁ, KE, MB, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
19 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, EGuðn, FrS, GB, GHG, GHall, GÁ, HÁ, HBl, JónS, KHG, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SAÞ, StB) fjarstaddir.

Tilkynning frá ríkisstjórninni, frh. umr.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):
Frú forseti. Þær aðgerðir í efnahagsmálum sem hér eru til umræðu og ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun um miða fyrst og fremst að því að bæta samkeppnisskilyrði útflutnings- og samkeppnisgreina. Það liggur í augum uppi að mestu hagsmunirnir eru í húfi að því er sjávarútveginn varðar enda leggur hann langmest til verðmætasköpunar í þjóðarbúinu. Við höfum mætt ytri áföllum að undanförnu sem leitt hafa til þess að rekstur sjávarútvegs og annarra útflutnings- og samkeppnisgreina hefur verið mjög erfiður og því var augljóst að bregðast yrði við með einum eða öðrum hætti.

Eins og fram hefur komið í þessari umræðu og umræðum að undanförnu er meginástæðan fyrir þeim erfiðleikum, sem hér er um að tefla, sú að við höfum neyðst til þess að takmarka veiðar á undanförnum árum. Á þessu fiskveiðiári urðum við að draga saman þorskveiðar sem er mikilvægasti nytjastofn við Íslandsstrendur. Það fer auðvitað ekki hjá því að slíkar aðgerðir hafa mjög veruleg áhrif á afkomu sjávarútvegsfyrirtækja, reyndar þjóðarbúsins alls, ríkissjóðs og heimilanna í landinu. Þar ofan í kaupið hefur komið að verðlag á ýmsum mikilvægum afurðum sjávarútvegsfyrirtækjanna hefur farið lækkandi að undanförnu og gengisþróun á erlendum gjaldeyrismörkuðum hefur verið óhagstæð.

Svo var komið að Þjóðhagsstofnun mat að meðaltalshalli á rekstri sjávarútvegsfyrirtækja í landinu væri 8% eða yrði það á næsta ári. En þær aðgerðir sem gripið hefur verið til á þessu ári til þess að mæta rekstrarerfiðleikunum, m.a. útgreiðsla úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins, hafa leitt til þess að reksturinn hefur fram undir þetta verið þolanlegur en ljóst var að óbreytt ástand gat ekki gengið lengur.

Það er deginum ljósara þegar mæta þarf aðsteðjandi vanda af þessu tagi að það er hvorki auðvelt né einfalt og verður aldrei gert án þess það komi einhvers staðar niður. Það er útilokað að styrkja rekstur undirstöðuatvinnugreinar þjóðarinnar án þess að það komi einhvers staðar niður þegar við höfum orðið fyrir ytri áföllum og erfiðleikarnir stafa af því að afli er minni og markaðirnir ekki jafnsterkir og áður. Við slíkar aðstæður er ekki unnt að bæta rekstrarskilyrðin og styrkja stöðu samkeppnisgreinanna nema með tilfærslu fjármuna. Þær aðgerðir sem hér eru til umræðu og ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun um fela þetta auðvitað í sér.

Á undanförnum vikum hafa farið fram ágætar viðræður forustumanna launþega og atvinnurekenda um þennan vanda og hvernig við mætti bregðast. Það er

mjög ánægjulegt að þessar viðræður skuli hafa farið fram því þær fela í sér almenna viðurkenningu á því að þegar aðstæður eins og þessar eru uppi þá geta menn ekki leyst vandann með einhverjum ókeypis töfralausnum, það er ekki hægt að gera það með öðrum hætti en að færa til fjármuni í þjóðfélaginu, hvaða leið svo sem menn velja í því efni.

Það hefur verið býsna góð samstaða um það að um leið og menn hafa verið sammála um að bæta samkeppnisskilyrðin þá leitast þeir við að gera það á þann veg að það raskaði sem minnst þeim stöðugleika sem ríkt hefur að undanförnu. Þess vegna var það fagnaðarefni að menn skyldu í alvöru leitast við að leysa þennan vanda að hluta til með því að breyta sköttum, lækka kostnaðarskatta á atvinnuvegina og á móti að afla nýrra tekna sem almennir skattgreiðendur verða að standa undir.

Nú hafa mál skipast á þann veg að hér hefur verið farið á endanum blönduð leið. Að hluta til er um það að ræða að við erum að lækka og afnema mikilvægan kostnaðarskatt og að hinu leytinu að færa til fjármuni til útflutningsframleiðslunnar með breytingu á verðgildi krónunnar.

Í heild hygg ég að óhætt sé að segja að þessar ráðstafanir víki ekki í neinum verulegum atriðum frá þeirri stöðugleikastefnu sem fylgt hefur verið þó að breyting á verðgildi krónunnar hafi alltaf í för með sér einhver tímabundin áhrif á verðlag. Í þessu sambandi minni ég á að Finnar breyttu gengi síns gjaldmiðils, finnska marksins, mjög verulega en þeim hefur eigi að síður tekist að halda verðbólgunni í skefjum og hún er þar ekki meiri en 4–5% á milli ára. Hér hefur verið gengið mun skemmra í því að breyta gengi krónunnar og engin ástæða til að ætla annað en að við getum haldið áfram þeirri stöðugleikastefnu sem fylgt hefur verið enda skiptir það mjög miklu máli, bæði fyrir atvinnufyrirtækin í landinu og launafólkið. Á hinn bóginn er það mjög markverður og mikill áfangi að nú skuli hafa tekist samstaða um að afnema aðstöðugjaldið. Það hefur verið baráttumál íslenskra atvinnufyrirtækja í langan tíma. Um allnokkurt skeið hafa forustumenn í sjávarútvegi bent á að það væri mikilvæg aðgerð til þess að treysta samkeppnisskilyrði sjávarútvegsins þó að hann hafi í raun greitt lægra aðstöðugjald en ýmsar aðrar atvinnugreinar.

Þjóðhagsstofnun hefur lagt mat á þessar ráðstafanir og komist að þeirri niðurstöðu að lækkun á gengi krónunnar, afnám aðstöðugjaldsins og áhrif almennrar verð- og kostnaðarþróunar á næsta ári leiði til þess að samkeppnisstaða útflutningsgreinanna batni um tæplega 5%. Síðan hafa verið teknar ákvarðanir sem skapa skilyrði fyrir lækkun raunvaxta. Vissulega er sá árangur ekki í hendi og það þarf að fylgja þessum nýju skilyrðum eftir á þann veg að tryggt verði að raunvextir lækki. Það er mjög mikilvægt atriði fyrir framleiðslufyrirtækin í landinu að svo verði. Þjóðhagsstofnun metur að 1% lækkun raunvaxta á innlendum fjárskuldbindingum geti leitt til u.þ.b. 0,5% afkomubata. Til viðbótar er svo á það að líta að ákveðið hefur verið að setja á fót sérstakan þróunarsjóð sjávarútvegsins sem mun bæta afkomuskilyrðin bæði beint og óbeint.

Ég gerði grein fyrir því á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna á Akureyri fyrir skömmu að það væri eðlilegt markmið að vel rekin fyrirtæki í sjávarútvegi væru að meðaltali rekin án halla. Hins vegar er alveg ljóst að við aðstæður eins og við búum við í dag er útilokað að búa svo um hnútana að rekstur sjávarútvegsins geti verið í blóma. Þegar við þurfum að takast á við jafnmikil ytri áföll bæði að því er varðar minnkun veiða og erfiðleika á mörkuðum er útilokað að gera þær ráðstafanir að unnt sé að segja að rekstur þessarar höfuðatvinnugreinar sé með þeim hætti sem ákjósanlegast er við bestu skilyrði. Ég lýsti þessu markmiði af minni hálfu og um leið þeirri skoðun að eðlilegt væri að hér eftir sem hingað til taki atvinnugreinin sjálf þátt í með hagræðingaraðgerðum að bæta rekstrarskilyrðin. Mitt mat hefur verið það, og ég lýsti því á þessum fundi, að eðlilegt væri að gera þær kröfur til atvinnugreinarinnar sjálfrar að hún legði til 1–2% fram í afkomubata með innri aðgerðum í fyrirtækjunum sjálfum.

Þegar á heildina er litið á mat Þjóðhagsstofnunar á meginþætti aðgerðanna og í trausti þess að þær ákvarðanir sem teknar hafa verið til að lækka raunvexti og þegar litið er til þess árangurs sem við væntum að verði af stofnun þróunarsjóðsins og beinna kostnaðarlækkana í kjölfar þeirra ráðstafana þá hygg ég að það láti nærri að hér hafi með aðgerðum verið stigin þau skref að samkeppnisskilyrðin hafi batnað um nálega 6%. Í heild er það því svo að mínu mati að hér hefur verið gengið eins langt eins og unnt er við þær aðstæður sem við búum við í dag.

Ég hjó eftir því í ræðu hv. 7. þm. Reykn. að hann taldi þessar aðgerðir ónógar. Um leið kvartaði hv. þm. yfir því að of langt væri gengið í álögum á almenning og niðurskurði á ríkisútgjöldum. Hér ganga yfirlýsingar hv. þm. í tvær gagnstæðar áttir. Það er ekki hægt að gera kröfur um að ganga lengra í að bæta rekstrarskilyrði útflutningsgreinanna og atvinnuveganna nema með því að ganga lengra á hagsmuni launafólksins í landinu. Það er ekki hægt að bæta afkomu atvinnuveganna með einhverjum töfralausnum. Sérhvert skref í því efni er fólgið í því að jafna byrðunum niður á fólkið í landinu. Ef menn ætla að ganga lengra þýðir það meiri álögur á fólkið í landinu. Það er þess vegna þversögn sem gengur ekki upp þegar hv. 7. þm. Reykn. talar um að aðgerðirnar séu ekki nægjanlegar og um leið að hann hafi áhyggjur af að gengið sé of nærri fólkinu í landinu og að skera eigi of mikið niður af útgjöldum ríkisins. Þá er hann ekki með þeim ummælum að mæla fyrir ráðstöfunum sem duga fyrir atvinnulífið heldur ráðstöfunum sem ganga gegn hagsmunum atvinnulífsins. Svipuð sjónarmið komu fram í ræðu hv. 8. þm. Reykn.

Menn verða að hafa í huga þær köldu staðreyndir sem við þurfum að horfast í augu við og mér finnst að viðurkenndar hafi verið í þeim almennu viðræðum sem fram hafa farið að undanförnu.

Það er svo rétt að víkja nokkrum orðum að þróunarsjóði sjávarútvegsins sem ákveðið hefur verið að

koma á fót. Hann gegnir í raun og veru tvíþættu hlutverki. Hann er veigamikill þáttur í þeim aðgerðum sem hafa verið ákveðnar til að treysta og bæta rekstrarskilyrði sjávarútvegsins. Um leið er hann þáttur í lausn á erfiðu deilumáli sem oft hefur komið upp til umræðu á Alþingi, þ.e. lok endurskoðunarstarfs í sérstakri nefnd stjórnarflokkanna um fiskveiðistefnuna.

Þróunarsjóðnum er ætlað að standa að úreldingu fiskiskipa og fiskvinnsluhúsa og taka enn fremur þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu fiskvinnslufyrirtækja. Gert er ráð fyrir því að eignir Hagræðingarsjóðsins, atvinnutryggingardeildar og hlutafjárdeildar Byggðastofnunar renni inn í þróunarsjóðinn. Jafnframt er ráð fyrir því gert að hann fái framlag frá ríkissjóði upp á 4 milljarða kr. Með þessum ráðstöfunum eru sköpuð skilyrði til að hraða hagræðingarverkefnum í sjávarútvegi og auðvelda fyrirtækjunum að takast á við þau verkefni. Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem fram kom af hálfu hv. 7. þm. Reykn. þar sem hann sagði að þörf væri á slíkum sjóði til úreldingar fiskvinnslufyrirtækja.

Þetta er ekki ný hugmynd. Hún hefur oft komið til umræðu áður og þar á meðal á hinu háa Alþingi. Í fyrra urðu hér nokkrar umræður um hugmyndir af þessu tagi. Ég var þá inntur eftir áliti mínu á því hvort rétt væri að stofnsetja slíkan sjóð. Ég svaraði því þá til að eðlilegt væri að slíkar hugmyndir yrðu teknar til frekari athugunar og óskaði eftir því að nefndin sem unnið hefur að endurskoðun fiskveiðilöggjafarinnar og fiskveiðistefnunnar tæki það mál til skoðunar.

Hér eru að vísu fleiri álitaefni en að því er varðar úreldingarverkefni fiskiskipa með því að aðstæður eru með öðrum hætti og erfiðara um vik að tryggja að um raunverulega úreldingu sé að ræða og viðkomandi eignir fari ekki óðara til notkunar í atvinnugreininni á nýjan leik. Niðurstaðan er sú að stofnsetja slíkan sjóð og nú er í undirbúningi nánari útfærsla á þeim reglum sem hann á að starfa eftir.

Það er ráð fyrir því gert að sjávarútvegurinn sjálfur endurgreiði þær skuldbindingar sem sjóðurinn tekur á sig á 15 árum. Það er eðlilegt. Sjávarútvegurinn er meginuppspretta verðmætasköpunar í landinu og þess vegna liggur vitaskuld beinast við að sjávarútvegurinn endurgreiði þessar skuldbindingar sjálfur. Það verður gert með sérstöku þróunargjaldi sem lagt verður á fyrirtæki í sjávarútvegi. Þróunargjaldið verður þrísamsett. Það verður samsett úr sérstöku gjaldi sem nú þegar er fyrir hendi og leggst á rúmlestatölu fiskiskipa og er um 80 millj. kr. Jafnframt er ráðgert að samsvarandi gjald verði lagt á fiskvinnslufyrirtæki miðað við fasteignamatsstofn. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að gjald leggist á veiðiheimildirnar sjálfar.

Að því er varðar þessa tvo þætti, gjald sem leggst á fasteignamat fiskvinnlufyrirtækja og veiðiheimildirnar, þarf frekari vinnu við útfærslu. Það liggur ekki enn fyrir til að mynda hvert fasteignamatsverð fiskvinnslufyrirtækja í landinu er. Til þess að útfæra þetta gjald þarf frekari upplýsingaöflunar við og það er nú unnið að því. Jafnframt þurfa menn að vinna frekar í útfærslu á fjárskuldbindingum þessa nýja sjóðs til að endanlega verði hægt að ganga frá því hvernig gjaldið sem leggst á aflaheimildirnar verður ákveðið. Á móti þessum ákvörðunum fellur Hagræðingarsjóðurinn niður. Hann mun heyra sögunni til og það sérstaka gjald sem lagt hefur verið á sjávarútveginn með sölu á aflaheimildum Hagræðingarsjóðsins verður úr sögunni. Frá og með næsta fiskveiðiári verður ekki um frekari sölu á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs að ræða. Í meginatriðum má því segja að það gjald sem lagt var á sjávarútveginn með sölu aflaheimilda, sem í upphafi runnu inn í Hagræðingarsjóð til úreldingarverkefna fiskiskipa, fellur nú niður og breytist í fast gjald sem fer inn í þróunarsjóðinn til úreldingarverkefna bæði fiskiskipa og fiskvinnslustöðva. Niður fellur sú gjaldtaka sem rann í gegnum Hagræðingarsjóðinn til ríkissjóðs til að kosta starfsemi Hafrannsóknastofnunar. Vitaskuld er starfsemi hennar mjög veigamikill þáttur í rekstri sjávarútvegsins en gjaldtakan fer með þessari nýju skipan með miklu beinni hætti inn í rekstur atvinnugreinarinnar sjálfrar eins og í upphafi þegar farið var af stað með Hagræðingarsjóðinn.

Í heild sinni er því hér um að ræða ráðstafanir sem bæði flýta hagræðingarverkefnum í atvinnugreininni og létta skuldbindingum af sjávarútveginum. Á fiskveiðiárunum frá 1993–1996 kemur ekki til gjaldtöku á þennan stofn eins og verið hefur frá því að hagræðingarsjóðslögin voru sett vorið 1990. Það hefur verið metið að sala veiðiheimildanna væri eins og hún hefur komið fram í fjárlögum um 0,7% af rekstri fyrirtækjanna þannig að niðurfelling gjaldsins til ríkissjóðs og Hafrannsóknastofnunar felur í sér samsvarandi rekstrarbata sjávarútvegsfyrirtækjanna.

Um leið er það svo samkomulag milli flokkanna sem aðild eiga að núv. ríkisstjórn að mæla með því við lok endurskoðunar á gildandi kerfi að það skuli standa í öllum meginatriðum og grundvallaratriðum óbreytt. Nefndin mun gera grein fyrir minni háttar breytingum sem hún telur eðlilegt að gera á þeirri löggjöf sem nú er í gildi með hliðsjón af þeirri reynslu sem þegar er fengin. Það er mjög mikilvægt atriði og grundvallaratriði af minni hálfu að þetta samkomulag skuli hafa tekist.

Það hefur vissulega verið talsverður órói í kringum fiskveiðistjórnunarkerfið og nokkur óvissa um framhald þess meðan ekki lá fyrir pólitískt samkomulag um þetta efni. Nú er það svo að innan allra stjórnmálaflokka eru að einhverju leyti skiptar skoðanir um gildi og mikilvægi þessa kerfis. Það er mín skoðun og niðurstaða þeirrar nefndar sem unnið hefur að mótun sjávarútvegsstefnunar og endurskoðun laganna að þetta kerfi stuðli að meiri hagkvæmni en önnur stjórnunarkerfi sem við eigum kost á og meira frjálsræði í atvinnugreininni og tryggi betur en önnur kerfi að við náum þeim verndunar- og nýtingarmarkmiðum sem við teljum nauðsynlegt að setja. Því skiptir mjög miklu máli að við getum komið á festu í þessu efni þannig að atvinnugreinin viti við hvaða aðstæður og við hvaða stjórnkerfi hún á að búa til framtíðar. Með þessu tel ég að þeirri óvissu hafi verið eytt og við getum búið við skilvirkt og markvisst stjórnunarkerfi í fiskveiðum sem þjóni best okkar heildarhagsmunum, verndun fisk-

stofnanna og þeim hagkvæmnikröfum sem við hljótum að gera á hverjum tíma til þessarar mikilvægu atvinnugreinar. Um leið er samkomulag um að koma á fót þessum sjóði sem er viðspyrna í átaki okkar til að bæta rekstrarskilyrði atvinnugreinarinnar.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Fimm hv. þm. hafa óskað eftir að veita andsvar þannig að forseti er tilknúinn að setja þau tímamörk að hv. þm. hafi eina mínútu til umráða í fyrra skiptið sem þeir taka til máls en óski þeir eftir að veita andsvar öðru sinni hafi þeir aðeins hálfa mínútu.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hæstv. sjútvrh. að hann teldi þau rekstrarskilyrði, sem sjávarútveginum hafa nú verið sköpuð, ásættanleg þegar fram liðu stundir. Þróunarsjóður sjávarútvegsins á að gegna mikilvægu hlutverki í þeim efnum. Það hefur lengi verið svo að um það hafa verið skiptar skoðanir hvort stofna ætti upp sjóði um hin og þessi verkefni. Sjálfstæðismenn hafa nú gengið einna harðast fram í því að telja að það væri til óheilla fyrir þjóðina að vera að stofna til sjóða til þess að koma fótunum undir sjávarútveginn.

Þegar Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins var stofnaður á árinu 1990 hafði einn hv. þm., sem þá sat á Alþingi og situr enn, uppi stór orð um að þarna væri nú um aðför að sjávarútveginum að ræða. Ég ætla að vitna í blaðaviðtal við þennan hv. þm., sem þá sat hér og situr enn, og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þessar tillögur byggja greinilega á því að ekki verða gerðar ráðstafanir til að tryggja fyrirtækjum eðlileg rekstrarskilyrði líkt eins og nú er. Það á að byggja nýja sjóði með skattheimtu á sjávarútveginn sjálfan fyrir kommissara til að deila og drottna í atvinnulífinu. Á margan hátt má segja að þetta sé fremur aðför að sjávarútveginum en lausn á hinum almenna rekstrarvanda."

Ég verð að segja það eins og er að mér finnst það yfirgengilegt að jafnmætur maður og hæstv. sjútvrh. skuli koma með tillögur um að leggja nýtt aðstöðugjald á sjávarútveginn á þessum tíma. Hvaða hv. þm. haldið þið nú að hafi sagt þetta á þessum tíma? Það er enginn annar heldur en hæstv. núv. sjútvrh. og því spyr ég hæstv. sjútvrh.: Hvað hefur breyst?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg rétt að ég hef oft haft efasemdir um gildi sjóða af þessu tagi. Ég sagði það þegar sú spurning kom upp í fyrra að þetta væri umhugsunarefni en ég teldi eigi að síður að aðstaðan í sjávarútveginum væri með þeim hætti að það væri rétt að kanna til þrautar hvort ekki yrði komið við sérstökum sjóði sem tæki fyrir úreldingu í fiskvinnslu eins og átt hefur sér stað í útgerðinni. Og við þær aðstæður sem við búum við í dag þá tel ég þetta vera skynsamlegt, að sjóðurinn og allar þær ráðstafanir í heild sem honum tengjast og ákveðnar hafa verið í þessu samhengi styrki stöðu sjávarútvegsins.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Batnandi mönnum er best að lifa. Það er rétt að oft getur verið nauðsynlegt að setja upp slíka sjóði. Sjávarútvegurinn bjó við enn þá erfiðari rekstrarskilyrði 1988 heldur en þau eru í dag og þá var það réttlætanlegt að þetta skyldi gert. Hins vegar er staðan núna sú að það þarf engan nýjan sjóð. Það er hægt að framkvæma allar þessar aðgerðir með einföldum lagabreytingum á Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins sem nú er til. Þess vegna læðist sú spurning auðvitað að manni: Er þetta gert í þeim tilgangi fyrst og fremst að ná nýjum mönnum inn í stjórn þessa sjóðs þar sem kommissararnir fyrir Sjálfstfl. eiga að vera í forgrunninum?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla að minna hv. þm. á að stjórn Hagræðingarsjóðs í dag er stjórn Fiskveiðasjóðs sem var falið að stýra verkefnum þess sjóðs. Önnur meginbreyting, sem hér hefur átt sér stað frá því að Hagræðingarsjóðurinn var settur á fót, er sú að það er ekki lengur verið að afla tekna með sölu ríkisins á veiðileyfum, annaðhvort með forkaupsrétti eða með uppboðum. Það kerfi er úr sögunni. Auðlindagjald með sölu veiðileyfa er úr sögunni en í staðinn kemur þetta fasta gjald sem rennur til þessa hagræðingarverkefnis. Það er mjög veigamikil breyting frá því að Hagræðingarsjóðurinn fór af stað á sínum tíma.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst er auðvitað sjálfsagt að óska hæstv. sjútvrh. og Kristjáni Ragnarssyni til hamingju með að vera nú búnir að sigra Alþfl. og Styrmi Gunnarsson í deilunni um stjórn fiskveiða þannig að kvótakerfið sem var á fyrsta degi þessa kjörtímabils verður við lýði á síðasta degi þessa kjörtímabils. Það er þess vegna eðlilegt að hæstv. sjútvrh. sé dálítið stoltur. Og það er líka skiljanlegt að hann sé núna hlynntur þessum sjóði vegna þess að nú fær ráðherra Sjálfstfl. einn það vald að skipa þrjá kommissara sem geta úthlutað 4.000 millj. til þeirra gæðingafyrirtækja sem kommissörunum eru þóknanleg þannig að auðvitað er það skiljanlegt að ráðherrann sé núna tilbúinn að breyta um skoðun því að það hefur enginn ráðherra haft það vald í íslenskum sjávarútvegi um áratugi að geta valið menn sem eiga að deila út 4.000 millj. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra. Forsvarsmenn fiskvinnslunnar hafa sagt að sjávarútvegurinn verði rekin með 4–6% tapi á næsta ári. Telur hann þess vegna núverandi aðgerðir fullnægjandi og ætlar hann að búa við það tap sem forustumenn sjávarútvegsins hafa lýst yfir að verði eftir þessar aðgerðir?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að ég hafi þegar í upphafsræðu

minni gert mjög skýra grein fyrir skoðunum mínum í þessu efni. Ég tel að það hafi verið gengið eins langt og komist varð til að bæta rekstrarskilyrðin. Þegar sjávarútvegurinn verður fyrir jafnmiklum ytri áföllum og hann hefur orðið fyrir er útilokað að búa svo um hnútana að hann verði rekinn með þeim ákjósanlegasta hætti, sem við hljótum að vera sammála um, að hann skili hagnaði. En ég lít svo að aðgerðirnar í heild fari nærri því að bæta rekstrarskilyrðin um 6%. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að það væri eðlilegt að atvinnugreinin sjálf með innri aðgerðum og hagræðingu skilaði um 1–2% í afkomubata þannig að við erum mjög nærri því með þessum aðgerðum að fullnægja þessum markmiðum. Þau eru auðvitað lágmarksmarkmið miðað við þessar aðstæður en ég ítreka, ef menn ætla að ganga lengra og ef hv. þm. er að gera kröfu til þess að ganga lengra þá er það einungis með tilfærslum frá launafólki yfir til atvinnufyrirtækjanna. Er það það sem hv. þm. er að biðja um?

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Alþb. hefur lagt fram tillögu um að það yrði tekið af fjármagnseigendum og þeir látnir borga í þetta púkk á næsta ári en Sjálfstfl. hefur ákveðið að fjármagnseigendur eigi ekki að borga krónu í þennan pott á næsta ári. Ef Sjálfstfl. vill sækja fjármagnið þangað sem það er til þá er auðvitað hægt að ná samstöðu um það við okkur. Það eru hins vegar merkileg tíðindi að sjútvrh. lýsir því hér yfir að ekki verði gripið til frekari aðgerða. Þar með er auðvitað ljóst að dómi forráðamanna í íslenskum sjávarútvegi að stór hluti fyrirtækja í sjávarútvegi verður gjaldþrota á næsta ári vegna þess að greinin býr enn þá við 4–5% tap að lágmarki að þeirra dómi. Það verða því nokkuð mörg byggðarlögin á þeim fræga lista sem hæstv. sjútvrh. las upp á fundinum á Akureyri sem verða að búa við gjaldþrotastefnuna á næsta ári ef þetta verður niðurstaðan.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hygg að flestum sé ljóst og ekki síst forustumönnum í íslenskum sjávarútvegi að verið er að koma fram ráðstöfunum sem koma í veg fyrir fjöldagjaldþrot í þessari atvinnugrein og það er megintilgangur þessara ráðstafana. Þannig að ef einhverjir hafa haft uppi hugmyndir um að leysa vandann með einhverri allsherjargjaldþrotastefnu þá hljóta þeir að hafa orðið fyrir vonbrigðum því að þessar aðgerðir miða að því að koma í veg fyrir fjöldagjaldþrot.

Svo vil ég minna hv. þm. á það að meginhlutinn af sparnaði landsmanna er sparnaður launafólksins.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér staðfestir hæstv. sjútvrh. í ræðu sinni að það væri ljóst að þrátt fyrir þessar aðgerðir yrði sjávarútvegurinn enn um sinn rekinn með verulegum halla. Þrátt fyrir það er greininni ætlað að taka að sér verulegar fjárskuldbindingar til þess að bæta rekstrarskilyrðin í greininni. Lagt verður á sérstakt rúmlestagjald fiskiskipa, gjald á fasteignir, vinnslu og gjaldtaka af veiðileyfum, svonefndur auðlindaskattur. Þetta er það rekstrarumhverfi sem núv. ríkisstjórn er að skapa sjávarútveginum í dag. Áframhaldandi rekstrartap blasir við og einmitt nú þegar menn þurftu að styrkja grundvöll þessara greina, eru menn ekki bara að opna dyr sjávarútvegsins upp á hálfa gátt heldur vel það því nú er stefna ríkisstjórnarinnar og liggur á borðum okkar þingmanna að opna þessar dyr verulega fyrir erlenda aðila til að komast inn í sjávarútveginn, veiðarnar og vinnsluna. Þvílík stefnumið, virðulegi sjútvrh., þvílík stefnumið.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil minna hv. þm. á að í dag er lagt rúmlestagjald á fiskiskip sem lagt var á með atkvæði hans sjálfs. Það er einn þátturinn í þessum aðgerðum og verður flutt yfir í þennan nýja sjóð og felur ekki í sér neina hækkun. Það er lagt gjald á í dag með sölu á veiðiheimildum og það er lagt til að breyta því og færa yfir í fast gjald. Og það er lagt til, og það er viðbótin, að það verði lagt sambærilegt gjald á fiskvinnslufyrirtækin eins og lagt er á útgerðarfyrirtækin til úreldingar af því að það er verið að útvíkka þessa starfsemi og láta hana taka einnig til fiskvinnslufyrirtækjanna. Ríkissjóður leggur svo þessum sjóði til 4.000 millj. kr. og það er ætlunin að sjávarútvegurinn með þessu gjaldi greiði þetta lán til baka og það fyrst eftir þrjú ár að þær endurgreiðslur hefjast. Og þess vegna liggur það alveg í augum uppi að þetta er ráðstöfun til hagsbóta fyrir sjávarútveginn. Hv. þm. hefur verið að gagnrýna það að gjaldið fyrir sölu veiðiheimildanna fari inn í ríkissjóð til Hafrannsóknastofnunar. Nú fer það ekki þá leið heldur beint til sjávarútvegsins aftur.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. sjútvrh. og virðulegi forseti. Það var mikill munur á, virðulegur sjútvrh., vegna þess að þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar lét af völdum þá var annað umhverfi í sjávarútveginum. Þá var búið að skapa sjávarútveginum rekstrarskilyrði og hæstv. sjútvrh. hefur margtekið fram í þessum ræðustól að þá skilaði sjávarútvegurinn hagnaði. Hann gerði meira en að borga af skuldum sínum. Hann lagði til hliðar í sjóði sjávarútvegsins sem ríkisstjórn hefur verið að ausa úr fjármagni til ýmissa fyrirtækja. Þetta veit hæstv. sjútvrh.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg rétt að afkoma sjávarútvegsins hefur versnað en það vita allir hv. þm. ástæðurnar fyrir því og það vita allir þingmenn hvers vegna sjávarútvegurinn bjó við allþokkaleg rekstrarskilyrði á árinu 1990 og fram á árið 1991. Það var vegna þess að afurðaverðið var að hækka alveg stórlega á erlendum mörkuðum og gengisþróun var okkur mjög hagstæð. Ég ætla ekkert að taka það frá hv. þm. ef hann trúir því að það hafi verið fyrir tilverknað hv. 7. þm. Reykn.

að við fengum hærra verð á erlendum mörkuðum og dollarinn hækkaði. Ef hv. þm. trúir því þá má hann gera það mín vegna og ég ætla ekki að taka þá ánægju frá honum.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mig langar til þess að spyrja hæstv. sjútvrh. spurninga.

Í fyrsta lagi, á að borga úreldingu frystihúsa með þessu fastagjaldi? Er það hugmyndin að auðlindaskatturinn, sem á að leggja á útgerðina, verði notaður til þess að greiða fyrir fasteignir í landi? Það er mjög mikilvægt að fá svar við þessu vegna þess að einfaldlega kemur ekki til greina að fasteignagjöld á húsum í landi dugi til einhverrar úreldingar sem hægt er að tala um í þessu sambandi. Og ég er hræddur um að ýmsir útgerðarmenn eigi eftir að hafa eitthvað við það að athuga að nota auðlindaskatt á útgerðina til þess að greiða fyrir offjárfestingu í fiskvinnslustöðvum í landi.

Svo er önnur spurning. Verður gjaldið samsvarandi í framtíðinni? Ég vil fá það staðfest hérna. Er það skilningur sjútvrh. að þetta gjald, sem verið er að tala um núna sem er sambærilegt við það sem rann í Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, sé sú upphæð sem verið er að tala um að verði í framtíðinni? Eða verður það eitthvað annað? Það eru greinilega komnar á flot mismunandi hugmyndir um þetta.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það verður að segja það alveg eins og er að nákvæm útfærsla á starfsreglum sjóðsins liggur ekki fyrir. Það er nú verið að vinna að lagafrv. um þetta efni. Ég minni hv. þm. á að um það bil 80% af fiskiskipunum eru í eigu fiskvinnslustöðva? Í þessu frv. verða einnig nákvæm skilyrði um það hvaða fyrirtæki eigi rétt á fyrirgreiðslu eða aðstoð í gegnum þennan sjóð því að eðlilega verður að setja almenn og skýr skilyrði fyrir starfsemi sjóðsins og stjórnendur hans til þess að vinna eftir.

Eins og kom fram í ræðu minni í upphafi er ekki búið að ákveða nákvæmlega enn hvert þetta gjald verður og þarf m.a. að hafa hliðsjón af því hverjar eru skuldbindingar sjóðsins því að honum er ætlað að starfa um alllangan tíma. Endurgreiðslan á að taka 15 ár. Það þarf að meta greiðslubyrðina þann tíma og ekki hægt að fastsetja krónutöluna nákvæmlega en þar að auki get ég auðvitað ekki svarað fyrir ríkisstjórnir framtíðarinnar í þessu efni.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þessar ákvarðanir eru handa ríkisstjórn framtíðarinnar en ekki þeirri sem nú situr. Það er ríkisstjórn framtíðarinnar sem á að taka á þessum málum. En ég vek athygli á því að hæstv. ráðherra svaraði hvorugri spurningunni. Hann vék sér undan því. Hann vék sér undan því að svara hvort það ætti að borga úreldingu frystihúsanna með auðlindaskatti. Það þarf enginn að segja manni það að í þeim umræðum sem þarna hafa farið fram hafi ekki verið rætt um það atriði. Og hann vék sér líka undan því að svara seinni spurningunni vegna þess að það ætti eftir að ganga frá því síðar. Það þarf enginn að segja manni það að í svona samningaviðræðum og hrossakaupum, sem hér hafa verið á ferðinni, hafi ekki verið rætt um þessi mál.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vona að hv. þm. virði það að ekki hefur unnist tóm til að fullvinna frv. sem fylgir í kjölfar þessa samkomulags og þess vegna eru ekki öll atriði þess skýr. En þó að allar meginlínurnar liggi fyrir en það er kórrétt hjá hv. þm. að þriðji þáttur þessa gjalds og sá veigamesti kemur fyrst til álagningar þegar nokkuð er liðið á næsta kjörtímabil. Það er alveg hárrétt.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Reyndar hafa þær spurningar komið fram sem ég hugðist spyrja en svörin verið heldur lítil. En ég get verið stuttorður. Hæstv. sjútvrh. gagnrýndi mig fyrir það að ég teldi þessar aðgerðir ekki nægjanlegar. Hann segir að þær séu nægjanlegar. Hann sættir sig við 3–6% halla á íslenskum sjávarafurðum næstu árin. Það er satt að segja hið ótrúlegasta svar. Hæstv. sjútvrh. taldi að ég vildi bæta hag sjávarútvegsins með því að leggja meiri álögur á almenning. Ég spyr: Getur hæstv. sjútvrh. ekki hugsað sér að leggja hærri skatt á hálaunamenn þar sem tekjumunur er orðinn gífurlegur í dag og getur hæstv. sjútvrh. ekki hugsað sér að framfylgja stefnu ríkisstjórnarinnar og leggja skatt á sparifé með skattleysismörkum sem vernda almennt sparifé í landinu?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Svar hv. 7. þm. Reykn. er viðurkenning á því að það er ekki hægt að bæta stöðu sjávarútvegsins meir nema með tilflutningi frá launafólki. Hvort það er frá þeim sem hafa meiri efni eða öðrum er svo sjálfstætt ákvörðunarefni. Ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun um að leggja skatt á hærri tekjur einmitt til að koma til móts við þetta sjónarmið. Ég er sammála því og hef verið lengi að eðlilegt væri að leggja skatt á fjármagnstekjur en hafa þar ákveðið frítekjumark og það er unnið að því á vegum ríkisstjórnarinnar þó að það sé ekki hluti af þessum aðgerðum. En ég minni hv. þm. á, eins og ég gerði gagnvart hv. 8. þm. Reykn., að meginhlutinn af sparnaðinum í landinu er sparnaður launafólks og stór hluti af þeim sparnaði er í eigu þeirra sem eru með meðaltekjur og jafnvel minna en það. Og við megum ekki gleyma því í þessu sambandi að það er ekkert endilega verið að flytja byrðarnar yfir á þá sem breiðust hafa bökin vegna þess að sem betur fer eru það mjög margir almennir borgarar í þessu landi og almennir launþegar sem hafa sparað.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að skilja óljós svör hæstv.

sjútvrh. þannig að hann sé ekki reiðubúinn að leggja meiri álögur á hátekjumenn og hann sé ekki reiðubúinn að leggja skatt á þá sem eiga mikið sparifé. Ég sagði áðan „með skattleysismörkum fyrir almenna sparifjáreigendur".

Ég vil gjarnan spyrja til viðbótar, hæstv. sjútvrh.: Væri ráðherrann reiðubúinn að gera harðara átak til þess að fá lækkaða vexti í landinu, t.d. með lækkun raunvaxta hjá ríkissjóði eða með ýmsum öðrum aðgerðum sem til tals hafa komið.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt að minna hv. þm. á það að skattur á vexti og fjármagnstekjur vinnur gegn því markmiði sem ég hygg að við séum sammála um að er eitt af brýnustu verkefnunum, þ.e. að lækka raunvextina. Það hafa verið sköpuð skilyrði með ákvörðunum ríkisstjórnarinnar til þess að lækka vexti og ég tel að það þurfi að fylgja því eftir. Hv. 7. þm. Reykn. talaði um nauðsyn handleiðslu eða um handafl í því efni í gær. Hann situr í bankaráði stærsta viðskiptabanka landsins. Ríkisstjórnin hefur ekki meiri hluta í því bankaráði. Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa meiri hluta í því bankaráði. Ég óska eftir því að hv. þm. upplýsi vegna þessara ummæla hvort hann hefur flutt tillögu þar sem stjórnarandstaðan hefur meiri hluta um handaflslækkun á vöxtum og hvernig þeirri tillögu hefur verið mætt af hálfu stjórnarandstöðuflokkanna ef hún hefur þá verið flutt. (**StH:** Það hef ég gert.)

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég mundi gjarnan óska eftir því að til viðbótar hæstv. sjútvrh., utanrrh. og forsrh. sem eru í þingsalnum eða í nágrenni við hann yrði kannað hvar hæstv. fjmrh. og félmrh. halda sig. Það er ekki óeðlilegt þar sem þessar ráðstafanir snerta þeirra málaflokka verulega að þeir væru viðstaddir umræðuna.

Efh.- og viðskn. hefur á þeim sólarhring sem liðinn er síðan tillögurnar voru kynntar unnið talsvert að þeim, þ.e. fengið til viðtals við sig ýmsa aðila til að veita upplýsingar um hvað þarna er á ferðinni og hafa málin að sönnu nokkuð skýrst. Ég mun á eftir fara talsvert yfir það hvernig fjáröflunar- og útgjaldahluti aðgerðanna kemur við fólk, m.a. launafólk, barnafjölskyldur og fleiri í ljósi þeirra upplýsinga sem efh.- og viðskn. hefur fengið.

En fyrst, í eðlilegu framhaldi af þeirri umræðu sem fór fram áðan, held ég að ég víki að áhrifum aðgerðanna á afkomu atvinnuveganna og þá sjávarútvegsins sérstaklega til að slíta það ekki meira í sundur en þörf krefur. Þar verð ég að segja, og það á reyndar við um ráðstafanir í heild sinni, að á ferðinni er mikil brotlending. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að þessar aðgerðir bera með sér meiri bráðabirgðasvip en nokkurn gat grunað og viðtökur úti í þjóðfélaginu segja sömuleiðis allt sem segja þarf um þann trúverðugleika sem þessum aðgerðum er samfara. Það fer ekki milli mála að forsvarsmenn atvinnuveganna og þá ekki síst sjávarútvegsins telja þessar ráðstafanir með öllu ónógar. Endar nái ekki saman. Þetta muni þar af leiðandi ekki duga til og innan skamms skapist þrýstingur á að farin verði ný umferð, ný umferð gengislækkunar eða annarra sambærilegra ráðstafana og hér eru á ferðinni.

Hæstv. sjútvrh. reyndi að bera í bætifláka fyrir afkomu sjávarútvegsins og taldi að í framtíðinni yrði þetta þokkalegt þegar svo og svo mikil hagræðing hefði farið fram í greininni og þegar sjóðurinn væri farinn að hafa áhrif, þegar raunvextir hefðu lækkað, ef þeir þá gerðu það, þá yrði þetta þokkalegt. Ég vil leyfa mér að minna hæstv. sjútvrh. á að afkomumat Þjóðhagsstofnunar er frá því september. Forstjóri Þjóðhagsstofnunar upplýsti á fundi með efh.- og viðskn. í gærkvöldi að það lægi ljóst fyrir að afkoma greinarinnar hefði versnað verulega síðan svo sennilega næmi um 3%. Það þýðir að meira en helmingur af þeirri bættu afkomu, sem með góðum vilja má reikna til sjávarútvegsins í gegnum þessar ráðstafanir, fer í það eitt að mæta áföllunum í september. Hver eru þau? Þau eru gengisfall allra helstu viðskiptamynta sjávarútvegsins, pundsins, lírunnar, pesetans og eskúdóans og þau eru lækkandi afurðaverð. Þegar þetta tvennt er lagt saman hefur afkoma sjávarútvegsins að lauslegu mati versnað um 2–3%, líklega nær 3% síðan í september. Það er það mat sem Þjóðhagsstofnun byggir á.

Síðan er það einnig mat manna, þ.e. þeirra sem í sjávarútveginum starfa, að Þjóðhagsstofnun vanmeti mjög ýmsa kostnaðarliði sjávarútvegsins sem valda því að afkomubati nær ekki því máli sem hér er spáð. Inn í það er reiknað að engar breytingar verði á launum og fiskverði. Á næsta ári byggir þetta á spá um 1,8% hækkun á afurðaverði sem er gjörsamlega skrifuð í skýin og engar vísbendingar eru um að muni skila sér. Þvert á móti fer afurðaverð lækkandi. Þess vegna er það, hæstv. forseti, að forsvarsmenn samtaka í sjávarútvegi, samtaka fiskvinnslustöðva, Landssambands ísl. útvegsmanna og sjávarútvegsfyrirtækja sem tengjast Íslenskum sjávarafurðum hf. eru sammála um að meta það þannig að tap sjávarútvegsins eftir þessar ráðstafanir sé einhvers staðar á bilinu 5–8%. Þetta liggur þegar fyrir og kom m.a. fram á fundum efh.- og viðskn. í gærkvöldi og í dag.

Ég verð því að segja alveg eins og er að tilraunir hæstv. sjútvrh. til þess að stimpla þetta ástand sem þolandi og lífvænlegt standast einfaldlega ekki. Þær ganga ekki upp, því miður, og það er öllum ljóst. Það er bullandi taprekstur í öllum almennum greinum sjávarútvegsins áfram þrátt fyrir þessar ráðstafanir, hvað sem menn segja um það, hvaða orðaleikir sem um það eru hafðir. Og þó að hæstv. sjútvrh. komi og reyni að snúa út úr fyrir hv. 7. eða 8. þm. Reykn. eða einhverjum öðrum (**Sjútvrh.:** Eða báðum.) eða báðum, nema fleiri væru, þá breytir það ekki hinu, hæstv. sjútvrh., að þetta er staðan og þetta er mat þeirra manna sem gerst þekkja til. Þess vegna er það þannig, hæstv. forseti, að einkunnarorðin „of lítið og allt of seint" eru þau sem best eiga við.

Það er alveg ljóst að frá og með septembermánuði sl. hefur sigið svo á ógæfuhliðina til viðbótar því sem áður var að sá dráttur sem orðinn er á að tekið væri á

málefnum sjávarútvegsins, og nær ekki bara aftur til september heldur má í raun segja að hann taki til alls síðasta árs, hann er búinn að gera þetta vandamál miklu illleysanlegra en ella hefði þurft að vera. Menn hafa tekið inn deyfilyf, þ.e. útgreiðslurnar úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins, og á því hafa menn lifað, þolað kvalirnar vegna þess að þeir hafa haft þennan verkjastilli upp á jafngildi 4–5% í afkomu. Nú eru töflurnar búnar, það er ekki meira í glasinu og sársaukinn lætur ekki á sér standa.

Síðan vil ég nefna, hæstv. forseti, þróunarsjóðinn mikla sem til varð í hádeginu gær að því er best er vitað. (**Gripið fram í:** Fyrir helgi.) Það má einu gilda hvenær ósköpin urðu til. En hitt leyfi ég mér að fullyrða að svona sjóðastofnun með slíkum aðdraganda hefur aldrei áður látt sér stað, að sullað væri saman á næturfundum sjóði sem væntanlega setur upp efnahagsreikning talsvert á annan tug milljarða króna. Væntanlega á að færa á efnahagsreikning sjóðsins allar útistandandi eignir Atvinnutryggingarsjóðs, Hlutafjársjóðs, Hagræðingarsjóðs plús fjóra milljarða í bréfunum sem verður heimanmundur ríkissjóðs. Þá slæ ég á að efnahagsreikningur þessa sjóðs verði kominn í 12–14 milljarða kr. Þetta er myndarlegasti kommissarasjóður sögunnar og þótt víðar væri leitað. Ég veit a.m.k. ekki til þess að á jafnskömmum tíma hafi slíkt sullumbull verið sett saman og þarna er á ferðinni.

Það verður að spyrja hæstv. sjútvrh. að því hreint út eins og það er vegna þess að óneitanlega tengjast þessir atburðir í einum punkti, þ.e. ákvörðun ríkisstjórnarinnar um óbreytta fiskveiðistefnu og hin skyndilega og óvænta niðurstaða í tvíhöfðanefndinni sem samkvæmt fréttum var víðs fjarri því að ná saman og ljúka störfum allt fram á síðustu stund, þannig að niðurstaðan í tvíhöfðanefndinni, tilkoma „jónasveinasjóðsins", og e.t.v. fleiri hluta sem virðast hafa tekið óvæntum breytingum á síðustu sólarhringum tengist í einum punkti. Hafi þetta verið kaupskapur milli ráðherra ríkisstjórnarinnar, hæstv. sjútvrh. og hæstv. utanrrh. — sem væri gaman að fá í salinn ef hann er ekki einhvers staðar að þurrka skóna sína sem eru víst blautir þessa dagana af vissum ástæðum — þá eru það hrossakaup aldarinnar. Það er alveg á hreinu að það eru hrossakaup aldarinnar ef hæstv. sjútvrh. hefur selt auðlindaskatt og e.t.v. einnig uppgjöf í samningunum við Evrópubandalagið um gagnkvæm veiðiréttindi fyrir óbreytt kvótalög. Þá er óbreytt ástand keypt hér dýrara verði en ég veit nokkur önnur dæmi um. Ég segi að það eru hrossakaup aldarinnar ef þetta tengist allt með þessum sérkennilega hætti í einum punkti eins og allar aðstæður málsins benda til.

Ég vil að hæstv. sjútvrh. skýri hér út fyrir okkur samhengi þessara ákvarðana ríkisstjórnarinnar sem allar falla saman í einum tímapunkti um síðustu helgi. Ég ætla svo í sjálfu sér ekki að hafa miklu fleiri orð um það. Aðrir hafa rætt hér málefni sjávarútvegsins og ég hygg að þær tölur sem liggja á borðum manna segi í raun og veru allt sem segja þarf um það efni.

Hæstv. sjútvrh. nefndi vaxtaþáttinn og að hér hefðu verið sköpuð skilyrði fyrir lækkun vaxta sem gæti orðið mikilvægt atriði til að bæta afkomu sjávarútvegsins og væri vissulega rétt ef svo yrði. Hvernig er það orðað í rökstuðningi ríkisstjórnarinnar sjálfrar? Hvaða fyrirheit eru gefin? Það er rétt að lesa það, með leyfi forseta. Á bls. 6 og efst á bls. 7 í greinargerð ríkisstjórnarinnar segir um vextina:

„Með þessum aðgerðum er stefnt að því að raunvextir geti lækkað en afar erfitt er að spá fyrir um hversu mikið og hvenær það muni gerast. Einnig þarf að hafa í huga að þróun í vaxtamálum ræðst einnig af efnahagsskilyrðum almennt og ekki síst af ytri skilyrðum þjóðarbúsins."

Svo mörg eru þau orð. Þetta eru fyrirheitin um lækkun vaxta. Þetta er loðnara og opnara og slappara en eiginlega nokkur annar texti sem sést hefur á blaði um vaxtamál í háa herrans tíð og er þá mikið sagt. Þarna er hvorki gerð tilraun til að málsetja né tímasetja það að vextir gætu hreyfst eitthvað niður á við. Ég held því að hæstv. sjútvrh. ætti að fara varlega í það að gefa mönnum fyrirheit um miklar breytingar á grundvelli vaxtalækkana á næstunni þegar sjálfir höfundar greinargerðarinnar orða þetta svona fyrir hönd ríkisstjórnarinnar.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, vil ég nefna það sem eru kannski alvarlegustu tíðindin í þessum aðgerðum, bæði af því hvers eðlis þær eru og vegna þess að þær eru þær eru ónógar, en það er sú staðreynd að um þær er engin pólitísk sátt. Því miður. Svo dapurlega hefur tekist til á síðustu sólarhringum, liggur mér við að segja, að hæstv. ríkisstjórn hefur sennilega glutrað niður betra tækifæri en oftast áður hefur verið fyrir hendi við sambærilegar erfiðar aðstæður til að ná víðtækri sátt í þjóðfélaginu um nauðsynlegar ráðstafanir. Allt fram í miðja síðustu viku leit það svo út að um ráðstafanir gæti enn þá skapast víðtæk pólitísk samstaða aðila vinnumarkaðarins, stjórnarflokka og stjórnarandstöðu. Mér er það eiginlega óskiljanlegt hvernig ríkisstjórnin gat á allra síðustu sólarhringum málsins glutrað þessu tækifæri svona gjörsamlega niður. Nema þá að skýringin sé sú að vegna pólitísks einstrengingsháttar hafi í raun og veru aldrei verið jarðvegur fyrir slíka sátt, af þeirri ósköp einföldu ástæðu að ríkisstjórnarflokkarnir hafi aldrei verið tilbúnir til þess að miðla málum með aðilum vinnumarkaðarins og stjórnarandstöðunni. Hvernig sem því er varið er niðurstaðan skýr. Hún er sú að um þessa niðurstöðu en engin pólitísk sátt. Verkalýðshreyfingin hefur gagnrýnt þær harðlega, menn úr röðum vinnuveitenda hafa gagnrýnt þær harðlega, bæði einstaka efnisþætti eins og virðisaukaskatt á ferðaþjónustu svo dæmi sé tekið og einnig að þessar ráðstafanir dugi engan veginn til. Þær séu bráðabrigðaredding, þær séu uppgjöf af verstu tegund gagnvart markmiðum um stöðugleika og lífvænlega afkomu fyrir atvinnulífið. Stjórnarandstöðunni voru ekki kynntar þessar ráðstafanir, forustumenn flokkannna fengu að sjá þær, að mér skilst, fimm mínútum áður en hæstv. forsrh. hóf að mæla fyrir þeim á þingi. Það segir allt sem segja þarf um það samráð. Á endanum klúðraði hæstv. ríkisstjórn möguleikanum á að ná víðtækri sátt um aðgerðir. Og meira en það. Aðgerðirnar

eru þannig úr garði gerðar að þær losa gildandi kjarasamninga. Ef verkalýðshreyfingin kýs að beita uppsagnarákvæðum eða losunarákvæðum samninganna getur hún gert það með eins mánaðar fyrirvara þannig að allir samningar í landinu gætu orðið lausir um næstu áramót vegna þess að í reynd felast í þessum ráðstöfunum brigður á forsendum kjarasamninganna frá síðasta vetri. Þetta er auðvitað hörmuleg niðurstaða og mér illskiljanleg og væntanlega fleirum í ljósi þess að víðtækur vilji var fyrir því, bæði meðal stjórnarandstöðuflokkanna og aðila vinnumarkaðarins og fjölmargra hagsmunaaðila úti í þjóðfélaginu, að reyna að ná saman um þessa hluti.

Í þriðja lagi vekur það furðu og eru mikil vonbrigði að í þessum ráðstöfunum er ekkert nýtt fram fært varðandi atvinnuástandið í landinu. Engin ný úrræði sem hægt er að gefa það nafn sem lúta að sköpun nýrra starfa eða því að taka á einhvern markverðan hátt á böli vaxandi atvinnuleysis sem sífellt er að koma nýjar upplýsingar um. Að vísu til að þessu sé öllu til haga haldið er í pakkanum 500 millj. kr. fjárveiting í viðbót til viðhalds á húsnæði og það er að sjálfsögðu nokkuð vinnuaflsfrekt svið. Að öðru leyti eru fyrst og fremst taldar upp ráðstafanir sem þegar höfðu verið kynntar og boðaðar og eru inni í forsendum fjárlagafrv.

Menn höfðu bundið vonir við það, bæði vegna tillagna sem fram höfðu komið, t.d. frá Alþb., og um 1.200–1.800 ný störf með sérstökum aðgerðum og vegna hugmynda sem voru á borðum aðila vinnumarkaðarins um hið sama, að í niðurstöðunni yrði fólgið verulegt átak á þessu sviði. Það er ekki og í sjálfri greinargerð ríkisstjórnarinnar, svo aftur sé vitnað í það plagg, er því beinlínis haldið fram að atvinnuleysið muni, þrátt fyrir þessar ráðstafanir halda áfram að aukast eitthvað. Það er sagt berum orðum, á bls. 7, með leyfi forseta:

„Sú styrking á stöðu atvinnulífsins sem felst í aðgerðum ríkisstjórnarinnar bætir atvinnuhorfur frá því sem annars hefði orðið, sérstaklega þegar líður á næsta ár og á árinu 1994," — það er vinsælt í þessu samkomulagi að vísa í framtíðina, nokkur ár fram í tímann — „þótt þær [þ.e. aðgerðirnar] nái varla að stöðva aukningu atvinnuleysis á næstu mánuðum."

Þetta er heldur dapurlegur texti og segir í raun og veru það sem segja þarf um þá uppgjöf sem felst í þessum ráðstöfunum gagnvart því að taka á atvinnuleysinu. Samt liggja nú fyrir glænýjar upplýsingar á því sviði, þ.e. 3,3% skráð atvinnuleysi og vinnumarkaðskönnun sem gefur upp raunverulegt atvinnuleysi upp á 4,5% eða hátt í 6 þús. manns. Þetta eru aðstæðurnar, glænýjar tölulegar upplýsingar sem liggja fyrir á sama tíma og hæstv. ríkisstjórn skjalfestir uppgjöf sína gagnvart atvinnuleysinu í sinni eigin greinargerð. Ég tek eftir því, hæstv. forseti, að bæði hæstv. forsrh. og sá fótablauti eru horfnir á braut, sá síðarnefndi væntanlega til að þvo sér um fæturna og þurrka skóna sína. Það er heldur hvimleitt þegar málshefjendur sjálfir tolla ekki í salnum undir umræðunni.

Ég ætla þá í fjórða lagi, hæstv. forseti, að víkja nokkuð að fjáröflunarþáttum aðgerðanna og áhrifum þeirra á einstaka hópa í þjóðfélaginu og styðst þar við ýmsar upplýsingar sem efh.- og viðskn. hefur fengið á fundum sínum síðasta sólarhring. Það vekur auðvitað sérstaka athygli, enda hefur því ekki verið tekið vel, að þegar upp er staðið er nánast hverfandi tilraun gerð til þess að hafa aðgerðirnar með einhverju tekjujöfnunarsniði. Í þeim felst nánast alger uppgjöf gagnvart því að dreifa byrðunum eitthvað með tilliti til afkomu manna og tekna. Ég segi þetta vegna þess að þegar farið er ofan í saumana á því hvað hver einstakur fjáröflunarliður eða skattur á að gefa er ljóst að allur þungi tekjuöflunarinnar byggir á almennri skattlagningu, almennum ótekjutengdum aðgerðum. Þannig er í fyrsta lagi horfið frá því að skattleggja fjármagnstekjur, gefist upp gagnvart því og það mál afgreitt með sambærilegum hætti og gert var á síðasta þingi, þ.e. með einhvers konar loðinni yfirlýsingu um að þetta verði athugað að ári. Það er nákvæmlega sama yfirlýsingin og gefin var á þingi fyrir ári síðan.

Í öðru lagi er þarna á ferðinni mjög óverulegt svokallað hátekjuskattþrep sem hæstv. sjútvrh. gerði reyndar að umræðuefni en nefndi ekki upphæðina sem á að hafa upp úr því, 300 millj. kr. á næsta ári. Það eru öll ósköpin sem hátekjumenn í landinu eiga að leggja í þetta púkk þar sem er á ferðinni tilfærsla frá skattgreiðendum eða launamönnum upp á um 6 milljarða kr. Af 6 milljörðum eiga hátekjumenn skila 300 millj. kr. á næsta ári. Það er allt og sumt. Það er auðvitað svo hlægilegt að engu tali tekur. 100 millj. í viðbót eiga svo að koma á árinu 1994 vegna eftiráleiðréttinga. Hér er því á ferðinni skattstofn upp á 400 millj. á ársgrundvelli þegar hann skilar sér. En hins vegar á almenn tekjuskattshækkun upp á 1,5%, að óbreyttum persónufrádrætti að því er best verður séð, að skila 2.850 millj. kr. og bera þungann af þessari tekjuöflun. 1,5% bensíngjald, sem auðvitað er áframhaldandi þjóðnýting á tekjustofnum Vegagerðarinnar í ríkissjóð, á að skila 350 millj. kr. Það er almennur skattur á alla sem nota bifreiðar sem eru velflestir fjölskyldur landsins. Þetta þýðir að ríkissjóður mun taka til sín af tekjustofnum Vegagerðarinnar tæpar 700 millj. kr. á næsta ári. Inni í forsendum fjárlagafrv. eru þegar 344 millj. kr. Þarna bætast 350 millj. við svo tæpar 700 millj. eiga að renna af mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar í ríkissjóð á næsta ári.

Í þriðja lagi er svo á ferðinni áframhaldandi sértæk skattahækkun á barnfjölskyldur. Þar er annað árið í röð höggvið í sama knérunn. Á síðasta ári voru barnabætur skertar um á sjötta hundrað milljónir kr. Hér er á ferðinni 10% skerðing í viðbót á barnafjölskyldurnar í landinu. Samtals ætlar þá hæstv. ríkisstjórnin sér að skerða ráðstöfunartekjur barnafjölskyldna í landinu, með öðrum orðum að hækka skatta á barnafólk, um á annan milljarð kr. á tveimur árum, þessu og hinu næsta. Það nálgast það að fjórðungur af heildargreiðslum barnabóta og barnabótaauka samkvæmt fjárlögunum sé horfinn á tveimur árum, að 25% skerðing hafi orðið á barnafjölskyldurnar á tveimur árum. Þetta er auðvitað slík útkoma að engu tali tekur á sama tíma og

gefist er upp gagnvart því að skattleggja hæstu tekjur eða skattleggja fjármagnsgróða. Á sama tíma og hátekjumenn eiga að leggja 300 millj. í púkk á næsta ári verða barnafjölskyldurnar í lok sama árs búnar að borga hátt í 1.100 millj. með þessum skerðingum. — Hæstv. forseti. Eru hæstv. ráðherrar allir á braut og er það ætlun hæstv. forseta að halda þá áfram umræðum við þær aðstæður þegar margítrekað er búið að óska eftir því að ráðherrar séu viðstaddir? (**Forseti:** Nei. Forseti vill upplýsa að nýlega eru komnar þær upplýsingar til forseta að hæstv. utanrrh. heyrir mál hv. þm. og situr líklega niðri í kaffistofu. Hæstv. forsrh. er líklega rétt um það bil að koma á fundinn. Hæstv. viðskrh. og hæstv. fjmrh. hafa boðað veikindaforföll. Hæstv. sjútvrh. situr hér í salnum.) Ég spurði um hæstv. félmrh. Ég ætlaði aðeins að ræða vaxtabætur á næsta lið. (**Forseti:** Forseti skal ítreka ósk um það að félmrh. mæti á fundinn.) Ég þakka hæstv. forseta. Mér er það auðvitað ljóst að hæstv. forsrh. getur ekki beitt handafli til þess að hemja ráðherrana í salnum þó að mér sé nær að halda að það væri rétt eins og með vextina eina aðferðin sem mundi duga.

Varðandi vaxtabætur sem eru nefndar í tillögunum þá var upplýst á fundi efh.- og viðskn. í morgun að það er áformað að breyta þannig reglum um útreikning að á árinu 1994 spari það ríkissjóði útgjöld upp á 500 millj. kr. Ég óska eftir því, hæstv. forseti, að umræðunni ljúki ekki fyrr en hæstv. félmrh. hefur komið hér til umræðunnar og svarað okkur því hvort þetta sé með samþykki hæstv. félmrh. og hvort hæstv. félmrh. hafi fallist á að svíkja marggefin loforð um það að vaxtabæturnar verði ekki skertar í tengslum við t.d. ákvarðanir um að hækka vexti á íbúðarlánum á undanförnum missirum. Nú er það bersýnilega boðað því að á skjali frá fjmrn. sem við fengum í morgun stendur í 10. lið að endurskoðun vaxtabóta árið 1994 sé 500 millj. kr. Ef maður á að taka mark á þessu virðulega ráðuneyti þá hlýtur eitthvað að standa á bak við þessa tölu. Þá er alveg ljóst að verið er að fara inn á þá ljótu braut að koma aftan að fólki sem bundið hefur sér byrðar vega öflunar íbúðarhúsnæðis og treyst á að það ætti á bak við sig vaxtabótakerfið þó svo að teknar yrðu ákvarðanir um hækkun á vöxtum sem síðan hefur verið ótæpilega gert. Þarf auðvitað ekki að spyrja að ósköpunum þegar raunvaxtabyrðin af húsbréfunum er með öllum afföllunum farin að hvíla á mönnum af fullum þunga. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa að hæstv. félmrh. er einnig veikur.) Það er náttúrlega, hæstv. forseti, skiljanlegt að það grípi um sig útbreitt heilsuleysi í ríkisstjórninni þegar svo stendur á. Heilbrrh. var reyndar hér á vappi. En auðvitað væri ekki síður ástæða til að hæstv. fjmrh. mundi tjá sig um þessa þætti. Það er spurning, hæstv. forseti, hvort það er forsvaranlegt, og það verður sjálfsagt skoðað í framhaldinu, að umræðunni ljúki fyrst heilsuleysið er svona útbreitt í ríkisstjórninni án þess að hæstv. ráðherrar, sem hér eiga hlut að máli, eigi kost á því að jafna sig og koma til umræðunnar og svara. Ég varpa sem sagt fram þessum spurningum til hæstv. félmrh. varðandi vaxtabæturnar og vænti þess að þær komist með einhverjum fullnægjandi hætti til hæstv. ráðherra.

Þá kem ég að einum skattlagningarþættinum enn þar sem er upptaka 14% virðisaukaskattþreps á allmarga þætti sem ekki hafa verið skattlagðir fram að þessu. Það er upplýst af fjmrn. að sú skattlagning eigi að gefa 800 millj. kr. á næsta ári en á ársgrundvelli mundu þær breytingar gefa 1.350 millj. Skattlagningin á að taka gildi í áföngum á næsta ári, sumt um mitt ár og sumt síðla árs, svo sem 14% skattur á ferðaþjónustu og flutninga. Þar er á ferðinni einhver allra furðulegasta niðurstaðan af mörgum slíkum í þessum ráðstöfunum.

Hæstv. samgrh. hefur nýlega látið það koma fram í fjölmiðlum að hann hafi skipað starfshóp með fjmrn. Til hvers ætli það hafi nú verið sem þeir skipuðu starfshóp hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh.? Jú. Það var til þess að athuga lækkun skatta á ferðaþjónustu og hvernig væri unnt með lægri sköttum og öðrum aðgerðum að bæta samkeppnisstöðu íslensku ferðaþjónustunnar. Nú væri gaman að hæstv. samgrh. kæmi og gæfi okkur upplýsingar um það hvernig starfi hópsins miðar sem á að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um að lækka skatta á ferðaþjónustunni. Það væri mjög fróðlegt núna í tengslum við þessa ákvörðun um 14% virðisaukaskatt á ferðaþjónustuna sem í sunnudagsblaði Morgunblaðsins var gefið nafnið: Ljósið í myrkrinu. Reyndar var þar í sorgartón sagt að ljósið í myrkrinu væri að dofna, þ.e. að það sem stundum hefur verið kallað eini vaxtarbroddur íslensks atvinnulífs ætti í erfiðleikum og má það til sanns vegar færa. Hvernig er nú með ljósið og hvernig gengur starfshópnum sem á að bæta starfsskilyrði ferðaþjónustunnar og lækka á henni skatta? Hvar er hann að funda þessa dagana? Hvernig eru þeir menn upplits sem í honum vinna? Þá væri ekki síður ástæða til, ef hæstv. samgrh. er sæmilega þurr í fæturnar og hefur fótaferð, að hann kæmi hér til umræðunnar og upplýsti okkur um þessa þætti.

Útkoman fyrir ferðaþjónustuna er þannig samkvæmt lauslegu mati sem fram hefur farið á því að bráttóskattgreiðslur ferðaþjónustunnar með 14% virðisaukaskattsþrepi eru 1 milljarður kr. Frá því dregst innskattur sem áætlaður er upp á 400 millj. Þá standa eftir 600–650 millj. kr. að upplýst var. Með góðum vilja má svo segja að lækkun tryggingagjaldsins dragi þar frá 200–250 millj. kr. á ári. Eftir stendur nettóskattlagning á ferðaþjónustu og flutninga upp á 400 millj. kr., þ.e. nettóhækkun. Að vísu koma menn og segja: En svo fellur niður aðstöðugjaldið, en það gerist gagnvart öllum atvinnugreinum jafnt. Það er því með öllu fráleitt að reikna það ferðaþjónustunni einni til tekna. Nettóskattlagning vegna þessara sértæku ráðstafana gagnvart ferðaþjónustunni eru nýir skattar upp á 400 millj. Það er upplýst að stærsta fyrirtæki landsins á þessu sviði, Flugleiðir, muni borga 70 millj. kr. vegna þessara breytinga. Er það virkilega svo að menn ætli að láta þessa hluti standa?

Hvar er hæstv. samgrh. sem stöðvaði í efri deild sálugu vorið 1991 heildarfrv. til laga um endurskoðun á lögum ferðaþjónustunnar af þeirri ástæðu að sögn að í þeim breytingum væri ekki gert nóg til að bæta samkeppnisskilyrði í ferðaþjónustunni? Hvar er hann

nú sá hæstv. ráðherra, þáv. hv. þm., sem með miklum hávaða barðist gegn þessari lagasetningu vorið 1991 af því að það var ekki gengið nógu langt í því að létta sköttum af ferðaþjónustunni? (**Forseti:** Óskar hv. þm. eftir að hæstv. samgrh. mæti á fundinn?) Það væri gaman að fá uppgefin á honum hnitin svona til að vita hvort ... (**Forseti:** Hæstv. samgrh. mun vera utan borgarinnar, staddur í Norðurl. e.) Það fer auðvitað vel á því, hæstv. forseti. Kannski nær hann til þings áður en umræðunni lýkur og e.t.v. gefast tækifæri til að ræða þetta mál betur í annað skipti við hæstv. samgrh.

Þetta er auðvitað þess konar niðurstaða, hæstv. forseti, að maður veit eiginlega ekki hvernig maður á að bregðast við, hvað maður á að segja, þegar búið er að tala jafnmikið og raun ber vitni um nauðsyn þess að búa nú vel að þessum vaxtarsprota í íslenskum atvinnumálum. Svo standa menn allt í einu hér með útkomu þar sem alveg sérstakar og sértækar skattahækkanir á þessa grein eru upp á 400 millj. kr. Það er með ólíkindum. Þegar þetta er svo dregið saman, hæstv. forseti, þá er útkoman sú að kaupmáttur ráðstöfunartekna mun skerðast á næsta ári miðað við yfirstandandi ár um 4,4%, þar af um 3,5% vegna þessara ráðstafana. Með öðrum orðum er kaupmáttarskerðingin vegna aðgerðanna sjálfra 3,5%. Hæstv. forseti, það segir að mínu mati allt sem segja þarf um hvers eðlis þessar ráðstafanir eru. Þetta er almenn kjaraskerðing, kaupmáttarskerðing, sem nánast í hverfandi mæli tekur mið af tekjum fólks, upp á 3,5% í kaupmætti ráðstöfunartekna. Það er mjög dapurleg niðurstaða.

Í tillögum sem voru á borðum aðila vinnumarkaðarins fram í miðja síðustu viku var verið að setja dæmið þannig upp að ná mætti a.m.k. ekki síðri útkomu fyrir atvinnugreinarnar en þó yrði kaupmáttur ráðstöfunartekna í grófum dráttum varinn. Hvers vegna var það? Það var vegna þess að fjáröflunin til ráðstafananna var sértæk og tekin af þeim sem mestar höfðu tekjurnar en almennu launafólki hlíft. Þar var verið að reyna að verjast flatri gengisfellingu í þeim mæli sem hér hefur verið gripið til. Það bitnar að sjálfsögðu á öllum jafnt, oftast þó, eins og hæstv. ráðherrar voru ósparir á að segja síðustu dagana fyrir helgina, verst á þeim sem lægst hafa launin. Ætli það hafi ekki verið bara síðast á föstudaginn sem hæstv. forsrh. kom með þessa gömlu þulu um að það yrði að berjast sérstaklega á móti gengisfellingum af því að þær bitnuðu þyngst á þeim sem lökust hefðu kjörin. Allir þekkja hina frægu hreystiræðu hæstv. utanrrh. sem sagði norður á Akureyri fyrir tíu dögum eða svo að eitt það allra vitlausasta, ef ekki bara allra vitlausasta, sem hægt væri að gera væri að fella gengið. Það væri að pissa í skóinn sinn og hann mundi berjast gegn því til síðasta manns. Nú hefur það hvort tveggja gerst að hver einasti maður er fallinn í Alþfl. og hæstv. utanrrh. er orðinn bullandi blautur í fæturna.

Herra forseti, þetta er mjög dapurleg niðurstaða að langflestu leyti. Það sem má reyna að finna að þessu til framdráttar er vissulega fyrir hendi. Ég get í fljótu bragði nefnt eins og fjóra þætti sem ég tel að séu út af fyrir sig þannig að það sé ástæða til að ætla að þeir komi að þó nokkru liði í þessum efnum. Þá nefni ég auðvitað fyrst, eins og allir hafa gert, afnám aðstöðugjaldsins. Þar er efnislega á ferðinni aðgerð sem menn hafa verið sammála um. Hins vegar er þar ekki nema hálf sagan sögð vegna þess að öllum ákvörðunum um það hvernig eigi að mæta til frambúðar tekjutapi sveitarfélaganna er vísað inn í framtíðina og þetta leyst til bráðabirgða í eitt ár með hreinni millifærslu af skatttekjum ríkisins yfir til sveitarfélaganna. Þó svo menn geti sagt: Það er jákvætt skref að afnema aðstöðugjaldið, þá er aðeins hálf sagan sögð. Það á eftir að útfæra með hvaða hætti tekna verður þá aflað á móti og þeim dreift til sveitarfélaganna eða þeim afhentir eða útbúnir skattstofnar til að ná sér í sambærilegar tekjur.

Í öðru lagi mundi ég nefna, ef maður vill með miklum velvilja reyna að sjá eitthvað jákvætt í þessu, þann vísi að hátekjuskatti sem þarna er á ferðinni. Þó hann sé auðvitað óskaplegur ræfill og eigi ekki að gefa nema 300 millj. á næsta ári, þá segi ég það samt, og mér fyndist ég ekki vera sjálfum mér samkvæmur nema ég gerði það, að ég tel það auðvitað pólitískt til bóta að í þessu er þó vísir að hátekjuskattþrepi sem ég hef lengi talað fyrir. Mjór er mikils vísir, segir einhvers staðar og það hefur yfirleitt ekki átt jafn vel við um nokkurn skapaðan hlut í heiminum eins og nýja skatta á Íslandi. Þeir hafa nánast ævinlega reynst mjóir mikils vísar. Nefna má fræg dæmin um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem aldrei átti að standa nema til árs en er einhver allra traustasti skattstofn í dag sem fyrir finnst, hækkaður og framlengdur reglubundið. Og mér segir svo hugur um að þetta gæti farið á sama veg með hátekjuskattinn að hann mundi festast í sessi þó svo hér sé sagt að hann eigi eingöngu að vera í tvö ár. Menn gætu jafnvel gripið til þess að hækka hann eitthvað í þrengingum ríkissjóðs á komandi árum. Þannig að pólitískt tel ég það jákvætt svo langt sem það nær að þessi litli ræfill skuli þó komast þarna á blað upp á 300 millj. á næsta ári.

Í þriðja lagi ætla ég að nefna vextina með þeim mikla fyrirvara ef það kemur á daginn að einhver árangur næst á næstu mánuðum í að lækka þá. Þar gæti maður staldrað við bindiskylduna, að lækkun hennar kæmi til með að hafa nokkur áhrif.

Í fjórða lagi eins og ég hef áður nefnt eru þarna á ferðinni 500 millj. kr. í viðbótarframkvæmdir við viðhald opinberra eigna og það er á margan hátt mjög skynsamleg ráðstöfun að mínu mati við þessar aðstæður að leggja ákveðna fjármuni í slíka hluti. Og ég vildi gjarnan sjá að þeim yrði að einhverju leyti líka varið til að endurbæta og viðhalda t.d. fornminjum í landinu. Það er mikill fjárskortur þar, að halda við gömlum húsum og varðveita ýmsar fornminjar sem eru okkur dýrmætar, fá ef nokkur starfsemi er jafnatvinnuskapandi og slíkar framkvæmdir, sem í langflestum tilvikum eru nánast hrein vinna og lítill efniskostnaður, unnin með handverkfærum og algjörlega innlendum aðföngum, a.m.k. torfinu, ekki þurfa menn að borga fyrir það. Þannig að ef nokkurs staðar er til alveg úrvalsdæmi um framkvæmdir af því tagi sem eru mjög

atvinnuskapandi þá gæti ég leyft mér að nefna viðhald fornminja og gamalla húsa.

Þarna hef ég, hæstv. forseti, með góðvilja tínt til fjóra hluti sem ég tel að horfi í rétta átt og séu jákvæðir í þessu. Sjálfsagt má reyna að finna slíkar hliðar á fleiru en í heildina tekið get ég ekki leynt því að þessi niðurstaða er mér mikil vonbrigði.

Ég tel að í þessu felist geysileg uppgjöf af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Uppgjöf fyrsta lagi gagnvart atvinnuleysinu, því miður. Það er skjalfest hér í textum hæstv. ríkisstjórnar sjálfrar að atvinnuleysið mun halda áfram að aukast þrátt fyrir þessar ráðstafanir. Í öðru lagi er þetta auðvitað uppgjöf gagnvart því að reyna að verja hin almennu lífskjör í landinu. Þetta er uppgjöf gagnvart því vegna þess að fjármunatilfærslan upp á 6.000 millj. kr. kemur að langstærstum hluta til, að yfirgnæfandi meiri hluta til frá hinum almenna launamanni og almenna neytanda í landinu, ekki frá þeim sérstaklega sem betur mega sín. Eiginlega er barnafólkið í landinu eini hópurinn sem leggur með sértækri ráðstöfun meira af mörkum en aðrir, það eru barnafjölskyldurnar sem annað árið í röð eiga að leggja til hálfan milljarð eða liðlega það. Í þriðja lagi er þetta uppgjöf gagnvart því að skapa atvinnulífinu viðunandi skilyrði. Og í fjórða lagi er þetta uppgjöf, og kannski á það eftir að reynast hvað alvarlegast á næstu missirum, þetta er uppgjöf gagnvart því að varðveita stöðugleikann í efnahagsmálum.

Ég óttast að innan hálfs árs sjáum við á nýjan leik tveggja stafa tölu í verðbólgu á Íslandi. Ég er sannfærður um að mat manna á því að verðbólgan muni sama og ekkert hreyfast þrátt fyrir 6% gengisfellingu og þrátt fyrir þessar skattahækkanir, það stenst ekki. Hafa menn trú á því að launamenn sem fá hér á sig 4,4% skerðingu kaupmáttar ráðstöfunartekna muni ekki hreyfa sig til að reyna að ná í eina einustu krónu til baka á næsta ári? Dettur mönnum það í hug? Hafa menn trú á því að það verði óbreytt fiskverð allt næsta ár? Hafa menn trú á því að sáralítið af verðlagsáhrifum gengisfellingarinnar komi fram eins og hér er metið inn í forsendurnar vegna þess að það sé svo mikil samkeppni? Ja, betur að satt væri allt saman. En ég held að það gangi ekki eftir.

Ég segi: Ef ekkert annað verður til bragðs tekið en að láta þennan pakka ganga fram þá er að mínu mati stórkostleg hætta á því að innan hálfs árs eða svo sjáum við á nýjan leik tveggja stafa tölu í verðbólgu á Íslandi. Og þá er illa farið, hæstv. forsrh., ef ég má leyfa mér að ávarpa þig beint hér í hliðarsölum, sem að vísu er ekki samkvæmt þingsköpum. Þá er illa farið. Uppgjöfin felst að mínu mati fyrst og fremst í því, það er skýringin á ógæfu hæstv. ríkisstjórnar, það er ástæðan að ekki tókst pólitísk samstaða um þessi mál að ríkisstjórnin gafst upp á því eða er mótfallin því að láta þá axla byrðarnar sem betur mega sín. Í því er hennar ógæfa fólgin og verður áfram ef hún sér ekki að sér.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. orðaði það svo að ég hafi verið að gera hér tilraun til að stimpla ástandið þolandi eins og hann komst að orði. Ég hef aldrei gert síka tilraun. Við vitum að fiskafli hefur minnkað og eins og hv. þm. sagði hefur afurðaverð lækkað á erlendum mörkuðum og við slíkar aðstæður er ástandið illþolandi bæði fyrir atvinnufyrirtækin og fólkið. Ef ekki hefði verið gripið til aðgerða þá hefði það hins vegar bitnað á atvinnufyrirtækjunum og starfsfólki útflutningsframleiðslunnar en aðrir hefðu um tíma búið við óbreytt kjör. Við þessar aðstæður verður að jafna byrðunum niður á atvinnufyrirtækin og á launafólkið í landinu og reyna að gera það sem réttlátlegast. En það búa allir við illþolandi aðstæður þegar við verðum fyrir jafnmiklum ytri áföllum og við höfum orðið fyrir. Og ég veit ekki til þess að nokkur maður hafi reynt að gera það ástand þolandi. Við verðum hins vegar að reyna að bregðast við og jafna áföllunum niður. Ég tel að það hafi verið gert með þessum ráðstöfunum eins og frekast var kostur.

Þá óskaði hv. þm. eftir því að frekari grein yrði gerð fyrir, eins og hann kallaði það, hrossakaupum um þróunarsjóðinn. Hv. þm. má kalla þessa samninga hverju nafni sem vera vill. En ég get sagt honum frá því nákvæmlega hvernig það mál gekk fyrir sig. Umræður um úreldingarsjóð fiskvinnslufyrirtækja komu upp hér á Alþingi í fyrra og endurskoðunarnefndin hefur haft það til skoðunar. Í umræðum aðila vinnumarkaðarins á síðustu vikum komu upp hugmyndir um að leggja inn verulega fjármuni frá ríkissjóði til að stuðla að hagræðingu í atvinnugreininni. Fyrir réttri viku síðan kom ég að máli við hv. utanrrh., formann Alþfl., og innti hann eftir því hvort við gætum ekki nýtt þessar hugmyndir til að ná þessu tvíþætta markmiði, að ná fram hagræðingu og leysa um leið ágreining sem verið hefur um lausn endurskoðunarnefndarinnar. Við áttum um þetta annan fund á sl. fimmtudag. Formenn endurskoðunarnefndarinnar unnu úr þeim hugmyndum og þær voru tilbúnar í meginatriðum eins og þær hafa verið kynntar sl. sunnudagskvöld. Þetta er samkomulag og það gekk fyrir sig með þessum hætti og hv. þm. má kalla það hvaða nöfnum sem hann kýs.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var nú strax breyttur og reyndar betri tónn að mér fannst í hæstv. sjútvrh. í þessu stutta andsvari en var í ræðu hans áðan. Nú kallaði hæstv. sjútvrh. ástandið, reyndar fyrir alla aðila en þar með talið væntanlega sjávarútveginn, illþolandi. Það er talsvert annað en mér fannst hæstv. sjútvrh. vera að reyna að segja hér áðan þegar hann með ótal lykkjuföllum reyndi að prjóna þetta saman í þolanlegt ástand.

Mergurinn málsins er sá að mjög margir sem um þessi mál hafa fjallað á undanförnum vikum hafa varað mjög við því að þegar til aðgerðanna yrði gripið að lokum þá yrðu þær að vera fullnægjandi. Það væri verr af stað farið en heima setið ef menn kæmust hálfa leið upp brekkuna en rynnu svo niður aftur vegna þess að þeir næðu ekki í mark, endar næðust ekki saman. Það er m.a. um það sem hér er verið að ræða. Vonbrigði aðila vinnumarkaðarins og forsvarsmanna sjávarút-

vegsins leyna sér auðvitað ekki. Fyrst og fremst vegna þess að þeir hafa ekki trú á því að endar hafi náðst saman. Þar með hafa þeir ekki trú á að þessar ráðstafanir dugi, verði varanlegar, nægi til að skapa hér grundvöll til að standa á einhver missiri eða einhver ár fram í tímann, heldur muni þrýstingurinn vaxa á nýja umferð innan skamms og þegar kemur fram á útmánuði verði kominn upp sambærilegur þrýstingur á gengisbreytingar eða aðra slíka þætti.

Hæstv. sjútvrh. orðar það svo að samkomulag um kvótamál og „jónasveinasjóð" hafi þjónað tvíþættum tilgangi og viðurkennir og staðfestir þar í reynd að fleiri lítt skyld mál blönduðust þarna saman í einum punkti. Hvort menn kalla það kaupmála, hrossakaup eða eitthvað annað það liggur mér í léttu rúmi en þetta hefur skýrt málið í reynd. Þarna blönduðust þræðirnir saman með þessum hætti, það er augljóst mál.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mismunandi málefni sjávarútvegsins eru skyld, hvað sem hv. 4. þm. Norðurl. e. segir um það efni, og hér var verið að ná samkomulagi um skyld efni. Varðandi ástandið þarf auðvitað ekki að fjölyrða neitt um það. Við höfum orðið fyrir ytri áföllum. Það þýðir að þjóðarbúið allt verður fyrir áföllum ef ekki á illa að fara. Við höfum gert ráðstafanir til að treysta rekstur útflutningsframleiðslunnar við þessar erfiðu aðstæður, ella hefði blasað við mjög alvarleg gjaldþrotahrina í þeirri atvinnugrein og atvinnuleysi þess fólks sem þar starfar. Og það hefði fljótlega haft áhrif um allt þjóðfélagið.

Þegar hv. þm. segir: Það hefur ekki verið nóg að gert, þá er hann líka að segja að það hefði þurft að flytja meiri fjármuni til. Flytja yfir á launafólkið meiri fjármuni en hér hefur verið gert því að hér er um jöfnu að ræða ef menn eru að tala í alvöru og ef menn meina eitthvað með því sem þeir segja. Og þá ætti hv. þm. líka að hafa kjark og manndóm til þess að orða það þannig að við þessar aðstæður þyrfti að leggja meiri byrðar á launafólkið til þess að rétta betur við stöðu útflutningsgreinanna. Og þá ætti hv. þm. að hafa kjark og þor til að orða það þannig því það er veruleikinn á bak við það sem hann hefur sagt.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er náttúrlega svo ömurlegur málflutningur hjá hæstv. sjútvrh. sem kemur hér upp í hverju svarinu á fætur öðru og reynir að negla menn með sömu aðferðunum, að með því að þeir telji þessar ráðstafanir ónógar þá séu þeir að segja, ja, manni liggur við að segja að það þurfi að níðast enn meir og sem allra mest á þeim sem minnst hafa. Og talar svo um að það sé aðallega fátæka fólkið sem eigi spariféð, jafnrökrétt og það nú er þegar því er allaf haldið fram að það séu einmitt þeir verst settu sem eigi spariféð þegar rætt er um fjármagnstekjuskatta.

Hæstv. sjútvrh. veit vel að það hafa verið tillögur bæði frá stjórnarandstöðuflokkum og aðilum vinnumarkaðarins um sértæka fjáröflun og aðgerðir sem reynt væri að dreifa þannig að þeir bæru mestar byrðarnar sem helst væru aflögufærir. Þetta mál snýst um það. Uppgjöf ríkisstjórnarinnar felst í því að hún hefur annaðhvort ekki þorað, viljað eða getað farið þá braut. Af 6.000 millj. kr. millifærslu koma 300 millj. frá hátekjufólki. Það segir allt sem segja þarf, hæstv. sjútvrh. Það hefur ekki staðið á okkur að ræða og taka þátt í aðgerðum ef þær væru með því sniði og byrðunum væri þannig dreift að sanngjarnt gæti talist. Þá væri líka öllum fyrir bestu að þær ráðstafanir sem væru gerðar væru þess eðlis að þær sköpuðu mönnum einhverja varanlega viðspyrnu gagnvart þessum erfiðleikum en væru ekki þessu hroðalega bráðabirgðamarki brenndar sem þessar ráðstafanir eru og við eigum eftir að ræða innan fárra mánaða á nýjan leik, ég og hæstv. sjútvrh.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins leiðrétta það að í tillögum eða hugmyndum Alþýðusambandsins um skatt á vexti þá var rætt um skatt á vexti af öllum tekjum, ekki bara hjá þeim sem hærra hefðu, heldur af öllum tekjum frá minnstu inneign, flatt á alla. Það var ekki fallist á það. Að öðru leyti var erindi mitt í ræðustól að hugleiða það með hv. 4. þm. Norðurl. e., sem flutti hér langa og þróttmikla varnarræðu fyrir launþega í tilefni þess að gengið hefði verið fellt um 6% og kaupmáttur mundi skerðast um 4%, hvort hann ætti í fórum sínum og gæti sýnt mér eintak af þróttmikilli ræðu sem hann flutti um sama efni og auðvitað enn þá lengri og enn þá þróttmeiri um það þegar hann var ráðherra og tók þátt í því árið 1989 að láta gengið falla mánaðarlega, mánuð eftir mánuð eftir mánuð með þeim afleiðingum að kaupmáttur fólksins rýrnaði um tæplega 15%. Á þingmaðurinn þróttmikla varnarræðu sem hann getur afhent mér frá þeim tíma?

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er gjarnan vitnað í það að á borði aðila vinnumarkaðarins hafi legið tillögur um skattlagningu á fjármagnstekjur þannig að allir vextir væru skattlagðir með lágri prósentu. Ég hygg að allir viti að það var af hreinum tæknilegum ástæðum sem menn voru að skoða þá leið. Ósköp einfaldlega vegna þess að hún var auðveldari í framkvæmd, því væru miklu meiri erfiðleikar samfara að finna út skattlagningu á fjármagnstekjur með frítekjumarki eða persónufrádrætti af því tagi. Ég er alveg sannfærður um að það er ekki hugsjónamál hjá verkalýðshreyfingunni að skattleggja allar vaxtatekjur jafnt. Eða eru menn að halda því hér fram? Staðreyndin er auðvitað sú að svo er ekki. Hins vegar finnst mér það ómaklegt að þeim fjarstöddum að láta að því liggja að það sé þeirra hjartans ósk að þessu sé nákvæmlega hagað þannig. Ég hygg að allir væru miklu sáttari við að skattlagningu fjármagnsteknanna væri þannig háttað að einhver sanngjarn persónufrádráttur væri fyrir hendi og síðan væru þess vegna stighækkandi skattar teknir af fjármagnstekjum eftir því sem þær væru meiri.

Varðandi ráðstafanirnar árið 1989 og ræðu sem ég

hafði flutt á því tímabili þá gæti nú hæstv. forsrh. e.t.v. sparað sér ómakið og spurt kollega sína úr Alþfl. hvort þeir eigi ekki einhverjar ræður frá 1989. (**Forsrh.:** Ég var að spyrja þig.) Það vill nú svo til að þeir voru í þessari ríkisstjórn líka, hæstv. forsrh. Ég á hins vegar ýmsar ræður, góðar ræður. Ég man það t.d. vel að haustið 1989 sáum við í fyrsta sinn í eitt og hálft ár jákvæðar afkomutölur í sjávarútvegi eftir þann hroðalega taprekstur sem hann bjó við undir stjórn Sjálfstfl. á árunum 1987 og 1988 og var á góðri leið með að sigla hér öllu í strand eins og menn vita. Ráðstafanirnar árið 1988 og 1989 voru óhjákvæmilegar aðgerðir sem skiluðu mönnum stöðugleika, batnandi lífskjörum og meiri afkomu atvinnuveganna á árinu 1990 og 1991. Þetta ætti hæstv. forsrh. að kynna sér til eftirbreytni.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. kallar það stöðugleika árið 1989 að verðbólga var þá 25%. En það upplýsist hins vegar að þingmaðurinn átti ekki í fórum sínum neina varnarræðu þá. Hann varð ber að því núna að 15% kaupmáttarrýrnun þá skipti hann ekki nokkru máli. Hann varði ekki launþegana þá.

Þá vil ég spyrja, fyrst þingmaðurinn hefur afhjúpað sig að þessu leyti til varðandi fjármagnstekjuskattinn, hvort hann og félagi hans fjmrh. á þeim tíma úr sama flokki hafi undirbúið og flutt og barist fyrir sköttum á fjármagnstekjur þá.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Svarið er já, hæstv. forsrh., og það er skaði að hæstv. forsrh. skuli ekki vita af þessu því mjög mikilvæg undirbúningsvinna var unnin í fjmrn. og kom m.a. út í svonefndri hvítri bók um skattlagningu fjármagnstekna haustið 1990. Það mál var komið mjög langt á framkvæmdastig, en núv. hæstv. ríkisstjórn hefur stungið því algjörlega undir stól og flytur hér reglulega við hver áramót, og mun gera ef hún lifir næstu og þar næstu áramót, tilkynningar um að þessu verði frestað um eitt ár í senn. Þannig virðist aðferðin eiga að vera. Varðandi ræður sem ég eigi eða eigi ekki frá árinu 1989, þá er ég alveg tilbúinn í umræður við hæstv. forsrh. um það. Ég tel að þróunin, áhrifin af þeim aðgerðum sem gripið var til 1988 og 1989 og aðstæður í íslenskum efnahags- og atvinnumálum á árunum sem í kjölfarið fóru 1990 og 1991 segi allt sem segja þarf um það að þær ráðstafanir tókust. Þær skiluðu okkur jafnvægi, þær skiluðu jákvæðri afkomu sjávarútvegsins og þær skiluðu bættum kaupmætti á nýjan leik.

Hæstv. forsrh. hefur mikið verið sakaður um að vilja ræða fortíðina og þetta er angi af því. Nú er það komið í ljós að ríkisstjórnin hefur líka áhuga á framtíðinni, þ.e. þegar komið er inn á mitt næsta kjörtímabil. Þetta er ákaflega sérkennilegt hvernig hæstv. ríkisstjórn reynir sífellt að flýja nútímann, annaðhvort með því að ræða um fortíðina eða framtíðina á miðju næsta kjörtímabili.

Útbýting þingskjala:

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 255. mál, stjfrv., þskj. 332.

Gjald af umboðsþóknun í gjaldeyrisviðskiptum, 254. mál, stjfrv., þskj. 331.

Sóttvarnalög, 258. mál, stjfrv., þskj. 335.

Umferðarlög, 256. mál, stjfrv., þskj. 333.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það má segja um þessar efnahagsráðstafanir og undirbúning þeirra hjá hæstv. ríkisstjórn að fjöllin tóku jóðsótt og fæddist lítil mús. Það kann að vera að hæstv. forsrh. haldi eins og Chamberlain gamli að hann hafi frið um sína daga eftir þessa aðgerð, en ég er vonlítill um það. Það er raunverulega mjög sorglegt að til þessara efnahagsráðstafana skuli hafa þurft að koma. Það hefði verið hægt að komast hjá því að við lentum í þessari stöðu. Hæstv. ráðherrar eru nú að reyna að klóra yfir eigin vitleysur frá undanförnum mánuðum sem þeir hafa borið ábyrgð á stjórn þjóðarbúsins. Þeir hafa steypt þjóðarbúinu í mikinn vanda með vanhugsuðum ákvörðunum sínum. Ég nefni ákaflega mislukkaða vaxtahækkun sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir strax á fyrstu dögum eftir að hún tók við völdum. Ég nefni stórfelldar álögur á sjávarútveginn sem þeir hafa beitt sér fyrir. Og ég nefni aðgerðaleysi mánuðum saman, jafnvel missirum saman, meðan vandinn hefur þrútnað og aukist.

Ég geri ekki ágreining við hæstv. ríkisstjórn um að það þurfti að grípa til aðgerða. Það þurfti meira að segja að grípa til aðgerða miklu fyrr. Það er hins vegar lýðum ljóst að þessar ráðstafanir eru mislukkaðar. Þær ná ekki þeim tilgangi sem ríkisstjórnin vonast eftir. Þær eru ekki fullnægjandi fyrir einn eða neinn. Forsrh. segir hróðugur að allir séu óánægðir með þær og það sé út af fyrir sig gott. Ég veit ekki hvort þetta er skynsamlegt mat. Þær eru ekki fullnægjandi fyrir einn eða neinn. Þær eru ekki einu sinni fullnægjandi fyrir atvinnufyrirtækin sem átti þó að bjarga. Það er lengt í snörunni en hún er ekki skorin.

Það hefur verið dæmalaus vandræðagangur á hæstv. ríkisstjórn við undirbúning þessara efnahagsráðstafana. Ég hygg að þessi vandræðagangur sé algjörlega fordæmalaus. Það var reynt að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins og hæstv. ráðherrar töluðu í miklum sáttfýsistón, en það kemur í ljós að þetta samráð hefur bara verið í nösunum á hæstv. forsrh. Óskir aðila vinnumarkaðarins hafa verið hafðar að engu enda sverja aðilar vinnumarkaðarins af sér þessar ráðstafanir hver um annan þveran. Aðilum vinnumarkaðarins hefur verið haldið uppi á snakki og tímanum verið eytt. Ég held það hafi aldrei verið meiningin að standa fyrir ráðstöfunum í samræmi við óskir aðila vinnumarkaðarins. Þetta var reyndar ljóst fyrir mörgum dögum. Viðskrh. brást hinn versti við sameiginlegum hugmyndum aðila vinnumarkaðarins um lækkun vaxta. Hæstv. viðskrh. flýtti sér að þvertaka fyrir það að hann beitti sér fyrir því að lækka vexti. Nei, þeir skyldu sko lækka af sjálfu sér eftir einhverju dularfullu lögmáli sem hann skilur. Þetta er maður sem allt veit. En það

virkar bara ekki nema á annan veginn. Vextirnir hækka af sjálfu sér en þeir lækka ekki af sjálfu sér og skiptir engu máli hvað viðskrh. segir um lögmál markaðarins. Ef ríkisstjórn hefur enga tilburði til að stuðla að lækkun vaxta, hvað þá að hún hafi neina burði til að lækka þá með handafli, þá lækka þeir ekki og það er heldur enginn vilji til að lækka þá. Ef vilji hefði verið til að lækka vexti í landinu þá væri búið að því.

Hæstv. viðskrh. skellti náttúrlega myndarlega á nasir aðila vinnumarkaðarins með tilsvörum sínum og þar með hefðu þeir átt að skilja hvað skall í tönnum.

Ef ríkisstjórnin hins vegar hefði beitt sér fyrir lækkun vaxta, myndarlegri vaxtalækkun upp á t.d. 3% eins og aðilar vinnumarkaðarins fóru fram á, þá hefði það verið stórt skref til styrktar atvinnulífinu. En það var ekki gert. Vextirnir skulu ganga frjálsir. Og svo er gripið til annarra úrræða og þau eru ekki aldeilis í stíl við það sem um hefur verið talað undanfarna daga í þessum viðræðum. Það má segja um hæstv. forsrh. eins og segir í Passíusálmunum:

Það sem helst hann varast vann
varð nú að koma yfir hann.

Ég tek það fram til upplýsingar fyrir yngri þingmenn Sjálfstfl., sem eru að vísu ekki margir hér, að Passíusálmarnir eru ekki um hæstv. forsrh. Þeir eru ortir af séra Hallgrími Péturssyni fyrir mörgum, mörgum áratugum síðan. En hæstv. forsrh. hefur orðið að éta ofan í sig alla sína svardaga undanfarna daga. Það vill til að hann hefur góða matarlyst.

Kosningaloforð Sjálfstfl. — eigum við að rifja þau upp? Ég man ekki betur en að þeir þvertækju fyrir það að þeir ætluðu að hækka skatta meðan þeir voru að ná völdum í þjóðfélaginu. Þá greinir a.m.k. á um það núna síðast hvort þeir hafi lofað skattalækkun. Sumir lofuðu skattalækkun, sumir lofuðu að hækka ekki skattana. Það var einn einasti frambjóðandi Sjálfstfl. sem annað hvort af óvitaskap eða hreinskilni missti það út úr sér að það yrði óhjákvæmilegt að hækka skattana. Það var náttúrlega einn þeirra skarpasti maður og hreinskilnasti, Pálmi Jónsson, sem sagði þetta. En hann fékk aldeilis bágt fyrir. Þetta var borið til baka strax morguninn eftir í Morgunblaðinu með auknum svardögum. En hvað hefur nú komið í ljós? Svardagarnir gengu ekki eftir.

Eins er þetta með gengið. Fastgengisstefnan hefur verið trúaratriði hjá þessari hæstv. ríkisstjórn en nú er gengisfelling staðreynd og það var ríkisstjórnin sem felldi gengið, ekki Seðlabankinn. Ég hef það fyrir satt að furstarnir í Seðlabankanum hafi heyrt það í morgunútvarpinu þegar þeir opnuðu fyrir tækin sín á mánudagsmorgni að gengið væri fallið. Það var ríkisstjórnin sem felldi gengið og þingflokkar hennar féllust á að láta hana komast upp með það og ákváðu hvað gengisfellingin ætti að vera mikil.

Ég minni á svardaga hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. undanfarna daga um að gengisfelling kæmi ekki til mála og ég nefni annan ráðherra sem ég veit ekkert um hvort er blautur í fæturna eða ekki. Ég vona að svo sé ekki því þá gæti hann kvefast og hann má illa við því jafnmikill ferðamaður og hann er, þ.e. sá sem er fremstur meðal jafningja, hæstv. utanrrh. Hann þurfti náttúrlega að vera fremstur þar eins og annars staðar og hann tók allra mest upp í sig af ráðherrunum um gengismál. Hann sagði að gengisfelling væri ekki einasta að pissa í skóinn sinn, heldur beinlínis það vitlausasta sem hægt væri að gera. Og hann ætlaði að berjast til síðasta manns áður en gengið yrði fellt. En nú er gengið fallið. Erlendar skuldir hækkuðu um 10 milljarða í fyrrinótt. Skuldir Landsvirkjunar t.d. hækkuðu um 3 milljarða í fyrrinótt. Það eru drjúg næturverkin hjá þessum herrum. Það er ekki nóg með þetta. Verðbólgan er óhjákvæmilega komin á skrið í kjölfar þessara ákvarðana. Ég tel að það hefði þurft að breyta skráningu gengisins og það hefði þurft að gera það miklu fyrr, en það þurfti að gerast samfara nauðsynlegum hliðarráðstöfunum til þess að hér færi ekki allt af stað. Þær hliðarráðstafanir voru ekki gerðar og þar af leiðandi er verðbólgan komin á skrið. Olíufélögin láta ekki bíða eftir sér frekar en vant er og þau eru búin að ákveða hækkun á olíu og bensíni. Afleiðingar gengisfellingarinnar hellast nú á næstu vikum út í þjóðfélagið og gera náttúrlega árangur þann sem ríkisstjórnin hefur búist við að hún næði með því að fella gengið að engu á stuttum tíma og við erum komnir inn í vítahringinn af því að vitlaust var byrjað. Það var vitlaust fitjað upp og nauðsynlegar hliðarráðstafanir ekki gerðar, gengisfelling ákveðin einhliða og hrunadansinn er hafinn.

Ég geri ekki ágreining við hæstv. ríkisstjórn um það að mikil nauðsyn var að styrkja stöðu atvinnuveganna. Það hafa verið fluttar byrðar upp á 6–8 milljarða frá atvinnuvegunum og ég tel að það hafi verið nauðsynlegt að gera í stöðunni. Úr því að ríkisstjórnin var á annað borð búin að binda atvinnuvegunum þessa bagga, þá var óhjákvæmilegt að létta þeim af. En hvert voru þeir svo fluttir? Við vorum að vonast eftir því í stjórnarandstöðunni, aðilar vinnumarkaðarins, a.m.k. verkalýðshreyfingin var að vonast eftir því að þessar byrðar yrðu a.m.k. að verulegum hluta færðar yfir á hátekjumenn og þá sem breiðust hafa bökin og þá sem helst gætu borið þær. En það var aldeilis ekki gert. Um það var tekin pólitísk ákvörðun, svo ég endursegi kafla úr ræðu hæstv. sjútvrh. áðan, að láta þær ekki koma niður á hátekjumönnum. Byrðarnar voru fluttar með röngum hætti, þær voru, ef svo mætti segja, settar á vitlausa menn. Þær voru fluttar á fólk með miðlungstekjur og þær voru fluttar á fólk með lágar tekjur. Það er enn þrengt að kosti þeirra sem lægstar hafa tekjurnar. Einyrkjaskatturinn, þ.e. þessi 15% hækkun á gjaldtöku á þá sem skila staðgreiðslu eftir reiknuðum tekjum, kemur náttúrlega illa við. Þetta eru álögur á bændur og aðra smáatvinnurekendur. Við bændur vorum ósköp kátir þegar við heyrðum það í morgunútvarpinu hérna um daginn að við áttum einn vin. Það var hæstv. forsrh. sem hélt það væri búið að leggja nóg á bændastéttina. En bændavinátta hæstv. forsrh. entist bara í fjóra daga eða svo.

Það er verið að hækka tekjuskattsprósentuna um 1,5%. Síðan er settur á eða gefið fyrirheit um hátekjuskatt sem er bara til málamynda. Auðvitað hefði ver-

ið sjálfsögð leið og miklu skynsamlegri eins og hv. 1. þm. Austurl. gat um í gær, að hækka tekjuskattinn en hækka jafnframt skattleysismörkin. Þá hefði þetta þó komið skaplegar við heldur en eins og ríkisstjórnin framkvæmir þetta.

Eitt er enn í þessum skattapakka. Það er ákveðið að fresta enn um sinn þvert ofan í loforð hæstv. fjmrh. og fyrirheit í stjórnarsáttmála og í mörgum yfirlýsingum þeirra stjórnarliða, fresta enn um sinn, a.m.k. um eitt ár, fjármagnstekjuskatti. Það er tekið upp nýtt virðisaukaskattsprósentustig, 14%. Þennan skatt á að leggja á húshitun. Ég man eftir þeim fjármálaráðherrunum Jóni Baldvini Hannibalssyni og Þorsteini Pálssyni sem töldu það aldeilis ófært og útilokað og óframkvæmanlegt að hafa virðisaukaskatt í tveimur þrepum. Nei, hann átti að vera í einu þrepi. Nú á hann að vera í tveimur. En hvar er hann lagður á? Hann er lagður á húshitunina í landinu. Það er ákaflega óréttlátt að gera það. Það eykur enn á misræmi milli þegnanna. Þessi skattur, húshitunarskattur, veltist náttúrlega beint yfir á neytendur. Það er lagður skattur á útvarp og sjónvarp og bækur og blöð og það þurfti svo sem ekkert að kippa sér upp við það því að ríkisstjórnin er þegar kunn af sérstökum fjandskap við allt sem lyktar eitthvað af menningu eða menntun. Svo ráðast þeir á ferðaþjónustuna sem hefur verið helsti vaxtarbroddurinn og eitt af þessum fáu ljósum í myrkrinu í atvinnulífi landsmanna. Nei, nei, hún skal bera virðisaukaskatt frá 1. sept. nk.

Það var út af fyrir sig gott að afnema aðstöðugjaldið því aðstöðugjaldið hefur verið ranglátur skattur og ég er sammála því að það skuli vera afnumið, en það að afnema aðstöðugjaldið bætir ekki stöðu sjávarútvegsins að ráði. Það er einungis um 600 millj. af aðstöðugjaldinu sem sjávarútvegurinn borgaði, þannig að honum léttir ekkert við þetta. Sjávarútvegurinn situr enn þá í súpunni og þessar aðgerðir urðu honum ekki til bjargar. — Og nú spyr ég frú forseta hvort ekki væri unnt að ná hæstv. sjútvrh. í salinn. Mig langar til að eiga við hann ofurlítinn orðastað. (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess að svo geti orðið.) Mér fannst nefnilega í þessum ráðstöfunum hæstv. sjútvrh. hafa verið lítilþægur fyrir hönd þeirrar starfsgreinar sem hann ber ábyrgð á og er undirstaða undir öllu þessu batteríi okkar og öllu þjóðfélagi okkar hér á landi.

Ég ætlaði nefnilega, ef hæstv. sjútvrh. væri tiltækur, að spyrja hann hvað hann teldi að hann hefði bjargað mörgum byggðarlögum, sjávarútvegsplássum, sem voru á aftökulistanum. Ef ég man rétt þá hafði hann á aftökulistanum sem hann las á Akureyri fyrir hálfum mánuði eða þremur vikum 37 sjávarpláss, þar af nokkur í mínu kjördæmi. Mig fýsir að vita hvað hann telji að hann hafi bjargað mörgum þeirra með þessum nætururverkum. Ég óttast að aftökulistinn hafi lítið styst. Því miður.

Sjútvrh. hefur fallist á veiðileyfagjald og ég er algjörlega ósammála hv. 8. þm. Reykn., Ólafi Ragnari Grímssyni, sem telur að Alþfl. hafi ekkert fengið fyrir sinn snúð. Alþfl. fékk náttúrlega ýmislegt fyrir sinn snúð í þessum ráðstöfunum. Hann er enn þá meiri hagsmunagæsluflokkur ríkra manna á Íslandi heldur en Sjálfstfl. Alþfl. er langt til hægri við Sjálfstfl. í íslenskri pólitík meðan þeir herrar eru við stjórn sem nú ráða þar lögum og lofum. Þeir komu hæstv. sjútvrh., sem nú gengur í salinn, til þess að fallast á veiðileyfagjald.

„Gjaldtakan ýtir undir sættir í þjóðfélaginu" orðaði hæstv. forsrh. það svo skemmtilega í Morgunblaðinu í morgun. — Gjaldtakan ýtir undir sættir í þjóðfélaginu. — Það held ég nú ekki. Hann hefði átt að segja og svoleiðis les ég það: Gjaldtakan ýtir undir sættir í ríkisstjórninni. Það er það sem þessi gjaldtaka gerir. Nú verða kratarnir til friðs, sjútvrh. beygði sig og allir eru sáttir. Veiðileyfagjaldið er vondur skattur, einhver sá vitlausasti sem hægt er að leggja á, en það er ein bót í máli, það á ekki að leggja hann á fyrr en 1996. Sem betur fer hafa þá farið fram kosningar og sem betur fer verður þá komin önnur ríkisstjórn í landið.

Ég vona að þetta gáleysi hæstv. sjútvrh. verði ekki til þess að veiðileyfagjald festist hér í sessi. Og ég vona það að hér verði komin ríkisstjórn árið 1996 sem hefur þetta að engu. Við höfum nefnilega haft dæmi um það að fyrirheit um skattheimtu hafa ekki náð fram að ganga. Ég nefni títtnefndan fjármagnstekjuskatt. Síðustu ríkisstjórn tókst ekki að koma honum á þrátt fyrir það að við vildum endilega gera það. Og núv. ríkisstjórn, sem hafði uppi miklu sverari svardaga heldur en við, um að koma fjármagnstekjuskattinum á og málið var búið að vinna vel í hendur henni, hefur nú frestað því a.m.k. um ár og á áreiðanlega ekki eftir að leggja þennan skatt á á sínum starfstíma, sem ég vil ekki spá hvað verði langur. Sumir eru að segja það að Alþfl. hlaupi úr ríkisstjórninni strax og þeir hafa fengið sinn EES-samning fullgiltan hér á Alþingi. Það kann að vera eina réttlætingin fyrir því að fullgilda þennan EES-samning sem ég vil taka fram að ég styð ekki. En það er komið á þá töluvert fararsnið og ég veit ekki hvað tryggðin endist þeim lengi úr þessu, eftir að þeir eru búnir að fá þeim þörfum sínum fullnægt að fá Alþingi til að samþykkja samninginn um Evrópskt efnahagssvæði sem er hæstv. utanrrh. mikið metnaðarmál að verði staðfestur, illu heilli.

Ég ætlaði að spyrja hæstv. sjútvrh. hvað hann teldi að með ráðstöfunum sínum í fyrrinótt hafi honum tekist að stytta aftökulistann um mörg sjávarpláss. Á fundi á Akureyri las hann upp dóminn yfir 37 sjávarplássum, þar á meðal nokkrum í mínu kjördæmi. Mér er forvitni á að vita hvort hann hefur bjargað þeim með þessum ráðstöfunum. Ég held þau standi lítið betur eftir þessar ráðstafanir og vil láta það koma fram hér.

Hverjar verða svo afleiðingarnar af öllu þessu ferðalagi hjá hæstv. ríkisstjórn? Þeir ná litlum árangri með þessum ráðstöfunum. Gengisfellingarleiðin hefur verið opnuð, hrunadansinn er hafinn. Vextirnir koma til með að hækka í kjölfar þessara ráðstafana, ekki lækka, því miður. Verðlagið kemur til með að hækka og lífskjör launþeganna í landinu að versna. Atvinnulífinu er ekki skapaður grundvöllur til þess að standa á til frambúðar og ég þori að fullyrða að ef þessi ríkisstjórn sit-

ur fram á vorið, sem ég vona að hún geri ekki, þá eigum við yfir höfði okkar nýjar efnahagsráðstafanir á þessum vetri, einhvern tímann á útmánuðum.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson segir hæstv. sjútvrh. og Kristján Ragnarsson hafa svínbeygt Alþfl. varðandi þróunarsjóðinn. Hv. þm. Páll Pétursson telur hins vegar að Alþfl. hafi svínbeygt sjútvrh. Það væri efnilegt fyrir umræður ef þeir gætu komið sér saman um þetta efni, það mundi stytta málið. Ég vona að þeir félagar vinni að lausn málsins og tilkynni okkur um niðurstöðuna meðan á þessari umræðu stendur. Það væri betra að hafa þetta í einu lagi.

Ég bendi líka á það vegna þess að hv. þm. hafði áhyggjur af að verðbólga væri komin af stað ef hún færi upp í rúm 4%, að hv. 7. þm. Reykn., formaður Framsfl., sagði í þingræðu fyrir um mánuði síðan eða svo að svona lág verðbólga eins og nú væri komin væri ekki góð, það þyrfti að hækka hana dálítið af því að svolítil verðbólga væri betri en engin verðbólga. Ég spyr þingmanninn hvort hann haldi að formaðurinn sé ekki orðinn nokkuð ánægður með stig sem verðbólgan stefnir í, svona 4% á einu ári og síðan niður í rétt rúmlega 1% eftir það.

Í þriðja lagi gagnrýnir hv. þm. okkur fyrir það að hafa ekki sinnt samráðsskyldunni nóg við Alþýðusambandið og um leið gagnrýnir þingmaðurinn okkur fyrir það að hafa hækkað reiknaðar tekjur einstaklinga um 15%. Alþýðusambandið krafðist þess að hækkunin yrði 45%. Ég spyr þingmanninn: Áttum við að fara eftir þeirri kröfu til þess að gæta alls samræmis og samráða í þessum umræðum?

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Fyrst er það nú að í gegnum tíðina höfum við hv. 8. þm. Reykn. iðulega haft ágreining um hin ýmsu efni, allt frá því að við vorum flokksbræður í Framsfl. Ég tel það enga skyldu ... (Gripið fram í.) nei, ekki segi ég velkominn en það er ekki verra atkvæði en hvers annars, en ég ætla ekki að fara efna til neinnar forustu framar. En það gerir ekkert til þó að við höfum ágreining um smáatriði eins og það hver hafi beygt hvern, hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson eða hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson. Þar eigast þeir einir við eins og maðurinn sagði.

En ég held að lág verðbólga, þá á ég við lága verðbólgu, þurfi ekki að vera skaðleg í þjóðfélaginu og 1–2% verðbólga sé ekkert sem menn eigi að hafa áhyggjur af og jafnvel ekki 4% verðbólga. Í þessum ráðstöfunum er verðbólga sem er miklu hærri heldur en 4% og ég tel að það sé mikil óskhyggja hjá hæstv. ríkisstjórn ef hún heldur að verðbólgan fari ekki nema upp í 4% um skamman tíma og lækki svo strax aftur. Hvað reiknuðu þeir með mikilli hækkun hjá olíufélögunum? Hvað reiknuðu þeir með mikilli hækkun á vöruverði ef þeir halda að þeir geti haldið verðbólgunni neðan við 4%?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. svaraði mér ekki þegar ég spurði hann um það hvort við hefðum samráðsins vegna átt að samþykkja kröfur Alþýðusambandsins um að hækka reiknaðar tekjur um 45%. Við samþykktum eingöngu 15%.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú veit ég að hæstv. forsrh. er mikið lipurmenni og þægilegur í allri umgengni, en ég ætlast ekki til þess að hann hlaupi eftir hvaða vitleysu sem aðilar vinnumarkaðarins kunna að fara fram á við hann, enda yrði mikið skóslit hjá honum af því. Ég ætlast ekki til þess og hef aldrei farið fram á það að hann verði við öllu því sem aðilar vinnumarkaðarins kunna að finna upp á. En skynsamlegum ráðum sem þeir koma sér saman um, þjóðþrifaráðum eins og það að lækka vextina um 3%, þeim átti hann að verða við.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. vitnaði til ræðu minnar á aðalfundi LÍÚ á Akureyri með heldur ómerkilegum útúrsnúningum eins og hans er háttur. Ég nefndi sem dæmi í þeirri ræðu um umfang þess ef 20% atvinnufyrirtækja í sjávarútveginum færu á hausinn, hvert það væri, vegna þess að í opinberri umræðu hafði verið af gáleysi talað um það að nauðsynlegt væri að setja 20% af fyrirtækjum í sjávarútvegi á hausinn til þess að bæta afkomu hinna sem eftir eru.

Ég nefndi til þess að sýna mönnum fram á hvert umfangið væri í þessu samhengi, hvernig það liti út ef 20% fyrirtækja í stærstu verstöðvum landsins færu á hausinn, þá legðist sjávarútvegur af í Reykjavík og í Vestmannaeyjum. Svo nefndi ég dæmi um það hvernig dæmið liti út ef fyrirtæki í minnstu verstöðvum landsins yrðu sett á hausinn til þess að fullnægja þessum óskum og það voru fyrirtæki á 37 stöðum.

Hv. þm. veit það miklu betur en hann lét í skína að hér var ekki um að ræða neinn aftökulista af minni hálfu, enga spá um það að fyrirtæki á þessum stöðum færu á höfuðið, enda mjög skýrt tekið fram, og heldur ómerkilegt af hv. þm. að snúa út úr málflutningi með þessum hætti. Færi betur á að hann bæðist afsökunar á því þó ég eigi ekki von á að hann geri það. Það er ekki vani hv. þm. þegar hann beitir málflutningsbrögðum af þessu tagi.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. sjútvrh. vildi meina að ég væri með ómerkilega útúrsnúninga og ég ætla ekkert að biðjast afsökunar á því en mér leiðist ef honum hefur sárnað þetta. Það var nefnilega ekki ég sem fann upp á því að kalla þetta aftökulista. Það var annar maður. Það var starfsbróðir hæstv. sjútvrh., Jón Baldvin Hannibalsson, hæstv. utanrrh., sem kallaði þessa upptalningu hæstv. sjútvrh. aftökulista. Það var ekki ég sem átti þá nafngift enda ekki eins orðheppinn maður og hæstv. utanrrh. Ég verð að játa það að ég hafði meiri samúð með málflutningi hæstv. sjútvrh. en hæstv.

utanrrh. á fundinum á Akureyri og ég vildi sannarlega óska þess að hæstv. sjútvrh. hefði haldið þeim dampi sem hann hafði þar í góðra vina hópi meðal útvegsmanna á Akureyri. Ef hann hefði haldið honum í gegnum þessa hrinu, þá væri hag sjávarútvegsins betur gætt en hefur orðið í þessum næturverkum núna.

Varðandi það þegar hann er að agnúast út í mig fyrir útúrsnúninga og að halda á lofti þessum orðaleppum hæstv. utanrrh., þá er það alveg eins og í gamla daga þegar Rússar voru að skamma Albani þegar þeir meintu Kínverja. Ég held að hann ætti að snúa sér að því að tala yfir hausamótunum á hæstv. utanrrh. og ég vildi sannarlega að hann gripi til þess ráðs af sinni alkunnu snilld.

Útbýting þingskjala:

Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins, 228. mál, nál. utanrmn., þskj. 336.

Friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana, 41. mál, nál. utanrmn., þskj. 337; brtt. utanrmn., þskj. 338.

Ágústa Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Í gær færði hæstv. ríkisstjórn landsmönnum jólaglaðninginn og eins og hæstv. utanrrh. benti réttilega á í ræðu sinni í gær, þá er það ekki pakki í anda nútímajólasveina. Eru gjafirnar frekar í ætt við hrekki gömlu sveinanna, sona Grýlu og Leppalúða.

Þessar fyrirhuguðu aðgerðir ríkisstjórnarinnar virðast fyrst og fremst skapa óróa á vinnumarkaðnum og þær bitna helst á barnafólki og fólki með miðlungstekjur og þar undir. Hæstv. ráðherrar töluðu fjálglega um að bæta stöðu atvinnuveganna og þá sérstaklega stöðu sjávarútvegsins. Ríkisstjórnin leiðrétti gengisskráningu og felldi niður aðstöðugjaldið. Gott og vel, þessar aðgerðir skila eflaust einhverju í bili, en hvað gerist þegar Verðjöfnunarsjóðurinn er upp urinn? Verður þá ný gengisfelling?

Forsendur Þjóðhagsstofnunar fyrir útreikningum á afkomubata sjávarútvegsins byggjast á því að fiskverð hækki óverulega innan lands á næsta ári. Í því sambandi er rétt að benda á það að útgerðin, eftir því sem ég kemst næst, telur sig einmitt þurfa fiskverðshækkun til að bæta sína afkomu. Einnig má benda á að líklega eykst samkeppnin um takmarkað hráefni ef samningurinn um EES verður að veruleika. Það ætla jú allir að verða ríkir af því að flytja út fersk flök, ekki satt? Einnig má búast við aukinni ásókn í að salta þorsk. Hins vegar sýnist mér að saltfiskframleiðendur séu búnir að þurrka ECU-glýjuna úr augunum því ég sé ekki betur en að í blöðunum í vikunni séu þeir að búa sig undir verðhrun á saltfiski sem leiðir af aukinni samkeppni á EES-svæðinu á næsta ári. Má þar m.a. nefna vinnslu Norðmanna og einnig eru Rússar að veiða gríðarlegt magn af þorski í Barentshafinu. Það er ekkert sem stendur í vegi fyrir því að EB-löndin geti keypt þennan þorsk og unnið hann í saltfisk, en hins vegar getum við ekki keypt hann og unnið hann hér út af upprunareglum.

Það hefur verið staðhæft af hæstv. utanrrh. m.a. að íslenskur sjávarútvegur fengi 1–2 milljarða í vasann á næsta ári við tollaniðurfellingar vegna EES, en því miður er dæmið ekki svona einfalt. Það er alls ekki ljóst að hve miklu leyti tollalækkanir skila sér til framleiðendanna.

Ég get ekki látið hjá líða að minnast á öll sóknarfærin, þessi stórkostlegu sóknarfæri sem eiga að felast í samningnum um EES fyrir íslenskan sjávarútveg, en það er t.d. fullvinnsla á fiskafurðum. Eina leiðin, skilst mér, til þess að fá bresk börn til þess að borða fisk er að útbúa svokallaða fiskfingur, „fishfingers". Þetta er ódýr og vinsæl vara og selst alltaf betur og betur. Er þá ekki alveg upplagt fyrir okkur að fara út í svona vinnslu hér á landi og nýta okkur þessa möguleika? Jú, eflaust gætum við það. Svona verksmiðja mundi væntanlega ekki kosta nema nokkur hundruð milljónir og þær eru náttúrlega víða til í bankabókum, reikna ég með. Svo skulum við bara flytja inn brauðmylsnu, saga niður fiskblokkir og hefjast handa, ekkert mál.

Þetta er bara ekki alveg svona auðvelt. Í fyrsta lagi kostar þetta mikla vöruþróun sem aftur kostar gífurlega peninga. Í öðru lagi er það markaðssetningin en stórfyrirtæki í Bretlandi reikna með því að það kosti 500 milljónir bara að koma einni nýrri vörutegund á markað. Síðast en ekki síst verðum við að gera okkur grein fyrir því úr hvaða hráefni þessar vörur eru framleiddar.

Ég vil vitna í grein í sérblaði Morgunblaðsins um sjávarútveg þann 18. nóvember og fjallar um Icelandic Freezing Plants Ltd., dótturfyrritæki SH í Bretlandi. Þar segir m.a. að í fyrra hafi orðið 12% aukning á sölu fiskrétta, framleiddra í verksmiðju fyrirtækisins. Og enn fremur segir orðrétt, með leyfi forseta: „Tregða gegn verðhækkunum sé mikil og erfitt sé að selja fisk við þessar aðstæður. Fólk fari einfaldlega yfir í ódýrari matvæli eins og kjúklinga, fari fiskverðið of hátt. Æ stærri hluti unninnar vöru sé nú seldur á svokölluðu kynningarverði, sem þýði að verðið standi nánast í stað, enda sé verðbólga ekki nema 3,5%. Í ljósi þessarar stöðu hefur framleiðslu verksmiðjunnar verið beint í ódýrari og einfaldari vöru og" — og takið nú eftir — „unnið úr ódýrara hráefni eins og Alaskaufsa, lýsingi og hokinhala." Okkar eigin verksmiðjur í Bretlandi hafa ekki efni á að vinna úr hráefninu okkar. Og hér á landi þó við fegin vildum vinna úr hráefnum eins og Alaskaufsa þá eigum við þess ekki kost út af upprunareglunum nákvæmlega eins og með Rússaþorskinn. Og við getum ekki notað okkar ufsa. Hann er allt of dökkur. Þetta er því ekkert einfalt mál. En svo sannarlega vona ég að í framtíðinni verði einhver sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi svo vel stödd að þau gætu nýtt sér hugsanleg sóknarfæri sem kynnu að leynast í samningunum við EB.

Í greinargerð hæstv. ríkisstjórnar síðan í gær er gert ráð fyrir sérstökum aðgerðum til eflingar atvinnu. Ég verð að taka undir orð stöllu minnar Kristínar Ástgeirsdóttur í umræðunum í gær og lýsa vonbrigðum mínum með það að ekki sé tekið á atvinnuvanda

kvenna sérstaklega. En aðgerðir ríkisstjórnarinnar beinast fyrst og fremst að vega- og byggingarframkvæmdum sem hafa nú ekki hingað til sópað að sér konum til vinnu. Ég vil benda á að þingkonur Samtaka um kvennalista hafa flutt um það tillögur á Alþingi að innan Byggðastofnunar verði sérstök deild sem helgi sig atvinnumálum kvenna og fjármagn sé sérstaklega eyrnamerkt í þeim tilgangi að auka atvinnutækifæri kvenna á landsbyggðinni.

Ríkisstjórnin hefur hælt sér sérstaklega af því að stórauka eigi framlög til rannsókna og þróunar. Ég fagna því mjög en vona samt sem áður að Ártúnsbrekkan verði ekki mikil fyrirstaða í flæði þess fjármagns. Það vill oft verða svo. Hins vegar ber að geta þess að væntanlegu framlög eru skilyrt. Þau eru háð því að einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar nái fram að ganga, því að það takist að selja fjármagnsfyrirtæki í eigu ríkisins, þ.e. Búnaðarbankann. Hvort eða hvenær það gerist er með öllu hulið og því vænlegast að gera sér engar gyllivonir um þetta fjármagn.

Hæstv. ríkisstjórnin segist ætla að styrkja stöðu atvinnulífsins en þvert ofan í þau áform ætlar hún að leggja 14% virðisaukaskatt m.a. á ferðaþjónustuna og bókaútgáfu. Það hlýtur að teljast furðulegt að ráðast þannig á ferðaþjónustuna sem er þó að samdóma áliti flestra helsti vaxtarbroddurinn í atvinnulífinu í dag. Gildir þá einu þó sérfræðingar ríkisstjórnarinnar þykist vera búnir að reikna það út að heildarraunhækkun þjónustunnar þurfi aðeins að vera 2%, það er of mikið. Og bókaútgáfa má heldur ekki við hækkunum.

Ég og fleiri hefðum frekar kosið að sjá lækkun á hluta virðisaukaskattsins, þar á ég við matarskattinn. Lækkun eða afnám matarskatts mundi koma ferðaiðnaðinum sérstaklega vel og örugglega skila sér til baka í öðrum tekjum. Mér er fullkomlega ljóst að matarskatturinn færir ríkissjóði umtalsverðar tekjur. En er ekki líka ástæða til að létta byrðunum af láglaunafólkinu? Matarskatturinn kemur jú verst út fyrir þá tekjuminnstu. Það má leikandi ná inn tekjum á móti t.d. með skatti á lúxusvörur. Afnám matarskatts hefði líka í för með sér aukin atvinnutækifæri í matvælaiðnaði og styrkti stöðu íslensks landbúnaðar og ekki mun af veita.

Fyrir síðustu kosningar höfðu alþýðuflokksmenn fögur orð um jöfnun húshitunarkostnaðar. Við sem búum á köldu svæðunum bíðum nú enn þá eftir þeim aðgerðum. Og núna ætlar ríkisstjórnin að bæta gráu ofan á svart og leggja 14% virðisaukaskatt á alla húshitun í landinu. Það er að vísu gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að verja 80 millj. til jöfnunar í tengslum við breytingar á virðisaukaskatti. En ég á eftir að sjá efndirnar. Og ég efast um að þessar 80 millj. dugi til að jafna þetta út.

Þá á enn að skerða barnabæturnar um 10% eða 500 millj. Ætlar þá hæstv. ríkisstjórn að sjá til þess að sú skerðing lendi bara á tekjuhæstu foreldrunum? Það hefur ekki komið hér fram í umræðunum og þætti mér vænt um að fá svar við því.

Síðast en ekki síst er komið að sjóðnum fína nýja, þróunarsjóði sjávarútvegsins. Mikið er gott að geta skírt hlutina nýjum nöfnum og kallað þá svo einhverja nýjung. Mér skildist af fréttaflutningnum í gær að inn í þennan sjóð rynni Hagræðingarsjóður og allar hans aflaheimildir fengi útgerðin gefins næstu fjögur árin eða þar til veiðileyfagjaldið yrði tekið upp. Hvernig ætlar þá ríkissjóður að fjármagna starfsemi Hafrannsóknastofnunar? Samkvæmt útreikningum fjmrn. er ætlunin að staða ríkissjóðs batni um 540 millj. í kjölfar efnahagsaðgerðanna en sá bati stóð því miður ekki nema í sólarhring eða svo því að Hafró er ekki þar inni í dæminu. En það var gert ráð fyrir nákvæmlega þessari upphæð eða 537 millj. sértekjum til stofnunarinnar af sölu aflaheimilda Hagræðingarsjóðs.

Mér skilst að þessi þróunarsjóður sé útkoma tvíhöfðanefndar ríkisstjórnarinnar um endurskoðun fiskveiðistjórnunarinnar. Mér finnst furðu sæta að það skuli hafa tekið allan þennan tíma, fé og fyrirhöfn, að komast að þessari niðurstöðu. Ég hélt satt að segja í einfeldni minni að menn hygðust finna nýjar leiðir. Það er góðra gjalda vert að aðstoða við úreldingu en svo mörg atriði eru óljós varðandi þennan sjóð og áhrif hans að ekki er hægt að meta þau að svo stöddu. En er ekki stóra meinið í dag sjálft kvótakerfið fyrir utan aflabrest, tíðarfar og aðra óviðráðanlega hluti? Er ekki aflamarkskerfið að ganga af landsbyggðinni dauðri? Ég spyr. Er nokkurt vit í því að stórir verksmiðjutogarar skuli vera að eltast við nokkra þorsksporða bara af því að þeir telja sig eiga óveiddan þorskkvóta? Rjúka kannski úr bullandi karfaveiði. Er þetta hagkvæmni aflamarkskerfisins? Og er hagkvæmt að ganga að smábátaútgerðinni dauðri? Styrkir það atvinnuna í landinu? Verðum við ekki bara að láta bátunum eftir grunnslóðina og ýta, með góðu að sjálfsögðu, stóru togurunum út á djúpið, jafnvel út fyrir 200 mílurnar? Við verðum að snúa okkur að því að auka tekjur sjávarútvegsins með einhverjum hætti. Það er ekki endalaust hægt að skera niður. Sækjum á ný mið. Við þurfum ekki endilega að senda togarana okkar til Mexíkó eða Kamtsjatka til þess. Ég veit ekki betur en að það sé að staðaldri á annað hundrað erlendir togarar að veiðum rétt utan landhelginnar. Þeir hljóta að vera að veiða einhverjar tegundir sem við getum veitt líka. Ég minnist á þetta vegna þess að í greinargerðinni um þróunarsjóðinn er ekki minnst einu orði á að aðstoða útgerðina við að nýta auðlindirnar í kringum Ísland. Það er bara talað um aflaheimildir við önnur lönd sem er ágætt út af fyrir sig en við megum passa okkur á að líta ekki langt yfir skammt.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Hinn gullni meðalvegur var sú nafngift sem hæstv. utanrrh. gaf þessu plaggi sem verið er að ræða í dag. Hann er sá eini af alþýðuflokksmönnum sem hefur tekið þátt í umræðu um þetta mál og það vekur auðvitað sérstaka athygli. Hann sagði fyrir nokkrum dögum, eins og margoft hefur verið endurtekið, að gengisfelling væri sú vitlausasta leið sem hægt væri að fara í stöðunni en hann er nú á þeirri leið. Það er kannski annar ráðherra sem ber ekki minni

ábyrgð á þessu máli, þ.e. hæstv. forsrh. Hann hefur auðvitað haft ásamt utanrrh. þá lykla í höndunum sem hefði þurft til að ganga frá þessu máli með skynsamlegri hætti en hér var gert. Það var nefnilega greinilegt að fjölmargir aðilar í þjóðfélaginu voru tilbúnir að leggja hönd á plóginn og tilbúnir að leggja mikið á sig til að hægt væri að skapa þjóðarsátt um að leysa þau stóru vandamál sem ekki er ágreiningur um að þurfi að leysa. En ríkisstjórnin hefur auðvitað opinberað það fyrir þjóðinni að hún þorði ekki að fara þessa leið vegna þess að hún var of veik að eigin mati til að fara þjóðarsáttarleið. Vegna þess að eftir að búið hefði verið að gera slíka þjóðarsáttarsamninga, þar sem hefði auðvitað orðið að taka á samningamálum aðila vinnumarkaðarins líka og hafa sáttina til lengri tíma en áður hefur verið, hefði ríkisstjórnin að áliti þeirra ráðherranna líklega verið talin hafa verið sett af af þeim sem hefðu komið að borðinu til viðbótar við hana. Þetta er auðvitað mikill misskilningur. Það hefði sýnt reisn og pólitískan kjark að þora að fara í alvöru viðræður um þjóðarsátt um þau stóru mál sem hér eru á ferðinni og hefur sumpart verið tekið á í þessu plaggi sem hér hefur verið lagt fram.

Endalok þeirra þreifinga sem höfðu farið af stað með aðilum vinnumarkaðarins og ríkisstjórninni eru mér þess vegna mikil vonbrigði. Við alþýðubandalagsmenn höfðum lýst því yfir að við vildum taka þátt í svona samningum og við vildum leggja eitthvað á okkur til að kanna möguleikana á því að þjóðin gæti sameinast um niðurstöðuna. Nú er í raun búið að vísa þessu máli frá, ríkisstjórnin hefur tekið málið í sínar hendur. Hún hefur lagt það hér á borð. Hún hefur notað tækifærið til að fara í alls konar hrossakaup um þau mál sem hafa verið óafgreidd innan ríkisstjórnarinnar. Og það er margt sem þar hefur verið uppi á borðum.

Mig langar til að fara örfáum orðum um sum þau atriði sem hér koma fram en það er búið að gera þeim það góð skil að ég ætla ekki að eyða í það miklum tíma. Í þessu plaggi sem við höfum hér var sagt að mikilvægasta vörnin fyrir þá sem lægst hafa launin væri að varðveita stöðugleikann enda væri það meðal meginmarkmiða aðgerðanna. Það er afar merkilegt vegna þess að í plagginu sjálfu stendur að það sé gert ráð fyrir að kaupmáttur launa verði ekki bættur að því leyti til sem hann skerðist vegna þessara aðgerða. Og mér skilst að geti verið um 4% kaupmáttarrýrnun að ræða.

Um aðstöðugjaldið vil ég segja að ég er samþykkur því að menn leiti leiða til að afnema það. En það er auðvitað afleitt að setja málið í slíka biðstöðu eins og er gert með fleiri mál í þessum samningum ríkisstjórnarflokkanna. Að menn ákveða að gera einhverja hluti en fresta því fram í framtíðina að taka á því hvernig eigi að bæta fyrir það sem verið er að taka ákvarðanir um. T.d. er því frestað um heilt ár að taka afstöðu til þess með hvaða hætti eigi að bæta sveitarfélögunum upp aðstöðugjaldið og þau skulu sækja peninga til ríkissjóðs á meðan. Og það verður auðvitað fróðlegt að fylgjast með því þegar borgarstjórinn í Reykjavík, Markús Örn Antonsson, kemur og sækir meira en helminginn af því fé sem fer til sveitarfélaganna til hæstv. ráðherra Friðriks Sophussonar.

Sumt af því sem verið er að setja fram í þessu plaggi höfum við auðvitað séð áður og ég hirði ekki um að fara sérstaklega yfir það þó að það sé lagt fram sem hluti af þessum aðgerðum. Mig langar samt til að nefna þá upphæð sem talað er um að eigi að verja til aðgerða í atvinnumálum á Suðurnesjum. Nú vil ég taka það fram alveg sérstaklega að ég er ekki að tala gegn því að eitthvað sé gert til að rétta við atvinnulífið á Suðurnesjum, en mér finnst afar sérkennilegt að í almennum aðgerðum, sem verið er að ræða, skuli lagðar fram 500 millj. kr. úr ríkissjóði til eitthvers einstaks svæðis. Það er auðvitað atvinnuleysi víðar um landið og menn hljóta að skilja að eðlilegra hefði verið að einhver upphæð hefði verið lögð fram til sérstakrar atvinnuaukningar á svæðum þar sem atvinnuástandið er mjög slæmt og það hefði síðan verið vegið og metið hvar þessir peningar ættu að koma niður. Í því plaggi sem ríkisstjórnin kynnir segir að það eigi að setja 500 millj. kr. á eitt sérstakt svæði á landinu. Þetta finnst mér ádeiluvert og ég vil að það komi hér fram.

Það er auðvitað sorglegt að sjá það að menn skuli hafa samið um það að tekjuskattshlutfallið verði hækkað á öllum einstaklingum í landinu um 1,5%. Ég tel að það hafi verið slys að menn skyldu ekki ná saman um það að setja myndarlegra tekjuskattsþrep á hærri tekjur þannig að þeir sem meira hafa úr að spila leggi meira til í þessum aðgerðum sem verið er að tala um.

Þá er ég kominn að þeim breytingunum á virðisaukaskattinum, þ.e. þessu nýja 14% þrepi sem ég ætla sérstaklega að gera að umtalsefni vegna álagningarinnar á húshitun í landinu. Þetta er nefnilega gjald sem kemur misjafnlega niður á fólk. Þeir sem búa við dýrustu hitaveiturnar munu borga mest í ríkissjóð fyrir að hita upp húsin sín. Það er auðvitað ákaflega ósanngjarnt og mun bætast ofan á þær hækkanir sem þessar hitaveitur sem mest skulda þurfa að fá á sínum gjöldum því að það helst auðvitað í hendur að þær hitaveitur sem mest skulda eru auðvitað með hæstu gjaldskrárnar. Þær munu þess vegna borga mesta virðisaukaskattinn og þær munu auðvitað þurfa að hækka sína gjaldskrá vegna hækkandi skulda vegna gengisfellingarinnar. Þannig leggst þetta saman og mun koma verst niður á þá sem verst standa fyrir. Og ég ætla satt að segja að vona að menn beri þá gæfu til þess að taka á þessu máli sérstaklega og til þess duga ekki þær 80 millj. sem eru í fjárlagafrv.

Svo er hér um að ræða hækkun á bensíngjaldi um 1,50 kr. og er það alveg sérstakur kapítuli út af fyrr sig. Hér hefur ríkisstjórnin hrósað sér af því dag eftir dag, viku eftir viku að hún sé að setja sérstaka peninga í auknar framkvæmdir í vegagerð og gott og vel með það. En hvað hefur verið að gerast á sama tíma? Á sama tíma hafa tekjustofnar Vegasjóðs skipulega verið færðir í ríkissjóð og nú er svo komið að um er að ræða tæpar 700 millj. af tekjum Vegasjóðs sem renna beint í ríkissjóð. Ef við bætum kostnaðinum vegna ferju og flóabáta, sem eru færðar yfir á Vegagerðina með fjárlögunum núna, er búið að flytja tekjur og gjöld

yfir á Vegasjóð frá ríkissjóði samtals upp á 1 milljarð 24 millj. kr. Á móti á svo Vegasjóður að taka 1.800 millj. kr. lán til að bæta sér þetta upp. Hvers konar leikfimiæfingar eru þetta? Vegasjóður verður auðvitað að borga lánin til baka og þetta kemur út í framtíðinni sem veruleg skerðing á framlögum til vegamála. Það hljóta allir menn að sjá. Ég sé ekki hvers vegna hefði ekki verið eðlilegast að leyfa Vegasjóði að njóta teknanna af þeim gjöldum sem í hann eiga að renna og láta lánið sem hann hefði tekið til að auka framkvæmdir vera lægra.

Annars var mér efst í huga, virðulegi forseti, að ræða sérstaklega um þessa svokölluðu fjárhagslegu endurskipulagningu í sjávarútvegi. Ég óska eftir því að hæstv. sjútvrh. verði viðstaddur. Ég mun ekki hafa mjög langt mál um þetta en ég óska eftir því að hann verði viðstaddur meðan ég flyt það mál. Áður en hann kemur langar mig til þess að koma að vaxtamálunum. Ég nenni ekki að hafa langt mál um þau, svo aumlegt er það sem um þau stendur í plagginu. Auðvitað er niðurstaðan sú að vextirnir verða háir áfram. Það er allt saman loðið og teygjanlegt sem hér er verið að tala um og best færi á því að menn gæfu yfirlýsingu um að það væri ekki hægt að lækka vexti. Hæstv. viðskrh., Jón Sigurðsson, hefur þó sagt það beint út að hann telji enga möguleika á því að lækka vexti. Hér er verið að gefa í skyn að hugsanlegt sé að vextir lækki á sama tíma og gert er ráð fyrir að ríkissjóður taki 4 milljarða kr. lán vegna þessa sjóðs sem á að úrelda fiskiskip og fiskvinnslustöðvar og ég ætla að koma að á eftir. Þar er að ýmsu að gá. Sú hæstv. ríkisstjórn sem nú situr lýsti því yfir í sínum samstarfssamningi að hún ætlaði sér að láta endurskoða lögin um stjórn fiskveiða með það fyrir augum að eignarréttarákvæði 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða yrði virt, virðulegi forsrh. Ég man ekki betur en virðulegur forsrh. hnykkti á því í fyrstu ræðu sinni í þinginu að það ætti að standa að þessu með því móti að tryggja að þjóðin ætti auðlindina.

Nú hafa síðustu dagana verið að berast fréttir af endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar og með hvaða hætti ber þetta að? Við í sjútvn. höfum ítrekað spurt eftir hvað væri að gerast í þeirri nefnd sem ríkisstjórnin setti á laggirnar til að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða og koma með tillögur í þeim málum. Við höfum tvisvar séð þessa menn á fundum okkar. Í hvorugt skiptið kom neitt fram um það með hvaða hætti ætti að taka á þessum málum. Fyrir fáeinum dögum sagði hæstv. sjútvrh. að ekki næðist samkomulag í nefndinni og best væri að framlengja lögin um stjórn fiskveiða óbreytt og gefa kerfinu betri reynslutíma. Í Morgunblaðinu í dag stendur eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Síðan var það í sumar, samkvæmt upplýsingum Morgunblaðsins, að þeir Magnús Gunnarsson og Þröstur Ólafsson náðu um það samkomulagi sem fól í sér þá málamiðlun sem gerði það að verkum að báðir aðilar voru nokkuð sáttir, þ.e. að grundvallarreglan um veiðileyfagjald yrði samþykkt en útgerðaraðilar hefðu ákveðinn aðlögunartíma, sem nú hefur verið ákveðinn fjögur ár, ásamt því að tekjur sem öfluðust fyrir úthlutun veiðileyfa rynnu til þess að endurskipuleggja sjávarútveginn í landinu. Þessi grundvallaratriði hafa síðan verið í vinnslu innan nefndarinnar svo og á milli þeirra Jóns Baldvins Hannibalssonar og Þorsteins Pálssonar. Í síðustu viku lá svo fyrir að samkomulag í þessa veru var í sjónmáli en endanleg niðurstaða í málinu fékkst ekki fyrr en undir hádegi í gær og hafði þá mikið gengið á um helgina, samkvæmt upplýsingum Morgunblaðsins. Undir hádegi í gær hittust þeir Þorsteinn Pálsson sjútvrh., Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh., Davíð Oddsson forsrh. og Friðrik Sophusson fjmrh. ásamt fulltrúum nefndarinnar og gengu frá því samkomulagi sem forsrh. greindi svo frá á Alþingi eftir hádegi í gær."

Þetta fer ekki alveg saman. Fyrir nokkrum dögum sagði hæstv. sjútvrh. að það væri ósamkomulag í nefndinni og ekki neins að vænta þaðan. Nú langar mig að spyrja hæstv. sjútvrh.: Er þetta bara skrök í Mogganum?

Morgunblaðið fjallar mikið um þetta mál í dag og það er þó nokkur lesning að fara í gegnum það. Ég ætla ekki að gera það í ræðustól en mig langar að benda á fáein atriði sem þar koma fram. Það kemur nefnilega fram í Morgunblaðinu að það sé mikill mismunur á því hverju menn svara þegar Morgunblaðið er að spyrja sjútvrh., forsrh., forustumenn í sjávarútvegi eða forustumenn Alþfl. Þar er verulegur munur á því hvernig menn líta á þetta samkomulag. Það er eins og menn séu ekki að tala um sama samkomulagið. Sjútvrh. lætur í það skína að hér sé eingöngu um að ræða gjald sem eigi að vera sem næst svipað og það gjald sem menn hafa borgað í Hagræðingarsjóð en fulltrúar Alþfl. fullyrða að hér sé á ferðinni auðlindaskatturinn þeirra. Það sé búið að ákveða að auðlindaskatturinn eigi að vera frambúðarlausnin í sjávarútvegsmálum og undir það hafi alþýðuflokksmenn verið að skrifa. En sjálfstæðismenn hafa ekki verið að skrifa undir það og Kristján Ragnarsson er hinn kátasti og segir að nú sé búið að tryggja framtíðarskipulag í sjávarútvegi. Það verði óbreytt kvótakerfi áfram og enginn auðlindaskattur. Eitthvert smágjald í Hagræðingarsjóð og búið. Hér fara aldeilis ekki saman orð þeirra sem ættu að hafa verið að semja um þessi mál.

Ég tel að við þurfum að fá skýringu á þessu. Mig langar að spyrja forsrh. hvernig hann geti sætt sig við að stjórnarsáttmálinn sé brotinn. Í honum stendur mjög skýrum stöfum að eignarréttarákvæði 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða verði gerð virk og það eigi að felast í endurskoðuninni um stjórn fiskveiða. Það er auðséð að ef sjútvrh. hefur rétt fyrir sér og ef Kristján Ragnarsson hefur rétt fyrir sér, þá hefur ekki tekist að uppfylla þetta ákvæði stjórnarsáttmálans.

Ég reyndi að spyrja hæstv. sjútvrh. að því í andsvari við ræðu hans í dag með hvaða hætti ætti að standa að þessu máli. Hann vék sér undan því að svara og talaði óljósum orðum um það hvernig ætti að fara með þessi gjöld og sagði hreinlega að það ætti eftir að útfæra þetta. Hvernig í ósköpunum á maður að trúa því þegar verið er að tala um svo stórt mál og þetta að menn hafi ekki gengið frá því hvort útgerðarfélögin í

landinu ættu að fara að borga úreldinguna á fiskvinnslustöðvunum. Mig langaði bara að fá svar við því hreint og klárt. Já eða nei. Og ég spyr hæstv. sjútvrh. aftur: Er ekki hægt að fá svar við því? Var það niðurstaðan að útgerðarfélögin landinu ættu að borga úreldingu fiskvinnslustöðvanna? Svona samkomulag gera menn einfaldlega ekki nema ganga frá slíku máli. Það eru alveg hreinar línur.

Það er svo auðséð að úrelding fiskvinnslustöðvanna getur ekki farið fram með þeirri fjármögnun sem gert er ráð fyrir í þessu dæmi. Fasteignagjöld fiskvinnslustöðva geta engan veginn borið uppi úreldingu þeirra. Það hljóta allir menn að sjá og þess vegna þarf þetta svar að koma. Auðvitað þurfa allir að gera sér grein fyrir því að þarna er á ferðinni gífurlegur tilflutningur á fjármunum og meining a.m.k. alþýðuflokksmanna, sem hafa staðið að þessu samkomulagi, er sú að útgerðin í landinu eigi að greiða þennan herkostnað allan saman. Hún eigi að borga það sem sjóðirnir, sem á að steypa saman við þróunarsjóðinn, skulda og í framtíðinni eigi þetta síðan að verða auðlindaskatturinn sem þeir hafa talið sig vera að berjast fyrir.

Ég veit ekki hvort það hefur út af fyrir sig nokkra þýðingu að halda um þetta langa ræðu. Ég tel að þarna hafi verið á ferðinni hrikaleg hrossakaup. Eitt af því sem tekist var á um í þessu sambandi var sjávarútvegssamningurinn við EB. Það gerðist að sjútvrh. er búinn að segja okkur það svo til beinum orðum að samninganefndin hafi umboð til ganga frá þeim samningum. Ég tel að niðurstaðan af þessu sé sú að Sjálfstfl. sé búinn að gefa það eftir til Alþfl. vegna EES-málsins að það eigi að ganga að þessum samningi hvernig svo sem hann kemur til með að líta út. Um það ætla ég ekki að spá. Ég ætla satt að segja að vona að menn nái þeim markmiðum sem upp hafa verið sett, en ég tel að hér sé á ferðinni herkostnaðurinn, að við eigum að hleypa erlendum aðilum inn í landhelgina til þess að EES-samningurinn fái að fara í gegnum þingið.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla í upphafi máls míns að fara örfáum orðum um þær aðgerðir sem nú hafa verið boðaðar. Ég dreg ekki í efa að nauðsynlegt var að grípa til aðgerða í efnahagsmálum. Mér hafði verið það ljóst um margra mánaða skeið og hafði þess vegna forgöngu um að á haustþinginu var utandagskrárumræða um aðgerðir eða réttara sagt aðgerðarleysi hæstv. ríkisstjórnar í efnahagsmálum. Þá voru svör hæstv. forsrh. á þá leið að allt væri á réttri leið, stjórnarstefnan væri að skila sér og nú þyrfti ekki annað en eilitla þolinmæði og biðlund til þess að hún skilaði því sem til var ætlast. Á þessum tíma sáu nánast allir aðilar, í það minnsta hver einasti aðili sem var annaðhvort í samkeppnisiðnaði, útflutningi eða ferðaþjónustu, að aðgerðir voru löngu tímabærar. En ríkisstjórnin kaus að neita að horfast í augu við staðreyndir og því stöndum við í þeim sporum í dag að því miður er hér væntanlega um að ræða aðgerðir sem bæði eru of litlar og koma of seint.

Ég vil einnig minna á, og væri ágætt að hæstv. forsrh. heyrði, að það er ekki bara nú á haustdögum sem fram hafa komið tillögur um að það þyrfti að fara kostnaðarlækkunarleið. Ég minni á að forustumenn Vinnuveitendasambandsins bentu á þetta við kjarasamninga upp úr síðustu áramótum og útfærðu að nokkru leyti þá leið að leggja yrði niður aðstöðugjaldið og fleiri kostnaðartengda skatta og mæta því með álögum á þá sem hefðu tekjur til þess að borga. Ég minni á að ríkisstjórnin blés á þessar tillögur þá og því miður einnig forusta ASÍ.

Ég nefni þetta hér að hluta til vegna þess að sá sem hér stendur nefndi það ítrekað við ráðherra í umræðum á þingi á síðasta vetri að þessa leið yrði að skoða.

Ég vil einnig benda á að mér hefur alla tíð verið ljóst að kostnaðarlækkunarleiðin yrði ekki framkvæmd öðruvísi en það kæmi við einhvern. Þess vegna kemur mér eilítið á óvart þegar einstaka þingmönnum, sem formlega, m.a. í nafni síns flokks, lögðu til að þessi leið yrði farin, kemur á óvart að slík leið þýðir 4–5% samdrátt í kaupmætti. Mér var alla tíð ljóst að menn færðu ekki kostnað frá atvinnulífinu yfir á einstaklinga öðruvísi en það þýddi kaupmáttarskerðingu. Hins vegar veldur vonbrigðum í þessum tillögum hvernig sú kaupmáttarskerðing dreifist.

Ég vil í því sambandi nefna það sem ég tel vera plúsana við þessar aðgerðir. Það er fyrst og fremst niðurfelling aðstöðugjaldsins sem ég tel að hafi meiri jákvæð áhrif en menn hafa talið fram til þessa. Þetta er einfaldlega skattur sem í mörgum tilfellum veltir upp á sig á svo ósanngjarnan hátt í þjóðfélaginu að áhrifin munu verða víðtækari að mínu mati en menn hafa reiknað með. Þá tel ég einnig það að fara í viðhaldsframkvæmdir á þessu stigi á vegum ríkisins og vegagerð séu hvort tveggja jákvæðir þættir og skynsamlegt að grípa til þess núna meðan lægð er í framkvæmdum.

Ég ætla síðan að koma að neikvæðu þáttunum og draga þá eilítið saman í upphafi. Þá er fyrst það sem ég nefndi áðan hvernig álögurnar á einstaklinga koma fram. Þegar við fulltrúar í efh.- og viðskn. gengum eftir því við embættismenn ríkisvaldsins að fá útreikninga um hvernig þessar tillögur mundu koma fram, hvernig þær mundu koma við almenning, þá var lítið um svör. Þeir útreikningar eru ekki til. Það eina sem virðist hafa verið gætt að á síðasta stigi þessara aðgerða er að hátekjufólki og fjármagnseigendum tókst að koma vörnum við. Það er því miður nokkuð í anda ríkisstjórnarinnar og hennar vinnubragða frá upphafi að þessum aðilum sé hlíft. Eins og þetta liggur fyrir núna bendir allt til þess að þeir sem beri þyngstar byrðar af þessu séu miðlungstekjufólkið, þeir sem eru rétt fyrir ofan skattleysismörkin og eitthvað þar upp eftir skalanum. Það er ósköp einfalt mál að hækkun á bensíni og matvælahækkun vegna gengisfellingarinnar kemur langsamlega þyngst niður á þessum hópum. Ríkisstjórninni hefur þess vegna algerlega mistekist það sem þó var grunntónninn í umræðum ASÍ-manna þegar rætt var um þjóðarsátt að byrðunum yrði jafnað þannig niður að af yrði nokkur tekjujöfnun.

Þá ætla ég að nefna ferðamálin. Það er ótrúlegt að það skuli gerast á þessum tíma að þannig skuli vera gengið fram í þessum skattkerfisbreytingum að sú grein sem á kannski einna mesta möguleikana til einhverrar framsóknar skuli vera skattlögð sérstaklega. Þetta er eins og einn orðheppinn forustumaður í launþegahreyfingunni orðaði við okkur í efh.- og viðskn. í gærkvöldi: Þetta er stjörnugalin aðgerð. Það getur ekki hafa verið ætlunin að lækka tryggingagjald og afnema aðstöðugjald á ferðaþjónustunni til þess að rýma fyrir öðrum sköttum. Það er alveg ljóst að þessi grein þurfti á því að halda kannski umfram allar aðrar okkar útflutningsgreinar, því að þetta er útflutningsgrein sem aflar mikils gjaldeyris, að áhrif gengisfellingar kæmu þannig fram að ferðir lækkuðu í erlendum gjaldmiðli. Því miður stendur ríkisstjórnin þannig að þessu máli að það getur ekki orðið.

Þá vil ég nefna til viðbótar húshitunarkostnaðinn. Það getur ekki verið sanngjarnt að skattleggja húshitun á þennan hátt. Ég nefni í því sambandi að þetta er skattur sem kemur sérstaklega illa niður á landsbyggðinni.

Aðeins til viðbótar varðandi ferðamálin. Dæmið lítur þannig út að um er að ræða 400 millj. kr. aukaálögur á þá grein.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að halda langa ræðu en ég vil þó að lokum koma að sjávarútveginum. Nú þætti mér vænt um í það minnsta að sjá til sjútvrh. Í fyrsta lagi var það mjög sérstakt að horfa upp á það í gær að hæstv. utanrrh. kynnti í raun þær tillögur sem standa að baki nýja sjóðnum. Það glopraðist út úr stjórnarliðum í dag að það átti ekkert að kynna þessar tillögur í gær. Það var hæstv. utanrrh. sem missti þetta út úr sér þegar hann var kominn á flug í ræðustól.

Það liggur fyrir að hér er um að ræða ákveðna lausn til þess að klára starf tvíhöfðanefndarinnar. Í upphafi máls míns um þetta atriði get ég glatt hæstv. sjútvrh. með því að eftir að hafa skoðað málið í dag frá þeim hliðum sem ég hef séð, þá sé ég ekki betur en hæstv. sjútvrh. hafi sigur í þessari lotu. Það er rætt um upptöku veiðileyfagjalds á miðju næsta kjörtímabili — nú er ég þess fullviss að þá mun sitja önnur ríkisstjórn en nú er — en í öðru lagi hefur hæstv. sjútvrh. tekist að ganga þannig frá hnútunum að um langt árabil þar á eftir muni gjaldið renna til baka til sjávarútvegsins og á þann hátt slegið út af borðinu umræðu um almenna skattlagningu á greinina sem menn hafa stundum viljað kalla auðlindaskatt. Þarna held ég að hæstv. sjútvrh. hafi komið ákveðnum krók á Alþfl.

Hins vegar er ýmislegt annað aðfinnsluvert við sjóðinn. Eins og sjóðurinn hafði verið kynntur fyrir aðilum í sjávarútvegi og þeir kynntu okkur í efh.- og viðskn. í gærkvöldi, og nú bið ég hæstv. ráðherra að hlusta þannig að hann geti leiðrett mig ef ég fer með rangt mál, er honum ætlað að taka við sjávarútvegsfyrirtækjunum jafnóðum og þau yrðu gjaldþrota. Það kemur einnig fram í skrifum Morgunblaðsins í dag að annar stjórnarflokkurinn túlkar þetta þannig að í gegnum sjóðinn verði hægt að afskrifa með gjaldþrotum um 20% af sjávarútvegsfyrirtækjunum á næstu tveim árum. Nú vil ég spyrja hæstv. sjútvrh.: Miðað við þær forsendur sem hagsmunaaðilar hafa fengið í hendurnar og það sem Alþfl. kynnir í fjölmiðlum hvernig ætlar hæstv. sjútvrh. að koma í veg fyrir byggðahrunið sem hann nefndi á fundinum fræga á Akureyri? Það verður að veruleika að verulegu leyti nema menn hverfi frá því, eins og þessi nýi sjóður er kynntur, að taka fyrirtækin úr rekstri jafnóðum og sjóðurinn kemur til bjargar. Eins og Alþfl. kynnir sjóðinn á hann að taka þau fyrirtæki úr rekstri sem eru gjaldþrota eða við það að verða gjaldþrota og bankarnir eiga að geta ávísað sínum skuldbindingum á sjóðinn. Sjóðurinn á síðan að taka fyrirtækin úr rekstri til þess að fækka og skapa svigrúm fyrir önnur. Þetta er hugmyndafræðin.

Hins vegar tel ég að menn muni ekki hafa þrek, og þá segi ég „þrek" innan gæsalappa, til að framkvæma þessa skuldbreytingu á þennan hátt og þetta muni fara í það horf að í gegnum þennan sjóð verði skuldbreytt hjá einhverjum hóp af verst stöddu fyrirtækjunum án þess að tekið verði almennt á fjárhagslegri endurskipulagningu. Það er staða sem er illþolandi fyrir þá sem standa þokkalega og hafa allan vilja til að greiða úr sínum skuldamálum með sínum rekstri. Með þessu verða þau komin í stöðu þeirra verst reknu.

Ég vil eindregið, virðulegi forseti, fara fram á að sjútvrh. skýri fyrir okkur í ræðu á eftir betur en hann gerði í dag hvernig hann sér fyrir sér að þessi sjóður, jónasveinasjóðurinn, eins og hv. 4. þm. Norðurl. v. skýrði sjóðinn í gær og hann losnar sjálfsagt aldrei við það nafn, verði rekinn. Ég vil að hæstv. sjútvrh. lýsi fyrir okkur hvernig hann sér fyrir sér að þetta verði framkvæmt. Það liggur alveg ljóst fyrir í ummælum sjútvrh. frá síðustu vikum og reyndar umræðunni í gær og viðtölum við blaðamenn í gær hvernig hæstv. utanrrh. sér fyrir sér að þetta verði framkvæmt. Það er á þann veg sem ég lýsti fyrir ráðherranum áðan.

Ég vil að lokum benda á við hvaða aðstæður sjávarútvegurinn er að vinna meðan sjóðurinn verður að vinna sitt verk, að fækka fyrirtækjunum um 20% á næstu tveim árum samkvæmt yfirlýstu markmiði a.m.k. sumra þeirra sem standa að ríkisstjórninni. Það kom mjög greinilega fram í umræðum okkar við aðila vinnumarkaðarins í gærkvöldi og í dag að ef við ætlum að líta raunhæft á hvað þessar aðgerðir þýða gagnvart sjávarútveginum þá lítur það þannig út að þá hallaprósentu sem reiknuð var 8% í september þarf að hækka um 3–4%. Grunnurinn til þess að reikna, ef við ætlum að reikna rétt, væri 11–12% tap sem stefnir í á næsta ári. Ef við tökum síðan það sem aðilar í sjávarútvegi segja — ég ræddi við forstjóra eins stærsta útgerðarfyrirtækis landsins í morgun. Hann sagði: Fyrir mitt fyrirtæki þýðir gengisfellingin og það sem er í kringum hana 1–1,5% og aðstöðugjaldið 1%, þ.e. 2,5%. Þjóðhagsstofnun hefur viljað fara upp undir 5% en þá er hún búin að reikna til tekna 1,8% tekjuauka vegna verðhækkana á næsta ári sem enginn aðili í sjávarútvegi getur reiknað með. Það liggur því ljóst fyrir að sá grunnur sem sjávarútvegurinn verður að starfa við á næsta ári er tap eftir þessar aðgerðir upp á 5–8%.

því miður væntanlega í efri kantinum á þessu.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að halda lengri ræðu á þessu stigi. Það sem ég legg höfuðáherslu á er að hæstv. sjútvrh. skýri út frá sínum sjónarhóli hvernig á að framkvæma úreldingu og frystingu skipa og vinnslustöðva í gegnum nýja sjóðinn sem hæstv. utanrrh segir að verði það eina sem eftir standi í umræðunni um þær efnahagsráðstafanir sem hér hafa verið kynntar.

Útbýting þingskjals:

Útflutningur hrossa, stjfrv., 260. mál, þskj. 341.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hefði viljað óska eftir því við hæstv. forseta að það yrði kannað hvort hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. gætu verið í salnum vegna þess að ég þarf að beina til þeirra nokkrum spurningum. Ég vil biðja forseta um að vera svo vinsamlegan að kanna það mál. (**Forseti:** Forseti kannar það þegar í stað.) Ég þakka forseta.

Ég hafði, virðulegi forseti, hugsað mér að ræða í fyrsta lagi um aðdragandann að þessum aðgerðum í mjög stuttu máli. Í öðru lagi hafði ég hugsað mér að leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. ráðherra, bæði hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Síðan hafði ég hugsað mér að fara nokkrum orðum um þann þátt þessa máls sem hefur verið ótrúlega lítið ræddur en það eru þær skattahækkanir á einstaklinga sem þessar tillögur sem hér hafa verið kynntar gera ráð fyrir. Hér er um að ræða meiri skattahækkanir á einstaklinga en nokkurn tíma hafa áður verið lagðar fram tillögur um á hv. Alþingi. Það hefur aldrei áður verið lögð fram tillaga um aðra eins skattahækkun. Má heita athyglisvert að slíkt skuli gerast í stjórnartíð flokka sem báðir hafa svarið og sárt við lagt að þeirra höfuðkeppikefli sé að afnema tekjuskatt vegna þess að tekjuskattur sé launamannaskattur, eins og það var orðað t.d. af forustumönnum Alþfl. fyrr á árum og einnig af forustumönnum Sjálfstfl. Ég man reyndar ekki betur en þessir flokkar hafi báðir lýst því yfir að þeir stefni að því að afnema tekjuskatt af launum einstaklinga.

Varðandi aðdragandann að þessu máli þá hefur hann verið með býsna athyglisverðum hætti. Allri þjóðinni hefur verið ljóst í marga mánuði að grípa þyrfti til aðgerða í efnahags- og atvinnumálum. Þetta hefur verið rætt í þjóðfélaginu öllu. Þetta hefur verið rætt í verkalýðshreyfingunni. Þetta hefur verið rætt í samtökum atvinnurekenda og þetta hefur líka verið rætt í stjórnarflokkunum og þó ekki síður í stjórnarandstöðuflokkunum. Ég hygg að það sé einsdæmi, eða a.m.k. man ég ekki eftir því í mjög langan tíma að stjórnarandstöðuflokkur hafi gengið fram með þeim hætti sem Alþb. gerði og lagði fram ítarlegar tillögur lið fyrir lið um lausn á þeim efnahags- og atvinnumálavanda sem þjóðin stendur enn frammi fyrir.

Í framhaldi af þeirri tillögugerð Alþb. áttu forustumenn Alþb. viðtöl við fulltrúa núv. hæstv. ríkisstjórnar og sömuleiðis fjölmarga forustumenn verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda. Ég taldi um skeið að það hlyti að vera vilji til þess í þjóðfélaginu að reyna að ná heildarsamstöðu allra stærstu hagsmunasamtaka og stjórnmálaflokka um þær ráðstafanir sem þarf að grípa til.

Vissulega er það óvenjulegt, virðulegi forseti, að þannig sé að hlutunum staðið vegna þess að auðvitað er það svo að þegar ein ríkisstjórn situr sem hefur meiri hluta á bak við sig á hún náttúrlega að stjórna og bera ábyrgð á stjórnarathöfnum. Hins vegar verður að viðurkenna það líka að vandinn er óvenjulega stór. Þann tíma sem ég hef setið á Alþingi hygg ég að sá vandi sem við blasir í dag sé að mörgu leyti snúnari en hann hefur áður verið. Þess vegna var það í raun og veru eðlilegt að menn létu sér til hugar koma að það þyrfti að kalla alla að þessu borði, alla stjórnmálaflokkana, stjórn og stjórnarandstöðu, verkalýðsfélögin í landinu og samtök atvinnurekenda líka. Þegar ég er að tala um verkalýðsfélögin í landinu er ég auðvitað ekki aðeins að tala um Alþýðusambandsfélögin heldur líka Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasamband Íslands.

Þrátt fyrir þennan vilja sem þannig hefur komið fram frá forustumönnum stjórnarandstöðu og sömuleiðis af hálfu verkalýðshreyfingarinnar liggur það núna fyrir að ríkisstjórnin tekur einhliða ákvarðanir um hluti sem ganga þvert á hagsmuni launafólks og í þessum tillögum um ráðstafanir eru engar hugmyndir um jöfnunaraðgerðir af neinu tagi. Það er ekki milligramm af jafnaðarstefnu í þessu plaggi eins og það lítur út nema ef vera skyldu þessar 300 millj. sem skotið var inn í plaggið af sálfræðilegum ástæðum samkvæmt upplýsingum sem hæstv. forsrh. lét frá sér fara við flokksráðs- og formannafund Sjálfstfl.

Hæstv. forsrh. sagði þá að hann óttaðist að Sjálfstfl. þyrfti tímabundið að víkja af braut stefnu sinnar. Það er vissulega nýjung í íslenskri stjórnmálaumræðu að formaður stjórnmálaflokks lýsi því yfir að það þurfi að leggja flokkinn niður tímabundið til þess að hægt sé að koma saman ráðstöfunum í efnahagsmálum. Það lýsir líka mikilli fórnfýsi af formanni Sjálfstfl. að lýsa því yfir að flokkinn þurfi að leggja niður tímabundið meðan sé verið að ganga frá þessum tillögum í efnahagsmálum.

Niðurstaðan er sú að ríkisstjórnin hafnar í raun og veru þeim góða vilja sem fram kemur frá forustumönnum stjórnarandstöðu og verkalýðssamtaka og atvinnurekenda líka og leggur fram þetta einstæða skjal hér. Á grundvelli þess, virðulegi forseti, áður en lengra er haldið vil ég leggja fyrir hæstv. forsrh. nokkrar spurningar. Ég hygg að það sé kannski þægilegra fyrir hann að vísa til þess að ég legg þessar spurningar fram á grundvelli skjalsins þannig að það er auðvelt fyrir hæstv. ráðherra að fylgjast með þessum spurningum.

Í fyrsta lagi vil ég spyrja um aðstöðugjaldið og spyrja hæstv. forsrh. að því hvernig ætlunin sé að vinna að því af hálfu ríkisstjórnarinnar og Sambands ísl. sveitarfélaga að tryggja að önnur gjöld komi í staðinn. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., ef hann vill svara því, hvort þeir hafi trú á því að fyrir-

tækin samþykki fyrir árið 1994 að þessi skattur, sem nú á að leggjast á einstaklinga, fari þá á fyrirtækin. Hafa þeir trú á því að eitthvert samkomulag náist um það?

Ég óttast það, virðulegi forseti, að með því að stíga þetta skref og leggja þennan skatt allan á einstaklinga sé verið að taka ákvörðun um að leggja þennan skatt á einstaklinga upp á 2.850 millj. kr. til frambúðar. Hér sé verið að taka ákvörðun um skattahækkun til frambúðar upp á nærri 3 milljarða kr. Ég fullyrði, virðulegi forseti, að það verður erfitt fyrir ríkisstjórnina og það verður erfitt fyrir Samband ísl. sveitarfélaga að ná samkomulagi um annan skattstofn í þessu efni en tekjur einstaklinganna. Þess vegna tel óhjákvæmilegt að þeir greini frá því núna hvernig þeir hugsa sér að taka á þessu máli sérstaklega, hvernig þeir hugsa sér að leysa það og hvaða skattstofn þeir eru með í huga sem koma á í staðinn fyrir þessar 2.850 millj. kr. sem lagðar eru á einstaklinga samkvæmt ráðstöfununum.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra að því hvernig ætlunin er að úthluta þeim fjármunum sem gert er ráð fyrir til sérstakra aðgerða í atvinnumálum, annars vegar 500 millj. kr. til aðgerða í atvinnumála á Suðurnesjum og í öðru lagi 500 millj. kr. til sérstakra framkvæmda við byggingu og viðhald opinberra mannvirkja. Ég vil spyrja þá að því hvort ætlunin er að gera þetta síðarnefnda í gegnum fjárlagafrv. og þá með hvaða hætti.

Í þriðja lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra að því hvernig sú hækkun virðisaukaskatts skiptist á einstaka þætti sem tillögur þeirra gera ráð fyrir. Þeir gera ráð fyrir því að lagður verði virðisaukaskattur á húshitun. Hvað á það að gefa mikið í ríkissjóð? Það er virðisaukaskattur á afnotagjöld útvarps, það er virðisaukaskattur á bækur, blöð og tímarit. Það er virðisaukaskattur á hótelgistingu og fólksflutninga. Ég óska eftir upplýsingum um það hversu mikla upphæð hæstv. ráðherrar gera ráð fyrir að fá í ríkissjóð af hverjum þessara þátta. Ég er sannfærður um að tölur um það liggja fyrir og þeir ættu þess vegna að eiga hægt með að svara því.

Í fjórða lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvað er á bak við töluna 1.240 millj. kr. niðurskurður hjá ríkissjóði? Það er stafliður h undir 3. tölulið. Það hefur flogið fyrir að heilbrrn. eigi af þessari tölu um 650 millj. Er það rétt að ætlunin sé að skera niður útgjöld til heilbrigðismála um 650 millj. kr.? Hvaða þættir eru það sem á að skera niður? Mér er kunnugt um að ekki hefur tekist að fá neinar upplýsingar um það í efh.- og viðskn. hvaða þættir það eru sem þarna á að skera niður en ég trúi ekki öðru en hæstv. ráðherrar hafi það þegar í grófum dráttum a.m.k. og óska ég eftir upplýsingum þeirra um það.

Í fimmta lagi vil ég spyrja: Gera þeir ráð fyrir minnkandi útgáfu húsbréfa? Hversu mikilli minnkun í útgáfu húsbréfa er gert ráð fyrir? Það er satt að segja mjög óljóst orðalagið á þeim þætti í yfirlýsingunni. Það er 4. töluliður, stafliður b og ég sé ekki betur en hæstv. félmrh. hafi haldið býsna fast á því máli og að þarna sé um að ræða eitthvert samkomulagsorðalag sem menn hafa þvælst með nokkuð lengi. Menn hljóta að vera með einhverjar hugmyndir um það í grófum dráttum hversu mikið á að minnka útgáfu húsbréfa. Ég vil spyrja að því hvaða markmiðum ríkisstjórnin ætlar að ná í þessu efni að því er varðar minnkandi útgáfu húsbréfa á árinu 1993.

Enn fremur vil ég spyrja hæstv. ráðherra um lífeyrissjóðina þar sem gert er ráð fyrir því í tillögunum og í greinargerðinni að það eigi að taka 5% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna til kaupa á hlutabréfum í íslenskum fyrirtækjum. Hvernig er ætlunin að framkvæma þetta? Það er auðvitað ljóst að lífeyrissjóðirnir hafa verið með það í undirbúningi hvort sem er að fara inn í vaxandi mæli á hlutabréfamarkaðinn að svo miklu leyti sem hann er til. Lífeyrissjóðirnir hafa þegar keypt hlut ríkisins í Þróunarfélaginu ef ég man rétt og út af fyrir sig er hugsanlegt að þetta séu einhverjir sjálfsagðir hlutir sem eru þarna inni og þar með engin frétt. Er það svo eða liggja fyrir niðurstöður einhverra viðræðna við lífeyrissjóðina um þetta nú þegar og hverjar eru þær þá ef svo er?

Enn fremur vil ég spyrja hæstv. ráðherra að því sem lýtur að vöxtunum og mér finnst vera dálítið óljóst í þessum skjölum. Það er snilldarsetning á bókmenntavísu í þessu skjali um vextina. Hún er svona:

„Með þessum aðgerðum er stefnt að því að raunvextir geti lækkað en afar erfitt er að spá fyrir um hversu mikið og hvenær það mun gerast. Einnig þarf að hafa í huga að þróun í vaxtamálum ræðst einnig af efnahagsskilyrðum almennt og ekki síst af ytri skilyrðum þjóðarbúsins."

Mér sýnist að snillingurinn frá Gautlöndum hljóti að hafa komið að þessum texta vegna þess að í þessu eru einir 5–6 fyrirvarar. Það er í fyrsta lagi sögnin að geta í viðtengingarhætti. Í öðru lagi stendur hér: Hversu mikið? Það er spurning. Í þriðja lagi: Hvenær? Það er spurning. Í fjórða lagi ræðst það svo af þróun vaxtamála, ytri skilyrðum þjóðarbúsins og í fimmta lagi af efnahagsskilyrðum almennt. Hafi einhver annar hæstv. ráðherra samið þennan texta er það til marks um áhrif hæstv. viðskrh. í ríkisstjórninni.

Hvað eru mennirnir í raun og veru að tala um? Er hægt að fá það með einhverjum hætti sett í tölur með hliðsjón af því að hér á að hreyfa dráttarvexti og síðan er gert ráð fyrir því að breyta bindiskyldu. Það eru reyndar fleiri óskyldir þættir liggur mér við að segja taldir upp í þessu skjali af hálfu ríkisstjórnarinnar. Hvað eru menn í raun og veru að tala um í vaxtalækkun? Hvað sjá menn fyrir sér? Eru menn kannski að tala um 0,5% í vaxtalækkun eða eru menn að tala um 1% eða eru menn að tala um eitthvað minna eða hvað? Það er athyglisvert að Þjóðhagsstofnun hefur lært þetta líka í sinni greinargerð. Í greinargerð ríkisstjórnarinnar er svo þessi athyglisverða setning á bls. 8:

„Í því sambandi má nefna að lækkun þeirra um 1 prósentustig skilar tæplega 0,5% afkomubata."

Þetta er almenn fræðileg niðurstaða hjá ríkisstjórninni eftir að hafa íhugað vaxtamálin mjög vandlega. Ég geri út af fyrir sig ekki ráð fyrir því að hún fái sérstök vísindaverðlaun Nóbels fyrir þessa niðurstöðu enda er

þetta svo sem engin speki. En hvað er það sem menn-irnir eru þarna að hugsa um? Hvaða vonir eru það sem þeir vilja gefa atvinnulífinu í þessu efni?

Þá hef ég lagt fyrir hæstv. ráðherra einar sjö eða átta spurningar. Síðan ætla ég að tala við þá um skatta. Hvaða skattahækkanir eða skattbreytingar eru það eru í þessum hugmyndum? Nú er þetta náttúrlega ekki orðið frv. og auðvitað er það alveg ljóst að eitthvað af þessu breytist á langri vegferð eins og gengur. Hvaða breytingar eru það á sköttum sem menn eru að tala um? Menn eru að tala um tekjuskatt einstaklinga og að hann gefi á næsta ári 2.850 millj. kr. Tekjuskatturinn í heild, nettó, á næsta ári samkvæmt fjárlagafrv. er talinn verða 13.450 millj. kr. Síðan ætla menn að leggja á þennan 5% aukaskatt sem á að gefa 300 millj. á næsta ári. Samtals er þetta hækkun á beinum tekjusköttum einstaklinga um 3.150 millj. kr., úr 13.450 millj. kr. Þetta er hækkun á tekjusköttum einstaklinga um 23,4%. Til viðbótar við þetta ætla skattleysisflokk-arnir, sem vilja ráðast gegn skattinum á launamenn, að lækka barnabætur um 500 millj. og þeir ætla að lækka vaxtabætur 1994 um 500 millj. Samkvæmt þessu ætla þeir að hækka beinar skattgreiðslur einstaklinga út úr þessum pakka eða tekjurnar sem fara í gegnum ríkis-sjóð út úr þessum pakka um 4.150 millj. kr. Hvað er það mikil skattahækkun? Hvað er það mikil hækkun á beinum greiðslum tekjuskatta einstaklinga? Það er hækkun upp í 17,6 milljarða kr., úr 13,4 upp í 17,6. Þetta er hækkun um 31%.

Ég minnist þess, virðulegi forseti, að á undanförn-um árum hafa verið settar á langar ræður hér, m.a. af Sjálfstfl. þegar hann hefur verið í stjórnarandstöðu, um lítils háttar hreyfingar á sköttum. Það eru engin dæmi á síðasta áratug um aðra eins skattahækkun á einstak-lingum og þá sem hér er verið að tala um. Þetta er ekki bara skattur á hátekjumenn vegna þess að hann skilar einungis 300 millj. kr. af þessu dæmi eða um það bil 5% af allri súpunni. Hér er um að ræða skatta á alla vegna þess að til viðbótar þessu á að leggja á virðis-aukaskatt upp á 1.800 millj. kr. og það á að leggja á bensíngjald upp á 350 millj. kr. Ef maður tekur virð-isaukaskattinn eins og hann lítur út miðað við árið 1994, þ.e. 1.350 millj. kr., tekur þá tölu sem er rétt í þessu, þá er heildarskattlagningin út úr þessu dæmi öllu og bensíngjaldinu 6 þús. millj. kr. Hún er 6 millj-arðar kr. Þetta er ekki frá hinum vondu skattahækkun-arflokkum, Framsfl., Kvennalista eða Alþb. Nei. Þetta er frá hinum miklu skattalækkunarflokkum sem hafa farið fram fyrir kjósendur kosningar eftir kosningar, ár eftir ár, áratugum saman, vaðið fram með það að lækka þurfi skatta og skera niður skatta á einstaklingum af því að þeir séu ranglátir. Hækkanir á beinum sköttum strax á næsta ári eru 27,1%. Hækkanir alls í þessum pakka eru 30,9%. Ef við tökum alla þá hækkun sem hér er um að ræða, þá er verið að hækka skatta mið-að við nettó tekjuskatta einstaklinga um 44,2%. Núna segja hæstv. ráðherrar geri ég ráð fyrir: Þetta er ekki bein skattahækkun vegna þess að þarna er verið að létta af aðstöðugjaldi og þessir peningar hafa stuttan stans í ríkissjóði af því að þeir eru svo borgaðir aftur til sveitarfélaganna og það eru 4.250 millj. sem fara til þeirra. Þá segi ég: Þetta er ómerkilegur peningaþvott-ur. Ríkisstjórnin er að flytja frv. til laga um bann við peningaþvætti og það hefði út af fyrir sig verið ástæða til að ræða það í tengslum við þetta. Sú skattahækkun á einstaklinga sem hér er verið að gera upp á nærri 6.000 millj. kr. er staðreyndin sem blasir við einstak-lingunum meðan það er verið að skera niður skattana stórkostlega af fyrirtækjunum. Auðvitað geta menn komið upp og sagt: Það verður að skera niður skatt-ana af fyrirtækjunum. En auðvitað eiga fyrirtækin að taka þátt í hinni almennu samneyslu í landinu.

Staðreyndin er sú að hér er um að ræða 31% hækk-un beinna skatta samkvæmt þessum ráðstöfunum og eins og ég sagði leggjast þær ekki bara á hátekjufólk. Þær leggjast á alla vegna þess að hækkunin á virðis-aukaskatti leggst líka á atvinnuleysingja. Hækkunin á bensíngjaldi leggst líka á atvinnuleysingja. Niður-skurðurinn á barnabótum kemur líka niður á atvinnu-lausu fólki. Hér er auðvitað verið að ráðast að öllum aðilum í þjóðfélaginu með gífurlega þungum skatta-álögum, þyngri en við höfum nokkru sinni áður séð.

Það væri fróðlegt, virðulegi forseti, að velta því fyr-ir sér hér hvað Sjálfstfl. mundi hafa sagt ef aðrir flokk-ar hefðu flutt tillögu um þessar skattahækkanir á Al-þingi t.d. í síðustu ríkisstjórn. Það væri fróðlegt að velta fyrir sér ræðum hæstv. samgrh. Halldórs Blön-dals í því sambandi. Ég ætla að ekki að gera það. Það hefur hins vegar komið á daginn að það er rétt sem hæstv. forsrh. sagði á flokksráðsfundi Sjálfstfl. Sjálfstfl. hefur að því er þetta varðar ákveðið í gróf-um dráttum að leggja sig niður tímabundið, leggja stefnu sína til hliðar um tíma. Hann tekur inn nokkr-ar sálfræðilegar lagfæringar á skattakerfinu upp á 300 millj. kr. og samþykkir síðan að hækka skatta á ein-staklinga um 4 þús. millj. kr. Það er afrek Sjálfstfl. Ég velti því fyrir mér, virðulegi forseti, hér úr þessum ræðustól hvort það geti verið að allir þingmenn Sjálfstfl. hafi gert sér grein fyrir þessu. Getur það ver-ið að allir þingmenn Sjálfstfl. hafi gert sér grein fyrir því að til viðbótar við virðisaukaskattinn og til viðbót-ar við bensíngjaldið sé verið að hækka skatta á al-menningi um 4 þús. millj. kr.? Getur verið að allir þingmenn Sjálfstfl. hafi gert sér grein fyrir því að verið er að hækka skatta á launamönnum þannig að það jafngildi 100 þús. kr. skattahækkun á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu? Þetta er 100 þús. kr. auka-skattur á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu sem hér er verið að gera tillögur um. Þessi skattur er auðvitað misjafnlega þungur. Hann er ekki lang-þyngstur á hátekjumenn. Hann er langþyngstur t.d. á fólk sem býr á olíuhitunarsvæðunum svo ég nefni dæmi vegna þess að það er fólk sem þarf að greiða ol-íuhitunina í framtíðinni með virðisaukaskatti.

Niðurstaðan af þessu máli í heild og umræðum hér, virðulegi forseti, er þessi:

1. Ríkisstjórnin hefur hafnað samstarfi við stjórn-arandstöðuflokka og aðila vinnumarkaðarins á örlaga-ríkum tímum. Það eitt út af fyrir sig er gagnrýni vert.

2. Hún stendur fyrir stórkostlegri kjaraskerðingu

einstaklinganna langt umfram það sem þjóðhagsleg rök eru fyrir þannig að kaupmátturinn lækkar um 4,4% á næsta ári að mati þeirra sjálfra.

3. Það er gagnrýnivert að í þessum tillögum eru engar ráðstafanir til að fjölga atvinnutækifærum og engar ráðstafanir til að stuðla að jöfnun í þjóðfélaginu. Það er ekki milligramm af jafnaðarstefnu í þessu plaggi nema ef vera skyldi það skref sem stigið er til að leggja á hátekjuskatt sem hæstv. forsrh. hefur svarið í fjölmiðlum að verði lagður niður áður en kemur til næstu kosninga ef þær verða á árinu 1995.

4. Það er auðvitað niðurstaðan af þessu öllu að þessar ráðstafanir eru með þeim hætti að þær kalla til annarra ráðstafana. Launafólk í landinu getur ekki sætt sig við að kaup sé skert einhliða með þeim hætti sem hér er verið að tala um. Hér er í raun og veru verið að segja: Þessar ráðstafanir duga e.t.v. í nokkra mánuði en áður en kemur að útmánuðum munu menn á ný hefja hér umræður um ráðstafanir í efnahagsmálum vegna þess að þetta dugir ekki. Þar með erum við auðvitað, virðulegi forseti, komin inn á stig sem við vildum forðast, kollsteypustigið þar sem hlutirnir ganga þannig fyrir sig að það er verðbólga einn daginn og gengislækkun hinn, stig sem við lögðum grunn að í síðustu ríkisstjórn að menn þyrftu aldrei að lenda inn á aftur í íslenskum stjórnmálum. Menn eru aftur að lenda á því glæfrastigi, því miður, virðulegi forseti.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherrar sjái sér fært að svara þeim átta spurningum sem ég lagði fyrir þá áðan.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Hv. 9. þm. Reykv. gerði nokkuð úr því í máli sínu í upphafi að ég hefði nefnt á flokksráðsfundi Sjálfstfl. að svo kynni að fara að flokkurinn yrði í einhverjum efnum að víkja nokkuð frá sínum ýtrustu stefnumálum. Þetta sagði þingmaðurinn að væri þess eðlis að ég hefði lýst því yfir að flokkurinn yrði lagður tímabundið niður og að ég hefði lagt flokkinn tímabundið niður. Ég vil minna þennan ágæta hv. þm. og fyrrv. hæstv. ráðherra í nokkrum ríkisstjórnum á að einu heilagasta kosningaloforði Alþb., sem var fylgt eftir með heitstrengingum og löngum labbitúrum sem hv. þm. tók þátt í sjálfur, um að reka herinn úr landi var af mikilvægum ástæðum jafnan ýtt til hliðar. Þessu mikilvæga stefnumiði Alþb. var jafnan vikið til hliðar um skeið en alltaf tekið fram að það væri ekki búið að svíkja það loforð. Því væri aðeins tímabundið vikið til hliðar. Þetta var ekki gert í einni ríkisstjórn og ekki tveimur heldur fleiri ríkisstjórnum — aftur og aftur. Þessi ágæti hv. þm. hefur staðið að því, meira að segja sem formaður þessa flokks á þeim tíma, að leggja flokkinn niður, ekki einu sinni samkvæmt eigin kenningu heldur aftur og aftur. Hann fór síðan jafnharðan í labbitúrana og með heitstrengingarnar og 1. maí-ræðurnar, reyndar á öðrum tímum ársins. Hann ætti því ekki að tala í þessum dúr því þessa sögu þekkja menn afskaplega vel.

Menn segja að í þessum aðgerðum felist ekki jöfnunaraðgerðir. Það er alveg rétt að þegar við unnum að þessum aðgerðum áður en hinar miklu hræringar urðu á gengismörkuðum var reynt að tryggja það með öllum tiltækum ráðum að þeir sem minnst bera úr býtum þyrftu að bera sem minnstan þunga aðgerðanna. Það hefði tekist. Við sögðum jafnan að gengisfellingarleið, sem sumir forustumenn flokka sem eru reyndar ekki í salnum vildu gjarnan að farin væri, a.m.k. að hluta eins og það var orðað, væri miskunnarlaus gagnvart launþegum. Eftir þær miklu hræringar sem urðu á gjaldeyrismörkuðum var óhjákvæmilegt, eins og þingmenn vita í hjarta sínu a.m.k. og heilabúi, hvað sem þeir segja hér í stólnum, að breyta gengi íslensku krónunnar nokkuð. Þá kom það einmitt fram sem við höfðum áður sagt að það mundi gera það að verkum að minni jöfnunarblær yrði á þessum aðgerðum en ella. Þó er það nú þannig að kaupmáttarskerðingin sem menn tala um, sem er 4,4%, kemur þannig niður samkvæmt lauslegum útreikningum að þeir sem minnst bera úr býtum í þjóðfélaginu taka á sig rúm 3% en þeir sem mest bera úr býtum tæp 6%. Það er auðvitað ljóst að í þessum aðgerðum felst veigamikill og verulegur jöfnuður. Menn reyna að gefa þeim sem þyngri byrðar bera færi á því og stuðla að því að þeirra byrðar séu minni en ella.

Hv. þm. nefndi aðstöðugjaldið sérstaklega og með hvaða hætti yrði ákvarðað að skipa þeim málum niður þegar þar að kæmi. Eðli þeirrar ákvörðunar er að menn fara ekki hér og nú að tíunda slíka þætti vegna þess, og ég veit að þingmaðurinn sem fyrrv. sveitarstjórnarmaður og fyrrv. yfirmaður sveitarstjórnarmála hefur fullan skilning á því, að við eigum að virða samstarfssáttmálann við sveitarfélögin og finna lausn í samráði við þau og gefa enga sérstaka forskrift í þeim efnum. Það hefur komið fram að sveitarfélögin og forsvarsmenn þeirra fagna því að sú leið er farin og þeir styðja það að sú leið er farin. Við vitum hins vegar að á mörgum bæjum þar hafa menn misjafnar skoðanir á því hvort aðstöðugjaldið ætti að fara eða ekki þótt þeir muni væntanlega, ef skaplega tekst til að halda á þessu máli, samþykkja það.

Hv. þm. spurði líka með hvaða hætti ætti að taka af lífeyrissjóðunum þessi 5% sem nefnd voru. Það felast ekki í þessum aðgerðum nein áform um að taka taka þessar upphæðir af lífeyrissjóðunum, eins og það var orðað af hv. þm. Það hefur komið fram í viðræðum af hálfu ríkisstjórnar við forsvarsmenn lífeyrissjóðamanna að vilji sé til þess að binda það svo af þeirra hálfu og samkvæmt þeirra eigin ákvörðun að verja um 5% eða um 1.800 millj. á ári til þess að kaupa sjóðunum hlut í íslenskum fyrirtækjum. Það tel ég afskaplega mikilvægt og met mikils vilja þeirra í þeim efnum, tel það reyndar í þeirra þágu og þeirra umbjóðenda. Engu að síður kemur það sér afskaplega vel fyrir fyrirtækin og þjóðfélagið allt að menn skuli vera viljugir til þess í þessari stöðu.

Ég tel að kaup þessara aðila á Þróunarfélaginu sem hv. þm. nefndi hafi verið afskaplega ánægjulegt spor í þessa átt og merki um að lífeyrissjóðirnir séu í vaxandi mæli að ganga þessa leið.

Þingmaðurinn reyndi, bersýnilega með vondri samvisku því hann dró meira að segja í land síðar í ræðu

sinni, að taka aðra hlið skattamálanna og mála alla upp. Hann sagði að hér væri einhliða verið að leggja skatta á fólk í þeim upphæðum sem hann nefndi. En auðvitað vissi hann og sagði það sjálfur að við mundum koma hér og segja að menn hlytu náttúrlega að hugsa til þess að aðstöðugjaldinu væri létt af en það væri, ef ég skildi hann rétt, aumur peningaþvottur eða peningaþvætti ef við gripum til þeirra úrræða. Hann nefndi það sjálfur, svona til að hafa vara á, því hann vissi að það væri auðvitað hárrétt, að við mundum og eigum auðvitað að taka tillit til þessara þátta. Annað er ómerkilegur málflutningur en ekki ómerkilegur þvottur að koma því við. Auðvitað og það vita allir menn að þá er aðstöðugjaldið borgað fyrr en síðar og þó a.m.k. fyrr en síðar af borgurum þessa lands. Vegna þess að hinir ágætu hv. þm. tala í öllu þessu gagnrýnisflóði mikið um tilfærsluna upp á rúma 6 milljarða kr. en um leið gagnrýna þeir að ekki hafi náðst full samstaða eða fullt samráð við aðila vinnumarkaðarins í þessum efnum. Ég hlýt að benda á og minna á að þessir aðilar voru að ræða um tilflutning af þessu tagi upp á 9 milljarða tæpa en ekki 6 milljarða eins og niðurstaðan varð. Þessir aðilar voru að tala um tilflutning í þessum efnum frá fólki og fyrirtækjum upp á tæpa 9 milljarða en niðurstaða ríkisstjórnarinnar eru 6 milljarðar. Ef þessir ágætu hv. þm. eru að gagnrýna ríkisstjórnina með þeim hætti fyrir þessa 6 milljarða, þá eru þeir í raun að beina skeytum sínum að þeim aðilum sem vildu ræða og ég tel að það hafi verið mjög athyglisvert og skynsamlegt í raun að ræða málin á þeim grundvelli. Þeir voru tilbúnir til þess að flytja með þessum hætti tæpa 9 milljarða kr. frá fólki og fyrirtækjum eins og þetta er orðað þótt það sé kannski vafasamt að orða það með þessum hætti.

Varðandi þessar 500 millj. kr. annars vegar sem þingmaðurinn spurði um og ætlaðar eru til verkefna á Suðurnesjum sérstaklega, þá hafði farið fram umræða opinberlega um þá þætti í þjóðlífinu fyrir nokkru. Menn vita að hugsunin er sú að þar komi 300 millj. kr. frá Íslenskum aðalverktökum og fyrirtækjum sem þeim tengjast og 200 millj. frá öðrum fyrirtækjum og sveitarfélögum á Suðurnesjum. Hugsunin er sú að veita slíkum fjármunum til atvinnuskapandi verkefna þar. Þær 500 millj. sem síðan er rætt um að bæta við mundu koma fram í gegnum fjárlagafrv. Það liggja þegar fyrir úttektir sem atvinnumálanefnd ríkisstjórnarinnar óskaði eftir frá ýmsum ráðuneytum um stöðu viðhaldsverkefna og þarfa varðandi opinberar byggingar sem gætu komið til athugunar þegar þessum framlögum verður deilt út.

Varðandi útgáfu húsbréfanna, þá er það alveg rétt hjá hv. þm. að þetta orðalag varð auðvitað niðurstaða í ríkisstjórn eins og allt annað sem þar er sett á blað. Það er mat sérfræðinga að gera megi ráð fyrir því að húsbréfamarkaðurinn dragist saman á næsta ári og menn tala í því sambandi um tölur á bilinu 2–3 milljarðar króna.

Varðandi þá setningu sem hv. þm. nefndi í plagginu sem að vaxtamálum snýr og taldi að mundi fá — ekki bókmenntaverðlaun en einhver ápekk verðlaun á bókmenntavísu, þá finnst mér sú setning reyndar ekki mjög flókin. Ég bendi á að aldrei þessu vant þegar menn ræða um vexti gera menn meira við þessa yfirlýsingu en að ræða um vexti. Þegar hefur fylgt í kjölfar þessara orða frv. á Alþingi. Menn negla niður að lögum um dráttarvexti verði breytt og það fylgir strax að dráttarvextir verði lækkaðir um 2–2,5% eða dráttarvaxtaálagið. Jafnframt eru sköpuð skilyrði þess að bindiskyldu megi lækka og það er ekki ágreiningur um að lækkun bindiskyldu er til þess fallin að gera bönkunum kleift að lækka hjá sér vexti. Við vildum ekki vera með óábyrgar hástemmdar yfirlýsingar um lækkun vaxta eins og stundum hafa tíðkast heldur vinna í raun að því með aðgerðum, sem sumir hér í salnum hafa gert kröfu um, að vextir gætu ekki lækkað heldur mundu þeir hækka á tímabilinu og festa niður aðgerðir sem munu leiða til þess að sköpuð eru skilyrði til að vextir megi í framtíðinni lækka.

Hv. þm. spurði: Hversu mikla vaxtalækkun er verið að tala um? Með hliðsjón af þeim orðum sem ég nefndi er ekki rétt að vera með ágiskanir um það. Hins vegar var það rétt og eðlilegt, vegna þess að menn eru að reyna að meta áhrif vaxtanna á afkomu atvinnulífsins, að sú tala 0,5% sem Þjóðhagsstofnun nefnir kæmi þar fram. Öll vaxtalækkun gæti þá í hugum manna mælst mjög fljótlega og hvað hún gæfi atvinnulífinu í aðra hönd. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé mjög mikilvægt verkefni sem ríkisstjórnin hefur lagt í, ekki bara með yfirlýsingum heldur með því að hefja þegar aðgerðir í þá veru að tryggja það að vextir megi lækka.

Varðandi þá fjárhæð, um 1.240 millj. kr., sem rætt er um í yfirlýsingunni að verði skorin niður af útgjöldum fjárlaganna, þá hafa þessir liðir ekki verið ræddir til fulls í þingflokkum stjórnarflokkanna, fjarri því. En þetta markmið er á hinn bóginn sett og mun koma fram við frekari vinnslu fjárlaga eins og reyndar margt af því sem tengist þeim þáttum sem hv. þm. vék að í ræðu sinni.

Hv. þm. hafa margir hverjir talað um að það væri ekki nógu mikil samstaða um þessar aðgerðir, að samstöðuna vantaði, og vitnað til baka til 1990. Ég tel fyrir mitt leyti að það sem skorti á samstöðu hér varðandi aðgerðirnar sé það sem ekki skorti 1990. Það skortir nefnilega ábyrga stjórnarandstöðu. Stjórnarandstaðan þá var ábyrg og tók með ábyrgum hætti á málunum. Þess vegna var samstaðan fyrir hendi. Það er ekki við stjórnina að sakast um það núna. Það er miklu fremur við þá að sakast sem sundrunginni valda, hina óábyrgu stjórnarandstöðu, sem er í þessum sal

Hér sat hv. þm. sem í einn og hálfan mánuð gekk um ábyrgur og var sjálfum sér ólíkur. Nú er hann kominn í sama gamla farið og sumir þingmenn segja að þeir kunni miklu betur við hann þannig, í gamla yfirboðsfarinu. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Mér fannst hann líta alveg bærilega út sem ábyrgur stjórnmálamaður þennan einn og hálfan mánuð sem það stóð. Ég veit að þessi stutti tími reyndi mjög á þingmanninn en ég hafði vonast til þess að hann stæði þetta lengur af sér og hrykki ekki í gamla hjólfarið svo fljótt sem raun hefur orðið á. Það er miður fyrir hann því hann er for-

maður stjórnmálaflokks og það er nauðsynlegt að menn geti tekið stjórnmálaflokka nokkuð hátíðlega á þinginu.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Þrír hv. alþm. hafa óskað eftir að veita andsvar. Þá verður að hafa þann hátt á að í fyrri umferð leyfist að tala fullan tíma eða tvær mínútur en í seinni umferð eina mínútu. Gildir það sama varðandi hugsanleg svör hæstv. forsrh.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Menn fara stundum eilítið frjálslega með tölur og það gerði hæstv. forsrh. áðan þegar hann nefndi hvernig skattbreytingarnar kæmu niður á almenningi. Hann kaus að nefna eingöngu þá sem eru undir skattleysismörkum og þá sem voru yfir 200 eða 400 þús. kr. markinu og gat á þann hátt komið með tölurnar 3% og 6%. Nú veit ég ekki hvaðan hæstv. ráðherra hefur þessar upplýsingar þar sem embættismenn fjmrn. og Þjóðhagsstofnunar sögðu okkur í gærkvöldi og í hádeginu að þessar upplýsingar lægju ekki fyrir. Ráðuneytisstjóri forsrn. sagði líka að það hefði ekki unnist tími til að reikna þær út enn þá. Það sem er alvarlegast í þessu er að allar þær tölur sem við höfum fengið og allar þær upplýsingar sem við höfum fengið benda til að þessar álögur komi harðast niður, ekki í prósentum talið heldur sem hlutfall af afkomu og því sem menn þurfa að verja til brýnustu lífsnauðsynja, á þeim sem eru rétt yfir skattleysismörkum, á tekjuhópa sem liggja þar yfir.

Eins og ég sagði í ræðu minni fyrr í dag mistókst ríkisstjórninni algerlega, eða kannski mistókst henni ekki, kannski var það vegna þess að þeir hópar sem hún tók tillit til á síðustu stundu voru hátekjuhóparnir og það voru fjármagnstekjueigendur. Á þessum hópum tók ríkisstjórnin ekki og því lítur dæmið út eins og það gerir núna.

Virðulegi forseti. Ég hefði gjarnan viljað ræða lokaorð hæstv. forsrh. um ábyrgðarleysi stjórnarandstöðu en ég kýs frekar að gera það með því að biðja um orðið aftur og taka til máls öðru sinni í þessari umræðu og ræða við forsrh. á þeim vettvangi um það.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin svo langt sem þau náðu. Hið alvarlega sem stendur eftir er auðvitað það og er ómótmælt að tekjuskattar einstaklinga hækka á næsta ári um 31%. Það getur kallast ómerkilegt peningaþvætti að tala svona eins og ég geri en það er engu að síður staðreynd að tekjuskattar einstaklinga hækka um 31% og skattar á hverja fjögurra manna fjölskyldu hækka að meðaltali um 100 þús. kr. Hæstv. forsrh. getur neitað því að þetta þýði það að leggja niður stefnu Sjálfstfl. en það er hans vandamál en ekki mitt.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar hv. þm. talar um skatta á hverja fjölskyldu verður hann, ef hann ætlar að taka með sæmilega skilmerkilegum hætti á þessu umræðuefni, að taka niðurfellingu aðstöðugjaldsins inn í þá mynd. Annað eru ekki vönduð vinnubrögð.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hugsanlegt að taka ýmsa fleiri þætti inn í þessa mynd, t.d. kjaraskerðinguna. Launin eru 240 milljarðar á ári hjá Íslendingum, kjaraskerðingin er 4,4%. Skerðingin sem verið er að tala um vegna ráðstafananna á launatekjunum er hvorki meira né minna en 8 milljarðar kr. Ef forsrh. vill halda áfram að reikna getur hann það mín vegna, ég kann það líka. En staðreyndin er sú að skattalækkunarflokkarnir tveir eru að hækka skatta á einstaklingum á Íslandi á næsta ári um 31%.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í rauninni skýrist þessi mynd langbest með því að taka þessar skattbreytingar í heild, fyrirtækin og fólkið sameiginlega og ríkisvaldið eða hið opinbera hins vegar, þá kemur á daginn, þegar ríki og sveitarfélög eru tekin saman og einstaklingarnir og fyrirtækin hins vegar, að hlutdeild hins opinbera í skattamálunum breytist sáralítið.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. gerði það að umtalsefni að viðbrögð okkar í stjórnarandstöðunni nú væru önnur en við brögð Sjálfstfl. þegar hann var í stjórnarandstöðu 1990. Sá er munurinn, hæstv. forsrh., að 1990 var þjóðarsátt. Alþýðusambandið, BSRB, Stéttarsamband bænda og Vinnuveitendasambandið undirrituðu þjóðarsáttina og innsigluðu með sérstöku samkomulagi. Kennarasamband Íslands gerðist síðar formlegur aðili að þeirri þjóðarsátt. Nú er allt annað upp á teningnum. Nú flytja menn ræður á Alþýðusambandsþingi í dag og jafnvel Pétur Sigurðsson, varaþm. Alþfl., ræðst harkalega á ríkisstjórnina fyrir þessar efnahagsaðgerðir. Ásmundur Stefánsson, sem hefur reynt í margar vikur að hafa góða samvinnu við forsrh., sér ástæðu til að mótmæla honum sérstaklega og biðja hann í sjónvarpinu í gærkvöldi að loka ekki umfjöllun um málið. Hæstv. forsrh. verður auðvitað að gera sér grein fyrir því að honum og hans ríkisstjórn hefur mistekist það sem okkur tókst 1990, að ná formlegri og innsiglaðri og undirritaðri þjóðarsátt allra helstu hagsmunaaðilanna í landinu. Það var það sem Alþb. var reiðubúið að stuðla að. Ég sagði í ræðunni í gær: Við erum tilbúin til þess enn. Ef ríkisstjórnin er tilbúin til þess að endurskoða aðgerðir sínar frá helginni stendur ekki á okkur að taka upp á ný samstarf um það að reyna að ná þessari víðtæku þjóðarsátt. Það á líka við um Alþýðusambandið. Samkvæmt yfirlýsingu forseta Alþýðusambandsins við forsrh. í gær er hann tilbúinn til þess. Þetta verður hæstv. forsrh. að viðurkenna og átta sig á.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað var um undirritun að ræða á þessum tíma, 1990, vegna þess að þá var um

kjarasamninga að ræða. Hv. þm. hlýtur að muna það. Það var þess vegna sem málin voru undirrituð á þeim tíma. Það var vegna þess að aðilar vinnumarkaðarins tóku völdin í sínar hendur, gerðu kjarasamninga sem voru í engum takti við þau fjárlög sem hv. þm. hafði haft forustu um, í engum takti við þá þjóðhagsáætlun sem þá lá fyrir heldur tóku völdin af ríkisstjórninni vegna þess að hún var á röngu róli. Og auðvitað átti sér stað undirritun í því sambandi. Sá er munurinn þá og nú hér í þessum sal að þá var ábyrg stjórnarandstaða sem axlaði ábyrgð sem stjórnarandstöðu er ekki títt. Þessi stjórnarandstaða hefur, þrátt fyrir leikaraskap í einn og hálfan mánuð, hreinan leikaraskap sem ég tók gildan af því að ég áttaði mig ekki á að um leikaraskap var að ræða, reynst algerlega óábyrgð stjórnarandstaða. Það hefur komið mjög vel fram í þessum umræðum öllum. Menn fagna því sem jákvætt virðist vera en hlaupa frá öllu því sem þarf að borga með hinu jákvæða. Það eru óábyrgir menn, það er óábyrg stjórnarandstaða.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað eðlilegt að hæstv. forsrh. sé sár og reiður yfir því að honum hefur mistekist það sem Steingrími Hermannssyni tókst, að ná hér víðtækri þjóðarsátt. Ég skil vel sárindi hæstv. forsrh. út af því. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd og það skýrir kannski líka sárindin að árið 1993 verður metár í skattlagningu á einstaklinga eins og hv. þm. Svavar Gestsson hefur sýnt fram á. Það er ekki hægt að finna eitt einasta ár í sögu lýðveldisins þar sem einstaklingar verða að borga eins mikla skatta og á næsta ári og það Sjálfstfl. sem hefur haft forgöngu um að leggja þessar skattbyrðar á einstaklingana. Hv. þm. Svavar Gestsson hefur rakið mjög rækilega skattahækkunina á einstaklingana í landinu.

Vörn forsrh. er fólgin í því að það verði að taka með í dæmið að af því að fyrirtækin hafi borgað aðstöðugjaldið, þá hafi aðstöðugjaldið lent á einstaklingunum fyrir rest. Með þessari hundalógikk er auðvitað hægt að halda því fram að hægt sé að afnema alla skatta á fyrirtæki vegna þess að það séu auðvitað einstaklingarnir sem borgi þá og þess vegna hafi það engin áhrif þó allir skattar séu afnumdir af fyrirtækjunum og lagðir á einstaklingana. Það er auðvitað stórkostlega merkilegt að flokkur sem hefur viljað kenna sig við einstaklingsframtakið skuli nú ganga í það verk að láta ríkið leggja meiri skattbyrði á einstaklingana í landinu en nokkur önnur ríkisstjórn hefur leyft sér.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm., formaður Alþb., lýsti því yfir með hátíðlegum hætti að hann og hans flokkur væru nú horfnir frá hefðbundinni stjórnarandstöðu. Hún ætti ekki lengur við. Ég vil spyrja þingmanninn.: Mun hann lýsa því yfir með jafnhátíðlegum hætti að hann sé tekinn upp við hina gömlu úreltu stjórnarandstöðuhætti eða eigum við bara að fylgjast með því, við og þjóðin hér í þessum sal?

Forseti (Pálmi Jónsson):

Hv. 8. þm. Reykn. hefur óskað að bera af sér sakir.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. bar fram spurningu til mín þó að ég væri búinn að tala jafnoft og ég átti rétt á í andsvörum. Ég skal svara spurningunni: Svarið er mjög einfalt. Við erum enn sömu skoðunar og við vorum fyrir einum og hálfum mánuði síðan. Við erum reiðubúnir að taka upp samvinnu við ríkisstjórnina um skynsamlegar aðgerðir í efnahagsmálum. Við erum reiðubúnir að gera það. Forseti Alþýðusambandsins spurði forsrh. að því í gær: Er hann reiðubúinn að endurskoða þessar ákvarðanir til að taka upp á ný samvinnu við Alþýðusambandið? Forseti Alþýðusambandsins spurði fjmrh. einnig í útvarpsþætti í gær: Er ríkisstjórnin reiðubúin að endurskoða þessar ákvarðanir til að taka upp samvinnu við Alþýðusambandið?

Ég held að það væri skynsamlegast fyrir hæstv. forsrh. í stað þess að vera að hreyta einhverjum ónotum í mig að hugleiða hvort það væri ekki skynsamlegast fyrir hann að gera eins og einn fyrirrennari hans, formaður Sjálfstfl., gerði eitt sinn í erfiðu máli í þinginu gagnvart verkalýðshreyfingunni fyrir nokkrum áratugum síðan, að brjóta odd af oflæti sínu, breyta um stefnu og taka upp viðræður við verkalýðshreyfinguna og stjórnarandstöðuna um aðrar aðgerðir. Þá mun ekki standa á mér. Ég er reiðubúinn að styðja forsrh. í því.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. forsrh. sagði setningu áðan sem skýrir ágætlega hvers vegna ríkisstjórnin kaus að fara þessa leið. Hann fór að rifja það upp að hann hefði talið að aðilar vinnumarkaðarins hefðu tekið völdin af síðustu ríkisstjórn og hann vildi ekki lenda í því fari sjálfur. Það er greinilega það sem hann óttaðist. Þess vegna var þessi leið valin að ljúka málum með þeim allsherjarhrossakaupum sem hafa verið að gerjast í ríkisstjórnarflokkunum undanfarna daga. Inn í þau hrossakaup hafa verið tekin hin ólíklegustu mál, m.a. hefur samninganefnd ríkisins nú leyfi til þess að fara út með fullt umboð til að ljúka við að gera þann samning um aðgang erlendra aðila að Íslandsmiðum sem hefur vofað yfir okkur. Það er m.a. innifalið í þessum allsherjarhrossakaupum. Fyrir utan það að nú hefur tekist í ríkisstjórninni að ljúka málinu um kvótakerfið með þeim hætti að það er framlengt óbreytt og Alþfl. þurfti að greiða það gjald til þess að komast í gegnum þennan kaupskap allan saman.

Ég tel þetta hið herfilegasta mál að öllu leyti og finnst að hæstv. forsrh. hafi einmitt lýst því nákvæmlega fyrir okkur hvað hann óttaðist. Það var að lenda í sama farinu og hann taldi að fyrri ríkisstjórn hefði lent í. En það hefði verið reisn yfir þessari ríkisstjórn ef hún hefði treyst sér til þess að fara í gegnum samninga við aðila vinnumarkaðarins, taka kjarasamningamálin með í dæmið því að það þurfti og taka umræðu

um þjóðarsátt til lengri tíma, a.m.k. tveggja ára. Þannig hefði þurft að standa að þessum málum.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Tvær þingkonur Kvennalistans hafa nú þegar talað í þessari umræðu og hafa gagnrýnt aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Ég hef þar af leiðandi ekkert mjög miklu við að bæta en get þó ekki stillt mig um að koma hér upp og ræða þessa yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og þær aðgerðir sem hún boðar með þeirri yfirlýsingu.

Hæstv. forsrh. leggur mikla áherslu á að það hafi verið haft eitthvert samráð og gengið sé til móts við þær tillögur sem aðilar vinnumarkaðarins voru búnir að vinna og þær hugmyndir sem komu fram í þeim viðræðum sem fóru fram meðal aðila vinnumarkaðarins. Það er ákaflega erfitt að sjá hvernig hægt er að halda því fram því það er augljóst mál öllum sem vilja sjá að ekkert samráð er haft hvorki við aðila vinnumarkaðarins né stjórnarandstöðuna. Hæstv. forsrh. heldur því fram núna að mikið samráð hafi verið haft við stjórnarandstöðuna og það lýsi því hversu óábyrg hún er að við skulum ekki gleypa í einum bita það sem ríkisstjórnin setur fram.

Virðulegi forseti. Ég sakna hæstv. forsrh. Er hann ekki í húsinu? (**Forseti:** Forseti telur alveg víst að hæstv. forsrh. heyri ræðu hv. þm. en mun senda honum skilaboð ef hann er einhvers staðar til hliðar.) Mér þykir nokkuð erfitt að tala um þessar ráðstafanir ef hæstv. forsrh. sér sér ekki fært að hlusta á það sem ég hef fram að færa. Ef hann hefur ekki áhuga á að hlusta á það sem við höfum að segja, þá þykir mér það mjög slæmt og vil helst ekki ræða mikið þessi mál án þess að einhverjir ráðherrar ríkisstjórnarinnar séu viðstaddir. Það vekur athygli að ekki einn einasti þeirra er í salnum núna. (Gripið fram í.) Stjórnarliðarnir eru auðvitað fáir í salnum vegna þess að þeir skammast sín fyrir þær ráðstafanir sem hér eru á blaði og vilja helst ekki láta sjá sig. Þeir vita upp á sig skömmina og vilja helst ekki bera ábyrgð á þeim ráðstöfunum sem ríkisstjórnin hefur greinilega þröngvað fram í gegnum ríkisstjórnarflokkana.

Það er einkennilegt að hæstv. forsrh. skuli halda því fram að um samráð eða samvinnu við stjórnarandstöðuna hafi verið að ræða. Eins og kom greinilega fram við umræðuna í gær fengu stjórnarandstöðuflokkarnir þessa yfirlýsingar og aðgerðir í hendur um leið og gengið var inn í salinn og umræðan var að hefjast. Síðan lítur hæstv. forsrh. á það sem óábyrga stjórnarandstöðu að við skulum vera að gagnrýna þessi vinnubrögð og það sem hér kemur fram. Það er auðvitað alveg út í bláinn.

Það vissu allir að það þurfti að grípa til aðgerða til að bjarga sjávarútveginum sérstaklega og reyndar fleiri fyrirtækjum. Þess vegna höfðu farið fram mjög margir fundir af hálfu aðila vinnumarkaðarins, þ.e. VSÍ, VMSÍ og ASÍ. Stjórnarandstöðuflokkarnir voru m.a. boðaðir á þeirra fund þann 19. nóv. sl. Reyndar kom það fram í fréttum að þeir gerðu ríkisstjórninni einnig grein fyrir sínum áherslum. Við kvennalistakonur tókum þátt í þessum umræðum vegna þess að við töldum mjög mikilvægt að í þessu máli næðist víðtæk samstaða. Það var raunar það sem allir aðilar lögðu áherslu á. En hæstv. ríkisstjórn virtist ekkert samráð vilja hafa og vildi bara ráða málunum ein. Kannski eru hæstv. forsrh. og ríkisstjórnin í heild einhvers staðar að reyna að ráða ráðum sínum núna og vonandi er ríkisstjórnin að hlusta á það sem við stjórnarandstæðingar höfum fram að færa til að reyna að draga úr þeim álögum á almenning í landinu sem felst í þessum tillögum og sérstaklega álögum á þá sem minna mega sín.

Eftir langar og miklar fundasetur eða kannski aðallega nætursetur komst ríkisstjórnin að því að nú *þyrfti að fella gengið. Síðan komu skýringarnar og þær* voru: Pundið hafði fallið. En pundið féll fyrir nokkru síðan og eftir að pundið féll voru á lofti miklar yfirlýsingar, m.a. af hálfu hæstv. utanrrh., þar sem hann sagði að það blindvitlausasta sem hægt væri að gera væri að fella gengið til samræmis við það. Svo er gengið fellt í gær um 6% og þá er gripið til þess ráðs að tala um að pesetinn, eskúdóinn og líran hafi fallið og þess vegna sé nauðsynlegt fyrir íslensku ríkisstjórnina að fella gengið. Ég held að þetta sé í fyrsta skipti sem ég hef heyrt það sem rök í málinu að pesetinn eða líran hafi fallið. Ég veit ekki hve oft líran hefur fallið á undanförnum árum en ég hef aldrei heyrt að það væri ástæða til að íslenska krónan væri felld af þeim sökum. Þetta er hreint ótrúlegt. Ég vil inna hæstv. forseta eftir því hvort hæstv. ... (**Forseti:** Hæstv. forsrh. er alveg að koma. Hann hlýtur að birtast á hverri mínútu.) Mér þykir mjög slæmt ef hæstv. forsrh. og reyndar ráðherrar í ríkisstjórninni telja ástæðu til að stökkva á dyr þegar ég vildi gjarnan fá að ræða við ríkisstjórnina. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. er í genginn í salinn.) Mér þykir mjög gott að fá að eiga nokkur orð við hæstv. forsrh. Ég vona að hann hafi heyrt eitthvað af því sem ég var búin að segja áðan. Ég lýsti því að ég teldi það ákaflega lítið samráð sem haft var við stjórnarandstöðuna og reyndar aðila vinnumarkaðarins sem skiptir auðvitað höfuðmáli. Var ég nú að koma að því hvað mér fannst einkennileg röksemdafærsla fyrir því að nú þurfti að fella gengið þar sem ljóst var að ráðherrar ríkisstjórnarinnar og sérstaklega hæstv. utanrrh. talaði um, m.a. á fundi LÍÚ á Akureyri sem hér hefur verið vitnað til, að það væri alveg út í hött að fella íslensku krónuna þegar pundið féll en síðan þegar pesetinn, eskúdóinn og líran féllu var allt í einu orðið nauðsynlegt að fella gengi íslensku krónunnar. Mig vantar eiginlega skýringu á því hvers vegna ekki hefur þurft að gera það áður þegar t.d. er vitað að líran hefur margoft fallið án þess að það hafi verið talin ástæða til að hreyfa gengi íslensku krónunnar í því sambandi.

Auðvitað hefur ríkisstjórnin vonað í lengstu lög að gengi norsku krónunnar félli því það var notað sem rök til að byrja með en síðan lenti ríkisstjórnin í þeim hremmingum að norska krónan styrktist og styrktist og féll ekki og kannski sem betur fer. Ég get tekið undir það með hæstv. forsrh. sem hann sagði í gær í sjónvarpinu að auðvitað er það gott að gengi norsku krón-

unnar skuli geta haldist. Það er betra fyrir okkar vörur ef hún helst há og okkar gengi fellur að einhverju leyti. Ég þarf kannski ekki að hafa fleiri orð um það en ég tel að þessi gengisfelling hafi verið ákaflega einkennileg, ekki síst með tilliti til þess með hvaða rökum hún var ákveðin.

Hv. 6. þm. Vestf., Ágústa Gísladóttir, rakti ágætlega í hverju sjávarútvegspakkinn hefði verið fólginn. Eftir að tvíhöfðanefndin er búin að starfa svo og svo lengi með ærnum tilkostnaði kemur raunverulega ekkert út úr því máli. Hún lýsti því ágætlega hvað hér á ferðinni og það er í raun ekkert nýtt. Þetta eru gamlar tillögur nema auðvitað það að 1996–1997 verður tekið upp þóknunargjald á útflutt þorskígildi eins og það er orðað eða tekinn upp auðlindaskattur. Það er auðvitað á næsta kjörtímabili og hefur ekkert að gera með þær ráðstafanir sem verið er að tala um hér og nú.

Höfuðgallinn við tillögur ríkisstjórnarinnar er þó sá að þeir sem betur mega sín taka ekki á sig neinar verulegar auknar byrðar heldur er það láglaunafólkið og meðaltekjufólkið sem á að bera meiri hluta byrðanna. Það kom greinilega fram í því sem hæstv. forsrh. sagði áðan þegar hann sagði að 3% aukning væri hjá þeim sem minna mega sín og 6% af þeim sem meira mega sín. Hæstv. forsrh. hlýtur að gera sér grein fyrir því að fyrir þá sem hafa lágar tekjur, eru með lágmarkstekjur undir skattleysismörkum, eru 3% auknar byrðar verulega mikil þyngin og getur verið mörgum algerlega um megn. Fyrir þá sem hafa verulega háar tekjur er örugglega miklu minna mál að taka á sig 6% aukningu en fyrir þá sem minna mega sín að taka á sig 3% aukningu.

Það er því mjög sérkennilegt að telja að það standist sem er á fyrstu síðu í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem segir að breytingar á skattkerfinu muni leiða til þess að þeir taki á sig meira sem betur standa. Ég held að það sé algerlega út í bláinn að ætlast til þess að það sé neitt sem verulega skipti máli. Barnafólkið á að taka á sig auknar byrðar. Það á að lækka barnabætur. Við höfum ekki fengið að vita neitt um hvernig það á að vera og verður væntanlega útfært síðar og fáum við að ræða það þegar þar að kemur. Tekjuskattur er hækkaður um 1,5% án þess að persónuafsláttur sé hækkaður sem hefði verið nauðsynlegt að gera og miklu eðlilegra að reyna að koma til móts við þá lægst launuðu með því að auka persónuafsláttinn ef auka á tekjuskattinn. Síðan er talað um hátekjuskatt upp á 5% sem hæstv. forsrh. hefur sagt nokkuð oft og síðast í gær að væri táknrænn, minnir mig að væri notað yfir þennan svokallaða hátekjuskatt. Áður er búið að tala um að þetta væri einhvers konar sálfræðileg aðgerð þannig að fólki liði betur að þeir sem væru með hærri tekjur bæru aðeins meira. Skatturinn á einungis að gefa, eftir því sem mér skilst, 300 millj. í ríkissjóð ef ég hef fengið réttar tölur.

Hæstv. forsrh. talaði um að aðstöðugjaldið væri mjög til hagsbóta fyrir almenning. Það getur vel verið að lækkun aðstöðugjalda muni lækka verðlag að einhverju leyti. Talað er um að niðurfelling aðstöðugjaldsins geti leitt til 1,5% lægra verðs, en þess ber að geta að um leið og þetta er gert er gengið fellt og lagðir eru skattar á fólk. Þessi 1,5% lækkun vegna niðurfellingar aðstöðugjaldsins mun örugglega ekki vega upp á móti gengisfellingunni sem mun koma út í verðlagið.

Auk þess vil ég minna á að það er alls ekki víst að þetta komi fram í lækkuðu vöruverði. Ég vil minna á að ekki alls fyrir löngu kom fram í fréttum að verð á nautakjöti frá framleiðenda hefði lækkað en það kom ekki fram í vöruverðinu. Það er því ekki alltaf víst að fram komi sú lækkun sem á að koma fram í vöruverði, t.d. þegar aðstöðugjald er fellt niður, aðföng lækka eða eitthvað annað sem ætti að lækka vöruverð. Það er því miður ekki alltaf sem það kemur neytendum til góða.

Ríkisstjórnin vildi ekki leggja skatt á vexti með ákveðnu frítekjumarki eins og hér hefur verið margtalað um. Við kvennalistakonur hefðum talið eðlilegt að leggja skatt á vexti þegar vaxtatekjur eru verulega miklar en við leggjum áherslu á að skattleggja ekki almennan sparnað. Það kom fram m.a. hjá hæstv. sjútvrh. að það væri hinn almenni launamaður sem ætti mestallan sparnað í bönkunum. Það getur vel verið að láglaunafólk og almennt launafólk eigi stórar fúlgur í bönkunum. Mér er ekki kunnugt um það. Ég þekki ákaflega fáa sem geta lagt mikið til hliðar af þeim sem eru með lægstu tekjurnar.

Gerum ráð fyrir að fólk geti átt 500 þús. til 1 millj. á bankabók og það væri talið eðlilegt. Ef við gerum þá ráð fyrir að fólk eigi 2 millj. á bankabók hvað mundi það þýða háan skatt? Ef við reiknum með því að fólk fái 7% raunávöxtun af 2 millj kr. sparnaði væru 70 þús. kr. vaxtatekjur skattlagðar. Ef við gerum ráð fyrir 10% skatti eru það 7 þús. kr. á ári. Ef við reiknum með 15% verða það 10.500 á ári. (Gripið fram í.) Ég talaði um það áðan að reiknað væri með að fólk gæti átt 1 millj. þannig að frítekjumarkið væri 70 þús. kr. Ef sparnaðurinn væri 2 millj. kr. væru bara skattlagðar 70 þús. kr. af því og skatturinn væri 10%. Þannig reiknaði ég það út. Ég hef nefnilega tekið eftir því að það er fullt af fólki sem heldur að þegar verið er að tala um skatt á vaxtatekjur sé verið að skattleggja heildarupphæð sparnaðarins. Það er auðvitað misskilningur. Ég hef tekið eftir að það eru margir sem eiga kannski 500 þús. kr. í banka eða eru búnir að nurla saman einhverjum ákveðnum upphæðum sem halda að með því að leggja skatta á vexti sé verið að skattleggja og taka kannski 10% af þessum sparnaði. (**Gripið fram í:** Það var tillaga Alþýðusambandsins.) Ég er að tala um þá tillögu sem við kvennalistakonur viljum gjarnan standa að. Mér er ekki alveg kunnugt um það hvort tillögur Alþýðusambandsins gengu út á að hafa ekkert frítekjumark. Ég er að lýsa því að við kvennalistakonur teljum eðlilegt að hafa frítekjumark. Mér þykir einkennilegt ef ríkisstjórnin hefur gefist upp á að reyna að ná til þeirra sem eiga verulegar upphæðir í verðbréfum eða á banka og hafa verulegar tekjur eingöngu vegna þess að Alþýðusambandið lagði einhvern tíma til, að því er hæstv. forsrh. segir, að hafa ekkert frítekjumark. Ég trúi því ekki að Alþýðusambandið hafi

ekki viljað hafa frítekjumark. En ég get ekki sagt neitt um það af því að ég talaði ekki um það við Alþýðusambandið. Ég trúi ekki öðru en það hafi verið hægt að komast að samkomulagi um það. Ég efast um að almennt launafólk og þeir sem eru með minni tekjur eigi almennt stórar fúlgur í bönkum sem nema milljónum króna. Þess vegna er fyrst og fremst verið að tala um að skattlegja þá sem eiga verulegar upphæðir og hafi tekjur af því.

Ég tel miklu eðlilegra að gera það en leggja t.d. á bókaskatt eins og verið er að tala um og skatt á húshitun sem ég skil ekki hvernig í ósköpunum ríkisstjórninni dettur í hug að koma með eftir allt sem hér hefur verið sagt á undanförnum árum um húshitun og hversu erfitt það er fyrir fólk úti á landsbyggðinni að bera þær byrðar sem í henni felst. Svo á að leggja skatta á útvarp og sjónvarp þannig að allt þetta mun koma mjög við fjölskyldur í landinu sem þurfa að greiða þennan skatt og af verulega lágum tekjum. Það skiptir auðvitað máli að þeir sem eru með lægstu tekjurnar eiga mjög erfitt með að borga þessa auknu skatta. Þó að þeir séu kannski ekki háir hver og einn eru þeir það þegar saman kemur. Það munar um hvern einasta þúsundkall þegar fólk hefur ekki laun nema rétt í kringum skattleysismörkin.

Það sem kom mér einna mest á óvart af þessum tillögum ríkisstjórnarinnar um afnám undanþágu frá virðisaukaskatti var ferðaþjónustan. Þetta með bókaskattinn hefur oft heyrst hjá hæstv. ríkisstjórn. Við erum búin að heyra það þó að þeir hafi ekki komið með tillögur um það fyrr en nú. Þessi svokallaði vaxtarbroddur í íslensku atvinnulífi sem ferðaþjónustan er hefur einmitt verið eitt af því sem hefur skapað konum atvinnu og þær tillögur sem hingað til hafa sést á borði ríkisstjórnarinnar varðandi atvinnusköpun er fyrst og fremst fyrir karla og ekki konur. Þetta er einmitt einn þáttur sem hefði verið eðlilegt að efla til þess m.a. að fá vinnu fyrir konur og sérstaklega úti á landi. Það vekur einnig athygli að í tillögum ríkisstjórnarinnar er talað um að efla atvinnulíf á Suðurnesjum og er það mjög gott. Það á að verja ákveðinni fjárhæð til þess. Eitt af því sem hefur verið talað um þar er einmitt ferðaþjónusta til að auka vinnu fyrir konur sem eru miklu fleiri í hópi atvinnulausra en karlar.

Hvernig í ósköpunum stendur á því að ríkisstjórnin leggur ekki til jafnframt þessu að lækka matarskattinn? Af hverju er ekki reynt að lækka álögur á heimilin með því að lækka matarskattinn eða afnema hann alveg? Það mundi ekki aðeins lækka kostnað heimilanna verulega og vera þar af leiðandi sérstaklega hagstætt fyrir þá lægst launuðu sem verja miklu hærri hluta af launum sínum í mat en þeir sem meira mega sín, heldur kæmi lækkun á matarskatti eða afnám sér sérstaklega vel fyrir ferðaþjónustuna. Það væri því eðlilegra í staðinn fyrir að leggja á ferðaþjónustuna auknar álögur að reyna að sjá til þess að hún geti spjarað sig í aukinni samkeppni.

Ég veit ekki hvort ég á að ræða um húsbréfin og vaxtabæturnar sem eru auðvitað heill kapítuli út af fyrir sig. Það er ekki hægt að sjá á þeim tillögum sem hér eru hvað eigi að gera eiginlega varðandi húsbréfin. Það er nokkuð ljóst að lækka á vaxtabætur eða eins og segir í greinargerð ríkisstjórnarinnar: Að endurskoða vaxtabætur til að koma í veg fyrir áframhaldandi aukningu. Þá er búið að svíkja það sem talað hefur verið um að þeir sem þurfa að borga aukna vexti fái vaxtabætur í staðinn. Ég átta mig ekki alveg á hver munurinn er á því þegar verið er að tala um að minnkuð útgáfa húsbréfa muni lækka vexti þegar um leið á að auka útgáfu skuldabréfa um 4 milljarða, eins og fram kom í gær og hefur reyndar komið fram síðar, í þróunarsjóð sjávarútvegsins. Það hlýtur því einnig að auka þensluna og hækka vexti með sömu rökum.

Ég ætla ekki að minnast á fleiri þætti þar sem tvær þingkonur kvennalistans hafa þegar gert ágætlega grein fyrir flestum þáttum. Það sem mér þykir ákaflega hæpið í forsendunum sem gefnar eru fyrir þessum aðgerðum er að laun hækki ekki á tímabilinu. Mér ákaflega hæpið að hægt sé að gera ráð fyrir því að þeir sem lægst hafa launin fái engar kjarabætur þegar gert er ráð fyrir að verðlag muni hækka um 4,5% auk verulegrar aukningar á sköttum fólks og að kaupmáttarrýrnunin verði þar af leiðandi veruleg. Ég geri mér ekki grein fyrir því hvernig þetta kemur út fyrir einstaka hópa, enda hefur það sjálfsagt ekki verið reiknað. En það er alveg ljóst að þetta mun hafa veruleg áhrif á kjör þeirra sem lægstu launin hafa og það verður mun erfiðara fyrir fólk að ná endum saman ef það verður ekki algerlega ómögulegt eftir þessar ráðstafanir.

Ég tel þess vegna ljóst að ríkisstjórnin verður að endurskoða þessar tillögur sínar í samráði við aðila bæði innan þings og utan og reyna að ná fram því markmiði sem kemur fram á fyrstu síðu yfirlýsingarinnar þar sem segir að breytingum á skattkerfi og ráðstöfunartekjum einstaklinga er hagað þannig að þeir taki meira á sig sem betur standa. Það er auðvitað það sem fólk vill að sé gert en þessar tillögur ríkisstjórnarinnar eru alls ekki til þess fallnar að hægt verði að uppfylla það sem þarna stendur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en lengra er haldið vill forseti upplýsa að gert er ráð fyrir kvöldfundi til þess að ljúka þessari umræðu. Stefnt er að því að hlé verði gert um eða upp úr kl. 7 til kl. 8.30 eftir því hvernig stendur á ræðum manna.

Útbýting þingskjals:

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 261. mál, stjfrv., þskj. 342.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er orðið nokkuð liðið á þessa umræðu og ég mun ekki endurtaka það sem menn hafa áður sagt. Ég er sammála í öllum atriðum þeim hv. þm. sem hafa talað fyrir hönd míns flokks, en mig langar að spyrja hæstv. forsrh. nokkurra spurninga sem ég held að ekki hafi komið fram enn þá og þó þykist ég hafa fylgst nokkuð með umræðunni.

Fyrsta spurningin sem mér liggur á hjarta er þessi:

Hvað breytingar urðu á efnahagstillögum ríkisstjórnarinnar eftir að gengið var fellt? Þessar tillögur höfðu auðvitað verið í undirbúningi og umræðu allnokkurn tíma og ég hef áhuga á að vita hverju var breytt þegar ljóst var að gengisfelling yrði.

Önnur spurning sem mér liggur einnig á hjarta er um eitt af markmiðum ríkisstjórnarinnar að lækka vexti. Vafalaust er ein ástæðan fyrir því að menn heyktust á að skattleggja fjármagnstekjur að menn óttuðust skattahækkun. Ekki sýnist mér að það geti verið nægar forsendur í þessum efnahagstillögum sem kynntar hafa verið til þess að þær hugmyndir nái fram að ganga. Það nægir ekki að lækka bindiskyldu bankanna á meðan ekki virðist fyrirhugað að draga úr t.d. útgáfu húsbréfa. Ég harma það mjög að hæstv. félmrh. skuli ekki hafa verið viðstaddur þessa umræðu vegna þess að hún er auðvitað þarna veigamikill aðili. Við skulum horfast í augu við að stærsti aðilinn á lánamarkaðnum er ríkið sjálft eins og við öll vitum. Þess vegna langar mig að vita: Eru einhverjar aðrar ráðstafanir á prjónunum sem við höfum ekki heyrt enn þá og miða að því að draga úr ríkisumsvifum og innlendum lántökum? Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að heyra ofurlítið um það hvaða hugmyndir menn hafa um þessa hluti.

Ég ætla að reyna að halda mig við spurningar til að byrja með. Þriðja spurning mín er þessi: Hvernig hyggst ríkisstjórnin mæta gengisfellingu fyrir hönd Lánasjóðs ísl. námsmanna? Mér finnst það satt að segja hrollvekja ef stjórn lánasjóðsins á t.d. ákveða það hvort t.d. stúdentar í Bandaríkjunum fá einhverja hækkun eða enga. Það er auðvitað alveg ljóst að þar verður mikil kjaraskerðing. Menn gætu svo sem látið sér detta í hug að fara að lækka framlög til stúdenta í Svíþjóð á sama hátt. En ég spyr: Hvernig verður búið að þeim námsmönnum sem óneitanlega verða fyrir umtalsverðri kjaraskerðingu vegna gengisfellingarinnar ef ekki kemur til viðbótarfjármagn?

Það væri auðvitað efni til hugleiðinga og skal ég ekki eyða miklu máli í það, en það væri fróðlegt að eiga einhvern tíma umræðu um hvernig mál eins og þessi gerast. Fjármagnseigendur hafa það beinlínis á valdi sínu að sjá til þess að gengið verði lækkað eins og gerðist í Svíþjóð. Menn spekúlera á kauppingum heimsins og um leið og komið er rautt ljós á einhvern gjaldmiðil fer skriðan af stað og sami gjaldmiðill fer að verða ótryggur.

Annað held ég að væri ástæða til að hugsa aðeins um en það er hvernig skráning krónunnar í raun og veru er. Eru þau hlutföll sem hún er nú skráð í varðandi þessa gjaldmiðla, ECU, dollarar, jen eða hvað þetta nú er, er þetta nógu tryggt? Ég vil biðja hæstv. forsrh. að huga aðeins að því.

Ég skal ekki, hæstv. forseti, fara mikið út í einstök atriði. Þó er óhjákvæmilegt að ræða örfá atriði sem mér finnst hafa verið fyrirferðarlítil í þessari umræðu. Það er sú ískalda staðreynd að enn á að herða að barnafjölskyldum. Í hólf okkar barst í morgun heilbrigðisskýrsla frá landlæknisembættinu þar sem fram kemur að slys á börnum og unglingum á Íslandi eru miklu fleiri en gerist t.d. á Norðurlöndunum. Hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Flest slysin verða í þéttbýli og hlutfall íbúa er búa í þéttbýli er svipað á Íslandi og í nágrannalöndunum. Bifreiðafjöldi er mestur á Íslandi og vegir eru verri en í nágrannalöndunum og gæti það haft einhver áhrif á slysatíðnina: Erfitt er að benda á eina skýringu, en eftirfarandi atriði hafa trúlega áhrif á slysatíðnina: Á Íslandi eru fleiri lyklabörn vegna óvenjulangs vinnutíma foreldra, stutts skóladags og færri barna í heilsdagsvistun á dagheimilum en í nágrannalöndunum. Enn fremur virðast færri skólar vera einsetnir hér á landi."

Það sem hér er einfaldlega verið að segja er að barna er ekki gætt á Íslandi eins og vera ber. Það væri kannski umhugsunarefni fyrir hæstv. ríkisstjórn að gera sér grein fyrir að giftir foreldrar með tvö börn t.d. undir 6 ára aldri greiða 60 þús. kr. á mánuði, ef þau geta, til dagmæðra. Auðvitað er það svo að fjöldi foreldra hefur alls ekki ráð á þessu. Það er óhugnaður til þess að vita að nú eru ekki aðeins lyklabörn orðin fastur liður í þjóðfélaginu heldur heyrði ég það í barnaskóla nýlega að nú eru einnig komin pokabörn. Það eru þau börn sem foreldrar treysta ekki til að vera einum heima og hengdur er poki með fæðu yfir daginn á hurðarhúninn á útidyrahurð hússins þar sem börnin geta fengið sér mat en verða síðan bara að vera úti að leika sér. Það þarf ekki að segja neinum að í skammdegi á Íslandi er þetta ekki nokkurt vit. Auðvitað hljótum við að hafa samúð með því fólki sem ræður ekki við þessar gífurlegu upphæðir sem eyða þarf í barnagæslu. Svo lætur hæstv. ríkisstjórn sér detta í hug að lækka barnabætur. Þetta er svo vanhugsað að ég vil biðja menn að endurskoða aðeins hvort við eigum ekki heldur að reyna að hlúa að því sem varðar börn og unglinga hér á landi frekar en rýra kjör þeirra enn. Satt að segja er það harður dómur yfir stjórnvöldum sem birtist í skýrslunum frá landlækni. Þetta er hlutur sem við erum búin að tala um í mörg ár en venjulega við litlar undirtektir áheyrenda. Það er auðvitað svo að með því ástandi sem ríkir í húsnæðismálum mega ungbarnaforeldrar hafa mjög háar tekjur til þess að ráða við hvort tveggja, greiðslur af íbúðum sínum og þá rándýru barnagæslu sem viðgengst hér á landi.

Annað atriði vil ég leggja sérstaka áherslu á, enda væri mér ekki annað sæmandi en það er fyrirhugaður skattur á íslenskar bókmenntir. Það er gott að geta þeirra á hátíðlegum stundum en auðvitað er alveg ljóst að það er mjög alvarlegt mál að taka upp virðisaukaskatt á bækur aftur á miðju næsta ári. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa bréf sem okkur barst í dag svo að það komist í þingtíðindi, en það er bréf frá aðalfundi Bandalags ísl. listamanna og hljóðar svo:

„Aðalfundur Bandalags ísl. listamanna haldinn 21. nóvember 1992 beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að falla þegar í stað frá öllum áformum um að skattleggja útgáfu- og menningarstarfsemi. Tímabundnir erfiðleikar í efnahagslífi þjóðarinnar verða ekki leystir með nýjum álögum á menningarlíf landsmanna sem að stærstum hluta er borið uppi af fólki sem starfar án tillits til þeirra reglna um fjárhagslega umbun

sem gilda á flestum öðrum sviðum þjóðlífsins. Það væru hörmuleg mistök að vega að rótum íslenskrar menningar á sama tíma og stefnt er að þátttöku í nánu samstarfi Evrópuþjóða innan Evrópska efnahagssvæðisins þegar gera má ráð fyrir að íslensk tunga og menning eigi eftir að verða fyrir stórfelldara áreiti erlendra menningarstrauma en dæmi eru um í sögu þjóðarinnar.

Það er frumskylda íslenskra stjórnmálamanna að standa vörð um fullveldi og sjálfstæði íslenskrar þjóðar og á herðum allra landsmanna hvílir sú skylda að skila menningararfleifð þjóðarinnar í hendur næstu kynslóða.

Aðalfundur Bandalags ísl. listamanna skorar því á ríkisstjórn og Alþingi Íslendinga að láta ekki undir höfuð leggjast að gera þær ráðstafanir sem frekast er unnt til að efla styrk íslenskrar menningar í stað þess að veikja stöðu hennar."

Undir þetta rita Hjálmar H. Ragnarsson og Þráinn Bertelsson.

Ég held að bréfið segi allt sem segja þarf. Ég hélt að ef um eitthvað væri þjóðarsátt í þessu landi þá væri það að hlúa að vexti og viðgangi íslenskrar tungu og menningar og ekki síst íslenskra bókmennta sem eru auðvitað forsenda fyrir því að íslensk tunga haldi velli og ég vil skora á hæstv. ríkisstjórn að endurskoða þetta atriði. Það er ekki sæmandi að setja þennan skatt á.

Vísa má til ábendingar sem kom frá ritstjóra Frjálsrar verslunar þar sem hann bendir á grein um hvernig fara kunni fyrir tímaritaútgáfu í landinu sem á auðvitað í samkeppni við erlend tímarit af öllu tagi og sakar ekki að benda stjórnvöldum á að lesa það einnig.

Eitt atriði hlýt ég að minna á og það er ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að leggja 2 milljarða í sérstök verkefni og man ég ekki betur en eitt af þeim sé endurbygging Þjóðminjasafns. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta er blekking ein vegna þess að mér er kunnugt um að það hefur varla verið haldinn fundur í byggingarnefnd Þjóðminjasafns og vægast sagt ekki að heyra á settum þjóðminjaverði að hann setji þessar endurbætur meðal forgangsverkefna. Ég vil því minna aðeins á þetta mál og þætti gott að fá einhverjar upplýsingar um hvort þarna er einhver bremsa sem mér er ekki kunnugt um eða hvort þetta er misskilningur einn.

Eitt atriði sem reyndar hefur líka verið talað um er lækkun vaxtabóta. Það er auðvitað jafnfráleit og alvarleg kjaraskerðing og allt annað í þessum tillögum. Ég hélt að að væri einfalt reikningsdæmi að leiðin til að draga úr vaxtabótum, sem fara sívaxandi eins og lög gera ráð fyrir, væri að lækka vexti en það er ekki leiðin til að draga úr vaxtabótum að halda vöxtum eins og þeir eru. Það er því auðvitað talsverð kjararýrnun ef þau áform ná fram að ganga.

Að lokum. Það hlýtur að koma að því að menn brosi þegar til stendur að stofna einn sjóðinn enn. Hverjir hafa talað mest og lengst um sjóðasukkið? Ég vil taka undir það sem kom fram í dag að ég sé ekki hvaða þörf er á að búa til nýjan sjóð. Kannski mætti frekar reyna að sameina þá sem fyrir eru og fækka svolítið stjórnum og starfsmönnum þessara ágætu sjóða. Margir hverjir hafa auðvitað unnið mjög gott verk og skal það ekki lastað, en að einn sjóðurinn yrði til, því hefðum við ekki átt von á. Það kom náttúrlega líka fram í morgun á fundi fjárln. að það er svo sem ekkert vitað hvernig á að fara með þetta fé og ég vil benda á að við munum halda þeim upptekna hætti sem er umdeildur en menn lögðu mikla áherslu á að þessir 4 milljarðar koma auðvitað fram sem viðbót við fjárlagahallann. Það gefur auga leið. Ekkert þýðir að koma með nein undanbrögð þar. Fyrir því var barist af hálfu Sjálfstfl. og við féllumst á það og bókhaldinu verður ekkert breytt til þess að bjarga því að þetta bætist ekki við fjárlagahallann. Það gerir það að sjálfsögðu. Menn fara ekki að skipta um bókhaldsaðferðir árlega úr þessu svo að allt er nú þetta með óttalegum endemum.

Hæstv. utanrrh. svaraði því mjög einkennilega þegar ég spurði hann í umræðu í gær hvort hann gæti tryggt að þessar sparnaðaraðgerðir lækki ríkisútgjöld um 1.240 millj. eins og haldið hefur verið fram. Þetta er auðvitað fráleitt. Það getur auðvitað ekki gert það ef 4 milljarðarnir koma til auk þess sem það hlýtur að vera alveg óhjákvæmilegt að veita meira fé til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það verður ekki komist fram hjá því nema við ætlum beinlínis að fara að hrekja fólk frá námi.

Hæstv. forseti. Ég hef minnst á nokkur atriði og ég skal gera mitt til þess að aðrir komist að. En ég legg áherslu á að spurningu minni um þær breytingar sem efnahagstillögurnar tóku eftir að gengisfellingin var ljós verði svarað. Og annað svo og allra síðast: Nú er alveg ljóst að norska krónan stendur meira en veikt og ég hygg að það sé búist við gengisfellingu þar í landi á hverri stundu ef hún er ekki þegar orðin. Nú spyr ég: Verði hún minni en 6% telur þá forsrh. að það þurfi að fella gengið frekar? Hvað gerum við ef hún verður meiri en 6%? Verður þá hjá því komist að fella gengið enn frekar?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. spurði hvaða breytingar hefðu orðið á efnahagstillögum ríkisstjórnar eftir að þróunin varð varðandi gengið. Því er til að svara að ekki lágu ekki fyrir formlegar eða endanlegar tillögur á þessu stigi máls eða þegar þessar breytingar urðu. Á hinn bóginn er hægt að segja að það var ljóst að gert var ráð fyrir því að tilfærslurnar yrðu jafnvel enn meiri í þeim umræðugrundvelli sem þá lá fyrir eftir að niðurstaðan varð sú að óhjákvæmilegt væri vegna breytinga á gjaldeyrismörkuðum að hreyfa gengi hinnar íslensku krónu þá dró úr þessum tilfærslum. Tryggingagjald var m.a. ekki lækkað eins og hafði verið í umræðunni og á móti voru bifreiðaskattar eða bílaskattar svokallaðir sem höfðu verið í umræðunni ekki hækkaðir.

Varðandi lækkun vaxta og þær efnahagsforsendur sem þar liggja til grundvallar er því til að svara að það eru margar forsendur sem gætu leitt til þess að vextir lækki. Það er hárrétt hjá hv. þm. að mikilvægt er að ríkisútgjöldin fari ekki úr böndum í því sambandi. Þess

vegna er lagður til frekari sparnaður þar og niðurskurður. Gert er ráð fyrir því að húsbréf muni m.a. af markaðsástæðum — og hugað verður að því sérstaklega — verða í lægri kanti á næsta ári en í ár. Þá eru sköpuð lagaskilyrði og stjórnskipunarskilyrði til þess að bindiskylda bankanna geti lækkað. Í fjórða lagi liggur fyrir frv. um það að heimila Seðlabankanum að lækka viðbótarálag vegna dráttarvaxta. Þetta allt leiðir til eða getur leitt til vaxtalækkunar.

Varðandi endurnýjun Þjóðminjasafnsins, þá eru 110 millj., sérstaklega 100 millj., í þeim tillögum um viðbótarverkefni og 10 millj. sem þegar voru inni sem eiga að leiða til þess að endurbætur geti átt sér stað á Þjóðminjasafninu. Þessi ákvörðun hefur ekki verið tekin. Hún er eingöngu í tillöguformi til Alþingis og því ekki hægt að vinna á grundvelli þeirra tillagna fyrr en þingið hefur samþykkt þær. Ég tel fyrir mitt leyti til að þessum fjármunum eigi að verja til þess að gera við það hús sem nú hýsir Þjóðminjasafnið en ekki til annarra hluta.

Varðandi norsku krónuna tel ég að engar líkur séu á því að hún hreyfist á neinn þann veg að eftir þá gengisfellingu sem þegar er orðin varðandi hina íslensku krónu þurfi að koma til breytingar af þeim ástæðum.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin en heldur þótti mér óljóst svarið við því hvaða breytingum þessar tillögur tóku eftir að gengisfelling varð ljós. Má ég skilja svar hans þannig að fyrst og fremst hafi verið dregið úr sköttum á bifreiðir? Það hefði verið það eina sem breyttist eftir að gengisfellingin varð ljós? Þetta þykir mér dálítið magurt svar því að ég hef ekki getað komið auga á að þessar tillögur hafi tekið neinum meginbreytingum eftir að gengisfellingin varð ljós.

Annað er og ég vil leyfa mér að andmæla hæstv. ráðherra. Trúir hann því virkilega í fyrsta lagi að norska krónan haldi velli? Ég held að það sé óhugsandi. Á ég að trúa því að hann sé sannfærður um að þessi gengisfelling nægi til að mæta því ef norska krónan fellur eitthvað verulega? Ef svarið er já, þá er gott að vita það. En ég verð að segja að í hjarta mínu er ég næstum því viss um að það yrði óhjákvæmilegt að fella krónuna aftur og þá held ég að við séum komin í ærið vond mál.

Mér kom ekki á óvart að hæstv. ráðherra hefur ekki miklar áhyggjur af framtíðinni okkar, börnunum okkar. Hann sá ekki ástæðu til að taka neitt undir óskir mínar um að rýra ekki frekar kjör barnafjölskyldna en ég er vön því svo að ég held að það séu ekki margir bestu vinir barnanna í þessum virðulega sal.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Án þess að það væri kannað sérstaklega geri ég ráð fyrir að öllum þingmönnum hér í þessum sal þyki vænt um börn og enginn sé fremri öðrum í þeim efnum. En varðandi gengið vil ég ekki vera að gera því skóna að norska krónan falli, það er ekki viðeigandi. Ég hef eingöngu sagt að eftir að gengi íslensku krónunnar hefur almennt verið leiðrétt gagnvart fjölmörgum gjaldmiðlum, auðvitað gagnvart pundi sem hafði áður fallið, gagnvart jeni, dollara, marki, peseta o.s.frv., þá hefur breyting á norsku krónunni ekki eins mikil áhrif og áður hefði verið. Ef breyting hefði orðið á norsku krónunni að gengisbreytingum ekki gerðum á Íslandi þá hefði það getað haft úrslitaáhrif, ekki vegna þess að viðskiptin séu svo mikil hér við norska krónu, heldur vegna samkeppnisstöðunnar gagnvart Noregi. En ég geri því ekki skóna að norska krónan falli. Það er ekki viðeigandi af minni hálfu. Þó að það mundi gerast þá tel ég óþarfa að ætla að það hefði nokkra breytingu fyrir okkur úr því sem nú er komið.

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Þessi umræða er að verða nokkuð löng, en eigi að síður eru nokkur atriði varðandi það mál sem hér er á dagskrá sem ég vildi leggja orð í belg um.

Þegar farið er yfir þessa yfirlýsingu um aðgerðir til eflingar atvinnulífi landsmanna þá kemur fyrst í hugann hvort þessar aðgerðir komi að nægilegu gagni, hvort fleiri gengisbreytingar séu væntanlegar og hvaða áhrif þessar aðgerðir hafi á atvinnustigið í landinu, hvort þær muni snúa við þeim ískyggilegu horfum sem eru í atvinnumálum. Ég held því miður að það sé mikill vafi á því að svo verði.

Ég kemst ekki hjá því í upphafi að gagnrýna harðlega hvað hefur dregist lengi að bregðast við þeim vanda sem hefur verið í atvinnumálum. Það hefur legið fyrir allt þetta ár að undirstöðuatvinnuvegur landsmanna er rekinn með miklum halla. Fyrir tveimur mánuðum varð mikill órói í gjaldeyrismálum í nágrannalöndunum og á tveggja mánaða tímabili hefur sterlingspundið fallið um 13%. Það eru hvorki meira né minna en 25% af útflutningstekjunum sem fer inn á Bretlandsmarkað og er greitt í sterlingspundum.

Þó að þessar staðreyndir hafi legið fyrir svo vikum skiptir og sjávarútvegurinn hafi verið í hallarekstri áður en þessi órói kom til þá hefur ekkert verið aðhafst að öðru leyti en því að greiða út úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Því hefur verið harðlega neitað að það kæmi til greina að fella gengið. Það ætti frekar að fara svokallaða kostnaðarlækkunarleið. Fyrir ári man ég að hæstv. sjútvrh. ræddi um kostnaðarlækkunarleið í einu af ávörpum sínum á fundum hagsmunaaðila víða um land. Hæstv. forsrh. sagði þá að vandinn væri ekki aðkallandi og síðan er heilt ár liðið. Ég hlýt að gagnrýna harðlega að ekki hafi verið brugðist við fyrr en raun er á.

Mörg orð hafa fallið í umræðunni og margar nafngiftir um þá sem hafa verið að ýja að því að gengið væri ekki rétt skráð. Eitt af því sem féll í umræðu um daginn í hv. Alþingi var að þeir voru kallaðir heilagsandahopparar sem ýjuðu að því að óróinn í gengismálum kynni að hafa þau áhrif að það þyrfti að breyta gengisskráningunni. Ég ætla í sjálfu sér ekki að elta ólar við það.

Það alvarlegasta í þessum aðgerðum eins og fram

hefur komið hjá þeim sem hafa talað hér á undan mér í dag er að sjálfsögðu að það rekur sig eitt á annars horn í þeim og það skýtur auðvitað skökku við að leggja auknar álögur á ferðaþjónustuna í aðgerðum sem eiga að efla stöðu atvinnuveganna í landinu. Það er lagður á hana virðisaukaskattur að upphæð um 600 millj. kr. Á móti kemur niðurfelling á aðstöðugjaldi um 250 millj og tryggingagjaldi um það bil 230 millj. Viðbótarálagning á þessa þjónustugrein er því um 120 millj. en á móti því koma auðvitað áhrifin af breyttu gengi krónunnar sem er talið bæta stöðu hennar. Í heild er staða þessarar greinar, sem er alveg á dampinum í sinni verðlagningu, ekkert bætt.

Það er einnig algerlega óljóst hver áhrif þróunarsjóðs eða úreldingarsjóðs, eða hvaða nafn menn vilja hafa á þessum 4 milljarða sjóði sem skaust allt í einu inn í umræðuna, verða á atvinnulífið í landinu. Ég geri auðvitað enga kröfu til þess að það verði upplýst í þessum umræðum hver þau áhrif verða en það hlýtur þó að hafa mjög mikil áhrif á atvinnustig á ýmsum stöðum úti um land þegar verið er að kaupa fiskvinnslustöðvar út úr rekstri og leggja skipum. Ég viðurkenni auðvitað þörfina á þeirri hagræðingu í sjávarútvegi og þörfina á slíkum sjóði. Ég skil reyndar ekki þær vendingar sem verið hafa með Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins sem hafði þetta hlutverk og það hefði verið heppilegra fyrir hæstv. ríkisstjórn að láta hann í friði á sínum tíma svo hann hefði verið búinn að sinna sínu hlutverki á þessum tíma sem hún hefur setið að völdum.

Það voru ekki mjög sannfærandi viðbrögð í morgun hjá fulltrúum Þjóðhagsstofnunar þegar þeir mættu á fund fjárln. og voru spurðir um það hvort vextir mundu lækka. Þau svör voru jú jú, segir formaður fjárln. Ég skrifaði hjá mér að efnislega hafi þau svör verið að styrking ríkissjóðs skapaði forsendur fyrr lækkun vaxta. Það er vissulega rétt. En það er margt óljóst í þeim efnum eins og ég kem að. Hins vegar komu líka fram þær upplýsingar að það væri afar erfitt að meta hve mikið eða hvenær það yrði og hugsanlegt væri að ekki yrði nein vaxtalækkun. Þetta er því miður eins og svo margt annað í þessum aðgerðum ríkisstjórnarinnar, því miður segi ég, það er óljóst hvaða áhrif þær hafa eða hvort þær eru nægjanlegar.

Það hefur verið minnst á ýmis álitamál hér og margt í þessum tillögum er óútfært. Ef ég vík að ríkisfjármálunum sérstaklega þá er enn þá óljóst með hverjum hætti þessar aðgerðir koma inn á ríkisfjármálin. Að vísu liggja fyrir nokkrar upplýsingar um fyrirætlanir í þeim efnum en það er eins og hv. 14. þm. Reykv. kom inn á óljóst hvernig viðbrögðin verða við vanda Lánasjóðs ísl. námsmanna. Hér á að spara 500 millj. með endurskoðun barnabóta. Það segir ekki nema hálfa söguna því að í fjárlagafrv. er ákvæði um að spara eigi 580 millj. í viðbót með ýmsum breytingum á löggjöf á tryggingasviðinu. Hér er því yfir milljarður sem á eftir að koma fram í fylgifrv. við fjárlagagerð um sparnað á þessu sviði.

Það er óskilgreindur sparnaður á útlánahliðinni upp á 1.240 millj. sem enginn listi er kominn yfir enn þá og við fjárlaganefndarmenn höfum engar upplýsingar um enn hvaða liðir það eru sem verða fyrir þessum hníf. Fjárlagafrv. er í jafnmiklu uppnámi og það hefur verið nema að það er ljóst að þessar aðgerðir hafa þau áhrif að velta ríkissjóðs mun minnka og veltuáhrifin af því eru um 1.000 millj. kr. Á tveimur liðum einkum er aflað tekna í ríkissjóð til að mæta niðurfellingu aðstöðugjaldsins og framlögum ríkisins til að mæta því. Það er að tekjuskattshlutfall einstaklinga verður hækkað um 1,5%. Þar með verður skatthlutfall þeirra komið upp í 41,35% og síðan verður fækkað undanþágum í virðisaukaskatti og aflað með því 1.800 millj. kr., þar af var áður búið að gera ráð fyrir í fjárlagafrv. 1.000 millj. kr. Síðan verður hækkun á bensíngjaldi um 1,50 kr. á lítra. Svo er þessi klassíska afrúnunartala að það verður endurskoðun á reglum um reiknuð laun og hert skatteftirlit. Þetta er upp á 300 millj. Það er klassísk tala á öllum slíkum listum sem ég hef séð síðustu árin. Auðvitað er með öllu óljóst hvort þessar tekjur nást.

Það versta við þessa yfirlýsingu er að þess hefur ekki verið gætt að reyna að ná um hana nógu víðtækri samstöðu. Því samráði sem virtist hafið hefur verið splundrað á einhverju ákveðnu stigi. Ég vísa því algerlega á bug ummælum hæstv. forsrh. um óábyrga stjórnarandstöðu. Stjórnarandstaðan kom ekki með neinu móti í veg fyrir að slíku samráði yrði haldið áfram og var ekki að neinu leyti kölluð til á lokasprettinum. Verkalýðshreyfingin, sem frábiður sér alla ábyrgð á þessum aðgerðum, var ekki heldur kölluð til.

Mér er það auðvitað fullljóst að staða atvinnuveganna verður ekki styrkt nema það komi einhvers staðar við. Eins og fram hefur komið hér er byrðunum af því mjög misskipt og hin margumtöluðu breiðu bök í landinu virðast ekki vera fundin enn þá eða það fer algerlega fram hjá hæstv. ríkisstjórn hvar þau eru. Það er alveg ljóst varðandi þetta mál.

Því miður er útlit á því að atvinnuleysið í landinu muni ekki minnka við þessa yfirlýsingu og þá fjárlagagerð sem fylgir í kjölfarið. Þeir sérfræðingar, sem fjárln. ræddi við um málið, voru sammála um það að áhrif þessara aðgerða mundu láta á sér standa og það yrði ekki fyrr en á árinu 1994 sem þau yrðu komin að fullu fram ef allt færi á hinn besta veg. Það leiðir hugann að því hve glæfralegt það var að halda að sér höndum allt þetta ár. Dýrmætur tími hefur farið til spillis. Síðan eru málin afgreidd á kvöld- og næturfundum og um helgar í tímahraki þegar allt er komið í óefni og allir gjaldmiðlar hjá okkar helstu viðskiptaþjóðum eru að falla. Þegar hæstv. ríkisstjórn er búin að mála sig út í horn koma pappírar eins og þessir. En því miður er ekkert útlit á því að þessar ráðstafanir muni duga til að snúa við hinni geigvænlegu þróun í atvinnumálum sem við blasir. — [Fundarhlé.]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Af því að ég veit að þessari umræðu er útvarpað á langbylgju datt mér í hug hvort ég ætti að auglýsa eftir þingmönnum, einkum stjórnarþingmönnum og kannski sér í lagi forsrh. því að ég sé

að hann er ekki hér í salnum. Þar sem ég vil gjarnan eiga orðastað við hann eða vil a.m.k. gjarnan að hann heyri mitt mál, þá vil ég byrja á því áður en ég held lengra að auglýsa eftir forsrh. (**Forseti:** Eins og hv. þm. veit, þá hefur forsrh. verið gert viðvart og hann er rétt ókominn í húsið. Hæstv. utanrrh. er í húsinu.) Þó að þeir eigi ýmislegt saman að sælda, hæstv. forsrh. og utanrrh., þá eru þeir ekki einn og sami maðurinn. Ég ætlaði að svara ýmsu sem kom fram í ræðu forsrh. og það eiginlega strax í upphafi míns máls. Ég hefði heldur kosið að forsrh. væri á staðnum þegar ég héldi þessa tölu mína. En ég get byrjað og vonast þá til að innan tíðar komi forsrh. í húsið. Fyrst búið er að auglýsa eftir honum á langbylgju vona ég að hann birtist innan tíðar.

Það hefur komið nokkuð til tals í umræðunum í dag og í gær hið svokallaða samráð sem stjórnin taldi sig hafa við stjórnarandstöðuna. Ég hef verið að hugsa um það á undanförnum dögum í hverju þetta samráð hafi eiginlega verið fólgið. Ég hef verið að velta því fyrir mér hvers vegna í ósköpunum ráðherrarnir, formenn og varaformenn stjórnarflokkanna kölluðu á stjórnarandstöðuna á sínum tíma, hvað þeir vildu stjórnarandstöðunni, hvað hún átti að leggja í þetta púkk sem nú hefur litið dagsins ljós í efnahagstillögum ríkisstjórnarinnar.

Ég orðaði á fundi þar með formönnum og varaformönnum stjórnarflokkanna að mér virtist sem tilgangur þeirra með því að kalla okkur á sinn fund væri sá einn að kanna hversu stórt við stjórnarandstaðan gætum gleypt. Það væri tilgangurinn með þessu. Og mér virðist sem samráð þeirra við hina svokölluðu aðila vinnumarkaðarins og þá ekki síst ASÍ hafi líka verið það að vita hversu stórt verkalýðshreyfingin gæti gleypt í þessu máli.

Sé þetta samráð þá skil ég ekki það hugtak, þá skil ég ekki þá merkingu sem þessir menn leggja í hugtakið samráð. Því er kannski við að bæta í þessu sambandi að á undanförnum dögum hafa fjölmiðlar alltaf vitað meira en við stjórnarandstöðuþingmenn um það sem þessi ríkisstjórn hefur verið að gera. Til þess að fylgjast með þeim umræðum sem farið hafa fram á meðal stjórnarflokkanna og jafnvel á milli stjórnarflokkanna og hinna svokölluðu aðila vinnumarkaðarins hefur eiginlega verið best fyrir okkur stjórnarandstöðuþingmenn að hringja í fréttamenn og blaðamenn til að vita hvað væri að gerast á þessum bæ. Þeir segja okkur það ekki, þeir kalla okkur ekki til samráðs. Samráð er í mínum huga þegar allir leggja í púkkið. Þegar menn leggja eitthvað inn, koma með hugmyndir og þurfa jafnvel líka að fórna einhverju. En mér sýnist að þeir menn, sem hafa staðið að þessum hugmyndum sem við sjáum hér, skilji ekki hugtakið samráð. Og af því að ég hefði nú þurft að segja ýmislegt við forsrh. í því sambandi þá ætla ég að bíða með það.

En mig langar til að koma aðeins inn á tillögurnar sem hér liggja fyrir og umræðuna sem hefur orðið um þær af hálfu stjórnarliða eða af hálfu ráðherra hér í dag og í gær. Hér hefur margsinnis verið nefnd afkoma fyrirtækjanna það hefur margsinnis verið nefnd afkoma sveitarfélaganna, það hefur margsinnis verið nefnd afkoma ríkissjóðs, þetta var margsinnis nefnt þegar kallað var í okkur og við boðuð í ráðherrabústaðinn fyrir nokkrum dögum, við í stjórnarandstöðunni. En ég hjó eftir því í þeim samtölum að það var aldrei minnst einu orði á afkomu heimilanna. Og ég man að ég skrifaði það sérstaklega niður hjá mér í þeim samræðum. Afkoma heimilanna, hvað með hana? Það var aldrei minnst einu orði á hana.

Hæstv. utanrrh. sagði í umræðunum í gær að Alþfl. væri í stjórnmálum til að gæta hagsmuna almennings. Hann hefði því hlutverki einu að gegna og í öllum sínum athöfnum miðaði hann við það að gæta hagsmuna almennings. (**StG:** Þetta er háð.) Þetta er háð, segir hv. þm. Stefán Guðmundsson.

Sjútvrh. sagði í dag að Sjálfstfl. væri að hugsa um fólkið í landinu. Og þeir sem gerðu kröfur um það að tekið væri með róttækari hætti á sjávarútveginum væru líka að gera kröfur til þess að auknar byrðar væru fluttar á fólkið í landinu. Þeir tala um hagsmuni almennings og þeir tala um fólkið í landinu. Um hvaða almenning eru þeir að tala? Og um hvaða fólk í þessu landi? Hvaða fólk? spyr ég. Fólk er mjög misvel sett. Það er ekki allur almenningur eins í landinu. Það sitja ekki allir við sama borð. Og mér finnst mjög sérkennilegt satt að segja þegar ráðherra sósíaldemókratísks flokks talar um almenning í sambandi við efnahagsaðgerðir. Ég hélt að það væri, hefði a.m.k. verið það á sínum tíma, erindi sósíaldemókrata í pólitík að verja sérstaklega hagsmuni láglaunafólks, hagsmuni þeirra sem minna hafa handa á milli. (**Gripið fram í:** Það er liðin tíð.) En það er greinilega liðin tíð eins og hér er bent á utan úr sal. Og þegar þessir háu herrar — sem eru greinilega uppteknir í samræðum við þingflokksformann Alþfl. og mega ekki vera að því að leggja við eyru — þegar þessir háu herrar tala um að þeir eigi að taka meira á sig sem betur standa, eins og er gefið upp sem sérstakt markmið í plaggi ríkisstjórnarinnar, efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar, þar stendur skýrum stöfum: „þeir eiga að taka meira á sig sem betur standa“, þá eru þetta innantóm orð, hæstv. ráðherrar. Og ráðherrarnir verða að tala skýrar. Þeir verða að skýra betur hvað þeir eiga við með þessu.

En ég var hér áðan að tala um samráðið. Og ég sagði að samráð væri þegar allir legðu í púkkið, þegar allir legðu inn hugmyndir og allir yrðu þá nokkru til að fórna. Við höfum séð þess dæmi á undanförnum vikum hvernig menn fara að þessum hlutum t.d. í Svíþjóð og Danmörku.

Í Svíþjóð var haft víðtækt samráð um efnahagsaðgerðir milli stjórnar og stjórnarandstöðuflokka og þeir komu sér saman um slíkar tillögur og kynntu þær sameiginlega. Það telst vera samráð, hæstv. ráðherrar.

Í Danmörku höfum við séð hvernig menn haga samráði varðandi Evrópumálin, hvernig menn lögðu þar í púkk og gerðu að sínum sameiginlegu tillögum pakka sem hafði verið unninn í samráði. Að vísu var ríkisstjórninni ýtt þar til hliðar um ákveðinn tíma en hún var einhvers staðar höfð með í ráðum á bak við tjöldin. Þarna var um samráð að ræða sem allir aðilar eiga

hlut að máli. Hér kunna menn greinilega ekki slík vinnubrögð.

Hæstv. forsrh. sakaði í dag stjórnarandstöðuna um að vera óábyrga og fór hér mikinn í því sambandi. En ég spyr: Á hverju á þessi stjórnarandstaða að bera ábyrgð? Því í ósköpunum ættum við að lýsa okkur fús til þess að bera ábyrgð á þeim efnahagstillögum sem hér eru lagðar fram einhliða af ríkisstjórninni? Þegar ríkisstjórnin ætlaði okkur það eitt hlutverk að vera eins og einhver mælikvarði á það hversu langt mætti ganga í efnahagstillögunum, hversu stórt menn gætu gleypt. Það er engin ástæða fyrir stjórnarandstöðuna að bera ábyrgð á þessu tillögum. Og þessi stjórnarandstaða væri óábyrg ef hún benti ekki á það sem miður fer í þessum efnahagstillögum ríkisstjórnarinnar. Það er hennar hlutverk að gera það og það er auðvitað líka hennar hlutverk að benda á það sem notast má við og það hefur verið gert hér. En stjórnarandstaðan væri óábyrg ef hún ekki tæki á þessum tillögum málefnalega og benti á það sem miður fer.

Innantóm orð, sagði ég að þetta væru, það markmið ríkisstjórnarinnar að þeir ættu að taka meira á sig sem betur standa með þessum tillögum. Þetta er einfaldlega rangt vegna þess að þessar tillögur gera fyrst og fremst ráð fyrir álögum á launafólk, venjulegt launafólk, á barnafólk, á fólk með meðaltekjur. Það eru þessir hópar, meðaltekjufólkið og barnafólkið sem öðrum fremur þurfa að taka á sig skellinn af þessum efnahagsaðgerðum. Og það má fara yfir það í stuttu máli í hverju þetta felst fyrst og fremst.

Fyrst er auðvitað að nefna 6% gengisfellingu en samkvæmt útreikningum ASÍ, sem voru gerðir fyrir nokkru síðan, þá þýðir 6% gengisfelling um 2,7–3% skerðingu kaupmáttar eða 1% gengisfelling þá um 0,45% skerðingu kaupmáttar. Í heildina þýðir þetta sem sagt um 3% skerðingu kaupmáttar, bara gengisfellingin ein og sér. Síðan má nefna þessu til viðbótar sem auðvitað hefur áhrif á kaupmátt barnafólks og það er 10% skerðing barnabóta sem gert er ráð fyrir í þessari tillögu. Þessi 10% skerðing barnabóta á að spara ríkissjóði 500 millj. kr. Og þegar við hugsum um þessa tölu, þessar 500 millj. þá verðum við að muna að það var nákvæmlega sama skerðing í fyrra. Það er verið að höggva aftur í sama knérunn. Með öðrum orðum er með þessum tillögum búið að skerða barnabæturnar um 20% á tveimur árum. Ég held að menn ættu að hafa það í huga hvernig þetta kom út í fyrra, hvernig þessi skerðing á barnabótum kom þá út. Þessi skerðing á barnabótunum þýddi í rauninni um 0,7–1,7% skattahækkun, skattahækkun hjá meðaltekjufólki með börn. Þannig fékk fólk sem hafði 232 þús. kr. tekjur, mánaðarlaun sem geta nú ekki talist mjög rífleg, 232 þús. kr. á mánuði, hjón með þrjú börn með þessar tekjur fengu samkvæmt því kerfi sem gilti í hittiðfyrra um 14.459 kr. á mánuði með þessum þremur börnum en var skert um 3.890 kr. í tillögunum í fyrra og fengu þar af leiðandi 10.569 kr. Með öðrum orðum: Áhrifin á skattbyrðina voru 1,7%. Ég reikna með að maður megi búast við því að tillögurnar sem nú munu líta dagsins ljós, sú skerðing á barnabótunum, sem mun koma í kjölfar þessara efnahagsaðgerða, verði á svipuðum nótum. Þá er þar aftur um að ræða 1,7% aukna skattbyrði á meðaltekjufólki með börn.

Menn kunna að láta sér það í léttu rúmi liggja og telja að barnafólk geti axlað sjálft ábyrgðina af því að eignast sín börn. En það er nú einu sinni þannig að börn eiga að vera á ábyrgð okkar allra og við hljótum að miða tekjujöfnunaraðgerðir við það að hinir sem eru barnlausir og hafa þar af leiðandi léttari framfærslu geti lagt nokkuð af mörkum til hinna sem hafa þyngri framfærslu vegna barna. Mig langar til að nefna hér dæmi um það hvernig framfærsla barna kemur út.

Við skulum gefa okkur það að það kosti um 20.000 kr. á mánuði að framfæra barn. Til þess að hafa þessar 20.000 kr. þarf einstaklingur að vinna sér inn 36.000 kr. í tekjur vegna þess að hann borgar jú skatt af þeim peningum sem hann þarf til að framfæra barnið, þ.e. ef hann ætlar að standa jafnfætis hinum barnlausa þá þarf hann að afla 36.000 kr. meiri tekna til þess að hafa 20.000 til að framfæra barnið og standa jafnsléttur eftir. Þannig þarf einstaklingur með þrjú börn með öðrum orðum að vinna sér inn rúmlega 100 þús. kr. meiri tekjur heldur en barnlaus einstaklingur. Við getum líka talað um hjón í því sambandi. Það skiptir í sjálfu sér ekki máli. Það er því alveg augljóst að því fylgir talsverður kostnaður og því fylgir meiri vinna að eiga börn og það þarf auðvitað að sækja sér meiri tekjur.

Nú ég er búin að tala hér um gengisfellingu, ég er búin að tala um skerðingu barnabóta. Því til viðbótar er svo 1,5% almenn skattahækkun sem er í þessum efnahagstillögum og sú skattahækkun þýðir um 2,8 milljarða kr. auknar tekjur til ríkissjóðs, með öðrum orðum, 2,8 milljarðar á almenna skattgreiðendur. Og þetta hittir auðvitað alla fyrir sem á annað borð borga tekjuskatt. Þá má nefna 14% virðisaukaskatt á húshitun, á blöð, bækur og áskrift tímarita. Auðvitað hittir þetta líka alla fyrir, jafnt hina tekjuháu sem hina tekjulágu.

Eitt held ég að hafi ekki verið nefnt hér en sem vissulega skiptir máli og það er aukin greiðslubyrði húsnæðislána vegna hærri lánskjaravísitölu sem óhjákvæmilega hlýtur að leiða af gengisfellingunni. Nýjustu tölur benda til þess að skuldir heimilanna í dag séu um 220 milljarðar kr. Og við getum reiknað með því að að meðaltali skuldi hver fjölskylda um 3,4 millj. í húsnæðislán. Í afborgun og vexti mundi slík fjölskylda þá borga um 370 þús. kr. á ári. Og ef við gefum okkur þá hækkun á lánskjaravísitölu sem fylgir 6% gengisfellingu, þá má búast við að afborganir og vextir af húsnæðislánum hjá meðalfjölskyldu hækki um 10–15 þús. kr. á ári. Þetta bætist sem sagt við allt hitt sem upp var talið. Þá er það skerðing vaxtabóta sem kemur auðvitað líka niður á venjulegu launafólki. Það er bensíngjaldið og síðast en ekki síst niðurskurðurinn í ríkisfjármálum sem á að vera upp á 1.240 millj. kr.

Samkvæmt fréttum dagblaða mun helmingur þess niðurskurðar eiga að koma á heilbr.- og trmrn. sem samkvæmt því fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir á að taka á sig 2 milljarða. Þannig að það eru þá um 600–700 millj. til viðbótar þeim 2 milljörðum sem gert

er ráð fyrir í niðurskurð í heilbrigðis- og tryggingamálum í fyrirliggjandi fjárlagafrv. Ef við miðum svo við tilhneiginguna sem var í þessum málum í fyrra, þá sjáum við að þessi niðurskurður í heilbr.- og tryggingamálum hefur tilhneigingu til að koma verst niður á þeim sem háðastir eru þessari þjónustu, þ.e. barnafólki og öldruðum.

Samkvæmt gögnum ríkisstjórnarinnar þýðir allt þetta sem hér hefur verið upp talið, þ.e. gengisfellingin, skerðing barnabóta, almenn skattahækkun, virðisaukaskatturinn, væntanlega aukin greiðslubyrði húsnæðislána, vaxtabætur, bensíngjald og niðurskurðurinn hjá ríkinu, um 4,4% lækkun kaupmáttar ráðstöfunartekna. Það er samkvæmt gögnum ríkisstjórnarinnar.

Í fréttum í kvöld var talað við hagfræðing ASÍ sem benti á það að samkvæmt sínum útreikningum þýddi þetta ekki 4,4% heldur 5–6% og þá var hann að tala um í því sambandi jafnvel tekjur svo lágar sem 60 þús. kr. Og svo segja menn í markmiðssetningu þessara efnahagsaðgerða að þeir eigi að taka meira á sig sem betur standa. Engu að síður þýðir þetta þessa kaupmáttarskerðingu á 60 þús. kr. launum. Ég reikna ekki með að menn reyni að telja sjálfum sér eða öðrum hér trú um að slíkir einstaklingar standi vel.

Þá verðum við að hafa hugfast, eins og ég sagði áðan að þetta er ekki fyrsta skerðingin sem almennt launafólk verður fyrir af hálfu þessarar ríkisstjórnar. Ég minni enn og aftur á fjárlög síðasta árs. Ég dreg ekki í efa frekar en aðrir sem hér hafa talað í dag af hálfu stjórnarandstöðunnar að það þurfi að grípa til aðgerða til bjargar íslensku atvinnulífi en það versta við þessar aðgerðir er að þær eru svo aumlegar, þær eru svo aumlegar. Vegna þess að það er ekkert í þessum tillögum í þágu láglaunafólks í landinu. Það er ýmislegt gert sem á að bæta stöðu fyrirtækjanna í landinu. Það á ekki að skerða stöðu sveitarfélaganna eftir því sem mátti heyra hér á utanrrh. hér í gær sem sagði að sveitarfélögin kæmu frá þessu með pakka allsendis óskert með sín framlög. Það á að bæta stöðu ríkissjóðs eftir því sem manni skilst um tvo milljarða en það er ekkert í þessum pakka fyrir láglaunafólk í landinu, ekki króna í þessum pakka og það kalla ég aumlegt. Mér sýnist sem þessir menn kunni engar leiðir til að ná til þeirra sem alltaf sleppa og þeir kunna heldur engar leiðir til að bæta hag þeirra sem verst eru settir.

Hér hefur af fulltrúum Kvennalistans verið bent á m.a. matarskattinn. Þótt ekki væri annað hefði mátt lækka skatt á matvörum niður í 14%, ég tala nú ekki um að afnema matarskattinn.

Mönnum hrýs kannski hugur við slíku tali og telja að þarna sé á ferðinni gífurlega háar upphæðir en það er ekki svo. Virðisaukaskatturinn í heild sinni held ég að sé 40 milljarðar, matarskatturinn þar af er 6 milljarðar samkvæmt fjárlagafrv. Menn hefðu getað lækkað hann og þá frekar hækkað virðisaukaskatt á öðrum hlutum, hækkað skattprósentuna á öðrum hlutum og fengið þannig nokkurs konar lúxusskatt, því við vitum að það er maturinn sem vegur langsamlega þyngst í framfærslu heimilanna, sérstaklega hjá láglaunafólkinu, það fer með stærstan hluta af sínum tekjum í mat. Ég sá einmitt í Politiken um daginn þar sem menn voru að velta þessu fyrir sér hvað varðar Danmörku. Þeir halda því fram þar fullum fetum að ef virðisaukaskatturinn á mat væri algjörlega tekinn í burtu gæti það skapað um 10.000 ný störf í Danmörku — 10.000 ný störf ef matarskatturinn væri afnuminn. Þeir benda á að dæmigerð ASÍ-fjölskylda mundi fá 7.000 danskar kr. meira til ráðstöfunar sem hún notar þá væntanlega til að kaupa einhverja aðra hluti sem hún greiðir þá af virðisaukaskatt. Það er því ekki þannig ef matarskatturinn er afnuminn að það sé hreint tekjutap fyrir ríkissjóð heldur kemur það að hluta til inn annars staðar. Þetta er eitt af því sem menn hefðu getað skoðað í þessu sambandi.

Ég sagði að þessir menn kynnu engar leiðir til þess að ná til þeirra sem alltaf sleppa. Ég held að við höfum öll heyrt það þegar við förum um bæinn að fólk spyr hvernig í ósköpunum standi á því að stæðilegir karlmenn og vel stöndugir með vinnukonuútsvar sem aka um á BMW eða Volvo, búa í fínum húsum og ganga í dýrum tegundum af fötum — hvernig stendur á því að þeir sleppa alltaf? Hvernig komast þeir upp með þetta? Þetta er auðvitað gömul spurning. Það er búið að spyrja hennar árum saman og mönnum finnst hún kannski ekkert merkileg. Þeim finnst hún kannski einfeldningsleg, en þessi spurning er sígild. Það er löngu tímabært að tekið sé á þessu sem er auðvitað ekkert annað en skattsvik, sem er ekkert annað en stuldur úr okkar sameiginlegu sjóðum, að það sé tekið á því af einhverri hörku. Hér hafa menn ekki sýnt fram á neinar aðferðir. Þeir hafa ekki sýnt fram á hvernig þeir ætli að auka skatteftirlit þó þeir reikni sér einhverjar tekjur af því á sínum pappírum.

Það er önnur spurning sem fólk spyr líka úti í bæ sem er kannski líka einfeldningsleg en er líka sígild. Hvernig stendur á því að tekjur atvinnurekenda, tekjur stjórnenda í atvinnulífinu lækka aldrei? Við erum að heyra fréttir af fyrirtækjum sem skila svo og svo miklum — ekki hagnaði, heldur halla. Samt sem áður eru tekjur þeirra sem stjórna þessum fyrirtækjum jafnvel að hækka á milli ára. Ég hef aldrei orðið vör við að þær lækki. Hverjar eru tekjur þessara manna sem hafa verið á undanförnum dögum að tala við ríkisstjórnina um aðgerðir í efnahagsmálum? Tökum Kristján Ragnarsson, Magnús Gunnarsson og ýmsa fleiri — Eimskip, Flugleiðir o.s.frv. Ég verð ekki vör við að þessir menn þurfi að berja sér vegna lágra tekna. Hvernig stendur á því að við finnum ekki leiðir til þess að taka á þessum hlutum? Þetta er sígild spurning.

Ég kallaði þessar tillögur aumlegar vegna þess að menn kynnu ekki leiðir til að taka á þeim sem breiðust hefðu bökin. Það er þó ákveðin viðleitni í tillögunum. Það verður ekki annað sagt. Það er ákveðin viðleitni og það er kallað álögur á hátekjumenn. Í fyrsta lagi er þarna um að ræða 5% skatt á tekjur yfir 200 þús. kr. hjá einstaklingi. Ég verð að segja að mér finnst þetta ákaflega hófsamur hátekjuskattur og mun hóflegri en gerist í flestum ríkjum í kringum okkur. Þar að auki eru menn aðeins að tala um þetta tímabundið, í

tvö ár ef ég hef skilið það rétt. Ef við lítum á hæstu skattþrep tekjuskatta í öðrum OECD-ríkjum, þá eru þau frá því að vera 33% á Nýja-Sjálandi og 35% í Sviss, 36% í Bandaríkjunum og síðan kemur Ísland með 39,5% eins og það var, upp í það að vera yfir 60%, t.d. í Hollandi, Danmörku, Finnlandi o.s.frv. Þannig að 45% hátekjuskattur á tekjur yfir 400 þús. kr., og þá er ég að tala um heimilistekjur, er ekki mikill hátekjuskattur og hefði vel mátt fara með þá prósentu hærra, enda skilar þetta aðeins 300 millj. kr. Þess vegna er ekki óeðlilegt þó væri spurt að því í umræðunum í gær af hverju menn væru að leggja þetta á sig með þessum hætti, af hverju þeir hækka bara ekki skattaprósentuna og persónuafsláttinn í stað þess að koma með þetta þrep með þessum hætti. En það er kannski þessi sálfræðilega verkun sem forsrh. talaði um að yrði að vera í tillögunum gagnvart venjulegu launafólki.

Álögur á hátekjumenn eru líklegast ekki aðrar. Hér sjást engin teikn um skatt á fjármagnstekjur. Þó hefur utanrrh., ef ég man rétt, eitthvað orðað það hér að þetta væri eitt af því sem menn væru með í undirbúningi. Þetta er búið að vera í undirbúningi árum saman. Hvers vegna er þetta svona flókið? Hvers vegna geta Íslendingar þetta ekki eins og aðrar þjóðir? Líklega er Ísland eina ríkið innan OECD sem ekki skattleggur vaxtatekjur. A.m.k. verður ekki annað séð samkvæmt þeim töflum sem er að finna í frv. til laga um breytingar á tekju- og eignarskatti sem einmitt var unnið af þessari ríkisstjórn en að Ísland sé eina ríkið. Hvernig stendur á því að þetta er svona flókið fyrir okkur ef þetta er ekki flókið fyrir aðrar þjóðir?

Ég sé þessa menn sem hér sitja í hliðarherbergjum koma með ýmsar hugmyndir og búa til ýmsar tillögur sem ekki eru allar mjög einfaldar og standast auðvitað ekki framkvæmd þegar betur er að gáð, en þegar kemur að fjármagnstekjuskatti þá vefst það alveg óskaplega fyrir þeim. Þá sjá þeir engar leiðir og kunna engar leiðir að fara í því sambandi.

Manni heyrist á sjálfstæðismönnum að þetta sé afskaplega heilagur hlutur og þeir séu ekki mjög hrifnir af því yfirleitt að skattleggja fjármagnstekjur eða vaxtatekjur. Hvernig stendur á því að eitt sparnaðarform er í þeirra huga heilagra öðrum? Við getum tekið það sem eldra fólk er að fá út úr lífeyrissjóðum sínum. Það er auðvitað ekkert annað en uppsafnaður sparnaður þessa fólks. Það greiðir 40% skatt af þessum sparnaði. Af hverju er þessi sparnaður ekki heilagur eins og fjármagnssparnaður?

Ég vildi gjarnan fá einhver svör við þessu frá sjálfstæðismönnum ekki síst.

Kvennalistakonur hafa hér líka minnst á atvinnusköpun og bent á að þær hugmyndir sem uppi séu hjá ríkisstjórninni feli ekki beinlínis í sér atvinnusköpun í þágu kvenna. Byggingarframkvæmdir og vegaframkvæmdir séu ekki störf sem konur ráði sig í að öðru jöfnu eða standi konum opin. Þetta er auðvitað alkunna. Ég ímynda mér að þetta vefjist ekkert voðalega mikið fyrir mönnum vegna þess að ég held að þorri þeirra sem a.m.k. sitja í ríkisstjórninni sé þeirrar skoðunar að karlmenn séu aðalfyrirvinnur og mikilvægara sé að skapa atvinnu fyrir karlmenn. Það mætti segja mér að það sé skoðun ansi margra þingmanna þegar grannt er skoðað. Þetta er ekki aðeins bundið Íslandi. Reynslan erlendis frá segir manni líka að mönnum sé miklu umhugaðra um að karlmenn hafi vinnu en konur. Það er full ástæða til að taka mið af reynslu annarra þjóða. Í Danmörku er t.d. atvinnuleysi hjá mæðrum á aldrinum 25–34 ára á bilinu 14–20%. Þá er ég að tala um skráð atvinnuleysi. Það er á bilinu 14–20% hjá konum á aldrinu 25–35 ára með börn. Hjá karlmönnum á þessum sama aldri með börn, þ.e. feðrum, er atvinnuleysið 7–8%. Himinn og haf skilur þannig að mæður og feður á þessum aldri. Ástæðan virðist vera sú að atvinnurekendur virðast sjálfir hafa meiri skilning á karlmönnum sem fyrirvinnum en konum og pólitíkusar hafa líka meiri skilning á karlmönnum sem fyrirvinnum en konum og gera meira í því að skapa störf fyrir karlmenn.

Þetta er staðan í Danmörku. Þetta er staðan í allri Evrópu og þetta virðist ætla að verða staðan hér á landi ef marka má tölur um atvinnuleysi vegna þess að atvinnuleysi meðal kvenna virðist aukast hraðar en meðal karla. Þetta á án efa eftir að hafa talsverð áhrif á afkomumöguleika og tekjur barnafjölskyldna vegna þess að tekjur kvenna skipta verulegu máli fyrir barnafjölskyldur. Það sem gerir það að verkum að þær hafa úr einhverju að moða og hafa haft sæmilega framfærslu á undanförnum árum er atvinna kvenna og tekjur þeirra. Ef atvinna kvenna fer að minnka og tekjur þeirra dragast saman á það án efa eftir að koma harkalega niður á barnafólki í landinu. Ég bið menn að hafa þetta í huga þegar þeir eru að tala um atvinnuskapandi aðgerðir.

Ef marka má það sem haft var eftir talsmönnum sjávarútvegsins í fölmiðlum í kvöld, þá á ég kannski sérstaklega við Kristján Ragnarsson, virðast þeir ekki hafa mjög mikla trú á þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur gripið til í efnahagsmálum og hvað þá í sjávarútvegsmálum. Ég held að flestum sé ljóst að þessar aðgerðir þær duga ekki. Eftir sem áður er a.m.k. 3% halli á veiðum og vinnslu samkvæmt gögnum ríkisstjórnarinnar sjálfrar og talsmenn sjávarútvegsins segja að þessi halli verði 4–6%. Samkvæmt því þá duga aðgerðirnar ekki. Ég vildi sannarlega að ég gæti trúað því að þessar aðgerðir dygðu. Ég vildi sannarlega geta trúað því að almenningur þyrfti ekki að eiga von á fleiri holskeflum eða sendingum frá jólasveinunum í þessari ríkisstjórn. Því miður veit ég að það getur meira verið uppi í þeirri víðu ermi sem er á þeim bæ.

Við höfum horft upp á það aftur og aftur, og þar er ég að tala til fleiri en þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr, að menn hafa komið til launafólks og sagt að nú væru tilteknar aðgerðir bráðnauðsynlegar til þess að ná niður verðbólgu eða til að bæta stöðu sjávarútvegsins. Þeir komu 1982–1983 og þá skertu þeir kjörin með lagaboði og fleiri en einu lagaboði. Þeir komu á árunum 1989–1990 og felldu gengið og skertu kjör til þess að bjarga þessum sjávarútvegsfyrirtækjum. Nú koma þeir eina ferðina enn 1992 og skerða kjörin til þess að bjarga atvinnufyrirtækjunum. Það er nokkurn veginn

fyrirsjáanlegt að þessar aðgerðir munu ekki duga. Þá er spurningin: Koma þeir aftur innan tíðar og biðja fólk eina ferðina enn að taka á sig auknar álögur fyrir atvinnufyrirtækin í landinu sem á að bjarga?

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hér hafa farið fram alllangar umræður um skýrslu hæstv. forsrh. um aðgerðir í efnahagsmálum. Það hafa verið bornar fram margar spurningar til hæstv. ráðherra og sumum þeirra verið svarað en önnur svör verið harla óljós svo ekki sé meira sagt. Ég vil víkja að örfáum atriðum sem við eru spurningarmerki í mínum huga.

Hæstv. sjútvrh. hóf þessa umræðu í dag fyrir hönd ríkisstjórnarinnar með ræðu sinni. Þar voru ýmis atriði sem ég vildi víkja að. Ég vil því spyrja hæstv. forseta hvort hæstv. sjútvrh. muni verða viðstaddur þessa umræðu meira. (**Forseti:** Ég hygg að sjútvrh. sé ekki í húsinu. Það má láta gá að því. Ef ræðumaður óskar að honum sé gert viðvart er sjálfsagt að verða við því.) Ég mun ekki tefja þessa umræðu með því en mun snúa máli mínu til hæstv. forsrh. og óska eftir því að hann svari þeim spurningum sem ég ber fram, enda hefur það komið fram fyrr hjá hæstv. sjútvrh. í umræðum á Alþingi og víðar að hæstv. forsrh. hefur tekið að sér ákvarðanir og svör í sambandi við sjávarútvegsmálin eins og ég mun kannski víkja að síðar.

Fyrir nokkrum dögum spurði ég hæstv. sjútvrh. um stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í sjávarútvegsmálum. Þau svör sem þá komu voru harla lítil um stefnuna fram undan. Í svörum sínum sagði hæstv. sjútvrh. svo m.a., með leyfi hæstv. forseta, þar sem rætt hafði verið um rekstrarstöðu sjávarútvegsins:

„Það er enginn ágreiningur hvorki milli mín né þeirra um það að þegar þessum ráðstöfunum sleppir stöndum við frammi fyrir því að rekstraraðstaðan er óviðunandi og svo óviðunandi að jafnvel forustumenn launamanna hafa boðist til að taka höndum saman við forustumenn atvinnurekenda til að mynda þjóðarsátt um ráðstafanir til að styrkja undirstöðu framleiðslu og útflutnings í landinu. Ég hef áður fagnað því frumkvæði og vona að það leiði til lausnar."

Þetta var ljósið sem hæstv. sjútvrh. sá þá um stefnumörkun fyrir ríkisstjórn Davíðs Oddssonar í sjávarútvegsmálum. Nú höfum við séð árangurinn. Að vísu keppast forustumenn launamanna og atvinnurekenda við að sverja af sér að þetta séu þeirra tillögur sem hér liggja fyrir. Jafnframt hefur komið fram að ýmislegt í þeim sem helst er bitastætt er runnið frá viðræðum sem þessir aðilar áttu. Það kom fram í máli hæstv. sjútvrh. í dag að sjávarútvegurinn verður áfram rekinn með halla. Menn deila um það hversu mikill hann verður en það kom fram t.d. hjá formanni Samtaka fiskvinnslustöðva í gær að hallinn yrði allt of mikill og afkoman óviðunandi, enda hefur ekki fengist nein trygging frá ríkisstjórninni um vaxtalækkun sem þessi forustumaður í sjávarútvegi var búinn að segja að væri algjör forsenda fyrir því að nokkuð gagn yrði að aðgerðum, þ.e. a.m.k. 2–3% vaxtalækkun.

Ef staða sjávarútvegsins hefði verið góð fram að þessum tíma hefði atvinnugreinin kannski getað þolað einhverja mánuði án þess að hafa tryggingu fyrir því að komast upp undir núllið, en því miður hefur þar verið öðru að heilsa þar sem stöðugt hefur þyngst fyrir fæti. Í september sagði Þjóðhagsstofnun að horfur væru á 8% halla í sjávarútvegi. Það kom fram í máli hæstv. forsrh. í gær að síðan í september hefði í raun orðið 3% gengishækkun íslensku krónunnar fyrir sjávarútveginn. Sá baggi hlýtur því að bætast við. Það er furðuleg ráðstöfun þegar aðalútflutningsatvinnuvegurinn stendur í svo miklum erfiðleikum að ríkisstjórnin skuli í margar vikur láta verða gengishækkun á íslensku krónunni í staðinn fyrir að halda henni í jafnvægi.

Hæstv. sjútvrh. ræddi nokkuð um sjóðinn stóra, jónasveinasjóðinn, eins og hann hefur verið nefndur í umræðum á Alþingi. Það er margt furðulegt í sambandi við það fyrirbæri. A.m.k. urðu flestir þingmenn stjórnarliðsins undrandi í gær þegar hæstv. utanrrh. fór að segja frá þessu fyrirbæri sem á að verða óbrotgjarn minnisvarði þessarar ríkisstjórnar þar sem hæstv. forsrh. hafði ekki minnst á hann einu orði í skýrslu sinni til Alþingis um efnahagsaðgerðirnar. Menn veltu því fyrir sér af hverju þetta stafaði. Var þetta gleymska eða vissi hæstv. forsrh. ekki um tilvist þessa sjóðs eða hver var skýringin?

Síðan hefur ýmislegt fleira komið fram í sambandi við þetta. Í sjónvarpinu í kvöld sáum við hvernig stjórnarliðið deilir um þennan stóra sjóð, þ.e. hvað hann ...(Gripið fram í.) „Ríkisstjórnin mun hlutast til um að ...stofnaður verði þróunarsjóður", segir hæstv. forsrh. hér, en þetta kom mörgum þingmönnum þessara flokka mjög á óvart.

Það eru margar spurningar í sambandi við þennan sjóð. Eins og ég sagði áðan var í sjónvarpinu í kvöld verið að deila um það hvað í þessum sjóði fælist. Það finnst mér nauðsynlegt að fá skýrt fram nú frá hæstv. forsrh. Hæstv. sjútvrh. sagði að tekjur hans ættu að vera 80 millj. kr. af þróunargjaldi skipa sem hefði verið greitt nú. Einnig ætti að leggja sambærilegt gjald á frystihús. Það er ekki vitað hvað það verður mikið. Það á eftir að reikna það út, sagði hæstv. sjútvrh. Síðan ræddi hann um fast gjald af veiðiheimildum. Á það að koma strax að loknu þessu fiskveiðiári? Ég gat ekki áttað mig á því í máli hans hvort þetta fastagjald ætti að koma strax að loknu þessu fiskveiðiári eða á ekki að koma neitt gjald af veiðiheimildum fyrr en á árunum 1996 og 1997?

Það sem hins vegar var sérstaklega deilt um í sjónvarpsfréttum í kvöld er hvað gjaldið á að verða 1996 eða 1997 eða þegar það tekur við. Þar féllu þung orð frá formanni LÍÚ um það hvort sú fullyrðingin væri rétt, sem annar formaður tvíhöfðanefndarinnar hélt fram, að sjóðurinn ætti að taka á sig allt það sem ekki yrði greitt af lánum Aflatryggingasjóðs og Hlutafjársjóðs sem renna inn í þennan nýja sjóð.

Ég held að nauðsynlegt sé að hæstv. forsrh. skeri úr um þetta atriði. Það kom skýrt fram hjá formanni Landssambands ísl. útvegsmanna. Hvort þetta verður eins og aðstoðarmaður utanrrh. segir, að þessi baggi

eigi að leggjast á sjávarútveginn þó enginn viti hvað hann verður mikill. En búast má við að hann verði mikill ef rekstrargrundvöllurinn heldur áfram að vera eins og hann er í dag. Kannski er hæstv. sjútvrh. núna að reyna að komast að niðurstöðu um þetta til þess að geta sagt hver stefnan er í sjávarútvegsmálum en væntanlega hefði hann ekki þurft að fara nema til hæstv. forsrh. til þess að fá úr því skorið. A.m.k. verður að ætla að hæstv. forsrh. viti um hvað var verið að semja.

Í þeim orðum sem hæstv. forsrh. hafði um endurskipulagningu í sjávarútvegi að segja í gær er tekið fram að tekjur sjóðsins verði með eftirfarandi hætti, með leyfi hæstv. forseta:

„Gjald sem leggst á fiskiskip og fari gjaldið eftir stærð skipa.

Gjald sem lagt er á fasteignamat þeirra fasteigna sem nýttar eru til fiskvinnslu.

Tekjur af eignum.

Frá og með kvótaárinu 1996–1997 verði ákveðið þróunargjald lagt á úthlutuð þorskígildi."

Hér er, og ég átti við það áðan, ekki minnst einu einasta orði á 4 milljarðana sem ríkissjóður á að leggja í þetta og hlýtur að vera aðalgrundvöllurinn fyrir sjóðinn því að þessar eignir a.m.k. fyrstu árin eru tiltölulega litlar og bundnar í útlánum t.d. hjá Aflatryggingasjóði og eignum t.d. í Hlutafjársjóði. Eða komu þessir 4 milljarðar sem hæstv. utanrrh. talaði um fram eftir að hæstv. forsrh. flutti sína ræðu?

Ég held að meðan allt svífur í lausu lofti um það hver raunveruleikinn er í sambandi við þessi sjávarútvegsmál eins og fleira sé erfitt fyrir hæstv. forsrh. að segja að það sé ábyrgðarleysi af stjórnarandstöðu að lýsa ekki yfir stuðningi við þessa stefnu. Við hvað eigum við að lýsa stuðningi þegar ráðherrarnir deila um það sjálfir innbyrðis og vita ekki einu sinni hvað í þessu felst?

Síðan er eitt atriði enn sem virðist vera bundið í þetta samkomulag. Það er sjávarútvegssamningurinn við Evrópubandalagið, þ.e. að hæstv. sjútvrh. falli frá kröfu sinni, sem hann stóð fast á í sumar, að þar yrði um gagnkvæman veiðisamning að ræða, þ.e. að fiskur kæmi á móti fiski, en ekki eins og hæstv. utanrrh. vildi að við hleyptum togurum Evrópubandalagsins inn í fiskveiðilögsöguna án þess að nein trygging væri fyrir því að við fengjum afla á móti. Ef fara á eftir þessari stefnu hæstv. utanrrh. er augljóst að hér er eingöngu verið að láta veiðiheimildir fyrir markaðsaðgang.

Í svari sínu við spurningu minni til hæstv. sjútvrh. um stefnuna í sjávarútvegsmálum sagði hann einnig, með leyfi hæstv. forseta:

„Varðandi þá spurningu hvernig komið sé þeim athugunum sem ákveðnar voru til þess að bæta þeim tjónið sem verst urðu úti í þorskbrestinum, þá er það svo að um það náðist ekki samkomulag að nota Hagræðingarsjóð í þessu skyni. Þá var ákveðið að fela Byggðastofnun að koma fram með tillögur. Hún gafst upp við að útfæra þær tillögur og sérstakri nefnd sem þrír ráðherrar skipuðu, sjútvrh., fjmrh. og viðskrh. hefur verið falið það verkefni. Hún vinnur undir forustu ráðuneytisstjórans í fjmrn. og ég vænti þess að tillögur frá henni komi innan ekki langs tíma."

Eins og við vitum var það hæstv. forsrh. er tók ráðin af hæstv. sjútvrh. um að nota Hagræðingarsjóðinn og ætlaði að leysa málið á annan hátt. Það kom ekki, svo ég heyrði, fram í máli hæstv. sjútvrh. neitt um þetta atriði. Því vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Er þetta atriði nú leyst? Hvernig verður það leyst eða á ekkert að leysa það? Úr því að það var ekki gert í sambandi við þessa lausn núna um sjávarútvegsstefnuna og samkomulagið í tvíhöfðanefndinni er ríkisstjórnin þá hætt við að bæta þeim það upp sem fyrir mestri skerðingu urðu við lækkun fiskveiðiheimilda?

En það eru fleiri atriði þar sem spurningar vakna um ábyrgðarleysi stjórnarandstöðunnar. Ætli það séu margir landsmenn sem finnst það ábyrgðarleysi að lýsa ekki yfir stuðningi við gjald á ferðaþjónustuna, þennan vaxtarbrodd íslensks atvinnulífs sem talinn hefur verið og núv. hæstv. ríkisstjórn hefur stundum nefnt sem eina dæmið um það sem hún sæi í sambandi við atvinnumál. Það er áreiðanlegt að þeir sem nálægt þeim málum koma finnst það ekki ábyrgðarleysi þó að menn lýsi ekki yfir stuðningi sínum við virðisaukaskattinn.

Ég býst við að þeir séu nokkuð margir sem finnst það ekki ábyrgðarleysi af stjórnarandstöðunni að lýsa ekki yfir stuðningi við 14% gjaldið á upphitun í landinu sem leggst með svo gífurlegum mismun á fólk eftir því við hvaða aðstæður það býr og er því miður eitt dæmi um þann rangláta skatt. Eða 14% skattinn á ferðalög innan lands sem að sjálfsögðu leggst fyrst og fremst á þá sem úti á landi búa. Þannig er því miður með allt of mörg atriði af ákvörðunum hæstv. ríkisstjórnar sem leggjast svo misjafnlega á.

Það er eitt atriði enn sem mig langaði að spyrja hæstv. forsrh. um ef hann er ekki alveg búinn að yfirgefa forsætisráðherrastólinn. Eitt þeirra atriða sem hann nefndi í yfirlýsingu sinni var um 1.240 millj. kr. sparnað á fjárlögum næsta árs sem ætti að koma með niðurskurði. Hann skilgreindi ekki frekar hvernig því ætti að ná. Nú hefur það komið fram, minnir mig í fjölmiðlum í morgun, að meira en helmingurinn af þessu ætti að koma frá heilbr.- og trmrn. án þess að það væri skilgreint nánar hvernig það yrði. Að öðru leyti veit ég ekki hvernig þessu verður náð eða hvar það á niður að koma.

Ég þóttist vera öruggur um eitt þegar hæstv. forsrh. nefndi þetta að það mundi ekki koma niður á landbrn. Ekki eingöngu vegna þess að þar er þegar búið að skera niður frá núgildandi fjárlögum töluvert yfir 3 milljarða kr. heldur vegna þess að í útvarpsviðtali nýlega sagði hæstv. forsrh. þegar hann var spurður hvort þar mætti ekki ná fjármagni að það væri ódrengilegt að láta sér detta í hug að taka fjármagn þaðan. Þar væri búið að skera svo mikið og bændur búnir að taka á sig svo þungar byrðar að það væri sannarlega ódrengilegt að láta sér einu sinni detta slíkt í hug.

Nú heyrði ég því hvíslað hér í dag að þrátt fyrir þessa yfirlýsingu væri landbrn. ætlað að taka eitthvað af þessum bagga. Ég vil ekki trúa því að hæstv. fors-

rh. ætli að gefa þessum aðgerðum nafnið ódrengilegt með sínum eigin orðum en finnst æskilegt að fá upplýst hvort við þurfum nokkuð að óttast það. Ég veit ekki hvort hæstv. forsrh. hefur tekið svo til orða að þarna væri nógu langt gengið vegna þess sem fram hefur komið hjá formanni landbn., hv. 3. þm. Austurl., Agli Jónssyni, að 250 millj. kr. vanti upp á að í fjárlagafrv. sé staðið við samningsbundin framlög til landbúnaðarins samkvæmt búvörusamningnum og því augljóst að ríkisstjórnin ætli ekki við þann samning að standa. Það var boðað í útvarpinu í kvöld að hann mundi gera nánari grein fyrir þessu eftir fréttir eftir hálftíma. Þá er það auðvitað spurning hvort þarna verður úr bætt eða hvort virkilega verður svo að þarna verði gengið enn þá lengra.

Ég skal svo ekki tefja þessa umræðu lengur en vænti þess að hæstv. forsrh. svari þessum spurningum sem ég hef fram borið og eru ekki margar.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom var það ekki rétt hjá hv. þm. að ég hefði ekki vikið á neina lund að hugmyndum um þróunarsjóð fyrir sjávarútveginn. Um það var sérstakur kafli í þeirri yfirlýsingu sem kynnt var af hálfu ríkisstjórnarinnar og eitthvað hefur það farið fram hjá hv. þm. Á hinn bóginn er rétt að það var ekki getið sérstaklega um það lánsfjármagn sem þeim sjóði væri ætlað að fá sem síðan væri gert ráð fyrir að greinin stæði undir á tilteknum tíma sem ákveðinn væri. En eins og ég sagði gerði ég rækilega grein fyrir sjóðnum eins og ég sýndi hv. þm. fram á með því að rétta honum í ræðustólinn skýrsluna. Ég var viss um að hann vildi heldur hafa það sem sannara reyndist en halda slíku fram úr þessum merka ræðustól.

Ég er þeirrar skoðunar af því að hv. þm. ræddi mjög um sjávarútvegsmálin og þær aðgerðir sem þar eru á ferðinni að menn séu nú að gera ráðstafanir í þeim efnum sem komi sjávarútveginum vel þegar til lengri tíma er horft. Við þekkjum þau dæmi frá gamalli tíð og reyndar nýrri tíð líka að menn hafa farið þar í verkefni þegar staðið hefur illa af sér í þessari mikilvægu grein og hafa haft á sér reddingarbraginn. Núna er gripið til hluta sem varanlegir eru og við megum því ætla að muni duga sjávarútveginum vel þegar annað umhverfi hans verður orðið skaplegt. Menn hafa náttúrlega gert sér það að léttum leik í þessum umræðum að líta fram hjá því að sjávarútvegurinn hefur staðið illa vegna þess að það árar illa. Það fæst ekki sá afli úr hafinu sem við erum vön að fá, sem sjávarútvegurinn er vanur að fá. Það gefur umræðunni ekki ábyrgan svip þegar menn forðast að nefna þessa staðreynd sem er efni sem hvorki er hægt að kenna núverandi eða fyrrverandi ríkisstjórnum um nema að því leyti ef hægt er að færa fram fyrir því fiskifræðileg rök að einhverjar ríkisstjórnir um lengri eða skemmri tíma hafi látið fiska úr hafinu miklu meira en sérfræðingar okkar hafa lagt til. Það var ekki gert að þessu sinni, ekki í ár. Þó að ekki væri farið að ýtrustu óskum var þess gætt við núverandi ákvörðun að veiðum yrði þannig í hóf stillt að ljóst væri að bæði hrygningarstofn og veiðistofn mundi styrkjast samkvæmt áliti íslenskra fiskifræðinga. En á árum fyrr hafði það ekki verið gert því miður.

Það eru auðvitað þessir þættir sem eru erfiðastir sjávarútveginum núna. Þegar menn fara í aðgerðir eins og við erum að gera núna sem hafa varanleg jákvæð áhrif. Þá á ég bæði við þegar aðstöðugjaldinu er sleppt, sem er ekki skammtímaákvörðun heldur varanleg ákvörðun, og þegar er stofnað til sjóðs með þeim hætti sem nú er gert í því skyni að laga starfaðstöðuna í sjávarútvegi og stuðla að því að hún batni stórkostlega. Að vísu með þeim hætti að sjávarútvegurinn sjálfur þegar betur fer að ára standi undir þeim kostnaði eins og ég held að í sjálfu sér ætti ekki að vera ágreiningur um. Því skyldu menn ekki geta verið sammála um það á þingi þjóðarinnar að aðgerðir af þessu tagi sem menn grípa til til að stuðla að bata í sjávarútveginum verði bornar upp af honum sjálfum en ekki skattborgurum beint þegar betur árar þar? Ég held að það ætti að geta orðið sæmileg þjóðarsátt um niðurstöðu af því tagi.

Ég tel þess vegna að þetta sé mjög mikilvæg og varanleg aðgerð. Reyndar tel ég að aðgerðirnar hafi sama svip að stórum hluta til gagnvart öðrum atvinnugreinum. Ég tel það höfuðkost þessara aðgerða að þær taka mið af hagsmunum fjölda atvinnugreina og skapa þeim flestum ef ekki öllum betri starfsskilyrði.

Menn hafa að vísu nefnt sérstaklega ferðaþjónustuna og leyft sér í allmörgum ræðum að nefna eingöngu þar að virðisaukaskattur er settur á hana til samræmis við aðra atvinnuvegi. Þá gleymist mönnum gjarnan að geta þess að á sama tíma eru aðstöðugjöldin að lækka og tryggingagjald er lækkað, sem þessi atvinnugrein hefur lengi barist fyrir, mjög mikið, úr 6% niður í 2,5%. Þetta gerir það að verkum að samræmingin í virðisaukaskatti kemur þessari grein ekki illa. Þvert á móti þegar gengisbreytingin kemur til viðbótar stendur þessi grein sem heild betur eftir en áður. Hins vegar er það auðvitað svo að innan greinarinnar kann að vera að einstakir þættir standi eitthvað lakara en fyrr. Hjá því verður aldrei komist á neinu sviði að slíkt geti hent.

Varðandi niðurskurðarþáttinn sem hv. þm. nefndi, þá hef ég áður svarað svipaðri spurningu í salnum í kvöld. Það er þannig að gerð er krafa til þess að viðkomandi ráðherrar sitji hér yfir umræðum allan daginn en jafnframt gera menn kröfu til þess að geta verið hér þegar þeim hentar og spurt spurninga sem löngu er búið að svara í salnum að svo miklu leyti sem þeim verður svarað nú og tengjast ekki afgreiðslu fjárlaganna.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Fimm hv. þm. hafa óskað eftir því að veita andsvar og verður þá að stytta ræðutíma þannig að í báðum umferðum geti hámarksræðutími orðið ein mínúta.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var sérkennileg ræða hjá hæstv. forsrh. þar sem hann lýsti því yfir að ráðstaf-

anirnar hefðu það í för með sér að hagur sjávarútvegsins batnaði ekki aðeins heldur batnaði hann stórkostlega og að þessar aðgerðir sem kveðið væri á um í yfirlýsingunni væru varanlegar ólíkt því sem áður hefði verið í þessum efnum. Þetta er auðvitað sérstaklega undarlegt með hliðsjón af því að stórkostlegur ágreiningur hefur komið fram jafnvel á milli ráðherra, t.d. utanrrh. og sjútvrh., um þennan þróunarsjóð nú þegar. M.a. um það hvort hann á að standa undir skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs og Hlutafjársjóðs. Það er nauðsynlegt í framhaldi af þessari undarlegu yfirlýsingu forsrh. að spyrja: Er það ætlunin að þróunarsjóðurinn standi undir skuldbindingum Hlutafjársjóðs og Atvinnutryggingarsjóðs? Í öðru lagi úr því að þetta er svona pottþétt og hagur sjávarútvegsins batnar svona stórkostlega og þetta er svona varanlegt, þá spyr ég: Kemur frv. um þróunarsjóðinn á morgun eða hinn inn á hv. Alþingi?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Gjarnan hér á árum fyrr þegar menn voru að bæta hag sjávarútvegsins vegna erfiðs ástands felldu menn gengið. Slík aðgerð er ekki varanleg. Hún getur hjálpað til í svip. Þegar aðstöðugjöldin eru felld niður, þegar stofnaður er sjóður af þessu tagi sem á að gerbreyta starfsumhverfi sjávarútvegsins, þá er um varanlegar aðgerðir að ræða.

Ég hef áður sagt að þeim fjármunum sem þróunarsjóðnum verða lagðir til til þessara verkefna er honum ætlað að bera uppi af því aflafé sem hann fær frá sjávarútveginum. Það er ekki flóknara mál en það.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Ég geri tilraun til að spyrja öðru sinni, forseti. Hvað um skuldbindingar Atvinnutryggingarsjóðs og Hlutafjársjóðs? Er ætlunin að þróunarsjóðurinn standi undir því? Í öðru lagi spyr ég: Hvenær kemur frv. um þróunarsjóðinn?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Frv. um þróunarsjóðinn mun koma fram á eðlilegum tíma og án ástæðulausrar tafar. En vegna þess sem hv. þm. spurði um fjármagnið hygg ég að mitt svar hafi verið alveg skýrt. Allar þær eignir, allt það sem sjóðnum verður lagt til verður hann að standa undir. Hugtakið er ósköp einfalt. Ég þarf ekki að kenna þingmanninum það. Ef þingmaðurinn eignast fyrirtæki, þá eignast hann bæði skuldir og eignir og þá geta menn verið með bæði í mínús og plús eins og þar stendur. Þegar heildardæmið er gert upp þá ber þessum sjóði að innheimta það sem honum er lagt til af sjávarútveginum sem þannig á að standa undir öllu því sem sjóðurinn fær í sinn hlut. Það er ósköp skýrt.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. staðfesti það að hann hefði ekki minnst á 4 milljarða framlagið sem er aðalráðstöfunarfé nýja sjóðsins og ég ræddi um. Hins vegar kom loksins fram skýrt svar frá honum um það að þessi sjóður ætti að standa undir öllum skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs og Hlutafjársjóðs, atriði sem formaður LÍÚ sagðist ekki trúa að Sjálfstfl. dytti í hug að ætla sjávarútveginum að gera. Ég gat ekki áttað mig á því hversu harkaleg viðbrögð hans yrðu á móti slíku. Hann mundi a.m.k. aldrei sætta sig við slíkt.

Hvað varðar ferðaþjónustuna er allt annað hljóð í þeim sem þar eru um þá útkomu að það verði slétt uppgjör vegna þessara ráðstafna. Væntanlega mun það skýrast betur en framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins hafði allt annað um það mál að segja á nefndarfundi.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. sagði að það væri enginn reddingarbragur á þessum tillögum ríkisstjórnarinnar. Það væri eitthvað annað. En mér er spurn: Hvaða hlutir eru gerðir svo varanlegir í hugmyndum ríkisstjórnarinnar til lausnar á vanda sjávarútvegsins sem skilinn verður eftir með 5–6% tapi? Um hvað er hæstv. sjútvrh. að tala? Hvernig ætla menn sér að sækja hundruð milljóna króna til þeirrar atvinnugreinar sem skilin er eftir með 5–6% tapi? Hvað eru menn að gera hér? Hér eru menn að búa til nýjan sjóð sem settur er upp og menn hafa gefið nafnið jónasveinasjóður. Mér sýnist það vera rétt.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki alveg hvort það var efni til að svara hv. þm. í þessu sambandi en ég vek athygli á því sem menn hljóta að fara að átta sig á að þessi sjóður er hugsaður þannig að hann liðsinni einmitt sjávarútveginum þegar hans kjör eru kröpp með þessum hætti og hjálpi honum til skilvirkni sem öllum ber saman um þurfi að gera á þessum tíma. Jafnframt er áréttað og tekið fram að sjávarútveginum beri að greiða það til baka þegar betur árar. Það finnst mér algerlega sjálfsagt mál og ég hygg að þingmaðurinn geti verið mér sammála um að það sé ástæðulaust að gefa sjávarútveginum þessa peninga.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Myndin af sjóðnum er eilítið að skýrast, en ég ætla að bera fram við hæstv. forsrh. einfalda spurningu. Þar sem hann er verkstjóri ríkisstjórnarinnar og hlýtur að skera úr um deilumál, þá vil ég heyra túlkun hæstv. forsrh. á því í hverju greiðslur í sjóðinn eiga að vera fólgnar þegar þær hefjast aftur á árinu 1996. Hæstv. sjútvrh. segir að greiðslur í Hagræðingarsjóð verði felldar niður. Þær verði teknar upp aftur á árinu 1996 og þá sama upphæð og greidd er núna, þ.e. jafngildi 540 millj. Það verði það gjald sem verður innheimt af sjávarútveginum eftir það. Alþfl. með aðstoðarmann utanrrh. í broddi fylkingar segir að þetta gjald verði að ráðast af skuldbindingum sjóðsins á þessum tíma og verði væntanlega eitthvað allt annað og hærra en sjútvrh. telur. Ég bið hæstv. forsrh. að skera úr þessum ágreiningi.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki orðið var við að það sé sérstakur ágreiningur milli manna um þetta efni og ástæðulaust fyrir mig að skera úr um það úr þessum ræðustól núna. Ég hef þó nefnt fyrr í kvöld að það sem þessum sjóði verður lagt til er ætlast til að sjávarútvegurinn greiði það til baka.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég las Morgunblaðið í morgun og þar kemur þessi ágreiningur fram í beinum tilvitnunum til þeirra manna sem ég vitnaði til áðan. Ég skil orð hæstv. forsrh., eins og hann setti þau fram áðan, að í þessu máli sé skilningur aðstoðarmanns utanrrh. réttur, þ.e. sjóðnum beri að greiða m.a. allar skuldbindingar Atvinnutryggingarsjóðs og Hlutafjársjóðs, 4 milljarðana sem verða lagðir til á næsta ári og þá væntanlega skuldir þeirra 20% sjávarútvegsfyrirtækja sem Alþfl. segir að verði lögð niður á næstu tveim árum í gegnum þennan sjóð. Út frá þessum forsendum hlýt ég að álykta sem svo að skilningur aðstoðarmanns utanrrh. á þessu máli réttur og tel reyndar að forsrh. hafi staðfest það áðan.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef mjög sterkt á tilfinningunni að það hafi orðið hv. stjórnarandstæðingum gríðarlegt áfall að stjórnarflokkarnir skuli hafa leyst úr þessu máli sem margir töldu vera tifandi tímasprengju í þeirra samstarfi um leið og þeir leystu úr margvíslegum öðrum málum. Mér hefur virst það á því hvernig þeir reyna að róta þessu máli upp og reyna að skilgreina blæbrigðatúlkunarmun í orðum ráðherra sem stórkostlega deilu og vandamál. Ef þeir halda að málið sé svo erfitt, þá skulu þeir hlakka til þegar frv. um þennan sjóð kemur inn á þingið. Ég vil fullvissa þá um að ef sú tilhlökkun er á þessu byggð, þá verða þeir fyrir miklum vonbrigðum.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni áðan að við hefðum farið með málefni ferðaþjónustunnar á villandi hátt í ræðum okkar fyrr í dag. Ég vil ítreka það að ég rakti samviskusamlega áhrif aðgerðanna á ferðaþjónustuna og vil endurtaka það. Virðisaukaskattur á hana er 600 millj. kr. Á móti kemur niðurfelling aðstöðugjalds og tryggingagjalds upp á 480 millj. kr. Mismunurinn er 120 millj. kr. Upp í það er leiðrétting á gengi og að mati sérfræðinga sem komu á fund fjárln. í morgun töldu þeir að greinin mundi standa svona nokkurn veginn eins og áður en þó tæplega.

Ég ítrekaði það líka í dag að þessi grein er alveg komin á fremstu nöf og fram yfir það í verðlagningu þannig að hún hefði þurft að fá leiðréttingu eins og aðrar greinar í þessum ráðstöfunum.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átti ekki við hv. þm. sérstaklega sem síðast talaði því að hann gerði grein fyrir þessu, bæði þeim jákvæðu og neikvæðu þáttum. Einstaka þingmenn fyrr í dag hafa hins vegar eingöngu rakið það að til standi að setja 600 millj. kr. virðisaukaskatt á ferðamannaþjónustu sem væri í vandræðum fyrir. Það er rétt. Hv. þm. hins vegar gerði samviskulega og réttilega grein fyrir málinu.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það er svo að þessi ríkisstjórn hefur valdið verulegum vonbrigðum. Fyrir þessar aðgerðir var hún komin með gult spjald í leiknum frá þjóð sinni. Nú er hún búin að fá rautt spjald. Almenningur á Íslandi skynjar að hann situr með ríkisstjórn sem ekki ræður við þann vanda sem við er að glíma. Almenningur skynjar enn fremur að hún er líka haldin þeirri þráhyggju á ýmsum sviðum að gæta í engu þess jafnræðis meðal þegnanna sem mikilvægast er.

Hæstv. forsrh., sem nú gengur úr salnum, hefur mjög gert það að umtalsefni hér í dag að stjórnarandstaðan væri óábyrg. Það hefði verið öðruvísi 1990 þegar þjóðarsáttin náðist. Nú skulum við hugsa þetta rökrétt. Í fyrsta lagi varð stjórnarandstaðan sem þá sat að gera sér grein fyrir því að ríkisstjórnin 1990 hafði náð algerri þjóðarsátt. Aðilar vinnumarkaðarins, verkalýðurinn og atvinnulífið, og bændasamtökin höfðu með bleki sínu skrifað undir sáttmála um nýja framtíð á Íslandi. Verðbólgulaust land, land þar sem skyldi ganga til þess að skila nýjum þjóðarvexti til þeirra sem minna máttu sín. Nú blasir það hins vegar við að við sitjum með forsrh. sem hefur náð samstöðu þó hún sé ekki ljós með ríkisstjórn sinni um aðgerðir sem enginn skilur. Forsrh. leyfir sér meira að segja ef einhver gagnrýnir hann að kalla þá menn óþjóðholla.

Ég sá síðast Kristján Ragnarsson lýsa því yfir í sjónvarpinu áðan að þetta stafaði af því reynsluleysi forsrh. að hafa lengst af ævi sinnar setið í lokuðu húsi borgarstjórnarinnar. Hann þekkti ekki lýðræðið. Hann þekkti það ekki og þyldi það ekki að aðrir menn hefðu einhverjar aðrar skoðanir en hann sjálfur.

Við gerum okkur grein fyrir því að við þessar aðstæður þegar þessi pakki er gefinn styttist í að kjarasamningar verði lausir. Þeir munu verða lausir 1. mars í vetur og það er ekki sáttahljóð sem berst að norðan við þeim aðgerðum sem hér hafa verið kynntar og margir þættir aðgerðanna hafa réttilega verið gagnrýndir.

Auðvitað veldur sá miklu sem upphafinu veldur. Ríkisstjórnin ber alla ábyrgð á því að hafa raskað þjóðarsáttinni sem var gerð 1990 með stefnu sinni og aðgerðum á 18 mánaða tímabili. Hún ber alla ábyrgð á því. Hún ber líka ábyrgð á því hversu lengi hún hefur setið aðgerðalaus yfir stórkostlegum vanda sem blasir við íslensku atvinnulífi. Hins munu menn minnast um þau jól sem nú eru fram undan að Íslendingar hafa fengið ótímabæra jólagjöf. Þessi ríkisstjórn er í pakka sínum að velta hvorki meira né minna en 12 milljörðum yfir á þegnana í landinu.

Ég ætla ekki að halda því fram hér að allar þær aðgerðir sem í þessum pakka eru séu alvondar eða vitlausar. En pakkinn minnir eigi að síður á það eins og

menn hafi látið í hugmyndabanka hitt og þetta en dregið síðan blindandi upp það sem yrði notað því að þegar þessar aðgerðir fara að virka munu þær fara að rekast hver á aðra með ýmsum afleiðingum í þjóðfélaginu. Það er enginn vafi. Þess vegna er það svo þegar þjóðin hefði þurft á sterkri forustu að halda, nýjum þrótti, nýrri bjartsýni og nýju umhverfi þá er skip ríkisstjórnarinnar stefnulaust og vaxandi brimsjór í efnahagslífi Íslendinga fram undan. Því miður eru óveðursský að hrannast upp.

Ég ætla að koma inn á nokkur þessi atriði. Ég sagði að ýmislegt í þessum pakka eigi að síður væri hægt að taka undir. Ég er sammála því að þegar til lengri tíma er horft er það íslensku atvinnulífi heppilegt að hverfa frá aðstöðugjaldinu. Á því er ekki vafi. Það var mikilvæg aðgerð sem mun vissulega hafa sín áhrif.

Ég er líka tiltölulega sáttur við hátekjuskatt. Ég hef talið að til þess að ná sátt í þjóðfélaginu miðað við þann mikla launamun sem við búum við hafi hátekjuskattur verið nauðsynlegur. Ég er hins vegar ekki sannfærður um að á einstaklinga sem hafa 200 þús. kr. á mánuði hafi verið sanngjarnt að leggja á það sem þeir hafa fram yfir það 5%. Ég hygg að það hafi átt að gefa einstaklingum aðeins meira rými því að kostnaður þeirra við margt er sá sami og hjónanna.

Eins verð ég að segja um gengisfellinguna. Hún var staðreynd. Gengisfellingin var staðreynd, ekki vegna þess sem er að gerast úti í heimi heldur vegna hins sem hefur verið að gerast á tíma þessarar ríkisstjórnar. Hún var með aðgerðum sínum búin að fella íslenska gengið. Ég er í engum vafa um að gengisskráningin er mesta hagstjórnartæki sem Íslendingar eiga til þess að verja íslenskt atvinnulíf.

Við heyrðum það í fréttunum um daginn að Danir höfðu á orði vegna vanda í þeirra atvinnulífi og vaxandi atvinnuleysis að þeir yrðu að fella sitt gengi til að verja sína framleiðsluatvinnuvegi og skapa atvinnu. Ég er sannfærður um það líka að á síðustu árum höfum við oft á fastgengistíma og þeim tíma þegar gengi íslensku krónunnar hefur verið rangt skráð tapað úr landinu heilum atvinnugreinum og mikilli þekkingu.

Það er auðvitað fleira sem veldur því. Það er aðgerðaleysi ríkisstjórna gagnvart ýmsum atvinnugreinum. Hér hefur iðnaðurinn oft verið nefndur, skipaiðnaðurinn, *fataiðnaðurinn, húsgagnaiðnaðurinn* o.s.frv. Við höfum tapað á nokkrum árum 5 þús. störfum í iðnaðinum, allt á tíma hæstv. iðnrh. Jóns Sigurðssonar. Það er alvarlegt að slíkt skyldi ekki vera stöðvað. Það er náttúrlega hrikalegt fyrir íslenska þjóð sem lifir á fiskveiðum að svo skuli komið að útlendingarnir skuli stela öllum verkefnum af okkur við skipasmíðar og viðhald á skipunum með ríkisstyrkjum og niðurgreiðslu og við horfum á þessa verkþekkingu hverfa burt úr landinu.

Ég vil minna á eitt atriði enn í áætlun ríkisstjórnarinnar sem ég gagnrýni ekki en sé ekki hvernig hún ætlar að framkvæma. Það er að koma í veg fyrir skattsvik og ná inn, ef ég man rétt, eitthvað á fjórða milljarð kr. Ég held nefnilega að með því einu að ganga í að setja réttlát skattalög gagnvart eintaklingunum og gagnvart atvinnulífinu hefði verið hægt að ná miklum peningum inn í ríkissjóð. Það er enginn vafi að nótulaus viðskipti eru mjög mikil. Ég veit að hv. alþm. verða mjög varir við þau viðskipti.

Því miður rættist það ekki sem hér var haldið fram af hæstv. utanrrh., Jóni Baldvin Hannibalssyni, þegar staðgreiðsla skatta var tekin upp og virðisaukaskattur í staðinn fyrir söluskatt. Þá sagði þessi hæstv. ráðherra að nú yrðu öll skattsvik á Íslandi úr sögunni. Það væri svo með virðisaukaskattskerfið að þar væri innbyggt eftirlit sem menn kæmust ekki hjá. En allt annað hefur komið upp á teningnum og menn óttast að 20–30 milljarðar renni í svarta hagkerfinu, eins og það er nefnt. Ég tek undir það að réttlætið er mikilvægt. Það er mikilvægt að breyta skattalögunum og stöðva skattsvikin og menn gjaldi keisaranum það sem keisarans er hvort sem þeir eiga fyrirtæki eða eru einstaklingar, að þeir borgi af efnum sínum. Það hefur verið og er mikilvægt verkefni fyrir Alþingi að endurskoða skattkerfið á Íslandi.

Það er enginn vafi að það var ástæðulaust um leið og menn léttu aðstöðugjaldinu af ýmsum gróðafyrirtækjum að létta skattbyrðar svo mjög því við eigum sem betur fer ýmis stöndug fyrirtæki sem þola að á þau séu lagðar skattur. Það hafa verið nefnd til sögunnar Coca-Cola, Eimskip, olíufélögin o.fl. o.fl. Það hefði verið sanngjarnt að breiðar herðar sterkra fyrirtækja sem eru mjög að hagnast tækju á sig einhverjar af þeim byrðum sem nú eru lagðar á herðar almennings í landinu. Það hefði verið hægt að hlífa fólkinu með lægri tekjurnar ef menn hefðu haft vilja til þess að setja aðeins meiri byrðar á þessi sterku fyrirtæki sem árum saman hafa skilað hagnaði og sannarlega mjög miklum gróða sem hægt er að sjá í reikningum þeirra.

Ég minntist á gengið áðan og ég vil segja það að auki gagnvart ferðaþjónustu og fleiru sem er framtíðaratvinnuvegur sem verið er að leggja á byrðar að einhver sérfræðingur í ferðaþjónustunni sagði fyrir nokkrum árum að gengisskráning um allan heim þyrfti líklega að vera miðuð við hamborgara þannig að hamborgari kostaði svipað í dollurum í hvaða landi sem fólk kæmi til. Við verðum þessa auðvitað oft vör í sambandi við útlendinga, ekki síst þegar gengið er hér mjög rangt skráð. Þá vilja þeir forða sér sem fyrst burt *úr landinu því að þeim þykir dýrtíðin mikil.*

Ég ætla hér að koma að nokkrum atriðum og sakna þess að hafa ekki ráðherrana til þess að ræða við. Hæstv. forseti veit kannski af þeim við hljóðnemann í einhverju herberginu. Hefur hæstv. forseti hugmynd um hvort þeir hafi farið að hvíla sig? (**Forseti:** Forseti á ekki von á því að hæstv. ráðherrar hafi farið að hvíla sig. Þeir munu væntanlega vera í hliðarherbergjum. Forseti mun kanna það eftir ósk hv. þm.) Ég þakka fyrir. Því miður, hv. alþm., þá sýnist mér að þessar aðgerðir boði þann alvarleika í íslensku samfélagi að þjóðarsáttin sé úr sögunni og verðbólga og ýmsir erfiðleikar *muni taka við á næstu dögum ef þessi* ríkisstjórn heldur áfram störfum sínum. Við þurfum kannski aldrei fremur en nú á því að halda að í ríkisstjórn Íslands sitji menn sem hafi til þess dug og verk-

lag að leiða saman ólík sjónarmið svo hagvöxtur og atvinnulífið megi á ný eflast.

Ég hef komið inn á að það sem mér finnst að í þessum aðgerðum er að það vanti tekjujöfnunina. Byrðarnar séu því miður ekki settar á þá sterku heldur á ýmsa sem veikir eru. Ég sé að hæstv. forsrh. er hér kominn. Því miður mun hæstv. félmrh. vera fjarverandi vegna veikinda. Ég er ekki hissa þó hæstv. félmrh. hafi lagst í rúmið við þessar aðstæður. Ég er ekki hissa á því. Ég væri ekki hissa á því þó hún stæði líka við það að segja af sér við þessar aðstæður því að mörg þau fyrirheit sem hún hefur gefið skjólstæðingum sínum eru nú svikin. Ég ætla að taka eitt dæmi.

Vaxtabætur munu verða skornar niður um 500 millj. kr. eða 17%. Hvað hefur það að segja miðað við þær áætlanir sem þúsundir Íslendinga hafa gert þegar þeir reiknuðu sig inn í húsbréfakerfið? Ríkisstjórnin sker vaxtabætur niður um 500 millj. og raskar þeirri reikningsstöðu sem fólk hefur gert miðað við verðbólgulaust land og miðað við tekjur sínar. Ég er sannfærður um að þessi aðgerð verður til þess að hópur einstaklinga mun missa þær eignir sem hann hefur verið að kaupa. Ég er því ekkert hissa þó félmrh. liggi nú í rúmi sínu og hugsi um þá stöðu sem hún býr við og hvort hún á að halda áfram störfum í þessari ríkisstjórn. Þessi aðgerð mun koma í bakið á mörgum einstaklingum.

Ég ætla að minnast á skatt sem mun hafa mjög örlagaríkar afleiðingar. Það er bókaskatturinn. Hann hefur kannski ekki afleiðingar þannig. Bækur verða keyptar og lesnar á Íslandi meðan fólk býr hér en ég hygg að það sé rétt sem framleiðendur bóka hafa kynnt að sú ákvörðun að leggja 14% virðisaukaskatt á bækur muni hafa þær afleiðingar að þessi verkefni munu að einhverju leyti hverfa úr landinu. Þolum við það á þessum tíma að setja á vafasaman skatt sem veldur slíku þegar við stöndum frammi fyrir mjög vaxandi atvinnuleysi?

T.d. er upplýst í Morgunblaðinu í dag hversu alvarlegt atvinnuleysið er sem hefur þróast á tíma þessarar ríkisstjórnar. Hagstofan er nýbúin að gera úttekt á atvinnuleysinu á Íslandi. Hún segir að það sé 4,5% en það alvarlega í þeirri úttekt er að atvinnuleysi meðal ungs fólks á aldrinum 16–19 ára er 16%. Atvinnuleysi ungs fólks á Íslandi á aldrinum 16–19 ára er 16%. Það er meira atvinnuleysi hjá þessum aldurshóp en gerist í flestum Evrópulöndum. Þetta hefur gerst á þremur missirum eða á líftíma þessarar ríkisstjórnar. — Atvinnuleysi meðal ungs fólks 16–19 ára er 16%. Atvinnleysi fólks á aldrinum 20–29 ára er 7,5%. Þetta eru váleg tíðindi. Þetta mun skiptast mjög jafnt á milli greinanna á Íslandi. Það er ekkert síður langskólafólk en verkafólk sem býr við þessar aðstæður.

Ég hélt því að þessi ríkisstjórn gætti sín mjög í þeim aðgerðum sem hún hefur staðið að að þær kæmu ekki þannig út að verkum væri hætt eða þau flutt úr landinu.

Hér hafa menn mjög gagnrýnt skattinn á ferðaþjónustuna, sem ég tek undir, sem er að skila vaxandi hluta í gjaldeyristekjum. Í skálaræðum og á hátíðarstundum er mjög haldið á lofti mikilvægi ferðaþjónustunnar með réttmæti.

Hitt er svo auðvitað alvarlegur hlutur að hér er verið að staðfesta matarskattinn að fullu. Það mun ekki létta byrðar þegna þjóðfélagsins. Hann mun birtast í því að menn eru með matinn allan í efsta þrepi skattsins, 24,5%. Ríkisstjórnin mun vera með í leynihólfum áætlanir um að fella burt endurgreiðslur sem áttu að koma á móti virðisaukaskattinum. Þetta hygg ég að sé í ýmsum leynipökkum sem ekki hafa verið teknir upp enn.

Ég ætla líka aðeins að minnast á vexti. Ég spyr hæstv. forseta hvenær forseti treystir sér að setja ofan í við hæstv. ráðherra. Er það líðandi við þessar aðstæður þegar verið er að ræða um svo alvarlegar aðgerðir að þeim leyfist það, tíu að tölu, að enginn þurfi að vera í þessum sal? Er það leyfilegt? (**Gripið fram í:** Það er ekki ásættanlegt.) Það er ekki ásættanlegt og verður ekki liðið. Hæstv. forseti, ég þarf að ræða við forsrh. Nú fer að reyna á það hvort hæstv. forseti er forseti ríkisstjórnarinnar eða þingsins. — Ég sé að hæstv. utanrrh. er hér mættur.

Það hefur merkilegur atburður gerst á þessum drottins degi. Morgunblaðið hefur verið staðfastasta blað heimsbyggðarinnar og mjög fast í formum. Þar hafa einstaklingarnir fram að þessu getað gengið að hverjum hlut á sínum stað. Nú hefur það gerst á þessum drottins degi að íslensk frétt er á forsíðu Morgunblaðsins. Þetta mun ekki hafa gerst síðan 23. jan. 1973, ef ég man rétt. Mér hefur verið sagt að það gerist aldrei nema um stórfréttir sé að ræða að Morgunblaðið birti íslenska frétt á forsíðu. Það þurfi annað hvort til eldgos eða einhverja gleðifrétt sem fær hjartað í ritstjórum Morgunblaðsins til þess að hoppa. Nú hygg ég að það hafi gerst að hjartað í ritstjórum Morgunblaðsins hafi hoppað því á forsíðu stendur: „Gjaldtaka ýtir undir sættir í þjóðfélaginu".

Hitt er annað mál að ástæða er til að óska hæstv. sjútvrh., Þorsteini Pálssyni, til hamingju með að hafa fengið frið til þess að framfylgja sjávarútvegsstefnu fyrirrennara síns, Halldórs Ásgrímssonar. Hins vegar hefur Alþfl. látið plata sig í þessum málum og sýnir það mjög hversu pólitískur refur Þorsteinn Pálsson er að verða. Þorsteinn hefur sagt sem svo við sína menn: Því einu þurfum við að ná fram að fá að fylgja þessari stefnu Halldórs Ásgrímssonar en við skulum plata Alþfl. Við skulum hafa gjaldtökuna 1996. Því þið gerið ykkur væntanlega grein fyrir því, hefur hann sjálfsagt sagt, að Alþfl. verður ekki í ríkisstjórn eftir næstu kosningar. (**Gripið fram í:** Hann verður dauður.) Ekki skal ég segja um að Alþfl. verði dauður en því er með fullum rökum hægt að spá að hann muni mjög minnka við þessar aðgerðir því í nokkra mánuði hef ég ekki heyrt heitið Jafnaðarmannaflokkur Íslands tengt nafni Alþfl. og menn sjá að það nafn á ekki lengur þar heima.

Það er svo að alla sína ráðherratíð hefur Þorsteinn Pálsson glímt við tvö öfl: Annars vegar við skattagleði Alþfl. á sjávarútveginn, hins vegar við Morgunblaðið sem hefur þrálátt heimtað skattlagningu á sjávarútveg-

inn. Ég óska þess vegna Þorsteini Pálssyni til hamingju með hversu vel hann hefur snúið þessa tvo andstæðinga sína af sér. Það er snilldarbragð og hefur ekki snjallara bragð sést í þessari ríkisstjórn. Hygg ég nú að vinsældir Þorsteins muni nokkuð vaxa við þessar aðgerðir og megum við gæta okkar félagar hans á Suðurlandi þegar hann hefur svo risið gegn öfgafullri stefnu Alþfl. (**Gripið fram í:** Alþfl. er horfinn af Suðurlandi). Alþfl. hefur ekki verið til á Suðurlandi í nokkur kjörtímabil. (Gripið fram í.) Eru þó ágætismenn þar ýmsir í þeim flokki og væru betur komnir inni á þingi en margir þeir frjálshyggjumenn sem nú eru í báðum þessum stjórnarflokkum. — Hæstv. forseti, forsrh. er ekki genginn enn í salinn og ég hygg að hann fari í kvöld með umboð hæstv. fjmrh. (Gripið fram í.) Er hæstv. fjmrh. í rúminu líka? (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. hefur boðað veikindaforföll í dag. Forseti hefur nú þegar gert hæstv. forsrh. aðvart um að hans sé óskað í salnum.) Það er greinilegt að þessar aðgerðir hafa haft mjög afgerandi áhrif á heilsufar hæstv. ráðherra.

Ég ætlaði aðeins að minnast á það mikilvæga atriði að ríkisstjórnin heitir vaxtalækkun. Ég held að það sé mjög mikilvægt bæði fyrir atvinnulífið og einstaklingana að það markmið náist. Ég er sannfærður um að ef hún nær því fram að minnka skattsvikin og fer í jöfnunaraðgerðir þar sem sterk fyrirtæki yrðu að borga þyngri skatta, sem víst er ekki að vanta, þá muni halli á fjárlögum minnka og þá eru komnar aðstæður til að lækka vexti. Hins vegar er það kannski sorgarsagan á þessari stundu að það er ríkisstjórnin sem hefur farið með vaxtaákvarðanirnar í landinu. Við skulum aðeins fara yfir stöðuna í þeim efnum:

Ríkisstjórnin sem hefur reynt að veikja ríkisbankana með eilífum hótunum um að þeir verði seldir stóreignamönnum á Íslandi rekur eigi að síður tvo banka að auki. Annar bankinn heitir Lánasýsla ríkisins. Hinn bankinn heitir húsbréfabanki. Þessir bankar safna bara peningum. Við skulum aðeins fara yfir þá stöðu. Nú stöndum við frammi fyrir því í bankakerfinu að þar eru ekki að safnast fyrir innstæður. Sennilega standa allir bankarnir frammi fyrir því að innstæður og sparifé minnkar í bönkunum á þessu ári. En bankar ríkisstjórnarinnar, sem eru Lánasýsla ríkisins og húsbréfabankinn, hafa mjög safnað peningum á þessu ári. Ég hef alltaf verið sannfærður um að það er mjög einfaldur hlutur að lækka útlánsvexti. Til þess að lækka útlánsvexti verða menn að lækka innlánsvexti. Þá verða menn að lækka vextina á sparifénu. En ríkisstjórnin hefur þjónað vel þeim ríku þann tíma sem hún hefur setið. Fyrir sex mánuðum síðan, á þeim tíma sem þeir hafa talað um vaxtalækkanir, hefur það t.d. gerst að nýr lánaflokkur hefur verið stofnaður sem heitir ríkisbréf. Hann var stofnaður fyrir sex mánuðum og þar hefur ríkisstjórnin á þessum sex mánuðum safnað 3 milljörðum kr. bara í þennan eina flokk til að þjóna stóreignamönnum sem eiga peninga. Hvaða vextir skyldu vera borgaðir, hæstv. utanrrh., á þessa peninga? Í dag er verið að borga 10,7% vexti á þessa peninga. Hér um bil sömu vexti og útlán bankanna eru á. Algengustu útlán bankanna eru í dag á 11–12% vöxtum. Hvernig skyldi staðan vera í allri þessari söfnun á peningum? Bankarnir í landinu hafa safnað inn í bankakerfið 140 milljörðum kr. í sparifé. Ríkisbréfin hafa safnað á þessu ári 3 milljörðum. Í ríkisvíxlum liggja 16 milljarðar sem borgaðir eru um 10% vextir á. Í spariskírteinum, sem eru með um 8% vexti, eru 50 milljarðar. Í húsbréfum eru 32 milljarðar sem greitt er á um 8% vextir. Þarna eru yfir 100 milljarðar í peningum sem verið er að greiða á vexti eins og útlánin eru í bönkunum, sem eru 11–12%. Þess vegna er ekkert einfaldur hlutur að lækka vexti fyrr en þessi stórkostlegu tilboð ríkisstjórnarinnar til eigendanna á þessum peningum lækkar. Ég hefði kannski haldið að það væri hægt að gera það með handafli. Að segja sem svo: Þessi 9 eða 10% ganga ekki upp. Þið ágætu sparifjáreigendur sem eruð hér í ágætum viðskiptum við okkur verðið að sætta ykkur við það að fara niður í 7% í fyrstu lotu. Þeir hefðu fúlsað við því nokkra daga en þeir hefðu ekki átt betri kost.

Það er auðvitað mjög mikið atriði að ríkisstjórnin stígi ekki röng skref í þessum efnum eins og hún hefur því miður gert á þessu ári með þessum nýja flokki sem ég minntist á. Hann veldur því fyrst og fremst að vexti er ekki hægt að lækka. Það verður ábyrgðarhlutur í bönkunum að lækka vextina á sparifénu eins og þeir eru því þar er verið að bjóða upp á 2–3% og á bestu bókum 5% vexti. Ef menn gengju þar í vaxtalækkun þýddi það að menn færu með sína peninga.

Að þessu vildi ég koma hér og tel að þar hafi ríkisstjórnin alla möguleika til þess að taka á.

Hvað fjármagnsskattinn varðar, sem ekki er settur á, þá get ég tekið undir það með ríkisstjórninni að það geti verið hættulegt við ríkjandi aðstæður. Um áramótin búum við í opnu landi hvað fjármagnið varðar. Ég held þess vegna að hyggilegt sé að stíga þar varlega til jarðar svo sú skattlagning valdi ekki vaxtahækkun og fjármagnsflótta. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að það þurfi að móta til framtíðar skatt sem segir að fjármagn og allar eignatekjur séu skattlagðar með einhverjum hætti. Þar eiga menn að móta sér fimm ára áætlun og stíga sem fyrst einhver skref í þeim efnum en ganga ekki mjög langt í hverju skrefi.

Það er enginn vafi á því að þessi jólagjöf ríkisstjórnarinnar boðar ekkert hamingjuár hjá launafólkinu. Það gengur að því sem vísu núna 1. jan. að fram undan er mesta skattaár allra tíma á Íslandi. Það er mesta skattaár allra tíma á Íslandi. Davíð Oddsson, hæstv. forsrh., ber alla ábyrgð á því. Hann ber alla ábyrgð á þeirri gjörð og hefur þar brugðist mörgum sem trúðu því að ýmis þau ummæli sem hann hét fyrir kosningar mundu standast.

Hæstv. forseti. Það er enginn vafi á því að þessi ríkisstjórn mun eiga erfiða daga fram undan á hinu nýja ári eftir að hafa gefið þennan jólapakka því að um hann ríkir engin sátt og almenningur og forustumenn hinna mörgu greina atvinnulífsins kalla aðgerðirnar stríðsyfirlýsingu þar sem ekki hefur verið rétt fram sáttahönd. Það kemur ekki á óvart. Það var það sem maður bjóst við en það er sorglegt fyrir þjóðina við

þessa aðstæður að þurfa að búa við ríkisstjórn sem æ meir líkist rekaldi.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs fyrr í kvöld vegna svara hæstv. forsrh. við fyrirspurnum sem ég bar fram við hann og ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin og sömuleiðis þátttökuna í umræðunum. Ég tel að það sé mjög gott að viðkomandi ráðherrar sinni því að svara hlutunum jafnharðan. Það gerir umræðuna betri. Þó svo að það komi auðvitað fyrir að eitt og eitt svar fari fram hjá manni og manni eins og gengur, þá tel ég að það sé gott að þetta er gert. Ég tel að andsvarakerfið hafi sannað sig prýðilega á þessum og síðasta vetri að þessu leytinu til.

Ég ætlaði aðeins að víkja að nokkrum atriðum sem fram komu í svörum hæstv. ráðherra og kannski að bæta fáeinum spurningum við vegna þess að ég held að það sé mjög mikilvægt áður en stjórnarfrumvörpin sem um þessi mál fjalla verða lögð fram að þá hafi verið farið sem nákvæmast í saumana á hlutunum. Ég vil byrja á því að spyrja hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstjórn: Hvenær má gera ráð fyrir því að þau stjórnarfrumvörp sem hafa inni að halda þær aðgerðir sem boðaðar eru í þessum textum verði lögð fyrir hv. Alþingi? Ég sé ekki betur en hér sé gert ráð fyrir því að breyta í fyrsta lagi lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Í öðru lagi sýnist mér, og það er reyndar augljóst, að það þurfi breyta lögum um tekju- og eignarskatt. Það hefur reyndar komið fram að því er þau lög varðar, sérstalega barnabætur og vaxtabætur, að þar gæti verið um að ræða ágreining á milli stjórnarflokkanna. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að breyta lögum um virðisaukaskatt, í fjórða lagi lögum um dráttarvexti og í fimmta lagi hefur hér verið rætt um svokallaðan þróunarsjóð og ég hef þá gert ráð fyrir því að lagt verði fram frv. um þróunarsjóð. Hæstv. forsrh. svaraði því svo að það frv. yrði lagt fram án óeðlilegra tafa, en ég held að það sé nauðsynlegt að fá aðeins gleggri svör í þeim efnum og ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort hann geri ráð fyrir því að þessi frumvörp verði afgreidd fyrir jól eða fyrir áramót vegna þess að þau eru auðvitað óhjákvæmileg forsenda fjárlaganna, a.m.k. eins og dæmið lítur út núna, hvort þau verða lögð fram í hlutum, þ.e. breytingarfrv. við hver lög eða hvort þau verða lögð fram sem bandormur með þeim ákvæðum sem nauðsynleg eru vegna fjárlaganna. En fyrir utan þessi frumvörp eða þessar ráðstafanir, þá er greinilega eftir að afgreiða aðrar mjög viðamiklar forsendur fjárlaga. T.d. er bersýnilegt að ef forsendur fjárlaga eiga að ganga eftir að því er varðar grunnskólann, þá verður að breyta lögum um grunnskóla. Og ég spyr hvort það sé ætlunin að hafa þessi mál öll í einum bandormi eða í mismunandi frumvörpum.

Ég vil þá víkja að einstökum atriðum í svörum hæstv. forsrh. eins og þau hafa hér komið fram í kvöld og kannski víkja fyrst að þessu með þróunarsjóðinn. Það er satt að segja allt mjög skrýtið mál og hefur tekið á sig sérkennilegar myndir. Hæstv. sjútvrh. segir t.d. að þetta þróunargjald muni renna til sjávarútvegsins. En það stendur ekki í yfirlýsingunni að gjaldið muni renna til sjávarútvegsins. Í yfirlýsingunni stendur að frá og með kvótaárinu 1996–1997 verði ákveðið þróunargjald lagt á úthlutuð þorskígildi. Það stendur ekki í þessari yfirlýsingu að gjaldið eigi að renna til sjávarútvegsins. Og ég vil spyrja hæstv. forsrh. að því hvort þetta er misskilningur hjá sjútvrh. að allt þetta gjald eigi að renna til sjávarútvegsins. Það stendur ekkert um það í yfirlýsingunni. Eins og yfirlýsingin er orðuð mætti alveg eins hugsa sér að þetta gjald fari allt í ríkissjóð að öðru leyti og þar með væri hér komið hið margumtalaða og illræmda veiðileyfagjald. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. alveg sérstaklega að þessu og ég vona að hann hafi heyrt þessa spurningu. (**Forsrh.:** Viltu gera svo vel og endurtaka spurninguna.) Ég ætla að endurtaka spurninguna. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar stendur ekkert um það að þróunargjaldið eigi eingöngu að renna til sjávarútvegsins þegar því verður endurúthlutað. Eins og yfirlýsingin er orðuð er alveg hugsanlegt að lagt verði á þróunargjald sem renni til annarra þarfa, jafnvel ríkissjóðs og þar með sé í raun og veru komið hið illræmda veiðileyfagjald sem ýmsir eru að gagnrýna og þar af leiðandi tel ég að það sé kannski of snemmt að hrósa hæstv. sjútvrh. fyrir það að hann hafi verið að snúa menn hér niður, einkum krata. Og það væri fróðlegt að vita hvernig þetta er hugsað því að hér stendur: „Frá og með kvótaárinu 1996–1997 verði ákveðið þróunargjald lagt á úthlutuð þorskígildi.“ En það er engin nánari skilgreining á því hvað þetta gjald þýðir.

Einnig út af orðum hæstv. forsrh. um það mál þar sem hann komst þannig að orði að hagur sjávarútvegsins mundi batna stórkostlega og þetta væri varanleg aðgerð, þá er óhjákvæmilegt að skoða þetta mál aðeins nánar. Nú vill þannig til að í kvöld hafði samband við mig maður sem hefur með að gera rekstur sjávarútvegsfyrirtækis á Suðurlandi, reyndar í kjördæmi hæstv. sjútvrh. Hann segir sem svo: Ég hef hér verið að reka frystihús. Frystihúsið hefur staðið misjafnlega vel, oft heldur illa. Niðurstaðan hefur orðið sú að sveitarfélagið hefur gefið aðstöðugjaldið eftir. Það hefur í raun og veru verið styrkur sveitarfélagsins í þennan rekstur. En þetta þróunargjald á að leggja á mig hvað sem tautar og raular, segir þessi mæti maður. Gjald sem lagt er á fasteignamat þeirra fasteigna sem nýttar eru til fiskvinnslu. Hann spyr: Er ég ekki lakar settur í raun með þetta gjald og gjaldið á skipin heldur en aðstöðugjaldið sem ég þurfti í raun og veru aldrei að borga miðað við þær aðstæður sem ég hef orðið að búa við og bý bersýnilega við þrátt fyrir þessar ráðstafanir?

Með öðrum orðum: Menn eru farnir að velta því fyrir sér hvort þessi breyting frá aðstöðugjaldinu þýði fyrir sjávarútvegsfyrirtæki þá byltingu í raun sem menn vilja vera láta. Ég segi fyrir mig að ég dreg það mjög í efa. Í símtali við þennan ágæta mann á Suðurlandi, í kjördæmi hæstv. sjútvrh., þá fullyrðir hann: Það er greinilega verið að efna hér til hærri gjaldtöku af mér en ég hef í raun þurft að standa skil á. Þetta er auðvitað mál sem hv. sjútvn. hlýtur að þurfa að fara ræki-

lega yfir en þó kannski ekki fyrr en frv. kemur fram og þó mætti auðvitað hugsa sér að þetta yrði skoðað sérstaklega í sambandi við frv. um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þar sem aðstöðugjaldið væri fellt niður en þetta er umhugsunarefni.

Það hefur einnig komið hér fram, sem er auðvitað mjög mikilvægt hjá hæstv. forsrh. í þessu máli, staðfesting á því sem fram kom í dag hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. Þessi nýi sjóður á að yfirtaka sjóðasukkið, ef ég leyfi mér að nota orð hæstv. forsrh. um sjóði fyrrv. ríkisstjórnar. Hér er með öðrum orðum um að ræða sjóð sem er með efnahagsreikning upp á 12–15 milljarða kr., eitthvað því um líkt. Þessi sjóður á að taka 4 milljarða lán og það eru tekjurnar sem hér er aflað sem eiga að standa undir því láni og öðrum áfallandi skuldbindingum sem þessi sjóður gæti e.t.v. orðið fyrir vegna þess að menn gætu ekki staðið við greiðslur t.d. í Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina eða Hlutafjársjóð. Með öðrum orðum er hér um að ræða býsna mikið bákn, sjóð upp á 12–15 milljarða kr. og ég held að að sé mjög nauðsynlegt og mjög jákvætt í raun og veru og þýðingarmikið að hafa fengið þessar upplýsingar fram hjá hæstv. forsrh. vegna þess að þetta er í sjálfu sér staðfesting á því sem marga grunaði að þessi sjóður, þróunarsjóður sjávarútvegsins sem menn eru að tala um, er þegar fæddur í skötulíki. Hann getur ekki orðið það bjargræði sem honum er ætlað að verða fyrir sjávarútveginn af því að hann verður með svo miklar skuldbindingar að hann ræður ekkert við þær. Hann verður með svo miklar skuldbindingar að hann mun ekki ráða við þær miðað við þær forsendur sem honum eru gefnar.

En ég vil sem sagt endurtaka þessa spurningu varðandi frv. um þennan þróunarsjóð hvort gert er ráð fyrir því að að verði lagt fram eða afgreitt fyrir jól.

Varðandi einstök atriði sem komu fram í ræðu minni hér fyrr í dag og sömuleiðis í ræðu hæstv. forsrh. Hann segir að lífskjaraskerðingin í þessu sé 3–6%. Alþýðusambandið segir reyndar að þetta sé eitthvað meira. Ég heyrði í hagfræðingi Alþýðusambandsins í kvöld þar sem hann nefndi talsvert hærri tölur. En það út af fyrir sig breytir ekki öllu. Hagfræðingur Alþýðusambandsins nefndi ef ég man rétt 5–9%. Það breytir út af fyrir sig ekki öllu heldur hitt sem er aðalatriðið að hér er gert ráð fyrir skerðingu hjá þeim sem eru með minnstu tekjurnar. Hér er gert ráð fyrir skerðingu hjá þeim sem lifa á atvinnuleysisbótum vegna þess að verðhækkanirnar koma óbættar niður á þessu fólki þó að það greiði ekkert af hinum beinu sköttum. Þar með er það auðvitað alveg ljóst að þessar ráðstafanir koma við alla, líka þá sem síst skyldi. Það er þess vegna rangt að þessar ráðstafanir hlífi þeim sem eru með lægstu tekjurnar og það er þó það fólk sem hefur beðið mér liggur við að segja með öndina í hálsinum eftir þessum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar. Hvað er fyrir þetta fólk í ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar? Eru fleiri atvinnutækifæri? Nei. Er minna atvinnuleysi á næstunni? Nei. Er kjarabót? Nei. Það er 3% kjaraskerðing á þessu fólki með 40–50 þús. kr. á mánuði. Það er 3% kjaraskerðing samkvæmt útreikningum ríkisstjórnarinnar sjálfrar. Að vísu segir Alþýðusambandið að það sé eitthvað hærri tala.

Hæstv. forsrh. hefur orðað þetta þannig í þeirri yfirlýsingu sem fram hefur komið frá ríkisstjórninni að því er varðar atvinnumálin að atvinnuleysið muni minnka frá því sem ella hefði orðið. Og í yfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar segir svo, með leyfi forseta:

„Sú styrking á stöðu atvinnulífsins sem felst í aðgerðum ríkisstjórnarinnar bætir atvinnuhorfur frá því sem annars hefði orðið, sérstaklega þegar líður á næsta ár og á árinu 1994, þótt þær nái varla að stöðva aukningu atvinnuleysis á næstu mánuðum."

Ég vil þá spyrja hæstv. forsrh. Um hvaða tölu er þarna verið að tala að atvinnuleysið hefði annars orðið? Við hvað miðar ríkisstjórnin í þessum efnum? Hvert er það atvinnuleysi sem menn gera ráð fyrir að verði í viðbót við það sem nú er áður en ráðstafanir ríkisstjórnarinnar fara hugsanlega að skila einhverjum árangri að hennar eigin mati? Þetta er mjög mikilvæg spurning sem ég ber fram í öðru lagi við hæstv. forsrh. Hvert er það atvinnuleysi sem reiknað er með að verði áður en ráðstafanir ríkisstjórnarinnar fara að bera árangur?

Í annan stað varðandi svör hæstv. forsrh. þá hélt ég því fram í minni ræðu að skattahækkanir ríkisstjórnarinnar á einstaklinga væri 31% eða 30,9%. Þ.e. skattarnir eru áætlaðir samkvæmt fjárlagafrv. um 13,4 milljarðar kr. og það er síðan gert ráð fyrir því að hækka þessa skatta um 4.150 millj. kr. Þetta er 31% hækkun skatta. Þar með er um að ræða meiri skatta á einstaklinga af hálfu ríkisins en nokkurn tíma hefur áður verið á Íslandi. Og það er í raun og veru blekking þegar hæstv. forsrh. setur hlutina þannig upp að heildarskatttaka sveitarfélaga og ríkis sé sú sama. Það er ekki það sem skiptir máli heldur hitt að skatttaka ríkisins hefur aldrei verið meiri. Ég benti á það að Sjálfstfl. hefði á undanförnum árum og áratugum lagt á það áherslu að það ætti að lækka skatta. Hann hefur lagt á það áherslu að það ætti jafnvel að afnema tekjuskattinn. Hann væri launamannaskattur eins og t.d. alþýðuflokksmenn hafa aftur og aftur nefnt. Nú er gert ráð fyrir því af þessum flokkum að skattar verði hærri en nokkru sinni fyrr. Ég sagði við hæstv. forsrh. að það hefði greinilega orðið svo eins og hann gerði grein fyrir á fundi Sjálfstfl. núna á dögunum að Sjálfstfl. hefði ákveðið að leggja stefnu sína til hliðar, hann ætlaði að leggja stefnu sína til hliðar um skeið, tímabundið að því er þetta varðar. Forsrh. varð æfur við og taldi að þessi orð mín væru til marks um það að ég hefði gleymt því að Alþb. hefði ekki tekist að reka herinn þegar það var í síðustu og næstsíðustu og ríkisstjórn þar áður. Það er út af fyrir sig alveg hægt að jafna þessu við herinn ef hæstv. forsrh. lítur á málið þannig. Það er rétt að herinn og herstöðvarmálið var stórt mál og er að mati Alþb. Ég skil þetta þá svo að hann sé í raun og veru að viðurkenna að hér sé um að ræða stórt mál þar sem Sjálfstfl. hafi skotist hrapallega, enda er það í hróplegri mótsögn við stefnu Sjálfstfl. að hækka skatta á einstaklinga um 31%.

Við höfum á undanförnum árum oft og tíðum ver-

ið að breyta sköttum og hækka skatta. Við háðum hér miklar sennur um skattbreytingar þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp og virðisaukaskattskerfið var tekið upp. Því var þá haldið fram að það væri verið að innleiða skilvirkt og traust skattkerfi. Sjálfstfl. ætlaði að ærast yfir minnstu tilfærslum á sköttum í tíð síðustu ríkisstjórnar. Svo kemur hann hér og gerir tillögu um 31% hækkun á sköttum einstaklinga og það er auðvitað útilokað að ætla að skjóta sér á bak við það að aðstöðugjaldið breytist þarna á móti. Hlutirnir liggja ekki þannig. Hinn harði veruleiki er sá að Sjálfstfl. og Alþfl. eru auðvitað að ganga harkalega á bak orða sinna gagnvart kjósendum í landinu og auðvitað alveg sérstaklega í Reykjavík vegna þess að hæstv. forsrh. beitti sér fyrir því sem borgarstjóri í Reykjavík að það loforð yrði gefið út að útsvar yrði ekki hækkað. Hvað er hér að gerast? Útsvar verður í raun og veru hækkað vegna þess að þetta gengur að einhverju leyti til baka til sveitarfélaganna. Sá peningaþvottur sem á sér stað í Stjórnarráðinu þar sem þessir peningar hafa millilendingu breytir engu í þeim efnum. Engu.

Í þriðja lagi varðandi þær spurningar sem ég bar fram fyrir hæstv. ráðherra, þá sagði hann að það væri ekki ætlunin að taka 5% af lífeyrissjóðunum heldur væri þarna verið að reikna með því sem gerðist hvort eð er. Og þá er það auðvitað með þetta eins og fleira í þessu plaggi. Það eru alls konar sjálfsagðir hlutir sem hafa verið ákveðnir hvort eð er og eiga ekkert heima þarna. Það er ekki hlutverk ríkisstjórnarinnar að telja það upp í sínum skjölum hvað lífeyrissjóðirnir mundu gera hvort eð er. Það mundi líka reyndar æra óstöðugan ef menn ætla að halda lengi áfram á þeirri braut þannig að það að nefna lífeyrissjóðina í þessu plaggi er villandi. Það er beinlínis villandi. Það segir ekki neitt og er í raun og veru algerlega út í hött.

Í fjórða lagi kom það fram hjá hæstv. forsrh. að það væri ekki ljóst hvað kæmi í staðinn fyrir aðstöðugjaldið og hann vildi ekki svara mér nákvæmlega til um það og út af fyrir sig skil ég það alveg. En ég benti á það í ræðu minni fyrr í dag og ég endurtek það nú að auðvitað er hætta á því að einstaklingaskattur Sjálfstfl. sem verður lagður á 1993 verði áfram. Ég geri ráð fyrir því að það verði mjög erfitt fyrir ríkisstjórnina og sveitarfélögin að finna leið til þess að leggja þennan skatt á einhverja aðra en einstaklingana vegna þess að ég hef ekki trú á því, nema ríkisstjórnin breyti eitthvað verulega um stefnu, að hún hafi kraft til þess að sækja t.d. verulega peninga í skatt á fjármagnstekjur sem ég kem hér aðeins að síðar.

Í fimmta lagi varðandi húsbréfin, þá þakka ég hæstv. forsrh. fyrir svörin í þeim efnum. Samkvæmt fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að húsbréfaútgáfa á næsta ári verði um 10 milljarðar kr., sýnist mér, og hæstv. ráðherra talaði þannig að þessi tala yrði væntanlega lækkuð um 2–3 milljarða, ég skildi ... (**Forsrh.:** 12 milljarðar á næsta ári.) Verði 12 milljarðar á næsta ári samkvæmt fjárlagafrv. þannig að það sé verið að taka hana niður í 10? (**Forsrh.:** Já.) Já, það er akkúrat það, ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þetta frammíkall, það skýrir málið. Húsbréfaútgáfan minnkar úr 12 milljörðum niður í 9–10 milljarða. Það er fróðlegt að heyra þessar upplýsingar og sjálfsagt að ganga eftir því nánar þegar tækifæri gefst til við hæstv. félmrh. þegar hún rís úr rekkju hvað hún segir um þessar niðurstöður.

Í sjötta lagi kom það fram hjá hæstv. forsrh. varðandi vextina að það er óljóst mál.

Í sjöunda lagi kom fram að það er ekki fullrætt hvernig á að haga þessum niðurskurði upp á 1.240 millj. kr. En af hverju hann er 1.240 en ekki 1.250, það hefur hins vegar hvergi komið fram heldur.

Ég spurði í áttunda lagi um virðisaukaskattinn og hvernig kann kemur niður á húshituninni sérstaklega, hvað fer á húshitun, hvað fer á menningu, hvað fer á Ríkisútvarpið o.s.frv. Um það fékk ég engin svör, en það hafa borist bréf um það mál til þessarar virðulegu stofnunar. Það hefur borist bréf frá Bandalagi íslenskra listamanna, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Bandalags íslenskra listamanna haldinn 21. nóv. 1992 beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að falla þegar í stað frá öllum áformum um að skattleggja útgáfu- og menningarstarfsemi.

Tímabundnir erfiðleikar í efnahagslífi þjóðarinnar verða ekki leystir með nýjum álögum á menningarlíf landsmanna sem að stærstum hluta er borið uppi af fólki sem starfar án tillits til þeirra reglna um fjárhagslega umbun sem gilda á flestum öðrum sviðum þjóðlífsins. Það væru hörmuleg mistök að vega að rótum íslenskrar menningar á sama tíma og stefnt er að þátttöku í nánu samstarfi Evrópuþjóða innan Evrópska efnahagssvæðisins þegar gera má ráð fyrir að íslensk tunga og menning eigi eftir að verða fyrir stórfelldara áreiti erlendra menningarstrauma en dæmi eru um í sögu þjóðarinnar.

Það er frumskylda íslenskra stjórnmálamanna að standa vörð um fullveldi og sjálfstæði íslenskrar þjóðar og á herðum landsmanna hvílir sú skylda að skila menningararfleifð þjóðarinnar í hendur næstu kynslóða.

Aðalfundur Bandalags íslenskra listamanna skorar því á ríkisstjórn og Alþingi Íslendinga að láta ekki undir höfuð leggjast að gera þær ráðstafanir sem frekast er unnt til að efla styrk íslenskrar menningar í stað þess að veikja stöðu hennar."

Undir þetta rita Hjálmar H. Ragnarsson og Þráinn Bertelsson.

Enn fremur hefur borist bréf frá öllum þeim sem taka við heiðurslaunum listamanna, á þessa leið, með leyfi forseta:

„Við undirrituð lýsum yfir fyllsta stuðningi við baráttu Bandalags íslenskra listamanna og Rithöfundasambands Íslands gegn skattlagningu bóka. Við skorum á íslensk stjórnvöld að hverfa frá öllum áformum um aukna menningarskatta."

Og hverjir skrifa undir þetta? Það gerir Halldór Laxness, það gerir Árni Kristjánsson, það gerir Jón Nordal, það gerir Hannes Pétursson, það gerir Kristján Davíðsson, það gerir Guðbjörg Þorbjarnardóttir, það gerir Jórunn Viðar, það gerir Jakobína Sigurðardóttir, það gerir Thor Vilhjálmsson, það gerir Sigfús

Halldórsson, það gerir Jón úr Vör og það gerir Matthías Johannessen.

Ég tel satt að segja að það þurfi býsna mikla pólitíska bíræfni til þess að ganga fram hjá áskorunum þessa fólks og ég vil leyfa mér að inna hæstv. forsrh. eftir því hvort það er óumbreytanlegur ásetningur ríkisstjórnarinnar að ganga gegn viðhorfum þessa fólks með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í þeim ráðstöfunum sem hér hafa verið kynntar.

Ég vil einnig, virðulegi forseti, víkja aðeins að fjármagnstekjunum og ég vil aðeins spyrja hæstv. utanrrh. um það af því hann talar dálítið um fjármagnstekjurnar. Hvenær eiga þær að koma? Hvenær eiga þær að fara að skila sér í ríkissjóð? — Hann svarar engu. Nú þykir mér týra. Einhver talaði einhvern tímann um heybrækur, það gerði ég ekki, virðulegi forseti. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvenær koma fjármagnsskattarnir? Hvenær koma vaxtaskattarnir? Ég sé að í yfirliti fjmrn. er ekki reiknað með vaxtasköttum 1993 og heldur ekki 1994. Það er ekki reiknað með vaxtasköttum 1994. Hvenær koma vaxtaskattarnir? Ég held að það sé óhjákvæmilegt að hæstv. utanrrh. upplýsi eitthvað um það mál vegna þess að það er auðvitað óhjákvæmileg forsenda málsins af hálfu margra stuðningsmanna Alþfl. sem ég þekki og hafa talað við mig út af þessum ráðstöfunum, þannig að ég geri ráð fyrir því að þeir hafi kannski átt erfitt með að ná til formannsins síðustu dagana. En ég vil spyrja hann þessarar spurningar fyrir hönd fjölmargra alþýðuflokksmanna og jafnaðarmanna á Íslandi: Hvenær kemur fjármagnstekjuskatturinn? Hvenær kemur vaxtaskatturinn? Og hvað verður hann hár?

Ég vil enn fremur, virðulegi forseti, að síðustu vekja athygli á því hvaða viðbrögð þessar ráðstafanir hafa fengið. Hver eru viðbrögðin úti í þjóðfélaginu? Hvað hefur heyrst? Er einhver sem lýsir því yfir að þetta sé sjálfsagt óhjákvæmilegt og það sé ekkert annað betra að gera, eða hvað? Það eru engin viðbrögð af því tagi. Engin.

Það hefur t.d. komið fram jafnvel ágreiningur um málið á milli stjórnarflokkanna um útfærsluatriði og það er nauðsynlegt að spyrja hæstv. sjútvrh. — sem allt í einu sást hér áðan í dyrunum og er ekki langt undan, vona ég, ég sé hér einn mann úr tvíhöfðasveitinni en ég vona að sjútvrh. sé þá ekki langt undan. Ég ávarpa hann þá um leið og hann birtist næst.

Það hefur komið fram ágreiningur um mál, jafnvel innan ríkisstjórnarinnar og kemur fram að í stjórnarflokkunum er veruleg hræðsla við þessar tillögur og gjörsamlega skiptar skoðanir. Einn segir t.d. að þróunargjaldið eigi allt að renna til sjávarútvegsins en aðrir gera bersýnilega ráð fyrir því að eitthvað af því renni í ríkissjóð.

Menningin, ég hef þegar lesið upp viðbrögðin frá því fólki. Húshitunin, þau viðbrögð eru þekkt. Ferðalög, flutningar, þau viðbrögð eru þekkt. Og hvaða viðbrögð koma fram á þingi Alþýðusambands Íslands? Samkvæmt fréttum: „Óánægja, beiskja, reiði." — Tilvitnun í fréttir Stöðvar 2 í kvöld. Einn af þeim sem Stöð 2 ræddi við sagði: Það er allt „ef" sem snýr að okkur. Hinir hafa allt sitt á þurru. Við höfum bara „ef" en hinir hafa allt sitt á þurru.

Svo segir einn af þingmönnum stjórnarflokkanna sem er talað við í fréttum í kvöld, hann segir: Mér kemur það ekkert við þó að einhverjir menn úti í bæ séu að semja einhverjar tillögur. — Mennirnir úti í bæ, það eru mennirnir sem eiga heima vestur í bæ en sitja hér í kvöld, hæstv. forsrh. og félagar hans. — Kemur fram úr Sjálfstfl. Menn úti í bæ. Og því miður er það þannig að þessir blessaðir menn eru bara ekki úti í bæ, þeir eru nefnilega í valdamiklum stöðum enn þá.

Og hvað segir forseti Alþýðusambands Íslands? Hann segir: Það er óraunsætt að gera ráð fyrir því að launamannahreyfingin uni þessum ráðstöfunum án kauphækkana. Það er óraunsætt. Þetta er ekki það sem við sættum okkur við, sagði hann í viðtali við fjölmiðil. Aðrir forustumenn í verkalýðshreyfingunni hafa notað miklu stærri orð. Ég ætla ekki að endurtaka þau hér.

Þetta eru viðbrögðin hjá þessu fólki en hver eru þau annars staðar? Jú, það hefur ekki staðið á viðbrögðum annars staðar, t.d. í versluninni. Það var byrjað að hækka vörur í gærmorgun um 6% út af gengislækkuninni. Sagt er að það sé búið að hækka þjónustu ferðaskrifstofa um 6–8% strax í dag. Og ég vil sérstaklega spyrja hæstv. forsrh. að því: Hvað verður gert í þessu efni? Verður hert á verðlagseftirliti? Verður Verðlagsskrifstofan, verður Verðlagsstofnun búin sérstaklega út með fjármuni og mannskap til að róa gegn þessari svívirðilegu verðhækkanaöldu sem er að skella yfir? Það hefur auðvitað verið partur í öllum efnahagsráðstöfunum, sérstaklega núna síðustu missirin að menn reyndu að keyra af stað áróður gegn verðhækkunum. Það hefur ekki orðið vart við neitt slíkt. Þess vegna er nauðsynlegt að fá það upplýst, verður eitthvað af því tagi gert? Er meiningin að reyna að kýla niður þessa verðhækkanaöldu sem er að ríða hér yfir? Og ég vil einnig spyrja hæstv. forsrh.: Hvað með ríkisfyrirtækin? Munu þau taka til sín hækkanir eftir þessar ráðstafanir, t.d. Ríkisútvarpið, svo ég nefni dæmi, þar sem gert er ráð fyrir reyndar í fjárlögunum 10% hækkun í ársbyrjun eins og fjárlögin líta út? Það er gert ráð fyrir 7% hækkun Rafmagnsveitna ríkisins. Hvað er með opinberar hækkanir? Munu þær fljóta yfir næstu áramót eða mun ríkið reyna að ganga á undan með góðu fordæmi í þessu efni?

Þessar spurningar vildi ég leggja fyrir hæstv. forsrh. og að allra síðustu benda á það að í umræðum um efnahagsmál á undanförnum árum hafa menn reynt að leggja á það áherslu að þær ráðstafanir sem gripið væri til væru tiltölulega skýrar, tiltölulega hreinar þannig að það væri ekki verið að blanda saman aðferðum sem væru ólíkar í grundvallaratriðum því þá vinnur hvað á móti öðru. Menn hafa sagt sem svo: Það eru þrjár meginleiðir til. Ein er uppfærsla, ein er niðurfærsla, ein er millifærsla. Og ef reynt er að grípa til niðurfærsluaðgerðar eins og t.d. þeirrar að fella niður aðstöðugjald sem hefur verðlækkunaráhrif, getur haft verðlækkunaráhrif, þá verða menn að passa sig á því að grípa ekki til uppfærsluráðstafana eða gengislækkunar í leiðinni, því þá þurrkast út áhrifin af aðstöðugjald-

inu í verðlaginu, a.m.k. fyrst um sinn, eða það er mjög hætt við því að það gerist.

Þær ráðstafanir, sem hér eru á ferðinni, eru í raun og veru allar leiðirnar. Þær eru uppfærsla, þær eru niðurfærsla og þær eru millifærsla. Það er gengislækkun sem er uppfærsla á verðlagi, það er niðurfærsla sem er niðurfelling aðstöðugjalds og það er millifærsla með því að stofna m.a. til nýrra sjóða með þeirri skattatilfærslu sem á sér stað og með þeirri methækkun skatta á almenning upp á 31% sem gert er ráð fyrir að grípa til á næsta ári.

Þess vegna er það auðvitað ljóst, virðulegi forseti, að þessar aðgerðir eru dæmdar til að mistakast sem slíkar sem efnahagsaðgerðir af því að þær eru grautur, þær eru heilagsandahopp í kringum vandann. Þær taka ekki á vandanum, þær eru heilagsandahopp í kringum vandann og öllu er velt yfir á bök almennings, 6 milljörðum kr. í hæstu sköttum sem nokkurn tímann hafa verið lagðir á af ríkinu í Íslandssögunni.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég vil víkja aðeins örfáum orðum að því sem hv. þm. nefndi síðast í sinni ræðu. Varðandi verðhækkanir þá verða menn að hafa í huga að þær verðhækkanir sem koma til þær eru ekki endilega bundnar við 6% gengisbreytinguna núna. Í fyrsta lagi hafa orðið ýmsar breytingar á gengi að undanförnu. Til að mynda hefur dollari hækkað úr 53 kr., sem hann var í fyrir ekki allt of löngu síðan, í 63 kr. Ég skal ekki slá á það nema lauslega, 17–18% hækkun á tiltölulega skömmum tíma. Þetta er ekki gengisbreytingin sem nú var. Hún er ekki einu sinni stærsti hlutinn af þessari hækkun.

Þá er rétt að hafa í huga að margir mikilvægir gjaldmiðlar hvað innflutning snertir til okkar hafa lækkað á tiltölulega fáum vikum mjög mikið. Þar nefnum við auðvitað breska pundið. Þar nefnum við sænsku krónuna og menn hafa sumir áhyggjur af norsku krónunni jafnframt. Þarna gæti því verið um að ræða mikla lækkun í gjaldmiðlum sem varðar miklu fyrir innflutning okkar, þannig að innflutningur gæti verið kannski — svo ég skjóti á það líka með fyrirvörum — milli 30 og 40% í þessum gjaldmiðlum ef þannig fer. Auðvitað hefur það áhrif til jafnvægis varðandi verðhækkanir sem verða í tilefni af gengisbreytingu. Þetta verða menn náttúrlega að hafa í huga en ekki bara gefa sér þessa gengisbreytingu eina sem nú var gerð að tala um 6%. Menn mega ekki gleyma því sem fram kom í greinargerðinni að það höfðu orðið mjög miklar breytingar að undanförnu þannig að ef gilt hefði viðmiðun við útflutningsvogina þá hefðu menn sjálfkrafa verið búnir að leiðrétta, eins og það er kallað, gengið um nálægt 3%. Þannig að gengisfellingin sjálf, sem menn geta talað um sem stjórnvaldsaðgerð beint, væri nálægt 3%. Þetta verða menn að hafa allt í huga.

Ég vek athygli á því að gagnrýni á ríkisstjórnina, sem auðvitað er margvísleg og af margvíslegum toga, er úr munni sumra a.m.k. sú að gengisfellingin sé ekki nógu mikil. Þetta er rétt að menn hafi í huga. — Ég vona að þingmaðurinn sem er að spyrja mig spurninga sé ekki farinn allt of langt, hann er þarna, ef ég á að svara hans spurningum.

Vegna þess sem hann nefndi varðandi menningu og listir þá mega menn ekki einblína á þessar aðgerðir núna sem ég gerði grein fyrir í gær. Menn verða að hafa í huga líka þær tillögur sem lagðar voru fram og höfðu verið ræddar í tengslum við fjárlagafrv. Þar byggðu menn til að mynda varðandi bækurnar á því að aðeins yrði tekið hálft skref í þessari umræðu. Það er ekki vafi á því að sú aðgerð hefði verið bókaútgáfunni þyngri heldur en sú aðgerð sem nú er farin. Þannig að ef við miðum við fjárlagafrv., varðandi bækurnar og þá ákvörðun sem nú hefur verið tekin og bætum við afnámi aðstöðugjaldsins, þá er ekki vafi á því að miðað við þær tillögur sem voru í fjárlagafrv. þá stendur bókaútgáfan sérstaklega töluvert betur heldur en menn máttu gera ráð fyrir þar. Það er ekki vafi í þeim efnum. Og til viðbótar þá eru menn ekki að tala um virðisaukaskatt á ýmsar aðrar greinar menningar, eins og rætt var um í upphafi, eins og menn þekkja. Þarna hafa sem sagt orðið heilmiklar breytingar.

Hv. þm. nefndi að þegar ég svaraði honum fyrr í dag varðandi lífeyrissjóðina þá hefði ég nánast sagt að ég hefði verið að telja upp eitthvað og eignað ríkisstjórninni sem lífeyrissjóðirnir hefðu ætlað að gera hvort sem væri og ég hefði svo sem getað talið nánast allt upp milli himins og jarðar ef ég byrjaði á slíku. Hann minnist þess sjálfsagt að hann orðaði spurningu sína þannig í dag hvað ríkisstjórnin ætlaði að taka frá lífeyrissjóðunum. Hann tvítók það hvað ríkisstjórnin ætlaði að taka frá lífeyrissjóðunum. Ég sagði þá að það stæði ekki til af hálfu ríkisstjórnarinnar að taka neitt frá lífeyrissjóðunum. Á hinn bóginn hefði komið fram í viðræðum við forráðamenn lífeyrissjóða að þeir teldu einmitt að við núverandi aðstæður væri mikilvægt að lífeyrissjóðirnir blönduðu sér inn í þær og þeir væru viljugir til þess. Það var haldinn fleiri en einn fundur með þessum aðilum sem tóku þessum málum afskaplega vel og það kom fram að þeir væru viljugir til þess einmitt í tengslum við núverandi aðstæður að binda sig við það að 5% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna, um 1.800 millj. á ári, kæmu fyrirtækjunum til góða með því að eiginfjárstaða þeirra væri styrkt með hlutafjárkaupum þessara öflugu sjóða. Þetta var afskaplega mikilvæg viðbót á þessari stundu og þeir menn sem þarna vilja taka á málum með þessum hætti eiga hrós skilið. Ekki ríkisstjórnin í sjálfu sér en þetta kom fram í viðræðum sem hún átti í tengslum við alla þá fundi og umræður sem hafa átt sér stað að forgöngu ríkisstjórnarinnar í tengslum við þessa lausn sem menn hafa verið að tala um.

Ég verð að segja eins og er að hv. þm. fór í hringi þegar hann ræddi skattamálin, allmargra hringi meira að segja. Það er kannski von. En hann sagði sem svo að það væri ekkert stórt innlegg í málið sem ég hefði sagt fyrr í dag, menn yrðu auðvitað að gá að því í þessum stórum tölum sem menn nefndu að þá hefðu skattar hins opinbera sameiginlega ekki aukist sem neinu verulegu næmi, eins og ég orðaði það, hygg ég, í dag. Hann sagði að það sem skipti máli væri það að

skattar ríkisins hefðu hækkað stórkostlega og það yrðu menn að mæla.

Síðar í ræðunni fór hann að hafa áhyggjur af mér sem fyrrum borgarstjóra út af kosningaloforðum í Reykjavík en með sama hætti ef menn eiga að reikna þetta svona þá hafa skattar Reykjavíkurborgar fyrst aðstöðugjöldin eru felld niður náttúrlega lækkað stórkostlega, ef menn ætla að reikna þetta svona. Ég er ekki að segja að menn eigi að reikna þetta svona, en ef menn ætla að reikna þetta ríkisstjórninni til taps með þessum hætti, og það megi ekki taka sveitarfélögin inn í dæmið, þá verða þeir að reikna þetta í báðar áttir og segja að við höfum lækkað skatta fyrir Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög stórkostlega. Ég er ekki að segja það en það sýnir hvers konar hundakúnstir hv. þm. leyfði sér í hinni skattalegu umræðu. Ég held að það sé ekki neinum til góðs, jafnvel þótt menn haldi kannski að þeir komi einhverju höggi á ríkisstjórnina til stundar, að ganga svona langt í tilraunum sínum til að gera þetta allt saman tortryggilegt.

Það hefur heilmikið verið rætt um fjármagnstekjuskattinn. Hv. þm. gerði það líka og vildi spyrjast fyrir um hann. Ekki veit ég hvort sú ríkisstjórn sem hann sat í síðast gerði eitthvað í þeim málum. — Ég minnist þess að hann sagði oft að hann mundi sitja í henni lengi. Ég held að ég hafi heyrt hann segja það einum fimm eða sex sinnum í viðtölum. Það var kannski skemmra en hann ætlaði sér. Ég bið hann hugsanlega afsökunar á að hafa komið í veg fyrir að hann væri þar lengur í bili. Ég held reyndar að hann hafi að mörgu leyti staðið sig vel sem ráðherra síns málaflokks. — Ég vil gjarnan spyrja hann hvort hann hafi staðið að því að í stjórnarsáttmála í hans ríkisstjórn hafi verið sett skilyrði um það að fjármagnsskattur væri settur á. Hafi hann gert það og hans flokkur stuðlað að því vil ég spyrja hvernig honum hafi gengið að framkvæma það á þeim tíma sem hann var ráðherra í þeirri stjórn sem er mun lengri tími en ég hef gegnt mínu embætti, enn sem komið er. Hafi það ekki gengið eftir, þá skýrir hann það. Hafi hann ekki sett það í stjórnarsáttmálann, þá skýrir hann það. Ef það er rétt sem mér hefur heyrst að allir stjórnarflokkarnir sem þá voru hafi verið hlynntir þessum fjármagnstekjuskatti þá spyr ég líka: Hvers vegna komu þeir honum ekki á? Hver stöðvaði það á öllum þessum langa tíma? Umræðan um fjármagnstekjuskatt er ekki ný. Ég minnist þess að hafa heyrt rætt um hann alllengi. Ég minnist þess til að mynda að í ríkisstjórninni 1983–1987 voru umræður í gangi um fjármagnstekjuskatt þótt ekki yrði af honum þá. Það er því ekki hægt að segja að þetta sé ný hugmynd og þess vegna hafi sú stjórn sem hv. þm. Svavar Gestsson sat í síðast ekki þurft að huga að því. Maður veltir því fyrir sér, þar sem þetta er svona mikið stórmál núna, hvers vegna ekkert var í því gert þegar menn höfðu afl og væntanlega atgervi til þess.

Hv. þm. nefndi dæmi um að maður sem rekur sjávarútvegsfyrirtæki hefði hringt í hann í dag og sagt sem svo: Nú er það þannig að í mínu sveitarfélagi, þar sem ég rek þetta frystihús, hefur reksturinn verið lengi svo óburðugur að sveitarfélagið hefur jafnan gefið mér eftir afstöðugjaldið, ef ég skildi hv. þm. rétt, og ég er því ekkert betur settur þótt aðstöðugjaldið sé fellt niður. Ég vek athygli á því að a.m.k. sveitarfélag þessa manns er betur sett. Fyrirtæki mannsins sem hringdi í hv. þm. sem ekki þurfti að greiða aðstöðugjaldið og þarf þess ekki núna er jafnsett a.m.k. Sveitarfélagið hans, lítið sveitarfélag á Suðurlandi ef ég skildi þingmanninn rétt, er betur sett því það fær aðstöðugjaldið greitt, a.m.k. á næsta ári. Alla vega ætti forráðamaður fyrirtækisins að hugsa sem svo: Mitt sveitarfélag hefur áreiðanlega ekki haft með góðum móti efni á því að gefa mér alltaf eftir aðstöðugjaldið. Það er gott að mál hafa skipast þannig að þetta þarf ekki að gerast áfram. Þetta hefði hv. þm. átt að athuga áður en hann bar fram sína spurningu.

Hv. þm. spurði líka hvað átt væri við þegar menn ræddu um atvinnuleysi og hann tví- eða þrítók það að ég hefði sagt að það mætti ekki búast við að þessar ráðstafanir yrðu til þess að minnka atvinnuleysi alveg á næstunni. Ég held að slíkar yfirlýsingar þurfi ekki að koma á óvart. Ég held reyndar að engin aðgerð mundi á næstu tveimur til þremur mánuðum ná að hægja á þeirri þróun, það tekur sinn tíma. Mér hefði þótt afskaplega óvarlegt að kynna þessar ráðstafanir og segja um leið að eins og hendi væri veifað mundi atvinnuleysisvofunni verða bægt á burt. Ég skal ekki spá nákvæmlega um þróun atvinnuleysis, þær spár eru erfiðar. Reyndar neita sumar þjóðir að leggja fram slíkar spár, til að mynda Norðmenn. Þær séu frekar til þess fallnar að ýta undir erfiðleika en að minnka þá og í annan stað geri þær sáralítið gagn. Þeir birta því ekki slíkar spár. Hins vegar þekkjum við það að atvinnuleysi hjá okkur hefur verið nálægt 3%, tæplega 3% í september og október. Við höfum óttast að það mundi aukast nokkuð. Við skulum ekki gefa okkur það að nokkur aðili mundi stoppa það í einni svipan. Það mun halda áfram að rísa en vegna aðgerðanna og vegna styrkingar atvinnuveganna mun það hníga á nýjan leik. Við væntum þess að vegna þessara aðgerða nái atvinnuleysið að vera innan þeirra marka sem þjóðarspá hafði áður gert ráð fyrir.

Hv. þm. spurði jafnframt um þróunarsjóðinn. Ég hef gert hann að umtalsefni áður að gefnu tilefni. Hann spurði hvort það væri mín skoðun eða skýring að þessum þróunarsjóði yrði þannig skipað að einhver hluti þess gjalds sem sjávarútvegurinn kæmi til með að greiða í hann gengi í ríkissjóð. Ég skil málið ekki svo og hef sagt það áður. Til þess er ekki stofnað að það gerist með þeim hætti. Ég hygg að ég hafi sagt það fyrr í kvöld, kannski ekki nógu skýrt en þá geri ég það núna og vonandi að það sé nægilega skýrt sagt. Vegna þess sem þm. hv. spurði um, þ.e. hvenær frv. yrði lögð fyrir Alþingi og í hvaða formi, þá verð ég að viðurkenna að það er ekki alveg frá gengið. Það hefur ekki gefist mikill tími eftir að aðgerðirnar voru ræddar. Það er gerð rík krafa um að menn sinni viðveru sinni hér á þessum stundum svo ekki hefur verið mikill hefðbundinn vinnutími fyrir ráðuneytisþátt starfsins sem vonlegt. Við munum reyna að hraða þessum frv. eins og við mögulega getum og væntum þess að þótt nokk-

ur efniságreiningur sé um ýmis atriði við stjórnarandstöðuna megi menn sameinast um það að frv. geti fengið málefnalega meðferð í þinginu. Það hefur verið rætt um það að hve miklu leyti þetta gæti verið í bandormi og að hve miklu leyti í sérstökum frv. Það hefur ekki verið tekin ákvörðun um það. Ég geri ráð fyrir að menn muni hafa samráð um það við formenn þingflokka hvernig þeim málum verður best skipað. En ég tel nauðsynlegt að þessi mál nái fram að ganga fyrir jól. Það er mikilvægt að þessi mál verði skýr sem allra fyrst, jafnvel þó um þau kunni að vera einhver efniságreiningur. Það er mjög nauðsynlegt að staðan verði ljós eins fljótt og hægt er.

Ég hygg, virðulegur forseti, að ég hafi núna og fyrr í dag svarað í megindráttum spurningum hv. þm.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Ég vil nefna nokkur atriði. Í fyrsta lagi það að mér fannst svar hans slappt að því er varðar verðhækkanaskriðuna sem er fram undan. Mér finnst að ríkisstjórnin eigi núna að skera upp herör gegn þeim sem ætla sér að hirða stórfé í skjóli þessara ráðstafana og það eigi að búa Verðlagsstofnun út af krafti til að taka á móti þeirri holskeflu verðhækkana sem bersýnilega er fram undan og hefur komið fram í verslunum og hjá þjónustufyrirtækjum strax í dag.

Í öðru lagi varðandi þróunargjaldið eða þróunarsjóðinn vil ég segja að ég tel það mikilvægt að forsrh. hefur sagt það skýrt núna að þetta gjald verði ekki notað til almennrar tekjujöfnunar fyrir ríkissjóð. Það verði með öðrum orðum ekki notað með þeim hætti sem veiðileyfagjaldið hefur verið hugsað af Alþfl. Þar með get ég út af fyrir sig tekið undir hrósið til hæstv. sjútvrh. um að hann hafi snúið á Alþfl. í þessu máli. Það gat ég hins vegar ekki gert fyrr en þetta svar forsrh. lá fyrir með afdráttarlausum hætti eins og það gerir núna. Með öðrum orðum er því hafnað að hér verði lagt á almennt veiðigjald til að standa undir almennum rekstri ríkissjóðs.

Mér finnst líka mikilvægt að taka það fram, virðulegur forseti, að ég tel að við lok þessarar umræðu hafi forsrh. sagt eina setningu sem getur svo sem alveg verið endirinn á umræðunni. Það var: Atvinnuleysið mun halda áfram að rísa nú og á næstunni. Það er ekki lausn í þessum ráðstöfunum. Vonin sem þjóðin batt við þessar ráðstafanir um allt land mun því ekki rætast. Það er niðurstaðan af þessum umræðum, virðulegur forseti.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þjóðin sér í gegnum orð af því tagi sem hv. þm. lét út úr sér síðast. Ráðstafanirnar eru til þess gerðar að stemma stigu við vaxandi atvinnuleysi og það munu þær gera. En það væri blekkingarleikur, sem ég veit og vona að hv. þm. mundi ekki stunda væri hann ráðherra, að segja að slíkar ráðstafanir eða nokkrar ráðstafanir geti í einni svipan stöðvað slíka þróun. En það er ekki vafi í mínum huga að þegar fram í sækir, og það skiptir mestu, að þá verði varanlega dregið úr því atvinnuleysi sem fer vaxandi og atvinnuleysisvofunni verði bægt hér á burt. Ég vona að við séum allir af heillyndi sammála um að það sé mikilvægara en karp í þingsölunum.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í dag er það svo að 10–15% yngstu kynslóðarinnar á Íslandi eiga erfitt með að fá atvinnu. Í dag er það svo að menn horfa framan í hærri atvinnuleysistölur en nokkru sinni um langt árabil. Og í dag er það svo að við höfum rætt ráðstafanir í efnahags- og atvinnumálum sem hafa þann tilgang að reyna að draga úr atvinnuleysinu og reyna að berja atvinnuleysisvofuna frá þúsundum íslenskra heimila. Það liggur fyrir og það er vafi í mínum huga, hæstv. forsrh., að þessar ráðstafanir dugi. Það er vafi í mínum huga. Ég vona líka að menn geti sameinast um það við annað tækifæri að koma í veg fyrir að atvinnuleysisvofan haldi áfram að kollsigla fjárhag heimilanna í landinu. Það hefur komið hér fram af hálfu Alþb., virðulegur forseti, aftur og aftur í þessum umræðum, bæði í dag og í gær, að við erum tilbúin til samstarfs við stjórnarflokkana og aðra aðila og stjórnarandstöðuflokkana um raunhæfar ráðstafanir til þess að snúa atvinnuleysisdrauginn niður. Ég er reyndar þeirrar skoðunar, virðulegur forseti, að atvinnuleysið sé alvarlegasta efnahagslegt, félagslegt og menningarlegt vandamál Íslendinga í dag. Það sé ekkert brýnna en að finna leiðir til þess að snúa atvinnuleysisdrauginn niður. Í raun og veru ber okkur sem hér erum að snúa bökum saman um það. Til þess erum við hér og til þess er ætlast af okkur af því fólki sem hefur kosið okkur til að sitja í þessari virðulegu stofnun.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var mjög athyglisvert að sjá í sjónvarpi og útvarpi viðtöl við almenning sem spurður var um þær ráðstafanir sem gerðar voru og sjá hversu jákvæð þau viðbrögð voru, allt önnur en viðbrögð sumra talsmanna ákveðinna hreyfinga. Viðbrögð almennings voru afskaplega jákvæð vegna þess að almenningur vill leggja töluvert á sig til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi í þessu landi. Þess vegna er almenningur tilbúinn til að taka þátt í þeim aðgerðum sem menn eru að vinna að. Þess vegna tel ég að menn geti búist við því að atvinnuleysi muni minnka. Það kom fram hjá hv. þm. að hann hefði áhyggjur af að það gerðist of seint að þá treysti ég því að í hans orðum felist það að hann og hans flokkur muni greiða fyrir því að þessar tillögur, þótt þær séu ekki fullnægjandi að mati hv. þm., fái greiða leið í gegnum þingið því þær munu örugglega gera mjög mikinn bata.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Mönnum hefur orðið býsna tíðrætt hér um þróunarsjóð sjávarútvegsins, þennan nýja sjóð sem ríkisstjórnin ætlar sér að koma upp. Ég verð að segja að ég hef ekki fengið þau svör sem ég bjóst við að við gætum fengið hér. Því vil ég reyna að spyrja enn einu sinni hversu mikið fé þróunarsjóður

sjávarútvegsins komi til með að hafa úr að spila eftir að búið er að leggja á greinina þetta nýja rúmlestagjald og fasteignaskattinn á vinnslufyrirtækin í landi. Síðan skilst mér að koma eigi tekjur vegna eigna í svokölluðum sukksjóðum fyrrv. ríkisstjórnar, ef ég man rétt orðalag hæstv. ráðherra. Mig langar einnig til að spyrja: Hvað er reiknað með að þróunargjaldið eða auðlindaskatturinn verði hár? Hvað eru menn að tala um að leggja mikið á þessa atvinnugrein? Ég vil spyrja og fá gleggri svör en fengust við spurningu hv. þm. Svavars Gestssonar. Er það ekki alveg morgunljóst að þetta þróunargjald eða auðlindaskattur á að renna óskiptur til þróunarsjóðsins? Menn verða að átta sig á því að óvissunni í þessari atvinnugrein verður að linna. (**Forsrh.**: Ég hef þegar svarað spurningunni.) Þessari óvissu sem sjávarútvegurinn hefur búið við verður að linna. Menn verða að fá að vita hver starfsskilyrði atvinnugreinarinnar verða. Þetta er óbærilegt fyrir þessa menn sem sí og æ er hrópað til og þeir hvattir til hagræðingar og endalausrar hagræðingar í greininni. Þeir verða að fá að vita hver starfsskilyrðin verða til framtíðar. Út af fyrir sig get ég fagnað því ef náðst hefur sátt um stjórnun fiskveiða og við megum ganga út frá því sem vísu að við munum búa við hliðstætt kerfi áfram. Það er óásættanlegt að velkjast í vafa í þessum efnum.

Auðvitað vitum við að þótt þessir sjóðir komi, og væri hægt að hafa langt mál um það, að ríkisstjórnin hefur verið að nota sjóði fyrrv. ríkisstjórnar og beitt þeim til styrktar vægast sagt veikburða atvinnulífi. Þar komu þeir vissulega að gagni. Það var nefnilega komið svo að hagnaður var orðinn í sjávarútvegi þegar þessi ríkisstjórn kom til valda, það var búið að skaffa þessari atvinnugrein ásættanleg starfsskilyrði en því miður var með mistækum aðgerðum á fyrstu dögum ríkisstjórnarinnar starfsgrundvellinum kippt undan atvinnugreininni með stórkostlegum vaxtahækkunum og gífurlegri skattlagningu. Þannig var grundvellinum kippt undan greininni. Þessi fáu ár eða sá stutti tími sem ríkisstjórnin hefur setið má segja að séu ár hinna glötuðu tækifæra í þessum efnum. Það voru vissulega skilyrði, það var búið að skapa þau og skilyrði til að spila betur úr.

Ég verð að koma enn og aftur að því að mér er ómögulegt að skilja þá hagfræði að þrátt fyrir að atvinnugrein sé rekin með 5–6% tapi telji menn sig geta sótt til þeirrar atvinnugreinar hundruð milljóna í nýjum sköttum. Mér er lífsins ómögulegt að skilja slíkt háttarlag. Ég skil ekki hve menn geta verið óraunsæir í þessum efnum og nánast ósanngjarnir. Skattlagningin hjá þessari ríkisstjórn er alveg með eindæmum og það kom greinilega fram í ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar hér áðan. Þarf ekki að endurtaka það að áætlað er að tekjuskattur einstaklinga muni hækka hvorki meira né minna en um 31%. Það er ótrúlegt hversu hér er gengið hart og miskunnarlaust fram.

Skattagleði þessarar ríkisstjórnar birtist í ýmsum myndum. Mér er spurn: Kom það aldrei til tals hjá hugmyndasmiðum þessara tillagna að setja á blað að aðhafast ætti eitthvað í skattsvikamálum? Komst það aldrei á blað að menn skyldu reyna að sækja þá milljarða sem liggja óinnheimtir hér og þar úti í þjóðfélaginu? Hvaða tilburðir eru hjá ríkisstjórninni til þess að ná þeim sköttum? Ég reikna ekki með því að fá svör við þessu frekar en ýmsu öðru. En það er áhyggjuefni og umhugsunarefni fyrir okkur sem höfum vakið máls á þessu árum saman hversu viðkomandi ráðherrar virðast vera kærulausir í þessum efnum. Það er nánast ólíðandi. Ég skal taka það fram að þar er ég ekki að sakast við hæstv. núv. fjmrh. einan sér. Ég vil fara lengra aftur í tímann. En þetta er óviðunandi og óásættanlegt að ekki sé tekið hér til hendi og að margir milljarðar skuli liggja úti vegna svika á skatti.

Ég minntist á skattagleðina. Það er alveg ótrúlegt að menn skuli láta sér detta í hug að skerða barnbætur um 20% á tveimur árum. Ráðherrar Alþfl. eru víst sofnaðir, þeir sem ekki eru þegar orðnir veikir. Alþfl. sem hefur státað sig af því að vilja hlúa að velferðarkerfinu í landinu hefur lagt það til að skerða lífeyristryggingar aldraðra á árinu 1992 um 260 millj. kr. Áformin á árinu 1993 eru að skerða þessi réttindi enn um hvorki meira né minna en 580 millj. til viðbótar. Þetta er umhyggjan fyrir öldruðum. Hvar er þessi Alþfl.? Er nema von þó að gamlir alþýðufokksmenn spyrji? Og það eru ekki aðeins aldraðir. Hvað aðhafast menn í sambandi við Lánasjóð ísl. námsmanna og námsmenn þar sem lán til lánasjóðsins eru lækkuð um hvorki meira né minna en 500 millj. kr. til viðbótar þeim 300 millj. kr. sem sagðar voru sparast vegna breyttra lánareglna? Það er ótrúlegt hvernig hér er gengið fram.

Hæstv. forsrh. sagði í sjónvarpsviðtali fyrir örfáum dögum, þegar hann var spurður að því hvort ríkisstjórnin hugsaði sér ekki að sækja eitthvað til fanga til landbúnaðarins, að það væri ódrengilegt að ganga lengra í kröfugerð á landbúnaðinn. Nú spyr ég þennan sama ráðherra vegna þess að okkur er sagt að í þessum tillögum felist lækkun á framlögum til landbúnaðarins eða niðurskurður til landbúnaðarins um hvorki meira né minna en um 250 millj. kr. Því er spurning mín: Hvar hyggst ríkisstjórnin ná þessum 250 millj. kr. af framlögum til landbúnaðarins?

Í bók sem ríkisstjórnin gaf út og nefnd var Velferð á varanlegum grunni segir að mig minnir á fremstu síðu: „Sættir takist um sanngjörn kjör." Það er fallega að orði komist. Ég verð þó að segja og ég held að ég sé ekki einn um þá skoðun að hér hefur ekki orðið nein sátt. Það er vægast sagt ömurlegt hvernig ríkisstjórnin hélt á því sáttaboði sem hún fékk bæði frá aðilum vinnumarkaðarins og frá stjórnarandstöðunni til þess að vinna að lausn á þeim vanda sem ég viðurkenni að ríkisstjórnin var búin að koma þjóðfélaginu í. Í einni andrá var öllum hugmyndum um framlengingu á þeirri hugsun sem bjó að baki þeim þjóðarsáttarsamningum sem fyrrv. ríkisstjórn átti svo stóran hlut í að gera mögulega. Þeim var glutrað niður í einu vetfangi og það af misvitrum mönnum. Það verður að segjast að hér varð því miður alvarlegt þjóðarslys.

Það er alveg ljóst að ekki verður hægt að ganga lengra og krefjast meiri fórna af almennum launamanni þessa lands. Nú er komið að þeim sem eru bet-

ur settir til að taka á sig pinkla núverandi ríkisstjórnar. Það er staðreynd að þeir sem lakast eru settir í þjóðfélaginu eru þeir sömu og fara verst út úr þeim aðgerðum sem núv. ríkisstjórn hefur verið að smíða. Þetta er ekki einhver fullyrðing frá mér hér úr þessum ræðustól. Þetta var staðfest í sjónvarpinu í kvöld af hagfræðingi Alþýðusambands Íslands. Þetta er umhyggjan fyrir láglaunafólkinu í dag. Að láta sér svo detta í hug að flytja marga milljarða af atvinnufyrirtækjunum yfir á launafólk er ótrúleg storkun við launafólk í landinu. Miðað við þær aðstæður sem við búum við verður að segja að þær eru óskiljanlegar og þær eru mjög óskynsamlegar.

Hæstv. forseti. Það er mikill misskilningur hjá núv. ríkisstjórn að launþegar séu vandamálið eða ástæða þess hvernig umhorfs er í landinu í dag. Það er mikill misskilningur. Vandamálið í þjóðfélaginu í dag er kolröng stjórnarstefna. Ríkisstjórnin hefur ekki aðeins haft rangt við. Hún hefur einnig gefið vitlaust, virðulegi forseti.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég hafði hugsað mér að bera upp spurningar við hæstv. forsrh. Ég vona að hann heyri mál mitt því að það verður þó að hrósa honum fyrir það að hann hefur borið við að svara spurningum hér í dag. Aðrir ráðherrar hafa ekki mikið tekið þátt í þeim leik en hann á það sem hann á í því.

Tvö mál langar mig til þess að ræða undir lok þessarar umræðu. Í fyrsta lagi langar mig að spyrja hæstv. forsrh. að því hvort það standi til og hvort hann ætli að beita sér fyrir því að það ranglæti sem mun fylgja virðisaukaskatti á húshitun verði bætt með einhverjum hætti. Það liggir fyrir að 14% virðisaukaskattur á húshitun mun þýða þrefalt, jafnvel meira en þrefalt hærri gjöld í ríkissjóð af því að hita upp hús á köldu svæðunum en þar sem ódýrar hitaveitur eru, t.d. á höfuðborgarsvæðinu svo að dæmi sé tekið, en það eru auðvitað fleiri hitaveitur ódýrar en sú sem hér er. Ofan á þetta bætist að gengisfellingin sem varð núna eykur skuldir þeirra hitaveitna sem hæst hafa gjöldin og bætist þar ofan á. Til þess að bæta sér upp hvort tveggja, virðisaukaskattinn og hækkun skulda, þurfa hitaveitur jafnvel að hækka sín gjöld um 14–17% til að koma til móts við tekjuþörfina.

Í öðru lagi langar mig til þess að koma að því máli sem hefur verið nokkuð rætt hér í dag. Það eru sem sagt þær yfirlýsingar að nú sé búið að ljúka endurskoðun fiskveiðistefnunnar með stofnun þessa sjóðs. Ég verð að lýsa yfir miklum vonbrigðum mínum með það sem hefur smám saman verið að koma hér í ljós. Mig langar til að biðja hæstv. forsrh. að útskýra dálítið nánar fyrir mér hvernig hann lítur á þessi mál. Ég hef bæði séð eftir honum ritað og heyrt hann segja frá því áður að hann telji að á fiskstofnarnir og lífríkið í hafinu í kringum landið sé almenningseign og hann vilji tryggja að þessi almenningseign verði um alla framtíð. Það er auk þess inni í sáttmála ríkisstjórnarinnar með mjög skýrum hætti að þannig eigi að standa að málum.

Nú hefur hann sagt í dag og mér finnst það stangast dálítið á við þessi markmið að endalok endurskoðunar fiskveiðistefnunnar, sem hér hafa birst okkur, eigi að túlka þannig að ekki sé meiningin að taka peninga í framtíðinni í ríkissjóð frá útgerðinni. Ég vil fá að vita hvernig það getur komið heim og saman því að ég sé ekki annað fyrir mér en að með óbreyttu kvótakerfi, eins og við höfum núna með frjálsu framsali aflaheimilda þar sem útgerðarmenn eiga rétt á aflaheimildum, liggi það einfaldlega fyrir að ætli menn ekki að fara leið Alþfl. þá veit ég ekki hvaða leið menn ætla. Ég tek fram að það er ekki sú leið sem ég vil styðja. Ég hef haft aðrar skoðanir á málinu en ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að það komist á hreint hvað menn eru að fara þegar þessu átaki við úreldingu lýkur. Auðvitað verða menn að horfa til framtíðarinnar en hvað á þá að gerast? Erum við þá ekki nákvæmlega í þeim sömu sporum og við erum í í dag? Til hvers var þá verið að endurskoða og hvers vegna voru menn að setja í sáttmála þessarar ríkisstjórnar að tryggja ætti sameign þjóðarinnar á auðlindinni?

Það segir í Morgunblaðinu í dag, með leyfi forseta: Davíð var spurður hvort gjaldtaka fyrir veiðiheimildir tryggði virkni lagaákvæðis um að fiskimiðin væru sameign þjóðarinnar en hann talaði um það fyrir síðustu kosningar að tryggja þyrfti virkni þessa ákvæðis. „Það er náttúrlega ljóst að þetta var gert í anda þess ákvæðis“ var svarið. Ég spyr þess vegna: Sér ekki hæstv. forsrh. fyrir sér að að þessu leytinu verðum við í sömu sporum þegar úreldingarátakinu er lokið?

Ég verð svo að lýsa yfir sérstökum vonbrigðum með það hvernig að þessu máli hefur verið staðið. Hér var okkur gefið til kynna að sjútvn. Alþingis og ýmsir hagsmunaaðilar í útgerð og fiskvinnslu fengju að koma að endurskoðun þessa máls. Það hefur verið í slíku skötulíki að sérstaka umræðu þyrfti um það því formenn þessarar tvíhöfða nefndar sem margrædd er hafa komið tvisvar á fund sjútvn., í annað skiptið til þess að heilsa upp á hana í upphafi starfs síns til að segja okkur að nú væri starfið að byrja. Í seinna skiptið til þess að segja okkur að ekkert hefði gerst sem í frásögur væri færandi. Þetta er allt samráðið við sjútvn. Alþingis. Allt sem okkur hefur verið lofað í þessu sambandi hefur hreinlega verið svikið. Nú er okkur sagt þegar komið er fram undir lok nóvember 1992 að þessu starfi sé lokið.

Mig langar til viðbótar að bera fram tvær spurningar. Önnur er sú sem ég reyndi að fá svör við frá hæstv. sjútvrh. en fékk ekki. Vegna þess að hæstv. forsrh. hefur borið við að svara mönnum í dag ætla ég að gera tilraun til að spyrja hann að þessu. Á að borga úreldingu frystihúsa með veiðileyfagjaldi á útgerðina? Er það meiningin? Er það hugmyndin að veiðileyfagjaldið, tekjur af útgerð, sem á að innheima til þess að greiða skuldir þessa sjóðs sem hér er verið að stofna, þessa stóra þróunarsjóðs, til þess að greiða fyrir offjárfestinguna í landi? Ég er búinn að spyrja þessarar spurningar þrisvar í dag og ég óska eftir því að henni verði svarað. Ég get ekki trúað því að í svo stóru máli sem við erum að ræða hér hafi ekki verið gengið frá

því hvernig ætti að fara með þetta atriði.

Önnur spurningin er: Á upphæð veiðigjaldsins að vera í samræmi við þörf sjóðsins eða á hún að vera svipuð og til stóð að Hagræðingarsjóður fengi frá útgerðinni? Þessarar spurningar spyr ég vegna þess að það hefur ítrekað komið fram frá aðilum sem eiga hlut að máli, t.d. Kristjáni Ragnarssyni, að þeir skilji þetta þannig að það sé ekki verið að tala um að taka hærri upphæðir frá útgerðinni inn í þennan sjóð en svarar þeim upphæðum sem hefur verið gert ráð fyrir að Hagræðingarsjóðurinn fengi frá sjávarútveginum.

Að lokum langar mig vegna umtals um þessa blessaða sjóði til að vitna í stefnuræðu Davíðs Oddssonar forsrh. frá því 10. október 1991 þar sem hann talaði um sjóðina. Mig langar fyrst til að minna á að nú er verið að stofna sjóð. Yfir honum á að vera þriggja manna stjórn. Tvo af þessum mönnum á sjútvrh. að skipa. Þetta er einn allsherjar kommissarasjóður. Og þetta er enginn smásjóður. Hann er upp á marga, marga milljarða. Það er búið að sameina í honum þá sjóði, sem menn hneyksluðust mest á í kringum kosningarnar og eftir þær, og bæta við fjögurra milljarða framlagi eða láni eftir áramótin sem ég get engan veginn skilið hvers vegna kemur ekki til með að valda vaxtahækkun í þjóðfélaginu en það er nú önnur saga. Hæstv. forsrh. komst svo að orði í stefnuræðu sinni í fyrra, með leyfi forseta:

„Þá hafa svonefndar björgunaraðgerðir, þar sem stofnað var með erlendum lántökum til nýrra millifærslusjóða, ekki leyst nokkurn vanda. Í stað þess að taka á rekstrarvanda, sóun og óráðsíu voru fjármunir þessara sjóða notaðir eins deyfilyf. Á meðan lyfin verkuðu var látið sem allt væri komið í samt lag. Því miður var þá horft fram hjá því að erfið staða fyrirtækjanna gæti stafað af mistökum eða óvarkárni stjórnenda þeirra. Þetta var þáttur í stefnu fyrrv. ríkisstjórnar sem ekki vildi beita almennt viðurkenndum hagstjórnaraðferðum en trúði á lækningamátt opinberrar íhlutunar. Í stað þess að hamla gegn útgjaldaþenslu ríkissjóðs og búa útflutningsgreinunum viðunandi starfsskilyrði voru skattar hækkaðir, raunvextir hækkuðu sífellt og erlendu lánsfé var beint í gegnum millifærslusjóðina til að lina þjáningar þeirra fyrirtækja sem verst stóðu að mati trúnaðarmanna ríkisstjórnarflokkanna í sjóðunum."

Svo mörg voru þau orð. Ein setning í viðbót: „Þessir stjórnarhættir sem hér er lýst höfðu ekki aðeins í för með sér mismunun fyrirtækja heldur komu þeir í veg fyrir eðlilega þróun atvinnulífsins þar sem þeim var haldið á floti sem nutu velvildar stjórnarherranna."

Það voru akkúrat kommissarar sjóðanna sem þarna var verið að vitna til að færu með fjármálin. En þetta var undir lokin. Ég óska eftir því að fá svör við mínum spurningum og vonast eftir því að ég fái þau því ég trúi því að forsrh. vilji skýra málin því svona umræða er til þess, þ.e. að málin verði öllum ljós sem hlut eiga að þeim.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna síðustu orða hv. þm. tek ég fram að ég tel að umræða af þessu tagi í framhaldi af tilkynningu ríkisstjórnarinnar um tiltekin atriði sé ekki til þess fallin að fara nákvæmlega ofan í einstök atriði. Það gera menn þegar viðkomandi frumvörp verða lögð fram og þingnefndir fara síðan að skoða málin. Það er efnisumræða, stefnuumræða sem getur farið fram um tilkynningu af þessu tagi en ekki umræða sem gengur í smæstu smáatriði. Ég er því ósammála þingmanninum um það efni að allt eigi að gerast á þessari stundu. Ég ætla ekki heldur að ræða almennt um sjávarútvegsmál í tengslum við þessar aðgerðir á þessari stundu.

Ég hef áður svarað því að þeir fjármunir sem sjávarútvegurinn greiðir til þessa sjóðs á að svara til þess kostnaðar sem á sjóðnum er. Það er einmitt mergurinn málsins varðandi sukksjóðina, sem hv. þm. nefndi svo, að það þarf enga skattpeninga til þess að standa straum af þessum sjóði. Hann verður í raun, eins og margoft hefur komið fram, á ábyrgð atvinnugreinarinnar sjálfrar. Honum er hjálpað af stað en ábyrgðin og fullnusta greiðslna verður á ábyrgð atvinnugreinarinnar sjálfrar. Það er meginþátturinn og mergur máls.

Varðandi húshitunina þá er ljóst að í fjárlagafrv., eins og fram hefur komið fyrr í kvöld, eru 80 millj. kr. til að jafna húshitunarkostnað vegna einmitt virðisaukaskatts umfram það sem áður var gert ráð fyrir. Við vitum líka að stærsti hlutinn af þessum aukna kostnaði kemur fram á svæðum sem slík jöfnun þarf ekki að koma til þannig að þessi upphæð dugar meira og betur en heildarupphæð virðisaukaskattsins mundi gefa tilefni til. Þetta verða menn að hafa í huga. Auðvitað verður þetta líka skoðað betur í þinginu.

Ég læt þetta nægja sem svar.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. forsrh. sagðist ætla að láta þetta nægja. Ég sé reyndar að það virðist vera tilgangslaust að spyrja um þessi atriði sem ég hef verið að spyrja um. Við þeim fást ekki svör. Það fást engin svör við því hvort það eigi að borga úreldingu frystihúsanna með veiðileyfagjaldinu. Það fást ekki heldur skýr svör við því hvort um hærri upphæðir verði að ræða en sem svara til Hagræðingarsjóðsins. Þetta er allt saman greinilega í lausu lofti, enda höfum við orðið varir við það í dag að verulegur ágreiningur er um málin. Það er þess vegna sem svörin fást ekki. Menn eru ekki búnir að komast að niðurstöðu.

Hæstv. forsrh. sagði að það væri ekki hægt að fara ofan í smáatriði í þessari umræðu. Eru það smáatriði hvort útgerðin eigi að greiða úreldingu frystihúsanna í landinu? Ég tel það ekki vera neitt smáatriði. Ég tel fráleitt að það sé bara hugsanlegt að menn hafi gert svona samkomulag sem virðist liggja á bak við öðruvísi en það hafi verið tekið á þessu máli. En það má greinilega ekki segja frá því hver niðurstaðan var. Það er alveg furðulegt að verða var við það hvernig ágreiningurinn er innan stjórnarflokkanna um þessi mál. Ég hef t.d. hitt alþýðuflokksmenn sem segja: Við unnum. Það var okkar sigur hér á ferð. Svo hitti ég sjálfstæðismann úr þingflokki Sjálfstfl. sem sagði að Þorsteinn

hefði rúllað þeim upp í sjávarútvegsmálinu. Það fer ekki alveg saman.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held reyndar að í þessu máli hafi enginn unnið sérstakan sigur annar en stjórnin sem slík að ná saman um þessi mál. Meginatriðið er hins vegar að það liggur fyrir að þeir fjármunir sem til slíks sjóðs verður varið verða greiddir til baka á tilteknu tímabili með tilteknum hætti af greininni sjálfri. Umræðan um hvort talan sé nákvæmlega þessi eða hin á þessu augnabliki er því í rauninni marklaus.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst þetta út af fyrir sig vera svar. Þetta svarar spurningunni um að það er þá ekki á ferðinni að menn hafi gert samkomulag um að greinin ætti ekki að borga meira en sem svarar til hagræðingarsjóðsupphæðarinnar heldur geti sú upphæð orðið einhver önnur.

Til viðbótar við það vil ég segja líka að ég misvirði það alls ekki og ég tel það út af fyrir sig góðan hlut að inni í fjárlagafrv. eru 80 millj. vegna niðurgreiðslna á húshitun en nú hefur vandinn aukist mjög mikið við síðustu aðgerðir við virðisaukaskatt og gengisfellinguna. Það sem ég hef miklar áhyggjur af er að fólk sem býr á köldu svæðunum þarf að borga 12.000 kr. hækkun að lágmarki ofan á það sem það greiddi áður. Sums staðar enn þá meira þar sem hitaveitur eru mjög skuldugar. Þess vegna spurði ég hæstv. forsrh. um það hvort hann ætlaði að beita sér fyrir einhverju sérstöku átaki til þess að koma til móts við fólk á þeim svæðum þar sem dýrast er að kynda hús.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það líður sjálfsagt að lokum þessarar umræðu. Það sem liggur fyrir eftir að þetta mál hefur verið rætt í tvo daga á Alþingi Íslendinga er það að mesta skatta- og tekjuskerðingarár sem íslensk alþýða hefur séð er fram undan. Því miður er staðan sú að ríkisstjórnin hefur ekið út af veginum. Stefna hennar er brostin og vilja sjálfsagt fáir hjálpa þessari ríkisstjórn upp á veginn á nýjan leik. Vinum hennar hefur verulega fækkað eins og ég rakti fyrr í kvöld. Það er auðvitað alvarlegur hlutur fyrir þjóðina að stjórnin skuli ætla að sitja áfram við þær aðstæður að vera búin að glata allri sinni tiltrú.

Mig langaði að spyrja hæstv. ráðherra — sem leyfist að vera í hrókasamræðum þegar reynt er að tala við þá eða fjarri salnum — um viðhorf þeirra í sambandi við þessar aðgerðir. Nú er það svo að ýmis fyrirtæki í einkageiranum hafa á síðustu árum skilað umtalsverðum hagnaði. Ég minntist á nokkur í kvöld sem ég taldi að hefði verið hægt að setja nokkra pinkla á og létta þar með á alþýðunni. Maður hefur séð það í velgengni sumra fyrirtækja að skattalögin eru því miður með þeim hætti að fyrirtækjunum tekst að reikna sig tekjulaus. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort þeir hefðu ekki talið eðlilegt að gera breytingu á skattalögunum þannig, þar sem ríkisstjórnin greiðir fyrir fyrirtækjunum með því að fella burtu aðstöðugjaldið, að láta þau sum hver borga af hagnaði sínum einhver gjöld í ríkissjóð til viðbótar.

Ég held að það sé staðreynd að í mörgum fyrirtækjum líðst það að menn færa laun sín í stórum stíl sem kostnað á fyrirtækin. Nú hefur ríkisstjórnin ákveðið að hækka viðmiðunarreglur. Ég ætla að spyrja hæstv. forsrh. hvort honum þyki viðmiðunarreglurnar sem í gildi eru ekki fulllágar. Eigum við að skoða með hvaða hætti þær eru?

Lyfjafræðingum, læknum, lögfræðingum, löggiltum endurskoðendum og ráðgjafasérfræðingum líðst að á þá er áætlað í dag 220 þús. kr. í mánaðarlaun. Þetta mun verða til þess að margir álíta að þeir eigi að sleppa við þessa viðmiðun. Ég get rakið fleiri og ég hygg að margur sé undrandi yfir því hvað þessar viðmiðunarreglur eru lágar. (**Gripið fram í:** Bændur.) Bændur t.d. Þar eru viðmiðunarreglurnar 46.000, ef ég man rétt, en ég hygg að ekki sé möguleiki á miklum skattsvikum í landbúnaðinum. Hér eru t.d. ýmsir stjórnendur sem reka sjálfstæð fyrirtæki og þurfa að áætla á sig 113 þús. kr. Væri ekki eðlilegra að hafa þessar viðmiðunarreglur hærri og miða kannski við það meðaltal sem sannarlega gildir hjá mörgum þessara stétta. Ég hygg að það væri betra að láta eigendur fyrirtækjanna og þessa einstaklinga í einkarekstri sanna að þeir séu með lægri tekjur. Þá borga þeir auðvitað ekki meira en þeir eiga að gera.

Mér finnst þessar viðmiðunarreglur of lágar og ég er sannfærður um að þessar stéttir, sem ég hef verið að lesa upp, eru sumar hverjar með laun á bilinu frá 500 þús. og upp í 2 millj. á mánuði. Mér finnst þessar viðmiðunarreglur bjóða upp á það að menn reyni að halda sig innan þessara marka. Í jafnskatteftirlitslausu þjóðfélagi og við búum við þá líðst þeim það.

Mig langar að spyrja um t.d. hátekjuskattinn sem ég fyrr í kvöld gagnrýndi ekki og taldi mikilvægan til sátta í samfélaginu en gagnrýndi þó að mér fannst ósanngjarnt að miða við það sem væri fram yfir 200 þús. á einstaklinga og ætti kannski að fara í 250 þús. kr. Þó er það svo að í þessum hópi manna munu t.d. lenda sjómenn sem fengu á sig verulega skerðingu fyrir síðustu jól þegar sjómannaafsláttur var felldur burtu. Sjómenn sem eru mjög fjarri heimilum sínum munu auðvitað lenda í þessum skatti. Mig langar að spyrja hæstv. forsrh.: Hvernig verður farið með innheimtu á þessum skatti? Verður skatturinn lagður á hvern einasta mánuð? Nú eru þetta menn með mjög misjafnar tekjur. Þeir geta verið með mjög miklar tekjur einn mánuðinn og nánast engar tekjur næsta mánuð. Mig langar því að fræðast um hvaða reglum verður beitt í þessu efni.

Mín lokaorð eru þau — ég sé að formaður þingflokks Sjálfstfl. er mættur. Hann hefur auðvitað séð til þess í dag að reka sína menn úr salnum og að þeir væru sem minnst við þessa umræðu og hv. formaður þingflokks Alþfl. er hér allstaffírugur þótt klukkan sé farin að ganga eitt um nótt og hefur sjálfsagt haft sama hlutverk í sínum flokki að menn væru sem minnst við

þessa umræðu. Ég er sannfærður um að það að stjórnarliðana hefur vantað við þessa umræðu og í salinn er merki þess að stríðið er fram undan hjá ríkisstjórninni. Það hefst á morgun. Það hefst á morgun þegar ríkisstjórnin ætlar sér bæði í fjárlögum og með sérstökum frumvörpum að koma þeim aðgerðum sínum í framkvæmd sem hér hafa verið boðaðar. Stríðið hefst þegar hækka á tekjuskatt á einstaklinga um 3 milljarða. Stríðið magnast þegar hækka á húshitunarkostnað fjölskyldnanna um allt land. Stríð rís enn þá hærra þegar það blasir við að hækkunin verður mikil á matvælum í gegnum aðgerðir þessarar ríkisstjórnar. Stríðið mun magnast verulega í Alþfl. þegar hæstv. félmrh. reisir sig og segir nei. Það er enginn vafi á því að þegar hæstv. félmrh. rís úr rúminu verður barátta hennar í þingflokki Alþfl. að fá það ákvæði fellt í burtu að 500 millj. verði felldar niður á vaxtabótum sem er 17% hækkun á einstaklinga og raskar þeim útreikningi sem fólk hefur reiknað fram í mörg næstu ár til að ráða við sín húsakaup. Þá rís stríðið í herbúðum þingflokks Alþfl. hátt. Ég hef enga trú á því að þetta atriði fari í gegnum þingið eða ríkisstjórnina þó það sé boðað í pakkanum. Og enn mun stríðið magnast þegar koma á bóka- og fjölmiðlaskattinum á. Það eru því ekki sælir dagar fram undan hjá hæstv. forsrh. á næstu vikum. Það munu koma upp brestir í því þingliði sem styður þessa ríkisstjórn, ekki síst vegna þess að aðalatriðið gleymdist í aðgerðum forsrh., að hann er ekki einn í heiminum, hæstv. forsrh. Hann þarf að hafa samráð í sínu samfélagi við svo ótal marga svo að ríkisstjórn farnist vel.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessar ótímabæru stríðsyfirlýsingar og stríðsfréttamennska þingmannsins munu ekki koma að neinu haldi því þetta verður allt saman mjög friðsamlegt. Ég fullvissa þingmanninn um það.

Varðandi reiknuðu launin mega menn ekki gefa sér það að þeir sem undir þær reglur eru settar séu skattsvikarar. Flest af því fólki er bara venjulegt heiðarlegt fólk. Á hinn bóginn má segja að það sé ástæða til að hækka þessa reikningslegu viðmiðun og það er lagt til að hún hækki um 15%. Ég vek athygli á því að það er ekki leyfilegt af hv. þm. að gefa sér það að menn haldi sig við mörkin. Þá á hann væntanlega við, hann var ekki öðruvísi skilinn, að menn gæfu upp tekjur sínar eins og mörkin segðu fyrir um en ekki eins og þau væru. Staðreyndin er sú að þegar skatturinn er gerður upp verða hinar reiknuðu tekjur, sem hafa skilað, ef ég man rétt, nálægt 10 milljörðum, nær 15 milljörðum. Þarna skilar sér því verulegur hluti til viðbótar og engin ástæða til að ætla það að menn séu að fara þar með ranga hluti í stórum stíl þó það kunni að gerast þar eins og annars staðar.

Varðandi hátekjuskattinn þá er ljóst að þar þarf að hafa viðmiðun við launaþróun ársins á undan en að öðru leyti þá hlýtur uppgjör að fara fram eftir á. Þetta er auðvitað galli við þennan skatt. Reyndar eru þeir gallar fleiri. En niðurstaðan var engu að síður sú og samkomulag um að leggja til að hann verði settur á til tveggja ára.

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í sjálfu sér var ég ekki að gefa mér að um skattsvikara væri að ræða heldur þá staðreynd að hér er skatteftirlitið því miður mjög veikt. Með því að hafa þessi viðmiðunarmörk mun hærri miðað við tekjur þessara sjálfstæðu atvinnurekenda, sem sannarlega hafa laun á bilinu 500 þús. á mánuði og upp í 2 millj., væri líklegt að menn reyndu síður að svíkja undan skatti. Ég var sem sé að spyrja forsrh. hvort ekki væri eðlilegra að færa sönnunarbyrðina til, að menn yrðu að sanna frammi fyrir skatteftirlitinu að þeir hefðu ekki svona háar tekjur. Það mundi spara vinnu og peninga. Auðvitað er það svo að því miður búum við við of marga skattsvikara í öllum greinum atvinnulífsins. Þar held ég að fáir séu undanskildir. Það er í rauninni stærsta þjóðarmein sem við búum við hvernig árum saman er ekki reynt að stöðva þá þróun.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er almennt andvígur því að snúa sönnunarbyrðinni við. Það er meginregla sem við viljum lúta að hver maður sé saklaus uns sekt sé sönnuð. Mér er illa við þá hugsun að snúa sönnunarbyrðinni við í þeim efnum þó að það kunni að vera þægilegra fyrir hið opinbera.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Í þessari umræðu hefur verið varpað fram mörgum spurningum til hæstv. ráðherra. Svör hafa fengist við ýmsum þeirra og fá þeirra hafa aukið mönnum bjartsýni. Í lokin er mér einna efst í huga fullyrðing hæstv. forsrh. um að atvinnuleysi muni ekki fara minnkandi á næstu mánuðum. Ég er sammála hæstv. forsrh. um að það er sama hvaða aðgerðir hefði verið komið fram með. Það markmið mundi ekki nást nema að uppfylltu einu skilyrði. Það er að þjóðin fengi strax trú á því að þessar aðgerðir séu jákvæðar og mundi skila góðum árangri í því að treysta atvinnulíf og okkar þjóðarbúskap. Því miður er þegar að koma í ljós að því er ekki þannig varið með þessar efnahagstillögur. Það kom skýrt fram í viðtölum frá þingi Alþýðusambands Íslands á Akureyri sem kom í fréttum í kvöld. Þar var talað við allmargra einstaklinga og ég hygg að þeir hafi verið úr ýmsum flokkum, en það var alls staðar sami tónninn. Því miður hefur það sama komið fram úr hópi atvinnurekenda, vonbrigði. Af þessum sökum óttast ég að hæstv. forsrh. verði allt of sannorður að árangurinn verði því miður sá sem hann lýsti.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef sagt það áður, það hefur vakið athygli mína hve fólk sem hefur tjáð sig, almenningur sem hefur tjáð sig í fjölmiðlum, í viðtölum á götunni, hefur tekið þessum ráðstöfunum af mikilli skynsemi og mikilli sannfæringu. Ég er viss um að fólk hefur trú á því að þessar ráðstafanir muni einmitt

duga. Með fullri virðingu fyrir þeim talsmönnum sem hefur verið vitnað til á Alþýðusambandsþingi í sjónvarpinu, þá hef ég enn meiri trú á almenningi í þessu sambandi. Almenningur vill að þessar ráðstafanir gangi upp. Hann vill að atvinnuleysisvofunni verði bægt frá og hann hefur trú á því að henni verði bægt frá.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sammála hæstv. forsrh. að fólk vildi að þessar ráðstafanir bæru árangur. En ég á dálítið erfitt með að skilja hæstv. forsrh. að ekki skuli vera óhætt að taka mark á málflutningi þeirra fulltrúa sem nú sitja á Alþýðusambandsþingi og eru umbjóðendur, mig minnir 70 þúsund Íslendinga og þeim anda sem virtist ríkja á þeirri fjölmennu samkomu.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er þingmanninum sammála um að það er afskaplega mikilvægt að það sé trú á aðgerðum af þessu tagi. Þar sem ég og þingmaðurinn erum sammála um þetta, þá hefðu auðvitað allir þingmenn átt að forðast það að reyna að gera aðgerðir af þessu tagi tortryggilegar, reyna að skapa vantrú. En því miður hafa sumir þingmenn í þessum sal lagst í það að reyna að skapa vantrú, reyna að veikja tiltrú á þessum aðgerðum, reyna þar með að draga úr trú fólksins á aðgerðirnar og þar með draga úr möguleikum þess að þær gangi upp. Miðað við það sem þingmaðurinn sagði hafa slíkir þingmenn ekki verið að vinna góðverk gagnvart fólkinu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Andsvörum er lokið. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs og er þessari umræðu um tilkynningu ríkisstjórnarinnar því lokið. Út af dagskrá er tekið 2., og 8. til og með 14. dagskrármálið. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

61. FUNDUR

miðvikudaginn 25. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins, stjtill., 228. mál, þskj. 285, nál. 336. — Síðari umr.
2. Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, stjfrv., 2. mál, þskj. 2, nál. 269, brtt. 270. — 2. umr.
3. Staðlar, stjfrv., 4. mál, þskj. 4, nál. 268. — 2. umr.
4. Húsgöngu- og fjarsala, stjfrv., 10. mál, þskj. 10, nál. 275, brtt. 276. — 2. umr.
5. Gagnkvæm viðurkenning á menntun, stjfrv., 77. mál, þskj. 79, nál. 317 og 327, brtt. 318. — 2. umr.
6. Sala rafmagns til skipa, þáltill., 133. mál, þskj. 153, nál. 319. — Síðari umr.
7. Friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana, stjfrv., 41. mál, þskj. 42, nál. 337, brtt. 338. — 2. umr.
8. Hópuppsagnir, stjfrv., 20. mál, þskj. 329. — 3. umr.
9. Stjórnarráð Íslands, stjfrv., 206. mál, þskj. 247. — 1. umr.
10. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., þskj. 226. mál, þskj. 283. — 1. umr.
11. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 231. mál, þskj. 288. — 1. umr.
12. Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, stjtill., 232. mál, þskj. 289. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Davíð Oddsson forsrh.,
Eiður Guðnason umhvrh.,
Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.

Útbýting þingskjala:

Hópuppsagnir, 20. mál, stjfrv., þskj. 329.

Neyðarráðstafanir gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna, 253. mál, þáltill. JHelg o.fl., þskj. 328.

Umhverfismál á norðanverðum Vestfjörðum, 198. mál, svar umhvrh., þskj. 339.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill taka fram áður en gengið er til dagskrár að hún hefur hugsað sér að víkja örlítið til röð mála á dagskrá, taka fyrst fyrir 1. dagskrármálið, þá 4., 6., 7. og svo 8. dagskrármálið. Ef umræður verða stuttar, sem forseti hefur ástæðu til að ætla, verða nokkrar atkvæðagreiðslur að þeim umræðum loknum. Að öðru leyti verður fylgt hinni prentuðu dagskrá.

Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins, síðari umr.

Stjtill., 228. mál. — Þskj. 285, nál. 336.

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 336 frá utanrmn. um till. til þál. um fullgildingu fríverslunar-

samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins. Álitið er stutt, svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt."

Undir þetta rita Björn Bjarnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur Hermannsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Geir H. Haarde, Páll Pétursson, Árni R. Árnason og Tómas Ingi Olrich.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsgöngu- og fjarsala, 2. umr.

Stjfrv., 10. mál. — Þskj. 10, nál. 275, brtt. 276.

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. efh.- og viðskn. um húsgöngu- og fjarsölu. Nefndin hefur fjallað um þetta mál, bæði leitað eftir umsögnum og kallað menn til sín svo sem getið er í nál. 275.

Nefndin leggur til brtt. við frv. í þremur liðum. Í fyrsta lagi er lagt til að reglur frv. taki ekki til samninga undir 4.500 kr. Frv. hefur að geyma mjög rúmar riftunarheimildir á samningum sem fólk gerir við húsgöngu- og fjarsölu og það er ekki talin ástæða til þess að elta ólar við lægri tölur heldur en 4.500 kr. í þeim efnum.

Síðan er lagt til að 5. gr. falli brott eins og hún stóð í frv. en þar er gert ráð fyrir að ráðherra gæti sett nánari reglur um neytendavernd í samræmi við þær reglur sem samþykktar yrðu um það efni í framtíðinni innan EES. Þetta þótti kannski óútfylltur víxill sem nefndin taldi ekki rétt að gefa ráðherra í þessu efni þannig að það fellur niður.

Síðast en ekki síst leggur nefndin til að lögin taki gildi frá og með 1. jan. 1993 en tengist ekki gildistöku samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sala rafmagns til skipa, síðari umr.

Þáltill. GuðjG o.fl., 133. mál. — Þskj. 153, nál. 319.

Frsm. iðnn. (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. iðnn. um till. til þál. um sölu rafmagns til skipa í höfnum landsins. Nál. er á þskj. 319 og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og telur að efni hennar sé þarft. Hins vegar hefur komið fram að iðnrh. hefur nú skipað nefnd, svipaða þeirri sem flm. leggja til, til að sinna svipuðum verkefnum. Nefndin leggur því til að till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Sigríður A. Þórðardóttir, Tómas Ingi Olrich, Svavar Gestsson og Kristín Einarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Undir nál. skrifa Össur Skarphéðinsson, Guðjón Guðmundsson, Elín R. Líndal, Pálmi Jónsson og Finnur Ingólfsson.

Eins og ég greindi frá í framsöguræðu minni við fyrri umr. var þetta mál lagt fram á síðasta þingi, nánar tiltekið í lok mars en komst þá ekki á dagskrá vegna þess mikla annríkis sem var hér í þinginu á síðustu vikum þess í vor. En 20. apríl mun svo iðnrh. hafa haldið fund með fulltrúum Hafnasambands sveitarfélaga þar sem ákveðið var að skipa nefnd sem gera skyldi tillögur um sölu rafmagns til skipa í höfnum landsins. Þegar við flm. komumst að því um mánaðamótin september/október í haust að nefndin hafði aldrei verið skipuð, þá ákváðum við að endurflytja þessa tillögu en um svipað leyti og tillagan var lögð fram hér í þinginu að nýju í október, þá skipaði hæstv. iðnrh. starfshóp til að fjalla um þetta mál og skal starfshópurinn ljúka störfum um næstu áramót.

Í þessum starfshópi sitja fulltrúar þeirra samtaka sem gert var ráð fyrir í tillögu okkar og þar með hefur þessu þarfa máli verið hrint í framkvæmd og ber að fagna því.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég á sæti í iðnn. og var fjarverandi þegar málið var afgreitt og get fyrir mitt leyti sætt mig við þessa afgreiðslu málsins. Ég vek hins vegar athygli á því að það er dálítið sérkennilegt að afgreiða ágreiningslaust mál að fjórum nefndarmönnum fjarstöddum. Ég tel að það sé í raun og veru óþarfi að halda þannig á málum og vil koma þessari athugasemd á framfæri.

Í öðru lagi vil ég benda á að fyrir þinginu liggur tillaga frá nokkrum þingmönnum Alþb. um skylt efni, um víðtækt átak til þess að auka notkun á innlendum orkugjöfum í stað erlendra. Þessi till. sem hér er á dagskrá er auðvitað aðeins hluti af því máli. En engu að síður eru málin skyld og ég taldi eðlilegt að vekja athygli á þessu, virðulegi forseti, vegna þess að sú tillaga sem ég nefndi og flutt er af mér og fleiri þingmönnum Alþb. kemur væntanlega hér til umræðu einhvern tíma næstu daga. Ég endurtek að ég er sáttur við niðurstöðu nefndarinnar, en tel að það sé nokkuð sérkennilegt að taka ágreiningslaust mál út með fimm nefndarmönnum að fjórum fjarstöddum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana, 2. umr.

Stjfrv., 41. mál. — Þskj. 42, nál. 337, brtt. 338.

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 337 frá

utanrmn. um frv. til laga um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana o.fl. og hljóðar það þannig:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta sem felur í sér að sett verði almenn lög um að alþjóðastofnanir skuli njóta þeirrar friðhelgi og þeirra forréttinda hér á landi sem kveðið er á um í alþjóðasamningum sem öðlast hafa stjórnskipulegt gildi að því er Ísland varðar. Með slíku er tryggt að ekki þurfi að setja sérlög um þessi réttindi í hvert skipti sem Ísland gerist aðili að alþjóðastofnun.

Nefndin fékk til viðræðna um frumvarpið Þorstein Ingólfsson, ráðuneytisstjóra í utanríkisráðuneytinu, og Pétur Gunnar Thorsteinsson sendifulltrúa.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting í fyrri málsgrein 1. gr. að í stað orðsins „gildi" komi orðin „stjórnskipulegt gildi". Með því er ákvæði greinarinnar gert skýrara og tekin af öll tvímæli um að það nái til allra samninga sem fengið hafa þá stjórnskipulegu meðferð sem 21. gr. stjórnarskrárinnar mælir fyrir um.

Í öðru lagi er lögð til sú breyting á 2. gr. að heimild til að setja nánari reglur um framkvæmd laganna verði á hendi utanríkisráðherra en ekki „hlutaðeigandi ráðherra" eins og kveðið er á um í frumvarpinu. Það er skoðun nefndarinnar að ekki sé heppilegt að Alþingi veiti svo almenna heimild til útgáfu reglugerða að allir ráðherrar ríkisstjórnar geti sett reglugerð um framkvæmd einna tiltekinna laga.

Í þriðja lagi er gerð sú orðalagsbreyting á 2. gr. að í stað þess að kveðið sé á um að utanríkisráðherra geti sett reglugerð um nánari framkvæmd laganna er ráðherra skyldaður til að setja nánari reglur um framkvæmd þeirra. Það er skoðun nefndarinnar að sé ástæða talin til að hafa reglugerðarheimild í lögum sé það í þágu hagsmuna borgaranna, sem og almenns réttaröryggis, að tekin séu af öll tvímæli um skyldu ráðherra í þessu efni.

Í fjórða lagi er lagt til að 3. gr. frumvarpsins falli brott þar sem ýmislegt í henni varði frekar almenna lagahreinsun en efni frumvarpsins. Nefndin telur því eðlilegra að ráðuneytið flytji sérstakt lagahreinsunarfrumvarp þar sem tekið verði á þeim atriðum sem eru í 3. gr. frumvarpsins. Í samræmi við þessa breytingu eru orðin „o.fl." felld úr heiti frumvarpsins."

Undir nál. rita Björn Bjarnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur Hermannsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Geir H. Haarde, Páll Pétursson, Árni R. Árnason og Tómas Ingi Olrich.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er lagt fram um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana o.fl. leiðir hugann að því að við höfum komið okkur upp sveit manna sem venjuleg lög ná ekki til. Sem betur fer er ekki mikið af þessari sveit á Íslandi og þess vegna kemur þetta yfirleitt ekki að sök. Hér stendur þannig á að það eru fyrst og fremst þeir sem starfa fyrir erlend sendiráð hér sem njóta þessara forréttinda. Þeir njóta þess m.a. að sendiráðspóstur sem kemur til þeirra er ekki skoðaður hvort sem þar er um fasta hluti að ræða, hvort sem þar eru flutt inn vopn eða annað. Stórir trékassar eins og fluttir hafa verið inn til sendiráða á Íslandi, aflangir og langir, hafa ekki verið skoðaðir og vekur það þó nokkra athygli.

Aftur á móti þótti mér það dálítið merkilegt þann tíma sem ég dvaldi í New York á þingi Sameinuðu þjóðanna á sínum tíma, að þá var það mikið hitamál þar hvort það væri sanngjarnt að starfsmenn alþjóðastofnana hefðu þau forréttindi t.d. ef þeir nauðguðu kvenmanni og björguðu sér svo á handahlaupum inn í viðkomandi sendiráð, þá væri ekkert hægt að gera. Þá væru þeir friðhelgir og það ætti bara að senda þá úr landi í rólegheitunum án þess að nokkrum lögum yrði komið yfir þá.

Ég tel að það sé búið að ganga allt of langt í friðhelgi gagnvart þessum mönnum, allt of langt. Ég tel að það nái nánast engri átt að þannig sé staðið að málum að það séu engin lög sem ná yfir þessa menn. Það eigi bara að vísa þeim úr landi hvað sem þeir gera. Og þó að ég geti tekið undir það sjónarmið sem hér hefur komið fram hjá hv. flm., 3. þm. Reykv., að það sé ekki eðlilegt að allir ráðherrar geti gefið út reglugerðir varðandi þetta atriði og hér sé viss samræming, þá tel ég engu að síður rétt að mæla þau varnaðarorð sem ég hef látið hér falla. Ég er ekki búinn að sjá það að það yrði nein ánægja á Íslandi ef erlendur sendiráðsmaður yrði til þess að valda dauðaslysi í umferðinni, hvaða ástæða sem ylli, og menn stæðu frammi fyrir því að hann mætti bara fara úr landi friðhelgur. Þetta er út af fyrir sig nokkurs konar yfirstétt sem er búin að hreiðra um sig í skjóli utanríkisþjónustu allra landa og þarf ekki að lúta lögum.

Ég held þess vegna að það þurfi að vera mikið aðhald, að víkka ekki þessar heimildir. Í 4. lið í upptalningu í 1. gr. stendur: „þeir sem taka þátt í rekstri mála fyrir alþjóðastofnunum" — þeir eiga að vera friðhelgir skilyrðislaust hvað sem þeir gera. Eru einhver rök sem mæla með þessu? Af hverju geta þeir ekki lotið eðlilegum lögum í því landi sem þeir eru?

Ég veit það ekki en mér finnst nokkuð langt gengið þegar menn taka ákvarðanir um að veita jafnstórum hópum þau réttindi að brot þeirra, ef verða í landinu, njóta allt annarrar umfjöllunar en annarra manna. Þetta gildir að sjálfsögðu jafnt um innflutning á eiturlyfjum sem um allt annað. Ég hefði þess vegna viljað koma því á framfæri og geri það hér með að ég ætlast til þess að ráðherrar hafi mjög þröngar reglur um framkvæmd þessara laga.

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég sé mig knúinn til að standa upp aftur til þess að útskýra að þetta frv. sem er til umræðu snertir ekki málefni sendiráða eða samstarf ríkja á grundvelli stjórnmálasambands. Það eru um það sérstakir alþjóðasamningar kenndir við Vínarborg sem hafa verið fullgiltir og lögteknir á Íslandi. Þetta mál

snertir það ekki neitt og alls ekki það sem síðasti ræðumaður var að tala um í sambandi við friðhelgi sendiráðsstarfsmanna. Hér er verið að ræða um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana og starfsmanna alþjóðstofnana sem hugsanlega yrðu starfræktar á Íslandi. Það er ekki verið að fjalla um sendiráðsmenn. Það er verið að fjalla um starfslið alþjóðastofnana, þá sem koma fram eða starfa á vegum alþjóðastofnana, fulltrúa, sendimenn og erindreka aðila að alþjóðastofnunum, þá sem taka þátt í rekstri mála fyrir alþjóðastofnunum og fjölskyldur þessa fólks. Það er ekki verið að tala um neina þá sendiráðsstarfsmenn sem starfa á Íslandi heldur er verið að lögfesta ákvæði sem hafa verið í einstökum samningum sem Ísland hefur gerst aðili að og lúta þessu sérgreinda atriði.

Mér þótti nauðsynlegt að þetta mál yrði skýrt með þessum hætti þannig að menn telji ekki að hér sé verið að fjalla sérstaklega um friðhelgi sendiráðsmanna eða sendiráða. Það mál hefur verið afgreitt á Alþingi fyrir nokkrum árum, ég hef ekki tilækt hvenær það var gert, og byggist á sérstökum alþjóðasamningi sem Ísland er aðili að og er kenndur við Vínarborg eins og ég lét áður getið.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það má vel vera að ég hafi ekki talað svo skýrt að það skildist sem ég lét frá mér fara. Mér er ljóst að í þessu frv. er ekki verið að fjalla um forréttindi sendiráða. Hér er, ef ég skil þetta rétt, aðeins verið að fjalla um það að veita mjög mörgum aðilum hliðstæð forréttindi og sendiráðin hafa. Það er því verið að færa út þau réttindi að þurfa ekki að lúta lögum í viðkomandi landi. Sem sagt að sleppa við dóma og geta í nafni friðhelginnar fengið að komast úr landi þó menn hafi brotið af sér. Ég segi það fyrir mig að mér finnst of langt gengið að starfsmenn alþjóðastofnana skuli njóta jafnmikillar friðhelgi og hér er verið að tala um. Menn verða að reyna í framtíðinni, að mínu viti, að greina á milli þess hvort um er að ræða ríki sem er viðurkennt sem réttarríki, þ.e. að almenn mannréttindi séu þar virt, og þeirra ríkja þar sem engin mannréttindi eru virt og setja sér einhverjar leikreglur þar á milli. En að setja upp vaxandi forréttindi og friðhelgi handa starfsmönnum alþjóðastofnunana finnst mér ekki vera rökrétt. Mér finnst það einfaldlega ekki vera rökrétt. Mér þykir alveg nóg um friðhelgi þeirra manna sem eru starfsmenn sendiráða þó ekki sé verið að færa þetta út.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hópuppsagnir, 3. umr.

Stjfrv., 20. mál. — Þskj. 329.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHG, GÁ, GHelg, HG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RG, SigG, SighB, SvG, VS, VE, ÞurP, ÖS.

28 þm. (AKS, ÁRÁ, ÁMM, DO, EGuðn, FrS, GHall, HÁ, HBl, HN, ISG, JóhS, JónS, KSG, KHG, MB, ÓRG, PP, RA, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 344).

Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins, frh. síðari umr.

Stjtill., 228. mál. — Þskj. 285, nál. 336.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, ÁJ, BBj, EH, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHelg, HG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

4 þm. (AÓB, FI, GÁ, ÓÞÞ) greiddu ekki atkvæði.

28 þm. (AKS, ÁRÁ, ÁMM, DO, EgJ, EGuðn, FrS, GHall, HÁ, HBl, HN, ISG, JóhS, JónS, KSG, KHG, MB, ÓRG, PP, RA, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHelg, HN, HG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

3 þm. (FI, GÁ, ÓÞÞ) greiddu ekki atkvæði.

26 þm. (AKS, ÁRÁ, ÁMM, DO, EGuðn, FrS, GHall, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JónS, KSG, KHG, MB, ÓRG, PP, RA, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 345).

Húsgöngu- og fjarsala, frh. 2. umr.

Stjfrv., 10. mál. — Þskj. 10, nál. 275, brtt. 276.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHG, GÁ, GHelg, HN, HG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, KÁ, KE, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

2 þm. (ÁgG, JHelg) greiddu ekki atkvæði.

25 þm. (AKS, ÁRÁ, ÁMM, DO, EGuðn, FrS, GHall, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JónS, KSG, KHG, MB, ÓRG, PP, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHG, GÁ, GHelg, HN, HG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.
1 þm. (ÁgG) greiddi ekki atkvæði.
24 þm. (AKS, ÁRÁ, ÁMM, DO, EGuðn, FrS, GHall, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JónS, KSG, KHG, MB, PP, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 276,1 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHG, GÁ, GHelg, HN, HG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP.
1 þm. (ÁgG) greiddi ekki atkvæði.
26 þm. (AKS, ÁRÁ, ÁMM, DO, EGuðn, EKJ, FrS, GHall, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JónS, KSG, KHG, MB, PP, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HN, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP.
1 þm. (ÁgG) greiddi ekki atkvæði.
29 þm. (AKS, ÁRÁ, ÁMM, DO, EGuðn, FrS, GHG, GHall, HÁ, HBl, HG, ISG, JóhS, JGS, JónS, KSG, KHG, MB, ÓRG, PP, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHG, GÁ, GHelg, HN, HG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.
2 þm. (ÁgG, EgJ) greiddu ekki atkvæði.
26 þm. (AKS, ÁRÁ, ÁMM, DO, EGuðn, FrS, GHall, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JGS, JónS, KSG, KHG, MB, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 276,2 (5. gr. falli brott) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHG, GÁ, GHelg, HN, HG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SigG, SighB, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.
1 þm. (ÁgG) greiddi ekki atkvæði.

25 þm. (AKS, ÁRÁ, ÁMM, DO, EGuðn, FrS, GHall, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JónS, KSG, KHG, MB, PP, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

6.–10. gr. (verða 5.–9. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHG, GÁ, GHelg, HN, HG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.
1 þm. (ÁgG) greiddi ekki atkvæði.
25 þm. (AKS, ÁRÁ, ÁMM, DO, EgJ, EGuðn, FrS, GHall, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JónS, KSG, KHG, MB, PP, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 276,3 (ný 11. gr., verður 10. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHG, GÁ, GHelg, HN, HG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.
1 þm. (ÁgG) greiddi ekki atkvæði.
23 þm. (AKS, ÁRÁ, DO, EGuðn, FrS, GHall, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JónS, KSG, KHG, MB, PP, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHG, GÁ, GHelg, HN, HG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.
24 þm. (AKS, ÁRÁ, DO, EgJ, EGuðn, FrS, GHall, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JónS, KSG, KHG, MB, PP, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Sala rafmagns til skipa, frh. síðari umr.

Þáltill. GuðjG o.fl., 133. mál. — Þskj. 153, nál. 319.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. í nál. 319 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHG, GÁ, GHelg, HN, HG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkvæði.

23 þm. (AKS, ÁRÁ, DO, EGuðn, FrS, GHall, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JónS, KSG, KHG, MB, PP, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Um þingsköp.
Ljósatafla í þingsal.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það undraði mig mjög við atkvæðagreiðslu áðan hversu miklar breytingar urðu á fjarvistum í salnum án þess að nokkur maður færi út. Til skiptis voru 23 fjarverandi upp í það að vera 29 fjarverandi. Má það með ólíkindum heita þegar enginn sést fara úr salnum. Þess vegna vil ég enn ítreka þá spurningu sem hér hefur oft komið fram og ávallt verið svarað ljúfmannlega af forsetastóli: Hvenær má gera ráð fyrir að hér verði settur upp sá ljósabúnaður að það sjáist hvernig menn greiða atkvæði þegar atkvæðagreiðslan fer fram? Nú er búið að veita fé til þess af fjárlögum og það er að verða þó nokkur tími síðan að okkur var lofað að þetta kæmi e.t.v. á morgun. Að vísu er það svo með okkur flest að við eigum aldrei eftir að lifa morgundaginn. Við komumst ekki það langt og verðum að sætta okkur við að lifa daginn í dag. Þess vegna hefði ég talið jákvæðara að það yrði reynt að tímasetja það miðað við einhvern mánaðardag hvenær við fengjum að sjá þessa ljósatöflu. Því verður náttúrlega ekki unað að horfa á svona leikaraskap. Það verður þá að beita því að óska eftir nafnakalli í miklu ríkari mæli ef það er ekki hægt að hafa það á hreinu hve margir eru fjarverandi í salnum þegar atkvæðagreiðsla fer fram.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill upplýsa að vinna við þetta mál, sem þingmaðurinn nefndi, er í fullum gangi. Það er verið að leysa ýmisleg tæknileg vandamál en reiknað er með að fljótlega upp úr áramótum muni þessa tafla verða komin upp í þingsalnum ef ekki koma upp neinir erfiðleikar í því sambandi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Kastró var legið á hálsi fyrir að ætla að fresta jólunum en ég man ekki betur en þetta hafi átt að vera klárt í ágúst. Mig undrar satt best að segja ef þeir sem bera ábyrgð á vinnubrögðum í þinginu og vinnu í desembermánuði, sem fyrirsjáanlega verður mikil, ætla að hafa það sem mottó að ergja þingheim með því að geta ekki leyst þessi mál. Hér er talað um tæknileg vandamál. Það hefur enginn beðið íslenska tæknifræðinga að finna eitt eða neitt upp í þessu sambandi. Hér er verið að tala um að flytja inn erlenda tækni og koma henni fyrir í þinghúsinu. Mér er því nánast óskiljanlegt hvernig forseti getur leyft sér að tala um að þetta sé á rannsóknarstigi eins og það eigi að fara að finna hjólið upp aftur. Ég vil ítreka að það kallar á tafir á vinnu í þinginu ef þessi mál komast ekki á hreint.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill upplýsa að vinna við þetta verk er í höndum Íslendinga þannig að það er ekki innflutt tækni sem hér er á ferðinni. Það breytir ekki því að við reiknum með að hún sé jafngóð og sú erlenda — ef ekki betri. Það er fyrirsjáanlegt að þessi ljósatafla, sem þingmaðurinn talar um, verður ekki komin upp í þessum mánuði. En það er talað um það nú að það verði strax upp úr áramótum eins og forseti nefndi áðan.

Friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana, frh. 2. umr.

Stjfrv., 41. mál. — Þskj. 42, nál. 337, brtt. 338.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 338,1 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHelg, HN, HG, JGS, JBH, JónK, KÁ, KE, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SvG, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkvæði.

31 þm. (AKS, ÁRÁ, DO, EH, EGuðn, FrS, GHall, GÁ, HÁ, HBl, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónS, KSG, KHG, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

1. gr., svo breytt, samþ. með 35:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHelg, HN, HG, IP, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

nei: GÁ.

1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkvæði.

26 þm. (AKS, ÁRÁ, DO, EH, EGuðn, EKJ, FrS, GHall, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JónS, KSG, KHG, KE, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 338,2 (ný 2. gr.) samþ. með 37:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHelg, HN, HG, IP, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

nei: GÁ.

1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkvæði.

24 þm. (AKS, ÁRÁ, DO, EH, EGuðn, EKJ, FrS, GHall, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JónS, KSG, KHG, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 338,3 (ný 3. gr.) samþ. með 37:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHelg, HN, HG, IP, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

nei: GÁ.

4 þm. (EH, EKJ, JÁ, ÓÞÞ) greiddu ekki atkvæði.

21 þm. (AKS, ÁRÁ, DO, EGuðn, FrS, GHall, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JónS, KSG, KHG, MB, SalÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, ÞorstP) fjarstaddur.

Brtt. 338,4 (ný fyrirsögn) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHG, GÁ, GHelg, HN, HG, IP, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

4 þm. (EH, EKJ, JÁ, ÓÞÞ) greiddu ekki atkvæði.

22 þm. (AKS, ÁRÁ, DO, EgJ, EGuðn, FrS, GHall, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JónS, KSG, KHG, MB, SalÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHG, GÁ, GHelg, HN, HG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

2 þm. (EKJ, ÓÞÞ) greiddu ekki atkvæði.

22 þm. (AKS, ÁRÁ, DO, EH, EGuðn, FrS, GHall, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JónS, KSG, KHG, MB, SalÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, 2. umr.

Stjfrv., 2. mál. — Þskj. 2, nál. 269, brtt. 270.

Frsm. iðnn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti iðnn. um frv. til laga um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum. Nefndin hefur fjallað lengi og ítarlega um þetta frv. við almenna og djúpa ánægju nefndarmanna. Við höfum fengið okkur til fróðleiks fjölmarga sérfræðinga til að skýra þetta frv. sem að öðru leyti skýrir sig sjálft eins og þingheimur vafalaust skilur. Við fengum m.a. á okkar fund Rán Tryggvadóttur, deildarstjóra í iðnrn., Valgerði Skúladóttur, verkfræðing í iðnrn., og Gunnar Guttormsson, forstjóra Einkaleyfastofunnar.

Nefndin leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frv.:

Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar á 1. tölul. 2. gr. og 3. tölul. 5. gr. vegna hugtakabrengls. Það er rétt að það komi fram að í þessu tiltölulega einfalda máli víxluðust hugtökin „hálfleiðari" og „smárás" og gerði það að verkum að fundum nefndarinnar um þetta mál fjölgaði nokkuð. Í öðru lagi er lagt til að kveðið verði skýrar á um vernd rétthafa í 5. tölul. 6. gr. Í þriðja lagi er lagt til að fyrningarákvæði 8. gr. verði fellt út og almennir fyrningarfrestir gildi. Í fjórða lagi þykir eðlilegt að miða gildistöku frv. við 1. jan. 1993.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Ég tel ekki ástæðu, virðulegur forseti, til að fjalla ítarlegar um þetta. Ég hygg að öllum þingheimi sé ljóst hvað er smárás, hvað er hálfleiðari og hvað er svæðislýsing smárásar. En ég vil geta þess að Guðjón Guðmundsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita: Össur Skarphéðinsson, Pálmi Jónsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Svanhildur Árnadóttir, Svavar Gestsson, Kristín Einarsdóttir, með fyrirvara, Finnur Ingólfsson, með fyrirvara og Elín R. Líndal, með fyrirvara. Rétt er að geta þess að Svavar Gestsson ritar ekki undir með fyrirvara vegna þess að gildistökuákvæðið er ekki tengt EES.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég á sæti í iðnn. en var fjarverandi afgreiðslu þessa máls og varamaður minn skrifaði upp á það með fyrirvara. Ég vil taka það fram að ég er út af fyrir sig ekkert að hafa á móti því að þetta frv. verði samþykkt á Alþingi. Ég kveð mér hins vegar hljóðs til að benda á að þetta mál er nokkuð dæmigert fyrir það sem við eigum í vændum á þinginu. Þetta frv. er eins og fram hefur komið flutt í tengslum við aðild okkar að Evrópsku efnahagssvæði og hér erum við að lögtaka reglur frá Evrópubandalaginu. Ég ætla að segja ofurlítið frá því hvernig sú lögtaka fer fram. Fjölmiðlar hafa sinnt þessu máli örlítið og fréttaskot var um það á Stöð 2 fyrir nokkrum kvöldum síðan.

Þetta mál er þannig til komið að það kemur í póstinum eða á faxinu frá útlöndum. Einhver í ráðuneytinu sest við að þýða textann en því miður þá gerði hann það vitlaust. Textinn er prentaður á þingskjali. Ráðherrann mælir fyrir málinu en hefur ekki hugmynd um um hvað málið snýst eins og menn geta sannfærst um ef þeir lesa ræðu ráðherranns við 1. umr. Málið fer til hv. iðnn. Í iðnn. er samviskusamt fólk og það sest yfir þetta mál og fer að reyna að kynna sér í hverju þetta liggur undir öruggri forustu formannsins. Í fyrstu lotu vildum við afla okkur upplýsinga frá hinum færustu aðilum í landinu um hvað í þessu fælist. Ég hef því miður ekki haft tíma til að sækja umsagnirnar sem eru út í Þórshamri og liggja þar fyrir. Eðlisfræðistofnun háskólans tilkynnti okkur það að þeir vissu ekkert um hvað þetta mál snerist, hefðu ekki mannafla til að kynna sér það og vildu ekki gefa neina umsögn. Þeir virtu okkur þó svars og sendu þetta á blaði og liggur það fyrir í gögnum iðnn. Svipað fór með Einkaleyfastofuna. Hún gerði þetta líka. Á síðari stigum málsins komst upp að frv. hafði verið vitlaust þýtt í upphafi og eftir að búið var að breyta þingskjalinu kom í ljós að textinn var skiljanlegur ef menn lögðust yfir hann. Iðnn. hefur, eins og hv. formaður hennar upplýsti, eytt

þó nokkrum tíma í þetta mál. Við erum út af fyrir sig samþykk því að það verði gert að lögum.

Þetta er kannski skýrasta dæmið sem við höfum haft enn þá um það hvað er í vændum í framtíðinni þegar Alþingi verður orðið afgreiðslustofnun fyrir Evrópubandalagið.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Eins og fram kom í máli frsm. nefndarinnar, hv. 17. þm. Reykv., þá skrifaði ég undir nál. með fyrirvara. Fyrirvari minn er til kominn vegna athugasemda með frv. á bls. 4. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á þessari stundu er engin framleiðsla smárása á Íslandi. Erfitt er að gera sér grein fyrir hvort svo muni verða í næstu framtíð. Þó er ólíklegt að allt ferlið frá hönnun til framleiðslu verði til staðar hér á landi á næstunni. Til þess þarf sérfræðinga á þessu sviði en þá er ekki að finna hér á landi nú."

Ég get þess vegna tekið undir það sem kom fram hjá hæstv. 1. þm. Norðurl. v. að við erum raunverulega að setja í lög á Íslandi ákvæði sem við þurfum alls ekkert að gera. Það er engin ástæða til að gera það núna þó maður viti auðvitað ekki hvað framtíðin beri í skauti sér. E.t.v. er þetta það sem koma skal að við eigum að fara að setja í lög allt mögulegt um alla mögulega og ómögulega hluti sem ekkert kemur raunverulega lífi á Íslandi við. Þar sem formaður nefndarinnar lagði gífurlega áherslu á að þarna væri um mjög merkilegt mál að ræða og það gæti í náinni framtíð orðið einhver framleiðsla hér á landi á smárásum, þó ég hafi enga trú á því, þá gerði ég það að skrifa undir nál., með fyrirvara þó.

Ég gat heldur ekki hugsað mér að samþykkja þetta frv. að óbreyttri 11. gr., þ.e. að þetta yrði tengt samningi um Evrópskt efnahagssvæði en lét sannfærast um það vegna orða formanns nefndarinnar og nefndarmanna annarra að hér væri um mjög merkilegt mál að ræða og nauðsynlegt að hafa þetta í íslenskum lögum.

Ég hef tekið eftir því að það eru ekki allir sem átta sig á hvað hér er á ferðinni. Það kom m.a. fram á Stöð 2 að það var einhver ruglingur hjá einhverjum af þeim þingmönnum sem voru spurðir af fréttamanni um hvað hér væri á ferðinni. Mér þykir eiginlega að formaður nefndarinnar skuldi þinginu nokkrar skýringar þar á. Ég verð að taka það fram að ég átti þess ekki kost að vera á þeim fundi þegar mest var fjallað um þetta mál í iðnn. En ég aflaði mér upplýsinga sjálf og reyndi að setja mig inn í málið og tel mig vita nokkuð hvað hér er á ferðinni.

Ég held að það væri eðlilegt að formaður iðnn. skýrði t.d. út fyrir þingheimi af hverju notað er orðið svæðislýsing en ekki rásarteikning í þessu sambandi þar sem þarna er verið að lýsa ákveðnu plani eða ákveðnum rásum. Þessu hefur verið líkt við teikningar af húsi eða eitthvað þess háttar. Mér fannst eiginlega nokkuð gott að líkja þessu við, eins og ég heyrði konu niðri í kaffistofu gera, silkiþrykk. Það hjálpaði mér að vísu mjög lítið því ég kann ekkert í silkiþrykki. Eins og kemur fram í lýsingum á því hvað hér er á ferðinni eru rásirnar eftir að búið er að teikna þær upp minnkaðar niður og settar á örlitlar flögur.

Ég tel eðlilegra að formaður nefndarinnar skýri þetta örlítið nánar þar sem hann stýrði þessari vinnu og var sá sem lagði mesta áherslu á að við samþykktum frv.

Þó ég væri eins og ég segi ekki nægilega sannfærð um að þetta væri mjög mikið forgangsmál fyrir Alþingi að setja í lög þá ákvað ég að fylgja félögum mínum í iðnn. en skrifa undir með fyrirvara þó.

Frsm. iðnn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Í skólum er það svo að þeir sem ekki mæta á prófum falla á prófi. Ég verð að segja að mér þykir sem hv. þm. Kristín Einarsdóttir hafi fallið á þremur prófum. Í fyrsta lagi var hún fjarstödd þegar yfir þetta var farið með sérfræðingum og í öðru lagi var hún fjarstödd þegar formaður reyndi að skýra þetta fyrir þeim nefndarmönnum sem ekki skildu. Og í þriðja lagi þá hefur hún bersýnilega ekki lesið greinargerðina vegna þess að þar er þetta skýrt mjög nákvæmlega.

Ég hygg að hér sé ekki staður til að fara nákvæmlega út í öll þessa tæknilegu smáatriði. En hv. þm. spurði m.a. einnar „konkretar" spurningar: Hver er munurinn á svæðislýsingu og rásarteikningu? Það er auðvelt að skýra það. Rásarteikning er í tvívíðu plani en svæðislýsing, eða íslenska þýðingin á topography, er í þrívídd vegna þess að smárásin liggur ekki í einu plani heldur er hún í þrívídd. Þetta veit ég að þingmaðurinn með 2 eða 3 háskólapróf á bakinu skilur.

Að öðru leyti er það hárrétt hjá hv. þm. Páli Péturssyni að í dag eru engar smárásir framleiddar hér á landi. Hins vegar er talið að með EES muni koma hér fyrirtæki stærri eða smærri sem munu gera það og þau þurfi þessarar verndar við. Það er líka rétt hjá honum að Raunvísindastofnun háskólans taldi sig ekki hafa tækniþekkingu til að gefa á þessu álit. Og það er enn fremur rétt að það komi fram að Einkaleyfastofan treysti sér ekki til að gera efnislegar athugasemdir við þetta frv. vegna þess að það er svo flókið. Vissulega hefði það verið heppilegt fyrir bæði Raunvísindastofnun háskólans og Einkaleyfastofuna að fá að njóta þeirrar þekkingar sem okkur var útbær á fundum iðnn. og þar sem hv. þm. Kristín Einarsdóttir var því miður ekki viðstödd.

Með frv. eru menn að byggja til framtíðar. Allir í þessum sölum eru sammála því að við viljum draga hingað til landsins þekkingu, hátækniþekkingu, og helst erlend fyrirtæki sem vilja fjárfesta hér í hátækni. Það verður hins vegar erfiðara að fá þau til að hefja framleiðslu hér á því sviði nema umrædd vernd sé til staðar. Það er einu sinni svo að svæðislýsing, þótt hún byggi á kunnáttu og hugviti, hefur ekki það nýnæmi til að bera að hægt sé að sækja um einkaleyfavernd. Það er ekki hægt. Þá eru tvær leiðir til þess að vernda það hugvit sem er lagt fram við gerð svæðislýsinga. Það er í fyrsta lagi hægt að gera kröfur um formlega skráningu hjá ákveðnum skráningaraðila. Sú leið er til að mynda farin í Danmörku. Hún er kostnaðarsöm og

tímafrek. Hér á landi er talið rétt að fara ekki þá leið vegna þess hversu umfang greinarinnar er lítið. Þess vegna er farin sú leið að byggja á sömu vernd og er gert í höfundalögunum, þ.e. skráningin er ekki gerð að skilyrði en eigi að síður er vernd til staðar. Það er þessi vernd sem frv. gengur út á. Það getur vel verið að þingmenn kjósi að koma hingað og gera grín að frv., frv. sem er lagt fram til þess að reyna að leggja grunn að nýrri tækniþekkingu, að nýjum greinum. Ég bendi á að ágætur þingmaður, hv. þm. Svavar Gestsson, kýs að skrifa undir þetta án fyrirvara vegna þess að við féllumst á það í nefndinni að taka út gildistökuákvæði sem tengdist EES. Þó að þingmaðurinn hafi að vísu ekki háskólapróf í raungreinum eins og ýmsir aðrir þingmenn sem ekki skilja gildi þessa þingmáls, skilur það að þetta er ein af okkar leiðum inn í framtíðina, til þess að búa til betri framtíð, til þess að byggja upp öðruvísi iðnað, hátækniiðnað. Það var þess vegna sem menn féllust á það, þrátt fyrir að margt sé til í því sem hv. þm. Páll Pétursson segir að í dag sé gildi þessa frv. tiltölulega lítið, að standa að samþykkt frv. vegna þess að menn höfðu trú á framtíðina, a.m.k. sumir í þessum sölum.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég veit ekki hvers vegna hv. formaður iðnn. skýrir það ekki út sem í frv. felst. Hann segir mig ekki skilja það sem stendur í frv. — ég veit ekki hvernig hann gat komið með þá niðurstöðu — og að ég hefði fallið á prófi. Það er nefnilega hægt að lesa utan skóla líka og fá jafnvel jafnvel hærri einkunn þannig. Það sem mér finnst skipta máli í þessu, ef það er alvara að baki því sem þingmaðurinn sagði, er að þá skuldum við í iðnn. þinginu skýringar á frv. Þess vegna erum við að vinna að málinu. Við erum búin að taka þetta fyrir á mörgum fundum og vinna þetta mál nokkuð vel. Ég sagði áðan í minni ræðu að mér fyndist að formaður nefndarinnar ætti að skýra út fyrir þingheimi hvað í þessu máli felst en ekki að gera bara grín og segja að það skipti engu máli hvort þingheimur skilji það sem verið er að samþykkja hér. Það tók okkur nokkra fundi að fara yfir þetta mál og þá finnst mér að nefndin og formaðurinn fyrir hennar hönd eigi að skýra út fyrir þingheimi hvað í frv. felst.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það vekur nokkra undrun við lestur frv. að okkur er tjáð að búið sé að þýða það á íslensku. Reyndar er viss deila um það hvort rétt hafi verið þýtt. Svo þegar maður reynir að lesa þessa íslensku sem hér er sett á blað stendur maður frammi fyrir því að hún er nánast illskiljanleg eða óskiljaleg. Ég verð að segja eins og er að ég sakna þess mjög að hér skuli ekki vera staddur í salnum hv. 2. þm. Norðurl. v. Það hefur komið oftar en einu sinni fyrir að hann hafi gert athugasemdir við texta. Með leyfi forseta, vil ég lesa upp smáatriði úr þessum texta. Það er í 1. gr.:

„Vernd samkvæmt lögum þessum tekur ekki til hugmynda, ferla, kerfa, tækni eða upplýsinga sem svæðislýsingin hefur að geyma en teljast ekki til hennar sjálfrar."

Þarna er svæðislýsingunni lýst eins og tunnu sem hafi mikið geymslurými. Þar séu alls konar fyrirbrigði, svo sem hugmyndir, ferli, kerfi, tækni eða upplýsingar. Svo eiga menn að vera færir um að greina í sundur hvað sé innihald tunnunnar laust og hvað sé efniviðurinn þar fyrir utan. Þegar þetta er skoðað í 2. gr. kemur skýringin á því hvað þessi orð eiga að þýða. Þar er lögfest skýring á tveimur orðum. Oftast nær kemur þetta fyrir í grenargerðum eða þá að hægt er að finna það í orðabókum hver sé skýring á íslensku máli. Í þessu tilfelli hafa þeir lögfest skýringar á tveimur orðum og hvorki Raunvísindastofnun né Einkaleyfisstofnunin treystir sér til þess að dæma um hvort þetta sé í takt við það sem þeir hafa upplýsingar um. Með leyfi forseta, vil ég lesa upp úr 2. gr.:

„Hálfleiðari er fullbúin vara eða vara á framleiðslustigi, sem

a. er samsett úr ýmsum efnum, þar á meðal einu lagi af hálfleiðaraefni ...,"

Engin skýring er á því hvað hálfleiðaraefni sé. **(Gripið fram í:** Það átti að standa smárás. Villan er fólgin í því.) Það er ekki skrýtið þótt liðinu sé skemmt. Svo kemur hér á eftir svæðislýsing á smárás og það er rétt að lesa það þá líka upp:

„Svæðislýsing smárása á hálfleiðara er teikning af uppröðun samverkandi hluta sem hver rás er samsett úr, hvernig sem þetta mynstur er áfest eða áritað,

a. sem sýnir þrívíddarmynstur allra laganna sem mynda smárásir á hálfleiðara og

b. þar sem hver hluti teikningarinnar hefur að geyma mynstur eða hluta af mynstri á yfirborði hálfleiðara á ákveðnu stigi í framleiðslu þess."

Hér vekur það athygli að formaður kemur næsta kokhraustur í pontu og telur að það þurfi ekki að útskýra þetta mál. Þeir hafi fengið fjöldann allan af sérfræðingum í iðnn. sem útskýrt hafi þetta fyrir þeim. En nú er það svo að iðnn. býr ekki til lög. Iðnn. á aðeins að leggja fyrir Alþingi sínar tillögur um það hvernig lög eigi að vera. Í staðinn fyrir að útskýra málið frá grunni, koma með alla fræðsluna sem hann fékk frá sérfræðingunum fimm eða sex í iðnn. og útskýra það hér á mæltu máli, þá er ráðist á menn með fúkyrðum ef þeir hafa ekki háskólapróf í réttri gráðu og þeir bornir þeim sökum að þeir falli á prófum sem mæti ekki í tíma. Það verður að segjast eins og er að hv. 15. þm. Reykv. svaraði því til að enn væri hægt að lesa utan skóla og ekki öruggt að sú fullyrðing stæðist að menn féllu ef þeir ekki mættu í tíma.

Ég skil ekki tilganginn með nefndarstarfi ef formaðurinn, sem talar fyrir álitinu, telur að það eigi fyrst og fremst að gera grín að þeim stofnunum íslenskum sem ekki treystu sér til umsagnar um málið og sér beri engin skylda til að útskýra málið. Ég tel að formanni beri skylda til að útskýra þetta mál svo skiljanlegt sé, jafnvel þó að menn hafi ekki háskólapróf. Það er nefnilega ekki skylda fyrir veru hér á þingi að menn hafi háskólapróf. Það gefur engin réttindi til þess að vera

með fúkyrði út af skilningsleysi manna. Það er ætlast til þess að lög séu á það skiljanlegu máli að hægt sé að fara yfir þau án þess að menn hafi háskólapróf. Ég verð að segja eins og er að það má vel vera að allt sé satt og rétt sem hér hefur verið sagt um að þetta sé mikils virði einhvern tíma í framtíðinni. Það getur vel verið að það sé líka rétt að stutt sé í það. En mér er spurn: Hér fáum við lagakafla þar sem ráðherrum er ætlað að setja reglugerðir yfir viss atriði. Er frv. ekki dæmi um lög sem ættu að vera á þann veg að ráðherra sé heimilt að setja reglugerð sem verndar, samkvæmt lögum þessum eins og hér segir? Þá komi upptalningin í 1. gr. sem eru lokaorðin þar? Er rökrétt að það eigi að taka þá stefnu að demba eigi yfir þingheim texta í lögum sem fæstir gera sér nokkra grein fyrir hvað er? Er þá ekki rétt að menn beri ábyrgð á því í ráðuneytinu að setja slíkt upp í reglugerðarformi?

Ég tel að hér sé verið að snúa lagasetningunni við. Í þessu tilfelli átti fyrst og fremst að setja í lagatexta það sem væri markmiðið, þ.e. ákveðna vernd gagnvart þeim sem fara í svona framleiðslu. Ráðuneytinu sé svo skylt að setja upp í reglugerð þau atriði sem þurfi að vera til þess að hægt sé að ná þessari vernd en ekki setja þetta fram þannig að Alþingi Íslendinga sé gert ábyrgt fyrir því annars vegar að vitlaust sé þýtt og að iðnn. hafi e.t.v. leiðrétt þýðinguna eða að hún hafi ekkert skilið frekar hvað átti að vera í frv. (**EH:** Það þarf þá að skoða fleira.) Ég tek undir það sem hv. þm. Eggert Haukdal kom fram með í þessu máli. Það virðist vera nauðsyn að skoða fleira.

Það sem vekur sérstaka athygli er að hér hafa staðið upp tveir fulltrúar úr iðnn., hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 17. þm. Reykv., og sagt að þetta væru nánast frumvörpin sem við mættum eiga von á á næstunni, þau yrðu svona. Hv. 17. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, boðar þetta sem hina miklu framtíð. Ég tel að óskiljanlega uppsetningu á lagafrv., eins og hér er, eigi ekki að leggja fyrir þingið. Ég tel að lagafrv. eigi að vera í það skýrum texta að auðskilið sé hverjum manni sem les þann texta. Ef ráðherrar eru að óska eftir heimildum geta þeir gert það á skýru máli innan afmarkaðra lagagreina. En að bera það á þingheim að hann geti bara lesið þetta og skilið því að það sé auðskiljanlegt er eins og hver annar þvættingur. Ég er ekki búinn að sjá að þeir sem voru í iðnn. hefðu orðið nokkurs vísari í þessu máli hefðu þeir bara sest niður og lesið þetta. Hafi það verið svo að sérfræðingarnir hafi útskýrt þetta mál þannig að auðskilið sé ber formanni iðnn. skylda til þess að gera grein fyrir því í þinginu á það skýru máli að það skiljist.

Frsm. iðnn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegu forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram að það urðu afskaplega leið mistök við samsetningu frv. Þar rugluðust hugtök sem gerðu tilteknar greinar frv. óskiljanlegar. Það er hárrétt að það var ekki fyrr en sérfræðingarnir komu til sem menn fengu botn í það. Eftir að það gerðist varð þetta hins vegar allt miklu skýrara. Ég tel, virðulegi forseti, að skylda þingmanna, sem vilja fá upplýsingar um hluti eins og frv. sem hér liggja fyrir, sé að lesa a.m.k. greinargerð með frv.

Það eru fyrst og fremst tvö hugtök sem mér virðast hafa vafist fyrir hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni. Það er annars vegar smárás og hins vegar svæðislýsing. Á bls. 3 er útskýring á þessu. Þingmaðurinn getur lesið hana. Á bls. 4 er útskýring á hugtakinu svæðislýsing. Ég reifaði hana sömuleiðis áðan. Ég held, virðulegi forseti, að það væri affarasælast fyrir þá sem hafa svona mikinn áhuga á þessu máli að lesa greinargerðina með frv. Hún skýrir það næsta vel. Þaðan er minn skilningur að meira eða minna leyti kominn en ekki frá neinum sérfræðingum af þeirri einföldu ástæðu að greinargerðin skýrir þetta svo einkar vel.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir að það er mjög jákvætt að lesa greinargerðir. En þegar það er upplýst að frumvarpstextinn sjálfur er vitlaus er kannski ekki of mikil trú á því að það sé rétt sem stendur í greinargerðinni og það gæti verið svo að þar hafi eitthvað farið á annan veg. Hér er brtt. sem á að flytja allan sannleikann. Hvar er greinargerð með henni? Það er að sjálfsögðu engin greinargerð með henni. Það er gert ráð fyrir því að frsm. flytji þær upplýsingar í töluðu máli sem dugi til þess að skýra það sem þar er. Ég verð að segja eins og er að þrátt fyrir að greint hafi verið frá hugtakabrenglinu sem slíku er ekki að mínu viti staðið þannig að frv. á nokkurn hátt að það geti verið eðlilegt að leggja frv., sem er á jafnillskiljanlegri íslensku og þetta frv. er, fyrir Alþingi Íslendinga. Þetta er vægast sagt stofnanamál af verstu tegund sem hér er verið að leggja fram. Ég verð að segja það eins og er að ef það er það sem við eigum að búa við í framtíðinni finnst mér það ekki gleðileg staða fyrir þessa stofnun.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég tók til máls við 1. umr. þessa máls þegar hæstv. iðnrh. mælti fyrir því. Ég lét þá í ljós það álit mitt eða þekkingarskort sem lengi vel var á þessu máli. Ég viðurkenni fúslega að þegar fyrir málinu var mælt áttaði ég mig ekki á því um hvað málið snerist. Ég hef hins vegar eins og fleiri þingmenn átt þess kost að sitja í hv. iðnn. og hef þess vegna getað kynnt mér málið þar með aðstoð meðnefndarmanna minna og sérfræðinga sem kallaðir hafa verið til. Ég viðurkenni að ég er farinn að botna býsna mikið í þessu máli. Ég tek undir að ég held að þó svo það eigi kannski ekki við einmitt þessa stundina að setja lög á þessu sviði þar sem þessir þættir snerta okkur mjög lítið í dag er þetta framtíðarmál. Ég tek undir það með hv. formanni iðnn. Það er hins vegar ljóst að það voru fleiri en ég sem ekki áttuðu sig á því hvað hér var um að ræða þegar mælt var fyrir málinu. Hæstv. iðnrh. áttaði sig alls ekki á því fyrir hverju hann var að mæla úr þessum stóli á þeim tíma. Það kom auðvitað best í ljós þegar menn fóru að skoða málið í iðnn. því hann var nákvæmlega í þeim sama vanda og við að hann rugl-aði saman smárásum og hálfleiðurum af þeirri ástæðu að það var þannig sett upp í frv. Þegar málið er skoð-

að í því samhengi er það algerlega óskiljanlegt og ekki hægt að átta sig á því um hvað málið snýst fyrr en menn eru búnir að leiðrétta þennan grundvallarmisskilning sem í frv. er. Það er því ekkert skrýtið þó að hv. 2. þm. Vestf. væri líka ruglaður í þessu eins og þetta lá fyrir af því að hann var ekki með brtt. sem búið var að gera við frv. og hér liggja fyrir frá hv. iðnn.

Ég held hins vegar að það þjóni ekki miklum tilgangi að vera að skattyrðast um það hvort menn hafa skilið þetta. Auðvitað tel ég að hv. formaður iðnn. ætti að skýra málið örlítið betur en hann hefur gert því hann hefur alla burði til að gera það. Hann þekkir málið ágætlega og það sýnir náttúrlega um margt yfirburðahæfni hans á þessu sviði að hann hefur treyst sér til að skýra málið út fyrir okkur og jafnvel sett ofan í við embættismennina sem komið hafa á fundi nefndarinnar. Hann hefur þar af leiðandi meiri þekkingu en raunvísindadeild Háskólans sem ekki treystir sér til að leggja mat sitt á málið og gat um það, svo ég vitni í álit þeirrar virtu stofnunar, með leyfi forseta:

„Við erum þó sammála um að í skorinni sé ekki nægjanleg þekking á tæknilegum atriðum þessa máls til þess að hún treysti sér til að gefa efnislega umsögn um þau."

Sama gilti reyndar um Einkaleyfastofuna. Í umsögn þeirrar stofu segir: „Stofnunin hefur ekki á að skipa mönnum með sérþekkingu á því sviði sem frv. fjallar um og treystir sér því ekki til að gera beinar athugasemdir við tæknileg efnisatriði frv."

Hins vegar mætti forstöðumaður Einkaleyfastofunnar á fund iðnn., skýrði nokkra þætti frv. sem ég held að hafi verið til þess að hjálpa hv. nefndarmönnum við að skilja málið frekar. Ég tel því að hv. formaður iðnn. ætti að gera örlítið gleggri grein fyrir málinu en hann er búinn að gera vegna þess að hann hefur alla burði til að gera það.

Fyrirvari minn við þetta mál byggðist fyrst og fremst á því að í upphafi athugasemdar við frv. stendur, með leyfi forseta:

„Með aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði höfum við skuldbundið okkur til að aðlaga íslenska löggjöf að hluta til að reglum Evrópubandalagsins. Frv. til laga um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum er eitt þeirra frv. sem lögð eru fyrir Alþingi í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið."

Síðan var í 11. gr. frv. gert ráð fyrir því að lög þessi öðluðust gildi „um leið og samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði öðlast gildi að því er Ísland varðar."

Þessi breyting var gerð, en eftir stendur í greinargerðinni að þetta er lagt fram vegna samningsins. Að mínu viti hefði verið hægt að leggja málið fram án þess að gera það í beinum tengslum við samninginn og liggur ekki á eða hefði a.m.k. ekki legið á að ganga frá því sem lögum frá Alþingi nema af því að samningurinn kveður á um slíkt.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með þeim sem hafa bent á að það er nauðsynlegt fyrir okkur að fylgjast með tækniframförum og aðlaga okkur að þeim. Það á vissulega ekki að vera neitt gamanmál að gera slíkt. Ég vil líka taka undir það sem hv. 2. þm. Vestf. sagði að æskilegt sé að skoða vel hversu nákvæm lög þurfa að vera um tæknileg atriði og hvað má vera í reglugerð, hvort ekki er hægt að setja inn í lög með orðalagi, sem allir geta skilið, ákvæði sem tryggja það nægilega vel hvernig slík reglugerð á að líta út án þess að notuð séu svo sérstæð og tæknileg orð eins og eru í frv. Ég er þó ekki með því að taka undir það að lög eigi aðeins að vera heimildir til ráðherra til að gefa út reglugerðir.

Ég held að það sé sama þótt búið sé að leiðrétta 2. gr. frv., það verði ákaflega erfitt fyrir þá sem lesa lögin í lagasafni að skilja raunverulega hvað í þessum lögum felst og það verði ákaflega fáir sem munu gera það, jafnvel þó að þekking sé sífellt að vaxa og kennsla að aukast í skólunum um þessa nýju tækni. Greinargerð verður ekki sett upp í lagasafni svo hún veitir enga stoð við lestur þar. Það verður þá að rekja hana aftur til frv.

Ég vil sérstaklega benda á annað í sambandi við greinargerðina. Hún á að skýra hvað í frv. felst og þá að nokkru leyti að vera kennslugagn fyrir þingmenn til þess að skilja það. Þess vegna vil ég koma því á framfæri hvort það væri ekki athugandi að í slíkum greinargerðum með jafntæknilegu máli og hér er á ferðinni yrði hafður sami háttur á og gjarnan er í góðum kennslubókum að málin séu skýrð með myndum. Ég held það væri allt annað fyrir okkur ef við hefðum getað flett upp í mynd strax í upphafi greinargerðar þar sem það kæmi fram á táknrænan hátt hvað er svæðislýsing, hvað er smárás og hvað er hálfleiðari. Það dettur mér í hug m.a. vegna þess sem stendur í greinargerðinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Segja má að hægt sé að líkja þessu plani við uppdrátt af húsi, þar sem sýnt er á fleti hvar hvert herbergi er. Fyrir smárásina á þetta þá við um hvar hver hlutur fyrir sig á að vera."

Hér er reynt að gera grein fyrir þessu á þrívíddarplani eins og hv. frsm. sagði. Ef það hefði verið gert með einföldum teikningum og uppdrætti í staðinn fyrir svo flókið orðalag, sem það virðist vera án skýringa, held ég að það hefði einfaldað málið mjög mikið. Ég vil taka undir með þeim sem hafa borið fram ósk til hv. frsm. að hann, af sinni þekkingu, skýri þetta örlítið betur.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er óhjákvæmilegt að um þetta mál verði nokkur umræða vegna þess að svo er frá þessu gengið að undrun sætir. Hér er um að ræða erindi eða mál, sem er beinlínis sent frá útlöndum, um flókin rafeindatæknileg vandamál. Það virðist vera að einhver maður hafi verið settur í að þýða þetta sem ekkert vissi um þau fræði sem frv. fjallar um. Það er kannski ástæða til þess að undrast að hæstv. iðnrh., sem enginn frýr vits, skuli senda frá sér og tala fyrir máli sem svo óvandlega er undirbúið. Hér sagði hv.

17. þm. Reykv. að þingmenn skyldu bara lesa greinargerð. Það er ekki auðvelt vegna þess að nú er flutt brtt. við 2. gr. Í frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hálfleiðari er fullbúin vara eða vara á framleiðslustigi, sem ...“ Síðan er talið upp hvað hún hefur sér til ágætis. Það kemur í ljós að þarna á alls ekki að standa hálfleiðari heldur smárás. Hvernig er athugasemd við þessa grein undir liðnum Athugasemdir við einstakar greinar? Jú, til að skýra þetta fyrir mér, sem reyndi að lesa þetta, stendur, með leyfi hæstv. forseta, um 2. gr.:

„Í hugtakaskilgreiningum 2. gr. er alfarið stuðst við þær skilgreiningar er koma fram í tilskipun EB varðandi þetta efni.“

Þetta er aldeilis upplýsandi fyrir fáfróðan lesanda og nær náttúrlega ekki nokkurri átt. Það er ekki einu sinni hirt um að birta þessa umræddu tilskipun EB eða reynt að gera tilraun til að útskýra hvað hér er á ferðinni. Ég er enn í vafa, ég veit ekki hvort það er rétt sem stendur í greinargerð á bls. 4 og vil spyrja hv. formann nefndarinnar um það. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Munurinn er sá að „þrykkt“ er á þunnan hálfleiðarakubb en ekki silkiefni ...“ Nú er ég ekki alveg viss. Er þetta ekki smárásarkubbur? Nú veit ég það ekki en grunur minn er sá að þarna þyrfti að breyta ef ég er ekki að leggja of mikið á minn litla og þreytta heila. Ég held því satt að segja að eftir að búið er að breyta sjálfu frv. sé ekki haus eða hali á greinargerðinni. Og guð hjálpi síðari tíma fræðimönnum sem ætla að leita frekari skýringa á frv. í greinargerð. Svona er auðvitað ekki hægt að ganga frá nokkru máli. Auðvitað á bara að vísa þessu máli frá og óska eftir því að það verði unnið betur.

Ég hef eina efnislega athugasemd sem er mér skiljanlegri en sú þvæla sem hér hefur verið afhjúpuð. Það er brtt. við öldungis óskiljanlega grein sem var 5. tölul. 6. gr. Hann hljóðar nú svo eftir að búið er að breyta honum, með leyfi hæstv. forseta:

„Óheimilt er að koma í veg fyrir að sá sem eignast sæðislýsingu smárásar án þess að vita að einkaréttur er þegar til staðar nýti sér hana í atvinnuskyni, enda getur rétthafi sótt sér sanngjarnar bætur, sbr. 8. gr.“

Nú þekki ég eins konar einkaleyfi af reynslu sem er réttur til eigin hugverka. Það sem þarna er sagt, ef ég skil þetta rétt, ætla ég færa yfir í heim bókmenntanna: Hver sem er má gefa út bækur ákveðins höfundar þótt hann viti að einkarétturinn sé fyrir hendi því hann getur þá bara sótt sér bætur. Skil ég þetta ekki rétt? Það er verið að segja hér að óheimilt sé að koma í veg fyrir að sá sem eignast sæðislýsingu smárásar nýti sér hana í atvinnuskyni þótt hann viti að aðrir eigi einkaréttinn. Ég spyr, hæstv. forseti: Er þetta siðlegt athæfi? Hingað til hefur það ekki þótt vera það á öðrum sviðum í samskiptum manna eða stofnana. Þarna er ósköp einfaldlega verið að segja: Það er allt í lagi að brjóta lög því þá verður bara sá sem brotið hefur verið á að sækja rétt sinn til dómstóla, geri ég ráð fyrir. Ég spyr: Er það sæmandi þessari stofnun, 1000 ára gamalli, að setja lög sem þessi?

Getum við ekki fallist á það, hæstv. forseti, að þessu máli verði hreinlega annaðhvort vísað aftur til nefndarinnar með beiðni til hennar og hæstv. ráðherra, sem er einn vitrastur maður á Íslandi og áreiðanlega ekki tilbúinn til að afgreiða þetta sem lög frá Alþingi ef hann hefði hlýtt þá umræðu sem hér hefur farið fram í dag, um að þeir setjist niður og fari í gegnum þetta með lærðustu rafeindatæknimönnum. Í fyrsta lagi að fara yfir lagatextann og í öðru lagi greinargerðina. Menn skulu aldrei vanmeta það að greinargerð skiptir máli. Hún er jafnan notuð til lögskýringar og það vill áreiðanlega allt of oft brenna við á hinu háa Alþingi að menn gjörbreyti lögum en hirði í engu um að breyta greinargerðinni til samræmis við það. Ég leyfi mér, frú forseti, að vara við endileysu sem þessari fyrir utan það að öllum er óskiljanlegt að svo brýna nauðsyn beri til að afgreiða þetta mál frá þinginu að ekki sé tími til að gera það sæmilega.

Nú er ekkert af þessu framleitt hér í landi og engar sérstakar líkur til þess að svo verði gert. Maður spyr auðvitað sjálfan sig á endanum: Er öruggara að tryggja sér réttindi til eilífðarvélarinnar ef hún skyldi halda innreið sína til okkar góða lands? Ég bið menn að hugsa sinn gang í þessu efni.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel einboðið í framhaldi af þessum umræðum að málinu verði frestað og menn hinkri aðeins með afgreiðslu á því. Ég vil leyfa mér að mælast til þess við hæstv. forseta. Málið er mjög illa fram lagt og það er ekki sök iðnn., það er ríkisstjórnin sem leggur málið fram. Það er ríkisstjórnin sem á að útbúa málið þannig að það sé aðgengilegt fyrir allan þingheim. Það sem iðnn. gerir í þessu máli er að hún fer mjög vandlega yfir það. Málið er lesið frá orði til orðs í nefndinni og niðurstaðan verður sú að nefndin finnur það út fljótlega að í því eru mjög örlagaríkar villur og sumir textar frv. eru orðaðir með þeim hætti að það er ekki boðlegt. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir las upp brtt. nefndarinnar áðan. Mér hefði þótt vænt um ef hún hefði lesið upphaflegu tillögu ríkisstjórnarinnar. Ég ætla að lesa hana upp, með leyfi forseta:

„Óheimilt er að koma í veg fyrir að einstaklingur, sem eignast hefur hálfleiðara en hefur enga vitneskju um né gildar ástæður til að ætla að rétturinn njóti verndar, hagnýti sér hann í atvinnuskyni. Sé aftur á móti um að ræða atferli sem á sér stað eftir að einstaklingur hefur fengið vitneskju um eða hefur gildar ástæður til að halda að hálfleiðari njóti verndar samkvæmt lögum þessum, skal beiðni rétthafa úrskurða honum sanngjarnar bætur.“

Við marglásum þessa setningu í nefndinni. Niðurstaðan varð sú að ég hygg að tveir menn í nefndinni, sem báðir hafa verið ritstjórar eins virðulegasta og besta blaðs sem gefið hefur verið út á Íslandi, Þjóðviljans, settust yfir það að reyna að setja saman skiljanlega setningu og niðurstaðan varð svo sú sem hv. 14. þm. Reykv. las upp áðan.

Nú kann það vel að vera, engu að síður, að þrátt fyrir þessar tilraunir sé staðan þannig að menn átti sig

ekki á þessu. Ég kæri mig ekki um að standa að því að knýja í gegn mál sem þingmenn í stórum stíl segja að þeir ráði ekki við og treysti sér ekki til að afgreiða. Ég skil þá vel. Ég segi fyrir mig, hvað sem um aðra nefndarmenn er að segja, að það tók mig langan tíma að fara yfir þetta mál og reyna að setja mig inn í forsendur þess.

Það er alveg ljóst að sú tækni sem hér er verið að tala um hefur ekki verið nýtt á Íslandi. Hins vegar getur vel komið til þess einhvern tímann, fyrr en seinna, að tækni af þessu tagi verði til á Íslandi. Það getur komið til þess fyrr en seinna að hér verði til fyrirtæki sem verða að einhverju leyti samvinnufyrirtæki Íslendinga og útlendinga á sviði rafeindaiðnaðar þar sem þessi tækni er notuð.

Af hverju kemur frv. upp núna á þessu þingi og reyndar því síðasta líka ef ég man rétt? Það er t.d. af þeirri ástæðu að talsverð umræða hefur farið fram, eins og kunnugt er, um fríiðnaðarsvæði, að stofnað verði til fríiðnaðarsvæðis á Íslandi. Það er rætt um það að inn á fríiðnaðarsvæði kæmi sennilega einna helst starfsemi iðnaðarframleiðslu af einhverju tagi sem byggir ekki á þeim hefðbundnu auðlindum sem við þekkjum, lands eða sjávar, heldur á þekkingunni einni og á samvinnu við erlend fyrirtæki af ýmsum toga. Til þess að þau fyrirtæki fáist til samvinnu við Íslendinga þurfa að vera til lágmarksreglur af þeim toga sem ætlunin er að setja í þessu frv.

Í öðru lagi hefur það verið þannig að þau réttindi, sú vernd fyrir hugverk sem frv. gerir ráð fyrir, hefur um langt árabil verið unnin á vegum margra þjóða samkvæmt samþykkt sem gerð hefur verið og samningum þeirra á milli. Aðilar að þeim eru u.þ.b. 100 þjóðir. Íslendingar hafa ekki verið beinir aðilar að þessari samþykkt. En hverjir hafa verndað Ísland á undanförnum árum í þessu efni? Hverjir eru það? Það er Evrópubandalagið, án þess í raun og veru að Ísland væri aðili að þessum samningi eða Evrópubandalagskerfinu á nokkurn hátt. Ég tel að það sé óeðlilegt og óheppilegt fyrir Íslendinga að vera í þeirri stöðu að þurfa í alþjóðlegum samskiptum, ef fyrirtæki af þessu tagi vildu koma til Íslands, að vísa til Evrópubandalagsins en hafa ekki sjálfstætt verndarkerfi fyrir þann hugverkarétt sem hér er verið að tala um.

Af þessum tveimur ástæðum m.a., virðulegi forseti, var það að ég fyrir mitt leyti skrifaði undir þetta nál. fyrirvaralaust en líka vegna þess að formaður nefndarinnar og meiri hluti hennar féllst á að taka út úr gildistökuákvæðinu tilvísunina til Evrópsks efnahagssvæðis. Hér er þar af leiðandi eingöngu um að ræða almennt umbótamál að mínu mati sem kemur aðildinni að Evrópsku efnahagssvæði ekkert við.

Ég leyfi mér hins vegar, virðulegi forseti, í framhaldi af því sem hér hefur komið fram, að endurtaka þá ósk mína að málinu verði frestað. Auðvitað má hugsa sér að þetta verði skoðað aðeins betur á vettvangi iðnn. án þess að því sé sérstaklega vísað þangað. Það mætti líka hugsa sér að útbúa gögnin, sem fylgja frv., aðeins betur og leggja þau þá fram sem fskj. með frhnál. ef menn vilja. Það má einnig hugsa sér að menn taki rækilega rispu í þessu máli síðar í umræðum.

Það er alveg rétt sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði áðan að það er hætt við því að ef Ísland verður aðili að Evrópsku efnahagssvæði fari það svo að hingað berist í stórum stíl alls konar hátæknileg mál sem verði óskaplega erfitt fyrir þingið að eiga við vegna þess að hér skortir af eðlilegum ástæðum þá tækniþekkingu sem nauðsynleg er til að ráða við þessi mál. Ég spái því að það verði mikið af slíkum málum ef Íslendingar verða aðilar af Evrópsku efnahagssvæði og það muni margur maðurinn verða þreyttur hér í sölunum þegar farið verður að renna þeim málum í gegn. Sömuleiðis muni það líka gerast að margir skemmtilegir þingmenn, eins og hv. 2. þm. Vestf., muni ná sér á strik við að lyfta salnum augnablik við það að upplýsa það hvernig þessir textar eru samansettir og knúsaðir.

Út af því vil ég líka segja að ég tel að það sé ekki aðeins nauðsynlegt að kanna hvort menn leggja fram ný fylgigögn heldur geta menn velt því fyrir sér að endurskrifa textann sem slíkan. Það má leggjast yfir hann vegna þess að það liggur ekki lífið á í dag eða morgun eða hinn að ljúka afgreiðslunni á þessu máli. Hitt vil ég líka segja að hvað sem líður aðild okkar að Evrópsku efnahagssvæði, hvað sem líður samvinnu okkar við Evrópubandalagið eða aðra slíka aðila, þá verða menn að átta sig á því að við erum að ganga inn í öld nýrra atvinnuhátta sem Íslendingar verða vonandi aðilar að. Undirstaða þeirra atvinnuhátta verður þekking. Þess vegna er ljóst, hvað þessum EES-málum líður, að við verðum að búa okkur undir það að þurfa að taka á málum af því tagi sem hér eru.

Ég bið hæstv. forseta og þingmenn að afsaka það að ég skuli ekki blanda mér í þá skemmtan sem menn hafa haft af þessu máli á fundinum. Ég gæti svo sem hugsað mér að gera það. Það hefur satt að segja verið fróðlegt að fylgjast með því hvaða skemmtiatriði hv. þm. hafa haft í frammi í kringum þetta mál í þingsölum, í bakherbergjum og í kaffistofunni á undanförnum mánuðum. Það verður ekki endurtekið hér en væri fróðlegt að fara yfir það og festa það í þingtíðindi eins og þegar menn sáu frv. um vernd svæðislýsinga og smárása í hálfleiðurum og tóku eftir því að formaður iðnn. var rétt um það leyti að skrifa leiðara í Alþýðublaðið sem menn töldu í besta falli vera hálfa leiðara ef ekki einn fjórða eða eitthvað því um líkt. Menn sviptu þessum orðum til út og suður og sumir sögðu að þetta mál ætti örugglega að fara í aðra nefnd en iðnn. eins og það væri útbúið. Ég held að kjarni málsins sé sá að ég tel að þingið eigi að kíkja aðeins betur á þetta mál vegna þess að það er óeðlilegt að þrýsta máli af þessu tagi í gegn með þeim hætti sem þingmenn upplifa málið. Mér finnst það skynsamlegt sem fram kom hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur og hv. þm. Jóni Helgasyni að menn reyni að búa með frv. stuðningsgögn svo menn geti áttað sig betur á málinu og auðvitað væri allra best ef tækist að skrifa textann svo ljóst að málið skili skilningi upp í heilabúið á hverjum þeim manni sem flettir íslenska lagasafninu í framtíðinni ef þetta verður að lögum.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. 9. þm. Reykv. Ég held að það væri ágætt að doka aðeins við með þetta mál, hvort sem því væri vísað aftur til iðnn. til frekari skoðunar. Ég tek undir það. Ég held að það sé ekki skynsamlegt að þvinga einhverju máli í gegnum þingið sem þingheimur á erfitt með að skilja og á erfitt með að taka afstöðu til þess vegna. Það er hægt að búa málið betri gögnum en það er búið þegar það kom hingað inn núna. M.a. af því að hv. þm. Jón Helgason minntist á það væri gott að sjá mynd af þessu. Nefndinni var afhent mynd af málinu og út frá henni átti ég betra með að átta mig á því en fyrr.

Það er mjög bagalegt að hæstv. iðnrh. skuli ekki vera við umræðu málsins. (Gripið fram í.) Jú, ég held, hv. þm., að það sé bagalegt af þeirri ástæðu ef við erum að tala um að málinu verði jafnvel frestað. Þá þyrfti hann að geta svarað spurningu um frestun. Þó að menn séu búnir að breyta gildistökudagsetningunni, það stendur ekki lengur að þetta taki gildi um leið og samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði heldur er samkvæmt brtt. reiknað með að lögin öðlist þegar gildi. Þetta er öðruvísi orðað en sama hugsun sem liggur að baki. Það stendur alveg skýrt í greinargerðinni og kannski getur hv. formaður iðnn. svarað því hvað hér er átt við:

„Með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu höfum við skuldbundið okkur til að aðlaga íslenska löggjöf að hluta til að reglum Evrópubandalagsins."

Þess vegna er frv. flutt. Það er ekki kannski alveg sýnt að framkvæmanlegt sé að fresta málinu, þ.e. fram yfir gildistöku samningsins. Hæstv. iðnrh. ætti miklu betra með að svara þessu.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil eindregið taka undir það að málinu verði frestað en jafnframt leggja áherslu á það að nefndin taki það aftur til nákvæmrar athugunar. Ég held að nefndin þurfi að fara nákvæmlega yfir þetta því mér sýnist að frv. sé skrifað á þannig máli að það ætti að vera hægt að gera það skiljanlegra ef það væri orðað öðruvísi, a.m.k. samkvæmt þeim skilningi sem ég get fundið út úr því. Ef ég vitna í síðustu mgr. 1. gr. en þar stendur, með leyfi forseta:

„Vernd samkvæmt lögum þessum tekur ekki til hugmynda, ferla, kerfa, tækni eða upplýsinga sem svæðislýsingin hefur að geyma en teljast ekki til hennar sjálfrar."

Ég á dálítið erfitt með að skilja þetta en þó sýnist mér að það þýði, ef ég breyti því yfir í það orðalag sem er mér skiljanlegra, að vernd samkvæmt lögum þessum taki aðeins til þeirra hugmynda, ferla, kerfa, tækni eða upplýsinga sem svæðislýsingin hefur að geyma. Það er eins og einhver sagði að þarna sé tunna og lögin taki aðeins til þess sem inni í henni er en ekki þess sem er utan við. Þá er það aðeins það sem inni í tunnunni er sem þetta nær til. Þetta er aðeins ein málsgrein af ótal mörgum í frv. og ég held að nefndin verði að endurskoða frv. mjög rækilega til þess að hér verði ekki hreint slys í lagasetningu.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að þessi andsvör séu til marks um það að heitið andsvör á þessum dagskrárlið sé rangt. Það þarf að reyna að finna eitthvert annað hlutlaust heiti sem gefi kost á því að gagnrýna og taka undir sjónarmið sem næsti ræðumaður á undan hefur verið með. Ég heyrði ekki betur en í andsvörunum hafi bæði hv. 2. þm. Suðurl. og hv. 11. þm. Reykv. tekið undir þær hugmyndir sem ég var með hér áðan. Ég hef því engu við það að bæta sem þeir sögðu um málið að öðru leyti en því að ég tel augljóst að við í iðnn. þurfum, ef við eigum að skoða þetta áfram eða þeir sem þar eru, að fá stuðning ýmissa aðila, m.a. ráðuneytisins, til þess að vinna upp þau kennslugögn liggur mér við að segja sem eru undirstaða þess að menn treysti sér til þess að taka á málinu. Orðið kennslugögn hef ég frá hv. 2. þm. Suðurl.

Frsm. iðnn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Hér hafa tveir þingmenn gert að umræðuefni síðustu mgr. 1. gr., m.a. hv. þm. Jón Helgason. Af því að menn hafa tekið hér samlíkingu við tunnu og hvernig hlutum sé raðað inn í tunnuna, þá þýðir þetta það að verndin nær til þess hvernig hlutunum er raðað inn í tunnununa, þ.e. hinnar þrívíðu hönnunar á rásinni.

Ég vil segja það, virðulegi forseti, að ég skil vel að þetta tæknilega mál vefjist fyrir þingheimi. Ég get fallist á að þessari umræðu verði ekki lokið fyrr en við fengjum, samkvæmt ágætri ábendingu hv. þm. Jóns Helgasonar, skýringarmynd af því hvernig þetta er gert. Það er hárrétt sem þingmaðurinn sagði að þetta mál, sem er í eðli sínu dálítið flókið, mundi skýrast miklu betur ef það væri sett upp á mynd. Áður en umræðunni lýkur mun ég sem formaður iðnn. hlutast til um að hér verði dreift skýringarmynd af því hvernig smárás er og ég hygg að það mundi skýra þetta betur fyrir þingheimi.

Ég tel enga þörf á því að endurskrifa frv. Ég held að verstu agnúarnir hafi verið sniðnir af því og tel því fráleitt að vísa því aftur til iðnn. Ég vil líka segja af því að menn eru að tala um hvers vegna samþykkja ætti frv. hér og nú að þá er ákveðin þörf á því. Sú þörf stafar af því að Evrópubandalagið hefur veitt Íslendingum þessa vernd og hér er um að ræða gagnkvæmni. Evrópubandalagið og ríki þess hafa veitt okkur verndina og reyndar ýmsum öðrum löndum og endurgjaldið er að viðkomandi lönd veiti ríkjum Evrópubandalagsins sömu vernd.

Nú er það svo að á Íslandi eru í fæðingu ýmis hugbúnaðarfyrirtæki sem mér er sagt að muni í framtíðinni stefna á að hefja slíka framleiðslu til útflutnings. Ég bendi á að ýmis fyrirtæki eru nú þegar komin í útflutning á hugbúnaði til landa Evrópu og þess vegna er þetta mikilvægt. Við erum að standa við okkar hluta af tilteknum samningi.

Menn tala um smárásir og skilja ekki hvað í því orði felst. Smárásin er ný kynslóð rafeindarása. Hún er fullkomin rás, þ.e. heildstæð. Áður fyrr voru rafeindarásir samsettar, ekki bara úr rásinni sjálfri heldur ýms-

um íhlutum, díóðum, þéttum og viðnámum. Það gerði það að verkum að setja þurfti þessa hluti saman sem aftur leiddi til þess að þeir urðu tiltölulega stórir. Þessi nýja rás gerir kleift að leiða þetta allt saman í eitt. Þetta er ein eining. Það er hægt að setja smárásirnar niður á litla flögu, ekki bara eina smárás heldur mörg hundruð smárásir. Þar með er hægt að setja upp mjög flóknar tækniskipanir og mjög flókinn rafbúnað í miklu minni einingu en áður. Þetta hefur verið undirstaðan að sérstakri tækni sem notuð er í geimvísindum og ýmsu öðru. Galdurinn við það að koma sem flestum af þessum rásum fyrir á tiltekinni einingu felst í svæðislýsingunni. Svæðislýsingin er í raun hönnunin á uppröðun rásanna. Þess vegna getum við ekki kallað svæðislýsingu rásarteikningu vegna þess að rásarteikning er bara í tvívíðu formi. Þarna er um að ræða rás sem liggur ekki bara á yfirborði tiltekins leiðara heldur líka inn í hann, með öðrum orðum í þrívídd. Svæðislýsingin felst í því að koma sem flestum rásum sem haganlegast fyrir á sem smæstri einingu og í því liggur m.a. auðurinn sem hægt er að fá úr þessu.

Líking hv. þm. Guðrún Helgadóttir við bækur er í áttina en ekki alls kostar rétt. Þegar hv. þm. skrifar bækur er hún að beita hugviti en hún er jafnframt að beita sköpunargáfu. Menn líta ekki svo á að þegar svæðislýsing er gerð séu menn að beita sköpunargáfu heldur einungis hugviti. Það felst ekki frumleiki í því svo það hefur ekki nægilegt nýnæmi til að bera að t.d. sé hægt að fá á því einkaleyfi. Hvers vegna er þá þörf á þessari vernd? Það er vegna þess að það er geysilega flókið og erfitt að hanna þessar rásir svo rýmið sé nýtt sem best en það er ótrúlega auðvelt að afrita þær, það er því auðvelt að stela þeim. Það er auðvitað gert í stórum stíl og þess vegna er verndarinnar þörf. Þess vegna getur sú staða komið upp að einhver eignist smárás í þeirri góðu trú að hann hafi réttinn til þess að nýta hana en í rauninni hafi hún bara verið afrituð. Þetta gerist, er mér sagt, tiltölulega oft úti í hinum stóra heimi. Þá er lagt til, og það er byggt á því sem gert er annars staðar, að í staðinn fyrir að draga viðkomandi til saka greiði hann rétthafanum það sem dómstólunum þykir vera sanngjarnar bætur. Hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur mundi aldrei koma til hugar að gefa út bók sem einhver kæmi með til hennar vegna þess að hún skrifar bækur sjálf.

Virðulegi forseti. Ég hygg að ég hafi varpað örlítið skýrara ljósi á þetta flókna mál og lýsi því aftur yfir og tek undir með mönnum sem hér hafa talað: Það var afskaplega óheppilegt í hvaða formi frv. kom til nefndarinnar því það var satt að segja þannig að lykilhugtökum var víxlað sem gerði frv. mjög erfitt til skilnings. Ég get fyrir mitt leyti fallist á að umræðunni verði ekki lokið fyrr en búið er að dreifa hér teikningum af þessu og skýringum til einföldunar. Ég legg aftur áherslu á það að þó að menn séu í dag ekki í framleiðslu á smárásum eru hér sem betur fer ungir athafnamenn og ungir menntamenn sem hyggja á slíka framleiðslu. Við fengum t.d. á okkar fund í iðnn. fulltrúa frá Iðntæknistofnun sem lagði mikla áherslu á að þetta yrði samþykkt. Hann taldi að það væri skammt í það að hér yrði framleiðsla á smárásum. Þess vegna er verið að búa í haginn til framtíðar auk þess sem við erum líka að veita gagnkvæmni vegna þess að við njótum nú sömu verndar í öðrum löndum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Komið hefur fram ósk frá fleiri en einum þingmanni um að fresta þessari umræðu. (**GHelg:** Það er andsvar, forseti.) Forseti telur eðlilegt að verða við þeirri ósk. Einn hv. þm. er á mælendaskrá og forseti beinir því til hans hvort hann vill fresta ræðu sinni svo að einhver sé á mælendaskrá.

Hv. 14. þm. Reykv. hefur hins vegar óskað eftir að veita andsvar.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 17. þm. Reykv. fyrir síðustu ræðu sem var miklu meira upplýsandi en hans fyrri ræða. Ég vil jafnframt taka undir með hv. 9. þm. Reykv. að auðvitað erum við ekki að setja okkur á móti því að löggjöf verði sett um hluti sem þessa. En það er auðvitað algert lágmark að þannig sé frá því gengið að ekki sé um beinar villur að ræða.

Andsvar mitt er til komið vegna þess að ég spurði hv. 17. þm. Reykv. hvort það væru ekki villur í greinargerðinni líka og ég spyr enn. Það kann vel að vera að það sé misskilningur minn og þá leiðréttist það bara, en á bls. 4 er talað um hálfleiðarakubb. Er það ekki smárásakubbur? Ég er hrædd um að mönnum hafi láðst að leiðrétta greinargerðina til samræmis við breytingu á hugtökum í frv. sjálfu. Ég vil enn og aftur ítreka að greinargerð skiptir máli vegna þess að þeir sem síðar leita skýringar á lögum leita oft viðbótarupplýsinga í greinargerð. Ég vil af einskærri forvitni og til þess að ég geti talið sjálfri mér trú um að ég byrji að skilja frv. spyrja hvort það er ekki rétt hjá mér að þetta getur ekki heitað hálfleiðarakubbur. Kubburinn er kubbur á smárásum ef ég skil upp eða niður í þessu máli. Ég vil heyra frá hv. 17. þm. Reykv. hvort þetta er rangt hjá mér.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég þakka forseta fyrir að hafa tekið ákvörðun um að fresta umræðu um þetta mál. Ég hefði talið mjög æskilegt að það hefði verið gert fyrr. Ég vil beina því til formanns iðnn. og forseta hvort ekki væri hægt að ná samkomulagi um það að frv. sem slíkt væri endurprentað og þá án þessarar meinlegu villu og þess gætt að í greinargerð væri samræmi við þann texta sem þá væri prentaður. Ég tel að það sé eðlilegt og lít svo á að tvær fyrstu brtt. séu raunverulega efnisleiðréttingar á frv. sem hefðu átt að koma með endurprentun frv. Það er nefnilega, eins og hér hefur komið fram, grundvallaratriði að í hinu prentaða frv. sé samræmi á milli textans og grg.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti telur að hv. iðnn. muni fá möguleika til að

skoða hvernig best verði að halda áfram með þetta mál þegar tími verður til þess.

Umræðu frestað.

Staðlar, 2. umr.

Stjfrv., 4. mál. — Þskj. 4, nál. 268.

Frsm. iðnn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti iðnn. um frv. til laga um staðla. Þetta er frv. sem við ræddum talsvert á okkar fundum og fengum til viðtals Finn Sveinbjörnsson frá iðnrn., Hallgrím Jónasson og Jóhannes Þorsteinsson frá Iðntæknistofnun og Þorbjörn Karlsson frá Staðlaráði.

Nefndin leggur áherslu á það eftir miklar umræður og sér í lagi viðtöl við fulltrúann frá Iðntæknistofnun, Hallgrím Jónasson, að þegar ákvörðun verður tekin um framtíðarstöðu Staðlaráðs verði það gert í samkomulagi við alla hlutaðeigandi aðila. Þetta er gert sérstaklega vegna þess að fram komu áhyggjur hjá starfsmönnum staðladeildar Iðntæknistofnunar um að þegar framtíðarskipan þessara mála verði ráðin þyrfti að hyggja vel að hagsmunum þeirra. Þegar nefndin fjallaði um málið barst henni umsögn frá iðnrn. þar sem segir m.a.:

„Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi sinnir Staðlaráð Íslands staðlamálum fyrir hönd stjórnar Iðntæknistofnunar. Í þessu felst í rauninni að Staðlaráð Íslands er eins konar stjórn yfir staðladeild Iðntæknistofnunar án þess þó að bera endanlega ábyrgð á starfsmannahaldi eða fjármálum deildarinnar. Ráðuneytið telur því eðlilegt að í þeim starfsreglum, sem Staðlaráð Íslands á að setja sér skv. 4. gr. frumvarpsins og ráðherra að staðfesta, verði þess freistað að sníða helstu agnúana af þessu fyrirkomulagi."

Nefndinni þykir rétt að taka það fram að hún er eindregið þeirrar skoðunar að Staðlaráð Íslands skuli notfæra sér þjónustu staðladeildar Iðntæknistofnunar en gerir ekki tillögu um það að svo stöddu að binda slíkt sérstaklega í lög.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv. Fjarstaddur afgreiðsluna var Guðjón Guðmundsson en undir þetta rita auk framsögumanns, Pálmi Jónsson, Sigríður Anna Þórðardóttir, Svanhildur Árnadóttir, Svavar Gestsson, með fyrirvara, Elín R. Líndal, með fyrirvara, Finnur Ingólfsson, með fyrirvara, og Kristín Einarsdóttir, með fyrirvara.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 268 og einnig kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, formanns iðnn., þá skrifuðum við nokkur undir nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari er fyrst og fremst tengdur sambandinu milli Staðlaráðs og Iðntæknistofnunar sem formaður nefndarinnar drap reyndar á. Við teljum að það sé mjög mikilvægt og hefði reyndar verið betra að taka á þessum málum nú, þ.e. tengslunum þarna á milli. Eins og fram kemur í umsögninni frá Iðntæknistofnun, sem ég ætla að leyfa mér að lesa, þá telur Iðntæknistofnun ekki nægilega vel tekið á þessum málum. Með leyfi forseta:

„Stjórn Iðntæknistofnunar er ekki ljóst hvert stefnir með staðlastarfsemi stofnunarinnar samkvæmt núverandi frv. Á stofnuninni starfa í dag sjö manns að stöðlun og tengdri starfsemi. Ef stofnunin á að halda þessari starfsemi áfram er æskilegt að kveðið sé skýrar á um þátt hennar og ábyrgð á þessu sviði, annars getur stofnunin litið þannig á að þetta sé utan við hennar verksvið. Stjórn stofnunarinnar vill ítreka að staðlastarfið er mjög mikilvægur þáttur í þróun framleiðslu og almennra viðskiptahátta í framtíðinni. Því vill hún að fyrir liggi hvar ábyrgð og frumkvæði eigi að vera í þessum efnum."

Eins og hv. formaður iðnn. sagði áðan telur nefndin að Staðlaráð Íslands skuli notfæra sér þjónustu staðladeildar Iðntæknistofnunar og þess vegna gerir nefndin ekki tillögu að svo stöddu um að binda þetta sérstaklega í lög. Eins og ég sagði áðan hefði verið æskilegra að taka á þessu í heild. En þar sem mér og reyndar öðrum í iðnn. finnst mjög mikilvægt að styrkja lagagrundvöll um staðla og stöðlun hér á landi teljum við eðlilegt að styðja þetta frv. nú. Við munum auðvitað styðja það eins og fram kemur í nál.

Þetta er ekki fyrsta frv. um staðla sem við fjöllum um í iðnn. Ég hef löngum barist fyrir því að frv. um staðla verði lögfest hér á landi. Það hefur strandað á ýmsum málum, þá fyrst og fremst starfsmannamálum, t.d. á síðasta þingi. Nú er búið að finna sæmilega lausn á þessum málum og vonast ég til þess að þetta frv. geti orðið að lögum fljótlega þar sem, eins og ég sagði áðan, það er mjög nauðsynlegt og mikilvægt að styrkja lagagrundvöll um staðla og stöðlun hér á landi.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Mér sýnist að með þessu frv. sé verið að stíga skynsamlegt skref í sambandi við löggjöf er varðar staðla hérlendis þar sem horfið er frá fyrri hugmyndum, sem voru kynntar á Alþingi í frumvarpsformi á fyrri þingum, að því er varðar málsmeðferð í sambandi við staðla hér, þátt staðladeildar Iðntæknistofnunar og fleira sem fram kemur í frv. Því styð ég lögfestingu þessa máls eins og það liggur fyrir frá iðnn. Ég tel að nefndin hafi haldið rétt á málinu og ekki síst í því að skilja þetta mál frá samningi um Evrópskt efnahagssvæði sem hefur verið til umræðu í þinginu en enginn veit hvaða afdrif mun fá. Ég held að það ætti að vera regla varðandi þau frv. sem a.m.k. er samstaða um og tengjast ekki efnislega þessum samningi. Það er auðvitað fráleitt að leggja þetta mál fyrir með þeim hætti og fleiri mál sem eru þess eðlis að þau eru efnislega jákvæð og skynsamleg, alveg óháð því hvar Ísland skipar sér á bekk í alþjóðlegu samstarfi eða hvaða alþjóðasamningar eru gerðir.

Ég vil líka vekja athygli á því að þetta mál um staðla og Evrópusamvinna varðandi staðlamálefni á

vegum svokallaðra staðlasambanda, sem eru skammstöfuð CEN og CENELEC og eru vel þekkt hugtök hjá þeim sem eru að sýsla við þessi efni, þetta samstarf hófst löngu áður en hugmyndir komu fram um Evrópskt efnahagssvæði. Ísland var þátttakandi í þeirri vinnu sem fór fram á vegum EFTA-ríkjanna í samvinnu við Evrópubandalagið um þessi málefni svo sem eðlilegt var. Á sama tíma er þetta mál, þetta efni, notað af þeim talsmönnum sem eru að knýja á um aðild Íslands að EES, mál sem liggur opið fyrir Íslendingum að vera þátttakandi í sem liður í alþjóðlegu samstarfi, gjörsamlega óháð þessum samningi. Svo er um mjög margt fleira sem reynt er af þeim aðilum sem reka áróður fyrir Evrópsku efnahagssvæði og inngöngu Íslands í það og skýra nauðsynina á því með atriðum eins og þessu sem og atriðum sem varða fjölmarga þætti sem hafa verið í gangi og komin eru á góðan rekspöl. Um 20–30 eru reyndar frágengin í mörgum atriðum. Það eru samstarfsverkefni milli EFTA og Evrópubandalagsins sem samkomulag var um í framhaldi af svonefndri Lúxemborgaryfirlýsingu 1984 eða 1985 að taka upp á milli Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna. Síðan er verið að reyna að skreyta sig varðandi þennan samning og fegra þennan samning um Evrópskt efnahagssvæði út á slík málefni sem ýmist er búið að ganga frá í tvíhliða samningum við Evrópubandalagið eða er á vinnslustigi. Við heyrum það dögum oftar og það í sjónvarpsþáttum frammi fyrir alþjóð þar sem haldið er á málum eins og gert var af hálfu sjónvarpsins sl. sunnudag — ég ætla ekki að ræða það út af fyrir sig sérstaklega þar sem verið er af talsmönnum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði að nota sjónvarpið — t.d. samvinnu á sviði menntamála og í sambandi við framleiðslumálefni og afnám viðskiptahindrana með ákvæðum sem þessum.

Það var auðvitað hárrétt hjá iðnn. að víkja burt því ákvæði í frv. og það er að gerast í ýmsum öðrum málum þar sem verið er að binda gildistöku þessara laga við samning um Evrópskt efnahagssvæði sem, eins og ég sagði, enginn veit hvaða afdrif mun fá og langt frá því að menn sjái í land með það sem betur fer. Það á eftir að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla í Sviss innan skamms um það efni, um aðra helgi hér í frá. Ég skal ekki leiða neinum getum að því hvernig niðurstaða verður þar. Það er eftir að taka á þessu máli á Alþingi Íslendinga. Heilir stjórnmálaflokkar eru að búa sig í það að taka efnislega afstöðu til málsins, ég held um komandi helgi, þar sem afstaða hefur ekki legið ljóst fyrir. Það er auðvitað langt frá því að þetta mál er varðar Evrópskt efnahagssvæði sé í höfn eins og má skilja af talsmönnum þessa samnings. Því er það óháð því hvað um hann verður og eðlilegt af hálfu Alþingis að tengja ekki mál sem er efnislega eðlilegt að lögfesta hér við samþykkt þess samnings. Þeir sem reka áróður fyrir þessum samningi ættu að leggja það af að tengja atriði sem eru þessum samningi óviðkomandi við þann samning þótt auðvitað sé hugmyndin sú, ef af þessu Evrópska efnahagssvæði verður, að fella það stjórnunarlega undir í samskiptum Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna sem snýr að samstarfsverkefnum. Það er kannski ekkert skrýtið þótt það sé hugmyndin. En það er önnur saga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gagnkvæm viðurkenning á menntun, 2. umr.

Stjfrv., 77. mál. — Þskj. 79, nál. 317 og 327, brtt. 318.

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá meiri hluta menntmn. um frv. til laga um gagnkvæma viðurkenningu á menntun ríkisborgara í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og á Norðurlöndum til starfsréttinda á Íslandi.

„Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og fengið til viðtals Hörð Lárusson, deildarstjóra úr menntamálaráðuneytinu, og Berglindi Ásgeirsdóttur, ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að orðin „vegna menntunar er veitir starfsréttindi“ í 1. mgr. 1. gr. falli brott og í þeirra stað komi orðin: vegna starfsmenntunar. Með þessari breytingu er verið að orða gildissvið frumvarpsins skýrar þannig að það nái einungis til viðurkenningar á þeirri menntun og prófskírteinum sem aðili hefur hlotið. Jafnframt eru gerðar aðrar smávægilegar orðalagsbreytingar á 1. gr.

2. Lagðar eru til breytingar á fyrri málsgrein 1. gr., 2. gr., fyrri málsgrein 4. gr. og 5. gr. sem þrengja gildissvið frumvarpsins þannig að það nái einungis yfir eina tilskipun, þ.e. tilskipun 89/48EBE, sem tengist samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, auk þeirra samninga sem ríkisstjórnir Norðurlanda gera og öðlast hafa gildi að því er Ísland varðar.

3. Lagt er til að felld séu brott ákvæði í 5. gr. er lúta að framkvæmd laganna og eiga að mati nefndarmanna betur heima í reglugerð.

4. Lagt er til að heiti frumvarpsins verði breytt til að fyrirbyggja mistúlkun á gildissviði þess.

Í umræðum í nefndinni komu fram efasemdir um hvort nauðsynlegt væri að hafa undanþáguákvæði 1. mgr. 4. gr. inni í texta frumvarpsins. Niðurstaða nefndarmanna var sú að ákvæðið væri nauðsynlegt vegna þeirra skuldbindinga sem felast í Norðurlandasamningnum.

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins.“

Undir nál. rita Sigríður A. Þórðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Björn Bjarnason, Tómas Ingi Olrich og Valgerður Sverrisdóttir, með fyrirvara.

Frv. það sem hér er til umfjöllunar fjallar um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum og tekur eingöngu til lögverndaðra starfa. Í menntmrn. er unnið að

samantekt á þeim starfsheitum sem falla undir tilskipun 89/48EBE og norræna samninginn frá 1990. Sú samantekt er unnin í samráði við önnur ráðuneyti.

Markmið frv. er að auðvelda frjálsan flutning ríkisborgara innan EES og innan Norðurlanda sem vilja starfa í öðru landi en því sem þeir hlutu menntun sína og starfsþjálfun í. Að fenginni viðurkenningu á prófskírteinum standa erlendir ríkisborgarar jafnfætis íslenskum ríkisborgurum hvað varðar umsóknir um störf. Hins vegar er það að sjálfsögðu á valdi vinnuveitenda hvaða umsækjanda þeir veita starfann og hvaða kröfur þeir gera til hans. Gert er ráð fyrir því að þau stjórnvöld sem nú fjalla um og afgreiða umsóknir um leyfi til að leggja stund á tiltekin störf hér á landi geri það áfram og sjái jafnframt til þess að settum skilyrðum, samkvæmt frv., verði fullnægt. Einnig er gert ráð fyrir að haft verði náið samstarf við aðila vinnumarkaðarins við meðferð og afgreiðslu umsókna útlendinga um heimild til að stunda starf hér á landi.

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á 5. gr. frv. Þar er menntmrn. falið að sjá um og samræma framkvæmd þeirrar tilskipunar og samninga sem falla undir 1. gr. frv. Rétt er að árétta sérstaklega mikilvægi þess að íslensk stjórnvöld safni upplýsingum um nám og forsendur starfsréttinda innan EES og á Norðurlöndum og bregðist skjótt og vel við beiðnum Íslendinga sem hyggjast starfa annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu og á Norðurlöndum um fullnægjandi upplýsingar og vottorð eftir því sem krafist er í hverju landi. Þessi þáttur í framkvæmd laganna er mjög mikilvægur þar sem möguleikar Íslendinga til að nýta sér þá gagnkvæmu viðurkenningu á menntun og prófskírteinum til starfa á Evrópska efnahagssvæðinu grundvallast m.a. á því að vel sé að þessum þætti staðið af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Fjölmargar umsagnir bárust um frv. til menntmn. Athugasemdir voru einkum af þrennum toga:

1. Um mismunandi menntun innan svæðisins.
2. Um íslenskukunnáttu.
3. Um þekkingu á íslenskum lögum og reglugerðum einstakra starfsstétta.

Hvað menntunina varðar er ljóst að engir tilburðir eru uppi um samræmingu á henni innan EB. Það er víst að hér á landi eru gerðar meiri kröfur til menntunar sumra starfsstétta en í ýmsum löndum EB. Samkvæmt frv. er hægt að krefjast hæfnisprófs, viðbótarmenntunar eða starfsþjálfunar eftir því sem við á. Strangar kröfur um menntun hér á landi ættu að geta skapað Íslendingum sterkari stöðu til að sækja um störf annars staðar á svæðinu sem og hérlendis.

Um íslenskukunnáttuna er það að segja að það telst ekki mismunun innlendra ríkisborgara og ríkisborgara frá EES-ríkjum að gera kröfur um þekkingu á því tungumáli sem notað er í landinu ef starfið krefst þess. Gjarnan hefur verið tekið dæmi um grunnskólakennara en það hlýtur einnig að gilda um fleiri störf. Það er nauðsynlegt að kveða skýrt á um það hvaða störf hjá hinu opinbera krefjast íslenskukunnáttu. Það verða viðkomandi ráðuneyti að gera og tryggja samræmda framkvæmd um allt land ella er hætta á því að krafist verði íslenskukunnáttu til að vinna starfið í einum landshluta en ekki öðrum. Það mætti hugsa sér að þeim sem annast ráðningar í umboði ríkisins verði sendar leiðbeiningar um það hvaða kröfur verði að gera til erlendu ríkisborgaranna frá EES-ríkjunum um íslenskukunnáttu til að gegna viðkomandi starfi. Höfuðatriðið í þessu sambandi, þ.e. hvað varðar störf hjá því opinbera, er að tryggja að ekki verði ósamræmi í kröfum til íslenskukunnáttu sem ræðst t.d. af framboði og eftirspurn í viðkomandi starf.

Ljóst er að hægt er að krefjast viðamikillar þekkingar á íslenskum lögum og reglum þar sem það á við.

Frsm. minni hluta menntmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Nú eru tekin að streyma inn í þingsali þau EES-frv. sem nefndir hafa haft til athugunar eftir fyrstu umræðu enda styttist óðum sá frestur sem þingið hefur til að afgreiða þetta mál ef rás viðburðanna verður ekki sú að samningurinn verði felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu í Sviss. Ég held í rauninni að við ættum að fara okkur hægt á Alþingi Íslendinga og sjá hver niðurstaðan verður í Sviss því það kallar auðvitað á frestun málsins ef samningurinn fellur þar. Þar af leiðandi liggur ekkert á að við séum að hamast við að afgreiða hvert málið á fætur öðru. Það verður auðvitað að segjast að þessi mál sem teljast fylgifrv. með EES-samningnum eru af mörgum toga og sum þeirra tengjast samningnum beint, önnur eru þess eðlis að þau eru einfaldlega lagasetning af einu eða öðru tagi, misjafnlega góð. Mörg þessara lagafrv. eru vissulega mál sem allir þingflokkar geta staðið að. Það frv. sem hér er komið til 2. umr., frv. til laga um gagnkvæma viðurkenningu á menntun ríkisborgara í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og á Norðurlöndum til starfsréttinda á Íslandi, er frv. sem tengist EES-samningnum beint. Það er afleiðing af einum fjórða hluta fjórfrelsisins svokallaða, þ.e. frelsi fólks til flutninga milli þeirra landa sem eru aðilar að EES-samningnum.

Það er meginástæðan fyrir því að hér liggur fyrir minnihlutaálit frá tveimur fulltrúum í menntmn. Frv. er bein afleiðing af EES-samningnum. Gildistaka þess er tengd því að samningurinn komist í framkvæmd. Þar af leiðandi treystum við okkur ekki til að styðja þetta mál en munum sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ég ætla að gera grein fyrir nál. minni hlutans sem er að finna á þskj. 327. Það er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur á þessu hausti haft til umfjöllunar eitt af þeim frumvörpum sem beinlínis tengjast hugsanlegri aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að ríkisborgarar aðildarríkja EES geti komið hingað til lands, lagt fram próf sín eða skírteini um menntun, fengið þau viðurkennd og síðan hafið leit að vinnu. Jafnframt gildir áfram sá samningur sem um árabil hefur tengt saman Norðurlöndin sem einn vinnumarkað. Á móti kemur að Íslendingar hafa sömu möguleika til viðurkenningar á menntun og prófum í þeim ríkjum sem munu gerast

aðilar að EES verði samningurinn að veruleika.

Samvinna í menntamálum þjóða í milli er bæði æskileg og nauðsynleg svo og gagnkvæm viðurkenning á prófum og menntun þannig að þekkingu og reynslu verði miðlað milli þjóða. Slík samvinna á að okkar dómi að vera óháð efnahagsbandalögum og ríkjaheildum. Því væri mun nær að gera ráð fyrir viðurkenningu á prófum og menntun fólks alls staðar að úr heiminum að því tilskildu að þau standist þær kröfur sem gerðar eru hér á landi sé á annað borð vilji til að opna íslenskan vinnumarkað. Það hlýtur að vera grundvallaratriði að kröfur verði ekki minnkaðar til samræmis við það sem kann að gerast í ýmsum löndum Evrópu.

Ljóst má vera að það er flókið mál að átta sig á skólakerfum og þeim mismunandi kröfum sem gerðar eru til hinna ýmsu starfsstétta. Menntakerfi eru mismunandi eftir löndum og álfum og því verður engan veginn einfalt að framfylgja fyrirhuguðum lögum, jafnvel þótt ríki EES verði ein um hituna. Íslendingar hafa þó manna mesta reynslu af því að leita sér menntunar vítt um veröld alla enda hafa menntamálaráðuneytið og Lánasjóður íslenskra námsmanna aflað sér mikilla upplýsinga um skóla víða um heim. Íslendingar ættu því alveg eins að ráða við heiminn allan eins og EES þegar próf og menntun eru annars vegar.

Minni hluti nefndarinnar er andvígur þeirri úreltu heimssýn sem birtist í EES þótt vissulega megi benda á nokkra kosti sem fylgja mundu aðild Íslands að EES. Minni hlutinn telur hagsmunum og framtíð þjóðarinnar betur borgið utan þessarar efnahagsheildar en innan og vill fremur sjá sem frjálsust viðskipti milli allra þjóða heims en blokkamyndun og einangrunarstefnu af því tagi sem einkennir Evrópubandalagið. Því styður minni hlutinn ekki þau mál sem eru bein afleiðing af samningnum um EES og hefðu annaðhvort ekki komið til umfjöllunar á Alþingi eða verið með allt öðrum hætti hefði Alþingi eitt um vélað. Þá leiðir gildistökuákvæði frumvarpsins einnig af sér að minni hlutinn styður það ekki þótt hann sé efnislega samþykkur því að fólk eigi greiðan aðgang að viðurkenningu á menntun og prófum utan sem innan EES. Minni hluti nefndarinnar mun því sitja hjá við afgreiðslu málsins."

Þetta var álit minni hluta menntmn. Undir það skrifa Svavar Gestsson og Kristín Ástgeirsdóttir.

Virðulegi forseti. Þetta mál er þess eðlis að það er ómögulegt að gera sér grein fyrir því hversu margir munu nýta sér þann rétt sem lögin munu fela í sér, þ.e. til viðurkenningar á prófum og menntun, og leita síðan eftir vinnu hér á landi. Reynslan hefur þó sýnt að hingað koma karlar og konur frá ýmsum löndum, ekki síst frá Norðurlöndunum og leita hér eftir störfum þótt flestir séu þeirrar skoðunar að þessi opnun, sem verður með EES, muni tæplega leiða yfir okkur einhverja holskeflu fólks frá hinu Evrópska efnahagssvæði vegna þess einfaldlega að hér er atvinnuleysi vaxandi. Hið sama gildir auðvitað um Íslendinga, atvinnuleysi er gríðarlega mikið á hinu Evrópska efnahagssvæði og því varla eftir miklu að slægjast nema í einstaka greinum. Þó getur enginn fullyrt hvað muni gerast. Þess vegna stöndum við frammi fyrir því að ákveða hvort við erum hlynnt því að opna íslenskan vinnumarkað með þessum hætti og hvort við viljum opna fyrir þennan takmarkaða hluta Evrópu eða fyrir heiminum öllum eins og kemur fram í þessu nál.

Þess eru mörg dæmi að fólki hefur gengið illa að fá próf sín viðurkennd hér á landi, ýmist vegna þess að hér hafa verið gerðar kröfur um tungumálakunnáttu eða að gilt hafa mjög harðar reglur um það hvaða skilyrði eigi að uppfylla til að geta hafið störf hér á landi. Ég nefni t.d. heilbrigðisgreinar og það er ekki ýkja langt síðan það gerðist að íslenskur guðfræðingur, sem hlotið hafði menntun sína í Svíþjóð þar sem líka er að finna hina evangelísku, lútersku kirkju, þurfti að sæta þeim reglum að taka hér námskeið. (**Forseti:** Forseti vill aðeins benda hv. þm. á að klukkan er orðin fjögur og spyrja hvort langt er eftir af ræðu hv. þm., hvort hún geti lokið henni á skömmum tíma eða frestað henni.) Ég held ég kjósi að fresta ræðu minni.

Umræðu frestað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Tekin eru út af dagskrá 9.–12. dagskrármál.

62. FUNDUR

fimmtudaginn 26. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til félagsmálaráðherra:

1. Gjald fyrir greiðsluáskorun Húsnæðisstofnunar ríkisins, fsp., 152. mál, þskj. 173.

2. Lögbýli í sveitum, fsp., 235. mál, þskj. 298.

Til samstarfsráðherra Norðurlanda:

3. Mannréttindi í Eystrasaltsríkjunum, fsp., 170. mál, þskj. 195.

Til utanríkisráðherra og umhverfisráðherra:

4. Mótmæli gegn plútonflutningum, fsp., 242. mál, þskj. 311.

Til dómsmálaráðherra:

5. Fyrirboðar gjaldþrota, fsp., 250. mál, þskj. 324.

Til umhverfisráðherra:

6. Veiðistjóri, fsp., 249. mál, þskj. 323.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þess skal getið að í upphafi næsta fundar, að loknum þessum fundi, mun fara fram utandagskrárumræða sem standa má í hálftíma. Hún fer fram að beiðni hv.

8. þm. Reykn., Ólafs Ragnars Grímssonar, og er um sjávarútvegssamning við Evrópubandalagið.

Gjald fyrir greiðsluáskorun Húsnæðisstofnunar ríkisins, ein umr.

Fsp. GHelg, 152. mál. — Þskj. 173.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Á sl. sumri fóru fólki að berast allharkalegir reikningar frá Húsnæðisstofnun ríkisins ef greiðslur af húsnæðislánum höfðu ekki borist innan þriggja mánaða. Þá barst greiðsluáskorun sem ekki var annað en beiðni um að menn greiddu afborgun sína, en sú greiðsluáskorun kostaði 4.500 kr., með virðisaukaskatti 5.603 kr. Engu skipti hvort skuldin var há eða lág. Við þetta bættust að sjálfsögðu aukavextir. Svo dæmi sé tekið var afborgun að upphæð 10.801,50 kr. með gjalddaga 1. maí sem greidd var 1. sept. orðin 17.389,00 kr. og greiðandi sem greiddi þá af þremur slíkum bréfum varð því að greiða um 22 þús. kr. í sekt. Eftirstöðvar allra bréfanna í þessu tilviki náðu ekki 1 millj. kr.

Vissulega ber fólki að greiða skuldir sínar á gjalddaga. En hrjáðir íbúðakaupendur létu í þessu tilviki bankaskuldir ganga fyrir. Það hefur þó vísast verið óráðlegt því að hér er um að ræða mun harðari sektir en bankar leyfa sér að leggja á fólk. Ég leitaði upplýsinga hjá stofnuninni og sýndi raunar hæstv. félmrh. eina slíka greiðsluáskorun og stuttu seinna eða 19. okt. sl. birtist frétt í Dagblaðinu þar sem tilkynnt er að þessu hafi verið breytt að hluta. Þar segir m.a.:

„Á stjórnarfundi Húsnæðisstofnunar á fimmtudag voru tilkynntar breytingar á gjaldi vegna greiðsluáskorana frá stofnuninni. Verður gjaldendum 1. maí gjalddagans aðeins gert að greiða fyrir greiðsluáskorun af tveimur bréfum en ekki fleirum." Og hér segir áfram, með leyfi hæstv. forseta: „Að sögn Sigurðar E. Guðmundssonar, forstjóra Húsnæðisstofnunar, kemur þessi breyting þeim til góða sem hafa fleiri en tvö skuldabréf frá stofnuninni á sínum eignum. Hann sagði að ekki væri óalgengt að húseignir hefðu allt að fimm til sex skuldabréf frá Húsnæðisstofnun á einni eign. Staða þeirra sem hafa tvö bréf á eign verður óbreytt. Greiðsluáskorunargjald er sett á þremur mánuðum eftir gjalddaga."

Eins og ástandið er nú í þjóðfélaginu má búast við að æ erfiðara reynist að standa í skilum við stofnunina en þau hafa raunar verið ótrúlega góð. Þessar innheimtuaðgerðir hjóta að vekja spurningar um eftir hvaða reglum sé farið við ákvarðanir um þær og því hef ég leyft mér að bera fram fsp. um það á þskj. 173 sem hjóðar svo, með leyfi hæstv. forseta, og ég bið hæstv. félmrh. að svara þeim:

„1. Hvenær var ákveðið að leggja sérstakt gjald á skuldara fyrir greiðsluáskorun? Hver tók þá ákvörðun og hvenær tók ákvörðunin gildi?

2. Hvers vegna var síðan tekin ný ákvörðun um að gjaldið legðist aðeins á tvö bréf? Hver tók þá ákvörðun og hvenær tók hún gildi?

3. Er það skilyrði að bréfin séu greidd á sama gjalddaga eða er miðað við ársgreiðslur?"

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Forsaga þessa máls er sú að fyrri hluta árs 1990 tók Húsnæðisstofnun sjálf að annast innheimtu vanskilalána. Áður hafði veðdeild Landsbanka Íslands annast þetta fyrir stofnunina. Gjaldskrá stofnunarinnar tók mið af því að jafna niður á skuldara sérstökum kostnaði vanskila, t.d. vegna búsetu. Áður var verulegt ósamræmi í greiðslum eftir búsetu. Skuldarar af landsbyggðinni báru lögfræðikostnað og útlagðan ferðakostnað vegna uppboðsmeðferðar en skuldarar á höfuðborgarsvæðinu ekki ef skil voru gerð fyrir þriðja uppboð.

Í maí sl. tilkynnti umboðsmaður Alþingis í bréfi að stofnuninni væri ekki stætt á að haga gjaldtöku við vanskilainnheimtu þannig að taka mið af gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og jafna niður kostnaði vegna vanskila í einstökum tilfellum. Fram kemur í áliti umboðsmanns Alþingis að Húsnæðisstofnun hafi heimild til að fá endurgoldinn þann kostnað sem stafar af eðlilegum og réttmætum ráðstöfunum stofnunarinnar við innheimtu lána sem eru í vanskilum við sjóði sem undir stofnunina heyra. Sá lagagrundvöllur sem stofnunin hefur til innheimtu gjalda í þessu sambandi er sú almenna réttarregla að kröfuhafi geti krafið skuldara um þann kostnað sem stafar af réttmætum aðgerðum til innheimtu kröfu vegna vanskila þannig að kröfuhafi verði skaðlaus.

Lagastofnun Háskóla Íslands skilaði einnig í júní sl. álitsgerð fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins og taldi að Húsnæðisstofnunin gæti látið semja gjaldskrá vegna innheimtu vanskilaskulda og eðlilegt sé að miða við að stofnunin verði í meginatriðum skaðlaus. Álit umboðsmanns leiddi til þess að fram fór gagnger endurskoðun á innheimtumálum stofnunarinnar. Leiddi hún til þess að framkvæmdastjóri hennar tók ákvörðun um gjaldskrá stofnunarinnar með hliðsjón af áliti umboðsmanns Alþingis. Auglýsing um gjaldskrá vegna vanskilainnheimtu var síðan birt í Lögbirtingablaðinu hinn 31. júlí 1992 og tók þegar gildi. Var þar m.a. kveðið á um greiðslu fyrir sendingu greiðsluáskorunar sem send er fyrir sérhvert skuldabréf í vanskilum. Var ekki talið fært að hafa annan hátt á. Stafaði það m.a. af því að í framangreindu bréfi umboðsmanns er það talið grundvallaratriði að hver og einn beri sinn kostnað af vanskilum og eigi sé heimilt að jafna honum út á aðra, þar með t.d. að sá sem er í litlum vanskilum verði látinn bera kostnað fyrir þann sem er í meiri vanskilum, né heldur að sá sem býr í þéttbýli sé látinn taka á sig kostnað vegna ferða lögmanna til þess sem býr víðs fjarri í dreifbýli.

Spurt er hvers vegna hafi verið tekin ný ákvörðun um að gjaldið legðist einungis á tvö bréf. Ástæðan er sú að fram kom mikil óánægja hjá þeim sem voru með mörg skuldabréf í vanskilum. Lán úr Byggingarsjóði ríkisins voru oft greidd út í tveimur til þremur hlutum

og því geta verið tvö eða fleiri skuldabréf sem þarf að greiða á gjalddaga en tilheyra í raun sama láninu.

Eins og áður hefur verið vikið að er það álit umboðsmanns að grundvallaratriði sé að hver og einn beri sinn kostnað af vanskilum og ekki sé hægt að jafna honum út á aðra. Af þessum sökum töldu stjórnendur Húsnæðisstofnunar ekki fært annað en að leita leiða til að leysa málið. Niðurstaðan varð sú að miða skyldi við tvö skuldabréf þar sem útreikningar sýna að rétt rúmlega tvö skuldabréfalán frá stofnuninni hvíla að meðaltali á hverri íbúð sem veðsett er fyrir lánum frá henni. Ákvörðun þessa tók framkvæmdastjóri stofnunarinnar og tilkynnti hana á fundi húsnæðismálastjórnar hinn 15. okt. sl. Fyrir liggur að vegna þess verður stofnunin fyrir tekjutapi er nemur 10,9 millj. kr. Ákvörðunin er afturvirk frá gildistöku gjaldskrárinnar hinn 31. júlí sl. Rétt er að vekja athygli á því að hún varðar eingöngu þann lið gjaldskrárinnar sem fjallar um sendingu greiðsluáskorunar. Eftir sem áður verður skuldari að greiða allan kostnað vegna vanskilainnheimtu eftir atvikum, svo sem til ríkissjóðs.

Í þriðja lagi er spurt: Er það skilyrði að bréfin séu greidd á sama gjalddaga eða er miðað við ársgreiðslur? Gjaldtaka fyrir sendingu greiðsluáskorunar miðast að hámarki við tvö skuldabréf á hverjum gjalddaga. Þetta fyrirkomulag miðast þannig við fjölda skuldabréfa í vanskilum á hverjum gjalddaga þannig að ef viðkomandi er með fjögur skuldabréf í vanskilum sem eru með mismunandi gjalddaga þarf að greiða gjald fyrir greiðsluáskorun vegna þeirra allra.

Ég vænti þess, herra forseti, að ég hafi með þessu svarað öllum atriðum fsp.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þetta svar. En mér þykir það satt að segja með hreinum ólíkindum því að þessar greiðsluáskoranir sem ég er að tala um bera svo sem engan kostnað í sér, póstgjald í hæsta lagi. Hér er um að ræða prentuð bréf sem einhverjar tölur eru fylltar inn í. Sá sem sendir bréfið er þegar búinn að skrifa undir það, það er sem sagt fjölritað svo að hér er ekki um neinn kostnað að ræða. Þetta er auðvitað bara tekjustofn fyrir stofnunina. Og leyfi mér að spyrja hæstv. ráðherra sem talar nú um tekjutap. Var þetta gróðafyrirtæki innan stofnunarinnar? Hagnaðist stofnunin á vanskilum? Auðvitað borga allir sem skulda vexti af skuldum sínum og það mótmælir því ekki nokkur maður. En það er ansi hátt gjald fyrir eitt lítið bréf til að minna menn á að þeir megi nú fara að borga bréf þegar dálítill tími er liðinn frá gjalddaga, að greiða fyrir það 5.600 kr. án tillits til hver skuldin er. Í þessu tilviki var hér um mjög lágar skuldir að ræða, enda lág lán upphaflega.

Nú vitum við það að við öll sem erum með húsnæðisstofnunarlán að þau færast upp og framreiknast þannig að stofnunin er ekki að tapa neinu á okkur nema síður sé. Var það virkilega ætlunin að græða á fátækum íbúðakaupendum og húsbyggjendum með því að finna tekjustofn innan stofnunarinnar? Ég lýsi furðu minni yfir þessu. Ég var ekki að spyrja um þá sem komnir eru að lögfræðikostnaði og ferðalögum lögfræðinga út á land né nauðungarsölu. Það gilda aðrar reglur um það sem einnig er sagt frá í þessari umræddu grein að þar verða menn að greiða þúsundir kr. En áður en að því var komið, þá var farið að skattleggja fólk á þennan hátt og ég vil nú spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki væri eðlilegra að stofnunin næði jafnvægi í lánum og í greiðslum og innheimtu og skuldum með eðlilegum vöxtum heldur en vera að búa til einkatekjustofn innan stofnunarinnar. Ég á enn þá eftir að fá skýringu á af hverju nú er skattur af tveimur bréfum en þá ekki þremur ef þau eru þrjú. Og hvers konar geðþóttaákvarðanir eru þetta innan stofnunarinnar? Ráðherra talar eins og hún hefði hvergi komið nálægt þessu. Og ég spyr: Var hún ekki spurð?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Nei, ráðherra var ekki spurður um hvernig staðið skyldi að þessari innheimtu. Húsnæðisstofnun taldi það vera í sínum verkahring að ákveða það. Hv. fyrirspyrjandi lætur að því liggja að hér sé um tekjustofn fyrir stofnun að ræða og að hér sé einhver gróðalind á ferðinni. Hér er einungis um það að ræða að tekið er gjald til að standa undir greiðslum vegna vanskilanna. Og þar sem hv. þm. hélt því fram fyrr í þessari umræðu að hér sé um harðari sektir að ræða heldur en ef um væri að ræða skuldir í bönkum, þá vil ég leyfa mér að efa það. Þessar greiðsluáskoranir eru sendar þremur mánuðum eftir að skuldin fellur í gjalddaga og ég er hrædd um það að í bönkunum sé gripið fyrr til aðgerða. Ég hef einmitt látið taka saman fyrir mig mismun á þessum kostnaði annars vegar vegna vanskila hjá Húsnæðisstofnun og hins vegar vegna vanskila í bönkum sem þá er greidd samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélagsins. Það kemur í ljós að ef við tökum t.d. 100 þús kr. sem eru í vanskilum og um er að ræða tvö lán, þá er kostnaður 11.200 kr. hjá Húsnæðisstofnun en 21 þúsund ef um er að ræða innheimtu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélagsins. Ég held því að það sé nú of mikið að fullyrða að það séu harðari sektir ef um er að ræða vanskil hjá Húsnæðisstofnun en hjá bönkum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

(**GHelg:** Má ég gera athugasemd?) Hv. þm. er nú þegar búin að tala tvisvar og ekki er gert ráð fyrir ...(**GHelg:** Má ég þá bera af mér sakir? Vegna þess að ég þarf að leiðrétta misskilning ráðherrans á því sem ég sagði.) Hv. 14. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir, þó að forseti skilji nú ekki hvað það er.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég hlýt að fá leyfi til að segja hæstv. ráðherra að bankarnir eru einfaldlega ekkert farnir að senda neinar greiðsluáskoranir innan þriggja mánaða vegna almennra skuldabréfa. Bankarnir eru satt að segja miklu mildari í innheimtu heldur en Húsnæðisstofnun ríkisins og lögmannakostnaður kemur ekki á bankabréf fyrr en eftir 6 eða 12 mánuði hjá almennum viðskiptavinum sem ekki hafa verið uppvísir að

meiri háttar fjársvikum þannig að eftir stendur að það eru þyngri kvaðir settar af hálfu Húsnæðisstofnunar heldur en bankanna.

Lögbýli í sveitum, ein umr.

Fsp. GÁ, 235. mál. — Þskj. 298.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Árið 1990 féll út í húsnæðislánakerfinu lánaflokkur um útrýmingu á heilsuspillandi húsnæði. Síðan það gerðist er hópur fólks utan við alla lánsmöguleika í húsnæðislánakerfinu. Hér er átt við fólk sem býr á lögbýlum í sveitum, hefur ekki nægar tekjur til að komast inn í húsbréfakerfið og lögum samkvæmt er ekki hægt að byggja félagslegt húsnæði á lögbýli. Ég veit nokkuð mörg dæmi um barnmargar fjölskyldur í sveit sem búa í ónýtu, heilsuspillandi húsnæði, þurfa að byggja en eru utangarðsmenn samkvæmt lögum og reglum Húsnæðisstofnunar. Ég spyr því hæstv félmrh.:

Hvernig hyggst hún opna þessu fólki leið inn í húsnæðislánakerfið? Hyggst hún tryggja rétt eigenda eða ábúenda lögbýla í sveitum til félagslega húsnæðislánakerfisins eða verður á ný opnaður sérstakur lánaflokkur á kjörum félagslega kerfisins til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði í sveitum?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég nefna að þeir sem geta sótt um lán til félagslegra íbúða eru sveitarfélög eða félagasamtök. Framkvæmdaraðilar hafa kaupskyldu og síðan forkaupsrétt þegar íbúðir koma til endursölu. Endursöluíbúðum skal síðan ráðstafa til þeirra í sveitarfélaginu sem mesta þörf hafa fyrir aðstoð í húsnæðismálum.

Í sumar kom á mitt borð erindi frá sveitarfélagi sem vildi aðstoða bónda á lögbýli sem býr við mjög lélegar húsnæðisaðstæður með því að byggja félagslega íbúð á jörðinni á vegum sveitarfélagsins. Við athugun á umsókninni kom í ljós að óframkvæmanlegt er að veita félagsleg íbúðarlán vegna lögbýla þar sem jörðin fylgir með. Reglur félagslega húsnæðislánakerfisins um t.d. innlausn og endursölu komu í veg fyrir að hægt sé að byggja félagslegar íbúðir á eignarjörðum eða bújörðum vegna samhengis íbúðar og atvinnustarfsemi á bújörðum og skyldu til að hýsa jörð samkvæmt ábúðarlögum.

Í sumar fól ég nefnd á vegum félmrn. sem falið var að meta reynsluna af lögum nr. 70/1990, um félagslegar íbúðir, að taka til athugunar möguleika á því að veita félagsleg íbúðarlán til fólks á lögbýlum. Nefndin mun skila mér tillögum á næstunni. Flest bendir til að breyta þurfi lögunum og hugsanlega gera undanþágu varðandi kaupskyldu sveitarfélags í þessu sambandi. Ég mun þegar tillögur nefndarinnar liggja fyrir taka ákvörðun um frekari aðgerðir í þessu efni og ég vil láta það koma fram að ég tel mikilvægt að fólk í sveitum sitji við sama borð og þéttbýlisfólkið hvað varðar möguleika í húsnæðiskerfinu.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. bæði það viðhorf sem kom fram í ræðu hennar og þá vinnu sem þegar er komin í gang og vil hvetja til þess að þeirri vinnu ljúki sem fyrst því að það er auðvitað óþolandi óréttlæti að einhver hópur sé utan við alla lánsmöguleika hjá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Mannréttindi í Eystrasaltsríkjunum, ein umr.

Fsp. GHelg, 170. mál. — Þskj. 195.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Íslendingar gengu í fararbroddi fyrir öðrum þjóðum í stuðningi við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltslandanna og var sá stuðningur tvímælalaust mikilsverður. Á vettvangi Norðurlandaráðs var fylgst vel með málefnum þessara þriggja þjóða við botn Eystrasaltsins þó að skoðanir væru nokkuð skiptar um atburðarás aðgerða. Þegar þessum þjóðum hafði tekist að losa sig undan yfirstjórn fyrrum Sovétríkjanna ríkti einhugur um að styðja þau í hvívetna, jafnvel var talað um aðild þeirra að Norðurlandasamstarfi. Fulltrúum var boðið til þinga Norðurlandaráðs og sendiráð opnuð í þessum löndum. Allt var þetta gott og rétt þó að segja megi að nokkurs offars hafi gætt á stundum. En enginn deildi um rétt þessara þjóða til sjálfsstjórnar.

Ljóst er að mörg vandamál eru til staðar í þessum löndum, ekki síst vegna flutninga fólks af rússnesku þjóðerni til þeirra í lok heimsstyrjaldarinnar. Sú sambúð hefur verið öllum erfið eins og ævinlega er þegar sigurvegarar styrjalda skipta með sér löndum og þjóðum. Og nú eru liðin nær 50 ár svo væntanlega gera allir kröfu til að búa áfram þar sem þeir hafa alið aldur sinn.

Nú hafa borist fréttir um óbilgjarna meðferð þessara innflytjenda sem hvorki kusu sjálfir að flytjast til þessara landa endur fyrir löngu, né geta farið aftur. Brottflutningur herja er annað vandamál en hermenn og fjölskyldur þeirra hafa búið í löndunum í áratugi og eru fjölmargir þeirra komnir á eftirlaun og hafa ekki annað að hverfa.

Mál þessi eru vitanlega bæði efnahagsleg og tilfinningaleg vandamál sem auðvelt er að skilja, en ljóst er að alvarleg vandkvæði eru á borgaralegum réttindum þessa fólks eftir að ríkin urðu sjálfstæð. Eflaust er freistandi að svara því til að borgaraleg réttindi þeirra sem lönd þessi byggðu fyrir stríð hafi verið virt að vettugi en það leysir ekki vandann 50 árum seinna.

Sendinefnd Alþingis, sem nýlega sat þing Sameinuðu þjóðanna, efndi til fundar með fulltrúum þessara landa og sátu hann fulltrúi frá Eistlandi og Lettlandi. Skýrðu þeir stöðu mála í löndum sínum en óneitanlega kom fram mikill munur á afstöðu þessara einstak-

linga til borgaralegra réttinda. Var ljóst að Eistlendingar eru lengra komnir í mótun afstöðu til þessara óvelkomnu samborgara en Lettar. Við lögðum á það áherslu að Íslendingar hlytu að vænta þess að friðsamleg lausn fyndist sem samboðin væri frjálsu samfélagi og bentum á uggvænlegt ástand í öðrum löndum Evrópu.

Ástæðan fyrir fsp. minni er sú að það leynist engum að svo erfiðar tilfinningar eru þarna á ferðinni að illa gæti farið. Norðurlandaþjóðir hafa með beinum afskiptum og aðstoð við þessi ríki tekið á sig nokkra ábyrgð á framvindu mála í ríkjunum og ég tel það skyldu okkar allra að gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir að hörmungar á borð við það sem áður hefur gerst endurtaki sig.

Fsp. sem er til samstarfsráðherra norrænna málefna um mannréttindi í Eystrasaltsríkjunum er á þskj. 195 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hefur norræna ráðherranefndin vakið athygli yfirvalda í Eystrasaltsríkjunum á ólíkum viðhorfum Norðurlandaþjóða annars vegar og í Eystrasaltsríkjunum hins vegar til borgaralegra réttinda íbúanna, t.d. réttinda til þátttöku í almennum kosningum?

2. Telur ráðherranefndin ástæðu til að kynna sér þessi mál með tilliti til fyrirhugaðrar samvinnu Norðurlandaþjóða og Eystrasaltsríkjanna og verulegra fjárframlaga sem Norðurlandaþjóðir hyggjast leggja fram til að styrkja tvíhliða samvinnu?"

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Norræna ráðherranefndin veitir reglulega styrki til ýmissa samstarfsverkefna sem hafa það að markmiði að efla og þróa lýðræðiskerfi í Eystrasaltsríkjunum og Austur-Evrópu enda er hér um að ræða forgangsmál í verkefnaáætlun ráðherranefndarinnar. Á árinu 1991 var m.a. veittur styrkur til námsstefnu vísindamanna sem bar heitið „Democracy in Theory and Practice". Þessi ráðstefna var í umsjá norrænu nefndarinnar um þjóðfélagsrannsóknir. Enn fremur hlaut mannréttindanefnd sem kennd er við Helsingfors styrk til að halda námsstefnu um mannréttindi með þátttöku fulltrúa frá norrænum ríkjum og Eystrasaltsríkjum.

Norræna blaðamannamiðstöðin í Árósum hefur fengið fjárstuðning frá ráðherranefndinni til að halda námskeið fyrir blaðamenn í öllum Eystrasaltsríkjum til þess að styðja þar lýðræðisviðleitni með aðstoð fjölmiðla.

Í verkefnaáætlun norrænu ráðherranefndarinnar fyrir Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópu sem var endurskoðuð 1992 var hálfri milljón danskra króna ráðstafað sérstaklega til samvinnu þjóðþinga og gagnkvæmra þingmannaheimsókna milli Eystrasaltsríkja og Norðurlanda, m.a. til þess að miðla norrænni reynslu af lýðræðisstarfi til kjörinna fulltrúa í þessum ríkjum.

Í því styrkjakerfi sem nýverið hefur verið eflt og gefur embættismönnum í Eystrasaltslöndum kost á að starfa um skeið á Norðurlöndunum hefur þörfin á samvinnu um ýmiss konar lögfræðileg efni þótt vera einna brýnust. Ekki síst að því er varðar alþjóðarétt.

Svarið við þessari spurningu er því að með beinum hætti hefur norræna ráðherranefndin ekki formlega vakið athygli yfirvalda, enda væri það kannski túlkað sem óeðlileg afskipti af innanlandsmálum þeirra, þó að í samtölum við einstaka fulltrúa þessara ríkja hafi þessi mál að sjálfsögðu borið á góma.

Varðandi seinni lið fsp. eru raunar ekki efni til þess af hálfu ráðherranefndarinnar að leggja mat á það hvernig staðið er að því tvíhliðasamstarfi sem tekist hefur og er í gangi milli einstakra Norðurlanda og einstakra Eystrasaltsríkja eða allra sameiginlega þannig að um það er af hálfu ráðherranefndarinnar ekki meira að segja.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þessi fsp. snertir málefni sem er til meðferðar á þingi Evrópuráðsins þar sem ýmsir þingmenn sitja af hálfu Alþingis og fjalla um þessi mál, mannréttindamál í Eystrasaltsríkjunum og m.a. þessa spurningu um borgararéttindi. Ég get ekki tekið undir það með hv. fyrirspyrjanda að það sé um óbilgjarna meðferð á þeim málum að ræða í þessum ríkjum, Eistlandi og Lettlandi. Þvert á móti finnst mér að þar sé verið að leita leiða með skynsamlegum hætti til þess að leysa mjög viðkvæmt og vandmeðfarið mál með því að þessi nýfrjálsu ríki þurfa að veita hundruð þúsunda manna borgaraleg réttindi, manna sem komu inn í löndin án þess að það væri með eðlilegum hætti. Mér finnst að þarna sé ekki um neina óbilgirni að ræða, þvert á móti tilraunir til þess að leysa með viðunandi hætti þetta mikla vandamál. Það er alveg ljóst að á vettvangi Evrópuráðsins getur Ísland látið þetta mál til sín taka.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft mjög flóknu máli og vandmeðförnu sem varðar framtíðarskipan ríkjanna við Eystrasalt, hinna nýfrjálsu ríkja þar. Það er augljóst mál, eins og fram kom í máli hv. 3. þm. Reykv., að það er ákaflega erfitt og engan veginn auðhlaupið að því að skipa þessum málum með skynsamlegum hætti. Það sem blasir við er það einfaldlega að til þessara ríkja voru fluttir hópar fólks af ólíku þjóðerni sem vissulega skapaði ákveðna — ekki vil ég segja ógnun, en skapaði auðvitað mikla óvissu fyrir framtíð þessara nýfrjálsu ríkja. Ég vil í þessu sambandi, af því að hér var sérstaklega nefndur þáttur Eistlands, benda á að Eistland hafði mjög frjálslynda innflytjendalöggjöf. Þjóðir hafa kosið að skipa þessum málum með lagasetningu og ég tel að það sé mjög ofmælt að segja sem svo að það hafi ríkt óbilgirni í garð þessara þjóða og þjóðabrota sem hafa sest að í þessum ríkjum. Ég held það sé mjög margt sem bendir fremur til þess að þjóðir Eystrasalts hafi sýnt þeim þjóðum og því fólki sem hefur flust til landa þeirra býsna mikið umburðarlyndi.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þau mál sem hér eru rædd voru til umræðu í efnahagsnefnd Norðurlandaráðs sem hélt

fund í Riga í Lettlandi í lok septembermánaðar. Þar áttum við fund með sendiherrum Norðurlanda í Riga og fulltrúum þeirra og þar kom fram að þeir fylgdust náið með þessum málum og hefðu af þeim verulegar áhyggjur hvernig staðan væri og þannig hefur þetta verið til umræðu á vettvangi Norðurlandaráðs, þingmannahluta þess.

Hér er, eins og fram hefur komið, um afar viðkvæmt mál að ræða sem eðlilegt er og eflaust vandmeðfarið. Við hljótum að hafa fullan skilning á sjónarmiðum Eystrasaltsríkjanna sem búa við þau ókjör að þangað hafi verið flutt hundruð þúsunda fólks frá Sovétríkjunum, Rússlandi sérstaklega, á þeim tíma sem þessi lönd voru hernumin. Það er yfirgnæfandi meiri hluti Rússar á sumum svæðum, t.d. í Eistlandi, og skapar þetta auðvitað mikla ólgu og mikil vandamál. Þetta vandamál er ekki síður spurning um það hvernig Eystrasaltsríkjunum tekst að tryggja sig og sjálfstæði sitt í sessi í reynd með því að vinna sig út úr þessu og Íslendingar eiga auðvitað að leggjast á sveif með að þetta fái sem farsælasta lausn.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu mál sem er flókið og vandmeðfarið og erfitt að gera grein fyrir í mjög stuttu máli en ég vil þó láta það koma fram vegna þess að hv. fyrirspyrjandi gat um fund sem þingmenn á þingi Sameinuðu þjóðanna áttu með fulltrúum Eistlendinga og Letta, að í þeim gögnum sem þar voru lögð fram, sem voru ítarleg og voru lögð fram af hálfu Eistlendinga, þá kom ekki fram að þar væri um að ræða neina óbilgjarna meðferð á innflytjendum eða mönnum sem ekki nytu fullra ríkisborgararéttinda í Eistlandi, heldur var þar mjög skilmerkilega skýrt út hvernig meiningin væri samkvæmt þargildandi lögum að ganga í það að veita mönnum ríkisborgararéttindi og hvað menn þyrftu að gera og á hvaða grundvelli það sem gera þyrfti til að öðlast ríkisborgararéttindin.

Það var einnig getið um það áðan að ósamræmi væri í afstöðu Letta annars vegar og Eistlendinga hins vegar til þessa máls. Það er kannski fullmikið sagt. Það sem rétt er í þessu máli er það að Eistlendingar hafa þegar gengist fyrir lagasetningu í þessum efnum en löggjöf er í undirbúningi af hálfu Letta og mun hún fara, að því er þeir tjáðu okkur, inn á sömu brautir þó þar verði e.t.v. um annan frest að ræða heldur en gildir í lögum hjá Eistlendingum.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. samstarfsráðherra um norræna samvinnu fyrir svör hans og þeim hv. þm. sem tekið hafa til máls og bætt við upplýsingum í þessu máli. Það er fagnaðarefni að Evrópuráðið lætur þetta mál til sín taka. Við fylgjumst daglega með ótíðindum frá Evrópu. Við höfum horft upp á ósköpin í júgóslavnesku ríkjunum eða ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu og við höfum verulegar áhyggjur af ástandinu í Þýskalandi þessa dagana. Það er því full ástæða til fyrir þjóðþing Evrópuþjóða að fylgjast grannt með þróun mála því það eru ekki gleðitíðindi sem berast af meginlandi Evrópu þessa dagana.

Þeir nágrannar okkar í Eystrasaltslöndunum hafa vissulega átt stríða daga síðustu áratugi og eins og ég gat um áðan er auðvitað ekkert skrýtið þó að þar séu á ferðinni miklar tilfinningar við það að ríkin verða frjáls. Ég vil þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir að upplýsa að sendiherrar Norðurlandanna í þessum ríkjum hafa áhyggjur. Það sannfærir mig um að áhyggjur mínar hafa við rök að styðjast. Ég vil biðja menn lengstra orða að gera mér ekki upp einhverjar skoðanir á þeim málum. Mér er fullljóst að þarna er um mjög vandmeðfarin og erfið mál að ræða, en það tekur ekki frá okkur ábyrgðina á því að reyna að gera allt það sem við getum til þess að þarna megi fara farsællega.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. sem var á umræddum fundi upplýsti hér réttilega að Eistlendingar eru lengra komnir í setningu löggjafar og ég held að við getum verið sammála um að það hefur verið talsverður blæbrigðamunur á málflutningi a.m.k. þessara tveggja fulltrúa Eistlands og Lettlands.

Tími minn er útrunninn og ég hefði viljað segja miklu meira um þetta mál, en ég vil þakka hv. þingmönnum fyrir að taka þátt í þessari umræðu og tel mig ekki hafa farið erindisleysu ef þessi fsp. má verða til þess að við fylgjumst grannt með þróun þessara mála í Eystrasaltsríkjunum hvarvetna þar sem við eigum aðgang að.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt hjá þeim hv. þm. sem tekið hafa þátt í þessari stuttu umræðu að hér er um viðkvæmt og vandmeðfarið mál að ræða, en ég vil aðeins ítreka að með margvíslegum hætti og óbeinum hætti hefur Norðurlandaráð gert ráðstafanir og gerir ráðstafanir til þess að efla, styðja og styrkja lýðræðisþróunina í þessum löndum án þess að ráðherranefndin eða Norðurlandaráð hafi með formlegum eða beinum hætti gert þar athugasemdir við enda held ég að það skipti ekki höfuðmáli, heldur sé miklu mikilvægari sá óbeini og mikli stuðningur sem veittur er.

Mótmæli gegn plútonflutningum, ein umr.

Fsp. HG, 242. mál. — Þskj. 311.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Þann 2. maí 1988 fór fram í sameinuð þingi umræða utan dagskrár um plútonflutninga frá Evrópu til Japans, loftleiðis. Þar sameinaðist Alþingi í mótmælum við fyrirætlanir um þessa ráðgerðu flutninga, loftleiðina frá Frakklandi eða Bretlandi til Japans á árunum upp úr 1990 og utanrmn. Alþingis ályktaði um málið. Það komu mótmæli víðar að á þeim tíma. Í framhaldi af þessu lögðu japönsk stjórnvöld niður áform um að flytja endurunnið plúton loftleiðis en fór að beina sjónum að sjóflutningum með þennan varning, þetta hágeislavirka efni. Nú er svo

langt komið að þessir flutningar eru hafnir sjóleiðina frá Frakklandi til Japans. Þann 7. nóv. sl. lagði úr höfn 3.800 tonna skip með 1,7 tonn af plútoni innan borðs út á Atlantshaf og er nú statt einhvers staðar vestur af Angóla og líkur á því að það leggi í hafið suður af Góðrarvonarhöfða í Suður-Afríku núna um næstu helgi. Leynd hvílir yfir ferð og ferðaleið þessa skips og mótmæli hafa verið borin fram víða úr löndum sem næst liggja þessari sjóleið og alþjóðasamtök, bæði á vegum Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðasjóferðastofnunarinnar, IMO, og fleiri aðila hafa lýst þungum áhyggjum vegna þessa máls. Kröfur hafa komið fram um það að stöðva þennan flutning og bíða ráðgerðs fundar IMO sem halda á fyrstu vikuna í desember, ég held 7.–10. des., þar sem á að fjalla um nýjar kröfur til öryggis vegna flutninga á geislavirkum efnum sjóðleiðina og öðrum hættulegum efnum. Ég hef á þskj. 311 borið fram fsp. í tveimur liðum til utanrrh. og umhvrh. vegna þessa máls.

Í fyrsta lagi til hæstv. utanrrh.: „Hefur ríkisstjórnin mótmælt á alþjóðavettvangi flutningum sem nú standa yfir á hágeislavirku plútoni sjóleiðis frá Frakklandi til Japans?"

Í öðru lagi til hæstv. umhvrh.: „Mun umhvrh. beita sér fyrir samræmdum viðbrögðum Norðurlanda vegna þessara flutninga?"

Ég vil geta þess að á þingi Norðurlandaráðs þann 11. nóv. sl. skoraði ég á utanríkisráðherra Norðurlanda í umræðum um utanríkismál að beita sér í þessu máli.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr hvort ríkisstjórnin hafi komið á framfæri mótmælum á alþjóðavettvangi vegna flutninga á hágeislavirku plútoni frá Frakklandi til Japans sem nú standa yfir. Málið á sér langan aðdraganda, allt frá árinu 1988 eins og fram kom í inngangsorðum hv. fyrirspyrjanda. Á sínum tíma var um það fjallað af utanrmn. og ályktað gegn þessu og þeim mótmælaorðsendingum komið á framfæri.

Ríkisstjórnin hefur, eins og staða þessa máls er nú, komið á framfæri orðsendingu við ríkisstjórn Japans og fól sendiherra Íslands í Noregi að koma því á framfæri við sendiherra Japans gagnvart Íslandi sem hefur aðsetur í Ósló og var það gert 23. nóv. sl. Fréttatilkynning um það hefur þegar verið birt. Tekið var fram í minnisblaðinu að varúðarreglan í umhverfismálum ætti við um flutninga á geislavirku efni. Með varúðarreglunni er átt við að ef vafi ríkir um öryggi ákveðinna aðgerða skuli hann túlkaður umhverfinu í hag. Lögð var áhersla á að samfélag þjóðanna yrði að taka ákvörðun um nauðsyn flutninga með geislavirk efni og jafnframt öll öryggisatriði sem snúa að þeim. Á meðan ekki hafa verið samdar alþjóðlegar reglur á þessu sviði séu íslensk stjórnvöld algerlega mótfallin þessum flutningum. Umhvrn. hefur haft samráð um þetta mál við utanrrn. og hefur það verið rætt á fundi umhverfisráðuneyta Norðurlandanna eins og hæstv. umhvrh. og samstarfsráðherra Norðurlanda mun gera nánari grein fyrir.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegur forseti. Á fundi umhverfisráðherra Norðurlanda sl. þriðjudag í Kaupmannahöfn gerði ég grein fyrir því að sendiherra Íslands í Noregi hefði afhent sendiherra Japans á Íslandi, sem hefur búsetu í Ósló, orðsendingu þá sem hæstv. utanrrh. hefur gert grein fyrir. Um málið var rætt á fundinum. Niðurstaðan varð sú að umhvrh. Íslands var falið að gera drög að bréfi til umhverfisráðherra Japans sem norrænu umhverfisráðherrarnir munu væntanlega senda í næstu viku.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherrum fyrir svör þeirra þar sem fram kemur að þegar hafi verið ákveðið að senda orðsendingu til ríkisstjórnar Japans af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar til að mótmæla þessum flutningum og að í ráði sé að umhverfisráðherrar Norðurlanda standi að sameiginlegu erindi til umhverfisráðherra Japans til að mótmæla af sama tilefni.

Þetta er gott svo langt sem það nær og ber að þakka það. Ég vil hins vegar benda á að það koma fleiri aðilar en Japan að þessu máli. Það eru þeir aðilar sem endurvinna þetta geislavirka plúton fyrir Japani, þ.e. í þessu tilfelli Frakkar. Mér er að vísu ekki kunnugt um hvort Bretar leggja þar einnig til frá endurvinnslustöð í Sellafield en þar er alla vega ráðgert að endurvinna hluta af því mikla magni af geislavirku plútoni sem Japanir vilja fá endurunnið í Evrópu. Ég skora á hæstv. ráðherra að taka þetta mál einnig upp við ríkisstjórnir í Vestur-Evrópu sem hlut eiga að máli bæði frönsku ríkisstjórnina og e.t.v. þá bresku og einnig gagnvart Evrópubandalaginu sem auðvitað er óbeinn aðili að þessu máli. Ég tel að Ísland eigi að beita sér mjög hart í þessu efni. Þó að ekki sé farið alveg við bæjardyrnar hjá okkur með þetta efni tengist þetta baráttu sem Íslendingar eru samhuga um, að koma í veg fyrir stórfellda mengun sjávar og önnur óhöpp sem stafa af geislavirkum efnum. Ég minni á að fyrrv. hæstv. forsrh., nú sjútvrh. Íslands, tók þetta mál upp við Ronald Reagan, ef ég man rétt, sumarið 1988 í opinberri heimsókn til Bandaríkjanna. Það ber að fylgja þessum málum eftir af fyllstu einbeitni af Íslands hálfu. Það stendur til að vinna upp 30 tonn á þessum áratug. Það er ekki bara þessi farmur heldur 30 tonn af plútoni sem ráðgert er að flytja með þessum hætti frá Evrópu til Japans. Hér er aðeins upphafið á löngum ferli sem auðvitað getur leitt til verulegrar hættu. Geigvænleg slysahætta stafar af þessu. Ég skora því á ríkisstjórnina að beita sér harðar í þessu máli en fram hefur komið.

Fyrirboðar gjaldþrota, ein umr.

Fsp. HN, 250. mál. — Þskj. 324.

Fyrirspyrjandi (Hermann Níelsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að bera fram eftirfarandi fsp. til dómsmrh.:

„1. Hefur ráðherra beitt sér fyrir auknu eftirliti með fyrirboðum gjaldþrota í fyrirtækjarekstri með vísan til 2. mgr. 64. gr. gjaldþrotalaganna og 113. gr. hlutafélagalaga?

2. Mun ráðherra láta starfsmenn ráðuneytis síns vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum áður en í óefni er komið og stórtöp margra aðila hafa orðið?"

Með leyfi forseta, ætla ég að vitna í gjaldþrotalögin. Þar segir í 64. gr., 2. mgr.:

„Skuldara, sem er bókhaldsskyldur, er skylt að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskipta þegar svo er orðið ástatt fyrir honum sem segir í 1. mgr."

En í 1. mgr. segir:

„Skuldari getur krafist að bú sitt verði tekið til gjaldþrotaskipta ef hann getur ekki staðið í fullum skilum við lánardrottna sína þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga og ekki verður talið sennilegt að greiðsluörðugleikar hans muni líða hjá innan skamms tíma."

Einnig vil ég vitna í hlutafjárlögin, með leyfi forseta, en þar segir í 113. gr.:

„Félagsstjórn er skylt að afhenda bú félags til gjaldþrotaskipta samkvæmt ákvæðum 14. gr. gjaldþrotalaga."

Það er greinilegt að lögin kveða á um að eigendur fyrirtækja og stjórnum hlutafélaga er skylt að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskipta þegar eiginfjárstaða er svo slæm að ekki er hægt lengur að standa í fullum skilum við lánardrottna þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga.

Sú raunasaga þekkist vel á Íslandi að fyrirtæki verða stundum mjög skuldsett. Ef ekki er gripið í taumana fljótt með aðhaldi og sparnaði í rekstri halda skuldirnar áfram að aukast og fyrirtækið sekkur dýpra í skuldafenið. Reynt er að bjarga fyrir næsta horn með veltu og auknum lánum á meðan lánstraust varir eða undirbjóða sífellt. Fyrirtækið hættir að geta greitt þjónustuaðilum fyrir veitta þjónustu og hættir að geta greitt ýmis gjöld, t.d. virðisaukaskatt og afborganir af dýrum lánum ef það getur þá greitt nokkurn skapaðan hlut. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. Á þessu ferli festast margir lánardrottnar og viðskiptaaðilar í skuldanetinu, margir til að byrja með án þess að gera sér grein fyrir því og standa meira að segja í góðri trú um að eðlileg viðskipti eigi sér stað. Þegar yfir lýkur dregur hið gjaldþrota fyrirtæki marga aðila með sér í fallinu án þess að þeir geti rönd við reist eða átt nokkurt tilkall í þrotabúið því opinberir sjóðir og bankar hafa ætíð forgang fram yfir einkafyrirtækin. Ég hef sjálfur í mínu þjónustufyrirtæki orðið fyrir tapi vegna gjaldþrots og nauðasamninga annarra fyrirtækja sem ég hef átt viðskipti við.

Því vil ég spyrja dómsmrh.:

Er hægt að fylgjast með fyrirboðum gjaldþrota, t.d. fyrirtækjum sem lenda í vanskilum með virðisaukaskatt og grípa til fyrirbyggjandi aðgerða eða með ráðgjöf og leiðbeiningum um aðhald í rekstrinum? (Forseti hringir.) — Virðulegi forseti. Ég óska eftir að fá að ljúka þessum örfáu línum sem eftir eru. — Er hægt að vara við afleiðingum ef hætta á gjaldþroti blasir við og reyna þannig að koma í veg fyrir að til þess komi og reyna með einhverjum ráðum að skapa þann móral sem stuðlað gæti að fækkun gjaldþrota? Við þekkjum einnig að framkvæmdastjórar, stjórnarformenn og prókúruhafar fyrirtækja, sem tekin hafa verið til gjaldþrotaskipta, geta í sumum tilvikum sinnt sömu embættum í nýju fyrirtæki í svipuðum rekstri nokkrum dögum síðar. Er það eðlilegt? Er ástæða til að setja lög um að einhver tími verði að líða áður en sami aðili geti stofnað nýtt fyrirtæki á rústum hins gamla gjaldþrotafyrirtækis? Ég tel fulla ástæðu fyrir okkur Íslendinga að skoða þessi mál gaumgæfilega.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda eru ákvæði um það í gjaldþrotaskiptalögum að bókhaldsskyldir einstaklingar verða að gefa sig upp til gjaldþrotaskipta ef þeir eiga ekki fyrir skuldum og ekki er fyrirsjáanlegt að greiðsluerfiðleikum ljúki innan tiltekins tíma. Sambærileg ákvæði eru í hlutafélagalögum að því er varðar stjórnir hlutafélaga. Þær verða, samkvæmt nánari skilgreiningu í lögunum, að segja félögin til gjaldþrota ef þær aðstæður eru fyrir hendi. Hér er um að ræða ákveðna lagaskyldu sem hvílir á þeim aðilum sem eiga hlut að máli. Þeir bera ábyrgð á því að uppfylla þessi lagaákvæði en ekki stjórnvöld. Það kemur hins vegar fyrst til kasta stjórnvalda í þessu efni ef þessir aðilar hafa ekki fullnægt þeim lagaskilyrðum sem þarna er vitnað til. Á herðum dómsmálayfirvalda hvílir engin skylda til eftirlits og staðreyndin er sú að aðstaðan er ekki einasta sú heldur væri það beinlínis óheimilt að dómsmrn. færi að taka upp eftirlit með fjárhag og bókhaldi einstakra fyrirtækja. Fyrir því eru engar heimildir. Ef menn ætluðu að leita slíkra lagaheimilda væru menn á einni nóttu að breyta Íslandi í eitthvert mesta lögregluríki sögunnar. Að því leyti er þessi fsp. algerlega út í hött.

Hitt er annað mál að það álitaefni sem hv. 5. þm. Austurl. gerði að umræðuefni í framhaldi af fsp. sinni er vissulega þannig vaxið að það er full ástæða til að gefa því gaum og kemur að mínu mati fyllilega til athugunar að kanna hvort ástæða er til þess að bregðast með einum eða öðrum hætti við á sviði viðskiptalöggjafar. Ef viðskrn. hefði hug á að taka þau mál upp til skoðunar væri dómsmrn. vissulega reiðubúið til að leggja þeirri vinnu lið að því er varðar viðurlagahlið slíkra almennra viðskiptareglna sem hugsanlega yrðu settar af þessu tilefni.

Fyrirspyrjandi (Hermann Níelsson):

Virðulegi forseti. Er það út í hött, virðulegi dómsmrh., að mælast til þess að gripið verði til fyrirbyggjandi aðgerða með ráðgjöf og leiðbeiningum um aðhald í rekstri fyrirtækja og að hvetja til þess að reynt verði með einhverjum ráðum að skapa þann móral sem stuðlað gæti að fækkun gjaldþrota? Ég vil ítreka mína spurningu til dómsmrh.: Hefur hann fullan vilja til þess að hafa frumkvæði í því að sinna þessum málum með því eftirliti sem ég hef hér hvatt til?

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er algerlega út í hött að dómsmálayfirvöld komi af stað allsherjareftirliti með fjárhag og bókhaldi allra fyrirtækja í landinu til þess að gefa um það leiðbeiningar ef fjárhagurinn er að fara til verri vegar að mati dómálayfirvalda. Það er ekki hlutverk dómsmálayfirvalda og lagaákvæði sem sett yrðu um það efni og sem betur fer eru ekki fyrir hendi í dag myndu breyta Íslandi í lögregluríki. Ég tók það hins vegar fram í mínu svari í framhaldi af almennri hugleiðingu hv. þm. að ég teldi mjög eðlilegt að yfirvöld viðskiptamála legðu hugsun í þetta viðfangsefni sem er alvarlegt. Ég lít svo á og hef átt viðtal við fjölmarga aðila í viðskiptum sem hafa sagt mjög alvarlegar sögur af því hvernig keðjuverkanir gjaldþrota geta haft áhrif á fyrirtæki og einstaklinga. Þess vegna tel ég fullkomlega eðlilegt að viðskiptayfirvöld huguðu að þessu og lýsi því yfir fyrir hönd dómsmrn. að það er reiðubúið að leggja slíkri vinnu lið með viðskiptayfirvöldum. En það getur aldrei verið með sama hætti og talað er um í fyrirspurnum sem liggja fyrir frá hv. þm. á prentuðum þingskjölum, þ.e. með eftirliti dómsmálayfirvalda eða lögreglunnar með fjárhag allra fyrirtækja í landinu og leiðbeiningu dómsmálayfirvalda um fjármálasýslu fyrirtækja. Það getur aldrei gerst með þeim hætti.

Veiðistjóri, ein umr.

Fsp. HN, 249. mál. — Þskj. 323.

Fyrirspyrjandi (Hermann Níelsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að beina fsp. til hæstv. umhvrh. sem hljóðar svo:

„Hefur komið til álita að flytja Veiðimálastofnunina út á landsbyggðina? Ef svo er, telur ráðherra koma til greina að stofnunin verði flutt til Austurlands?"

Ríkisstjórnin hefur lýst vilja sínum til að flytja þær ríkisstofnanir út á landsbyggðina sem til þess þykja henta og styrkja þannig byggðina og e.t.v. færa viðkomandi starfssvið nær þeim aðstæðum sem verið er að fjalla um. Tengsl veiðistjóraembættisins við veiðieftirlit með hreindýraveiðum er náið og gæti bent til þess að hentugt væri að flytja embættið austur á land ef ráðherra og ríkisstjórn telja það heppilega ráðstöfun.

Embætti veiðistjóra er ekki mannfrekt og umfangsmikið svo telja verður að það henti vel til flutnings. Einnig mætti færa rök fyrir því að um hugsanlegan sparnað gæti verið að ræða. Ef við lítum aðeins á frv. til laga um vernd, friðun og veiðar á viltum fuglum og viltum spendýrum er auðvelt að sína fram á tengsl veiðistjóraembættisins við hreindýraráð og starfsemi þess. Ef við skoðum aðeins 4. gr. fyrst, með leyfi forseta:

„Umhvrh. skipar veiðistjóra að fengnum tillögum dýranefndar. Veiðistjóri skal vera líffræðingur með sérþekkingu er nýtist honum í starfi.

Veiðistjóraembættið hefur umsjón með og stjórnar þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra eða tjón af þeirra völdum ..."

Ef við lítum síðan á 14. gr., með leyfi forseta:

„Telji veiðistjóraembættið að hreindýrastofninn þoli veiði og æskilegt sé að veiða úr honum getur umhvrh. sett reglugerð um veiðar á hreindýrum. Í reglugerðinni verði kveðið á um tilhögun og framkvæmd veiðanna og gjald fyrir veiðiheimildir. Skal hluti arðs af hreindýraveiðum renna til rannsókna á hreindýrum en hluti til sveitarfélaga þar sem hreindýr ganga. Ráðherra ákveður árlega fjölda, kyn og aldur þeirra dýra sem fella má úr hverri hjörð í samræmi við tillögur veiðistjóraembættisins."

Umhvrh. hefur sett reglur um stjórn hreindýraveiða og þar segir að stofna skuli sérstakt hreindýraráð. Í það eru skipaðir menn m.a. frá Búnaðarsambandi Austurlands og Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Hreindýraráði er heimilt að semja við tiltekna aðila um skrifstofuhald fyrir ráðið þar sem sala veiðileyfa og önnur starfsemi á vegum ráðsins geti farið fram. Ef hentugra þykir getur ráðið sjálft starfrækt slíka skrifstofu.

Í 10. gr. segir: „Hreindýraráð sér um árlegt uppgjör tekna og gjalda vegna reksturs, sölu veiðileyfa og hreindýraafurða og vegna leyfisgjalda ...

Umhvrh. ákveður árlega, að fengnum tillögum veiðistjóraembættis og hreindýraráðs, hve stórum hluta arðs skuli varið til rannsókna á hreindýrastofninum, sbr. 5. gr. og greiðir hreindýraráð þá upphæð inn á reikning veiðistjóraembættisins." Framangreint sýnir fram á tengsl veiðistjóraembættisins og hreindýraráðs og ætti starfsemin þess vegna að geta sameinast og veiðistjóraembættið flust austur á land.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Á vegum forsrn. starfar nefnd sem fjallar um flutning ríkisstofnana út á land. Sú nefnd hefur ekki lokið störfum að mér er best kunnugt.

Hér er spurt hvort til álita hafi komið að flytja embætti veiðistjóra út á landsbyggðina. Svarið við því er nei. Það hefur ekki verið til umræðu. Hvað síðar verður skal ég ekki um segja.

Síðan er spurt: „Ef svo er, telur ráðherra koma til greina að stofnunin verði flutt til Austurlands?"

Verði embættið flutt frá Reykjavík munu auðvitað allir landshlutar koma til greina, Austurland ekki síður en Vesturland, Norðurland eða Suðurland.

Fyrirspyrjandi (Hermann Níelsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka umhvrh. fyrir hans svar og beini því vinsamlega til hans að hann hafi það sterklega í huga að það færi mjög vel á því að þetta embætti yrði flutt til Austurlands.

63. FUNDUR

fimmtudaginn 26. nóv.,
að loknum 62. fundi.

Dagskrá:

1. Staðlar, stjfrv., 4. mál, þskj. 4, nál. 268. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Húsgöngu- og fjarsala, stjfrv., 10. mál, þskj. 346. — 3. umr.
3. Friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana, stjfrv., 41. mál, þskj. 347. — 3. umr.
4. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 226. mál, þskj. 283. — 1. umr.
5. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 231. mál, þskj. 288. — 1. umr.
6. Stjórnarskipunarlög, frv., 30. mál, þskj. 31, nál. 282 og 302, brtt. 303. — 2. umr.
7. Stjórnarskipunarlög, frv., 29. mál, þskj. 30, nál. 281 og 305, brtt. 306. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 257. mál, frv. ISG o.fl., þskj. 334.

Fasteignamat, 259. mál, fsp. ÞurP, þskj. 340.

Friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana, 41. mál, þskj. 347.

Frumkvöðlar í atvinnulífinu, 244. mál, þáltill. ÁRÁ, þskj. 313.

Húsgöngu- og fjarsala, 10. mál, þskj. 346.

Samkeppnislög, 9. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 348.

Undirbúningur vegna hálfrar aldar afmælis lýðveldisins, 262. mál, stjtill., þskj. 351.

Vaxtalög, 263. mál, stjfrv., þskj. 352.

Umræður utan dagskrár.

Sjávarútvegssamningur Íslands og EB.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Eins og áður hafði verið tilkynnt hefst nú umræða utan dagskrár samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaga. Umræðan er hafin að ósk hv. 8. þm. Reykn. og fjallar um sjávarútvegssamning Íslands og Evrópubandalagsins. Eins og menn minnast hefur málshefjandi 5 mínútur í fyrra skiptið og 2 mínútur í hið síðara. Viðkomandi ráðherra hefur sama tíma, 5 mínútur og síðan 2 mínútur en aðrir hv. þm. og hæstv. ráðherrar hafa 2 mínútur tvisvar sinnum.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er hefur mikill ágreiningur verið milli íslenskra stjórnvalda og Efnahagsbandalagsins um lykilákvæði í þeim sjávarútvegssamningi sem þarf að gera milli Íslands og Evrópubandalagsins ef Evrópubandalagið staðfestir samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Þessi ágreiningur milli Íslands og Evrópubandalagsins hefur verið svo mikill að aðilarnir hafa ekki treyst sér í hálft ár til að halda formlegan viðræðufund. Síðasti viðræðufundur mun hafa verið í júnímánuði sl. Þá var ætlunin að gera tilraun til þess að ljúka samningunum í júlímánuði en vegna verulegs ágreinings milli Íslands og Evrópubandalagsins var hætt við það og síðan hafa aðilar ekki treyst sér til að halda formlegan viðræðufund samninganefndanna til þess að ljúka samningsgerðinni.

Það hefur komið fram að það er einkum eitt atriði sem veldur þessum mikla ágreiningi. Það er líka grundvallaratriði. Þetta lykilatriði snýst um það hvort þær veiðiheimildir sem samið var um á sínum tíma í Óportó að ættu að tengjast samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, að Evrópubandalagið fengi að veiða 3 þús. tonn af karfa á móti því að Evrópubandalagið léti Íslendinga fá rétt sinn frá Grænlendingum til að veiða 30 þús. tonn af loðnu og hvort þessar veiðiheimildir væru með þeim hætti að tryggt væri að hér væru jöfn skipti. Nú ætla ég ekki að ræða það ágreiningsmál hvort hleypa eigi erlendum flota inn í íslensku landhelgina. Um það getum við rætt síðar. Spurningin nú er hins vegar hvort sú viðræðunefnd sem hittir samningamenn Evrópubandalagsins á morgun hefur fengið heimild til þess að falla frá kröfu Íslendinga að einu eða öllu leyti.

Kröfur Íslendinga voru og hafa verið frá því að viðræður hófust að þegar gerð væru upp 3 þús. tonn af karfa á móti 30 þús. tonnum af loðnu, þá yrði tryggt að það yrði fiskur á móti fiski. Hvers vegna er það vandamál? Jú, vegna þess að það er öruggt verk og létt fyrir Evrópubandalagið að ná karfanum vegna eðlis karfastofnsins. Loðnan er aftur á móti duttlungafullur fiskur og það hefur enginn tryggingu fyrir því að Íslendingar nái sínum hlut. Evrópubandalagið hefur sagt: Þetta er samningur um veiðiheimildir á móti veiðiheimildum, eða með öðrum orðum: Þetta er samningur um ávísanir á veiði en ekki tryggingar fyrir veiði. Það hefur verið haft á orði að fulltrúar Evrópubandalagsins segi að ef Íslendingar nái ekki loðnunni geti Evrópubandalagið ekki gert að því þótt þeir fari heim með öngulinn í rassinum.

Á fundum sem fulltrúar sjávarútvegsins hafa mætt á hjá utanrmn. fyrr á þessu ári og í yfirlýsingum fulltrúa sjávarútvegsins opinberlega hefur það komið fram að það hefur verið krafa íslenska sjávarútvegsins að þetta væri örugglega fiskur á móti fiski, með öðrum orðum að samningurinn yrði á þann hátt að tryggt væri að Íslendingar veiddu loðnuna fyrst og síðan gæti Evrópubandalagið veitt karfann. Þegar upp væri staðið eftir nokkur ár væri það því öruggt að á móti 3 þús. tonnum af karfa hefðu Íslendingar sannanlega veitt 30 þús. tonn af loðnu. Samningurinn yrði ekki þannig að Evr-

ópubandalagið gæti örugglega veitt á hverju ári sinn hlut en síðan væri það háð duttlungum örlaganna hvort Íslendingar gætu veitt loðnuna.

Ég hef þess vegna, virðulegi forseti, óskað eftir þessari umræðu hér af því að á morgun fer fram viðræðufundur, samningafundur, milli Íslands og Evrópubandalagsins um þennan samning, sá fyrsti í sex mánuði, þar sem ætlunin er að ljúka þessum viðræðum. Ég hef óskað eftir því að spyrja hæstv. sjútvrh.: Hefur hann veitt fulltrúum sínum í samninganefndinni umboð til þess að samþykkja þá kröfu Evrópubandalagsins að þetta verði bara veiðiheimild á móti veiðiheimild eða verður haldið fast við hið fyrra samningaumboð að þetta verði fiskur á móti fiski? Ég hef einnig óskað eftir því að hæstv. utanrrh. sé viðstaddur þessa umræðu til þess að geta tekið þátt í henni þótt formsins vegna verði ég að beina fyrirspurn minni eingöngu til sjútvrh.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Formsins vegna hefði verið réttara að beina fyrirspurninni til hæstv. utanrrh. sem fer með þessa samninga. Af þessu tilefni er rétt að taka það fram að um öll meginatriði í þessum samningum um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum hefur þegar verið samið í nótuskiptunum frá síðasta vori. Það sem verið er að fjalla um nú er hvernig staðið verður að útfærslu á öllum þeim meginatriðum sem búið er að festa með nótuskiptunum frá því í vor.

Við höfum eðlilega sett fram kröfur af okkar hálfu hvernig að því skuli staðið, m.a. hversu mörg skip eigi að vera, hvernig staðið verði að eftirliti, hvernig staðið verði að vigtun, hvers konar skip megi vera í veiðum og hvernig staðið verði að mati á því að um gagnkvæmni verði að ræða þegar til lengri tíma er litið, á nokkrum árum eins og hv. 8. þm. Reykn. fjallaði hér um. Evrópubandalagið hefur sett fram fjölmargar kröfur þar á móti af sinni hálfu um verksmiðjuskip, að mega blanda saman veiðiferðum og draga úr eftirliti. Allt eru þetta atriði sem eru til umfjöllunar og þó að hér sé um útfærsluatriði að ræða eru það allt auðvitað mikilvæg atriði. Fundir um þessa samninga eru að hefjast í dag og standa á morgun líka. Fulltrúar Íslands þar hafa vitaskuld umboð til þess að ljúka þessum samningum. Það verður ekkert sagt um það hér og nú hvort það tekst. Það fer eftir því hvernig okkar viðmælendur bregðast við. Við væntum þess vitaskuld að hægt verði að ljúka viðræðunum og leggja málið fyrir þingið í framhaldi af því.

Á þessu stigi hygg ég að það verði ekki meira um þetta að segja. Með umræðum á Alþingi grípum við ekki fram fyrir hendurnar á samningamönnum okkar sem í dag og á morgun eru vonandi að ljúka þessum samningum. Um það getum við ekkert sagt fyrr en fundunum er lokið.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. sjútvrh. sagði að okkar samningamenn hefðu umboð til þess að ganga frá samningum en hann sagði ekki hvernig það umboð væri. Ég vil í þessu sambandi taka fram tvö atriði sem ég tel að eigi að vera alveg skýr. Ef verið er að tala um gagnkvæmar veiðiheimildir eiga menn fyrst og fremst við jafngilda stofna þar sem áhættan er sambærileg. Það er hægt að hugsa sér að semja um gagnkvæmar veiðiheimildir með þeim hætti ef það eru jafngildir stofnar. Loðnustofninn er hins vegar ekki jafngildur karfastofninum og þess vegna þarf sérstök ákvæði í því sambandi ef tryggja á að þarna sé um algera gagnkvæmni að ræða. Þetta verður að vera algjört úrslitaatriði í þessu máli og umboð okkar samningamanna hlýtur að vera með þeim hætti.

Í öðru lagi vil ég leggja á það áherslu að Efnahagsbandalagið er að bjóða fram veiðiheimildir í lögsögu annars ríkis, þ.e. í lögsögu Grænlendinga. Það hlýtur að vera krafa af okkar hálfu að við getum jafnframt framselt til Evrópubandalagsins veiðiheimildir sem við fengjum hugsanlega í lögsögu annars ríkis. Það má vel vera að við getum skipt á þessari loðnu við aðrar þjóðir, við Norðmenn eða við Færeyinga, og það er líka mjög líklegt að við getum samið við þessar þjóðir um það að veiðiheimildir Evrópubandalagsins verði hjá þeim gegn því að við látum þá t.d. hafa þessa loðnu. Þetta er grundvallaratriði sem ég hef oft bent á hér en því miður fengið afar lítil viðbrögð. Ég vil því spyrja: Verður þannig gengið frá málum að við getum skipt á þessum veiðiheimildum og látið Efnahagsbandalaginu í té hugsanlegar veiðiheimildir sem við mundum semja um hjá öðrum þjóðum? Þetta tel ég vera mikið atriði því það er afar þýðingarmikið að við komumst hjá því að nýir aðilar komi inn í okkar landhelgi.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Þetta er vitaskuld framhald af þeirri ákvörðun sem ríkisstjórnarflokkarnir tóku í sambandi við EES-samningana að erlendum aðilum yrði hleypt inn í íslenska landhelgi að nýju. Rammasamningurinn, sem hæstv. sjútvrh. talaði um áðan að væri í öllum megintriðum væri fastur leiðarvísir fyrir því hvað yrði gert, varð þar til og það var þá sem stjórnarflokkarnir ákváðu að hleypa erlendum aðilum á ný inn í íslenska landhelgi.

Það vakti vitaskuld mikla athygli þegar síðan sást hvernig átti að útfæra þetta, að Íslendingar ættu að greiða í staðinn fyrir óvissa loðnuveiði 3 þús. tonn af karfa og um það hefur verið mikið fjallað. Enginn vandi hefur verið að veiða karfann á Íslandsmiðum. Loðnan er aftur á móti ekki stofn sem menn hafa nýtt sér. Efnahagsbandalagið hefur keypt veiðiheimildir af Grænlendingum sem það hefur ekki notað. Íslendingar hafa síðan fengið að veiða þessa loðnu sem ekki hefur verið veidd af viðkomandi aðilum. Nú eigum við sem sagt að taka þessa loðnu, sem ekki hefur verið veidd, sem uppígreiðslu og frá því á að fara að ganga hér. Ekki nóg með það. Það á ekki einu sinni að gera ráð fyrir því að við fáum möguleika á því að bæta okkur það upp ef hún gengur ekki á Íslandsmið. Þannig virðist málið standa og yfirlýsingar hafa legið fyrir um að það sem ráðherra hefur sagt að samningamenn hafi umboð til að ljúka samningunum. Það skil ég þannig

að á þessum nótum eigi að ljúka þessum samningum.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hæstv. sjútvrh. upplýsti það ekki í hverju umboð samningamanna væri fólgið og mér fannst hann segja óþarflega mikið með þeirri þögn. Það er auðvitað grundvallaratriði að það sé fiskur á móti fiski. Annars er loðnan vonarpeningur, annars er loðnan e.t.v. bara pappírsfiskur. Þá erum við að veita aðgang að fiskimiðunum gegn tollaívilnunum sem er brot á þeirri stefnu sem við höfum fylgt á undanförnum árum og þjóðarsamstaða hefur verið um.

Hæstv. sjútvrh. sagði að þegar hefði verið samið um önnur atriði. Ég rifja það upp að okkur í utanrmn. hefur verið sagt hvað eftir annað að ekkert atriði væri fast fyrr en öll atriði væru niðurnegld og samningurinn fullgerður. Fréttir frá Brussel eru ekki samhljóða í öllum atriðum því sem talsmenn ríkisstjórnarinnar halda fram hér. Mér finnst þetta vera glannalegir samningar.

Hæstv. sjútvrh. sagði að við gripum ekki fram fyrir hendur á samningamönnunum. Ég bendi á það að sjútvrh. getur gripið fram fyrir hendur á þeim ef hann vill og ríkisstjórnin getur það einnig. Hvers lags vinnubrögð væru það að láta þá hafa fullt umboð til þess að gera hvað sem þeir vildu? Það er einfalt fyrir þá að ljúka þessum samningum nú fyrir hádegið með því að segja bara já og amen við öllum kröfum Evrópubandalagsins en það er náttúrlega ekki það sem við teljum viðunandi niðurstöðu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það var auðvitað stórkostlegt áfall þegar það fréttist að samningamenn Íslands úti í Brussel hefðu gefið Evrópubandalaginu ádrátt um skipti á veiðiheimildum og þar með að floti Evrópubandalagsins kæmi inn í íslensku landhelgina. Þá var sagt í upphafi að eingöngu yrði um veiðar á vannýttum tegundum að ræða, fyrst og fremst langhala. Allir vita hvernig það fór. Hann breyttist í karfa á einni nóttu.

Nú hefur frést að enn eigi að gefast upp gagnvart einu grundvallaratriðinu í þessum efnum, þ.e. spurningunni um raunverulega gagnkvæmni veiðiheimilda. Hér eigi að láta reglubundið á hverju ári 3 þús. tonn af karfa á móti óvissum 30 þús. tonnum af loðnu sem e.t.v. reynist pappírsfiskur sem við náum stundum að veiða og stundum ekki. Svör hæstv. sjútvrh. eða öllu heldur það sem hann ekki sagði olli stórkostlegum vonbrigðum. Það var helst á hæstv. sjútvrh. að heyra að það væri óhæfa að Alþingi væri að taka fram fyrir hendur á samningamönnunum með því að fjalla um þessi mál. Þeir hefðu fullt umboð og það ætti ekki að vera að trufla þeirra störf. Ég held að það sé líka stórkostlegt áhyggjuefni í þessu máli ef Íslendingar ætla að ganga frá samningum um komandi helgi og verða þar með á undan Norðmönnum að gefast upp fyrir Evrópubandalaginu. Fari svo að þetta grundvallaratriði verði gefið eftir er ríkisstjórnin að hverfa frá því grundvallarstefnumiði Íslendinga sem allar ríkisstjórnir fram að þessari hafa virt í gegnum öll landhelgisstríð að ljá ekki máls á veiðiheimildum fyrir verðmæti. Þá hefur hæstv. sjútvrh. selt þetta grundvallaratriði í ömurlegustu hrossakaupum síðari áratuga á Íslandi, þ.e. í samkomulagi sínu við Alþfl. um sjávarútvegsmál. Það er heldur lágkúruleg niðurstaða fyrir hæstv. sjútvrh.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er í sjálfu sér óþarft að taka það fram, hygg ég, að Alþingi ræður enn þá yfir sínum fiskimiðum og að þetta mál hljóti að verða útkljáð á Alþingi í Reykjavík en ekki í Brussel. Ég vona að við séum ekki svo langt leiddir að það geti verið og ég orða það ekki frekar svo augljóst sem það er.

Ég nota þetta tækifæri enn einu sinni til þess að lýsa því yfir að þingmenn og landsmenn allir ættu að vita það að við eigum 350 mílur á Reykjaneshrygg. Það eigum við Íslendingar og eigum einir. Það á að fara að verja hann og gæta okkar réttinda þar. Við eigum 600 mílur suður í höf og allan Hatton-bankann ef rétt er á málum haldið og getum þar að auki náð samningum við Breta hvenær sem er um það að hafa samnýtingu á Hatton-Rockall svæðinu. Við eigum hafsgrunnsréttindi alveg norður á pól ef rétt er á málum haldið og það er alltaf verið að þvæla um smámuni. Það eru kannski ekki smámunir að rifta samningum frá 1976 eða ákvörðun frá 1976 og byrja að leyfa útlendingum veiðar. Það er þó smátt að því leyti til að þetta eru þó ekki nema þessi 3 þús. tonn sem hér er um rætt. En það getur ekki gengið öllu lengur að menn sem sitja á Alþingi og eru kjörnir af þjóðinni til að gæta réttar hennar haldi áfram að þverskallast við að skilja þá einföldu hluti að við eigum stærri hlut af yfirborði jarðar en öll Suður- og Mið-Evrópa er og við eigum þetta hafsvæði og engir aðrir að réttum reglum 76. gr. hafréttarsáttmálans. Við börðumst í 10 ár fyrir þessum réttindum en nú á að glutra þeim niður. Þetta hefði verið saga til næsta bæjar þegar við vorum að vinna þessa stórsigra. Ég ætlast til þess að ráðherrarnir fari a.m.k. að kanna málin og kynna sér aðstæður og landsins lög og reyndar þjóðarétt. Þetta er allt í hendi og við þurfum að gefa okkur tíma til þess að staldra augnablik við og snúa bökum saman til að tryggja þessi réttindi sem við Íslendingar eigum. Þeir sem ekki gera það ættu að segja af sér þingmennsku.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það fyrsta sem þarf að segja alveg skýrt í svari við spurningu hv. þm. er að það samrýmist ekki samningshagsmunum Íslands degi fyrir væntanlega lokafundi samninganefnda að skilgreina nákvæmlega samningsumboðið.

Annað. Það hefur verið stefna allra ríkisstjórna á Íslandi í samskiptum sínum við Evrópubandalagið að hafna því að láta einhliða veiðiheimildir fyrir markaðsaðgang. Sú stefna er óbreytt eins og hún hefur verið af hálfu allra ríkisstjórna. Hitt er staðreynd að með fríverslunarsamningnum 1972 undirgengust Íslendingar þá skuldbindingu að taka upp samningaviðræður við Evrópubandalagið um samstarfssamning á sviði sjávarútvegsmála. Allar ríkisstjórnir sem setið hafa síðan

hafa lýst sig reiðubúnar til þess að gera slíkan samning eins og samningsdrög lágu fyrir um árið 1981 og þar með samning um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum ef um semdist. Þetta er alveg skýrt.

Það sem hér er á dagskrá er þrennt. Það er annars vegar erindaskipti frá 2. maí sem liggja fyrir og öllum hv. alþm. er fullkunnugt um. Það er í annan stað rammasamningur sem er staðlaður samningur um samstarf á sviði rannsókna, umhverfisvarna o.fl. í anda þess sem fyrir lá frá 1981 með tiltölulega lítilvægum frávikum. Í þriðja lagi er síðan samið á grundvelli rammasamningsins á ári hverju um útfærslu á þessum samningi.

Það sem fyrir liggur á samningafundi á morgun er einfaldlega að ljúka útfærslunni á þeim erindaskiptum sem fyrir lágu. Eins og hæstv. sjútvrh. vék að liggja þau efnisatriði fyrir, það er öllum hv. þm. kunnugt um hvað þau fjalla. Það hefur auðvitað verið togast á um nokkur atriði. Við gerum okkur vonir um að það liggi fyrir á morgun hver samningsniðurstaðan er þótt við höfum enga vissu um það. Vel má vera að það takist ekki að leiða samningana til lykta en alla vega væri það óskynsamlegt út frá okkar eigin hagsmunum að segja það fyrir fram opinberlega hvert samningsumboðið nákvæmlega er eða hvernig málið verður lagt upp til lokaniðurstöðu.

Að því er það varðar hvort við gætum ekki boðið upp á það að versla með hugsanlegar veiðiheimildir sem við hefðum hjá öðrum þjóðum en höfum ekki í hendi nú, þá er þess því miður ekki kostur.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Í allri umræðu um EES-samninginn hefur það verið ítrekað aftur og aftur að mikilvægur þáttur í samningnum sé gagnkvæmnin, að það þurfi að vera jafnvægi eins og það er orðað, m.a. í inngangi að samningnum held ég, milli réttinda og skyldna. Það er auðvitað sanngjarnt og eðlilegt í samningaviðræðum að menn taki og láti líka af hendi en það þarf að vera svo á báða bóga, ég undirstrika það. Menn hafa rætt um það hér hvort í fiskveiðisamningnum eða gagnkvæmum skiptum á veiðiheimildum eigi fiskur að koma fyrir fisk eða veiðiheimildir fyrir veiðiheimildir. Það verður því miður að segjast eins og er að samkvæmt orðanna hljóðan í öllum þeim nótum sem við höfum undir höndum er verið að tala um fiskveiðiheimildir, „fishing possibilities" eins og það heitir í þessum ensku textum. Þetta er m.a. það sem undirritað var í Óportó í maí og má kannski bara segja að menn hafi einfaldlega samið af sér þegar þeir undirrituðu slíkar nótur. Hins vegar er ástæða til þess að ítreka að það er ekkert jafnræði í því hvernig með á að fara ef umsaminn afli næst ekki þó við séum að tala um „fishing possibilities" eða veiðiheimildir vegna þess að ef karfi næst ekki á þeim tilteknu svæðum sem Íslendingar hafa sett inn í nótuna, þá á að reyna að ná samkomulagi um að breyta mörkum svæðanna, þ.e. tilnefna þá væntanlega önnur svæði. Ef loðna næst hins vegar ekki og Íslendingar ná henni ekki verða þeir bara að bera skaðann. EB býður ekki neitt til vara. Það er auðvitað það sem við eigum að krefjast núna, að þeir bjóði eitthvað fyrir loðnuna náist hún ekki, eins og ráð er fyrir gert, vegna þess að við bjóðum önnur svæði náist karfinn ekki á tilteknum svæðum.

Það hefur komið fram í umræðum fyrr að EB virðist núna ætla að beita bókun 9 sem einhvers konar þumalskrúfu á Íslendinga, þ.e. náist fiskveiðisamningar ekki núna taki bókun 9 ekki gildi. Með því mótí eru þeir í rauninni að reyna að einangra fiskveiðiþjóðirnar, Íslendinga og Norðmenn, innan EFTA-hópsins. Ég vil segja það að við verðum þá bara að beita þeirri skrúfu á móti að ganga ekki frá EES-samningnum fyrr en fiskveiðisamningurinn liggur fyrir og láta EFTA-ríkin róa með okkur á þessum sameiginlega báti allt til enda.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er sérkennileg kenning hjá hæstv. utanrrh. að það sé ekki við hæfi að á Alþingi Íslendinga sé samningsumboðið skilgreint daginn áður en viðræður hefjast. Evrópubandalagið hefur skilgreint sitt samningsumboð og hefur ekki farið leynt með það. Samningaumboð Evrópubandalagsins er að þetta verði veiðiheimildir fyrir veiðiheimildir. Ísland hefur neitað þeirri kröfu Evrópubandalagsins núna í rúmlega hálft ár og þess vegna hafa þessir samningar verið í strandi. Sjútvrh. og fulltrúar sjávarútvegsins á Íslandi hafa hingað til staðið fast á þeirri kröfu Íslendinga að þetta yrði að vera raunverulegt veiði á móti raunverulegri veiði. Ég verð þess vegna að segja það að svör hæstv. sjútvrh. ollu mér miklum vonbrigðum. Svar hans, að lýsa ekki samningsumboðinu og segja að það ætti að veita samningamönnunum tíma til þess að ganga frá samningnum, er ekki hægt að túlka á annan veg en þann að sjútvrh. Íslands sé búinn að gefa grænt ljós á það að fallið verði frá kröfu Íslendinga um að þetta sé raunverulegt veiði á móti raunverulegri veiði og sé að undirbúa það að með einum eða öðrum hætti verði fallist á kröfu Evrópubandalagsins um að þetta verði heimild á móti heimild. Íslendingar hafi þess vegna enga tryggingu sín megin. Þetta eru mjög dapurleg tíðind og ég vona að hæstv. sjútvrh. endurskoði þá afstöðu sína nema það sé rétt sem hér var sagt af einum þingmanni áðan að það hafi verið liður í hrossakaupum stjórnarflokkanna um síðustu helgi aðfaranótt mánudagsins og fram hádegi á mánudegi að gegn því að Alþfl. féllist á kvótakerfið óbreytt áfram mundi sjútvrh. falla frá kröfum sínum í samningum við Evrópubandalagið um sjávarútvegssamninginn. Þar með væri hægt að tryggja EES-samninginn og í leiðinni að láta kvótakerfið vera við lýði. Ég vona að þetta hafi ekki verið þannig vegna þess að það hefði verið ljótur leikur.

Hitt blasir svo við eftir þessa umræðu að það er greinilega verið að undirbúa þá lendingu í þessu máli að Evrópubandalagið nái sínu enn á ný fram í sjávarútvegsmálum. Ég vona að það verði ekki lokið samningi í Brussel á morgun sem felur slíkt í sér.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég mótmæli því alveg ef hæstv. sjút-

vrh. hefur ekki málfrelsi hér til að bera af sér sakir eða koma með skýrari yfirlýsingar en hann gerði áðan. Ég stend fyrst og fremst upp vegna þess að hæstv. utanrrh. fór að leggja einu sinni enn til grundvallar málflutningi sínum drög sem embættismenn gerðu árið 1981 um rammasamning, drög að rammasamningi milli Íslands og Evrópubandalagsins. Þessi drög voru óaðgengileg þá að mati stjórnvalda. Þeim var stungið ofan í skúffu. Nú tekur núverandi ráðherra þessi drög upp og leggur þau undir sem eitthvert grundvallarplagg. Þeim var hafnað þá vegna þess að þau voru óaðgengileg á þeim tíma. Þau eru enn þá óaðgengilegri og fráleitari núna meira að segja af þeirri ástæðu að Grænland er ekki lengur aðili að Evróplubandalaginu fyrir utan það að í þeim eru auðmýkjand ákvæði sem ekki er eðlilegt fyrir okkur Íslendinga að fallast á.

Út af ræðu hv. 4. þm. Reykv. sem minntist á athyglisverða hluti um útfærslu landhelginnar og möguleika þá sem Ísland á í því sambandi vil ég minna á það og spyrja þingheim hvernig mönnum litist á að sækja þann rétt sem við eigum eftir að við værum orðnir aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Með aðild að Evrópsku efnahagssvæði erum við náttúrlega að slá striki yfir þann möguleika að færa landhelgina frekar út.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að rammasamningurinn frá 1981 var ekki staðfestur var ekki ágreiningsefni um hann sem slíkan heldur einfaldlega vegna þess að menn náðu ekki samningum um skiptingu á sameiginlegum stofnum, þar á meðal við Grænlendinga.

Því var haldið fram að með því að kveða á um það í erindaskiptunum að skipti skyldu vera skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum hafi Íslendingar samið af sér og það væri vont til þess að vita að þeir hafi gert það á undan Norðmönnum. Þetta er alger misskilningur. Frá upphafi vega hefur verið rætt um skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum. Norðmenn hafa slíka samninga frá fyrri tíð við Evrópubandalagið sem allir eru byggðir á gagnkvæmum veiðiheimildum. Það er misskilningur hjá hv. 8. þm. Reykn. að Evrópubandalagið hafi gefið upp samningsumboð sitt vegna þess að það liggur fyrir í erindaskiptunum undirskrifuðum, í Óportó 2. maí, að þar eru báðir aðilar að semja um skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum. Það sem verið er að semja um á morgun er útfærslan á framkvæmd þeirra samninga. Það er ekki spurning um það að skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum feli í sér að Evrópubandalagið sé að sýna á höndina í samningunum á morgun.

Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur að það er ekki jafnræði í samningnum að einu leyti, þ.e. það er viðurkennt að verðmæti loðnunnar sem Íslendingar fá í sinn hlut er umtalsvert meira en þeirra 3 þús. tonna karfaígilda sem þeir fá í sinn hlut.

Að lokum að því er varðar spurninguna um gagnkvæmni í samningnum er engin spurning um það að þetta er byggt á skiptum á gagnkvæmum veiðiheimildum. Það er alveg ljóst að úthlutun á loðnukvótum, sem fer að mestu leyti eftir ráðgjöf íslenskra vísindamanna og er í höndum íslenskra stjórnmálamanna, stjórnvalda, þá er um það það eitt að segja að ef þessar loðnuheimildir verða ekki nægilegar til þess að Grænlendingar fái í sinn hlut þær veiðiheimildir sem Evrópubandalagið hefur af þeim keypt, þá er gagnkvæmnin í því fólgin að þá fær Evrópubandalagið náttúrlega ekki í sinn hlut þennan karfa sem um er samið. Í því er gagnkvæmnin fólgin. Síðan geta komið upp álitamál um breytileg tilvik sem þarf að semja um nákvæmlega. Þeir samningar eru frá ári til árs og það er það sem fram fer á morgun. Hitt liggur að mestu leyti fyrir.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Tveir hv. þm. hafa haft í frammi dylgjur þar að lútandi að niðurstöður þeirra samninga sem nú eiga sér stað í Brussel hafi verið tengdar umræðum og ákvörðunum og samkomulagi stjórnarflokkanna í milli um aðgerðir í efnahagsmálum. Ég vísa þessu á bug. Fyrir þessu er ekki fótur. Í þeim umræðum innan ríkisstjórnar var að sjálfsögðu aldrei minnst á þessa samninga enda kom sú umfjöllun þeim ekki við og hefði verið fullkomlega óeðlilegt að blanda því saman og fyrir þessu er því enginn fótur.

Vegna þess sem hér hefur komið fram að við þyrftum að halda áfram að vinna að réttindum okkar í hafréttarmálum í samræmi við hafréttarsáttmálann er þess að geta að þessir samningar um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum breyta í engu skýlausum rétti okkar í þeim efnum. Honum höldum við að sjálfsögðu að fullu óskertum og þessir samningar breyta þar engu um.

Varðandi samningsumboðið hygg ég nú að þrátt fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram sé öllum ljóst, enda þekkja þingmenn það vel til samninga, að þeir sem í samningum standa frá báðum aðilum þurfi að hafa nokkurt sigrúm til að ná niðurstöðu. Við höfum átt í þessum viðræðum. Báðir aðilar hafa lagt fram texta af sinni hálfu út frá þeim samningsdrögum sem þeir hvor um sig hafa lagt fram. Ef Evrópubandalagið hefði gefið samningsmönnum sínum það umboð að þeir mættu í engu hvika frá þeim textum sem lagðir hafa verið fram af þeirra hálfu og ekki fallast á neinar viðbætur og við hefðum gert slíkt hið sama, þá væru engir samningar. Þá þyrfti engan samningafund af því að það væri ákvörðun um að semja ekki og engin slík ákvörðun yrði tekin. Þetta veit ég að þingmenn skilja. Við freistum þess að ganga frá þessum samningum á morgun. Ekki er hægt að fullyrða að svo verði. Ef annar hvor aðilinn fellur frá sínum sjónarmiðum er það sjálfsagt alveg rétt mat hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. að hægt væri að ljúka þessum samningum fyrir kvöldmat. En ég á ekki von á því að Evrópubandalagið geri það og við munum halda á málum okkar þannig alveg fram til síðustu stundar að við tryggjum íslenska hagsmuni í þessum samningum.

Atvinnuleysistryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 226. mál (verkefnastyrkir til sveitarfélaga 1993). — Þskj. 283.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Þetta frv. á þskj. 283 er flutt til þess að leita staðfestingar Alþingis á samkomulagi sem gert var í haust milli stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga og ríkisstjórnarinnar. En þann 10. október 1992 var undirritað samkomulag þessara aðila um aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi á árinu 1993. Samkomulagið, sem undirritað var, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Samband ísl. sveitarfélaga mælir með því við sveitarfélögin að þau leggi fram á árinu 1993 fjárframlag, 500 millj. kr., í Atvinnuleysistryggingasjóð. Framlagið verður miðað við íbúafjölda sveitarfélaga.

Vegna þessa fjárframlaga sveitarfélaganna mun ríkisstjórnin gera ráðstafanir til þess að á árinu 1993 verði Atvinnuleysistryggingasjóði heimilað að ráðstafa því fjármagni, þó þannig að dragi samsvarandi úr atvinnuleysisbótum og að uppfylltum reglum sem settar verða um úthlutun úr sjóðnum. Þessum greiðslum skal einungis varið til sérstakra verkefna til eflingar atvinnulífs á vegum sveitarfélaga. Samband ísl. sveitarfélaga skal fá aðild að ákvörðunum um ráðstöfun þessa fjármagns.

Ofangreindar ráðstafanir gilda eingöngu á árinu 1993 og mun ríkisstjórnin beita sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum.

Aðilar eru sammála um að framvegis verði tillögur um meiri háttar breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og tekjustofnum sveitarfélaga, sem kveðið er á um í lögum eða gert hefur verið sérstakt samkomulag um, teknar til umfjöllunar í sérstakri samráðsnefnd þeirra. Skulu ákvæði um slíka samráðsnefnd sett í slíkan nýjan samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga, er öðlast gildi í ársbyrjun 1993, en núverandi samstarfssáttmáli aðila rennur út um næstu áramót."

Svo hljóðaði það samkomulag sem undirritað var þann 10. okt. 1992. Fyrri hluti þessa samkomulags lýtur að ráðstöfunum til að draga úr atvinnuleysi á árinu 1993 fyrir milligöngu Atvinnuleysistryggingasjóðs en síðari hluti samkomulagsins lýtur að fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og breytingu á reglum um samráðsnefnd í samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga og fellur það að sjálfsögðu undir félmrh., ráðherra sveitarstjórnarmála.

Til þess að fullnægja fyrra atriði yfirlýsingarinnar þarf að leita eftir heimild Alþingis til breytinga á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð og er frv. flutt í því skyni. Til þess að við samkomulagið verði staðið verður tvennt að koma til. Í fyrsta lagi þarf að breyta lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð þannig að sjóðnum sé heimilt að taka við því fjármagni sem hér um ræðir og ákveða í lögum með hvaða hætti það skuli lagt á sveitarfélögin. Í öðru lagi þarf einnig að gera þær breytingar á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð að honum verði heimilað að greiða þessa fjármuni út í samræmi við það samkomulag sem gert var við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga.

Hér er lagt til að þetta verði gert með þeim hætti að í lögin um Atvinnuleysistryggingasjóð, nr. 96/1990, bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem verði ákvæði til bráðabirgða IV, svohljóðandi:

„Á árinu 1993 skulu sveitarfélög greiða 500 millj. kr. til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri greiði 1.950 kr. fyrir hvern íbúa en sveitarfélög með færri en 300 íbúa greiði 1.170 kr. á hvern íbúa. Miða skal við íbúafjölda 1. desember 1992. Um innheimtu gjaldsins skal fjmrh. setja reglugerð."

Ég læt staðar numið með tilvitnun í greinina og vil láta fylgja örfáar skýringar.

1. Samkomulag er á milli ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaga að með þessum hætti skuli gjaldið lagt á, þ.e. samkomulag á milli stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga og ríkisstjórnarinnar um fjárhæðir sem eru nefndar og samkomulag um að það leiði til niðurstöðu sem er um 500 millj. kr. samtals.

2. Gert er ráð fyrir því að í reglugerð um innheimtu gjaldsins, sem fjmrh. á að setja, sé kveðið á um að sveitarfélögin greiði þessar greiðslur til ríkissjóðs einu sinni í mánuði samkvæmt útsendum reikningum þar um. Hefst þá aftur tilvitnun í texta frv. Þar stendur í seinni mgr. 1. gr., með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 47. gr. skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt á árinu 1993 að gera tillögur um ráðstöfun á þessu fjármagni til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífs, enda dragi samsvarandi úr greiðslum atvinnuleysisbóta á hverjum stað. Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem heilbr.- og trmrh. setur að fenginni umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga. Tveir fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga skulu taka sæti í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs þegar styrkumsóknir eru teknar til umfjöllunar og afgreiðslu. Tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingar skulu staðfestar af heilbr.- og trmrh." Lýkur þar tilvitnun í seinni málslið 1. gr. þessa frv. Örfáar skýringar:

1. Gert er ráð fyrir því í gildandi lögum, í 47. gr. þeirra laga, að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs sé heimilt að verja fé úr sjóðum til að styðja sveitarfélög við framkvæmdir sem líklegar til þess að draga úr atvinnuleysi og létta byrðum af Atvinnuleysistryggingasjóði. Þau mörk eru hins vegar sett stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að henni er aldrei heimilt að greiða í þessu skyni meira en sem nemur vaxtatekjum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þar sem hér er um miklu hærri fjárhæðir að ræða en nemur vaxtatekjum Atvinnuleysistryggingasjóðs og auk þess fjármunir sem sérstaklega eru fengnir með framlögum sveitarfélaga, er nauðsynlegt að heimila að þrátt fyrir ákvæði 47. gr. skuli stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að ráðstafa umræddum fjármunum, 500 millj. kr., með þeim hætti sem hér er tekið fram.

2. Orðalagið á þessari málsgrein eins og þeirri fyrri er gert í samráði við og að fengnu samþykki stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga þannig að það sem þar er

sagt til að lýsa framkvæmdinni á málinu er með samþykki stjórnarinnar Þar er gert ráð fyrir því að heilbr.- og trmrh. setji reglur um úthlutun styrkja og þær reglur verði settar í samráði við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og að í reglum þessum verði gert ráð fyrir því að ráðstöfunin á fjármagninu verði einvörðungu til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga. Þau verkefni gætu út af fyrir sig verið unnin af einkaaðilum en það er sveitarfélagið sem er ábyrgt fyrir þeim og sækir um þau. Ekki gert ráð fyrir því heldur samkvæmt textanum að framlag Atvinnuleysistryggingasjóðs til slíkra verkefna geti verið hærra en samsvarar þeim greiðslum atvinnuleysisbóta sem ella hefðu fallið til. Þarna er því verið að ræða um að skapa verkefni fyrir fólk sem er á atvinnuleysisbótum og fellur út af atvinnuleysisbótum með þeim framkvæmdum sem þarna á að styrkja.

3. Gert er ráð fyrir því að það sem umfram er þær greiðslur sem þannig eru heimilaðar falli þá á viðkomandi sveitarfélag, þ.e. ef um viðbótarlaunagreiðslur er að ræða, umframgreiðslur atvinnuleysisbóta fyrir hvern þann sem af atvinnuleysisskrá fellur eða ef um greiðslur er að ræða vegna efniskaupa eða annarra aðfanga.

Síðan er ákveðið í málsgreininni — og er það einnig í samráði við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga — að tveir fulltrúar þeirra skuli taka sæti í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs þegar styrkumsóknir eru teknar til umfjöllunar og afgreiðslu. Er þá að sjálfsögðu átt við þær styrkumsóknir einar sem lúta að því efni sem hér er fjallað um.

Loks er gert ráð fyrir því að heilbr.- og trmrh. skuli staðfesta tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingar, ekki þó þannig að hæstv. heilbr.- og tmrh. geti breytt tillögum stjórnarinnar, heldur að hann geti annaðhvort staðfest þær eða hafnað ef það er álit ráðherrans að styrkveitingin sem um er að ræða sé ekki í samræmi við það samkomulag sem gert hefur verið eða sé með einhverjum hætti öðruvísi en lögin sem hér er gerð tillaga um að sett verði, gera ráð fyrir.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál enda er um samkomulagsmál að ræða milli stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga og ríkisstjórnarinnar. Ég legg því til að að lokinni umræðunni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hæstv. heilbr.- og trmrh. mælti fyrir byggist á viðtölum sem hafa átt sér stað við Samband ísl. sveitarfélaga og er framlenging og hluti af mjög sérkennilegum samskiptum núverandi ríkisstjórnar við Samband ísl. sveitarfélaga og má segja að nái með vissum hætti hápunkti núna í síðustu ákvörðunum ríkisstjórnarinnar þar sem gert er ráð fyrir því að fella niður aðstöðugjald, sem hefur verið einn megintekjustofn sveitarfélaga, en leggja í staðinn almennan skatt á launafólk í landinu og hækka í staðinn beina skatta á almenningi um 31% sem er mesta skattahækkun sem gerð hefur verið tillaga um hér á Alþingi frá því að sögur hófust, liggur mér við að segja, virðulegi forseti. Skattar á almenningi hækka um 95.200 kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu að meðaltali. Auðvitað er mjög vægt til orða tekið að nefna þessa menn skattakónga. Það er einhver önnur og yfirnáttúrulegri samjöfnunarviðmið sem menn þyrftu að hafa til þess að ná upp í þessi ósköp sem hér eru á ferðinni.

Það sem ég vildi nefna, virðulegi forseti, er fyrst og fremst staða Atvinnuleysistryggingasjóðs og spyrja hæstv. ráðherra að því hvort það er ætlunin að koma með á næstu dögum annað frv. um breytingu á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég spyr að gefnu tilefni, í fyrsta lagi vegna þess að í frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 er gert ráð fyrir því að skera niður framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs um 100 millj. kr. með breyttum bótareglum eins og segir í athugasemdum með fjárlagafrv. á bls. 324. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Í fjárlögum 1992 var gert ráð fyrir bótagreiðslum sem svaraði til rúmlega 2% atvinnuleysis. Samkvæmt nýjustu áætlunum stefnir í 2,8–3% atvinnuleysi í ár. Við undirbúning fjárlagafrv. var atvinnuleysi talið stefna í 3,5–4%. Ríkisstjórnin greip því til sérstakra ráðstafana með því að veita 2 milljörðum kr. til atvinnuskapandi framkvæmda, eins og fram kemur annars staðar í frv. Jafnframt var áætlað framlag til atvinnuleysisbóta lækkað um 300 millj. kr.“ — Vegna þessara framlaga til atvinnuskapandi aðgerða upp á 2 milljarða var framlagið í Atvinnuleysistryggingasjóð í meðferð fjárlaganna lækkað um 300 millj. kr. Síðan segir hér áfram með, leyfi forseta: „Fjárþörf sjóðsins á næsta ári er áætluð 2.314 millj. kr. nettó. Í lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð er ríkissjóði ætlað að leggja til sjóðsins fjárhæð sem nemur þreföldu framlagi atvinnurekenda. Hlutur atvinnurekenda af tryggingagjaldi er áætlaður 275 millj. kr. og lögbundið framlag ríkisins er því 825 millj. kr. Jafnframt er Atvinnuleysistryggingasjóði ætlað að selja skuldabréfaeign fyrir a.m.k. 250 millj. kr. á næsta ári [þ.e. á árinu 1993]. Viðbótarframlag úr ríkissjóði verður því 864 millj. kr. Ætlunin er að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar og lækka þannig útgjöld sjóðsins um 100 millj. kr.... Til atvinnuleysisbóta opinberra starfsmanna renna 40 millj. kr. sem er hækkun um 20 millj. kr. frá fjárlögum 1992. Útgreiðslur fyrstu sjö mánuði þessa árs til opinberra starfsmanna voru um 30 millj. kr.“

Það sem kemur með öðrum orðum fram í þessu skjali, virðulegi forseti, er að ríkisstjórnin hafði reiknað með því að atvinnuleysið á næsta ári yrði 3,5–4%. Svo veitti hún 2.000 millj. kr. til atvinnuskapandi aðgerða. Af þeirri ástæðu lækkaði hún upphæðina til Atvinnuleysistryggingasjóðs um 300 millj. kr. Hún gerði með öðrum orðum þá ráð fyrir því að atvinnuleysið yrði minna en 3,5% að meðaltali á næsta ári. Auk þess ætlar ríkisstjórnin að láta Atvinnuleysistryggingasjóð ganga á höfuðstól og selja skuldabréf á næsta ári fyrir a.m.k. 250 millj. kr. en á þessu ári hefur þegar verið gengið á höfuðstól Atvinnuleysistryggingasjóðs og ég hygg að það sé kannski gleggst heimild um þetta efni sem fram kom í ræðu Guðmundar Þ Jónssonar

meðan hann sat hér, en hann á sæti í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, þar sem hann upplýsti að greiðslugetu Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna atvinnuleysis hefur hrakað mjög verulega á undanförnum árum og núna á síðustu missirum hefur sjóðurinn ekki haft sem eign nema, ef ég man rétt, í kringum 2 milljarða kr. eins og það stóð í upphafi þessa árs. Það hefur gengið á þá eign á þessu ári og það á að ganga enn á þessa eign á næsta ári þó svo það liggi fyrir samkvæmt gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar frá árinu 1982 að ríkissjóður ber ábyrgð á öllum fjárhagsskuldbindingum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég spyr ráðherra: Er ætlunin að koma næstu daga með annað frv. um Atvinnuleysistryggingasjóð vegna þess að hér er gert ráð fyrir að skera niður um 100 millj. og að selja skuldabréf upp á 250 millj. kr. á árinu 1993? En þetta var, virðulegi forseti, miðað við 3,5% atvinnuleysi eða minna á næsta ári og þá kemur annar kafli þessa máls.

Í greinargerð ríkisstjórnarinnar vegna efnahagsráðstafana sem kynntar voru hér á mánudaginn var er fjallað um vinnumarkaðinn og þróun hans á næsta ári sérstaklega. Þar segir svo í áliti Þjóðhagsstofnunar, með leyfi hæstv. forseta:

„Atvinnuástand hefur versnað mikið að undanförnu vegna þrenginga í þjóðarbúskapnum. Skráð atvinnuleysi er um þessar mundir 3% af mannaflanum en ýmislegt bendir til að raunverulegt atvinnuleysi sé nokkru meira. Í þjóðhagsáætlun var gert ráð fyrir að atvinnuleysi yrði 3,5% af vinnuaflinu á næsta ári samanborið við 3% á þessu ári. Líklegt er," segir Þjóðhagsstofnun, „að þessi spá hafi verið í bjartsýnni kantinum eins og m.a. má ráða af atvinnuástandskönnun Þjóðhagsstofnunar frá september sl.

Mjög erfitt er að meta fyrir fram áhrif á vinnumarkaðinn af svo miklum breytingum sem hafa orðið innan lands og erlendis að undanförnu. Það leikur hins vegar ekki vafi á því að sú styrking á stöðu atvinnulífsins sem felst í aðgerðum ríkisstjórnarinnar bætir atvinnuhorfur frá því sem annars hefði orðið, sérstaklega þegar líður á næsta ár og á árinu 1994, þótt þær nái varla að stöðva aukningu atvinnuleysis á næstu mánuðum."

Í áliti Þjóðhagsstofnunar á aðgerðum ríkisstjórnarinnar er með öðrum orðum sagt að atvinnuleysi muni að öllum líkindum fara vaxandi á næstu mánuðum og að um 3,5% atvinnuleysi að meðaltali á árinu 1993 sé í bjartsýnni kantinum. Við sem höfum lengi lesið texta Þjóðhagsstofnunar vitum hvað þetta þýðir. Þetta þýðir að Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir meira atvinnuleysi á árinu 1993 en 3,5%. Enda er þetta staðfest, virðulegi forseti, í greinargerð ríkisstjórnarinnar sjálfrar með ráðstöfununum í efnahagsmálum. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Sú styrking á stöðu atvinnulífsins sem felst í aðgerðum ríkisstjórnarinnar bætir atvinnuhorfur frá því sem annars hefði orðið, sérstaklega þegar líður á næsta ár og á árinu 1994, þótt þær nái varla að stöðva aukningu atvinnuleysis á næstu mánuðum." — Frá því sem annars hefði orðið.

Ég þráspurði hæstv. forsrh. um það á mánudaginn hvað ríkisstjórnin teldi að atvinnuleysi hefði annars orðið. Ég fékk engin svör í þeim efnum. En það er augljóst fyrir hvern læsan mann að þær tölur um atvinnuleysisbætur sem eru í fjárlögunum duga hvergi nærri fyrir því atvinnuleysi sem ríkisstjórnin sjálf gerir ráð fyrir á árinu 1993. Það vantar þar verulega mikið upp á og þetta mál, virðulegi forseti, er óhjákvæmilegt að ræða í tengslum við frv. um samkomulag við sveitarfélögin. Ekki vegna þess að það þurfi endilega að draga alla hluti inn í það mál, heldur vegna þess að það er að koma desembermánuður og samkvæmt fjárlagafrv. þarf að breyta lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð áður en fjárlögin verða afgreidd fyrir jól. Með öðrum orðum hlýtur annað frv. að vera væntanlegt. Talandi af reynslu frá síðasta vetri segi ég alveg eins og er við hæstv. heilbrrh. að það er dálítið ódýrt, að ekki sé meira sagt, að flytja hér frv. um hin góðu mál en hafa vondu málin í bandorminum sem kemur frá ríkisstjórninni allri og vera svo ekki viðstaddur þegar ráðherrann er spurður um hvað þeir þættir þýða sem lúta að málaflokki hans og eru í bandorminum. Þannig að ef hæstv. ráðherra hyggst breyta atvinnuleysistryggingasjóðslögunum hvort eð er á hann auðvitað að taka alla þætti inn í frv. en ekki bara þetta eina atriði sem snýr að sveitarfélögunum sem ekki þarf að vera mikill ágreiningur um.

Ég tel þess vegna óhjákvæmilegt að fái heilbr.- og trn. málið til meðferðar eins og gera má ráð fyrir, taki hún almenna stöðu sjóðsins til athugunar og önnur áform ríkisstjórnarinnar líka því það er bersýnilega ætlun ríkisstjórnarinnar að gera eitt af þrennu eða allt í senn: Í fyrsta lagi að skera niður framlög til sjóðsins. Í öðru lagi að ganga á eignir sjóðsins. Og í þriðja lagi að stórskerða kjör atvinnuleysingja sem þó hafa með ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar verið skorin niður um 3% nú þegar samkvæmt mati hæstv. forsrh. eða eins og það birtist hér á þriðjudagskvöldið þar sem hann upplýsti að kjaraskerðingarráðstafanir ríkisstjórnarinnar væru 3–6% að hans mati. Þetta þýðir að það er í raun verið að taka af atvinnulausu fólki sem er á atvinnuleysisbótum allt árið. Það er verið að taka 18.000 kr. á ári af þeim sem eru með fullar atvinnuleysisbætur, segjum 50.000 kr. á mánuði. Þetta er auðvitað fráleitt, virðulegi forseti, að ekki sé talað um ef það er ætlunin að ganga enn lengra í að skera niður kjör þessa fólks sem núna hefur stofnað til samtaka og hefur sett upp fyrstu sérstöku matsöluna fyrir atvinnulausa í sögu þessa lands.

Ég verð því að segja, virðulegi forseti, að mér finnst það ódýrt af hæstv. heilbrrh. að ætla sér að smeygja sér í gegn með þetta mál, rétt eins og það sé eina málið sem snertir Atvinnuleysistryggingasjóð og er á dagskrá hér. Það er ætlun ríkisstjórnarinnar að gjörbreyta stöðu sjóðsins með öðrum ráðstöfunum sem hún og hæstv. ráðherra hyggjast síðan fela í bandormi ríkisstjórnarinnar þegar frv. hennar um ráðstafanir í ríkisfjármálum og efnahags- og atvinnumálum kemur til meðferðar næstu daga.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrrh. með tillögu um það að frv. það sem hér er mælt fyrir fari til umfjöllunar í heilbr.- og trn. Ég á sæti í þeirri virðulegu nefnd og ég segi fyrir mig að ég er tilbúinn til þess að skoða þetta mál þar með opnum huga og efnislega tek ég undir það sem hér er á ferðinni. Ég er ánægður með þá breytingu sem gerð er tillaga um þó svo hún veki upp margar spurningar hjá mönnum. Þegar mál eins og þessi eru flutt vekja þau upp spurningar, ekki síst um fjárhag sjóðsins. Ég ætla að koma örlítið inn á það síðar í ræðu minni og spyrja hæstv. ráðherra þá nokkurra spurninga.

Frv. er um samkomulag milli ríkisvalds og sveitarfélaga og í þeim tilgangi samið að gera tilraun til þess að draga úr atvinnuleysi. Í 2. mgr. 1. gr. segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 47. gr. skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt á árinu 1993 að gera tillögur um ráðstöfun á þessu fjármagni til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífs, enda dragi samsvarandi úr greiðslum atvinnuleysisbóta á hverjum stað."

Af þessum lagatexta er ekki alveg skýrt hvað átt er við enda segir: „Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur ..."

Því spyr ég: Þarna er um 500 millj. kr. að ræða. Segjum að Reykjavíkurborg sæki um 200 millj. kr. í sjóðinn til þess að takast á við það atvinnuleysi sem hér er, sem kannski er erfiðara að fást við en á mörgum öðrum stöðum. Fái Reykjavíkurborg þennan styrk, hvað þýðir það fyrir aðra sem verða atvinnulausir og bætast við eftir að slíkur styrkur hefur verið greiddur úr sjóðnum til Reykjavíkurborgar? Þýðir það að atvinnuleysisbætur til þeirra sem bætast við verði skertar? Bara til Reykvíkinga? Þetta eru spurningar sem vakna upp út frá lagatextanum. Nú býst ég fastlega við að þetta sé ekki með þessum hætti, en yrði ánægður með að fá svör hjá hæstv. ráðherra við því hvernig ráðherrann hefur hugsað sér þetta.

Um leið og þessi einstaka breyting er flutt og menn lesa fjárlagafrv., ég ætla ekki að vitna í það til þess eins að eyða tímanum við þessa umræðu en hv. 9. þm. Reykv. vitnaði í fjárlagafrv. og þar eru ýmis fyrirheit af hálfu ríkisstjórnarinnar um hvað gera skuli við Atvinnuleysistryggingasjóð, spyr ég hæstv. ráðherra: Hvað líður heildarendurskoðun á lögunum um atvinnuleysistryggingar? Ég veit að þær eru búnar að vera lengi í endurskoðun og breytingar hafa verið gerðar á þeim nefndum sem um málin fjalla.

Því hefur verið haldið fram af virtum hagfræðingi, Lilju Mósesdóttur, að atvinnuleysi sé jafnvel 40% meira en hefur verið skráð. Nú eru þetta bara tilvitnanir sem ég hef heyrt og ætla ég ekkert að fullyrða í þeim efnum, það er mjög erfitt að áætla þetta. Vafalítið er atvinnuleysið nokkru meira en skráð er vegna þess að hópur atvinnuleysingja er ekki á skrá hjá sjóðnum vegna þess að hann fær ekki greiðslur úr sjóðnum.

Hugmyndir hafa verið uppi um að fjölga þeim aðilum sem eiga möguleika á greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Mér finnst það stangast dálítið á, nema það sé ásetningur að skerða atvinnuleysisbæturnar, þegar menn tala um það annars vegar að fjölga þeim sem eiga að fá greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði en með endurskoðun laganna ætla menn á sama tíma að spara 100 millj. kr., eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Hvernig fer þetta saman?

Fjárhagur Atvinnuleysistryggingasjóðs er sér kapítuli út af fyrir sig og af því að málið kemur til hv. heilbr.- og trn. gefst mér tækifæri til þess að skoða það ofan í kjölinn. Þó vil ég spyrja hæstv. ráðherra nokkurra spurninga í þeim efnum.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að fjárþörf sjóðsins samkvæmt fjárlagafrv. sé 2.314 millj. Þar er gengið út frá 3,5% atvinnuleysi. Fjárlagafrv. gerir hins vegar ráð fyrir ríkisframlagi upp á 1.964 millj. Síðan er gert ráð fyrir að 250 millj. kr. verði seldar af eignum sjóðsins. Hver er eiginfjárstaða sjóðsins þegar búið er að selja 250 millj. kr., gangi þessar tölur allar eftir? Ég hef efasemdir um að það muni gerast vegna þess að ég spái því að atvinnuleysið muni verða mun meira en hér er gert ráð fyrir.

Spáð hefur verið að atvinnuleysi geti orðið á bilinu 4–6%. Við skulum taka töluna þar á milli og segja 5%. Sem útgjöld fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð við óbreyttar aðstæður, enga skerðingu, enga fjölgun þeirra sem samkvæmt reglum sjóðsins eiga rétt á atvinnuleysisbótum, þýðir 5% atvinnuleysi 3.200 millj. kr. Þetta fæ ég út með því að nota tölur sem komu fram hjá tveimur hv. þm. sem sátu sem varaþingmenn fyrir skömmu og eiga báðir sæti í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, þeim Pétri Sigurðssyni og Guðmundi Þ Jónssyni. Þeir sögðu að hvert atvinnuleysisprósentustig þýddi 650 millj. kr. á ári fyrir sjóðinn.

Menn tala um skattahækkunaræði ríkisstjórnarinnar og ég tek alveg undir það. Ég ætla þó ekki að fjalla sérstaklega um það núna, það gefast nóg tækifæri til þess síðar. En ég spyr hæstv. ráðherra einnar spurningar: Hefur verið kannað hvaða hópar eru á skrá Atvinnuleysistryggingasjóðs? Þá á ég við úr hvaða greinum atvinnulífsins þetta fólk komi og hvaða menntun það hafi.

Ástæða þessarar spurningar eru áform ríkisstjórnarinnar um að draga úr skattsvikum. Ég held gert sé ráð fyrir að ná inn 500 millj. kr. á árinu 1993 vegna herts skatteftirlits. Í umræðu sem átti sér stað fyrir rúmri viku þegar rætt var um hugsanleg undanskot frá skatti fullyrtu menn að þetta gætu verið upphæðir á bilinu 7–9 milljarðar kr. Nú ætla ég ekkert að fullyrða í þeim efnum. Fyrir tveimur eða þremur árum eða jafnvel er enn lengra síðan kom út skýrsla sem gerði ráð fyrir — þá var reyndar söluskatturinn við lýði og breytingar orðið á skattakerfinu síðan — að svört atvinnustarfsemi væri á bilinu 5–8 milljarðar kr.

Þegar ég spyr hæstv. ráðherra hver samsetningin sé á þeim hópi sem er á atvinnuleysistryggingum þá veltur maður því fyrir sér hvort ekki væri möguleiki á að nota þá peningana sem verið er að greiða ákveðnum

hópi, kannski velmenntuðum hópi fólki sem hefði alla burði til þess að fara í skatteftirlit, þekkti innviði fyrirtækjanna, þekkti vel til bókhalds og annarra slíkra hluta og nýta peningana þannig í sérstakt átak til skatteftirlits. Þá á ég auðvitað ekki við að menn ættu að útbúa sérstaka rannsóknarlögreglu á vegum Atvinnuleysistryggingasjóðs í þessum efnum heldur verkefnaráða þetta fólk hjá skattrannsóknarstjóra og nýta þá fjármuni sem eru útgjöld ríkisins hvort sem er til þess hóps sem er atvinnulaus. Peningarnir geti þannig farið í skatteftirlitið og árangur næðist í þeim efnum, kannski miklu meiri árangur en útgjöldin sem við erum með til þessa hóps vegna atvinnuleysisbóta.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég las yfir það frv. sem hér hefur verið lagt fram og er til umræðu. Það verður að segjast eins og er að það er um margt sérstætt. Atvinnuleysi á Íslandi, af þeirri tegund sem við sjáum fyrir okkur nú, hefur ekki verið hér í marga áratugi. Eiginlega ekki síðan 1930. Í Evrópu hefur aftur á móti þeirri stefnu verið fylgt sem hefur leitt til atvinnuleysis eins og hér hefur verið að skapast að undanförnu. Evrópuríkin hafa þess vegna nokkuð langa reynslu í því að glíma við atvinnuleysi. Mér þótti það mjög fróðlegt þegar ég átti þess kost að heyra í óbreyttum, breskum sveitarstjórnarmönnum, stuðningsmönnum breska Verkamannaflokksins, sem höfðu skoðanir á því hvers vegna Bretar höfðu náð minni árangri en Þjóðverjar í því að verjast atvinnuleysi. Þeir töldu það stafa af því að það hefði verið gert miklu minna af því í Bretlandi en í Þýskalandi að setja af stað starfsþjálfun fyrir fólk og auðvelda því á þann hátt að skipta um störf og komast áfram. Þetta töldu þeir að hefði verið lykilatriðið í því sem Þjóðverjar hefðu framkvæmt og orðið þeim til farsældar en Bretar aftur á móti ekki. Hins vegar er það svo að Verkamannaflokkurinn ræður mörgum borgum í Bretlandi og þeirri stefnu sem sveitarfélögin hafa mótað. Eitt af því sem þeir gera er að veita stuðningsaðgerðir við ný fyrirtæki sem taka menn af atvinnuleysisskrá. Þetta gera þeir með því að greiða hluta af launakostnaði þessara fyrirtækja, stigminnkandi, í nokkur ár. Á þeim stöðum þar sem þeir ráða hafa þeir einnig farið í að greiða þeim sem eru atvinnulausir hærri atvinnuleysisbætur ef þeir nota þann tíma til að afla sér meiri þekkingar. Ég er ekki nægilega kunnugur til að fullyrða hvort það sé bundið við það eitt að fara á þessi námskeið sem þar eru sett á stofn til þess að auðvelda mönnum að skipta um vinnu eða hvort það er almennt ef menn snúa sér að því að bæta sína þekkingu innan þess hefðbundna skólakerfis sem þar er.

Ég tel það mikil alvörumál að Íslendingar reyni ekki að heimasauma sínar lausnir í þessu máli. Ég tel það mikil alvörumál að hæstv. heilbr.- og trmrh. gefi sér tóm til þess í önn dagsins að skoða það hvernig staðið er að þessum málum hjá þeim þjóðum sem hafa nokkuð lengi mátt glíma við þetta.

Hér er tekin ákvörðun um það að verja 500 millj. til þess að skapa atvinnu í landinu og auðvitað er það jákvæð ákvörðun að reyna að efla atvinnuna. Spurningin er bara: Í hvaða farveg er þetta sett?

Við búum við það að við höfum haft verulega hrein skil annars vegar á milli stofnana sem hafa annast útlán til atvinnulífsins og hins vegar stofnana sem hafa greitt þessar tryggingabætur. Þess vegna er ekki um það að ræða að hjá stofnun eins og Atvinnuleysistryggingasjóði sé starfsfólk sem hefur glímt við það að leggja á það mat hvort tiltekin ákvörðun hjá sveitarstjórn sem leitar eftir fjármunum er skynsamleg, hvort hún er varanleg á einhvern hátt, hvort hún er skyndilausn. Slík starfsemi hjá sjóðnum að leggja mat á slíkt hefur ekki verið til staðar vegna þess að það hefur ekki þurft.

Ég tel að í dag fari það ekki á milli mála að hjá Byggðastofnun sé þetta starfsfólk til staðar. Hæstv. heilbr.- og trmrh. er fullkomlega ljóst hver er yfirmaður lánadeildar stofnunarinnar og ég veit að hann skrifaði bók um Framkvæmdastofnun á sínum tíma og kynnti sér það hvernig tekið var á þessum málum. Mér þætti út af fyrir sig mjög vænt um það ef á því væri skilningur að þetta starfsfólk, hvað sem líður viðhorfum til stofnunarinnar að öðru leyti, hefur vissulega verið að afla sér þekkingar, bæði með störfum sínum og með því að kynna sér þessi málefni, hvernig staðið er að þessu erlendis, að þar er um verulegan þekkingarbrunn að ræða. Og ég kvíði dálítið fyrir því ef niðurstaðan yrði nú sú að yfir úthlutun á þessum 500 millj. settist fólk sem mætti til fundar, engin grunnvinna hefði farið fram í stofnuninni vegna þess að þar er ekki starfsfólk til staðar, eins og ég gat um áður, og svo væri þessu dreift út eftir einhverju kerfi sem ég ætla ekki að útskýra frekar, en án þess að menn hefðu raunverulega þann grundvallarstuðning í sérfræðilegri vinnu sem þarf áður en ákvarðanirnar væru teknar. Þetta tel ég að væri mjög veikt og væri mikil afturför vegna þess að við höfum hvað sem hver segir verið að reyna að þróa það upp hjá held ég flestum stofnunum sem verja fjármagni til atvinnulífs að undirbyggja það betur að þar væri unnið visst fræðilegt verk áður en ákvarðanir væru teknar.

Ég verð að segja það líka sem mér finnst að sé dálítið umhugsunarefni og það er að hér er sett upp nokkuð einföld formúla að því hvernig afla skuli þessa fjár, þ.e. það er gert á þann hátt að dreifa byrðinni á sveitarfélögin eftir íbúafjölda. Við fyrstu sýn er þetta alls ekki óréttlát skipting. Sé aftur á móti bakgrunnur sveitarfélaganna skoðaður og á það horft að sum sveitarfélög hafa verið að binda sínum sveitarsjóðum miklar skuldbindingar vegna stuðnings við atvinnulífið en aðrar ekki, þá má ljóst vera að þarna er ekki sá bakgrunnur sem þyrfti að vera.

Sumar sveitarstjórnirnar hafa gengið á ystu nöf og kannski lengra en það, kannski raunverulega sett sveitarsjóðinn á höfuðið með því að ganga svo langt fram að vilja byggja upp atvinnulífið í sínu sveitarfélagi. Þeim hefur kannski tekist þetta. En þær eru þá með þessu beint og óbeint skyldaðar til þess að taka nú nýtt átak í þessum málum á svæði sem stjórn þessa sjóðs ákveður. Þessu vildi ég koma á framfæri vegna þess að

ég hygg að þessi nefskattur, ef svo mætti komast að orði, þurfi á einhvern hátt að skoðast mjög rækilega af félmrn., hvernig hann kemur við. Innheimta hans fer trúlega fram í gegnum Jöfnuarsjóð að einhverju leyti. (Gripið fram í.) Nú, það er ekki, þá sleppi ég þeirri athugasemd. En hvernig sem innheimtan fer fram, þá hlýtur það að koma inn í umræðuna fyrr eða síðar að sumir hafa verið að þyngja skuldabyrði sinna sveitarfélaga jafnt og þétt til þess að fyrirbyggja atvinnuleysi og eru af þeirri ástæðu mjög vanbúnir að fara í þessa greiðslu.

Ég hefði gjarnan viljað sjá hjá hæstv. ráðherra heildstætt frv. um þessi mál, heildstætt frv. þar sem tekin væri afstaða til þess hvernig ætti að hvetja þá sem tapað hafa atvinnunni til að afla sér þekkingar til þess að þeir séu færir um að takast á við ný verkefni. Sumir hafa tapað atvinnunni vegna þess að heilsan er kannski ekki jafngóð og hún var þó að þeir séu fullkomlega vinnufærir og þurfi að færa sig til af þeirri ástæðu, aðrir vegna þess að sá atvinnurekstur sem þeir hafa verið í er ekki í stakk búinn til að hafa þann mannafla sem hann hafði. En það sem ég vildi í grundvallaratriðum segja er þetta: Hæstv. ráðherra hlýtur að leggja metnað sinn í það að afla sér upplýsinga erlendis frá um hvaða aðferðir hafa dugað best til þess að tryggja því fólki, sem þar hefur tapað atvinnu, til þess að gera þetta tímabil í lífi manna sem styst og að fyrirbyggja það að hér verði varanleg viðurkenning á því að menn ætli að hafa atvinnuleysi og því síður að tekin verði inn sú hugsun sem kom frá einum íslenskum iðnrekanda, að það þyrfti nánast að kenna fólki að sætta sig við það að vera atvinnulaust.

Ég taldi rétt að taka þessa umræðu nú. Og þó ég hafi kannski farið dálítið út fyrir efni þessa frv., þá taldi ég rétt að taka þessa umræðu nú vegna þess að ég lít svo á að þetta frv. geti aldrei verið annað en eins og hér hefur komið fram sem eitt stef í samræmdum aðgerðum á þessu sviði þar sem menn reyna að glíma við þennan vanda með kerfisbundnum hætti.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar. Þetta frv. er um mjög afmarkað svið. Þetta er aðeins um samkomulag sem hefur orðið milli sveitarfélaga og ríkisins í sambandi við það að sveitarfélögin ætla að taka á sig 500 millj. aukalega til að bæta aðeins um og koma með ný atvinnutækifæri. Þessar 500 millj. koma að hluta til í staðinn fyrir lögregluskattinn sem lagður var á í fyrra og ég vona svo sannarlega að menn gleymi því ekki og leggi ekki nýjar álögur á sveitarfélögin umfram þetta.

Það kom fram hér í umræðum um helgarpakkann svokallaða um ráðstafanir í ríkisfjármálum, þá sagði hæstv. utanrrh. að sveitarfélögin hefðu algerlega verið stikkfrí í þessum málum og hefðu ekki þurft að taka á sig neinar auknar byrðar varðandi erfiðleika í fjármálum ríkisins og atvinnuleysisins. Þetta er auðvitað alrangt og sýnir eins og þetta frv. sýnir, og hv. síðasti ræðumaður kom inn á og taldi upp, að þær miklu byrðar sem sveitarfélögin hafa þurft að taka á sig vegna atvinnuleysis og erfiðleika margra fyrirtækja. Sveitarfélög hafa þurft að leggja fram fé, jafnvel langt umfram það sem fjárhagur sveitarfélaga hefur leyft. Og það kom einmitt fram á fjárlagaráðstefnu sem sveitarfélögin héldu sl. fimmtudag að það hafa farið 3–4 milljarðar kr. á sl. þrem árum frá sveitarfélögunum beint inn til atvinnulífsins. Þetta eru auðvitað mjög stórar upphæðir og hafa íþyngt mörgum sveitarfélögum. Mér finnst rétt að láta það koma fram að einmitt á sama tíma og þessar upplýsingar komu fram þá var borgarstjórinn í Reykjavík að tala um að hann hafi þurft að taka erlent lán vegna þess að Reykjavíkurborg hefði þurft að leggja 300 millj. á sl. ári til atvinnulífsins. Mér fannst það nú ansi lítil upphæð miðað við það að við vorum að tala þarna um 4 milljarða í heildarupphæð sem sveitarfélögin þurftu að leggja til. Fjárhagur Reykjavíkurborgar hlýtur þá að vera afskaplega slæmur ef þessar 300 millj. hafa orðið til þess að borgarsjóður hefur þurft að taka aukið erlent lán.

En það hlýtur að koma hér umræða enn frekar um þessi mál. Eins og hv. þm. Svavar Gestsson kom inn á sjáum við það í fjárlagafrv. að gera þarf ráð fyrir því að það þurfi mun meira fé til Atvinnuleysistryggingasjóðs, því miður.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. jákvæða umfjöllun um þetta frv. og treysti því að það geti orðið til þess að frv. nái afgreiðslu á þeim skamma tíma sem eftir er af störfum Alþingis fyrir áramót því að það er nauðsynlegt að geta hafist handa mjög fljótlega eftir áramót til þess að ráða bót á atvinnuvanda að svo miklu leyti sem það frv. sem hér er flutt getur megnað að ráða þar bót á.

Ég ætla ekki að tala um önnur atriði en þau sem lúta að efni þessa frv. en þó kemst ég ekki hjá því að benda hv. 9. þm. Reykv. á það að afnám aðstöðugjalds var tekið upp í tillögu ríkisstjórnarinnar úr tillögum aðila vinnumarkaðarins. Eins og þeir settu þær tillögur fram var gert ráð fyrir því að fella niður aðstöðugjald á fyrirtækjum en afla á móti jafnhárra tekna með skattlagningu á einstaklinga, þ.e. eins og þeir lögðu málið upp með hækkun á útsvarsprósentu um 1 prósentustig og hækkun á bifreiðasköttum. Það var gert ráð fyrir því að jafna aðstöðugjaldslækkunina út með nýrri skattheimtu þannig að engin breyting væri á heildarskatttekjum hins opinbera. Ríkisstjórnin framkvæmdi málið nákvæmlega þannig. Að vísu ekki með hækkun á útsvari um 1% og hækkun á bifreiðagjaldi heldur með hækkun á tekjuskattshlutfalli sem vinnur nákvæmlega eins og hækkun á útsvari. Með þessu móti var því eingöngu verið að flytja til skatta í þjóðfélaginu frá einum aðila, þ.e. fyrirtækjunum, og yfir á annan, þ.e. einstaklinga. Þeirri breytingu fylgir engin breyting á skatttekjum hins opinbera í heild þannig að hér er ekki um skattahækkanir að ræða.

Hins vegar er það álitamál hvort það sé rétt eins og

aðilar vinnumarkaðarins gerðu ráð fyrir í sínum tillögum að lækkun aðstöðugjaldisns kæmi alfarið fram sem verðlækkun á þjónustu og vörum. Þeir voru þeirrar skoðunar að þó svo það væru fyrirtækin sem að nafninu til greiddu aðstöðugjaldið, þá kæmi það fram í verðlagningu þeirra á vöru og þjónustu. Og samkeppnin væri það mikil á milli seljenda vöru og þjónustu á Íslandi að afnám aðstöðugjalds kæmi fram sem lækkun á vöruverði og lækkun á þjónustu þannig að þessi skattatilfærsla mundi ekki hafa í för með sér kaupmáttarskerðingu fyrir einstaklinga. Þetta var álit aðila vinnumarkaðarins þá þegar þessi tillaga var gerð og er sjálfsagt enn.

Spurningin er aðeins sú eins og formaður Neytendasamtakanna tók fram í sjónvarpi að hve miklu leyti gengisbreytingarnar hefðu þau áhrif að vinna gegn því að afnám aðstöðugjaldsins kæmi alfarið fram í lækkun á vöruverði og þjónustu. Ég er alveg sammála því að menn geta um það deilt, en í þessu er ekki fólgin nein hækkun á skatttekjum hins opinbera í heild eins og hv. þm. lét að liggja.

Ef við víkjum að stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs þá er staða sjóðsins miklu veikari nú en hún þyrfti að vera. Hvers vegna? Vegna þess að lengi vel hafði Alþingi þann sið að standa ekki við lögmælt fjárframlög ríkisins til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Á ári hverju fluttu þær ríkisstjórnir, sem þá sátu við völd, sem í hafa verið allir flokkar þingsins nema Kvennalistinn sem aldrei hefur átt sæti í ríkisstjórn, í frv. til lánsfjárlaga ákvæði um að þrátt fyrir ákvæði laga um skylduframlög ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs skyldi ekki greitt til sjóðsins nema brot af þeirri fjárhæð. Þetta gerðu allar ríkisstjórnir í mörg ár. Þetta er orsökin fyrir erfiðleikum Atvinnuleysistryggingasjóðs nú. Ég hef beðið um að fá það reiknað út fyrir mig hver væri staða Atvinnuleysistryggingasjóðs í dag ef hann hefði á umliðnum árum ávallt fengið það framlag úr ríkissjóði sem hann átti kröfu á samkvæmt landslögum og það hefði ekki verið skert af öllum ríkisstjórnum sem setið hafa að völdum á undanförnum árum og af öllum þingmeirihlutum. Ég hef ekki enn fengið niðurstöðu þeirrar athugunar þannig að ég get ekki skýrt frá því hér í krónum og aurum, en það skiptir milljörðum þegar menn taka tillit til þeirra ávöxtunarmöguleika sem stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefði getað haft ef hún hefði haft það fé. Þannig að þó að ég viti ekki hve háar fjárhæðir þetta eru þá skiptir þetta örugglega milljörðum og skiptir sköpum um stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs nú.

Í þriðja lagi er það alveg rétt að í fjárlögum yfirstandandi árs var gert ráð fyrir því að breyta lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð og draga saman réttindi fólks til atvinnuleysistrygginga þannig að það spöruðust 300 millj. kr. úr greiðslum Atvinnuleysistryggingasjóðs á yfirstandandi ári. Það var hins vegar eitt af samkomulagsatriðunum sem ríkisstjórnin gerði við aðila vinnumarkaðarins í kringum kjarasamningana að þetta yrði ekki gert og frá því var horfið. Þess vegna m.a. vantar verulega fjármuni á yfirstandandi ári í Atvinnuleysistryggingasjóð en einnig vegna þess að atvinnuleysi á yfirstandandi ári var því miður mun meira en gert var ráð fyrir.

Það var spurt hvort það væri gert ráð fyrir breytingum á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð vegna þeirra 100 millj. kr. sem rætt var um í fjárlagafrv. og greinargerð þess, að draga úr greiðslum ríkissjóðs vegna sjóðsins, eða réttara sagt draga úr útstreymi úr sjóðnum á árinu 1993.

Ég vil fúslega upplýsa það að sú athugun, sem hefur verið framkvæmd í heilbrrn. um aðild ýmissa aðila utan ráðuneytisins á þeim málum, leiðir í ljós að ef ekki er verið að tala um hærri fjárhæð en sem nemur 100 millj. kr. lækkun á þeim útgjöldum sem sjóðurinn ella þyrfti, þá þarf ekki breytingar á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð til þess að ná því markmiði fram. Það nægir einfaldlega að samræma þær vinnureglur sem úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta starfa eftir sem eru mjög mismunandi, svo og að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skýrir nánar ýmis framkvæmdaratriði sem er bæði misbrestur á og er mjög misjöfn framkvæmd eftir svæðum, það eitt nægir til þess að draga úr greiðslum sjóðsins um 100 millj. kr. eða þar um bil. En spurningin í þessum málum, eins og svo mörgum öðrum, er að sjálfsögðu: Kortér yfir hvað? Þ.e. hvað eru menn að tala um þegar menn eru að tala um 100 millj. kr. lækkun á útgjöldum sjóðsins? Þá er ég að sjálfsögðu að tala um 100 millj. kr. lækkun á útgjöldum sjóðsins umfram það sem gildandi lög gera ráð fyrir að úr sjóðnum gengi og miðað við áætlað atvinnuleysi á næsta ári. Ef menn væru aðeins að greiða nokkur hundruð millj. kr. út úr Atvinnuleysistryggingasjóði, ef ástandið væri það gott, þá væri að sjálfsögðu ekki hægt að draga úr útgjöldum sjóðsins upp á 100 millj. kr. nema með því að breyta lögum og það allverulega. Ef menn eru hins vegar að tala um útgreiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði á bilinu 2 milljarðar og þaðan af meira, þá er unnt án lagabreytinga, án réttindaskerðinga með samræmingum á greiðslureglum að draga úr útgjöldum um 100 millj. kr. án lagabreytinga. Svo mikill mismunur er á þeim reglum sem fylgt er á hinum ýmsu svæðum.

Hins vegar eru önnur atriði sem koma þarna til álita sem menn verða að gera upp við sig og flytja breytingar á lögum Atvinnuleysistryggingasjóðs um og þar á ég við þá aðila í þjóðfélaginu í dag sem ekki hafa samkvæmt gildandi lögum rétt til að fá bætur greiddar úr Atvinnuleysistryggingasjóði þrátt fyrir atvinnubrest. Þeir aðilar eru ýmsir, t.d. bændur og fleiri. Það eru greidd iðgjöld eða iðgjaldaígildi af vinnu þessara aðila í Atvinnuleysistryggingasjóð án þess að þeir njóti réttinda eins og aðrir.

Eitt af því sem samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði skuldbindur okkur Íslendinga að gera er að gera alla aðila, bæði launþega og sjálfstæða atvinnurekendur, jafna fyrir lögum. Þessir aðilar hafa ekki verið jafnir fyrir lögum hvað varðar atvinnuleysistryggingabætur og möguleika á þeim. Þetta mál verðum við að skoða og gera þær ráðstafanir sem við þurfum að gera til þess að allir Íslendingar séu jafnsettir fyrir lögum. Það kallar á breytingu á lögum um Atvinnuleys-

istryggingasjóð en ekki þau áform ríkisstjórnarinnar sem ég lýsti áður að draga úr greiðslum miðað við núverandi greiðsluumfang Atvinnuleysistryggingasjóðs um 100 millj. kr. Það næst án þess að lögum sé breytt, án þess að réttindi séu skert frá því sem lögin gera ráð fyrir.

Þá er það auðvitað alveg laukrétt að við 3. umr. fjárlaga og afgreiðslu fjárlaga verða menn í áætlunum um Atvinnuleysistryggingasjóð og greiðslur hans á árinu 1993 að taka mið af líklegu atvinnuleysi á árinu 1993. Það er líka rétt hjá hv. þm. sem hér hafa talað að frá því að fjárlagafrv. var lagt fram og þar til nú hafa áætlanir breyst um líklegt atvinnuleysi á næsta ári til hækkunar. Í fjárlagafrv. er stuðst við áætlanir um atvinnuleysi á árinu 1993, eins og þá var áætlað í þjóðhagsáætlun, þannig að þegar frv. var lagt fram var stuðst við þær traustustu tölur um þessar áætlanir um atvinnuleysi á næsta ári sem þá voru þekktar. Síðan hafa aðilar, þar á meðal Þjóðhagsstofnun, breytt sínum spám þannig að líklegt er að atvinnuleysi verði meira. Menn verða að sjálfsögðu að taka tillit til þess þegar fjárlög eru afgreidd, ekki þegar þetta frv. er afgreitt, heldur þegar fjárlög eru afgreidd, því það eru fjárlög sem að sjálfsögðu segja til um hvaða áætlanir hið opinbera hefur um þessi efni.

Þá ræddi hv. þm. Svavar Gestsson einnig um líklega áætlun til að draga úr atvinnuleysi á Íslandi með þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir, þ.e. með 2.000 millj. kr. framlagi til sérstakrar atvinnusköpunar. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. það er áætlað að þessar 2.000 millj. kr. muni, ef vel tekst til, geta skapað ný störf og létt sem svarar 300 millj. kr. greiðslum af Atvinnuleysistryggingasjóði. En ég man ekki betur en að í þeim tillögum sem Alþb. kynnti fyrir nokkru síðan um aðgerðir til atvinnusköpunar, hafi menn verið nokkuð bjartsýnni um áhrifin af þessum fjármálaráðstöfunum, því að í þeim tillögum hafi menn áætlað að áhrif þeirra aðgerða, 2.000 millj. kr. til aukinnar atvinnusköpunar, væru metin til 600 millj. kr. lækkunar á greiðslum bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sem er u.þ.b. tvöföld á við það sem ríkisstjórnin áætlar í sínum áformum. Ef áform ríkisstjórnarinnar í þessum efnum standa á veikum fótum, sem ég skal ekkert um segja, því allar áætlanir eru veikar þangað til að reynslan gengur úr skugga um hversu réttmætar þær eru, en ef áætlanir ríkisstjórnarinnar standa veikum fótum hvað þetta varðar, á hve miklu veikari fótum standa þá ekki áætlanir þeirra hv. alþýðubandalagsmanna?

Hv. þm. Finnur Ingólfsson spurði sérstaklega um nokkur framkvæmdaratriði. Hann spurði m.a. um að ef svo færi að Reykjavíkurborg fengi úthlutaðar 200 millj. kr. til atvinnuskapandi aðgerða sem yrði til þess að fækkaði samsvarandi á lista yfir atvinnulausa í Reykjavík, en síðan síðar á árinu bættust hópar atvinnulausra við á þann lista, hvað það þýddi. Hvort atvinnuleysisbætur til þeirra yrðu þá skertar. Svo er ekki. Það eru ekki lagaheimildir fyrir því í gildandi lögum og það er ekki tilgangur að afla slíkra lagaheimilda. Það sem menn ætla hins vegar að ganga úr skugga um og er fullt samkomulag við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga um er að menn breyti ekki hefðbundnum verkefnum sveitarstjórna yfir í verkefni sem studd yrðu með þessum hætti úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Svo maður orði það á einföldu máli: Að menn breyttu ekki bæjarvinnunni yfir í svona styrkhæf verkefni. Það sem allir aðilar eru sammála um er það að sinna þeim einu umsóknum í þessum efnum þar sem menn eru raunverulega, annaðhvort sveitarfélagið sjálft eða aðilar sem sveitarfélagið er reiðubúið að bera ábyrgð á, að skapa verkefni sem ella hefðu ekki verið sköpuð fyrir fólk sem er á atvinnuleysisbótum og fær vinnu með þessum verkefnum. Það er ekki gert ráð fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóður greiði nema sem samsvarar atvinnuleysisbótagreiðslum til þessara einstaklinga á meðan verkið stendur. Sveitarfélagið þyrfti þá að greiða á móti það sem upp á vantar að atvinnuleysisbæturnar dygðu fyrir fullum launum og fyrir aðföngum. Þannig að þau yrðu a.m.k. mjög fá ef nokkur verkefnin þar sem sveitarfélagið sem mundi beita sér fyrir umsókn um atvinnuskapandi verkefni þyrfti ekki að leggja fé á móti því sem kæmi úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Þá spurði hv. þm. um hvað hægt væri að segja um hvernig atvinnuleysið skiptist niður á milli einstakra hópa. Ég vil í því sambandi vekja athygli á könnun sem Hagstofan hefur nýlega gert um raunverulegt atvinnuleysi, þ.e. um atvinnuleysi eins og það líklega er án tillits til þess hvernig það kann að vera skráð, því menn vita auðvitað að atvinnuleysisskráningin hefur ýmsa galla. Hún tekur ekki tillit til ýmissa hópa sem eru atvinnulausir, t.d. námsmanna, en hún hefur líka galla í hina áttina og það er auðvitað vitað að sérstaklega þar sem atvinnuleysisskráning er allhá, þá slæðast inn á atvinnuleysisskrá ýmsir einstaklingar sem raunverulega eru ekki reiðubúnir til þess að taka atvinnu ef hún býðst.

Niðurstaða Hagstofunnar liggur nú fyrir og hennar niðurstaða er sú að líklegt sé að atvinnuleysi á Íslandi sé u.þ.b. 1% meira en það er skráð í skráningu vinnumiðlananna. Þannig að þegar vinnumiðlanir tala um 3,5% þá er líklegt að atvinnuleysið sé 4,5%, þ.e. hið raunverulega atvinnuleysi ef allir eru taldir inn sem ekki eru teknir með í skrána og reynt er að sigta þá út sem falla með eða eru teknir með á skrá um atvinnuleysi þó svo það kunni að vera að þeir sem þar eru skráðir sumir hverjir séu ekki reiðubúnir til að taka atvinnu ef hún býðst.

Um skiptingu á milli starfshópa fer mjög eftir því á hvaða svæði borið er niður. Það er auðvitað alveg ljóst að á þessum lista yfir þá sem atvinnulausir eru eru miklu fleiri konur heldur en karlar og það er einnig ljóst, sem er kannski öðruvísi heldur en gerist og gengur í nágrannalöndunum, að hlutfallslega flestir atvinnulausir eru á bilinu 25–60 ára. Öfugt við það sem er í mörgum nágrannalöndum okkar þar sem mjög margir eða allflestir sem atvinnulausir eru skráðir, eru 25 ára og þaðan af yngri. Það er líka mjög athyglisvert ef maður fer yfir þessar skýrslur að það eru mjög fáir 25 ára og yngri sem eru atvinnulausir mjög lengi.

Ég held að ég muni það rétt, þó ég sé ekki með skrána fyrir framan mig eða hér í sæti mínu, að 25 ára og yngri sem hafa verið skráðir atvinnulausir lengur en 52 vikur séu aðeins níu talsins. Þetta segi ég að sjálfsögðu með öllum fyrirvara um galla og kosti þessarar skráningar. Þetta er að sjálfsögðu allt öðruvísi atvinnuleysismunstur heldur en í nálægum löndum. Allt öðruvísi og er það út af fyrir sig mjög ánægjulegt því þar er atvinnuleysið komið til að vera, að því er virðist, en við vonum það öll að svo sé ekki hér.

Þá spurði hv. þm. hvort ekki væri hægt að nýta peninga Atvinnuleysistryggingasjóðs t.d. til þess að bæta atvinnuástandið með því að í staðinn fyrir að nota peningana til að greiða atvinnuleysisbætur væru þeir notaðir til þess að greiða laun, t.d. til að auka eftirlit með skattframtölum með einhverjum hætti. Þetta er ekki hægt að gera á grundvelli óbreyttra laga, vegna þess að lögin gera ráð fyrir því að aðeins megi greiða styrki af fé Atvinnuleysistryggingasjóðs til verkefna á vegum sveitarfélaga og hámark þeirra styrkja sem þannig megi greiða miðist við nettóvaxtatekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs eða eitthvert hlutfall af því. Ég man ekki nákvæmlega hvort það er eitthvert hlutfall af því eða hvort það eru nettóvaxtatekjurnar, en mig minnir að miðað við það fé sem Atvinnuleysistryggingasjóður hefur til ráðstöfunar þá séu þetta í kringum 40 millj. að hámarki. Þannig að upphæðin er ekki mikil.

Það er því ekki hægt að ráðstafa fjármununum eins og hv. þm. spurðist fyrir um, enda ef um er að ræða verkefni á vegum ríkisvaldsins, t.d. skatteftirlit, þá er auðvitað miklu eðlilegra að ríkissjóður veiti fé beint til þess að ráða starfsmenn, t.d. við skatteftirlit heldur en að þeim fjármunum sé rennt í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég skal aðeins taka fram til upprifjunar að í frv. til fjárlaga er gert ráð fyrir því að veita verulega meiri fjármunum heldur en gert hefur verið til launagreiðslna við skatteftirlit, bæði hjá skattstjórum og hjá ríkisskattstjóra, þannig að þar er gengið til móts við þessi sjónarmið hv. þm.

Hv. 2. þm. Vestf. kom með ýmsar athyglisverðar spurningar sem ég vil leitast við að svara. Ég sat í sumar fund tryggingamálaráðherra Evrópuríkja þar sem aðalumræðuefnið var einmitt það sem hann spurði um: Atvinnuleysi og viðbrögð við því. Þar reyndi ég, eins og hann lagði til, að ganga í smiðju þeirra sem hafa lengri reynslu og lakari heldur en við Íslendingar af þessum efnum. Ég verð að segja eins og er að mér fundust umræðurnar þar mótast um of af því að menn væru búnir að sætta sig við það að allverulegt atvinnuleysi væri eðlilegur hluti í efnahagsumhverfi þessara þjóða, þannig að menn voru um of að ræða um aðgerðir sem grípa ætti til til þess að sætta þá sem án atvinnu væru við þau örlög sín og jafnvel til að sætta þá unga borgara sem hefðu litla sem enga von um atvinnu, kannski mest allt sitt lífsskeið við þau örlög sín. Það var allt of mikið af umræðum af því tagi á þessum fundi fremur en okkar lífsviðhorf er að leita leiða til þess að þeim sem ekki hafa atvinnu sé fengin slík atvinna. Eitt af þessum úrræðum sem gerð eru m.a. í nálægum löndum, sem hann ræddi um, var að afla fjármuna til að veita til starfsþjálfunar af ýmsu tagi fyrir fólk. Því miður er það svo að þetta er gert í tvíþættum tilgangi:

Í fyrsta lagi til þess að láta líta út fyrir að atvinnuleysið sé minna heldur en það er vegna þess að þeir sem eru í starfsþjálfun af þessu tagi eru ekki skráðir atvinnulausir.

Í öðru lagi skapar þetta þau miklu vandamál að þeir sem fara í starfsþjálfun af einhverju tagi og fá vonir í gegnum þá starfsþjálfun til að fá einhver störf af starfsþjálfuninni lokinni, standa gjarnan uppi að starfsþjálfun lokinni engu nær, vegna þess að það sem vantar í mörgum tilvikum er ekki meiri menntun eða starfskunnátta heldur verkefni.

Ég get sagt hv. þm. til fróðleiks og skemmtunar að þegar menn stóðu upp og lýstu því yfir hvað þeir ætluðu sér að gera til þess að byggja upp atvinnuna í heimalöndum sínum í stað þess að sætta fólk við atvinnuleysið, þá stóðu upp tveir tryggingaráðherrar, annar frá Finnlandi og hinn frá Svíþjóð. Og það sem þeir sögðu var þetta: Okkar lausn er sú að við sækjum um aðild að Evrópubandalaginu. Það er okkar leið út úr atvinnuvandanum, umsókn um aðild að EB. Ég veit ekki hvort hv. þm. vill að við tökum þessi fordæmi okkur til fyrirmyndar en þetta var sú leið sem bæði finnski tryggingaráðherrann og sænski tryggingaráðherrann lýstu yfir á þessum fundi að væri þeirra aðferð til þess að draga úr atvinnuleysinu og vinna bug á því. Þannig að menn geta sótt sér tillögurnar og fyrirmyndirnar til annarra landa, en það er ekki þar með sagt endilega víst að menn séu reiðubúnir til að fara eftir þeim.

Síðan spurði hv. þm. hverjir eigi að gera ráðstafanir, hvort leitað verði til Byggðasjóðs eða starfsmanna Byggðasjóðs til þess að fá sérfræðilegar álitsgerðir um þau verkefni sem um væri sótt. Því er til að svara að gert er ráð fyrir því að það séu sveitarfélögin sjálf sem undirbúi tillögugerðirnar, þ.e. heimaaðilar, og þau leggi fram umsóknir um þær framkvæmdir einar sem sveitarfélögin séu reiðubúin til að taka ábyrgð á. Þeir sem fjalla síðan um umsóknir sveitarstjórnarmannanna er stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs sem skipuð er m.a. fulltrúum kjörnum af Alþingi og fulltrúum tilnefndum af aðilum vinnumarkaðarins. Inn í þá stjórn við ákvörðun umsókna eiga síðan að koma tveir fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga þannig að þarna er mikil þekking saman komin. Þarna eru ekki embættismenn heldur í fyrsta lagi sveitarstjórnarmennirnir, mennirnir heima á vettvangi sem meta tillögur og hugmyndir, og í öðru lagi aðilar sem sjálfir eru tilnefndir í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs af aðilum vinnumarkaðarins og Sambands ísl. sveitarfélaga. Sjálfsagt er mögulegt að leita annarrar ráðgjafar. Það kom auðvitað til greina að þessir fjármunir færu t.d. um hendur Byggðasjóðs en það voru sveitarfélagamennirnir sjálfir, stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga sem óskaði eftir því að þessi leið um Atvinnuleysistryggingasjóð yrði farin.

Þá er einnig rétt að taka það fram að það kom fram sú hugmynd sem hv. þm. ræddi um að þessar greiðslur eða innheimta gengi í gegnum Jöfnunarsjóðinn því

að það er alveg rétt hjá honum að sveitarfélögin eru auðvitað missterk til þess að reiða slíka fjármuni af hendi og svona flöt aðgerð eins og hér er gert ráð fyrir kemur auðvitað misjafnlega vel eða misjafnlega illa við hin ýmsu sveitarfélög. En þeirri hugmynd, sem kom frá þeim sem hér stendur, að þessu fé yrði rennt í gegnum Jöfnunarsjóðinn, þ.e. yrði innheimt í gegnum Jöfnunarsjóð, var hafnað af stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og þar voru menn allir sammála um að hafna henni en fara heldur þá leið að innheimta með mánaðarlegum greiðslum samkvæmt reikningi frá fjmrh. Hins vegar mun Jöfnunarsjóður að sjálfsögðu, það er hans hlutverk, taka tillit til fjárhags einstakra sveitarsjóða þannig að það er líklegt að þarna séu menn að greiða til ríkisins með þessari innheimtu og fái síðan fé óbeint frá ríkinu aftur í gegnum Jöfnunarsjóð.

Ég þakka hv. 2. þm. Vesturl. fyrir stuðning við þetta mál. Ég vil aðeins geta þess að hæstv. utanrrh. hefur aldrei sagt að sveitarfélögin bæru engar byrðar af aðgerðum sem ríkisstjórnin grípur til í fjárlögum og víðar. Það sem hæstv. ráðherra sagði var að í þeim aðgerðum sem kynntar voru hér á Alþingi sl. mánudag, þeim sérstöku aðgerðum sem eru ætlaðar til eflingar atvinnulífs á Íslandi, þá er ekki gert ráð fyrir því í þeim aðgerðum að sveitarfélögin beri neinar sérstakar byrðar.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. heilbrh.- og trmrh. fyrir svörin. Það kom fram í hans máli að staða Atvinnuleysistryggingasjóðs væri veik um þessar mundir og miklu veikari en hún annars þyrfti að vera. Ég get alveg tekið undir það með hæstv. ráðherra, enda var hann engum sérstökum flokki að kenna um í þeim efnum, heldur lagði áherslu á að það hefði verið svo undangengin ár að menn hefðu sífellt skorið niður þessi framlög sem ríkið á að setja inn í Atvinnuleysistryggingasjóð.

Það er nú svo að á undanförnum árum hefur einnig verið við nokkra erfiðleika í ríkisfjármálum að fást og hæstv. ráðherra þekkir það auðvitað frá sinni tíð sem formaður fjárveitinganefndar Alþingis að þar var býsna erfitt að koma saman fjárlögum og þetta er nú ástæðan og afleiðingarnar af því. Hins vegar er það náttúrlega alveg rangt að þetta séu vandamál Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna þess að fyrri ríkisstjórnir höfðu það að markmiði að halda hér uppi fullri atvinnu og þurfa ekki að nýta fjármuni ríkisins og skattborgaranna til þess að greiða atvinnuleysisbætur. Það var stefna þeirra ríkisstjórna að halda hér fullri atvinnu til þess að koma í veg fyrir að þurfa að greiða atvinnuleysisbætur. Og þess vegna treystu menn á það að menn þyrftu ekki að nýta fjármuni Atvinnuleysistryggingasjóðs í þessum efnum. Vandamál Atvinnuleysistryggingasjóðs er stefna núv. ríkisstjórnar í atvinnumálum, það er atvinnuleysið. Það er vandamál sjóðsins en ekki það hvernig um hann hefur verið gengið á undanförnum árum.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur engin ríkisstjórn atvinnuleysi á stefnuskrá sinni, hvorki sú sem nú situr né þær aðrar sem áður hafa setið að völdum á Íslandi. Tryggingasjóður er sjóður til þess að tryggja menn fyrir áföllum. Það er auðvitað ekki skynsamlegt að halda þannig á málum að þegar áföllin verða sem tryggingasjóðurinn var stofnaður til að tryggja menn fyrir, þá sé ekkert inni í tryggingasjóðnum vegna þess að á þeim árum þegar ekki þurfti á tryggingum að halda, þá greiddu menn ekki iðgjöldin. Um þetta er við okkur öll að sakast. Við greiddum ekki iðgjöldin inn í Atvinnuleysistryggingarsjóð á þeim árum þegar þurfti ekki á honum að halda. Það hefur orðið til þess að þegar á tryggingasjóðnum þarf að halda, þá veitir hann okkur ekki þá tryggingu sem hann á að gera.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að það sé alveg hárrétt hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. að það er engin ríkisstjórn eða enginn stjórnmálaflokkur sem hefur atvinnuleysi á stefnuskrá sinni. Hins vegar er það nú svo að menn í þessari ríkisstjórn hafa komið málum þannig fyrir og hafa haldið þannig á málum að það er orðin í raun og veru stefna ríkisstjórnarinnar að stjórna hér kjörunum með ákveðnu atvinnuleysi og það er það sem menn hafa verið að gera. Tryggingasjóður, það er alveg hárrétt, er til þess að mæta skakkaföllum. En tryggingarhugtakið er til þess að mæta skakkaföllum sem óviðráðanleg eru. Atvinnuleysið er ekki óviðráðanlegt og það er munurinn á því hvort menn eru hér að tryggja fyrir því sem er óviðráðanlegt eða atvinnuleysi sem er til komið af völdum viðkomandi ríkisstjórnar.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Allar aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru til þess að koma í veg fyrir að atvinnuleysið vaxi á Íslandi umfram það sem nú er. Við skulum gera okkur grein fyrir því að það var mat aðila vinnumarkaðarins að ef ríkisstjórn hefðist ekki að, þá mundi atvinnuleysið á næsta ári stefna í 20–25%. (Gripið fram í.) Um það voru þeir báðir sammála. Þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir eru til þess ætlaðar, til þess fyrst og fremst ætlaðar, jafnvel til þess eins ætlaðar að koma í veg fyrir þetta og að atvinnuleysið á Íslandi verði eins lítið og framast er unnt, eins og í mannlegu valdi stendur að gera það. Ef einhver ríkisstjórn í landinu hefur haft á stefnuskrá sinni að hafa ekki atvinnuleysi, þá er það ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

Umræðu frestað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Út af dagskrá eru tekin 1. til og með 3. dagskrármálið og 5. til og með 7. dagskrármál. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Til næsta fundi verður boðað

með dagskrá og hann mun hefjast 10 mínútur fyrir tvö. Fundinum er slitið.

64. FUNDUR

fimmtudaginn 26. nóv.,
kl. 1.50 miðdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Staðlar, stjfrv., 4. mál, þskj. 4, nál. 268. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda, frv., 187. mál, þskj. 215. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Húsgöngu- og fjarsala, stjfrv., 10. mál, þskj. 346. — 3. umr.
5. Friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana, stjfrv., 41. mál, þskj. 347. — 3. umr.
6. Vaxtalög, stjfrv., 263. mál, þskj. 352. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
7. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 226. mál, þskj. 283. — Frh. 1. umr.
8. Stjórnarskipunarlög, frv., 30. mál, þskj. 31, nál. 282 og 302, brtt. 303. — 2. umr.
9. Stjórnarskipunarlög, frv., 29. mál, þskj. 30, nál. 281 og 305, brtt. 306. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.,

Útbýting þingskjala:

Ársreikningar sveitarfélaga, 264. mál, fsp. KHG, þskj. 353.

Eftirlit með sveitarstjórnum, 266. mál, fsp. KHG, þskj. 355.

Fjárhagsáætlun sveitarfélaga, 265. mál, fsp. KHG, þskj. 354.

Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ragnar Jónsson, fyrrum skrifstofustjóri, varð bráðkvaddur á heimili sínu hér í Reykjavík í fyrrakvöld 24. nóvember, 77 ára að aldri.

Ragnar Jónsson var fæddur í Bjóluhjáleigu í Holtum, Rangárvallasýslu, 24. ágúst 1915. Foreldrar hans voru hjónin Jón bóndi þar, síðar bóndi á Hrafntóftum í Djúpárhreppi Jónsson bónda í Bjóluhjáleigu Eiríkssonar og Anna húsfreyja Guðmundsdóttir bónda í Miðhúsum í Hvolhreppi, síðar á Stórólfshvoli Einarssonar. Hann ólst upp á fjölmennu heimili við almenn sveitastörf, stundaði síðan nám í Verslunarskóla Íslands og brautskráðist þaðan vorið 1936. Verslunarmaður hjá Kaupfélaginu Þór á Hellu var hann 1936–1938 og fulltrúi þar 1942–1950. Veturinn 1938–1939 var hann við framhaldsnám í Þýskalandi og síðan við verslunarstörf í Reykjavík 1939–1942. Hann var framkvæmdastjóri Verslunarfélags Vestur-Skaftfellinga í Vík í Mýrdal frá stofnun þess 1951 til 1961. Skrifstofustjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins í Reykjavík var hann frá 1961–1985, lét af því starfi rúmlega sjötugur, en var svo að lokum forstjóri hennar nokkra mánuði fram á árið 1986.

Ragnar Jónsson átti sæti í milliþinganefnd í samgöngumálum 1956–1958, var endurskoðandi Landsbanka Íslands 1963–1985 og skipaður 1964 í endurskoðunarnefnd frumvarps um heftingu uppblásturs og græðslu lands. Hann var snemma áhugasamur um stjórnmál, var í stjórn Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík 1941–1942 og formaður Sjálfstæðisfélags Vestur-Skaftfellinga um skeið á starfsárum sínum í Vík. Á sjöunda áratugnum tók hann sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðurlandskjördæmi við alþingiskosningar og var kjörinn varaþingmaður kjördæmisins og jafnframt varaþingmaður landskjörinna þingmanna flokksins. Á árunum 1963–1969 tók hann ár hvert sæti á Alþingi, flest árin oftar en einu sinni. Frá vori 1967 til alþingiskosninga þá um sumarið var hann landskjörinn alþingismaður, tók við þingsæti eftir afsögn Davíðs Ólafssonar sem varð þá seðlabankastjóri.

Þó að Ragnar Jónsson væri skamman tíma í föstu þingsæti átti hann alllanga setu á Alþingi samanlagt. Hér sem annars staðar vann hann að málum traustur og samviskusamur. Hann nam verslunarfræði og aðalstarf hans um ævina var við verslun og viðskipti. Síðast var hann skrifstofustjóri og staðgengill forstjóra umsvifamikils fyrirtækis. Hann var vinsæll meðal samstarfsmanna sinna, dagfarsprúður, skyldurækinn og farsæll í starfi. Í hléum frá annasömum skyldustörfum var hestamennska eitt af helstu áhugamálum hans.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að minnast Ragnars Jónssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Staðlar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 4. mál. — Þskj. 4, nál. 268.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHelg, HN, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KÁ,

ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞurP, ÖS.
1 þm. (JGS) greiddi ekki atkv.
31 þm. (AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, FrS, GB, GHG, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, KSG, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, RG, SAÞ, StG, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

2.–8. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁgG, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHelg, HN, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KÁ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞurP, ÖS.
2 þm. (AKS, GÁ) greiddu ekki atkv.
29 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, FrS, GB, GHG, GHall, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, KSG, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, RG, SAÞ, StG, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AKS, ÁgG, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHelg, HN, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KÁ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞurP, ÖS.
1 þm. (GÁ) greiddi ekki atkv.
28 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, FrS, GB, GHG, GHall, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, KSG, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, RG, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda, frh. 1. umr.

Frv. PP, 187. mál. — Þskj. 215.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AKS, ÁgG, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, HN, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KÁ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞurP, ÖS.
29 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, FrS, GB, GHG, GHall, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, KSG, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, RG, SAÞ, StG, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AKS, ÁgG, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, HN, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KÁ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞurP, ÖS.
29 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, FrS, GB, GHG, GHall, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, KSG, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, RG, SAÞ, StG, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Húsgöngu- og fjarsala, 3. umr.

Stjfrv., 10. mál. — Þskj. 346.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁgG, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, KÁ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, SvG, VS, ÞurP, ÖS.
2 þm. (AKS, TIO) greiddu ekki atkv.
31 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, FrS, GB, GHG, GHall, HÁ, HBl, HN, HG, ISG, IP, JÁ, JónK, KSG, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, RG, SAÞ, StG, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 361).

Um þingsköp.

Þingsályktunartillaga um undirbúning hálfrar aldar afmælis lýðveldisins 1994.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum mínútum var dreift á borð þingmanna till. til þál. um undirbúning vegna hálfrar aldar afmælis lýðveldisins 1994. Þetta er tillaga um að fela ríkisstjórninni að skipa sex manna nefnd til að gera tillögur um hvernig fagna eigi hálfrar aldar afmæli hins íslenska lýðveldis árið 1994. Skal hver þingflokkur tilnefna einn fulltrúa til setu í nefndinni. Þessi till. er flutt af ríkisstjórn Íslands.

Till. til þál. um það hvernig haga eigi hlut Alþingis þegar þess verður minnst að lýðveldið Ísland er 50 ára hefur legið fyrir Alþingi allt þetta þing og síðasta þing að verulegu leyti líka. Á síðasta þingi flutti ég þessa tillögu ásamt hv. þm. Kristínu Einarsdóttur og Jóni Helgasyni. Sú tillaga var aldrei tekin fyrir, fyrst og fremst vegna þess að þá var hæstv. forseti ekki tilbúinn til þess að tjá sig um málið. Ég taldi mikilvægt að forseti Alþingis hefði skoðun á því með hvaða hætti Alþingi Íslendinga tæki þátt í að minnast 50 ára afmælis lýðveldisins. Tillagan var því endurflutt óbreytt í haust af sömu þingmönnum. Að undanförnu hefur af og til staðið til að þessi tillaga kæmi til meðferðar. Ég hef rætt það við starfsmenn Alþingis og þeir hafa tjáð mér að forseti væri ekki tilbúinn til þess að taka þátt í umræðunni. Ég hef að sjálfsögðu fallist á að málinu yrði frestað vegna þess að ég taldi nauðsynlegt og tel að forseti Alþingis taki þátt í umræðu um jafnmikilvægt mál.

Nú er reisnin slík og höfðingsskapurinn yfir forsætinu og stjórnarflokkunum að það er flutt tillaga á vegum ríkisstjórnarinnar um nánast sama mál þ.e. um það hvernig á þessu eigi að taka. Þetta er auðvitað svo lágkúrulegt, hæstv. ríkisstjórn, að það er fáheyrt. Ég vona að forsætið sætti sig ekki við að Alþingi verði hornkerling þegar þess verður minnst að íslenska lýðveldið nær 50 ára aldri.

Ég taldi óhjákvæmilegt, virðulegi forseti, að vekja athygli á hinni sérkennilegu lágkúru sem birtist okkur á Alþingi Íslendinga í dag.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna orða hv. þm. væntir forseti þess að tækifæri gefist til að ræða þessi mál og tekur undir það að reisn verði yfir því þegar sú umræða fer fram og eins hvernig að þessum málum verður staðið.

Friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana, 3. umr.

Stjfrv., 41. mál. — Þskj. 347.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 30:1 atkv. og sögðu

já: BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GÁ, HN, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KÁ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

nei: ÓÞÞ.

2 þm. (AKS, ÁgG) greiddu ekki atkv.

30 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, FrS, GB, GHG, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, KSG, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, RG, SAÞ, StG, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 362).

Vaxtalög, 1. umr.

Stjfrv., 263. mál (hámark dráttarvaxta). — Þskj. 352.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁgG, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, HN, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KÁ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

31 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, FrS, GB, GHG, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, KSG, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, RG, SAÞ, StG, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á vaxtalögum. Með þessari breytingu er verið að setja í lög forsendur fyrir því að dráttarvextir í landinu lækki frá því sem nú er. Þessi breyting er, eins og fram hefur komið, einn liður í þeim ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar sem kynntar voru fyrr í þessari viku.

Í frv. er lagt til að í stað þess að dráttarvextir séu ákveðnir með 5–10% álagi á almenna útlánsvexti banka og sparisjóða, eins og nú er í lögum, þá lækki þessi álagsheimild í bilið 2–6%. Samkvæmt vaxtalögunum er það hlutverk Seðlabankans að ákveða dráttarvextina innan þeirra marka sem þar eru tilgreind.

Að undanförnu hefur dráttarvaxtaálagið verið við neðri mörkin sem lögin ákveða, þ.e. um 5% ofan á meðalávöxtun nýrra útlána í bönkum og sparisjóðum. Það liggur fyrir að Seðlabankinn mun þegar nýta sér aukið svigrúm sem breytingin á lögunum, ef að lögum verður, gefur til þess að lækka dráttarvextina. Það virðist hæfilegt að þeir lækki um 2–2,5%.

Ég minni á að þegar vaxtalögin voru sett árið 1987 voru aðrar aðstæður í verðlags- og vaxtamálum en nú eru. Ég nefni sem dæmi að ávöxtun almennra útlána var að meðaltali 30% árið 1987 og rúmlega 35% ári síðar. Um þessar mundir eru þessir vextir hins vegar á bilinu 12–13% og gætu farið lækkandi þegar fram í sækir eftir því sem batnandi jafnvægi kemur fram á lánamarkaði. Við þessar aðstæður er að mínu áliti óeðlilegt að dráttarvextir séu með jafnháu álagi á almenna útlánsvexti og nú er kveðið á um í vaxtalögunum.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni frv. sem lætur ekki mikið yfir sér. Það tengist þó stærra máli þar sem eru vaxtamál og gæfi vissulega tilefni til þess að fara yfir þá stöðu sem þar er. Þetta litla frv. er með tilteknum hætti tengt ákvörðunum hæstv. ríkisstjórnar um ráðstafanir í efnahagsmálum og er eitt af því fáa sem flestir, hygg ég, hafa tekið heldur jákvætt í af því sem þar er á ferðinni. Þess er því að vænta að samstaða geti tekist um að greiða götu frv. í gegnum þingið. Ég mun verða í þeim hópi sem leggur því lið og að það verði gert að lögum með eins skjótum hætti og viðráðanlegt er, ef það megi verða til þess að Seðlabankinn endurskoði ákvörðun sína frá því í byrjun þessarar viku um dráttarvaxtastig í desembermánuði. Ég hygg hins vegar að ákvörðun um að dráttarvextir skipti einhverjum umtalsverðum sköpum varðandi vaxtamál eða efnahagsástand að öðru leyti hafi verið gefið allt of mikið vægi í umræðunni. Þegar rýnt er í tölurnar sem á bak við liggja er satt best að segja harla broslegt að því skuli vera slegið upp af hæstv. ríkisstjórn sem einhverju meiri háttar atriði hvert álagið varðandi dráttarvaxtatökuna er.

Staðreyndin er sú að það er í raun og veru ekki álagið ofan á vextina sem er allt of hátt heldur vextirnir sjálfir. Ég fullyrði að ef vaxtastigið á Íslandi væri með eðlilegum hætti, ef hér væru hóflegir raunvextir, mundi enginn sem einhverja dómgreind hefur gagnvart vaxtamálum telja að það álag sem dráttarvextirnir reikna ofan á venjulega vexti væri umtalsvert vandamál hjá okkur. Það er hins vegar þannig að þegar vaxtaálagið er reiknað ofan á nær 13% raunvexti á almennum útlánum verður það tilfinnanlegt og í þeim

skilningi eru dráttarvextirnir allt of háir.

Þegar það er haft í huga að fram að þessum mánaðamótum hefur Seðlabankinn ekki nýtt sér það svigrúm sem hann hefur haft til fulls til þess að lækka dráttarvexti vekur það náttúrlega spurningar. Ef slíkar aðstæður hafa þegar skapast, eins og ætla mátti af ræðu hæstv. viðskrh., hlýtur maður að spyrja hvers vegna hlutfallið hefur verið um 5,5% eða 5,25% allt fram að næstkomandi mánaðamótum, þó svo að lágmarkið sé 5%. Og hvað veldur því að Seðlabankinn eða hæstv. ríkisstjórn, sem virðist vera farin að stjórna vaxtamálunum þrátt fyrir allar ræðurnar, að nokkru leyti með handafli samanber þetta, skuli ekki hafa nýtt sér þetta svigrúm fyrr til lækkunar vaxta.

Í greinargerð ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál segir að með hliðsjón af því að verðbólga sé lítil séu núgildandi dráttarvextir allt of háir. Það er ánægjulegt þó seint sé að hæstv. ríkisstjórn átti sig á þessu. En nú mun verðbólga fara vaxandi á nýjan leik sem er atriði sem hæstv. ríkisstjórn hefur lítið rætt í tengslum við óljós fyrirheit um að vaxtastigið kunni að nást niður á næstu mánuðum. Reynsla okkar af bankakerfinu og vaxtaákvörðunum er gjarnan sú að vextir hækka umsvifalaust, jafnvel út á óljósa spá um verðbólguvöxt á komandi mánuðum og síðan tekur það mánuði eða missiri að ná þeim niður aftur eftir að verðbólga hefur lækkað. Ef menn fara yfir það frá undanförnum árum hygg ég að þetta sé reynslan á því hvernig vaxtaákvarðanir hafa tengst verðbólgustigi og lækkun eða hækkun þess.

Það verður líka að horfast í augu við að dráttarvaxtataka er ákveðinn tekjustofn í bankakerfinu og fjármálakerfinu. Þó ég sé ekki að mæla með því að með óhóflegum hætti sé reiknað endurgjald fyrir vanskil sem myndast við slíkar aðstæður, má segja að þegar horft er til rekstrarafkomu bankakerfisins og þess óheyrilega kostnaðar sem þjóðin virðist bera af fjármálastofnunum sínum, ef horft er til vaxtamunarins, gildir sjálfsagt einu hvernig tekjurnar eru merktar í þeim skilningi að bankarnir virðast þurfa sitt. Og ef tekjur þeirra lækka vegna dráttarvaxta munu þeir ekki reyna að ná sér í auknar tekjur í öðru formi og þá í gegnum aukinn vaxtamun eða hækkuð þjónustugjöld? Þess vegna held ég að það sé, að svo miklu leyti sem þetta mál hefur áhrif stærðar sinnar vegna, óhjákvæmilegt að skoða það í samhengi við vaxtastigið og vaxtamuninn í heild sinni.

Vegna þess að í umræðum um efnahagsmál hefur dráttarvaxtatakan jafnvel verið tengd aðgerðum til aðstoðar sjávarútveginum sem eitthvert meiri háttar mál, er rétt að greina frá því að samkvæmt upplýsingum sem við fengum frá Seðlabankanum í hádeginu, ef reiknað er mjög gróft og er þá örugglega um hæstu hugsanleg mörk að ræða, gætu bruttóskuldir sjávarútvegsins í innlendum lánum verið um 32 milljarðar. Ef reiknað væri með að 10% af því væru í vanskilum mundi hvert prósentustig í dráttarvöxtum þýða 30 millj. eða þar um bil og 2% lækkun gæti þá að hámarki skilað 50–60 millj. kr. í þessum skilningi á ársgrundvelli. Reynslan er hins vegar önnur, staðreyndin er sú að þegar vanskil eru orðin umtalsverð, stærri lánssamningar stærri viðskiptavina eru komnir í vanskil þá er upphæð dráttarvaxtanna í langflestum tilvikum samningsatriði milli viðkomandi lántakanda og hans lánastofnunar þegar um aðgerðir, skuldbreytingar eða aðrar aðgerðir er að ræða til að koma þeim lánum í skil. Í þeim skilningi óttast ég að menn ofmeti mjög áhrifin af þessari aðgerð þó sjálfsögð sé svo langt sem hún nær.

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, leggja áherslu á það að mér er til efs að fyrir því verði færð sterk eða traust efnahagsleg eða fagleg rök að það álag sem lagt hefur verið á dráttarvexti miðað við almennt vaxtastig sé óeðlilegt hér á landi. Það má gjarnan vera lægra mín vegna ef það telst skynsamlegt eða óhætt en það er stutt í þá hættu að það fari að verða ódýrari fyrir fyrirtæki að greiða dráttarvexti af vanskilum innan viðráðanlegra marka en að fjármagna starfsemi sína með öðrum dýrustu ráðstöfunum, t.d. viðskiptavíxlum eða öðrum affallapappírum sem í boði eru og fyrirtæki nýta sér í þó nokkrum mæli til fjármögnunar, þeir eru á mun verri kjörum en jafnvel lán í bankakerfinu þótt greiddir séu af þeim vanskilavextir, innan þeirra marka að sjálfsögðu sem fyrirtækin fá umlíðan til að gera slíkt. Það væri að sjálfsögðu ekki skynsamlegt fyrirkomulag að hafa álagið svo lágt að það gæti jafnvel verið hagstæðara fyrir fyrirtækin að taka sér lán, ef svo má að orði komast, með þeim hætti. Allt ber því að sama brunni. Það er vaxtastigið sjálft, raunvaxtastigið í landinu sem er vandamálið fyrst og fremst. Það er blekking og misskilningur og í raun verið að drepa umræðu um vaxtaokrið á dreif með því að horfa eingöngu á það álag sem síðan er reiknað á lán í vanskilum og kallast dráttarvextir.

Hæstv. forseti. Ég ætla tímans vegna ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég vil fyrir mitt leyti greiða götu þessa máls og ætla því að afsala mér þeim rétti sem ella hefði verið freistandi að nota tímann og tækifærið til ítarlegrar umræðu um vaxtamál. Það er staðreynd að hæstv. ríkisstjórn er jafngrútmáttlaus og raun ber vitni og lengi hefur verið átakanlegt. Greinargerð hæstv. ríkisstjórnar með efnahagsráðstöfunum sínum, sem ég er reyndar búinn að vitna til varðandi vaxtamálin, er einhver sá allra loppnasti texti sem lengi hefur sést á Íslandi og hefur þó ekki verið sérlega kalt í veðri undanfarið. Þar segir neðst á bls. 6 til upprifjunar, með leyfi forseta:

„Með þessum aðgerðum er stefnt að því að raunvextir geti lækkað en afar erfitt er að spá fyrir um hversu mikið og hvenær það muni gerast."

Þetta er mikil þoka, eins og stundum vill verða þegar hæstv. viðskrh. fer að tala um vaxtamál og hefur það lengi loðað við hans tök á þeim efnum.

Enn fremur segir: „Einnig þarf að hafa í huga að þróun í vaxtamálum ræðst einnig af efnahagsskilyrðum almennt og ekki síst af ytri skilyrðum þjóðarbúsins."

Þessa latínu þekkjum við vel sem setið höfum með hæstv. viðskrh. í ríkisstjórn. Þetta er svo þokukenndur texti að jafnvel Austfjarðaþokan fræga verður eins

og glaðasta sólskin borið saman við það þegar hæstv. viðskrh. fjallar um það í textum hvort vextir gætu lækkað. Það er sjálfsagt að greiða götu þessa litla frv. um dráttarvaxtabilið en það mun litlu breyta um vandann sjálfan sem eru okurvextirnir sem hæstv. ríkisstjórn virðist nú sem endranær ætla að slá öflugri skjaldborg um.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Hv. efh-. og viðskn. barst boð um fund um klukkan hálftólf í dag til að fjalla um nýframlagt frv. um breytingu á vaxtalögum. Til marks um vilja stjórnarandstöðunnar til þess að greiða götu fyrir því sem getur leitt til vaxtalækkunar vil ég að það komi fram að það var eingöngu fyrir það að stjórnarandstaðan mætti á nefndarfund í hádeginu að hægt var að ganga frá því að málið kæmist áfram í dag. Það fór sem oftar í þeirri ágætu nefnd að fátt var um fulltrúa stærri stjórnarflokksins, Sjálfstfl., á þeim fundi. Það er því eingöngu fyrir tilverknað stjórnarandstöðunnar ef það tekst að koma þessu máli áfram í dag. Ég mun fyrir mitt leyti stuðla að greiðum framgangi þessa.

Ég vil hins vegar ítreka það sem kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns að hér er ekki um stórt atriði að ræða til vaxtalækkunar. Miðað við þær forsendur sem hæstv. ráðherra gaf áðan gætu það verið fyrir sjávarútveginn á bilinu 60–80 millj. á ársgrundvelli. Ég geri hins vegar ekki lítið úr því að það getur skipt afar miklu máli fyrir skuldsett fyrirtæki sem eru að reyna að vinna sig út úr vanda að dráttarvaxtarúllettan snúist ekki af fullum krafti.

Ég vil einnig ítreka það sem kom fram hjá mér á nefndarfundi í hádeginu að ég tel það algjört skilyrði þegar kemur að 2. umr. í dag liggi það fyrir á skýran hátt hvernig Seðlabankinn hyggst breyta dráttarvaxtastiginu fyrir desembermánuð og hvort hann er tilbúinn til þess að endurskoða nýtekna ákvörðun þar um.

Ég vil einnig leggja áherslu á það að ég mun beita mér fyrir því að í nál. komi fram að Alþingi ítreki í þessu litla máli að með samþykkt og fljótri fyrirgreiðslu þessa máls sé Alþingi að koma þeim skilaboðum til Seðlabanka og til bankakerfisins að það verði gengið í það af alvöru að skapa þau skilyrði að vextir geti lækkað og beitt handafli þar sem það er hægt, eins og hæstv. ríkisstjórn er að gera með framlagningu þessa máls. Hér er verið að beita því sem menn hafa kallað handafl, breyta lögum til þess að lækka vexti. Það mundi ég telja hið jákvæða við samþykkt þessara laga ef þeim fylgdu þau skýru skilaboð frá Alþingi að með þessu sé verið að ætlast til þess að bankakerfið og að sjálfsögðu ríkisstjórnin skapi skilyrði fyrir lægri vöxtum. Ríkisstjórnin er ekki svo lítill áhrifavaldur varðandi vexti, bæði gegnum þá pappíra sem ríkið er að selja og kannski ekki síst varðandi húsbréfakerfið. Þetta vil ég að komi skýrt fram. Þetta er þeim mun brýnna því það kom fram á fundinum hjá okkur í hádeginu að allar líkur eru á því að þessi lækkun geri það að verkum að innan bankanna verði settur þrýstingur á að hækka vaxtamun, annaðhvort með því að hækka útlánsvexti eða lækka innlánsvexti.

Þá kem ég að því sem ég hefði viljað hafa sem viðbótarinnlegg í þessa umræðu. Að mínu mati gerist ósköp lítið í vaxtamálum á næstunni ef ekki verður tekið á mjög ákveðinn hátt á skuldastöðu fyrirtækjanna og skuldbreytingu þar. Það hefur verið að koma í ljós á síðustu mánuðum að þrátt fyrir það að spenna á lánsfjármarkaði hafi minnkað, framboð verið meira, eftirspurn minni, þá hafa vextir ekki lækkað eins og markaðslögmál hefði átt að segja fyrir um. Það er að mínu mati einfaldlega vegna þess að bankarnir spenna upp vaxtamun eins og þeir mögulega geta til þess að geta afskrifað fyrir tapi í atvinnulífinu. Þarna liggur að mínu mati stærsti áhrifavaldur þess hve vextirnir eru háir. Það verður ekki lagað á annan hátt en þann að fara í víðtæka skuldbreytingu í atvinnulífinu.

Það segir sig sjálft þegar einn af stærstu bönkunum er að gera upp eftir átta mánuði á núlli, eftir að hafa tekið tæpan milljarð í afskriftasjóð á þessum tíma, að það er tekið af vaxtamun og heldur vöxtunum uppi. Ég held því miður, virðulegi forseti, að í þeim tillögum sem nú liggja fyrir í efnahagsmálum frá ríkisstjórninni sé á engan hátt tekið á þessu máli sem skyldi. Það er rætt um skuldbreytinguna í gegnum þróunarsjóðinn en það er óútskýrt hvernig hann á að vinna. Að mínu mati þarf að gera miklu meira en manni skilst að þar sé reiknað með að taka þar við skuldbindingum verst stöddu fyrirtækjanna jafnóðum og þau fara á hausinn. Það er ósanngjarnt gagnvart þeim fyrirtækjum sem standa eilítið betur en þurfa engu að síður á skuldbreytingu að halda. Þess vegna er það höfuðnauðsyn að mínu mati að til hliðar við þær ráðstafnir sem menn hugsa sér að gera í gegnum þróunarsjóðinn, sem ég hef ekki enn þá séð hverjar eru en manni skilst að beinist fyrst og fremst að verst stöddu fyrirtækjunum, þá gangist ríkisstjórnin fyrir samvinnu aðila á lánamarkaði fyrir víðtækri skuldbreytingu og, eins og ég hef nefnt áður úr ræðustól á hinu háa Alþingi, að væntanlega þyrftu bankarnir einnig að fá víðtækari heimildir en þeir hafa í dag til þess að breyta skuldum í hlutafé. Ég beini því hér til hæstv. viðskrh. að frá minni hálfu væri ég tilbúinn, ef ríkisstjórnin vildi skoða þá leið, að skoða það að flýta sérstaklega þeim hluta að nýjum bankalögum sem snýr að þessum þætti. Ég tel einfaldlega að hér sé um að ræða það mikilvægt mál til þess að hægt sé að lækka vexti.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki miklu meira um þetta mál að segja á þessu stigi. Hv. efh.- og viðskn. mun fjalla um það seinna í dag og fara yfir nál. þar sem að mínu mati verða að koma fram þau skilaboð sem ég nefndi áðan. Það mun geta greitt fyrir því að málið fái framgang í dag.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er komið til umræðu fyrsta málið sem tengist þeim efnahagspakka ríkisstjórnarinnar sem mjög hefur verið til umræðu undanfarna daga, m.a. í þinginu, um umdeildar aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Hér er reyndar komið eitt af þeim málum sem sennilega ríkir mikil samstaða um á Alþingi þótt það hljóti vissulega að vakna ýmsar spurningar

varðandi þessa aðgerð. Það hefur margsinnis verið ítrekað og ég held það sé almenn skoðun að vextir séu allt of háir hér og það þurfi að knýja þá niður með ýmsu móti. Sú breyting sem hér er verið að leggja til ætti að hafa einhver áhrif í þá átt og hún ætti að létta undir með fyrirtækjunum í landinu þótt það sé nokkuð óljóst hversu mikil áhrifin eru.

Eins og hér hefur komið fram fórum við nefndarmenn í hv. efh.- og viðskn. í gegnum þetta mál áðan með fulltrúa Seðlabankans þar sem málið skýrðist að sjálfsögðu. Þó er ýmislegt óljóst og þá ekki síst það hvernig bankarnir muni bregðast við og hvaða áhrif þetta muni hafa á stöðu bankanna. Það er kannski ekki ástæða til að hafa miklar áhyggjur af þeim nema ef vera kynni af Landsbankanum sem, eins og við vitum, hefur atvinnulífið að miklu leyti á sinni könnu og þarf að taka á sig mikið tap. Það jafnar sig kannski upp. Það er tæpt að þeir nái inn þessum dráttarvöxtum og verður sjálfsagt að semja um þá og jafnvel að gefa þá eftir í mörgum tilvikum. Sú spurning vaknar samt hvernig bankarnir muni bregðast við. Ég tek undir það sem fram kom í máli síðasta ræðumanns að það verður auðvitað að liggja fyrir, áður en málið verður afgreitt, hver afstaða Seðlabankans er í málinu. Ég vil því spyrja hæstv. viðskrh.: Hefur hann rætt við stjórn Seðlabankans um það hvernig hún muni bregðast við þessum lögum? Ég vil líka spyrja: Hefur öðrum bönkum verið kynnt þetta mál?

Það er auðvitað ljóst að þau skilaboð sem Alþingi sendir bönkunum með frv. eru að það beri að lækka dráttarvexti. En mörkin eru nokkuð víð og það kom fram í máli fulltrúa Seðlabankans að dráttarvextirnir liggja núna fremur nærri lágmarkinu þannig að þeir þurfa kannski ekki að lækka mikið nema vilji sé til þess.

Sú spurning vaknar hvort breyting af þessu tagi geti orðið til þess að hvetja til vanskila. Það er auðvitað ákveðin hætta sem felst í svona lækkun. Það breytir auðvitað ekki því að þessi lækkun er nauðsynleg að mínum dómi en við hljótum hér eins og ávallt að verða að gera okkur grein fyrir því hver áhrifin og viðbrögðin verða. Ég vona svo sannarlega að þessi lög leiði til lækkunar dráttarvaxta og vonandi hafa þau þau áhrif að vextir lækki almennt. Eins og málið horfir við okkur núna er það býsna óljóst.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég held það sé mikilvægt fyrir alla að greiða fyrir þessu litla frv. sem hæstv. viðskrh. leggur fram fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Hins vegar hygg ég að það væri blekking að halda því fram að það muni hafa mikil áhrif fyrir íslenskt atvinnulíf. Þó ég búist við því að flestir séu sammála um það að dráttarvextir séu í mörgum tilfellum of háir og oft kannsi ósanngjarnir þegar fyrirtæki lenda í miklum erfiðleikum. Sem betur fer gerist það í öðrum tilfellum að þau fá þeim breytt í samningsvexti og fellda niður að hluta þegar skil hafa orðið og betri framtíð blasir við. Það mun vera svo að dráttarvextir eru 5% hærri á almennum skuldabréfum en venjulegir vextir.

Ég vil hins vegar taka undir það að ekkert hygg ég að sé íslensku atvinnulífi og kannski einstaklingunum í þjóðfélaginu um þessar mundir jafnmikilvægt og að vextir almennt í landinu verði lækkaðir. Ég heyrði viðtal við Einar Odd Kristjánsson, landsfrægan mann, í hádeginu þar sem hann brýndi til aðgerða í þessum efnum með öllum tiltækum ráðum. Það er kannski ekki þar síst sem mönnum finnst að ríkisstjórnin hafi ekki nægan vilja. Kannski er þetta litla frv. sem hér er borið fram handaþvottur til að fría sig af því að taka á því mikla vandamáli sem blasir við. Ég er sannfærður um að það er hægt að lækka vexti en þá verða menn að ráðast að þeim sem ráða vöxtunum á Íslandi.

Nú vill svo til, hæstv. viðskrh., að ríkissjóður er annar aðilinn sem ræður vöxtum á Íslandi. Ég rakti það í fyrrakvöld fyrir hv. alþm. að t.d. hefðu gæðingar ríkisstjórnarinnar notið þess fyrir sex mánuðum síðan að fá nýjan flokk með mjög háum vöxtum á sparifé sitt. Þá var opnaður af hálfu hæstv. fjmrh. nýr lánaflokkur, ríkisbréf, þar sem borgaðir eru á sparifé 10,7% vextir í dag. Á þessu hálfa ári hafa t.d. safnast þarna saman 3 milljarðar kr. Þetta eru stríðaldir gæðingar sem eru orðnir vanir góðu og sætta sig ekki við nema gott fóður. Þess vegna vakna þær spurningar, þegar þessi stórkostlegu tilboð af hálfu ríkisvaldsins um að borga á húsbréf, ríkisvíxla, ríkisbréf, spariskírteini ríkisins frá 8% og upp í 11% á spariféð, hvort ekki sé hægt við þessar aðstæður að gera þessu ágæta eignafólki á Íslandi grein fyrir því að atvinnulífið þolir ekki vextina sem það býr við.

Þegar menn tala um að bankarnir geti lækkað vexti þá er það ekki einfaldur hlutur meðan þessi stórkostlegu tilboð á sparifénu eru í gangi af hálfu ríkisins því að bankarnir borga um 5% á sínar bestu bækur. Á annað sparifé er greitt 2–3%. En það gera sér allir grein fyrir því að til að lækka útlánsvexti verða innlánsvextir að lækka.

Hæstv. viðskrh. Þarna hef ég rakið að því miður er ríkisvaldið um þessar mundir að borga einhverjum stórum sparifjáreigendum vexti á spariféð sem eru jafnháir og útlánsvextir bankanna eru um þessar mundir. Ég vil í tengslum við þetta frv. og þessi áform spyrja hæstv. viðskrh. hvort hann sjái sér fært að taka á þessum vanda.

Ég rakti það enn fremur hér um nóttina hversu gífurleg peningasöfnun ríkisstjórnarinnar væri þar sem í ríkisbréfum, ríkisvíxlum, spariskírteinum og húsbréfum væru orðnir jafnmiklir peningar til eins og í öllu bankakerfinu. Sem sé, sparnaður landsins er að færast yfir í þessa ríkisbanka sem hæstv. ríkisstjórn rekur, húsbréfabankann og Lánasýslu ríkisins upp á Hverfisgötu.

Ég vil líka minna á þann tvískinnung sem ríkir og ég held að lífeyrissjóðirnir verði þar mjög að gá að sér. Það er ljóst mál að aðilar vinnumarkaðarins leggja mikla áherslu á vaxtalækkun, þeir sjá að atvinnulífið þolir þetta ekki en það er hörmulegt að hugsa sér að sömu aðilar ráði ferðinni í lífeyrissjóðunum. Þegar þeir hafa heimtað vaxtalækkun af hæstv. viðskrh. ganga þeir inn í næsta herbergi og segja: Nú verða ekki keypt

meiri húsbréf af henni Jóhönnu nema við fáum hærri vexti á okkar peninga. (**Forseti:** Forseti hlýtur að neyðast til að benda hv. þm. á að maður ávarpar hæstv. ráðherra eins og hefð er hér á Alþingi.) Hæstv. félmrh. Jóhönnu Sigurðardóttur. Ekki vil ég draga úr þeim heiðri sem hún á, hæstv. forseti, og viðhalda hér öllum þingvenjum því að margt gott hugsar hæstv. félmrh. um þessar mundir ef ég þekki hana rétt og er ekki sammála öllum þeim aðgerðum sem hæstv. ríkisstjórn hefur ráðist í og finnst þær ekki réttlætanlegar.

Ég vildi koma hér til að spyrja hvort hæstv. viðskrh. sér einhverja leið til þess að ná sátt þessara stóru aðila, ríkisvaldsins, lífeyrissjóðanna og stórþeningaaflanna í landinu, til að sætta sig við lægri vexti á sitt sparifé svo hægt sé að lækka útlánsvexti en sannarlega mun ekkert frekar styrkja íslenskt atvinnulíf um þessar mundir.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst þakka stuðning þeirra hv. þm., sem talað hafa, við þetta frv. Ég vil taka skýrt fram til þess að taka af öll tvímæli að ég vil alls ekki gera ákaflega mikið úr beinu vægi þessarar breytingar á lánamarkaðinn. En hún hefur hins vegar táknrænt gildi og mig langar til þess að minna hv. þm. á að ákvörðun Seðlabankans um dráttarvexti hefur ekki eingöngu áhrif á dráttarvaxtatölurnar hjá bönkum og sparisjóðum heldur líka í algengum viðskiptum manna og fyrirtækja á meðal.

Mér fannst þess gæta nokkuð í máli þingmanna hér áðan að þeir litu ekki til þess að við værum með þessum hætti að gefa um það merki að nú væri orðið tímabært að lækka nafnvaxtakröfur vegna þess að verðbólgan hefði gengið svo mikið niður sem raun ber vitni. Mig langar aðeins til að nefna það hér að ég tel að með þessari ákvörðun sé að sjálfsögðu verið að ryðja úr vegi lagahindrun fyrir því að láta þennan mun fylgja verðbólgustiginu og þar með vaxtastiginu. Sannleikurinn er sá að hlutfall þessarar viðbótar af meðalávöxtun venjulegra útlána var orðið allt of hátt. Ef maður lítur t.d. á hvar þessi tala var þegar þetta var upphaflega sett í lög 1987, þá var þetta um það bil fjórðungur af meðalávöxtun nýrra útlána, þessi viðbót, um 7% eða eitthvað þar um bil. Nú værum við hins vegar að tala um tölur sem stöppuðu nærri að vera helmingur af meðalávöxtun nýrra útlána. Það tel ég vera úr hófi þótt það sé vissulega rétt sem kom fram í máli nokkurra þingmanna, bæði hv. 4. þm. Norðurl. e. og 18. þm. Reykv., að auðvitað verður dráttarvaxtaálagið að fela í sér hemil á það að menn dragi greiðslur úr hófi fram. Ég tel hins vegar að með þessu sé verið að gefa merki um að Seðlabankanum sé frjálst að fara neðar með þetta enda tel ég eðlilegt að þetta hlutfall fari ekki mikið fram úr fjórðungi eða þriðjungi af meðalávöxtun nýrra útlána og hefur reyndar oft og tíðum verið lægra en það. Það verður því að líta á þessar hlutfallstölur, ekki á hinar beinu hundraðstölur eða hundraðshlutana eins og þeir birtast mönnum.

Ég vil hins vegar taka það skýrt fram að það er misskilningur hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að við séum hér að fara inn í verðbólguskeið. Ég tel að það sé alveg ljóst að verðbólgan milli áranna 1991 og 1992 verði um 3,7% að meðaltali á mælikvarða framfærsluvísitölunnar, hin lægsta um áratuga skeið. Horfurnar fyrir næsta ár eins og fram hefur komið í greinargerð ríkisstjórnarinnar fyrir aðgerðunum um eflingu atvinnulífs sýna að búist er við að meðaltala næsta árs verði 4–4,5% sem er miklum mun lægra en verið hefur um langan aldur og miklu lægra en var á síðustu 4–5 árum. Þetta finnst mér mikilvægt. Ég tel að svo kunni að fara að sú verðhækkun sem óhjákvæmilega mun fylgja gengisbreytingunni verði minni en við venjulegar gengisbreytingaraðstæður, einfaldlega af því að gengisbreytingin sem ákveðin var á mánudagsmorgun var að miklu leyti aðlögun að breyttum aðstæðum í umhverfi okkar. Það má kalla hana að ýmsu leyti núllstillingu upp á nýtt miðað við aðstæður á evrópskum gjaldeyrismarkaði. Þetta tel ég æskilegt að komi hér fram.

Ég vil líka taka það fram vegna beinna spurninga hv. 6. þm. Norðurl. e. og hv. 18. þm. Reykv. að þetta mál hefur verið rætt við stjórn Seðlabankans, það hefur verið kynnt viðskiptabönkum og sparisjóðum, að vísu ekki í nákvæmum greinum enda er það þingsins að setja þessar reglur. Hins vegar er þeim vel kunnugt um þessi áform og ég tel víst að þegar heimildin hefur verið veitt af þingsins hálfu muni Seðlabankinn endurskoða sína síðustu ákvörðun um það að dráttarvextir í desember séu 18,25% og eins og fram kom hér áðan muni sú tala lækka í 16–16,5%. Þetta byggi ég á samtölum og samráði við Seðlabankann en það er að sjálfsögðu hans að taka þessa ákvörðun í smáatriðum, þingsins að setja lagalegar forsendur fyrir eðlilegri aðlögun að minni verðbólgu en verið hefur.

Ég tel að með þessu hafi ég svarað því sem beinlínis snýr að þessu tiltekna máli. En það er vissulega rétt sem kom fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. að það er mikilvægt að treysta sem best eiginfjárstöðu bankanna. Það er mikilvægt að gefa þeim rýmri heimildir til þess að breyta skuldum í hlutafé enda liggur, eins og kom fram í máli þingmannsins, fyrir þinginu tillaga um það efni í hinu nýja frv. til banka- og sparisjóðalaga. Ég treysti þess vegna á fulltingi og atbeina þingmanna til að koma þeim ákvæðum í lög og fullvissa þingmanninn um að það er einmitt það sem fyrir flm. frv., ríkisstjórninni, vakir, að treysta fjárhagsgrundvöll bankanna. Ég tel að þar megi leita ýmissa leiða, m.a. almennra skuldbreytingaleiða. Ég tel að það sé ákaflega mikilvægt að lánstími og lánskjör verði færð í hátt við stöðugleikann sem við höfum náð og sem við hyggjumst treysta í framtíðinni.

Með þessum orðum ætla ég að víkja nokkuð að því sem kom fram í máli hv. 5. þm. Suðurl. Ég tel að það sé í sjálfu sér rétt hjá hv. þm. að með þessari ákvörðun verði ekki gerð nein grundvallarbreyting á vaxtakjörunum í landinu. Þingið hefur að sínu leyti þó gert það sem í þess valdi stendur til að greiða fyrir þeirri aðlögun á þeim stað þar sem hún á að fara fram, í bönkum og sparisjóðum og á vettvangi bankakerfisins. Það er líka hárrétt athugað hjá hv. þm. að það

mikilvægasta fyrir lánamarkaðinn af því sem stendur í valdi hins opinbera, ríkisins, er að draga úr útgáfu ríkispappíra þannig að vextir á þeim geti farið lækkandi. Þetta heyri ég að hv. þm. er mér algerlega sammála um og ég vil láta í ljós ánægju með þann skilning sem fram hefur komið á viðfangsefni bankakerfisins í þessum umræðum. Sérstaklega þótti mér það athyglisvert í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. að hann hafði á því mikinn skilning að bankakerfið þyrfti að meta þessar breytingar inn í sinn fjárhag. Ég tel hins vegar enga hættu á því að menn ofmeti áhrifin. Það kom reyndar fram hjá hv. þm. að hann teldi að þetta mundi ekki velta mjög háum fjárhæðum í fjárhag bankakerfisins. Ég vil taka fram að ég fagna þeirri ábyrgu afstöðu sem fram hefur komið í þeim málflutningi.

Ég vík svo að endingu, virðulegi forseti, að því sem kom fram hjá hv. 5. þm. Suðurl., Guðna Ágústssyni, að það væri ákaflega mikilvægt að ná samkomulagi við lífeyrissjóðina sem nú ráða fyrir stærstum hluta sparnaðar landsmanna. Í því sambandi langar mig til þess að rifja upp að fyrir síðustu helgi, nánar tiltekið á laugardag, átti ég ásamt hæstv. fjmrh. fund með fulltrúum Sambands almennra lífeyrissjóða og Landssambands lífeyrissjóða um stöðu sjóðanna á íslenskum fjármagnsmarkaði og hvernig þeir geta best stuðlað að framförum á honum. Þar var m.a. rætt um skuldabréfaviðskipti lífeyrissjóðanna og hins opinbera og hvað hvor aðili um sig gæti best gert til þess að stuðla að betra jafnvægi á lánamarkaðnum og lægri vöxtum. Við fjölluðum sérstaklega um þátttöku lífeyrissjóðanna í fjármögnun atvinnulífsins með auknum hlutabréfakaupum. Menn urðu sammála um það á þessum fundi að það væri æskilegt að stefna að því að á árunum 1993 og 1994 verji lífeyrissjóðirnir, og þar með taldir hinir opinberu lífeyrissjóðir, a.m.k. 5% af sínu árlega ráðstöfunarfé til að kaupa hlutabréf í íslenskum fyrirtækjum. Hér er um háa fjárhæð að ræða á mælikvarða íslenska fjármagnsmarkaðarins eða um 1.800 millj. kr. Ég tek það fram að ég legg ekki síður mikið upp úr fyrri þættinum í þessu samráði við lífeyrissjóðina, þ.e. hvernig best sé að haga skuldabréfaviðskiptum þeirra og hins opinbera. Þar er augljóslega mjög vandasamt og mikilvægt verkefni. Ég tek undir með hv. þm. að það er mikilvægt að menn hugi vandlega að þeim viðskiptum á næstunni.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var afar athyglisvert að heyra hæstv. viðskrh. segja áðan að gengisbreytingin upp á 6% sem nýlega hefur farið fram hafi einungis verið núllstilling atvinnulífsins gagnvart þeim breytingum sem hafa orðið á síðustu vikum í okkar helstu viðskiptalöndum í Evrópu. Þetta staðfestir það sem við fulltrúar stjórnarandstöðunnar höfum haldið fram að eftir þessa breytingu, þ.e. gengisbreytinguna, standi grunnatvinnuvegirnir á sama grunni og þeir gerðu í ágústmánuði sl. og sjávarútvegurinn stefni á næsta ári í 8% tap. Sé þetta réttur skilningur er það þeim mun mikilvægara að það takist að koma á þeirri skuldbreytingu sem ég nefndi áðan. Ef þetta er í raun eins og við höfum haldið fram stöndum við í sömu sporum og þegar menn voru að hefja þjóðarsáttarumræðurnar í haust og þá er kannski aldrei meiri þörf á víðtæku samstarfi og sátt aðila vinnumarkaðar og stjórnmálaafla en einmitt núna.

Varðandi þau ákvæði sem ég nefndi áðan um breytingar á bankalögum, hæstv. ráðherra nefndi að frv. væri komið fram og reyndar búið að mæla fyrir því, þá liggur það ljóst fyrir að hv. efh.- og viðskn. hefur engin tök á því að fara í þá vinnu í heild fyrir áramót. Þess vegna nefndi ég sérstaklega þennan þátt.

Það kom reyndar fram, að því er ég tel, réttur skilningur hjá hæstv. ráðherra í þeim umleitunum sem hafa verið milli ríkisstjórnar og lífeyrissjóðanna um aukna þátttöku þeirra í atvinnulífinu, miklu réttari skilningur en hefur oft komið fram í fjölmiðlum hjá fulltrúum ríkisstjórnarinnar sem hafa nánast haldið því fram að búið væri að semja um þessa þátttöku. Það verðu auðvelt að semja við lífeyrissjóðina um að þeir komi af auknum krafti inn í atvinnulífið og sýni lánamarkaðnum aukinn skilning þegar svo er komið að sami maður er orðinn forustumaður lífeyrissjóðanna og forseti ASÍ.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst um gengisbreytinguna. Það var alveg rétt hjá hv. þm. að ég kallaði hana núllstillingu. En það var núllstilling með borð fyrir báru. Eins og fram kom í greinargerð ríkisstjórnarinnar um áhrif hennar er það mat okkar sérfræðinga að hún muni sem slík bæta afkomu sjávarútvegsins um 3% en aðgerðirnar í heild um tæplega 5%. Þessar tölur tala skýrt sínu máli eins og fram hefur komið í þeim gögnum sem fyrir þingið hafa verið lögð.

Ég er sammála hv. þm. um að það er mjög mikilvægt að víðtæk sátt takist um allar þær efnahagsaðgerðir sem nú er verið að hrinda í framkvæmd. Og ég leyfi mér að binda vonir við að það takist um síðir m.a. vegna þess sem fram kom hjá hv. þm. að nú hafi tekið við forustu í Alþýðusambandinu maður sem hefur ríkan skilning á lánamarkaðnum og mikilvægi vaxtaákvarðana og lífeyrissjóðanna á því sviði. Ég treysti því að góðar sættir geti náðst um þau vandasömu mál sem við höfum rætt hér í dag.

Ég tek það skýrt fram að ég er tilbúinn til að ræða við hv. efh.- og viðskn. um framgang bankafrumvarpanna og hvort þar sé hægt að finna farsælan veg til að koma þeim í lög.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. viðskrh. sagði áðan að núllstillingin á genginu hafi verið með borði fyrir báru. Það kann að vera rétt að þar sé eilítið borð fyrir báru. En þá staðfestir hæstv. viðskrh. um leið að með drætti sínum á aðgerðum gagnvart atvinnulífinu var svo komið að fleyið var alveg við að sökkva því það borð sem hér er tryggt er ekki meira en svo að því miður tryggir það eitt ekki nema nokkurra vikna siglingu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér þótti það allathyglisverð yfirlýsing hjá hæstv. viðskrh. að ekki var annað að heyra en að hann fagnaði þeirri niðurstöðu sem orðið hafi á ASÍ-þingi, að Pétur Sigurðsson hafi fallið í kosningum. Ástæðan var sú að hann taldi að sá sem kjöri hafi náð hafi mikinn skilning á vaxtamálum. Ég vil hafa þessa skoðun alveg skýra.

Mér er ljóst að núverandi forseti Alþýðusambands Vestfjarða hélt þannig á málum í kosningabaráttu vestur á Fjörðum að hann óraði ekki fyrir öðru en að Alþfl. mundi taka upp viðræður við þá flokka sem hann hafði unnið með. Það kom mjög flatt á hann þó ekki sé meira sagt þegar hann áttaði sig á því að það var búið að semja á annan veg.

Nú er það aftur á móti upplýst hér með athyglisverðum hætti hvernig hæstv. viðskrh. lítur á úrslit kosninganna á Akureyri.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hlýtur að benda á að farið er alllangt frá umræðuefni í síðustu ræðu hv. þm.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁgG, BBj, EH, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHG, GHelg, HBl, HN, IP, JGS, JBH, JHelg, JónS, KÁ, KE, PP, SigG, SighB, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

31 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GB, GHall, GÁ, HÁ, HG, ISG, JÁ, JóhS, JónK, KSG, KHG, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SalÞ, SAÞ, StG, StH, ÞorstP) fjarstaddur.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁgG, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHG, GHelg, HBl, HN, IP, JGS, JBH, JHelg, JónS, KÁ, KE, PP, PJ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

31 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GB, GHall, GÁ, HÁ, HG, ISG, JÁ, JóhS, JónK, KSG, KHG, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SalÞ, SAÞ, StG, StH, ÞorstP) fjarstaddur.

Útbýting þingskjala:

Greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, 201. mál, svar félmrh., þskj. 350.

Húsaleigulög, 269. mál, stjfrv., þskj. 360.

Samkeppnislög, 9. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 349.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill biðja hv. þm. að víkja ekki langt frá vegna þess að nú verður lokið umræðu um 7. dagskrármál, Atvinnuleysistryggingar sem er stjfrv., og menn eru beðnir að aðstoða forseta við að stuðla að því að það mál komist til nefndar.

Atvinnuleysistryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 226. mál (verkefnastyrkir til sveitarfélaga 1993). — Þskj. 283.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er verið að taka ákvörðun um að leggja til atvinnumála 500 millj. Eins og ég hef áður sagt í umræðu um þetta mál tel ég það af hinu góða. Hins vegar hef ég vakið athygli á því að sá farvegur sem ætlaður er fyrir þetta fé er að því leyti sérstæður að upplýst er að sveitarfélögin eigi að útbúa umsóknir sínar svo vel úr garði að það sé hægt að taka þær beint til atkvæðagreiðslu án þess að sú stofnun sem á að sjá um að útdeila fénu hafi neina sérstaka vinnu í frammi til að leggja mat á umsóknirnar.

Ég fer ekki dult með það að mér finnst hér um mikla afturför í vinnubrögðum að ræða miðað við þær ákvarðanir sem yfirleitt liggja að baki því þegar menn fara af stað með uppbyggingu í atvinnulífinu. Það sem er athyglisvert við þetta er að hér er um verulega upphæð að ræða sem gæti nýst ef vel væri á málum haldið.

Ég gerði einnig athugasemd við það að sú ákvörðun að leggja nefskatt á íbúa sveitarfélaganna, mismikinn eftir íbúafjölda og án þess að tillit sé tekið til þess hversu miklu fé sveitarfélögin hvert og eitt hefðu ráðstafað til atvinnuuppbyggingar hjá sér, væri ekki rökrétt. Það hlýtur að vera eðlilegt að þau sveitarfélög sem hafa varið miklum upphæðum til þess að styðja við uppbyggingu atvinnulífsins hjá sér og komið í veg fyrir atvinnuleysi með þeim aðgerðum geti á einhvern hátt vænst þess að þeim verði metið það til tekna að hafa staðið þannig að málum.

Ég rakti það í ræðu minni hvernig upplýst hefði verið í mín eyru að sveitarstjórnarmenn á Bretlandi, fulltrúar Verkamannaflokksins, hefðu talið að ætti að standa að stuðningsaðgerðum til að minnka atvinnuleysi og höfðu bent á Þýskaland sem dæmi um hvar vel hefði tekist að draga úr atvinnuleysinu. Hæstv. ráðherra tjáði þingheimi að hann hefði vissulega gengið í smiðju til þeirra sem hefðu kynnst atvinnuleysinu á undanförnum árum og nefndi sérstaklega tryggingaráðherra Svía og Finnlands og sagði að þeirra hugmyndir væru að ganga í EB.

Nú er það svo að ég vænti þess að hæstv. heilbrrh. átti sig á að þessar þjóðir hafa ekki verið þær sem átt hafa við mest atvinnuleysi að stríða á undanförnum árum þó ástandið í Finnlandi sé vissulega mjög alvarlegt eftir hrun Sovétríkjanna. Og hvað sem líður trú þeirra á möguleikum innan EB er þetta svar að því leyti út í hött að það segir ekkert um það hvort menn ætli að una atvinnuleysinu eða gera þær ráðstafanir að gera fólki kleift að fara í endurmenntun eða starfsþjálfun og reyna að stuðla að tilfærslu milli atvinnu-

greina og draga þannig úr atvinnuleysi.

Ég verð þess vegna að segja eins og er að ég óttast að 500 millj. nýtist illa til atvinnuuppbyggingar vegna þess hvernig ætlað er að standa að þessum málum. Sú hugsun sækir dálítið á mig hvort það sé kannski tímanna tákn að þó vissulega sé virðuleg stjórn yfir þessum sjóði gæti farið svo að það mundi minna örlítið á einhverja frægustu stjórn sem setið hefur yfir stofnun á Íslandi, stjórnina sem sat yfir Álafossi á seinustu lífdögum hans. Það voru ákaflega mætir menn en ég efa að þeir hafi haft mikinn tíma til að kynna sér það málefni sem þar var við að glíma. Ég óttast að ef sjóðstjórn hefur ekki á að skipa liði til að leggja raunhæft mat á það hvað skynsamlegt sé að gera, verði tillögur hennar dálítið út og suður.

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Ég heyrði það á orðum hæstv. forseta áðan að ætlun manna er að koma þessu máli til nefndar.

Þannig hagar til í umræðunni að hæstv. heilbr.- og trmrh. kom mjög víða við í ræðu sinni. Hann hélt 35 mínútna ræðu og ræddi allt frá tillögum Alþb. í efnahagsmálum yfir til hins Evrópska efnahagssvæðis þannig að það getur tekið nokkrar mínútur að svara ræðu hæstv. ráðherra, sem er alveg óhjákvæmileg vegna þess hvernig hann setti hlutina upp.

Auðvitað er hér ekki um að ræða mál sem er með þeim hætti að það geti vaðið í gegn öðruvísi en að fá nokkra umræðu, ekki síst eftir að hæstv. ráðherra fór mjög óvenjulega að málinu í ræðu sinni áðan. Það er fagnaðarefni að hæstv. ráðherrar svari mönnum ítarlega og komi víða við í ræðum sínum og láti hvergi sitt eftir liggja.

Í ræðu minni fyrr í dag lagði ég áherslu á þann mikla fjárhagsvanda sem Atvinnuleysistryggingasjóður stendur frammi fyrir. Þar er því miður um fjárhagsvanda að ræða upp á stórar tölur miðað við þær horfur sem nú eru að því er varðar atvinnuleysi á árinu 1993. Eins og hv. ráðherra viðurkenndi er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði talsvert meira árið 1993 en gert var ráð fyrir þegar fjárlagafrv. var samið á sínum tíma og greinargerð þess.

Til þess að mæta þeim vanda sem er í atvinnulífinu hefur verið rætt um þann möguleika, eins og hæstv. ráðherra ræddi ítarlega í ræðu sinni, að lækka aðstöðugjaldið. Ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun um það fyrir sitt leyti og hæstv. ráðherra velti því fyrir sér hvort lækkun aðstöðugjalds kæmi fram í verðlagi með þeim hætti sem gert hafði verið ráð fyrir. Ég verð að segja eins og er að ég deili áhyggjum með ráðherranum í þessu efni þ.e. að sá árangur verði ekki af lækkun aðstöðugjaldsins í verðlagi. Fyrst og fremst vegna þess að á sama tíma er gengið fellt um 6% sem er allt annað en það sem menn töluðu um m.a. af hálfu Alþb. og verkalýðshreyfingarinnar þegar þessi mál voru í undirbúningi.

Ég verð þess vegna að ítreka þá skoðun mína sem fram kom fyrir rúmlega einum sólarhring að ég tel óhjákvæmilegt að ríkisstjórnin grípi þegar í stað til aðgerða til að koma í veg fyrir stórkostlegar verðhækkanir. Ég sé ekki betur en farinn sé af stað eldur verðhækkana um þjóðfélagið og hann hafi í raun og veru byrjað strax daginn sem gengisbreytingin var tilkynnt. Hjá verslunum og þjónustufyrirtækjum tilkynntu menn verulegar verðhækkanir á vörum sínum og þjónustu jafnvel umfram það sem gengislækkuninni nemur. Menn voru að tala t.d. um 8% verðhækkanir á tilteknu þjónustuframboði ferðaskrifstofa svo dæmi sé nefnt. Ég held því að nauðsynlegt sé að taka á málinu, sérstaklega ef menn hafa líka áhuga á að verja hag atvinnuleysingjanna. Samkvæmt yfirlýsingu forsrh. í fyrrakvöld versna kjör atvinnuleysingja á Íslandi, þeirra sem eru á atvinnuleysisbótum, um 3% með þeim ráðstöfunum sem ríkisstjórnin hefur sjálf tilkynnt.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. ræddi síðan mjög rækilega um skattamál og fullyrti í ræðu sinni að ekki væri um skattahækkun að ræða. Það kann út af fyrir sig að vera að heildargjaldtaka til opinberra aðila sé svipuð og hún var, en þó hygg ég að hún sé tvímælalaust á árinu 1993 hærra hlutfall en hún hefur áður verið af þjóðartekjum og þjóðarframleiðslu. Ég geri ráð fyrir því að skattheimta af þjóðartekjum og þjóðarframleiðslu verði hærra hlutfall á næsta ári en hún hefur verið nokkurn tíma áður. Ég skoðaði þessa hluti reyndar nokkuð rækilega í fyrradag og samkvæmt fjárlagafrv. er það svo að það er gert ráð fyrir því að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1993 verði um 111 milljarðar kr. Síðan er verið að tala um hækkanir upp á milli 5–6 milljarða kr. samkvæmt ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar. Það er hækkun á þessum tölum um 5–6% þannig að ég sé ekki betur en heildartekjur ríkisins á árinu 1993 verði milli 29–30% af vergri landsframleiðslu og það er ekki nokkur leið að finna nokkurn tímann eins háa tölu sem ríkið tekur til sín og ætlunin er að taka samkvæmt stefnu þeirra flokka sem núna stjórna landinu og báðir munu hafa það á stefnuskrá sinni að afnema helst alveg tekjuskattinn.

Það liggur líka fyrir, það er alveg ómótmælanlegt, að skattar á einstaklinga verða í hámarki á næsta ári, þeir hafa aldrei verið hærri. Samkvæmt fjárlagafrv. fyrir árið 1993 liggur dæmið þannig að þar er gert ráð fyrir sköttum upp á 13,4 milljarða kr. sem væru tekjuskattar á einstaklinga, 13,4 milljarðar kr. Núna er gert ráð fyrir að bæta við um 4,2 milljörðum króna við þessa tölu með því að hækka skatta um 2,8 milljarða, með því að leggja á þennan sérstaka svokallaða hátekjuskatt sem er svo sem ekki neitt upp á 300 millj., með því að lækka barnabætur um 500 millj. og með því að lækka vaxtabætur um 500 millj. Allt gerir þetta hækkun skatta upp á 4,2 milljarða þannig að sú tala sem í fjárlagafrv. er núna upp á 13,4 milljarða fer upp í 17,6 milljarða. Það er 31% skattahækkun og ég segi það fullum fetum: Það hefur aldrei nokkurn tímann verið gerð tillaga um eins mikla skattahækkun á einstaklinga og verið er að gera tillögu um hér, aldrei nokkurn tíma. Þessi tillaga sem hæstv. ríkisstjórn gerir er algerlega einstök að þessu leytinu til og í raun inni er niðurstaðan sú að vandanum er fyrst og fremst

velt yfir á einstaklingana, yfir á heimilin, fólkið í landinu.

Hér áðan undir síðasta dagskrárlið var hæstv. viðskrh. að flytja mikla mærðarræðu um nauðsyn þess að afkoma bankanna væri góð. Það er fallega hugsað til bankanna, ég verð að segja það alveg eins og er. En menn mættu hugsa til heimilanna í landinu og fjölskyldnanna, hvernig staða þeirra er um þessar mundir þegar ofan á allt annað, kjaraskerðingu og atvinnuleysi, er verið að hækka skatta upp á 95.200 kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu. Það er það sem tillögurnar gera ráð fyrir frá þessum miklu skattalækkunarflokkum, Sjálfstfl. og Alþfl.

Í ræðu sinni ræddi hæstv. heilbrrh. einnig ítarlega um að það væru skerðingar ríkisstjórna á Atvinnuleysistryggingasjóði sem yllu vanda hans. Ég tel að þetta sé ekki rétt. Ég tel að einn meginvandi Atvinnuleysistryggingasjóðs felist fyrst og fremst í atvinnuleysinu. Menn gátu út af fyrir sig látið það yfir sig ganga að skerða eitthvað framlögin til Atvinnuleysistryggingasjóðs meðan atvinnuleysið var varla til í landinu. Staðreyndin er hins vegar sú að Atvinnuleysistryggingasjóður ræður ekki við þau verkefni sem honum eru ætluð samkvæmt lögum eins og horfur eru með atvinnuleysi á næsta ári og það er þess vegna sem í lögum stendur að ríkissjóður eigi að hlaupa undir bagga þegar tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs duga ekki eða eignir Atvinnuleysistryggingasjóðs. Og nú á að fara að selja skuldabréf Atvinnuleysistryggingasjóðs fyrir a.m.k. 250 millj. kr. á næsta ári og ég spyr: Hvernig er markaðurinn fyrir skuldabréf Atvinnuleysistryggingasjóðs, hæstv. ráðherra og hæstv. forseti? Hvernig er markaður fyrir skuldabréf Atvinnuleysistryggingasjóðs við þær aðstæður sem nú eru? Það er auðvitað verið að þurrka Atvinnuleysistryggingasjóð upp með þeirri stefnu í atvinnumálum sem rekin er.

Hins vegar er ástæða til að fagna því alveg sérstaklega að hæstv. ráðherra ætlar að láta reikna það út hvað Atvinnuleysistryggingasjóður mundi vera sterkur í dag ef hann hefði alltaf notið tekna sinna og þá vil ég biðja hæstv. ráðherra að láta ekki þar staðar numið að reikna með framlögunum sem hafa verið skert til sjóðsins á allra síðustu árum, því að það er tiltölulega nýtt að menn fari að skerða framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs, heldur tel ég að hæstv. ráðherra eigi líka að kanna hverjar væru eignir Atvinnuleysistryggingasjóðs ef hann hefði getað ávaxtað sitt pund með eðlilegum hætti á árunum fyrir 1979 þegar við settum reglur um að það væri heimilt að verðtryggja eignir sjóða og þar á meðal lífeyrissjóða og Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Atvinnuleysistryggingasjóður var stofnaður árið 1955 eftir mjög hörð átök hér á vinnumarkaði. Hann var stofnaður árið 1955 eftir margra vikna verkfall. Og hann var talinn eini árangur þess verkfalls, eini áþreifanlegi árangurinn af því verkfalli. Þess vegna er það mjög alvarlegt að við skulum núna standa frammi fyrir því á þessu ári, eftir allan þennan tíma, að þessi sjóður sé svo illa á sig kominn að hann geti bersýnilega ekki staðið undir því mikla atvinnuleysi sem ríkisstjórnin ber ábyrgð á fyrst og fremst á næsta ári, fyrst og fremst ber hún ábyrgð á því, og það verði þá að grípa til sérstakra ráðstafana af einhverju tagi sem hæstv. ráðherra viðurkenndi að þyrfti að gera, en vildi ekki skilgreina í einstökum atriðum.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. benti á það að í fjárlagafrv. og í greinargerð þess er gert ráð fyrir því að hefja atvinnuframkvæmdir á árinu 1993 upp á 2.000 millj. kr. og þess vegna hafi framlög til sjóðsins verið skorin niður um 300 millj. Þannig hafi sparast í atvinnuleysisútgjöldum um 300 millj. kr. Af þessu tilefni taldi ráðherra alveg sérstaka ástæðu til þess að taka upp tillögur Alþb. í efnahags- og atvinnumálum. Mér þykir vænt um að hæstv. ráðherra hefur lesið þær og það hefði út af fyrir sig verið jákvætt ef aðrir ráðherrar hefðu kynnt sér þær tillögur rækilega vegna þess að þá hugsa ég að þeir hefðu kannski komist fram hjá þeim hremmingum sem núna liggja fyrir að því er varðar efnahags- og atvinnumál í landinu.

Hæstv. ráðherra sagði að samkvæmt tillögum Alþb. væri gert ráð fyrir því að 2.000 millj. kr. framlag af þessu tagi sparaði 600 millj. kr. í atvinnuleysisbótum. Út af fyrir sig er hægt að verja framlögum með ýmsum hætti. Það er hægt að verja framlögum til atvinnumála með ýmsum hætti. Ég er ekki alveg viss um að sú ákvörðun sem ríkisstjórnin tók um að verja þessum 2.000 millj. kr. með þeim hætti sem hún vildi gera séu endilega þeir þættir sem skila langmestu að því er varðar það að draga úr atvinnuleysi. Ég bendi hæstv. heilbrrh. á að skoða sinn eigin málaflokk í þessum efnum. Ég geri ráð fyrir því t.d. að með því að verja nokkrum fjármunum til heilbrigðis- og tryggingamála, m.a. til umönnunar aldraða, þá megi skapa fleiri atvinnutækifæri, m.a. fyrir konur, heldur en í þeim almennu framkvæmdum sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að efna til. Þess vegna vísa ég því á bug þegar hann er að gera lítið úr tillögum Alþb. með þeim hætti sem hann gerði hér áðan og segi um leið að það er afar sérkennilegt þegar hæstv. ráðherrar velja almennar umræður um frumvörp af þessu tagi til þess að koma höggi á sína pólitísku andstæðinga með þeim hætti sem hæstv. heilbrrh. gerði hér áðan.

Hæstv. ráðherra fullyrti að það þyrfti ekki lagabreytingar til þess að skera niður útgjöld sjóðsins um 100 millj. kr. og hann sagði að það ætti bara að gera með því að samræma vinnureglur og að stjórn sjóðsins skýrði ýmis framkvæmdaratriði. Þetta þarfnast nánari útskýringar. Ég hef satt að segja engar upplýsingar séð um það að svo illa sé staðið að framkvæmd á greiðslu atvinnuleysisbóta að það megi skera þar niður um 100 millj. án þess að nokkur maður taki eftir því og sérstaklega ekki þeir atvinnulausu. Ég held þess vegna að það sé óhjákvæmilegt að hæstv. ráðherra skýri það nánar hvernig hann ætlar sér að skera niður 100 millj. af Atvinnuleysistryggingasjóði á næsta ári án þess að breyta lögum og án þess að það komi niður á atvinnulausu fólki eins og hann sagði hér fyrr í dag.

Hæstv. ráðherra skýrði einnig frá því að hann væri þeirrar skoðunar að það væri óhjákvæmilegt að fleiri fengju greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði heldur en nú er, m.a. einyrkjar, bændur, bílstjórar, sjó-

menn og slíkir aðilar, og ég er sammála því. Ég hef áður gert grein fyrir því sjónarmiði hér úr þessum virðulega ræðustól. En hæstv. ráðherra sagði að þetta væri kannski ekki fyrst og fremst nauðsynlegt af innlendum ástæðum heldur vegna þess að samningur um EES *inniheldur svo mikla göfugmennsku á þessu sviði* að það er bannað að hafa þetta kerfi samkvæmt samningnum um EES. Samningurinn um EES gengur út á það, sagði hæstv. ráðherra, orðrétt að allir verði jafnir fyrir lögunum. Ja, þvílík gæfa, þvílík gæfa fyrir blessaða þjóðina að hafa loksins fengið annan eins samning sem gengur út á það að allir verði jafnir fyrir lögunum. Það er fínt fyrir námsmenn núna t.d. svo ég nefni dæmi. Það er fínt fyrir atvinnulausa svo ég nefni annað dæmi að fá upplýsingar um það að samningurinn um EES gangi út á það að allir verði jafnir fyrir lögunum. Auðvitað er þetta endileysa að setja hlutina svona upp og ég vísa þeim algjörlega á bug.

Hæstv. ráðherra viðurkenndi að lokum í ræðu sinni, að það yrði sennilega óhjákvæmilegt að breyta fjárlagafrv. við 3. umr. Það kemur mér nú satt að segja ekki mikið á óvart, það finnst mér ekki miklar fréttir. En hann viðurkenndi sem er kannski aðalatriðið að það yrði óhjákvæmilegt að breyta þættinum um Atvinnuleysistryggingasjóð við 3. umr. fjárlaga og mér sýnist að staðan sé að verða þannig, ekki aðeins að því er varðar Atvinnuleysistryggingasjóð heldur einnig að því er varðar alla þætti ríkisfjármála að það væri skynsamlegast að hafa bara 3. umr. fjárlaga en ekki 2. umr. vegna þess að ríkisstjórnin verður ekki tilbúin með neitt fyrir 2. umr. fjárlaganna, m.a. ekki Atvinnuleysistryggingasjóð og fjárhag hans.

Virðulegi forseti. Til þess að greiða fyrir umræðunni hafði ég ákveðið að reyna að taka hér eins og helminginn af þeim ræðutíma sem hæstv. heilbrrh. tók í dag þannig að ég tala núna nákvæmlega helminginn af þeim tíma sem hann notaði og vil með þeim hætti sýna það að ég vil gjarnan greiða fyrir því að mál nái hér fram að ganga. Ég held að það sé ágætt að ráðherrar *fari sem víðast yfir þegar kemur að umræðum* um almenn mál, en ég bendi á að stjórnarandstaðan hefur verið lipur við stjórnarliðið núna einmitt í dag. Frv. um dráttarvexti sem er gríðarlega mikilvægt mál að mati ríkisstjórnarinnar hefur verið afgreitt núna með stuðningi og hjálp stjórnarandstöðunnar. Það hefur vantað hér í þingsali um helminginn af stjórnarliðinu. Það er mjög sérkennilegt ... (**ÓÞÞ:** Það er ekki óvenjulegt.) Það er mjög sérkennilegt, hv. þm., að ríkisstjórnarliðið skuli halda svona á málum og formenn þingflokka stjórnarliðsins skuli halda svona utan um atkvæðasveitina sem heitir „stemmekvæget" í danska þinginu, að menn skuli ekki skila sér betur til atkvæðagreiðslna heldur en hér ber raun vitni, en sýnir auðvitað það að stjórnarandstöðunni er náttúrlega mjög umhugað um að dráttarvextir verði umsvifalaust lækkaðir. Þess vegna er það út af fyrir sig jákvætt og gott að það mál nær í gegn af því að stjórnarandstaðan sinnir sínum þinglegu skyldum.

Ég lagði hér eina spurningu fyrir hæstv. ráðherra að lokum: Hvernig ætlar hann að samræma vinnureglur Atvinnuleysistryggingasjóðs og að láta stjórn sjóðsins skýra ýmis framkvæmdaratriði þannig að það spari 100 millj. kr.? Ég vil heyra nánari fréttir, virðulegi forseti, af því hvernig því kraftaverki verður hagað í einstökum atriðum.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Svavari Gestssyni og öðrum þingmönnum sem stuðla vilja að hraðri afgreiðslu þessa máls. Ég taldi mér hins vegar skylt að reyna að svara öllum þeim atriðum sem fram komu í ræðum hv. þm. *hér áðan og tel mig ekki hafa vikið út* frá því að svara þeim tilefnum sem þeir gáfu í sínum ræðum.

Ég vil aðeins taka það fram að þeir aðilar sem eru að vinna að endurskoðun á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð og að framkvæmd atvinnuleysistryggginga og greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði hafa tjáð mér að að þeirra áliti þurfi ekki að breyta lögum um sjóðinn til þess að ná þeim markmiðum sem í fjárlagafrv. stendur. Það sé svo mikil mismunun nú þegar í framkvæmdareglum á einstökum svæðum og hjá einstökum úthlutunarnefndum að með samræmingu þeirra reglna og með því að fylgja lögunum eins og þau eru þannig að stjórn sjóðsins taki af vafa um túlkanir sem eru mjög misjafnar eftir svæðum, þá næðist þessi árangur á þess að lögunum þyrfti að breyta. Ég hef tekið fullt mark á því að það væri rétt niðurstaða.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega fagna ég því ef þetta er svona að unnt sé að breyta reglum þannig að það spari 100 millj. kr. Mér finnst það satt að segja með ólíkindum og það er auðvitað nauðsynlegt að upplýsa það, ekki aðeins hér í þessari umræðu heldur með skriflegum hætti við fyrsta tækifæri hvaða mismunun og misnotkun er það sem hæstv. heilbr.- og trmrh. er að tala um að því er varðar Atvinnuleysistryggingasjóð. Eru menn að henda þar út um gluggann 100 millj. á ári sem hægt er að skera út án þess að það komi niður á atvinnulausum, án þess að það þýði breytingu á bótareglum og án þess að það þýði verri framkvæmd á þessu máli að því er varðar hið atvinnulausa fólk? Ég undrast það satt að segja ef þetta er svo og það er *mjög alvarleg ásökun á hendur því fólki sem hefur* stjórnað Atvinnuleysistryggingasjóði á undanförnum árum og sömuleiðis þeim sem hafa með úthlutun atvinnuleysisfjármuna að gera. Það verður auðvitað í tilefni af orðum hæstv. heilbr.- og trmrh. að koma í veg fyrir það að menn haldi áfram að kasta út um gluggann til einskis 100 millj. kr. á ári. Það gengur auðvitað ekki.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekkert af þeim lýsingar- og atviksorðum sem hv. þm. notaði komu fram í mínu máli.

Ég talaði ekki um að kasta út um gluggann, ég talaði ekki um misnotkun á almannafé eða neitt slíkt. Það eina sem ég sagði var að miðað við það umfang sem nú er í greiðslu atvinnuleysisbóta, það tók ég fram fyrr í minni ræðu, þar sem verið er að greiða úr sjóðnum yfir 2 milljarða kr., þá er það álit þeirra sem skoðað hafa framkvæmdina að með því að samræma reglurnar um þessa framkvæmd og með því að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs taki af tvímæli svo sem það hvort heimilt sé að neita boði um atvinnu þrisvar sinnum áður en viðkomandi fellur út af skrá, það er eitt dæmi af mörgum, með því að samræma slíkar reglur, þá sé hægt að spara miðað við núverandi umfang útgjaldanna allt að 100 millj. kr. án þess að breyta lögum. En atviksorðin og lýsingarorðin sem hv. þm. notaði eru hans en ekki mín.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þau orð, sem hæstv. ráðherra vitnaði til úr máli mínu „að kasta" og „misnotkun", eru hvorki lýsingarorð né atviksorð heldur sagnorð og nafnorð eins og hæstv. ráðherra getur örugglega rifjað upp í höfðinu á sér, sem hann hefur vonandi lært í skólanum á Ísafirði. (**ÓÞÞ:** Er þetta ekki komið út fyrir efnið, forseti?) Nei, greinilega ekki vegna þess að hæstv. ráðherra hóf hér (**ÓÞÞ:** Er íslenskukennsla á dagskrá?) orðflokkagreiningu sem var óhjákvæmilegt að leiðrétta og hann féll á henni, alveg kolféll.

Það er hins vegar ljóst að hér er ekki aðeins ætlunin að breyta almennum úthlutunaraðferðum og vinnubrögðum á kontórum. Það er ekki meiningin. Nei. Það á að sauma að reglunum sem snúa að hinum atvinnulausu. Það er ætlunin hjá hæstv. ríkisstjórn og það hefði verið skynsamlegra og heiðarlegra og drengilegra af hæstv. ráðherra að koma fram með það í umræðunni hér fyrr í dag í stað þess að kasta því fram í andsvari þegar ég t.d. hef engin tök á því samkvæmt þingsköpum að svara fyrir mig, en ég mun leita eftir því hjá stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hvort hún hefur verið að slugsa með peninga upp á 100 millj. kr. á ári.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁgG, ÁJ, BBj, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, GHG, GHelg, HBl, HN, HG, IP, JGS, JBH, JHelg, JónS, KÁ, KE, ÓÞÞ, RA, SigG, SighB, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞurP.

31 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁ, ISG, JÁ, JóhS, JónK, KSG, KHG, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SAÞ, StG, StH, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddur.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁgG, ÁJ, BBj, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHG, GHelg, HBl, HN, HG, IP, JGS, JBH, JHelg, JónS, KÁ, KE, ÓÞÞ, PJ, RA, SigG, SighB, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

27 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GB, GHall, GÁ, HÁ, ISG, JÁ, JóhS, JónK, KSG, KHG, MB, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SAÞ, StG, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

Útbýting þingskjals:

Veiðiheimildir í lögsögu annarra ríkja, 267. mál, þáltill. ÖS og KSG, þskj. 357.

Stjórnarskipunarlög, 2. umr.

Frv. StH o.fl., 29. mál (samningar við önnur ríki). — Þskj. 30, nál. 281 og 305, brtt. 306.

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárnefndar (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá meiri hluta stjórnarskrárnefndar um frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1994, sem er á þskj. 281.

Með leyfi forseta mun ég gera grein fyrir þessu nefndaráliti.

„Á fundi sínum 10. sept. kaus Alþingi sérnefnd, sbr. 32. gr. þingskapa, til að fjalla um frumvarp þetta sem felur í sér breytingu á 21. gr. stjórnarskrárinnar um samninga við önnur ríki. Nefndin fjallaði samhliða þessu frumvarpi um 30. mál þingsins en það frumvarp lýtur að því að bæta við nýrri stjórnarskrárgrein um þjóðaratkvæðagreiðslur, m.a. í tengslum við staðfestingu samninga við önnur ríki sem háðir eru samþykki Alþingis.

Nefndin fjallaði um frumvarpið á fimm fundum og viðaði að sér miklum gögnum um það við umfjöllun sína. Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um málið lögfræðinga sem kennt hafa eða kenna stjórnskipunarrétt við lagadeild Háskóla Íslands, dr. Gunnar G. Schram prófessor, dr. Magnús K. Hannesson lektor og Eirík Tómasson hrl.

Meiri hluti nefndarinnar telur að viðræður nefndarinnar við stjórnskipunarfræðinga hafi leitt í ljós að verulegir ágallar séu á efni frumvarpsins. Meiri hlutinn er jafnframt þeirrar skoðunar að þær hugmyndir, sem fram koma í frumvarpinu, þarfnist ítarlegri pólitískrar umfjöllunar áður en þingið geti tekið afstöðu til þeirra. Í því sambandi telur meiri hlutinn að stjórnarskrárnefnd, sem skipuð er fulltrúum þingflokkanna og starfar á vegum forsætisráðuneytisins, sé heppilegur vettvangur til frekari faglegrar athugunar málsins. Meiri hluti nefndarinnar leggur því til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir þetta nál rita: Sólveig Pétursdóttir, Geir H. Haarde, Björn Bjarnason, Karl Steinar Guðnason og Vilhjálmur Egilsson.

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi geta þess að eins og hv. þm. er kunnugt um þá fjallaði nefndin um tvö frv. Þau ganga bæði út á breytingar á stjórnarskránni og tengjast þar að auki efnislega. Enda þótt fjallað sé

um þessi mál sitt í hvoru lagi þá verður ekki hjá því komist að sömu rök geti að þó nokkru leyti átt við um bæði málin.

Eins og fram kemur í nál. byggir meiri hluti stjórnarskrárnefndar niðurstöðu sína á því tvennu að annars vegar séu verulegir ágallar á þessum tveimur frv. og hins vegar að hugmyndir að baki þeim þarfnist ítarlegri pólitískrar umfjöllunar áður en Alþingi getur tekið afstöðu til þeirra. Að þessum tveimur atriðum tel ég þörf að víkja hér mun nánar. Áður verð ég þó að geta þess, að í nefndinni var aðeins fjallað um þessi frumvörp frá stjórnskipulegu sjónarmiði og hugað um leið að texta þeirra og efnisatriðum, en hins vegar var ekki tekin afstaða til þess hvort aðild Íslands að EES væri samrýmanleg stjórnarskránni í óbreyttri mynd.

Í greinargerðum með báðum þessum frv. er vikið að því að þær reglur, sem lagt er til að verði teknar upp í stjórnarskrá lýðveldisins, eigi sér þegar nokkra samsvörun í stjórnarskrám annarra ríkja á Norðurlöndum. Að vissu marki má færa það til sanns vegar, en samanburður á ákvæðum frumvarpanna við norrænar stjórnskipunarreglur leiðir hins vegar þegar í ljós að mjög vantar á að frumvörpin geymi nógu afdráttarlausar reglur. Að þessu má huga nánar í tengslum við önnur atriði, sem meiri hluti stjórnarskrárnefndar telur áfátt í frumvörpunum.

Í frv. sem er ætlað að leiða til breytinga á 21. gr. stjórnarskrárinnar, 29. mál, — og hér er til umræðu — er gert ráð fyrir því að forseti Íslands geri samninga við önnur ríki, en þessi heimild takmarkast þó þannig að samþykki aukins meiri hluta á Alþingi, þriggja fjórðu hluta þingmanna, verði að fást ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða á hvers konar fullveldisrétti í íslenskri lögsögu, framsal einhvers hluta ríkisvalds til fjölþjóðlegrar stofnunar eða samtaka, eða ef samningur horfir annars til breytinga á stjórnhögum ríkisins. Á þessari tillögu má finna ýmsa meinbugi, en þá helstu telur meiri hluti nefndarinnar vera eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er áskilið í frv. að samþykki aukins meiri hluta Alþingis þyrfti að koma til hverju sinni, þegar gera á samning með einhverju því efni, sem fellur undir lýsingu ákvæðisins, og er þá enginn greinarmunur gerður á því hvort samningur varðar stórfellda hagsmuni eða litla. Hér er ráðgerð veruleg breyting frá núgildandi reglu 21. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem samþykki einfalds meiri hluta þingmanna er áskilið til að gera megi samninga við önnur ríki, sem fela í sér „afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi, eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins".

Að okkar mati er hér gengið allt of langt í áskilnaði um aukinn meiri hluta fyrir samningi, sem varðar minni háttar hagsmuni. Hv. flutningsmenn frv. hafa ekki sniðið efni þess eftir norrænum fyrirmyndum að þessu leyti. Í 20. gr. dönsku stjórnarskrárinnar, sem vitnað er til í grg. með frv. er áskilinn aukinn meiri hluti þingmanna, fimm sjöttu hlutar þingmanna fyrir gerð samnings við annað ríki, ef framselja á heimildir, sem stjórnarskráin leggur í hendur handhafa dansks ríkisvalds, til alþjóðastofnana. Efnislega er regla 93. gr. norsku stjórnarskrárinnar sú sama að þessu leyti.

Áskilnaðurinn um aukna meiri hlutann í þessum tveimur löndum er þannig bundinn við samninga sem leiða til framsals stjórnarskrárbundins valds ríkisins til alþjóðastofnana en einfaldur þingmeirihluti nægir til að gera aðra samninga sem ákvæði frv. ná til.

Í öðru lagi vil ég benda á að í frv. er gert ráð fyrir því að með samningi við annað ríki sé hægt að afsala eða leggja kvaðir „á landi eða á hvers konar fullveldisrétti í íslenskri lögsögu", ef áskilinn meiri hluti þingmanna veitir samþykki sitt. Svo víðtæka heimild til að semja um afsal á fullveldisrétti er hvergi að finna í stjórnarskipunarlögum nágrannaríkjanna. Sú skýring ein kemur fram á þessu nýstárlega ákvæði í greinargerð með frv. að þetta orðalag sé lagt til í því skyni að koma í stað orðanna „á landi eða landhelgi" í núverandi texta 21. gr. stjórnarskrárinnar. Milli þess tvenns að afsala réttindum í landhelgi annars vegar og að afsala „hvers konar fullveldisrétti í íslenskri lögsögu" hins vegar, er gífurlegur eðlismunur sem fær enga viðhlítandi skýringu í grg. með frv. og er að auki óljóst hvert gæti leitt.

Í þriðja lagi er rætt um það í frv. að með fylgi aukins meiri hluta þingmanna megi gera samning við önnur ríki um framsal „einhvers hluta ríkisvalds til fjölþjóðlegrar stofnunar. Þetta orðalag í ákvæðinu er að mínu mati ákaflega óákveðið og óheppilegt. Bæði í dönsku og norsku stjórnarskránni eru ákvæði um þetta ólíkt afmarkaðri því þar er tekið fram að þau varði framsal á valdi sem ákvæði stjórnarskránna sjálfra veita handhöfum ríkisvalds. Að auki eru þessar erlendu heimildir til að framselja slíkt vald háðar því að framsalið taki til nákvæmlega afmarkaðs sviðs en ekki „einhvers hluta ríkisvalds", eins og tekið er til orða í frv.

Í fjórða lagi er hvergi vikið að því í frv. hvers konar ástæður geti réttlætt framsal ríkisvalds. Ef litið er aftur til ákvæða dönsku og norsku stjórnarskránna til samanburðar má sjá að á báðum stöðum eru heimildir til slíks framsals háðar því að samningur við önnur ríki sé gerður til að halda uppi reglu á alþjóðavettvangi eða sem þáttur í alþjóðasamstarfi. Í frv. er því gengið ólíkt lengra í ráðgerðri heimild til framsals á ríkisvaldi en hefur verið gert í þessum tveimur löndum.

Í fimmta lagi segir í frv. að hægt eigi að vera að framselja ríkisvald annaðhvort til fjölþjóðlegrar stofnunar eða til fjölþjóðlegra samtaka. Í stjórnarskrám Danmerkur og Noregs eru hliðstæðar reglur bundnar við framsal valds til alþjóðastofnana en að samtökum er hvergi vikið. Í mínum huga er merking hugtaksins „samtök" óljós í þessu samhengi og verður ekki komist neinu nær um merkinguna með skoðun grg. með frv.

Í sjötta lagi má benda á það varðandi þetta frv. að eftir hljóðan þess er ráðgert að semja megi við önnur ríki um framsal ríkisvalds til fjölþjóðlegra stofnana eða samtaka án þess að neinn áskilnaður sé gerður um að íslenska ríkið sé aðili að þeim. Hér er aftur reginmunur á ákvæðum frv. annars vegar og reglum dönsku og

norsku stjórnarskránna sem áskilja báðar aðild ríkisins að viðkomandi stofnun.

Í sjöunda lagi verður að vekja athygli á því að í frv. eru engar skorður settar við að unnt yrði að semja við önnur ríki um svo víðtækt framsal á íslensku ríkisvaldi að þar yrði með talið vald til að breyta íslensku stjórnarskránni. Slíkur varnagli er hins vegar settur í til dæmis 93. gr. norsku stjórnarskrárinnar.

Loks má í áttunda lagi nefna að með ákvæðum frv. væri liðlega fjórðungi alþingismanna veitt afgerandi neitunarvald um gerð samninga við önnur ríki og hvergi gert ráð fyrir neinum kosti á úrræðum til slíkrar samningagerðar gegn slíkri andstöðu lítils minni hluta. Í þessum efnum er vert að gefa því gætur að í 2. mgr. 20. gr. dönsku stjórnarskrárinnar er gengið út frá því að ef einfaldur meiri hluti samþykkir gerð samnings við annað ríki, en áskilinn aukinn meiri hluti á hinn bóginn ekki, getur ríkisstjórnin lagt frv. um samningsgerðina undir bindandi þjóðaratkvæði. Þar er með öðrum orðum girt fyrir þá aðstöðu sem þetta frv. gæti leitt til.

Þótt ekki yrði litið til annarra atriða en þessara teljum við svo stórfellda galla á þessu frv. að annað sé ekki fært en að fara þá leið sem meiri hluti stjórnarskrárnefndar leggur til í áliti sínu. Að vísu hafa flutningsmenn nú lagt fram nokkrar brtt. við frv. sem væntanlega eiga að vera til bóta en þær þurfa þó vandlega athugun eins og álitið í heild sinni. (**Gripið fram í:** Hví leggið þið ekki til að frv. sé fellt?)

Ég minntist á það hér fyrr að í áliti meiri hluta nefndarinnar er þeirri skoðun lýst að hugmyndirnar að baki báðum þessum frv. þarfnist ítarlegri pólitískrar umfjöllunar áður en þingið getur tekið afstöðu til þeirra. Sú tillaga er gerð að frv. verði vísað í því skyni til stjórnarskrárnefndar en eins og kunnugt er eiga fulltrúar þingflokkanna þar sæti og þar má telja réttan vettvang til nauðsynlegrar umfjöllunar á undirbúningsstigi.

Við undirritaðir nefndarmenn teljum ekki síst ástæðu til að efnisatriði þessara frv. sæti athugun á þeim vettvangi í ljósi þess að þau fela bæði í sér ráðagerðir um verulegar breytingar á grundvallaratriðum í stjórnskipun okkar. Og í greinargerðum með frumvörpunum er að okkar mati að auki áberandi í hve ríkum mæli tvenns konar röksemdir eru hafðar þar uppi málunum til framdráttar: Annars vegar tilvísun til sambærilegra reglna erlendis og hins vegar skírskotun til samnings um EES sem er nú til meðferðar á Alþingi. Báðar þessar röksemdir teljum við einmitt gefa brýnt tilefni til varfærni og miklu nánari athugunar á hugmyndunum að baki frv. áður en fært væri að taka ábyrga afstöðu til þeirra.

Þessu til skýringar verð ég að taka fram að skírskotun til erlendra stjórnskipunarreglna getur ekki verið nein afgerandi röksemd fyrir því að ástæða sé til að breyta stjórnarskrá okkar. Í þeim efnum er tilefni til að minnast varnaðarorða Bjarna Benediktssonar í ritinu Land og lýðveldi, þar sem hann benti á að þótt flest eða öll ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar hafi upphaflega átt fyrirmyndir í erlendum stjórnarskrám samtímans, þá hafi íslensk stjórnskipun líkt og í öllum öðrum löndum þroskast á löngum tíma og mótast mjög af aðstæðum. Aðstæður hér og í öðru ríki, sem við kynnum að leita fyrirmynda til, geta verið svo ólíkar að reglur sem reynast vel annars staðar þurfa engan veginn að henta hér. Svo rótgrónar stjórnvenjur hafi orðið til hér á landi að mjög verði að vara við að taka upp reglur að erlendri fyrirmynd án gaumgæfilegrar athugunar. Reglur þessara tveggja frv. eru að okkar mati einmitt þessu marki brenndar þótt reyndar gæti ekki svo mjög samræmis við erlendar hliðstæður, eins og ég hef þegar vikið að í nokkrum atriðum.

Þá er enn frekar ástæða til að vara sérstaklega við því að vanhugsaðar breytingar verði gerðar á stjórnarskránni með vísan til aðildar Íslands að EES. Breytingar á stjórnskipan okkar, hvað þá svo veigamiklar sem hér um ræðir, eru það alvarlegt skoðunarefni að nauðsynlegt er að gefa því nægilegan tíma og láta ekki hita umræðna í kringum eitt afmarkað mál taka af sér ráðin í þeim efnum og móta afstöðu til brtt. Telji hv. þm. ástæðu til að óttast að aðild að samningi um EES brjóti gegn stjórnarskránni geta þeir greitt atkvæði gegn aðildinni fremur en að grípa til lítt athugaðra breytinga á stjórnarskránni.

Þótt aðild Íslands að EES sé ekki beinlínis til umræðu vegna þessara tveggja frv. til stjórnarskipunarlaga teljum við í meiri hluta nefndarinnar allt að einu ástæðu til að taka fram að jafnvel þótt einhverjir séu á öndverðri skoðun og telji sig ekki geta greitt atkvæði um aðildina að EES án þess að hin stjórnskipulega hlið málsins sé fyrst ráðin til lykta — með eða án breytinga á stjórnarskránni — þá er að okkar mati ástæðulaust að þeir staldri frekar við þessi frv. Það teljum við ástæðulaust í ljósi þess að aðild að EES stangast ekki á við stjórnarskrána í þeirri mynd sem hún er nú.

Um þetta verð ég að taka fram að ég lít svo á að ágreiningur sé ekki uppi um að aðild Íslands að EES fæli í sér framsal á ríkisvaldi að nokkru marki. Á hinn bóginn vil ég samsinna því áliti sem fjórir sérfræðingar, tilnefndir af utanrrh. hafa látið uppi um þetta efni þar sem þeir komast að þeirri niðurstöðu að það framsal á valdi, sem aðildin mundi kosta, sé svo vel afmarkað og þröngt að það rúmist fyllilega innan heimilda stjórnarskrárinnar í núverandi mynd. Um þetta vil ég aðeins gera fáeinar athugasemdir og nefna eftirfarandi:

Það sjónarmið hefur lengi verið viðurkennt í norrænum fræðikenningum á sviði stjórnskipunarréttar, að ákvæði í stjórnarskrám nágrannaríkja okkar um handhöfn ríkisvaldsins megi ekki skýra svo bókstaflega að þau útiloki með öllu takmarkað framsal á því til alþjóðlegra stofnana. Kenningar um þetta eru ekki nýjar af nálinni og þær hafa verið viðurkenndar í verki hér á landi með ýmsum lögum sem hafa í reynd leitt af sér skuldbindingar um að hlíta ákvörðunum slíkra stofnana. Í því sambandi má til dæmis minnast laga nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Í áðurnefndu sérfræðingaáliti er rökstutt með hliðsjón af einstaka ákvæðum í samningi um EES að það

valdaframsal sem leiddi af aðild að samningnum væri örugglega innan þeirra marka sem hefur þegar verið viðurkennt að samrýmist stjórnarskránni. Það má einnig benda á í þessu sambandi að norskir fræðimenn hafa á undanförnum árum hugað sérstaklega að stöðu norsku stjórnarskrárinnar gagnvart aðild að EES. Hefur rökstuddum sjónarmiðum verið haldið fram í norskum fræðiritum um að ástæðulaust væri að taka ákvörðun um aðildina eftir sérreglu 93. gr. stjórnarskrárinnar þar sem aukinn meiri hluti er áskilinn á þingi til samþykkis á alþjóðasamningi sem felur í sér valdaframsal til alþjóðastofnunar.

Þau rök hafa heyrst til andsvara við þessu að það verði að skýra 2. gr. stjórnarskrár og það fullveldi sem hún kveður á um með tilliti til þess að stjórnarskrárgjafanum hafi aldrei hugkvæmst að íslenskt ríkisvald yrði framselt alþjóðastofnunum enda hafi þær verið óþekktar þegar ákvæðið kom fyrst í stjórnskipunarlög okkar. Fyrir vikið virðist vera litið svo á að ekkert valdaframsal fái staðist, hvorki afmarkað né víðtækt. Á þessi rök tel ég fullt tilefni til að deila. Það er ekki aðeins svo að þau stríða gegn fræðikenningum á þessu sviði, heldur stríða þau einnig gegn þeim hefðum sem hafa myndast hér með lagasetningu um takmarkað valdaframsal. Að auki byggja viðhorf af þessum toga á því að skýra verði stjórnarskrána í einu og öllu bókstaflega, og í vafa um skýringu verði að byggja á því hvað megi telja að hafi búið að baki ákvæðum hennar í öndverðu. Hvert mundi fylgni við þessi viðhorf geta leitt okkur? Eigum við t.d. að líta svo á að ákvæði 66. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi heimilis og bann við húsleit útiloki ekki hlerun innan veggja heimilisins með rafeindabúnaði, einfaldlega út af því að slíkur búnaður var ekki til við setningu stjórnarskrárinnar? Eigum við, þvert ofan í almennt viðurkenndar reglur, að hverfa aftur til fortíðarinnar og skýra *grundvallarreglur 72. gr. stjórnarskrárinnar* um rétt hvers og eins til að láta hugsanir sínar í ljós á prenti svo þröngt, að þar sé aðeins átt við ritað mál en ekki til dæmis ummæli í ljósvakafjölmiðlum? Á að takmarka stjórnarskrárvernd tjáningarfrelsisins á þeim grunni að sjónvarp hafi ekki verið til við setningu stjórnarskrárinnar? Dæmi eins og þessi — og fleiri gætu þau verið — hljóta að opna augun fyrir því að viðhorf um skýringu stjórnarskrárinnar, sem byggja á fylgni við ímyndaðan vilja stjórnarskrárgjafans, fá engan veginn staðist. Líkt og gengið er út frá í umræddu sérfræðingaáliti verður að beita ákvæðum stjórnarskrárinnar með tilliti til þarfa og aðstæðna á hverjum tíma og getur það því ekki verið nein afgerandi röksemd í þessu sambandi hvað maður telur sig geta ráðið í eyðurnar á árinu 1992 um hugsanir þeirra sem sömdu ákvæði stjórnarskrárinnar í öndverðu.

Sú gagnrýni hefur einnig komið fram á niðurstöður í sérfræðingaálitinu að þar sé vanmetið það valdaframsal sem kunni að felast í frumkvæði stofnana EES að mótun réttarreglna í framtíðinni. Það er einnig gagnrýnt að ekki sé metið þar nægilega að viðurkenning á gildi ákvarðana EES á viðurlögum gegn einkaaðilum hér á landi feli í sér framsal á valdi umfram það sem stjórnarskráin heimili. Að mínu mati er þessi gagnrýni haldlítil, því rökum í sérfræðingaálitinu er á engan hátt hnekkt með henni. Að auki hefur gagnrýnin að nokkru marki verið byggð á þeim grunni að sérhvert valdframsal væri óheimilt, sem ég hef þegar vikið að — og þar er með öllu horft fram hjá því að afmarkað og þröngt framsal valds til stofnana EES á sér hliðstæður í ýmsum eldri lögum hér á landi sem er fjallað um í sérfræðingaálitinu.

Mér er vel kunnugt um þau sjónarmið að fordæmi um framsal valds með lagasetningu hér á landi geti ekki komið að haldi við athugun á stjórnskipulegum þætti aðildarinnar að EES því hafi þau fordæmi verið andstæð stjórnarskránni þá réttlæti þau ekki aðgerðir í andstöðu við stjórnarskrána nú. Þessari rökleiðslu get ég samsinnt út af fyrir sig, en ég tel hana hins vegar engu breyta hér af þeirri einföldu ástæðu að fordæmin hafa verið fyllilega innan marka stjórnskipulegra heimilda. Fordæmin eru einmitt talandi dæmi um það að vel afmarkað og þröngt framsal valds rúmist innan stjórnarskrár okkar og ég get á engan hátt séð að fótur sé fyrir þeirri skoðun að Alþingi hafi staðið að setningu laga um áratuga skeið á þessum sviðum í blóra við stjórnarskrána.

Ég vil því gera að lokaorðum mínum að jafnvel þótt taka ætti afstöðu til þessara frv. til stjórnarskipunarlaga út frá þeirri forsendu einni hvort nauðsynlegt sé að gera breytingar á stjórnarskránni vegna aðildar Íslands að EES — og þá allt eins án tillits til hvort það ættu að vera breytingarnar sem frumvörpin miða að — þá getur niðurstaðan ekki orðið önnur en sú að ástæðulaust er að frumvörpin nái fram að ganga.

Virðulegi forseti. Ef hv. alþm. telja á annað borð ástæðu til breytinga á íslenskri stjórnskipan í þessa veru þá þarfnast það ítarlegrar pólitískrar og faglegrar umfjöllunar. Stjórnarskrárnefnd, sem skipuð er af fulltrúum þingflokkanna og starfar á vegum forsrn., hlýtur að teljast heppilegur vettvangur í því skyni.

Að lokum vil ég ítreka þá skoðun meiri hluta nefndarinnar að þessu frv., er snertir breytingu á 21. gr. stjórnarskrárinnar, verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er úr af fyrir sig í fullu samræmi við þá ræðu sem hér var flutt að *mál þetta fari til* stjórnarskrárnefndar. Það er rökrétt miðað við ræðuna. En það er gjörsamlega út í hött miðað við ræðuna að leggja til að málið fari til ríkisstjórnarinnar. Þurfi málið að fara til stjórnarskrárnefndar gerist það að sjálfsögðu sjálfkrafa. Vegna þess einfaldlega að stjórnarskrárnefndin er að störfum, getur tekið upp hvaða mál sem er og hægt er að senda þetta mál til hennar hvort heldur er á faxi eða í pósti og *þarf enga millilendingu* í ríkisstjórninni. Það sem vekur þess vegna ærna umhugsun er hvernig hægt er að flytja þessa ræðu og leggja svo til að málið sé sent til ríkisstjórnarinnar. Ég tel ríkisstjórnina hafa ærið að vinna og ekki útlit fyrir að það batni nokkuð ástandið þó hún fari nú að taka tíma í þetta. Þetta gæti meira að segja orðið deiluefni innan ríkisstjórnarinnar. Ég sé að sumir í salnum teldu

að það væri ekki til bóta. En mér er þess vegna óskiljanlegt hvers vegna nefndina hefur brostið þrek til að segja það hreint út: Við leggjum til að þetta verði fellt. Það er miklu hreinni afstaða en hitt tiltækið.

Hins vegar verð ég nú að segja eins og er að ég kem af fjöllum, hæstv. forseti, ef farið er að túlka stjórnarskrána á þann veg og friðhelgi heimilanna að það sé heimilt að setja upp hlerunartæki á hvers manns heimili á þeirri forsendu að tæknin sem leyfi þetta sé til í dag en hafi ekki verið til þegar stjórnarskráin var samþykkt.

Frsm. minni hluta stjórnarskrárnefndar (Páll Pétursson):

Frú forseti. Stjórnarskrá Íslands er merkilegt plagg. Hún er grundvöllur siðaðs samfélags á Íslandi. Alla löggjöf sem við setjum verður að byggja á þessari stjórnarskrá. Saga hinnar íslensku löggjafar er út af fyrir sig merkileg og verðugt rannsóknarefni. Þessi löggjöf hefur gert okkur að þjóð. Og hún hefur haft ómæld áhrif á þróun þess samfélags sem hér hefur þrifist á Íslandi á undanförnum öldum. Ég held meira að segja að ef við hefðum ekki á sínum tíma farið að skrifa lögin á íslensku en hefðum skrifað þau á latínu eins og tíðkaðist hjá öðrum þjóðum í kringum okkur þá værum við ekki lengur mælt á íslenska tungu. Hafliði Másson á Breiðabólsstað í Vestur-Hópi lét skrifa lögbók veturinn 1117–1118 sem kölluð hefur verið Vígslóði eða Hafliðaskrá og hún var skrifuð á íslensku, ekki á latínu. Nú veit ég ekki hvort Húnvetningar þeirra tíma hafa verið svona slæmir í latínu að þeir hafi ekki treyst sér til að skrifa hana en þeir komust út af því að skrifa texta á þeirri tungu sem töluð var í landinu og það er upphafið að öllu því ritverki sem síðan hefur verið gert hér á Íslandi. Ég tel að við búum í stórum dráttum við mjög góða stjórnarskrá. Hún er fengin frá Dönum 1874 og enn þann dag í dag stendur hún fyrir sínu. Nokkur atriði hennar hafa tekið breytingum. En grundvallarhugsunin er enn sú sama og stofninn er óbreyttur. Það hafa verið gerðar tilraunir til heildarendurskoðunar á stjórnarskránni en þær hafa ekki orðið víðtækar. Störf stjórnarskrárnefnda undanfarinna áratuga hafa fyrst og fremst orðið hugmyndabanki. Það er til töluvert af gögnum í fórum núverandi stjórnarskrárnefndar um hugsanlegar breytingar. En menn hafa ekki ráðist í þær enn og sýnir það út af fyrir sig hversu góð sú stjórnarskrá er sem við höfum þrátt fyrir það að hún sé orðin gömul.

Stundum hafa verið gripin örfá atriði í stjórnarskránni og þeim breytt, stundum með samkomulagi en stundum með ágreiningi. E.t.v. er tregða manna til að breyta stjórnarskránni öðrum þræði vegna þess að það er nokkuð viðamikið og stjórnarskrá verður ekki breytt með öðrum hætti en að samþykkja fyrst frv. um breytingar, rjúfa síðan þing og efna til kosninga og samþykkja á nýju þingi. Ef til vill er það óttinn við kosningar sem verður þess valdandi að menn tregðast við að breyta meira að segja atriðum sem nauðsynlega og augljóslega væri heppilegt að hafa öðruvísi en fyrir er mælt í stjórnarskránni. Ég er t.d. þess fullviss að það er ekkert annað en óttinn við kosningar sem ræður afstöðu hv. stjórnarliða í stjórnarskrárnefndinni til þessa frv. Niðurstaða okkar margra þingmanna, eftir að hafa sumir okkar haft tækifæri til að skoða mjög nákvæmlega stjórnarskrárþátt EES-málsins, er sú að samningurinn um EES eins og hann er orðinn samræmist ekki stjórnarskrá lýðveldisins. Við vildum opna möguleika þannig að unnt væri að fullgilda samning eins og þennan án þess að leggja það á þann meiri hluta sem ábyrgð tæki á því að fúska með stjórnarskrána og rjúfa það drengskaparheit sem allir þingmenn verða að vinna þegar þeir taka sæti hér á Alþingi. Nú er þetta frv. ekki flutt eingöngu út af EES-samningnum þó að hann hafi orðið ákveðinn hvati til þess að við flm. létum verða af því að bera fram þetta frv. Alþingi þarf að fá heimildir til þess að fullgilda alþjóðlega samninga — t.d. um mannréttindamál, t.d. um umhverfismál, og það er mjög nauðsynlegt að Alþingi geti án hins umsvifamikla málareksturs, sem fylgir því að rjúfa þing og efna til kosninga — að fullgilda samninga sem e.t.v. eru ágreiningslausir eða ágreiningslitlir hér á Alþingi og í þjóðfélaginu. En jafnframt er líka nauðsynlegt að setja skorður við því að einfaldur meiri hluti á Alþingi geti eða hafi tækifæri til að afsala að einhverju leyti fullveldi þjóðarinnar. Jafnvel í enn meira mæli en gert er hér með samþykkt EES-samningsins.

Okkur finnst það e.t.v. fjarstætt í dag að hugsa til þess að svo kunni að fara einhvern tímann á næstu árum að aðild Íslands að Evrópubandalaginu verði afgreidd með einföldum meiri hluta hér á Alþingi, án þess að bera það mál undir þjóðina. Ég er þó alveg handviss um það að ófyrirleitin ríkisstjórn sem vildi flækja okkur inn í Evrópubandalagið gæti fundið einhverja sérfræðinga úr lögmannastétt sem treystu sér til að setja niður röksemdir um það á blað fyrir hana, henni til hægðarauka að það væri óþarfi að breyta stjórnarskránni þó við gengjum í Evrópubandalagið.

Á þskj. 305 liggur fyrir nál. frá minni hluta stjórnarskrárnefndar. Þar er það rakið að íslenska stjórnarskráin sé að því leyti frábrugðin skyldum stjórnarskrám á Norðurlöndum að í henni er ekkert ákvæði sem heimilar framsal á valdi, jafnvel þótt takmarkað sé. Ekkert framsal á valdi og ég undirstrika sérstaklega þessi orð. Í Noregi, Danmörku og Svíþjóð hafa verið gerðar breytingar á stjórnarskrám landanna er heimila ákveðið og afmarkað afsal ríkisvalds með samþykki aukins meiri hluta þjóðþinganna. Þar hefur verið litið svo á að eldri ákvæði í stjórnarskrá þeirra um samninga við önnur ríki væru ekki lengur í samræmi við þá alþjóðlegu samvinnu sem nú tíðkast. Í þessu sambandi má geta þess að þjóðþing Finnlands og Noregs komust að þeirri niðurstöðu að afgreiða yrði samninginn um Evrópska efnahagssvæðið á grundvelli greina í stjórnarskrám þeirra sem krefjast aukins meiri hluta. Svíar munu hins vegar beita svipuðu ákvæði komi til aðildar að Evrópubandalaginu. Einnig má nefna að í Austurríki er gerð krafa um aukinn meiri hluta á þjóðþinginu vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Stjórnarskrá Íslands byggist á norrænum stjórnskip-

unarrétti og með hliðsjón af aukinni þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi er það skoðun minni hluta nefndarinnar að ekki sé óeðlilegt að á íslensku stjórnarskránni verði gerðar svipaðar breytingar og verði í stjórnarskrám annarra ríkja á Norðurlöndum.
Slíkar breytingar eru þeim mun mikilvægari þar sem nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til staðfestingar á samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Það er mat minni hluta nefndarinnar að ekki sé heimilt að óbreyttri stjórnarskrá að framselja íslenskt ríkisvald í þeim mæli sem gert er ráð fyrir í EES-samningnum. Það er jafnframt skoðun minni hlutans að ekki megi ríkja efi um stjórnskipulegt gildi þeirra milliríkjasamninga sem Ísland gerir og því sé brýn þörf á breytingu á stjórnarskrá er tekur af öll tvímæli í þessum efnum.

Minni hluti nefndarinnar styður því það markmið frv. að sett verði ákvæði í stjórnarskrána um hvernig með skuli fara ef gerðir eru samningar við önnur ríki sem fela í sér ákveðið og afmarkað framsal á ríkisvaldi. Að mati minni hlutans er forsenda ákvæðisins sú að slíkir samningar feli í sér að Ísland og önnur samningsríki taki á sig sambærilegar og gagnkvæmar skuldbindingar, að Ísland eigi aðild að þeirri stofnun eða samtökum sem vald er framselt til og að framsalið sé ákveðið og afmarkað. Minni hlutinn telur að einhliða framsal ríkisvalds til annars ríkis sé ævinlega óheimilt og sama gildi um óskilyrt framsal á ríkisvaldi til alþjóðastofnunar. Minni hlutinn leggur áherslu á það ákvæði frumvarpsins að þrír fjórðu hlutar alþingismanna þurfi að samþykkja slíka samninga til að forseti Íslands geti staðfest þá enda verður að telja óverjandi að einfaldur meiri hluti á Alþingi geti framselt ríkisvald eða lagt verulegar kvaðir á íslenskt landsvæði, landhelgi eða lofthelgi. Til þess að slíkt geti átt sér stað þarf að vera tryggt að umtalsverður meiri hluti alþingismanna sé því fylgjandi.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið leggur minni hluti nefndarinnar til að frv. verði samþykkt. Minni hlutinn telur hins vegar rétt að gera þrenns konar breytingar á frv. Í fyrsta lagi að kveðið verði skýrar á um að til þess að til framsals á íslensku ríkisvaldi geti komið þurfi slíkt framsal að vera vel afmarkað og á takmörkuðu sviði. Í öðru lagi að tiltekið verði að framsal valds til fjölþjóðlegrar stofnunar eða samtaka sé heimilt ef Ísland er aðili þar að. Í þriðja lagi að felld verði brott orðin „hvers konar" og „einhvers hluta" og byggist breytingin á því að sú ábending kom fram á fundi nefndarinnar að þau gætu valdið misskilningi. Að mati minni hlutans breyta þessi orð engu um efni greinarinnar og því óhætt að fella þau brott.

Sú ábending kom fram á fundi nefndarinnar að rétt væri að setja ákvæði í frv. þess efnis að heimildin til framsals á ríkisvaldi nái ekki til breytinga á stjórnarskránni. Að mati minni hluta nefndarinnar er ekki nauðsynlegt að gera slíka breytingu á frv. enda geti ekki ríkt um það neinn vafi að stjórnarskránni sé aðeins hægt að breyta með þeim hætti sem kveðið er á um í 79. gr. hennar. Komi til þess að alþjóðasamningur feli í sér breytingu á stjórnarskrá yrði augljóslega að fara með slíka breytingu skv. 79. gr. hennar.

Frú forseti. Undir þetta álit minni hlutans rita: Steingrímur Hermannsson, Ragnar Arnalds, Kristín Einarsdóttir og Páll Pétursson.

Brtt. minni hlutans er á þskj. 306 og hljóðar þannig, með leyfi forseta.

„21. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo:

Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða á fullveldisrétti í íslenskri lögsögu, framsal ríkisvalds til fjölþjóðlegrar stofnunar eða samtaka, enda sé Ísland aðili þar að og vald það, sem framselja á, sé vel afmarkað og á takmörkuðu sviði eða ef þeir horfa að öðru leyti til breytinga á stjórnhögum ríkisins nema samþykki Alþingis komi til. Slíkt þingmál telst því aðeins samþykkt að þrír fjórðu hlutar alþingismanna greiði því atkvæði."

Ég hlýddi á ítarlega framsögu hv. framsögumanns meiri hluta nefndarinnar og verð að segja að ég varð fyrir vonbrigðum með þá ræðu. Í fyrsta lagi finnst mér nokkuð skothend hugmynd meiri hlutans um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar og að salta þetta mál í stjórnarskrárnefnd. Ef til vill hefði verið eðlilegra að leggja bara til að málið væri fellt úr því að meiri hlutinn vildi ekki fallast á það. En þetta sýnir þó þrátt fyrr allt að hv. nefndarmenn í meiri hlutanum eru með samviskubit út af þessu máli. Það er út af fyrir sig gott svo langt sem það nær. Þeir treysta sér ekki til að leggja til að málið verði fellt heldur ætla að reyna að salta það. Þetta er auðvitað merki þess að mennirnir hafi samviskubit.

Framsögumaður meiri hlutans taldi upp ýmsa ágalla er hún teldi vera á frv. Þeir ágallar sem hún taldi fram hafa, ef einhverjir hafa verið, verið sniðnir af með þessari brtt. Hv. þm. hefði fremur átt að snúa sér að því að gagnrýna brtt., sem við greiðum að sjálfsögðu fyrst atkvæði um, fremur en að gagnrýna upphaflega gerð frv. því það er búið að sníða af, m.a. samkvæmt ábendingum sem komið hafa fram í umræðum um málið hér á Alþingi, ágalla sem við viðurkenndum suma og teljum að textinn sé skýrari í því formi sem við leggjum til að hann verði samþykktur. Þar af leiðandi hefði hæstv. framsögumaður meiri hlutans getað sparað sér þessa gagnrýni.

Ég tel að það leiki enginn vafi á því að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði leiði til framsals stjórnarskrárbundins valds á Íslandi til erlendra aðila. Framsögumaður meiri hlutans taldi að reglur sem reynast vel annars staðar þurfi ekki að reynast vel hér. Ég er henni ekki sammála um þetta atriði í því tilviki sem hér er um að ræða. Ég tel að aðstæður séu að því leyti ekki það frábrugðnar hér að eðlilegt sé að við förum svipaða leið og þessar nágrannaþjóðir okkar hafa gert. Hún vitnaði til ummæla fjögurra sérfræðinga sem utanrrh. fékk til að sanna það að EES-samningurinn stæðist stjórnarskrá eins og þar væri um að ræða einhvern Stóradóm. Ég virði mikils alla þá ágætu menn sem utanrrh. valdi til þess að setja saman þetta álit. En þetta álit er með þeim hætti að það styrkir málflutning okkar, fyrst og fremst málflutning okkar sem telj-

um að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði stangist á við stjórnarskrána. Og því til sönnunar vitna ég til þess að á þskj. 30, þ.e. frv. til stjórnarskipunarlaga, prentum við þetta álit sem fylgiskjal vegna þess að við teljum að það styrki okkar málstað, ekki þann sem reyndar er í niðurlagsorðum fjórmenninga utanrrh., að samningurinn brjóti ekki í bága við stjórnarskrána. Þessi álitsgerð fjórmenninganna byggir á því að það sé ekki tekið fram í stjórnarskránni að um alíslensk stjórnvöld sé að ræða. Auðvitað er um alíslensk stjórnvöld að ræða. Það hefur engum manni dottið annað í hug fyrr en þessum fjórum herrum. Og það sýnir best hvað þeir hafa orðið að seilast langt í röksemdum sínum að þeir skuli láta annað eins frá sér fara. Þetta eru menn sem ekki hafa haft sterk rök fyrir máli sínu, að þeir skuli grípa til þessa óyndisúrræðis.

Hv. framsögumaður og formaður lausanefndarinnar um stjórnarskrá orðaði það svo að ekki mætti skýra stjórnarskrána bókstaflega. Ég tel einmitt að stjórnarskrá okkar sé tiltölulega mjög skýr og afdráttarlaus. Í máli sínu leiddist þessi ágæti þingmaður úr í hártoganir sem mér fannst heldur leiðinlegt að hlusta á þar sem hv. þm. var að reyna að sanna það með einhverjum fordæmum að stjórnarskránni hefði ekki verið fylgt. Ég tel að EES-samningurinn sé með þeim hætti að hann sé algerlega fordæmalaus. Hér er verið að afsala valdi til útlanda, það hefur að vísu stundum verið farið frjálslega með löggjafarvaldið að því hefur verið afsalað í raun að einhverjum hluta til framkvæmdarvalds, en innlends framkvæmdarvalds og alíslenskra stjórnvalda.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira, frú forseti. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt að gera þessa breytingu á stjórnarskránni. Ef hér hefði einungis verið um það að ræða að fullgilda samning um Evrópskt efnahagssvæði þá var auðvitað eðlilegast að segja bara sérstakt ákvæði í stjórnarskrána um það að þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrár væri heimilt að gera þennan samning og gera þá breytingu samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar. En við vildum líka setja upp hindranir fyrir óprúttin stjórnvöld í framtíðinni að afsala fullveldi þjóðarinnar og það er fyrst og fremst rótin að því að þetta frv. var flutt.

Ég legg til, eins og minni hlutinn allur, að þetta frv. verði samþykkt.

Útbýting þingskjala:

Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, 21. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 356; brtt. meiri hluta félmn., þskj. 343.

Samkeppnislög, 9. mál, brtt. SJS, þskj. 358.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Í máli hv. síðasta ræðumanns kom fram staðfesting á því sem við höfum margir haldið fram í umræðunum um þetta mál áður, að frv. sem hér er um að ræða felur í raun í sér framsal á íslensku valdi sem á ekkert skylt við það sem um er talað í EES-málinu. Ég vil einnig láta þess getið að í nefndarstörfunum kom fram að málið er ákaflega illa undirbúið og nefndarstörfin leiddu í ljós að hv. flm. höfðu alls ekki gert sér grein fyrir því í hverju frv. þeirra fólst. Þess vegna er rökrétt að vilja skoða þetta mál betur því það lýtur að málefnum sem kunna að koma á dagskrá hér þegar árin líða um stöðu Íslands í alþjóðlegu samstarfi og þess vegna er sú niðurstaða meiri hluta stjórnarskrárnefndarinnar rökrétt að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar með það fyrir augum að stjórnarskrárnefnd sem er starfandi skoði það betur og hugi að því hvort í þessu frv. séu hugmyndir sem sé ráðlegt að taka til greina þegar stjórnarskráin er endurskoðuð. Mér finnst fráleitt, eins og síðasti ræðumaður sagði, að telja að með því að vísa málinu til stjórnarskrárnefndar sé verið að setja það í salt eða taka það af lífi. Mér finnst það fráleitar röksemdir í þessu máli. Ég veit ekki betur en sumir af hv. flm. málsins sitji í stjórnarskrárnefnd og þeir hljóta þá a.m.k. að reyna að stuðla að því að hún taki málið til skoðunar og meðferðar. Nái þessi vilji meiri hluta stjórnarskrárnefndarinnar fram er augljóst að vilji þingsins stendur til þess að þetta mál verði skoðað betur. Eins og ég segi leiddi öll meðferð málsins í þinginu og nefndarstörfin í ljós að full ástæða er til að skoða það betur ekki síst fyrir flutningsmennina sjálfa.

Frsm. minni hluta stjórnarskrárnefndar (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Málið er það að meiri hluti Alþingis, meiri hluti stjórnarskrárnefndar a.m.k., stjórnarmeirihlutinn, leggur til að framselt verði vald með stórkostlegum hætti með samþykki EES-samningsins og vill ekki aðlaga stjórnarskrána að þeim möguleika heldur ætlar að beita einföldum meiri hluta á Alþingi til að knýja þetta mál fram.

Hvað varðar það að frv. sé illa undirbúið þá eru það ekki rökin fyrir þeim breytingum sem við leggjum til að gerðar verði á frumvarpsgreininni. Við tókum tillit til ábendinga sem m.a. komu fram í máli stuðningsmanna stjórnarliðsins í fyrri umræðu. Síðan tókum við líka mark af því sem þeir sneru út úr þessu frv., sem gert var með næsta ómerkilegum hætti, og viljum koma í veg fyrir að þeir misskilji textann og geti snúið út úr honum.

Hvað varðar ummæli hv. 3. þm. Reykv. áðan um stjórnarskrárnefndina, þ.e. nefnd hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, vil ég spyrja hv. þm. hvort hann hafi trú á því að íslensku stjórnarskránni verði breytt á næstunni samkvæmt tillögum þeirrar nefndar. Ég lít svo á að það sé mikil trú að búast við því.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi foreti. Ég geri mér ekki grein fyrir því hvernig störfum stjórnarskrárnefndar er háttað, hvernig þeim hefur miðað eða hversu langt nefndin er komin í sínum störfum. En ég tel einsýnt að það muni verða henni hvatning til starfa ef hún fengi þá áskorun frá meiri hluta Alþingis að líta á þetta mál og þá tillögu sem hér liggur fyrir og þarf betri skoðunar við.

Ég vil aðeins árétta það að með aðild Íslands að EES er ekki verið að framselja íslenskt vald. Það er

alsendis ástæðulaust fyrir hv. þm. að gera því skóna að verið sé að framselja vald með aðild Íslands að EES og þessi brtt. er þess vegna gjörsamlega ónauðsynleg vegna þess máls.

Frsm. minni hluta stjórnarskrárnefndar (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þótti vænt um að heyra að hv. 3. þm. Reykv. fellst á hugsun frv. þar sem hann reiknar með því að stjórnarskrárnefnd ranki nú við sér og drífi í því að beita sér fyrir breytingum á stjórnarskránni.

Ég er búinn að vera alþingismaður í 18 ár, held ég, og allan þann tíma hefur stjórnarskrárnefnd verið að störfum og meira segja haldnir fundir öðru hverju. En hún hefur ekki haft frumkvæði um breytingar á stjórnarskránni.

Hv. 3. þm. Reykv. fullyrti í þessum ræðustól að í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði fælist ekkert fullveldisafsal, ekkert framsal á valdi. Hann gengur þá jafnvel enn lengra og er nokkuð forstokkaður að ganga lengra en fjórmenningar utanrrh. sem viðurkenna þó að um sé að ræða framsal á valdi. Það sé hins vegar á afmörkuðu sviði.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við 1. umr. um 29. mál þessa þings sem hér er til umræðu kom fram sú ábending við orðalagið „hvers konar fullveldisréttur í íslenskri lögsögu“ að með gagnályktun mætti komast að þeirri niðurstöðu að ef aukinn meiri hluti þingsins samþykkti samninga sem hefðu í sér fólgið hvers konar fullveldisafsal þá gæti slíkt mál náð fram að ganga. Í þeirri brtt. sem hér hefur verið borin fram er reyndar gerð tillaga um að orðin „á hvers konar fullveldisrétti í íslenskri lögsögu“ breytist á þann hátt að orðið „hvers konar“ falli niður. Það er jafnframt tekið fram í nál. að þetta breyti ekki á nokkurn hátt merkingu setningarinnar og segir hér: „Að mati minni hlutans breyta þessi orð engu um efni greinarinnar og því óhætt að fella þau brott.“

Þá vil ég spyrja hv. flm. þessarar brtt.: Ef þessi orð brott fallin breyta engu um efni tillögunnar er þá enn hægt að gagnálykta sem svo að ef aukinn meiri hluti þingsins samþykkir slíkan samning þá megi afsal hvaða fullveldisrétti í íslenskri lögsögu sem er? Það kom fram í nefndarstörfum að þetta orðalag: „á hvers konar fullveldisrétti“ þýði hvaða fullveldisréttur sem er.

Frsm. minni hluta stjórnarskrárnefndar (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit ekki hvort ég á að vera að orðlengja mikið um gagnályktanir hv. þm. Mér finnst það vera ómerkilegur útúrsnúningur. Hvers konar merkir þarna náttúrlega þrengjandi en ekki víkkandi hugtak. Þessi orð brott fallin heimila að sjálfsögðu ekki hvaða fullveldisrétt sem er heldur einungis mjög afmarkaðan og takmarkaðan fullveldisrétt. Enda er það tekið fram skýrum stöfum að það þurfi að vera á afmörkuðu sviði.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom í ljós í ræðu hv. þm. að hann hafði tekið mark á þeim ábendingum sem komu fram við 1. umr. um málið en þar komu einmitt þessar gagnályktanir fram og það er augljóst af þessari brtt. að flm. frv. hafa talið sér skylt að reyna að breyta þessu. En ég verð að viðurkenna að ég sé ekki hver tilgangurinn er með breytingunni. Ef það er skoðun flm., eins og kemur fram í nál. þeirra, að afsal fullveldis er ekki heimilt í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins og að þeirra mati verður það ekki heimilt með þeirri breytingu sem hér er gerð tillaga um og er heldur alls ekki æskilegt að koma því inn í stjórnarskrána, hvers vegna er þessu ákvæði þá haldið inni?

Frsm. minni hluta stjórnarskrárnefndar (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér fyndist að hv. þm. ætti að telja sér það til tekna og vera bara þakklátur ef við tökum mark á honum. Það mundi ég vera í hans sporum.

Ég ætla hins vegar ekki að endurtaka þá umræðu sem við höfðum við 1. umr. málsins. Mér finnst að þetta liggi nokkuð skýrt fyrir og skynsamur maður eins og hann hlýtur að skilja þetta og átta sig á meiningunni.

Umræðu frestað.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Út af dagskrá þessa fundar er tekið 8. mál. Fundi er slitið en til nýs fundar er boðað þegar að þessum fundi loknum.

65. FUNDUR

fimmtudaginn 26. nóv.,
að loknum 64. fundi.

Dagskrá:

1. Vaxtalög, stjfrv., 263. mál, þskj. 352, nál. 363. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

2. Stjórnarskipunarlög, frv., 29. mál, þskj. 30, nál. 281 og 305, brtt. 306. — Frh. 2. umr.

3. Stjórnarskipunarlög, frv., 30. mál, þskj. 31, nál. 282 og 302, brtt. 303. — 2. umr.

Útbýting þingskjals:

Vaxtalög, stjfrv., 263. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 363.

Vaxtalög, 2. umr.

Stjfrv., 263. mál (hámark dráttarvaxta). — Þskj. 352, nál. 363.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, ÁJ, BBj, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GB, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IP, JBH, JHelg, JónK, JónS, KÁ, KE, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SP, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

29 þm. (AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GuðjG, GHG, GHall, GÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGS, KSG, KHG, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. efh.- og viðskn. sem hefur af miklum röskleika fjallað um þetta mál. Nefndin hittist fyrst í hádeginu og svo eftir 1. umr. Ég þakka nefndarmönnum mínum fyrir góða samvinnu um að afgreiða málið.

Nefndin fékk á sinn fund Eirík Guðnason, aðstoðarbankastjóra Seðlabanka Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins en væntir þess jafnframt að Seðlabanki Íslands taki í kjölfarið nýja ákvörðun um lækkun dráttarvaxta sem taki gildi 1. des. nk. Þá tekur nefndin fram að hún telur mikilvægt að vextir lækki almennt og telur að samþykkt frv. sé alla vega skref í þá átt.

Það hefur borist bréf til nefndarinnar frá aðstoðarbankastjóra Seðlabankans, Eiríki Guðnasyni, þar sem fram kemur að Seðlabankinn muni endurskoða fyrri ákvörðun um dráttarvexti og að þeir verði ákveðnir á bilinu 16–16,5% í stað 18,25% eftir fyrri ákvörðun.

Allir nefndarmenn standa að álitinu en Halldór Ásgrímsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ítreka það sem ég sagði við 1. umr. um málið. Ég er og hef verið því fylgjandi að þetta mál fái hraða afgreiðslu. Það var að vísu með því skilyrði að við fengjum fyrir 2. umr. skýlausa yfirlýsingu frá Seðlabankanum að hann hygðist beita þessu ákvæði, þessari lagabreytingu, nú þegar við ákvörðun dráttarvaxta fyrir desember.

Það liggur nú fyrir og jafnframt leggur nefndin á það áherslu í sínu nál. að í kjölfar þessa verði unnið að því hörðum höndum í ríkisstjórn og sjóðakerfinu að lækka vexti og skapa hér aðstæður og skilning fyrir nauðsyn þess að lækka vexti. Ég tel reyndar að samþykkt frv. og sú hraða meðferð sem málið hefur fengið sé miklu frekar áréttíng Alþingis á því að Alþingi telji að nú verði að vinna hörðum höndum að því að lækka vexti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, ÁJ, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IP, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KÁ, KE, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

28 þm. (AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GB, GHG, GHall, GÁ, ISG, JÁ, JóhS, KSG, KHG, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, ÁJ, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IP, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KÁ, KE, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

28 þm. (AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GB, GHG, GHall, GÁ, ISG, JÁ, JóhS, KSG, KHG, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, ÁJ, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHelg, HÁ, HBl, HN, IP, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KÁ, KE, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

29 þm. (AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GB, GHG, GHall, GÁ, HG, ISG, JÁ, JóhS, KSG, KHG, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Út af dagskrá þessa fundar eru tekin 2. og 3. mál. Fundinum er slitið.

66. FUNDUR

fimmtudaginn 26. nóv.,
að loknum 65. fundi.

Dagskrá:

1. Vaxtalög, stjfrv., 263. mál, þskj. 352. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Stjórnarskipunarlög, frv., 29. mál, þskj. 30, nál. 281 og 305, brtt. 306. — Frh. 2. umr.

3. Stjórnarskipunarlög, frv., 30. mál, þskj. 31, nál. 282 og 302, brtt. 303. — 2. umr.

Vaxtalög, 3. umr.

Stjfrv., 263. mál (hámark dráttarvaxta). — Þskj. 352.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, ÁJ, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IP, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KÁ, KE, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

28 þm. (AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GB, GHG, GHall, GÁ, ISG, JÁ, JóhS, KSG, KHG, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁgG, ÁJ, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IP, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KÁ, KE, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

28 þm. (AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GB, GHG, GHall, GÁ, ISG, JÁ, JóhS, KSG, KHG, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 366).

Um þingsköp.

Afgreiðsla frumvarps um dráttarvexti.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það hefur gengið á ýmsu við þessar atkvæðagreiðslur í dag. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka stjórnarandstöðunni og þeim forseta sem nú situr fyrir lipurð og gott samstarf við að koma málum hér áfram í dag.

Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.

Frv. StH o.fl., 29. mál (samningar við önnur ríki). — Þskj. 30, nál. 281 og 305, brtt. 306.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. gerði grein fyrir nál. minni hluta stjórnarskrárnefndar og ég stend m.a. að því áliti. Það urðu mér mikil vonbrigði að heyra ræðu formanns stjórnarskrárnefndar en ég óska eftir að hv. þm. verði látinn vita að ég vildi gjarnan að þingmaðurinn kæmi í þingsalinn ef hægt er að koma því við. Ég vildi í upphafi máls míns segja við hana nokkur orð ef þess er kostur, virðulegi forseti. (**Forseti:** Forseti skal láta kanna það þegar í stað og óska eftir að frsm. meiri hluta sé í salnum.) Virðulegi forseti. Ég hef þá ræðu mína en geymi það sem ég hafði hugsað mér að segja við formann stjórnarskrárnefndar þar sem hún er ekki í salnum nú. Ég geri ráð fyrir að hún hafi ástæðu til þess að vera ekki viðstödd — nú kemur formaður stjórnarskrárnefndar í salinn og þakka ég henni fyrir það.

Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum með það sem fram kom í máli formanns stjórnarskrárnefndar þar sem ræða hv. 6. þm. Reykv. miðaði eingöngu við það frv. sem lagt var fram og rætt við 1. umr. en það var eins og engin umræða hefði farið fram í nefndinni og að engar brtt. lægju fyrir við frv. Mín skoðun er sú að í stjórnarskrárnefnd hafi farið fram ágætis umræða. Þar var unnið mikið og safnað miklum gögnum. Við fórum nokkuð vel yfir frv. og fengum álit manna á því sem þar kom fram. Við skýrðum einnig nákvæmlega hvað við, sem að frv. stóðum og vorum jafnframt í þessari nefnd, ætluðumst til með frv. Það kom á frv. viss gagnrýni, m.a. frá nefndarmönnum sem og þeim sem komu á nefndarfund og við tókum eins mikið tillit til þess og við töldum eðlilegt því ekki voru allir sammála af þeim sem komu á fund nefndarinnar. Nefndarmenn komu einnig með ábendingar, m.a. hv. 5. þm. Norðurl. e. sem kom fram hér fyrri í umræðunni. Hann gagnrýndi einnig orðalag og það að hægt væri að misskilja ákveðið orðalag. Með því að bæta inn í greinina ákveðnum orðum, t.d. það að vald sem fram sé framselt sé vel afmarkað og á takmörkuðu sviði. Þá töldum við að hin orðin, sem greinilega gátu valdið misskilningi, yrðu óþörf í greininni og gátu valdið misskilningi, þ.e. „hvers konar" og „einhvers hluta" var það sem menn gátu misskilið.

Mér þykir mjög sérkennilegt að ekki skuli fjallað um þetta frv. við 2. umr. með tilliti til þess hvað kemur fram í brtt. og nál. minni hlutans. Það er eins og nál. hafi alls ekki legið fyrir með skýringum á því sem talið var vanta t.d. í grg. með frv. Það komu að vísu fram við 1. umr. nákvæmar skýringar á því sem var skilningur þeirra sem lögðu frv. fram. Þess vegna varð ég fyrir miklum vonbrigðum með ræðu hv. 6. þm. Reykv., að ekki skyldi vera fjallað um málið eins og það liggur fyrir núna, ekki síst með tilliti til þeirrar vinnu sem við lögðum í málið í stjórnarskrárnefnd.

Við tókum líka margoft fram í nefndinni að við vildum samvinnu, við vildum breyta orðalaginu til samræmis við það sem meiri hlutinn legði til ef það yrði til þess að við gætum sameinast um þessa breytingu á stjórnarskránni. Mér finnst ósanngjarnt að tala ekki um það á þeim nótum. Það getur hins vegar vel verið að ýmsar ástæður séu fyrir því að menn vilji ekki koma með breytingar á stjórnarskránni nú, t.d. vegna þess að það þarf kosningar og ýmislegt fleira og þá á að segja það, ekki að láta eins og ekkert hafi verið unnið hjá stjórnarskrárnefnd. Þetta vildi ég segja í tilefni af ræðu frsm. meiri hlutans og formanns stjórnarskrárnefndar.

Í 21. gr. stjórnarskrárinnar er að finna ákvæði um heimild til forseta Íslands til samningsgerðar við önnur ríki. Hafi slíkar samningar fólgið í sér afsal eða

kvaðir á landi eða landhelgi eða þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins þarf samþykki Alþingis að koma til. Nægir þar einfaldur meiri hluti Alþingis til samþykktar eða synjunar. Þetta ákvæði stjórnarskrárinnar er að stofni til frá árinu 1920 og hefur staðið efnislega óbreytt síðan. Framkvæmd þessa ákvæðis hefur hingað til ekki valdið verulegum vafa eða deilum. Frá því það var sett hefur alþjóðlegt samstarf hins vegar aukist til muna og eiga þjóðir nú með sér nánara samstarf en tíðkaðist á þriðja tug aldarinnar þegar þetta ákvæði var sett inn — það var reyndar enn þá fyrr, en því hefur ekki verið breytt að ráði frá 1920.

Alþjóðasamningar geta falið í sér framsal á ríkisvaldi til stofnana eða samtaka. Sumir hafa t.d. haldið því fram að samþykkt okkar að aðild að Sameinuðu þjóðunum fæli í sér verulegt valdaframsal og einnig að Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna feli í sér það mikið valdaframsal að það hefði á sínum tíma ekki verið staðið að samþykkt Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna á Alþingi með löglegum hætti. Ég vil í því sambandi vitna til greinar sem birtist í Morgunblaðinu 25. ágúst sem Lúðvík Ingvarsson skrifaði, reyndar skrifaði hann tvær greinar. Í greininni sem birtist þann 25. ágúst heldur hann því fram að aðildin hafi ekki verið samþykkt á Alþingi með löglegum hætti á sínum tíma. Þetta ætla ég ekki að leggja neinn dóm á en það getur vel verið að fleiri séu sömu skoðunar, því hefur verið haldið fram og ég hef heyrt það, m.a. kemur það fram í áliti fjórmenninganna svokölluðu að verið geti að aðild Íslands að Mannréttindasáttmála Evrópu stríði gegn stjórnarskránni. Ég ætla ekki að fullyrða neitt um það en þrátt fyrir það að einhverjir telji að það hafi ekki verið heimilt að staðfesta þá alþjóðasamninga sem hér hafa verið samþykktir að óbreyttri stjórnarskrá, þá réttlætir það á engan hátt að núna megi samþykkja alþjóðasamninga sem hafa í sér falið verulegt valdaframsal án þess að breyta stjórnarskránni. Það að hafa brotið hana einu sinni, ef svo hefur verið — ég tek fram að ég er ekki að fullyrða að svo sé, ég tel mig ekki vera í stakk búna til þess — er engin réttlæting á að gera það aftur.

Í stjórnarskrá margra Vestur-Evrópuríkja eru ákvæði sem veita heimild til takmarkaðs framsals ríkisvalds með auknum meiri hluta á þjóðþingum. Miklar breytingar hafa orðið á samskiptum þjóða á þessari öld og hefur það verið mat manna að ekki væri hægt að komast hjá því að takmarkað og afmarkað valdaframsal gæti verið réttlætanlegt í vissum tilvikum.

Árið 1960 var lagt fyrir Stórþingið í Noregi frv. um breytingar á stjórnarskránni. Þá voru umræður um aðild að EB ekki á dagskrá. En þegar norska Stórþingið fjallaði um málið þá hafði ríkisstjórn Noregs sótt um aðild að EB. Þá varð 93. gr. norsku stjórnarskrárinnar til sem heimilar framsal með ¾ hlutum atkvæða þingsins, þ.e. ef um takmarkað valdaframsal er að ræða og Noregur er aðili að þeirri alþjóðastofnun sem um ræðir.

Þessu ákvæði var ekki beitt árið 1972 þar sem aðild Noregs var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu eins og mönnum er kunnugt. Þessi grein var notuð þegar EES-samningurinn var staðfestur á norska Stórþinginu. Niðurstaðan í Noregi var að í EES-samningnum og breytingum á EFTA-samningnum fælist það mikið valdaframsal að það þyrfti ¾ hluta atkvæða til að samþykkja hann. Ástæðan var fyrst og fremst sú að samkeppnisreglur EES-samningsins gera ráð fyrir dómstól og eftirlitsstofnun sem talið var að ekki væri heimilt að samþykkja með einföldum meiri hluta atkvæða. Í því sem lagt var fyrir norska þingið kemur greinilega fram að það eru þessi tvö atriði, þ.e. eftirlitsstofnun EFTA og dómstóllinn, sem eru ástæður þess að talið var að það þyrfti að beita 93. gr. stjórnarskrárinnar þar sem um væri að ræða verulegt valdaframsal til þessara stofnana. Eftirlitsstofnunin á einungis að kveða upp úrskurði í málum ef þau eru á milli EFTA-ríkja og ef eitt EB-ríki á í hlut. Öll önnur mál, þ.e. mál sem hafa áhrif á viðskipti milli einstakra EB-ríkja óháð því hversu mörg EFTA-ríki eru aðilar að slíku máli, eru á verksviði framkvæmdastjórnar EB. Þar af leiðandi falla þau undir dómstól Evrópubandalagsins. Þetta er ein ástæðan fyrir því að þeir telja að of mikið valdaframsal sé í samningnum og að ekki sé hægt að samþykkja hann með einföldum meiri hluta.

Deilumál EFTA-ríkis og fyrirtækis í EFTA-ríki fellur undir framkvæmdastjórn EB. Þar af leiðandi verður EB-dómstóllinn um leið æðsta dómsvald í því máli þó svo að viðkomandi ríki eigi þar engan fulltrúa. Þetta á einnig við ef um er að ræða eitt eða fleiri EB-ríki. Þarna er því um hreint framsal á dómsvaldi að ræða. Auðvitað eru ekki allir sammála um hvort þetta ákvæði 93. gr. nægi en t.d. hefur einn virtur lögfræðingur í Noregi, Torstein Eckhoff, skrifað nokkuð um þetta atriði. Í grein frá árinu 1990 kemur fram að það er að hans mati ekki endilega augljóst að það þurfi að nota 93. gr. stjórnarskrárinnar en eftir breytingar á samningnum, þ.e. eftir að EB-dómstóllinn hafnaði stofnanakafla samningsins og honum var breytt, telur Torstein Eckhoff að ákvæði 93. gr. hefði ekki einu sinni nægt til að samþykkja EES-samning. Það er að vísu búið að samþykkja hann í Noregi sem kunnugt er. Hann heldur því fram að þar sem í samningnum sé falið valdaframsal til stofnunar sem Noregur er ekki aðili að heimili 93. gr. ekki og reyndar ekki norska stjórnarskráin það valdaframsal sem EES-samningurinn gerir ráð fyrir. Þess ber auðvitað að geta að Torstein Eckhoff er einn af þeim sem er mjög mikill andstæðingur samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Það sem vekur athygli er að lagaprófessorinn Eivind Smith, sem er eindreginn stuðningsmaður EB-aðildar og EES-aðildar, hefur kveðið upp úr um það að Eckhoff hafi mjög trúlega rétt fyrir sér þarna.

Þetta vildi ég segja þar sem oft hefur verið vitnað til greinar Torsteins Eckhoffs, m.a. á vettvangi stjórnarskrárnefndar þar sem hann hefur túlkað ákvæði 93. gr. eins og það lítur út í norsku stjórnarskránni.

Ég vil taka það fram hér og nú, virðulegi forseti, að ég er sammála því sem kom fram í máli hv. 6. þm. Reykv., að ég tel ekki að það eigi eingöngu að fara eftir því sem er í erlendum stjórnskipunarrétti heldur eigum við að hafa það til hliðsjónar. Ég er því ekki að

segja að við þurfum endilega að setja allt inn í okkar stjórnarskrá sem er í stjórnarskrám Norðurlanda en þess ber að geta að okkar stjórnarskrá er byggð mjög mikið á stjórnarskrám Norðurlanda og því eðlilegt að hafa þær til hliðsjónar.

Í Finnlandi er einnig svipað ákvæði í stjórnarskrá landsins og reyndar í Svíþjóð líka. Af því að hér hefur verið rætt dálítið um EES-samninginn vil ég taka það fram að í Finnlandi eru mjög margir fræðimenn á þeirri skoðun að ekki sé hægt að gerast aðili að EES-samningnum að óbreyttri finnskri stjórnarskrá þar sem í honum felst valdaframsal til stofnana sem Finnland er ekki aðili að en að ekki þurfi að breyta stjórnarskránni þótt um aðild að EB yrði að ræða. Það er því greinilegt að það er mat flestra að í EES-samningnum felist mjög verulegt valdaframsal og það sem er kannski alvarlegast — valdaframsal til stofnana sem EFTA-löndin eru ekki aðilar að.

Það er auðvitað ekkert einkennilegt að við sem flytjum frv. sem hér er til umræðu, frv. til stjórnarskipunarlaga, í ljósi þess að fyrir Alþingi liggur frv. til laga um Evrópskt efnahagssvæði sem felur í sér bæði fullgildingu og lögtöku viðamikilla millirríkjasamninga. Það frv. er lagt fram í samræmi við ákvæði 21. gr. stjórnarskrárinnar. Fræðimenn á sviði lögfræði deila um hvort samningurinn standist ákvæði stjórnarskrárinnar, sérstaklega með tilliti til framsals á ríkisvaldi. Það er einmitt þess vegna sem frv. er flutt og við mælum með því, minni hlutinn, að það verði samþykkt.

Fljótlega eftir að í ljós kom með hvaða hætti EB vildi hafa tögl og hagldir í málinu komu fram efasemdir um að þessi samningur stæðist stjórnarskrá. Það varð ljósara eftir því sem á leið að svo mundi líklega ekki vera, hann mundi ekki standast stjórnarskrána. Sérstaklega var það eftir að breytingar voru gerðar í samræmi við vilja EB eftir að dómstóllinn kom með athugasemdir um það að eins og frá samningnum var gengið 23. okt. 1991 gæti hann engan veginn staðist. Fljótlega eftir að stofnanaþáttur málsins kom í ljós urðu margir til að gagnrýna það hve mikið valdaframsal fælist í þessu.

Mig langar, virðulegur forseti, að rifja upp viðtal sem haft var í sjónvarpinu, líklega þann 8. jan. 1991. Ég veit ekki nákvæmlega hvenær viðtalið var tekið upp vegna þess að það var inni í þáttum sem hétu Ísland og Evrópa og var þáttaröð um hið Evrópska efnahagssvæði sem menn muna sjálfsagt eftir og var í raun okkuð einhliða áróður fyrir aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Menn muna það væntanlega. Ég rifjaði þann þátt upp í morgunsárið mér til hrellingar. Það var eitt atriði sem kom þar fram og það var viðtal við Gunnar G. Schram prófesson sem hv. 6. þm. Reykv. vitnaði hér til. Hann var einn af þeim sem kom á fund nefndarinnar og var sá sem gagnrýndi okkur mest eða þetta frv. sem við erum að ræða. Mig langar til upprifjunar að lesa kafla úr þessu viðtali. Ég tek það fram að verið er að spyrja um fullveldisafsal. Þetta er í heilu lagi, það er ekkert klippt út úr miðju viðtalinu heldur er þetta sá kafli þar sem Gunnar G. Schram talar, með leyfi forseta:

„Það verður um að ræða mjög víðtækt framsal ríkisvalds og raunar hvort sem við gerumst aðilar að efnahagssvæðinu evrópska sem nú er helst talað um eða við gerumst aðilar, fullgildir aðilar að EB, Evrópubandalaginu.“ (**Gripið fram í:** Hver segir þetta?) Gunnar G. Schram prófessor. „Í báðum tilvikum verður þá að fylgja veruleg takmörkun eða framsal. Það er kannski betra eða skiljanlegra að kalla þetta takmörkun á fullveldi landsins og þá á sjálfsforræði. Og ég held að Íslendingar almennt hafi ekki áttað sig á því að það er svo, hve hér hangir verulega mikið á spýtunni að þessu leyti.

Ef við tökum sem dæmi lögin. Jafnvel þó að við gerumst bara aðilar að þessu Evrópska efnahagssvæði, þá verðum við að lögtaka rétt eða lagasafn Evrópubandalagsins og það er nú enginn smáræðis lagatexti. Hann er upp á 11 þús. síður eða fjórum sinnum meiri að vöxtum heldur en allt íslenska lagasafnið.

Það er unnið hér dag og nótt við að þýða þessi lög Evrópubandalagsins vegna þess að við verðum að samþykkja þau og það verður þá að gerast væntanlega á næstu einu eða tveimur missirum. Það sýnir að þarna tökum við erlend lög og gerum þau á einu bretti mjög umfangsmikil að íslenskum lögum.

Annað dæmi er það að íslenska dómsvaldið verður náttúrlega miklum mun takmarkaðra á þeim sviðum sem Evrópubandalagið tekur til, þ.e. á sviði efnahags- og viðskiptamála, verslunar, tolla, umhverfis- og félagsmála o.s.frv.“ (**Gripið fram í:** Segir Gunnar þetta líka?) Allt vitnað í Gunnar G. Schram.

„Evrópudómstóllinn í Lúxemborg hefur verið í öllum þessum málaflokkum æðsti dómstóll Íslands, ekki lengur hæstiréttur eða aðrir íslenskir dómstólar. Hæstiréttur er náttúrlega æðsti dómstóllinn. Íslendingar geta skotið máli sínu til þessa Evrópudómstóls og lög Evrópubandalagsins ganga fyrir íslenskum lögum.“ — Þetta er allt eins og er núna enn þá. — „Þau eru réttarhærri ef þarna er ósamræmi á milli og meira að segja geta lög Evrópubandalagsins vikið til hliðar stjórnarskrá Íslands eins og annarra ríkja og um það dæmir þessi dómstóll bandalagsins sem situr í Lúxemborg, en ekki Hæstiréttur.

Aðild að efnahagssvæðinu, þ.e. það sem talað er um nú sem næsta skref fyrir Norðurlöndin, fyrir EFTA-ríkin, er að mörgu leyti áþekk aðild að bandalaginu sjálfu. Á því er ekki neinn eðlismunur heldur aðeins stigsmunur. Munurinn er hins vegar fyrst og fremst sá að EFTA-ríkin og aðildarríkin að þessu svæði koma ekki til með að geta haft nein áhrif á ákvarðanatöku Evrópubandalagsins en þau verða að undirgangast þessar takmarkanir á fullveldinu engu að síður. Og að því leyti til er hagur þeirra verri sem þátttakendur í efnahagssvæðinu heldur en ef þeir væru fullgildir meðlimir bandalagsins vegna þess að þar eiga þau þó, hvert ríki, eitt atkvæði af, já í dag af 12 eða 1 atkvæði af 16 þegar fram í sækir enda hafa menn nú litið á efnahagssvæðið sem eins konar biðsal eða millispil í þessari stóru sinfóníu.“

Þetta er upptaka úr sjónvarpinu og var birt líklega 8. jan. 1991. Þetta er kannski tekið aðeins fyrr. Ég get

ekki nákvæmlega vitað hvenær viðtalið var tekið upp en það var tekið eftir að samningum er lokið. (**Gripið fram í:** Er vitað hvaða Gunnar Schram þetta er?) Það er ekki alveg vitað hvaða Gunnar Schram þetta er en eftir því sem ég kemst næst er þetta tekið úr þáttunum Ísland og Evrópa og er væntanlega tekið upp í janúar 1991 en þá birtist þátturinn. Ég átti frekar erfitt með að dagsetja það því ég hafði ekki skrifað nákvæmlega á mína spólu hvenær þættirnir voru en eftir því sem ég kemst næst var það þá.

Þetta er einn af þeim sem komu til stjórnarskrárnefndar og þetta er sá sem talar þarna um valdaframsalið. Það er alveg ljóst að það er nákvæmlega það sama sem gildir enn þá. Við eigum að taka yfir lög og reglur Evrópubandalagsins. Það er óbreytt. Um það tekur hann mest upp í sig. Síðan talar hann um Evrópudómstólinn og á þessum tíma var talað um sameiginlegan dómstól en nú er það ekki lengur þannig heldur er það Evrópudómstóllinn sem í raun hefur meira vald yfir okkar málum en áður. Það er sjálfsagt orðið enn þá verra og þess vegna fannst mér einkennilegt ef þessi sami Gunnar G. Schram, ef ég veit rétt, var skipaður ... (Gripið fram í.) Það vildi þannig til að ég horfði á þennan þátt og þetta er nákvæmlega sami maðurinn og kom á fund stjórnarskrárnefndar þannig að ég er nokkuð viss um það. (**Gripið fram í:** Var þetta í sjónvarpi eða útvarpi?) Þetta var í sjónvarpinu. Ísland og Evrópa hétu þættirnir.

Þessi sami Gunnar G. Schram var skipaður í fjögurra manna nefnd sem utanrrh. skipaði sem átti að segja álit sitt á því hvort samningurinn stæðist stjórnarskrána. Niðurstaðan varð þá að EES-samningurinn og fylgisamningurinn brytu ekki í bága við íslensk stjórnskipunarlög og valdaframsalið væri ekki verulegt eða íþyngjandi. Það væri mjög afmarkað og þröngt. Hér kom fram að hv. 6. þm. Reykv., Sólveig Pétursdóttir, var þessu sammála. Ég er þessu ekki sammála. Ég tel að þetta sé mjög víðtækt valdaframsal og ég er alveg sammála því sem kemur fram hjá Gunnari G. Schram í fyrra skiptið. Þetta kom mér mjög merkilega á óvart.

Síðan segir, ég vona að hv. þm. hafi tekið eftir því og það var reyndar mjög oft vitnað til þess að á þessu tvennu, þ.e. EB og EES, væri enginn eðlismunur heldur aðeins stigsmunur. Ég man að það var oft vitnað til þessa atriðis af mörgum, m.a. mér þegar ég var að benda á hversu mikið valdaframsal væri um að ræða í EES-samningnum. Ég verð að viðurkenna að mér þykir mjög einkennilegt misræmi á milli þess sem þarna er sagt og hefði kannski verið ástæða til að draga þetta fyrr fram til að spyrja prófessorinn að því hvers vegna mat hans er svo ólíkt eftir því hvenær hann talar, þarna eða núna, hvort það geti hugsanlega stafað af því hverjir eru í stjórn og hverjir eru í stjórnarandstöðu. Ég vil helst ekki hugsa það og trúi því eiginlega ekki en það er nú sama. Ég verð að viðurkenna að það hvarflaði aðeins að mér.

Þessir ágætu herrar, fjórmenningarnir, komust að því í áliti sínu, eins og ég sagði áðan, að þetta væri allt saman í lagi og þetta væri svo afmarkað og þröngt svið og valdaframsalið væri það lítið að það mundi ekki stríða gegn stjórnarskránni. Þeir voru ekki mjög ákveðnir í sinni niðurstöðu vegna þess að þeir segja í lok álitsins ef ég má vitna í það, með leyfi forseta:

„Hugsanlegt er, að þau ákvæði, sem hér geta skipt máli, geti öll saman leitt til þess, að samningarnir verði ekki taldir samrýmast stjórnarskránni, þó að hvert ákvæði metið sér í lagi geri það. Við teljum að vísu að færa megi nokkur rök gegn einstökum þáttum í því, sem hér að framan er rakið, en við teljum þó, að niðurstöður okkar orki ekki tvímælis í þeim mæli, að tilefni sé til að draga þá ályktun, að samningarnir í heild leiði til þess að breyta þurfi stjórnarskránni, ef þeir taka gildi.

Þá er hugsanlegt, að reynslan leiði í ljós, að það reynist ekki rétt, sem við byggjum á um framkvæmdarvaldið og dómsvaldið, þ.e. að reglurnar um vald stofnana EFTA séu vel afmarkaðar, að þær feli ekki í sér verulegt valdaframsal og séu ekki íþyngjandi í ríkum mæli. Einnig er hugsanlegt að í samkeppnismálum komi til meiri afskipta en hér er reiknað með. Við teljum ólíklegt að forsendur okkar að þessu leyti reynist rangar. Við teljum jafnframt að engin nauðsyn sé til að ráðast nú í breytingar á stjórnarskránni vegna þessa möguleika. Ef fram kemur síðar, að slíkra breytinga sé þörf, er Ísland að þjóðarétti skuldbundið til að gera þær."

Þeir segja þetta en það voru nokkuð margir sem höfðu aðra skoðun á þessu máli.

Ég verð að viðurkenna, virðulegur forseti, að ég varð nokkuð undrandi þegar ég komst að því að tveir af þeim sem voru skipaðir í þessa fjórmenninganefnd voru sérfræðingar sem utanrrn. leitaði til meðan á samningaviðræðum stóð og höfðu þar af leiðandi verið búnir að segja álit sitt fyrir fram á því að þeir teldu að EES-samningurinn stæðist stjórnarskrá. Það kom fram á fundi, sem ég var á, þar sem þeirrar spurningar var spurt hverjir hefðu verið þessir sérfræðingar sem utanrrn. hefði öðru hvoru vitnað til að hefði verið þeim til halds og trausts. Þá upplýstist að Stefan Már Stefánsson og Ólafur Walter Stefánsson voru sérfræðingar nefndarinnar. Síðan er Gunnar G. Schram einn þeirra sá sem ég hef vitnað til og er ekki alltaf nákvæmlega samkvæmur sjálfum sér að því er þetta atriði varðar. Svo var þar Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari sem m.a. telur að þetta sé ákaflega lítið mál gagnvart stjórnarskránni en það hefur greinilega komið fram í hans máli að hann er algerlega fylgjandi samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og telur hann vera stórmál í þessu sambandi og skipti þjóðina mjög miklu máli. Það finnst mér ekki skipta neinu máli þegar verið er að ræða um stjórnskipulegan þátt málsins hvort hann standist stjórnarskrána eða ekki.

Ég vil jafnframt rifja upp að Guðmundur Alfreðsson þjóðréttarfræðingur hefur haldið því mjög ákveðið fram að samningurinn standist ekki stjórnarskrá. Ég verð, virðulegur forseti, að nota örlítið af tíma mínum til að lesa ágæta grein eftir Guðmund Alfreðsson. Þar tekur hann saman í mjög stuttu máli álit sitt á EES-samningnum, fullveldinu og stjórnarskránni. Ég þarf þá ekki að vitna að öðru leyti í hans mál. Blaðið

sem mér barst í hendur, Heimsmynd, sem er frá desember 1992 — það er nú ekki kominn desember — en þetta er sem sagt alveg nýtt blað sem var að koma út. Mig langar að fá að lesa hér eina síðu sem þar er skráð eftir Guðmundi Alfreðssyni en greinin heitir Stjórnarskráin, fullveldið og Evrópusamningarnir. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samstarf ríkja fer sívaxandi og nær til æ fleiri málaflokka. Þetta gildir t.d. um viðskiptamál, umhverfið, fiskveiðar, mannréttindi og svo að sjálfsögðu frið og öryggi.

Alþjóðareglur um þetta samstarf teljast til þjóðaréttar og það er oft hlutverk alþjóðlegra eða svæðisbundinna stofnana að stýra samstarfinu. Í einstaka tilfellum hefur þessi aukna samvinna leitt til yfirþjóðlegra stofnana á borð við EB eða EES en í því felst að aðildarríkin framselja hluta síns fullveldis í hendur viðkomandi stofnana.

Mannréttindasamningar Evrópuráðsins, EFTA-samningar, GATT-samningar og aðrir samningar á vegum Sameinuðu þjóðanna, svo sem á hafréttar- og umhverfissviðum, eru dæmi um þjóðréttarsamninga. Ísland er aðili að fjölmörgum alþjóðastofnunum og hefur iðulega staðfest samninga sem frá þeim koma. Við höfum í líka í mörgum tilfellum gengist undir reglur viðkomandi stofnana um eftirlit með framkvæmd samninganna og um lausn deilumála varðandi bæði túlkun þeirra og framkvæmd, en við höfum aldrei látið mál okkar í hendur yfirþjóðlegra stofnana.

Þjóðaréttur telst ekki til íslensks landsréttar. Það ber að túlka landslög til samræmis við þjóðarétt eins og frekast er unnt en þjóðaréttur víkur fyrir landsréttinum ef til árekstur kemur milli þessara tveggja réttarkerfa. Ísland getur orðið brotlegt að þjóðarétti og þar með gagnvart öðrum ríkjum en þjóðréttarskuldbindingar hafa aldrei fengið lagagildi innan lands gagnvart þegnunum fyrr en um þær hefur verið fjallað af til þess bærum innlendum aðilum og þá venjulega löggjafanum.

Niðurstöður eftirlitsaðila með framkvæmd samninganna, jafnvel dómar Manréttindadómstóls Evrópuráðsins í Strassborg, sem eru bindandi að þjóðarétti, fá ekki sjálfkrafa gildi að landsrétti þótt stjórnvöld leiti að sjálfsögðu eftir löglegum leiðum til að hrinda þeim í framkvæmd. Hið sama gildir um dóma Alþjóðadómstólsins í Haag og ályktanir allsherjarþings og öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Norðurlandasamningar um gagnkvæmt aðfarar- og fullnustuhæfi dóma eru ekki dæmi um framsal á dómsvaldi því að viðkomandi dómstólar höfðu þegar dómssögu á grundvelli athafna einstaklings eða fyrirtækis á erlendri grund. Aukið ríkjasamstarf hefur því ekki raskað við ríkis- og fullveldishugtökum sem gera ráð fyrir því að ríki fari með stjórn sinna mála, bæði út á við og inn á við.

Það er óumdeilanlegt og meira að segja viðurkennt af sérfræðinganefnd utanrrh. að samkvæmt EES-samningnum mundu eftirlitsstofnanir og dómstólar EFTA og EB fá lögsögu á Íslandi í vissum málum. Þessar sömu stofnanir mundu fá vald til að taka ákvarðanir og kveða upp dóma sem fengju aðfarar- eða fullnustuhæfi hérlendis án þess að niðurstöðu þeirra mætti skjóta til efnismeðferðar hjá íslenskum stjórnvöldum eða íslenskum dómstólum sem hafa hingað til fjallað um þessi mál.

Löggjafarvald Alþingis er líka skert að því marki að það verður afgreiðslustofnun fyrir EES. Alþingi getur engu breytt og bara sagt já eða nei við framlögðum lagafrumvörpum sem eiga uppruna sinn hjá EB. Að því leyti sem efnislega löggjafarvaldið flyttist ekki út úr landinu mundi það færast í raun frá Alþingi til framkvæmdarvaldsins því að þátttaka íslenskra aðila og hinn svokallaði samráðsréttur við stofnanir EB, EFTA og EES yrði fyrst og fremst í höndum ríkisstjórnar og embættismanna.

Ég held því fram að valdaframsal til yfirþjóðlegra stofnana sé óheimilt að óbreyttri stjórnarskrá. Það leiðir af 1. gr. stjórnarskrárinnar og sögulegum aðdraganda hennar að Ísland er sjálfstætt og fullvalda ríki þar sem stjórnarfyrirkomulagið er lýðveldi og þingræði. Samkvæmt 2. gr. er ríkisvaldinu þrískipt á milli nánar tilgreindra aðila. Um þessa íslensku valdhafa sem fara með löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvaldið eru ákvæði í mörgum öðrum greinum stjórnarskrárinnar.

Framsal fullveldis í hendur yfirþjóðlegra stofnana er ekki bara undantekningaraðferð í þjóðaréttinum heldur í andstöðu við grundvöll íslenskrar stjórnskipunar. Þetta er framkvæmt í alvöru í aðeins einni alþjóðastofnun, þ.e. EB, og nú er stefnt að því sama í EES þó ekki yrði það í jafnmiklum mæli. Samanburður á þjóðréttarskuldbindingum sem Ísland hefur þegar gengist undir á yfirþjóðlegu skuldbindingum sem eru undirstaða EES leiðir í ljós grundvallarmun. Það breytir í engu þótt framsalið sé afmarkað við ákveðna málaflokka á viðskiptasviðinu. Stjórnarskrárathugasemdir eru ekki spurning um hvort menn eru með eða á móti EES-samningnum og öllum hans fylgiskjölum, heldur spurningin um að standa löglega að ákvörðunum um valdaframsal til yfirþjóðlegra stofnana. Það eru allir sammála um að innganga í EES er stórt og viðamikið mál sem leiðir af sér fjöldamargar breytingar á íslenskri þjóðfélagsskipan en það er valdaframsalið sem stangast greinilega á við núgildandi stjórnarskrá. Samkvæmt frv. til stjórnarskipunarlaga sem nú liggur fyrir Alþingi mundi valdaframsal af þessu tagi verða heimilað svo framarlega sem það nýtur stuðnings þriggja fjórðu hluta alþingismanna. Sams konar ákvæði eru í norsku stjórnarskránni.

Það er svo viðbótarspurning hvort við getum framselt yfirþjóðlegt löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvald til alþjóðastofnunar eins og EB sem við erum ekki aðili að. Í stofnanagrein þjóðréttarins yrði slík afhending algjört einsdæmi ef frá er talið nýlendueftirlit Þjóðabandalagsins og Sameinuðu þjóðanna. Þetta er kannski ekki meiri háttar álitamál í nágrannalöndum okkar sem eru að sækja um og búast við aðild að EB í náinni framtíð. Fyrir ríki sem ekki eru að sækja um aðild hljóta hins vegar fullveldis- og ríkishugtökin og það sem í þeim felst, ásamt viðeigandi stjórnarskrárfyrirmælum, að koma til skoðunar."

Þetta var grein dr. Guðmundar Alfreðssonar þjóð-

réttarfræðings í Heimsmynd, sem mér var að berast í hendur rétt áðan. Tel ég hana vera það góða að hún eigi erindi við hv. þm.

Ég get líka nefnt til sögunnar Björn Þ. Guðmundsson, prófessor í stjórnskipunarrétti, sem hefur komist að þeirri niðurstöðu eftir mikla yfirlegu, og m.a. kom fram á fundi í Borgartúni 6 fyrir nokkru, að hann teldi alveg ljóst að EES-samningurinn stríddi gegn íslenskri stjórnarskrá. Jafnframt hefur Ragnar Aðalsteinsson, formaður Lögmannafélags Íslands, látið í ljós þetta sama álit, m.a. birtist viðtal við hann í dagblaðinu Tímanum þann 9. júlí 1992 þar sem hann endar með því að segja orðrétt, með leyfi forseta:

„Í heildina tekið beiti ég meiri varkárni í mínum aðferðum sem lögmaður. Ég hef ekki sama léttleika í þessu og þeir." — Hann er að segja að hann sé ekki sammála því sem fram kemur í mati þessara svokallaðra sérfræðinga utanrrn.

Ég tel því varla vera nokkurn vafa á því að það valdaframsal sem felst í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði er alls ekki heimilt samkvæmt stjórnarskránni. Það frv. sem við ræðum er einmitt til þess fallið að taka af allan vafa um það og eyða þeim vafa sem upp hefur risið vegna stjórnskipulegs gildis EES-samningsins áður en Alþingi tekur samninginn til endanlegrar afgreiðslu.

Ég tel algjörlega óverjandi að einfaldur meiri hluti á Alþingi geti framselt ríkisvald eða lagt verulegar kvaðir á íslenskt landsvæði, landhelgi eða lofthelgi. Til þess að slíkt geti átt sér stað þarf annaðhvort að vera tryggt að umtalsverður meiri hluti alþingismanna sé því fylgjandi eða meiri hluti þjóðarinnar sem að mínu mati ætti að geta sagt álit sitt í almennri atkvæðagreiðslu. Við eðlilegar aðstæður ætti auðvitað aldrei að fara fram slíkt valdaafsal nema þjóðin væri spurð eins og við stjórnarandstæðingar lögðum til fyrir skömmu að þjóðin fengi að segja álit sitt á þessum samningi þar sem í honum felst verulegt valdaframsal og allir eru sammála um það. Líka fjórmenningaklíkan.

Því hefur verið haldið fram að með þessari breytingu á stjórnarskránni sé um að ræða heimild til verulegs valdaframsals sem sé miklu meira en núgildandi stjórnarskrá gefur. Það er alveg rétt að við reiknum með því að valdaframsal verði heimilt að einhverju takmörkuðu marki. Þ.e. þegar valdaframsalið er á mjög afmörkuðu sviði og takmarkað og afmarkað væri í einstaka tilvikum hægt að samþykkja það. Þeir sérfræðingar sem við höfum haft aðgang að telja að með slíkri breytingu sé hægt að samþykkja EES-samninginn en alls ekki að óbreyttri stjórnarskrá.

Það verður að teljast eðlilegt að mikilvægir samningar og samningar sem hafa verulegar breytingar í för með sér fyrir íslenska ríkisborgara byggist ekki á knöppum meiri hluta í Alþingi. Við getum tekið sem dæmi samning um fiskveiðheimildir í íslenskri lögsögu og kvaðir um landhelgi og fleira sem væri eðlilegt að mínu mati að aukinn meiri hluta þyrfti til að samþykkja.

Meginbreytingin í frv. og aðalatriði þess er þó að gert er skýrt hvernig með skuli fara ef gerðir eru samningar við önnur ríki sem fela í sér takmarkað og ákveðið framsal. Forsenda slíkra samninga er að Ísland og önnur samningsríki taki á sig sambærilegar og gagnkvæmar skuldbindingar og að Ísland eigi aðild að þeirri stofnun eða samtökum sem vald er framselt til og auðvitað að um mjög afmarkað framsal sé að ræða ef um það er að ræða.

Ég tek fram, eins og ég reyndar minntist á áður, að mjög margir halda því fram að til þess að lögfesta Mannréttindasáttmála Evrópu þurfi að breyta stjórnarskránni. Í raun sé annað ekki hægt. Það eru alla vega margir sem halda þessu fram.

Einhliða framsal ríkisvalds til annars ríkis er ævinlega óheimilt og óskilyrt framsal á ríkisvaldi til alþjóðastofnana er einnig óheimilt. Til að forseti Íslands geti staðfest slíkan samning þurfa þrír fjórðu hlutar þingmanna að samþykkja hann. Þessi fjöldi er til samræmis við 11. gr. stjórnarskrárinnar en þar er ákvæði um að þrjá fjórðu hluta þingmanna þurfi til að samþykkja að forseti verði leystur frá embætti áður en kjörtímabili hans lýkur. Miðað við núverandi fjölda þingmanna þyrfti 48 þingmenn til að samþykkja þetta. Ég tek það fram að t.d. eru ákvæði í sænsku stjórnarskránni um að það þurfi ⅚ hluta atkvæða þegar um svona valdaframsal er að ræða, en við töldum eðlilegt að taka frekar mið af ákvæðum norsku stjórnarskrárinnar sem og að í íslensku stjórnarskránni er á einum stað miðað við aukinn meiri hluta Alþingis.

Auðvitað er ekki hægt að breyta stjórnarskránni með þessu ákvæði. Henni er eingöngu hægt að breyta með þeim hætti sem kveður á um í 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Eins og ég sagði áðan hafa t.d. í Danmörku, Svíþjóð og Noregi verið gerðar breytingar á stjórnarskránni sem heimila ákveðið og afmarkað afsal ríkisvalds með samþykki aukins meiri hluta þjóðþinganna. Það hefur verið litið svo á þar að eldri ákvæði í stjórnarskrám þeirra um samninga við önnur ríki væru ekki lengur í samræmi við þá alþjóðlegu samvinnu sem nú tíðkast. Þar sem íslenska stjórnarskráin byggir á norrænum stjórnskipunarrétti má álykta að ekki sé síður þörf á breytingum í okkar stjórnarskrá en nágrannalandanna.

Ég tek það aftur fram að ég tel það ekki vera aðalrökin í málinu þó svo ég vilji líta til þess sem gildir á Norðurlöndunum.

Það er mat virtra lögfræðinga að EES-samningurinn samrýmist ekki stjórnarskránni. Ekki má efast um stjórnskipulegt gildi þeirra milliríkjasamninga sem Ísland gerir og því er brýn þörf á þeirri stjórnskipunarbreytingu sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég á erfitt með að skilja hvernig meiri hlutinn komst að því að það þyrfti ítarlega pólitíska umfjöllun áður en þingið gæti tekið afstöðu til þessa máls þegar við erum á sama tíma að fjalla um mjög viðamikið mál, þ.e. samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, sem við fáum allt of stuttan tíma til að ræða á Alþingi. Þar er um að ræða mjög stóran og mikinn milliríkjasamning. Þetta er ekki bara venjulegur viðskiptasamningur heldur hefur hann mjög veruleg áhrif

hér á landi. Ég mjög erfitt með að skilja að þetta frv. sem við ræðum þurfi mikillar umfjöllunar við áður en Alþingi getur tekið afstöðu til þess. Ég hefði talið að með sömu rökum hlyti samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði að þurfa ekki minni umfjöllunar við áður en þingið tekur afstöðu til hans en það er jafnvel talað um að lögfesta eigi þann samning fyrir áramót, sem ég hef í raun enga trú á að verði hægt.

Ég vona, virðulegur forseti, að frv. sem við ræðum verði tekið til afgreiðslu á þingi og að tillaga meiri hluta nefndarinnar um að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar verði felld og við getum greitt atkvæði um sjálft frv.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil endurtaka þá skoðun mína að frv. sem hér er til umræðu er óþarft vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Ég vil einnig láta þá skoðun koma í ljós að mér finnst mjög ósanngjarnt að vitna til orða dr. Gunnars G. Schrams sem hv. síðasti ræðumaður vissi ekki einu sinni hvenær voru flutt í útvarpi eða sjónvarpi, en taldi þó að það hefði verið einhvern tímann í ársbyrjun 1991 þegar þau mál stóðu allt öðruvísi en þegar lyktir málsins lágu fyrir. Ekki síst t.d. varðandi spurninguna um forúrskurði og aðra slíka þætti sem breyttust síðan eftir að málið var rætt nánar og kannað í samningaviðræðum.

Ég vil einnig minna á það 5. mars 1991 lýsti ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar því yfir að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið eins og hann stóð þá bryti ekki í bága við stjórnarskrána.

Það er einnig rangt hjá hv. þm. að það séu mjög margir lögfræðingar sem telji að það mundi brjóta í bága við íslensku stjórnarskrána að lögfesta Mannréttindasáttmála Evrópu. Það er náttúrlega til marks um ónákvæmi ræðumannsins að það var eiginlega ógjörningur að átta sig á því hvort ræðumaður var að tala um Mannréttindasáttmála Evrópuráðsins eða Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Ég tel þó að ræðumaður hafi átt við Mannréttindasáttmála Evrópuráðsins og það er alrangt að fullyrða að mjög margir lögfræðingar telji að lögfesting hans mundi brjóta í bága við stjórnarskrána. Hið gagnstæða er rétt. Þeir eru sárafáir ef nokkrir sem telja að það mundi brjóta í bága við stjórnarskrána.

Varðandi það að Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður hafi lýst því yfir að hann teldi samninginn um EES brjóta í bága við stjórnarskrána þá er það einnig rangt. Hann hefur aldrei lýst því yfir. Hann hefur sagt að það kynni að vera vafi í málinu en hann hefur ekki lýst því yfir að hann telji að samningurinn brjóti í bága við stjórnarskrána.

Þarna hef ég talið upp fjögur atriði í ræðu hv. síðasta þingmanns sem eru beinlínis röng eða villandi, en ég fer ekki út í að ræða við hana um önnur lögfræðileg atriði eða skoðanir norrænna stjórnskipunarsérfræðinga á stjórnarskrám þeirra landa.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrst varðandi viðtal við Gunnar G. Schram, þá var það birt 8. jan. 1991 en það var ekki tekið upp þann dag vegna þess að þetta voru sex þættir um EES á sínum tíma, Ísland og Evrópa hétu þeir. Ég veit að fyrstu þættirnir voru um miðjan nóvember og þess vegna vissi ég ekki hvort viðtal við Gunnar G. Schram var tekið í nóvember eða akkúrat 8. jan. Mér finnst það frekar ótrúlegt þar sem þetta voru þættir, en þetta viðtal birtist í þætti 8. jan. 1991. Að vísu var viðtal við Gunnar G. Schram í fleiri þáttum en ég vitnaði ekki til þeirra.

Það hefur þá verið ónákvæmi hjá mér ef ég hef sagt að Ragnar Aðalsteinsson hefði talið að þetta bryti í bága við stjórnarskrána og biðst þá afsökunar á því. Ég vitnaði hins vegar í það sem hann sagði í Tímanum og hélt að ég hefði eingöngu gert það. Hann hefur sagt að það væri mjög mikill vafi að það stæðist stjórnarskrána. Það hefur hann sagt. Hann segir í viðtalinu í Tímanum þann 9. júlí 1992 um óvissu í mati sérfræðinganna, með leyfi forseta: „Þeirra niðurstaða er sú að um íþyngjandi valdaframsal sé að ræða en segja síðan eftir að hafa beitt huglægu mati að þetta framsal sé ekki svo verulegt eða íþyngjandi í svo ríkum mæli að það sé brot á stjórnarskránni.“ — Síðar segir hann: „Þannig að niðurstaða þeirra er í raun ekki byggð á mjög traustum forsendum og í meginatriðum er hún byggð á huglægu mati. Þeir gefa sér ákveðnar forsendur sem þeir eru óvissir um sjálfir.“

Síðan segir hann að lokum það sem ég vitnaði síðan til: „Í heildina tekið beiti ég meiri varkárni í mínum aðferðum sem lögmaður. Ég hef ekki sama léttleika í þessu máli og þeir.“ — Þetta var það sem ég vitnaði fyrst og fremst til.

Því miður, virðulegi forseti, hef ég ekki tíma til að svara fleiri atriðum en ég hef kannski tækifæri til þess síðar í umræðunni.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 15. þm. Reykv. varði allmiklum tíma ræðu sinnar í að tengja það mál sem hér er til umræðu við EES-samninginn og fer þar að hluta til eftir þeirri leið sem valin hefur verið í nál. minni hluta stjórnarskrárnefndar, en þar segir m.a.:

„Það er mat minni hluta nefndarinnar að ekki sé heimilt að óbreyttri stjórnarskrá að framselja íslenskt ríkisvald í þeim mæli sem gert er ráð fyrir í EES-samningnum.“ — Enn fremur segir þar, með leyfi forseta: „Minni hluti nefndarinnar styður því það markmið frv. að sett verði ákvæði í stjórnarskrána um hvernig með skuli fara ef gerðir eru samningar við önnur ríki sem fela í sér ákveðið og afmarkað framsal á ríkisvaldi.“

Þá kemur mín spurning til hv. 15. þm. Reykv.: Telur þingmaðurinn að með samþykkt frv. sé hægt að samþykkja EES-samninginn, þ.e. með auknum meiri hluta Alþingis?

Hin spurningin er þessi: Yrði frv. að lögum væri það þá forsenda fyrir lögfestingu milliríkjasamninga um úrlausnir og ákvarðanir erlendra dómstóla eða yfirvalda sem aðfararheimild fá hér á landi?

Sem sagt tvíþætt spurning til nánari glöggvunar á ræðu þingmannsins.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka fram sem rétt er að ég tengdi þetta við EES-samninginn sem fleiri hafa gert á undan mér og m.a. hv. frsm. meiri hluta nefndarinnar. Ég tel að ef frv. yrði samþykkt væri hægt að samþykkja samninginn um Evrópskt efnahagssvæði með meirihlutasamþykkt á Alþingi, þ.e. með ¾ hlutum atkvæða. En ég tek fram að ég tel það ekki nægilegt til að gerast aðili að EB, ef það skýrir eitthvað fyrir þingmanninum, því ég tel miklu meira felast í því. Það gæti hugsanlega verið túlkunaratriði en þetta er bara mín túlkun á því atriði.

Ég verð að geyma mér hina spurninguna. Ég man ekki nógu vel um hvað hún fjallaði.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að þingmaðurinn áréttaði að hann teldi að það væri hægt að samþykkja EES-samninginn með auknum meiri hluta Alþingis ef frv. yrði að lögum. En samt sem áður kemur það fram í málflutningi hans sjálfs og þeirra sem standa að nál. minni hluta stjórnarskrárnefndar að það sé fólgið stjórnarskrárbrot í EES-samninginum. Í nál. kemur fram að stjórnarskránni sé aðeins hægt að breyta með þeim hætti sem kveður á um í 79. gr. Þá nægir að sjálfsögðu ekki þetta frv. eins og það er heldur þyrfti að ráðast í frekari stjórnarskrárbreytingu. Mér finnst þetta þess vegna ekki ganga alveg upp hjá þingmanninum.

Ég vil einnig endurtaka spurningu mína. Ég spurði hvort líta mætti á þetta frv., ef að lögum yrði, sem forsendu fyrir því að við mættum lögfesta milliríkjasamninga um úrlausnir og ákvarðanir erlendra dómstóla eða yfirvalda sem aðfararheimild fá hér á landi.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Með það síðasta þá tel ég ekki svo vera. Hins vegar treysti ég því ekki að ég geti svarað því óyggjandi að það mundi verða hægt. Ég tel svo ekki vera.

Varðandi fyrra atriðið sem þingmaðurinn nefndi þá teljum við að það sé hægt að samþykkja EES-samning með breyttri stjórnarskrá en ekki óbreyttri. Ég tel að 21. gr. stjórnarskrárinnar heimili ekki valdaframsal. En í EES-samningnum er fólgið ferulegt valdaframsal sem ekki er heimilt. (**Gripið fram í:** Heimilar einhver önnur grein stjórnarskrárinnar valdaframsal?) Nei, það er ekki heimilt að framselja vald samkvæmt stjórnarskránni. En með því að breyta 21. gr. stjórnarskrárinnar væri hægt að framselja vald á mjög takmörkuðu og afmörkuðu sviði til stofnana eða samtaka sem Ísland væri aðili að.

Útbýting þingskjala:

Flutningur á rekstri grunnskóla til sveitarfélaga, 270. mál, fsp. AKS, þskj. 364.

Námsgagnastofnun, 271. mál. fsp. AKS og SvG, þskj. 365.

Ragnar Arnalds:

Virðulegur forseti. Að sjálfsögðu þarf ekki að taka það fram að tilefni að flutningi þessa frv. er samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði og það framsal valds sem í honum felst. Í orðaskiptum sem hér urðu rétt í þessu spurði hv. 5. þm. Norðurl. e., Tómas Ingi Olrich, hvort ekki fælist einhver mótsögn í því að með þessu frv. væri verið að veita heimild til framsals, en samt sem áður væri ekki um stjórnarskrárbreytingu að ræða. Ég vil taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. sem svaraði þessari spurningu áðan og sem talaði næstur á undan mér, 15. þm. Reykv., Kristínu Einarsdóttur, þar sem hún sagði að þessi breyting opnar fyrir að hægt sé að framselja vald til alþjóðlegrar stofnunar á takmörkuðu sviði en hún hefði kannski mátt bæta við „svo fremi að framsalið brjóti ekki í bága við önnur ákvæði stjórnarskrárinnar þannig að það þurfi að breyta þeim sérstaklega". (**TIO:** Hvaðar ákvæði, hv. þm.?) T.d. ákvæði 2. gr. eða ákvæðið um Alþingi eða ákvæðið ...(**TIO:** Gerir það það?) Nei, það gerir það ekki. Við verðum að gera greinarmun á því að í sumum tilvikum geta verið gerðir samningar sem brjóta í bága við bæði anda stjórnarskrárinnar og einstakar greinar. En það er hægt að fallast á það með auknum meiri hluta að slíkir samningar séu gerðir vegna þess að það er ekki ætlunin að breyta viðkomandi ákvæðum formlega. Aftur á móti er svo hægt að gera samninga sem fela það í sér að um brot á stjórnarskránni er að ræða vegna þess einfaldlega að það er eitthvert ákvæði í samningnum sem er þess eðlis að það yrði að koma nýtt sérstakt stjórnarskrárákvæði inn í stjórnarskrána þess vegna. Á þessu tvennu er meginmunur. Við erum í raun og veru að tala um fyrra tilvikið, að það sé um að ræða framsal á valdi sem ekki samrýmist anda stjórnarskrárinnar og innihaldi en felur hins vegar ekki beinlínis í sér að það þurfi að breyta orðalagi einstakra greina stjórnarskrárinnar.

En vegna þess að við erum að tala um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði þá held ég að það væri rétt að átta sig á því hvað er fram undan í þeim efnum. Ég held að það sé fullkomlega rökrétt hjá forseta Alþingis að taka þetta mál til meðferðar og afgreiða það vegna þess að það er sjónarmið í þinginu og víðar í þjóðfélaginu, m.a. meðal lærðustu sérfræðinga, að ekki sé unnt að fjalla um EES-samninginn á stjórnskipulegan hátt nema stjórnarskránni sé fyrst breytt á þennan hátt. Þess vegna er rökrétt að afgreiða þetta mál fyrst og taka svo samninginn sjálfan til meðferðar síðar.

Það hefur verið upplýst að von sé á nál. í næstu viku frá hv. utanrmn. og væntanlega gæti 2. umr. um frv. til staðfestingar á samningnum um Evrópskt efnahagssvæði farið fram nk. fimmtudag, 3. des. Nú stendur svo á að tveim dögum seinna á að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla í Sviss. Skoðanakannanir hafa upplýst að sennilega verður samningurinn felldur í Sviss. Það er að vísu ekkert öruggt í þeim efnum fyrr en atkvæðagreiðslan hefur farið fram og þarf ekki að upp-

lýsa neinn um að auðvitað verður að spyrja að leikslokum. Hins vegar eru taldar verulegar líkur á að svo geti farið. Mér virðist á öllu að ef samningurinn verður felldur í Sviss þá sé gjörsamlega þýðingarlaust að halda áfram þinglegri meðferð þessa máls á hv. Alþingi. Því ef svo fer er ekki aðeins að fella verði út úr samningnum öll þau ákvæði sem snúa að ríkinu Sviss heldur þarf líka að breyta stofnunum sem samningurinn fjallar um, t.d. eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólnum. Þá verður hvorki um þessa eftirlitsstofnun né EFTA-dómstólinn að ræða. Það verða einhverjar allt aðrar stofnanir sem koma til sögunnar og EFTA verður þá alls ekki aðili að málinu. Ekkert um að ræða að EFTA tali einum rómi o.s.frv. eins og kveðið er á um í samningnum. En ekki nóg með það heldur er líka um það að ræða að til verður nýr samningur vegna þess að þarna yrði um að ræða samning sem gerður er milli annarra aðila en upphaflega stóðu að honum. Þegar slíkt gerist er ekki bara verið að semja um breytingar á samningi sem aðilar hafa gert, því þá mætti gera það með viðaukasamningi, heldur er hreinlega um að ræða að samningurinn er gerður milli annarra aðila en upphaflega var. Þá segir það sig nokkuð sjálft að eldri samningurinn er orðinn núll og nix. Það verður að gera nýjan samning, leggja síðan fram ný frv. í öllum aðildarríkjum EFTA og í öllum aðildarríkjum Evrópubandalagsins og á þingi Evrópubandalagsins og þau frv. þurfa að fá alveg nýja meðferð.

Að þessu athuguðu held ég að það væri hrein tímaeyðsla og ekkert annað að ætla sér að fara að eyða lunganum úr næstu viku í að fjalla um þennan samning miðað við allt það gífurlega annríki sem er á Alþingi ef hugsanlegt er að eftir aðeins níu daga sé þessi samningur orðinn núll og nix og allt sem hér hefur verið gert hvað hann varðar. (**Gripið fram í:** Tímasóun.) Tímasóun vegna þess að málið yrði að koma hér fyrir á nýjan leik. Ég óskaði eftir því við hæstv. utanrrh., sem var hér fyrr í dag, að hann svaraði spurningu minni um það hvort þetta væri ekki rétt skilið því ég held að það hljóti að vera mjög upplýsandi fyrir þingheim allan og alveg sérstaklega fyrir utanrmn. hvort það er raunhæft að vera að halda áfram þinglegri meðferð úr því að svo fáir dagar eru þangað til þjóðaratkvæðagreiðslan í Sviss á að fara fram en annríki aftur á móti gríðarlegt og við á eftir áætlun með ýmsa hluti eins og fjárlagafrv., skattamál og annað þess háttar. Hann lofaðist til að svara þessari spurningu hér og upplýsa okkur um stöðu þessa máls. Hann varð hins vegar að fara og mun hafa beðið hæstv. heilbrrh. að svara þessari spurningu fyrir sig og vona ég að það verði gert á eftir.

Ég ræddi áðan um framsal valds. Það framsal valds sem um er að ræða í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði er einkum og sér í lagi framsal valds til eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins. Hins vegar er alveg sérstaklega athyglisvert í sambandi við umræður um þetta framsal valds að stuðningsmenn samningsins skiptast í tvo hópa í afstöðu sinni til þess. Þannig er það að allir löglærðir menn að undanteknum formanni samninganefndarinnar, Hannesi Hafstein sendiherra, sem stuðningsmenn samningsins hafa vitnað til og leitað til sér til halds og trausts viðurkenna opinskátt og áreynslulaust að um sé að ræða framsal valds í þessu tilviki. Við umræður í nefndum um þetta mál dettur ekki nokkrum manni í hug að halda öðru fram en að um framsal valds sé að ræða. Þegar svo kemur í þingsalinn koma pólitíkusarnir, hæstv. forsrh., hæstv. utanrrh., formaður utanrmn. o.fl., og halda hinu gagnstæða fram með því að segja að ekki sé um neitt framsal valds að ræða.

Þetta er slíkur tvískinnungur og ótrúleg meðferð á staðreyndum málsins að maður skyldi halda að menn í svo virðulegum stöðum leyfðu sér ekki slíkt á opinberum vettvangi. En svo djúpt eru menn sokknir hér á landi í umfjöllun um þetta mál að þeir leita til lögfræðinga og lærðustu manna, fá umsagnir þeirra um málið þar sem þeir komast að niðurstöðu um að frá þeirra sjónarmiði séð sé ekki um stjórnarskrárbrot að ræða en falsa samt niðurstöðuna að því leyti að þeir neita að láta það fylgja með að um sé að ræða framsal valds.

Ég þarf ekki að rekja skoðanir Guðmundar Alfreðssonar, eins lærðasta þjóðréttarfræðings sem þjóðin á um þessar mundir, og sem hefur gert ítarlega grein fyrir þeirri skoðun sinni að um sé að ræða stjórnarskrárbrot í þessu tilviki og það meira að segja margfalt. Það er rétt að láta það koma hér fram að á sameiginlegum fundi stjórnarskrárnefndar og utanrmn. þar sem Guðmundur Alfreðsson var mættur ítrekaði hann sjónarmið sín enn frekar og gerði ágæta grein fyrir sínu máli. Sama gildir um prófessorinn í stjórnsýslurétti við Háskóla Íslands, Björn Þ. Guðmundsson. Nema hvað hann tók enn sterkar til orða á þessum sameiginlega fundi um það að um stjórnarskrárbrot væri að ræða en hann hafði gert í skriflegri álitsgerð sem hann sendi frá sér fyrr í haust og birt er með því frv. sem hér er til umræðu. Þar sagði hann að um mikinn vafa væri að ræða í þessu tilviki en á þessum fundi tók hann af skarið um að það væri eindregin skoðun sín að um stjórnarskrárbrot væri að ræða.

Það er líka mjög eftirtektarvert, sem margsinnis hefur komið fram í þessu máli, að í öllum hinum EFTA-ríkjunum hefur málsmeðferðinni verið hagað á þann veg að ótvírætt væri að ekki væri verið að brjóta stjórnarskrá viðkomandi ríkis. Eins og fram hefur komið fer fram í tveimur ríkjum þjóðaratkvæðagreiðsla í samræmi við stjórnarskrá viðkomandi ríkja. Í þremur ríkjum er krafist aukins meiri hluta við samþykkt samningsins, þ.e. í Noregi, Finnlandi og Austurríki. Aftur á móti skal það viðurkennt að í einu öðru ríki en á Íslandi hefur orðið deila um það hvort beita eigi ákvæði stjórnarskrár um aukinn meiri hluta í þessu tilviki. Þar hafa valdamenn haldið því fram með svipuðum hætti og hér að málið varði ekki stjórnarskrá. Því hefur aftur á móti verið mjög kröftuglega andmælt. Ég er að sjálfsögðu að tala um Svíþjóð. Hitt stendur eftir að fimm sjöttu hlutar sænska þingsins greiddu málinu atkvæði þannig að þessu stjórnarskrárákvæði var í raun fullnægt þar og þurfti þar af leiðandi ekki að deila um það hvora skoðunina sem menn höfðu. Hér aftur á

móti er þessu ekki að heilsa. Í öllum hinum ríkjunum hafa menn tryggt sig í bak og fyrir að þeir séu ekki að brjóta stjórnarskrá viðkomandi ríkja hvort sem það eru deilur í viðkomandi ríkjum um efni stjórnarskrárinnar eða ekki. En hér ganga menn bara beint af augum og hirða ekkert um það þó málið sé verulegt ágreiningsmál.

Ég held að ekki þurfi að segja það neitt frekar að málsmeðferð annarra EFTA-ríkja er að sjálfsögðu mjög sterk vísbending fyrir okkur Íslendinga, sem búum við hliðstætt stjórnarfar í meginatriðum og þessi ríki, að sjónarmið okkar sem teljum að málið varði íslensku stjórnarskrána sé réttara en hinna sem telja að horfa megi fram hjá stjórnarskrárákvæðum í þessu tilviki.

Að sjálfsögðu hefði verið æskilegt að unnin hefði verið fræðileg greinargerð um það hvernig íslenska stjórnarskráin kemur út í þessu máli miðað við stjórnarskrár annarra EFTA-ríkja og að við hefðum fengið samanburð á því hvaða ákvæði það eru í samningnum sem valda því að beitt er sérstökum ákvæðum í stjórnarskrá hinna EFTA-ríkjanna og hver er munurinn á stöðu Íslands og annarra ríkja í þessu samhengi. Þessi úttekt hefur því miður ekki verið gerð og liggur ekki fyrir í málinu en hefði verið mjög æskileg. Ég hjó hins vegar eftir því á þessum sameiginlega fundi utanrmn. og stjórnarskrárnefndar að prófessor Björn Þ. Guðmundsson benti á að á hinum Norðurlöndunum hefði hvergi heyrst sú tilraun til röksemdar að Norðurlandasamningar um innheimtu og fullnustu dóma í barnsfaðernismálum gætu verið eitthvert fordæmi í þessu samhengi og sýndu að valdaframsal af þessu tagi hefði tíðkast og væri því ekkert nýtt.

Hann benti líka á að enn síður hefði nokkrum fræðimanni dottið í hug að vísa til Mannréttindadómstólsins í Strassborg máli sínu til stuðnings, enda væri auðvitað um svo óskyldar aðstæður að ræða að ekki væri á nokkurn hátt sambærilegt. Hann og Guðmundur Alfreðsson hafa sýnt fram á það með skýrum rökum hversu fráleitt er að telja þessi tilvik nokkur fordæmi í þessu samhengi.

Ég get svo tekið undir með þeim sem hafa bent á að um þetta mál hefði að sjálfsögðu þurft að fjalla miklu fyrr. Það hefði verið gott að fá ákvæði af þessu tagi inn í íslensku stjórnarskrána fyrir langalöngu og það hefði þurft að vera þar. Ég vil taka það fram að ekki er við mig að sakast í þeim efnum þó ég hafi lengi átt sæti í stjórnarskrárnefnd vegna þess að ég hef flutt frv. — hliðstætt því sem við erum að ræða um að aukinn meiri hluta þurfi til til framsals valds til fjölþjóðlegra stofnana — í þinginu hvað eftir annað, bæði á árunum 1964, 1965, 1966 og síðar og auk þess flutt um þetta tillögur í stjórnarskrárnefndinni. Málið kom til meðferðar stjórnarskrárnefndar þegar hún var að undirbúa álit sitt sem kom fram á árinu 1983 þegar nefndin var undir forsæti dr. Gunnars Thoroddsens. Þá var þetta talsvert rætt í nefndinni. Ég verð auðvitað að játa að frv. fékk ekki nægan stuðning þar og varð því að láta nægja að tillagan kæmi fram sem athugasemd við frv. þegar það var kynnt á Alþingi á árinu 1983. En þessi tillaga hefur verið til umræðu áður hvað eftir annað og í nákvæmlega sama samhengi og við erum að ræða nú vegna þess að þegar ég flutti þetta mál í fyrsta skipti á árinu 1965 var það í beinu framhaldi af umræðum sem þá áttu sér stað um hugsanlega aðild Íslands að Evrópubandalaginu og vegna þess að þá var einmitt verið að gera hliðstæðar breytingar á stjórnarskrám annarra Norðurlandaríkja. Nú eru ákvæði af þessu tagi komin inn í stjórnarskrár allra hinna Norðurlandanna.

Ég hjó eftir því þegar virtur lögfræðingur var spurður að því í sjónvarpsþætti ekki alls fyrir löngu hvað gerðist ef Hæstiréttur dæmdi að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði bryti í bága við stjórnarskrána að hann svaraði því á þann veg að það sem fyrst og fremst mundi gerast væri að fullnusta viðkomandi kröfu félli niður. Ef Hæstiréttur kæmist að þeirri niðurstöðu að krafa sem gerð væri í dómsmáli stæðist ekki vegna þess að samningurinn hefði ekki verið í samræmi við stjórnarskrána, þá félli sú krafa niður en ekki væri um það að ræða að samningurinn yrði ógildur af sjálfu sér.

Þetta er auðvitað alveg rétt svo langt það sem nær. Það sem gerist fyrst í stað er einfaldlega að viðkomandi mál tapast vegna þess að verjandi í slíku máli ber það fyrir sig að samningurinn brjóti í bága við stjórnarskrána. Það gerist ekkert annað í fyrstu hendi. En mér fannst að hann hefði átt að bæta því við að slíkur dómur mundi að sjálfsögðu fela það í sér að allir aðrir úrskurðir sem snerta Evrópska efnahagssvæðið mundu falla dauðir niður og það skapaðist mjög verulegt réttaróvissa og ringlulreið sem gerði samninginn um Evrópskt efnahagssvæði meira eða minna óframkvæmanlegan vegna þess að menn gætu alltaf borið fyrir sig í öllum málum sem upp kæmu og hann vörðuðu að málið hefði ekki verið samþykkt með stjórnskipulegum hætti. Ég held að það liggi í hlutarins eðli að það væri afar slæmt ef slík réttaróvissa skapaðist og auðvitað óviðunandi með öllu að eiga það í vændum að slíkt geti gerst.

Einmitt þess vegna er þetta frv. flutt. Þó við séum mörg hver sem stöndum að flutningi frv. eindregið andvíg samningnum um Evrópskt efnahagssvæði efnislega séð, þá viljum við með frv. fyrst og fremst tryggja að stjórnarskráin sé ekki brotin og að þingmenn hegði sér í fullu samræmi við það drengskaparheit sem þeir undirrituðu á sínum tíma um að virða stjórnarskrána. Það er í raun og veru alveg sama hvaða skoðun menn hafa á samningnum sem slíkum. Menn hljóta að reyna að sameinast um að láta slík stórslys ekki gerast. Þess vegna er þetta frv. flutt.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Þrír hv. alþm. hafa óskað eftir því að veita andsvar við ræðu síðasta ræðumanns. Verður þá að haga tímamörkum á þann veg að í fyrri umferð leyfist fullur tími eða 2 mínútur og í síðari umferð 1 mínúta. Sama gildir um hugsanleg svör hv. 3. þm. Norðurl. v.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er algerlega ósammála hv. 3.

þm. Norðurl. v. um að við eigum að framselja vald í þessu máli til Svisslendinga. Auðvitað eigum við að taka okkar ákvarðanir um það hvaða afstöðu við tökum til EES-málsins en við eigum ekki að framselja mál til Svisslendinga eins og hv. ræðumaður lagði til að gert yrði í þessu máli.

Ég tel að hv. ræðumaður hafi einnig farið með rangt mál þegar hann taldi að við höfum verið að falsa niðurstöður sérfræðinganefndar utanrrh. Hvernig í ósköpunum getur ræðumaður haldið slíku fram? Við höfum bent á þær niðurstöður en menn þurfa ekki að vera sammála þeim. Menn geta verið þeirrar skoðunar, eins og hann benti einnig á, að ekki sé verið að framselja vald með þessum samningi eða framselja vald, eins og þeir telja, sem brjóti ekki í bága við stjórnarskrána. Mér finnst því að ræðumaður seilist heldur langt þegar hann ásakar ráðherra, mig og aðra um að vera að falsa niðurstöður þessara sérfræðinga. Við höfum aldrei gert það og þau orð hans fá ekki staðist.

Þá finnst mér einnig mjög sérkennilegt að heyra að að hv. ræðumaður gaf til kynna í ræðu sinni að það væri í lagi að þrír fjórðu hlutar þingmanna brytu stjórnarskrána, að það ætti að sætta sig við það samkvæmt þessu frv. að þrír fjórðu hlutar þingmanna brytu stjórnarskrána. Það væri unnt að sætta sig við það og þeir gætu með því samþykkt aðild Íslands að alþjóðasamningum og síðan yrðu menn kannski að skoða það eftir á hvort breyta þyrfti að stjórnarskránni. Það væri mál sem menn yrðu að taka til athugunar eftir á og væntanlega þá 2. gr. stjórnarskrárinnar. Ég veit ekki hvaða greinar hann átti við. En mér þótti mjög sérkennilegt að heyra ræðumanninn gefa það til kynna að frv. gengi út á að heimila þremur fjórðu hlutum þingmanna að brjóta stjórnarskrána með valdaframsali.

Mér finnst því að þingmaðurinn þurfi að skýra þetta nánar því að þetta er ein af brotalömunum í þessum tillöguflutningi öllum sem mikið var rædd í stjórnarskrárnefnd.

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er það mjög mikil rangtúlkun á mínu máli að ég hafi orðað þetta þannig að með þessu frv. veittist þingmönnum heimild til þess með ¾ hlutum atkvæða að brjóta stjórnarskrána. Hann getur lesið það sem ég sagði á eftir þegar það verður komið á prent, en ég sagði það aldrei.

Ég sagði hins vegar að ef ekki þarf að breyta einstökum greinum stjórnarskrárinnar í kjölfar alþjóðasamnings sem samt sem áður fjallar um framsal valds þá mundu þrír fjórðu hlutar þingmanna duga til þess að slíkur samningur yrði gerður en án ákvæðisins hefði að sjálfsögðu verið um brot á stjórnarskránni að ræða. Þarna er verið að opna leið til þess að geta gert slíka samninga sem hafa í sér fólgið framsal á valdi með ¾ hlutum atkvæða. Þá dugar að sjálfsögðu slík samþykkt á Alþingi svo fremi að ekki þurfi að breyta einhverjum öðrum ákvæðum stjórnarskrárinnar sérstaklega.

Þetta minnir mig á það þegar þingmenn hafa talað um að þannig megi ekki setja lög sem brjóti lög. Stundum heyrir maður þetta á Alþingi. Auðvitað er það hinn mesti misskilningur. Það er ekkert hægt að brjóta lög með lögum. Það er verið að breyta lögum með lögum. Þarna er verið að opna fyrir það að túlka stjórnarskrána á ákveðinn veg án þess að gera formlega stjórnarskrárbreytingu. Það er sú stjórnarskrárbreyting sem í þessu frv. felst.

Að tala síðan um framsal valds til Svisslendinga er ekkert annað en útúrsnúningur. Ég var að stinga því að hv. meiri hluta Alþingis og ríkisstjórninni hvort ekki væru skynsamlegri vinnubrögð að doka við og sjá hver útkoman verður í Sviss þannig að við séum ekki að eyða tímanum til ónýtis.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er enn í vandræðum með það aö skilja þetta framsal á valdi sem hv. þm. er að heimila þremur fjórðu hlutum þingmanna. Hann segir í öðru orðinu að þessi aukni meiri hluti geti framselt íslenskt ríkisvald. Síðan er bætt við að hann geti það ekki nema stjórnarskránni sé breytt. Ég skil ekki hvernig þessi röksemdafærsla gengur upp. Annaðhvort hefur þessi aukni meiri hluti heimild til þess að framselja vald og þá þarf ekki að gera meira eða hann hefur ekki heimild til að gera alþjóðasamning sem framselur íslenskt vald og þá þarf að gera eitthvað meira og ef það er ekki gert, þá hlýtur hann að vera að brjóta í bága við stjórnarskrána.

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er dálítið erfitt að útskýra þetta mál fyrir hv. þm. En tökum bara sem dæmi að gerður væri samningur um það að vald Hæstaréttar væri flutt til Danmerkur eða einhvers annars ríkis. Þá væri um hvort tveggja að ræða: Það væri verið að framselja vald og það væri verið að brjóta tilteknar greinar í stjórnarskránni. Í slíku tilviki yrði að gera tvennt. Það yrði að samþykkja málið með ¾ hlutum atkvæða en það yrði líka að breyta stjórnarskránni með formlegum hætti og samþykkja tvisvar á Alþingi með kosningum á milli o.s.frv. Þetta er ákveðið tilvik.

Hitt er svo aftur allt annað tilvik eins og við stöndum núna frammi fyrir að ef opnað væri fyrir stjórnarskrárbreytingu af þessu tagi væri hægt að samþykkja samninginn vegna þess að ekki væri þörf á því að breyta neinu sérstöku ákvæði stjórnarskrárinnar að öðru leyti.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. eyddi fyrsta hluta ræðu sinnar í það að skýra nánar út málflutning hv. 15. þm. Reykv. í svari hennar við fyrirspurn minni. Í raun og veru var þessi nákvæma útskýring þingmannsin óþörf vegna þess að svar Kristínar Einarsdóttur var fullkomlega eðlilegt og skýrt. Hún sagði með öðrum orðum óbeint að eina stjórnarskrárbreytingin sem væri nauðsynleg vegna EES-samninganna væri breyting á 21. gr. og sú breyting sem á sér stað með þessu frv. nægði til þess að það væri hægt með auknum meiri hluta að samþykkja frv. um EES. Þetta sagði hún og það stendur eftir.

Þá kemur bara þessi spurning: Í öllum málflutningi hv. þm. sem hafa talað með frv. hefur það verið fullyrt að hér væri um valdaafsal að ræða. En 21. gr. stjórnarskrárinnar fjallar ekkert um það hver á að fara með valdið. Það er 2. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar um það. Samt er engin tilraun gerð til þess að breyta því stjórnarskrárákvæði. Þetta stenst því ekki. Skýringar þingmannanna ganga ekki upp nú frekar en áður. Þetta er enn jafnbotnlaust þrátt fyrir tilraunir þessara þingmanna til að skýra þetta.

Ég vil einnig taka það fram, af því að ég á tíma eftir, að mér þykir það svolítið skrýtið að hv. þm. Ragnar Arnalds hafi ekki flutt frv. sitt um aukinn meiri hluta þegar ætla mætti að að hans eigin áliti hefði verið full þörf á flytja það vorið 1991 þegar hans eigin flokkur sigldi fullum seglum inn í EES-samkomulag með víðtækara valdaafsal en nú er gert ráð fyrir.

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er algerlega sammála svari Kristínar Einarsdóttur áðan. Við erum algerlega sammála um málið að þessu leyti að ef búið væri að gera stjórnarskrárbreytingu eins og við erum hér að gera tillögu um, þá mundi það nægja að samningurinn væri síðan samþykktur með ¾ hlutum atkvæða. En það eru til önnur tilvik þar sem þyrfti að breyta sérstökum ákvæðum stjórnarskrárinnar. Það sem gerist við það að beitt er auknum meiri hluta er ósköp einfaldlega það að önnur ákvæði í stjórnarskránni, t.d. 2. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar um framkvæmdarvaldið, löggjafarvaldið og dómsvaldið, valda vandræðunum. Það er 2. gr. sem menn túlka á misjafnan veg. Sumir túlka greinina þannig að þeir segja á afgerandi hátt að ekki sé hægt að flytja vald til EFTA-dómstólsins vegna þess að eingöngu sé átt við dómendur sem íslenska dómara. Aðrir segja sem svo: Þetta orð getur líka þýtt erlendir dómarar. Um það snýst ágreiningurinn. Með því að opna fyrir að hægt sé að samþykkja samninginn samkvæmt 21. gr. með auknum meiri hluta er verið að túlka aðrar greinar stjórnarskrárinnar sem vafi leikur á um á þennan ákveðna veg án þess að breyta efni þeirra sérstaklega.

Ég vona að þetta skiljist. Það er um það að ræða að túlka saman 21. gr. og 2. gr.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi túlkun stenst engan veginn vegna þess að 2. gr. stjórnarskrárinnar er grundvallargrein og 21. gr. fjallar um hvernig alþjóðlegir samningar öðlast gildi. Ef menn líta svo á að í þessum samningi sé um að ræða afsal á því valdi sem skilgreint er í 2. gr., þá hljóta menn að gera breytingartillögu á 2. gr. ellegar er þessi málflutningur allur gersamlega tilgangslaus sem ég held að hann sé.

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu er þetta hreinn útúrsnúningur og kannski ekki svaraverður. En það er nákvæmlega þetta sem gerst hefur í nálægum löndum. Menn hafa sett inn í stjórnarskrána ákvæði sem opna fyrir það með auknum meiri hluta að einstök stjórnarskrárákvæði, samsvarandi ákvæði og 2. gr. er, séu túlkuð á þennan sérstaka máta. Í stað þess að breyta 2. gr. með því að segja að dómsvaldið sé hjá dómendum, þ.e. íslenskum dómurum og svo EFTA-stólnum, er hægt eftir að slík heimild hefur verið opnuð samkvæmt 21. gr. að túlka 2. gr. á annan hátt en áður hefur verið gert. Það er það sem er kjarninn í breytingunni.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar ekki að andmæla hv. þm. Ragnari Arnalds, a.m.k. ekki beint, heldur þvert á móti að undirstrika að hann fór rétt með það sem hann sagði í einu og öllu. Ég get metið það, og rakti raunar allítarlega hvernig málum væri gersamlega snúið við þegar væri verið að reyna að segja að einhverjir sérstakir lögfræðingar segðu að ekkert væri að marka í því sem við höfum haldið fram. Auðvitað hafa fjölmargir lögfræðingar sagt að þarna væri um stjórnarskrárbrot að ræða. Það er alveg augljóst. Ég er bara lítill hæstaréttarlögmaður en það er alveg augljóst að það er bullandi stjórnarskrárbrot og vísvitandi, verð ég að segja, því miður, ef EES-samningar verða samþykktir. Ég veit að íslenskir alþingismenn hugsa sitt mál vel og rækilega áður en þeir ganga til þess verknaðar. Við skulum vona að svo verði.

Ég vil sérstaklega þakka Kristínu Einarsdóttur fyrir það að vekja athygli á þessu viðtali Gunnars G. Schrams 8. jan. 1991. (**Forseti:** Má forseti benda hv. ræðumanni á að hann er hér í andsvari við ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. en ekki að ræða ræðu hv. 15. þm. Reykv.) Ég ætla að endurtaka að ég þakka hv. þm. fyrir það að vekja hér máls á þessu erindi Gunnars G. Schrams sem ég var satt að segja búinn að gleyma. Ef það er skoðað að síðan hann sagði þessi orð eru nærri því liðin tvö ár er enn merkilegra að rifja þau upp.

Útbýting þingskjals:

Vegáætlun 1992, 190. mál, nál. samgn., þskj. 367.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ekki veit ég hvað mikið er að marka það sem kemur frá einstökum forsetum og er dreift til þingmanna sem upplýsingar um það sem á að taka fyrir, en ég stóð í þeirri meiningu að hér ætti að fara fram atkvæðagreiðsla. Ég vissi ekki til þess að hér ætti að vera kvöldfundur. Ég undrast það nokkuð svo ekki sé meira sagt hvers vegna ekki er gert hlé á þessari umræðu og sú atkvæðagreiðsla látin fara fram sem talað var um, nema forsetar hafi tekið ákvörðun um að hætta við þá atkvæðagreiðslu og þeim upplýsingum hafi verið dreift til þingmanna. Ég tel það dálítið sérstætt ef staðið er í því að dreifa svona miðum til þingmann eins og gert var í þessu tilfelli ef ekki er hægt að taka neitt mark á þeim.

Í beinu framhaldi af þessu held ég að það sé hollt fyrir forseta þingsins að minnast þess að nú eru ekki svo ýkja margir þingdagar eftir til jóla. Ef svo fer að Svisslendingar fella samninginn, ekki það að Svisslendingar séu að taka ákvarðanir fyrir okkur Íslend-

inga eins og hér hefur komið fram, þá er þetta mál sem mestan tíma hefur tekið á þessu haustþingi út af borðinu í þeirri mynd sem það hefur verið rætt. Þess vegna undrast ég það hvers vegna ekki er reynt að koma áfram þeim stjfrv. sem stóð til að klára og þó sérstaklega einu frv. (Gripið fram í.) — Er atkvæðagreiðslan búin? (**Gripið fram í:** Já, já, um vextina og lánskjörin.) (**GHH:** Það er orðið að lögum.) Aldrei þessu vant gerast þau stórtíðindi hér að hv. þm. Geir H. Haarde grípur fram í, rýfur friðinn og fer með rétt mál eftir því sem þingheimur tjáir. Þá hefur mín athugasemd verið óþörf að öllu öðru leyti en því að af því að ég hef mikla trú á Svisslendingunum að þeir felli þetta, þá hefði ég talið að ekki sé nauðsyn að halda áfram kvöldfundi í það minnsta út af því máli sem hér er á dagskrá, því að það er margt sem við þurfum að ræða og greinilegt að stjórnarskrármálið nýtur ekki vinsælda af þeirri ástæðu einni að það þýðir alþingiskosningar ef það yrði samþykkt.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Hv. 2. þm. Vestf. hefur þegar áttað sig á því að athugasemd hans um atkvæðagreiðslu var óþörf. Ætlun forseta er að ljúka þeirri umræðu sem hér stendur um dagskrármálið.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Í fjarveru hæstv. utanrrh. vil ég gjarnan koma á framfæri þeim svörum sem hann hafði undirbúið að færa hv. 3. þm. Norðurl. v.

1. Spurningin um hvort Sviss sé líklegt til þess að fella samninginn. Utanrrn. telur á því minnkandi líkur þar sem skoðanakannanir sem framkvæmdar hafi verið í gær sýni vaxandi stuðning við samninginn.

2. Fari samt svo að Sviss felli samninginn hvað gerist þá? Þá gengur samningurinn ekki í gildi þar sem öll aðildarríkin 19 verða að hafa afhent fullgildingarskjöl fyrir árslok til þess að svo megi verða.

3. Hvert verður þá framhald málsins? Þá gerist það að hin ríkin 18 verða að meta stöðuna. Aðalatriðið í því mati er að sé til þess pólitískur vilji er nóg að orðið Sviss verði strikað út alls staðar þar sem það kemur fyrir í samningnum og samningurinn getur þá gengið í gildi svo breyttur.

4. Þarf þá að leggja samninginn svo breyttan fram aftur til samþykktar í heild sinni? Svarið við því er nei. Það er nóg að leggja fram þá viðauka sem við samninginn þyrfti að gera eftir slíka breytingu til samþykktar.

5. Hvað um hliðarsamninga við aðalsamning svo sem um dómstól og eftirlitsstofnun? Þar telur utanrrn. að sé um að ræða tvo möguleika: Í fyrsta lagi þann möguleika að Sviss segi sig úr EFTA og þá þarf engu að breyta þar um. Í öðru lagi: Segi Sviss sig ekki úr EFTA gerist það að dómstóllinn og eftirlitsstofnanirnar breytast í hliðarstofnanir EFTA og samkomulagið þar um stendur áfram fyrir sínu.

6. Þá hefur verið spurt: Hvað þá um hliðarsamninginn um umferð um Alpana? Sá samningur er tvíhliða samningur og hefur þegar verið staðfestur í þjóðaratkvæðagreiðslu í Sviss og sá samningur stendur.

7. Þá hefur einnig verið spurt: Hvað um þróunarsjóðinn staðfesti Sviss ekki EES-samninginn? Svarið við því er að þá getur tvennt gerst: Í fyrsta lagi stendur samningurinn án aðildar Svisslendinga og án greiðsluþátttöku þeirra. Eða ef Evrópubandalagið kynni að krefjast þess skipta hin EFTA-ríkin á milli sín hlut Sviss. Að mati utanrrn. eru litlar líkur á því þar sem flest hin EFTA-ríkin hafi hvort sem er sótt um beina aðild að Evrópubandalaginu og taki þar á sig þrefaldar til fjórfaldar þær greiðslur sem þarna er um að fjalla.

Það er því álit utanrrh. og utanrrn. að engin ástæða sé til annars en halda áfram umfjöllun um þennan samning með eðlilegum hætti.

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að taka að sér að svara þessum spurningum sem eru vissulega mjög mikilvægar. Ég held að það sé borin von að ímynda sér að Sviss muni segja sig úr EFTA þótt samningurinn yrði felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu. Vissulega væri það mjög einföld lausn fyrir þá sem sækja fastast að þessi samningur verði gerður en ég held að það liggi nokkuð í hlutarins eðli að Sviss vill áfram sitja í EFTA og þar af leiðandi er sá möguleiki ekki fyrir hendi. Ég held að það sé því alveg augljóst mál þegar menn skoða málið betur, ég er sannfærður um að utanrrn. hefur ekki skoðað þetta mál nægilega vel, að þegar saman fer að gera þarf bæði mjög margar breytingar á samningnum og strika Sviss út þar sem það ríki er nefnt og breyta þeim stofnunum sem eru burðarás í þessu væntanlega samstarfi og þar að auki verða nýir aðilar sem gera samninginn, ekki þeir sömu og áður, verði niðurstaðan sú að það þurfi að leggja fram nýjan samning í nýju frv. og láta málið fá nýja meðferð í þinginu. Af þessari ástæðu er að sjálfsögðu ekkert annað en tímaeyðsla að halda áfram með þau mál í þinginu.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Kannski eiga menn aldrei að svara spurningum í viðtengingarhætti, hvað ef o.s.frv. en engu að síður er gerð tilraun til þess að gera það hér. Í þessu svari var engum getum að því leitt að Sviss mundi segja sig úr EFTA þó svo að staðfesting á EES-samkomulagi yrði felld í þjóðaratkvæðagreiðslu þar. Það var aðeins verið að svara þeirri spurningu hvaða möguleikar eru uppi, ef svo fer, um framtíð þeirra hliðarsamninga um dómstól og eftirlitsstofnanir sem gerðir hafa verið til hliðar við aðalsamninginn. Eins og ég sagði í svari mínu áðan er um tvo möguleika að ræða. Annaðhvort þann möguleika að ef Sviss skyldi segja sig úr EFTA þarf engu að breyta eða hinn möguleikann að segi Sviss sig ekki úr EFTA, þá breytist dómstóllinn og eftirlitsstofnunin í hliðarstofnanir EFTA með aðild annarra EFTA-ríkja en Svisslendinga.

Ég ítreka að það er niðurstaða utanrrh. að engin

ástæða sé til að fresta þeirri umfjöllun um EES-samninginn sem fram fer á Alþingi án tillits til þess hvað mönnum þykir líklegt um örlög þessa samnings eftir þjóðaratkvæðagreiðslu í Sviss.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í þessu svari hæstv. heilbrrh. sem hann veitir fyrir hönd utanrrh. hafa gerst ekkert lítil tíðindi sem ég tel ástæðu til að menn taki eftir. Það er verið að gera því skóna af utanrrh. Íslands, sem, ég hygg tvívegis, hefur verið formaður EFTA-ráðsins á þeim tíma þar sem þessir samningar hafa verið til meðferðar á undirbúnings- og viðræðustigi, að til lausnar málinu geti það verið þarflegt að eitt EFTA-ríkið víki úr Fríverslunarsamtökum Evrópu. Það er beinlínis kominn hér upp beinn og formlegur þrýstingur af hálfu eins EFTA-ríkis að til þess að bjarga þessu máli fyrir horn, sem er til umræðu í þinginu og hefur verið staðfest af nokkrum EFTA-ríkjunum, verði tekinn upp þrýstingur á Sviss, eitt EFTA-ríkið, að það hypji sig úr samtökunum. Þetta eru kveðjurnar sem samstarfsaðilinn fær viku áður en gengið er til þjóðaratkvæðagreiðslu um málið í Sviss. Ég held að það sé gagnlegt fyrir svissnesku þjóðina að átta sig á þessari stöðu sem upp er komin a.m.k. hjá einu EFTA-ríki og mér kæmi ekki á óvart þó að samráð hefði verið haft við fleiri.

Síðan er því við að bæta að það er kannski ekki ástæða fyrir Íslendinga að flýta sér að staðfesta þennan samning á Alþingi óháð því hvað gerist í þjóðaratkvæðagreiðslu í Sviss þegar það liggur fyrir að 10 ríki Evrópubandalagsins hafa ekki haft fyrir því að staðfesta þennan samning enn. Í Hollandi er óvissa um það vegna formsatriða hvort það verður hægt fyrir áramót og í Frakklandi þarf að leita sérstakra afbrigða ef það á að gerast fyrir áramót og fullkomin óvissa um það enn hvort þau verða veitt.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í orðum mínum áðan felst enginn þrýstingur af einu eða neinu tagi í eina eða neina átt á Svisslendinga eða aðra samstarfsaðila okkar innan EFTA. Ekkert frekar en í því felst þrýstingur á svissnesku þjóðina og afstöðu hennar í þjóðaratkvæðagreiðslu þegar menn á Alþingi Íslendinga eru að gera því skóna að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar verði sú að samningurinn verði felldur. Ég lít ekki svo á að með slíku séu menn á Alþingi Íslendinga að reyna að hafa áhrif á afstöðu svissnesku þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Það er því engin merkileg yfirlýsing af Íslands hálfu fólgin í þeim orðum sem ég lét falla áðan. Ég var eingöngu að reyna að svara þeim spurningum sem hv. þm. Ragnar Arnalds beindi til mín, þ.e. hvað hugsanlega gæti gerst ef svo færi að samningurinn yrði ekki samþykktur í þjóðaratkvæðagreiðslu í Sviss sem utanrrn. telur ekki líklegt að gert verði. Utanrrn. telur ekki líklegt að samningurinn verði ekki staðfestur. Ég var aðeins að velta upp hugsanlegum möguleikum án þess að í þeim orðum fælist ein eða nein ábending til svissneskra stjórnvalda eða annarra um það hvernig þeim bæri að hegða sér í þessu máli. Ég vildi leiðrétta þetta.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er auðvitað miður að hæstv. utanrrh. er ekki viðstaddur. Hér er hins vegar talað í umboði hans og lesin upp skrifleg afstaða, ef ég hef tekið rétt eftir í upphafsræðu hæstv. ráðherra. Menn geta auðvitað velt því fyrir sér á þennan eða hinn háttinn hvað felst í því að koma fram með hugmyndir af því tagi sem hér var gert. Hvað segðu Íslendingar um það ef komnar væru upp raddir erlendis í þá veru að Ísland gæti tekið pokann sinn og sagt sig úr EFTA ef Alþingi Íslendinga þóknaðist ekki að samþykkja þennan samning eða íslensku þjóðinni ef hefði verið haft fyrir því að bera málið undir hana?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins ítreka að auðvitað leggur hv. þm. Hjörleifur Guttormsson mér ekki önnur orð í munn en þau sem ég hef sagt. Þau orð sem ég hef sagt standa fyrir sínu. Það sem ég sagði er alveg ljóst og skýrt. Ég var að svara spurningum hv. þm. Ragnars Arnalds.

Ég sé ekkert óeðlilegt við það þó svo að einhverjar aðrar þjóðir eða þingmenn einhverra annarra þjóða mundu leyfa sér að velta fyrir sér möguleikunum af því hvað kynni að gerast ef t.d. Alþingi Íslendinga staðfesti ekki samninginn. Þó að einhverjir þingmenn annarra þjóðríkja velti því fyrir sér tel ég að þeir væru ekki að reyna að hafa áhrif á Íslendinga eða hvað íslenska þjóðþingið gerði. Mér finnst mjög eðlilegt að menn velti svona hlutum fyrir sér. Mér fannst spurning hv. þm. Ragnars Arnalds mjög eðlileg og ég varð ekki var við annað en hv. þm. þætti þau svör sem ég gaf við spurningu hans eðlileg svör við þeim spurningum sem hann bar fram. Ég ítreka að ekki á að leggja aðrar merkingar í orð manna hér á Alþingi en þær merkingar sem orðunum fylgja.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég átta mig ekki á því með hvaða hætti menn ætla að standa hér að þingstörfum. Það er aldeilis óvenjulegt að fara að keyra áfram þingfund á kvöldmatartíma. Mér kom ekki til hugar að svo væri og ég beini því eindregið til forseta að gert verði eðlilegt og venjulegt hlé á þingfundi.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Hv. þm. hefur réttilega sagt frá því að hann hefur beint því til mín hvort ekki yrði gert hlé á þingfundi. Sá forseti, sem nú er í forsetastól, lét bera það undir forseta þingsins hvort samningar hefðu verið gerðir um fundahaldið og fékk þau svör að samið hefði verið um það að umræðan héldi áfram þangað til henni yrði lokið. Ég veit ekki um annað en að þessir samningar hafi verið gerðir og að þá ber að virða.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Eitt er það að sjálfsögðu að talað sé um að ljúka umræðu, þá samninga þekki ég ekki. Hitt er það að haga hér störfum, ég vil segja að siðaðra manna hætti og gera hefðbundið hlé á þingfundi þó svo hann haldi áfram að kvöldmatarhléi loknu. Það eru eindregin tilmæli mín til forseta að það verði gert. Ég skil ekki hvaða kostum ég á að sæta að tala nánast á fastandi maga um þetta mikilsverða mál.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti telur eðlilegt að verða við þeirri ósk sem fram hefur verið borin og verður gert hlé á fundinum til kl. 8.30. — [Fundarhlé.]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þá er að halda hér áfram þar sem frá var horfið fyrir kvöldmatinn til að ræða þetta mikilsverða mál sem er til umræðu, frv. til laga um breytingar á stjórnarskrá og fleiri þætti sem snúa að því máli og tengjast því.

Ég ætla í upphafi að fara yfir viss atriði sem tengjast málinu en það er fullljóst að tilefni þess frv. sem hér er rætt og beggja þeirra frumvarpa sem varða breytingar á stjórnarskránni, sem eru á dagskrá þessa fundar, er samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði. Ég efast um að þessar tillögur báðar væru fram komnar til breytinga á stjórnarskránni nema í tilefni samningsins sem liggur fyrir Alþingi þó svo að ýmsum þingmönnum hafi meira en komið til hugar að flytja frv. um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins með það í huga að að því kynni að draga að Ísland stæði frammi fyrir því að gera alþjóðlega samninga sem samræmdust ekki stjórnarskránni óbreyttri eða þar sem rétt væri að áskilja aukinn meiri hluta alþingismanna til að meta hvort rétt væri að framselja vald sem lægi ekki í augum uppi að heimildir væru fyrir eða væri a.m.k. matsatriði hvort stæðust ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar.

Ég tel mig í hópi þeirra sem áttuðu sig á því mjög fljótt eftir að þetta mál kom til umræðu og meðferðar á árinu 1989 að verið væri að leggja upp í ferð sem væri mjög tvísýn að því er varðaði íslenska stjórnskipun. Ég vil rekja það í nokkrum atriðum hvernig þetta bar að og með hvaða hætti ég túlkaði mál í því sambandi vegna þess að það segir líka nokkra sögu um það hvernig þetta mál þróaðist. Ég vil í byrjun koma að upphafinu í mars 1989 þegar íslensk stjórnvöld ákváðu að taka upp könnunarviðræður um hugsanlegar samningaviðræður um Evrópskt efnahagssvæði sem var þá til umræðu á vegum EFTA í samvinnu við Evrópubandalagið.

Ég hef oft áður minnt á það hvar rætur þessa máls liggja pólitískt séð og með hvaða hætti aðdragandinn var. Ýmis atriði hafa ekki verið fyrirferðarmikil í umræðunni en liggja nokkuð skýrt fyrir hverjir það voru sem knúðu á um samning með þessum hætti og ætla ég ekki að endurtaka það af tilefni þessa þingmáls.

Í sameinuðu Alþingi 9. mars 1989 fór fram umræða utan dagskrár að frumkvæði hv. þm. Kristínar Einarsdóttur vegna undirbúnings þessa máls, aðdraganda þessa máls. Í þeirri umræðu svaraði hæstv. páv. forsrh. fyrir ríkisstjórnina og lýsti því m.a. yfir í sameinuðu þingi að Íslendingar mundu ekki fallast á neinar yfirþjóðlegar stofnanir eða neitt slíkt eins og það var orðað af hálfu hæstv. páv. forsrh. Síðan rakti hann hugmyndir sínar um fyrirvara af Íslands hálfu sem hann felldi inn í ræðu sína við upphaf leiðtogafundar EFTA-ríkjanna í Ósló 14. eða 15. mars en þá tvo daga stóðu þessi fundahöld ef ég man það rétt. Í utanrmn. þessa daga, þann 13. mars, daginn fyrir upphaf fundarins í Ósló, var farið yfir efnið og þar færði ég alllanga yfirlýsingu af minni hálfu til bókar vegna þessa máls og ætla ekki að fara yfir hana hér, en aðeins vitna til lítils þáttar í yfirlýsingunni. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ég tel þá fyrirvara sem forsrh. hefur lýst af sinni hálfu varðandi þetta mál vera réttmæta og nauðsynlega“ en forsrh. var viðstaddur á þessum fundi utanrmn. ef ég man rétt. „Á fundi hans með Evrópustefnunefnd lýsti ég þeirri skoðun minni að ég teldi að forsrh. ætti ekki að ljá nafn sitt við þau drög að yfirlýsingu Óslóarfundarins sem þar voru kynnt. Ég er enn þeirrar sömu skoðunar og tel raunar að þeir fyrirvarar sem forsrh. hefur kynnt á Alþingi og í Evrópustefnunefnd jafngildi því að Ísland sé ekki aðili að yfirlýsingu fundarins verði hún í meginatriðum svipuð og í drögunum sem dagsett voru 7. mars 1989.“

Það sem verið er að segja með þessari bókun er það mat mitt á þessum tíma að það væri ekki samræmanlegt yfirlýsing forsrh. um enga yfirþjóðlega stofnun eða neitt slíkt og hins vegar sá texti sem lá fyrir í drögum í aðdraganda fundarins í Ósló. Þess vegna jafngilti yfirlýsing hæstv. páv. forsrh. á þeim vettvangi sem ég vitnaði til því að hann gæti ekki orðið aðili að Óslóaryfirlýsingunni. Mat mitt byggði m.a. á því hversu mjög væri gengið nærri íslenskri stjórnskipun í sambandi við þetta mál, augsýnilega eins og það var lagt fyrir strax við upphaf þessa ferils. Það er á grundvelli þess sem ég túlkaði mitt mál, bæði á vettvangi þingflokks míns og eins hér á Alþingi á þeim mánuðum sem fylgdu.

Hinn 1. nóv. 1989 skrifaði ég grein í Þjóðviljann þar sem ég beindi sérstaklega orðum mínum til utanrrh. sérstaklega en fyrirsögn greinarinnar var „Utanríkisráðherra í háloftunum.“ Í þeirri grein sagði ég m.a., með leyfi forseta:

„Því er haldið fram, m.a. af Jóni utanrrh., að EFTA eigi að mynda aðra af tveimur meginstoðum Evrópsks efnahagssvæðis en EB sé hin stoðin. Hvaða veigur ætli verði í þeirri byggingu eftir að helmingur EFTA-ríkjanna (Austurríki, Svíþjóð og Noregur) verður búinn að sækja formlega um aðild að EB? Mér sýnist að það evrópska efnahagssvæði sem formaður Alþfl. reynir að telja mönnum trú um að sé í fæðingu sé aðeins dulnefni á útvíkkuðu Evrópubandalagi.

Þá er það staðhæfing utanrrh. þess efnis að sá viðamikli milliríkjasamningur sem hann sér fyrir sér að verði gerður milli EFTA og EB um Evrópskt efna-

hagssvæði feli ekki í sér „yfirþjóðlegt vald", þ.e. valdaafsal af Íslands hálfu.

Af margra hálfu, m.a. forsrh. Íslands, hefur það verið tekið skýrt fram að ekkert slíkt valdaafsal komi til greina á grundvelli Óslóaryfirlýsingarinnar. Á þessu sviði lenda menn hins vegar fljótt í erfiðleikum með skilgreiningar. Áskorun Evrópubandalagsins sem Jacques Delors bar fram við EFTA í ræðu sinni 17. janúar 1989 fól ekki síst í sér að EFTA-ríkin og EB kæmu á kerfisbundnara samstarfi með sameiginlegri ákvarðanatöku og stjórnarstofnunum.

Sérstakur hópur embættismanna innan EFTA hefur verið að glíma við þennan þátt mála mánuðum saman" ég minni á að þetta er skrifað í október, birt 1. nóvember, „en enn ekki fundið frambærilegar lausnir. Krafa EB er m.a. um það að EFTA-ríkin komi fram sem einn aðili, „tali einni röddu" í samskiptum við stofnanir Evrópubandalagsins. EFTA-talsmenn leggja áherslu á að komið verði á sameiginlegu kerfi til ákvarðanatöku þannig að EFTA verði ekki ósjálfbjarga leiksoppur í höndum framkvæmdastjórnar EB. Utanrrh. segir að lausn fáist ekki á þessu máli fyrr en í formlegum samningaviðræðum og þeir kostir sem menn standi frammi fyrir komi þá fyrst í ljós.

Hér er ekkert smámál á ferðinni. Sá „viðamikli heildarsamningur"", og það er tilvitnun í blaðagrein má ég segja ráðherrans, „með lagagildi sem utanrrh. talar um mun í fjölmörgum veigamiklum atriðum binda hendur Íslendinga og þrengja svigrúm Alþingis sem löggjafarvalds. Þannig hafa embættismenn verið að grufla yfir hvernig koma megi í veg fyrir að þjóðþing aðildarríkja að slíkum samningi setji löggjöf sem stangist á við ákvæði hans. Í því sambandi hafa komið fram hugmyndir um sérstaka stofnun sem kanni fyrir fram öll frumvörp og tillögur. Annar kostur sem rætt hefur verið um er sérstakur dómstóll sem gæfi álit sem væri bindandi gagnvart íslenksum dómstólum. Þar rekast menn hins vegar á stjórnarskrána og hið yfirþjóðlega blasir við á helst til áberandi hátt. Það er nánast orðaleikur að reyna að kalla þessar hugmyndir öðru nafni eða eins og segir í vísunni:

Vakri-Skjóni hann skal heita,
honum mun ég nafnið veita
þó að meri það sé brún.

Hér blasir við hið yfirþjóðlega vald við hvert fótmál. Þingmenn þurfa von bráðar að svara því hvort þeir ætla að veita utanrrh. umboð til samninga þar sem stefnt er að því að hefta svigrúm Alþingis til lagasetningar á mörgum sviðum."

Tilvitnun í þessa grein lýkur og ég er hér að vitna til hennar til þess að minna menn á stöðuna eins og hún var í þessu máli fyrir þremur árum í vetrarbyrjun 1989 og þá þegar er ég að leitast við að benda mönnum á til hvers þetta leiðir, hverju menn muni standa frammi fyrir ef þarna yrði gerður samningur á þeim grundvelli sem þarna var verið að tala um.

Ég var satt að segja búinn að gleyma því að það hefði verið þá þegar sem þetta var svona ríkt í umræðunni. Síðan kom það fram með enn skýrari og kannski meira ákvarðandi hætti í álitsgerð sem Evrópustefnunefnd Alþingis sendi frá sér vorið 1990. Þar skilaði ég áliti ásamt fleiri þingmönnum, fulltúum í nefndinni, þar á meðal hæstv. forseta sem átti sinn hlut í þeim álitsgerðum. Ég fjallaði þar um marga þætti þessa máls þar á meðal skerðingu stjórnarfarslegs sjálfstæðis. Ég vil minna á það hér með stuttri tilvitnun í þennan texta hvernig þetta blasti við frá þessum tíma út frá mínum bæjardyrum.

„Í könnunar- og undirbúningsviðræðum EFTA og EB um Evrópskt efnahagssvæði hefur verið reynt að móta sameiginlegar tillögur um stofnanir, eftirlit og úrskurðaraðila (dómstóla) á EES-svæðinu. Í marslok 1990 var staðan samt sú að mati beggja að verulega bæri enn á milli og að þessi mál verði ekki útkljáð fyrr en í samningaviðræðum.

Af þeim mörgu hugmyndum sem settar hafa verið á blað um þessi atriði er þó ljóst að báðir aðilar eru komnir langt inn á svið „yfirþjóðlegra" stofnana og ræða fullum fetum um skerðingu á löggjafar- og dómsvaldi viðkomandi þjóðríkja, bæði að formi og enn frekar að innihaldi.

Ágreiningurinn milli viðræðuaðila EFTA og EB snýst um það hversu langt eigi að ganga í valdaafsali til sameiginlegra stofnana og um kröfu EFTA-ríkjanna um að fá áhrif á stefnumótun innan EB. Einstök EFTA-ríki, þar á meðal Ísland, sjá fram á að þessar hugmyndir brjóti í bága við stjórnarskrár ríkjanna.

Komi til myndunar Evrópsks efnahagssvæðis (EES) er talið óhjákvæmilegt að lögfesta viðkonandi ákvæði, sem eru afar mikil að vöxtum, til að þau öðlist réttaráhrif fyrir einstaklinga, lögpersónur og stjórnvöld á svæðinu öllu. Er þá gert ráð fyrir að EES-lög hafi forgang framar landslögum og EES-réttur muni þar með ryðja landslögum úr vegi hliðstætt því sem gilt hefur innan EB." Í þessu sambandi og það er innskot í þessa tilvitnun leyfi ég mér að minna á bókun sem varðar einmitt þetta atriði í samningnum sem fyrir liggur um forgang EES-gerðanna gagnvart landslögum.

„Fyrirhugað er að koma á sameiginlegri stofnun til ákvarðanatöku, svonefndu EES-ráði, þar sem sæti eigi ráðherrar eða embættismenn í umboði þeirra. Ráð þetta mundi starfa á grundvelli EES-samningsins, sem hefði lagagildi, og eitt af verkefnum ráðsins væri að þróa þann samning með því að setja afleiddar reglur sem einnig hefðu lagagildi. Þannig fengi ráðið í reynd löggjafarvald. Rætt hefur verið um mikið púsluspil til að stilla saman sjónarmið EB og EFTA í þessu ráði „áður en hvor aðili tæki nokkra endanlega ákvörðun um mál er varða EES"." — Tilvitnunin er úr málsgögnum eða vinnugögnum sem ég hafði handa á milli við undirbúning. — „Gert er ráð fyrir að EFTA-ríkin tali „að öðru jöfnu" einum rómi í ráðinu. Þá er óleyst vandamál á hvaða stigi þjóðþing kæmu inn í þetta ákvarðanaferli til að EES-ákvarðanir fái formlegt lagagildi og hafi bein réttaráhrif.

Enn skýrar er talað um „EES-úrskurðaraðila", þ.e. dómstól sem „einn hefði víðtækt um boð til þess að tryggja það að EES-reglur verði virtar". Gert er ráð fyrir að hann starfi í nánum tengslum við EES-dómstólinn og yrði skipaður dómurum frá honum og frá

ríkjum EFTA. Sem kunnugt er skýrir EB-dómstólinn lög og túlkar þau, svo og rétt Evrópubandalagsins, og eru dómstólar einstakra ríkja bundnir af niðurstöðu hans. Dómstóllinn tryggir þannig samræmda lagatúlkun í öllum EB-ríkjunum.

Við vissar aðstæður er æðstu áfrýjunardómstólum í EB-ríkjunum skylt að óska eftir svonefndum forúrskurðum EB-dómstólsins og eru þeir bindandi. Að hliðstæðu kerfi virðist stefnt innan EES, þannig að dómstólum væri í vissum tilvikum skylt að leita forúrskurðar EES-dómstóls um túlkun og beitingu EES-réttar. Þetta virðist hins vegar í augljósri andstöðu við 2. og 61. gr. íslensku stjórnarskrárinnar, þar sem dómsvaldi er skipað með íslenskum lögum, framsal þess í hendur erlendra aðila hvergi heimilað og stjórnsýsluaðilum og löggjafarvaldi eru settar skorður að því er varðar fyrirmæli til dómara.

Hér blasir því við valdaafsal sem vart gæti orðið að veruleika nema að undangenginni stjórnarskrárbreytingu.

Grundvöllurinn að formlegum samningaviðræðum um EES felur þannig í sér stórfellda skerðingu innlends löggjafar- og dómsvalds og afsal þess til yfirþjóðlegra stofnana. Spurningin sem ósvarað er varðar aðeins útfærslu á því valdaafsali."

(**Gripið fram í:** Hvaðan er þessi tilvitnun?) Þetta sem ég hef verið að lesa er úr séráliti frá þeim sem hér talar sem fylgdi áfangaskýrslu Evrópustefnunefndar til Alþingis í maí 1990 en var skrifað í aprílmánuði geri ég ráð fyrir frekar en í mars. Þetta var alllengi í undirbúningi á vegum nefndarinnar sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson var formaður fyrir á þessum tíma. Ég get getið þess að þessa álitsgerð lagði ég fram í þingflokki Alþb. til kynningar en hún er birt undir mínu nafni sem fulltrúa Alþb. í Evrópustefnunefnd eins og stendur þar.

Lái mér það hver sem vill þótt ég hafi haft af þessu miklar áhyggjur á þessum tíma. Þessi staða m.a. rak mig til þess að senda þáv. hæstv. forsrh. opið bréf í dagblaðinu Tímanum, birt þar 1. febr. 1991. Áður en það var birt þar og áður en það var skrifað hafði mér bæst liðsmaður í sambandi við þessi efni, lagaprófessor við Háskóla Íslands, sem þann 8. jan. 1991 túlkaði mál með síst minna ákvarðandi hætti, jafnvel meira áherðandi hætti en ég hafði dregið upp í álitsgerð minni vorið 1990. Sá sem þar talaði í íslenska sjónvarpinu var Gunnar G. Schram prófessor, síðar fulltúi utanrrh. í sérstakri nefnd sem hann kvaddi til líklega 14. apríl 1991. Hann skipaði prófessorinn í nefnd um þremur mánuðum eftir að hann túlkaði þetta við ríkissjónvarpið eins og hefur verið rakið hér í umræðunni.

Ég vil leyfa mér að vitna hér til orða Gunnars G. Schrams í sjónvarpinu þar sem EES er til umræðu og hann segir, með leyfi forseta:

„Það verður um að ræða mjög víðtækt framsal ríkisvalds og raunar hvort sem við gerumst aðilar að efnahagssvæðinu evrópska sem nú er helst talað um eða ef við gerumst aðilar, fullgildir aðilar, að EB, Evrópubandalaginu. Í báðum tilvikunum verður þá að fylgja veruleg takmörkun eða framsal. Það er kannski betra eða skiljanlegra að kalla þetta takmörkun á fullveldi landsins og þá á sjálfsforræði. Og ég held að Íslendingar almennt hafi ekkert áttað sig á því að það er svo, hvað hér hangir raunverulega mikið á spýtunni að þessu leyti. Ef við tökum sem dæmi lögin, jafnvel þó við gerumst bara aðilar að þessu Evrópska efnahagssvæði þá verðum við að lögtaka rétt eða lagasafn Evrópubandalagsins."

Þetta sagði prófessorinn í þessu viðtali. (**Gripið fram í:** Hvaða prófessor?) Gunnar G. Schram.

Nokkru síðar sagði prófessorinn í sama viðtali. „Nú, annað dæmi er það að íslenska dómsvaldið verður náttúrlega miklum mun takmarkaðra á þeim sviðum sem Evrópubandalagið tekur til. Það er á sviði efnahags- og viðskiptamála, verslunar, tolla, umhverfis- og félagsmála o.s.frv."

Og enn nokkru síðar. „Aðild að efnahagssvæðinu, þ.e. það sem talað er um nú sem næsta skref fyrir Norðurlöndin, fyrir EFTA-ríkin, er að mörgu leyti áþekkt aðild að bandalaginu sjálfu. Á því er ekki neinn eðlismunur aðeins stigsmunur," segir prófessorinn í þessu sjónvarpsviðtali sem hefði átt að vera mönnum kannski ríkara í minni í sambandi við þá álitsgerð sem hann ásamt þremur öðrum stóð að í júlímánuði árið 1992 þegar hún var gerð opinber, ef ég man rétt.

Ég leyfi mér að vitna til örstutts kafla úr opnu bréfi til forsrh. Íslands frá 1. febr. frá mér, virðulegur forseti. Hann er undir fyrirsögninni Skerðing fullveldis með EES-samningi:

„Engum blöðum er um að fletta að eins og stefnir í viðræðum um EES-samning fælist í honum mikið valdaafsal og skerðing fullveldis á þeim mörgu sviðum sem hann tæki til.

Þetta á við um Alþingi eftir að samningurinn hefði hlotið staðfestingu þess. Að því búnu getur þjóðþingið ekki sett lög sem færu í bága við 1.400 samþykktir Evrópubandalagsins sem þá væru orðin lög á Íslandi. Hið sama mun gilda um þróun löggjafar sem undirbúa þyrfti í samráði við EB og EFTA í heild.

Þá er gert ráð fyrir sameiginlegri eftirlitsstofnun EFTA til að fylgjast með að ákvæðum samningsins sé fullnægt. „Slík stofnun ætti að hafa samsvarandi umboð og hlutverk og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins," segir í yfirlýsingu ráðherrafundar EB og EFTA 19. des. 1990.

Síðast en ekki síst kæmi til sérstakur yfirþjóðlegur dómstóll, nátengdur EB-dómstólnum í Lúxemborg, og yrði hann úrskurðaraðili í málum á öllu samningssvæðinu. Væntanlega mundi þessi dómstóll einnig gefa út svokallaða forúrskurði um túlkun á einstökum greinum samningsins en slíkir forúrskurðir eru bindandi og æðri lögum einstakra EB-ríkja. Í rauninni sé ég ekki hvernig slíkt afsal dómsvalds getur samrýmst ákvæðum stjórnarskrár Íslands."

Þessi dómstóll sem þarna var í uppsiglingu var sleginn af í þessu formi, eins og menn muna, af dómstól Evrópubandalagsins með álitsgerð í desember 1991 ef ég man rétt en af nógu var samt að taka. Síðan var settur á fót EFTA-dómstóllinn sem á einnig að vera

æðsta dómstig í vissum tilvikum eins og menn þekkja.

Þann 17. des. 1991 var hér umræða utan dagskrár um EES. Þá var ein af mörgum spurningum sem ég beindi til hæstv. utanrrh. um það hvort ráðherrann teldi að fyrirliggjandi samningsdrög um EES samrýmdist ákvæðum stjórnarskrár Íslands. Þessa spurningu endurtekur hæstv. utanrrh. Íslands í umræðunni og segir síðan: „Af því tilefni vitnaði hv. þm." — ég bið þingheim að taka eftir orðum ráðherrans — „í nokkrar spurningar og vangaveltur sem ungur íslenskur lögfræðingur hefur velt upp í útvarpsspjalli." (**Gripið fram í:** Hver var þessi ungi lögfræðingur?) Sá lögfræðingur heitir Guðmundir Alfreðsson og er doktor að nafnbót og mælti ýmis aðvörunarorð í útvarpsviðtali 2. des. 1991.

Utanrrh. hélt áfram: „En svarið við spurningunni er hins vegar það að það er hafið yfir allan vafa að mínu mati og annarra EFTA-þjóða og þeirra þjóðréttarfræðinga og lögfræðinga sem EFTA-ríkin öll sameiginlega hafa í sinni þjónustu að þessi samningur stenst ákvæði stjórnarskrár. Það hef ég nú rökstutt svo oft og iðulega áður að ég ætla ekki á þessari stundu að lengja umræðuna þess vegna. En ekkert í vangaveltum lögfræðingsins fær breytt þeirri niðurstöðu." (**Gripið fram í:** Það er gott að þeir hlusta á þetta ráðherrarnir.)

Á þessum þessum tíma, árunum 1990 og 1991, leitaðist ég við að hvetja til skoðunar á þessu máli öllu saman með tilliti til íslensku stjórnarskrárinnar. Til þess að fylgja því eftir flutti ég ásamt þremur öðrum hv. þm. till. til þál., sem ég hafði raunar haft í hyggju að leggja fram fyrir áramótin 1991 en dróst fram í febrúar 1992, um EES-samning og íslenska stjórnskipun. Flm. ásamt mér að þessari tillögu voru hv. þm. Steingrímur Hermannsson, Anna Ólafsdóttir Björnsson og Ólafur Ragnar Grímsson. Og þessi tillaga, sem menn muna vafalaust eftir, fólst í því að setja ætti á fót nefnd sex sérfróðra manna sem ættu að athuga hvort aðild að Evrópsku efnahagssvæði í því formi sem fyrir liggur í samningsdrögum nú eða síðar brjóti með einhverjum hætti gegn íslenskri stjórnskipun eða hvort gera þurfi breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins vegna fyrirhugaðs EES-samnings. Og tillagan var síðan um að það yrði leitað eftir tilnefningu tveggja manna í nefndina frá hverjum eftirtalinna aðila: Dómarafélagi Íslands, Lagadeild Háskóla Íslands og Lögmannafélagi Íslands. Lagadeild tilnefni annan sinn fulltrúa til að gegna formennsku í nefndinni og nefndinni sé heimilt að ráða sér starfsmann. Þetta var innihald þeirrar þáltill. sem fól í sér að það yrði til óháður vettvangur, vettvangur óháður stjórnmálaflokkunum, óháður ríkisstjórninni, þ.e. framkvæmdarvaldinu, vettvangur sérmenntaðra manna á lagasviði sem tilnefndir væru af þessum aðilum. Ég held að menn geti vart greint á um það að ramminn sem um þetta var dreginn var óvilhallur. Hugmyndin var að fá óvilhalla menn til þess að fjalla um þetta stóra mál og leggja niðurstöður sínar fyrir Alþingi 1. júlí 1992 og reyndar áfangaálit strax í maí 1992. Þegar þessi tillaga var loks rædd hér á Alþingi — hún kom fram held ég 27. feb. í þinginu en ég mælti fyrir henni 14. apríl — þá gerðist það að hæstv. utanrrh. brást við þessu þingmáli með þeim hætti að tilkynna Alþingi að hann hafi ráð undir rifi hverju í þessum efnum og ætli sér að skipa sérstaka nefnd manna sem hann veldi og hefði þegar ákveðið þann dag sem ætti að fjalla um þetta mál. Í umræðu um þetta efni 14. apríl sl. sagði ráðherra, með leyfi forseta hæstv.:

„Utanrrn. er ekki kunnugt um neinn sérfræðing sem kynnt hefur sér þetta mál sem hefur komist að þeirri niðurstöðu að EES-samningurinn brjóti í bága við stjórnarskrána."

Það er ekki yfirlætinu fyrir að fara hér. Höfðu þó málsmetandi lögfræðingar þá þegar kvatt sér hljóðs en það voru ungir menn og greinilega ekki bærir og lagaprófessorar úr Háskólanum höfðu í sjálfu sjónvarpinu kveðið mjög fast að orði um þetta en það virðist ekki hafa náð eyrum utanrrh. á þessum tíma. Utanrrh. sagði svo í umræðunni: „Virðulegi forseti. Á sama hátt og vandað hefur verið til samningsgerðarinnar vil ég vissulega gera allt sem í mínu valdi stendur til að undirbúa vel þingmeðferð og þjóðfélagsumræðu um svo mikilvægan og afdrifaríkan samning sem EES-samningurinn vissulega er. Þess vegna hef ég í dag skipað nefnd til að veita umsögn um það hvort samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði ásamt fylgisamningum brjóti á einhvern hátt í bága við íslensk stjórnskipunarlög. Ég hef reynt að velja þá sem mesta og besta reynslu og þekkingu hafa á því vandasama sviði sem um ræðir, þ.e. stjórnskipunar- og þjóðarétti. Formaður nefndarinnar verður Þór Vilhjálmsson, hæstaréttardómari og fyrrv. prófessor í réttarfari. Aðrir nefndarmenn verða Gunnar G. Schram, prófessor í stjórnskipunarrétti, og Stefán Már Stefánsson, prófessor í réttarfari, en báðir hafa þeir sérhæft sig í Evrópurétti. Loks hefur verið leitað til hæstv. dómsmrh. um að tilnefna einn mann, fjórða aðilann, sem sérfræðing í lagahefðum íslenska ríkisins og framkvæmd stjórnsýslu og hefur hann tilnefnt Ólaf Walter Stefánsson, skrifstofustjóra dómsmrn., til þess að taka þetta verk að sér."

Með þessari nefndarskipun taldi hæstv. utanrrh. öllu réttlæti fullnægt í þessum efnum og að trygging væri fengin fyrir málinu og þingmálið, sem var kveikja að þessari umræðu nefndan dag, þar með óþarft.

Það var með allsérstæðum hætti sem utanrrn. og hæstv. ráðherra brást við í þessum efnum. Ég var satt að segja undrandi á því að það skyldu ekki verða almennari mótmæli í landinu og á Alþingi við þessari nefndarskipun, eins og til hennar var stofnað, svo augljóst sem það mátti vera að hluti af þessari nefnd, a.m.k. tveir nefndarmenn, voru alls ekki bærir til þess að fjalla um þetta mál í því samhengi sem til var stofnað þar sem þeir voru aðilar að málinu fyrir fram. Þar á ég við Stefán Má Stefánsson prófessor sem hafði gegnt ráðgjafahlutverki missirum saman fyrir utanrrh. í þessu máli og hans aðalsamningamanns. Hann er settur í það af hálfu framkvæmdarvaldsins að dæma í eigin sök, að fjalla um mál sem hann sjálfur var búinn að vera ráðgjafi í gagnvart utanrrn. Hinn maðurinn var svo blessaður embættismaðurinn úr dómsmrn. sem þessi kross var settur á, Ólafur Walter Stefánsson, hinn

grandvarasti maður það sem ég þekki til hans. Hann var settur í það að fjalla um þetta mál sem hann hafði verið að vinna í fyrir hönd síns ráðherra á vegum dómsmrn. missirum saman, bæði heima og erlendis. Hann er settur í það verkefni ásamt tveimur öðrum að fjalla um þetta efni. Hvernig geta menn varið þetta? Hvernig geta menn komið fram með álitsgerð, sem þeir ætla að telja gilda, sem verður til með þessum hætti?

Síðan fer hinn gagnrýni prófessor Gunnar G. Schram í nefndina. Það kemur fram í álitinu ári síðar að hann er heldur betur keyrður á kaf með sín sjónarmið og kemst ekki upp með moðreyk því þar sér enn lítinn stað hans stóru orða frá 8. jan. 1991 í áliti þeirra fjórmenninga og er það vissulega umhugsunarefni.

Sú álitsgerð er auðvitað með þeim hætti sem menn þekkja og talar sínu máli. Það kemur þannig fram sem mat nefndarinnar að hér sé um valdaafsal að ræða á ákveðnum sviðum og þeir telja að það rúmist innan íslensku stjórnarskrárinnar. Þar á meðal geti framkvæmdarvaldið verið á afmörkuðum sviðum í höndum alþjóðastofnana og það geti rúmast innan stjórnarskrárinnar. Um þetta hefur verið fjallað efnislega, m.a. af dr. Guðmundi Alfreðssyni í því umfangsmikla og skýra áliti sem hann lagði fyrir utanrmn. þar sem hann fjallar m.a. um vangaveltur úr áliti nefndar utanrrh., m.a. varðandi það sem snýr að alþjóðasamningum þar sem þeir finna sig greinilega á mjög tæpu vaði. En það nægir þeim ekki til þess að ná áttum í þessu máli.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að fara út í efnislegar umræður um einstök álitaefni í þessum málum umfram það sem ég hef þegar dregið fram. Ég vænti þess að mönnum sé ljóst hvaða áhyggjur ég hef haft í sambandi við þetta efni að því er snýr að íslenskri stjórnskipun. Ég tel að Alþingi sé í rauninni að ganga undir býsna merkilegt próf í þessum efnum. Það væri mjög miður ef Alþingi félli á því prófi og þá á ég alveg sérstaklega við það að taka EES-samninginn til afgreiðslu að óbreyttri stjórnarskrá. Það er hrikalegt skref sem með því væri stigið og auðvitað ljóst að ýmsir af þeim sem hafa ýtt á eftir því gera það ekki með góðri samvisku. Við skulum vona að við stöndum ekki frammi fyrir því á þinginu, jafnvel þótt það þyrfti til að þetta mál lenti í uppnámi enn og einu sinni og þá kannski fyrir fullt og allt, þó ég sé ekki að leiða getum að því að líkurnar á því séu mjög miklar. Það verður að koma í ljós.

Ég tel að með þeirri viðleitni sem hér er höfð með þeim frv. sem eru á dagskrá fundarins og því frv. sem hér er rætt sé verið að stíga skref til varnar í þessu máli að því er snertir okkar stjórnskipun. Það er auðvitað álitamál með hvaða hætti þar er brugðist við en það er a.m.k. vænlegra en ekki að áskilja aukinn meiri hluta til að leggja mat á þau efni sem menn telja að séu óvissu háð í sambandi við íslenska stjórnarskrá. Ég hefði hins vegar talið að það hefði verið ástæða til þess fyrir löngu, strax og þessi samningur var í sjónmáli, að taka þetta mál með skipulegum hætti til athugunar með tilliti til stjórnskipunar Íslands og lenda ekki í þeim ófarnaði sem blasir við í þinginu, að vera með þetta mál eins og tilefnið, samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, með svipu dagsetninga til eftirrekstrar og betur að menn hefðu tekið fyrr við sér til þess að lýsa inn í stöðuna að því er varðar stjórnskipun landsins.

Ég ætla að vona að menn beri gæfu til þess að reisa hér rönd við og meta þennan samning sem fyrir liggur í ljósi þess að hann stangast svo augljóslega á við íslenska stjórnskipun í eðli sínu og ákvæðum að hann er ekki lögtækur af þeim sökum einum saman. Almennt séð er það til bóta að kveðja til aukinn meiri hluta á Alþingi til að meta stjórnskipunina og stjórnarskrána út frá ákvæðum 21. gr.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst nauðsynlegt að benda á það eftir ræðu hv. síðasta ræðumanns að hann lét þess ógetið að hæstv. þáv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, svaraði hinu opna bréfi hans. Svar hans birtist í Tímanum hinn 8. febr. 1991. Þar tók þáv. forsrh. af skarið um það að sú samningsgerð, sem yfir stóð á þeim tíma, bryti ekki í bága við íslensku stjórnarskrána. Þetta var athugað í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og í mars, nánar tiltekið hinn 5. mars 1991, var því lýst yfir í skýrslu frá þáv. ríkisstjórn að samningurinn bryti ekki í bága við stjórnarskrána. Það er því alrangt hjá síðsta ræðumanni að þetta hafi ekki verið kannað skipulega. Það kom m.a. fram í svari til hv. ræðumanns sjálfs í Tímanum sem honum var skrifað af þáv. forsrh., í opnu bréfi sem bar þá fyrirsögn að það væri ekkert að óttast við þessa samninga.

Ég vil einnig láta þess getið, vegna ummæla hv. síðasta ræðumanns um Stefán Má Stefánsson prófessor, að til eru opinber ummæli eftir hv. þingmann þar sem hann lýsti því yfir að það væri mikils virði að fá álit manns eins og Stefáns Más Stefánssonar prófessors á þessum samningi og stjórnskipulegri stöðu hans. Hann lýsti þessu yfir, þessi ummæli eru til og til þeirra hefur áður verið vitnað í umræðum á Alþingi en þetta var á þeim tíma þegar hv. þm. gerði ráð fyrir því að prófessorinn kæmist líklega að þeirri niðurstöðu að samningurinn bryti í bága við stjórnarskrána. En eftir að prófessorinn birti álit sitt með hinum þremur öðrum sérfræðingum utanrrn. tekur hv. ræðumaður til við að hallmæla prófessornum og telja hann vanhæfan að fjalla um þetta mál.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er ekki hér til að svara fyrir einn eða annan sem fjallaði um þetta mál á þeim tíma. Ég túlkaði mín viðhorf og hef rakið með hvaða hætti það var gert. Ég kannast ekki við það að hæstv. þáv. forsrh. hafi kveðið upp úr með það í þessari grein að það væri ekkert að óttast í sambandi við íslensku stjórnskipunina. Ég man ekki eftir því, það kann að vera. En ef slík ummæli eru til, þá standa þau auðvitað. En ég minnist þess ekki úr þessari svargrein en það má athuga.

Hitt atriðið sem hv. þm. vék að í sambandi við Stefán Má Stefánsson og að ég hafi vitnað til hans á fyrri stigum. Það er alveg rétt. Ég gerði það en ekki í sam-

hengi við þessa nefndarskipun og álit sem hann reiðir síðan fram. Hv. þm. byrjaði á því í kjallargrein í DV fyrir allnokkru síðan að vekja máls á því að það hafi komið opinber greinargerð frá ríkisstjórn Íslands um þetta mál 5. mars 1991. Ég ætla að vísu ekki að fara að svara fyrir ríkisstjórnina á þessum tíma því mig greindi á um eitt og annað sem þá var á dagskrá sem tengdist þessu máli en ég bað um það í forsrn., eftir að grein þingmannsins birtist, núv. formanns utanrmn., að þessi greinargerð yrði útbær og ég fengi hana og bað um að hennar yrði einnig leitað í forsrn. fyrir hönd ríkisstjórnar. Ég fékk þau svör þaðan að hún fyndist hvergi og engin slík greinargerð lægi fyrir. Það var hins vegar lagt fram á Alþingi svar utanrrh. dags. 5. mars, að ég hygg, við skýrslubeiðni þingmanna Sjálfstfl. um þessi efni þar sem vitnað er í greinargerð vinnuhóps V um þessi atriði. Ekki mat ég það svo að þetta væri svar ríkisstjórnar Íslands en það er greinilega útlegging hv. þm.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekki veit ég hvernig starfað var að málum í þeirri ríkisstjórn sem hv. þm. studdi á sínum tíma og gaf út þetta álit um að samningurinn bryti ekki í bága við stjórnarskrána. Ég þekki ekki þau vinnubrögð en niðurstaðan liggur skýr fyrir í þessari skýrslu sem lögð var fram á Alþingi.

Það kom einnig fram í grein hæstv. fyrrv. forsrh., opnu bréfi til hv. þm., að það væri ekkert að óttast við þessa samninga. Telur þingmaðurinn líklegt að hæstv. þáv. forsrh. hafi lýst þessu yfir ef hann hefði talið að samningurinn bryti í bága við stjórnarskrána? Nei, hann tók af skarið í þessari grein um það og svaraði þingmanninum og dylgjum þingmannsins um það á þeim tíma að verið væri að fremja stjórnarskrárbrot með þessar grein og tók af skarið um að það væri ekkert að óttast. Forsrh. hefði að sjálfsögðu ekki lýst því yfir að samningurinn væri hættulaus fyrir íslensku þjóðina ef um stjórnarskrárbrot væri að ræða.

Varðandi það sem hv. þm. hefur sagt um Stefán Má Stefánsson prófessor þá er það skýrt og liggur fyrir opinberlega að áður en Stefán Már Stefánsson prófessor lýsti því yfir að samningurinn bryti ekki í bága við stjórnarskrána taldi hv. þm. mjög mikils virði að fá hans álit. Eftir að þetta álit liggur fyrir gengur þingmaðurinn fram fyrir skjöldu til að gera prófessorinn tortryggilegan.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þessi málflutningur er tæplega sæmandi þingmanni sem vill láta taka sig alvarlega. Ég verð að segja það. Hv. þm. kemur hér og fullyrðir að fyrrv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, hafi staðhæft það í opnu bréfi að samningurinn um EES, þ.e. samningsdrögin, brytu ekki í bága við stjórnarskrána. Síðan kemur hann hér og dregur í land. Hann er ekki með neinar tilvitnanir hér orðum sínum til staðfestingar.

Ég ætla svo sannarlega ekki að fara að gera lítið úr Stefáni Má Stefánssyni prófessor og hans störfum og þekkingu. Það dettur mér ekki í hug. Það sem ég er að gagnrýna er það að setja hann í þann vanda og þá óhæfu stöðu að eiga að veita álit í máli sem hann er búinn að vera sérfræðingur í fyrir framkvæmdarvaldið. Það er það sem gengur ekki upp. Ég er satt að segja aldeilis hissa á formanni utanrmn. að vilja ekki opna augun fyrir jafnaugljósum hlut, að slíkt er ekki boðleg málsmeðferð.

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárnefndar (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Sú staðreynd blasir við og hefur blasað við í þeirri umræðu sem átt hefur sér stað um EES-samninginn að undanförnu að það hafa ýmsir bent á nauðsyn þess að breyta íslensku stjórnarskránni. Stjórnarandstaðan á Alþingi hefur farið þar fremst í flokki sem kemur mönnum vissulega á óvart því hvorki framsóknarmenn ná alþýðubandalagsmenn höfðu hinn minnsta áhuga á stjórnarskrárbreytingum í tíð fyrri ríkisstjórnar sem þó undirbjó þessa samningsgerð. Þegar stjórnarliðar hafa minnst á þessa staðreynd hefur orðið fátt um svör, öllu heldur hafa þessir flokkar lent í innbyrðis ásökunum þar sem fyrrv. ráðherrar m.a. eru dregnir til saka. Þetta tel ég nauðsynlegt að minnast á hér því í tíð fyrri ríkisstjórnar var ætlunin að ganga enn lengra, t.d. hvað dómstóla snertir, en niðurstaðan er í dag. Við skulum líka athuga það að til þess að hægt sé að breyta ákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar þarf að rjúfa þing og efna til kosninga. Það segir sig sjálft að slíkur málatilbúnaður felur í sér óskastöðu fyrir þá stjórnmálaflokka sem kjósa fremur að fella ríkisstjórnina en að taka málefnalega afstöðu til þessa mikilvæga máls. Menn geta svo velt því fyrir sér hvort hér liggur einlægur hugsjónaeldur að baki um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins sem nánast aldrei hafa komið til umræðu varðandi aðra mikilvæga þjóðréttarsamninga sem við höfum gerst aðilar að eða kröfunnar um þjóðaratkvæði sem engin hefð er fyrir í íslenskum stjórnskipunarrétti.

Auðvitað blasir sú staðreynd við að þingmenn verða fyrst og fremst að gera það upp við sig sjálfa, hver og einn eftir sinni sannfæringu, hvort og að hvaða leyti EES-samningurinn felur í sér brot á ákvæðum hinnar íslensku stjórnarskrár.

Virðulegi forseti. Vegna þeirra umræðna sem hér hafa átt sér stað vil ég gera nokkrar athugasemdir. Minni hlutinn segir í sínu nál. að ekki sé heimilt að óbreyttri stjórnarskrá að framselja íslenskt ríkisvald í þeim mæli sem gert er ráð fyrir í EES-samningnum. Stjórnarskrárbreytingin, sem hann leggur til, felst hins vegar einungis í því að aukinn meiri hluti Alþingis geti samþykkt samninga sem hafa fólgið í sér m.a. framsal ríkisvalds til fjölþjóðlegrar stofnunar eða samtaka. Hér gá flm. ekki að því að svona breyting dugar varla til ef gera á samning sem að einhverju leyti er andstæður ákvæðum stjórnarskrárinnar, t.d. 2. gr. um þrígreiningu ríkisvaldsins, eins og margir hafa haldið fram. Þeir taka m.a. sjálfir fram í niðurlagi nál. að slík alþingissamþykkt geti aldrei breytt stjórnarskránni eins og segir orðrétt: „Komi til þess að alþjóðasamningur feli í sér breytingu á stjórnarskrá yrði augljóslega að

fara með slíka breytingu samkvæmt 79. gr. hennar."

Það er ekki hægt að halda því fram í öðru orðinu að EES-samningurinn brjóti gegn stjórnarskránni en í hinu að leggja til nýtt ákvæði sem ekki getur vikið öðrum stjórnarskrárákvæðum til hliðar. Að þeirra eigin dómi er ekki hægt að breyta stjórnarskránni með slíku auknu meirihlutasamþykki þings. Dugi slíkt nýtt ákvæði til að gera meðferð EES-samningsins löglegan virðist augljóst að í raun getur hann ekki talist stjórnarskrárbrot. Ef í EES-samningnum felst brot á 2. gr., eins og minni hlutinn heldur fram, dugar varla minna en bein undanþága frá henni í frv. hvað þetta mál varðar, t.d. að tekið væri fram berum orðum að heimilt sé að gera EES-samninginn þrátt fyrir ákvæði 2. gr. eða að í nýja ákvæðinu sé skýrt sagt að með slíkum auknum meiri hluta sé heimilt að víkja frá pósitífum stjórnarskrárákvæðum þegar um framsal ríkisvalds er að ræða. Hvorugt er gert í tillögu minni hlutans. Af því verður ekki önnur ályktun dregin en að EES-samningurinn brjóti ekki gegn stjórnarskránni. Það hvort slíkan samning þarf að samþykkja með einföldum eða auknum meiri hluta er algjört aukaatriði í þessu sambandi. Þó er það kjarni í tillögu minni hlutans.

Ég vil hins vegar ítreka það vegna orða hv. þm. Kristínar Einarsdóttir að stjórnarskrárfrumvörpin voru aðeins rædd í nefndinni út frá stjórnskipulegum hætti eins og henni er kunnugt um en ekki sérstaklega vegna EES-samningsins. Þetta tóku þeir sérfræðingar fram sem komu á fund nefndarinnar sérstaklega og þar á meðal dr. Gunnar G. Schram prófessor. Það viðtal sem var vitnað til hafði ég ekki heyrt en hv. þm. staðfesti að það hefði verið tekið löngu áður en samningurinn lá fyrir í endanlegri mynd. Nú hef ég séð þetta umtalaða viðtal við Gunnar G. Schram prófessor og mér sýnist að eitthvað annað hafi verið gefið í skyn eða a.m.k. ekki verið vakin á því athygli að í seinni hluta viðtalsins er prófessorinn að tala um Evrópubandalagið en ekki samninginn um EES. Enda ræðir hann aðallega um Evrópudómstólinn í Lúxemborg.

Í nefndaráliti minni hlutans er þess einnig getið að í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hafi verið gerðar breytingar á stjórnarskrám landanna er heimili ákveðið og afmarkað afsal ríkisvalds með samþykki aukins meiri hluta þjóðþinganna. Þetta er ekkert nýtilkomið. Þessar breytingar eru allt frá sjötta áratugnum. Á það var bent í nefndinni að ákvæðið hafi verið inni í dönsku stjórnarskránni síðan 1953 en ekki hafi á það reynt fyrr en við inngöngu Dana í EB 1972. Þá var 20. gr. dönsku stjórnarskrárinnar beitt í fyrsta skipti. Í Noregi var breyting gerð á 93. grein stjórnarskrárinnar árið 1962 til að opna fyrir hugsanlega aðild að EB.

Ríki Evrópu hafa allt frá síðari heimsstyrjöld verið að þróa með sér víðtækari samvinnu í samskiptum sínum og stofnuðu ýmis samtök og stofnanir í því markmiði. T.d. var kola- og stálbandalag Evrópu stofnað 1951. Hér er því um sögulega þróun að ræða og þessar stjórnarskrárbreytingar fyrir löngu til komnar. Ég hef einnig áður getið þess, m.a. með tilvitnun til Bjarna Benediktssonar, að skírskotun til erlendra stjórnskipunarreglna geti ekki verið nein afgerandi röksemd fyrir því að ástæða sé til að breyta stjórnarskrá okkar.

Þá kemur það fram í nefndaráliti minni hlutans að þjóðþing Finnlands og Noregs hafi komist að þeirri niðurstöðu að afgreiða yrði saminginn um EES á grundvelli greina í stjórnarskrám þeirra er krefjast aukins meiri hluta. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt að slíkt samkomulag sé gert þar sem hin stjórnskipulega heimild er þegar fyrir hendi. Norrænir fræðimenn hafa þó haft skiptar skoðanir á því hvort það hafi verið nauðsynlegt enda hefur þessari heimild ekki verið alls staðar beitt. Þetta hefur fyrst og fremst verið pólitískt samkomulag sem ríkisstjórnir, m.a. í Noregi, hafa lofað að yrði gert en þessi loforð lágu fyrir áður en EES-samningurinn lá endanlega fyrir.

Það er einnig rétt að minnast þess að sú krafa kom fram af hálfu EFTA-ríkjanna þegar í byrjun viðræðnanna við Evrópubandalagið að ekki þyrfti að breyta stjórnarskrám ríkjanna.

Því er einnig haldið fram í minnihlutaálitinu að stjórnarskrá Íslands byggist á norrænum stjórnskipunarrétti. Víst er svo að segja má að þjóðfélag okkar hafi þróast að norrænni fyrirmynd. Við vorum enda frá 1262 undir yfirráðum Norðmanna og Dana. Okkar löggjöf er og um margt svipuð og annars staðar á Norðurlöndum og samvinna þessara ríkja hefur verið með ágætum. En íslenska stjórnarskráin byggist ekki eingöngu á norrænum stjórnskipunarrétti heldur gætir þar áhrifa víða að. Þannig segir Bjarni Benediktsson í ritinu Land og lýðveldi, með leyfi virðulegs forseta:

„Það er hins vegar misskilningur að stjórnarskrárákvæði okkar séu yfirleitt af dönskum uppruna. Stjórnarskrárákvæði okkar eru eins og hin dönsku að langmestu leyti tekin eftir öðrum vesturevrópskum stjórnarskrám frá 19. öld. Allar eru þessar vesturevrópsku stjórnarskrár að verulegu leyti og með ýmsum afbrigðum sniðnar eftir þeim hugmyndum sem menn þá gerðu sér um stjórnarhætti í Bretlandi."

Íslensk stjórnskipun hefur, eins og ég hef áður bent á, líkt og í öðrum löndum þroskast á löngum tíma og mótast mjög af aðstæðum.

Það er bæði pólitískt og fræðilegt mat þegar fjallað er um spurninguna um það hvort breyta þurfi ákvæðum stjórnarskrárinnar vegna EES-samningsins. Það er mat minni hluta nefndarinnar að ekki sé heimilt að óbreyttri stjórnarskrá, eins og segir í þeirra nefndaráliti, „að framselja íslenskt ríkisvald í þeim mæli sem gert er ráð fyrir í EES-samningnum". Ég hef áður lýst gagnstæðri skoðun okkar nefndarmanna í meiri hlutanum og vísa til fyrri ræðu í því efni.

Það hefur m.a. verið vísað til lögfræðilegra álitsgerða í þessu sambandi en auðvitað eru það hv. þm. sjálfir sem skera endanlega úr um hvort breyta eigi stjórnarskrárákvæðum.

Í þessu sambandi má minnast á að í norska Stórþinginu komu fram tillögur um að beita ætti 82. gr. norsku stjórnarskrárinnar til þess að fá lögfræðilegt álit vegna EES-samningsins. Samkvæmt þessu stjórnarskrárákvæði getur Stórþingið beðið Hæstarétt um álit á pólitískum atriðum og fengið sjálfstætt lagaálit. Þess-

um tillögum var vísað frá af meiri hluta þingsins. Höfuðröksemdafærslan var sú að Stórþingið túlkar sjálft samkvæmt norskri hefð stjórnarskrána — þar kemur að sjálfsögðu pólitískt mat — og að 82. gr. hefur ekki verið beitt síðan 1945. Einnig var talið mjög erfitt að ná samstöðu um eitt lögfræðiálit. Fylgjendur EES-samningsins á norska Stórþinginu töldu að upplýsingar, m.a. þær sem vörðuðu lögfræðilegt mat í frumvarpi Stórþingsins um EES, væru nægilega rökstuddar og töldu að ekki væri þörf á nýrri útlistun eða áliti. Er andstæðingar samningsins voru spurðir um hvort slíkt álit gæti breytt viðhorfi þeirra var svarið nei. Þar með var málið ekki „aktuelt" lengur og var, eins og áður segir, vísað frá af meirihluta Stórþingsins. Þetta ætti hv. þm. Hjörleifur Guttormsson e.t.v. að hafa sérstaklega í huga vegna ræðu hans hér áðan.

Ég fæ ekki betur séð en að hér sé stjórnarandstaðan að leika svipaðan leik. Sú spurning hlýtur að vakna hvort það hefði áhrif á afstöðu allra hv. þm. ef þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar yrði breytt m.a. varðandi 21. gr. Þeim spurningum verður væntanlega ekki svarað í þessum umræðum því ef breyta á ákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar þarf fyrst að rjúfa þing og efna til almennra kosninga en það er staðreynd sem stjórnarandstöðunni þykir væntanlega henta vel. Varla geta menn neitað því að hér sé um pólitík að ræða.

Það er einnig athyglisvert að niðurstaða Norðmanna er sú að það sé einungis sá þáttur EES-samningsins er lýtur að samkeppnisreglunum sem komi í veg fyrir að 26. gr. norsku stjórnarskrárinnar eigi við. Þar er einungis kveðið á um að samning sem krefjist lagasetningar þurfi að samþykkja í Stórþinginu. Þetta ákvæði er miklu þrengra en 21. gr. íslensku stjórnarskrárinnar.

Svíar beittu ekki sinni stjórnskipulegu meirihlutaheimild, þ.e. 5. gr. í 10. kafla sænsku stjórnarskrárinnar, eins og minnst var á hér áðan, enda þótt þeir muni líklega fara þá leið komi til aðildar að Evrópubandalaginu. Ástæðan er sú að Svíar telja að þar sem reglur EES verða innleiddar í Svíþjóð í gegnum sænska löggjöf, þá sé ekki verið að færa neitt ákvörðunarvald eða löggjafarvald í hendur erlendra samtaka. Þessar upplýsingar koma beint fram í bréfi frá sænska þinginu til nefndadeildarinnar hér.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir vitnaði m.a. til norska fræðimannsins Torsteins Eckhoffs, væntanlega til greinar í Jussens venner sem hefur verið rituð 1990 löngu áður en samningur lá fyrir í endanlegri mynd. Ég vil benda á að Norðmaðurinn telur hæpið að mörgu leyti að nota 93. gr. norsku stjórnarskrárinnar um EES-samninginn a.m.k. á einhverjum sviðum. Þetta var skrifað, eins og ég sagði, árið 1990 þannig að hlutirnir hafa breyst talsvert síðan.

Það hefur verið rætt um framsal á fullveldi. Eitt einkenni þess að vera frjálst og fullvalda ríki er að geta gert alþjóðasamninga. Auðvitað hefur lögfræðileg sýn gagnvart fullveldishugtakinu breyst. Það hefur meira að segja Björn Þ. Guðmundsson lagaprófessor viðurkennt. Íslendingar byggðu í sjálfstæðisbaráttunni á sínu fullveldi allt frá Gamla sáttmála og Ísland varð frjálst og fullvalda ríki frá 1918 þótt Danir hefðu farið með utanríkismálin. Torstein Eckhoff telur einmitt út í hött að tala um brot á 1. gr. norsku stjórnarskrárinnar, sem er sambærileg og 1. gr. þeirrar íslensku. Hann telur að það yrði nánast að gera Noreg að lýðríki til þess að 1. gr. komi til athugunar.

Ástæðan fyrir því að ég nefni þetta sérstaklega hér er að því hefur verið haldið fram, m.a. af Guðmundi Alfreðssyni, að það yrði að skýra 1. og 2. gr. íslensku stjórnarskrárinnar saman. Guðmundur Alfreðsson, sem er einn af örfáum lögfræðingum en gengur þó lengst í því af þessum lögfræðingum að telja upp öll þau stjórnarskrárbrot sem hann telur um að ræða vegna EES-samningsins, fer auðvitað ekki að breyta um skoðun nú. Þessi grein í Heimsmynd, sem vitnað var til áðan kemur því að sjálfsögðu engum á óvart. En það er óneitanlega nokkur sérstakt að ekki hafi verið leitað eftir andstæðum sjónarmiðum því þau eru mörg og margir sem hafa látið þau í ljós.

Það var einnig minnst á Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmann hér áðan. Ég hef aldrei heyrt annað frá honum en að rétt sé að láta stjórnarskrána njóta vafans. Hann hefur hins vegar lýst yfir miklum áhuga sínum á auknu samstarfi Evrópuríkja enda mikill talsmaður bættra samskipta m.a. um mannréttindi.

Eins og áður hefur verið bent á hlaut þetta frv. um breytingu á 21. gr. stjórnarskrárinnar verulega gagnrýni í meðferð stjórnarskrárnefndar. Það er vafalaust með tilliti til þeirra ábendinga sem flutningsmenn leggja nú til talsverðar breytingar á sínu eigin frv. Það er reyndar mjög skiljanlegt þar sem veigamiklir gallar eru á efni frv. og í því sambandi vísa ég til framsögu fyrir áliti meiri hlutans. Við erum hins vegar á þeirri skoðun að þessar breytingartillögur breyti ekki þeirri staðreynd að þetta mál þurfi miklu betri skoðunar við. Enda telja þeir sjálfir í sínu nál. að sumar breytingartillögurnar breyti í raun og veru engu um efni ákvæðisins. Það hlýtur að vera hlutverk flutningsmanna sjálfra að skýra sínar breytingartillögur en ég tel enn þá óljóst hvaða réttaráhrif þessar breytingar eiga að hafa í för með sér.

Virðulegi forseti. Breytingar á stjórnskipan okkar, hvað þá svo veigamiklar sem hér um ræðir, eru það alvarlegt skoðunarefni að nauðsynlegt er að gefa því nægilegan tíma, bæði hvað varðar faglega og pólitíska umfjöllun.

Ég vil því ítreka það álit meiri hlutans að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get ómögulega skilið hvernig hv. 6. þm. Reykv. gat lesið út úr því viðtali við Gunnar G. Schram, sem ég afhenti henni og er upptaka úr sjónvarpinu frá 8. jan. 1991, að verið sé að ræða um eitthvað annað en Evrópska efnahagssvæðið. Það kemur margoft fram og hann segir í upphafi, með leyfi forseta: „Það verður um að ræða mjög víðtækt framsal ríkisvalds og raunar hvort sem við gerumst aðilar að efnahagssvæðinu evrópska, sem nú er helst tal-

að um, eða ef við gerumst aðilar, fullgildir aðilar að EB — Evrópubandalaginu."

Síðar segir hann: „Ef við tökum sem dæmi lögin að jafnvel þó við gerumst bara aðilar að þessu Evrópska efnahagssvæði þá verðum við að lögtaka rétt eða lagasafn Evrópubandalagins." Síðan lýsir hann því hvað það er mikið. Síðan er hann að tala um þetta sama Evrópska efnahagssvæði og segir: „Evrópudómstóllinn í Lúxemborg verður í öllum þessum málaflokkum æðsti dómstóll Íslands, ekki lengur Hæstiréttur eða aðrir íslenskir dómstólar." Enn síðar segir hann: „Aðild að efnahagssvæðinu, þ.e. það sem talað er um nú sem næsta skref fyrir Norðurlöndin, fyrir EFTA-ríkin, er að mörgu leyti ápekk aðild að bandalaginu. Á því er ekki neinn eðlismunur heldur aðeins stigsmunur. Munurinn er hins vegar fyrst og fremst sá að EFTA-ríkin og aðildarríkin að þessu svæði koma ekki til með geta haft nein áhrif á valdákvarðanatöku Evrópubandalagsins. En þau verða að undirgangast þessar takmarkanir á fullveldinu engu að síður."

Ég skil því ekki hvar hv. þm. fann það að prófessorinn dr. Gunnar G. Schram væri að tala um eitthvað annað en Evrópskt efnahagssvæði. Ég held að það hafi verið mjög greinilegt að hann var að tala um það. Þegar þetta er talað var enn þá inni í myndinni að það væri EES-dómstóll með dómurum bæði frá EFTA og EB. Nú er eingöngu annars vegar EFTA-dómstóll og hins vegar EB-dómstóll. EFTA-dómstóllinn dæmir eingöngu þegar um er að ræða samskipti milli EFTA-ríkja og þá aðeins ef um eitt EB-ríki er að ræða. EB-dómstóllinn dæmir ef um er að ræða samskipti milli fyrirtækja í ríkjum EB, alveg sama hvað EFTA-ríkin eru mörg. Þar með Ísland. Þar með erum við auðvitað komin undir EB-dómstólinn að einhverju leyti. Málið er því enn þá verra en þegar þetta er talað af hálfu Gunnars G. Schrams eða a.m.k. þegar viðtalið birtist. En eins og ég tók fram er mér ekki alveg kunnugt um hvenær það var tekið upp.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 6. þm. Reykv. hefur hafnað því að gefa þjóðinni tækifæri til að segja álit sitt á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Ræðumaður hafnar því að samningurinn brjóti í bága við stjórnarskrána og að þjóðin fái þannig að segja sitt álit. Ræðumaður hefur haldið þeim rökum fram að umboð til að ljúka málinu hafi verið fengið í kosningum í ljósi yfirlýsinga flokksins.

Ég hef rakið hér að yfirlýsingar Sjálfstfl. í síðustu alþingiskosningum voru allt aðrar og sterkari en samningurinn kveður á um. Ég er hér með tilvitnanir í fimm þingmenn Sjálfstfl. sem lýsa yfir ýmsum skoðunum sem ganga gegn EES-samningnum. T.d. hv. þm. Tómas Ingi Olrich sem segist aldrei muni styðja að á Alþingi verði samþykkt lög sem veiti útlendingum sama rétt til að kaupa land og Íslendingum. (Gripið fram í.) Hann heitir Tómas Ingi Olrich. Hv. þm. Árni Ragnar hafnar EES-samningnum og telur að við eigum að taka upp tvíhliða viðræður við EB. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hafnar EES-samningnum og telur að við eigum að taka upp tvíhliða viðræður við EB og segir reyndar að EES-svæðið feli í sér samning um valdaafsal þjóðríkja. Um valdaafsal þjóðríkja. Hv. þm. Björn Bjarnason segir í blaðagrein 16. apríl, fjórum dögum fyrir kosningar, með leyfi forseta: „Þeir sem hafa kynnt sér umræðurnar um EES og þær vonir sem bundnar eru við samningaviðræður EFTA og EB af ríkisstjórnum EFTA-landanna vita að þar líta menn á EES sem fyrsta og annað skrefið inn í Evrópubandalagið." Og hæstv. sjútvrh. segir í blaðagrein í janúar 1991: „Þeir sem gerst þekkja vita að það er stigsmunur en ekki eðlismunur á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu."

Það er ljóst að Sjálfstfl. hefur ekki fengið það umboð sem hann þykist hafa til þess að ljúka málinu. Ég spyr því hv. 6. þm. Reykv. hvernig hún getur hafnað því að þjóðin fái að segja sitt álit á þessu máli.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm., talsmaður meiri hluta sérnefndarinnar, varði máli sínu til þess að fjalla um stjórnarskrár nágrannaríkjanna, aðallega Norðurlanda, og túlka mál út frá því. Þar á meðal að því er snertir norska þingið og utanríkismálanefnd þess að þeir hefðu látið álitsgerðir nægja. Það má vel vera rétt, ekki ætla ég að vefengja það. Ég tel að það stafi væntanlega af því að þar hafi ekki verið uppi ágreiningur með þeim hætti sem ríkir á Alþingi Íslendinga. Það er ekkert lítill ágreiningur um þetta mál að því er varðar stjórnarskrárþáttinn. Nálægt því helmingur þingmanna metur málið augljóslega þannig að hér sé gengið á svig ef ekki alveg gegn íslensku stjórnarskránni. Það er mat nærri helmings þingheims og hefur þó ekki reynt á þetta í atkvæðagreiðslu, sem verður auðvitað það sem sker úr um. Þar greinir mig ekki á við hv. þm.

En það er ekki mjög saman að jafna þeirri aðstöðu sem Alþingi Íslendinga býr við að því er varðar þetta stóra mál og þjóðþing hinna Norðurlandanna þar sem um er að ræða áskilinn mjög aukinn meiri hluta til þess að taka á máli sem þessu á grundvelli stjórnskipunar þeirra landa. Þingmenn og aðrir sem ég hef rætt við á Norðurlöndum og ekki þekkja til aðstæðna hér verða mjög undrandi, ég býst við að ég sé ekki einn um það, að heyra að hér eigi samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði að ganga til afgreiðslu á Alþingi út frá einföldum meiri hluta sem eigi að nægja fyrir samþykkt þessa máls.

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárnefndar (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins benda hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni á að ástæðan fyrir því að ég talaði svo mikið um stjórnarskrár í nágrannaríkjum okkar á Norðurlöndum er sú að þetta frv., bæði í greinargerð og í nál. frá minni hlutanum, víkur í veigamiklum þáttum einmitt að því atriði.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Virðulegi forseti. Það hefði kannski átt að vera um þingsköp. Ég bað um orðið síðdegis en fékk ekki

vegna þess að menn voru á undan og mikið um svör og andsvör. Það var ekki forsetans sök. Hins vegar tók ég líka það færi að segja nokkur orð í svörum. En úr því að ég er hér kominn ætla ég að byrja á að segja að mér finnst ástæða til vegna þess hve hér er mjög fámennt og engir ráðherrar að fara að ljúka þessari umræðu eða alla vega að ljúka fundinum. Mér skilst af yfirlýsingum sem gefnar hafa verið að ekki muni eiga að klára umræðu um 30. mál heldur bara það mál sem nú er rætt um, þ.e. 29. mál., sem er náskylt. Það væri þess vegna hægt að hætta nú og ræða meira og minna um bæði málin síðar einhvern tímann ef mönnum sýnist svo. Hins vegar er ég alveg reiðubúinn að ræða efnislega um málið ef sú hugmynd er ekki talin nýtileg að hætta núna og þar með væri lokið umræðu um það mál sem nú er á dagskránni. Mér skilst á bæði ráðamönnum þingsins og formanni míns þingflokks að hugmyndin sé ekki að ræða 30. mál hvort sem er á þessum fundi. (**Forseti:** Vegna orða hv. ræðumanns vill forseti taka það fram að ákveðið hefur verið að ljúka umræðunni um þetta mál, 2. dagskrármálið. Eins og nú standa sakir eru fjórir hv. alþm. á mælendaskrá.)

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef nú tvívegis hlýtt á vel unnar ræður hv. 6. þm. Reykv. sem hefur farið yfir það lið fyrir lið hvað hún telur vera að því frv. sem hér hefur verið flutt og er á dagskrá. Eftir sem áður skil ég ekki niðurstöðuna, þ.e. hvers vegna hv. þm. leggur ekki til að málið sé fellt. Hvað veldur?

Hér hafa flokksbræður hv. þm. ekki á jafnskipulegan hátt en engu að síður með ákveðnum meiningum talað í þessu máli. Hér hefur hv. þm. Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e., talað og haldið því mjög á lofti að þetta frv. breyti engu um að ekki sé hægt að samþykkja neina erlenda samninga sem fela í sér valdaafsal nema að 2. gr. stjórnarskrárinnar sé breytt. Gott og vel. Ef við tökum hann trúanlegan, sem ég ætla ekki að rengja, þá hlýtur hann einfaldlega að leggja til að þetta frv. verði fellt.

Hér hefur talað hv. 3. þm. Reykv., Björn Bjarnason. Hann hefur talað mjög strítt og ekkert legið á sínum skoðunum í þessu máli. Allur hans málflutningur hefur verið á þann veg að það ætti ekki að vera neitt vafaatriði að í hjarta sínu telur hann að það beri að fella þetta frv.

Hér hefur talað hæstv. forsrh. þegar málið var fyrst á dagskrá og talið óskynsamlegt að sitjandi þing hefði það vald að ¾ hlutar þess gætu afsalað einhverju af því sem talað hefur verið um að hægt væri að afsala yrði þetta samþykkt. Talað strítt á þá vegu. Hvers vegna á þá að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar til þess að það þvælist í pappírsbunka á borðinu hjá henni? Þeir eru menn til að ná í nýjan pappír og nýja menn til að semja frv. ef þeir vilja breyta stjórnarskránni. Hvers vegna leggja þessir menn ekki til að frv. sé fellt? Það er nánast óskiljanlegt.

Ég hef mjög oft tekið þátt í því að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar með rökstuðningi þegar mat mitt og annarra í viðkomandi nefnd hefur verið á þann veg að það sé svo mikið jákvætt í frv. og svo margt skynsamlegt í því að nú sé eðlilegt sest verði yfir þá vinnu af sérfræðingum og þeir með stuðningi ríkisstjórnarinnar komi með niðurstöðu sem er viðunandi. Þannig tæki þingið svo málið upp aftur.

Nú er í þessu tilfelli ekki um það að ræða. Það er starfandi stjórnarskrárnefnd. Það þarf ekkert að hafa neina sendingu til ríkisstjórnarinnar til að hafa það vakandi að menn vinni að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Sú vinna fer fram. Auðvitað eru þeir nú þegar búnir að ná sér í þessi frv., eru með þau í sínum gögnum og eru að skoða þau. Hvers vegna þarf málið að fara til ríkisstjórnarinnar og þaðan til stjórnarskrárnefndar? Hvað hefur eiginlega komið fyrir? Hvers vegna leggja þessir hörðu ræðumenn og þingmenn sem eru svo vissir í sinni sök í þessum efnum ekki til að frv. sé fellt?

Þegar ég í örstuttu andsvari við ræðu hv. 6. þm. Reykv. ber fram þá einföldu spurningu: Hvers vegna er lagt til að vísa þessu til ríkisstjórnarinnar? Hvers vegna er ekki lagt til að þetta verði fellt? Þá er ekki borið upp neitt andsvar við því. Ekkert svar kemur við því í seinni ræðunni en áfram verið að benda á það hversu gjörsamlega vonlaust þetta frv. sé.

Hugsið ykkur hvílík vinna það er fyrir ríkisstjórnir ef öll vonlaus frv. sem sett eru af stað í þinginu eru bara send þeim til að þvælast fyrir. Það gengur náttúrlega ekki. Þarna brestur stórkostlega mikið á í rökhugsuninni. Ef það þýddi að frv. eins og hér hefur verið lagt til væri þar með algjörlega skoðunarlaust á næstu árum gæti þetta átt rétt á sér en það er starfandi stjórnarskrárnefnd. Af hverju er ekki allt í lagi að hún fái þetta frv. með póstinum? Hvað er að póstinum? Þurfa ráðherrar að vera sendisveinar til þess að hægt sé að koma þessu til þeirrar nefndar? Mér finnst það nánast misnotkun á þeirra vinnutíma að fara fram á að þeir gerist bréfberar í þessum efnum.

Þess vegna skil ég þetta alls ekki. Ef á bak við þetta liggur aftur á móti hugmynd um að menn ætli sér að útvíkka frv. sem hér liggur fyrir svo mikið að fyrir næstu alþingiskosningar sé rétt að renna því í gegnum þingið og hafa það svo sem aðgöngumiða að því að ganga inn í EB á eftir kosningar, þá væri kannski komin skiljanleg ástæða fyrir því að menn vildu sérstaklega senda þetta til ríkisstjórnarinnar, þannig að stjórnarskráin sem heild yrði ekki tekin fyrir, heldur aðeins útvíkkað frv. til heimilda. Ef ég hef hlustað rétt á flm. þá var það tekið sem dæmi að Danir hefðu fyrst notað þessi ákvæði þegar kom að því að ganga inn í EB. Nú kinkar hv. flm. meirihlutaálitsins kolli. Var þá bara verið að fara fram á það að geyma þetta í pússi ríkisstjórnarinnar þar til rétt fyrir kosningar, demba því þá inn dálítið útvíkkuðu og nota það svo sem heimild til að keyra það í gegnum þingið á eftir? Það er ekki nauðsyn að hafa það ¾ hluta. Það er hægt að breyta þessu á annan veg. Er það eitthvað slíkt sem vakir fyrir mönnum?

Ég tel að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar sé best komin hjá stjórnarskrárnefnd úr því sem komið er. Ef sú sérskipaða nefnd sem fékk þetta verkefni treyst-

ir sér ekki til að leysa það með því að koma með breytingartillögur við þetta frv. þannig að málið sé nothæft, þá ber þeirri sérskipuðu nefnd að mínu viti nánast skylda til að leggja til að málið sé fellt, en ekki að því sé vísað til ríkisstjórnarinnar.

Mig undrar það nánast að menn, jafnharðir af sér, þegar þess þarf með, eins og hv. 3. þm. Reykv., skuli hika. Það var ekkert hik á Örlygsstöðum. „Hví drepið þér hann eigi?" var spurt, þegar menn lágu í valnum. En nú hika menn við að láta fella þetta mál. Hvaða kjarkleysi er þetta? Hvers vegna er ekki tekið á svona alvitlausu frv. og það kolfellt? (**Gripið fram í:** Þetta er annað lið en á Örlygsstöðum.) Ef til vill. Eða þá hitt að þarna býr eitthvað annað undir. Það er ekki gott að verða tvísaga. Kannski er ekki gott að samþykkja það að fella svona frv. og þurfa svo að greiða atkvæði með einhverju áþekku rétt fyrir næstu kosningar. Það væri ekki gott. Það er þó betra að hafa vísað því til ríkisstjórnarinnar til skoðunar og kippa því svo aftur upp á borðið.

Hitt er aftur á móti dálítið merkilegt að ekki sé meira sagt að hér skuli hafa verið vikið að upptöku úr sjónvarpi 8. jan. 1991, merkilegu viðtali við prófessor dr. Gunnar G. Schram. Ég verð að segja eins og er að þó ég fari ekki í að lesa þetta upp vegna þess að það er búið að því, þá undrar mig mjög hvers vegna íslenskir fréttamenn spyrja ekki undir slíkum kringumstæðum prófessora að þeim mikla mun sem kemur fram í þessu viðtali og því áliti sem kom fram þegar prófessorinn fór yfir EES-samninginn til að meta hvort hann bryti í bága við stjórnarskrána. Hvers vegna spyrja fréttamenn ekki um svona lagað? Er það vegna þess að þeir telja að það sé illa séð af valdhöfum vors lands að koma með slíkar spurningar?

Ég fæ ekki betur séð en að fyrir rétti væri þetta kallað að verða tvísaga. Svo mikill munur er á þessu tvennu. Mér er sagt að það gerist stundum þegar menn verða tvísaga þá sé þeirra vitnisburður ekki talinn nothæfur. Það er dálítið slæmt að sitja uppi með það.

Ég ætla ekki að fara í umræður um EES undir þeim kringumstæðum sem hér eru. Ég tel að hér sé aðeins á dagskrá frv. til stjórnarskipunarlaga. Ég hef hlustað grannt á þær raddir sem komið hafa fram, að menn efi að það eigi að vera heimild í stjórnarskránni til þess að framselja vald. Það getur vel hugsast að í skjóli slíkrar heimildar reyni menn á Alþingi að taka sér meira vald og reyni að teygja úr því. Hér er aftur á móti sett sem skilyrði að þrír fjórðu hlutar alþingismanna greiði því atkvæði. Það er sett sem skilyrði. Nú er það svo að það er mikill meiri hluti þegar þrír fjórðu hlutar samþykkja eitthvert mál. Það er spurning hvort þeirri þjóð er yfir höfuð bjargandi sem er komin í þá stöðu að þrír fjórðu af þingmönnum hennar sameinast um hluti sem menn eru sannfærðir um að aðrir eru sannfærðir um að sé fráhvarf frá sjálfstæðinu, þ.e. afturför.

Ég verð að segja eins og er að ég á ekki von á því úr því sem komið er að fá svör við því miðað við þær ræður sem hér hafa verið fluttar hvers vegna stjórnarliðar leggja ekki til að þetta frv. sé fellt. Ég á ekki von á því að fá svar við því. En það væri aftur á móti merkilegt að hugleiða það hvernig hefðu ræðurnar litið út ef þeir hefðu komist að þeirri niðurstöðu að það ætti að fella málið. Hvernig hefðu þeir þá talað? Hvaða lýsingarorð hefðu þá verið notuð? Hvaða tilvitnanir? Fyrst þessi vopnaburður nær ekki lengra.

Af því að mér er ljóst að atkvæðagreiðsla um þetta mál fer ekki fram í kvöld vil ég beina þeim eindregnu áskorunum til stjórnarsinna að þeir manni sig upp í að leggja til að frv. verði fellt. Hitt er svo ræfilslegt hálfkák að það er nánast að maður skammist sín fyrir að taka þátt í atkvæðagreiðslu um svo aumingjalega afstöðu.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort hv. síðasti ræðumaður, 2. þm. Vestf., hefur verið viðstaddur allar umræðurnar í dag. Þessari spurningu var svarað strax í upphafi umræðnanna, þ.e. að niðurstaða meiri hluta nefndarinnar var sú að það væri rétt að skoða þetta mál betur. Leiðin til þess er sú að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar með tilmælum um að það fari síðan í stjórnarskrárnefnd sem nú er starfandi og málið verði skoðað betur. Að þessu frv. stendur formaður Framsfl., formaður þingflokks Framsfl., formaður þingflokks Alþb. og forustumaður úr Kvennalistanum og mér sýnist vera fullt tillit til þessara aðila að leggja til að þetta mál verði athugað betur. En þar sem það snertir ekkert spurninguna um aðild Íslands að EES þá liggur ekkert á að afgreiða það. Sjálfsagt er að skoða þetta og velta þessu fyrir sér og skoða þær tillögur sem þarna koma fram og enginn vettvangur er betri til þess en stjórnarskrárnefnd sú sem starfandi er með fulltrúum allra flokka.

Ég vil aðeins nefna, af því að hv. síðasti ræðumaður slóst í hóp þeirra sem vitnuðu í samtal við dr. Gunnar G. Schram frá því í janúar 1991, að það er alveg ljóst að það sem prófessorinn er að tala um þá er sú staða sem uppi var þá í þessum samningu og miðaði að því að Evrópudómstóllinn hefði vald til þess að fella forúrskurði varðandi álitamál sem kæmu upp vegna þessa samnings. Það er hins vegar fallið á brott úr þessum samningum, það atriði er ekki lengur á dagskrá. Mér finnst því mjög ósanngjarnt eins og ég hef raunar sagt áður að líta þannig á eins og ekkert hafi breyst frá því að þessar yfirlýsingar voru gefnar þar sem prófessorinn fjallaði aðallega um Evrópudómstólinn í Lúxemborg og hlut hans í þessu máli, en sá hlutur hefur gjörbreyst frá því að þetta viðtal var tekið og það viðtal birtist sem margoft hefur verið vitnað til.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var eitt sinn sagt: Annar eins maður og Oliver Lodge fer ekki með neina lygi.

Nú er upplýst að vegna þess hverjir eru flm. að þessu frv. þá hiki menn við að veita því aðför og lýsa því yfir að það þurfi að skoða málið betur. Sé nú hugsað um að gagnálykta þá kemur þessi niðurstaða: Málið var ekki nægilega vel skoðað. Hér hafa menn flutt hverja ræðuna eftir aðra án þess að hafa skoðað málið nægilega vel. Hvað eru menn að játa á sig í þingsöl-

um? Að þetta sé illa unnið af nefndinni sem lagði til tillögurnar? Ekki nægilega vel skoðað?

Ég vil benda hv. 6. þm. Reykv. á bunkann á borðinu hjá mér. Mér er skipað að skoða þetta og sagt að ég hafi nógan tíma til að afgreiða þetta allt fyrir jól. Svo er lyft einni möppu sem blöðin eru heldur laustengd saman og kvartað undan tímaleysi við að skoða. Ég er ekki trúaður á þessa röksemdafærslu en það skal viðurkennt að hv. 3. þm. Reykv. hefur þó haft karlmennsku til að reyna að manna sig upp í það að koma með skýringar á því hvers vegna þeir vilji ekki að málið sé fellt. Það má virða við hv. þingmann. Hins vegar fer ég ekki ofan af því að ég hefði talið karlmannlegra í stöðunni að nota nóttina til að safna kjarki til að koma með tillögu á fundi um að fella málið.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem er til umræðu er eins og mönnum er kunnugt eðlileg viðbrögð manna til þess að reyna að afstýra því stórslysi sem gæti orðið ef áform stjórnarflokkanna ná fram að ganga, að samþykkja samning sem brýtur gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar. Auðvitað er eðlilegur framgangur í svo stóru máli sem þessu að þetta frv. verði fyrr afgreitt og nauðsynlegar breytingar gerðar ef núverandi stjórnarflokkar hyggjast ekki falla frá áformum sínum um að knýja afgreiðslu á samningnum í gegn fyrir nk. áramót. Það er því engum blöðum um það að fletta hvers vegna málið er til komið og hver einn tilgangur málsins er sem er að reyna að afstýra þessu yfirvofandi stjórnarfarslega slysi.

Auðvitað hlýtur því að koma mjög til álita í umræðunni hvort menn álíti að samningurinn brjóti í bága við stjórnarskrá eða ekki svo nátengd sem málin eru. Það liggur fyrir afstaða mjög margra þingmanna um að svo sé, en það hefur líka komið fram afstaða þingmanna um að samningurinn brjóti ekki í bága við stjórnarskrána. Ég vildi aðeins vekja athygli á sjónarmiðum nokkurra þeirra sem því hafa haldið fram því þar stangast nokkuð á yfirlýsingar þeirra nú og því sem áður var sagt. Óhjákvæmilegt er að draga það inn í þessa umræðu þannig að menn fái að vita á hvaða rökum sinnaskiptin eru grundvölluð.

Ég vil fyrst nefna hæstv. sjútvrh. sem lét frá sér fara ákveðna skoðun á málinu á sínum tíma meðan hann var enn formaður Sjálfstfl. og hann segir í grein í Morgunblaðinu 26. jan. 1991, með leyfi forseta:

„Aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu felur á hinn bóginn í sér að við gerumst aðilar að allri löggjöf Evrópubandalagsins um innri markað þess. Sú löggjöf sem á einum degi verður að íslenskum lögum er margfalt meira að vöxtum en öll núgildandi löggjöf hér á landi í blaðsíðum talið. Sérfræðingar hafa látið það álit í ljós að með þessari aðild séum við orðnir þátttakendur í u.þ.b. 70–80% af starfsemi Evrópubandalagsins."

Enn fremur segir í grein hæstv. núv. sjútvrh., með leyfi forseta:

„Þeir sem gerst þekkja vita að það er stigsmunur en ekki eðlismunur á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu og Evrópubandalaginu."

Það er alveg ljóst hvað fyrrv. formaður Sjálfstfl. er að segja við fólk í endaðan janúar 1991, að við erum að gera samning sem yfirtekur mikið af EB-lögum og við eru að binda okkur við Evrópubandalagið þannig að það er aðeins stigsmunur á þeirri bindingu en ekki eðlismunur hvort við gerumst aðilar beint að Evrópubandalaginu.

Mig langar líka að nefna til sögunnar hv. núv. 3. þm. Reykv. sem segir í Morgunblaðinu í blaðagrein, 16. apríl 1991, eða fjórum dögum fyrir kosningar um þetta mál, með leyfi forseta:

„Þeir sem hafa kynnt sér umræðurnar um EES og þær vonir sem bundnar eru við samningaviðræður EFTA og EB í ríkisstjórnum EFTA-landanna vita að þar líta menn á EES sem fyrsta og annað skrefið inn í Evrópubandalagið."

Enn fremur segir í greininni, með leyfi forseta:

„EES-samningagerðin er skipulegasta átak sem gert hefur verið til þess að opna Íslandi og öðrum EFTA-ríkjum leið inn í Evrópubandalagið."

Það er líka alveg ljóst að hv. þm. Björn Bjarnason lítur á þetta mjög nátengt sjálfri aðildinni að Evrópubandalaginu. Hann segir, og tekur undir með núv. formanni Sjálfstfl., að um aðild að Evrópubandalaginu beri að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla, það muni gerast sjálfkrafa því að aðildin sjálf sé brot á stjórnarskránni og það þurfi því að breyta stjórnarskránni til þess að til aðildar geti komið.

Það hlýtur að vera mjög glöggt á því fyrst í huga þingmannsins er EES-samningurinn sjálfur svo nátengdur og nálægur beinni aðild að EB að ályktа sem svo að fyrst EB-aðild kalli á stjórnarskrárbreytingu þá hljóti EES-samningurinn að gera það líka. Að öðrum kosti væru þessir tveir samningar eða tveir möguleikar ekki svo nátengdir eins og þingmaðurinn heldur fram í grein sinni.

Í grein sinni segir þingmaðurinn enn, með leyfi forseta: „Þessi samningur opnar leið inn í EB."

Samhengið þarna á milli fer því ekki á milli mála.

Þriðji núverandi þingmaður Sjálfstfl., sem ég vil vitna til, er hv. 3. þm. Vestf. Hann segir um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið í grein í DV 18. apríl 1991, eða tveimur dögum fyrir kosningar, með leyfi forseta: „...er allir vita að felur í sér samninga um valdaafsal þjóðríkja og viðurkenningu á lögum og dómstólum Evrópubandalagsins." Hann tínir til rök fyrir skoðun sinni og vitnar í fyrsta lagi í prófessor Gunnar G. Schram. Þar segir í tilvitnun, með leyfi forseta:

„Prófessorinn hefur dregið fram í Morgunblaðsgrein 26. janúar sl. að með aðild að EES samþykkja EFTA-ríkin mjög verulegan hluta Rómarsamningsins, en hann er grundvallarlög Evrópubandalagsins. Með því eru þau í mörgum þýðingarmiklum efnum komin á sama bát og EB-ríkin og lúta sömu lögum og þau."

Enn fremur vitnar þingmaðurinn í annan fræðing, dr. Gunnar Helga Kristinsson, lektor í stjórnmálafræði. Þar segir í greininni og er tilvitnun í grein dr. Gunnars frá 5. apríl í Morgunblaðinu, með leyfi forseta:

„Niðurstaða samningaviðræðnanna ætti að verða víðtækur aukaaðildarsamningur á grundvelli 238. gr.

sáttmála EB milli Evrópubandalagsins annars vegar og EFTA-landanna og Liechtenstein hins vegar."

Í þriðja lagi dregur hv. 3. þm. Vestf. fram sem rök fyrir þeim fullyrðingum sínum að EES-samningurinn feli í sér valdaafsal þjóðríkja að vitnað sé til þess í skýrslu utanrrh., sem þá var nýlega komin út um stöðu EES-viðræðnanna, að full ástæða sé til að kanna þörf á nýju ákvæði í stjórnarskránni sem kveði skýrt á um heimildir til þátttöku í alþjóðasamstarfi. — Það var nú hvorki meira né minna, ein af þrennum rökunum voru að það skorti heimildir í stjórnarskrá.

Þá vil ég nefna til sögunnar fjórða núverandi þingmann Sjálfstfl. sem er ekki beint í miklum vafa um þennan samning og það er hv. þm. Eggert Haukdal. Hann segir í blaðagrein 18. apríl 1991, eða tveimur dögum fyrir kosningar, með leyfi forseta, og talar ekki bara fyrir sjálfan sig heldur Sjálfstfl. — með stóru S-i:

„Sjálfstæðisflokkurinn varar kjósendur við óhreinlyndi og loddaraskap ráðherra í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar sem afneitar samningum um evrópsk efnahagsmál um leið og verið er að ljúka samningaviðræðum um Evrópskt efnahagssvæði sem hafa í för með sér afsal á fullveldi og lögsögu erlends dómstóls á íslenskri grund." — Enn fremur segir þingmaðurinn, og enn í nafni Sjálfstfl., með leyfi forseta:

„Sjálfstæðisflokkurinn styður aðild Íslendinga að alþjóðasamvinnu en þó því aðeins að tryggð séu full yfirráð þjóðarinnar yfir auðlindum hennar, öllum landgæðum og fullveldi."

Hér hafa verið nefndir til sögunnar fjórir þingmenn Sjálfstfl. sem hafa haft mjög skýra afstöðu til áhrifa samningsins um Evrópska efnahagssvæðið á íslenskt þjóðlíf og hversu nátengdur sá samningur er beinni aðild að Evrópubandalaginu og ýmist lýst yfir efasemdum eða beinum fullyrðingum um að þetta standist ekki stjórnarskrá.

Það vekur því furðu að heyra það frá allmörgum þingmönnum Sjálfstfl. að þeir ætli sér að standa að því að afgreiða þennan samning og víkja til hliðar spurningunni um það hvort samningurinn standist stjórnarskrá og ætli sér að knýja samninginn í gegn í krafti einfalds meiri hluta og láta síðan skeika að sköpuðu hvort dómstólar muni síðar víkja samningnum til hliðar sem broti á stjórnarskránni, þá ýmist einstökum ákvæðum hans í kjölfar dóms eða samningnum í heild ef dómur verður það víðtækur.

Hér eru menn að tefla pólitískum hagsmunum fram fyrir hagsmuni þjóðarinnar og víkja stjórnarskrá lýðveldisins til hliðar og láta hana vera í öðru sæti á eftir hagsmunum sínum sem pólitískir einstaklingar. Þetta eru vinnubrögð sem geta ekki, virðulegi forseti, með nokkru móti verið viðunandi og hlýtur að kalla á mjög harða andstöðu gegn áformum af þessu tagi.

Yfirlýsingar Sjálfstfl., sem ég hef rakið og á engan hátt ríma við niðurstöðuna, hið opinbera umboðsleysi þingmanna til að ljúka málinu auk þessarar tilvitnunar sem ég hef dregið fram, hljóta að kalla á það að Sjálfstfl. rökstyðji afstöðu sína ef hann á þá á annað borð einhver rök í fórum sínum til þess að útskýra þessi sinnaskipti. Ég vil nefna sem dæmi um þingmenn sem augljóslega hafa farið langt frá yfirlýsingum sínum sem þeir gáfu kjósendum fyrir kosningar og hyggjast vera í því liði sem ætlar að ganga á stjórnarskrána með einföldum meiri hluta í þinginu. T.d., eins og ég gat um fyrr í kvöld, hv. þm. Tómas Inga Olrich sem skrifaði í Morgunblaðið 18. apríl, tveimur dögum fyrir síðustu alþingiskosningar, ýmis varnaðarorð um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og tók það mjög skýrt fram að hann mundi aldrei samþykkja samning sem veitti útlendingum sama rétt til að kaupa land og við Íslendingar höfum og enn fremur að samþykkja samning sem opnuðu fiskimiðin fyrir útlendingum. Eða eins og orðað er í greininni, með leyfi forseta: „að hleypa útlendingum inn í aðalauðlind þjóðarinnar."

Það er alveg skýrt af hálfu þessara þingmanna að þeir hafa gefið annað út um afstöðu sína til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, áhrif hans á stjórnarskrá lýðveldisins og einstök efnisatriði en þeir láta uppi núna.

Það er auðvitað hörmulegt til þess að vita, virðulegi forseti, að svo skuli að þingstörfum staðið að flestir þeirra þingmanna sem hér ættu auðvitað að gera grein fyrir sinnaskiptum sínum fá nú átölulaust að vera utan þingsalar og jafnvel utan þinghúss og rætt er um þetta alvarlega mál fyrir nær tómum þingsölum. Verður að segjast að því miður er ekki einsdæmi að stjórnarliðið láta sig litlu varða hvaða málflutning menn hafa uppi og hvaða rök menn draga fram. Það skiptir ekki máli í þeirra huga heldur að vera einhvers staðar út um víðan völl og mæta þá til atkvæðagreiðslu þegar í þá er hringt. Að öðru leyti koma þeim þingstörfin ekki við.

Ég tel því, virðulegi forseti, afar brýnt í ljósi tvískinnungs mjög margra stjórnarliða að frv. það sem hér liggur fyrir verði samþykkt því með því vinnst tvennt. Það fyrra að komið yrði í veg fyrir að óprúttinn stjórnarmeirihluti á hverjum tíma geti í krafti samstöðu sinnar knúið fram mál sem er augljóslega brot á íslenskri stjórnarskrá og hitt að stjórnarþingmenn yrðu knúnir til þess að standa frammi fyrir kjósendum sínum og útskýra fyrir þeim vingulsháttinn í afstöðu sinni til þessa viðamikla máls, svo ekki sé fastara að orði kveðið.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Vestf. gæti skýrt fyrir sjálfum sér hvernig stendur á því að hér eru ekki þingmenn viðstaddir. Það er ósköp einfaldlega vegna þess að hann er ekki að tala um það mál sem er á dagskrá. Hann hefur talað um að við þingmenn stjórnarflokkanna ættum að gera grein fyrir því hvers vegna við stöndum á móti þjóðaratkvæðagreiðslu. Slíkt mál er ekki til umfjöllunar hér. Hér er til umfjöllunar 29. mál þingsins sem er frv. til stjórnarskipunarlaga þar sem ekki er minnst á þjóðaratkvæði.

Hitt er rétt að benda þingmanninum á vegna athugasemda sem hann gerði áðan um skrif mín fyrir kosningarnar að þar benti ég réttilega á þann veikleika í meðferð málsins í stjórn Steingríms Hermannssonar að ekki væri haldið við þá fyrirvara sem nauðsynlegt væri. Ég var þeirrar skoðunar, eins og reyndar Stein-

grímur J. Sigfússon, fyrrv. landbrh., segist hafa verið, að það hefði verið þægilegra og betra fyrir Íslendinga að hafa varanlegan fyrirvara um jarðakaup. Sá fyrirvari féll út í stjórnartíð Steingríms Hermannssonar fyrir kosningar. Það urðu um þetta miklar deilur í mínu kjördæmi milli framsóknarmanna og sjálfstæðismanna hvort fyrirvarinn væri úti eða ekki, hvort eitthvað hefði verið sett í lög sem gæti tryggt þessi mál. Þeir héldu því fram að svo væri. Eftir kosningar viðurkenndi Steingrímur Hermannsson að svo hefði ekki verið. En hvar voru alþýðubandalagsmenn í þessum umræðum? Þeir sögðu fátt. Steingrímur J. Sigfússon hafði ekki skoðun á þessu máli í þeirri kosningabaráttu. Hann hafði raunar ekki skoðun á því að fyrirvarinn hefði ekki mátt falla út fyrr en eftir kosningar. Þá komst hann að þeirri niðurstöðu að það hefði ekkert verið hægt að setja í lög til að tryggja þetta. En hann komst kyrfilega að þeirri niðurstöðu eftir kosningar og gerði hana þá opinbera. Auðvitað sat hann sem landbrh. þó að þessi fyrirvari væri farinn út og gerði litlar athuganir á því hversu alvarlegt þetta mál væri þá. Hann hefur hins vegar gert þingheimi opinbert síðar að hann hefur gert miklar athuganir á þessu eftir að hann fór úr stólnum.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að ýmsir þingmenn Sjálfstfl., eins og ég rakti, voru þeirrar skoðunar að samningurinn samrýmdist varla stjórnarskrá og sumir fullyrtu að samningurinn væri reyndar brot á stjórnarskránni. Því hlýtur það að tengjast þessu máli sem er lagt fram m.a. til þess að koma í veg fyrir stjórnarfarslegt slys.

Hitt er alveg rétt hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. að hann hefur ekki fullyrðingar um það í sinni blaðagrein. Hins vegar hefur hann fullyrðingar uppi sem gefa manni þá niðurstöðu að hann muni greiða atkvæði gegn samningnum um Evrópska efnahagssvæðið þar sem hann lítur þannig út, bæði hvað varðar fiskimiðin og landið, að hann uppfyllir ekki þau skilyrði sem þingmaðurinn gaf út sem grundvallaratriði af sinni hálfu fyrir kosningar. Það er auðvitað fagnaðarefni ef þingmaðurinn er tilbúinn að lýsa því yfir að hann hyggist standa við orð sín frá því fyrir kosningar og mættu fleiri taka hann sér til fyrirmyndar, t.d. hv. 3. þm. Reykv. sem hefur kúvent í þeim efnum.

Hvað varðar afstöðu hæstv. fyrrv. landbrh. þá verð ég að hryggja hv. þm. Tómas Inga Olrich með því að ég var ekki í kosningabaráttunni þannig að ég var ekki á vettvangi til að fylgjast með því hvernig umræður fóru fram. En ég þykist vita nokkuð glöggt um afstöðu hv. 4. þm. Norðurl. e. að honum hafi verið ljóst fyrir kosningar eins og fleirum að hér væru menn eða hæstv. utanrrh., sem var umboðslaus eins og menn muna, kominn með í hendurnar efni sem ekki var hægt með nokkrum hætti að samþykkja.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé öllum ljóst sem á þessar umræður hafa hlýtt, svo og á málflutning hæstv. fyrrv. landbrh. að hann hafði ekki áhyggjur af þessu opinberlega og sagði ekki af sér þrátt fyrir alvöru málsins á meðan hann var sjálfur landbrh.

Ég tek það hins vegar fram að ég er aftur á móti sammála fyrrv. forsrh. Steingrími Hermannssyni um að það er hægt að koma í veg fyrir þau slys sem gætu orðið vegna þess að þessi fyrirvari féll út með lagasetningu. Það er hægt. Það er verk sem ekki var unnið í tíð Steingríms J. Sigfússonar vegna þess að hann vildi ekki sinna því og vildi heldur ekki segja af sér þó að hann væri ósáttur við samninginn. Það verk er hægt að vinna og það er verið að því nú undir forustu annars landbrh. sem er ábyrgari en sá sem um var getið áðan.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er farið út um víðan völl hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. að víkja máli sínu að fjarstöddum manni og kannski ekki mjög drengilegt. En ég vil segja að hæstv. utanrrh. fékk aldrei umboð þingflokks Alþb. til þess að ljúka samningnum um Evrópska efnahagssvæðið m.a. vegna andstöðu alþýðubandalagsmanna og þáv. landbrh. Hins vegar fékk ráðherrann umboðið til þess að gera þau verk sem menn sáu fram á að leiddu til ófarnaðar eftir kosningar, m.a. með fulltingi hv. þm. Tómasar Inga Olrich sem ber sig núna aumlega undan því að hafa veitt núv. hæstv. utanrrh. umboð til þess að ljúka samningi af þessari gerð.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka aftur til máls. Ég taldi mig hafa skýrt mitt mál nægjanlega vel í minni fyrstu ræðu en nokkrum atriðum í máli hv. þm. tókst mér ekki að svara í andsvörum á þann hátt sem ég vildi. Ég heyri samt á því sem fram hefur komið af hálfu hv. stjórnarliða að það þýðir varla að ræða við þá. Þeir eru algerlega ákveðnir í því að misskilja allt sem maður segir. Ég var að reyna að skýra út hvað felst í breytingartillögunni og þeirri tillögu sem borin er fram af fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna. Það er í góðu samræmi við það sem er í stjórnarskrám annarra landa en samt vilja þeir misskilja allt sem við segjum og telja að þetta sé allt á afturfótunum. Það er eins og þeir skilji ekki mælt mál. Ég veit ekki hvort það þýðir að reyna að tala frekar um þetta. Þeir vilja greinilega ekki láta okkur njóta sannmælis og þess veit ég ekki hvort ég á að reyna að útskýra enn einu sinni hvað í breytingartillögunni felst. Það er skýrt mjög greinilega í nál. minni hlutans.

Það var farið yfir þetta í stjórnarskrárnefndinni. Ég veit ekki hver tilgangurinn var yfirleitt með að vísa þessu máli til nefndarinnar og ræða það þar ef síðan skiptir engu máli hvað þar var gert. Þar var farið yfir þetta mál. Það voru bornar fram ýmsar athugasemdir af hálfu þeirra sem á fund nefndarinnar komu sem voru þrír aðilar eins og fram kemur í áliti meiri hluta nefndarinnar. Það voru þeir Gunnar G. Schram prófessor, Eiríkur Tómasson og Magnús K. Hannesson. Þeir þrír komu á fund nefndarinnar og báru fram ýmsar athuga-

semdir og gagnrýni sem við tókum til greina. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni sögðumst við vilja breyta og laga þennan texta þannig að hann væri skýr og greinilegur og væri með þeim hætti að ekki væri nokkur leið að misskilja hann. Þessu vildi meiri hlutinn greinilega ekki taka þátt í en við breyttum textanum til móts við það til þess að þeir gætu skilið hann. En það virðist engu máli skipta. Þeir vilja ekki skilja og ég held að það þýði ekkert að halda áfram að reyna að skýra út.

Það var minnst á þegar verið var að vitna til viðtals við Gunnar G. Schram að eingöngu væri verið að ræða um EB. Auðvitað var verið að ræða um EES-samninginn. Það er ljóst eftir því sem þar kemur fram að á þeim tíma sem þetta viðtal birtist er verið að ræða um EES-dómstól. Þá var ekki komin þessi tvískipting eins og er núna með dómurum frá bæði EFTA og EB. Einnig var verið að ræða um sameiginlega eftirlitsnefnd, um að EFTA hefði einhver áhrif á ákvörðunarferli innan EB, m.a. að því er varðaði lagaframvörp, og það var einnig verið að tala um þátttöku í nefndum á vegum EB. En það er ekkert eftir af þessu núna. Við fáum ekki að taka þátt í neinum þeim ferlum sem skipta máli í þessu samhengi ef af þessum samningi verður. Nú er komin eftirlitsstofnun sem kveður upp úrskurði.

Það er verið að draga Gunnar G. Schram inn í þetta mál, og það var auðvitað ég sem gerði það, ekki síst vegna þess að hann er einn aðalsérfræðingurinn sem kom á fund nefndarinnar og við tókum auðvitað mark á því sem hann sagði. Mér sýnist að meiri hluti nefndarinnar taki eingöngu mark á því sem hann sagði en auðvitað töluðu fleiri og þeim bar ekki alveg saman. Ekki er hægt að taka tillit til allra þar sem um mismunandi álit er að ræða en maður reynir að meta hvað eðlilegt er að taka tillit til.

Þegar þessi breyting varð á samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, ég held að það hafi verið 14. eða 15. maí 1991, breytist þetta í að verða eftirlitsstofnun EFTA. Þá kom fram sú hugmynd. Af því kom fram í máli hv. 6. þm. Reykv. að allt annað hefði verið uppi þegar viðtalið var tekið en síðar varð langar mig að benda á það sem Gunnar G. Schram, lagaprófessor og doktor, sagði í viðtali við útvarpið þann 15. maí 1991 eftir að þetta kemur upp. Í fréttinni er fyrst vitnað til þess sem fréttamaðurinn segir en síðan segir, með leyfi forseta:

„Gunnar G. Schram lagaprófessor segir að yfirlýsing ráðherrafundar Evrópubandalagsins og EFTA á mánudag bendi til þess að ný eftirlitsstofnun EFTA á væntanlegu Evrópsku efnahagssvæði fái meira yfirþjóðlegt vald en hingað til hefur verið talað um.“ Þetta er því meira en hann hélt þó. (**Gripið fram í:** Hvenær kemur þetta?) Þetta kemur 15. maí 1991. Viðtalið sem ég vitnaði til fyrr í kvöld var 8. jan. 1991. Ég hafði ekki tíma til að skoða nákvæmlega hvenær þetta var tekið. Síðan segir Gunnar G. Schram og þá er orðrétt haft eftir honum:

„Þá verður að líta svo á að hér sé um valdameiri stofnun að ræða en almennt hefur verið talið til þessa. Evrópubandalagsstofnunin hefur löggjafarvald og er ákaflega valdamikil.“ Síðan ræðir hann frekar um þetta og hnykkir í raun á fyrra áliti sínu um að þetta sé valdamikið og segir í lok viðtalsins: „Ef við gerumst aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, þá er náttúrlega ljóst að í öllum þeim efnum sem það tekur til, en það er má segja mjög breitt svið efnahagslífsins, þá verður þarna um hæstarétt að ræða ef upp koma deilumál sem skotið er til þessa dómstóls í Lúxemborg. Það þýðir að hann hefur endanlegt dómsorð og við sem önnur aðildarríki yrðum þá að hlíta dómum þessa nýja alþjóðlega dómstóls.“

Þetta vildi ég bara segja. Ég veit að auðvitað er hægt að koma síðar að þessu máli þegar við förum að ræða betur um hið Evrópska efnahagssvæði, en í tilefni þessa taldi ég rétt að koma þessu að vegna þess að það var talið að það væri svo mikil breyting frá þessu viðtali miðað við það sem nú er. Auðvitað er breyting en hún er að mínu mati frekar til hins verra að því er varðar þessi atriði. Ég ætla hins vegar ekki að ræða það meira.

Annað kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv. og mér tókst ekki að svara áðan þegar ég fór í andsvar vegna þess að tími minn var þrotinn. Það var varðandi Mannréttindasáttmála Evrópu. Ef hann væri lögtekinn hér á landi og gilti einnig gagnvart einstaklingum er það mat fleiri en eins lögfræðings — það er mat fleiri lögfræðinga — væri það ekki hægt að óbreyttri stjórnarskrá. Ég þori ekki að fullyrða það því að minni mitt er kannski ekki óbrigðult en ég man ekki betur en Gunnar G. Schram hafi sagt það sama á fundi stjórnarskrárnefndar þegar við vorum að ræða þetta atriði. Ég þori ekki að fullyrða það vegna þess að þetta er einungis eftir minni. En fleiri lögfræðingar segja að það sé allt annað hvort ákvæði Mannréttindasáttmálans eru með þeim hætti sem þau eru núna, þ.e. að hann verði samþykktur með þál. Alþingis, eða hvort hann verður lögtekinn í heild. Það eru ekki bara einn og ekki bara tveir heldur fleiri sem hafa sagt það.

Síðan langar mig, virðulegur forseti, að minnast aðeins á eitt atriði í viðbót sem mér tókst ekki að taka með á þeim stutta tíma sem ég hafði til andsvara. Það var varðandi Torstein Eckhoff og grein hans sem hv. 6. þm. Reykv. minntist á. Ég minntist fyrst á grein hans í Jussens venner frá 1990 sem var sjálfsagt skrifuð á því ári eða á árinu fyrr. Ég veit ekki nákvæmlega hvenær greinin var skrifað en hún birtist það ár. Þá er samningurinn ekki tilbúinn. Hann telur þá ekki víst að beita þurfi 93. gr. stjórnarskrárinnar eins og samningurinn leit út þá. En um mitt ár 1992 birtir hann grein — ég þori ekki að fullyrða í hvaða blaði greinin birtist en það er vitnað í þá grein án þess að sagt sé upp úr hvaðan hún er tekin nákvæmlega í 7. og 8. hefti Nordisk Kontakt 1992 sem kom út síðla sumars og allir þingmenn fá. Úr því blaði tek ég þessa tilvitnun. Þar kemur fram — ég hef reyndar lesið það í dagblöðum í Noregi en hef ekki nákvæmlega tilvitnun þar — að prófessor Torstein Eckhoff, sem er framarlega í baráttunni gegn EB-aðild Noregs og þar af leiðandi á móti EES-samningnum líka því að sá hópur er bæði á móti

EES-samningi og aðild Noregs að EB, telur að þar sem í EES-samningnum felist ákvæði um að vald sé falið í hendur stofnana sem Noregur er ekki aðili að þá muni 93. gr. stjórnarskrárinnar ekki einu sinni duga. Það er algerlega óheimilt samkvæmt norsku stjórnarskránni að hans mati. 93. gr. dugar því ekki heldur þó svo í henni felist ákvæði um að heimilt sé að framselja vald á takmörkuðu sviði ef um ¾ hluta atkvæða sé að ræða. Jafnframt segir í þessari grein að lagaprófessorinn Eivind Smith — það er tekið sérstaklega fram að hann sé fylgjandi því að Noregur gerist aðili að EB væntanlega vegna þess að þeir hafa þá sitt hvora skoðunina — segir að Ekkov hafi mjög líklega, eða eins og stendur í þessari grein, „høyst sannsynligt" rétt fyrir sér.

Þessa var ég að vitna til. Í greininni frá 1990 sagði hann þetta en þegar samningurinn liggur fyrir þá metur hann þetta öðruvísi. Ég hef ekki annað fyrir mér en það sem stendur hér og það sem hefur verið vitnað til blaðagreina eftir hann. Ég hef ekki neina fræðilega úttekt hans á þessu eins og greinin í Jussens venner frá 1990 er og við fengum afrit af í stjórnarskrárnefndinni. Við fengum reyndar fleiri greinar sem við höfðum til hliðsjónar þegar við vorum að fara yfir málið. Þessi maður, sem ég held að sé mjög virtur fræðimaður á þessu sviði, telur þetta.

Ég vil líka upplýsa það að í Svíþjóð eru margir sem telja, og kom reyndar upp á síðustu stundu, að EES-samningurinn stríði gegn sænsku stjórnarskránni fyrst og fremst vegna prentfrelsisins. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki sett mig inn í sænsku stjórnarskrána nægilega vel til þess að ég skilji návæmlega af hverju þeir telja svo vera. Það væri fróðlegt fyrir okkur að vita nákvæmlega hvað það er sem menn hnýta svo sérstaklega í að því er varðar sænsku stjórnarskrána og prentfrelsið og hvort það sama mundi vera uppi á teningnum hér á landi en það hef ég að vísu ekki heyrt. Í Finnlandi, eins og ég sagði reyndar í minni fyrri ræðu, telja margir að ekki hafi verið heimilt samkvæmt finnsku stjórnarskránni að samþykkja EES-samningurinn vegna þess að í honum felist svo mikið valdaframsal til stofnana sem Finnland er ekki aðili að. Ef um væri að ræða aðild að EB væri það heimilt samkvæmt þeirra stjórnarskrá en ekki aðild að EES.

Virðulegur forseti. Ég held að ég láti þetta duga að svo komnu máli þar sem ég sé ekki að hægt sé að fá þá fáu þingmenn sem hér eru og hafa skrifað undir nál. meiri hlutans — þeir eru þeir einu sem hér sitja og aðrir hv. þm. sjá sér greinilega ekki fært að sitja þennan fund og fylgjast með umræðum — og það breytir kannski ákaflega litlu þó maður reyni að sannfæra fólk um það hversu óráðlegt það er að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar. Eðlilegra væri að það gengi til atkvæða með eðlilegum hætti og menn yrðu þá að láta í ljós álit sitt á því hvort þeir teldu að það ætti að samþykkja frv. eða fella það. Auðvitað tel ég eðlilegt að samþykkja það og þykir mér leitt að menn skuli vera að agnúast svona mikið út í þetta frv.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umræður mjög mikið. Ég þakka hv. síðasta ræðumanni, 15. þm. Reykv. fyrir ræðu hennar og skýringar. Ég hef saknað þess undanfarnar klukkustundir að enginn annar af flm. frv. skuli heiðra okkur með nærveru sinni til þess að þeir geti þá útskýrt málið og komið inn í þessar umræður og skýrt og svarað þeim mörgu spurningum sem vakna þegar þetta mál er skoðað. En ég þakka hv. 15. þm. Reykv., einum af flm., fyrir að vera þó í þingsalnum þegar þetta mál er til umræðu en ég vek athygli á því að það eru fjórir flm. að þessu máli og þeir láta ekki sjá sig í þingsalnum þegar þetta mál er til umræðu. Hvað sem líður návist ráðherra, þá skiptir hún ekki máli í þessu sambandi því að hér er um að ræða frv. sem flutt er af þingmönnum. Það minnsta sem þeir geta gert er að sjálfsögðu að vera viðstaddir þegar þeirra eigið mál jafnmikilvægt og þetta, eins og fram hefur komið hjá hv. síðasta ræðumanni, frv. til breytinga á sjálfri stjórnarskránni, er til umræðu, En þá láta flm. sjálfir ekki svo lítið við okkur þingmenn að vera viðstaddir þegar slík mál eru á dagskrá.

Þessar umræður hafa snúist mjög um lögfræðileg efni. Formaður Framsfl. og formaður þingflokks Framsfl. eru flm. að þessu máli þótt hvorugur þeirra sé viðstaddur í kvöld og þess vegna ekki hægt að beina máli sérstaklega til þeirra sem þó var ætlan mín og hef ég beðið með þessa ræðu, virðulegi forseti, fram undir lok umræðunnar í von um að fá tækifæri til að ávarpa þá en það hefur ekki gefist. Ég mun engu að síður lesa upp mönnum til glöggvunar hvaða viðhorf geta verið uppi þegar rætt er um þetta mál og spurninguna um hvort menn eigi að skjóta sér á bak við lögfræðileg atriði eins og þetta í afstöðunni til EES-málsins, hvort það sé réttmætt að skjóta sér á bak við lögfræðileg atriði þegar tekin er afstaða til máls eins og þessa og hvort það á að ráða alfarið afstöðu manna til EES-samningsins t.d. að lögfræðingar hafi mismunandi skoðanir á því máli. Það hefur verið höfuðefni í ræðum talsmanna þessa frv. í dag að það eigi að líta til þess sem hinir lögfróðu sérfræðingar segja, skoða það og taka afstöðu til málsins á þeim forsendum.

Það koma margar bækur út núna um þessar mundir sem snerta Framsfl. og afstöðu hans til stjórnmála, bæði í nútíð og fortíð. Ein þessara bóka er ritgerðasafn eftir Þórarin Þórarinsson, fyrrv. ritstjóra Tímans, og var gefin út honum til heiðurs. Í bókina ritar formála Ingvar Gíslason, fyrrv. ritstjóri Tímans, fyrrv. ráðherra og fyrrv. alþm. Mig langar til þess að lesa upp úr þessum formála það sem Ingvar hefur að segja varðandi spurninguna um þátttökuna í Evrópska efnahagssvæðinu. Ég tel að það eigi vel við í þessum umræðum um stjórnarskrána og lögfræðileg álit varðandi þátttökuna í Evrópska efnahagssvæðinu. Með leyfi virðulegs forseta les ég upp úr formála þessarar bókar sem er gefin út til heiðurs Þórarni Þórarinssyni:

„Þær hættur vofa nú yfir íslenskum stjórnmálamönnum að freistast til málamiðlana (sem fá þó ekki staðist), þegar rétt er að láta skerast í odda. Þórarinn Þórarinsson gerir sér fulla grein fyrir þessu. Hann var-

ar skelegglega við því að þjóðin ánetjist þeim áróðri sem er eins konar tískustefna að „nauðsynlegt" sé að Ísland gerist aðili að stjórnskipunarheildum sem verið er að stofna til í Evrópu og gildir þá einu hvort um er að ræða Evrópubandalagið (EB) eða Evrópskt efnahagssvæði (EES). Þórarinn er í hópi þeirra stjórnmálaskýrenda sem átta sig á því að eðlismunur þessara ríkjabandalaga er enginn, þar ræður aðeins stigsmunur. Efnahagskerfi beggja er reist á sömu rétttrúarkenningum og valdaskipulagið er bandaríkjakyns (federal). EES krefst að vísu ekki jafnvíðtæks afsals fullveldis eins og sjálft EB, en eðli fullveldisafsala er í sjálfu sér alltaf eins. Þaðan af síður breytir það neinu að dulbúa valdaafsöl með því að kalla þau „framsöl" valds. Slík orðanotkun er hártogun og blekkingaleikur.

Þórarinn hefur með skrifum sínum undanfarin missiri sýnt fram á að það fái ekki samrýmst grundvallarstefnu Framsfl. að ljá samningi utanrrh. um aðild að EES þingstuðning. Við Þórarinn höfum haft fulla samstöðu um þessa afstöðu til samningsins, enda sá boðskapur sem Tíminn flutti afdráttarlaust meðan ég réð stjórnmálaskrifum blaðsins, óháð því hvað einstakir forustumenn Framsfl. gerðu sér í hugarlund um mátt málamiðlunarstefnu í því sambandi. Evrópustefna nýkapítalismans er að fullu múruð inn í hugmyndagrundvöll og valdaskipulag samningsins um EES.

Samningurinn felur ekki í sér neinn möguleika til málamiðlunar. Sú hugmynd sem skotið hefur upp kollinum að alþingismenn láti afstöðu sína til samningsins velta á túlkun stjórnskipaðrar lögfræðinganefndar um áhrif hans á ákvæði stjórnarskrár er í meira lagi hæpin. Lögfræðingar standa í þessu tilfelli ekki betur að vígi að skera úr um pólitískar afleiðingar slíks samnings en hver stjórnmálamaður með heilbrigða dómgreind. Þótt lögfræði sé stjórnmálamönnum gagnleg er raunar eins gott að menn þekki takmörk hennar og skynji takmarkanir hennar, ekki síst þegar fjallað er um hrein pólitísk efni eins og valdskiptingu í þjóðfélaginu og flest önnur stjórnarskrármálefni. Stjórnmálamenn láta ekki lögfræðiskrifstofur úti í bæ skera úr um málefni af því tagi, jafnvel þótt það væri sjálf Lagastofnun Háskóla Íslands sem tæki slíkt að sér fyrir hæfilega þóknun. Eða hvað hefði orðið úr sjálfstæðisbaráttu Íslendinga ef íslenskir stjórnmálamenn hefðu skolfið fyrir þjóðréttar- og stjórnarskrárskilningi J.E. Larsens og síðar Knuds Berlins og annarra fremstu lagamanna Danaveldis á þeirri tíð?

Þórarinn Þórarinsson er öflugur liðsmaður þeirrar sveitar sem varar við þeirri villu að „afpólitísera" Evrópupólitíkina, fjarlægja hana almennum stjórnmálaumræðum (stjórnmálarökum), gera hana að vélrænu viðfangsefni sérfræðinga, jafnvel á þeim sviðum þar sem „sérfræðingar" ættu að hafa vit á að finna til vanmáttar síns, viðurkenna að þeir vita ekki meira en aðrir."

Ég vildi lesa þetta upp hér og vekja athygli á þessu. (Gripið fram í.) Ég hætti vegna fyrirspurnar hv. þm. því nú er farið að fjalla um stílbrögð Þórarins Þórarinssonar og ritstörf hans en horfið frá þessum djúpu umþenkingum um störf stjórnmálamanna og hlut stjórnmálamanna andspænis sérfræðingum. Ég tel að þessi tilvitnun í formála að bókinni sem var eftir Ingvar Gíslason eigi fullt erindi inn í þessar umræður og ætti að vera þingmönnum til umhugsunar. Það er alveg rétt sem hann segir að það á ekki að láta þetta velta á því hvað lögfræðiskrifstofur og lögfræðingar úti í bæ segja. Það er gott að hafa þeirra ráð. Mér virðist eins og ég les og skynja þær umræður sem eiga sér stað innan Framsfl. um þetta mál og ummæli hv. flm., formanns flokksins Steingríms Hermannssonar, um framgang mála á flokksþingi framsóknarmanna sem hefst á morgun, að framsóknarmenn séu að búa sig undir að skjóta sér á bak við lögfræðilegt mat varðandi stjórnarskrárþátt málsins og láta málið ráðast af því, afpólitísera málið, komast undan því að taka til þessa máls pólitíska afstöðu, velta því fyrir sér sem stjórnmálamenn og láta lögfræðinga og sérfræðinga veita sér þann skjöld sem dugar til þess að ráða afstöðu sinni.

Það er þetta sem ég vildi koma á framfæri í umræðunni í tilefni af þeim tillögum sem við erum að ræða og í tilefni af þeim ræðum sem menn hafa flutt um það mál að við ættum að hafa sérfræðingana og lögfræðingana sem leiðarljós í þessu. Menn hafa lesið í löngu máli upp úr ummælum dr. Gunnars G. Schrams prófessors, og ekki dreg ég í efa þekkingu hans og hæfileika, og lagt það til grundvallar í öllum sínum ræðum að þar sé maður sem vert sé að taka mið af og meta hans orð og leggja út af þeim eins og gert hefur verið í þessum umræðum. Þetta er skoðun og þetta er álit. En við sem alþingismenn og stjórnmálamenn eigum auðvitað að hafa þrek til þess að meta málið með víðari hagsmuni í huga, með þjóðarhagsmuni í huga, með pólitísk viðhorf í huga og komast að niðurstöðu á þeim grundvelli og á þeim forsendum. Þess vegna taldi ég rétt að lesa kafla úr þessum formála um þetta atriði ef það mætti verða einhverjum hv. þm. og sérstaklega úr Framsfl. veganesti inn á þeirra flokksþing þegar þeir þurfa að taka afstöðu til þessa mikla máls.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vonlaust annað en ég byrji á því að þakka hv. 3. þm. Reykv. bæði fyrir vel valið efni til upplestrar og einnig góðan upplestur á því. En að þeim orðum sögðum verð ég jafnframt að minna hv. þm. á að hann hefur unnið eið að því að virða stjórnarskrána. Það atriði verður ekki á burtu tekið. Ef samningurinn sem slíkur stenst ekki stjórnarskrána þá er hann eiðrofi ef hann veitir honum stuðning. Svo einfalt er það mál. Það verður aftur á móti engin þörf fyrir mig að skýla mér á bak við stjórnarskrána í þessu máli en það mun hv. þm. reyna þegar þar að kemur.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér fulla grein fyrir þeirri ábyrgð sem ég ber á atkvæði mínu, um það hvort þetta mál eða önnur sem koma til afgreiðslu standist stjórnarskrána eða ekki. Það á jafnt við um alþjóðasamninga eins og þennan eða hvert annað lagafrv. sem hér er samþykkt að þingmenn þurfa að gera þau upp við sig

og eiga að gera það á eigin forsendum, miðað við þeirra eigin þekkingu og eigin mat. Ástæðulaust er annað en njóta góðra ráða og nýta sér ráð, lögfræðileg eins og önnur. En lokaákvörðunin er að sjálfsögðu hjá þingmönnum sjálfum. Það sem ég vitnaði til var áminning til þingmanna um að skýla sér ekki á bak við lögfræðiskrifstofur úti í bæ, eins og komist er að orði í hinum tilvitnuðu orðum, heldur taka afstöðu um stjórnmál á pólitískum forsendum.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lít á þetta svar á þann veg að hv. 3. þm. Reykv. ætli að lesa íslensku stjórnarskrána að eigin dómgreind og eigin mati og gera það upp við sig í einrúmi hvort hann telji þetta frv. innan þess ramma sem hún leyfir. Hann ætli sér ekki að skýla sér á bak við nein sérfræðiálit út í bæ í þeim efnum. Ég fagna þeirri afstöðu því ég veit að hv. þm. mun gefa sér góðan tíma til að hugleiða það í einrúmi.

Frsm. minni hluta stjórnarskrárnefndar (Páll Pétursson):

Frú forseti. Nú er mér farið að líka við hv. 3. þm. Reykv. Ég tel að hann ætti miklu oftar að lesa gagnlegar greinar og ritgerðir eftir framsóknarmenn, það mundi prýða mjög Alþingistíðindin og ræður hans. Ég tel að það líka réttmæta ályktun sem hann dró að menn eigi ekkert að vera að skýla sér á bak við lögfræðinga. En það sakar ekki að hafa þá með í ráðum. Það vill nefnilega til að í okkar góðu stjórnarskrá segir í 47. gr.:

„Sérhver nýr þingmaður skal vinna drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar kosning hans hefur verið tekin gild."

Þetta höfum við öll gert. Bæði við sem erum hér í salnum í kvöld og eins þeir þingmenn sem fjarstaddir eru svo og þeir þingmenn sem á undan okkur hafa verið.

Nú ætla ég að lesa 1. gr. stjórnarskrárinnar. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn.

2. gr. Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið."

Hvernig samræmist þessi grein samningnum um Evrópskt efnahagssvæði? Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Formlega séð fara forseti og Alþingi áfram með löggjafarvaldið. Þ.e. Alþingi undirgengst það að taka við lögum að utan og lögtaka þau hér. Alþingi kemur til með að starfa öðrum þræði, kannski að mestu leyti, sem afgreiðslustofnun fyrir Brussel og þarf að lögtaka það sem þeim þóknast þar. Ekki að frumkvæði okkar, við komum ekki að þessum undirbúningi, ekki nema í einstaka tilfellum einhverjir útsendir embættismenn. Ég skal ekki segja hvort þeir geta látið hlusta eitthvað á sig. En íslenskir alþingismenn hafa ekki frumkvæði að þessari lagasetningu. Þeir koma til með að standa frammi fyrir svipuðum verkefnum og við vorum að vinna í gær þegar við vorum að ræða um smárásir í hálfleiðurum, taka við frv. sem aðrir hafa samið, láta þýða þau fyrir sig, e.t.v. vitlaust, reyna svo að skilja hvað felist í textanum og gera þau að lögum.

Ef við neitum, við höfum formlegt neitunarvald, mögnum við á okkur draugana frá Brussel sem geta snúið upp á hendurnar á okkur og beitt gagnaðgerðum. Í 2. gr. segir: „Forseti og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið." Fjórmenningar utanrrh. komust að þeirri spaklegu niðurstöðu, eins og frægt er orðið, að það væri ekki tekið fram að þetta skyldu vera alíslensk stjórnvöld. Ég tel að stjórnarskrárgjafinn hafi ekki verið í neinum vafa um að þetta skyldu vera alíslensk stjórnvöld. Framkvæmdarvaldið er flutt úr landi að hluta. Síðan segir: „Dómendur fara með dómsvaldið." Ekki er það nú fortakslaust eftir að við erum orðnir aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Þá verða íslenskir aðilar að hlíta dómum að utan. Þeir eru aðfararhæfir hér á landi jafnvel þó að og íslenskir dómstólar komi þar hvergi nærri.

Ég nefni 10. gr. stjórnarskrárinnar, með leyfi forseta:

„Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en Þjóðskjalasafnið hitt."

Það eru fleiri en við alþingismenn sem vinna heit að því að halda stjórnarskrána. Það gerir forseti Íslands líka. Svona mætti lengi lesa úr stjórnarskránni. Ég ætla ekki að þreyta þá fáu þingmenn sem eru í salnum á því að þessu sinni.

Það er alveg hárrétt hjá hv. 3. þm. Reykv., Birni Bjarnasyni, að þetta er verkefni sem bíður okkar og við verðum að gera það upp við okkur hvort okkur finnist EES-samningurinn samrýmanlegur því heiti sem við unnum þegar við tókum hér sæti. Það er hins vegar ekkert á móti því að leita til lærðra manna og heyra skoðun þeirra á hlutunum og meta þau rök og gagnrök sem fram koma. Í mínum huga er það ekki nokkur vafi og þar er ég hjartanlega sammála hv. þm. Birni Bjarnasyni að það er hvers og eins að gera það upp við samvisku sína hvort hann ætlar að halda stjórnarskrána og standa við þann eiðstaf sem hann undirritaði þegar hann tók sæti á Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Út af dagskrá er tekið 3. dagskrármálið. Fundinum er slitið.

67. FUNDUR

mánudaginn 30. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Stjórnarskipunarlög, frv., 30. mál, þskj. 31, nál. 282 og 302, brtt. 303. — 2. umr.
2. Aðild Alþingis að 50 ára afmæli lýðveldisins, þáltill., 167. mál, þskj. 192. — Fyrri umr.
3. Atvinnuþróun í Mývatnssveit, þáltill., 173. mál, þskj. 199. — Fyrri umr.
4. Lögheimili, frv., 188. mál, þskj. 218. — 1. umr.
5. Umferðarlög, frv., 194. mál, þskj. 231. — 1. umr.
6. Eftirlit Landhelgisgæslunnar innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar, þáltill., 195. mál, þskj. 232. — Fyrri umr.
7. Tvöföldun Reykjanesbrautar, þáltill., 216. mál, þskj. 258. — Fyrri umr.
8. Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1992, þáltill., 237. mál, þskj. 301. — Fyrri umr.
9. Frumkvöðlar í atvinnulífinu, þáltill., 244. mál, þskj. 313. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.,
Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Reykv.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.,
Össur Skarphéðinsson, 17. þm. Reykv.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 268. mál, frv. ISG o.fl., þskj. 359.

Hjúskaparlög, 273. mál, stjfrv., þskj. 369.

Montreal-bókun um efni sem valda rýrnum ósonlagsins, 274. mál, stjtill., þskj. 370.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti aðeins upplýsa hvernig fyrirhugað er að þessi fundur fari fram í dag. Gert er ráð fyrir að hann standi til kl. 4, nema dagskrá fundarins verði tæmd fyrr. Þá verður fundi frestað til kl. 6 og er það gert vegna útbýtingar þingskjala.

Stjórnarskipunarlög, 2 umr.

Frv. RA o.fl., 30. mál (þjóðaratkvæðagreiðsla). — Þskj. 31. nál. 282 og 302, brtt. 303.

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárnefndar (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá meiri hluta stjórnarskrárnefndar um frv. til stjórnskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, á þskj. 282.

Með leyfi forseta mun ég nú gera grein fyrir þessu áliti.

Nefndin hefur fjallað um frv. þetta er lýtur að því að bæta við stjórnarskrá Íslands nýrri grein um þjóðaratkvæðagreiðslur. Nefndin fjallaði um frv. samhliða 29. máli þingsins er felur í sér tillögu um breytingu á 21. gr. stjórnarskrárinnar, um samninga við önnur ríki.

Um umfjöllun nefndarinnar um frv. vísar meiri hluti nefndarinnar til nál. síns um 29. mál. Afstaða meiri hlutans til frumvarpsins er sú sama og til 29. máls og leggur hann því til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir nál. skrifa Sólveig Pétursdóttir, Geir H. Haarde, Björn Bjarnason, Karl Steinar Guðnason og Vilhjálmur Egilsson.

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi ítreka það að eins og hv. þm. er kunnugt um þá fjallaði nefndin um tvö frv. Þau ganga bæði út á breytingar á stjórnarskránni og tengjast þar að auki efnislega. Enda þótt fjallað sé um þessi mál sitt í hvoru lagi verður ekki hjá því komist að sömu rök geti að nokkru leyti átt við um bæði málin.

Í því frv. sem hér liggur fyrir eru gerðar tillögur um vægast sagt stórfelldar breytingar á íslenskri stjórnskipun. Þeir sérfræðingar sem komu á fund nefndarinnar töldu þessar tillögur mjög varhugaverðar og kom gagnrýni þeirra fram í mörgum atriðum, m.a. að þingræðisreglan yrði verulega skert. Þá er einnig rétt að vekja athygli á greinargerð með því frv. sem hér er til umræðu þar sem vikið er að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði og þörf þess að kanna vilja þjóðarinnar í þessu máli.

Nýverið fóru hins vegar fram á hinu háa Alþingi umræður um þáltill. um þjóðaratkvæðagreiðslu um EES-samninginn en sú tillaga var felld eins og kunnugt er. Þar komu fram veigamikil rök, m.a. að það væri brot á íslenskri stjórnskipun að fara út í slíkt enda fulltrúalýðræði sem byggt væri á. Ástæða er til að hafa þær umræður í huga nú. Í nál. minni hlutans í því máli sem hér er til umræðu er hins vegar ekkert vikið að EES-samningnum og því má gera ráð fyrir að umræðan muni beinast fyrst og fremst að stjórnskipulegum þætti þessa máls enda er það í samræmi við meðferð málsins í stjórnarskrárnefndinni. Þetta frv. leysir enda ekki þann ímyndaða stjórnarskrárvanda sem sumir stjórnmálamenn hafa viljað halda fram í tengslum við EES-samninginn. Þá verður ekki séð að þörf sé á einhverri minnihlutavernd hv. þm. þar sem okkar stjórnskipunarhefð byggir á ríkisstjórnum er styðjast við meiri hluta í samræmi við þingræðisregluna. Þvert á móti virðist með þessu frv. stefnt að því að færa löggjafarvaldið frá Alþingi. Þetta bið ég hv. þm. um að hafa í huga.

Virðulegi forseti. Í þessu frv. er lagt til að nýtt ákvæði komi í stjórnarskrána eftir 45. gr. hennar um þjóðaratkvæði. Reglur um slíkt þjóðaratkvæði eru nánar tiltekið tvenns konar. Annars vegar er í 1. mgr. mælt fyrir um heimild þriðjungs þingmanna til að knýja fram bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu um samninga við önnur ríki sem Alþingi hefur þegar samþykkt samkvæmt 21. gr. stjórnarskrárinnar. Hins vegar er ráðgert í 2. mgr. að sama hlutfall þingmanna geti krafist að frumvarp til laga eða tillaga til þingsályktunar verði lögð undir ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu áður en málið hlýtur endanlega afgreiðslu.

Á þessu frv. eru ekki síðri ágallar en því sem ætlað er að breyta 21. grein stjórnarskrárinnar og fjallað hefur verið um áður á hinu háa Alþingi. Vil ég nú skýra það álit okkar nefndarmanna frekar.

Í fyrsta lagi verður ekki komist hjá því að gera þá athugasemd að grundvallargalli er á frv. að því leyti að aðeins er sagt í upphafsorðum ákvæðisins að á eftir 45. gr. stjórnarskrárinnar komi ný grein með viðkomandi texta. Hvergi er hins vegar sagt til um auðkenni þessarar nýju greinar, hvort hún eigi að verða 46. gr. stjórnarskrárinnar og númer allra síðari greina eigi að breytast því til samræmis, eða hvort þetta eigi að vera innskotsgrein með númer á borð við til dæmis 45. gr. a. Vinnubrögð á borð við þessi hafa ekki mér vitanlega verið viðhöfð í frumvörpum til almennra laga og hefði þó mátt ætla að ástæða væri til vandaðri vinnubragða ef eitthvað væri við gerð frv. til stjórnskipunarlaga.

Í öðru lagi teljum við ástæðu til að gera þá athugasemd að skv. 1. mgr. frv. er ráðgert að reglan um heimild til að krefjast bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu um gerð milliríkjasamnings nái til hvers kyns samnings af þeim toga, hvort sem þeir varða minni háttar málefni eða mikilvæg. Ég hef áður rætt um sambærilegan galla á frv. á þskj. 30 þar sem reglur um samþykki aukins meiri hluta þingmanna ættu að taka til allra samninga Íslendinga við önnur ríki sem þarfnast á annað borð samþykkis þingsins. Þessi ágalli er enn tilfinnanlegri í þessu tilviki. Á til dæmis að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um gerð samnings sem fæli í sér breytingar á gagnkvæmri aðstoð við innheimtu á sköttum milli Norðurlanda sem þyrfti að auki að hljóta samþykki þriggja fjórðu hluta þingmanna áður?

Af greinargerð með frv. að dæma hefur aðallega vakað fyrir hv. flutningsmönnum þess að þessi regla ætti að taka til samninga sem feli í sér framsal á ríkisvaldi til alþjóðlegra stofnana. Mér er því spurn hvers vegna reglan sé ekki bundin við þá samninga eina eftir orðanna hljóðan.

Í þriðja lagi verður að játa að erfitt er að finna rökrænt samhengi milli frv. tveggja sem hafa verið til umræðu, en af greinargerð með frv. á þskj. 31 er ljóst að hv. flutningsmenn tengja þessi tvö mál saman. Frv. um breytingu 21. gr. stjórnarskrárinnar á að leiða til þess að þrír fjórðu hlutar þingmanna samþykki gerð samnings við önnur ríki. Í frv. sem hér er til umræðu segir á hinn bóginn að eftir samþykki samningsins á þingi með áskildum meiri hluta geti þriðjungur þingmanna krafist bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu um hann.

Hér er með öðrum orðum ráðgert að 21 þingmaður standi að kröfu um þjóðaratkvæði rakleitt í kjölfarið á því að minnst 48 þingmenn hafi lýst sig samþykka samningi gegn andstöðu í mesta lagi 15 þingmanna. Vakir það virkilega fyrir hv. flutningsmönnum að minnst 6 þingmenn taki þá afstöðu eftir að hafa greitt samningi atkvæði sitt að krefjast þess að þeirra eigin gerðir verði lagðar undir þjóðaratkvæði til endurskoðunar?

Í fjórða lagi verður að vekja athygli á því, að eftir 1. mgr. frv. ættu engar takmarkanir að gilda um hversu löngu eftir samþykki Alþingis á samningi við önnur ríki krafa gæti komið fram um þjóðaratkvæði. Á að skilja þetta svo að þetta gæti t.d. gerst mörgum árum eftir afgreiðslu Alþingis þegar samningur hefur komið til framkvæmdar löngu áður? Um þetta er hvergi fjallað í greinargerð með frv. og hefði það svo sem ekki orðið til stórfelldra bóta þótt reynt hefði verið að taka nánar af skarið um þetta. Til samanburðar vil ég geta þess að í 1. mgr. 42. gr. dönsku stjórnarskrárinnar er sambærileg heimild háð ströngum tímatakmörkunum.

Í fimmta lagi teljum við aðfinnsluvert við ákvæði 1. mgr. frv. að hvergi er áskilið að þátttaka í þjóðaratkvæðagreiðslu, — sem að auki er bindandi um niðurstöðu máls — þurfi að ná tilteknu lágmarki. Nægilega umdeilanlegt tel ég að beint löggjafarvald verði tekið með þessum hætti úr höndum Alþingis, án þess að við bætist að ótiltekið fámenni, sem tæki þátt í þjóðaratkvæðagreiðslu, geti ráðið máli til lykta. Í þessu sambandi má enn horfa til hliðstæðna í ákvæðum dönsku stjórnarskrárinnar, en skv. 5. mgr. 42. gr. hennar verður kjörsókn í þjóðaratkvæðagreiðslu að nema að minnsta kosti 30% til þess að hún hafi gildi.

Svo vikið sé að 2. mgr. frv. verður í sjötta lagi að vekja máls á því að ekki verður séð hvaða tilgangi ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um óafgreitt frv. geti þjónað. Í dönsku stjórnarskránni er til dæmis ekki gert

ráð fyrir þessari leið heldur er heimild til að krefjast þjóðaratkvæðis bundin við frumvörp, sem hafa þegar hlotið samþykki. Sú skipan sem er stefnt að með 2. mgr. frv. leiðir að auki til þeirra vandkvæða, að afmarka verður nákvæmlega á hvaða stigi meðferðar máls á þingi krafa yrði að koma fram um þjóðaratkvæðagreiðslu, sem er þó hvergi vikið að í frv.

Í sjöunda lagi verður að telja það verulegan galla á 2. mgr. frv. að engar takmarkanir eru þar gerðar á þeim málaflokkum sem efnt yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu um. Þetta táknar með öðrum orðum að þjóðaratkvæði gæti farið fram um til dæmis frv. til laga um tekju- og eignarskatt, frv. til fjárlaga og svo mætti lengi telja. Þótt gefið sé til kynna í greinargerð með frv. að hliðsjón hafi verið höfð af reglum dönsku stjórnarskrárinnar um samþykkt lagafrumvörp hefur greinilega láðst að taka tillit til ákvæða 6. mgr. 42. gr. hennar þar sem fjölmargir málaflokkar eru taldir upp sem þjóðaratkvæðagreiðsla verður aldrei haldin um.

Í áttunda lagi vil ég loks benda á að heimild til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögu til þingsályktunar er að mínu mati óviðunandi, enda vandséð hvaða rök geti verið fyrir þjóðaratkvæði um tilmæli Alþingis til ríkisstjórnarinnar sem þingsályktun er í reynd í eðli sínu.

Af þessum ástæðum teljum við nefndarmenn ekki fært að þetta frv. til stjórnskipunarlaga fái afgreiðslu á annan hátt en meiri hluti stjórnskipunarnefndar hefur lagt til.

Virðulegi forseti. Ég hef áður látið þess getið að mörg þau rök sem fram komu í umræðum um 29. mál, þ.e. breytingar á 21. gr. stjórnarskrárinnar, eigi einnig við í þessu máli. Það er ástæða til að undirstrika þörf þess að ef hv. þm. vilja breyta stjórnarskrá okkar Íslendinga, þá kallar slíkt á vandlega pólitíska og faglega athugun en heppilegur vettvangur hennar er í stjórnarskrárnefnd sem skipuð er fulltrúum þingflokkanna og starfar á vegum forsrn.

Ég vil að lokum ítreka þau tilmæli meiri hluta stjórnarskrárnefndar að frv. þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Frsm. minni hluta stjórnarskrárnefndar (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hluta stjórnarskrárnefndar, eins og hún mun hafa verið kölluð þegar hún var kosin, en hann skipa auk mín hv. þm. Steingrímur Hermannsson, Kristín Einarsdóttir og Páll Pétursson.

Eins og fram hefur komið var nefndin ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Minni hluti nefndarinnar mælir hins vegar með samþykkt frv með tiltekinni breytingu sem prentuð er á þskj. 303.

Með þessu frv. er minni hluta á Alþingi, sem nemur minnst þriðjungi alþingismanna, veittur réttur til að krefjast þjóðaratkvæðis. Í fyrsta lagi um samning sem háður er samþykki Alþingis, sbr. 2. málsl. 21. gr. stjórnarskrárinnar, og er þá niðurstaðan bindandi. Í öðru lagi um frv. eða þál. áður en fullnaðarafgreiðsla máls fer fram og er þá niðurstaðan ráðgefandi.

Tilefni þessa frv. er öllum hv. alþm. vel kunnugt. Það er sjónarmið stjórnarandstöðuflokkanna að í tengslum við frv. um aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði eigi að gera þær breytingar á stjórnarskránni að aukinn meiri hluta þurfi til að afgreiða mál sem er af því tagi sem fram kemur í frv. okkar til stjórnarskipunarlaga á þskj. 30. Það frv. hefur þegar verið til 2. umr. og sé ég ekki ástæðu til að minna frekar á það. Kjarni frv. sem hér er aftur á móti til umræðu er sá að hvort sem fallist er á sjónarmið okkar varðandi hitt stjórnarskrárfrv. þá eigi minni hlutinn að hafa þann tiltekna rétt að krefjast þjóðaratkvæðis þegar um svo örlagaríkt mál er að ræða og eins þau sem fjallað er um í 21. gr. stjórnarskrárinnar.

Tillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu um Evrópska efnahagssvæðið hefur reyndar þegar verið felld við afgreiðslu á Alþingi. Þar var um að ræða ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu sem tillaga var uppi um að fram færi áður en aðild að Evrópsku efnahagssvæði yrði tekin til endanlegrar afgreiðslu. Hér er aftur á móti gert ráð fyrir því að stjórnarskránni sé breytt þannig að minni hlutinn fái rétt til þess að krefjast að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla eftir að Alþingi hefur afgreitt slíkt mál. Í þessu samhengi má minna á að mjög óljóst er um vilja þjóðarinnar í þessu margnefnda EES-máli. Hitt hefur aftur á móti komið mjög skýrt fram í skoðanakönnunum að mikill meiri hluti þjóðarinnar er þeirrar skoðunar að mál af því tagi eigi að koma til þjóðaratkvæðis.

Meiri hluti nefndarinnar hefur haldið því fram að þjóðaratkvæðagreiðsla um mikilvæg mál sé óþingræðisleg í eðli sínu, jafnvel brot á íslenskri stjórnskipunarhefð og ekki neinar smáræðis fullyrðingar sem þar eru hafðar uppi. Staðreyndin er auðvitað sú að þó að í stjórnarskránni séu ekki almenn ákvæði um þjóðaratkvæði og hafi aldrei verið eru þar þó ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur í sérstökum tilvikum. Í fyrsta lagi ef Alþingi samþykkir frv. til laga um breytingu á kirkjuskipan ríkisins og einnig ef forseti synjar að staðfesta lagafrv., sbr. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Manni hlýtur að verða á að spyrja hvort hv. þm. sem skipa meiri hluta stjórnarskrárnefndar séu virkilega þeirrar skoðunar að þessi ákvæði séu óþingræðisleg, í einhverju æpandi ósamræmi við þingræðið. Auðvitað mætti halda því fram með nákvæmlega sömu rökum að þegar Alþingi samþykkir frv. en forseti neitar staðfestingu og málinu er vísað til þjóðarinnar til endanlegs úrskurðar sé verið að fremja eitthvert óskaplegt óþingræðislegt glapræði. En svona er einmitt stjórnarskrá okkar og stjórnarskipunarlög. Þessi stjórnarskrárákvæði sýna það fremur en nokkuð annað að þjóðaratkvæðagreiðslur eru taldar eiga fullan rétt á sér þegar sérstaklega stendur á.

Það sem verið er að gera með þessu frv. er að sjálfsögðu fyrst og fremst að setja ákvæði um almennan rétt minni hluta til að krefjast þjóðaratkvæðis. Verður ekki betur séð en það sé í fullu samræmi við það að í stjórnarskrá okkar skuli vera ákvæði um þjóðarat-

kvæðagreiðslur og raunar í fullu samræmi við það sem tíðkast í mörgum öðrum ríkjum. Ég veit ekki hvort í Frakklandi eða Írlandi hafi þingmenn risið upp og haldið því fram að þjóðaratkvæðagreiðslur þar um Maastricht-samninginn væru sérstaklega óþingræðislegar eða brot á stjórnskipunarhefð þeirra. Mér er það mjög til efs að nokkkrum þar hafi dottið í hug að halda slíku fram.

Hv. frsm. meiri hluta nefndarinnar, Sólveig Pétursdóttir, hafði uppi ýmis gagnrýnisatriði á frv. sem kannski er rétt að ræða örlítið nánar. Hún spurði í fyrsta lagi hvort ekki væri eitthvað óeðlilegt við það að upphaf frv. orðast svo:

„Á eftir 45. gr. stjórnarskrárinnar kemur ný grein svohljóðandi:"

Það var eins og hún ímyndaði sér að ef Alþingi samþykkti þetta frv. yrði þetta ótölusett grein í stjórnarskránni og við yrðum í standandi vandræðum með hvar við ættum að koma greininni fyrir því að hún væri ekki með neitt númer. Ég verð að játa að ég skildi ekki alveg þessa gagnrýni hv. þm. og hefði gjarnan viljað að hún fengist til að útskýra hana svolítið nánar. Það kemur alveg skýrt fram í textanum að það er verið að tala um nýja grein og það er föst regla á Alþingi að taka þannig til orða að á eftir tiltekinni lagagrein skuli koma ný grein án þess að sérstaklega sé tekið fram að á eftir 45. gr. komi ævinlega 46. gr. eða að á eftir 11. gr. komi ævinlega 12. gr. Það virðist vera ríkjandi skilningur manna á Alþingi að hv. þm. kunni almennt að telja og þess vegna þurfi ekki að taka þetta sérstaklega fram. Þess vegna var það ekki gert í frv.

Hv. þm. spurði hvort ætti að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál eða hitt. Hún fór að nefna ýmis dæmi um að verið væri að gera einhverja samninga sem væru kannski ekki neitt sérstaklega mikilvægir í sjálfu sér og hvort þá ætti að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um það mál eða einhver önnur mál. Ég vil taka það fram að í þessu frv. er fyrst og fremst verið að veita minni hluta Alþingis ákveðinn rétt. Síðan verður minni hlutinn bara að ákveða það hvernig hann nýtir sér þennan rétt. Ég hygg að það sé reynsla annarra þjóða þar sem ákvæði af þessu tagi hafa verið tekin upp að þingmenn ofnota ekki þennan rétt yfirleitt. Ef mál er talið tiltölulega lítils vert, þá mun það áreiðanlega sjaldgæft að hægt sé að safna nægilega mörgum þingmönnum til þess að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég er viss um að þingmenn hafa almennt mikinn skilning á því að ekki eigi að ofnota réttindi sem þeim eru gefin. Ég nefni t.d. að í þingsköpum hafa þingflokkar rétt til þess að krefjast útvarpsumræðu um mál sem þeim þykja svo mikilsverð að þeir telja ástæðu til þess að láta útvarpa og sjónvarpa umræðu um. Ég gæti ímyndað mér að þegar þetta ákvæði var sett í þingsköp hafi kannski einhverjum orðið að orði að menn mundu endalaust heimta útvarpsumræður um hin ómerkilegustu mál og það yrði bara vandræðaástand að hver þingflokkur fengi rétt til þess að heimta útvarpsumræðu og þær yrðu orðnar býsna margar áður en hverjum þingvetri lyki. En hver hefur reynslan orðin? Þetta eru réttindi sem þingmenn hafa og meira að segja miklu minni hópur en þriðjungur þingmanna því að hver þingflokkur hefur þennan rétt. En oft líða mörg ár og stundum áratugir án þess að á þetta reyni vegna þess að menn kæra sig ekkert um að láta efna til útvarpsumræðna um mál sem ekki eru þess eðlis að ástæða sé til þess. Séu mál aftur á móti svo mikilvæg að sjálfsagt sé að hafa útvarpsumræður um þau þá komast menn yfirleitt að samkomulagi um að svo skuli vera. Ég held að það séu mjög mörg ár liðin, jafnvel áratugir, síðan einn flokkur hefur gert kröfu um útvarpsumræður án þess að það væri í samkomulagi við aðra flokka. Ég held að þetta sé ekki alveg ósvipað. Að ímynda sér að hér verði stanslausar þjóðaratkvæðagreiðslur þó að þriðjungur þingmanna fái þennan rétt er út í bláinn og ekkert annað. Menn þurfa ekki að hafa neinar áhyggjur af því.

Ég nefni einnig máli mínu til stuðnings að í Danmörku eru ákvæði af þessu tagi. Þar má bera mikilvæg mál undir dóm þjóðarinnar. Ítarleg ákvæði í dönsku stjórnarskránni veita einmitt þriðjungi þingmanna rétt til að krefjast þess að samþykkt lagafrv. sé lagt fyrir kjósendur til samþykktar eða synjunar. Að vísu eru ýmsar tegundir lagafrumvarpa undanþegnar frá þeim, þ.e. fjárlög, launa- og eftirlaunalög, skattalög og nokkur fleiri lög, enda um að ræða bindandi ákvörðun þjóðarinnar en ekki ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Staðreyndin er sú að þjóðaratkvæðagreiðslur í Danmörku eru afar sjaldgæfar. Þær gerast bara með nokkurra ára millibili og síður en svo að þingmanna þar séu stöðugt að senda mál til þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég hef því miður ekki tölu á því hversu oft þjóðaratkvæðagreiðsla hefur farið fram í Danmörku síðasta áratuginn en ég þori að fullyrða að þær eru færri en fingur annarrar handar. Ég held að það verði reynslan á Íslandi eins og í Danmörku að þingmenn muni gera sér grein fyrir því að rétt af þessu tagi mega þeir ekki og geta ekki ofnotað.

Hv. þm. Sólveig Pétursdóttir kom með nokkrar aðrar aðfinnslur við frv. Hún tók þannig til orða að í greinargerð kæmi fram að þetta frv. væri að einhverju leyti sniðið eftir dönsku ákvæðunum en samt væri þessi og þessi munur á. Ég vil leiðrétta þetta hjá hv. þm. Það kemur hvergi fram, hvorki í framsöguræðu minni né greinargerðinni, að frv. sé á nokkurn hátt sniðið eftir ákvæðum dönsku stjórnarskrárinnar um þjóðaratkvæðagreiðslur. Við gerðum okkur fullkomlega grein fyrir því þegar við gengum frá þessu frv. að okkar frv. væri töluvert öðruvísi sniðið og með öðru efni en dönsku ákvæðin. Munurinn liggur í því eins og hv. þm. vita ef þeir kynna sér frv. að við gerum ekki ráð fyrir því að þjóðaratkvæðagreiðsla sé bindandi nema því aðeins að um sé að ræða mjög mikilvægan samning sem háður er samþykki Alþingis, sbr. 2. málsl. 21. gr. stjórnarskrárinnar. Einungis í því tilviki er hægt að krefjast þess að bindandi þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram. Að því leyti ganga dönsku ákvæðin miklu lengra. Þó þau undanþiggi að vísu nokkrar tegundir laga má fullyrða að þau tilvik sem við nefnum að eigi að fara fram bindandi þjóðaratkvæðagreiðsla um ef þess er krafist rúmast innan danska

stjórnarskrárákvæðisins en auk þess gríðarlega mörg önnur tilvik. Það heyrir beinlínis til undantekninga hjá þeim að ekki sé hægt að krefjast bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu um samþykkt frv. Hjá okkur er það í mjög fáum tilvikum og einungis þegar um milliríkjasamning er að ræða.

Aftur á móti er rétt að við erum í staðinn með annað ákvæði í frv. sem gerir ráð fyrir því að hægt sé að viðhafa ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Vegna þess að um er að ræða ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu en ekki bindandi niðurstöðu, þá sáum við ekki ástæðu til þess að takmarka þær tegundir frumvarpa sem gætu gengið til þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég vona að menn skilji muninn á þessu. Ef lagt er fram t.d. tekjuskattsfrv., frv. um hátekjuskatt svo maður nefni dæmi, gæti í slíku tilviki þriðjungur þingmanna krafist þess að slíkt frv. sé borið undir ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu áður en það er afgreitt. Þjóðaratkvæðagreiðslan fer fram og skiptir í raun og veru ekki máli á hvern veginn hún fer. Þingið getur bara tekið niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar til nánari athugunar við endanlega afgreiðslu málsins. Hugsanlegt er að þjóðaratkvæðagreiðslan hefði þau áhrif að frv. breyttist meira eða minna. Skatturinn yrði léttari eða hann hækkaður eða að skatturinn kæmi alls ekki til framkvæmda. Þetta er alveg hægt að hugsa sér og er alls ekki óeðlilegt enda er Alþingi ekki á nokkurn hátt bundið af niðurstöðunni. Hitt er auðvitað ljóst að ef Alþingi hefur samþykkt skattalög gæti það verið varhugavert að bera slíkt undir þjóðaratkvæðagreiðslu og láta þjóðaratkvæðagreiðsluna vera endanlega bindandi vegna þess að það gæti truflað fjárlagagerð. Fjárlagagerð gæti í raun orðið meira eða minna ógerleg ef slíkt inngrip væri mögulegt.

Hv. þm. kvartaði sérstaklega yfir því að hér er gert ráð fyrir því að þáltill. gætu verið bornar undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu. Ég verð að játa að ég áttaði mig ekki á því og skildi ekki af hverju þingmanninum finnst það óeðlilegt. Vissulega er það svo að þál. eru ekki mjög hátt skrifaðar á hv. Alþingi. Það eru æðimargar þál. sem eru samþykktar hér og till. til þál. fluttar sem ekki snúast um stórvægileg málefni. Yfirleitt þykir lagasetningin meira afgerandi. En stundum gerist hið gagnstæða. Til eru þáltill. sem eru kannski mikilvægari en allar aðrar tillögur sem fluttar eru á Alþingi þann veturinn. Nægir að nefna milliríkjasamninga í því samhengi. Það er t.d. hugsanlegt að við séum að tala um milliríkjasamning sem þó falli ekki undir 2. málsl. 21. gr. stjórnarskrárinnar en væri samt þess eðlis að æskilegt væri að heyra álit þjóðarinnar á málinu. Milliríkjasamningur er gjarnan afgreiddur á Alþingi með þáltill. Samningurinn gæti verið þess eðlis að ekki væri beinlínis skylda að leggja hann fyrir Alþingi. Hann væri þess vegna ekki beinlínis háður samþykki Alþingi, sbr. 2. málsl. 21. gr., en samt þætti hann svo mikilvægur að hann væri fluttur hér til að fá staðfestingu Alþingi á honum. Þá gæti þetta ákvæði átt við.

Fleiri tilvik má nefna. Það eru sem sagt mörg dæmi þess að fluttar eru, t.d. af ríkisstjórn, stefnumótandi þáltill. sem geta verið mjög mikilvægar og því e.t.v. ástæða til, ef þriðjungi alþingismanna þykir það nauðsynlegt, að þær séu bornar undir þjóðaratkvæði.

Hv. þm. kom með dæmi áðan um ágalla á þessu frv., að það væri hvergi tiltekið hvað ætti að líða langur tími frá því að frv. hefði verið samþykkt á Alþingi og þangað til þriðjungur þingmanna gæti krafist þess að fram færi atkvæðagreiðsla. Fleira nefndi hann í svipuðum dúr. Það segir í lokatexta frv. berum orðum, með leyfi forseta:

„Nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skulu settar með lögum." Það er einmitt það sem var í okkar huga, að smáatriðakennd upptalning á ýmsum framkvæmdamálum ætti ekki heima í okkar íslensku stjórnarskrá. Hún er afar stuttorð og þar er yfirleitt ekki farið út í smáatriði. Sé ástæða talin til þess að ákvæði verði sett um framkvæmdaratriði af ýmsu tagi er það yfirleitt falið löggjafanum að ganga frá þeirri hlið málanna. Þetta sem hv. þm. nefndi áðan er dæmigert fyrir það sem hlyti að koma í lögum um þjóðaratkvæðagreiðslu, lögum sem byggð væru á stjórnarskrárákvæðinu.

Í áliti meiri hluta nefndarinnar er tekið þannig til orða að í viðræðum nefndarinnar við stjórnskipunarfræðinga hafi komið í ljós að verulegir ágallar séu á efni frv. Meiri hlutinn sé jafnframt þeirrar skoðunar að þær hugmyndir sem fram komu í frv. þarfnist ítarlegrar pólitískrar umfjöllunar áður en þingið geti tekið afstöðu til þeirra. Ég get alveg fallist á það að hv. meiri hluti nefndarinnar hafi fullan rétt til að halda því fram að málið þarfnist ítarlegrar pólitískrar umfjöllunar. Það er skoðun þeirra og ekkert við því að segja. En ég mótmæli því að þeir stjórnskipunarfræðingar sem mættu á fundum nefndarinnar hafi talið að einhverjir verulegir ágallar væru á efni frv. Þeir voru ekki endilega sammála efni frv. en það er bara allt annar hlutur. Þeir voru ekki að mæla með því að frv. yrði samþykkt eða halda því fram að frv. ætti rétt á sér. Ég tel ekki að það sé rétt að orði komist að tala um að þeir hafi sagt að verulegir ágallar væru á efni frv. því það er auðvitað annar hlutur. Þeir bentu á það réttilega að það þyrfti að ákveða ýmislegt fleira en það sem fram kæmi í frumvarpstextanum eins og við gerðum okkur að sjálfsögðu fulla grein fyrir og viðurkenndum að sjálfsögðu að slíkt yrði væntanlega sett með lögum þegar þar að kæmi.

Virðulegi forseti. Ég held ég hafi farið yfir allar þær athugasemdir sem fram komu af hálfu hv. frsm. meiri hluta stjórnarskrárnefndar. Ég hef þar af leiðandi ekki neinu frekar við mál mitt að bæta öðru en því að minni hluti nefndarinnar telur að afgreiðsla EES-málsins sýni að brýn þörf sé á almennum ákvæðum í stjórnarskrá um rétt minni hluta á Alþingi til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu og telur að slíkt eigi sérstaklega við þegar fullveldisréttindi þjóðarinnar eiga í hlut og þá eigi slík þjóðaratkvæðagreiðsla að vera bindandi. Minni hlutinn vill í leiðinni, úr því verið er að gera tillögu um breytingar á stjórnarskránni, opna fyrir að þjóðin geti í öðrum málum sagt álit sitt áður en mál eru afgreidd á Alþingi ef þriðjungur þingmanna krefst þess.

Sú ábending kom fram frá Gunnari G. Schram prófessor, sem kom á fund nefndarinnar, að þegar stjórnarskrárnefnd skilaði af sér tillögum um nýja stjórnarskrá í ársbyrjun 1983, en þá var nefndin undir forsæti dr. Gunnars Thoroddsens, hafi komið fram tillaga frá nefndinni um að fjórðungur kjósenda gæti krafist þjóðaratkvæðis um tiltekið mál. Það var ekki í okkar upphaflega frv. Við nánari athugun fannst okkur rétt að það væru ekki einungis alþingismenn sem gætu óskað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu heldur væri sá réttur líka á hendi fjórðungs kjósenda. Við flytjum því sérstaka brtt. á þskj. 303 þess efnis.

Það er hárrétt hjá hv. frsm. meiri hluta nefndarinnar að mál af þessu tagi á að sjálfsögðu að vera til umræðu í stjórnarskrárnefnd sem skipuð er fulltrúum þingflokkanna og starfar á vegum forsrn. Það væri kannski dálítið einkennilegt að flytja tillögu af þessu tagi ef málið hefði aldrei verið rætt þar. Þar sem þessi ágæta stjórnarskrárnefnd og sú sem starfaði á undan henni hefur haft þetta mál til meðferðar samfleytt í 20 ár og sannanlega rætt um þennan þátt málsins mjög oft, þ.e. hugsanlegar þjóðaratkvæðagreiðslur, tel ég ekki að það sé nein sérstök ástæða til þess að bíða frekar eftir áliti þeirrar nefndar sem reyndar þegar hefur gert grein fyrir sínum tillögum hvað þetta varðar.

Ég vil því að endingu hvetja til þess að frv. verði samþykkt með þeirri brtt. sem við höfum gert.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. síðasti ræðumaður spurði hvort við, sem stöndum að áliti meiri hluta nefndarinnar og viljum að þessu máli sé vísað til ríkisstjórnarinnar, værum virkilega þeirrar skoðunar að frv., eins og það er, væri til marks um það að vilji væri til að afnema þingræði í landinu. Ég tel að svo sé og tel að það sé eindregið rétt mat hjá okkur að með þeirri breytingu á stjórnarskránni, sem þarna er lagt til að gerð verði, sé verið að þrengja mjög að þingræðinu ef ekki beinlínis að brjóta í bága við það. Það er algerlega úr í hött hjá hv. síðasta ræðumanni að bera þetta frv. saman við 11. gr. stjórnarskrárinnar, 26. gr. stjórnarskrárinnar eða 79. gr. þar sem vísað er til breytingar á kirkjuskipan landsins samkvæmt 62. gr. Það er fráleitt að bera þessa almennu tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslur saman við ákvæðin í stjórnarskránni, þ.e. þessi þrjú sem ég nefndi, þar sem er annars vegar um það að ræða að Alþingi vísi forseta frá, í öðru lagi að forseti neiti um staðfestingu á frv. sem samþykkt hefur verið í þinginu og í þriðja lagi um það að breyta kirkjuskipan landsins. Ekkert af þessum atriðum lýtur sérstaklega að þingræðinu heldur spurningum um grundvallaratriði í okkar stjórnarfari og okkar stjórnskipun. Eðlilegt er að slík mál séu borin undir þjóðina. En með því að bera þáltill. eða einstök frv. undir þjóðina væri verið að sníða þingræðinu eða Alþingi þröngan stakk.

Frsm. minni hluta stjórnarskrárnefndar (Ragnar Arnalds) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Björn Bjarnason heldur því alveg blákalt fram að það sé nánast verið að afnema þingræði í landinu ef samþykkt yrðu ákvæði í stjórnarskrá sem veita minni hluta þingmanna rétt til þess að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta er auðvitað svo fráleit staðhæfing að það þarf í raun og veru ekki að svara henni. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm. að því hvort hann líti þá svo á að Danir hafi afnumið þingræði í sínu landi með þeim ákvæðum í stjórnarskrá sem gera ráð fyrir því að þar geti þriðjungur þingmanna krafist þjóðaratkvæðagreiðslu, meira að segja bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu, um flest mál sem borin eru fram og samþykkt af danska þinginu, þó með *nokkrum veigamiklum undantekningum*. Verður hann þá að ályktа sem svo að þar hafi þingræðið verið afnumið?

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að með ákvæðum dönsku stjórnarskrárinnar um þjóðaratkvæðagreiðslu sé vegið að dönsku þingræði, það er alveg tvímælalaust. Valdsvið danska þingsins er þrengt með þessu ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu. Að þingræðið hafi verið afnumið eru orð sem ég hef aldrei notað. Ég tel að vald þingsins hafi verið þrengt. Mér þóttu þessar æfingar ósambærilegar sem hv. þm. fór út í í ræðu sinni áðan um það að bera saman spurninguna um þjóðaratkvæðagreiðslu og spurninguna um það hvort menn vildu hafa útvarpsumræður eða ekki. Mér finnst að útvarpsumræður á Alþingi séu allt annars eðlis heldur en krafa um að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu. Það væri miklu nær að líkja því saman við skoðanakannanir. Ef þriðjungur þingmanna gæti krafist þess að skoðanakönnun færi fram um eitthvert mál væri það sambærilegt við það að menn færu fram á að efna til útvarpsumræðu. En að tala um þjóðaratkvæðagreiðslu í þessu tilviki og bera það saman við útvarpsumræður er algerlega út í bláinn að mínu mati.

Frsm. minni hluta stjórnarskrárnefndar (Ragnar Arnalds) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að fáir Danir muni fallast á þær yfirlýsingar sem hv. þm. var með áðan, að þingræði þeirra hafi verið verulega skert með þeim ákvæðum sem þar eru í lögum. Ég vil ítreka það sem kom fram hjá mér áðan að í raun og veru er hér verið að veita þriðjungi þingmanna mjög hliðstæðan rétt, ekki alveg eins en mjög samsvarandi eða hliðstæðan rétt og við veitum einni persónu í okkar þjóðfélagi, þ.e. forsetanum. Ég tel að með sömu rökum og slíkur réttur er veittur forsetanum sé eðlilegt að slíkur réttur falli í hlut þriðjungs alþingismanna.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil gera athugasemd við þá fullyrðingu hv. þm. Ragnars Arnalds, frsm. minni hluta stjórnarskrárnefndarinnar, að hægt sé að finna ákvæði í stjórnarskrá lýðveldisins eins og hún er nú sem benda til þess að þar sé gert ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu sem beinni aðferð til að leysa álitamál.

Ég flutti um þetta mál nokkuð ítarlega ræðu við 1. umr. og benti á að tvær greinar stjórnarskrárinnar, 11.

gr. og 26. gr., hafa að geyma ákvæði um að vísa máli til þjóðarinnar. Það er einungis í því tilfelli þegar stofnanir lýðveldisins eru orðnar nánast óstarfhæfar. Það verður að flokkast undir neyðarrétt og hefur ekkert með það að gera sem hér er gerð tillaga um. Það má kannski segja sem svo um þá grein stjórnarskrárinnar, 29. gr., sem segir að leggja skuli mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar ef Alþingi samþykkir breytingu á krikjuskipaninni að þar sé mjög takmarkað ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu. Hin ákvæðin geta engan veginn túlkast sem þessi grein. Ef eitthvert mark hefði verið tekið á þeim umræðum sem fóru hér fram við 1. umr. hefði þingmaðurinn alla vega geta komið efnislega inn á þau atriði í sinni framsöguræðu.

Frsm. minni hluta stjórnarskrárnefndar (Ragnar Arnalds) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef ekkert ákvæði væri í stjórnarskrá okkar um þjóðaratkvæðagreiðslu, hún væri ekki nefnd þar á nafn, hefði aldrei farið fram á Íslandi og ekki væri gert ráð fyrir henni í lögum okkar væri kannski hægt að halda því fram að hún væri utan við okkar stjórnskipunarhefð. En þessu er öðruvísi varið. Þjóðaratkvæðagreiðslur hafa nokkrum sinnum farið hér fram og það að stjórnarskráin skuli einmitt gera ráð fyrir slíku úrræði í tveimur mikilvægum tilvikum sýnir að stjórnarskrárgjafinn hefur á sínum tíma talið það vera eðlilegt úrræði. Þess vegna eru tillögur okkar í fullu samræmi við það sem áður hefur verið gert og ákveðið í þessu efni.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins benda hv. síðasta ræðumanni á að þessi ákvæði í stjórnarskránni um þjóðaratkvæðagreiðslu hafa aldrei verið notuð.

Frsm. minni hluta stjórnarskrárnefndar (Ragnar Arnalds) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þjóðaratkvæðagreiðslur hafa farið fram á Íslandi. (**TIO:** Ekki samkvæmt þessum ákvæðum.) Nei, ekki samkvæmt þessum ákvæðum en þær hafa farið fram samkvæmt ákvörðunum Alþingis eins og kunnugt er. Það eru því nokkur fordæmi fyrir því. Það er hins vegar alveg rétt að það hafa ekki farið fram þjóðaratkvæðagreiðslur enn þá um kirkjuskipan Íslendinga. Það er líka rétt að forseti hefur ekki nýtt sér þann rétt sem er í stjórnarskránni. Það breytir að sjálfsögðu engu. Þessi ákvæði eru þarna. Það er það sem skiptir máli.

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárnefndar (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hv. þm. Ragnars Arnalds tel ég rétt að rifja upp fyrir hann atriði úr nefndaráliti till. til þál. um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu þar sem segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Í tveimur tilvikum hefur verið efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu hér á landi vegna breytinga á stjórnskipan ríkisins. Árið 1918 um sambandslagasáttmálann við Dani og árið 1944 um afnám sambandslaganna og stofnun lýðveldis. Árið 1918 var framfylgt fyrirmælum í stjórnarskránni frá 1915 og þegar sambandslögin voru afnumin var það í samræmi við ákvæði í lögunum sjálfum. EES-samningnum verður með engu móti jafnað við fullveldið 1918 eða stofnun lýðveldisins 1944."

Auðvitað er vitað að það hafa komið fram nokkrar tillögur á hinu háa Alþingi um þjóðaratkvæðagreiðslur en þeim hefur í öllum tilvikum síðustu áratugina verið verið hafnað og má segja að þar sé komin ákveðin stjórnskipuleg hefð.

Hv. þm. beindi einnig til mín nokkrum spurningum og atriðum. Hann gerði athugasemd um það að ég nefndi að þessi grein í frv. væri ótölusett. Það var bent á þetta sem dæmi um sérstök vinnubrögð þar sem hér er verið að tala um stjórnarskrána og því þykir ástæða til þess að vanda enn frekar til vinnubragða. Alla vega var ekki ljóst hvað þarna var átt við, hvort þetta yrði ný grein eða hvort þetta yrði viðbótargrein eins og ég nefndi áðan.

Bæði í greinargerðinni og nefndarálitinu vegna frv. er vitnað til ítarlegra ákvæða dönsku stjórnarskrárinnar og það er varla tilviljun að vitnað er til þeirra. Það eru ítarleg ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur í dönsku stjórnarskránni og mér finnst það óneitanlega nokkuð sérstakt að hv. frsm. minni hlutans telji litlu máli skipta hvað þar stendur enda þótt ég sé alveg sammála honum um það að danska stjórnarskráin þurfi ekki að vera nein fyrirmynd fyrir okkur.

Ég vildi einnig í lokin, virðulegur forseti, skýra það sem var rætt um þáltill. ef það hefur ekki komið nógu vel fram áðan að þær fela aðeins í sér tilmæli Alþingis til ríkisstjórnarinnar.

Frsm. minni hluta stjórnarskrárnefndar (Ragnar Arnalds) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig ekki mörgu að svara en þó er rétt vegna ummæla hv. þm. um þáltill. að láta það koma fram að um leið og þáltill. eru tilmæli, fyrirskipanir eða ákvarðanir Alþingis, því þingsályktunartillögur þurfa ekki eingöngu að vera tilmæli til ríkisstjórnar, geta þær líka falið í sér ákvarðanir. Alþingi ályktar að þetta eða hitt skuli gert og þær eru auðvitað yfirleitt mjög stefnumótandi. Þær mikilvægustu geta verið stefnumótandi í einstökum málum. Það getur verið fullkomlega eðlilegt ef um mjög mikilvæg mál er að ræða að þjóðin fái að fella sinn dóm.

Hér kemur hver þingmaðurinn á fætur öðrum og reynir að gefa það í skyn að þjóðaratkvæðagreiðslur mundu vera sérstakt brot á okkar stjórnskipunarrétti og venjum og gætu á engan hátt passað inn í okkar lýðræðislega kerfi. Ég vil í lokin á þessari umræðu vekja athygli á því að prófessorinn í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands, Ólafur Jóhannesson fyrrum forsrh., flutti á Alþingi tillögur um að undirbúið yrði frv. um þjóðaratkvæðagreiðslur. Hann taldi að slík skipan ætti mjög vel heima í okkar þingræðislega fyrirkomulagi.

Það var sem sagt sá maður sem á þeim tíma var fróðastur um stjórnskipunarrétt.

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárnefndar (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er allt annað að koma með tillögur um að undirbúa slíka löggjöf en að koma með beint frv. á hinu háa Alþingi þar sem allir vita hvernig þarf að fara með slík frv. til þess að þau fái samþykki.

Varðandi ummæli hv. þm. um þáltill. áðan þá tók ég eftir að hann talaði sérstaklega um stefnumótandi þáltill. Ég spyr þá hv. þm. hvort slíkar tillögur eigi að fara í þjóðaratkvæði og til hvers almennar þingkosningar séu þá.

Frsm. minni hluta stjórnarskrárnefndar (Ragnar Arnalds) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þjóðaratkvæðagreiðslur geta einmitt verið mjög hentugar þegar um stórmál er að ræða til þess að koma í veg fyrir og til þess að losna við að láta þingkosningar fara fram. Það er einmitt mjög heppileg leið til þess að ekki þurfi að rjúfa þing og efna til kosninga til að leita eftir samþykki þjóðarinnar að láta þjóðaratkvæðagreiðslur fara fram um mjög stefnumótandi og stórvægilegt mál.

Að lokum vil ég aðeins segja varðandi minn ágæta samþingmann á sínum tíma, Ólaf Jóhannesson, prófessor í stjórnskipunarrétti, að það er nokkuð ljóst að hann hefði ekki flutt tillögu um þetta efni í þinginu og látið undirbúa slíkt frv. ef hann hefði ekki verið þeirrar skoðunar að slíkt fyrirkomulag ætti fullan rétt á sér í okkar stjórnskipan.

Útbýting þingskjals:

Afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum, 272. mál, þáltill. GHG o.fl., þskj. 368.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætlaði ekki að hafa mörg orð um þetta mál við þessa umræðu þar sem ég gerði grein fyrir áliti Kvennalistans á þessu máli við 1. umr. og hv. frsm. minni hlutans hefur gert grein fyrir nál. sem ég skrifa undir. Ég vil þó minna á að Kvennalistinn hefur ævinlega haft það á sinni stefnuskrá að fleiri mál en hingað til verði borin undir þjóðaratkvæði og kemur það m.a. fram í till. til þál. sem flutt var á 109. löggjafarþingi 1986 um þjóðaratkvæði og María Jóhanna Lárusdóttir, Guðrún Agnarsdóttir og Kristín Halldórsdóttir fluttu. Mig langar til að lesa örlítið úr greinargerð með þeirri tillögu þar sem mér þykir mjög vel orðað það sem þar kemur fram og segir kannski meira um stefnu Kvennalistans í þessum málum en ýmislegt annað sem fram hefur komið. Í þessari þáltill. var gert ráð fyrir að tíundi hluti kosningarbærra manna eða þriðjungur þingmanna, eins og við gerum nú ráð fyrir í okkar tillögu, geti farið fram á ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál. Greinargerðin hljóðar svo en ég les einungis lítinn hluta hennar, með leyfi forseta:

„Íslendingar búa við lýðræðislegt stjórnarfar eins og flestar aðrar vestrænar þjóðir. Í lýðræðishugtakinu felst að æðsta valdið sé hjá þjóðinni og allur almenningur eigi að velja um þá kosti sem fyrir liggja um skipan og þróun þjóðfélagsins.

Fyrrum réðu Íslendingar ráðum sínum á opnu þjóðþingi þar sem teknar voru ákvarðanir er vörðuðu land og þjóð. Þegar fram liðu stundir þótti þetta form þungt í vöfum og óhagkvæmt og er stjórnarfar Íslendinga nú, eins og margra annarra þjóða, byggt á fulltrúalýðræði. Allir Íslendingar, sem hafa kosningarrétt, eiga rétt á að kjósa menn á Alþingi til að fara með stjórn samfélagsins fyrir sína hönd. Í stað þess að allir Íslendingar ráði ráðum sínum og taki sameiginlega ákvarðanir fela þeir fulltrúum sínum fullt vald til slíks. Í raun er um valdaframsal að ræða frá þjóðinni til fulltrúa hennar, alþingismanna, í ákveðinn tíma. Samkvæmt stjórnarskrá eru alþingismenn þó ekki bundnir af fyrirmælum umbjóðenda sinna í afstöðu til einstakra mála heldur eingöngu af sannfæringu sinni. Það er oft löng leið frá kjósanda til fulltrúa hans á þingi. Í almennum kosningum er kosið um fjölmörg mál í einu og þess ekki að vænta að þingmenn geti vitað um afstöðu umbjóðenda sinna í öllum málum. Það hefur því lengi tíðkast meðal lýðræðisríkja að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla þar sem kjósendur eru spurðir um afstöðu til einstakra mála, annaðhvort að ósk íbúanna, hluta þingmanna eða valdhafa. Þjóðaratkvæðagreiðsla er lifandi þáttur í stjórnarfari sumra ríkja eins og í Sviss sem byggir á langri hefð í þessum efnum. Á Norðurlöndum og víða í Evrópu hefur það færst í vöxt að slíkar kannanir fari fram í þeim málum er ætla má að skoðanir landsmanna séu skiptar. Nægir að nefna sem dæmi atkvæðagreiðslu um inngöngu Norðmanna og Dana í Efnahagsbandalagið, áframhaldandi dvöl Breta í því bandalagi og afstöðu Svía til kjarnorkumála. Hér á landi hefur engin þjóðaratkvæðagreiðsla farið fram síðan 1944 en fram að þeim tíma sex sinnum frá árinu 1908."

Meira ætla ég ekki að lesa úr þessari greinargerð með till. til þál. sem flutt var á 109. löggjafarþingi en mér þótti þetta góður kafli úr greinargerðinni og get ég gert þessi orð að mínum.

Það er þess vegna fráleitt að halda því fram að Alþingi sé að framselja löggjafarvald með því að þjóðin sé spurð álits á málum þótt í sumum tilvikum sé þjóðaratkvæðagreiðsla bindandi fyrir málið. Alþingi fær vald sitt frá þjóðinni og því er verið að snúa málum á haus að halda slíku fram þegar farin er sú leið að viðhafa beint lýðræði eins og gert er þegar um þjóðaratkvæðagreiðslu er að ræða.

Í Sviss, eins og kom hér fram í greinargerð með þáltill., er löng hefð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum og raunar falið í stjórnskipan þar. Það var á síðustu öld og í byrjun þessarar sem þetta var tekið upp fyrir alvöru og aukið verulega og það varð smátt og smátt stærri hluti af þeirri lýðræðishefð sem nú er orðin ríkjandi í Sviss. Auðvitað urðu pólitísk átök um þau atriði á þeim tíma. Auðvitað voru fordæmi fyrir því frá fyrri öldum en það var sem sagt ekki fyrr en um aldamót-

in sem það fer að verða ríkari þáttur í þeirra stjórnskipan. Á seinni árum eru alltaf fleiri og fleiri spurningar lagðar fyrir svissnesku þjóðina t.d. um ýmis lýðræðismál og umhverfismál og verða niðurstöðurnar ávallt framsæknari og einnig í þá veru að sérhagsmunir víkja fyrir almannahagsmunum. Mér finnst skipta verulegu máli að líta til fleiri þjóða þegar við erum að ræða það að taka upp ákvæði um þjóðaratkvæði í íslensku stjórnarskrána um fleiri mál en þar er gert ráð fyrir nú.

Í Danmörku eru svipuð ákvæði, þ.e. ákvæði um það að minni hluti, þriðjungur þingmanna, geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu og ég veit ekki til að það hafi verið nein vandræði með þetta ákvæði. Eins og fram hefur komið í umræðunni hafa áður komið fram hugmyndir um að setja ákvæði í íslensku stjórnarskrána þess efnis að málum verði í ríkara mæli skotið til þjóðarinnar. Það getur vel verið að þingmenn hafi á því skoðun að það geti verið eðlilegra að gera það ekki nú, eins og kom fram hjá hv. 6. þm. Reykv., en hún sagði að það væri allt annað mál að koma með þáltill. eins og Ólafur Jóhannesson gerði áður en koma með frv. eins og þetta sem við leggjum nú fram. Það sýnir sem betur fer að það eru fleiri sem telja að það sé eðlilegt að setja ákvæði í stjórnarskrána um þjóðaratkvæðagreiðslu og að fleiri mál séu borin undir þjóðina. En menn geta auðvitað haft skoðun á því að það sé ótímabært að gera það núna. Ég tel að það sé fyllilega tímabært og það hefði verið mjög þægilegt og gott ef þetta ákvæði væri í íslensku stjórnarskránni svo hægt hefði verið að bera það mikilvæga mál sem er nú til meðferðar í þinginu, þ.e. samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, undir þjóðina þar sem ljóst er að mjög skiptar skoðanir eru meðal þjóðarinnar um það mál. Að vísu hefur maður ekki heyrt nýlega um neinar skoðanakannanir um það efni þó að vitað sé að a.m.k. tvær skoðanakannanir hafa farið fram um það mál eftir því sem fólk segir, þeir sem hafa verið spurðir. Ég hef ekki heyrt um niðurstöður en væntanlega sjáum við þær fljótlega ef þeim verður ekki stungið undir stól eins og niðurstöðum skoðanakannana sem voru fyrr í vetur.

Ég ætlaði ekki, virðulegur forseti, að hafa fleiri orð um þetta mál en ég vona að þingmenn sjái sér fært að samþykkja frv. þó að það hafi auðvitað í för með sér, ef frv. verður samþykkt eftir 3. umr., að efna verður til nýrra kosninga. Það væri þá hægt að geyma 3. umr. um einhvern tíma svo ekki yrði þingrof núna fyrir jólin heldur yrði reynt að skipa þannig málum að hægt væri að samþykkja frv. með samkomulagi um tímasetningu um þingrof.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér hafa orðið þær efnislegu umræður, sem farið hafa fram um þetta mál, veruleg vonbrigði. Annars vegar virðist svo sem stjórnarsinnar treysti illa íslensku þjóðinni til þess að taka afstöðu til mála og í annan stað að þeir líti svo á að hér séum við að brjóta hefðir og leikreglur og það sé svo alvarlegt mál sem menn eru að leggja til að nánast sé verið að leggja niður þingræðið í landinu. Ég verð að segja eins og er að ég þoli það dálítið illa þegar menn halda því fram að íslenska þjóðin sé síður fær en sú danska um að stjórna sér. Ég þoli það dálítið illa. Ég held að þeir ræðumenn sem vilja túlka það að frelsi í íslensku stjórnarskránni handa almenningi, hliðstætt og handa Dönum, þýði háska hér á landi, ættu að fara með veggjum. Mér finnst slíkur málflutningur gersamlega út í hött. Ég vil fá það skýrt hvað það er sem gerir íslenska þjóð óhæfa til þess að hafa hliðstæð ákvæði í íslensku stjórnarskránni og Danir hafa. Hvað er það? Er það eitthvað í karakter Íslendinga? Er það eitthvað í þeirra gáfnafari eða er það eitthvað í þeirra þjóðareðli? Það er rétt að þeir sem þannig tala gefi boltann alveg upp.

Hitt er svo allt annað mál og á því hef ég mikinn skilning að það eru virkileg vandkvæði á því að fara að breyta stjórnarskránni eins og núna háttar á miðju kjörtímabili. Það vita allir að því fylgja virkileg vandkvæði vegna þess að slíkt þýðir kosningar. Og ég hef fullan skilning á því að núverandi stjórnarflokkar vilji ekki kosningar. Ég býst við því að ef ég væri í þeirra sporum hefði ég ekki áhuga á því heldur. Þeim er fullkomlega ljóst að stjórnarflokkarnir hafa verið að tapa fylgi og það miklu fylgi að undanförnu. Þess vegna er það út af fyrir sig skiljanlegt og þegar hv. 6. þm. Reykv. segir að það sé dálítið annað að leggja fram tillögu að stjórnarskrárbreytingu eða að koma með breytinguna þar sem allir vita hvernig með slík mál þarf að fara, þá finnst mér heiðarlegur málflutningur að lýsa slíku yfir. Það finnst mér heiðarlegur málflutningur vegna þess að þá er verið að segja, sem flestum er ljóst, að veruleg vandkvæði eru á því að breyta stjórnarskránni á miðju kjörtímabili. Skynsamlegast er að sjálfsögðu að standa þannig að verki að breyta stjórnarskránni í tengslum við almennar alþingiskosningar í landinu. En þá þurfa menn heldur ekki að tala eins og himinn og jörð séu að farast ef við rýmkum um þau ákvæði hjá okkur hvenær skuli vera hægt að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu og hvenær ekki. Við erum með það ákvæði í kosningalögum okkar til forseta að forsetinn þarf ekki að hafa meiri hluta þjóðarinnar á bak við sig. Ef t.d. að fimm eða sex byðu sig fram í forsetakosningum þá gæti farið svo að sá sem næði kjöri væri aðeins með um 25% þjóðarinnar á bak við sig. Vitað er um dæmi þar sem menn hafa verið forsetar með um 30–40% á bak við sig. Hér eru hugmyndir um að einn þriðji hluti þingmanna geti krafist þess að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla. Þá munu þeir þó vera með á bak við sig um 33% af þjóðinni.

Það sem fyrst og fremst kallar á að sett séu ákvæði inn í stjórnarskrána um þjóðaratkvæðagreiðslu er sú staðreynd að í þessu landi eru listakosningar. Og það er ekki víst að efsti maður listans sé á sama máli og annar maður listans eða sá þriðji. (**Gripið fram í:** Og alls ekki sá fjórði.) Eða þá sá fjórði á lista eins og komið hefur fram athugasemd um. Hvernig á fólk að ráða með sínu atkvæði hvaða ákvarðanir eru teknar á þjóðþinginu þegar ástandið er slíkt? Ég verð bara að segja eins og er að almenningur er í gersamlega vonlausri stöðu við alþingiskosningar oft og tíðum að taka

á því máli með sínu atkvæði hvernig hann vill að eitthvert sérstakt mál fái afgreiðslu á Alþingi Íslendinga. Þetta eru staðreyndir. Þetta veit hver einasti maður hér inni og þetta veit íslenska þjóðin. Spurningin er hvort þingið sé svo hrokafullt að það telji það fráleitan hlut að skila þjóðinni aftur hluta af því valdi sem hún fékk þinginu. Um það snýst það mál, hvort íslenska þingið, þetta þing sem við segjum að sé elst í heimi, er reiðubúið að skila þjóðinni aftur hluta af því valdi sem þjóðin fékk þinginu með samþykkt á stjórnarskránni. Ég segi fyrir mig að mér sýnist að það sé margt sem mælir með því að það sé gert. Og varðandi fyrri hluta þess máls sem hér er til umræðu, þ.e. 2. málsl. 21. gr., þá tel ég það sjálfgefið að þingið skili þjóðinni því aftur.

Um hitt sem þar kemur varðandi þjóðaratkvæði er í sjálfu sér miklu meira vafaatriði. Ég hallast þó mjög að því sem flm. þessa máls. hv. 3. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, sagði að ekki væri útlit fyrir það að þetta ákvæði yrði misnotað. Vissulega er þó hugsanlegt að slíkt ætti sér stað. Þess vegna gæti það verið skynsamlegt að taka smærri skref í svona máli, binda þetta annars vegar við frv. til laga og svo það atriði sem ég gat um áðan sem mér sýnist alveg sjálfgefið. En ef menn vilja ekki ræða þetta út frá öðru sjónarhorni en því að þjóðin sé ófær um að taka svona ákvarðanir þá eru menn nánast að halda því fram að íslenska þjóðin geti ekki búið við lýðræði. Menn eru að halda því fram, hvorki meira né minna.

Það er hægt að leiða að því sterk rök, eins og ég sagði hér áðan, að sum mál eru þess eðlis að þau eru mjög heit í vitund manna. Engu að síður er ekki hægt að segja að þau skiptist nákvæmlega eftir flokkum. Þau skiptast þverpólitískt hjá þjóðinni. Kirkjunnar málefni eru eitt af þessum málefnum og það er ekkert skrýtið þó að það skuli þess vegna hafa verið sett inn í stjórnarskrána.

Mér finnst að þegar mál eins og þetta er flutt þá hljóti að geta farið fram um það málefnaleg umræða jafnvel þó að stjórnarsinnar séu með það á tæru að þeir ætli ekki að samþykkja frv. af þeirri ástæðu einni saman að þeir vilja ekki fá kosningar í þeirri stöðu sem þjóðmálin eru í.

Norðmenn hafa þá reglu eins og menn vita að þar er kosið á fjögurra ára fresti og ekki sá möguleiki að hafa alþingiskosningar oftar. E.t.v. væri það eðlilegur agi á þingið um að koma sér saman og leysa málefni þjóðarinnar. En það er nefnilega hárrétt, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að ákvæði, eins og hér er verið að leggja til, getur dregið úr þörfinni fyrir þingkosningar. Það er kjarni málsins.

Ég vænti því þess að þrátt fyrir allsérstæðan málflutning sumra stjórnarsinna í þessu máli þá sé til staðar meiri skilningur en þar hefur komið fram og að ástæðan fyrir því að þeir hafa beitt slíkum málflutningi sé fyrst og fremst sú að þeir vilja ekki fá alþingiskosningar nú. Það er skiljanlegt sjónarmið. Það hljóta menn sem eru stjórnarandstæðingar að gera sér grein fyrir. Hins vegar er það staðreynd að það mál sem veldur þessum átökum er stórt. Það er svo stórt að það er spurning hvort við höfum gert öllu víðtækari verslunarsamning en þann sem menn eru að gera nú frá því að Gamli sáttmáli var gerður.

Með því er ég ekki að segja að hér sé gengið jafnlangt og þar var gert. Mér er ljóst að þar játuðust menn undir ákveðinn konung og þess vegna var gengið lengra þar. Það fer ekki á milli mála. En engu að síður hefur verið fullyrt af mörgum að þau skref sem nú eru stigin séu í áttina að inngöngu í EB. Ef svo er, þá eru menn að stíga skref sem eru hliðstæð Gamla sáttmála, því að það vil ég að komi hér fram að sá sem sat yfir þeirri samningagerð fyrir hönd Íslands, Gissur Þorvaldsson, íslenski jarlinn, var yfirburðamaður að vitsmunum og hæfileikum. Og hann samdi vissulega eins og hann taldi að stætt væri fyrir íslenska þjóð þegar hann skrifaði undir og gerði þann samning. En það var aftur á móti hinn ójafni leikur styrkleikans sem tók við því að Íslendingar gátu ekki staðið á þeim rétti sem samningurinn bauð upp á. Þeir gátu ekki staðið á honum. Samningurinn kvað á um að hann væri ógildur ef hann, að hinna bestu manna yfirsýn, væri brotinn af öðrum hvorum aðilanum en þeir höfðu ekki þrek, þeir höfðu ekki stjórnunarlegt þrek til að fylgja því eftir. Þeir voru orðnir fastir í netinu. Það er hin sögulega staðreynd sem blasti við.

Herra forseti. Ég tel ekki nauðsyn að fara frekar í efnislega umræðu um þetta frv. Hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði vel grein fyrir því hvað efnisatriði snertir. Ég tel aftur á móti að það sé margt sem mælir með því að þrengja frv. eitthvað en í slíkri mynd hefði ég talið æskilegt að það yrði samþykkt af Alþingi Íslendinga. Ég hefði metið það við stjórnarsinna ef þeir hefðu litið svo á að þeir væru reiðubúnir að samþykkja slíkt í tengslum við alþingiskosningar þó að þeir teldu að miðað við stöðuna í dag treystu þeir sér ekki til þess að mæla með því.

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Það er ekkert í þessum umræðum sem gefur hv. síðasta ræðumanni tilefni til að álykta sem svo að Íslendingar séu eitthvað síður til þess færir en Danir að taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það hafa engin orð fallið á þann veg í þessum umræðum. Spurningin hefur verið um það hvort verið sé að skerða vald löggjafarþingsins með því að veita jafnvíðtækan rétt til að vísa málinu til þjóðaratkvæðis og gert er ráð fyrir í þessu frv. sem við erum að ræða.

Það er ótvírætt að mínu mati að með því að veita jafnvíðtækan rétt og þarna er talað um, að þriðjungur þingmanna geti skotið hvaða frv. til laga sem er og hvaða þáltill. sem er til þjóðaratkvæðis, er verið að skerða valdsvið Alþingis og þrengja. Og mér heyrðist raunar hv. síðasti ræðumaður vera svipaðrar skoðunar. Hann taldi að þótt hann væri efnislega sammála því sem fram kæmi í þessu frv. þá þyrfti að breyta því, það þyrfti að þrengja ákvæði þess til að þessi réttur Alþingis og þetta vald Alþingis yrði ekki skert með jafnskýrum hætti og gert er í frv. Þessi afstaða er alls ekki neitt vantraust á íslensku þjóðina og engin spurning um það hvort íslensku þjóðinni sé treystandi til þess að

taka ákvarðanir um hin flóknustu mál. Það á ekkert skylt við það. Þetta er spurning um hvaða stjórnarhætti við viljum hafa hér í okkar landi og hversu víðtækt framsal á valdi Alþingis við viljum samþykkja. Og það hlýtur að vera og ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni að það er mál sem auðvitað á að ræða ítarlega hér í þinginu og þarf að gera með skipulegri hætti heldur en gert er á grundvelli þessa frv., sem er meingallað eins og hitt frv. sem við ræddum hér sl. fimmtudag varðandi stjórnarskrána og stjórnarandstaðan lagði fram í tilefni af EES-samningnum. Þetta frv. eins og hið fyrra sem við ræddum á fimmtudaginn er meingallað og hv. síðasti ræðumaður benti á einn meinlegan galla í frv. að það veitir allt of víðtækar heimildir.

Sú skoðun kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni og hv. frsm. minni hluta nefndarinnar að þjóðaratkvæðagreiðslur væru sérstaklega góð tæki til þess að fresta eða koma í veg fyrir þingkosningar. Ég átta mig ekki á þeirri röksemdafærslu að það að þriðjungur þingmanna geti krafist þess að frv. til laga eða þáltill. sé skotið til þjóðarinnar sé eitthvert sérstakt úrræði til þess að koma í veg fyrir þingkosningar eða fresta þeim. Mér finnst þetta einkennileg röksemd og skil ekki nákvæmlega við hvað er átt og hvaða sérstök ástæða er fyrir því að þessir menn leggja svo mikið upp úr því að komið sé í veg fyrir að efnt sé til þingkosninga. Mér finnst að það hljóti náttúrlega að ráðast fyrst og fremst af okkar stjórnskipun. Hér gildir sú regla eins og menn vita að unnt er að rjúfa þing á kjörtímabilinu sem ekki er í Noregi eins og hv. síðasti ræðumaður gat um. Yfirleitt er þing ekki rofið hér nema mál séu komin í algert þrot vegna samstarfsörðugleika í ríkisstjórnum. Frægasta þingrofið árið 1930 stafaði m.a. af því að þáv. ríkisstjórn stóð frammi fyrir því að hún sá nýjan meiri hluta vera að skapast í þinginu um breytingar á kjördæmaskipaninni og þá var gripið fyrirvaralaust til þess ráðs að rjúfa þingið og efna til kosninga. Ég sé ekki að það hefði einhverju breytt í því tilviki að þriðjungur þingmanna hefði getað krafist þess að bera eitthvað mál undir þjóðaratkvæði. Ég skil ekki þessa röksemdafærslu að málskotsréttur, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., sé til þess fallinn að fækka þingkosningum. Mér finnst það nú raunverulega fráleitt að ræða málið á þeim forsendum.

Hér hefur verið vikið að till. til þál. sem Ólafur Jóhannesson, Páll Þorsteinsson og Ingvar Gíslason fluttu á mörgum þingum á sjöunda áratugnum og að lokum var samþykkt með þeirri breytingu að þeir vildu að Alþingi ályktaði að kjósa fimm manna nefnd, og var að lokum undir lok sjöunda áratugarins samþykkt þáltill. með því að ríkisstjórninni var falið að annast það sem í tillögunni segir. Og hér hefur nú verið látið að því liggja að í þessari tillögu hefði alveg verið tekið af skarið um það að skynsamlegt væri að breyta stjórnarhögum okkar á þann veg að taka upp þjóðaratkvæðagreiðslur. Þetta er alrangt. Það stóð alls ekki neitt í þessari tillögu eða í greinargerð með henni þess efnis að flm. hennar hefðu gert upp hug sinn og það ætti hér að taka upp þjóðaratkvæðagreiðslur. Þvert á móti segir í greinargerð með þessari till. Ólafs Jóhannessonar o.fl.:

„Hér skal að svo stöddu enginn dómur á það lagður hvort aukin notkun þjóðaratkvæðis muni henta hér á landi.“ Þannig að þeir gerðu alls ekki upp hug sinn þótt þeir flyttu þessa tillögu. Ég tel að tillagan hafi verið flutt m.a. vegna óska sem uppi höfðu verið eins og hér eru hjá sumum þingmönnum að koma á þeirri skipan að unnt sé að efna til þjóðaratkvæðis og að tillagan hafi verið flutt til þess að jafna ágreining milli manna um það efni og ætlunin var að fela sérstakri nefnd og síðan ríkisstjórninni að vinna að framgangi þess máls og gaumgæfilegri athugun án þess að nefndarmenn eða tillögumenn sjálfir tækju afstöðu til þess í sjálfu sér hvort breyta ætti stjórnskipan okkar á þann veg að þrengja að þingræðinu. Það er síðan athyglisvert að árið 1971 varð Ólafur heitinn Jóhannesson forsrh. og ég minnist þess ekki að hann hafi þá sem forsrh. beitt sér sérstaklega fyrir því að menn gengju til þess verks að breyta stjórnarskránni eða stjórnháttum okkar á þann veg að taka hér upp þjóðaratkvæðagreiðslur.

Síðan er þess að minnast að undanfarin 20 ár eða svo hefur verið starfandi stjórnarskrárnefnd með þátttöku allra þingflokka. Hún sendi frá sér álit árið 1983 þar sem gerð er tillaga um þjóðaratkvæðagreiðslur en hún var alls ekki með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir að minni hluti þingmanna geti tekið öll völd í sínar hendur, ef þannig mætti að orði komast, og skotið þáltill. til þjóðaratkvæðis heldur er þar gert ráð fyrir því að ákveðinn hluti landsmanna geti sett fram óskir um þjóðaratkvæðagreiðslu enda er það miklu rökréttara en veita minni hluta Alþingis þann rétt að taka mál og vísa þeim þannig út úr þinginu og sveigja þannig að þingræðinu eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Það er miklu nær ef menn vilja á annað borð huga að þessum málum að líta þá til þess að þriðji aðilinn, þ.e. þjóðin sjálf, geti haft frumkvæði að því að taka mál sem hér hafa verið til umræðu og eru umdeild úr höndum Alþingis og beina þeim til þjóðarinnar sjálfrar en að minni hluta alþingismanna sé veitt það vald.

Ég vildi láta þetta koma fram, frú forseti. Mér þótti sérstaklega að fullyrðingar varðandi þau sjónarmið sem komu fram varðandi tillöguna sem flutt var á sjöunda áratugnum gætu ekki staðið eins og þau voru fram sett því það er tvímælalaust þegar tillagan er lesin og greinargerðin með henni að menn vildu að vandlega yrði litið á málið og það skoðað. Í raun og veru felst hið sama í tillögum okkar í meiri hluta stjórnarskrárnefndar sem leggjum til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar með það í huga að stjórnarskrárnefnd sem nú er starfandi taki á því og skoði það og komi vonandi að lokum með tillögu um þetta efni eins og önnur sem víðtæk samstaða er um.

Útbýting þingskjals:

Evrópskt efnahagssvæði, 1. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 372.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegur forseti. Við 1. umr. um það mál sem hér liggur fyrir nú, 30. mál þingsins, fjallaði ég nokkuð um það hvers eðlis þetta frv. er og mun ég ekki endurtaka það sem þar var sagt. Hins vegar langar mig til að fjalla nokkuð um þær breytingar sem hafa orðið á málinu af hálfu minni hluta stjórnarskrárnefndarinnar svo og þær fullyrðingar sem hér hafa verið látnar falla um að fulltrúar stjórnarflokkanna hafi í umræðum um málið sýnt vantrú á hæfni þjóðarinnar til að fjalla um málefni hennar í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég vil fyrst taka fram að við 1. umr. benti ég á að þetta frv. til stjórnskipunarlaga væri alls ekki frv. um að efla vald almennings og þjóðarinnar yfir sínum málefnum. Frv. er tvískipt. Annars vegar er verið að tala um að vísa málefnum til þjóðarinnar til samþykktar eða synjunar og er þá atkvæðagreiðslan bindandi. Samkvæmt núgildandi stjórnarskrá er afsal fullveldis óheimilt og óframkvæmanlegt nema slíku máli sé vísað til þjóðarinnar samkvæmt 79. gr. og þar af leiðandi fær hún að fjalla um það samkvæmt núgildandi stjórnarskrá. En seinni málsgrein frv. er raunar kjarni málsins. Þar er verið að heimila minni hluta Alþingis að vísa til atkvæðagreiðslu allra kosningabærra manna í landinu frv. til laga eða þingsályktunum. Jafnframt er skýrt og skorinort sagt að úrslit atkvæðagreiðslunnar séu ráðgefandi en ekki bindandi. Með öðrum orðum er ekki verið að vísa úrskurði mála til þjóðarinnar heldur er verið að veita minni hluta á Alþingi mikið vald til að koma fram sínum málum með því að hér er gerð tillaga um að þeir geti vísað hvaða frv. til laga og hvaða þáltill. sem er til þjóðarinnar.

Slíkt vald er óeðlilega mikið. Á þetta benti ég við 1. umr. málsins og tók það sérstaklega fram að það væri ekkert í þessu frv. sem benti til þess að flm. þess ætluðu að flytja eitthvert vald til almennings í landinu. Svo virðist sem flm. frv. hafi tekið mark á þessari ábendingu því að nú er á þskj. 303 gerð brtt. við frv. þar sem segir svo: „Fjórðungur alþingiskjósenda" — og koma þeir loks til sögunnar — „getur óskað eftir því að fram fari ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um einstök málefni."

Þetta gengur þó ekki lengra en svo að þarna er verið að tala um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég tel því að það mál sem hér er til umræðu fjalli alls ekki um að færa vald til þjóðarinnar heldur fyrst og fremst að færa minni hluta Alþingis vald.

Það fer ekki milli mála að þetta frv. dregur mjög verulega úr þingræðinu og er þar af leiðandi tímamótaplagg í sögu lýðræðisins ef það verður samþykkt. Það breytir í grundvallaratriðum þeirri málsmeðferð sem hér hefur verið viðhöfð. Þá er ástæða til að varpa þeirri spurningu til þeirra sem hafa einkum og sér í lagi stutt þetta frv. hvort þingræði flokkist ekki undir lýðræði. Það væri kannski rétt að varpa þeirri spurningu sérstaklega til hv. 2. þm. Vestf. hvort hann flokki ekki þingræði undir lýðræði. Mér fannst málflutningur hans áðan vera með þeim hætti að efast mætti um það.

Ég tel því að að uppruna til sé tilgangur þessa frv. sá að færa óeðlilegt vald í hendur minni hluta Alþingis og að þær breytingar sem fram hafa komið séu viðurkenning á þessari gagnrýni en bæti frv. ekki nema að litlu leyti og full ástæða sé til að vísa þessu frv. til ríkisstjórnarinnar til nánari skoðunar. Ég vil ekki fortaka að ekki sé nauðsynlegt að koma á einhverjum ákvæðum um það hvernig megi krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu. Það eru ekki mín orð og ber ekki að skilja orð mín þannig. En ég tel að þetta plagg sem hér hefur verið lagt fram, jafnvel með þeim breytingum sem þar eru lagðar til, sé allsendis ófullnægjandi og ekki ástæða til að samþykkja það.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þetta hafa verið fróðlegar umræður og varpa að mörgu leyti skýrara ljósi á afstöðu manna til grundvallaratriða. Það þarf svo sem ekki mjög miklu við það að bæta en mig langaði samt til að koma einu eða tveimur atriðum inn í umræðuna.

Það er alveg augljóst að tilgangurinn með frv. sem hér er til umræðu er að opna möguleika á því að leyfa kjósendum til Alþingis að hafa álit á tilteknum málum. Eðlilega eru skiptar skoðanir um hvort svo eigi að vera og ef þá í hve miklum mæli. Það fer að sjálfsögðu eftir því hvernig menn skilja orðið þingræði, hvað í því felst eða hvað menn vilja að í því felist. Um það geta líka verið skiptar skoðanir og ekkert nema eðlilegt að svo sé. Eins og við þekkjum hafa menn afskaplega ólíkar skoðanir til margra hluta og ekki síður þessara en annarra.

Að mínum dómi er þessi breyting afar þörf. Hún mætir þeim hugmyndum sem ég hef um lýðræði og þingbundna stjórn, að hafa úrræði til þess við tilteknar aðstæður að þingið geti leitað til þjóðarinnar og hitt að þjóðin geti kallað til sín mál. Ef menn eru þeirrar skoðunar að í þingræðinu eða því sem kallað er fulltrúalýðræði felist sú afstaða að þeir sem kjörnir eru til að fara með umboðið hafi endanlega um það að segja í öllum málum er eðlilegt að þeir hinir sömu séu andvígir því að þessu sé breytt. Hins vegar hefur komið fram sú skoðun í þingskjali af hálfu tveggja þeirra sem skrifa undir álit meiri hlutans, hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur og Björns Bjarnasonar, að alþingismenn þurfi umboð. Það umboð fái þeir í alþingiskosningum og það umboð afmarkist af málflutningi manna í þeim kosningum eða þeirra flokka sem þeir standa fyrir. Í þeirri afstöðu sem birtist í áliti þessara tveggja þingmanna, sem ég nefndi auk eins til viðbótar, varðandi þáltill. um þjóðaratkvæðagreiðslu um Evrópska efnahagssvæðið er raunverulega viðurkennt að takmörk séu á því hversu langt fulltrúar þjóðarinnar geti gengið í ákvarðanatöku. Ég er í rauninni alveg sammála þessum sjónarmiðum þingmannanna sem ég nefndi. Auðvitað er umboð þingmanna takmarkað við þær skoðanir sem þeir láta uppi gagnvart sínum kjósendum. Þessi afstaða, sem ég hygg að ekki séu deilur um á Alþingi, fæðir af sér aðra spurningu: Hvað á að gera þegar menn hafa til úrlausnar mál sem er utan umboðs þingmanna? Þegar umboðið þrýtur? Þegar málið er þannig lagt fyrir í afgreiðslu á þinginu að afstaðan er

önnur en afstaða þingmannanna sem þeir gáfu upp þegar þeir sóttu sitt umboð? Eða þegar upp kemur mál sem var ekkert rætt, t.d. í síðustu alþingiskosningum? Við getum ekki útilokað að milli kosninga komi upp veigamikil mál sem menn hafa ekki séð fyrir og því ekki borið á góma í þingkosningum. Það er eðlilegt að spyrja: Hvaða úrræði hafa menn þá? Hvernig eiga menn að bregðast við því þegar umboð þrýtur?

Þetta frv. gerir mögulegt að taka á þessu vandamáli með myndugum hætti með því að sækja álit þeirra sem endanlega eiga að ráða, þ.e. kjósenda, ýmist með skuldbindandi hætti eða ráðgefandi hætti eftir málum. Það má auðvitað ræða hvort það ætti að vera alveg opið að menn geti sótt um slíka ráðgjöf í öllum málum. Af minni hálfu er ekki endilega neitt aðalatriði að það sé altækt og því til umræðu að skoða þann þátt. Mér finnst t.d. þær upplýsingar sem fram hafa komið um þær takmarkanir sem Danir setja á þjóðaratkvæðagreiðslur athyglisverðar. En þeir sem hafna því að bregðast við þeim vanda sem ég gat um þegar um er að ræða skort á umboði verða að svara spurningunni: Hvernig ætla þeir að bregðast við þegar þessi staða er uppi?

Ég hef ekki heyrt frá andmælendum frv. neinar tillögur um það hvernig þeir vilja leysa úr þessum vanda þegar augljóst er að þeir hafa til meðferðar eitthvert feikilega mikilvægt mál að allra áliti og niðurstaða málsins sem lögð er til samrýmist ekki því umboði sem þeir sóttu sér í kosningum. Hvernig leggja þessir þingmenn til að úr því verði bætt? Það væri fróðlegt að fá fram sjónarmið um það.

Svo ég nefni dæmi sem er nærtækt, samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, var t.d., eins og ég hef rakið, sú flokkslega afstaða sem Sjálfstfl. gaf upp svo skilyrt að samningurinn eins og hann liggur fyrir núna rúmast ekki innan þeirrar samþykktar. Ef menn segja að þingmenn flokksins hafi upboð í því máli þá afmarkast það umboð af þeirri samþykkt sem flokkurinn gerði. Það sem gerir það að verkum að niðurstaða málsins eins og hún liggur fyrir núna er utan við þessa samþykkt er að ekki er fullnægt kröfunni um hindrunarlaus viðskipti með fisk og ekki er fullnægt kröfunni um að fiskimiðin skuli eingöngu vera nýtt af Íslendingum. Þarna eru því þingmenn Sjálfstfl. utan við það umboð sem þeir sóttu sér. Þar fyrir utan má nefna að einstakir þingmenn Sjálfstfl. voru með skoðanir á þessu máli sem gengu í aðra átt en hin flokkslega afstaða en þær gengu allar í þá átt að hafna frekar og setja stífari skilyrði fyrir samningnum en hinn flokkslega afstaða. Þeir eru því í raun og veru fjær því að uppfylla það umboð sem þeir sóttu sér á grundvelli yfirlýsinga sinna. Það eru yfirlýsingar allt yfir í það að hafna EES.

Þetta er atriði sem mér fannst nauðsynlegt að bæta inn í umræðuna. Fyrst menn viðurkenna þann grundvöll að umboð þarf til og það afmarkast verða menn að svara spurningunni hvernig bregðast eigi við þegar viðfangsefnið er utan umboðsins. Að mínu mati eru ekki nema þrír kostir. Sá fyrsti er að fella málið af því að menn hafa ekki umboð til að samþykkja það í þeirri mynd sem það liggur fyrir. Annar kosturinn er að rjúfa þingið og efna til alþingiskosninga og sækja sér nýtt umboð á grundvelli breyttrar afstöðu. Þriðji kosturinn er sá sem hér er lagt til að verði tekinn upp. Í dag er ekki hægt að vísa einstökum málum til þjóðarinnar, eða að þjóðin geti kallað til sín einstök mál.

Það er verulegur kostur að mínu viti sem úrlausn á þeim vanda sem ég gat um. Hann hefur mikla kosti umfram alþingiskosningar sem snúast aldrei um eitt mál heldur ævinlega mörg mál og snúast ekki bara um mál heldur líka menn. Það er því ákaflega erfitt að ráða í það hvaða umboð kjósendur hafa raunverulega veitt eða hvaða skoðun þeir hafa haft á þeirri skoðun sem viðkomandi frambjóðendur settu fram í einhverju afmörkuðu máli því menn horfa á heildina. Að kjósa um afmarkað mál leiðir til, eins og reynslan sýnir bæði í Frakklandi og Danmörku, mjög markvissrar umræðu um það tiltekna mál. Fréttaskýrendur hafa bent á að í báðum löndunum hafi þjóðaratkvæðagreiðslan um Maastricht leitt til þess að þjóðin veit mikið meira um málið eftir atkvæðagreiðsluna en áður. Hún hafi haft verulegt upplýsingagildi og uppfræðslugildi fyrir fólkið. Menn hafi tekið þessu afar málefnalega.

Reynslan af notkun einsmálsatkvæðagreiðslu sem við erum að sjá í kringum okkur erlendis er því afar góð. Hún fælir okkur ekki frá því að mínu viti að taka upp þetta form hér.

Ég vil að endingu, virðulegur forseti, gera athugasemd við það að meiri hlutinn leggur til að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Í fyrsta lagi vegna þess að að mínu mati er það ekki rétt niðurstaða þegar löggjafarvaldið fjallar um viðfangsefni eins og þetta að vísa því frá sér til framkvæmdarvaldsins. Ég tel að ef menn teldu að málið þyrfti frekari umfjöllun þá ætti hún auðvitað að fara fram á vettvangi löggjafarþingsins. Menn ættu ekki að vísa málinu af höndum sér yfir á annan arm hins þrískipta valds. Í öðru lagi sé ég ekki hvernig ítarleg pólitísk umfjöllun getur frekar farið fram á vettvangi ríkisstjórnarinnar eða nefndar á vegum hennar en í þingsölum og nefndum þingsins. Mér sýnist þvert á móti að þessi tillaga leiði til þröngrar pólitískrar umfjöllunar og minni umfjöllunar en ef málið væri áfram á okkar höndum.

Ég vil svo ekki orðlengja þetta frekar, virðulegi forseti. Mér þótti rétt að benda á þetta atriði sem er út af fyrir sig mjög þýðingarmikið í umfjöllun um þetta mál að það er viðurkennt af tveimur meirihlutanefndarmönnum að umboð þurfi til. Ég hef ekki séð annað en sú skoðun þeirra tveggja hafi verið staðfest af öðrum stjórnarliðum á Alþingi í atkvæðagreiðslu. Það er grundvallaratriði sem menn verða að ganga út frá í umfjöllun um þetta mál.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel nokkra nauðsyn á að rifja hér upp sögulegan aðdraganda þessa máls vegna þeirra ummæla sem hv. 3. þm. Reykv., Björn Bjarnason, hafði að í því fælist ekkert vantraust á íslenska þjóð ef við höfnuðum því að skila aftur til hennar hluta af því valdi sem hún veitti þinginu á sínum tíma.

Okkar stjórnarskrá er komin frá Dönum. Eftir að

við fengum þá stjórnarskrá frá þeim hafa þeir framkvæmt breytingar á sinni stjórnarskrá þar sem þeir skila dönsku þjóðinni valdi aftur og gefa henni kost á því að taka afstöðu til ákveðins máls vegna þess að það sé ekki hægt í almennum kosningum í fulltrúalýðræðinu að koma því svo fyrir að menn geti með góðu móti með atkvæði sínu haft áhrif á eitt afmarkað mál. Auðvitað er það vantraust á íslenska þjóð ef menn treysta sér ekki til að gera þessa lagfæringu eins og Danir hafa gert í þessum efnum. Hér spyr hv. 5. þm. Norðurl. e., Tómas Ingi Olrich, þeirrar spurningar hvort ég flokki þingræðið ekki undir lýðræði. Ég skilgreini lýðræði á þann veg að það sé meirihlutavald fólksins sem ráði ef það er lýðræði.

Ég lít svo á að íslenska fulltrúalýðræðið sé í sumum tilfellum meingölluð mynd af raunverulegu lýðræði. Ég tel það t.d. meingallaða mynd af raunverulegu lýðræði að Sjálfstfl. skuli hafa stjórnað höfuðstað Íslands lengi án þess að hafa haft meiri hluta kjósenda Reykjavíkurborgar á bak við sig. Ég tel að það sé verulegur galli á lýðræðinu að þetta skuli hafa verið á þennan veg.

Nú heyri ég að það er orðinn mikill órói í hliðarherbergjum og er nú spurning, herra forseti, hvort það er ekki fyrir utan valdsvið forsetans þar sem menn ræða þar við sjálfs sín sál. En við skulum víkja ögn frekar að lýðræðinu. Við segjum vissulega að Bretar séu lýðræðisþjóð. Við segjum það. En lítum við ekki engu að síður á þeirra fulltrúalýðræði sem nokkuð gallað lýðræði í framkvæmd að það skuli gerast kosningu eftir kosningu að breski íhaldsflokkurinn fari með völd með mikinn minni hluta þjóðarinnar bak við sig? Það væri kannski umhugsunarefni fyrir hv. 3. þm. Reykv. hvort hann telur að þær breytingar sem menn hafa barist fyrir hér að jafna kosningarrétt séu rangar.

Ég fer ekki dult með þá skoðun mína að ég leit svo á að þegar Íslendingar afsöluðu sér valdi á sínum tíma með Gamla sáttmála, hafi hér verið sambandsríki fjórðunga. Fjórir fjórðungar réðu landinu. Það var ekki nóg að það væri meiri hluti Íslendinga. Það varð að vera meiri hluti í hverjum fjórðungi. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi eftir að skila þessu valdi til hinna fornu fjórðunga. Þegar það hefur verið gert lít ég svo á að það sé sjálfgefið að atkvæðisrétturinn innan hvers svæðis eigi að vera jafn með þeim annmörkum sem felast í því að hér væri þá sambandslýðveldi.

Ég segi þetta hér og nú vegna þess að mér finnst að menn vilji varpa fram alls konar spurningum um lýðræðið og reyna að snúa því við og segja að á Íslandi sé ekki aðalatriðið að það sé lýðræði. Á Íslandi sé það aðalatriði að hér eigi að vera þingbundin stjórn.

Auðvitað er það svo að vegna þess að það var vonlaust í framkvæmd að láta heila þjóð greiða atkvæði um hvert einasta málefni var fulltrúalýðræði tekið upp. Það liggur alveg ljóst fyrir. En það var viðurkennt og er viðurkennt að valdið er hjá þjóðinni. Þangað sækja þeir sem hér eru stundlegt umboð til þess að vera handhafar þess valds. Þegar það liggur fyrir að það hefur gefist vel í nágrannaríki okkar, Danmörku, að hafa þann möguleika að beita þjóðaratkvæðagreiðslu til þess að fá afstöðu meiri hluta þjóðarinnar gagnvart einstökum málum hlýtur það að vera rökrétt framþróun á lýðræði hér á landi að taka það upp.

Sú hugmynd er nokkuð athyglisverð, sem hér hefur komið fram, og ég virði við hv. 3. þm. Reykv. að hann talar um þann möguleika að þjóðin sjálf kalli eftir því hvenær hún vill hafa þjóðaratkvæðagreiðslu. Vegna fámennis Íslendinga er sú leið vissulega fær. Það er ekki það mikið verk að fá með undirskriftum ákveðinn fjölda sem mundi geta réttlætt atkvæðagreiðslu um ákveðið mál. Engu að síður tel ég að í ljósi þess að það hefur ekki verið hægt að sýna fram á að það hafi verið misnotað í danska þinginu að minni hlutinn hefði þann rétt að kalla eftir vilja þjóðarinnar, þá sé sú leið trúlega einfaldari og að því leyti hagkvæmari.

Ég fellst á að það er rétt að verið er að taka vald frá löggjafarþinginu ef þetta er gert. Það er verið að taka vald frá löggjafarþinginu. Það er verið að koma í veg fyrir að þingið framkvæmi hluti sem mikill meiri hluti þjóðarinnar er ef til vill á móti. Það er nefnilega orðið ærið umhugsunarefni hvort það sé siðferðislega rétt að leyfa stjórnmálamönnum að leika sér að því eins og gerst hefur að túlka allt annan vilja fyrir kosningar og í kosningum en þeir svo boða strax og þeir eru kjörnir inn á þing. Það er mikil spurning hvort ekki er nauðsyn að stöðva þann leikaraskap.

Ég segi fyrir mig að ég hef fullan skilning á því ef það liggur á bak við þessa ákvörðun að meiri hlutinn treystir sér ekki í kosningar eins og málum er háttað. Þá vil ég líka að það komi hér fram að þeir sem leggja til að frv. sé vísað til ríkisstjórnarinnar séu að leggja til með jákvæðu hugarfari að frv. sé vísað til ríkisstjórnarinnar og þeir séu í reynd að segja að þeir vilji fá fram rýmkun í stjórnarskránni á þessum ákvæðum en ekki sé verið með einhverjum skrípaleik í þeim efnum að vísa málum til ríkisstjórnarinnar bara til þess að þar fái einhver atvinnu við að raða slíkum málum upp í möppu og skrá þau. Það hlýtur að vera einhver merking, einhver tilgangur í því ef menn vilja vísa máli til ríkisstjórnarinnar.

Sú meginregla hefur verið þegar málum hefur verið vísað til ríkisstjórnarinnar að menn hafa einhverra hluta vegna talið að það þyrfti að fara yfir málin betur og skoða þau ofan í kjölinn en menn væru jákvæðir fyrir því að tekið væri á umræddum málum með lagasetningu. Að snúa þessu við og segja: Við viljum vísa málinu til ríkisstjórnarinnar þegar menn í reynd vilja að þau séu felld finnst mér vera út í hött.

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárnefndar (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Vegna þeirra umræðna sem hér hafa átt sér stað langar mig til að koma að nokkrum athugasemdum.

Íslensk stjórnskipun byggir á sterku meirihlutavaldi en jafnframt því að meiri hlutinn skuli vera einfaldur. Gott dæmi um þetta er náttúrlega á hvern hátt ber að fara með breytingar á stjórnarskránni, ekki með aukn-

um meiri hluta Alþingis eða þjóðaratkvæði heldur með einföldum meiri hluta tveggja þinga þótt kosningar fari að sjálfsögðu fram á milli.

Með umræddum frv. er ætlunin að gerbreyta þessum stjórnarháttum og koma á nokkurs konar sjálfvirku þjóðaratkvæðagreiðslukerfi án þess að nokkuð liggi fyrir um það hver muni úrskurða greini menn á um það t.d. hvort samningur falli undir 21. gr. stjórnarskrárinnar. Af ofansögðu er ljóst að fjöldi þjóðréttarsamninga gæti fallið undir þessa sjálfvirku tilvísun til þjóðaratkvæðagreiðslu þótt þeir séu alls ekki þess eðlis að þess ætti að vera þörf.

21 alþingismaður er ekki há tala. Það er t.d í hæsta máta óalgengt að stjórnarandstaða sé minna hlutfall en einn þriðji hluti þingmanna og athugunarefni er hvort einn þriðji hluti þingmanna hafi ekki oft verið ákafur minni hluti í þingmáli. Með umræddu frv. er því t.d. verið að opna fyrir þá leið að stjórnarandstaða í minni hluta í einhverjum máli nýti sér rétt sinn samkvæmt þessu ákvæði og vísi lítils háttar þjóðréttarsamningi til þjóðaratkvæðis til þess að koma höggi á ríkisstjórn.

Það er meginatriði tillögunnar, eins og hv. þm. Ragnar Arnalds benti á áðan, að verið er að vernda rétt minni hlutans á þingi en það er ekki verið að tala um vald almennings. Það er einfaldlega ekkert verið að ræða um hæfni þjóðarinnar til þjóðaratkvæðagreiðslu heldur íslenska stjórnskipun og hvort breyta eigi henni. Þetta er grundvallaratriðið en að sjálfsögðu hefur þjóðin hið endanlega vald.

Þingræðishefð okkar byggir hins vegar á því að ríkisstjórn styðst við meiri hluta þingmanna. Við höfum ekki hefð fyrir minnihlutaríkisstjórnum eins og t.d. Danir.

Þar sem mikið hefur verið vitnað til dönsku stjórnarskrárinnar og að okkar stjórnarskrá byggi að mörgu leyti á sömu hugmyndum, og reyndar hefur verið gengið hér enn lengra og talað um að það hafi nánast verið sama stjórnarskráin í upphafi, þá langar mig til að rifja upp tilvitnun til Bjarna Benediktssonar frá umræðum um 29. málið þar sem hann segir í ritinu Land og lýðveldi, með leyfi virðulegs forseta:

„Það er hins vegar misskilningur að stjórnarskrárákvæði okkar séu yfirleitt af dönskum uppruna. Stjórnarskrárákvæði okkar eru eins og hin dönsku að langmestu leyti tekin eftir öðrum vesturevrópskum stjórnarskrám frá 19. öld. Allar eru þessar vesturevrópsku stjórnarskrár að verulegu leyti og með ýmsum afbrigðum sniðnar eftir þeim hugmyndum sem menn þá gerðu sér um stjórnarhætti í Bretlandi."

Það er rétt að minnast á það að þingræðishefðin kemur einmitt frá Bretlandi og að ýmis stjórnskipunarákvæði þar eru ekki einu sinni skrifuð. Sú er reyndin að þar sem stjórnarskrár ríkja eru hvað fullkomnastar er stjórnarfarið hvað ófullkomnast og svo aftur öfugt.

Það er líka rétt að rifja það upp að íslensk stjórnskipun grundvallast á fulltrúalýðræði eins og fram kom í umræðum á hinu háa Alþingi nýlega er rætt var um þáltill. um þjóðaratkvæðagreiðslu um EES-samninginn, en sú tillaga var felld eins og kunnugt er.

Ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur í stjórnarskrám annarra ríkja heyra frekar til undantekninga en hitt. Það er ekki hægt að taka Sviss sérstaklega sem dæmi þar sem svo sérstakir stjórnarhættir eru því í landi. En þar sem hv. þm. Kristín Einarsdóttir nefndi það sérstaklega má rifja það upp að erfiðlega gekk einmitt fyrir konur í Sviss að fá kosningarrétt vegna hefðar um þjóðaratkvæðagreiðslu sem alltaf fóru í íhaldssama átt. En ef við lítum t.d. á Noreg og Svíþjóð þá er í Noregi engin ákveðin grein í stjórnarskrá um þjóðaratkvæði. Þar í landi er þjóðaratkvæðagreiðsla ekki meginregla heldur getur þjóðþingið farið fram á slíka atkvæðagreiðslu og er hún þá einungis ráðgefandi. Síðast þegar slík atkvæðagreiðsla fór fram 1972 þar sem álits þjóðarinnar var leitað á inngöngu í EB varð niðurstaða atkvæðagreiðslunnar á þann veg að þjóðin vildi ekki inngöngu en hins vegar var meirihlutafylgi fyrir inngöngu á þjóðþinginu sjálfu. Þá má einnig benda á Svíþjóð. Þar gildir sú regla að ef talið er nauðsynlegt vegna sérstöðu máls er heimilt að lögfesta heimild til að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta tiltekna ákveðna mál sem er umdeilt, en í því felst í raun og veru ráðgefandi ábending þjóðarinnar.

Í nefndaráliti minni hlutans segir að rétt þyki að gefa þjóðinni kost á að segja álit sitt á umdeildum þjóðmálum sem lögð eru fyrir Alþingi áður en þau eru afgreidd. Þó verði að stuðla að því að þessi réttur sé ekki ofnotaður heldur einungis nýttur þegar sérstök ástæða þykir til. Mér er spurn: Hvernig á þetta að vera hægt og hver á að meta hvað séu umdeild þjóðmál og hvenær sérstök ástæða sé til staðar? Ákvæði í dönsku stjórnarskránni undanskilur marga mjög mikilvæga málaflokka sem hvergi er minnst á í þessari tillögu. Þeir sérfræðingar sem komu á fund stjórnarskrárnefndar höfðu margir mjög alvarlegar athugasemdir að gera við efni þessa frv. svo sem að þingræðisreglan væri verulega skert, að fulltrúalýðræðið yrði nánast úr sögunni með slíkri tillögu og að þetta frv. gæti leitt til algers stjórnleysis. Væntanlega yrði að hafa einhvern fyrirvara á synjunarvaldi forseta, jafnvel svipta hann neitunarvaldi sínu miðað við stefnu frv. Þessi tillaga fæli sem sé í sér algert frávik frá íslenskri stjórnskipun. Þar að auki voru mörg tæknileg atriði gagnrýnd sem ég lét getið í framsögu fyrir nefndaráliti meiri hlutans. En samt liggja engar brtt. fyrir nema ein, þ.e. sú viðbót að fjórðungur kjósenda geti krafist þjóðaratkvæðis um tiltekið mál. Sú brtt. er hins vegar ekkert skýrð sérstaklega heldur vísað til frv. stjórnarskrárnefndar 1983. Það frv. hlaut ekki neina þinglega meðferð utan framsögu fyrrv. hæstv forsrh. Gunnars heitins Thoroddsens.

Þess má einnig geta að fulltrúar Alþb. í stjórnarskrárnefnd þeirri er undirbjó frv. 1983 lögðu áherslu á að það yrði fimmtungur kjósenda sem hefði þennan rétt. Sú hugmynd er ekki endurvakin hér. Reyndar er rétt að taka það fram að nefndin taldi þá skýrslu er hún skilaði í janúar 1983 aðeins til bráðabirgða, enda taldi nefndin sig eiga eftir að fjalla betur um ýmsa þætti, svo sem varðandi eignarréttarákvæði og mannréttindi en um þá þætti var þó nokkur ágreiningur innan nefndarinnar. Það má segja að á þessum tíma hafi tilgang-

ur nefndarinnar með skýrslunni verið að kynna þau atriði sem nefndin í heild væri sammála um og jafnframt að draga fram nokkur atriði sem ágreiningur væri um. Þannig vildi nefndin skapa grundvöll fyrir frekari umræðu um málið, ekki síst innan þingflokkanna og stjórnmálaflokkanna almennt. 1. flm. þessa frv. sem hér er til umræðu, hv. þm. Ragnari Arnalds, mun þó að sjálfsögðu mætavel kunnugt um þessa sögu alla því að hann á einmitt sæti í þessari umræddu stjórnarskrárnefnd.

Í þessu sambandi má einnig rifja upp þáltill. um endurskoðun stjórnarskrárinnar sem fram kom á Alþingi 1967 en m.a. var þar fjallað um þjóðaratkvæði. Þáv. hæstv. forsrh. Bjarni heitinn Benediktsson sagði m.a. af því tilefni, með leyfi virðulegs forseta:

„Að hér þurfi að gera sérstakar ráðstafanir til breytinga á stjórnarháttum vegna samskipta við önnur ríki fæ ég ekki séð. Okkur hefur í heild lánast þau vel og ég tel t.d. ekki að það væri mikill vinningur þó að fara ætti að bera hin viðkvæmustu utanríkismál undir þjóðaratkvæði svo sem vikið er að. Það er yfirleitt reynslan þar sem þjóðaratkvæði hafa verið að þau verka mjög í íhaldsátt. Það er bæði Sviss og eins á Norðurlöndunum þar sem þau hafa verið prófuð." Þannig að þessi umræða er ekki ný af nálinni.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum segja það að hér er um að ræða frv. sem felur í sér afar miklar breytingar á íslenskri stjórnskipun. Slík tillaga hlýtur að þurfa vandlega athugun bæði pólitíska og faglega. Ég vil því ítreka það álit okkar meiri hlutans í stjórnarskrárnefndinni að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að ég hafi skilið allt í ræðu hv. þm. annað en það að mér finnst dálítið torskilið hvernig hægt er að rökstyðja að íslenska stjórnarskráin eigi uppruna sinn hjá þjóð sem ekki hefur stjórnarskrá. Ég hélt að sú franska hefði kannski ekki síður komið til álita þegar önnur Vesturlönd voru að búa sér til stjórnarskrá og einnig sú bandaríska. En Bretar hafa búið við Magna Carta eins og menn vita og mér er ekki ljóst hvernig það er hægt að tengja það saman.

Það er aðeins eitt sem mér er gersamlega hulið í þeim málatilbúnaði sem uppi er hafður af hv. stjórnarsinnum og það er hvers vegna þeir leggja til að þessu máli sé vísað til ríkisstjórnar. Ef málið er alvitlaust eins og má skilja af málflutningi þeirra, gæti meira að segja leitt til algers stjórnleysis í landinu, hvers vegna er verið að vísa þessu til ríkisstjórnarinnar? Hvað er verið að íþyngja ríkisstjórninni með því að senda henni bréf um alvitlaus mál sem geta leitt til stjórnleysis? Af hverju leggja menn þá ekki til að þetta sé fellt? Stjórnarskrárnefndin getur að sjálfsögðu skoðað málið alveg án tillits til þess hvort það er fellt eða hvort því er vísað til ríkisstjórnarinnar. Það er ákaflega sérstætt að þurfa að hlusta á málflutning sem þann að það frv. sem flutt er sé túlkað svo alvitlaust að það nái ekki nokkurri átt en jafnframt er lagt til að því sé vísað til ríkisstjórnarinnar. Ég skil hreinlega ekki svona tillögugerð og mér finnst að þingið eigi skilið að fá skýringu á þessu.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vakti athygli á því í minni ræðu að hv. frsm. meiri hluta ásamt öðrum þingmönnum hefði viðurkennt í reynd og með sérstöku þingskjali að þingmenn þurfa umboð til þess að afgreiða mál og það umboð afmarkist af málflutningi þeirra í alþingiskosningum. Ég hef enn fremur vakið athygli á því að í hinu stóra máli sem er til umræðu í þinginu í vetur um Evrópska efnahagssvæðið nær umboð þingmanna Sjálfstfl. skemmra en frv. gerir ráð fyrir. Auðvitað verða menn að finna svör við vanda sem upp kemur þegar menn eru að fást við úrlausn mála sem eru á þann veg fallin að þeir hafa að eigin mati ekki umboð til að ljúka þeim. Ég gat um þrjár leiðir sem ég sá fyrir mér að menn hefðu til að bregðast við. Fyrsta leiðin væri að fella málið. Önnur leiðin væri að rjúfa þing og efna til þingkosninga. Þriðja leiðin væri að bæta inn í stjórnarskrána ákvæðum eins og hér er lagt til sem heimilar mönnum að vísa þeim málum til þjóðarinnar, ýmist til ráðgefandi álits eða endanlegrar ákvörðunar.

Ég spurði hv. frsm. hvaða tillögur þeir hefðu til að finna lausn á þessu vandamáli þegar menn eru umboðslausir í máli fyrst þeir legðust gegn þessu frv. Við þessu hefur ekkert svar fengist og ég ítreka því spurningu mín til hv. frsm. Hver er tillaga meiri hluta nefndarinnar um úrbætur til þess að bregðast við vandamáli af því tagi þegar umboð þrýtur?

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárnefndar (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. heldur hér hverja ræðuna á fætur annarri um það að meiri hlutinn sé umboðslaus í þessu máli. Ég vil aðeins vísa til þeirra svara sem við höfum áður gefið, m.a. í tengslum við umræðuna um 29. mál. Að sjálfsögðu teljum við okkur ekki umboðslaus í þessu máli. Fyrir utan það atriði höfum við enn fremur komist að þeirri niðurstöðu að þau mál sem hér eru til umræðu um breytingar á stjórnarskránni skipta ekki máli í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Bæði er það að fyrra málið, 29. mál um breytingu á 21. gr. stjórnarskrárinnar, dugar einfaldlega ekki ef menn telja að um stjórnarskrárbrot sé að ræða t.d. á 2. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta mál sem hér er til umræðu, 30. mál, snertir það heldur ekki vegna þess að í fyrri mgr. er vísað til 21. gr. stjórnarskrárinnar en síðari mgr. er algerlega opin ávísun um að vísa öllum málum á Alþingi til þjóðarinnar.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að hv. frsm. meiri hluta getur ekki útilokað að upp komi mál sem þingmenn hafa ekki umboð til að leiða til lykta af ýmsum ástæðum. Málið kann að hafa verið órætt í kosningabaráttu og annað slíkt.

Ég vil nefna tvö mál. Fyrsta er samningurinn um

Evrópska efnahagssvæðið. Það er alveg skýrt hver skilyrði Sjálfstfl. voru til þess að samþykkja samninginn. Í tveimur veigamiklum atriðum er þeim skilyrðum ekki fullnægt sem flokkurinn sagði að væru skilyrði hans fyrir því að samþykkja samninginn. Það fyrra er að fiskveiðilögsagan væri nýtt af Íslendingum einum og það síðara hindrunarlaus viðskipti með fiskafurðir. Hvorugt er uppfyllt. Þetta sagði Sjálfstfl. kjósendum sínum að væru skilyrði þess að þeir gætu fallist á þennan samning.

Hitt málið sem dæmi um mál sem ekki var rætt í síðustu kosningum er aukaaðildin að Vestur-Evrópusambandinu. Það var hvergi rætt og samkvæmt skilningi frsm. meiri hlutans sjálfs að það þurfi umboð frá kjósendum í ljósi afstöðu sem menn gefa upp í alþingiskosningum, þá hafa stjórnarflokkarnir ekkert umboð til að ljúka því máli af því að það var ekkert rætt.

Þetta eru dæmi um tvö mál sem þegar hafa komið upp og hljóta að leiða til þess að menn finni svar við spurningunni hvernig á að bregðast við þegar umboð þrýtur. Við höfum lagt fram tillögu til að mæta því en hv. stjórnarliðar hafa engin svör önnur en þau að þeir ætli bara að gera það sem þeim sýnist óháð því hvað þeir sögðu fólkinu. Það er þetta siðleysi sem ...(**Forseti:** Ræðutími hv. þm. er úti og ég bið hv. þm. um að ljúka máli sínu.) Sjálfsagt, virðulegi forseti. Það er þetta siðleysi sem þingmenn stjórnarliðsins ætla að komast upp með, virðulegur forseti.

Útbýting þingskjals:

Evrópskt efnahagssvæði, 1. mál, brtt. meiri hluta utanrmn., þskj. 374.

Frsm. meiri hluta stjórnarskrárnefndar (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins stuttlega í þessu sambandi. Hversu víðtækt á þetta umboð að vera sem hv. þm. eiga að fá í kosningum? Á það að ná til löggjafarstarfsemi almennt? Á það t.d. að hafa það í för með sér að menn geti ekki sett hér nýja löggjöf um ýmsar réttarbætur til handa fólki, eins og nýtt hjúskaparfrv. sem liggur nú fyrir hinu háa Alþingi? Mér er spurn.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki ganga mjög á tímann en ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með ræðu hv. 6. þm. Reykv. þegar hún talar um, reyndar kom það fram í máli hv. 3. þm. Reykv. líka, að þetta frv. sé gallað og í því séu víðtækar heimildir o.s.frv., en gefur þó í skyn að alveg geti komið til greina að setja heimild í stjórnarskrána um þjóðaratkvæðagreiðslu m.a. með því að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar og til stjórnarskrárnefndar.

Ég átta mig ekki á því hvers vegna verið er að kjósa sérstaka stjórnarskrárnefnd sem á að fara yfir frv. sem þetta ef ekki er hægt að vinna eðlilega að málinu inni í þeirri nefnd. Ef niðurstaðan hjá meiri hluta nefndarinnar hefði verið að leggja til að frv. væri ekki samþykkt að svo stöddu vegna þess að það krefðist kosninga eða eitthvað þess háttar og þau rök hefðu komið fram, eins og þau hafa gert að vissu leyti hjá hv. þm. sem hafa stutt meirihlutaálitið, þá hefði ég kannski skilið málið. En það er verið að tala um að þetta sé brot á stjórnskipunarhefðum, það sé verið að afsala þinginu rétt til að setja lög og það er gengið svo langt að taka sem dæmi mál eins og hjúskaparlög. Hvers vegna í ósköpunum er verið að þessu?

Í stjórnarskrám annarra ríkja eru svipuð ákvæði og þetta sem heimila þjóðaratkvæðagreiðslu í ákveðnum málum. Það hefur aldrei verið talað um að það þýði að þau þing séu þar með að afsala sér rétti til að setja lög. Mér þykir þetta mjög einkennilegt og ég átta mig ekki á til hvers þingið var að vísa þessu máli til sérstakrar stjórnarskrárnefndar ef ekki er unnið þar að því að starfa að málunum með eðlilegum hætti eins og ég tel að þurfi að gera, þ.e. hjálpast að við að gera breytingartillögur við frv. eins og við reyndar buðum sem vorum í nefndinni. Við sögðum að við værum tilbúin til breytinga ef það yrði til samkomulags. En það var ekki vilji fyrir því og kemur í ljós að það er að hluta til vegna þess að meiri hlutinn vill ekki fara í kosningar nú. Þá á að segja það en ekki vera að reyna að búa þetta í einhvern allt annan búning og reyna að halda því fram að þetta sé óeðlilegt og verið að framselja vald til þjóðarinnar sem er bara að snúa málunum á haus.

Meira ætla ég ekki að segja að svo komnu máli, virðulegi forseti, en vona að þetta frv. verði samþykkt en ekki vísað til ríkisstjórnarinnar eins og meiri hlutinn leggur til.

Umræðu frestað. — [Fundarhlé.]

Útbýting þingskjala:

Evrópskt efnahagssvæði, 1. mál., nál. 1. minni hluta utanrmn., þskj. 376.

Samningar við EB um fiskveiðimál, 275. mál, stjtill., þskj. 375.

Lögheimili, 1. umr.

Frv. ÓÞÞ, 188. mál (dvalarheimili aldraðra). — Þskj. 218.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. til laga um breyting á lögum nr. 21. 5. maí 1990, um lögheimili.

Frv. er í þremur greinum og þar sem 1. gr. segir mjög skýrt það sem frv. leggur til vil ég, með leyfi forseta, lesa greinarnar:

„1. gr. Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna kemur ný svohljóðandi málsgrein:

Manni, sem býr á dvalarheimili aldraðra eða í öðru húsnæði sem sérstaklega er ætlað öldruðum, skal heimilt að eiga áfram lögheimili í því sveitarfélagi þar sem hann hafði fasta búsetu áður.

2. gr. Við 5. mgr. 4. gr. laganna (er verður 6. mgr.) bætist nýr málsliður svohljóðandi: Sama gildir um lögheimili manns skv. 4. mgr.

3. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Hér er á ferðinni mjög lítið mál frá sjónarhóli ríkis eða sveitarfélaga, þ.e. hér er til þess eins tekið að aðili, sem þarf að búa á dvalarheimili aldraðra eða húsnæði sem sérstaklega er ætlað öldruðum hluta úr árinu eða allt árið, ætti, ef frv. verður að lögum, kost á að hafa sitt lögheimili það sama og var áður en hann þurfti að flytja í áðurnefnt húsnæði.

Það má segja sem svo að í sumum tilfellum geti þetta skipt verulegu máli gagnvart réttarstöðu. Svo er t.d. um mann sem af einhverjum ástæðum vill eiga kosningarrétt á ákveðnum stað. Einnig hefur þetta áhrif á réttarstöðu varðandi það atriði að ef um bónda er að ræða getur jörð fallið úr þeirri skráningu að vera talin í ábúð og verða skráð sem eyðibýli en við það verður viss réttindaskerðing á býlinu.

Einnig hefur þetta þær afleiðingar að samkvæmt ábúðarlögum er hægt að skylda aðila til að leigja jörð. Undir sumum kringumstæðum er það svo að í íbúðarhúsnæði viðkomandi jarðar á sá aðili allar eigur sínar og yrði, ef hann mundi leigja það, að gera sérstakar ráðstafanir til að koma þeim fyrir annars staðar. Hér getur verið um persónulega muni að ræða sem fólk er bundið tilfinningaböndum. Ég flokka þetta mál þess vegna fyrst og fremst undir mannréttindi, þ.e. hvaða virðingu menn bera fyrir einstaklingnum, fyrir því að hann megi einhverju ráða í okkar samfélagi, rétti hans til að ráða því t.d. hvar hann á sitt lögheimili.

Ég hygg að afstaða manna til þessa máls hljóti því fyrst og fremst að byggjast á því hvaða viðhorf menn hafa til einstaklingsins og réttarstöðu hans.

Ég vil ekki ætla Alþingi Íslendinga það að með þeirri samþykkt sem gerð var þegar lögin voru færð í það horf sem nú er hafi menn vísvitandi verið að taka ákvörðun um að svipta menn rétti heldur hygg ég að hér hafi fyrst og fremst verið um það að ræða að menn hafi ekki hugsað það mál til enda hvaða afleiðingar fylgdu þeim breytingum sem voru lagðar til.

Eitt af því sem þekkt er í Íslandsklukkunni og þykir allsérstætt var þegar Jón Hreggviðsson hafði fært það í tal við þann mann sem frægastur var allra Íslendinga í Kaupmannahöfn, Arnæus, að flytja mál sitt fyrir kónginum, þá fannst þeim háa íslenska herra að málið væri e.t.v. svo smátt að það tæki því ekki að flytja það í konungsgarði því á þeim stað ættu menn ekki að biðja um neitt sem væri lítið. En Jóni fannst að sá væri eldurinn heitastur sem á eigin skinni brynni. Í hans huga var málið stórt.

Ég hygg þess vegna að um þetta mál megi segja að fyrir vissa einstaklinga í okkar samfélagi sé um stórt mál að ræða en að sjálfsögðu er það rétt að í augum samfélagsins er þetta mál lítið.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu en óska eftir því að að lokinni umræðunni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.

Frv. RA o.fl., 30. mál (þjóðaratkvæðagreiðsla). — Þskj. 31, nál. 282 og 302, brtt. 303.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Út af dagskrá eru tekin 2., 3. og 5.–9. dagskrármál. Fundinum er slitið.

68. FUNDUR

miðvikudaginn 2. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Lögheimili, frv., 188. mál, þskj. 218. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Staðlar, stjfrv., 4. mál, þskj. 4. — 3. umr. (Atkvgr.)

3. Gagnkvæm viðurkenning á menntun, stjfrv., 77. mál, þskj. 79, nál. 317 og 327, brtt. 318 og 377. — Frh. 2. umr.

4. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 231. mál, þskj. 288. — 1. umr.

5. Ríkisreikningur 1990, stjfrv., 243. mál, þskj. 312. — 1. umr.

6. Gjald af umboðsþóknun í gjaldeyrisviðskiptum, stjfrv., 254. mál, þskj. 331. — 1. umr.

7. Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, stjfrv., 21. mál, þskj. 21, nál. 356, brtt. 343. — 2. umr.

8. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 255. mál, þskj. 332. — 1. umr.

9. Samkeppnislög, stjfrv., 9. mál, þskj. 9, nál. 348, brtt. 49, 349 og 358. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.,
Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Fjöldi leiðbeinenda í grunnskólum, 202. mál, svar menntmrh., þskj. 371.

Gagnkvæm viðurkenning á menntun, 77. mál, brtt. SAÞ, þskj. 377.

Stjórnarnefndir vinnumiðlunar, 245. mál, svar félmrh., þskj. 373.

Vog, mál og faggilding, 7. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 378; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 379.

Erindi lagt fram á lestrarsal:

Frá Biskupsstofu um ályktanir kirkjuþings.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna að hér mun fara fram utandagskrárumræða að beiðni hv. 18. þm. Reykv. Hún hefst klukkan 3.30 og stendur í hálftíma og er um kjaradeilu sjúkraliða.

Þá vill forseti jafnframt láta þess getið að fyrirhugaður er kvöldfundur og mun hann hefjast klukkan 9 í kvöld. Það er ekki gert ráð fyrir fundi milli 6 og 7 eins og stundum er. Á kvöldfundinum er gert ráð fyrir að taka fyrir 9. dagskrármálið.

Lögheimili, frh. 1. umr.

Frv. ÓÞÞ, 188. mál (dvalarheimili aldraðra). — Þskj. 218.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SalÞ, SAÞ, StG, TIO, VS.

28 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EKJ, GuðjG, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JóhS, KSG, KÁ, MB, ÓRG, PP, RG, SigG, SighB, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁJ, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SalÞ, SAÞ, StG, TIO, VS.

30 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKJ, GuðjG, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JónK, KSG, KÁ, MB, ÓRG, PP, RG, SigG, SighB, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Staðlar, 3. umr.

Stjfrv., 4. mál. — Þskj. 4.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GunnS, HG, IBA, IP, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KE, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SAÞ, SJS, TIO, VS.

5 þm. (AKS, JGS, KHG, ÓÞÞ, RA) greiddu ekki atkv.

28 þm. (AÓB, ÁMM, DO, EKJ, GuðjG, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, KSG, KÁ, MB, ÓRG, PP, RG, SigG, SighB, SP, StG, StH, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 387).

Gagnkvæm viðurkenning á menntun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 77. mál. — Þskj. 79, nál. 317 og 327, brtt. 318 og 377.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SalÞ, SAÞ, StG, SJS, TIO, VS.

27 þm. (AÓB, ÁMM, DO, EKJ, GuðjG, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JóhS, KSG, KHG, KÁ, MB, ÓRG, PP, RG, SigG, SighB, SP, StH, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og sjá má á þskj. 317 skrifa ég undir nál. meiri hlutans með fyrirvara. Fyrirvari minn byggist nær eingöngu á gildistökuákvæði frv. sem kveðið er á um í 7. gr. og er bundið við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, þ.e. að lögin öðlist gildi um leið og sá samningur.

Ég hef ekki hugsað mér að gera upp hug minn gagnvart þeim samningi með atkvæðagreiðslu um þetta frv. og því skrifa ég undir með fyrirvara.

Eins finnst mér 4. gr. vera dálítið opin með reglugerðarákvæðum. Ítarlegar umræður fóru fram um það mál í nefndinni og niðurstaða varð sú að hafa 4. gr. svona eða nokkurn veginn óbreytta. Það er m.a. vegna norræna samningsins sem frv. fjallar m.a. um.

Um frv. er annars að segja að það var sent mörgum aðilum til umsagnar. Umsagnir voru yfirleitt mjög jákvæðar. Frv. nær ekki til mjög margra stétta. Það var misskilningur hjá hv. menntmn. í upphafi að við sendum frv. óþarflega mörgum aðilum til umsagnar en umsagnir voru yfirleitt mjög jákvæðar enda er hér um gott mál að ræða og það tókst mjög gott samstarf í nefndinni um málið. Ég hélt lengi vel að samstaða yrði um afgreiðslu þess en eftir því sem síðar kom í ljós skila

tveir hv. þm. sérstöku nál. og hugsa sér að sitja hjá við afgreiðslu málsins. Svo er einnig um þá sem þetta mælir.

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Þegar menntmn. afgreiddi það frv. frá sér sem hér er til umfjöllunar til 2. umr. fórst fyrir að gera tillögu um breytingu á 2. gr. í samræmi við brtt. nefndarinnar við 1. gr. Því geri ég það að tillögu minni að í stað orðsins „jafnsetta" í 2. gr. komi „jafngilda". Með þessari brtt. er tryggt að samræmi sé í orðalagi 1. og 2. gr. um það atriði sem um er að ræða.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Frv. sem hér er til umræðu ber heitið frumvarp til laga um gagnkvæma viðurkenningu á menntun ríkisborgara í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og á Norðurlöndum til starfsréttinda á Íslandi.Hér er fyrst og fremst verið að takast á um það hvort samþykkt sé að gagnkvæm viðurkenning á menntun ríkisborgara í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og á Norðurlöndum verði til staðar.

Ég vil segja það fyrst að ég er hlynntur því að Íslendingar viðurkenni menntun erlendis frá til starfa hér á landi ef hún er sambærileg og sú menntun sem við höfum hvort heldur er frá Evrópu, Ameríku eða annars staðar frá. Ég er í grundvallaratriðum þeirrar skoðunar að við eigum að viðurkenna menntun manna og ekki að reisa neina múra gegn þeim sem hefur náð árangri í námi, hvort heldur það er erlendur aðili eða íslenskur. Ef við veitum honum ríkisborgararétt eða starfsréttindi hér á landi eigum við að viðurkenna hans menntun. Hitt er svo annað mál að í sumum tilfellum er það svo að sá maður sem fær menntun viðurkennda fær í reynd starfsréttindi hér á landi ef um það er að ræða að hann vill starfa sem sjálfstæður atvinnurekandi og hefur um nokkur ár verið það í sínu heimalandi. Í reynd er undir vissum kringumstæðum verið að viðurkenna að um starfsréttindi sé að ræða.

Vegna þessa hefur frv. þetta nafn en í brtt. er lagt til að þessu sé breytt. Það er lagt til að orðin „menntunar er veitir starfsréttindi" í 1. gr. falli út og að heiti frv. verði breytt á sama veg. Ég tel að hér sé um misskilning að ræða vegna þess að sum próf eru á þann veg að þau veita starfsréttindi. Tilgangurinn með menntuninni hefur verið að veita starfsréttindi og þess vegna finnst mér að heiti frv. eins og það er lagt inn til þingsins sé rökrétt og rétt.

Það er aftur á móti nokkuð í þessu frv. sem gerir það að verkum að ég treysti mér ekki til að standa að samþykkt þess og það er 4. gr. Með leyfi forseta vil ég lesa hana upp:

„Ráðherra sem í hlut á getur með reglugerð veitt undanþágu frá ákvæðum í lögum að því er varðar ríkisfang, búsetu eða viðurkenningu á prófum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga sem felast í tilskipunum eða samningum sem falla undir 1. gr."

Þetta atriði sem hér er verið að tala um er svo víðtækt vald í reglugerðarheimild sem verið er að afhenda ráðherra að mér finnst það eitt lagatæknilega séð gersamlega út í hött. Það má alltaf deila um hvað eigi að vera í reglugerðum. En að veita ráðherra jafnmikið vald og hér er verið að tala um er nánast að selja honum sjálfdæmi um það hvað hann vill gera í þessum efnum. Mér finnst að Alþingi Íslendinga geti ekki samþykkt slíkt ákvæði í reglugerðarheimildum til ráðherra.

Meginreglan er sú að reglugerðum er ætlað það hlutverk að vera nánari túlkun á lögum innan þess ramma sem lögin sjálf gera ráð fyrir, þ.e. lögin mynda hinn ytri ramma sem reglugerðin verður að vera innan og túlka til skýringar. Hér er aftur á móti verið að snúa þessu við því að hér stendur, eins og ég las upp, að ráðherrann á með reglugerðinni að veita undanþágu frá lögunum. Reglugerðin á að vera utan um lögin, lögunum utar og ofar. Burt séð frá því hvort menn í eðli sínu vilja stuðla að því að Ísland samþykki samninginn um EES eða ekki finnst mér það gersamlega út í hött að standa svona að lagasetningu. Ég verð að segja eins og er að mér þótti vænt um það þegar á fund allshn. kom einn af okkar mætu frumvarpsgerendum, sem hefur samið mörg frumvörp fyrir ríkisstjórnina og var að gera grein fyrir frv. sem hann hafði unnið, þá kom það fram að hann hafði mikla skömm á því hversu rúmt við heimilum ráðherrum að dansa með reglugerðarheimildum.

Ég hef líka orðið var við það að í ákveðnum íslenskum stjórnmálaflokki hefur verið alveg sérstaklega talað um að draga úr reglugerðarfarganinu, minnka reglugerðarfarganið. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. af því að það hefur stundum komið fyrir að kastast hefur í kekki milli hans og hv. 9. þm. Reykv.: Væri hæstv. menntmrh. spenntur fyrir því að samþykkja svona reglugerðarheimild ef hæstv. ráðherra væri óbreyttur þingmaður en hv. 9. þm. Reykv. væri menntmrh.? Ég er ekki viss um að svo væri. Nú er það ekki okkar að semja lögin miðað við að þessi eða hinn sé ráðherra og ég treysti hv. 9. þm. Reykv. enn síður til að fara með þetta vald en núv. hæstv. menntmrh. En ég sé það ekkert fyrir hverjir eiga eftir að verða menntmrh. í þessu landi og hvaða vald ég er að afhenda slíkum mönnum. Ég sé það ekki fyrir.

Mér finnst það þess vegna nokkuð mikil bjartsýni að ætlast til þess að þingið fari að samþykkja lög þar sem ráðherra er heimilt með reglugerðarvaldi að nema lagaákvæði úr gildi. Mér finnst að þegar svona hlutir komi upp eigi ráðuneytið að láta vinna betur og skýrar hvað það er sem þeir eru að fara fram á. Ef svo kæmi í ljós að einhverju þyrfti nauðsynlega að breyta, þá finnst mér að hæstv. menntmrh. eigi á hverjum tíma að flytja um það lagafrv., leggja það fyrir þingið og þá skýra hvers vegna nauðsyn er á því að þetta sé gert.

Ég er sannfærður um það að ef svo fer að Evrópska efnahagssvæðið verður að veruleika, þá á það oft eftir að koma upp á að ráðherrar þurfi að leggja fyrir Alþingi Íslendinga frumvörp. Hvers vegna skyldi ekki vera hægt að viðhafa það líka í þessu tilfelli að þrengja 4. gr. á þann veg að þeirri hefð verði viðhaldið varðandi reglugerðir á Íslandi að þeim sé ætlað að vera inn-

an ramma laganna en ekki að þeim sé ætlað að nema lög úr gildi ef ráðherra hverju sinni telur að það sé rétt að standa þannig að málum?

Ég tel að það hljóti að vera svo varðandi þessa hluti að fyrst og fremst sé um að ræða persónulegt mat manna á því hvernig eðlilegast sé að standa að lagasetningunni.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. menntmn. fyrir hvernig hún hefur unnið að þessu máli og lýsa því yfir að ég er samþykkur þeim brtt. sem hér hafa verið lagðar fram.

Aðeins örfá orð varðandi 4. gr. og það sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði í því samhengi. Í fyrsta lagi er gerð brtt. við fyrri mgr. 4. gr. þar sem segir svo: „...vegna skuldbindinga er felast í tilskipunum eða samningum sem falla undir 1. gr." Þar komi í staðinn: "...er felast í tilskipun þeirri eða samningum sem falla undir 1. gr.", sem þrengir þetta aðeins.

Ég get hins vegar sagt það að ég er fylgjandi því að draga úr reglugerðarfarganinu eins og hv. þm. orðaði og vísaði þar til áhuga sem hefur komið fram í mínum flokki. Ég held að almennt séð innihaldi of margar reglugerðir alveg sjálfsagða hluti, upptalningu á því sem er í lögum. Því miður er í sumum tilvikum hægt að benda á reglugerðir sem eru of rúmar þannig að vafi er á, svo ekki sé fastar að kveðið, að heimildir séu í lögum sem viðkomandi reglugerð styðst við. Þess vegna finnst mér að það beri að fara mjög varlega og varlegar en oft hefur verið gert í sambandi við setningu reglugerða. Ef ekki er bein þörf á því að setja reglugerð til þess að fylla nánar út í lögin, þá á að láta það vera. Ég gæti bent á dæmi um það.

Í þessu tilviki er verið að leita heimildar fyrir ráðherra til að veita undanþágu frá eldri lögum sem kunna að stangast á við það sem þarna er verið að ákvarða. Þessi heimild er því í sjálfu sér mjög þröng. Ég held að ekki hafi sérstaklega verið farið í það að kanna hvort einhver lög kunni að vera til sem ákvæði þessara laga kynnu að stangast á við en það er eingöngu það sem er verið að fara fram á. Ég held ég hafi sagt eitthvað á þessa leið varðandi fyrri mgr. 4. gr. þegar ég talaði fyrir frv.:

Í fyrri mgr. 4. gr. felst heimild til hlutaðeigandi ráðherra til þess að veita undanþágu með reglugerð frá lögum sem gera íslenskt ríkisfang eða íslenskt prófskírteini eða viðurkenningu að skilyrði fyrir ráðningu í starf eða veitingu starfsréttinda. Slíkt ákvæði getur verið nauðsynlegt vegna skuldbindinga sem felast í tilskipuninni eða samningum sem falla undir 1. gr.

Það er mitt mat að þarna sé ekki verið að ganga lengra en sæmilegt getur talist en ég er alveg sammála hv. þm. að meginreglan á auðvitað að vera sú að ef í ljós kemur að eitthvað stangast á við eldri lög, þá eigi að flytja um það sérstakt frv. ef þörf er talin á. Mér sýnist í þessu tilviki að ekki sé gengið lengra en ásættanlegt ætti að vera fyrir Alþingi.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er bara ein spurning til hæstv. menntmrh. Hv. 2. þm. Vestf. kom að því áðan að oft og tíðum væri atvinnurétturinn og prófið sem viðkomandi einstaklingur hefði nátengt. Eitt dæmi. Ég þekki nokkuð til í Félagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Viðskipta- og hagfræðingar sem útskrifast úr Háskóla Íslands fá sjálfkrafa löggildingu á sínu starfsheiti. Sérstök fagnefnd fjallar um umsóknir annarra aðila er óska eftir að njóta þessarar löggildingar, t.d. frá virtum skólum í Svíþjóð. Þá er fjallað sérstaklega um það af nefnd sem leggur síðan til við ráðherra að prófgráða viðkomandi aðila verði löggilt. Oft og tíðum er talið að þessir aðilar margir hverjir standist ekki þær kröfur sem fagfélagið gerir til þeirra og þar af leiðandi sé ekki hægt að löggilda þessa menn sem viðskiptafræðinga eða hagfræðinga í hvaða fagfélagi sem er.

Nú spyr ég hæstv. ráðherra: Mun verða breyting á því með þessum lögum þannig að þeir sem hafa rétt á að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga á Evrópska efnahagssvæðinu geti einnig gert það á Íslandi og þar af leiðandi skipti mat viðkomandi fagfélags engu máli?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að sérstök fagnefnd leggur mat á gildi prófa frá öðrum skólum og leggur síðan til við ráðherra hvort viðkomandi aðila sé veitt löggilding. Þarna verður um gagnkvæma viðurkenningu að ræða á prófskírteinum og öðrum jafngildum gögnum. Út á það gengur þetta mál. Út á það ganga ákvæði þessarar tilskipunar sem við erum að ræða um.

Ég legg hins vegar áherslu á að þótt útlendingar hafi þessa viðurkenningu er það auðvitað vinnuveitandans að ákveða hvaða umsækjanda hann velur. Það ber að hafa sérstaklega í huga. Þegar þessi gagnkvæma viðurkenning er fengin eiga útlendingar sem hingað koma og leita eftir starfi að standa jafnfætis íslenskum ríkisborgurum hvað varðar umsóknir um störf. En eins og ég sagði er það vinnuveitandans að ákveða hvaða umsækjanda hann velur.

Ég get ekki svarað því nákvæmar hvort einhver breyting verði frá því sem verið hefur varðandi fagnefndirnar. Ég hygg að þær starfi á fleiri sviðum en bara þar sem hv. þm. nefndi varðandi viðskiptafræðinga og hagfræðinga án þess að ég hafi nokkuð sérstakt dæmi í huga. Það kann vel að vera að á þessu verði breyting. Ég sé það ekki alveg fyrir.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin. Ég er honum sammála. Ég hef grun um að á þessu geti orðið breyting. Menn verða auðvitað sjá til með það. Þá er spurningin sú: Hefur verið leitað til viðkomandi fagfélaga um álit þeirra á þessum hlutum? Ég þekki það ekki vegna þess að ég hef ekki tekið þátt í störfum hv. menntmn. Hins vegar er alveg rétt hjá hæstv. menntmrh. að þetta gildir um marga fleiri að-

ila en viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Þetta gildir auðvitað um allar þær stéttir sem njóta lögverndaðra starfsheita. Ég hygg að svo sé. Þær stéttir sem ekki hafa fengið löggildingu eða undirgengist þær faglegu kröfur geta ekki nefnt sig þessum fagnöfnum. En ég held, hæstv. menntmrh., að að þessu þurfi að hyggja.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það frv. sem hér er komið úr nefnd er eitt af mörgum sem er flutt vegna ráðgerðs samnings um Evrópskt efnahagssvæði. Fyrir okkur liggur álit meiri hluta og minni hluta hv. menntmn. um þetta mál þar sem meiri hlutinn leggur til að málið verði samþykkt en minni hlutinn mun ekki taka afstöðu til málsins eða mun sitja hjá við afgreiðslu þess.

Mér sýnist nú þegar þetta mál liggur hér fyrir að þá blasi við að það sé eitt og annað sem ekki er fullljóst eftir málsmeðferð í nefndinni varðandi afleiðingar þessa frv. Það má þó vera að nefndarmenn hafi upplýsingar að færa um það, formaður nefndarinnar eða aðrir nefndarmenn sem hér eru viðstaddir og þar á meðal þau atriði sem hæstv. ráðherra ekki gat svarað hér áðan, aðspurður varðandi áhrif þessa máls á íslenska löggjöf að því er varðar verndun starfsheita sem lögboðin er í ýmsum greinum. Mér sýnist að það sé ekki rétt í rauninni að þetta mál komi hér til afgreiðslu eftir 2. umr. án þess að atriði sem þetta, sem hv. þm. Finnur Ingólfsson vakti athygli á rétt áðan, sem og önnur álitaefni sem kunna að tengjast þessu frv. og nefnd hafa verið, m.a. af hv. 2. þm. Vestf., og við þyrftum að átta okkur á því hvort ekki sé rétt að nefndin fjalli þá frekar um málið til þess að skoða slík vafaatriði betur áður en málið kemur hér til efnislegrar afgreiðslu frá þinginu við lok þessarar umræðu.

Hér er um að ræða mál sem efnislega séð fljótt á litið getur virkað jákvætt eins og fram kemur hjá minni hluta nefndarinnar sem af ýmsum ástæðum vill ekki bera ábyrgð á þessu máli, hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir og Svavar Gestsson sem standa að minnihlutaáliti. Undir það sem þar er sagt vil ég taka vegna þess að þessi málabúnaður sem er bundinn við Evrópskt efnahagssvæði er tekinn út frá mjög þröngu sjónarhorni varðandi alþjóðasamstarf af okkar hálfu og á það reyndar við um fjölmargt annað sem tengist þessum samningi.

Það kom fram hjá einum af fulltrúum meiri hlutans í nefndinni, hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, að hún undirritar nál. með fyrirvara og ef ég hef skilið hana rétt þá er það vegna 7. gr. samningsins um að lögin öðlist gildi um leið og samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði öðlast gildi að því er Ísland varðar. Ég sé ekki að það hafi verið gerð nein brtt. við þessa 7. gr. eins og þó hefur verið gert varðandi ýmis mál sem menn vilja standa að vegna efnisinnihalds þó að þau séu fram komin hér af tilefninu samningur um Evrópskt efnahagssvæði, þ.e. að stjórnvöld hafi tekið þau upp vegna þrýstings sem tengist ráðgerðri aðild að þessum samningi. Ég sé hins vegar ekki að þessi fyrirvari hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur leysi hana frá þeim vanda hvernig hún ætlar að taka á því máli þegar frv. kemur til afgreiðslu eins og það er í stakk búið — ég vænti að hv. þm. heyri til mín — af hálfu nefndarinnar og væri út af fyrir sig fróðlegt að átta sig á því þó að það sé kannski ekki neitt meginmál í þessu samhengi.

Mér hefur nú ekki unnist tími til þess að kynna mér annað þskj. sem tengist almennt samningi um Evrópskt efnahagssvæði sem er nál. frá 1. minni hluta utanrmn. um frv. til laga um Evrópskt efnahagssvæði sem var dreift hér í þingdeildinni á þessum fundi að ég held og rúmar heilar tvær blaðsíður en ég hef ekki haft ráðrúm til þess að skoða það og hvort það auðveldar þingmönnum Framsfl. sem þarna eiga í hlut að taka á þessum málum hér í þinginu, þ.e. frumvörpum sem tengjast þessu efnu. En það kann að vera. Ég hef ekki lesið þetta nál. frá hv. þm. Steingrími Hermannssyni og Páli Péturssyni um þennan stærsta samning sem borið hefur að Íslendingum eftir að lýðveldið var stofnað og er upp á heilar tvær blaðsíður í þingskjalabroti.

Ég vil taka undir málflutning hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar að því er varðar 4. gr. og það sem snýr að setningu reglugerðar á grundvelli hennar. Þar er komið að máli sem tengist þessum samningi og bindingu lagaákvæða við þennan samning um Evrópskt efnahagssvæði og allan þann aragrúa tilskipana sem þar liggur fyrir og spurningarinnar um það hvað á að opna mikið fyrir reglugerðarheimildir í sambandi við þennan samning. Mér sýnist að hér sé eitt dæmi þótt ekki sé það kannski stórt og við eigum eftir að sjá það mun viðameira á mörgum sviðum að því er varðar þennan samning ef af honum verður og Ísland gerist þar aðili sem við skulum nú vona að ekki verði niðurstaðan.

Sú breyting sem lögð er til á 4. gr. að breyta fleirtölunni á „tilskipunum" yfir í „tilskipun þeirri" kann að vera til einhverrar þrengingar í þessu efni en breytir þó ekki því að hér er gert ráð fyrir víðtækum heimildum til setningar á reglugerðum að því er tengist ákveðnum þætti þessa máls.

Í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir því að menntmrn. tilnefni sérstakan umsjónarmann sem fer með þau málefni sem undir lög þessi falla í umboði ráðuneytisins. Ég vek athygli á þessu. Ég hugsa að þetta sé í fyrsta sinn — eða ég man ekki eftir að hafa séð svona tillögu að lagatexta — að það þurfi að lögbjóða málsmeðferð innan eins ráðuneytis hérlendis, að það þurfi að setja það í lög og að viðkomandi starfsmaður annist þau málefni sem undir lögin falli í umboði ráðuneytisins. Og það væri fróðlegt að vita hvort við ættum von á því að fá slíkar tillögur í ríkum mæli að við þurfum að fara að kveða á um það vegna tilskipana Evrópubandalagsins hvernig menn haga störfum innan íslensku ráðuneytanna, íslenska Stjórnarráðsins. En það er alveg augljóst að þetta er það sem þarf að gera og þetta er svo rækilega njörvað við Evrópubandalagið og regluverk þess eins og sjá má af 5. gr. því að þar er vikið að því í 2. efnislið að þau stjórnvöld sem tiltekin lögverndun störf heyra undir skuli tilnefna fulltrúa sem fer með viðkomandi mál sbr. 9. gr. 1. tölul. tilskipunar 89/48/EBE. Og nánari ákvæði um þessara aðila skulu sett í reglugerð. Þarna kemur enn reglu-

gerðarheimild og reglugerðarákvæði um þetta.

Það er kannski ekki tilefni til að fara að ræða stöðu okkar hér á Alþingi og íslenska stjórnkerfisins með tilliti til Evrópubandalagsins vegna þessa frv. afmarkað. En þau eiga eftir að verða ansi mörg málin sem koma til okkar sem virka mjög sérkennilega á okkar stöðu varðandi málsmeðferð hér á Alþingi. Við erum rétt farin að fá forsmekkinn að þessu því fyrir utan það sem liggur fyrir í pappírum og búið er að fara yfir nú þegar og tengt var samningnum eins og hann var þegar afstaða var tekin til hans efnislega á miðju ári 1991, þá hafa bæst við hundruð tilskipana sem utanrrn. hefur gert þinginu lauslega grein fyrir nú þegar í hverju felist og sem óhjákvæmilegt verður fyrir Íslendinga og Alþingi að innbyrða ef þessi samningur verður lögfestur á sama hátt og gildir um það færiband reglugerða sem Evrópubandalagið eitt verður ákvarðandi um. Þau EFTA-ríki sem eftir verða, en margt bendir til að þeim eigi eftir að fækka, þau eigi eftir að týna tölunni á næstu árum ef mál ganga fram eins og ríkisstjórnir í ýmsum EFTA-ríkjum vilja, en þá eigum við eftir að sjá hér færiband sem flytur okkur lög sem ákvörðuð eru á samningssviðinu, einhliða ákvörðuð af framkvæmdastjórninni þó svo um þau verði fjallað ráðgefandi og leitað samráðs innan sameiginlegrar nefndar og í ráðherraráði. Þau verða nú mörg erfiðari málin sem eiga eftir að koma upp þar heldur en það frv. sem við ræðum hér og það gætu orðið þyngri skref fyrir t.d. hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur að skrifa upp á þau efni með fyrirvara þegar kemur að afgreiðslu þeirra mála hér á Alþingi en ég er að vona að sá fyrirvari sem hefur verið settur eigi eftir að styrkjast þannig að hún verði ekki ein af þeim sem verða til að greiða götu þessa samnings hér á Alþingi Íslendinga þegar frv. um staðfestingu hans kemur til afgreiðslu.

Ég vek líka athygli á því, virðulegur forseti, að það eru þættir sem tengjast þessu máli sem varða vinnumarkaðinn á Íslandi. Það hefur reyndar þegar verið vakin athygli á því að því er varðar lögverndun starfsheita, en síðan eru það hin almennu ákvæði til rýmkunar fyrir alla þegna, alla ríkisborgara innan hins Evrópska efnahagssvæðis til þess að fá hér atvinnu og njóta þar jafnræðis við íslenska þegna.

Það kann að vera að menn þurfi ekki að hafa jafnmiklar áhyggjur af því að því er varðar fólk með sérþekkingu eins og einstaklinga sem sækja um atvinnu eða eru starfandi á hinum svokallaða almenna vinnumarkaði, þ.e. þar sem ekki er krafist langskólanáms eða viðurkenndra sérréttinda, en þó er ég smeykur um það að á þetta geti reynt, enda liggur það fyrir að því er varðar fjölmörg störf sem snúa að þessu frv. sem hér er verið að flytja og mæla með samþykkt á.

Það er athyglisvert, virðulegi forseti, og tengist þessum þætti málsins að þing Alþýðusambands Íslands, sem nýlega var haldið norður á Akureyri og fjallaði m.a. um Evrópskt efnahagssvæði, lýsti ekki yfir stuðningi sínum við það mál eins og mál voru lögð fyrir það þing af nefndum á vegum miðstjórnar Alþýðusambandsins. Þvert á móti er að finna í ályktunum þings Alþýðusambandsins að því er þetta varðar mjög ákveðna varnagla, viðvaranir að því er snertir þetta mál og að því er það tengist íslenskum vinnumarkaði fyrir utan svo hina ákveðnu gagnrýni sem þar er borin fram vegna þess að meiri hluti hér á Alþingi skellti skollaeyrum við hinni víðtæku kröfu almannasamtaka í landinu og tugþúsunda einstaklinga, skriflegri kröfu tugþúsunda einstaklinga um að bera mál þetta undir þjóðina í almennri atkvæðagreiðslu.

Það er mjög eðlilegt, ekki síst nú þegar þrengir að á íslenskum vinnumarkaði, að menn horfi á þau ákvæði sem verið er að innleiða í sambandi við stöðu hinnar stóru heildar, 380 millj. manna heildar til að hafa jafnstöðu að því er varðar möguleika til starfa hér á Íslandi sem annars staðar. Ég hef ekki á móti því og bið að mál mitt sé ekki skilið þannig að ég telji að það eigi ekki að leita gagnkvæmra leiða til þess að viðurkenna gildi prófa og menntunar sem fólk hefur aflað sér. Það er allt annað mál að menn viðurkenni það heldur en að vísa frá eða fella niður þau ákvæði sem snúa að forgangi Íslendinga til starfa í landinu. Ég tel að það sé það sem við þurfum að gæta að miklu ríkar heldur en spurningunni um það hvert menn geti leitað erlendis til þess að fá viðfangsefni. Þar hefur hvert land haft sína löggjöf og sín ákvæði. Þar hefur Evrópubandalagið sett samræmdar reglur. Þar hefur tekist að gera tvíhliða samninga um ýmis efni sem er jákvætt mál, ekki síst á sviði menntamála og varðandi rannsóknir, vísindi og umhverfismál þar sem við höfum náð tvíhliða samningum við Evrópubandalagið á grundvelli vinnu sem hefur farið fram óháð spurningunni um þetta Evrópska efnahagssvæði. Og það er með þeim hætti sem ég hefði viljað að einnig væri tekið á þessu máli sem hér er lagt fyrir þingið í staðinn fyrir að njörva það við þennan samning og setja þingið strax í þann vanda að tengja gildistökuákvæði þessa frv. við spurninguna um samþykkt frv. um staðfestingu á aðild að Evrópsku efnahagssvæði. Það er mjög ófarsælleg og óvænleg leið. Sem betur fer hafa sumar þingnefndir tekið öðruvísi á málum en hér er gert og aftengt þetta ákvæði ef svo má segja, þ.e. að taka burtu tenginguna við samninginn og gera gildistökuákvæðið almennt þegar um er að ræða mál sem eru jákvæð í eðli sínu og hægt er að skapa samstöðu um.

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að í meðförum í menntmn. hefur frv. tekið verulegum breytingum og þá einkanlega að því leyti að í 1. gr. er það þrengt mjög, þannig að það tekur eingöngu til einnar tilskipunar ásamt norræna samningnum sem fellur líka undir frv.

Varðandi 4. gr. þá urðu töluverðar umræður um hana í menntmn. og niðurstaðan varð sú að vegna norræna samningsins þá væri nauðsynlegt að hafa þetta undanþáguákvæði. Og ég tek undir þau orð ráðherrans áðan að það hlýtur að verða túlkað þröngt. Það eru ekki mjög mörg störf sem falla undir þetta frv. vegna þess að það fjallar að sjálfsögðu um störf sem þurfa löggildingu, leyfi eða aðra jafngilda viðurkenningu til.

Hvað varðar 5. gr. þá er gerð brtt. við hana þannig að lagt er til að hún orðist svo:

„Menntamálaráðuneytið skal sjá um að samræma framkvæmd þeirrar tilskipunar og samninga sem falla undir 1. gr. Nánari ákvæði um þá framkvæmd skulu sett í reglugerð."

Þar með er lagt til að þessi ákvæði, sem lúta að framkvæmdinni og voru inni í textanum áður, séu felld brott.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki ástæða fyrir mig að svara þessu mörgum orðum. Þetta er auðvitað rétt sem hv. formaður menntmn. segir varðandi breytingar, þær liggja jú fyrir á þskj. Mér sýnist að það sé heldur til bóta sem bent var á varðandi 5. gr. og það sem snýr að þrengingu á þeim heimildum sem hér er verið að veita. Það er vissulega til bóta en það breytir ekki hinu að hinn almenni búningur málsins er þessi. Þetta er tengt við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Það eru í þessu víðtækar reglugerðarheimildir og það virðist vera óvissa um það að hve miklu leyti lögin um verndun starfsheita tengjast þessu máli, en ég átti kannski von á því að hv. þm. mundi víkja að þeirri óvissu sem hæstv. ráðherra ekki gat skorið hér úr um.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans meginskilning á því að hæpið sé að rýmka reglugerðarvald í landinu. En ég get ekki látið hjá líða að fara aftur út í umræðuna um formið og réttinn sem veittur er í 4. gr.

Alþingi Íslendinga samþykkti þingsályktun á þann veg að kosin skyldi nefnd til að vinna að lagahreinsun. Þessi nefnd vann mikið starf, útbjó frumvörp og lagði til að þau yrðu samþykkt hér á Alþingi Íslendinga og að ýmsum ákvæðum eldri laga yrði breytt.

Ef þessi lagatækni hefði verið notuð, sem hér er verið að leggja til, hefðum við alveg eins getað sett inn frv. og sagt: Hæstv. dómsmrh. er heimilt með reglugerð að breyta þeim lögum sem hann telur að séu úrelt og fella þau úr gildi. Þetta gerðum við ekki. Og hvers vegna gerðum við það ekki? Vegna þess að það er einfaldlega ekki heimilt samkvæmt stjórnarskránni að framselja löggjafarvaldið. Það er ekki heimilt.

Ég vil, með leyfi forseta, lesa 2. gr. stjórnarskrárinnar þar sem mjög ákveðið er gripið á þessu máli:

„Alþingi og forseti fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið."

Með þeirri breytingu sem við erum að gera hér erum við að leggja til að á vissum sviðum menntamála verði það forsetinn og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskránni, í þessu tilfelli hæstv. menntmrh., sem fara saman með löggjafarvaldið á sviði menntamála. Við erum að leggja til að þessir tveir aðilar, forsetinn og hæstv. menntmrh., geti breytt lögum um menntamál með reglugerð.

Nú er það svo, eins og ég hef áður sagt í þessum stól, að tveir fyrrv. ráðherrar sem sitja á Alþingi Íslendinga í dag hafa báðir beitt reglugerðarákvæði, sem heimilt hefur verið að einhverju marki innan laga, það rúmt að Hæstiréttur hefur dæmt gerðir þeirra ómerkar. Þetta gerðist á sínum tíma varðandi þungaskatt og var þá spurningin sú hvort hæstv. samgrh. hefði þær heimildir að hann gæti með reglugerð breytt þeim gjöldum eins og hann gerði. Í hinu tilfellinu var þetta um hæstv. landbrh. að ræða, sem breytti ákvæðum um fóðurbætisskatt á þann veg að Hæstiréttur dæmdi það ólöglegt. Niðurstaða Hæstaréttar varð fyrst og fremst sú að löggjafarvaldið hefði ekki heimildir til að framselja öðrum réttinn til lagasetningar, eins og í reynd væri gert með því að veita svo rúm ákvæði.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það að löggjafarvaldið hefur ekki heimild til þess að framselja sinn rétt til þess að setja lög í hendur ráðherrum eða forseta. Spurningin er bara þessi: Er það aðeins ákvörðun um að setja lög, að semja ný lög eða er það þá ekki ákvörðun um að setja lög að taka ákveðna kafla laga og nema þá úr gildi? Það er jafnmikil ákvörðun um lagasetningu að nema ákveðna kafla laga úr gildi eins og að setja ný lög. Sérhver breyting á lögum er í reynd setning nýrra laga. Þetta verða menn að hafa alveg á hreinu. — Sérhver breyting á lögum er setning nýrra laga. — Þess vegna fær það ekki staðist þó vissulega sé rétt að það er búið að leggja til að ákvæði 4. gr. verði bundið við þá tilskipun sem nú er í gildi. Þá er engu að síður verið að taka ákvörðun um það, ef ég les enn, með leyfi forseta:

„Ráðherra sem í hlut á getur með reglugerð veitt undanþágu frá ákvæðum í lögum að því er varðar ríkisfang, búsetu eða viðurkenningu á prófum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er felast í tilskipunum [verður tilskipun þeirri] eða samningum sem falla undir 1. gr."

Það er verið að afhenda löggjafarvaldið út fyrir þingið. Það er verið að afhenda einhverri nefnd upp í menntmrn. hluta af löggjafarvaldinu á þessu sviði. Nú er það upplýst af hv. 10. þm. Reykn. að það er ekki um óteljandi fyrirbrigði eins og eyjarnar á Breiðafirði að ræða þegar farið er yfir það til hvaða stétta og lögverndaðra starfsheita hér er verið að vísa. Það er hægt að gera tæmandi skrá yfir þetta og það er hægt að ganga til þess verks að breyta lögunum þannig að þetta standist allt. Spurningin er bara þessi: Hvers vegna sækjast menn eftir því að þessi vinna sé ekki unnin en kjósa heldur þann kostinn að tefla hér fram þeim leikreglum að nú skuli reglugerðarvaldið verða svo sterkt að það hafi lagasetningargildi, það sé hægt að breyta lögum Íslands með reglugerð sem forseti landsins og hæstv. menntmrh. skrifa undir?

Ég verð að segja eins og er að mér finnst það gjörsamlega út í hött. Og það gladdi mig að heyra jákvætt viðhorf hæstv. ráðherra til þess að reglugerðarvaldið er of rúmt. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að það hefur verið misnotað. Af þeirri ástæðu vil ég skora á hæstv. ráðherra að láta þá vinnu fara fram í ráðuneytinu að framkvæma tæmandi upptalningu á þessu verkefni og hafa þetta ekki lögfræðilega séð í lausu lofti.

Það er ekki nauðsyn að lítillækka Alþingi Íslendinga á þann hátt að fara fram á það að það afsali sér löggjafarvaldi. Menn segja: Þetta er bara á sviði menntamála. — En hvað með aðra ráðherra? Munu þeir ekki sækja á sömu mið, fara fram á það að þeirra reglugerðir verði lögum æðri? Ég er hræddur um það. Spurningin er bara þessi: Er ekki tímabært að menn lesi hæstaréttardóma sem hafa fallið í þessum efnum, skoði þá, kynni sér mál það og til hlítar hvort það sé rétt að Alþingi Íslendinga geti afsalað sér því valdi sem stjórnarskráin ætlar því ásamt forsetanum að fara með löggjafarvaldið, er hægt að afsala sér því á þann hátt sem hér er verið að leggja til, til einstaks ráðherra og forseta landsins?

Mér finnst að starfsmönnum ráðuneytanna sé ekki gert erfitt fyrir þó farið sé fram á að sú vinna sé unnin í botn, það sé gengið frá því nákvæmlega eins og hv. 10. þm. Reykn. gat um, að er vissulega vinnandi verk að fá niðurstöðu í þetta mál. Til hvaða stétta nær það, til hvaða lögverndaðra starfsheita nær það og hvernig verður framkvæmdin til þess að hún sé í takt við það sem verið er að fara fram á?

Mér finnst að þegar það liggur fyrir að það er meginskilningur, hygg ég, allra stjórnmálaflokka á Íslandi að við eigum að viðurkenna menntun í öðrum ríkjum, þá þurfi ekki að storka mönnum með því að standa þannig að lagasetningunni að mönnum er hreinlega misboðið vegna þess að það er verið að ganga svo langt í heimildum að það stangast á við stjórnarskrá.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er einn grundvallarmisskilningur sem kemur fram í ræðu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar og hann er þessi: Það er ekki með þessu ákvæði í 4. gr. verið að veita ráðherra vald til þess að breyta lögum. Þetta er grundvallaratriði. Hins vegar er verið að veita ráðherra undanþáguvald og slík ákvæði er ég alveg viss um, án þess ég hafi dæmi á hraðbergi, að munu vera í mörgum lögum, þar sem ráðherra hefur heimild til þess að veita undanþágu frá tilteknum ákvæðum laganna. Það er það sem er verið að gera hérna. Aðeins undanþáguákvæði. Ráðherra fær ekki heimild til þess að fella einhver ákvæði gildandi laga brott, það fær hann ekki. Hann fær eingöngu heimild til þess að veita undanþágu. Þetta er ekki sambærilegt við dæmin sem hv. þm. nefndi að hefðu verið metin ólögmæt, þar var um að ræða framsal á skattlagningarvaldi og um það erum við áreiðanlega sammála að Alþingi getur ekki veitt ráðherra slíka heimild. Það liggur fyrir alveg ljós niðurstaða í þeim efnum og um það þurfum við ekki að deila. Þetta verður heldur ekki eitthvert sameiginlegt mál viðkomandi ráðherra, í þessu tilviki menntmrh. og forseta Íslands, vegna þess að forseti Íslands undirritar ekki reglugerðir. Það gerir aðeins ráðherra og viðkomandi ráðuneytisstjóri eða starfsmaður í ráðuneyti. Ég bið hv. þm. um að athuga þetta. Þarna er grundvallarmunur á.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að það eru til ákvæði í lögum þar sem stendur að ráðherra sé heimilt að veita undanþágu frá því sem stendur í hinum skrifaða texta, en þá er það líka hluti af lögunum. Þá er það líka hluti af viðkomandi lögum. Hér er það algjörlega skot í myrkri. Þeir sem hér greiða atkvæði með þessu hafa ekki hugmynd um það hvaða tæmandi listi það er sem verið er að tala um vegna þess að hann hefur ekki verið unninn. Ef hann hefði verið unninn þá hefði hann verið sýndur menntmn.

En það er aftur á móti rétt hjá hæstv. ráðherra, og ég biðst afsökunar á því, að ég tók það til að forsetinn þyrfti einnig að skrifa undir reglugerðir. Það er ekki. Í reynd væri þess vegna bæði forsetinn og þingið að afsala sér í hendur ráðherra og ráðuneytisstjóra hluta af löggjafarvaldi. Það er þessi stöðuga útvíkkun á reglugerðarvaldinu sem er gjörsamlega óþolandi stefna. Ég vil enn og aftur biðja hæstv. ráðherra að hugleiða það hvort hér sé um slíkan kínverskan múr að ræða að þeir starfskraftar sem hæstv. ráðherra hefur í menntmrn. geti ekki unnið það verk í botn að setja saman lista yfir þetta þannig að menn hafi það á reiðum höndum hvað um er að ræða.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg sjálfsagt að sú vinna fari fram sem auðvitað þarf að vinna, að fara rækilega í saumana á því hvaða lög það kunni að vera sem rekist á við þessi. Ég sé hins vegar ekki að það þurfi að bíða með að samþykkja þetta ákvæði þess vegna. Þetta er ekki svo mikil óvissa sem þarna er um að ræða, það er ekki verið að veita svo mjög ótiltekna heimild til ráðherra til þess að veita undanþágu frá ákvæðum í lögum. Það er beinlínis talið upp í 4. gr. að ráðherra fær heimild til að veita undanþágu frá ákvæðum í lögum að því er varðar alveg tiltekin efni, þ.e. ríkisfang, búsetu eða viðurkenningu á prófum.

Ég ítreka að það er sjálfsagt að sú vinna fari fram, og hún er raunar í gangi, að kanna hvaða lög það kunni að vera sem áður hafa verið sett á hv. Alþingi sem stangast á við þessi.

Útbýting þingskjals:

Húsnæðisstofnun ríkisins, 276. mál, stjfrv., þskj. 384.

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Það komu fram í máli hv. þm. Finns Ingólfssonar við umræðurnar áðan spurningar um framkvæmd og samræmingu. Ég vil gjarnan fara nokkrum orðum um þau atriði.

Það er gert ráð fyrir því að þau stjórnvöld sem nú fjalla um og afgreiða umsóknir um leyfi til að leggja stund á tiltekin störf hér á landi geri það áfram og sjái þá jafnframt til þess að settum skilyrðum samkvæmt frv. sé fullnægt. Það er líka gert ráð fyrir því að það verði haft náið samstarf við aðila vinnumarkaðarins um

meðferð og afgreiðslu umsókna útlendinga um heimild til þess að stunda starf hér á landi.

Varðandi samræmingu, þá kom það mjög glögglega fram í umsögnum til menntmn. um þetta mál að ýmsir aðilar fjölluðu sérstaklega um menntunina. Það er alveg víst að hér eru gerðar meiri kröfur til menntunar sumra starfsstétta en í ýmsum löndum EB. En samkvæmt frv. er hægt að krefjast hæfnisprófs, viðbótarmenntunar eða starfsþjálfunar eftir því sem við á. Þessar ströngu kröfur sem við gerum hér á landi til menntunar margra stétta, og eru umfram það sem ýmis önnur lönd gera, ættu að geta skapað Íslendingum sterkari stöðu til þess að sækja um störf bæði á Íslandi og annars staðar innan þessa svæðis.

Hvað varðar lista yfir starfsheiti sem mundu falla undir frv. þá er unnið að honum í menntmrn. og ég vænti þess að sá listi verði brátt fullgerður.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. formaður menntmn. sem hér talaði vék að því að varðandi þetta mál yrði viðhaft eða stæði til að viðhafa samstarf við aðila vinnumarkaðarins þegar lagt væri mat á hæfnipróf og réttindi aðila með tilliti til vinnumarkaðarins. Ég vil inna hv. þm. nánar eftir því hvaða svigrúm hún telji að þessir aðilar hafi til þess að hafa þarna áhrif og í hvaða átt þau muni beinast og hvaða réttarstöðu hagsmunaaðilar hér, aðilar vinnumarkaðarins sem hún tiltók, hafi í þessu sambandi. Það væri fróðlegt að fá það dálítið nánar skýrt.

Í öðru lagi sagði hv. þm. að unnt væri að krefjast viðbótarprófa í sambandi við þessi störf ef réttindi eru talin ófullnægjandi. Það efast ég ekki um að sé hægt enda liggur það utan við þann ramma sem hér er verið að lögfesta. En á hitt vil ég benda að það er ekki víst að betri staða Íslendinga að þessu leyti verði varin til lengri tíma og að okkur verði stætt á því að gera meiri kröfur til aðila sem koma af hinu Evrópska efnahagssvæði utan Íslands, meiri kröfur vegna þess að við höfum hugsanlega haldið uppi betri menntun og hærri kröfum að því er varðar réttindi. Ég vísa í þessu sambandi við annars frv. sem varðar aðallega starfsréttindi heilbrigðisstétta þar sem einmitt kom fram í umræðu að líkur væru á því að kröfur yrðu lækkaðar og minnsti samnefnarinn mundi gilda.

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka að það er ekki gert ráð fyrir því að verið sé að breyta frá því sem nú er við umfjöllun og afgreiðslu umsókna um leyfi til þess að leggja stund á tiltekin störf. Það er þegar gert í samráði við hin ýmsu fagfélög. Það var það sem ég átti við þegar ég var að vísa til aðila vinnumarkaðarins.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var ekki að víkja að þeirri málsmeðferð sem fram hefur farið hér á landi heldur möguleikunum til þess að hafa áhrif á það sem snertir það samstarf sem hér er verið að innleiða með lögfestingu frv., þ.e. að við eða einkum aðilar vinnumarkaðarins geti haft áhrif á það hvort starfsréttindi fólks að utan séu viðurkennd. Ég dreg það í efa að okkar réttarstaða sé merkileg í sambandi við þennan samning gagnvart þeim tilskipunum sem gilda. Ég spyr: Er það ljóst að við komumst upp með að hafna þeim réttindum sem menn hafa aflað sér í viðkomandi landi? Er okkur stætt á því réttarlega séð ef við metum það að þau séu ekki sambærileg við það sem hér hefur verið krafist?

Umræðu frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, 1. umr.

Stjfrv., 231. mál (EES-reglur). — Þskj. 288.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Frv. þetta, sem er 231. mál þingins á þskj. 288, er lagt fram í tengslum við samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Breytingar þær sem frv. felur í sér byggjast annars vegar á reglum samningsins um félagslegt öryggi og hins vegar á reglum hans um frelsi launþega til flutninga.

Í VI. viðauka samningsins er fjallað um félagslegt öryggi. Samkvæmt þessum viðauka er gert ráð fyrir að reglugerð nr. 1408/71/EBE, Evrópubandalagsreglugerð, sem fjallar um almannatryggingar, gildi á hinu Evrópska efnahagssvæði. Í 10. gr. reglugerðarinnar er m.a. fjallað um endurgreiðslu iðgjalda. Samkvæmt ákvæðinu ber að líta svo á að þegar endurgreiðsla iðgjalda er háð því skilyrði að sjóðfélagi heyri ekki lengur undir skyldutryggingu samkvæmt löggjöf samningsríkis telst þessu skilyrði ekki fullnægt á meðan það heyrir undir skyldutryggingu launþega samkvæmt löggjöf annars samningsríkis. Það ber þannig að líta á hið Evrópska efnahagssvæði sem eina heild. Þótt hlutaðeigandi flytjist úr landi á það ekki að leiða til þess að hann fái iðgjöld þau sem hann hefur greitt í lífeyrissjóð hér á landi endurgreidd enda mundi sjóðfélaginn síðar eignast rétt til lífeyris úr viðkomandi lífeyrissjóði með sömu reglum og íslenskir sjóðfélagar.

Í 7. kafla áðurnefndrar reglugerðar er fjallað sérstaklega um fjölskyldubætur. Samkvæmt þessum reglum eiga launþegar og sjálfstætt starfandi einstaklingar rétt á fjölskyldubótum í því landi þar sem þeir eru starfandi óháð því hvar börn, sem eru á framfæri þeirra, eru heimilisföst. Jafnframt ber að draga þær bætur sem greiddar eru í einu landi frá bótum sem greiddar eru vegna sama aðstandanda og á sama tímabili í öðru landi. Í A-lið 69. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt er fjallað um barnabætur. Greinin setur það skilyrði fyrir greiðslu barnabóta að barn sé heimilisfast hér á landi.

Með þeirri breytingu sem lögð er til í 2. gr. frv. verður heimilt að greiða barnabætur með börnum sem eru á framfæri ríkisborgara hins Evrópska efnahagssvæðis sem starfar hér á landi jafnvel þótt börnin séu

búsett í öðrum ríkjum svæðisins.

Um atvinnurétt ríkisborgara hins Evrópska efnahagssvæðis er fjallað í 28. gr. samningsins. Rétturinn er nánar útfærður í reglugerð nr. 1612/68/EBE, þ.e. reglugerð Evrópubandalagsins, um frjálsa fólksflutninga innan bandalagsins. Meginreglan er sú samkvæmt 28. gr. samningsins að ríkisborgunrum svæðisins er tryggð frjáls dvöl á Evrópska efnahagssvæðinu í því skyni m.a. að þiggja atvinnutilboð. Samkvæmt 4. tölul. 28. gr. á greinin ekki við um störf í opinberri þjónustu. Mismunandi er til hvaða starfa opinber þjónusta tekur í EES-ríkjunum og verður að skýra þessa undantekningu þröngt. Af dómum Evrópudómstólsins má ráða að það eru einkum störf sem tengjast eiginlegum stjórnsýslustörfum og öryggishagsmunum sem eru vernduð með þessum hætti. Til þess að undanþágan eigi við verður þannig að vera um að ræða sérstaks trúnaðarsamband milli starfsmanns og hins opinbera en það er á valdi hvers ríkis að skilgreina það.

Í 3. gr. nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er fjallað um almenn skilyrði þess að fá skipun, setningu eða ráðningu í stöðu. Eitt þessara skilyrða er íslenskur ríkisborgararéttur. Þó er heimilt að ráða til bráðabirgða erlenda ríkisborgara ef telja má það sérstaklega eftirsóknarvert. Þar sem aðeins hefur verið um tímabundnar ráðningar að ræða hjá erlendum ríkisborgurum hafa þeir ekki haft ýmis þau réttindi sem íslenskir ríkisborgarar sem eru skipaðir eða ráðnir ótímabundið með uppsagnarfresti hafa svo sem rétt til biðlauna og rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til á 3. gr. laga nr. 38/1954, er ætlunin að tryggja að aðrir ríkisborgarar hins Evrópska efnahagssvæðis sem ráðnir eru til starfa hjá ríkinu geti notið sömu ráðningarkjara og íslenskir ríkisborgarar. Með frv. er ekki verið að veita ríkisborgurum sem falla undir Evrópska efnahagssvæðið rétt til skipunar í starf hjá ríkinu né rétt til starfa hjá ríkinu umfram aðra erlenda ríkisborgara heldur er eingöngu verið að tryggja að þeir sem ráðnir eru á annað borð séu ráðnir með sömu kjörum og íslenskir ríkisborgarar. Veitingarvaldið er þannig í höndum ráðningaraðila eins og verið hefur og yrði hann að meta hvaða kröfur yrði að gera til væntanlegs starfsmanns, svo sem varðandi íslenskukunnáttu og almenna menntun og jafnframt hvort starfið krefjist sérstaks trúnaðarsambands.

Að lokinni 1. umr. óska ég eftir því að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. Ég tel, hæstv. forseti, að það komi skýrt fram í greinargerð hverjar breytingarnar eru. Ég get farið yfir það í stuttu máli. Það kemur fram í greinargerðinni varðandi 1. gr. að þar er lagt til að ólögmætt verði að endurgreiða iðgjöld ef það telst bannað samkvæmt milliríkjasamningunum sem Ísland er aðili að. Ákvæðin munu hafa almennt gildi þannig að þau geti ekki aðeins tekið til ríkisborgara þeirra landa sem tilheyra hinu Evrópska efnahagssvæði heldur einnig ríkisborgara annarra landa sem Ísland hefur eða mun hugsanlega síðar gera milliríkjasamninga við.

Í 2. gr. er kveðið á um að heimilt verði að greiða barnabætur með börnum sem eru á framfæri manna sem starfa hér á landi, annaðhvort sem launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar, jafnvel þótt börnin séu heimilisföst í öðru ríki hins Evrópska efnahagssvæðis. Þetta er auðvitað bundið við það að menn séu í launaðri vinnu og einnig að um frádrátt bóta sem koma erlendis frá sé að ræða.

Loks er í 3. gr. gert ráð fyrir því að þeim sem ráða sig hér sem opinbera starfsmenn eða starfsmenn ríkisins, ef svo skyldi fara, séu tryggð sömu kjör og íslenskum ríkisborgurum. Það skal tekið fram að íslenskur ríkisborgararéttur verður áfram almennt skilyrði fyrir veitingu starfa og ekki verður heimilt að skipa erlenda ríkisborgara í stöðu. Það er almenna reglan.

Virðulegi forseti. Ég ítreka tillögu mína um að málið fái að fara til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er við fyrstu sýn frv. til laga um Lífeyrissjóð sjómanna en ef nánar er gætt að er í raun inni um bandorm að ræða. Það er verið að breyta þrennum lögum.

Nú er það svo að samkvæmt frv. sem við vorum að fjalla um áðan er ætlunin að veita hæstv. menntmrh. heimild með reglugerð til að veita undanþágu á lögum varðandi ríkisfang. Ef það verður samþykkt veit náttúrlega enginn lengur hvaða stefna verður ofan á í þeim efnum, hvort íslenskt ríkisfang verði yfir höfuð nokkurn tíma skilyrði fyrir starfi hér á landi. Ég tel þess vegna að ráðherrarnir gangi ekki í takt þegar þetta er skoðað. Annaðhvort veit hæstv. fjmrh. ekki af þeirri umræðu, sem hér hefur farið fram um reglugerðarvaldið — það var í sambandi við frv. til laga um gagnkvæma viðurkenningu um menntun ríkisborgara í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og á Norðurlöndum — eða þá hitt að hann trúir því að þau ákvæði sem hér eru séu ofar og æðri því sem áður var rætt.

Ég veit að þetta mál á eftir að fara til nefndar. Þar verður farið yfir það efnislega. Mér finnst líka að í þessum spurningum sé ýmislegt sem leiðir hugann að því að við ætlum Íslendingum, sem t.d. flytja af landi brott, misjafnan rétt á Íslandi í framtíðinni eftir því hvort þeir flytja til Evrópu eða hvort þeir flytja til Ameríku. Ég er ekki spenntur fyrir þeim lagasetningarhugmyndum sem hér eru settar fram varðandi þau atriði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisreikningur 1990, 1. umr.

Stjfrv., 243. mál. — Þskj. 312.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1990. Þetta er 243. mál þingsins og er á þskj. 312.

Frv. þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1990 sem lagður var fyrir Alþingi með bréfi fjmrh. til forseta Alþingis í maí 1992. Þetta er í annað sinn sem ríkisreikningurinn er gerður upp með nýjum hætti en í greinargerð og skýringum með A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1989 var gerð grein fyrir breytingum á reikningsskilavenjum sem voru teknar upp og komu fyrst til framkvæmda í því uppgjöri. Var þar um að ræða að færa þá og framvegis í ríkisreikningi allar skuldbindingar ríkissjóðs og stofnana hans sem vitað er um, þar með taldar skuldbindingar vegna lífeyrissjóða, áfallna vexti af skuldum við árslok og hlutdeild ríkisins í stofnkostnaði sameiginlegra framkvæmda með sveitarfélögum.

Þar sem í reikningi ársins 1989 voru færðar uppsafnaðar skuldbindingar margra ára er ríkisreikningur fyrir árið 1990 þannig fyrsti reikningur A-hluta ríkissjóðs sem sýnir tekjur, gjöld og áfallnar skuldbindingar vegna umsvifa A-hluta á viðkomandi ári. Þetta leiðir til þess að reikningstölur ríkisreiknings 1990 eru af þeim sökum ekki samanburðarhæfar við fyrri ár. Næsta ár verður hins vegar á sama grunni og því fyllilega sambærilegt. Þess ber þó að geta að í uppgjöri síðasta árs hafði ekki náðst að færa að fullu uppsafnaðar skuldbindingar fyrri ára eins og að var stefnt svo því markmiði væri náð að breytingar á reikningsskilaaðferðum kæmu aðeins fram í einum reikningi. Þannig eru nú færð yfirtekin eða niðurfelld lán og afskrifaðar kröfur að fjárhæð 4,1 milljarður kr. Af þeirri upphæð eru 2,6 milljarðar eldri skuldbindingar en afgangurinn, 1,5 milljarðar, er vegna ákvarðana sem teknar voru á árinu. Fyrir þessu er nánar gerð grein á bls. 30 í ríkisreikningi.

Frv. er samkvæmt venju í þremur greinum. Í 1. gr. eru sýndar niðurstöður rekstrar- og efnahagsreiknings A-hluta ríkissjóðs. Í 2. gr. eru með sama hætti niðurstöðutölur rekstrar- og efnahagsreiknings B-hluta stofnana ríkisins. 3. gr. felur svo í sér gildistökuákvæði laganna.

Niðurstöðutölur ríkisreiknings sýna að rekstrarhalli ríkissjóðs er u.þ.b. 11 milljarðar og 287 millj. kr. Rekstrarafkoma ríkissjóðs á greiðslugrunni var hins vegar neikvæð um 4 milljarða 446 millj. kr., þannig að rekstrarhalli á reikningsgrunni er 6,8 milljörðum kr. meiri en á greiðslugrunni. Þar vega þyngst yfirtökur skuldbindinga eins og áður sagði.

Tekjur eru alls 2,3 milljörðum kr. hærri í reikningsuppgjöri sem skýrist á því að álagðar tekjur ársins verða hærri en það sem innheimtist á árinu. Af þeirri fjárhæð eru 1,5 milljarðar hækkun beinna og óbeinna skatta. Aðrar tekjur eru 0,8 milljörðum hærri sem einkum skýrast af áföllnum vaxtatekjum og söluandvirði rannsóknarskips.

Frávik á gjöldum eru 9,1 milljarður kr. Er þar í fyrsta lagi um að ræða yfirteknar skuldbindingar, eins og fyrr er getið, að fjárhæð 4,1 milljarður kr. Í öðru lagi eru gjaldfærðar skuldbindingar vegna lífeyrissjóða 2,3 milljarðar kr. umfram greiðslu á árinu. Loks eru áfallnir vextir umfram greidda 2,8 milljarðar kr.

Varðandi frekari greinargerð með niðurstöðu og framvindu ríkisfjármála á árinu vísast til endurskoðunarskýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning 1990 og skýrslu fjmrh. um ríkisfjármál fyrir árið 1990.

Ég vil hins vegar aðeins víkja nánar að uppgjörsaðferðum ríkissjóðs. Eins og hinu háa Alþingi er kunnugt hefur um tveggja ára skeið verið unnið að heildarendurskoðun á uppgjöri og framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga, svo og að tillögugerð um nauðsynlegar breytingar á lögunum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, en þau eru að meginstofni óbreytt frá setningu þeirra árið 1966. Verkefnið er unnið af ríkisreikningsnefnd en hún starfar á grundvelli fyrrnefndra laga og er fjmrh. til ráðgjafar um málefnið. Nefndin er skipuð sex mönnum frá helstu bókhalds- og hagskýrslustofnunum ríkisins, þ.e. ríkisbókara, ríkisendurskoðanda, hagstofustjóra og fulltrúum Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar. Ráðuneytisstjóri fjmrn. er formaður nefndarinnar.

Hér er um mjög viðamikið starf að ræða og breytingar á framsetningu ríkisfjármála snerta marga aðila sem um þau fjalla. Þess vegna hef ég í grg. með síðustu tveimur fjárlagafrv. skýrt frá starfi nefndarinnar þannig að Alþingi hefði á hverjum tíma fullar upplýsingar um starfið og efnistök nefndarinnar.

Eitt verkefni ríkisreikningsnefndar hefur þó fengið meiri umræðu en önnur og vakið deilur milli tveggja aðila nefndarinnar eða fjmrn. og Ríkisendurskoðunar, en það varðar skilgreiningu á greiðsluuppgjöri ríkissjóðs. Vegna eðlis þessa máls get ég ekki látið hjá líða að skýra afstöðu ráðuneytisins til þess þó aðeins sé um að ræða einn hluta af mjög viðamiklu starfi nefndarinnar.

Samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands fer fjmrn. með framkvæmd fjárlaga og undir það heyra einnig bókhaldsleg málefni, þar með talin lög um ríkisbókhald, gerð fjárlaga og ríkisreiknings. Það varðar því ráðuneytið miklu að um uppgjör ríkissjóðs sé fullt traust.

Allt frá því að lögum um bókhald ríkisins var breytt árið 1966 hefur ríkissjóður verið gerður upp með tvennum hætti. Annars vegar er um greiðsluuppgjör að ræða sem notað er innan árs og til samanburðar við greiðsluheimildir fjárlaga og hins vegar rekstraruppgjör eða reikningsuppgjör þar sem færðar eru áfallnar skuldbindingar tekna og gjalda. Framsetning þessara uppgjöra hefur um sumt verið óskýr og því nauðsynlegt að skilgreina grundvöll þeirra og til hvaða þátta þau taka.

Eins og ég sagði í upphafi skilaði ríkisreikningsnefnd tillögu um breytta framsetningu á ríkisreikningi þar sem lagt var til að allar skuldbindingar væru að fullu færðar. Þannig liggja nú þegar fyrir skýrar reglur um reikningsuppgjör og hefur þeim verið beitt við uppgjör ríkisreiknings frá árinu 1989. Ríkisreikningsnefnd fól vinnuhópi, sem m.a. var skipaður fulltrúa frá Ríkisendurskoðun, að gera tillögu um uppgjör ríkissjóðs með tilliti til reiknings og greiðslugrunns. Hópurinn skilaði tillögum sínum til ríkisreikningsnefndar sl. haust og samþykkti hún á fundi sínum haustið 1991

að leggja þær fyrir fjmrh.

Meginniðurstöður nefndarinnar voru þær að báðar uppgjörsaðferðirnar séu mikilvægar og þjóni hvor sínum tilgangi. Þannig ráða ákvarðanir Alþingis um greiðslur mestu um umsvif ríkisaðila á fjárhagsárinu. Stjórn og eftirlit með útgjöldum ríkissjóðs verður auk þess ekki við komið nema fjárlög beri beinlínis með sér ákvarðanir um greiðsluheimildir. Hins vegar taldi nefndin nauðsynlegt að þær skuldbindingar sem ákveðnar eru eða falla til á ári hverju sem hluti eða afleiðing af ríkisstarfseminni séu sýndar í fjárlögum og færðar í ríkisreikning.

Á þessum forsendum lagði ríkisreikningsnefnd til að framsetningu fjárlaga yrði breytt þannig að í stað þess að þau séu eingöngu á greiðslugrunni, eins og verið hefur, verði þau sýnd bæði á greiðslugrunni og reikningsgrunni. Hvort tveggja verður því lagt fram og afgreitt: greiðslur á árinu vegna viðkomandi fjárlagaliða og skuldbindingar sem þeim tengjast. Greiðslugrunnur er skilgreindur sem hreint sjóðstreymi en reikningsgrunnur nær yfir allar kröfur og skuldbindingar á fjárhagsárinu eins og fram kemur á ríkisreikningi. Breyttri framsetningu er ætlað að tengja saman og skýra frávikið í milli þeirra.

Sérstaklega ber því að harma að ýmsir aðilar, þó sérstaklega Ríkisendurskoðun, skuli kjósa að fjalla um greiðsluuppgjör ríkissjóðs með þeim hætti sem hún gerir í nýbirtri skýrslu um framkvæmd fjárlaga 1992 og ala þannig á tortryggni um uppgjörsaðferðir þegar fyrir liggja tillögur ríkisreikningsnefndar um þetta efni sem stofnunin hefur sjálf unnið að.

Í greinargerð sem Ríkisendurskoðun sendi frá sér þann 11. sept. sl. til fjölmiðla er því lýst á hvaða forsendum hún ákvað að breyta um uppgjörsaðferð á árinu 1991 og telja með tilteknar skuldbindingar í greiðsluuppgjöri en það hafði ekki verið gert fram að þeim tíma. Í því gæti falist jafnframt ásökun á hendur fjmrn. að það haldi upplýsingum utan greiðsluuppgjörs sem þar eiga að vera og jafnframt látið að því liggja að með því séu brotin lög um gerð ríkisreiknings. Ekki verður hjá því komist að skýra afstöðu ráðuneytisins til þessa.

Því er fyrst til að svara að ákvæði laga nr. 52/1966, um uppgjör ríkissjóðs, eiga við um ríkisreikning. Þar kemur skýrt fram að hann skuli færa með áföllnum skuldbindingum. Það hefur verið gert frá og með ríkisreikningi 1989. Greiðsluuppgjör ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum byggir á starfsvenjum en um þau gilda ekki jafnótvíræð lagaákvæði og um rekstraruppgjör ríkissjóðs. Til vinnu ríkisreikningsnefndar var einmitt stofnað til að setja fram skilgreiningu á því uppgjöri. Það kemur því á óvart að Ríkisendurskoðun skuli blanda þessu tvennu saman og telja að ráðuneytið færi ekki ríkisreikning í samræmi við tillögur ríkisreikningsnefndar og góðar reikningsskilavenjur.

Ég get út af fyrir sig fallist á að ýmsar vísbendingar megi finna í lögum nr. 52/1966, með síðari breytingum, um að nota beri rekstrargrunnsaðferðina í fjárlögum. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að fjárlög bera með sér greiðsluheimildir eins og þau eru fram sett í dag og er það gert til að uppfyllt sé ákvæði stjórnarskrár þess efnis að ekkert gjald megi greiða úr ríkissjóði nema að fenginni heimild í fjárlögum. Tillaga ríkisreikningsnefndar gerir þess vegna ráð fyrir að báðar uppgjörsaðferðirnar séu sýndar í fjárlögum.

Ég tel hins vegar óráðlegt og hafna því að uppgjör ríkissjóðs sé gert á blöndu af greiðslu- og reikningsuppgjöri eins og Ríkisendurskoðun leggur til. Ef farin er sú leið verður það alltaf matsatriði hvaða skuldbindingar eigi að taka með í reikningsuppgjör og hvaða skuldbinding sé formlega stofnuð. Þannig hefur Ríkisendurskoðun í tillögum sínum aðeins tekið með tilteknar skuldbindingar en sleppt öðrum sem með sama hætti ættu að koma inn. Það hlýtur því að vera hlutverk ríkisreiknings að draga fram allar skuldbindingar en ekki greiðsluuppgjörs.

Það er mat sérfróðra aðila sem um þessi mál hafa fjallað að greiðsluuppgjör beri að skilgreina sem hreint sjóðstreymi. Greiðsluuppgjör ríkissjóðs hefur undanfarin ár verið sett fram með þessum hætti. Það var ákvörðun ráðuneytisins að þar til ríkisreikningsnefnd hefði náð samstöðu um nýja skilgreiningu á greiðsluuppgjöri, yrði þessi uppgjörsháttur hafður á þrátt fyrir minni háttar ágalla.

Það er ábyrgðarhluti að efna til umræðna um afkomu ríkissjóðs og uppgjörs með þeim hætti sem gert hefur verið. Það er til þess eins fallið að grafa undan trausti manna á uppgjöri ríkissjóðs eins og tekist hefur. Að frumkvæði ráðuneytisins hefur á vegum ríkisreikningsnefndar verið unnið að því að endurskoða ýmsa veigamikla þætti sem tengjast uppgjöri ríkissjóðs, bókhaldi ríkisins og framsetningu upplýsinga um ríkisfjármál. Þetta er gert til þess að efla tiltrú manna á upplýsingum um ríkisfjármálin og til samræmingar á upplýsingum þeirra aðila sem um ríkisfjármál fjalla. Ráðuneytið hefur unnið að þessu af fullri alvöru og gengið út frá því að sama ætti við um aðra sem að því hafa komið. Ég tel mikilvægt að starfi ríkisreikningsnefndar verði hraðað þannig að niðurstaða fáist. Ég ákvað því sl. haust að gefa nefndinni frest til seinni hluta næsta árs að ljúka starfi sínu og ganga frá endanlegum tillögum til fjmrh.

Hæstv. forseti. Ég hef kosið að fara yfir þetta mál nokkuð ítarlega og reyndar séð mig tilknúinn til þess til að ljóst sé að það er unnið að samræmingu á þessu sviði og til þess að við getum hér öll í sameiningu náð þeirri niðurstöðu sem öllum ætti að vera fyrir bestu í lok næsta árs þannig að hægt verði að birta fjárlög á báðum grunnunum og síðan verði fært yfir á reikningsgrunn þegar ríkisreikningur verður endanlega birtur.

Þannig er að þetta er fyrsti ríkisreikningurinn fyrir 1990 sem er á sínu formi og ekki hægt að bera hann saman við 1989 þar sem safnað var upp ýmsum skuldbindingum fyrri ára. Frá árinu 1990 ætti síðan að vera hægt að bera saman ríkisreikning á sama grunni.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og fjárln. til frekari umfjöllunar.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get vissulega tekið undir þau markmið hjá hæstv. fjmrh. að bæði fjárlög og ríkisreikningur séu sett þannig fram að bæði almenningur og þingmenn eigi greiðan aðgang að því að bera þær tölur saman. En ég vil spyrja hann hvernig stóð á því að við fjáraukalög fyrir árið 1990, en við erum að ræða ríkisreikning fyrir það ár, var sett inn tæplega 1,5 milljarða kr. upphæð fyrir Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins sem var skuldabréf til a.m.k. tveggja ára. Þar var ekki verið að taka inn greiðslu sem átti að inna af hendi á því ári heldur var þar um að ræða skuldbindingar.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort það er rétt að ég svari fyrirspurninni því hér í salnum er fyrrv. fjmrh. Staðreyndin er sú að Alþingi ákvað að gera þetta með þessum hætti. Það var tillaga þáv. fjmrh. að það yrði ekki gert, en Alþingi, sem hefur auðvitað úrslitavald í þessum efnum eins og öðrum, ákvað að þetta yrði gert og þess vegna var það gert. Þetta er hluti og lýsandi dæmi um þá deilu sem fram hefur farið á milli annars vegar fjmrn. og hins vegar Ríkisendurskoðunar og í seinni tíð fjárln. Þetta er hluti af því sem hv. 8. þm. Reykn. hefur stundum lýst í þingsölum og utan þingsala. Ég hélt að með ræðu minni hefði ég greinilega sagt að við erum að vinna að því að ná sameiginlegri niðurstöðu í þessum málum þannig að í lok næsta árs ætti ekki neinn að þurfa að velkjast í vafa um það hvernig eigi að setja fram og afgreiða fjárlög, fjáraukalög og ríkisreikning.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að vísu rétt að þetta var í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, en fjáraukalögin, sem hér um ræðir með 1,5 milljörðum kr. vegna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, voru samþykkt í janúar eða febrúar árið 1992. Þau voru því ekki samþykkt fyrr en á síðasta vetri. Þau voru samþykkt þegar núv. ríkisstjórnarmeirihluti var við völd og þetta var tekið inn fjáraukalagagerðina að tilhlutan meiri hluta fjárln. á þeim tíma.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Þetta er alveg hárrétt hjá hv. þm. Þetta var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema einu. Það var atkvæði hv. 8. þm. Reykn., Ólafs Ragnars Grímssonar, fyrrv. fjmrh. Hann hélt því síðan fram, eins og menn muna, að ég hefði greitt atkvæði með þessari tillögu en í ljós kom að ég var ekki staddur í þingsalnum. Ég skal láta það koma fram ...(Gripið fram í.) — Ég hefði setið hjá við þá afgreiðslu vegna þess að auðvitað verður það Alþingis að eiga síðasta orðið í þessum efnum. Þessi deila hefur snúist um það hvenær eigi að taka tillit til skuldbindingar.

Ég vil segja það að lokum að þetta er út af fyrir sig ekki stórt mál. Aðalatriðið er að niðurstaðan verði sú að allir geti sætt sig við hana. Ég hélt satt að segja, og það er aðalatriði málsins, að fjmrn. og Ríkisendurskoðun og jafnvel fulltrúar í fjárln. hefðu skilning á því að við yrðum að koma okkur saman um framsetningarmáta á fjárlögum, fjáraukalögum og ríkisreikningi til þess að almenningur í landinu geti áttað sig á því hver sé hin raunverulega staða ríkisfjármálanna á hverjum tíma. Ástæðan fyrir því að ég flutti þessa ræðu með þessum hætti áðan er einmitt sú að koma þessum skilaboðum skýrt til skila sem reyndar hefur verið til skila haldið í greinargerð með fjárlögum og margoft verið rætt á undanförnum fundum. Ég vona að það hafi nú komist verulega til skila.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Kjaradeila sjúkraliða.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og tilkynnt hafði verið hefst nú utandagskrárumræða. Hún fer fram skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaga. Það þýðir að frummælandi og hæstv. ráðherra hafa fimm mínútur hvor í fyrri umferð og tvær mínútur hvor í þeirri síðari. Aðrir hæstv. ráðherrar og hv. þm. hafa hver tvær mínútur tvisvar sinnum ef tími vinnst til, en umræðan má standa í hálftíma. Umræðan fer fram að beiðni hv. 18. þm. Reykv. Hefst nú umræðan og tekur hv. 18. þm. Reykv. til máls.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessar mínúturnar eru vaktaskipti á sjúkrahúsum borgarinnar. Fimmtu vaktina í röð standa deildir sjúkrahúsanna frammi fyrir þeim vanda hvernig hægt verði að sinna þjónustu við sjúklinga meðan kjaradeila sjúkraliða stendur yfir. Ástandið verður alvarlegra með hverri klukkustund sem líður. Aðgerðum er frestað, bráðaþjónustu er haldið uppi eftir því sem hægt er, álagið á starfsfólk er gífurlegt en reynt er að halda uppi lágmarksþjónustu. Svona getur þetta ekki gengið stundinni lengur.

En, virðulegi forseti, það hefur ekki verið boðaður samningafundur milli aðila og eins og er verður ekki annað séð en að deilan muni standa enn um sinn. Það má öllum ljóst vera að starfsstéttir sjúkrahúsanna grípa ekki til þess örþrifaráðs að ganga út af sínum vinnustað til fundarhalda fyrr en allt um þrýtur. Svo mikil er ábyrgð þeirra. Stéttarfélag sjúkraliða hefur verið án kjarasamnings í 15 mánuði. Þeir hafa ekki fengið þær kjarabætur sem annað launafólk samdi um í síðustu kjarasamningum, enda hafa aðeins örfáir samningafundir verið haldnir. Þolinmæði sjúkraliða er einfaldlega þrotin. Kröfur nýstofnaðs Félags sjúkraliða eru í raun einfaldar: 1,7% launahækkun ásamt orlofsuppbót og að félagsmenn úti á landi haldi áunnum réttindum. En þar stendur hnífurinn í kúnni.

Með síðustu breytingum á verkaskiptingu ríkis- og sveitarfélaga gerðist það að allt starfsfólk sjúkrahúsa úti á landi urðu ríkisstarfsmenn. En ýmsir hópar svo

sem sjúkraliðar, meinatæknar og röntgentæknar hafa hingað til verið félagar í starfsmannafélögum hinna ýmsu bæjarfélaga. Víða úti á landi höfðu starfsmannafélögin náð mun betri samningum hvað varðar laun og ýmiss konar réttindi fyrir sitt fólk en gerist hér á höfuðborgarsvæðinu. T.d. má nefna að grunnlaun sjúkraliða á Selfossi eru 15 þús. kr. hærri en í Reykjavík. Á Akranesi er í gildi samningur sem veitir sjúkraliðum þar mun meiri félagsleg réttindi en kollegar þeirra á sjúkrahúsum höfuðborgarinnar njóta.

Þessi mismunandi kjör breyta ekki þeirri staðreynd að sjúkraliðar, sem eru nánast hundrað prósent kvennastétt, eru láglaunastétt. Byrjunarlaun sjúkraliða á dagvakt í Reykjavík eru samkvæmt þeim samningum sem greitt er eftir 52.426 en hæstu laun komast upp í 68.301. Það sér það auðvitað hver maður að á þessum launum er ekki hægt að lifa enda taka þeir sjúkraliðar sem geta mikið af aukavöktum til að ná upp launum.

Ríkisvaldið verður að horfast í augu við þá staðreynd að það tekur við starfshópum sem búa við mismunandi kjör eftir því hvar fólk býr á landinu. Það getur ekki verið meiningin að semja um afnám réttinda og jafnvel launalækkun fyrir sjúkraliða úti á landi, eða hvað? Hvaða afleiðingar hefði það fyrir sjúkrahúsin úti á landsbyggðinni ef slík réttindasvipting ætti sér stað? Hvað kemur í veg fyrir það að mismunandi kjarasamningar gildi á hinum ýmsu stöðum? Er það eitthvert náttúrulögmál að allir verði að hafa sömu laun og sömu réttindi í sömu störfum hjá ríkinu? Það er mjög margt sem mælir með því að fólk í sérhæfðum störfum úti á landsbyggðinni njóti ákveðinna „bestukjara" til að tryggja að t.d. sjúkrahús séu mönnuð sérmenntuðu fólki.

En hvað gerist? Enn einu sinni hefur samninganefnd ríkisins undir stjórn fjmrh., að þessu sinni hæstv. fjmrh. Friðriks Sophussonar, tekist að koma vinnudeilu við ríkisstarfsmenn í algeran hnút. Það virðist vera orðin lenska hjá ríkisvaldinu að bíða þess að allt komist í eindaga. Láta reyna á hörku ríkisstarfsmanna, hóta þeim lögsókn fyrir Félagsdómi, segja að þeir verði hýrudregnir og halda því fram með mæðusvip að ríkið hafi teygt sig til hins ýtrasta í sáttaátt. Lengra verði ekki gengið. Hvað heldur hæstv. fjmrh. að vinnist með svona málflutningi?

Þessi síendurtekna framkoma við ríkisstarfsmenn, hverjir sem þeir eru er ópolandi og ósæmandi íslenska ríkinu. Ég spyr: Hvernig ætla íslensk stjórnvöld að haga launastefnu sinni ef Ísland verður aðili að EES? Heldur hæstv. fjmrh. að svona launastefna og framkoma gangi á opnum vinnumarkaði?

Ég spyr hæstv. fjmrh.: Er það stefna ríkisstjórnarinnar að svipta ríkisstarfsmenn áunnum réttindum? Hver er launastefna þessarar ríkisstjórnar? Telur fjmrh. að sjúkraliðum beri ekki sama launahækkun og öðrum launþegum? Hvað á fjmrh. við með því sem hann lét út úr sér í fjölmiðlum að hann óttist fordæmisgildi þess að viðurkenna réttindi sjúkraliða úti á landi? Er hæstv. fjmrh. sammála þeirri skoðun Birgis Guðjónssonar, formanns samninganefndar ríkisins, að ekki sé hægt að gera tvo samninga við eitt stéttarfélag? Og ég spyr: Hvað ætlar hæstv. heilbrrh. að gera til lausnar deilunni? Ætlar hann að horfa aðgerðalaus á þetta ástand?

Virðulegi forseti. Að mínum dómi er hér á ferð deila sem snýst um áunnin réttindi og sanngjarnar launakröfur. Það getur enginn ætlast til þess að stéttarfélag *semji réttindi af félagsmönnum sínum.* Þessi deila snýst líka um það að Félag sjúkraliða verði viðurkennt sem landsfélag.

Virðulegi forseti. Ég hef margoft lýst þeirri skoðun minni úr þessum ræðustól að það þurfi að stokka upp allt launakerfi ríkisins, ekki síst með tilliti til launakjara kvenna. Það sannast nú enn einu sinni hve þetta launakerfi er handónýtt og óréttlátt.

Ég vil að lokum skora á hæstv. fjmrh. að skipa samninganefnd ríkisins að sjá til þess að boðaður verði samningafundur þegar í stað. Sjúklingarnir geta ekki beðið lengur. Sjúkraliðarnir geta ekki beðið lengur. Annað starfsfólk sjúkrahúsanna og aðstandendur sjúkra geta ekki beðið lengur. Lausn þessarar deilu er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Hæstv. fjmrh., við viljum sjá aðgerðir strax.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að taka undir það sem hv. þm. sagði að ástandið á sjúkrahúsunum er að sjálfsögðu afar slæmt þegar hluti starfsmanna hefur tekið þann kost að ganga út af vinnustaðnum. Undir það vil ég taka. Hv. þm. lagði fyrir mig nokkrar spurningar sem ég mun leitast við að svara.

Í fyrsta lagi spurði hv. þm.: Er það stefna ríkisstjórnarinnar að svipta ríkisstarfsmenn áunnum réttindum? Til að svara þessari fyrirspurn vil ég segja það að þegar starfsmaður skiptir um stéttarfélag þá gengur hann inn í réttindi og skyldur hins nýja félags hvort sem þau eru betri eða verri. Eins og staðan er í dag þá geta sjúkraliðar valið um að vera í Starfsmannafélagi ríkisstofnana, staðbundnu stéttarfélagi eða Sjúkraliðafélagi Íslands.

Í öðru lagi er spurt: Hver er launastefna þessarar ríkisstjórnar? Launastefna þessarar ríkisstjórnar hefur auðvitað markast af þeim efnahagsaðstæðum sem við búum við hér á landi og höfum gert um nokkurt skeið. Kjarasamningar hafa verið með þeim hætti allt frá árinu 1990 að reynt hefur verið sem mest að samræma kjarasamninga. Það var gert af hálfu fyrrv. ríkisstjórnar snemma árs 1990 og það var aftur gert á vordögum á yfirstandandi ári. Og enn er verið að semja við ýmis félög. Þar á meðal hefur verið samið á síðustu vikum við lögreglumenn, lækna og háskólakennara, svo nefndir séu einhverjir til sögunnar.

Það hefur sem sagt verið stefna ríkisstjórnarinnar að fylgja öðrum þeim sem hafa verið að semja um kaup og kjör í landinu á síðustu árum. Alveg sama stefna og ríkti hjá síðustu ríkisstjórn.

Í þriðja lagi er spurt: Telur ráðherra að sjúkraliðum beri ekki sama launahækkun og aðrir hafa fengið? Ég tel að sjálfsögðu að svo eigi að gerast. Við teljum að við höfum boðið sjúkraliðum í þessari kjaradeilu

sömu launahækkun og aðrir hafa fengið og það sem hefur verið boðið í samningum við önnur stéttarfélög.

Þá spurði hv. þm. að því hvers vegna ég óttaðist fordæmisgildi ef samið væri um það að menn gætu tekið með sér áunnin réttindi úr gömlum félögum sínum og fært yfir í nýtt félag. Ég held reyndar að sjúkraliðarnir hafi í bréfi sínu til félmrh. sjálfir svarað þessari fyrirspurn með því að benda á á hvaða hættulega braut er stefnt þegar verið er að semja um mismunandi launasvæði og ólík réttindi eftir því hvar menn starfa á landinu. Undir það vil ég taka. Það er það fordæmisgildi sem þetta gæti haft á aðra samninga sem við eigum eftir að taka þátt í.

Þá er í lokin spurt að því hvort ég sé sammála þeirri skoðun Birgis Guðjónssonar, sem er formaður samninganefndar ríkisins, að ekki sé hægt að gera tvo samninga við eitt stéttarfélag. Nú veit ég ekki hvort Birgir hefur haldið slíku fram en ég get verið sammála honum að því leyti að ég tel að það eigi að vera einn samningur við hvert stéttarfélag og held að ekki sé langur vegur á milli minnar skoðunar í þeim efnum og annarra sem um þessi mál hafa fjallað.

Hv. þm. lauk síðan máli sínu með áskorun á mig um að ég skipað samninganefnd ríkisins að boða strax til fundar. Ég vil láta það koma fram að samninganefnd ríkisins er tilbúin til að koma til fundar við sjúkraliða um leið og látið er af þeim aðgerðum sem nú eru uppi. Við teljum þær aðgerðir ólögmætar. Um það er deila. Þegar slík deila kemur upp höfum við dómstól sem er Félagsdómur og getur skorið úr um hana. En ég hygg að öllum sé fyrir bestu: sjúkraliðum, ríkinu og ekki síst sjúklingunum, ef horfið verður aftur til þess að taka upp kjarasamninga. Það getur gerst um leið og af þessum aðgerðum er látið. (Forseti hringir.)

Virðulegur forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Okkur sem erum í ríkisstjórn ber auðvitað skylda til að halda á hagsmunum samkvæmt lögum. Ef deilur eru uppi um það hvort aðgerðir eru lögmætar eða ekki höfum við dómstól til að skera úr þeim ágreiningi. En ég vil að það komi skýrt fram að við viljum að samningaviðræður geti hafist sem fyrst og það tilboð mun að sjálfsögðu standa.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé óhætt að segja að heilbrigðisstéttir á Íslandi hafi verið seinþreyttar til vandræða. Alla vega þær stéttir sem eru dæmigerðar kvennastéttir. Það sést á launanum. En nú er mælirinn fullur. Ástæðan fyrir því að upp úr sýður er sú að samningar eru ekki í gildi og hafa ekki verið í gildi síðan í febrúar 1991. Þá runnu þeir út. Það er langur tími og það sem verra er að hafa ekki verið fundir með þessum aðilum síðan í júní fyrr en núna síðustu daga.

Bak við lögverndað starfsheiti sjúkraliða liggur þriggja ára sérnám. Eins og kom fram hér áðan eru byrjunarlaun 52 þús. kr. á mánuði og hæstu laun geta orðið 64 þús. kr. Stéttin hefur um 1.500 starfandi félaga innan sinna vébanda. Sjúkraliðar á landsbyggðinni hafa haft heldur betri samninga en á Stór-Reykjavíkursvæðinu, m.a. vegna þess að það hefur verið erfitt að manna stöður sjúkraliða með þeim kjörum sem hafa verið í boði. Þegar verkaskipting ríkis og sveitarfélaga tók gildi árið 1990 var því lofað að kjör yrðu ekki rýrð hjá starfsfólki. Fólk trúði því að við það yrði staðið. En það á greinilega ekki að standa við það. Nú skeður það að sjúkraliðar sem ráða sig út á land fá allt að því 25% lægri laun en þeir sjúkraliðar sem eru þar starfandi. 25% lægri laun. Hvernig haldið þið að það sé að starfa við hliðina á starfsmanni sem er með 25% lægri laun í sama starfi? Það er ekki hægt. Enda hefur það komið fyrir að sjúkraliðar hafa ráðið sig sem ófaglært starfsfólk á sjúkrahúsum og haft þó heldur skárri kjör. (Forseti hringir.) Virðulegur forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. Það sýnir að menntun er einskis metin í þessu sambandi. Það er mjög slæmt. Það er algert skilyrði að staðið sé við þau loforð sem voru gefin varðandi verkaskiptinguna árið 1990.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að hreyfa þessu máli en lýsi jafnframt vonbrigðum með svör hæstv. ráðherra. Mér finnst hæstv. ráðherra berja höfðinu við steininn. Það er einfaldlega þannig að menn leysa ekki deildur með þeim hætti. Ég held að hæstv. fjmrh. eigi að beita sér fyrir því og hafa um það sem fæst orð hvernig hann fer að því að koma viðræðum af stað. Aðferðirnar eru ekki þær sem hann viðhafði hér áðan með yfirlýsingum um lögmæti aðgerða eða annað því um líkt.

Í öðru lagi þýðir ekkert annað fyrir hæstv. fjmrh. en taka tillit til og viðurkenna tilvist þessa nýja stéttarfélags með 2.000 félagsmenn. Það er vonlaust mál fyrir ríkið að ætla að ganga þannig fram eins og það viti ekki af því að hér er orðið til stéttarfélag með samningsumboð og félagatal upp á 2.000 manns. Það er einfaldlega þannig að sjúkraliðar hafa fullan lagalegan rétt til þess að taka sín samningamál í sínar hendur. Ég held að talsmenn ríkisvaldsins verði að gæta sín gagnvart framgöngu sinni í þessari deilu að það verði ekki beinlínis af þeirra hálfu flokkað sem tilraun til íhlutunar sem varði við 4. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur.

Það er enn fremur engin tilviljun að launakjör sjúkraliða sums staðar úti á landsbyggðinni voru betri en á höfuðborgarsvæðinu. Allir landsmenn nema núv. hæstv. ríkisstjórn þekkja ástæðuna fyrir því. Það var til að manna stöður þar sem erfitt var að fá fólk til starfa. Sú aðstaða hefur ekkert breyst. Ástæðurnar bak við þetta launakerfi eru því enn fyrir hendi og hafa ekki gufað upp.

Ég skora á hæstv. fjmrh. að hlutast til um að samninganefnd ríkisins og sjúkraliðar setjist að samningaborðinu á nýjan leik. Það er auðvitað fyrsta skrefið til að leysa þessar deilur. Í öðru lagi er ekki hægt annað en harma það að hæstv. ríkisstjórn skuli endalaust vera í styrjöld í heilbrigðismálum og við heilbrigðisstéttir og byrja þar ævinlega á öfugum enda. Það eru ekki sjúkraliðar og launakjör þeirra sem eru aðalútgjaldavandinn í heilbrigðismálum á Íslandi í dag. Hæstv. rík-

isstjórn er enn einu sinni í styrjöld við vitlausa aðila í þessum málum.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég átti sæti í launanefnd sveitarfélaga á árunum 1986 og 1987. Á þeim tíma var farið inn á nýjar brautir í kjarasamningum sveitarfélaga. Fram að því viðgekkst að gerð aðalkjarasamnings var á vegum samtaka sveitarfélaga en svokallaður sérkjarasamningur fór fram heima í héraði þar sem oft var tekist á um viðbæturnar við aðalkjarasamninginn sem gilti fyrir alla.

Á þessum tíma var fyrirkomulaginu breytt og einungis einn kjarasamningur gerður. Það náðist samstaða með samninganefndum og launanefndum sveitarfélaga að reyna gerð kjarasamnings til lengri tíma en áður tíðkaðist og með nýjum áherslum. M.a. var leitað eftir samfloti ríkisins. En því miður vildu hvorki ríkisvaldið, Reykjavíkurborg né reyndar tvö önnur sveitarfélög úr hópnum vera með í þessu samfloti sem reyndist þegar upp var staðið verða samflot um 18 sveitarfélaga á landinu, þar með talið allra þeirra stærstu utan Reykjavíkur. Gerður var þriggja ára kjarasamningur með ákvæðum um endurskoðun á röðun í launaflokka, þ.e. það var samþykkt og ákveðið að gera starfsmat í öllum bæjunum ásamt ákvæðum um að samræma gerð þessa starfsmats síðar. Þetta var feikilega mikilvægur samningur fyrir alla sem að honum stóðu. Hin mjúku gildi fengu meira gildi en áður við endurröðunina sem ég hef nefnt og ýmis kvennastörf á vegum sveitarfélaga fengu betri röðun.

Fyrsti vandi þess að sömu störf voru ekki flokkuð eins hjá ríki og sveitarfélagi — við þekkjum mörg dæmi um að það hafi verið jafnvel þriggja flokka munur — kom í ljós þegar gerð var breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga fyrir tveimur árum.

Nú þegar sjúkraliðar hafa myndað stéttarfélag og vilja semja í einum hópi veldur þessi mismunur vanda sem erfitt er að leysa við aðstæðurnar í dag. Þá er ég að vísa til þess að flestir launþegar hafa fengið 1,7% hækkun og ef ekki á að brjóta á þeim sem voru hjá sveitarfélögunum yrði að hækka alla upp í launaflokkum.

Virðulegi forseti. Það var mikil samstaða um að meta upp á við umönnunarstörfin hjá sveitarfélögunum á sínum tíma. Því er mjög mikilvægt að finna lausn nú sem dregur ekki úr því mati.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Mér heyrðist hv. flokkssystir hæstv. heilbrrh. tala um að það þyrfti í rauninni að hækka alla. Sé svo styð ég það að sjálfsögðu.

Undanfarið hafa orðið umræður um lögmæti ýmiss konar aðgerða í launa- og kjaramálum. Ég vil byrja á að lýsa því yfir að ég tel aðgerðir sjúkraliða fullkomlega lögmætar og allar tilraunir til að gera þær tortryggilegar og draga samningaviðræður á langinn þar með óréttmætar. Ég tek það fram að sjúkraliðar hafa verið seinþreyttir til vandræða, samningslausir eins og þeir hafa verið. Það hefur glögglega komið fram. Þetta er frámunalega illa launuð kvennastétt og nú er hún loksins búin að fá nóg.

Þetta mál snýst þó ekki síst um félagafrelsi. Ef aðgerðir stjórnvalda verða til þess að Sjúkraliðafélag Íslands verður neytt til að liðast sundur vegna þess að samningsréttur verður ekki hjá því vegna ákvæða laga um hvernig samningsréttur heils stéttarfélags myndast, þá má spyrja hvort slíkur þrýstingur sé lögmætur. Það er nefnilega búið að stilla málinu upp nákvæmlega með þessum formerkjum.

Ísland hefur oftar en einu sinni verið minnt á það að 5. gr. félagsmálasáttmála Evrópu hefur ekki verið virt hér á landi en hún fjallar um félagafrelsi. Þetta þykir lítt lýðræðislegt. Spurningin hefur snúist um rétt fólks til að standa utan stéttarfélaga en við megum ekki gleyma því að þessi grein í félagsmálasáttmála Evrópu snýst fyrst og fremst um rétt fólks til að stofna og vera í stéttarfélögum, ekki síst í þeim tilgangi að semja um kaup og kjör. Ég hlýt að varpa því fram í þessari umræðu til íhugunar hvort þessar deilur við stjórnvöld séu þegar farnar að vera þannig að þær snúist um óeðlilegan þrýsting og að brjóta niður félagafrelsi. Ég hef því miður ekki tímans vegna möguleika á að lesa þessi ákvæði en þau eru hér fyrir hvern sem vill kynna sér þau.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Það skortir á launastefnu hjá hinu opinbera. Það eru sífellt að koma upp vandamál vegna þess að menn gæta ekki að því samræmi sem þarf að vera á launum. Stjórnvöld sinna ekki þeirri kröfu sem af réttlæti og sanngirni er sett fram af hendi launafólks. Aðalástæðan fyrir þeirri deilu sem hér er til umræðu er sú að mörg sveitarfélög á landsbyggðinni höfðu látið fara fram ítarlegan samanburð á störfum sinna starfsmanna, svokallað starfsmat. Niðurstaðan af óvilhöllu mati og samanburði á störfum sjúkraliða við önnur störf leiddi í ljós að sjúkraliðar höfðu verið hlunnfarnir í launum árum saman. Laun þeirra hækkuðu því umtalsvert vegna starfsmatsins og í samningum annarra sveitarfélaga í kjölfarið vegna eðlilegs samanburðar. Þegar breyting varð á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga kom þess vegna upp það vandamál sem hér er við að glíma, þ.e. hið opinbera hefur ekki með sama hætti og sveitarfélögin borið saman störf sinna starfsmanna og þar er sama óréttlætið ríkjandi og áður gagnvart sjúkraliðum. Niðurstaða stjórnvalda í þessu máli hefur orðið sú að allir sjúkraliðar skuli ráðnir á lægstu kjörum. Þá neita menn að horfast í augu við þá staðreynd að endurskoðunar er þörf og ætla að leysa málið með því að brjóta á bak aftur eðlilegar kröfur um að fólk fái að halda umsömdum launum en því lofaði ríkið þegar verkaskiptasamningarnir voru gerðir. Það er mjög alvarlegt mál og bætist ofan á önnur svik sem hafa orðið af hálfu hins opinbera við sveitarfélögin og aðra aðila sem hafa þurft að semja við ríkið. Ég tel þetta reyndar dæmafáa hógværð í kröfugerð sjúkraliða vegna þess að margendurtekinn samanburður á störfum sjúkraliða við störf annarra starfsmanna sveitarfélaganna sannar að sjúkraliðar í

þjónustu ríkisins eru hlunnfarnir í launum. (**Forseti:** Tíminn er búinn.) Virðulegur forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Það skortir á samræmda launastefnu hins opinbera. Hún virðist vera sú ein að kúga fólk til að falla frá eðlilegum kröfum og svíkja samninga og loforð um að fólk eigi ekki að líða fyrir það að færast á milli stofnana.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það er eins með þessa kjaradeilum og margar fyrri sem stéttarfélögin eiga í við ríkisvaldið að hún er komin í sama farveg þar sem ríkisvaldið gengur á undan með hótunum, ásökunum um lagabort og nú síðast frá hæstv. fjmrh. að ekki verði kallaður saman fundur hjá nefndunum nema fólk láti af þessum aðgerðum. Undir slíkum hótunum og boðum um refsingu er auðvitað ekki hægt að starfa.

Það er auðvitað margt annað sem þarna liggur að baki. Það er engin tilviljun hvaða tímasetning er valin á þessar aðgerðir, einmitt á þeim tíma þegar atvinnuleysi er hér meira en nokkru sinni fyrr hefur mælst. Það er auðvitað verið að velja tímasetninguna með tilliti til þess að hræða þá sem við á að semja, að ef fólk verður ekki eins og ríkisvaldinu sýnist skuli menn passa það að þeim verði ekki einfaldlega sagt upp. Ég spyr því hæstv. fjmrh.: Er ekki nær að nálgast þessa deilu með öðrum hætti en hæstv. fjmrh. gerði úr ræðustólnum áðan og setjast niður með þessu fólki og reyna að ná samningum?

Ég man eftir því þegar verkaskipting ríkis og sveitarfélaga fór fram, ég tók þátt í þeirri vinnu, var því lofað að hrófla ekki við þeim kjörum sjúkraliða sem þeir höfðu áunnið sér úti um land. Ég hef líka skilning á því hjá hæstv. fjmrh. að hann vilji samræma kjörin og að það geti verið erfitt að stíga þau skref að hækka einstaka hópa. En auðvitað er hæstv. fjmrh. að byrja á kolröngum enda í þessum efnum. Starfsmenn ríkisins, háttvirtir embættismenn, eru með fjórföld mánaðarlaun miðað við þennan hóp og hafa þar að auki greiðslu á mánuði fyrir óunna yfirvinnu og setu í nefndum sem er jafnhá og þeirra mánaðarlaun. Að ætla að byrja á því að taka þennan hóp einan og sér og samræma kjörin hjá þeim er fráleitt á meðan fólk sem starfandi er í Stjórnarráðinu við hliðina á hæstv. fjmrh. er með áttföld laun miðað við þennan hóp. Það er þar sem á að byrja, hæstv. fjmrh.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið minnst á það að þetta mál á rætur sínar að rekja til síðustu samninga milli ríkis og sveitarfélaga um breytingu á verkefnum þeirra í milli. Við þá breytingu og samningagerð voru reiknuð út fjárhagsleg áhrif af breytingunum, bæði hvað varðar þau verkefni sem fóru til sveitarfélaga og svo aftur þau verkefni sem fóru frá sveitarfélögunum til ríkisins. Ég veit ekki betur og tel raunar fullvíst að kaup og kjör, eins og þau eru úti um landið, hafi verið viðurkennd í þessum útreikningum og að ríkið hafi samþykkt þau þá og síðan í gegnum fjárlög, hvort heldur er um að ræða stofnanir á beinum fjárlögum eða á daggjaldakerfi. Ef ráðuneytið neitar nú að viðurkenna þessi kjör við það eitt að þeir sem vinna þessi störf vilja sameinast í einu stéttarfélagi, sem nær yfir landið allt, er um að ræða verulega stefnubreytingu. Ég tel eðlilegt að stuðla að því að atvinnugreinafélög verði til og samningsréttur verði hjá þeim. Ég tel það í samræmi við þá þróun sem verið hefur á undanförnum árum þar sem samningar um kaup og kjör hafa í æ ríkara mæli færst frá einstökum félögum yfir á atvinnugreinar landsins. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að endurskoða það kerfi sem ríkisvaldið hefur á sínum samningamálum og er afar miðstýrt, svo ekki sé fastar að orði kveðið, og trúlega í ætt við það sem áður þekktist fyrir austan járntjald, að einn aðili heldur um öll samningamál ríkisins um landið allt. Ég tel að menn ættu að leyfa sér að íhuga hvort ekki væri rétt að brjóta upp þennan feril ríkis megin og færa valdið dálítið út um landið í stað þess að hafa það á einum punkti í Reykjavík eins og nú er.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en lýst miklum vonbrigðum með ummæli og svör hæstv. fjmrh. áðan. Þið vitið það öll að það ríkir mjög alvarlegt ástand á sjúkrahúsunum í borginni. Samt leyfir hæstv. fjmrh. sér að segja að það verði ekki kallaður saman samningafundur fyrr en sjúkraliðar láti af aðgerðum sínum. Þetta er auðvitað ekki líðandi. Þessi deila snýst fyrst og fremst um réttindi. Hún snýst um það að sjúkraliðar úti á landi haldi sínum réttindum og að sjúkraliðar í heild fái þá 1,7% launahækkun sem samið var um við annað launafólk fyrr á þessu ári. Mér vitanlega hefur það aldrei tíðkast hér á landi að semja um skert réttindi launafólks. Það hefur heldur ekki tíðkast að semja um launalækkanir síðan á kreppuárunum. Þar af leiðandi gengur það ekki að ætla að knýja þetta stéttarfélag til að semja af sér fyrir félagsmenn sína úti á landi.

Ég skora á hæstv. fjmrh. að sýna örlitla stjórnvisku og kalla saman samningarnefndarfund þegar í stað, fund með deiluaðilum, og hætta þessum hótunum. Því var lofað á sínum tíma að réttindi sjúkraliða og annarra þeirra sem verkaskipting ríkis og sveitarfélaga nær til yrðu ekki skert. Við það á að standa. Hæstv. fjmrh. á næsta leik.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst láta það koma mjög skýrt fram í þessari umræðu að tilboð samninganefndar ríkisins var það að allir, jafnt sjúkraliðar í Reykjavík sem og sjúkraliðar úti á landi sem hafa hærri laun, fengju sömu launahækkanir og allt fólk hefur verið að fá að undanförnu í kjarasamningum. Ef það er einhver misskilningur um þetta vona ég að hann leiðréttist hér með. Ég vil að það komi mjög skýrt fram að það var í samningatilboði samninganefndar ríkisins.

Í öðru lagi vil ég að það komi fram að vandinn snýst einmitt um það sem greinilega kom fram hjá hv. 18. þm. Reykv., sem skilur þetta mál og ég þakka henni fyrir að hefja máls á þessu. Það snýst um rétt-

indi. Það snýst um það hvort eðlilegt sé að fólk í einu félagi taki með sér áunnin réttindi sem eru umfram þau sem það getur fengið í öðru félagi. Ég bið hv. þm. og alla þá sem hlýða á mitt mál að hugleiða það hvernig það fer. Segjum svo að réttindi séu fólgin í frekara orlofi, fleiri veikindadögum o.s.frv. Segjum t.d. að þetta væri í einhverju verkalýðsfélagi þar sem maður ætti heima í Hafnarfirði og flytti til Reykjavíkur. Á hann þá að halda sínum gömlu réttindum en nýju kjörum? Þetta eru vandamál sem við stöndum frammi fyrir. Menn geta komið upp hver á fætur öðrum og sagt: Það er stíð. Það er styrjöld sem ríkisstjórnin hefur efnt til. Menn geta notað orð eins og það að hér sé verið að fara með hótanir. Menn geta sagt að ég sé að kúga sjúkraliða. Þeir sem trúa því geta haldið því fram. Menn geta talað í þessa áttina og sagt: Annars vegar er málstaður réttlætis og sanngirni, hins vegar óbilgirni og ábyrgðarleysis. Svona geta menn talað. Eitt vil ég segja og það er það að ég hef nákvæmlega sama áhuga á því og Sjúkraliðafélag Íslands að fá niðurstöðu. Ég held að það sé hægt og vonast til að það geti tekist á allra næstu dögum. Um það snýst þetta mál. Ég lýsi mig reiðubúinn og ætla ekki að hafa hörð orð um það frekar en ég hef gert áður í þessari viðkvæmu deilu.

Útbýting þingskjals:

Þvottahús Ríkisspítalanna, 277. mál, stjfrv., þskj. 385. — [Fundarhlé.]

Samkeppnislög, 2. umr.

Stjfrv., 9. mál. — Þskj. 9, nál. 348, brtt. 49, 349 og 358.

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til samkeppnislaga. Um þetta frv. hefur verið fjallað mikið í nefndinni og hafa verið fengnar umsagnir frá margvíslegum aðilum sem upp eru taldir í nál. og eins hafa verið kallaðir á fund nefndarinnar margir aðilar sem sömuleiðis er þar getið um.

Ég vil sérstaklega þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir vandaða og faglega umfjöllun um þetta mál. Sú umfjöllun hefur skilað sér í nokkrum brtt. við frv. sem ég held að séu til mikilla bóta og verða til þess að þessi samkeppnislagabálkur, sem við afgreiðum hér væntanlega á næstu vikum, verður með merkari lagasetningu sem þetta þing kemur til með að koma í gegn.

Ég vil taka á tveimur atriðum sem rædd voru í nefndinni en nefndin flytur ekki sérstakar brtt. um. Annars vegar var rætt um það hvort rétt væri að banna svokallaðar leiðbeinandi gjaldskrár. En eins og frv. er sett fram gerir það ráð fyrir því að leiðbeinandi gjaldskrár séu bannaðar. Niðurstaða nefndarinnar var sú að láta það ákvæði frv. standa en taka fram að það er ekki ætlunin að banna athuganir á rekstrarkostnaði í einstökum starfsgreinum.

Hins vegar var rætt um það hvort það ætti að hafa svokallaða minni háttar reglu tengda einhverri ákveðinni hlutfallstölu eða prósentu af markaðshlutdeild. Um þetta er fjallað í 13. gr. frv. Það varð niðurstaða nefndarinnar eftir allmiklar umræður að breyta ekki ákvæðum frv. að þessu leyti og setja ekki nein tiltekin mörk í frv. sjálfu. Hins vegar gerir nefndin ráð fyrir því að samkeppnisráð setji sér slíkar reglur sjálft. Ég mun nú fara yfir þær brtt. sem nefndin gerir.

Við 1. gr. gerir nefndin þá tillögu að markmiðssetning laganna sé aðeins öðruvísi orðuð en kom fram í frv. Markmið laganna verði að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, að vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Þessi þrjú markmið verði markmið laganna.

Við 3. gr. er eftirfarandi brtt.: „Við 2. mgr. bætist: sbr. þó ákvæði XI. kafla um reglur og viðskipti á sameiginlegum markaði Evrópska efnahagssvæðisins.“ 3. mgr. falli brott en í henni var allvíðtæk reglugerðarheimild til ráðherra sem nefndin telur að sé ekki til fyrirmyndar í lagasetningu, þ.e. að slíkar heimildir eigi að vera sem allra minnstar.

Við 4. gr. er brtt. þar sem kemur fram skilgreining á hugtakinu „markaðsráðandi staða“. Markaðsráðandi staða verði skilgreind þannig: „Markaðsráðandi staða er þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.“ Enn fremur að í stað orðsins „endurgreiðslu“ í skýringu hugtaksins „neytandi“ í fyrri mgr. komi: „endurgjaldi“. Í c-lið brtt. stendur: „Í stað orðins „viðskiptaráðherra“ í síðari málsgrein komi: samkeppnisráð.“ Þar er sem sé verið að segja að rísi ágreiningur um hugtök skuli það falla undir samkeppnisráð og síðan sé hægt að áfrýja þeim úrskurði til áfrýjunarnefndar.

Í 5. gr. frv. er fjallað um hlutverk samkeppnisráðs og þar er lagt til í brtt. að hlutverkið verði sem þar segir:

„a. að framfylgja boðum og bönnum laga þessara og leyfa undanþágur samkvæmt þeim,

b. að ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja og óréttmætum viðskiptaháttum,

c. að stuðla að auknu gagnsæi markaðarins,

d. að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaði,“

Þetta er sem sagt fyrst og fremst nánari skilgreining á hlutverki samkeppnisráðs.

Við skipan ráðsins eru gerðar tillögur um breytingar. Nefndin telur rétt að ráðherra skipi í samkeppnisráð fimm menn og jafnmarga til vara en það verði ekki háð tilnefningu utanaðkomandi aðila, svo sem hagsmunasamtaka eins og Vinnuveitendasambandsins og Alþýðusambandsins, en frv. gekk út á það. Síðan er gert ráð fyrir því að skipunartími samkeppnisráðs verði

fjögur ár í senn og að það sé ekki skipt um formann jafnvel þótt ríkisstjórnarskipti verði, eins og gert var ráð fyrir í frv. heldur verði skipunartími fjögur ár. Það telur nefndin rétt með tilliti til þess að meiri festa verði í meðferð mála hjá samkeppnisráði.

Í 7. gr. er gert ráð fyrir að 5. mgr. falli brott þar sem eru sérstakar heimildir til skipunar sérstakra ráðgjafarnefnda en ekki er talin þörf á því að hafa slíkt í lagasetningu.

Við 8. gr. er gert ráð fyrir að stytta frest niður í sex vikur og að ráðherra skipi forstjóra Samkeppnisstofnunar til sex ára að fenginni umsögn samkeppnisráðs og hann stjórni rekstri hennar. Það sem er nýtt í þessu er að umsögn samkeppnisráðs þurfi þarna að koma til.

Við 9. gr., sem fjallar um svokallaða áfrýjunarnefnd, er gert ráð fyrir breytingu þannig að nefndin verði skipuð af ráðherra samkvæmt tilnefningu frá Hæstarétti og að skipunartími hennar sé sá sami og skipunartími samkeppnisráðs. Þetta er breyting frá því sem var í frv. þar sem ráðherra átti að skipa í nefndina.

Við 11. gr. leggjum við til að heimild Samkeppnisstofnunar þurfi til að setja hármarksverð og eins að nýr málsliður komi sem tekur fram að þess skuli gætt að ákvörðun um hámarksverð takmarki ekki óhæfilega svigrúm til álagningar á endursölustigi og valdi ekki hærra verði. Þetta var sett inn til þess að koma í veg fyrir að hægt væri að beita óeðlilegum brögðum til að minnka smásöluálagningu eða það væri í raun verið að halda uppi verði en ekki að lækka það sem er markmiðið með þessari breytingu.

Við 13. gr. er brtt. þar sem „Samkeppnisstofnun" er breytt í „samkeppnisráð". Það er einfaldlega spurning um að það sé ráðið sem fjallar um málið sem þar er um að ræða en ekki stofnunin.

Í 14. gr. er gerð mikilvæg brtt. sem skýrir sig sjálf. Það er ný málsgrein, svohljóðandi:

„Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi."

Við 15. gr. er sú brtt. að í stað orðanna „nytjaleyfishafi og nytjaleyfisnotandi" komi: rétthafi og nytjaleyfishafi. Nefndin fékk um þetta lærða umsögn og þarna mun vera rétt notkun á hugtökum. Orðið „vörumerki" falli síðan síðan brott.

Við 16. gr. eru brtt. þar sem ný mgr. bætist við: „Undanþágur samkvæmt þessari grein mega ekki hamla samkeppni meira en nauðsynlegt er og geta þær verið bæði ótímabundnar og veittar tímabundið. Hægt er að setja frekari skilyrði fyrir undanþágu."

Samkvæmt frv. má samkeppnisráð veita undanþágu frá bannákvæðum samkvæmt 10., 11. og 12. gr. frv. og þar eru skilyrði tekin fram í frumvarpstextanum.

Við fyrri mgr. 17. gr. bætist nýr stafliður, c-liður, svohljóðandi: „óhæfilegri notkun á kaupbæti." Þetta er sett inn vegna þess að felldar eru niður greinar, 26. og 27. gr., þar sem fjallað er um kaupbæti.

Síðan er b-liður í 14. brtt. sem fjallar um að við síðari málslið síðari mgr. komi svohljóðandi viðbót: „enda verði að mati samkeppnisráðs ekki með öðru móti komið í veg fyrir skaðleg áhrif á samkeppni í viðkomandi grein."

18. gr. frv. er lykilgrein í frv. og það sem er kannski hvað mest nýmæli að í þessari lagasetningu. Sú grein er umorðuð fyrst og fremst til þess að fyrirtæki geti leitað álits samkeppnisráðs fyrir fram á því hvort yfirtaka eða samruni brjóti í bága við ákvæði þessara laga. Nefndin vill að greinin orðist svo:

„Telji samkeppnisráð að samruni fyrirtækja eða yfirtaka fyrirtækis á öðru fyrirtæki leiði til markaðsyfirráða þess, dragi verulega úr samkeppni og sé andstæð markmiði laga þessara getur ráðið ógilt samruna eða yfirtöku sem þegar hefur átt sér stað. Samkeppnisráð getur einnig sett slíkum samruna eða yfirtöku skilyrði sem verður að uppfylla innan tilskilins tíma. Sama á við ef eigendur með virk yfirráð í einu fyrirtæki ná virkum yfirráðum í öðru fyrirtæki þannig að slíkt valdi markaðsyfirráðum, hamli samkeppni og brjóti í bága við markmið laganna. Við mat á lögmæti samruna eða yfirtöku skal samkeppnisráð taka tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hefur áhrif á samkeppnistöðu hins sameinaða fyrirtækis.

Ákvörðun um ógildingu skal taka eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að samkeppnisyfirvöldum varð kunnugt um samrunann eða yfirtökuna.

Aðilar sem hyggja á samruna eða yfirtöku geta leitað álits samkeppnisráðs fyrir fram á því hvort samruninn eða yfirtakan brjóti gegn ákvæðum 1. mgr. Hafi samkeppnisráð ekki svarað slíkri fyrirspurn innan sex vikna frá því að samkeppnisyfirvöldum barst hún verður samruninn eða yfirtakan ekki ógilt nema samkeppnisráð hafi verið leynt upplýsingum sem máli skiptu um mat ráðsins á lögmæti athafnarinnar.

Ákvæði 3. mgr. ná einnig til þess þegar eigendur um virk yfirráð í einu fyrirtæki hyggjast ná virkum yfirráðum í öðru fyrirtæki og óska eftir vitneskju um hvort slíkt brjóti gegn 1. mgr."

Þetta er sem sagt lykilgrein í frv. Þarna er auk þess að leita megi fyrir fram álits samkeppnisráðs einnig búið að taka inn tillögu þess efnis að taka þurfi inn í myndina hvort viðkomandi aðili er í alþjóðlegri samkeppni og hvort slík alþjóðleg samkeppni breyti einhverju um eðli málsins.

Við 19. gr. er talað um að komi nýr málsliður en 19. gr. fjallar um að samkeppnisráð eða Samkeppnisstofnun geti fjallað um ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla annarra en beinlínis falla undir það. Ef samkeppnisráð hefur það álit að einhver lög brjóti gegn anda þessara laga á að birta slíkt álit almenningi á fullnægjandi hátt, t.d. með fréttatilkynningu til fjölmiðla eftir að það hefur verið kynnt ráðherra.

Við 23. gr. er lagt til að bætist ný málsgrein svohljóðandi: „Skilmálar þjónustuaðila, sem bjóða þjónustu sína á íslenskum markaði, t.d. flutnings- og

vátryggingaskilmálar, skulu undantekningarlaust vera á íslensku."

Það er lagt til að 26. og 27. gr. falli brott og við ræddum það fyrr. Við 36. gr. eru smávægilegar brtt., þ.e. að í stað orðanna „skal Samkeppnisstofnun afla" komi: aflar Samkeppnisstofnun. Síðan komi nýr málsliður svohljóðandi:

„Samkeppnisráð skal setja Samkeppnisstofnun verklagsreglur um öflun slíkra upplýsinga, meðferð þeirra og birtingu." Hér er átt við að þegar Samkeppnisstofnun gerir verðkannanir og samanburð á verðlagningu á vörum og þjónustu setji samkeppnisráð verklagsreglu til þess að reyna að tryggja eftir sem kostur er að vinnubrögð séu fagleg og gefi eðlilega mynd af þeim markaði sem í hlut á.

Við 37. gr. eru brtt. Síðari málsliður orðist svo: „Skal þess gætt að viðskiptahættir séu sambærilegir hér við það sem almennt gerist í helstu viðskiptaríkjum Íslendinga." Hér er sem sé átt við að greiðslukortastarfsemi hér lúti sambærilegum viðskiptaháttum og annars staðar gerist.

Talað var um að 40. gr. sé óþörf og því falli hún niður.

Við 41. gr. gerir nefndin að tillögu sinni að síðari málsliður síðari mgr. falli brott. Þessi grein fjallar um verðstöðvun. Samkvæmt frv. eins og það var var gert ráð fyrir því að ef hægt væri að framlengja verðstöðvun umfram þrjá mánuði þyrfti þáltill. Nefndin telur að Alþingi muni bregðast við þessu ástandi sjálfstætt og þurfi þetta ekki í lagatextann ef slíkt ástand skyldi skapast sem vonandi verður aldrei.

Í 43. gr. er gert ráð fyrir því að Samkeppnisstofnun þurfi að fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum þegar slíkt er nauðsynlegt.

Við 44. gr. er gerð *smáathugasemd* og brtt. þannig að fyrri mgr. hljóði svo: „Skylt er þeim sem um er beðinn að veita eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og dómstóli EFTA þær upplýsingar sem þessum stofnunum er nauðsynlegt að afla sér til að unnt sé að framkvæma samninginn um Evrópskt efnahagssvæðið og samning EFTA-ríkja um eftirlitsstofnun og dómstól að því er varðar samkeppnismál. Sama gildir um framkvæmd fyrirmæla sem gefin eru með heimild í 51. gr."

Þetta er sem sagt fyrst og fremst spurning um framkvæmd samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði, en hér erum við að fjalla um XI. kafla frv. sem fjallar um áhrif samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði á íslenska samkeppnislöggjöf.

Síðan hefur í 46. gr. orðið smáruglingur þar sem gleymst hefur að segja að framkvæmdastjórn EB ætti í hlut.

Við 47. gr. eru smábreytingar líka, þannig að 1. mgr. verður svohljóðandi:

„Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólnum er heimilt að leggja sektir á fyrirtæki, samtök fyrirtækja eða einstaklinga fyrir brot af ásetningi eða gáleysi á 53., 54. eða 57. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, svo og á ákvæðum bókunar 4 með samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls eða á reglum sem settar eru með heimild í 51. gr. þessara laga." — Síðan kemur þarna ný málsgrein inn: „Sama gildir um framkvæmdastjórn EB og dómstól EB í þeim tilvikum sem þessir aðilar fara með lögsögu máls samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið."

Við 50. gr. eru brtt., þ.e. orðalagsbreyting þar sem vantaði inn í greinina.

Í 52. gr. erum við komin í almenn ákvæði laganna þar sem er verið að fjalla um viðurlög og þess háttar. Þar komi ný málsgrein inn:

„Samningsákvæði, sem teljast hafa efnislegt og efnanlegt sjálfstæði frá þeim ákvæðum sem brutu í bága við bannákvæði laga þessara, teljast þó gild. Ágreiningi varðandi þetta atriði má skjóta til samkeppnisráðs innan mánaðar frá því að samningur var ógiltur skv. 1. mgr."

Hér er verið að taka það fram að það geta verið tilteknin atriði í samningum sem menn gera sem eru ólögleg en önnur fyllilega gild og óeðlilegt að rifta þótt það sé kannski hluti af samningsákvæðum sem eru ólögleg. Síðan eru sett bönd á dagsektir í viðurlagakaflanum og það er brtt. við 54. gr.

Í 55. gr. er verið að takmarka stjórnvaldssektir við 10% af veltu hjá þeirri starfsemi sem í hlut á hjá hverju fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að samkeppnishömlum.

Í 57. gr. hefur orðið ruglingur þar sem orðið „áfrýjun" á ekki að vera heldur: ákvörðun.

Við 60. gr. er brtt. þar sem verið er að vísa í 68. gr. almennra hegningarlaga.

Síðan hafa orðið þau leiðindamistök við samningu frv. að gildistökuákvæði var sett í viðurlagakaflann. Það er tillaga nefndarinnar að á undan gildistökuákvæðinu komi kaflaheiti en það sé ekki hluti af refsiákvæðum laganna að þau taki gildi.

Í 62. gr. er gert ráð fyrir því að lögin taki gildi 1. mars nema XI. kafli laganna sem öðlist gildi um leið og Evrópska efnahagssvæðið.

Síðan koma tvær tillögur um breytingar við ákvæði til bráðabirgða:

„Ákvæði um tímabundna ráðningu forstjóra Samkeppnisstofnunar skv. 2. mgr. 8. gr. gildir ekki um ráðningu þess einstaklings sem skipaður er í starf verðlagsstjóra við gildistöku laga þessara og tekur hann við starfi forstjóra Samkeppnisstofnunar ef hann svo kýs.

Um leið og lög þessi ganga í gildi hættir störfum það verðlagsráð sem skipað var af viðskiptaráðherra 1. nóv. 1991. Þær ákvarðanir verðlagsráðs, sem í gildi eru þegar lög þessi koma til framkvæmda, skulu þó gilda áfram þar til samkeppnisráð ákveður annað."

Ég hef farið yfir þær brtt. sem efh.- og viðskn. hefur orðið sammála um. Undir þetta rituðu allir nefndarmenn en þó með sumir fyrirvara og Steingrímur J. Sigfússon mun flytja brtt. við frv. um takmörkun á eignaraðild í samgöngufyrirtækjum og síðan mun einnig vera á leiðinni tillaga til breytinga frá Inga Birni Albertssyni sem var ekki viðstaddur endanlegan frágang málsins.

Ég vil endurtaka þakkir mínar til nefndarmanna fyr-

ir mjög góða samvinnu í vinnslu þessa máls og vona að þetta frv. verði að lögum fyrir jólin því þetta er sannarlega tímamótalöggjöf í viðskiptum á Íslandi.

Útbýting þingskjals:
Samkeppnislög, 9. mál, brtt. IBA, þskj. 395.

Halldór Ásgrímsson:
Virðulegi forseti. Eins og fram kemur á nál. þá rita ég og hv. 6. þm. Norðurl. e., Jóhannes Geir Sigurgeirsson, undir nál. þetta með fyrirvara.

Við höfum unnið að þessu máli um alllangt skeið og ég vil taka undir það með formanni nefndarinnar, hv. 5. þm. Norðurl. v., að samstarf um þetta mál hefur verið til fyrirmyndar. Það hefur verið málefnalegt og það hefur verið farið mjög vel í þetta frv. Það hafa verið gerðar mikilvægar breytingar á frv. og ég tel að þessar breytingar taki tillit til þess að samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja er ekki góð um þessar mundir og þær taka líka tillit til þess að nú þurfa íslensk fyrirtæki í meira mæli að taka þátt í alþjóðlegri samkeppni og má segja að sú gagnrýni, sem kom fram á frv. upphaflega, hafi ekki síst beinst að þeim staðreyndum. Ég þarf ekki að fara yfir þær brtt. sem nefndin gerir og formaður nefndarinnar hefur gert ítarlega grein fyrir. Ég vil aðeins nefna nokkur meginatriði í því sambandi.

Í fyrsta lagi að því er varðar stjórnsýsluna. Þar hafa verið gerðar mikilvægar breytingar sem gera ráð fyrir því að samkeppnisráð sé eins óháð í störfum sínum og nokkur kostur er þótt ekki verði hjá því komist að það starfi á ábyrgð viðskrh. Viðskrh. skipar samkeppnisráð en það eru gerðar kröfur um það að í því starfi aðilar sem hafa sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum og séu óháðir fyrirtækjum og samtökum sem lögin taka til. Ég vil leggja mikla áherslu á þetta ákvæði laganna og treysti því að hæstv. viðskrh. taki tillit til þessara atriða í einu og öllu því það er afar mikilvægt strax í upphafi að samkeppnisráð hafi fullt traust og hafi traust allra þeirra aðila sem þurfa að sætta sig við afskipti þess og úrskurði. Samkeppnisráð kemur til með að fá veruleg völd. Það má segja að þessi völd séu nauðsynleg til að ráðið geti sinnt því mikilvæga verkefni sem það á að sinna en til þess að þar fari allt vel úr hendi er það lykilatriði að það hafi traust aðila sem starfa í atvinnulífinu og jafnframt traust neytenda.

Gert er ráð fyrir því að með samkeppnisráði starfi í fyrsta lagi nefnd sem nefnist auglýsinganefnd og ýmsir aðilar hafa lagt verulega áherslu á að starfi með samkeppnisráði. Ég hef verið þeirrar skoðunar að það væri fullnægjandi að samkeppnisráð fjallaði jafnframt um þetta mál og kallaði þá til aðila eftir því sem við á ef á þarf að halda. Það hefur hins vegar orðið niðurstaða að það sé rétt að leggja sérstaka áherslu á þennan þátt málsins sem reyndar er gert í 21. og 22. gr. laganna og það var því niðurstaða nefndarinnar að gera þetta með þeim hætti sem hæstv. ráðherra lagði til.

Að því er varðar áfrýjunarnefnd samkeppnismála þá hafa verið gerðar þar mjög mikilvægar breytingar en þessi áfrýjunarnefnd er skipuð af ráðherra samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar og er þá enn betur tryggt en áður var að ef um ágreining verður að ræða sé það óháður aðili sem úrskurðar í slíkum málum. Það kemur á engan hátt í stað þess að auðvitað geta aðilar leitað til dómstóla með venjubundnum hætti, en þar sem hér er um að ræða mikilvægan málaflokk þar sem nauðsynlegt er að úrskurðir liggi fyrir eins skjótt og nokkur kostur er þá er nauðsynlegt að þessi sérstaka áfrýjunarnefnd starfi.

Ég vil taka undir með framsögumanni nefndarinnar þegar hann lagði áherslu á 18. gr. frv. en ég tel í reynd að þar sé um að ræða merkustu breytingarnar á þessu frv. Þar er gert ráð fyrir því, eins og var gert upphaflega, að samkeppnisráð fái það mikla vald að ef um er að ræða sameiningu fyrirtækja og það verður til þess að draga verulega úr samkeppni, sem er andstætt anda þessara laga, þá sé hægt að ógilda samrunann eða yfirtökuna sem þegar hefur átt sér stað. Þetta er mjög mikilvægt ákvæði en að sjálfsögðu er það mjög vandmeðfarið. Það hefur verið bætt inn í greinina því mikilvæga atriði sem kemur fram í þessari grein sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Við mat á lögmæti samruna eða yfirtöku skal samkeppnisráð taka tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hefur áhrif á samkeppnisstöðu hins sameinaða fyrirtækis."

Við verðum að viðurkenna að íslensk fyrirtæki eru mjög smá á alþjóðlegum mælikvarða. Íslensk fyrirtæki þurfa í meira mæli að hasla sér völl á alþjóðlegum markaði og til þess að þau standist slíka samkeppni þurfa þau að styrkja stöðu sína og áreiðanlega mun til þess koma að ýmis fyrirtæki hugi að sameiningu.

Það er ekkert nema gott um það að segja og ætti ekki að hafa nema góð áhrif hér innan lands ef þessi fyrirtæki eiga í alþjóðlegri samkeppni og fá aðhald með þeim hætti. Auðvitað er erfitt að sjá það nákvæmlega fyrir hvernig þetta muni geta gerst en nefndinni þótti nauðsynlegt að taka af öll tvímæli um þetta atriði.

Þá er komið inn það mikilvæga atriði, eins og kemur fram í 18. gr., með leyfi forseta:

„Aðilar, sem hyggja á samruna eða yfirtöku, geta leitað álits samkeppnisráðs fyrir fram á því hvort samruninn eða yfirtakan brjóti gegn ákvæðum 1. mgr."

Það er afar þýðingarmikið fyrir fyrirtæki sem hyggja á sameiningu að vita eitthvað um það hvernig slík sameining kynni að verða túlkuð af samkeppnisráði samkvæmt þessum væntanlegu lögum.

Við getum tekið sem dæmi að á okkar litla markaði starfa á sumum sviðum afar fá fyrirtæki en þessi fáu fyrirtæki veita hvert öðru oft og tíðum aðhald sem er nauðsynlegt til að halda verðlagi í skefjum og koma í veg fyrir einokunaraðstöðu. Það má taka dæmi af þessu í flutningastarfsemi. Ef eitthvert fyrirtæki mundi hugsanlega vilja sameinast fyrirtæki á þessu sviði gæti það áður en til samrunans kæmi leitað eftir því hvort slíkt gæti gengið samkvæmt þessum lögum. Það er alveg ljóst að ef það væri alveg ljóst að eftir slíka sameiningu væri samkeppni sáralítil í flutningastarfsemi þá

mundi það ekki samrýmast anda þessara laga og samkeppnisráð gefa út álit í samræmi við það. Við getum líka tekið sem dæmi að ef okkar þrjú olíufélög vildu sameinast er alveg ljóst að þá fengi það eina olíufélag, sem yrði starfandi eftir slíka sameiningu, einokunaraðstöðu hér á markaði og vart hægt að halda því fram að aðilar væru undir miklu aðhaldi frá erlendum aðilum því Íslendingar fara ekki í stórum mæli t.d. með bíla sína til að taka bensín á þá í öðrum löndum, svo eitthvað sé nefnt. Það mundi því að sjálfsögðu brjóta gegn anda þessara laga þannig að ég tel að hérna sé komið tæki sem megi beita með áhrifaríkum hætti til að koma í veg fyrir einokunaraðstöðu fyrirtækja á íslenska markaðinum.

Hins vegar skiptir öllu máli hvernig þessu er beitt og um það er erfitt að fullyrða fyrir fram og því legg ég á það áherslu að eftir hæfilegan tíma sé rétt að endurskoða þessa löggjöf á nýjan leik í ljósi reynslunnar. Ég tel þetta vera mikilvæga löggjöf, eins og hún er hér orðin, en það hlýtur samt að vera nokkur óvissa um það hvernig hún muni reynast og hlýtur þess vegna eins og öll önnur löggjöf að koma til endurskoðunar á Alþingi þótt ég hafi ekki séð neina sérstaka ástæðu til þess að setja um það ákvæði í löggjöfina sjálfa eins og oft er gert. Ég hef enga fyrirframskoðun á því hvenær það skuli gert eða hvernig heldur einungis að að því skuli hugað í ljósi reynslunnar þegar þar að kemur.

Að því er varðar þann fyrirvara sem við setjum í nefndarálitið þá er ljóst að einn kafli þessarar löggjafar fjallar um framkvæmd samkeppnisreglna og fleira samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þar er fjallað um eftirlitsstofnun EFTA og dómstól EFTA og þar eru ákvæði sem hafa verið til mikillar umfjöllunar að undanförnu í ljósi þess að við höfum átt í samningum um hið Evrópska efnahagssvæði. Mér er alveg ljóst að nauðsynlegt er að það sé fyrir hendi úrskurðaraðili í ágreiningsefnum að því er varðar samninginn. Engin leið er að koma á slíkum alþjóðlegum samningi nema slíkur úrskurðaraðili sé fyrir hendi. Hins vegar hefur komið fram að á því er mikill vafi hvort slíkt framsal á valdi standist stjórnarskrá okkar og mjög margir lögfræðingar hafa sett fram skoðanir um að sá vafi sé fyrir hendi. Sumir hafa gengið svo langt að halda því fram að það standist alls ekki. Aðrir halda því fram að rétt sé að taka af allan vafa með því að breyta stjórnarskránni. Það hefur jafnframt komið fram hjá þeim lögfræðingum sem ríkisstjórnin fékk til þess að fara yfir málið að trúlega muni koma til þess þótt þeir telji ekki nauðsynlegt á þessu stigi að slík breyting eigi sér stað. Hér er því greinilega tekin áhætta sem ríkisstjórnin hlýtur að bera ábyrgð á og fyrirvari okkar Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, hv. 6. þm. Norðurl. e., lýtur að þessu atriði málsins. Að öðru leyti mælum við með að frv. þetta verði samþykkt og leggjum á það áherslu að það hljóti afgreiðslu sem fyrst því að við teljum að hér sé um merka breytingu á lögum um samkeppni að ræða.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það fer vel á því að við Íslendingar skulum gera að lögum nútímaleg ákvæði um samkeppni sem m.a. innihalda ákvæði sem eiga að tryggja virka samkeppni á markaði og hindra markaðsyfirráð og yfirtökur fyrirtækja í því skyni að koma í veg fyrir skaðlega einokun og annað. Nú árið 1992 eru rétt rúm 100 ár liðin síðan fyrsta löggjöf af þessu tagi sem markaði mikil tímamót tók gildi. Það var þegar hringalöggjöfin bandaríska, stundum kennd við Sherman nokkurn, tók gildi árið 1890 og æ síðan hafa í amerískum lögum og síðan í framhaldinu á fyrstu áratugum þessarar aldar víða annars staðar verið í gildi í löggjöf ákvæði af þessu tagi, víðast hvar annars staðar á Vesturlöndum fyrir utan Ísland þar sem lagaákvæðum af þessu tagi hefur verið ákaflega áfátt. Lítil umræða farið fram um það hér á landi á hverju menn ætluðu að byggja nauðsynlega vernd og nauðsynlegar tryggingar gagnvart því að nægjanleg samkeppni væri fyrir hendi þar sem því fyrirkomulagi, frjálsri samkeppni, væri ætlað að tryggja frjálsa verðmyndun. Ég held að við Íslendingar höfum verið afskaplega hálfvolgir í þessum efnum, auðvitað af ýmsum ástæðum sem eru ósköp skiljanlegar. Menn hafa að nafninu til talið sig eiga að byggja á samkeppnisforsendum í viðskiptalífi en hafa þó aldrei verið nema eins og hálfvolgir í þeim efnum.

Ég hef alllengi verið þeirrar skoðunar eftir að ég fór að hugsa um þessi mál að við hefðum að mörgu leyti verið með versta fyrirkomulag sem hægt er að hafa í þessum málum, þ.e. það hefur átt að heita svo að hér væri frjáls samkeppni og frjálst verðlag og samkeppnin tryggði verðmyndunina með fullnægjandi hætti. Menn hafa hins vegar meira og minna lokað augunum fyrir því að svo er alls ekki nema á mjög afmörkuðum sviðum og þegar maður fer að hugsa málið er kannski erfitt að finna í íslenskum viðskiptum yfir höfuð eitt einasta svið þar sem þetta gildir nokkurn veginn með fullnægjandi hætti nema ef vera skyldi smásöluverslun í Reykjavík. Í raun og veru er fátt annað í viðskiptum okkar í landinu sem ég held að megi segja með sæmilegum rétti að standist fullkomlega í öllu tilliti kröfurnar um þannig samkeppnisumhverfi að því megi treysta að sæmilega heilbrigð, frjáls verðmyndun og nægjanleg samkeppni tryggi heilbrigt ástand. Þetta finnst mönnum kannski nokkuð mikið sagt en ég gæti út af fyrir sig fært veruleg rök fyrir þessu ef menn vilja. Er t.d. almennt nægjanleg samkeppni í verslun úti um landsbyggðina til þess að hægt sé að fullyrða að þar sé eðlileg verðmyndun og samkeppni tryggi mönnum hóflega álagningu, komi í veg fyrir það ef einhver vill misnota aðstöðu sína og raka til sín gróða í krafti þess að hann hefur nánast einokunaraðstöðu? Ég óttast því miður að meira og minna öll vöruverslun úti um landið yrði dæmd af ef hún yrði lögð undir slíkan dóm. Er hérna fullnægjandi samkeppni í tryggingarstarfsemi, olíudreifingu, bankastarfsemi o.s.frv. til þess að við getum sagt með fullum rétti: Þetta er í lagi, það er eðlileg verðmyndun í þessari þjónustu út um allt land vegna þess að það er nægjanleg samkeppni? Svari sér hver sjálfur. Í velflestum byggðarlögum utan nokkra stærstu kaupstaðanna er ein bankastofnun svo

dæmi sé tekið og þannig má áfram telja.

Mér er það mjög ljóst og vonandi fleirum að löggjöf af þessu tagi breytir ekki hinum efnislegu aðstæðum á Íslandi. Þær verða áfram fyrir hendi. Hér verður áfram þröngur markaður og lokaður, hér verður mikið strjálbýli og fámenni o.s.frv. En þá er það nú engu að síður þannig að það er a.m.k. gott að menn opni augun og geri sér grein fyrir því í hvernig umhverfi þessi mál eru. Það held ég að sé að nokkru leyti gert með þessu frv., það sé til bóta í þeim efnum að segja má að það skilgreini aðstæður og forsendur samkeppni og hvenær hún teljist fullnægjandi og hvenær ekki. Að vísu er með þessu frv. ekki nema hálf sagan sögð þótt að lögum verði. Það sem mun mestu máli skipta er hvort hið nýja samkeppnisráð beitir heimildum þessara laga þannig að það komi neytendum að gagni vítt og breitt um landið. Lögin geta að sjálfsögðu orðið steindauður bókstafur og þess vegna skipt sáralitlu eða engu máli ef þeim verður ekki beitt þannig að af þeim verði gagn. M.a. þess vegna hef ég talað fyrir breytingu á þessu frv. sem hefur vegna prentunarmistaka því miður ekki náðst inn en ég held að ég megi fullyrða það hér fyrir hönd nefndarinnar að við vorum öll sammála orðin um að gera slíka breytingu og það verður þá að leysa úr því annaðhvort með flutningi viðbótarbrtt. við þessa umræðu eða þá 3. umr. Það varðar upphaf 17. gr. laganna og það er best að ég byrji þá á því. Þar sem ég taldi að við hefðum orðið sammála um að til viðbótar þeim skilyrðum eða aðstæðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að samkeppnisráð geti beitt íhlutun eða gripið til aðgerða þyrftu einfaldlega að koma aðstæður sem geta verið fyrir hendi í viðskiptalífinu og gera það að verkum að samkeppnisráð verður að grípa til ráðstafana. Upphaf 17. gr. hljóðar svo í frv., með leyfi forseta:

„Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum og athöfnum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Hin skaðlegu áhrif geta m.a. falist í:" og svo er það talið upp og íhlutunin getur falið í sér bann fyrirmæla eða heimild með ákveðnum skilyrðum. M.a. getur hún falið í sér að samkeppnisráð grípi til ákvörðunar um verð og viðskiptakjör.

Þegar við fórum að athuga þetta betur sýndist okkur að inn í þessa grein vantaði heimild til handa samkeppnisráði til að bregðast við, ekki vegna einhverra sérstakra tiltekinna ákvarðana í fyrirtæki, ekki vegna samninga sem fyrirtæki hafi gert, ekki vegna einhverra skilmála eða athafna sem lægju fyrir og hægt væri að vísa í, heldur einfaldlega vegna aðstæðna sem menn gætu staðið frammi fyrir og kölluðu á það að gripið væri til aðgerða. Þar sem ekki hefði komið til yfirtaka á fyrirtæki eða ákvörðun um breytingu á verðlagningu eða annað því um líkt og um slíkar aðstæður sem einfaldlega eru eða geta þróast er unnt að taka mörg dæmi. Nefndin varð sammála um það að til þess að samkeppnisráðið væri ekki hindrað við slíkar aðstæður á grundvelli þess að 17. gr. væri of takmarkandi þyrfti þarna að koma til breyting sem bætti við orðinu „aðstæður" eða „ástand". Og ég vona að um þetta sé samstaða og þá tel ég það mjög mikilsverða viðurkenningu á þeim sérstöku aðstæðum sem við getum búið við hér á Íslandi í fámenni okkar og einangrun og með tilliti til þess hvað markaður okkar er lítill og sérhæfður.

Ágætt dæmi um þetta er sementsverslun í landinu og sú staðreynd að Sementsverksmiðja ríkisins er í fullkominni einokunaraðstöðu án þess að hafa einkaleyfi ósköp einfaldlega vegna þess að fjarlægðarverndin sem hún nýtur og sú staða sem fyrirtækið hefur náð að byggja hér upp með dreifingarkerfi sínu og öðrum aðstæðum hefur skapað því fullkomna einokunaraðstöðu en það er ekki hægt að vísa í neina einstaka ákvörðun stjórnar Sementsverksmiðjunnar. Sementsverksmiðjan hefur ekki keypt neitt fyrirtæki. En þessar aðstæður gætu þróast þannig að menn segðu: Það er óhjákvæmilegt að grípa í taumana. Fjölmargar aðrar slíkar aðstæður mætti tilgreina.

Hæstv. forseti. Mér finnst mjög tímabært og þó fyrr hefði verið að við setjum löggjöf af þessu tagi, sæmilega myndarlega og heildstæða samkeppnislöggjöf Íslendinga rúmum 100 árum eftir að fræg ákvæði komu lög í öðrum löndum þessu skyld.

Ég vil svo segja um starf nefndarinnar og þær brtt. sem hér liggja fyrir að ég tel að nefndin hafi unnið mjög vel að málinu, lagt í það ótrúlega mikla vinnu miðað við erfiðar aðstæður því að eins og hv. alþm. er sjálfsagt kunnugt, þá liggur ýmislegt fleira fyrir efh.- og viðskn. Svo ánægjulegt sem það nú er þá hefur orðið samstaða um þessar breytingar nánast án undantekninga og ég get því gert langt mál stutt með því að vísa í fyrsta lagi í framsöguræðu formanns nefndarinnar og það sem hann sagði hér um einstakar brtt. og sömuleiðis látið það nægja sem rökstuðning að í þessari ágætu nefnd hafi tekist samstaða um að gera þessar breytingar á frv. eftir mjög vandlega athugun. Ég ætla ekki að fara að flokka þær upp. Kannski má segja að þessar brtt. séu mismerkilegar, sumar eru minni háttar lagfæringar eðli málsins samkvæmt. Aðrar eru talsvert veigamiklar efnisbreytingar en ég ætla að leyfa mér að ræða um þær lítillega út frá því frv. til breytinga á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti sem ég hef verið flm. að í þinginu undanfarin tvö ár eða svo og sömuleiðis þeim brtt. sem ég lagði fram í upphafi þessa máls, þ.e. þegar frv. hafði komið fram í haust. Ein ástæða þess að ég stend að áliti nefndarinnar og er flm. að þessum brtt. er náttúrlega sú að ég er í öllum aðalatriðum mjög sáttur við það hvaða meðhöndlun þær ábendingar og brtt. sem ég kom með hafa fengið í þessari vinnu. Ég fagna því t.d. að það náðist samstaða um að setja inn í frv. skilgreiningu á því hvað teljist markaðsráðandi staða fyrirtækis. Í 1. umr. málsins gagnrýndi ég það að ég teldi það veikleika í frv. að ekki væri fyrir hendi til stuðnings samkeppnisráði í sínum störfum einhver tilraun til skilgreiningar á þessu mikilsverða hugtaki. Hún er komin hér inn í 3. brtt. nefndarinnar og ég held að hún sé alveg viðunandi. Ég tel tvímælalaust að það styrki stöðu samkeppnisráðs að taka á málum að hafa þessa skilgreiningu þarna inni.

Ég tel einnig að breytingarnar sem gerðar eru á 1.

gr. séu til bóta. Lögð er meiri áhersla á það hlutverk samkeppnisráðs að vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum en áður var og í þriðja lagi er komið inn nýtt ákvæði sem á að auðvelda aðgang nýrra keppinauta á markaðnum, sem er mjög mikilsvert, og þar með er það beinlínis orðið tilgangur laganna og hlutverk samkeppnisráðs að tryggja að eðlileg samkeppni og nauðsynleg endurnýjun geti átt sér stað m.a. í gegnum innkomu nýrra aðila á þetta svið viðskipta. Og hvað með það að setja sambærilegt ákvæði inn í kvótalögin þar sem búið er að loka heilli atvinnugrein?

Í þriðja lagi hefur talsvert verið rætt um spurninguna um skilgreiningu varðandi hlutdeild á markaði, bæði svonefnda minniháttarreglu og eins hugsanlega ákveðið hámark sem rætt var um og er að finna í brtt. mínum. Niðurstaðan varð sú að slíkt verður ekki að finna í lögunum sjálfum en ég vænti þess að formaður hafi, eins og um var rætt í nefndinni, gert grein fyrir því hvernig það var hugsað af okkar hálfu að samkeppnisráð mundi sjálft setja sér reglur í þessu efni og ég held að það sé mjög skynsamlegt. Það er nefnd talan 15% markaðshlutdeild sem minniháttarregla, þ.e. að samkeppnisráð mundi ekki ergja sig með því að hafa áhyggjur af hræringum sem væru í hópi aðila hverra markaðshlutdeild væri undir þessum mörkum. Þetta held ég að gæti einfaldað starf ráðsins. Með nákvæmlega sama hætti tel ég að hámark gæti auðveldað starf ráðsins og einfaldað. Það mundi með sama hætti ósköp einfaldlega hafa þau áhrif að meðhöndlun fyrirtækja, sem færu yfir tiltekin mörk í markaðshlutdeild, breyttist sjálfkrafa. Það mundu loga gul aðvörunarljós og slíkir aðilar færast undir aukið eftirlit um leið og þeir yfirstigju þessi mörk. Ég hef nefnt dæmið um smásöluverslun hér á höfuðborgarsvæðinu og sameiningu verslanakeðjanna Hagkaup og Bónus, þá vildi nú svo skemmtilega til að þau mörk, sem ég hafði í huga, 33%, voru að fróðra manna sögn yfirstigin akkúrat með þessari sameiningu. Meira en þriðjungur smásöluverslunar á höfuðborgarsvæðinu komst í hendur þessarar keðju á sl. sumri og hefði slíkt ákvæði verið í lögum eða í vinnureglum samkeppnisráðs, sem hefur fullkomlega heimild til að setja sér slíkar reglur, hefði þessi keðja færst undir aukið eftirlit við þessa breytingu.

Þá ætla ég að koma að brtt. sem ég flutti í fjórða lagi á þskj. 49, þ.e. 4. brtt. þar og var svohljóðandi á því þskj.: „Fyrirtæki, sem telst markaðsráðandi á einu sviði samgangna, er óheimilt að vera ráðandi aðili eða eiga stærri eignarhlut en 25% í öðrum fyrirtækjum sem starfa að samgöngum."

Nú er þar til að taka að þetta er eina brtt. á þskj. 49 frá mér sem alls ekki náðist nein efnisleg samstaða um hvernig meðhöndla skyldi í efh.- og viðskn. Meiri hlutinn þar féllst ekki á að taka þessa tillögu inn eða meðhöndla hana með öðrum þeim hætti að ég taldi fullnægjandi. Þess vegna varð að samkomulagi að ég mundi halda til streitu þessari einu tillögu en mun hins vegar kalla aftur við atkvæðagreiðslur aðrar brtt. á þskj. 49 með vísan til þess að ég er bærilega sáttur við hvernig meðhöndlan þær fengu í nefndinni þó að þær hafi auðvitað ekki allar náð fram að ganga og alls ekki allar orðrétt eða efnislega óbreyttar. Það er ekki aðalatriði málsins því að að sjálfsögðu get ég fallist á það í sumum tilvikum að þær séu teknar til greina með einhverjum öðrum hætti eða fallist á rök um að önnur tilhögun sé heppilegri. Ég hef þess vegna endurflutt þessa brtt. á þskj. 358 og lítillega breytta. Eftir nánari athugun málsins hef ég talið skynsamlegra að orða hana svo, með leyfi forseta:

„Við IV. kafla frv. bætist ný grein er verði 17. gr. og orðist svo:

Fyrirtæki, sem telst markaðsráðandi á einu sviði samgangna, er óheimilt að vera ráðandi aðili eða eiga stærri eignarhlut en 25% í öðrum markaðsráðandi fyrirtækjum sem starfa að samgöngum."

Þessi tillaga gengur nú dags daglega undir nafninu kolkrabbatillagan svona til að menn hafi vinnuheitið á henni. Það er rétt að taka fram að IV. kaflinn þar sem þessi grein mundi koma er um bann við samkeppnishömlum. Síðan yrði í öðru lagi við gildistökuákvæði frv. bætt ákvæði sem kæmi þá í 62. gr. svohljóðandi: „Í því skyni að veita hæfilegan aðlögunartíma skulu ákvæði 17. gr. þó ekki öðlast gildi fyrr en 1. janúar 1995." Þetta mundi gefa tveggja ára aðlögunartíma að þessu tiltekna ákvæði laganna ef samþykkt verður.

Með því sem nú er lagt til með þessari brtt. á þskj. 358 og sem kemur í staðinn fyrir brtt. á þskj 49 er í raun og veru tekið á þessum málum með enn afmarkaðri hætti en áður og eingöngu sagt: Markaðsráðandi fyrirtæki á einu sviði samgangna getur ekki verið ráðandi aðili eða átt stærri eignarhlut en fjórðung í öðru markaðsráðandi fyrirtæki sem starfar að samgöngum, þ.e. einhverju fyrirtæki sem er markaðsráðandi á öðru sviði samgangna. Þarna er eingöngu verið að einfalda ákvæðið til þess að það sé ekki hægt að finna því til foráttu að það gæti reynst flókið í framkvæmd eða gripið inn í minni háttar eignatengsl fyrirtækja í samgöngum eða ferðaþjónustu sem ekki skipta öllu máli.

En hver eru þá rökin fyrir því að vera yfir höfuð að hafa áhyggjur af því að eitt markaðsráðandi fyrirtæki ráði öðru markaðsráðandi fyrirtæki kannski á öðru sviði samgangna? Þau eru tvíþætt að mínu mati.

Ég tel í fyrra lagi að það sé alltaf óheppilegt að það myndist keðjur markaðsráðandi fyrirtækja. Ég tel að það sé mjög óheppilegt vegna þess að á hvaða sviði viðskipta sem er, ef fyrirtæki er orðið markaðsráðandi, hefur það svo sterka stöðu að það getur í krafti annarlegra viðskiptahátta, út á markaðsráðandi aðstöðu sína, tekið sér hagnað og flutt hann til yfir í aðra starfsemi og þar með haft bjagandi áhrif á samkeppnisaðstæður í alveg óskyldum viðskiptum. Það er óeðlilegt. Þetta höfum við auðvitað horft upp á hér og það er mál að því linni. En það tekur steininn úr ef það myndast keðja slíkra markaðsráðandi fyrirtækja.

Síðan er í öðru lagi sérstök ástæða til að hafa áhyggjur af þessum efnum ef um samgöngur er að ræða. Og hvers vegna er það? Það er vegna þess að hin einstöku samgöngusvið eru í raun og veru rétt eins og hver önnur fyrirtæki í samkeppni. Þau þurfa að geta

keppt á sæmilega heilbrigðum grundvelli sín á milli. Það vill svo til að ég er orðinn slíkur markaðshyggjumaður að ég tel að það sé að mörgu leyti nauðsynlegt og heilbrigðast að samgöngumálin þróist í gegnum sæmilega heilbrigðar samkeppnisforsendur hinna einstöku sviða með þeim fyrirvara þó að t.d. vegna umhverfissjónarmiða gætu menn viljað hafa áhrif á hvernig hin einstöku samgöngusvið byggjast upp eða þróast. Og það er auðvitað réttmæt sjónarmið, sem eiga fullan rétt á sér, að geta að öðru leyti gripið inn í þróun sem byggist upp á samkeppnisforsendum. Alveg eins og annars staðar verðum við auðvitað að svara þeirri grundvallarspurningu: Ætlum við að láta samkeppni ráða? Ætlum við að reyna að láta samkeppni ráða verðlagningu flutninga á vörum og fólki í landinu og ef við ætlum að gera það á þá ekki sú samkeppni að ríkja bæði milli fyrirtækja á hverju sviði samgangna en líka á milli samgöngusviðanna þannig að flutningar á landi, sjó og í lofti geti keppt og það sé hagkvæmni hverrar samgönguaðferðar sem í raun og veru ráði hlutdeild hennar í markaðnum? Ef menn eru almennt ekki svona markaðssinnaðir eins og ég þá tek ég auðvitað mark á því en mér finnst það dálítið sérkennileg örlög ef það dæmist á mig að standa hér og flytja fram þessi rök og aðrir komi þá hér upp jafnvel úr öðrum flokkum og fari að draga úr því. Ég held að það sé mjög hættulegt að þróun samgangna, sem er einn allra mikilvægasti grundvöllur framtíðarinnar varðandi framsókn og þróun í atvinnumálum og reyndar líka í mannlegum samskiptum og félagsmálum o.s.frv., geti með einhverjum hætti orðið annarleg eða bjöguð vegna þess að við hér á Íslandi búum við einhverjar sérstakar fákeppnis- og einokunaraðstæður og það séu óheilbrigð tengsl á milli markaðsráðandi risa á hinum ólíku sviðum samgangna. Og ég verð líka að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að ef menn eru ekki tilbúnir, ekki einu sinni tilbúnir til að reyna að setja einhverjar skorður með ákvæði af þessu tagi þá held ég að menn séu ekki tilbúnir til að gera neitt og þá eiga menn að hætta þessum ræðum um kolkrabbann. Þá eiga menn aldrei að flytja þær oftar. Og ég segi við þá menn sem mundu hugsa sér að fella þessa brtt. eða væru ekki tilbúnir til að standa að henni: Þið skuluð þá líka pakka fleiru niður í skúffu en þessari tillögu. Þið skuluð líka stinga ræðunum um kolkrabbann undir stól, a.m.k. í nokkur ár. Þetta er ákaflega mild ráðstöfun að mínu mati til þess að hafa þarna viss áhrif og svo talað sé alveg tæpitungulaust, þá gæti hún haft þau áhrif að samkeppnisráð kæmist að þeirri niðurstöðu að á sínu sviði væri Eimskipafélag Íslands markaðsráðandi, og er nú trúlegt, og enn frekar held ég að niðurstaðan yrði sú að á sínu sviði væru Flugleiðir hf. markaðsráðandi sem er nú eina millilandaflugfélag landsmanna sem nafn er gefandi. Þess vegna væru þarna tveir markaðsráðandi risar hvor á sínu sviði samgangna og þeir gætu þess vegna ekki eða mættu ekki eiga stærri eignarhlut en fjórðung hvor í öðrum og ekki vera með ráðandi aðstöðu í stjórn fyrirtækjanna. Kæmi þá til tveggja ára aðlögunartími samkvæmt lögunum til að undirbúa þessa aðila undir það og áhrifin yrðu væntanlega þau t.d., svo þetta dæmi sé tekið sem er náttúrlega nærtækt og e.t.v. það eina sem er raunhæft, að sá aðili sem í dag á stærri eignarhlut en þessu nemur í öðru fyrirtækinu yrði að minnka hann niður fyrir þessi mörk. Ég segi aftur, ef menn eru ekki tilbúnir í þetta, ef menn bara vilja hafa þetta svona, þá kemur það í ljós og þá það. En þá vita menn það líka hvað menn meina með ræðuhöldum sínum um þessi mál.

Það er nokkur skaði, hæstv. forseti, að við skulum vera að ræða þetta hér og það er ekki einn einasti krati í þingsalnum. Ég spyr að því, er t.d. hinn vígreifi ... (**Forseti:** Ég vil benda á hæstv. heilbrrh.) Jú, hann var það síðast þegar ég frétti, það er rétt. Ég biðst velvirðingar, þarna urðu mér á mistök. En viðskrh. var genginn út og þess vegna áttaði ég mig bara ekki á því að það væri enn hér einn alþýðuflokksmaður. En ég hef heyrt dálítið af svona ræðum frá þeim. Hélt t.d. núv. formaður, hæstv. utanrrh., ekki fundi, Hver á Ísland, og hafði talsvert hátt um þessi mál hér á árunum? Og þeir fleiri alþýðuflokksmenn eins og hv. formaður þingflokksins, 17. þm. Reykv., sem hefur talað býsna hátt á stundum. Og nú reynir á hver hugur fylgir máli. Hér fá þeir prýðistækifæri til þess að sýna hug sinn í verki með því að styðja þessa einföldu tillögu.

Ég tek það svo fram að lokum, hæstv. forseti, að þó að ég flytji þessa brtt. hér þá er það ekki vegna þess að mér sé sérstaklega í nöp við þessi fyrirtæki sem gjarnan verða því miður fyrir því að vera sérstaklega nefnd í þessu sambandi. Ég þekki ágætlega til þeirra beggja af vissum ástæðum og veit að þarna eru dugnaðarmenn á ferð og ég er ekki heldur að halda því fram að þeir hafi í sjálfu sér með sérlega ósvífnum hætti eða yfir höfuð misbeitt sinni aðstöðu gróflega. Ég held að þetta snúist ekki um það. Það er alveg ástæðulaust að drepa umræðuna á dreif með því að fara út í það að setja þetta upp sem einhvern rannsóknarrétt yfir Eimskipafélaginu og Flugleiðum. Spurningin er bara um það hvort menn vilja að svona aðstæður séu fyrir hendi eða ekki hver sem í hlut á. Og ég held fast við það að það er óæskilegt, það er óheppilegt að svona hagsmunatengsl ríki milli aðila sérstaklega á samgöngusviðinu vegna þess hversu mikilvægt er að það þróist og byggist upp sem allra öflugastar og fjölbreyttastar samgöngur fyrir þjóðina, bæði innan lands og milli landsins og annarra landa. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að í svona tengslum geta falist hættur varðandi þróunina, varðandi ákvarðanir fyrirtækjanna um fjárfestingar og uppbyggingu og ég hef nefnt hér áður og ég nefni enn dæmið um fraktflutninga í lofti til og frá landinu. Það væri blindur maður sem ekki sæi það að í þeirri stöðu að markaðsráðandi aðili hvað snertir flutninga á sjó til og frá landinu skuli vera ráðandi í eina flugfélagi landsmanna felast hættur. Það felast m.a. þær hættur að þá sé verkum skipt þannig að menn séu ekkert sérstaklega að slíta sér út við fraktflutninga í lofti. Hvers vegna ættu þeir að vera að því þegar þeir hafa þetta allt saman í þægilegum farvegi í skipunum sínum nú þegar og græða ágætlega á því? Til hvers þá að vera að keppa við sjálfa sig með því að byggja upp fraktflutningaleiðir til og frá landinu í lofti?

Menn hljóta bara að horfa á það að þessar aðstæður eru svona. Og menn skulu ekkert vera að drepa umræðunni á dreif með því að spyrja: Já, en gera þeir þetta? Er þetta svona? Það skiptir ekki máli. Þessar aðstæður eru fyrir hendi, þær eru ekki æskilegar og ég held að menn ættu að vera menn til þess að taka á því máli ef þeir meina eitthvað með því sem þeir hafa verið að segja hér um árabil.

Ég hef þá þessi ræðuhöld um þessa svonefndu frægu kolkrabbatillögu á þskj. 358 ekki lengri, en ef hv. formaður nefndarinnar skyldi láta sér detta í hug að koma hér upp og gera lítið úr þessum málflutningi mínum með því að segja að menn kæmust bara fram hjá þessu með ýmsum öðrum leiðum og hvað með það t.d. ef eitt markaðsráðandi fyrirtæki í samgöngum bara keypti annað fyrirtæki eða sameinaðist öðru fyrirtæki, þá kemur að því hvers virði önnur ákvæði laganna eru. Ég held að við verðum bara að horfast í augu við það að samkeppnisráði, að svona grein samþykktri og með öðrum heimildum í lögunum, er sköpuð býsna sterk staða til þess að tryggja að sæmilega heilbrigð samkeppni ríki í þessum efnum. (**ÓRG:** Nú er formaður þingflokks Alþfl. kominn.) Það er aldeilis fagnaðarefni. Þá getur hv. 17. þm. Reykv. væntanlega komið hér upp og staðfest vilja sinn til þess að taka á þessum hringatengslum sem mikið hafa verið til umræðu, ekki síst í Alþfl., á samgöngusviðinu og hér er lögð til mjög einföld og tiltölulega mildileg aðgerð til þess að taka á þeim með tilteknum hætti og setja þau í eitthvert skikkanlegt horf. (Gripið fram í.) Vissulega.

En það verður sem sagt fylgst með því af mikilli athygli hvernig menn greiða atkvæði og ekki síður hvernig menn haga orðum sínum hér á næstu árum í framhaldi af því. Það er rétt að leggja þetta próf fyrir hv. þm. Þeir hafa nógu lengi talað um þessi mál en lítið aðhafst.

Þá vil ég, hæstv. forseti, lítillega nefna 21. og 22. gr. frv. Ég vil lýsa alveg sérstakri ánægju minni með að þrátt fyrir harða atlögu halda þessar greinar enn velli í frv. Satt best að segja eru ákveðnir aðilar búnir að sýna alveg ótrúlega elju við það að reyna að koma þeim út. Við höfum fengið endalaus erindi frá aðilum í viðskiptalífinu sem vilja ekki sjá neinar reglur um auglýsingar. Þetta er nú orðinn nokkuð langur slagur eins og sumir þekkja, á sér fimm, sex ára gamla sögu í þinginu og alllanga sögu hér á allra síðustu árum. Fyrst var þessu máli hreyft með þáltill. sem ég flutti fyrir einum fimm eða sex árum síðan í tvígang eða þrígang og fékk loks samþykkta. Í framhaldi af því skipaði þáv. og reyndar einnig núverandi hæstv. viðskrh. nefnd sem samdi svo frv. til laga, svonefnt auglýsingafrv. Það var hér til umfjöllunar á tveimur þingum ef ég man rétt og ákvæði þess ganga loks aftur hér í 21. eða 22. gr. frv. eða aðallega í þeim greinum. Þótt textinn sé ekki mjög langur þá held ég að hann sé allbærilega fullnægjandi og til mikilla bóta, þó fyrr hefði verið, varðandi réttarstöðu neytenda eða almennings í þessu sambandi. Þarna koma loksins inn eftir langa baráttu ákvæði sem sérstaklega höfða til þess að sýna skuli varkárni og aðgát í auglýsingum varðandi börn og unglinga og þau áhrif sem auglýsingar geta haft á þau. Sambærileg ákvæði hafa verið í lögum víða annars staðar, a.m.k. hjá þeim löndum sem við viljum helst bera okkur saman við hvað menningarstig að þessu leyti snertir eins og hin Norðurlöndin og öllum þeim sem horfa á auglýsingar hér uppi á Íslandi hlýtur að vera ljóst að ekki síður hér en annars staðar er ástæða til að hafa áhyggjur af þessum efnum og setja sér einhverjar siðaðra manna reglur í þessu sambandi.

Ég hef aldrei skilið hvað svona ákvæði geti verið fyrir mönnum og hvers vegna í ósköpunum menn eru að amast við þessu og er svo sem ástæðulaust að velta meira vöngum yfir því úr því að að samstaða hefur tekist um það í nefndinni og vonandi gengur það eftir í afgreiðslu þingsins að þessi ákvæði skulu halda sér í lögum. Ég hlýt auðvitað að fagna því sem ákveðinn upphafsmaður í þessum efnum hér á Alþingi að þetta verði nú loksins lögfest. Reyndar er það svo, þó að aðrir sálmar séu, að næsta verkefni sem taka þyrfti fyrir í þessum efnum og auðvitað mun stærra er að mínu mati áhrifin almennt af hinum öflugu ljósvakamiðlum á börn og unglinga og uppeldisáhrif þessara gesta sem óboðnir eru inni í stofum allra fjölskyldna eða flestra fjölskyldna í landinu svo klukkustundum nemur á hverjum sólarhring. Mönnum er að verða það æ ljósara að einn anginn af þeim ofbeldisvandamálum og ólögum sem víða geysa í hinum iðnvæddu og tæknivæddu samfélögum, þar sem sjónvörp og aðrir slíkir miðlar eru áhrifamiklir, tengist ýmsum áhrifum af taumlausri mötun þeirra sem viðkvæmir eru fyrir á ofbeldisefni og öðru slíku. En það eru, eins og ég segi, hæstv. forseti, aðrir sálmar og ég ætla ekki að fara að syngja þá meira hér en ítreka ánægju mína með að þessi ákvæði í 21. og 22. gr. skuli halda sér.

Þá er svo farið að styttast í XI. kaflann sem er um framkvæmd samkeppnisreglna og fleira samkvæmt samningunum um Evópska efnahagssvæðið og þá kemur að því, hæstv. forseti, að ég skýri hvers vegna m.a. ég skrifa undir nefndarálit þetta með fyrirvara. Það er vegna þess að ég styð alls ekki þennan kafla. Það er reyndar nokkuð óvenjulegt að menn skuli samt sem áður skrifa undir nefndarálit og standa að brtt. og gera ekki meira en hafa fyrirvara á þó að þeir styðji alls ekki og séu reyndar beinlínis andvígir ákveðnum ákvæðum inni í viðkomandi lögum. Þess vegna er eðlilegt að þetta kalli á svolitlar útskýringar og þær verða nú fluttar. Mergurinn málsins er sem sagt sá að ég mun greiða atkvæði á móti samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Ég tel að hann sé ekki nógu hagstæður Íslendingum og aðrar aðferðir væru betur til þess fallnar að tryggja góð og gagnleg samskipti okkar við þessa granna okkar í austri. Þess vegna tel ég ekki rétt að vera að samþykkja þennan kafla og enn síður vegna þess að í honum eru ákvæði sem mjög hafa orðið umdeild í tengslum við þetta mál. Þ.e. hið umtalsverða valdaframsal og afsal á íslensku stjórnvaldi í hendur erlendra eftirlitsstofnana, eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins. Og jafnvel með tilteknum hætti stofnunum Evrópubandalagsins sem við eigum þó enga aðild að sem tekur auðvitað steininn úr.

Ég mun greiða atkvæði gegn þessum kafla og vildi helst sjá hann felldan út úr lögunum enda yrðum við þá ekki aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. En vegna þess að bærileg samstaða hefur tekist um frv. að öðru leyti og öll ákvæði þess sem lúta að framkvæmd mála innan lands að slepptri þá þessari einu breytingartillögu sem ég hef flutt og talað fyrir, þá vil ég ekki, þó ég sé andvígur þessum kafla sem tengist Evrópska efnahagssvæðinu, þurfa að gerast andstæðingur frv. Ég vona að þessi rökstuðningur minn dugi til þess að menn skilji hvers vegna ég og reyndar fleiri, vænti ég, höfum valið þá leið að skrifa undir nál. með fyrirvara og gera grein fyrir af hverju hann sprottinn. Þó ég sé nokkuð harður andstæðingur þessa samnings og þar með auðvitað þessa kafla hans ekki síður en annars sem ég tel heldur af lakara taginu af því sem honum fylgir þá þætti mér ógaman að geta ekki stútt þetta mál sem að öðru leyti er á flestan hátt þarft.

Þá vil ég líka segja í sambandi við þetta að vegna þess að staða málsins er þessi óska ég eindregið eftir því og vænti þess að við því verði orðið að afgreiðslu þessa máls verði ekki lokið á þinginu fyrr en lyktir eru fengnar varðandi afgreiðslu samningsins sjálfs. Með öðrum orðum að 3. umr. og atkvæðagreiðslu um þetta frv. ljúki ekki fyrr en fyrir liggur hver verða afdrif frv. um staðfestingu samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Verði sá samningur ekki staðfestur hér fyrir áramót af einhverjum ástæðum, sem við skulum gera ráð fyrir sem möguleika, þá tel ég einboðið að fella þennan kafla út úr frv., enda á hann þá ekkert erindi þangað, en afgreiða það að öðru leyti og láta lögin taka gildi að slepptum XI. kafla.

Ég hef líka ímyndað mér að meðferð mála almennt hlyti að verða sú að menn létu sjálfan samninginn koma hér fyrst til afgreiðslu þannig að menn sæju hvort þeir þyrftu að leggja á sig það erfiði sem fylgir afgreiðslu annarra efnisþátta sem honum tengjast.

Þetta held ég, hæstv. forseti, að dugi nokkurn veginn varðandi afstöðu mína til þessa máls. Eins og ég segi er stuðningsmaður þess að frv. að slepptum þessum kafla nái fram að ganga og yrði það enn frekar ef ég fengi samþykkta þá litlu og skynsamlegu brtt. sem ég hef hér flutt á sérstöku þingskjali. Ég vil ógjarnan að ágreiningur um þennan eina EES-þátt málsins, sem af skiljanlegum ástæðum sem væntanlega þarf ekki að útskýra veldur því að menn geta ekki sameinast um allt málið í heild sinni, valdi því að menn ekki geti samt sem áður staðið saman um það sem þeir eiga saman um í þessum efnum.

Ég sagði það við 1. umr. að ég teldi mikilvægt að menn gætu náð samstöðu um heildstæða mikilvæga löggjöf af þessu tagi á sviði sem varðar alla landsmenn og á að vera að mínu mati að minnsta kosti að talsverðu leyti hafin yfir dægurpólitík eða flokkapólitík, sérstaklega ef menn trúa á að þeir séu að gera eitthvað af viti sem staðið geti til frambúðar. Ég held að það sé að takast í grófum drættum sæmilega vel hér. Mín von og trú er sú að við getum afgreitt samkeppnislöggjöf sem getur dugað okkur sem rammi um þessi mál til einhverra ára þó allt sé breytingum undirorpið og á miklum hraða í heimi hér. Enda skiptir það kannski ekki öllu máli.

Hv. 1. þm. Austurl. ræddi reyndar um að nauðsynlegt gæti verið að endurskoða ákveðin ákvæði málsins fljótlega. Ég mundi þá fyrst og fremst ætla að það yrði endurskoðun sem sprytti af breytingum sem yrðu vegna tengsla okkar og opnun í viðskiptum og samkeppni við önnur lönd. Það hefur auðvitað sinn gang ef menn telja sig þurfa endurskoðunarvinnu af því tagi.

Hæstv. forseti. Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hef á nál. og þeim brtt. sem ég flyt. Ég endurtek að lokum að þegar kemur að atkvæðagreiðslu málsins mun ég kalla til baka brtt. á þskj. 49 en láta ganga til atkvæða brtt. á þskj. 358.

Frsm. efn.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil rétt í tilefni af ræðu míns ágæta félaga í efh.- og viðskn., hv. 4. þm. Norðurl. e., segja að allt sem hann sagði um 17. gr. frv. er rétt. Ég tel að nefndin ætti að flytja viðbótartillögu til breytinga á 17. gr. við 3. umr. þannig að það fari ekkert á milli mála. Þetta hefur fallið út úr þeim tillögum sem komu frá nefndinni.

Varðandi brtt. sem hv. þm. flytur á þskj. 358 þá vil ég að það komi fram að ég tel að ákvæði 17. og 18. gr. og önnur ákvæði frv. eigi að geta tekið á starfsemi fyrirtækja á sviði samgangna eins og á starfsemi í öðrum greinum atvinnulífsins. Ég er ekki alls kostar sammála hv. þm. um það sem hann sagði um samkeppni milli einstakra samgöngugreina. Ég tel sáralitla sem enga samkeppni milli, svo dæmi séu tekin, vöruflutninga á sjó og í lofti. Vöruflutningar í lofti eru svo hverfandi miðað við vöruflutninga á sjó að ég tel afar ólíklegt að einhver hagnaðarvon sé í því að takmarka flutninga í lofti í því skyni að hagnast meira á þeim á sjó. Ég held að það væri frekar öfugt.

Síðan tel ég að það sem vanti inn í umfjöllun um samkeppni í samgöngum á Íslandi sé að velta fyrir sér af hverju aðgangur að markaði er svo takmarkaður sem raun ber vitni. Þar kemur ýmislegt til, t.d. skipan og framkvæmd tollskoðunar og annað slíkt.

Enn fremur vil ég nefna að hvert fyrirtæki getur að sjálfsögðu keypt önnur samgöngutæki og síðast en ekki síst að þau fyrirtæki sem hér eiga í hlut eru sjálfsagt þau fyrirtæki sem eru hvað opnust og gefa hvað mestar upplýsingar um sína starfsemi enda bæði skráð á Verðbréfaþingi Íslands.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi ræða kemur mér ekki á óvart. Ég hef heyrt ýmsar sambærilegar. En ég held að menn eigi ekki að fara í vörnina með þeim hætti að segja: Þetta eru ágætir menn og góð fyrirtæki og þeir eru örugglega ekkert að gera þetta þannig að þetta er ástæðulaust. Ég er í rauninni ekki að tala um það. Mér finnst það vera að drepa umræðunni á dreif að reyna að skoða þetta úr frá því hvort starfandi fyrirtæki sem eru í þessari stöðu séu að gera eitthvað ljótt. Svo komast menn að þeirri niðurstöðu að af því að þetta eru ágæt-

ismenn og opin fyrirtæki sem veita allar upplýsingar og þá sé þetta í lagi. Ég tel að við eigum að spyrja okkur: Er heppilegt og heilbrigt að svona aðstæður geti ríkt í viðskiptalífinu og á þessu sviði burt séð frá því hvort það eru góðir eða ekki svo góðir menn og góð eða ekki góð fyrirtæki sem nákvæmlega núna eru í þessum aðstæðum? Ég hélt að fleiri yrðu sammála mér um að þetta sé ekki heppilegt fyrirkomulag og við eigum þess vegna að setja ákveðnar reglur sem frí okkur þessu ástandi eða a.m.k. komi því inn fyrir tiltekin mörk og menn eigi ósköp einfaldlega að gera það og horfa algerlega fram hjá því hvað viðkomandi fyrirtæki heita og hvernig mennirnir sem í þeim starfa séu af guði gerðir.

Varðandi það sem hv. þm., formaður efh.- og viðskn., segir að menn geti bara keypt sér samgöngutæki og farið í þessa flutninga og komist þannig fram hjá, þá er það ekki sami hlutur og að koma sér í ráðandi aðstöðu í markaðsráðandi fyrirtæki á öðru sviði samgangna. Því þá mundu þeir vera farnir að keppa. Þá væru þeir að búa til samkeppni en ekki öfugt. Ég held því að hv. formaður nefndarinnar þurfi aðeins að hugsa þetta dæmi betur.

Segjum bara að Eimskip ætli að svindla á þessu með því að kaupa sér flugvélar og fara að fljúga. Hvað er þá að gerast? Þá eru þeir að fara í samkeppni við Flugleiðir. Það er fínt. Við erum ánægðir með það ég og hv. formaður nefndarinnar. En erum við virkilega ánægðir með að einn markaðsráðandi risi á einu sviði samgangna hafi ráðandi aðstöðu og eigi það stóran eignahlut í markaðsráðandi fyrirtæki á öðru sviði samgangna að hann geti stöðvað breytingar á samþykktum þess, eigi stjórnarformanninn o.s.frv.? Er hv. þm. Vilhjálmur Egilsson virkilega að mæla því bót?

Útbýting þingskjala:

Verðbréfasjóðir, 12. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 391; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 392.

Verðbréfaviðskipti, 11. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 389; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 390.

Verðbréfaþing Íslands, 13. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 393; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 394.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og heyra mátti af þeim upplestri sem hér átti sér stað þá er efh.- og viðskn. að skila frá sér ýmsum þeim stóru málum sem hún hefur haft til umfjöllunr á undanförnum vikum. Þau frv. um verðbréfaviðskipti, verðbréfasjóði og verðbréfaþing sem nefndin er að skila frá sér eru stór og flókin mál en jafnast þó ekki á við samkeppnislögin sem nefndin hefur haft til umfjöllunar vikum saman og lagt gífurlega mikla vinnu í að skoða og endurbæta. Að mínum dómi er þessi lagabálkur orðinn hinn mesti og besti ef undan er skilinn XI. kafli laganna sem beinlínis tengist Evrópsku efnahagssvæði og ég mun koma að síðar. Í frv. er að finna mörg og merk nýmæli og ég held að þessi lög eigi eftir að verða íslensku viðskiptalífi og neytendum mjög til góðs á komandi árum.

Þessi lagabálkur um samkeppnislög er í sjálfu sér óháður samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Það var löngu orðið tímabært að endurskoða þau lög sem hér gilda um samkeppnisreglur og eðlilega viðskiptahætti. En hér er um það ræða að verið er að aðlaga íslensk lög að því sem gerist hjá Evrópubandalaginu. Það sem kallað er eðlileg samkeppni er eitt af grundvallaratriðum Evrópska efnahagssvæðisins. Í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði segir á bls. 7: „Samningsaðilar hafa í huga það markmið að mynda öflugt og einsleitt Evrópskt efnahagssvæði er grundvallist á sameiginlegum reglum og sömu samkeppnisskilyrðum, tryggri framkvæmd, m.a. fyrir dómstólum, jafnrétti, gagnkvæmni og heildarjafnvægi hagsbóta, réttinda og skyldna samningsaðila."

Þetta er auðvitað eitt af grundvallaratriðunum. Því hlaut það að gerast hér að þau lög sem snerta þetta svið yrðu endurskoðuð.

Ég ætla hvorki að fara í gegnum brtt. sem nefndin gerir né ýmsar þær breytingar og álitamál sem er að finna í þessum lagabálki. T.d. má spyrja sig varðandi ákvæðin sem snerta samruna fyrirtækja hvort þar sé hugsanlega gengið of langt en ekki of skammt því við hljótum að verða að taka tillit til þess að Ísland er afar lítill markaður. Stundum gerist það að íslenski markaðurinn getur einfaldlega ekki haldið uppi nema einu fyrirtæki í einstaka greinum. Nefndin tók tillit til þessa sjónarmiðs sem var sett fram, ef ég man rétt, af verslunarráðinu.

Í brtt. við 18. gr. er sagt, með leyfi forseta:

„Við mat á lögmæti samruna eða yfirtöku skal samkeppnisráð taka tillit til þess að hvaða marki aðþjóðleg samkeppni hefur áhrif á samkeppnisstöðu hins sameinaða fyrirtækis."

Það er í raun og veru hægt að viðurkenna það að íslensk fyrirtæki sem eiga í samkeppni við erlend fyrirtæki annaðhvort í innflutningi eða útflutningi styrki stöðu sína vegna hinnar alþjóðlegu samkeppni. Þetta tel ég vera af hinu góða.

Það má líka velta vöngum yfir skipulagi Samkeppnisstofnunarinnar. Nefndin einfaldaði það skipulag aðeins frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir í frv. enda gerðu mjög margir umsagnaraðilar athugasemdir við skipulagið og töldu það vera allt of flókið og að þarna væri verið að búa til mikið bákn. Það er nú spurning. En við einfölduðum þetta aðeins.

Enn eitt mál sem mikið var rætt í nefndinni snertir svokallaðan kaupbæti sem nokkuð hefur verið til umræðu og m.a. Neytendasamtökin lögðu til að áfram yrði óheimill í íslenskum lögum. Við ákváðum þó að fella niður þessar greinar en samkvæmt lögunum er hægt að grípa inn í ef um óeðlilega viðskiptahætti er að ræða. Það er því aukið frelsi á þessu sviði enda má oft spyrja hvers vegna seljendum er ekki leyfilegt að gauka einhverju að sínum kaupendum þó það sé ekki beinlínis tengt því sem verið er að kaupa.

Ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara eins og reyndar aðrir stjórnarandstæðingar í nefndinni. Minn fyrirvari er fyrst og fremst út af XI. kafla laganna sem snerta framkvæmd samkeppnisreglnanna og fleira samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, eða

44.–51. gr. í frv. Gildistaka þessara greina er að sjálfsögðu háð því að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði verði samþykktur. Verði hann það ekki falla þessar greinar úr.

Ástæðan fyrir því að ég hef fyrirvara við þessar greinar er annars vegar að þarna er um ákveðið valdaafsal að ræða. Eins og hefur verið rakið í umræðunni er allverulegur vafi á því hvort þetta valdaafsal stenst íslensku stjórnarskrána. Ég hef ekki kannað þann þátt sérstaklega en eftir því sem ég hef kynnt mér álitsgerðir lögfræðinga ríkir að mínum dómi verulegur vafi á hvort þetta stenst. Það gildir jafnt um framkvæmdarvald, dómsvald sem löggjafarvald. Þótt löggjafarvald komi raunar málinu ekki við hér kemur það við sögu annars staðar og í því að við erum að samþykkja lagabálka og eigum eftir að samþykkja lagabálka þar sem við ráðum litlu um innihaldið.

Hins vegar hef ég lýst því yfir að ég mun greiða atkvæði gegn samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og því get ég ekki stutt þennan kafla þó ég telji frv. að öðru leyti hinn merkasta lagabálk og styðji það að öðru leyti.

Ég vil aðeins nefna að það er einkenni á þessari vinnu okkar, jafnt í efh.- og viðskn. sem í öðrum nefndum, að þau frv. sem við erum að fjalla um bera þess mikil merki að verið er að þýða reglugerðir, ýmist úr ensku eða dönsku og þar af leiðandi hefur farið töluvert mikil vinna í orðalagsbreytingar og vangaveltur um orðalag því að við gerum þær kröfur að lagatextinn sé skýr og skiljanlegur. Þetta er auðvitað ein skýringin á því hve margar brtt. eru gerðar við frv. svo og önnur. Það er oft um hreinar orðalagsbreytingar að ræða eða leiðréttingar þar sem orðalag er illskiljanlegt eða hefur fallið niður í allri þessari miklu þýðingarvinnu sem lögð hefur verið á ráðuneytin.

Ég vil geta þess að lokum, virðulegi forseti, að ég lýsi yfir stuðningi mínum við brtt. hv. 4. þm. Norðurl. e. Það er umhugsunarefni hver umsvif hins svokallaða kolkrabba eru í íslensku samfélagi og tímabært að taka á því máli. Ég tek líka undir það sem kom fram í máli síðasta ræðumanns að ég tel eðlilegt að fresta afgreiðslu þessa máls þar til ljóst er hvað verður um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið þar sem hluti þessa lagabálks er svo nátengdur samningnum um Evrópskt efnahagssvæði.

Ég vona að þessi lög nái fram að ganga að öðru leyti en því sem snertir XI. kaflann og að þau megi verða íslenskum neytendum og íslensku atvinnulífi til hagsbóta.

Útbýting þingskjals:

Lánsfjárlög 1992, 279. mál, frv. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 396.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ég vil í upphafi ræðu minnar þakka hv. efh.- og viðskn. og alveg sérstaklega formanni hennar fyrir gott samstarf við meðferð frv. og reyndar fyrir mjög góðar og gagnlegar breytingar sem frv. hefur tekið í meðförum nefndarinnar. Eins og kom fram við 1. umr. um frv. hafði frá því það fyrst kom fram verið leitað umsagnar margra aðila og úr þeim unnið bæði af starfsmönnum viðskrn. og hv. efh.- og viðskn. Það sem við ræðum í dag er ávöxturinn af því starfi og samstarfi sem ég tel að hafi án alls efa skilað betra frv. en fyrst var fram lagt. Það er nákvæmlega í þeim anda sem þingið á að starfa. Það er rétt sem hér hefur verið sagt að frv., ef að lögum verður, felur í sér tímamótalöggjöf. Það er ákaflega mikilvægt að sem víðtækust samstaða geti tekist um grundvallarleikreglur í okkar viðskiptalífi, reyndar í okkar þjóðlífi eins og hér er um að ræða. Þess vegna fagna ég því hversu vel hefur til tekist í þessu máli og lýsi stuðningi mínum við brtt. þær sem hv. efh.- og viðskn. flytur sameiginlega. Ég vil taka það fram að ég get ekki stutt þá tillögu sem hv. 4. þm. Norðurl. e. flytur á þskj. 358 en að því máli mun ég víkja fáum orðum hér á eftir til þess að skýra þá afstöðu mína.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að fara ákaflega mörgum orðum um þær margvíslegu brtt. sem fram hafa komið í nefndarstarfi og samstarfi viðskrn. og nefndarinnar og margvíslegra umsagnaraðila. Ég vil aðeins víkja að örfáum málum sem fram hafa komið í ræðum hv. þm. Ég vil fyrst nefna að þær breytingar sem hér eru gerðar á skipan samkeppnisráðs og stofnana sem tengjast því eru að öllu leyti í samræmi við þau sjónarmið sem ég lýsti við 1. umr. málsins. Ég fagna því að svo víðtæk samstaða hefur tekist um það mál. Það á bæði við um skipan samkeppnisráðsins og ekki síður um skipan áfrýjunarnefndarinnar sem hér eftir yrði að öllu leyti samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar. Ég tek undir með hv. 1. þm. Austurl. þegar hann sagði að það væri ákaflega mikilvægt að sem víðtækust samstaða tækist um málið og að traust gæti skapast á framkvæmd þessara reglna. Ég lýsi því hér með yfir að fyrir mitt leyti vil ég gæta þeirra sjónarmiða sem hann nefndi þegar menn verða valdir í þær mikilvægu stofnanir.

Ég vil aðeins víkja að því sem fram kom í máli nokkurra ræðumanna og lýtur að þeim breytingum sem gerðar eru á 18. gr. frv. Það er að sjálfsögðu rétt að hún hefur að geyma merkustu nýmælin í frv. Það eru 17. og 18. gr. Ég tek það fram að mér finnst til bóta að taka skýrt fram að þar sem gætir alþjóðlegrar samkeppni þurfi að sjálfsögðu að taka tillit til hennar þegar menn meta hvort um markaðsráðandi stöðu sé að ræða hér á landi. Það sjónarmið mitt kom reyndar fram við 1. umr. um málið. Það er oft með það sem sjálfsagt er að það er enn sjálfsagðara sé það sagt og það er gert í frumvarpstextanum nú þótt ég telji að af sjálfu hefði leitt að slíkra sjónarmiða eigi að gæta. En það sakar ekki að taka það fram.

Svo togar það í hina áttina að fyrirframúrskurðirnir, sem eru merkileg tillaga sem hér er gerð, gefi með vissum hætti sérstaka vernd fyrir eðlilega samkeppnisstöðu sem hér hefur lengi þróast og vissa vörn gegn breytingum á aðstæðum sem menn telja að skili nauðsynlegri lágmarkssamkeppni á íslenskum markaði. Þetta ákvæði tel ég vera til mikilla bóta og athyglisverða tillögu frá hv. efh.- og viðskn.

Ég ætla ekki að segja mikið fleira um viðmiðunarreglurnar í 17. og 18. gr. frv. en vil þó nefna það, vegna þess sem fram kom í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. og reyndar í máli 5. þm. Norðurl. v., að þeim fannst ekki fullskýrt að 17. gr. gerði ráð fyrir því að samkeppnisráð gæti hlutast til um athafnir aðrar en samruna eða yfirtöku fyrirtækja sem færu í bága við hæfilega samkeppni. Þeir töluðu báðir um að þörf væri á að kveða þar skýrar að orði. Það má vel vera að þetta orðalag, sem þarna er, megi enn skerpa. Ég vil þó leyfa mér að benda á það sem segir í 1. mgr. 17. gr. Með leyfi hæstv. forseta, ætla ég að lesa upp frumvarpstextann eins og hann er í upphaflegri gerð frv.:

„Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum og athöfnum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Hin skaðlegu áhrif geta m.a. falist í ...“ og síðan er upptalning. Í upptalningunni segir m.a. að fyrirtæki styrki markaðsráðandi stöðu sína eða valdi óhagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta m.a. vegna þess að valkostum viðskiptavina fækki, framleiðsla eða sala verði dýrari og keppinautar útilokist frá markaðnum. Þegar þetta er tekið saman á þennan hátt er alveg ljóst að mínu áliti að það er ekki þörf á því að taka fram sérstaklega að samkeppnisráð geti hlutast til um athafnir fyrirtækja sem fyrir eru á markaðnum þótt ekki sé um að tefla breytingar á skipulagi þeirra með samruna eða yfirtöku annarra fyrirtækja. Þetta bið ég virðulega þingmenn að hafa í huga þótt ég skuli síst setja mig á móti því að hv. efh.- og viðskn. sameinist um nýtt orðalag sem flytur þessa sömu hugsun, e.t.v. með skýrari hætti.

Þetta vil ég láta koma fram við þessa umræðu en auðvitað má það lengi bæta sem skrifað hefur verið á blað. Það er rétt sem kom fram hjá hv. 18. þm. Reykv. að stundum eru þýðingarförin óþarflega greinileg á þeim textum sem teknir eru úr erlendum laga- og reglusöfnum úr ýmsum áttum en yfirleitt ekki frá neinum einum stað.

Ég vil svo aðeins víkja að því sem fram kom í máli hv. 4. Þm. Norðurl. e. Í upphafi vil ég fagna afstöðu hans til frv. og þessa máls í heild, bæði hvað varðar þörfina fyrir nútímaleg ákvæði um samkeppnisákvæði á okkar landi og þörfina fyrir varnir gegn skaðlegri fákeppni. Með einföldum orðum þörfina fyrir lög gegn einokun, hringamyndun og samþjöppun efnahagslegs valds sem er skaðleg hagsmunum almennings. Það er nákvæmlega tilgangur frv. og þess vegna ánægjulegt að svo víðtæk samstaða hafi um það náðst. Ekki sakar heldur að það ber upp á aldarafmæli anti trust löggjafarinnar bandarísku sem hv. þm. nefndi.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. lagði á það mikla áherslu í sínu máli að samþykkt yrði brtt. sem hann flytur á þskj. 358 og felur í sér að setja nánar tilgreind tölusett mörk fyrir hvað teljist markaðsráðandi fyrirtæki á einu sviði samgangna gagnvart því að eignast stærri eignarhlut en fjórðung í öðru markaðsráðandi fyrirtæki sem starfar að samgöngum. Þetta tel ég ágæta hugsun. Við höfum rætt þetta mál fyrr í umræðum um þetta mál, reyndar við 1. umr. Ég vil hins vegar vara við tvennu í þessu máli. Í fyrsta lagi að fara þegar í upphafi samkeppnislöggjafarinnar að sérgreina hana og setja í hana ákvæði sem beinast að tilteknum atvinnugreinum umfram aðrar. Í öðru lagi að tölusetja markmið sem miklu eðlilegra er að mótist í óbirtum verklagsreglum samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar. Það er nefnilega þannig að fari menn að reyna að stýra eftir fyrir fram settum tölum um hvaðeina, hvort sem það er í stjórn peningamála eða samkeppnismálum, hefur stjórnin áhrif á tölurnar. Þetta er reyndar lögmál kennt við ágætan hagfræðing, Charles Goodhart, fyrst og fremst á sviði peningastjórnar þar sem hann segir: Sérhver stærð sem menn reyna að stjórna hlýtur að bregðast við stjórninni og breytir þar með um eðli. Þetta hefur hv. formaður efh.- og viðskn., hv. 5. þm. Norðurl. v., á sinn hátt orðað ágætlega þegar hann segir: Þingið getur sett lög um skatta en fólkið á næsta leik. Í þessu tilfelli mundi það náttúrlega vera þannig að fyrirtækin ættu næsta leik. Þetta segi ég ekki af neinni léttúð í þessu mikilvæga máli heldur eingöngu til að ítreka það að hinar almennu reglur samkeppnislaganna og eftirlit með samkeppnishömlum gilda um þessar greinar atvinnulífsins ekki síður en aðrar. Að sjálfsögðu verður til þess litið hvort samstarf af því tagi sem hér er nefnt af hv. 4. þm. Norðurl. e. kunni að falla undir það sem ég nefndi áðan og nefnt er í inngangi 17. gr., hvort það falli undir athafnir sem hafi skaðleg áhrif á samkeppni, valdi óhagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta eða fækki valkostum viðskiptavina og geri þar með þeirra starfsemi dýrari en vera þyrfti. Þetta vona ég að skýri viðhorf mitt til þeirrar hugsunar sem brtt. flytur en um leið hvers vegna ég tel alls ekki rétt að samþykkja hana eins og hún er hér flutt.

Ég vil svo að lokum víkja aðeins að því, hæstv. forseti, sem fram kom í máli hv. 1. þm. Austurl., hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 18. þm. Reykv. um þann fyrirvara sem þeir gera við samþykkt sína á áliti hv. nefndar. Þar gætti nokkurs blæbrigðamunar. Það er auðvitað eðlilegt að þeir sem eru andvígir samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði geri sérstaklega grein fyrir afstöðu sinni hvað varðar þau ákvæði sem beinlínis lúta að tengingu við það samstarf. Hins vegar vakti það athygli mína að ólíkt hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 18. þm. Reykv. þá taldi hv. 1. þm. Austurl. alls enga þörf á því að bíða með samþykkt þessa máls. Þvert á móti hvatti hann til að það yrði afgreitt sem fyrst af því að það væri mikilvægt mál í eigin krafti.

Ég vil ljúka máli mínu með því að taka undir þau orð hv. 1. þm. Austurl. að þetta sé tímamótalöggjöf sem fullkomin ástæða sé til fyrir þingið að samþykkja sem fyrst, ekki síst með tilliti til þeirrar vönduðu vinnu sem fram hefur farið í hv. efh.- og viðskn.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þessara síðustu orða hæstv. viðskrh. get ég vissulega tekið undir að hér er um tímamótalöggjöf að ræða. Í meðferð mála á undanförnum vikum hefur myndast sú regla að þau mál sem tengjast Evrópska efnahagssvæðinu beint verði látin bíða, þ.e. atkvæðagreiðslan verði látin bíða þar til ljóst verður um afdrif samningsins. Þetta hefur lauslega ver-

ið rætt af þingflokksformönnum en um það hefur kannski ekki beinlínis verið gert samkomulag en það hefur verið beðið um frestun á einstökum málum. Ég get alveg tekið undir það að ég vona að það takist að afgreiða þetta mál eins fljótt og auðið er. Við erum að tala hér um 1–2 vikur. Ef frestun verður á eða Evrópska efnahagssvæðið verður ekki að veruleika þá gengur þessi löggjöf auðvitað í gildi að undanskildum þeim greinum sem beint snerta samninginn um Evrópskt efnahagssvæði.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það eru fáein atriði sem ég vil nefna, aðallega vegna orða hæstv. viðskrh. Í fyrsta varðar það 17. gr. og þá áformuðu breytingu sem efh.- og viðskn. var orðin sammála um að gera og koma til skila í formi brtt. væntanlega við 3. umr. málsins ef þeirri sem nú stendur lýkur innan skamms og ekki verður þá opið fyrir brtt. frekar við 2. umr. Ég lít svo á að það hafi verið hluti af samkomulagi um afgreiðslu málsins að gera þar ákveðna orðalagsbreytingu og ég tel að hún sé til bóta. Það má sjálfsagt með góðum vilja eins og hæstv. viðskrh. gerði færa að því rök að samkeppnisráð gæti starfað eins og þarna stæði, að til viðbótar samningum, skilmálum og athöfnum kæmu aðstæður eða ástand sem bregðast þurfi við og má kannski leiða af almennu samhengi laganna að þannig ætti að geta orðið. En ég held að menn verði að gæta sín á því að þolendurnir í slíkum tilvikum mundu náttúrlega reyna að taka til varna og nota þar allar smugur og menn þurfa svolítið að lesa þetta með því hugarfari að færa mönnum ekki upp í hendur einhver hálmstrá sem þeim mundu nýtast til þess að drepa málum á dreif þegar samkeppnisráð ætlar að fara að taka á einhverju illþolandi ástandi. Ég held að með því að breyta þessu á þá leið að orða upphafið: Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum, athöfnum og aðstæðum, þá væri þessu borgið þannig að ekki þyrfti frekar um það að deila. Það er greinilega hugsun manna og menn eru sammála um það og þá held ég að sé best að orða það þannig.

Varðandi 18. gr. og þá tilhögun sem nefndin leggur til í sinni brtt. þar sem flutt er tillaga um alveg nýtt orðalag á allri greininni og með því merka nýmæli að forúrskurðir geti farið fram gagnvart fyrirhuguðum eða væntanlegum samruna fyrirtækja þá er ég sammála því. Þar er á ferðinni mjög mikilvægt atriði sem ég held að muni líka styrkja stöðu samkeppnisráðs vegna þess að ef menn óska ekki eftir forúrskurði þar sem samruni eða yfirtaka orkar tvímælis, þá bendir það auðvitað til þess að menn hafa eitthvað í huga sem ekki þolir dagsbirtuna. Ég held að það sé alveg ljóst að staða ráðsins er betri að grípa inn í eftir að þetta ákvæði er komið í lög og þá með vísan til þess að menn hafa ekki nýtt sér það, ekki hirt um að láta meta það hvort þetta væri andstætt markmiðum laganna. Ég tala ekki um ef það er ljóst að menn hafa beinlínis verið að reyna að dylja það sem þeir hafa verið að aðhafast í slíkum tilvikum.

Í þeirri merku lagabreytingu sem gerð var í Bretlandi árið 1989 komu sams konar ákvæði inn í fyrirtækjalöggjöfina þar, The Companies Act, og það var talin einhver mesta breyting og mestu tímamót í þeirri lagasetningu á sínum tíma. Tilgangurinn var beinlínis sá, eins og segir í lýsingu á lögunum í bresku stjórnartíðindunum sem ég hef undir höndum, og ef ég leyfi mér að lesa þetta á frummálinu, hæstv. forseti, þá segir:

„The companies act 1989 made changes to improve merger controle procedures. This provided for a voluntary procedure for prenotification of proposed mergers which for the majority of cases permits prompt clearance."

Það er mat þeirra sem þarna eru að fjalla um bresku löggjöfina að þessum tilgangi hafi einmitt verið mjög vel náð vegna þess að í framhaldinu var yfirgnæfandi meira hluta af samruna eða yfirtökum fyrirtækja, sem einhver minnsti vafi gat leikið á að stríddu gegn anda laganna, vísað í forúrskurði. Eins og segir hér var það í langflestum tilvikum umsvifalaust viðurkennt sem allt í lagi.

Ég held því að við séum ekki bara að innleiða þarna nýmæli sem sé gott sjálfs sín vegna heldur held ég að það í samhengi við önnur ákvæði laganna þjóni sínum tilgangi.

Í þriðja lagi varðandi þessa brtt. mína færði hæstv. viðskrh. fram þau rök að hann væri ekki hrifinn af því að setja inn í þessa almennu löggjöf sértæk ákvæði og það sjónarmið skilur maður. En ég vil þá benda á að mér þykir ólíklegt að við getum frekar en aðrar þjóðir búið þannig um hnútana í þessum málum á komandi tímum að við verðum ekki með einhver sértæk ákvæði vegna þess að það er niðurstaðan víðast hvar annars staðar. Menn eiga ósköp einfaldlega að viðurkenna að aðstæður í viðskiptum eru svo mismunandi eftir því hvaða starfsemi á í hlut að mjög víða enda menn með að einhverju leyti sértæk ákvæði. Mér verður aftur á að vitna í bresku löggjöfina þar sem t.d. eru alveg sérstök ákvæði sem gilda um bæði samruna og að ýmsu leyti framkvæmd samkeppnislöggjafar t.d. gagnvart blöðum, fjölmiðlum, gagnvart bönkum og svo enn önnur ákvæði gagnvart flutningum og flutningafyrirtækjum o.s.frv. Ég held því að við værum í öllu falli ekki að gera neitt sem ekki er viðurkennt og víða við lýði í löggjöf annarra landa þó að við — með vísan til þess að við vitum af mjög sérstökum aðstæðum á þessu sviði hér, aðstæðum sem búið er að tala óhemjumikið um á undanförnum árum, halda þúsund ræður og yfir hundrað fundi. Sami maðurinn hefur haldið yfir hundrað fundi um þetta eina atriði. (**ÖS:** Það var líka góður maður.) Ágætur maður. Við vitum af þessum aðstæðum og þá er auðvitað fullkomlega eðlilegt að bera upp spurninguna hvort ekki eigi að taka á þeim. Ef menn ætla að taka á þeim þá þurfa menn að gera það með einhverjum sértækum hætti. Auk þess held ég að þessi rökfræði um sértækar og almennar ráðstafanir hafi lent á miklum villigötum undanfarin ár þar sem menn hafa yfirleitt bitið sig fasta í það að sértækt væri ljótt og allir hlutir þyrftu að vera óskaplega almennir. Svo kemur náttúrlega á daginn þegar til kastanna kemur að úthaldið er ekki mikið í því að halda út þessa al-

mennu línu. Menn lenda í því að fara í sértækar ráðstafanir í ýmsum greinum, jafnvel þó menn hefðu heitstrengt annað. Má þá segja að hið fornkveðna sannist víða að „það sem helst hann varast vann, varð þó að koma yfir hann", sbr. sjóðastofnun hæstv. ríkisstjórnar sem mikið hneykslaðist á slíkum fyrirbærum í upphafi valdaferils síns. Þess vegna skulu menn fara varlega í það, sérstaklega ef menn hafa hug á því að vera lengi viðskiptaráðherrar, að sverja það að þeir gætu ekki átt til að grípa til einhverra sértækra ráðstafana í framkvæmd samkeppnismála á komandi árum.

Ég er því þeirrar skoðunar að því miður, og þó menn með góðum vilja vísa í almenn ákvæði laganna og segi að hægt sé að taka á þessu á grundvelli ákvæða 17. og 18. gr. þá muni menn ekki gera það. Ég er sannfærður um að ef engar breytingar verða á frv. eins og það liggur nú fyrir þá mun samkeppnisráð ekki treysta sér til þess að taka á ríkjandi ástandi á samgöngusviðinu. Það mun ekki hrófla við þessum miklu tengslum ákveðins fyrirtækjahóps sem mikið hefur verið til umræðu í okkar litla viðskiptaheimi og er auðvitað keðja og hringur ef menn vilja virkilega kalla hlutina réttum nöfnum. Hér eru eignatengsl og stjórnunartengsl sem eru í raun og veru mjög fyrirferðarmikil í hinum smáa íslenska viðskiptaheimi sem allir þekkja. Ég held að öflugasta aðgerðin til þess að setja honum einhverjar skorður væri að a.m.k. að teygja aðeins á böndunum milli þessara tveggja stóru risa sem segja má að séu stólparnir undir því sambandi. Það má segja að það sé tveggja stoða kerfi í þessari keðju þar sem önnur stoðin er Eimskip og hin Flugleiðir. Síðan eru þarna auðvitað fjölmörg fleiri fyrirtæki í eignarlegum og stjórnunarlegum tengslum. Draga má upp mjög fróðleg skipurit af því hvernig sömu menn sitja í stjórnum fyrirtækja og hvernig þessi eignatengsl flétt-ast saman og ég hélt að menn væru sammála um að það væri ekki sérstaklega æskilegt. Í þeirri bjartsýni flutti ég þessa till. og það hefur a.m.k. ekki verið sýnt fram á að hún sé ekki fullboðleg aðgerð til þess að reyna að taka á þessu með einhverjum hætti. Ég held hún mundi styrkja stöðu samkeppnisráðs og gera því fært að taka á þessu máli sem ella mun ekki gerast. Sannið mín orð og við eigum þá eftir að ræða það hér á komandi árum ef menn bera ekki gæfu til þess að taka á þessu því að ég er sannfærður um að það muni ekkert breytast.

Að lokum um EES: Það má segja að vegna þess hvernig gildistökuákvæðum frv. er háttað, þ.e. að XI. kaflinn vegna gildistökuákvæðanna mundi þá ekki ganga í gildi fyrr en EES-samningur yrði gerður, ef hann yrði gerður, þá sé það út af fyrir sig ekki ágreiningsefni nákvæmlega hvenær þetta frv. verði afgreitt því að það hafi ekki efnisleg áhrif nema samningurinn verði gerður. Hins vegar tel ég að hvað vinnubrögð við lagasetninguna snertir — mér liggur við að segja að af fagurfræðilegum ástæðum — þá sé hvimleitt að afgreiða þetta ágæta frv. áður með vísan til þess að EES-samningurinn verði svo aldrei til eins og sumir ganga svo langt að spá. Ef Svisslendingar fella hann innan fárra sólarhringa í þjóðaratkvæðagreiðslu hjá sér, sem þeir fá en ekki við, eða að því er virðist ekki, þá munu menn gefast upp og fara aðrar leiðir í þessum efnum. Þá fyndist mér það hálfgerður bastarður að láta þennan kafla standa inni í íslensku samkeppnislöggjöfinni. Þess vegna mundi ég þá vilja að það yrði þá skoðað til samkomulags hvort menn féllust ekki á að vísa málinu til 3. umr. og svo til ljúka henni með samkomulagi um að í raun væri ekkert annað eftir en að ljúka umræðunni og greiða síðan atkvæði. Eins og menn vita þá tekur atkvæðagreiðsla við 3. umr. máls sárastuttan tíma. Ef um það væri samkomulag að það væri eingöngu haldið opinni umræðunni til þess að flytja mætti brtt. á síðustu stundu ef þarna yrðu óvænt tíðindi þá væri það til fulls samkomulags við mig. Ég bæði þá ekki um annað. Mér fyndist það ágætur endir á þessu ef menn eru sammála um þetta. Ég ætla svo sem ekki að segja það hér og nú fyrr en við værum búin að ræða saman um það hvort þetta þyrfti að vera eitthvert ágreiningsefni, enda er ég ekki viss um að á þetta þurfi endilega að reyna því við höfum nóg verkefni næstu daga til að fjalla um annað en að taka fyrir 3. umr. um samkeppnislög.

Ég hefði talið að hvort sem er væri æskilegt að frv. yrði tekið og prófarkalesið vandlega eftir þessar 30–40 brtt., sem verið er að gera á því, þá kann svo að fara þrátt fyrir einstaklega vönduð vinnubrögð í efh.- og viðskn. að menn finni að eitthvað hafi hugsanlega skolast til í prentun þskj. eða uppröðun brtt. Ég held að það sé hvort sem er óhjákvæmilegt að fá tíma til að lesa vandaða próförk eftir 2. umr. málsins og þá kann vel að vera að við séum einhverju nær um afdrif samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hvort sem er þegar að 3. umr. þessa máls kemur.

Það er líka sambærileg meðferð í raun og höfð er um önnur efnisfrumvörp sem tengjast Evrópska efnahagssvæðinu enda þótt vissulega sé hér dálítið öðru til að dreifa þar sem meginefni frv. er óháð því þá er þó þessi kafli þarna sama merki brenndur.

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var rétt út af þessum síðustu ummælum hv. þm. og reyndar athugasemdum sem fram komu hjá hv. 18. þm. Reykv. um sama efni hér áðan. Það varðar málsmeðferð við lokaafgreiðslu þessa máls. Ljóst er að þetta frv. er að því leyti til frábrugðið ýmsum EES-frumvörpum sem komið hafa til afgreiðslu að hér er einungis einn kafli tengdur samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, en í öðrum tilvikum eru það heilu frumvörpin sem þannig stendur á um. Það er líka svo, eins og fram hefur komið, að gildistökuákvæði þessa frv. er með þeim hætti að sá kafli, sem víkur eingöngu að hinu Evrópska efnahagssvæði, tekur ekki gildi nema af því verði.

Ástæðulaust er að hafa uppi einhverjar deilur um málsmeðferð að þessu leyti til. Ég er alveg sannfærður um að við finnum leið til þess að koma til móts við sjónarmið allra í þessu efni. Sú hugmynd sem hv. síðasti ræðumaður nefndi að ljúka ekki alveg 3. umr. málsins kemur vel til greina að mínum dómi. Mér finnst hins vegar ástæðulaust að bíða með að ljúka 2.

umr. og atkvæðagreiðslu við 2. umr. sem fyrirhuguð er á morgun. En ég tek undir ýmislegt sem hann sagði að því er varðar 3. umr. og endanlega afgreiðslu málsins, þ.e. að gera þetta frv. að lögum. Það eru atriði sem hljóta að koma til skoðunar þegar nær dregur. Það tekur auðvitað sinn tíma að prenta þetta frv. upp að nýju með öllum þessum breytingum þannig að ég sé ekki að hér sé um neitt vandamál á ferðinni sem við getum ekki leyst í því samstarfi sem nú er hafið um lyktir þingmála almennt fyrir jólin.

Að lokum vildi ég taka undir þakkir manna fyrir það starf sem unnið hefur verið á vettvangi efh.- og viðskn. vegna þessa máls. Ég tel að þar hafi verið einstaklega vel að verki staðið og tek undir allt sem menn hafa sagt um það efni og óska nefndarmönnum og formanni nefndarinnar til hamingju með þetta árangursríka samstarf.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Örfá orð um síðari ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. Í fyrsta lagi vil ég taka skýrt fram að ég er alls ekki andvígur hugmyndinni um breytingu á 17. gr., eins og henni hefur hér verið lýst. Ég er samt ekki viss um að hún sé nauðsynleg, en ég heyri það að um hana er efnislegt samkomulag. Ég vil alls ekki standa í vegi fyrir því.

Í öðru lagi um forúrskurðina sem ákvæði eru um í 18. gr. í þeirri gerð sem hér er gerð tillaga um. Þeir eru sannarlega mikilvægir. Ég er sammála hv. 4. þm. Norðurl. e. um það að þeir gætu styrkt stöðu samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar.

Í þriðja lagi um brtt. hv. 4. þm. Norðurl. e. á þskj. 358. Ég vil taka alveg skýrt fram að ég tel að sú umræða sem hv. þm. meðal annarra og kannski umfram aðra hefur haldið uppi um samkeppnisaðstæður í samgöngum, mun að mínu áliti verða mikilvægari fyrir þá árvekni sem samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun munu sýna, eins og reyndar nýleg breyting farmgjalda minnti okkur rækilega á. Ég held að enginn þurfi að velkjast í vafa um það að samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun munu alveg sérstaklega vera á varðbergi gagnvart samkeppnisaðstæðum í þessum greinum. Þar með er reyndar tilganginum náð sem ég tel að vaki fyrir hv. þm.

Loks í fjórða lagi vil ég taka undir það sem kom fram hjá hv. 8. þm. Reykv. Ég sé ekki í raun og veru neitt ágreiningsefni í sambandi við afgreiðslu málsins. Efnislega má ljúka henni líkt og hér hefur verið lýst og formlega með þeim hætti sem menn koma sér saman um. Reyndar er það mín skoðun að eins og frv. er úr garði gert með þeim brtt. sem hér liggja fyrir sé ekkert því til fyrirstöðu að samþykkja það þegar.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. og reyndar einnig hv. 8. þm. Reykv. fyrir undirtektir þeirra. Ég met það mikils að menn eru tilbúnir til að haga þannig afgreiðslu málsins að sem mest samkomulag geti einnig orðið um málsmeðferðina og það er auðvitað í góðu samræmi við það að menn hafa verið að vinna að málinu efnislega og gera á því breytingar í miklu samkomulagi. Þetta er að verða geysilega mikil eining andans í flestum greinum um þetta mál og eiginlega nokkur skaði að menn skuli ekki ná alla leið í mark og það er þá fyrst og fremst tvennt sem þyrfti í þeim efnum. Það er að menn sameinuðust um einhver skynsamleg efnistök sem vörðuðu þetta svokallaða kolkrabbaákvæði annars vegar og næðu svo einhvers konar landi í sambandi við þetta smámál sem kallað er Evrópska efnahagsvæðið hins vegar. Þá væru menn bara komnir í mark í fullkominni einingu andans.

En grínlaust, hæstv. forseti, þá er það auðvitað ánægjulegt að menn hafa náð mjög mikilvægri efnislegri samstöðu um afgreiðslu þessa frv. eins og fram hefur komið og það er ánægjuefni og ekkert síður ástæða til að gleðast yfir því nú þegar mönnum verður talsvert að misklíð en endranær. Það er ætíð gott þegar menn ná vel saman.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Út af dagskrá eru tekin 6. til og með 8. dagskrármálið. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá en hann hefst klukkan hálfellefu í fyrramálið með utandagskrárumræðu skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaga að beiðni hv. 3. þm. Vesturl. og er umræðuefnið öryggi dreifikerfis rafmagns um landið.

69. FUNDUR

fimmtudaginn 3. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Gjald af umboðsþóknun í gjaldeyrisviðskiptum, stjfrv., 254. mál, þskj. 331. — 1. umr.

2. Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, stjfrv., 21. mál, þskj. 21, nál. 356, brtt. 343. — 2. umr.

3. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 255. mál, þskj. 332. — 1. umr.

4. Vog, mál og faggilding, stjfrv., 7. mál, þskj. 7, nál. 378, brtt. 379. — 2. umr.

5. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 231. mál, þskj. 288. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Stjórnarskipunarlög, frv., 29. mál, þskj. 30, nál. 281 og 305, brtt. 306. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Stjórnarskipunarlög, frv., 30. mál, þskj. 31, nál. 282 og 302, brtt. 303. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

8. Samkeppnislög, stjfrv., 9. mál, þskj. 9, nál. 348, brtt. 49, 349, 358 og 395. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

9. Samningar við EB um fiskveiðimál, stjtill., 275. mál, þskj. 375. — Fyrri umr.
10. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 11. mál, þskj. 11, nál. 389, brtt. 390. — 2. umr.
11. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 12. mál, þskj. 12, nál. 391, brtt. 392. — 2. umr.
12. Verðbréfaþing Íslands, stjfrv., 13. mál, þskj. 13, nál. 393, brtt. 394. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:
Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.,
Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.,
Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:
Aðbúnaður um borð í veiðiskipum, 148. mál, svar samgrh., þskj. 380.
Framkvæmd ýmissa ákvæða sjómannalaga, 165. mál, svar samgrh., þskj. 386.
Lyfjakistur um borð í skipum, 150. mál, svar samgrh., þskj. 381.
Stuðningur við réttindabaráttu Eystrasaltsríkjanna á alþjóðavettvangi, 278. mál, þáltill. BBj o.fl., þskj. 388.
Vistarverur áhafna og farþega skipa, 149. mál, svar samgrh., þskj 382.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):
Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna að hlé verður gert á fundinum frá kl. 1–1.30 en þá verða atkvæðagreiðslur. Að þeim loknum hefst umræða um 9. dagskrármál, samninga við EB um fiskveiðmál. Gert er ráð fyrir að ljúka fyrri umræðu um þá tillögu. Ef umræður verða langar gæti orðið kvöldfundur.
Áður en fyrsta dagskrármál verður tekið fyrir fer fram utandagskrárumræða samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. þingskapa að beiðni hv. 3. þm. Vesturl., um öryggi raforkudreifingar um landið. Umræðan má standa í allt að hálftíma.

Umræður utan dagskrár.
Öryggi raforkudreifingar um landið.

Jóhann Ársælsson:
Virðulegur forseti. Ég óskaði eftir þessari umræðu utan dagskrár í tilefni af því að í fyrsta illviðri þessa vetrar varð verulegt tjón á dreifikerfi rafmagns og stórir landshlutar urðu án orku. Auðvitað verður seint hægt að girða fyrir að slíkt gerist en ég vek þessa umræðu upp vegna þess að það er ekki allt sem skyldi í yfirstjórn þessara mála. Þar á ég við hlut stjórnvalda.

Dreifikerfi rafmagns er víða ábótavant og til glöggvunar er rétt að vitna til áætlunar orkuráðs, Orkubús Vestfjarða og Rafmagnsveitna ríkisins frá því í nóvember 1990 og tillagna orkuráðs til hæstv. ráðherra frá sama tíma. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í skýrsluna.
„Meginniðurstaða áætlunarinnar var sú að ólokið yrði í árslok 1990 að vinna að styrkingu rafdreifikerfanna í sveitum fyrir 1 milljarð og 60 millj. kr. á verðlagi um mitt ár 1990. Verkefnunum sem eftir eru við styrkingu dreifikerfanna var skipt í þrjá flokka. Það voru *bráðaðkallandi verkefni, verkefni sem ljúka þurfti* við fljótlega og verkefni sem kæmu til eftir að álagið ykist.
Einungis tveir fyrstu flokkarnir voru taldir með í tillögum orkuráðs um styrkingu sveitakerfanna. Ráðið leit þannig á að í þeim fælist sérstakt átak sem gera þyrfti þar sem sérstakur atbeini ríkisins væri nauðsynlegur. Þegar sveitakerfin væru farin að anna álaginu með þeim hætti að þjónusta við notendur í strjálbýli yrði orðin eins sambærileg og sams konar þjónusta í þéttbýli sem með sanngirni væri hægt að ætlast til væri þessu átaki lokið. Þá en ekki fyrr yrði lokið að vinna það upp sem farið hefði í undandrátt á liðnum árum."
Verkefnaflokkarnir þrír kostuðu samkvæmt áætluninni: Fyrsti flokkurinn 519 millj. kr. Annar flokkurinn 490 millj. kr.
Tillögur orkuráðs voru þessar:
„Orkuráð leggur til að tveimur fyrstu verkefnaflokkunum verði lokið á sjö árum, á árunum 1991 til 1997. Lengur má það ekki dragast að mati ráðsins að ljúka því. Íbúar strjálbýlisins hafa of lengi búið við *skerta rafmagnsþjónustu borið saman við þéttbýlið*. Frá því sjónarmiði kunna sjö ár að sýnast of langur tími. Á hinn bóginn er að mati ráðsins tæpast raunhæft að ætla skemmri tíma til að ljúka styrkingunni. Meðalkostnaðurinn á ári þessi sjö ár yrði rúmar 144 millj. kr. sem með engu móti verður talin óhófleg fjárhæð í þessu sambandi."
Samdægurs skrifaði orkuráð bréf til hæstv. iðnrh. sem lauk með þessum orðum, með leyfi forseta:
„Orkuráð leyfir sér að vænta samþykkis yðar, hæstv. iðnrh., við þessa tillögu og öflugs stuðnings við að hún nái fram að ganga."
Nú langar mig að spyrja: Hver voru svör hæstv. iðnrh. til orkuráðs af þessu tilefni? Ef við lítum á þróun í fjárveitingum til þessara verkefna kemur það í ljós að fjármagn til styrkingar rafdreifikerfis til sveita hjá Rarik hefur verið eftirfarandi á verðlagi ársins 1991: Árið 1987 85 millj. kr., 1988 53 millj. kr., 1989 49 millj. kr., 1990 28 millj. kr., 1991 32 millj. kr., 1992, þ.e. þegar sú ríkisstjórn hafði tekið við sem nú situr, 18,7 millj. kr. og í ár samkvæmt fjárlögum ársins 1993 18,7 millj. kr.
Þarna má sjá að ekki er hafin uppbygging rafdreifikerfisins samkvæmt tillögu orkuráðs en til þess þurfti 144 millj. á ári. Það er bersýnilegt af þeim upplýsingum sem fram hafa komið um ástand dreifikerfisins að það skortir mjög á að viðunandi öryggi sé á orkuafhendingu. Stefna ríkisstjórnarinnar hefur ekki verið

skýrð en ef marka má hvernig tekið hefur verið á fjárveitingaákvörðunum þá hlýtur það að vera stefna stjórnvalda að rafmagnsveiturnar eigi að fjármagna endurbyggingu dreifikerfisins af eigin fé.

Ef það er ásetningur hæstv. ríkisstjórnar er mjög ádeiluvert að sú stefna skuli ekki vera sett fram á skýran og skilmerkilegan hátt. Hæstv. ráðherra þarf og verður að gera grein fyrir hugmyndum sínum um það hvernig eigi að standa að endurbótum dreifikerfisins. Það þarf að móta stefnu stjórnvalda gagnvart gjaldskrá hvort notendur til sveita eigi að bera kostnaðinn eða hvort það eigi að jafna honum niður á viðskiptavini Rariks og Orkubús Vestfjarða ef ekki á að taka fjárveitingar af almannafé.

Það er mjög hæpinn rökstuðningur fyrir því að láta einungis þéttbýlisbúa kaupa raforku af Rafmagnsveitum ríkisins og borga endurbæturnar og útilokað að íbúar sveitanna geti gert það. (Forseti hringir.) Ég er að ljúka máli mínu, hæstv. forseti.

Ég vil bera fram tvær spurningar að lokum: Ætlar hæstv. ráðherra að beita sér fyrir að áætlun um endurbætur verði hrint í framkvæmd? Hvernig á að fjármagna slíka áætlun?

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það virðist eins og veðurskilyrði undanfarinna ára hafi verið sérstaklega erfið. Á ákveðnum landssvæðum, sérstaklega á Norðurlandi vestra hefur ísing reynst tíðari og erfiðari viðfangs að sögn staðkunnugra manna en verið hefur undanfarin ár. Og á undanförnum tveimur árum hafa orðið þarna mjög veruleg tjón umfram það sem menn höfðu búist við. Auðvitað er það þannig að fjárhagsáætlun Rafmagnsveitna ríkisins gerir ráð fyrir því að meiri háttar tjón verði á hverju ári og áætlaður kostnaður af slíkum atburðum er hluti af verðlagingu raforku. En rafmagnsveiturnar eru hins vegar vanbúnar að mæta síendurteknum áföllum upp á tugi milljóna kr. nema með gjaldskrárhækkun eða framlögum af almannafé.

Þetta er eiginlega bakgrunnur þeirra spurninga sem hv. 3. þm. Vesturl. hreyfir hér. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að orkuráð gerði um það tillögu fyrir nokkrum árum að sett yrði upp sérstök framkvæmdaáætlun sem felur það í sér að það þyrfti um 140 millj. kr. á ári til að styrkja dreifikerfið. En það er langt frá því fjárframlagi sem áætlað er fyrir á fjárlögum þessa árs og reyndar í fjárlagafrv. fyrir næsta ár eins og kom fram hjá hv. þm.

Vandamálið sem í raun og veru er um að tefla er að rekstur rafmagnsveitnanna hefur ekki skilað fjármagni upp í afskriftir á línukerfinu og þess vegna er bankað á dyr hjá ríkissjóði og hann beðinn að greiða línukerfið í annað eða jafnvel þriðja sinn frá því að átakið til rafvæðingar í landinu öllu hófst. Eiginlega má segja að eftir að frumrafvæðingu landsins lauk, það má segja að hún hafi staðið allt fram til 1980, hafi rafmagnsveiturnar markvisst unnið að því að auka afhendingaröryggi. Í flutningakerfinu er endurnýjun stofnlína þegar hafin með byggingu nýrra lína sem byggðar eru fyrir meiri áraun og hafa meiri flutningsgetu en eldri línur. Við byggingu þessara lína er nýtt sú reynsla sem hefur fengist af rekstri eldri lína á sömu svæðum. Í þéttbýli hafa eldri hlutar dreifikerfisins verið endurnýjaðir og markvisst að því unnið að leggja það alfarið í jörð og er þeirri vinnu að mestu lokið. Það er ljóst að verulegt tjón og langvarandi rafmagnsleysi hefði orðið í þéttbýli ef þessari endurnýjun loftlínukerfanna hefði ekki að mestu verið lokið.

Endurnýjunin í sveitum er skemmra á veg komin enda er kostnaður við hana margfalt meiri. Það er ljóst að þarna er þörf á meiri háttar átaki. Það hefur fram á síðustu ár verið talið allt of dýrt að leggja strengi í jörð á þessum svæðum. Hins vegar hefur þessi kostnaður farið lækkandi og nú er hann víða að verða svipaður og við loftlínurnar. Rafmagnsveiturnar leggja því í vaxandi mæli háspennustrengi í dreifbýli í stað þess að byggja línur. Það er útlit fyrir að notkun strengjanna muni enn vaxa á næstu árum. Allar nýlagnir eru nú í jörð sérstaklega þar sem hægt er að plægja þær niður. Á þessum árum hafa rafmagnsveiturnar einnig verið að reyna nýjar aðferðir til þess að koma í veg fyrir áhleðslu íss á línurnar.

Á það verður þó að benda að tæknilega og fjárhagslega er ekki hægt að tryggja öllum fullkomið rekstraröryggi og kostnaður við það verður að sjálfsögðu þeim mun meiri sem notkunin er dreifðari.

Þetta vil ég segja, virðulegi forseti, sem bakgrunn við þær spurningar sem hv. þm. hefur hér hreyft. Í raun og veru er kjarni málsins: Treystum við okkur til að leggja það á rafmagnsveiturnar einar og Orkubú Vestfjarða, sem þjóna hinum dreifðu byggðum, að standa undir þessum kostnaði eða ætlum við að finna til þess aðra fjárstofna? Það skortir ekki hugmyndir um sérstaka skattlagningu í þessu skyni en það hefur ekki reynst unnt að mynda um slíkar leiðir meiri hluta.

Annar möguleiki í þessu máli væri að breyta Rafmagnsveitum ríkisins í hlutafélag og afla því síðan aukins framkvæmdafjár með hlutafjárútboði. En vegna yfirtöku ríkissjóðs á skuldum fyrirtækisins og með stöðugri hagræðingu í rekstri ætti slíkt fyrirtæki að geta staðið undir sér á komandi árum. Ég tel að þetta sé e.t.v. sú leið sem við verðum að fara.

En ég vildi að lokum, virðulegi forseti, segja það eitt að vandamálið með styrkingu dreifikerfa Rafmagnsveitna ríkisins og annarra dreifbýlisveitna er verkefni sem mikil ástæða er til fyrir þingið að taka á en það er ekki mál sem verður leyst einfaldlega með því að segja: Við þurfum 140 millj. kr. á ári og ríkissjóður á að útvega þær.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Vesturl. fyrir að vekja máls á því vandamáli sem hér um ræðir. Það hefur komið fram að raforkudreifikerfið í sveitum er víða komið að fótum fram og framlög til þess frá opinberri hálfu hafa verið skorin mjög niður á síðustu árum og eru óbreytt á þessu ári frá því í fyrra.

Það hefur komið fram í fjárln. þegar þessi mál hefur borið á góma, eins og hefur reyndar komið fram í ræðum þeirra sem hafa talað á undan, hæstv. ráðherra

og 3. þm. Vesturl., að þetta dreifikerfi er olnbogabarn. Ekki er gert ráð fyrir þessu í verðlagningu og ekki er gert ráð fyrir því að verja nema rúmlega einum tíunda hluta þess sem þarf á ári til þessara verkefna. Í svörum hæstv. ráðherra kemur fram að lausnin er, eins og hjá þessari ríkisstjórn, fólgin í því að stofna hlutafélag um rafveitur ríkisins. Þá muni þetta mál leysast.

Er hægt að bjóða upp á svona svör? Ég segi nei, vegna þess að hvaða aðilar eru tilbúnir til að kaupa hlutabréf í Rarik í þessu skyni? Þetta er ekki gróðafyrirtæki. Þetta er samfélagsmál og hluti af kostnaðinum við að búa í stóru landi og halda því í byggð. Mér blöskrar að heyra svona svör frá hæstv. ráðherra að bjóða upp á að það muni leysa þessi mál að stofna hlutafélag um rafveitur ríkisins.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er vissulega þarft mál að hreyfa því hvernig á að standa að uppbyggingu dreifikerfis í sveitum. Í hvert sinn sem óveður verður hér á landi sem veldur rafmagnstruflunum í fleiri eða færri daga erum við minnt á þetta.

Það kom fram hjá málshefjanda áðan að ekki hefur verið unnið eftir neinni áætlun þrátt fyrir að dreifikerfi sé mjög komið til ára sinna og þarfnist þeirra fjármuna sem þarf til að endurnýja það eins og skýrsla segir sem kom út um það mál. Þetta gildir ekki síst vegna þess að eftir árið 1980 jókst rafhitun til sveita mjög mikið og þar með álagið á línurnar enn. Víða er þannig að ekki er um að ræða nema eina línu. Þó í upphafi hafi verið byggðar tvær var seinna farið út í það að leggja ekki nema eina línu í dreifbýlinu.

Hér þarf að vinna að úrbótum, það fer ekki milli mála, og vinna eftir fyrirframgerðri áætlun. Það er mikil nauðsyn á öruggu kerfi í þessum málum. Það skiptir máli vegna samskipta fólksins, fjölmiðlunar, öryggismála, atvinnumála og eigna bæði atvinnufyrirtækja og heimila.

Hér kom fram að á fjárlögum næsta árs er framlagið aðeins 18,7 millj. kr. þrátt fyrir að til þess að vinna að einhverjum úrbótum í þessu þyrfti a.m.k. rúmar 100 millj. kr. Ég vil minna á að það dugar ekki, eins og kom fram í máli síðasta ræðumanns, að vísa á að það leysi allan vanda að stofna hlutafélag um almenningsveiturnar. Vitaskuld leysir það engan vanda. Ég bendi á að á sama tíma og stjórnvöld hafa verð að yfirtaka lán bæði hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða standa þau líka í því að innheimta afborganir af þessum yfirteknu lánum sem skipta hundruðum milljóna kr. á ári. Væri ekki réttara að leyfa fyrirtækjunum að nota þá peninga til þess að styrkja dreifikerfið?

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Á tæpum tveimur árum hefur þrívegis orðið stórtjón á dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins, mest á Norðurl. v. Þetta var í janúar 1991, nóvember 1991 og nóvember 1992. Dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins er víða komið nokkuð til ára sinna eða 30–40 ára gamalt og er að koma þreyta í kerfið. Dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins er samtals 6.500 km þannig að hér er um mjög viðamikið kerfi að ræða sem kostar mikla fjármuni að endurbyggja. Framlög hafa farið lækkandi frá ríkissjóði en Rafmagnsveitur ríkisins geta ekki tryggt línukerfið eða aðrar eigur vegna þess að ríkissjóður hefur bannað að eigur ríkisins væru tryggðar og ríkissjóður vill heldur greiða tjón þegar þau verða veruleg að einhverju marki. Ég geri ráð fyrir að vegna tjóns, sem nýverið hefur orðið, verði sótt til ríkissjóðs um það að greiða a.m.k. hluta tjónsins. Það er ókleift fyrir Rafmagnsveitur ríkisins að standa undir endurbyggingu dreifikerfisins án þess að annað tveggja komi til, fé af almannaframlögum ellegar með verulegum gjaldskrárbreytingum. Sums staðar hefur verið farin sú leið t.d. í Bretlandi að orkuöflunin hefur greitt fyrir hluta af dreifikerfi eins og þar er t.d. í Skotlandi og er það sú leið sem hefur verið farið fram á við stjórnvöld að hér verði reynd ella að ríkissjóður legði fram að einhverju marki fé meira en nú gerist til þessara verkefna. Ef það gerist ekki verður óhjákvæmilegt að vinna þetta verk og hækka þá gjaldskrá og auka verðmun á orku í landinu sem því nemur.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Í máli hæstv. iðnrh., sem svaraði hér fyrispurn áðan, kom stefnan fram. Sú stefna felur í sér að það eigi að velta kostnaði vegna viðhalds og endurbyggingar rafdreifikerfisins í landinu yfir á notendur þess. Það er alveg skýr stefna frá hæstv. iðnrh. Og það er þá væntanlega stefna ríkisstjórnarinnar í heild í þessum málum. Það þýðir augljóslega stóraukinn mismun á orkuverði í landinu nema menn ætli að greiða þann mismun niður í mjög auknum mæli. Um þetta er spurningin. Við þurfum kannski ekki að vera mjög hissa á svörunum miðað við stefnu ríkisstjórnarinnar á öðrum sviðum. Það er landauðnarstefna nánast hvert sem litið er. Hér er talað um sveitadreifikerfi. Þetta er ekki fyrst og fremst dreifikerfi í sveitum sem hér er um að ræða en það er líka slíkt dreifikerfi. Þetta eru meginlínurnar sem flytja orkuna á milli þéttbýlisstaða víða um landið fyrir utan svo byggðalínukerfið sjálft sem auðvitað þarf að vera sem traustast. Á sama tíma og menn eru með stórbrotnar áætlanir um rafstreng frá Íslandi til Evrópu þá sýna stjórnvöld ekki lit á því að leysa undirstöðumál sem varða raforkudreifingu í landinu og standa þar að málum eins og fólki sæmir í eigin landi. Þetta er alveg hliðstætt því og að halda við vegakerfinu í landinu og byggja það upp. Þetta eru leiðir orkunnar um landið sem er hluti af grunnþörfum okkar. Ég sé ekki að úr þessum málum verði bætt af núv. stjórnvöldum og með stefnu þeirra. Þannig að málið snýst auðvitað um að skipta hér um stjórnarstefnu á sviði er varðar byggðina í landinu og byggðamálin í heild.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Vesturl. fyrir að taka þetta mál upp í hæstv. þingi. Ég tel að hér

sé um afar mikilvægt mál að ræða, það hefur komið fram áður. Ég flutti fsp. á síðasta þingi til hæstv. iðnrh. um hvað liði áætlun um uppbyggingu og styrkingu dreifikerfis í sveitum. Um þetta getum við rætt og haft uppi langt mál. Það liggur fyrir að dreifikerfið er veikt en spurningin er hins vegar sú hvernig á að fjármagna uppbyggingu dreifikerfisins. Ég vil vekja athygli á því sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. v. og ég undirstrikaði sérstaklega í ræðu minni hér á síðasta þingi að það verður að tryggja fjármögnun þessara dreifikerfa með því að frá orkuöflunarfyrirtækjunum komi einhvers konar framlag til uppbyggingar á dreifikerfi í sveitum landsins. Það er óhjákvæmilegt að orkuvinnslufyrirtækin taki á þann hátt þátt í styrkingu raforkudreifikerfisins. Það er vitnað til þess og kom fram í ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar að þetta tíðkast í öðrum löndum og við verðum að skoða þetta. Það er hins vegar eins og hér hefur komið fram mikill kostnaður við þessa uppbyggingu en hún er óhjákvæmileg og við verðum að líta til þess þó því miður hafi ekki verið hægt á undanförnum árum að leggja mjög mikið fjármagn í uppbyggingu dreifikerfis í sveitum.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég hef orðið fyrir verulegum vonbrigðum með svör hæstv. ráðherra. Það er ekki að sjá að það standi til að skera úr um þessi mál. Ég held að þá hefðu svör hans verið skýrari. Hann sagðist aftur á móti hafa verið óheppin með veður. Það hefði verið sérstaklega illviðrasamt og mikið brotnað af staurum hjá honum. Ég held að menn megi eiga von á stórviðri á Íslandi á hverju ári í framtíðinni eins og hingað til. En ég vil vekja athygli á því að það er mat þeirra manna sem best þekkja til að dreifikerfið muni halda áfram að úreldast og það muni jafnvel koma til verulegra tjóna fram yfir það sem menn hafa séð áður vegna þess að staurarnir séu álíka gamlir og þeir fúna. Eftir 35–40 ár myndast mjög snögglega veikleiki í þeim og þá mega menn búast við miklu tjóni. Þetta er það sem menn hafa verið að spá og þess vegna er það mjög fyrirkvíðanlegt ef ekki er tekin stefna í þessum málum. Við þurfum að fá að vita hver hún er. Ég hafði vænst þess að hæstv. iðnrh. gerði grein fyrir því hvernig hann vill að þessi mál gangi fram. Hann sagðist binda mestar vonir við að hér yrði stofnað hlutafélag og það yrði hægt að auka hlutafé út á þessar framkvæmdir og borga þær með hlutafé. Dettur mönnum yfirleitt í hug að einhver áhugi sé á því að fjármagna endurbætur á þessu dreifikerfi með því að setja aukið hlutafé í fyrirtæki? Það verður þá að vera einhver arður af því. Og er það þá meiningin, virðulegur ráðherra, að þeir sem njóta dreifikerfisins eigi að borga verulega hærri fjárhæðir til þess að þeir sem hafa lagt aukið hlutafé í þetta fyrirtæki fái arðinn?

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Það er engin vafi á því að dreifikerfin til sveita eru mörg orðin úr sér gengin og gömul eru þau flest. Það þarf fjármagn til að endurnýja þau. Hér hafa menn lýst því sem mikilli blöskrunarhellu að ég hafi rætt þá hugmynd að Rafmagnsveitum ríkisins verði breytt í hlutafélag sem sjálft afli sér fjár til að standa undir rekstri og framkvæmdum og telja það hið mesta óráð. Treysta eða vilja treysta á að ríkið borgi einn kostnaðarþátt í rekstri þessa fyrirtækis. Ég verð nú að játa að mér þykir þetta furðulegt sjónarmið vegna þess að það er í raun og veru vandamálið sem við glímum við, þ.e. að hér hefur verið það kerfi um áratuga skeið að einn þáttur í rekstri fyrirtækisins er greiddur af almannafé en annað er á ábyrgð stjórnenda þess. Þetta er kerfi sem gengur ekki upp. Þess vegna er það skynsamleg stefna að létta frekar af fyrirtækinu og öðrum sem svipað standa skuldum til þess að þau geti sjálf staðið undir öllum sínum rekstri og öllum sínum framkvæmdum. Það er sú stefna sem ég vil vinna að og í því felst alls ekki — og ég mótmæli því sem kom hér fram hjá hv. 4. þm. Austurl. — að ríkið láti sig engu varða hvernig dreifikerfið á orkunni um landið er vaxið. Þvert á móti er spurningin um það að finna til þess færar leiðir að tryggja það sem best. Sannleikurinn er sá að sú leið sem farin hefur verið um langan aldur hefur ekki dugað. Þess vegna þurfum við nýjar leiðir, hv. þingmenn. Þess vegna þurfum við nú að finna ný úrræði en treysta ekki á þau gömlu sem ekki hafa dugað, ekki heldur á meðan hv. 4. þm. Austurl. var ábyrgðarmaður þessa sem orkumálaráðherra. Þetta vil ég láta koma mjög skýrt fram vegna þess að hér er ekki um úrræðaleysi að ræða heldur er um það að ræða að leita nýrra úrræða til að leysa alvarlegt vandamál. Og ég vil ítreka það að hér er að sjálfsögðu spurning um að láta almannavaldið taka þátt í þessu.

Ég veit ekki betur en að skuldum hafi í milljarðavís verið létt af orkukerfinu. Ég veit ekki betur en ríkið hafi að sjálfsögðu greitt tjón sem orðið hafa á undanförnum árum í hundraða milljónavís og þar með styrkt kerfið um leið. Um þetta hefur enginn hér sagt eitt einasta orð. Sannleikurinn er sá að menn sjá ekki aðalatriði málsins en einblína á aukaatriðin.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegur forseti. Hæstv. iðnrh. heldur því fram eftir sem áður að einkavæðing eða það að stofna hlutafélag um þessar almenningsveitur, sem eiga að þjóna öllu landinu, sé lausnin. Ég vísa algerlega á bug svona röksemdum. Þetta er ein af þeim frumþörfum sem ríkisapparatinu, ef við getum orðað það svo, er skylt að sjá öllum landsmönnum fyrir með þokkalegu öryggi og á sæmilegu, sambærilegu verði. Það lýsir því sjónarmiði ráðherrans að einkavæðing muni leysa allan vanda. Þetta er svo fráleitt sjónarmið að það tekur í raun og veru engu tali að það skuli vera það sem fyrst kemur fram sem lausn á þessu máli.

Gjald af umboðsþóknun í gjaldeyrisviðskiptum, 1. umr.

Stjfrv., 254. mál (heildarlög). — Þskj. 331.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 331 er 254. mál þingsins sem er frv. til laga um gjald af umboðsþóknun í gjaldeyrisviðskiptum. Þetta er stjórnarfrv. sem ég mæli hér fyrir og er í fjórum greinum. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að fellt verði niður í þrepum gjald það sem innheimt hefur verið af tekjum banka og innlánsstofnana af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta skv. lögum nr. 52/1984, um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta.

Frv. þetta er ekki flutt sem breytingafrv. við lög 52/1984 heldur er gert ráð fyrir að þau lög falli úr gildi. Það byggist fyrst og fremst á því að lögunum er ætlaður stuttur líftími, eða þrjú ár. En skv. 4. gr. frv., sem er gildistökuákvæði, verður gjald þetta ekki lagt á eftir árslok 1995.

Í frv. er gert ráð fyrir að heiti laganna verði: Lög um gjald af umboðsþóknun í gjaldeyrisviðskiptum. Gjaldtaka af umboðsþóknunum og gengismun á sér nokkuð langa sögu í íslenskri löggjöf. Það var fyrst innheimt á grundvelli laga nr. 86/1956, um útflutningssjóð o.fl. Gjaldið var á þeim tíma hugsað sem nokkurs konar hlutdeild í tekjum banka og innlánsstofnana í gjaldeyrisviðskiptum. Var í því sambandi haft í huga að þær stofnanir voru ekki skattskyldar. Þegar innlánsstofnanir urðu skattskyldar með lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, var gert ráð fyrir að gjald þetta legðist af þar sem óeðlilegt þótti að skattleggja þannig sömu tekjur með tvennum hætti. Horfið var frá þeim áformum vegna tekjuþarfar ríkissjóðs á þeim tíma.

Enda þótt tekjuþörf ríkissjóðs sé síst minni í dag en hún var fyrir áratug standa óhrakin þau rök sem bjuggu að baki þeim fyrirætlunum að fella gjald þetta niður á sínum tíma. Fleira kemur þó til sem gerir það enn meira knýjandi að gera hér breytingar á. Fyrr á árinu var lögum um Seðlabanka Íslands breytt með lögum nr. 14 1992 en þau fela m.a. það í sér að komið verður á fót gjaldeyrismarkaði hér á landi. Í því felst að Seðlabanki Íslands mun ekki lengur skrá sérstakt kaup- og sölugengi einstakra gjaldmiðla heldur mun ákvörðunin færast til innlánsstofnanna sjálfra. Sú breyting felur það m.a. í sér að ekki verði lengur um að ræða fast hlutfall milli sölugengis og kaupgengis heldur mun það ráðast af gjaldmiðli hverju sinni og eðli og umfangi viðskiptanna. Það er mat sérfræðinga að þetta geri það nánast óframkvæmanlegt að halda utan um stofn gjaldsins. Í því sambandi hefur verið bent á að eðli málsins samkvæmt sé gengismunur færður þannig í bókhaldi bankanna að þar renni saman annars vegar gengismunur vegna sölu galdeyris til viðskiptamanna og hins vegar gengismunur þ.e. hagnaður eða tap sem myndast við reglubundið endurmat á erlendum eignum og skuldum vegna daglegra breytinga á gengi hinna ýmsu gjaldmiðla.

Í ljósi þess að ríkissjóður hefur haft verulegar tekjur af þessu gjaldi er í frv. þessu gert ráð fyrir að það verði fellt niður í þrepum enda er í frv. til fjárlaga gert ráð fyrir að tekjur af gjaldinu árið 1993 verði 200 millj. í stað 313 millj. á árinu í ár. Þannig er gert ráð fyrir í frv. að strax frá 1. jan. 1993 verði ekki innheimt neitt gjald af gengismuninum enda er það í reynd tæknilega óframkvæmanlegt eins og ég reifaði fyrr í ræðu minni. Gjaldið leggst hins vegar einungis á umboðsþóknanir.

Um áramótin 1993–1994 lækkar hlutfallið úr 45% í 30% og um áramótin 1994–1995 í 15% og frá 1. jan. 1996 mun gjald þetta heyra sögunni til verði þetta frv. að lögum.

Hæstv. forseti. Að svo mæltu legg ég til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vog, mál og faggilding, 2. umr.

Stjfrv., 7. mál (heildarlög). — Þskj. 7, nál. 378, brtt. 379.

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir áliti efh.- og viðskn. um frv. til laga um vog, mál og faggildingu. Um þetta mál var fjallað á síðasta þingi. Þá komu allmiklar athugasemdir við frv. eins og það var þá lagt fram. Síðan var frv. breytt í samræmi við þessar athugasemdir og flutt aftur í haust.

Nefndin hefur fengið allmargra aðila til þess að tjá sig um málið og þeirra er getið í nál. á þskj. 378. Nefndin hefur gert nokkrar tillögur til breytinga á frv. með hliðsjón af þeim athugasemdum sem fram hafa komið svo og vinnu í nefndinni.

Í fyrsta lagi er lögð til breyting á 11. gr. frv. en í henni kemur fram að Löggildingarstofan sé sá aðili sem annist faggildingu fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Það er smábreyting á 1. málslið 2. mgr. og tillaga nefndarinnar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nú er gerð krafa um faggildingu stofnana og fyrirtækja, sem framkvæma lögbundnar prófanir eða eftirlit eða votta vara, ferli eða þjónustu, svo og hæfni og þekking starfsmanna, uppfylli lögbundnar kröfur og skal þá slíkri kröfu fullnægt af Löggildingarstofunni eða hliðstæðum stofnunum í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.“

Þetta segir fyrst og fremst að sé gerð krafa um faggildingu sé það Löggildingarstofan sem annist slíkt.

Síðan er gerð tillaga um að síðari mgr. 14. gr. falli brott en í frv. er kveðið á um að Löggildingarstofan skiptist í deildir samkvæmt ákvörðun ráðherra. Þetta þykir óþarft í löggjöfinni og liggur í hlutarins eðli að ef þarf að skipta Löggildingarstofunni í deildir sé það að sjálfsögðu sjálfsagt og rétt. Talið er að ekki þurfi lagaheimild til slíks.

Síðan er gert ráð fyrir því að 17. gr. orðist svo sem

segir í brtt., með leyfi forseta: „Löggildingarstofan skal, þar sem aðstæður mæla með, með samningi fela aðilum, sem þess óska og hafa sérþekkingu og nauðsynlega hæfni, að leysa verkefni sem henni eru falin samkvæmt lögum þessum."

Hér er fyrst og fremst verið að hnykkja á því að Löggildingarstofan geti og eigi þar sem það er mögulega hægt að úthluta öðrum þeim verkefnum sem henni er falið að leysa. Það er álit nefndarinnar að það eigi að reyna að hafa þessa stofnun sem allra minnsta og ekki eigi að hlaða þarna upp einhverju bákni. Ég hygg að það sé sameiginlegt áhugamál allra þeirra sem hafa tjáð sig um þetta mál.

Að lokum vil ég þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir ágætt samstarf um þetta mál og læt máli mínu lokið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, 2. umr.

Stjfrv., 21. mál. — Þskj. 21, nál. 356, brtt. 343.

Frsm. meiri hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta félmn. á þskj. 356 um frv. til laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Nefndin hefur fjallað um frv. sem felur í sér lögfestingu reglugerðar Evrópubandalagsins um frjálsa flutninga launafólks ásamt þeim breytingum sem leiðir af ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og fylgiskjölum hans. Þá er með frv. komið á fót nefnd sem skal vera innlendur eftirlitsaðili með því að ákvæði reglugerðar þessarar séu virt.

Á fund nefndarinnar komu Berglind Ásgeirsdóttir, Gylfi Kristinsson og Gunnar Sigurðsson frá félmrn., Hrafnhildur Stefánsdóttir og Kristján Jóhannsson frá VSÍ, Hjörtur Eiríksson frá VMSS, Ögmundur Jónasson frá BSRB, Páll Halldórsson, Birgir Björn Sigurjónsson, Björn Arnórsson og Eggert Lárusson frá BHMR og Ari Skúlason og Halldór Grönvold frá ASÍ. Nefndin studdist einnig við umsagnir er bárust frá 115. löggjafarþingi frá Vinnumálasambandinu, Sambandi byggingamanna, Sambandi ísl. kaupskipaútgerðar, BHMR, Jafnréttisráði, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Stéttarsambandi bænda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og ASÍ, BSRB, VSÍ, Kennarasambandi Íslands, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum og Fjórðungssambandi Vestfirðinga.

Frv. er óneitanlega fremur óvenjulegt þar sem lagt er til að reglugerð Evrópubandalagsins nr. 1612/68 verði lögfest hér á landi. Reglugerð þessi byggir á 28. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið þar sem launþegum er tryggð frjáls för á Evrópska efnahagssvæðinu. Reglugerðin er þannig upp byggð að hún skiptist í fjóra hluta sem síðan skiptst hver um sig í bálka.

Fyrsti hluti reglugerðarinnar ber heitið Atvinna og fjölskyldur launþega. Í þessum hluta er í fyrsta lagi kveðið á um og tilgreind þau grundvallarréttindi að ríkisborgarar aðildarríkjanna skuli hafa jafnan aðgang að vinnumarkaðinum.

Í öðru lagi er kveðið á um jafnrétti í launum, öðrum starfskjörum og vinnuskilyrðum hvað varðar aðgang að húsnæði, þar með talið eigin húsnæði, og þjónusta húsnæðismiðlunar. Loks er í III. bálki I. hluta kveðið á um rétt fjölskyldu launþegans til atvinnu, búsetu, húsnæðis og náms.

II. hluti reglugerðarinnar ber heitið Atvinnuframboð og atvinnuumsóknir og er þar m.a. kveðið á um samvinnu ýmissa aðila í einstökum ríkjum við sambærilegar stofnanir í öðrum aðildarríkjum og við sameiginlegar stofnanir aðildarríkjanna eins og framkvæmdastjórnina, Evrópsku samráðsskrifstofuna, umsjónarnefndina og ráðgjafarnefndina. Þar kemur einnig fram að aðildarríkin skulu starfrækja sérstaka þjónustuskrifstofu sem gegnir hlutverki atvinnumiðlunar í hverju ríki. Í II. hluta reglugerðarinnar er einnig kveðið á um að gerðar skuli nauðsynlegar kannanir á atvinnutækifærum og atvinnuleysi. Loks er í þessum hluta kveðið á um hlutverk Evrópsku samráðsskrifstofunnar sem skal samræma ráðstafanir vegna atvinnutækifæra og atvinnuumsókna og almennt miðla upplýsingum um atvinnutækifæri innan EES-svæðisins.

Í III. hluta reglugerðarinnar er síðan fjallað um nefndaskipan og IV. hluti skiptist í bráðabirgða- og lokaákvæði.

Eðlilega urðu miklar umræður í nefndinni um það fyrirkomulag að lögfesta reglugerð þessa. Nefndin stóð í starfi sínu frammi fyrir þremur meginvalkostum:

1. Að mæla með því að 1. gr. frv. yrði samþykkt óbreytt þannig að reglugerð Evrópubandalagsins nr. 1612/68 yrði lögfest án þeirra breytinga sem leiða af EES-samningnum og fylgiskjölum hans. Sú leið hefði þýtt að þau ákvæði reglugerðarinnar sem ekki skulu gilda hér á landi hefðu áfram staðið inni í reglugerðinni. Formáli reglugerðarinnar, sem ekki skal hafa lagagildi, hefði jafnframt fylgt með í lagasafnið auk þess sem enn hefði staðið inni í reglugerðinni orð sem ekki eiga við á Evrópska efnahagssvæðinu. Þessi leið hefði haft í för með sér að ávallt hefði þurft að hafa hliðsjón af ákvæðum viðauka V og bókunar 1 við EES-samninginn við skoðun ákvæða reglugerðarinnar.

2. Hugleiddur var sá möguleiki að umskrifa reglugerðina í íslenskan lagatexta. Á því reyndust ýmis vandkvæði enda hafði sá möguleiki verið áður skoðaður í félmrn.

3. Að fara þá leið sem meiri hluti nefndarinnar leggur til hér, þ.e. að lögfesta reglugerðina en þó þannig að í stað þess að vísað sé í frv. í fskj. þau við EES-samninginn sem leiða til breytinga á reglugerðinni hefur henni verið breytt samkvæmt þeim. Meiri

hluti nefndarinnar leggur því til nokkrar breytingar á frv. og er gerð grein fyrir þeim tillögum á þskj. 343 og vil ég með leyfi forseta víkja að þeim breytingum sem gerðar hafa verið tillögur um.

Í fyrsta lagi hefur reglugerðin sem lögtaka á samkvæmt 1. gr. frv. verið aðlöguð samkvæmt þeim fylgiskjölum sem vísað er til, þ.e. V. viðauka, bókun 1 og öðrum ákvæðum EES-samningsins og er því ekki lengur þörf á að hafa tilvísun til þeirra í greininni. Þó skal tekið fram að ekki er að öllu leyti hægt að aðlaga reglugerðina þar sem endanlegar ákvarðanir um framkvæmd EFTA-ríkjana á einstökum þáttum liggja ekki fyrir samanber t.d. d-lið 4. töluliðar bókunar 1 í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Nauðsynlegt er að hafa þennan fyrirvara á varðandi aðlögun þá sem hefur verið gerð á reglugerðinni.

Í d-lið 4. töluliðar bókunar 1 við samninginn kemur fram að störf framkvæmdastjórnar EB vegna tilhögunar við sannprófun eða samþykki upplýsingar, tilkynningar eða ráðgjöf og skyld málefni skulu að því er EFTA-ríkin varðar fara fram í samræmi við starfsreglur þeirra. Þar sem ekki liggur fyrir hvernig framkvæmdin verður í þessum atriðum hjá EFTA er enn sem komið er ekki hægt að breyta ákvæðum reglugerðarinnar á þessum grundvelli.

Í aðlögun reglugerðarinnar felst að felld hafa verið út þau ákvæði sem ekki skulu gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði og gerðar breytingar á orðalagi hennar. Orðalagsbreytingarnar, sem leiða af bókun 1, grundvallast á því að verið er að færa reglugerð Evrópubandalagsins inn á svið EES-samningsins. Þessar breytingar fela einkum í sér að orðinu aðildarríki hefur verið breytt í EES-ríki eða EFTA-ríki og orðinu framkvæmdastjórn í fastanefnd EFTA eða eftirlitsstofnun EFTA. Þá hafa síðari breytingar á reglugerðinni verið felldar inn í texta hennar auk þess sem ákvæði hennar eru nú felld inn í sjálfan lagatexta frv. Þessar breytingar ættu að leiða til þess að orðalag og frágangur reglugerðarinnar verði aðgengilegri fyrir almenning.

Sú tilvísun til síðari breytinga á reglugerð 1612/68, sem fram kemur hér áður, felur í sér að reglugerð 312/76, sem breytir ákvæði 8. gr. reglugerðar 1612/68, hefur verið felld inn í hana. Þetta kemur nú fram í 8. gr. reglugerðar 1612 svo breytt og 1. gr. frv. orðast því svo, með leyfi forseta:

„Ákvæði reglugerðar um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 1612/68/EBE, sbr. reglugerð nr. 312/76/EBE, eins og henni var breytt með ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, skulu hafa lagagildi hér á landi.

Reglugerðin, eins og hún hefur verið aðlöguð, sbr. 1. mgr., er prentuð sem fskj. með lögum þessum."

Þá er lagt til að við 2. gr. frv. bætist ný málsgrein sem veiti fulltrúum fleiri heildarsamtaka atvinnurekenda og launþega en kveðið er á um í frv. rétt til að taka sæti í nefnd þeirri sem hefur eftirlit með framkvæmd laganna. Brtt. þessi er málamiðlun, til komin vegna ábendinga frá launþegasamtökum sem mundu samkvæmt frv. ekki eiga þess kost að fulltrúar þeirra sætu í nefnd þessari. Ný viðbótarmálsgrein 2. gr. hljóðar því svo:

„Þegar nefndin fjallar um mál, sem varða sérstaklega önnur heildarsamtök launþega eða atvinnurekenda en þau sem kveðið er á um í 1. og 3. mgr., skulu fulltrúar þeirra samtaka taka sæti í nefndinni."

Loks er lögð til breyting á 3. gr. frv. sem felur í sér nánari afmörkun þeirrar heimildar sem ráðherra er veitt til reglugerðarsetningar samkvæmt frv. Þessi breyting er ekki síst lögð til til að fyrirbyggja allan misskilning um að reglugerð 1612/68 verður ekki breytt nema með lagasetningu. Allar breytingar á reglugerðinni fara skilyrðislaust í gegnum lagasetningarferil Alþingis.

Meiri hluti félmn. mælir með samþykkt frv. verði frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. er fram kunna að koma. Eggert Haukdal tekur fram að stuðningur hans við frv. sé óháður því hvaða afstöðu hann muni taka við afgreiðslu frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið. Undir nál. rita Rannveig Guðmundsdóttir formaður, Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara, Eggert Haukdal, Einar K. Guðfinnsson, Jón Kristjánsson, með fyrirvara, Guðjón Guðmundsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, með fyrirvara, og Sigbjörn Gunnarsson.

Ég vil að lokum þakka mjög góða og málefnalega vinnu í nefndinni að þessu mikilvæga frv. sem vissulega er nokkuð flókið og sérstaklega góðan vilja nefndarmanna til þess að gera þær breytingar á frv. og aðlögun á reglugerðinni sem nauðsynleg var til þess að hún yrði svo aðgengileg sem kostur væri fyrir almenning.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu er víst óhætt að segja að sé eitt af stærri málunum sem tengjast samningabröltinu um Evrópska efnahagssvæðið. Ég vil taka undir það sem fram kom hjá formanni nefndarinnar að það hefur verið nokkuð vel að því unnið í nefndinni frá því að handrit að frv. kom fram í sumar. Frv. hefur að mörgu leyti lagast verulega við þær breytingar sem lagt er til að gert verði á því að formi til. Með þessum brtt. sem fyrir liggja má segja að formlega hliðin að málinu fari að verða nokkuð skapleg og lögtæk að mínu mati.

Þannig háttaði til að þegar málið var tekið út úr nefndinni var ég veðurtepptur vestur á Fjörðum og átti þess ekki kost að sitja á fundi nefndarinnar. Ég vil því gera örlitla grein fyrir minni afstöðu til þessa máls eins og hún liggur fyrir á þessari stundu.

Ég vil segja það meginatriði, sem skiptir auðvitað mestu máli í þessu, hvaða áhrif frv. kemur til með að hafa hér á landi, á atvinnu Íslendinga, rétt þeirra til vinnu hér á landi og hvaða áhrif kunna að verða af frv. á stöðu stéttarfélaga hér. Þó að hér hafi, eins og ég gat um, að mörgu leyti margt verið vel unnið í nefndinni, þá er því ekki að neita að ekki hefur tekist að eyða allri óvissu sem var né heldur að svara þeim spurningum sem fyrir lágu til hlítar. Að mínu mati eru nokkrir lausir endar í þessu máli sem krefjast frekari svara

en fengist hafa. Þar vil ég fyrst nefna afmörkun sjálfs frv. en það er, eins og mönnum er kunnugt, undanþága í samningnum sem fyrir liggur, í 28. gr. hans um launafólk og sjálfstætt starfandi. Ákvæði greinarinnar eiga ekki við um störf í opinberri þjónustu. Ég óskaði eftir því strax í sumar þegar málið barst til nefndarinnar að fá yfirlit yfir undanþáguákvæði, hvaða störf væri hér um að ræða og hef nokkrum sinnum ítrekað að fá það yfirlit en því miður verður að segjast sins og er að það hafa ekki komið nein svör þar um. Það er að mínu viti bagalegt að hafa ekki ljóst hvert gildissvið frv. er því það er það ekki nema undanþáguákvæði 4. tölul. 28. gr. samningsins sjálfs séu upp talin.

Því hefur verið haldið fram bæði í framsöguræðu með frv. á sínum tíma og í greinargerð að hér sé skilgreining sem sé á valdi hvers ríkis að veita. Ef við gefum okkur að það sé rétt auðveldar það innlendum stjórnvöldum að gefa upp þann lista sem ég óskaði eftir fyrst það er á valdi innlendra stjórnvalda að skilgreina hvaða störf eru undanþegin. Hins vegar hef ég reyndar efasemdir um það, eins og fram hefur komið hjá mér, að það sé á okkar valdi að skilgreina einhliða undanþáguákvæði þessa töluliðar 28. gr. Ég rakti í 1. umr. sem dæmi dómareifanir sem ég hafði fengið eintak í handriti og var dreift til þingmanna fyrir örfáum dögum. Þar kemur skýrt fram að túlkun þessa ákvæðis, sem er nákvæmlega það sama og er í Rómarsáttmálanum gagnvart Evrópubandalagsríkjunum sjálfum, hefur verið túlkað af Evrópudómstólnum. Í þessum dómareifunum, sem ég er því miður ekki með við höndina en er hægt að vitna til ef óskað er eftir, kemur skýrt fram að Evrópudómstóllinn telur að hann hafi úrskurðarvald um hvernig beri að túlka þetta undanþáguákvæði Rómarsáttmálans gagnvart Evrópubandalagsríkjunum. Hann tekur meira að segja skýrt fram í sumum dómareifununum að það sé ekki líðandi fyrir framkvæmd málsins að einstök ríki hafi rétt til að túlka þetta ákvæði að eigin vild. Með öðrum orðum er það alveg ljóst að innan Evrópubandalagsins er um að ræða einhliða túlkun Evrópudómstólsins. Það er ekki að sjá að einstök Evrópubandalagsríki hafi vefengt eða sagt sig frá úrskurðarvaldi dómstólsins í þessum efnum. Það þýðir að ef við útvíkkum þetta ákvæði Rómarsáttmálans yfir á Evrópskt efnahagssvæði mun verða innan Evrópubandalagshluta svæðisins um að ræða samræmda túlkun, útgefna af Evrópudómstólnum.

Í ljósi ákvæða frv. og samningsins sjálfs um samræmda framkvæmd samningsins á öllu svæðinu leiðir það til þess að það er óhugsandi eða a.m.k. ekki í neinu samræmi við samninginn og anda hans að einstök EFTA-ríki hafi sjálfstætt vald til að skilgreina þetta í framtíðinni. Ef svo væri mundu menn taka þetta hugtak, sem er undanþáguákvæðið um opinberu störfin, eins og það er skilgreint á þeim tímapunkti sem samningurinn gengur í gildi og þróa það með mismunandi hætti eftir því hver á í hlut.

Í fyrsta lagi mundi EB þróa það með sínum hætti innan síns svæðis og síðan einstök EFTA-lönd þróa hugtakið með sínum hætti. Það gætu þá verið jafnmargar ólíkar útgáfur og EFTA-löndin eru. Ég hef því ekki fallist á þá skoðun, sem fram hefur komið m.a. hjá hæstv. félmrh., að það muni verða á okkar valdi að skilgreina þetta hugtak því það brýtur augljóslega í bága við samninginn eins og hann er upp settur. Ef svo er, og það er mín skoðun, erum við í raun bundin túlkun dómstóls Evrópubandalagsins á þessu inn í framtíðina. Við erum ekki bara að taka við þeirri túlkun sem liggur fyrir í dag á þessu hugtaki af hálfu dómstóls EB heldur að binda okkur við túlkun hans á þeim tíma sem samningurinn mun gilda.

Þetta er fyrsta atriðið sem ég nefni og tel ekki vera skýrt til þeirrar hlítar að ég sé sáttur eða ég telji að fullnægjandi hafi verið. Ég tel að hæstv. ráðherra, sem heldur því fram að það sé á okkar valdi að skilgreina 4. tölul. 28. gr., verði að færa betri rök fyrir þeirri skoðun sinni og m.a. koma þar að dómareifununum sem hér hefur nýlega verið dreift til þingmanna og bera það greinilega með sér að dómstóll EB telur sig hafa lögsögu í málinu og tekur skýrt fram að það gangi ekki að einstök aðildarríki EB túlki hlutina sjálfstætt.

Þetta er fyrsta atriðið sem verður að liggja fyrir áður en við ljúkum afgreiðslu málsins endanlega því það verður að vera óumdeilt í hvers höndum það er að skilgreina hverjir eru undanþegnir ákvæðinu um frjálsa för launþega. Hver eru störfin í opinberri þjónustu sem eru undanþegin þessum samningi og þar með þessu frv. sem hér liggur fyrir?

Það er ósamræmi á milli texta undanþáguákvæðisins og greinargerðar frv. Texti undanþáguákvæðisins er ákaflega skýr en hann er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um störf í opinberri þjónustu." — Þettaer ákaflega skýrt. Ég held að þingmenn þurfi ekki um það að deila á hinu háa Alþingi hvað séu störf í opinberri þjónustu. Ég held að skilningur okkar á þessum ákvæðum sé það líkur að það sé ekki nein deila um hvaða störf teljast til opinberrar þjónustu og hvaða störf teljast ekki til hennar. Ef við ættum að taka þetta orðalag og svara þeirrri spurningu hvaða störf er um að ræða mundu menn skrifa það upp á einni dagstund og um það nást nokkuð bærileg samstaða.

Hins vegar versnar í því þegar menn fara að lesa skýringarnar eða greinargerðina með frv. því þá er farið að gefa upp aðra skilgreiningu eða túlkun á hugtakinu „opinber þjónusta" en felst í þessum tölulið að mínu mati.

Sú túlkun sem þarna kemur fram er, að því er ég best fæ séð, dómsniðurstaða Evrópubandalagsdómstólsins. Hún er í raun og veru ekkert annað en útlistun á því hver niðurstaða dómstóls EB er á túlkun þessa hugtaks. Eins og frv. er sett upp, samningurinn með greinargerð, virðast þeir sem flytja málið segja: Við skilgreinum hlutina eins og EB hefur gert. Það er allt annað sjónarhorn á málinu en mætti ætla við lestur greinarinnar sjálfrar því í því felst að við erum að viðurkenna að það sé dómstóll EB sem hefur tökin og forræðið yfir því hvernig ber að skilja þetta hugtak. Það er því ekki óeðlilegt að spyrja eins og ég geri: Erum við ekki þar með að viðurkenna forræði þess sama

dómstóls um áframhaldandi þróun á túlkun þessa ákvæðis? Röksemdarfærslan er sú að þróunin geti samkvæmt samningnum ekki farið í mismunandi áttir eftir aðildarlöndum því samræmingarkrafan er svo sterk í samningnum að það verða allir að fara í sömu átt. Það verða allir að ganga í takt, annars gengur samningurinn ekki upp.

Af greinargerð á bls. 123 má ráða hvaða skilning dómstóll EB hefur þróað á þessu hugtaki, þ.e. að þau störf í opinberri þjónustu sem eiga að vera undanþegin eru ekki öll störf í opinberri þjónustu, heldur einungis tiltekin störf sem fela í sér, að mati dómstólsins, eitthvert trúnaðarsamband á milli starfsmanns og framkvæmdarvaldsins.

Enn fremur kemur skýrt fram í greinargerðinni að störf sem í sumum löndum flokkast sem opinber störf flokkast í öðrum löndum undir einkaaðila. Þau falla á svæðinu öllu utan við skilgreininguna um opinbera þjónustu. Það vakti auðvitað upp næstu spurningu, til að átta sig á því hvernig afmörkunin er, að fá svör við því hvernig þetta er í hinum 18 löndunum í EB og EFTA. Við getum talið alla okkar opinberu þjónustu, t.d. póstþjónustu og annað slíkt, og athugað hvernig þetta er í hinum löndunum til að finna út hvaða mengi af störfum — ef svo má orða það — eru innan allra 19 landanna hluti af opinberum störfum. Það væru þá einu störfin sem ættu að vera undir fjórða töluliðnum.

Ég hef reyndar varpað fram þessari spurningu en ekki fengið svör og kannski hef ég ekki gengið eftir þeim af þeim þunga sem spurningin í raun og veru réttlætir. Það er því ekki við formann nefndarinnar að sakast heldur tel ég að svörin við spurningunum sem var beint til ráðuneytisins hafi kannski strandað í ráðuneytinu, tekið lengri tíma að afla svara en ætlað var og kannski ekki búið að draga þau saman enn eða menn hafi ekki haft tíma til að sinna því. Hver svo sem skýringin er er þessum spurningum ósvarað.

Þetta vildi ég draga fram sem fyrsta atriðið í umræðu um frv. því það skiptir auðvitað miklu máli að vita hvert gildissvið frv. er. Ef það er ekki ótvírætt eða þannig að gildissviðið sé afmarkað strax í upphafi heldur eigi að taka breytingum í framtíðinni þurfum við að vita hverjir það eru sem ráða þeirri þróun.

Þá er annað atriði sem ég hef haft nokkuð miklar áhyggjur af. Það eru ákvæði í kjarasamningum stéttarfélaga hér á landi um að félagsmenn stéttarfélaga hafi forgang til vinnu á sínu svæði umfram ófélagsbundna menn.

Nú er það þannig að forgangsréttarákvæðið sjálft mismunar ekki eftir þjóðerni. Þegar í lagafrv. er tekið ákvæði úr reglugerð EB sem skyldar verkalýðsfélög til að opna sig fyrir erlendu fólki er forgangsréttarákvæðið sjálft ekki mismununarákvæði eftir þjóðerni. Því er ekki hægt að hafna á þeim grundvelli.

Hins vegar spyr maður sig hvernig þetta ákvæði muni halda með þennan samning í gildi og frv. sem hér liggur fyrir. Það er augljóst ef forgangsréttarákvæðið á að standa óhaggað á samningstímanum að þá er um að ræða hindrun fyrir erlent fólk til að koma hingað og leita sér að vinnu. Ég held að það sé óumdeilt því atvinnurekandi hefur skuldbundið sig til þess að ráða í laus störf félagsbundna menn umfram hina sem eru ófélagsbundnir. Erlendir launamenn sem hingað kunna að koma eða spyrjast fyrir um vinnu eru auðvitað utanfélagsmenn meðan þeir eru ekki komnir til starfa og gengnir í stéttarfélag. Þeir eru því í öðru sæti á eftir hinum. Þannig er veruleikinn. Ég held að það sé ekki hægt að deila um þetta.

Þá spyr maður sig: Mun það geta gengið? Er ákvæði frv. þannig að þetta verði ótruflað? Það skiptir gríðarlega miklu máli. Þá er fyrst til að nefna að forgangsréttarákvæði er ekki lögbundið. Það er ekki varið í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum, eins og það heitir í lagatexta núna, sem gæti verið reglugerð eða eitthvað slíkt. Það er samningsatriði. Það getur dottið út úr kjarasamningum hvenær sem er.

Við skulum nú ímynda okkur fyrst þann vinkil á málinu. Ég hef spurt aðila vinnumarkaðarins um það hvort forgangsréttarákvæði stéttarfélaga verði í gildi í náinni framtíð. Fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, sem er stærsti aðilinn þeim megin, lýsti því yfir skýrt og skorinort að Vinnuveitendasamband Íslands væri ekki tilbúið til að lýsa því yfir að forgangsréttarákvæðið yrði áfram í kjarasamningum. Það ákvæði væri ekki komið inn í kjarasamninga vegna áhuga þeirra. Það er því allt í óvissu um það hvort þeir muni fást til að hafa þetta inni í samningnum ef það er ljóst að þeir hafa engan áhuga á því.

Hver er staðan ef þetta ákvæði dytti út? Þá er staðan sú að atvinnurekendur geta ráðið hvern sem er í vinnu sem hefur ríkisfang einhvers þessara 19 ríkja. Í ljósi þess að við erum með þess konar fyrirkomulag launa, við erum annars vegar með taxtalaun og hins vegar kaupauka eða yfirtíð sem hífir heildarlaunin verulega upp, að þá er augljós hætta í þessu. Atvinnurekendur geta einfaldlega sótt sér vinnuafl hvert sem þeim sýnist ef þeir finna vinnuafl erlendis sem er tilbúið til að vinna á lakari kjörum en menn neyðast til að greiða hér á landi. Hvaða áhrif gæti þetta haft á verkalýðshreyfinguna ef forgangsréttarákvæðið væri ekki inni? Þá erum við komnir með stöðu sem leiðir að mínu mati óhjákvæmilega til evrópskrar stöðu íslenskrar verkalýðshreyfingar. Eins og mönnum er e.t.v. kunnugt eru stéttarfélög í Norður-Evrópu ákaflega veikburða vegna þess að réttindin til verkfalls og sameiginlegra aðgerða eru ekki hjá félaginu sem slíku eða samtökum launafólks heldur er hann einstaklingsbundinn. Rétturinn til að fara í verkfall er hjá sérhverjum einstaklingi. Félag getur ekki lýst yfir vinnustöðvun í Evrópu. Þar er varinn í lögum hygg ég réttur hins neikvæða félagafrelsis sem kallað er, réttur manna til að standa utan stéttarfélaga. Ég óttast það að ef við hefðum ekki fullt tangarhald á því að halda forgangsréttarákvæðinu inni í kjarasamningum, ef það dytti út, mundi það brjóta niður íslenska verkalýðshreyfingu á skömmum tíma. Það er alveg augljóst mál og menn þurfa ekki að loka augunum fyrir því að auðvitað eru það markmið atvinnurekenda hér á landi sem annars staðar að hafa verkalýðshreyfinguna sem veikasta og þeir munu ekkert liggja á liði sínu við að brjóta niður

samtakamátt íslenskrar verkalýðshreyfingar ef þeir sjá færi á því. Ég minni á að eins og fram hefur komið í skýrslum hæstv. félmrh. til Alþingis um Alþjóðavinnumálaþingið að þá eru deilur uppi um þetta og sérfræðinganefnd Evrópuráðsins hefur gert athugasemdir við þetta ákvæði hjá okkur. Þar er rakið í ákaflega skýru máli hvernig þau mál hafa gengið fyrir sig og hvernig vörn íslenskrar verkalýðshreyfingar og íslenskra ríkisstjórna hefur verið fram til þessa í málinu. En það er ekki víst í þeim efnum að sérfræðinganefndin fallist á okkar sjónarmið heldur haldi sig við það sjónarmið sem þeir hafa sett fram, að vinnulöggjöfin brjóti í bága við Mannréttindasáttmála Evrópu.

Hinn möguleikinn er sá sem við verðum að skoða: Hefur þetta frv. einhver áhrif á forgangsréttarákvæðið? Ég vil ekki fullyrða það beint en ég hef efasemdir sem ég vil láta koma fram. Ég sé ekki hvernig á að vera hægt að framkvæma þennan lagabálk sem hér liggur fyrir ef menn ætla að hafa forgangsréttarákvæðið til vinnu eins og það hefur verið. Ég bendi mönnum á 2. gr. í fskj., I. hluta, I. bálki, Aðgangur að vinnumarkaði, sem er svoljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Sérhver ríkisborgari aðildarríkis og sérhver vinnuveitandi sem rekur starfsemi á yfirráðasvæði aðildarríkis geta skipst á umsóknum og tilboðum um atvinnu og geta komið sér saman um og framkvæmt ráðningarsamninga í samræmi við ákvæði gildandi laga eða stjórnsýslufyrirmæla án þess að það leiði til nokkurrar mismununar."

Þarna er um að ræða að veita mönnum þann rétt, bæði sem launþegum og atvinnurekendum, að geta valið sér launþega og geta valið sér atvinnurekendur. Það er í raun og veru „lögvarinn réttur" samkvæmt 2. gr. Maður hlýtur að spyrja sig: Mun forgangsréttarákvæðið, sem augljóslega truflar þennan rétt og takmarkar, teljast í samræmi við þessa lagagrein? Ef ekki verður það ákvæði að víkja því lög eru ákvæðum kjarasamninga æðri eins og menn vita.

Þetta er annað atriðið sem ég hef efasemdir um og hefur ekki verið eytt enn í mínum huga. Það sem fram hefur komið í heimsóknum þeirra sem hafa komið til nefndarinnar hefur ekki eytt mínum efasemdum heldur fremur styrkt þær. Ég nefni sem dæmi að fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands sagði um þetta forgangsréttarákvæði kjarasamninga að hugsanlega þyrfti að breyta því sem kallað er staðbundinn forgangsréttur. Staðbundinn forgangsréttur þýðir væntanlega réttur á svæði einstaks félags. Hvert félag eða félagsmenn hefðu ekki lengur forgang að vinnu á sínu félagsssvæði heldur yrði svæðið eitthvað stærra. Ég fæ ekki séð að ef við stækkum vinnusvæðið sem forgangsrétturinn nær til, það yrði t.d. landið í heild, samrýmist það samningnum eða frv., að það geti staðist. Þetta er atriði sem verður að vera skýrt og liggja fyrir ótvírætt áður en málið er afgreitt endanlega frá Alþingi. Mér sýnist öllu fremur að vörnin til þess að halda forgangsréttarákvæðinu sé í því fólgin að viðurkenna að hann hafi engin áhrif á svokallaðn staðbundinn forgangsrétt. Ef það hefði áhrif á staðbundinn forgangsrétt sýnist mér málið í raun og veru hrunið.

Þetta eru þau tvö atriði sem ég tel mikilvægast að liggi hreint og klárt fyrir af efnisatriðum þessa samnings og frv. sem því er ætlað að fylla út í. Það er annars vegar gildissviðið og hins vegar áhrif á stöðu íslenskrar verkalýðshreyfingar.

Því til viðbótar eru svo nokkur atriði sem ég hef svo sem enga sérstaka sannfæringu fyrir að séu til bóta fyrir okkur. Ég ætla að þessu sinni ekki að tíunda það í smáatriðum. Ég geymi mér það til síðari tíma en legg áherslu á að ég tel að ef málið skýrist ekki í þessari umræðu sé nauðsynlegt að fara yfir þessi efnisatriði sem ég hef getið um í félmn. að nýju til þess að leiða þau til lykta á milli 2. og 3. umr. Raunar er þetta mál kannski ekki á svo á mikilli hraðferð eða undir þeirri tímapressu að ástæða sé til þess fyrir Alþingi að flýta afgreiðslu þess meira en svo að menn leiti af sér allan grun. Ég hygg að það verði ekkert sem skiptir máli þó að þetta frestist fram yfir áramót eða fram eftir þessum mánuði. Alla vega held ég að það sé ljóst að málið muni ekki hljóta afgreiðslu frá Alþingi fyrr en samningurinn sem slíkur hefur hlotið afgreiðslu. Ég hygg því að við höfum svigrúm til þess að fara yfir þessi tvö atriði sem ég hef gert hér að aðalumtalsefni.

Þriðja atriðið sem ég hef nokkrar áhyggjur af líka er væntanleg reglugerð Evrópubandalagsins um vinnu handan landamæra, um skammtímavinnuafl, sem er eins og hún lítur út samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum fengið þannig að í reglugerðinni felast umtalsverðar hættur. Alþýðusamband Íslands hefur sérstaklega bent á þessa væntanlegu reglugerð og haft nokkrar áhyggjur af framgangi málsins og varað við því að hún verði samþykkt hér á landi í því formi sem hún lítur út. Málið er á þeim skriði, eftir því sem ég best veit, að það stefnir í að reglugerðin verði afgreidd frá Evrópubandalaginu í þeim búningi sem menn hafa haft áhyggjur af. Þá kemur næsta skref að yfirtaka hana yfir svæðið allt, yfir Evrópska efnahagssvæðið. Ég spurði hæstv. félmrh. um þetta mál í 1. umr. málsins. Fram kom hjá ráðherranum að hún mundi leggjast gegn því að þessi reglugerð yrði lögtekin hér á landi eða samþykkt ef hún lítur svona út. En ráðherrann gat enga fullvissu gefið um það hvort ríkisstjórnin mundi beita neitunarvaldi. Það liggur því ekki fyrir af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar hver viðbrögð hennar mundu verða við þessari væntanlegu reglugerð sem ég hygg að sé líklegra en ekki að við þurfum að standa frammi fyrir.

Þá má heldur ekki gleyma þeim áhrifum sem frv. og þessi breyting um frjálsa för launafólks kemur til með að hafa á ýmsa aðila í þjóðfélaginu. Þau áhrif eru auðvitað á báða vegu, margt gott og annað sem þarf að hugsa um. Almennt er það að mínu viti ekki slæmt mál og heldur þjóðinni til hagsbóta að blanda geði við fólk af öðru þjóðerni. Ég hef engar sérstakar áhyggjur af því að útlendingar komi hingað til landsins til vinnu og setjist hér að um lengri eða skemmri tíma enda aðlaga þeir sig íslensku samfélagi. Ég tel að íslensk stjórnvöld hafi öll þau vopn í höndum til að stjórna fjölda og þróun eins og menn vilja hafa það á hverjum tíma. Það

verður því miður að segja um öryggisfyrirvarann að hann er afar veikur og ég hef af því nokkrar áhyggjur að hann muni ekki halda eins og menn kjósa. Ég bendi á að það er ekki hægt að beita þeim fyrirvara á grundvelli þróunar eða breytinga sem verða á einstökum svæðum á landsbyggðinni nema um sé að ræða, ef ég man rétt, lágtekjusvæði eða eitthvað slíkt. Íslenskar aðstæður eru þannig að atvinnusvæði á landsbyggðinni eru ekki endilega lágtekjusvæði. Að að mínu viti hefði þurft að hafa miklu sterkari fyrirvara en þarna er gert ráð fyrir í samningnum.

Ég vil líka benda á það svo mönnum sé ljóst að hverju þeir eru að ganga, ekki endilega vegna þess að ég telji það óeðlilegan hlut heldur þvert á móti eðlilegt ef menn á annað borð kjósa að opna landð fyrir erlendu vinnuafli sem hér á að dvelja og samlagast samfélaginu, að það fólk hafi réttindi eins og Íslendingar til félagslegrar þjónustu, skóla og menntunar og þess háttar. Menn verða að hafa opin augun varðandi það að í því felst kostnaður. Það hefur ekki farið fram nein athugun á þeim þáttum, miðað við einhverjar gefnar forsendur. Ég tel það skaða og almennt vil ég segja um viðbrögð ráðherra í ríkisstjórninni við þessum samningi að þeir hafa ekkert athugað þessi mál. Það hafa ekki verið athuguð kostnaðaráhrif samningsins á sveitarfélög af hálfu ráðuneytisins. Það hafa ekki verið athuguð kostnaðaráhrif á sveitarfélög, t.d. af hálfu umhvrn. Menn grípa ekki einu sinni til þess sem eðlilegt er, að gera sér grein fyrir áhrifum tiltekinna breytinga sem þeir leggja til heldur renna nokkuð blint í sjóinn. Í umsögn frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga er bent á þennan þátt málsins og þar segir að gera verði þá kröfu til stjórnvalda að frv., ef það verður að lögum, skerði ekki í neinu rétt sveitarfélaga eða verði fjárhagslega íþyngjandi fyrir þau. Hér er verið að halda fram þessu gamalkunna sjónarmiði sveitarfélaga að ef löggjafinn ætlast til þess að þau bæti við sig verkefnum eða taki á sig skyldur verði löggjafinn að gera ráð fyrir tekjum á móti fyrir viðkomandi sveitarfélög til að mæta þessum þáttum. Það er alveg á hreinu hvað varðar þetta mál að þar er í engu hugað að hagsmunum sveitarfélaga. Þvert á móti eru lagðar á sveitarfélögin skyldur en ekki á neinn hátt reynt að gera þeim kleift að taka þessar nýju skyldur á sig með því að útvega þeim tekjustofna eða að ríkið lýsi því yfir að sú breyting sem leiðir af frv. verði sveitarfélögunum ekki til fjárhagslegrar byrði. Auðvitað getur það vel orðið þó að við skulum ekki fullyrða það á þessu stigi hvað breytingarnar verða miklar eða hversu íþyngjandi fyrir sveitarfélögin. En ég held að við getum gefið okkur að það verða breytingar. Þarna eru nýjar skyldur og það munu verða einhver útgjöld.

Í ljósi þess að núv. ríkisstjórn hefur lagt mjög hart að sér að hafa mjög náið og gott samstarf við sveitarfélögin í landinu og samtök þeirra svo af ber og fer ekki sögum af fræknari framgöngu á þessu sviði hjá öðrum ríkisstjórnum þá kemur mér á óvart að þeir skuli gleyma litla bróður í stjórnsýslunni.

Ég vil að svo stöddu, virðulegi forseti, ekki hafa frekari orðræðu um þetta frv. en komið er. Ég hef rakið fjögur atriði sem ég tel að hafi ekki fengist þau svör við eða verið athuguð sem skyldi og legg áherslu á það að þeim ábendingum verði mætt með frekari úrvinnslu málsins. Ég tel að við höfum öll tök á að verða við því. Við höfum bæði tíma og aðstöðu til og það væri óskynsamlegt að mínu viti að hraða svo meðferð málsins að menn sinni í engu þessum ábendingum.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil aðeins í tilefni af orðum hv. ræðumanns um neikvæða félagafrelsið taka fram að þetta atriði var sérstaklega til umræðu þegar fulltrúar atvinnurekenda og verkalýðshreyfingarinnar komu á fund utanrmn. Þá var spurt ítarlega út í þetta og þar kom fram að aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu breytti engu um þessa stöðu verkalýðsfélaganna. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að á síðasta þingi Alþýðusambandsins flutti fráfarandi forseti þess, Ásmundur Stefánsson, athyglisverða ræðu þar sem hann kom inn á þetta mál og vék að því að verkalýðshreyfingin yrði að huga að breytingum á þessum forgangsrétti. Þó má um það deila hvort þær breytingar gangi nægilega langt. Ég ætla ekki að fara út í umræður um það hér. En þegar hann rakti forsögu málsins og ástæður fyrir því að hann teldi nauðsynlegt að breyta þessum ákvæðum gat hann hvergi um þátttöku í Evrópska efnahagssvæðinu. Það er ljóst að aðild að því hróflar ekki við þessum lagaákvæðum hér á landi eða þessum réttindum sem bundin eru forgangsrétti verkalýðsfélaganna. Hins vegar er rætt um þau mál á vettvangi Evrópuráðsins eins og við vitum, bæði hjá Mannréttindadómstóli þess, mannréttindanefnd og einnig í sérstakri sérfræðinganefnd sem fjallar um félagsmálasáttmála Evrópu. Það er annar vettvangur þar sem um þessi mál er rætt. Við þurfum að taka mið af því. Að því er varðar aðild að Evrópska efnahagssvæðinu krefst það engrar gerbreytingar í þessu efni á íslenskum lögum.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er meira fullyrt hér en ég get tekið undir að hægt sé að standa við að svo stöddu. Um það er ekki deilt fyrir sérfræðinganefnd Evrópuráðsins að hér er ekki skylduaðild að verkalýðsfélögum. Verkalýðshreyfingin íslenska hefur ekki haldið því fram að skylduaðild væri að stéttarfélögum heldur þvert á móti lagt áherslu á að menn hefðu rétt til að standa utan þeirra. Þar á ég við Alþýðusamband Íslands. Ég hygg að það sé með öðrum hætti hjá opinberum starfsmönnum.

Málið snýst um hvaða réttindi þeir hafa sem kjósa að standa utan stéttarfélaga. Fari mál svo að þeir hafi persónubundin réttindi sem í dag eru bundin samtökum, þá mun þetta hafa gríðarlega mikla breytingu í för með sér sem menn verða að bregðast við áður en þetta vinnumarkaðssvæði verður opnað eins og til stendur með þessu frv.

Ég vil geta þess, vegna andsvars hv. 3. þm. Reykv., að ég spurði að því í nefndinni hvaða áhrif 2. gr. reglugerðar 1612 hefði á forgangsréttarákvæði og

óskaði eftir því að á næsta fund nefndarinnar kæmi fulltrúi frá félmrn. og Alþýðusambandi Íslands til þess að fara yfir málið þar sem menn gátu ekki svarað því á fundinum. Þannig háttaði því miður til að á þeim fundi var ég veðurtepptur fyrir vestan en enginn fulltrúi kom frá Alþýðusambandi Íslands vegna þings Alþýðusambandsins sem haldið var þá viku á Akureyri. Enn hefur því fulltrúi þeirra ekki mætt á fundi nefndarinnar. Ég tel fulla ástæðu til þess að þetta mál verði gaumgæft miklu betur en verið hefur.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil lesa hér, með leyfi forseta, úr ræðu Ásmundar Stefánssonar á ASÍ þinginu þar sem hann segir:

„Þannig eigum við að opna forgangsréttinn gagnvart öllum þeim sem búsettir eru í öðrum byggðarlögum. Markmið forgangsréttarins er að verja verkalýðsfélögin en ekki hindra einstaklinga í því að ráða sig til starfa þar sem þeir kjósa. Ég tel einnig að það eigi að verða almenn regla að forgangsrétti sé ekki beitt gagnvart einstaklingi sem af einhverjum ástæðum kýs að standa utan félags, enda greiði hann þjónustugjald, þ.e. félagsgjald, til félagsins og hlíti ákvörðunum þess t.d. ef til vinnudeilna kemur."

Í þessum tilvitnuðu orðum kemur fram að forseti Alþýðusambandsins er að mælast til þess að reglum verði breytt á þann veg að hinn staðbundni forgangsréttur verði felldur niður og einnig, eins og þarna kemur, að staða einstaklinga verði skilgreind með þeim hætti sem hann lýsir. Það má segja að þessi spurning um staðbundna forgangsréttinn hafi vaknað vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. En eins og fráfarandi forseti Alþýðusambandsins segir einnig í ræðu sinni, með leyfi forseta:

„Upphaflega var það ekki markmiðið með forgangsréttarákvæðinu að tryggja ákveðnum hópi fólks forgang til starfa umfram aðra. Verði forgangsréttinum beitt staðbundið er honum í reynd beitt gegn okkur sjálfum."

Fráfarandi forseti Alþýðusambandsins færir fyrir því alveg sjálfstæð rök án tillits til aðildar okkar að Evrópska efnahagssvæðinu að þessi staðbundni forgangsréttur skuli felldur niður. Ég held því að hv. síðasti ræðumaður þurfi ekki að hafa áhyggjur og allt hafi komið fram um afstöðu Alþýðusambandsins í þessu máli sem unnt er og það liggi allt fyrir. Hann þarf því ekki að hafa þær áhyggjur sem hann lýsti í sinni ræðu.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekkert um það deilt af minni hálfu hver afstaða Alþýðusambandsins hefur verið gagnvart þessu frv. Hins vegar hef ég haft, og er reyndar ekki einn um það, efasemdir og nokkrar áhyggjur af áhrifum samningsins á forgangsréttarákvæðið því það hefur grundvallarþýðingu fyrir íslenska verkalýðshreyfingu. Þær vangaveltur sem uppi eru innan Alþýðusambandsins um að stækka félagasvæðin með því að afnema félagssvæðisbundinn forgang og taka upp stærra svæði, hvort sem það verður landið í heild eða eitthvað minna svæði, á eftir að skoða og hvaða áhrif það hefur gagnvart þessum samningi og þessu frv. Ég hef ekki neina sannfæringu fyrir því að menn geti haldið uppi annars vegar einhverju slíku svæði og hins vegar að félagar í stéttarfélögum hafi vinnuforgang umfram utanfélagsmenn.

Ég efast líka um, þó það verði að veruleika sem hv. 3. þm. Reykv. gat um að hefðu verið vangaveltur fráfarandi forseta Alþýðusambandsins, að það gangi að viðurkenna rétt manna til þess að standa utan stéttarfélaga með þeim réttindum sem því fylgja og eru reyndar óljós, en halda að menn geti innheimt vinnuréttindagjald. Það hef ég miklar efasemdir um að gangi. Það verður að vera af eða á í þessum efnum. Það er ekki hægt að víkja frá forgangsréttarákvæði annars vegar og ætla sér að halda í eitthvert vinnuréttindaákvæði hins vegar.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hér er um mjög viðamikið mál að ræða og eitt stærsta frv. sem fylgir EES-samningnum. Það er ekkert óeðlilegt að um það verði mikil umræða. Í félmn. var vel unnið að mínu mati varðandi þetta frv. og að mörgu leyti mikil samstaða því hér eru, eins og ég sagði, mjög mörg viðkvæm málefni sem taka verður tillit til. Eins og formaður félmn. gat um áðan var samkomulag um að gera þetta frv. aðgengilegra en það var í upphafi og setja reglugerð 1612 inn í frv. sjálft. Eins var samkomulag um það að í 2. gr. frv. bætist ný málsgrein við sem veitir fulltrúum fleiri heildarsamtaka atvinnurekenda og launþega en kveðið er á um í frv. rétt til að taka sæti í nefnd þeirri sem hefur eftirlit með framkvæmd laganna.

Loks er lögð til sú formbreyting að í stað þess að reglugerð sú sem lögtaka á komi á eftir athugasemdum við frv. komi hún sem fylgiskjal á eftir 4. gr. Er það eðlileg breyting þar sem hún á að vera hluti laga þessara.

Um þetta held ég að ég megi fullyrða að hafi verið víðtækt samkomulag.

En í frv. felast, eins og ég sagði í upphafi, miklar breytingar. Við erum að opna okkar litla Ísland á ýmsum sviðum með samningnum. Við erum hluti af sameiginlegum vinnumarkaði hins Evrópska efnahagssvæðis, ef samþykkt verður, og það verða mjög miklar breytingar á Íslandi. Við verðum að horfast í augu við það. Mér finnst það oft vanta í umræðuna að sagt er að hér verði engin breyting. Við verðum að gera ráð fyrir því að hér verði mikil breyting. Við Íslendingar verðum líka að viðurkenna að við búum við frekar þröngan sjóndeildarhring hvað hreppamörk og atvinnusvæði varðar.

Á þessum vinnumarkaði er einstökum EES-ríkjum bannað að mismuna ríkisborgurum aðildarríkja á grundvelli ríkisborgararéttar með löggjöf eða með öðrum ákvæðum um laun eða önnur starfskjör. Gagnvart félagslegri þjónustu er EES-ríkisborgari alls staðar jafnrétthár hafi hann fengið vinnu á aðildarsvæðinu.

Hvort hingað streyma innflytjendur í stórum stíl verður tíminn að leiða í ljós. Þeir sem færa rök gegn því að svo verði hafa ýmislegt fram að færa. Þeir telja Ísland ekki freistandi land. Hér sé kalt, tungumálið erfitt o.s.frv.

Þetta þykir öðrum ólíkleg rök. Hér sé allt mest og best og hingað hljóti að flykkjast fólk vegna bágs efnahags og atvinnuleysis aðildarríkjanna. En staða þjóðarskútunnar okkar mun þó miklu um það ráða hversu freistandi það verður fyrir fólk frá aðildarríkjunum að setjast hér að.

Við höfum auðvitað í áranna rás haft fjölda útlendinga í vinnu. Aðallega höfum við haft útlendinga í vinnu í fiskvinnslu og við höfum líka haft útlendinga í vinnu í heilbrigðisstéttum. Við höfum yfirleitt mjög góða reynslu af þessu fólki. Ég held að menn séu sammála um það. Alla vega er mjög góð reynsla af því fólki sem hefur verið í fiskvinnslu og yfirleitt því fólki sem hefur verið í heilbrigðisþjónustunni.

Samt verður það að viðurkennast að upp á síðkastið höfum við fengið fólk sem er með réttindi, t.d. hjúkrunarfræðimenntun, en hefur alls ekki sambærilega menntun á bak við sig og íslenskir hjúkrunarfræðingar. Það hefur oft og tíðum orðið til þess að viss vandamál hafa skapast á sjúkrahúsum. En nú erum við að viðurkenna það að þessir aðilar hafi alveg sama rétt og Íslendingar ef þeir hafa starfsheiti frá sínu landi þó að baki liggi allt önnur menntun. Þetta á við sjúkraþjálfara, meinatækna o.s.frv. Við megum ekki mismuna þessum aðilum.

Á sama hátt verðum við að taka á okkur alveg nýjar skyldur gagnvart þeim aðilum sem hingað koma til vinnu. Eins og ég sagði áðan þá höfum við verið með fjölda manns í vinnu en við höfum ekki haft neinar skyldur við þetta fólk. Nú höfum við skyldur við börn þessa fólks og ég spyr: Erum við tilbúin að takast þær skyldur á herðar sem við verðum að horfast í augu við? Er skólakerfið tilbúið? Er t.d. dagvistunarkerfið tilbúið o.s.frv.?

Það kemur upp í huga minn að ekki alls fyrir löngu var grein í Morgunblaðinu eftir Arthur Morthens, formann Barnaheilla, þar sem hann telur að innflytjendabörn á Íslandi séu einangruð vegna skorts á íslenskukennslu og þetta valdi vissum félagslegum erfiðleikum hjá þessum börnum.

Mig langar að spyrja hæstv. félmrh. af því að hún er í salnum: Er einhver undirbúningur í gangi varðandi það að taka á móti fjölda barna, t.d. í skólum og dagvistun o.s.frv.? Hvernig er félagsleg þjónusta okkar Íslendinga í stakk búin til að taka við þessum útlendingum? Er eitthvað í gangi þar að lútandi? Er verið að vinna að því?

Hv. 5. þm. Vestf. kom inn á það áðan að hann taldi að sveitarfélögin í landinu væru ekki í stakk búin til að taka við þeim skyldum sem á þau verða lögð með þessum nýju innflytjendum. Ég er sammála honum um það. Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra að því hvort það hafi farið fram viðræður við fulltrúa sveitarfélaga um það hvaða undirbúningur sé í gangi varðandi væntanlegan samning.

Mínir fyrirvarar eru kannski mjög ólíkir þeim fyrirvörum sem hv. 5. þm. Vestf. var með áðan. Hann hafði mjög miklar áhyggjur af gildissviði frv. hvað varðar opinbera starfsmenn. Ég trúi því og treysti sem hefur komið fram í þessum viðræðum, bæði í nefndinni og á hinu háa Alþingi, að lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna breytist ekki við þennan samning. Það eru þau svör sem við höfum fengið og ég treysti því að þau séu sönn. Ég veit að áhyggjur hv. þm. eru vegna þess að opinberir starfsmenn hér eru ekki það sama og t.d. opinberir starfsmenn í Bretlandi. Það kann að vera að við eigum eftir að fá á okkur kærur varðandi þetta. En mér finnst það samt ekki mjög líklegt og það er kannski ekki sá þröskuldur sem ég hræðist mest.

Hv. 5. þm. Vestf. talaði líka um forgangsréttarákvæðin og neikvætt félagafrelsi. Ég hafði sömu áhyggjur til að byrja með og hv. 5. þm. Vestf. Mér fannst þetta mjög laust í böndunum en eftir að Ari Skúlason kom til okkar í nefndinni fannst mér hann sannfæra okkur um að þarna væri ekki mikið að óttast. (Gripið fram í.) Nei, hv. þm., en mér fannst samt sem áður að þau rök sem hann færði fram fyrir okkur í nefndinni væru þess eðlis að þarna væru ekki stórar hættur á ferðinni. Samt sem áður fannst mér þau rök sem hv. 5. þm. kom með áðan eiga fullan rétt á sér. En ég held að það sé alrangt hjá 5. þm. Vestf. að markmið atvinnurekenda almennt sé að mola niður verkalýðshreyfinguna. Ég held að eftir því sem verkalýðshreyfingin er veikari þeim mun veikara verði atvinnulífið og það sé styrkleiki atvinnulífsins að hafa sterka verkalýðsforustu. Ég þykist þekkja það af eigin reynslu að eftir því sem verkalýðsforustan er sterkari þeim mun sterkari grunnur er undir atvinnulífið.

Minn fyrirvari við frv. er sá sem ég var að kynna áðan að ég er hrædd við að við séum að draga úr menntakröfum almennt til lengri tíma litið. Það getur t.d. komið til að Íslendingar sjái sér hag í því að fara til annarra landa og læra þar sem minni kröfur eru gerðar til menntunar og koma til Íslands með próf og miklu minni menntun á bak við sig en við höfum hingað til gert kröfu um. Þetta óttast ég. Ég er ekki í nokkrum vafa um að hingað muni koma — þó það komi kannski ekki inn á þetta frv. beint vil ég geta þess hér — t.d. spænskir tannlæknar og opna stofu. Þeir hafa svo miklu minni menntun en íslenskri tannlæknar og eru á allan hátt miklu verri tannlæknar, vil ég segja, en pyngja fólksins mun ráða hvort það nýtir þessa kannski ódýru þjónustu.

Ég hef áhyggjur af þeirri auknu skyldu sem sveitarfélögunum eru lögð á herðar og ég er hrædd um að mörg þeirra séu alls ekki í stakk búin til að takast á við þær varðandi félagslega þjónustu við innflytjendur.

Ég vil líka geta þess að mér finnst t.d. 6. gr. reglugerðarinnar, sem gerð er tillaga um að fari inn í frv., æðiopin. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ráðning og skráning ríkisborgara eins EES-ríkis í stöðu í öðru EES-ríki skal ekki vera háð neinum skilyrðum varðandi heilsufar, sérþekkingu eða annað það sem gerir honum lægra undir höfði í samanburði við

innlenda ríkisborgara sem gegna sama starfi í hinu EES-ríkinu.

Engu að síður getur ríkisborgari, sem hefur undir höndum persónulegt starfstilboð frá vinnuveitanda í öðru EES-ríki en sínu eigin, þurft að fara í hæfnispróf hafi vinnuveitandinn sett það sem skilyrði með tilboðinu."

Þessi grein er mjög opin. Mér finnst ekkert ólíklegt þar sem okkar heilbrigðisþjónusta er talin góð, þó hún sé nú í fjárhagskröggum og við að nokkru leyti í vandræðum með hana, að hingað sækist fólk sem er alvarlega sjúkt til að njóta hér þeirrar heilbrigðisþjónustu sem við höfum. Þó ég ætli ekki að hafa fordóma gagnvart því verðum við að horfast í augu við það að það mun kosta okkur mikla peninga.

Það vil ég gera að mínum lokaorðum að allt of mikið er talað um að hér verði engar breytingar. Við gerðum að gera okkur grein fyrir og vera í stakk búin ef við samþykkjum þennan samning að hér verða miklar breytingar á mörgum sviðum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Þær brtt. sem hér eru lagðar fram á þskj. frá meiri hluta félmn. eru, eins og ég held að flestum hljóti að vera ljóst, til mikilla bóta og breyta verulega því frv. sem hér lá fyrir og var satt að segja mjög gallað eins og það kom frá félmrn. Ég gerði sérstaklega að umtalsefni við 1. umr. hvernig framsetning frv. væri og að ekki væri nokkur einasta leið fyrir almenning í landinu að átta sig á því hvaða lög giltu með því að lesa texta frv. eins og hann yrði þegar hann væri kominn í lög. Þegar lög eru með þeim hætti finnst mér það vera atlaga að réttaröryggi að hafa textann svo óljósan að fólk geti ekki með því að lesa hann áttað sig á því hver réttur þess er. Nú hefur verið gerð á þessu bragarbót í félmn. og frv. breytt verulega. Ég fagna því mjög og tel að við höfum náð að vinna vel í málinu og gera það þannig úr garði að það sé viðunandi.

Ég skrifa undir nál. með fyrirvara. Fyrirvari minn er kannski ekkert ólíkur þeim fyrirvörum sem hafa verið gerðir af öðrum sem talað hafa, þ.e. hv. 5. þm. Vestf., Kristni H. Gunnarssyni, og hv. 2. þm. Vesturl., Ingibjörgu Pálmadóttur, og gengu út á það annars vegar hvort við værum tilbúin til að taka við auknum fjölda fólks hingað til lands og hins vegar fyrirvara sem varðar opinbera starfsmenn. Ég held að þessar áhyggjur og efasemdir um að íslenst samfélag sé í stakk búið til að taka við auknum fjölda útlendinga og veita þeim viðunandi þjónustu séu mjög raunhæfar. Auðvitað leggur sú reglugerð sem við erum að lögtaka hér okkur þær skyldur á herðar að veita ákveðna lágmarksþjónustu. Ég vil undirstrika það að þetta er lágmarksþjónusta. Við megum gera betur. Það er ekkert sem bannar okkur að gera betur og við eigum að leggja metnað okkar í það að gera vel við þá útlendinga sem hingað leita.

Það kann vel að vera að hingað muni ekki streyma neinn fjöldi Suður-Evrópubúa eftir áramót. Sjálf á ég ekki von á að það gerist. En eins og hér kom fram hjá Ingibjörgu Pálmadóttur, þá verðum við samt að vera við því búin. Við erum að gera hér ákveðna opnun. Íslenskur vinnumarkaður hefur verið mjög lokaður. Það hefur verið erfitt að komast inn á hann nema eftir sérstökum leiðum fyrir aðra en Norðurlandarbúa. Nú er verið að breyta þessu og við verðum að vera viðbúin því að hingað gætu sótt fleiri útlendingar en hingað til.

Mér finnst ýmislegt benda til þess að við séum illa í stakk búin til þess að veita útlendingum þjónustu. Það hefur m.a. komið fram í skólakerfinu að börn útlendinga sem koma hingað mállaus og þekkja illa íslenskt samfélag og íslenska menningu fá ekki nægilega góða umönnun og góðan aðbúnað sem að mínu viti er ekki í samræmi við það sem segir í einhverri grein þessarar tilskipunar að þau skuli fá menntun sína og aðbúnað í skólum við ákjósanlegustu skilyrði. Mér finnst að það þurfi að lagfæra þá hluti.

Eins höfum við séð varðandi heimavinnandi eiginkonur útlendinga, sem hingað koma í atvinnuleit, að þær eru afskaplega einangraðar og eiga í mjög fá hús að venda ef þær lenda í vandræðum og eru sjálfar ekki á vinnumarkaði. Það er því ýmislegt til í þessu.

Þetta er kannski ekki bundið Evrópsku efnahagssvæði heldur í rauninni sjálfstætt úrlausnarefni sem við ættum að vera búin að taka á fyrir lifandis löngu og kemur kannski ekki beinlínis EES við en það ætti þó að verða okkur tilefni til að taka á þessum málum.

Það er ekki bara ég sem hef þessar áhyggjur eða hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir heldur er þetta m.a. uppistaðan í umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um þetta frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þá vill stjórn BSRB leggja áherslu á hve íslenskt þjóðfélag er vanbúið til að taka á móti erlendum ríkisborgurum þannig að þeir eigi þess kost að aðlagast íslensku þjóðfélagi og njóta þeirra réttinda og svara þeim skyldum sem íslenskt þjóðfélag býður upp á og krefst.

Til þess að vel megi vera þarf að vera fyrir hendi aðstaða til þess að þeir útlendingar sem hingað mundu flytja eigi raunverulegan rétt og kost á að læra íslenska tungu. Sama gildir auðvitað um fjölskyldur viðkomandi. Gera verður þá algeru lágmarkskröfu að öll skilyrði um þetta séu fyrir hendi.

Auk þess er nauðsynlegt að skipulega fari fram fræðsla um íslenskt þjóðfélag, stjórnarskrá, réttindi og skyldur samkvæmt íslenskum lögum, íslenska félagskerfið, almannatryggingar, atvinnuleysistryggingar, húsnæðiskerfið, menntakerfið, vinnumarkað, þar með talið vinnurétt, kjarasamninga og efni þeim tengd og fleira.

Þá þarf einnig að ræða hvort lögleiða eigi skyldu hins opinbera að veita börnum innflytjenda rétt til fræðslu á eigin móðurmáli, t.d. þannig að þau séu betur í stakk búin að flytja heim aftur, auðvelda samskipti þeirra við ættingja og fleira, en dæmi eru um þetta í Svíþjóð."

Ef svona væri að málum staðið mundi þetta auðvitað leggja opinberum aðilum ákveðnar skyldur á herðar. Ég vil í því sambandi segja að það leggur líka verkalýðshreyfingunni ákveðnar skyldur á herðar að

hún upplýsi útlendinga, sem hingað koma í vinnu og gerast félagar í stéttarfélögunum, um réttindi þeirra og skyldur og um hvernig þeir eigi að haga sér á vinnumarkaði og hvert þeir eigi að leita ef þeir lenda í vandræðum. Ég minnist þess sjálf þegar ég fór að vinna í Danmörku á sínum tíma hjá dönsku póstþjónustunni, sem er opinber aðili, að þar fór enginn inn á vinnustaðinn til að vinna fyrr en eftir að vera búinn að sitja eins dags námskeið hjá verkalýðsfélaginu á staðnum í réttindum og skyldum og því hvernig maður ætti að haga sér ef maður lenti í einhverjum vandræðum á vinnustað. Einhverju slíku þyrfti að koma á hér á landi líka. Eins og ég segi er þetta út af fyrir sig sjálfstætt úrlausnarefni.

Fyrirvari minn númer tvö lýtur að opinberum starfsmönnum og kemur inn á svipaða hluti og komu fram hjá Kristni H. Gunnarssyni. Ég held að það sé ýmislegt óljóst í því sambandi og við höfum ekki fengið nógu skýr svör í nefndinni um stöðu opinberra starfsmanna og sérstaklega um stöðu þeirra laga sem gilda um opinbera starfsmenn, t.d. hvort og hvernig þurfi að breyta lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Það hefur ekki komið fram tillaga um það og svo sem ekki verið sagt neitt um að þeim þurfi að breyta. En mér finnst engu að síður margt óljóst í því sambandi. Þá ætla ég fyrst að nefna það að í þeim lögum segir, með leyfi forseta, í 1. gr.:

„Lög þessi taka til hvers manns, sem er skipaður, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins með föstum launum, meðan hann gegnir starfanum enda verði starf hans talið aðalstarf." Síðan segir í 3. gr.: „Almennt skilyrði til þess að fá skipun, setningu eða ráðningu í stöðu eru þessi: ..." og í 4. tölul. þar er talað um íslenskan ríkisborgararétt. Síðan segir: „Víkja má þó frá þessu ákvæði ef telja má sérstaklega eftirsóknarvert að fá erlendan ríkisborgara til að gegna starfa til bráðabirgða en eigi má skipa hann fyrr en hann hefur öðlast íslenskan ríkisborgararétt."

Þetta er ótvírætt um skipun, setningu eða ráðningu í þjónustu ríkisins og mér vitanlega stendur ekki til að gera á þessu breytingu. Það væri gott að fá það upplýst hér ef svo er.

Hins vegar er ljóst þegar maður lítur á dóma, eins og hér var komið inn á, frá Efnahagsbandalaginu að hugtakið launþegi er þar túlkað mjög vítt. Þótt fólk sé í hlutastarfi eða einhverju óhefðbundnu starfi öðlast það samt rétt sem launþegi. Það er talið að þetta sé grundvallarhugtak í EB-rétti og beri að túlka það vítt þannig að einstök aðildarríki séu ekki að skerða rétt á fólki vegna þess að þau vilji ekki skilgreina fólkið sem launþega. Þar af leiðandi er hugtakið túlkað vítt. Á móti kemur svo að undanþágur eru túlkaðar þröngt til þess einmitt að gefa ekki stjórnvöldum, eins og ég sagði, færi á því að beita alls kyns mismunun í krafti einhverra undanþáguákvæða. Þá þarf að túlka undanþáguákvæðið þröngt. Þess vegna hlýtur ákvæði 4. tölul. 28. gr. frv. að túlkast þröngt, þ.e. ákvæðið um opinbera starfsmenn.

Mig langar aðeins til að nefna hérna tvo dóma sem er að finna í þeim dómareifunum EB sem hafa verið gefnar út sem sýna einmitt að hugtakið opinber starfsmaður og sú undanþága að lög og ákvæði um frjálsa för launafólks nái ekki til opinberra starfsmanna hlýtur að túlkast þröngt. En áður en ég kíki á þessa dóma langar mig til þess að vekja athygli þingmanna á því sem mér finnst athyglisvert við að lesa þessa dóma. Það er að þessir dómar eru flestir ef ekki allir launþeganum í hag. Ef launþegi telur að á sér hafi verið brotinn réttur, annaðhvort vegna almannatrygginga, búseturéttar, launa eða einhverra slíkra hluta þá er nánast undantekningarlaust dæmt launþeganum í hag. Sá þáttur finnst mér vera í rauninni betri en maður hefur séð í íslensku réttarkerfi. Væri óskandi að íslenskir dómstólar, ég tala nú ekki um Félagsdómur og aðrir slíkir, gætu tekið eitthvert mið af því. (**Gripið fram í:** Félagsdómur.) Já, kannski Félagsdómur. Hér er í fyrsta lagi mál, sem er mál 66/85, og mig langar til þess að lesa, með leyfi forseta. Þar segir:

„Málavextir: Lawrie-Blum, breskum ríkisborgara, var synjað um stöðu kennaranema við grunnskóla í Þýskalandi á grundvelli þjóðernis. Hún höfðaði mál til að hnekkja ákvörðuninni sem hún taldi ólögmæta þar sem ákvörðunin bryti gegn banni Rómarsamningsins við mismunun á grundvelli þjóðernis og væri andstæð reglum EB um frjálsa för launþega. Kennaranemar í Þýskalandi fá verklega þjálfun í grunnskólum og teljast til opinberra starfsmanna. Þeir fá greitt fyrir unnar stundir en vegna lítillar kennsluskyldu fá þeir lægri laun en útskrifaðir kennarar. Því var haldið fram af hálfu þýskra yfirvalda að þjálfun kennaranema félli undir menntamál en ekki efnahagsmál og því kæmi Rómarsamningurinn ekki til álita. Því var einnig haldið fram að reglur EB um frjálsa för launþega taki ekki til ráðningarsamninga sem falli undir allsherjarrétt viðkomandi aðildarríkis.

Niðurstöður: Þar sem frjáls för launþega er ein af meginreglum Evrópubandalagsins, þá væri hugtakið „launþegi" í 48. gr. Rómarsamningsins ekki skýrt samkvæmt landslögum einstakra aðildarríkja heldur er um sjálfstætt lagahugtak EB-réttar að ræða sem skýra verður rúmt þar sem það afmarkar efnissvið meginreglunnar. Þetta hugtak verður að skilgreina með hlutlægri viðmiðun sem afmarkar starfssamband með vísan til réttinda og skyldna viðkomandi aðila."

Síðan segir: „Verkleg þjálfun kennaranema fellur ekki undir undantekningu 4. mgr. 48. gr. Þeirri undantekningu verður aðeins beitt um ákveðin störf sem fela í sér beina eða óbeina þátttöku í beitingu opinbers valds."

Þetta hefur í sjálfu sér ekki áhrif á það að eftir sem áður virðist hægt að skilgreina kennslustarfið og kennara til opinberra starfsmanna en undanþáguákvæðið eins og það er í Rómarsáttmálanum og eins og það er í EES-samningnum virðist ekki geta náð til þessa hóps engu að síður.

Síðan er hér dómur um framkvæmdastjórnina gegn aðildarríkinu Belgíu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Málavextir: Belgísku ríkisjárnbrautirnar og nokkur belgísk sveitarfélög settu belgískan ríkisborgararétt að skilyrði fyrir ráðningu í ýmsar stöður. Fram-

kvæmdastjórnin höfðaði því mál á hendur belgískum stjórnvöldum fyrir að gerast brotleg við 48. gr. Rómarsamningsins og tilskipun 1612/68 um frjálsa för launþega með því að gera ríkisborgararétt að skilyrði fyrir ráðningu í stöður sem ekki féllu undir undantekningu 4. mgr. 48. gr." Það er einmitt sú tilskipun sem við erum að tala um.

„Niðurstöður: Með 4. mgr. 48. gr. er meginreglunni um bann við mismunun vikið til hliðar þegar um er að ræða störf hjá hinu opinbera. Af þessum sökum er ekki unnt að láta aðildarríkjunum eftir afmörkun hugtaksins „opinber þjónusta". Í hinum ýmsu aðildarríkjum bandalagsins hafa yfirvöld tekið að sér félagsleg og efnahagsleg verkefni utan hefðbundins starfsramma opinberra aðila.

Ef undanþágan í 4. mgr. 48. gr. næði til allra starfa á vegum opinberra aðila mundi það leiða til þess að ýmiss konar störf féllu utan meginreglna Rómarsamningsins óháð eðli starfanna þar sem verkefni opinberra aðila eru breytileg eftir ríkjum. Takmarka verður gildissvið 4. mgr. 48. gr. við störf sem fela í sér beina eða óbeina þátttöku í beitingu opinbers valds og skyldur sem stefna að því að varðveita hagsmuni ríkis eða opinberra stofnana. Slík störf gera í raun ráð fyrir sérstöku hollustu- eða trúnaðarsambandi þess sem gegnir starfinu við viðkomandi ríki og gagnkvæmni réttinda og skyldna sem mynda grundvöll þegnréttar."

Það er kannski í þessu sem það kemur mjög skýrt fram að opinberir aðilar hafi það ekki í hendi sinni að ákveða nákvæmlega hvaða störf skulu teljast opinber, og þar af leiðandi hvort um þau gilda undanþáguákvæði 48. gr., og hver ekki heldur verði það að fela í sér mjög ákveðið trúnaðarsamband vegna þess að að öðrum kosti er hætta á því að stjórnvöld í hverju landi mismuni íbúum eftir þjóðerni.

Þetta leiðir síðan hugann að því hvernig menn ætla að standa að þessu hér á landi og hvort stjórnvöld telji að þau geti haldið öllum þeim lögum sem nú gilda um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, ráðningu þeirra, lífeyriskjör eða annað slíkt óbreyttum. Mér finnst að við þessu þurfum við að fá svör.

Í því sem ég segi felst ekki það sé skoðun mín að öll störf í opinberri þjónustu eigi að njóta sérstakrar undanþágu vegna þess að þau eru ekki öll þess eðlis að ástæða sé til að þau séu vernduð öðrum störfum fremur. En mér finnst skipta máli að það liggi ljóst fyrir hvernig stjórnvöld ætla að standa að þessum málum.

Í þriðja lagi langar mig aðeins til þess að fjalla hérna um forgangsréttarákvæðin í kjarasamningum stéttarfélaga. Ég hef haft ákveðnar efasemdir um að þessi svokallaði staðbundni forgangur fái staðist samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Ég held að þegar maður hugsar um það hvernig sá samningur er upp byggður, þá sé það ákvæði í rauninni gegn anda samningsins, getum við sagt. Samningurinn felur í sér að fólk á að geta farið frjálst um frá einu landi til annars til þess að sækja sér vinnu. Þá er það óneitanlega dálítið sérkennilegt ef innan hvers lands er síðan búið að rígbinda einhver landamæri sem fólk getur ekki flutt sig á milli eins og milli landamæra ríkja.

Mér finnst að hinn staðbundni forgangur stéttarfélaga, eins og hann er hér á landi í dag — oft er félagssvæðið mjög þröngt skilgreint og nær yfir lítið svæði — sé gegn anda samningsins vegna þess að það er svo mjög auðvelt að nota það ákvæði til þess að útiloka útlendinga algerlega. Menn á Bolungarvík geta bara sagt: Þú verður að hafa búsetu á Bolungarvík ef þú ætlar að fá vinnu hjá okkur, ef það er tiltekið félagssvæði, sem ég reikna með. Jú, það er starfandi Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur. Ef þú ætlar að fá vinnu hérna á Bolungarvík, þá verðurðu að hafa búsetu á Bolungarvík, en einstaklingur sem kemur til landsins í þrjá mánuði til að leita sér að vinnu hefur enga búsetu. Hann er ekki búinn að ná sér í búseturéttinn vegna þess að hann fær búseturéttinn með atvinnuréttinum. Um leið og hann fær vinnuna fylgir búseturéttur til fimm ára.

Það er því mjög auðvelt að nota þetta staðbundna forgangsréttarákvæði til þess að útiloka menn frá vinnu. Við vitum að það útilokar að hluta til Íslendinga líka frá vinnu á tilteknum svæðum. Það er jafnræði að því leyti til að Bolvíkingarnir gætu beitt þessu líka gegn Reykvíkingum og sagt: Hingað kemur ekki einhver í vinnu sem er búsettur í Reykjavík vegna þess að hann þarf að hafa búsetu á svæðinu. Það má því segja að það sé jafnræði í ójafnræðinu sem af þessu ákvæði hlýst. Það er ekki mismunað eftir þjóðerni. Eftir að hafa skoðað þessi mál er ég alveg sannfærð um að það er samt ekkert í orðum samningsins eða neinum tilskipunum sem bannar þennan staðbundna forgang og vegna þess að hann mismunar ekki eftir þjóðerni megi halda honum svona. Ég veit að það eru ákveðin forgangsréttarákvæði í gildi í Danmörku, sem Danir hafa getað haft þrátt fyrir að þeir séu búnir að vera í Evrópubandalaginu í 20 ár, og hafa fallið undir þessar tilskipanir sem við erum að taka yfir núna. Hins vegar er að þeim forgangsréttarákvæðum sótt í Danmörku af danska vinnuveitendasambandinu alveg eins og er hér á landi af VSÍ. Það er sótt að þessum forgangsréttarákvæðum hérna.

Varðandi staðbundinn forgang vil ég taka það fram að ég legg ríka áherslu á að hægt sé að haga málum þannig innan lands að a.m.k. sé hægt að leggja mjög ríka áherslu á aðild að stéttarfélagi — við skulum ekki kalla það skylduaðild því það mun víst vera bannað samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu og Evrópuráðssáttmálum — séu menn á annað borð komnir í tiltekna vinnu í tilteknu fagi. Ég held að í því felist mikil vörn fyrir verkalýðshreyfinguna og stéttarfélögin. Hins vegar finnst mér í hjarta mínu að þessi staðbundni forgangur fái mjög illa staðist í nútímasamfélagi.

Ég þekki ekki alveg hvernig hann kom til á sínum tíma en hann hefur væntanlega komið til til þess að tryggja stöðu stéttarfélaganna á þeirra fyrstu dögum því ef við förum aftur á síðustu öld þá fóru menn vítt og breitt um landið í vinnu frá einu landshorni til annars á vertíð, til að vera þar í verbúðum eða til sjós. Fólk hefur því verið á faraldsfæti um landið, a.m.k. á öldum áður, þó síðan hafi komið þessi staðbundni for-

gangur meðan verkalýðshreyfingin var að ná fótfestu og hefur kannski verið nauðsynlegur á þeim tíma. En ég held að svona múrar á milli bæði starfsgreina og félagssvæða fái ekki staðist í nútímasamfélagi.

Það hefur stundum verið talað um þetta í sambandi við konur og karla. Konur eru í tilteknum starfsgreinum. Við höfum ákveðin kvennastörf í samfélaginu og svo höfum við ákveðin karlastörf. Þó þar séu ekki formlegir múrar á milli þá virðast vera óformlegir og ókleifir múrar á milli sem koma sér mjög illa í samfélaginu sérstaklega á atvinnuleysistímum vegna þess að karlar sem missa störf í byggingariðnaði fara ekki í einhver umönnunarstörf vegna þess að það eru bara kvennastörf. Þetta er að ýmsu leyti mjög erfitt í nútímasamfélagi. Sama má segja um að flytja konur úr kannski störfum þar sem atvinna er að minnka, við getum tekið saumaskap eða eitthvað slíkt, inn í iðngreinar sem hafa verið meira hefðbundnar karlagreinar. Þarna eru einhverjir ósýnilegir og ókleifir múrar sem, held ég, standa okkur oft fyrir þrifum í atvinnumálum.

Þetta vil ég hafa mína fyrirvara á frv. en að öðru leyti stend ég að því nál. sem hér hefur verið talað fyrir.

Umræðu frestað. — [Fundarhlé.]

Gjald af umboðsþóknun í gjaldeyrisviðskiptum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 254. mál (heildarlög). — Þskj. 331.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁMM, EH, GuðjG, HG, JÁ, JHelg, JónK, MB, StH, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (ÁMM, GuðjG, HG, JÁ, JHelg, MB, StH, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Vog, mál og faggilding, frh. 2. umr.

Stjfrv., 7. mál (heildarlög). — Þskj. 7, nál. 378, brtt. 379.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, JóhS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

3 þm. (AKS, GHelg, StG) greiddu ekki atkv.

16 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁMM, EH, GuðjG, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, KHG, MB, PJ, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

2.–10. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IP, JóhS, JGS, JBH, JónS, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP.

4 þm. (AKS, GHelg, JVK, StG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, FI, GuðjG, HG, IBA, ISG, JÁ, JHelg, JónK, KÁ, MB, StH, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 379,1 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

3 þm. (AKS, GHelg, StG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, GuðjG, GÁ, HG, JÁ, JHelg, JVK, MB, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

4 þm. (AKS, GHelg, JVK, StG) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, GuðjG, GÁ, HG, JÁ, JHelg, KÁ, MB, ÓÞÞ, PP, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

12.–13. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, GunnS, HÁ, HBl, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

4 þm. (AKS, GHelg, JVK, StG) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, FI, GuðjG, GB, GÁ, HG, IBA, JÁ, JHelg, JónK, MB, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 379,2 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
4 þm. (AKS, GHelg, JVK, StG) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, EH, GuðjG, GÁ, HG, JÁ, JHelg, JónS, MB, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (GHelg, JVK, StG) greiddu ekki atkv.
13 þm. (AKS, ÁMM, DO, GuðjG, HG, JÁ, JBH, JHelg, MB, ÓE, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

15.–16. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP.
4 þm. (AKS, GHelg, JVK, StG) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, FI, GuðjG, GÁ, HG, JÁ, JGS, JHelg, MB, ÓÞÞ, StH, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 379,3 (ný 17. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (AKS, GHelg, HG, JVK, StG) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, GuðjG, JÁ, JHelg, MB, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

18.–23. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (AKS, GHelg, HG, JVK, StG) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, JÁ, JHelg, KHG, MB, StH, SJS, SvG, TIO) fjarstaddir.

Ákv. til brb. I–II samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (AKS, GHelg, HG, JVK, StG) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, EH, EKJ, GuðjG, JÁ, JHelg, KHG, MB, StH, SJS, SvG, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (StG) greiddi ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, GuðjG, HBl, ISG, JÁ, JHelg, KSG, KHG, MB, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Lífeyrissjóður sjómanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 231. mál (EES-reglur). — Þskj. 288.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
9 þm. (ÁMM, GuðjG, JÁ, JHelg, MB, PP, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP.
14 þm. (ÁMM, EgJ, GuðjG, GunnS, ISG, JÁ, JHelg, KHG, KÁ, MB, StH, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.

Frv. StH o.fl., 29. mál (samningar við önnur ríki). — Þskj. 30, nál. 281 og 305, brtt. 306.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 281 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 32:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, SalÞ.

nei: AKS, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, VS, AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE.

7 þm. (MB, StH, SvG, TIO, ÁMM, GuðjG, JHelg) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Tveir af fremstu lögfræðingum landsins, dr. Guðmundur Alfreðsson þjóðréttarfræðingur og prófessor Björn Þ. Guðmundsson, hafa lagt fram í utanrmn. Alþingis ítarlegar álitsgerðir þar sem þeir sýna fram á það með margþættum rökum að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði stangist á við grundvallarþætti í stjórnarskrá lýðveldisins. Það er athyglisvert að síðan þessir tveir virtu fræðimenn lögðu fram sínar ítarlegu álitsgerðir hefur enginn — ég endurtek — enginn íslenskur lögfræðingur treyst sér til þess að leggja fram álitsgerð þar sem röksemdir þeirra eru hraktar. Í álitsgerð dr. Guðmundar Alfreðssonar er að finna veigamikil rök gegn álitsgerð þeirra fjórmenninga sem utanrrh. skipaði á sínum tíma. Það er einnig athyglisvert að enginn þessara fjórmenninga hefur treyst sér til þess að leggja fram á opinberum vettvangi greinargerð þar sem hann reynir að hrekja niðurstöður dr. Guðmundar Alfreðssonar. Það blasir því við að utanrmn. Alþingis hefur fengið tvær veigamiklar álitsgerðir frá þessum lögfræðingum sem ótvírætt sýna fram á það að ekki sé hægt að samþykkja samninginn um Evrópskt efnahagssvæði nema breyta stjórnarskrá lýðveldisins og einnig að enginn íslenskur lögfræðingur hefur treyst sér til þess að leggja fram álitsgerð þar sem röksemdir þeirra eru hraktar.

Það er þess vegna afar sérkennilegt að ríkisstjórnarmeirihlutinn hér á Alþingi skuli ekki hafa pólitíska burði né málefnalegt hugrekki til þess að takast á við þennan vanda og standa að breytingum á stjórnarskránni svo að hægt sé með óyggjandi hætti að lögtaka samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Við teljum nauðsynlegt, hvað sem líður afstöðunni til samningsins um Evrópskt efnahagssvæði efnislega, að tryggja það að stjórnraskrá lýðveldisins sé ekki brotin. Því segi ég nei við því að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar. Það er stjórnskipuleg skylda þeirra alþingismanna sem hafa svarið eið að stjórnarskránni að taka þetta frv. til formlegrar afgreiðslu hér á Alþingi ef ætlunin er að bera samninginn um Evrópskt efnahagssvæði upp til atkvæða hér á Alþingi. Ég segi nei.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér er ekki ljóst hvers vegna ekki er hægt að takast á um það í beinni atkvæðagreiðslu hvort samþykkja beri eða fella þetta frv. Ég veit að ríkisstjórnin hefur við margan vanda að etja og er störfum hlaðin. Ég vil ekki verða til að auka hennar vanda með því að bæta þessu við í pappírsbunkann. Ég efa að þar muni fara fram sú umræða sem verði til að bæta samkomulagið ef þeir taka þetta upp. Ég sé ekki tilgang með því að vísa þessu til ríkisstjórnarinnar og segi því nei.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Með þeirri furðulegu afstöðu að ætla að vísa þessu máli til hv. stjórnarskrárnefndar og geyma það þar í salti er hv. stjórnarmeirihluti hér á Alþingi að glata síðasta tækifærinu sem hann hefur til þess að geta látið lögtaka samning um Evrópskt efnahagssvæði með stjórnskipulegum hætti. Ég segi að sjálfsögðu nei við þessari óeðlilegu afgreiðslu og harma það að meiri hlutinn skuli fara þessa leið.

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Það blasir við nú í augnablikinu eftir að Kvennalistinn og Framsfl. hafa skipt sér upp í fylkingar með og á móti frv. um Evrópska efnahagssvæðið að það verði senn að lögum. Afdrif þeirrar tillögu sem hér liggur fyrir til atkvæðagreiðslu virðist ekki lengur skipta máli á þeim bæjum, svo mikil er orðin sóttin til EES. Besta jólagjöfin til íslensku þjóðarinnar auk þess að losna við atvinnuleysið hefði hins vegar verið sú að frv. um Evrópska efnahagssvæðið hefði verið fellt nú rétt fyrir jólin. Í trausti þess að það mál sem hér liggur fyrir til ákvörðunar verði gaumgæfilega skoðað og að ríkisstjórnin og allir hv. alþm. noti nú vel aðventutímann til að hugsa sitt mál, þá segi ég já.

Geir H. Haarde:

Hæstv. forseti. Hér er til meðferðar frv. frá stjórnarandstöðunni um mjög víðtækar heimildir til að afsala úr landi fullveldi Íslands. Þetta frv. eins og það er fram borið er ekki í neinum beinum tengslum við samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Á því eru margir og mikilvægir gallar eins og fram hefur komið í málsmeðferð og fram kemur í nál. meiri hlutans og eins og sést best á því að flm. þessa frv. treysta sér ekki til þess að standa að því óbreyttu og leggja þess vegna til mikilvægar breytingar á sjálfu frv. Í þessu frv. eru hins vegar hugmyndir sem meiri hluti nefndarmanna í stjórnarskrárnefnd á Alþingi telur rétt að hljóti vandaða umfjöllun á vettvangi þeirrar stjórnarskrárnefndar sem starfar utan þingsins en er kosin af Alþingi. Þess vegna er það rétt og eðlilegt og skynsamleg málsmeðferð í þessari stöðu að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar þaðan sem það væntanlega færi til

hinnar starfandi stjórnarskrárnefndar. Ég segi já.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það hefur nú birt yfir mér á þessum fundi því að ég sannfærist um að hv. þm. Eggert Haukdal mun koma vitinu fyrir Sjálfstfl. (**EH:** Og fyrir ykkur líka.) og ýmsa fleiri. Það er auðvitað af því góða. En þrátt fyrir það treysti ég ekki ríkisstjórninni betur og segi því nei.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Að mínu mati er ekki nokkur vafi á því að ekki er hægt að samþykkja samninginn um Evrópskt efnahagssvæði að óbreyttri stjórnarskrá. Ég harma því að meiri hluti stjórnarskrárnefndar skyldi komast að þeirri niðurstöðu að þetta frv. sé best geymt hjá ríkisstjórninni sem ætlar að þröngva samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hér í gegnum þingð þrátt fyrir þá staðreynd að flestra mati að hann stríði gegn stjórnskipun íslenska lýðveldisins. Ég segi nei.

Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.

Frv. RA o.fl., 30. mál (þjóðaratkvæðagreiðsla). — Þskj. 31, nál. 282 og 302, brtt. 303.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 282 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 32:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StB, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SalÞ.

nei: SJS, VS, AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, AKS, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG.

7 þm. (StH, SvG, TIO, ÁMM, GuðjG, JHelg, MB) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að tekin hafi verið ákvörðun hér á Alþingi nú nýverið sem sýnir svo ekki verður um villst að nauðsynlegt er að binda í lög möguleika á að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilvæg mál. Minni hluti Alþingis, 31 þingmaður, tók þá ákvörðun að meina þjóðinni að segja skoðun sína á aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Ég tel að það eigi að samþykkja þá tillögu sem hér er og segi því nei við því að vísa henni til ríkisstjórnarinnar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hefur það komið fram hjá hv. 6 þm. Suðurl. að hæfilegur vinnutími til að fara yfir það frv. sem verið var að vísa til ríkisstjórnarinnar sé aðventan. Það bendir því allt til að þeir yrðu að taka jólin í þetta ef við vísuðum því til ríkisstjórnarinnar. Ég legg eindregið til að það verði ekki gert og segi því nei.

Samkeppnislög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 9. mál. — Þskj. 9, nál. 348, brtt. 49, 349 og 358.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Á þskj. 395 er brtt. frá Inga Birni Albertssyni. Hún kemur ekki til atkvæða við þessa umræðu. Henni var útbýtt við umræðuna í gærkvöldi en ekki tókst að fá afbrigði til að hún fengist rædd áður en 2. umr. lauk. Kemur hún því til afgreiðslu við 3. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 49 kölluð aftur.

Brtt. 349,1 (ný 1. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (StG) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, GuðjG, GHelg, HBl, JHelg, MB, ÓÞÞ, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg*, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (ÓÞÞ, StG) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, GuðjG, JÁ, JHelg, MB, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 349,2.a samþ. með 40:7 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg*, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, KSG, KHG, LMR, ÓE, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, AKS, HG, JVK, KÁ, KE, SJS.

8 þm. (EKJ, ISG, IP, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, GuðjG, JHelg, MB, PJ, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 349,2.b samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (ÓÞÞ, StG) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁMM, EH, GuðjG, GHelg, JHelg, MB, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 349,3 samþ. án atkvgr.

Hjörleifur Guttormsson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Virðulegur forseti. Ég tek eftir því að í 4. gr. hefur hæstv. viðskrh. lagt til í lok greinarinnar að rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtök þessi sker viðskrh. úr þeim ágreiningi. En efh.- og viðskn. treystir ekki hæstv. ráðherra til þess og gerir á þessu brtt. og leggur til að í stað orðsins „viðskiptaráðherra" í síðari mgr. komi: samkeppnisráð. Mér sýnist að hér sé um vantraust að ræða á viðskrh. með þessari brtt.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:
Virðulegi forseti. Vegna þessarar makalausu yfirlýsingar hv. 4. þm. Austurl. vil ég benda á að við erum hér að greiða atkvæði um samkeppnislagafrv. sem væntanlega á að gilda afar lengi. Hér er ekki verið að fjalla um þann mann sem nú gegnir stöðu viðskrh. þótt ég skilji mætavel að hv. þm. búist við því að hann muni gegna því starfi mjög lengi.

4. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (EH, GHelg) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁMM, GuðjG, JHelg, KE, MB, ÓÞÞ, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 349,4 samþ. án atkvgr.
5. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 349,5 (ný 6. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
4 þm. (GÁ, GHelg, ÓÞÞ, StG) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁMM, EH, GuðjG, HG, JHelg, MB, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 349,6 samþ. án atkvgr.
7. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 349,7 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
4 þm. (GÁ, GHelg, ÓÞÞ, StG) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁMM, GuðjG, JHelg, MB, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 349,8 (ný 9. gr.) samþ. án atkvgr.
10. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 349,9 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (EH, FI, GHelg, IBA, StG, VS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁMM, EKJ, GuðjG, GÁ, JHelg, MB, ÓRG, ÓÞÞ, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
12. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 349,10 samþ. án atkvgr.

13. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (GHelg, ÓÞÞ, StG) greiddu ekki atkv.
12 þm. (AKS, ÁMM, EH, GuðjG, GÁ, IBA, JHelg, MB, ÓRG, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 349,11 samþ. án atkvgr.
14. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 349,12 samþ. án atkvgr.
15. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 349,13 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE,

LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
4 þm. (EH, GÁ, GHelg, StG) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, GuðjG, JHelg, MB, ÓÞÞ, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

16. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:
Hæstv. forseti. Ég tel rétt að vekja athygli á því að í atkvæðagreiðsluskjali sem útbúið hefur verið tek ég eftir því að brtt. á þskj. 358 hefur misritast eða er ekki rétt eins og hún er á hinu eiginlega þingskjali og kann þar að gæta áhrifa af því að sambærileg eða svipuð tillaga var í fyrra þingskjali sem nú hefur verið kölluð aftur. Ég tel nauðsynlegt að allir hv. alþm. átti sig á því að rétt er tillagan eins og hún er orðuð á þskj. 358 en ekki eins og hún stendur í því atkvæðagreiðsluskjali sem menn hafa fengið í hendur. Ef ég má, með leyfi forseta, lesa þá orðalag tillögunnar eins og hún er á brtt., þá er það svohljóðandi:
„1. Við IV. kafla bætist ný grein er verði 17. gr. og orðist svo:
Fyrirtæki, sem telst markaðsráðandi á einu sviði samgangna, er óheimilt að vera ráðandi aðili eða eiga stærri eignarhlut en 25% í öðrum markaðsráðandi fyrirtækjum sem starfa að samgöngum."
Orðið „markaðsráðandi" í seinna tilvikinu hefur fallið niður í textanum eins og hann er prentaður í atkvæðagreiðsluskjalinu og það er að sjálfsögðu veruleg merkingarbreyting því að markaðsráðandi-skilgreiningin þrengir verulega gildissvið brtt. og afmarkar hana og gerir hana mildari, ef svo má að orði komast. En hér er, eins og öllum hv. alþm. er væntanlega kunnugt, á ferðinni brtt. sem tekur á hringamyndun eða óeðlilegum tengslum fyrirtækja á þessu sviði. Ég óska svo eftir því, hæstv. forseti, að atkvæðagreiðslan fari fram með nafnakalli.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Hv. þm. hefur getið um þá leiðréttingu sem þarf að gera varðandi þetta skjal, sem er að vísu fyrst og fremst vinnuskjal fyrir hv. þm., en mun vera rétt á þingskjalinu sjálfu eins og fram hefur komið.

Brtt. 358,1 felld með 28:22 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VS, ÖS, AÓB, FI, GB, GÁ, GunnS, HG, ISG, JÁ, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, AKS, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS.
nei: VE, ÞorstP, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GHall, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SalÞ.
6 þm. (EH, EKJ, GHelg, HÁ, IP, JGS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (TIO, ÁMM, GuðjG, JHelg, MB, StH, SvG) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):
Hæstv. forseti. Þar sem tillaga þessi, ef samþykkt yrði, veikti stöðu íslenskra fyrirtækja á sviði samgangna í samkeppni þeirra við erlend fyrirtæki og þar sem mér er gjarnt að taka tillit til íslenskra hagsmuna, þá segi ég nei.

Steingrímur J. Sigfússon:
Hæstv. forseti. Það hefur verið spurt að því hverjir eigi Ísland og haldnir um það viðfangsefni margir fundir. Það hafa farið fram miklar umræður um óheppileg hagsmunatengsl, eignatengsl og pólitísk tengsl ákveðinna stórvelda hér í hinu smáa, íslenska viðskiptalífi. Sennilega hafa á undanförnum árum verið haldnar fleiri ræður um þetta mál undir ýmsum formerkjum, áhrif fjölskyldnanna 14, undir heitinu Veldi kolkrabbans o.s.frv., en flest önnur í okkar viðskiptalífi. Hér er lögð til tiltölulega einföld og fremur væg eða mildileg aðgerð til þess að setja þessum miklu hagsmunatengslum ákveðnar skorður. Því er vísað á bug af hálfu flutningsmanns að með því séu íslenskir hagsmunir eða samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja borin fyrir borð á nokkurn hátt en ég leyfi mér að fullyrða að þeir menn, sem ekki eru tilbúnir til að gera einu sinni þetta, jafnvægilegt og það er, til þess að setja þessum hagsmunatengslum, þessum vexti í íslenska viðskiptalífinu ákveðnar skorður, eru ekki tilbúnir til að gera neitt.
Ég met mikils kjark þeirra hv. stjórnarþingmanna sem þegar hafa greitt þessari brtt. atkvæði en því miður virðast þeir ætla að verða of fáir sem þann kjark hafa. Að sama skapi er að sjálfsögðu geðleysi hæstv. samgrh. dapurlegt. Ég legg svo til að þeir menn sem standa að því ef svo fer að fella þessa tillögu, haldi ekki miklar ræður í bráð um kolkrabbann, um fjölskyldurnar fjórtán, um það hverjir eiga Ísland eða önnur slík efni sem þeim hefur verið tamt á undanförnum árum. Ég segi já, hæstv. forseti.

Brtt. 349,14 samþ. án atkvgr.
17. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 349,15 (ný 18. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 349,16 samþ. án atkvgr.
19. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
20.–22. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 349,17 samþ. án atkvgr.
23. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
24.–25. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 349,18–19 (26.–27. gr. falli brott) samþ. án atkvgr.
28.–35. gr. (verða 26.–33. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 349,20 samþ. án atkvgr.
36. gr. (verður 34. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 394,21 samþ. án atkvgr.
37. gr. (verður 35. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
38.–39. gr. (verða 36.–37. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 349,22 (40. gr. falli brott) samþ. án atkvgr.
Brtt. 349,23 samþ. án atkvgr.

41. gr. (verður 38. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

42. gr. (verður 39. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 349,24 (ný 43. gr., verður 40. gr.) samþ. án atkvgr.

Kristín Ástgeirsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Að mínum dómi felur XI. kafli þessa lagafrv. í sér valdaafsal til stofnana hins Evrópska efnahagssvæðis og það leikur vafi á því að það afsal standist íslensku stjórnarskrána. Ég mun því greiða atkvæði gegn þessum kafla laganna, þ.e. 44.–51. gr. þó að ég sé sammála frv. að öðru leyti.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Í ítarlegum álitsgerðum sem dr. Guðmundur Alfreðsson þjóðréttarfræðingur — það er eðlilegt að hæstv. utanrrh. hlægi. Það er ósköp eðlilegt. Það er í samræmi við ýmislegt annað. — Í ítarlegum álitsgerðum sem dr. Guðmundur Alfreðsson þjóðréttarfræðingur og Björn Þ. Guðmundsson prófessor hafa sett fram í utanrmn. Alþingis, og utanrrh. hefur enn þá ekki tekist að fá neinn lögfræðing til þess að mótmæla þeim álitsgerðum með formlegum og skriflegum hætti, er sýnt fram á það með óyggjandi rökum að XI. kafli þessa frv., verði hann samþykktur hér á næstu mínútum, er brot á íslensku stjórnarskránni. Það er nauðsynlegt að vekja athygli hv. þm. á því að ýmsar af þeim greinum sem eru í þessum XI. kafla eru á tvímælalausan hátt brot á grundvallarákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar. Ef meiri hluti Alþingis samþykkir þennan kafla nú, áður en samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði er samþykktur hér á Alþingi, þá er alveg ljóst að hvað sem líður örlögum frv. um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði væri meiri hluti Alþingis að ganga gegn grundvallarákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar og þar með stefna því í hættu að Hæstiréttur Íslands dæmi þessi ákvæði úr gildi og ónýta alla þá gerninga í viðskiptalífi sem kunni að byggjast á þessum greinum. Ég vil því eindregið vara við því að menn samþykki þennan kafla laganna. Það sem gerst hefur fram að þessu í atkvæðagreiðslunni er mjög breið samstaða um nær allar greinarnar fram að þessum kafla og ég skil ekki hvers vegna menn eru nú á þessari stundu að ganga þessa götu eftir að hafa í höndum þessar álitsgerðir sem ég vék að og áður en samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði kemur hér til afgreiðslu.

Geir H. Haarde *(um atkvæðagreiðslu)*:

Forseti. Hv. síðasti ræðumaður hefði getað sparað sér þessa ræðu en notað tímann þess í stað til að kynna sér efni þeirra brtt. sem hér eru lagðar fram vegna þess að það er sérstaklega tekið fram í brtt. við 62. gr. að þessi umræddi kafli taki ekki gildi nema samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði verði að veruleika með aðild Íslands. Í þessari atkvæðagreiðslu er því alls ekki um það að ræða að það sé verið að samþykkja eitt eða neitt sem komi til framkvæmda óháð hinu Evrópska efnahagssvæði.

Ég bendi jafnframt á það að við ræddum það hér í gærkvöldi á þingfundi þegar þetta mál var til umræðu hvernig haga skyldi afgreiðslu þessa máls við 3. umr., hvort það kæmi til greina að fresta endanlegri afgreiðslu málsins þar til fyrir lægju lyktir í hinu stóra máli um Evrópska efnahagssvæðið sjálft. Það er auðvitað allt til skoðunar og til athugunar og vænti ég þess að um það verði gott samkomulag. En ég hlýt að mótmæla þeim fullyrðingum sem síðasti ræðumaður, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, hafði hér uppi að með því að samþykkja þennan kafla á þessu stigi væru þingmenn að brjóta stjórnarskrána. Þetta er auðvitað gersamlega fráleitt, fjarstæðukenndur málflutningur og kemur ekki til greina að þingmenn láti svona málflutning hafa áhrif á atkvæði það sem þeir fara með hér á Alþingi.

Ég endurtek: Þessi kafli kemur ekki til framkvæmda, tekur ekki gildi nema samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði nái fram að ganga. Nái það ekki fram að ganga tekur þessi kafli aldrei gildi þannig að hér er ekki verið að taka neina áhættu. Það varð góð samstaða um það í hv. efh.- og viðskn. að afgreiða þetta mál með þessum hætti og ég treysti því, eins og fram kom í umræðum hér í gærkvöldi, að þeir sem stóðu að meirihlutaáliti og reyndar áliti allrar efh.- og viðskn. ásamt öðrum sem hafa verið að leggja á ráð um þinghaldið til jóla nái góðu samkomulagi um það hvenær þessu máli verður lokið við 3. umr. Fyrr verður frv. að sjálfsögðu ekki að lögum.

Vilhjálmur Egilsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Þessi kafli er óhjákvæmilegur hluti af frv. og öll nefndin hefur unnið að brtt. við þessar greinar og tekið þátt í að bæta þær óháð því hvort einstakir nefndarmenn hafi lýst því yfir að þeir séu á móti samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði og muni greiða atkvæði gegn kaflanum sem slíkum. Og eins og var getið um hér áðan, þá mun þessi kafli ekki taka gildi nema samningurinn verði staðfestur. Engu að síður er nauðsynlegt að afgreiða þessar brtt. og þennan kafla samhliða því að þetta frv. er afgreitt.

Ég tel ekki að ég sé á neinn hátt að ganga gegn íslensku stjórnarskránni sem þingmaður þótt ég bæði samþykki samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði og eins samþykki þennan kafla. Ég tel þvert á móti að þau gagnkvæmu réttindi sem í þessum ákvæðum samningsins felast styrki okkar fullveldi og færi okkur réttindi á erlendri grund langt umfram það sem við veitum í staðinn.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það er sérkennileg kenning hjá hv. þm. Geir H. Haarde að það sé í lagi fyrir alþingismenn að samþykkja þennan kafla þótt fyrir liggi ítarlegar greinargerðir um það að efnisatriði hans séu brot á íslensku stjórnarskránni vegna þess að það sé ekki víst að brotið taki gildi. Þess vegna sé allt í lagi hér í salnum að brjóta stjórnarskrána af því að það eigi eftir nokkra daga að ákveða hvort brotið eigi að taka

gildi. Þetta er afar sérkennileg kenning. En ég vil mótmæla henni hér að það fari að verða einhver leiðarvísir í þingstörfum að taka á málum með þeim hætti.

Það kemur greinilega fram í álitsgerðum sem eru birtar í því þskj. um breytingar í stjórnarskránni þar sem formaður Framsfl., Steingrímur Hermannsson, er 1. flm. en við aðrir, fulltrúar Kvennalista og Alþb., erum meðflm. að í þeim álitsgerðum sem ég hef hér vikið að er það rækileg rökstutt að það eru einmitt þessi efnisákvæði sem eru hér í XI. kaflanum sem eru höfuðatriðin í því að samningurinn um EES sé brot á stjórnarskránni. Ég get ekki séð hvernig nokkur þingmaður í þessum sal getur í raun og veru greitt þessu atkvæði ef hann hefur í reynd kynnt sér efnisatriði þessara álitsgerða.

Brtt. 349,25 samþ. með 30:12 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, AKS, EKJ, GÁ, GHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, PP, StG, SJS.

14 þm. (EH, FI, GB, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, ÓÞÞ, RA, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁMM, GuðjG, JHelg, MB, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

44. gr. (verður 41. gr.), svo breytt, samþ. með 29:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GHall, GunnS, HBl, SalÞ.

nei: JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, AKS, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, AÓB, EKJ, GÁ, GHelg, HG.

10 þm. (JGS, JónK, VS, EH, FI, GB, HÁ, IBA, ISG, IP) greiddu ekki atkv.

7 þm. (JHelg, MB, StH, SvG, TIO, ÁMM, GuðjG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það eru allmerkileg próf sem Alþingi Íslendinga er að ganga undir þessa dagana og m.a. við afgreiðslu þess máls hér. Þingmenn, sem eru nýbúnir að styðja það mat að ákvæði samningsins um Evrópskt efnahagssvæði stangist á við íslensku stjórnarskrána, virðast reiðubúnir að beygja sig undir lagaákvæði um þá þætti sem eru kjarnaatriði í þessu mati. Ég átta mig ekki á, virðulegur forseti, hvernig hugsanaferli er hjá þeim sem þannig geta staðið að málum. Ekki er síður sérkennilegt að það skuli borið fram af formanni stærsta þingflokksins á Alþingi að menn séu með atkvæðum um þetta frv. ekki að gera upp við sig hvort þeir séu að ganga gegn íslensku stjórnarskránni eða ekki. Það er furðulegt mat.

Ég segi nei við þessari lagagrein, þessari tillögu sem og öðrum ákvæðum þessa kafla.

45. gr. (verður 42. gr.) samþ. með 29:15 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, AKS, GÁ, HG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS.

12 þm. (EH, EKJ, FI, GB, GHelg, HÁ, IBA, ISG, IP, JGS, JónK, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁMM, GuðjG, JHelg, MB, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 349,26 samþ. með 27:10 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, AKS, GÁ, JVK, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, StG, SJS.

16 þm. (EH, EKJ, FI, GB, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, KHG, ÓRG, RA, VS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, EgJ, GuðjG, HÁ, JHelg, MB, StH, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

46. gr. (verður 43. gr.), svo breytt, samþ. með 29:15 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, AKS, GÁ, HG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS.

11 þm. (EH, FI, GB, GHelg, HÁ, IBA, ISG, IP, JGS, JónK, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, EKJ, GuðjG, JHelg, MB, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 349,27 samþ. með 29:15 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, AKS, EH, EKJ, GÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS.

11 þm. (FI, GB, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, GuðjG, GHelg, JHelg, MB, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Í 47. gr. í XI. kafla frv. eru þau ákvæði sem langlengst ganga í beinu íslensku valdaframsali til handa erlendum stofnunum. Þar er í fyrsta lagi eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólnum heimilað að leggja á sektir, að taka sér í hendur refsivald gagnvart innlendum aðilum. Þessar aðgerðir hinna erlendu stofnana eru aðfararhæfar að íslenskum lögum

og sömuleiðis vegna leiðréttinga sem nauðsynlegt reyndist að gera frá upphaflega frv., kemur fram í staflið b í brtt. að stofnanir Evrópubandalagsins koma í þessari lagagrein inn í íslenska lagasafnið og fá þar tiltekið hlutverk, erlendar stofnanir sem við Íslendingar eigum enga aðild að. Ég hygg að það séu ekki síst þessi ákvæði um það refsivald, sem hinum erlendu stofnunum er falið, aðfararhæft, og hlutverk erlendra stofnana sem við Íslendingar eigum enga aðild að og höfum engin áhrif á hvernig starfa, sem hér kemur inn í íslenska lagasafnið, sem gerir það að verkum að lögfræðingar, flestir ef ekki allir, sem um þetta mál hafa fjallað, viðurkenna að um valdaframsal út úr landinu sé að ræða. Menn geta síðan deilt og hafa reyndar deilt um það hvort þetta valdaframsal sé nógu afmarkað til þess að það samrýmist ákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar. Það er því alveg ljóst út á hversu hálan ís menn eru að fara. Jafnvel þeir sem hæstv. utanrrh. hefur haft í vinnu við að semja sér álitsgerðir í þessum efnum viðurkenna að hér sé um valdaframsal að ræða.

Ég held að í þessari grein fari þess vegna fram kannski á vissan hátt afdrifaríkasta atkvæðagreiðslan í öllu þessu máli og það er e.t.v. svo að hvað efnislega afstöðu varðar er hér á ferðinni sú einstaka atkvæðagreiðsla sem mestu skiptir í reynd varðandi viðhorf manna til íslensku stjórnarskrárinnar og það hvaða tillit menn vilja taka til hennar þegar þeir gera upp hug sinn varðandi hið Evrópska efnahagssvæði.

Ég segi að sjálfsögðu nei, hæstv. forseti, við þessari brtt., við greininni sjálfri og við kaflanum öllum.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að vekja athygli á því þegar þessi grein hefur nú verið samþykkt, grein sem tvímælalaust felur í sér brot á íslensku stjórnarskránni að þá er það minni hluti kjörinna alþingismanna sem treystir sér til þess að greiða því atkvæði eða vera hér viðstaddir. Það eru 29 þingmenn, ekki fleiri, sem mynda þennan meiri hluta. Það er út af fyrir sig mjög merkilegt að ríkisstjórninni skuli ekki hafa tekist að fá raunverulegan meiri hluta alþingismanna á Íslandi til þess að samþykkja það brot á stjórnarskránni sem hér er verið að fremja.

Vilhjálmur Egilsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég vil biðja hv. þm. að telja sig ekki vera hæstarétt yfir okkur hinum í því hvort við teljum að verið sé að brjóta stjórnarskrána eða ekki. Ég vil bara segja fyrir mig að ég tel að með því að samþykkja þessa tillögu sé ég ekki að því og ég vil vekja athygli hv. þm. á því að af 63 þingmönnum eru ekki nema 15 sem eru sammála honum um þetta mál.

47. gr. (verður 44. gr.), svo breytt, samþ. með 29:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, SalÞ.

nei: EH, EKJ, GÁ, HG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, AKS, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, AÓB.

9 þm. (FI, GB, HÁ, IBA, ISG, IP, JGS, JónK, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, GuðjG, GHelg, JHelg, MB, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ljóst er að vafi leikur á því að þessi grein standist stjórnarskrá. Það hefur verið sagt að stjórnarskráin eigi að njóta vafans, því aðeins getur hún notið vafans að maður segi nei. Ég segi því nei.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. 47. gr. er skýlaust brot á stjórnarskrá Íslands. Þar breytir engu hvort hv. 5. þm. Norðurl. v. gerir sér grein fyrir því eða ekki.

Ég gleðst að vísu yfir því að ríkisstjórn Íslands stendur þannig að verki að hún lætur samþykkja þennan samning þannig að ekki er löglegt á íslenskri grund, en ég segi nei.

48.–49. gr. (verða 45.–46. gr.) samþ. með 29:16 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, AKS, EKJ, GÁ, HG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS.

10 þm. (EH, FI, GB, HÁ, IBA, ISG, IP, JGS, JónK, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, GuðjG, GHelg, JHelg, MB, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 349,28 samþ. með 29:14 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, AKS, EKJ, GÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS.

12 þm. (EH, FI, GB, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, GuðjG, GHelg, JHelg, MB, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

50. gr. (verður 47. gr.), svo breytt, samþ. með 29:16 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, AKS, EKJ, GÁ, HG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS.

9 þm. (EH, FI, GB, HÁ, IBA, ISG, IP, JónK, VS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, GuðjG, GHelg, JGS, JHelg, MB, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

51. gr. (verður 48. gr.) samþ. með 27:13 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP.
nei: AÓB, EKJ, GÁ, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS.
10 þm. (EH, FI, GB, HÁ, IBA, ISG, IP, JGS, JónK, VS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (AKS, ÁMM, EgJ, GuðjG, GHelg, HG, JHelg, MB, PP, StH, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Geir H. Haarde *(um atkvæðagreiðslu)*:
Virðulegi forseti. Ég vildi eingöngu vekja athygli á því að XI. kaflinn er búinn og 52. gr. er í XII. kafla þannig að ég vænti þess að allir sem skrifa upp á nál. efh.- og viðskn. treysti sér nú til þess að standa að brtt. sem þeir hafa sjálfir flutt.

Brtt. 349,29 samþ. með 43:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: ÓÞÞ.
11 þm. (AKS, EH, EKJ, GÁ, GHelg, HG, ISG, KHG, ÓRG, RA, StG) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, GuðjG, JHelg, MB, PP, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

52. gr. (verður 49. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
53. gr. (verður 50. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 349,30 samþ. með 46:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: ÓÞÞ.
8 þm. (EH, GÁ, GHelg, HG, KHG, ÓRG, RA, StG) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, GuðjG, JHelg, MB, PP, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

54. gr. (verður 51. gr.), svo breytt, samþ. með 45:1 atkv. sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: ÓÞÞ.
9 þm. (EH, GÁ, GHelg, HG, KHG, KE, ÓRG, RA, StG) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, GuðjG, JHelg, MB, PP, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 349,31 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, JÁ, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (AKS, EH, GÁ, HG, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, GuðjG, GHelg, IP, JóhS, JHelg, MB, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:
Virðulegi forseti. Mig langaði til að vekja athygli á því að það hefur komið fyrir áður að menn hafa ekki stutt á hnapp eins og þeir ætluðu sér og synjað hefur verið um leiðréttingu ef búið hefur verið að lýsa úrslitum. Hér varð breyting á, heyrðist mér. Ég geri í sjálfu sér ekki athugasemd við það en óska eftir því að forseti gefi út hvort skuli gilda.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Forseti reynir að fara eftir þeim reglum sem ber að fara eftir. Ef forseti hefur verið búinn að lýsa atkvæðagreiðslu og samt lýst hana ógilda og endurtekið atkvæðagreiðsluna, þá skal forseti athuga það mál, en forseti hefur tilhneigingu til þess að reyna að fara að óskum hv. þm. ef þeim verður á í atkvæðagreiðslu og vilja koma á framfæri leiðréttingu. En forseti mun taka þessa ábendingu hv. þm. til athugunar.

55. gr. (verður 52. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
56. gr. (verður 53. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 349,32 samþ. án atkvgr.

57. gr. (verður 54. gr.), svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (AKS, EH, EKJ, GÁ, GHelg, HG, JÁ, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, GuðjG, JHelg, MB, PP, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

58.–59. gr. (verða 55.–56. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (AKS, EH, GÁ, GHelg, HG, JÁ, JVK, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, EgJ, GuðjG, JHelg, MB, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 349,33 samþ. án atkvgr.

60. gr. (verður 57. gr.), svo breytt, samþ. með 41:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS, AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, KSG, KÁ, KE, LMR, SalÞ.

nei: ÓÞÞ, PP, RA, StG, GÁ, HG, KHG.

8 þm. (ÓRG, EH, EKJ, FI, GHelg, JÁ, JVK, AKS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (StH, SvG, TIO, ÁMM, GuðjG, JHelg, MB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það eru margir refilstigarnir í þessum langa lagabálki. Ég sé ekki betur en þessi 60. gr. tengist lögunum almennt og sé vísað til þeirra í heild sinni, þar á meðal til brota og refsiákvæða og með vísan til afstöðu minnar til XI. kafla segi ég nei.

61. gr. (verður 58. gr.) samþ. með 38:4 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP.

nei: KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP.

9 þm. (AKS, EKJ, GHelg, HÁ, HG, KHG, KÁ, RA, StG) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, EH, EgJ, GuðjG, GÁ, IBA, JHelg, MB, StH, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 349,34 (ný kaflafyrirsögn á undan 62. gr.) samþ. án atkvgr.

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það eru nokkuð óvenjulegar aðstæður í þessu máli sem kalla, held ég, á skýringar á afstöðu okkar í efh.- og viðskn., þeirra sem eru þar í stjórnarandstöðu en stöndum að sameiginlegu nál. og sameiginlegum brtt. við þetta frv. Andstaða okkar, a.m.k. sumra okkar, hefur þegar komið fram við XI. kafla frv. og birst hér í atkvæðagreiðslum og þarf vonandi ekki fleiri orð um það. Hluti af því samkomulagi sem gert var um afgreiðslu málsins í nefndinni fól í sér þetta gildistökuákvæði sem er með þeim hætti að það greinir algerlega á milli hinna almennu ákvæða frv. og XI. kaflans. Úr því sem komið er, sem ég að vísu harma, að meiri hluti þeirra sem hér tóku þátt í atkvæðagreiðslu, að vísu minni hluti á hv. Alþingi, samþykkti XI. kaflann er að mínu mati ótvírætt til bóta að gildistökunni sé þó háttað með þeim hætti sem 34. brtt. við 62. gr. frv. gerir ráð fyrir. Og það er í því trausti sem við ákváðum að styðja hin almennu efnisákvæði frv. þrátt fyrir andstöðu okkar við XI. kaflann. Það er sömuleiðis í trausti þess að samkomulag takist um að málsmeðferðin verði sú sem hér var rætt í gærkvöldi að hin endanlega afgreiðsla þessa frv. bíði þess að lyktir ráðist varðandi frv. um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Í því trausti að þetta gangi eftir þá mun ég styðja þessa brtt. og styðja frv. í heild sinni þrátt fyrir andstöðu mína við XI. kaflann með vísan til þess að hann tekur ekki gildi fyrr en afdrif samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hafa ráðist.

Brtt. 349,35 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónS, KSG, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (AÓB, HG, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, PP, RA, StG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, EH, GuðjG, GHelg, JBH, JHelg, MB, ÓÞÞ, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 358,2 kom ekki til atkvæða.

62. gr. (verður 59. gr.), svo breytt, samþ. með 42:1 atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: JÁ.

9 þm. (AÓB, GHelg, HG, KHG, KÁ, KE, PP, RA, StG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, DO, EH, GuðjG, JHelg, JVK, MB, ÓÞÞ, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 349,36 samþ. án atkvgr.

Ákv. til brb. samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (HG, KHG, PP, RA, StG) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, DO, EH, GuðjG, JHelg, MB, ÓÞÞ, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill gjarnan gleðja þingmenn og upplýsa þá um að nú ætlar forseti að gefa eins og tíu mínútna hlé áður en næsta mál er tekið á dagskrá. — [Fundarhlé.]

Samningar við EB um fiskveiðimál, fyrri umr.

Stjtill., 275. mál. — Þskj. 375.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Meðan verið er að sækja hæstv. utanrrh. vill forseti taka fram að talið er rétt að um þessa umræðu gildi það sem segir í 44. gr. þingskapa. Þar segir svo: „Forseta er heimilt að láta ákvæði 55. gr. gilda við fyrri umræðu um þáltill., er fjalla um stjórnskipun, utanríkis- eða varnarmál, staðfestingu framkvæmdaáætlana, alþjóðasáttmála eða milliríkjasamninga....“

Ákvæði 55. gr. fjalla um að umræðutími sé ómældur. Telur forseti það rétt þar sem hér er um milliríkjasamninga að ræða.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um staðfestingu samninga við Efnahagsbandalag Evrópu um fiskveiðmál og lífríki hafsins.

Í ályktunargreininni segir svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd:

1. samning í formi erindaskipta milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um fiskveiðimál sem gerður var í Óportó 2. maí 1992;

2. samning um fiskveiðimál og lífríki hafsins milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu sem gerður var í Brussel 27. nóv. 1992.“

Í upphafi athugasemda við þáltill. þessa segir, með leyfi forseta: „Með þáltill. þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu samninga þeirra milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um fiskveiðimál og lífríki hafsins sem gerðir voru í Óportó 2. maí 1992 og í Brussel 27. nóv. 1992. Samningarnir eru birtir sem fylgiskjöl með þáltill. þessari. Einnig eru hér birtar sem fylgiskjal niðurstöður fiskimálaviðræðna milli Íslands og Efnahagsbandalagsins, sem lauk í Brussel 27. nóv. 1992, um tilhögun veiða á árinu 1993.

Samkomulagið við EB er samkvæmt framansögðu þrískipt: Í fyrsta lagi erindaskiptin frá 2. maí sem eru ákvarðandi um öll atriði sem þar eru tilgreind, í öðru lagi rammasamningurinn þar sem endurtekin eru sum atriðin úr erindaskiptunum en öðrum þáttum bætt við eins og rakið verður hér á eftir og svo í þriðja lagi árlega samkomulagið þar sem einnig eru endurteknir þættir úr erindaskiptunum en einkum bætt við nánari ákvæðum um framkvæmd á skiptum umræddra veiðiheimilda loðnu og karfa og eftirlit með veiðum.“

Þessir tveir samningar um fiskveiðimál sem ég mæli hér fyrir í dag eiga sér langa forsögu og reyndar sjálfstæða tilveru frá EES-samningnum sem slíkum. Fyrir þeim er mælt sérstaklega og þeir verða afgreiddir sérstaklega þó ekkert sé því til fyrirstöðu að umræðan tengist EES-samningnum.

Staðreyndin er sú að nú loks hefur tekist að fylla upp í eyðu sem verið hefur til trafala og óþæginda í samskiptum okkar við Evrópubandalagið í hartnær tvo áratugi. Margoft hefur verið farið af stað og tilraun gerð til að koma samskiptum Íslands og Evrópubandalagsins í fiskveiðimálum í viðunandi horf. Þær tilraunir hafa allar strandað hingað til á kröfum Evrópubandalagsins sem t.d. í viðræðum fyrir 10 árum síðan gerði kröfu til meir en þriðjungs loðnustofnsins milli Grænlands og Íslands. Þær kröfur Evrópubandalagsins sem allt strandaði á 1991 komu ekki upp að nýju að þessu sinni.

Það er eðlilegt og sjálfsagt að samstarf sé milli allra þeirra aðila sem eiga fiskveiðilögsögur sem snertast, rétt eins og við höfum samið við Grænlendinga, Norðmenn og Færeyinga, og var engin ástæða til að slá frekar á frest samningum við nágrannaríki í suðri.

Samkomulag um sjálfan kjarna þessa máls, þ.e. gagnkvæm skipti á veiðiheimildum náðist strax í Óportó í maí og var undirritað þar 2. maí sl. Í þeim erindaskiptum var kveðið á um helstu efnisatriði þó ekki ynnist tími til að ganga þar frá nauðsynlegum rammasamningi eða framkvæmd hans. Í Óportó var ákveðið hvert yrði hámarksmagn sem hvor aðili um sig fengi í sinn hlut í gagnkvæmum skiptum, annars vegar 30 þús. tonn af loðnu til Íslendinga er jafngildi í þessum samningum 3 þús. tonnum karfaígilda til Evrópubandalagsins. Gengið var frá því innan hvaða svæða mætti veiða, að eftirlitsmaður skyldi vera um borð og að verksmiðjuskip skyldu ekki vera heimil. Eftir var aðeins að ganga frá ramma fyrir samskipti okkar við Evrópubandalagið á sviði fiskveiða og kveða nánar á um ýmis framkvæmdaatriði, t.d. hversu há laun skyldi greiða eftirlitsmönnum af hálfu Evrópubandalagsins, til hvaða hafna skip Evrópubandalagsins ættu að sækja og skila eftirlitsmönnum að loknu starfi, hvernig eftirliti með vigtun afla skuli háttað, hversu mörg skip gætu stundað veiðar í einu, hvaða reglur skyldu gilda um meðafla eða aukaafla o.s.frv.

Samningaviðræður frá því í maí hafa dregist á langinn og reynt hefur verið að gera það tortryggilegt. Ástæðan var einfaldlega sú að við vildum ekki flana að neinu og töldum rétt að ganga tryggilega frá jafnvel hinum smæstu smáatriðum. Í öllum helstu atriðum náðu okkar kröfur fram að ganga. Sú hin síðasta, sem styrr stóð um fram á föstudag, var hvort heimilt skyldi að hausa karfa um borð í skipum EB en niðurstaðan varð sú að sjónarmið okkar náðust fram.

Eitt erfiðasta viðfangsefnið var að tryggja að raunverulegt jafnvægi ríkti í skiptum milli Íslands og Evrópubandalagsins. Þar höfðum við frá upphafi visst forskot því hvort sem við notum viðmiðanir sjútvrn. eða Evrópubandalagsins eru 30 þús. tonn af loðnu verðmeiri en tilsvarandi 3 þús. tonn af karfa. Hins vegar vitum við að karfi er langlífur stofn en loðna skammlíf. Karfinn er tiltölulega stöðugur samkvæmt reynslu en göngur loðnu eru óvissar frá ári til árs. Við þurftum því að ná því fram að ef loðnan brygðist yrðu karfaveiðar teknar til endurskoðunar. Þessi krafa náði einnig fram að ganga. Ef loðnustofninn bregst og enginn kvóti er gefinn út verður ekki um neinar karfaveiðar Evrópubandalagsins að ræða nema Evrópubandalagið geti boðið fram aðrar jafngildar veiðiheimildir. Ef loðnukvótinn er skorinn niður svo skart að

Evrópubandalagið getur ekki staðið við skuldbindingar sínar verður karfakvótinn skorinn niður sem því nemur. Ef veiðarnar bregðast vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna munu samningsaðilar koma saman til þess að gera viðeigandi ráðstafanir.

Í umræðu innan Evrópubandalagsins t.d. nú nýlega á Evrópuþinginu hefur það og komið skýrt fram að Evrópubandalagið telur Noreg og Svíþjóð reiða af hendi fiskveiðiheimildir til Evrópubandalagsins en í samningi við Ísland sé aðeins gert ráð fyrir jöfnum skiptum. Þetta er að sjálfsögðu meginatriði málsins og til áréttingar rétt að taka það fram einu sinni enn vegna þess að oft hefur verið ranglega með það farið.

Það er kjarni þessa máls að Íslendingar hafa hér eftir sem hingað til haldið fast við þá grundvallarreglu að gefa ekki kost á veiðiheimildum í skiptum fyrir tollfrelsi eða markaðsaðgang. Það hefur verið sjónarmið allra ríkisstjórna í samskiptum við Evrópubandalagið hingað til og því sjónarmiði hefur verið haldið til streitu. Hins vegar hafa ríkisstjórnir allt frá því að viðræður voru teknar upp í framhaldi af bókun 6 á áttunda áratugnum lýst sig reiðubúnar til viðræðna um gagnkvæm skipti ef um semdist. Það er á þeim grundvelli sem þessi samningur er gerður eins og staðfest er margsinnis af samningsaðilum.

Á síðasta löggjafarþingi var Alþingi gerð grein fyrir Óportó-samningnum með skýrslu. Samningurinn er nú lagður fyrir þingið til staðfestingar ásamt nýgerðum rammasamningi um fiskveiðimál og lífríki hafsins milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu.

Virðulegi forseti. Að öðru leyti vísa ég til framlagðra gagna um málið og greinargerðar með þáltill. og legg svo til að þessu máli verði að lokinni umræðu vísað til hv. utanrmn.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegi forseti. Hér er um mikilvægt mál að ræða sem hefur verið lengi til umfjöllunar. Ég vil í upphafi segja það að ég hef ávallt gert mér grein fyrir því að það þyrfti að koma til að slíkur samningur væri gerður ef takast ætti að leysa það mál sem hefur verið til umfjöllunar, þ.e. aðild Íslands að hinu Evrópska efnahagssvæði. Evrópubandalagið hefur gert samning um sjávarútvegsmál við flest ef ekki öll ríki í Evrópu. Einn af síðustu samningunum sem gerður var áður en samningur var gerður við Ísland var samningur við Rússland.

Ég vildi óska eftir að hæstv. utanrrh. væri viðstaddur. Ég skil að hæstv. utanrrh. þurfi stundum að bregða sér frá. Hins vegar hefur það verið meginmál, eins og hæstv. utanrrh. kom hér inn á, hvort hér væri um jafngildar veiðiheimildir að ræða. Það er kjarni málsins.

Þegar hæstv. utanrrh. lýsti því yfir á sínum tíma haustið 1991 að komið væri samkomulag í þessum málum mæltist hæstv. utanrrh. m.a. þannig í viðtali við fréttamann þá um nóttina: „Ef listinn er dreginn upp þá má segja það og það er svona samdóma álit manna hér að samningaárangur okkar hafi verið ótrúlegur.“ Hann vitnaði jafnframt í Andriessen framkvæmdastjóra og hafði eftir honum: „Þið hafið með ruddafengnum hætti“ — eins og hann orðaði það, hann notaði orðið brutal — „nánast fengið allt fyrir ekki neitt.

Hins vegar komu fljótlega upp efasemdir um að þetta mál væri í reynd frágengið. Hæstv. utanrrh. gerði lítið úr því. Hann ræddi m.a. þannig við blöð um sjávarútvegsdeild Efnahagsbandalagsins, svo ég vitni aftur í ummæli sem voru viðhöfð nokkru áður en þessi mikli sigur vannst, en þá sagði hann m.a. með leyfi forseta: „Sjávarútvegsdeildin, svo ég taki dæmi um hana, er lítilfjörlegasta deildin í öllu apparatinu. Forstöðumaður hennar er spænskur og fulltrúi spænskra sjávarútvegshagsmuna sem auðvitað eru í uppreisnarham. Lausnin í Lúxemborg“ — þ.e. lausnin sem kom áður en lausnin þarna um haustið — „þýðir einfaldlega að Spánverjar gjörtöpuðu málinu.“

Ég hef haldið því fram og held því enn þá fram að málflutningur sem þessi sé til þess fallinn að veikja okkar samningsstöðu. Og ég tel að hann hafi veikt okkar samningsstöðu í þessu erfiða og mikilvæga máli. Ég tel ekki hægt að halda því fram, hæstv. utanrrh., að hér sé um jafngildar veiðiheimildir að ræða. Ég tel að það gæti sömu tilhneigingar að oftúlka niðurstöður í þessu máli í fréttatilkynningu utanrrn. frá 27. nóv. 1992. Þar segir, með leyfi forseta: „Ísland fær á móti“ — þ.e. 3 þús. tonnum af karfa — „30 þús. tonn af loðnu sem eru 20% verðmætari en hlutur EB.“

Með þessu er utanrrn. að túlka samningsniðurstöðuna Íslendingum í hag sem ég get ekki skilið af hverju er gert. Ég tel að með slíkum málflutningi sé verið að veikja okkar samningsstöðu.

Ég þykist sjá hvernig þessi tala er fundin út. Hún er m.a. fundin út með því að telja að karfi sé um það bil 0,4% af þorski og loðna sé u.þ.b. 0,05% af þorskígildi. Samkvæmt því er verðmæti loðnunnar 1.500 en karfans um það bil 1.200. Með þessum útreikningum má að sjálfsögðu finna þessa tölu, 20%.

Aðalatriðið er hvort þetta er raunveruleiki. Var það rétt af Íslendingum að túlka þessa verðmætaskiptingu með þessum hætti? Ég er þeirrar skoðunar að svo sé ekki. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef er verið að selja loðnutonn til löndunar um þessar mundir á um það bil 4 þús. kr. Þótt það hafi verið lítið magn sem var selt í gær var kílóið af karfa selt á 60 kr. á flestum mörkuðum. Þann 1. des. var verðið upp í 67 kr. Það er alla vega ljóst að karfakílóið gengur á bilinu 40–60 kr. og verð fyrir karfa hefur verið mun hærra erlendis að sjálfsögðu. Eftir því sem ég best veit er meðalverð á löndunum karfa Íslendinga á sl. ári rúmar 60 kr.

Við verðum líka að líta til þess að þá loðnu sem við fáum að veiða úr þessum stofni á að veiða eftir áramót. Þá eru allar líkur á því að verð á loðnu verði allmiklu lægra en 4 þús. kr. og gæti þess vegna verið 3 þús. kr.

Ég er mjög efins um að til sé nokkur sá aðili ef ríkisstjórnin færi á markað með þetta mál — en Alþfl. er mjög umhugað um að selja sem mest af veiðiheimildum á markaði — sem væri tilbúinn að skipta á sléttu á 30 þús. tonnum af loðnu og 3 þús. tonnum af karfa. Ég hef afar miklar efasemdir um að sá aðili sé til.

Með þessum rökum held ég því að hér sé ekki um jafngildar veiðiheimildir að ræða og niðurstaðan sé m.a. sú að þær séu ekki jafngildar vegna þessa málflutnings. Af hverju túlkar utanrrn. þessar heimildir með þeim hætti að við séum að fá verðmætari afla? Er utanrrn. að gera það m.a. til að geta bent á að ekki sé fullvíst að við getum veitt alla þessa loðnu? Það liggur fyrir að við munum þurfa að taka upp samninga ef eitthvað það kemur fyrir að við náum ekki þessari loðnu nema af líffræðilegum ástæðum. Það ákvæði samningsins er að sjálfsögðu til bóta en það er ekki trygging.

Mín niðurstaða er því sú að hér sé ekki um jafngildar veiðiheimildir að ræða og það sé fráleitt að túlka það með þeim hætti að við fáum meira út úr þessum skiptum og því sé ekki um raunverulegt jafnvægi að ræða í þessum samningi.

Ég vildi einnig spyrja hæstv. utanrrh. hvort það hafi ekki komið til álita að fá það ákvæði inn í þennan samning að við gætum skipt á þeim veiðiheimildum sem við fengjum í okkar hlut fyrir veiðiheimildir sem við hugsanlega fengjum hjá öðrum þjóðum. Ég hef margoft komið þessu á framfæri við hæstv. utanrrh. Hann hefur aldrei svarað mér neinu í þessu máli nema í umræðum á Alþingi fyrir stuttu þegar hann sagði: Þess er ekki kostur. Það voru engin frekari svör við þessu máli. Ég minni á að þessi skoðun mín kom m.a. fram vorið 1991, án þess að ég ætli að rekja það sérstaklega, þar sem ég taldi að það væri mikilvægt að fá slík ákvæði inn í samninginn.

Við erum með samninga um veiðiheimildir, bæði við Noreg og Færeyjar. Skip Evrópubandalagsins eru að veiðum í landhelgi þessara þjóða þannig að það er mjög eðlilegt að við reynum að ná því fram að skipta við þessar þjóðir á slíkum veiðiheimildum til þess að losna við það, annaðhvort að öllu leyti eða að einhverju leyti, að fá togara Evrópubandalagsins inn í okkar lögsögu.

Ég tel það líka galla að skipin skuli hafa heimild til að frysta aflann um borð þótt mönnum kunni að finnast að fyrst aflinn er á annað borð kominn um borð í skipin þá sé eðlilegt að þeir hafi alla möguleika til að geyma hann með eðlilegum hætti. Það gerir skipunum auðveldara fyrir. Slík frystiskip eru skilgreind hjá Evrópubandalaginu sem verksmiðjuskip. Það eru því sams konar frystiskip og frysta karfa á okkar miðum sem þarna mundu verða að veiðum því það er afar óalgengt að karfi sé flakaður um borð í íslenskum veiðiskipum.

Ég vildi jafnframt spyrja hvað sé að frétta af tollaívilnunum okkar að því er varðar síld. Það var fullyrt fyrir alllöngu síðan að það mundi fást tollfrelsi á öllum flokum, en eftir því sem ég best veit er veruleg óvissa um það hvort tollur á edikverkuðum flokum muni verða felldur niður. Ég vildi fá upplýsingar um það.

Ég vil jafnframt spyrja hæstv. sjútvrh. hvernig verði farið með þessar veiðiheimildir. Hverjir munu fá þær veiðiheimildir sem hér er verið að ræða um? Hér er verið að tala um 30 þús. tonn af loðnu sem bætist við hlut okkar loðnuskipa. Fá loðnuskipin þessar veiðiheimildir án þess að láta nokkuð í staðinn eða munu þessar veiðiheimildir verða að einhverju leyti notaðar til jöfnunar í flotanum?

Hér er um 3 þús. tonn af karfa að ræða sem er verðmætur afli. Við þekkjum umræðuna um það hvernig ríkisstjórnin brást við þegar þorskurinn minnkaði á Íslandsmiðum síðast og það mikla áfall sem þjóðin varð fyrir. Þá náðist ekki samstaða um að jafna það áfall og þau skip sem veiða mest karfa urðu í reynd fyrir minnstu skerðingunni.

Ég vildi jafnframt spyrja hæstv. utanrrh. að því hvað verður gert í framhaldi af þessum samningi að því er varðar samning við Belgíu. Belgía er hluti af Efnahagsbandalaginu og hefur haft veiðiheimildir hér frá því að landhelgisstríðinu lauk. Ég vil segja það sem mína skoðun að mér finnst eðlilegt vegna þessa máls alls að þeim samningi verði nú þegar sagt upp. Þar voru upphaflega sjö skip en aðeins þrjú eru eftir og það er að mínu mati óeðlilegt að þessi skip geti verið mikið lengur á veiðum. Ég tel eðlilegt að þessum samningi sé sagt upp með nokkrum fyrirvara en það er ólíklegt að hægt sé að halda þessum þremur skipum mikið lengur til veiða nema með umfangsmiklum endurbótum. Þau eru orðin það gömul að það hlýtur að vera eðlilegt að segja honum upp.

Hér er ekki um mjög mikið magn að ræða en þó er það nálægt helmingur af því sem Efnahagsbandalagið fær nú heimild til að veiða í íslenskri lögsögu ef þessi samningur verður að veruleika. Því er eðlilegt við þær aðstæður sem nú eru á Íslandi og það aflaleysi sem við búum við að þessum samningi verði einfaldlega sagt upp. Það hefur líka heyrst að einhverjir hafi látið sér detta í hug að hægt væri að yfirfæra þessar aflaheimildir á íslensk fiskiskip, sem að mínu mati er fráleitt, en tilburðir í slíka átt mæla enn frekar með uppsögn þessa samnings. Án þess ég viti nokkuð um hvort þar eru belgískir aðilar á bak við þá finnst mér allt mæla með því að þessi samningur hafi runnið sitt skeið.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þennan samning. Ég viðurkenni að hér er um erfitt samningamál að ræða og að það eru ákvæði í þessum samningi sem eru góð, t.d. að því er varðar allt eftirlit. Ég tel að það geti ekki öllu betra verið. En þar sem ég er þeirrar skoðunar að hér sé ekki um jafngildar aflaheimildir að ræða treysti ég mér ekki til að styðja þennan samning.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Með þessari tillögu um staðfestingu samninga við Efnahagsbandalag Evrópu um fiskveiðimál er lokið a.m.k. að sinni, og lokið algjörlega samkvæmt áliti hæstv. utanrrh. og hæstv. ríkisstjórnar, þeim deilum sem staðið hafa milli Íslands og Evrópubandalagsins um fiskveiðimál og sjávarútvegsmál frá árinu 1976. Það er þess vegna gagnlegt í upphafi þessarar umræðu að rifja upp hverjar hafa verið meginkröfur Íslendinga á þessum langa ferli og þá sérstaklega hverjar voru meginkröfur Íslendinga í upphafi viðræðnanna um Evrópskt efnahagssvæði.

Í stuttu máli má segja að kröfur Íslendinga hafi verið fjórþættar. Í fyrsta lagi að viðurkennd yrði fríverslun með fisk í samskiptum Íslands og Evrópubandalagsins. Það merkir að íslenskur sjávarútvegur þyrfti ekki að keppa við ríkisstyrktan sjávarútveg Evrópubandalagsríkjanna, margháttuð mismunun yrði aflögð, mismunun sem hefur tíðkast í gegnum styrkjakerfi Evrópubandalagsins, svo íslensk fyrirtæki kepptu á jafnréttisgrundvelli við sjávarútvegsfyrirtæki Evrópubandalagsríkjanna. Það var fyrsta meginkrafa Íslendinga að grundvallarskipulag fríverslunar með sjávarafurðir yrði ríkjandi.

Önnur grundvallarkrafa Íslendinga var að reglan um tollfrjáls viðskipti sjávarafurða yrði viðurkennd á sama hátt og við höfum viðurkennt grundvallarregluna um tollfrjáls viðskipti á vöruframleiðslu Evrópubandalagsríkjanna sem flutt er til Íslands. Sjávarafurðir væru mikilvægasta útflutningsgrein Íslendinga, í raun okkar helsti iðnaðarvarningur, og grundvallarreglan um tollfrjáls viðskipti ætti einnig að ríkja á þessum sviðum.

Þriðja grundvallarreglan sem Íslendingar hafa sett fram í þessum viðræðum var að fiskveiðfloti Evrópubandalagsins kæmi ekki inn í landhelgi Íslendinga, en ef samkomulag yrði gert um slíkt þá lægi ljóst fyrir að algjörlega yrði um að ræða skipti á jafngildum veiðiheimildum.

Fjórða grundvallarkrafa Íslendinga var sú að við mundum aldrei fallast á þá skipan að skipt yrði á veiðiheimildum annars vegar og tollalækkunum hins vegar.

Það er skemmst frá því að segja, hæstv. utanrrh., að í þeim samningi sem utanrrh. var að mæla fyrir hafa samningamenn Íslands og ríkisstjórn Íslands fallið frá öllum þessum grundvallarkröfum. Það er mjög merkilegt þegar litið er yfir þessa 16 ára sögu að sjútvrh. og utanrrh. ríkisstjórnar Íslands skuli mæla með því við Alþingi að það staðfesti samning þar sem engin af þessum fjórum grundvallarkröfum Íslendinga er tryggð. Ég ætla að rökstyðja í stuttu máli, virðulegi forseti, á hvaða hátt það blasir við að engin af þessum kröfum hefur náðst fram.

Í fyrsta lagi er það viðurkennt af öllum að Evrópubandalagið neitaði að samþykkja grundvallarskipunina um fríverslun með sjávarafurðir í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði eða í tvíhliða sjávarútvegssamningum milli Íslands og Evrópubandalagsins. Þar með munum við áfram búa við það misrétti að Evrópubandalagið sem stofnun og einstök ríki þess munu styrkja sjávarútvegsfyrirtækin hjá sér með gamaldags ríkisstyrkjakerfi í stórum stíl, en íslenski sjávarútvegurinn verður eins og hann hefur orðið hingað til að keppa við frjálsar markaðsaðstæður og enga slíka ríkisstyrki að heiman. Mismununin er algjör Evrópubandalaginu í hag.

Í öðru lagi er það viðurkennt, held ég af öllum, meira að segja líka hæstv. utanrrh., að Evrópubandalagið hefur í þessum samningum hafnað grundvallarreglunni um tollfrjáls viðskipti með sjávarafurðir. Í staðinn hefur bandalagið samþykkt lækkun og niðurfellingu tiltekinna tolla á afmörkuðu sviði og á einstökum sjávarafurðum. Það er auðvitað mikill munur á slíkri afmarkaðri breytingu og viðurkenningu á grundvallarreglunni um tollfrjáls viðskipti. Við höfum t.d. viðurkennt grundvallarregluna um tollfrjáls viðskipti varðandi helstu útflutningsvörur Evrópubandalagsins á sviði iðnaðarframleiðslu. Þeir samþykkja ekki sams konar reglu í viðskiptum varðandi okkar mikilvægustu útflutningsvörur.

Í þriðja lagi er ljóst að Evrópubandalagið hefur náð þeim árangri að koma flota sínum inn í íslensku landhelgina. Það er ljóst að það hefur náð þeim árangri. Áður var um einstakan samning við Belga að ræða en nú er hér tillaga um samning við Evrópubandalagið sjálft þar sem lagt er til að floti Evrópubandalagsins fái aðgang samkvæmt ákveðnum reglum og skilmálum sem er að finna í þessum samningsdrögum.

Áður hafði verið sagt af fjölmörgum forustumönnum íslenskra ríkisstjórna: Við munum ekki samþykkja slíkt nema um sé að ræða jafngildar veiðiheimildir. Hv. þm. Halldór Ásgrímsson hefur rakið það mjög ítarlega hér. Það er óþarfi að ergja hæstv. utanrrh. með því að endurtaka á Alþingi sigurummæli hans frá því í fyrra þegar hann kom heim ásamt hæstv. sjútvrh. og flutti boðskapinn, sem hann hafði að vísu eftir öðrum, um allt fyrir ekkert og byggðust á hinni frægu langhalakenningu. Það var kenningin um að það væri allt í lagi fyrir okkur Íslendinga að samþykkja þessar veiðiheimildir vegna þess að það sem Evrópubandalagið mundi fá væri langhali. Formaður þingflokks Alþfl. vann það sér til frægðar á þingi og utan að vera líklegast einn af fáum mönnum í þingsalnum sem hafði smakkað þennan langhala. (**ÖS:** Þeim hefur fjölgað síðan.) Já, þeim hefur fjölgað síðan vegna þess að það eina sem hefur orðið úr þessu langhalamáli er að veitingahús í Reykjavík hafa boðið réttinn dag og dag en hann hefur hins vegar algjörlega horfið úr þeim fiskveiðisamningi Íslands og Evrópubandalagsins sem lagt er til að Alþingi staðfesti.

Reyndar hefur það komið fram hjá aðalsamningamanni Íslands, Hannesi Hafstein, að hann hafi þá þegar vitað á þeim dögum þegar utanrrh. var að tilkynna sigurreifur um langhalasamninginn að Evrópubandalagið ætlaði sér aldrei að gera slíkan samning og þá þegar hafi verið komin fram í viðræðum krafan um að þetta yrðu veiðiheimildir sem Íslendingar hafa hagnýtt eingöngu sjálfir. Það er skemmst frá því að segja að í staðinn fyrir þennan langhala er kominn karfi sem tekinn er af fiskveiðikvóta Íslendinga sjálfra. Í staðinn fyrir fiskitegund sem Íslendingar höfðu aldrei nýtt er komin ein af meginfisktegundum sem Íslendingar nýta af auðæfum landhelginnar.

Hæstv. utanrrh. hefur reynt að halda því fram og reyndar hefur hæstv. sjútvrh. — mér þykir æskilegt að hæstv. sjútvrh. haldist við í salnum undir þessum umræðum. Ég skil að vísu að þetta er viðkvæmt mál fyrir hæstv. sjútvrh. en ég vil beina því til hæstv. forseta að það verði séð til þess að hæstv. sjútvrh. sé að mestu leyti í salnum við umræðuna — reynt síðustu daga að taka undir þá kenningu að hér sé um jafngildar veiði-

heimildir að ræða. Það er þó alveg augljóst að svo er ekki og það þarf satt að segja ekki að færa mjög ítarleg rök fyrir því. Annars vegar er um að ræða trygga veiði sem Evrópubandalagið fær í sinn hlut. Hins vegar er um að ræða ótrygga veiði á loðnu og ef Íslendingar ná henni ekki getum við óskað eftir fundi til að ræða málið. Hæstv. sjútvrh. hefur reynt að hugga þjóðina með því að aðeins einu sinni á síðustu 20 árum hafi slík tilvik komið upp. Ég held að þróun fiskstofnanna á síðustu missirum ætti að vera hæstv. sjútvrh. tilefni til þess að tala varlega um það að framtíðin verði eins og fortíðin varðandi fiskstofna.

Hvað fjórða og síðasta atriðið snertir þá er það þannig, hæstv. utanrrh., að fulltrúar Evrópubandalagsins halda því ótvírætt fram að þeir hafi náð í þeim samningum sem hæstv. utanrrh. var að mæla fyrir viðurkenningu Íslendinga á veiðiheimildum gegn tollalækkunum. Það liggur ljóst fyrir og það lá reyndar ljóst fyrir í júlí á þessu ári samkvæmt frásögn fréttaritara Morgunblaðsins hjá Evrópubandalaginu, Kristófer M. Kristinssyni, að yrði samningurinn eins hvað veiðarnar snertir og þá lá fyrir væri það ljóst eins og stendur í fréttinni, með leyfi virðulegs forseta:

„Það er hins vegar ljóst að sé samningurinn metinn út frá þeim tollaívilnunum sem Íslendingar eiga í vændum um næstu áramót er verið að viðurkenna tengingu á milli aðgangs að mörkuðum EB fyrir aðgang að fiskimiðum við Ísland. En slík tenging hefur verið frágangssök af hálfu Íslendinga frá upphafi viðræðnanna."

Þetta birtist í Morgunblaðinu 19. júlí 1992. Nú getur hæstv. utanrrh. haldið því fram hér að þetta sé rangt og sjálfsagt gerir hann það. Það breytir því ekki að þetta er skilningur Evrópubandalagsins og því miður er það nú þannig, hæstv. utanrrh., að ef maður lítur yfir þessa 12 mánaða sögu eða svo frá haustinu 1991, þá er það þannig að fiskveiðideild Evrópubandalagsins hefur náð fram sínum grundvallarskilningi þrátt fyrir hæðnisorðin sem hæstv. utanrrh. valdi þeirri deild þegar hann kom frá Lúxemborg á sínum tíma.

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að hæstv. sjútvrh. verði sóttur. (**Forseti:** Forseti hefur óskað eftir því að hæstv. sjútvrh. komi á fundinn. Hann mun hafa verið í símanum og ég bað um það að hann kæmi eins fljótt og kostur væri.) Þá ætla ég, virðulegi forseti, að bíða eftir hæstv. sjútvrh. vegna þess að ég get ekki flutt næsta kafla ræðu minnar nema hann sé viðstaddur.

Virðulegi forseti. Það væri almennt til að greiða fyrir þingstörfum ef báðir hæstv. ráðherrar væru viðstaddir umræðuna. Nú er hæstv. utanrrh. hins vegar farinn úr salnum svo ég verð enn að gera hlé á ræðu minni. (**Forseti:** Forseti gerir ráðstafanir til að fá hæstv. utanrrh.)

Virðulegi forseti. Ég kýs frekar að bíða í sæti mínu eftir því að ráðherra komi í salinn. Ég óska eftir því að það verði gert hlé á umræðunni þar til utanrrh. má vera að því að vera við umræðuna. (**Forseti:** Hv. þm. er heimilt að setjast í sæti sitt á meðan hæstv. utanrrh. er sóttur.)

Virðulegi forseti. Ég vil segja við þá tvo ráðherra sem nauðsynlegt er að séu við þessa umræðu að það var óskað eftir því á fundi í gær með forustumönnum flokkanna og formönnum þingflokkanna að reynt væri að greiða fyrir afgreiðslu mála. Það er auðvitað nauðsynlegt að ráðherrarnir sinni umræðunni ef við eigum að taka þátt í því.

Ég var kominn þar í ræðu minni að ég vildi nefna það, eins og fram kom síðasta vor, að viðræður Íslands og Evrópubandalagsins sigldu í strand og í sex mánuði var ekki talið unnt að halda viðræðum áfram vegna grundvallarágreinings. Utanrmn. Alþingis og sjútvn. Alþingis héldu fundi um þennan ágreining. Á þá fundi komu hæstv. sjútvrh., fulltrúar sjávarútvegsins og ýmsir aðrir aðilar og lýstu því mjög greinilega að grundvallarágreiningurinn snerist um það að krafa þeirra væri að í samningunum yrði um skipti á raunverulegri veiði að ræða en ekki bara heimildum til veiða. Evrópubandalagið neitaði hins vegar að fallast á þá kröfu íslensku viðræðunefndarinnar að um raunverulega veiði yrði að ræða og Evrópubandalagið bar því við að slíkt mundi stangast á við þá sjávarútvegssamninga sem Evrópubandalagið hafði gert. Fram kom á opinberum vettvangi að EB taldi það, svo ég vitni orðrétt í frásögn, ekki koma til greina að semja um veiðiheimildir á grundvelli þeirra hugmynda sem sjútvrh. Íslands hefur sett fram. Þetta kom fram í sérstakri frétt frá fulltrúa Morgunblaðsins í Brussel 19. júlí sl. Hæstv. sjútvrh. Íslands greindi utanrmn. og sjútvn. frá því að ætlunin væri að halda fast við þessar kröfur og þess vegna var ekki lagt í það að halda viðræðufund í sumar og ekki heldur í haust og ekki fyrr en í síðustu viku.

Hvað gerðist? Það sem gerðist var það að sjútvrh. Íslands bakkaði frá sínum sjónarmiðum, hann hvarf frá þeim. Hann lét gera samning þar sem grundvallarreglan er grundvallarregla EB um veiðiheimildir en ekki raunverulegan afla á móti raunverulegum afla. Það sem er svo hins vegar merkilegt er að hæstv. utanrrh. gengur svo fram á völlinn í Morgunblaðinu 1. des. og gerir stólpagrín að hæstv. sjútvrh., hæðir hann og spottar fyrir að hafa ekki áttað sig á því að það hafi aldrei staðið til að semja um annað en veiðiheimildir. Lítið er nú geð hæstv. sjútvrh. að sitja undir þessu háði og spotti frá hæstv. utanrrh. í grundvallarmáli sjútvrn.

Hvað segir hæstv. utanrrh. þriðjudaginn 1. des. í Morgunblaðinu þegar samningarnir eru í höfn? Þá telur hann sér óhætt að tala og Morgunblaðið birtir við hann viðtal. Hann segir með leyfi forseta:

„Þessi niðurstaða varð eins og alltaf var við að búast." Hann segir meira, virðulegi forseti: „Í raun og veru fór aldrei á milli mála, að við vorum þar að semja um gagnkvæmar veiðiheimildir en ekki að skiptast á veiddum tonnum upp úr sjó. Þetta var því aðeins heimatilbúið vandamál."

Sjútvrh. Íslands, Þorsteinn Pálsson, er heimatilbúið vandamál, sagði hæstv. utanrrh. Ég ætla ekki að vitna hér í nýútkomið tímarit, í viðtal við hæstv. forsrh. vegna þess að það er búið að banna það af forsetadæminu að vitna í þess fínu tímarit, það má bara vitna

í dagblöðin. (**PP:** Hvenær var það gert?) Það var gert í fyrra, hv. þm. Páll Pétursson, af forseta þingsins, Salome Þorkelsdóttur. (**Gripið fram í:** Því var mótmælt.)

Hvað er hæstv. utanrrh. að segja með þessum orðum? Hann er að segja það að annaðhvort hafi sjútvrh. Íslands, Þorsteinn Pálsson, greint utanrmn. og sjútvn. rangt frá síðasta sumar eða þá að hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson hafi ekki haft hugmynd um það um hvað var samið í Óportó því það getur ekki gengið upp að hæstv. utanrrh. hafi rétt fyrir sér og hæstv. sjútvrh. hafi líka haft rétt fyrir sér um hvað samið var í Óportó. En hæstv. utanrrh. hefur ekki lokið flengingu sinni og háðsyrðum gagnvart hæstv. sjútvrh. í þessu viðtali. Hann segir einnig, með leyfi hæstv. forseta:

„Og út frá íslenskum hagsmunum er samkomulagið um skipti á veiðiheimildum okkur hagstætt, að því er varðar verðgildi 3.000 tonna af karfa annars vegar og 30.000 tonna af loðnu hins vegar. Og það er alveg tryggt að það er gagnkvæmni í samningnum, því ef hlutur Grænlendinga í veiðiheimildum loðnu verður ekki nægur til að Íslendingar geti veitt þau 30 þúsund tonn, sem EB kaupir af Grænlendingum og lætur okkur í té fyrir karfann, þá hefur það bein áhrif til minnkunar karfaveiðiheimilda EB. Þannig hefur þetta legið fyrir frá upphafi og annað er aðeins misskilningur."

Með öðrum orðum er það ekki bara einu sinni sem hann segir að þetta hafi alltaf legið ljóst fyrir. Það er ekki bara tvisvar með því að segja að þetta sé heimatilbúið vandamál heldur einnig í þriðja sinn herðir hæstv. utanrrh. á því að sjútvrh. Íslands hafi ekkert vitað hvað hann var að tala um. Er það furða þó að blaðamaður Morgunblaðsins horfi agndofa á utanrrh. og spyrji í lok þessa viðtals samkvæmt frásögn blaðsins, með leyfi virðulegs forseta:

„Þegar blaðamaður Morgunblaðsins spurði Jón Baldvin hvort hann ætti með þessu við að Þorsteinn Pálsson hefði misskilið málið, svaraði hann: „Það eru þín orð en ekki mín"."

Það er auðvitað alveg nauðsynlegt, hæstv. sjútvrh., að óska eftir því að hæstv. sjútvrh. tjái sig um þetta viðtal strax við 1. umr. málsins því ef það er rétt að hæstv. sjútvrh. hafi misskilið málið frá upphafi og allar viðræður hans við utanmrn. og fulltrúa sjávarútvegsins í sjútvn. séu byggðar á þessum misskilningi, þá er það auðvitað slík brotalöm í meðferð þessa mikilvæga máls að ótrúlegt er. Hæstv. utanrrh. er að segja að hann hafi allan tímann vitað það að Evrópubandalagið ætti að ná þessu fram, frá því hafi verið gengið í Óportó. Síðan hafi bara þurft tíma til þess að fá sjútvrh., utanrmn., sjútvn., fulltrúa sjávarútvegsins á Íslandi og nú þingið til þess að fallast á þennan skilning EB sem utanrrh. undirritaði í Óportó. Ég verð að segja eins og er að það er merkileg smekkvísi hjá hæstv. utanrrh. að segja í þessu viðtali um samstarfsráðherra sinn að hann hafi bara ekki haft hugmynd um hvað hann var að tala í alla þessa mánuði. Ef maður orðar það á hversdagslegu máli er hæstv. utanrrh. að segja að hæstv. sjútvrh. hafi bara verið eins og asni í þessu máli.

Virðulegi forseti. Það er þess vegna alveg ljóst að hæstv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, féllst á það í Óportó samkvæmt eigin orðum að kröfur Evrópubandalagsins um veiðiheimildir á móti veiðiheimildum en ekki raunverulegan afla á móti raunverulegum afla yrði grundvöllur samninganna. Allt annað er að hans dómi heimatilbúið vandamál.

Margt fleira mætti segja um þennan samning. Ég vil aðeins minna á það að forstjóri Hafrannsóknastofnunar, Jakob Jakobsson, sagði fyrr á þessu ári að samningur af því tagi sem nú liggur fyrir þinginu geti ekki verið annað, svo ég noti hans óbreyttu orð, með leyfi forseta: „hrein undanlátssemi og uppgjöf af okkar hálfu."

Sá samningur, sem hér liggur fyrir, er því að dómi æðsta forsvarsmanns hafrannsókna á Íslandi, sérstaks stjórnanda virtustu vísindasstofnunar Íslendinga á sviði sjávarútvegsmála, Hafrannsóknastofnunar, hrein undanlátssemi og uppgjöf. Í þessari grein sagði Jakob Jakobsson, með leyfi forseta:

„Ef semja á um gagnkvæm veiðiréttindi verðum við að sjálfsögðu að hætta að tala um þessa loðnuvitleysu og hafa manndóm í okkur til að krefjast sams konar veiðiréttinda í lögsögu bandalagsins og það fær hér. Ég fæ ekki betur séð en allt annað sé hrein undanlátssemi og uppgjöf af okkar hálfu."

Það er greinilegt að hæstv. sjútvrh. hefur ekki mannað sig upp í það að taka af skarið og fylgja ráðleggingum forstöðumanns Hafrannsóknastofnunar heldur hefur hann haldið áfram þessari loðnuvitleysu og gengið þá götu með hæstv. utanrrh., að binda hana í samninginn.

Ég tók eftir því, virðulegi forseti, að hæstv. utanrrh. var óvenjuhógvær í framsöguræðu sinni. Hann hefur yfirleitt hingað til í umfjöllun sinni um sjávarútvegssamskipti sín við Evrópubandalagið lifað á hinni miklu sigurstund. Hér var hann óvenju hógvær og ég virði það við hann því að hann er að koma til Alþingis með samning, með lokaniðurstöðu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í sextán ára deilum Íslands og EB. Niðurstaðan er skýr. Ísland hefur ekki fengið fríverslun með fisk. Ísland hefur ekki náð fram grundvallarreglunni um tollfrjáls viðskipti með sjávarfurðir. Ísland hefur samþykkt að hleypa flota Evrópubandalagsins inn í fiskveiðilögsöguna án þess að það sé byggt á jafngildum veiðiheimildum. Og Ísland hefur samþykkt hvað ríkisstjórnina snertir samning sem Evrópubandalagið túlkar sem sigur fyrir sig í sextán ára deilu um veiðiheimildir á móti tollalækkunum. Ég vona, virðulegi forseti, að um þetta mál verði ítarleg umræða á Alþingi og að hæstv. ráðherrar bæði við 1. umr. og við umfjöllun málsins í utanrmn. hafi einurð og manndóm til þess að taka af hreinskilni á þessari niðurstöðu því hún er vægast sagt harla óglæsileg.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á því að biðja um að hæstv. sjútvrh. verði hér viðstaddur. Einhvern veginn vill það svo til að ég bind frekar vonir við að spjalla við hann en hæstv. utanrrh. Það er mitt persónulega mat. Ég held jafnframt að það væri afskap-

lega jákvætt ef hæstv. utanrrh. sæi sér fært að hlýða á umræðuna, einkum fyrir hádegi.

Ég hef þá mál mitt og það ekki af litlu tilefni. Það hefur nefnilega loksins gerst að undirritaður hefur verið sjávarútvegssamningur, fiskveiðisamningur á forsendum Evrópubandalagsins. Ég skil það svo sem ósköp vel hvers vegna hæstv. utanrrh. taldi það alveg koma til greina að ætla Alþingi að afgreiða EES án þess að þessi samningur lægi fyrir. En það hefur verið þrýstingur á að slík vinnubrögð væru ekki nothæf eða möguleg. Væntanlega hefur það átt þátt í því að á einhverjum átta mínútna fundi var rubbað upp því sem þegar var komið á blað og nánast engu öðru.

Þessi samningur eykur ekki hróður ríkisstjórnarinnar í þessu samningaferli öllu saman. Ég er ekki að segja að samningamenn okkar hafi staðið sig illa. Þeir áttu hins vegar við ofurefli að etja og því sitjum við nú uppi með sjávarútvegssamning sem tryggir okkur ekki einu sinni þá gagnkvæmu veiði sem réttlæta átti opnun landhelginnar fyrir skipum Evrópubandalagsins. Við höfum núna fengið forsmekkinn af því hvernig er að semja við Evrópubandalagið um veiðar í íslenskri landhelgi. Fram undan eru árlegir samningar og hver verður samningsstaða okkar ef við færum inn í EES? Ég spyr og ég held að þetta sé spurning sem nauðsynlegt er að velta fyrir sér.

Því miður er afstaða Evrópubandalagsins til okkar eitthvað í ætt við það sem ein ágæt kona lýsti eitt sinn fyrir mér er hún greindi frá samskiptum dóttur sinnar lítillar við nýbakaða foreldrana. Þessi kona sagði um dóttur sína að hún væri afskaplega stillt og meðfærileg ef þau, foreldrarnir, hlýddu henni alltaf strax og skilyrðislaust. Ég sé ekki annað en við getum átt býsna góð samskipti við Evrópubandalagið á þessum samskiptagrunni. Svo framarlega sem við höldum okkur innan þess ramma sem Evrópubandalagið treystir sér til að skammta okkur sé ég ekki annað en þar eigi allt að geta gengið snurðulaust fyrir sig. Ég ítreka að ég er ekki að segja þetta okkar samningamönnum til hnjóðs. Ég er ekki að gera lítið úr því sem hefur áunnist. Mér finnst það einfaldlega vera komið svo að við getum metið hver árangurinn er og árangurinn er sá að Evrópubandalagið getur unað vel við sitt. Að fengnum þessum fiskveiðisamningi er ég afskaplega hrædd um að við höfum málað okkur út í horn.

Ég mun, eins og aðrir ræðumenn, líta örlítið yfir farinn veg. Sá vegur er betur þekktur en það sem fram undan er. Ég held líka að það sé nauðsynlegt til þess að skjóta stoðum undir þær fullyrðingar sem ég kem hér með því að mér finnst alls ekki verjanlegt að henda þessu bara út í loftið. Það er ég ekki að gera.

Til að byrja með þá eru allir sammála um að það komi ekki til greina að opna íslensku landhelgina fyrir skipum Evrópubandalagsins. Ég tel að opnun landhelginnar verði óheillaspor ef við álpumst til að stíga það.

Sú var tíðin að núv. hæstv. sjútvrh. var á sömu skoðun og rökastuddi það býsna vel. Ég kem nánar að því á eftir. Það læðist að mér sá grunur að hann sé enn sama sinnis en að hann hafi á einhvern undanlegan hátt sogast með í ólgandi iðuna án þess að vilja það. Þá er það spurningin á hvaða strönd maður nær landi og ég held að hún hafi ekki verið sú besta. Ég tek þessa straumiðulíkingu að gefnu tilefni og mun víkja nánar að því þar sem mér sýnist að hin mestu og sterkustu rök fyrir núverandi afstöðu hæstv. sjútvrh. séu að hann þurfi að fylgja þessum straumi sem hann hefur lent í. Það er hans mat. Það er ekki mitt mat. Ég held að stjórnmál snúist um það ekki síst að reyna að breyta í þá átt sem maður vill sjá hlutina þróast í stað þess að taka því sem að höndum ber og brosa þótt það sé sjálfsagt gott að einhverjum skátasið eða pollíönnusið að taka öllu afskaplega vel.

Þessum kafla lauk og næst var talað um að það hefði alls ekki verið opnun landhelginnar sem var aðalmálið heldur það að við leyfðum ekki einhliða veiði Evrópubandalagsins í landhelgi okkar. Gagnkvæmar veiðiheimildir voru orð dagsins og við áttum að komast útlátalaust út úr því dæmi með því að leyfa EB að veiða langhala hjá okkur. En auðvitað sættir Evrópubandalagið sig ekki við neina óvissa veiði eða pappírsfisk sér til handa þótt þetta sama Evrópubandalag skammti okkur loðnuveiðiheimildir sem er ekki einasta sýnd veiði en ekki gefin heldur líka fiskur sem við hefðum hugsanlega fengið hvort sem var. Á þetta hefur raunar verið bent enn og aftur. Ég held að ég verði nú að hressa upp á minni manna og vitna í orð Jakobs Jakobssonar fiskifræðings sem með nístandi háði stuðlaði að því að menn tóku á sig rögg og sögðu að auðvitað kæmi ekki annað til greina en að við semdum um gagnkvæma veiði en ekki bara mistryggar heimildir.

Ég minnist þess ekki fyrr en eftir að Jakob fór að sýna fram á alla þessa vitleysu sem viðgengist hefur að farið hafi verið að tala um að það væri ekki aðeins verið að semja um heimildir heldur væri verið að semja um gagnkvæma veiði. Þetta varð á ákveðnu tímabili grundvallaratriði. Við vitum hvernig það fór.

Svo ég vitni í ræðu sem Jakob Jakobsson hélt í vor held ég að þar sé í hnotskurn sú háðulega saga sem liggur að baki þessum samningum sem við sitjum uppi með. Með leyfi hæstv. forseta, ætla ég að taka brot úr þessari ræðu:

„Sl. sumar buðu Íslendingar skipti á langhala og loðnu. Hvorki höfum við nýtt langhalann né Evrópubandalagið loðnuna svo látið var líta út sem hér væri um „pappírsviðskipti“ að ræða. Nú er staðan hins vegar gjörbreytt. Með kröfunni um alvöruveiðiheimildir er Evrópubandalagið í raun að krefjast aðgangs að auðlind gegn tollalækkunum. Þetta ætti öllum að vera ljóst vegna þess að bandalagð hefur ekki haft nokkurn hug á að nýta þær loðnuheimildir sem það hefur keypt af Grænlendingum sl. fimm ár. Þessar heimildir hafa því sjálfkrafa komið Íslendingum til góða, enda var hlutur okkar í aflanum sl. loðnuvertíð 91,2% í stað þeirra 78% sem núgildandi samningur Grænlands, Íslands og Noregs segir til um.

Ef Íslendingar ætla í raun og veru að semja um gagnkvæm veiðiréttindi og afsala sér 3 þús. tonnum af karfa nær auðvitað engri átt að þiggja í staðinn loðnu sem við fengjum hvort sem væri. Til að kóróna alla

vitleysuna stendur í ágripi samningsdraganna frá 22. okt." — það er á síðasta ári — „að í stað 3 þús. karfaígilda fái Íslendingar 30 þús. tonn af loðnu í grænlenskri lögsögu (Greenland Waters) en eins og alþjóð þá veit hefur ekki veiðst loðnubranda við Grænland í nokkur ár þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Löngu er vitað að uppeldisstöðvar loðnunnar eru að hluta til við Austur-Grænland. Það hefur því verið kappsmál Íslendinga að hindra loðnuveiðar þar. Þetta hefur í raun tekist að undanförnu. Samningsdrögin gera hins vegar beinlínis ráð fyrir því að slíkar veiðar verði stundaðar og það af hálfu Íslendinga þótt skaðlegar séu. Hvers konar hringavitleysa er þetta?

Ef semja á um gagnkvæmar veiðiheimildir verðum við að sjálfsögðu að hafa manndóm í okkur til að krefjast sams konar veiðiréttar í lögsögu bandalagsins og það fær hér. Allt annað er hrein undanlátssemi og uppgjöf af okkar hálfu.

Alkunnugt er að Norðmenn verða að láta umtalsverðar þorskveiðiheimildir af hendi samkvæmt EES-samningsdrögunum. Viðurkennt er að EB fær þar aðgang að auðlind gegn því að lækka tolla. Annað er látið í veðri vaka hér þótt í ljós hafi komið að við erum í raun að láta undan kröfum Evrópubandalagsins á sama hátt og Norðmenn."

Ég tek það fram að nú hefur okkur náðarsamlegast verið leyft að veiða þessa loðnu okkar í okkar eigin lögsögu ef við viljum. Það er ekki gerður greinarmunur þar á. Mikil náð og miskunn er það.

Framhaldið þekkjum við öll og nú er komið á daginn að okkur er ekki ætlað annað en að fá heimildir án tryggs fiskirís en Evrópubandalagið er reiðubúið að ræða málin ef okkar loðnuveiði yrði á pappírnum einum saman. Þakka skyldi.

Áður en lengra er haldið finnst mér nauðsynlegt að fá skýringu á nokkru misræmi sem er á skilgreiningu þingskjala annars vegar og fjölmiðla sem byggja á fréttatilkynningu frá utanrrn. hins vegar. Ég vona að hæstv. utanrrh. sé að hlusta því kannski á hann einhverjar skýringar í fórum sínum. Þessar skilgreiningar varða það hvað sé loðnubrestur og sá loðnubrestur sem nauðsynlegt er að bregðast við. Það er nauðsynlegt bæði fyrir okkur og Evrópubandalagið að fá á hreint hvort það eru þingskjölin sem við fjöllum hér um eða fréttatilkynningar frá utanrrn. Það gæti verið gott að vita það fyrir víst svo að Evrópubandalagið geti ekki bara veitt karfann sinn eins og ekkert sé þó að við fáum ekki loðnubein úr sjó.

Samkvæmt þeim þingskjölum sem ég hef í höndum eru allnokkur ákvæði sem varða þetta mál. Svo ég geri mig ekki seka um að skjóta neinu undan ætla ég að rekja þetta. Það er ekki margt en það er á nokkrum stöðum það sem þarna er um að ræða. Ég sé ekki að textum beri alls kostar saman, fréttatilkynningum annars vegar og þingskjölum hins vegar. Í fyrsta lagi vil ég vísa, með leyfi forseta, til bréfs frá bandalaginu sem er hluti af bréfaskiptunum sem mikið hefur verið vitnað til hér. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Til þess að hvor aðili geti úthlutað hinum aflaheimildir í fiskveiðilögsögu sinni skal ljúka gerð sjávarútvegssamningsins milli Íslands og bandalagsins eins fljótt og auðið er og talsvert fyrir 31. des. 1992. Sá samningur skal einnig hafa að geyma ákvæði um þau skilyrði sem eiga að gilda um nýtingu aflaheimildanna. Meðal þeirra yrðu að út yrði gefinn takmarkaður fjöldi veiðiheimilda til togara, annarra en verksmiðjutogara, fyrir tiltekið tímabil ársins (júlí–desember), tilkynnt yrði um komu í og brottför úr fiskveiðilögsögu hins aðilans, farið yrði eftir öllum fiskverndunarreglum sem gilda um skip hins aðilans, þar með talin yrði skuldbindingin um að hafa eftirlitsmann um borð á kostnað skipsins meðan það er innan fiskveiðilögsögu hins aðilans ef þess er krafist af þeim aðila."

Nú ætla ég að bíða þangað til það verður hljóð í salnum. — Næsta atriði um þetta sama mál er í fskj. 2, samningi um fiskveiðimál og lífríki hafsins milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu. Það er 4. gr., með leyfi forseta:

„1. Aðilar skulu árlega hafa samráð um úthlutanir á veiðiheimildum til hvors aðila með það í huga að ná ásættanlegu jafnvægi í samskiptum sínum á sviði fiskveiða.

2. Hvor aðili skal veita fiskiskipum hins aðgang til að veiða upp í heimildir sem úthlutað kann að verða í þeim viðræðum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar."

Ég ætla ekki að rekja það en þetta er í þskj. sem öllum er aðgengilegt. Síðan segir í 3. tölulið 6. gr.:

„Hvor aðili skal gefa hinum aðilanum upplýsingar með hæfilegum fyrirvara þegar gerðar eru nýjar ráðstafanir eða ný skilyrði sett um fiskveiðar á svæði innan fiskveiðilögsögu hans."

Eitt enn þykist ég hafa fundið og ég held því hér til haga. Það er í viðauka A, 1.2. og 2., með leyfi forseta:

„Aflaheimildir íslenskra fiskiskipa úr aflaheimildum sem úthlutað er til Evrópubandalagsins á grundvelli samnings þess við ríkisstjórn Danmerkur og heimastjórn Grænlands um fiskveiðar.

Aflaheimild nemur 30.000 tonnum af loðnu, til veiða mánuðina janúar til apríl.

Um öll mál er tengjast framkvæmd þessa samkomulags — þar á meðal ef ófyrirséðar aðstæður koma upp — skulu aðilar hafa samráð sín á milli, ef annar hvor þeirra óskar eftir því.

Ef svo ber undir að lækka verður aflaheimild annars samningsaðilans, vegna ófyrirsjáanlegra líffræðilegra ástæðna, skulu samningsaðilar tafarlaust ræðast við í þeim tilgangi að koma aftur á jafnvægi."

Hvers vegna er ég að rekja þetta allt og stinga engu undan? Það er eingöngu vegna þess að ég fæ þetta ekki alls kostar til að koma heim og saman við fullyrðingar sem ég sé síðan í fréttatilkynningu frá utanrrn., nr. 92, sem Morgunblaðið hefur augljóslega byggt á laugardaginn 28. nóvember og er því öllum aðgengileg. Þar stendur miklu ítarlegri texti svo að ég taki það nú fram. Með leyfi forseta:

„Verði loðnuveiðar ekki leyfðar á einhverri vertíð vegna slæms ástands stofnsins, eins og gerðist á vertíðinni 1982/1983, mun Evrópubandalagið ekki fá

neinar karfaveiðiheimildir á Íslandsmiðum.

Sé leyfður heildarafli úr loðnustofninum minni en svo að 11% hlutdeild Grænlendinga í stofninum nægi til að tryggja Evrópubandalaginu 30.000 tonn til að framselja til Íslendinga mun karfakvóti bandalagsins það árið skerðast hlutfallslega sem því nemur.

Þurfi að lækka útgefnar aflaheimildir vegna ófyrirséðra líffræðilegra aðstæðna skulu aðilar þegar hittast til að koma aftur á jafnvægi milli aflaheimilda."

Virðulegi forseti. Það er bara þetta seinasta sem ég kannast við, það er þetta með að ná jafnvægi. Hitt hef ég ekki fundið og því spyr ég nú:

Eru þessi ákvæði til skjalfest, staðfest og viðurkennd sem sameiginlegur skilningur beggja þjóðanna og ef svo er, hvar er það þá skráð? Varla dugar fréttatilkynning eða eru það þær sem gilda sem skýringargögn í milliríkjasamningum? Ef þessi ákvæði er að finna annars staðar af hverju hef ég þau þá ekki í höndum? Ég tek það fram að ég hef leitað en það getur vel verið að það hafi verið léleg leit hjá mér. Tíminn hefur ekki verið mjög langur en mig grunar að fleiri þingmenn hafi orðið fyrir því sama og ég, að finna ekki þessi atriði annars staðar en í fjölmiðlum og fréttatilkynningum. Ég spyr og ég ætlast til svars. Ég vil líka fá að vita hvaða gildi sá texti sem hér er vísað til hefur. Mér finnst sérkennilegt ef þetta hefur ekki skotið upp kollinum hér hjá okkur. Þetta hafa greinilega átt að vera trompin sem teflt er fram en komu þau úr stokknum sem spilað var með í þessari átta mínútna vist á föstudaginn. Eða voru þau bara í vasanum, rassvasanum úr allt öðrum stokk? Ég lít ekki svo á að þetta séu einhver trygg tromp. Ég er nú það gætin manneskja að ég vil ekki þurfa að treysta á það sem maður kallar í spilamennsku hunda í þeirri félagsvist sem maður spilar endrum og sinnum. Það er hægt að vinna slag á hundana en það er ekki hægt að treysta því.

Ég gat þess hér áðan að ég teldi það óheillaspor að opna landhelgina okkar fyrir veiðum skipa Evrópubandalagsins. Ég hef áður bent á það í þessum stól að þessi opnun getur orðið upphafið að auknum þrýstingi á miðin okkar, þrýstingi sem ég tel að við megum ekki við. Hér er við öflugt bandalag að eiga sem er þekkt af ýmsu öðru en lipurð í samningum, svo ég segi það bara hreint út. Ég held að það dugi að nefna hér eitt lítið orð, GATT, til þess að rökstyðja það að þetta er bandalag sem hefur oft þótt býsna fast fyrir. Og við Íslendingar, 260 þúsund sálir, eigum ekki að vera með neina sjálfsblekkingu í þessu sambandi.

Einn EES-andstæðingur í Noregi sagði mér sögu, ef hv. þm. hafa tóm til að hlýða á í kyrrð — þetta skvaldur er ekki mjög þægilegt. Það var norskur EES-andstæðingur sem tók gott dæmi er hann var að tala um áhrif Noregs innan Evrópu en hann sagði þá sögu af gömlum manni sem galopnaði gluggana sína í bitru frosti að konan hans hefði ekki verið par ánægð með þetta og sagt að það kæmi svo mikill kuldi inn. En hann hafði sagt á móti: Já, en hugsaðu þér hvað ég hita upp umhverfið í kringum mig. Ég segi þetta vegna þess að þetta var mat þessa norska EES-andstæðings á stöðu Norðmanna. Þeir voru hitinn þarna inni og þeim var náttúrlega ætlað að hafa svona geypileg áhrif á frostið og fimbulveturinn fyrir utan.

Ég verð líka að taka það fram og halda því enn og aftur til haga hér að það er álit þeirra þingmanna Evrópuþingsins sem ég hef átt kost á að spyrja hreint út um þessi mál að það muni verða knúið mun fastar á þegar fram líða stundir. Ég tek það fram að við erum hér að tala um 10 ára samning sem mun standa, ef við samþykkjum hann, hvort sem við förum inn í Evrópskt efnahagssvæði, ég tala nú ekki um Evrópubandalagið, ég held að þá séum við í allt öðrum málum. En þessi samningur út af fyrir sig stendur sér. Það eru í honum uppsagnarákvæði og heldur lengri tími þar. Þau uppsagnarákvæði eru sjálfstæð, þau tengjast ekki eins og menn vita væntanlega því uppsagnarákvæði sem á tímabili var mikið vísað til um Evrópska efnahagssvæðið og fram undan eru samningaviðræður við þennan sterka aðila sem á mikilla hagsmuna að gæta, þarf að tryggja hagsmuni þjóða sem hafa margvíslega og mismunandi hagsmuni innan síns bandalags. Ég geri ráð fyrir að þrýstingurinn frá þessum þjóðum vegi hugsanlega töluvert þyngra heldur en þrýstingurinn frá okkur Íslendingum innan EES.

Ekki er þessi samningur alvondur. Mér sýnist í fljótu bragði að ákvæði um eftirlitsmenn eigi að geta dugað. Þótt ég sé kannski ekki svo lítilþægt skinn að mér finnist skemmtilegt að sjá orðalagið: Ísland má krefjast þess að eftirlitsmaður verði ávallt um borð í togara innan efnahagslögsögu Íslands, þá duga þessi ákvæði að mínu mati og ég vona að það mat mitt sé rétt. Hins vegar hef ég efasemdir varðandi það að vigtun og landanir geta verið úti um hvippinn og hvappinn. Við viðurkennum 19 löndunarhafnir frá Færeyjum til Portúgals og ég verð að segja það að ég tel þetta ekki nógu tryggt. Ég ætla ekki að gera neinum neitt upp en ég veit hins vegar að það er ekkert erfitt fyrir útgerð skips á leið frá Íslandsmiðum að losa sig við eftirlitsmann frá okkur í Færeyjum og skjótast svo skottúr og bæta aðeins á koppinn, t.d. á eystra svæðinu sem úthlutað er. Blessuð Landhelgisgæslan okkar, sem hefur verið skorin niður og hefur því miður mátt sæta of litlum fjárframlögum, hefur einfaldlega ekki burði til að fylgjast með landhelginni okkar og við höfum ekki burði til að fylgjast með þessum 19 höfnum eða það finnst mér a.m.k. mjög ólíklegt.

Við höfum á þessari öld ekki einasta verið að heyja mikla sjálfstæðisbaráttu heldur höfum við gengið í gegnum landhelgisbaráttu sem er okkur öllum kunn. Um þorskastríð hefur ýmislegt verið skrifað og merkust slíkra bóka held ég að hljóti að vera bók sagnfræðingsins Björns Þorsteinssonar, Tíu þorskastríð, þar sem hann rekur söguna raunar alveg aftur til ársins 1400. Í stuttri grein í safnritinu Á fornum slóðum og nýjum, sem gefið var út í tilefni af afmæli Björns Þorsteinssonar 20. mars 1978, kemst hann svo að orði á einum stað, og ég vil gjarnan fá að vitna hér í, með leyfi forseta:

„Eftir tveggja ára frið var fiskveiðilögsagan færð út í 200 mílur og þar með var harðasta hríðin gerð að

landhelgisgæslunni íslensku, tíunda þorskastríðið, en því lauk eins og kunnugt er friðaraðgerð 1. júní 1976. En með þeim samningum hurfu breskir togarar á brott af Íslandsmiðum 1. des. sama ár. Þar með er 1. des. orðinn mesti sigurdagur í sögu okkar Íslendinga."

Björn heitinn kemur víðar við í þessari stuttu úttekt og það sem hann bendir sérstaklega á er það að við erum í baráttu við mjög sterk öfl og við þurfum að beita öllum þeim þunga sem við getum og við verðum að gera okkur grein fyrir því að ef þessi 1. des. 1976 á í framtíðinni að vera það sama og Björn Þorsteinsson mat hann, þá þurfum við á öllu okkar að halda. Ég tel að það séum við ekki að gera með því að opna landhelgi okkar með þeim hætti sem við gerum nú.

Það mætti svo sem alveg taka fyrir svolítið af viðbótaratriðum, t.d. skilgreiningu á verksmiðjuskipum þar sem við höfum látið okkur duga að skilgreina verksmiðjuskip hagstæðar fyrir Evrópubandalagið heldur en Evrópubandalagið sjálft gerir. Ég ætla ekki að fara út í smáatriði hér og nú. Ég treysti því að þessi samningur komi ekki einasta til umfjöllunar í utanrmn. heldur einnig í sjútvn. en sjútvn. hefur alla tíð lagt ríka áherslu á að fá að fjalla um þennan samning þegar hann lægi fyrir.

Það er hlutverk okkar í stjórnarandstöðu og annarra sem eru andvígir EES-samningnum að reyna að tala um fyrir fólki og ég skal ekki telja það eftir mér. En ég verð að viðurkenna það að stundum er maður undrandi þegar maður les fyrri texta t.d. nokkurra ráðamanna hér í þjóðfélaginu — og nú er ég að tala um hæstv. sjútvrh. eins og einhvern kann nú að hafa grunað. Ég gat þess áðan, og ég ætla ekki að svíkja ykkur um það, að ég ætlaði að lesa úr verkum hans hér örstutta kafla og ég mun gera það, aðeins þó í mýflugumynd. Af nógu er að taka. (**Sjútvrh.:** Það er betra að hafa þá lengri en skemmri.) Ég treysti hæstv. sjútvrh. þá til þess að bæta í sjóð verkanna og að sjálfsögðu að færa okkur gleðiboðskap. En honum og okkur hinum til upprifjunar byrja ég hér á umræðu í sameinuðu þingi þann 19. mars 1990. Þá er hæstv. ráðherra að vísu enn í stjórnarandstöðu og á orðastað við hæstv. utanrrh. sem var sá sami þá og nú. Ég ætla ekki að blanda mér í orðahnippingar þeirra heldur einungis að velja hér út örstutt brot, með leyfi hæstv. forseta:

„Það liggur ljóst fyrir að Íslendingar ætla ekki að veita Evrópubandalaginu veiðiheimildir hér eða að gefa eftir rétt sinn til fiskveiðilögsögunnar. Það sjónarmið er að öðlast viðurkenningu smám saman innan Evrópubandalagsins að það verði að virða og viðurkenna þessa sérstöðu Íslendinga."

Ég vildi óska að þetta hefði orðið að áhrínsorðum en svo varð ekki. Það er dálítið annað að lesa síðan í Morgunblaðinu núna á laugardaginn að í þessum samningi sem hér liggur nú fyrir hafi flestar okkar ýtrustu kröfur náðst. Ég virði þó hæstv. ráðherra fyrir það að segja ekki allar því að það hefði verið rangt. En hann orðar það sjálfur á þennan hátt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessum samningi fáum við ýtrustu kröfum okkar fullnægt í öllum atriðum utan einu og þar gerum við málamiðlum. Báðir aðilar láta nokkuð af ýtrustu kröfum sínum. Í heild sýnist mér að þetta sé mjög góð niðurstaða."

Ég er ekki alveg viss um að ég trúi því að hann hafi meint það að honum þyki þetta góð niðurstaða en ég hef auðvitað ekkert leyfi til þess að kveða upp úrskurð um það. Ég hef hins vegar leyfi til að hafa skoðun á því. Og hvernig skyldi svo standa á því að hæstv. sjútvrh. er kominn í þá stöðu að þurfa að verja samning sem lítur svona út? Þá kem ég aftur að straumvötnunum og líkingu sem hæstv. sjútvrh. hefur verið mjög hugstæð núna að undanförnu og m.a. kom fram í ræðu þann 1. sept. sl. er við vorum að ræða aðaltextann um Evrópskt efnahagssvæði. Þá gefur hæstv. ráðherra þessa skýringu á sinnaskiptum sínum. Hann kallar það breyttar áherslur, ég kalla það sinnaskipti, að hann segir, með leyfi forseta:

„Skaftfellskir vatnamenn hafa gjarnan sagt að það væri hið mesta óráð að snúa hestum við í miðju straumvatninu og ég held að það væri hið mesta óráð að fara nú að snúa við þegar við erum að ná landi í þessum samningum. En ef hv. þm. hefði á sínum tíma haft skilning á þessum sjónarmiðum, þá hafði hann tækifæri þá. Hann notaði það til annars og allar staðreyndir í þessu máli sem hann ber fyrir sig nú voru ljósar þá."

Hann er sem sagt að gera því skóna að aðrir hafi hrundið af stað atburðarás sem þeir hefðu átt að stoppa. Fyrst þeir gerðu það ekki, þá varð hann að fara með straumnum. Við hæstv. ráðherra munum e.t.v. eftir því að hann notaði þessa líkingu einnig er hann var að ávarpa fulltrúa frá Samtökum fiskvinnslustöðva og þá vildi nú svo skemmtilega til að fljótlega eftir að hæstv. ráðherra hafði komið með þessa líkingu, þá stóð upp maður, sem mér skilst að sé bæði hestamaður og hafi lent með í straumiðunni líka, Friðrik Pálsson, og hélt allnokkra tölu um gildi þess að snúa við ef menn væru komnir ógöngur. Ég veit ekki hvort hann gerði sér grein fyrir því til hvers hann var að vísa í þessum málum og ég ætla ekki að gera honum upp neinar skoðanir, en engu að síður vil ég taka undir þessi orð hans og ég veit að hér eru fleiri sem muna eftir þessu atviki.

Ég er nú langt komin með það mál sem ég tel ástæðu til að hafa hér. Ég verð að viðurkenna það að undir einum kringumstæðum get ég sætt mig við það að beygja mig undir það sem við hér sjáum og það væri ef þjóðin í heild hefði tekið þá ákvörðun að afsala okkur forræði yfir hluta miðanna með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í þessum samningi. Skýlaus niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu um EES og um þennan fylgifisk væri það eina sem fengi mig til að sætta mig við þessa afgreiðslu málsins. Ég held reyndar ekki að þjóðin kæmist að þeirri niðurstöðu að það væri óhætt en það er önnur saga. En þjóðin er ekki spurð álits á þessu máli í þjóðaratkvæðagreiðslu. Fulltrúar sem hafa fengið vald lánað frá þjóðinni til fjögurra ára ætla sér umboðslausir eða alla vega umboðslitlir að skenkja þjóðinni þetta. Ekki lá niðurstaða í líkingu við

þessa á kjörborðinu er kjósendur völdu seinast yfir sig ríkisstjórn.

Það eru allmörg gögn sem ég hef hér í fórum mínum, ályktanir og fleira sem segja mér það og þeim sem kynna sér vilja að ég er ekki ein um þær áhyggjur sem ég hef af þessum samningi og því sem honum fylgir. Mig langar undir lokin að benda á viðvörunarorð úr skýrslu samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi. Þessi viðvörunarorð voru sett á blað 1989 og ég óttast að þau séu enn í fullu gildi. En, með leyfi hæstv. forseta, tíni ég það til úr þessum texta:

„Mikið er talið skorta á að löndunarskýrslur séu áreiðanlegar" og þá er átt við löndunarskýrslur frá Evrópubandalaginu. „Upplýsingar um landanir berast seint eða aldrei. Líklegt er að verðmætari fisktegundir séu frekar ofveiddar. Árið 1983 var farið fram úr 40 af 230 úthlutuðum kvótum og var ofveiðin allt að 50%. Árið 1984 er talið að ofveiðin hafi verið allt að 25% en í einhverjum tilfellum 100–200% en hafa ber í huga að margir kvótar voru aðeins nokkrir tugir tonna."

Þetta eru viðvörunarorð sem ég veit að menn höfðu í huga í öllu þessu samningaferli og það eru ýmis ákvæði sem eiga að reyna að hindra að eitthvað slíkt gerist, að það verði tekið meira en leyft er. Ég hef hins vegar nefnt eitt dæmi af mörgum um það hvernig hægt er að svindla á kerfinu hafi menn á annað borð aðgang að því að fara inn í landhelgina okkar með löglegum hætti. Ég er afskaplega hrædd um að við munum seinna súpa seyðið af því að stíga þetta skref, ef við gerum það. Enn er hægt að hætta við.

En ég vil að lokum vísa í orðskviði danska skáldsins Piet Hein sem er þekktur fyrir að koma auga á lítil atriði tilverunnar sem geta skipt okkur miklu máli. Um það hvað það getur nú verið slæmt að uppgötva hlutina aðeins of seint tekur hann þessa litlu dæmisögu: Það er auðvelt að rista brauð. Maður verður bara að muna það að þegar byrjar að rjúka úr því, þá á maður að hafa það tveimur mínútum skemur í ristinni.

Við eigum ekki að vera að taka áhættu. Það er kannski í lagi þegar við erum að rista brauð. En það er ekki í lagi þegar við eigum við fiskimiðin okkar.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Sá samningur sem hér liggur fyrir markar lok á löngu ferli samskipta Íslands og Evrópubandalagsins eins og fram hefur komið í ræðum hv. þm. og hæstv. utanrrh.

Það er mikið rétt sem fram kom hjá hv. 1. þm. Austurl. þegar hann orðaði það einhvern veginn á þann veg að hann hefði alltaf gert sér grein fyrir því að slíkan samning yrði að gera í tengslum við samninga um Evrópskt efnahagssvæði. Enda þótt þessi samningur hafi verið lengi á döfinni og nái allt aftur til upphaflegra viðskiptasamninga okkar við Evrópubandalagið er hann nú gerður í þessum tengslum, mælir fyrir um almenn samskipti á sjávarútvegssviðinu og þar að auki skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum og ákveðna framkvæmd við þær veiðar eins og mælt er fyrir um í þeim viðaukum sem samkomulaginu fylgja.

Ég tel að í heild sinni sé um mjög ágæta samninga fyrir Ísland að tefla og að þá verði að skoða í því ljósi að þeir eru um leið lokaniðurstaða í þeim samningum sem við höfum tekið þátt í um Evrópska efnahagssvæðið og hófust í tíð fyrri ríkisstjórnar. Hér er um að ræða skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum, annars vegar á 30 þús. lestum á loðnu sem við fáum af aflahlut Grænlendinga í loðnustofninum og hins vegar 3 þús. tonnum af karfa sem Evrópubandalagsskipin fá í lögsögu okkar á afmörkuðum veiðisvæðum og tilteknum hluta ársins.

Umræður á milli okkar og Evrópubandalagsins snerust lengst af um hvernig eðlilegast væri að tryggja þá gagnkvæmni sem er uppistaða og ívaf í samningnum. Ef ekki er unnt að gefa út kvóta til annars aðilans þá liggur fyrir í þessari niðurstöðu að kvóti hins skerðist að sama skapi. Í öðru lagi ef óhjákvæmilegt reynist að skerða útgefinn kvóta þá gildir sams konar skerðing fyrir hinn aðilann. Í þriðja lagi, og það er sú málamiðlun sem á var sæst, er unnt ef ófyrirséðar aðstæður koma upp, til að mynda ef ekki reynist unnt að veiða útgefinn kvóta, að óska eftir viðræðum um þær aðstæður. Við náðum ekki að fullu kröfum okkar fram. Evrópubandalagið gaf af sinni hálfu það eftir að fallast á slíka málsmeðferð ef aðstæður sem þessar koma upp sem vissulega er ekki mjög líklegt og reynsla undangenginna ára bendir ekki til að líklega muni koma oft fyrir. Á hinn bóginn felur þessi samningsniðurstaða í sér að við höfum með mjög tryggilegum hætti tryggt allt eftirlit með veiðunum og það er vitaskuld höfuðatriði af okkar hálfu og það atriði sem ég veit að bæði hv. þm. og eins þeir aðilar í sjávarútvegi sem helst hafa um þessi mál fjallað hafa lagt mesta áherslu á. Við höfum í samræmi við kröfur okkar náð því fram að takmarka fjölda þessara skipa sem hér mega vera að veiðum samtímis í landhelginni. Þau geta ekki orðið fleiri en fimm og aldrei fleiri en þrjú á öðru veiðisvæðinu í einu. Við höfum fengið kröfum okkar framgengt varðandi eftirlitsmenn á kostnað útgerða um borð í skipunum. Við náðum fram kröfum okkar að því er varðar verksmiðjuskip sem við töldum eðlilegt að koma í veg fyrir að stunduðu veiðar hér. Skip Evrópubandalagsins mega ekki vinna fiskinn á þann veg um borð að hann sé hausaður en á hin bóginn geta þau heilfryst slægðan fisk. Það er álit þeirra sem með þessum samningum fylgdust af hálfu hagsmunaaðila í sjávarútvegi að þetta muni að öllum líkindum leiða til þess að einungis ísfisktogarar verði hér að veiðum.

Við náðum einnig fram meginkröfum okkar um það að hér yrði um að ræða hreinar veiðiferðir. Öll þessi atriði skipta miklu máli og reyndar höfuðmáli varðandi möguleika okkar til þess að framfylgja strangasta eftirliti með þessum veiðum. Það er eðlilegt og nauðsynlegt af okkar hálfu að setja fram slíkar kröfur því að vitaskuld er það svo að samningar af þessu tagi hljóta að vera viðkvæmir og eðlilegt að við áskiljum okkur rétt til ýtrasta eftirlits.

Það kom hins vegar fram í máli hv. 1. þm. Austurl. að í þessum samningi fælist ekki að hans mati skipti á jafngildum veiðiheimildum. Nú er það svo að samanburðurinn sem hér er fenginn á 3.000 lestum af

karfa og 30 þús. lestum af loðnu byggist á verðmætastuðlum Evrópubandalagsins en þeir verðmætastuðlar sem við höfum gefið út á grundvelli laga eru nokkuð á annan veg og fela í sér að loðnuheimildirnar geti talist nokkru meira virði en karfaheimildirnar. Við verðum þó að líta svo á að um jafngildar heimildir sé að ræða og það er grundvöllur þessarar samningsgerðar. Hv. 1. þm. Austurl. taldi að svo væri ekki með tilvísun í nokkur dæmi af nýlegri sölu á loðnu og hins vegar á karfa. Ég ætla ekki að gera neinar athugasemdir við þær upplýsingar og geri ráð fyrir því að þær séu réttar. Það er líka rétt hjá hv. þm. að verð á karfa erlendis er oftast nær hærra en hér heima en verðmætastuðlarnir sem lögin gera ráð fyrir miðast við verð á heimamarkaði.

Það er hins vegar óraunhæft að bera saman verð á afurðum verksmiðjuskipa okkar eða fullvinnsluskipa og verð á ferskum fiski. En visslega er rétt að hluti karfans er seldur ferskur á erlendum mörkuðum. Aðalatriðið í þessu máli er þó það að við hljótum að miða við þá verðmætastuðla sem út eru gefnir á grundvelli gildandi laga og hafa verið gefnir út á undanförnum árum á grundvelli þeirra laga sem eru í gildi um stjórn fiskveiða. Markaðsverð getur vissulega breyst frá einum tíma til annars og verið mismunandi frá einum tíma til annars en Alþingi hefur komist að þeirri niðurstöðu að það væri rétt að gefa út í reglugerð verðmætastuðla á grundvelli reynslu um markaðsverð og það er við þá stuðla sem við miðum þennan samanburð og ég veit að hv. 1. þm. Austurl. þekkir, enda hefur hann í ráðherratíð sinni í sjútvrh. gefið þá út á grundvelli laganna. Ég tel þess vegna alveg út í bláinn að vísa því á bug að hér séu ekki jafngildar veiðiheimildir með tilvitnun í nokkrar sölur að undanförnu. Hér verðum við að taka lengri viðmiðun eins og íslensk lög gera ráð fyrir. Það er því mitt mat að um jafngildar veiðiheimildir sé að ræða og það er reyndar grundvöllur þeirrar samningsgerðar sem farið var af stað með.

Hv. 1. þm. Austurl. vék einnig að því atriði hvort ekki hefði komið til álita að skipta á veiðiheimildum við einhverja þriðju þjóð þannig að veiðiskip Evrópubandalagsins gætu veitt innan lögsögu þeirrar þjóðar en við leyft skipum hennar að veiða í okkar landhelgi eins og til að mynda Færeyingum. Engar slíkar aðstæður eru fyrir hendi í dag að samningar af þessu tagi hefðu getað tekist. Ef þær aðstæður skapast í náinni framtíð tel ég að það sé fyllilega eðlilegt að taka sjónarmið af þessu tagi upp til viðræðna við Evrópubandalagið. En eins og sakir standa hafa þær aðstæður ekki verið fyrir hendi.

Þá innti hv. þm. eftir því hvernig farið yrði með þessar veiðiheimildir. Ég hef gert ráð fyrir því að þeim yrði úthlutað á grundvelli gildandi fiskveiðilaga og sé ekki að til þess standi önnur rök. Loðnuskipin fengju þá væntanlega loðnukvótann. Að því er varðar þau skip sem hafa karfaheimildir þá er rétt að minna á að fram til þessa hefur ekki tíðkast varðandi þær takmörkuðu veiðiheimildir erlendra skipa sem fyrir hendi eru að draga þær frá áður en til útdeilingar á kvóta íslenskra skipa kemur. Þær eru mjög takmarkaðar og þess vegna hygg ég að það hafi ekki tíðkast að draga þessar veiðiheimildir frá. Hér er um að ræða enn takmarkaðri heimildir en til að mynda Færeyingar hafa og því sé ég ekki tilefni til þess að bregða út frá þeirri venju sem ríkt hefur í þessu efni um mörg undangengin ár.

Hv. þm. vék hér síðan að veiðiheimildum Belgíumanna og taldi eðlilegt að segja þeim samningum upp, einkanlega með skírskotun til þess að þau skip væru orðin gömul og líklegt væri að ekki væri hægt að halda þeim úti til veiða hér nema með verulegum breytingum. Þetta umræðuefni hefur áður komið til tals á Alþingi. Ég minni á að á þinginu í fyrra vék hv. 17. þm. Reykv., formaður þingflokks Alþfl., að þessu máli og innti mig þá eftir því hvort ég teldi ekki rétt að segja þessum samningum upp og lýsti mjög ákveðinni skoðun af sinni hálfu að það skyldi gert. Ég svaraði því þá til að ég teldi vel koma til greina að tekið yrði til athugunar að segja samningunum við Belgíumenn upp og ég er enn þeirrar skoðunar að það geti komið til álita.

Ég er alveg sammála hv. þm. um það að fráleitt væri að færa þennan kvóta yfir á íslensk skip. Á sl. sumri fékk ég fyrirspurn um það frá aðilum hvort slíkt gæti gerst og svaraði því afdráttarlaust neitandi. Ég sé engin lagarök sem leitt gætu til slíkrar niðurstöðu.

Ég ætla að víkja örfáum orðum að nokkrum atriðum sem fram komu í ræðu hv. 8. þm. Reykn. Hann lýsti því í ræðu sinni að Íslendingar hefðu gert kröfur í fjórum meginþáttum um fríverslun með fisk, um reglurna um tollfrjáls viðskipti, um að Evrópubandalagsflotinn kæmi ekki inn í landhelgina nema á grundvelli jafngildra veiðiheimilda og aldrei yrði fallist á skipti á veiðiheimildum og tollafríðindi. Niðurstaða hv. þm. varð sú að Ísland hefði fallið frá öllum þessum kröfum og það þarf býsna mikla leikfimikunnáttu til þess að geta komist að þessari niðurstöðu að loknu þessu samningaferli. Það er vissulega rétt að því er varðar fyrsta þáttinn, kröfuna um fríverslun með fisk, að henni hafnaði Evrópubandalagið strax í upphafi viðræðnanna og lýsti því yfir að aldrei kæmi aldrei til greina af þess hálfu að ræða um grundvallarkröfuna um fríverslun með fisk. Því var ýtt út af borðinu þegar í stað strax í upphafi viðræðnanna sem hófust í tíð fyrri ríkisstjórnar. Sú ríkisstjórn sem hv. 8. þm. Reykn. átti aðild að féllst á að halda viðræðunum við Evrópubandalagið áfram þrátt fyrir þetta og byggja áframhald viðræðnanna á nýjum kröfum, þ.e. um afnám tolla. Ef hv. þm. er þeirrar skoðunar að þetta hafi verið frágangssök í viðræðum Íslendinga við Evrópubandalagið þá hefði hann á þeim tíma átt að beita sér fyrir því að umræðunum lyki. En þvert á móti tók hann fulla pólitíska ábyrgð á því að viðræðunum var haldið áfram þrátt fyrir þessa neitun Evrópubandalagsins.

Vissulega er það svo að það er mjög miður að Evrópubandalagið skyldi hafa tekið þessari kröfu á þennan veg. Ég tel hins vegar að fyrrv. ríkisstjórn hafi gert rétt í því á þeim tíma að halda viðræðunum áfram og freista þess að ná sem mestri lækkun á tollum og sem greiðustum aðgangi inn á þennan markað þó að ekki væri á þessum grundvelli. Í samningunum fáum við um

96% tollfrelsi fyrir afurðir okkar. Það er vissulega rétt að að er ekki fullt tollfrelsi. Það er ekki með öllu óskorað tollfrelsi en tollar hafa verið afnumdir af sjávarafurðum í svo verulegum mæli að við getum sagt að í öllum meginatriðum verði þeir fjarlægðir á þeim aðlögunartíma sem samningurinn gerir ráð fyrir.

Það liggur líka ljóst fyrir eftir að þeim samningum er lokið sem hér eru til umræðu að um er að tefla gagnkvæmni í veiðiheimildum og að við höfum ekki farið inn á þá braut að skipta á veiðiheimildum í staðinn fyrir tolla. Það er því alveg fráleit niðurstaða hjá hv. 8. þm. Reykn. að allar þessar meginkröfur hafi fokið út í veður og vind. Þvert á móti hafa þeir í veigamestu atriðum náð fram að ganga, ekki að öllu leyti og einni var algerlega hafnað strax í upphafi en lýsing hv. þm. er algerlega fráleit og styðst ekki með nokkrum hætti við veruleikann.

Hv. þm. vék svo að því atriði þeirra samninga sem eru til umræðu og tók lengstan tíma og olli mestum deilum við Evrópubandalagið, þ.e. hvernig bera skyldi saman veiðiheimildirnar og minnti á að viðræðurnar hefðu legið niðri í sex mánuði vegna kröfunnar um að veiði skyldi koma á móti veiði. Nú voru það ýmis önnur atriði sem leiddu til þess að viðræðurnar féllu niður í svo langan tíma en vissulega var þetta eitt af þeim atriðum sem ollu því að viðræðurnar drógust á langinn.

Hv. þm. vitnaði svo í viðtal við hæstv utanrrh. í Morgunblaðinu frá 1. des. sl. þar sem hæstv. utanrrh. lýsir þeirri skoðun sinni að í reynd hafi verið búið að ganga frá þessu máli í Óportó og samningurinn, sem þar var undirritaður, hafi aldrei gefið tilefni til þess að taka þetta álitaefni upp. Hv. 8. þm. Reykn. orðaði það einhvern veginn svo að þessi yfirlýsing hæstv. utanrrh. væri til þess eins gerð að hafa sjútvrh. að háði og spotti. Nú ætla ég ekki að leggja neinn dóm á það hvað hæstv. utanrrh. hefur haft í huga þegar hann lét þessi ummæli falla en ég veit að bæði ég og hv. 8. þm. Reykn. getum verið sammála um að að upplagi hefur hann snoturt hjartalag.

Mín skoðun á þessu byggir hins vegar á öðrum rótum. Ég verð auðvitað að gera þá játningu að ég þoli engan samjöfnuð við hæstv. utanrrh. þegar að því kemur að meta niðurstöður samninga. Þegar samningunum var lokið í Óportó mótuðum við þær kröfur sem fram skyldu settar af okkar hálfu um útfærslu á því samkomulagi og þær kröfur voru bornar fram af samninganefnd Íslands undir forustu Hannesar Hafsteins sendiherra.

Í viðtali sem hæstv. utanrrh. átti í Þjóðarsál Ríkisútvarpsins 10. júní sl. kom þetta álitaefni upp. Einn af viðmælendum hæstv. ráðherra í þeim þætti dró í efa að unnt væri í öllum tilvikum að veiða loðnuna og hæstv. utanrrh. svaraði þá með þeim skilningi sem ég hef stuðst við í málinu fram til þessa. Hann sagði orðrétt í Þjóðarsálinni 10. júní:

„Nú er það rétt sem þú sagðir að hún hefur ekki veiðst á undanförnum árum. Ef að það er hins vegar svo að þessi loðna er ekki veiðanleg þá fellur auðvitað niður hinn gagnkvæmi réttur þeirra, þ.e. ef við fáum ekki þessa loðnu þá fá ekki þeir þessi 3 þús. tonn af karfa þannig að það eru engin óheilindi eða blekkingar í því fólgnar. Þetta eru samningar um skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum og þau eru skilyrt."

Ég tileinkaði mér þessa skýringu á samningunum í Óportó. Ég var ekki viðstaddur þar og hlaut því að styðjast við mat hæstv. utanrrh. á þeim samningum sem var í samræmi við þessa lýsingu sem fram kemur í Þjóðarsálinni 10. júní en ég verð að biðja hv. þm., þó að ég viti að það sé til mikils mælst, að hafa skilning á því að hæfileikar mínar standa ekki til þess að hafa báðar skoðanirnar á því hvernig efni samninganna í Óportó ber að skilja.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hvet landsmenn til að nota Þjóðarsálina sem mest til að koma skilaboðum á milli ráðherranna því að ekki virðist nú af veita að gera það í jafnvel enn meira mæli. En aðeins út af þessu sem hæstv. sjútvrh. sagði að þá kannast ég að sjálfsögðu við þessa verðmætastuðla. Ég tel hins vegar að það eigi ekki að nota þá þegar verið er að meta gildi þessara veiðiheimilda. Ég minni á að ríkisstjórnin túlkaði það þannig vorið 1991 að þessi 3 þús. karfatonn væru samkvæmt skilningi Evrópubandalagsins 2.600 þorskígildi. Og ég tel það fráleitt að meta þetta mál eingöngu út frá stuðlunum hér. Ég er þeirrar skoðunar að loðnustuðullinn sé of hár og hann hlýtur að koma til leiðréttingar. Og því áttu íslensku samningamennirnir að sjálfsögðu að halda til skila þannig að ég er þeirrar skoðunar að hér sé ekki um jafngildar heimildir að ræða. Það eina góða við þetta er sú staðreynd að hér er um samning til eins árs að ræða og það hlýtur að verða krafa við endurskoðun hans að þessu verði breytt. Einasta leiðin til þess að ganga úr skugga um það hvort ég hef rétt fyrir mér eða ekki er að spyrja einhverja íslenska útgerðarmenn um það hvort þeir séu tilbúnir til þess að skipta á 3 þús. tonnum af karfa og 30 þús. tonnum af loðnu. Ef einhver gefur sig fram, þá skal ég gjarnan viðurkenna að þarna geti verið um jafngildar veiðiheimildir að ræða en ég leyfi mér að efast um að nokkur þeirra geri það.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þess hve margir hafa beðið um að veita andsvar verður forseti að tilkynna að gefnar verða tvær mínútur í fyrra skiptið til andsvars en síðan ein mínúta í seinna skiptið.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef ekki dregið í efa þær upplýsingar sem hv. 1. þm. Austurl. hefur komið hér með um söluverðmæti bæði loðnu og karfa í einstökum tilvikum að undanförnu. En ég veit að honum er það mætavel kunnugt að stjórnvöld geta auðvitað ekki við mat á slíkum samningum hlaupið á eftir einstökum sölum á þessum tegundum. Þar verður að miða við lengra tímabil og ég lít svo á að okkur sé rétt og skylt að miða við þá verðmætastuðla sem út eru gefnir á grund-

velli laga sem hv. þm. beitti sér fyrir að yrðu sett og hann gaf mörgum sinnum út meðan hann gegndi embætti sjútvrh. Það eru engin rök til að hafa aðrar viðmiðanir í þessu efni. Þessir verðmætastuðlar koma til endurmats á hverju ári eins og hv. þm. veit á grundvelli breytinga sem verða á markaðsverði hér innan lands. Verði þar á alvarlegar breytingar hlýtur það að koma til endurmats í þessum samningum við Evrópubandalagið hvernig við metum jafngildi þessara heimilda.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þarf ekki heila mínútu. Ég vil endurtaka það að ég tel að þegar er talað um jafngildi í þessu sambandi þá eigi að meta þjóðhagslegt gildi. Ég tel það ekki rétt hjá hæstv. sjútvrh. að það eigi að líta til lengri tíma því hér er verið að tala um veiðiheimildir til eins árs. En ég vildi að gefnu tilefni spyrja hæstv. ráðherra um það hvort hann sé sammála hæstv. utanrrh., þ.e. fréttatilkynningu hans við mat hans á samningsniðurstöðunni því að hæstv. sjútvrh. sagði að hæstv. utanrrh. væri honum mun fremri í að meta slíkar niðurstöður, enda hefur hann gert það mjög oft, hvort hann meti það svo eins og hæstv. utanrrh. að hér sé um 20% meiri verðmæti til okkar að ræða en til Evrópubandalagsins. Ég tel það fráleitt að gefa út slíka fréttatilkynningu og þessi fréttatilkynning veikir okkar stöðu til lengri tíma litið.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Aðalatriðið er það að ég tel að það séu öll rök til þess að meta þetta sem jafngildar veiðiheimildir. Við sömdum ekki við Evrópubandalagið um að við fengjum meira í okkar hlut en þeir. En þegar hv. þm. dregur í efa að verðmætastuðlarnir sýni þjóðhagslega rétt mat þá finnst mér hv. þm. vera kominn út á hála braut. Ég ætla ekki að halda því fram að þessir verðmætastuðlar séu hárnákvæmir og gefi á hverjum tíma rétta mynd. En það var mat hans sjálfs þegar hann beitti sér fyrir lagasetningu af þessu tagi að með þessum hætti væri best að koma fram og mynda þessa stuðla. Og einkennilegt ef hann dregur í land með það nú og telur að þetta geti ekki talist þjóðhagslegur mælikvarði sem hann hafði sjálfur forustu um að leiða í lög.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér líkar nú eiginlega ekki hvernig þessi umræða gengur. Mér finnst að sú snautlega niðurstaða, sem í raun og veru varð, þ.e. sú að Íslendingar færu að kaupa loðnu í þessum samningum sem ekki hefur verið veidd fram að þessu, eigi að vera hér til umræðu ekki síður en hvernig menn bera saman þessar veiðiheimildir á annan hátt. Staðreyndin er nefnilega sú að það hafa ekki veiðst nema 5–6 þúsund tonn að meðaltali á ári af þessari loðnu. Það liggur beinlínis fyrir að Íslendingar eru að játa það á sig að þeir eigi að taka ábyrgð á því að þessi grænlenska loðna veiðist og fram að þessu hafa menn ekki haft neina tryggingu fyrir því. Þess vegna er verið að gefa þarna mikið á milli í raunverulegum veiðiheimildum, þ.e. nýtanlegum veiðiheimildum. Þær hafa ekki verið nýtanlegar nema að þessu leyti. Þess vegna hefðu Íslendingar auðvitað átt að gera kröfur um einhverjar allt aðrar veiðiheimildir en þær sem hafa ekki verið nýttar. Mér finnst það liggja í augum uppi.

Auðvitað hefur það komið fram á þessum fundi að aðalatriði þessa samnings, þ.e. aðalkrafa Íslendinga, var sett út af borðinu strax í upphafi. Svo getur hæstv. sjútvrh. komið hér kotroskinn og sagt að þetta séu hinir ágætustu samningar. Í sumar mætti hann á fund sjútvn. og sagði að ekki yrði hvikað frá því að fá fisk fyrir fisk í þessum samningum. En hann hefur auðvitað misskilið þetta allt saman í Þjóðarsálinni.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég stend við það að ég lít svo á og tel að til þess séu fullgild rök að þessir samningar séu í heild sinni góðir fyrir okkur. Við höfum í flestum atriðum fengið okkar ýtrustu kröfur fram. Á þessu sviði sem hv. þm. nefndi gerðum við málamiðlun en ég tel að við höfum tryggt okkar hagsmuni með fyllilega viðunandi hætti að þessu leyti. Ég minni á að þeir sem þarna eiga helstra hagsmuna að gæta eins og forustumenn útvegsmanna á Íslandi, sem tóku þátt í lokasamningaviðræðunum, styðja þessa niðurstöðu og telja hana vera viðunandi fyrir íslenska hagsmuni og það er kannski miklu betri mælikvarði á þessa niðurstöðu heldur en mat hv. þm. þó að ég beri fulla virðingu fyrir hans dómgreind.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það hafa kannski ekki margir tekið eftir því að hæstv. sjútvrh. byrjaði ræðu sína á því að segja að þetta væri viðunandi niðurstaða og vísað til EES-samningsins sem heildar þannig að hann kom náttúrlega upp um þá afstöðu sína til þessa samnings að hann væri ekki góður heldur yrði að afsaka hann með því sem fengist í EES-samningnum en það var akkúrat það sem menn töldu að ætti ekki að vera samhengi í, a.m.k. fram að þessu.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur aldrei verið dregin dul á það að samkomulagið um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum er í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Það á ekki að vera nýmæli fyrir nokkrum hv. þm. Ég tel að hvort tveggja sé viðunandi fyrir okkur, þessir samningar sem hér liggja fyrir innbyrðis og samningarnir um Evrópska efnahagssvæðið og þessir samningar í heild.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ekki von til þess að góður árangur næðist í þessum samningum Íslands við Evrópubandalagið um sjávarútvegsmál ef eina leið sjútvrh. til þess að komast að því hvað utanrrh. teldi væri

að hlusta á hann í Þjóðarsálinni. Eru menn hættir að tala saman um svona mál á ríkisstjórnarfundum? Þegar ég rek það hér að hæstv. utanrrh. hafi í viðtali 1. des. sagt að öll afstaða sjútvrh. frá því í vor hafi verið byggð á misskilningi, þá kemur sjútvrh. hér upp, fer að hæða utanrrh. og segir blákalt að utanrrh. sé tvísaga. Annars vegar hafi utanrrh. sagt hér á Alþingi að það hafi verið samið um þetta allt í Óportó og hins vegar hafi utanrrh. komið í Þjóðarsálina og sagt að þetta ætti að vera raunveruleg veiði fyrir raunverulega veiði og sjútvrh. hafi byggt sinn skilning á ummælum utanrrh. í Þjóðarsálinni. Ég ætla að vona að Ríkisútvarpið endurskoði dagskrá sína og hafi bara opið fyrir Þjóðarsálina lon og don svo að ráðherrarnir hafi einhverja möguleika til þess að komast hvað hver þeirra telur í þessum málum. Það er auðvitað mjög merkilegt að þegar samningurinn liggur fyrir, þá kemur utanrrh. fram á fyrsta degi blaðaútgáfu eftir samninginn og hæðir sjútvrh. og svo kemur sjútvrh. hér og segir: Ég hef ekki sama hæfileika og utanrrh. til þess að túlka alþjóðasamninga — það skildu auðvitað allir háðið í utanrrh. — og fer svo að segja að ég hljóti að vita það eins og sjútvrh. að utanrrh. hafi snoturt hjartalag. Pillurnar halda bara áfram að fljúga milli þeirra. Sjútvrh. les svo hér upp úr Þjóðarsálinni hvað utanrrh. sagði í sumar og bætir svo við að hann, sjútvrh., hafi ekki sama hæfileika og utanrrh. til að hafa margar skoðanir á málinu. Er það nú ástand. Þessir menn áttu að gæta hagsmuna Íslendinga í sjávarútvegssamningum við Evrópubandalagið.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var enginn ágreiningur þegar samningskröfur Íslands voru mótaðar eftir Óportó-samkomulagið. Þær voru settar fram af utanrrn. með fullu samkomulagi við sjútvrn. og ég veit að hv. þm. hljóta að gera sér grein fyrir því að við hefðum ekki farið að ræða — og ég veit að utanrrn. hefði ekki sett fram af sinni hálfu þá ósk að ræða um skipti á veiði gegn veiði ef það hefði ekki haft þá skoðun á þeim tíma að Óportó-samkomulagið rúmaði það að slíkar kröfur væru settar fram af Íslands hálfu.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þau tíðkast greinilega breiðu spjótin milli ráðherranna. Það er alveg óþarfi fyrir hæstv. sjútvrh. að vera að senda utanrrh. skeytin í gegnum mig. Þau geta farið alveg beint hérna á milli.

Hæstv. sjútvrh. var að segja það með því að beina orðum sínum til mín að það sem utanrrh. sagði sl. þriðjudag í viðtali við Morgunblaðið þegar samningarnir lágu fyrir hafi verið rangt. Hæstv. sjútvrh. er að tilkynna það í þingsalnum að hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson hafi farið með rangt mál þegar hann lýsir niðurstöðum samninganna í viðtali við Morgunblaðið sl. þriðjudag, 1. des.

Ég bara spyr: Ef sjútvrh. byrjar þessa umræðu með því að lýsa því yfir að utanrrh. hafi farið með rangt mál, hvað þá með okkur hina, óbreytta þingmenn? Hvernig eigum við þá að fara að því að trúa hæstv. utanrrh.?

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara að þá fáist skýrt hvort sá skilningur minn sé réttur að hæstv. sjútvrh. treysti sér ekki til að útskýra hvers vegna mun ítarlegri útfærsla er á endurskoðunarþætti varðandi gagnkvæmni veiða í fréttatilkynningu en því plaggi sem við erum að fjalla um og eigum að samþykkja.

Ég geri ráð fyrir að með því að svara þessu ekki sé hann að vísa á hinn fjölfróða utanrrh. sem í krafti reynslu sinnar af utanríkissamningum ætti að geta svarað þessu. Satt að segja hafði ég vonað að hæstv. sjútvrh. þekkti þetta mál, skildi og gæti skýrt það.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Austurl. lagði það til mála í ræðu sinni áðan að spurt yrði hvort útgerðarmenn vildu kaupa loðnu fyrir karfa í þeim hlutföllum sem hér hefur verið samið um og hefur reyndar farið ýmsum orðum um þá verðmætastuðla sem byggðir eru á mati sjútvrn. í þeim efnum. Ég vil fyrst taka það fram að þeir stuðlar sem nú eru í gildi samkvæmt reglugerð frá 28. júlí 1992 eru byggðir á verðmætamati á innlendum markaði á síðasta fiskveiðiári. Samkvæmt þeim er stuðullinn 0,41 fyrir karfa en 0,05 fyrir loðnu sem þýðir einfaldlega að hér erum við að tala um 1.230 tonn þorskígilda í karfa á móti 1.500 tonnum þorskígilda fyrir loðnu. Þetta endurspeglar með öðrum orðum verðmætamat markaðsins á fiskveiðiárinu. Það er auðvitað laukrétt sem hæstv. sjútvrh. sagði að þegar menn meta þetta geta menn ekki hlaupið eftir dagprísum. Ég skil einfaldlega ekki hvers vegna hv. þm. reynir að gera þetta tortryggilegt.

Hann spurði, og það kemur ekki á óvart: Hvað mundu útgerðarmenn segja um þennan samning? Hann er kunnur að því að segja að það sé nauðsynlegt að fyrir liggi hvað hagsmunaaðilarnir segi. Ég vil þá biðja hv. þm. að spyrja sjálfa sig þeirrar spurningar hvað sá fulltrúi hagsmunaaðila segi um þennan samning sem að almanna vitorði er talinn harðdrægastur og einstrengingslegastur í kröfum fyrir íslenska útgerð? (**ÓRG:** Það er nú fokið í flest skjól ...) Virðulegi forseti, gæti forseti reynt að biðja þennan hv. þm. að gæta tungu sinnar. (**Forseti:** Forseti vill biðja hv. 8. þm. Reykn. að hafa hemil á sér.) Það er eðlilegt þegar spurt er um sjónarmið hagsmunaaðila þá sé vitnað í þann mann sem flestir viðurkenna að lengst gangi í kröfum sínum fyrir hönd hagsmunaaðila, hv. þm., og gjarnan er vitnað til þegar menn vilja hafa það á orði hvað hagsmunaaðilarnir hafa til málanna að leggja. Samkvæmt útskrift á viðtölum við ýmsa aðila í Ríkissjónvarpi, 28. nóv. 1992, þá lýsir Kristján Ragnarsson, formaður LÍÚ, sínum viðhorfum mjög afdráttarlaust. (Gripið fram í.) (**Forseti:** Forseti hlýtur að óska eftir að þingmenn leyfi hæstv. utanrrh. að tala.) Í þessari útskrift segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Það eru skiptar skoðanir um ágæti samningsins sem við gerðum við EB en hann felur í sér að Evr-

ópubandalagslöndin fái að veiða 3 þús. tonn á Íslandsmiðum en Ísland fær á móti 30 þús. tonn af loðnu. Sjútvrh. telur að Íslendingar hafi náð fram flestum kröfum sínum í samningnum en hvert er álit Kristjáns Ragnarssonar, formanns LÍÚ?" — Síðan kemur bein tilvitnun, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég tel að þetta sé viðunandi niðurstaða. Við fáum fram mjög mörg atriði sem við höfum lagt mikla áherslu á, eins og hvað mörg skip mega vera hér í einu, hvernig eftirlitinu sé háttað, það séu hreinar veiðiferðir, og síðan þetta atriði sem hefur mestum deilum valdið, hvort við höfum veitt loðnu þegar þeir fá að veiða karfa.

Það er þannig að við fáum réttinn í ársbyrjun. Þeir svo aftur karfaréttinn síðar á árinu. Um er að ræða í þessu sambandi að ef ekki hefur verið úthlutað loðnukvóta, eins og gerðist t.d. 1983, þá mundu þeir enga veiði fá að stunda hér. Ef kvóti yrði skertur, eins og gerðist árið þar á undan eftir að honum hafði verið upphaflega úthlutað, þá mundi það líka virka eins. Þannig að ég tel að það séu ákveðnir óvissuþættir fólgnir í því ef okkur mistekst að veiða loðnuna í ársbyrjun eins og gerðist í fyrra. Það hefur hins vegar ekki gerst í 20 ár að við höfum ekki náð að veiða úthlutaðan kvóta. Þá gæti þetta komið til. Þá eigum við þó rétt á að taka málið upp og ræða það.

Samningurinn er til eins árs þannig að þá er líka að fenginni reynslu á þessu eina ári hægt að taka málið til endurskoðunar og ræða það. Þannig að ég tel að við séum ekki að taka mikla áhættu í þessu sambandi."

Fréttamaður: „Ólafur Ragnar var að tala um að Evrópubandalagið hefði náð fram grundvallarkröfu sinni og nánast lúffað fyrir því."

Kristján: „Ég tel að það sé ekki rétt. Ég tel að það sé alls ekki rétt. Það er algilt að gera samning um veiðiheimildir en ekki um veiði. Við höfum hins vegar sagt að loðnan væri svo duttlungafull skepna að við gætum ekki treyst því að ná henni og þess vegna hafa þessir fyrirvarar verið settir.

Ég tók líka eftir því að menn hafa áhyggjur af fyrstitogurum. Það var gengið frá þessu. Í sjálfu sér var þetta náttúrlega ákveðið í vor með sérstökum erindaskiptum að þeir fengju að veiða hér 3 þús. tonn af karfa og við fengjum þessa loðnu í staðinn. Það er aðeins verið að útfæra það samkomulag núna svoleiðis að stóra málið gerðist í rauninni þá. Varðandi frystingu um borð í togurum þá fengum við það fram að þeir mega ekki vinna þennan fisk. Þá verða þeir að heilfrysta karfann. Það er vinnsluaðferð sem ekki er stunduð og er ekki markaðsvara þannig að venjulega er hann hausaður og slægður með þeim hætti í leiðinni og síðan pakkað. Þetta fá þeir ekki að gera.

Deilurnar í gær og ástæðan fyrir því að fundurinn hófst ekki fyrr en átta klukkutímum eftir að hann átti að hefjast voru deilur innan bandalagsins. Suðurríkin, Spánn, Portúgal og Frakkland, héldu að við hefðum gert eitthvert samkomulag við Þjóðverja og Breta um að halda þessari kröfu fram til þess að það væru meiri líkur á að Þjóðverjar og Bretar fengju þessar heimildir. Það er að vísu rétt að okkur er það geðfelldara að þeir komi hér til þessara veiða. Þeir voru hér og við þekkjum þá en við höfum meiri ótta af þessum stóru skipum suðurþjóðanna. En með þessu ákvæði sem við fengum fram tel ég að við höfum komið í veg fyrir það."

Fréttamaður: „Er ekkert þá til í þeirri gagnrýni að við höfum gefið einum of mikið eftir?"

Kristján: „Alltaf þegar við semjum þarf að gefa eftir og mætast. Ég tel að áhætta okkar í því efni sé mjög lítil. Hún sé verjandi og þá verður bara málið endurskoðað að ári ef svo fer að við veiðum ekki úthlutað loðnumagn í vetur. Við höfum mjög öflugan flota og okkur hefur alltaf tekist það nema í fyrra vegna þess hve veiðarnar hófust þá seint. Nú erum við búnir að veiða yfir 200 þús. tonn af úthlutuðum kvóta, þannig að líkurnar eru hverfandi litlar að mínu mati að við náum ekki að veiða þessi 30 þús. tonn sem við fáum frá bandalaginu sem þeir hafa svo skipt við Grænlendinga."

Þetta er tilvitnun í þann hagsmunaaðila sem gjarnan er vitnað til þegar menn vilja hafa það á hreinu hver það er sem lengst gengur fram í kröfum af hálfu hagsmunaaðila. Síðan kemur hins vegar hv. 8. þm. Reykn. og er orðinn miklu harðdrægari fyrir hönd hagsmunaaðilanna en Kristján Ragnarsson, og trúi nú hver sem vill. Enda er búið að heyra margt sjónarspilið frá þeim hv. þm. í þessum umræðum eins og venjulega.

Þetta ætti a.m.k. að svara þeirri spurningu. Það er nauðsynlegt að það komi inn í umræðurnar áður en lengra er haldið hvert mat þessa fulltrúa íslenskra hagsmunaaðila er á niðurstöðum þessa samnings. Menn hafa heyrt það, þannig að ég þarf ekkert að túlka það. Hann túlkar það með talsvert öðrum hætti en hv. talsmenn Alþýðubandalags eða Kvennalista eins og fram kom í ræðum þeirra áðan.

Virðulegi forseti. Ég vildi svara nokkrum öðrum atriðum sem fram hafa komið í máli manna til þessa. Ég vitna til ræðu hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar. Að vísu hefur hæstv. sjútvrh. svarað flestum atriðunum. Hið fyrsta var um gagnkvæmnina. Ég er sammála hæstv. sjútvrh. um að það er ekki réttmæt gagnrýni að ætla að vísa á bug þeim verðmætastuðlum sem sjútvrn. styðst við að íslenskum lögum og halda því í staðinn fram að við hefðum átt að meta þetta á grundvelli sveiflukenndra markaðsprísa. Ég hef ekki heyrt enn þá rökin fyrir því að það hafi verið rétt.

Það er kannski ástæða til þess út frá umræðum um gagnkvæmni og verðmætamat að biðja menn að hugleiða svolítið hvað við erum að tala um. Það vildi svo til að ég hringdi í gamla skipstjóra minn á Viðey þar sem ég var í skipsrúmi forðum daga. Þetta er skip sem er með uppistöðu karfaveiði. Ég spurðist fyrir um það hvað hann var með í ársafla á Viðeynni í fyrra af karfa. Það eru 2.500 tonn. Ársafli eins togara, þ.e. karfaafli hans sem er uppistaðan í afla skipsins. Það er litlu minna en þær heimildir sem við höfum látið af hendi í skiptum fyrir 30 þús. tonn af loðnu sem Kristján Ragnarsson var að lýsa að hann hefði fulla trú á að ekki væri vafi á að við næðum miðað við okkar öfluga flota og við eðlilegar kringumstæður.

Það hefur enginn nefnt hér að sóknarkostnaðurinn skiptir miklu máli í útgerð. Hvað halda menn að þetta sé ábatasamleg útgerð að eiga að halda úti á tveimur veiðisvæðum — menn mega halda hér úti þremur plús tveimur skipum til þess að veiða þessa karfatitti sem í þennan ársafla fara? Hvað halda menn að útgerðarkostnaðurinn sé ef menn hafa eitthvert hugboð um þann kostnað?

Menn hafa talað eins og Íslendingar hafi lúffað í samningum, látið allt af hendi við Evrópubandalagið, hið óbilgjarna Evrópubandalag, neita að viðurkenna almennan verðmætamælikvarða, sem við höfum stuðst við í þessu máli, o.s.frv. Sannleikurinn er sá og það er viðurkennt og staðfest, og menn eiga ekkert að vera að tala gegn staðreyndum, að hér er um skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum að ræða. Eins og er viðurkennt í gögnum sem Evrópubandalagið sjálft leggur fram í Evrópuþinginu, þá líta þeir svo á að þeir hafi fengið veiðiheimildir í staðinn fyrir markaðsaðild að því er varðar Noreg og Svíþjóð, en þeir segja að því er Ísland varðar sé um gagnkvæmar veiðiheimildir að ræða. Það er auðvitað ekkert fyrir okkur að hafa áhyggjur af hver útgerðarkostnaður þeirra verður við að ná þessum afla á þetta mörgum skipum. En ef menn eru að tala um þetta af einhverju raunsæi og ekki af tómum leikaraskap og ábyrgðaleysi, eins og 8. þm. Reykn. gerði með öfugmælum sínum öllum áðan, ég tek það fram að ég geri mikinn mun á ræðu hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar og þeim ósköpum, þá er ljóst að það er ekki hægt að segja við fólk sem hefur komið nálægt sjósókn eða hefur einhver kynni af því sem það er að tala um að hér sé um einhvern óskaplegan fórnarkostnað að ræða og halli á Ísland í þessum viðskiptum.

Ég tek það fram að ég hef ekki miklar áhyggjur af því hver kostnaður samningsaðila er. Þetta er það sem þeir hafa fengið. Þetta er það sem þeir hafa farið fram á. Þetta er samningur sem er endurskoðaður frá ári til árs. Að því er varðar þessa eilífu króníkur sem vitnað er til þegar menn eru að tala um karfa eða langhala er t.d. ágætt að benda á að ástæðan fyrir því að ekki var um samninga um það að ræða eins og óskir t.d. Frakka stóðu til, er einfaldlega sú, eins og margsinnis hefur komið fram, að við gátum ekki sýnt fram á það með áreiðanlegum rannsóknum að sá veiðistofn væri fyrirfinnanlegur og í veiðanlegu ástandi. Hins vegar er vísað til þess í texta Óportó-samningsins að ef þær rannsóknir liggi fyrir þá skuli það skoðað. Ef menn tala um þetta af einhverri sanngirni held ég að menn eigi að láta af því að draga upp af þessu falska mynd byggða á því að bera enga virðingu fyrir staðreyndum.

Þá er spurt: Hvers vegna var þess ekki kostur að við semdum við Evrópubandalagið um að láta af hendi einhverjar hugsanlegar veiðiheimildir sem við gætum hugsanlega samið um við aðrar þjóðir að fá í skiptum?

Ég verð satt að segja að viðurkenna að mér er vandi á höndum að átta mig á því hvort hér er verið að tala af alvöru. Við gætum út af fyrir sig sagt að ef við í tíð fyrrv. ríkisstjórnar hefðum gert slíka samninga um að afla okkur veiðiheimilda, við skulum segja hjá Norðmönnum eða Færeyingum, sem við ekki höfum, þá gætum við látið það upp í einhver skipti. Við höfðum engar slíkar veiðiheimildir og enga slíka samninga. Það getur hver sem er út af fyrir sig gert sér í hugarlund hvers vegna það var ekki. Hitt er mér ómögulegt að skilja að þess hefði verið raunverulegur kostur í viðskiptum okkar við Evrópubandalagið að bjóða upp á einhverja hugsanlega slíka samninga. Það er verið að segja að við hefðum átt að leita eftir slíkum samningum um veiðiheimildir við aðrar þjóðir og þá hefðum við orðið að gera það í tíð fyrri ríkisstjórnar með hliðsjón af því hver aðdragandi þessa samnings er.

Það var spurt um edikverkaða síld og því haldið fram þegar samningunum lauk á sínum tíma hafi verið sagt: Við fengum fullkomið tollfrelsi fyrir saltsíldarflök. Staðreyndin í því máli er margrakin í umræðum á hinu háa Alþingi og í utanrmn. Sannleikurinn er sá að við fengum fram með óvæntum hætti viðurkenningu á því að saltsíldarflök samkvæmt skilgreiningu skyldu ná tollfrelsi þrátt fyrir það að Evrópubandalagið hafi lýst því yfir að þrennt skyldi algjörlega undanskilið varðandi markaðsaðgang: síld, makríll og lax.

Síðan er spurningin: Á þetta við um öll saltsíldarflök? Niðurstaðan liggur ekki fyrir að því er varðar hin edikverkuðu flök. Það er einfaldlega vegna þess að það er ekki kominn endanlegur úrskurður um aukaefni og tollflokkaskipan. Tveir kostir er fyrir hendi. Annaðhvort falla edikverkuðu flökin undir tollflokkin söltuð síldarflök og eru þá í tollflokknum 0305-3014 og mundu þá bera núlltoll. Eða þau eru flokkuð sem niðurlögð flök og eru þá í öðrum tollflokki, 1604-1217, og mundu þá bera 10% toll. Þessu hefur verið skotið til úrskurðar hjá Alþjóðatollamálaráðinu og niðurstaðan liggur ekki fyrir. En hér verðum við auðvitað að styðjast við alþjóðlegar venjur um röðun í tollflokka.

Menn hafa nokkuð vikið að því að sjálfsagt verði að segja belgíska samningnum upp. Ég ætla ekki að láta uppi neina skoðun um það. Belgíski samningurinn rennur út sjálfkrafa þegar síðasta skipið telst ekki lengur úthaldshæft. Að vísu er líka hægt að grípa til uppsagnarákvæða en ég ætla ekki að kveða upp neinn dóm um það hvort nú er rétti tíminn til þess að gera það.

Þá er óhjákvæmilegt að víkja nokkrum orðum að makalausum málflutningi hv. 8. þm. Reykn. í þessu máli. Hann byrjaði á að telja það upp að Íslendingar hefðu sett sér ferns konar samningsmarkmið og tapað þeim öllum. Hið fyrsta: Fríverslun með fisk. Annað: 100% markaðsaðgangur. Þriðja: Að hleypa ekki erlendum EB-skipum í landhelgi nema það væri þá á gagnkvæmnisgrundvelli varðandi skipti á veiðiheimildum. Og fjórða: Að aldrei skyldi fallist á að veita veiðiheimildir fyrir markaðsaðgang.

Hæstv. sjútvrh. vék að þessu hér áðan og hefur út af fyrir sig hrakið allar þessar fullyrðingar. Það sem vekur mér undrun er það að formaður Alþb., flokks sem á að taka alvarlega, maður sem er í utanrmn. og hefur þess vegna aðgang að öllum gögnum um þetta mál skuli leyfa sér málflutning af því tagi sem hann viðhafði. Vegna þess að það veit hver einasti maður í utanrmn. og allir hv. þm. sem hafa lagt sig eftir að

kynna sér þetta mál að allt er þetta fleipur og öfugmæli og ótrúlegt að hv. þm. skuli leyfa sér slíkan málflutning.

Rifjum upp staðreyndir þessa máls. Hver voru samningsmarkmið Evrópubandalagsins í sjávarútvegsmálum? Þau voru fyrst og fremst þessi:

Í fyrsta lagi að tryggja Evrópubandalaginu veiðiheimildir í staðinn fyrir jafngildar á við tollaívilnanir á mörkuðum.

Hver var önnur meginkrafa Evrópubandalagsins? Hún var að tryggja það að Evrópubandalagið mætti fjárfesta samkvæmt almennum reglum í þessari auðlind.

Hvorugt þessara samningsmarkmiða náðist fram út frá þeirra bæjardyrum séð eins og öllum er kunnugt um og ekki þýðir að neita. Það er auðvitað alveg á hreinu að í þessum samningum var ekki fallist á einhliða veiðiheimildir. Því var hafnað algerlega og það er staðfest og viðurkennt og framlagt á skjölum Evrópubandalagsins.

Að því er varðar fjárfestingarréttindi varðandi íslenska útgerð og fiskvinnslu liggur fyrir að Íslendingar hafa þar varanlega undanþágu sem byggir á íslenskum lögum og er háð vilja hv. Alþingis. Og að hv. þm. Stefán Guðmundsson, jafnkunnugur og hann á að vera sjávarútvegsmálum, skuli rembast við að hrista höfuðið gagnvart slíkum staðreyndum er ótrúlegt. En þetta eru staðreyndir málsins.

Að því er varðar síðan samningsmarkmið okkar. Það er laukrétt að við fyrir hönd fyrrv. ríkisstjórnar settum upp samningsmarkmiðið um fríverslun með fisk. Okkur kom öllum saman um að það væri sjálfsagt og rökrétt. Við byrjuðum þessi mál með því undir forustu Steingríms Hermannssonar formanns Framsfl. að knýja fram fríverslun með fisk innan EFTA og við höfðum reynt að beita okkur fyrir í 19 ár. Það náði fram að ganga að því er varðaði viðskipti innan EFTA með vissum fyrirvörum og tímabundnum undanþágum. Þess er að geta að við höfðum síðan í framhaldi af því náð tvíhliða samningum, sem við erum að gera með hinum EFTA-þjóðunum, þar sem við erum yfirleitt að ná fram viðurkenningunni um fríverslun með fisk.

Hitt var okkur öllum ljóst í fyrrv. ríkisstjórn frá upphafi vega að engar líkur væru á því að við næðum þessu ýtrasta markmiði með fríverslun með fisk og margsinnis rætt á ríkisstjórnarfundum og manna í milli í þeirri ríkisstjórn að þetta væri að sjálfsögðu samningatækni okkar og samningsmarkmið og við mundum halda því fram til þess að byggja upp stöðu okkar í þessum samningum. Líkurnar á því að Evrópubandalagið féllist á að falla frá sameiginlegri fiskveiðistefnu sinni voru auðvitað nánast engar. Það gátu allir menn sagt sér sjálfir. Engu að síður var þetta rétt af okkur og engu síður gerðum við þetta. Það verður auðvitað að taka fram að strax í upphafi hinna raunverulegu samningaviðræðna, þegar undirbúningsviðræðunum var lokið 1990, hafnaði Evrópubandalagið þessari kröfu. Þeir sem frammi fyrir því stóðu voru stjórnarflokkar í fyrrv. ríkisstjórn. Okkur var öllum kunnugt um það árið 1990. Við vissum það ósköp vel að þar með var þetta ýtrasta samningsmarkmið farið og við höfðum aldrei gert okkur vonir um að ná því fram. Hver voru viðbrögðin af hálfu þáv. ríkisstjórnar? Að sjálfsögðu ekki að falla frá samningunum heldur að byggja upp stöðu okkar um samningsmarkmið númer tvö sem var hið raunsæja, þ.e. að reyna að ná markaðsaðgangi. Hver er niðurstaðan? Krafan var þá um 100% markaðsaðgang. Hún verður 96% þegar þessir samningar eru komnir til skila. Er einhver að halda því fram í alvöru upp í opið geðið á fólki að það sé lélegur samningsárangur? Að sjálfsögðu er ekki hægt að halda því fram.

Þriðja atriðið sem hv. þm. nefndi var að aldrei skyldi hleypt inn skipum Evrópubandalagsins nema það væri á grundvelli samnings um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum. Það samningsmarkmið náðist vegna þess að við erum hér með samning sem kveður á um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum. Við erum búin að fara yfir það í þessari umræðu hvort verðmætastuðlar sjútvrn. eru nothæfur mælikvarði eða ekki. (Gripið fram í.) Já, þeir þóttu ágætir í tíð fyrrv. sjútvrh. og þeir þykja það enn. Þetta eru verðmætastuðlar sem byggja á mati á verði á innlendum mörkuðum á þessum aðilum. Við getum ekki hlaupið frá því og sagt: Við ætlum að miða við eitthvað allt annað.

Reyndar var það ekkert undantekningarlaus regla að við hefðum samið við aðra um það að hér mættu vera skip að veiðum. Hver sá sem les vikulega blaðið Úr verinu, fylgirit Morgunblaðsins, getur fylgst með því. Þeir birta í hverri einustu viku kort með þeim skipum sem eru að veiðum innan íslenskrar landhelgi samkvæmt samningum, gömlum, endurteknum og endurnýjuðum samningum. Það er mjög algengt að yfir 20 færeysk skip séu innan landhelginnar fyrir utan belgísku skipin. Það er því í fyrsta lagi óþarflega mikil ónákvæmni í meðferð staðreynda að segja að það að erlendum skipum, í þessu tilfelli þremur plús tveimur, sé leyft að veiða innan íslenskrar fiskveiðilögsögu á grundvelli gagnkvæmra skipta á veiðiheimildum sé brot á einhverri ginnheilagri reglu. Það er bara rangt. Færeyingar eru hér samkvæmt samningum og Belgar voru það líka. Reyndar voru til eldri samningar að því er varðaði Norðmenn þótt þeir séu úr gildi fallnir.

Þá er það fjórða atriðið, sem hv. þm. fór með, að aldrei skyldi fallist á að veita veiðiheimildir fyrir markaðsaðgang. Á það hefur ekki verið fallist hvorki af fyrri ríkisstjórnum né þessari ríkisstjórn. Það er staðreynd sem þýðir ekkert að mæla í móti. Það var ein meginkrafa Evrópubandalagsins og hún náðist ekki fram. Niðurstaðan er hins vegar sú að við höfum efnt fyrirheit sem var gefið á sínum tíma þegar við vorum að ná tvíhliða samningnum við EB frá 1972–1976. Við höfum efnt það fyrirheit að gera almennan rammasamning um samstarf í fiskveiðimálum, sem enginn hefur vikið að einu orði, hann er svo sjálfsagður, og í annan stað að gera samning um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum. Þetta eru staðreyndir málsins. Um samningsmarkmið Evrópubandalagsins annars vegar og um þau samningsmarkmið sem við settum okkur hins vegar og um niðurstöðuna.

Það er ekki hægt í viti borinni umræðu á Alþingi Íslendinga að snúa öllum staðreyndum á haus eða láta eins og staðreyndir séu ekki til og fara með tómt fleipur. (**HG:** Hver er að því?) Ég hef verið að segja það, hv. þm., að þegar því er haldið fram að þessi samningsmarkmið hafi öll tapast, þá sé það fleipur og verði ekki rökstutt með vísan til neinna staðreynda.

Virðulegi forseti. Mér er tjáð að margir séu á mælendaskrá en í ljósi þess sem þegar hefur verið sagt í þessum umræðum var óhjákvæmilegt að reyna að beina umræðunni aftur á braut einhverra staðreyndaumfjöllunar. Ef við erum að ræða þessa samninga þýðir ekki fjalla um þá á þeim grundvelli að við séum að tala um að fallist hafi verið á veiðiheimildir til Evrópubandalagsins í staðinn fyrir markaðsaðgang. Það er rangt. Það þýðir heldur ekkert að halda því fram að þessir samningar um skipti á veiðiheimildum séu ómarktækir af því að þeir mælikvarðar sem íslenska sjútvrn. notar og byggir á grundvelli íslenskra laga séu allt í einu ómark. Og það þýðir ekkert að reyna að gera lítið úr þeim tækifærum fyrir íslenskan sjávarútveg sem felst í þeim árangri sem náðist að því er varðaði markaðsaðgang. Ég tel að sá árangur sé ekki mestur að því er varðaði niðurfellingu tollanna, sem er mál út af fyrir sig, heldur sé þýðingarmest að með þeim breytingum á markaðsaðgangi hefur sjálfri stefnu Evrópubandalagsins gagnvart fiskveiðiþjóðum og fiskvinnsluþjóðum verið breytt vegna þess að þeirra tollakerfi var miðað við að laða inn hráefni á lágum eða engum tollum en koma í veg fyrir með háum tollum að í þessum löndum gæti þróast hátæknifiskiðnaður sem væri þannig útilokað að kæmist með sínar afurðir á neytendamarkaði vegna tollmúra.

Það eru þau tækifæri sem bjóðast fyrir íslenskan sjávarútveg og íslenska fiskvinnslu og þar með ekki síst fyrir íslensku landsbyggðina sem er auðvitað vinningsvonin í þessum samningi. Öllum sem í sjávarútvegi starfa er ljóst að þessi tækifæri eru raunveruleg og tugir fyrirtækja hafa á undanförnum mánuðum búið sig undir að nýta þessi tækifæri og gera sér vonir um að þessi samningur auðveldi okkur í erfiðri stöðu í sjávarútveginum að búa til meiri verðmæti úr minnkandi afla. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að hv. þm., talsmenn sjávarútvegs einatt eða talsmenn landsbyggðarinnar á Íslandi, leyfi sér við þessar kringumstæður að snúa öllum staðreyndum á haus eða kynda svo elda tortryggni eða leika svo gráa pólitíska hráskinnsleiki að þeir vilji ekki taka mark á þessum staðreyndum og vilji ekki einu sinni eiga að því hlut að þau tækifæri sem þetta skapar geti nýst íslenskum sjávarútvegi.

Ég lýsi ábyrgð á hendur þeim mönnum sem haga málflutningi sínum með þessum hætti. En ég tek það fram að ég geri mikinn mun á því á hvern veg menn ræða þessi mál hér. Ég hef yfirleitt farið heldur virðulegum orðum um bæði málflutning og störf hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar af kynnum mínum af honum og dreg þau orð ekkert til baka. Ég er ekki sammála honum þegar hann segir að við höfum oftúlkað niðurstöður þessa samnings eða veikt samningsniðurstöðuna. Það er reyndar algjör fjarstæða vegna þess að við veiktum ekkert samningsstöðu okkar þótt við legðum mat á hin gagnkvæmu skipti samkvæmt verðmætastuðlum íslenskra laga.

En ég játa það að ég varð fyrir vonbrigðum með það að formaður Alþb., hv. 8. þm. Reykn., gerir það af einberum pólitískum leikaraskap að ræða þessi mál með þeim hætti sem hann gerði hér áðan. Ég átti við hann gott samstarf í ríkisstjórn, þar á meðal um þetta mál, og reyndar við báða hv. þm., og ég verð að viðurkenna að ég á erfitt með að skilja hvernig menn fara að því að snúa svo gersamlega við blaðinu frá því sem sneri upp í ríkisstjórnarsamstarfi um leið og menn eru komnir í stjórnarandstöðu bara í einum saman pólitískum leikaraskap eða í von um einhvern skyndiávinning. Þetta mál er allt af því tagi að það ber að gera a.m.k. lágmarkskröfur til virðingar fyrir staðreyndum og til ábyrgðartilfinningar.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil enn á ný mótmæla því að litið sé á útreikningsaðferðir sjútvrn. sem einhvern heilagan sannleik í þessu máli. Ég vil máli mínu til stuðnings vitna í hæstv. utanrrh. í einum fjölmiðlanna á árinu 1991, en þar kemur fram þrenns konar verðmætamat á þessum 3 þús. tonnum. Hann segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Fulltrúar sjávarútvegsins hafa verið að meta það að 3 þús. tonn af karfa, sem eru 2.600 þorskígildi, væru kannski svona að verðmæti um 200 millj. kr. þannig að það er ekki stór upphæð. Þetta er að mati sjútvrn. eins og við metum það 1.560 tonn. Þetta er svona eins og afli tveggja góðra vertíðarbáta."

Í þessu viðtali kemur fram þrenns konar verðmætamat. 2.600 tonn að mati Evrópubandalagsins, 1.560 tonn að mati sjútvrn. og 200 millj. að mati útvegsmanna. Væntanlega hefur það verið Kristján Ragnarsson, sem ég heyri að hæstv. utanrrh. hefur miklar mætur á. Ef þetta væri metið loðnumegin, þá eru það 1.500 tonn að mati ráðuneytisins. Ég gæti trúað að það væru 120 millj. í dag að mati útvegsmanna, í mesta lagi 90 millj. eftir áramót, og hugsanlega væri talan af hálfu Efnahagsbandalagsins yfir þessa loðnu ekki meira en 1 þús. tonn. Að vísu eru þeirra útreikningur mjög skrýtnir að því er varðar það mál.

Ég er, hæstv. utanrrh., eingöngu að benda á ákveðnar staðreyndir. Í þessum samningum átti ekki að líta á verðmætamat samkvæmt þessum stuðlum sem einhvern heilagan sannleik eins og ég heyri að hæstv. utanrrh. hefur gert því að hann hefur einfaldlega reiknað þetta út, græddi 20% og sagði við þá í Brussel: Ég fór eiginlega nokkuð illa með ykkur því að ég græddi 20% og þið töpuðuð 20% og gefur þetta út í fréttatilkynningu. Þetta er náttúrlega fráleitur málflutningur.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé enga ástæðu til þess að halda áfram karpi um þetta við hv. þm. Halldór Ásgrímsson. Að því er mig varðar sem utanrrh. og aðila að þessum samningum, þá leita ég að sjálfsögðu til

sjútvrn. um faglegt mat á slíkum hlutum. Það segir sig sjálft og það verða að teljast eðlileg vinnubrögð.

Þegar hv. þm. vitnar til þess að þessir stuðlar geti lýst breytilegu verðmætamati, þá er svarið við því já. Þeir eru endurnýjaðir og endurmetnir. Þeir stuðlar sem ég vitnaði til frá 28. júlí endurspegla meðalverð og verðþróun á fiskveiðiárinu.

En ég legg áherslu á það fyrst og fremst að þessi rök duga ekki, hv. þm., til þess að segja að við hefðum átt að meta þetta með einhverjum markaðsprísum. Þetta er sá mælikvarði sem sjútvrn. notar. Evrópubandalagið notar samsvarandi stuðla. Þeir eru öðruvísi en þetta eru ekki verri mælikvarðar en hverjir aðrir og breyta engu um gagnkvæmnina sem við vorum að deila um.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal heldur ekki halda áfram þessu karpi. Ég hef komið mínum sjónarmiðum mjög skýrt á framfæri. En ég vil benda hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh. á eina staðreynd. Verðmæti karfans er nokkurn veginn það sama allt árið. Verðmæti loðnunnar fer lækkandi eftir því sem líður á vertíð. Það er ekki gert ráð fyrir því að þessi loðna veiðist í upphafi vertíðar heldur í lok vertíðar. Ég er viss um að verðmæti þessarar loðnu verður orðið mun minna í lok yfirstandandi vertíðar en verðmætið er núna.

Að sjálfsögðu á að taka tillit til þessarar staðreyndar þegar þessi mál eru metin. Það er ekki tekið tillit til hennar í þeim stuðlum sem hér hefur verið vitnað til.

Það má vel vera að rætt hafi verið við marga ágæta menn um þetta mál en ég minni hæstv. utanrrh. á að ég kannast ekki við að haft hafi verið samráð, a.m.k. ekki við sjútvn. þingsins, um þetta mál.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. reyndi að hrekja það hér áðan að lýsing mín á þessum fjórum atriðum hefði verið rétt. Ég vil fara yfir þetta aftur. Hæstv. utanrrh. viðurkennir að það hafi ekki náðst fríverslun með sjávarafurðir. Það er hins vegar rétt hjá honum að það var vitað á seinni hluta valdatíma síðustu ríkisstjórnar. Það er líka rétt hjá honum að við ákváðum í síðustu ríkisstjórn að láta reyna á hinar grundvallarkröfurnar þótt þessi næði ekki fram. En það breytir því ekki að þessi náðist ekki fram. Ráðherrann viðurkennir það svo líka hér að grundvallarreglan um tollfrelsi með sjávarafurðir náðist ekki fram sem grundvallarregla. Hann getur svo farið í prósentureikning um það hvernig eigi að meta þessa tolla eins og hann vill. En það breytir því ekki að þegar við ætlum að fara með nýjar sjávarafurðir, aðrar aflategundir, inn á markað Evrópubandalagsins þá þarf að semja um það sérstaklega af því að við náðum ekki fram grundvallarreglunni um tollfrelsi. Í þriðja lagi er Halldór Ásgrímsson búinn að hrekja hér mjög rækilega fullyrðingar ráðherrans um fullgildar veiðiheimildir. Og það dugir ekkert fyrir ráðherrann að hæla Halldóri Ásgrímssyni þegar það hentar honum í skaki við mig en segja svo þegar Halldór Ásgrímsson er að hrekja ummæli ráðherrans: Það er bara fjarstæða. Ef utanrrh. hæstv. tekur svona mikið mark á Halldóri Ásgrímssyni þá ætti hann að viðurkenna það mat sem Halldór Ásgrímsson hefur sett hér fram varðandi þetta þriðja atriði.

Varðandi fjórða atriðið þá benti ég á það að Evrópubandalagið telur sig hafa náð fram veiðiheimildum fyrir tollalækkanir. Og utanrrh. hefur ekki hrakið það hér í ræðustólnum.

Að lokum vil ég spyrja hæstv. utanrrh. af því að hann kaus að víkja að engu að merkilegum yfirlýsingum hæstv. sjútvrh. Hæstv. sjútvrh. sagði að utanrrh. hefði farið með mótsagnarkenndar yfirlýsingar varðandi höfuðdeiluatriði. Og hæstv. sjútvrh. dró inn í umræðurnar yfirýsingar utanrrh. frá 10. júní sem hæstv. sjútvrh. benti á að stönguðust á við yfirlýsingar utanrrh. frá 1. des. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. utanrrh.: Hvort á að taka mark á yfirlýsingum hans 10. júní eða 1. des.? Fyrst ráðherrann segir hér hvað eftir annað: það á að virða staðreyndir, þá viljum við fá að vita hvor yfirýsingin er rétt, sú frá 10. júní eða sú frá 1. des.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í útskrift úr fréttatímum frá 28. nóv. segir hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson: „Nú er það loksins komið í ljós þegar texti samningsins kemur inn um dyrnar hjá manni seint í gærkvöldi að utanrrh. og sjútvrh. hafa fallist á grundvallarkröfur EB. Hinn nýi samningur gengur út á að það séu eingöngu veiðiheimildir á móti veiðiheimildum en ekki raunverulegur afli á móti raunverulegum afla.“ Með öðrum orðum, hv. þm., sem á sæti í utanrmn., telur sig hafa verið að uppgötva það 28. nóv. sem lá fyrir í skriflegri skýrslu á borðum allra hv. þm. frá Óportó frá 2. maí. Skýrslan lá fyrir, textinn að sjálfsögðu sýndur og ræddur í utanrmn. og fer ekkert á milli mála að þar er í hinum undirskrifaða texta verið að tala um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum. Og hv. þm. er ágætur enskumaður og veit t.d. hvað orðin „catch possibilities“ þýða. Þetta hefur legið fyrir öllum, verið öllum ljóst sem málið kynntu sér þar á meðal væntanlega hv. þm. ef hann hefur viljað virða staðreyndir.

Að því er varðar þessar fjóra blessuðu mælikvarða þá er ekkert um það að segja annað en það að ekki þýðir að halda áfram að endurtaka rangfærslur. Markaðsaðgangur 96%, eftirstöðvar tolla þannig að sjávarútvegurinn sjálfur metur það ekki markaðshindrun. Í öðru lagi, það er ekki verið að hleypa erlendum aðilum inn í íslenska landhelgi til að sækja þangað einhliða veiðiheimildir og hefur aldrei staðið til. Að því er varðar tvíhliða samninginn er um gagnkvæm skipti að ræða og hv. þm. Halldór Ásgrímsson hefur auðvitað ekkert hrakið í því efni hvað svo sem hann segir um hlutfallslegt verð á loðnu og karfa. Inn í þá umræðu má t.d. leggja að sú staðreynd að þeir mega ekki slægja karfann um borð heldur bara heilfrysta mun hafa áhrif á verðmæti þess afla og það getur enginn fullyrt neitt um endanlegt söluverð á loðnu eftir næstu vertíð.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill biðja menn að halda sig við leyfðan tíma og nú svarar hv. 8. þm. Reykn.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég bar fram einfalda spurningu við hæstv. sjútvrh.: Hvort á að taka mark á yfirlýsingu hans 10. júní sem hæstv. sjútvrh. las hér upp í ræðustólnum, það var ekki ég sem las hana, það var hæstv. sjútvrh. sem las hana, eða á að taka mark á yfirlýsingunum 1. des.? Hæstv. utanrrh. treystir sér ekki til að svara þessari spurningu. Það er auðvitað mjög athyglisvert. Hæstv. utanrrh. treystir sér ekki til þess. Það eru svo merkileg örlög mín hér í þessum umræðum að þessir tveir ráðherrar kjósa að senda spjótalögin hvor á annan í gegnum mig og þykjast vera að mótmæla mér í ræðustólnum þegar þeir eru í reynd að ráðast á hinn. Því að þetta svar hæstv. utanrrh. þegar hann fór að lesa upp úr viðtalinu við mig í sjónvarpinu var auðvitað bara enn ein árásin á hæstv. sjútvrh. og ekkert annað. Ekkert annað en árás á hæstv. sjútvrh.

Ég endurtek þess vegna ósk mína, hæstv. utanrrh.: Sjútvrh. hefur sagt að yfirlýsingar þínar stangist á, þær geti ekki báðar verið marktækar. Það er það sem sjútvrh. hefur sagt í þessum umræðum og við hér í þingsalnum viljum fá að vita það hvor yfirlýsingin er rétt. Því að það er sjútvrh. en ekki við sem segir að þú sért ómarktækur í þessum yfirlýsingum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil áminna hv. þm. um hefðbundin ávarpsform hér í ræðustól.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi leikaraskapur hv. þm. er enn eitt dæmi um málfluting hans sem út af fyrir sig er ekkert um að segja. Ef hann telur sér þetta sæmandi og ef hann telur þetta eitthvert innlegg í þessa umræðu þá hann um það. En það er ekki þessu máli til framdráttar og það er ekki hv. þm. til framdráttar þótt hann setji hér á svið eitthvert leikrit þar sem hann þykist vera að egna okkur, utanrrh. og sjútvrh. saman. Staðreyndin er sú að í þeirri tilvitnun sem hæstv. sjútvrh. fór með og kennd er við Þjóðarsál 10. júní kom það skýrt fram að ég var að tala um gagnkvæmar veiðiheimildir í því orðalagi sem hann las upp sjálfur. Það hefur aldrei farið neitt á milli mála og menn þurfa ekkert að vera að gera sér upp einhvern leikaraskap í því efni. Hv. þm. hafa þessar upplýsingar, þeir hafa þessar skýrslur og þessir textar liggja fyrir. Það þarf engan leikaraskap um málið, ekki neinn.

Það breytir hins vegar ekki því að ég var ekkert að hafa hæstv. sjútvrh. að háði eða spotti. Staðreyndin er sú að í þeim samningum sem fram hafa farið í sumar var verið að togast á í alvöru um mörg útfærsluatriði samningsins eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra og eins og fram kom í yfirlýsingum Kristjáns Ragnarssonar hér áðan. En eitt af þeim var ekki út af fyrir sig gagnkvæm skipti á veiðiheimildum, það lá fyrir í erindaskiptunum og á borðum allra manna og þarf ekki að setja neitt leikrit á svið út af því.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég árétta það, af því að hæstv. utanrrh. hafði ekki tekið eftir því, að ég leyfði mér að víkja lítillega að rammasamningnum líka. En það er hans mál hvort hann fylgdist með því eða ekki. Hitt er verra að ég hef ekki fengið enn svar við því hvers vegna misræmi er milli féttatilkynningar annars vegar og hins vegar þess texta sem við erum að fjalla um, hins formlega texta um það hvernig muni vera háttað upptöku máls ef við fáum ekki þá loðnuveiði sem gert er ráð fyrir. Ég hef ekki fengið svar við þessu. Ég fékk það ekki hjá hæstv. sjútvrh., ég fékk það ekki hjá hæstv. utanrrh. og ég hlýt að undrast þetta mjög. Þetta getur ekki verið mjög flókið mál en ég hef reyndar heyrt að þessi fréttatilkynning hafi komið víðar við en æskilegt hefði verið. Það kom fram hér í andsvari hjá hv. 1. þm. Austurl. þannig að það getur vel verið að það sé bara um að ræða að fréttatilkynningin hafi lent á einhverju flugi sem hún ekki hefði átt að gera.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. sjútvrh. svarar hv. þm. (**Sjútvrh.:** Það er ekki komið að því enn þá.) Hæstv. utanrrh., nú bið ég hv. þingheim forláts á að verða á hvað eftir annað að nefna menn rangt.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegur forseti. Ég tek undir það með hæstv. sjútvrh. að það er ekki komið að því enn þá. Ég verð hins vegar að biðja hv. þm. forláts að ég skil ekki spurninguna. Ég skil spurninguna einfaldlega ekki. Er hún um það hvernig eigi að taka málið upp ef nýta á réttinn t.d. vegna þess að loðnukvótunum hefur ekki verið úthlutað eða þeir eru minni en Grænlendingar þurfa til þess að hin gagnkvæmu skipti gangi upp?

Það gerist einfaldlega með því að þetta er réttur skráður samkvæmt þessum samningi og hvor samningsaðilinn getur leitað eftir því að taka upp viðræður samkvæmt þeim ákvæðum og það eru engir baksamningar um það með hvaða hætti það gerist og þarf ekki mjög flóknar útskýringar á því.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bið hæstv. utanrrh. forláts á því að ég var svo barnaleg að halda að hann hefði fylgst með ræðu minni. Hann mundi vita um hvað ég var að spyrja ef hann hefði gert það. Ég skal útskýra það. Í fréttatilkynningu og fréttum frá blöðum kemur það nákvæmlega fram að þau mörk sem 11% loðnukvóti EB má fara niður í eru nákvæmari útfærslur á því í hvaða tilvikum muni verða skertar karfaveiðiheimildir samkvæmt töluvert ítarlegri útfærslu heldur en ég fæ séð í þeim samningum sem okkur er ætlað að fjalla hér um. Og ég spurði hverju þetta sætti og ég ítreka þá

spurningu. Ég bendi á að ég las mjög ítarlega öll þau ákvæði sem gætu varðað þetta mál, bæði í bréfaskiptum og samningi og svo hins vegar fréttatilkynningu og misræmið ætti að vera hverjum manni fullljóst. Þarna er um ítarlega útfærslu að ræða í fréttatilkynningu og ég spurði: Hefur fréttatilkynningin gildi sem eitthvert lögskýringargagn?

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Hæstv. sjútvrh. svarar hv. þm.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:
Virðulegur forseti. Enn er ekki komið að því. En ég skal taka það fram að fréttatilkynningin er ekki lögskýringargagn.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Ég hlýt enn að biðjast forláts. Mér heyrist að ég hafi enn nefnt hæstv. utanrrh. sjútvrh. en það er svona þegar fiskur er til umræðu þá hættir manni til að hugsa til hæstv. sjútvrh.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:
Hæstv. forseti. Ég held að hæstv. forseta fyrirgefist því það er auðvitað ljóst að í vissum skilningi hefur hæstv. utanrrh. rænt völdum í sjútvrn. a.m.k. í þessu máli og keyrt þar vilja sinn yfir hæstv. sjútvrh. Það verð ég að segja, hæstv. forseti, að ég dáist að ósvífni hæstv. utanrrh. í málflutningi hér. Hún er með ólíkindum, mér liggur við að segja snilldarleg ósvífni af hálfu hæstv. utanrrh. Að koma hér eftir allt sem á undan er gengið í þessu máli og segja það blákalt að það hafi aldrei staðið annað til en skipti á veiðiheimildum. Allt annað sé rugl. Er hæstv. utanrrh. virkilega að ætlast til að við föllum fyrir því og trúum því þar með að þetta hafi allt verið misskilningur og rugl? Allt talið í hæstv. sjútvrh. um nauðsyn þess að tryggja gagnkvæmni í veiði, fundir í utanrmn., fundir í sjútvn., baknefnd hagsmunaaðila í sjávarútvegi og hálfs árs stopp í viðræðunum, allt misskilningur, allt rugl segir utanrrh. Stóð aldrei til annað en skiptast á veiðiheimildum. Þetta var allt frágengið í vor. Málið er auðvitað það, hæstv. utanrrh., að menn eru ekki svo skyni skroppnir að þeir viti ekki að til þess að veiða þurfti að skiptast á veiðiheimildum en menn töldu að jafnframt ætti að tryggja að um raunveruleg skipti á afla yrði að ræða. Nú er hæstv. utanrrh. að reyna að segja okkur að það hafi aldrei staðið til. Og það er ekki bara viðtalið við hann 1. des. í Morgunblaðinu sem er auðvitað rýtingur í bakið á sjútvrh. Hann er í raun og veru að segja að það hafi allir verið hafðir að fíflum í hálft ár. Og þá væntanlega viljandi. Og svo tekur hann til þess gamalkunna bragðs, sem hann hefur áður gert, hæstv. utanrrh., að taka sér einkarétt á staðreyndunum, „vi alene ved" sögðu dönsku kóngarnir. Hæstv. utanrrh. þarf að læra þessa setningu, hann einn veit, hann hefur einkaleyfi á staðreyndunum og er þess umkominn að slá til hliðar málflutningi allra annarra af því að hann hefur útgefið af guði almáttugum einkaleyfi á staðreyndum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:
Virðulegur forseti. Sennilega er það svo að mönnum lætur misjafnlega að látast. En ég verð að spyrja hv. þm. sem hér talaði áðan einfaldrar spurningar: Hefur hann séð textann af erindaskiptunum sem undirrituð voru í Óportó? Hefur hann lesið skýrslu sem fram var lögð um það mál hér á hinu háa Alþingi? Sé svo, fer þá nokkuð á milli mála að í þessum undirrituðu erindaskiptum var kveðið á um skipti á veiðiheimildum? Ég kem því ekki inn í mitt höfuð að það geti hafa vafist fyrir nokkrum manni að skilja það. Þetta breytir engu um það að í ljósi þess sem áður hefur verið sagt, þar á meðal um ólíkt eðli karfa og hins duttlungafulla fisks loðnu, þá var því fylgt eftir í viðræðum við Evrópubandalagið að ganga lengra. Að því er niðurstöðurnar varðar þá liggja þær nú fyrir. Og að því er varðar mat hagsmunaaðila á þeim þá liggur það fyrir. Að því er varðar mat hæstv. sjútvrh. á því þá liggur það fyrir. Menn telja að niðurstaðan hafi verið viðunandi og sé viðunandi trygg. Um hvað eru menn að deila?

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:
Virðulegur forseti. Hér hefur hæstv. sjútvrh. að sjálfsögðu ekki verið að rökræða um hið ólíka mat og auðvitað gera allir sér ljóst og vissu frá upphafi að til að þessi samskipti um veiðar gætu farið fram þá urðu menn að skiptast á veiðiheimildum, auðvitað. Enginn hafði hugarflug til að láta sér detta í hug að hér kæmi inn Evrópubandalagsfloti án þess að hafa veiðiheimildir. Svo langt held ég að engum hafi dottið í hug að ganga. En menn trúðu því vegna málflutnings m.a. sjútvrh. og fleiri hér á sl. vori að þessi skipti á veiðiheimildum sem koma fram í plöggunum ekki bara frá Óportó heldur strax 12. mars, ef hæstv. utanrrh. hefur lesið minnisblöðin frá því tveimur dögum að undirritað var í Brussel 12. mars, — þá kemur auðvitað fram að þetta eru skipti á veiðiheimildum en, hæstv. utanrrh., menn trúðu því þangað til núna að það hafi staðið til að útfæra þetta þannig að þetta jafngilti raunverulegum skiptum á afla. Og það er það ótrúlega sem mér finnst vera að koma fram hér á þessari kvöldstund að utanrrh. er í raun og veru að segja okkur: Þetta stóð aldrei til. Það var bara allt saman misskilningur. Sjútvrh. misskildi þetta, sjútvn. misskildi þetta, utanrmn. misskildi þetta, íslenskir fjölmiðlar misskildu þetta, ég einn vissi, ja sennilega frá því 12. mars en ef ekki þá a.m.k. frá Óportó að þetta stóð aldrei til.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:
Virðulegur forseti. Ég held að það sé enginn misskilningur í þessu máli. Öllum er ljóst að í erindaskiptunum var kveðið á um skipti á veiðiheimildum. Allir þekktu staðreyndir um þá fjölmörgu samninga sem eru í gildi og að þeir eru skilgreindir um skipti á gagnkvæmum á veiðiheimildum. Verkefni okkar í

samningunum var að skilgreina gangkvæmnina við ólíkar aðstæður og eins og fram kom í minni framsöguræðu, að tryggja það að ef loðnan brygðist þá yrðu karfaveiðar teknar til endurskoðunar. Ef loðnustofninn bregst þá þýðir það að enginn kvóti er gefinn út og þá verður ekki um neinar karfaveiðar að ræða og sama er að segja ef kvótinn er skorinn niður eftir upphaflegar úthlutanir. Með öðrum orðum, ég held að það sé alveg óþarfi að vera að ala á misskilningi og ég held að það sé enginn misskilningur. Þetta voru erindaskipti um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum og síðan hefur verið reynt í útfærslu í tvíhliðasamningi að tryggja og skilgreina nákvæmlegar gagnkvæmnina í þessum skiptum. Og ég held að það gefi ekki tilefni til stórra orða.

Útbýting þingskjala:

Kostnaður vegna löggæslu á skemmtunum, 281. mál, fsp. KHG, þskj. 398.

Norðurlandasamningur um almannatryggingar, 283. mál, stjfrv., þskj. 406.

Rafmagnseftirlit ríkisins, 280. mál, fsp. HG, þskj. 397.

Samþykktir um stjórn sveitarfélaga, 282. mál, fsp. KHG, þskj. 399.

Umhverfismál og upplýsingamiðlun, 42. mál, nál. umhvn., þskj. 404; brtt. umhvn., þskj. 405.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þessum fundi verður nú frestað til kl. hálfníu. En forseti vill upplýsa að mjög margir eru á mælendaskrá þannig að búast má við alllöngum fundi. — [Fundarhlé.]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Mér þætti eðlilegt að ábyrgðarmaður þessa máls, hæstv. utanrrh., væri viðstaddur umræðuna og vildi ég spyrjast fyrir um það hvort hæstv. forseti vildi ekki gera ráðstafanir til þess að hann mætti í salinn. (**Forseti:** Forseti mun kanna það þegar í stað hvort hæstv. utanrrh. geti ekki verið viðstaddur umræðuna. — Þá gengur hæstv. utanrrh. í salinn.) Herra forseti. Þá er mér ekkert að vanbúnaði að segja þessi fáu orð.

Ég tel að hér sé að gerast ömurlegur atburður. Til þessa hefur verið þjóðareining um að veita ekki aðgang að fiskimiðum fyrir aðgang að markaði. Um þetta hefur verið ágæt eining í öll þessi ár sem við höfum staðið í landhelgisbaráttu og eftir það. Nú er horfið frá þessari þjóðareiningu. Að kröfu EB er gerður samningur um fiskveiðar jafnhliða EES-samningi og verði hann ekki gerður þá verður heldur ekki úr fullgildingu EES-samningsins. Við veitum sem sagt aðgang að fiskimiðum okkar. Hæstv. utanrrh. talaði um að verið væri að fylla upp í eyðu ef ég tók rétt eftir hans orðum. Einu sinni lögðum við upp með það að berjast fyrir fríverslun með fisk en það á ekki upp á pallborðið hjá hæstv. utanrrh. Hér er að vísu ekki um mikið magn að ræða og það er ekki nema í fyrstu lotu, ekki eru nema 18 skip frá Evrópubandalaginu sem fá heimildir til að veiða á Íslandsmiðum. Það eru frystitogarar, það er spurning hvernig eigi að skilgreina þessi skip. Í samningnum segir að verksmiðjuskipum verði ekki leyft að veiða. Ég hef fyrir satt að sums staðar séu þau skip sem heimildir fá til veiða á Íslandsmiðum talin til þeirrar tegundar í heimalöndum sínum.

Mér sýnist líka að síðasta vígi hæstv. sjútvrh. sé fallið. Hann hefur góðu heilli barist fyrir því að fiskur kæmi gegn fiski en það er ekki svo í þessu tilfelli. Hér er heimild gegn heimild. Mér hefur þótt sorglegt að fylgjast með átökunum í ríkisstjórninni og sjá hvernig hallar á hæstv. sjútvrh. og það er ýmislegt auðmýkjandi í þessum samningi. Það er tekinn upp rammi frá 1981, drög að samningi, sem gerður var af embættismönnum 1981, — ég undirstrika af embættismönnum — og ekki naut þá stuðnings í páv. ríkisstjórn og var lagður til hliðar. Nú er sá rammi vakinn upp og reyndar eru aðstæður breyttar og er enn þá óskynsamlegra að nota núna en á þeim tíma.

Við föllumst á a.m.k. 10 ára rammasamning og það eru að vísu ekki nema 3.000 tonn af karfa í ár. Það kann að vera að einhverjum þyki það ekki mikið en það er bara tímabundið sem þeir láta sér nægja þetta. Þarna er verið að rétta litla fingurinn og á móti á að koma fiskur sem í allmörgum tilfellum, kannski í öllum tilfellum næstu 10 ár verður pappírsfiskur eða fiskur sem við þurfum ekki að kaupa af einum eða neinum. Eftir því sem ég best veit hefur Evrópubandalagið ekki bréf upp á loðnu við Grænland nema næsta ár og hvað vísa þeir okkur á þar á eftir?

Í viðauka A og B eru viðfangsefni næsta árs skilgreind og er margt við þennan samning að athuga. Það eru 18 togarar sem fá leyfi til veiða í efnahagslögsögunni. Ísland má krefjast þess að eftirlitsmaður verði um borð. Ég ætla að vona að ríkisstjórnin haldi sig við það að setja eftirlitsmenn um borð. Af reynslu annarra þjóða af fiskveiðum flota EB held ég að draga verði í efa að þeir verði nákvæmir að fara eftir reglum því að þeir hafa ekki verið það annars staðar. Eftirlitsmaður á ekki að hafa lakari vist um borð en yfirmenn. Hann fær sjálfsagt nóg að éta og drekka og gott rúm til að sofa í. Ég er ekki að efa það. Málið er það að hann þarf að sofa og jafnvel yfirburðamönnum eins og hæstv. ráðherrum er ekki treystandi til þess að gæta þess að reglur séu ekki brotnar ef þeir væru einir á hverju skipi. Óprúttnir skipstjórar gætu jafnvel farið á bak við hæstv. utanrrh. væri hann um borð og meira að segja farið á bak við hæstv. sjútvrh. Ég held að ekki sé fullt hald í þessu eftirliti sem þarna er talað um.

Menn hafa rætt í dag um hvort væri verðmætara, 3.000 tonn af karfa eða 30 þús. tonn af loðnu. Ég ætla ekki að blanda mér inn í þá umræðu. En við eigum þessa loðnu ekki vísa og það er ekki einu sinni sýnd veiði. Við höfum tekist á um samninginn um EES. Réttlætingin fyrir því að gera samninginn er það að við fáum tollahagræði fyrir aðgang að fiskimiðum. Þetta hagræði er nokkuð umfram það sem er í bókun 6 sem okkur hefur reyndar reynst vel á undanförnum árum. Ég held að við hefðum getað fengið þessa tollaniðurfellingu strax 1976 með svona samningi. Ekki þótti rétt

að gera hann þá og ég tel að ekki sé rétt að gera hann enn.

Við opnum landhelgina í fyrstu lotu fyrir 18 skipum en hvaða hald verður í ákvæðum um bann við beinni eignaraðild útlendinga í frumfiskvinnslu og útgerð þegar fram í sækir? Ég held að óbein eignaraðild, sem er heimil, komi til með að skekkja alla þá mynd fyrr en varir. Eignarhald útlendinga í íslenskum fiskmörkuðum er heimil og eignarhald útlendinga til frekari vinnslu er heimil. Fjmrh. vill opna þetta enn þá meira en gert er í þessu samningstússi sem nú er að taka enda.

Ég spyr: Hvert stefnir sú ríkisstjórn sem gerir slíkan samning? Hverja framtíð ætlar hún íslenskri þjóð og hvaða vörð stendur hún um hagsmuni þjóðarinnar? Ég er svartsýnn á að hún standi sig í stykkinu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vænti þess að hæstv. utanrrh. sé ekki fjarri og reyndar er það svo að mér finnst það sæta nokkrum tíðindum, hæstv. forseti, að jafnfámennt, þó góðmennt sé, hafi verið við umræðuna. Ætla mætti að hér væri minni háttar mál á ferðum, a.m.k. ef marka má fjölda hv. svokallaðra stjórnarþingmanna sem voru ýmist einn, tveir eða enginn á meðan þessi umræða fór hér fram fyrir kvöldmatinn. Nú er hér að vísu einn hv. þm. virðingarverður og jafnvel tveir sem væntanlega á að flokka með stjórnarliðinu og þó. Það hefur allt sinn tíma að leiða það í ljós en mér finnst satt best að segja með nokkrum ólíkindum ef þessi umræða um samninginn, þennan sögulega samning, fer fram að viðstöddum einum og tveimur þingmönnum stjórnarliðsins og þar af virðist enginn ætla að taka til máls eða hefur a.m.k. ekki gert það enn sem komið er. Öðruvísi mér áður brá. Einhvern tíma hefðu mál sem vörðuðu sjálfan tilverugrundvöll íslensku þjóðarinnar, leyfi ég mér að segja, þ.e. réttindi okkar í fiskveiðilögsögu okkar dregið að sér meiri viðveru í þingsölum.

Ég sakna þess, hæstv. forseti, að umræðan hefur enn sem komið er að mínu mati alls ekki verið í því víðtæka samhengi sem henni ber að vera. Ég er ekki með því að gera lítið úr þeirri efnislegu umræðu sem fór hér fram fyrir kvöldmatarleytið sem aðallega snerist um það hvort um raunverulega gagnkvæmar veiðiheimildir eða veiðiheimildaskipti væri að ræða, hvort þær veiðiheimildir væru jafnverðmætar o.s.frv. en ég tel auðvitað að á ferðinni sé miklu víðtækara mál sem varði mun stærri grundvallarhagsmuni Íslendinga en þá eina hvort í þessum afmarkaða samningi til eins árs hafi tekist sæmilegt jafnvægi í veiðiheimildum eða verðmætum. Ég tel að auðvitað sé á ferðinni mál sem óhjákvæmilegt er að setja í samhengi við baráttu okkar Íslendinga fyrir fullum umráðarétti landhelginnar og efnahagslögsögunnar og í raun og veru setja það í samhengi við grundvallarstefnu íslenskra stjórnmála fram til þessa tíma, fram til og með tilkomu þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Því verður ekki á móti mælt. Um ýmislegt geta menn þráttað í þessum efnum en því verður ekki á móti mælt hvað sem hver segir að hér er verið að taka fyrsta skrefið til baka eftir langa, langa ferð fram á við. Allt frá byrjun aldarinnar og jafnvel fyrr þegar menn fóru að ræða um nauðsyn þess að Íslendingar færðu út landhelgismörk og kæmu erlendum skipum a.m.k. út úr fjörðum og flóum hefur íslenska þjóðin verið í sókn. Hún hefur sótt sér aukinn rétt, fært út lögsögumörk sín allt fram að þessum tíma. Hér er verið að taka fyrsta skrefið til baka. Það er sama hvað hver segir. Það er sama hversu oft hæstv. utanrrh. heldur hinu gagnstæða fram og telur sig hafa einkarétt á sannleikanum. Hann mun aldrei geta þurrkað út þá sögulegu staðreynd að nú koma skip á nýjan leik inn í lögsögu sem Íslendingar voru áður búnir að sitja einir að eða svo gott sem.

Ásókn erlendra skipa á Íslandsmið vex á nýjan leik. Þessa staðreynd mun hæstv. utanrrh. ekki megna að má af spjöldum sögunnar. A.m.k. vona ég að Íslands saga verði framvegis skrifuð með það trúverðugum hætti að þessi tímamót standi þar. (**Gripið fram í:** Því er nú ekki að treysta.) Það er auðvitað rétt hv. þm. Menn hafa víða verið að fikta við söguna og það er ekki til eftirbreytni. En við skulum vona að þau dapurlegu örlög dæmist ekki yfir söguþjóðina Íslendinga að geta ekki haldið þessari staðreynd til haga.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að fara að rifja upp sjálfsögð atriði í málinu sem allir þekkja. Undanhaldið þekkja menn. Frá því að Íslendingar settu kröfur sínar fram í Ósló og hæstv. þáv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, lýsti því sem hinum pólitíska aðgöngumiða að þessum viðræðum af Íslands hálfu að menn eygðu þar vonina um fríverslun með fisk. Það væri aðalkrafa Íslendinga og í sigurvímu vegna þess að EFTA hefði fallist samningsbundið á kröfur Íslendinga um fríverslun með fisk, þá væri rétt að láta á þessar kröfur reyna jafnframt innan Evrópubandalagsins. Ég helt því reyndar fram að sú krafa væri ekki í höfn því að þar hefðu ýmsir verið, og þar á meðal frændur okkar Norðmenn, með kaldar fætur. Ég átti eftir að sjá það að Norðmenn stæðu við samþykktir EFTA um fulla fríverslun með fisk í hinum eiginlega skilningi, þ.e. þeir afnema alla sína styrki eins og samningar EFTA stóðu til. En gott og vel. Þetta var krafan, með þetta var lagt upp og síðan þekkja menn í grófum dráttum söguna, ég vil segja fram að þeim tíma að íslenska samninganefndin og Evrópubandalagið skiptust á minnisblöðum þann 12. mars 1992. Ég tel að það sé hæverska af hæstv. utanrrh. að miða ævinlega fræga undirritun sína við Óportó sem hann gerði ódauðlega í ræðu um kvöldið þegar hann spáði því að Evrópubandalagið mundi líða undir lok snemma á næstu öld (**Gripið fram í:** Hvenær var það?) og eru örugglega einhver merkilegustu ummæli sem fallið hafa í allri samningaþvælunni og ein af fáum þar sem við hæstv. utanrrh. erum hjartanlega sammála. Ég er sammála hæstv. utanrrh. um þetta. Ég hef þá tilfinningu að hugmyndafræðin undir þessu bandalagi sé að gliðna og mér er stórlega til efs að synir mínir munu hafa lokið framhaldsskólaprófi þegar Evrópubandalagið verður liðið undir lok í núverandi mynd.

Vegna orðaskipta sem fóru fram fyrir kvöldmatinn

eða þess hnífakasts milli hæstv. sjútvrh. og hæstv. utanrrh. sem hér fór fram í raun og veru með lítt dulbúnum hætti, held ég, hæstv. forseti, að alveg óhjákvæmilegt sé að ferill þessa máls verði rakinn frá og með undirritun eða skiptum á minnisblöðum í tengslum við samningaundirritunina, þ.e. þegar samningamenn settu stafina sína undir um miðjan marsmánuð sl. Ég tel ekki að boðlegt sé að skilja við það þannig að hæstv. sjútvrh. og hæstv. utanrrh kasti hnífum á milli sín með þeim hætti sem þeir gerðu fyrir kvöldmatinn og svo verði látið við það sitja á Alþingi Íslendinga. Ég fer fram á það að þetta mál verði upplýst, þar á meðal samningskröfur Íslendinga, sem hæstv. sjútvrh. vitnar hér í til marks um það, sem og viðtal við hæstv. utanrrh. frá 10. júní, að staðið hafi til að reyna að sækja Íslendingum kröfuna um gagnkvæm skipti í formi eiginlegrar veiði. Hvernig voru samningskröfur Íslendinga? Hvar eru þær til á blaði? Er hægt að fá þær birtar? Ég tel að það sé óhjákvæmilegt í framhaldi af ummælum hæstv. sjútvrh. áðan, því það er auðvitað alveg furðulegt að hæstv. utanrrh. skuli 1. des. sl. koma fram og segja ósköp einfaldlega si svona í viðtali við Morgunblaðið: „Ekki hægt að semja um afla upp úr sjó.“ — Og síðar í undirfyrirsögn í sama viðtali: „Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. segir að niðurstaða samkomulags Íslands og Evrópubandalagsins um gagnkvæmar veiðiheimildir hafi í raun legið fyrir að mestu leyti í vor,“ — svo kemur aldeilis gullvæg setning: „og aldrei hafi farið á milli mála að ekki væri hægt að semja um skipti á afla upp úr sjó.“

Þarna er nokkuð sterklega til orða tekið, að það hafi aldrei farið á milli mála að ekki væri hægt að tryggja það sem átti að heita samningskrafa Íslands frá því á sl. vori og í hálft ár olli því að engar viðræður fóru fram.

Ég segi nú, hæstv. utanrrh., hvers konar skrípaleikur er á ferðinni? Er virkilega verið að segja að þetta hafi allt verið eitt sjónarspil? Hvers vegna skrifuðu menn þá ekki strax í vor undir þessar nótur sem búnar voru til í marsmánuði sl.? Staðreyndin er auðvitað sú að samninganefndarmenn utanrrh. sömdu þennan möguleika af Íslendingum 12. mars 1992. Í minnisblaði um þau nótuskipti, sem ég hef hér að vísu á ensku, er alveg ljóst að verið er að tala um skipti á veiðimöguleikum. Deilan stendur ekki um það, hæstv. utanrrh., heldur hitt að menn tóku mark á því að menn hefðu ekki samið af sér möguleikann um að tryggja að það yrði jafngilt skiptum á raunverulegri veiði. Og að koma hér nú og halda því fram að það hafi aldrei staðið til, það hafi aldrei verið inni í myndinni, það hafi aldrei verið mögulegt, er með ólíkindum.

Það vill svo til að ég sat t.d. fund með hæstv. sjútvrh. í sjútvn. Við hlutuðumst til um það í sjútvn. að fá fulltrúa sjútvrn. á fund til þess að fara yfir stöðu þessa máls. Þó forræði þess sé í höndum utanrrmn. er þetta í eðli sínu faglegt mál sjávarútvegsins, a.m.k. hvað stjórnun á þessum veiðum og eftirlit með þeim o.s.frv. varðar. Þar var því lýst, og hér inni eru menn sem geta staðfest það, að ekki kæmi til greina að hvika frá kröfunni um raunveruleg skipti á afla. Þannig yrðum við Íslendingar að binda um hnútana og allt annað væri undanhald og uppgjöf sem við gætum ekki sætt okkur við.

Ég verð að segja að það er heldur nöturlegt fyrir hæstv. sjútvrh., sem tók þátt í því með öðrum gestum á fundinum að fullvissa sjútvn. um það á vormánuðum að frá þessum kröfum yrði ekki hvikað, að falla nú frá þessu. Er það þá annar svardaginn í sambandi við þessa samninga sem hann verður uppvís að að falla frá. Hinn er auðvitað margfrægur svardagi hæstv. sjútvrh. úr þessum ræðustól um að ekki komi til greina að samþykkja samninginn um Evrópskt efnahagssvæði nema fullt tollfrelsi í eiginlegri merkingu náist fyrir allar íslenskar sjávarafurðir. Ég veit að hv. alþm. muna þetta.

Auðvitað ætti þetta mál að liggja svo ljóst fyrir að ekki ætti að þurfa að fara í heimildakönnun til þess að fá staðfest að þessu var haldið að þjóðinni, ekki bara af sjútvrh. Þetta var ekki bara sagt á lokuðum fundi í sjútvn. og væntanlega í utanrmn. Þetta var í hinni almennu umræðu um málið allt sl. vor. Það vill svo til að ég lét taka saman blaðaúrklippur fyrir mig frá þessum tíma. Þær eru allar á eina lund. Þær snúast um það með hvaða hætti verði hægt að ná fram kröfu Íslendinga um raunveruleg skipti á afla.

Ég er með blaðaúrklippur úr Morgunblaðinu frá því upp úr miðjum marsmánuði og úr DV þar sem Einar Oddur Kristjánsson talar m.a. um flotann ósigrandi, þ.e. hinn nýja, ekki hinn konunglega gamla flota frá Spáni heldur nýja flotann ósigrandi, EB-flotann. Einar Oddur Kristjánsson, sem þá var formaður VSÍ, sagði í viðtali við DV 17. mars, aðspurður með þessum hætti:

„Getur þú séð fyrir þér flota Evrópubandalagsins í íslenskri landhelgi?“ — Hverju svaraði formaður VSÍ á þessum tíma? „Ég get ekki séð það fyrir mér. Sá floti yrði ósigrandi kæmi hann inn.“ — Flotinn ósigrandi.

Það lá strax fyrir að þeir menn sem menn hefðu mátt taka nokkurt mark á, hygg ég, sögðu á þessum útmánuðum að auðvitað væri það til málamynda og hreinn blekkingarleikur að láta þessi skipti á loðnu koma í staðinn fyrir veiðar Evrópubandalagsins á karfa. Ég er sömuleiðis með blaðaúrklippur þar sem Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, segir: „EB loðnan mundi engu bæta við veiðiheimildir okkar. Verðum að hætta að tala um þessa loðnuvitleysu, segir Jakob Jakobsson fiskifræðingur.“ — Hann segir enn fremur: „Og við verðum að hafa manndóm í okkur til að krefjast sams konar veiðiréttar í lögsögu bandalagsins og þeir fá hér. Ég fæ ekki betur séð en allt annað sé hrein undanlátssemi og uppgjöf af okkar hálfu.“

Ég held að þarna hafi Jakob hitt naglann á höfuðið.

Auðvitað mun það eiga eftir að ganga illa að útskýra fyrir ýmsum í hverju gagnkvæmnin sé fólgin þegar allar veiðarnar fara fram innan íslenskrar efnahagslögsögu. Bæði okkar veiðar og Evrópubandalagsins. Hvar er þá gagnkvæmnin? Það vantar a.m.k. eitthvað upp á í venjulegum skilningi mínum. Það er ekki gagnkvæmni í þeim skilningi að við fáum jafnmikinn umsvifarétt í lögsögu Efnahagsbandalagsins. Ó, nei.

Allar veiðarnar koma væntanlega til með að fara fram í íslenskri efnahagslögsögu. Er það gagnkvæmni í sjálfu sér? Svarið er nei.

Menn hafa líka í þessari umræðu að mestu leyti horft fram hjá þeirri staðreynd að í gildi er samningur milli Íslands, Noregs og Grænlands um hinn sameiginlega stofn, loðnuna, sem er okkur mjög hagstæður og hefur gert það að verkum undanfarin ár að við höfum mátt veiða megnið af þessari loðnu fyrir ekki neitt. Hver er þá gagnkvæmnin ef við erum allt í einu farnir að borga 3 þús. tonn af karfa fyrir loðnu sem við höfum flest árin veitt hvort sem er? Hver er þá gagnkvæmnin í því tilliti? Samningurinn er þannig úr garði gerður og segir skýrum orðum að nái ekki Grænlendingar eða Norðmenn sínum hluta af kvótanum á yfirstandandi vertíð þá beri Íslendingum að reyna að veiða hann. Síðan skal að vísu ef óumflýjanlegar kringumstæður hafa orðið til þess að þeir náðu ekki sínum kvóta leitast við að jafna það aftur á næstu vertíð. Niðurstaðan hefur hins vegar orðið sú að Grænlandskvótinn, eða svokallaður Evrópubandalagskvóti, hefur fallið okkur í skaut vegna þess að þessa forsendu hefur brostið. Ástæðan fyrir því að hann hefur ekki veiðst hefur verið sú að þeir hafa ekkert reynt til þess nema að mjög litlu leyti. Þá fara engar leiðréttingar fram.

Það er því ekki hægt með vísan í reynsluna að mæla því í mót að við erum þarna í raun og veru að kaupa að langmestu leyti loðnu miðað við reynslu undanfarinna ára sem við höfum veitt hvort sem er. Hvar er þá gagnkvæmnin?

Ég vil enn fremur vegna þeirra orða hæstv. utanrrh. — sem vonandi hefur nennu í sér til að vera hér einhvers staðar nærstaddur og tekst mér þá vonandi að hrekja endanlega þann þvætting sem hæstv. utanrrh. ber nú á borð — að það hafi aldrei verið inni í myndinni að samið yrði um gagnkvæmni í formi raunverulegs afla, vitna í minnisblað frá utanrrh. til utanrmn. þar sem verið er að gera grein fyrir stöðunni í þessu máli á haustmánuðum. Hvað er sagt í þessu minnisblaði sem við nefndarmenn í sjútvn. fengum í hendur meðal annarra? Það er verið að fjalla um kröfur Íslendinga í þessum viðræðum og hvernig þau mál standi. Þar segir:

„Upphafleg krafa okkar var að EB tæki þar á sig alla ábyrgðina.“ Þ.e. að deilan stendur nú um það hvernig taka skuli á því ef ekki tekst að veiða allt það magn sem vísindamenn töldu óhætt að veiða og kvóti hafði verið gefinn út fyrir. Utanrrn. segir í þessu minnisblaði þar sem verið er að gera grein fyrir stöðu málsins rétt áður en farið var á síðasta samningafundinn: „Upphafleg krafa okkar var að EB tæki þar á sig alla ábyrgðina“ — með öðrum orðum alla ábyrgðina á því ef loðnan veiddist ekki — „jafnvel þótt þegar hefði verið veitt úr loðnustofninum meira magn en nægði fyrir framsali Grænlendinga til EB á þeim 30 þús. tonnum sem síðan eru framseld Íslandi.“ Það var upphafleg krafa Íslands. Það staðfestir auðvitað það sem hæstv. sjútvrh. sagði áðan og hrekur það sem utanrrh. sagði í viðtali við Morgunblaðið.

Síðan segir áfram, og það eru líka merkilegar upplýsingar um það hvernig þessu undanhaldi var háttað sem hæstv. utanrrh. kannast nú ekki við:

„Í sumar viðraði íslenska samninganefndin þá breytingu að ábyrgðin á óveiddu tonnunum í lok vertíðar skyldi skiptast hlutfallslega milli Íslands og EB.“

Það var krafan í sumar að Íslendingar og Evrópubandalagið tækju til helminga ábyrgðina ef loðnan veiddist ekki.

Svo kemur rúsínan í pylsuendanum sem sagði okkur á sameiginlegum fundi sjútvn. og utanrmn., sem haldinn var 16. nóv. sl., allt sem segja þurfti um það hvað í vændum var:

„EB heldur fast við að það geti ekki tekið á sig ábyrgð á því að Íslendingar nái allri loðnunni, enda hafi EB afsalað sér réttinum til þess að ná þessari loðnu á vertíðinni, auk þess sem íslenskir vísindamenn eigi meginþátt í tillögugerð um kvóta. Hann sé yfirleitt ákveðinn af íslenskum ráðherrum og íslenskir útgerðarmenn og sjómenn stjórni sókn í veiðarnar.“

Hér lýsir utanrrh. því hvernig upphafleg krafa Íslands í þessum viðræðum hafi verið að Evrópubandalagið eitt tæki á sig alla ábyrgðina af því að loðnan veiddist. Á miðju sumri hefur það greinilega verið reifað við Evrópubandalagið að menn mættust á miðri leið og deildu til helminga ábyrgðinni af því að loðnan veiddist ekki. Utanrrn. botnar þetta með því að segja: Því miður, kæru vinir, Evrópubandalagið er ekki tilbúið til að falla frá þessu þannig að við verðum að gefast upp.

Þetta minnisblað, sem tekið skal fram að var dreift sem trúnaðarmáli til utanrmn. og sjútvn. á fundi 16. okt., er í mínum höndum og ég leyfi mér að vitna í það til þess að hrekja þau ósannindi sem hæstv. utanrrh. hefur verið að reyna að bera hér á borð með skjölum frá hans eigin ráðuneyti. Ég spyr hæstv. utanrrh.: Ætlar hann að afneita þessu plaggi? Ætlar hann að mótmæla því að ég afhendi það fréttamönnum? Ég mun gera það ef hann kveinkar sér ekki eitthvað. Og komi svo hæstv. utanrrh. hér eina ferðina enn og segi að það hafi aldrei staðið til að gera kröfu um það að loðnan veiddist — hann verður þá a.m.k. að afneita þessu plaggi tvisvar hvort sem við heyrum einhverja hana gala eða ekki.

Nei, hæstv. forseti. Þetta er auðvitað slík ævintýramennska í málflutningi sem hæstv. utanrrh. hefur ástundað hér að ég hef sjaldan orðið vitni að öðru eins. Ég er satt best að segja hneykslaður og vonsvikinn á því hversu litla athygli þessi ömurlegi sjávarútvegssamingur hefur hlotið. Ég tel að frammistaða utanrrn. og auðvitað líka sjútvrh. á lokasprettinum, sem greinilega gafst upp og lét labba yfir sig í þessu máli, sé til skammar.

Ég er aldeilis gáttaður á þeim forsvarsmönnum í íslenskum sjávarútvegi sem hafa lekið svona niður í málinu. Ég batt vonir við það lengi vel vegna þess að þeir voru hikandi í stuðningi sínum við þetta mál að í þeim yrði eitthvert hald í þessum efnum, en svo ætlar ekki að reynast. Því miður. Ég veit það að vísu vel af persónulegum samtölum við ýmsa menn úr röðum sjávarútvegsins að þar eru menn með hundshaus að lýsa

blessun yfir EES-samningnum og þessum sjávarútvegssamningi og með fyrirvara þó.

Því svo kemur að því að skoða hvað felst í þessum viðauka A um aflaheimildirnar sem er kjarni málsins og eru nótuskiptin frá 12. mars 1992 í raun og veru þýdd yfir á íslensku án þess að nokkur tilraun hafi verið gerð að því er séð verður til þess að lagfæra þau í þágu íslenskra hagsmuna.

Þar er talað um skipti á veiðiheimildum en afli hvergi nefndur á nafn. Hvað segir það okkur í ljósi þess að hin upphaflega krafa Íslands var sú? Halda menn þá að það sé tilviljun að samningsniðurstaðan nefnir hvergi á nafn nauðsyn þess að skipst sé á raunverulegri veiði? Það er ósköp einfaldlega sönnun þess að þessi krafa Íslands hvarf út af borðinu og er hvergi á blaði í textanum sem bindur niðurstöðuna. Menn geta farið í gegnum þetta plagg eins og þeim sýnist og finni þeir einhvers staðar í textanum að gagnkvæmni skuli ríkja í veiðum, þá bið ég þá að láta mig vita. Ég þykist hafa lesið þetta og ég hef hvergi fundið það. Segir það ekki sína sögu í ljósi þess hver var upphafleg krafa Íslands, þ.e. sú krafa sem sett var inn á sl. vori eftir að hæstv. utanrrh. hafði samið þetta mál af Íslendingum eða samninganefndarmenn hans með nótuskiptunum frá því í mars og undirskriftinni í maí? Það er nú þannig.

Það er tekið fram og því er slegið upp í fréttatilkynningu utanrrn. sem tíðindum að ef kvótinn minnki vegna þess að stofninn hrynji, þá verði minnkað hjá hinum líka. Ég segi bara: Þvílíkt hugarflug. Datt mönnum það jafnvel í hug að ef t.d. annar stofninn hryndi, segjum loðnustofninn, þá gæti það komið til greina að Evrópubandalagið fengi áfram að veiða 3 þús. tonn af karfa? Ég hafði ekki hugarflug til þess. Mér þykja það því ekki fréttir, hæstv. utanrrh., að ef kvótinn öðrum megin sé minnkaður þá verði hann líka minnkaður hinum megin. Það þykja mér ekki fréttir. Mér þykja það ekki fréttir að ef breyta þarf áður útgefnum kvóta þá breytist hann líka hinum megin. Það þykja mér ekki fréttir.

Staðreyndin er sú að það er eingöngu þessi hlið mála sem fjallað er um í viðauka A um veiðiheimildir. Þar er hvergi nefnt á nafn hvað skuli gera ef þrátt fyrir það að stofninn þoli veiði þá náist hún ekki af einhverjum öðrum orsökum. Það er þá þetta fína orðalag um „ófyrirséðar ástæður" sem koma upp sem á að vera haldreipið og tryggingin. Í hvaða samhengi er það orðalag þegar ljóst er og liggur fyrir að Evrópubandalagið hafnaði kröfunni um gagnkvæmni í veiðum? Hverju var Evrópubandalagið að hafna? Það var að hafna því að við gætum krafist leiðréttingar ef veiðin næðist ekki þrátt fyrir það að stofninn væri talinn þola hana. Rétturinn sem við höfum í því sambandi er — hver er hann? Hann er að óska eftir fundi. Hann er að óska eftir því að fá að hitta þá og annað ekki. (Gripið fram í.) Það er að vísu ekki tekið fram hvort þeir fundir skulu vera í Brussel eins og hefðin virðist vera að verða eða í Reykjavík. Þau eru að vísu fín veitingahúsin í Brussel og ég veit að ýmsum líður vel þar, en það er þó ekki tekið fram. Það eru kannski mistök af samningamönnum að láta þess ekki getið að fundurinn megi þá gjarnan vera í Brussel.

Það er alveg sama hvernig menn reyna að snúa sig út úr því að þeirri staðreynd verður ekki neitað að Evrópubandalagið hafnaði því að inn í samningana kæmu gagnkvæmar tryggingar gagnvart raunverulegri veiði. Það skipti máli í þessu sambandi, ekki hitt. Hitt eru tómar „selvfølgeligheder" eins og Þórbergur hefði sagt, þ.e. að auðvitað kom það aldrei til greina að gera svo vitlausan samning að kvótarnir gætu beinlínis verið misjafnir þegar þeir væru gefnir út. Ég held að enginn hafi haft hugarflug til þess nema höfundur fréttatilkynningar utanrrn. sem slær því upp sem miklum tíðindum að slíkur árangur hafi náðst í samningagerðinni að það sé tryggt að kvótarnir verði ekki mismunandi stórir. Þvílík ósköp.

Það eru ekki tíðindi að verði loðnuveiðar alls ekki leyfðar á einhverri vertíð þá skuli Evrópubandalagið ekki fá karfa. Því er slegið upp sem mikilli frétt í fréttatilkynningu utanrrn. Það eru ekki tíðindi finnst mér að verði leyfður heildarafli úr loðnustofninum minni en svo að 11 prósentin Grænlendinganna dugi á móti karfanum þá minnki það. Það eru ekki tíðindi. Því er slegið upp sem mikilli frétt og miklu afreki í fréttatilkynningu utanrrh. Það eru heldur ekki tíðindi að ef þurfi að minnka kvótann sjálfan af líffræðilegum orsökum skuli það jafnað hinum megin.

Ég held að engum hafi nokkrun tímann dottið nokkuð annað í hug en að útgefnir kvótar yrðu að minnsta kosti að standast á. Hvað er verið að reyna að gera með því að slá svona löguðu upp sem fréttum? Það er verið að breiða yfir þá staðreynd að það sem máli skiptir tapaðist. Það var tryggingin fyrir því að um raunverulega veiði á móti raunverulegri yrði að ræða. Það að leggja að jöfnu 30 þús. tonn af loðnu og 3 þús. tonn af karfa við þessar aðstæður á grundvelli svona samnings er að mínu mati svo óralangt í burtu frá því að geta talist gagnkvæm niðurstaða að það er út í hafsauga.

Landsmenn þekkja væntanlega flestir hvernig loðnan hegðar sér. Þetta er skammlífur stofn sem tvisvar á sl. 10–12 árum hefur nánast horfið út úr veiðinni. Karfinn er hins vegar í hópi þeirra fiska sem langlífari verða. Stofninn er af þeim sökum með innbyggðan miklu meiri stöðugleika ef ekki verða meiri háttar náttúrulegar katastrófur og er auk þess hegðunar sinnar vegna allt annar og meðfærilegri fiskur hvað stöðugleika í veiðum snertir. Einnig að því leyti til er þessi niðurstaða óviðunandi. Hún er ekki gagnkvæm í þeim skilningi að þeir stofnar sem verið er að vísa í séu sambærilegir.

Ég tel að út af fyrir sig verði ekki miklu bætt við umræður fyrr í kvöld um raunverulegt verðmæti þessara kvóta sem menn eru þarna að nafninu til að að skiptast á. Ég verð þó að játa að mér finnst alveg furðulegt þegar það liggur á borðinu bara með því að reikna þetta magn á grundvelli núverandi verðmæta upp úr sjó, sem hvert mannsbarn sem komið er upp úr sjötta eða sjöunda bekk í barnaskóla getur, þá kemur það í ljós að karfinn er mun verðmætari miðað við nú-

verandi verð á kílói upp úr sjó og þá skuli það enn vera borið á borð fyrir okkur að Íslendingar hafi grætt einhver ósköp á þessum skiptum, jafnvel 20%. Eru menn þá að horfa fram hjá þeirri staðreynd að loðnan fer beint í bræðslu og þar eru hverfandi möguleikar á að auka verðmæti hennar? Þeir eru hins vegar miklir í karfanum og er gjarnan gert. Kílóverðið þar getur því hækkað snarlega í gegnum aukna úrvinnslu í landi o.s.frv.

Ég held að það sé bara ekki mergurinn málsins. Það er minni háttar mál að mínu mati borið saman við hitt sem kom svo út úr þessu. Hvað margar krónur og aurar í einhverjum aukastöfum er hverfandi mál borið saman við stóru atriðin í þessu sem eru grundvallarréttindi Íslendinga í þessum efnum og sú stefnubreyting sem er að verða með þessum samningi og þessari aumu hæstv. ríkisstjórn í afstöðu okkar Íslendinga til landhelginnar og réttinda okkar þar.

Herra forseti. Það kom líka fram og var nokkuð fróðlegt í orðaskiptum hæstv. sjútvrh. og hæstv. utanrrh. — sem ekki tolla hér í þingsalnum frekar en venjulega og er þó ekki svo vel liðað hjá þeim stjórnarliðum að þeim fáu sem eru á staðnum veiti af að sitja hér inni. Er heldur aumingjalegt verð ég að segja, hæstv. forseti, þó ég viti að ekki er við forseta að sakast sem vissi ekki fyrir þegar hann fæddist þau örlög að hann ætti að sitja sem stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar að svona illa er mætt af hálfu hæstv. ríkisstjórnar í kvöld. (Gripið fram í.) Það væri nær.

Það komu fram mjög merkileg skilaboð, tel ég vera, í orðaskiptum hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh. fyrr í kvöld. Sem með nokkuð sérkennilegum hætti eru staðfest í nýlegu tímaritsviðtali við ekki ómerkari mann, ef svo er rétt að komast að orði. Þetta er eitthvert hundkvikindi sem ég kann ekki deili á en á næstu síðu er hæstv. forsrh. og kemur svo að texta viðtalsins. Hér er enn mynd af forsrh. og enn verður bið á textanum sem byrjar undir fyrirsögninni: „Davíð, frelsið, fangelsið." Sem ég veit ekki hvaða merkingu á að leggja í.

Það kom fram að gangleiðirnar milli hæstv. sjútvrh. og hæstv. utanrrh. eru nokkuð sérkennilegar miðað við að mennirnir sitja báðir í sömu ríkisstjórn síðast þegar við vissum, þ.e. að hæstv. sjútvrh. fær skilaboð um viðhorf utanrrh. á einhverjum karpfundi í Þjóðarsálinni. Í viðtali í Þjóðarsálinni fer fram sú útlistun á kröfum Íslendinga og samningsstöðunni í þessu smámáli sem sjútvrh. styðst síðan við. En skýringin kemur í viðtalinu við Davíð Oddsson. Ég ætla að vona að það verði ekki talið utan við efni umræðunnar þó ég vitni í þetta viðtal. Það hefur stundum mælst illa fyrir að menn væru að vitna í ritaðar heimildir en ég tel mig geta sýnt fram á að þetta skýri þau orðaskipti sem fóru fram milli utanrrh. og sjútvrh. fyrr í kvöld. Það er nefnilega verið að fjalla um það í viðtalinu að það hafi verið stirt samkomulag milli þeirra stjórnmálamanna sem stóðu að ríkisstjórninni ósælu sem leystist upp í beinni sjónvarpsútsendingu haustið 1988. Það hafa verið sárindi milli manna. Hæstv. núv. forsrh. telur það fram sem ákveðna réttlætingu fyrir því að hann tók völdin í Sjálfstfl. með ofbeldi snemma árs 1991 að það hafi verið nauðsynlegt til þess að flokkurinn gæti myndað ríkisstjórn því undir forustu núv. hæstv. sjútvrh. mundi það ekki ganga vegna þess að það væru svo mikil sárindi milli manna. Allt er þetta nú með mjög stórbrotnum brag í viðtalinu en kemur þó að því neðarlega á síðu 14 að hæstv. forsrh. segir: „Við hefðum kannski sest í stjórn en ég hef ekki trú á að Þorsteini Pálssyni" — þar er átt við hæstv. sjútvrh. — „hefði tekist að mynda hana og vera í forsæti. Slík tortryggni var enn milli manna. Á þeim fáu dögum sem ég tók í þær viðræður komu upp deilur milli Þorsteins og Jóns Baldvins" — þ.e. hæstv. sjútvrh. og hæstv. utanrrh. — „sem gerðu mér erfitt fyrir við stjórnarmyndun og raunar næstu daga á eftir. En samkomulagið", og nú kemur rúsínan í pylsuendanum, „milli þeirra hefur lagast. Þeir geta þó talað saman núna." Þeir geta þó talað saman núna.

Hér held ég að hljóti að vera fundin skýringin á því að hæstv. sjútvrh. þurfti að hlusta á þjóðarsálina til að vita hvað utanrrh. fyndist um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Þeir töluðu ekki saman og sátu þó í ríkisstjórn. Þeir gera það núna samkvæmt þessu viðtali og þá er náttúrlega spurningin: Hvenær byrjuðu hæstv. sjútvrh. og hæstv. utanrrh. að tala saman? Það er úrslitaspurning í þessu máli. Því að fyrr en við fáum svar við henni vitum við ekki hvenær þessi mál tóku að skýrast á stjórnarheimilinu.

Gamanlaust, herra forseti, þá er þetta auðvitað með miklum endemum. Það hlýtur að segjast eins og er að það var varla von á góðu úr því að andrúmsloftið var og er e.t.v. enn svona í hæstv. ríkisstjórn sem átti þó að gæta þessara mikilsverðu hagsmunamála fyrir okkur Íslendinga.

Ég tel að niðurstaðan sé ákaflega dapurleg bæði efnislega eins og hún liggur fyrir í dag en þó er ekki versti þáttur málsins uppi enn að mínu mati sem er hins vegar sá að með þessu er verið að leiða okkur inn í ferli árlegs samningaþófs við Evrópubandalagið um fiskveiðiheimildir þeirra á Íslandsmiðum. Af öllu saman lögðu og að því meðtöldu sem mér er ákaflega óljúft og hefði ég getað farið nærri með að láta aðeins það eitt ráða úrslitum um afstöðu mína til samningsins um Evrópskt efnahagssvæði að flotarnir koma á nýjan leik inn í landhelgina. Eins og sjómaður sem ég hitti á bryggju á Austfjörðum í fyrrasumar sagði við mig: Ég þarf ekki meira en þetta. Það dugar mér til að vera á móti þessum samningi. Ég vil ekki fá þá aftur inn í landhelgina. En ég held að það sé enn verra að eiga svo að standa í árlegu samningaþófi við Evrópubandalagið um ókomna daga um fiskveiðiréttindi þeirra í íslenskri landhelgi. Vegna þess að sporin hræða í þeim efnum. Reynsla annarra þjóða hræðir í þeim efnum.

Alls staðar sem Evrópubandalagið hefur komið fæti milli stafs og hurðar hefur meiri eða minni hluti af skrokknum fylgt á eftir. Þeir hafa jafnan reynt í framhaldinu að knýja á um aukin réttindi. Það er auðvitað alveg ljóst að við Íslendingar seljum okkur með þessu undir það ok að ef, sem hlýtur að verða á komandi árum, við þurfum að sækja til Evrópubandalagsins um einhver hagsmunamál í okkar samskiptum þá svari

þeir: Já, en við skulum þá líta á fiskveiðiheimildirnar. Það getur vel verið að við séum tilbúnir til að taka þessa kryddsíld ykkar inn í einhvern annan tollflokk eða þennan lax, sem ekki fékkst um árið, en við skulum þá kíkja á veiðiheimildirnar. Það er mikill áhugi á því á Spáni og í Norður-Þýskalandi og víðar að fá að koma með aðeins fleiri togara inn til ykkar.

Vita menn virkilega ekki við hverja þeir eru að eiga? Mér finnst menn stundum tala hér eins og algjör kornabörn í samskiptum við þetta afl, Evrópubandalagið. Og er þó furðulegt því menn hafa séð tröllaslaginn milli þess t.d. og Bandaríkja Norður-Ameríku, Japans og þriðja heims ríkjanna. Ekki hefur gengið lítið á þegar Evrópubandalagið hefur verið að gæta sinna hagsmuna í þeim efnum og af býsna mikilli harðdrægni.

Hæstv. forseti. Það sem ég óttast mest, guð láti gott á vita að ég hafi rangt fyrir mér og það verði ekki þannig, í þessu máli er framtíðin, samskiptin í framhaldi af þeim farvegi sem þau eru sett í. Árlegt samningaþóf um veiðiheimildir Evrópubandalagsins í íslensku fiskveiðilögsögunni. Dettur mönnum ekki í hug að ástæðan fyrir því að Evrópubandalagið harðneitaði að tryggja okkur gagnkvæmni í raunverulegum afla sé sú að þeir vilji geta sagt: Við sömdum aldrei um það. Við sömdum um veiðiheimildir upp á 3 þús. tonn af karfa sem við höfum og komum og tökum. Það er svo ykkar mál hvort þið náið loðnunni. Ef við náum ekki loðnunni en Evrópubandalagið tekur samt sinn karfa, hvað hefur þá gerst? Þá hefur í reynd, „de facto", niðurstaðan orðið sú að Evrópubandalagið náði tilteknum einhliða réttindum. Það yrði útkoman. Þeir vita vel hvað þeir eru að gera í samningum þessir karlar, því miður. En það er eins og þoka hafi verið fyrir augum Íslendinga að meira og minna leyti a.m.k. síðan 12. mars 1992 í þessu efni.

Herra forseti. Ég ætla ekki að þreyta menn hér alveg fram í nóttina með lengri ræðum um þetta. Ég gæti samt vel gert það og hefði alveg geð í mér til þess en það er kannski ekki sanngjarnt að fá útrás fyrir tilfinningar sínar sem vissulega eru nokkrar í þessu máli, skal fúslega viðurkennt af minni hálfu, yfir þeim ágætu sálum sem þó eru viðstaddar. Það væri nær að lesa ýmsum pistilinn sem láta ekki svo lítið að láta sjá sig hér í þingsalnum af hvaða hvötum sem það er ef maður næði til þeirra eða fengi færi á þeim.

Ég verð þó að segja að lokum að einna dapurlegust þykir mér þó þessi niðurstaða fyrir hæstv. sjútvrh. Ég hafði bundið vissar vonir við að hæstv. sjútvrh. ætlaði ekki að leka niður í þessu máli. Að hann mundi jafnvel reisa sig á því að setja hnefann borið, setja frekar málin í hnút og láta hrikta svolítið í áður en hann gæfist upp og læki niður. Ég er alveg viss um að hæstv. sjútvrh. hefði haft víðtækan stuðning á Alþingi og úti í þjóðfélaginu til að gera það. Því Íslendingar vilja standa vörð um sín réttindi í þessum efnum. Þjóðin hefur sýnt það áður að hún er tilbúin til að taka ýmislegt á sig, miklar fórnir ef því er að skipta, ef verið er að gæta þessara grundvallarréttinda okkar. Ég er alveg viss um að það væri minnsta mál í heimi, eins og sagt er á nútímaíslensku, að fylkja næstum allri þjóðinni til samstöðu um að taka frekar á sig óþægindi og jafnvel erfiðleika en að fara út á of þunnan ís þegar varðar réttindi okkar og ótvírætt fullveldi innan efnahagslögsögu okkar.

Ég hélt að reynslan af þessum þjóðum bæði fyrr og síðar hefði kennt okkur það að þó við segjum gjarnan á góðri stund að þetta séu frændur okkar og vinir og góðar grannþjóðir o.s.frv., þá eru þetta líka þær þjóðir sem við höfum þurft að slást við um okkar réttindi. Eða er það ekki? Ég hélt það en furðulega eru menn fljótir að gleyma.

Herra forseti. Ég bind ekki miklar vonir við það, því miður, miðað við þær upplýsingar sem fram hafa verið að koma um afstöðu manna hér á undanförnum sólarhringum til þessara mála og úr því að hæstv. sjútvrh. með því liði sem hann hefði getað haft á bak við sig hefur gefist upp í þessu máli að þessum samningi verði hnekkt. Þó læðist að mér sú hugsun að spyrja hæstv. utanrrh.: Hvað ætlar hæstv. utanrrh. að gera með þennan samning ef enginn verður samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði? Hæstv. utanrrh. hefur farið í miklar skógarferðir til að sanna að þetta sé algerlega óskylt mál og komi tollaívilnunum eða öðrum ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði bókstaflega ekkert við. Þess vegna er sanngjarnt að hann sé spurður: Hvað ætlar hæstv. utanrrh. að gera ef t.d. Svisslendingar fella samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, málið fer í uppnám, þolinmæði Svía og fleiri þjóða sem liggur á inn í Evrópubandalagið þrýtur, þeir gefast upp á Evrópska efnahagssvæðinu, henda því og snúa sér beint að viðræðum um fulla aðild? Þá sætu ýmsir eftir nokkuð glópslegir á skeri og meðal þeirra yrðum við Íslandsmenn kannski í vissum skilningi. Þá kæmi upp þessi spurning: Hvað ætlar hæstv. utanrrh. að gera þá með þennan samning? Yrði þá jafnmikið gleðiefni að hafa staðið í þessum svokölluðu veiðiheimildaskiptum við Evrópubandalagið eins og reynt er að vera að láta þegar þetta er til sölu á hinu háa Alþingi?

Ég held að ég ljúki máli mínu, herra forseti, með því að skilja eftir þessa spurningu til hæstv. utanrrh.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill í fullri vinsemd leyfa sér að minna á ákvæði þingskapa þess efnis að eigi má lesa upp prentað mál úr ræðustól á Alþingi nema leita leyfis forseta.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér liggur fyrir þinginu till. til þál. um staðfestingu samninga við Evrópubandalag Evrópu um fiskveiðimál og lífríki hafsins eins og það heitir og er samningur um sjávarútvegsmálefni sem tengdur hefur verið samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og er lagður fyrir Alþingi Íslendinga til staðfestingar.

Þetta mál sem liggur hér fyrir okkur er í þremur þáttum. Ég verð að gagnrýna það svolítið í upphafi, virðulegur forseti, að mér finnst málið vera heldur ruglingslega upp sett eins og það er fram lagt í þing-

skjalinu. Þar er vísað til heita á þessari þrískiptingu með þeim hætti að fljótt á litið er ekki auðvelt að átta sig á því hvernig þetta mál er upp byggt. Í greinargerð eða athugasemdum með þáltill. er vikið að þessu á fyrstu síðu þskj. og greint frá því að samkomulagið við EB sé samkvæmt framansögðu þrískipt:

1. Erindaskipti frá 2. maí sem eru ákvarðandi um öll atriði sem þar eru tilgreind.

2. Rammasamningurinn þar sem endurtekin eru sum atriðin úr erindaskiptunum en öðrum þáttum bætt við eins og rakið verður hér á eftir.

3. Árlega samkomulagið þar sem einnig eru endurteknir þættir úr erindaskiptunum en einkum bætt við nánari ákvæðum um framkvæmd á skiptum umræddra veiðiheimilda, loðnu og karfa, og eftirlit með veiðunum.

Hér eru notuð heiti um þessa þrjá þætti málsins sem ekki er síðan að finna í fyrirsögnum viðkomandi mála. Ekki er haft fyrir því að tengja þetta saman, athugasemdir með þáltill. og fylgiskjölin sem þarna er vísað til. Þetta er ekki til þess að auðvelda þeim sem vilja kynna sér málið að fá um það yfirlit. Hitt er svo rétt að allt þetta þrennt er saman vafið með vissum hætti og gengur hvað inn í annað. Þannig þarf auðvitað að líta á þetta efni í heild.

Ég minni á og það kemur raunar fram í þessu málsskjali að þetta er lagt þannig fyrir að hér sé um að ræða gagnkvæm skipti á veiðiheimildum. Það er formúla sem hefur fylgt þessu máli af hálfu stjórnvalda lengi en jafnskýrt hefur það legið fyrir að hér er ekki um slík gagnkvæm skipti á veiðiheimildum að ræða. Í þskj. segir að rammasamningur Íslands og Evrópubandalagsins eigi fyrst og fremst við um sameiginlega stofna og þar á meðal hagkvæma nýtingu þeirra með skiptum á veiðiheimildum. En hvernig horfir það mál við með þessa sameiginlegu stofna? Hvert er innihaldið í þessum samningi? Hann fjallar ekki um sameiginlega stofna heldur um tvo íslenska stofna, einvörðungu um tvo íslenska stofna: Karfastofninn og loðnustofninn. Hvort tveggja íslenskir stofnar. Í rauninni liggur máið einmitt þannig fyrir að Íslendingar eru að semja við Evrópubandalagið um veiðiheimildir á árinu 1993 sem þetta gildir um, ákvörðunin fyrir næsta ár gildir um þessa tvo íslensku stofna.

Hvernig lítur þetta út með loðnustofninn? Ég held að það sé rétt að fara aðeins yfir það efni. Það er stofninn sem Íslendingar eiga að fá að veiða úr í staðinn fyrir 3 þús. lestir af karfa sem Evrópubandalagið fær að veiða innan íslenskrar lögsögu. Það er vísað á framsal Grænlendinga til Evrópubandalagsins um 30 þús. tonna loðnuafla sem samið var um framsal á af Grænlendinga hálfu til Evrópubandalagsins. Evrópubandalagið hefur hins vegar um sex ára skeið, eða eftir árið 1986, ekki veitt út á þessa úthlutun, þetta framsal Grænlendinga, ekki veitt hið minnsta af loðnu af því sem nú er vísað á sem skiptimynt á móti karfa í íslenskri fiskveiðilögsögu. Árin á undan var þarna um smávegis veiðar að ræða á fyrri hluta síðasta áratugs, á árinu 1986 um 5 þús. lestir sem veiddar voru af loðnu sem Grænlendingar framseldu. Það var í síðasta skipti fram til dagsins í dag að reynt hefur verið af hálfu Evrópubandalagsins að nýta sér þessa veiðiheimild Grænlendinga. Íslendingar hafa óheft, samkvæmt samkomulagi Íslands, Noregs og Grænlands, þ.e. samningnum frá 1989 um skipti á loðnustofninum í Norður-Atlantshafi, getað veitt sinn hlut eftir því sem aðstæður hafa leyft að fullu í vissum tilvikum og eftir skiptaprósentunni alveg óháð þessum samningi milli Grænlands og Evrópubandalagsins. Hverjar eru ástæðurnar fyrir því að Evrópubandalagið hefur ekki nýtt þessa veiðiheimild? Þeir hafa ekki getað stundað þessar veiðar með árangri. Þeir gáfust upp við þetta eftir árið 1986 eftir hörmulega niðurstöðu úr tilraun sem gerð var á árunum þar á undan. Það er kannski eitt meginatriði málsins, virðulegur forseti, þegar rætt er um þessi svokölluðu gagnkvæmu skipti að við erum að „kaupa" afla af Grænlendingum sem við hefðum getað sótt óhindrað samkvæmt samningi milli Íslands, Noregs og Grænlands um loðnustofninn.

Það er vissulega svo að það er ekki 100% útilokað að Evrópubandalagið kunni ekki einhvern tíma að reyna að nýta þessa heimild. Um það vil ég ekkert segja. Upplýsingar um þessar veiðar og skiptihlutföllin liggja fyrir í svari frá sjútvrh. sem lagt var fram á síðasta þingi og þarf auðvitað engin vísindi til því þetta þekkja allir sem fylgst hafa með nýtingu á loðnustofninum. Það er ekki um nein skipti að ræða. Við erum að framselja íslenskan stofn þar sem er karfinn og við erum að semja um skiptimynt á móti, um loðnu sem við höfum haft aðgang að og engar hindranir hafa verið í vegi fyrir að veiða, loðnu sem Evrópubandalagið hefur ekki getað nýtt sér þótt þeir hafi keypt hana að formi til og greitt fyrir hana til Grænlendinga. Þetta finnst mér að hafi allt of lítið komið inn í umræðuna í dag þó að ýmsir hv. þm., þar á meðal hv. síðasti ræðumaður og hv. 3. þm. Vesturl., hafi vikið að því í sínu máli.

Eftir að sigursamningurinn mikli, eins og hæstv. utanrrh. kallaði hann, var gerður í október 1991 skrifaði ég grein í Morgunblaðið, 2. nóv. Þá kallaði ég þetta að greiða sigurlaunin úr eigin vasa því að annað er það ekki. Við erum að greiða fyrir þennan samning með margföldu verði og það er verið að búa hér til blekkingar og reyna að fleyta sér á blekkingum gagnvart þjóðinni í þessu máli. Mér finnst það vera einhver ómerkilegasti blekkingavefur sem reynt hefur verið að spinna gagnvart okkur í sambandi við þau mál sem tengjast Evrópsku efnahagssvæði. Ég vil biðja hæstv. utanrrh. um að upplýsa það hvaða líkur hann telji á því að Evrópubandalagið ætli að fara að hefja veiðar úr þessum stofni, hvað það er sem rekur hann til þess að ganga að slíkum skiptum. Það er aldeilis með ólíkindum.

Ég held að kjarni málsins sé ekki spurningin um að velta fyrir sér verðgildi á milli þessara stofna því að það er ósambærilegt. Hvort tveggja er á reikning Íslendinga. Svo koma hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh. og reyna að halda því fram að hér hafi ekki verið gengið til samninga um að skipta á auðlind og markaðsaðgangi, að við höfum ekki hleypt Evrópubanda-

laginu inn í veiðar á íslenskum fiskstofnum gegn því að fá lækkun á tollum á innflutningi. Það þarf mikla kokhreysti til að halda því fram og svo mikið er víst að ekki tekur Evrópubandalagið undir þann málflutning enda auðvelt að fyrirgefa þeim það eins og allt er í pottinn búið. Þeir hafa komist hér inn í íslenskar sjávarauðlindir nánast einhliða þó að síðan sé reynt að búa málið þannig að um skipti á veiðiheimildum sé að ræða.

Ég tel ástæðu til, virðulegi forseti, að fara aðeins yfir viðhorf Jakobs Jakobssonar, forstjóra Hafrannsóknastofnunar, um þennan kjarna málsins. Ég vil fá að vitna í hans orð. Það sem ég ætla að vitna hér til er annars vegar grein sem Jakob Jakobsson ritaði í Fréttabréf Samstöðu á síðasta vetri og einnig í ræðu sem hann flutti á landsfundi þeirra samtaka þar sem hann var beðinn um að tala. Hann fjallaði þar um fiskveiðiheimildir til Evrópubandalagsins. Jakob Jakobsson segir, með leyfi forseta:

„Þegar Íslendingar hafa á undanförnum árum farið fram á að Evrópubandalagið lækkaði tolla á tilteknum íslenskum sjávarafurðum hefur bandalagið, eins og allir vita, krafist veiðiheimilda í íslenskri fiskveiðilögsögu. Þessu hafa íslensk stjórnvöld hafnað hingað til og haft um það stór orð að aðgangur að auðlind gegn tollalækkunum komi aldrei til greina. Í stað þess hefur komið til tals að semja um gagnkvæmar veiðiheimildir. Slíkir samningar hafa þó hingað til strandað á því að Evrópubandalagið hefur ekki boðið neitt í fiskveiðilögsögu sinni sem komið gæti í stað veiðiheimilda í lögsögu okkar.

Sl. sumar [þ.e. sumarið 1991] buðu Íslendingar skipti á langhala og loðnu. Hvorki höfum við nýtt langhalann né Evrópubandalagið loðnuna svo látið var líta út sem hér væri um „pappírsviðskipti" að ræða. Nú er staðan hins vegar gjörbreytt. Með kröfunni um alvöru veiðiheimildir er Evrópubandalagið í raun að krefjast aðgangs að auðlind gegn tollalækkunum. Þetta ætti öllum að vera ljóst vegna þess að bandalagið hefur ekki haft nokkurn hug á að nýta þær loðnuheimildir sem það hefur keypt af Grænlendingum sl. fimm ár. Þessar heimildir hafa því sjálfkrafa komið Íslendingum til góða enda var hlutur okkar í aflanum sl. loðnuvertíð 91,2% í stað þeirra 78% sem núgildandi samningur Grænlands, Íslands og Noregs segir til um.

Ef Íslendingar ætla í raun og veru að semja um gagnkvæm veiðiréttindi og afsala sér 3 þús. tonnum af karfa nær auðvitað engri átt að þiggja í staðinn loðnu sem við fengjum hvort sem væri. Til að kóróna alla vitleysuna stendur í ágripi samningsdraganna frá 22. okt. [1991] að í stað 3 þús. karfaígilda fái Íslendingar 30 þús. tonn af loðnu í grænlenskri lögsögu (Greenland Waters) en eins og alþjóð veit þá hefur ekki veiðst loðnubranda við Grænland í nokkur ár þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Löngu er vitað að uppeldisstöðvar loðnunnar eru að hluta til við Austur-Grænland. Það hefur því verið kappsmál Íslendinga að hindra loðnuveiðar þar. Þetta hefur í raun tekist að undanförnu. Samningsdrögin gera hins vegar beinlínis ráð fyrir að slíkar veiðar verði stundaðar og það af hálfu Íslendinga þótt skaðlegar séu. Hvers konar hringavitleysa er þetta?

Ef semja á um gagnkvæm veiðiréttindi verðum við að sjálfsögðu að hafa manndóm í okkur til að krefjast sams konar veiðiréttar í lögsögu bandalagsins og það fær hér. Allt annað er hrein undanlátssemi og uppgjöf af okkar hálfu."

Þetta segir Jakob Jakobsson í grein í Fréttablaði Samstöðu veturinn 1991–1992. Á landsfundi Samstöðu 9. maí 1992 vék hann einnig frekar að þessu máli með svipuðum hætti. Ég vil, með leyfi forseta, fara yfir niðurlagið úr hans máli eins og það var birt í Fréttabréfi Samstöðu í maí sl.:

„Aðalatriði þessa máls er e.t.v. að á svæðinu milli Íslands, Austur-Grænlands og Jan Mayen er aðeins einn veiðanlegur loðnustofn. Þessi loðna kemur venjulega að suður- og vesturströnd Íslands og hrygnir þar í mars eða byrjun apríl. Eftir hrygninguna klekjast seiðin út og berast með straumi vestur og norður fyrir land og eru að langmestu leyti innan íslenskrar lögsögu fyrsta ár sitt. Á öðru ári dreifist loðnan yfir stærra svæði og er nokkur hluti hennar þá oft innan grænlenskrar lögsögu. Á þriðja aldursári fer loðnan að verða kynþroska og veiðanleg. Þá kemur stundum fyrir, eins og t.d. á níunda áratugnum, að nokkur hluti þessa aldursflokks gekk alla leið norður undir Jan Mayen um hásumarið en sneri til Íslands aftur þegar leið á haustið og hélt svo austur með Norðurlandi og suður fyrir land þriggja ára gömul þar sem hún hrygnir og drepst að lokinni hrygningu. Um 30% hvers árgangs verður þó ekki kynþroska fyrr en fjögurra ára og dvelur því ári lengur á uppeldisstöðvunum milli Íslands og Grænlands en hér hefur verið lýst að framan.

Aðalatriði þess sem ég er að reyna að koma hér til skila er sú staðreynd að veiðiheimildir þær sem Grænlendingar selja Evrópubandalaginu eru engin viðbót við þá loðnu sem er á Íslands-Grænlands-Jan Mayen svæðinu. Þetta er hluti af því sem við viljum kalla íslenska loðnustofninn. Ef Íslendingar ætla í raun og veru að semja um gagnkvæm veiðiréttindi og afsala sér 3. þús. tonnum af karfa nær auðvitað engri átt að þiggja í staðinn loðnu sem við fengjum hvort sem væri. Ef semja á um gagnkvæm veiðiréttindi verðum við að sjálfsögðu að hætta að tala um þessa loðnuvitleysu og hafa manndóm í okkur til að krefjast sams konar veiðiréttar í lögsögu bandalagsins og það fær hér. Ég fæ ekki betur séð en allt annað sé hrein undanlátssemi og uppgjöf af okkar hálfu."

Virðulegi forseti. Ég verð að játa að ég sakna hæstv. sjútvrh. úr þingsal og spyr hvort hann hafi hlýtt á mál mitt og hvar hæstv. ráðherra sé, hvort hann sé hér nálægt og geti verið viðstaddur umræðuna. (**Forseti:** Hæstv. sjútvrh. hefur verið hér í salnum eða í hliðarsal. Það er sjálfsagt að kalla eftir honum ef ræðumaður óskar.) Ég óska þess og satt að segja kemur mér mjög á óvart ef hæstv. ráðherra finnur ekki þörf til að vera viðstaddur þessa umræðu. (**Forseti:** Hæstv. sjútvrh. er þegar genginn í salinn.)

Hæstv. sjútvrh. Ég hef farið yfir málflutning og röksemdir, m.a. með tilvitnunum í mál forstjóra Hafrann-

sóknastofnunar varðandi loðnustofninn. Ég hef vitnað til orða hans til að rökstyðja það sjónarmið sem ég hef haldið fram lengi eða frá því í október 1991, að hér sé á engan hátt hægt að tala um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum vegna þess að á móti framsalinu á 3 þús. tonnum af karfa eigum við að þiggja 30 þús. tonn af hlut Evrópubandalagsins sem Grænland hefur framselt til Evrópubandalagsins en aldrei nýtt sér hið minnsta síðan á árinu 1986 að þeir veiddu rösklega 5.000 tonn úr þessum stofni. Ég verð að segja að það er með miklum fádæmum að hæstv. ráðherrar skuli ekki hafa fyrir því að reyna að útskýra að hve miklu leyti þeir eru á annarri skoðun en fram kemur frá jafnvirtum aðila og forstjóra Hafrannsóknastofnunar í þessu máli.

Ég held það blasi við hverjum manni sem lítur á málið að það er þannig vaxið þótt enginn sé að útiloka það að Evrópubandalagið kunni við einhverjar aðstæður einhvern tímann í framtíðinni að reyna að nýta sér eitthvað af þessari veiðiheimild. Það hefur ekki verið talið hagkvæmt af þeirra hálfu. Þeir gáfust upp við þessar veiðar frá og með árinu 1986 fyrir fullt og allt og höfðu þá ekki nýtt sér nein 30 þús. tonn á árunum á undan heldur langtum minni afla.

Þetta sem ég hef rakið sýnir það betur en flest annað hvers eðlis þessi samningur er sem hér er verið að gera, hvers konar undanlátssemi það er gagnvart Evrópubandalaginu sem birtist með því skrefi sem hér er stigið. Ekki verður málið fallegra þegar litið er á einstök atriði í þessum þríþætta samningi sem hér er lagður fyrir og ég mun víkja þar að nokkrum atriðum.

Fyrst skulum við aðeins líta á erindaskiptin frá 2. maí 1992, fskj. 1 með þessum samningi, og eru kennd við Óportó, undirrituð 2. maí 1992. Þar er enn þá á lífi langhalinn sem kom inn í þetta mál í október haustið 1991. Þessi skepna sem hæstv. utanrrh. hefur sennilega aldrei augum litið, *ég veit ekki um hæstv. núv. sjútvrh.* (**Utanrrh.:** Jú, ég hef hann augum litið.) þó greint væri frá því að hann hefði þegið boð og snætt þennan fisk, langhala, sl. vor, ef ég man rétt en ég efast um að hæstv. utanrrh. hafi litið þessa skepnu augum þegar hann gekk frá samnignum og vann sigurinn mikla í október 1991. Það er út af fyrir sig ekki meginmál en þessi fiskur heitir á erlendu máli, ensku og frönsku, grenadier sem er sama orð og notað er um fræga fótgönguliða. Ég er viss um að hæstv. utanrrh. þekkir kvæði sem var nokkuð frægt um þessa fótgönguliða. Ætli Steingrímur Thorsteinsson hafi ekki þýtt það úr þýsku. Það byrjaði á þessu: „Nach Frankreich zogen zwei Grenadier". (**ÓÞÞ:** Má biðja um þýðingu á þessu? Það verður að víta menn fyrir að fara með þýsku hér í ræðustól áður en gengið verður í Evrópska efnahagssvæðið.) Það er kannski allt í lagi að minna menn á höfuðtunguna sem er að koma yfir okkur en það er sem sagt sama heitið sem notað er um fótgönguliða og langhalann. Menn geta velt því fyrir sér þegar þeir skoða fiskinn hvernig á því stendur. Í þessum erindaskiptum þar sem vikið er að langhalanum sem meginuppistöðu segir, með leyfi forseta:

„Breyta má með samkomulagi samsetningu þessa kvóta á næstu árum á eftir í ljósi frekari vísindarannsókna á langhalastofnunum."

Það hefur ekki verið greint frá því í umræðunum svo ég hafi heyrt hvernig þessar vísindarannsóknir ganga og hvernig að þeim er staðið. Það er önnur saga og kannski ekki mikið sem vekur okkar áhuga í bili.

Í þessum erindaskiptum er að finna ákvæði eftir að dregin hafa verið upp þau svæði sem Evrópubandalaginu verður heimilað að veiða á innan íslenskrar efnahagslögsögu. Þá segir:

„Reynist svæðin sem afmörkuð eru í I og II ekki fullnægjandi til hagkvæmra veiða samkvæmt framansögðu skulu aðilar koma sér saman um nauðsynlegar lagfæringar á þessum svæðum."

Það liggur sem sagt fyrir samkvæmt þessum samningi að Evrópubandalagið getur gert kröfu til þess að nái það ekki sínum aflahlut á umsömdum veiðisvæðum, sem dregin eru upp með lengdar- og breiddargráðum í þessum samningi, eiga þeir kröfu á okkur að fá að fara annars staðar inn í lögsöguna, á öðrum svæðum, til þess að ná sínum hlut. Það er góð trygging sem þeir hafa fengið í þessu Óportó-samkomulagi að þessu leyti.

Þarna segir varðandi loðnuna: „Kvóta Íslands má veiða hvort heldur er innan fiskveiðilögsögu Grænlands eða í efnahagslögsögu Íslands."

Til að öllu sé til haga haldið hefur hæstv. utanrrh. áttað sig á því að örðugt gæti orðið að afla þessarar loðnu í fiskveiðilögsögu Grænlands einvörðungu.

Við skulum síðan líta til rammasamningsins svonefnda en það sem hæstv. utanrrh. nefnir svo í greinargerð er samningurinn um fiskveiðimál og lífríki hafsins milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu. Það er tvennt sem ég vil koma þar að sérstaklega. Það er í fyrsta lagi það sem segir í 9. gr. og hæstv. utanrrh. hefur vitnað til, ef ég hef tekið rétt eftir, *þegar hann hefur verið að svara spurningum* um hvað verði um veiðiheimildir Belgíu. Samkvæmt 9. gr. þessa meginsamnings eða rammasamnings hefur Evrópubandalagið tryggt sér að í gildi haldist aðrir samningar, eins og fiskveiðisamningurinn við Belgíu. Ég held a.m.k. að þessi grein veiti þeim mjög aukinn stuðning til að halda þessum réttindum, þótt í samningnum sjálfum séu sjálfstæð ákvæði. En 9. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þessi samningur hefur ekki áhrif á réttindi eða skyldur er felast í gildandi samningum um fiskveiði milli Íslands og aðildarríkis bandalagsins."

Síðan kemur að gildisákvæðunum í þessu samkomulagi. Það er í 12. gr. og hún er þannig, með leyfi forseta:

„Þessi samningur skal í fyrstu gilda í tíu ár frá gildistökudegi hans. Ef hvorugur aðili hefur sagt samningnum upp með *tilkynningu um uppsögn að minnsta* kosti níu mánuðum áður en sá tími rennur út skal hann gilda áfram í sex ár í senn upp frá því, að því tilskildu að tilkynning um uppsögn hafi ekki borist að minnsta kosti níu mánuðum áður en hvert slíkt tímabil rennur út."

Þetta er 12. gr. og hún kveður á um tíu ára gildistíma, sex ár í viðbót og áframhaldandi á meðan samn-

ingnum hefur ekki verið sagt formlega upp áður.

Hér er mjög ólíku saman að jafna við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði sem hefur þó að geyma ársfrest á uppsögn. Þessi samningur sem er þó af ráðherrum tengdur náið við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, og er auðvitað nátengdur þeim samningi og orðinn til vegna hans sem skipti á auðlind og markaðsaðgangi, hefur ekki sömu gildistökuákvæði. Þessi samningur skal standa um langa framtíð samkvæmt ákvæðunum sem ég hef vitnað til. Þetta finnst mér setja málið í mjög sérkennilega stöðu svo ekki sé fastar að orði kveðið. Við skulum líta á tölulið 2 sömu greinar því ég las aðeins tölulið 1. Þar segir:

„Ef samningnum er sagt upp í samræmi við ákvæði fyrri málsgreinar skulu aðilar hefja viðræður um annan samning til að tryggja lagalegan grundvöll að framkvæmd á samkomulagi því sem felst í erindaskiptunum um fiskveiðimál sem voru undirrituð í Óportó 2. maí 1992."

Hvað er hér á ferðinni með þessu ákvæði sem ætlunin er að við skrifum upp á á Alþingi Íslendinga og er ósk ríkisstjórnarinnar að verði staðfestur? Ekkert minna en það að Evrópubandalagið er um ókomna framtíð að tryggja sér innkomu í íslenska fiskveiðilögsögu með þessum ákvæðum. — „...skulu aðilar hefja viðræður um annan samning til að tryggja lagalegan grundvöll að framkvæmd á samkomulagi því sem felst í erindaskiptunum um fiskveiðimál ..." Hvernig er hægt að standa að máli með þessum hætti, hæstv. sjútvrh. og hæstv. utanrrh.? Hvernig ætla menn að komast úr úr þessu máli? Er það hugmyndin að þetta skuli vera staða okkar gagnvart Evrópubandalaginu um langa framtíð og svo til viðbótar tengt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, bókun 46, sem fylgir samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og kveður á um það að árlega eða annað hvert ár skuli fara fram formlegar viðræður milli Íslands og Evrópubandalagsins um fiskveiðimálefni.

Ég skildi eftir bókun 46 á borði mínu, virðulegur forseti, en ég mundi þiggja að fá hana til að vitna með beinum hætti í bókun 46 svo ekkert fari á milli mála hvað þar er á ferðinni. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Í ljósi niðurstaðna af endurskoðun sem fram fer á tveggja ára fresti á stöðu samvinnu þeirra í sjávarútvegi munu samningsaðilarnir leitast við að þróa þessa samvinnu með jafnvægi og gagnkvæma hagsmuni í huga og innan ramma stefnu hvers um sig í sjávarútvegsmálum. Fyrsta endurskoðun mun fara fram fyrir árslok 1993."

Þetta er bókunin sem hæstv. utanrrh. féllst á aðfaranótt 22. okt. 1992 þegar hann gekk frá sigursamningnum mikla en greiddi sigurlaunin úr eigin vasa einhliða að því er sjávarútvegsmálin varðar.

Þegar á þetta allt er litið í samhengi, á gildistökuákvæðin og þá njörvun sem í þeim felst fyrir okkur Íslendinga er ekki tjaldað hér til einnar nætur, því miður. Þá er verið að leggja upp í ferð þar sem Evrópubandalagið hefur tryggt sína hagsmuni með ótrúlega skýrum og ótvíræðum hætti að því er varðar aðgang að íslenskum sjávarauðlindum.

Jafnvel þó að menn vilji taka málið út frá því að menn hafi verið, eins og raunin var, að gjalda fyrir tollalækkanir er þetta mál ekki frýnilegt þótt uppsetningin væri með þeim hætti, eins og eðlilegt og sjálfsagt er að líta á þetta mál, eins og það er vaxið, eins og það er til orðið.

Aðrir ræðumenn, talsmenn Alþb., hafa í kvöld og í fyrr í þessari umræðu vikið að þessu máli í víðara samhengi við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, að þeim þáttum á sjávarútvegs- og fiskveiðisviði sem var teflt um í þeim samningi. Ég ætla ekki að fara að endurtaka þau efni sem þar voru rædd. Ég vil aðeins ítreka að þegar litið er á þau mál í heild er dæmið ófagurt því hinn pólitíski aðgöngumiði að upphaflegri samningagerð og samningaviðræðum við Evrópubandalagið var krafa Íslands um fríverslun með fisk, um það að fiskveiðimálefni lytu sömu samkeppnisreglum og iðnvarningur og annar varningur. Ef það hefði orðið niðurstaðan hefði það væntanlega orðið með þeim hætti sem fram kemur í frv. sem við vorum að fjalla um og greiða atkvæði um í dag, um viðskiptahætti sem snúa að Evrópubandalaginu og samskiptum innan Evrópsks efnahagssvæðis. En það var eitthvað annað en það yrði niðurstaðan. Þegar menn eru að vísa til þess að náðst hafi lækkun á tollum á íslenskum sjávarafurðum og reiða þar fram ákveðnar prósentur er ekki víst að þær prósentur haldist um aldur og ævi. Þar er aðeins gengið frá þeim afurðum sem nú eru í viðskiptum milli aðila og eru á lista en ekki í hugsanlegum nýjum afurðum. Um slíka þætti þarf að semja sérstaklega ef til kemur og ætli þá reyni ekki á hinar árlegu viðræður um sjávarútvegsmálefni og þann hlut sem Evrópubandalagið sækir inn í íslenska fiskveiðilögsögu og kröfurnar standi á mönnum. Það kann kannski að vera skemmra að bíða slíkra tíðinda en margur heldur.

Ég vænti þess að þetta mál fái þá skoðun sem það verðskuldar í hv. þingnefnd og að að þeirri skoðun lokinni þá sjái Alþingi fyrir því að þessum samningi verði vísað frá vegna þess að hann samræmist ekki okkar grundvallarhagsmunum, sérstaklega þegar til framtíðar er litið. Hann þyrfti að fá sömu meðferð og samningurinn hinn meiri sem honum tengist, samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði, sem brátt verður á dagskrá þingsins til 2. umr.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Mig langar til að benda forseta á þá staðreynd að í húsinu eru einungis sex stjórnarliðar. Þrjátíu stjórnarliðar sjá ekki ástæðu til að vera viðstaddir eða taka þátt í umræðum um þetta afar þýðingarmikla mál. Nú er það svo að það er ekkert einsdæmi að illa sé mætt á þingfundum því þingstörfum er þannig hagað að því er mér sýnist að mönnum er gefið frí frá þessum vettvangi sem hæstv. forsrh. líkti við gagnfræðaskóla á síðasta vetri. Ég vil því spyrja hæstv. forseta hvort áform eru um að halda lengi áfram í kvöld að svo mörgum þingmönnum fjarstöddum og hvort forseti hafi gefið þingmönnum burtfararleyfi frá

þingfundi. Mér þykir ástæða til að bera þessar spurningar fram til forseta, ekki vegna þess að hér sé um þennan fund einan að ræða, heldur af þeirri ástæðu að ítrekað kemur þetta upp. Ég vildi um leið láta í ljós nokkra vanþóknun mína á því hvernig að þingstörfum er staðið hvað þetta varðar.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill taka fram að engum hv. alþingismanni hefur verið gefið sérstakt frí en nokkrir alþingismenn hafa fjarvistarleyfi, aðrir eru fjarstaddir vegna veikinda. Hér eru einnig í forsvari fyrir þessu máli af hálfu hæstv. ríkisstjórnar þeir hæstv. ráðherrar sem málið mest varðar. Ætlun forseta er að ljúka umræðunni á þessum fundi og verður henni fram haldið.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér erum við að ræða þann sjávarútvegssamning sem er fylgisamningur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Er búið að fara mörgum orðum um hann frá því umræðan byrjaði. Ég vil leggja áherslu á að meginatriðin í því að ganga til þess samnings sem við köllum samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði voru að fá fríverslun með fisk ef við gengjum til samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Hvarvetna sem það bar á góma að ganga til þessara samningaviðræðna var markmiðið að fá frjálsan aðgang með okkar helstu útflutnings- og iðnaðarvörur og það er engum vafa undirorpið að það eru fiskiðnaðarvörur og fiskútflutningur.

Hvað gerðist síðan í því samningaferli sem þar fylgdi á eftir? Í stað þess að það væri meginatriðið að semja um fríverslun með fisk var gengið að því að semja um fjórfrelsið. Það var aðalmálið að semja um hið svokallaða fjórfrelsi. Þegar sá samningur var langt kominn var það auðséð að fríverslun með fisk var engan veginn lengur inni í dæminu. Í stað þess var fallist á að hleypa fiskiskipum EB inn í okkar lögsögu gegn því að við fengjum lækkun á tollum á fiski, gegn því að við fengjum lækkun á nokkrum tegundum af fiski. Þar er strax fallið frá því sem hafði verið grundvallaratriði í stefnu Íslendinga eftir útfærslu landhelginnar, þ.e að koma þeim þjóðum, sem samið var um við útfærslu landhelginnar, út með samningum. Það var samið um að nokkrar þjóðir hefðu áfram heimildir til að veiða áfram inni í okkar lögsögu til ákveðins tíma en stefnan og markmiðið var að við sætum einir að því, að við kæmum þeim þjóðum út með samningum. Í þessum samningum er verið að semja EB-þjóðirnar inn í okkar lögsögu.

Það var strax ljóst, eins og ég sagði áðan, að EB mundi ekki samþykkja að við fengjum fríverslun með fisk og það mundi ekki samþykkja að við fengjum tollalækkanir nema gegn aðgangi að okkar fiskimiðum. Það var beinlínis haft í hótunum í september í fyrra að ekkert yrði af samningum nema Íslendingar og Norðmenn sýndu meiri sveigjanleika en áður, eins og það var orðað, og gæfu EB-ríkjum aukinn aðgang að fiskimiðum landanna gegn takmörkuðum tollalækkunum á innfluttum sjávarafurðum inn á EB-svæðið. Hver var þessi sveigjanleiki sem við áttum að sýna? Við áttum að láta af höndum þann eignarrétt sem við höfðum áunnið okkur með útfærslu fiskveiðilögsögunnar? Og hvað áttum við að fá í staðinn? Hvað skyldi Þjóðhagsstofnun hafa metið að við fengjum í staðinn? Þjóðhagsstofnun var á árinu 1991 beðin um álit á áhrifum Evrópska efnahagssvæðisins á íslenskan sjávarútveg. Í þeim niðurstöðum sem Þjóðhagsstofnun skilaði af sér segir, með leyfi forseta:

„Sjávarútvegur er að mestu leyti undanþeginn því frelsi í viðskiptum sem verið er að innleiða í EB á sviði iðnaðar og þjónustu. Þær takmarkanir á viðskiptum með sjávarafurðir og aðföng veiða og vinnslu, tollar og styrkir til sjávarútvegs í EB, fela í sér kostnað fyrir Íslendinga. Líkur eru á að Íslendingar mundu þurfa að bera stóran hluta af þessum kostnaði áfram jafnvel þótt þeir gerðust aðilar að EES. Af þessum ástæðum má ætla að ábati íslensks sjávarútvegs af því að tengjast EB/EES verði minni en sá ábati sem aðrar þjóðir gera ráð fyrir í þeim greinum iðnaðar og þjónustu sem eru öflugastar í þeirra löndum. Vegna mikilvægis sjávarútvegs hér á landi má ætla að beinn þjóðhagslegur ávinningur Íslendinga af því að tengjast EB/EES verði minni heldur en aðrar þjóðir gera sér vonir um."

Þetta var niðurstaða Þjóðhagsstofnunar fyrir rúmu ári síðan þegar verið var að semja um Evrópska efnahagssvæðið.

Ræðumenn sem hafa talað á undan mér hafa rakið allvel sögu þessa samnings, bréfaskipti sem farið hafa á milli og sem eru undanfari að þeim fiskveiðisamningi sem við erum hér að ræða um. Ég ætla ekki að fara frekar yfir þau bréfaskipti. Ég bendi á að við þær greinar sem eru innan þessa samnings, það eru þó ekki margar, er ýmislegt að athuga. Það er þá fyrst í 4. gr. að aðilar skuli árlega hafa samráð um úthlutanir á veiðiheimildum til hvors aðila með það í huga að ná ásættanlegu jafnvægi í samskiptum sínum á sviði fiskveiða. Árlega á að taka upp samningaviðræður við Evrópubandalagið. Ég verð að taka undir orð þeirra sem hafa talað á undan mér og hafa miklar efasemdir og áhyggjur af því að þetta muni ganga vel og yfirleitt af því að þetta skuli vera inni í samningnum.

Í 3. mgr. 5. gr. segir, með leyfi forseta: „Þar til bært stjórnvald hvors aðila skal, eftir því sem við á, tilkynna hinum aðilanum nafn, skráningarnúmer og önnur einkenni fiskiskips sem fær heimild til veiða innan fiskveiðilögsögu hins aðilans."

Ég veit ekki til þess að Evrópubandalagið sé að hleypa íslenskum fiskiskipum inn í sína lögsögu. Við erum að hleypa þeim með þessum samningi, ef af verður, inn í okkar lögsögu en þeir ætla að leyfa okkur, eins og það heitir, að veiða 30 þús. tonn af loðnu, „pappírsloðnu", á Grænlandsmiðum eða jafnvel bara á okkar eigin miðum. Ég vil vekja athygli á þessu. Þetta kemur einnig fram í 2. tölulið 6. gr., í síðustu málsgrein. Þar er einnig talað um „innan fiskveiðilögsögu" hvors aðila sem alls ekki getur verið rétt. Við erum að hleypa öllum Evrópubandalagsþjóðunum inn og gefa þeim eftir aðgang að okkar fiskimiðum. Margir hafa

ýmislegt um það að segja. M.a. segir Jakob Jakobsson fiskifræðingur, með leyfi forseta:

„Ef Íslendingar ætla í raun og veru að semja um gagnkvæm veiðiréttindi og afsala sér 3 þús. tonnum af karfa nær auðvitað engri átt að þiggja í staðinn loðnu sem við fengjum hvort sem væri. Til að kóróna alla vitleysuna stendur í ágripi samningsdraganna frá 22. okt. [1991] að í stað 3 þús. karfaígilda fái Íslendingar 30 þús. tonn af loðnu í grænlenskri lögsögu, eins og alþjóð veit hefur ekki veiðst loðnubranda við Grænland í nokkur ár þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Löngu er vitað að uppeldisstöðvar loðnunnar eru að hluta til við Austur-Grænland. Það hefur því verið kappsmál Íslendinga að hindra loðnuveiðar þar. Þetta hefur í raun tekist að undanförnu. Samningsdrögin gera hins vegar beinlínis ráð fyrir að slíkar veiðar verði stundaðar og það af hálfu Íslendinga þótt skaðlegar séu. Hvers konar hringavitleysa er þetta?" spyr Jakob Jakobsson fiskifræðingur og forstjóri Hafrannsóknastofnunar.

Það væri sjálfsagt hægt að hafa mörg orð um þennan samning. Ég ætla þó ekki að eyða miklum tíma í hann í kvöld. Mjög margir hafa rætt þessi mál á undan mér og margir eru enn á mælendaskrá. Ég ætla að lokum að vekja athygli á 12. gr. þessa samnings.

Þegar verið er að ræða um samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði er því oft fleygt í umræðunni, sérstaklega af hálfu stuðningsmanna samningsins, að engin hætta sé því samfara að samþykkja samninginn. Við sitjum ekkert uppi með hann til eilífðar þó svo að við gerðum nú þessa tilraun með Evrópskt efnahagssvæði. Við getum sagt samningnum upp með 12 mánaða fyrirvara.

Í 12. gr. þessa fiskveiðasamnings segir í 1. lið: „Þessi samningur skal í fyrstu gilda í tíu ár frá gildistökudegi hans."

Í 11. gr. segir um gildistökuna, með leyfi forseta: „Þessi samningur öðlast gildi þann dag sem aðilar tilkynna hvor öðrum um að nauðsynlegri málsmeðferð sé lokið." Það þýðir að um leið og samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði yrði hugsanlega samþykktur af Alþingi mundi ríkisstjórn Íslands að sjálfsögðu hafa hraðan á við að tilkynna að nauðsynlegri málsmeðferð sé lokið og að þessi samningur um fiskveiðimálin taki gildi. Samkvæmt 12. gr. á hann að gilda í tíu ár frá gildistöku. Það er ekki hægt að segja honum upp á þessum tíu árum. Það er hægt að segja honum upp með níu mánaða fyrirvara en ekki fyrr en eftir tíu ár.

Við skulum segja að það yrðu stjórnarskipti. Við skulum segja að næsta ríkisstjórn mundi vilja segja samningnum um Evrópskt efnahagssvæði upp. Hún getur samt ekki sagt samningnum um fiskveiðimálin upp fyrr en tíu árum eftir að hann tekur gildi. Ég held að það sé alveg tímabært að þetta komi líka inn í umræðuna. Það er með þetta eins og fleira í sambandi við þennan samning og samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði að það fylgja þessu margir gallar og sífellt er verið að reyna að fela þá galla sem á þessu eru.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það vekur athygli okkar þingmanna, sem hér erum í kvöld að fjalla um þetta mikilsverða mál, hversu fáir þingmenn sjá ástæðu til þess að vera við þessa umræðu. Það hlýtur að vekja upp margar spurningar. Ég hef velt því fyrir mér hvar þeir eru, þeir örfáu þingmenn Sjálfstfl. sem ég hélt að hefðu áhuga á sjávarútvegsmálum og hefðu áhyggjur af því sem hér er að gerast.

Það eru hér fimm eða sex stjórnarliðar í Alþingishúsinu nú undir þessum umræðum og svo hefur það verið stóran hluta dagsins. Ég veit, virðulegi forseti, að það eru nokkuð margir enn á mælendaskrá og ég hef trú á því að umræðan eigi enn eftir að teygjast nokkuð fram eftir nóttu og kannski mun nóttin ekki duga. Ég hefði gaman af því að vita — og ég vona að ég brjóti engar þinghefðir þótt ég spyrji virðulegan forseta svona til fróðleiks og upplýsingar fyrir mig og aðra — hvort það eru einhverjir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar á mælendaskrá í kvöld. (**Forseti:** Vegna fyrirspurnar hv. ræðumanns vill forseti upplýsa að á mælendaskrá er hv. 4. þm. Reykv.) Ég þakka fyrir upplýsingarnar. Ég endurtek að þetta eru býsna merkilegir siðir sem hér hafa verið teknir upp hjá ríkisstjórninni. Yfirleitt þegar mál sem þessi eru hér á dagskrá hverfa stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar úr húsinu og það eru stjórnarandstæðingar sem eru hér og fjalla um þessi mál. Hins vegar þegar kemur að atkvæðagreiðslunni um hin ýmsu mál, mörg mjög stór, er það svo að þá er leitað til stjórnarandstöðunnar til þess að tryggja framgang þeirra mála vegna þess að stjórnarliðarnir mæta ekki heldur þá til þingfunda. Ég fer að velta því fyrir mér hvort hér hafi algerlega nýir siðir verið teknir upp í hinu háa Alþingi. Liggja kannski fyrir þingflokkssamþykktir Alþfl. og Sjálfstfl. um þessi nýju vinnubrögð? Það er verðugt umhugsunarefni fyrir okkur.

Hæstv. utanrrh. talaði fyrr í kvöld og vildi draga úr því sem ég skaut hér fram undir ræðu hans að nú væri unnið að því að tryggja rétt erlendra aðila til að koma inn í þessa atvinnugrein. Ráðherrann sagði að ég færi ekki með rétt mál. Mig langar, virðulegi forseti, til að lesa upp stutta lagagrein sem nú er til meðferðar hjá okkur í sjútvn. Hún er um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, með síðari breytingum en þar segir:

„Við 2. gr. laganna sbr. 27. gr. laga nr. 23/1991, um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl., bætist við ný málsgrein er orðist svo:

Ríkisborgarar ríkja hins Evrópska efnahagssvæðis skulu vera undanþegnir skilyrðum um ríkisfang og búsetu samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur."

Í stuttri athugasemd með þessu litla frv., a.m.k. lætur það ekki mikið yfir sér, segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt samningi EFTA-ríkja við Evrópubandalagið um Evrópskt efnahagssvæði, sem undirritaðaður var í Óportó í Portúgal 2. maí sl., er óheimilt að gera upp á milli borgara ríkjanna á grundvelli þjóðernis hvað varðar frelsi til að mega stunda verslunaratvinnu. Það er því nauðsynlegt að bæta inn í lög nr. 123/1989, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafurðir, ákvæði sem undanþiggur ríkisborgara annarra ríkja

EES-svæðis framangreindum skilyrðum sem kveðið er á um í umræddum lögum til að geta fengið leyfi til að reka uppboðsmarkað með sjávarafla á Íslandi."

Það er sem sé verið að opna það upp á gátt, virðulegi forseti og ágætu þingmenn sem hér eru inni, að erlendir aðilar geti eignast og rekið fiskmarkaði á Íslandi. Hvað halda menn að það muni þýða fyrir okkur Íslendinga þegar slíkt nær fram? Að vísu skal tekið fram að hagsmunaaðilar í greininni hafa ekki séð ástæðu til að óttast þessi ákvæði. Ég er hins vegar á allt annarri skoðun. Ég tel að hér sé vægast sagt farið inn á mjög hættulega braut. Ég sé fyrir mér í stórvaxandi mæli að þá muni aflinn fara óunninn úr landi. Nóg er nú samt.

Auðvitað vitum við að þessir aðilar geta á skömmum tíma knésett þau fyrirtæki sem fyrir eru og náð tangarhaldi á þennan hátt á þessum fyrirtækjum.

Ég er illa svikinn ef hæstv. ráðherra hefur ekki einnig orðið var við þrýstinginn og umræðuna um það að leyfa erlendum aðilum að komast inn í íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi í gegnum þriðja aðila. Það er alveg lífsins ómögulegt að sú umræða hafi farið fram hjá hæstv. ráðherrum.

Það er einnig fleira sem mætti benda á. Ég hef undir höndum nýja skýrslu sem hefur verið unnið að nú síðustu daga. Langt því frá að hún snerti á nokkurn hátt hagsmunaaðila þessarar greinar. Það er hlutlaus skýrsla sem verið er að vinna og þar segir: „Sjávarútvegurinn fær bættan aðgang að markaði Evrópu og möguleikum til þess að auka fullvinnslu sjávarafurða." Hann fær því möguleikana í auknum mæli til þess að flytja þessar afurðir úr landi til vinnslu á öðrum stöðum þar sem vinnuaflið verður ódýrara (Gripið fram í.)

Einnig væri fróðlegt að spyrja hvort hæstv. ráðherrann hefði ekki einhvers staðar orðið var við umræðuna í Norður-Noregi um ávinning af þessum umræðum þar sem byggðin byggist að miklu leyti upp á sjávarútveginum. Engin spurning er það og liggur ljóst fyrir að Norðmenn, a.m.k. á því svæðinu, sjá ekki ávinning Norðmanna af þessari ríkjasamsteypu.

Menn hafa fjallað í dag um grundvallarreglur í þessum samningsdrögum. Ég get tekið undir það þar sem það hefur komið fram. Ég nefni títtnefnda þrjá punkta, fríverslun með fisk, tollfrjáls viðskipti og síðast en ekki síst að fiskiskipum Evrópubandalagsins yrði ekki hleypt inn í landhelgina.

Það liggur ljóst fyrir að nú í þessum samningsdrögum er skipt á veiðiheimildum og tollaívilnunum. Það er deginum ljósara. Þessar þrjár meginstoðir, sem um var rætt, ná engar fram. Því er samningurinn, sem hér liggur fyrir, allur annar en sá sem var þegar lagt var upp í þessa ferð. Hér hefur orðið alger stefnubreyting og raunar kúvending af Íslands hálfu. Svo sannarlega hefur margt merkilegt komið fram í þessum umræðum í dag og margt verið sagt sem ég hefði sjálfur viljað sagt hafa.

Ég vil aðeins víkja stuttlega að eftirlitsþætti samninganna sem er vissulega mikið mál en þar segir svo í þessum samningsdrögum, í viðauka B, með leyfi hæstv. forseta.

„Ísland má krefjast þess að eftirlitsmaður verði ávallt um borð í togara innan efnahagslögsögu Íslands. Skip frá Evrópubandalaginu um að óska eftir því að eftirlitsmaðurinn komi um borð eða fari frá borði þar sem skipið leggur úr höfn eða í einhverri af þeim höfnum sem skráðar eru í viðbæti 2. Skipið skal koma ósk um eftirlitsmann til íslenskra yfirvalda eigi síðar en með sjö daga fyrirvara. Eftirlitsmaður skal hafa þeim skyldum að gegna að fylgjast með veiðum og tryggja að farið sé að öllum reglum sem í gildi eru hverju sinni um veiðar í efnahagslögsögu Íslands."

Ég vildi spyrja ráðherra sem heyra mál mitt að því hvort það sé ekki rétt skilið að íslenskir eftirlitsmenn sem eru um borð í þessum skipum muni ekki hafa rétt til þess eða vera búin aðstaða til þess að fylgjast með löndunum úr skipunum þegar landað er í erlendri höfn?

Ég verð að segja fyrir mig að mér finnst það vera eitt grundvallarmálið í þessu eftirlitsferli að eftirlitsmönnunum sé tryggt að geta fylgst með því þegar löndun úr þeim skipum, sem hér hafa verið við veiðar, fer fram þannig að hægt sé að fylgjast nákvæmlega með þeim tegundum sem upp úr skipunum koma og magni þeirra. Því vildi ég spyrja ráðherra að því hver túlkun þeirra er á þessu atriði?

Þegar við ræðum um þessi mál koma óneitanlega málefni Landhelgisgæslunnar í huga og þau stefnumið núv. ríkisstjórnar að skerða stórlega fjárveitingar til Landhelgisgæslunnar. Þannig er það að raunlækkun á fjárveitingu til Landhelgisgæslunnar milli áranna 1991 og 1993, eins og áformað er í fjárlögum, er í raun lækkun um hvorki meira né minna en 18,5%. Ég held að a.m.k. þeir sem hér eru inni og ég horfi framan í séu örugglega sammála um að eftirlitið á hafinu er einn þýðingarmesti þátturinn í eftirlits- og öryggisstörfum okkar Íslendinga. Það ætti því að vera öllum sjáandi mönnum ljóst að með gerðum samningnum um Evrópskt efnahagssvæði eru allar líkur á að erlendar veiðiþjóðir muni í stórauknum mæli beita fiskiskipum sínum nær fiskveiðilögsögu okkar en hingað til hefur verið. Enginn efi er á því að bæði Portúgalar og Spánverjar muni sækja hingað til fanga.

Undanfarið hafa meira að segja verið skip að veiðum á mörkum okkar efnahagslögsögu frá Asíulöndum þannig að það er ljóst að önnur skip og aðrar þjóðir sem nær okkur eru munu freistast til að leita hér fanga. Því er óskynsamlegt einmitt nú að taka úr rekstri eitt af þremur skipum Landhelgisgæslunnar. Þá hefur Landhelgisgæslan á örfáum árum misst tvö af fjórum skipum sínum. En hafsvæðið sem þessum skipum er ætlað að gæta innan þessara 200 sjómílna er hvorki meira né minna en um 758.000 ferkílómetrar. Þessa ákvörðun verður ríkisstjórnin auðvitað að endurskoða ætli hún sér að verða trúverðug í því að halda uppi nauðsynlegri gæslu á hafinu við væntanlegar aðstæður sem þeir stefna að að skapa hér.

Ég hef einnig velt því mjög fyrir mér hversu augljóst það er að með gerð þessa samnings sé hvergi komið að því að undirgangast það að hafa samráð um frekari útfærslu lögsögu okkar. Ekki aðeins til frekari sóknar í fiskinn, einnig um möguleika okkar og rétt til

frekari rannsóknar og nýtinga á hafinu og hafsbotninum.

Ef við lítum aðeins á samninginn þá segir svo þar um þetta atriði í fylgiskjali 2.:

„hafa hliðsjón af því að Ísland hefur markað sér efnahagslögsögu sem nær 200 sjómílur út frá strönd landsins þar sem Ísland hefur óskoraðan rétt til að rannsaka, nýta, vernda og stjórna lífríkinu, og að bandalagið hefur samþykkt að fiskveiðilögsaga aðildarríkja þess (sem nefnist hér eftir „fiskveiðilögsaga bandalagsins") skuli vera 200 sjómílur og fiskveiði innan þeirra marka vera í samræmi við sameiginlega stefnu bandalagsins í sjávarútvegsmálum."

Einnig segir í 3. gr.:

„Að því er varðar verndun og skynsamlega verndun fiskiauðlindar sjávar skulu aðilar eiga samráð sín á milli eða innan viðeigandi svæðasamtaka eða alþjóðasamtaka um málefni er tengjast lífríki hafsins."

Það segir hins vegar í 8. gr.:

„Ekkert í þessum samningi skal hafa áhrif á eða binda afstöðu samningsaðila að því er varðar nokkurt það málefni er heyrir undir Hafréttarsáttmálann."

Ég vona að hér séu allir endar nógu vel bundnir þannig að Íslendingar hafi einir og sér ákvörðunarrétt og fullan rétt í þessu máli. Ég vænti þess samt að hæstv. ráðherrar gefi hér frekari svör og túlkunaratriði í þessu sambandi. Ég leyni því ekki að efi minn er mikill um rétt okkar til einhliða rannsóknar á hafinu og hafsbotninum með hugsanlega nýtingarmöguleika utan núverandi viðmiðunarmarka. Þess vegna ítreka ég mjög ósk mína til ráðherra um að þeir gefi mér og okkur hér frekari skýringar á þessum túlkunaratriðum. Hér er einnig viðstaddur hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, sem ég held að sé á mælendaskrá, og hann þekkir þessi atriði örugglega betur en utanrrh., og það væri þess vegna fróðlegt ef hann vildi víkja að þessu örfáum orðum í sinni ræðu.

Það hefur komið margsinnis fram að við mörg hér óttumst um endurskoðunarákvæði samningsins því það er ljóst að endurskoðunin mun vara nánast að eilífu í þessum samningum. En það segir svo í fylgiskjali 2, 12. gr.:

„Þessi samningur skal í fyrstu gilda í tíu ár frá gildistökudegi hans. Ef hvorugur aðili hefur sagt samningnum upp með tilkynningu um uppsögn a.m.k. níu mánuðum áður en sá tími rennur út skal hann gilda áfram í sex ár í senn upp frá því, að því tilskildu að tilkynning um uppsögn hafi ekki borist a.m.k. níu mánuðum áður en hvert slíkt tímabil rennur út.

Ef samningnum er sagt upp í samræmi við ákvæði fyrri málsgreinar skulu aðilar hefja viðræður um annan samning til að tryggja lagalegan grundvöll að framkvæmd á samkomulagi því sem felst í erindaskiptunum um fiskveiðimál sem voru undirrituð í Óportó 2. maí 1992."

Hér höfum við forsmekkinn af því sem koma skal. Samningarnir sem gerðir voru sl. föstudag gefa okkur ekki vonir um miklar árangur í samningum framtíðarinnar við þessa stóru og miklu ríkjasamsteypu. Það er vissulega rétt að með samþykkt samningsins lýkur um tuttugu ára ágreiningsmáli milli Íslands og EB um sjávarútveg. Það má vera að svo verði. Hæstv. sjútvrh. sagði að með þessum samningi hafi Íslendingar náð fram sínum ýtrustu kröfum. En hann bætti við: nema þeirri kröfu að jafnræði verði að vera varðandi veiddan afla, þ.e. að næðu Íslendingar ekki að veiða loðnukvóta sinn skerðist kvóti EB í sama hlutfalli. Hér hefur verulegur brestur orðið. Hæstv. utanrrh. segir hins vegar: Þessi niðurstaða varð eins og alltaf var við að búast. Þeim misskilningi að Íslendingar gætu komið eftir á og breytt samningnum um veiðiheimildir í verslun með fiskafla upp úr sjó. — það var klárt strax með erindaskiptunum í Óportó hvað verið var að tala um, þ.e. veiðiheimildir, segir hæstv. utanrrh. Það var ljóst frá upphafi að þessu var ekki hægt að breyta eftir á þar sem það hefði kallað á riftun tuga samsvarandi samninga.

Þetta eru fróðlegar yfirlýsingar sem hæstv. utanrrh. gefur þessa dagana. Þegar blaðamaðurinn spurði í þessu blaðaviðtali um þenkingar hæstv. sjútvrh. á þessu máli, hvort hæstv. sjútvrh. hefði þá misskilið þetta mál, þá svaraði hæstv. utanrrh.: „Ja, það eru þín orð en ekki mín."

Þessar kveðjur hæstv. utanrrh. eru svona nokkuð með sama blæ og hann sendir hæstv. sjútvrh. þegar hann fjallaði um Þróunarsjóðinn nýja og stóryrðaflauminn þá. En við þingmenn eigum nú eftir að sjá hver étur hvað í þeim efnum.

Viðræður um þetta þýðingarmikla mál hafa verið í biðstöðu frá því í júní í sumar. En Alþýðublaðið segir okkur að samkomulag hafi náðst í þessu viðkvæma máli sl. föstudag og bætir því við að á fundi sem stóð aðeins í 8 mínútur. Um hvað var verið að semja í þessar 8 mínútur? Í 8 mínútur stóð þessi fundur með samningamönnunum okkar sl. föstudag. Það er því trúlega rétt hjá hæstv. utanrrh., Jóni Baldvini Hannibalssyni, að um ekkert hafi verið að semja í þessu máli. Frá þessu öllu hafi verið búið að ganga 2. maí 1992.

Auðvitað er það svo að eftirlitsþátturinn er mjög mikilvægur í þessu máli. Mikilvægast er þó og það sem áhyggjum veldur að hér er vikið frá grundvallarstefnu hvað varðar gagnkvæmni veiðiheimilda. Það er ekki hægt fyrir okkur Íslendinga að ræða um rétt til hafsins og meta það í krónum og aurum eins og hér hefur verið gert lengi dags. Réttur okkar til hafsins er íslenskri þjóð allt. Það er nánast grátlegt að menn skuli vera að meta það afsal sem hér er verið að tala um þó þeir meti það upp á milljarð. Það eru nefnilega til þau mál sem ekki er hægt að semja um og ekki er hægt að verðleggja. Þau felast m.a. í þessum samningi sem hér er til umræðu og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Fyrrverandi forseti okkar, Kristján Eldjárn, sagði eitt sinn að okkur bæri að gæta lífbeltanna tveggja. Mér er spurn: Til hvers hefur verið barist í þessum málum og dýrmætum sigrum þjóðarinnar fagnað? Ég óttast að greifarnir í Brussel túlki þessa opnun til hafsins frjálslega og með endurskoðunarákvæðum samningsins muni ásókn þeirra vaxa í að komast enn frekar inn í fiskveiðilandhelgi okkar en þegar er samið um.

Þessi lokahrina fiskveiðisamningsins var í mínum huga að mörgu leyti prófraun á samningsstöðu okkar og skilning á sérstöðu okkar gagnvart veldinu í Brussel. Nú liggur niðurstaðan mjög skýr og klár fyrir okkur þingmönnum. Því get ég sagt það hér og nú úr þessum ræðustól að þennan samning mun ég aldrei geta stutt.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Í umróti liðinna daga hefur mjög sótt á mig það sem Tryggvi Þórhallsson hafði fyrir orðtak á sínum tíma: Sagan endurtekur sig. Sagan endurtekur sig, var það orðtak sem hann hafði löngum. Tryggvi var farsæll foringi Framsfl. eins og flestir vita og þetta orðtak hans var ekki út í bláinn. Ef við horfum yfir Evrópu í dag er eins og að sagan sé að endurtaka sig ef við horfum á forusturíkið í EB og forusturíkið sem yrði í hinu Evrópska efnahagssvæði ef af verður.

Samt er eins með þennan reynsluheim og það sem flestir foreldrar reyna þegar þeir vilja hafa áhrif á sín börn að sérhver kynslóð þarf að reka sig á. Henni nægir ekki að fyrri kynslóð rak sig á. Hún þarf sjálf að reka sig á. Það er eins og reynsluheimur liðins tíma nýtist þess vegna mörgum í samtíðinni illa nema því aðeins að skýrt sé í þeirra hugarheimi að sagan endurtekur sig. Í ljósi þessa ætla ég að rekja í örfáum orðum þá sögu sem íslenska þjóðin hefur átt við erlendar þjóðir varðandi fiskveiðar við Ísland.

Það fer ekkert á milli mála að fyrstu átök sem hér urðu um vetursetu voru við þýska kaupmenn sem vildu hafa hér vetursetu vegna útgerðar á skipum frá Hafnarfirði. Þeim var það ljóst að sá auður sem helst var hingað að sækja var auðurinn sem kom úr sjónum í kringum landið. Ég hygg að það sé sama hvort við lítum til samskiptanna við Spánverja, Breta eða Fransmenn. Allar þessar þjóðir höfðu einn hlut alveg skýran: Fiskimiðin við Ísland voru verðmæt.

Við sjómenn frá tveimur þjóðum, Spáni og Bretlandi, áttum við í vopnuðum átökum. Bretar báru hærri hlut á sínum tíma eins og allir muna þegar þeir felldu íslenska hirðstjórann á Rifi og kona hans sagði þau orð sem lengi síðan hafa verið fræg í landinu: Eigi skal gráta Björn bónda heldur safna liði og leita hefnda. Spánverja, sem höfðu orðið sjóhraktir skipbrotsmenn, felldu Vestfirðingar aftur á móti seinna. Sýslumaðurinn í Ögri stjórnaði þeirri aðför. Þarna má segja að þessi átök hafi markað ein dýpstu sporin. Þó er einnig sagt frá átökum í Skagafirði við breska sjómenn.

Ég held að ekki fari á milli mála að ef friður á að haldast á milli þessara þjóða og íslensku þjóðarinnar, þá sé það aðalatriðið að landamærin séu hrein. Það sé alveg á hreinu hvar okkar tekur við og hvar þeirra endar. Ef þetta á að vera deiluefni einu sinni á ári, þá fer ekki á milli mála að það leiðir til átaka. Hversu mikilla getur enginn svarað.

Ef saga Evrópu er skoðuð þá blasir við að hagsæld sína hefur hún að hluta til hlotið vegna yfirgangs gagnvart öðrum heimsálfum. Þessi yfirgangur stóð í margar aldir. Evrópubúar komu sér upp nýlendum, fluttu menn nauðuga til starfa í þessum nýlendum og efldu sinn hag.

Hér á landi hefur löngum verið rekinn mikill áróður gegn Bandaríkjum Norður-Ameríku. Sá áróður hefur beinst að því að þeir hafi haft svertingja fyrir þræla og drepið indíánana í stórum stíl til landvinninga. En það er miklu hljóðara um sögu Suður-Ameríku. Það er miklu hljóðara um að jafnmargir svertingjar voru fluttir til Suður-Ameríku og Norður-Ameríku en þeim var aftur á móti slátrað eins og húsdýrum þegar þeir urðu eldri. Þess vegna er í dag sáralítið af dökkum mönnum í Suður-Ameríku. Flestum sem lesið hafa söguna er það minnisstætt að af þessum þjóðum sem áttu samskipti við indíánana voru það Spánverjarnir sem gengu fram af langmestri grimmd.

Þetta segi ég hér og nú vegna þess að ég er sannfærður um að þessar þjóðir lifa enn í þeim draumi að þær hafi aðstöðu til þess að arðræna önnur svæði heimsins í gegnum það sem kallað er á góðu máli í dag viðskiptasamninga og viðskiptaðstöðu.

Íslendingar fengu ekki yfirráðin yfir fiskimiðunum þegar innlendur ráðherra tók við hér á landi. 1903 var samið um að hér skyldi aðeins vera þriggja sjómílna landhelgi. Það var samið í hálfa öld og það voru Danir sem sömdu við Breta. Auðvitað fengu þeir ákveðna hluti fyrir þennan samning. Það er sagt að þeir hafi fengið viðskipti með smjör og flesk í Bretlandi í staðinn.

Við höfum verið að færa út þessa landhelgi. Það hefur ekki gengið átakalaust. Saga þeirra landhelgisátaka byrjar á Dýrafirði þegar sýslumaður Ísfirðinga fær þá kæru að breskur botnvörpungur sé inni á firðinum. Hann hélt til Dýrafjarðar til þess að koma lögum yfir skipstjórann á þessu skipi. Það er ekki lengra síðan að þessi átök voru á þann veg að þau kostuðu mannslíf. Þó að þeir hugrökku menn sem reru með Hannesi Hafstein út að botnvörpungnum gerðu sér grein fyrir því að Bretarnir mundu lítt meta þeirra líf létu þeir ekki storka sér af sýslumanni heldur fóru í þann róður. Mér hefur verið sagt af manni sem fékk lýsingu á því hvernig skipstjórinn sem fór þessa ferð virtist hegða sér ekki að öllu leyti þegar hann var að fara frá landi eins og hann var vanur. Það var eins og hann vissi það fyrir að þetta væri feigðarflan. En borðaklæddum Íslendingi var bjargað upp á dekkið. Það er aftur á móti staðreynd.

Ég segi þetta hér og nú vegna þess að mér er enn í fersku minni þegar línubátur frá Súgandafirði, Súgfirðingur, var keyrður niður af breskum togara þar sem hann lá undir línu út af firðinum. Fyrrv. forseti þessa þings, seinna þingmaður Vestfirðinga, Þorvaldur Garðar Kristjánsson, þá ungur lögfræðingur sótti það mál á hendur þeim breska skipstjóra.

Jafnt og þétt höfum við verið að færa landhelgina út, styrkja stöðu okkar og ná meiri yfirráðum yfir þeirri auðlind sem er okkar. Þó höfum við ekki að fullu lokið því eins og hv. 4. þm. Reykv. hefur oft vikið að í ræðustól. Núna virðist það vera svo að innstæðunum sem þessi þjóð hefur aflað sér á hinum ýmsu sviðum sé eytt með ævintýralegum hraða. Það er sama hvort

það er Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, Atvinnuleysistryggingasjóður eða hvort það er sú mesta innstæða sem þjóðin á, þ.e. fiskimiðin við landið.

Ég veit ekki hvernig þeir sem telja að á þeim örstutta tíma, broti úr eigin æviskeiði, margfalt minna broti úr sögu heillar þjóðar, geta látið sér detta í hug að þeim verði fyrirgefið að gefa eftir af íslenskum rétti í hendur erlendum aðilum á þessum tímum. Ég hef oft heyrt að Íslendingar séu svo háðir viðskiptum við Evrópu að þeir eigi ekki annarra kosta völ. Ég hef oft heyrt þetta. Hvernig var staðan þegar við þoldum löndunarbann í Bretlandi? Var þessi þjóð þá í svo góðum viðskiptasamböndum? Var hún þá í svo góðum viðskiptasamböndum að hún þyrfti ekki að eiga viðskipti við þessi svæði? Hún var í miklu verri stöðu þá. En hún átti aftur á móti foringja sem voru reiðubúnir að leggja þær byrðar á þjóðina sem þurfti til þess að berjast til sigurs.

Við vorum búnir að undirbúa þau átök á árunum milli 1930 og 1940 með því að færa viðskipti okkar yfir til Ameríku að verulegu leyti. Við vorum líka á þessum tíma færir um að leita að nýjum leiðum til þess að selja afurðir okkar og hófum sölu til Sovétríkjanna í verulega ríkum mæli.

Núna boða menn það að allt sé búið ef við semjum ekki við EES, ef við semjum ekki um að gefa eftir og hleypa erlendum skipum á ný inn í íslenska landhelgi.

Ég las í blaði sem einn frjálshyggjumaður þessa lands gefur út að það mundi vora á Evrópska efnahagssvæðinu og hann vildi greinilega komast í þann nýgræðing. Ég veit að þeir eru til sem trúa því og sumir hafa hlotið nafngiftir af núv. forsrh. Þá voru þeir reyndar óbreyttir borgarfulltrúar í Reykjavík. Þeir trúa því og fylkja nú liði á þann veg að íslenskri þjóð verði það mest til farsældar að eiga sem mest undir nýlenduveldunum í Evrópu. (**ÖS:** Er það ekki helmingurinn af þínum þingflokki?) Það er rétt að ég hef rekist á þessa Evrópukrata á fleiri stöðum en ég átti von á. En hvað um það. (**ÖS:** Ekki í Norðurl. v.) Ég ætla að halda áfram á sömu braut.

Það liggur ljóst fyrir í dag að Íslendingar verða að dreifa meira sínum utanríkisviðskiptum. Þeir verða að minnka viðskiptin við Evrópu til þess að leggja ekki of mörg egg í sömu körfu. Þeir verða að beina sínum viðskiptum í ríkari mæli til Asíu og til Ameríku. Ástæðan fyrir þessu er einföld. Það er sama hvort við leitum eftir viðskiptum í Ameríku eða Asíu. Við fáum ekki stöðugt kröfuna upp á borðið á móti: Við viljum komast inn í landhelgina hjá ykkur. Við fáum enga slíka kröfu ef við beinum viðskiptunum í þessa átt.

Ég hygg að sagan eigi eftir að endurtaka sig. Ég hygg að þegar menn hafa búið við þær hugmyndir sem nú munu trúlega hafa sigur fari svo að Íslendingar, sem munu verða háðari og háðari Evrópu vegna þess að viðskiptin fara þangað í ríkari mæli ef við göngum í EES, verði á nýjan leik að snúa sér að því að hreinsa óværuna út ef þjóðin ætlar að halda velli.

Þá skulum við víkja örlítið að hinu atriðinu, hvers vegna Þýskalandi, Bretlandi, Frakklandi og Spáni og þessum þjóðum hefur mistekist að stjórna fiskveiðunum. Hafa þeir ekki kvótakerfi? Ég er nú hræddur um það. Þeir hafa kvótakerfi. Hafa þeir ekki fiskifræðinga? Ég er nú hræddur um að þeir hafi fiskifræðinga. Hafa þeir ekki eftirlitsmenn í höfnum Evrópu til að fylgjast með aflanum sem kemur á land? Ég er nú hræddur um það. Þeir hafa eftirlitsmenn í höfnum Evrópu. Við munum aftur á móti ekki hafa eftirlitsmenn í höfnum Evrópu til þess að fylgjast með aflanum sem kemur á land úr þessum veiðiferðum. Við höfum eftirlitsmann um borð, segja þeir.

Hvers vegna hefur þeim þá ekki tekist að stjórna sínum fiskveiðum? Hver einasti alþingismaður Íslendinga veit svarið. Það er vegna þess að þeir hafa ekki virt leikreglurnar. Þeir hafa ekki virt þær leikreglur sem þeim hefur verið ætlað að fara eftir. Þegar eftirlitsmennirnir hafa verið að fara yfir hvaða fiskur kæmi upp úr skipunum, þá hafa þeir verið fúsir að breyta til bæði um tegundir og magn. Fréttir af þeim atburðum hafa verið sýndar í íslenska sjónvarpinu, þegar breskir aðilar fóru á land í Frakklandi til að fylgjast með því hvort verið væri að landa þeim fiski upp úr skipunum sem sagt var. Bretarnir vildu fá eftirlitsmennina til þess að horfa á fiskinn. Þeir vissu hvað þeir voru búnir að skrá en hinir hröðuðu sér upp hafnarkantinn og í land. Það var ekkert á dagskrá að virða þessar leikreglur.

Hvers vegna skyldi Efnahagsbandalag Evrópu leggja slíkt höfuðkapp á að 18 skip fái að fara til veiða innan íslensku lögsögunnar? Er það vegna þess að verðmæti þessa karfa, um 360 milljónir, er það mikils virði? Eru það peningarnir sem þeir eru að horfa á í fyrstu veiðiferð? Nei. Það er ekki það sem verið er að tefla um. Það er aukaatriði kvöldsins. Það er álíka ómerkilegt að prútta um þá hluti og minnir mest á það þegar Bjartur í Sumarhúsum stóð í deilunni við prestinn út af ræðunum, hvort leggja bæri að jöfnu jarðarfararæðu og aðra ræðu sem presturinn ætlaði að flytja. Þá deilu mega þeir takast á um sem vilja.

Deilan stendur fyrst og fremst um eitt atriði: Hvort hleypa eigi þessum skipum aftur inn í íslensku landhelgina. Auðvitað ætla þá Íslendingar að efla Landhelgisgæsluna, kaupa þyrlu, halda flugvélinni úti til að fylgjast með því að það séu þessi skip en ekki einhver önnur sem séu að veiða á þessu svæði. Hafa menn ekki lesið fjárlagafrv. þar sem þessar hugmyndir liggja fyrir? Nei. Það stendur ekki til. Við viljum eiga landhelgi en við tímum ekki að kosta því til sem þarf til að fylgjast með henni. Það veit enginn hvort það verða þessi skip eða önnur sem verða á þessu svæði vegna þess að ekkert eftirlit verður haft með því.

Menn eru hér að leika sér að því að breyta stefnu sem bestu stjórnmálamenn landsins, allir sem einn, töldu á sínum tíma að bæri ekki að taka upp. Það bæri að semja um sólarlag erlendra aðila í veiðum við Ísland. Ég skil ekki hvers vegna það er stórmál að segja nú við Belgana að þeir eigi að hætta þegar á að hleypa þessu liði inn fyrir.

Mér finnst eins og menn átti sig ekki á því hvernig svona þjóðir vinna. Mér finnst að menn gleymi því að þær hafa löngum fáu sleppt nema það hafi verið sótt

með vopnavaldi. Eru menn búnir að gleyma uppreisninni í Boston forðum? Fengu Bandaríkin frelsi með því að tilkynna Bretum skriflega að þeir ætluðu að taka eigin mál í eigin hendur? Eða hvað með Búastríðið? Nei. Hvers vegna eru Bretar að berjast um Falklandseyjar? Það er vegna þess að heimsveldið ræður ekki við stærri valkost í bili en Falklandseyjar.

Viljinn er sá sami á þessu svæði öllu. Þessi svæði hafa byggt upp þær leikreglur að þriðji heimurinn heldur áfram að safna skuldum. Leikreglurnar eru einfaldar. Hráefnið flytjum við inn tollfrjálst. Allt sem þið reynið að margfalda að verðmæti með vinnslu heima fyrir tollum við. Ég held að í þeirri stöðu sem íslenska þjóðin er í dag eigi hún að gera sér grein fyrir því að hún sækir ekki auð í hendur þessa svæðis.

Hafa menn skoðað viðskiptajöfnuð Íslands á undanförnum árum við Evrópu? Hafa menn skoðað þennan viðskiptajöfnuð? Hafa þeir verið að tapa á viðskiptunum? Hvað hurfu mörg störf í iðnaði á seinasta ári? Það var að vísu upplýst í dag að núv. hæstv. iðnrh. verður ekki að eilífu og vissulega var jákvætt að fá að vita það. (**Gripið fram í:** Góðar fréttir.)

Hér á kvöldfundi er farið yfir það sem sumir hverjir hafa gengið svo langt að kalla stórsigur Íslendinga unninn á lokasprettinum, 8 mínútum. Ég held að leiftursóknin hafi aldrei verið svo hröð hjá þýska hernum eins og sagt er frá að íslenski utanrrh. hafi náð árangri í þessum seinustu samningum. Aldrei.

Hér höfum við horft á það að sá maðurinn úr liði stjórnarsinna sem fastast hefur viljað halda á málefnum Íslands og farið með forustu í utanrmn. fyrir Alþingi Íslendinga að undanförnu er settur til hliðar til þess að ryðja áfram málum sem allir vita að hann hefði aldrei veitt stuðning.

Mér er ljóst hverjir hrósa sigri á Alþingi Íslendinga þessa stundina. En hafa þeir íslensku þjóðina á bak við sig? Menn hafa komið hér upp í ræðustólinn og sagt að þeir hefðu áhyggjur af skuldum barnanna. En þeir hinir sömu hafa ekki áhyggjur af því ef eignir barnanna eru minnkaðar, ef eignirnar eru látnar af hendi, eignirnar sem íslenska þjóðin á og eru slíkar að sennilega er engin þjóð í Evrópu jafnrík og sú íslenska. Seinasta áratug var hagvöxtur á Íslandi í heild jafnmikill og hann var í Vestur-Þýskalandi. Það eru miklir draumórar ef menn halda að það ástand sem er að meðaltali um Evrópu í lífskjörum sé á þann veg að við höfum eitthvað þangað að sækja. Íslenska þjóðin hefur farið sigurgöngu þann tíma sem hún hefur stjórnað eigin málum. Þetta veit hver einasti Íslendingur sem hefur ferðast erlendis og kynnt sér hvernig ástandið er á þessum svæðum.

Sumir gleyma því aftur á móti hve stuttan tíma við höfum stjórnað eigin málum. Þeir gleyma því. Það væri kannski rétt fyrir þá að rifja upp hvaða forskot Evrópa hafði umfram íslensku þjóðina, rifja upp hvenær voraði í Evrópu og hvenær voraði á Íslandi, skoða skýrslurnar um barnadauðann á seinustu öld, fara yfir það hvernig ástandið var á Íslandi og hvernig ástandið var í Evrópu, hvernig ástandið var í Danmörku og átta sig á því að það var mikill munur á því hvað það voraði fyrr í Danmörku en hér vegna þess að við vorum undir erlendri stjórn.

Nú virðast menn trúa því að þetta sé allt saman fyrir bí. Nú séu það útlendingarnir sem munu hafa vit fyrir okkur á öllum sviðum. Þeir muni nánast koma með gjafafé inn til Íslands til þess að auka hér hagsæld. Mikil er trú þeirra manna sem þannig tala.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Mér er ljóst að flestir stjórnarsinnar úr röðum þingsins eru heima við og hafa ekki talið það þess virði að ræða um landhelgismál á Alþingi Íslendinga. Þeir hafa ekki talið það þess virði að hlusta á umræðu um landhelgismál og hæstv. utanrrh. vill vafalaust fara að komast heim til sín líka. En sagan mun dæma og sagan gleymir engu og sagan á eftir að endurtaka sig.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Mig langar að koma hér inn á örfá atriði sem snerta þennan samning sem er lagður fyrir Alþingi og ræddur í dag. Ég sannfærist um það æ meir eftir því sem ég sé meira af þeim gjörningi sem varðar hið Evrópska efnahagssvæði að Evrópubandalagið mun á mjög mörgum sviðum hafa töglin og hagldirnar í okkar málefnum. (Gripið fram í.) Ég er sannfærður um að hæstv. ráðherrar sitja í hliðarbergjum, alla vega hæstv. utanrrh. Hæstv. sjútvrh. er ekki sýnilegur eins og er.

Ég ætla aðeins að minnast á landhelgina. Í mínum huga og í huga flestra Íslendinga er landhelgin heilagt vé. Fyrir henni var barist með svita, blóði og tárum. Við háðum stríð við stórveldi aftur og aftur og við sigruðum þessa orrustu. Í gegnum þá sigra er mér ljóst að þar með tryggðum við okkur þau lífskjör sem við búum við og að auki alger yfirráð yfir einni dýrmætustu auðlind í veröldinni. En samkvæmt þessum samningi erum við að opna þessar dyr á ný og hleypa á ný erlendum togurum að staðaldri inn í íslenska fiskveiðilögsögu.

Þegar maður hugsar um risann sem Evrópubandalagið er, þá getur maður sett sig í hans spor. Auðvitað getur maður sett sig spor heimsbyggðarinnar þegar við hugleiðum það að þessi örlitla þjóð, Íslendingar, munu veiða úr hafi sínu 1% af öllum fiski sem neytt er í heiminum. Skyldu ekki margir útlendingar hugsa þessari litlu þjóð þegjandi þörfina sem býr við þá auðlegð að veiða 1% af öllum fiski sem veiddur er í heiminum? Við skulum hugleiða það hvað þessi litla sjálfstæða þjóð okkar er lítil. Ég spurði hæstv. utanrrh. að því áðan hvað hún væri stór og hann sagði: Hún er svo lítil að hún er vart mælanleg. Hún er eitthvert prómill af mannkyninu. Auðvitað eru þetta orð að sönnu í augum heimsbyggðarinnar. Þeim getur þótt það ósanngjarnt að þessi litla þjóð ráði svo dýrmætri auðlind. Við erum 260 þús. af hátt í 5 milljörðum manna í þessum heimi. (**SJS:** Það hefur ekki verið talið í Kína nýlega.) Það hefur ekki verið talið í Kína síðustu árin bætir hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon við sem þekkir áreiðanlega vel til þar. Þessar staðreyndir segja manni það að opna þessar dyr á ný, þá ráða Íslendingar ekki einir yfir hafi sínu, verða að semja ár-

lega við erlent ríki um nýtingu. Menn skulu gera sér grein fyrir því að hér er ekki verið að gera samning til tíu ára. Einu sinni á hverju einasta ári skal ríkisstjórn Íslands sitja frammi fyrir Evrópubandalaginu og á ný að semja um aflaheimildir úr þessu hafi ef ég skil samninginn rétt.

Ég lærði myllu sem ungur drengur. Hverja einustu myllu vann ég þegar ég hafði komið mér upp svikamyllu. Hér sýnist mér að Evrópubandalagið sé að koma á íslenska stjórnmálamenn og þjóð þeirri svikamyllu að þeir munu ráða ferðinni. Þeir munu sækja fast á hverju ári að auka sínar heimildir. En þeir munu jafnvel sjá hina leiðina vænlegri til að byrja með í einhver ár að gera frekari kröfur til að stjórnvöld opni aðrar dyr með meiri hraða, með alls konar vöruflæði og öðrum yfirráðum í þessu landi.

Ég er sannfærður um, hæstv. utanrrh., að einhvern tíma á yngri árum hefði hæstv. utanrrh. talið það eðlilegt við svo stórbrotna ákvörðun, að opna landhelgi Íslands, að þjóðin yrði spurð um það atriði. Væri ekki eðlilegt að Alþingi Íslendinga kannaði hug þjóðarinnar til þessa máls? Mér finnst mjög eðlilegt og ég heyri það á förnum vegi hvar sem ég fer, ég heyri það á íslenskum sjómönnum, sem í dag eru jafnvel að amast við frændum okkar Færeyingum sem eru í mikili neyð, að þá hryllir við þeirri hugsun að þessir togarar Evrópubandalagsins, sem þeir vita lítið um hverjir verða, verði að staðaldri í okkar landhelgi, jafnvel þó að þeir verði á afmörkuðum svæðum eins og samningurinn gerir ráð fyrir. Ég hygg að hæstv. sjútvrh. hafi heyrt þau viðhorf, alla vega í Vestmannaeyjum.

Ég vil mælast til þess að sem flestir alþingismenn hugleiði það hversu heilög landhelgin er í huga þjóðarinnar og hvort þjóðin geti nokkurn tíma fallist á að landhelgin verði opnuð með þeim hætti að árlega skuli risinn segja við þessa litlu þjóð: Nú gefum við upp á nýtt.

Þetta vildi ég láta koma fram við umræðuna. Ég vil líka við þessa umræðu segja að mér finnst margt hafa breyst á síðustu þremur árum frá því að þeir samningar hófust sem við tókum þátt í með EFTA-ríkjunum við Evrópubandalagið. Ég hygg að fæstir hafi gert sér grein fyrir því þá að önnur stoðin, sem átti að standa undir viðskiptabrúnni á milli EFTA og EB, yrði ekki til innan örfárra ára því EFTA-ríkin hafa nú öll sótt um aðild að Evrópubandalaginu nema við. Þetta segir mér það að við munum standa frammi fyrir einhvers konar ferli á næstu árum á því svæði sem við erum að fara inn á. Ég óttast, því miður, að sá ferill muni liggja í þá átt að af einhverjum ástæðum muni verða knúið á það í þessu landi að um inngöngu verði að ræða. Þá hugsun get ég ekki hugsað til enda.

Mér finnst það áberandi í umræðunni að mikið er lagt upp úr fjórfrelsinu og að Íslendingar hugsi um það að þeir þurfi að hafa sama rétt úti í Evrópu og séu tilbúnir að gefa rétt sinn í þessu landi 400 millj. manna. Það þykir mér skammsýn hugsun og ég harma að fólk heldur að þetta snúist um atvinnuréttindi í staðinn fyrir að hugsa lengra og átta sig á því hversu dýrmætar og eftirsóknarverðar auðlindir íslenska þjóðin á. Það er ekki bara hafið sem er dýrmæt auðlind í þessu landi. Það er enginn vafi á því að þegar það blasir við, jafnvel innan áratuga, að olía og kol eru á þrotum verða vatnsaflsvirkjanir á Íslandi enn dýrmætari en þær eru í dag.

Það er heldur enginn vafi í mínum huga að landið sjálft er mjög dýrmæt auðlind. Við eigum kalt og heitt vatn. Þess vegna hallast ég æ meira að því að við þessar breyttu aðstæður væri mikilvægt fyrir Íslendinga að leita þegar eftir því að þessum samningi verði snúið upp í tvíhliða viðræður vegna þess að hin ríkin eru að fara inn í EB. Við megum ekki falla í þá gryfju að hugsa bara rétt fram fyrir tærnar á okkur, í örfáum árum. Við verðum að hugsa í áratugum og öldum. Við verðum að hugsa í kynslóðum. Við verðum að hugsa um börnin sem nú alast upp í landinu, að þau geti eignast hér glæsta framtíð. Á þetta vildi ég leggja áherslu og ég lýsi þungum vonbrigðum mínum yfir því að íslensk stjórnvöld skuli nokkurn tíma hafa fallist á það að opna landhelgina á ný fyrir erlendum togurum.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Þessar umræður hafa mestmegnis verið mjög ánægjulegar og ég trúi varla öðru en þeir sem hafa nennt að hlýða á ræðumenn, hvort sem þeir eru staddir hér eða hlýða á í sjónvarpi eða útvarpi, hafi haft nokkurt gagn að. En auðvitað er það til vansa að hv. þm. skuli ekki mæta til fundar þegar mál sem þetta er til umræðu.

Hvað sem segja má um þá sem hér voru fyrr á árum og áratugum er eitt alveg áreiðanlegt, þeir hefðu hlustað á umræður sem fjölluðu um landhelgismálið og lífshagsmuni þjóðarinnar eins og nokkrir þingmenn hér. Margir eru þeir nú ekki, það eru ekki margir í salnum, en þeir sem hafa talað hafa yfirleitt vakið athygli á þessu. Við höfum byggt allt okkar á þessum auðæfum hafsins og kunnáttu á því sviði og munum verða að gera það áfram. Þar höfum við yfirleitt verið nokkuð samstiga. Við höfum lært að vera samtaka í því að vinna okkar sigra en ég vona að guð gefi að við verðum ekki sammála um það að fórna öllu því sem við höfum áunnið eða miklu af því með því að stökkva í allar áttir í staðinn fyrir að standa vörð um það sem við höfum fengið og forðast að fórna nokkru af því og reyna að sannfæra þá sem enn þá geta ekki skilið jafneinfaldan hlut og þann að við Íslendingar eigum stærri hluta af yfirborði jarðarinnar einir en allir Vestur-Evrópumenn, Norður-Evrópumenn aðrir en við og Suður-Evrópumenn raunar líka. Við eigum allt hafsvæðið, 350 mílur á Reykjaneshrygg. Það getur enginn vefengt það. Við eigum 600 mílur á Hatton-banka. Við eigum hann allan ef miðlínan væri látin ráða. En ef við hann ættum hann í sameiningu við Breta með Rockall-svæðinu hefðum við líka helminginn af því svæði. Þar er ekki bara fiskur, þar er olía. Við þurfum að passa upp á að ekki verði farið að raska svo jarðvegi og sjávarbotni að þau auðæfi gætu glatast. Síðan eigum við með Noregi allt hafsvæðið, allan hafsbotninn, á milli okkar 200 mílna og Noregs að undanskilinni mjög lítilli ræmu, smábletti nánast, þar sem dýptarlín-

ur eru kannski ekki með þeim hætti að það sé algerlega hægt að loka því svæði öllu og síðan alveg norður í pól. Þetta er bara svona. En það er eins og menn vilji ekki lemja það inn í kollinn á sjálfum sér. Það eru til kort. Þau hafa verið hér. Þingmenn hafa fengið þau. Það getur hvert mannsbarn lesið og séð hvað það er sem við erum að berjast fyrir.

Við værum svikarar ef við ætluðum að taka þessa eign barnanna okkar og komandi kynslóða og fórna henni. Þá værum við landráðamenn og ekkert annað. Nú ætla ég ekki að nota það um nokkurn mann að hann sé landráðamaður, vilji eyðileggja fyrir okkar landi og þjóð og komandi kynslóðum. Það gerum við auðvitað ekki.

Málin eru komin í það gott horf með margháttuðum þingsályktunum, tilkynningum til þeirra stofnana Sameinuðu þjóðanna sem taka við tilkynningum um kröfur um hafsbotnsréttindi o.s.frv. Þetta hefur allt verið undirbúið og komið til réttra aðila. Við erum búnir að vinna okkur þessi réttindi þó hér séu enn þá því miður einstaklingar sem þvælast fyrir því að við framkvæmum þetta verk og klárum það. Við getum beðið í hálft ár eða eitt ár enn þá ef menn vilja en aldrei að eilífu samþykkt að við fórnum því sem við erum þegar búnir að ávinna okkur með bókunum í hafréttarstofnunum, Hafsbotnsstofnun Sameinuðu þjóðanna og gert kröfur til Breta, Norðmanna og annarra. Þetta er allt saman bókfest og verður ekkert aftur tekið. Þess vegna þarf enginn að óttast það að hann verði sá ógæfumaður að firra komandi kynslóðir þessari eign hennar og þeirra.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að segja mikið meira. Mér hitnar kannski mikið í hamsi af því að þetta er sjálfsagt í þúsundasta skiptið sem ég segi sömu orðin úr þessum stól á síðustu 20 árunum. Ég veit ekki til þess að annað hafi gerst ánægjulegra í okkar málum, allt hefur gerst miklu fyrr og betur en nokkur gat vonast til. Við erum langsamlega ríkasta þjóð heimsins. Það er hvorki meira né minna og það er ekki hægt að eyðileggja þau auðæfi. Það mikil er þekkingin og það mikill er skilningur fólksins í landinu á því, það verður að einangra þá menn sem reyna að segja okkur eitthvað allt annað, t.d. að við eigum að vera aðilar að Evrópsku efnahagssvæði sem guð má vita hvernig kann að líta út þegar öll sú skelfing er lögð saman, þegar menn byrja að sjá hvernig þessar þjóðir deila, og eru nú með mesta atvinnuleysi sem hugsast getur. Þó eru það menntaðar þjóðir og þróaðar þar sem hver höndin er upp á móti annarri og þeir eru helst með fingur á gikknum, og rífast og berjast. Við höfum ekkert í það samfélag að gera, ekki sem einhverjir fastalimir þar. Við viljum auðvitað eiga góð samskipti við þessar nágrannaþjóðir okkar og það verða alltaf góð samskipti við þær. Auðvitað er þarna fólk nákvæmlega eins og við. Það er bara ekki eins gæfuríkt og við að eiga þá auðlegð sem við eigum.

Svo margar ferðir hef ég farið á vegum Evrópustefnunefndar og utanrmn. til þessara þjóða til að ræða um þessi mál að ég veit að þarna er úrvalsfólk auðvitað og það er vinsamlegt okkur. Af einhverri ástæðu er það það. Það vill ekki að við séum að þvælast til að gera neitt það sem við erum ekki ánægðir með sjálfir. Það ætlar sér ekki að hafa eitthvert ógnaryfirvald, eins og þeir sjálfir búa við, og þrýsta því upp á okkur. Óttinn er ekki frá þessu fólki. Hann er miklu frekar frá einhverjum einstaklingum hér innan lands. Það þarf auðvitað að gjalda við því varhug ekki síður en þeim hættum sem koma að utan.

Það líður nú að miðnætti og ég ætla ekki að tala öllu lengur um þetta mál. Það sem er náttúrlega alger nauðsyn og hlýtur að vera hægt að ná samstöðu um er að enginn samningur verði gerður til tíu ára. Það er þannig að ef lemja á þennan samning í gegn með slíku ákvæði vakir eitthvað annað fyrir mönnum en að gæta hagsmuna þessarar þjóðar. Þá vill það fólk bara vera einhvers konar stórveldadraumóramenn og fórna íslenskum hagsmunum. Það getur ekki verið að ekki sé hægt að ná samningi öðruvísi en að semja til tíu ára og vera í eilífu þvargi. Ég trúi því ekki að einn einasti maður vilji gera það þegar hann hugsar málið. Ég skal játa það að ég var ekki búinn að taka eftir því að þetta átti að vera tíu ára samningur. Mér datt það aldrei í hug. Ég hélt að það væri bara þetta eina ár sem er verið að telja okkur trú um að EES mundi verða. Ef við sjálfir förum ofan í þessa gryfju verður auðvitað þrengt að okkur þar. Ef við sækjumst eftir því, þá verður það. En meðan við í þessu húsi segjum: Við ætlum ekkert að fara þangað, þá förum við ekki.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég kynnti mér þá dagskrá sem liggur fyrir varðandi næsta fund og áttaði mig á því að þar er eitt mál ekki enn komið á dagskrá sem hefur legið alllengi fyrir þinginu. Það er frv. til laga um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, 246. mál. Ég hef því leyft mér að leggja fram ályktun að dagskrá fyrir 70. fund Alþingis sem er á þann veg að þar eru öll þau mál inni sem ætlunin var að hafa inni og þetta mál þar að auki.

Ástæðan fyrir því, herra forseti, að ég sæki það að þetta mál sé sett á dagskrána er sú að í allshn. hefur átt sér stað vinna í þeim frumvörpum sem varða EES, m.a. frv. til laga um breytingar á ýmsum lögum er varða réttarfar, atvinnuréttindi og fleira vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Í þessu frv. er kafli sem fjallar um lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna. Við hann hefur komið mjög stuttorð breytingartillaga úr dómsmrn., sem er ættuð úr landbrn., hugsuð þó til að styrkja það að Íslendingar hafi meira vald varðandi þær fasteignir sem hér eru, fyrst og fremst jarðir.

Fyrir þinginu liggur frv. til jarðalaga sem mjög hefur verið rætt í fjölmiðlum. Það er aftur á móti á allt annan veg en hv. þm. Geir H. Haarde og hæstv. fjmrh. lögðu til þegar þeir fjölluðu um þessi mál. Ég efa að það sé mikil vissa fyrir því að slíkt frv. hafi meiri hluta á þinginu en ég tel nauðsynlegt að fá umræðu um það mál áður en allshn. afgreiðir út úr nefnd frv. til laga um breytingar á lögum er varða réttarfar, atvinnuréttindi o.fl. því að þessi mál eru nátengd. Jarðir eru

fasteignir og því er nauðsyn að fá viðhorf þingsins til þessa jarðafrv. og hvort einhver alvara er í því máli. Mér sýnist að það geti varla verið. Ég segi fyrir mig að mér finnst það mannréttindaskerðing fyrir Íslendinga verði það samþykkt og tel þess vegna nauðsyn að fá þetta fram. Ég held að menn verði að gera sér grein fyrir því að það hefur enginn komið fram með neitt það sem girðir fyrir að útlendingar geti keypt land eins og þeir vilja í landinu ef við göngum í EES.

Tillagan liggur fyrir, herra forseti, og ég vænti þess að hún verði borin undir atkvæði.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Hv. 2. þm. Vestf. hefur gert tillögu um breytingar á drögum að dagskrá fyrir næsta fund. Tillaga hans felur í sér þá einu breytingu að við bætist eitt mál, frv. til laga um breytingu á jarðalögum.

Nú vill svo til að hv. þm. er ekki flm. þessa máls, þetta er stjfrv. en eigi að síður vill forseti taka við þessari tillögu með þeim hætti að taka það mjög til athugunar hvort eigi verði breytingar á dagskrá næsta fundar. Verði málið þá eigi tekið fyrir, þá verði leitast við að tryggja að það verði tekið fyrir á næsta fundi.

Ég tel að með þessu sé komið til móts við hv. þm. og mun ræða það við aðalforseta þingsins hvort eigi verði unnt að verða við þeirri ósk hans að þetta mál megi koma á dagskrá næsta fundar.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hafði vænst þess að þegar mælendaskrá var tæmd mundi hæstv. utanrrh. a.m.k., ef ekki bæði hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh., láta svo lítið að svara hér ýmsu því sem fram hefur komið eða spurt hefur verið um í umræðunni. Það virðist ekki vera ætlun þeirra hæstv. ráðherra og veldur mér nokkrum vonbrigðum. A.m.k. er það alveg skýrt að ég lagði fyrir hæstv. utanrrh. eina algerlega gagnsæja, skýra spurningu sem ég hef ekki heyrt að svör hafi komið fram við í umræðunni. Spurningin var þessi: Hvað hyggst hæstv. utanrrh. fyrir með þennan samning um samskipti á sviði sjávarútvegsmála milli Íslands og Evrópubandalagsins ef enginn verður EES-samningurinn?

Ég setti það upp þannig að svo gæti farið að Svisslendingar felldu þennan samning í þjóðaratkvæðagreiðslu nk. sunnudag. Það setti málið í uppnám og mundi valda um hálfs árs töf a.m.k. á gildistöku samningsins. Það gæti síðan leitt til þess að ákveðin EFTA-ríki misstu þolinmæðina, gæfu þetta EES-samstarf upp á bátinn og styngju sér beint í aðildarviðræður um inngöngu í Evrópubandalagið og eftir sætu menn nokkuð vandræðalegir eins og kobbar á skeri, þar á meðal Íslendingar, og hver yrðu þá örlög þessa sjávarútvegssamnings?

Hæstv. utanrrh. hefur gert nokkuð af því að reyna að sanna að hann sé ekki á nokkurn hátt efnislega bundinn samningi um Evrópskt efnahagssvæði, sem auðvitað stenst ekki þegar betur er skoðað vegna þess að hann er skilyrði af hálfu Evrópubandalagsins fyrir gildistöku samningsins. Engu að síður réttlætir þetta þá spurningu til hæstv. utanrrh.: Hver verður framtíð þessa samnings um sjávarútvegsmál? Hvað hyggst hæstv. ríkisstjórn fyrir með hann ef ekki verður af gildistöku og jafnvel alls ekki af samningum um Evrópskt efnahagssvæði? Telur hæstv. utanrrh. þá samninginn sem slíkan okkur það hagstæðan að eftir sem áður sé æskilegt að fullgilda hann og láta hann standa þó svo að fyrirvari Evrópubandalagsins varðandi gildistöku EES hafi þar með ekki neitt gildi gagnvart okkur og okkur sé ekki á nokkurn hátt í sjálfu sér skylt að verða við því að gera þennan samning við Evrópubandalagið?

Ég hafði vænst þess sömuleiðis að þeir hæstv. sjútvrh. og/eða hæstv. utanrrh. virtu þessa umræðu, sem hefur staðið í dag, a.m.k. þess að þeir gerðu nánari grein fyrir samningaferlinu eins og það hefur gengið fyrir sig frá og með miðjum marsmánuði sl. eða frá og með maíbyrjun þegar skrifað var undir samninga í Portúgal, m.a. vegna þeirra misvísandi upplýsinga og fullyrðinga sem komu fram í umræðunni um kröfugerð Íslands og hvað þar hefði staðið til. Ég þóttist sýna fram á það með skjölum frá utanrrn. sjálfu að hæstv. utanrrh. væri, svo ekki sé fastar að orði kveðið, í verulegri mótsagnahættu með sinn málflutning þegar hann nú að gerðum samningnum fullyrðir að aldrei hafi verið inni í myndinni að um raunverulega gagnkvæmni í formi eiginlegrar veiði yrði að ræða. Samt stendur í minnisblaði frá utanrrn. til utanrmn. að þetta hafi verið krafa Íslands frá upphafi og á miðju sumri hafi verið þreifað á því að fá hana fram að hálfu gagnvart Evrópubandalaginu.

Mér finnst það satt best að segja lýsandi fyrir málefnastöðu hæstv. ríkisstjórnar í þessu ef það á að verða niðurstaða umræðunnar að hæstv. ráðherrar þegi fram af sér þessar spurningar og treysti sér ekki upp til þess að svara þeim. Ég ítreka þær þess vegna að lokum, herra forseti, og læt það svo í vald hæstv. ráðherra að sjálfsögðu hvort þeir verða við því að svara þessum spurningum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég tel spurningu hv. þm. út af fyrir sig ekki tímabæra af þeirri einföldu ástæðu að það er engin ástæða til að ætla annað en samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið verði staðfestur og það eins fyrir því hver verða úrslit í þjóðaratkvæðagreiðslu í Sviss. Hitt er rétt að það er mitt mat að samningurinn sé okkur hagstæður og þess vegna ekki frágangssök af þeim sökum.

Að því er varðar samningaferlið, þá liggja allar upplýsingar á borðum hv. þm. um það. Að því er varðar það atriði sem hv. þm. spurði sérstaklega um, þ.e. það mál sem hefur verið uppistaðan í orðaskiptum manna hér, hvort gengið hafi verið út frá því í upphafi að um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum eða veiddum fiski upp úr sjó væri að ræða, þá liggur það alveg ljóst fyrir. Frá upphafi vega var ráð fyrir því gert að hér væri um að ræða skipti á veiðiheimildum. Það er staðfest af þeim erindaskiptum sem undirrituð voru í Óportó. Það

breytir hins vegar engu um það að eftir var að útfæra hið árlega samkomulag samkvæmt erindaskiptunum um fyrirkomulagsatriði, þar á meðal hvernig tryggt skyldi við ólík tilvik að gagnkvæmnin héldi í þessum samningi. Allar upplýsingar hafa verið fram færðar um það hvernig því er hagað.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Hv. 4. þm. Austurl. óskar að veita andsvar. Sömuleiðis hafa tveir hv. alþm. aðrir óskað eftir að veita andsvar og verður því að haga ræðutíma þannig að leyfist að tala fullan tíma eða tvær mínútur í fyrri umferð en eina mínútu í þeirri síðari. Gildir hið sama um hugsanleg svör hæstv. ráðherra.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þessarar ræðu hæstv. ráðherra vil ég vekja athygli á því að ekki finnst mér að allt liggi ljóst fyrir varðandi samningaferlið. Eitt atriði er það sem birtist okkur í málsskjalinu, till. til þál., á fyrstu síðu þar sem gefið er í skyn að þessir samningar séu einhvers konar beint framhald af samningsdrögum sem legið hafi fyrir 1981. Mig rekur ekki minni til að þau samningsdrög hafi komið til neinnar pólitískrar meðferðar í landinu á þeim tíma, hvað þá að þau hafi verið lögð fyrir Alþingi svoleiðis að það er mjög sérkennilegt þegar það er gefið í skyn.

Þess vegna, virðulegur forseti, vakti ég athygli á þessum grundvelli sem hér er farið inn á með loðnustofninn sem ætti að koma í okkar hlut, þennan sem við höfum í rauninni notið og getað veitt undanfarin ár án þess að Evrópubandalagið sýndi nokkurn lit á því að nýta sér veiðiheimildir sem það hefur keypt af Grænlendingum.

Síðan það atriðið sem snýr að gildistökuákvæðum og uppsagnarákvæðum þessa samnings. Það vekur alveg sérstaka athygli hvernig um hnútana er búið í 12. gr. hins svokallaða rammasamnings sem er nánast óuppsegjanlegur. Sé honum sagt upp að tíu árum liðnum og fái hann þá framlengingu í sex ár er sérstaklega tekið fram í 2. tölul. 12. gr. að ef samningnum er sagt upp í samræmi við ákvæði fyrri málsgreinar skuli aðilar hefja viðræður um annan samning til að tryggja lagalegan grundvöll að framkvæmd á samkomulagi því sem felst í erindaskiptunum um fiskveiðimál sem voru undirrituð í Óportó 2. maí 1992. Það er í rauninni verið að gefa þessum samningi og þessum grundvelli frá Óportó eilíft líf. Ég hef satt að segja aldrei nokkurn tíma séð svona málatilbúnað gagnvart Alþingi Íslendinga.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átti von á því að hæstv. utanrrh. svaraði einfaldri og skýrri spurningu sem ég beindi til hans og vil því endurtaka hana hér: Er það ekki rétt lesið hjá mér í þessum samningi að eftirlitsmönnum okkar er ekki sköpuð aðstaða til þess að fylgjast með löndunum afla úr þeim skipum sem veiða á Íslandsmiðum?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. eigi við eftirlit með löndunum afla í erlendum höfnum. Svarið við því er að finna í fylgiskjölum með þáltill. þar sem taldar eru upp eru þær hafnir sem eru sérstaklega tilgreindar sem heimilaðar löndunarhafnir. Það eru hefðbundnar hafnir sem íslenskir aðilar viðurkenna þar sem íslensk skip hafa landað afla og þar sem reynsla hefur sýnt að aflaskýrslum er að treysta, enda í mörgum tilvikum um að ræða íslenska aðila sem geta staðreynt það. (**StG:** Það segir ekkert um spurninguna.) Það svarar spurningu hv. þm. vegna þess að með þeim hætti er gengið frá því hvernig upplýsingar berast sem við treystum um landaðan afla í erlendum höfnum.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er satt best að segja ekki merkilegt svar hjá hæstv. utanrrh. að ekki sé tímabært að svara því hvað skuli með þennan samskiptasamning um sjávarútvegsmál ef ekkert verður EES-ið. Það er ekki merkilegt svar. Fæst hæstv. utanrrh. ekki til þess að gefa það upp hvað ríkisstjórnin hyggst fyrir með þennan samning og hver staða okkar Íslendinga verður með hann ef ekki verður af þessu Evrópska efnahagssvæði sem hlýtur a.m.k. að vera hægt að ræða hér sem fræðilegan möguleika við hæstv. utanrrh. þó að hann sé að sönnu heitttrúaður á að þetta framtíðarríki renni upp? Ber að skilja hæstv. utanrrh. svo, það litla sem lesa mátti í orð hans hér áðan, að ef ekkert verður af EES, þá munum við sitja uppi með þennan samning engu að síður og þessi dæmalausu eilífðarákvæði hans sem eru þannig að eftir tíu ár megi endurskoða hann en þó eingöngu þannig að áfram verði til einhver samningur í staðinn? Sitjum við t.d. uppi með EB-flotann inni í landhelginni á næsta ári hvað sem tautar og raular eftir að hafa afgreitt þennan samning þó svo ekkert yrði af samningnum um EES? Það var helst að heyra á orðum hæstv. utanrrh. hér áðan. Ég hvet hann til þess að koma og svara því alveg skýrt. Hann hlýtur að geta það.

Varðandi svo hitt að allt sé ljóst með samningaferlið, þá er það furðulegt þegar fyrir liggja skjalfest gögn um það að hæstv. utanrrh. er alveg gersamlega í 180 gráðu mótsögn við sjálfan sig í skjalfestum heimildum sem liggja hér frammi og vitnað hefur verið til. Í plöggum utanrrn. segir annars vegar að upphafleg krafa Íslendinga hafi verið að Evrópubandalagið tæki á sig alla ábyrgðina á því hvort loðnan veiddist en í viðtali við Morgunblaðið 1. des. segir hæstv. utanrrh. að það hafi aldrei staðið til og aldrei hafi farið á milli mála að ekki væri hægt að semja um skipti á afla upp úr sjó. Er það virkilega málflutningur af þessu tagi sem á að bjóða hinu háa Alþingi í þessu máli?

Ég hvet hæstv. utanrrh. til að reyna einu sinni að gera betur og koma og svara skýrar um leið og ég harma þau örlög hæstv. sjútvrh. að þurfa að sitja þegjandi undir þessu.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Ég vildi aðeins gera örstutta athugasemd við svar hæstv. utanrrh. að því er varðaði hugsanlega samninga við aðrar þjóðir þannig að við gætum skipt á þeim heimildum sem við fáum frá Efnahagsbandalaginu við aðrar þjóðir. Hæstv. utanrrh. svaraði því að hann gæti ekki séð neinn flöt á því máli að semja við aðrar þjóðir um einhverjar hugsanlegar veiðiheimildir og vísaði til þess, eins og hann hefur stundum gert áður, að lítið hafi verið gert í því í fyrri ríkisstjórn.

Ég vil rifja það upp fyrir hæstv. utanrrh. að engir formlegir fundir áttu sér stað um þessi mál í tíð síðustu ríkisstjórnar. Það voru aðeins óformlegar viðræður og þreifingar um það hvort mögulegt væri að setjast niður í sambandi við þessi mál með formlegum hætti. Síðasti fundur sem haldinn var um þau mál var haldinn í mars 1990, ef ég man rétt. Þar voru m.a. bornar upp spurningarnar um hugsanleg skipti á jafngildum veiðiheimildum en því var algerlega hafnað af hálfu Efnahagsbandalagsins sem leið til að greiða fyrir samningum á þessu sviði. Um það þarf í sjálfu sér ekki að hafa fleiri orð. Slíkar þreifingar áttu sér stað, það er alveg ljóst en engar formlegar viðræður höfðu átt sér stað.

Það er hins vegar ekki fyrr en vorið 1991 að slíkar viðræður hefjast. Ég hef engar nákvæmar dagsetningar um það, enda skiptir það ekki máli. Fyrst þá kemur fram af hálfu Efnahagsbandalagsins að það sé því aðeins tilbúið að láta í skiptum fyrir veiðiheimildir frá Íslendingum loðnu sem þeir hafi fengið frá Grænlandi. Vissulega má rétt vera að einhver hefði mátt láta sér detta í hug að þeir byðu þetta fram en það er fyrst á þeim tímapunkti sem mögulegt var að ræða slíka hluti við aðrar þjóðir, taka það upp við Norðmenn og Færeyinga, sem ekki hefur verið gert en hæstv. sjútvrh. sagði að það kæmi vissulega til greina að gera það síðar.

Ég er þeirrar skoðunar að þetta hefði átt að gera. Ég nefni sem dæmi að þorskveiði er nú mjög mikil í Barentshafi og veiðiheimildir þar hafa aukist verulega. Efnahagsbandalagið hefur fengið hlutdeild í þeim auknu veiðiheimildum og það er alls ekki útilokað að norsk nótaveiðiskip hefðu haft hagsmuna að gæta að fá meiri loðnuveiði úr þeim sameiginlega stofni sem við eigum með þeim og Grænlendingum og hafi verið tilbúnir að láta í staðinn þorsk í Barentshafi sem við hefðum þá hugsanlega getað framselt til Efnahagsbandalagsins. Sama á við um Færeyinga.

En þetta verður að sjálfsögðu ekki gert, hæstv. utanrrh., nema teknar séu upp viðræður um það. Ég tel að það hafi verið sýnt áhugaleysi um þetta mál og ég tel að svar hæstv. utanrrh. nú sýni að svo hafi verið.

Þetta vildi ég að kæmi fram því að ég tel þetta vera mikilvægt atriði. Það hefði átt að reyna allt sem hægt var til þess að halda þessum skipum utan okkar landhelgi og það hefði verið mun betra að fá norskt eða færeyskt skip í þessum skiptum. Með þessum orðum er ég ekki að halda því fram að þetta hefði tekist. Það er allt annað mál. En það tekst ekkert nema það sé reynt.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Eðli málsins samkvæmt teldi ég rétt að hv. þm. beindi þessari spurningu sinni til hæstv. sjútvrh. Ef hann skyldi ætla að áhugaleysi væri ráðandi um möguleika á hlutdeild í vaxandi þorskstofnum í Barentshafi, þá er það misskilningur. Það hafa farið fram viðræður við fulltrúa héraðsstjórna á Arkangelsk- og Murmansk-svæðinu um möguleika á samstarfi Íslendinga og héraðsstjórna og fyrirtækja á þessu svæði og koma þar ýmsir möguleikar til greina. Viðræður hafa farið fram. Það er ekki komið að neinni niðurstöðu en það er alllangt um liðið frá því að fyrstu sambönd voru upp tekin. Með öðrum orðum skortir ekkert áhuga á því af okkar hálfu að efna til slíks samstarfs.

Það breytir hins vegar engu um það að ég hafði enga aðstöðu til þess að bjóða neinar slíkar veiðiheimildir sem um hefði verið samið við aðrar þjóðir og gætu komið til skipta við Evrópubandalagið á þeim tíma þegar þessir samningar voru í mótun.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við þingmenn erum hér að tala við ríkisstjórn Íslands og mér finnst satt best að segja nokkuð undarlegt þegar hæstv. utanrrh. segir að mér hefði borið að beina þessu máli til hæstv. sjútvrh. Það vildi svo til að hann svaraði mér þessu og ég var að gera athugasemd við svar hans. Það mætti halda af svörum hæstv. ráðherra að það skipti miklu máli til hvors ráðherrans þessu er beint. Það vill svo til að þessi mál heyra formlega undir hæstv. utanrrh. þótt eðli máls samkvæmt heyri þau jafnframt undir hæstv. sjútvrh. Hæstv. utanrrh. fer formlega með samninga um skipti í utanríkismálum, þar með talin þessi mál.

Ég skildi hæstv. utanrrh. þannig að þessar viðræður sem hann vitnaði til hefðu átt sér stað við Rússa. Það er ágætt að talað sé við það fólk og leitað eftir samstarfi við þá, en ég átti ekki við þá heldur við Norðmenn og Færeyinga. Ég veit að hæstv. utanrrh. man að ég hef minnst á þessi mál. Það gerði ég fyrst við hann vorið 1991 og ég endurtek að ég tel það vera nokkurt áhugaleysi, svo ekki sé meira sagt, að hafa ekki reynt að finna einhvern flöt á þessu máli, jafnmikilvægt og það hefði getað verið.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ljóst að skipti á veiðiheimildum geta komið til greina þegar búið er að tryggja eignarrétt að viðkomandi hafsvæðum og öll réttindi tilheyra okkur. Þá getum við gjarnan ef það hentar betur fengið fisk hjá öðrum. En fyrst þarf að tryggja réttindin og tryggja líka möguleika á því að verja þau svæði sem viðurkennd eru. Það er auðvitað ekki vansalaust að við skulum ekki verja 350 mílurnar og Reykjaneshrygg. Þar eru mikil auðæfi. Menn vita að þar eru allar mögulegar fisktegundir, og raunar á Hatton-bankanum líka, fyrir utan 200 mílurnar, öll krabbadýr og allt það sem botnlægt er.

Þegar við höfum tryggt öll þessi réttindi okkar og þetta gífurlega hafsbotnssvæði er ekkert sjálfsagðara en

að við þreifum okkur áfram um veiðar annars staðar í heiminum jafnvel í skiptum fyrir að veiða hjá okkur.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er komið yfir á annan dag frá því að umræðan hófst og ekki eru það mín áform að hafa langt mál uppi um þetta dagskrármál. Það hefur verið ítarlega rætt og ég hef fylgst með umræðunni af athygli. Margt gagnlegt hefur komið fram í þeirri umræðu og einkum af hálfu þeirra sem hafa gagnrýnt þennan samning.

Ég vildi láta koma fram af minni hálfu að ég held mig við þá skoðun, sem er ekki ný, að Íslendingar eigi einir að nýta sínar fiskveiðiauðlindir og eigi að miða við það að koma útlendingum út úr fiskveiðilögsögunni fremur en semja um heimildir fyrir þá til að koma þar inn aftur. Ég get með engu móti fellt mig við það að samningar af þessu tagi séu gerðir sem heimila sérstaklega svo öflugu bandalagi sem Evrópubandalagið er að veiða innan okkar fiskveiðilögsögu.

Ég verð að segja líka að það kemur mér dálítið á óvart hver niðurstaða samningsins í öllu þessu mikla samningaferli er, bæði hvað varðar tollaívilnanir í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og þennan viðhnýtta fiskveiðisamning. Niðurstaðan er með allt öðrum hætti en búið var að gefa út áður um þetta mál og ég tel að hæstv. utanrrh. hafi í raun komið aftan að þjóðinni með þessari niðurstöðu málsins. Mig langar að minna ráðherrann á það sem hann lét frá sér fara um málið fyrir einu og hálfu ári þegar hann sagði að 98% af samningnum væri lokið. Þá segir hann, svo ég vitni til greinar í Morgunblaðinu 11. apríl 1991, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur hafnað aðild að EB en valið þann kost að semja við Evrópubandalagið um brýnustu viðskiptahagsmuni okkar, nefnilega að tryggja okkur tollfrjálsan aðgang að mörkuðum fyrir sjávarafurðir án þess að fallast á fiskveiðiheimildir í staðinn." Enn fremur segir í grein hæstv. utanrrh., með leyfi forseta: „Í samningunum um EES er nýting fiskimiða og orkulinda ekki einu sinni á samningssviðinu."

Þetta eru skilaboð utanrrh. á þeim tíma til þjóðarinnar að samningum sé nánast lokið, 98%, og það sem menn ætli að fá út úr samningunum sé tollfrjáls aðgangur fyrir sjávarafurðir og sérstaklega tekið fram að nýting fiskimiða sé ekki einu sinni á samningssviðinu.

Það er augljóst mál og þarf ekki að rökstyðja að niðurstaðan, sem er ekki um tollfrjálsan aðgang, er miklu lakari en upp var sett og að hún hefur verið keypt með fiskveiðisamningi. Það eru að mínu viti alveg óhrekjanleg rök fyrir því að þessi sjávarútvegssamningur er verð Íslendinga fyrir tollaívilnanir. Það þarf ekki annað en reikna út verðmætið á þeim afla sem við leyfum EB að veiða og bera það saman við það sem okkur er ætlað í staðinn til þess að sjá að þar erum við að láta af hendi verðmæti til annarra. Það er endurgjald að mínu viti upp í ívilnanirnar sem eru í EES-samningnum.

Þetta gerir samninginn hálfu verri og er þó það eitt nægilega slæmt í mínum huga að heimila útlendingum veiðar í landhelgi okkar þó þetta bætist ekki við.

Ég mun leggjast gegn því að þessi samningur verði staðfestur og tel að við séum komnir út á afar hættulega leið ef við fetum okkur inn á þessa slóð því ég óttast að með því að taka þessa stefnu verði ekki aftur snúið heldur einungis gengið enn frekar til þeirrar áttar að láta aðra ráða yfir auðlindum okkar og rýra með tímanum forræði okkar og vega að sjálfstæði okkar. Þetta er sú framtíðrsýn sem ég hef til málanna og vil ekki taka þátt í að hefja þá göngu með hæstv. utanrrh.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Út af dagskrá eru tekin 3., 10., 11. og 12. dagskrármálið. Þá er dagskrá þessa fundar tæmd. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundi er slitið.

70. FUNDUR

föstudaginn 4. des.,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Vegáætlun 1992, stjtill., 190. mál, þskj. 220, nál. 367. — Síðari umr.
2. Vog, mál og faggilding, stjfrv., 7. mál, þskj. 400. — 3. umr.
3. Samningar við EB um fiskveiðimál, stjtill., 275. mál, þskj. 375. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 11. mál, þskj. 11, nál. 389, brtt. 390. — 2. umr.
5. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 12. mál, þskj. 12, nál. 391, brtt. 392. — 2. umr.
6. Verðbréfaþing Íslands, stjfrv., 13. mál, þskj. 13, nál. 393, brtt. 394. — 2. umr.
7. Lánsfjárlög 1992, frv., 279. mál, þskj. 396. — 1. umr.
8. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 276. mál, þskj. 384. — 1. umr.
9. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 255. mál, þskj. 332. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Hjörleifur Guttormsson 4. þm. Austurl.,
Ingibjörg Pálmadóttir 2. þm. Vesturl.,
Jón Helgason 2. þm. Suðurl.,
Matthías Bjarnason 1. þm. Vestf.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.

Vegáætlun 1992, síðari umr.

Stjtill., 190. mál. — Þskj. 220, nál. 367.

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Samgn. hefur athugað þá till. til þál. um breytingu á vegáætlun fyrir árið 1992 sem hér er á dagskrá og birtist álit nefndarinnar á þskj. 367.

Nefndin kvaddi á sinn fund Helga Hallgrímsson vegamálastjóra, Jón Birgi Jónsson aðstoðarvegamálastjóra og Jón Rögnvaldsson, forstöðumann tæknisviðs Vegagerðarinnar, og gáfu þeir nefndinni þær upplýsingar sem um var beðið. Það var samstaða í nefndinni um að greiða fyrir þessu máli og nefndin er sammála um að leggja til að tillagan verði samþykkt eins og hún liggur fyrir. Fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna undirrita þó nál. með fyrirvara og birta sérstaka bókun sem fylgir sem fskj. með nál. þar sem fundið er að vinnubrögðum við undirbúning málsins, þess átaks í vegamálum sem hæstv. ríkisstjórn hefur ákveðið að beita sér fyrir nú í árslok með útboðum og síðan með framkvæmdum á næsta ári. Ég tel ekki ástæðu til þess að fjalla um þessa bókun sérstaklega að öðru leyti en því að í sjálfu sér er ekki brot á neinum vinnureglum, eins og hér er haldið fram í bókun, að við undirbúning slíkra mála hafi eigi verið haft samráð við samgn. Slíkt hefur eftir því sem ég man til ekki tíðkast, og er þá sama hvaða ríkisstjórn á í hlut, að um mál sé haft sérstakt samráð við þingnefnd áður en mál er flutt. Á hinn bóginn er það rétt að venjuleg vinnuregla er um allar breytingar er varða vegamál og skiptingu á fé að haft er samráð við þingmenn kjördæma. Þó hefur sú vinnuregla áður verið brotin og þá meira að segja með þeim hætti að stjórnvöld á þeim tíma lögðu fram tillögur um að skerða þau framlög sem Alþingi hafði ákveðið í vegáætlun og það án þess að hafa um það samráð við þingmenn einstakra kjördæma.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að gera bókun hv. fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna að umtalsefni en ítreka það að innan nefndarinnar var ágætt samstarf og samhugur um það að koma þessu máli áfram og leggja til að tillagan eins og hún liggur fyrir verði samþykkt. Það er niðurstaða nefndarinnar.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Eins og hv. frsm. nefndarinnar gerði grein fyrir vorum við sammála því að afgreiða þetta mál en skrifuðum undir með fyrirvara og gerðum eftirfarandi bókun:

„Sérstaklega viljum við mótmæla þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið við undirbúning þess átaks í vegamálum sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir. Með því að ekkert samráð var haft við nefndina eða þingmenn einstakra kjördæma hefur þinghefð og vinnuregla um langt skeið verið brotin. Hér eru m.a. á ferðinni breytingar á framkvæmdaröð sem áður hafði verið gert ráð fyrir í vegáætlun."

Undir þetta rita Jóhann Ársælsson, Stefán Guðmundsson, Guðni Ágústsson og Kristín Einarsdóttir.

Nú er það að segja við því sem hv. frsm. sagði að þetta væri ekki brot á vinnureglum, því að það hefði ekki verið með sambærilegum hætti fjallað um þessi mál í samgn., að eftir því sem a.m.k. mér hefur skilist, þá var það hugmyndin með því að láta nefndir þingsins starfa allt árið að mögulegt væri að fjalla um mál í þeim. Auðvitað er það þá eðlilegt ef á að fara að ræða um breytingar á því sem áður hefur verið ákveðið að taka það til umræðu í viðkomandi nefndum þingsins. Og það er afskaplega slæmt í upphafi þess tíma sem þessi nýja skipan er viðhöfð að menn fari þá öðruvísi að. Ég er sannfærður um það að hægt hefði verið að ná ágætu samkomulagi í samgn. um þá hluti sem hér eru á ferðinni, enda skrifuðum við öll undir nál. Ég vil í þessu sambandi sérstaklega minnast á það að hv. 3. þm. Reykv. skrifaði grein í Morgunblaðið þar sem hann var að útlista það að þeir þingmenn sem tóku þátt í umræðum um þessi mál hér í Alþingi þegar þessi þáltill. var lögð fram, hefðu verið að þvælast fyrir og tefja fyrir málinu. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst eins og maðurinn hafi ekki setið og hlustað á það sem menn sögðu. Það mótmælti enginn því að þetta átak yrði gert sem talað er um hér í vegamálum en menn mótmæltu þeim vinnubrögðum sem voru viðhöfð og gerðu athugasemdir við ýmislegt í þessari framkvæmd.

Það er ástæða til að rifja upp hvernig að þessu er í raun og veru staðið. Ríkisstjórnin heldur því fram að hún sé að auka hér fé til vegamála um 1.800 millj. og hvernig er það þá gert? Jú, Vegasjóður á að taka 1.800 millj. kr. lán og greiða það til baka á einhverjum næstu árum en ekki hefur komið í ljós hvernig endurgreiðslur eiga að raðast niður. Það hefur ekki verið mótað enn þá. En á móti verða menn þá að gera sér grein fyrir því að það er verið að skerða markaða tekjustofna Vegagerðar verulega. Í fjárlagafrv. sem núna liggur fyrir eru mótaðir tekjustofnar skertir um 344 millj. og með efnahagsráðstöfunum sem hafa verið kynntar eru markaðir tekjustofnar, bensíngjald og þungaskattur, látnir renna í ríkissjóð í viðbót upp á 350 millj. og í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að færa ný verkefni vegna ferja og flóabáta yfir á Vegagerðina upp á 330 millj. Samtals er þetta yfir milljarður, 1 milljarður og 24 millj. Og það er furðulegur talnaleikur að taka þessa peninga frá Vegagerðinni og láta hana svo taka lán sem hún á að borga til baka aftur. Raunveruleg aukning á því fé sem er til framkvæmda fyrir utan markaða tekjustofna og ef frá er tekið þetta nýja verkefni Vegagerðarinnar er 776 millj. kr. Það er sú aukning sem er fram yfir það sem hefði verið eðlilegt að hefði runnið til Vegagerðar miðað við það hvernig tekjur af vegafé eru.

Ég vil láta koma hér fram að ég tel þetta mjög forkastanleg vinnubrögð og endurtek það sem ég sagði við þá umræðu að eðlilegast hefði verið að Vegagerðin hefði fengið að njóta allra sinna tekna og að lánið sem hefði verið tekið til viðbótar hefði verið það sem samsvaraði þessum mismun, eitthvað í kringum 800 millj. En eftir því sem helst er að skilja á því sem hér hefur komið fram verður Vegasjóður að standa alger-

lega undir þessum 1.800 millj., afborgunum og vöxtum af því fé.

Ég ætla ekki að hafa langa ræðu um þetta. Það fóru fram ítarlegar umræður um þetta mál við fyrri umr. og þar kom þessi gagnrýni öll fram, en ég vildi endurtaka hluta af því og gera grein fyrir mínum skoðunum á því máli.

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Erindi mitt hingað upp er að spyrja eftir þeim ágæta manni og hæstv. samgrh. — sem hér gengur í salinn. Mér fannst ástæða til að vekja athygli á því að hann vantaði við þessa umræðu, en ég fagna því að hann skuli hingað vera kominn og geta tekið þátt í umræðunni, virðulegi forseti.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í samgn. skrifum undir nál. með fyrirvara. Það er að vísu Kristín Einarsdóttir sem það gerir fyrir mína hönd vegna þess að ég var fjarverandi þegar afgreiðslu málsins lauk í nefndinni.

Ég vil taka undir þau orð sem hv. þm. Jóhann Ársælsson gerði hér að umtalsefni áðan, taka undir orð hans um þann fyrirvara sem við höfum á þessu nál. Það gildir alls ekki um efni frv. sérstaklega, um það að auka fé til vegamála heldur um þá málsmeðferð sem þar var viðhöfð. Einnig vil ég taka undir það að þarna er ekki um 1.800 millj. að ræða eins og gefið hefur verið út af hálfu ríkisstjórnar og ekki einu sinni um þær 776 millj. sem hann gat hér um að mundu verða afgangs þegar við værum búin að taka inn í það bæði ferjur og flóabáta og á skerðingu sem áður hafði verið tekin, áður en viðbótarfé var áætlað, því að nú mun vera komin til viðbótar hækkun sem ætti að ganga inn í Vegasjóð, þ.e. sú hækkun á bensíni sem nýlega er komin til framkvæmda. Hún mun auðvitað skila auknum tekjum inn í Vegasjóð og mun þar vera áætlað að um sé að ræða um 500 millj. kr. Eðlilegra hefði verið að Vegasjóður hefði sínar tekjur óskertar í stað þess að taka þær fyrst af, bæta svo við og auka síðan enn á ný og það fari til annarra framkvæmda en vegagerðar. Þarna er eilífur feluleikur með tölur og millifærslur sem réttara hefði verið að kæmu inn í Vegasjóð eins og lög um hann gera ráð fyrir. En ég vil ítreka það að efnislega erum við ekki ósammála því í minni hlutanum að í þessar framkvæmdir sem slíkar sé farið. Það er aðeins sú málsmeðferð sem hér hefur verið viðhöfð sem við erum að gera fyrirvara um.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það væri æskilegt að hæstv. fjmrh. væri hér viðstaddur þessa umræðu og einnig væri út af fyrir sig nauðsynlegt að hæstv. forsrh. væri hér. Ég ætla nú ekki að gera kröfu til þess að forsrh. sé sóttur, en ef hann er í húsinu þá væri það svo sem ágætt að hann væri viðstaddur þessa umræðu.

Þetta er að mörgu leyti mjög fróðlegt mál sem hér er til umfjöllunar. Það er m.a. fróðlegt fyrir það að þetta er enn eitt dæmið um að Sjálfstfl. er gjörsamlega ómarktækur í stjórnarandstöðu. Honum er nákvæmlega sama hverju hann heldur fram, hyggur ekkert að samhenginu milli orða og athafna. Satt að segja væri það mjög vel þess virði að taka þá alla hérna upp, hv. þm. Egil Jónsson, Pálma Jónsson og hæstv. samgrh. — sem nú flýr auðvitað úr salnum vegna þess að hann veit að það á að fara að minna hann á fortíð hans. (**Samgrh.**: Það er ósatt að ég sé flýja úr salnum.) Það er gott að ráðherrann staðnæmdist, það tókst að stoppa ráðherrann í því að fara úr salnum.

Hvað gerðist fyrir nokkrum árum síðan þegar við fluttum um það tillögur, Alþb., Framsfl. og Alþfl., þegar við vorum í ríkisstjórn, að tekinn yrði hluti af tekjustofnum Vegagerðarinnar og settur í ríkissjóð? Hvað gerðist þá? Þá upphófst hér á Alþingi orrahríð af hálfu Sjálfstfl. þar sem þeir voru auðvitað fremstir í flokki, núv. samgrh., hv. þm. Egill Jónsson, Pálmi Jónsson og fleiri snillingar, og gott ef ekki núv. fjmrh. kom eitthvað nálægt því, ég er þó ekki viss um það, og börðu hér ræðustólinn bæði í efri deild, neðri deild og sameinuðu þingi út af þessari ósvinnu, þessari hættulegu braut sem þarna væri farið inn á. En hvað hefur nú gerst? Enn á ný er Sjálfstfl. að hverfa frá því sem hann sagði í stjórnarandstöðu. Og svo eru þessir menn, m.a. hæstv. forsrh., að halda því fram að Sjálfstfl. einkenni einhver stefnufesta. Og þessir menn eru svo að setja sig í dómarasæti yfir mér og öðrum um það að ekkert samræmi sé í því sem við segjum í stjórn og stjórnarandstöðu. Ef maður nennti, þá væri hægt að taka hér langan tíma í þinginu fram að jólum til þess að rekja það sem Sjálfstfl. hefur sagt um ríkisfjármál á síðsta kjörtímabili og það sem hann er að gera nú. Það eru allt eintómar mótsagnir. Hvað ætli séu margir tugir blaðsíðna í þingtíðindum, margar klukkustundir sem fóru hér á Alþingi undir mótmæli Sjálfstfl. við því að farið væri inn á þá braut að taka markaða tekjustofna Vegagerðarinnar í ríkissjóð? Gott ef það var ekki allt að því málþóf gegn þeim verknaði. Hvað er að gerast nú? Sjálfstfl. að koma og leggja til að markaðir tekjustofnar Vegagerðarinnar verði teknir í ríkissjóð. Hefjum við þá látlausa gagnrýni á það í stíl hinnar óábyrgu stjórnarandstöðu sem Sjálfstfl. temur sér ætíð? Nei, auðvitað gerum við það ekki. Við erum nefnilega sjálfum okkur samkvæmir.

Annað atriði er að nú hefur það gerst að Sjálfstfl. hefur komist að þeirri niðurstöðu að það eigi að flytja ferjurnar inn í vegakerfið með því að reka þær fyrir tekjustofna vegamálanna. Það er góð tillaga. Ég veit að hún skerðir vegafé til framkvæmda en það er engu að síður skynsamleg og góð tillaga. Ég flutti hana þegar ég var fjmrh. Hún náði því miður ekki fram að ganga þá. Ég fagna því að hún er að ná fram að ganga nú. Ég fagna því. En auðvitað var Sjálfstfl. á móti slíkum hugmyndum þegar hann var í stjórnarandstöðu, að sjálfsögðu. Alltaf á móti skynsamlegum hugmyndum þegar hann er í stjórnarandstöðu. Ég styð Sjálfstfl. í þessu núna. Batnandi mönnum er best að lifa. Það er gott að þeir hafa áttað sig á því hvað er skynsamlegt. En það væri dálítið fróðlegt að fá ýmsa þingmenn Sjálfstfl. hérna upp í stólinn og fá þá til að vitna í málinu. Við

erum nefnilega sjálfum okkur samkvæmir í því sem við segjum í ríkisstjórn og því sem við styðjum í stjórnarandstöðu. Við erum ekki svona tækifærissinnaflokkur eins og Sjálfstfl., gjörsamlega ómarktækur í stjórnarandstöðu, gjörsamlega ómarktækur. Það er að vísu von að hv. þm. Björn Bjarnason geti skapað sér fríspil í þessu vegna þess að hann var svo heppinn að þurfa ekki að greiða atkvæði með dellu Sjálfstfl. hér á síðasta kjörtímabili þó að hann styddi þá á Morgunblaðinu. Því miður eru þeir ekki merktir leiðararnir eða Reykjavíkurbréfin. En það væri mjög fróðlegt að hafa „fæl" yfir það hvað hv. þm. Björn Bjarnason skrifaði á stjórnarandstöðuárunum. Ég ætla hins vegar ekki að gera mikið mál úr þessu, bara nota þetta tækifæri til þess að lýsa því yfir að við styðjum þetta í Alþb. En það væri auðvitað manndómsbragur að því hjá Sjálfstfl. að biðjast afsökunar á öllum ræðuhöldunum og málþófinu og andstöðunni sem þeir fluttu gagnvart þessum hugmyndum þegar þeir voru í stjórnarandstöðu. Það væri manndómsbragur að því, viðurkenna bara að þeir hafi haft vitlaust fyrir sér.

Þriðja atriðið sem ég ætlaði að nefna hér er það að ríkisstjórnin tilkynnti eins og kunnugt er að hún ætlaði að taka 2 milljarða til þess að bæta atvinnuástandið í landinu og setja 1.800 af þeim í vegaframkvæmdir. Það hefur nú ræki lega verið rakið hér að þessar tölur eru ekki alveg réttar en látum það liggja á milli hluta. Það sem ég vildi gera að umræðuefni hér er að það er ekki rökrétt að segja að þessi upphæð, hvort sem hún er 1.800 millj. eða eitthvað minna, sé tekin til atvinnuskapandi aðgerða og síðan sé bara örlítið brot af þeirri upphæð sett á það landsvæði þar sem atvinnuleysið er mest og þá á ég við Suðurnesin. Það er ekki rökrétt að koma og segja: Við erum að fara í þessa aðgerð til þess að draga úr atvinnuleysinu og svo eru fáeinir tugir milljóna settir á það svæði þar sem atvinnuleysið er mest, t.d. yfir 10% atvinnuleysi hjá konum og langvarandi atvinnuleysi í efstu mörkum þess sem við þekkjum hér í landinu hjá körlum. (**VE:** Ertu kominn í kjördæmapot?) Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson grípur hér fram í og spyr hvort ég sé kominn í kjördæmapot og hlær. (**ÓÞP:** Og rís á honum hárið.) Það er merkilegt hvað þeir eru orðnir órólegir EES-félagarnir, utanrrh. og Vilhjálmur Egilsson, því að þeir hlæja alltaf svona nervöst hér undir ræðum í þingsalnum, utanrrh. í gær og Vilhjálmur Egilsson nú. (**VE:** Þú þarft nú ekki að taka þetta svona alvarlega.) Ja, ég tek þingmanninn venjulega alvarlega en það er kannski rétt ábending hjá honum að það eigi að hætta því.

Það sem ég var að benda á er mótsögnin í því að vera að segjast taka 1.800 millj. eða 700, látum liggja á milli hluta hver er hin rétta tala, og merkja það aðgerðum til þess að draga úr atvinnuleysi og láta svo bara örlítið brot af því á það svæði þar sem atvinnuleysið er mest. Og ég er að óska eftir umræðum um þetta mál hér í þingsalnum, rólegum, yfirveguðum, málefnalegum umræðum. Ég ætla ekki að fara að herja á með sérstökum tillöguflutningi, en ég er að óska eftir umræðum um þetta mál, samhenginu í því að merkja þessar upphæðir atvinnuskapandi aðgerðum en láta þær koma niður með þeim hætti sem ríkisstjórnin ein ákvað. Það er ekki rökrétt. Og það er þess vegna, virðulegi forseti, sem mér finnst ekki hægt að ljúka umræðu um þetta mál nema hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. geti einnig komið hingað í umræðuna því að þeir tveir ráðherrar bera ábyrgð á aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að draga úr atvinnuleysi sérstaklega. Ég vil gjarnan fá málefnalegar umræður við þessa ráðherra hér í þingsalnum, hvernig þeir hugsi þetta, hvort þetta er bara eitthvert fiff að segja: Þetta er fjármagn til atvinnuskapandi aðgerða, eða hvort það er raunveruleg einhver hugsun þarna á bak við. Ég veit vel að það kann að vera viðkvæmt í einhverjum kjördæmum ef það á að draga úr því fjármagni sem þangað er merkt í vegamál. En ef það fjármagn sem ríkisstjórnin ákvað er bara til vegagerðar í gömlum stíl, þá á að kalla það það. Þá á ekki að vera að gefa fólki í þeim landshlutum þar sem atvinnuleysið er mest falskar vonir um það að hér sé verið að leggja veigamikið fjármagn fram til þess að draga úr atvinnuleysinu því það er það sem hefur gerst. Fólkinu voru gefnar vonir um það að með þessari aðgerð ætti á myndarlegan hátt að draga úr atvinnuleysinu en svo kemur bara í ljós að þetta er bara í gömlum stíl viðbótarfjármagn til vegamála og því er skipt samkvæmt áratuga gömlum stuðlum um það hvernig skipta eigi því fjármagni. Ég óska þess vegna eftir því, virðulegi forseti, að þessari umræðu verði ekki lokið í dag og henni sé þá frestað nema hæstv. félmrh. og forsrh. komi hingað til umræðunnar og við getum rætt það hvaða hugsun liggur á bak við þessar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar.

Síðan ber ég fram þá frómu ósk að næst þegar Sjálfstfl. lendir í stjórnarandstöðu, sem verður væntanlega innan tíðar, þá hugleiði hann þessa reynslu og verði ábyrgari og málefnalegri í þeirri stjórnarandstöðu en hann var á síðasta kjörtímabili.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*: Hæstv. forseti. Hv. 8. þm. Reykn. á að vera kunnugt sem þingmanni þeirra Suðurnesjamanna og kvenna að ríkisstjórnin hefur í hyggju sérstakt atvinnuátak vegna þess erfiða atvinnuástands sem er í sveitarfélögum þar. Á hinn bóginn hygg ég að það sé ekki smekklegt að gera lítið úr því átaki sem nú er verið að gera í samgöngumálum og felur í sér um 500 ársverk. Það er nú svo að verktakafyrirtæki einmitt í þeim landshluta sem hann gerði að umtalsefni hafa tekið að sér verk úti um landið þannig að það er síður en svo hægt að slá því föstu að Suðurnesjamenn verði út undan þegar við erum að ræða um þá atvinnuuppbyggingu sem þessi ákvörðun felur í sér. Þar að auki vil ég segja hv. þm. að erfiðleikar í atvinnumálum eru víðar miklir og auðvitað ekki hægt að tala um þá hluti einungis staðbundið út frá einum stað þótt viðkomandi sé þingmaður þar heldur hljótum við að tala um þau mál í heild sinni. Þannig áttum við t.d. þingmenn Norðurl. e. fund með bæjarstjórn Akureyrar út af því atvinnuástandi sem þar er og ég hygg að svo sé um þingmenn úr öðrum kjördæmum einnig að þeir ræði við fulltrúa sveitarfélaga og forustumenn í atvinnulífi um atvinnu-

ástandið á hverjum stað þegar erfiðleikar koma upp.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir að koma hér inn í umræðuna. Það var einmitt ósk mín að það færi fram róleg og yfirveguð umræða um þessi mál. Því miður er það hins vegar þannig, hæstv. samgrh., að það ríkir alger óvissa um þetta sérstaka átak ríkisstjórnarinnar gagnvart Suðurnesjum. Það er að vísu rétt að hæstv. forsrh. taldi upp hér í tilkynningu sinni um efnahagsaðgerðir 500 millj. til atvinnumála á Suðurnesjum en þegar spurt var að því á fundi þingmanna Suðurnesja og sveitarstjórnarmanna á Suðurnesjum fyrir nokkrum dögum síðan hvort þetta fjármagn kæmi frá ríkinu eða eftir öðrum leiðum, þá fengust engin skýr svör við því. Og hæstv. menntmrh. gat ekki svarað því skýrt hvort þar væri um að ræða fjármagn sem ætti að koma frá Íslenskum aðalverktökum og sveitarfélögum á svæðinu og fyrirtækjum á svæðinu eða hvort um væri að ræða að einhverju leyti fjármagn úr ríkissjóði. Suðurnesjamenn eru þess vegna í jafnmikilli óvissu í dag og þeir voru eftir að forsrh. flutti ræðu sína, hvað er verið að tala um. Margir skildu þetta þannig að þetta ættu að vera 500 millj. úr ríkissjóði. Nú hefur komið í ljós að svo er ekki. Inni í þessari upphæð á að vera skilyrði fyrir því að fyrirtæki og sveitarfélög á svæðinu leggi fram fjármagn. Ég veit ekki til þess að slík skilyrði séu sett gagnvart öðrum landshlutum. Það er a.m.k. ekki gert varðandi þessar 1.800 millj. til vegamála, að það sé skilyrt með framlögum frá fyrirtækjum í Norðurl. e. eða sveitarfélögum í Norðurl. e. En það á að skilyrða fjármagnið til Suðurnesja með því að það komi nokkur hundruð milljónir frá sveitarfélögunum og fyrirtækjunum. Þar að auki getur alveg eins verið, og verður mjög fróðlegt að sjá hvernig fjárlagafrv. verður í endanlegri mynd sinni, að það verði ekki króna úr ríkissjóði til Suðurnesja, heldur ætli ríkið að nota Íslenska aðalverktaka eingöngu til þess að setja sitt fjármagn fram. En ef samgrh. upplýsir hér að það verði á fjárlögum framlag úr ríkissjóði til Suðurnesja, þá fagna ég því.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er laukrétt hjá hv. þm. að það er ekki búið að slá hlutunum föstum endanlega fyrr en Alþingi hefur samþykkt þá. Það er auðvitað ekki hægt að byggja á fjárlögum næsta árs fyrr en Alþingi hefur samþykkt fjárlögin. Það er heldur ekki hægt að byggja á lánsfjárlögum fyrir næsta ár fyrr en lánsfjárlög hafa verið samþykkt hér á hinu háa Alþingi þannig að það er auðvitað laukrétt hjá þingmanninum að ef menn vilja taka málið fyrir á þeim grundvelli og vera með útúrsnúninga í þeim anda, þá er það alltaf hægt og er enginn snúnari hv. þm. í þeim fræðum. Honum er öllum mönnum betur treystandi til þess að halda áfram viðræðum í þeim anda sem hann hefur hér hafið og þjóna satt að segja litlum tilgangi.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ræða hæstv. samgrh. olli mér vonbrigðum. Hún staðfestir það greinilega að ríkisstjórnin hefur ekki mótað neina stefnu í því hvernig þetta fjármagn til Suðurnesja á að nást. Það er því alveg ljóst að þetta sérstaka fjármagn til Suðurnesja, 500 millj., er í jafnmikilli óvissu nú og það var fyrir nokkrum vikum síðan. Það er að vísu formlega rétt hjá ráðherranum að það verður ekki endanlega staðfest fyrr en með samþykkt fjárlaga og fjáraukalaga, en ég var að spyrja um stefnu ríkisstjórnarinnar. Forsrh. hefur sagt Suðurnesjamönnum: Þið eigið að fá 500 millj. Þegar spurt er nánar, þá kemur í ljós að inni í þeirri tölu á að vera framlag frá sveitarfélögunum og inni í þeirri tölu á að vera framlag frá fyrirtækjum á svæðinu. Og þegar svo spurt er um afganginn, hvort hann komi frá ríkinu beint eða hvort hann komi frá Íslenskum aðalverktökum þannig að ríkið leggi ekki krónu sjálft til atvinnumála á Suðurnesjum á næsta ári, þá kemur ekkert svar. Og sú þögn var endurtekin hér hjá hæstv. samgrh. Hann treysti sér ekki til að upplýsa neitt um stefnu ríkisstjórnarinnar í málinu. Það var það sem ég var að spyrja um.

Það þarf ekki að kenna mér það að það verður ekki endanleg ákvörðun fyrr en með samþykkt laga hér á Alþingi. Það vitum við öll hér í salnum. En ég var að spyrja um afstöðu ríkisstjórnarinnar. Og það er alveg greinilegt þegar maður leggur saman ræðu samgrh. hér og svör menntmrh. á fundi með sveitarstjórnarmönnum á Suðurnesjum fyrir nokkrum dögum síðan, að engin ákvörðun hefur verið tekin af hálfu ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum Suðurnesja. (**Gripið fram í:** Hvað gerði síðasta stjórn?) Það hefur hingað til bara verið sjónarspil og því miður er jafnmikil óvissa í dag eins og fyrir nokkrum vikum síðan um það fjármagn sem er brýnt að fari á Suðurnesin. Hins vegar á að fara að ákveða hér 1.800 millj. í framkvæmdir sem að mestu leyti, ef frá eru taldar 30 eða 40 millj., fara í aðra landshluta.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði að koma upp og gera eina smávægilega athugasemd við ræðu hv. 8. þm. Reykn. sem varði verulegum tíma ræðu sinnar í það að skýra það út fyrir okkur hér hv. þm. að Alþb. væri sá flokkur sem sýndi fulla samkvæmni í stjórn og stjórnarandstöðu og sakaði stjórnarflokkana um allt annað.

Nú er það svo að Alþb. hefur bæði verið í stjórn og stjórnarandstöðu. Þannig háttaði til haustið 1987 að Alþb. var í stjórnarandstöðu og sótti þá mjög hart að þáv. stjórn og þó einkum að Alþfl. fyrir það grundvallaratriði í stefnu Alþb. að ekki mætti leggja hér á matarskatta sem svo voru kallaðir. Aftur og aftur kom hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hérna í ræðustól og barði á þáv. fjmrh. og orðaði það svo smekklega í einni ræðu sinni sem stundum hefur verið vitna til, með leyfi forseta:

„Það stendur þess vegna, hæstv. fjmrh., enn þá á þér krafan um að draga matarskattinn til baka. Þegar þú ert búinn að því getur þú komið og rætt við samtök launafólks. Fyrr en þú gerir það ertu brennimerkt-

ur sem maður sem ekki er hægt að treysta."

Þessi hv. þm., Ólafur Ragnar Grímsson, varð skömmu síðar ráðherra fjármála. Hvarf hann frá matarskattinum? Það gerði hann að sjálfsögðu ekki. Hann hækkaði skatta og þannig sýndi hann í verki, sjálfur kennarinn í stjórnmálafræðum, hvernig stjórnmálaflokkar þeir eru sem eru ósamkvæmir sjálfum sér, gera eitt og segja eitt í stjórnarandstöðu og gera allt annað og segja allt annað þegar þeir koma í stjórn. Þetta vildi ég segja vegna orða hv. þm. í hans ræðu hér áðan.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var nú ánægjuleg staðfesting á því að hæstv. fjmrh. er auðvitað mjög viðkvæmur fyrir ferli Sjálfstfl. í ríkisfjármálum og skattamálum. Hins vegar er það rangt hjá honum að ég hafi verið að gagnrýna stjórnarflokkana hérna áðan. Ég var ekkert að gera það, ég var ekkert að gagnrýna Alþfl. t.d. í þeirri ræðu minni. Ég var eingöngu að benda á mótsögnina í málflutningi Sjálfstfl., þingmanna eins og Egils Jónssonar, sem nú er kominn í salinn, Halldórs Blöndals og margra annarra hér í stjórnarandstöðu um ríkisfjármál — um ríkisfjármál, hæstv. fjmrh. — og skattlagningu til vegagerðar og það að taka markaða tekjustofna Vegagerðarinnar í ríkissjóð. Ég var eingöngu að benda á þetta atriði. Hæstv. fjmrh. kaus hins vegar að minnast ekki á það einu orði, ekki einu orði. Hann treysti sér ekki til að verja þá sögu. Það er auðvitað ánægjulegt og sýnir að hann er að átta sig. En í staðinn fór hann að tala um skattlagningu á matvælum og það er mér kærkomið að tala um það vegna þess að Alþb. beitti sér fyrir því þegar það kom í ríkisstjórnina haustið 1988 og ég gerði það sem fjmrh. að það voru teknir rúmir tveir milljarðar þegar virðisaukaskatturinn var tekinn upp til þess að lækka í gegnum skattakerfið verð á matvælum. Og það voru síðan settar nokkur hundruð milljónir til þess að lækka sérstaklega verð á kjúklingum og ýmsum kjötvörum sem ekki eru taldar til hins hefðbundna landbúnaðar á Íslandi.

En hvað er fjmrh. nú að gera? Hvað er hann að gera nú? Hann hefur tekið ákvörðun um að hætta þessu þannig að verð á kjúklingum og nautakjöti og ýmsum öðrum vörum mun hækka á næsta ári vegna þess að hann er að draga úr þeim aðgerðum í ríkisfjármálum sem ég beitti mér fyrir til að lækka verð á matvælum. Þannig að við skulum alveg ræða skattlagningu matvæla í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar og í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem við sátum í, þó að það sé ekki mjög heppilegt að gera það undir umræðum um vegáætlun.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ein uppistaðan í ræðu hv. þm. hér áðan var að tala um ósamkvæmni aðila í stjórn annars vegar og stjórnarandstöðu hins vegar. Ég vil þakka hv. þm. fyrir það að hafa komið hér upp og staðfest það sem ég sagði í mínu andsvari.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom engin slík staðfesting fram hjá hæstv. fjmrh. og satt að segja er þetta nú orðið mjög aumt ef vörnin hjá hæstv. ráðherra verður að vera með þessum hætti. Það hefur ekki verið neitt leyndarmál að það var ágreiningur milli Alþfl. og Alþb. um virðisaukaskattinn þar sem við lögðum til tveggja þrepa virðisaukaskatt með lægra þrepi á matvælum en Alþfl. hafnað því algjörlega vegna þess að það var trúaratriði hjá Alþfl., sérstaklega formanni Alþfl., að virðisaukaskatturinn yrði að vera í einu þrepi. Ég tel það hins vegar vera verulegan ávinning í þessari ríkisstjórn að núv. fjmrh. hefur tekist að því er mér skilst að fá Alþfl. og sérstaklega formann hans til þess að falla frá þeirri villukenningu að það sé eitthvert sáluhjálparatriði að virðisaukaskatturinn sé ekki í tveimur þrepum. Það er þakkarvert hjá hæstv. fjmrh. Að Alþfl. er allt í einu nú orðinn sammála því sem hann neitaði harðlega þegar við vorum í ríkisstjórn.

Við hurfum ekkert frá okkar stefnu, Alþb. í þeirri ríkisstjórn. En við mættum því hins vegar að Alþfl. harðneitaði að búa til skattkerfi þar sem lægra þrep yrði á matvælum. Málamiðlunin, hæstv. fjmrh., fólst í því að það voru teknir rúmir tveir milljarðar í greiðslur inn í virðisaukaskattskerfinu til þess að búa þar til „de facto" lægra þrep á algengustu matvælum sem framleidd eru hér á landi í virðisaukaskattskerfinu og það sem einmitt er að gerast núna er að ráðherra Sjálfstfl. er að draga úr þeim greiðslum til þess að fá þær í ríkiskassann og hækka þannig verð á matvælum í landinu til þess að hann geti fengið meira í ríkiskassann. Þennan feril skulum við ræða í smáatriðum þó að ég taki undir það með virðulegum forseta að það er ekki mjög skynsamlegt að gera það í umræðum um vegáætlun.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1992, 140. mál, nál meiri hluta fjárln., þskj. 402; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 403.

Vog, mál og faggilding, 7. mál, þskj. 400.

Um þingsköp.

Afgreiðsla mála fyrir jólahlé.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég hef kvatt mér hér hljóðs um gæslu þingskapa í tilefni þess að í gær var dreift í þingflokki okkar framsóknarmanna og sjálfsagt í fleiri þingflokkum drögum að samkomulagi milli þingflokkanna um afgreiðslu þingmála fyrir jólahlé.

Ég tel ástæðu til að fá aðeins nánari útskýringu á því sem þar er kveðið á um og hvernig stjórnendur þingsins og hæstv. ríkisstjórn telur sig geta staðið við það sem þar er áætlað. Þar segir m.a. um fjárlög að 2. umr. fari fram samkvæmt starfsáætlun þriðjudaginn 8. des. og atkvæðagreiðsla daginn eftir.

Ég vil leyfa mér að telja á því öll tormerki að þetta geti gengið fram eða mikinn vafa að það geti tekist og byggi það einkum á því að það vantar ákvarðanir um ýmis stórmál sem varða afgreiðslu fjárlaga áður en fjárln. getur gengið endanlega frá sínum tillögum.

Fyrst og fremst eru það auðvitað ákvarðanir af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. En 23. nóv. sl. gerði hæstv. forsrh. Alþingi grein fyrir aðgerðum ríkisstjórnarinnar til þess að styrkja stöðu íslensks atvinnulífs og sporna gegn auknu atvinnuleysi. Þar er m.a. kveðið á um að breyta verulega ýmsum skattamálum og þarf það auðvitað að skýrast áður en endanleg afgreiðsla fjárlaga verður hér á hv. Alþingi. En einkum eru það þó liðir eins og liður undir aðgerðum um atvinnusköpun sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Varið verður 500 millj. kr. til sérstakra framkvæmda við byggingu og viðhald opinberra mannvirkja." Og síðar segir um útgjöldin og sparnaðartillögur: „Dregið verður úr ríkisútgjöldum um 1.240 millj. kr. frá fjárlagafrv. til að hamla gegn skuldasöfnun."

Það hlýtur að vera óeðlilegt að fjárln. sé að bjástra við að fjalla um ýmsa smærri liði eins og að afgreiða erindi frá félögum og samtökum, sem allt saman er þó mikilvægt að gera og tekur vissulega sinn tíma, svo og að fjalla um fjárveitingar til ráðuneyta og stofnana þegar algjörlega er óljóst hvernig á að standa að þessum stóru niðurskurðarliðum. Við höfum heyrt það í fjölmiðlum að uppi séu hugmyndir um að heilbrrn. skeri niður í viðbót 650 millj. kr., félmrh. sé að glíma við einhverjar 300 millj. og landbúnaðurinn, í viðbót við það sem þegar er búið að taka af þeirri atvinnugrein, kannski 250 millj. kr.

Nú hafa fulltrúar landbn. þingins gengið á fund fjárln. og gert grein fyrir viðbótarkröfum upp á mörg hundruð millj. kr. Við vitum að vandi Tryggingastofnunarinnar nemur líka mörg hundruð millj. kr. Það hlýtur að vera algerlega útilokað fyrir okkur að takast á við þessa vinnu ef þessar niðurstöður fást ekki nú þegar frá hæstv. ríkisstjórn hvernig að verður staðið. (Forseti hringir.)

Aðeins ein setning að lokum, virðulegi forseti, sem varðar praktísk vinnubrögð. Ef umræðan á að fara fram hér á þriðjudag þá hefur sá háttur verið hafður á alla jafna að þingmannahópar hafa fengið að fara yfir tillögur um framkvæmdir og fjárfestingar og ég veit ekki hvenær á að vinna það. Það sé ég ekki að geti gerst fyrr en á mánudaginn ef fjárln. tekst um helgina að klára þau mál sem hlýtur þó að byggjast mjög á því hvernig á að ráðstafa þeim 500 millj. sem eiga að ganga til atvinnusköpunar sem væntanlega eiga að fara að einhverju leyti í fjárfestingar og hafa þá áhrif á þessa liði eða lista sem við höfum ekkert séð um enn þá, ekki fengið neinar tillögur um. Við höfum fengið lista frá stofnununum en við höfum ekki séð neinar hugmyndir um það hvernig eigi að ráðstafa þessum 500 millj.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Í tilefni af orðum hv. 1. þm. Norðurl. e. vil ég segja það að vinna í fjárln. gengur mjög vel. Hún gengur betur en oft áður, að mér er tjáð af þeim sem hafa lengsta yfirsýn yfir þetta starf. Það er verið að vinna að ýmsum þörfum málum, einangra hin ýmsu viðfangsefni. Við erum í fullu starfi og því verður haldið áfram. Ég þakka einmitt síðasta hv. ræðumanni fyrir góð störf í nefndinni. Þar hefur allt verið með eðlilegum hætti.

Það hefur verið tilkynnt að þær tillögur sem hann vísaði í varðandi niðurskurð er næmi 1.240 millj. verða birtar nefndinni á morgun og þá munum við vissulega yfirfara það og skoða á allan þann hátt sem við best getum. En það er líka rétt hjá honum að okkur birtast kröfur víðs vegar að og það er ekkert nýtt. Það eru kröfur út og suður um alla mögulega og ómögulega hluti. Það er heldur ekkert nýtt. Við munum taka afstöðu til þeirra á fundum okkar á næstunni.

Það eru allar líkur á því að þingmannahópar geti, ef starfið gengur eftir eins og verið hefur, fengið það sem þeim ber á sunnudag og er það fyrr en oft áður eftir því sem ég best veit og hef reynslu af.

Fleira hef ég ekki um þetta að segja en akkúrat þetta: Starfið gengur vel, upplýsingar eru væntanlegar um það sem á vantar og minni ég á að það ástand að upplýsingar eða tillögur til fjárlaganefndar hafa því miður frá hinum ýmsu ríkisstjórnum sem setið hafa borist afar seint. Og oft hefur það komið fyrir að fresta hefur þurft fjárlagavinnu vegna þess að tillögurnar hafa komið löngu eftir að tímabært var.

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Hv. formaður fjárln. telur starfið í fjárln. ganga vel. Það er allt of snemmt að þakka okkur í stjórnarandstöðunni fyrir góð störf þar því að það er misskilningur að þetta starf sé búið. Það var helst að heyra á hv. formanni. Það er rétt að það hefur verið vel mætt á fundi í fjárln. og m.a. hef ég setið þar á öllum fundum og mætt þar á réttum tíma. Hins vegar hef ég spurt á hverjum einasta fundi núna upp undir hálfan mánuð um upplýsingar frá ríkisstjórninni til þess að við gætum haldið áfram vinnu en ég hef engin svör fengið. Og af því að hæstv. fjmrh. er hér viðstaddur þessa umræðu þá væri fróðlegt að fá að vita hvort væntanleg sé þessi skipting á 1.240 millj., hvort hann getur staðfest orð formanns fjárln. Þó ég viti að hann tali eftir bestu vitund þá hefur þessi skipting ekki borist okkur og það er að verða hálfur mánuður síðan yfirlýsing ríkisstjórnarinnar var gefin út. Ég hef innt eftir þessum upplýsingum í fjárln. á hverjum einasta degi og mér finnst það satt að segja hart þegar gestir koma til fjárln. að þeir viti meira um þessar aðgerðir heldur en nefndarmennirnir sjálfir. Þeir gefa okkur upplýsingar um að verið sé að ræða við þá um niðurskurð samkvæmt þessari yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, aðilar út í bæ, áður en fjárln. fær að vita um málið. Þetta finnst mér ekki vera vinnubrögð sem eru sæmandi.

Ég vil nú spyrja hæstv. fjmrh.: Hvað líður þessum skiptingum? Hvað líður starfi ríkisstjórnarinnar að þessum málum?

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þær athugasemdir sem hér hafa komið fram um vinnuna fram undan í þinginu og benda hv. þm. á það að enn einu sinni er það ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar sem eru orsök þess að ekki er hægt að fjalla um mál hér með eðlilegum hætti samkvæmt þeirri áætlun sem legið hefur fyrir um störf þingsins alveg frá því að þing hófst í haust.

Það er ekki nokkur leið hjá hæstv. ráðherrum að kenna þingmönnum stjórnarandstöðunnar um að þeir tefji málin. Öll mál sem hér hafa verið lögð fram hafa fengið málefnalega og skjóta afgreiðslu. Og það hefur oftar en ekki verið að þakka okkur sem erum í stjórnarandstöðu þar sem við höfum í meira mæli verið að sinna störfum hér í þingsalnum heldur en stjórnarliðar sjálfir. Það er bráðum kominn hálfur mánuður síðan ríkisstjórnin kom fram með síðustu áætlanir sínar í efnahagsmálum og enn hafa þær áætlanir ekki verið útfærðar í frumvarpsformi. Það hefur nú þegar tekið ríkisstjórnarmeirihlutann langan tíma, hálfan mánuð, að ræða þessar tillögur. En það er ekki nema hálfur mánuður eftir af starfstíma þingsins til jóla. Á þeim tíma á að afgreiða öll þau mál sem þarf að ljúka fyrir áramót.

Það er ekki til fyrirmyndar fyrir löggjafarsamkomuna að sífellt sé verið að brjóta lög um vinnutíma og hvíldartíma. Samanber það að hér vorum við í nótt með fund til kl. eitt eftir miðnætti og margir þurftu að mæta aftur á nefndarfund í morgun kl. átta. Ég er ekki að segja að það sé slæmur starfsandi eða að vinnan gangi ekki eðlilega í fjárln. en ég ásaka ráðherra og stjórnarmeirihlutann sem heild fyrir það að þessar tillögur skuli ekki löngu vera komnar fram svo hægt sé að fara að vinna.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Vegna fyrirspurna hv. 2. þm. Austurl. og þeirra umræðna sem hér hafa orðið um þingsköp þá skal ég mjög gjarnan taka undir það að það er að sjálfsögðu réttmæt gagnrýni nú eins og endranær að tillögur frá ríkisstjórnum koma oft seint. Nú stendur þannig á að þær aðgerðir sem gripið var til seint í síðasta mánuði eru víðtækar og kosta nokkrar breytingar bæði á tekju- og gjaldahlið fjárlaga. Að þessum málum er unnið. Og vænti þess satt að segja að þessar tillögur geti komist til fjárln. á allra næstu dögum. Það er stefnt að því að á morgun verði hægt að leggja fram hér á þingi skattafrumvörpin og á allra næstu dögum ættu að liggja fyrir frekari upplýsingar um gjaldaniðurfærsluna.

Ég held hins vegar, og tala þar af nokkurri reynslu sjálfur sem fjárlaganefndarmaður, eða fjárveitinganefndarmaður á sínum tíma, að það hafi oftsinnis gerst að 2. umr. hafi verið tekin fyrir án þess að fyrir lægju endanlegar upplýsingar frá ríkisstjórn og ég held að sú töf sem hefur orðið á upplýsingunum eigi ekki að þurfa að tefja störf nefndarinnar sem neinu nemur.

Ég vænti þess að á milli mín og hv. nefndar, bæði meiri hlutans og minni hlutans, geti verið gott samstarf hér eftir sem hingað til og mun að sjálfsögðu koma tillögum til nefndarinnar svo fljótt sem auðið verður.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í tilefni þeirrar umræðu sem hér fer fram um gæslu þingskapa taka undir orð hv. formanns fjárln. Starfið í fjárln. hefur gengið vel síðustu vikurnar. Það er mikið starf sem þar fer fram og tekur mikinn tíma og ég tel því að þrátt fyrir það að ekki hafi enn komið fram tillögur ríkisstjórnar um aðgerðir þá hafi það ekki í neinu tafið starf nefndarinnar. Sem betur fer hefur verið og er ágætur starfsandi þar og það hefur tekist að þoka málum þar fram á þann veg að eins og nú horfir eru engar líkur á öðru en að það takist að taka frv. til 2. umr. næsta þriðjudag. Ég vænti þess að þrátt fyrir það að tillögur komi síðar fram takist okkur þetta. Að öðrum kosti þarf að endurskoða þá áætlun.

Vegna orða hv. 2. þm. Austurl. vil ég segja að það er aldrei of snemmt að þakka hv. þm. fyrir gott starf og ágætt samstarf. Hins vegar kemur það mér á óvart að þeir skuli sakna svo mjög þess að fá tillögur til niðurskurðar. En það er í mörg horn að líta og alveg augljóst að það verður að taka á við afgreiðslu þeirra fjárlaga sem nú eru til umræðu í þinginu og fjárln. mun vafalaust fá mörg erfið viðfangsefni á næstu sólarhringum. En ég legg áherslu á það og vænti þess að við eigum gott samstarf og okkur takist að ljúka þessu starfi á þeim tíma sem við ætlum okkur núna.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég held að það hafi verið mjög tímabært að spyrja hæstv. forseta um þinghaldið hér fram til jóla. Það liggur auðvitað fyrir að það er alveg útilokað að 2. umr. um fjárlög fari fram á þriðjudaginn og það veit öll fjárln. Það er nú einu sinni lýðræðislegur réttur minni hlutans að fá tíma til að semja minnihlutaálit þó ekki væri annað. Þannig að ég held að hæstv. forseti hljóti að endurskoða nú þegar þá áætlun um 2. umr.

Mér er ekki grunlaust um að menn hugsi sér e.t.v. að 2. umr. fari fram án þess að það liggi fyrir hvernig á að deila niðurskurði niður en það tekur minni hlutinn auðvitað ekki í mál. Það er ekki hægt að hafa aðalumræðu um fjárlög við 3. umr., það segir sig sjálft. Og því mun auðvitað verða mótmælt svo það sé sagt.

En það er annað sem mér sýnist vera í miklu uppnámi hér á hinu háa Alþingi og það er umræðan um EES vegna þess að nú gerist það á sunnudaginn að fram fer atkvæðagreiðsla í Sviss og ég held að það sé almennt hald manna að Svisslendingar felli samninginn. Á fundi sem við EFTA-nefndarmenn vorum á suður í Brussel fyrir nokkrum dögum lýstu Liechtenstein-menn því yfir þar á fundinum að ef svo færi í Sviss mundu þeir gera slíkt hið sama. Og þá segir sig auðvitað sjálft að þar er kominn alveg nýr flötur á því máli öllu saman, ekki síst þar sem Svisslendingar hafa verið mjög öflugur greiðandi. Ég held þess vegna að það megi allt eins búast við að veruleg breyting verði

á þeirri umræðu hér á hinu háa Alþingi.

Varðandi það mál í fjárlagafrv. er jafnframt allt í uppnámi. Það liggur einfaldlega fyrir að það veit enginn hvað samningurinn kemur til með að kosta íslenska ríkið á næsta ári. Þannig er öll þessi vinna í hv. fjárln. Við höfum svo sannarlega reynt að sitja fundi eftir bestu getu. Það er svo sem rétt að það hefur ekki verið nein óvild á fundunum. En miðað við önnur störf mín í nefndum þingsins endurtek ég það sem ég hef áður sagt hér að við höfum ekki innt neina vinnu af hendi vegna þess að við höfum ekkert vitað hvað við erum að gera. Við eru búin að hlusta á óteljandi aðila í þjóðfélaginu fara fram á fjármuni og það er svo sem ágætt en vinna telst það nú varla.

Þegar ég kom á fund í gærmorgun og sá þar sitja hæstv. umhvrh. þá átti ég von á að heyra hvernig hann hygðist skera niður, þar sem honum falið að skera niður eins og væntanlega öllum öðrum. En hvað gerðist? Hann var þar að biðja um aukin framlög á fjárlögum. Þannig að þetta eru afar sérkennileg vinnubrögð. Ég vil því fara fram á það við hæstv. forseta að forsætisnefnd verði tafarlaust kölluð saman til að ræða um þinghaldið svo eitthvert vit sé hér í vinnubrögðum.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti mun meta það ef nýjar upplýsingar koma fram sem snerta fjárln. en fram að þessu hefur verið reiknað með því að 2. umr. um fjárlög fari fram á þriðjudag.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þær upplýsingar út af fyrir sig sem hér hafa komið fram en þær hafa ekki verið efnismiklar.

Hv. formaður fjárln. sagði að vinnan hefði gengið vel og væri á undan áætlun. Ég get út af fyrir sig eins og fleiri tekið undir það að við höfum setið þarna og farið yfir ýmsar beiðnir. Við höfum farið yfir erindi sem hafa borist. Við höfum rætt um það hvort hægt væri að bregðast við og af þeim ástæðum sem öllum eru kunnar að eru í þjóðfélaginu verður sjálfsagt ekki mikið gert í því, enda eru uppi hugmyndir um verulegan niðurskurð til viðbótar. Og það er það sem við höfum fyrst og fremst verið að leggja áherslu á að fá upplýsingar um frá hæstv. ríkisstjórn.

Það er nú svo að þrátt fyrir að hv. formaður fjárln. lýsi því yfir að á morgun fái nefndin upplýsingar um þetta þá segir hæstv. fjmrh. að tekjufrv. komi fram á morgun eða um helgina en gjaldahliðin skýrist á allra næstu dögum. Hvernig túlkar hv. formaður fjárln. það? Hvað þýðir það í hans huga? Vanalega er morgundagurinn einn af allra næstu dögum. Ég álít samt að í þessu svari hæstv. fjmrh. hafi falist það að hann er ekki alveg viss um að fyrir liggi samkomulag í hæstv. ríkisstjórn um tillögur sem þó voru kynntar hér fyrir hálfum mánuði. Það er ekki eins og þessar upplýsingar séu að koma á síðustu stundu frá ríkisstjórninni að hún ætli að gera eitthvað. Það er hálfur mánuður síðan hún boðaði það hér í hv. þingi. En okkur vantar upplýsingar um framkvæmdina til að geta haldið þessari vinnu áfram af nokkurri alvöru, til þess að fá endanlegar niðurstöður í það hvernig þetta dæmi á að líta út.

Það er rétt hjá hæstv. fjmrh. að oft hefur verið fjallað um ýmis mál milli umræðna, stundum stór, einkum hvað varðar tekjuhlið. En ef það er svo að við eigum núna að velta því fyrir okkur hvort hægt er að laga einhverjar stofnanir um einhverjar 5, 10 eða 20 millj. vitandi það að á milli 2. og 3. umr. á að skera þær niður um ekki einhverja tugi millj. heldur hundruð millj., jafnvel á annan milljarð eins og boðað hefur verið, þá er það nokkuð annað en það sem við höfum búið við að undanförnu. Það finnst mér vera óviðunandi staða.

Og svo ítreka ég það aftur að skipting á 500 millj. kr. til viðhaldsverkefna, til atvinnuskapandi aðgerða og byggingarframkvæmda hljóta að hafa áhrif á það hvernig gengið verður frá tillögum um skiptingu á fjárfestingarliðum. Og ef hv. formaður fjárln. telur að hægt sé að leggja það fyrir þingmannahópa á sunnudag þá spyr ég hann aftur hvort hann meini það í alvöru, hvort hann haldi að þær verði til þannig að þingmannahóparnir, Alþingi allt verði hér til staðar á sunnudag til að fjalla um þær tillögur. Það bregður þá nýrra við ef hægt er að fá alla hv. þm. til að vera hér í startholunum til þeirrar ákvarðanatöku.

Aðeins að lokum, hæstv. forseti. Það er kannski þess að vænta að við fáum upplýsingar um þetta í gegnum fjölmiðlana áfram, e.t.v. á Þjóðarsálinni því það mun hafa komið fram hér í umræðum í gær að hæstv. sjútvrh. fékk upplýsingar um skoðanir utanrrh. á sjávarútvegssamningnum í gegnum Þjóðarsálina. Það verður kannski áfram þannig með þetta að við bíðum eftir féttunum úr fjölmiðlum og Þjóðarsál.

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Það er alveg rétt sem fram hefur komið við þessa umræðu að samstarfsandinn í fjárln. er í sjálfu sér ekkert slæmur. (Gripið fram í.) Hann er góður. Samskiptin við fjmrn., við höfum út af fyrir sig ekkert undan þeim að kvarta. Þar eru ágætir embættismenn sem vinna með okkur og við höfum ekkert undan þeim að kvarta. Hins vegar hafa þessar umræður leitt í ljós það sem okkur grunaði reyndar að það er náttúrlega ekkert samkomulag í höfn um skiptingu á þessum 1.240 millj. Hv. formaður fjárln. hefur vonað að það samkomulag yrði frágengið á morgun. En það er að heyra á ræðu hæstv. fjmrh. að það samkomulag er ekkert í höfn. Þess vegna verður þessi umræða ekkert á þriðjudaginn og getur ekki orðið, það er alveg dagljóst og er auðvitað best að viðurkenna það strax, og forsætisnefndin komi saman og endurskoði áætlunina í samræmi við þær upplýsingar sem hér hafa komið fram. Það er hver höndin upp á móti annarri í ríkisstjórninni um skiptingu á þessu fé eins og við vissum. Þessi umræða hefur leitt það skýrt í ljós og hún er gagnleg út af fyrir sig þess vegna. En við eigum þá bara að endurskoða starfsáætlun þingsins og haga okkur eftir því og vera ekki með neinar óraunhæfar áætlanir um vinnubrögð hér næstu viku.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Auðvitað er það ljóst öllum sem hér eru í salnum að við eigum við mikinn vanda í ríkisfjármálum að etja. Hver og einn einstaklingur sem að þessu verki kemur engist sundur og saman yfir því að þurfa að gera erfiða hluti. Og það þarf að gera erfiðari hluti nú en oft áður. Við erum í meiri vanda en oft áður. Það er alveg rétt að erfitt er að skera niður þær 1.240 millj. sem verið er að fjalla um núna. Það var upplýst af fjmrh. að einhverjar frekari tafir yrðu á því. En ég vona að það komi sem allra fyrst. Ég geri mér alveg ljóst að það er erfitt verk og ég veit að hv. meðnefndarmenn mínir í fjárln. vita alveg nákvæmlega að menn hafa innantökur vegna þessa máls. En hitt er annað að það mun nást niðurstaða í þessu og ég vænti þess að það verði sem allra fyrst. Við stefnum á það til hins ýtrasta að umræðan fari fram á þriðjudag. Vinnan í fjárln. getur haldið áfram með sama dampi, góðum dampi, og verið hefur.

Það er mín reynsla á undanförnum árum að skiptingar sem látnar hafa verið í hendur þingmannahópunum hafa komið afar seint, kannski einum til tveimur klukkustundum áður en 2. umr. fer fram. Svo langt hefur það gengið. Hitt er annað að það hefur stefnt í að það gæti verið fyrr á ferðinni.

Varðandi vinnuna þá endurtek ég það að við getum haldið henni áfram, einangrað alla aðra hluti en lúta að 1.240 millj. Og ég vænti þess að það komi sem allra fyrst.

Í framhaldi af því sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði að nefndin hefði hlustað á erindi manna þá höfum við auðvitað gert það en afgreiðsla eða úrvinnsla á þessu efni er fyrir löngu hafin og minni ég á að hv. þm. var í því að gegna mjög þýðingarmiklum störfum á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna einmitt á þeim tíma þegar við hófum þá afgreiðslu. (**GHelg:** Formaðurinn fór líka á NATO-fund í viku.) Já, það er alveg rétt. Ég er ekki að deila á þingmanninn fyrir að hafa farið á allsherjarþingið, það er öðru nær, hún var að sinna þýðingarmiklum störfum þar. En ég er að upplýsa hvernig tímanum hefur verið varið. Þess vegna hefur henni kannski ekki verið ljóst að við höfðum hafið þetta fyrir löngu síðan.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd. Ég vil þakka hv. formanni fjárln. fyrir það sem hann sagði hér. Hann viðurkennir auðvitað að það eru allar líkur á því að einhverjar frekari tafir verði á því að við fáum upplýsingar sem við verðum að fá áður en til 2. umr. kemur, þ.e. áður en fjárln. lýkur sinni vinnu við gerð fjárlagafrv. áður en það kemur hér inn aftur og við munum að sjálfsögðu halda áfram að vinna úr þeim upplýsingum sem fyrir liggja. En endanleg afgreiðsla getur ekki orðið fyrr en að því loknu. Ég vildi aðeins undirstrika það og þakka hæstv. forseta einnig fyrir það sem fram kom í hennar máli áðan að auðvitað muni forsætisnefnd meta það yfir helgina hvernig mál þróast og þá flytja umræðuna til ef þörf krefur. En mér sýnist nú reyndar ekki í dag vera nein spurning um að það sé þegar ástæða til að fara að huga að skipulagi vinnunnar í næstu viku. Ég ítreka það líka að það verður að vera tími fyrir þingmannahópana til að skoða málin og svo að sjálfsögðu þar sem öllum er ljóst að nefndarálit verða að liggja fyrir daginn áður en umræða fer fram, þá verður það ekki gert fyrr en öllum slíkum upplýsingum hefur verið safnað saman að hægt verði að setjast niður til að skrifa nefndarálit.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er með ólíkindum til hvers menn geta gripið þegar þeir eru rökþrota. Það er alveg hárrétt sem hv. formaður fjárln. sagði, ég var í hálfan mánuð á þingi Sameinuðu þjóðanna. Þar voru einnig tveir aðrir hv. þm. í fjárln. Og ég held að ekkert okkar hafi misst af neinu á meðan. Og ekki heldur hv. formaðurinn sem var viku í burtu á fundi Norður-Atlantshafsbandalagsins. Þetta eru því auðvitað engar skýringar. Þingmenn sinna að sjálfsögðu öllum sínum störfum þrátt fyrir veru sína í hv. fjárln. En við höfum setið þarna næstum hvern dag síðan snemma í haust og það hefur ekkert gerst vegna þess að við höfum ekkert vitað hvað við áttum að gera. Það er ekki hægt að deila út fé ef maður veit ekki hversu mikið fé maður hefur.

Síðast í morgun, svo hv. þingheimur viti það, sat hv. formaður landbn., hv. þm. Egill Jónsson, og rakti fyrir nefndinni og formanni hennar og stjórnarliðinu ástand mála og fjárvöntun varðandi búvörusamninga. Það er því hvorki haus né hali á þessari vinnu. Ég held að það sé gjörsamlega tómt mál að tala um að þessi umræða geti hugsanlega farið fram á þriðjudaginn og það á auðvitað hv. formaður fjárln. að horfast í augu við. Mér heyrist ekki betur en hæstv. fjmrh. geri það. En ég vil vara menn við því að grípa til þess að tíunda það hvað hv. þm. gera annað en að sitja í hv. fjárln. því þá gæti maður farið að ræða um aðra hluti um viðveru hv. fjárlaganefndarmanna.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti mun beita sér fyrir því að ekki síðar en á morgun verði tekin ákvörðun um það eða að það liggi fyrir hvort nauðsynlegt reynist að fresta 2. umr. um fjárlög sem átti að fara fram á þriðjudag.

Þá óskar forseti eftir því að víkja aðeins út af dagskrá þannig að nú verði tekin fyrir 2. og 3. dagskrármál. En að afgreiðslu þeirra mála lokinni verði 1. dagskrármál tekið fyrir að nýju.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það hefur verið mjög erfitt að átta sig á því með því að sitja hér í salnum hvað hafi verið á dagskrá hverju sinni. Í umræðu um þingsköp er það reglan að beina orðum alltaf til forseta og stjórnar þingsins. Þangað á gagnrýnin að beinast ef menn ræða þingsköp. Í umræðum um vegamál vekur það undrun mjög hversu breitt það svið er orðið og undirstöður allar út og suður. (Gripið fram í.) Ég heyri að það er einn maður sem hefur skilning á þessu öllu saman, hv. 5. þm. Norðurl. v., vanur að leggja vegi um mýrakeld-

ur þar sem mikil nauðsyn er að hafa undirstöður breiðar. En nú ber svo við að enn á að hræra í pottinum og hefja hér breytingar á dagskránni. Ég er ekki búinn að sjá að slík vinnubrögð auðveldi þingstörfin. Menn setjast hér niður og búa sig undir að tala í þeim málum sem eru á dagskrá í þeirri röð sem þetta ber að en með því að vera á eilífum fimleikum fram eftir dagskránni er bæði hægt að trufla viðveru þingmanna og ráðherra. Ég hvet nú forseta til að ganga nokkuð skipulega í þetta verk þannig að hægt sé að koma einhverju áfram hér á þessum morgunfundi.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Það var einmitt til þess að koma einhverju áfram sem forseti hugðist taka 2. og 3. dagskrármál fyrir nú. Þar sem ekki er útlit fyrir að það verði miklar umræður um 2. dagskrármálið þá hefði verið hægt að láta fara fram atkvæðagreiðslu um það mál. Síðan er 3. dagskrármálið aðeins atkvæðagreiðsla um að vísa máli til nefndar. Forseti vill því endurtaka beiðni sína til hv. þm. um að þessi háttur megi vera hafður á.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur hér áðan um störf í fjárln. vil ég lýsa furðu minni á slíkum orðum þar sem sagt er að fjárln. hafi setið auðum höndum í allt haust. Ég hef nokkra reynslu af starfi í fjárln., fyrr og nú, og mitt mat er það að starfið í fjárln. á þessu hausti hefur gengið einstaklega vel. Það er margslungið starf fjárln. og kostar mikla vinnu og yfirsetu og mjakast þótt hægt fari. En starfið hefur verið mjög vel skipulagt og hefur gengið vel þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Þess vegna lýsi ég furðu minni á slíku orðavali eins og hv. þm. viðhafði um störf fjárln.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp nánast til þess að taka undir orð hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar. Mér finnst þetta nokkuð merkileg fundarstjórn hér. Við byrjum að taka fyrir fyrsta mál á dagskrá á tilteknum tíma og ræðum það stutta stund síðan er hafin hér umræða um þingsköp sem auðvitað er spurning hvernig fór fram. Að henni lokinni ákveður virðulegur forseti að taka fyrir 3. og 4. mál á boðaðri dagskrá fundarins. Ég veit satt að segja ekki um framhaldið, hvort meiningin er að taka þá á dagskrá aftur það mál sem er númer eitt á boðaðri dagskrá. En ég sé það að minnsta kosti, virðulegur forseti, eins og maður átti jafnvel von á, að ráðherrarnir eru farnir burtu. Og ég sá ekki annað en hæstv. fjmrh., sem kannski var eðlilegt að væri hér við umræðuna um vegamál, er gengin úr salnum. Þannig að ég segi það að mér finnst hér vægast sagt einkennilega að málum staðið.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill taka það fram að þingskapaumræða hefur alltaf forgang, þannig að það var ekki hjá því komist að hér kæmi inn í umræðu um vegamál umræða um gæslu þingskapa. Þar sem umræðunni um vegamál hafði þegar verið frestað um allnokkurt skeið þá var það freistandi fyrir forseta að taka fyrir tvö dagskármál þar sem eiga að fara fram atkvæðagreiðslur og ekki er útlit fyrir að umræður verði um þau mál. Þetta er ástæðan fyrir því að forseti hugðist hafa þennan hátt á. Forseti hefur samkvæmt þingskapalögum heimild til þess að breyta dagskrá eða taka mál ekki fyrir eins og þeim er raðað upp á dagskrá og biður eindregið um að fá að taka fyrir 2. og 3. dagskrármál. Síðan verður haldið áfram umræðum um 1. dagskrármál sem er vegáætlun.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil andmæla því að slitin er í sundur umræðan um vegamál frekar en þingskapaumræðan gerði. Ég undrast það mjög að hæstv. forseti skuli ætla að leggjast í það mikla verkefni að ráðast í atkvæðagreiðslu og spyr: Hvað olli því að ekki var hægt að viðhafa atkvæðagreiðslu um 3. dagskrármál við lok umræðu í gær? Var það vegna þess, virðulegi forseti, að það er orðinn siður hér að því er virðist hjá stjórnarliðum að raða dagskrá og afgreiðslu mála þannig upp að hægt sé að gefa stjórnarþingmönnum frí, þannig að þeir þurfi ekkert að vera að hanga hér yfir okkur þingmönnum stjórnarandstöðu sem erum að hafa uppi skoðanir og láta þær í ljós á einstökum málum? Það voru ekki nema sex stjórnarþingmenn í salnum í gærkvöldi þegar ræddur var samningurinn við EB um fiskveiðimál og ég minnist þess ekki að neinn af þeim sex hafi verið fulltrúi stjórnarliðisins í sjútvn. Það var ekki einu sinni svo að sjávarútvegsnefndarmenn gætu séð sóma sinn í því að vera viðstaddir til að hlýða á mál manna.

Ég vil því spyrja hæstv. forseta: Hvað olli því að atkvæðagreiðsla fór þá ekki fram strax að lokinni umræðu? Og fyrst atkvæðagreiðsla fór ekki fram þá hvað olli því að það var ekki fyrsta dagskrármál þessa fundar? Þurfti að gefa stjórnarliðum frí þannig að þeir væru örugglega komnir? Var ekki hægt að treysta því að þeir væru mættir hér klukkan tíu í morgun?

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti þarf varla að taka það fram að atkvæðagreiðsla fór ekki fram í nótt um 3. dagskrármál vegna þess að það voru ekki nægilega margir þingmenn í húsinu. Hins vegar vill forseti mótmæla því að dagskrá sé raðað upp með sérstöku tilliti til stjórnarsinna. Það er ekki gert.

Forseti vill halda sig við það að taka fyrir 2. og 3. dagskrármál og láta fara fram atkvæðagreiðslur um þau mál vegna þess að það eru 42 þingmenn í húsinu og eins og þingheimur veit þá mun seinni part dags vera meiningin að heimsækja forseta Íslands og því er óljóst um fundarsetu þingmanna þegar kemur lengra fram á daginn.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil enn ítreka þá ósk mína til forseta að fram verði haldið umræðu um vegamál sem var hafin og er í miðjum klíðum. Það kann að vera rétt

að hér séu nægilega margir á þessari stundu til þess að fram fari atkvæðagreiðsla. Ég spyr forseta hvort hann hafi ástæðu til að ætla að svo verði ekki ef atkvæðagreiðsla fer fram síðar, að lokinni umræðu um vegamál.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill geta þess að það eru allnokkrir á mælendaskrá um 1. dagskrármálið og sannleikurinn er sá að þessi atkvæðagreiðsla hefði fyrir löngu farið fram ef ekki hefði farið tími í að ræða það hér undir liðnum þingsköp hvort hún skuli fara fram eða ekki.

Vog, mál og faggilding, 3. umr.

Stjfrv., 7. mál (heildarlög). — Þskj. 400.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GunnS, HÁ, HBl, JÁ, JónK, JónS, KSG, KE, PP, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞorstP.

3 þm. (AKS, JVK, KHG) greiddu ekki atkv.

29 þm. (AÓB, ÁMM, FI, GB, GHall, GÁ, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KÁ, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SalÞ, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 416).

Samningar við EB um fiskveiðimál, frh. fyrri umr.

Stjtill., 275. mál. — Þskj. 375.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32:1 atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GunnS, HÁ, HBl, JÁ, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, ÓRG, PP, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞorstP.

nei: KHG.

3 þm. (EH, EKJ, RA) greiddu ekki atkv.

27 þm. (AÓB, ÁMM, FI, GHall, GÁ, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KÁ, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, SalÞ, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GunnS, HÁ, HBl, JÁ, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞorstP.

3 þm. (EH, EKJ, KHG) greiddu ekki atkv.

27 þm. (AÓB, ÁMM, FI, GHall, GÁ, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KÁ, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, SalÞ, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Vegáætlun 1992, frh. síðari umr.

Stjtill., 190. mál. — Þskj. 220, nál. 367.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég ætlaði að ræða þetta mál við hæstv. samgrh. sem ég sé að hefur farið úr salnum. — Nú, hann er þarna, ég biðst afsökunar.

Hér er verið að ræða tillögu um breytingu á vegáætlun. Það hefur verið svo um langa tíð og svo lengi sem ég hef setið á Alþingi að þingmenn kjördæmanna hafa fjallað um skiptingu vegafjár. Í þessum efnum hafa verið ákveðnir samskiptahættir. Það hefur verið ákveðið að skipta vegafé með tilliti til ástands, arðsemi og kostnaðar. Þessar reglur ber að hafa í heiðri og ég vænti þess að svo verði og þar fari ekki að koma inn einhver önnur sjónarmið eins og tímabundið atvinnuástand í einstökum byggðarlögum í landinu. Þannig er ekki hægt að reka vegagerð og þannig er ekki hægt að halda utan um málið hér á Alþingi.

Nú er það svo að það er ekki vandalaust verk fyrir þingmenn kjördæmanna að skipta þessu fé og það hefur oft þurft að halda marga fundi um það, en ég leyfi mér að fullyrða að almennt hefur þetta tekist vel og um það hefur verið góð samstaða í þingmannahópunum. Nú bregður svo við að hæstv. ríkisstjórn tekur upp alveg nýja hætti og ákveður það á einni nóttu að nú skuli breytt til. Hæstv. samgrh., sem hefur langa þingreynslu, leyfir sér að breyta hér út af án þess að tala um það, a.m.k. ekki við stjórnarandstöðuna, og eyðileggja, leyfi ég mér að segja, samskiptahætti sem hafa þróast hér í um langa tíð. Hæstv. ríkisstjórn virðist ekki hafa nægileg verkefni á næturfundum sínum. Einn fundurinn virðist hafa verið tekinn í það að skipta 1.800 millj. niður á einstaka vegi í landinu. Það er út af fyrir sig vel að hæstv. ríkisstjórn sé umhugað um vegakerfið en ég veit ekki hvað hæstv. ríkisstjórn gengur til að líta algjörlega fram hjá þeim háttum sem þarna hafa verið hafðir og þeirri reynslu sem er í sambandi við þessi mál í kjördæmunum sjálfum. Ég tel að hæstv. samgrh. verði að útskýra það fyrir Alþingi hvers vegna hann gerir þetta. Það má vel vera að hæstv. umhvrh. hafi verið með honum í þessu, ég sé að hann vill gefa honum góð ráð. En þótt hæstv. umhvrh. sé fróður um þessi mál í sínu eigin kjördæmi þá hef ég efasemdir um það að hann sé það í öðrum kjördæmum, enda ætlast enginn til þess.

Nú er það svo að hér er um 1.800 millj. að ræða en það er jafnframt ljóst að það er um niðurskurð að ræða frá því sem var ætlað í vegáætlun vegna minna fjármagns, sem er ekki í fyrsta skipti. Þar að auki á að endurgreiða þetta lán síðar, þannig að þessi fyrirætlun raskar algjörlega vegáætlun nokkuð langt fram í tím-

ann. En ríkisstjórnin hefur sem sagt núna ákveðið að skipta þessu nákvæmlega upp, þannig er það gert í því kjördæmi sem ég er kosinn í, en síðan eiga þingmenn kjördæmanna að koma sér saman um niðurskurðinn á næstu árum til þess að greiða lánið.

Það er í reynd búið að koma málum þannig fyrir að það er gjörsamlega útilokað fyrir okkur að koma frekar að þessu máli. Við þingmenn Austurlandskjördæmis höfum haldið um það einn fund og þá var búið að njörva þetta allt saman niður og gefa það út í blaðaviðtölum og fréttatilkynningum hvernig ætti að fara með þetta fé. Ég er ekki að halda því fram að fénu sé illa varið, en það þarf að líta til margra átta í þessu sambandi og það er mikilvægt að um það sé fullur trúnaður áður en það er gefið út.

Ég vil lýsa ábyrgð á hendur núv. samgrh. út af þessu máli og ég harma það að miðað við þá þingreynslu sem hann hefur skuli hann kjósa að taka þarna upp nýja samskiptahætti.

Hæstv. ríkisstjórn hefur talað um það að undanförnu að hún vilji hafa betri samráð við aðila í þeim erfiðleikum sem nú steðja að þjóðfélaginu. Ég er sammála ríkisstjórninni í því að það eru miklir erfiðleikar, en þetta er dæmi um mál sem ríkisstjórnin á ekki að vera að sökkva sér niður í. Hún á ekki að vera með inni á sínu borði hvort það fara 10 millj. meira í þennan veg eða hinn veginn. En hæstv. samgrh. þykir þetta greinilega skemmtilegt verkefni, þykir skemmtilegt að slá dálítið um sig og skýra frá því að hann hafi ákveðið að setja peninga í þetta og hitt, að hann stenst ekki freistinguna og virðist ekki gera sér grein fyrir því að um leið og hann er að falla í þessa gryfju er hann að eyðileggja *ágæta samskiptahætti sem hér hafa tíðkast* og ég veit ekki betur en að hann hafi tekið þátt í því með bærilegum árangri í gegnum tíðina. Þótt stundum hafi hann ekki verið sáttur við allt sem þar hefur verið ákveðið, þá kemur mér á óvart að hann skuli hafa fundið þarna nýja leið nema þessi nýja leið eigi að sýna einhverja ákveðna einræðistilburði sem verða ekki farsælir til lengdar í viðkvæmum málum eins og þessum. Ég krefst þess að hæstv. samgrh. gefi þinginu frambærilegar skýringar í þessu máli.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem vakti athygli mína fyrst í ræðu hv. 1. þm. Austurl. var það hversu mjög honum hættir til að líta á samgöngumál út frá kjördæmamörkum og virðist algjörlega hafna því að rétt sé að horfa til samgöngumála með hliðsjón af hagsmunum yfir landið *allt*, með *hliðsjón af því að unnt sé* t.d. að tengja landshluta saman. Vil ég þar sérstaklega vekja athygli á þeim djúpa ágreiningi sem varð milli mín og ríkisstjórnarinnar og raunar þingmanna í mínu kjördæmi á síðasta kjörtímabili, þar sem ég lagði mjög ríka áherslu á nauðsyn þess að hægt væri að tengja Norðurland og Norðurland eystra. Það er vitaskuld ekki rétt hjá hv. þm. að á síðasta kjörtímabili hafi verið þeir samskiptahættir milli stjórnar og stjórnarandstöðu í sambandi við vegamál að rétt væri að tala um einhverja einingu þar og skaplega hafi farið um alla hluti. Það sést mjög glöggt í fyrsta lagi með þeim vinnubrögðum sem viðhöfð voru í sambandi við þá nefnd sem ætlað var að marka stefnu, langtímaáætlun í vegamálum. Það kemur greinilega fram í fyrirvara mínum þar að ríkisstjórnin hafði ekkert sambandi við stjórnarandstöðu þegar kom að lokaþáttum þess máls heldur voru allar meiri háttar ákvarðanir teknar í þingflokkum stjórnarflokkanna sem ég er ekki að segja að sé óeðlilegt. Þannig voru þeir hlutir.

Það liggur líka ljóst fyrir, eins og margoft hefur komið fram, að ég tel nauðsynlegt að framkvæmdaáætlanir í samgöngumálum séu teknar samtímis bæði í vegamálum, hafnarmálum og flugvallargerð þvert ofan í það sem áður hefur verið. Ég er þess vegna gagnrýninn á þau vinnubrögð sem verið hafa og hafa kostað *mikla fjármuni á síðustu árum*, þ.e. hversu lítið tilliti hefur verið tekið til sameiginlegra hagsmuna í þessum efnum.

Í þriðja lagi er óhjákvæmilegt að vekja athygli á því að þeir fjármunir sem talað er um að veita með sérstökum hætti til vegamála fara hvarvetna til framkvæmda sem eru mjög brýnar. Það er vitaskuld fullkomlega rangt hjá hv. 1. þm. Austf., ef hann er að gefa það í skyn, að þannig hafi verið staðið að vegáætlun af síðustu ríkisstjórn að ekki hafi verið ætlast til að lán yrðu tekin til vegamála sem síðar yrðu greidd. Um öll þessi atriði er djúpur ágreiningur milli okkar tveggja og við munum hlutina greinilega ekki eins.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. samgrh. sagði að hann hefði verið ósammála niðurstöðu nefndar sem fjallaði *um langtímaverkefni í vegamálum. Hann sat í þeirri* nefnd og það er rangt hjá honum að ákveðin hafi verið einhver niðurstaða í því máli í páv. ríkisstjórn. (**Gripið fram í:** Í þingflokkum.) Ekki heldur í þingflokkum. Það hefur verið staðfest af hæstv. samgrh. að hann hefur ákveðið upp á sitt einsdæmi, vegna þess að hann var ósáttur við ákveðin nefndarstörf sem þingmaður áður fyrr og vegna þess að hann telur að ágreiningur sé um það hvernig staðið skuli að vegi milli Norðurlands og Austurlands, þótt ég skilji það ekki vel hjá honum, að breyta þessu öllu saman. Það er greinilegt að hv. ráðherra hefur ekki þolað það áður fyrr að ágreiningur væri milli aðila í sambandi við þessi mál og vegna þessarar reynslu sinnar hefur hann ákveðið að beita ráðherravaldi sínu til að breyta öllu saman.

Mér er vel kunnugt um það að hæstv. ráðherra var sem þingmaður í stjórnarandstöðu oft reiður út af ýmsum *málum. En það er með ólíkindum að hann gengi* svo langt að beita ráðherravaldi til að breyta öllu þannig að það verði nákvæmlega eins og hann vildi hafa það meðan hann var hér þingmaður. Ég lýsi ábyrgð á hendur honum fyrir þessa hegðun.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér sýnist að líkt sé á komið með okkur nöfnunum að báðir geta verið skapvondir í stjórnarandstöðu. Má vera að við séum líka líkir að því leyti til að báðir vilja ráða á meðan þeir eru ráðherr-

ar. Hitt held ég að sé líka ljóst að þegar ákvörðun var tekin á sínum tíma um Vestfjarðagöngin sem var ekkert smámál var ekki haft samband og það samráð við þingmenn Vestfjarða sem hv. þm. var nú að tala um. Sú ákvörðun var tekin á eindæmi ríkisstjórnarinnar sjálfrar eins og menn muna. Ég heyri að fyrrv. samgrh. er órólegur. Það er kannski vegna þess að hann óttast mjög að ég rifji það upp að fyrir tveimur árum voru framlög til flóabáta um 150 millj. kr. Nú sjáum við það fyrir á næstu tveim árum að þau framlög verða að fara upp í 550 millj. kr. sem verður auðvitað að greiðast af samgöngumálaþætti fjárlaga. Það dregur úr getu okkar til að standa bærilega að vegamálum. Ekki voru þessar ákvarðanir teknar í samráði við þingmenn. Mig minnir að undirskriftin um Herjólf hafi farið fram daginn fyrir kosningar til að kaupa atkvæði með þeirri háttsemi.

Það stendur óhaggað sem ég hef sagt. Ríkisstjórn á hverjum tíma hlýtur að móta stefnu sína í samgöngumálum. Það liggur fyrir (Gripið fram í.) að ákvörðunin um Vestfjarðagöng var tekin á bak við þingmenn Vestfjarða. Sá sem æpir hæst í þingsalnum, þ.e. fyrrv. samgrh., kom þar mjög við sögu. Ég held að hv. 1. þm. Austurl. verði að rifja forsöguna upp nokkuð betur.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra grípur til þess ráðs að tala um jarðgangamál á Vestfjörðum. Ég skal ekki fullyrða nákvæmlega um hvernig það mál bar upphaflega að. Það var hins vegar ákveðið að fyrst yrði farið í göng til Ólafsfjarðar sem ég vænti að hæstv. ráðherra telji sig hafa haft einhver afskipti af sem stjórnarandstæðingur, það er eins og mig minni, hæstv. ráðherra, (**Samgrh.:** Það var Lárus Jónsson.) að hann hafi talið sig hafa nokkur áhrif á málið, jafnvel þótt hann væri í stjórnarandstöðu. Ég skil hæstv. ráðherra þannig að hann óski ekki lengur eftir samstarfi við þingmenn kjördæmanna um þessi mál. Þá veit maður það. Þá er að sjálfsögðu tilgangslaust að boða til fundar um þessi mál. Hæstv. ráðherra segist vera búinn að taka þetta í eigin hendur, hann vilji koma fram sinni stefnu og þurfi ekki að hlusta á einhverja þingmenn í kjördæminu í þessum málum. Hann þekki vel til vegastæðis á milli landshluta og hvernig þetta eigi allt saman að vera. Þá höfum við fengið þau skilaboð frá hæstv. ráðherra og tilgangslítið að vera með einhver formsatriði í því að kalla til þingmenn kjördæmanna. Það er þá best að hæstv. ráðherra hafi þetta allt á rúmstokknum hjá sér.

Útbýting þingskjala:

Umboðssöluviðskipti, 125. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 409; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 410.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég ætla í upphafi máls míns að víkja að Vestfjarðagöngum og aðdraganda þeirra. Fyrrv. hæstv. samgrh. Steingrímur Hermannsson skipað á sínum tíma nefnd til að gera athugun á því hvernig hægt væri að leysa samgöngur á milli Norður- og Vestur-Ísafjarðasýslna svo vel væri. Formaður þeirrar nefndar var Bjarni Einarsson. Sú nefnd skilaði áliti og á fjórðungsþingi Vestfirðinga, sem þá var haldið á Suðureyri við Súgandafjörð, var gerð grein fyrir því að nefndarmenn teldu að ekki væri hægt að leysa þetta nema með því að fara í jarðgangagerð sem var miklu meira verk en menn höfðu áður talað um.

Ég hef ekki orðið var við að þingmenn Vestfjarða hafi ekki fylgst með því máli því að Matthías Bjarnason, sem varð samgrh. næst á eftir Steingrími Hermannssyni, tók þetta mál að nýju til athugunar og skipaði nýja nefnd. Niðurstaðan varð sú sama. Fjórðungssamband Vestfjarða hafði látið framkvæma rannsóknir eða kostnaðarathuganir og mat á þessu og álit Vegagerðarinnar og Fjórðungssambandsins, sem birtist í þeirri skýrslu sem þar var unnin, var nokkuð á sama veg. Hitt er svo rétt að auðvitað hvíldi það algjörlega á stjórnarsinnum á sínum tíma hvort þessu máli yrði hrint í framkvæmd eða ekki. Það er hárrétt hjá hæstv. samgrh. Það hvíldi algerlega á stjórnarsinnum. Það var auðvelt að smokra sér undan því og segja að þetta kostaði mikið fé og þar fram eftir götunum og segja að menn hefðu ekkert meint með þeim loforðum fyrir kosningar að ætla að vinna að þessu máli. Það var bara ekki það sem var gert. Ég get tekið við því að það sé rétt að það voru stjórnarsinnar á þeim tíma, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, sem auðvitað báru hita og þunga af því að í þessa framkvæmd var farið.

Ég ætla að bæta því við að það er líka rétt að í þál. um vegáætlun fyrir árin 1991–1994 voru framkvæmdar breytingar á þeim hugmyndum sem höfðu komið frá langtímanefndinni. Þá var m.a. framkvæmd sú breyting að sett var fjármagn í Gilsfjörð til þess að þar yrði farið í brúargerð. Hins vegar er það svo að það virðist sem sumir þingmenn sem komu á þing eftir síðustu kosningar geti ekki tekið því að þessi mál séu rædd. Sérstaklega var það áberandi með hv. 1. þm. Vesturlands. Það var ekki hægt að hæla honum fyrir geðprýði þótt hann væri í stjórnaraðstöðu þegar þessi mál voru rædd utan dagskrár. Ég verð að segja eins og er að ég undraðist að hann skyldi taka það svo óstinnt upp að ég ætti orðastað við hæstv. félmrh. Ég skildi nánast ekki á hvaða forsendum hann taldi sig þurfa að ganga fram sem einhver sérstakur skjaldarberi í því máli. Ég varð ekki var við annað en ráðherrann reyndi að leysa úr þeim málum með eðlilegum hætti. Nú virðist þingmaðurinn horfinn úr salnum. Var hann þó hér áðan og vissi að þessi umræða fór fram og vissi jafnframt að rætt yrði um Gilsfjarðarbrú. Það vekur stundum undrun þegar menn telja betra að forða sér úr þingsölum. (**Forseti:** Forseti vill gjarnan upplýsa að sá hv. þm. sem ræðumaður nefnir ásamt öðrum er með fjárlaganefndarmönnum á fundi í fjárln. Bæði forseti og ræðumaður eru reyndir á þeim vettvangi og vita að stundum er óhjákvæmilegt að halda þar áfram fundum. Þetta er til upplýsingar.) Það má vel vera að formaður fjárln., sem lýsti því yfir hér að nefndin væri á undan áætlun með vinnuhraða, hafi nú komist að þeirri niðurstöðu að það væri ekki seinna vænna að boða

fund. Það segir náttúrlega sitt um málflutninginn. Mér er ljóst að það er oft mikið vinnuálag í þeirri nefnd og undir það get ég tekið með forseta.

Hér segir hæstv. samgrh. í ágætri grein í Morgunblaðinu 21. nóv. að hann sjái ekki annað en að hægt verði að bjóða út vegagerð yfir Gilsfjörð árið 1994. Það verður að segja eins og er að það er stórkostleg framför að fá ártöl. Hvers vegna skyldi það vera svo að þetta sé sett fram hér? Hvers vegna skyldi það hafa gerst? Vegna þess að þessi umræða var tekin upp þegar þetta mál kom fyrst inn til þingsins og málið var tekið upp í utandagskrárumræðu. Það skyldi þó aldrei hafa verið svo að stjórnarþingmennirnir, sem voru hvað slappastir á taugum yfir þessu, skyldu hafa átt orðastað við ráðherrann og sagt honum að þeir gætu ekki við það búið að fá ekki svör? Ég gagnrýndi ekki hugmyndir ráðherrans um framkvæmdir. Ég gagnrýndi það að láta sér detta í hug að hægt væri að taka lán og láta endurgreiða þau með þeim hætti sem hér kom fram, að ætla að hefja endurgreiðsluna jafnsnemma og talað var um. Hæstv. fjmrh. var búinn að lýsa því yfir hvenær endurgreiðslan hæfist. Hann hefur ekki dregið þau orð til baka. Ég óska eftir því, hæstv. forseti, að hæstv. fjmrh. verði boðaður á fundinn þannig að það fáist upplýst hvaða hugmyndir hann hefur um endurgreiðslu þeirrar lántöku sem verið er að tala um.

Hins vegar segir hæstv. samgrh. í þessari grein í Morgunblaðinu nokkur vanhugsuð orð, með leyfi forseta:

„Fyrir þingmanninum vakti að vekja grunsemdir þeirra fyrir vestan um að þeir hefðu verið sviknir um Gilsfjarðarbrúna. Óhjákvæmilegt er að leiðrétta og árétta nokkur atriði í þessu sambandi." — Fyrir mér vakti að sjálfsögðu fyrst og fremst það sem kemur kemur fram annars staðar í greininni, að þrýsta á að farið yrði í þessa framkvæmd.

Hér segir hæstv. ráðherra líka á öðrum stað:

„Vitaskuld þrýsta heimamenn á að framkvæmdum sé hraðað sem mest. Til lengdar verður það stjórnmálamönnum síst til framdráttar að þykjast vilja flýta einstökum framkvæmdum meir en unnt er tæknilega með góðum móti. Umræðurnar um þverun Gilsfjarðar eru skólabókardæmi um það."

Nú er það svo að það var 1. þm. Vestf. en ekki ég sem flutti þáltill. um veg og brúargerð yfir Gilsfjörð árið 1990. Þá sat ég aftur á móti úti í fjárln. við þá glímu að reyna að tryggja að þannig væri gengið frá vegáætluninni að það stæðist að hægt væri að fara í brúargerðina yfir Gilsfjörð þegar lokið væri vegagerð yfir Dýrafjörð. Hér segir flm. þessa máls, hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún hlutist til um að framkvæmdir við vegar- og brúargerð yfir Gilsfjörð hefjist af fullum krafti vorið 1992. Þegar verði hafist handa um að ljúka forhönnun þessara framkvæmda og í framhaldi af því að undirbúa útboð.

Við endurskoðun vegáætlunar á þessu þingi verði gert ráð fyrir þessum framkvæmdum og áhersla lögð á að þeim ljúki á þremur árum."

Þetta var það sem 1. þm. Vestf. fór með vestur. Þetta var það sem Sjálfstfl. á Vestfjörðum boðaði í seinustu kosningum. Þess vegna er ekki hægt að bera það á mig að ég sé með eitthvert yfirboð fyrir kosningar. Ég er að fylgja því eftir sem ég talaði um á sínum tíma og kom fram í vegáætluninni að það yrði hægt að hefjast handa á árinu 1993. Mínar vonir voru á þann veg að á því ári færi útboðið fram.

Ég vil undirstrika að hv. 1. þm. Vestf. leit ekki svo á að hann væri að fara af stað með eitthvað yfirborðskennt. Hann leitaði til tæknideildar Vegagerðar ríkisins um að vinna meginkaflann í þessari þáltill. og hann telur það upp í þskj. hvaða fjárveitingar höfðu farið til rannsókna varðandi Gilsfjörð. Árið 1985, með leyfi forseta, fóru 0,3 millj., árið 1986 1 millj., 1987 1 millj., 1988 2 millj., 1989 3,2 millj., 1990 5 millj. Það var ekkert skrítið þó að menn teldu að rannsóknirnar væru komnar nokkuð langt. Hér stendur í þessari greinargerð sem er unnin að hluta til af Jóni Helgasyni yfirverkfræðingi og úr þeim kafla greinargerðarinnar ætla ég að lesa. Þar segir á bls. 2:

„Byrjað var á botnrannsóknum í Gilsfirði sumarið 1988. Fjörðurinn var dýptarmældur og reyndist hann frekar grunnur. Síðan var hafist handa við að mæla dýpi á klöpp, vegna grundunar mannvirkja. Notaðar voru bæði hljóðhraðamælingar og endurvarpsmælingar til að staðsetja klöppina. Þessar mælingar gengu erfiðlega og ekki áfallalaust. Niðurstöður urðu nokkuð á annan veg en áætlað hafði verið eftir yfirlitsathugun á legu og halla klapparlaga á yfirborði. Líklega verður því að bæta eitthvað við þessar mælingar á seinni stigum hönnunar mannvirkja."

Svo kemur á öðrum stað í þessari sömu greinargerð þessa verkfræðings: „Nú er verið að vinna að forhönnun og skipulagi á því hvernig hægt er að loka firðinum. Þegar fjörðurinn er þrengdur eykst straumhraði mjög fljótlega og rof eykst. Á síðustu stigum lokunar þegar vatnsopið er orðið lítið er útfærsla þessa verkþáttar mjög dýr liður í kostnaði við litla brú á leið 1. Kostnaðarhugmyndir okkar á þessu stigi eru á bilinu 550–660 millj. kr. (verðlag í júlí 1990)."

Ég er ekki í neinum vafa um að svona tölur setja menn ekki fram fyrr en þeir eru komnir með það nokkuð á hreint hvað þeir ætla að gera. Hér segir líka á sömu blaðsíðu í sömu greinargerð: „Vinna við forhönnun á nokkrum valkostum í vegargerð yfir Gilsfjörð er að hefjast um þessar mundir og byggir hún á þeim upplýsingum og rannsóknum sem fram hafa farið."

Ég er ekki í neinum vafa um að flutningsmaður þessarar tillögu taldi sig í góðri sátt við Vegagerðina geta lagt það til að verkið yrði boðið út 1992. Ég er ekki í neinum vafa um það. Ég er þess vegna ekki með því að tala um útboð á þessu verki að halda því fram, eins og hér er látið liggja að, að ég taki ekki mark á Vegagerðinni. Ég fer eftir því sem hér kemur fram í því að meta það hvort Vegagerðin hefur talið þetta tæknilega hægt eða ekki. Þetta er unnið af verkfræðingi Vegagerðarinnar.

Hér er á öðrum stað að því vikið og látið að því liggja að ekki verið mikill áhugi á þessu verki af minni

hálfu því í grein hæstv. samgrh. í Morgunblaðinu 21. nóv. 1992 er sagt:

„Mér er ekki kunnugt um að Ólafur Þ. Þórðarson hafi sýnt vilja sinn í verki og lýst yfir að hann hafi viljað taka þverun Gilsfjarðar fram yfir veg yfir Hálfdán eða vegsvalir á Óshlíðarvegi." — Það stóð ekki til að velja á milli þessara verkefna. Vegsvalir á Óshlíðarvegi voru frágengnar sem samkomulagsatriði í fjárveitinganefnd á þessum sama tímapunkti og þetta er gert. Það var ætlunin að fé til þeirra yrði tekið af því fé sem fór í jarðgangagerð á Vestfjörðum. Það sýndist mönnum sanngjarnt miðað við hvernig staðið hafði verið að Ó-vegaverkefnum og vitað var að þetta Ó-vegaverkefni hafði átt að vera númer tvö í framkvæmdinni en var í reynd orðið seinast hvað þetta atriði snerti. Gert var ráð fyrir að 100 millj. færu í það. Varðandi Hálfdán þá kemur það fram í þessari sömu vegáætlun, ef að er gáð, að veitt er fé í Hálfdán 1991 31 millj., 1992 31 millj., 1993 26 millj., 1994 29 millj. En hvers vegna var þá óhjákvæmilegt að setja á fulla ferð í Hálfdán? Hæstv. samgrh. veit það fullvel. Það var rætt hér í þessum ræðustól þegar ákvörðun var tekin um að selja Skipaútgerð ríkisins. Þá voru vetrarsamgöngur teknar af Bíldudal og það hlaut að kalla á þá aðgerð að vegurinn yfir Hálfdán yrði að taka við því hlutverki og duga til að hægt væri að flytja vörur til Bíldudals að vetrarlagi. Hæstv. samgrh. lýsti yfir skilningi á þessu máli í þeirri umræðu og ég mat það við hæstv. samgrh. Ég tel þess vegna að það hafi verið unnið fullkomlega eðlilega og í takt að þessum málum.

Mér þykir það miður, herra forseti, þegar umræður ganga hér á þann veg að flestir vilja hafa þær sem stystar. En hæstv. ráðherrar telja að þeir þurfi ekki að vera við þegar óskað er eftir þannig að menn geti fengið fullnaðarsvör við því sem eftir er leitað. (**Samgrh.:** Ég sit hér sem fastast.) Ég bað hæstv. forseta að fara þess á leit við fjmrh. hvort hann gæti verið við og svarað því hvenær hann hefði hugsað sér að endurgreiðslur á því fjármagni, sem ákveðið hefur verið að taka til flýtiframkvæmda í vegamálum, mundu hefjast. (**Forseti:** Forseti vill taka það fram í fyrsta lagi að hann óskaði eftir nærveru fjmrh. og fjmrh. kom í salinn. Hins vegar hafði fjmrh. bundið sig við þýðingarmikinn fund uppi í háskóla þannig að hann gat eigi verið áfram við þessa umræðu. Á hinn bóginn er hér hæstv. samgrh. sem er í forsvari fyrir því máli sem er á dagskrá, auk þess sem svör hafa verið gefin við þeim fyrirspurnum sem hv. ræðumaður ræðir um. Þannig að ég vænti þess að hv. ræðumaður skilji að það kann að vera erfitt fyrir ráðherra að breyta áætlunum sínum til að geta verið við umræðu sem dregst á langinn meira en ætlað var.)

Herra forseti. Það vill nú svo til að stjórnarsinnar ráða röðun dagskrár og hafa það verulega í hendi sér og mér þykir miður ef ráðherra lítur svo á að viðveruskylda hans á þinginu sé með þeim hætti að eðlilegt sé að tímasetja fundi á sama tíma. En ég vil vekja athygli á einu, svo forseta sé það fullljóst hvers vegna ég bið um hæstv. fjmrh.: Þær 1.840 millj., sem hér hafa verið í umræðunni, eru teknar að láni vegna atvinnumála í landinu. Sú ákvörðun heyrir undir hæstv. fjmrh. og engan annan og það hlaut að verða spurt um það hvenær ætti að endurgreiða þetta lán vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur talað um það mál þannig að vonlaust var að skilja það á annan veg en að þeir fjármunir sem ætlaðir höfðu verið í Gilsfjarðarbrú yrðu teknir í það að endurgreiða framkvæmdir við Kúðafljót. Það var vonlaust að skilja það öðruvísi. (**Forseti:** Forseti má til með að taka fram, vegna orða hv. ræðumanns, að það mál sem hér er á dagskrá fjallar um það að verja 50 millj. kr. sem sparast af rekstrarþáttum Vegagerðar til framkvæmda. Sú tillaga sem hér er á dagskrá fjallar ekki um annað.) Sú tillaga sem hér er á dagskrá er grundvölluð á því sem ég sagði áðan því það fer enginn í vegaframkvæmdir yfir Kúðafljót og lætur bjóða út fyrir 50 millj. Það eru meiri peningar í þeim potti. Það fer enginn í vegaframkvæmdir í Hellistungum og lætur þær upphæðir sem hér er verið að tala um. Þess vegna tengist þetta allt saman. 10 millj. duga ekki í þær framkvæmdir heldur.

Ég verð aftur á móti að segja eins og er að það er mikið til í því hjá hæstv. samgrh. að það hefur verkað jákvætt á skap hans að vera ráðherra og er það vel. Ég vil að hann njóti sannmælis í þessari umræðu en til þess að hægt sé að sannreyna hér hluti þá þarf að fá svör fjmrh. við því hvenær ætti að endurgreiða þetta lán. Þau svör fást ekki. Hér stendur í greininni yfirlýsing Halldórs Blöndals að hugmyndin sé að bjóða þetta út 1994. Ég lít á það sem loforð núv. samgrh. að hann muni láta bjóða þetta verk út 1994. Ef ráðherra lítur öðruvísi á þá yfirlýsingu að það sé ekki loforð þá mælist ég til þess að hann komi hér upp og geri grein fyrir því.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*: Herra forseti. Í þál. sem samþykkt var á Alþingi 5. maí 1990, segir svo:

„Alþingi ályktar að flýta skuli framkvæmdum við fyrirhugaða jarðgangagerð á Vestfjörðum umfram það sem fyrirhugað er í fyrirliggjandi vegáætlun. Skal stefnt að því að framkvæmdir hefjist árið 1991 og að þeim ljúki á 4–5 árum. Undirbúningsrannsóknum verði hagað í samræmi við þetta.

Ríkissjóði skal heimilað að taka lán til framkvæmdanna allt að 1,3 milljarði kr. á árunum 1990–1994 samkvæmt nánari ákvæðum vegáætlunar og lánsfjárlaga hverju sinni. Lán ásamt verðbótum endurgreiðast af fé til stórverkefna samkvæmt vegáætlun."

Eins og hv. þm. er kunnugt og hann man fullvel var gert ráð fyrir því að þessir fjármunir yrðu endurgreiddir þegar framkvæmdum við Vestfjarðagöng lyki og þegar lokið væri greiðslu á þessum fjármunum yrði síðan haldið áfram jarðgöngum á Austurlandi. Það var í þeim anda sem um þessi mál var rætt.

Það hefur ekki verið tekin nákvæm ákvörðun um með hvaða hætti staðið verður að endurgreiðslu á því fé sem veitt er til samgöngumála, m.a. til þess að bæta atvinnuástand í landinu, en um leið eru ýmis önnur markmið höfð til hliðsjónar. En hitt liggur ljóst fyrir að

það hefur verið talað um 10 ár í því sambandi og það stendur ekki til og það get ég fullyrt að greiðsluþungi vegna þessarar ákvörðunar verði meiri heldur en fólst í þál. Alþingis frá 5. maí 1990.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra hefur staðfest það hér á þann veg sem ég óskaði eftir að loforð um útboð Gilsfjarðarbrúar stendur 1994 og það er ég honum þakklátur fyrir.

Hann hefur aftur á móti vitnað hér í endurgreiðslur sem voru samþykktar 1990 og áttu að sjálfsögðu ekki við um þetta mál en orðaði það svo: Það hefur ekki verið tekin nákvæm áætlun um hvenær endurgreiðslur hefjast á því láni sem nú er tekið.

Það hefur greinilega gerst frá því að þessi mál voru rædd seinast á þinginu að hæstv. samgrh. hefur átt orðastað við hæstv. fjmrh. og hæstv. samgrh. hefur knúið fram viðhorfsbreytingu hjá hæstv. fjmrh. því ég lít svo á að sú yfirlýsing, sem hæstv. fjmrh. gaf hér um endurgreiðslu á þessu fé, sé í reynd dregin til baka með þessari yfirlýsingu. Hún sé dregin til baka, það sé eftir að ganga frá því máli eins og hér er sagt og ég lít svo á að hæstv. samgrh. hafi gefið loforð um það með þessu að það eigi ekki að ganga yfir aðra verkþætti sem ákveðnir eru í vegáætlun til 1994 fyrir þetta tímabil og að horft verði þá til framhaldsins, þeirrar ákvörðunar sem ekki hefur verið staðfest en kom fram í langtímaáætlun, að mörkuð yrði sú stefna sem þar kom fram. Mér er það mikill léttir að heyra þetta því þetta eru náttúrlega allt aðrar upplýsingar en hér hafa áður komið fram.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Sú till. til þál. sem hér er til umræðu er ekki nema hluti af ákvörðunum ríkisstjórnarinnar og er að mínu viti varla boðlegt þinginu að leggja mál þannig fyrir að það sé sett fram í pörtum. Að formi til er málið eingöngu um það að menn áætla til viðhalds og snjómoksturs 50 millj. kr. minna á þessu ári en ráð var fyrir gert og ætla að nýta það fé í önnur verkefni. Það kemur ekkert fram í tillögugreininni hvað menn eru í raun og veru að ráðstafa miklu fé til þessara verkefna því það hlýtur óhjákvæmilega að vera hugsunin að binda fjárhæðir til þessara verkefna langt umfram það sem felst í þessari þáltill.

Að mínu mati hefði verið nauðsynlegt að með þessari tillögu fylgdu upplýsingar um þær fjárhæðir sem þessi verkefni krefjast og þarna er lagt til að setja af stað og líka upplýsingar eða tillögur frá hæstv. samgrh. um hvaða áhrif þær fjárhæðir hefðu á skiptingu vegafjár eins og búið er að ganga frá henni með vegáætlun fyrir næstu tvö ár, 1993 og 1994. Um þetta hafa engar upplýsingar fengist. Ég verð að ítreka það, virðulegi forseti, að mér finnst þetta varla boðleg þáltill. eins og hún er fram sett. Það hafa verið afar ruglingslegar yfirlýsingar af hálfu stjórnarliða og ráðherra um það hvaða áhrif þessar flýtiframkvæmdir hafa á aðrar framkvæmdir og þá skiptingu vegafjár sem þegar liggur fyrir í formi þál. um vegáætlun fyrir 1991–1994.

Það er hins vegar ljóst hverjum manni að þegar hæstv. fjmrh. hefur upplýst að lántökukostnaður falli á vegafé auk þess sem lántakan sjálf á að endurgreiðast af því þá eru menn að færa til fé á milli ára, að flýta framkvæmdum sem í sjálfu sér er gott,
en með þeim afleiðingum að skerða framkvæmdafé síðar sem nemur lántökukostnaði. Ef menn eru að tala um 3 milljarða á næstu þremur árum sem að mestu leyti fari í vegagerð er augljóst mál að lántökukostnaðurinn af þessu fé er mörg hundruð milljónir kr. Það mun því óhjákvæmilega hafa röskun í för með sér á samþykktri vegáætlun að óbreyttum þessum yfirlýsingum sem þessu nemur. Þess vegna höfum við ýmsir þingmenn gengið eftir því að fá fram svör um það hvernig menn ætli að leysa þessi mál eða hvort það sé raunverulega, eins og okkur sýnist málið liggja fyrir, ætlun ríkisstjórnarinnar að ýta ákveðnum verkefnum út eða seinka þeim um nokkur ár. Um það hefur málið snúist að mestu leyti.

Ég vil vegna þeirra orða sem fram koma hjá hæstv. samgrh. um ágreining af hans hálfu í nefnd um langtímaáætlun fara aðeins yfir það mál og einnig þáltill. sem er í gildi er enn þá og hefur ekki verið breytt, svo ég viti til, um Vestfjarðagöng og rifja það upp sem þar kemur fram því að það er augljóst mál þegar búið er að fara yfir þær upplýsingar að meintur ágreiningur er annar og minni en hæstv. samgrh. vill vera láta og orð hans í garð fyrrv. samgrh. eru vægast sagt á veikum grunni reist.

Ég vil fyrst nefna jarðgöng á Vestfjörðum. Sú þáltill. var samþykkt með stuðningi allra þingflokka. Þó ég hafi ekki flett því upp, þá hygg ég að ég megi segja að hún hafi verið samþykkt samhljóða og ekki hafi verið mótatkvæði. Í nefndaráliti frá fjvn. um þessa þáltill. skrifa fulltrúar Sjálfstfl. undir. Ekki er því að sjá að ágreiningur hafi verið um afgreiðslu málsins. Það er alveg út í hött hjá hæstv. samgrh. að halda að eitthvað hafi skort á samráð fyrrv. ráðherra við þingmenn um afgreiðlu þessa máls. Fyrir þingið var lögð með formlegum og réttum hætti tillaga um það sem menn hugðust gera en ekki tillaga um það sem menn höfðu þegar ákveðið að gera og jafnvel hrint í framkvæmd. Á því er verulegur munur. Þingmönnum gafst kostur á að fara yfir þessa tillögu og móta hana og breyta þannig að samstaða næðist. Hér er um verulegan mun að ræða í því hvernig menn bera sig saman við Alþingi og þingmenn.

Ég vil nefna eitt atriði úr þessari þáltill. sem hæstv. ríkisstjórn hefur kosið að víkja til hliðar a.m.k. á þeim fjárlögum sem samþykkt hafa verið á hennar tíma. Þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Útgjöld vegna vaxta og lántökukostnaðar umfram það sem sparast í viðhaldskostnaði á fjármögnunarskeiði framkvæmdanna greiðist úr ríkissjóði sem sérstakt byggðaframlag."

Þetta er ákvörðun Alþingis. Ég vildi spyrja hæstv. samgrh. hvort hann hafi fallið frá þessu. Hefur ríkisstjórnin fallið frá stuðningi við þetta efnisatriði ályktunarinnar sem ég vil leyfa mér að segja að hafi verið samþykkt með atkvæðum þingmanna allra flokka?

Þetta vildi ég að kæmi fram vegna tilvitnunar ráðherra hér áðan og jafnframt leita eftir svörum hans um það hvort við frágang fjárlaga þessa árs verði gert ráð fyrir sérstöku framlagi úr ríkissjóði sem byggðaframlagi til að mæta þessum kostnaði.

Ég hef hér ljósrit af síðari umr. um vegáætlun 1991–1994, sem afgreidd var í þinginu 18. mars 1991, og hef lesið mig í gegnum það til að átta mig á því hvort þar megi finna þennan ágreining sem hæstv. samgrh. talaði um. Satt að segja er ekki að sjá að svo hafi verið. Meira að segja tekur hæstv. núv. samgrh. ekki til máls í þeirri umræðu svo ekki hefur hann haft mikinn ágreining uppi um það efni. Fyrirvara höfðu fulltrúar þáv. stjórnarandstöðu á sinni samþykkt sem laut að því, eins og kemur fram hjá þáv. frsm. minni hluta, hv. þm. Pálma Jónssyni, að, með leyfi forseta: „Í tillögunni er gert ráð fyrir því að farið sér verulega fram úr áætlaðri verðlagsþróun í aukningu tekna til Vegasjóðs og gert er ráð fyrir því að hækka tekjustofna Vegagerðarinnar með þeim hætti umfram verðlagsþróun." Fyrirvarinn laut því að tekjuhlið vegáætlunar og settur fyrirvari um að menn vildu greinilega ekki hækka tekjustofna hennar umfram verðlagsþróun. Um annan fyrirvara var ekki að ræða.

Ég tel líka rétt að nefna það sem fram kom hjá hv. þm. Pálma Jónssyni um langtímaáætlun í vegagerð til þess að draga fram hvaða ágreining menn höfðu uppi um það atriði sem hæstv. samgrh. lét svo mikið af áðan. Þingmaðurinn segir hér, með leyfi forseta:

„Í fjárveitinganefnd var einnig lítillega til meðferðar till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð. Ég leyfi mér hér undir þessum dagskrárlið að segja um hana örfárar setningar til þess að spara tíma ef hún kynni að koma á dagskrá en sá tími sem vannst til þess að vinna að þeirri tillögu var svo skammur að ekki var unnt að ræða hana til hlítar eða nægilega til þess að hún fengi formlega eða eðlilega afgreiðslu. Hins vegar birti nefndin eins konar bráðabirgðanefndarálit þar sem fram koma og prentaðar eru sem fylgiskjöl tillögur þær sem koma fram frá starfsmönnum Vegagerðar ríkisins um skiptingu á fé samkvæmt langtímaáætlunartillögunni á einstaka vegi í stofnbrautum og til sérverkefna og til stórverkefna og til stærri brúargerða.

Ég tel að það hafi verið eðlilegt af hálfu fjárveitinganefndar að halda á því máli með þessum hætti. Sú skipting sýnir hvaða tillögur það eru sem fram hafa komið frá starfsmönnum Vegagerðar ríkisins, sem í flestum tilvikum verða nokkuð ráðandi um ákvarðanir Alþingis en eru þó auðvitað oft með þeim hætti að þar eru gerðar ýmsar minni háttar breytingar á. Það fylgiskjal sem þarna fylgir með getur þess vegna orðið til nokkurrar leiðsagnar enda þótt það hafi ekki hlotið neina formlega afgreiðslu."

Það er ekki á þessari tilvitnun í ræðu frsm. minni hluta samgn. vorið 1991, hv. þm. Pálma Jónssonar, að sjá að ágreiningur um langtímavegáætlun hafi verið svo einhverju nemi, a.m.k. kemur það ekki fram hér. Ég tel því að hæstv. samgrh. sé nokkuð einmana í fullyrðingum sínum um meintan ágreining um það mál og sér í lagi út frá þeim röksemdum að þáv. samgrh. hafi ekki haft nægjanlegt samráð við þingmenn.

Ég tel þá rétt að víkja aðeins að Gilsfjarðarbrú sem nokkuð hefur verið til umræðu af eðlilegum ástæðum, m.a. vegna þess að yfirlýsingar ráðherra, einkum fjmrh., gefa ekki annað til kynna en flýting á einu verkefni komi til með að bitna á því verkefni. Hæstv. samgrh. hefur brugðist við í framhaldi af þessum umræðum með blaðagrein sem þegar hefur verið vitnað til og óþarft að nefna aftur en fyrir liggur af hans hálfu að verkið verði boðið út árið 1994. Ég tel því að umræðunni um það sé í raun lokið með þeim endi að hæstv. ríkisstjórn er knúin til að standa við þær yfirlýsingar sem ýmsir þingmenn, einkum úr Sjálfstfl., höfðu uppi fyrir síðustu kosningar og við afgreiðslu vegáætlunar 1991–1994. Það er engin furða þó að við þingmenn úr Vestfjarðakjördæmi minnumst á þetta mál vegna þess að þingmenn Sjálfstfl. þar og í Vestfjarðakjördæmi lögðu mikla áherslu á þetta þá og reyndu að gera þingmenn annarra flokka tortryggilega í þessu máli. Í raun og veru voru þeir með yfirboð gagnvart kjósendum varðandi þetta verkefni vegna þess að þeim fannst þeir vera í mikilli klípu vegna vasklegrar framgöngu þáv. samgrh. í ákvarðanatöku um Vestfjarðagöng. Þeir voru einfaldlega ekki nægilega sáttir við að viðurkenna það hreint út að fyrrv. ríkisstjórn, og sérstaklega fyrrv. samgrh., hefðu staðið sig afar vel gagnvart þessum tveimur kjördæmum, sérstaklega Vestfjarðakjördæmi, með því að knýja fram á Alþingi ákvörðun um að ráðast í þessi göng. Fyrrv. ríkisstjórn tókst að ljúka því máli sem ýmsar undanfarandi ríkisstjórnir með Sjálfstfl. innan borðs höfðu haft mikil orð um og stór að væri þeirra verkefni.

Ég vil rifja upp, svo mönnum sé það alveg ljóst, að hjá þáv. hv. 1. þm. Vesturl. kom fram efirfarandi við afgreiðslu vegáætlunar í mars 1991, með leyfi forseta:

„Áformuð vegar- og brúargerð yfir Gilsfjörð hefur vissulega nálgast framkvæmdastig til mikilla muna við umfjöllun fjárveitinganefndar undafarna daga og vikur." Og enn fremur, með leyfi forseta: „Ég vil því leyfa mér að marka afstöðu mína ákveðið til þessa máls á sama veg og ég hef gert í hv. fjárveitinganefnd að viðstöddum æðstu valdamönnum Vegagerðar ríkisins skýrt og greinilega núna á undanförnum dögum og hún er svofelld:

1. Að allt verkið verði boðið út ekki síðar en á árinu 1993.

2. Verkið verði unnið eigi síðar en á árinu 1994 og lokið á árinu 1995. Gott er ef vegagerð þessi getur gengið hraðar.

Til þess að þetta umrædda mál megi ná fram að ganga með þessum hætti þarf að sjálfsögðu að afla fjár að láni á meðan á framkvæmdinni stendur svo sem venja er þegar um slíkt stórvirki er að ræða. Hygg ég að lánsfjáröflun í þessu skyni verði tiltölulega auðveld þar sem fjölmargir landsmenn hafa áhuga á þessu máli og segja megi að öll þjóðin styðji einhuga raunhæfar og skynsamlegur umbætur í samgöngu- og byggðamálum."

Auk þess sem hefur verið rakið hér fyrr í umræðunni um afstöðu hv. 1. þm. Vestf., Matthíasar Bjarna-

sonar, sem vildi ráðast í framkvæmdina strax árið 1992, þá liggur líka fyrir afstaða hv. 1. þm. Vesturl., Friðjóns Þórðarsonar, um að allt verki verði boðið út eigi síðar en árið 1993. Þetta var málflutningur Sjálfstfl. fyrir kosningarnar. Auðvitað er eðlilegt að menn knýi á um efndir í þessum málum þegar ríkisstjórnin grípur til þeirra ráðstafana, sem hún hefur gert, að skerða vegafé, ekki einu sinni heldur tvisvar, bæði í fyrravor og á þessu ári og skerða það með margföldum hætti, taka inn í ríkissjóð það sem á að fara til vegaframkvæmda, setja ný verkefni á Vegagerðina sem áður voru þar fyrir utan og ætla síðan að bjarga sér með því að taka lán til þess að framkvæma núna og greiða síðar af þessu sama vegafé. Þessi blekkingaleikur hæstv. ríkisstjórnar í samgöngumálum er vægast sagt ömurlegur og ástæða til þess að rekja það þannig að menn sjái í gegnum þennan moðreyk.

Það er ljóst, virðulegi forseti, að í þessu máli sem þingmenn Sjálfstfl. tóku sérstaklega upp á sína arma sem sitt baráttumál, Gilsfjarðarbrú, og reyndu að gera þingmenn annarra flokka tortryggilega í hefur snúist á þann veg að þeir hafa ekki getað efnt sín fyrirheit um að bjóða verkið út á næsta ári 1993. Þó er bót í máli, tel ég, og ávinningur stjórnarandstöðunnar af þessari umræðu að hæstv. samgrh. hefur lýst því yfir að verkið muni verða boðið út árið 1994.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þess að hv. 1. þm. Vestf. hefur dregist inn í þessar umræður er nauðsynlegt að það komi fram að þegar hann flutti á sínum tíma till. til þál. um Gilsfjarðarbrú hefði að sjálfsögðu verið mögulegt að hraða öllum tæknilegum undirbúningi svo að þau markmið sem hann setti sér í tillögugreininni hefðu getað staðist.

Á hinn bóginn má auðvitað gagnrýna mig fyrir að hafa ekki fylgt undirbúningi þess verks eftir með fullum krafti. Það er ekki við neinn um það að sakast nema mig að ég gerði það ekki en eins og sakir standa nú er ekki tæknilega unnt að bjóða verkið út á næsta ári svo að vel sé, en Gilsfjarðarbrú er á sínum stað í vegáætlun. Það hefur ekkert verið hróflað við henni og samkvæmt vegáætlun er gert ráð fyrir því að meginþunginn af því verki komi á næsta áætlunartímabili. Þetta mál liggur alveg ljóst fyrir og er raunar óþarfi að tala meira um það. Gilsfjarðarbrúin er á sínum stað. Með því að hægt verði að hraða brú yfir Kúðafljót skapast einungis meira svigrúm til stórverkefna á næstu árum á eftir og þar er brúin yfir Gilsfjörð efst á blaði.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það liggur alveg orðið ljóst fyrir þannig að óumdeilt er hver áform ríkisstjórnarinnar eru varðandi Gilsfjarðarbrú. Hæstv. samgrh. hefur lýst því yfir í blaðagrein og í raun og veru staðfest það við þessa umræðu og ég tel það ávinning frá því sem málið stóð áður. En ég vildi bæta því við að hv. 1. þm. Vestf. hefur lýst því yfir skriflega í grein sem ég hef undir höndum snemma árs 1991 að tæknilega væri ekkert því til fyrirstöðu að hefja framkvæmdir á árinu 1992. Hann lýsti yfir mikilli óánægju sinni með að það skyldi ekki ná fram að ganga að hefja framkvæmdir á árinu 1992 og segir í þessu viðtali, sem er ávarp hans í raun til kjósenda, að það séu mál sem þingmenn Vestfirðinga verði að taka á og hraða þeirri framkvæmd. Það er auðvitað miður að hv. 1. þm. Vestf. hafi ekki lengur það afl í Sjálfstfl. að hann nái því fram að hraða þörfum framkvæmdum. En ég vil enn á ný segja að það er bót í máli að málinu seinkar þó ekki nema um eitt ár.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Við erum hér að fjalla um nál. um breytingu á vegáætlun fyrir 1992. Það er skýrt að í vegalögum segir: „Alþingi skiptir vegafé.“ Það fer ekkert á milli mála að það er hlutverk Alþingis að fjalla um og skipta því fjármagni sem áætlað er að fari til framkvæmda í vegagerð. Það sem minni hluti samgn. og hinir ýmsu þingmenn hafa fyrst og fremst gagnrýnt er að ekki hafi verið haft samráð við samgn. þingsins og þingmenn viðkomandi kjördæma um skiptingu á því fjármagni sem var veitt til framkvæmda.

Ég skal ekki dæma um það en dreg þó í efa að einhverjar breytingar hefðu orðið á hinum ýmsu framkvæmdaþáttum sem ráðherra hefur lagt áherslu á. En það er fyrst og fremst prinsippið sem menn eru hér að deila um, að ekki skuli hafa verið haft samráð við þessa aðila eins og skýrt er kveðið á um. Ég held líka að með því móti hefði fengist miklu meiri friður um þetta mál.

Það er umhugsunarefni og þarf enginn að vera hissa á því þó þingmenn hrökkvi við þegar þeir verða þess áskynja að það er ekki aðeins búið að ákveða að veita fjármagni til ákveðinna framkvæmda án þess að þeir hafi um það fjallað heldur er einnig búið að bjóða út þessi verk áður en þau hafa verið kynnt viðkomandi nefnd þingsins. Við vorum í þeirri trú þegar þingsköpum þingsins var breytt að hugsunin væri sú að þingnefndir yrðu miklu virkari en áður hefur verið og yrðu til taks allt árið. Það var örugglega ætlast til þess að mál eins og þessi yrðu þess vegna kynnt í viðkomandi nefnd.

Ríkisstjórnin kynnti hugmyndir sínar um aukið fjármagn til vegagerðar fyrst og fremst sem aðgerð í því að létta á því atvinnuleysi sem ríkisstjórnin með aðgerðaleysi sínu hefur því miður leitt yfir þessa þjóð. Það er okkur umhugsunarefni hvernig atvinnumálum þjóðarinnar er komið. Við getum litið til baka. Þegar atvinnuleysið hefur orðið hvað mest áður hefur það einmitt gerst þegar þessir tveir flokkar, Sjálfstfl. og Alþfl., hafa einir farið með stjórn landsins. Þá er það sem atvinnuleysið á Íslandi verður hvað mest. Það segir okkur vissa sögu sem vert er að minna á.

Ég fagna auðvitað og það er engin spurning að allir þingmenn fagna auknu fjármagni til vegamála. En því miður er hér ekki allt sem sýnist í þeim efnum. Samhliða því að ákveðið er að láta Vegasjóð taka lán er nemur 1,8 milljörðum kr., eða tæplega 2 milljörðum, til framkvæmda í vegagerð og sagt að þetta eigi að vera til að létta á hinu slæma atvinnuástandi kemur á

móti skerðing af mörkuðum tekjustofnum til vegamála upp á hvorki meira né minnna en 694 millj. kr. Og nýjum verkefnum er bætt á þennan málaflokk upp á 330 millj. kr. Þessar upphæðir gera samtals, eins og komið hefur fram áður hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, rúman 1 milljarð kr. sem ríkisstjórnin sker niður af því framkvæmdafé sem hún segist vera að auka til þessara merku mála.

Samgöngumálin eru mikilsverður þáttur í uppbyggingu og þjónustu og mjög vaxandi þáttur í því að tengja saman byggðir landsins. Oft hefur verið talað um það úr þessum ræðustól að okkur framsóknarmönnum farist ekki að tala mikið í þessum málum svo lengi séum við búnir að sitja við stjórnvölinn og . . . (**Gripið fram í:** Einmitt.) Einmitt segir hv. þm., fulltúi Alþfl. Við höfum þá kannski átt að sjá til þess að meira fjármagni væri veitt í þennan málaflokk. En vegna þess að hv. þm. Alþfl. sagði að þörf væri á því að vekja athygli á þessu þá vil ég góðfúslega gefa henni þingmanninum upplýsingar að á síðasta áratug, eða frá árinu 1982 til 1991, ég bið þingmanninn að taka vel eftir og segja frá þessu á fundum Alþfl. þegar menn eru að tala um að Framsókn hafi lítið gert í þessum málaflokki, hefur fjárfesting í samgöngumannvirkjum á þessum eina áratug, á þessum tíu árum, numið hvorki meira né minna, hv. þm., en 86 milljörðum kr. Við framsóknarmenn þurfum þess vegna ekki að biðjast afsökunar á því sem við höfum verið að aðhafast í samgöngumálum. (Gripið fram í.) Hvað segir þingmaðurinn? Já. Þannig hljómar þetta, virðulegur forseti. Ég vil líka taka fram í þessu sambandi að samskipti þingmanna við starfsmenn Vegagerðarinnar hafa yfirleitt verið góð. Ég sé því eftir því að þeir skuli ekki hafa lagt meiri áherslu á það við nýjan ráðherra að sú hefð væri haldin sem ég vék hér að fyrr.

Virðulegi forseti. Ég ítreka það sem segir í bókun okkar stjórnarandstöðuþingmanna. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Sérstaklega viljum við mótmæla þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið við undirbúning þess átaks í vegamálum sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir. Með því að ekkert samráð var haft við nefndina eða þingmenn einstakra kjördæma hefur þinghefð og vinnuregla um langt skeið verið brotin. Hér eru m.a. á ferðinni breytingar á framkvæmdaröð sem áður hefur verið gert ráð fyrir á vegáætlun."

Þetta er það sem við stjórnarandstöðuþingmennirnir höfum látið bóka eftir okkur í nál.

Vegna þeirra umræðna sem fóru fram fyrr og hæstv. samgrh. vék að í sambandi við langtímaáætlun í vegagerð og það nefndastarf sem þar var unnið kom fram í máli hæstv. ráðherra að hann hefði verið mjög ósammála niðurstöðum þeirrar nefndar. Ég harma það satt að segja og ég er ekki viss um að hæstv. ráðherra hafi verið svo mjög ósammála þeim niðurstöðum sem fengust í nefndinni þegar grannt væri skoðað. Ég átti sæti í þeirri nefnd með hæstv. núv. ráðherra og ég þekki nokkuð hugsanir hans í samgöngumálum. Ég kannast ekki við að hann hafi verið svo ósammála okkur í meginefnum þess nál.

Hæstv. ráðherra vék sérstaklega að einum þætti í þessari áætlun sem varðar tengingu á uppbyggingu vegar á milli Austur- og Norðurlands. Ég vænti þess að hæstv. samgrh., vegna þess að ég veit að maðurinn er minnugur og glöggur, minnist þess að ég óskaði sérstaklega eftir því í langtímanefndinni í vegagerð að starfsmenn Vegagerðar ríkisins beittu sér fyrir því að boða til sérstaks fundar með þingmönnum Austurlands og Norðurlands til að finna leiðir, leita sátta og hugsanlegra fjármögnunarleiða til að byggja upp þessa vegtengingu sem svo mjög er nauðsynlegt að ná fram á milli Norður- og Austurlands. Ég lagði einmitt þunga áherslu á þetta margsinnis í starfi mínu í nefndinni og óskaði eftir þessu að lokum. Eftir því sem ég veit best, hæstv. ráðherra, hefur þessi fundur ekki enn þá verið haldinn. Enn þá hefur ekki verið haldinn fundur með þingmönnum Norðurlands og Austurlands til að kryfja þetta mál og reyna að leita hinna skynsamlegustu leiða.

Ég veit að ráðherra hefur sérstakan áhuga á þessu máli og það hef ég einnig. Ég tel það með brýnni verkefnum okkar í vegagerð í dag að reyna að koma upp varanlegu vegasambandi milli Austurlands og Norðurlands og reyna að ljúka hringtengingu landsins við þjóðveg númer eitt. Því skulu það verða mín lokaorð í þetta sinn að ég hvet hæstv. ráðherra til að beita áhrifum sínum til þess að þingmenn þeirra kjördæma sem liggja þar næst verði kvaddir til fundar til að ræða þetta mál. Ég er sannfærður um, ráðherra, að það væri farsælla fyrir framgang málsins að vinna þannig að því en með einhliða ákvörðunum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér neitt frekar að taka þátt í þessari umræðu. Ég hafði sagt flest sem segja þurfti af minni hálfu við fyrri umr. þess en tiltekin orð hæstv. samgrh. gerðu það að verkum að ég sá mig knúinn til að biðja um orðið. Reyndar gefst þá tækifæri til að svara í leiðinni ýmsu sem hæstv. samgrh. hefur á mismunandi stöðum látið hafa eftir sér um sama efni.

Það varðar nokkuð sérkennilegan málflutning sem hæstv. ráðherra hefur haft uppi af og til á síðustu mánuðum um nauðsyn þess að skipuleggja með öðrum hætti fjárveitingar og samspil verkefna hvað varðar framkvæmdir í samgöngumálum. Nú eru þetta ekki verstu ræður sem hæstv. samgrh. hefur flutt nema síður sé því efnislega er þetta að mörgu leyti skynsamlega mælt. Það sem ég hlýt að gera stórkostlegar athugasemdir við er með hvaða hætti hæstv. samgrh. stillir þessum málum upp og talar um þau. Rétt eins og hann hafi ekki búið í sama þjóðfélagi og afgangurinn af landsmönnum sl. ár og hafi ekki hugmynd um að mælt er fyrir um framkvæmdir í samgöngumálum, bæði fjáröflun og til framkvæmda, með lögum. Þær framkvæmdir hafa verið framkvæmdar með ákvörðunum Alþingis og framkvæmdaáætlunum eða fjárveitingum sem Alþingi hefur ákveðið undanfarin ár.

Það er þess vegna furðulegt að heyra hæstv. samgrh. tala um það eins og meiri háttar mistök einhverra tiltekinna manna á undanförnum árum að einhverjar

krónur hafi farið í flugvöll og þær hefðu verið betur komnar í veg. Er það virkilega þannig að hæstv. samgrh. viti ekki að um þessar framkvæmdir allar gilda og hafa gilt lög og að þau lög eru alveg afdráttarlaus hvað það snertir að það er ekki hægt að færa fé á milli framkvæmdaflokka hins opinbera á þessu sviði frekar en yfirleitt er heimilt að ráðstafa fé af hálfu hins opinbera til annarra verkefna en samþykkt hefur verið með fjárlögum, vegáætlun, lánsfjárlögum eða með öðrum slíkum bindandi hætti af Alþingi? Samt kemur hæstv. samgrh. t.d. á fundi eða ráðstefnur og hneykslast á því að peningar hafi verið settir í flugvallargerð við Þórshöfn. Og hann segir: Það hefði verið gáfulegra að setja þessa peninga í Öxarfjarðarheiði.

Spurningin snýst ekki um hvort það hefði verið gáfulegra að mati einhverra manna. Málið er að í gildi eru lög sem mæla fyrir um það að fjár til flugmála er aflað með sérstökum hætti og því er ekki heimilt að ráðstafa í annað en flugvallargerð. Það eru önnur lög sem gilda um vegamál. Peninga til framkvæmda á því sviði er aflað með sérstökum hætti á grundvelli laga um fjáröflun til vegamála, álagningu bensíngjalds og annarra markaðra tekjustofna. Með nákvæmlega sama hætti er mælt fyrir um það í þeim lögum að þeim peningum er eingöngu heimilt að ráðstafa í vegagerð. Framkvæmdum í hafnamálum hefur verið ráðstafað með ákvörðunum Alþingis við afgreiðslu fjárlaga þar sem fjárveitingum er skipt niður á einstakar hafnir. Þar með er það sömuleiðis bundið af Alþingi og svo hefur verið gert undanfarin ár.

Hvern er hæstv. samgrh. skamma með þessum ræðum sínum? Hvað er hann að gagnrýna? Hvað er hann óánægður með? Það er svo allt annað mál ef hæstv. ráðherra kemur hingað og kynnir okkur nýja stefnu að hann þykist flytja frv. sem sameini allar fjárveitingar til samgöngumála í einn pott. Væntanlega vill hæstv. ráðherra sitja yfir því að úthluta úr honum með svipuðum hætti og upp var tekið á síðasta hausti, að við ríkisstjórnarborðið skyldu framkvæmdir í vegamálum ákveðnar. Ég tel það reyndar ekki til eftirbreytni. Ég verð að segja eins og er að ég hef verið undrandi á þessum málflutningi hæstv. samgrh. Hann talar eins og hann hafi ekki haft hugmynd um það að í gildi hafi verið alveg skýr og afdráttarlaus lög sem hafa mælt fyrir um það hvernig fjármuna er aflað til hinna einstöku framkvæmda eða framkvæmdasviða í þessum efnum. Þau eru skýr og afdráttarlaus hvað það snertir að þeim fjármunum er ekki heimilt að verja í annað. Þetta þarf hæstv. samgrh. að vita. Það er ekki seinna vænna fyrir hann, hann er kominn hátt á annað árið á þessum embættisferli. Það hvort einstakar framkvæmdir séu skynsamlegar og hvort þessum peningum hefði e.t.v. verið betur varið í einhverjar opinberar framkvæmdir er bara allt annað mál. Menn geta haft sínar skoðanir á því en það er furðulegt og ég gagnrýni það að hæstv. samgrh. skuli leyfa sér að tala með jafnábyrgðarlausum hætti um þessi mál vegna þess að það slær ryki í augu almennings. Fólk er ekki endilega það upplýst um þessa hluti að það viti að þarna hafa gilt alveg skýr lagafyrirmæli, skýrar framkvæmdaáætlanir sem ekki hefur verið hægt að hrófla við. Það er ekki þannig að samgönguráðherrar liðinna ára hafi t.d. mátt taka fjárveitingar sem Alþingi hefur ákveðið í flugvöll á Blönduósi eða Stykkishólmi og ráðstafað þeim til vegagerðar. Það var ekki þannig. Þeir höfðu ekki heimild til þess, það var bannað. Þess vegna er furðulegt að stilla slíkum dæmum úr fortíðinni upp sem einhverjum mistökum eða yfirsjónum af hálfu þeirra manna sem um þessi mál hafa fjallað á undanförnum árum. Það er Alþingi sjálft sem hefur ákveðið að hafa þetta svona. Það þarf hæstv. samgrh. líka að vita. Síðan kemur hæstv. ráðherra hér og telur að hann hafi uppgötvað hjólið, að honum hafi dottið það í hug að samræma þurfi þessar áætlanir á sviði samgöngumála og að þessar framkvæmdir þurfi að taka mið hverjar af annarri. Ég er feginn því að hæstv. samgrh. er þessarar skoðunar, það er gott. Hann hefði mátt vera það fyrr því það vill nú svo til að hann er ekki að uppgötva hjólið í þessu efni.

Hér á Alþingi var flutt þáltill., í fyrsta sinn fyrir einum fimm eða sex árum síðan af þeim sem hér stendur. Um hvað var sú þáltill. sem birtist á þskj. 677 á þinginu 1986–1987? Hún bar yfirskriftina:

„Tillaga til þingsályktunar um samræmingu áætlana á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar.“ Flm. voru ásamt ræðumanni hv. þáv. þm. Skúli Alexandersson og Helgi Seljan. Tillagan var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta vinna að samræmingu áætlana á sviði samgöngumála og meiri háttar mannvirkjagerðar þannig að slíkar áætlanir fyrir einstaka landshluta og landið allt falli eðlilega saman í eina heild.“

Þetta var megininntak þessarar tillögu. Ég mælti þá og hafði oft gert áður fyrir því sjónarmiði að það þyrfti að samræma þessar meiri háttar framkvæmdaáætlanir, sérstaklega á sviði samgöngumála. Ég tók sem dæmi þá staðreynd að hefðu menn gengið út frá því fyrr að brú kæmi yfir Ölfusárósa við Óseyri hefðu menn hagað fjárveitingum til hafnargerðar á suðurströndinni öðruvísi og sparað mikið fé. Það sama á við um mörg önnur tilvik.

Því miður fékk ég ekki stuðning þáv. stjórnarþingmanna til að afgreiða þessa tillögu. Ég endurflutti hana ári síðar. Þá var henni vísað með jákvæðri umsögn til ríkisstjórnar á vormánuðum 1988. Þetta var skynsamleg tillaga og ég er ánægður með það að núna fimm árum síðar skuli hæstv. núv. samgrh. hafa hugsað málið og komist að þeirri niðurstöðu að þetta er rétt.

Svo skemmtilega vill svo til að tillagan, sem var vísað til ríkisstjórnarinnar vorið 1988, hafði nýlega borist samgrn. þegar þar urðu húsbóndaskipti haustið 1988. Það bar því vel í veiði að hefja þegar í stað undirbúning að því að unnið yrði í samræmi við þessa ályktun og það var gert. Ég skipaði stóra nefnd sem í voru forustumenn allra stærstu framkvæmdaflokka á sviði samgangna og reyndar líka mannvirkjagerðar því að það komu inn aðilar frá verktakasambandi og fleiri slíkum aðilum. Þessi nefnd vann geysimikið starf við það að kortleggja samgöngusviðið og leggja línur um

æskilega þróun og samtengingu þessara framkvæmdaþátta fram á næstu öld . Síðan kom þetta nefndarstarf út í myndarlegri bók, að vísu skömmu fyrir kosningar. Mér var ranglega borið það á brýn að hafa hagrætt starfi nefndarinnar mér til framdráttar sem reyndar var ekki því að það var hrein tilviljun að svo stóð á að nefndin lauk störfum upp úr áramótum 1990/1991 og gaf álit sitt út í myndarlegari bók sem ég fagna að hæstv. samgrh. hefur greinilega lesið. Í framhaldinu var svo ætlunin að reyna að láta þær áherslur sem þetta mikla starf skilaði endurspeglast í breyttri tilhögun og breyttu skipulagi framkvæmdaáætlananna eins og þær voru lagðar fyrir eða afgreiddar á Alþingi, m.a. með því að í tillögum nefndarinnar var hugmynd um samgönguráð sem fengi ráðgefandi hlutverk gagnvart stjórnvöldum og ætti ekki síst að reyna að koma á þessum tengslum og þessari samræmingu.

Ég er að rekja þetta hér, hæstv. forseti, til þess að menn átti sig á því að það er ekki svo að hæstv. núv. samgrh. hafi fyrst og fremst dottið þetta í hug og ekkert hafi verið að þessu unnið áður. Þvert á móti er það svo að nær er að spyrja, úr því að hæstv. núv. samgrh. er þessarar skoðunar, hvað hann hefur þá gert. Hvar sér þess stað í hans störfum, sem búinn er að sitja í embætti í meira en eitt og hálft ár, að hann ætli að gera þessar skoðanir sínar að veruleika í framkvæmd? Ekki vantar hann undirbúningsvinnuna. Hún lá fyrir þegar hann kom í ráðuneytið.

Ég skal reyndar taka það fram að ég tel margt mæla með því að búin yrðu til einhvers konar samgöngufjárlög þar sem viss hreyfanleiki eða sveigjanleiki væri fyrir hendi. Það gæti í sumum tilvikum gengið þannig til að menn færðu jafnvel fjárveitingar milli framkvæmdafokka enda væri frá því gengið með tilteknum hætti og Alþingi væri samþykkt slíkum ráðstöfunum. Með því t.d. að sameina alla tekjustofna samgöngumálanna með tilteknum hætti mætti e.t.v. búa svo um hnútana að sæmilegur friður skapaðist um slíka skipan mála. En það mundi ekki gerast að óbreyttu í dag. Þegar hæstv. samgrh. talar um það, sem af einhverjum sérstökum ástæðum er honum mjög hugleikið, að það hafi verið ægileg vitleysa að byggja nútímalegan flugvöll við Þórshöfn og að þeir peningar hefðu verið betur komnir í vegagerð uppi á Öxarfjarðarheiði gleymir hæstv. samgrh. væntanlega því að það eru flugfarþegar landsins sem leggja Flugmálastjórn til það framkvæmdafé sem fer til flugvallargerðar. Það var enginn annar en forveri okkar beggja í starfi, hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, sem vann það þrekvirki liggur mér við að segja að koma í gegn lögum um framkvæmdaáætlun í flugmálum og um tekjustofna til að fjármagna þær framkvæmdir. Hvernig er það? Það er með skattlagningu á farþegana og skatti á bensín flugvéla. Heldur hæstv. samgrh. að því yrði vel tekið að þessi sérstaka skattlagning á flugvelli í landinu yrði notuð sem tekjustofn til vegagerðar uppi á Öxarfjarðarheiði? Ég held að það mundi hvína eitthvað í. Það var nógu strembið fyrir hæstv. þáv. samgrh. Matthías Bjarnason að koma þessum pakka í gegn. Hann mætti m.a. harðri andstöðu atvinnurekenda á þessu sviði af skiljanlegum ástæðum, þeir voru ekki mjög spenntir fyrir þessari skattlagningu. Menn höfðu það til hliðsjónar að þeir sáu þörfina fyrir framkvæmdir í flugmálum.

Ég hygg að við mundum ekki síður nú en við gerðum þá, ég og hv. 1. þm. Vestf., sameinast um að berja í borðið ef hæstv. samgrh. ætlaði að óbreyttu skipulagi þessara mála að ráðstafa skatti, sem lagður er ofan á flugfarseðla landsmanna, til vegagerðar uppi á heiði. Ég held að það þyrfti að skipuleggja þessi mál með öðrum hætti áður en menn færu út í slíkar ráðstafanir. Ef hins vegar yrðu búin til sameiginleg samgöngufjárlög sem byggðu á öllum tekjustofnum fyrir samgöngumál væri það allt annað mál og mætti þá gjarnan koma til sjálfstæður tekjustofn handa hafnargerð einnig. Þess yrði gætt að jöfnuður yrði ríkjandi milli þessara framkvæmdaflokka, þ.e. málin yrðu gerð upp og leiðrétt ef eitt svið hefði lánað öðru eða lagt öðru til fé tímabundið. Í einu kjördæmi gæti meiri áhersla verið á vegagerð eitt árið en flugvallargerð annað árið. Það er allt annað mál. Það getur verið mjög mikilvæg hagræðing sem í slíku felst og getur gefið mönnum sveigjanleika og möguleika sem ekki eru fyrir hendi í okkar rígskorðaða kerfi í dag og hafa ekki verið. En það er bara allt önnur tilhögun og allt annað skipulag. Ég lét skoða það talsvert á sínum tíma í samgrn. að unnið yrði að því að mynda slíkan samgöngusjóð og setja slík samgöngufjárlög og að þessi mál yrðu skipulögð með þeim hætti. Ég er áfram tilbúinn til að leggja slíkri vinnu lið en henni er ekkert gagn gert með því að rugla menn í ríminu gagnvart fortíðinni og láta líta svo út sem þetta hafi verið fyrir einhvern þvergirðingsháttar eða heimsku þeirra sem farið hafa með samgöngumál á undanförnum árum að þeir skuli ekki hafa fært fé á milli vegagerðar og flugvallargerðar. Það er bara ekki boðlegur málflutningur. Það er svo gjörsamlega verið að drepa málinu á deif að undrun sætir þegar það er haft í huga að fjárln., Alþingi og ríkisstjórnir fram að deginum í dag hafa í sameiningu borið ábyrgð á því að þetta skipulag hefur verið svona. Það hefði þurft að endurskoða og breyta fjölmörgum lagaákvæðum og stokka upp alla framkvæmd mála ef þetta hefði átt að vera hægt.

Ég vil svo í framhaldi af þessu, vegna þess að sú ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar að setja útgjöld vegna rekstrar ferja og flóabáta yfir á Vegagerðina hefur komið svolítið til umræðu, gera hreint fyrir mínum dyrum í þeim efnum og lýsa mínum sjónarmiðum í þeim efnum kynni einhverjum að þykja það áhugavert því þetta er ekki heldur í fyrsta skipti sem mönnum dettur þetta í hug. Það er rétt sem kom hér fram hjá hv. 8. þm. Reykn., hæstv. fyrrv. fjmrh., að honum datt þetta í hug meðan hann var í embætti. Hins vegar sagði hann kannski ekki nákvæmlega frá því á hverju það strandaði. Það strandaði nefnilega á þeim sem hér stendur. Ég tók það ekki í mál á þeim tíma að Vegagerðin tæki á sig þessar byrðar fyrr en hún hefði fengið að fullnýta sína tekjustofna til framkvæmda í vegamálum enda yrðu henni skapaðir tekjustofnar á móti þessum útgjöldum. Það var ekki og það er vonandi

ekki ætlunin að rýra framkvæmdafé Vegagerðarinnar til frambúðar með þessari aðgerð, eða hvað? Er það virkilega það sem menn ætlast fyrir? Ætla menn að setja hálfan milljarð yfir á Vegagerðina án þess að auka möguleika hennar á móti til þess að afla sér tekna með því t.d. að lyfta þakinu á bensíngjöldunum? Ég hef ekki orðið var við slíkan undirbúning af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Það er nauðsynlegt að það sé alveg skýrt að mín skoðun er óbreytt í þessum efnum. Ég var og er andvígur því að Vegagerðin taki að sér þetta verkefni ef það á að verða á kostnað möguleika hennar til þess að standa undir framkvæmdum í vegamálum. Það er þörf fyrir og meira en þörf fyrir allar þær tekjur sem Vegagerðin getur aflað með mörkuðum tekjustofnum í vegagerð þó að hún fullnýti þá.

Það kann vel að vera að einhverjir láti sér detta í hug að það sé einhver skoðanamunur milli mín og hv. 8. þm. Reykn. í þessu máli og það verður þá bara að hafa það. Sannleikurinn er svona. Ég harðneitaði því í tvígang þegar fjmrh. kom í tíð fyrri ríkisstjórnar með þessa hugmynd. Bæði árið 1989 og 1990 sagði ég nei, það kemur ekki til greina að Vegagerðin fari að taka þessar byrðar á sig að óbreyttu — og hana nú. (**Gripið fram í:** ...vaða yfir sig.) Það var alla vega ekki vaðið yfir samgrh. þá því að þessar hugmyndir fengu eftir þetta að rykfalla í skúffum fjmrn. Svo er hægt að ræða það út af fyrir sig hvort það sé betra skipulag hvað stjórnsýsluna snertir að Vegagerðin sjái um þennan þátt, ef við nú segjum sem svo að hún fengi fjárveitingar sem því næmi úr ríkissjóði en tæki að sér það verkefni praktískt séð í stjórnsýslunni að halda utan um rekstur á ferjum og flóabátum. Það eru ýmis rök fyrir því skal játað og ein rökin eru auðvitað þau að Vegagerðin er góð stofnun, vel mönnuð og ágætlega rekin stofnun og henni er meira en trúandi til þess að leysa þetta verkefni vel af hendi. En það er heldur ekkert sjálfgefið að þetta sé endilega skynsamlegt og ég leyfi mér að spyrja: Er t.d. Vegagerðin eitthvað betur í stakk búin til að reka og sjá um fjárveitingar til Mjóafjarðarbáts en t.d. samgrn. eða Byggðastofnun og auðvitað gætu fjölmargir aðrir aðilar annast svona verkefni? Ég velti því fyrir mér á sínum tíma hvort rétt væri að stofna einhvers konar samgöngustofnun í tengslum við samgrn. sem færi með þessi praktísku verkefni sem þar hafa verið að þvælast inni í ráðuneytinu og í gegnum ákveðna skömmtun á Alþingi. Ég gæti talið þar upp liðina ferjur og flóabátar. Ég gæti talið upp þann fjárstuðning sem tilteknar flugleiðir hafa fengið, t.d. flug til Grímseyjar og ég gæti nefnt liðinn sem fer til vetrarsamgangna og fleira af þessu tagi hefði auðvitað mátt hugsa sér að tína saman í einhvers konar deild eða stofnun í tengslum við samgrn. En það er líka hugmynd að gera Vegagerðina í vaxandi mæli að ákveðinni samgöngustofnun og láta hana jafnvel taka við, til viðbótar vegakerfinu, ferjum og flóabátum og jafnvel líka stuðningi við samgöngur yfir vetrarmánuðina í þeim héruðum sem slíkan stuðning fá og þess vegna í viðbót annast samskipti við póstflug og sjúkraflug og flug á afskekktustu byggðarlög sem í nokkrum mæli hafa á síðustu árum fengið stuðning. Og ég nefni aftur á móti þann samning sem í gildi hefur verið milli samgrn. og Flugfélags Norðurlands um flugsamgöngur til Grímseyjar. Þetta mætti allt taka til skoðunar en breytir ekki þeim merg málsins að þessi aðgerð eins og hún lítur núna út er hrein skerðing á framkvæmdafé Vegagerðarinnar alveg grímulaus niðurskurður í vegagerð.

Hæstv. samgrh. vék svo með nokkuð sérkennilegum hætti einnig að ákvarðanatöku fyrri ríkisstjórnar varðandi t.d. Vestfjarðagöng, ferjuna Herjólf og að fleiri slíkum málum. Þetta er kunnugleg þvæla frá hæstv. samgrh. Það væri stórmannlegra af honum að koma hér og svara þessu: Er hann á móti þessum framkvæmdum? Hefur hann eitthvað út á þær að setja? Hvað á þetta nudd endalaust að þýða um Herjólf og Vestfjarðagöngin? Fer það svona afskaplega í taugarnar á hæstv. núv. samgrh. að í tíð fyrri ríkisstjórnar voru þessi stórvirki undirbúin og þeim hrint í framkvæmd eða ákvarðanir teknar um þau? Við getum farið yfir það allt saman frá upphafi til enda. Að þessum ákvörðunum var staðið með nákvæmlega þeim hætti sem fyrir er mælt um í lögum og venjur hafa skapast um hér á Alþingi. Vestfjarðagöng komu fyrst inn í vegáætlun 1989. Síðan var tekin ákvörðum í ríkisstjórn um að leggja það til við Alþingi að flýta þeirri framkvæmd. Sú tillaga var flutt hér inn á þingið í formi sérstakrar þáltill. um að flýta framkvæmdum við Vestfjarðagöng. Alþingi samþykkti þá þál. Í framhaldi kom svo sú ákvörðun inn í tillögu til vegáætlunar og var sömuleiðis samþykkt þar og hennar sér enn fremur stað í tillögu að langtímaáætlun í vegamálum þannig að þetta ferli var nákvæmlega í samræmi við það sem hefðir og venjur og lagafyrirmæli mæla fyrir um að skuli vera þegar framkvæmdaáætlanir í samgöngumálum eiga í hlut og í þessu tilfelli vegagerð. Þetta geta menn farið yfir að frá upphafi til enda var þannig að þessu staðið. Og ég vil halda þessu til haga þó svo að ég þyrfti ekki endilega að kvarta undan því að hæstv. núv. samgrh. sé að reyna að persónugera þetta framtak eða þessa ákvörðun við mig.

Sama má segja um Herjólf. Það er alveg kostulegt að heyra þessi ræðuhöld um Herjólf þegar það liggur fyrir að Alþingi Íslendinga var búið að veita heimildir í lögum til að ráðast í þessa framkvæmd og þetta var að sjálfsögðu allt saman samkvæmt heimildum sem lágu fyrir í gildandi lánsfjárlögum og fjárlögum hvers tíma. Það er hins vegar skiljanlegt eftir þann óskaplega vandræðagang sem búinn var að vera á því máli — og var Sjálfstfl. að því er virðist a.m.k. í Suðurlandskjördæmi alveg sérstaklega þungbær og erfiður og kemur enn fram í sálarflækjum ákveðinna hv. þm. eins og hv 3. þm. Suðurl. í því máli — að þeim skyldi af einhverjum ástæðum, ekki mjög stórmannlegum að vísu, svíða það að sú ríkisstjórn sem þeir áttu ekki aðild að hafði þó manndóm í sér til þess að ljúka því máli og var þó búið að þvælast nógu lengi fyrir hunda og katta fótum ef svo má að orði komast. Vandræðagangurinn og aumingjaskapurinn í því öllu saman er búinn að vera til skammar á sama tíma og þetta skip sem fyrir var eltist og eltist og sinnti sínu verkefni

þannig að óviðunandi var af öryggisástæðum.

Herra forseti. Af vissum ástæðum ætla ég ekki að hafa þetta lengra. Ég gæti ýmislegt um þetta sagt og það væri fullkomin ástæða til. Það er aðeins eitt sem ég vil leyfa mér að bæta við að lokum svona fyrir skrárnar og það er auðvitað það að enn syrtir í álinn hjá hæstv. samgrh. þannig að þetta er auðvitað að verða þyngra en tárum taki og þá á ég að sjálfsögðu við nýjustu ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar í efnahagsmálum. Hæstv. ríkisstjórn hefur nýlega ákveðið að bæta við skerðinguna á mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar þannig að hún er nú komin í 700 millj. kr. samkvæmt fjárlagafrv. og þessari nýju ákvörðun ríkisstjórnarinnar og svo þegar útgjöldum vegna ferja er bætt við þá verður skerðingin, bein skerðing á tekjum Vegagerðarinnar sem hefði átt að vera fyrir hendi til að renna sem óafturkræf framlög til framkvæmda komin á annan milljarð króna. Í staðinn er Vegagerðin látin taka lán til þess að halda uppi sæmilegu framkvæmdastigi. Er þetta glæsileg útkoma? Er það virkilega þannig að hæstv. samgrh. sé það barn að hann ætli sér að koma hér í ræðustólinn, eins og hann hefur gert fram að þessu, og slá um sig með því að þetta séu einhver stórkostleg tíðindi og eitthvert framfaraspor í íslenskum vegamálum að yfir 1.000 millj. kr. af eigin aflafé Vegagerðarinnar hverfa út úr hennar reikningum í ríkissjóð eða í útgjöld sem áður voru henni óviðkomandi? Í staðinn tekur Vegagerðin að vísu ofurlítið stærra lán þannig að nettó hefur hún pínulítið meira fé til framkvæmda en ella hefði orðið (**Gripið fram í:** Um tíma.) um tíma, en það er lán í staðinn fyrir óafturkræft framlag til framkvæmda á þessu sviði sem mun koma niður á framkvæmdagetu málaflokksins síðar. Þetta er svo morgunljóst, eins og fyrrv. flugmálastjóri stundum sagði, að það þarf ekki um það að ræða frekar.

Þetta er auðvitað dapurleg niðurstaða sem við hörmum sem berum þennan málaflokk fyrir brjósti og ég ætla sökum kunningsskapar við hæstv. samgrh. í gegnum tíðina þrátt fyrir allt ekki að hafa fleiri orð um það.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þar sem hv. þm. kaus að draga flóabáta inn í umræðu með þeim hætti sem hann gerði er nauðsynlegt að taka það fram að þegar ég tók við þeim málaþætti þá hafði forveri minn tekið á sig og ríkissjóð gífurlegar skuldbindingar, miklu meiri skuldbindingar en áður þekkjast í þessum málaflokki og er kannski best lýst með því að rifja upp þau framlög sem veitt hafa verið á fjárlögum til flóabáta á undanförnum árum. Á árinu 1991 voru það 148 millj. kr. Á þessu ári 277 millj. kr. en stefnir í milli 500–600 millj. kr. Við erum að tala um hækkun úr 188 millj. í rúmar 500 millj., 400 millj. kr. hækkun á þessum lið vegna þeirra ákvarðana og ráðstafana sem forveri minn gerði meðan hann var samgrh. og vitaskuld verður þetta að greiðast af þeim fjármunum sem til samgöngumála fara í heild.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ástæðan fyrir því að þörfin fyrir fjárveitingar til reksturs samgangna á sjó, sem styrktar eru af hinu opinbera, mun verða mikil um nokkurt árabil er sú að bæði síðasta og næstsíðasta ríkisstjórn tóku um það ákvarðanir að endurnýja skip sem hafa verið í þessum siglingum og það sér auðvitað hvert mannsbarn að þegar þannig háttar til að samtímis er verið að endurnýja að verulegu leyti skipakostinn á þessum siglingaleiðum þá aukast útgjöldin meðan verið er að greiða niður þær fjárfestingar, það liggur í hlutarins eðli. Það er dýrt að halda uppi nútímasamgöngum með nútímafarkostum á sjóleiðum eins og milli Vestmannaeyja og lands. Það þekkja allar þjóðir. Kröfur um öryggi í slíkum samgöngum hafa stóraukist á undanförnum árum og gera það m.a. að verkum að eldri skip eru ekki lengur fullnægjandi hvað öryggismál snertir og það átti ásamt með fleiru þátt í því að ávörðunin var endanlega tekin um nýsmíðar í tilviki Herjólfs. Sömuleiðis hafði ríkisstjórn, sem Sjálfstfl. átti aðild að, ákveðið að endurnýja flóabátinn Baldur og varð hann nokkuð dýr. Hann var smíðaður hér innan lands og var dýr í byggingu. Nú er komið að skuldadögunum eins og mun koma hjá Vegagerðinni seinna út af lántökum hæstv. núv. samgrh. og þetta skilja menn. Það lá alltaf fyrir að þegar kæmi að því að endurnýja Herjólf, þá kæmi tímabil þar sem útgjöldin í þessum málum mundu vaxa. Það liggur í hlutarins eðli. En ég leyfi mér að halda því fram og fullyrða að það sé illa komið fyrir okkur Íslendingum ef við getum ekki boðið upp á sæmilegar samgöngur milli lands og Eyja. Það er ekki björgulegt ef við getum ekki haldið uppi þokkalegum samgöngum við stærstu verstöð landsins. Herjólfur er þjóðvegur Vestmanneyinga rétt eins og Eyjafjarðarferjurnar eru og fá vonandi að vera áfram, hæstv. samgrh., þjóðvegurinn út í Hrísey og Grímsey. Þetta eiga menn að skilja. Spurningin er um það: Hafa menn efni á því að búa í þessu landi með mannsæmandi hætti?

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það mátti enn sjá á þingmanni að hann er órólegur. Það er auðvitað mjög tilfinnanlegt að þurfa að verja hálfum milljarði kr. til þessara þarfa þegar auðvelt er að sýna fram á að miklu, miklu lægri fjárhæðir hefðu komið að sama haldi, miklu lægri fjárhæðir. Og nú á síðustu vikum hefur Vegagerðin verið að reyna að vinna einhverjar tillögur úr þessum efnivið sem við höfum sem hafa í för með sér sparnað og meiri arðsemi sem auðvitað mun þýða það að hægt er að verja meiri fjármunum til annarra þátta samgöngumála alveg með sama hætti og það mun gagnast okkur á næsta ári. Við munum spara okkur 300 millj. kr. með því að leggja niður Skipaútgerð ríkisins, þá mun það auðvitað líka koma okkur til góða ef okkur tekst að finna leið til að ná meiri arðsemi í flóabátana og auðvitað hefði það verið auðvelt verk ef öðruvísi hefði verið staðið að þeim málum á síðustu árum.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er sjónarmið út af fyrir sig að við Íslendingar höfum ekki efni á að reka Herjólf. Það er sjónarmið út af fyrir sig að þjóðin hafi einfaldlega verið svo fátæk að það hafi verið röng ákvörðun af henni að ráðast í endurnýjun á þessu skipi og það hefði einfaldlega átt að láta þennan gamla pólska Herjólf sigla áfram á einni lúinni aðalvél upp að skerjóttri suðurströndinni fullan af börnum eins og hann stundum gerði og bilaði þó vélin. Og menn hefðu bara ósköp einfaldlega átt að sætta sig við það að þjóðinni hefði hrakað svo mjög að hún hefði ekki lengur efni á því að endurnýja farkosti sína með vissu millibili hvað þetta snertir. En hinu hafna ég að það sé auðvelt að sýna fram á að það hefði með miklu ódýrari hætti verið hægt að leysa þetta verkefni jafnmyndarlega og það var gert með því að láta byggja nýtt framtíðarskip á þessa siglingaleið. Sú sársaukafulla ákvörðun var m.a. tekin að smíða skipið í útlöndum vegna þess að miklu hagstæðari tilboð fengust í smíðina þar, svo miklu hagstæðari en hér innan lands að af þeim ástæðum töldu menn ekki verjandi að taka þann mismun á skattborgarana í landinu. Það var ekki gert þegar ríkisstjórn Sjálfstfl. stóð að því að smíða Baldur. Hann var smíðaður hér innan lands og vel má vera að hann hefði fengist ódýrari erlendis og þar með hefði mátt spara peninga. Og auðvitað má lengi reyna að bæta sig í rekstri. Ég tek það skýrt fram, eins og ég gerði í ræðu minni hér áðan, að ég treysti ekki síður Vegagerðinni til að halda myndarlega og vel utan um þá hluti heldur en öðrum. En spurningin mun að lokum snúast um það: Er pólitískur vilji fyrir hendi til að halda úti þessum samgöngum? Eru þeir menn við völd í landinu sem vilja tryggja fólki í hinum afskekktu byggðum úti í Eyjum fullnægjandi samgöngur eða ekki? Það er sá prófsteinn sem hæstv. samgrh. stendur frammi fyrir. Það er misskilningur hjá honum að hann komist fram hjá prófinu með því að skammast út í forvera sinn og hann vinnur ekkert með því í sjálfu sér nema þá að vekja stanslaust athygli á því að allar meiri háttar framkvæmdir og ákvarðanir í þessum efnum voru teknar af öðrum en honum.

Útbýting þingskjala:

Íslenskt ríkisfang vegna EES, 15. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 412; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 413.

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Það er ekkert nýtt að umræður verði alllangar um vegamál og samgöngumál yfir höfuð og vænta má þess að slíkar umræður fari fram í vetur bæði við afgreiðslu fjárlaga og þó ekki síður við endurskoðun vegáætlunar sem fram á að fara á þessu Alþingi. Í þessum umræðum eru tvö atriði sem ég vildi segja örfá orð um. Hið fyrra er að hv. 3. þm. Vesturl. og raunar fleiri fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna vöktu á því athygli að samkvæmt nýjum þingskapalögum væri opnað fyrir það að þingnefndir tækju mál til athugunar og meðferðar áður en þau væru flutt á Alþingi. Það væri nýmæli ef þetta væri gert og sjálfsagt að hugsa það mál en það hefur yfirleitt ekki tíðkast. T.d. hefur það ekki tíðkast að ríkisstjórn á hverjum tíma hafi vísað málum til athugunar í þingnefndum áður en þau eru flutt. En þingskapalög víkja að slíku starfi þingnefnda eins og segir í 23. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Áður en 1. umr. fer fram um stjórnarfrumvörp eða fyrri umræða um tillögur frá ríkisstjórninni getur forseti heimilað, ef ósk berst um það frá níu þingmönnum, að nefnd athugi mál í því skyni að afla frekari upplýsinga um það eða skýringa á efni þess. Slíkt er og heimilt að gera að lokinni framsöguræðu um málið. Forseti ákveður hve lengi athugun nefndarinnar má standa."

Þessi ákvæði þingskapalaganna lúta að því að þingnefnd geti tekið mál, eins og þar segir, ef óskir berast um það áður en 1. umr. er lokið eða áður en máli er með formlegum hætti vísað til þingnefndar en ekki beinlínis að því að fjalla um mál í þingnefndum áður en þau eru flutt. Þannig að slíkt er nýlunda ef það væri gert sem þó sjálfsagt er að hugleiða hvort á einhverjum stigum gæti orðið hægt að verða við.

Annað sem ég vildi segja nokkur orð um er að fram kom hjá hv. þm. 8. þm. Reykn. þar sem hann rifjaði það upp að bæði sá sem hér stendur og fleiri þingmenn Sjálfstfl. hefðu gagnrýnt það í stjórnarandstöðu á síðasta kjörtímabili að sérmerktir tekjustofnar Vegagerðar ríkisins skiluðu ekki til vegaframkvæmda eða vegagerðar öllu því fé sem þeir öfluðu heldur væri hluti tekinn í ríkissjóð og þetta er rétt. Við gagnrýndum þetta og það allharðlega. Hv. þm. taldi að við töluðum öðruvísi nú og ættum að biðjast á því afsökunar. Ég vil segja við þennan hv. þm., þó hann sé ekki hér í salnum, að ég tel enga þörf á að biðjast afsökunar á þessum málflutningi varðandi það mál sem hér er á dagskrá vegna þess að á næsta ári verður varið meira fé til vegagerðar heldur en sérmerktir tekjustofnar Vegagerðar ríkisins gera ráð fyrir og aflast samkvæmt þeim. Þessi tvö atriði vildi ég láta koma fram, virðulegi forseti.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess sem kom hér fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. v., Pálma Jónssyni, formanni samgn. þingsins, þá vil ég segja það og ég sagði það áðan að ég tel að með breyttum þingsköpum — og hér eru inni aðilar sem unnu mjög að þeim breytingum sem gerðar voru á þingsköpunum og gætu kannski lagt orð í þennan belg — þá er það alveg ljóst að meiningin var að gera þingnefndir virkari en áður hafði verið. Ég man það ekki nákvæmlega hvenær ríkisstjórnin ákvað að setja þetta fjármagn til vegaframkvæmda. Ég man ekki hvort þingið sat þá eða ekki. Það er eins og mig minni að þing hafi ekki setið þegar þetta var gert. En það breytir ekki því að það hefði verið eðlilegt og farsælla fyrir framgang málsins. Það var þetta sem ég lagði áherslu á, að ráðherra hefði komið, kynnt samgn. þingsins þessa ætlan ríkisstjórnarinnar og málið hefði þannig verið lagt upp við þingmenn viðkomandi kjör-

dæma. Og með breytingu þingskapa er engin spurning í mínum huga að það var meiningin að virkja og gera þingnefndir starfhæfari og virkari, að þær mundu starfa og vera tilbúnar allt árið ef á þyrfti að halda. Þess vegna var það rökrétt að þetta mál hefði komið þangað.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Mér finnst dálítið erfitt að skilja við þessa umræðu öðruvísi en hæstv. samgrh. segi álit sitt á því hvernig að þessum málum er staðið, hvort hann er alveg samþykkur því að flá kött með ríkisstjórninni í þessum málum eins og gert er, að skerða tekjustofna til vegagerðar stórlega og láta svo Vegagerðina taka lán til að bæta sér þetta upp. Og er það meiningin að t.d. á næsta ári eigi að taka kannski milljarð að láni sem yrði þá eitthvað svipuð upphæð og skerðingin sem nú er og hafa skerðinguna kannski svipaða á því ári líka þannig að Vegagerðin eigi að safna skuldum út á einhverjar framkvæmdir sem ríkisstjórnin er að hæla sér af og það eigi svo að greiðast til baka með skertu vegafé? Hvernig í ósköpunum geta menn komið fram og verið ánægðir með afrek sín sem standa svona að málum?

Ég tel að eina afstaðan sem hefði verið verjandi af hálfu hæstv. samgrh. hefði verið sú, úr því að menn ætluðu í átak í vegamálum, að leyfa Vegagerðinni að nýta sér sína tekjustofna og taka því næst lán til viðbótar en ekki að búa til vandamál fyrir í framtíðina með því að greiða vexti og kostnað af skuldum sem safnað er upp vegna þess að tekjustofnarnir eru skertir. Það kom að vísu fram hjá honum að hann er algerlega sammála þeirri ákvörðun að færa kostnaðinn af ferjum og flóabátum yfir á vegamálin án þess að það komi til nýir tekjustofnar og líka þó það sé verið um leið að auka stórkostlega skerðingu á vegafénu. Þetta er samgrh. ánægður með því hann sagði: Vitaskuld af fjármunum til vegagerðar. (**Gripið fram í:** Hann er nú ekki ánægður.) Ja, vitaskuld, sagði hann. Það var enginn efi í þeim orðum. Og ég vil þess vegna óska eftir að hæstv. ráðherra geri okkur grein fyrir því hvort hann er sáttur við þennan framgang mála, hvort það eigi að halda áfram að skrifa skuldir á Vegasjóð þó að þetta komi svona út gagnvart skerðingunum. Og megum við eiga von á því næsta ár að haldið verði áfram á sömu brautinni? Mér þykir ekki vansalaust ef hæstv. ráðherra kemur sér undan því bæði við fyrri umræðu þessa máls og líka núna að segja skýrt og skorinort hvort þetta eru hlutir sem hann er sáttur við.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Út af dagskrá eru tekin 4.–9. dagskrármál. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Til næsta fundar er boðað með dagskrá. Hann verður verður klukkan fimm á morgun og er einungis ætlaður til útbýtingar þingskjölum. Fundinum er slitið.

71. FUNDUR

laugardaginn 5. des.,
kl. 5 síðdegis.

Dagskrá:

Vegáætlun 1992, stjtill., 190. mál, þskj. 220, nál. 367 — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.,
Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar og stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, 285. mál, stjfrv., þskj. 415.

Skattamál, 286. mál, stjfrv., þskj. 417.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 284. mál, stjfrv., þskj. 414.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eina dagskrármálið, Vegáætlun 1992, er tekið út af dagskrá. Fundinum er slitið.

72. FUNDUR

mánudaginn 7. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Vegáætlun 1992, stjtill., 190. mál, þskj. 220, nál. 367. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
2. Skattamál, stjfrv., 286. mál, þskj. 417. — 1. umr.
3. Almannatryggingar og stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, stjfrv., 285. mál, þskj. 415. — 1. umr.
4. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 284. mál, þskj. 414. — 1. umr.
5. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 11. mál, þskj. 11, nál. 389, brtt. 390. — 2. umr.
6. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 12. mál, þskj. 12, nál. 391, brtt. 392. — 2. umr.
7. Verðbréfaþing Íslands, stjfrv., 13. mál, þskj. 13, nál. 393, brtt. 394. — 2. umr.
8. Umboðssöluviðskipti, stjfrv., 125. mál, þskj. 145, nál. 409, brtt. 410. — 2. umr.
9. Lánsfjárlög 1992, frv., 279. mál, þskj. 396. — 1. umr.
10. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 276. mál, þskj. 384. — 1. umr.
11. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 255. mál, þskj. 332. — 1. umr.
12. Norðurlandasamningur um almannatryggingar, stjtill., 283. mál, þskj. 406. — Fyrri umr.
13. Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, stjfrv., 261. mál, þskj. 342. — 1. umr.
14. Innflutningur á gröfupramma, stjfrv., 239. mál, þskj. 308. — 1. umr.
15. Útflutningur hrossa, stjfrv., 260. mál, þskj. 341. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Davíð Oddsson forsrh.,
Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.

Útbýting þingskjala:

Dýrasjúkdómar, 287. mál, stjfrv., þskj. 418.
Fækkun stöðugilda hjá ríkinu, 288. mál, fsp. KÁ, þskj. 419.
Menntamálaráð, 289. mál, fsp. KÁ, þskj. 420.
Samkeppnislög, 9. mál, þskj. 400.
Útboð á vegum samgönguráðuneytisins, svar samgrh., þskj. 383.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna að utandagskrárumræða mun fara fram að beiðni hv. 18. þm. Reykv. fyrir hönd Kvennalista um nýja stöðu í EES-málinu. Fer umræðan fram samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. þingskapa og mun fara fram núna að lokinni atkvæðagreiðslu.

Vegáætlun 1992, frh. síðari umr.

Stjtill., 190. mál. — Þskj. 220, nál. 367.

Guðni Ágústsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þingmenn Framsfl. greiða þessari þáltill. um breytingu á vegáætlun atkvæði sitt. Þingflokkurinn styður að það fjármagn sem sparaðist vegna hagstæðrar tíðar sl. vetur sé nú veitt til nýrra þjóðvega til að standa undir kostnaði vegna nýrra útboða. Hins vegar mótmælir þingflokkurinn vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar eins og fram kemur í sérstakri bókun stjórnarandstöðunnar í fylgiskjali með nefndarálitinu.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka þinginu fyrir þær góðu undirtektir sem tillagan hefur fengið. Hún er fyrsti liðurinn í víðtæku átaki sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að gera í samgöngumálum með því að 1,8 milljörðum kr. verði sérstaklega varið til samgöngumála sem liður í fjárlögum næsta árs og í atvinnumálastefnu ríkisstjórnarinnar.

Jóhann Ársælsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Ég styð þessa till. um breytingu á vegáætlun en ég vil mótmæla því alveg sérstaklega að Vegagerðin skuli vera látin taka að láni fé langt fram yfir það sem þetta átak gefur tilefni til því þannig er raunverulega verið að draga úr möguleikum til framkvæmda í vegum á næstu árum. Þrátt fyrir þetta tel ég ekki ástæðu til annars en að styðja fram komna tillögu til þess að hægt sé að undirbúa þær framkvæmdir sem menn fyrirhuga á næsta ári.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Þar sem er um að ræða aukið fjármagn til vegagerðar þá mun ég styðja tillöguna þar sem ég er henni efnislega sammála enda þótt við í minni hluta samgn. séum ekki sammála þeirri meðferð sem málið í heild hefur fengið. Að öðru leyti styðjum við það að auka fé til vegagerðar ef kostur er.

Pálmi Jónsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Tillaga þessi fjallar einvörðungu um það að verja 50 millj. kr. sem sparast á viðhaldslið hjá Vegagerð ríkisins til útboðs og undirbúnings framkvæmda á þessu ári. Út af fyrir sig felur tillagan ekki í sér neinar lántökur eða heimildir til þeirra.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (AKS, GHelg, HG, RA, SJS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, FI, FrS, GHall, HÁ, IBA, JónS, KSG, MB, ÓE, SighB, SAÞ, StH, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 45 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SigG, SighB, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÖS, AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, SalÞ.

6 þm. (AKS, RA, SJS, SvG, GHelg, HG) greiddu ekki atkv.

12 þm. (JónS, KSG, MB, ÓE, SAÞ, StH, VE, ÁRÁ, DO, GHall, HÁ, IBA) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Í trausti þess að það sé rétt sem hér hefur komið fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. um umfang þessarar till. og að treysta megi því að hún verði ekki til að raska áður teknum ákvörðunum um framkvæmdir í vegamálum segi ég já.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Segja má að efnislega sé sú tillaga sem hér er á ferðinni ekki stórvægileg, þ.e. að færa 50 millj. sem hafa sparast í snjómokstri, og ekki hefur enn reynst þörf fyrir, yfir í framkvæmdir. Þó hefur oft komið á daginn að það getur komið sér vel að eiga lítillega innstæður á snjómokstursreikningi ef harður vetur gengur yfir og svo kann að fara enn að það verði nú. Það er ekki aðalatriði þessa máls heldur hitt að verið er að reyna að gera löglegar eftir á ákvarðanir ríkisstjórnarinnar frá því í haust, sem í sumum tilvikum er þegar búið að stofna til verulegs kostnaðar út af og í einstaka tilvikum eru jafnvel hafnar framkvæmdir á, með því að afla heimilda fyrir framkvæmdum. Þetta eru vinnubrögð sem ég er mjög ósáttur við.

Í öðru lagi er það þannig að hæstv. samgrh. tengdi áðan afgreiðslu þessa máls þeim ákvörðunum ríkisstjórnarinnar að skerða vegafé um á annan milljarð kr., þ.e. hinar mörkuðu tekjur Vegagerðar ríkisins og vísa Vegagerðinni á lántökur í staðinn. Þetta get ég enn síður samþykkt og stutt og með vísan til þessa. Til þess að undirstrika mótmæli mín við öllum þessum vinnubrögðum greiði ég ekki atkvæði, hæstv. forseti.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Þegar sú tilskipun kom frá ríkisstjórninni að veita 1.800 millj. kr. í þessu skyni sem aukafjárveitingu til vegalagninga og annarra framkvæmda þá mótmælti ég þeim vinnuaðferðum sem voru hafðar í frammi, ekki síst þar sem farið var að auglýsa útboð til verkefna sem hvorki höfðu verið rædd í fjárln. né heldur milli einstakra þingmanna kjördæmanna. Eins og menn rekur kannski minni til skrifaði ég af því tilefni Ríkisendurskoðun og bað um álit þess embættis á þessum vinnuaðferðum. Þær voru að sjálfsögðu, nákvæmlega eins og ég hafði búist við, fordæmdar harðlega og talið með öllu óeðlilegt að þannig væri farið að. Með tilliti til þessa og til þess að slíkt komi aldrei fyrir aftur hef ég ákveðið að sitja hjá í atkvæðagreiðslunni.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Segja má að að formi til sé kannski ekki stórt mál á ferðinni en þó tengist það vinnubrögðum af hálfu hæstv. samgrh. og ríkisstjórnar í sambandi við vegamál og fjárveitingar til vegamála sem ástæða er til að mótmæla mjög kröftuglega. Í því felst að verið er að hverfa frá farsælu samstarfi þingmanna kjördæmanna í samband við ákvarðanir um framkvæmdir í vegamálum. Síðan er það að gerast að hugmyndir ríkisstjórnarinnar um það að auka fjármagn til vegamála tímabundið eru að verða að engu. Nú síðast í morgun heyrum við að formaður fjvn. er með hugmyndir um að skerða enn frekar framlag til vegamála.

Ég sé ekki ástæðu til að styðja þetta mál og sit því hjá við atkvæðagreiðsluna.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 421).

Umræður utan dagskrár.

Ný staða í EES-málinu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá hefst utandagskrárumræða um nýja stöðu í EES-málinu að beiðni hv. 18. þm. Reykv. fyrir hönd Kvennalista en þessi umræða fer fram skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapa.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna í Sviss er það ljóst að samningurinn um EES tekur ekki gildi þann 1. jan. 1993 eins og ríkisstjórnin hafði þó vonað. Svissneska þjóðin hefur sagt álit sitt á Evrópska efnahagssvæðinu. Þar með er EFTA ekki lengur aðili að samningnum. Þar með er sá samningur sem undir-

ritaður var í Óportó ekki í samræmi við raunveruleikann. Alþingi stendur því frammi fyrir því að vera með til umfjöllunar frv. sem endurspeglar ekki stöðu mála.

Samningurinn frá Óportó gildir ekki lengur. EFTA-stoðin er fallin og þar með getur m.a. ekki orðið af stofnun eftirlitsstofnunar EFTA og dómstóls þar sem ekki eru öll EFTA-ríkin lengur aðilar að málinu. Þar með er hreint út í bláinn að ætla að afgreiða þennan úrelta samning á Alþingi. Auðvitað hefði eðlilegast verið að hætta við allt málið og fara aðrar og skynsamlegri leiðir í samskiptum við EB.

Í viðræðum við fjölmiðla í gær hélt utanrrh. því fram að Ísland yrði útilokað frá viðræðum um breyttan samning ef hann yrði ekki staðfestur nú fyrir jólin á Alþingi. Þetta eru fráleitar fullyrðingar miðað við frv., sem liggur fyrir og skýringar með því, enda hefur ráðherrann nú étið ofan í sig fyrri fullyrðingar í viðtali við fréttamann Ríkisútvarpsins í hádeginu í dag. Í 129. gr. samningsins segir í 3. tölul., með leyfi forseta:

„Samningur þessi öðlast gildi 1. janúar 1993 að því tilskildu að allir samningsaðilar hafi afhent fullgildingar- eða samþykktarskjöl sín til vörslu fyrir þann dag. Eftir þann dag skal samningurinn öðlast gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir síðustu tilkynninguna. Lokafrestur varðandi þá tilkynningu skal vera 30. júní 1993. Eftir þann dag skulu samningsaðilar boða til ráðstefnu stjórnar erindreka til að meta stöðu mála.“ Í athugasemdum við greinina sem utanrrn. hefur sett hér í frv. eða þskj. segir einnig, með leyfi forseta: „Í samþykkt vegna þessarar greinar er gert ráð fyrir að um leið og ljóst er að einhver samningsaðili er ekki tilbúinn að fullgilda samninginn geta undirritunaraðilar metið aðstæðurnar. Ef einhver aðili fullgildir ekki samninginn innan tímamarka, þ.e. ef ekki er komin tilkynning um fullgildingu frá öllum samningsaðilum eftir 30. júní 1993 skulu hinir samningsaðilarnir boða til ráðstefnu stjórnarerindreka til að skoða möguleika á að samþykkja bókun með nauðsynlegum breytingum til að samningurinn geti öðlast gildi á milli þessara samningsaðila.“

Hvernig er hægt að túlka þetta þannig að þar sem fullgildingarferillinn er í gangi eins og t.d. hér á landi sé verið að útiloka þá sem ekki hafa undirritað samninginn frá viðræðum um breytingar á honum? Gildir þá ekki dagsetningin 30. júní 1993 lengur? Er ekkert að marka það sem segir í samningnum og skýringum við stjfrv. sem liggur hér fyrir Alþingi? Það er alvarlegt mál þegar ekki er hægt að taka mark á yfirlýsingum ráðherra eins og í þessu tilviki þar sem þær stangast á við framlögð frv. þeirra á þinginu.

Ráðherra fullyrðir einnig að aðeins verði um tæknilegar breytingar að ræða á samningnum. Gjalda verður varhug við slíkum fullyrðingum enda ljóst að breytingarnar þurfa ef af verður að taka til þýðingarmikilla efnisþátta. Hvað verður t.d. með EFTA og hvað með kostnaðinn? Hvað gera t.d. hin 9 Evrópuríkin þar sem þjóðþingin hafa ekki enn þá staðfest samninginn? Nú á Alþingi að taka sér tíma til þess að yfirvega allt þetta mál og fylgjast með hver verða viðbrögð annarra samningsaðila. Við eigum að sjá til hvaða hugmyndir koma fram um breytingar á samningnum frá þeim ríkjum sem enn eru aðilar að málinu, þar á meðal frá íslensku ríkisstjórninni og fyrst taka afstöðu til samnings sem í raun og veru er ætlað að gilda fyrir Evrópskt efnahagssvæði. Þingflokkarnir á Alþingi eiga nú að taka höndum saman um að ljúka þeim verkum sem þörf er á að Alþingi fjalli um fyrir jólahlé en eyða ekki dýrmætum tíma okkar í að fjalla um úrelt mál eins og þennan dæmalausa samning.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Sú staðreynd að Svisslendingar hafa fellt aðild að Evrópska efnahagssvæðinu vekur upp spurningar um framhald málsins.

1. Hvert verður framhald þess?

2. Er Alþingi Íslendinga eitthvað að vanbúnaði að staðfesta frv.?

3. Hvað má búast við langri töf á því að málið verði til lykta leitt?

Í fyrsta lagi vill svo til að í samningnum er kveðið á um hvernig með skuli fara í þessu tilviki. Það er í 129. gr. og samþykktum við hana. Þar er vikið að tveimur tilvikum. Í fyrsta lagi hvernig með skuli fara ef aðildarríki eða samningsaðildarríki getur ekki staðið við tímamörkin 1. jan. 1993. Um það segir það sem fyrirspyrjandi, hv. seinasti ræðumaður las hér áðan.

Í annan stað er kveðið á um það hvernig við skuli bregðast ef eitthvert aðildarríkjanna fellir aðild. Þar segir, með leyfi forseta, og það á við í þessu tilviki þegar Sviss hefur fellt:

„Ef eitthver þeirra“ þ.e. ríkjanna „fullgildir ekki samninginn skulu hinir samningsaðilarnir boða til ráðstefnu stjórnarerindreka til að meta áhrif fráviks frá fullgildingu samningsins og skoða möguleika á að samþykkt verði bókun um breytingar sem verða með fyrirvara um nauðsynlega meðferð innan lands“, þ.e. stafðestingu þjóðþinga. „Slík ráðstefna skal haldin jafnskjótt og ljóst er að einhver samningsaðili muni ekki fullgilda samninginn“, þ.e. nú þegar, „eða í síðasta lagi ef dagsetning gildistöku samningsins er ekki virt.“

Þetta er alveg skýrt. Eitt land hefur fellt. Þá bregðumst við við eins og hér er lýst. Þetta er annað en ef eingöngu væri um að ræða tímatöf þannig að það er alveg ljóst að fram undan er að efna til slíkrar ráðstefnu, skoða möguleikana á þeim breytingum sem þarf að gera, sem eru tæknilegs eðlis eins og formaður ráðherraráðs EFTA hefur lýst, og þessarar ráðstefnu skal efna til eins fljótt og við verður komið og þetta er alveg ljóst.

Þá er næsta spurning: Er Alþingi Íslendinga eitthvað að vanbúnaði að samþykkja það frv. sem hér liggur fyrir, frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið? Svarið við því er líka alveg skýrt. Í 1. gr. er heimildarákvæði um að fullgilda fyrir Íslands hönd samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og samninga EFTA-ríkjanna um eftirlitsstofnun, og dómstól og fastanefnd. 1. gr. er sú eina sem fær lagagildi strax. Síðan segir í 5. gr.:

„Ákvæði 1. gr. laga þessara öðlast þegar gildi.

Önnur ákvæði laganna öðlast gildi um leið og EES-samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar."

Hvað þýðir þetta á mannamáli? Þetta þýðir það að samningurinn sjálfur fær ekki lagagildi fyrr en við höfum fullgilt hann með því að afhenda fullgildingarskjöl og hin ríkin öll hafa gert það. Þetta þýðir að Alþingi Íslendinga er ekkert að vanbúnaði að samþykkja þetta frv., 1. gr. þessa frv. sem mun ekki breytast vegna þess að lögin öðlast ekki gildi fyrr en fullgildingin með afhendingu fullgildingarskjala hefur farið fram. Í millitíðinni gerist það sem ég lýsti áðan að efnt verður til þessarar ríkjaráðstefnu. Þar munu menn komast að niðurstöðu um hvaða tæknilegar breytingar þarf að gera, strika út nafnið Sviss, strika út EFTA þar sem það á við og önnur þau atriði sem upp kunna að koma, ná samkomulagi um viðbótarbókun sem staðfestir þessar breytingar og leggja það fyrir þing. Um þetta snýst málið. Sú staðreynd að Svisslendingar hafa fellt aðildina breytir ekki öðru fyrir hin aðildarríkin.

Nú vill svo til að forsvarsmenn annarra EFTA-ríkja hafa þegar lýst afstöðu sinni og hún er þessi: Pólitískur vilji þessara aðila til þess að hrinda málinu í framkvæmd er óbreyttur. Það verður farið með málið eins og hér er lýst og það er auðvitað athyglisvert að ríkisstjórnir annarra Norðurlanda, þ.e. Finnlands, Svíþjóðar, Noregs og reyndar Austurríkis líka hafa þegar samþykkt samsvarandi staðfestingarfrumvörp. Ísland er eina landið sem hefur ekki gert það. Til þess að það sé á hreinu að við höfum alla aðild að framhaldi málsins er auðvitað nauðsynlegt að við gerum það.

Síðustu spurningunni um hvað líklegt er að þetta tefji málið mikið getum við ekki svarað nákvæmlega en það liggur fyrir að eftirfarandi gerist: Ráðherrar EFTA-ríkjanna koma saman til fundar 10. og 11. desember. Í framhaldi af því munu ráðherrar þeirra EFTA-ríkja, sem áfram lýsa vilja sínum til þess að lúka málinu, koma saman til sérstaks fundar. Við munum óska eftir því að þessi ríkjaráðstefna fari fram hið allra fyrsta. Af hálfu framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins hefur verið yfir lýst því að pólitískur vilji af þeirra hálfu sé óbreyttur. Með öðrum orðum, niðurstaðan er sú að það gæti tafist um einhvern ótiltekinn tíma að samningurinn taki gildi sem hann gerir þegar öll aðildarríkin hafa afhent sín fullgildingarskjöl. En ég legg á það megináherslu, virðulegi forseti, að það er engin ástæða til þess af hálfu Alþingis Íslendinga vegna þessara kosningaúrslita í Sviss að leggja hendur í skaut. Þvert á móti er það í samræmi við íslenska hagsmuni að taka af öll tvímæli um afstöðu okkar, að staðfesta þetta frv. eins og hér hefur verið lýst þannig að ekki sé neinum vafa undirorpið hver sé vilji meiri hluta Alþingis og ríkisstjórnarinnar og við séum fullgildir aðilar að því að lúka málinu.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég hefði talið það eðlilegra að þessi umræðu færi fram í kjölfar yfirlýsingar frá utanrrh. og rýmri tími gæfist til að ræða málið. Ég tel að staða málsins sé gjörbreytt og það sér hver maður. Hugmyndin um aðild EFTA að Evrópsku efnahagssvæði er með atkvæðagreiðslunni í Sviss dauð. Hugmyndin um tveggja stoða lausn þar sem EFTA væri önnur stoðin er að sjálfsögðu líka dauð og það er alger fásinna að ætla Alþingi að lögfesta samning sem fyrirsjáanlega verður aldrei að veruleika. Þaðan af fráleitara er af ríkisstjórninni ef hún ætlast til þess af forseta Íslands að hann fari að undirskrifa og staðfesta lög sem er fyrirsjáanlegt að aldrei koma til framkvæmda. Frekari umræður að sinni eru þýðingarlausar um þetta mál. Þetta er eins og að ætla að fara að gifta dauðan mann.

Röksemdir hæstv. utanrrh. hér áðan eru mjög léttvægar. Það er talað um undirritunaraðila sem eigi að setjast niður. Auðvitað eru það þeir sem undirrituðu í Óporto sem eiga að setjast niður. Það verður að gjörbreyta þessum samningi, bæði lagatextanum og samningnum að innihaldi og formi. Ég hef engar áhyggjur af því að hæstv. utanrrh. komi ekki til með að bera sig vel á mannamótum erlendis hér eftir sem hingað til hvað sem Alþingi gerir og honum verður vafalaust ekki hent á dyr, a.m.k ekki vegna afstöðu Alþingis. Ég tel að það sé þýðingarlaust að eyða meiri tíma hér á Alþingi að sinni í að ræða fylgifrumvörp EES-samningsins eða sjávarútvegssamninginn sem er afleiðing af þessum gjörningi öllum. Ríkisstjórnin hefur að mínu mati við annan vanda að glíma og réttara að snúa sér að fjárlagagerð og efnahagsöngþveiti ríkisstjórnarinnar.

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Það er rétt sem fram kom hjá hæstv. utanrrh. að við samningsgerðina sjálfa um EES var gert ráð fyrir að eitthvert ríkjanna kynni að skerast úr leik. Í samþykkt sem tengist 129. gr. samningsins segir að við þær aðstæður skuli kalla saman ráðstefnu stjórnarerindreka til að meta áhrif fráviks frá fullgildingu samningsins og skoða möguleika á að samþykkt verði bókun um breytingar sem verða með fyrirvara um nauðsynlega meðferð innan lands. Skal halda slíka ráðstefnu jafnskjótt og ljóst er að einhver samningsaðili muni ekki fullgilda samninginn eða í síðasta lagi ef dagsetning gildistöku samningsins er ekki virt. Það er þetta ákvæði sem nú verður virkt og er ákaflega mikilvægt að fulltrúar Íslands, sem taka þátt í þeim fundum og ráðstefnum sem efnt verður til með vísan til þessa ákvæðis, sitji þar við sama borð og fulltrúar hinna ríkjanna sem þegar hafa formlega gengið frá heimildum til fullgildingar. Um þetta atriði var ítarlega rætt á fundi utanrmn. Alþingis í morgun.

Ég lít þannig á að enginn þurfi að draga í efa umboð hinna íslensku stjórnarerindreka til að gæta íslenskra hagsmuna til hins ýtrasta. Úrslitin í Sviss gera þá kröfu til okkar þingmanna að við könnum til hlítar hvernig staðið skuli að afgreiðslu EES-mála hér á Alþingi. Úrslitin leiða ekki til þeirrar niðurstöðu að hér eigi menn að leggja hendur í skaut, en hitt er jafnnauðsynlegt og áður að reyna að ná sem víðtækastri samstöðu um málsmeðferð, enda verði tekið tillit til hinnar breyttu stöðu.

Hér í þinginu hefur áður verið rætt um stjórnar-

hætti í Sviss og þá staðreynd að Svisslendingar þurfa hvað eftir annað að staðfesta samstöðu þjóðar sinnar með þjóðaratkvæðagreiðslu. Nú hefur aðild að EES verið hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu í Sviss og þar er eftir tómarúm sem svissnesk stjórnvöld þurfa að takast á við en hefur ekki þau áhrif hér á landi að neinar efnisástæður séu fyrir okkur að gera annað en að staðfesta EES-samninginn.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það hefur þegar komið fram að það var rangt sem hæstv. utanrrh. sagði þjóðinni í sjónvarpsviðtölum í gærkvöldi að það yrði að samþykkja EES-samninginn hér fyrir jól til þess að Ísland fengi aðgöngumiða að þeirri ráðstefnu sem þarf að halda um framtíð EES-samningsins. Og það er út af fyrir sig virðingarvert að hæstv. utanrrh. skuli ekki lengur halda þessari firru fram vegna þess að það hefur rækilega verið sýnt fram á það, bæði hér í dag og í utanrmn., að 129. gr. samningsins er á þann veg að það eru undirritunaraðilarnir, og Ísland er einn af þeim, sem eiga aðgang að þessari ráðstefnu alveg óháð því á hvaða stigi fullgildingarferlið er og það er eingöngu ríki sem hefur hafnað formlega að vera aðili sem ekki á þar inngöngu. Þess vegna er alveg ljóst að það er engin tímasetning í málinu hér á næstu dögum eða vikum sem við þurfum að halda formlega séð.

Í öðru lagi eru það auðvitað stóru tíðindin í þessu máli að þetta átti að vera tveggja stoða samningur milli EFTA annars vegar, EFTA sem skipulegra samtaka, og EB hins vegar. Og nú er EFTA úr sögunni sem skipuleg samtök og það er satt að segja dálítið barnalegt hjá utanrrh. að segja hvað eftir annað að það eina sem þurfi að gera sé að strika bara EFTA út úr samningstextanum og á þar greinilega við stafina E-F-T-A því um leið fer hin meginstoðin, skipulagseiningin EFTA, burt og þá þarf ekki annað en lesa 1. gr. staðfestingarfrv. sem hér liggur fyrir Alþingi sem er aðalgrein samningsins þar sem fram kemur í 2. lið að það sem þingið á að greiða atkvæði um er samningur EFTA-ríkjanna um eftirlitsstofnun og dómstól. Það eru textar í sérstöku hefti upp á 280 blaðsíður þar sem nánast í hverri einustu grein er gengið út frá EFTA sem skipulögðum aðildarsamtökum að EES þannig að allt þetta verk er úr sögunni sem slíkt og eftir standa lausbeisluð tengsl þeirra ríkja sem eftir eru þannig að það er auðvitað alveg ljóst að ekki er nokkur leið fyrir Alþingi að greiða atkvæði um 1. gr. staðfestingarfrv. um EES eins og það liggur fyrir nú. Slík afgreiðsla verður að bíða niðurstöðu í umræðum milli ríkjanna um framhaldið.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur nú gerst í annað sinn meðal þeirra þjóða sem eru innan EB eða EFTA-ríkjanna að fólkið er ekki sammála stjórnmálamönnunum. Danir efndu til þjóðaratkvæðis um Maastricht og felldu það. Nú hafa Svisslendingar hafnað EES í þjóðaratkvæðagreiðslu og hver eru þá viðbrögð EB? Þeir segja í Brussel að Svisslendingar séu ekki hæfir til að vera innan Evrópubandalagsins meðan þeir stundi það að bera ágreiningsmál undir þjóðaratkvæði. Með öðrum orðum, þeir sem stunda virkt lýðræði eru ekki æskilegir innan Evrópubandalagsins. Þar er ekki virkt lýðræði. Þar er miðstýring og þeim sem þar ráða er ekki um það gefið að við henni sé hróflað.

Forsendur eru breyttar. Þessi samningur um EES verður að endurskoðast og það þingskjal, sem við höfum verið að ræða, er ekki lengur gilt. Ég get ekki séð nokkurn tilgang með því að halda áfram umræðu um málið á þessu stigi. Ég bendi líka á að þessi niðurstaða sem nú liggur fyrir mun m.a. breyta forsendum fjárlaga. Í frv. til fjárlaga um tekjur ríkissjóðs segir að umfangsmiklar tilfærslur verði milli skattstofna í tengslum við gildistöku samnings um Evrópskt efnahagssvæði.

Þá má nefna að einn helsti ávinningur af samningnum um EES átti að skila sér í lægra vöruverði og auknum hagvexti. Þó að ég sé ekki sammála þeirri útfærslu þá er samt reiknað með því í efnahagsforsendum fjárlaga. Við höfum því meira en næg verkefni fyrirliggjandi þó við séum ekki að eyða tíma í að ræða frv. um EES sem ekki er lengur í takt við raunveruleikann. Ég legg til að öllum umræðum um það verði frestað þar til málin hafa skýrst.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Hæstv. forseti. Utanrrh. hefur lagt áherslu á nauðsyn þess að við afgreiðum samninginn um EES á fullnægjandi hátt þannig að við verðum aðilar að ráðstefnu þeirra EFTA-ríkja sem hafa ákveðið aðild og tökum þátt í ákvörðunum sem varða framhald málsins. Þessi skoðun hefur verið vefengd og því haldið fram að afstaða Alþingis þurfi ekki að liggja fyrir þar sem í samningum sé kveðið á um að undirritunaraðilar skuli endurmeta aðstæður.

Það eru tvær bókanir eins og hér hefur komið fram sem eiga við um 129. gr. en hún fjallar um fullgildingu eða samþykkt EES-samningsins. Fyrri bókunin á við ef tafir verða á að eitthvert landanna geti afgreitt samninginn en viðkomandi ríki sem samningsaðilar eru enn þá inni í myndinni og er þá talað um að undirritunaraðilar meti aðstæður. Seinni bókunin á við ef einhvert EFTA-ríkjanna fullgildir ekki samninginn og á því við um Sviss sem hefur fellt það í þjóðaratkvæðagreiðslu að gerast aðili að EES og mundi eiga við um okkur ef við fullgiltum ekki. Ráðherra las hér síðari bókun um 129. gr. þar sem kveðið er á um ráðstefnu ef land fullgildir ekki og með leyfi forseta vil ég endurtaka síðasta málslið þeirrar bókunar:

„Slík ráðstefna skal haldin jafnskjótt og ljóst er að einhver samningsaðili muni ekki fullgilda samninginn eða í síðasta lagi að dagsetning gildistöku samningsins er ekki virt." Veitum því athygli að í samningnum var ráð fyrir því gert að þessi staða gæti komið upp og þess vegna kveðið á um hvernig með skuli fara. Hugum líka að því í þessari umræðu að hvergi í samningnum er talað um EFTA sem stofnun, alls staðar EFTA-ríki.

Fram hefur komið að það er fullur pólitískur vilji

annarra samningsaðila fyrir því að Evrópska efnahagssvæðið verði að veruleika. Við eigum því að leggja áherslu á að vera fullgildir aðilar að þeirri ráðstefnu annarra EFTA-ríkja en Sviss sem meta mun áhrif fráviks frá fullgildingu samningsins og nauðsynlegar breytingar á honum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég hjó eftir því í kvöldfréttum sjónvarpsins í gær að hæstv. utanrrh. talaði um lýðræðið í Sviss og þjóðaratkvæði sem vandamál. Það er ekkert vandamál að nota lýðræðið, að leyfa þjóðinni að segja álit sitt á málum. Hins vegar hefur auðvitað sú skoðun sem Svisslendingar hafa nú látið í ljós skapað ákveðið vandamál fyrir stjórnvöld þar og fyrir stjórnvöld hér á landi sem halda mjög fram samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði og að það þurfi að ljúka honum hið fyrsta.

Þetta skapar eiginlega tvíþætt vandamálum getum við sagt. Í fyrsta lagi skapar þetta ákveðið pólitískt vandamál fyrir ríkisstjórnina og fyrir stjórnarflokkana. Í því sambandi langar mig til að segja frá því að á þingmannafundi EFTA, sem við nokkrir þingmenn vorum á fyrir skömmu, kom það fram í máli Hadar Cars, sem er formaður Evrópustefnunefndar sænska þingsins, að hann teldi mjög mikilvægt að vita hvar Íslendingar stæðu í þessu máli. Hann sagði sem eðlilegt var: Við Svíarnir viljum ekki fara í samninga öðru sinni eigandi á hættu að sú staðfesting strandi þá á Íslendingum og við þurfum að semja í þriðja sinn. Ástæðan fyrir því að hann sagði það er einfaldlega sú að hann veit ekki frekar en við hér inni hver er vilji stjórnarþingmanna í þessu máli. Hefur stjórnin meiri hluta á bak við sig í sínum þingflokkum? Það vitum við ekki og það virðast Svíar heldur ekki vita og það er auðvitað mjög pínleg pólitísk staða fyrir ríkisstjórnina að geta ekki sannfært sína samningsaðila um þessa hluti.

En hins vegar getum við auðvitað verið með án þess að vera búin að ganga frá staðfestingunni hér því að við höfum ekki hafnað samningnum. Ef við hefðum hafnað samningnum þá gætum við ekki verið með í ríkjaráðstefnunni. En honum hefur ekki verið hafnað, samningsferlið er í gangi og meðan svo er í gangi getum við auðvitað tekið átt í viðræðunum.

Hitt vandamálið er svo þinglegs eðlis. Við stöndum auðvitað gagnvart ákveðnu vandamáli hvernig við ætlum að fara með þetta frv. sem fyrir liggur og við getum auðvitað ekki haldið áfram með það eins og ekkert hafi í skorist. Það er ekki boðlegt fyrir þingið að samþykkja frv. sem við vitum að stenst ekki. Mig langar til að benda á 1. gr. sem ráðherra sagði að mundi strax fá lagagildi að sú grein fær ekki staðist eins og hún er orðuð í dag.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Þegar miklir atburðir gerast eiga litlir karlar að þegja, eins og skáldið sagði, sællar minningar. Ef menn hafa ekki gefið sér tíma áður til að hugsa um okkar stöðu eins og hún nú er hljóta þeir að gera það og forðast allt fljótræði. Í mínum huga er alveg ljóst að stjórnarskrá íslenska lýðveldisins yrði brotin ef drögin að Evrópsku efnahagssvæði yrðu samþykkt eins og þau nú eru. Til þess fær enginn maður mig og vonandi ekki aðra þingmenn.

Frá því að Björn Guðmundsson prófessor sendi utanrmn. álit sitt í þessu efni í júlí sl. hefur hann haldið áfram rannsóknum sínum og einkum skoðað frekar norrænan rétt. Þetta hefur leitt til þess að hann telur sig ekki lengur í vafa um að samningurinn um EES brjóti í bága við íslensku stjórnarskrána. Hann hefur í dag leyft mér að hafa þetta eftir sér hér á hinu háa Alþingi sem sýnir eindregna skoðun hans.

Hann hefur áður skýrt málið fyrir hv. utanrmn. og þarf ekki frekar að eyða að því orðum. En það hafa raunar margir aðrir greint frá því í hv. utanrmn. að það sé um stjórnarskrárbrot að ræða ef þessu heldur fram. Raunar held ég að svo horfi nú ekki lengur. Ég held að menn séu búnir að átta sig á málalokum.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í fjölmiðlum að flokkarnir hafa gert með sér samkomulag um að 2. umr. um EES-málið fari fram nk. laugardag og síðan mánudag og þriðjudag í næstu viku, en ekki hafi verið samið um 3. umr. Hins vegar hefur það ekki komið fram í fjölmiðlum en þarf að vera á allra vitorði að allir stjórnarandstöðuflokkarnir settu þann fyrirvara, og hann var skráður og er skjalfestur, að ef samningurinn yrði felldur við þjóðaratkvæðagreiðsluna í Sviss yrði að taka þetta samkomulag til endurskoðunar.

Hæstv. utanrrh. fékk nokkuð einstæða aðstöðu í ríkissjónvarpinu í gærkvöldi til að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum að lokinni atkvæðagreiðslu í Sviss. Hann misnotaði þessa einstæðu aðstöðu sína að sjálfsögðu og fór þar með ýmiss konar blekkingar um þetta mál sem hann hefur nú orðið að draga í land eins og komið hefur fram í þessum umræðum. Það er nokkuð ljóst að stjórnarandstaðan þarf tíma og aðstöðu til að kynna sér þetta mál. Hæstv. utanrrh. er á förum og kemur heim á föstudag. Hann mun fjalla um þetta mál erlendis. Þegar hann kemur heim þarf auðvitað að fara fram hér sérstök umræða um stöðu málsins — sú umræða gæti orðið á laugardag eða mánudag — og ákvörðun um hvort 2. umr. fer fram fyrir jól og hvenær eða hvort henni verður frestað fram á næsta ár. Hún verður að sjálfsögðu ekki tekin fyrr en eftir að þessar umræður hafa farið fram og menn hafa áttað sig til fulls á hvernig þetta mál stendur.

Það er líka ljóst að krafan um þjóðaratkvæði hefur fengið byr undir báða vængi eftir úrslitin í Sviss. Sú krafa er auðvitað tímabærari nú en nokkru sinni fyrr.

Ég vil svo að lokum spyrja hæstv. utanrrh. að því hvort það sé virkilega rétt, sem maður heyrir í fjölmiðlum, að búið hafi verið að ráða starfsmenn fyrir Evrópska efnahagssvæðið áður en það verður til og áður en nokkuð liggur fyrir um að það verði samþykkt. Er þetta rétt og með hvaða heimildum er það þá gert?

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er vissulega alvarlegt mál þegar ekki er hægt að treysta orðum ráðherra, ekki einu sinni um formsatriði varðandi mál sem þeir hafa verið að fást við árum saman. Það gerðist frammi fyrir alþjóð í gærkvöldi að hæstv. utanrrh. sagði ósatt um stöðu málsins gagnvart Alþingi. Það er mjög alvarlegt mál. Það liggur fyrir að ekkert bindur okkur Íslendinga við að lögfesta frv. sem þegar er úrelt á Alþingi Íslendinga fyrir jól eins og ráðherrann staðhæfði. Ekkert slíkt liggur fyrir. Það hefur komið fram hjá einum kappsamasta manni um þennan samning, Dinkelspiel, utanríkisviðskiptaráðherra Svía, að hann gerir ekki ráð fyrir að þessi samningur gangi í gildi fyrr en um mitt næsta ár og skortir hann þó sannarlega ekki viljann. Svo lætur hæstv. utanrrh. að því liggja að hér sé bara um tæknileg atriði að ræða sem þurfi að breyta. Það er nú önnur firran frá. Því sama var haldið fram af hálfu Evrópubandalagsins og talsmanna EFTA í desember 1991 þegar dómstóll Evrópubandalagsins sló samninginn af eins og hann lá þá fyrir og menn væntanlega minnast. Þá voru þetta bara einhverjar smábreytingar sem þurfti að gera. Nú er bara að strika út nafnið Sviss og strika út nafnið EFTA, segir ráðherrann, og þá er þetta komið.

Þetta er satt að segja alveg dæmalaus málflutningur og við það bætist að ráðherra flutti þau skilaboð á Alþingi á dögunum að Sviss væri sæmst að hypja sig úr EFTA til að bjarga formsatriðum. Þetta lét hann fulltrúa sinn, hæstv. heilbrrh., flytja á Alþingi. Þannig er hugarfarið á þeim bæ.

Ég verð að segja að það er satt að segja langt gengið þegar hæstv. ráðherra og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir eru að vitna í fundargerðir en styðjast ekki við lögskýringarnar, sem þau reiða fram sjálf, við 129. gr. sem kveður skýrt á um þessi efni. Það þýðir ekki að vera að vitna í einhver minnisatriði á viðræðufundum til að bjarga sér í þessu máli. Það hlýtur þá að vera eitthvert frv. sem stjórnin lagði hér fram. En við getum gleymt því í bili sem betur fer og væntanlega hugsar allt Alþingi sitt ráð í þessu máli. Til þess gefst nú ráðrúm.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með öðrum ræðumönnum hér í dag að við eigum ekki að eyða frekari tíma þings og þjóðar í samning sem ekki er lengur til. Nú liggja fyrir Alþingi alvarlegar tillögur er varða ríkisfjármál. Áætlanir um að skerða sérstaklega lífskjör barnafólks og vega enn einu sinni að velferðarkerfinu. Röksemdir hæstv. utanrrh. um EES-málin, að afgreiða þurfi samninginn fyrir áramót, hafa verið hraktar hér í umræðunni á eftirminnilegan hátt. Ég hef engu við þá umræðu að bæta en hlýt að undrast það þegar hæstv. utanrrh. ber fyrir sig rangfærslur.

Staðan sem við erum í núna endurspeglaðist glöggt á fundi allsh. í morgun þegar við stóðum frammi fyrir því að boðað hafði verið að afgreiða þyrfti frv. til laga um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópskt efnahagssvæði úr nefndinni. Það er ekki hægt. Það er ekkert vitað hvernig þetta frv. á að líta út eða gæti litið út. Þetta er bara eitt af mýmörgum málum sem við stöndum frammi fyrir hér og nú.

Við verðum að vanda vel næsta skref í þessu máli ef um eitthvert mál verður að ræða. Ef það verður ekki bara staðreynd að þær þjóðir sem stefna inn í Evrópubandalagið taki beinan kúrs þangað og sleppi þessu millistigi, EES. Ef um nýjan samning verður að ræða og þá breyttan tel ég fráleitt að afgreiða hann hér án þess að hann verði borinn undir þjóðaratkvæði.

Þrátt fyrir að í Sviss eins og á Íslandi hafi stjórnvöld ausið fé í áróður fyrir samþykkt samningsins er ljóst að EES-samningurinn þoldi ekki skoðun svissnesku þjóðarinnar. Við vitum ekki hver niðurstaðan yrði á Íslandi í lýðræðislegri þjóðaratkvæðagreiðslu en okkur ber að spyrja þjóðina álits ef um einhvern samning verður að ræða.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég verð að ítreka að mér finnst það alveg út í hött að halda því fram að Ísland verði útilokað frá samningaborðinu vegna framhalds málsins eins og hæstv. utanrrh. reynir enn að gefa í skyn þó margbúið sé að hrekja það. Auðvitað verður Ísland ekkert útilokað frá frekari meðferð málsins á meðan fullgildingarferlið er hér í gangi. Ég held að það væri best fyrir hæstv. utanrrh. að hætta slíkum fullyrðingum.

Það er alveg ljóst að EFTA er ekki lengur aðili að málinu og alveg fráleitt að halda því fram að það sé nóg að strika bara orðið Sviss út úr samningnum og þar með sé allt komið í lag. Það þarf auðvitað að gera miklu meira. Það þarf að semja um mál upp á nýtt. Það hefur greinilega komið fram hjá öðrum EFTA-ríkjum. Ég veit ekki hvers vegna hæstv. utanrrh. heldur slíku fram á Alþingi þegar ljóst er að gera þarf verulegar breytingar á þessum samningi.

Hæstv. utanrrh. talar eins og það sé nægjanlegt fyrir Alþingi að samþykkja samninginn sem hér liggur fyrir sem er auðvitað alveg út í bláinn því sá samningur sem talað er um í þessu frv. er ekki lengur í samræmi við raunveruleikann. Svo gefur hann það í skyn að þar með þurfi ekki að leggja nýjan samning fyrir Alþingi. Hann talar eins þeir bíði með fullgildingarpappírana þangað til búið verði að semja upp á nýtt. Auðvitað þarf að leggja nýjan samning fyrir Alþingi ef aðilar komast að einhverju samkomulagi. Þá er auðvitað langbest að taka málið allt í einu í staðinn fyrir að gera það með þeirri aðferð sem hæstv. utanrrh. er að gefa í skyn að verði viðhöfð.

Ég tel að það þurfi að ræða þetta mál og tek undir það sem hér hefur komið fram að það þarf að fara yfir þetta mál með öllum þingflokkum. Þá verður mönnum væntanlega ljóst að það þýðir ekkert annað en að fresta þessu máli þangað til það frv. sem við munum þurfa að taka afstöðu til liggur fyrir í lokaútgáfu.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Við getum deilt um flest í sam-

bandi við þetta mál annað en staðreyndir. Þær eru t.d. að hv. málshefjandi, og reyndar hv. þm. sem hér er flissandi, Ólafur Ragnar Grímsson, sögðu bæði ranglega að þetta væri samningur milli EFTA og Evrópubandalagsins. Það er ekki svo. Þetta er samningur milli EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins.

Í annan stað hefur því verið haldið fram að frumvarpsgreinin sem liggur fyrir Alþingi Íslendinga sé úrelt. Það er rangt út frá staðreyndum. Vegna þess að þetta er heimildarákvæði til ríkisstjórnar um að fullgilda samning sem er milli EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins. Það mun ekkert breytast.

Síðan er það svo, hv. þm., að skv. 5. gr. mun samningurinn ekki öðlast fullgildingu fyrr en, ekki við það að menn rétta hér upp höndina á Alþingi, ríkisstjórn hefur nýtt þessa heimild til að afhenda ásamt öðrum ríkjum fullgildingarskjöl. Það munu áreiðanlega líða okkrar vikur ef ekki mánuðir þar á milli og þann tíma má nýta til þess að komast að niðurstöðu um þær breytingar sem þarf að gera samkvæmt 129. gr.

Því hefur verið haldið fram að því er varðar túlkun á þeirri grein þá hafi utanrrh. ekki farið með rétt mál. Spurningin er þessi: Hverjir eiga aðild að ríkjaráðstefnunni um framhald málsins? Þar segir að ef einhver aðili hefur fellt samninginn — eins og Sviss — þá skuli hinir samningsaðilarnir — hinir samningsaðilarnir eru þá annaðhvort þeir sem hafa þegar staðfest eða ljóst er að ætla ekki að hafna ...(Gripið fram í.) Þetta stendur í þeirri skýringu, samþykktinni, „agreed minutes", um þennan samning sem túlkar þessa grein þegar aðstæður sem þessar koma upp. Hverjir eiga erindi á ríkjaráðstefnu til að ljúka málinu? Þau lönd eins og Svíþjóð, Noregur, Finnland eða Austurríki, sem hafa þegar staðfest. Ekki einhvern úreltan samning heldur þessar tillögugreinar. Og náttúrlega kemur það fram, eins og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir minntist á: Fer utanrrh. Íslands með umboð frá Alþingi Íslendinga til að ljúka málinu? Um það er spurningin.

Að lokum, virðulegur forseti, er spurningin einfaldlega þessi: Hvaða tíma höfum við fram undan? Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að auðvitað er það að gagni þegar utanríkisviðskiptaráðherrar, Evrópumálaráðherrar EFTA-ríkjanna annarra en Sviss, hafa komið saman. Þá verða samantekin ráð þeirra væntanlega kynnt fyrir upphaf 2. umr.

En ég endurtek að það er óþarfi að vefengja staðreyndir og staðreyndirnar eru þær að tillögugreinin í frumvarpinu er fullgild og Alþingi Íslendinga er ekkert að vanbúnaði að samþykkja hana. Það er þýðingarmikið fyrir hagsmuni íslensku þjóðarinnar að það leiki ekki á tveimur tungum að pólitískur vilji okkar til að staðfesta þennan samning er óbreyttur.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það liggja fyrir þinginu nokkur frv. sem byggja á því að EFTA sem stofnun sé aðili að ákvarðanatöku í þeim málum. Það er alveg ljóst að þessi hálftíma umræða sem hér hefur farið fram, sérstaklega í ljósi síðustu ræðu hæstv. utanrrh., er á engan hátt tæmandi. Ég vil þess vegna mælast til þess hér að hæstv. utanrmn. taki aftur að fjalla um staðfestingarfrv. ríkisstjórnarinnar um EES-samninginn, þannig að innan utanrmn. geti á næstunni farið fram umræða og skoðun á málinu öllu og menn hafi þá tækifæri til að skila framhaldsnefndaráliti ef menn vilja. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt sérstaklega í ljósi þessara röngu fullyrðinga hæstv. utanrrh. áðan að nefndin fari rækilega yfir málið.

Hæstv. utanrrh. sagði að EFTA kæmi þessu máli ekkert við. Það er ekki þannig. Ég nefni sem lítið dæmi að fjórði hluti fylgisamningsins um dómstólinn og eftirlitsstofnunina fjallar um EFTA-dómstólinn sérstaklega. (**Forseti:** Má ég biðja hv. þm. að halda sig við gæslu þingskapa.) Já, ég er að koma að því, virðulegur forseti. Í öðrum lið staðfestingargreinarinnar er vikið að því að það eigi að staðfesta þessa samningstexta sem ekki geta með nokkrum hætti verið í gildi.

Þar að auki, virðulegi forseti, liggur á borðum þingmanna í dag og sjálfsagt til áframhaldandi afgreiðslu næstu daga, þskj. 401 um frv. til samkeppnislaga. Þar er kominn inn XI. kafli sem heitar umræður urðu um hér fyrir helgina þar sem hvað eftir annað er vikið að dómstóli EFTA og eftirlitsstofnun EFTA. Það stendur ekkert EFTA-ríkjanna, hæstv. utanrrh. Það stendur bara dómstóli EFTA á bls. 10 í þskj. og eftirlitsstofnun EFTA. Ég sé því ekki hvernig þingið getur afgreitt frv. á þskj. 401 við 3. umr. í óbreyttu formi eftir að Sviss hefur ákveðið að EFTA er ekki lengur aðili að þessu máli sem stofnun.

Þess vegna vil ég biðja virðulegan forseta að skoða meðferð þskj. 401 áður en það verður sett á dagskrá á nýjan leik, því ég sé ekki að hægt sé að afgreiða samkeppnislögin frá þinginu í þeim búningi sem þau eru nú eftir þennan atburð og svo kann að vera um fleiri frv. Ég vil leggja fram þá formlegu ósk að utanrmn. taki staðfestingarfrv. aftur til umfjöllunar í ljósi þess sem hér hefur komið fram í dag.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég heyrði ekki betur en hv. 8. þm. Reykn. hefði borið fram fyrirspurn til forseta rétt áðan. Er hugsanlegt að hún hafi farið fram hjá hæstv. forseta? Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að hæstv. forseti svari því hvernig ætlunin er að haga þinglegri meðferð þeirra mála sem snerta EES-málið og liggja fyrir í öllum nefndum þingsins.

Það er mín skoðun að það sé algjörlega fráleitt í raun og veru að halda þeirri afgreiðslu áfram með þeim hætti sem gert hefur verið að undanförnu í ljósi þeirrar óvissu sem liggur fyrir. Það er tímasóun og endileysa ef ríkisstjórnin óskar eftir að fá afgreidd önnur mál sem hér liggja fyrir, t.d. um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Þess vegna væri skynsamlegast af forsetanum að beita sér nú þegar fyrir samkomulagi um að öll þessi EES-mál verði lögð til hliðar vegna þess að Alþingi hefur ekki tíma til jóla til að eyða tíma og getu og kröftum í óvissumál af því tagi sem EES-málið er. Ég skora á hæstv. forseta Alþingis að beita sér af myndug-

leika gagnvart ríkisstjórninni í þessu máli og sýna að Alþingi Íslendinga er sjálfstæð stofnun.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Forseti. Ég er ekki viss um hvort hv. síðasta ræðumanni er kunnugt um þann fund sem haldinn var í hádeginu og þær umræður sem þar fóru fram. En það er ekki sanngjarnt að ætlast til þess af forseta þingsins að hann svari því hér og nú hvaða afstaða verður tekin til einstakra EES-mála eða allra EES-málanna í heild. Þessi mál eru til umræðu núna milli þingflokka á vettvangi þingflokksformanna og jafnframt með forseta þingsins.

Það er alveg ljóst að það verður að fara vel yfir þessi mál öll. Auðvitað eru breyttar aðstæður. Það hefur komið fram. Menn þurfa að átta sig betur á stöðu málanna eins og hún er nú. Það liggur fyrir að það gerist ekkert í þessu, ekkert nýtt kemur upp fyrr en hæstv. utanrrh. verður kominn heim að nýju af fundi ráðherra EFTA-ríkjanna sem verður seinna í vikunni.

Ég held að það sé skynsamlegast að menn taki það rólega á meðan, reyni að ráða ráðum sínum innan þingflokkanna og milli þeirra, átta sig á þessari breyttu stöðu og reyna að ná samkomulagi um bæði það sem hv. þm. vék að og aðra málsmeðferð sem þessu tengist.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég vil ekkert útiloka að gott samkomulag geti tekist um þingstörfin á næstu vikum og ég tek undir þau orð sem þingflokksformaður Sjálfstfl. viðhafði hér áðan að menn eigi að nota tímann til að átta sig á stöðu mála. Sérstaklega held ég að það sé brýnt fyrir hæstv. utanrrh. eftir þá dæmalausu ruglræðu sem hann flutti í lok umræðunnar áðan að átta sig á stöðu mála og gera sér grein fyrir hverjar eru staðreyndir málsins og vera ekki hér með þetta fleipur.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt þá tókst samkomulag milli stjórnar og stjórnarandstöðu um afgreiðslu mála fram að lokum þings fyrir jól. Að því er varðar EES-málið og umfjöllun um það þá urðu stjórnarliðar við þeim tilmælum, einkum og sér í lagi framsóknarmanna, að fresta 2. umr. vegna þess að formaður Framsfl. er erlendis, á Sri Lanka, og varaformaður Framsfl. er jafnframt erlendis. Það er svona til marks um sanngirni stjórnarliða að við urðum við því og sýnir vilja okkar til góðs samkomulags um meðferð málsins. Það var einn þingflokkur, þingflokkur Alþb., sem gerði fyrirvara um að þetta kynni að breytast af þeirra hálfu eftir niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslu í Sviss. Af hálfu framsóknarmanna var hins vegar sagt að þeir út af fyrir sig gerðu ekki ráð fyrir að lengja umræðu þegar kæmi til 3. umr. þann 16. des.

Ég nefni þetta hér þegar menn ræða undir liðnum þingsköp um þinglega meðferð málsins í framhaldi af því sem þegar hefur verið sagt. Það er staðreynd að Alþingi Íslendinga er út af fyrir sig ekkert að vanbúnaði að lúka málinu vegna þess að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu í Sviss hefur engu breytt um forsendur okkar í þessu máli. Þannig að það er óþarfi að hafa uppi stór orð eða heitingar eða tala um firrur og annað slíkt í því sambandi og ég læt í ljósi þá ósk að það hafi ekkert það gerst sem breyti því samkomulagi sem gert var um viti borna og skynsamlega meðferð mála.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og hér hefur komið fram í máli þingmanna þá eru þessi mál í umræðu milli þingflokka og væntir forseti þess að ekki líði á löngu þar til það liggur ljóst fyrir hvernig framhaldið verður.

Jón Helgason *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Á fundi allshn. í morgun voru á dagskrá frv. sem tengjast samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Ég vakti þá athygli á því að þau hlyti að þurfa að endurskoða með tilliti til breyttra aðstæðna og var undir það tekið. En ástæðan fyrir því að ég benti á það er m.a. þessi setning í 28. gr. frv. um breytingar á ýmsum lögum, þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá skal ákvæðum 75. gr. einnig beitt, eftir því sem getur átt við þegar gagna er aflað fyrir héraðsdómi hér á landi í tengslum við rekstur máls erlendis, þar á meðal fyrir EFTA-dómstólnum."

Hér er eingöngu talað um EFTA-dómstólinn sem ég held að allir aðrir en hæstv. utanrrh. muni viðurkenna að verður ekki til.

Kristín Ástgeirsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er mikill misskilningur hjá hæstv. utanrrh. að hér hafi verið gert samkomulag um meðferð mála fram að jólum. Það var eingöngu gert samkomulag um að 2. umr. um EES-frumvarpið hæfist laugardaginn 12. og héldi áfram á mánudegi og þriðjudegi og lyki með útvarps- og sjónvarpsumræðu. En það var búið að gera fyrirvara við það. Það er ekki rétt að eingöngu Alþb. hafi gert fyrirvara vegna þess sem gerast kynni í Sviss heldur gerðu það bæði Kvennalisti og Framsfl. á fundi þar sem hæstv. utanrrh. var ekki mættur, heldur hæstv. heilbrrh., þannig að öll stjórnarandstaðan hefur gert þennan fyrirvara.

Þetta vildi ég að kæmi fram, enda hefur það komið fram í dag að það er komin upp algjörlega ný staða í þessu máli sem við þurfum að ræða í rólegheitum og kanna hvað hér verði gert, en ég hlýt að álykta sem svo að ríkisstjórninni hljóti að vera meira í mun að koma ríkisfjármálunum í eitthvert horf en þessum samningi sem nú er í lausu lofti.

Ragnar Arnalds *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þetta er satt að segja alveg makalaus umræða sem hér fer fram. Að hæstv. utanrrh. skuli koma hér og tala í eina mínútu og koma að tveimur ósannindum í svo stuttri ræðu. **(Gripið fram í:** Hann getur betur.) Kannski getur hann samt betur, það má vera. En það er rétt sem kom fram hjá seinasta hv. ræðumanni, að það var aldrei búið að gera neinn samn-

ing um meðferð þingmála eftir að 2. umr. um EES-málið lyki þann 15. des. Það var talað um það að hefja hugsanlega þá 3. umr. daginn eftir en að öðru leyti hafði ekkert samkomulag verið gert um það hvenær og hvernig þinglok yrðu.

Í öðru lagi verður að ítreka það að þetta var fyrirvari allra stjórnarandstöðuþingflokkanna að ef úrslitin í Sviss yrðu á þann veg að þar yrði EES-samkomulagið fellt þá yrði að taka málið til endurskoðunar.

Það er að vísu rétt að í fundargerð, sem send var út eftir þennan fund, er þetta sérstaklega bókað sem fyrirvari Alþb. en á forsetafundi í morgun var það staðfest að þetta hefði líka verið fyrirvari hinna stjórnarandstöðuflokkanna, en að vísu munnlegur fyrirvari, en hann hefði komið skýrt fram.

Ég vil svo bara taka undir það sem hér hefur komið fram að við verðum að nota næstu daga, bæði þingflokkar og þingmenn til að átta okkur til fulls á stöðu þessa máls, en þó virðist hæstv. utanrrh. alveg sérstaklega þurfa á þessum tíma að halda til þess að reyna að skilja í hvaða stöðu málið er komið.

Ingibjörg Pálmadóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hæstv. utanrrh. áðan um að það væri samkomulag um að EES-frumvörpin yrðu öll keyrð áfram og EES-málið yrði keyrt áfram óháð öllu þá vil ég að það komi fram að ég var starfandi þingflokksformaður í upphafi þessa samningaviðræðna. Ég ætla að staðfesta það sem félagar mínir í stjórnarandstöðunni hafa áður sagt að það var fyrirvari alveg frá upphafi um það að ef þessi samningur yrði felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu í Sviss þá yrði þetta mál ekki afgreitt fyrir jól. Ég er alveg viss um að þingflokksformaður Sjálfstfl., Geir Haarde, getur komið upp og staðfest þetta.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Það er auðvitað allra ósk að þetta mál liggi sem skýrast fyrir og hverjar eru staðreyndir í þessu máli vegna þess að það snertir störfin á Alþingi. Eitt af því sem ekki hefur komið hér til tals, hvorki í utandagskrárumræðu né þingskapaumræðu nú að henni lokinni, er staðan hjá Evrópubandalaginu. Það er ósk mín til hæstv. forseta að forseti upplýsi þingið um það hvernig er komið staðfestingu ríkja Evrópubandalagsins á þessum samningi. Hæstv. utanrrh. sagði við áhorfendur sjónvarps í gærkvöldi að flestir væru búnir að því, ekki allir. Hann virðist búa að allt öðrum upplýsingum en t.d. ég hef í þessu máli. Ég hélt það væru ekki nema þrjú ríki, í mesta lagi fjögur, sem hefðu lokið staðfestingu þessa samnings, þ.e. Írland, Danmörk og Portúgal.

Hæstv. utanrrh. hefur ekki haft fyrir því að leiðrétta þessa staðhæfingu sína og ég óska eftir því við hæstv. forseta að hann upplýsi þingið um það hvernig þessi mál eru stödd hjá Evrópubandalaginu því það snertir sannarlega þetta mál. Ef eitt ríki þar ekki staðfestir samninginn þá er þetta mál endanlega búið. Það liggur alveg skýrt fyrir. Menn geta látið sig dreyma um eitthvað er varðar EFTA en varðandi Evrópubandalagið hefur það alla tíð verið ljóst að ef eitt ríki þar ekki staðfestir samninginn þá væri þetta mál alveg úr sögunni. Eftir mínum upplýsingum eru það níu sem eiga það eftir.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er út af ummælum hv. 2. þm. Vesturl. varðandi það samkomulag sem gengið var frá á milli formanna þingflokka í síðustu viku. Þá er það rétt að það komi fram að á fyrri fundi sem við áttum kom fram fyrirvari af allra hálfu, þ.e. þriggja stjórnarandstöðuflokka varðandi úrslit atkvæðagreiðslunnar í Sviss. Á síðari fundi, sem haldinn var og sem hæstv. utanrrh. var viðstaddur, var hann hins vegar aðeins ítrekaður af Alþb. og það mun vera ástæðan fyrir því að í fundargerð er eingöngu vikið að Alþb. í þessu sambandi. En mér er ljúft að viðurkenna að ég kannast við það að aðrir flokkar gerðu við þetta fyrirvara.

Hins vegar er það ekki rétt sem hv. þm. sagði að þar með lægi fyrir og hefði komið fram að málið kæmi ekki til umræðu fyrir jól og það kæmi ekki til greina að ræða það eða afgreiða neitt fyrir jól. Það liggur hins vegar þá bara fyrir og það er ekki samkomulag um hvernig að því skuli staðið. Það þýðir vitaskuld ekki annað en það að setjast þarf niður á nýjan leik og ræða málið að nýju eins og ég hef þegar sagt í umræðunni, meta hinar nýju aðstæður og reyna að komast að nýju skynsamlegu samkomulagi eins og menn gerðu í síðustu viku. Það held ég að allir hafi fullan hug á að gera. Mér heyrðist það bæði í umræðunum í utanrmn. í morgun og sömuleiðis í hádeginu á fundi þingflokksformanna hjá forseta og ég er sannfærður um ef allir leggjast á eitt þá náum við slíku samkomulagi. En það gerist ekkert í málinu fyrr en hæstv. utanrrh. kemur af fundi sínum. Ég held við eigum að láta þetta mál kyrrt liggja þangað til.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Austurl. bar fram fyrirspurn til forseta um það hvaða ríki innan EB hefðu ekki staðfest EES-samninginn enn þá. Mér er ekki alveg ljóst hvort virðulegur forseti Alþingis býr yfir þessum upplýsingum. Þess vegna vil ég svara því hér og nú að það kom fram á fundi utanrmn. í morgun að allt benti til þess að a.m.k. þrjú ríki Evrópubandalagsins myndu ekki staðfesta EES-samninginn fyrir áramót. Holland myndi líklega ekki staðfesta samninginn fyrir áramót, Grikkland myndi líklega ekki heldur staðfesta samninginn og Ítalía líklega ekki heldur. Þannig að það liggur fyrir að af hálfu Evrópubandalagsins verður samningurinn ekki heldur staðfestur fyrir áramót því það þarf staðfestingu allra EB-ríkjanna til þess að samningurinn taki gildi. Allt rennir þetta auðvitað stoðum undir það að menn hafa góðan tíma til þess að skoða þetta í rólegheitum og vega það og meta eins og hér hefur komið fram hjá ýmsum þingmönnum. Ég vil taka undir það sjónarmið sem fram kom hjá hv. þm. Geir Haarde að það er skynsamlegast að bíða skýrslu utanrrh. frá fundi EFTA-ráðherranna á fimmtudag og föstudag í þessari viku og skoða síðan framhaldið og

fá síðan endanlega staðfestingu á því hvort það er ekki rétt sem ég hef hér frá greint, að Evrópubandalagið muni ekki heldur vera búið að ljúka sinni staðfestingu fyrir áramót.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Það hefur verið lýst eftir upplýsingum um það hversu mörg Evrópubandalagsríki hafi staðfest samninginn eða hversu mörg munu að ætla má ekki geta lokið staðfestingu fyrr en eftir áramót. Þessar upplýsingar liggja ekki fyrir alveg á hreinu, en það er rétt sem fram kom hjá hv. 8. þm. Reykn. að fyrir lá eftir mati að þrjú ríki a.m.k. mundu ekki ljúka staðfestingunni þá. En það þarf að koma fram í því sambandi að sá er munur á að á þeirri ríkjaráðstefnu sem kölluð verður saman er það framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins sem er fulltrúi Evrópubandalagsins en ekki einstök aðilarríki. Hins vegar eru það af hálfu EFTA-ríkjanna ríkin sjálf þannig að þarna er tvennu ólíku saman að jafna.

Útbýting þingskjala:

Evrópskt efnahagssvæði, 1. mál, nál. 2. minni hluta utanrmn., þskj. 411.

Vegáætlun 1993–1996, 290. mál, stjtill., þskj. 422.

Lánsfjárlög 1992, 1. umr.

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 279. mál (húsbréf). — Þskj. 396.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lánsfjárlögum fyrir árið 1992. Frv. er afar stutt, aðeins ein grein og hún gengur út á að það megi gefa út húsbréf fyrir allt að 16 milljarða kr. á þessu ári í stað 12 milljarða eins og heimild var fyrir.

Ástæðan fyrir því að þetta frv. er flutt er sú að útgáfa húsbréfa hefur orðið nokkru meiri framan af árinu en reiknað var með vegna greiðsluerfiðleikalána, vegna yfirfærslu biðraðar frá Byggingasjóði ríkisins yfir í húsbréfakerfið og síðan vegna nýbygginga.

Heimildir sem voru til útgáfu húsbréfa á þessu ári eru uppurnar og það er afar óheppilegt að eins konar gat myndist í þessu kerfi. Þess vegna er meiningin að það sé gefinn út nýr flokkur af húsbréfum upp á 4 milljarða en einungis notaður 1 milljarður í lok þessa árs.

Ég vil líka vekja athygli á því að helsta ástæðan fyrir því að talin er þörf á þessu er sú að nýbyggingar hafa kallað á meiri útgáfu húsbréfa og ég held að það sé vandamál sem við viljum gjarnan hafa á þessum síðustu og verstu tímum, að það sé meira líf á því sviði heldur en annars væri.

Ætlunin er síðan að gera tillögu um breytingu á lánsfjárlögum fyrir árið 1993 og að sú heimild sem þar er gert ráð fyrir upp á 12 milljarða verði lækkuð í 8 milljarða.

Ég held að frv. skýri sig sjálft. Það hefur verið fjallað um þetta mál í efh.- og viðskn. þannig að ég vona að þingmenn treysti sér til þess að afgreiða það með skjótum hætti.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. v. og formanni efh.- og viðskn. að nefndinni barst bréf frá félmrn. og fjmrn. sameiginlega þar sem óskað var eftir því að gera þessa breytingu á gildandi lánsfjárlögum og fyrir því voru færð þau rök, að heimild á yfirstandandi ári til útgáfu húsbréfa upp á 12 milljarða mundi ekki nægja vegna þess að eftirspurnin eftir húsbréfum mundi fara upp undir 1 milljarð fram úr áætlun.

Þetta á sér ýmsar skýringar eins og hér kom reyndar fram að hluta til hjá hv. formanni efh.- og viðskn. og í sjálfu sér vorum við í minni hlutanum, eða a.m.k. sá sem hér talar ekkert efnislega ósáttur við hvernig þær skýringar voru fram reiddar og það er ekki af þeim sökum sem niðurstaðan varð engu að síður sú að hv. þm. meiri hlutans flyttu frv. en ekki öll nefndin. Það er fremur vegna þess að þegar við óskuðum eftir ýmsum viðbótarupplýsingum um stöðu húsnæðismála, húsbréfaútgáfu, vaxtamál, afföll og fleiri slíka hluti þá varð lítið um svör. Með vísan til þeirrar óvissu, m.a. sem uppi kvað vera um útgáfu húsbréfa á næsta ári, meðferð þeirra hluta í stjórnarsamstarfinu töldum við rétt að það væri þá á ábyrgð meiri hlutans að leggja fram þetta frv.

Það er á hinn bóginn svo að við sjáum ekki ástæðu og engin efnisleg rök til að leggjast gegn þessu frv. eða leggja sérstaklega stein í götu þess. Það má segja að þetta sé tiltölulega einföld tæknileg aðgerð fremur en efnisleg. Og þó svo að ýmsum kunni að bregða í brún þegar þeir sjá að það færast yfir á lánsfjárlög þessa árs 4 milljarðar kr. þannig að heimild til útgáfu húsbréfa verður 16 milljarðar á þessu ári, þá er auðvitað ljóst með þeim skýringum sem fylgja og því að ekki er ætlunin að nota nema 1 milljarð á þessu ári að hér er ekki um mjög stórvægilega breytingu að ræða.

Ég vil hins vegar við þetta tækifæri, hæstv. forseti, m.a. til þess að greiða götu þessa máls eða lengja ekki um það umræður, láta mér nægja að vísa í að það er að mínu mati óhjákvæmilegt að veruleg vinna verði lögð í það á næstu mánuðum að afla miklu ítarlegri upplýsinga um ýmsa þætti húsnæðismálanna þar á meðal þróun vanskila í húsbréfakerfinu sem eru greinilega að byrja að hlaðast upp og horfurnar í þeim efnum. Og ég get ekki látið, hæstv. forseti, þetta tækifæri algerlega fram hjá mér fara þó að ég vilji greiða götu þessa máls eða sjái ekki neina ástæðu til að leggja stein í götu þess að lýsa þessari skoðun minni. Það munu vissulega gefast fleiri tækifæri hér á þessu þingi, hinu 116., því að þegar er komið inn til að mynda frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og væntanlega einnig í tengslum við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga næsta árs o.s.frv. gefast betra tækifæri til

að fara betur ofan í saumana á þessum húsnæðismálum en gefst til að þessu sinni og það er m.a. með vísan til þess sem ég treysti mér ekki til að vera einn af flm. þessa frv.

Ég held að það sé alveg ljóst að aðstæður fjölmargra einstaklinga, hundraða og þúsunda, sem átt hafa viðskipti við Húsnæðisstofnun ríkisins á síðustu missirum og fengið hafa húsbréf að undangengnu greiðslumati, hafa breyst, því miður í stórum stíl til hins verra og það mun kalla á aðgerðir, það mun þýða vandamál á næstu árum sem óhjákvæmilegt verður að horfast í augu við. Það þarf auðvitað ekki annað en að taka sem dæmi fjölskyldu sem fékk greiðslumat segjum á árinu 1990 við aðrar aðstæður þegar afföll voru önnur á þessum bréfum, þegar ráðstöfunartekjur þeirrar fjölskyldu voru hærri en þær eru í dag og síðan stendur hún núna frammi fyrir greiðslubyrði með skertum kaupmætti og skertum ráðstöfunartekjum sem slík dæmigerð fjölskylda ræður ekki við. Þetta mun óhjákvæmilega fara að sýna sig í auknum vanskilum því miður við húsbréfadeildina. Þær litlu upplýsingar sem við fengum í efh.- og viðskn. eftir að hafa beðið um yfirlit yfir þetta í liðinni viku benda tvímælalaust til þess að árið 1992 stefni í mikil óefni í þessu efnum borið saman við það sem var á árinu þar á undan. Vanskil frá fyrra ári voru mjög óveruleg en ef marka má þetta yfirlit stefnir þegar í verulega breytingu til hins verra á þessu ári.

Þetta er annað aðalatriðið, hæstv. forseti, sem gerði það að verkum að ég — og ég vænti þess að það eigi einnig við hin í minni hlutanum — kaus að vera ekki flm. að þessu frv. Hitt er svo það að hæstv. ríkisstjórn eða talsmenn stjórnarflokkanna gátu ekki miklu svarað um áform ríkisstjórnarinnar á næsta ári varðandi útgáfu húsbréfa. Vegna þeirrar tilfærslu, sem hér er að fara fram og er auðvitað í beinum tengslum við umfang þessarar starfsemi á næsta ári, þá fannst okkur ekki eðlilegt við svo óljós svör að fara að standa að því eða bera ábyrgð á því með hæstv. ríkisstjórn hvernig að þessum málum yrði staðið. Nú hafa að vísu komið fram í fjölmiðlum, ef marka má það á síðustu sólarhringum, óljósar fréttir af því að niðurstaða hjá hæstv. ríkisstjórn hafi orðið sú að hrófla ekki við útgáfu húsbréfanna á næsta ári en þó er þar eitthvert orðalag á ferðinni um að þar eigi að fylgjast náið með þróuninni o.s.frv. Hvort sjálfkrafa verður einhver samdráttur í eftirspurn á næsta ári, og þá væntanlega sérstaklega vegna þess að nýbyggingar eru með allra mesta móti og minnkandi, þ.e. þær sem eru að verða lánshæfar nú og á næsta ári og e.t.v. verður einnig hægagangur á fasteignamarkaði í viðskiptum með notað húsnæði og allt mun það þá bera að sama brunni. Á móti þessu gætu svo komið vaxandi greiðsluerfiðleikar almennings og þá kemur auðvitað upp sú spurning: Munu menn þurfa að bregðast við eða vilja menn bregðast við því með einhverjum þeim hætti sem haft gæti áhrif á þörfina fyrir útgáfu húsbréfa? Þessu er e.t.v. ótímabært að reyna að svara og sérstaklega ótímabært þegar óvissan vegna samkomulags stjórnarflokkanna í þessum málum er höfð í huga.

Ég vil svo aðeins taka fram að lokum vegna þess sem hv. formaður efh.- og viðskn. greindi frá með nýbyggingar að það var eitt af þeim atriðum sem við óskuðum eftir upplýsingum um í efh.- og viðskn. og sú skýring var þá gefin sem er svo sem skiljanleg þegar betur er að gáð að aukin þörf fyrir lán á þessu ári væri að sjálfsögðu afleiðing af auknum nýbyggingum sem hófust við allt aðrar og betri aðstæður í efnahagsmálum þjóðarinnar, aðallega á árinu 1990 en er nú að koma fram í þörf fyrir aukin húsbréf. Þessar aðstæður hafa eins og allir landsmenn því miður vita gjörbreyst til hins verra og nú er miklu minna í gangi. Nú minnkar lánsþörf sem mun lýsa sér í minni þörf fyrir húsbréf til nýbygginga á komandi einu til tveimur árum þannig að þessi tímabundni kúfur, sem hér er að koma fram og veldur lítillega aukinni þörf á útgáfu húsbréfa nú á síðari hluta ársins 1992, er því miður augljóslega tímabundinn og það mun draga strax úr þessari þörf á næsta ári og e.t.v. enn frekar á árinu 1994.

Ég sé, hæstv. forseti, með vísan til aðstæðna ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð þó svo sannarlega sé margt í sambandi við stöðu húsnæðismálanna sem vert og þarft væri að ræða en það bíður þá betri tíma.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa mörg orð við afgreiðslu þessa máls hér við 1. umr. en ég ætla þó að koma að örfáum atriðum. Ég skil rökin sem eru færð fyrir þessari breytingu á lánsfjárlögum og eins og ég sagði mun ég ekki leggja stein í götu framgangs málsins út frá þeim forsendum. Það væri hins vegar freistandi að ræða ýmislegt varðandi húsnæðismálin og þau áhrif sem þetta hefur á lánsfjármarkaðinn. Ég mun þó einungis nefna hér örfá atriði.

Formaður nefndarinnar nefndi það að við mundum væntanlega vilja sjá fjör á þessum markaði, þ.e. að einhverjar framkvæmdir væru í gangi. Það kom fram hjá síðasta ræðumanni að þetta væru nú kannski frekar fjörbrot heldur en að um sé að ræða mikið fjör í uppsiglingu. Það er svolítið annað mál að mér fannst að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson talaði örlítið sér um hug því að ég býst við án þess að ég ætli að gera formanni okkar upp skoðanir að hann mundi frekar vilja sjá uppgang og framkvæmdagleði annars staðar í okkar þjóðfélagi í dag heldur en í stórauknum byggingum íbúðarhúsnæðis. Það væri að mínu mati miklu skemmtilegra að nú væri drift og kraftur í uppbyggingu í atvinnulífinu og þar væru í gangi fjárfestingar sem síðan gætu skapað sterkari grunn undir einkaneysluna og þar á meðal íbúðarbyggingar.

En það er eitt atriði sem ég ætlaði að gera að umræðuefni og það er greiðslumatið. Ég verð stöðugt gagnrýnari á það fyrirbæri eftir því sem ég sé meira af því, þ.e. að einhverjir skrifstofumenn úti í bæ setjist niður út frá mjög takmörkuðum upplýsingum og hafa vissulega engin tækifæri til þess að spá fram í tímann og gefa út eitthvert vottorð um lánshæfi gagnvart láni sem á síðan að endurgreiðast á fjórðungi aldar. Mér

finnst að þarna sé oft og tíðum verið að gefa fólki meiri fyrirheit en hægt er að standa við. Og þetta segi ég sérstaklega í ljósi þess sem nú er að gerast og beini orðum mínum til hæstv. félmrh. Stór hópur þeirra sem eru að taka húsbréfalánin er fólkið í miðlungstekjuhópunum í þjóðfélaginu og þar rétt fyrir ofan, lægst launaða fólkið fer í biðröðina í félagslega kerfinu. Tökum dæmi um einstakling eða hjón sem hafa fengið greiðslumat fyrir tveimur árum þar sem gert var ráð fyrir ákveðnum tekjum. Síðan hefur það verið að gerast á tveimur síðustu árum og er að gerast enn að hæstv. ríkisstjórn grípur þarna harkalega inn í. Það er alltaf verið að fletja út ráðstöfunartekjukúrfuna hjá þessu fólki, millitekjufólkinu og þeim sem kannski eru með aðeins rúmlega miðlungstekjur með því að lækka barnabætur, með því að lækka vaxtabæturnar, með breytingum á skattkerfinu þannig, og nú hef ég þann fyrirvara sem ég gerði fyrr í minni ræðu varðandi það að menn séu yfir höfuð að gefa út greiðsluvottorð, að þær forsendur sem menn fengu útreiknaðar fyrir einu eða hálfu öðru ári síðan standast alls ekki lengur og ekki eingöngu vegna þess að ástæður í þjóðfélaginu hafi versnað þannig að tekjumöguleikar séu minni heldur ekki síður vegna ráðstafana þeirra sömu stjórnvalda og gáfu út greiðsluvottorðið á sínum tíma.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Um efni frv. er það að segja að vilji húsnæðismálastjórnar stendur til þess að fá það samþykkt fyrir áramót til að unnt verði að afgreiða þær umsóknir sem fyrir liggja fyrir jól. Er greint frá því í greinargerð hvers vegna lagt er til að gefinn verði út flokkur sem er 4 milljarðar í stað eins milljarðs sem líklega væri nóg til að mæta þeirri þörf sem liggur fyrir. Af minni hálfu er því engin fyrirstaða fyrir því að afgreiða þetta frv. svo skjótt sem verða má.

Óneitanlega gefur frv. samt tilefni til að minna menn á reynsluna af þessu lánakerfi sem sett var hér í staðinn fyrir það sem fyrir var og var stundum kallað 86-lánakerfið. Það kerfi var vissulega ekki gallalaust eins og allir vita en enn síður er hægt að halda því fram að húsbréfakerfið sé gallalaust. Það var t.d. einn gallinn skilmerkilega rakinn í ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e. sem lýsir sér í því að lán eru veitt út frá ákveðnum forsendum um greiðslugetu lántakandans en síðan eru það stjórnvöld sjálf sem breyta og kollvarpa þeim forsendum sem lánveitingin er byggð á og í raun og veru knýja suma þeirra í þá stöðu að verða vanskilamenn með því að bregðast loforðum sem staðfastlega hafa verið gefin út um að endurgreiðslukerfi í gegnum ríkissjóð mundi bæta mönnum upp þá breytingu að taka upp markaðsvexti í stað lægri vaxta eins og áður var. Það er vissulega ámælisvert, virðulegi forseti, þegar fólki er talin trú um að það sé því til hagsbóta að húsnæðislánakerfið sé á markaði eins og það heitir, þ.e. þeir vextir sem menn verða að borga ráðist á aðstæðum á þeim stað sem kallaður er markaður og hagsbæturnar liggi í beinum endurgreiðslum frá ríkissjóði í gegnum vaxtabætur auk annarra bóta sem eru ekki tengdar húsnæðisöflun en vissulega hafa áhrif á fjárhagsgetu lántakenda eins og barnabætur.

Ég vil segja um þá niðurstöðu sem fyrir liggur af hálfu ríkisstjórnarflokkanna varðandi vaxtabæturnar að um er að ræða afar grófa aðför að því fólki sem tekið hefur húsbréfalán einmitt í trausti þess að við vaxtabótakerfinu yrði ekki hróflað. Menn hafa undirgengist skuldbindingar til 25 ára sem ekki verður hróflað við en nú er því miður að koma á daginn að það sem á móti átti að koma stenst engan veginn á sama tíma eða 25 ár, ekki einu sinni í fimm ár svo að maður hafi ekki gert sér meiri vonir en að efndirnar dygðu í fimm ár en það ætlar ekki að verða. Allt húsnæðislánakerfið eins og það liggur fyrir í dag hlýtur að verða tekið til endurskoðunar í ljósi þeirra breytinga sem núverandi ríkisstjórn áformar. Það er ríkisstjórnin sjálf sem er búin að veikja svo undirstöður kerfisins að það dugar ekki sem almennt húsnæðislánakerfi til framtíðar. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Þegar hafa komið fram merki í nokkrum mæli um vanskil fólks sem hefur af einhverjum ástæðum hrapað svo í tekjum að það getur ekki staðið í skilum með afborganir lána sinna. Á því verður að taka en núverandi löggjöf gerir ekki. M.a. er þar um að ræða fólk sem tekið hefur það sem kallað er í daglegu tali húsbréfalán. Það verður að opna heimildir til að gera fólki kleift að halda íbúðum sínum með einhverju sæmilegu öryggi á meðan það ástand varir að það er atvinnulaust eða er tekjulítið af einhverjum öðrum ástæðum sem það ræður ekki við.

Ég vil minna á að í þingnefnd liggur fyrir frv. um það efni og vildi hvetja hv. þingheim til að stuðla að því að það frv. verði afgreitt hið snarasta því það er vissulega brýn þörf á að þær úrbætur verði gerðar á lögunum sem þar er lagt til. Í fskj. með þessu frv. er einmitt bent á að á árinu 1992 eru menn enn að lána vegna greiðsluerfiðleikalána. Það voru lokin á því lánakerfi og sýnir að þörfin fyrir það var meiri en menn héldu. Það rökstyður enn frekar nauðsyn á því að í löggjöf séu einhverjar úrbætur til að taka á vandamálum af því tagi. Það ber vissulega að harma hlutskipti þess fólks sem svikið var á sínum tíma um lánafyrirgreiðslu úr 86-kerfinu en eins og menn muna var því fólki sem var í biðröðinni gefið loforð en það loforð brást. Því fólki var vísað yfir í húsbréfakerfið. Það mun þýða mun meiri greiðslubyrði fyrir þá einstaklinga, sérstaklega í ljósi þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin hyggst grípa til varðandi skerðingu á vaxtabótum. Hér er því ekki aðeins verið að bregðast þeim orðum sem menn höfðu gefið út varðandi það fólk heldur er verið að íþyngja því enn frekar með væntanlegum breytingum á lögunum.

Ég tel líka nauðsynlegt, virðulegi forseti, að í tengslum við frv. verði teknar saman upplýsingar, sem ég veit að eru fáanlegar með skömmum fyrirvara, um dreifingu á útlánum húsbréfadeildar eftir landshlutum. Ég held að það sé nauðsynlegt að þingheimi verði gerð grein fyrir því hvernig þetta lánakerfi kemur út gagnvart landsbyggðinni. Það var m.a. rökstuðningur fyrir kerfinu að það ætti að vera svo gott fyrir landsbyggðina. Ég tel því miður að þetta lánakerfi hafi ekki upp-

fyllt þær vonir sem við það voru bundnar gagnvart fólki á landsbyggðinni. Ég ítreka þá ósk mína að hv. efh.- og viðskn. afli þessara gagna. Í framhaldi af því hljóta menn að verða að skoða til hvaða úrræða menn eigi að grípa til þess að lánakerfið sé í reynd jafngilt á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar.

Fleira ætla ég ekki að segja um frv., virðulegi forseti, annað en láta það koma fram í lokin, sem ég sagði í upphafi, að ég styð það að frv. verði að lögum og er tilbúinn að standa að því að svo geti orðið fljótlega.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég var svo áhugasamur um það að tala í stuttan tíma í framsögu fyrir málinu að ég gleymdi að leggja til að frv. yrði vísað til nefndar og 2. umr. en geri það hér með. Hv. 6. þm. Norðurl. e. fjallaði um áhuga minn á uppgangi í atvinnulífinu. Ég get alveg staðfest að best væri auðvitað ef uppgangur væri bæði í byggingu íbúðarhúsa og í uppbyggingu á sviði atvinnulífsins. Það verður fjallað um lántöku til húsbréfakerfisins og til húsnæðismála yfirleitt þegar við ræðum lánsfjárlög fyrir 1993. Þá gefst að sjálfsögðu tækifæri til þess að afla margvíslegra upplýsinga um framtíð alls þessa kerfis. Það þarf ekki að tefja neitt umfjöllun um þetta mál sem ég treysti að geti gengið mjög greiðlega fyrir sig hér. (**Forseti:** Hafði hv. þm. einhverja sérstaka nefnd í huga?) Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 284. mál (aðstöðugjald). — Þskj. 414.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 90/1990. Meginefni og tilgangur frv. er niðurfelling aðstöðugjaldsins.

Um langt árabil hefur verið í gangi umræða um niðurfellingu þessa gjalds. Ég ætla ekki að rifja upp við þessa umræðu það sem átt hefur sér stað áður varðandi þetta mál enda veit ég að hún er öllum hv. alþm. vel kunn. Engu að síður tel ég rétt að rifja upp nokkur rök fyrir niðurfellingu aðstöðugjaldsins.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að skattlagning fyrirtækja og neyslu verði samræmd því sem gerist með samkeppnisþjóðum. Í stefnu- og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar segir að lög um tekjustofna sveitarfélaga verði endurskoðuð með það fyrir augum að samræma skattlagningu fyrirtækja því sem gerist í nágrannalöndum. Aðstöðugjaldið á sér ekki hliðstæðu hjá nágrannalöndunum eða meðal helstu samkeppnisþjóða okkar. Yfirlýstu markmiði ríkisstjórnarinnar í þessu efni verður ekki náð án niðurfellingar aðstöðugjaldsins. Skattstofn aðstöðugjaldsins er óheppilegur þar sem gjaldið er lagt á heildarrekstrarkostnað fyrirtækja og tekur því í raun ekkert mið af afkomu þeirra.

Álagning aðstöðugjaldsins stuðlar að óeðlilegri verðmyndun vegna uppsöfnunaráhrifa og veikir stöðu íslenskra atvinnugreina, bæði innbyrðis og gagnvart erlendum keppinautum. Aðstöðugjaldið veldur ákveðnum ójöfnuði einnig milli sveitarfélaga. Þannig ráðast tekjur af aðstöðugjaldi frekar af eðli atvinnustarfseminnar á hverjum stað en raunverulegum umsvifum. Álagningarstofn er í mörgum tilvikum óviss sem veldur oft umtalsverðum afföllum frumálagningar við kærur og endurúrskurði. Þá er skatturinn lagður á eftir á sem veikir innheimtu hans, ekki síst í ljósi síbreytilegra aðstæðna í íslensku efnahagslífi.

Aðstöðugjaldið var tekið upp árið 1962 í stað veltuútsvars. Meginmarkmiðið með álagningu þess var tvíþætt: Annars vegar að mæta tekjuþörf sveitarfélaganna í stað veltuútsvarsins. Hins vegar þótti eðlilegt að fyrirtæki greiddu í einhverju formi fyrir þá þjónustu eða aðstöðu sem sveitarfélög veittu þeim. Álagning aðstöðugjaldsins hefur frá byrjun sætt verulegri gagnrýni. Framan af kom sú gagnrýni einkum frá forsvarsmönnum atvinnulífsins en á seinni árum hefur þessi gagnrýni orðið almennari og háværari. Ástæðan fyrir því að ekki er þegar búið að fella gjaldið niður er einkum tvíþætt. Astöðugjaldið hefur verið sveitarfélögunum mjög misgóður tekjustofn. Í fyrsta lagi hafa þau sveitarfélög sem best hafa verið sett í þessu efni barist gegn niðurfelllingu aðstöðugjaldsins og í öðru lagi hefur ekki verið samkomulag milli sveitarfélaganna um það hvaða tekjustofn ætti að koma í stað aðstöðugjaldsins.

Í tengslum við undirbúning að efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar og aðgerðum til að styrkja stöðu íslensks atvinnulífs og sporna gegn auknu atvinnuleysi fór fram mikil umræða um hvernig stuðla mætti að bættum starfsskilyrðum atvinnuveganna. Þá náðist sá þýðingarmikli áfangi að samkomulag tókst um það milli ríkisstjórnarinnar og fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga að aðstöðugjaldið verði fellt niður á árinu 1993 og sveitarfélögunum verði bætt upp tekjutap til bráðabirgða á því ári með hlutdeild í tekjum ríkisins. Afnám aðstöðugjaldsins hefur veigamikil áhrif á fjárhag sveitarfélaga þótt fyrir liggi ýmsar tillögur um það hvernig bæta megi sveitarfélögunum tekjutapið til frambúðar. Þó þykir ekki rétt að ákveða leiðir í því efni fyrirvaralítið.

Fyrirkomulagið 1993 er hugsað til bráðabirgða og er gert ráð fyrir að á því ári verði lög um tekjustofna sveitarfélaga endurskoðuð með það að markmiði að finna sveitarfélögunum varanlegan tekjustofn í stað aðstöðugjaldsins. Stefnt verður að því að nýtt tekjuöflunarkerfi sveitarfélaganna verði tekið upp í ársbyrjun 1994. Í bráðabirgðaákvæði I í frv. er lagt til að aðstöðugjaldið verði á árinu 1993 lagt á með sama hætti og verið hefur. Þó skal ákvörðun sveitarstjórna um gjaldstig og gjaldflokka gilda óbreytt frá 1992. Gjaldið fellur hins vegar niður við innheimtu. Til að bæta sveitarfélögunum tekjutapið er lagt til að ríkið greiði

þeim 80% af álögðu aðstöðugjaldi 1993 vegna rekstrar 1992 með þeim breytingum sem kunna að verða gerðar við yfirferð framtala og úrskurði á kærum. Þar til álagning aðstöðugjaldsins liggur fyrir er gert ráð fyrir að að ríkið greiði sveitarfélögunum sem fyrirframgreiðslu 40% af álögðu aðstöðugjaldi 1992 vegna rekstrar á árinu 1991. Greiðsla þessi fari síðan fram á fimm gjalddögum. Þegar álagning liggur fyrir verði eftirstöðvarnar einnig gerðar upp á fimm gjalddögum.

Í tengslum við samkomulagið um niðurfellingu aðstöðugjaldsins tókst einnig um það samkomulag að af greiðslum ríkisins til sveitarfélaganna óskiptum rynni nokkur upphæð til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Er það til að mæta fyrirsjáanlegri aukinni þörf fyrir jöfnunarframlög 1993.

Aðstöðugjaldsstofn er í nokkrum tilvikum grundvöllur útreiknings annarra gjalda. Í bráðabirgðaákvæði III er það undirstrikað að framkvæmd á ákvæðum laga um þetta efni standi óhögguð 1993 þrátt fyrir niðurfellingu aðstöðugjaldsins. Einnig verða engar breytingar varðandi landsútsvör.

Bráðabirgðaákvæði IV gerir ráð fyrir að í tengslum við niðurskurð ríkisútgjalda á árinu 1993 skerðist framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 110 millj. kr. og þetta komi einungis niður á framlagi Jöfnunarsjóðsins til Lánasjóðs sveitarfélaga en hafi ekki áhrif á önnur framlög Jöfnunarsjóðsins. Lánasjóðurinn er mjög öflugur sjóður með mikið eigið fé sem um sl. áramót var 3 milljarðar 157 millj. kr. og árlegan tekjuafgang sem á sl. ári var 259 millj. kr. Þessi tímabundna breyting ætti því ekki að hafa nein veruleg áhrif á útlánagetu sjóðsins.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er að hluta til til að uppfylla yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum. Það mál sem er meginefni frv. kemur kunnuglega fyrir því að það hefur verið í umræðu um nokkurt skeið að leggja niður aðstöðugjald. Því ber að fagna að það hefur verið gert. Eigi að síður vil ég við þessa 1. umr. málsins nefna nokkur atriði málsins sem ég tel að þurfi að skoða vel í þeirri nefnd sem fær frv. til meðferðar.

Aðstöðugjaldið er eins og hefur komið fram ranglátur veltuskattur sem tekur ekki tillit til afkomu fyrirtækja. Að fella það niður er þáttur í því að bæta afkomu fyrirtækjanna og ber að fagna því markmiði út af fyrir sig. Þó að markmiðið sé gott og gilt verður að kanna það mjög grannt hvaða áhrif þetta hefur á tekjur og afkomu sveitarfélaganna í landinu því að ég held að það hafi verið samdóma álit allra sem tekið hafa þátt í þessari umræðu í gegnum árin að sveitarfélögin þyrftu að fá tekjustofn í stað aðstöðugjaldsins vegna þess að aðstöðugjaldið er svo ríkur þáttur í tekjuöflun þeirra.

Það hefur verið ákveðið að fara þá leið að bæta sveitarfélögunum þetta með beinum greiðslum úr ríkissjóði til bráðabirgða meðan fundinn verði nýr tekjustofn til að mæta aðstöðugjaldinu. Ég ætla ekki að gagnrýna það þó að enn sé tekinn nokkur tími til þess að skoða þau mál. Hins vegar er alls ekki sama hvernig að þessu er staðið þó að hér verði aðeins um bráðabirgðaaðgerð í eitt ár að ræða. Það er náttúrlega enginn kominn til með að segja til um það að þessi aðgerð standi aðeins í eitt ár vegna þess að það liggur ekkert fyrir enn þá hvaða tekjustofn finnst til frambúðar til að mæta aðstöðugjaldinu.

Fulltrúar fjmrn. mættu á fundi hjá fjárln. 24. okt. sl. Þá var það orðað svo af þeirra hálfu að sveitarfélögin fengju beina millifærslu úr ríkissjóði til þess að mæta tekjutapinu af aðstöðugjaldinu. Ég áleit þá að það væri ætlunin að sveitarfélögin slyppu slétt út úr þessum viðskiptum til bráðabirgða. Við nánari athugun var málið ekki svo einfalt og það hefur komið rækilega í ljós síðan. Í 3. mgr. I. ákvæðis til bráðabirgða stendur, með leyfi forseta:

„Í stað aðstöðugjalds gjaldársins 1993 skulu sveitarfélög fá sérstakt framlag úr ríkissjóði. Framlag ríkissjóðs skal vera fjárhæð sem svarar 80% af álögðu aðstöðugjaldi gjaldárið 1993 sem hefði fallið til hvers sveitarfélags ef ekki hefði komið til niðurfellingar gjaldsins."

Nú er það staðreynd að fjöldi sveitarfélaga hefur betri innheimtu en 80%. Það er þá spurning hvernig með þetta er farið. Ég hef upplýsingar um það frá Sambandi sveitarfélaga úr Austurlandskjördæmi sem eru teknar saman 30. nóv., að allir kaupstaðir landsins, ef þeir eru samanlagðir séu með 83,8% innheimtuhlutfall, á Austurlandi sé þetta hjá kaupstöðum 88,65%, hjá hreppum á öllu landinu sem eru stærri en 300 íbúar séu hlutafallið 90,42% og hreppar sem hafi minna en 300 íbúa hafi allt að 100% innheimtuhlutfall. Það er því ljóst að hér vantar nokkuð upp á.

Það er gert ráð fyrir því í frv. að mæta þessu með því að leggja 120 millj. kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og að þessar 120 millj. verði í tekjujöfnunarframlög. Nú er það alls ekki víst að féð fari nákvæmlega til þess að bæta tekjumissi af aðstöðugjaldinu og þess vegna er ástæða til að það verði hugað mjög grannt að því hvernig þetta kemur út í raun fyrir hin einstöku sveitarfélög.

Ég vil einnig spyrja félmrh. með hverjum hætti hafi verið haft samráð við sveitarfélögin um þetta mál. Þann 10. okt. sl. skrifuðu forsrh., félmrh. og formaður Sambands ísl. sveitarfélaga undir samkomulag um samskipti ríkis og sveitarfélaga. Það var vegna síendurtekinna árekstra þessara aðila. Í síðustu málsgrein þessa samkomulags segir svo, með leyfi forseta:

„Aðilar eru sammála um að framvegis verði tillögur um meiri háttar breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og tekjustofnum sveitarfélaga, sem kveðið er á um í lögum eða gert hefur verið sérstakt samkomulag um, teknar til umfjöllunar í sérstakri samráðsnefnd þeirra. Skulu ákvæði um slíka samráðsnefnd sett í nýjan samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga er öðlast gildi á árinu 1993 en núverandi samstarfssáttmáli aðila rennur út um næstu áramót."

Ég vil spyrja hæstv. félmrh. að því hvort þessi

frumraun hafi gefist vel og þetta samráð hafi verið haft eins og samningurinn kveður á um. Það samráð virðist a.m.k. ekki hafa komist til skila til allra sveitarstjórnarmanna því m.a. í bréfi frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi sem ég vitnaði til virðist það ekki hafa verið haft með í ráðum varðandi þessar ráðstafanir og upplýsingar m.a. um framlag í Jöfnunarsjóð virðast ekki hafa borist til þeirra a.m.k. Eins og ég hef komið inn á er margt óljóst um ráðstöfun þess fjár enn þá.

Hins vegar er það ljóst að auk þess að lagðar eru 120 millj. kr. í Jöfnunarsjóð eiga sveitarfélögin að njóta eftirstöðva af innheimtu þessa árs og er það út af fyrir sig jákvætt. En þar er auðvitað ekki á vísan að róa. Hins vegar hefur eitt sveitarfélag, það langstærsta, Reykjavík, allt sitt á hreinu. Það vill svo til að innheimtuhlutfall Reykjavíkur er um 80% þannig að allt sem þeir kunna að innheimta þar fram yfir eru auðvitað auknar tekjur fyrir þá og önnur sveitarfélög sem hafa lægra innheimtuhlutfall en 80%.

Í IV. ákv. til brb. er ákvæði um skerðingu framlags til Lánasjóðs sveitarfélaga. Það hefur komið fram að Lánasjóður sveitarfélaga er vel stæður og öflugur sjóður. Það er auðvitað gott til þess að vita því eitt aðalatriðið hjá þessari ríkisstjórn varðandi fortíðarvandann er að allir sjóðir séu á hausnum. Það er þá gott til þess að vita að fundist hefur einn sjóður sem hefur verið öflugur í gegnum árin og hægt að ganga í núna til þess nánast að bjarga lífi ríkisstjórnarinnar. Þetta er það gjald, 110 millj. kr., sem hæstv. félmrh. verður að greiða inn í þann 1.240 millj. kr. pakka sem fyrirhugaður var og varð ekki 1.240 millj. kr. virði heldur um 800 millj. kr. virði þegar upp var staðið. Það er eiginlega ástæða til þess að óska hæstv. félmrh. til hamingju með það að hún hefur varist vel og komist hjá því að skera niður nema þessar 110 millj. kr.

Það fer ekki hjá því að við stjórnarandstæðingar höfum orðið varir við að mikill titringur hefur verið á stjórnarheimilinu um skiptingu þessa niðurskurðar og eru áreiðanlega ekki öll kurl komin til grafar enn.

Þrátt fyrir það að þessi sjóður sé ríkur og öflugur er ástæða til þess að spyrja varðandi þennan lið hvaða áhrif þetta hafi á útlán sjóðsins. Sjóðurinn hefur lánað til ýmissa fjárfestinga sveitarfélaga. Annar þáttur er ekki síður mikilvægur í starfsemi hans og hann er sá að sjóðurinn hefur lánað til skuldbreytinga hjá sveitarfélögunum. Það er kannski ekki síst ástæða til þess nú í þessu erfiða atvinnuástandi þegar sveitarfélög hafa þurft að koma inn í atvinnulífið með ýmsum hætti og hafa stofnað til ýmissa skuldbindinga sem jafnvel eru óhagstæðar þess vegna.

Ég vil því spyrja hæstv. félmrh. um það hvaða áhrif þessi skerðing hefur á útlán sjóðsins. Ég vil beina því til þeirrar nefndar sem fær þetta frv. til meðferðar, efh.- og viðskn., að kanna þennan þátt sérstaklega.

Það er einnig ört vaxandi málaflokkur sem sveitarfélögin hafa haft með höndum, þ.e. umhverfismál. Lánasjóðurinn hefur komið með vaxandi þunga inn í þær framkvæmdir en þar er mikil og vaxandi þörf á næstu árum. Hins vegar er það rétt að sjóðurinn er sterkur, sem betur fer, og hefur góða eiginfjárstöðu þrátt fyrir það að núv. ríkisstjórn með hæstv. forsrh. í broddi fylkingar hafi orðið tíðrætt um sjóðasukk og að allir sjóðir sem fyrrv. ríkisstjórn hafi komið nálægt séu á hausnum. Það er dálítið hlálegt að heyra hvern ráðherrann á fætur öðrum tala um hvað þessi sjóður er sterkur og öflugur.

Ég tel að frv. þurfi vandlegrar skoðunar við í nefnd og þó ég geti tekið undir meginefni þess að leggja niður aðstöðugjaldið þá þarf að kanna grannt áhrif þess á fjárhag einstakra sveitarfélaga því það er auðvitað engin sanngirni í öðru en að það bráðabirgðaástand, sem ætlað er að vari næsta árið, feli það í sér að sveitarfélögin sleppi á sléttu út úr þessum viðskiptum.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Í frv. sem hér liggur fyrir er lagt til að á næsta ári verði aðstöðugjald lagt á samkvæmt þeim álagningarstuðlum sem notaðir voru á þessu ári en ekki innheimt af greiðendum. Þess í stað muni ríkissjóður leggja fram framlag til sveitarfélaganna sem *nemur 80% af álögðu aðstöðugjaldi.*

Ég vil fyrst segja um þetta áður en ég fer út í efni frv. að mér finnst vanta í frv., sem ég hygg að ég muni rétt að eigi að fylgja með frumvörpum, greinargerð um fjárhagsleg áhrif frv. á ríkissjóð. Það eru engar upplýsingar í frv. um þær fjárhæðir sem þarna er lagt til að greiða úr ríkissjóði til sveitarfélaga og ekki er heldur að finna neinar upplýsingar um áætlun um álagningu aðstöðugjalds. Við lestur frv. verður maður litlu nær um það hvaða fjárhæðir er verið að fjalla um. Það tel ég skaða. Greinargerð frá fjmrn. hefur að jafnaði fylgt með stjórnarfrumvörpum. Þó að þær greinargerðir séu ekki ávallt merkilegar þá eru þær samt betri en engar. Ég hef talið eðlilegt í þessu tilviki að gerð væri grein fyrir þessum fjárhæðum, sérstaklega þar sem um svo miklar fjárhæðir er að ræða fyrir ríkissjóð og einn af gildustu tekjustofnum sveitarfélaga.

Þá vil ég segja það um aðstöðugjaldið sem skattstofn að ég hef verið fylgjandi því að leggja það niður. Mér hefur fundist það óréttlátt, ekki vegna þeirra ástæðna sem hér voru fram talin í framsöguræðu, m.a. að hér væri um að ræða veltuskatt. Þeir eru fleiri veltuskattarnir í þjóðfélaginu sem lifa góðu lífi og ekki eru nein áform um að leggja af. Ég nefni einn veltuskatt sem er í eðli sínu sami skattur og aðstöðugjaldið. Það er tryggingagjald sem leggst á brúttóveltu af tiltekinni tegund, rétt eins og aðstöðugjaldið. Enginn eðlismunur er á milli þessara tveggja gjalda heldur er munurinn einungis sá að aðstöðugjaldið nær yfir breiðara svið *rekstrarútgjalda fyrirtækja.*

Ég hef því ekki fallist á þau rök að leggja ætti aðstöðugjaldið niður vegna þess að það væri veltuskattur. Það hafa ekki verið rök sem hafa dugað fyrir mig. Mér hefur fundist skatturinn ranglátur vegna þess að hann mismunar sveitarfélögum. Hann færir sumum sveitarfélögum meiri tekjur en þau ættu að hafa af þessum viðskiptum. Ég hef verið þeirrar skoðunar að breyta ætti eða jafnvel að leggja þennan skatt niður því hann mismunar sveitarfélögunum.

Því er það mín skoðun að þegar menn taka sig til og ætla sér að leggja þennan skatt niður eigi menn að gera það í þeim tilgangi að eyða þessum misjöfnunaráhrifum aðstöðugjaldsins. Það er hins vegar ekki gert í frv. heldur er lagt til að viðhaldið verði hinum skekkjandi áhrifum aðstöðugjaldsins á milli sveitarfélaga. Ég er andvígur því. Ég sé engin rök til þess að eitt sveitarfélag, t.d. Reykjavík, sé að raka saman fé vegna viðskipta sem eru í rauninni upprunnin annars staðar. Ef menn vilja velja þessa leið til millilendingar, þar sem menn hafa ekki komið sér saman um hvað við á að taka, eiga þeir að nota greiðslurnar úr ríkissjóði til að jafna á milli sveitarfélaga en ekki að viðhalda mismuninum. Ég mun því leggja áherslu á það að ríkisgreiðslurnar muni taka mið af þeim sjónarmiðum en ekki af fortíðarálagningu aðstöðugjalds. Ég sé ekki nokkra ástæðu til þess að hugsa sérstaklega um hagsmuni Reykjavíkurborgar sem lætur sig hafa það að eyða milljörðum króna í fjárfestingar sem varla er hægt að tala um að nokkur þörf sé fyrir í stað þess að snúa sér að því að nýta sína miklu tekjustofna til þess að búa því fólki betra líf sem býr við eymd og örbirgð hér á höfuðborgarsvæðinu. Það eru rangar pólitískar áherslur í Reykjavíkurborg. Menn fara að mörgu leyti illa með fé og ég get ekki verið stuðningsmaður þess að ríkissjóður fari að taka upp á því að greiða fé til þessa sveitarfélags í sama hlutfalli og aðstöðugjaldið hefði skilað því. Ég tel það ekki rétt. Ég tel líka mjög vafasamt að menn taki upp á því að leggja niður einn af gildustu tekjustofnum sveitarfélaga án þess að vita hvað á að taka við. Það er mjög varhugaverð braut sem ég hef miklar efasemdir um að sé rétt.

Það er fleira varðandi aðstöðugjaldið sem er ástæða til að huga að áður en hrapað er að því að ljúka málinu með þessum hætti sem hér er lagt til. Ég vil í fyrsta lagi nefna greiðsluhlutfallið. Hér er því slegið föstu að ekkert sveitarfélag eigi að fá nema 80% af álagningu. Það er mál sem þarf að skoða og getur ekki verið á þessu stigi máls samstaða um að eigi að vera hin almenna regla. Það þarf að skoða miklu nánar. Við þurfum að fá upplýsingar um innheimtuhlutfall í einstökum sveitarfélögum og sjá hvernig það er um landið allt. Við skulum líka gæta að því að álagningarstuðlarnir eru misjafnir og af þeim sökum skila þeir sveitarfélögum mismiklum tekjum. Það var lögbundið fram til 1990 að fiskveiðar og fiskvinnsla bæru lægri aðstöðugjaldsstofn en t.d. verslun. Þrátt fyrir að þessi þrep hafi verið afnumin hefur sveitarstjórnum ekki tekist á þessum fáu árum að jafna álagningarstuðulinn yfir atvinnugreinar. Það þýðir að sveitarfélög á landsbyggðinni sem eru sjávarútvegspláss fá minna í tekjur af aðstöðugjaldi en sveitarfélag sem er verslunarpláss. Er það rétt að miðað við þá forsendu, sérstaklega í ljósi þess að mörg sjávarútvegspláss eða sjávarútvegsfyrirtækin í þeim plássum eiga í verulegum erfiðleikum? Sveitarfélög þar hafa þurft að leggja til gríðarlega mikla peninga í atvinnurekstur í formi beinna fjárframlaga, ábyrgða eða lána. (**Forseti:** Forseti vill grennslast um það hjá hv. þm. hvort hann á langt mál eftir eða hvort hann óskar eftir að gera hlé á ræðu sinni.) Það gætu verið 5–10 mínútur eftir. (**Forseti:** Ætli það sé ekki rétt að hv. þm. fresti máli sínu þar til síðar á fundinum.)

Umræðu frestað.

Lánsfjárlög 1992, frh. 1. umr.

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 279. mál (húsbréf). — Þskj. 396.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

27 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EH, EKG, FI, FrS, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, SighB, SAÞ, StG, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GunnS, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KHG, KÁ, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

29 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FI, FrS, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, SighB, SAÞ, StG, StH, ÞorstP) fjarstaddir. — [Fundarhlé.]

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 284. mál (aðstöðugjald). — Þskj. 414.

Kristinn H. Gunnarsson (frh.):

Virðulegur forseti. Það var ekki mikið eftir af minni ræðu en ég vil spyrja hæstv. forseta hvort ekki væri von á frsm. málsins til þingfundar. (**Forseti:** Forseti mun gera hæstv. félmrh. viðvart.) Ég þakka. Ég mun doka aðeins við með að nefna ný atriði þar til ráðherra kemur en ég var síðast að ræða áhrif af þessari breytingu og að gæta yrði að ýmsum atriðum sem eru breytileg eftir sveitarfélögum og taka yrði tillit til. Ég var þar kominn að ég var að nefna að sum sveitarfélög hefðu þurft að grípa til þess að leggja fram fé til atvinnulífsins á sínum stað, ýmist í formi beinna fjárframlaga eða með ábyrgðum og jafnvel hafa sveitarfélögin tekið lán til þess að standa undir þessu. Þetta hefur haft þau áhrif á fjárhag sveitarfélaganna að hann er ákaflega mismunandi og í sumum sjávarútvegsplássum hefur hann orðið býsna bágborinn, m.a. vegna þessara nauðsynlegu afskipta sveitarfélagsins af at-

vinnulífinu. Mér þykir því ekki sjálfsagt að útbúa frv. eins og þarna er gert þannig að þau fái ekki nema 80% af álögðu aðstöðugjaldi. Það sama skuli ganga yfir þau sveitarfélög og önnur sem ekki hafa þurft að styðja atvinnulífið á sínum stað. Ég tel að það verði við úthlutun fjárins úr ríkissjóði, sem á að koma í stað aðstöðugjalds, að taka mið af þessari mismunandi fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Lögð hefur verið fram greinargerð um þessi mál af hálfu Sambands ísl. sveitarfélaga, þ.e. samantekt yfir framlög sveitarfélaga til atvinnulífs á síðustu fimm árum. Ég tel að nefndin sem fær þetta mál til skoðunar ætti að fara yfir þá skrá og taka mið af þeim staðreyndum sem þar eru. Það er ákaflega misjafnt hve sveitarfélög eru fær um að taka á sig 20% skerðingu á álagningu aðstöðugjalds. Af þessum sökum m.a. og eins hinu að innheimtan sjálf hefur líka verið mjög breytileg, t.d. þar sem innheimtan hefur verið meira en 80%, kemur það auðvitað til skerðingar á fjárhag sveitarfélaganna að fá ekki samsvarandi innheimtuhlutfall á næsta ári. Oft fer það saman að innheimtuhlutfallið er hátt og viðkomandi sveitarfélag hefur þurft að blanda sér inn í atvinnulífið með beinum hætti og leggja til þess fé.

Ég vil líka gera athugasemdir við töluna 80%. Ég tel að það þurfi að skoða hana nánar. Það er ekki sjálfgefið að það sé staðreynd sem þar er sett fram að innheimtan sé þessi að meðaltali. Ég er með skjal frá hagfræðingi Þjóðhagsstofnunar sem lagt var fram á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldin var 19. og 20. nóv. sl. Þar kemur fram að á þessu ári er áætlað að álagt aðstöðugjald verði 5,3 milljarðar en jafnframt kemur fram í þessari greinargerð að áætlað er að aðstöðugjaldið skili sveitarfélögum 4,8 milljörðum á þessu ári, þ.e. að afföllin séu ekki nema 10%. Borið saman við ríflega 4,5 milljarða á síðasta ári þá hækki það um rúmlega 6% á milli áranna 1991 og 1992. Ég tel að þetta verði að skoða.

Eitt atriði enn vil ég ítreka. Það er atvinnusamsetningin sem er mismunandi eftir sveitarfélögum og álagningarhlutfallið sem er mismunandi eftir atvinnugreinum. Ég get ekki, eins og kom fram fyrr í ræðu minni, fallist á það að útdeiling fjárins úr ríkissjóði eigi að taka mið af því hvernig aðstöðugjaldið hefur dreifst heldur eigi að dreifa jafnar en verið hefur. Menn hafa verið með 1,3% álagningarstuðul t.d. á verslun en um og innan við 1% á fiskvinnslu og innan við 1% á veiðar. Sveitarfélögin hafa tekið minni tekjur í aðstöðugjald af þessum fyrirtækjum, m.a. til að hlífa sjávarútveginum. Það er ekki alveg sanngjarnt að menn refsi þessum sveitarfélögum fyrir að hafa ekki fullnýtt álagningarheimild á sjávarútveginn. Ég tel að það verði að taka mið af þessu líka.

Þá vil ég spyrja hæstv. félmrh. um það, af því að það kemur fram í öðru frv. sem hér liggur fyrir, hvort ætlunin er að hækka tekjuskatt einstaklinga um 1,5% sem á að skila tæpum 3 milljörðum kr. ef ég man rétt. Það er m.a. af þessum tekjum sem ríkissjóður ætlar að fjármagna greiðslur sínar til sveitarfélaga. Það kemur ekki fram í því frv. að þessi 1,5% hækkun sé tímabundin. Ég fæ því ekki séð annað af frv. og greinargerð með því en að það sé ætlun ríkisstjórnarinnar að þessi 1,5% verði varanleg hækkun. Eru það áform ríkisstjórnarinnar að þessi 1,5% renni á árinu 1994 og síðar yfir til sveitarfélaga og bæti þar að því leyti sem það getur upp missinn af aðstöðugjaldinu? Er ríkisstjórnin að undirbúa það eða er hún með þau áform að velta afnámi aðstöðugjaldsins yfir á einstaklinga með tekjuskattshækkun? Þetta finnst mér ástæða til að nefna og spyrja hæstv. ráðherra til að fá fram skýr svör um áform ríkisstjórnarinnar í þessu efni því að ég fæ ekki séð af skattafrv. að þessi sérstaka 1,5% hækkun á tekjuskatti sé tímabundin heldur sé henni ætlað að vera varanleg. Hún hlýtur þá annaðhvort að eiga að renna í ríkissjóð eða í sveitarfélagasjóði.

Þá vil ég spyrja um ákvæði til bráðabirgða II. Þar segir að 120 millj. kr. af þessum 80% sem eiga að renna til sveitarfélaga — því þau eiga ekki að fá 80% heldur 80% mínus 120 millj. og þær milljónir eiga að renna í Jöfnunarsjóð og verður varið til greiðslu jöfnunarframlaga samanber 14. gr. sem er um tekjujöfnunarframlög og þjónustuframlög ef ég man rétt. Ég spyr um ráðstöfun þessa fjár. Á að verja því til a-liðar 14. gr. sem er tekjujöfnunarframlag eða á að verja því til b-liðar um þjónustuframlög? Eftir hvaða reglum á að verja því? Er það kannski svo að það sé mat ráðherra að það vanti í dag fé til þess að fullnægja 14. gr., að það sé nú þegar ekki nægilegt fé í Jöfnunarsjóði til að fullnægja jöfnunarhlutverki 14. gr.? Ég spyr af því ég hef ekki skýringar og bið því hæstv. ráðherra að skýra þetta frekar.

Þá er það ákvæði til bráðabirgða IV. Ég tel víst að þetta ákvæði frv. sé komið inn án samþykkis Sambands ísl. sveitarfélaga. Ég spyr ráðherra hvort það sé rétt hjá mér að þetta ákvæði hafi verið sett inn án þeirra samþykkis. Ég tel það slæmt ef svo er því eins og hv. 2. þm. Austurl. las upp þá var nýverið gert samkomulag um framlag sveitarfélaga í Atvinnuleysistryggingasjóð þar sem kveðið var á um samráð. Ég vek líka athygli á því, af því að það kom fram í ræðu hæstv. félmrh., að það ætti ekki að hafa mikil áhrif á útlánagetu Lánasjóðs sveitarfélaga þótt framlag ríkissjóðs félli niður eitt ár. Ég ætla ekki að deila við ráðherrann um það mat. Vissulega er þetta nokkuð öflugur sjóður. En ég vek athygli á því að í skýrslu sveitarfélaganefndar er lagt til að þetta framlag verði tekið frá sjóðnum árin 1994–1998 eða í fimm ár og því varið til annarra aðgerða, þ.e. til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, m.a. með því að jafna skuldastöðu sveitarfélaga. Ef þau áform ganga eftir, sem við vitum auðvitað ekki um enn þá en ég reikna með að hæstv. ráðherra a.m.k. sé því fylgjandi, erum við búin að taka þetta framlag af Lánasjóði sveitarfélaga í sex ár. Ég spyr: Hvaða áhrif hefur það á getu sjóðsins? Við verðum að hafa það í huga að sjóðurinn er í vaxandi mæli farinn að lána sveitarfélögum sjálfum til skuldbreytinga, skuldugum sveitarfélögum sem fer fjölgandi, til þess að greiða úr fjárhagsvanda þeirra. Því miður hef ég ekki ástæðu til að ætla að það dragi neitt úr þeirri eftirspurn frá hendi sveitarfélaga eins og ástandið er í mörgum sjávarplássum á landinu.

Þetta eru þau atriði, virðulegi forseti, sem ég vil nefna við 1. umr. Þótt frv. gefi tilefni til frekari umræðna og ræðuhalda um málefni sveitarfélaga og tekjustofna þeirra læt ég þetta duga að sinni en ítreka það að í nefnd, sem fær þetta mál til umfjöllunar, verður að mínu viti að skoða þetta mál afar vandlega því að það er ekki lítið mál að ætla að breyta með svo róttækum og óvissum hætti þriðja stærsta tekjustofni sveitarfélaga.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur farið fram allítarleg umræða um frv. sem hér er til umræðu, frv. um breyting á lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, þ.e. um niðurfellingu aðstöðugjalds. Ég get kannski stytt mál mitt mikið því nú eru þegar komnar fram ítarlegar spurningar sem ég hefði gjarnan viljað spyrja. Ég mun ekki sakna þessa tekjustofns, aðstöðugjaldsins, og ég tel að þetta hafi verið eitt af því besta eða eitt það besta sem kom fram í ráðstöfunum í ríkisfjármálum frá 23. nóv. 1992 til að styrkja stöðu íslensks atvinnulífs. Þessi gjaldstofn, aðstöðugjaldið, er búinn að vera við lýði síðan 1962 og er að allra mati mjög svo óhagstæður atvinnulífinu. Þessi veltuskattur, sem leggst jafnt á tap og hagnað, getur ekki verið eðlilegur. Hann hefur skapað mjög mikinn ójöfnuð og hefur margfeldisáhrif í för með sér sem kemur að sjálfsögðu niður á vöruverði. Það er ótrúlegt annað en vöruverð lækki verulega þegar aðstöðugjaldið dettur niður um áramótin.

Aðstöðugjaldið er ekki aðeins óréttlátur skattstofn varðandi fyrirtæki heldur hefur það komið mjög misjafnlega niður á sveitarfélögunum eins og hér hefur fram komið. Það hefur sem sagt fylgt tvöfalt óréttlæti í kjölfar aðstöðugjaldsins. Þó að hér sé stigið fyrsta skrefið í breytingum á þessum lögum um aðstöðugjald þá þarf að stíga annað skref, að jafna tekjur sveitarfélaga. Það skref er ekki stigið í þessu frv. Það eru notuð sömu viðmiðunarmörk og í dag og þau viðmiðunarmörk eru óréttlát. Ef við skoðum árbók sveitarfélaga sjáum við að aðstöðugjald getur verið allt frá tæpum 3 þús. kr. á einstakling upp í tæplega 30 þús. kr. eftir því hvað sveitarfélagið heitir. Þetta þurfum við að skoða mjög vandlega. Ég hlakka til að skoða þetta í hv. félmn. og takast á við þetta mál.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta. Það hefur ekki verið rætt hér um landsútsvarið sem er óbreytt og ég ætla að leyfa mér að spyrja hæstv. félmrh. um það. Það er ekki gert ráð fyrir því að breyta landsútsvari að þessu sinni en þessi aðstöðugjaldsbreyting hlýtur að kalla á breytingu varðandi landsútsvarið. Þau fyrirtæki sem ekki borga aðstöðugjald borga svokallað landsútsvar. Það eru t.d. Sementsverksmiðja ríkisins, Áburðarverksmiðjan, olíufélögin o.s.frv. Mig langar að spyrja hæstv. félmrh. hvernig hann hefur hugsað sér framhald landsútsvars, hvort framhaldið sé að það verði óbreytt. Verður fróðlegt að heyra hvort ekki hefur verið um það rætt í ríkisstjórninni að breyta þeim skattstofni.

Það hefur verið rætt um ákvæði til bráðabirgða sem eru í frv. Ég ætla aðeins að taka IV. ákvæðið, varðandi Lánasjóð sveitarfélaga. Þar er áætlað að 110 millj. kr. falli út. Ég get ímyndað mér að Lánasjóður sveitarfélaga lifi það af til eins árs en spurningin er um framhaldið. Allir sveitarstjórnarmenn spyrja sig í dag, vegna þess að hér er talað um að bæta eigi sveitarfélögunum þetta upp með hlutfalli af tekjuskatti í ár, hvert framhaldið verður. Menn eru auðvitað uggandi um það hvert framhaldið í þessu máli verður. Við hljótum að fá svar við því núna. Það hlýtur að hafa vera skoðað áður en þessi ákvörðun lá fyrir. Það er auðvitað stóra málið hvaða varanlegur tekjustofn kemur í staðinn fyrir aðstöðugjaldið.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi gjarnan leiðrétta smá ónákvæmni sem kom fram í máli hv. 2. þm. Vesturl. í annars ágætri ræðu hennar. Aðstöðugjaldið er þannig að það leggst hvorki á hagnað né tap. Það er veltuskattur sem leggst á stofninn en stofninn er sú tala sem lægri er af tekjum eða rekstrargjöldum. Hvorki tap né hagnaður eru því stofn til aðstöðugjalds. Reyndar er það svo að þar sem menn eru í eigin atvinnurekstri án þess að vera í félagaformi er aðstöðugjaldið ekki lagt á reiknað endurgjald. Það er dregið frá rekstrarútgjöldum áður en aðstöðugjald er fundið út. Það er því eilítil ónákvæmni í því að segja að aðstöðugjald leggist á allan rekstrarkostnað.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Vestf. fyrir að skýra þetta út. Mér er fullkomlega kunnugt um hvernig aðstöðugjald leggst á. Mér finnst gott að hann skyldi brýna þetta svo nákvæmlega eftir stutta útfararræðu mína um aðstöðugjaldið.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég skal leitast við að svara þeim spurningum sem beint hefur verið til mín í þessari umræðu.

Í fyrsta lagi það sem fram kom hjá hv. 2. þm. Vesturl. um hvaða tekjustofn sveitarfélögunum verður ákveðinn til frambúðar sem taki við af aðstöðugjaldinu, þá liggur það ekki fyrir. Hv. þm. veit að í nokkuð langan tíma hafa staðið yfir umræður um niðurfellingu á aðstöðugjaldinu og hvaða tekjustofnum sveitarfélögunum verður ætlað í staðinn en um það hefur einfaldlega ekki náðst samkomulag milli sveitarfélaganna. Ég hygg að mismunandi sjónarmið og skoðanir séu uppi um hvað eigi að koma í staðinn. Þess vegna er farin þessi leið til bráðabirgða varðandi árið 1993. Um þá leið varðandi útfærsluna og hvað komi í staðinn árið 1993 hefur verið haft fullt samráð við Samband ísl. sveitarfélaga.

Þær spurningar sem hefur verið beint til mín eru í fyrsta lagi hvort sveitarfélögin verði á árinu 1993 jafn-

sett eftir eins og aðstöðugjaldið hefði verið lagt á óbreytt. Í annan stað er spurt um ráðstöfun á 120 millj. kr. til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Eins er spurt um Lánasjóð sveitarfélaga og áhrif skerðingar hans á útlán sjóðsins.

Fyrst varðandi það hvort sveitarfélögin séu jafnsett eftir árið 1993. Með þeirri aðferð sem lögð er til í þessu frv. er ljóst að það fer fram álagning 1993 vegna ársins 1992 og 80% af þeirri álagningu rennur til sveitarfélaganna. Ef spurt er t.d. um meðaltalið sem rann til sveitarfélaganna vegna aðstöðugjaldsins árið 1991 var innheimtuhlutfallið um 84% samkvæmt útreikningum Sambands ísl. sveitarfélaga frá því í nóvember 1992 sem var bæði eftirstöðvar innheimta og innheimta ársins. Hvort tveggja gaf þetta að meðaltali um 84%. Hér er lagt til að 80% af álagningunni renni til sveitarfélaganna og þá er eftirstöðvainnheimtan ekki með talin. Eftirstöðvainnheimtan frá þessu ári, sem er sennilega að meðaltali um 10–20%, kemur því til viðbótar. Ég hygg þess vegna að sveitarfélögin verði ekki verr sett en ef aðstöðugjaldsálagning hefði farið fram með eðlilegum hætti.

Varðandi ráðstöfun á 120 millj. kr. til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þá kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl. að ekki sé víst að framlagið, 120 millj. kr., fari til að mæta tekjumissi af aðstöðugjaldinu, þ.e. að þau sveitarfélög sem hafa verið með betri innheimtuárangur fái þann missi bættan í gegnum þessar 120 millj. í tekjujöfnunarframlögum. Þegar um þetta var samið við Samband ísl. sveitarfélaga lá alveg fyrir hver vilji Sambands ísl. sveitarfélaga var og niðurstaðan er í samræmi við það sem Samband ísl. sveitarfélaga lagði til. Ég vil lesa bréf frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, dags. 7. des., vegna ráðstöfunar á þessu framlagi ur Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Sérstök samráðsnefnd skipuð fulltrúum Sambands ísl. sveitarfélaga og ríkisstjórnarinnar tók til umfjöllunar með hvaða hætti sveitarfélögum yrði bættur tekjumissir vegna niðurfellingar aðstöðugjalds á næsta ári. Í þeim viðræðum var gert ráð fyrir að af óskiptu framlagi, því sem sveitarfélögin fá á næsta ári úr ríkissjóði, verði teknar 120 millj. kr. er renni í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það er skilningur fulltrúa sveitarfélaganna í samráðsnefndinni að þeim fjármunum verði varið til þess að greiða sveitarfélögunum jöfnunarframlög á næsta ári, samanber 14. gr. laga nr. 90/1990."

Það er því alveg ljóst að skilningur Sambands sveitarfélaga er að þetta renni til jöfnunarframlaga.

Hv. 5. þm. Vestf. spurði hvort þetta ætti að renna til a- eða b-liðar 14. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, þ.e. til tekjujöfnunarframlaganna eða þjónustuframlaganna. Um það hefur ekkert verið ákveðið. Ég býst við að ákvörðun um það hvernig þessu verði ráðstafað verði tekin að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.

Varðandi Lánasjóð sveitarfélaga og áhrif á útlán sjóðsins, þá tel ég að þetta muni ekki hafa áhrif á útlánagetu sjóðsins frá því sem nú er. Á árinu 1991 voru 259 millj. kr. í tekjuafgang. Ég hygg að tekjuafgangurinn verði svipaður í ár, kannski heldur meiri af því að eigið fé sjóðsins hefur vaxið og útlánageta hans á næsta ári eykst því hlutfallslega við aukninguna á eigin fé sjóðsins. Ef sjóðurinn hefði átt 115 millj. meira til ráðstöfunar á næsta ári hefði útlánageta hans aukist sem því nemur en ég tel að ekki sé verið að skerða hana frá því sem nú er. Eigið fé sjóðsins er milli 3,1 og 3,2 milljarðar kr. Það er því ljóst að þetta er mjög öflugur sjóður og ég tel því réttlætanlegt miðað við þær aðstæður sem uppi voru að fara þessa leið á næsta ári. Frekar en skerða framkvæmdagetu annarra sjóða eins og Framkvæmdasjóðs fatlaðra, þá tel ég að þessi sjóður sé mun öflugri og raunverulega ekki hægt að bera saman við t.d. Framkvæmdasjóð fatlaðra. Að því leyti tel ég að þetta sé réttlætanlegt.

Samband ísl. sveitarfélaga hefur mótmælt þessari skerðingu á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Það er alveg ljóst að þeir hafa gert það. Það lá ekki fyrir nein ákvörðun um skerðingu á þessum sjóði fyrr en sl. föstudag. Á laugardagsmorgun var haft samband við Samband ísl. sveitarfélaga og því kynntar þessar hugmyndir en að öðru leyti hefur verið haft fullt samráð við Samband ísl. sveitarfélaga um ákvæði þessa frv.

Varðandi fyrirspurn frá Kristni H. Gunnarssyni um tekjuskatt einstaklinga, hvort hér sé um varanlega hækkun að ræða eða tímabundna hefur, eins og hér hefur komið fram, ekki verið ákveðið hvaða tekjustofna sveitarfélögin fá til frambúðar. Það er samkomulag um að skipuð verði nefnd af hálfu ríkisins og sveitarfélaga til þess að finna samkomulagsgrundvöll um hvað koma eigi í staðinn. Ég hygg að það ráðist af því hvaða tekjustofn sveitarfélögunum verður ákveðinn í framhaldi af því hvort þessi tekjuskattur einstaklinga verði lengur en næsta ár eða ekki. Tekjuskattshækkun er sérstaklega til komin vegna þess að það þarf að bæta sveitarfélögunum upp niðurfellingu aðstöðugjaldsins með þessum hætti. Það hangir því saman við hvaða ákvörðun verður tekin um framhaldið á þessari tekjuskattshækkun einstakinga.

Ég held að ég hafi svarað flestum þeim spurningum sem til mín var beint. Varðandi landsútsvarið sem hv. 2. þm. Vesturl. spurði um þá hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um það í ríkisstjórninni hvort eða hvenær það verður fellt niður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Fjáraukalög 1992, 140. mál, nál. minni hluta fjárln., þskj. 407.

Út af dagskrá voru tekin 2., 3., 5.–8. og 10.–15. dagskrármál.

73. FUNDUR

þriðjudaginn 8. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 284. mál, þskj. 414. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Skattamál, stjfrv., 286. mál, þskj. 417. — 1. umr.
3. Almannatryggingar og stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, stjfrv., 285. mál, þskj. 415. — 1. umr.
4. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 11. mál, þskj. 11, nál. 389, brtt. 390. — 2. umr.
5. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 12. mál, þskj. 12, nál. 391, brtt. 392. — 2. umr.
6. Verðbréfaþing Íslands, stjfrv., 13. mál, þskj. 13, nál. 393, brtt. 394. — 2. umr.
7. Umboðssöluviðskipti, stjfrv., 125. mál, þskj. 145, nál. 409, brtt. 410. — 2. umr.
8. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 276. mál, þskj. 384. — 1. umr.
9. Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, stjfrv., 261. mál, þskj. 342. — 1. umr.
10. Innflutningur á gröfupramma, stjfrv., 239. mál, þskj. 308. — 1. umr.
11. Útflutningur hrossa, stjfrv., 260. mál, þskj. 341. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.,
Eiður Guðnason umhvrh.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.

Útbýting þingskjala:

Veiðar Belga við Ísland, 291. mál, fsp. ÖS, þskj. 423.

Verndun keilustofnsins, 292. mál, fsp. ÖS, þskj. 424.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 284. mál (aðstöðugjald). — Þskj. 414.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

27 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EGuðn, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, JóhS, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, LMR, MB, ÓÞÞ, RA, RG, SighB, StG, StH, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

27 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EGuðn, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, JóhS, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, LMR, MB, ÓÞÞ, RA, RG, SighB, StG, StH, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Skattamál, 1. umr.

Stjfrv., 286. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 417.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á skattamálum. Þetta er 286. mál þingsins og er að finna á þskj. 417.

Frv. það sem hér er til umræðu er að hluta til flutt til þess að fylgja eftir tekjuáformum fjárlagafrv. sem lagt var fram í haust, að hluta vegna nýlegra aðgerða ríkisstjórnarinnar og loks sumpart vegna lagfæringar á skattkerfinu af ýmsum öðrum ástæðum.

Fyrir nokkrum vikum efndi ríkisstjórnin til efnahagsaðgerða sem voru nauðsynlegar af ýmsum ástæðum. Má þar nefna mikinn óróa á gjaldeyrismörkuðum sem veikt hafði gengi íslensku krónunnar. Í öðru lagi var ljóst að samkeppnisstaða útflutnings- og samkeppnisgreina fór versnandi og loks áttum við sérstök vandamál að etja í sjávarútvegi, aðallega vegna uppsafnaðs vanda en einnig vegna minni sjávarafla á síðustu árum. Markmið efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar er í fyrsta lagi að styrkja stöðu íslensks atvinnulífs, einkum útflutnings- og samkeppnisgreina, í öðru lagi að hamla gegn vaxandi atvinnuleysi og í þriðja lagi að leggja grunn að hagvexti á nýjan leik.

Áhrif aðgerðanna til þess að efla atvinnulífið birtast með ýmsum hætti:

1. Gengisfellingin bætir stöðu útflutnings- og samkeppnisgreina.
2. Niðurfelling aðstöðugjalds mun lækka kostnað fyrirtækjanna og styrkja samkeppnisstöðu þeirra gagnvart erlendum fyrirtækjum.
3. Lækkun tekjuskatts fyrirtækja mun styrkja samkeppnisstöðu þeirra og skapa grundvöll fyrir erlenda fjárfestingu hér á landi.
4. Lækkun tryggingagjalds á ferðaþjónustu mun styrkja stöðu greinarinnar sem er í vaxandi mæli gjaldeyrisskapandi atvinnugrein.
5. Gert er ráð fyrir vaxandi þátttöku lífeyrissjóða í fjármögnun fyrirtækja. Samkvæmt upplýsingum sem

koma frá lífeyrissjóðunum er stefnt að því að þeir noti um það bil 5% af ráðstöfunarfjármagni sínu á ári til hlutafjárkaupa á næstu árum. Þetta jafngildir um 1.800 millj. kr. á næsta ári því að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna er talið verða um 36 milljarðar.

6. Benda má á að bindiskylda banka hafi verið lækkuð en það stuðlar að lægri vöxtum og lengri lánstíma. Þá hafa dráttarvextir verið lækkaðir með lögum.

7. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að stofna þróunarsjóð sjávarútvegsins til að greiða fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu í sjávarútvegi.

Auk þessara aðgerða sem ríkisstjórnin ákvað í síðasta mánuði hafði ríkisstjórnin áður samþykkt að stefna að auknum framkvæmdum í vegamálum á næsta ári og viðhaldsverkefnum, einkum á opinberum byggingum. Einnig er gert ráð fyrir því að nýjum fjármunum verði varið til rannsókna og þróunarstarfsemi.

Mikilvægustu aðgerðirnar eru að sjálfsögðu þær að aðstöðugjaldið verður ekki innheimt af fyrirtækjum eins og verið hefur, heldur verður sveitarfélögunum greitt framlag úr ríkissjóði í staðinn. Hér er um bráðabirgðafyrirkomulag að ræða þar til tekist hefur samkomulag um framtíðarskipan þessara mála.

Annar mikilvægur þáttur í tillögum ríkisstjórnarinnar til að treysta atvinnulíf, eins og áður hefur komið fram, eru þau áform að lækka tekjuskattshlutfall lögaðila úr 45% eins og það er nú í 33% á árinu 1994.

Þessar efnahagsaðgerðir sem ég hef hér lýst í örstuttu máli krefjast að sjálfsögðu sérstakra ráðstafana í ríkisfjármálum, enda er mikilvægt að þær verði ekki til þess að veikja stöðu ríkissjóðs þar sem slíkt vinnur gegn meginmarkmiðum aðgerðanna um að treysta atvinnulífið, m.a. með lækkun vaxta. Ég mun nú lýsa helstu þáttum aðgerðanna en þær eru eftirfarandi:

1. Gert er ráð fyrir að tekjuskattshlutfall einstaklinga hækki úr 32,8% í 34,3% eða um 1,5%. Að meðtöldu útsvari sveitarfélaga hækkar innheimtuhlutfall í staðgreiðslu úr 39,85% í 41,35%. Næstu tvö ár verður auk þess lagður á sérstakur 5% hátekjuskattur utan staðgreiðslu. Enn fremur er áformað að lækka útgjöld ríkissjóðs vegna barnabóta um 500 millj. kr. á næsta ári. Þá verður dregið úr kostnaði vegna vaxtabóta, reglur um reiknuð laun einstaklinga í atvinnurekstri verða endurskoðaðar og loks er stefnt að sérstöku átaki í skatteftirliti.

2. Undanþágum frá virðisaukaskatti verður fækkað og starfsemin felld inn í nýtt og lægra skattþrep sem verður 14%. Þessi breyting var boðuð í fjárlagafrv. samhliða lækkun á almenna skatthlutfallinu. Hér verður hins vegar sú breyting á að almenna skatthlutfallið helst óbreytt til að standa straum af auknum útgjöldum ríkissjóðs. Í tengslum við álagningu virðisaukaskatts á ferðaþjónustu verður tryggingagjald á þá starfsemi lækkað úr 6% í 2,5%.

3. Gert er ráð fyrir sérstakri hækkun bensíngjalds um 1,50 kr. til að afla viðbótartekna í ríkissjóð. Þessi hækkun er auk þeirra sem áformuð var samkvæmt fjárlagafrv. og birtist ekki í þessu frv.

4. Nauðsynlegt er að grípa til enn frekari sparnaðar og aðhaldsaðgerða en fólust í fjárlagafrv. til þess að treysta stöðu ríkissjóðs. Efnahagsleg áhrif aðgerðanna koma fram í minni viðskiptahalla gagnvart útlöndum og þar með dregur úr erlendri skuldasöfnun. Þegar á heildina er litið hafa þessar sérstöku ríkisfjármálaaðgerðir lítil áhrif á verðlag. Á móti verðhækkunaráhrifum vegna fækkunar undanþága í virðisaukaskatti og hækkunar bensíngjalds vegur niðurfelling aðstöðugjalds og lækkun tryggingagjalds í ferðaþjónustu. Enn fremur má minna á að jöfnunargjald sem til skamms tíma gaf 1 milljarð í ríkissjóð var fellt niður 1. okt. sl.

Næstu mánuði má þó búast við heldur meiri verðbólgu en verið hefur að undanförnu meðan áhrif gengisfellingarinnar eru að ganga yfir. Á síðari hluta ársins dregur aftur úr verðbólgunni. Af þessum ástæðum verður meðalhækkun verðlags á næsta ári ívið meiri en á þessu ári eða um 3,5–4%. Aðilar sem mæla verðbólgu hér á landi eru ekki allir sammála um verðlagsáhrif gengisfellingarinnar og aðgerða ríkisstjórnarinnar. Þar sjást tölur frá 3% og upp í 4,5%. Að áliti fjmrn. mun líklegt að verðbólgan verði einhvers staðar þarna mitt á milli.

Vík ég þá næst að tekjuskatti einstaklinga, lögaðila og fleiri. Gert er ráð fyrir ýmsum breytingum á tekjuskatti einstaklinga. Tekjuskattshlutfallið hækkar úr 32,8 í 34,3% og næstu tvö ár verður sérstakur 5% hátekjuskattur lagður á tekjur einstaklinga umfram 2,4 millj. kr. á ári og árstekjur hjóna umfram 4,8 millj. kr. Barnabætur verða lækkaðar, dregið verður úr greiðslum vaxtabóta og reglur um reiknað endurgjald einstaklinga í atvinnurekstri verða endurskoðaðar.

Þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að endurskoða á næsta ári gildandi lagaákvæði um barnabætur og vaxtabætur. Það þýðir ekki að draga eigi frekar úr þessum bótum á næsta ári en gert er ráð fyrir í þessu frv. en hins vegar er verið að opna fyrir þá möguleika að hægt sé að fara öðruvísi að en þær tillögur gera ráð fyrir sem liggja fyrir í frv. sem hér er mælt fyrir.

Áætlað er að hækkun skatthlutfalls og álagning hátekjuskatts skili 3 milljörðum 150 millj. kr. í ríkissjóð á næsta ári. Þetta jafngildir um 1,4% hækkun á skattbyrði einstaklinga, þ.e. í hlutfalli við tekjur. Að teknu tilliti til lækkunar barnabóta um 500 millj. kr. er hækkunin tæplega 1,6%. Áhrif þessara breytinga koma misþungt niður, mest hjá þeim sem lenda í hátekjuskatti en minnst hjá hinum tekjulægstu. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að tæplega þriðjungur einstæðra foreldra og 15% hjóna eru undir skattleysismörkum og verða því ekki fyrir neinum búsifjum vegna frv. nái það fram að ganga.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að útgjöld vegna barnabóta lækki um 500 millj. kr. á næsta ári eða rúmlega 10%. Heildargreiðslur barnabóta á yfirstandandi ári eru um 4,4 milljarðar kr. Þar af eru um 2 milljarðar kr. í formi barnabótaauka sem er tekjutengdur. Til þess að draga úr áhrifum á hina tekjulægstu er breytingin þannig gerð að almennar barnabætur, sem eru ekki tekjutengdar, eru lækkaðar um 30%. Um það bil þriðjungur þessarar fjárhæðar er síðan færður yfir í tekjutengda hluta kerfisins, þ.e. barnabótaauka. Með þessari breytingu er vægi barnabótaaukans orðið tvö-

falt meira en það var árið 1991 og meiri hluti barnabótagreiðslna tekjutengdur.

Sú breyting sem gert er ráð fyrir samkvæmt frv. er að stefnu til svipuð og gerð var vegna yfirstandandi árs. Vissulega skal viðurkennt að ýmsar leiðir eru til til þess að ná sama árangri. Ég tel fulla ástæðu til að þetta mál verði kannað en vil jafnframt láta koma fram að ég tel ekki ástæðu til að taka meiri fjármuni úr barnabótakerfinu á næstunni, þ.e. að hækka nettótekjuskatt með því að draga úr greiðslum barnabóta til fólks sem hefur börn á framfæri. (**Gripið fram í:** Er virkilega nóg að gert?) Ég tek auðvitað á móti tillögum ef hv. framsóknarmenn vilja ganga lengra. Sumir þeirra hafa aðgang að viðkomandi nefnd og ég er viss um að þeir geta komið tillögum sínum á framfæri við nefndina.

Samkvæmt fjárlagafrv. fyrir árið 1993 eru heildargreiðslur vaxtabóta og húsnæðisbóta áætlaðar um 3,1 milljarður kr. á næsta ári. Þar af eru vaxtabætur tæplega 2,6 milljarðar en húsnæðisbætur tæpar 600 millj. kr. Í reynd má segja að stuðningur ríkisins við íbúðareigendur sé þríþættur. Í fyrsta lagi í formi niðurgreiddra vaxta í félagslega húsnæðiskerfinu. Í öðru lagi vegna ríkisábyrgða í húsbréfakerfinu, sem þýðir að vextir og ávaxtanakrafa í því kerfi er lægri en ella hefði orðið og loks með niðurgreiðslu á vöxtum í vaxtabótakerfinu.

Á undanförnum árum hefur stuðningur ríkisins við íbúðareigendur í formi skattafsláttar aukist verulega eða um 65% að raungildi frá árinu 1988. Hér gætir að nokkru vaxandi skuldsetningar heimilanna. Margt bendir til að vaxtabótakerfið hvetji til lántöku miðað við gildandi reglur. Skattyfirvöldum er einnig ókleift að greina á milli skulda sem sannanlega er stofnað til vegna öflunar húsnæðis og skulda af öðrum ástæðum. Þá hefur óeðlileg uppsöfnun verðbóta einnig skekkt myndina.

Í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að draga úr greiðslum vaxtabóta hafa ýmsar útfærslur verið skoðaðar, m.a. hækkun tekjuskerðingar, lækkun hámarksgreiðslna vaxtabóta, skerðing framtalinna vaxtagjalda og aukin eignaskerðing. Hér er valin sú leið að skerða framtalin vaxtagjöld um 10% en auk þess eru hærri eignamörkin lækkuð um 20%, eða úr 9,8 millj. í 8 millj. kr. Þessi breyting er talin spara ríkissjóði um 400 millj. kr. og er gert ráð fyrir að sá sparnaður komi fram á árinu 1994.

Auðvitað er hægt að spyrja sig að því hvort ástæða sé til að setja þetta inn í frv. núna en þar sem þessi skerðing virkar íþyngjandi fyrir þá sem njóta þessarar ívilnunar þótti rétt að láta þetta fylgja frv. þannig að þeir sem geta átt að njóta slíkra bóta gætu vitað frá upphafi árs hvaða reglur giltu fyrir næsta ár í þessu sambandi. Þessi mál þarf hins vegar að skoða betur að mínu áliti í heild ásamt húsnæðiskerfinu og ríkisstjórnin mun á næsta ári marka þá stefnu að smám saman falli ríkisábyrgðin af húsbréfakerfinu niður. Í öðru lagi er ljóst að nauðsynlegt er að vextir hjá Byggingarsjóði ríkisins taki mið af innlánum til Byggingarsjóðsins og rekstri Húsnæðisstofnunar. Það á ekki að þurfa að hækka vexti byggingarsjóðsins mikið. Loks minni ég á að sú ákvörðun var tekin fyrr á þessu ári að hækka vexti í félagslega kerfinu úr 1% í 2,4%. Ég tel ástæðu til að skoða þessi mál öll samhliða og nefni það ekki síst vegna þess að öllum er ljóst að þetta kerfi og vextirnir í því hafa verulega þýðingu fyrir vaxtastig í landinu, fyrir alla aðila, ekki síst atvinnulífið.

Þá sný ég mér að tekjuskatti lögaðila. Fyrirtæki hér á landi sæta að mörgu leyti lakari skattmeðferð en fyrirtæki í öðrum löndum. Þannig er skatthlutfall fyrirtækja hér á landi býsna hátt miðað við mörg lönd Evrópu og sama gildir um eignarskatta. Auk þess hefur uppsöfnun aðstöðugjalds í rekstri mikil áhrif á kostnað fyrirtækja og þar með á innlent verðlag. Loks má minna á að gjaldið legst misþungt á einstakar atvinnugreinar. Skatthlutfall segir þó ekki alla söguna um endanlega skattbyrði. Nýleg athugun á vegum OECD, þar sem leitast er við að meta heildarskattbyrði fyrirtækja, leiðir í ljós að hið skattalega umhverfi hér á landi er óhagstætt nýjum fyrirtækjum og fjárfestingum. Samkeppnisstaða innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum hefur versnað enn frekar upp á síðkastið þar sem þróunin erlendis hefur verið í gagnstæða átt, þ.e. að skatthlutfall hefur farið lækkandi. Innlendir aðilar hafa því leitað til erlendra fyrirtækja í vaxandi mæli. Ég bendi hv. þm. á að á bls. 18 í grg. með frv. er tekjuskattshlutfall lögaðila í aðildarríkjum OECD fyrir árið 1992–1993 reifað og hirði ekki frekar um að lýsa því hér. Það sem verið er að gera í þessu sambandi er að breyta skatthlutföllum í hátt við það sem gerist og gengur í samkeppnislöndum okkar. Mun ég nú lýsa þessum breytingum í stuttu máli.

Í fyrsta lagi lækkar tekjuskattshlutfall hlutafélaga úr 45% í 33%. Í fjárlagafrv. var miðað við að þessi breyting kæmi til framkvæmda í einum áfanga um næstu áramót. Hækkun á tekjuskattshlutfalli einstaklinga skapar hins vegar ákveðin vandamál í skattlagningu félaga þar sem við það verður talsverður munur á skattlagningu lögaðila, þ.e. hlutafélaga og sameignarfélaga annars vegar og einstaklingsrekstrar hins vegar. Þess vegna er lagt til að lækkun tekjuskatts komi til framkvæmda í tveimur áföngum, þannig að á næsta ári lækki hlutfallið úr 45% í 38% og á árinu 1994 í 33%. Jafnframt er gerður munur á skattlagningu sameignarfélaga og hlutafélaga þannig skatthlutfall sameignarfélaga lækkar í 41% á næsta ári. Með þessu gefst færi á að endurskoða gildandi lög um skattmeðferð einstakra félagsforma.

Í þessu sambandi ber þess að geta að þegar þetta mál var rætt við hina færustu endurskoðendur var að sjálfsögðu bent á að ýmsir þeir sem starfa nú sem sjálfstæðir atvinnurekendur með lítil fyrirtæki gætu sem hægast breytt fyrirtækjunum í sameignarfélög og þannig í senn ákvarðað sér laun, mánaðarlaun, og hins vegar notið besta skatthlutfallsins. Þegar ég segi ákveð sér mánaðarlaun þýðir það ekki að það sé það sem endanlega skattleggst því eins og allir vita er skattlagning einstaklinga í atvinnurekstri með sama hætti og launþega, þ.e. að til skatts kemur nettóhagnaður rekstrarins við uppgjör en staðgreiðslan miðast við reiknaðar tekjur eins og kunnugt er.

Lækkun tekjuskatts fyrirtækja verður mikil lyftistöng fyrir atvinnulíf hér á landi. Þetta á við um fyrirtæki sem þegar eru í rekstri, enda bætir hún fjárhagsstöðu þeirra og auðveldar þeim að færa út kvíarnar auk þess sem lækkunin örvar ótvírætt nýja fjárfestingu í atvinnulífinu hvort sem hún er hjá innlendum eða erlendum aðilum. Um það bil þriðjungur lögaðila í landinu, eða 3.300 fyrirtæki, greiðir tekjuskatt. Af þessu má ráða að lækkun tekjuskatts kemur til með að hafa víðtæk áhrif á allan atvinnurekstur. Ég vek athygli á því að það er þriðjungur sem greiðir tekjuskatt. Mörg fyrirtæki borga ekki tekjuskatt og því miður er svo komið í flestum sjávarútvegsfyrirtækjum að ekki verður séð að þau borgi tekjuskatt á þessari öld. Aðallega vegna þess að þau hafa safnað upp yfirfæranlegu skatttapi og geta þannig ávallt, þótt sæmilega ári, dregið uppsafnað tap frá tekjum viðeigandi árs.

Í öðru lagi fellur niður heimild til að leggja 10% af hagnaði í fjárfestingasjóð. Jafnhliða lækkun skatthlutfalls hafa heimildir fyrirtækja til sjóðsmyndunar víðast hvar verið felldar niður í nágranna- og viðskiptalöndum okkar. Almennt er viðurkennt að þessar heimildir séu fyrst og fremst notaðar í skattalegu tilliti, þ.e. til að lækka eða fresta skattlagningum, og leiði jafnvel til þess að fyrirtæki ráðist í fjárfestingar án tillits til arðsemi. Því er eðlilegt að fella þessa heimild niður um leið og skatthlutfallið er lækkað. Gert er ráð fyrir að þetta komi til framkvæmda við álagningu 1993 en breytir ekki réttindum þeirra fyrirtækja sem þegar hafa lagt fjármuni í fjárfestingasjóði. Þess vegna fjarar þetta út á, að mig minnir, fimm árum frekar en fjórum.

Í þriðja lagi lækkar frádráttur úthlutaðs arðs úr 15% í 10% af nafnverði hlutafjár. Skattaleg meðferð arðs er nokkuð breytileg samkvæmt gildandi skattalögum. Þannig er fyrirtækjum heimilt að draga allt að 15% af nafnverði hlutafjár frá tekjum áður en til skattlagningar kemur. Hlutfallið var reyndar hækkað úr 10% fyrir nokkrum árum til að greiða fyrir uppbyggingu hlutafjáreignar í fyrirtækjum.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta en þetta ákvæði var hækkað fyrir nokkrum árum. Sá sem hér stendur var reyndar flm. þeirrar tillögu og náði henni fram með ágætri hjálp forvera míns, hv. 8. þm. Reykn. En á þetta ásamt ívilnun vegna hlutafjárkaupa var ávallt litið sem tímabundna aðgerð á meðan verið væri að koma á verðbréfa- og hlutabréfamarkaði. Ljóst er að þegar slíkur markaður er kominn á ganga bréfin kaupum og sölum og þannig getur hagnaðurinn myndast hjá viðkomandi einstaklingum án þess að fjármunir séu teknir út úr viðkomandi fyrirtækjum. Reyndar tel ég ástæðu til að minnast á að heppilegt kynni að vera að breyta lögum jafnframt, þótt ekki sé gert ráð fyrir því í þessu frv., á þann veg að aðeins ný hlutabréf njóti frádráttarins en ekki gömul hlutabréf til að koma í veg fyrir að hlutabréf sem ganga aftur og aftur kaupum og sölum geti sífellt myndað skattfrádrátt við hverja sölu.

Miðað við núgildandi reglur felst tiltekin ívilnun í tekjuskattslagningu arðs hjá einstaklingum. Eignarskattslagning hlutafjár dregur hins vegar verulega úr þessari ívilnun enda er þar um tvísköttun að ræða. Þótt nokkur rök hnígi að því að draga úr þessari ívilnun hjá einstaklingum er nauðsynlegt að skoða allar breytingar á þessu sviði í tengslum við hugsanlegar breytingar á skattlagningu eigna og/eða eignatekna. Þetta segi ég að sjálfsögðu vegna þess að í dag eru mismunandi reglur um skattlagningu arðs annars vegar og vaxta hins vegar. Þannig njóta þeir sem lána fyrirtækjum í gegnum banka þeirra fríðinda að vera skattlausir en hinir sem leggja fram áhættufé beint í fyrirtækin verða samkvæmt grundvallarreglunni að greiða skatta af arðinum þótt um skattfríðindi sé að ræða innan ákveðinna marka.

Þá má nefna að heimildir einstaklinga til skattafsláttar vegna hlutabréfakaupa verða þrengdar í áföngum. Þessar heimildir voru upphaflega settar inn í skattalögin til að örva hlutabréfakaup. Verulegur árangur hefur náðst í þeim efnum. Í frv. er gert ráð fyrir að draga úr þessari ívilnun í áföngum á fimm árum.

Svipaðar breytingar verða á heimildum sem verið hafa í lögum til að draga innlegg á húsnæðissparnaðarreikningum frá tekjuskatti. Þróunin í húsnæðislánakerfinu undanfarin ár hefur dregið úr gildi þessa fyrirkomulags sem sérstakrar sparnaðarráðstöfunar vegna íbúðarkaupa. Jafnframt eru þessir reikningar í vaxandi mæli notaðir sem almennt sparnaðarform sem óeðlilegt er að ívilna með þessum hætti.

Einn kafli frv. fjallar um breytingu sem er gerð á embætti ríkisskattstjóra þar sem um er að ræða að skattrannsóknarstjóri verður sjálfstæður og kallast skattrannsóknarstjóri ríkisins.

Á síðustu árum hafa kröfurnar um fullkominn aðskilnað úrskurðarvalds og framkvæmdarvalds aukist mjög eins og sýnir sig í lögfestingu aðskilnaðar dómsvalds og framkvæmdarvalds sem gildi tók 1. júlí sl. Sú staðreynd að skattrannsóknarstjóri stýrir deild sem heitir rannsóknardeild ríkisskattstjóra hefur m.a. valdið því að í huga almennings er ekki greint nægjanlega milli ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra. Þá gefur athugasemd í nýlegum dómi Hæstaréttar um að rannsóknardeild ríkisskattstjóra og embætti ríkisskattstjóra séu ein og sama ríkisstofnunin tilefni til að ætla að aðskilnaður milli ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra sé ekki talinn nægjanlega mikill. Af þessum sökum er nauðsynlegt að settar verði skýrari reglur um þennan aðskilnað.

Af ýmsum ástæðum sem raktar eru mjög rækilega í athugasemdum með frv. virðist heppilegast að skatteftirlitshlutverk það sem skattrannsóknarstjóra er ætlað í lögum sé flutt frá honum til ríkisskattstjóra ásamt þeim verkefnum sem lúta að eftirliti með skatteftirlitsstörfum skattstjóra. Tillögur um það eru gerðar í frv. þessu.

Nái þessar tillögur fram að ganga verður skatteftirlit í höndum skattstjóra undir verkstjórn og eftirliti ríkisskattstjóra. Settar verða nánari reglur um störf skattstjóra og ríkisskattstjóra en ekki er talið heppilegt að binda slíkar reglur í lögum. Þá er gerð tillaga um að rannsóknardeild ríkisskattstjóra verði lögð niður en í stað hennar sett á fót ný sjálfstæð stofnun með eigin fjárhag. Hið nýja embætti, skattrannsóknarstjóri ríkis-

ins, fari samkvæmt þessu með rannsóknir út af brotum á skattalögum en um skatteftirlit fari eins og ég gat um áðan. Gert er ráð fyrir að fjmrh. setji nánari reglur um framkvæmd skattrannsókna.

Samhliða þessum breytingum á lögum um tekjuskatt og eignarskatt varðandi skattrannsóknarstjóra eru lagðar til breytingar á virðisaukaskatti, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um yfirskattanefnd til að samræmi sé í lögunum. Ég vísa að öðru leyti til athugasemda með frv.

Þá kem ég næst að breytingum sem lagt er til að gerðar verði á lögunum um virðisaukaskatt. Helstu breytingar á virðisaukaskatti sem felast í frv. eru annars vegar fækkun undanþága frá skatti og hins vegar það að taka upp sérstakt 14% skattþrep. Hér er að verulegu leyti fylgt þeirri stefnu sem fólst í fjárlagafrv. þó með þeirri breytingu að nú er gert ráð fyrir að almenna skatthlutfallið verði óbreytt til að standa straum af auknum útgjöldum ríkissjóðs vegna greiðslna til sveitarfélaga, framlaga til framkvæmda o.fl.

Ef lýst er núgildandi kerfi kemur í ljós að verulegar breytingar hafa orðið á íslenska virðisaukaskattskerfinu frá því sem stefnt var að í upphafi. Upphaflegar hugmyndir voru að taka upp almennan skatt í einu þrepi með sem fæstum undanþágum. Með því móti var talið unnt að lækka skatthlutfallið frá því sem gilti í söluskattskerfinu. Þegar skatturinn var lagður á í ársbyrjun 1990 höfðu þessar hugmyndir tekið verulegum breytingum sem fólu í sér fráhvarf frá því sem gildir í flestum nágrannalöndum að þrennu leyti.

Í fyrsta lagi var skatthlutfallið hér á landi mun hærra en upphaflega var áformað, eða 24,5%, en það er næsthæsta hlutfall í Evrópu á eftir Danmörku og Svíþjóð þar sem hlutfallið er 25%.

Í öðru lagi eru undanþágur hér á landi víðtækari og skattstofninn því rýrari en að var stefnt. Þannig eru bækur, blöð, húshitun, afnotagjald útvarps og sjónvarps, menningarstarfsemi, tómstundaiðkun, hótelgisting, vinna við íbúðarhúsnæði og fólksflutningar undanþegin skatti hér á landi en skattlögð víða annars staðar. Þetta leiðir til þess að hér á landi eru aðeins tveir þriðju hlutar af útgjöldum heimilanna með virðisaukaskatti en hlutfallið er mun hærra í flestum ríkjum Evrópubandalagsins, eða yfirleitt 80–90%.

Í þriðja lagi jafngildir mikill fjöldi undanþága innan kerfisins því að um tvö skatthlutföll sé að ræða í dag, þ.e. 0% annars vegar og 24,5% hins vegar. Ég vil taka það fram að þótt hér sé talað um 14% þá felst ekki önnur stefna í því en þessi ákvörðun ein og sér. Síðan verður það að ráðast af framhaldinu og síðari tímum hvort menn vilja einhvern tímann síðar stefna að einu skatthlutfalli í framtíðinni. Ég vil þó geta þess að mér sýnist þróunin til að mynda í Evrópubandalagslöndunum vera sú að skatthlutföllin séu tvö.

Öll þessi atriði sem ég nefndi fyrr vinna gegn upphaflegum markmiðum enda almennt viðurkennt að hátt skatthlutfall, mikill fjöldi undanþága og víðtækar endurgreiðslur dragi úr skilvirkni skattsins, torveldi skatteftirlit og stuðli að undanskotum. Jafnframt er það viðhorf enn í fullu gildi að frá sjónarhóli skatteftirlits og skilvirkni er heppilegast að hafa einungis eitt skattþrep líkt og var í upphaflegu tillögunum.

Rétt er að vekja athygli á því að í núgildandi kerfi eru tvenns konar undanþágur. Annars vegar eru atvinnugreinar sem liggja alveg utan kerfisins eins og t.d. menningarstarfsemi og hótelgisting. Þessar greinar verða ekki skattskyldar og njóta ekki frádráttar vegna virðisaukaskatts, þ.e. innskatts, sem þær greiða af rekstrinum. Hins vegar eru greinar sem í senn eru skattfrjálsar en njóta jafnframt frádráttar vegna innskatts. Þar nefni ég hitaveitur, blöð og útvarp sem dæmi. Þessar greinar eru þess vegna í reynd í núllskatti í dag. Afnám undanþága kemur því mismikið við starfsemi þessara atvinngreina.

Þá er rétt að hafa í huga að í gildandi kerfi er víða blandaður rekstur þar sem hluti af starfsemi einstakra fyrirtækja er skattskyldur en annað ekki. Dæmi eru flugfélög þar sem vöruflutningar eru skattskyldir en fólksflutningar ekki. Reyndar get ég bætt ferjum við í þessu sambandi.

Annað dæmi eru hótel þar sem veitingastarfsemin er skattlögð en gisting ekki. Við ríkjandi aðstæður er að sjálfsögðu mjög erfitt að skilja á milli þessara þátta og það torveldar allt skatteftirlit.

Af þessu má ráða að gild rök eru fyrir því að fækka verulega undanþágum. Þar með koma fleiri aðilar til skattlagningar en áður sem aftur getur stuðlað að betri skilum á öðrum sviðum, t.d. í tekjuskatti. Einnig aukast möguleikar á eftirliti með innskattsfrádrætti í blönduðum rekstri. Helstu breytingar sem felast í frv. eru þessar:

Undanþágur virðisaukaskatts af bókum, blöðum, tímaritum, húshitun og afnotagjöldum útvarps og sjónvarps falla niður. Þessar greinar hafa hingað til ekki innheimt virðisaukaskatt af seldri þjónustu en hafa engu að síður fengið endurgreiddan innskatt af aðföngum. Greinar, sem hingað til hafa legið utan virðisaukaskattskerfisins, svo sem hótel, gistihúsarekstur og fólksflutningar, fara í 14% þrepið. Með þessari breytingu fá þessar greinar endurgreiddan innskatt sem þær fá ekki í dag. Vinna iðnaðarmanna við íbúðarhúsnæði verður áfram skattskyld en endurgreiðslur virðisaukaskatts miðast við 60% af skattgreiðslu í stað 100% áður. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að þessar breytingar komi til framkvæmda í áföngum. Með þessu er tekið tillit til athugasemda við fyrri hugmyndir þar sem miðað var við gildistöku um áramótin. Þetta á sérstaklega við um ferðaþjónustu en einnig að nokkru leyti um bækur, tímarit og aðra fjölmiðla.

Fyrsti áfangi kemur til framkvæmda 1. jan. 1993 og tekur til sölu á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa. Til þess að draga úr áhrifum virðisaukaskatts á húshitunarkostnað verður hluti skattsins endurgreiddur þannig að skatturinn fari aldrei fram úr tilteknu hámarki sem tekur mið af meðaleiningarverði í húshitun á landinu öllu. (**Gripið fram í:** Er það til?) Það er spurt að því hvort það sé til og því er til að svara að í iðnrn. hefur frá — ég ætlaði nú að segja frá ómunatíð en um nokkurra ára bil hefur verið safnað saman nokkuð góðum upplýsingum um það hvert orkuverð er í

landinu og þá er miðað við krónur á kílóvattstund. Þetta er eins og margir vita erfiður útreikningur því að vatn er auðvitað misheitt og ýmislegt annað sem gerir það að verkum að það er erfitt að samræma einingarnar í þessu sambandi. Ástæðan fyrir þessum útreikningi, sem hefur átt sér stað nokkuð mörg ár, er sú viðmiðun við olíuhitun sem notuð hefur verið vegna niðurgreiðslna á raforku til húshitunar. Ég vil hins vegar segja að það kerfi sem hér er notað til jöfnunar orkuverðs er sama kerfi og er notað þegar söluskattur er endurgreiddur vegna matvæla sem framleidd eru hér á landi, svo sem búvara, dilkakjöts, mjólkur, fisks og fleiri vörutegunda. Þetta gerist með þeim hætti að til þess að tryggja að þeir sem greiða hæstan grunnkostnaðinn í orkuverðinu greiði ekki að sama skapi háan skatt. Niðurstaðan sem er í frv. er á þá leið að engin hitaveita né rafmagnsveita greiðir hærri skatt miðað við núverandi verðlag en 13,2 aura á kílóvattstund. Þetta kemur auðvitað mjög misjafnlega niður en til þess að lýsa þessu má geta þess að allar ódýrari hitaveiturnar bera skattinn að fullu, þar á meðal Hitaveita Reykjavíkur og greiða þess vegna þeir sem eru á hitaveitusvæði Reykjavíkur 14% ofan á það gjald sem þeir greiða fyrir heitt vatn í dag, en til samanburðar má geta þess fyrir Orkubú Vestfjarða, ef það er tekið allt saman, þá er verið að tala um alla rafhitasöluna í einu lagi, mun skatthlutfallið vera 4,47% ofan á orkuverðið. Með öðrum orðum munu þeir sem búa við rafhitun á Vestfjörðum, ekki við kynntar veitur, greiða 4,47% á sama tíma og Reykvíkingar greiða 14%. Þetta er auðvitað gert vegna þess að grunnkostnaðurinn víðast hvar þar sem ekki er um að ræða ódýrar hitaveitur er mun hærri heldur en á svokölluðum heitum svæðum. (**Gripið fram í:** Þýðir það á báðum stöðum 13,2 aurar?) Það þýðir í reynd á báðum stöðum 13,2 aurar. Það vill svo til án þess að ég skýri það frekar.

Til þess að taka einhver dæmi þá hygg ég að í íbúðarhúsnæði eins og einbýlishúsi sem er t.d. rúmlega 120 fermetrar, tæplega 500 rúmmetrar, þá gæti ég ímyndað mér að meðalhitakostnaður á Vestfjörðum sé tæplega 100 þús. Þá yrði árleg viðbót um 4.400 kr. til þess að nefna einhverja viðmiðunartölu og svo deilist það auðvitað niður á mánuðina. Þetta er gert til þess, eins og augljóst er, að koma í veg fyrir það að þeir sem búa við hæst orkuverð greiði hlutfallslega jafnháan skatt og aðrir. Þótt auðvitað sé hér um að ræða hækkun á orkuverði er þó um nokkra jöfnun að ræða og sem gamall iðnrh. þekki ég vel til þess hve viðkvæmur samanburðurinn er í þessum efnum.

Þá vil ég geta þess að strax við upphaf árs er gert ráð fyrir því að endurgreiddur virðisaukaskattur vegna vinnu iðnaðarmanna við íbúðarhúsnæði verði lækkaður úr 100% í 60%.

Næsti áfangi kemur til framkvæmda samkvæmt frv. 1. júlí 1993 og þá er gert ráð fyrir að afnotagjöld útvarps- og sjónvarpsstöðva verði skattskyld með 14% virðisaukaskatti. Frá sama tíma verði sala tímarita, dagblaða, landsmálablaða og héraðsfréttablaða, svo og sala bóka á íslenskri tungu felld undir 14% virðisaukaskatt. Með þessu eru útvarps- og sjónvarpsstöðvar jafnsettar gagnvart öðrum fjölmiðlum, svo sem dagblöðum.

Þriðji áfangi kemur til framkvæmda 1. jan. 1994. Þá verður 14% virðisaukaskattur lagður á ferðaþjónustu, þ.e. hótelgistingu og fólksflutninga. Með þessari tímasetningu er ferðaþjónustu gefinn nokkur aðlögunartími. Jafnframt er einstökum fyrirtækjum í þessum greinum gefinn kostur á að koma fyrr inn í kerfið ef þau óska sérstaklega eftir því, t.d. í því skyni að fá endurgreiddan innskatt vegna fjárfestingar o.fl. Til þess að draga úr áhrifum þessarar skattlagningar á ferðaþjónustu hefur jafnframt verið ákveðið að lækka tryggingagjald af ferðaþjónustu eins og ég hef áður sagt úr 6% í 2,5% á sama tíma. Með þessu er dregið verulega úr áhrifum álagningar virðisaukaskattsins.

Áfram verða ýmsar greinar undanþegnar skattlagningu, svo sem íþrótta- og menningarstarfsemi, heilbrigðisþjónusta, ýmis félagsleg þjónusta, skólar, fjármálaþjónusta, getraunastarfsemi og vátryggingastarfsemi. Þær tillögur sem hér eru lagðar fram eru að þrennu leyti frábrugðnar þeim hugmyndum sem kynntar voru með efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar.

Í fyrsta lagi er gert er ráð fyrir skattlagningu afnotagjalda útvarps- og sjónvarpsstöðva sem komi til framkvæmda um mitt ár á sama tíma og hjá öðrum fjölmiðlum í stað áramótanna.

Í öðru lagi hefur gildistaka skatts á ferðaþjónustu verið færð frá september 1993 til áramótanna 1993–1994.

Í þriðja lagi er gert er ráð fyrir nokkru hærri fjárhæð til jöfnunar húshitunarkostnaðar en fyrr var reiknað með.

Með þeim breytingum sem felast í þessu frv. er stigið veigamikið skref í átt til þess sem upphaflega var áformað með því að undanþágum verði fækkað verulega í virðisaukaskattskerfinu. Það hefði verið æskilegast að skattleggja allar vörur og þjónustu að mínu viti í einu og sama þrepinu og ná skatthlutfallinu niður í 20% en ekki var eins og ég hef áður sagt ástæða til þess að taka svo stórt skref. Reyndar er ég ekki að tala þar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar þegar ég lýsi því sem persónulegri skoðun að það væri heppilegra skattkerfisins vegna að hafa eitt skatthlutfall.

Næst mun ég víkja að tryggingagjaldinu. Í þessu frv. eru lagðar til þrenns konar breytingar á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald. Tryggingagjald er lagt á í tveimur gjaldflokkum, sérstökum og almennum. Tryggingagjald í sérstökum gjaldflokki er 2,5% af gjaldflokknum og í sérstökum gjaldflokki eru atvinnugreinar sem flokkast undir fiskveiðar, iðnað og landbúnað. Í almennum gjaldflokki er gjaldið 6%. Í almennum gjaldflokki eru allar aðrar gjaldskyldar atvinnugreinar, þar á meðal ferðaþjónusta. Hér er lagt til að tiltekin ferðaþjónusta verði felld undir sérstaka gjaldflokkinn. Með ferðaþjónustu í þessu sambandi er átt við hótel- og gistiþjónustu, þjónustu ferðaskrifstofa, veitingastarfsemi og fólksflutninga, þar með eru taldar bílaleigur. Hins vegar mun önnur starfsemi tengd ferðaþjónustu áfram falla í almenna gjaldflokkinn og þess skal getið að leigubílar falla utan kerfisins samkvæmt þessu frv. þannig að sama kerfið gildir áfram

um þá. Þeir borga hvorki útskattinn né fá notið innskattsins.

Í öðru lagi er lagt til að skattstofn tryggingagjalds verði breikkaður með því að gera greiðslur vinnuveitenda í lífeyrissjóð umfram 6% af launum tryggingagjaldsskyldar og í þriðja lagi að greiðslur ökutækjastyrkja séu einnig gjaldskyldar. Þetta hefur ekkert með skattlagningu einstaklinga að gera heldur er verið að breikka lítils háttar tryggingagjaldsstofninn sem er laun vegna þess að nokkur brögð eru að því, sérstaklega í hálaunahópunum, að atvinnurekandi tekur að sér að greiða meira en 6% í lífeyrissjóð og oft í þá frjálsu lífeyrissjóði sem í raun og veru eru bankabækur til elliáranna sem hægt er að taka að fullu út úr þá. Það þótti eðlilegt að slíkar greiðslur féllu undir tryggingagjaldstofninn þegar fyrirtækin standa skil á tryggingagjaldi til ríkissjóðs.

Þá kem ég að ákaflega miklu uppáhaldi mínu sem er sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði var lagður fyrst á 1979. Skatturinn hefur síðar verið lagður á árlega samkvæmt sérstökum lögum. Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir 1992 er áætlað að innheimtar tekjur af skattinum verði 440 millj. kr. en í frv. til fjárlaga 435 millj. kr. á næsta ári. Í þessu frv. er lagt til að ákvæði laganna verði að mestu efnislega samhljóða en þó er sú breyting gerð að opinberir fjárfestingarlánasjóðir eru gerðir skattskyldir í samræmi við breytingar þær sem gerðar voru fyrr á árinu á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana. Þess skal getið að í fyrra þegar þetta mál var rætt, þá lýsti ég því yfir að þessi skattur mundi hverfa þegar fjármagnstekjuskattur yrði tekinn upp. Á því er frestur þannig að þetta mál frestast, en þess ber að geta að þau fyrirtæki, sem greiða hæst aðstöðugjald, eru sömu fyrirtækin og borga verslunar- og skrifstofuhúsnæðisskatt þannig að sú lækkun sem verður til fyrirtækjanna af því er margfalt meiri en nemur þessum skatttekjum.

Þessu næst vil ég víkja að húsnæðissparnaðarreikningunum. Í frv. er lagt til að þær breytingar verði gerðar að skattafsláttur inn verði færður niður í þrepum og afnuminn á árinu 1997.

Í þessu frv. er loks ákvæði um yfirskattanefnd þar sem slakað er nokkuð á kröfu þeirri sem gerð var í lögum, sem sett voru fyrr á þessu ári, um yfirskattanefnd og teygt á þeim fresti sem yfirskattanefnd var gefinn. Ég vísa til greinargerðarinnar um það en þess ber þó að geta að það hefur saxast mjög á bunkann hjá yfirskattanefnd en þar biðu mörg hundruð mál, má telja í þúsundum mála sem höfðu safnast upp og nú er gengið mjög á þann stafla sem betur fer.

Ég kemst ekki hjá því að segja að gefnu tilefni að í frv. er ákvæði þess efnis að fjmrh. getur sett reglur um það að sambærileg verðlaun Norðurlandaráðsverðlaunanum geti verið skattfrjáls enda séu þau verðlaun Norðurlandaverðlaun. Ég vil nefna sem dæmi um þetta þegar Thor Vilhjálmsson rithöfundur fékk verðlaun sænsku akademíunnar fyrir þau verk sem hann hefur unnið í gegnum tíðina. Engin lagaákvæði eru í íslenskum skattalögum sem gefa tilefni til þess að ráðherra geti veitt undanþágu heldur verður að flytja frv. í hvert skipti og ná þessu fram með lögum. Með þessari breytingu gefst tækifæri til þess að semja reglugerð sem næði til slíkra verðlauna og við það er auðvitað miðað að sama gildi um þessi verðlaun annars staðar á Norðurlöndum.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, segja nokkur orð almennt um frv. og efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar. Eins og öllum er kunnnugt hafa þessar efnahagsaðgerðir verið talsvert gagnrýndar af Alþýðusambandi Íslands og nokkrum öðrum aðilum á undanförnum vikum. Mér þykir þess vegna ekki úr vegi að rifja upp í fáeinum orðum þær tillögur sem voru til umræðu á vegum aðila vinnumarkaðarins en þær hugmyndir má m.a. rekja til Alþýðusambandsins. Í þeim hugmyndum var lagt til að aðstöðugjald af fyrirtækjum yrði lagt af en skattbyrðin færðist yfir á einstaklinga. Þá var lagt til að hækka reiknaðar tekjur sjálfstæðra atvinnurekenda, einnig að leggja á hátekjuskatt, að efla þróunar- og rannsóknarstarf, lækka bindiskyldu banka, lækka dráttarvexti og að lokum að taka á vanda sjávarútvegs. Öll þessi atriði er að finna í efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar en til viðbótar var rætt um það á vegum aðila vinnumarkaðarins og þá sérstaklega að tilhlutun Alþýðusambandsins að færa tryggingagjald niður og lækka hafnagjöld. Jafnframt skyldi lagður 15% skattur á vexti og bifreiðagjöld hækkuð verulega eða um 50%. Þessum tillögum var ýtt út af borði ríkisstjórnarinnar, einkum og sér í lagi í ljósi þess að gripið var til gengisfellingar til þess að styrkja útflutningsgreinarnar. Þessu til viðbótar má benda á að í hugmyndum Alþýðusambandsins var lögð áhersla á aukið skatteftirlit. Komið er verulega til móts við þessi sjónarmið í frv. en jafnframt vil ég geta þess að starfandi er nefnd stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sem vinnur að því að gera tillögur um það hvernig koma megi í veg fyrir skattsvik hér á landi.

Við fyrstu sýn virðast skattar hækka verulega í efnahagstillögum ríkisstjórnarinnar. Þegar hins vegar er litið á heildarskattheimtu ríkissjóðs og tekið er tillit til endurgreiðslna til sveitarfélaganna vegna tekjumissis þeirra og nýrra útgjalda til viðhaldsverkefna verða áhrif aðgerðanna á niðurstöðutölur fjárlaganna mjög litlar. Þetta stafar m.a. af veltuáhrifum aðgerðanna. En samvæmt spá Þjóðhagsstofnunar mun minnkandi útflutningur draga verulega úr viðskiptahalla. Þannig mun einkaneysla draga úr tekjum ríkissjóðs á sama tíma og útgjöld ríkissjóðs munu aukast vegna hærra innflutningsverðlags. Enginn vafi er á því að efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar munu styrkja samkeppnisaðstöðu íslenskra fyrirtækja og hamla einnig gegn auknu atvinnuleysi. Ég kemst þó ekki hjá því að benda á að fram undan eru hættuboðar sem full ástæða er til að varast.

Í fyrsta lagi vil ég láta koma fram að þrátt fyrir allan niðurskurðinn, allan hávaðann sem hefur orðið vegna sparnaðartilrauna ríkisstjórnarinnar er ljóst að samneyslan mun vaxa á næsta ári. Þessu valda aðallega aukin framlög til málefna fatlaðra, til dómstóla og vegna aukinna útgjalda í heilbrigðis- og tryggingakerf-

inu og þá virðist vöxtur vera talsverður í rekstri sveitarfélaganna.

Í öðru lagi vil ég láta koma fram að mér sýnast nýjar aðstæður gera það að verkum að áætluð útgjöld í fjárlagafrv., eins og það var lagt fram í haust, munu verða heldur meiri en ráð var fyrir gert.

Í þriðja lagi hlýtur það að vera öllum hugsandi mönnum áhyggjuefni hve miklar ríkisábyrgðir hafa hlaðist upp á undanförnum árum, einkum í sjóðakerfinu og ber að minnast á það að þessar ríkisábyrgðir hafa haft það í för með sér að ýmsar skuldbindingar, sem hafa hvílt á þessum sjóðum, hafa verið að færast yfir á ríkissjóð og mynda auðvitað smám saman stokk af skuldum sem skattgreiðendum er ætlað að greiða. Í yfirstandandi efnahagserfiðleikum er viðbúið að verulegar fjárskuldbindingar muni falla á ríkissjóð á næstu árum.

Í fjórða lagi ber að benda á að samkvæmt reynslu nágrannaþjóðanna í erfiðu efnahagsárferði er hætta á að fjárveitingavaldið og stjórnvöld vanmeti áhrif erfiðleikanna á ríkissjóð. Slík dæmi eru nærtæk hjá frændum okkar Færeyingum og þeim fjarskyldari í Svíþjóð og Finnlandi.

Þrátt fyrir allt sýnist mér augljóst að áfram verðum við að takast á við sívaxandi útgjöld ríkissjóðs og megum hvergi slaka á í þeim efnum. Ár eftir ár var hagvöxtur ör hér á landi. Þrátt fyrir það söfnuðust upp erlendar skuldir. Nú þegar landsframleiðsla dregst saman, ekki í eitt ár heldur tvö eftir stöðnunartímabil er auðvelt að missa ríkisfjármálin úr böndum. Samþykkt fjárlaga rétt fyrir jól ár hvert markar auðvitað tímamót í átökunum við ríkisfjármálin en við verðum að gera okkur ljóst að baráttan verður að standa allt árið. Ef við gefumst upp þýðir það einfaldlega að við erum að ýta vandamálunum á framtíðina án þess að hafa nokkra vissu fyrir því að börn okkar og barnabörn hafi betri tök eða meiri efni á að leysa vandann sem við skópum með umframeyðslunni. Þetta bið ég hv. þm. að hafa í huga við umræður um málið og eins við afgreiðslu í hv. nefnd.

Að svo mæltu, hæstv. forseti, legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Þá höfum við fengið í hendurnar og mælt hefur verið fyrir á Alþingi fyrstu frv. sem tengjast svokölluðum efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar. Það er kannski í stíl við aðdraganda aðgerðanna og innihald þeirra að hæstv. fjmrh. var mjög hikandi, svo ég segi ekki niðurdreginn, þegar hann flutti framsöguræðu sína. (**ÖS:** Þetta var matareitrunin.) Matareitrunin, segir hv. 17. þm. Reykv., ekki veit ég það. Staðreyndir málsins eru hins vegar þær að hæstv. ríkisstjórn hefur nú glutrað niður einstöku tækifæri til þess að viðhalda þeirri þjóðarsátt sem náðist með aðilum vinnumarkaðarins undir forustu síðustu ríkisstjórnar á árinu 1990. Það var alveg ljóst að frá miðju ári voru aðilar vinnumarkaðarins tilbúnir að fara í mikla vinnu til þess að hægt væri að styrkja þann grunn sem þar var lagður.

Það er einnig ljóst að stjórnarandstaðan var tilbúin til þess að taka þátt í slíkri málefnalegri vinnu og gaf í raun ríkisstjórninni allan þann tíma og sýndi ríkisstjórninni alla þá þolinmæði sem hægt var að ætlast til, en hæstv. ríkisstjórn notaði ekki þetta tækifæri og því er komið sem komið er.

Í ljósi þessa voru ummæli hæstv. forsrh. þegar tillögur ríkisstjórnarinnar voru kynntar fyrir rúmum hálfum mánuði, þess efnis að því hvernig nú væri komið og að ekki hefði náðst víðtæk þjóðarsátt væri um að kenna óábyrgri afstöðu stjórnarandstöðunnar, einhver mestu öfugmæli sem ég hef heyrt úr þessum ræðustól hér og er þó af ýmsu að taka.

Ég held að ástæðnanna sé að leita annars staðar. Ég vitna í ummæli hæstv. forsrh. í atvinnumálaumræðu snemma á þessu hausti sem sá sem hér stendur efndi til. Þá, um mánaðamótin/ágúst september, voru skilaboð ríkisstjórnarinnar til þjóðarinnar þessi: Það er allt í lagi. Stjórnarstefnan er að skila árangri. Það þarf einungis að sýna þolinmæði og þá kemur þetta allt af sjálfu sér.

Þetta var á sama tíma og atvinnuleysi hér á landi var að verða meira en við höfum ekki þekkt um áratuga skeið. Þetta var á sömu vikunum og Þjóðhagsstofnun gaf út afkomuspá fyrir sjávarútveginn sem benti til þess að hann yrði rekinn með 8% halla á næsta ári. Þetta var á sama tíma og störfum í iðnaði fækkaði um þúsund þriðja árið í röð undir forsæti núv. hæstv. iðnrh.

Á þessum tíma var þetta boðskapur hæstv. forsrh. Þrátt fyrir að stjórnarandstaðan og reyndar einstaka stjórnarþingmenn, og það örlaði á því hjá einstaka ráðherra líka, voru búnir að ræða um það í heilt ár að grípa yrði til aðgerða til styrktar undirstöðuatvinnuvegunum.

Þetta er hin raunverulega stjórnarstefna. Hún stendur alveg jafnt eftir hinar svokölluðu efnahagsaðgerðir sem hæstv. fjmrh. var að kynna. Sú stefna felst í því að knýja fram mestu eignatilfærslu sem um getur í sögu íslenska lýðveldisins með gjaldþrotaleiðinni, að færa til fjármuni og eignir í þjóðfélaginu í stærra mæli en áður hefur þekkst.

Það gerist síðan eftir að hæstv. ríkisstjórn er fallin á tíma þá er búin til efnahagsmálapakki á einum næturfundinum, en það er eitt af einkennum stjórnarherra núv. hæstv. ríkisstjórnar að taka helst aldrei stórar ákvarðanir fyrr en dauðþreyttir undir morgun. Þessir stöðugu næturfundir hljóta að setja mark sitt á ákvarðanir ríkisstjórnarinnar ef mennirnir njóta ekki nokkurs svefns þá daga sem mest á ríður að þeir séu vel upplagðir og tilbúnir til að taka stefnumótandi ákvarðanir.

Þegar þessi pakki var kynntur fyrir okkur í þingsölum þá bregst hæstv. forsrh. reiður við yfir því að stjórnarandstaðan beygi sig ekki og bugti og taki undir allt sem hæstv. ríkisstjórn kom fram með í þessu tímahraki. Sumt af því var unnið í svo miklu tímahraki, eins og alþjóð veit núna, að það varð að prenta upp á nýtt tilkynningu til þingmanna um efnahagsaðgerðirnar meðan hæstv. forsrh. var að kynna þær fyr-

ir okkur þingmönnum. Það sýnir hvað flumbruganginn er mikill og gefur ástæðu til að draga ákveðnar ályktanir af því hvað innihaldið er mikið ígrundað, eins og hefur komið fram í ýmsu af því sem við erum að fá í hendurnar.

Staðreynd málsins er einfaldlega sú að í þjóðarsáttarumræðunum í haust vantaði allt frumkvæði hæstv. ríkisstjórnar. Hún ætlaði aðilum vinnumarkaðarins að taka á sig mestalla ábyrgð á pakkanum. Meira að segja hæstv. fjmrh. lýsti því yfir í útvarpsviðtali að aðilar vinnumarkaðarins yrðu að koma fram með lista yfir hvað ætti að skera niður í fjárlögum. Svo langt gengu menn til þess að firra sig ábyrgð. Hæstv. forsrh. lýsti því margoft yfir að flest af því sem aðilar vinnumarkaðarins legðu til, sérstaklega það sem var til tekjujöfnunar, væri honum mjög á móti skapi en hann yrði e.t.v. að láta það yfir sig ganga. Það sér hver maður að slík vinnubrögð eru ekki trúverðug.

Þingflokkur framsóknarmanna tók þá ákvörðun þegar farið var að ræða um nýja þjóðarsátt í alvöru að bíða átekta og sjá hvað kæmi út úr slíkum viðræðum og taka síðan til þeirra málefnalega afstöðu. Það hefði ekki staðið á þingflokki framsóknarmanna ef hæstv. núv. ríkisstjórn hefði borið gæfu til að koma á raunverulegum þjóðarsáttarviðræðum. En því miður fóru þær viðræður aldrei almennilega af stað. Stórir hagsmunaaðilar, eins og bændur og opinberir starfsmenn, voru ekki kallaðir til.

Ég sé ástæðu til að geta um þátt bænda og þeirra vinnslustöðva í því að halda verðlaginu niðri síðustu tvö árin. Ef við skoðum hvernig framfærsluvísitalan er samsett síðustu tvö árin, þá sjáum við að tvennt hefur öðru fremur unnið að því að halda niðri verðlagi. Annars vegar er það sáralítil hækkun á innlendri matvöru og hins vegar lítil hækkun á húsnæðiskostnaði.

Þetta gleymist í umræðunni núna. Svo menn njóti sannmælis þá nefni ég að hæstv. forsrh. sagði í viðtali ekki alls fyrir löngu að þetta bæri að meta. Þau skilaboð hafa hins vegar ekki borist til hins stjórnarflokksins, samanber síendurteknar yfirlýsingar formanns Alþfl. þess efnis að ekki sé tekið á þætti landbúnaðarins í þeim efnahagsaðgerðum sem nú ganga yfir.

Opinberir starfsmenn voru heldur ekki kallaðir til þessara þjóðarsáttarumræðna.

Við framsóknarmenn gerðum okkur ljóst eins og framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins sagði að ef tækist að koma á þjóðarsátt yrði í þeim tillögum um ramman graut að ræða og það þyrfti samstöðu og sátt sem flestra aðila til að hægt væri að leiða nýja þjóðarsátt til lykta. En hér brást hæstv. núv. ríkisstjórn. Það var hennar hlutverk að leiða hópana saman og lina afleiðingar þeirra aðgerða sem voru óhjákvæmilegar gagnvart þeim sem síst höfðu bökin til þess að bera þær.

Síðan líður að því að hæstv. ríkisstjórn kemur fram með tillögur. Hvaða hópum sá ríkisstjórnin þá sérstaka ástæðu til að hlífa? Það var hátekjufólk, stóreignamenn og fjármagnseigendur. Þetta voru aðilarnir sem ekki mátti hrófla við í þessum aðgerðum að mati hæstv. ríkisstjórnar. Hæstv. forsrh. lýsti því yfir á flokksráðsfundi Sjálfstfl. að sú málamyndanefna af hátekjuskatti sem nú væri lögð á væri fyrst og fremst sálfræðilegt atriði en skipti engu máli að öðru leyti. Það er vissulega rétt hjá hæstv. forsrh. Þar er eingöngu um að ræða málamyndaskatt sem skiptir í sjálfu sér engu máli.

Hvar koma þyngstu byrðarnar af aðgerðum núv. hæstv. ríkisstjórnar niður? Þær eru fyrst og fremst lagðar á barnafólk sem er að koma sér upp húsnæði. Sömuleiðis á landsbyggðarfólk með upptöku á virðisaukaskatti á fólksflutninga innan lands og með því að skattleggja húshitun en kostnaður við hana er víða í þeim hæðum á landsbyggðinni að engu var á bætandi. Þar fundust breiðu bökin að viðbættri útgerðinni samkvæmt frægri yfirlýsingu hæstv. utanrrh. þegar hann sagðist hafa fundið breiða bakið þar sem var Kristján Ragnarsson í LÍÚ.

Ef við lítum svo aðeins á stöðu atvinnulífsins eftir þessar aðgerðir þá fagna ég afnámi aðstöðugjaldsins. Það er afar jákvætt og ég hef þá trú að það sé í raun jákvæðara fyrir atvinnulífið í heild en þeir útreikningar sem okkur hafa verið sýndir benda til. Þetta er afar óréttlátur veltuskattur. Menn hafa bent á til að mynda í landbúnaði, innlendri matvælaframleiðslu, að þar geti þetta þýtt allt upp í 3–4% lækkun á síðasta sölustigi á einstökum greinum. Ég fagna þessu og mun styðja þá aðgerð.

Aðrar skattbreytingar gagnvart atvinnulífinu orka mjög tvímælis. Þar vil ég fyrst nefna 33% skattinn sem hæstv. ríkisstjórn hefur séð að var algjör flumbrugangur að skella á. Eiginlega var stórmerkilegt og segir mikla sögu um hve lítil þekking er á atvinnulífinu og umgjörð atvinnulífsins í stjórnmálum í dag og innan núv. hæstv. ríkisstjórnar þegar hæstv. fjmrh. upplýsti áðan að þeir hefðu þurft virta endurskoðendur til þess að sýna fram á hvað þessi breyting þýddi í raun. Ætluðu mennirnir til að mynda að neyða Þorvald í Síld og fiski á efri árum til þess að breyta einkarekstri sínum í sameignarfélag, svo maður taki bara einfalt og lítið dæmi.

Hverjum manni átti að vera þetta ljóst. Ríkisstjórninni hefði a.m.k. í eitt skipti ekki þurft að draga til baka fyrri ákvörðun ef þeir hefðu hugsað og ígrundað þetta eilítið fyrr.

Það er einnig fróðlegt að skoða samanburðartöflu í frv., sem nú liggur fyrir, um skattlagningu fyrirtækja. Ef ég man rétt er skattprósentan til að mynda 50% í Þýskalandi. Hún er litlu lægri í Japan. Þó eru þetta þau ríki sem menn hafa horft til sem ríkja sem hafa verið í fararbroddi varðandi þróun og uppbyggingu atvinnulífsins á síðustu árum. Það læðist að manni sá grunur að með þessari breytingu sé verið að hygla fyrst og fremst vel búnum fyrirtækjum í ýmiss konar þjónustu- og útgáfustarfsemi á höfuðborgarsvæðinu. Hvaða greiða er verið að launa ætla ég hins vegar ekki að vera með neinar getsakir um. En það er alveg ljóst að þessi aðgerð er sem slík ekkert sem hefði átt að vera í forgangsröð varðandi aðgerðir sem koma atvinnulífinu til góða.

Hver er staða atvinnulífsins í dag eftir þessar að-

gerðir að öðru leyti? Þá stendur sjávarútvegurinn þannig að mati þeirra manna sem gerst þekkja að það stefnir í sama tap og spáð var í ágúst sl. Þær aðgerðir sem gripið hefur verið til síðan gera ekki meira en rétt að vinna upp það hvað skilyrði hafa versnað frá því í ágúst.

Þá kem ég að kafla sem snýr að atvinnulífinu þar sem er þróunarsjóðurinn. Virðulegur forseti. Ég vil beina spurningu til hæstv. fjmrh. Þó það sé kannski ekki beint á hans sviði er hér um að ræða svo mikilvægt atriði varðandi endurskipulagningu í atvinnulífinu að ég spyr hæstv. fjmrh.: Hvað líður vinnu á útfærslu á þróunarsjóðnum og hvenær komum við til með að sjá framan í þau frv. sem honum tengjast?

Þetta mál var unnið með þeim eindæmum að afgreiðsla þess varð þess valdandi, sem ég nefndi hér fyrr í ræðu minni, að ekki var hægt að útbýta prentaðri skýrslu um efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar fyrr en undir miðri ræðu forsrh. Það er ekki mikið þó að þessi vinnubrögð yrðu þess valdandi að þegar hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar fóru að túlka efni þessa kafla efnahagsráðstafanna ræddu þeir út og suður. Hæstv. sjútvrh. sagði citt, hæstv. utanrrh. annað og þegar gengið var nokkuð fast að forsrh. staðfesti hann túlkun utanrrh. sem er sú að í gegnum þennan sjóð eigi að afskrifa um 20% af fyrirtækjum í sjávarútvegi á næstu tveimur árum jafnóðum og þau verða gjaldþrota. Nú hristir hæstv. fjmrh. höfuðið en þetta er engu að síður túlkun hæstv. utanrrh. og aðstoðarmanns hans. Það vill svo til að aðstoðarmaður utanrrh. er annar af formönnunum í tvíhöfðanefndinni svokallaðri. (**Fjmrh.:** Ég hristi ekki höfuðið út af því.) Hæstv. fjmrh. segist ekki hafa hrist höfuðið út af þessu heldur einhverju allt öðru. Ég skil ósköp vel að yfir öllum þeim aðgerðum sem hér liggja fyrir sé hann kominn með höfuðverk og þurfi að hrista höfuðið reglulega til þess að halda skýrri hugsun. Þróunarsjóðinn túlkaði hæstv. sjútvrh. á þann hátt að eingöngu ætti að leggja í hann 4 milljarða kr. Það væri eina fjármagnið sem ætti að fara í hann og ætti síðan að endurgreiðast með árlegri fjárhæð sem næmi þeirri upphæð sem sölur aflaheimilda áttu að vera á næsta ári, eða um 500 millj. kr.

Það er að mínu mati afar mikilvægt að við fáum að sjá hvernig á að vinna út úr þessari hugmynd. Hugmyndin sem slík var ekkert slæm. Það sem hins vegar er slæmt er að hún er svo illa unnin að ráðherrum hæstv. ríkisstjórnar ber ekki einu sinni saman um túlkun á fyrsta degi. Ekkert er mikilvægara fyrir efnahagslíf okkar á næstunni en að fjárhagsleg endurskipulagning í undirstöðuatvinnuvegunum takist. Það er að mínu mati lykilatriði gagnvart vaxtastiginu í landinu því ekkert annað heldur vöxtunum meira uppi í dag en óvissan um framtíðina í sjávarútveginum. Meðan stærstu bankar landsins eru á fyrstu átta mánuðum ársins með hagnað upp á nokkra tugi milljóna eftir að hafa afskrifað milljarð til að mæta afskriftum er það alveg ljóst að vaxtamun er haldið uppi eins miklum og mögulegt er. Þess vegna er að mínu mati, og það nefndi ég í umræðunum í haust um atvinnumálin, ekkert mikilvægara fyrir efnahagsmálin í dag en að það takist að endurfjármagna sjávarútveginn og það verður að vera margþáttuð aðgerð. Eitthvað afskrifast, það vitum við, einhverju verður að skuldbreyta og einhverju verður að breyta í hlutafé og það verður að veita bönkum og fjármálastofnunum heimildir til þess.

Ef við komum síðan að því hvernig þessar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar snúa að atvinnulífinu þá er það alveg ljóst að þær koma ekki verr við nokkra grein en ferðamálin. Ferðamálin sem áttu að verða vaxtarbroddur og verða vonandi — þrátt fyrir núv. hæstv. ríkisstjórn — í atvinnulífi okkar á næstunni. Ég held að engum manni hafi dottið í hug að afnám tryggingagjalds og aðstöðugjalds á ferðaþjónustu ætti að verða til að rýma til fyrir aðra skatta á greinina. Þetta gerir að verkum að ferðaþjónustan, sem í raun er útflutningsgrein, nýtur ekki kostanna af gengisfellingunni. Þeir brennur upp í því að standa undir nýjum álögum í formi virðisaukaskatts. —Nú geri ég hlé á ræðu minni meðan hæstv. fjmrh. stuggar við mönnum í hliðarsal. — Þannig er búið að þessari grein eftir þessar aðgerðir. Ég held að hæstv. ríkisstjórn ætti að skoða hvað hliðstæð aðgerð þýddi til að mynda fyrir ferðamál fyrir Svíþjóð fyrir tæpum þrem árum, ef ég man rétt. Ferðaiðnaður þar hefur ekki borið sitt barr eftir að virðisaukaskattur var lagður á greinina.

Virðulegi forseti. Ég hef farið almennum orðum um þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur gripið til og rakið lánleysi ríkisstjórnarinnar gagnvart því að viðhalda þjóðarsátt sem hún hafði öll tækifæri til. Allir aðilar þjóðfélagsins eru tilbúnir að taka þátt í þeirri vinnu og það þekkja allir sem koma að stjórnun efnahagsmála að yfirleitt er auðveldara að stjórna efnahagsmálum í slæmu árferði en í góðu. Þá eru allir aðilar miklu betur tilbúnir til að taka á hlutunum. (**Fjmrh.:** Má treysta þessu?) Já, ég held að það megi nánast treysta þessu en því miður er lánleysi núv. hæstv. ríkisstjórnar svo algjört að hún hefur ekki einu sinni áttað sig á eins einföldum staðreyndum og þessum eins og kom fram í frammíkalli hæstv. fjmrh. Ef við skoðum efnahagssögunа sjáum við að það er yfirleitt í góðæri og uppgangi í þjóðfélaginu sem við höfum misst hlutina úr böndunum. Þá hefur litlu máli skipt hverjir hafa setið við stjórnvölinn.

Ég ætla að fara yfir frv. sem fyrir liggur og eyða nokkrum orðum á það.

Í 1. gr. er breytt hlutfallstölum, sem hæstv. fjmrh. kom á fyrir nokkrum árum með miklu erfiði en að vísu í góðri samvinnu Alþingis, ef ég man rétt, varðandi frádrátt vegna aðgreiðslna. Það virðist vera mat hæstv. ríkisstjórnar að nú sé hlutabréfamarkaður hér orðinn svo stöndugur að ástæða sé til að breyta þessu aftur. Ég hef reyndar grun um að þarna ráði meira umhyggja hæstv. fjmrh. fyrir stöðu ríkissjóðs en það sjónarmið sama aðila sem óbreytts þingmanns sem réð því að hann lagði þá til að þetta hlutfall yrði hækkað. Ég tel reyndar að enn um sinn væri full ástæða til að halda þessu hlutfalli óbreyttu til að örva hlutabréfamarkaðinn. En það er afar mikilvægt fyrir atvinnulífið í landinu að með öllum ráðum sé stuðlað að því að fyrirtækin nái að fjármagna sig í meira mæli með áhættu-

fé í gegnum virkan hlutabréfamarkað. Ef okkur tekst ekki að styrkja þá þróun áfram — þar hefur verið nokkurt bakslag að undanförnu — höfum við ekkert að gera í samkeppni við atvinnulíf nágrannalandanna. Að mínu mati er þessi breyting því ekki tímabær.

Það sama á við um b-lið 1. gr. varðandi það að trimma niður á til þess að gera skömmum tíma afslátt til einstaklinga vegna kaupa á hlutabréfum.

Síðan er verið að fella niður fjárfestingarsjóðinn sem ég ætla ekki að fara fleiri orðum um hér.

Í 5. gr. er fjallað um breytingar á barnabótum og vaxtabótum. Þar eru komin breiðu bökin sem núv. hæstv. ríkisstjórn fann. Þessi atriði koma, eins og ég nefndi fyrr, sérstaklega þungt niður á barnafólki með miðlungstekjur og hærri, ég tala nú ekki um ef þetta sama barnafólk er einnig að koma sér upp húsnæði. Eins og alþjóð veit er hugmyndafræði hæstv. núv. ríkisstjórnar varðandi barneignir og aðstoð við barnafólk afskaplega sérstök og náði hámarki þegar hæstv. heilbrrh. lýsti því yfir í útvarpsviðtali að undangenginni könnun hefði hann komist að því að það væri yfirleitt fólk á besta aldri og við góða heilsu sem ætti börn. (**Gripið fram í:** Fullfrískar.) Fullfrískar konur á besta aldri sem ættu börn. Það er eiginlega þakkarvert að ráðherrar núv. hæstv. ríkisstjórnar skuli nú leggja vinnu og fjármagn í svona merkilegar rannsóknir. (**ÖS:** Líffræðingar þingflokksins hafa nú leiðrétt þennan misskilning.) Nú segir hv. þm. Össur Skarphéðinsson og þingflokksformaður að líffræðingar þingflokksins hafi leiðrétt þennan misskilning. En af því að hv. þingflokksformaður greip fram í þá verð ég eiginlega að biðja hann að koma sérstökum þökkum á framfæri til hæstv. heilbrrh. fyrir að hafa upplýst þjóðina um þessi stórmerku sannindi. (**ÖS:** Skal gert.)

Þessir hópar eiga sérstaklega að taka á sig byrðar á meðan þeir sem eru með sömu tekjur og eiga ekki börn eða eru ekki að koma sér upp húsnæði eru ekki skertir nokkurn skapaðan hlut.

Síðan koma kaflar um skattrannsóknarstjóra, skatteftirlit og það sem því tengist. Mér hefur ekki unnist tími til að kynna mér þá þætti vandlega. En ég tek undir þau sjónarmið ráðherra að styrkja skatteftirlitið og mun leggja mig fram í nefndinni að vinna að þeim málum.

Þá eru ákvæði til bráðabirgða. Þau víkja að frádrætti vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, fjárfestingarsjóðunum og tekjuskatti lögaðila. Eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni þá sá ríkisstjórnin að áform hennar um að lækka tekjuskatt lögaðila í einu þrepi niður í 33% náði ekki nokkurri átt og varð þess vegna að grípa til bráðabirgðaráðstafana til þess að vinna tíma til að hægt væri að koma einhverju viti í þessa breytingu. Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert að ríkisstjórnin átti sig á mistökum sínum og reyni að leiðrétta þau.

Síðan kemur afar sérstök fyrirsögn á IV. ákvæði til bráðabirgða, sem hljóðar svo: „Sérstakur tekjuskattur manna" og staðfestir að að mati ríkisstjórnarinnar eru menn ekki menn með mönnum fyrr en þeir hafa a.m.k. 2,4 millj. í árstekjur eða hjón sem hafa 4,8 millj. kr. Þarna er komið að því sálfræðilega trikki sem hæstv. forsrh. lýsti á flokksráðfundi Sjálfstfl. Sannleikur málsins er sá, virðulegi forseti, að hér er um algjöra málamyndaaðgerð að ræða sem skilar sáralitlum tekjum og hefur verið sýnt fram á af þeim mönnum sem eru fróðir um bókhald fyrirtækja og tölvubúnað því tengdu að þetta muni kosta fyrirtækin í nýjum hugbúnaði og í vinnu í kringum þennan skatt upphæð sem nemi í það minnsta helmingi af reiknuðum tekjum í ríkissjóð á ári. Af því að ekki átti að hækka skatthlutfall þeirra sem eru með hærri tekjurnar um eitthvað sem skipti máli hefði verið margfalt einfaldari aðgerð að hækka skatthlutfallið um eitthvert prósentubrot og síðan skattleysismörkin á móti í staðinn fyrir að fara út í þessa leikfimi sem í raun er illskiljanlegt hvernig á að framkvæma. Þegar þetta var kynnt fyrir okkur í upphafi í efh.- og viðskn. vissi enginn hvernig ætti að framkvæma þessa skattheimtu. Staðreyndin er sú að svona skattheimtu er ekki hægt að framkvæma nema eftir á en þá hefði hún að sjálfsögðu ekki skilað ríkissjóði neinum tekjum á næsta ári sem var náttúrlega markmiðið. Þess vegna var hér farið út í fyrirframgreiðslukerfi sem flækir skattlagninguna enn meira. Hér er því fyrst og fremst um málamyndaaðgerð að ræða sem átti að friða þá sem töldu eðlilegt, og það er eðlilegt að mínu mati, að þeir tekjuhærri bæru þungann af þeim tilflutningi frá atvinnulífinu og yfir á einstaklinga sem vissulega þurfti að fara fram.

Þetta er um það sem er í þessu skattafrumvarpi en hins vegar er hér ekkert um fjármagnstekjuskatt. Það er annar hópur sem hæstv. núv. ríkisstjórn sá ástæðu til þess að hlífa. Þeir sem hafa sitt framfæri af launavinnu eru skattlagðir allt niður í það að vera með 60.000 kr. á mánuði. Þeir sem hafa sitt framfæri, ég tala nú ekki um að eru að margfalda sínar eignir í gegnum tekjur af fjármagni, eru skattlausir. Þetta er ólíðandi fyrirkomulag sem núv. hæstv. ríkisstjórn virðist ætla að heykjast á að taka á á nokkurn hátt.

Hæstv. núv. ríkisstjórn er iðin við að bera okkur saman við önnur lönd. Við þurfum að samræma skilyrði atvinnulífsins og það er rétt að mínu mati. Við þurfum að samræma skattlagningu og undir það tek ég líka. Af hverju er þá ekki þessi þáttur skattlagningarinnar samræmdur einnig? Það er skattur á fjármagnstekjur í öllum nálægum löndum. Það er einungis hér á Íslandi sem þetta viðgengst enn af þeim löndum sem okkur er tamast að bera okkur saman við.

Varðandi skattinn þá gleymdi ég að nefna hækkun á skatthlutfallinu úr 32,8% upp í 34,3% sem tengist þeirri breytingu að fella niður virðisaukaskattinn og auðvitað hlýt ég að viðurkenna að því varð að mæta með annarri skattlagningu. Meðan verið er að skoða málið sé ég í sjálfu sér ekki að þetta sé verri millileikur en hver annar. Ég set hins vegar spurningarmerki varðandi framkvæmd þess að afnema aðstöðugjaldið, hvernig á því stendur að þá var ekki landsútsvar afnumið um leið sem í raun er það aðstöðugjald sem ákveðin fyrirtæki greiða. Þetta kemur m.a. við Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi sem væntanlega á fyrir höndum erfiða baráttu á næstunni fyrir tilveru sinni en hún á að bera sitt aðstöðugjald áfram, sömuleiðis

olíufélögin. Það hafa kannski ekki allir mikla samúð með *olíufélögunum en ég bendi þó á að olíufélögin eru* einn stærsti viðskiptaaðili útgerðarinnar í landinu og afleidd áhrif þess að lækka aðstöðugjaldið kæmu ekki síst fram ef landsútsvarið yrði fellt af eins og aðstöðugjald af öðru.

Komið er að kaflanum um fyrirframgreiðslu manna á sérstökum tekjuskatti en það tengist þeim sem eru menn með mönnum og hafa yfir 2,4 millj. í árslaun.

Ég hleyp hér yfir nokkra kafla varðandi skattrannsóknir og breytingar á þeim. Síðan er hér breyting á lögum um húsnæðissparnaðarreikninga sem ég mun ekki hafa fleiri orð um. Og þá kemur V. kafli sem hlýtur eðli málsins samkvæmt að vera í sérstöku uppáhaldi hjá hæstv. fjmrh. Ég mun hlífa hæstv. ráðherra við því að þessu sinni að lesa fyrir hann upp úr fyrri ræðum hans og fleiri sjálfstæðismanna í umfjöllun um þetta mál. Ég mun geyma mér það til 2. umr. En það er vægast sagt afar fróðleg lesning og kannski er ekkert eitt atriði í stjórnmálasögu síðari ára sem er eins lýsandi um það hvernig menn geta skipt algjörlega um skoðun eftir því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Meira að segja gekk hæstv. núv. fjmrh. svo langt sem óbreyttur stjórnarandstöðuþingmaður að bera fram brtt. á brtt. ofan til þess að fá í það minnsta þetta skatthlutfall lækkað niður í 0,5%. Nú þegar hæstv. ráðherra hefur hins vegar aðstöðu til þess að hrinda þessari ætlun sinni í framkvæmd verður minna úr aðgerðum.

Síðan kemur breyting á lögum um tryggingagjald og snýr það sérstaklega að ferðaþjónustunni og er ætlað að milda áhrif þess að setja þar á virðisaukaskatt, en ég var búinn að koma að því atriði fyrr í mínu máli. Þá komum við að breytingunum á lögum um virðisaukaskatt. Búinn er að vera mikill hringlandaháttur hjá hæstv. núv. ríkisstjórn á þessum haustdögum og ég er satt best að segja hættur að hafa tölu á þeim hringum sem þetta mál er búið að fara í meðförum hæstv. ríkisstjórnar og stjórnarflokkanna. En lausnin er fundin og felst í því m.a. að sett er nýtt skattþrep, 14% skattþrep sem í eru settir nokkrir þættir. Það hefur allt saman verið rakið og tíundað rækilega þannig að ég ætla ekki að telja það upp lið fyrir lið en ég ítreka þó það sem ég nefndi áður sem er húshitunin sem er einhver óréttlátasti skattstofn sem hægt er að hugsa sér. Það er að vísu gerð tilraun til að milda þá aðgerð og vil ég í sjálfu sér ekki draga úr því en reynsla okkar er sú að þegar búið er að koma skatti einu sinni á þá seilast fjármálaráðherrar á hverjum tíma til að reyna að afnema undanþágurnar og auka með því skatttekjur ríkissjóðs. Þetta sést kannski hvergi betur en einmitt með skattlagningu á innlendum matvörum. Það var mikið baráttumál, í það minnsta hluta Sjálfstfl., þegar virðisaukaskatturinn var tekinn upp að það yrðu tvö skattþrep og innlend matvæli yrðu í lægra þrepi. Það var illu heilli ekki gert. Hins vegar var ákveðið að þess í stað yrði hluti af innlendu matvælunum greiddur niður. Ég þóttist sjá það þá að það yrði nánast samstundis farið að ræða um þá niðurgreiðslu sem styrkveitingu til landbúnaðar. Það yrði afar erfitt að halda því inni. Sú er einnig raunin og til þess að sýna aðeins *hvernig þetta hefur þróast þá get ég nefnt að í upphafi* 1988 þegar skatturinn er settur á var hann 12%, þ.e. söluskattstigið sem þá var. Árið 1992, en hér er þetta reiknað út á svínakjöt, er skatturinn eftir endurgreiðsluna sem þá er, 14,75%. Á síðasta ári var síðan í fjárlagagerð höggvið í endurgreiðsluna þannig að raunskatturinn í dag er 19% og samkvæmt nýjum tillögum þá verður hann 20% á næsta ári. Þannig er reynslan af því þegar sett eru inn ákvæði til að milda skattlagningu sem þessa og mér segir svo hugur að það verði höggvið í þessar tölur á næstu árum, þ.e. þær aðgerðir sem eiga að milda áhrifin á húshitunina.

Ég hafði áður nefnt áhrifin á ferðaþjónustuna. Þau er tvíþætt. Annars vegar það að skattleggja útflutningsgrein sérstaklega og í öðru lagi er þetta sérstakur skattur á þá sem þurfa að ferðast mikið innan lands. Það er afar stór þáttur í þessu og bendir margt til þess að þessi sérstaka skattlagning á ferðir innan lands eigi eftir að verða innanlandsflugi afar þungur biti að kyngja. Þetta getur verið dropinn sem fyllir mælinn varðandi það hvort hægt sé að halda áfram uppi áætl*unarflugi á ýmsum leiðum innan lands.*

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir nokkra þætti þessa frv. Ég sé ekki ástæðu til þess að gera það mikið ítarlegar nú. Það er full ástæða til að við fáum þetta mál sem fyrst til nefndar og getum þar kallað til ýmsa aðila til að gefa umsögn um þennan skattapakka. Mér býður í grun að niðurstaða þeirra verði mun nær úttekt minni á efnahagsráðstöfun ríkisstjórnarinnar heldur en þeirri fegruðu mynd sem hæstv. fjmrh. lýsti í lokaorðum sínum.

Að lokum eru það nokkrar spurningar varðandi það sem kom fram í ræðu hæstv. ráðherra áðan. Það var sérstaklega eitt sem ég hjó eftir. Hann sagði að það væri stefnt að auknum framkvæmdum í vegamálum. Ég hafði ég álitið að þetta væri ákvörðun núv. hæstv. ríkisstjórnar. Sömuleiðis hafði ég álitið að það væri ákvörðun núv. hæstv. ríkisstjórnar að leggja 500 millj. í endurbætur og viðhald á opinberum mannvirkjum. Þetta eru hvort tveggja þættir sem ég hef talið afar jákvæða. Þess vegna kemur það mér mjög á óvart þegar það flýgur fyrir við lokaafgreiðslu fjárlaga að við *hvorugt þetta atriði verði staðið. Það heyrist frá fjárln.* að þar sé ólokið vinnu varðandi útdeilingu á þessum 500 millj. Formaður hv. fjárln. sagði í viðtali í fjölmiðlum fyrir tveimur eða þremur dögum að það væri óvíst hvort hægt væri að standa við áformin um aukið fjármagn til vegagerðar. Nú heyrist því fleygt að af þessum 1.800 millj. eigi að taka til baka allt að 1 milljarði. Nú vil ég að hæstv. fjmrh. eyði þessari óvissu og staðfesti fyrri ákvörðun ríkisstjórnar sem er út af fyrir sig eðlileg og jákvæð í því ástandi sem er núna að menn vinni fram fyrir sig í þessum verkefnaþáttum þegar lítil spenna er á vinnumarkaðinum og í raun vantar verkefni fyrir þá hópa sem þetta kæmu til með vinna.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvað hann hafi fyrir sér í því að lífeyrissjóðirnir ætli að kaupa hlutabréf fyrir allt að 5% af ráðstöfunarfé sínu á næstu

árum. Samkvæmt viðtölum okkar í efh.- og viðskn. við aðila vinnumarkaðarins þá var þarna einungis um að ræða óljós vilyrði stjórnarmanna í Landssamtökum lífeyrissjóða en allt er þetta háð ákvörðunum einstakra lífeyrissjóða.

Síðan var eitt sem hæstv. ráðherra nefndi sem ég tel ástæðu til að nefna, þ.e. þegar ráðherra segir að þeir verði ekki fyrir neinum búsifjum af völdum þessa frv. sem eru undir skattleysismörkum. Þetta er rétt svo langt sem það nær en hins vegar er það alveg ljóst að þeir sem eru undir skattleysismörkum verða fyrir búsifjum af völdum efnahagsaðgerðanna. Þeir verða fyrir barðinu á verðhækkunum vegna gengisfellingar. Ef í raun hefði átt að hlífa þeim hópi sem er undir skattleysismörkum hefði orðið að hækka þau mörk, ef það hefði átt að hlífa þeim sem eru á þessu bili og mæta því síðan að öðru leyti með skatttengdum ráðstöfunum.

Virðulegi forseti. Það væri út af fyrir sig hægt að hafa miklu lengra mál um svokallaðar efnahagsráðstafanir núv. hæstv. ríkisstjórnar. Ég sé hins vegar ekki ástæðu til þess en vil að lokum nefna að það er náttúrlega afar bagalegt að vera að fá þennan efnahagspakka í hendurnar núna svona rétt rúmri viku áður en áætlað jólafrí þingmanna á að hefjast. Það gefst ekki mikið tóm til að skoða það sem þarf að skoða í nefnd til þess að hægt sé að leiðrétta eitthvað af því sem þar kemur fram og með allri sanngirni held ég að það verði að reikna með því að ýmislegt í þessu frv. sé þess efnis að það væri full ástæða til þess að skoða málið rækilega í nefnd til að ekki takist verr til en nauðsynlegt er.

Útbýting þingskjals:

Fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytis, 295. mál, stjfrv., þskj. 427.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þó að þetta mál sem hér er á dagskrá sé að sjálfsögðu veigamesta frv. sem tengist efnahagsaðgerðum og efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar og mætti fjalla um það í almennu samhengi þá ætla ég aðallega að halda mig við bein áhrif af hinum einstöku breytingum á skattalögum sem hér eru á ferðinni, enda er þar af nógu að taka. Í öðru lagi er það að þessar efnahagsráðstafanir hafa þegar verið ræddar í almennu samhengi og sjónarmið mín í þeim efnum hafa þegar komið fram, þar á meðal það að þessar ráðstafanir muni duga mönnum skammt, því miður, og gengisfellingaraðgerð hæstv. ríkisstjórnar með þessum viðhengjum muni ekki reynast varanleg aðgerð til lausnar aðsteðjandi vanda.

Það er engu að síður svo, hæstv. forseti, að ég tel það ekki alveg vansalaust að hér skuli ekki vera fleiri hæstv. ráðherrar til að fylgjast með þessari umræðu. Ég hefði talið ærna ástæðu til að viðstaddir væru t.d. hæstv. forsrh. sem hann á að heita yfir efnahagsmálum ríkisstjórnar eða þannig hefur það a.m.k. verið í stjórnarráðinu fram að þessari ríkisstjórn, sem og hæstv. félmrh. og heilbrrh. sem tengjast þessum málum með ýmsum hætti þó þau séu á forræði hæstv. fjmrh. sem hér mælir fyrir frv. Ég vil því spyrja hæstv. forseta hvort það hafi verið athugað hvar þessir hæstv. ráðherrar haldi sig þegar þetta aðalfrumvarp efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar er til umræðu. Sömuleiðis teldi ég þarft fyrir hv. formann efh.- og viðskn. að heiðra okkur með nærveru sinni hér. Hann er að vísu upptekinn maður og gegnir víða skyldum, eins og kunnugt er, en ég tel það ekki til að greiða fyrir framgangi máls af þessu tagi að formaður viðkomandi nefndar, sem á fyrir höndum mikið starf við þetta, skuli ekki láta sjá sig við umræðuna og hlýða á þau sjónarmið ræðumanna sem hér koma fram og taka niður hjá sér athugasemdir eða spurningar sem vakna við yfirferð á málinu. Ef hv. formaður efh.- og viðskn., sem er hinn mætasti maður og dugnaðarforkur, hefur áhuga á því að spara sér tíma ætti endilega að gera honum viðvart um að þessi umræða sé hér á dagskrá og fari nú fram. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa að hæstv. forsrh. mun vera veikur. Forseti mun gera hv. formanni efh.- og viðskn. viðvart.) Það er spurning hvort hæstv. heilbrrh. er ekki sæmilega heilsuhraustur eins og þær konur sem eru að ala börn. Hann hefur gert það ódauðlegt að þær séu yfirleitt á besta aldri og heilsuhraustar.

Ég hefði talið, hæstv. forseti, að það væri eðlilegt að byrja á ákveðnum umræðum um fáein grundvallaratriði varðandi skattastefnu í landinu þegar frv. birtist hér og það að gefnu tilefni, ekki bara nú á þessu þingi heldur líka frá síðasta þingi. Það sem ég vil ræða við hæstv. ríkisstjórn er í fyrsta lagi: Er það orðin alveg fastmótuð stefna hjá hæstv. ríkisstjórn að reka sértæka skattastefnu, að byggja fjáröflun sína á sértækri skattlagningu einstakra hópa í landinu en ekki almennum skattareglum? Það er auðvitað þannig að aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar í þessum efnum eru með þeim endemum, ef svo má að orði komast, að þær eru sértækar í öfuga átt. Almennt er það þannig að ef fólki finnst yfir höfuð ástæða til að hafa sértæk ákvæði í skattalöggjöf og víkja frá hinum almennu, þ.e. að hverfa að einhverju leyti frá því að almennar prósentur gildi fyrir alla, er yfirleitt rökstuðningurinn fyrir þeim sértæku ráðstöfunum að það sé nauðsynlegt af tekjujöfnunarástæðum eða vegna þess að aðstæður fólks séu svo mismunandi að það þurfi að vega það upp með einhverjum hætti svo sem með persónufrádrætti og ýmsum slíkum ráðstöfunum gagnvart tekjulægri hópum en hátekjuþrepi gagnvart þeim tekjuhærri. En hvað er hæstv. ríkisstjórn að gera hér? Hún er að fara enn lengra út á braut sértækrar fjáröflunar fyrir ríkissjóð með viðbótarskattlagningu, álögum á barnafjölskyldur, á þá sem hafa verið að koma yfir sig húsnæði, á þá sem eru svo óheppnir að eiga börn utan hjónabands og þurfa að greiða með þeim o.s.frv. Ég held að það þurfi að fást einhver botn í það hvort það er meðvituð útfærð stefna hjá hæstv. ríkisstjórn að velja sér sérstaka markhópa af þessu tagi og skattpína þá eða er þetta bara einhver aulagangur og handabakavinnubrögð í hugsunarleysi? Ég held að það allra alvarlegasta við þessar ráðstafanir sé að þarna er ítrekað verið að þjarma svo mjög að sömu aðilunum, e.t.v. án þess að

menn hafi gert sér grein fyrir heildaráhrifunum að það geti stefnt í mikið óefni.

Ég hef, hæstv. forseti, aðeins reynt að átta mig á því hvernig þetta gæti komið út fyrir dæmigerða þolendur í þessu sambandi. Ég hef t.d. tekið barnafjölskyldu, hjón með meðaltekjur eða ríflega meðaltekjur sem þrjú börn og þar af eitt undir 7 ára aldri. Þau hafa nýlega ráðist í öflun íbúðarhúsnæðis og eru með allmikinn vaxtakostnað, kannski 300 þús. kr. Ég mun fara betur yfir þetta dæmi á eftir en til að gera langt mál stutt í byrjun er mín útkoma sú að þegar svona hópur er tekinn og þessar skattahækkanir og skertu bætur allar lagðar saman gagnvart honum sem og reynt að meta áhrif verðlagshækkana og kaupmáttarskerðingar á næsta ári, þ.e. minni ráðstöfunartekjur heimilanna sem stafa af öðrum ástæðum en skattabreytingum eru lagðar við, þá sé líklega á ferðinni 200–250 þús. kr. skerðing á slíkri dæmigerðri fimm manna fjölskyldu. Það þýðir 7–10% kjaraskerðingu á næsta ári sem af þessum ástæðum stafar. Ég mun síðar, þegar ég hef rennt yfir hinar einstöku skattabreytingar, gera grein fyrir þessu dæmi. Mér væri mikil ánægja að því ef hæstv. fjmrh. gæti sannað það fyrir mér að þetta væri ofmat en því miður óttast ég hið gagnstæða. Ég er með reiknivél í vasanum og við getum farið í þessa æfingu hér, ég og hæstv. fjmrh., ef á þarf að halda og forseti leyfir svona skoðanaskipti. Ég vil jafnframt upplýsa það að ég mun ekki taka þátt í afgreiðslu þessa máls út úr efh.- og viðskn. fyrr en nokkuð tæmandi upplýsingar hafa komið fram um það hvernig þessar breytingar koma við hina einstöku tekjuhópa, barnafjölskyldurnar, þá sem hafa byggt eða keypt húsnæði o.s.frv. á síðustu árum.

Það er gersamlega óþolandi að mál séu lögð fyrir Alþingi eins og hér er gert í frv. sem er handónýtt hvað fylgiskjöl snertir. Ef þetta eiga að kallast boðleg vinnubrögð við undirbúning skattlagningar í landinu, þá er illa komið fyrir mönnum. Það verð ég að segja. Ég þykist a.m.k. muna það að þegar menn voru að vinna hlutina við skapfelldari aðstæður en á endalausum næturfundum þegar klukkuna vantar eina mínútu í tólf voru menn stundum að fá hér þingskjöl þar sem nokkuð vandaðir útreikningar lágu til grundvallar þeim breytingum í skattprósentum, breyttum persónufrádrætti, vaxtabótum eða öðru slíku sem í hlut átti. Hvað er hér á ferðinni? Það er ein ræfilsleg tafla sem á að duga okkur sem fylgiskjal um það sem þarna er á ferðinni. Í mörgum tilvikum er ekki einu sinni reynt að slá máli á það hver áhrifin verða af breyttri skattlagningu gagnvart viðkomandi þolendum. Það er ekki reynt að slá á það t.d. hvað ríkissjóður hagnast eða tapar á mörgum af þessum breytingum, a.m.k. er það þá falið í einhverjum samtölum sem ekki er auðvelt að átta sig á.

Þetta er að mínu mati, hæstv. forseti, langverst við þetta mál eins og það ber hér að. Nú veit auðvitað öll þjóðin að ríkisstjórnin var að klúðra þessu saman með ægilegum harmkvælum, sannkölluðum tangarfæðingum og á síðustu stundu. Mennirnir voru hálfruglaðir af svefnleysi við að berja þetta saman eftir miklar andvökur þannig að það er út af fyrir sig ekki von á góðu. Embættismannalið hefur sjálfsagt haft lítinn tíma og litlar forsendur til þess að meta þetta með einhverjum skynsamlegum hætti. Það verður þá að kosta það sem það kostar. Ég tel að Alþingi Íslendinga geti ekki staðið svona að afgreiðslu mála og það sé óhjákvæmilegt að efh.- og viðskn. fái allmarga daga til þess að vinna alla undirbúningsvinnu og útreikninga sem ekki hefur verið gert af hálfu frumvarpsflytjanda, þ.e. hæstv. ríkisstjórnar.

Ég ætla þá að renna yfir einstakar tillögur í frv. og staldra fyrst við breytta álagningu tekjuskatts sem hér er að finna fremst í bandorminum. Það er auðvitað ljóst að þar er á ferðinni annars vegar almenn hækkun tekjuskatts um 1,5%. Það þýðir að að meðtöldu útsvari sveitarfélaganna hækkar staðgreiðsla skatta úr 39,85% í 41,35%. Þetta er gert án þess að persónufrádrætti sé breytt. Þegar tekjuskattsálagning var afgreidd á síðasta þingi var það mjög harðlega gagnrýnt, m.a. af aðilum vinnumarkaðarins eða verkalýðshreyfingunni, að persónufrádrátturinn var þá ekki færður upp til verðlags. Ég sé ekki annað en nú eigi að endurtaka þann leik. Fyrsta spurningin sem vaknar í mínum huga varðandi tekjuskattinn er, hæstv. fjmrh., hversu mikið er á þessum tveimur árum búið að rýra hann að raungildi? Hversu mikið er búið að þyngja skattinn á tekjulægstu hópunum með því að persónufrádrátturinn hefur ekki verið færður upp til verðlags eins og eðlilegt væri?

Síðan er þessi 5% tímabundni hátekjuskattur, sem svo er kallaður þarna af því að hæstv. forsrh. er á móti því að brjóta stefnu Sjálfstfl. lengur en tvö ár í senn. Hann gaf þá frægu yfirlýsingu í sjónvarpi að það væri í lagi að hverfa frá stefnu flokksins tímabundið. Svo kom skýringin: tímabundið er tvö ár. Það rúmast innan stefnuskrár Sjálfstfl. að hana megi brjóta, þó ekki lengur en tvö ár í senn. Þetta er mjög handhægt ákvæði og ég ráðlegg Alþfl. að taka þetta upp líka. Það mundi vera þægilegt fyrir þann flokk sem er að éta flest ofan í sig þessa dagana að hafa svona. Þetta mundi heita Ákvæði til bráðabirgða I í stefnuskrám Sjálfstfl. og Alþfl. „Stefnu þessa má þó brjóta tvö ár í senn." Þetta er skínandi gott og út á það kemur þessi óvera, þessi ræfill sem hátekjuskattur er kallaður upp á 5% og gefur auðvitað sáralítið eins og hann er útfærður þarna. (**ÖS:** Hvernig hefðir þú viljað hafa það?) Ég hefði viljað hafa þetta þrep hærra. Ég hefði viljað hækka persónufrádrátt að hluta til á móti því og ég hefði viljað breyta skattstiganum þannig að þyngdin færðist yfir á efri hluta teknanna í meira mæli en nú er gert. Það er mín tilfinning fyrir því hvernig eigi að jafna lífskjörin, hv. þm. og formaður þingflokks Alþfl. Það er að láta þá borga meira sem hafa meiri tekjur. Það er sá sósíalismus sem ég lærði snemma inn á en hefur eitthvað skolast til í Jafnaðarmannaflokki Íslands upp á síðkastið eins og kunnugt er. Ég sé svo sem ekki ástæðu til að staldra öllu lengur við þessa álagningu tekjuskatts á einstaklinga. Það er alveg ljóst að eins og að þessu er staðið, þá nær kjaraskerðingin alveg niður úr. Þannig kemur það t.d. fram í töflu á bls. 17 í

greinargerð með frv. að jafnvel einstæðir foreldrar með 60 þús. kr. mánaðartekjur fá tæplega 1% kjaraskerðingu út úr þessum aðgerðum. Það er fyrst og fremst vegna þessarar flötu hækkunar tekjuskatts án þess að persónufrádráttur sé hækkaður á móti. Ég óttast að inn í þetta vanti viðbótarskerðingu á þennan hóp vegna þess að persónufrádrátturinn sjálfur hafi ekki verið færður upp til verðlags. Það kæmi mér ekki á óvart þó að þessi kjaraskerðing væri í reynd yfir þessi tvö ár, 1992–1993, orðin ein 2,5–3%. Menn kunna að segja að 798 kr. séu ekki mikil upphæð fyrir einstætt foreldri með eitt barn en það er þó tæpt 1% af tekjum þessara aðila. Það er alveg ljóst að í töflunum, sem sýna einnig meðaltekjur sem eru taldar vera 90 þús. fyrir einstæða foreldra og 235 þús. fyrir hjón, er skerðingin orðin umtalsverð eða 1,3% í tilviki einstæðu foreldranna og 2,2% í tilviki hjónanna.

Ég kem þá næst að barnabótunum, hæstv. forseti. Þar er auðvitað höggvið óþyrmilega í sama knérunn og gert var á síðasta ári. Þau merku tíðindi gerðust í umræðum hér, og ég tel rétt að þingmenn skrifi það hjá sér og jafnvel fréttamenn, að fjmrh. gaf það í skyn áðan í framsöguræðu sinni að það væri sennilega nóg komið í bili a.m.k. gagnvart barnafólkinu í landinu. Hvernig er þessi sértæka skattalagning ríkisstjórnarinnar á barnafólkinu orðin? Hún er orðin þannig að á tveimur árum hafa barnabæturnar verið lækkaðar samtals um á milli 1.250–1.300 millj., þ.e. ótekjutengdi hlutinn var í fyrra lækkaður um meira en hálfan milljarð og er núna lækkaður um líklega 720 millj. Síðan er að vísu þriðjungur af þeirri upphæð færður yfir í barnabótaaukann. Það breytir ekki hinu að hinn ótekjutengdi hluti hefur þarna lækkað á tveimur árum eða á að lækka um 1.250–1.300 millj. kr. Það munar um minna. Þetta er vegna þess að ótekjutengdi hlutinn er á þessu ári 2,4 milljarðar kr. en hefði átt að vera 2,9 milljarðar ef hann hefði ekki verið skertur í fyrra. Þar með er í raun og veru búið að taka í burtu tæp 45% af ótekjutengdu barnabótunum á tveimur árum, (**Fjmrh.:** Tæplega 50%.) Tæplega 50%, segir hæstv. fjmrh. og gerir nú betur en ég. Þyrfti ég að taka upp reiknivélina til þess að fá það staðfest að ég hafi vanreiknað þetta eins og venjulega því ég er svo varkár.

Hvað þýðir þetta í reynd? Þetta þýðir að þessi hópur, markhópur ríkisstjórnarinnar, barnafólkið sem á annað borð kemst svo hátt í tekjum að tekjutengdi hlutinn fari að skerðast, ber þessa skattbyrði. Það er búið að taka á sig 1.250–1.300 millj. kr. eða á að gera á þessum tveimur árum samtals. Þetta er myndarlegur skattur sem þarna er búið að leggja á valinn hóp í þjóðfélaginu og er auðvitað með ólíkindum. Það kemur sömuleiðis fram í töflunum hvernig þetta getur komið út fyrir einstaka hópa. Það er auðvitað ljóst að þetta er afspyrnu ósanngjörn aðferð vegna þess að hún bitnar þeim mun þyngra á fjölskyldunum sem fleiri eru börnin og það dregur sífellt í sundur með þessum hópum. Eru einhver vísindi sem liggja til grundvallar því að afkoma barnafjölskyldna hafi verið hlutfallslega of góð miðað við aðrar stéttir í landinu? Hvaða útreikningar eru til grundvallar því að þyngja skattbyrðina á barnafólki á sama tíma og ekki er hróflað við hinum sem ekki eru með börn á framfæri? Auðvitað má velta því fyrir sér hvernig svona fjölskylda getur farið út úr hlutunum ef við hugsum okkur að fjölskyldufaðirinn eða annar aðilinn eigi þar fyrir utan 1–2 börn frá fyrra hjónabandi sem hann þarf að borga meðlög með. Þá fær hann enn einu sinni á kjaftinn í gegnum breytingar hæstv. heilbrrh. um að stórhækka meðlög. Ég er ansi hræddur um að svona dæmi muni fyrirfinnast í raunveruleikanum og vera ærið ljót ef þau væru dregin fram í dagsljósið. Kannski kemur það í Þjóðarsálinni að einhverjir grátandi einstaklingar á næstu mánuðum opni inn á sig og lýsi sínum dæmum. Er það aðferðin sem menn vilja fá til þess að draga svona hluti fram í dagsljósið? Ég segi nei. Ég vil heldur sjá vandaða sundurliðaða útreikninga, keyrslur á völdum dæmum til að skoða hvernig þetta kemur út.

Í þriðja lagi, hæstv. forseti, ætla ég að ræða barnabæturnar — og býð ég nú velkominn formann hv. efh.- og viðskn. sem var hér að góðu getið og er mættur til leiks. Auðvitað fagna allir komu hans, jafnt lærðir sem leikir. Þá um vaxtabæturnar, hæstv. forseti. Þar er mikill skaði að hæstv. félmrh. skuli vera fjarri góðu gamni, eins og brunamálastjóri sagði sinni þegar hann var ekki viðstaddur eldsvoða. Hvar er hæstv. félmrh. nú sem sór og sárt við lagði á sínum tíma, ekki bara þegar verið var að hækka vexti á húsnæðislánum á undanförnum missirum heldur þegar sjálft húsbréfakerfið var tekið upp og hefur svarið gegnum allan sinn feril sem félmrh., að það komi ekki til greina að hrófla við vaxtabótunum vegna þess að um það sé samkomulag að færa til stuðning ríkisvaldsins úr niðurgreiðslu vaxta í lánakerfinu yfir í vaxtabætur sem hægt væri að tekju- og eignatengja? Út af fyrir sig var það rétt hjá hæstv. félmrh. þá og væri rétt enn í dag, ef standa ætti við það, að það var að mörgu leyti skynsamlegri aðferð að koma þessum stuðningi til húsbyggjenda á framfæri í gegnum tekjuskattskerfið, vegna þess að þá er hægt að taka tillit til tekna, en ekki í gegnum blinda niðurgreiðslu á vöxtum á öllum íbúðarhúsalánum í landinu sem allir fengju jafnt án tillits til tekna. Síðan hafa menn gengið þessa götu og hækkað vexti í tvígang ef ég man rétt, á almennum lánum með rökstuðningi og vísan til þess að það væri ekki svo alvarleg aðgerð vegna þess að vaxtabæturnar kæmu á móti gagnvart þeim sem lægri hefðu launin og verr væru settir. Þetta er náttúrlega slík útkoma fyrir hæstv. félmrh. að hafi hún hótað því einhvern tímann í baksölum á undanförnum árum að segja af sér mundi ég spyrja hana, og það væri í fyrsta skipti sem ég mundi spyrja hæstv. félmrh. væri hann viðstaddur: Hefur hæstv. húsnæðismálaráðherra ekki dottið í hug núna að fara að skoða sín mál þegar þessi mikli svardagi á að vanefnast? (**ÖS:** Við megum ekki missa hana.) Það er svo annað mál, hv. formaður þingflokks Alþfl., hvort krataflokkurinn megi við að missa hæstv. félmrh. út úr ríkisstjórninni.

Ég verð að segja eins og er að þetta er mjög ömurleg útkoma vegna þess að hún er svo bersýnilega ósanngjörn og ranglát gagnvart því fólki, ef einhverj-

ir fyrirfinnast þá hér í landinu sem leggja trúnað á yfirlýsingar stjórnvalda. Þetta eru svik við það fólk sem hefur á grundvelli gildandi lagaákvæða bundið sér byrðar, treyst því að það yrði ekki komið í bakið á því að það þarf að fara aftur til misgengisaðgerðarinnar 1993–1984 til að finna sambærilega svívirðu gagnvart þessum hópum. Þetta eru alger svik. Þegar það er skoðað að síðan hefur flest það brugðist sem lofað var að yrði í lagi með húsbréfin sem auðvitað fara að spila stærri og stærri rullu í þessu sambandi vegna þess að þau verða á komandi árum uppistaðan í útgjöldum einstaklinganna. Þegar afföllin þar eru tekin með í dæmið er útkoman þannig á þessum málum að næsta stórfár í greiðsluerfiðleikum í landinu eru bersýnilega í uppsiglingu í þessu kerfi. Við skulum hugleiða það hvernig þeir einstaklingar standa að vígi sem hafa gengið í gegnum greiðslumat. Þeir hafa lagt sín mál í dóm, ef svo má að orði komast, fengið það mat að þeir væru borgunarmenn fyrir tilteknum skuldum, fengið tiltekin lán út á það og svo kemur allt í einu á daginn að ekki bara lífskjörin í landinu versna og þeirra ráðstöfunartekjur minnka mikið bæði vegna ytri áfalla, sem ekki verður við gert, en líka vegna stjórnvaldsaðgerða. Það er ekki nóg að þeirra greiðslugrundvöllur raskist og hrynji af þeim sökum heldur ætla stjórnvöld til viðbótar að koma í bakið á þeim með rýtingsstungum af þessu tagi. Þetta er ömurlegt.

Ég hélt að þær umræður sem urðu í kjölfar misgengishópsins og misgengissvívirðunnar á sínum tíma hefðu kennt mönnum eitthvað. Ég hef að minnsta kosti í einkasamtölum við menn, sem áttu aðild að þeim hlutum og ég nafngreini ekki af skiljanlegum ástæðum, heyrt þá játa að það sé eitt af því sem þeir sjái mest eftir á sínum stjórnmálaferli, þ.e. hvernig staðið var að aðgerðunum þá. En því miður virðist mér að sömu aðilar að einhverju leyti ætli nú að axla ábyrgðina af annarri eins útkomu. Þetta er hroðaleg niðurstaða, hæstv. forseti. Ég tel, þó að þetta sé kannski ekki stærsti liðurinn í tölum talið og eigi ekki að koma til framkvæmda fyrr en á árinu 1994, að þá breyti það engu um eðli aðgerðarinnar. Þótt þarna séu aðeins 400 millj. og þolendurnir finni ekki fyrir því fyrr en á árinu 1994 er þetta ömurleg útkoma.

Við skulum líka hugleiða stöðu aðila sem eru að byggja sér hús í dag. Nýlegt dæmi hef ég undir höndum sem einstaklingur hefur lagt fyrir mig í formi skjala. Það er um mann sem er að byggja sér hús norður í landi og fór í gegnum þetta fína greiðslumat sem á að vera *pottþétt trygging fyrir því að hann geti* staðið undir sínum greiðslum. Út á hvað gengur það? Hans tekjur eru teknar og athugað hvað hann sé borgunarmaður fyrir miklu og hvað hann geti fengið mikið af húsbréfum til að byggja sitt hús. Útkoman var 4,5 millj. kr. Þessi maður er þannig í sveit settur að hann þarf að gera sér peninga úr þessum pappírum, hann getur ekki legið með þá eða með öðrum hætti fjármagnað sitt hús. Hann þarf að fara með þessi húsbréf út á markaðinn og selja þau og reyna að fá einhverja seðla í staðinn til að borga smiðum og iðnaðarmönnum og kaupa sement o.s.frv. Þegar hann kemur heim úr kaupstað með peningana sem hann fær fyrir húsbréfin, hvað er þá eftir? 3,5 millj. kr. Ein millj. kr. er farin í afföll, lántökukostnað, stimpilgjöld og allt það gúmmúlaði sem ríkið er að hirða. Hvernig er þá dæmi þessa manns? Hann verður frá byrjun skráður fyrir 4,5 millj. Hann skuldar það og borgar og einnig vaxtakostnað af því. En hann fékk aldrei nema 3,5 millj. í hendur. Eina milljón vantar. Hvar er hæstv. félmrh. sem fullyrti að það væri ódýrara að fjármagna húsbyggingar með húsbréfum en gamla fyrirkomulagið af því að menn fengju meiri fyrirgreiðslu í húsbréfakerfinu og þyrftu minna af óhagstæðum skammtímalánum? Getur það ekki hugsast að milljónina, sem þessi bóndi missir í afföll og vaxta- og lántökukostnað, verði að fjármagna með heldur ókræsilegum hætti? Hvernig gengur það upp að staða þessa manns sé betri þegar búið er að gera hvort tveggja í senn, að stytta lánstímann og hækka vextina? Svo er smiðshöggið rekið í þessa líkkistu með því að ráðast aftan að mönnum og skerða vaxtabæturnar.

Þetta er slík útkoma, hæstv. forseti, að ræðumaður verður að játa að honum hitnar verulega í hamsi þegar *hann fer yfir þessa hluti. Ég er svo sannfærður um* að þarna er verið að ráðast á hóp sem er kannski sá aldurshópur í okkar þjóðfélagi sem allra síst má við álögum af þessu tagi. Það á við um þetta allt saman, barnabæturnar, vaxtabæturnar, meðlögin og auðvitað líka þungann af tekjuskattsgreiðslunum. Þetta lendir allt á því fólki sem er endalaust verið að vega að af hæstv. ríkisstjórn. Á sama tíma og t.d. næsti aldurshópur fyrir ofan sem er búinn að koma börnum af höndum sér og á orðið afskrifað húsnæði og hefur jafnvel fjármagnstekjur sleppur enn einu sinni með allt sitt á þurru. Það er verið að skapa hér slíka gjá milli kynslóðanna í landinu og breikka hana með þessum ráðstöfunum að mér óar við því. Er það virkilega ekki þannig að stjórnvöld hafi skilning á þessu? Þetta er kynslóðin sem kemur til eftir verðtryggingu lána, eftir að okurvaxtastigið heldur innreið sína, sem er að bogna undan öllum þessum byrðum á sama tíma og aðrir sleppa. Þetta kynslóðabil liggur eins og gaddavírsgirðing í gegnum íslenskt samfélag. Menn finna þessu væntanlega stað í sínum kunningjahópi eða sinni fjölskyldu. Stundum þarf ekki annað en að skoða aðstöðumun elstu og yngstu systkina í stórum systkinahópi. Það vill t.d. þannig til með ræðumann. Ef ég lít á aðstæður í minni fjölskyldu, en ég er í miðjum systkinahópnum sjálfur, þá er þetta dæmi borðleggjandi.

Ég held að hæstv. ríkisstjórn ætti að hugsa aðeins sinn gang. Ég vil segja áður en ég skil við þessa skattlagningu einstaklinganna því næst kemur að lögaðilum í frv., að ég væri tilbúinn til að skoða breytingar á þessu þótt þær kæmu út á sléttu gagnvart tekjuöflun ríkissjóðs. Það er miklu skárri aðgerð að mínu mati að hafa manndóm í sér til að hækka tekjuskattinn með almennri prósentu, hækka persónufrádráttinn á móti og sleppa þessari sértæku skattlagningu á barnafjölskyldurnar og húsbyggjendurnar. Hvernig líður hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni undir þessu? Er hann virkilega hreykinn af þessari jafnaðarstefnu ríkisstjórnarinnar?

(**Gripið fram í:** Hann drúpir höfði.) Hann er heldur hnípinn, það er auðséð. Hann þyrfti að ganga hér fram fyrir ræðustólinn og sýna áhorfendum Sýnar brosið á sér við þessar aðstæður. Það sæist þá skeifan.

Um skattlagningu lögaðilanna eða fyrirtækjanna ætla ég ekki að hafa mörg orð. Hæstv. ríkisstjórn hefur ákveðið að velja einmitt þessar aðstæður til að lækka tekjuskattsprósentur á fyrirtækjum sem er auðvitað nokkuð sérkennilegt því að hinum megin er verið að fella niður aðstöðugjaldið. Hefði maður þó ætlað að íslensk fyrirtæki gætu kannski þolað sömu tekjuskattsprósentu í eins og eitt ár, þau örfáu sem á annað borð borga tekjuskatt. Ekki mundi það íþyngja mikið íslenskum sjávarútvegi því þau eru fá fyrirtækin þar sem borga tekjuskatt. En það eru nokkrar gróðaholur sem væri kannski eitthvað út úr að hafa með því að halda þessari prósentu óbreyttri. Þó að ég viðurkenni fúslega þau rök að íslensk fyrirtæki í umhverfi vaxandi samkeppni þurfi að búa við sem sambærilegastar aðstæður, t.d. á meðan nokkrar aðrar þjóðir eru með sína prósentu í 50% og alveg upp undir 60% — 49%, 48%, 50%, ekki ómerkari lönd en Þýskaland og Japan sem ekki þykja standa neitt illa að málum í sambandi við sitt efnahags- og atvinnulíf eru þó með hærri prósentu en við — að nákvæmlega og einmitt við þessar aðstæður sé ég ekki að okkur sé nauðsynlegt að lækka tekjuskattshlutfall fyrirtækjanna þegar það er á sama tíma hækkað á einstaklingunum. Stjórnin hefur þó aðeins séð að sér í þessum efnum eins og sést á því að nú er búið að ákveða að taka þessa lækkun í tveimur þrepum og fara í fyrstu umferð einungis niður í 38% en ekki 33% eins og upphaflega stóð til.

Ég hef ekki margt um það að segja að afnema reglu til að draga 10% frá vegna fjárfestingarsjóða. Ég held að sú framkvæmdin hafi verið heldur ambögueg og ég gagnrýni ekki í sjálfu sér að þetta sé þá fellt niður enda mun þetta ekki vera mikið notað. Þau fyrirtæki eru kannski ekki óskaplega mörg sem hafa stórkostlegan hagnað til að leggja inn og koma sér þannig undan skatti þó það sé í einhverjum mæli.

Þriðja atriðið, að lækka á nýjan leik frádráttarheimild vegna úthlutaðs arðs, tel ég arfavitlaust. Það er alveg ótrúlegt, satt best að segja, að um leið og Sjálfstfl. kemst í fjmrn. rýkur hann til og dregur úr ráðstöfunum sem aðrir voru búnir að gera til að reyna að greiða götu nýs fjármagns inn í atvinnulífið. Þetta á bæði við um arðinn og líka um frádrátt vegna hlutafjárkaupa í fyrirtækjum. Hvernig kunna þessir menn svo við að koma hér upp og halda sínar helgislepjuræður um frjálst framtak og einkaframtak o.s.frv.? Halda menn virkilega að þeir slái lengi ryki í augun á almenningi í landinu með svona fígúruskap, að tala um einkavæðingu á þvottahúsi Ríkisspítalanna sem stórkostleg tíðindi í kapítalismanum á Íslandi? Á sama tíma eru þeir að gera ráðstafanir í skattalegum efnum sem skipta miklu meira máli og hafa áhrif. Hitt er auðvitað argasta sýndarmennska að það skipti einhverju máli hvort tauið á Landspítalanum er þvegið af einkaframtaki eða ríkinu, að það séu einhver óskapleg tíðindi í þessum efnum eða pólitík. Heyr á endemi. Ríkisstjórninni er sem sagt að takast annað árið í röð að draga úr ráðstöfunum sem fyrri ríkisstjórn með aðild Alþb., míns flokks, náði samstöðu um að gera til að reyna að greiða götu nýs fjármagns inn í íslenskt atvinnulíf sem sannarlega er þörf á. Örlög hæstv. fjmrh. sem var einhvern tímann framkvæmdastjóri í klúbbi hér í bænum, gott ef það heitir ekki Fjárfestingarfélagið eða ...(**Gripið fram í:** Stjórnunarfélagið.) Stjórnunarfélagið, enn fínni klúbbur, þau eru alveg makalaus í þessum efnum. Þetts var skrautfjöður í hatti frjálshyggjunnar og einkaframtaksins í landinu og stendur fyrir námskeiðum í kapítalisma. Hæstv. fjmrh. var forstjóri þar um tíma. Svo dæmast þessi örlög yfir hann. Þetta er heldur dapurlegt, hæstv. fjmrh. Ég verð því að segja alveg eins og er að ég tel þetta heldur óskynsamlegt. Ég veit ekki betur en samvinnuhreyfingin sé að byrja á því reyna að koma sér inn á þennan markað og styrkja stöðu sína með hlutafé (Gripið fram í.) í gegnum Kaupfélag Eyfirðinga eða samvinnufélag a.m.k. Þar var mótuð sú stefna að borga 15% arð. Hún er slegin niður með þessu, ég sé ekki annað. Þetta verður væntanlega skattlagning sem gildir yfir arðgreiðslur þeirra sem leggja fé í hlutabréf samkvæmt samvinnulögunum (**Gripið fram í:** Í B-deildunum.) Í B-deildunum að sjálfsögðu. Þar með er þetta dautt því 5% af þessum 15% yrðu ekki frádráttarbær hjá kaupfélaginu. Er það ekki rétt? Þetta er auðvitað ekki mjög gæfulegt. Ég verð að segja alveg eins og er að þetta eru slík vinnubrögð. Þetta eru nýsett lög, ekki veit ég betur, sem verið er byrja að framkvæma, t.d. með hlutafjárútboði Kaupfélags Eyfirðinga. Það er bara slegið af með þessari aðgerð. Ég segi það kannski ekki, það er of mikið sagt en það er augljóst mál að þetta torveldar aðgerðir fyrirtækja af því tagi til að reyna að styrkja stöðu sína með því að laða til sín fármagn.

Það eru furðuleg örlög, hæstv. forseti, fyrir ræðumann að þurfa að standa hér og halda þessa fyrirlestra yfir Sjálfstfl. Það er dálítið merkilegt hvernig hlutirnir geta snúið í pólitíkinni. (**Gripið fram í:** Þeir hafa gott af því.) Þeir hafa gott af því og þurfa að fá að heyra þetta og líka Alþfl. Því það er eins og venjulega þegar þessir flokkar komast til valda sem hæst tala um frjálsa samkeppni slá þeir skjaldborg um forréttindaaðalinn og fyrirtækjanet hans í viðskiptalífinu. Það má ekki hrófla við því eins og sást í atkvæðagreiðslu um kolkrabbann fyrir nokkrum dögum. Þá vakna þeir til lífsins en varðandi almennar ráðstafanir og pólitík af þessu tagi eru aðgerðirnar þvert ofan í það sem talað er. Var það kynnt í kosningastefnuskrá Sjálfstfl. að það ætti í senn að draga úr heimildum manna til að leggja hlutafé í fyrirtæki og fá það frádráttarbært frá skatti og draga úr heimildum fyrirtækjanna til að fá arðgreiðslur frádregnar frá tekjuskatti? Ég man ekki eftir að heyra mikið um þetta talað í apríl 1991. Ætli það standi ekki eitthvað annað í stefnuskrá Sjálfstfl.? Það er sennilega með þetta eins og fleira að bráðabirgðaákvæði I í stefnuskrá Sjálfstfl. á hér við — heimilt er þó að brjóta stefnuna tvö ár í senn — eins og komið er í ljós með hátekjuskattinn að er útskýring og túlkun hæstv. forsrh. Mun ætlunin að hann flytji brtt. á næsta

landsfundi flokksins og komi með þetta bráðabirgðaákvæði þá inn í stefnuna. (**EgJ:** Þið eruð nú varla á móti því.) Nei, hv. framm íkallandi, það er svo annað mál hverjir gráta það minnst eða þurrustum tárum að stefna Sjálfstfl. sé brotin. Það er auðvitað yfirleitt til bóta að sem minnst sé farið eftir henni eins og við vitum, ég og hv. þm. Egill Jónsson. Hitt er svo annað mál, sem við gætum orðið sammála um að ræða þó að við séum ósammála um stefnuna, að það er nauðsynlegt að koma sæmilega heiðarlega fram við kjósendur og fólkið í landinu. Menn eiga ekki að hegða sér svona í hverju málinu á fætur öðru. Hvernig í ósköpunum á almenningur að bera virðingu fyrir stefnuskrám stjórnmálaflokkanna, orðum þeirra og yfirlýsingum þegar við höfum kippurnar af loforðum, af stefnuskráratriðum sem er verið að virða að vettugi? Það er verið að svíkja margendurtekna svardaga um vaxtabætur í þessu frv. Hæstv. félmrh. hefur sennilega hundrað sinnum lofað því að ekki yrði komið aftan að húsbyggjendum með því að skerða vaxtabæturnar. Ætli Sjálfsfl. hafi ekki einhvern tímann hjalað upp í eyrun á sínum mönnum, að auðvitað yrði ekki farið að torvelda mönnum að leggja fé í atvinnulífið o.s.frv. ef þeir kæmust til valda. En niðurstaðan er þessi. Ég sé ekki t.d. hvað þetta arðsákvæði varðar að það þjóni einhverjum tilgangi. Svo hafa menn ekkert upp úr þessu. Ég spyr sjálfstæðismenn: Fyrst þeir eru að brjóta stefnu sína á annað borð af hverju reyna þeir þá ekki að hafa eitthvað upp úr því ef þeir eru að taka á sig þessi pólitísku óþægindi hvort sem er? Mér finnst það auðmingjalegt að leggja það á sig að brjóta stefnuna fyrir einhverjar nokkrar milljónir. Ég mundi skilja það frekar að menn settu sér það mark að í hvert sinn sem þeir brytu stefnu flokksins hefðu þeir a.m.k. hálfa milljón upp úr krafsinu, en það er nú ekki. Menn eru stundum að leggja lykkju á leið sína bara fyrir hreina smáaura eins og ég tel að eigi við í þessu arðsákvæði.

Þá ætla ég, virðulegur forseti, að koma lítillega að virðisaukaskattsálagningunni. Það er alveg eins með það að auðvitað er það til skammar að hæstv. utanrrh., matarskattsráðherrann skuli ekki vera viðstaddur umræðuna þegar að því kemur. Hv. síðasti ræðumaður fór að vísu ágætlega yfir það hvernig þróunin hefur orðið t.d. varðandi virðisaukaskatt á mat. Ríkisstjórninni er að takast að gera að engu þá endurgreiðslu á hluta af virðisaukaskattinum sem þó komst inn í tíð fyrri ríkisstjórnar og gerði það að verkum að stærstu flokkar innlendrar matvöru báru ekki nema 12% virðisaukaskatt. Hvað er að gerast í dag? Virðisaukaskatturinn er að fara upp í 20% á hvíta kjötinu og auðvitað er hann að hækka á ýmsum öðrum liðum sem ég kem hér að. — Hvar er svo hæstv. utanrrh. sem hélt ekki ófáar ræður á Alþingi 1987 og 1988 um algjöra nauðsyn þess að leggja virðisaukaskatt á í einu þrepi? Hvar er sá hæstv. ráðherra? (**Gripið fram í:** Úti í löndum.) Er hann floginn nú þegar? Þeim væri það rétt í rass gripið hæstv. ráðherrum að lesa svolítið upp úr þeirra eigin hugarverkum frá þeim tímamótum þegar sem harðastar hríðir stóðu á Alþingi um matarskattinn og stjórnarandstaðan á þeim tíma bauð upp á það að reyna að taka þátt í afgreiðslu þess máls ef samkomulag yrði um að breyta skattlagningunni og taka upp annað og lægra þrep á matvæli og barnafatnað og aðrar slíkar nauðsynjavörur fjölskyldnanna. Um þetta hefði að mínu mati á þeim tíma getað skapast samkomulag. (**Fjmrh:** Stjórnarandstaðan kom í stjórnina eftir það.) Nú skal hæstv. fjmrh. gæta sín alveg sérstaklega. Það vill svo til að ég man þessa daga nokkuð vel, dagana frá og með 7. des. þegar við héldum sérstakan neyðarfund á sunnudegi í þinghúsinu. Við foringjar stjórnarandstöðuþingflokkanna á þeim tíma vorum boðaðir til þess að ræða við hæstv. ríkisstjórn. Ég man þetta mjög vel. Þá var verið að leita eftir samkomulagi um afgreiðslu skattamála á þingi eins og stundum áður hefur gerst og á e.t.v. eftir að gerast í þessum mánuði að menn átti sig á því þegar nær dregur jólunum að helst þyrfti að ná einhverju samkomulagi um hlutina. Þá var það boðið fram af okkar hálfu í stjórnarandstöðunni, a.m.k. Alþb. sem var þá stærsti þingflokkur stjórnarandstöðunnar, að skoða mögulega útfærslu á þessari skattlagningu þannig að matvælin yrðu tekin í lægra þrepi og e.t.v. nokkrar fleiri nauðsynjavörur heimilanna eins og sums staðar er gert. Í Bretlandi sem dæmi eru barnaföt og ýmsar slíkar vörur á lægra þrepi. Hæstv. ríkisstjórn tók þetta til athugunar og kom síðdegis þennan sama sunnudag með glæsilegt tilboð sem síðar kom í ljós að hún var þegar búin að selja öðrum. Hún lofaði endurgreiðslu á fisk. Að helminga virðisaukaskattinn á ýsu og það átti að nægja stjórnarandstöðunni til að samþykkja alla súpuna. Þessu var hafnað. Í hönd fór mjög hörð orrahríð hér á þingi sem stóð ekki bara fram að jólum, heldur milli jóla og nýárs og út janúarmánuð eins og menn muna. Sú ríkisstjórn kembdi reyndar ekki hærurnar öllu lengur eins og síðar varð frægt. Kannski hefur eitthvað reynt á þolrifin í henni þessa skammdegisdaga, það skal ósagt látið. (**Fjmrh.:** Sú næsta kom og lækkaði matarskattinn.) Sú næsta komst til valda við erfiðar aðstæður haustið 1988 og gerði þetta að veruleika í formi stóraukinna endurgreiðslna og niðurgreiðslna á innlendu búvöruna sem leiddu til þess, hv. þm., eins og sanna má með tölum, að kindakjöt, mjólkurvara, brauð og fiskur báru á næsta ári þar á eftir 12% virðisaukaskatt. Síðan hefur sigið á ógæfuhlið, eins og ég var að nefna dæmin um áðan og hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson sýndi m.a. fram á að vegna skerðinga á síðasta ári og boðaðra skerðinga á hinu næsta mun svo til fullur virðisaukaskattur á nýjan leik leggjast á t.d. hvíta kjötið.

En nú er sem sagt öldin önnur og hvað er það sem hæstv. ríkisstjórn dettur í hug að gera í sambandi við virðisaukaskattinn núna? Jú, það er að afnema þær undanþágur á virðisaukaskatti sem gilt hafa um bækur, blöð, tímarit, húshitun, afnotagjöld útvarps og sjónvarps og ferðaþjónustu. Þetta er satt best að segja ótrúleg útkoma þegar ekki er lengra síðan en — hvað er það? Það nær ekki þremur árum eða eru tvö ár síðan Alþingi sameinaðist um við mikil húrrahróp að fella niður skatt á bækur og þóttu mikil gleðitíðindi í íslenska menningarheiminum. Ég sé ekki að þjóðinni hafi reitt svo illa af að hún hafi ekki efni á því áfram,

að styðja við bakið á íslensku máli og íslenskri bókaútgáfu og íslenskri menningu með því að hafa hana undanþegna þessum skatti og prentiðnaðinn þar með talinn sem sumir telja að muni flæmast að verulegu leyti úr landi við þessa aðgerð.

Það er auðvitað ákaflega óskynsamleg aðgerð í öllu tilliti að skattleggja húshitun. Bæði mun það enn draga úr hvatningu til þess að nýta innlenda orku í landinu. Þetta mun gera samkeppnisstöðu hennar verri miðað við það sem áður var, rafmagn og heitt vatn. Svo veldur þetta auðvitað hækkuðum húshitunarkostnaði og er hann þó nógu hár fyrir. Svo koma miklir snillingar úr stjórnarliðinu, eins og hv. 3. þm. Suðurl., og ég gratúlera Suðurlandskjördæmi með að eiga svona snilling á þingi, og finnur út þá formúlu að í raun og veru sé verið að jafna húshitunarkostnaðinn. Að vísu bara upp á við. Þetta er jöfnun upp á við. Með því að hækka þetta á öllum þá er þetta í lagi. Þá jafnast kostnaðurinn. Þetta er fín stærðfræði. (**Gripið fram í:** Það þyrfti að spyrja hann hvað þurfi að hækka hann mikið til að það yrði alger jöfnun.) Já, það væri gaman að fá það út úr formúlunni hjá hv. 3. þm. Suðurl. hvort ekki mætti ná enn meiri jöfnuði með því að hækka þetta bara aðeins meira. Kannski er hann að leggja það til með þessari merku grein í Morgunblaðinu í dag. (Gripið fram í.) Það er svo aftur annað mál hvort menn séu alltaf sjálfum sér samkvæmir. Ég hef með sjálfum mér ákveðnar efasemdir í þessu tilviki, en ætla ekki að fara lengra út í þá sálma.

Nei, þetta er heldur dapurleg niðurstaða þó svo að ríkisstjórnin eða einhverjir sæmilega hugsandi menn í stjórnarflokkunum náðu á síðustu stundu að klóra aðeins í bakkann og gera það að verkum að þetta varð ekki önnur eins ójafnaðaraðgerð og til stóð í upphafi að því er virðist og ber að sjálfsögðu að virða það að einhverjir menn hafa verið að reyna að koma að einhverju leytinu vitinu fyrir menn — klóra í bakkann, eins og það heitir. En það breytir ekki því að þetta verður 5.000 kr. skattur ofan á það sem menn borga fyrir í húshitunarkostnað á dýrustu svæðum landsins. Þó svo að aðrir borgi eitthvað meira bætir það ekki úr því að þeir sem þegar bera byrðar af þungri húshitun fá þetta viðbótarhögg á sig.

Þá er ég kominn að ferðaþjónustunni og spyr enn að því: Er til of mikils mælst að hæstv. samgrh. láti sjá sig við þessa umræðu? Finnst mönnum virkilega eðlilegt að svona grundvallaratriði sem varðar þeirra atvinnugreinar séu rædd að þeim fjarstöddum? Hvar er formaður samgn.? Er hann ekki til enn þá í þinginu? Hvar eru þeir menn sem eiga að láta sig þessa málaflokka varða? Þeir láta ekki sjá sig hér. Það er auðvitað skiljanlegt. (**Gripið fram í:** Fjármálaráðherrann.)

Útkoman á þessu er þannig varðandi ferðaþjónustuna að það er í raun og veru verið að leggja þarna 300–400 millj. kr. nettóskatt á ferðaþjónustuna. Menn hafa að vísu farið í ótrúlegar skógarferðir og reynt að sýna fram á að af því að ferðaþjónustan fái fellt niður aðstöðugjald, sem allir fá, og af því að hún fái í raun og veru löngu réttmæta lagfæringu á tryggingagjaldi sem útflutningsgrein, þá sé þetta ekki svo djöfullegt fyrir hana. Ég tel að það megi færa nokkur rök fyrir því að draga frá þessari skattlagningu það sem ferðaþjónustan fær í staðinn í gegnum lægra tryggingagjald, en ég hafna því að almenn niðurfelling aðstöðugjalds fyrir allar atvinnugreinar í landinu verði sérmerkt ferðaþjónustunni. Og þar með er þetta 400 millj. kr. nettóskattlagning á ferðaþjónustuna. Fyrirtæki eins og Flugleiðir munu borga tugi milljóna, jafnvel upp undir 100 millj. kr. vegna þessara aðgerða.

Hvernig er upplitið á stjórnarþingmönnum á landsbyggðinni þegar þeir koma til með að fá fyrsta farseðilinn í hendur í innanlandsfluginu með virðisaukaskatti ofan á. Hlakka ekki hv. þm. til, eins og hv. þm. Egill Jónsson? Hann telur sem sagt að flugförin séu ekki nógu dýr nú þegar fyrir fólkið t.d. á Neskaupstað, sem hefur einna lengstu flugleið innan lands eða þá á Þórshöfn, sem þarf að skipta um flugvél á Akureyri ef það ætlar að komast suður og borgar hátt á annan tug þúsunda til að komast í bæinn og fá svo virðisaukaskatt ofan á þetta. Þetta er gáfuleg aðgerð. Ég verð að segja alveg eins og er að ég skil ekki hvað menn eru að fara í þessum efnum. Er það virkilega svo að ekki sé til einhver skynsamlegri tekjuöflunarleið fyrir ríkið?

Menn kunna að segja að þetta sé ekki alvarlegt fyrir þessa innlendu þætti því menn verða að ferðast hvort sem er og ekki geti menn hætt því. Einhverjir eru jú þannig settir að þeir eiga ekki annan kost en að borga þessi fargjöld. En ég er alveg sannfærður um að þetta mun t.d. draga úr nýtingu landsmanna sjálfra á ferðaþjónustunni. Þetta veikir samkeppnisstöðu íslenskrar ferðaþjónustu, ekki bara varðandi samkeppnina um útlendinga hingað heldur líka að bjóða upp á ferðalög um eigið land. Það er alveg jafnmikill gjaldeyrissparnaður fólginn í því eins og að fá útlendinga inn í landið, eins og menn hafa löngu áttað sig á. Þetta mun að sjálfsögðu valda því að samkeppnisstaða ferðaþjónustunnar versnar. Það verður eitthvað breytilegt eftir fyrirtækjum. Einstaka fyrirtæki sem eru í fjárfestingum og hafa talsverðan innskatt á móti til frádráttar geta tímabundið komið þolanlega út úr þessu. Í heildina tekið þýðir ekkert að fjasa um það. Það liggur ljóst fyrir að þarna er verið að leggja skatt á grein sem slapp við hann áður.

Það er alveg með ólíkindum að þetta skuli gerast í desemberbyrjun á því herrans ári 1992 því það er ekki lengra síðan en eitt og hálft ár að hér uppi í hinni efri deild sálugu stóð núv. hæstv. samgrh. í ræðustólnum og barðist þar eins og ljón fyrir því að drepa við 2. umr. í seinni deild heildarendurskoðun á lögum um ferðaþjónustu. — Vegna hvers? Vegna þess að hæstv. núv. samgrh. og þáv. hv. þm. Halldór Blöndal sagði: Það er ekki nóg gert í því að bæta samkeppnisskilyrði ferðaþjónustunnar.

Hv. þm. taldi ótækt að afgreiða þessa heildarlöggjöf fyrir greinina nema það næðist meiri árangur í því að bæta samkeppnisstöðu ferðaþjónustunnar. Var þó í þeirri löggjöf verið að taka á ýmsum hagsmunamálum greinarinnar og það var óumdeilt að margt í þeim breytingum var henni til hagsbóta. Síðan hefur ekki mikið heyrst af nýjum lögum fyrir ferðaþjónustu. Þeg-

ar hæstv. samgrh. var spurður að þessu af fjölmiðlamönnum fyrir ekki löngu síðan, þá svaraði hæstv. ráðherra því að þeir hefðu dottið ofan á það snjallræði, hann og hæstv. fjmrh., að skipa starfshóp til þess að endurskoða skattlagningu á ferðaþjónustu og kanna hvort ekki mætti létta af henni álögum. Nú ætla ég að spyrja hæstv. fjmrh. eftirtalinna spurninga:

1. Hverjir sitja í starfshópi hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh. um að létta sköttum af ferðaþjónustu? Hverjir eru fulltrúar fjmrn. og hverjir eru fulltrúar samgrn.?

2. Hvernig miðar starfi nefndarinnar? Er nefndin með í huga einhverja sérstaka skattstofna sem létta eigi af ferðaþjónustunni?

3. Hvenær er þess að vænta að nefndin skili niðurstöðum?

4. Hvernig tengjast nýlegar ákvarðanir hæstv. ríkisstjórnar starfi þessarar nefndar um bætt starfsskilyrði ferðaþjónustu?

Ég spyr samhengisins vegna, hæstv. fjmrh., og ég vona að mér fyrirgefist því það er ágætt að hafa samræmi í hlutunum og mikið hlakka ég til að lesa þessa skýrslu þegar hún kemur.

Þetta er auðvitað svo dapurlegt, hæstv. forseti, eftir alla umræðuna um ferðaþjónustuna sem hefur hafist til nokkurs vegs í umræðum hér á landi hin síðustu ár og vill nú meira að segja ræðumaður leyfa sér það steigurlæti að eigna sér ákveðna hlutdeild í því því þannig var að á þeim tíma sem þessi mál heyrðu undir hann var talsvert unnið að því að kynna málefni þessarar greinar. M.a. var þá í fyrsta sinn tekin saman tölfræðileg úttekt á því hver væri stærð ferðaþjónustunnar í þjóðarbúskapnum og í fyrsta sinn komu fram í dagsljósið almennilegar upplýsingar um hreinar gjaldeyristekjur Íslendinga af ferðaþjónustu. Menn urðu rjúkandi hissa þegar það kom í ljós að ferðaþjónustan var þá komin í tæpa 10 milljarða kr. í gjaldeyrissköpun, stefnir í 12, ef ég man rétt, á þessu ári, ef ekki 13, og síðan er útkoman þessi.

Svo er hér á blaðsíðu 26 alveg dásamleg setning eða hitt þó heldur um þennan virðisaukaskatt. Hvað stendur þar? Næst á eftir því að farið er yfir á breytingarnar á virðisaukaskattinum þar sem verið er að boða mönnum þau gleðitíðindi að sérstakur lestrarskattur, eða íslenskuskattur mætti kalla hann, skattur á íslenskt mál verði lagður á bækur, blöð og tímarit, sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að reisa sér níðstöng með, og skattur á afnotagjöld fjölmiðlanna og ferðaþjónustuna, kemur alveg óborganleg setning, hæstv. fjmrh. Ég vil spyrja um höfund að þessum texta. Samdi ráðherra þetta sjálfur eða einhver nafntogaður embættismaður sem gæti þá fengið höfundarlaun og kæmist e.t.v. í heiðurslaunaflokk listamanna á næsta ári?

„Áfram verða ýmsar greinar undanþegnar skattlagningu, svo sem íþrótta- og menningarstarfsemi, heilbrigðisþjónusta," — það er ekkert annað — „ýmis félagsleg þjónusta, skólar," — ég er svo aldeilis hissa, þvílíkt örlæti af hæstv. ríkisstjórn — „fjármálaþjónusta, getraunastarfsemi og vátryggingarstarfsemi."

Hér er það beinlínis tíundað sem mikil tíðindi, væntanlega til marks um gæsku ríkisstjórnarinnar, að bæði heilbrigðisþjónusta og skólar verði áfram undanþegin virðisaukaskatti. Maður býst bara við því í næstu setningu að lesa: og væri æskilegt að ríkisstjórninni yrði þakkað að verðleikum að láta þetta kyrrt liggja.

Það skortir ekki á hugarflugið í hugmyndaheimi þeirra manna sem semja svona texta. (**Gripið fram í:** En kirkjan, ætli hún sleppi ekki?) Það er farið nákvæmlega út í það og kemur ekki fram hvort að þjóðkirkjan, ásatrúarsöfnuðurinn eða aðrir slíkir borgi virðisaukaskatt. Þeir eru a.m.k. ekki taldir upp í þessum undanþágutexta hæstv. ríkisstjórnar.

Ýmislegt fleira heyrir þarna undir sem mætti taka til að slepptum virðisaukaskattinum. Aðrir hafa nefnt hér hinn gamla kunningja skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Ég nenni ekki að stríða hæstv. fjmrh. á því, það er orðið svo þreytt að vera að sarga á því. (Gripið fram í.) Maður nennir ekki að vera að sparka í liggjandi menn, hv. þm. Það er bara þannig að það hefur ekkert upp á sig. Auðvitað er þetta eins og dapurleg örlög sem hæstv. fjmrh. hefur ratað í, að það sem helst hann varast vann og allt það. Maðurinn sem hélt allar ræðurnar hér og stóð fyrir linnulausu málrófi um þessa svívirðilegu skattlagningu á sínum stjórnarandstöðuárum, dögum saman ef ekki sólarhringum, skuli nú dæmast til þess að framlengja þetta ár eftir ár. Eftir að hafa þó svarið að þetta mundi hann aldrei gera oftar í fyrra, ef ég man rétt. (**Fjmrh.:** Nei, það er ekki rétt.) Það skyldi nú vera. Hins vegar mun væntanlega hv. 1. þm. Vestf. greiða atkvæði gegn þessu, trúr þeirri skoðun sinni að svona oft sé ekki hægt að svíkja gefin loforð og komast upp með það.

En ég ætla aðeins að nefna útkomuna hjá Vegagerðinni af því að það tengist þessu máli. Hæstv. ríkisstjórn tilkynnti okkur með efnahagsráðstöfunum sínum að eitt í þeim yrði að leggja enn 1,50 kr. á bensínlítrann til þess að afla ríkissjóði tekna. Þá er það þannig að skerðing á mörkuðum tekjum Vegasjóðs er komin í 1 milljarð og 24 millj. kr. Skerðing á mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar, sem í raun og veru er brot á vegalögum, því þar stendur að tekjur sem koma inn gegnum hina mörkuðu tekjustofna skuli fara til vegagerðar og til vegagerðar eingöngu, er nú komin í 1 milljarð og 24 millj. eins og þetta stendur í dag hjá hæstv. ríkisstjórn. Þ.e. 350 millj. kr. núna samkvæmt nýjustu ákvörðunum. Inni í forsendum fjárlagafrv. eru 344 millj. í skerðingu ríkissjóðs og útgjöld vegna ferju- og flóabáta eru áætlaðar 330 millj. á næsta ári. (**ÖS:** Er ekki rétt að reikna þetta aftur til öryggis?) Þetta er alveg hárrétt reiknað og nú skal ég reikna enn fyrir hv. þm. Til viðbótar er í þál. um framkvæmdir við jarðgöng á Vestfjörðum, í gildandi vegáætlun og í drögum að langtímaáætlun gert ráð fyrir því að flýtingarkostnaðurinn vegna hröðunar framkvæmda þar verði tekinn að láni og stórverkefnaflokkurinn endurgreiði svo þann kostnað á árunum eftir 1996. Þessu hefur verið fallið frá og sá kostnaður færður yfir á almenna vegagerð. Þar eru á ferðinni 350 millj. í viðbót, ef ég man rétt. Þá versnar nú í því. Annaðhvort eru það 250 eða 350 millj. Þá erum við komin í 1.374 millj. kr., ef hærri talan er tekin, sem í raun og veru er minna til

ráðstöfunar í almennri vegagerð í landinu á næsta ári af hinum mörkuðu tekjum en ella hefði orðið.

Hver er þá orðinn glæsileikinn yfir þessum ráðstöfunum hæstv. ríkisstjórnar í vegamálum? Hann er orðinn sá að þó svo að Vegagerðin slái sér lán og fari í framkvæmdir sem þessu nemur er munurinn sá að eftir árið 1993 skuldar hún 1.374 millj. kr. meira en ella hefði orðið. Þær skuldir þarf að borga með lántökukostnaði. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég er orðinn þreyttur á því að menn skuli koma í ræðustól og endurtaka vitleysuna um að þetta sé eitthvað sem beri að gleðjast yfir fyrir hönd samgöngumálanna í landinu. Þetta er því miður að snúast upp í algera andhverfu sína og er að mínu mati að verða með meiri áföllum sem sá málaflokkur hefur orðið fyrir á síðari árum.

Hver er útkoman úr þessu öllu, hæstv. forseti? Hún er ekki mjög glæsileg. Ég ætla að koma aftur að dæminu sem ég nefndi í upphafi. Það sem ég tel að við þurfum að gera á næstu dögum er að fara ofan í saumana á því, af því að ekki gerir ríkisstjórnin það, hvernig þetta kemur við fólkið í landinu. Hvernig birtist þetta gagnvart hinum einstöku þolendum. Ég hef verið að reyna að setja saman dæmi um um hjón sem eiga þrjú börn, þar af eitt yngra en 7 ára, eru með tekjur um eða rétt ofan við meðaltekjur hjóna, þ.e á bilinu 2,6–3 millj. kr., skulda ekki óvenjulega upphæð vegna íbúðahúsnæðis og eru með vaxtakostnað um 300 þús. Þetta nægir í raun og veru sem helstu forsendur þessa dæmis. Hvernig lítur það þá út?

Þessi hjón geta í fyrsta lagi misst 30–40 þús. kr. í gegnum minni vaxtabætur þegar þær verða að fullu komnar til framkvæmda. Nú er það að vísu ekki strax á árinu 1993 þannig að hér verður að hafa þann fyrirvara á að útreikningar eru miðaðir við að þetta verði allt komið að fullu til framkvæmda, við getum þá sagt á árinu 1994. 30–40 þús. kr. skaðast þessi hjón vegna breytinga á vaxtabótum, 25–30 þús. vegna breytinga á barnabótum, 30–40 þús. vegna hærri tekjuskatts, 10–15 þús. kr. vegna meiri tannlæknakostnaðar, 10–15 þús. vegna meiri lyfjakostnaðar og annarrar gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu, 5 þús. kr. vegna hærri húshitunarkostnaðar og síðan er ég svo hógvær að ég áætla 5 þús. kr. í viðbót vegna annars. (**Gripið fram í:** Hvar býr fólkið?) Fólkið gæti búið á Akureyri en það þarf þess ekki með því að í gegnum hina frægu jöfnun Árna Johnsens upp á við mun þetta eiga að koma svipað út fyrir menn hvað húshitunarkostnaðinn snertir. Ef við ætlum ekki nema 5 þús. kr. vegna annars, þá er ég að tala um vegna annarra skatta, hér er eingöngu verið að taka skatta og bótagreiðsluhlutann af þessu, erum við komin í 115–140 þús. kr. sem lífskjör þessarar fjölskyldu skerðast um beint vegna skattahliðarinnar.

Síðan er ekki hægt að horfa fram hjá því að samkvæmt mati bæði Þjóðhagsstofnunar, sem að vísu er varkár, og hagdeildar Alþýðusambandsins munu ráðstöfunartekjur fólks á næsta ári vegna verðhækkana, vegna hækkunar á framfærsluvísitölu annarra en skatta, skerðast um 3–5%. 4,4% stendur í mati Þjóðhagsstofnunar og samkvæmt munnlegum upplýsingum er um helmingur af því vegna verðhækkana og helmingur vegna skatta. Það gæfi þá 2,2% vegna verðhækkana. Hagdeild Alþýðusambandsins er með mun hærri tölu. Ég hef þess vegna reiknað með að ráðstöfunartekjur fjölskyldunnar skerðist um 4% vegna annarra verðhækkana á næsta ári. Það eru 100 þús. kr. í viðbót vegna gengisfellingarinnar og vegna verðhækkana af ýmsu tagi sem þegar eru farnar að dynja yfir og munu miðað við kaupforsendur fjárlaganna bitna á þessu fólki í formi skertra ráðstöfunartekna. Þá er kjaraskerðing þessarar fimm manna fjölskyldu með 2,6–3 millj. kr. í tekjur orðin yfir 200 þús. kr., 215–240 þús. kr. (**Fjmrh.:** Af hvaða tölu reiknar ræðumaður 4%?) Það má auðvitað velta þessu á alla enda og kanta, hæstv. fjmrh. (**Fjmrh.:** Þetta er einföld spurning gamals reiknikennara.) Ég er ekki að taka ýmislegt inn í þetta dæmi, hæstv. fjmrh., þannig að ég skal viðurkenna að ég leyfði mér að taka hærri viðmiðun en kannski mætti strangt til tekið. (**Fjmrh.:** Af hvaða tölu?) Ég tók af ráðstöfunartekjum fólksins að frádregnum sköttum og áætlaði síðan að vísu nokkuð háa viðmiðun vegna þess að ég veit að í dæminu er vanreikningur. Ég veit t.d. að í dæminu er vanreikningur vegna þess að ég tíndi ekki til ýmsa smærri liði eins og hækkun á bensíngjaldi og annað því um líkt sem auðvitað bitnar á þessu fólki að einhverju leyti eins og öðrum. Ég hef ekki gert ráð fyrir því að einhver hluti af þessum fjölskyldufeðrum borgi meðlög svo dæmi sé tekið. Ef hæstv. fjmrh. vill fara út í aukastafina er það guðvelkomið.

Ég tel að þegar allt annað er tekið sé því miður ekki hægt að horfa fram hjá því að af samanlögðum öðrum ástæðum skerðist ráðstöfunartekjur fjölskyldunnnar um upp undir annað eins vegna verðhækkana og annarra ótalinna áhrifa sem ég hef ekki tekið með. Mér þykir það í raun og veru alveg nóg að þetta skuli komið yfir 200 þús. kr., kannski 220–240 þús. Það þýðir að lífskjaraskerðingin hjá dæmigerðri barnafjölskyldu er að nálgast 10%, 7–10%.

Ég held að menn verði að horfast í augu við það að í grófum dráttum er dæmið svona. Ég skal vera fyrstur manna til að viðurkenna að þetta er tilbúið dæmi og geta verið einhverjar veilur í því en þær geta verið á báða vegu. Þær geta alveg eins verið upp á við og niður á við. Það má líka velta því fyrir sér ef við horfum á meðaltalsskerðinguna upp á 4,4% og höfum svo í huga að það liggur alveg fyrir að aðgerðirnar bitna mjög misjafnlega á fólki eftir því hvort um barnafólk eða húsbyggjendur er að ræða, þá tel ég ekki mikið að þessi tala fyrir einstaka þolendur sem verst koma út sé orðin 7–10% því það liggur ljóst fyrir að skerðing þeirra sem best sleppa er mjög lítil. (Gripið fram í.) Það vantar inn í þetta alveg heilmikið meira. Það er alveg ljóst. En ég tel að þessi útreikningur, svo grófur sem hann er, sýni það í fyrsta lagi að þarna er farið út á ákaflega hættuleg braut og í öðru lagi að þörf er á því að gera vandaða útreikninga og keyra út þessa hópa til að skoða hvernig þeir koma út úr dæminu.

Ég held að menn verði að horfast í augu við það að við erum að ganga mjög hættulega götu með sívax-

andi tekjutengingu bæði bótagreiðslna og skattlagningar sem gjarnan verður virk á sama launabilinu hjá viðkomandi hópum. Það er þannig að hjá hjónafólkinu kemur tekjuskatturinn, skerðing barnabótanna, skerðing vaxtabótanna o.fl., inn á sama launabilinu. Það þýðir í grófum dráttum að ráðstöfunartekjukúrfan hjá þessum hópum á ákveðnu tekjubili er orðin mjög flöt, þ.e. það sem fólkið heldur eftir þegar búið er að draga allt frá. Menn vinna og vinna ef þeir eiga þá kost á yfirvinnu og bruttólaunin hækka en það sem eftir verður í vasanum breytist sáralítið á ákveðnu tekjubili þrátt fyrir aukinn þrældóm.

Þetta er vont kerfi og mjög hættulegt. Við erum að búa til að mínu mati hóp sem mun lenda miklum erfiðleikum á komandi árum og það vantar rannsóknir á því hvernig þetta er að leggjast. Það má kalla þetta hina þrautpíndu eða margbörðu ungu miðtekjustétt barnafólks og húsbyggjenda, finna eitthvert heiti á það, en væntanlega skilja menn hvað er verið að fara. Þetta er mikið áhyggjuefni.

Hæstv. fjmrh. mun að sjálfsögðu verða skattakóngur Íslandssögunnar á næsta ári. Um það er ekki að fást. Það liggur alveg fyrir og ég veit að jafnvel hæstv. fjmrh. mun ekki reyna að bera á móti því. Ég skal fúslega viðurkenna að það gagnrýni ég ekki mest í þessu í sjálfu sér, þ.e. skattstigið. Það er hins vegar hvernig teknanna er aflað og hvernig byrðunum er dreift. Þar á ég ekki bara við þá nöturlegu staðreynd að menn gáfust upp á því að láta fjármagnseigendur borga sitt og þessi hátekjuskattur er óvera. Það er ekki það versta að mínu mati. Það versta er sú ójöfnun sem er að gerast í gegnum niðurskurð á samneyslunni og gegnum tekjutengingu ýmiss konar stuðningsgreiðslna. Það er miklu verra mál vegna þess að það er auðvitað þannig þegar við förum ofan í saumana á því að tekjujöfnunin gerist ekki fyrst og fremst í gegnum skattgreiðslurnar. Það er ekki þar sem lífskjörin jafnast aðallega heldur er það í gegnum þjónustuna, samneysluna og það sem mönnum hefur fram að þessu staðið til boða. Það er það tillit sem fram að þessu hefur verið tekið í skattkerfinu til barnafólks til þess að jafna lífskjör þeirra fjölskyldna sem eru með þunga framfærslubyrði af börnum og hinna. Þessi jöfnun er að hverfa. Er einhver skynsemi í því að barnlaus hjón skuli sleppa miklu léttar þegar þessir erfiðleikar ganga yfir landið en hin? Ég svara því alveg hiklaust neitandi.

Ég er alveg sannfærður um að ef eitthvað er þá hefur hallað á barnafjölskyldurnar á undanförnum árum vegna þess að ég er þeirrar skoðunar að það sé að verða dýrara og erfiðara og að mörgu leyti útgjaldasamara að reka börn, ef svo má að orði komast, í nútímaþjóðfélagi en það var áður. Ég er alveg viss um að menn þekkja það úr eigin umhverfi, hvort sem það er framfærslan sjálf, sem auðvitað skiptir þarna miklu máli, eða ýmiss konar aukaútgjöld sem leiða af þátttöku barna t.d. í félagsstarfi, íþróttum, tómstundum eða öðru slíku. Ég er alveg sannfærður um að á síðustu árum hefur hallað á þann hóp í þjóðfélaginu sem er að koma börnum til manns. Það er alveg í þveröfuga átt að gera skattlagninguna sértækari með þessum hætti og færa hana yfir á herðar barnafjölskyldnanna. Það er heigulsháttur og aumingjadómur að þora ekki að horfast í augu við það að ef menn afla tekna þá eiga þeir að gera það með öðrum og mannborlegri hætti en þeim að læðast aftan að tilteknum hópum í þjóðfélaginu með þessum hætti vegna þess að þeir þora ekki að afla tekna í ríkissjóð með almennum ráðstöfunum. Það er aumingjalegt.

Mér fannst svo að lokum, hæstv. forseti, að hæstv. fjmrh. mætti ekki fara lengra út á þann ís að reyna að bera saman ráðstafanir ríkisstjórnarinnar annars vegar og hugmyndir sem voru í vinnu á vettvangi aðila vinnumarkaðarins hins vegar. Hvað á sá leikur að þýða? Er verið að reyna að læða því að mönnum að í raun og veru sé þetta alveg það sama og Alþýðusamband Íslands var að vinna með? Til hvers þegar það er svo í ofanálag blekking? Það er auðvitað hreinasta fölsun að leggja að jöfnu þær tillögur sem þar voru á borðum og voru m.a. kynntar okkur foringjum stjórnarandstöðunnar á fundi daginn sem sænska krónan féll sællar minningar. Það lá auðvitað ljóst fyrir að þar var í fyrsta lagi verið að tala um fjáröflun með allt öðrum sniði, fjármagnstekjuskatt og umtalsverðan hátekjuskatt, en það var líka verið að tala um enga gengisfellingu. Það var verið að tala um að verja lífskjörin þeim megin. Það er auðvitað mergurinn málsins sem gerir það að verkum að aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar eru ósambærilegar vegna þess að í gegnum gengisfellinguna og kostnaðarhækkanirnar er búið að skerða lífskjör þessa fólks sem ætlunin var að reyna að forðast með kostnaðarlækkunarleið aðila vinnumarkaðarins að óbreyttu gengi. Hins vegar geta svo menn rætt hvort það var raunhæft eða ekki. Það er annað mál. En þeirra vinna byggði á því.

Þetta er ófyrirleitinn samanburður og hæstv. fjmrh. bætist nú í hóp hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. sem hafa verið með þessa útúrsnúninga. Ég held að hæstv. ráðherrar ættu að hætta þessu. Hæstv. ráðherrunum veitir ekki af, ef ég má leyfa mér að orða það svo, hæstv. forseti, að reyna að leggja eitthvað annað til málanna en svona málfundaæfingar gagnvart verkalýðshreyfingunni ef þeir eiga að ná einhverju stjórnmálasambandi við hana á næstu vikum eftir þessar aðgerðir.

Hæstv. forseti. Ég held að ég láti þessari yfirferð minni lokið enda á ég væntanlega eftir að vinna í þessu eitthvað í hv. efh.- og viðskn. Ég vil endurtaka það sem ég sagði reyndar í upphafi og það er gott að hv. formaður heyrir það. Ég tel gersamlega óverjandi að afgreiða þetta mál á eins veikum staðreyndalegum grunni og það stendur í dag miðað við þessa aumu grg. með frv. Það kann að eiga sér réttmætar skýringar að menn hafi ekki haft tíma til að gera mikla útreikninga eða afla mikilla gagna varðandi bakgrunn málsins. En það verður þá að gerast og Alþingi verður að hlutast til um að verði gert. Ég mun því fara fram á það að vandaðir útreikningar verði framkvæmdir gagnvart dreifingu þessara byrða á hina einstöku tekjuhópa og einstöku markhópa, barnafólk, húsbyggjendur og aðra í þjóðfélaginu. Sú vinna verður að fara fram þannig að

hægt sé að afgreiða málið, svo bölvað sem það er, að lokum ef það verður þá gert vitandi vits hvað það þýðir fyrir þá sem þar eiga hlut að máli.

Ég endurtek svo að lokum tilboð mitt, sem að vísu skal tekið fram til að fyrirbyggja allan misskilning að er persónulega frá mér og hefur ekki verið rætt í mínum flokki, að ég er tilbúinn til að leggja í það vinnu á vettvangi efh.- og viðskn. eða annars staðar að skoða breytta útfærslu á þessari tekjuöflun þó svo að ríkissjóður kæmi út á sléttu ef eitthvert samkomulag gæti tekist um að afla teknanna með skynsamlegri og réttmætari hætti, t.d. með meira almennri innheimtu gegnum tekjuskattinn, hækkuðum persónufrádrætti á móti í einhverjum mæli og að hverfa helst alveg eða að a.m.k. verulegu leyti frá þessari sértæku skattahækkun á barnafjölskyldur og húsbyggjendur. Það er mikið óráð og mun koma í bakið á mönnum. Menn munu á næstu missirum og árum sjá mikla erfiðleika skapast hjá þessum hópum og væri mun gáfulegra að forðast það slys en að rata í þær raunir síðar.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alltaf gaman að hlýða á hinar stuttu og kjarnyrtu ræður hv. þm. Steingríms Jóhanns Sigfússonar. Hann fór víða í ræðu sinni og það var gaman að hlusta á hann leggja ríkisstjórninni lífsreglurnar og raunar synd að honum skuli ekki hafa tekist betur upp þegar hann sjálfur var í ríkisstjórn. En þingmaðurinn hefur bersýnilega gott hjartalag. Hann hefur samúð með smælingjunum. Ég hjó til að mynda eftir því, virðulegi forseti, að hann hafði miklar áhyggjur af því að Sjálfstfl. væri að brjóta sína stefnu. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að stundum deili ég þessum áhyggjum með þingmanninum. Ég ætla þó ekki að ræða það núna en það var eitt smáatriði sem mig langar til þess að inna hv. þm. eftir. Hann fór víða í sinni ræðu og geisaði stundum yfir vonsku ríkisstjórnarinnar. M.a. kvartaði hann yfir því að persónufrádráttur væri ekki færður upp um leið og tekjuskattsprósentan væri hækkuð. Það vill svo til, virðulegi forseti, þó ég sé e.t.v. tekinn að reskjast og minni mitt farið að bila, en ég man ekki betur en að í fyrrv. ríkisstjórn þar sem þingmaðurinn átti sæti, hafi páv. fjmrh., Ólafur Ragnar Grímsson, m.a. beitt þeim ráðum að hækka tekjuskattsprósentu án þess að hækka persónufrádráttinn Mig langar að spyrja virðulegan þingmann, Steingrím J. Sigfússon, hvort þetta sé rangminni hjá mér.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ljúft og skylt að fræða hv. þingflokksformann Alþfl. sem er ungur maður og óreyndur í stjórnmálum eins og menn vita og þarf þess vegna á fræðslu að halda og man ekki hlutina. Þannig var að þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, þ.e. annað og síðan þriðja ráðuneyti hans, tók við var allmikil verðbólga í landinu. Af þeim sökum þurfti að uppreikna allar tölur, bæði prósentur og nafnupphæðir persónufrádráttar og það var jafnan gert. Það er að vísu rétt að í eftirágreiddum tekjusköttum, eins og áður voru við lýði, þurfti að hreyfa sjálfa prósentuna upp og niður vegna mismunandi verðbólgu. En á þeim tíma var persónufrádrátturinn jafnan færður upp til verðlags og það um áramót þess skattárs sem í hönd fór. Það gerðist síðan í fyrsta skipti um síðustu áramót að frá þessari reglu var horfið og upphæð persónufrádráttarins var ekki færð til verðlags komandi skattaárs. Þetta var mjög gagnrýnt. Núna sýnist mér að það eigi að fara sömu leið með persónufrádráttinn og ég spurði hæstv. fjmrh. hvað það rýrði mikið í raungildi persónufrádráttarins.

Að vísu man ég ekki í smáatriðum hvert einstakt ár í skattlagningu í fjármálaráðherratíð hv. 8. þm. Reykn., enda veit ég að þeir eru vel málkunnugir, hv. þm. Össur Skarphéðinsson og sá ágæti þingmaður og er örugglega ljúft af hálfu hv. 8. þm. Reykn. að upplýsa hv. þm. Össur Skarphéðinsson um þetta persónulega.

Ég er þó alveg viss um það að þó svo það kunni að vera að tekjuskattsprósentan hafi breyst og jafnvel hækkað milli ára, þá var persónufrádrátturinn í hverju tilviki færður upp til verðlags um áramót. Það getur verið að hann hafi staðið óbreyttur að raungildi. Ég þori ekki að fullyrða að svo kunni ekki að hafa verið um einhver áramót en hann var öll árin færður upp um til verðlags.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég met það við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon að hann kemur upp og staðfestir það berum orðum að hann hefur í sinni stuttu ræðu í dag gagnrýnt hæstv. núv. fjmrh. fyrir nákvæmlega það sama sem formaður Alþb. gerði í tíð sinni sem fjmrh. Ég veit ekki hvort þingmaðurinn er viljandi með þessum hætti að draga athyglina að því að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson beitti þessum ráðum í fjármálaráðherratíð sinni. Það kann vel að vera að það sé einhver vík þarna á milli vina. E.t.v. eru þeir ekki jafn vel málkunnugir, þingmennirnir tveir og ég og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Hins vegar vek ég líka athygli á því að í ræðu sinni skammaðist m.a. hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon út í ríkisstjórnina fyrir þá ósvinnu að vera að vera að færa skatta á almúga landsins frá fyrirtækjum. Ég vil þess vegna líka hressa örlítið betur upp á minni hans. Sá sem varpaði þeirri hugmynd fram fyrstur þingmanna á þessum þingvetri var einmitt hæstv. fyrrv. fjmrh., Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Alþb., þar sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er varaformaður. Mér finnst þess vegna gæta töluverðs tvískinnungs í máli varaformanns Alþb. en eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, þá kann þetta auðvitað vel að vera bragð hjá varaformanninum til þess að draga athygli þingheims að því sem sumir Alþb. kalla ósvinnu af hálfu formannsins.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú lenti hv. þm. gersamlega út af sporinu. Hann er í fyrsta lagi allt of fullyrðingaglaður og ætlar mönnum hvatir sem ekki eru fyrir hendi. Það er rangt að ég hafi verið að gagnrýna hæstv. núv. fjm-

rh. fyrir það sama og hafi átt sér stað í tíð fyrri ríkisstjórnar. Ég sagði það beinlínis. Það sem ég var að gagnrýna var að persónufrádrátturinn væri skertur að raungildi, hann lækkaði með því að hann væri ekki færður upp til verðlags. Það gerðist aldrei í tíð fyrri ríkisstjórnar. Hann var ævinlega færður upp til verðlags og hélt raungildi sínu. Það kann hins vegar að vera að tekjuskattsprósentan hafi tekið breytingum án þess að raungildi persónufrádráttarins breyttist. Um það þori ég ekki að fullyrða. En hitt er alveg á hreinu að þetta skilur á milli og því er ómótmælt að persónufrádrátturinn er að skerðast á þessu ári vegna þess að hann var ekki færður upp til verðlags um áramót eins og áður hafði verið gert. Hagdeild Alþýðusambandsins reiknaði út við síðustu áramót og sýndi fram á það.

Í öðru lagi er rangt, allt of mikil fullyrðing af hálfu hv. 17. þm. Reykv. að ég hafi eingöngu verið að gagnrýna það að þarna væri á ferðinni tilfærsla frá fyrirtækjum yfir á almenning. Ég var fyrst og fremst að gagnrýna hvernig skattlagningunni er háttað, hv. þm., og það höfum við alþýðubandalagsmenn allir gert og erum 100% sammála um það. Hv. þm. má fara í gegnum allar okkar ræður, allar okkar tillögur frá þessu hausti. Hann mun átta sig á því að þar er fullkominn samhljómur, enda erum við eini flokkurinn sem hafði *mótað sér skýrar áherslur og sett fram tillögur sínar* löngu áður en óbermi ríkisstjórnarinnar urðu til á næturfundum. Því fór hv. þm. einnig villur vega að þessu leyti en fór þó allra mest út af götunni þegar hann ætlaði mér einhverjar annarlegar hvatir og undirmál með *slíkum málflutningi sem hann hafði lagt mér í munn* og á sér ekki stoð í raunveruleikanum.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Frú forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingar í skattamálum, mikill bandormur sem ríkisstjórnin hefur lagt fram í 8 köflum og 58 greinum. Ég verð að taka undir það sem hefur komið fram í dag að þessi mikli lagabálkur er býsna seint fram kominn og mér segir svo hugur um að það eigi eftir að hitna verulega í kolunum út af ýmsum þeim tillögum sem hér er að finna.

Frv. sama eðlis var lagt fram á síðasta þingi og sjálfsagt mörgum þingum þar á undan sem ég sat ekki á. Í frv., sem var til umræðu í fyrra, var einkum tvennt sem var mjög umdeilt. Annars vegar var það sjómannaafslátturinn, sem er nú látinn í friði, en hins vegar barnabætur, sem á að skerða enn á ný með þeim tillögum sem hér eru til umræðu, 500 millj. í fyrra, 500 millj. nú. Þetta gerist samhliða miklum niðurskurði á ríkisútgjöldum.

Þetta frv. sem hér er til umræðu nær til margra þátta skattlagningar og kemur fram í ljósi þeirra efnahagsaðgerða sem ríkisstjórnin boðaði fyrir nokkrum vikum og hafa verið mjög til umræðu enda umdeildar. Í þessum tillögum skiptast á skin og skúrir. Sumt er hægt að taka undir, svo sem afnám aðstöðugjalds, hátekjuskattinn og hert skatteftirlit, en öðrum þeim aðgerum sem hér eru boðaðar held ég að ég geti fullyrt nú strax við 1. umr. að við kvennalistakonur munum mótmæla harðlega og vinna að því í hv. efh.- og viðskn. og síðar hér í umræðum að ná fram breytingum á þessum tillögum.

Ekki verður hjá því komist, virðulegi forseti, að byrja á því að ræða nokkuð almennt um efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar sem að sjálfsögðu tengist þeim aðgerðum sem hér er verið að ræða. Ég verð þá að byrja á því að rifja upp örlítil brot úr stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, Velferð á varanlegum grunni, sem ég tel nauðsynlegt að minna hæstv. ráðherra á öðru hverju. Í kaflanum um ríkisbúskap á bls. 17 segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á þann ásetning sinn að gerbreyta fjármálastjórn hins opinbera. Dregið verður úr umsvifum ríkisins og þannig búið í haginn fyrir hóflega skattheimtu í framtíðinni.“ Og síðar segir, með leyfi forseta:

„Um leið og dregið verður úr hallarekstri ríkissjóðs árið 1992 með því að stöðva þau vaxandi ríkisumsvif sem viðgengist hafa undanfarin ár verða næstu skref til uppbyggingar og kerfisbreytinga í ríkisrekstrinum undirbúin. Ríkisvaldið mun beita nýjum aðferðum í ríkisrekstri til að tryggja hagkvæma en jafnframt hóflega og skilvirka skattheimtu.“

Hér er að finna ýmis áform ríkisstjórnarinnar um skattheimtu, en það sem hér er að gerast bendir ekki til þess að þau áform komist til framkvæmda. Síðar segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, með leyfi forseta:

„Til þess að forðast neikvæð áhrif á atvinnulífið *þarf skattkerfið að vera einfalt, skilvirkt og hlutlaust í* þeim skilningi að það mismuni ekki framleiðsluþáttum og atvinnugreinum.“

Þetta mun tengjast því sem síðar kemur þar sem fjallað verður nánar um þær tillögur sem hér er að finna.

Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 er einnig að finna þau markmið sem ríkisstjórnin hefur sett sér en þar segir, með leyfi forseta, á bls. 241:

„Hér á landi hafa efnahagsráðstafanir síðustu missira skilað umtalsverðum árangri. Þegar litið er til annarra landa sker Ísland sig úr, t.d. hvað snertir lítið atvinnuleysi og lága verðbólgu.“ Og síðar segir: „Enda þótt nokkur árangur hafi náðst í ríkisbúskapnum eru ýmis grundvallarvandamál óleyst, t.d. í heilbrigðis- og tryggingamálum. Þá eru vaxandi skuldir þjóðarbúsins mikið áhyggjuefni.“ Síðar segir, með leyfi forseta:

„Einn mikilvægasti þáttur efnahagsstefnunnar er að gengi krónunnar verði haldið stöðugu. ... Þannig mun raungengi krónunnar lækka og útflutningsgreinarnar verða samkeppnishæfari. Í samræmi við þessa stefnumörkun er í forsendum fjárlagafrv. gert ráð fyrir að laun samkvæmt kjarasamningum haldist óbreytt á næsta ári.“

Þetta eru markmið ríkisstjórnarinnar og mætti vitna til fleiri hluta í því sambandi en það má alveg ljóst vera þegar farið er að glugga í þessi plögg, bæði stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, Velferð á varanlegum grunni og það sem sett var fram í fjárlögunum og væntanlega sett á blað nú í haust, að forsendur hafa

þegar raskast mjög mikið. Það er auðvitað bæði vegna þeirra ytri aðstæðna sem við búum við, samdráttinn og ýmislegt sem verið hefur að gerast í efnahagslífi Evrópu og Bandaríkjanna, en ekki síður vegna þróunar innan lands og stefnu ríkisstjórnarinnar. Það eru því ástæður til þess að setja spurningarmerki við það sem er verið að gera og það sem á að gera og ég vil benda á að nú þegar er farið að segja upp kjarasamningum. Það er því mjög óljóst hvort þær forsendur sem ríkisstjórnin hefur sett fyrir efnahagsstefnu sinni, fjárlögunum og skattastefnunni, muni standast.

Það má benda á þróunina í atvinnulífinu sem auðvitað segir til sín í ríkisbúskapnum og er nánast sama hvert litið er. Samdráttinn er alls staðar að finna. Ýmis þau áform sem menn hafa haft uppi um atvinnuþróun hafa orðið að engu. Stóriðjan, sem sumir hverjir bundu miklar vonir við, á í miklum erfiðleikum og þarf ekki annað en skoða skýrslu Seðlabankans fyrir árið 1992 um þróun og horfur í peningamálum, gjaldeyrismálum og gengismálum til þess að sjá þar samandregið hvernig staða hinna ýmsu atvinnugreina er. Allt hefur þetta áhrif á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og það hvernig takast mun til á næsta ári. Ef við reynum aðeins að átta okkur á meginforsendunum í stefnu ríkisstjórnarinnar þá er þar að finna nokkrar meginlínur. Þar er fyrst að nefna að það hefur verið stefna þessarar ríkisstjórnar að draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Þar hefur verið gengið fram af miklu offorsi og skorið niður miskunnarlaust án þess að nokkurt heildstætt mat liggi þar að baki, án þess að spurt sé um þarfir, gæði eða á hverjum niðurskurðurinn bitnar. Enda þótt sjá megi á þeim tölum sem fyrir liggja að nokkuð hefur dregið saman í útgjöldum ríkisins þá ríkir algert stefnuleysi í þessum niðurskurði og ég vil meina að hann hafi komið sér afar illa á ýmsum sviðum og þá er mér ekki síst í huga menntakerfið.

Önnur lína, sem gengur í gegnum stefnu ríkisstjórnarinnar, er einkavæðing ríkisfyrirtækja sem hún hyggst framkvæma með sölu ríkiseigna, en þar er skemmst frá að segja að sú einkavæðing hefur gengið heldur illa. Ætlunin var að selja ríkiseignir fyrir einn milljarð á þessu ári en hingað til, alla vega samkvæmt þeim tölum sem er að finna í frv. til fjárlaga, hefur verið selt fyrir hálfan milljarð. Ætlunin er að selja fyrir 1½ milljarð á næsta ári en ég veit ekki hvað ætti að leiða til þess að árangurinn verði eitthvað betri þá en hann er á þessu ári jafnvel þótt menn ætli að bjóða sjálfan Búnaðarbankann til sölu. Maður spyr sig hverjir eiga að kaupa. Er einhver annar en kolkrabbinn sem hefur getu til þess að kaupa slík fyrirtæki?

Í þriðja lagi hefur sú stefna við gegnumgangandi hjá ríkisstjórninni að láta almenning og fyrirtæki greiða í mun ríkara mæli en áður fyrir þá þjónustu sem ríkið veitir og það hefur verið gert með þjónustugjöldum. Það kemur fram í þeim bandormi, sem hæstv. heilbrrh. leggur fram, að þessi innheimta á þjónustugjöldum hefur gengið svona og svona og þær aðgerðir sem gripið var til í heilbrigðismálum hafa hvergi nærri skilað sér enda ganga flestar hans tillögur út á það að reyna að herða á bandorminum sem var samþykktur í upphafi þessa árs þannig að þær aðgerðir hafa misheppnast að miklu leyti.

Í fjórða lagi hefur verið stefna ríkisstjórnarinnar fram til þessa að halda sköttum í lágmarki. Yfirlýst stefna Sjálfstfl. hefur verið að vera á móti skattahækkunum en nú bregður nýrra við. Hér eru boðaðar miklar skattahækkanir og niðurskurður á bótum til almennings og mér er auðvitað ljóst að þetta er Sjálfstfl. ekki ljúft, en aðstæður eru einfaldlega þannig að menn hafa neyðst til þess að beita sköttunum í ríkara mæli en áður, en spurningin er auðvitað hvernig það er gert. Ég mun koma að því síðar að ég er langt í frá sátt við þá leið sem hér er farin.

Í fimmta lagi hefur stefna ríkisstjórnarinnar verið að draga úr halla ríkissjóðs sem að sjálfsögðu er eðlilegt takmark því að ég held að við séum öll sammála um að skuldastaða ríkisins er komin á býsna hættulegt stig og þarf að ná skuldunum niður. En að mínum dómi hefur ríkisstjórnin farið heldur geyst í því máli eins og öðrum. Hún ætlaði sér að ná ríkishallanum niður á tveimur árum og það var augljóst og við bentum á það strax í fyrra að þetta væri allt of hratt farið því að menn mega passa sig á samdrættinum og þeirri keðjuverkun sem hægt er að setja af stað með svona hröðum niðurskurði, enda hafa aðstæður orðið til þess að ríkisstjórnin hefur orðið að hægja á og hamingjan má vita hvenær tekst að ná niður þessum ríkishalla.

Það má benda á það að í þeirri umræðu, sem átt sér stað um efnahagsmálin í Bandaríkjunum hefur það mjög verið gagnrýnt m.a. af þeim hagfræðingum sem eru í kringum nýkjörinn Bandaríkjaforseta, Clinton, að tilraunir bandarísku ríkisstjórnarinnar til þess að skera niður ríkishallann hafa verið bæði allt of fálmkenndar og svona eins og í líki trúarbragða. Það yrði að ná ríkishallanum niður sem fyrst en í raun hafi það leitt til meiri samdráttar og meiri stöðnunar en ella hefði verið. Þarna þarf að finna hinn gullna meðalveg. Því má segja að gengið hafi á ýmsu frá því að ríkisstjórnin lagði fram sitt fyrsta fjárlagafrv. í fyrra og þau frumvörp sem fylgdu í kjölfarið um skattheimtu og aðrar ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þó að þær tölur sem er að finna m.a. í fjárlagafrv. bendi til þess að niðurskurðinn hafi skilað sér að sumu leyti, þá hljótum við auðvitað að spyrja hvað felst á bak við þann niðurskurð.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fram til loka september á þessu ári kemur fram að nú hefur t.d. orðið mikil breyting á því að stöðugildum hefur ekki fjölgað hjá ríkinu eins og verið hefur um árabil, heldur hefur þeim fækkað um nánast 200 stöðugildi og við hljótum að spyrja hvernig stendur á þessu: Hvar er þessi niðurskurður? Er hann í skólakerfinu? Er hann í heilbrigðiskerfinu? Er hann í ráðuneytunum eða hvar er hann að finna? Hvar kemur niðurskurðurinn niður? Við vitum auðvitað að þegar allt kemur til alls þá er það auðvitað almenningur í landinu sem borgar.

Það hefur verið afar athyglisvert að fylgjast með þróun mála á undanförnum mánuðum og þeim vinnubrögðum sem ríkisstjórnin hefur beitt því að það var ljóst þegar í upphafi ársins að um verulegan samdrátt

yrði að ræða í efnahagslífi Íslendinga og honum var spáð. Eftir að aflaspá Hafrannsóknastofnunar kom fram síðla sumars þá mátti öllum ljóst vera að það varð að grípa til frekari efnahagsaðgerða. Svo undarlega brá við að ríkisstjórnin sat mánuð eftir mánuð með hendur í skauti og lét í ljós þá stefnu sína að það væri best að gera ekki neitt, markaðurinn ætti að jafna sveifluna. Og vikurnar liðu. Ríkisstjórnin horfði miklum aðdáunaraugum á það sem gerðist í Svíaríki þar sem ríkisstjórnin og stjórnarandstaðan náðu samkomulagi um ákveðnar aðgerðir sem kallaðar hafa verið kostnaðarleiðin. Þetta fannst íslensku ríkisstjórninni mikið snjallræði og vildi leita sömu leiðar. Kostnaðarleiðin fólst í því að lækka skatta á fyrirtækjunum og velta þeim yfir á almenning í Svíþjóð en munurinn er bara sá að Svíar höfðu af mun meira að taka en við. Sænska velferðarkerfið er ólíkt öflugra en það sem við búum við og því er afar villandi þegar menn eru að jafna saman stöðu launafólks í Svíþjóð og á Íslandi, bæði hvað varðar laun og réttindi. Þar er t.d. veikindafrí og fæðingarorlof mun lengra en hér og munar auðvitað minna um þó að einn eða tveir dagar séu skornir af veikindaleyfi. En þessi leið vakti mikla aðdáun íslensku ríkisstjórnarinnar, eins og ég sagði áðan. Síðar kom í ljós að sænska krónan stóðst ekki ástandið þrátt fyrir þessar efnahagsaðgerðir og varð að fella hana eins og reyndar varð raunin með íslensku krónuna.

Þar kom, virðulegi forseti, að aðilum vinnumarkaðarins var nóg boðið og þeir höfu mikinn þrýsting á ríkisstjórnina til að komið yrði í veg fyrir mikla gjaldþrotahrinu sem öllum sýndist blasa við í kjölfar hins mikla samdráttar og aflabrests. En niðurstaðan varð sú að rás örlaganna tók völdin. Gengislækkanir fóru af stað úti í Evrópu og má segja að ríkisstjórnin hafi brugðist við þeim, hvort sem það var nauðsyn eða ekki. Það er umdeilt mál hvort þeir hafi verið heldur fljótir á sér, en alla vega varð niðurstaðan sú að ríkisstjórnin tók loks af skarið eftir margra vikna setu með hendur í skauti, enda má segja að þeim hafi ekki litist að öllu leyti á þær tillögur sem ASÍ og VSÍ boðuðu eftir þeirra löngu og ströngu viðræður.

Hinn 25. nóv. sl. litu tillögur ríkisstjórnarinnar dagsins ljós, en það frv. sem hér er til umræðu er sá skattaormur sem skreið út úr þeirri tillögugerð. En svo langt er nú ríkisstjórnin komin frá stefnu sinni og upphaflegum tilgangi og markmiðum að hún hefur framkvæmt gengisfellingu, er komin í sjóðasukkið, sem hún fordæmdi svo harðlega, m.a. í stefnuræðu forsrh. sl. haust og er komin á það stig að framkvæma hér hverja skattahækkunina á fætur annarri.

Virðulegi forseti. Við skulum þá víkja að frv. sjálfu sem, eins og ég nefndi, er í 58 greinum. Hér kennir margra grasa. Til að byrja með er hér að finna tillögur um að heimildir til þess að draga arð frá skatti eru þrengdar úr 15% í 10%. Sama gildir um frádrátt vegna fjárfestinga í atvinnulífi hvort sem þar er um að ræða einstaklinga eða fyrirtæki. Þetta rifjar upp fyrir mér að í fyrra voru þessar heimildir líka þrengdar og það var mjög harðlega gagnrýnt af vinnuveitendum hvernig þá var staðið að verki. Þeir töldu að þetta mundi hafa mjög slæm áhrif á hlutafjármarkað og möguleika fyrirtækja til að afla sér aukins fjár. Væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hvað gerðist í kjölfar þrengingarinnar í fyrra og hvort ríkisstjórnin hefur eitthvað kynnt sér hvaða áhrif breytingin þá hafði. Allavega er svo komið að hún er aftur að beita sömu aðferð og við hljótum að spyrja hvort þetta sé viturlegt miðað við þær aðstæður sem ríkja í atvinnulífinu. En þetta munum við að sjálfsögðu kanna rækilega í efh.- og viðskn. eins og önnur þau mál sem hér eru til umræðu.

Næst í þessu frv. er að finna hin stóru og alvarlegu atriði sem eru annars vegar hækkun á tekjuskatti um 1,5% á einstaklinga og hjón og hins vegar skerðing barnabóta. Báðar þessar tillögur, hækkun á tekjuskatti og skerðing barnabóta, munu fyrst og fremst bitna á almennu launafólki. Hér er um það að ræða að skerða hlut meðaltekjufólksins, fólksins sem á börn og fólksins sem er að koma sér upp húsnæði því að hér bætist við einn liður í viðbót sem er skerðing á vaxtabótum í húsnæðiskerfinu.

Eins og ég nefndi áðan voru barnabætur skertar og tekjutengdar í fyrra. Þá var um það að ræða að ná sömu upphæð, 500 millj. kr. Nú á að ná öðrum 500 millj. kr. sem þýðir að á tveimur árum er búið að skera barnabæturnar niður um heilan milljarð. Við hljótum að spyrja okkur: Hver er tilgangur barnabóta? Hvers vegna er verið að greiða fólki barnabætur? Svarið er auðvitað að þetta er framlag samfélagsins, bæði til þess að styðja við bakið á barnafólki og líka hugsaðar sem jöfnunaraðgerð til þess að hjálpa þeim sem verr standa að vígi til að koma sínum börnum til manns, en það má líka hugsa barnabæturnar sem hvetjandi aðgerð til þess hreinlega að fólk leggi í að eignast börn. Eins og hefur komið fram í umræðunni í dag er dýrt að ala upp börn. Það er dýrt að afla meiri tekna til þess að geta alið upp börn. Barnagæsla er dýr hér á landi og skortur á henni. Barnafatnaður er dýr og matur er dýr. Það er hreinlega dýrt og erfitt að eiga stóra fjölskyldu enda hefur barneignum fækkað hlutfallslega. Þetta er reyndar þróun sem átt hefur sér stað út um hinn vestræna heim og reyndar gerist það æ algengara að fólk kýs að eiga ekki börn. Ég var t.d. nýlega að heyra að það er að verða algengt fyrirbæri í því mikla ríki Kína að ungt fólk vill ekki eignast börn til þess að geta notið lífsins á annan hátt. Ég held að það hljóti að vera markmið allra samfélaga að það sé eðlilegt að fólk eignist börn og að samfélagið taki á sig þá ábyrgð sem fylgir því að ala upp ungviðið og að sjá til þess að það búi við góð uppeldisskilyrði. Þess vegna hlýtur maður að spyrja: Hvað býr á bak við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að skerða barnabætur aftur og aftur? Þá rifja ég það enn upp sem kom fram í umræðunni í fyrra að þegar matarskatturinn var settur á voru barnabæturnar styrktar á móti. Við reiknum það út að barnabæturnar, sem komust á um sama leyti og matarskatturinn, samsvöruðu í fyrra 500 millj. Það var sem sagt tekið til baka í fyrra sem átti að vera uppbótin á móti hækkandi matarverði. Nú eru teknar aðrar 500 millj. og ég spyr: Hver er fjölskyldustefna ríkisstjórnarinnar? Hver er fjölskydustefnan? Telur ríkisstjórnin að það sé verjan-

leg aðgerð að skerða barnabæturnar með þessum hætti ár eftir ár?

Ef við lítum á þær tölur sem hér er verið að miða við og hvenær barnabótaaukinn fer að skerðast, þá er það miðað við hlægilega lág laun. Barnabótaaukinn hjá einstæðu foreldri fer að skerðast við mánaðarlaun sem eru 57.916 kr. samkvæmt þessum tölum. Hjá hjónum fer barnabótaaukinn að skerðast við 86.916 kr. Telur ríkisvaldið virkilega að ekki sé ástæða til þess að styðja foreldra sem hafa svona lág laun og þurfa að ala önn fyrir börnum sínum? Það er því ekki að ástæðulausu að ég spyr: Hver er eiginlega fjölskyldustefna þessarar ríkisstjórnar?

Við munum væntanlega biðja um ýmsa útreikninga varðandi barnbæturnar í efh.- og viðskn. en þegar allt er saman lagt: hækkun á tekjuskatti, skerðing barnabóta og svo vaxtabæturnar, þá er þetta auðvitað alvarleg tekjuskerðing sem venjulegar fjölskyldur með börn á sínu framfæri verða fyrir. Og ég hlýt að mótmæla öllum þessum breytingum og ekki síst því síðasttalda, vaxtabótunum. Þegar verið var að koma húsbréfakerfinu á á sínum tíma voru lögin um vaxtabæturnar einmitt sett í leiðinni til að mæta aukinni greiðslubyrði fólks og létta undir með meðaltekjufólkinu og þeim sem eru í lægri kantinum. Það var ein af forsendunum fyrir stuðningi Kvennalistans við húsbréfakerfið á sínum tíma að vaxtabætur fengju að vera í friði vegna þess að auðvitað er ekki hægt að vera að breyta húsnæðiskerfinu á 2–3 ára fresti og hringla með öll þessi kerfi aftur og aftur þannig að fólk veit aldrei að hverju það gengur. Núna er fólk að lenda í því ár eftir ár að verið er að skerða þær tekjur sem það hefur og á að standa skil á sínum skuldum með og það bætist reyndar ofan á almennan samdrátt í þjóðfélaginu, minni yfirvinnu og hækkandi verðlag sem kemur í kjölfar gengisfellingarinnar. Við munum væntanlega fara mun betur ofan í þessi mál síðar.

Þá kemur röðin að lækkun á tekjuskatti fyrirtækja. Hér speglast sænska leiðin, kostnaðarleiðin. Hér er verið að létta á fyrirtækjunum með því að lækka þeirra tekjuskatt. Hér er líka verið að undirbúa aðganginn að Evrópsku efnahagssvæði, ef af verður, því að það hefur víða verið reynt að lækka skatta á fyrirtækjum úti í Evrópu til að bæta samkeppnisstöðu þeirra. Reyndar er ekki hægt annað en að taka undir þessa stefnu. Íslensk fyrirtæki verða auðvitað að vera samkeppnishæf hvort sem þau eru innan eða utan Evrópska efnahagssvæðisins þó að skattlagning hér sé fremur lág miðað við það sem gerist í ýmsum öðrum löndum. En hér er þó ein sú leið sem hægt er að fara til þess að bæta stöðu fyrirtækjanna.

Í frv. er að finna margar greinar sem snerta breytingar á skattrannsóknum og skatteftirliti. Við fyrstu sýn sé ég ekki annað en þetta sé gott mál. Þetta tengist þeirri kröfu að tekið verði harðar á skattsvikum og að skatteftirlit, þ.e. að eltast við þá sem grunaðir eru um að svíkja undan skatti, verði verulega eflt. Hér er verið að taka á því og ég fagna því og vona að þær breytingar sem hér er verið að leggja til verði til bóta.

Ég ætla að sleppa nokkrum atriðum sem snerta fjárfestingar í atvinnurekstri og kanna það betur þegar að því kemur í nefndinni. Þá er komið að hátekjuskattinum sem hefur verið kallaður svo. Í rauninni er þetta enginn hátekjuskattur. Þetta eru orðnar þokkalegar tekjur sem hér er miðað við en þetta er auðvitað ekki hæstu tekjur. Þegar við vorum að ræða hátekjuskattþrep á sínum tíma vorum við að tala um tekjur frá 250 þús. kr á mánuði eða eitthvað slíkt. Hér er miðað við 200 þús. fyrir einstakling og 400 þús. fyrir hjón. (**Fjmrh.:** ASÍ sagði 160 þúsund.) Já, það var hlægileg tala, fáránleg tala. Ég get ekki sagt annað og furðulegt hvað menn kalla háar tekjur. Það sýnir feluleikinn í launakerfinu hér þegar menn eru að gefa það í skyn að 160 þús. kr. séu hátekjur. Þessi skattur á að skila á þessu ári 300 millj. kr. og 100 millj. á árinu 1994 vegna þess að hann verður áætlaður á árinu 1993, en síðan fer uppgjörið fram á árinu 1994 og á samtals að skila 400 millj. Það verður að koma í ljós hvort þessi áætlun stenst, en það verður að segjast að þetta er harla lítið sem næst út úr þessum 5% skatti. Maður spyr sig hvort ekki hafi verið óhætt að fara hærra í prósentunni.

Hér verður að gera lagabreytingu á skattalögunum vegna aðstöðugjaldsins og innheimtunnar fyrir hönd sveitarfélaganna. Ég hef lýst því áður að ég er því fylgjandi að fella niður aðstöðugjaldið þó að vissulega þurfi að skoða hvernig það kemur við hin ýmsu sveitarfélög sem getur verið afar mismunandi eftir því hvar er á landinu.

Það er vert að velta aðeins fyrir sér breytingu sem lögð er til í 23.–25. gr. varðandi húsnæðissparnaðarreikninga. Í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem á að breyta á þessu þingi, stendur til að leggja niður skyldusparnaðinn. Hér á sem sagt að skerða frádráttinn vegna húsnæðissparnaðarreininga og við getum velt því fyrir okkur hvað liggur hér að baki. Er það rétt stefna í raun og veru að draga úr húsnæðissparnaði? Auðvitað má benda á það á móti að til er önnur leið sem er sú að safna húsbréfum. Sennilega er það öllu hyggilegri leið ef fólk vill búa sig undir lífið og safna peningum til þess að kaupa síðar húsnæði fyrir eða leggja upp í húsnæðiskostnað, en þetta er eitt af því sem þarf að skoða og spyrja sig hvernig kemur við þá sem hingað til hafa notað þetta sparnaðarform. Það er greinilegt að alls staðar er verið að leita að einhverjum holum til þess að skera niður.

Ég get ekki stillt mig um að nefna hér aðeins skattinn á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem er að finna í þessum langa ormi. Ég ætla ekki að rekja þá raunasögu. Við komum væntanlega betur inn á það við 2. umr. Sannleikurinn er sá að þetta er óskaplega hallærislegur skattur, ég get tekið undir það með fjmrh., og synd og skömm að hann skuli lenda í því aftur og aftur að þurfa að halda þessum skatti við. Hann á að skila 440 millj. á næsta ári. Það er skiljanlegt við þær kringumstæður sem nú eru í þjóðfélaginu að menn treysti sér ekki til að fella þennan skatt niður og er þó skömminni skárra að innheimta hann en vera að herja alltaf á barnafólk í þjóðfélaginu.

Þá víkur sögunni að virðisaukaskattinum sem er

stórt og mikið mál. Það kemur fram í greinargerðinni með frv. að við Íslendingar skerum okkur úr ef horft er á Evrópulöndin varðandi virðisaukaskattinn því að víðast hvar í Evrópu eru tvö virðisaukaskattþrep. Þá er ég ekki að fallast á þá kenningu sem kemur fram í frv. að í rauninni séu hér tvö skattþrep þar sem ýmsar atvinnugreinar og ýmis starfsemi sé undanþegin virðisaukaskatti og þess vegna sé hér núll þrep. Víðast hvar eru tvö virk skattþrep og það sem vekur ekki síst athygli þegar maður skoðar þessa skattlagningu úti í Evrópu er auðvitað að matvæli eru nánast alls staðar nema í Danmörku og Noregi í lægra skattþrepinu. Samkvæmt tillögum Evrópubandalagsins er meiningin að í Evrópubandalaginu verði virðisaukaskattur samræmdur og verði almennt 15% en lægra skattþrepið, þar sem matvælin eiga að vera, verði 5%. Það er verið að tala um 5 og 15% skattþrep. Það verður fróðlegt að sjá hvernig ríkisvaldið ætlar sér í framtíðinni að koma skattlagningu hér í eitthvert samræmi við það sem gerist úti í Evrópu ef við verðum aðilar að Evrópsku efnahagssvæði, ef það verður yfirleitt að raunveruleika.

Þetta dregur athyglina að því hvað þessi skattlagning hér er mikil, hvað skattþrepið er hátt og í rauninni miklu hærra en nokkurn tíma stóð til og að það skuli enn þá vera þannig hér að matvæli séu svo hátt skattlögð sem raun ber vitni. Við kvennalistakonur höfum rætt þá hugmynd að rétt sé að fella einfaldlega niður matarskattinn, í það minnsta færa hann niður í lægra skattþrep. Slík lækkun mundi örva matvælaframleiðslu, bæta stöðu ferðaþjónustunnar og það er aldrei að vita nema tekjutap ríkisins, sem óneitanlega yrði af, kæmi út á núlli eða væri hægt að bæta á annan hátt með annars konar tekjuöflun. Þar get ég að sjálfsögðu minnt á lúxusskatta sem víða er að finna í ríkjum Evrópu.

Varðandi virðisaukaskattinn vil ég geta um einn gleðilegan þátt í frv., þó að í litlu sé, sem fór reyndar fram hjá mér en einn þingmaður benti mér á. Í 48. gr. er að finna heimild til fjmrh. þar sem hann getur með *reglugerð veitt undanþágu frá skattskyldu vegna innflutnings á prentuðu máli*, enda sé innflutningur ekki í viðskiptaskyni. Þetta er ekki stórt mál en gleður okkur sem erum stundum að panta okkur bækur frá útlöndum og þykja þær verða óheyrilega dýrar. En þetta er auðvitað smámál miðað við það sem verið er að gera með þessum breytingum á virðisaukaskattskerfinu. Ég get ekki látið hjá líða að minnast sérstaklega á skattinn á bækur sem er mikið áhyggjuefni. Það er kannski hlutur sem kemur ekki svo mjög við kjör heimilanna eins og margt annað sem hér er verið að boða en hér er um okkar menningararf að ræða, tómstundaánægju fjölda fólks, tungumál þjóðarinnar og stóran hluta af okkar menningu sem ég vil meina að verði gert miklu erfiðara fyrir með þessum skatti. Ég vil leyfa mér að mótmæla því harðlega að skattur verði settur á bækur. Ég tel mun mikilvægara að efla bóklestur, styðja og styrkja okkar tungumál. Ég tel að ríkinu hreinlega beri að undanskilja bækur.

Það sama má kannski segja um blöð og aðra fjölmiðla sem auðvitað taka því mjög þunglega að fá á sig virðisaukaskatt. En ég verð að segja það sem mína skoðun að mér finnst bækur vera mjög sérstakar í þessu efni og þær vegi í rauninni þyngra. Þær eru svo mikilvægar. Lestur er svo mikilvægur í viðhaldi tungumálsins og ekkert þroskar málskynið eins vel og lestur og þess vegna er þetta mjög alvarlegt mál sem hér er til umræðu. Ég efast ekki um að það á eftir að rigna yfir okkur mótmælum. Við höfum þegar fengið mörg mótmælabréf vegna fyrri hugmynda ríkisstjórnarinnar en þau eiga eflaust eftir að berast mörg út af þessu máli.

Það sama gildir auðvitað um húshitun, ferðaþjónustu og fólksflutninga. Þarna er verið að breyta stöðu þessara greina. Húshitunin þýðir aukinn kostnað fyrir fjölskyldurnar í landinu og sama gildir um fólksflutninga. Auðvitað er almennt hægt að taka undir þá stefnu að fækka undanþágum og að einfalda kerfið en á móti verður að koma að virðisaukaskatturinn verði lækkaður. Þetta er allt of hár skattur og getur orðið ferðaþjónustunni mjög þungur í skauti því að staða hennar er ekki of sterk. En ég bendi aftur á það sem ég sagði áðan að með því að lækka matarskattinn mætti bæta verulega stöðu ferðaþjónustu í landinu auk þess að bæta stöðu heimilanna.

Virðulegi forseti. Eins og ég hef rakið eru þessar tillögur mjög margvíslegar og bæði til góðs og ills. Auðvitað vega þær tillögur langþyngst sem hér er verið að leggja á heimilin í landinu. Þessar breytingar ganga út á það að létta sköttum af fyrirtækjum en auka skattheimtu heimilanna með hækkun tekjuskatts, skerðingu barnabóta og skerðingu vaxtabóta. Ég endurtek það enn og aftur að þessar breytingar bitna harðast á barnafólki með meðaltekjur sem er að koma sér upp húsnæði. Þar er hópurinn sem enn einu sinni er verið að ráðast á. Ég hélt fyrst að sjómennirnir sem urðu fyrir margháttuðum árásum í fyrra slyppu í ár en nú sé ég að þeir fá á sig hátekjuskattinn, alla vega þeir sem lenda fyrir ofan þá viðmiðun.

Eins og ég hef rakið á örugglega eftir að hitna mjög *í kolunum út af þessum tillögum sem hér er að finna*. Ég tel að hér sé um rangar áherslur að ræða hjá ríkisstjórninni. Hún sækir stöðugt í vasa launafólks. Hæstv. fjmrh. benti á að fram undan væru ýmsar hættur og nefndi þar ríkisábyrgðir, sem eru mjög miklar, og ekki síður aukningu samneyslunnar sem enn væri fram undan þrátt fyrir mikinn samdrátt. Þar benti hann fyrst og fremst á heilbrigðiskerfið.

Ríkisstjórnin er alltaf að beita röngum aðgerðum að mínum dómi. Ef menn vilja draga úr samneyslunni og halda kostnaði niðri, þá eiga menn auðvitað að horfa til lengri tíma og beina sjónum að fyrirbyggjandi aðgerðum. Ég minni enn einu sinni á það sem ég hef nefnt áður og vil taka einn þátt í heilbrigðiskerfinu sem eru umferðarslysin. Þau kosta heilbrigðiskerfið 10 milljarða á ári. Þarna er fé að finna ef fyrirbyggjandi aðgerðum er beitt og þær þurfa ekki að kosta mikið. Það þarf að hækka þann aldur sem nú er í gildi varðandi bílpróf, draga úr hámarkshraða og auka fræðslu. Þarna er peninga að finna og þetta eru leiðir sem eru miklu árangursríkari og huggulegri á allan hátt en þessi nið-

urskurðarstefna sem ríkisstjórnin er altekin af.

Að lokum, virðulegi forseti. Ég sæti í þeirri nefnd sem mun skoða þetta frv. og það er alveg ljóst að það þarf að kalla mjög marga til til að skoða áhrif þeirra breytinga sem hér er verið að leggja til. En það er líka alveg ljóst að hér er ekki verið að leggja á breiðu bökin, þá sem geta borgað, heldur er það millihópurinn, meðaltekjufólkið, sem fær að borga brúsann. Ég get tekið undir það með síðasta ræðumanni að það er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af kjörum þess fólks. Við getum velt því fyrir okkur hvaða framtíð við erum að búa ungu fólki og börnum hér á landi þegar verið er að þrengja svona aftur og aftur að fjölskyldunum. Menn verða að skoða þessa hluti í samhengi. Skattastefnan tengist að sjálfsögðu öðrum þáttu þjóðlífsins. Það kemur niður á fjölskyldunum og fjölskyldulífinu þegar hert er að fólki á þennan hátt.

Ásamt öðrum nefndarmönnum stjórnarandstöðunnar í efh.- og viðskn. mun ég vinna að því að reyna að knýja fram breytingar á þessu frv. til þess að koma í veg fyrir þá miklu árás sem hér er verið að gera á almennt launafólk.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Nú hefur hæstv. fjmrh. mælt fyrir skattaormi sínum og það er alveg sama hvar á þennan orm er litið. Hér er skattur um skatt frá skatti til skatts. Það er merkilegt að varaformaður Sjálfstfl., þó karlmaður mikill sé, skuli hafa lagt í að leggja þennan orm fyrir hv. Alþingi. Ég ætla ekki að setja á langa ræðu um efnisinnihald frv. Það hafa hv. þm. gert og hæstv. ráðherra gerði góða grein fyrir því í upphafi þegar hann mælti fyrir málinu. Hins vegar ætla ég örlítið að minnast á kosningaloforð bæði Sjálfstfl. og Alþfl. frá síðustu kosningum.

Þeir sem eru sæmilega komnir til vits og ára og ekki eru enn orðnir það ellihrumir að minnið sé verulega farið að bresta, (**Gripið fram í:** 17. þm. Reykv.) eins og hjá 17. þm. Reykv., muna það einna skýrast frá síðustu kosningabaráttu að Sjálfstfl. hét þjóðinni því að hann ætlaði að lækka skatta ef hann kæmist til valda að kosningum loknum. Kosningaloforð Sjálfstfl. hljóma hins vegar þannig í dag af vörum hæstv. forsrh.: Það var ekki loforð um að lækka skatta. Það var loforð um að stöðva skattahækkunarskriðu fyrri ríkisstjórnar. Þegar menn hafa hins vegar ekki orðið varir við að því hafi nokkurn tíma hafa verið lofað mun loforðið hafa verið það að hækka a.m.k. alls ekki skatta. En þegar betur er að gáð og forsrh. verður rökþrota, því að ekkert af þessu er fyrirfinnanlegt í orðum þeirra manna er túlkuðu skattastefnu Sjálfstfl. fyrir síðustu kosningar, þá fullyrðir hæstv. forsrh. að þó menn séu að hækka skatta sé það alls ekki skattahækkun. Þetta er aldeilis trúverðugur málflutningur og reyndar mjög í takt við það sem hæstv. fjmrh. var að gera grein fyrir áðan, að sá skattabandormur sem hér liggur fyrir sé í raun og veru engin skattahækkun. (**Gripið fram í:** Þjónustubandormur.) Eða þjónustubandorm. Þjónustubandormur kemur fyrir á morgun þegar sjúklingarnir verða sérstaklega lagðir undir hnífinn. (**Gripið fram í:** Ódeyfðir.) Ódeyfðir, já. En það er alveg sama hvernig svo sem hæstv. fjmrh. eða hæstv. forsrh. reyna að beita einhverjum rökum í því að Sjálfstfl. hafi alls ekki lofað því fyrir síðustu kosningar að lækka skattana, þá er það auðvitað stefna Sjálfstfl. og landsfundarsamþykkt Sjálfstfl. frá síðasta landsfundi í mars 1991, sem staðfestir allt um það hverju Sjálfstfl. lofaði sínum kjósendum fyrir kosningar. Sú landsfundarsamþykkt, hæstv. fjmrh., tekur af allan vafa um hverju Sjálfstfl. lofaði. Ég ætla, með leyfi forseta, að vitna á örfáum stöðum í þá ágætu landsfundarsamþykkt:

„Sjálfstfl. vill lækka skatta. Leita þarf leiða til að lækka núverandi skatthlutfall niður í 35%. Skattbyrði heimilanna er með þeim hætti að ekki verður við unað. Svo mikil er skattbyrðin orðin að alþýðufjölskyldan hefur vart fyrir brýnustu nauðsynjum. Skatthlutföll þurfa að lækka, skattþrepum þarf að fækka."

Hér eru örfá atriði úr landsfundasamþykkt Sjálfstfl. frá því í mars 1991, ef ég man rétt. Það er alveg sama hversu aulaleg undanbrögð hæstv. forsrh. eru í þeim efnum. Að halda því fram að ekki sé um skattahækkanir að ræða af hálfu Sjálfstfl. nú er yfirklór og ekkert annað.

Það hefur komið fram hjá hagfræðingi Alþýðusambands Íslands að skattahækkanir þær sem Sjálfstfl. og Alþfl. eru að beita sér fyrir í tengslum við efnahagsaðgerðirnar sem boðaðar voru þýði 7% kjaraskerðingu. Þetta er örlítið önnur prósentutala en fjmrn. hefur gert grein fyrir og væri fróðlegt að heyra frá hæstv. fjmrh. í hverju þessi munur liggur. En þegar þessi 7% skerðing var reiknuð út hefur alls ekki verið gert ráð fyrir, hæstv. fjmrh., þeim milljörðum kr. sem gert er ráð fyrir að leggja á sjúklinga og gamalmenni og einstæða foreldra í því frv. sem liggur einnig fyrir og verður sjálfsagt til umræðu á morgun um breytingar á almannatryggingalögum. Hagfræðingur Alþýðusambands Íslands sagði í útvarpsfréttum í gær að þar væri um aukna kjaraskerðingu að ræða.

En hvernig svo sem efndirnar hjá forsrh. eru, manninum sem mest talar um að hann standi alltaf við kosningaloforð sín, þá langar mig til að nefna nokkur dæmi.

Í fyrsta lagi. Tekjuskattur einstaklinga í þessum bandormi er hækkaður um 1,5% eða um 2.850 millj. Sjálfstfl. lofaði að tekjuskattur einstaklinga myndi lækka um 9.100 millj. ef skattprósentan færi niður í 35%. Nú hefur skattprósentan hins vegar verið hækkuð eða verður hækkuð ef frv. nær fram að ganga og er þá orðin 41,35%. En Sjálfstfl. lofaði að hún skyldi verða 35%.

Því til viðbótar er lagður á 5% hátekjuskattur. Hann á að skila 300 millj. kr. Skattþrepunum í virðisaukaskattinum er fjölgað andstætt því sem talað var um, að fækka skattþrepum. Við þetta aukast álögur á almenning um 1.800 millj. Bensíngjaldið er hækkað um 350 millj. sem lendir auðvitað á fjölskyldunum, barnabætur eru lækkaðar um 500 millj. kr. og vaxtabætur eru lækkaðar um 400 millj kr. sem í báðum tilfellum eru beinar skattahækkanir á unga fólkið í landinu, fólkið á aldrinum 25–40 ára sem er að koma upp börnum og

hefur verið að eignast þak yfir höfuðið. Þannig velur ríkisstjórnin einn ákveðinn hóp og skattleggur hann sérstaklega. Þetta er auðvitað lýsandi dæmi, hæstv. fjmrh., um hentistefnu Sjálfstfl. Þetta er lýsandi dæmi um það lýðskrum sem viðgengst af hálfu Sjálfstfl. og þær blekkingar sem kjósendur í þessu landi voru beittir fyrir alþingiskosningarnar 1991 þegar fólki var talin trú um að það ætti að eiga sér stað hér skattalækkun í landinu kæmist Sjálfstfl. valda. En það keyrir um þverbak, þegar menn fara að reikna það út sem hér hefur verið að gerast, að Alþfl. og Sjálfstfl. skuli hafa gengið harðast fram allra flokka í því fyrir kosningarnar 1991 að lofa hækkun skattleysismarka. Ef ég man það rétt lofaði Alþfl. að skattleysismörkin skyldu fara í 80 þús. kr. Ef ég man það rétt lofaði Sjálfstfl. að skttleysismörkin skyldu verða 70 þús. kr. En með þeim breytingum sem nú er verið að gera á hækkun skattprósentunnar í 41,35% og halda persónuafslættinum óbreyttum, 24.013 kr., er í raun og veru verið að lækka skattleysismörkin úr 60.258 kr. í 58.073 kr. eða um 2.000 kr. á mánuði. Eru þetta kosningaloforðin sem Alþfl. og Sjálfstfl. gáfu kjósendum fyrir síðustu kosningar? Nei. Það var lofað að fara með skattleysismörkin í 70 eða 80 þús. kr. ef þessir flokkar kæmust til valda. Nú leggja menn fram hér á Alþingi þennan skattaorm kinnroðalaust og finnst þetta allt í stakasta lagi. Þær skattálögur sem hér hefur verið minnst á eru bara viðbætur við þær stórkostlegu skattálögur sem lagðar voru á á þessu ári með breytingum á ýmsum lögum sem framkvæmdar voru í upphafi árs 1992 með bandorminum, ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þar var lagður á 1.000 millj. kr. lyfjaskattur á sjúklinga, 700 millj. kr. skattur á þá sem sækja þurfa læknisþjónustu til sérfræðinga, 370 millj. kr. skattur á þá sem sækja þurfa þjónustu heilsugæslulækna, 260 millj. kr. skattur á elli- og örorkulífeyrisþega, 280 millj. kr. skattur á sjómenn. Þessir skattar voru lagðir á í upphafi árs. Núna liggja fyrir í enn einum bandorminum frá hæstv. heilbr.- og trmrh. nýjar skattálögur á þennan sama hóp., 500 millj. kr. lyfjaskattur til viðbótar sem sjúklingarnir eiga að greiða, 500 millj. kr. skattur á einstæða foreldra, 270 millj. kr. skattur á þá sem þurfa að sækja þjónustu sérfræðinga með því að fara á heilsugæslustöðvarnar og ná sér í tilvísanir og 200 millj. kr. skattur á fjölskyldurnar vegna breytinga á lögum um tannlækningar. Svona mætti lengi halda áfram. Hér á örskömmum tíma hafa þeir flokkar sem lofuðu skattalækkunum fyrir alþingiskosningar, þeir flokkar sem lofuðu hækkun skattleysismarka farið út í stórkostlegustu skattálögur sem hér hafa nokkurn tíma áður sést. (**Gripið fram í:** Vill þingmaðurinn draga úr velferðarþjónustunni?) Nei. Hv. þm. vill ekki draga úr velferðarþjónustunni eins og gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi frv. um breytingu á almannatryggingalögunum. Þar er verið að draga, hv. þm., úr velferðarþjónustunni. Þar er gefist upp við það að taka á skipulagi þjónustunnar, taka á sérfræðingunum, taka á tannlæknunum, taka á lyfsölunum. Vandamálum er öllum kastað yfir á sjúklingana. Fólkið á að borga í auknu skattálögum. Þetta er uppgjöf, hv. alþm.

Hér eru nokkur efnisleg atriði sem ég vil gjarnan koma að og um leið spyrja hæstv. fjmrh. Fyrsta spurningin er þessi: Stendur það til af hálfu ríkisstjórnarinnar að hækka persónuafsláttinn umfram hækkun skattvísitölunnar um áramót? Verði persónuafslátturinn ekki hækkaður umfram skattvísitöluna þýðir það einfaldlega að menn ætla enn frekar að lækka skattleysismörkin. Barnabætur eru lækkaðar um 500 millj. kr. Það hefur mörgum sinnum verið komið að því í umræðunni að þarna er um sérstakan skatt á barnmargar fjölskyldur að ræða. Því spyr ég hæstv. fjmrh. hvað Sjálfstfl. hafi átt við þegar hann sagði í sinni landsfundarsamþykkt að skattbyrði alþýðufjölskyldnanna væri orðin svo mikil að hún hefði vart fyrir brýnustu nauðsynjum. Telur hæstv. ráðherra að við þessar aðstæður, en nú hefur átt sér stað kjaraskerðing síðan 1991, að það sé vert að leggja á þessar alþýðufjölskyldur auknar skattálögur þó það sé ekki bara nema með því að lækka barnabæturnar? Síðan komum við að vaxtabótunum sem mér skilst að eigi að lækka um 400 millj. kr.

Síðan húsbréfakerfið kom til hafa einstaklingar komið inn í Húsnæðisstofnun og sótt þar um lán. Þeir hafa farið í svokallað greiðslumat og fengið opinbera ráðgjöf frá opinberri stofnun um það hvað þeir mættu skulda miðað við tekjurnar sem þeir hefðu, miðað við það hvað þeir fengju í vaxtabætur, miðað við hvað vextirnir væru af lánunum. Síðan er þeim sagt: Þið megið kaupa íbúðarhús sem kostar þetta mikið. Þið fáið lán fyrir slíkri íbúð og þið getið borgað þetta á næstu 25 árum. Hvað þýðir það að veita slíka ráðgjöf af opinberri hálfu? Þessir einstaklingar trúa því að þarna sé verið að leggja skynsamlega og rétt til og ekki sé af hálfu sama stjórnvalds nokkrum mánuðum eða árum seinna beinlínis gripið til aðgerða til þess að kippa grundvellinum undan allri þeirri ráðgjöf sem stofnunin hefur veitt. Þá spyr ég hæstv. fjmrh.: Hver á að bera ábyrgð á því þegar þessi hópur kemur út af beinum aðgerðum ríkisstjórnarinnar og segir: Því miður, það hefur allt saman brugðist sem lagt var til af hálfu Húsnæðisstofnunar á sínum tíma og mínar skuldir eru miklu meiri. Ég er í greiðsluerfiðleikum. Hvernig á að hlaupa undir bagga með þessu fólki? Þarna er ríkisstjórnin að skapa ótrúlegan vanda.

Einn þáttur í þessum skattaormi er skatturinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Hæstv. fjmrh. sagði það við umræðuna að þetta væri sérstakt uppáhald af sinni hálfu ef ég man rétt. Þeir þingmenn sem hér hafa komið og talað á eftir hæstv. ráðherra hafa ekki viljað ergja hann með því að vitna sérstaklega í gömul ummæli frá þeim tíma þegar hæstv. ráðherra var í stjórnarandstöðu. Ég hef heyrt það, en ég er nýr þingmaður, að einstakir þingmenn hafi verið að gera grín að því hér á göngum þingsins að mikil breyting hafi orðið á hæstv. fjmrh. frá því að hann var í stjórnarandstöðu. Því gerði ég mér það til gamans að fletta upp í Alþingistíðindum frá þeim tíma sem hæstv. fjmrh. var sem þingmaður í stjórnarandstöðu. Ég fór ekki lengra aftur en til þess tíma er hv. þm. Matthías Bjarnason mælti fyrir meiri hluta áliti efh.- og viðskn. á síðasta þingi. Ég átti því ekki von á því að frv. sem

þetta yrði lagt aftur fyrir þingið því í Alþingistíðindum segir, svo að ég vitni orðrétt í hv. þm. Matthías Bjarnason, með leyfi forseta:

„Afskaplega erfitt er fyrir menn sem hafa verið mótfallnir skattinum“ — skattinum á skrifstofu- og verslunarhúsnæði — „og talið hann ranglátan að snúa svo við blaðinu núna. En menn eru misjafnlega heilsuhraustir eins og gerist og gengur. Ungur og vaskur maður sem er búinn að berjast gegn þessum skatti árum saman, eins og hæstv. fjmrh., hefur haft þrek til þess að leggja þetta frv. fram.“

Síðan segir hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason: „Því mun ég greiða atkvæði með frv. að þessu sinni og treysti því að þessi skapnaður sjáist aldrei oftar frá hendi núv. fjmrh.“

Það vill svo til að hv. 1. þm. Vestf. er ekki í þinginu um þessar mundir. En hæstv. fjmrh. er kjarkmaður því að hann er kominn aftur með frv. inn í þingið.

Það væri hægt að vitna á mörgum stöðum í þær ágætu umræður sem oft og tíðum voru skynsamlegar hjá hæstv. fjmrh. en þó ætla ég ekki að vitna í þær á mörgum stöðum en hins vegar grípa á nokkrum stöðum niður. Þann 1. nóv. 1989 segir núv. hæstv. fjmrh. sem þá var í stjórnarandstöðu:

„Nú hefur ríkisstjórnin ekki einungis samþykkt að gleypa það í sig að það sé gífurlegur halli á fjárlögum yfirstandandi árs heldur leyfir hæstv. ríkisstjórn sér það að leggja fram fjárlagafrv. þar sem gert er ráð fyrir að hallinn sé verulegur eða tæpir 3 milljarðar.“

Nú er það svo með hæstv. fjmrh. að hann lagði fram fjárlagafrv. fyrir árið 1992 sem gerði ráð fyrir að hallinn yrði 4,1 milljarður. Ríkisendurskoðun segir nú, þegar hún gerir úttekt á stöðu ríkissjóðs eftir níu fyrstu mánuði ársins, að hallinn á árinu 1992 verði á bilinu 9–10 milljarðar kr.

Það grunar engan sem þetta hefur lesið úr ræðu hæstv. fjmrh. þegar hann var í stjórnarandstöðu að honum kæmi til hugar að leggja fram við slíkar aðstæður á Alþingi frv. með halla. Það fjárlagafrv. sem hæstv. fjmrh. sýnir nú er með halla upp á 6 milljarða kr. Það reyndar algerlega óljóst hver hallinn mun verða vegna þess að eftir því sem best er vitað hefur fjárln. alls ekki komið sér saman um þær tillögur sem á að leggja fyrir þingið á morgun og ræða á fimmtudag. Það er því alveg óljóst hver hallinn verður á því fjárlagafrv. sem hæstv. fjmrh. mun endanlega fá samþykkt á þinginu.

Nú þegar tíu dagar eru eftir eða öllu heldur níu dagar fram að jólahléi eru mörg stór mál óafgreidd. Það var umkvörtunarefni Sjálfstfl. þegar hann var í stjórnarandstöðu að fyrri ríkisstjórn kæmi allt of seint fram með öll þau mál fram er hún lagði fyrir. Ég hygg að það hafi verið alveg rétt. Oft komu þau, jafnvel stórmál, allt of seint fram og fengu allt of skamman tíma í þinginu. Það gildir sama um þessa ríkisstjórn. Hv. þm. Geir H. Haarde sagði við umræður 8. nóv. 1989, þegar skatturinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði var lagður fyrir og var til 1. umr.:

„Nú eru liðnar fimm vikur af þessu þinghaldi og það eru ekki nema u.þ.b. sex vikur þangað til gert er ráð fyrir að jólaleyfi þingmanna hefjist. Það er þess vegna alveg ljóst að það er mjög skammur tími til ráðstöfunar ef ætlað er að leggja fyrir Alþingi umfangsmikil og flókin skattamál.“

Fimm vikur höfðu menn til þess að fjalla um þetta mál 1989. Nú eru níu dagar eftir af þinghaldinu. Ef Sjálfstfl. og sjálfstæðismenn á þingi væru samkvæmir sjálfum sér mundu menn auðvitað ekki pressa á að þetta mál næði fram að ganga fyrir jólaleyfi þingmanna vegna þess að tíminn er allt of knappur til þess að geta fjallað efnislega af einhverju viti um málið svo það fengi þinglega meðferð. En þessi vinnubrögð eru auðvitað til skammar, hvort sem það er hjá fyrri ríkisstjórn eða þessari ríkisstjórn. Það er auðvitað þeim til skammar sem þannig standa að. Þau eru hins vegar í samræmi við flest önnur vinnubrögð sem þessi ríkisstjórn hefur komið með hingað í þingsali.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Svo er mál með vexti að nú leggur hæstv. fjmrh. fram frv. á þskj. 417, frv. til laga um breytingar í skattamálum. Frv. kann sumum að vera nokkuð óvænt því í því eru hlutir sem ekki eru nákvæmlega í samræmi við það sem frambjóðendur Sjálfstfl. lögðu til á sínum tíma þegar þeir voru að biðla til kjósenda og óska eftir stuðningi þeirra fyrir síðustu kosningar. Mig langar í upphafi máls míns að vitna til nokkurra ummæla þingmanna Sjálfstfl. og stefnuskráratriða þess flokks fyrir síðustu kosningar og vitna til blaðafrétta og ummæla einstakra þingmanna Sjálfstfl. Ég tek þetta af handahófi og byrja á því að vitna til Þjóðviljans þar sem vitnað er til ummæla hv. þm. Pálma Jónssonar og ummæla skattanefndar Sjálfstfl. Svo segir í Þjóðviljanum:

„Lækka þarf tekjuskatt einstaklinga niður í 35%, tekjuskatt fyrirtækja niður í 30–35%, aðstöðugjald verður að hverfa auk þess sem undirbúa þarf lækkun virðisaukaskattshlutfalls niður í 15%. Þetta er inntakið í drögum að landsfundarályktun Sjálfstfl. um skattamál sem kynnt var á opnum fundi skattanefndar flokksins á þriðjudag og greint er frá í Morgunblaðinu í gær. Í sama tölublaði Morgunblaðsins er haft eftir Pálma Jónssyni alþingismanni að ekkert svigrúm sé til skattalækkana á komandi árum. Þá kveðst hann ekki sjá hvenær svigrúm skapist til skattalækkana. Þessi yfirlýsing Pálma og jafnframt yfirlýsing hans í Dægurmálaútvarpinu á rás tvö á þriðjudag þar sem hann og Ólafur Ragnar Grímsson fjármálaráðherra kappræddu um ríkisfjármálin hefur farið mjög fyrir brjóstið á Þorsteini Pálssyni, formanni Sjálfstfl., og fleiri flokksbræðrum hans.“

Þannig er mál með vexti að sá söngur var uppi hafður hjá sjálfstæðismönnum fyrir síðustu kosningar að þeir ætluðu að lækka skattana og gáfu fyrirheit um ýmsar breytingar á skattalögum. En þannig var að sá skynsamasti þeirra og hreinskilnasti jafnframt, hv. 2. þm. Norðurl. v., Pálmi Jónsson, lét það ekki henda sig að bera sér þetta í munn. Hann fékk heldur betur bágt fyrir.

Ég vitna þá til Morgunblaðsins. Þar segir hæstv.

menntmrh., þáv. þingflokksformaður Sjálfstfl., Ólafur G. Einarsson: „Stefna Sjálfstfl. er að lækka skatta."

Annar spámaður tók undir með honum. Það var hv. 4. þm. Reykv., Eyjólfur Konráð Jónsson. Hann sagði: „Ekki hefur annað verið samþykkt en að skattar lækki strax."

„„Stefna Sjálfstfl. er að lækka skatta og hygg ég að það komi skýrt fram í ályktunum landsfundarins," segir Ólafur G. Einarsson, formaður þingflokks sjálfstæðismanna, þegar borin voru undir hann þau ummæli Pálma Jónssonar alþingismanns í Morgunblaðinu í gær að ekkert svigrúm væri til skattalækkana á komandi árum vegna linnulauss hallareksturs sem núv. ríkisstjórn bæri ábyrgð á. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði: „Mér vitanlega hefur engin af stofnunum flokksins samþykkt aðra stefnu en þá að skattar verði strax lækkaðir þegar Sjálfstfl. nær valdi til að knýja það fram.""

Alþfl. jarmaði líka í þessum kór og í ályktun sem samþykkt var á fulltrúaráðsfundi Alþfl. fyrir kosningar segir það eitt: „Meginhlutverk Alþfl. verði að auka jöfnunarhlutverk tekjuskattskerfisins með lækkun skattfrelsismarka og markvissri beitingu persónuafsláttar, barnabóta og húsaleigubóta."

Verslunarráðið tók í sama streng. Þar voru menn sem hafa komið nálægt kjötkötlunum, t.d. Steingrímur Ari Arason, sem er nú einn af aðstoðarráðherrunum, Geir H. Haarde, þingmaður og núv. þingflokksformaður Sjálfstfl. Þar voru kynnt sjónarmið skattanefndar Verslunarráðs um að lækka virðisaukaskattinn úr 24,5% í 15%. Hv. 4. þm. Reykv. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði í Morgunblaðinu:

„Skattbyrði heimilanna er nú með þeim hætti að ekki verður við unað. Svo mikil er skattbyrðin orðin að alþýðufjölskyldan hefur vart fyrir brýnustu nauðsynjum. Það er skylda Sjálfstfl. að beita sér fyrir því að skattlagningu verði hagað þannig að afkoma lágtekjufólks batni þegar í stað svo um muni." Síðan segir hann: „Þessa tillögu fluttu nokkrir tugir ungra manna á landsfundi Sjálfstfl. Fundarmenn fögnuðu henni og hún var einróma samþykkt."

Þetta var gert fyrir síðustu kosningar. Ég er að rekja hvað einstakir þingmenn Sjálfstfl. sögðu um skattamál fyrir kosningar þegar þeir voru að undirbúa innreið sína í Stjórnarráðið.

Ingi Björn Albertsson, hv. 5. þm. Reykv., lét ekki sitt eftir liggja og var aldrei þessu vant algerlega sammála öðrum frambjóðendum Sjálfstfl.: Hann sagði á framboðsfundi í Múlakaffi:

„Munum lækka virðisaukaskatt og tekjuskatt eða hækka skattleysismörk. Sjálfstfl. mun ekki hækka skatta, komist hann til valda eftir kosningar, og vill koma til móts við láglaunafólk með því að lækka virðisaukaskatt, lækka tekjuskatt eða hækka skattleysismörk."

Morgunblaðið hefur eftir Inga Birni Albertssyni: „Við lofum ekki gulli og grænum skógum en við lofum því þó og við það munum við standa að skattar munu ekki hækka. Við viljum koma til móts við lágtekjufólkið og þá sem minna mega sín. Hvernig ætlum við að gera það? Við getum m.a. gert það með því að lækka virðisaukaskattsstigið, lækka tekjuskattsstigið eða hækka skattleysismörkin. Þetta eru þrír möguleikar sem á að skoða og einhverjar af þessum leiðum, blandaðar eða óblandaðar, förum við." Miðvikudaginn 10. apríl 1991 hafði 1. þm. Vesturl., Sturla Böðvarsson, orðið í DV. Þá sagði hann, með leyfi forseta: „Það sem greinir Sjálfstfl. frá vinstri flokkunum er ekki síst afstaðan til skattlagningar ríkisins. Stefna Sjálfstfl. er að sköttum skuli haldið í lágmarki og að ríkisútgjöldum skuli haldið innan þeirra marka sem velferðarkerfið krefst." Fyrirsögn greinarinnar er: „Skatta þarf að lækka."

Nú ætla ég að fara að vitna í meiri spámennina, frú forseti, og fyrsta í varaformann Sjálfstfl. sem nú situr í starfi fjármálaráðherra. Hæstv. fjmrh. Friðrk Sophusson sagði í Morgunblaðinu föstudaginn 12. apríl:

„Ríkisstjórnin hefur á undanförnum árum lækkað skattleysismörk tekjuskatta og hækkað skatthlutfallið. Hefðu skattleysismörkin hækkað frá árinu 1988 með sama hætti og verðlag, eins og lög gerðu ráð fyrir, væru skattleysismörkin nú 65.800 en ekki 57.400 eins og þau eru nú í reynd. Samkvæmt upplýsingum ráðherranna gefur þessi breyting ríkissjóði 4,5 milljarða á þessu ári. En ríkisstjórnin lét sér ekki nægja að lækka skattleysismörkin. Hún hækkaði jafnframt skatthlutfallið úr 35,2% í 39,9% og aflaði ríkissjóði þannig verulegra tekna til viðbótar. Ég er ekki hissa á því þó að hæstv. fjmrh. sé óánægður með að ég skuli fletta ofan á þessu en ég tel að það eigi erindi inn í umræðuna út á hvað þessir herrar voru kosnir.

Þorsteinn Pálsson, hæstv. núv. sjútvrh., fór til Vestmannaeyja. Þar boðaði hann fjármagnstekjuskatt í staðinn fyrir eignarskatt:

„„Við sjálfstæðismenn eigum að opna umræðu fyrir fjármagnstekjuskatt í staðinn fyrir eignarskatt," sagði Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl., á opnum fundi í Vestmannaeyjum í gærkvöldi sem hann og Davíð Oddsson, formaður Sjálfstfl., héldu með á fjórða hundrað manns í samkomuhúsinu. Davíð Oddsson kvaðst aðspurður taka undir þessi orð Þorsteins. „Tvísköttun eigna og eignatekna kemur ekki til greina," sagði Davíð."

Þarna hafa þeir verið úti í Vestmannaeyjum saman, hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh., og á þeim degi hafa Heródes og Pílatus sýnilega verið vinir. (Gripið fram í.) Ég hef mikla trú á því að það sé skynsamlegt að menn séu ekki að troða illsakir í útlöndum en ég hygg samt að tímarit berist frá meginlandinu til Vestmannaeyja og Vestmanneyingar séu búnir að gera sér grein fyrir því hvernig samkomulagið er á þeim bæ.

Davíð Oddsson formaður Sjálfstfl. sagði 17. apríl 1991: „Varðandi okkar kosningabaráttu segjum við nákvæmlega þetta: Við getum lækkað skattana en samt sem áður geta tekjur ríkisins vaxið alveg eins og gerst hefur hjá Reykjavíkurborg." Þetta sagði hæstv. núv. forsrh., þáv. og ennverandi um sinn formaður Sjálfstfl., Davíð Oddsson.

Þetta voru kosningaloforðin. Þetta var það sem hv. þm. Sjálfstfl. sögðu fyrir kosningarnar. Ákveðinn hluti þjóðarinnar, ég vil segja of stór hluti þjóðarinnar, tók

pínulítið mark á þessum mönnum þá. Því miður hafa þeir ekki staðið nákvæmlega við loforðin sín og væntanlega fer þjóðin að átta sig á hvers lags loforð þetta voru. Þeir voru að hafa kjósendur í landinu að ginningarfíflum því nú er komið fram á þskj. 417 frv. til laga um breytingar í skattamálum. Ætli þar sé ekki að finna, hæstv. fjmrh., efndir á þessum loforðum? Sennilega er það. Við skulum fara yfir nokkur atriði, frú forseti. Ég held að þetta hafi verið nauðsynlegur formáli að því sem ég ætla að segja hér á eftir.

Það er rétt að fara aðeins yfir það hverjar eru efndirnar. Þá voru þetta vaskir menn í kosningabaráttu. Þá voru þetta menn sem höfðu verið í stjórnarandstöðu og ætluðu aldeilis að yfirtaka stjórn landsins. Nú er þeirra ríkið og búið að vera í rúmlega hálft annað ár sem er að vísu allt of langur tími. Þeirra er ríkið í dag þó að þeirra sé hvorki mátturinn né dýrðin.

Það er skemmst frá að segja að öll þessi loforð eru svikin og það stendur ekki steinn yfir steini í því sem þeir sögðu fyrir kosningar. Þeir byrjuðu strax að svíkja, um leið og þeir komust í stólana. Fyrst kölluðu þeir skattahækkanirnar þjónustugjöld og þumbuðust við það í nokkra mánuði að kalla skattahækkanir sínar þjónustugjöld sem voru auðvitað ekkert annað en skattahækknir. En nú eru þeir grímulausir. Nú koma þeir grímulausir fram með beinar skattahækkanir. Þeir ætluðu að lækka skatthlutfallið í 30–35%. Í frv. sem hér er til umræðu leggja þeir til að fara með það upp í 41,35%. Það eru nú efndirnar á því loforði. Hvar koma svo þessar skattahækkanir niður? Fyrst og fremst hjá þeim sem minna mega sín. Breiðu bökunum er hlíft.

Nú er ég ekki að segja að í frv. séu allar hugmyndir alvondar. Það er ekki rétt. Það eru skynsamlegar hugmyndir til í frv. ef maður leitar nógu lengi að þeim enda eru þetta miklir ágætismenn og vilja vel þó að þeim mistakist eiginlega allt sem þeir gera. Aðstöðugjaldið er fellt niður og það er gott. Ég held að það hafi verið skynsamlegt og sé skynsamlegt að létta aðstöðugjaldinu af því að það er ranglátur skattur. Það þarf að vísu að bæta sveitarfélögunum það upp, þá tekjuskerðingu sem þau verða fyrir við það að svipta þau aðstöðugjaldinu. Það er rétt að líta á hvernig þeim hefur tekist það. Það er hugmyndin að greiða sveitarfélögunum úr ríkissjóði 80% af álögðum aðstöðugjöldum eða sem svarar 80% af álögðum aðstöðugjöldum á síðasta ári. Þetta bætir einu sveitarfélagi aðstöðugjaldsniðurfellinguna en sennilega bara einu, ég hef ekki athugað það nákvæmlega. Í Reykjavík býr eitthvað í kringum 40% þjóðarinnar. Þar fellur til a.m.k. 60% af aðstöðugjaldinu en innheimta er þar lakari en í öðrum sveitarfélögum. Þar hafa því ekki innheimst nema í kringum 80% eða einhvers staðar þar í kring og Reykjavík stendur jafnrétt eftir. En það er ekki svo með önnur sveitarfélög. (**Gripið fram í:** Á Reykjavík ekki hreppsnefndarfulltrúa á þingi?) Það kann að vera að einhverjir úr hreppsnefndinni í Reykjavík sitji í ríkisstjórninni, það er eins og mig minni það.

Sums staðar á landinu og reyndar allvíða hefur aðstöðugjaldið innheimst hér um bil upp í topp. Á Sauðárkróki, þar sem ég þekki dálítið til, innheimtist aðstöðugjald á undanförnum árum í kringum 96% ef ég man rétt. Þar eru skilvísir menn, hv. 1. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson. Það bæjarfélag verður nú fyrir tekjuskerðingu sem nemur a.m.k. 16% af aðstöðugjaldsstofninum við þessar aðfarir. Nú vil ég, vegna þess að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er í þeirri áhrifamiklu valdastöðu í þinginu að vera formaður efh.- og viðskn. sem fær þetta frv. til skoðunar, heita á hann að bæta úr fyrir heimabyggð sinni Sauðárkróki, kannski ekki heimabyggð, það er of stórt upp í sig tekið, það er fæðingarhreppurinn. Ég ætla ekki að koma hv. þm. til Sauðárkróks. Ég legg það ekki á okkur. En ég legg til að hv. þm. beiti sér fyrir því að Sauðárkróki verði bætt þetta tekjutap við meðferð á frv.

Hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson lagði til í Vestmannaeyjum þar sem hann var á ferð með vini sínum í kosningabaráttu að tekinn yrði upp fjármagnstekjuskattur. Hæstv. fjmrh., sem ég sé ekki hvert er farinn núna, hét því, ef ég man rétt, fyrir afgreiðslu síðustu fjárlaga að taka upp fjármagnstekjuskatt um næstu áramót. Í plönum ríkisstjórnarinnar er ákveðið að hætta við að taka upp fjármagnstekjuskatt á næsta ári. Þeir setja markið fram í tímann. Nú eru þeir að tala um að taka hann upp í ársbyrjun 1994. Spá mín er sú að þeir heykist á því líka. Þessu hefur verið frestað. Þetta eru ekki menn sem vantar peninga. Þessa menn vantar ekki peninga í ríkissjóð.

Þeir hafa verið að gefa fyrirheit um hátekjuskatt. Hverjar eru efndirnar á því? Þessi hátekjuskattshugmynd sem hér er sett fram er bara kák og gefur ríkissjóði sáralítið í aðra hönd enda hefði það ekki hentað ríkisstjórninni að skattleggja eigin kjósendur en margir af þeim sem hátekjuskattinn kæmu til með að bera hafa kosið Sjálfstfl. fram undir þetta. Þeir eru að vísu grautfúlir yfir því hvað Sjálfstfl. er ómögulegur við landsstjórnina og hefur lítið vald á efnahagsmálum. Þrátt fyrir það hafa þeir fram að þessu stutt Sjálfstfl. bæði með atkvæðum sínum og sumir með fjárframlögum. Það er ekki verið að ganga nærri þessum mönnum.

Það er ákveðið að lækka tekjuskatt félaga. Það var reyndar fyrirheit úr kosningabaráttu þeirra. Nú á að lækka tekjuskatt félaga úr 45% fyrst í 38% 1993 og svo í 33% 1994. Eftir á að hyggja held ég að þetta verði að teljast röng aðferð. Ekki það að við förum að sinna atvinnulífinu í landinu og búa því sæmileg skilyrði. En ég vil meina að félög sem skila tekjum geti borið tekjuskatt og þar af leiðandi sé þetta misráðið skref í þeirri stöðu sem ríkissjóður er. Illa stöddu félögin sem berjast í bökkum þurfa væntanlega ekki að greiða tekjuskatt. Einungis þriðjungur af félögunum greiðir tekjuskatt nú og á þessum þriðjungi sem best stendur á að lækka tekjuskattshlutfallið úr 45% niður í 38% á þessu ári.

Hæstv. fjmrh. á líklega Íslandsmet, a.m.k. alþingismet í að tala um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Hann hefur gert hann að umræðuefni árlega, ég held síðan hann kom á þing. Ætli þingaldur hæstv. fjmrh. sé ekki eitthvað svipaður og aldur skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Ég man aldrei eftir því að

hæstv. fjmrh. hafi getað setið á sér að tala um þennan skatt þegar hann hefur verið hér til meðferðar á hverju einasta ári. Það vill svo til að hæstv. fjmrh. á tvær ræður um þennan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Önnur er ákaflega mikið á móti þessum skatti og hana hefur hann flutt oftar því sem betur fer er hæstv. fjmrh. oftar í stjórnarandstöðu en stjórnarmegin. Það er líka farsælast fyrir alla. Nú er hann með nýrri ræðuna sem styður skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Af því að hv. 11. þm. Reykv., Finnur Ingólfsson, vitnaði ofurlítið til ræðuhalda hans á þinginu, reyndar bara í *eitt einasta sinn, ef ég tók rétt eftir*, þá ætla ég ekki að fara að skaprauna hæstv. fjmrh. á þessum dimmu dögum með því að lesa mikið af ræðum hans. Ég vitna til þeirra í Alþingistíðindunum. Þó getur vel verið að síðar í umræðunum gefist mér tækifæri til að taka aftur til máls og þá skal ég verja svolítilli stund í að fara yfir ræður hans í líklega einum 12 árgöngum af Alþingistíðindunum þar sem hann hefur flutt ræður um þennan skatt. Hann er búinn að marglofa að afnema hann en efndirnar eru náttúrlega eins og við er að búast.

Nú vil ég láta það koma fram, prívat og persónulega — því að ég hef líka talað mikið um þennan skatt og líklega átta sinnum mælt fyrir frv. um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði fyrir hönd meiri hluta fjh.- og viðskn. — að ég tel þetta ekkert fráleitan skattstofn. Hann verður að vísu til þess að hækka vöruverð *í landinu en honum var og er ætlað* að reisa ofurlitlar skorður við þeirri gífurlegu offjárfestingu sem er í verslunar- og skrifstofuhúsnæði á Íslandi. Offjárfesting í verslunar- og skrifstofuhúsnæði er þjóðarmein. Menn eru að tala um offjárfestingu í loðdýrabúskap, fiskeldi og sjávarútvegi. Það er smáræði hjá offjárfestingu í verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Í Reykjavík standa þúsundir rúmmetra af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, nýbyggðum glæsilegum húsum, auðar vegna þess að allt of mikið hefur verið byggt af verslunar- og skrifstofuhúsnæði miðað við þá starfsemi sem hér fer fram.

Nú fer ég í bensínið. Ég man ekki eftir að þeir tækju það fram í kosningabaráttunni að þeir ætluðu að lækka bensínið þannig að þeir gátu ekki svikið það loforð. Þó kann að vera að það hafi gúlpast upp úr einhverjum. Þeir sögðu svo margt. En ég man ekki eftir því og hef ekki handbær gögn um að þeir hafi lofað því að lækka bensín. En nú hækka þeir bensín samkvæmt þessu frv. um hálfa aðra krónu sem á að renna í ríkissjóð.

Þeir lofuðu að lækka virðisaukaskattinn og lofuðu því meira að segja þegar fjárlagafrv. kom fram að lækka virðisaukaskattinn um 1%, ef ég man rétt. Nú er horfið frá því ráði. Hann er óbreyttur. Óbreyttur, sagði ég. Nei, þeir taka heldur betur við sér. Þeir fækka undanþágum virðisaukaskatts og nú hafa þeir fundið upp nýtt skattþrep. Ég man eftir því þegar hæstv. *utanrrh.* var fjmrh. og vann að því að koma virðisaukaskattinum á, þá taldi hann það algera fásinnu og alveg útilokað að hafa virðisaukaskattinn í tveim þrepum. Í mikilli glímu um matarskatt sem fór fram hér fyrir nokkrum árum síðan, hæstv. utanrrh. var þá fjmrh., man ég ekki betur en hann hafi talið það algera goðgá að hugsa sér það að hægt væri að taka upp annað þrep í virðisaukaskatti. Það gekk svo langt þegar hæstv. sjútvrh. var forsrh. og ríkisstjórn hans var að syngja sitt síðasta og hæstv. páv. forsrh., Þorsteinn Pálsson, lagði til að taka upp tvö þrep í virðisaukaskattinum, þá taldi páv. hæstv. fjmrh., Jón Baldvin Hannibalsson, það vera rýtingsstungu í bakið á sér.

Nú á að taka burtu undanþágur virðisaukaskatts af bókum, blöðum, tímaritum, húshitun og afnotagjöldum útvarps og sjónvarps. Greinar sem hingað til hafa legið utan virðisaukaskattskerfisins, svo sem hótel- og gistihúsarekstur og fóksflutningar, eiga að fara í 14% virðisaukaskatt. Vinna iðnaðarmanna við íbúðarhúsnæði verður áfram skattskyld en endurgreiðslur verða miðaðar við 60% af skattgreiðslum. Sumt af þessu þarf kannski ekki að koma manni á óvart þegar allt kemur til alls, þ.e. prentskatturinn. Þessi ríkisstjórn er fjandsamleg allri menntun og menningu í landinu og þá er ekkert óeðlilegt þó þeir reyni að lumbra á henni og leggi á prentskatt og bókaskatt. Þeir skattleggja fjölmiðlana, útvarp og sjónvarp, blöðin og þeir ráðast á ferðaþjónustuna sem hefur verið einn vaxtarbroddurinn í annars bágbornu atvinnulífi landsmanna. Ferðaþjónustan skal fara að bera virðisaukaskatt.

Hér er um að ræða stórfelldar tilfærslur á skattbyrði. Það er verið að létta á fyrirtækjunum og færa til einstaklingana. Hvar koma svo byrðarnar niður? Þær koma t.d. niður á skuldugu fólki, vaxtabætur eru lækkaðar. Þær koma niður á námsmönnum og barnafólki. Það er áfram andskotast á einstæðum mæðrum. Allir flokkar barnabóta eru lækkaðir um 30%. Einkenni þessara skattbreytinga eru þau að byrðarnar eru fluttar af félögum yfir á lakar settu einstaklingana í þjóðfélaginu. Það er líka létt byrðum, og ég undirstrika það sérstaklega, frú forseti, af ríku og tekjuháu félögunum. Hátekjumönnunum og fjármagnseigendunum er hlíft. Það eru tekjurnar af vinnunni sem eru skattlagðar. Tekjurnar af innstæðunum eiga að halda áfram að vera skattlausar. Og gróðafélögin eiga að fá að græða meira. Lífskjör best settu einstaklinganna í þjóðfélaginu batna við þessar breytingar, lífskjör fólks með miðlungstekjur versna til muna og lífskjör lakast settu einstaklinganna versna til stórra muna. Við þeim mörgum hverjum blasir neyð samkvæmt þessari stefnumörkun ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórnin vinnur markvisst og einbeitt að því að gera þá ríku ríkari og þá fátæku fátækari. Ég hugsa að kolkrabbanum líki þessar skattbreytingar. Væntanlega er hann tilbúinn til að þakka ríkisstjórn Davíðs Oddssonar fyrir þægilegheitin.

Ég hef lokið máli mínu, frú forseti.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það sem knýr mig í þennan stól er það að ég tel að ríkisstjórnin hafi endemis rangláta stefnu í skattamálum. Það er ýmislegt athyglisvert í þessu frv. sem við fjöllum hér um og fyrst og fremst vegna þess að ill tíðindi vekja stundum meiri athygli en góð tíðindi.

Það sem ég er ósátt við, eins og fleiri ræðumenn hér í dag, er að skattálögur og aðrar álögur eru fyrst og fremst lagðar á barnafólk, þann aldurshóp sem yfirleitt hefur ekki mikið handa á milli, og lágtekjufólk því að ég vil vekja athygli á því að hér á Íslandi eru miðlungstekjur lágtekjur. Þannig er þetta hér og það út af fyrir sig er mjög illt. Ég ætla ekki að rekja það hér hversu háar þessar álögur eru að öðru leyti en því að það munar um minna þegar upphæðum á borð við 500 millj. í fyrra og 500 millj. nú í ár í formi lækkaðra barnabóta er beinlínis velt á barnafjölskyldur. Hins vegar vil ég taka það skýrt fram að ég er ekki andvíg því að meðlag sé hækkað. Ég tel það siðferðilega rétt en það á ekki að nota tækifærið til þess að klípa af kjörum fólks sem ekki hefur nóg til skiptanna í leiðinni.

Það vekur einnig gremju mína að það skuli svo mikið sem rætt um það að sækja að fæðingarorlofi eins og komið hefur fram í máli hæstv. heilbrrh. sem betur fer hingað til án árangurs. Ég treysti ykkur sem hingað til hafið stöðvað þetta að gera það áfram og við hin sem getum komið nálægt því máli munum ekki liggja á liði okkar.

Það er til skattafrádráttur til ýmiss konar óþarfa enn þótt nokkuð hafi verið dregið úr honum og skýtur það skökku við á meðan ekki er hægt að draga frá raunverulegan kostnað, t.d. vegna barnagæslu. Það er þó raunverulegur kostnaður vegna atvinnusóknar. Ég viðurkenni ekki að það sé ekki samfélaginu til heilla að ala upp nýjar kynslóðir og trúi því ekki að fólk sé almennt á þeirri skoðun að það sé einhver munaður að eiga börn.

Varðandi fyrirhugaða lækkun vaxtabóta, þá hefur þar fengist illur grunur staðfestur. Þrátt fyrir að nánast allt sem í mannlegu valdi stendur hafi verið gert til að kría út loforð um að það yrði ekki gert tókst það því miður ekki. Það er alltaf matsatriði hvernig álögur koma við fólk. Ef við værum að tala um að það væri t.d. verið að stuðla að niðurfellingu hins óréttláta virðisaukaskatts á mat eða hækkun skattleysismarka væri e.t.v. eitthvað dæmi að reikna út en hér er því miður nánast eingöngu um það að ræða að byrðar eru auknar á lágtekjufólkið. Þetta nær ekki nokkurri átt.

Við kvennalistakonur a.m.k. erum yfirleitt spurðar hvert á að sækja tekjurnar. Við höfum jafnan svör á reiðum höndum og fáum þá gjarnan að vita að við séum of lítilþægar og þetta séu ekki svo ýkjamiklar tekjur sem hægt er að sækja þangað sem við bendum. En það er auðvitað ekki rétt því safnast þegar saman kemur og þetta eru að hluta til sömu hugmyndir og aðrir hafa haft og jafnvel talið nýtilegar. Hátekjuþrepið er eitt af þessu og ég vildi sjá það hærra. Ég vildi líka sjá stigvaxandi tekjuskatt sem þykir allt of flókinn og erfiður hér en sem ýmsar þjóðir, svo sem Norðmenn, hafa unað bara býsna vel við. Þar er ekki nokkur launþegi í vafa um hvaða skatt hann þarf að borga því til eru alls konar töflur og skemu sem er ósköp auðvelt að nýta.

Skattlagning fjármagnstekna, þ.e. vaxtatekna, tekna sem fólk hefur beinlínis af því að eiga peninga en ekki t.d. húseignir, þarf að komast til framkvæmda og í rauninni fáránlegt að þær tekjur skuli ekki eins og aðrar tekjur vera skattlagðar. En það er meðvitað eða ómeðvitað slegið á þessa umræðu af og til með því að láta sem svo að hér eigi að fara að skattleggja allar innstæður gamals fólks sem hefur verið að spara til efri ára. Það er auðvitað slík fásinna að það þarf að leiðrétta þetta og kalla hlutina réttum nöfnum. Það er ekki verið að skattleggja innstæður heldur er verið að skattleggja þær tekjur sem menn hafa af þessum innstæðum rétt eins og aðrar tekjur sem menn hafa.

Eignir eru skattlagðar líka þótt þær séu misarðbærar. Þetta á því ekki að vera enn einu sinni í hópi heilagra kúa. En þessi heilagi kúahópur nær nokkuð víðar en bara að það þurfi endilega að fara að líta á skerðingu fæðingarorlofs, eins og mér heyrist að hæstv. heilbrrh. og hans nótar endilega vilji.

Hert skattheimta er klisja sem við heyrum oft og smáklór sjáum við í þá átt. Ég er út af fyrir sig ánægð með það. Ég vil bara vekja athygli á því að þar þarf að gera afskaplega margt. Oft hefur þar verið einblínt á nótulaus viðskipti. Vissulega eru þau eitt af því sem þarf að taka á en ég vil minna á að í skýrslu um skattsvik, sem kom út fyrir nokkrum árum og var birt á þingskjali og er flestum kunnug hér geri ég ráð fyrir, kom reyndar fram að nótulaus viðskipti þykja ekki eins mikil á Íslandi og í nágrannalöndunum. Það kom mér á óvart. Ég veit ekki hvort eitthvað hafi breyst síðan. En þetta segir bara að við þurfum að sækja víðar og m.a. nota þá ágætu reikniaðferð sem heitir heilbrigð skynsemi og líta beinlínis á það að ef eyðsla og neysla er mikil og eignir eru miklar, þá geta menn ekki verið með vinnukonuútsvarið fræga. En þetta viðgengst og virðist engum böndum vera hægt að koma á þá ómaga á framfæri milli- og lágtekjufólks sem þetta stunda.

Ég vil benda á eitt enn, þ.e. lúxusskatta, hærra virðisaukaskattsþrep á óþarfa sem að hluta til gæti komið á móts við niðurfellingu á skatti á nauðþurftum.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um skattlagningu fyrirtækja. Við erum ekki hér og nú að fjalla um niðurfellingu aðstöðugjalds, en ég vil þó benda á að tekin hefur verið ákvörðun um að framkvæma fyrst og finna síðar leiðir til að leysa þau fjölmörgu og flóknu vandamál sem upp koma í kjölfar þessarar kerfisbreytingar. Þetta finnst mér ekki forsjálni.

Hitt er verra að hvorki niðurfelling aðstöðugjalds né sú tekjuskattslækkun á fyrirtæki sem lögð er til að verði í tveimur áföngum með þessu frv. gagnast þeim fyrirtækjum sem helst þurfa á að halda svo neinu nemi. Ég er ekki að gera lítið úr því sem gerist, heldur er ég að benda á það að þau fjölmörgu sjávarútvegsfyrirtæki sem standa illa eftir allt of langa hávaxtatíð núv. ríkisstjórnar njóta ekki góðs af þessu í sama mæli og mörg önnur fyrirtæki. Þessi fyrirtæki hafa mörg hver verið að glíma bæði við kvótaskerðingu og aflabrest og það út af fyrir sig hefur veikt stöðu þeirra og nú í allra seinustu tíð glíma þau einnig við nokkra verðlækkun á mörkuðum. Þarna er ekki einungis verið að tala um allra verst settu fyrirtækin sem fátt getur bjargað, heldur líka fyrirtæki sem eru í einhverjum meðalkanti og

njóta ekki góðs af þeim kerfisbreytingum sem verið er að gera, þ.e. eru ekki nógu stöndug til að greiða tekjuskatt svo neinu nemi. Lækkun tekjuskatts nýtist ekki þessum fyrirtækjum en þau þurfa á aðgerðum að halda, einhverju meira en 6% gengisfellingu.

Gengisfellingin út af fyrir sig er tvíbent, jafnvel þótt maður líti bara út frá eigingjörnum hagsmunum þessara fyrirtækja en forsvarsmenn margra þeirra hafa reyndar krafist gengisfellingar. Jafnvel þótt maður líti bara á málin út frá sjónarmiði þessara fyrirtækja þá dugar þessi gengisfelling ekki, tekjuskattslækkunin nýtist ekki sem skyldi og aðstöðugjaldið er, eins og menn vita mætavel, lægra á sjávarútvegsfyrirtækjum en mörgum öðrum. Hér erum við því enn að tala um að aðgerðirnar nýtast ekki þeim sem kannski sárast þurfa á þeim að halda. Þetta tel ég vera íhugunarefni og býsna alvarlegt mál þar sem nú er verið að hreyfa til og reyna að jafna aðstöðu fyrirtækja því við erum afskaplega háð sjávarútvegsfyrirtækjunum og við megum ekki gleyma því.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta því ég tel að nú fari í hönd vinna við þessi mál í nefnd. Hins vegar tel ég nauðsynlegt að þetta komi fram. Ég vil líka geta þess að það ætti ekki að fara fram hjá nokkrum manni að í samfélaginu er mjög skýr krafa um jöfnun lífskjara á sama tíma og það dregur sundur með þeim lægst launuðu eða jafnvel atvinnulausu og bótaþegum og hinum. Þetta gerist þrátt fyrir að þrengist í ári. Ég ætla ekki að fara að blanda mér í umræðuna um jöfnun upp á við þar sem ég hef ekki lesið grein hv. þm. Árna Johnsens í Morgunblaðinu í dag svo ítarlega en ef það er eitthvað sem ætti að jafna upp á við þá eru það lífskjör.

Nú það kom glöggt fram í sumar er reiðibylgja reis vegna hækkana til þeirra hópa sem Kjaradómur úrskurðar um að krafan um jöfnun lífskjara er mjög alvarleg. Þótt ég telji reyndar að sú reiði hafi ekki beinst að öllu leyti að raunverulegum hátekjuhópum þá tel ég samt sem áður að þau skilaboð séu alvarleg og við þurfum að taka þau alvarlega. Hins vegar er það náttúrlega nöturlegt að núna þegar settur er á hátekjuskattur ná stórir hlutar þessa hóps ekki einu sinni að vera skilgreindir sem hátekjumenn samkvæmt þeirri skilgreiningu. Ég tek þetta dæmi hins vegar til að sýna fram á að það kraumar og sýður í þjóðfélaginu og það getur soðið upp úr og það gerði það í sumar. Ég held að stjórnvöld verði að skilja að það verður að koma til einhvers konar lífskjarajöfnun, það verður að koma til einhvers konar launajöfnun og það þýðir ekki að taka þá jöfnun niður á við.

Ég gluggaði í grein um daginn í blaði, sem mig minnir að hafi verið byggð á Spiegel, þar sem verið var að fjalla um launabilið annars vegar í Þýskalandi og hins vegar í Bandaríkjunum og Bretlandi. Þar var sérstaklega verið að tala um að vaxandi launabil væri í þessum engilsaxnesku löndum og spáð í það hver þróunin gæti orðið í Mið-Evrópu ef sama þróun yrði þar. Ég gæti trúað að hún væri þegar hafin. Ég held að þetta sé mál sem við verðum sérstaklega að gefa gaum að. Ég vil vekja athygli á því að láglaunahópurinn er samsettur úr fólki sem við kvennalistakonur höfum sérstaklega látið okkur varða en það eru einmitt konurnar. Þær fylla þessa láglaunahópa.

Varðandi upptöku virðisaukaskatts á íslenskum bókum þá tek ég undir að við þolum ekki að sjá bæði vegið að menningu okkar og horfa e.t.v. á prentun bóka og blaða hverfa út fyrir landsteinana. Við þolum heldur ekki að leggja vaxandi álögur á ferðaþjónustuna. Það er sama hvað hver segir. Það er verið að setja þyngri byrðar á ferðaþjónustuna með því að leggja virðisaukaskatt samkvæmt þessu frv. á þá hluta sem ekki hafa fram til þessa þurft að greiða virðisaukaskatt. Endurgreiðsla innskattsins nýtist ekki nema sumum.

Varðandi húshitunina þá trúi ég því að viðbrögð sem við munum fá á næstunni muni e.t.v. vera skýrustu skilaboðin um þau mál. Ég hef ekki nokkra trú á að þetta muni verða látið átölulaust.

Ég ætla ekki að koma miklu víðar við þótt full ástæða væri til. Þetta eru þau atriði sem mér hefur ekki fundist vera lögð mikil áhersla á í umræðunni í dag. Að hluta til eru þetta mikilvægustu málin í þessari umræðu. En ég endurtek að hér er farin mjög vond leið og hér er verið að leggja byrðarnar á bök sem eru við það að brotna en ekki á breið og stöndug bök fólks sem hefur þegar allt sitt á þurru, hefur komið börnunum upp og borgað af húsunum sínum og er með góðar tekjur og fjármagnstekjur og eitt og annað slíkt. Þetta fólk er aflögufært en það er ekki kallað til ábyrgðar heldur hinir sem ekki geta meira.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Það er ekki að ástæðulausu að umræður verða nokkuð hvassar um þetta frv. Það felur í sér alla meginþætti í stefnu þessarar ríkisstjórnar og þær aðgerðir sem beinast fyrst að launafólki þvert ofan í fyrri fyrirheit þeirra flokka sem að ríkisstjórninni standa og yfirlýsingar sem þeir gáfu jafnvel svo seint sem á síðasta ári við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár. Afstaða þingflokks Alþb. til einstakra afmarkaðra tillagna hefur þegar komið fram af hálfu talsmanns Alþb. í efh.- og viðskn. Ég vil því afmarka mig við fáein atriði sem ég tel rétt að víkja örlítið að undir lok þessarar umræðu.

Ég vil byrja á að víkja að því sem mér þykir jákvætt í þessu frv. Það eru tillögur um hert skatteftirlit og breytingar á skipan skattrannsóknarmála. Ég hef að vísu ekki skoðað tillögugreinarnar út í hörgul þannig að ég hef fyrirvara á um stuðning við þær að því leyti en lýsi stuðningi við meginmarkmiðið sem mér sýnist ég sjá og er útskýrt í grg. með frv. með stofnun embættis skattrannsóknarstjóra.

Ég vil líka minna á fréttatilkynningu sem hæstv. fjmrh. gaf út 19. nóv. sl. um skattsvik og skatteftirlit því hér er um að ræða mál sem er afar þýðingarmikið að stjórnvöld taki á með myndarlegum hætti. Sérstaklega verður krafan um raunhæfar aðgerðir í þessum málum hávær þegar hnífnum er harkalega beitt gagnvart launafólki og láglaunafólki ekki síður en öðrum. Láglaunafólki er ekki hlíft. Það verður fyrir skerðingu þó hún sé hlutfallslega minni en í efri tekjustig-

um. Í þessari fréttatilkynningu kemur fram að ráðuneytið hafi skipað nefnd sem eigi að leggja mat á umfang skattsvika og fara yfir niðurstöður skýrslu sem lögð var fyrir Alþingi um það efni 19. apríl 1986. Enn fremur á nefndin að gera athugun á breytingum sem hafa orðið á skattalögum og skattaframkvæmd frá þeim tíma með tilliti til skattsvika, leggja mat á þær breytingar og koma fram með ábendingar um hvaða ákvæði skattalaga gefa helst færi á skattsvikum og hvaða lagabreytingar teljast nauðsynlegar til úrbóta.

Ég vil nota þetta tækifæri til að fagna því að þessi nefnd hafi verið sett á koppinn. Það kemur fram að henni er ætlað að ljúka störfum fyrir næstu áramót. Ég vil hvetja hv. þm., sérstaklega þá sem fá frv. til meðferðar í efh.- og viðskn., til að taka myndarlega á móti tillögum af þessu tagi. Ég vildi stinga upp á því til að sýna meiri alvöru af hálfu stjórnvalda og Alþingis í þeim málaflokki að taka á skattsvikum og herða skatteftirlit að þingflokkarnir kæmu sér saman um nefnd manna til að fylgja tillögum þessarar nefndar eftir. Ég tel að ef þingflokkarnir ná saman um að taka myndarlega á í þessum málaflokki og myndist, má segja, þjóðarsamstaða um það, a.m.k. samstaða um það hér á þingi, þá værum við búnir að gefa málinu verulegan skrið strax í upphafi.

Þetta vildi ég nefna sem inngangspunkt, virðulegi forseti, og jafnframt draga það fram sem ég tel jákvætt í frv. Því miður verð ég að segja að frá öðrum þáttum í frv. er þannig gengið að þó ég viðurkenni auðvitað að allar ríkisstjórnir hefðu gripið til aðgerða sem hefðu komið niður á einhverjum þá er ekki sá jöfnunarþáttur, það jöfnunareliment, í heildarmyndinni af þessum aðgerðum að ég geti stutt það. (**ÖS:** Þú hefur ekki lesið plaggið hans Ólafs Ragnars.) Það hef ég lesið, hv. þm., og í því er margt brúklegt og ég hygg að menn gætu notað úr því ýmsar tillögur til að betrumbæta skattastefnu núv. ríkisstjórnar.

Á einn þátt vil ég minnast alveg sérstaklega og ítreka andstöðu mína við. Það er hækkun á húshitunarkostnaði. Það kom fram í framsöguræðu hæstv. fjmrh. að í raun og veru eru ákvæði tillögugreinarinnar um hvernig eigi að reikna út meðalhitunarkostnað rafveitna og hitaveitna á landinu óframkvæmanleg. Menn eru að fikra sig niður á aðra viðmiðun og enda þannig að viðmiðunin verður verðið í Reykjavík og minnka hækkunina, sem verður á dýrari veitum, þannig að virðisaukaskatturinn á dýrari veitunum verði ekki hærri en hann verður í Reykjavík eða hámark 13 aurar á kílóvattstund. Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert að menn gangi ekki þá braut til enda að hækka misjafnt og dragi úr því með því að krónutöluhækkunin hefur hámark. En það breytir því ekki að menn eru að hækka húshitunarkostnað og hækka hann jafnmikið þar sem hann er hæstur og í Reykjavík þar sem hann er tiltölulega lágur. Í öðru lagi eru menn að hækka þennan húshitunarkostnað minna þar sem hann er lægri. Það kemur m.a. fram í Alþýðublaðinu í dag þar sem þær upplýsingar eru veittar að hækkunin sé ekki nema sjö aurar á kílóvattstund þar sem hitaveitan er lægst.

Þetta vildi ég benda á og vil mótmæla þessu. Ég er þeirrar skoðunar að ekki eigi að hækka húshitun á svæðum sem búa við hátt verð í þeim efnum.

Ég vil minna hæstv. ríkisstjórn till. til þál. um lækkun húshitunarkostnaðar sem lögð var fram rétt fyrir kosningar í fyrravor af þáv. og núv. iðnrh. og var afrakstur af starfi nefndar sem m.a. hæstv. núv. fjmrh. átti sæti í. Í þeirri þáltill. er lagt til að jafna húshitunarkostnað á landinu og lækka hann þar sem hann er hæstur þannig að hann verði hvergi hærri en 5.000 kr. á mánuði miðað við verðlag í janúar 1991, hvergi hærri miðað við það verðlag og að sjálfsögðu miðað við tiltekna stærð af íbúð. Menn eru að ganga til öfugrar áttar miðað við eigin tillögur.

Ég vildi svo að lokum, virðulegi forseti, draga saman þau áhrif sem mér sýnist í fljótu bragði, miðað við þær upplýsingar sem við höfum fengið, verða af þeim breytingum sem boðaðar eru í þessu skattafrv. Þær eru: 1,5% hækkun tekjuskatts árin 1993 og 1994 hækkar skatta um 2.850 millj. hvort ár. Hátekjuþrep um 5% þessi tvö ár á að skila 300 millj. hvort ár. Sú tala er á vísu á reiki miðað við upplýsingar frá fjmrh. og gæti verið hærri. Í þriðja lagi er bensíngjaldshækkun upp á 1,5 kr. á lítra sem er skattahækkun upp á 350 millj. kr. hvort ár. Í fjórða lagi er hækkun á reiknuðu endurgjaldi eða reiknuðum launum auk herts skatteftirlits sem á að skila 300 millj. hvort ár. Í fimmta lagi er lagður 14% virðisaukaskattur á liði sem ekki hafa borið virðisaukaskatt og gefur sú hækkun um 1.800 millj. á næsta ári borið saman við lögin eins og þau eru fyrir þetta ár. Fyrir árið 1994 er hækkunin áætluð 1.350 millj. Þessi tala kann að hafa raskast í kjölfar breytinga sem hafa orðið á hugmyndum um tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti af húshitun.

Barnabætur, svo ég telji sjötta lið, eiga að skila 500 millj. hvort ár. Vaxtabætur eiga að skila 400 millj. árið 1994. Niðurskurður ríkisútgjalda á að vera 1.240 millj. 1993 og 580 millj. 1994 og ég gef mér það sem forsendu að þessi niðurskurður lendi allur á skattgreiðendum sem er auðvitað forsenda sem ég veit ekki til hlítar hvort er rétt en miðað við það sem hefur verið upplýst af þessum fyrirhuguðu ráðstöfunum þá bendir því miður flest til þess að a.m.k. stærstur hlutinn af þessari upphæð lendi á skattgreiðendum í einu eða öðru formi. Þetta var 8. liður.

9. liðurinn er lækkun tryggingagjalds sem lækkar álögur á ferðaþjónustu og lækkar tekjur ríkissjóðs um 50 millj. á næsta ári og um 200 millj. árið 1994.

10. liðurinn er dreginn saman, þ.e. breytingar á arðgreiðslu. Breytingar á skattaívilnun vegna fjárfestingar í atvinnurekstri og lækkun á tekjuskatti lögaðila. Áhrifin af þessum þremur atriðum samanlagt eru samkvæmt frv. metin á 100–200 millj. kr. til tekjuauka fyrir ríkissjóð hvort ár.

Að lokum er hér einn liður enn sem er húsnæðissparnaðarreikningar sem á að leggja niður en þeir sem hafa lagt inn á þá reikninga hafa notið skattaívilnunar og hafa fengið endurgreiddan skatt að ákveðnu marki en þessi breyting mun auðvitað lækka þau útgjöld ríkissjóðs árið 1993–1994 en hve mikið það verður eru engar upplýsingar um þannig að ég hef ekki sett nein-

ar tölur niður í því sambandi.

Ef ég legg þessar tölur fyrir árið 1993 saman, virðulegi forseti, þá fæ ég út að skattahækkunin er á bilinu 7.400–7.500 millj. kr. frá árinu 1992 og á árinu 1994 er hún á bilinu 6,4–6,6 milljarðar kr. Þetta leggur sig samanlagt á að vera 14 milljarða kr. skattahækkun á tveimur árum. Og ég verð að segja, virðulegi forseti, að það eru svimandi háar tölur og miklu hærri tölur en komið hafa frá hæstv. fjmrh. um hugsanleg áhrif af fjármálaráðstöfunum ríkisstjórnarinnar.

Þetta vildi ég draga saman svona í lokin, virðulegi forseti, um leið og ég bendi á að nánast öll þessi upphæð, þessi 14 milljarða kr. skattahækkun á tveimur næstu árum, lendir á einstaklingum. Og ég vil skora á hv. efh.- og viðskn. sem fær þetta mál til athugunar að fara rækilega ofan í þetta frv. með hliðsjón af þeim upplýsingum sem ég hef hér dregið saman.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég ætla að gera tilraun til að svara sumu af því sem fram hefur komið og vona að mér verði virt það til vorkunnar þótt ég fari mjög hratt yfir sögu og ugglaust sleppi ég ýmsu af því sem til mín hefur verið beint.

Í fyrsta lagi hafa menn rætt heilmikið um skattamál og skattahækkanir. Í því sambandi held ég að sé afar nauðsynlegt að menn líti á skattahækkanir og skattalækkanir allar saman að meðtöldu aðstöðugjaldinu. Samkvæmt nýjustu heimildum sem við höfum og samlagningu um þessi mál sýnist mér að útkoman teknamegin í fjárlagafrv. verði heldur lægri eftir að efnahagsaðgerðirnar heldur en gert var ráð fyrir í sjálfu fjárlagafrv., líklega um 500 millj. eða svo. Og ef við lítum á tölur, þ.e. um það bil 104,8 milljarðar í frv., áætlanir fyrir yfirstandandi ár voru 103 milljarðar en við gerum ráð fyrir því núna að talan sem um sé að ræða sé einhvers staðar um 104,3 milljarðar. Þess skal getið að hluti af skýringunni, og það getur blekkt einhverja, er að það er um veltusamdrátt að ræða í þjóðfélaginu þannig að ugglaust er um einhverja hækkun að ræða þegar reiknað er sem hlutfall af landsframleiðslu sem er fallandi. En vegna þess að veltusamdrátturinn er það mikill, innflutningurinn minnkar, þá verða tekjur fólks lægri og þar af leiðandi tekjur ríkissjóðs jafnframt þannig að á föstu verðlagi má gera ráð fyrir að tekjurnar séu litlu hærri á næsta ári en reiknað var með á yfirstandandi ári. Nú ber að taka það fram enn fremur að tekjurnar á yfirstandandi ári urðu heldur lægri en til stóð. Þetta vil ég að komi fram vegna þess að það má ekki alltaf horfa eingöngu á útgjöldin og hvað þau hækka. Það sem hefur verið vandamál okkar í ár og verður á næsta ári er að tekjurnar fara lækkandi í raun, þ.e. á föstu verðlagi.

Það kom fram spurning frá hv. þm. Jóhannesi Geir um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Því miður er ég kannski ekki sá sem er best til þess fallinn að svara því hvenær frv. komi fram og hver útfærslan verður. Það hefur verið stefnt að því að leggja fram frv. fyrir jól. Ég get ekki svarað því hér og nú hvort það verður gert. Þetta mál er flókið og margþætt. Ég bendi á að hugmyndin er að þessir sjóðir taki m.a. yfir ýmsar skuldbindingar sem eru í Atvinnutryggingarsjóði og Hlutafjársjóði. Það hefur verið rætt um það að ríkið láti í té með einum eða öðrum hætti 4 milljarða og þar þarf auðvitað að átta sig á því hvernig á að greiða og með hvaða kjörum á að greiða þróunargjaldið sem er kannski arftaki fjármunanna sem gengu til Hafrannsóknastofnunar. Þetta þarf að skoða. Ekki síst frá sjónarhóli fjmrh. hlýtur það að vera áhyggjuefni að sjóðunum er ætlað að vera í eigu ríkisins. Og ég nefni það sérstaklega hér af því að ég ræddi það í minni framsöguræðu hversu hættulegt það er að sjóðirnir allir, sem eiga að vera undir stjórn jafnvel þeirra sem eru úti í atvinnulífinu eða jafnvel heyra ekki undir ríkisstjórnina, eru í eigu ríkisins og geta tekið á sig alls kyns skuldbindingar sem auðvitað síðar meir kunna að velta yfir á ríkissjóð. Þetta eru atriði sem verður að kanna mjög rækilega og ég skal viðurkenna að fjmrh. hefur viljað skoða suma þessa þætti ákaflega vel áður en hægt er að afgreiða málið úr ríkisstjórninni. Það þýðir ekki að það sé efnislegur ágreiningur um gildi sjóðsins og hlutverk hans.

Aðeins um ferðamálin sem margir nefndu, þá er ekki saman að jafna því sem hér er að gerast og í Svíþjóð þar sem fullur virðisaukaskattur kom á ferðamálin og á leigubílana líka. Hér eru leigubílarnir líka undanskildir en hér hafa verið gerðar ráðstafanir til viðbótar eins og fram kom hjá hv. þm. Jóhannesi Geir, þ.e. að tryggingagjaldið er lækkað úr 6% í 2,5% og innskatturinn verður frádráttarbær og loks hefur gengisfellingin auðvitað þýðingu fyrir þessa atvinnugrein, a.m.k. að því marki sem er verið að selja á íslensku verði og þar af leiðandi er lækkun í erlendri gjaldmynt en það er auðvitað ekki alveg einhlítt.

Ég ætla ekki að deila við hv. þm. um það að auðveldara sé að stjórna í erfiðu árferði en góðu en ég minni á að árferðið núna í ríkisfjármálunum er m.a. slæmt vegna uppsafnaðra erfiðleika frá góðærinu eins og ég ræddi mjög mikið í minni framsöguræðu. Einmitt á bestu árunum söfnuðust upp stærstu skuldirnar og það er athyglisvert að ríkið þarf að greiða á næsta ári yfir 10 milljarða eingöngu í vexti en fær sáralitla vexti sjálft. (**Gripið fram í:** Góðærið var 1983–1988.) Ég er ekki að nefna nein ártöl af því að ég held að hv. þm. séu allir sammála um þetta og það eru allir stjórnmálaflokkar nema Kvennalistinn sem hafa komið að ríkisstjórn á þessu tímabili.

Það var spurt um fjármagnstekjuskatt. Fjármagnstekjuskattur er á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar Það hefur ekkert breyst þó ekki sé hann tekinn upp núna. Það hefur hins vegar aldrei staðið til að sá skattur bætti í ríkissjóð heldur yrði hann notaður fyrst og fremst til þess að fella niður eða lækka tekjuskattinn. Það má auðvitað spyrja af hverju þessu hafi ekki verið breytt núna og það er vegna þess að menn óttuðust að það mundi lenda á sparnaðinum. Og það má auðvitað spyrja: Af hverju var þessu ekki breytt miklu fyrr?

Það er bara eitt atriði sem mig langar til að minnast varðandi aðstöðugjaldið og bið hv. þm. að gleyma ekki — og það má ekki bera saman tekjuskattshækk-

unina annars vegar og aðstöðugjaldsniðurfærsluna hins vegar. Þetta eru tvær alveg ólíkar stærðir. Hækkun tekjuskattsins um 1,5% gefur ekki nema 2,8 milljarða á meðan aðstöðugjaldið er yfir 4 milljarðar þannig að mér heyrðist sumir kannski ekki alveg vera klárir á þessu. Um landsútsvarið er það að segja að það var samningur á milli ríkisins og sveitarfélaganna að þau misstu ekki spón úr aski Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Ég get alveg fallist á þær röksemdir að betra hefði verið að fella niður landsútsvarið, a.m.k. af einkafyrirtækjunum, jafnvel af ríkisfyrirtækjunum en ég get ekki fallist á að ríkissjóður eigi að borga þann brúsa. Það verður þá einhver annar að greiða. Hugsanlega eins og sumir hafa bent á hefðu sveitarfélögin átt að leggja meira í þetta púkk.

Varðandi virðisaukaskatt á hitaveitur vil ég aðeins taka eitt fram vegna umræðna sem hér fóru fram, ekki hjá einum heldur fleiri hv. þm. Það er munur á þessu kerfi og niðurgreiðslukerfinu á svínakjöti, nautakjöti, eggjum o.s.frv. Munurinn er sá að við förum sömu leiðina og gert var við lambakjöt, mjólk og fisk. Þetta eru endurgreiðslur innan virðisaukaskattskerfisins en ekki niðurgreiðslur utan kerfisins. Ein af ástæðunum fyrir því að þetta var gert með þessum hætti er að þetta er tryggari endurgreiðsla, það er öruggara innan kerfisins að ekki verði gengið á rétt þeirra sem njóta greiðslunnar. Þetta vil ég taka skýrt fram og þetta geta menn séð þegar þeir bera saman þróunina annars vegar í hvíta kjötinu og hins vegar í hinum hlutanum sem er innan virðisaukaskattskerfisins.

Ég ætla að fara fljótt yfir sögu. Það var minnst á lífeyrissjóðina. Það var rétt að við töluðum við forustumenn þeirra og auðvitað er það svo þegar rætt er um forustumenn lífeyrissjóðanna að það eru ekki þeir sem ráða öllu, en það kom fram hjá þeim að þetta væri stefna þeirra sjóða og hlutafjárkaupin og frádrátturinn þeirra vegna skiptir engu máli fyrir lífeyrissjóðina því að þeir borga enga skatta hvort sem er og það skiptir engu máli hvort þeir fá skattafslátt þess vegna. Ég bið bara hv. þm. að átta sig á því að skattafslátturinn hefur enga þýðingu fyrir lífeyrissjóðina.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom með ýmis sjónarmið og spurði að því sem rétt er að svara hvort það væri stefna að fara þessa leið í skattamálunum eða hvort þetta væri nánast gert óvart og ég skal svara því. Stefna ríkisstjórnarinnar er eins og stefna ríkisstjórna í nágrannalöndunum að draga úr svokölluðum kerfisbundnum halla sem er halli sem byggir á því að um lögbundnar niðurgreiðslur sé að ræða og tilfærslur, bæði gjalda- og teknamegin á fjárlögum ríkisins. Með öðrum orðum að draga úr afslætti teknamegin og draga úr niðurgreiðslum gjaldamegin. Þetta er gert vegna þess að það er talið skynsamlegt að gera þetta ekki síst þegar menn þurfa að draga úr kostnaði ríkissjóðs. Síðan er auðvitað hugmyndin sú að með þessu sé reynt að beina fjármunum frekar í atvinnuleysistryggingakerfið vegna þess að áherslurnar hafa breyst þar sem atvinna fólksins er í mikilli hættu. Það er hins vegar rétt sem hefur komið fram hjá mörgum hv. þm. að við erum komnir ansi langt í okkar skattkerfi, kannski út á ystu nöf í neyslusköttum, þ.e. ef við tökum virðisaukaskattinn og vörugjöldin saman í eina heild þá hygg ég að Íslendingar séu eina hæstir í neyslusköttum a.m.k. í löndum hér í kringum okkur. Hins vegar eru tekjuskattar ekki mjög háir og skattar á fyrirtæki eru nú eftir þessa breytingu með þeim lægri og greiðslur fyrirtækja í ríkissjóð eru líklega einar þær lægstu sem þekkjast núna í okkar nágranna- og viðskiptalöndum, enda var tilgangur aðgerðanna að styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækjanna.

Það er rétt sem margir hafa bent á að það vantar fylgiskjöl með sjálfu frv. Úr því verður bætt í nefndinni. Ég hef beðið embættismenn fjmrn. og reyndar finnst mér eðlilegt að það sé náð í fleiri embættismenn heldur en þess ráðuneytis til að fara gaumgæfilegan ofan í þetta til að menn sjái alveg hvað er að gerast í þessum málum. Það er engin ástæða til þess að fela eitt eða neitt. Það er vitað að verið er að flytja gífurlega skattbyrði af fyrirtækjum yfir á almenning.

Ég ætla ekki að ræða hér um húsbréfakerfið og fleira sem á var minnst eða sem kom fram hjá hv. þm. eða deila við hann um matarskatt en hann lét líta svo út sem Alþb. hefði hvergi nálægt þeim málum komið. Við sem fylgdumst með því þegar Alþb. tók þátt í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar haustið 1988 vitum annað. Þá bar ekki mikið á því að matarskatturinn yrði aflagður og enn síður gerðist það þegar Borgaraflokkurinn sem hafði haft þetta mál á sinni stefnuskrá, nánast eina málið á stefnuskránni, fór inn í ríkisstjórnina nokkru síðar.

Ég get því miður ekki svarað fyrirspurn sem kom frá hv. þm. og varðaði ferðaþjónustuna. Ég verð að sleppa því, ég man ekki hverjir eru í þessari nefnd. Hann spurði um hver væri höfundur texta sem fylgir frv. Ég veit það satt að segja ekki heldur en allt sem þar er skrifað er skrifað á ábyrgð ráðherrans, enda les hann textann yfir og hann verður texti ráðherrans um leið og hann er kominn í frv. Þetta verða menn að una við og ég man eftir á sínum tíma þegar hv. þm. Steingrímur Hermannsson var landbrh. þá kom ansi skondinn texti sem hann hlaut auðvitað að bera ábyrgð á og varðaði einhverja skýrslu um landbúnað, en sú skýrsla var höfð í flimtingum árum saman í blöðum.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom með dæmi þar sem hann benti á að fjölskylda sem hefði 200 þús. kr. mánaðartekjur, ætti þrjú börn, eitt undir sjö ára aldri færi mjög illa út úr þessum aðgerðum. Hann taldi til að mynda að vaxtabætur og barnabætur mundu lækka frá 55 upp í 70 þús. kr. Það vill svo til að við eigum þetta dæmi og talan er 48 þús. kr. En það gleymist stundum þegar verið er að ræða um þetta að það verður að bæta vaxtabótunum og barnabótunum við tekjur viðkomandi en ekki að draga þetta frá tekjunum eins og þær standa frá launagreiðendum því að bætur eru auðvitað hluti tekna fólksins þannig að raunteknjur viðkomandi aðila eru meiri heldur en 200 þús. á mánuði brúttó þegar á eftir að taka tekjuskattinn frá. Um hina þættina get ég ekki sagt en ég tel að þeir séu heldur í hærri kantinum, enda viðurkenndi hv. þm. það.

Það er ugglaust rétt sem hv. þm. segir að sá sem hér

stendur verður skattakóngur aldarinnar, ef menn telja aðstöðugjaldið með og telja það til skatta ríkisins sem menn geta leikið sér að að gera og ég held svo sem að sú kóróna fari mér ágætlega og skal ekkert víkjast undan að bera hana. En ég ætla að minna á annað. Það hefur ekki hina minnstu þýðingu, eins og ég hef margoft sagt, að mæla menn í því hvort þeir eru skattakóngar eða ekki. Það sem skiptir nefnilega máli er hverjir eru útgjaldakóngarnir því að ef útgjöldin fara langt umfram tekjur, þá er verið að búa til skatta þó það séu ekki skattar samtímans, þá verða það skattar framtíðarinnar. Þess vegna ættu fjölmiðlarnir kannski stundum að snúa sér að því að kanna hverjir eru útgjaldakóngarnir í ríkisfjármálunum því að það eru þeir sem leggja grunn að skattheimtu framtíðarinnar. Ég hefði ekki þurft að bera þann kross eða aðrir fjármálaráðherrar, 10 milljarða í vexti, sem ríkið þarf að borga ef allir hefðu hingað til rekið ríkið hallalaust, en því miður er það ekki svo.

Hv. þm Kristín Ástgeirsdóttir ræddi um ýmis efni. Sumu af því hef ég svarað, annað var náttúrlega hennar álit. Hún minntist sem stundum áður á svokallaða lúxusskatta. Ég hef aldrei áttað mig alveg á því hvað lúxusskattar eru. Ég hef heyrt það stundum og ég ræddi fyrir ári síðan við hv. þm. um það t.d. hvort það væru lúxusskattar að leggja hærri gjöld á varaliti og vellyktandi og hvað þetta heitir allt saman. Ég man eftir því einu sinni rétt fyrir kosningar að ég kom á vinnustað þar sem fullt var af ungum konum. Ég viðhafði einhver ógætileg orð og fékk á baukinn og þá var sagt: Ef það á að fara að kalla þetta lúxus eruð þið að mismuna á milli karla og kvenna, leggja sérstakan skatt á konur, sem vilja líta þokkalega út, jafnvel þótt þær hafi lægri laun en karlar í vinnunni. Ég sá auðvitað að þetta var eitthvað sem ég gat ekki mótmælt. Það er því stundum erfitt að finna lúxusinn. Ég bendi á að það getur meira að segja verið kynbundið. Menn segja: Það er lúxus að ganga í fínum fötum og líta vel út eins og hinir ágætu forsetar þingsins hafa sem betur fer gert. Er þetta lúxus? Nei, segja margar konur. Þetta er bara herkostnaður fyrir konur. — Þetta er nú heldur óheppilegt orðalag. Það sem ætlunin var að segja er að það getur mismunað fólki. Sumir kalla þetta lúxus og aðrir ekki og skal ég ekki hafa fleiri orð um það. Ég sé það nú og það er eiginlega sögulegt að það eru fleiri konur í salnum en karlar. Þessi ræða átti kannski erindi þess vegna líka.

Hv. þm. Finnur Ingólfsson kom hér að máli sem reyndar hv. þm. Steingrímur Sigfússon gerði jafnframt. Það voru skattleysismörkin. Það er hárrétt, þegar prósentan hækkar lækka skattleysismörkin af því að persónuafslátturinn er fastur í krónutölu en prósentan er lögð á allar tekjurnar og síðan kemur hitt til frádráttar. Ég hef ekki nákvæma tölu yfir þetta en svona er þetta í raun og það er reiknað með tekjum af því. Ég vil að það komi skýrt fram og jafnframt vil ég segja að það er ekki ætlunin að hækka þessi skattleysismörk. Þau hækka eftir reglum sem forveri minn bjó til og við höfum slegið lauslega á það að skattleysismörkin hækki ekki, persónuafslátturinn hækkar ekki núna um áramótin. Hins vegar er nokkuð ljóst að skattleysismörkin munu breytast á miðju næsta ári því að í þeirri hækkun er miðað við lánskjaravísitölu og það má búast við því að hún fari heldur af stað miðað við það sem hefur gerst undanfarið þar sem verðbólgan fer af stað næstu mánuðina. Þá kemur að því að persónuafslátturinn hækkar á miðju næsta ári eða 1. júlí.

Þetta vildi ég að kæmi alveg skýrt fram og það má kannski spyrja: Hvernig stendur á því að ríkisstjórnin gerir þetta með þessum hætti, hvernig stendur á því að ríkisstjórnin virðir ekki ráðgjöf Húsnæðisstofnunar o.s.frv. Ráðgjafar Húsnæðisstofnunar verða auðvitað að veita ráðgjöf rétt eins og ráðgjafar bankanna miðað við þá stöðu sem málin eru í á ákveðnu tilteknu augnabliki. Það getur enginn sagt hverjar tekjur manna verða kannski árið eftir. Við skulum átta okkur á því. Það sem skiptir máli er að átta sig á að hér er verið að vernda þann hóp manna sem er að missa atvinnuna. Allar þessar aðgerðir stuðla að því að reyna að koma í veg fyrir það að fólki á atvinnuleysisskrá fjölgi og það fólk hefur engar tekjur. Þar er ekki spurning um miðlungstekjur, hátekjur eða lágtekjur. Þar er spurning um það hvort fólk hafi tekjur eða engar tekjur. Það er það sem skiptir máli í þessari umræðu að mínu mati.

Hv. þm. Páll Pétursson flutti einhverja lengstu ræðu sem ég hef heyrt hann flytja og jafnframt þá bestu enda las hann mest upp úr ræðum þingmanna Sjálfstfl. og kann ég honum bestu þakkir fyrir það. Það var ekki mikið af spurningum frá hv. þm. Það minnti mig á það að hann var líklega að leika mýsnar á meðan kettirnir voru úti því að bæði formaður og varaformaður flokksins eru í útlöndum. Nú er þetta skemmtilegur tími fyrir hv. þm. Hans er ekki bara ríkið heldur líka mátturinn og dýrðin.

Það var þó komið að einu atriði eða tveim sem mér finnst ástæða til að nefna úr hans ræðu. Það var í fyrsta lagi um skattahækkanir og þjónustugjöld. Ég vil enn einu sinni segja að á þessu tvennu er mikill munur. Þjónustugjöld eru t.d. strætisvagnafargjöld í Reykjavík. Það er ljóst að Reykjavíkurborg borgar heilmikið með strætisvögnum. Sá sem ferðast með strætisvagni borgar ekki raunkostnað. Ef maður hækkar strætisvagnagjöld er maður að hækka skatta. Nei, segi ég. Við erum að hækka þjónustugjöld. Það sama á við um sundlaugar o.s.frv. Það er því ekki rétt að segja að þegar fólk er að greiða fyrir tiltekinn hlut sem það nýtur sé það að borga skatta. Maður er að borga hlutfall af kostnaði. Hins vegar ræður sá sem borgar skatta ekki hvað er gert við þá fjármuni sem renna í ríkissjóð og síðan út eftir öðrum reglum. Á því er þess vegna talsverður munur hvort um þjónustugjöld er að ræða eða skatta.

Varðandi aðstöðugjaldsinnheimtuna var þetta samningur við sveitarfélögin að fara svona að miða við 80%. Hins vegar voru lagðar til hliðar 120 millj. kr. sem eiga að koma þeim til góða sem hafa haft meiri og betri innheimtu á undanförnum árum.

Varðandi það sem kom fram hjá hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson um lækkun tekjuskattsins, að það væri ekki aðgerð sem fyrirtæki gætu nýtt sem ekki

borguðu tekjuskatt, þá liggur það náttúrlega alveg í augum uppi. Við verðum að líta á að það á ekki alltaf hugsa um gömlu skuldugu fyrirtækin sem koma aldrei til með að borga tekjuskatta. Við verðum líka að líta til nýrra fyrirtækja, til nýfjárfestinga og freista þess að þau fyrirtæki sem græða, sem betur fer eru til, leggi fjármuni í nýja fjárfestingu og útlendingar sem hafa lánað okkur peningasummur á undanförnum árum séu jafnvel tilbúnir líka til þess að koma hingað og leggja í fjárfestingu. Til þess er leikurinn gerður, þess vegna er verið að lækka þetta hlutfall.

Loks kem ég að hv. þm. Kristni Gunnarssyni sem rifjaði m.a. upp tvö nál., fyrst nefndarálit skattsvikanefndar og ég þakka honum fyrir þau góðu orð sem hann sagði þá. Ég held að það sé vel til skoðunar að koma með það mál inn í þingið í einhverju formi á sínum tíma. Um skýrslu húshitunarnefndar get ég lítið sagt annað en það að við Pálmi höfum fyrirvara í þessari skýrslu. Ég mótmæli því ekki að það sem þar var gert og sú vinna sem þar fór fram hefur að sjálfsögðu verulega þýðingu og hefur það áfram þrátt fyrir það að virðisaukaskattur hafi verið lagður á húshitun eins og nú hefur verið ákveðið í frv. og nær væntanlega fram.

Virðulegi forseti. Ég vona að ég hafi svarað flestu af því sem fram hefur komið. Auðvitað veit ég að margt hefur fram hjá mér farið. Ég vil að endingu einungis leggja enn einu sinni áherslu á að það er hárrétt að skattarnir leggjast nú með meiri þunga á almenning og heimili en áður, á þá sem borga skatta. Og skattarnir verða minni af fyrirtækjunum. En ég bið alla hv. þm. og aðra sem hugsanlega hlýða á mitt mál að taka það til athugunar að þetta er gert til þess að koma í veg fyrir að hér á landi gerist það sem gerst hefur í nágrannalöndunum, að þeim fjölgi sem eiga engan kost á því að velja um það hvort þeir hafi háar eða lágar tekjur heldur verði að sitja við það borð að hafa engar tekjur. Það viljum við koma í veg fyrir og þess vegna er þetta frv. m.a. flutt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú hefjast andsvör. Sjö hv. þm. hafa áhuga fyrir að veita andsvör. Þess vegna verður forseti að grípa til þess ráðs að stytta ræðutíma í eina mínútu og hugsanlega aðeins hálfa mínútu í síðari umferðinni.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal vera stuttorður. Hæstv. fjmrh. vék sér undan að svara einni spurningu sem ég beindi til hans. Ég spurði hvort hann gæti ekki staðfest það að staðið yrði við aukin framlög til framkvæmda, bæði í vegagerð og einnig til viðhalds á opinberum framkvæmdum. Þetta er vegna þess að það hefur flogið fyrir úr vinnu fjárln. að þar séu uppi áform um að lækka framlagið til viðhaldsverkefnanna. Sömuleiðis hefur formaður virðulegrar fjárln. haft þau orð í fjölmiðlum að e.t.v. verði ekki hægt að standa við viðbótarféð til vegagerðar. Það hefur heyrst hér á göngunum að hugsanlega verði það skorið niður um allt að einum milljarði.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að ég orðaði það þannig í minni framsöguræðu að að þessu væri stefnt. Ég vil láta það koma fram hér og það er ekki í fyrsta skipti sem það kemur fram hjá mér í þessum ræðustól né heldur hef ég látið undir höfuð leggjast að skýra frá því í ríkisstjórn og í þingflokki sjálfstæðismanna að ég tel að hvorki þeir fjármunir, sem eru nefndir í fjárlagafrv. og eiga að renna til viðbótarvegagerðar né þeir, sem koma nú fram í efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar og eiga að renna til viðhalds, né nokkur önnur tala sem er í fjárlagafrv. sé heilög. Það sem skiptir mig máli er niðurstaðan. Ef niðurstaðan er ekki í samræmi við þær hugmyndir sem ég tel að þurfi að vera kemur að sjálfsögðu til greina að snerta þessar upphæðir eins og aðrar upphæðir fjárlaganna á milli 2. og 3. umr. til þess að ná viðunandi niðurstöðu á milli tekna og gjalda. Þetta þýðir ekki að nein ákvörðun hafi verið tekin um þetta atriði heldur vil ég aðeins segja að frá mínum bæjardyrum séð hefur verið horft svona á málið.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svarið og staðfestingu á því sem hér hefur flogið fyrir að meira að segja þessar skrautfjaðrir hæstv. núv. ríkisstjórnar séu í stórhættu og verði e.t.v. reyttar af milli umræðna í fjárlögunum. Ég tala nú ekki um það sem maður heyrir í viðræðum við menn að þessu sé óspart beitt í þvingunaraðgerðum til þess að reyna að pína fram einhverja niðurstöðu fram í fjármálunum.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir skýr og heiðarleg svör. Það kom mjög skýrt fram hjá honum að það er verið að hækka skattana og það er heiðarlegt að svara þessu nákvæmlega þannig. Það var afskaplega þægilegt að það skyldi koma fram því að það er það sem menn hafa haldið hér fram í dag. Um leið er ég með spurningu svo það sé alveg skýrt sem ég spurði um áðan um skattleysismörkin. Er það ekki svo að persónuafslátturinn hefur verið ákvarðaður tvisvar á ári, þ.e. um mitt ár og um áramót og hann hefur þá hækkað samkvæmt skattvísitölu? Skildi ég það rétt hjá hæstv. fjmrh. áðan að nú stæði til að hækka ekki persónuafsláttinn um þessi áramót og er þá ekki verið að breyta út af fyrri ákvörunum og þá auðvitað um leið verið að hækka skattana enn?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af þessu tilefni skal það tekið fram að frá árinu 1989, í tíð forvera míns, var reglunum breytt, lögunum var breytt og það munu gilda óbreyttar reglur áfram. Reglurnar eru þær að við upphaf árs er miðað við skattvísitölu en á miðju ári við þróun lánskjaravísitölunnar. Það verður engin breyting á. Hins vegar hefur það gerst á þessu ári að verðbólgan hefur verið svo lág og lítil að það er ekki efni til þess að

hækka persónuafsláttinn í upphafi árs. Ég sagði hins vegar að það mætti búast við talsverðri hækkun á okkar mælikvarða nú á miðju næsta ári vegna þess að verðbólgan er talin verða þó nokkur á næstu 3–4 mánuðum. Það verður því engin breyting á þeim reglum sem hingað til hafa gilt frá 1989.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vona að hæstv. fjmrh. hafi tekið eftir því að ég hef einstöku sinnum tekið hér til máls þó að hv. 7. þm. Reykn. og hv. 1. þm. Austurl. væru báðir viðstaddir. Illu heilli eru þeir báðir erlendis núna og það er rétt hjá ráðherranum, hann hefur tekið eftir því enda skarpur maður. Ég er hins vegar alveg viss um það að ef hv. 1. þm. Austurl. hefði verið hér í dag hefði hann tekið til máls og rifið þetta skattafrumvarp niður. Ég segi eins og skáldið: „Atburð sé ég anda mínum nær." Hann gerir þetta sjálfsagt við 2. umr.

Hæstv. fjmrh. sagði að þjónustugjöld væru ekki skattar. Þetta er ekki rétt hjá honum. Þjónustugjöld eru í flestum tilfellu skattar. Það er verið að velta kostnaði sem greiddur hefur verið úr sameiginlegum sjóðum yfir á einstaklinga. Það eru ekkert annað en skattahækkanir. Fjmrh. vildi ekki fjalla um loforð Sjálfstfl. fyrir síðustu kosningar og efndir þeirra eða vanefndir og ég skil hann vel. Hann sagði að fjármagnstekjuskatturinn væri þó enn á stefnuskrá en það var hann líka í fyrra og hann er ekkert nær núna en hann var í fyrra. Ég ætla að enda með því, frú forseti, að kenna hæstv. fjmrh. eina vísu. Það er húsgangur. Hún er ekki eftir mig og hún er ekki um hann en hún er svona:

Öll hans loforð eru svik,
allt hans tal er þvaður.
Honum þykir hægra um vik
að heita en vera maður.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Enn á ný, hæstv. forseti, hefur hv. þm. sannað að ræður eru bestar þegar hann les eftir aðra. Það kom í ljós þegar hann flutti þessa ágætu vísu sem ekki var eftir hann og hann tók það skýrt fram. En ég vil aðeins segja það að þessi stutta ræða hv. þm. breytti ekki minni skoðun á því að það er munur á þjónustugjaldi og sköttum. Ég þarf ekki að lýsa því frekar. Ég lýsti því áðan og reyndar komu engin mótrök frá hv. þm. varðandi það sem ég sagði. Ég bendi enn á það að ef gjald frá Strætisvögnum Reykjavíkur hækkar, hækka þá skattar á hv. þm.? Ég veit ekki hvort hann hefur nokkurn tíma tekið strætisvagn hér. Eða þegar hann fer í sund, hækkar þá gjald á sundstöðum? Ég ætlaði ekki að segja: ef hann fer í bað, því ég veit að auðvitað fer hann í bað. Meira að segja eru náfrændur hans frægir að endemum fyrir það að baða — reyndar fénað en ekki menn, svo ég tali nú um sameiginlegan frænda okkar, Björn Pálsson. Skal ég ekki hafa þetta lengra.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það liggur náttúrlega ljóst fyrir að þessi röksemdfærsla ráðherrans stenst ekki. Þjónustugjöld eru í flestum tilfellum skattar. Ég hef reyndar gert stuttar vísur undir þessum ræðuhöldum hjá ráðherranum. Sú fyrri er svona:

Snjöll er ræða ráðherrans
um ríkisfjármál þessa lands.
Efst er þó í huga hans
herkostnaður forsetans.

Síðan minnugur þess sem Snorri heitinn Sturluson sagði, að oflof væri háð, er ég búinn að gera aðra vísu um fjmrh. Ég ætla að fara með hana að endingu honum til huggunar. Hún er svona:

Segir alltaf sannleikann,
sómann glöggur metur.
Öll sín loforð efnir hann
— ef hann bara getur.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kem hér í stólinn eingöngu til þess að draga til baka fyrri ummæli mín. Hv. þm. getur flutt góðar ræður jafnvel þótt þær séu eftir hann sjálfan.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því miður er ég ekki búin að yrkja um fjmrh. en ég ætlaði aðeins að tala um lúxusskatta. Það er vissuleg rétt að það er erfitt að skilgreina hvað eru lúxusskattar. Það má kannski segja að virðisaukaskatturinn hér á landi sé hálfgerður lúxusskattur því að hann er svo hár. Það sem þetta mál snýst um er auðvitað það að skattleggja neysluna og ná með þeim hætti til þeirra sem hafa meiri peninga handa á milli. Það eru auðvitað til ýmsar skilgreiningar á þessu erlendis en mér verður starsýnna á það sem karlarnir nota frekar en konurnar. Þá er ég að hugsa sérstaklega um stóra bíla og alls konar rafmagnstæki sem þeir eru veikir fyrir. Mér finnst það vera lúxus en það getur vel verið að þeim finnist það ekki. (**Gripið fram í:** Herkostnaður.) Já, það er herkostnaður þeirra, það er satt. En málið snýst sem sagt um þetta, hvernig hægt er að skattleggja neysluna þannig að þeir borgi sem meira hafa.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Það er aðeins örstutt, virðulegi forseti. Ég get tekið undir þetta. Þetta hefur reyndar verið gert og er gert. Ég minni á að bílar eru skattlagðir bæði eftir stærð, vélarrúmsstærð og eins eftir þyngd. Af þeim sem hafa stærra sprengirými eru borguð miklu hærri gjöld en hinum. Í sumum tilvikum er því farið eftir þessu, kalli þingmaðurinn það lúxus.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski synd að slíta þessari umræðu núna loksins þegar skilningur er að verða á málflutningi okkar stjórnarandstæðinga, sumra hverra alla vega. Ég fagna því að hæstv. fjmrh. vill taka peninginn þar sem hann er. Hann hefur hins vegar ekki

horfið frá því að taka hann líka þar sem lítið er til skiptanna og það er öllu verra.

Ég vil benda á það varðandi lækkun tekjuskatts að ég er alveg sammála honum um að það verður að hugsa um ný fyrirtæki. Þarna verður einungis lækkun á tekjuskatti hjá fyrirtækjum því um annað er ekki að ræða.

Aftur á móti eru gömul fyrirtæki sem berjast í bökkum og mundu kannski ekki gera það ef aðstæður væru öðruvísi. Þar eru sjávarútvegsfyrirtæki sem eiga tilverurétt og það verður að hugsa um þau. Svo vil ég bara benda á að það er matarhola þar sem gömul og stöndug fyrirtæki eru.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er fyrst að nefna að í aðgerðum ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að tekið sé á vanda gömlu sjávarútvegsfyrirtækjanna ef ég má nota það orð. Það er gert með hugmynd um þróunarsjóð sem reyndar er ekki endanlega mótuð tillaga. Þar er gert ráð fyrir að verulegir fjármunir fari til þess að hjálpa þeim fyrirtækjum. Það hefur verið nefnt í því sambandi að 400–500 millj. kr., jafnvel hærri upphæð, fari árlega í þennan sjóð, en ríkissjóður hefur hingað til notið þeirrar upphæðar. Það er því komið til móts við þessi fyrirtæki.

Varðandi gömul og gróin fyrirtæki, sem stundum eru kölluð kolkrabbinn, vil ég segja að þau fyrirtæki sem græða og skila sköttum gera okkur gagn og gera það að verkum að við getum staðið undir ýmissi þjónustu. Til viðbótar gætu þessu fyrirtæki nú, ef við lækkum tekjuskattinn, sett fjármagn í ný fyrirtæki og búið til atvinnufyrirtæki og tækifæri fyrir þá sem eru atvinnulausir.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála síðustu orðum hæstv. ráðherra. Fyrirtækin gætu gert þetta en það er ekki sjálfgefið að þau geri það. Þar sem engar kýr eru nú lengur heilagar vil ég bara benda á að þar sem þarna er fé að hafa væri e.t.v. nær að sækja það þangað en til þeirra sem ekki eru aflögufærir.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir undirtektir við hugmynd minni um átak í skattsvikum og vil hvetja þingflokka til að taka sameiginlega á þessu verkefni í samvinnu við hæstv. fjmrh. strax eftir áramót.

Varðandi frv. er ég þeirrar skoðunar að það stuðli ekki að því að beina fjárfestingu manna í atvinnurekstur með þeim breytingum sem þar eru gerðar. Ég er andsnúinn þessum breytingum og tel þær ganga til rangrar áttar. Ég tel að fyrst niðurstaðan er sú að velja einungis 5% hátekjuþrep og 1,5% almenna hækkun hefði verið jafnari dreifing á skatthækkuninni að taka eina flata prósentu og hækka persónuafsláttinn.

Í þriðja lagi er það ekki markmið ríkisstjórnarinnar og þessara aðgerða að minnka atvinnuleysi heldur er hæstv. ríkisstjórn búin að gefast upp á því og segir nú í markmiðssetningu að þær séu til að hamla gegn auknu atvinnuleysi. Í fjórða lagi bendi ég enn á það, virðulegi forseti, að aðgerðirnar þýða 14 milljarða kr. skattahækkun sem rennur til ríkis og sveitarfélaga.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Það sem ég vil segja, virðulegi forseti, varðandi skattahækkunina er að endurtaka það sem ég sagði áðan. Ég tel að tekjur ríkissjóðs séu ekki að vaxa með þessum efnahagsaðgerðum þegar miðað er við þær tekjur sem komu fram í fjárlagafrv. í upphafi. Ég held að það sé mikilvægt að menn átti sig á því. Hins vegar hefur skattbyrðin færst til. Þegar ég segi þetta, þá er ég að segja það vegna þess að hugmyndin er að taka aðstöðugjaldið út með staðgreiðslunni og lækka tekjuskattinn á móti. Þannig er þetta hugsað. Það er nettóhugsun í þessu dæmi og vona ég að það komist til skila nú.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. 1,5% skattahækkun er ekki tímabundin. Hún er ekki bundin við árið 1993 eingöngu, hún er almenn þannig að hún mun gilda árið 1994 og síðar, að öllu öðru óbreyttu.

Það kom líka fram, virðulegi forseti, þegar þessar efnahagsráðstafanir voru kynntar að þær bættu stöðu ríkissjóðs um 2 milljarða kr. Það stangst á við það se hæstv. fjmrh. segir nú. Samkvæmt þeim tölum sem ég hef tekið saman og ætla ekki að halda fram að séu fullkomnar enda forsendur ekki allar ljósar, þá batnar staða ríkissjóðs um 4–5,5 milljarða kr.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar fyrir lágu tillögur ríkisstjórnarinnar að efnahagsaðgerðum var ætlað að staða ríkissjóðs á næsta ári batnaði um rúmlega 540 millj. kr. þegar á heildina var litið. Hins vegar hefur það gerst síðan að staðan hefur versnað. Það er m.a. vegna þess að gert er ráð fyrir því að virðisaukaskatturinn innheimtist ekki eins fljótt eins og áður gerðist og að endurgreiðslur verði meiri í hitaveitu o.s.frv.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst og fremst mótmæla því sem hæstv. fjmrh. var að segja áðan, þ.e. að aðalmarkmiðið með þessum skattabreytingum sé að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Frv. er allt of fátæklegt til að koma í veg fyrir atvinnuleysi þannig að það geti orðið trúverðugt.

Eins vil ég átelja það hvernig að því er staðið að breyta aðstöðugjaldinu í tekjuskatt eins og nú er gert. Það er auðvitað bara verið að færa þetta beint yfir á

launafólk og undirbúið mjög illa, þ.e. það er sett fram um leið og gengið er fellt sem mun auðvitað verða til þess að það mun ekki koma fram í lækkuðu vöruverði. Fyrst og fremst mun þetta auðvitað koma fram í versluninni. Hún mun losna við aðstöðugjaldið.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyrði þessa gagnrýni hv. þm. en ég vil segja að það var undirstöðuatriði og kom m.a. fram í hugmyndum Alþýðusambandsins að færa þessa skattbyrði af fyrirtækjum á fólk.

Í blaði Vinnuveitendasambandsins, Af vettvangi, sem gefið er út í þessum mánuði segir hins vegar að afnám aðstöðugjaldsins þurfi að skila sér í lægra verðlagi. Hér eru sem sagt boð um það úr röðum Vinnuveitendasambandsins í Garðastræti til sinna félagsmanna að láta það koma fram í verki að afnám aðstöðugjaldsins skili sér í lægra vöruverði. Við vonumst til þess að það gangi eftir.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nefnilega vandinn að vegna gengisfellingarinnar og annarra breytinga sem hafa orðið verður ógerlegt að fylgjast með því að vöruverð lækki í kjölfarið á þessari breytingu. Það er sá vandi sem við stöndum frammi fyrir. Það hefði þurft að slíta þessa breytingu úr samhengi við gengisfellingu. Það er enginn vafi.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að í sama blaði og ég vitnaði til er því spáð að á næsta ári verði verðbólgan ekki nema 3%. Það er líklega næstlægsta verðbólga sem við höfum tölur um í manna minnum, þ.e. sú lægsta er á yfirstandandi ári, sú næstlægsta á næsta ári. Ég hygg að það eigi ekki að brengla svo verðskyn almennings og fyrirtækja að hægt sé að láta niðurfellingu aðstöðugjalds skila sé í lægra vöruverði eins og til stendur. Auðvitað verðum við að treysta á verðskyn þessara aðila.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Umboðssöluviðskipti, 125. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 428.

Út af dagskrá voru tekin 3. til og með 11. dagskrármál.

74. FUNDUR

miðvikudaginn 9. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Skattamál, stjfrv., 286. mál, þskj. 417. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Almannatryggingar og stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, stjfrv., 285. mál, þskj. 415. — 1. umr.
3. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 11. mál, þskj. 11, nál. 389, brtt. 390. — 2. umr.
4. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 12. mál, þskj. 12, nál. 391, brtt. 392. — 2. umr.
5. Verðbréfaþing Íslands, stjfrv., 13. mál, þskj. 13, nál. 393, brtt. 394. — 2. umr.
6. Umboðssöluviðskipti, stjfrv., 125. mál, þskj. 145, nál. 409, brtt. 410 og 428. — 2. umr.
7. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 276. mál, þskj. 384. — 1. umr.
8. Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, stjfrv., 261. mál, þskj. 342. — 1. umr.
9. Innflutningur á gröfupramma, stjfrv., 239. mál, þskj. 308. — 1. umr.
10. Útflutningur hrossa, stjfrv., 260. mál, þskj. 341. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.,
Eiður Guðnason umhvrh.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.

Útbýting þingskjala:

Fjáröflun til vegagerðar, 294. mál, frv. FI o.fl., þskj. 426.

Vegalög, 293. mál, frv. FI o.fl., þskj. 425.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill geta þess áður en gengið verður til dagskrár að gert er ráð fyrir þingfundi milli kl. 6 og 7 og eins má gera ráð fyrir kvöldfundi.

Skattamál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 286. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 417.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

2 þm. (JVK, SvG) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EGuðn, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, ISG, JónS, MB, RA, RG, SalÞ, SighB, StG, StH, SJS, ÞorstP) fjarstaddur.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

19 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EGuðn, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, ISG, JónS, MB, RA, RG, SalÞ, StG, StH, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

Um þingsköp.

Afgreiðsla fjárlagafrumvarps.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hér hljóðs um gæslu þingskapa út af fundahöldum í hv. Alþingi og nefndastörfum en eins og þingheimur veit er fyrirhugað að 2. umr. um fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar fari fram á morgun. Fjárln. er nú að ljúka störfum við undirbúning þeirrar umræðu en þá ber svo við að það kemur fram í fjölmiðlum að áætlaður halli á fjárlagafrv. verði miklu meiri en ráð var fyrir gert áður og stefni í 8 milljarða kr. í stað 6 milljarða og heimildarmaður fyrir þessu er m.a. hv. formaður fjárln., Karl Steinar Guðnason.

Ég kvaddi mér líka hljóðs sl. föstudag út af þessu sama máli af því að þá var umræðan fyrirhuguð strax eftir helgina. Þá var algerlega óljóst enn hvernig stæði með framgang ákveðinna mála af hálfu ríkisstjórnarinnar sem ætlaði að spara 1.240 millj. kr. á útgjaldahlið frv. Þar að auki átti að setja 500 millj. kr. í atvinnuskapandi verkefni eins og viðhaldsverkefni sem ábyggilega eru þörf og brýn mál. Nú eftir helgina varð ljóst að af þessum 1.240 millj. mundu ekki sparast nema 800 millj. ef marka mátti samninga hæstv. ráðherra og niðurstöður þingflokka þeirra. Það sem liggur núna fyrir í fjárln. er hins vegar að við höfum ekki fengið brtt. fyrir nefndina um nema 250 millj. kr. af þessum 800 millj. kr. og þá hlýtur maður að spyrja: Hvað er enn í farvatninu? Hefur verið ákveðið að falla frá þessum hugmyndum um að spara þessar upphæðir, fyrst að sjálfsögðu 1.200 millj., síðan um 800 millj.? Eftir standa 250 millj. Að vísu hefur verið talað um það að landbrh. ætti að spara 100 millj. í viðbót. Hann hefur upplýst að hann geti hugsanlega náð 50 af því. Það er hins vegar engin tillaga um það enn þá fyrirliggjandi í fjárln. Félmrh. hefur talað um að ná 100 eða 110 millj. Það er engin tillaga um það heldur fyrirliggjandi og þær brtt. sem liggja því fyrir hjá nefndinni eru langt frá því að vera í nokkru samræmi við það sem áður hefur verið um talað. Auðvitað standast engar ákvarðanir hjá þessari hæstv. ríkisstjórn deginum lengur. Það virðist breytast dag frá degi. Það sem ákveðið var í gær er allt annað í dag og enn annað á morgun. Ringulreiðin virðist allsráðandi á stjórnarheimilinu og ég spyr því, hæstv. forseti: Er mögulegt að láta umræðu fara fram á morgun við þessar aðstæður þegar hv. þm. Karl Steinar Guðnason segir m.a. í viðtali við Dagblaðið í dag, með leyfi forseta:

„Það er alveg ljóst að gera þarf miklu betur en til þessa varðandi niðurskurð ríkisfjármála ef sú niðurstaða sem stefnt er að í fjárlögum á að nást. Þetta gengur ekki svona."

Þetta var tilvitnun í formann fjárln., hv. þm. Karl Steinar Guðnason, og ef það liggur fyrir að það þurfi að ganga enn frekar í niðurskurð, þá er það venjan að sá niðurskurður liggi fyrir við 2. umr., þ.e. breytingar á gjaldahlið eru alla jafnan teknar til meðhöndlunar við 2. umr. fjárlaga, en tekjuhliðin er venjulega látin bíða til 3. umr. Ef hins vegar eru enn í farvatninu mörg hundruð millj., kannski allt að 2 milljarða kr., þá væri nauðsynlegt að vita hvort umræðan getur farið fram á morgun.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Í tilefni af orðum síðasta ræðumanns vil ég geta þess sem náttúrlega kemur fram í umræddu dagblaði að ég er ekki heimildarmaður að þeirri frétt sem þarna er. Hins vegar hafði blaðamaður samtal við mig og ég viðurkenndi það að við værum í miklum hremmingum. Þetta væri erfitt verk, það þyrfti að gera betur. Og það er alveg rétt að það þarf að gera betur. Okkur er ekkert að vanbúnaði að hafa 2. umr. á morgun. Starfið hefur gengið ágætlega og það verður eins og vant er að ýmsum þáttum er frestað til 3. umr. En hvað varðar starfið í fjárln. þá er það á hreinu að við erum að fullu búnir undir þá umræðu. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta en mér finnst að ringulreiðin sé einhvers staðar annars staðar en í stjórnarliðinu, a.m.k. á meðan menn geta ekki beðið morguns um að ræða þessi mál.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hér hljóðs til að spyrja eftir því hvað líði framlagningu frumvarpa um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Ég spyr, virðulegi forseti, að gefnu tilefni því að það kom í ljós í nefndastörfum í efh.- og viðskn. í morgun að það er ekki hægt að

halda áfram vinnu við lánsfjárlög fyrir 1993 án þess að þessi gögn liggi fyrir. Þar er inni heimild til atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar um lántöku upp á annan milljarð en samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar á að flytja þessa stofnun yfir í hinn nýja sjóð. Einnig hafa verið uppi hugmyndir um allt að 4 milljarða kr. nýja lántöku á næsta ári vegna sjóðsins. Þess vegna spyr ég, virðulegi forseti: Hvað líður framlagningu þeirra frv. því að það er alveg ljóst að ekki verður haldið áfram vinnu við lánsfjárlög fyrr en fylgifrumvörp þessa óskabarns hæstv. utanrrh. eru komin fram.

Í öðru lagi vil ég ítreka hér það sem fram kom í andsvörum við hæstv. fjmrh. í gærkvöldi að það virðist allt vera í vindinum með þær skrautfjaðrir ríkisstjórnarinnar sem fólust í auknu fjármagni til endurbóta á opinberum byggingum og viðbótarfjármagni til Vegagerðar. Aðspurður sagði hæstv. fjmrh. í gærkvöldi að fyrir sér væri ekkert heilagt til þess að ná niður ríkissjóðshallanum og þessi atriði ekki frekar en önnur. Það yrði tekið upp milli umræðna ef á þyrfti að halda.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. sjútvrh. er ekki kominn í hús en forseti mun kynna sér það strax og tækifæri gefst hvað líður framlagningu þess máls sem hv. þm. nefndi.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur eðlilega verið spurt að því hvort 2. umr. fjárlaga geti farið fram á morgun. Formaður fjárln., hv. þm. Karl Steinar Guðnason, svaraði því áðan að það ætti að geta gerst. Ef það á að verða þá er nauðsynlegt að staðreyndir málsins liggi fyrir í dag. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. utanrrh. sem hér er, einn oddvita ríkisstjórnarinnar: Getur hann fullvissað þingið um það hér og nú að ríkisstjórnin og þar með fjárln. verði tilbúin í dag með staðreyndir málsins, svo notað sé orðalag sem hæstv. utanrrh. hefur oft notað undanfarið? Hverjar eru þær staðreyndir sem ég er að biðja um? Þær eru þessar, virðulegi forseti:

Þegar forsrh. tilkynnti niðurstöðuna í efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar var það m.a. kjarninn í því, sem þar var sagt af hálfu hæstv. utanrrh., að með þessum aðgerðum væri búið að styrkja fjárlagafrv. Halli fjárlagafrv. hefði verið lækkaður allverulega með þessum aðgerðum. Síðan hafa menn beðið hér í nokkrar vikur eftir að fá útfærslu á því hvernig fjárlagafrv. hefði verið styrkt með efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar. Nú hefur verið upplýst að af þessum 1.240 millj. í niðurskurði liggja aðeins fyrir 250 millj. í fjárln. Dagblaðið skýrir frá því í dag að það stefni í um 8 milljarða kr. halla á ríkissjóði í fjárlagafrv. og það var auðvitað athyglisvert að þótt hv. þm. Karl Steinar Guðnason bæri það af sér að hann væri heimildarmaður fyrir þessari frétt þá bar hann töluna ekki til baka. Formaður fjárln. treystir sér ekki til þess að segja að efni fréttarinnar sé rangt. Þess vegna er alveg nauðsynlegt að sá oddviti ríkisstjórnarinnar sem hér er mættur fullvissi þingið um það í dag að hæstv. ríkisstjórn sé reiðubúin að leggja staðreyndirnar á borðið í dag:

Í fyrsta lagi: Hvernig mun fjárlagafrv. verða styrkt, svo að notuð séu orð hæstv. utanrrh., þannig að hallinn verði minni þegar 2. umr. hefst en þegar frv. var lagt fram? Ef það liggur ekki fyrir nú í sannanlegum tölum af hálfu ríkisstjórnarinnar í dag að hallinn verði minni við 2. umr. en þegar frv. var lagt fram þá er ekki hægt að láta 2. umr. fara fram nema ríkisstjórnin viðurkenni það þá hér og nú að henni hafi mistekist. Ef ríkisstjórnin er enn að glíma við þetta verkefni þá er rétt að láta 2. umr. bíða þangað til þeirri glímu er lokið. Þess vegna vil ég, til þess að við getum áttað okkur á því hvernig framhaldið eigi að vera, biðja hæstv. utanrrh. að upplýsa okkur um staðreyndir málsins.

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. formanni fjárln. að starfið í fjárln. hefur út af fyrir sig gengið ágætlega og hv. formaður fjárln. hefur verið allur af vilja gerður til að kalla eftir þeim upplýsingum sem nauðsynlegar hafa verið fyrir okkur til að vinna eftir. Það sem er að í allri þessari vinnu er hins vegar það að það vantar allt sem við á að éta frá ríkisstjórninni til að við vitum hvar við stöndum og það er illt þegar við erum búnir að skipta liðum í útgjaldahlið frv. eins og venja er við 2. umr. að eiga á hættunni að þurfa að fara að brjóta þá liði upp vegna einhvers viðbótarniðurskurðar sem enginn veit hvort kemur eða hvort kemur ekki en formaður fjárln. metur það svo að það komi ákvarðanir um það til viðbótar. Þess vegna spyrjum við fjárlaganefndarmenn, m.a. fulltrúar minni hlutans sem hér erum, hæstv. forseta hvort það sé fært að 2. umr. fjárlaga fari fram við þessar aðstæður meðan ríkisstjórnin hefur ekki gert hreint fyrir sínum dyrum og veltir málum á milli ráðherra í algerri ringulreið eins og reyndin hefur verið síðustu daga.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Miðað við þær upplýsingar sem forsætisnefnd hefur er reiknað með að þessi umræða geti farið fram á morgun. En forseti vill geta þess að það er forsætisnefndarfundur um miðjan daginn í dag og þá verður það væntanlega endurskoðað ef nýjar upplýsingar hafa komið fram. En miðað við viðbrögð hv. formanns nefndarinnar þá telur hann að umræðan geti farið fram á morgun.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ef það er svo að ríkisstjórnin verði tilbúin með mál sín þannig að 2. umr. fjárlaga geti farið fram á morgun þá er vel því að auðvitað er það forgangsverkefni okkar að ganga frá fjárlögunum fyrir jól og það er í allra þágu. En ég vil gera athugasemd við þá tilkynningu sem forseti kom með af forsetastóli í upphafi fundar þar sem hún var að boða fund bæði milli 6 og 7 og eins kvöldfund. Ég kann hálfilla við að það sé verið að boða þingfundi á hefðbundnum fundatíma þingflokka án þess að hafa samráð um það við

þingflokksformenn og þar á ofan að boða til kvöldfundar án þess að hafa um það samráð við þingflokksformenn, sérstaklega með tilliti til þess ef 2. umr. um fjárlög fer fram á morgun þá þarf að sjálfsögðu að hafa þá kvöldfund. Það var búið að semja um það í gær að kvöldfundur yrði ef á þyrfti að halda til að ljúka því máli sem þá var í umræðu. Ekki þurfti á því að halda. Við hefðum að sjálfsögðu tekið því að hafa kvöldfund þá en ég vil láta það koma fram strax til þess að forðast allan misskilning að ég geri athugasemd við það að halda kvöldfund í kvöld.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Vegna orða hv. þm. vill forseti taka fram að það hefur verið reiknað með því að á miðvikudögum megi búast við þingfundum milli kl. sex og sjö. Þannig hefur það verið það sem af er þessu þingi. En eins og forseti gat um þá er kvöldfundurinn m.a. hugsaður til útbýtingar á þingskjölum. Annað hefur ekki verið ákveðið. Síðan mun það eflaust verða metið eftir því hvernig gengur með dagskrá hvort farið verður fram á það við formenn þingflokka að halda raunverulegan kvöldfund.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú staða er að koma upp í þinginu að það er greinilegt að stjórn þingsins og ríkisstjórnarflokkarnir verða að gera upp við sig hvað á að hafa forgang í þingstörfum. Svo vill til að það er löngu búið að boða fundi í hv. efh.- og viðskn. kl. 6 í dag. Nú er verið að boða þingfund milli kl. 6 og 7 og væntanlega kvöldfund í framhaldi af því. Þetta vekur náttúrlega upp spurningar um það hvort okkur þingmönnum er ætlað að gera hér margt í einu.

Hér á dagskrá í dag eru allnokkur mál sem snerta efh.- og viðskn., sem ég reikna með að menn vilji gjarnan að komist að jafnframt því að hér er á dagskrá mál sem t.d. sú sem hér stendur hafði hugsað sér að taka þátt í umræðum um. Menn verða því að gera upp við sig hvað á að gera. Þær yfirlýsingar sem hafa komið fram hafa ekki verið samþykktar af þingflokksformönnum og eru ekki í neinni samvinnu við okkur. Ég held að menn verði að átta sig á því að ef hér eiga að verða eðlileg þingstörf og eðlilegur gangur mála er kannski viturlegra að reyna að hafa um það eitthvert samráð.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég sætti mig ekki við það svar sem forseti gaf áðan um það að fundatími Alþingis væri milli 6 og 7 á miðvikudögum. Við þingflokksformenn höfum að vísu oft sýnt liðlegheit þegar mikið hefur verið af verkefnum sem legið hafa fyrir að gefa eftir af þingflokksfundatímanum. Svo er ekki í þessu tilfelli og ekki hefur verið haft samráð við okkur og ég mótmæli því fundahaldi jafnframt að hér verði farið að hafa einhvern kvöldfund í kvöld. Það er fyrirsjáanlegur kvöldfundur annað kvöld ef ríkisstjórnin heldur fast við að hafa 2. umr. fjárlaga á morgun. Með tilliti til þess mótmæli ég líka kvöldfundi í kvöld. Kannski er hægt að fallast á að hafa hér örstuttan útbýtingarfund ef þannig stendur á prentun þingskjala en að öðru leyti er ég ósamþykkur þessu ráðslagi.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill ítreka að í þeirri starfsáætlun sem dreift var þá var gert ráð fyrir að fundir gæti orðið á milli kl. 6 og 7 á miðvikudögum. Jafnframt kom þar fram að búast mætti við þingfundum á þriðjudagskvöldum, slíkt yrði þó alltaf ákveðið í samráði við formenn þingflokka.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem fram kom hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. Það hefur ekki verið samið um kvöldfund núna í kvöld og ég geri athugasemd við það. Ég bendi á að í gær var kvöldfundur og fyrirhugaður er kvöldfundur á morgun. Ég vil enn fremur gera athugasemdir við að fundatíma milli 6 og 7 á miðvikudögum sé ráðstafað án samráðs við formenn þingflokka.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hefur farið fram umræða um gæslu þingskapa sem er að því leyti sérstæð að hún hefur snúist um nefndarstörf í fjárln. Nú er það svo að samkvæmt verkaskiptingu og þrískiptingu valdsins ber fjmrh. að tala fyrir fjárlagafrv. og leggja það fram. Nefndinni, sem fær málið til afgreiðslu, ber að vinna málið algjörlega óstuddri af ríkisstjórn. Ef það er rétt að hv. formaður nefndarinnar hafi fyrst og fremst verið í þeirri vinnu að reyna að fá upplýsingar hjá ríkisstjórninni um hvað á að gera þá er það náttúrlega gjörsamlega út í hött (**Gripið fram í:** Og vonlaust.) og vonlaust. Ég sé ekki að það þyrfti nefndarstörf í þinginu ef niðurstaðan er sú að ríkisstjórnin eigi að leggja fram fjárlagafrv. og svo eigi að endurskoða fjárlagafrv. í fjmrn. á milli umræðna. Það er þingið sem er að vinna þetta mál og það er Alþingi Íslendinga sem stendur frammi fyrir þeim vanda, ef mönnum dettur það í hug að leggja það til að hér verði samþykkt fjárlagafrv. með 8 milljarða kr. halla. Þá er það ekki fjmrh. eða ríkisstjórnarinnar. Það er Alþingis Íslendinga að taka á því máli. Það ber alla ábyrgð á því máli ef slík ákvörðun verður tekin.

Geir H. Haarde:

Forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í umræður um störf fjárln. Ég þykist vita að menn leysi þar mál sín með eðlilegum hætti. En aðeins út af því sem fram hefur komið hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 5. þm. Vestf. um fundahald hér í dag þá er rétt að vekja athygli á því, eins og forseti hefur rækilega gert, að af hálfu forsætisnefndar var í haust tilkynnt að gera mætti ráð fyrir þingfundum á milli 6 og 7 á miðvikudögum ef þörf krefði. Þetta hefur gengið ágætlega á þessu hausti, enginn ágreiningur hefur verið um þetta. Jafnframt var tilkynnt að gera mætti ráð fyrir þingfundum á þriðjudagskvöldum ef aðstæður yrðu þannig að þess

væri þörf. Í gær samdist svo um að málinu, sem var til meðferðar, var lokið í matartímanum á milli kl. 7 og 8 án þess að kæmi til kvöldfundar. Um það náðist gott samkomulag milli manna laust fyrir kl. 7 og þess vegna varð ekki kvöldfundur. En ég held að það blasi við og það þekkja allir, ekki síst menn með jafnmikla þingreynslu og hv. 1. þm. Norðurl. v., að á þessum árstíma geta menn reiknað með kvöldfundum hvenær sem er. Ég held að það eigi ekki að fara neitt milli mála. Af minni hálfu kom það fram í gær þegar við vorum að ganga frá þessum málum að við gætum þá haft kvöldið í kvöld upp á að hlaupa fyrst ekki yrði þingfundur í gærkvöldi. Þetta vildi ég að kæmi fram, virðulegi forseti. Hitt er annað mál að enginn veit á þessari stundu hvort þörf verður fyrir slíkan kvöldfund. Auðvitað getur farið svo eins og gerðist í gær að engin sérstök þörf verði á kvöldfundi ef umræðu lýkur fyrir kvöldmat — ég geri ráð fyrir að aðalmálið í dag verði mál heilbrrh. um almannatryggingar o.fl. En á þetta reynir ekki fyrr en líða tekur á daginn og þá vænti ég þess að menn tali saman og reyni að leysa þetta mál með þokkalegu samkomulagi.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Aðeins fyrst út af ummælum hv. 2. þm. Vestf., þá fjallar umræðan hér að sjálfsögðu um þingstörfin. Ég hóf umræðuna til að fá upplýsingar um hvað það væri sem enn væri í farvatninu sem hv. fjárln. þyrfti að taka afstöðu til og taka til afgreiðslu fyrir 2. umr. sem á að fara fram á morgun. Þess vegna hljóta það auðvitað að vera þingstörf, bæði það sem fer fram hér í þessum sal, hvenær það fer fram og það sem gerist í þingnefndunum til þess að umræðan geti borist inn í þingsalinn. Ég hef því miður ekki fengið það enn þá skýrt í þessum umræðum hvort von er á því að fjárln. berist tillögur frá hæstv. ríkisstjórn um frekari aðgerðir. Það er nú einu sinni svo að þingnefndir hljóta að taka nokkurt tillit til þess hvaða hugmyndir, óskir eða stefnu hæstv. ríkisstjórn ber fram til nefndanna. Við vissum ekki annað en að von væri á veigamiklum brtt. í tengslum við svokallaðar aðgerðir í ríkisfjármálum. Ég vakti athygli á því að eftir meira en hálfan mánuð er aðeins komin til nefndarinnar tillaga um breytingar upp á 250 millj. kr. Umræða mín hér var til að fá það skýrara frá stjórn þingsins ef það væri hægt hvort hún teldi mögulegt að umræðan færi fram á morgun miðað við þær aðstæður sem mér sýnist blasa við okkur.

Vissulega er rétt hjá hv. formanni fjárln. að nefndin hefur verið að vinna alla þessa daga, hún vann alla helgina og dagana síðan og er ekki búin að ljúka störfum. Það er enn fyrirhugaður fundur í dag og þess vegna er auðvitað að verða dálítið þröngt fyrir að ganga frá brtt. og nál. og leggja þau fyrir þingið sem á að gerast daginn áður, ef það yrði nú t.d. ekki fyrr en á útbýtingarfundi í kvöld og umræðan ætti síðan að hefjast í fyrramálið. Mér sýnist því tíminn vera orðinn mjög naumur. Þess vegna tel ég að fyrirspurn mín til hæstv. forseta og stjórnarinnar á þingstörfunum sé alveg eðlileg og umræðan alveg eðlileg og að við þurfum að fá niðurstöðu í þetta mál áður en lengra er haldið.

Ég er út af fyrir sig ekki að skorast undan því að umræðan fari fram á morgun ef það er svo að ríkisstjórnin hafi hætt við að framfylgja þeim ráðstöfunum sem boðaðar voru hér 23. nóv. sl.
Ef það stendur ekkert eftir af því nema þessar 250 millj. þá vitum við það. Þá er það tilkynning, ákvörðun og afstaða. Hins vegar var hluti af störfum fjárln. um helgina að hlýða á hæstv. heilbrrh. gefa yfirlýsingar eða upplýsingar um það hvernig hann ætlaði að spara 650 millj. kr. Þegar tillögur koma svo frá ráðuneyti hans til nefndarinnar í gær þá eru þær upp á 250 millj. kr. Það hlýtur því að vera eitthvað óljóst í því hvert stefnir í þessari vinnu og hvað fjárln. á fram undan fyrir 3. umr. ef það er svo að 2. umr. fari fram þrátt fyrir allt á morgun.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Eins og þegar hafði komið fram hjá forseta er forsætisnefndarfundur um miðjan dag í dag og þar verður þetta mál væntanlega rætt.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það getur vel verið að forseti þykist ekki þurfa að hafa neitt samráð um þinghaldið við formenn þingflokka eða við þingflokkana og þingið geti flotið áfram stjórnlaust eins og ríkisstjórnin gerir en ef þingstörfin eiga að vera skilvirk þá held ég að það væri nú skynsamlegra að reyna að efna til einhverrar samstöðu um framhald þingstarfa í þessari lotu.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill endilega efna til samstöðu og það verður áreiðanlega boðað til funda með formönnum þingflokka í dag.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég bar áðan fram fyrirspurn til hæstv. utanrrh. vegna þess að hann er sá eini af oddvitum ríkisstjórnarflokkanna sem er mættur í þingsalnum. Oddvitar ríkisstjórnarflokkanna eru tveir, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Ég sé að formaður þingflokks Sjálfstfl. bendir á hæstv. fjmrh. Það er vissulega líka athyglisvert að hæstv. fjmrh. hefur ekki beðið um orðið í þessari umræðu og ég mun aðeins koma að því eftir fáeinar sekúndur.

Ég bar fram þá fyrirspurn hvort hæstv. utanrrh. gæti fyrir hönd ríkisstjórnarinnar fullvissað þingið um það hér og nú að fjárlagafrv. mundi liggja þannig fyrir við 2. umr. á morgun að hallinn yrði minni í frv. en þegar frv. var lagt fram. (**Gripið fram í:** Þingsköp ...) Fyrirspurn mín var borin fram vegna þess að forsrh. og utanrrh. tilkynntu efnahagsaðgerðir fyrir rúmum tveimur vikum sem fólu það í sér samkvæmt þeirra frásögn að búið væri að styrkja fjárlagafrv. með því að minnka hallann. Ég þarf ekki að rifja það upp að hæstv. utanrrh. hélt sérstaka almenna fundi í þjóðfélaginu eftir að fjárlagafrv. var lagt fram þar sem hann dæmdi það allt of veikt og að það þyrfti að styrkja það og niðurstaða

efnahagsaðgerðanna að hans dómi væri það að hallinn hefði verið minnkaður. Nú er fullyrt í þremur fjölmiðlum í dag að það stefni í 8 milljarða kr. halla á fjárlagafrv.

Ef 2. umr. um fjárlagafrv. á að verða marktæk á morgun, og ég legg áherslu á það, marktæk 2. umr., þá verður auðvitað að liggja fyrir hvort staða frv. nú er halli sem er minni en þegar frv. var lagt fram í samræmi við yfirlýsingar forsrh. og utanrrh. eða ekki. Nú ef það er ekki þá er auðvitað alveg ljóst að ríkisstjórnin hefur gefist upp á tæpum þremur vikum varðandi eitt höfuðatriðið í efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar. Í öðru lagi að fyrir liggi hvort það er rétt eða ekki að hallinn stefni í 8 milljarða. Í hvað stefnir hallinn? Það er auðvitað athyglisvert að hér tæpum sólarhring áður en 2. umr. um fjárlögin á að fara fram hafa þrír öflugir fjölmiðlar greint frá því að hallinn stefni í 8 milljarða en enginn af fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna hér í salnum hefur treyst sér til að mótmæla þeirri tölu. Þar til henni verður mótmælt með rökum þá stendur hún. Ef hér á að verða marktæk 2. umr. um fjárlögin á morgun þá þurfum við að fá að vita í dag — ekki á morgun, hv. þm. Karl Steinar Guðnason, heldur í dag — hvernig málið liggur fyrir. Ef ríkisstjórnin er hins vegar að gefast upp á sínum ætlunarverkum þá væri nátturlega meiri manndómur að viðurkenna það að hún starfi líka þar í mótsögn við raunveruleikann alveg eins og hún gerði í gengismálunum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þeim mun lengur sem tíma þingsins er eytt í þarflausa þingskapaumræðu þeim mun brýnni verður nauðsyn þess að halda fram fundum ekki bara á milli kl. 6 og 7 heldur líka á kvöldin.

Í annan stað vil ég taka mönnum vara við því, hv. þm. sem öðrum, að trúa fyrirvaralaust einhverjum tölum sem birtast eftir nafnlausum heimildarmönnum í blöðum. (**Gripið fram í:** Nafnlausum?) Nafnlausum heimildarmönnum, eins og fram kom í umræðunni hér áðan. Ef stjórnmálamenn ættu að trúa öllu því sem ekki er borið til baka jafnóðum af slíkri umræðu þá gætu þeir lítið annað.

Í þriðja lagi er það rétt sem fram kom í ræðu hv. 8. þm. Reykn. að í vinnu sinni við undirbúning efnahagsaðgerða þá styrkti ríkisstjórnin stöðu fjárlagafrv. verulega bæði á tekju- og gjaldahlið. Ekki hvarflar að mér að leggja trúnað á tölur Dagblaðsins eða annarra fjölmiðla. Ég slæ því föstu að það mun að sjálfsögðu koma á daginn þegar fjárlagafrv. liggur fyrir að þær tölur reynast rangar. Hins vegar er það ekki í mínum verkahring að veita hv. þm. svör við þessum spurningum. Það er í verkahring hæstv. fjmrh. og eftir atvikum formanns fjárln. Eðli málsins samkvæmt þá er það ekki í mínu valdi að svara spurningum hv. þm. frekar.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þegar hæstv. forsrh. mælti fyrir efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar þá hafði ríkisstjórnin tvo talsmenn í þeim málaflokki í umræðunum í þinginu, hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. Styrking fjárlagafrv. var eitt af höfuðatriðunum í þeim aðgerðum og þess vegna er ósköp eðlilegt, hæstv. utanrrh., að fyrirspurnum sé þess vegna beint til hæstv. utanrrh. hér og nú að hæstv. forsrh. fjarstöddum. Auðvitað tókum við eftir því, hæstv. utanrrh., að fjmrh. var ekki talsmaður ríkisstjórnarinnar í þeim umræðum og ef ég man rétt, kvaddi sér ekki einu sinni hljóðs í þeim umræðum. Það væri því bara ósanngjarnt að fara nú á seinni stigum að draga hæstv. fjmrh. inn í þetta mál því að hann er greinilega í algeru aukahlutverki í þessari atburðarás. En það segir svo kannski meira en stutt ræða hæstv. utanrrh. að nú allt í einu er hann farinn að vísa umræðunni frá sér yfir á hæstv. fjmrh. Nú er ekki lengur mættur sá galvaski hæstv. utanrrh. sem hér mætti á mánudagsmorguninn eftir aðgerðirnar, reiðubúinn að tala fyrir þeim. Nú vísar hann spurningum frá sér.

Ef talan 8 milljarðar er ekki rétt, þá spyr ég tæpum sólarhring fyrir 2. umr. fjárlaga: Hver er hin rétta tala? Þeir hljóta að vita það. Eða er virkilega ringulreiðin orðin svo mikil að menn viti það ekki í ríkisstjórnarherbúðunum tæpum sólarhringi áður en 2. umr. fer fram hver er hin rétta hallatala? Er hún eitthvert leyndarmál í þinginu? (**GunnS:** Hvert er þingskapaefni ræðumanns?) Ég get vel skilið að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson sem á að heita fulltrúi Alþfl. í fjárln. uni sér illa undir umræðum og er rétt að ég spyrji hann þá: Getur hann upplýst þingið um það hver er hallatalan? (**GunnS:** Hvert er þingskapaefni ræðumanns?) Þingskapaefni ræðunnar er það, hv. þm., að koma því á framfæri að ef ekki er hægt að greina frá því í fjárln. tæpum sólarhring áður en 2. umr. um fjárlagafrv. fer fram, hver er hin raunverulega hallatala fjárlagafrv., þá getur 2. umr. ekki farið fram á morgun. Það er hið þingskapalega tilefni umræðunnar, hv. þm., og fyrst hann á sæti í fjárln., þá er rétt að hann beiti sér fyrir því að nú þegar síðdegis verði haldinn fundur í fjárln. og þar komi fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna og segi fjárln. í heild sinni hver er hin raunverulega hallatala því að ef ekki er hægt að gera það með rökum, þá getur 2. umr. ekki farið fram á morgun. Það er staðreynd málsins. Það hefði mátt spara sér mikla þingskapaumræðu í dag ef utanrrh., fjmrh. eða fulltrúar stjórnarflokkanna í fjárln. hefðu strax og hv. þm. Guðmundur Bjarnason kvaddi sér hér hljóðs komið með þær upplýsingar sem verið er að biðja um, en þær eru ekki komnar enn, hv. þm.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill eindregið hvetja hv. þm. til þess að fara ekki út í efnislega umræðu undir liðnum þingsköp.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Utanrrh. og formaður Alþfl. sagði í þingskapaumræðum áðan að þingmenn ættu að fara varlega í að treysta ónafngreindum heimildarmönnum í blöðum og tölum sem hafðar væru eftir nafnlausum

heimildarmönnum í blöðum. (**Utanrrh.:** Nafnlausum, þ.e. ónafngreindum.) Nafnlausum heimildarmönnum í blöðum, við skulum hafa það rétt. Þetta sagði ráðherrann og það má kannski til sanns vegar færa að þingmenn ættu að fara varlega í þeim efnum. En hvað eiga vesælir þingmenn að gera þegar haft er eftir nafngreindum mönnum og mikils metnum að sumra mati eins og hæstv. heilbrrh. er, þegar hafðar eru eftir slíkum mönnum tölur í blöðum og það ekki blöðum sem hafa neitt litlu hlutverki að gegna heldur eiga að vera málgagn Alþfl.? En í makalausri frétt í dag í Alþýðublaðinu segir m.a. frá blaðamannafundi hæstv. heilbr.- og trmrh. í gær þar sem hann kynnti frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar sem hann *ætlar væntanlega að tala fyrir hér í dag og þar segir:*

„Breytingarnar eiga að spara ríkissjóði útgjöld upp á 2,4–2,5 milljarða kr. á næsta ári. Taka þessar breytingar til ýmissa þátta heilbrigðisþjónustu og almannatrygginga." Allir útreikningar sem við þingmenn höfum fengið sýna fram á 250 millj. kr. sparnað af þessu. Þeir hafa því greinilega bætt einu núlli á, ráðherrann og Alþýðublaðið, annaðhvort báðir eða annar hvor þeirra. Og þarna er ekki um nafnlausa menn að ræða. Þarna er um heilbr.- og trmrh. að ræða þannig að meðan þessi tala stendur í frétt í Alþýðublaðinu þá hlýtur maður að álykta sem svo að það sé 8 milljarða kr. halli á fjárlögunum ef ekki meira.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hefur komið fram ein spurning frá hv. 1. þm. Norðurl. e. og hún er sú hvort hægt sé að hafa 2. umr. um fjárlög á morgun. Skýringin er sú að þingmaðurinn hyggst skila nál. og trúlega flytja ræðu við 2. umr. og telur sig þurfa einhvern undirbúningstíma til þess að inna þetta verk af hendi frá því að seinasti fundur er haldinn í fjárln. og áður en 2. umr. fer fram. Það er raunverulega þetta sem snýr að forseta, aðeins þetta. Ætlar forsetinn að tryggja það að fjárln. haldi fund þá tímanlega áður en aðalumræðan fer fram að hægt sé að ætlast til þess að fulltrúar minni hlutans geti sinnt því verki að skila nefndaráliti og búa sig undir ræðuflutning?

Ef ætlunin er að leggja þessi gögn fram í kvöld þá hefur hæstv. forseti greinilega hugsað sér að ráðstafa tíma hv. 1. þm. Norðurl. e. í nótt til að vinna verkið og undan því virðist hann kvarta. Ég vil eindregið hvetja forseta til þess að kalla fyrir sig formann fjárln. og fá við þessu svör því að það er náttúrlega alveg dæmalaust að hæla nefndinni fyrir störf héðan úr ræðustólnum ef það liggur fyrir að hún er ekki búin að komast að niðurstöðu hvað hún ætlar að leggja til við umræðu sem á að fara fram á morgun. Þá er stórt og mikið að. Það er náttúrlega bara eins og hver önnur skrautsýning að yfirheyra hæstv. heilbr.- og trmrh. á sunnudegi um hvað hann ætli að gera. Það er nefndin sem á að ákveða að leggja til við þingið hvaða peninga þessi hæstv. ráðherra á að fá. Það er ekki ráðherrans að tilkynna þinginu hvaða peninga hann vill fá. Svo einfalt er það mál. (**Gripið fram í:** Er það skrautsýning?) Skrautsýning. Sumir hafa lag á því að haga sínum klæðaburði í samræmi við jólin þannig að það minnir helst á skrautsýningu.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ef það mætti verða til þess að stytta þessar umræður utan dagskrár þá hef ég ákveðið að taka til máls. Þegar hefur verið notaður alldrjúgur tími af þessum fundi í þessar þingskapaumræður. Ég vil taka það fram að það er frá mínum bæjardyrum séð ekkert því til fyrirstöðu að hafa 2. umr. fjárlaga á morgun. Þá tala ég sem þingmaður sem hefur nokkra reynslu af störfum í fjárveitinganefnd, ég sat þar í fjögur ár.

Varðandi það hver sé hallatala frv. nú, síðar eða fyrr, þá hefur sú spurning ekkert gildi í dag. Það vita allir, og þó sérstaklega þeir sem hafa verið fjmrh. eins og hv. 8. þm. Reykn., að tölur geta breyst og breytast oft og tíðum mjög mikið milli 2. og 3. umr. Þær koma til með að gera það vegna þess að það vantar nýjar verðlagsforsendur, tekjur taka mið af veltu í þjóðfélaginu. Þær upplýsingar þarf að vinna betur en fyrir hendi eru og auðvitað geta gjöldin jafnframt breyst. Svona hefur þetta ætíð verið og ég minni á það þegar var verið að semja fjárlög fyrir 1991, þá var það við 3. umr. sem mjög stórar ákvarðanir voru teknar og meira að segja örfáum dögum síðar brotnar. Minni ég á að þá voru settar inn í fjárlög við 3. umr. tekjur vegna arðs af Aðalverktökum, en páv. fjmrh., 8. þm. Reykv., hirti síðan arðinn á milli jóla og nýárs þannig að hallinn varð minni á því ári en meiri árið eftir. Hann setti líka inn tekjur á vegum ÁTVR og virðisaukaskatts án þess að það væri nokkuð aðhafst í ráðuneytinu til þess að ná þeim tekjum inn. Til þess að koma í veg fyrir svo óvönduð vinnubrögð viljum við að sjálfsögðu vanda okkur og teljum að við eigum að nota þann tíma sem gefst, eins og ávallt hefur verið gert og munum að sjálfsögðu nota þær stundir sem eftir eru og gera það sem ávallt hefur verið gert hingað til, að hafa gott samstarf við fjárln. og koma upplýsingum til hennar ef um upplýsingar er að ræða frá fjmrn. þannig að endanlegur halli í fjárlagafrv. eða í fjárlögum kemur auðvitað við 3. umr. Menn hafa verið að leika sér hér með tölur eins og 8 milljarða. Ég hef ekki séð eða heyrt þá tölu fyrr en mér var sagt að hún hefði birst í DV. Það er ekki tala komin frá mér, ekki tala sem ég hef séð. Það eina sem ég held að við þurfum að átta okkur á er að þetta er ekkert óvenjulegt. Allar upplýsingar liggja fyrir og það er hárrétt sem hv. 2. þm. Vestf. sagði að það eru auðvitað nefndirnar sem taka ákvörðun um það hvort og hvenær 2. umr. og 3. umr. verður í málum eins og þessu.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég hefði líklega ekki ákveðið að leggja orð í belg ef mér hefði ekki fundist orð hæstv. utanrrh. hér áðan nokkuð sérkennileg. Hann tók einhvern veginn þannig til orða að því fleiri spurningar sem hér kæmu fram, því fleiri yrðu kvöld- og næturfundirnar á komandi vikum. Ég vil endilega að hæstv. utanrrh. geri sér fulla grein fyrir því að ráðherrarnir í

ríkisstjórninni stjórna því ekki hvenær eru haldnir fundir á Alþingi. Það eru forsetar á Alþingi sem ákveða það í samráði við þingflokkana. Í fyrsta lagi er það ekki við hæfi að hóta þingmönnum kvöld- og næturfundum af svo litlu tilefni sem hér var áðan. Í öðru lagi er alrangt að málið sé svona einfalt eins og hann vill vera láta. Ég held að reynsla manna af þingstörfum á undanförnum árum segi það nokkuð eindregið að því minna samstarf sem haft er við stjórnarandstöðuflokka um þingstörfin, því lengri tíma tekur yfirleitt að afgreiða mál, því erfiðara reynist að koma þeim fram.

Ég vil leyfa mér að fullyrða að stjórnarandstöðuflokkarnir á Alþingi hafi verið mjög samvinnufúsir um þinghaldið á þessu hausti og ég trúi því ekki að talsmenn stjórnarflokka ætli að halda öðru fram. En ég vara hæstv. utanrrh. eindregið við því að ætla að taka hér upp einhverja allt aðra siði með hótunum því að ég dreg mjög í efa að það muni auðvelda honum og öðrum ráðherrum að koma málum hér fram.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill taka undir það með hv. síðasta ræðumanni að það hefur ríkt góð samstaða um þinghaldið á þessum vetri og forseti væntir þess að svo megi verða áfram.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir það að hafa þó gert tilraun til þess að koma og veita einhver svör. Það er nú meira en hægt var að segja um hæstv. utanrrh. eins og fram kom hjá síðasta ræðumanni. Hins vegar var ræða hæstv. fjmrh. greinilega á þann veg að hann er í miklum vanda og það mátti lesa þar bæði í setningarnar og ég tala nú ekki um að lesa þar milli línanna. Það er alveg greinilegt á ræðu hæstv. fjmrh. að fjárlagafrv. er enn þá í uppnámi hjá ríkisstjórninni. Hún er töluvert langt frá því að vera búin að ná efnislegri lendingu í höfuðatriðum. Þess vegna er fjmrh. með þá fyrirvara hér að frv. geti tekið breytingum, jafnvel verulegum breytingum milli 2. og 3. umr.

Hæstv. ráðherra sagðist ekki hafa heyrt töluna 8 milljarðar. Ég ætla í sjálfu sér ekki að spyrja að því nákvæmlega hvaða tölu hann hafi heyrt. Hann gæti hafa heyrt töluna 7,8 eða eitthvað annað. En það liggur þó alveg fyrir að hann treystir sér ekki til þess að svara þeirri spurningu sem ég bar fram við hæstv. utanrrh. og hæstv. utanrrh. treystir sér ekki heldur til þess að svara, en það var sú spurning hvort það lægi nú fyrir á vettvangi ríkisstjórnarinnar að fjárlagafrv. yrði við 2. umr. með minni halla en það var lagt fram með. Það var eitt af höfuðatriðunum í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að afgreiða fjárlagafrv. með minni halla en var á frv. þegar það var lagt fram. Vegna þess að hvorki hæstv. utanrrh. né hæstv. fjmrh. hafa treyst sér til þess í dag að fullvissa þingið um það að nú standi vinnan þannig að horfur séu á að frv. sé nú með minni halla eftir efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar en það var þegar það var lagt fram þá má alveg draga af því þá ályktun að ríkisstjórninni hafi ekki enn þá tekist að koma fyrirheitum sínum í framkvæmd. Þá er auðvitað alveg fullkomið álitamál hvort það er ekki tímaeyðsla hér í þinginu að láta 2. umr. um fjárlagafrv. fara fram við þær aðstæður, hvort ekki er skynsamlegra og betri nýting á tíma þingmanna að nota morgundaginn í eitthvað annað og bíða þá með 2. umr. þar til ríkisstjórnin er tilbúin. Um þetta hljóta auðvitað fulltrúar þingflokkanna að ræða um og fjárln. síðar í dag.

Almannatryggingar og stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, 1. umr.

Stjfrv., 285. mál (mæðra- og feðralaun, slysatryggingar o.fl.). — Þskj. 415.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það frv. til laga sem hér er lagt fram á þskj. 415 tengist þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur samþykkt að leggja til við Alþingi til þess að lækka útgjöld fjárlaga í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að draga úr útgjöldum ríkissjóðs til þess að létta þrýstingi af lánastofnunum í því skyni að draga úr þrýstingi á vexti svo unnt sé að standa við fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um vaxtalækkun.

Nú þegar liggja fyrir hinu háa Alþingi þrjú lagafrumvörp sem tengjast þessu sama máli. Það er í fyrsta lagi frv. til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar þar sem gert er ráð fyrir því að Alþingi staðfesti samkomulag ríkisins og Sambands ísl. sveitarfélaga um að sveitarfélögin leggi Atvinnuleysistryggingasjóði til 500 millj. kr. í því skyni að hægt sé að beita því fé til þess að útvega atvinnu og ný verkefni fyrir það fólk sem ella hefði lent á atvinnuleysisskrá. Það frv. er til umræðu í þinginu og tengist þessum aðgerðum. Þar er um að ræða 500 millj. eins og áður var sagt.

Í öðru lagi er einnig í sjálfstæðu frv. til breytinga á lögum um Framkvæmdasjóð aldraðra þess efnis að heimilt verði að verja fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra til að greiða rekstrarkostnað við heilbrigðisstofnanir og verkefni í þágu aldraðra. Það er boðað í fjárlagafrv. að gert sé ráð fyrir því að 160 millj. kr. af því fé sem Framkvæmdasjóður hefur yfir að ráða verði á næsta ári notað til þess að greiða rekstrarkostnað vegna stofnana og viðfangsefna aldraðra.

Í þriðja lagi hefur verið lagt fyrir á Alþingi en ekki mælt fyrir því enn frv. til laga um heimild til þess að breyta þvottahúsi Ríkisspítalanna í hlutafélag og í greinargerð með því frv. kemur fram að það er að því stefnt að selja allt að 60 millj kr. í því hlutafélagi og renni þeir peningar til Ríkisspítalanna, enda er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að svo sé.

Aðrar breytingar sem tengjast aðgerðum ríkisstjórnarinnar og heilbrrn. til að draga úr útgjöldum og lagastoð þarf til eru í þessu frv. sem hér er fylgt úr hlaði. Auðvitað er ljóst að við höfum lagastoð fyrir ýmsum

þeim breytingum sem ráðgerðar eru til þess að draga úr kostnaði, bæði í sambandi við rekstur og tilfærslur í heilbr.- og trmrn., en við teljum okkur þurfa nokkrar lagabreytingar til viðbótar. Til þess að einfalda málið eru þær dregnar saman í eitt frv. svo að menn hafi heildaryfirsýn yfir þær lagabreytingar sem gera þarf til að ná umræddum markmiðum, en þá verða menn einnig að hafa í huga þau lagafrv. sem þegar hafa komið til afgreiðslu Alþingis.

Ef við förum í gegnum frv. sem hér er flutt og ég reyni að skýra nokkuð einstakar greinar þess, þá lúta fyrstu tvær greinarnar að því að fyrri lagagreinin gerir ráð fyrir því að árlegur barnalífeyrir verði hækkaður, þ.e. meðlag og barnalífeyrir sem fylgjast að, úr 7.551 kr. með barni eins og hann er í dag upp í 11.300 kr. á mánuði. Á móti er gert ráð fyrir því í 2. gr. að mæðra- eða feðralaun, sem eru 4.732 kr. á mánuði með einu barni, falli alfarið niður og lækki svo samsvarandi með fleiri börnum en einu. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því í síðstu mgr. 2. gr. að mæðra- og feðralaun falli niður einu ári eftir að viðtakandi skráir sig í þjóðskrá í óvígða sambúð með öðrum en foreldri barnsins eða barnanna, en í gildandi lögum er gert ráð fyrir því að mæðra- og feðralaun séu greidd í tvö ár eftir að viðtakandi launanna skráir sig í þjóðskrá í óvígða sambúð. Sá tími sem mæðralaun eru greidd eftir að óvígð sambúð hefst er þarna styttur úr tveimur árum í eitt ár. Sambærileg breyting er síðan gerð í 9. gr. frv. Sú breyting sem þar er gerð lýtur að því að biðtími þeirra, sem látið hafa skrá sig í óvígða sambúð eftir að fá sömu réttindi í almannatryggingakerfinu og hjón hafa, verði styttur úr tveimur árum í eitt ár. Þetta er gert til samræmis við ákvæðið í síðustu mgr. 2. gr. Ef fólk skráir sig í sambúð gerist hvort tveggja, ef frv. verður samþykkt, að greiðslutími mæðra- eða feðralauna styttist um eitt ár og biðtími eftir réttindum í almannatryggingakerfinu eins og um hjón væri að ræða styttist einnig úr tveimur árum í eitt ár. Í þessu sambandi, þó að það komi þessu máli ekki við sem hér er flutt, væri auðvitað nauðsynlegt að skoða sambærilegt ákvæði í skattalögum. Þar er gert ráð fyrir því að það þurfi að líða tvö ár frá því að fólk skráir sig í óvígða sambúð þar til hægt er að nota ónýttan persónuafslátt eins og um hjón væri að ræða. Ég tel að þessi ákvæði í skattalögum þyrfti að skoða með sama hætti og stytta þennan tíma um eitt ár þannig að fullt samræmi væri milli þessara atriða í almannatryggingalögum og skattalögum.

Ef ég reyni að gera nokkra grein fyrir samvirkandi áhrifum þeirra breytinga sem verið er að gera í 1. og 2. gr., þá eru þær þessar: Fjöldi framfærenda sem nýtur mæðralauna og meðlags eða barnalífeyris með einu barni er 5.555. Fjöldi þeirra sem njóta meðlagsgreiðslna og barnalífeyris vegna tveggja barna er 2.031, vegna þriggja 627, vegna fjögurra 76 og vegna fimm alls 8. Alls er því hér um 8.298 einstaklinga að ræða sem njóta mæðralauna, meðlaga og/eða barnalífeyris. Greiðendur meðlaga eru sennilega í flestum tilvikum nokkru fleiri vegna þess að a.m.k. þegar um fleiri börn en þrjú er að ræða er líklegt að meðlagsgreiðendur séu fleiri en einn. Sú niðurstaða að 8.298 einstaklingar njóti mæðralauna, meðlaga og/eða barnalífeyris segir að sjálfsögðu ekki til um fjölda þeirra sem meðlög greiða. Í fyrsta lagi geta það verið, eins og ég sagði áðan, fleiri einstaklingar en þeir sem greiðslurnar fá og í öðru lagi er einnig ljóst að sumir sem ella hefðu greitt meðlög eru látnir eða af öðrum ástæðum er það hið opinbera sem innir af hendi meðlagsgreiðslurnar í formi barnalífeyris.

Hver eru áhrifin af þessum breytingum? Áhrifin af þessum breytingum eru þau að hvað varðar framfærendur sem hafa eitt barn á framfæri sínu, þá hafa þeir í núverandi kerfi 4.732 kr. í mæðralaun og 7.551 kr. í meðlag eða barnalífeyri eða samtals 12.283 kr. Verði þessi ákvæði samþykkt, þá falla niður mæðralaunin en meðlagið hækkar í 11.300 kr. Niðurstaðan er sú að þarna er um skerðingu að ræða upp á 983 kr. Framfærendur tveggja barna fá nú í mæðra- eða feðralaun 12.398, í barnalífeyri eða meðlagi 15.102 eða 27.500 kr. samtals en samkvæmt nýja kerfinu fengi viðkomandi mæðralaun 3.000 kr., barnalífeyri og meðlag 22.600 eða samtals 25.600 og skerðing gæti þá numið 1.900 kr. á mánuði. Varðandi framfærendur þriggja barna eru þeir 627 sem þessara réttinda njóta og fá nú 21.991 kr. í mæðralaun, 22.653 kr. í barnalífeyri eða samtals 44.644 kr., fengju samkvæmt hinu nýja kerfi 7.800 í mæðralaun, 33.900 í meðlag eða barnalífeyri eða samtals 47.100 og skerðing gæti numið allt að 2.944 kr. Framfærendur fjögurra barna eru 76. Mæðralaun í dag eru 21.991, barnalífeyrir eða meðlag 30.204, samtals 52.195, en yrði eftir þessa breytingu ef samþykkt yrði 7.800 kr. í mæðralaun, 45.200 í meðlag eða barnalífeyri, samtals 53 þús. kr. eða 805 kr. viðbótarstuðning á mánuði umfram þann sem veittur er samkvæmt núgildandi kerfi. Og framfærendur fimm barna í þessu kerfi eru átta talsins, fá í dag í mæðralaun 21.991, í barnalífeyri eða meðlagi 37.755, samtals 59.746, en eftir breytingu 7.800 í mæðralaun, 56.500 í barnalífeyri eða meðlag, samtals 64.300. Stuðningur við slíka fjölskyldu eykst þá frá því sem nú er um 4.554 kr.

Allt það sem hér er nefnt um breytingar og áhrif þeirra miðast við það að hér sé um fólk að ræða sem er undir skattleysismörkum, en auðvitað breytist þetta ef um er að ræða aðila sem eru yfir skattleysismörkum vegna þess að þá vinnur þessi kerfisbreyting í mörgum tilvikum með fólki vegna þess að hækkun barnalífeyris eða meðlags gengur ekki inn í skattstofn tekjuskatts og er því skattlaus en mæðra- og feðralaunin eru hins vegar skattlögð þannig að þeir sem eru yfir frítekjumörkum í skatti fá í sumum tilvikum meiri lagfæringu en þarna er verið að gefa til kynna þegar tillit er tekið til þeirra áhrifa sem tekjuskattsálagningin hefur á þeirra kjör.

Um breytingarnar að öðru leyti er það að segja að í dag greiða meðlagsgreiðendur um 700 millj. kr af meðlaginu en um 200 millj. kr. falla samkvæmt núgildandi kerfi til Innheimtustofnunar sveitarfélaga sem hefur síðan endurkröfurétt gagnvart þeim sem ekki hafa staðið skil á sínu meðlagi. (**SvG:** Vill ráðherrann

endurtaka þessar tölur?) 700 millj. kr. og af því falla um 200 millj. kr. á Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Heildaráhrifin af þeim aðgerðum sem hér er lýst eru upp á 486 millj. kr. eða þar um bil. Þar að auki koma áhrifin af síðustu mgr. 2. gr., sem ég lýsti hér áðan, sem er upp á 10–15 millj. kr. Heildaráhrif til lækkunar á útgjöld ríkisins af 1. og 2. gr. eru því upp á um það bil 500 millj. kr. Þar af bera meðlagsgreiðendur um það bil 350 millj. kr. en afgangurinn fellur á ríkissjóð. Má segja að ríkissjóður spari sér þar nokkurt fé vegna þess að, eins og ég sagði áðan, hann getur bætt upp tekjutap af skattlögðum stuðningi, eins og mæðralaunum með greiðslu barnalífeyris, sem ekki er skattlagður og því er „ódýrara" að viðhalda sömu kaupgetu með því að lækka hina skattskyldu greiðslu, meðlagið, en hækka hina óskattskyldu greiðslu, barnalífeyrinn, og þá um færri krónur en meðlagið lækkar. Það er því alveg ljóst að þessi breyting gerir það að verkum að meðlagsgreiðendur þurfa að taka á sig 350 millj. kr. af þessum 500 millj. kr. sparnaði fyrir ríkissjóð. Afgangurinn skýrist m.a. af þessum mismun á skattlagningu á mæðralaunum versus óskattlagðar greiðslur barnalífeyris og meðlaga og einnig tekur ríkissjóður að sjálfsögðu að sér greiðslu barnalífeyris fyrir þá aðila sem eru látnir eða eru af öðrum ástæðum ekki í færum til þess að greiða sínar meðlagsgreiðslur, eru vistaðir á stofnunum eða annað slíkt.

Ég vil aðeins taka fram að ég tel mjög nauðsynlegt að skoða saman hvernig sú tillaga sem er gerð í 1. og 2. gr. vinnur með hliðsjón af þeim breytingum sem lagt hefur verið til að gera í skattalögum varðandi breytingar á barnabótum og barnabótaauka. Þarna erum við að verulegu leyti að ræða um sama hópinn. Í sumum tilvikum eru þær aðgerðir sem ég hef hér lýst til skerðingar, þ.e. þær aðgerðir sem hér er gripið til varðandi barnalífeyri og mæðra- og feðralaun. En á móti kemur að þær aðgerðir, sem boðaðar eru í frv. hæstv. fjmrh. til breytingar á barnabótareglum og reglum um meðferð barnabótaauka, koma til móts við þær breytingar sem hér eru lagðar til. Það er því nauðsynlegt að skoða þessi kerfi saman og sjá hver eru nettóáhrif þessara tveggja breytinga á kjör þess fólks sem hér um ræðir.

Í því sambandi vil ég geta þess að ekki alls fyrir löngu kynnti ég niðurstöður nefndar sem hafði unnið á vegum heilbrrn. og með þátttöku fulltrúa fleiri ráðuneyta að athugun á málefnum einstæðra foreldra. Niðurstaða þeirrar nefndar varð m.a. sú að það væri nauðsynlegt að skoða þessi mál í heild vegna þess að þetta aðstoðarkerfi er annars vegar í almannatryggingalögunum, eins og hér er verið að ræða um, og hins vegar í skattalögum. Nefndin benti á að menn hefðu oft ekki varað sig á því að bera saman áhrif þessara tveggja kerfa þegar menn væru að gera á þeim breytingar. Menn tækju of oft það ráð að gera breytingar á öðru án þess að huga að hvaða áhrif það hefði á hitt. Við hefðum gjarnan viljað það í heilbr.- og trmrn. að menn hefðu stokkað þessi kerfi saman, þ.e. vera ekki annars vegar með aðstoð gegnum almannatryggingakerfið, þar sem hluti aðstoðarinnar er skattlagður, og hins vegar með skattaívilnanir gegnum skattkerfið heldur reyndu menn að koma sér niður á eitt og sama form þessarar aðstoðar. Því miður gafst ekki tími til þess að vinna það mál áður en frá þessu frv. var gengið. Við höfum hins vegar sammælst um það, ég og fjmrh., að beita okkur fyrir því að sú vinna hefjist þegar á nýju ári þannig að þá geti komið fram sú kerfisbreyting sem ég tel að við þurfum að gera og það samræmi sem ég tel að þurfi að hafa í þessum efnum. Engu að síður vil ég ítreka það að hv. heilbr.- og trn. skoði í samvinnu við fjh.- og viðskn. hver nettóáhrif þeirra breytinga sem hér eru boðaðar í tveimur frumvörpum eru.

Aðeins örfá orð um hækkun meðlagsins. Eins og áður hefur fram komið hafa verið færð ýmis rök að því að meðlagsgreiðslur eins og þær hafa verið, þ.e. 7.551 kr. með barni, væru hvergi nærri nægilegar til þess að greiða helminginn af framfærslukostnaði barns. Athuganir hafa verið gerðar, m.a. af Félagi einstæðra foreldra, á því hver sé raunverulegur framfærslukostnaður barns. Niðurstaðan hefur verið sú úr þeim athugunum að hann væri miklu hærri en svo að þetta meðlag nægði til þess að standa undir lágmarkskostnaði við framfærslu barns. Við getum einnig skoðað reglur um það annars staðar. Við getum t.d. athugað hvernig Lánasjóður ísl. námsmanna metur framfærslukostnað barns. Ef ég man það rétt metur Lánasjóður ísl. námsmanna framfærslukostnað barns í kringum 24–25 þús. kr. á mánuði, einhvers staðar á því bili. Helmingurinn af þeirri framfærslubyrði er rétt rösklega 12 þús. kr. Þrátt fyrir þá hækkun sem hér hefur verið lögð til á meðlögum, 7.551 kr. í 11.300 kr., nægir sú hækkun ekki til þess að framfærslubyrði þess foreldris sem meðlagið greiðir nægi til þess að greiða hálfan framfærslukostnað barns eins og sá kostnaður er metinn t.d. í reglum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það eru því líkur á að þrátt fyrir þessa hækkun nægi meðlag ekki enn til þess að greiða raunverulega helminginn af framfærslukostnaði barns. A.m.k. nægir meðlagið, eins og það yrði eftir þessar breytingar, ef samþykktar yrðu, ekki til þess að greiða helminginn af framfærslukostnaði barns eins og reglur Lánasjóðs ísl. námsmanna gera ráð fyrir að hann sé og er langt í frá að fullnægja því að greiða helming af framfærslukostnaði barns eins og hann er talinn vera samkvæmt mati sem Félag einstæðra foreldra gerði á þeim málum.

Með þessu er ég síður en svo að breiða yfir það að kjarninn í þeim aðgerðum sem hér eru lagðar til er að sjálfsögðu sá að verið er að auka þátt framfærenda barna í framfærslubyrði fjölskyldna einstæðra foreldra án þess að verið sé með því að bæta kjör þessara fjölskyldna. Í sumum tilvikum eru áhrifin þau að kjörin verða ekki betri heldur nokkru lakari eftir en áður þó að það fari dálítið eftir því hvort um er að ræða fólk sem er með tekjur undir frítekjumörkum eða yfir. Einnig fer það talsvert eftir því hvernig áhrifin af barnabótum og barnabótaauka og breytingunum sem þar eru gerðar vinna inn á þetta kerfi.

Þá komum við að 3., 4. og 5. gr. frv. Þær lúta að slysatryggingum ökumanna og eru fyrsta skrefið sem

stigið er til þess að færa slysatryggingarnar út úr almannatryggingakerfinu og á hinn frjálsa markað.

Hinn 3. febr. sl. skipaði ég nefnd til að kanna hvort og með hvaða hætti vátryggingafélög geta tekið að sér slysatryggingar almannatrygginga. Í þessa nefnd voru skipaðir Jón Sæmundur Sigurjónsson, hagfræðingur í heilbrrn., sem er formaður nefndarinnar, samkvæmt tilnefningu tryggingaeftirlitsins Rúnar Guðmundsson skrifstofustjóri, samkvæmt tilnefningu Alþýðusambandi Íslands Lára V. Júlíusdóttir framkvæmdastjóri, samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambandsins Hannes G. Sigurðsson aðstoðarframkvæmdastjóri og samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. tryggingafélaga Bjarni Þórðarson framkvæmdastjóri og Sigmar Ármannsson framkvæmdastjóri.

Nefndin hefur haldið 10 fundi og eru nefndarmenn sammála um að vinna að því að flytja slysatryggingar út á hinn frjálsa markað. Ýmis vandkvæði koma hins vegar upp samkvæmt þeim flutningi og má þar nefna t.d. slysatryggingarákvæði gagnvart sjómönnum o.fl.

Nefndin mun ekki ljúka störfum fyrir áramótin en hún leggur til að ráðist verði í fyrsta áfanga um tilfærslur slysatrygginga og verði það gert þannig að fella niður slysatryggingu ökumanns með breytingum á lögum um almannatryggingar og taki sú breyting gildi frá og með 1. jan. nk. Skv. 92. gr. umferðarlaganna, nr. 50/1987, ber eiganda ökutækis skylda til ábyrgðartryggingar sem er næstum því eins og varðar slysatryggingu ökumanns. Slys samkvæmt ákvæðum slysatryggingarákvæða almannatryggingalaganna eru þó víðtækari hvað varðar bótaskyldu en þau slys sem ábyrgðartrygging tryggir fyrir. Þarna er um að ræða tryggingu sem slysatryggingar veita ökumanni sem vinnur við viðgerðir við bifreið sína eða við bón og þvott bifreiðarinnar en ábyrgðartryggingin tekur ekki til trygginga í slíku tilviki.

Að meginhluta til er hins vegar slysatrygging almannatryggingalaganna nákvæmlega sú sama og slysatryggingin í ábyrgðartryggingu ökumanna. Þarna er því raunar um tvítryggingu að ræða og veitir hún ekki ökumönnum meiri réttindi umfram ábyrgðartryggingu ökutækja en það sem ég greindi hér áðan, þ.e. tryggingu ef um er að ræða viðgerðarvinnu við bifreið eigandans eða þvott og bón.

Ef slysatrygging ökumanns verður felld niður frá 1. jan. 1993 eins og frv. gerir ráð fyrir hefur það eftirfarandi í för með sér:

1. Slysatrygging eins ökumanns verður upp frá því á einum stað, þ.e. hjá því vátryggingafélagi sem eigandi skráningarskylds vélknúins ökutækis hefur skyldutryggingu hjá.

2. Slysatilvik sem lúta að ýmiss konar meðhöndlun ökutækis eins og ég nefndi hér áðan, viðgerð, þvott og bón, verða ekki lengur tryggð þar sem vátrygging samkvæmt umferðarlögunum er þrengri að þessu leyti en slysatrygging almannalaga.

3. Slysabætur vegna ökumanna voru tæpar 166 millj. kr. fyrir árið 1991. Ef gert er ráð fyrir svipuðu verðlagi þýðir það að útgjöld árið 1993 verða allt að 140 millj. kr. en dragast síðan hratt saman á næstu árum og verða t.d. eftir 5 ár orðin u.þ.b. 15 millj. kr. á ári.

4. Slysatryggingardeild verður af iðgjöldum sem áætlast 185 millj. kr. á ári miðað við álagningu ársins 1992. Iðgjöld þessi eru innheimt í upphafi hvers árs fyrir sérhvert skráningarskylt ökutæki og voru kr. 1.215 árið fyrir árið 1992. Iðgjöldin eru innheimt með bifreiðagjaldaseðli.

5. Slysatrygging sú sem félli niður þann 1. jan. 1993 tæki til ökumanna bifreiða, þungra og léttra bifhjóla, vélsleða, torfærutækja og það sem hér er kallað heimilisdráttarvélar sem eru dráttarvélar eins og almennt eru í notkun á búum bænda en ekki stærri jarðvinnslutæki.

Eins og fram hefur komið af þessum ábendingum er hér um gegnumstreymistryggingu að ræða, þ.e. iðgjald þessara trygginga myndar ekki varasjóð heldur er eingöngu við það miðað að greiða bætur sem skapast hafa á árinu á undan, enda er tekin ákvörðun um iðgjaldið í lok hvers árs. Þegar niður fellur sú trygging, sem hér er gert ráð fyrir, þurfa menn á næsta ári þó engin ný tjónstilfelli bætist við að gera ráð fyrir því að innheimta áfram iðgjaldið til að standa undir þeim greiðslum sem stafa af ábyrgðum sem hafa fallið á slysatryggingar frá fyrri árum og ábyrgðum sem falla á slysatryggingarnar á árinu 1992. Ekki er ráð fyrir því gert hér enda verður það að koma inn í lög sem falla undir annað ráðuneyti, þ.e. fjmrn. Þarna er eingöngu gert ráð fyrir að stigið sé það skref sem umrædd nefnd leggur til og er samdóma um að leggja til að felld verði niður slysatryggingaákvæði almannatryggingalaga á næsta ári sem yrði fyrsta skrefið í því að færa slysatryggingarnar út á hinn frjálsa markað. Ég ítreka það að ríkisstjórnin gerir að sjálfsögðu ráð fyrir því að flytja um það lagafrv. að iðgjald þetta verði framlengt með einum eða öðrum hætti. Enda skortir það til að standa straum af því tjóni sem skapast hefur á árinu 1992 og kemur til greiðslu á árinu 1993 og tjónum vegna fyrri ára. Það er eðli gegnumstreymistryggingar að hún gerir ekki ráð fyrir að safna upp varasjóðum til að greiða fyrir slík tilvik og þess vegna verður að gera ráð fyrir því að hinir tryggðu greiði iðgjald nokkru lengur.

Þá komum við að 6. gr. frv. Þar er um að ræða tvo töluliði þar sem gerð er tillaga um breytingu á því fyrirkomulagi sem nú gildir í almannatryggingalögum. Í fyrsta lagi er lagt til að þeir skilmálar verði settir í lög um almannatryggingar að því aðeins taki sjúkratryggingar þátt í greiðslu kostnaðar vegna rannsókna og aðgerða hjá sérfræðingum að um sé að ræða tilvísun frá heilsugæslulækni eða heimilislækni. Þó er gerð sú undantekning sem fram kemur í síðari málsl. 1. tölul. 6. gr. frv., en þar segir, með leyfi forseta: „Með reglugerð skal sömuleiðis setja nánari reglur um notkun tilvísana, þar á meðal í hvaða tilvikum og með hvaða hætti Tryggingastofnun ríkisins geti tekið þátt í greiðslu kostnaðar vegna rannsókna og aðgerða hjá sérfræðingum þó sjúklingur hafi ekki tilvísun."

Með öðrum orðum er opnað fyrir þann möguleika

að í sérstökum tilvikum sé hægt að gera ráð fyrir því að sjúkratryggingar taki þátt í kostnaði vegna læknishjálpar hjá sérfræðingi eða í rannsóknarkostnaði á vegum sjálfstætt starfandi sérfræðinga þó að sjúklingur hafi ekki tilvísun en þá að sjálfsögðu verður að öllum líkindum um að ræða minni þátttöku sjúkratrygginga í þessum kostnaði en ef um tilvísun væri að ræða.

Ástæðan fyrir því að þetta er tekið upp er einfaldlega sú að þetta er sú aðferð sem flestar þjóðir hafa aðhyllst í einu eða öðru formi í því skyni að koma í veg fyrir að kostnaður vegna sérfræðilækninga vaxi án þess að menn hafi á því einhverja stjórn.

Núgildandi kerfi eins og það er framkvæmt hjá okkur Íslendingum á sér hvergi hliðstæðu. Það er í stórum dráttum þannig að samið hefur verið við sérfræðinga um ákveðinn taxta fyrir sérfræðilæknishjálp og rannsóknir. Það eina sem sérfræðingur þarf til að geta hafið störf samkvæmt þeim samningi er að tilkynna til Tryggingastofnunar ríkisins að hann hafi opnað stofu og fengið til þess heimild heilbrrn. en það fær sérfræðingurinn hafi hann öll tilskilin gögn í lagi um að hann hafi lokið þeirri sérfræðimenntun og fengið þá sérfræðiviðurkenningu sem slíkt krefst. Það eina sem þarf til að sérfræðingur geti hafið störf og vísað á Tryggingastofnun ríkisins er að hann tilkynni Tryggingastofnun ríkisins að hann hafi opnað stofu og er enginn frekari hemill á fjölda sérfræðinga. Ekki er heldur, eins og í mörgum öðrum löndum, gert ráð fyrir því að unnið sé fyrir fast verð heldur er það mat sérfræðinganna sjálfra hversu mikla þjónustu þeir veita. Tryggingastofnun ríkisins hefur einvörðungu þá skyldu að borga alla reikninga sem fram er vísað.

Svona kerfi er hvergi annars staðar í veröldinni svo mér sé kunnugt um. Þvert á móti reyna menn að hafa einhverja stjórn á þeim fjármunum sem með þessum hætti er varið. Í flestum tilvikum er það gert þannig að litið er á það sem hluta af heilsugæslu að veita sjúklingi þá sérfræðiþjónustu sem hann þarf. Það er talið vera verkefni heilsugæslunnar og hluti af heilsugæslunni að tryggja það og því er það lagt í vald heilsugæslulæknanna og heimilislæknanna að ákveða hvort ástæða sé til að vísa sjúklingi áfram til sérfræðilæknishjálpar og til rannsókna eða ekki. Með þessu er að sjálfsögðu ekki verið að banna sjúklingum að leita beint til sérfræðinga. Hins vegar er eingöngu verið að segja að þeir skilmálar séu á niðurgreiðslu ríkisins á þeirri þjónustu að um sé að ræða að viðkomandi hafi áður leitað sér læknishjálpar hjá heimilislækni og fengið þar ráðleggingar um hvert hann skuli fara.

Í 2. tölul. 6. gr. er gert ráð fyrir því að sú breyting verði gerð hvað varðar skilmála um fortakslausa greiðslu almannatrygginga á öllum lyfjakostnaði vegna einstakra lyfja að því ákveði í lögum, sem segir að slík greiðsluskylda af hálfu sjúkratrygginga sé fortakslaus sé um brýna nauðsyn að ræða, verði breytt til þess horfs sem hér segir að því aðeins sé greiðsluskylda fortakslaus að um sé að ræða lyf sem sjúkratryggðum er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri. Þessi ákvæði voru í lögum á Íslandi þar til fyrir u.þ.b. 20 árum eða tæplega það. Þessi ákvæði eru t.d. í lögum í Danmörku.

Við teljum rétt að gera þessa breytingu nú vegna þess að það sjúklingi sé brýn nauðsyn á að nota lyf er mjög vítt hugtak og almennt því það er hægt að gagnálykta og spyrja svo: Á hvaða lyf vísa læknar sjúklingum sem ekki er brýn nauðsyn á að þeir fái? Væri þá hægt út af fyrr sig að segja að þau lyf væru ekki mörg þar sem ekki væri brýn nauðsyn að sjúklingur fengi lyfið og þess vegna ætti samkæmt orðanna hljóðan greiðsluskylda ríkisins á lyfjum að vera næsta almenn. Hér eru tekin af öll tvímæli um það. Þarna er því verið að þrengja ákvæði almannatryggingalaga að þessu leytinu til.

Í öðru lagi er sett inn ákvæði sem einnig er nýtt og kemur fram í síðasta málslið 2. tölul. 6. gr., en þar segir, með leyfi forseta:

„Eftir að lyf hefur verið skráð hér á landi skal heilbr.- og trmrn. ákveða hvort sjúkratryggingar taki þátt í greiðslu viðkomandi lyfs."

Eins og nú háttar fer það saman að lyf sé skráð hér á landi, þ.e. að heimilt sé að vísa á lyfið, gefa út lyfseðla á það, og að hið opinbera taki þátt í kostnaði þess sem lyfið fær. Ef af EES-aðild Íslands verður er alveg ljóst að lyfjum á íslenskri lyfjaskrá mun fjölga mjög mikið. Þó ekki væri nema bara af þeirri ástæðu er nauðsynlegt að koma hér upp sambærilegu kerfi og er víðast hvar í kringum okkur að um tvær sjálfstæðar ákvarðanir sé að ræða. Í fyrsta lagi hvort heimilt sé að skrá lyf á íslensku lyfjaskrána og heilbrigðisyfirvöld heimili notkun lyfsins hér á landi, það sé sjálfstæð ákvörðun. Einnig sé það sjálfstæð ákvörðun að hve miklu leyti almannatryggingarnar taka þátt í greiðslu kostnaðar vegna lyfsins. Það er sem sagt lagt til að sú aðferð verði staðfest í lögum að þessar tvær ákvarðanir séu alveg sjálfstæðar og hvor annarri óháðar.

Varðandi 7. gr. er það svo að segja að eins og nú standa sakir er gert ráð fyrir því að öll forvarnaþjónusta í tannheilbrigðismálum, þ.e. penslun, skoðun, skorufylling og fræðsla sé veitt ókeypis en fólk greiði að öðru leyti fyrir tannlæknishjálp 15%, að mig minnir, sem er hin almenna regla. Hér er lögð til sú breyting að engin tannlæknahjálp verði alfarið ókeypis heldur verði um að ræða greiðsluþátttöku þeirra sem tannlæknishjálpar njóta í öllum tilvikum þannig að lágmarksgreiðsluþátttaka sé ávallt 25% þó með þeirri undantekningu að fólk sem dvelur á stofnunum, svo sem þroskaheftir, elli- eða örorkulífeyrisþegar sem eru á hjúkrunarstofnunum og fleiri slíkum stofnunum, þarf ekki að greiða fyrir tannlæknahjálp. Hún er veitt ókeypis eftir sem áður og greidd af þeim stofnunum sem þeir vistast hjá.

Áhrifin af þessum breytingum eru metin á u.þ.b. 200 millj. kr. lækkun á útgjöldum ríkisins vegna tannlæknishjálpar. Það er nokkuð mismunandi eftir einstökum aldursflokkum þeirra sem hjálparinnar njóta og eftir því hvort leitað er til skólatannlækna þar sem möguleiki er að leita til þeirra eða einkalækna. Það hefur verið reynt að leggja mat á hvaða kostnaðarleg áhrif þetta hefði að meðaltali á barn í fjölskyldu. Hér er um að ræða kostnað sem metinn er lægst 1.350 kr.

en hæst 1.900 kr. á ári að meðaltali. Þær tölur sem nefndar hafa verið um aukinn kostnað á barn upp að allt að 10.000 kr. eru gjörsamlega úr lausu lofti gripnar. Þarna er um að ræða fjárhæðir á bilinu frá 1.350 kr. og upp í 1.900 kr. á ári.

Ég ætla ekki hér, virðulegur forseti, að fara yfir þær breytingar sem verða innan hinna einstöku hópa sem njóta niðurgreiðslu Tryggingastofnunar ríkisins vegna tannlæknishjálpar. Ég vil ekki lengja tímann með því en mun koma þeim upplýsingum á framfæri við þá hv. alþm. sem þess óska auk þess sem þær upplýsingar verða að sjálfsögðu lagðar fyrir nefndina.

Þá eru í 8. gr. ákvæði um að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins sé heimilt að viðhafa útboð varðandi þá þjónustu sem sjúkratryggingadeild greiðir sem er til þess fallin að hægt sé að viðhafa útboð. Slík þjónusta er t.d. utanspítalarannsóknir sem nú eru framkvæmdar af ýmsum aðilum. Þar er um að ræða nokkuð þekkta stærð þjónustu sem hægt er að bjóða út og þeir aðilar sem vinna þau verk í dag geta hæglega tekið að sér slík verk í útboði. Það er tiltölulega auðvelt fyrir heilbrigðisyfirvöld að gera sér grein fyrir út frá hvaða kostnaði unnt væri að ganga í mati á slíkum útboðum. Til þess að þetta sé hægt verður að breyta lögum vegna þess að núgildandi lög gera að vísu ráð fyrir því að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins sé heimilt að bjóða út en þau gera ekki ráð fyrir því að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins geti tekið neinu tilboði. Það náttúrlega gengur ekki að mönnum sé bara heimilt að bjóða út en ekki að ganga frá tilboðum sem menn fá með þeim hætti sem útboðsákvæði almennt gera ráð fyrir. Það ákvæði sem er í núgildandi lögum um heimild Tryggingastofnunar ríkisins til útboða er ekki virkt. Það er ekki hægt að nota það. Það var sett inn í lögin í fyrra og væntanlega hefur mönnum í heilbr.- og trn. ekki verið ljóst að eins og frá málinu var gengið var einungis hægt að bjóða út en ekki hægt að afgreiða nein tilboð. Til þess að svo verði verður að taka af öll tvímæli í lagatexta og þarna er gert ráð fyrir því að reglurnar sem settar verða verði í meginatriðum þær sömu og gilda í lögum um opinberar framkvæmdir þannig að, eins og segir í greininni, sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins sé heimilt að semja við stofnanir, fyrirtæki eða einstaklinga um þá þjónustu sem henni ber að veita samkvæmt lögum þessum. Slíkan samning má gera í framhaldi af útboði og síðan er hægt að ákveða hvaða tilboði skuli taka eða hvort öllum skuli hafnað. Ef tilboð eru óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg getur sjúkratryggingadeild ráðstafað verkinu á grundvelli fasts samningsverðs.

Þetta er sambærilegur lagatexti og er grundvöllur fyrir öllum opinberum útboðum og er í lögum um opinberar framkvæmdir.

Um 9. gr. hef ég þegar rætt.

II. kafli um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum lýtur að, eins og nú háttar, skyldutryggingu allra þeirra báta sem eru undir 100 smálestum. Sú skyldutrygging er hjá vélbátaábyrgðarfélögunum sem eru átta talsins og starfa víðs vegar um land. Í tengslum við EES-umræðuna, og þó svo að hún kæmi ekki til heldur af efnislegum ástæðum, hafa lengi verið uppi beiðnir um það að fella niður þessa skyldutryggingu, (Gripið fram í.) hvort tveggja efnislegar ástæður, þá hafa komið fram óskir um það að fella hana niður. Í heilbrrn. hefur verið lokið samningu frv. um það.

Þá þurfa menn einnig að gera ráð fyrir því hvað á þá að verða um vélbátaábyrgðarfélögin og um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum sem er endurtryggingarfélag vélbátaábyrgðarfélagnna. Tillaga um afgreiðslu þessara tveggja mála er ekki gerð hér, þ.e. það er ekki verið að ræða um að fella niður skyldutryggingu báta undir 100 smálestum. Það er heldur ekki gerð tillaga um það hvernig kveða á í lögum um eignarform eða framhaldsrekstur vélbátaábyrgðarfélagnna enda kemur hvorugt þeirra atriða fjárlagaafgreiðslu við. Það eru atriði sem verða lögð fyrir Alþingi mjög bráðlega í sérstöku frv. þar um. Það sem kemur hins vegar fjárlagaafgreiðslunni við er að það er niðurstaða okkar í heilbr.- og trmrn., og við styðjumst þar við túlkun lögmanns Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, að Samábyrgð Íslands á fiskiskipum sé eign ríkisins. Það er gerð tillaga um það í þessum kafla að það verði stofnað hlutafélag um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Það hlutafélag verði í eigu ríkisins, enda er ríkið eigandi að Samábyrgðinni samkvæmt skoðun okkar í heilbrrn. og samkvæmt áliti umræddS lögmanns, og síðan verði veitt heimild til þess að selja hlutabréf þau sem ríkið mundi eignast í Samábyrgð Íslands á fiskiskipum hf. ef þessi ákvæði í 11. til og með 17. gr. yrðu að lögum. Þau ákvæði eru algerlega sambærileg og þau sömu í öllum efnisatriðum og sett hafa verið í frumvörp þar sem um það er að ræða að breyta rekstri ríkisstofnana í hlutafélagsform. Það er gert ráð fyrir því að þessi sala skili ríkissjóði í tekjur 174 millj. kr. en það er matið á eignum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Kemur það inn í þessa afgreiðslu sem sérstök viðbótartillaga ríkisstjórnarinnar og heilbrrn. sem ekki lá fyrir í fjárlagafrv. Það kemur því sem viðbótartekjur í ríkissjóð frá því sem þar er gert ráð fyrir.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir efnisatriðum þessa frv. Sjálfsagt koma ýmsar spurningar upp hjá hv. þm. Ég mun reyna að svara þeim eftir því sem ég best get. Sjálfsagt verða einhverjar sem við í heilbr.- og trmrn. getum ekki svarað til fullnustu nú en ég legg áherslu á að ná góðu samstarfi við hv. heilbr.- og trn. við úrvinnslu málsins og ítreka þá ósk mína að heilbr.- og trn. og fjh.- og viðskn. beiti sér fyrir því að skoða saman og meta áhrifin af þeim breytingum sem hér er verið að gera varðandi barnalífeyri og greiðslu mæðra- og feðralauna annars vegar og þær breytingar sem verið er að gera á meðferð barnabóta og barnabótauka í skattkerfinu svo heildarmyndin af þessum breytingum gagnvart þeim hópi sem er sameiginlegur og nýtur eða geldur þessara breytinga, eftir því hvernig á það er litið, komi fram. Ef um er að ræða einhver mistök sem þar hafa verið gerð og unnt er að leiðrétta geri menn það.

Virðulegi forseti. Ég legg svo til að að lokinni þess-

ari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Útbýting þingskjals:

Lánsfjárlög 1992, 279. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 429.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbr.- og trmrh. gerði í upphafi síns máls grein fyrir nokkrum frv. sem hafa verið lögð fyrir Alþingi. Fyrir sumum hefur verið mælt og þeim vísað til hv. heilbr.- og trn. Önnur liggja óafgreidd frá þinginu í nefnd, þar á meðal það stóra mál sem hér liggur fyrir. Staðreyndin er hins vegar sú, ef ég skil það rétt, að það á að afgreiða öll þessi mál fyrir jólin og þau eru öll grundvöllur að því að þær tölur sem settar hafa verið í fjárlagafrv. eigi að geta staðist. Ég þekki það úr starfi hv. heilbr.- og trn. að við erum ekki farin að vinna í neinum af þessum málum svo vit sé í. Þau hafa verið send út til umsagnar en þegar þetta stóra mál bætist við önnur sem þarf að ganga frá hygg ég að nefndin þurfi að halda fleiri fundi en einu sinni í viku til jóla ef þetta á allt saman að ganga upp. Það get ég fullvissað hæstv. heilbr.- og trmrh. um að stjórnarandstaðan mun auðvitað ekki leggja sig fram við að tefja þau mál sem þarna eru en vill auðvitað fá að skoða þau efnislega. Það veit ég að varðandi lögin um málefni aldraðra, breytinguna á þeim, óskuðum við eftir því strax við 1. umr. málsins að fá upplýsingar um skuldbindingar sjóðsins á næsta ári. Þær hafa ekki borist nefndinni enn, það var ítrekað á síðasta fundi. Svo ég lýsi minni skoðun á því, ég gerði það við 1. umr., að þá vil ég skoða það mál með opnum huga. Það gegnir kannski svolítið öðru um það mál sem hér er á döfinni. Ég er ekki alveg viss um að ég verði eins jákvæður gagnvart því og lögunum um málefni aldraðra vegna þess að hér finnst mér margt vera að.

Þessi bandormur, sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur mælt fyrir, tekur til breytinga á lífeyristryggingum, til breytinga á barnalífeyri og mæðra- og feðralaunum. Í öðru lagi tekur hann til breytinga á slysatryggingum eða breytinga á vátryggingu ökumanns. Í þriðja lagi tekur hann til breytinga á sjúkratryggingunum og að sett verði á tilvísanakerfi, breytingu á lyfjakostnaði, tannlækningum og því að grundvöllur verði skapaður fyrir það að hægt verði að bjóða út vissa þætti í þjónustu sjúkratrygginganna. Í fjórða lagi tekur þessi bandormur einnig til þess að stofna eigi hlutafélag um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Sýnist mönnum kannski sitthvað um það hvort nauðsynlegt hafi verið að hafa það efnisatriði, þ.e. stofnun hlutafélagsins, sem hluta af þessu máli sem er breyting á almannatryggingalögunum. Ég set mig ekki upp á móti því og skal styðja hæstv. ráðherra sem harðast í því. Ég sat með honum fund í fjárln. sl. sunnudag og þá svaraði hann þeirri fyrirspurn að það væri eðlilegt að þetta væri saman, það væri hluti af þeim málum sem heilbrrn. þyrfti að koma fram. Ég skal styðja hæstv. ráðherra sem harðast í því að halda þessu saman í lengstu lög og ganga ekki frá málinu öðruvísi úr þinginu en að þetta fylgist allt saman að. Það þykist ég viss um að flestir þingmenn Sjálfstfl. muni styðja mig í þeim efnum.

Megineinkenni á málinu er því miður að í raun og veru felst enginn sparnaður í þessum bandormi. Það er ekki um neinn raunverulegan sparnað að ræða. Það er verið að hækka skattálögur á fólk. Það er verið að auka tekjuinnstreymið í kerfið en það er ekki verið að hagræða og spara. Á þessu er grundvallarmunur.

Í öðru lagi sýnist mér að hæstv. heilbr.- og trmrh. hafi gefist upp við að taka kerfisbundið á kerfinu, þ.e. taka á gjaldskránum í sjúkratryggingunum, í tannlækningunum og taka á lyfsölunum. Þetta er uppgjöf og til þess að geta sagt: Fjárlögin verða að standa, við verðum bara að auka álögurnar á almenning. Með öðrum orðum er það uppgjöf gagnvart kerfisbreytingunni en greiðsluþátttakan er færð yfir á fólkið sem á að njóta þjónustunnar. Nefna menn þetta þjónustugjöld sem í mínum huga er ekkert annað en skattar.

Í þriðja lagi eru þau skattheimtuáform sem í þessum bandormi felast að mínu viti mjög handahófskennd og oft á tíðum mjög erfitt að átta sig á því hvar þau muni koma niður, hver það er sem endanlega mun bera skattálögurnar.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1993 er gert ráð fyrir því á bls. 322 að í lífeyristryggingum eigi að spara 580 millj. kr. Þar er í nokkrum þáttum lýst hvernig þetta á að eiga sér stað. Eftir nokkra skoðun sýnist mér að þessi sparnaður eða þessar auknu skattálögur, svo ég orði þetta nákvæmlega eins og ég vil a.m.k. orða það, sem eiga að standa undir þessum niðurskurði, gætu orðið 300 millj. kr.

Á bls. 324 í fjárlagafrv. er sagt undir liðnum Slysatryggingar að spara eigi 100 millj. kr. með breytingum á slysatryggingunum. Sú upphæð hefur núna breyst í 50 millj. kr. Ég er sannfærður um það að sparnaðurinn er núll, ekki ein einasta króna. Ég kem að því seinna.

Í þriðja lagi er á bls. 322 gert ráð fyrir því í nokkrum liðum í töflu sem þar er að sparnaður eigi sér stað í lækniskostnaði, lyfjakostnaði og tannlæknakostnaði. Fjárlög ársins 1992 gerðu ráð fyrir því að lækniskostnaður yrði 1.267 millj. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef frá Tryggingastofnun mun þessi kostnaður verða á árinu 1992 1.400–1.500 millj., sennilega í kringum 1450 millj. Frv. fyrir árið 1993 gerir hins vegar ráð fyrir því að kostnaðurinn verði 1.455 millj., þ.e. að útgjöldin verði á mjög svipuðu róli á árinu 1993 og þau stefna í að verða á árinu 1992. Síðan er hæstv. ráðherra með tillögur um að þarna þurfi að spyrna við fótum. Ég kem aðeins inn á það á eftir og ég trúi því að tilvísanakerfið muni geta sparað peninga. Þarna væri kannski möguleiki að ná einhverju inn. Það er hins vegar nokkuð erfiðara þegar menn líta á lyfjakostnaðinn því í fjárlögum 1992 var gert ráð fyrir því að lyfjakostnaður yrði 2 milljarðar 200 þús. Nú stefnir lyfjakostnaðurinn í að verða í raun 2,7 milljarðar. Þegar ég segi 2,7 milljarðar veit ég að sú breyting hefur verið gerð að hluti af þeim lyfjum sem greiddur hefur verið í gegnum hjálpartækjaliðinn

í sjúkratryggingunum hefur núna verið færður yfir á lyfjakostnaðarliðinn. Sanngjarnara væri kannski að segja að þetta stefni í að verða 2,6–2,7 milljarðar. Frv. fyrir 1993 gerir hins vegar ráð fyrir því að kostnaðurinn verði 2,6 milljarðar. Reynslan hefur sýnt okkur það í gegnum árin að það er alltaf um einhverja raunaukningu að ræða þannig að það er hæpið að þessi tala standist. Hæstv. ráðherra er auðvitað með ýmiss konar áform í þeim efnum að halda enn fastar utan um þessi útgjöld.

Þá komum við að tannlæknakostnaðinum. Í fjárlögum 1992 var gert ráð fyrir að hann yrði 840 millj. Það stefnir í 1 milljarð kr. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1993 er hins vegar gert ráð fyrir því að þessi kostnaður verði ekki nema 865 millj. Það skýrist að vissu leyti af því að nokkur útgjöld féllu á í upphafi árs sem munu líka halda áfram eftir því sem ég best veit að falla á þennan lið í sjúkratryggingunum á næsta ári. Hins vegar eru uppi hugmyndir um það að spara þar 190 millj.

Hæstv. ráðherra lagði fyrir fjárln. Alþingis í gær breytingar sem hann taldi nauðsynlegt að gera á frv. til fjárlaga. Þær breytingar felast í því og skýra margt af því hvernig hæstv. ráðherra hafði hugsað sér að spara þær 580 millj. kr. eins og þær eru settar fram í fjárlagafrv. gerðu alls ekki ráð fyrir. Ekki var skýrt hvernig það ætti að gerast. Þannig virðist ráðherrann hafa hugsað sér að skera niður barnalífeyri um 180 millj., fæðingarorlof um 150 millj., eignatengja lífeyrisbætur og spara þannig 200 millj. og krukka síðan í ýmsar sérbætur skv. 19. gr. sem eru heimildarbætur og spara þannig 25 millj. Nú hafa þessi áform öllsömul fallið út nema barnalífeyririnn upp á 180 millj. Á þessu blaði, sem ég er hér með í höndum, sé ég að hæstv. ráðherra gerir ráð fyrir því að barnalífeyrir og barnaörorka hækki um 180 millj. Það er út af þeim breytingum sem eru í 1. gr. frv. En ég geri mér alls ekki grein fyrir því hvað þarna er átt við með barnaörorku. Barnaörorkan kemur að mínu viti þessu máli ekkert við. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Hvað er verið að þvælast með hana inni í þessum lið? Ekki trúi ég því að menn séu að rugla því saman í barnalífeyrinum þegar hægt er að greiða viðbætur eftir að tilskildum aldri lýkur vegna þess að viðkomandi einstaklingur heldur áfram að sækja skóla og hefur ekki fjármuni til þess og þess vegna hlaupi tryggingarnar undir bagga. Það er auðvitað engin barnaörorka. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvað þarna er átt við.

Síðan er þessi breyting gerð á mæðra- og feðralaununum. Þar er gert ráð fyrir hækkun upp á 605 millj. þannig að nettósparnaður samkvæmt þessu, sem átti samkvæmt fjárlagafrv. að hljóða upp á 580 millj., er núna upp á 50 millj. Síðan er gert ráð fyrir því samkvæmt þessu bréfi að sjúkratryggingarnar spari 250 millj. með 120 millj. kr. lækkun á sérfræðikostnaði, 30 millj. kr. lækkun á lyfjakostnaði og 100 millj. kr. lækkun á tannlæknakostnaði. Þá hefur hæstv. ráðherra reiknað með því að inni í frv. væru áður 90 millj. í sparnaði í tannlækningunum, 80 millj. í sérfræðikostnaðinum og 470 millj. í lyfjakostnaði. Það kemur að mínu viti nokkuð heim og saman við það sem maður getur lesið út úr þessu vegna þess að eftir því sem ég veit best hefur hæstv. ráðherra tekið það að sér að færa hluta af lyfjakostnaðinum sem fellur á árinu 1992 yfir á árið 1993. Það er sennilega 200–300 millj. kr.

Það er eitt eftir af þessu ágæta bréfi sem hv. fjárln. Alþingis barst í gær. Það eru slysatryggingar upp á 50 millj. kr. Þar er fallið frá áformum um 100 millj. kr. og því eru komnar inn núna 50 millj. sem ég kem kannski að seinna í minni ræðu að standast í raun og veru ekki heldur. Sem sagt, 200 millj. kr. ætlar hæstv. heilbr.- og trmrh. að spara af þeim 650 millj. sem hafa verið í umræðunni á undanförnum dögum um það hver sparnaðurinn til viðbótar ætti að vera í heilbr.- og trmrn. frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum. Á sama tíma hafa hæstv. félmrh. og hæstv. landbrh. verið krafðir um sparnað í sínum ráðuneytum til samræmis við það sem hæstv. heilbr.- og trmrh. ætlar að spara á sínum bæ. Þá er mín spurning sú — en hvorki félmrh. né landbrh. eru staddir hérna í salnum — : Munu þeirra sparnaðaráform vera eitthvað í líkingu við þau fyrirheit sem liggja núna fyrir? Ef svo er er náttúrlega ekki skrýtið þótt menn hafi verið í umræðum um þingsköp fyrr í dag og rætt þar hvort svo gæti verið að fjárlagahallinn stefndi í átt að milljörðum kr. í fjárlagafrv.

Ef litið er á frv. efnislega eru nokkrir hlutar í því sem mér finnst vera skynsamlegir. Ég vil taka það fram, þótt ég hafi farið yfir þessa talnalegu stöðu málsins sem ég tel á engan hátt hægt að koma saman miðað við það sem menn hafa áður sagt, það stendur að mínu viti ekki steinn yfir steini, að þá eru nokkur atriði í frv. sem eru jákvæð og ég gæti vel hugsað mér að styðja heilbr.- og trmrn. í því að næðu fram að ganga. En ég hef auðvitað þann fyrirvara á af þeirri reynslu sem ég hef horft á hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. að það er framkvæmdin sem skiptir öllu máli. Þótt hv. þm. séu tilbúnir til að veita einstökum málum brautargengi í stjfrv. geta þeir auðvitað ekki gert það öðruvísi en þannig að ábyrgðin á framkvæmdinni hlýtur alltaf að vera hjá hæstv. ráðherra hverju sinni.

Annað í frv. er ég hins vegar mjög ósáttur við og er beinlínis fjandsamlegt. Eins og ég hef hérna komið inn á þýðir það í raun og veru ekki sparnað heldur er sparnaði ríkisins velt yfir á einstaklingana. Ef við lítum fyrst á 1. gr. frv. sem er hækkun barnalífeyris. þá var í frv. sem fyrrv. heilbrrh. lagði fyrir Alþingi gert ráð fyrir að barnalífeyrir væri hækkaður. Í svokallaðri grænu bók sem hefur nú verið nokkuð til umræðu í þingsölum var gert ráð fyrir því að þessi liður yrði hækkaður af þeirri ástæðu að það var mat þeirra sem að því stóðu að meðlagið og barnalífeyririnn, sem fylgjast að, væru of lág fyrir framfærendur barna. Það þyrfti að aðstoða þetta fólk sérstaklega. Nú er barnalífeyririnn hins vegar hækkaður en í heildardæminu, bæði fyrir framfæranda barnsins og meðlagsgreiðandann, er um íþyngingu að ræða, því miður. Barnalífeyrir er hækkaður um 3.750 kr. á mánuði og eftir þeim upplýsingum sem ég hef eru þetta um 2.621 einstaklingur sem þarna er um að ræða. Það þýðir að mínu viti ekki nema í kringum 120 millj. en ég sé að það er

gert ráð fyrir að þetta séu um 180 millj. kr. sem viðbótarútgjöldin verði. Þannig fara kannski 60 millj. kr. í allt hitt sem er óklárt. Þarna er um að ræða greiðslur sem hefur ekki verið tekinn skattur af. Staðreyndirnar segja okkur það, og það er dálítið alvarlegt, að þeir sem hafa greitt meðlögin, þeir einstaklingar sem hafa verið meðlagsgreiðendurnir, hafa ekki í mjög mörgum tilfellum haft aðstæður til að standa undir þetta lágum meðlögum eins og þau eru í dag. Hvernig fáum við út þær staðreyndir? Jú, samkvæmt upplýsingum sem ég hef frá Innheimtustofnun sveitarfélaga var um síðustu áramót á 4. milljarð króna sem Innheimtustofnun sveitarfélaga á útistandandi vegna vangreiddra barnsmeðlaga. Þetta sannar okkur það að þeir sem áttu að greiða meðlögin hafa ekki haft fjárráð til slíkra hluta, hvað þá þegar búið er að hækka þau um 3.750 kr. á mánuði. Þetta mun sem sagt skapa enn þá meiri vanda hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga en þann vanda sem þeir búa við í dag. Tryggingastofnun ríkisins tryggir hins vegar að allir fái sín meðlög greidd og það er gert reglulega upp við Tryggingastofnun ríkisins af hálfu Innheimtustofnunarinnar. Í raun og veru er skuldin sem þessir einstaklingar skulda Innheimtustofnuninni skuld við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna þess að Jöfnunarsjóðurinn tryggir fjármuni til Innheimtustofnunarinnar. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Hefur það verið kannað hvað þessi hækkun á meðlaginu mun í raun og veru þýða fyrir Innheimtustofnunina? Eru útgjöld Jöfnunarsjóðsins til að standa undir tryggingu á greiðslum Innheimtustofnunar kannski upphæðir sem skipta hundruðum milljóna króna, upphæðir sem aldrei munu fást endurgreiddar? Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að það er ekki um fyrnanlega skuld að ræða, þessar skuldir fyrnast aldrei fyrr en við andlát.

Breytingarnar á mæðra- og feðralaununum sem er gert er ráð fyrir í 2. gr. frv. finnst mér að mörgu leyti gerðar í þeim tilgangi að þetta sé eltingarleikur við ímyndaða svindlara. Þarna á að koma í veg fyrir sambúðina eins og hæstv. ráðherra hefur nú haft mörg orð um en því miður verður þessi breyting til þess í fyrsta lagi að framfærendur barnanna hafa minna og greiðendur meðlaganna, sem skulda margir hverjir 3 milljarða kr. við Innheimtustofnun sveitarfélaga og hafa ekki tekjur til að standa undir slíku ... (**Gripið fram í:** Ekki skulda margir 3 milljarða.) Nei, heildarskuldin, hæstv. ráðherra, eftir því sem ég veit best eru 3 milljarðar. Sem betur fer held ég að enginn sé með þá upphæð einn og sér. En þessir einstaklingar sem mynda þessa skuld hafa ekki á undanförnum árum haft fjármuni til að greiða þetta og enn er verið að íþyngja þeim.

Hæstv. ráðherra tók ágætis dæmi áðan sem skýrði þetta mjög vel. Hann greindi mjög heiðarlega frá því í sinni ræðu hvaða áhrif þetta hefði. Þó svo ég fari hér í gegnum það þá er það kannski að mörgu leyti endurtekning en menn verða að horfa til annarra hluta í þessu sambandi. Móðir eða faðir með eitt barn missir við þessa breytingu 36.000 kr. á ári. Meðlagið var 7.551 kr., mæðralaunin voru 4.732 kr. eða 12.283 kr. sem þessi einstaklingur hafði. Kostnaður við dagvist á barnaheimili í heils dags dagvist, níu tíma á dag sem er algengur vinnudagur hjá þessu fólki er 9.750 kr. Af mæðra- og feðralaununum hafði þessi einstaklingur 2.533 kr. til að standa undir öllum öðrum kostnaði sem barninu fylgir. Við breytinguna mun þetta breytast svo fyrir viðkomandi einstakling að hann hefur 1.000 kr. minna á mánuði til að standa undir þessum kostnaði. Þetta gengur alveg þvert á þann tilgang sem fyrrv. heilbrrh. hafði með breytingunum á meðlaginu, þ.e. að hækka við þennan hóp sem var og er sérstaklega illa settur

Nú eru mæðralaun með einu barni samkvæmt frv. felld niður, 4.732 kr. á mánuði. Með tveimur börnum er þetta lækkað úr 12.398 kr. á mánuði í 3.000 kr. sem þýðir fyrir tveggja barna einstætt foreldri 113 þús. kr. minni ráðstöfunartekjur á ári. Með þremur börnum og fleiri er þessi upphæð lækkuð úr 21.991 kr. í 7.800 kr. sem þýðir fyrir einstætt foreldri 170 þús. kr. minni ráðstöfunartekjur á ári. Þegar menn voru að hnoða saman þessum pakka með ASÍ og BSRB um ráðstafanir í efnahagsmálum — og af því að hæstv. fjmrh. fór yfir það rækilega í gær í sinni ræðu hvað það væri í raun og veru sem ASÍ hefði lagt til í efnahagsaðgerðunum og hvað það var sem ríkisstjórnin hefði lagt til — þá væri fróðlegt að fá að heyra það hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. hvort sú leið sem hér er verið að fara hafi einhvern tímann komið upp í þeim viðræðum, að mæðra- og feðralaunin skyldu skorin af í þeim tilgangi að spara fyrir ríkissjóð en leggja álögur á meðlagsgreiðendur.

Sparnaðurinn af þessu fyrir lífeyristryggingarnar gætu verið með einu barni, eftir því sem mér sýnist, í kringum 316 millj. kr., með tveimur börnum 230 millj., með þremur börnum eða fleiri 120 millj. kr. Þetta er í kringum 680 millj. kr. Síðan er hækkun á barnalífeyri upp á 180 millj. þannig að þetta eru í kringum 500 millj. kr. sem menn ætla sér að spara sjúkratryggingunum. En er það raunverulegur sparnaður? Nei, að mínu viti gleymist einn afskaplega mikilvægur þáttur í þessu. Þetta ræðst svolítið af því hvar menn liggja með skattkortin sín. Vegna þess að nú er verið að hækka bætur sem ekki eru greiddar af skattar en draga af bótum frá ríkinu sem greidd er af staðgreiðsla er ekki fjarri lagi að áætla að af 680 millj. kr. gæti skattur til ríkisins hugsanlega orðið í kringum 200 millj. Það ræðst mjög af því hvar menn liggja með skattkortinn. Ég sé það ekki í þessum tillögum og útreikningum að gert sé ráð fyrir þessum tekjum fyrir ríkissjóð vegna þess að þetta fer náttúrlega allt í gegnum einn sjóð þegar upp er staðið. Það er eins og annað að útreikningarnir eru ekki alveg nákvæmir að ég hygg. Það held ég að ég hafi verið að sýna hér fram á. En ég ætla ekki að fullyrða það að útreikningarnir séu alveg nákvæmir. Útreikningarnir geta hugsanlega verið réttir en tölurnar sem eru lagðar fram eru ekki í samræmi við áformin. Það eitt er þó alveg öruggt.

Þá kem ég að 3., 5. og 10. gr. frv. sem snýr að slysatryggingunum. Í þeirri nefnd, sem ég átti sæti í fyrir tveimur eða þremur árum og var að endurskoða almannatryggingalögin, var gerð tillaga um að færa

slysatryggingarnar yfir til vátryggingafélaganna. Um það atriði fóru fram viðræður við vátryggingafélögin. Í nefndaráliti sem sú nefnd sendi frá sér, sem var í fullbúnu frv. til laga um almannatryggingar, er bréf frá vátryggingafélögunum þar sem þau segja að það sé ekkert því til fyrirstöðu að þessar vátryggingar flytjist yfir.

Við veltum því fyrir okkur hvernig þessu væri hugsanlega fyrir komið þegar slík breyting ætti sér stað. Menn verða að hafa í huga, ef menn t.d. samræma slysa- og sjúkratryggingarnar, bótaréttinn þar, að það má örugglega færa margt af því úr slysatryggingunum yfir í lífeyristryggingarnar og yfir í sjúkratryggingarnar. Þó eru það nokkrir hlutir sem atvinnurekendur þyrftu eftir sem áður að standa straum af. Slysatryggingarnar á undanförnum árum, a.m.k. svo langt sem ég þekki, hafa að öllu leyti verið greiddar af atvinnurekendum með sérstöku slysatryggingagjaldi. Hitt er aftur annað mál að nokkrir aðilar hafa fengið út úr slysatryggingunum greiðslur en hafa ekki greitt iðgjöld. Í raun þarf ekki annað en reglugerðarákvæði að koma til. Þegar við vorum á sínum tíma að skoða þetta gerðum við ráð fyrir því að atvinnurekendurnir tækju í kringum 46,4% af öllum bótum slysatryggingganna, héldu þeim eftir frá sér, 12,5% flyttust yfir í lífeyristryggingarnar, 28,8% flyttust yfir í sjúkratryggingarnar. Síðan var það alveg ljóst að um 12,3% af þessum bótarétti félli niður. Það er sá bótaréttur sem fellur niður og hlutur atvinnurekendanna sem væri raunverulega hlutur vátryggingafélaganna vildu þau koma inn í þetta af einhverju viti sem ég veit að þau hafa áhuga fyrir að gera.

Nú hefur hæstv. ráðherra skipað aðra nefnd til að skoða þetta og það er held ég mjög gott vegna þess að um þetta þarf að nást mjög víðtæk samstaða. Ég styð að mörgu leyti þessa hugmynd um tilfærslu og minn stuðningur við hann er einmitt í samræmi við það sem ég hef stundum lagt til í þessum efnum. Ég hef þó *þennan vara á en það finnst mér rétt að gera við þessar* kringumstæður. Það er framkvæmdin sem skiptir máli og á henni þori ég enga ábyrgð að bera en hún er í höndum hæstv. heilbr.- og trmrh.

Hins vegar er stóri misskilningurinn í þessu öllu saman, hvort sem það eru 100 millj. eða 50 millj., að af þessari breytingu, að flytja vátryggingu ökumannsins úr slysatryggingum almannatrygginga yfir til vátryggingafélaganna, er enginn sparnaður einfaldlega vegna þess að allar slysatryggingarnar eru greiddar af atvinnurekendum eða af bifreiðaeigendum. Það held ég að þingmenn allflestir, það er öðruvísi með ráðherrana vegna þess að þeir eru á *ráðherrabílunum*, sjái þegar þeir eru að greiða sín bifreiðagjöld að það er einn gluggi á gíróseðlinum sem gerir ráð fyrir því að þar sé verið að greiða vátryggingu ökumanns sem er 1.215 kr. **(Gripið fram í:** Á ekki heilbrrh. bílinn sjálfur?) Hv. þm., ég hef ekki verið að kanna það sérstaklega hver á þessa *bíla sem* þeir eru á, *mér* er alveg sama. Ég skipti mér ekkert af því. Ég veit að þeir sem greiða þessa seðla sína, bifreiðagjöldin, verða varir við að þeir eru að greiða fyrir þessa tryggingu, vátryggingu ökumanns. Þetta eru peningar sem hafa runnið beint til slysatrygginganna og hafa staðið að öllu leyti undir kostnaði við þær.

Ég skildi ræðu hæstv. heilbr.- og trmrh. áðan á þann veg að það sé ekki meiningin að fella þetta gjald niður á næsta ári til að standa undir þeim skuldbindingum sem búið er að gera. Það er mjög eðlilegt og í samræmi við annað. Hins vegar verður enginn sparnaður af því. Á því áttaði ég mig, held ég, þegar hæstv. ráðherra talaði áðan að auðvitað eru skuldbindingarnar ekki í samræmi við það sem tekjurnar munu verða. Auðvitað er eðlilegt að þessi ökumannstrygging á bifreiðagjaldsseðlinum fyrir næsta ár verði lækkuð til samræmis við það sem skuldbindingarnar eru á árinu 1993. Að öðrum kosti eru menn enn að leita að skattstofni sem bifreiðaeigendur eiga að greiða núna. Það er með þessum hætti sem mér sýnist að hæstv. ráðherra ætli sér að spara 50 millj. á þessari tilfærslu, með því að halda skattinum áfram.

Þá er það 6. gr. frv. sem fjallar um breytingarnar á sjúkratryggingunum. Í fyrri lið þeirrar greinar eru tilvísanirnar og í seinni liðnum er gert ráð fyrir breytingu á skilgreiningu lyfjahugtaksins. Mér finnst menn vera andskoti bjartir ef þeir halda að þeir geti sparað 500 millj. kr. með því að breyta bara orðum í almannatryggingalagafrv. Þá gætu menn, held ég, sparað allverulega hjá ríkinu ef það væri nóg að breyta bara um orð í lagagreininni og þá verði 500 millj. kr. sparnaður sisvona.

Fyrri liðurinn snýr að tilvísununum. Sérfræðilækniskostnaður á árinu 1992 mun sennilega verða 1 milljarður og 20 millj. En kostnaður heimilislækna, þá á ég við b-, c- og d-liða greiðslur heimilis- og heilsugæslulækna, mun verða í kringum 430 millj. kr. Þannig mun þetta verða í kringum 1.450 millj. Það er mjög merkilegt að þrátt fyrir þá hækkun sem varð um 600 kr. í sérfræðilæknishjálpinni, úr 900 kr. í 1.500 kr., virðist ekki vera um neinn sparnað að ræða. Það virðist ekki vera um neinn sparnað að ræða. Hins vegar er um augljósan sparnað í heilsugæslunni að ræða út af 600 kr. gjaldinu sem lagt var heimsóknir á heilsugæslustöðvar.

Ég tel tilvísanakerfið skynsamlegt og styð hæstv. ráðherra í að koma því á. Mér fannst á sínum tíma miður þegar það var tekið út úr lögum. Það var gert vegna samninga við sérfræðinga til að menn næðu saman á viðkvæmum tíma. Ég er ekki búinn að sjá hæstv. ráðherra komast í gegnum allt sem þar þarf að komast í gegnum og hann á erfiða daga fyrir höndum, að ég hygg, í þeim efnum en tilvísanakerfið er skynsamlegt af tveimur ástæðum. Fyrri ástæðan er sú að það mun koma á skipulögðum faglegum samskiptum milli heimilis- og heilsugæslulækna annars vegar og sérfræðinganna hins vegar, þ.e. heimilislæknirinn sendir frá sér tilvísun til viðkomandi sérfræðings og sérfræðingurinn sendir læknabréf til heimilislæknisins. Þrátt fyrir að það sé í reglugerð frá því í febrúar 1990 að samskipti skuli ganga fyrir sig með þessum hætti er þarna misbrestur á. Tilvísanakerfið mun, að mínu viti, tryggja mun betur að nauðsynleg fagleg samskipti milli

heimilislækna og sérfræðinga komist á.

Í öðru lagi er ég sannfærður um að þetta mun spara peninga. Ég er ekki í neinum vafa um það. Mjög margir munu stoppa hjá heimilislækni sínum af því að þeir fá þá ráðgjöf að þurfa ekki að fara til sérfræðings. Til þess að þetta geti gengið upp og ekki sé verið að íþyngja fólki með þessu fyrirkomulagi, þannig að fyrst þurfi að greiða 600 kr. til að fara til heimilislæknis til að ná í tilvísun og síðan að greiða 1.500 kr. hjá sérfræðingnum þegar komið er með tilvísunina, er mjög mikilvægt að 600 kr. gjaldið sé fellt niður þannig að engin gjaldskylda sé á því að fara í heimsókn til heimilislæknis. Ef ekki er enn verið að íþyngja því fólki sem þarf á aðstoð lækna að halda og í þessu tilfelli um 270 millj. kr.

Heimsóknir til sérfræðinga hafa örugglega verið og munu örugglega verða á árinu 1992 í kringum 450 þúsund á ári. Að baki hverri heimsókn til sérfræðings þarf að liggja heimsókn til heimilislæknis þar sem þú greiðir 600 kr. til að fá tilvísun, en þó verður fækkun er ég sannfærður um. En þarna er í raun og veru verið að íþyngja fólki nema þetta gjald á heilsugæslustöðvarnar verði lagt niður.

Það er auðvitað hægt að spara með fleiru en því einu að koma á tilvísanakerfi. Það er hægt. Það er auðvitað hægt að gera nýjan samning við sérfræðingana. Það er hægt að segja honum upp. Kannski er hæstv. heilbr.- og trmrh. að setja tilvísanakerfið á til að segja samningnum upp. Ég er ekki frá því. Til þess að komast í að breyta gjaldskránni og ég vona að svo sé. Það er full ástæða til að gera þar á breytingar ekki síst við þær kringumstæður sem við búum við núna.

Ég minni á að árið 1989 spöruðust verulegir fjármunir í samningi sem þá var gerður. Þær staðreyndir liggja á borðinu því að árið 1983 voru útgjöld á föstu verðlagi fyrir sérfræðilæknishjálp 467 millj. kr. Þessi útgjöld eru á árinu 1988 komin upp í 979 millj. Þau hafa tvöfaldast og rúmlega það á fimm árum. Síðan er gerður samningur um áramótin 1988–1989. Við það detta þessi útgjöld á sama verðlagi niður í 841 millj. kr. Með reglugerðarbreytingu sem gerð var í febrúar 1990, þar sem gerð er tilraun til að tryggja auðveldari og betri fagleg samskipti milli heimilislækna og sérfræðinga, sparast 40 millj. kr. til viðbótar. Á sama verðlagi árin 1990 og 1989 hafa þannig sparast 179 millj. við þessar aðgerðir. Auðvitað er hægt að spara með samningum og það er auðvitað sú leið sem menn eiga að leita eftir.

Hins vegar væri gaman og fróðlegt að í salnum sætu núna margir ágætir þingmenn Sjálfstfl. og létu í ljós álit sitt á þessu tilvísanakerfi sem hér á að fara að byggja upp. Það yrðu aum örlög fyrir hæstv. ráðherra ef hann þyrfti að troða þessu máli í gegnum þingið með tilstyrk stjórnarandstöðunnar. Ég mun sérstaklega óska eftir því þegar málið kemur til heilbr.- og trn. að þetta mál eitt og sér verði sent til sérstakrar umsagnar helbrigðisnefndar Sjálfstfl. þar sem ég held að hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir sé formaður. Hún hlýtur að tjá afstöðu sína til þessa máls við umræðuna. Ég er nefnilega minnugur þess að árin 1990 og 1991 þegar til stóð að koma tilvísanakerfinu á held ég að öll heilbrigðisnefnd Sjálfstfl., flestir læknarnir á Landakoti og flestir læknarnir á Borgarspítalanum, sem í heilbrigðis- og trygginganefnd Sjálfstfl. eru, hafi haft þung orð og skrifað margar greinar um það hversu faglega vitlaust þetta væri allt saman, hve útgjöldin mundu aukast alveg stórkostlega ef þessar hugmyndir næðu fram að ganga. Mér finnst því full ástæða ...(**Forseti:** Forseti vill vekja athygli hv. ræðumanns á því nú er komið að þingflokksfundatíma. Ef hv. þm. á eftir einhvern hluta af sinni ræðu væri kannski skynsamlegra að fresta henni.) Þingmaðurinn er bara rétt að byrja á ræðunni. Ég óska því eftir að fá að fresta henni. (**Forseti:** Það er samþykkt af forseta að hv. 11. þm. Reykv. fresti ræðu sinni.)

Útbýting þingskjals:

Lánsfjárlög 1992, 279. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 430.

Umræðu frestað. — [Fundarhlé.]

Útbýting þingskjala:

Veiting ríkisborgararéttar, 222. mál, nál. allshn., þskj. 431; brtt. allshn., þskj. 432.

Út af dagskrá voru tekin 3.–10. dagskrármál.

75. FUNDUR

miðvikudaginn 9. des.,
að loknum 74. fundi.

Dagskrá:

1. Lánsfjárlög 1992, frv., 279. mál, þskj. 396, nál. 429 og 430. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

2. Almannatryggingar og stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, stjfrv., 285. mál, þskj. 415. — Frh. 1. umr.

Lánsfjárlög 1992, 2. umr.

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 279. mál (húsbréf). — Þskj. 396, nál. 429 og 430.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KÁ, LMR, ÓE, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

27 þm. (AÓB, AKS, ÁRÁ, DO, EGuðn, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JGS, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, StG, StH, SJS, StB) fjarstaddir.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hluta efh.- og viðskn. um breytingu á lánsfjárlögum fyrir árið 1992.

Nefndin hefur fjallað um málið og reyndar áður en það kom til umræðu í þinginu. Hér er um það að ræða að flytja 4 milljarða í útgáfu húsbréfa frá árinu 1993 yfir á 1992. Reiknað er með að 1 milljarður af þeirri heimild verði notaður í lok ársins. Þetta er gert til þess að ekki komi gat í útgáfu húsbréfa. Nefndin hefur fjallað um málið og eins og fyrr segir mælir meiri hlutinn með samþykkt frv.

Á fund nefndarinnar kom Yngvi Örn Kristinsson, stjórnarformaður Húsnæðisstofnunar ríkisins, og Halldór Árnason, skrifstofustjóri í fjmrn., og skýrðu málið út fyrir nefndinni.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 430 frá minni hluta efh.- og viðskn. Það er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur haft til umfjöllunar tillögu til breytinga á lánsfjárlögum fyrir árið 1992. Breytingin, sem lögð er til, er tilkomin vegna þess að útgefnir húsbréfaflokkar eru á þrotum og vantar á markað húsbréf sem nema 1 milljarði kr. á þessu ári.

Að sögn formanns stjórnar Húsnæðisstofnunar er talið óhagkvæmt að gefa út húsbréfaflokka sem nema lægri upphæð en 4 milljörðum kr. og er því meiningin að 3 milljarðar kr. verði fluttir yfir á næsta ár en 1 milljarður króna nýtist á þessu ári.

Undirritaðir nefndarmenn eru samþykkir því að þörf er fyrir þennan húsbréfaflokk en telja rétt að ríkisstjórnarflokkarnir beri ábyrgð á þessum hluta lánsfjárlaganna fyrir árið 1992 eins og lögunum í heild og munu því sitja hjá við afgreiðslu málsins."

Undir þetta nál. skrifa Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Kristín Ástgeirsdóttir.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Það er rétt að mínu mati að fara aðeins yfir þetta mál, einkum í ljósi þeirra yfirlýsinga sem frá hæstv. fjmrh. komu í gær um fyrirhugaðar breytingar á húsbréfakerfinu þar sem ráðherrann gaf það m.a. mjög sterklega í skyn að til stæði að afnema ríkisábyrgð á húsbréfum. Ég tel því rétt, virðulegur forseti, að leita eftir nánari yfirlýsingum hæstv. ríkisstjórnar um útgáfu húsbréfa þegar við erum að fjalla um að gefa út nýjan húsbréfaflokk upp á 4 milljarða þannig að mönnum megi vera skýrar ljóst en fram kom í gær hver stefna hæstv. ríkisstjórnar er varðandi ríkisábyrgð á húsbréfapappírum.

Í máli hæstv. fjmrh. kom fram að hann teldi að ríkisábyrgðin leiddi af sér óbeina niðurgreiðslu úr ríkissjóði sem þýðir með öðrum orðum að ef til stendur að afnema ríkisábyrgðina mun verða um vaxtahækkun að ræða sem lendir á greiðendum fasteignaveðskuldabréfanna sem standa á bak við húsbréfin.

Þá vil ég einnig hreyfa öðru máli sem er fjármögnun útlána Húsnæðisstofnunar ríkisins. Eins og nefndarmönnum í hv. efh.- og viðskn. mun vera ljóst eftir viðræður sem fóru fram á fundinum er verulegur vandi þar á höndum og verulegt fé vantar upp á í dag að stofnunin geti staðið við þær skuldbindingar sem hún hefur tekist á herðar varðandi útlán. Ætli láti ekki nærri að það vanti um 1,5 milljarða kr. til þess að endar nái saman á þessu ári.

Ég tel því rétt, virðulegur forseti, að leita eftir áformum ríkisstjórnarinnar um hvað hún hyggst gera til þess að leysa þetta mál. Það er farið að há stofnuninni verulega að fá ekki það lánsfjármagn með sölu skuldabréfa sem að var stefnt. Á þessu ári var af hálfu stofnunarinnar reynt fyrir sér með því að bjóða út svonefnd húsnæðisbréf sem áttu að leysa af hólmi venjulega skuldabréfasölu að hluta til í upphafi og í áföngum síðan. Reynslan sem komin er á þessu ári hefur því miður verið sú að vonir manna hafa brugðist um að útboð á húsnæðisbréfum væri sá valkostur sem stofnuninni stæði til boða í raun og veru til að afla nauðsynlegs lánsfjár. Þrátt fyrir allnokkur útboð af þessu tagi hefur ekki tekist að afla nema um 1 milljarðs kr. með þessum hætti. Það vekur auðvitað upp spurningu um þann markað sem á að vera fyrir hendi og á að leysa af hólmi í áföngum venjulegt skuldabréfafyrirkomulag og samninga við lífeyrissjóðina.

Ég vil því, virðulegi forseti, óska eftir svörum hæstv. ríkisstjórnar við því annars vegar hver stefna hennar og áform eru varðandi ríkisábyrgð á húsbréfum og hins vegar áform um hvernig leysa á þann vanda sem uppi er í fjármögnun útlána. Ég tel rétt, virðulegi forseti, að nota þetta tækifæri til að ganga eftir þessum svörum ríkisstjórnarinnar enda fullt tilefni til eftir ræðu hæstv. fjmrh. í gær.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Varðandi spurningar hv. síðasta ræðumanns í fyrsta lagi varðandi ríkisábyrgð á húsbréfum þá varð mikil umræða um það þegar húsbréfakerfið var sett af stað í þeirri nefnd sem undirbjó það frv., hvort rétt væri að hafa ríkisábyrgð á húsbréfum eða ekki. Það var mat nefndarinnar að a.m.k. fyrst um sinn væri rétt að hafa ríkisábyrgð á húsbréfunum. Það mun koma til skoðunar núna að skoða kosti þess og galla að afnema ríkisábyrgðina á húsbréfum og síðan að marka stefnu í framhaldi af því, en engin ákvörðun hefur verið tekin um hvenær það verður gert.

Varðandi síðara atriðið um það að lífeyrissjóðirnir hafi ekki staðið við sínar skuldbindingar þá er rétt að það hefur verið tregða hjá lífeyrissjóðunum að standa við sínar skuldbindingar en það mál er nú í skoðun milli Húsnæðisstofnunar og lífeyrissjóðanna.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er hægt að rifja upp umræður frá þeim tíma þegar húsbréfakerfið var í undirbúningi. Vegna þeirra orða hæstv. félmrh. að menn hefðu aðeins rætt um það á þeim tíma að ríkisábyrgð á húsbréfum yrði til að byrja með, þá er rétt að rifja upp hvernig sá þáttur var fram settur af hæstv. félmrh. til þess að hann sé alveg skýr. Miðað við framsetningu málsins þá er augljóst mál að ef farið verður að hrófla við ríkisábyrgðinni eru menn að gera breytingar skuldurum verulega í óhag.

Í samantekt um málið frá 1988 sem ég hef undir höndum er verið að kynna þetta kerfi. Þar er m.a. kynnt til sögunnar ríkisábyrgðin og þáttur hennar í því að koma kerfinu á og viðhalda því. Þar segir svo, með leyfi forseta, þar sem spurt er um hættu á afföllum af húsbréfum:

„Þarf að búast við afföllum á húsbréfunum? Eru þau fóður fyrir gráa markaðinn eins og andófsmenn húsbréfanna hafa haldið fram?

Svarið við því er nei. Líklegt er að húsbréfin seljist á svipuðum vöxtum og spariskírteini ríkissjóðs og hafi svipaða stöðu þar sem húsbréfin eru ríkistryggð."

Það liggur því alveg ljóst fyrir, virðulegi forseti, að ríkisábyrgðin er kynnt þannig að hún verði að vera varanleg og sé nauðsynleg til að halda vöxtunum niðri. Þegar ráðherra í hæstv. ríkisstjórn hreyfir þeirri hugmynd að afnema ríkisábyrgðina á húsbréfum þá er verið að koma óróa á þennan markað. Það er verið að skapa forsendur til vaxtahækkunar að óþörfu. Það verður því að liggja alveg skýrt og ótvírætt fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar hvort ríkisábyrgðin á húsbréfum muni standa áfram eða ekki. Eftir yfirlýsingar hæstv. fjmrh. í gær dugar ekki annað til þess að slá á væntingar braskaranna á verðbréfamörkuðunum en skýr og afdráttarlaus yfirlýsing af hálfu ríkisstjórnarinnar um að ekki verði hreyft við þessum þætti.

Sú yfirlýsing sem ég er að fara fram á er í fullu samræmi við málið eins og það var kynnt af hálfu þáv. og núv. hæstv. félmrh. Ríkisábyrgðin var eitt grundvallaratriðið í kerfinu. Ég verð að segja, virðulegur forseti, að mér þykir alveg nóg að bregðast einni grundvallarforsendunni, sem voru vaxtabætur, þó menn bæti ekki annarri við með því að gefa út yfirlýsingar sem opna fyrir það að afnema ríkisábyrgð á þessum pappírum. Ef farið verður út á þá leið er óhjákvæmilegt, virðulegi forseti, að taka allt húsnæðislánakerfið til gagngerðrar skoðunar.

Ég tel því afar nauðsynlegt að ríkisstjórnin tali skýrt í þessu máli og dragi yfirlýsingar hæstv. fjmrh. frá því í gær til baka. (**ÓÞÞ:** Í síðasta lagi strax.) Í síðasta lagi strax. Hver maður getur reiknað út hvað vextir kunna að hækka við afnám ríkisábyrgðar á húsbréfum samkvæmt þeim forsendum sem ég var að gefa upp og hvaða álögur það eru sem menn eru að leggja á komandi skuldara, m.a. kannski með þessum flokki ef ríkisstjórnin verður snör í snúningum. Ef hún fer að taka upp á því að halda næturfundi, þá gæti henni dottið í hug að gera þetta bara strax.

Það er alveg nauðsynlegt, virðulegi forseti, að við þessu fáist skýr svör.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, JóhS, JBH, JónS, KSG, KHG, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (AÓB, ISG, JÁ, JHelg, JónK, KÁ, KE, SvG, VS) greiddu ekki atkvæði.

22 þm. (AKS, ÁRÁ, DO, EGuðn, GB, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JGS, JVK, MB, ÓRG, PP, RA, RG, StG, StH, SJS, StB) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, JóhS, JBH, JónS, KSG, KHG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (AÓB, ISG, JÁ, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓÞÞ, SvG, VS) greiddu ekki atkvæði.

22 þm. (AKS, ÁRÁ, DO, EGuðn, GB, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JGS, JVK, MB, ÓRG, PP, RA, RG, StG, StH, SJS, StB) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (AÓB) greiddi ekki atkvæði.

22 þm. (AKS, ÁRÁ, DO, EGuðn, GB, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JGS, JVK, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, StG, StH, SJS, StB) fjarstaddir.

Út af dagskrá var tekið 2. dagskrármál.

76. FUNDUR

miðvikudaginn 9. des.,
að loknum 75. fundi.

Dagskrá:

1. Lánsfjárlög 1992, frv., 279. mál, þskj. 396. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Almannatryggingar og stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, stjfrv., 285. mál, þskj. 415. — Frh. 1. umr.

Lánsfjárlög 1992, 3. umr.

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 279. mál (húsbréf). — Þskj. 396.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 39:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: ÓÞÞ.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkvæði.

22 þm. (AKS, ÁRÁ, DO, EGuðn, GB, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JGS, JVK, MB, ÓRG, PP, RA, RG, StG, StH, SJS, StB) fjarstaddir.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, JóhS, JBH, JónS, KSG, KHG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (AÓB, GÁ, ISG, JÁ, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓÞÞ, VS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (AKS, ÁRÁ, DO, EGuðn, GB, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JGS, JVK, MB, ÓRG, PP, RA, RG, StG, StH, SJS, StB) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 434).

Almannatryggingar og stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 285. mál (mæðra- og feðralaun, slysatryggingar o.fl.). — Þskj. 415.

Finnur Ingólfsson (frh.):

Virðulegi forseti. Ég var þar kominn í ræðu minni áðan þegar fundi var frestað að ég var að fjalla um 6. gr. frv. er snýr að breytingum á sviði sjúkratrygginga. Þar fjallaði ég sérstaklega um tilvísanakerfið. Ég minntist á að á þeim tíma þegar ég var aðstoðarmaður heilbrrh. var mikil umræða um það að koma þessu tilvísanakerfi á. Það var býsna erfitt að eiga við Alþfl. í þeim efnum. Það er því útilokað annað en að álykta sem svo að sjálfstæðismenn séu hugmyndasmiðirnir að því sem hér liggur fyrir. Er það nokkur breyting frá því a.m.k. sem maður les í gömlum ályktunum landsfundar Sjálfstfl. sem örugglega voru undirbúnar af hálfu heilbrigðisnefndar flokksins. Ég sagði það við hæstv. heilbr.- og trmrh. áðan að mér fyndist full ástæða til að ganga úr skugga um þessa breytingu á stefnu þess flokks og að þetta lagafrv. verði sérstaklega sent til hv. heilbrigðis- og trygginganefndar Sjálfstfl. til umsagnar. Ef ég veit rétt situr hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir í þeirri nefnd og mun vafalítið gefa jákvæða umsögn um tilvísanakerfið. En ég lét þess jafnframt getið að efnislega væri ég sammála hæstv. heilbr.- og trmrh. um að koma þessu tilvísanakerfi á og fyndist þess vegna ömurlegt hlutskipti fyrir ríkisstjórnina ef stjórnarandstæðingar þyrftu jafnvel að ýta málinu í gegnum þingið nema sú stefnubreyting hafi orðið hjá Sjálfstfl. að hann sé farinn að styðja þetta. Það verður fróðlegt að fylgjast með afgreiðslu þessa máls.

Það eru tvær meginástæður fyrir því að mínu viti að skynsamlegt er að koma tilvísanakerfinu á. Í fyrsta lagi sú að koma á faglegum samskiptum milli heimilislækna og sérfræðinga. Það er gert með því að sjúklingarnir fá tilvísanir hjá heimilislæknum og fara með þær til sérfræðinganna og til baka koma síðan læknabréf frá sérfræðingunum til heimilislækna. Þannig eru fagleg samskipti tryggð. Þetta lýtur að faglega þætti málsins.

Hinn þáttur málsins er sparnaðurinn. Ég er sannfærður um að hægt er að ná einhverjum tugum milljóna. Við skulum ekki endilega fullyrða að það verði hundruð milljóna en það er hægt að ná einhverjum tugum milljóna króna sparnaði með þessu. Það er auðvitað líka ávinningur vegna þess, og það hefur verið kannað, að hver samskipti við heimilislækni eða heilsugæslulækni eru ódýrari en samskiptin við sérfræðingana. Úttekt á þessu var gerð 1989 eða 1990 af verkfræðingi sem heilbr.- og trmrn. fékk til þess að gera slíka úttekt og þetta varð niðurstaðan — þó svo, það skal viðurkennt, að það geti verið erfitt að bera saman þarna mjög mismunandi forsendur.

Það er gott fyrir þá sem eru stuðningsmenn þessa tilvísanakerfis að nú skuli þessi breiði og stóri flokkur sjálfstæðismanna vera orðinn svo dyggur stuðningsmaður þessa fyrirkomulags að hann er tilbúinn til þess að leggja það fram í lagafrv. á Alþingi og ætlar að standa heill og óskiptur að baki því. Ég gleðst yfir því.

Ég lét þess getið sérstaklega að þó svo ég geti efnislega stutt það að koma á þessu fyrirkomulagi, þá skiptir auðvitað framkvæmd tilvísanakerfisins höfuðmáli. Ég les það svo út úr textanum — er það ekki rétt, hæstv. heilbrrh., að forsendan fyrir greiðslu reiknings frá sérfræðingi sé sú að henni fylgi tilvísun. Fylgi henni ekki tilvísun þá sé ekki um það að ræða af hálfu sjúkratrygginganna að reikningur sé greiddur.

Í samningnum við sérfræðinga frá því í upphafi árs 1991 segir að verði tilvísanakerfinu komið á verði samningnum sagt upp um leið og tilvísanakerfið yrði komið í lög. Á sínum tíma var það gert á mjög viðkvæmum tíma að um það var samið við sérfræðingana að tilvísanakerfið færi út úr lögum til þess að hægt væri að ganga frá samningi sem sparaði verulega fyrir sjúkratryggingarnar og ég fór yfir það áðan, allt upp í 190 millj. kr. á föstu verðlagi, sparaði verulega fjármuni, svokallað afsláttarfyrirkomulag sem var tekið upp, en um leið voru fyrirheit um það sem staðið var við að tilvísanakerfið yrði tekið út. Sé það aftur sett inn þá er samningnum sagt upp og um leið og honum er sagt upp tekur ný gjaldskrá gildi fyrir þá þjónustu er

sérfræðingar veita og það er gjaldskrá sem gerir ekki ráð fyrir þeim afslætti sem innbyggður er í samninginn núna sem má meta upp á eitthvað á milli 15 og 20% lækkun á þessum kostnaði. Þetta fylgir með í bókun samningsins frá því í janúar 1991.

Hættan er sú — og ég sagði það í ræðu minni áðan að hæstv. heilbrrh. er nokkur vandi á höndum í þessum efnum og framkvæmdin getur þess vegna orðið býsna viðkvæm og flókin — að um leið og þetta gerist og samningnum er sagt upp, þá segi sérfræðingar sig úr viðskiptum við tryggingarnar þar sem samningur er ekki til staðar. Þeir útbúi sína eigin gjaldskrá. Sú gjaldskrá taki ekkert mið af því sem er í gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins, þeir verðleggi sína þjónustu alveg sjálfir. Fólkið sem þarf að sækja þjónustuna til sérfræðinganna verði að greiða samkvæmt þessari gjaldskrá. Þrátt fyrir það að þeir hafi útbúið eigin gjaldskrá þá hafa tryggingarnar ekki heimild til þess að endurgreiða þann hluta reikningsins sem þeir kæra sig um að greiða vegna þess að forsenda fyrir því að reikningur sé greiddur er sú að það sé samningur milli viðkomandi sérfræðings og sjúkratrygginganna. Þannig að þá þyrfti að breyta lögum í þá veru til þess að það væri hægt.

Með þessu yrði einstaklingurinn að bera allan kostnað af læknishjálpinni, rétt eins og gert er ráð fyrir að hann geri nú samkvæmt þessu frv., fylgi ekki tilvísun. Slíkt held ég að fengi ekki staðist til lengdar, að koma málum þannig fyrir að ekkert af sérfræðilæknishjálpinni yrði greitt. Hættan er þá sú að tvöföld gjaldskrá myndist. Annars vegar gjaldskrá sem sjúkratryggingarnar ákveða að greiða eftir og hins vegar gjaldskráin sem sérfræðingarnir verðleggja sína þjónustu samkvæmt. Mismunurinn á þessum tveimur gjaldskrám yrði hlutur sjúklingsins. Smátt og smátt fengju sérfræðingarnir tækifæri til þess að hækka sína gjaldskrá alveg óháð því hvað tryggingarnar segja. Það væri bara þessi frjálsa samkeppni sem mundi gilda milli sérfræðinganna um það hvaða gjaldskrá þeir væru með í boði. Þannig myndaðist tvöfalt kerfi og einstaklingurinn sem þarf á þjónustunni að halda, þyrfti að gjalda þess hvernig þarna væri komið. Því til viðbótar eru það 450 þús. komur á ári til sérfræðings, sennilega eru þær eitthvað fleiri á árinu 1992 vegna þess að það koma ekki öll samskiptin fram þar sem að allir reikningar sem eru undir 1.500 kr. sjást aldrei inni í Tryggingastofnun ríkisins og þess vegna ekki talin samskipti. Þess vegna eru samskiptin sennilega fleiri en 450 þús. Segjum að þau séu 450 þús. og þetta fólk, sem þarf á þjónustu sérfræðinganna að halda, kemur með reikningana sína í Tryggingastofnun ríkisins til að fá þá endurgreidda, það þýðir það að þangað koma 1.700–2.000 manns á hverjum einasta degi sem Tryggingastofnun ríkisins er opin til þess að fá endurgreidda reikninga hjá gjaldkerunum. Hvernig í ósköpunum ætla menn að leysa þetta? Hvað mun þetta kosta fyrir ríkið? Að þessu held ég að menn þurfi að huga þegar þeir líta á framkvæmd kerfisins. Það er þess vegna sem ég sagði það áðan að ég styð hugmyndina um tilvísanakerfi en þori ekki með mínum stuðningi við málið að bera ábyrgð á framkvæmdinni í höndum hæstv. heilbrrh.

Annar liður 6. gr. fjallar um lyfjakostnaðinn. Þar finnst mér menn vera nokkuð bjartsýnir af þeirri ástæðu að ætla að spara 500 millj. kr. með því að breyta orðum í almannatryggingalögunum, þ.e. hugtakið „lífsnauðsynlegt" lyf á að koma í staðinn fyrir „bráðnauðsynlegt" og það á að spara 500 millj. kr.

Hvernig verður þetta gert? Jú, þetta er auðvitað hægt. Það verður alltaf mjög erfitt að skilgreina hvað er bráðnauðsynlegt. Það verður auðvitað líka þegar um lyf er að ræða erfitt að skilgreina hvað er lífsnauðsynlegt. Og hver ætlar eiginlega að taka það að sér að ákveða hvaða lyf eru lífsnauðsynleg? Það er mikil ábyrgð sem fylgir slíku. En sparnaðinum á að ná með því að taka enn fleiri lyf út úr lyfjaskránni og segja: Þessi lyf verða ekki greidd niður. Þetta verður fólkið að borga að fullu vegna þess að þau eru ekki alveg lífsnauðsynleg. Ef þetta er sú hugsun sem liggur að baki hjá hæstv. ráðherra, þá er hægt að spara 500 millj. kr., það er alveg ljóst. Er þar í raun og veru eitthvað verið að spara í kerfinu? Nei, það er verið að auka álögurnar á sjúklingana. Fólkið á að borga meira fyrir lyfin, sem nemur 500 millj. kr. Og það á eingöngu að greiða niður þau lyf sem eru lífsnauðsynleg. Með öðrum orðum: Sjúklingarnir eiga að greiða en lyfsalarnir eiga að halda áfram að græða. Þarna er það sem skilur alveg á milli, og það hef ég oft áður minnst á reyndar, í stefnu núv. ríkisstjórnar og stefnu fyrrv. ríkisstjórnar. Í fyrrv. ríkisstjórn voru menn að burðast við að taka á skipulagsvandanum í kerfinu, taka á lyfjafræðingunum, lyfsölunum, hlífa fólkinu við að greiða en þessi ríkisstjórn hugsar ekkert um það að taka á skipulagsvanda kerfisins, heldur á fólkið bara að borga meira.

Hæstv. heilbrrh. er búinn að boða það síðan hann settist í stól sinn sem heilbrrh. að það ætti að breyta lögunum um lyfsölu og lyfjadreifingu. Þar væri verið að boða alveg nýtt fyrirkomulag. Það bólar ekkert á þessum tillögum, ekki neitt. Eina sem við þingmenn í hv. heilbr.- og trn. sáum um þetta var það að okkur var tilkynnt sl. vor að þessi breyting yrði gerð samhliða þeim breytingum sem gera þyrfti og snerta samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Í haust var síðan gerð breyting á þessu þar sem frv. var auðvitað ekki tilbúið um skipulagsbreytingarnar og EES-breytingarnar settar inn í bandorm. Það bólar því ekkert á þessum skipulagsbreytingum sem þó spara peninga og þar er kannski eini möguleikinn og það er einmitt þar, þ.e. að spara peningana með því að taka á lyfsölunum og lækka álagninguna.

Það eru auðvitað fleiri leiðir til í þessu tilfelli, hæstv. heilbr.- og trmrh., og kannski aðalástæðan fyrir því að lyfjakostnaðurinn hækkar mjög mikið milli ára að það eru alltaf fleiri ný lyf að koma inn á lyfjaskrána. Ég sé það að þarna er með ákveðnum aðgerðum í frv. verið að takmarka slíka hluti. Það getur vel verið skynsamlegt. Ég held hins vegar að sú leið sem valin er, þ.e. að neita að skrá lyf þannig að þau séu ekki niðurgreidd, það sé ekki rétt, heldur væri skyn-

samlegra að takmarka notkun þeirra. Skrá öll lyf, ákveða að þau skuli öll vera að hluta til niðurgreidd af hálfu sjúkratrygginganna, en takmarka notkun þeirra. Hvernig gerum við það? Við getum gert það með því að binda ávísun á viðkomandi ný lyf algjörlega við ákveðna sérfræðinga, þ.e. þá sérfræðinga sem eru sérfræðingar í viðkomandi sjúkdómum á meðan reynsla fæst á lyfið. Og á meðan menn eru að fá reynsluna lækkar verðið. Þarna er hins vegar farin sú leið að koma í veg fyrir það að lyfið komist á skrá, þannig að meðan það er ekki komið á skrá þá ætla tryggingarnar ekkert að greiða þannig að ég tel að þetta sé að mörgu leyti röng leið þó ég skilji afstöðu ... (**Heilbrrh.:** Þetta er ekki alveg rétt skilið.) ja, þá verður hæstv. heilbr.- og trmrh. að skýra þetta betur út fyrir mér. Ég las þetta upp úr frv. Það er ekki gott ef þetta er ekki alveg réttur skilningur en ég skil hæstv. ráðherra þannig að ég sé svona nokkurn veginn á vegkantinum þó í þessum efnum. En sparnaðurinn, í kringum 500 millj. kr., næst ekki nema með þessu sem ég hef verið að lýsa, þ.e. að taka fleiri og fleiri lyf út af lyfjaskránni sem sjúkratryggingarnar eru með yfir lyf sem á að greiða niður og velta þannig kostnaðinum yfir á fólkið.

Það er auðvitað broslegt og það trúir því auðvitað enginn og ég veit að hæstv. heilbrrh. trúir því ekki sjálfur að það sé hægt að spara þær tölur sem ráðherrann gerir ráð fyrir í fjárlagafrv. nema þessi leið verði farin. Það verða færðar frá árinu 1992 yfir á 1993 200–300 millj. vegna þess að kostnaðurinn er kominn í 2,6 til 2,7 milljarða, átti samkvæmt fjárlagafrv. að vera 2,2 milljarðar. Síðan er til viðbótar gert ráð fyrir enn meiri sparnaði á árinu 1993, þannig að þetta er auðvitað óframkvæmanlegt nema sú leið verði valin að velta þessu yfir á þá sem þurfa á aðstoðinni að halda.

Tannlækningarnar — þar er ég mjög ósáttur við þá leið sem valin er, ekki síst í ljósi þess að það náðist gott samstarf milli stjórnarþingmanna og stjórnarandstöðunnar í fyrra, einmitt við vinnslu í heilbr.- og trn. á svipuðum bandormi og þeim bandormi sem hérna liggur fyrir. Það var algjör samstaða um það að forvarnaþættir gjaldskrárinnar skyldu verða fríir eins og flúorskolun, flúorpenslun, skorufyllingar og þar fram eftir götunum. Um þetta var algjör samstaða bæði stjórnarandstöðunnar og stjórnarþingmanna. Þessu var breytt í meðförum þingsins. Og af hverju var þessi samstaða? Jú, vegna þess að með rökum var nefndinni sýnt fram á það að á undanförnum árum hafa menn fyrir tilstuðlan þessara þátta í gjaldskránni, vegna forvarnanna, náð ótrúlegum árangri við að draga úr tannskemmdum. (Gripið fram í.) Já, ótrúlegum árangri. Ef ég man þessar tölur rétt þá voru í 12 ára barni fyrir 1980 8 tennur skemmdar að meðaltali. Í dag er þetta komið niður í 2,3 tennur að meðaltali. Þetta er auðvitað árangur sem menn hafa náð í tannheilsunni. Mín skoðun er sú að forvarnirnar eigi að vera fríar og fyrir því eigum við að berjast og ég trúi því að menn geti náð fram breytingu í þessum efnum.

Sparnaður upp á 190 millj. — ég hef þá trú að það sé hægt að ná þessum sparnaði með þessu fyrirkomulagi sem þarna er lagt til. Það sem er verið að gera er að kostnaðarþátttaka foreldranna í tannviðgerðum barnanna er aukin, það er verið að velta þessu yfir á fólkið, skattleggja fólkið enn frekar. Það breytir engu um gjaldskrá tannlæknanna, það er ekki verið að breyta henni í einu eða neinu, þeir halda öllu sínu. Þarna er enn ekkert gert í gjaldskránum, heldur er vandanum velt yfir á fólkið.

Síðan er gert ráð fyrir því að spara samkvæmt þessum bandormi 60–80 millj. kr. með því að bjóða út ákveðna þætti í sjúkratryggingunum. Þetta er eitt af því albesta sem er í þessu frv. og þarna er ég alveg sannfærður um að hægt er að ná árangri. Þetta er skynsamlegt. Það er einmitt skynsamlegt að gera þetta með þessum hætti. Og það þykist ég vera viss um að þetta sé allt saman mjög dyggilega stutt af heilbrigðis- og trygginganefnd Sjálfstfl., að þessi leið skuli valin. Það sem þarna er á ferðinni er það að læknar hafa komið sér upp og eiga hlut í rannsóknastofum. Ýmiss konar sýni sem tekin eru, blóðprufur og annað slíkt, eru send inn á þessar stofur til rannsókna og Tryggingastofnun ríkisins borgar samkvæmt gjaldskrá. Þarna eru hlutir auðvitað sem mjög eðlilegt er að bjóða út. En hvað mun gerast? Mín spá er að sú eina stofa sem raunverulega geti boðið í þetta allt saman og boðið lægsta verð sé rannsóknastofa Ríkisspítalanna. Ég man það frá þeim tíma er ég sat í samninganefnd við þessa sérfræðinga, að á þeim kostnaði sem var upp gefinn af hálfu sérfræðinganna og af hálfu Ríkisspítalanna var mikill munur. Kostnaðurinn við rekstur Ríkisspítalastofunnar var miklu lægri en nokkurs staðar annars staðar. Þeir gátu veitt mesta afsláttinn. Ég er því alveg sannfærður um það að þar mun þetta lenda og eru í sjálfu sér ágætis sértekjur fyrir Ríkisspítalana sem búa núna við nokkuð erfiðar aðstæður.

Þá er það II. kafli þessa frv. sem fjallar um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og um að hún skuli gerð að hlutafélagi. Gert er ráð fyrir því að tekjur af sölu Samábyrgðarinnar verði 170 millj. kr. Þarna á að taka peninga sem mikill vafi leikur á hvort ríkið á. Ég minnist þess frá fyrri tíma er menn ræddu hér um sjálfseignarstofnanir á sviði heilbrigðismála að þá var talið að viðkomandi stofnanir ættu sig sjálfar og það gildir eins með Samábyrgðina að sá eignarhlutur sem þar hefur myndast hefur myndast fyrir tilverknað þeirra sem hafa tryggt. Þannig eru þeir sem hafa tryggt hjá Samábyrgðinni auðvitað eigendur Samábyrgðarinnar en ekki ríkið. Ríkið hefur ekki verið með neitt í tryggingu hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, ekki nokkurn skapaðan hlut. Það eru bátaábyrgðarfélögin sem hafa verið með tryggingarnar þarna og það eru þau sem eiga Samábyrgðina. Þess vegna hlýtur það að vera stór spurning hvort það sé einfaldlega hægt að ríkið taki hluti sem það á ekki og selji einhverjum eða jafnvel gefi og segi sem svo: Ja, við áttum þetta. Þetta er sama spurningin sem er auðvitað í hugum manna varðandi Brunabótafélag Íslands. Á ríkið Brunabótafélag Íslands? Eru þingmenn almennt sammála því? Ég held að það séu mjög fáir sem því eru sammála að Brunabótafélagið sé eign ríkisins. Það gildir nákvæm-

lega það sama um Samábyrgðina. (**Gripið fram í:** Það er eign sveitarfélaganna.) Brunabótafélagið er eign sveitarfélaganna sem hafa tryggt, þar hefur eignin myndast. Þess vegna finnst mér það alveg sjálfsagt að þessi tvö aðskildu mál og ólíku fylgist að í þessum bandormi gegnum þingið. Ég sagði það í upphafi minnar ræðu að ég skal styðja ...(**ÓÞÞ:** Þetta er samkomulagsmál hjá stjórninni.) Ég þekki það ekki, hv. þm., en ég sagði hæstv. ráðherra það í upphafi að ég skyldi styðja hann dyggilega í því vegna þess að hann lýsti því yfir á fundi í fjárln. sl. sunnudag að það væri mikilvægt að þessi mál fylgdust alveg að í gegnum þingið og ég skal styðja hæstv. ráðherra í því, bæði í þinginu og í störfum nefndarinnar.

En það getur vel verið réttlætanlegt og mér finnst það að mörgu leyti skynsamlegt að breyta Samábyrgð Íslands í hlutafélag. En hverjir mundu þá eiga það hlutafélag? Það eru auðvitað þeir sem eiga sjóðina, tryggingasjóðina og hafa lagt í þá í Samábyrgðinni. Ríkið hefur ekki lagt þar fram eina einustu krónu. Það eru bátaábyrgðarfélögin og þeir sem hafa tryggt hjá þeim sem eiga þetta. (Gripið fram í.) Ja, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson þekkir þetta mjög vel vegna þess að hann segir að þetta sé samkomulagsmál og ég trúi því að hann hafi framkvæmt rannsóknir á því hér síðustu daga í þinginu að um þetta ríki víðtæk samstaða. 170 millj., sagði hæstv. heilbrrh., að mætti gera ráð fyrir að ríkið fengi fyrir þessa sölu. Það eru alveg óvitlausir útreikningar, a.m.k. miklu skynsamlegri en margt annað sem hefur verið reiknað út og tengist þessum bandormi. Þá sýnist mér hæstv. ráðherra taka þá upphæð sem er eigið fé í fyrirtækinu og segja: Þetta er markaðsvirði Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Það eru 174 millj. Þannig að verðið er alveg óvitlaust. En menn geta náttúrlega ekki verið að ætlast til þess að þeir fái peninga af því sem ekki eiga og ætla að selja það sem þeir alls ekki eiga. Það er vandamálið í því öllu saman, að ná þessu inn í ríkissjóð.

Gengi þetta eftir, að þetta mundi gerast með þessum hætti og menn kæmust að einhverju samkomulagi og segðu sem svo: Ja, ríkið gæti átt allt annað en innstæður bátaábyrgðarfélaganna í Samábyrgðinni. Bátaábyrgðafélögin eiga í sjóðum í Samábyrgðinni, sem er í tryggingasjóðnum sem er eign bátaábyrgðarfélaganna, 90 millj. kr. Við skulum segja að það yrði dregið frá og ríkið gæti eignað sér hitt. Hver væri grundvöllurinn fyrir því að þeir gætu eignað sér það? Jú, að þeir skyldu hafa leyft félaginu að lifa í 90 ár. Það væri það sem ríkið fengi fyrir. Þannig að út úr þessu kæmi þá ekki nema 81 millj. En það eru auðvitað þessi bátaábyrgðarfélög sem voru að byggja þetta upp og það eru þau sem eiga þetta. Gengi þetta eftir með þessum hætti þá er hér alveg um hreina eignaupptöku að ræða sem brýtur í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar, nema fullar bætur komi fyrir. Þá er spurningin: Hver ætti að bæta eigendunum? Það yrði ríkissjóður. Þá yrði það auðvitað til lítils seilst fyrir ríkissjóð ef hann þyrfti að koma með sömu upphæð á móti og hann fengi út úr fyrir að selja þetta.

Ég tek hins vegar undir það að það getur verið skynsamlegt og eðlilegt að breyta Samábyrgðinni í hlutafélag. En eigendurnir eru auðvitað bátaábyrgðarfélögin og engir aðrir og það þurfa menn að hafa í huga.

Fyrir utan þetta, um eignarréttinn, þá hef ég miklar athugasemdir við það sem fram kemur í 13. gr. um Samábyrgðina þar sem segir, með leyfi forseta:

„Fastráðnir starfsmenn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum skulu hafa rétt til að starfa hjá Samábyrgðinni hf. og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir gegndu áður. Ákvæði 14. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, með síðari breytingum, á því ekki við um þá starfsmenn."

Hér er enn einu sinni komið nákvæmlega sama ákvæðið inn í lagafrv. og hefur verið inni í frv. um Síldarverksmiðjur ríkisins, um Sementsverksmiðjuna og allt hefur stöðvast vegna þess að það liggja fyrir margar álitsgerðir lögfræðinga á því að þarna sé um skýrt brot á stjórnarskránni að ræða. Þetta þýðir það, ef þetta gengi eftir, að þessir starfsmenn, sem hafa verið ríkisstarfsmenn í gegnum tíðina og hafa búið við það að vera á lægri launum heldur en almennt gerist á markaðnum vegna þess að þeir hafa búið við betri aðstæður í lífeyrissjóðunum, þeir hafa haft biðlaunaréttinn, þeir missa þetta allt saman án þess að fá neinar bætur fyrir. Og það er bæði í álitsgerð Gests Jónssonar hæstaréttarlögmanns og í álitsgerð frá Almennu málflutningsstofunni sem Hróbjartur Jónatansson skrifar undir, að þetta ákvæði brýtur í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar. Þarna væri því um tvöfalt brot á stjórnarskránni að ræða gengi þetta eftir með þessum hætti. Ég trúi því varla fyrr en ég tek á að þingmenn þess flokks, sem líta harðast allra þingmanna á eignarréttinn og telja hann helgastan af öllu, þingmenn Sjálfstfl., ætli að standa að slíkum breytingum. En það verður auðvitað ekki af frv. annað ráðið heldur en að um þetta sé samstaða hjá stjórnarflokkunum, um að svipta eigendurna í Samábyrgð, bátaábyrgðarfélögin, þeirri eign sem þeir þarna eiga, taka það inn í ríkissjóð og dreifa því út núna tímabundið. Það væri auðvitað mjög mikilvægt að fá að vita, ef það er svo að það eru ekki allir þingmenn Sjálfstfl. — auðvitað er þetta skiljanlegt með Alþfl. sem lítur eignarhaldið allt öðrum augum en Sjálfstfl. þó svo að þeir styðji málið — en það væri fróðlegt að fá að vita hvort allir þingmenn Sjálfstfl. standa að þessu máli eins og það liggur fyrir.

Virðulegi forseti. Ég sagði það í upphafi ræðu minnar að hér væri fyrst og fremst um enn eitt skattalagafrumvarpið að ræða. Hér er verið að skattleggja ákveðna hópa í þjóðfélaginu. Með sértækum aðgerðum eru ákveðnir hópar eltir uppi og þeir sérstaklega skattlagðir. Ég tók það saman að gamni mínu hverjar þær álögur eru sem þessi ríkisstjórn hefur lagt á sjúklinga, ellilífeyrisþega, öryrkja og aðra þá sem þurfa á þjónustu heilbrigðiskerfisins að halda á árinu 1992 og hvaða álögur eru fyrirhugaðar með þessu frv. eins og það liggur fyrir á árinu 1993. Það er 1.000 millj. kr. lyfjaskattur á árinu 1992. Það er 700 millj. kr. skattur á þá sem þurfa að sækja þjónustu sérfræðinga á árinu 1992. Það er 370 millj. kr. skattur á þá sem þurfa að

sækja þjónustu heilsugæslustöðvanna á árinu 1992. Það er 260 millj. kr. skattur á elli- og örorkulífeyrisþega með tekjutengingu elli- og örorkulífeyrisins og ekkert kom í staðinn. Í þessu frv. á að leggja 500 millj. kr. skatt á einstæða foreldra og þá sem greiða meðlögin. Sjúklingar eiga að greiða 500 millj. kr. vegna nýrrar skilgreiningar á lyfjahugtakinu. Sjúklingar sem þurfa að fara til sérfræðings en þurfa að fara fyrst til heimilislæknis þurfa að greiða 270 millj. kr., gangi þetta eftir óbreytt, fyrir það að þurfa að fara til heimilislækna til þess að fá tilvísunina. Og foreldrar barnanna eiga núna að greiða 190 millj. kr. viðbótarskatt af því að það er verið að breyta fyrirkomulaginu í tannlækningunum. Þetta þýðir, hæstv. heilbr.- og trmrh., að þessar skattálögur ríkisstjórnarinnar á þessum tveimur árum verða 3,8 milljarðar kr., beinar skattálögur. Ég held að þetta lýsi sér best í því hvað þarna er verið að gera að það er hvergi verið að spara. 270 millj. kr. kostar fyrir einstaklingana að fara til heimilislæknis til að ná sér í tilvísun. En tilvísunin á að spara hjá sérfræðingunum 120 millj. kr. Ef hæstv. ráðherra breytir hins vegar aðgangseyrinum að heilsugæslustöðvunum þá mun þetta dæmi líta öðruvísi út. Ég sagði það fyrr í minni ræðu að það væri forsendan og hefði alltaf af hálfu okkar framsóknarmanna verið forsendan fyrir því að þessi breyting yrði gerð. En ég bið menn að hafa það í huga að á þessum tveimur árum, eða hugsanlega verði það svo á tveimur árum, á árinu 1992 og 1993, þá munu beinar skattálögur á það fólk, sem þarf á aðstoð heilbrigðiskerfisins að halda, hefur notið aðstoðar almannatryggingganna í gegnum tíðina, vera um 3,8 milljarðar kr. — [Fundarhlé.]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Finnur Ingólfsson hefur farið mjög rækilega yfir það frv. sem hér liggur fyrir til meðferðar um breytingu á lögum um almannatryggingar og um sölu á Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Í sjálfu sér var úttekt hv. þm. það ítarleg að það er kannski ekki ástæða til að bæta þar mjög miklu við ef ekki vildi þannig til að einmitt í þeim töluðu orðum þegar við erum að ræða þetta einstaka frv. þá birtist í fjölmiðlum samþykkt frá fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands sem var haldinn í dag. Jafnframt birtist úttekt á ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í heild og það er auðvitað nauðsynlegt að átta sig á því, eins og hæstv. heilbrrh. lagði áherslu á í dag, að þær ráðstafanir, sem verið er að tala um í þessu frv., eru ekki einstæðar heldur eru þær hluti af víðtækara verki, ráðstöfunum sem hitta mjög marga aðila í þjóðfélaginu fyrir. Þess vegna tel ég að það sé eðlilegt, ekki aðeins réttlætanlegt, heldur einnig eðlilegt og nauðsynlegt að skoða þessar ráðstafanir með hliðsjón af því sem Alþýðusamband Íslands hefur um heildarráðstafanirnar að segja.

Í samþykkt Alþýðusambands Íslands frá miðstjórnarfundinum í dag segir svo, með leyfi forseta:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands ítrekar mótmæli 37. þings sambandsins gegn harkalegum kjaraskerðingaraðgerðum ríkisstjórnarinnar og hvetur félögin til þess að segja samningum upp sem fyrst þannig að þeir verði lausir fyrir 1. febr. nk.

Miðstjórn mótmælir harðlega þeim viðbótaraðgerðum sem nú hafa verið kynntar um skerðingu barnabóta, vaxtabóta, aukinn lyfjakostnað og kostnað vegna tannlækninga barna og aldraðra. Í öllum þessum atriðum er gengið þvert á kröfu Alþýðusambands Íslands um aukinn jöfnuð.

Ríkisstjórnin, sem hét því samhliða samningum sl. vor að breyta barnabótakerfinu lágtekjufjölskyldum í hag með því að nota afraksturinn af lækkun barnabótafjölskyldna með hærri tekjur til að hækka barnabætur fjölskyldna með lægri tekjur, hefur nú ákveðið að lækka barnabætur einhliða. Lágtekjufólk er þannig svikið um þá bót sem ríkisstjórnin lofaði á sl. vori. Vaxtabætur eru skertar með aðferð sem kemur harðar niður á lágtekjufólki en hátekjufólki. Aukinn lyfjakostnaður og kostnaður vegna tannlækninga barna og aldraðra er alvarleg skattlagning á það fólk sem síst má við auknum álögum.

Áður en til aðgerðanna var gripið höfðu fulltrúar Alþýðusambands Íslands sýnt fram á að með tekjujöfnunaraðgerðum má verja kaupmátt láglaunafólks og um leið treysta undirstöður atvinnulífsins. Miðstjórnin ítrekar mótmæli ASÍ þings við því að ríkisstjórnin skuli hafa hafnað samstarfi við verkalýðssamtökin um lausn efnahagsmála og að hana skuli skorta pólitískan vilja til að standa að tekjujöfnunaraðgerðum. Einmitt við þær erfiðu aðstæður sem við stöndum frammi fyrir í dag er nauðsyn á breiðri samstöðu um að verja kjör lágtekjufólks.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands skorar því á ríkisstjórnina að taka ákvarðanir sínar til endurskoðunar og lýsir allri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni ef hún með þessum hætti velur að rjúfa grið gagnvart lágtekjufólki í landinu."

Ég hygg, virðulegi forseti, að það sé orðinn alllangur tími liðinn frá því að það hefur komið jafneindregin ályktun frá miðstjórn Alþýðusambands Íslands og sú sem birtist hér og ég las upp áðan. Auðvitað sýnir það fyrst og fremst alvöru málsins að verkalýðssamtökin skuli telja sig knúin til að taka á málinu með þessum hætti og auðvitað hefði ríkisstjórnin þurft að átta sig á þessu áður en hún lagði af stað með sínar aðgerðir. Að vísu má segja að það sé ekki of seint fyrir ríkisstjórnina að átta sig og taka skynsamlega á málum. Það er auðvitað ekki of seint fyrir ríkisstjórnina að draga þessi frumvörp til baka sem liggja hér fyrir þinginu. Það er ekki of seint að hefja viðræður við aðila vinnumarkaðarins og verkalýðshreyfinguna sérstaklega um lagfæringar á þeim tillögum sem hér liggja fyrir. Það er ekki of seint. Það hefur komið fram af hálfu forustumanna Alþýðusambands Íslands síðustu dagana og í kvöld líka að þeir eru tilbúnir til viðræðna. En það er líka alveg ljóst að við þær aðstæður sem nú eru þá telur forusta Alþýðusambands Íslands óhjákvæmilegt að segja við félögin: Eins og staðan er í dag þá er enginn annar kostur en að hvetja félögin til að segja upp kjarasamningum til þess að sameinast um að verja kjör lágtekjufólks í landinu.

Hæstv. heilbrrh. og hæstv. utanrrh. hafa aftur og aftur sett þessi mál þannig upp að þeir væru í rauninni að þjóna hagsmunum og hugsjónum og stefnu jafnaðarmanna, lágtekjufólks og verkalýðshreyfingarinnar með þeim aðgerðum sem verið er að efna til. Ég vil segja við þá í fullri vinsemd, ef eitthvað er fjarstætt að nefna í þessu sambandi þá er það það að þeir séu að verja hagsmuni lágtekjufólks. Staðreyndin er sú að Alþýðusambandið hafði fyrr á þessu ári sett fram tillögur um aðgerðir í efnahagsmálum sem hefðu haft í för með sér kaupmáttarskerðingu, já, en minni kaupmáttarskerðingu hjá láglaunafólki og allt aðra heldur en þá sem hér er verið að tala um. Þær aðgerðir sem hér er verið að tala um eru auðvitað svo hrikalegar vegna þess að í mörgum tilvikum, eins og ég mun sýna fram á síðar í ræðu minni, koma þessar aðgerðir verr niður á lágtekjufólki en á öðrum, um leið og það er þannig að það er sérstaklega lagt til atlögu við þann hóp í þjóðfélaginu sem er aðallega að vinna fyrir nokkrum tekjum, er að byggja og er að eiga börn, fólkið sem er á aldrinum 25–40 ára, fólk sem er á besta aldri og leyfir sér að eiga börn, eins og hæstv. heilbrrh. benti á í viðtali við Stöð 2 fyrir nokkrum kvöldum og ég mun koma að síðar.

Það er alveg augljóst mál, virðulegi forseti, að hér er komið að ákveðnum kaflaskilum í tilveru þeirrar ríkisstjórnar sem situr í landinu. Hún er ekki búin að sitja mjög lengi í raun og veru. Hún tók hér við í fyrra vor. En með þessum aðgerðum er hún að segja í sundur friðinn við þjóðina gagnstætt því sem hefur verið áherslumál ríkisstjórnar nú um langt skeið, þ.e. að stuðla að þjóðarsátt og samvinnu um þróun meginstærða í efnahagsmálum. Nú er staðan þannig að við höfum ríkisstjórn á ný sem er að segja í sundur friðinn, að rjúfa grið gagnvart lágtekjufólki í landinu, eins og Alþýðusamband Íslands segir.

Það er mjög langt síðan, virðulegi forseti, að við höfum haft ríkisstjórn af þessu tagi. Það er mjög langt síðan við höfum haft ríkisstjórn þar sem alþýðusamtökin hafa talið sig þurfa að ganga fram með þessum hætti og það er í raun og veru nauðsynlegt að nákvæmlega núna, 9. des. 1992, gerum við okkur grein fyrir því að þolinmæði verkalýðssamtakanna er þrotin og það er óhjákvæmilegt að menn geri sér grein fyrir því að menn hyggjast efna til samstöðu til að verja kjör lágtekjufólks eins og hér er nefnt í ályktun Alþýðusambandsins.

Í ályktun Alþýðusambandsins er ekki aðeins hvatt til samstöðu og varnar heldur líka hvatt til samstöðu og sóknar. Og það eru einnig kaflaskil að mínu mati að í ályktun miðstjórnar Alþýðusambandsins frá í dag segir, með leyfi forseta:

„Lágtekjufólk er þannig svikið um þá bót sem ríkisstjórnin lofaði á liðnu vori.“

Ég mun á eftir í máli mínu, virðulegi forseti, fara yfir yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar sem voru gefnar við síðustu kjarasamninga, en þar var því m.a. lofað að breyta ekki barnabótum nema í samráði við verkalýðshreyfinguna. Því var lofað. Ég spyr hæstv. heilbrrh. og mun koma nánar að því á eftir: Hvaða samráð var haft um þetta plagg, þessar tillögur og tekjuskattstillögurnar áður en þetta var lagt fram á Alþingi? Ég get svarað þessu: Það var ekkert samráð við þetta fólk.

Meðal þeirra breytinga, virðulegi forseti, sem verið er að gera samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir og öðrum ákvörðunum heilbrrh., er að breyta í grundvallaratriðum greiðsluþátttöku sjúklinga í verði lyfja. Ég hef undir höndum yfirlit um þessar breytingar sem mér barst áðan frá hagdeild Alþýðusambands Íslands. Þar kemur það t.d. fram að þegar um er að ræða lyfjaávísun sem kostar innan við 500 kr. þá borgar sjúklingurinn núna 87 kr. — Hvað borgar hann samkvæmt ákvörðunum heilbrrn. samkvæmt þessari töflu? 349 kr. Ef lyfjaávísunin er á bilinu 501–1.000 kr. þá borgar viðkomandi í dag 185 kr. en mun borga að því er Alþýðusambandið segir 560 kr. Og þegar um er að ræða lyfjaávísun sem kostar á bilinu 1.500–2.000 kr. þá borgar sjúklingurinn í dag 432 kr. en borgar eftir nýja kerfinu frá 1. jan. 807 kr. Þau lyf, sem kosta undir 2.000 kr. alls, eru um 27% af veltu, þau kosta u.þ.b. 27% af heildarveltu lyfja í smásölu og það eru 61,55% af fjölda lyfjaávísana eins og þær eru gefnar út. Niðurstaða Alþýðusambandsins er sú að hlutur sjúklings í meðalverði lyfja hækki úr 525 kr. í 867 kr. eða um 65,2%. Greiðsluþátttakan, sem er 22,6%, verður 37,3%.

Hér hefur það verið rakið, virðulegi forseti, hvaða áhrif þessar breytingar hafa m.a. á kaup í einstökum tilvikum, en Alþýðusambandið hefur tekið saman heildarupplýsingar um þessi mál. M.a. hefur Alþýðusambandið tekið saman yfirlit um það hvaða áhrif breytingar á vaxtabótum hafa í för með sér. Hvaða áhrif ætli breytingar á vaxtabótum hafi í för með sér fyrir fólk sem hefur að meðaltali 670 þús. kr. í árstekjur, en það er í raun og veru lægsti tekjuhópurinn? Kaupmáttur þess fólks, sem skuldar meðalskuldina, versnar um 3,5% bara út af breytingunum á vaxtabótunum og þarna er ég að tala um hjón og sambýlisfólk. Ef við tölum um einstæða foreldra þá er í gögnum Alþýðusambandsins talað um að breytingarnar á vaxtabótunum þýði 1–1,6% skerðingu á kaupmætti.

Alþýðusambandið hefur einnig tekið saman breytingarnar á barnabótakerfinu. Niðurstaðan er sú að þegar um er að ræða mánaðartekjur, 100 þús. kr. og þar fyrir neðan, þá skerðist kaupmátturinn vegna breytinga á barnabótakerfinu um 0,6%–0,8% en minna ofar í tekjuskalanum. Þegar þetta allt er tekið saman, heildaryfirlit yfir kaupmáttaráhrif af aðgerðum ríkisstjórnarinnar þá kemur þetta í ljós, virðulegi forseti, samkvæmt þessu yfirliti Alþýðusambandsins sem ég hygg að sé algjörlega ómótmælanlegt. Ef um er að ræða tekjur sem eru 60 þús. kr. þá lækkar kaupmáttur ráðstöfunarteknanna um 5,68% samkvæmt þeim ráðstöfunum sem voru kynntar 23. nóv. Ég er ekki að tala um nein himnalaun, ég er að tala um 60 þús. kr. í tekjur. Við þetta bætist síðan niðurskurðurinn sem nú er verið að kynna, barnabætur og vaxtabætur, hann skerðir kaupmátt þessa fólks um 1,31% og lyfjahækkunin ein sér og hækkunin á tannlæknakostnaði skerðir tekjur þessa fólks að meðaltali um 0,4% þannig að heildar-

kaupmáttaráhrifin af aðgerðum ríkisstjórnarinnar eru hver? — Hjá þessu fólki sem er með 60 þús. á mánuði eru árhifin 7,4%. Það er sem sagt verið að taka af þessum einstaklingum sem eru með 60 þús. kr. á mánuði, 4.200–4.400 kr. á mánuði.

Hæstv. utanrrh. hélt því fram þegar hann var að tala um þessar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar fyrir nokkru að í rauninni hefði verið farið meira og minna eftir tillögum Alþýðusambandsins. Ég man ekki betur en að hann hafi fullyrt að það hafi farið meira og minna eftir tillögum Alþýðusambandsins. Alþýðusambandið hefur sent frá sér sérstakan samanburð á kaupmáttaráhrifum aðgerðar ríkisstjórnarinnar annars vegar og hugmynda ASÍ hins vegar þar sem það kemur fram að um yrði að ræða 1% kaupmáttarskerðingu samkvæmt tillögum ASÍ í tekjum sem eru upp að 160 þús. kr. á mánuði en hver er talan samkvæmt aðgerðum ríkisstjórnarinnar? Hún er ekki 1%, hún er 7,5%. Og hæstv. utanrrh. hélt því þó fram að í raun og veru væru þetta *nákvæmlega sömu tillögurnar sem menn voru hér að* gera.

Ég hygg þess vegna, virðulegi forseti, þegar þetta er allt skoðað þá hljóti menn að átta sig á því og skilja hvernig á því stendur að samtök launafólks í þessu landi segja: Nú þurfum við að standa saman og hvetja til samstöðu og varnar til að verja kjör láglaunafólks í okkar landi.

Auðvitað getur það út af fyrir sig vel verið að ósköp lítið þýði kannski fyrir okkur sem erum í stjórnarandstöðunni að tala um þessa hluti við hæstvirta ráðherra og stundum finnst mér satt að segja að þetta fari inn um annað eyrað á þeim og út um hitt það sem verið er að segja hérna og það er slæmt, vegna þess, eins og forseti veit best, þá á hér inni að vera lýðræðislegur vettvangur þar sem menn skiptast á skoðunum, skiptast á rökum og gagnrökum og reyna að hafa áhrif hver á annan. Ég er sannfærður um það, virðulegi forseti, að eftir viðtöl sem ég hef átt við fjöldann allan af þingmönnum stjórnarflokkanna að þeim var ekki kunnugt um það í einstökum atriðum hvernig þessar ráðstafanir mundu líta út. Þeim var ekki kunnugt um það í einstökum atriðum hvernig þessar ráðstafanir mundu líta út eftir nótt hinna löngu hnífa þegar fundirnir voru haldnir í þingflokkum skyndilega og ákvarðanir teknar í þingflokkum stjórnarliðsins. Það er fjöldinn allur af þingmönnum stjórnarflokkanna sem hafði ekki hugmynd um það hvernig þessi mál kæmu út. Og ég spyr í fyrsta lagi auðvitað um framkomu ríkisstjórnarinnar gagnvart sínum eigin flokkum, en í öðru lagi um sjálfsvirðingu þeirra þingmanna sem hér er um að ræða og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að þeir láti ganga yfir sig með þeim óvandaða flumbruhætti sem er einkenni þessara tillagna meira og minna út og suður. Dæmi: Í tillögunum er gert ráð fyrir því að skerða barnabætur. Í tillögunum er gert ráð fyrir því að skerða meðlög og fella niður mæðralaun. Í tillögunum er gert ráð fyrir því að lækka barnalífeyri. En þessar tillögur og áhrif þeirra hafa aldrei verið prófaðar saman, þær hafa aldrei verið keyrðar saman í öllum tölvukosti ríkisins, aldrei. Ráðherrarnir vita ekki núna og það af síður einstakir þingmenn hvernig þessar tillögur koma út þegar þær eru skoðaðar í samhengi, tillögurnar um breytingar á barnalífeyri og barnabótum, mæðralaunum og meðlögum. Og svo tekjuskattinum. Hér er því um að ræða alveg óvenjulega fljótfærnisleg vinnubrögð og um leið svo harkaleg. Setjum sem svo að við værum þeirrar skoðunar að það væri ekki óeðlilegt að breyta meðlagsgreiðslum, t.d. að hækka þessa tölu eitthvað sem nú er, ef ég man rétt, 7.551 kr. á mánuði, en að gera það svona, upp í 11.300 kr. í einu höggi er of harkalegt. Það er verið að kollsigla í raun og veru fjárhag fjölmargra einstaklinga sem hér er um að ræða. Látum líka vera að menn tækju ákvörðun um að auka hlut beinna skatta í hinum almennu skattgreiðslum í landinu, en hér er þetta gert með þeim hætti að tekjuskattar einstaklinga hækka úr 13,4 milljörðum kr. upp í á 18. milljarð kr. eða um 31%.

Það vill þannig til, virðulegi forseti, að fyrir fáum dögum hitti ég einstakling sem hafði sýnt mér fjárhagsáætlun sem hann gerði fyrir sig og fjölskyldu sína vegna húsnæðiskaupa fyrr á þessu ári. Hann hafði lagt í dálítinn kostnað, annars vegar var hann pínulítið montinn yfir því að hafa gert það og hins vegar sá hann dálítið eftir peningunum því hann hafði lagt í pínulítinn kostnað og fengið sér endurskoðanda til að búa til fyrir sig fjárhagsáætlun til þess að hann gæti haldið utan um íbúðina sína, tryggt fjárhagslegt öryggi fjölskyldunnar eins og hægt væri. Þessi einstaklingur, það vill svo til að ég kann þessar tölur nokkurn veginn enn þá, er með 130 þús. kr. á mánuði, reyndar 120 þús. þegar hann gerði áætlunina en gerir sér von um að koma tekjunum upp í 130 þús. Konan er kennari í hlutastarfi með 70 þús. kr. á mánuði. Þau eru með 3 börn og þau skulda bara 4,1 millj. kr. Þau höfðu lagt dálítið fyrir þannig að þau höfðu höfðu peninga til að leggja í íbúðina sem þau höfðu nýlega eignast. Niðurstaða þeirra er sú að ráðstöfunartekjur þeirra minnka um 80 þús. kr. á ári vegna tekjuskattsbreytinganna einna en síðan bætist við kaupmáttarskerðingin sem Alþýðusambandið er að tala um. Alþýðusambandið segir 7,5%, við skulum segja að hún sé kannski ekki nákvæmlega svo há, segjum að hún sé 5%. Þá eru peningarnir, sem þetta fólk hefur handa á milli, 200 þús. kr. minni á næsta ári en þeir hefðu orðið að óbreyttu. Og þetta, virðulegi forseti, er miklu meira fall í tekjum þessa fólks en nemur fallinu í kaupmætti þjóðarteknanna. Þegar menn eru að tala um skerðingu kjara þá miða menn auðvitað við það fall sem verður í þjóðartekjum. Hér er um mikið, mikið meira falla að ræða. Hér er heldur ekki um almennar ráðstafanir að ræða nema að því er varðar þetta 1,5% í skattinum. Því það eru sigtaðir út hópar og teknir alveg sérstaklega fyrir. Það er fólkið sem er að byggja og það er fólkið sem á börnin. Það er tekið alveg sérstaklega fyrir og það er skattlagt aukalega. Ef maður á barn fær maður aukaskatt. Ef maður er að byggja fær maður aukaskatt. Þetta er einfaldlega ranglátt kerfi og ég trúi því ekki, eins og ég sagði áðan, að hv. þm. stjórnarliðsins hafi þekkt þetta kerfi í einstökum atriðum. En ímyndum okkur svo að þessi vinur minn hefði átt eitt barn eða

tvö frá því fyrir hjónaband og þyrfti að greiða meðlög. Ef um er að ræða tvö börn sem þannig háttaði til um, segjum að þau hefðu átt eitt hvort og séu að borga með þessum börnum, þá er verið að bæta við kjaraskerðingu þeirra, við þessi 80.000 samkvæmt tekjuskattsfrv., 100 þús. kr. plús kaupmáttarskerðinguna vegna gengislækkunarinnar og verðbreytinganna, virðisaukaskattsins, lyfjanna og tannlækninganna. Þannig er alveg eins og það séu sigtaðir út tilteknir einstaklingar, tilteknir hópar, sem geta auðvitað ekkert varið sig í þessu þjóðfélagi. T.d. er ekki til félag meðlagsgreiðenda að því er ég best þekki.

Það er hins vegar athyglisvert og auðvitað sláandi um Alþfl. og þá ofboðslegu niðurlægingu sem hann verður að sæta í þessu stjórnarsamstarfi, að í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir því að eignatenging lífeyrisbóta skilaði 200 millj. kr. í sparnað fyrir ríkissjóð. Nú liggur það fyrir að það er ekki hægt því að Sjálfstfl. segir auðvitað nei, það má ekki taka neitt eftir eignum og hvað fann þá blessaður heilbrrh. í staðinn? Hann fann börnin, barnafjölskyldurnar, meðlagsgreiðendur og húsbyggjendur. Þetta er auðvitað þvílík niðurlæging í raun þegar allt kemur til alls.

Hæstv. heilbrrh. sendi fjárlaganefnd bréf fyrir tveimur dögum og samkvæmt því er gert ráð fyrir að það mistakist að spara á ýmsum liðum allmörg hundruð milljóna króna. Niðurstaðan er sú að samkvæmt þeim ráðstöfunum sem hér sé verið að tala um og því sem ekki tekst að spara samkvæmt fjárlagafrv. þá sé niðurstaðan 250 millj. kr. sem menn séu komnir með. Mér skilst að hæstv. heilbrrh., ég heyrði það í ræðu hv. 10. þm. Reykn. að hæstv. heilbrrh. segði í Alþýðublaðinu að það væru á milli 2 og 3 milljarðar, eða 2,5 milljarðar, sem hefði tekist að spara í heilbr.- og trmrn. frá því sem ella hefði verið. 250 millj. kr. eru hér. En hæstv. ráðherra sagði við fjölmiðla fyrir nokkrum dögum að hann ætlaði núna að taka að sér að spara 650 millj. í viðbót í sérstökum ráðstöfunum. Hann var glaðklakkalegur þegar hann svaraði fjölmiðlum um það að hann færi létt með að spara þetta. Kona, sem ég þekki í Hafnarfirði, ekki fjarskyld mér, sagði þegar hún sá heilbrrh. í sjónvarpinu og heilbrrh. sagði: Auðvitað get ég skorið. — Þá sagði konan: Ætli honum finnist gaman að skera, honum Sighvati? (**Gripið fram í:** Hann lærði læknisfræði.) Hann lærði læknisfræði á unga aldri og hætti snemma sem betur fer.

Staðan er þannig hins vegar að þrátt fyrir þessa glaðklakkalegu yfirlýsingu upp á 650 millj. kr. þá er hæstv. ráðherra kominn með í sparnað 250 millj. og plús svo nákvæmlega, því ríkisstjórnin er svo nákvæm yfirleitt, 174 millj. fyrir sölu Samábyrgðar Íslands á fiskiskipunum — 174 millj., ekki 173 og ekki 175 heldur 174 millj. (**Heilbrrh.** Það var lækkað í 170 ...) Það getur nú ekki verið að hæstv. ráðherrar renni sér upp á 4 millj. frá því fyrir kvöldmat.

Þannig að alls er hæstv. ráðherra hér ekki með 650 millj. heldur er hann með u.þ.b. 425 millj. og fyrsta spurningin sem ég spyr þá hæstv. ráðherra í minni ræðu: Hvað svo, hvað kemur svo upp í þessar 650 millj.? Það vantar 225 millj. í viðbót. Hvar á að taka þær? Hann hefur að vísu bent á ákveðinn hóp sem á eftir að taka í gegn og ég kem aðeins að síðar, það er þetta fólk sem er fullfrískt á besta aldri, með góðar tekjur og er að hlaða niður börnum. Það eru 225 millj. kr. sem eru þarna eftir.

Hæstv. heilbrrh. mætti í viðtal við Stöð 2 6. des. sl. og hann var harmi sleginn. (**Gripið fram í:** Á þjóðhátíðardegi Finna.) Harmi sleginn á þjóðhátíðardegi Finna, hann var sleginn, ekki vegna þjóðhátíðardagsins, heldur af öðrum ástæðum. Honum hafði mistekist að skera niður einn ákveðinn hóp í þjóðfélaginu. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Það er eins og einn hópur fólks sem fær bætur úr lífeyristryggingum, hæstu bætur sem lífeyristryggingar borga, miklu hærri en tekjulaust gamalmenni fær. Þetta eru þeir sem fá fæðingarorlof. Ég hefði gjarnan viljað skoða það með sama hætti og bæturnar til gamla fólksins því fæðingarorlof — taki nú hv. þm. eftir, sem eru örugglega ekki eins vel að sér í læknisfræði og hæstv. ráðherra en hann byrjaði þar einhvern tíma — er náttúrlega greitt til fólks á besta aldri ..." (**Gripið fram í:** Stendur náttúrlega?) Já, það stendur náttúrlega — „sem flest er við fulla heilsu og margir mjög tekjuháir. Það er hins vegar ekki gert í þessum tillögum. En ég tel að þegar menn eru að skoða í svona krappri stöðu þá möguleika sem finnast í þessu kerfi eigi menn ekki bara að horfa á gamla fólkið og öryrkjana heldur líka þá sem njóta bóta úr þessu kerfi sem eru jafnvel hærri heldur en við borgum gömlu fólki og öryrkjum, eru við bestu heilsu, á besta aldri og eru kannski með háar tekjur."

Fyrir utan þá nýstárlegu kenningu sem felst í því að framvegis beri einkum að ætlast til þess af öldruðum að þeir eigi börn hér á landi, fyrir utan það að menn telja að það sé eðlilegt að reyna þannig að stilla saman hópana og fyrir utan það að beinlínis má lesa á milli línanna þá hlakkar í hæstv. heilbrrh. yfir möguleikunum á því að taka þetta á einu bretti, bæði gamla og fólk með börn. Það er alveg ótrúlegt að lesa þetta vegna þess að það lýsir því nákvæmlega sem er aðalvandamál heilbrigðis- og tryggingamálanna í dag en það er: Við höfum engan heilbrrh. Við höfum engan mann sem ver heilbrigðis- og tryggingakerfið á Íslandi. Þeir eru allir í því, þessir ráðherrar, að leika fjmrh. hver í sínu ráðuneyti. Það er enginn maður í því að halda uppi merki heilbrigðisþjónustunnar af neinum krafti þannig að menn segi: Það á ekki að ganga yfir þetta. Það á að setja mörk og afmarka hlutina með tilteknum hætti. Ég vona, virðulegi forseti, að þetta viðtal við hæstv. heilbrrh. verði sem allra lengst í minnum haft og að menn hugleiði hvaða hugmyndir hann hefur varðandi það hverjir eiga að eiga börn þegar það er ósvinna að fullhraust fólk sé að gera mikið af því, ég tala nú ekki um þegar fólkið er á besta aldri líka.

Frv. sem hér liggur fyrir hefur hv. þm. Finnur Ingólfsson farið rækilega yfir, þ.e. hvað þetta þýðir í sambandi við mæðralaun, meðlög og barnalífeyri. Ég ætla aðeins að renna yfir það. Mæðralaun eru í dag greidd 4.732 kr. á mánuði fyrir eitt barn, 12.398 fyrir tvö, 21.991 fyrir þrjú börn o.s.frv. Alls gerir þetta í út-

gjöldum hjá Tryggingastofnun ríkisins 805 millj. kr. Síðan kemur barnalífeyririnn og hann er 362 millj. kr. Samtals borgar Tryggingastofnun ríkisins 1.167 millj. kr. í mæðralaun og barnalífeyri. Mæðralaunin sem eru 805 millj. kr. lækka niður í 140 millj. kr. en barnalífeyrir sem er 362 millj. kr. hækkar upp í 542 millj. kr. Greiðslurnar sem í dag eru 1.167 millj. kr. fara niður í 682 millj. kr. eða lækka um 485 millj. kr. Þannig lítur dæmið út, þannig er sparnaður ríkissjóðs sem menn eru að tala um í þessu sambandi. Þá er nauðsynlegt að átta sig á því að hluta af þessum sparnaði borga meðlagsgreiðendur. Þeir borga 353 millj. kr. sem er hækkun á greiðslum meðlagsgreiðenda. Þeir borga með öðrum orðum um ¼ af öllum sparnaðinum eða um 73%.

Eins og ég sagði áðan geta menn auðvitað verið þeirrar skoðunar að það sé réttlætanlegt að hækka þessi meðlög og það er alveg öruggt mál að frá sjónarmiði þeirra sem fá þessi meðlög eru þetta lágar tölur. Það er alveg augljóst mál. Þetta er hins vegar högg sem er býsna þungt, einnig fyrir þá einstaklinga sem þurfa að greiða þessa fjármuni. Þess vegna er það mat þeirra sem þekkja til að það sé hætta á því að menn muni ekki ráða við að greiða þessa hækkun og hvað gerist þá? Hver er það sem borgar mismuninn til Tryggingastofnunar ríkisins? Það er Innheimtustofnun sveitarfélaga. Hver borgar peningana til Innheimtustofnunar sveitarfélaga? Það er Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og það er talið af þeim starfsmönnum Innheimtustofnunar sveitarfélaga sem ég hef rætt við að þessi hækkun á meðlögum upp á 353 millj. kr. þýði skerðingu á Jöfnunarsjóði um 100 millj. Ég sá að það var verið að skamma hæstv. félmrh. fyrir það að taka 100 millj. af Jöfnunarsjóðnum vegna Lánasjóðs sveitarfélaga. En það er í raun og veru verið að taka nákvæmlega sömu eða mjög svipaða upphæð af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga með þessari ráðstöfun. Ég spyr hæstv. heilbrrh.: Hefur það verið rætt sérstaklega við Samband ísl. sveitarfélaga að þessi ráðstöfun þýði í raun og veru að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga sé að borga 100 millj. aukalega eða tvöfalt hærri tölu en gert hafði verið ráð fyrir inn í efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar? Ég held að félagsmálanefndarmenn þyrftu að kynna sér þetta mál mjög rækilega vegna þess að hér er auðvitað um stór tíðindi að ræða. Það er verið að skattleggja Jöfnunarsjóðinn um 100 millj. aukalega vegna þess að það er ljóst að þessir meðlagsgreiðendur munu ekki allir ráða við þetta og á þessum meðlagsgreiðslum verða auðvitað afföll svo sem verið hafa og sennilega meiri samkvæmt því sem talsmenn Innheimtustofnunar sveitarfélaga segja mér.

Þegar þessi mál eru skoðuð í heild, virðulegi forseti, með hliðsjón af þeim álögum sem verið er að samþykkja að öðru leyti er rétt að fara lauslega yfir það að fyrir utan þessar íþyngjandi meðlagsgreiðslur, breytingar og skerðingu á þeim því það er verið að lækka mæðralaun, barnalífeyri og meðlög frá því sem verið hefur, einstætt foreldri t.d. með eitt barn lækkar og það hefur engin tilraun verið gerð til að rétta barnabæturnar við svo þær hækki á móti. Það liggur heldur ekkert fyrir um það í endanlegri mynd. Eftir þeim dæmum sem ég hef sjálfur reiknað út, bara handreiknað, sé ég ekki að barnabæturnar tryggi á neinn hátt stöðu þessa fólks þannig að kjör þess versna miðað við þær bætur sem það hefur fengið í gegnum kerfi Tryggingastofunar ríkisins. Fyrir utan það, virðulegi forseti, þá liggur það auðvitað fyrir eins og ég gat um áðan að það er verið að hækka aðra skatta með býsna þungum hætti sem kemur líka niður á þessu fólki. Það er verið að hækka t.d. tekjuskatt einstaklinga um 3.100 millj., lækka barnabætur um 500 millj. og þegar búið er að því eru hækkaðar vaxtabætur um 500 millj. Þetta er á vegum sömu flokka og sögðu fyrir síðustu kosningar: Skattar munu lækka. Þetta er á vegum flokkanna sem sögðu fyrir síðustu kosningar á vinnustöðunum í Reykjavík, m.a. hv. 5. þm. Reykv.: Skattarnir munu lækka. Það er samkvæmt fyrirsögnum í Morgunblaðinu og frásögn af vinnustaðafundi sem hv. þm. tók þátt í. Ég veit að hann er leiður yfir þessum tíðindum. Hv. 13. þm. Reykv. og fleiri frambjóðendur Sjálfstfl. gáfu fyrirheit um lækkanir skatta, það er alveg ljóst. Þeir sem gengu allra skemmst í þeim efnum var hæstv. forseti. Hann sagði: Það er ljóst að það verður ekki auðvelt fyrir okkur að lækka skatta strax eða eitthvað í þá veruna. (**ÓÞÞ:** Reyndist vera vitrastur.) Reyndist vera vitrastur enda orðinn forseti á þessum virðulega fundi. Aðrir ætluðu að lækka skatta. Þeir hafa ætlað að lækka skatta í mörg ár. Ég man ekki betur en það hafi t.d. verið þannig allt síðasta kjörtímabil að hérna var maður sem heitir Halldór Blöndal og hefur tekið einhverjum persónuleikabreytingum núna eftir að hann varð ráðherra, hann ætlaði allt síðasta kjörtímabil að vera að lækka skatta, alveg endalaust að lækka skatta. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich ætlaði alveg endalaust að lækka skatta. Það væri ekki mikill vandi að lækka skatta sagði hann við kjósendur á Akureyri og Norðurl. e., Kópaskeri, Raufarhöfn, Þórshöfn, Dalvík, Hrísey, Árskógssandi. Allir ætluðu þeir að lækka skatta. Hver er svo niðurstaðan? Hún er sú að það er verið að hækka skatta á einstaklingum um 4.150 millj. kr., beina skatta, virðisaukaskatt og bensíngjald eða samtals um 6.000 millj. kr. Það er verið að hækka skatta um 30% á þessu fólki.

Mér er kunnugt um það að hv. þm. Pálmi Jónsson hafði mjög góð áhrif á meðframbjóðanda sinn sem var á vegum Sjálfstfl. í Norðurl. v., einkum og sér í lagi þann sem var næstur honum á listanum, ég tala ekki um þann sem var í 3. sæti sem þurfti að vísu ekki sérstakrar guðsblessunar við. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur skrifað um það lærðar greinar á undanförnum árum að það sé hægt að lækka skatta. Stefnan er að lækka skatta, draga úr samneyslunni, oki samneyslunnar. Tryggja það að atvinnulífið hafi sem mest svigrúm svo frelsi einstaklinganna fái að njóta sín og samkeppnin að blómstra. Styrkja atvinnulífið, græða, græða, sagði hv. þm. einu sinni, ekki í útifundarræðu heldur í einhverri ræðu. Hver er hans tillaga hér? Hans tillaga er ekki að lækka skatta heldur að hækka skatta meira en nokkru sinni fyrr. Skattar á Íslandi hafa aldrei verið hækkaðir um 30% í einu skrefi á einstaklingum fyrr en núna. Það hefur aldrei nokkurn tíma gerst. Það

er ekki þannig að það gerist á sama tíma og atvinnulífið sé í blóma því þá gæti kannski kenningin gengið upp. Nei. Atvinnulífið er á hausnum sem aldrei fyrr. Þá á að hækka skatta á einstaklingum. Þannig verður það að þegar árið 1993 verður skoðað í fræðunum, öllum efnahagsbókunum frá Seðlabankanum og Efnahagsstofnuninni og efnahagsnefnd Sjálfstfl. og Verslunarráðsins, þá verður árið 1993 hæst af öllum árum. Aldrei hafa skattar ríkisins verið hærri en þá þegar Sjálfstfl. var með fjmrh., varaformann sinn. Sá sem lagði til atlögu við stjórnmálin á sinni tíð undir kjörorðinu — hvað var það, hv. þm.? (**VE:** Báknið burt.) Rétt, báknið burt. Það er óhætt að taka hann upp í slagorðunum enn þá en það er lítið annað sem hann kann. Þvílík útreið og niðurlæging.

Það er hætt við því, virðulegi forseti, að þegar þessi saga er skoðuð verði þessi stjórn talin að þessu leytinu til eins og öðru eymdin uppmáluð. Þó að það versta sé kannski að í rauninni hefur það verið þannig á Íslandi um langt árabil. Fólk hefur verið að berjast við að halda húsnæðinu sínu tryggu, berjast við að tryggja börnunum sínum sæmilegar uppeldiskringumstæður, þurft að leggja á sig gífurlega mikla vinnu, báðir foreldrar þegar þeim hefur verið til að dreifa og þetta hefur tekist tiltölulega vel þrátt fyrir allt. Við eigum efnilega unga kynslóð en vandinn er hins vegar sá að það sem er að gerast núna er að verið er að brjóta niður það sem heitir sjálfsbjargarviðleitni einstaklingsins. Það er verið að brjóta niður sjálfsbjargarviðleitni einstaklingsins, það er verið að sprengja sjálfstæða íslenska einstaklinga og lífskjör þeirra niður á nauðþurftastigið. Hverjir stjórna þessum sprengjuflugvélum? Það er Sjálfstfl. Það er verið að koma þessu fólki niður á þurfamannastig. Það er sú stefna sem Sjálfstfl. er að framkvæma glottandi um þessar mundir.

Þetta er auðvitað býsna dapurlegt og getur líka verið til umhugsunar um það, virðulegi forseti, hvað eru stjórnmál. (Gripið fram í.) Það er ekki alveg það sama, hv. þm. Hvað eru stjórnmálin? Það eru þingmenn, segir fólk, sem ganga fram fyrir þjóðina, segir fólk, og láta kjósa sig, segir fólk. Og svo þegar þeir eru kosnir, segir fólk, gera þeir allt annað en þeir hafa sagt. Gallinn við það að Sjálfstfl. og Alþfl. haga sér með þeim hætti sem hér liggur fyrir er ekki kannski fyrst og fremst sá að það komi þessum flokkum illa því það er fagnaðarefni, þeir eiga ekkert betra skilið. Gallinn er sá að þetta kemur niður á stjórnmálunum og trú þjóðarinnar á lýðræði, þingræði og eðlilegu stjórnarfari í landinu. Það er kannski til sérstakrar umhugsunar að velta því einmitt fyrir sér núna, ekki aðeins hvað þessir menn sögðu fyrir kosningar heldur hvað þeir sögðu við verkalýðshreyfinguna síðast því þessir mætu menn sendu yfirlýsingu frá sér 26. apríl 1992, undirritað: Davíð Oddsson. Það var yfirlýsing sem ríkisstjórnin sendi frá sér við frágang síðustu kjarasamninga. Það er út af fyrir sig ekki skrýtið þó að þjóðin taki þessa menn ekki mjög alvarlega. En það er auðvitað lágmarkskrafa að þeir taki sig alvarlega en það gera þeir ekki samkvæmt þessum yfirlýsingum eins og ég mun nú rekja.

Hvert var fyrsta fyrirheitið samkvæmt síðustu kjarasamningum sem þið gáfuð? „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að gengi verði stöðugt á samningstímanum." Á grundvelli þessa fyrirheits og á því að það hefur verið brotið er núna verið að hvetja til uppsagnar samninga. Í þessum yfirlýsingum var einnig lögð á það áhersla að unnið yrði að breytingum á barnabótum í samstarfi við ASÍ, BSRB og Kennarasamband Íslands. Ég spyr hæstv. heilbrrh.: Hefur samráð farið fram við þessa aðila að því er varðar þær bætur á barnalífeyri sem eru hér í þessum skjölum? Í þessum skjölum eru 17 tölusettir liðir. Staðreyndin er sú að nánast allir hafa með einum eða öðrum hætti verið sviknir, brotnir eða farið á bak við þá. Ég spyr: Ætlast þessir menn til þess núna að verkalýðshreyfingin í landinu hafist ekki að og menn uni þeirri gríðarlegu lífskjaraskerðingu sem felst í þessum tillögum? Ætlast þeir líka til þess að sama verkalýðshreyfingin geti samið við þetta lið? Reynslan af því að semja við þetta lið er með þeim hætti að það er ekki hægt að treysta því. Það er hin alvarlega efnahagslega og pólitíska staðreynd á Íslandi að það er ekki hægt að treysta þessu fólki af því að það stendur ekki við lágmarksatriði í einfaldri kjaramálayfirlýsingu sem gefin var við frágang síðustu kjarasamninga, 17 tölusett atriði sem eru meira og minna öll úti í buskanum.

Þess vegna er það þannig, virðulegur forseti, að þegar þessar tillögur eru allar skoðaðar er auðvitað alveg ljóst að þær eru nánast allar með þeim hætti að greiða verður atkvæði á móti öllum tillögunum í þessu frv. sem hér liggur fyrir. Þó er ein sem væri kannski hægt að staldra við. En þannig háttar til að Sjálfstfl. hefur á undanförnum árum lagt mikla áherslu á að afnumið verði svokallað tilvísanakerfi frá heimilislæknum til sérfræðinga. Það mun hafa verið afnumið með lögum haustið 1983 í heilbrigðisráðherratíð Matthíasar Bjarnasonar. Nú er flutt tillaga um það af núv. hæstv. heilbr.- og trmrh. að tilvísanakerfið verði tekið upp aftur. Það er örugglega í blóra við stefnu Sjálfstfl. og má segja að það út af fyrir sig sé alveg sérstakur gæðastimpill á tillöguna að mínu mati. Þannig að ég tel að þetta sé að mörgu leyti góð tillaga. Og ég geri ráð fyrir að ég gæti fyrir mitt leyti stutt það að taka upp þetta tilvísanakerfi á nýjan leik. Hv. þm. Finnur Ingólfsson orðaði það þannig að lítið legðist fyrir stjórnarliðið að þurfa að styðjast við stjórnarandstöðuna í þessu máli. Ég tel þetta rangt hjá hv. þm. Ég tel að þetta sýni verulegt framfara- og gæfumerki á þessari stjórn ef hún getur stuðst við stjórnarandstöðuna í einu og einu máli því þetta er góð stjórnarandstaða og ætti auðvitað að vera stjórn. Þannig að ég tel út af fyrir sig að þessi tillaga sé eftir atvikum brúkleg og kannski sú eina sem hér er brúkleg.

Í 2 tölul. 6. gr. er fjallað sérstaklega um lyfin. Ég hef aðeins rætt það hvernig það kemur út. Samkvæmt áliti Alþýðusambands Íslands er þar um að ræða verulega kjaraskerðingu eða upp á 0,4% þegar lyfjakostnaðurinn og tannlæknakostnaðurinn er sérstaklega skoðaður.

Ég ætla þá aðeins að víkja að efni frv. að öðru leyti

og næst að 7. gr. frv. en þar er fjallað um tannlæknakostnaðinn. Þar eigum við stjórnarandstæðingar okkar spor eins og víðar. Þannig háttar til að í heilbr.- og trmrn. í fyrra var valinn maður í hverju rúmi eins og vafalaust er enn þó ég þekki ekki eins vel til í þeirri nefnd og ég gerði þá. Við fengum ákveðnar tillögur frá hæstv. heilbr.- og trmrh. inn í þá nefnd. Við lögðum mikla vinnu í þær tillögur og það myndaðist jákvætt og lýðræðislegt vinnuandrúmsloft stjórnar og stjórnarandstöðu. Þannig að á alllöngum þingferli mínum man ég tæplega eftir því að stjórn og stjórnarandstaða hafi í raun unnið jafn vel saman og tókst þarna varðandi þessar tillögur um tannlækningarnar. Það endaði með því að þegar bandormsfrv. fræga var til meðferðar í janúarmánuði sl. var ágreiningur um alla kafla í því frv. nema einn. Það var kaflinn sem sneri að heilbr.- og trmrn. Og eftir allan bægslaganginn í hæstv. heilbr.- og trmrh. og eftir alla gagnrýnina sem fram hafði komið á hann frá okkur í stjórnarandstöðunni þótti mönnum það mikil firn og undur að náðst skyldi full samstaða í heilbr.- og trn. Og ég varð beinlínis var við það í þingsalnum þegar nál. var dreift. Þetta var mjög sérkennilegt og ég var spurður af félögum mínum í stjórnarandstöðunni: Heyrðu hvað á þetta að þýða, hvernig stendur á þessu? Og ég er alveg sannfærður um að svipaðar spurningar hafa verið lagðar fyrir vini mína í stjórnarflokkunum. Við náðum þarna fullri samstöðu um málið. En Adam er ekki lengi í paradís því að núna aðeins ellefu mánuðum síðar kemur tillaga frá hæstv. heilbr.- og trmrh. um að kollvarpa þessu kerfi algerlega. Og samkvæmt þessu kerfi, ef ég get skilið þetta rétt, er gert ráð fyrir því framvegis að allir borgi eitthvað þegar þeir koma til tannlæknis. En það hefur verið þannig um 20 ára skeið að hluti þeirra sem þurfa á tannlækningum að halda hafa fengið þær ókeypis. Ég hygg að það hafi verið allt frá árinu 1972 að hluti þeirra sem þurfti að ganga til tannlæknis hafi fengið tannlækningarnar ókeypis. Ég tel að það sé verið að stíga 20 ár aftur í tímann. Og ég tel að það sé alveg óhjákvæmilegt að þess verði freistað í hæstv. heilbr.- og trn. að breyta þessari tillögu aftur. Ég man eftir því í fyrra, virðulegur forseti, þegar tillögur hæstv. heilbrrh. voru lagðar hér fyrir að þá gagnrýndu menn þær en létu sig hafa að fara í vinnu við þær í nefndinni og niðurstaðan varð þessi sem ég lýsti áðan og út af fyrir sig hef ég ágæta von um að hægt sé að ná einhverri lendingu í þessu máli núna.

Mér hefur skilist að ástæðan fyrir þessum breytingum sem þarna er verið að gera, einkum að því er varðar tannverndarþáttinn, sé sú að menn telji að um misnotkun hafi verið að ræða og ekki hafi náðst fram nægilega mikill sparnaður. Nú tek ég það fram að þeir sem hafa nefnt þessi mál í mín eyru hafa ekkert verið að ýkja þessa misnotkun á neinn hátt heldur hafa þeir sagt: Þarna hefur ekki tekist að halda utan um hlutina eins og við vorum að gera okkur vonir um. Og þá vil ég segja það fyrir mitt leyti að ég hef allan skilning á þessu sjónarmiði. Og segi það úr því að hv. formaður heilbr.- og trn. gengur í salinn, boðinn alveg sérstaklega velkominn af mér og öðrum örugglega, að ég hefði gjarnan viljað að menn hefðu þá reynt að finna aðra leið til þess að tryggja tannverndarþáttinn, aðra leið en þá sem er í lögunum núna. Leið sem kemur í veg fyrir misnotkun. Hún hlýtur að vera til. Ég skil að hæstv. heilbr.- og trmrh. hafi áhyggjur af þessu en ég hefði talið að það ætti að leggja meiri vinnu í að reyna að leysa þennan vanda heldur en mér sýnist hér hafa verið gert. Og ég er sannfærður um að fulltrúi okkar alþýðubandalagsmanna í heilbr.- og trn. er tilbúinn að hjálpa til við það að finna á þessu aðra lausn.

8. gr. frv. fjallar síðan um útboð á þjónustu sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins. Og ég vil aðeins spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh.: Hvað hann er með þarna í huga? Eru einhver tiltekin dæmi um það, einhver svið sem hann er að hugsa um? Hv. þm. Finnur Ingólfsson trúi ég að hafi nefnt hér fyrr í dag t.d. rannsóknasviðið. Spurningin er hvort menn ímynda sér að þar sé hægt að ná niður kostnaði. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um að þar er hægt að ná niður kostnaði. Satt að segja geri ég ráð fyrir að þar sé um að ræða kostnað, sem fyrir ríkið þegar allt væri tekið saman, gæti numið gríðarlegum fjárhæðum. Ég hygg að það sé ekki óraunsætt að ímynda sér að menn gætu náð þarna tölu sem væri á bilinu 100–200 millj. kr. Og ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort það er þessi þáttur sem hann er með í huga og segi fyrir mitt leyti að ég tel ekki útilokað að ég geti fellt mig við þá hugmynd sem þarna er um að ræða enda verði sæmilega staðið að frágangi útboðsins og málsins að öðru leyti.

Síðan er hér í frv. annar kafli sem fjallar um Samábyrgð Íslands á fiskiskipunum og ég ætla aðeins að víkja að. En ég tel með öðrum orðum að þessi kafli um almannatryggingarnar sé vondur. Það er ekki hægt að samþykkja hann eins og hann er nema með örfáum undantekningum, einni eða tveimur línum í þessum kafla. Ég mundi ráðleggja ráðherranum að fresta afgreiðslu þessa máls og taka sér góðan tíma í að skoða þetta. Og ég er alveg sannfærður um að hæstv. heilbr.- og trn. er tilbúin að hjálpa til við það. Og vil segja líka að jafnvel þó ég sé ekki neinn sérstakur áhugamaður um að saga Alþfl. verði glæsilegri en allra annarra flokka í þessu landi þá gæti ég vel hugsað mér að Alþfl. yrði án þess kafla í sögu sinni sem fjallar um það þegar mæðralaunin eru skorin niður og lækkuð með þeim hætti sem hér er verið að gera. Ég satt að segja tel að þar sé um að ræða ákveðin kaflaskipti í tryggingalöggjöfinni í landinu sem við eigum ekki að sætta okkur við og Alþfl. eigi ekki einu sinni skilið, þó hann eigi margt illt skilið, að hafa í sinni sögu.

Þá vík ég næst, virðulegur forseti, að kaflanum um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og verður væntanlega að viðurkenna það, hæstv. forseti, og væri kannski gaman ef forsetaembættið vildi kanna hvort þetta er ekki fullkomið brautryðjendastarf í fyrirsögn frv. Að breyta annars vegar almannatryggingalögum í frv. og hins vegar að selja eitt ríkisfyrirtæki í sama frv. Ég hygg að þetta sé fullkomin nýlunda. Ég er ekki að segja að það sé til fyrirmyndar. En það er eins og margt sem gerist nýtt að það tekur mann tíma að venjast því. Ég hef ekki séð svona lagað áður. Hér er gert

ráð fyrir því að selja Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Þá er fyrst spurningin um það: Getur ríkisstjórnin selt Samábyrgð Íslands á fiskiskipum? Á ríkisstjórnin Samábyrgð Íslands á fiskiskipum? Á ríkið Samábyrgð Íslands á fiskiskipum eða eru það bátaábyrgðarfélögin sem eiga Samábyrgð Íslands á fiskiskipum? Hvað er Samábyrgð Íslands á fiskiskipum? Samábyrgðin er endurtrygging skyldutryggðra skipa frá bátaábyrgðarfélögum. Það er uppistaðan í Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Í öðru lagi er Samábyrgðin trygging á skipum ríkisins. Hjá Samábyrgðinni voru tryggð skip Landhelgisgæslunnar. Þar voru tryggð skip Ríkisskipa minnir mig og þar hafa verið tryggð skip Hafrannsóknastofnunar. En uppistaðan og grunnurinn undir Samábyrgð Íslands á fiskiskipum eru bátaábyrgðarfélögin, það er hinn lýðræðislegi grunnur. Bátaábyrgðarfélögin eru mörg, þau eru merkileg félög sem eiga sér mjög merkilega sögu. Og lögin um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum eru frá 1909 og hafa verið til með nokkrum breytingum allar götur síðan. Stærsta bátaábyrgðarfélagið er Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga. Hver ætli að hafi verið formaður þess einna lengst í sögunni eða a.m.k. stjórnarmaður í því félagi? Ég hygg að hann heiti Matthías Bjarnason og sé 1. þm. Vestf. Hann hafi mjög lengi verið í stjórn þess félags, Vélbátaábyrgðarfélags Ísfirðinga. Síðan er Vélbátatrygging Reykjaness aðili að Samábyrgðinni, Skipatrygging Austfjarða, Bátatrygging Breiðafjarðar, Vélbátatrygging Eyjafjarðar og Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta. Samtals er hér um að ræða 593 báta undir 100 rúmlestum sem eru með sínar endurtryggingar hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipunum. Síðan voru á síðasta ári um 200 opin skip óskyldutryggð í tryggingu hjá bátaábyrgðarfélögunum, langflest hjá Vélbátaábyrgðarfélagi Ísfirðinga. Reyndar flest hjá Skipatryggingu Austfjarða og svo hjá Vélbátaábyrgðarfélagi Ísfirðinga. Og auk þess er um að ræða nokkur skip sem eru stærri en 100 brúttólestir. Það eru 59 skip á síðasta ári, langflest á Ísafirði, 21, og síðan á Austfjörðum, 10, og á Reykjanesi sjö, Bátatrygging Breiðafjarðar sex, Samábyrgðin sex og Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta eitt.

Að undanförnu hefur verið starfandi nefnd á vegum hæstv. heilbr.- og trmrh. sem hefur verið að fara yfir þessi mál mjög rækilega, málefni Samábyrgðarinnar og bátaábyrgðarfélaganna. Nefndin hefur, trúi ég, skilað einhverjum tillögum til hæstv. ráðherra og er hér flutt frv. sem er í raun og veru bara helmingurinn af þessum tillögum, þ.e. sá þáttur sem snýr að Samábyrgðinni einni en bátaábyrgðarfélögin eru ekki þar með. Enda má út af fyrir sig segja að ríkisstjórnin hafi ekkert með bátaábyrgðarfélögin að gera sem eignarhaldsaðili á neinn hátt því að það eru sjálfstæð félög. Bátaábyrgðarfélögin eiga hins vegar í Samábyrgðinni. Það er ekki þannig að hér sé um einhver laus tengsl að ræða, þau eiga í Samábyrgðinni. Þannig kjósa bátaábyrgðarfélögin t.d. tvo menn í stjórn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Og þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Er það þannig að hægt sé að selja Samábyrgðina eins og ríkið eigi þá eign að fullu án þess að taka tillit til viðhorfa bátaábyrgðarfélaganna? Ég stórefa að það gangi. Ég held að hérna séu menn að sölsa undir sig eignir í nafni ríkisins sem ríkið ekki á. Ég kannast að vísu við það af hálfu embættismanna heilbrrn. bæði fyrr og síðar, m.a. í minni tíð fyrir allmörgum árum, að menn töldu, ef ég man rétt, að ríkið gæti í raun og veru gengið býsna langt í að ráðstafa eigum Samábyrgðarinnar. En þar á móti kemur hitt að Samábyrgðin er ekki bara þeir peningar sem hafa komið frá ríkinu heldur er Samábyrgðin líka þær tekjur sem hafa komið frá bátaábyrgðarfélögunum. Fulltrúafundur Bátaábyrgðarfélaganna kýs tvo menn í stjórn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Þess vegna er það mín skoðun, virðulegur forseti, og um það var ég alltaf ósammála mínum embættismönnum á sinni tíð, að ríkið geti ekki ráðstafað Samábyrgðinni án þess að leita samkomulags við bátaábyrgðarfélögin í leiðinni. Ríkið ræður ekki eitt yfir því sem heitir Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og getur því ekki selt þá stofnum með tekjur í ríkissjóð eins og hér er gert ráð fyrir í þessu frv. ríkisstjórnarinnar.

Ég vil einnig spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh.: Er samstaða um málið? Er samstaða um málið í stjórnarflokkunum? Ég þekki til þingmanna í stjórnarflokkunum sem hafa komið talsvert við sögu bátaábyrgðarfélaganna. Mér er kunnugt um að ýmsir þeirra hafa borið hagsmuni bátatryggingarfélaganna og Samábyrgðarinnar talsvert fyrir brjósti. Ég hlýt því að spyrja hæstv. ráðherrra hvernig það sé hvort það er í raun og veru þannig að stjórnin standi á bak við þennan part af frv. eða ekki.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum er ekki lítið fyrirtæki. Það er með 600 millj. kr. veltu, það er með eign upp á 175 millj. kr. Það hefur að vísu verið með nokkurn halla síðustu tvö ár vegna talsverðra afskrifta af skuldum en iðgjöld á móti tjónum hafa út af fyrir sig gengið nokkuð vel upp og með eðlilegum hætti.

Nú kann það í sjálfu sér að vera svo að menn vilji endilega selja þetta fyrirtæki og breyta því í hlutafélag. Þá verð ég að segja alveg eins og er að það er náttúrlega furðulegt að heilbr.- og trmrh. fari með eignarhlut ríkisins í Samábyrgðinni. Ég tel það óeðlilegt fyrirkomulag að heilbrh.- og trmrh. fari með hlut ríkisins í þessu fyrirtæki, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Ég tel það óeðlilegt. Hæstv. heilbrrh. ætlar að vísu að fara með hlut ríkisins í þvottahúsi Ríkisspítalanna hf. sem hann hefur lagt fram sérstakt frv. um þar sem það er rækilega tekið fram í 2. gr. hvað því fyrirtæki er ætlað að gera. Hvað ætli það eigi að gera, hæstv. forseti? Það á að þvo þvott. Þvottahús Ríkisspítalanna hf. þvær þvott, stendur í 2. 2. mgr. 2. gr. Þvottahús Ríkisspítalanna skiptist í tvær deildir, þvottadeild sem þvær þvott, eins og stendur í greininni, og saumadeild sem gerir við og merkir tau eins og stendur í greininni. Hæstv. heilbrrh. ætlar því að gerast umsvifamikill í atvinnurekstri. Fyrir utan það að reka þvottahús, þá ætlar hann að reka Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Það má út af fyrir sig segja að hans veldi teygist allvíða, að hæstv. heilbrrh. muni deilast allvíða svo að ég vitni til orðtaks sem notað var um einstakling á Vest-

fjörðum fyrir allmörgum öldum sem deildist allvíða eins og kunnugt er, bæði í Hergilsey og víðar þar um slóðir. Ég verð að segja eins og er að mér finnst það algerlega út í hött, virðulegi forseti, að heilbrrh. fari með hlut ríkisins í Samábyrgðinni. Ég tel að það eigi að vera fjmrh. eða sjútvrh. kannski, ekki heilbrrh. Ég tel að það væri skynsamlegast, virðulegi forseti, fyrir hæstv. ráðherra að salta þennan kafla um Samábyrgðina. Það er ekki hægt að afgreiða hann eins og hann lítur út. Sérstaklega er það vegna þess að 13. gr. frv. er með þeim hætti sem hún er. En hún er svona, með leyfi forseta:

„Fastráðnir starfsmenn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum skulu hafa rétt til starfa hjá Samábyrgðinni hf. og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir gegndu áður. Ákvæði 14. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, með síðari breytingum, á því ekki við um þá starfsmenn."

Ég hygg að þetta sé sjöunda eða áttunda frv. sem komið hefur frá hæstv. ríkisstjórn með nákvæmlega sömu greininni og það hefur alltaf strandað á þessari grein að þessi mál næðu afgreiðslu. Í fyrsta lagi er það vegna þess, virðulegi forseti, að það liggja fyrir tveir hæstaréttardómar um það að á einkamarkaði er ekki til staða sem er sambærileg við það sem gerist hjá ríkinu.

Í öðru lagi getur Alþingi ekki með lögum tekið biðlaunarétt af opinberum starfsmönnum eins og gert er ráð fyrir að gera skv. síðari málsl. 13. gr. Biðlaunaréttur er stjórnarskrárvarin eign. Þess vegna tel ég að það sé borin von og útilokað að ná því að afgreiða frv. með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Frv. mun stranda á þessu atriði. Ég hef verið að segja við ríkisstjórnina aftur og aftur, bæði fjmrh. og sömuleiðis hæstv. utanrrh. um daginn og iðnrh.: Af hverju fer ríkisstjórnin ekki og ræðir við BSRB um þessi mál? Af hverju fer ekki ríkisstjórnin í það að ræða við BSRB um það hvernig þessum málum verður komið fyrir? Ég endurtek það sem ég hef oft sagt og hefur glatt hv. 17. þm. Reykv., auðvitað verður að vera hægt að einkavæða fyrirtækin. Auðvitað verður að vera til viðurkennt ferli þannig að hægt sé að einkavæða fyrirtækin, breyta ríkisfyrirtækjum í einkafyrirtæki. (**ÓS:** Það hefur aðallega glatt Ólaf Ragnar.) Er hv. þm. með sérstakar upplýsingar um það? Ég þakka honum fyrir kærlega. Við ræðum það á stofnfundinum við fyrsta tækifæri.

Staðreyndin er nefnilega sú að þetta eru samningsbundin réttindi og þess vegna er óhjákvæmilegt fyrir ríkisstjórnina að fara í viðræður við BSRB og aðra hagsmunaaðila um þetta mál. Þessi kafli um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum er auðvitað margdauður, sjálfdauður. Hann er í fyrsta lagi dauður út af þessu ákvæði sem ég var að nefna hér af því að þetta er ekki hægt, Alþingi getur ekki samþykkt þetta af því að það væri stjórnarskrárbrot að setja þetta svona í gegn. Í öðru lagi er þetta dautt mál vegna þess að ríkið á ekki Samábyrgðina með þessum hætti heldur eiga bátaábyrgðarfélögin hana líka. Í þriðja lagi getur ríkisstjórnin ekki komist í gegn með frv. fyrst og fremst vegna þess að ég er sannfærður um það að þegar betur er að gáð mun frv. ekki hafa þingmeirihluta eins og það lítur út núna vegna þess að ég er viss um að hér eru til menn sem ekki eru tilbúnir til þess að láta Alþingi með þessum hætti rífa eignir af bátaábyrgðarfélögunum, sem eru sjálfstæð félög einstaklinga sem hafa orðið til á margra áratuga ferli.

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir og er rætt í dag er hluti af heildarefnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar. Niðurstaða málsins liggur fyrir, skýrust í tölum Alþýðusambands Íslands. Niðurstaðan er sú að kaupmáttur ráðstöfunartekna þeirra sem hafa 60 þús. kr. á mánuði lækkar um 7,4%. Ég er ekki að tala um hátekjufólk, ég er að tala um fólk með 60 þús. á mánuði. Það lækkar um 7,4%. Fólk sem hefur 80 þús. kr. á mánuði lækkar um 7,6%. Fólk sem hefur 120 þús. kr. á mánuði lækkar um 7,3%. Með öðrum orðum er verið að flytja nokkur þingmál hér í kippu sem munu hitta verst fyrir þann fjölda í þjóðfélaginu, þá miðju í þjóðfélaginu, sem í raun vinnur fyrir allri þjóðfélagsbyggingunni eins og hún leggur sig. Það er fólkið sem er að byggja og eiga börnin, fólkið sem hefur kannski stöðu og heilsu til þess að vera með tekjur upp á 100–250 þús. þegar um tvo er að ræða. Þessi frv., ef þau verða samþykkt, munu sprengja lífskjör þessa fólks niður á þurfamannastigið. Það er það ljóta í þessum tillögum.

Í forsetakosningum ekki langt frá okkur var fyrir nokkru m.a. sérstaklega fjallað um þetta fólk, hvernig hægri stjórnin hafði brotið niður millitekjuhópana á undanförnum tíu árum. Það er það sem verið er að gera með þessum ráðstöfunum eins og þær líta út. Hér eru ráðstafanir sem hitta þessa millitekjuhópa sérstaklega harkalega fyrir. Í fyrsta lagi eru þær almennar með 1,5% skattahækkun en í öðru lagi er verið að sækja þessa hópa sérstaklega, pína þá og vinda og láta þá borga meira, þá sem eru með börn og þá sem eru að byggja. Það er augljóst mál hvað sem öllu öðru líður, virðulegi forseti, að þetta eru mál sem eru með þeim hætti að það er réttlætanlegt sem Alþýðusamband Íslands segir í miðstjórnarsamþykkt sinni í dag. Með þessum málum er um að ræða griðrof á verkalýðshreyfingunni í landinu og það er hvatt til þess að menn sameinist til að verja kjör láglaunafólks og segja upp samningum strax, í síðasta lagi frá 1. febrúar nk.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að játa það þegar kemur að heilbrigðis- og tryggingamálunum furða ég mig stundum á langlundargeði og þolinmæði þessarar þjóðar og þessa þings sem hér situr. Ef miðað er við þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur boðað núna með þessum bandormi um almannatryggingar og eins með frv. sem rætt var í gær um breytingar á skattalögum, þá finnst mér þetta hvort tveggja með slíkum endemum að hér fyrir utan húsið ætti auðvitað að vera æstur múgur til að mótmæla þessu. Hér í þingsalnum ætti að vera maður í hverju sæti og þingmenn ættu auðvitað að liggja hér í málþófi til að reyna að stöðva þessi mál. Þau eru með slíkum endemum og þau koma þannig við fólkið í landinu að það er ekki hægt að þola þetta. Ég hélt að við hefðum séð toppinn í fyrra og sérstaklega

hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. En það er kannski í þessum málum eins og þeir segja fyrir vestan: You ain't seen nothing yet. Ég veit ekki hvernig það verður á næsta ári hjá hæstv. ráðherra. Ég segi fyrir sjálfa mig að ég nenni ekki lengur að vera með eitthvert kurteisishjal eða standa hér, eins og mér finnst margir hafa gert, og ég bið þá menn forláts ef þeir taka það til sín, að reyna að tala fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. Þetta er kannski ungæðisháttur hjá mér, ég hef ekki setið lengi á þingi og menn eru auðvitað vanir ýmsu hér. En mér finnst bara ekkert hægt að ræða við þennan ráðherra. (**Gripið fram í:** Það er fullreynt.) Það er fullreynt, já. En það er náttúrlega hægt að ræða við ýmsa aðra eins og hv. þingflokksformann Alþfl. sem hér situr enn einn krata fyrir utan ráðherrann. Hann getur auðvitað haft sín áhrif í sínum þingflokki svo það er sjálfsagt að reyna að tala hér við menn. (**Gripið fram í:** Það er líka fullreynt.) Er það líka fullreynt? Ég er ekki alveg viss. Hann hefur ekki það langan feril að baki í Alþfl. að það má kannski enn reyna.

Ég verð að segja það að mér finnast aðgerðir hæstv. heilbr.- og trmrh. í þessum málaflokki hreint út sagt tómt rugl frá upphafi til enda. Mér finnst þetta vera fúsk í málaflokknum sem við höfum séð sl. eitt og hálft ár. Ráðherrann hefur farið um eins og engisprettufaraldur yfir þennan málaflokk. Hann hefur atast og djöflast í málaflokknum og ef fram heldur sem horfir verður heilbrigðis- og tryggingakerfið ein rjúkandi rúst eftir kjörtímabilið. Það hafa verið reknar hér ágætar stofnanir í borginni. Ég nefni bara Landakot og ég nefni Fæðingarheimilið. Hvað er orðið um þessar stofnanir? Önnur rétt lafir og getur ekki lengur starfað með reisn og sóma eins og áður. Hinni er búið að loka. Svo höfum við sjúkrahús eins og Landspítalann og ég vil leyfa mér að segja líka Borgarspítalann þar sem þrengt er svo að í fjármálum, sérstaklega á Ríkisspítölunum, að vinnumórall þar er orðinn vægast sagt slappur. Það er mikil óánægja hjá öllum kvennastéttum á sjúkrahúsunum vegna álags. Sjúkraliðar hafa lagt niður vinnu, hjúkrunarfræðingar hafa sagt upp störfum þannig að þetta heilbrigðis- og tryggingakerfi er að verða ein rjúkandi rúst. Ég ætla bara að segja það hér og spyrja, þótt það séu ekki margir hér inni úr stjórnarflokkunum, hvort ekki sé hér einhver góður maður sem á aðgang að ráðherranum og getur komið vitinu fyrir hann í þessum málaflokki eða hvort menn viti um einhvern slíkan. (Gripið fram í.) Hér er formaður heilbr.- og trn. þingsins og hver veit nema hann hafi aðgang að ráðherra sínum og geti reynt að koma vitinu fyrir hann. (Gripið fram í.) Ég sagði áðan að ráðherrann hefði farið yfir akur eins og engisprettufaraldur og ég stend við þau orð. Ég ætla að benda hæstv. ráðherra á góðan kínverskan málshátt sem ég sá einu sinni á kínverskum veitingastað þar sem ég var að borða. Hann var á þessa leið: Að stjórna stóru ríki er eins og að sjóða litla fiska. Ef of mikið og of oft og lengi er hrært í pottinum endar allt í einum graut. Það verður ekki hægt að greina útlínur á nokkrum sköpuðum hlut og þannig sýnist mér að sé að fara fyrir heilbrigðiskerfinu. Þetta vita auðvitað allar þokkalegar húsmæður. Það þarf ekki meira til að hafa þessa þekkingu. En þetta veit hæstv. heilbr.- og trmrh. greinilega ekki. (Gripið fram í.) Fiskigrautur skulum við segja.

Hér var vitnað í ummæli ráðherrans á Stöð 2 um fæðingarorlofið. Það er náttúrlega búið að gera það svo oft og verður sjálfsagt aldrei of oft talað um þau ummæli því að þau eru náttúrlega með slíkum endemum að þau á að rifja hér upp í hverri ræðu sem haldin er. Ég verð að segja að eftir að hafa séð þessi ummæli, þá er nánast eins og ráðherrann sé með einhvers konar niðurskurðarmaníu. Hann vill bara skera og hann er aldrei kátur nema hann fái að koma sem víðast við. Það hefur verið bent á það í sérstakri ályktun frá þingflokki Kvennalistans að það virðist eitthvað skorta á að ráðherranum sé mjög vel kunnugt um líffræði kvenna og hvernig henni sé nú háttað. (**Gripið fram í:** ...gera keisaraskurði líka.) Það má gera keisaraskurði já. En það verður þá einhvern veginn að koma börnunum fyrir í ellilífeyrisþegunum og það er kannski flóknara mál en hægt er að fara út í hér.

Það stakk mig áðan, þegar hv. þm. Svavar Gestsson var að lesa upp úr ummælum ráðherrans, hvernig orðalagið er í þessu svari hæstv. ráðherra. Hann segir að þegar menn eru að skoða í svona krappri stöðu þá möguleika sem finnast í þessu kerfi og nú bið ég menn að taka eftir, með leyfi forseta: „eigi menn ekki bara að horfa á gamla fólkið og öryrkjana." Með öðrum orðum hafa þeir bara verið að horfa á öryrkjana og gamla fólkið samkvæmt orðanna hljóðan í því sem ráðherrann hér segir. Þeir hafa bara verið að horfa á öryrkjana og gamla fólkið og nú er komið að konunum í fæðingarorlofi. Mér finnst þessi ummæli ráðherrans bera þess vott að keppnisskapið sé svo mikið að það fari með hann út í hverja forarvilpuna á fætur annarri. Ef ég á að reyna að meta það hvað fyrir ráðherranum vakir, því ekki vakir fyrir honum að standa vörð um heilbrigðis- og tryggingakerfið samkvæmt þessu, hlýtur það að vera að hann stefni hreinlega á stól fjmrh. Hann segir bara við hina: Komið þið með þetta til mín, ég skal skera. Þá sýnir hann hversu vel hann sé til þess fallinn að gegna stöðu fjmrh. því að sjálfsagt stefnir hann á þann stól þegar uppstokkunin verður í ríkisstjórninni, hvenær sem það nú gerist. — Nú sakna ég ráðherra úr salnum. Ég vona að hann verði ekki mjög lengi í símanum en ég ætla engu að síður að halda áfram hér máli mínu.

Það var minnst áðan á bandorminn sem kom í fyrra um heilbrigðis- og tryggingamálin. Það var reyndar forkostulegur bandormur og auðvitað klúður. En með góðri samvinnu þingmanna í heilbr.- og trn. var lappað upp á þennan bandorm. Það má eiginlega segja að maður geti nagað sig í handarbökin yfir því að hafa gert það því að það má kannski segja að maður hafi þar með rétt ráðherranum litla puttann og nú sé komið því að taka alla höndina. Hann kom með frv. um bandorminn þar sem lagt var til að kostnaðarþátttaka foreldra yrði 10% og í öllu, líka forvarnastarfinu. Við fengum þessu breytt. Að vísu gátum við ekki breytt mikið þeim tölum eða því sem átti að spara samkvæmt þessu en við gátum þó mótmælt með þetta inn-

an þessa lagabálks á þann veg að forvarnirnar yrðu ókeypis. Það átti að felast í því ákveðin stefnumörkun að gera forvörnum hátt undir höfði og hafa þær þannig að fólk þyrfti ekki að bera kostnað af þeim. Allt sem við getum kallað viðgerðir, hvort sem það væri í tannlækningum eða öðru, væri þá frekar hægt að taka greiðslu fyrir. Þetta er auðvitað eitthvað sem ætti að vera jafnvel á heilsugæslustöðvunum líka. Niðurstaðan varð því sú að forvarnirnar urðu fólki að kostnaðarlausu en ofan á tannviðgerðirnar kom 15% kostnaðarþátttaka.

Nú er aftur komið með bandorm og það er beðið um það að Alþingi breyti nákvæmlega sömu lagagreinum og í fyrra sem við sátum og vorum að reyna að lappa upp á þá. Þær voru klúður og urðu klúður. Þær voru aldrei góðar þessar lagagreinar enda var verið að semja þær á hlaupum á göngum þingsins. Nú er aftur komið fram með þetta og nú á að stíga fetinu lengra. Nú á ekki lengur að tala um 15% kostnaðarþátttöku heldur 25% og færa það líka yfir á forvarnirnar. Ef maður hugsar sinn gang og metur reynsluna frá því í fyrra þá kom maður að þessu, vildi gjarnan standa að þessu máli með stjórnarmeirihlutanum, reyna að laga hlutina, reyna að hafa þá eins góða og hægt er en sú spurning leitar auðvitað á mann núna: Á maður yfirleitt að lappa upp á þessa hluti? Er ekki bara rétt að stjórnarliðið standi uppi með þetta og beri ábyrgð á þessu? Til hvers á maður að vera að leggja sig fram um að vinna með stjórninni í einhverjum málum? Ég fæ ekki séð neina ástæðu til þess.

Það er núna sama fimbulfambið og í fyrra í þessum málum. Málið sem hér er lagt fyrir okkur í bandormsformi er óunnið mál eins og gerðist í fyrra. Það er heldur ekkert einfalt mál að skoða frv. sem liggur fyrir okkur. Í fyrsta lagi þarf að skoða frumvarpsgreinarnar og bera þær síðan saman við lagabreytinguna sem var gerð í fyrra, bandorminn sem var líklega lög nr. 1 á þessu ári. Maður þarf að lesa það saman við það og síðan saman við einu útgáfuna sem til er af almannatryggingalögunum sem er líklega síðan 1991. Það er því ekkert einfalt mál að skoða þetta frv. eins og það liggur hér fyrir. Það er ekkert verið að gera það einfaldara með því að prenta með einhverjum hætti inn í grg. með frv. hvernig breytingarnar eru.

Þar að auki eru allar útskýringar með frv. mjög af skornum skammti og því fylgja engir útreikningar frá *fjárlagaskrifstofu fjmrn. eins og mér skilst þó að eigi* að fylgja hverju frv. Þessu frv. er í rauninni slett í okkur rétt eins og það sé bara talið fullgott. Nú sakna ég ráðherra héðan úr salnum, virðulegi forseti. (**Gripið fram í:** Hann kemur.) Hann kemur.

En það er ekki bara þessi bandormur sem er sérkennilegur og þarf að gera hér að umtalsefni því að kafli heilbr.- og trmrn. í fjárlagafrv. er líka með algerum endemum. Það var setið með það mál inni í heilbr.- og trn. og var beðið um útskýringar á þeim niðurskurði sem var að finna í sjúkratryggingunum, í slysatryggingunum, í lífeyristryggingunum. Það fengust engar útskýringar af neinu tagi í nefndinni sem varð auðvitað til þess að meiri hlutinn skilaði frá sér eitthvað örfáum línum um kaflann. Minni hlutinn gat í rauninni ekki metið þennan kafla faglega. Minni hlutinn gat bara sagt í sínu áliti að það væri í rauninni ekki hægt að gefa álit vegna þess að það vantaði allar upplýsingar. Það er því ekki bara bandormurinn heldur fjárlagafrv. sjálft sem er mjög sérkennilegt.

Þegar bæði þessi bandormur og fjárlagafrv. eru skoðuð fæ ég ekki betur séð en enn þá vanti mikið upp á að ráðherrann hafi uppfyllt þau niðurskurðaráform sem hann hefur nú uppi. Ég fæ ekki betur séð en talsvert mikið vanti upp á það og hann hafi í rauninni tekið meira á sig en hann veldur og auðvitað mun meira en þessi málaflokkur þolir. Um það þarf varla að hafa mörg orð. Í fjárlagafrv., ef það er rifjað upp og bara horft á tryggingaþátt þess máls, ekki sjúkrahúsin eða stofnanirnar, er gert ráð fyrir því að ná 580 millj. kr. sparnaði á lífeyristryggingunum. Það segir í texta með frv. að þessu eigi að ná með því að eignatengja lífeyrisgreiðslur, með því að endurskoða lög um mæðralaun, með því að endurskoða lög um fæðingarorlof og með því að endurskoða ýmsar félagslegar sérbætur, eins og segir í textanum.

Ráðherranum hefur ekki tekist að eignatengja lífeyrisgreiðslurnar vegna þess að það vill svo aumlega til að þó mönnum takist allt annað, nánast, allur annar niðurskurður, tekst þeim ómögulega að koma á fjármagnstekjuskatti og þar af leiðandi er ekki hægt að eignatengja lífeyrisgreiðslur aldraða. Það fellur því um sjálft sig annað árið í röð. Ég minni á að það var líka talað um það við gerð fjárlaga í fyrra að nú þyrfti að koma á eignatengingu lífeyrisgreiðslna en það var ekki hægt í fyrra heldur.

Hann hefur enn ekki komið með neitt frv. um fæðingarorlofið þó að hótunin liggi í loftinu. Um ýmsar félagslegar sérbætur veit ég ekki alveg hvað er verið að ræða og væri kannski ástæða til að fá það útskýrt, en hann hefur komið með endurskoðun laga um mæðralaun og fellt þau niður að hluta en hækkað barnalífeyri á móti. Nettósparnaðurinn af þessu er um 486 *millj. sýnist mér, en það var talað um 580 millj. bara* í fjárlagafrv. Það vantar því enn upp á þann kafla þar.

Í sjúkratryggingunum var talað um sparnað í fjárlagafrv. upp á u.þ.b. 300 millj. kr. Hann ætti að nást með tilvísanakerfi vegna sérfræðinga, með því að breyta greiðsluþátttöku ríkisins og með 60 millj kr. vegna aukinna útboða, eins og þar var sagt.

Mér sýnist á þeim bandormi sem hér liggur fyrir að það sé búið að sýna fram á sparnað upp á svona 250 millj. en ekki 300 eins og fjárlagafrv. gerði ráð fyrir. — Ég sé að ráðherrann er alveg óskaplega vinsæll maður og er á sífelldum hlaupum hér úr salnum. (**Heilbrrh.:** Ég fer ekki úr salnum. Ég er í hliðarsal til að geta hlustað á hv. þm.) Það er kostur.

Í þriðja lagi var í fjárlagafrv. gert ráð fyrir því að skera niður 100 millj. kr. í slysatryggingunum með því að færa slysatryggingar til ökumanna, til einkaaðila eða til vátryggingafélaga. Mér sýnist í þeim bandormi sem hér liggur fyrir að menn geti í mesta lagi sýnt fram á 50 millj. kr. sparnað ef þá einhvern af því fyrirkomulagi.

Samtals er sá sparnaður sem var gert ráð fyrir í fjárlagafrv. á tryggingahlið kaflans um 980 millj. kr. Til viðbótar 980 millj. kr. niðurskurði, eins og var gert ráð fyrir í fjárlögum, sagðist ráðherrann tilbúinn að taka á sig 650 millj. kr. niðurskurð af þeim 1.240 millj. sem boðaðar voru í efnahagstillögum ríkisstjórnarinnar í nóvember. Ef við leggjum þetta saman þarf ráðherrann sem sagt að ná alls um 1.630 millj. kr. með ýmsum aðgerðum í tryggingamálum. Brúttósparnaðurinn samkvæmt þessum bandormi sem hér liggur fyrir er um 855 millj. kr. Síðan er einhver hugsanlegur sparnaður upp á 60 millj. vegna einkavæðingar. Þá erum við komin upp í 915 millj. Enn þá vantar 900 millj. sýnist mér. Enn þá þarf ráðherrann að sýna fram á hvar hann ætlar að ná 900 millj. Það hefur hann hvergi sýnt. Það hefur hvergi komið fram, hvorki í heilbr.- og trn. né mér vitanlega í fjárln., hvernig hann ætlar að ná þeim peningum. Þá er ég bara að tala um sparnaðinn vegna efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar og sparnaðinn í tryggingamálunum í fjárlagafrv. Ég er ekki að tala um sjúkrahúsin eða þær stofnanir í þessu sambandi.

Mér sýnist ekki seinna vænna en þetta mál fari að skýrast og dæmið allt verði sýnt í þinginu. Hvar á enn eftir að skera? Hvernig á að ná þessum 2,6 milljarða kr. sparnaði í heilbrigðis- og tryggingamálum sem ráðherrann hyggst taka á sitt ráðuneyti?

Ég get sagt það hér að ég hef beðið um gögn. Ég hef hringt upp í heilbr.- og trmrn. Ég hef talað við ráðuneytisfólk og hef beðið um gögn til þess að útskýra þessi mál. Ég hef beðið um útreikninga. Ég hef fengið eitt vesælt blað um mæðralaunin og barnalífeyrinn. Það er allt og sumt. Annað hef ég ekki getað fengið þrátt fyrir að um það hafi verið beðið. Það er óneitanlega sérkennilegt þegar fulltrúar í heilbr.- og trn. þingsins geta ekki með nokkru móti nema með því að grafa sjálfir í gegnum þá fáu pappíra sem fyrir liggja fengið einhverjar upplýsingar um málið þannig að heildarmyndin liggi fyrir. Þetta er náttúrlega ótrúlegt.

Ég ætla að fara hér í einstakar greinar frv.

Í 1. gr. frv. er eina hækkunin sem þar er að finna. Þar er gert ráð fyrir því að hækka árlegan barnalífeyri með hverju barni og þar af leiðandi lágmarksmeðlag úr 7.551 kr. eins og það er í dag í 11.300 kr. Það er kannski ljósið í myrkrinu að þetta skuli hafa verið gert. Ég get sagt það fyrir sjálfa mig að ég er ekki ósátt við þessa breytingu. Ég er ekki ósátt við það í prinsippinu að barnalífeyrir og þar af leiðandi lágmarksmeðlag sé hækkað frá því sem það er í dag. Það er einfaldlega allt of lágt að greiða 7.551 kr. með einu barni eða 22.500 kr. með þremur börnum sem er sú greiðsla sem sá sem á þrjú börn og er ekki með forræði þeirra þarf að inna af hendi. Mér finnast þetta ekki háar greiðslur. Ég hef haldið því fram áður á þingi og geri það enn og aftur að ég held að feður utan sambúðar hafi minni kostnað að jafnaði af afkvæmum sínum en feður í sambúð. Ég hef stundum furðað mig á því að karlmenn skuli ekki sjálfir hafa tekið þetta mál upp með meira afgerandi hætti en raun ber vitni.

Ég talaði í fyrra fyrir frv. sem fól í sér, hefði það orðið að veruleika, ákveðna hækkun á meðlaginu. Ég minnist ekki annars en að þeir karlmenn sem hér tóku til máls, þeir voru ekki margir, hafi verið heldur mótfallnir þessu. Þar á meðal minnist ég sérstaklega eins þingmanns úr þingliði Alþfl. sem taldi að þarna væri verið að leggja byrðar á karlmenn, á meðlagsgreiðendur sem ættu margir hverjir afskaplega erfitt með að inna þessar greiðslur af hendi. (**Gripið fram í:** Hver var það?) Það var varaþingmaður í Reykjavík, Magnús nokkur Jónsson veðurfræðingur, sem taldi að þarna væri of langt gengið og of nærri karlmönnum landsins.

Ég veit það vel að það vefst fyrir tekjulágum mönnum að greiða 7.500 kr. á mánuði og þá ekki síður 11.000 kr. En það vefst auðvitað líka fyrir tekjulágum konum að framfæra börn með ekki hærra meðlagi en þetta er. Við megum bara ekki gleyma því þegar við erum að tala um þessa hluti. Ég er heldur ekkert ósátt við að sú breyting verði gerð að hækka barnalífeyri og þar af leiðandi meðlagið og lækka mæðra- og feðralaunin eins og þau eru í dag vegna þess að ég lít á mæðra- og feðralaunin eins og þau eru í dag í raun sem niðurgreiðslu á meðlagi. Þetta sé í raun niðurgreiðsla á meðlagi. Þetta eru séraðgerðir sem gripið er til til þess að koma til móts við fyrst og fremst einstæðar mæður og ég held að einmitt þessi greiðsla, mæðralaunin, hafi verið notuð mjög mikið gegn einstæðum mæðrum og alið hafi verið á fordómum í þeirra garð af illgjörnu fólki, vil ég segja, með tilvísun til mæðralaunanna. Það er dálítið sérkennilegt og maður hefur upplifað það og ég er viss um að allir þingmenn hafa upplifað það þegar þeir hafa farið á vinnustaðafundi fyrir kosningar að það er alltaf einhver á slíkum vinnustaðafundum sem sér ofsjónum yfir greiðslum til einstæðra mæðra úr tryggingakerfinu. Einstæðar mæður eru sífellt undir smásjánni og alltaf verið að spekúlera í því hvernig þær misnoti þessa peninga sem þær fá. Ég hef aldrei orðið þess vör að meðlagsgreiðendur væru eitthvað sérstaklega undir smásjánni, að menn væru eitthvað sérstaklega að velta því fyrir sér hvort þetta væri eðlileg upphæð á meðlaginu. Einstæðar mæður hafa oft og tíðum verið taldar afætur, því miður, en ég hef aldrei orðið þess vör að meðlagsgreiðendur hafi verið taldir það. Þetta má ekki skilja sem svo að ég líti svo á að meðlagsgreiðendur eða einstæðar mæður séu afætur, alls ekki. Ég er að reyna að endurspegla umræðuna úti í samfélaginu sem mér finnst öll vera á kostnað einstæðra mæðra og ég kem að því síðar að mér finnst hæstv. heilbr.- og trmrh. ekki hafa látið sitt eftir liggja í þeim málum, m.a. með umræðunni í kringum þá nefnd sem hann skipaði til þess að kanna meinta misnotkun á þessu kerfi.

Breytingin sem 1. gr. felur í sér kostar ríkissjóð líka peninga. Hún kostar ríkissjóð um 180 millj. kr. vegna þess að ríkissjóður er meðlagsgreiðandi. Hann er einn af meðlagsgreiðendunum og greiðir meðlag með ófeðruðum börnum og börnum ekkla og ekkna. Eins og ég segi er ég í prinsippinu ekki mótfallin þessu þó að ég hafi síðan mínar skoðanir á því hvernig með

mæðra- og feðralaunin er farið.

Í 2. gr. frv. er einmitt fjallað um lækkun mæðra- og feðralauna. Sú lækkun á spara ríkissjóði um 660 millj. kr. Á móti kemur auðvitað hækkunin á barnalífeyrinum um 180 millj.

Eins og ég sagði áðan tel ég ekki óeðlilegt að lækka þessar greiðslur en mér finnst vægast sagt óeðlilegt að gera það með þeim hætti að það komi harðast niður á þeim sem mesta framfærslubyrði hafa og það gerist við þessa breytingu, hæstv. ráðherra. Ef við lítum á einstæða móður með þrjú börn á framfæri, þá skerðist mánaðarlegur framfærslueyrir barna hennar um tæpar 3 þús. kr eða 36 þús. kr. á ári. Skerðingin verður mest þarna vegna þess að mæðralaununum er þannig hagað í dag að þau hækka hlutfallslega meira með fleiri börnum og þess vegna verður skerðingin tilfinnanlegust þegar börnin eru orðin fleiri. Þegar ég er að tala um þessa 36 þús. kr. skerðingu sem hún verður fyrir á ári, þá er ég búin að taka tillit til hærra meðlags. Þetta er nettóskerðingin sem hún verður fyrir vegna þessa. Það hefur svo sem verið talað um það að meðlagið sé ekki skattskylt og þar af leiðandi sé skerðingin ekki eins og hér er um talað. En mér segir svo hugur að einstæð móðir með þrjú börn sé ekki með mjög miklar skattgreiðslur fyrir þannig að það nýtist henni ekki að meðlagið sé ekki skattskylt en mæðralaunin séu það hins vegar. Ég hef grun um að hún greiði ekki mjög mikla skatta af mæðralaununum í dag.

Þann nettósparnað sem verður af 1. og 2. gr. frv. og mun vera nettósparnaður um 500 millj. kr. hefði, að mínu viti, átt að flytja yfir í barnabótaaukann. Barnabótaaukinn er tekjutengdur og með þeim hætti hefði þetta komið tekjulágu barnafólki, einstæðum mæðrum sem öðrum til góða. Í því sambandi vil ég líka nefna að það hefði auðvitað komið tekjulágum fjölskyldufeðrum sem eru meðlagsgreiðendur líka til góða því að þeir hefðu fengið hækkun á sínum barnabótaauka samhliða því og þeir þyrftu að hækka meðlagsgreiðslur sínar. Það hefði þá jafnað út hækkandi meðlagsgreiðslur hjá þeim að fá hærri barnabótaauka með sínum börnum sem þeir eiga í síðari fjölskyldu sinni.

Ég hefði satt að segja haldið að það hefði verið í meira samræmi við þær yfirlýsingar sem hæstv. heilbr.- og trmrh. gaf í kjölfar álits sem nefnd, sem skipuð var til að kanna hvort stuðningskerfið væri misnotað, sendi frá sér. Í niðurstöðum þessarar nefndar segir m.a., með leyfi forseta, að það virðist skorta sambærilegan stuðning við barnafólk í hjúskap eða sambúð með lágar tekjur, þ.e. sambærilegan stuðning við það sem einstæðir foreldrar njóta. Af þessu hefði maður auðvitað talið að menn mundu taka sig á og auka stuðning við tekjulága hjónafólkið eða sambúðarfólkið með börnin.

En auðvitað var það ekki gert. Ég segi auðvitað vegna þess að maður hefur svo oft heyrt í ráðherrunum. Þeir tala eins og þeir ætli að fara að gera eitthvað, eins og þeir ætli að breyta einhverju, eins og þeir ætli að taka upp einhverjar jöfnunaraðgerðir en svo þegar til á að taka, þá er það ævinlega jöfnun niður á við. Maður ætti að vera búinn að brenna sig á því og vera ekki að gera sér vonir um eitthvað annað.

Það sem þeir gera núna er að þeir kroppa eitthvað ofurlítið af einstæðu mæðrunum til þess að koma á jafnrétti. Til þess að koma á jafnrétti milli einstæðra mæðra og tekjulágs sambúðarfólks með börn er kroppað af einstæðu mæðrunum. Það er ekki bætt við hjá tekjulága sambúðarfólkinu með börn. Með þessu ætlar ráðherrann væntanlega að tryggja að félagsmálasáttmáli Evrópu sé ekki fótum troðinn, með því að jafna niður á við. Þannig getur hann tryggt að félagsmálasáttmáli Evrópu sé ekki fótum troðinn. Og það var auðvitað með slíkum endemum í þessu nefndaráliti sem nefnd ráðherra gaf út að í niðurstöðum segir, með leyfi forseta:

„Verulega skortir á að hér á landi sé rekin samræmd fjölskyldupólitík og breytingum sem snerta fjölskyldur oft hrundið í framkvæmd án þess að heildaráhrif þeirra séu könnuð."

Það eru vissulega orð að sönnu að breytingum er hrundið í framkvæmd án þess að heildaráhrif þeirra séu könnuð og það er núna verið að gera af þessari ríkisstjórn. Það er verið að hrinda hér í framkvæmd breytingum án þess að menn hafi nokkuð skoðað afleiðingar þeirra. Síðan segir í nefndarálitinu:

„Ísland hefur fullgilt að hluta félagsmálasáttmála Evrópu. Þar kemur fram að aðildarríki skuldbinda sig til að veita mæðrum og börnum viðunandi félagslega og efnahagslega vernd án tillits til hjúskaparstéttar og fjölskyldutengsla." Og síðan kemur þessi dæmalausa setning: „Það stuðningskerfi sem hér er nú rekið til stuðnings einstæðum foreldrum og börnum þeirra er í ósamræmi við þessi markmið því að það getur mismunað mæðrum og börnum eftir hjúskaparstétt."

Með öðrum orðum er verið að segja hér að það sé svo vel búið að einstæðum mæðrum og börnum þeirra að börnum hjóna eða sambúðarfólks sé mismunað með því kerfi. Ég hélt í einfeldni minni að það stuðningskerfi sem við höfum hér við einstæðar mæður hefði verið búið til vegna þess að börn þeirra eru yfirleitt hjá einni fyrirvinnu og allar kannanir sem gerðar hafa verið sýna fram á það að einstæðir foreldrar eru mun tekjulægri en sambúðarfólk. Ætli meðaltekjur einstæðra mæðra séu ekki í kringum 90 þús. kr. sýnist mér samkvæmt gögnum frá fjmrn. en meðaltekjur hjóna um 250–260 þús. kr. Ég hélt að þetta kerfi hefði verið búið til til þess að jafna þann félagslega og efnahagslega mun sem er á börnum einstæðra foreldra og börnum sambúðarfólks. Nei, nei, þá er búið að snúa öllu á haus í þessu nefndaráliti. Nú heitir það að börnum sambúðarfólks sé mismunað með því að til sé eitthvert sérstakt stuðningskerfi sem komi börnum einstæðra foreldra til góða. Og nú á að lagfæra þetta. Nú á að breyta þessu og koma á félagslegu réttlæti, koma á jafnrétti og jöfnuði og skerða hjá þessum hópi!

En það er víðar sem niðurskurðarhnífnum er beitt þegar börnin eru annars vegar því að jafnréttið sem verið er að koma á á að ná til fleiri. Nú á að taka 750 millj. kr., eftir því sem mér sýnist, úr barnabótakerfinu, flytja 250 millj. kr. þar af í barnabótaaukann og spara með þessu 500 millj. kr. í barnabótunum í gegn-

um skattkerfið. Sama aðgerð var gerð í fyrra. Þetta er nákvæmlega sama aðgerð og var gerð í fyrra. Þá voru líka teknar, ef ég man rétt, 750 millj. kr. úr barnabótunum, fluttar 250 millj. í barnabótaaukann og sparaðar 500 millj. Milljarður er sparaður í barnabótum núna á tveimur árum auk þessa 500 millj. kr. sem við erum að tala um í mæðralaunum.

Með því að flytja þriðjunginn af skerðingunni í barnabótaaukann á að reyna að telja hinum tekjulágu í landinu trú um að það sé verið að gera eitthvað fyrir þá. Nú sé verið að gera eitthvað sérstakt fyrir þennan hóp með því að hækka örlítið barnabótaaukann. En hækkunin á barnabótaukanum gerir ekki meira en að vega upp skerðinguna á barnabótunum því að auðvitað verður þetta fólk fyrir skerðingu á sjálfum barnabótunum, sem eru eins fyrir alla án tillits til tekna. Þetta fólk verður fyrir þeirri skerðingu og hækkun á barnabótaaukanum er ekki nema rétt til að vega upp á móti því.

Ef við skoðum dæmið frá því í fyrra, þá sýnist mér að hagsbæturnar sem urðu af þessum tilfærslum frá barnabótunum í barnabótaaukann hafi numið frá 48 kr. á mánuði og upp í 900 kr. á mánuði hjá þeim allra tekjulægstu. Einstæð móðir með þrjú börn og innan við 100 þús. kr. á mánuði og hjón með 3 börn og innan við 150 þús. kr. á mánuði fengu um 900 kr. hækkun á mánuði út á þetta. Það voru nú öll ósköpin.

Ég hlýt bara að spyrja hvort ráðherra ætlist til þess að við hrópum húrra yfir þess konar jafnaðarmennsku, yfir svona jöfnunaraðgerðum. Er ætlast til þess? (**Heilbrrh.:** Já, takk.) Ráðherrann játar því, já takk. Ég ætla að frábiðja mér það. Ég held að einhverjir aðrir verði að vera í þeim kór. Ég efast um að nokkur þingmaður sé tilbúinn til þess að hrópa húrra fyrir svona jöfnunaraðgerðum. Kannski taka einhverjir því eins og hverju öðru hundsbiti. Kannski láta stjórnarþingmennirnir þetta yfir sig ganga eins og svo margt annað. En fjandakornið að það verði með einhverjum húrrahrópum.

Ég vona sannarlega að þeir sýni einhvern dug þegar farið verður að fjalla um þessi mál í nefndum og reyni hvað þeir geta til að lagfæra þetta.

Ef við lítum svo á 3., 4. og 5. gr. þessa frv., þá er þar verið að fella niður slysatryggingu ökumanns hjá Tryggingastofnun ríkisins og færa hana yfir til tryggingafélaganna. Menn hafa talað um að þar sparist hugsanlega 50 millj. og hugsanlega ekki neitt. Mér finnst að vissulega megi athuga þennan lið og það sé hugsanlega fyllilega réttlætanlegt að flytja þetta með þessum hætti yfir til tryggingafélaganna. Það held ég að verði bara að skoðast. En svo ég bendi ráðherranum á einn lið sem hefði líka mátt skoðast, kannski ráðherannn hafi skoðað hann, ég veit það ekki, þá þykir mér að það mætti athuga slysatryggingu íþróttafólks sem er líka undir þessum sama lið. Það vekur óneitanlega dálitla furðu þegar slysatryggingar eru skoðaðar að þeim fylgja yfirleitt iðgjöld með einhverjum hætti, eins og slysatryggingu ökumanns og ég vil benda á að líka er gert ráð fyrir slysatryggingu fólks við húsverk, húsmóðurstörf, og henni fylgir ákveðin iðgjaldagreiðsla, en ég held að það sé rétt hjá mér að engin iðgjaldagreiðsla fylgi slysatryggingu íþróttafólks. Ráðherrann upplýsir mig þá kannski um það. Það væri líka gaman að fá að vita hvernig þessi liður hefur þróast á undanförnum árum.

Um 6. gr. er það að segja að þar mun áætlaður sparnaður vegna sérfræðiþjónustu lækna vera um 120 millj. kr. samkvæmt þeim tölum sem við höfum séð. Ég verð að segja að mér finnst ótrúlegt að þetta sparist með tilvísanakerfinu einu saman og það hljóti eitthvað fleira að þurfa að koma þar til. Ég segi eins og fleiri sem hér hafa talað að ég er ekki á móti því að reynt sé að beina fólki að ódýrari þjónustu, til heimilislæknanna og heilsugæslulæknanna frá sérfræðiþjónustunni þegar þjónusta heimilislækna dugir. En ég vil líka minna á að hækkunin sem varð í fyrra á greiðslu fólks fyrir heimsókn til sérfræðings átti að gera það. Hún átti að gera nákvæmlega það að beina fólki frá sérfræðiþjónustunni til heilsugæslulæknanna vegna þess að það átti að virkja hina svokölluðu kostnaðarvitund.

Hvernig hefur tekist að virkja hina svokölluðu kostnaðarvitund? Það hefur tekist afskaplega illa. Það gerðist ekki. Það breyttist ekkert nema síður sé. Verkum sérfræðinga fjölgaði og sérfræðingar fóru að framkvæma stærri verk en áður. Þetta virkaði því ekki. Af hverju virkaði þetta ekki? Kannski ráðherrann geti upplýst okkur um það. Kannski það hafi m.a. verið vegna þess að menn gengu svo hart fram í niðurskurði á sjúkrahúsunum að aðgerðir fluttust að hluta til frá sjúkrahúsunum og út á stofurnar. Eins hugsanlega vegna þess að fólk er útskrifað fyrr af sjúkrahúsunum en áður og þarf meira á aðstoð sérfræðinga að halda þegar það kemur út af sjúkrahúsum.

Það athyglisverða er samt að það virðist eins og hin svokallaða kostnaðarvitund hafi farið að virka þegar komið er á heilsugæslustöðvar því að samkvæmt þeim upplýsingum sem við fengum í heilbr.- og trn. hefur heimsóknum á heilsugæsustöðvar fækkað á síðasta ári. Heimsóknir á heilsugæslustöðvar hafa dregist saman. Ég man ekki hvort það var um 12% eða eitthvað slíkt. ræða. (**Heilbrrh.:** 8–10%.) 8–10%, segir ráðherrann. Það er náttúrlega vægast sagt dálítið sérkennilegt og væri gaman ef ráðherrann gæti upplýst okkur um það hvernig menn útleggja þetta í ráðuneytinu. Það var engin greiðsla fyrir komu til heilsugæslulækna áður, það er tekin upp 600 kr. greiðsla og þá fækkar heimsóknum þangað. Greiðslan hjá sérfræðingi er hækkuð úr 900 í 1.500 kr. og heimsóknum til sérfræðinga fjölgaði talsvert á síðasta ári. Þarna er því eitthvað annað að verki en hin svokallaða kostnaðarvitund, enda trúi ég því að fólk almennt hafi hvorki tíma eða nennu til að vera að hlaupa til lækna ef það hefur ekkert við þá að tala eða við þá að gera.

Sú spurning hlýtur líka að vakna í þessu sambandi hvort aðferðin við að draga úr kostnaði samfélagsins í heilbrigðismálum sé sú að auka kostnað einstaklinganna. Þó að kostnaður einstaklinganna sé aukinn og fluttur frá ríkisvaldinu yfir á einstaklingana, þá sparar það ekkert í samfélaginu. Það er bara tilflutningur á kostnaði. Það verður enginn sparnaður í samfélaginu í

heild. Hvort það sé aðferðin og hvort það sé líka aðferðin að leggja alls kyns hindranir í götu fólks sem vill leita sér lækninga? Í því sambandi hlýtur það að vekja mann til umhugsunar að ef þessu tilvísanakerfi verður komið upp og það þýðir í rauninni að endurgreiðsla geti ekki átt sér stað nema fólk hafi fengið tilvísun frá heimilislækni og ef það er rétt sem hér hefur komið fram að það eru 450 þúsund heimsóknir til sérfræðinga á ári og fólk þarf að sækja allar þessar endurgreiðslur inn í Tryggingastofnun þá er það náttúrlega óðs manns æði. Ég held að menn ættu að vera búnir að brenna sig á lyfjakortunum þó að þeir fari ekki að taka upp annað viðlíka kerfi sem er álíka mikið bírókratí í kringum.

Talandi einmitt um lyfjamálin sem eru líka í 6. gr. þar sem á að breyta einni setningu og talað um að lyf sem sjúkratryggðum er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri í stað þess að væri brýn nauðsyn að nota, skuli ekki þurfa að greiða fyrir, þá vaknar auðvitað sú spurning hvernig menn ætla að ná þeim sparnaði sem upp hefur verið gefinn með því að breyta þessari einu setningu. Það væri mjög þarft ef ráðherra gæti útlistað það svolítið fyrir okkur þingmönnum.

Ég var að tala um tilvísanakerfið og lyfjakortin. Það var upplýst í heilbr.- og trn. að síðan það kerfi var tekið upp hafi verið gefin út 20 til 25 þúsund lyfjakort og ef ég hef fengið þá tölu rétta, þá hafi kerfið með lyfjakortin kostað um 10 millj. kr. Það er búið að keyra þetta kerfi í ár og núna, bingó, það gengur ekki, hætta við það ári síðar, leggja það af, gera eitthvað annað, finna nýtt kerfi og breyta þessu. Ætla menn að vera með svona tilraunastarfsemi í heilbrigðiskerfinu á hverju einasta ári? Eigum við sífellt að laga okkur að nýju og nýju kerfi, nýjum og nýjum bírókratískum reglum?

Mér finnst þetta vera eins og hver annar skrípaleikur. Ef maður hugsar bara um lyfjakortin, 20–25 þúsund lyfjakort, hvað er búið að vekja mikinn ugg með þessu kerfi, hvað er búið að snúa mörgu fólki í margar ferðir út og suður, hvað er fólk búið að hringja, hvað hefur starfsfólk í Tryggingastofnun þurft að leggja á sig fyrir þetta? Eða almenningur úti í bæ til þess að afla sér upplýsinga? Hvað er fólk búið að eyða miklu þreki, skapsmunum og tíma í þetta kerfi, fyrir nú utan peningana? Það er ekki lítið, hæstv. ráðherra, og það held ég að ráðherranum ætti að vera manna best kunnugt. Það er búið að eyða alveg gífurlegri orku í þessi 20 til 25 þúsund lyfjakort og bingó búið! Það er ekki hægt að nota þetta. Gerum eitthvað annað ári síðar.

Ráðuneytið ætlar að spara 150 millj. kr. í sérfræðikostnaði og lyfjakostnaði. Ég held að það sé óhætt að fullyrða að það gerir það ekki með tilvísanakerfi og ekki með breytingunni einni saman á skráningu lyfja. A.m.k. væri þá nauðsynlegt að fá nánari útlistun á því. Ef við tökum bara lyfjamálin og horfum á hver niðurstaðan varð af öllum þessum látum í ráðherranum í kringum lyfjamálin á þessu ári, þá vantar 300–350 millj. kr. upp á fjárlög þessa árs að sú upphæð dugi sem þar er fyrir lyfjakostnaðinum. Í sérfræðiþjónustunni vantar 250 millj. kr. Ég fæ því ekki betur séð en allt þetta brambolt í ráðherranum hafi engu skilað. Það er ekki nóg að bægslast. Það þarf að skila árangri. (**Gripið fram í:** Hann er að minna á sig.) Það er kannski betra að vera frægur að endemum en engu. Það er þá helst þannig.

Ef við lítum svo á 7. gr. frv., þá erum við komin að tannlæknaþjónustunni. Þessari grein breyttum við m.a. í fyrra í samkomulagi heilbr.- og trn. Þessi grein var einhvers konar meistaraverk þeirra í ráðuneytinu í fyrra þegar þeir komu með þetta til okkar og þurfti mikla vinnu og mikla yfirlegu til þess að lagfæra. Nefndin reyndi hvað hún gat til þess að gera þessa lagagrein þolanlega. En það sér auðvitað hver einn sem les lagatextann eins og hann er, að þetta var klambursmíð, enda er það ekki boðleg lagasmíð að ráðherrar komi á síðustu dögum fyrir jól, hendi inn einhverjum frv. og ætlist síðan til þess að í öllum þeim önnum sem hér eru sé reynt að gera úr þessu sæmilega boðlegar lagagreinar. Þannig ætti auðvitað ekki að vera staðið að lagasmíð á Alþingi. Það var mikið reynt að semja við ráðuneytismenn þegar verið var að fjalla um þessi mál og út úr því kom að í rauninni væru tannlækningar barna með þrenns konar hætti. Í fyrsta lagi væri hægt að fara að til einkatannlæknis á stofu úti í bæ. Í öðru lagi væri um að ræða skólatannlækningar. Í þriðja lagi væri um að ræða einhvers konar útboð á skólatannlækningum í skólunum til prívattannlækna úti í bæ. Þetta átti allt saman að vera mögulegt. Gott ef ekki þrjár mismunandi gjaldskrár tengdust þessu eða a.m.k. mismunandi greiðsluhlutföll eftir því hvaða þjónustu fólk notaði. Ýmist áttu foreldrar ekkert að greiða, það voru forvarnirnar, eða þeir áttu að greiða 15% í tannlækningunum eða foreldrarnir áttu að greiða líkega um rúm 60% því ef foreldri fór með barn til einkatannlæknis borgaði Tryggingastofnun 85% af 80% ef ég man þessa formúlu rétt. Þetta er náttúrlega slíkt kerfi að það er ekki fyrir nokkurn mann að skilja það.

Núna er greinilega verið að einfalda þetta kerfi og það er út af fyrir sig ágætt. En þá er það líka gert þannig að kostnaðarhlutdeild foreldra er aukin. Það var byrjað í 10% í fyrra eða 15% sem það endaði í þegar hægt var að fá forvarnirnar þannig út að það þyrfti ekki að greiða fyrir þær. Nú er komið með 25% kostnaðarhlutdeild og maður hlýtur eiginlega að spyrja sig hvernig þetta endi því að það virðist alltaf vera sú tilhneiging að um leið og búið er að heimila einhverja gjaldtöku, þá á að hækka hana. Það var alveg eins og með matarskattinn á sínum tíma. Um leið og búið var að koma honum á fóru menn að sækja í að hækka hann. Þetta virðist ævinlega gerast. Og auðvitað ætti maður þá að brenna sig á því og ljá ekki máls á slíkum hlutum meðan ríkisstjórn eins og þessi sem nú situr er að verki.

Ef við lítum á tannlækningarnar og ofan á allt annað sem þessi ríkisstjórn stendur að, sem eru niðurskurður í barnabótum og niðurskurðurinn sem kemur í gegnum mæðralaunin og fleira slíkt, þá er hér líka um 100 millj. kr. niðurskurð að ræða, eða sparnað getum við sagt, sem flyst yfir á barnafólk í landinu. Ég

segi eins og aðrir sem hér hafa talað að það er eins og ríkisstjórnin sé alveg útmetin í því að kroppa af barnafólki. Það er alveg furðuleg árátta núna tvö ár í röð að sjá þann hóp sem einhvern sérstakan hóp sem hægt sé að velta byrðum á. Þetta gerðist í fyrra og þetta gerist núna.

Tvískinnungurinn í þessu hjá ríkisstjórninni hlýtur að vekja athygli því að á sama tíma og ríkisstjórnin er að skera niður hjá barnafólki og kreppa að því á ýmsum stöðum, þá er hún, eftir því sem ég best veit, með heilmikla nefnd að störfum sem tilnefnt var í af fjöldamörgum félagasamtökum hér í borginni og gott ef hún starfar ekki á ábyrgð hæstv. félmrh. Þessi nefnd á að undirbúa ár fjölskyldunnar, árið 1994, held ég. Hún á að móta einhverja fjölskyldustefnu sem ríkisstjórnin á að geta farið eftir. Hún á að standa þannig að málum að það verði betra fyrir börn að búa í þessu samfélagi. Á sama tíma og verið er að hafa fólk að fíflum í rauninni með því að láta vinna í ríkisskipaðri nefnd sem starfar á vegum félmrn. að því að móta einhverja stefnu í fjölskyldumálum, þá er verið að kippa grundvellinum undan fjölskyldunum með alls kyns aðgerðum í ríkisfjármálum. Þetta er slíkur tvískinnungur að það má furðu sæta að fólk sem situr í þessari nefnd láti sér það lynda. (**Gripið fram í:** Eru þetta ekki kratar?) Það er sjálfsagt allur gangur á því hvort það eru kratar í þessari nefnd og mætti segja mér að það sé fólk úr ýmsum flokkum vegna þess að það er tilnefnt í nefndina af ýmsum félagasamtökum. Ég held að þessi nefnd verði aðeins að skoða hlutverk sitt miðað við þær aðstæður sem nú eru uppi.

Ég vil segja það að ef þessi niðurskurður er aðdragandinn að því sem koma skal á ári fjölskyldunnar, þá vona ég sannarlega að því ári verði bara hreinlega frestað. Því ef þetta er upptakturinn að því sem koma skal, þá má eins reikna með því að restarnar af því sem barnafólk fær í einhverjum framlögum verði kroppaðar af á því ári. Mér heyrðist á kvöldfréttunum í kvöld að það væri helsta stefnumið Alþfl. að ná barnabótum af fólki og koma öllu inn í tekjutengda barnabótaauka þannig að aðrir nytu ekki góðs af barnabótum en þeir tekjulægstu. Ég lít svo á að barnabætur séu til þess að stuðla að tekjujöfnun milli þeirra sem eru með börn á framfæri og hinna sem eru ekki með börn á framfæri. Ef menn vilja endilega ná sér í einhverja aura, þá verða þeir bara að gera það með því að hækka skatta á öllum. Þeir eiga ekki bara að fara í vasann hjá barnafólki og reyna að ná þar í einhverja aura. Þá er bara eins gott að standa keikur og hækka skatta. Það á ekki að vera nein goðgá. Mér heyrist á hv. formanni fjárln. að það séu engar heilagar kýr þegar verið er að tala um ríkisfjármálin og þá ætti bara bein skattahækkun heldur ekki að vera heilög kýr.

Ég held að það standi einhvers staðar í hvítbók ríkisstjórnarinnar að hún vilji hlúa að fjölskyldunni. Ég vil bara segja að ég vona sannarlega að þessi ríkisstjórn, miðað við það hvernig hún stendur að hlutum með öfugum klónum að hún fari að hlúa að einhverju öðru en fjölskyldunni. Ég held að hún ætti að fara að hlúa að eignamönnum og hátekjumönnum í landinu miðað við þá merkingu sem hún leggur greinilega í hugtakið að hlúa að einhverjum. Að hlúa að í hennar huga er að kroppa af fólki. Þetta er annað árið í röð sem þessi ríkisstjórn er að verki og þetta er annað árið í röð sem hún setur fingraför sín á fjárlög á Alþingi. Ég verð að segja að þessi ríkisstjórn er alveg ótrúlega vond og þessi þjóð, eins og ég sagði í upphafi, hlýtur að hafa ótrúlegt langlundargeð ef hún lætur þessi ósköp yfir sig ganga sem hér er verið að standa að. (**ÖS:** Hvar er stjórnarandstaðan?) Stjórnarandstaðan er sjálfsagt á ýmsum stöðum eins og stjórnarliðarnir. Ég verð vör hér við tvo sjálfstæðismenn, einn krata og einn ráðherra sem telst víst líka til krata. Það vantar því dálítið mikið upp á stjórnarliðið hér í kvöld, hv. þingflokksformaður Alþfl. En þessi þjóð hefur ótrúlegt langlundargeð ef hún lætur þetta yfir sig ganga og þá situr þetta skamdegisþunglyndi, sem sagt er að sé ekki til í þjóðinni eða sé mjög lítið, einfaldlega svo djúpt að hún má hvorki mæla né sig hræra ef hún lætur þetta yfir sig ganga. Nú finnst mér að foreldrar í þessu landi ættu að taka höndum saman eins og Sigtúnshópurinn forðum. Þá var um misgengi að ræða vegna þess að kjörin voru skert og fólk sat uppi með vísitölutryggð lán. Þá var misgengi á húsnæðismarkaðnum og á lánamarkaðnum. Núna er að eiga sér stað misgengi líka. Það er bara misgengi sem hefur skapast milli þeirra sem eru með börn á framfæri og hinna sem eru ekki með börn á framfæri. Nú finnst mér að foreldrar ættu að taka sig saman eins og Sigtúnshópurinn forðum og reyna með öllum tiltækum ráðum að hindra það. Ég hef sagt það áður og ég segi það aftur að þeir sem stjórna þessu samfélagi — það þyrfti ekki annað en líta hér yfir ráðherrabekkinn ef hann væri fullsetinn sem hann er ekki, þá sæi maður hverjir það eru sem stjórna þessu samfélagi. Það eru öðrum fremur miðaldra menn sem virðast vera komnir með allt sitt á þurrt og þeir snerta aldrei sjálfa sig. Ég hef engar tillögur séð, hvorki í fyrra né núna, sem snerta þennan hóp með nokkrum hætti. Þessi hópur verður að leggja eitthvað af mörkum og ríkisstjórnin verður að finna leiðir til þess að leggja byrðar á þennan hóp öðrum fremur.

Ég ætla að vekja athygli þingmanna á lesendabréfi í Morgunblaðinu í morgun. Það er kona sem skrifar undir fullu nafni með heimilisfangi þannig að hún er ekki að koma fram í skjóli einhvers nafnleysis. Þar talar þessi kona um það sem er auðvitað mjög dapurlegt, hún talar um afætukynslóðina. Ég held að einmitt í svona orðum muni birtast beiskja ungs fólks sem á mun lakari kosti í lánamálum, í húsnæðismálum, í atvinnumálum en kynslóðin sem fædd er á árunum 1940–1960. Þessi kynslóð sem núna er ungt fólk í námi jafnvel eða á vinnumarkaði, er að koma yfir sig húsnæði í húsbréfakerfi, er að koma upp börnum, fá á sig skerðingar á barnabótum, er að upplifa atvinnuleysi í fyrsta sinn. Þetta fólk býr við mun lakari kost en kynslóðin sem fædd er frá 1940–1960. Það verður að finna einhverjar leiðir til þess að höggva ekki alltaf í þennan sama knérunn og finna breiðu bökin í þessu samfélagi þó það verði ekki annað en að sýna smátil-

burði, hæstv. ráðherra, í þá átt.

Með þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin boðar, bæði í skattamálum og í tryggingamálum, er hún að búa til átök, hún er að búa til andúð, hún er að búa til ójöfnuð og hún á að fara frá.

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1993, 96. mál, nál. minni hluta fjárln., þskj. 433; brtt. fjárln., þskj. 437; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 438.

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla í kvöld að einskorða mig við umfjöllun um 6. gr. frv. og síðan aðeins um 8. gr.

Fyrsti tölul. 6. gr. kveður á um endurupptöku tilvísunarkerfis. Samkvæmt því mun Tryggingastofnun ríkisins ekki greiða fyrir sérfræðiþjónustu nema sjúklingur hafi áður fengið tilvísun á viðkomandi sérfræðing frá heimilislækni. Ef sjúkingur fer til sérfræðings án tilvísunar samkvæmt frv. verður sjúklingurinn að greiða sjálfur fyrir þjónustuna. Ráðherra getur þó veitt undanþágu með reglugerð.

Hér er verið að hverfa aftur til fortíðar. Fyrir tíu árum var gamla tilvísunarkerfið lagt niður þar sem kerfið þótti ekki skila því sem því var ætlað. Upphafleg meginástæða gamla kerfisins var að tryggja að læknabréf skiluðu sér betur frá sérfræðingum til heimilislækna eða eins og það var kallað hér fyrr í kvöld, aukin og betri fagleg samskipti. Tilvísanir voru nánast pantaðar frá heimilislæknum á þeim tíma án skoðunar á sjúklingi þar sem vinnuálag heimilislækna var gífurlegt.

Skemmst er frá því að segja að á undanförnum árum hafa samskipti sérfræðinga og heimilislækna batnað að mun, m.a. hvað snertir læknabréf, þrátt fyrir það að tilvísunarkerfið hafi verið lagt niður. Ég vil einnig benda á það að í dag kemur fjöldi sjúklinga með tilvísanir til lækna. Margir sérfræðingar og afmarkaðar sérgreinar fá yfir 90% sjúklinga sinna með tilvísun frá heimilislækni. Það er oft þegar sjúklingurinn hefur átt erfitt með að átta sig á til hvers konar sérfræðings skyldi leitað. Ég er þeirrar skoðunar, og ég er ekki ein um þá skoðun, að flestir í okkar upplýsta þjóðfélagi skynji það mætavel hvenær skuli leita beint til sérfræðings og hvort sé þörf á að ráðfæra sig við heimilislækni um til hvers konar sérfræðings skuli leitað ef þörf krefur. Ég er einnig þeirrar skoðunar að sjúklingar séu færir um að velja sér sjálfir lækni innan þeirrar sérgreinar sem þeir hafa á undanförnum árum leitað beint til.

Þessar skoðanir mínar koma þó ekki beinlínis því við sem er megintilgangur frv. en það er að leita leiða til sparnaðar á fjárlögum næsta árs.

Í Morgunblaðinu í dag birtist viðtal við hæstv. heilbrrh. og skrifstofustjóra í heilbrrn. Þar segir í fyrirsögn: „Kostnaður vegna sérfræðinga hefur vaxið mjög ört." Í fyrirsögninni er hæstv. heilbrrh. með almennar yfirlýsingar um kostnað án þess að fara nánar inn á það hvar sá kostnaður hefur orðið til og hvers vegna. Það er athyglisvert að síðar í greininni telur ráðherra upp meðaltalskostnað við meðalreikning til sérfræðings og hver kostnaður sjúklings sé af þessum reikningi. Hann kallar hins vegar reikninga heimilislækna heimsókn til heimilislæknis og getur hlutar sjúklings en hann nefnir hvergi heildarupphæð reikningsins vegna heimsóknar til heimilislæknis. Það er kannski ekki óeðlilegt vegna þess að þessi kostnaður er almennt ekki talinn þekktur. Það er ekki að undra að þrátt fyrir þá könnun sem var gerð á vegum heilbrrn. fyrir nokkrum árum og átti að sanna að kostnaður vegna vitjana til heimilislæknis væri mun ódýrari en til sérfræðings greinir menn enn á um þær staðreyndir. Málið er nefnilega flókið. Rekstrarkostnaður heilsugæslustöðvar er ekki inni í reikningnum vegna heimsókna né heldur fjármagnskostnaður og ýmislegt annað kemur líka til. Því er einnig rétt að benda á könnun sem Árni Sigfússon borgarfulltrúi í Reykjavík lét gera fyrir nokkrum árum um mismun á rekstrarkostnaði læknaþjónustunnar en sú könnun leiddi rök að því að kostnaður við rekstur vegna heimilislækninga væri síst ódýrari en rekstur sérfræðingsþjónustu á stofum.

Skrifstofustjóri heilbrrn. taldi í þessu framangreinda viðtali við Morgunblaðið í dag að mun auðveldara væri að koma á tilvísanakerfi vegna þeirrar fjölgunar sem orðið hefði á heimilislæknum á undanförnum tíu árum frá því að gamla tilvísanakerfið var lagt niður. Heimilislæknar eru nú um 400. Komur til sérfræðinga dag hvern eru nú um 2.000.

Við það annríki, sem ég veit að heimilislæknar búa við, tel ég að þeir gætu varla sinnt öllum þeim tilvísunum sem kæmu til viðbótar þeirri þjónustu sem þeir láta þegar af hendi dag hvern þrátt fyrir eitthvað minnkaða eftirspurn eftir þeirri þjónustu á þessu ári. Til þess að þingheimur fái eilítið gleggri mynd af þróun kostnaðar vegna sérfræðinga, þá vil ég gjarnan að eftirfarandi komi fram:

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins og gögnum frá henni hef ég látið vinna lauslega upplýsingar þegar borin er saman kostnaðaraukning á tímabilinu fyrri hluta árs 1990 og 1992. Að gefnu tilefni tók ég sérfræðinga á stofum, eða svokallaða klíníska sérfræðinga, og aðskildi upplýsingar um þjónustu þeirra frá þjónustu sérfræðinga á rannsóknastofum þar sem ég bjóst við meiri aukningu á kostnaði frá rannsóknastofum. Það sem ég nefni sérfræðinga hér á eftir eru svokallaðir klínískir sérfræðingar, sem ég nefndi, sem vinna á eigin stofum. Niðurstöðurnar eru eftirfarandi:

Komum til sérfræðinga hefur fækkað um 5–6% á árunum 1990–1992. Reikningar sérfræðinga byggjast á nokkurs konar mælieiningum á vinnuframlagi þeirra eins og margir hverjir þekkja hér inni. Fjöldi vinnueininga á hverja heimsókn á framangreindu tímabili hefur heldur aukist. Meðaleiningafjöldi við heimsókn til sérfræðings 1990 var 21,7 eining en meðaleiningafjöldi 1992 er 24,6 einingar. (**GHelg:** Vill þingmaðurinn útskýra heimsóknareiningar.) Já, ég var að reyna að gera það núna áðan. (**Gripið fram í:** Frá sjónarhóli marxista.) Þetta er reynt með því að meta þá vinnu sem lögð er í sérhverja þjónustu á stofu, það er reynt að

meta hana í einingum. (Gripið fram í.) Ég skal útskýra það fyrir þingmanninum á eftir.

Mismunurinn á þessum árum eru 2,9 einingar. Ég vil gjarnan benda á það vegna þeirra upplýsinga sem fram komu í Morgunblaðinu í morgun að meðalgjald hjá þessum klínisku sérfræðingum eða meðalreikningur 3.050 kr. en ekki 3.400. Þá eru teknir þessir tveir hópar saman, rannsóknarlæknar annars vegar og hins vegar klínískir læknar. Um þriðjungur af mismun eða fjölgun eininga á tímabilinu, þ.e. um það bil ein eining, felst í því að lágmarksviðtal í einingum var hækkað á tímabilinu og það var gert samkvæmt samningum við Tryggingastofnun ríkisins. Þá má gera ráð fyrir að einhver hækkun í krónum hafi einnig orðið til vegna verðbólgu. Til að vera ríflegur má áætla að um tvær einingar af þessum meðalreikningi eða um 8,4% frá árinu 1990 sé vegna læknisverka sem að meðaltali hafa bæst við frá árinu 1990. Þá vil ég biðja ykkur um að hafa í huga þær breytingar á verkaskiptingu sem orðið hafa milli sjúkrahúsa og læknastofa á þessu tímabili en læknastofur hafa tekið að sér fjölmörg verkefni sem áður heyrðu undir sjúkrahús. Aðalástæða hækkana er hins vegar ekki fjölgun eininga samkvæmt samningi við Tryggingastofnun né breytt verkaskipting sjúkrahúsa og læknastofa heldur það fríkortafyrirkomulag sem kynnt var á sl. ári og þær breytingar á greiðslufyrirkomulagi sem gerðar voru vegna samninga við verkalýðshreyfinguna á síðasta vori. Upphafleg áætlun vegna fríkorta var 65 millj. kr. Vegna kjarasamninganna sl. vor var sú tala komin upp í 110 millj. Í októberlok voru reikningar sérfræðinga vegna fríkorta komnir í 35 millj. kr. og voru þá eftir tveir dýrustu mánuðirnir. Samt er vert að benda á að meiri hluti kostnaðar vegna fríkorta verður að líkindum ekki vegna reikninga frá sérfræðingum heldur vegna reikninga frá rannsóknastofum og heimsóknum til heimilislækna eins og menn vilja kalla það.

Ef tilvísanakerfi verður komið á að nýju vil ég einnig benda á eftirfarandi: Tilvísunarkerfið er ekki líklegt til þess að verða til sparnaðar heldur þvert á móti til að auka kostnað og tvíverknað í kerfinu. Einstaklingur sem mun telja sig geta sparað eigið fé með því að fara fyrst til heimilislæknis og fá tilvísun mun líklega gera það. Það er ekki þar með sagt að ríkið spari. Heimilislæknar senda nefnilega reikninga á Tryggingastofnun ásamt því að almennur rekstrarkostnaður og fjármagnskostnaður, sem greiddur er af heilbrrn. m.a., eykst. Vert er að nefna að rekstrarkostnaður er innifalinn í reikningum sérfræðinga og er áætlaður nánast um 50% af heildarupphæð. Þegar ég nefni rekstrarkostnað vil ég einnig nefna að inni í því er fjármagnskostnaður. Viðkomandi einstaklingur fer síðan til sérfræðings sem sendir einnig Tryggingastofnun reikning vegna sömu umkvörtunar sjúklings. Tryggingastofnun ríkisins hefur þar með fengið tvo reikninga vegna sama sjúkdóms hjá sama einstaklingi á sama tíma að sjálfsögðu eða nánast á sama tíma. Rétt er að benda einnig á þann tíma sem það fólk sem leitar til læknis þarf að eyða frá vinnu og það tap sem fyrirtækin í landinu verða fyrir vegna fjarvista í því skyni að fara tvívegis til læknis. Ég vil líka benda á þá erfiðleika sem landsbyggðarmenn munu lenda í við dvöl hér fyrir sunnan þegar þeir eiga að fara að sækja sína tilvísun þegar þeir þurfa skyndilega að leita sérfræðings. Það þarf vart að bæta inn þeirri augljósu staðreynd að meðferð er í mörgum tilvikum skjótari og markvissari og þar af leiðandi minna vinnutap, ef um slíkt er að ræða, við það að sjúklingur leiti beint til þess sérfræðings sem hann veit að er hinn rétti í það sinnið. Ég vil svo einnig benda á þá viðbót sem skrifræðisbáknið þarfnast við það að taka upp tilvísanakerfi en það verður æðistór viðbót.

Látið hefur verið í það skína að sérfræðikostnaðurinn hafi stórhækkað undanfarið vegna einhvers konar sjálfskömmtunarkerfis sérfræðinga. Ég held að ég hafi getað nokkurn veginn hrakið það með þeim upplýsingum sem ég rakti hér að framan. Það að sérfræðikostnaður á stofum sé mun dýrari en hjá heimilislæknum hefur ekki verið sannað eins og ég minntist á áðan. Meðan svo er og miðað við þær kannanir sem gerðar hafa verið í því skyni hérlendis er ekki hægt að taka slíkt algjörlega trúanlegt.

Af framangreindum ástæðum tel ég að þessi hluti frv. um endurkomu tilvísunarkerfisins sé þarflaus aðgerð vegna fjárlaga 1993. Tilkoma tilvísunarkerfis í því formi sem það hefur verið kynnt í dag sparar ekkert fé. Hins vegar er ljóst að kostnaður vegna rannsóknastofa hefur aukist mikið á undanförnum árum og það af ýmsum ástæðum. Þar má nefna álag á rannsóknastofur sjúkrahúsanna og sérstökum aðstæðum á rannsóknastofum utan sjúkrahúsa sem gefa tilefni til að frekar sé leitað til þeirra en rannsóknastofa sjúkrahúsanna. Ég tel eðlilegt að það verði leitað leiða til að taka á þessari kostnaðaraukningu. En árangri verður ekki náð með því að setja tilvísanir á alla sérfræðinga eða á klíníska sérfræðinga líka. Mér finnst að það þurfi að taka þetta mál sem sérverkefni sem þurfi að leysa. Að auki vil ég benda á nauðsyn þess að skoða fríkortafyrirkomulagið með það fyrir augum að á einhvern hátt verði unnið að því að sjúklingur geti veitt sjálfum sér aðhald í eftirspurn eftir allri læknisþjónustu og hann gæti þess að fara hóflega í það að biðja um læknisþjónustu jafnframt því sem hann veitir lækninum aðhald að þeirri heilbrigðisþjónustu sem læknirinn vill veita.

Í 2. tölul. 6. gr. segir: „Lyf, sem sjúkratryggðum er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri." Ég tel að þetta ákvæði þurfi að skilgreina betur. Til er fjöldi sjúklinga sem þarfnast lyfja sem fyrirbyggja mjög óþægilega sjúkdóma sem þó eru ekki lífshættulegir. Nú er ég ekki búin að spyrjast nægilega fyrir um það en ég vil nefna lyf sem mér koma fyrst í huga en það eru svokölluð glákulyf. Mundu slík lyf þá heyra undir lífsnauðsynleg lyf eða eru einungis lyf sem eru bráðnauðsynleg og búið er að fella út? Ég tel að lögin þurfi að taka grundvallarafstöðu til þess hvers konar lyf skuli standa sjúklingum til boða ókeypis eða hvernig skuli greiða af þeim lyfjum sem eru sjúklingum ýmist lífsnauðsynleg eða bráðnauðsynleg.

8. gr. kveður á um heimild sjúkratryggingadeildar

Tryggingastofnunar ríkisins til að semja við stofnanir, fyrirtæki eða einstaklinga um þá þjónustu sem henni ber að veita. Slíkan samning megi gera í framhaldi af útboði. Þótt ég sé í grundvallaratriðum samþykk því að reyna slíka samninga tel ég nauðsynlegt að frekar sé kveðið á um þá í lögum. Ég tel rétt að reyna samninga við einstaklinga um rekstur, svo dæmi sé tekið, á einstökum rannsóknastofum spítalanna. Hins vegar verður að gæta þess að menn sitji við sama borð þegar þjónusta er boðin út vegna þess mismunar sem rekstrarreikningar gefa til kynna milli reikninga hins opinbera og einkafyrirtækja. Þar með gætu hugsanlega verið villandi upplýsingar á borðum eins og ég minntist á áðan hvað snertir rekstrarkostnað og fjármagnskostnað og þá aðallega fjármagnskostnað í þessu tilviki.

Ég hef einnig sem dæmi um fyrirvara á einhvers konar útboði á kvóta vegna þjónustu ákveðinna sérgreina. Síkur kvóti gæti t.d. verið bundinn við ákveðna lækna, hugsanlega þá sem minnst hafa að gera. Þá mætti spyrja að því hver er orsökin fyrir slíkum verkefnaskorti. Kvóti gæti einnig komið í veg fyrir endurnýjun í læknastétt og þar með hindrað framfarir og gæði þjónustunnar. M.a. af framangreindum orsökum sem ég hef talið tel ég að greinin sé of opin og þurfi að skilgreina hana betur við vinnslu í nefnd.

Um aðra þætti frv. vil ég láta mér nægja að fjalla að lokinni meðferð í heilbr.- og trn. sem ég á sæti í, þ.e. ef við þurfum á því að halda.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé það eftir að hafa hlustað á ræðu hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur að það er einhver misskilningur á ferðum. Þetta tilvísanakerfi, sem núna er komið inn í bandorminn, virðist ekki vera ættað frá heilbr.- og trn. Sjálfstfl. enda sé ég það þegar ég lít yfir salinn og fer um þinghúsið að þeim er sífellt að fjölga fulltrúunum úr heilbr.- og trn. flokksins til að gæta sinna hagsmuna.

Þessi ræða sem hér var flutt var í raun og veru ótrúleg árás á hæstv. heilbr.- og trmrh. þó svo að þingmaðurinn eins og hans var von og vísa hafi náttúrlega farið afskaplega vel með sitt mál, hann var ekki stóryrður, það var langt frá því. En efnislega var allt sem ráðherrann ætlar að gera tætt niður. Við sem hér höfum verið að lýsa yfir stuðningi við þetta mál í okkar ræðum hljótum auðvitað að velta því fyrir okkur hvort óhætt sé á grundvelli þess sem hér hefur verið sagt að veita málinu brautargengi í þinginu. Það hlýtur auðvitað að vera mikil spurning eftir þessa ræðu. En þá er líka orðin viss hætta og mikil óvissa sem hlýtur þá að ríkja um þær 250 millj. kr. sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur lofað að spara á þessu sviði því þá eru foknar 120 millj. ef það er ekki einu sinn þingmeirihluti fyrir málinu.

Ég vil lengi halda í þá von að það sé skynsamlegt að koma þessu fyrirkomulagi á. Ég mun taka aftur til máls við umræðuna síðar og mun þá gera að umtalsefni þá úttekt sem hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir vitnaði í áðan um samanburðinn á kostnaði við heimsóknir til sérfræðinga, heimilislækna og heilsugæslulækna, annars vegar þá úttekt sem verkfræðingur gerði fyrir fyrrv. heilbrrh. á því og svo makalausa úttekt sem borgarfulltrúinn Árni Sigfússon gerði. Það mun ég gera síðar.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þar hrökk Noregur úr hendi þér, konungur. Þetta er ekki lengur stjfrv. Sjálfstfl. stendur ekki að frv. þannig að það er ekki auðkennt hér með réttum hætti. Ég tel að það sé afar merkilegt sem kom fram að það er reyndar ekki bara tilvísunarmálið sem var nefnt af hv. þm. heldur líka lyfjagreinin. **(Gripið fram í:** 500 millj. kr.) Reyndar er það nú ekki svo há tala. Sömuleiðis var talið nauðsynlegt að taka á þessu fríkortaliði með miklu grimmari hætti en hæstv. heilbrrh. hefur gert grein fyrir. Ég spyr: Hver er að móta stefnu í heilbrigðismálum? Út af fyrir sig tel ég það þakkarvert að hv. þm. er svo hreinskilinn að gera grein fyrir sínum sjónarmiðum. En ég vek athygli á að það er afar athyglisvert og sjaldgæft að það komi fram þegar flutt er stjfrv. að stjórnarflokkarnir tali hvor í sína áttina. Mér sýnist, hv. þm., að það sé ljóst að af þessum 250 millj. sem átti að spara séu farnar út í fyrsta lagi 120 og í öðru lagi a.m.k. 50–100 millj. svo eftir standa 50–60 millj. kr. **(ISG:** Það verður farið áður en nóttin er öll.) Það verður farið áður en nóttin er öll, það er rétt hjá hv. þm. Það eina sem stendur þá eftir er salan á Samábyrgð Íslands á fiskiskipum sem ríkið á ekki einu sinni.

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil einungis að gefnu tilefni svara því til að þetta er mín persónulega skoðun eftir að hafa unnið í heilbrigðisþjónustunni í fjölda ára. Ég tala ekki hér fyrir hönd Sjálfstfl. eingöngu heldur sem sjálfstæðismanneskja á eigin vegum.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var einu sinni frambjóðandi fyrir Sjálfstfl. sem var dálítið flámæltur. Hann komst þannig að orði: „Í þessari ræðu tala ég ekki fyrir hund flokksins heldur fyrir hund skynseminnar" og í sjálfu sér finnst mér ekkert á móti því þó að þingmenn tali fyrir hönd skynseminnar og lýsi því yfir að þeir hafi þessa og hina skoðun á málinu eins og hv. þm. gerði. Hins vegar er hún varaformaður heilbr.- og trn. og það hefur verið talin ástæða til þess að taka mark á því sem hún segði sem stjórnarþingmaður. En það er engu að síður þakkarvert að hv. þm. skuli þegar við 1. umr. málsins hafa gert grein fyrir sjónarmiðum sínum með þessum hætti. Þá hlýtur stjórnarandstaðan auðvitað, eða ég vænti þess, að meðhöndla málið með hliðsjón af því að fram er komið að málið er aðeins að hluta til stjfrv.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er á dagskrá skiptist í tvo meginkafla og eiga þeir harla fátt sameiginlegt. Síðari kafli frv., þ.e. II. kafli, fjallar um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Í þeim kafla er lagt til að ríkisstjórninni verði

heimilað að leggja Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, þ.e. félagið sjálft ásamt öllum eignum þess og skuldbindingum, til nýs hlutafélags er beri heitið Samábyrgðin hf. — vátryggingarfélag. Ég tel að áður en stefnt verði að því að lögfesta þennan hluta frv. þurfi að kanna það mjög ítarlega hvernig varið er eignarformi á þessu fyrirtæki, þ.e. Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og hvort hæstv. ríkisstjórn hafi heimildir til þess að taka eignir þess fyrirtækis og ráðstafa þeim í hlutafélag sem síðan er meiningin að selja hlutabréf ríkisins í. Með þeim hætti mundi þá hæstv. ríkisstjórn taka til ríkisins andvirði þeirra eigna sem hér er um að ræða.

Ég held að verulegur vafi sé á því hvernig þetta eignarform er. Ég vil taka það fram að á meðan það er ekki skýrt nánar þannig að allur vafi sé af tekinn um það efni, þá hef ég fullan fyrirvara varðandi þennan þátt málsins. Sömu sögu er að segja varðandi ýmsa aðra þingmenn Sjálfstfl.

Nú er það svo að í greinargerð með frv. er viðurkennt að það séu skiptar skoðanir um hver eigi Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Eigi að síður er þar vitnað til lögfræðiálits Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl., sem er virtur lögmaður, þar sem hann kemst að þeirri niðurstöðu að hæstv. ríkisstjórn hafi þær heimildir sem hún er að leita eftir. Þótt ég sé ekki lögmaður sýnist mér að sá kafli sem hér er birtur úr álitinu sé býsna einkennilegur því að helst er á honum að skilja að enginn eigi Samábyrgðina. Þar sé ekki um að ræða eignarrétt í þeim skilningi sem það hugtak er notað venjulega og að ríkisvaldið geti t.d. ekki gert neinar þær ráðstafanir sem hefðbundinn eignarréttur heimilar eiganda eignar venjulega. Ég tel að þetta sé nokkuð sérkennileg niðurstaða ef enginn á Samábyrgðina en hæstv. ríkisstjórn geti tekið til sín eignir þessa fyrirtækis og ráðstafað þeim að vild sinni.

Nú er það á almannavitorði að bátaábyrgðarfélögin kjósa menn í stjórn Samábyrgðarinnar. Það hlýtur því að teljast nokkuð einkennilegt ef bátaábyrgðarfélögin eiga ekkert í Samábyrgðinni hvers vegna þau séu þá að kjósa fulltrúa í stjórn Samábyrgðar. Á ýmsan máta sýnist mér að á þessu leiki mikill vafi og ég vil að það sé upplýst áður en þetta mál gengur lengra hvort þeim vafa hefur verið eytt því að ég vil hafa í heiðri þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem vernda eignarréttinn.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta efni en lýsi því að ég hef fyrirvara við þennan þátt málsins á grundvelli þess sem ég hef hér sagt og hið sama gildir um ýmsa aðra hv. þm. Sjálfstfl.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru mikil tíðindi sem hér eru að gerast þegar þingmenn Sjálfstfl. lýsa því yfir hver um annan þveran að þeir hafi fyrirvara varðandi þau mál sem eru til umræðu. Hér eru á ferðinni verulegar fjárhæðir sem ætlunin var að spara eða ná til ríkissjóðs. Í þessu tilfelli gerðu menn ráð fyrir því að hægt væri að selja Samábyrgð Íslands á fiskiskipum fyrir a.m.k. 174 millj. kr., svo nákvæmir voru menn á því. Svo kemur hv. þm. Pálmi Jónsson og segir að ekki einungis hann heldur ýmsir fleiri sjálfstæðismenn setji fyrirvara við það að þetta geti gengið. Ég verð samt sem áður að taka undir með honum. Ég tel að þarna hafi menn flanað ótrúlega að máli, að það skuli ekki hafa verið rannsakað betur hvaða stuðningur var við það og hvaða möguleikar væru yfirleitt á því að selja þetta fyrirtæki. Þetta er samspil fyrirtækja sem menn eru að tala um. Það er ekki einungis verið að tala um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Það er verið að tala um bátaábyrgðarfélögin og þessi fyrirtæki hafa starfað saman að tryggingamálum í fjölda ára. Svo koma menn stökkvandi inn á Alþingi fyrirvaralaust með frv. um að selja Samábyrgðina. Málið er það illa undirbúið að um leið og það er komið til umræðu í þinginu kemur það fram að menn eru alls ekki tilbúnir að skrifa upp á þetta og þurfa að skoða þetta með öllum ráðum miklu betur. Þarna hafa menn staðið mjög illa að verki. Það verður maður að segja.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tek undir með síðasta ræðumanni að hér hafa gerst undur og stórmerki því að hér dettur út eftir því sem manni sýnist hver lagagreinin á fætur annarri í því frv. sem heilbr.- og trmrh. hefur talað fyrir. Mér sýnist fátt standa eftir af því nema 1. og 2. gr. frv., flest annað hefur Sjálfstfl. gert fullan fyrirvara við, nú síðast var það hv. þm. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v., sem benti á að það sé mikill vafi á eignarformi á Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og það orki tvímælis hvort ríkið geti tekið sér ágóðann af þeirri sölu sem fyrirhuguð er. Þetta voru hvorki meira né minna en 174 millj. sem þarna áttu að koma.

Áðan hrukku úr hendi ráðherra með ræðu hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur, 13. þm Reykv., 120 millj. Þetta gera samanlagt um 300 millj. kr. sem hafa farið hér eftir því sem manni sýnist á 30 mínútum. Það gera 10 millj. á mínútu sem það kostar þegar þingmenn Sjálfstfl. tala hér. Ég held að ráðherra ætti að kíkja upp í ermina og vita hvort hann hefur ekki eitthvað fleira þar. Ég vona að hann finni ekki fyrir fæðingarorlofinu a.m.k. Ég vil benda á að það eina sem mér finnst að standi eftir sé að menn eru ekki mótfallnir breytingunni á barnalífeyrinum og mæðralaununum. Annað sé eiginlega hrokkið.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er orðið mikið álitamál sýnist mér hvort það er verjandi að halda okkur hér í umræðum þegar klukkan er á tólfta tímanum. Við höfum unnið mikið undanfarna daga, ekki síst við sem sitjum í fjárln., við að aðstoða við að koma saman fjárlögum íslenska ríkisins. Hér er flutt frv. sem átti að skila íslenska ríkinu miklum peningum og það kemur í ljós að þessi mál virðast alls ekki hafa verið rædd í stjórnarflokkunum og ekkert samkomulag um þau. Ég vil spyrja hæstv. forseta: Væri ekki ráð að fresta þessum fundi og biðja stjórnarflokkana að ráða ráðum sínum og komast að niðurstöðu um hvað menn geta orðið sammála um frekar en að halda okkur hér í umræðu

um mál sem við vitum ekki einu sinni hvort nokkur ástæða er til að vera að æsa sig yfir? E.t.v hefur málið eða málin tvö engan stuðning á hinu háa Alþingi? Það er kannski varla hægt að ætlast til að hæstv. forseti svari þessu en að ræðu minni lokinni, sem ég skal reyna að hafa ekki mjög langa, vildi ég óska að rætt yrði við formenn þessara tveggja þingflokka og farið fram á að menn reyndu að koma sér saman um það sem hér er verið að ræða.

Ég ætlaði að leggja inn nokkur orð vegna þess frv. sem liggur fyrir á þskj. 285. Það er satt að segja dálítið erfitt að ræða frv. eins og hv. 10. þm. Reykv. sagði hér fyrr í kvöld. Svo getur gengið fram af manni að frv. sé vart umræðuvert. Ég tel mig hafa nokkur efni á að segja þetta þar sem ég eyddi tíu árum af starfsævi minni í vinnu við þá stofnun, Tryggingastofnun ríkisins, sem ég hélt að allir landsmenn hefðu litið á sem eina undirstöðu jafnréttis í þjóðfélaginu. Ekki síst eyddi ég tíma mínum í að halda langar ræður sem upplýsingafulltrúi stofnunarinnar um aðdraganda þess að almannatryggingar voru lögleiddar á Íslandi. Ég dró aldrei úr hlut Alþfl. í hinni merku löggjöf sem sett var árið 1936. Ég hélt að enginn deildi um mikilvægi almannatrygginga. Meira að segja maður að nafni Bismarck gerði sér það ljóst endur fyrir löngu að það borgaði sig líklega að halda þjóð heilbrigðri og sæmilega haldinni af almannafé.

Ég kom í Tryggingastofnun ríkisins þegar sá ráðherra tók við sem e.t.v. tók næsta stóra skrefið í almannatryggingamálum sem var þáv. hæstv. heilbrrh., Magnús Kjartansson. Ég man þá gleði og þá hamingju sem því fylgdi að sjá þá stökkbreytingu sem kjör aldraðra, öryrkja og barnafjölskyldna tóku þegar löggjöfin frá 1971 tók gildi. Það er þess vegna átakanlegt að þurfa að horfa á hæstv. heilbrrh. Alþfl. rótast um í þessu kerfi, án þess að líta til hægri eða vinstri, án þess að horfa á nokkurn skapaðan hlut annað en dálka fjmrn. Það er nefnilega ekki sama hvar er skorið niður, það er ekki einu sinni sama hvar er sparað. Þeim mun undarlegra er að sjá það að hæstv. félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir hefur ekki látið sjá sig í þinginu vikum saman og ekki undir þessari umræðu. Því segi ég það að sú var tíðin að sú sem hér stendur og hún unnu saman eins og ein manneskja að því að bæta almannatryggingakerfið. Við eigum raunar heiðurinn af ýmsum umbótum. Það er vart að ég þori að segja hæstv. heilbrrh. frá dæmum vegna þess að ég veit ekki nema hann réðist samstundis á þau. En ég get ekki stillt mig um að segja að t.d. fluttum við frv. og fengum það lögleitt að tekjur maka hættu að hafa áhrif á rétt kvenna og karla til atvinnuleysisbóta. Það er kannski ekki viturlegt að láta ráðherrann heyra um þessa matarholu. Það er aldrei að vita nema hann tæki sig til og afnæmi hana eða tæki hana til sín.

Ég verð að segja eins og hv. 9. þm. Reykv.: Til hvers eru menn að eyða ævi sinni í stjórnmál? Til hvers eru stjórnmál? Það er kannski dæmalaus barnaskapur að játa það á sig að langa til að eiga hlut að því að hér sé rekið velferðarsamfélag þar sem séð er til að enginn líði skort, hvort sem hann er sjúkur, atvinnulaus eða á einhvern hátt illa settur í þjóðfélaginu. Það eru satt að segja mikil tíðindi ef um þetta er ekki eining á hinu háa Alþingi. Það hefur verið stolt okkar að á þessum 50 árum sem við höfum verið sjálfstæð þjóð, þó að við séum fátæk og smá eins og segir í frægu kvæði, hefur okkur tekist með vinnusemi, mikilli vinnu vissulega, að halda uppi mannsæmandi skólakerfi, heilbrigðiskerfi og húsnæðiskerfi. Þessi grundvallaratriði, til þess að hægt sé að tala um samfélag sem mannsæmandi, hafa verið í sæmilegu lagi þrátt fyrir allt. Það er erfitt að sjá eða skilja hvað hefur komið fyrir Alþfl., að standa fyrir því að rífa þetta allt saman niður. Ég skil svo sem vel að hæstv. félmrh. veigri sér við að taka þátt í þessu í þingsölum. Ég ætla að vona að hún sé þrátt fyrir allt að fylgjast með umræðunni. Í mestu alvöru verð ég að lýsa því yfir að það fer að líða að því að allt vinsamlegt sem ég hef sagt um hana sem stjórnmálamann taki ég aftur. Þetta getur ekki hafa verið nein alvara. Þetta var almennur inngangur sem ég held að sé mál til komið að menn hugleiði aðeins.

Hér fer fram á morgun 2. umr. um fjárlög ríkisins fyrir árið 1993. Ég mun geyma mér að ræða um heildarstöðu þeirra mála sem í stuttu máli eru í fullkomnu uppnámi eins og hér hefur reyndar sýnt sig á síðasta hálftímanum, þegar hundruð milljóna fjúka hér til og frá þó að um sé að ræða forsendur þeirra fjárlaga sem verða kynnt í 2. umr. á morgun. Þess vegna skal ég ekki lengja mál mitt með því. Ég ætla heldur ekki að endurtaka það sem hv. 9. þm. Reykv. og 10. þm. Reykv. hafa sagt hér í kvöld og ég tek undir það. Ég virði hv. 13. þm. Reykv., Láru Margréti Ragnarsdóttur, fyrir að hafa uppburði til þess að segja skoðun sína á þeim greinum frv. sem varða heilsugæslu, tilvísanir til sérfræðinga, málefni sem ég því miður er komin allfjarri frá vegna þess að ég hef ekki fylgst með samningum við lækna alllengi. En það er önnur saga. Það er vissulega manndómsmerki að gera þó athugasemd við það sem ekki er unnt að sætta sig við. Ég ætla ekki að endurtaka það sem hv. þm. hafa sagt. Ég ætla að benda á nokkur atriði sem ég held að menn hafi ekki minnst á. Ég hef reynt að fylgjast með umræðunni en mér hefur þá skotist yfir það ef það er rangt hjá mér.

Þá er fyrst til að taka 2. gr. frv. sem fjallar um mæðra- og feðralaun. Fyrsta efnismgr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er að greiða mæðra- og feðralaun til einstæðra foreldra sem hafa tvö börn sín eða fleiri undir 18 ára aldri á framfæri sínu og eiga lögheimili hér á landi. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um greiðslu mæðra- og feðralauna.“ Síðan segir: „Þar er heimilt að tengja greiðslu bótanna við tekjur.“

Það er ekki einungis að mæðra- og feðralaun séu tekin af með fyrsta barni. Það má einnig búa til reglugerð þar sem tekjur fara að hafa veruleg áhrif. Það er auðvitað grundvallarstefnubreyting sem öll þessi grein ber í sér en hún er sú að þjóðfélagið afsalar sér ábyrgð sem var viðurkennd í greinargerð með frv. laganna frá 1971, en það er það stefnumið að við berum öll ábyrgð á því að öllum börnum í þjóðfélaginu líði sæmilega. Við viljum og vildum taka á okkur þá sameiginlegu

ábyrgð sem það er að ala upp börn í landinu. Hækkun á meðlagi hefur alltaf verið mikið vafaatriði í mínum huga og ég mótmælti því eða lagði fram efasemdir um það þegar hv. 10. þm. Reykv. flutti frv. sitt á síðasta þingi. Ég held að það sé töluvert erfitt fyrir hvern þann sem ekki ber gæfu til að búa með sínu barni að greiða svo háa upphæð þó að auðvelt sé að segja að miklu meira kosti að ala barnið upp en upphæðin gefur til kynna. Við verðum líka að sjá til þess að þeir sem þannig eru staddir geti jafnframt stofnað til annarrar fjölskyldu og lifað sæmilegu lífi þrátt fyrir það að um sé að ræða framfærslu á barni sem ekki býr á heimilinu. Ég hefði viljað í stað þess að lækka mæðra- og feðralaun hækka þau og auka hlut ríkisins en ekki draga úr honum varðandi uppeldi barna. En það er auðvitað grundvallarmunur á sjónarmiðum sem óþarft er að rekja frekar.

Annað er það að í síðustu mgr. 2. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Mæðra- og feðralaun falla niður einu ári eftir að viðtakandi launanna skráir sig í þjóðskrá í óvígða sambúð með öðrum en foreldri barnsins eða barnanna, sbr. og 52. gr.“ Þar er talað um bætur eftir látinn sambýlisaðila.

Ég hef löngum sagt að ég dreg í efa að þessi ákvæði um niðurfellingu mæðralauna eftir sjálfkrafa skráningu sambúðar standist fyrir lögum. Sannleikurinn er nefnilega sá að sambýlisaðili eða sambýlismaður eða kona, þeir sem búa saman í óvígðri sambúð hafa ekki gagnkvæma framfærsluskyldu enda erfa þau ekki einu sinni hvort annað. Þó að móðir sem býr með barni sínu taki upp búskap, sem er auðvitað einkamál hennar hvernig þeirri sambúð er varið, tel ég að það sé algert einkamál sem ríkinu geti ekki komið nokkurn skapaðan hlut við. Hægt er að hugsa sér að sá sambýlisaðili greiði fyrir sitt eigið uppihald. Honum ber engin skylda til að framfæra barn sambýlismaka síns eða hvað sem við viljum kalla það. Þannig er nú einu sinni í pottinn búið að um sambýlisfólk og sambýlisform eru engin lög til í landinu. Ég hef margbeðið ýmsa hæstv. heilbrh. að fara ofan í þetta atriði og kanna það vegna þess að ég tel næstum víst að auðvelt væri að vinna slíkt mál fyrir dómi.

Ég ætla að láta 6. gr. frv. kyrra liggja vegna þess að ég tel að þar hafi farið fram lærðari umræða en ég er fær um, eins og ég sagði áðan, þar sem ég hef ekki fylgst mikið með samningum lækna. Heldur þykir mér það ógeðfellt þegar rætt er um heimsóknir til lækna eins og þar sé um að ræða uppmælingu og erfitt að skilja í raun og veru eftir hverju er farið. Sú var tíðin að menn gátu farið til læknis síns án þess að hugsa um hversu margar einingar færu í það. Eins og hv. 13. þm. Reykv. talaði um, að fara hóflega í það að leita læknis, þykir mér þarfnast frekari skýringar. Það fer líklega að verða matsatriði hvenær fólki líður nógu illa til þess að verjandi sé að fara til læknis. Ég kann illa svona tali og hef talið það lengst af mikinn sóma fyrir okkar samfélag að fólk hefur getað farið hiklaust til læknis hafi eitthvað verið að án þess að efnahag þess væri ógnað á nokkurn hátt. Nú er auðvitað svo komið að ekki þarf annað en að barn meiðist, þá er það orðinn töluverður útgjaldaliður. Mér er kunnugt um að foreldrar barns sem handleggsbrotnar og þarf að fara í gifs verða að greiða 3.000 kr. fyrir fyrstu heimsókn. Síðan þarf að líta á handlegginn á barninu, það kostar 1.500 kr. og að lokum þarf að klippa gifsið af og það kostar líka 1.500 kr. Þetta eru orðnar 6.000 kr. Þegar hugsað er til að mæðralaun með einu barni voru tæpar 5.000 kr. er auðvelt að sjá að um þessa upphæð gat munað. Svo er komið að fólk hugsar sig kannski um og það er kannski rétt sem hv. 13. þm. Reykv. sagði. Kannski fara menn að fara hóflega til læknis, kannski fara menn að klippa gifsið af börnunum sínum sjálfir til að losna við að borga 1.500 kr. fyrir það. Er þetta virkilega það sem við viljum? Ég trúi því ekki. Ég trúi ekki að nokkur lifandi maður vilji þetta, ekki einu sinni hæstv. heilbrrh.

Það sem mér finnst kannski alvarlegast af öllu sem í frv. stendur eru tannlæknamálin. Sú þróun hefur orðið á síðustu árum hér í landi að tannskemmdir barna hafa eðlilega farið minnkandi eins og hér var rakið í kvöld. Það er vegna þess að tannlæknaþjónusta við börn hefur verið ókeypis og börn hafa fengið gott veganesti. Við könnumst við það sem ólumst upp í smábæjum þessa lands þar sem kannski var enginn tannlæknir hvernig það fór með okkur að við fengum ekki þessa þjónustu þegar frá barnsaldri. Ég spyr: Heldur hæstv. heilbrrh. að foreldrar margra lítilla barna fari eins oft og reglulega með börn sín til tannlæknis ef greiða þarf fyrir það í hvert skipti? Ég get svarað því alveg strax: Þeir gera það ekki. Eftir nokkur ár er ég sannfærð um að það fer aftur að síga á ógæfuhliðina í tannheilsu unglinganna. Ef einhver heldur að þetta sé sparnaður, þá er það rangt. Það er rangt. Auðvitað hefur tannheilsu Íslendinga farið mjög fram og vitaskuld kemur að því að tannlæknaþjónusta verður mun ódýrari vegna þess að ástand í þeim málum er miklu betra. Þetta tekur auðvitað tíma en það er orðið harla sjaldgæft eins og það var á mínum æskuárum að sjá fólk á ungum aldri með gervitennur. Þetta sést ekki lengur, auðvitað ekki. Ég veit ekki hvert við erum að stefna í þessum málum og ég hef af þessu miklar áhyggjur. Ég held að mér sé kannski farið eins og öðrum foreldrum margra barna að við höfum lagt á það mikla áherslu og samviskusemi að sjá um að með tannheilsu barnanna væri fylgst. Það hefur verið auðvelt vegna þess að við höfum borgað úr sameiginlegum sjóðum. En það er eins og mönnum sé ekki sjálfrátt. Þegar á að spara er ráðist á það sem í bestu lagi er, menntakerfið og heilbrigðiskerfið og ætli húsnæðiskerfið verði ekki næst? Hvers vegna ekki að leita þar sem allt er í ólestri? Leita peninga þar sem þeim er sóað og sukkað er með fé? Hvernig væri t.d. að fara ofan í tölvukerfi landsmanna? Ég hef bent á það í þessum ræðustól að án þess að nokkur fylgist með er hundruðum milljóna sóað í tölvukerfi sem enginn hefur not fyrir og væri hægt að nýta önnur tölvukerfi án þess að nokkur tæki eftir því. Ekki er leitað að þessum dauðu peningum. Það er nefnilega leitað í þá peninga sem lifa einhverjum til gagns. Er mönnum

sjálfrátt? Ég ætla ekki að endurtaka brandarana um fæðingarorlofið þar sem það frv. hefur sem betur fer ekki sýnt sig. En það er svo komið að þessi kalda reiknilist, sem notuð er, veldur því að maður þorir ekki að hitta starfsmenn ráðuneytanna hér á göngum. Maður veit ekki nema verandi nokkuð við aldur að þeir reikni í mann barn! Þessum mönnum er ekkert ómögulegt úr því að fólk á besta aldri og við góða heilsu ætti helst ekki lengur að vera að leggjast í barneignir eins og við gerðum okkur sek um hér á árum áður. Nei, þetta gengur ekki.

Hér gengur á móti mér hv. 17. þm. Reykv. og formaður þingflokks Alþfl. *Ég ítreka bón mína.* Ég veit ekki hvort hann var hér inni þegar ég hóf ræðu mína. Ég ítreka bón mína um að hann fari fram á það við forseta sinn og forseti verði við bón minni um það að þessir stjórnarflokkar ræði saman og reyni að komast að þeirri niðurstöðu hvort verið sé að gera hluti sem menn geta staðið við. Þegar hefur komið í ljós að hvorugur hluti þessa frv., sem hér liggur fyrir, sýnist hafa fullan stuðning stjórnarflokkanna. Auðvitað er ekki boðlegt að ræða svona endileysu á miðnætti eftir langa vinnudaga.

Eitt lítið atriði, sem ég minnist ekki að menn hafi gert að umtalsefni, er 3. gr. sem leynir á sér og er ekki víst að þeir sem ekki þekkja vel til átti sig á, en greinin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftirtaldar breytingar verða á 27. gr.:

a. Í 1. málsl. 1. mgr. falla niður orðin: „og stjórnun aflvéla og ökutækja."

Þetta er svokölluð bílatrygging en þetta er líka annað og meira. Þetta eru vinnuvélar, þetta eru dráttarvélar og aðrar slíkar sem mikið eru notaðar í sveitum landsins og tryggja börn frá 16 ára aldri. Þessi börn eru ótryggð þegar þetta er tekið út og ég held að við vitum harla vel að því miður kemur allt of oft að fyrir unglingar, sem vinna við sveitastörf, slasast á þessum *vélum. Mér er ekki kunnugt um að þessi börn greiði* neins staðar til neins vátryggingarfélags. Falli greinin út þá eru þessir aðilar ótryggðir. Ég vildi nú biðja þá sem bera hag bænda fyrir brjósti að fara aðeins ofan í þessi mál.

Annað er það að síðari málsl. í 3. gr. er svo, með leyfi hæstv. forseta: „2. málsl. 1. mgr. fellur niður." Og hvað er það? Þessi setning fellur út og ég bið menn að taka eftir: „Það jafngildir slysi við stjórnun aflvélar eða ökutækis ef stjórnandi verður fyrir slysi í beinu sambandi við viðhald eða aðra meðhöndlun tækisins." Þetta skiptir töluverðu máli. Það eru ekki bara bifreiðastjórar eða þeir, sem bifreið aka, sem eru felldir þarna út, heldur allir þeir sem vinna við hvers kyns ökutæki hvort sem það eru svokölluð bifhjól, dráttarvélar, sláttuvélar, allar slíkar vélar. Það kæmi mér á óvart ef menn eru sáttir við þetta.

Um II. kafla þessa frv. er lítið að segja. Einhvern tíma í sumar sagði stjórnarmaður Hitaveitu Reykjavíkur að hitaveitan hefði gefið Reykvíkingum Perluna. Ég gerði smáathugasemd við það, ég taldi þar verið að gefa það sem menn ekki ættu. Hér er verið að selja það sem menn ekki eiga og það er auðvitað hárrétt hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. að áður en maður selur eignir þarf maður að ganga úr skugga um hvort maður á þær. Þetta sýnir auðvitað þann flumbrugang, sem er á undirbúningi þingmála, að þetta er ekki boðlegt auk þess sem það er heldur ekki boðlegt að þessi tvö mál séu í *einu og sama frv. Hvers vegna í ósköpunum var þetta* ekki borið fram í tveimur frumvörpum? Ég spurði að þessu áður og þá svaraði hæstv. ráðherra því til að fólk þyrfti að sjá í einu frv. þann niðurskurð sem væri verið að gera. En það var ekki ónýtt því mér sýnist að niðurskurðurinn sé meira en vafasamur og sennilega orðinn mikið deiluefni milli stjórnarflokkanna.

Frú forseti. Herra forseti. Þar kom vel á vondan. Svo oft hefur sú sem hér stendur verið kölluð herra forseti. Virðulegi forseti. Ég skal ekki taka mikinn tíma í þetta meira, en ég held að hér sé alveg nauðsynlegt að staldra við og ljúka ekki umræðunni hér áður en gengið er úr skugga um hvern stuðning þessi tvö mál, því ég leyfi mér að kalla þetta tvö mál, hafa hér í þinginu áður en menn fara að setja hér á ræður fram undir morgun um það sem e.t.v. er ekki nokkur minnsta hætta á að verði samþykkt.

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1993, brtt. AÓB o.fl., þskj. 435; nál. meiri hluta fjárln., þskj. 436; brtt. FI, þskj. 439; brtt. KÁ o.fl., þskj. 440; brtt. SvG og GB, þskj. 441.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Samkomulag hefur verið gert um að þessu fundi ljúki um miðnæturskeið.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. sem hafa rætt þessi mál í dag og í kvöld. Þær umræður hafa verið mjög efnislegar og ég vil gjarnan víkja að nokkrum atriðum og þá sérstaklega fyrirspurnum, sem hefur verið *beint til mín í lok umræðunnar í kvöld, þannig að* þingmenn þurfi ekki að bíða eftir þeim svörum í sólarhring eða jafnvel meira þar til umræðum getur fram haldið. Ég vil sérstaklega þakka hv. 11. þm. Reykv., Finni Ingólfssyni, en hann tók fram í ræðu sinni að stjórnarandstaðan mundi greiða fyrir málum í sambandi við afgreiðslu þessa frv., hún mundi að sjálfsögðu óska eftir öllum þeim upplýsingum sem hún þyrfti á að halda og er sjálfsagt að veita heilbr.- og trn. þær upplýsingar. Ég þakka tilboð hans um að greiða fyrir málum eins og kostur væri. Mér finnst leitt að þær skuldbindingar hafi ekki enn borist til heilbr.- og trn., sem Framkvæmdasjóður aldraða hefur á sig tekið varðandi framkvæmdir sem þegar hefur verið hrint af stað í byggingu þjónustuhúsnæðis og hjúkrunarrýmis fyrir aldraða, og mun beita mér fyrir að það verði ekki frekari töf á því.

Hv. þm. ræddi um að í frv. fælist enginn beinn sparnaður heldur *væri alfarið* verið að hækka byrðar á notendum heilbrigðisþjónustu eða öðrum þeim sem þar er verið um að fjalla. Það er ekki alls kostar rétt. Ég tel að í ákvæðinu er varðar sérfræðilækningar, þar á meðal með tilvísunum, felist beinn sparnaður. Það er mín

skoðun og ég hef orðið var við að fleiri þingmenn eru mér sammála í því þó að sumir séu það ekki. Ég tel einnig að í ákvæðinu um útboð felist sparnaður. Ég tel einnig að það felist sparnaður í því, a.m.k. til lengri tíma litið, að afnema tvítryggingu í slysatryggingu ökumanna, að menn taki ekki tvöfalda tryggingu án þess að hafa tvöfaldan rétt. Ég tel líka, og hef fyrir mér nokkra reynslu í því, sem væri áhugaefni fyrir heilbr.- og trn. að kynna sér, að þær aðgerðir sem gripið hefur verið til í lyfjamálum hafi ekki bara flutt kostnað frá ríkinu og yfir til neytenda lyfja heldur miklu fremur dregið úr heildarkostnaði við lyfjaneyslu í landinu og breytt mjög verulega mynstri þeirrar lyfjaneyslu. Það væri áhugavert fyrir heilbr.- og trn. og þingmenn sem hafa áhuga á þessum málum að kynna sér hvaða breytingar hafa orðið á neyslumynstri lyfja, t.d. sýklalyfja, við þær breytingar að auka kostnaðarhlutdeild neytenda á þessum lyfjum. Þær hafa orðið mjög verulegar.

Hins vegar er alveg rétt hjá hv. þm. og engin ástæða til að draga fjöður yfir það að í meginatriðum stefnir þetta frv. að því að auka greiðslubyrði þeirra, sem réttinda njóta í þessu kerfi, en það er þó alls ekki alfarið heldur er einnig um tillögur um nettósparnað að ræða fyrir þjóðarheildina og fyrir ríkissjóð án þess að verið sé að flytja þær byrðar frá ríkissjóði og yfir til almennings.

Þá ítreka ég ósk mína um að menn skoði saman nettóáhrifin af þeim breytingum sem eru gerðar varðandi greiðslu mæðra- og feðralauna annars vegar og barnalífeyris, svo og þeirra breytinga sem gerðar eru í barnabótakerfinu vegna þess að einstök dæmi sem menn taka þar um segja svo litla sögu. Sú niðurstaða sem ég greindi frá í framsögu er miðuð við það að allir framfærendur barna, sem nefnd voru þar til sögunnar, séu neðan skattleysismarka. Auðvitað er ekki svo. Fjölmargir framfærendur barna eru til allrar hamingju ofan skattleysismarka þannig að þær tölur um skerðingar, sem ég nefndi í ræðu minni og hv. þm. hafa líka vitnað til, eru hámark skerðingar sem gæti orðið miðað við það að enginn þeirra sem um er fjallað í hópi einstæðra foreldra væri fyrir ofan skattleysismörk. En við gætum líka tekið dæmi af tekjuhóp sem er við alveg við skattleysismörkin, t.d. með atvinnutekjur 62 þús. kr. Ef við tölum um atvinnutekjurnar á því bili hjá einstæðu foreldri með eitt barn þá hefði slíkt foreldri samkvæmt núgildandi kerfi til ráðstöfunar 72.343 kr. á mánuði, þ.e. foreldri sem væri með 62 þús. kr. atvinnutekjur, og nyti síðan mæðralauna og barnalífeyris, hann hefði nettó í ráðstöfunartekjur 72.343 kr. á mánuði en með þessum breytingum ef samþykktar yrðu, hefði þessi einstaklingur til ráðstöfunar, 73.300 kr. á mánuði þannig að það væru ívið meiri ráðstöfunartekjur sem breytingin mundi hafa í för með sér fyrir þennan einstakling. Ef þessi einstaklingur væri með 62 þús. kr. tekjur áfram en með tvö börn á framfæri þá hefði hann samkvæmt gildandi kerfi í ráðstöfunartekjur 84.400 kr. en mundi hafa eftir þessar breytingar 86.370. Væri viðkomandi með þrjú börn á framfæri, þá hefði hann samkvæmt gildandi kerfi 97.113 kr. í ráðstöfunartekjur en hefði eftir breytingarnar 103.700 kr. Sé um að ræða framfæranda barna með mun lægri tekjur, t.d. 40 þús. kr. á mánuði og viðkomandi ætti þrjú börn, þá hefði hann í núverandi kerfi 84.644 kr. til ráðstöfunar en fengi eftir breytinguna 81.700 kr. til ráðstöfunar svo að þarna munar 3000 kr. til skerðingar á mánuði. Ef um er að ræða fjögurra barna framfæranda með 40 þús. kr. tekjur þá hefur hann samkvæmt núgildandi kerfi 92.125 kr. til ráðstöfunar en hefði 93 þús. kr. til ráðstöfunar. Endalaust er hægt að taka svona dæmi af lágtekjufólki þar sem þessi breyting vinnur annaðhvort til nokkurs hagræðis eða til nokkurs óhagræðis, en slík dæmi segja bara aldrei neina fullnaðarsögu heldur verða menn að skoða heildaráhrifin af þessu kerfi annars vegar og því kerfi barnabóta og barnabótaauka sem hv. fjh.- og viðskn. kemur til með að fjalla um.

Þá vil ég aðeins leiðrétta misskilning sem kom fram hjá hv. þm. Finni Ingólfssyni. Í 6. gr. er ekki gert ráð fyrir því að þannig sé haldið á málum að til þess að koma í veg fyrir eða réttara sagt til þess að draga úr greiðslu almannatrygginga, niðurgreiðslu á lyfjakostnaði, þá yrði komið í veg fyrir skráningu lyfs, heldur þvert á móti. Það sem þarna er verið að gera er að það verði tvær sjálfstæðar ákvarðanir, hver annarri óháð, að lyf sé skráð og heimilt að nota það á Íslandi og að ákvörðun sé tekin um að hve miklu leyti Tryggingastofnun ríkisins greiði niður umrætt lyf. Ég tók fram í framsöguræðu minni að gerumst við aðilar að Evrópsku efnahagssvæði þá mun þeim lyfjum sem verða skráð á Íslandi fjölga mjög. Þó ekki kæmi til nema bara sú eina breyting, þá þurfum við að gera þær breytingar á umfjöllun okkar um niðurgreiðslu á lyf að menn verða þá að taka um það sjálfstæða ákvörðun annars vegar hvort eigi að skrá lyfið og heimila notkun á því og hins vegar að hve miklu leyti og þá hvort Tryggingastofnun ríkisins eigi að taka þátt í kostnaði við lyfið eða ekki.

Um Samábyrgðina skal ég ræða á eftir. Hv. þm. varð á mismæli þegar hann dró saman niðurstöður sínar í lok máls síns þegar hann sagði að þessar tillögur gerðu ráð fyrir því að verið væri að leggja 500 millj. kr. skatt á einstæð foreldri. Það er mismæli hv. þm. því að það er alls ekki verið að gera. Það sem verið er að gera þarna er að verið er að draga úr greiðslum hins opinbera um 500 millj. Þar af lenda 350 millj. á bökum þeirra sem greiða meðlög en 150 millj. koma með tilfærslum innan ríkiskerfisins. Það er heldur ekki rétt að kalla slíkt skatt vegna þess að það að taka aukinn þátt í framfærslukostnaði barna sinna er að sjálfsögðu ekki skattur og það er heldur ekki skattur þegar sú breyting er gerð að auka hlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði því að þar eru menn eingöngu að greiða stærri hluta verðs fyrir vöru en þeir hafa áður greitt. Slíkt geta menn ekki kallað skatt, slíkt er ekki skattur. Slíkt er aukin kostnaðarhlutdeild en auðvitað má segja að það komi í sama stað niður fyrir viðkomandi hvort verið er að taka þetta í formi skatts eða hvort verið er að taka slíka fjármuni af honum í formi lækkaðrar niðurgreiðslu úr ríkissjóði en engu að síður skulum við kalla

hlutina sínum réttu nöfnum. Slíkar breytingar eru ekki breytingar á sköttum. Slíkar breytingar eru breytingar á kostnaðarhlutdeild neytenda í þeirri þjónustu eða vöru sem hann fær. Breytingar á því hvort og hversu mikið ríkissjóður niðurgreiðir vöruna eða þjónustuna. Við skulum enn ekki missa sjónar af því að meginhlutinn af kostnaðinum við alla heilbrigðisþjónustu á Íslandi er greiddur af samfélaginu. Það er aðeins tiltölulega lítið brot sem einstaklingurinn greiðir sjálfur. Samfélagið greiðir allan þorrann eins og fram kemur af því að jafnvel eftir þær hækkanir sem urðu á útgjöldum einstaklinga í þessu kerfi, með þeim breytingum sem gerðar voru á þessu ári, þá held ég að ég muni það rétt að útgjöld vísitölufjölskyldunnar, bein útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu, eru ekki nema um 2,5 eða 2,7% sem er álíka hátt hlutfall af útgjöldum fjölskyldunnar eins og hún ver til áfengiskaupa. Þrátt fyrir þessar miklu hækkanir, þá a.m.k. samkvæmt þeim meðaltalsútreikningum sem viðhafðir eru þegar reiknaður er út framfærslukostnaður, þá er beinn kostnaður meðalfjölskyldu frá Íslandi vegna heilbrigðisþjónustu ekki hærri en þetta samkvæmt niðurstöðum Hagstofu Íslands. En auðvitað hafa svona meðaltalsreikningar bæði kosti og galla sem alkunnir eru.

Þá vildi ég víkja nokkrum orðum að því sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði. Í fyrsta lagi lagði hann fram úttekt sem hagfræðingur Alþýðusambands Íslands hefur gert á því sem hann telur vera áhrif af 2. tölul. 6. gr. frv. Ég vil aðeins segja að þeim niðurstöðum vísa ég á bug vegna þess að það er ekkert í 2. tölul. 6. gr. sem hægt er að leggja á slíkt mat. Þau ákvæði gætu verið í lögum í dag án þess að nokkur breyting væri frá þeirri framkvæmd sem nú er. Það er því ekki með nokkru móti hægt að leggja kostnaðarlegt mat á textann eins og hann er í 6. gr. Ég hef kannað nokkru nánar hvað þarna hefur verið gert og það sem hefur verið gert er að hagfræðingur ASÍ hefur sjálfur búið sér til forsendur í þeim aðgerðum sem hann telur að verði gripið til og á grundvelli þeirra forsendna um framkvæmd sem hann hefur sjálfur búið til hefur hann komist að þeirri niðurstöðu sem hv. þm. Svavar Gestsson lýsti.

Ég hef hins vegar tekið fram og gert það ítrekað að ég muni ekki fallast á að kostnaðarhlutdeild neytendalyfja fari upp fyrir Evrópumeðaltalið, sem er 32–34%. Það er því auðvitað um tómt mál að tala að komast að þeim niðurstöðum út frá tilbúnum forsendum viðkomandi hagfræðings sjálfs að ég stefni að því að kostnaðarhlutdeild sjúklinga verði 37,3% eins og þar er sagt. Þar er fullyrt þvert ofan í þær yfirlýsingar sem ég hef gefið og er ástæðulaust að vera að komast að slíkum niðurstöðum eftir forsendum sem menn búa sér til sjálfir.

Með sama hætti tel ég vera algerlega fráleitt að meta þá breytingu sem hér er um rætt, sem hagfræðingurinn ekki veit hver er og þær breytingar sem fylgja þeim breytingum sem verið er að gera á niðurgreiðslu hins opinbera á tannlækningaferð, að meta það til 0,4% kaupmáttarskerðingaráhrifa vegna þess að fyrra matið er, eins og ég sagði áðan byggt á forsendum sem ekki liggja fyrir, og seinna matið er byggt á því, sem ég skýrði frá hér áðan, að meðalkostnaðaraukning á barn vegna þeirra breytinga sem gerðar eru á tannlæknakostnaði eru á bilinu 1.350–1.900 kr. á ári að meðaltali. Það er alveg útilokað að slíkt geti leitt til 0,4% hækkunar á framfærslukostnaði. Það getur ekki staðist. Ég tel því að þessi niðurstaða sé ekkert í samræmi við það sem texti þessa frv. gefur tilefni til.

Þá nefndi hv. þm. að það vantaði samkeyrslu á nettóáhrifum þeirra aðgerða sem hér er verið að gera, annars vegar á barnabótum og barnabótaauka og hins vegar á mæðralaunum og barnalífeyri. Það er alveg rétt og það er ég að vekja athygli á og biðja hv. heilbr.- og trn. að skoða. En ég vil aðeins minnast á að samkvæmt niðurstöðu þeirrar nefndar, sem ég skipaði og rætt hefur verið um varðandi málefni einstæðra foreldra, er þessi skortur á samhæfingu regla en ekki undantekning í umfjöllun Alþingis og ríkisstjórna um þessi mál á undanförnum árum. Við þær breytingar sem Alþingi hefur gert á meðferð mæðralauna og barnalífeyris annars vegar og barnabóta og barnabótaauka hins vegar hafi Alþingi aldrei gætt svona samræmis og þess vegna sé komið upp kerfi sem sé ekki réttlátt. Það sem ég upplýsti var að við hefðum gert tilraun til þess að móta samræmt heildarkerfi á þeim skamma tíma sem við höfðum til ráðstöfunar. Við gátum ekki lokið því verki á þessum skamma tíma. Hins vegar er samdóma niðurstaða mín og fjmrh. að hefja það verk þegar á næsta ári þannig að við verðum enn að búa við kerfið eins og það er. En ég hef beðið hv. heilbr.- og trn. að skoða samverkandi áhrif þessara tveggja breytinga í samvinnu við hv. efh.- og viðskn. Ég ítreka að við gerðum mjög alvarlega tilraun til þess að ná þessu saman. Það var niðurstaða þeirra sérfræðinga sem unnu þau verk fyrir okkur að ekki væri hægt að ljúka þeirri samræmingu á þeim stutta tíma sem við höfðum til ráðstöfunar.

Þá spurði hv. þm. hvort þessar aðgerðir er tengdust hækkun barnalífeyris hafi sérstaklega verið ræddar við forsvarsmenn Sambands ísl. sveitarfélaga. Svo er ekki.

Þá spurði hv. þm. nokkuð út í tannlæknamálin og hvaða ástæða væri fyrir því að nauðsynlegt væri að taka þau mál enn á ný til skoðunar. Ástæðan er mjög einföld. Ástæðan er sú að vegna ýmissa atriða náðist ekki sá árangur af þeim aðgerðum sem gert var ráð fyrir m.a. af heilbr.- og trn. þegar hún var að leita samstöðu um lausn þess máls. Við töldum lengi vel að sá árangur mundi koma fram á seinna skólamissirinu, þ.e. á haustmissirinu 1992. Niðurstaðan er því miður sú að árangurinn sem að var stefnt hefur ekki komið fram. Á því eru ýmsar skýringar. Ég ætla ekki að fara með þær hér sem mér hafa verið gefnar af þeim aðilum sem um þetta mál hafa fjallað, bæði í Tryggingastofnun og í heilbrrn. Ég vil ekkert hafa eftir þeim hér úr ræðustól en ég beini þeim tilmælum til heilbr.- og trn. að hún skoði málið og fái þeirra umsögn á því hvernig á því stendur að þessar aðgerðir skiluðu ekki þeim árangri sem til var ætlast og nánast engum árangri til breytinga frá því kerfi sem áður var í gildi. Og það er

ástæðan fyrir því að menn þurfa að endurskoða þessa hluti.

Þá spurði hv. þm. um útboðsverkefni, hvaða útboðsverkefni menn hefðu í huga. Það sem við höfum í huga í því sambandi, það er rétt hjá honum, eru utanspítalarannsóknirnar og smíði og viðhald hjálpartækja. Þetta er nærtækast að efna til útboðs um. Að vísu þarf þá að tryggja að allir þeir sem eru bjóðendur standi á jafnréttisgrundvelli, þ.e. að um sé að ræða aðila sem eru sjálfstæðir í rekstri sínum og ekki taki þátt í útboðinu aðilar sem fá beinar fjárveitingar úr ríkissjóði. Ef slíkir aðilar hafa áhuga á að taka þátt í útboðum, þá greini þeir alfarið rekstur sinn frá öðrum rekstri sem kann að vera stundaður af viðkomandi stofnun þannig að það sé alveg ljóst að þeir standi hvað útboð í slík verkefni varðar á sama grunni og aðrir væntanlegir tilboðsgjafar.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún sagði réttilega að það væri umhugsunarefni að menn hefðu látið viðgangast að feður utan sambúðar bæru mun minni framfærslukostnað en feður í sambúð og þetta er alveg rétt hjá hv. þm. Það hefur verið vakin athygli á því að 7.551 kr., eins og meðlagsgreiðslurnar eru í dag, eru ekki nægjanlegar til þess að kosta helming af framfærslu barns og nokkuð langt frá. Barnið þarf sitt hvort sem foreldrar þess búa saman eða ekki. Ef um sambýli foreldranna er að ræða þurfa báðir foreldrar að taka þátt í að standa undir kostnaði við raunverulega framfærslu barns. Það er ekki sanngjarnt að annað foreldrið geti komið sér hjá því með því að skilja við hitt foreldrið og skilja það síðan eftir með framfærslu barnsins og 7.551 kr. á mánuði. Það er því alveg rétt viðhorf sem kom fram hjá hv. þm. Menn eiga líka að huga að því að það er ekkert ódýrara fyrir foreldra í sambúð að ala upp barn en fyrir foreldra sem ekki eru í sambúð.

Þá spurði hv. þm. hvers vegna slysatrygging íþróttafólks hefði ekki verið flutt til með sama hætti og slysatrygging ökumanns. Svarið við því er að það stendur til að gera það. Nefndin sem er að störfum að því að flytja þessa slysatryggingar út á hinn frjálsa markað er m.a. að ræða slysatryggingu íþróttafólks. Samhljóða niðurstaða hennar var hins vegar sú að svona tilfærsla ætti að vera fyrsta skrefið, þ.e. að fella niður slysatryggingu ökumanns í almannatryggingakerfinu. Það ætti að vera fyrsta skrefið en einmitt þetta sem hv. þm. nefndi og raunar fleira hefur nefndin verið að ræða og ég á von á því að fá tillögur um slíkt fljótlega á næsta ári þannig að hægt sé að hrinda þessari einkavæðingu slysatrygginga í framkvæmd strax á árinu 1993 að fullu.

Þá spurði hv. þm. hvort þessi aukni þrýstingur á sérfræðilæknisþjónustuna stafaði e.t.v. af því að menn hefðu gengið of hart fram með niðurskurð á sjúkrahúsunum. Svo er ekki vegna þess að í öllum þeim tölum sem við höfum fengið frá sjúkrahúsunum kemur í ljós að þar er um verulega aukningu á aðgerðum að ræða. Það hefur orðið mikil aukning á aðgerðum á Landakotsspítala og það er mikill misskilningur að sá spítali sé rekinn í einhverju lamasessi. Það er langt í frá. Það er mikill þróttur í starfsemi þess spítala nú og ég tel að starfsfólk sé alveg þolanlega ánægt og meira en það með þá lausn sem fengist hefur þegar upp er staðið. Þar er um að ræða mjög mikla aukningu á aðgerðum, ef ég man rétt, hafa aðgerðir þar aukist um 12%. Og ef ég man rétt hefur aðgerðafjöldi á hinum sjúkrahúsunum í Reykjavík aukist á milli 4 og 5%. Það hefur því orðið mikil afkastaaukning í sjúkrahúsakerfinu og aðgerðum hefur fjölgað. Það er því ekki rétt að þessi þrýstingur á sérfræðiþjónustuna hafi skapast af því að það hafi orðið samdráttur í aðgerðum á sjúkrahúsunum. Það er alls ekki svo.

Við höfum líka látið athuga hvort það kunni að vera að þessi aukni aðgerðafjöldi á sjúkrahúsunum í Reykjavík stafi af því að sjúkrahúsin úti á landi hafi verið að ýta frá sér sjúklingum til Reykjavíkur, en það er ekki heldur rétt. Það er ekki heldur rétt vegna þess að aðgerðunum á sjúkrahúsunum úti á landi hefur ekki fækkað. Þeim hefur einnig fjölgað þannig að um er að ræða aukningu á þessari þjónustu. Sjúkrahúsin eru að veita aukna þjónustu fyrir minna fé.

Þá spurði hv. þm. um árangur aðgerða í lyfjamálum. Ég tel að það væri rétt fyrir hv. heilbr.- og trn. að spandera svo sem eins og einum fundi með starfsfólki heilbr.- og trmrn. og almannatrygginga sem að þessu hefur unnið til að fara yfir þessi lyfjamál, bæði þann árangur sem þar hefur náðst og þær breytingar sem þar hafa orðið í kjölfar þeirra breytinga sem gerðar voru á hlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði. Það væri mjög þörf og gagnleg og upplýsandi yfirferð. Í mjög stuttu máli erum við nú að tala um sambærileg útgjöld sjúkratrygginga vegna lyfjakostnaðar og voru fyrir tveimur árum síðan. Árlegur vöxtur í útgjöldum sjúkratrygginga á föstu gengi hefur verið milli 12 og 13% á hverju einasta ári að undanförnu. Við erum því að tala um að þessar aðgerðir hafi skilað þeim árangri að við höfum skrúfað þennan vöxt til baka um u.þ.b. 25% á föstu verðlagi. Þar erum við að tala um eins og þið vitið ósköp vel sjálfir, virðulegir þingmenn, að á fyrsta hálfa árinu náðist um 550 millj. í kostnaðarlækkun og á fyrsta eina og hálfa árinu eru horfur á að kostnaðarlækkunin sé eitthvað í kringum 1 milljarður 250 millj. Það er alls ekki lítill árangur. Það er mikill árangur og verulegur hluti af þessu fé hefur náttúrlega flust á milli, þ.e. flust frá ríkinu til þeirra sem lyfjanna neyta eins og sést best á því að áður en til þessara aðgerða var gripið var hlutur sjúklinga í lyfjakostnaði í kringum 18% en er nú kominn upp í í kringum 24–25%. En það skýrir ekki nema ákveðinn hluta af þessari breytingu. Verulegur hluti er vegna beins sparnaðar í útgjöldum fyrir þjóðarbúið í heild, m.a. vegna breyttrar neyslu á lyfjum sem fylgdu í kjölfarið. En ég ítreka að það væri vissulega ástæða fyrir heilbr.- og trn. til að gefa sér tíma til að skoða þessi mál.

Að lokum um nokkur atriði sem hér hafa fram komið og varða þau ákvæði sem eru í 1. tölul. 6. gr. um tilvísanir. Ég vil aðeins skýra frá því að ríkisstjórnin stendur öll á bak við þetta frv. eins og það er lagt fram. Það er lagt fram með samþykki ríkisstjórnarflokkanna eins og venja er til. Auðvitað geta einstakir þingmenn ríkisstjórnarflokkanna haft fyrirvara um

einstök efni en þetta er flutt sem stjfrv. og er stjfrv. Það er mjög ánægjulegt einnig að fá að heyra það eins og frá hv. þm. Svavari Gestssyni og hv. þm. Finni Ingólfssyni að þeir séu sammála mér um að það sé skynsamleg leið sem þarna er verið að fara. Ég á þá von á því að fá einhvern stuðning úr þeirra herbúðum við að lögfesta þessa leið og er sjálfsagt að ræða við heilbr.- og trn. um það hvernig þetta ákvæði verður framkvæmt.

Varandi Samábyrgð Íslands á fiskiskipum er það mjög eðlilegt að hv. þm. vilji fullvissa sig um að sú aðgerð sem lögð er til í þessu frv. sé í öllum atriðum heimil. Um það vil ég aðeins segja þetta. Það hefur verið gerð athugun á því af þeim lögfræðingum sem ég hef í heilbr.- og trmrn. hverjir teljist eiga vélbátaábyrgðarfélögin og Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Niðurstaða þeirra varð sú að hér væri um að ræða verðmæti sem Alþingi gæti ráðstafað hindrunarlaust án þess að bætur þyrftu fyrir að koma. Í samþykktum vélbátaábyrgðarfélaganna og í lögum sem áður voru í gildi um þau eru ákvæði um að séu vélbátaábyrgðarfélögin lögð niður, þá renni eignir þeirra ekki til tryggjendanna heldur til að efla atvinnulíf á þeim landsvæðum þar sem vélbátaábyrgðarfélögin hafa starfað. Þannig eru ákvæði í samþykktum þessara félaga um að tryggjendurnir eigi þau ekki heldur eigi, ef þau verða lögð niður, að ráðstafa eignum þeirra samkvæmt ákvörðun heilbr.- og trmrh. til atvinnuaukningar á þeim stöðum þar sem fyrirtækin hafa starfað. Niðurstaða lögfræðinga heilbr.- og trmrn. var sú að hér væri um að ræða eignir sem Alþingi gæti ráðstafað án skaðabóta. Þær eignir sem Alþingi getur ráðstafað með þeim hætti eru eignir ríkisins.

Stjórn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum var ekki sammála þessari niðurstöðu svo hún bað sinn lögfræðing, sem er Jón Steinar Gunnlaugsson, að skila séráliti um þessi mál. Niðurstaða hans varð sú sama, sem sé sú að hér væri um að ræða eignir sem, eins og orðað er í greinargerðinni, enginn ætti og eign sem enginn á er eign sem ríkið á og Alþingi getur ráðstafað þessari eign hvernig svo sem Alþingi kýs. (**SvG:** Er Sjálfstfl. sammála þessu?) Ég er að segja að þetta sé niðurstaða þessara tveggja lögmanna. Mér finnst alveg sjálfsagt að sú nefnd sem um þetta fjallar gangi úr skugga um það og nefndarmenn og þingmenn sannfæri sjálfa sig um það með því að leita frekari upplýsinga hvort þessi niðurstaða sé rétt, hvort það sé alveg ótvírætt að Alþingi hafi þessar heimildir. Ef það er ótvírætt, þá skulum við gá að því, hv. þm., að við erum vörslumenn almannahagsmuna. Og þá verðum við að gera það upp við okkur, og til þess höfum við fullt leyfi: Hvernig eigum við að ráðstafa slíkum eignum til almannahagsmuna? Eigum við að gera það þannig að fullt verð komi fyrir þær eða eigum við að gera það þannig að við gefum einhverjum aðilum í samfélaginu þessar eignir sem almannavaldið getur ráðstafað?

Mér finnst mjög eðlilegt að fólk vilji ganga úr skugga um það hver réttur inn sé hér. En við þær aðstæður sem við búum við í okkar þjóðfélagi þar sem erfiðleikar eru á hverju strái, þá hljóta gæslumenn almannahagsmuna að hugsa sig um tvisvar og jafnvel þrisvar áður en þeir ráðstafa slíkri eign til einstaklinga án endurgjalds.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Þrír hv. alþm. hafa óskað að veita andsvar við ræðu hæstv. heilbrrh. og verður þá að stytta ræðutíma þannig að í fyrri umferð megi tala í fullan tíma eða tvær mínútur og í síðari umferð eina mínútu. Gilda þau tímamörk einnig um hugsanleg svör hæstv. ráðherra.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í 2. tölul. 6. gr. frv. stendur m.a.: „Af öðrum nauðsynlegum lyfjakostnaði greiðir sjúkratryggður gjald sem ákveðið skal með reglugerð.“ Það liggja engar upplýsingar fyrir um það hvert þetta lágmarksgjald eigi að vera. Í nefnd, lyfjamálahópi sem Alþýðusamband Íslands átti aðild að sl. sumar, var gert ráð fyrir því að þetta lágmarksgjald yrði 500 kr. og út frá þeim forsendum gekk hagfræðingur Alþýðusambands Íslands er það dæmi var reiknað. Nú kann það auðvitað að vera að hámarksgjaldið verði ákveðið með einhverjum hætti lægra eða hærra, um það veit enginn, og hæstv. ráðherra hefur ekkert sagt um það hvert lágmarksgjaldið verður. Hins vegar vil ég segja það hagfræðingi Alþýðusambandsins til málsbóta í þessu efni að upplýsingarnar sem benda til að þessi kjaraskerðing fylgi lyfjahækkuninni fékk hagfræðingurinn í heilbr.- og trmrn.

Í öðru lagi fannst mér slæmt að það skyldi ekki koma fram í annars greinargóðri svarræðu hæstv. ráðherra að hann gerði grein fyrir þeirri stöðu sem nú er uppi varðandi þetta frv. Tveir þingmenn Sjálfstfl. hafa gert fyrirvara, annar fyrirvara sem kostaði 174 millj., hinn fyrirvara sem kostaði 150 millj. Samtals er þetta fyrirvari upp á 324 millj. Frá því dregst sparnaðurinn upp á 250 millj. Það sem eftir stendur eftir þetta kvöld, hæstv. ráðherra, er neikvæður sparnaður eða útgjaldaaukning upp á 74 millj. kr. Það er ekki mikið að hafa upp úr þessu krafsi, hæstv. ráðherra.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef einnig rætt við þann starfsmann heilbrrn. sem hagfræðingur Alþýðusambands Íslands telur sig hafa sínar heimildir frá. Það er deildarstjóri lyfjamáladeildar. Hann neitar því alfarið að hafa skýrt frá einu eða neinu efni í reglugerð sem ekki er búið að semja og ekki er búið að ganga frá. Hins vegar er það alveg rétt hjá hv. þm. að hagfræðingur Alþýðusambandsins gaf sér þær forsendur að menn væru að tala um einhvers konar lágmarksgjald í þá veru sem menn voru að tala um fyrir mörgum mánuðum, en það er bara einfaldlega ekki. Menn geta ekki gefið sér svona forsendur og reiknað sig síðan áfram eftir þeim, ekki bara varðandi líklega niðurstöðu til kostnaðaraukningar á ákvæðum 6. gr. í frv. heldur líka á framfærslukostnað í landinu. Það geta menn náttúrlega ekki og þetta vildi ég að fram kæmi hér.

Um það sem hann fjallaði um að öðru leyti, þ.e.

stöðu frv., ég hef þegar svarað því. Þetta er stjfrv. sem ríkisstjórnin stendur öll að, hefur verið afgreitt í stjórnarflokkunum með eðlilegum og sjálfsögðum fyrirvörum sem alltaf eru þar gerðir, fyrirvörum um afstöðu einstakra þingmanna, sem geta auðvitað verið með ýmsum hætti eins og menn þekkja, og þeim eðlilega fyrirvara sem kom fram hjá hæstv. forseta. Það er náttúrlega eðlilegt að þingmenn vilji ganga úr skugga um hvort það standist lög sem lagt er til, eins og í þessu frv. er gert. Ríkisstjórnin telur sig hafa gengið úr skugga um að svo sé. Hún er búin að hafa málið miklu lengur en hv. þm. og það er náttúrlega eðlilegt að þeir vilji gera það. Ég hins vegar treysti því að þeir komist að sömu niðurstöðu og ríkisstjórnin hefur komist varðandi það mál.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er því miður útúrsnúningur hjá hæstv. ráðherra vegna þess að þetta var ekki bara fyrirvari um eignarhald á Samábyrgðinni heldur var þetta fyrirvari um söluna á Samábyrgðinni sem slíkri sem kom fram hjá hv. þm. hér fyrr í kvöld. Það er aðalatriðið.

Varðandi lyfin tel ég að að sé óhjákvæmilegt að vekja athygli á því að hæstv. ráðherra neitar enn þá að segja hvert lágmarksgjaldið á að verða. Breytingarnar eiga að taka gildi samkvæmt frv. 1. jan., eftir 21 dag. Við hljótum að geta krafist þess að ráðherra svari því hér og nú hvert lágmarksgjaldið fyrir lyf á að vera og hvert hlutfall sjúklinganna á að vera í lyfjagreiðslunum. Það er óboðlegt að ljúka þessari 1. umr. án þess að ráðherra svari þessu núna um báðar þessar tölur, bæði hlutfallið og fastagjaldið.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Þetta er náttúrlega gjörsamlega ósanngjörn krafa, virðulegi forseti, að áður en menn fá lagaheimildir í hendur geri þeir grein fyrir því í einstökum atriðum hvernig þeir hyggjast nota þær. Það eina sem ég hef þegar upplýst og það sem liggur fyrir er það að ég ætla ekki að standa þannig að málum að hlutur sjúklinga í lyfjakostnaði fari fram úr Evrópumeðaltalinu sem er 32–34%. Það verður ekki farið fram úr því og þess vegna eru allir útreikningar sem byggjast á forsendum sem menn gefa sér sjálfir og leiða til þess að hlutdeild sjúklinga verði 37,5%, eins og hagfræðingur Alþýðusambandsins hefur gert, slíkir útreikningar eru algjörlega út í hött því að hlutdeild sjúklinga verður ekki meiri en Evrópumeðaltalið 32–34%. Þessu hef ég lýst yfir og þetta stendur.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ráðherra sagði hér áðan þegar hann var að bera saman barnabætur, barnabótaauka, mæðralaun og meðlag að menn yrðu að skoða heildarmyndina. Ég held að ráðherrann ætti sjálfur að hafa þessa reglu til viðmiðunar þegar hann er að fjalla um þessi mál og hafa heildarmyndina inni því þegar hann var að tala um bein útgjöld fjölskyldunnar, aukin útgjöld á þessu ári í heilbrigðisþjónustu, þá sagði hann að þau væru aðeins 2,5% og bar það saman við áfengisútgjöld vísitölufjölskyldunnar, ef ég tók rétt eftir. Ég held að ráðherrann verði að hafa heildarmyndina inni vegna þess að það var auðvitað svo margt annað, margs konar aðrar álögur sem lögðust á fjölskylduna þá. Það var ekki bara í heilbrigðismálum. Þá varð líka skerðing á barnabótum og öðru slíku.

Maður vandist því hér á árum áður og hefur vanist því hingað til að allar kostnaðarhækkanir opinberra aðila væru réttlættar með sígarettupakkanum sem fólk er náttúrlega löngu hætt að leyfa sér að reykja en þegar það þrýtur, þá er komið með áfengisútgjöldin. Þetta eru náttúrlega vægast sagt dálítið sérkennilegar samlíkingar hjá heilbr.- og trmrh. En af því að hann var að tala um þessa hluti og hann segir hér að meðalkostnaður í tannlæknaþjónustu á hvert barn á næsta ári verði að líkindum 1.300–1.900 kr. á ári á hvert barn, þá dreg ég þær tölur í efa og ég ætla bara að benda honum á bréf, sem skólabörn í Reykjavík komu með heim til sín frá skólatannlæknum Reykjavíkur þar sem talað er um að innheimta 906 kr. af barni fyrir viðgerð sem felur í sér deyfingu, tvær silfurfyllingar og gúmmídúk, eins og segir hér, fyrir þetta verða innheimtar 906 kr. Ég verð að segja að þetta finnst mér ansi háar 15%, hæstv. ráðherra, því að mér telst svo til að upphæðin sem allt þetta kostar, sé um 10.650 kr. og ef það á að fara að borga 25% af þessu, þá eru það 2.662 kr. Þar til viðbótar bætist svo kostnaður vegna allra forvarna og þær eru bara nokkuð dýrar, virðulegi ráðherra. Ég er því ansi hrædd um að þetta eigi eftir að verða hærri tölur heldur en hér hafa heyrst í kvöld.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bý ekki þessar tölur til sjálfur. Ég tek við þeim tölum sem mér eru afhentar sem niðurstaða af þeim athugunum sem gerðar eru af þeim aðilum sem eru í bestum færum til að meta þær. Ég get ekki fullyrt neitt um að þær tölur séu endilega réttar. Það getur vel verið að eitthvað annað eigi eftir að koma í ljós. En hv. þm. hefur enn minni rök til þess að fullyrða að slíkt sé rangt. Við skulum láta allar fullyrðingar um það eiga sig, við skulum bara vinna á þeim grunni sem við höfum. Við höfum þessar upplýsingar, við höfum ekki aðrar betri.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég byggi hér á tölum frá skólatannlækningum Reykjavíkur, gefið út af heilsugæslunni í Reykjavík, skólatannlækningar 14. sept. 1992. Þar er talan inni, 906 kr. og ég segi: Ef þessi hlutdeild er 15% og hún fer upp í 25%, þá eru 25% 2.662 kr. þannig að þarna bætast strax við 1.600 kr., og síðan þar til viðbótar forvarnirnar þannig að þessi tala, 1.300 kr., ef ég bara miða við upplýsingar sem eru frá heilbrigðisyfirvöldum sjálfum, hún stenst ekki. Og vegna þessa tel ég ástæðu til að draga í efa ýmislegt annað

sem hér hefur verið sagt um ýmsar aðrar tölulegar upplýsingar, að þær fái staðist.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef 15% eru 900 kr., virðulegi þingmaður, hvað eru þá 25%? Er það ekki nokkuð fjarri því sem hv. þm. var nú að reikna út á kné sér hér við borðið? Ég mundi biðja hv. þm. að vanda svolítið betur prósentureikninginn áður en hv. þm. fer að fullyrða að upplýsingarnar sem hún er að veita, séu betri heldur en þær sem veittar eru af starfsmönnum heilbrrn. og almannatrygginga, sem vinna daglega með þessi mál. (**ISG:** Grunnurinn er byggður á tölu frá aðstoðarmanni ráðherra, 2.650 kr.)

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. skýr og greinargóð svör hér áðan. Ég heyrði það í sjónvarpsfréttum í kvöld og mér var einnig sagt að í útvarpsviðtali við hæstv. ráðherra í dag hefði hann talið að þeir útreikningar mínir sem ég hefði gert grein fyrir fyrr í dag við umræðuna, væru rangir. Þess vegna átti ég von á því að hæstv. ráðherra gerði grein fyrir hvað í þeim hefði verið rangt. Ég hins vegar stend við það sem ég sagði hér fyrr í dag að öðru leyti en því að þegar ég talaði um skerðinguna fyrir eitt barn að hún væri 36 þús. kr., þá væri hún 56 þús. kr. ef gengið er út frá því að það séu framfærendurnir.

Ég skal hins vegar viðurkenna það, hæstv. ráðherra, að það er ónákvæmt orðalag hjá mér þegar ég talaði um 500 millj. kr. skattálögur og skal taka undir það með ráðherranum að það er auðvitað ekki um skattálögur að ræða þegar verið er að tala um að bæði framfærandi eða sá sem greiðir meðlagið og sá sem hefur forræði á barninu þurfi að auka útgjöldin við framfærslu barnsins. Það er ekki um skattálögur að ræða. Ég tek undir þá skilgreiningu hjá hæstv. ráðherra. Ef við göngum hins vegar út frá því að framfærendurnir séu tveir, hvort sem þeir eru í sambúð eða ekki sambúð, annars vegar sá sem er meðlagsgreiðandinn og hins vegar sá sem hefur forræðið yfir barninu, þá stend ég við þá útreikninga að þessir tveir aðilar verða fyrir þeirri skerðingu sem ég lýsti hér fyrr við umræðuna í dag og kem kannski inn á í seinni ræðu minni við þessa umræðu. Hins vegar fékk ég þær upplýsingar nú seinni partinn að þessi 350 millj. kr. hækkun á meðlaginu hjá þeim sem eru meðlagsgreiðendurnir — og við höfum gengið út frá að væru 350 millj. og 150 millj. hjá hinum aðilanum — ef það er rétt að það séu 15.150 börn sem greitt er með og hækkunin sé 3.750 kr. á mánuði, þá er hér ekki um 350 millj. kr. útgjaldaauka fyrir þennan hóp að ræða heldur 700 millj. kr. útgjaldaauka ef það er rétt að þetta séu 15.150 börn sem ég ætla að láta kanna fyrir mig í fyrramálið, en ég spyr hæstv. ráðherra: Veit hann hver þessi fjöldi er?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt að afhenda hv. þm. þau gögn sem ég hef um þetta. Ef það er rétt sem hann segir, sem ég vil nú efast um, þá eru áhrifin af þessum aðgerðum á fjárhag ríkissjóðs miklu meiri heldur en gert er ráð fyrir í frv. og þeim skýringum sem hér hafa verið fluttar. En ég vil enn biðja menn að fara nú varlega í að fullyrða um tölur sem eru í svo miklu ósamræmi við þær niðurstöður sem fengnar eru af bæði heilbrrn., almannatryggingunum og Þjóðhagsstofnun.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að við skulum vanda okkur í fullyrðingum í þessum efnum, skoða það hins vegar alveg ofan í kjölinn. Þessari umræðu verður eftir því sem ég veit best frestað innan skamms og ekki síst er það nauðsynlegt að hv. heilbr.- og trn. athugi málið mjög gaumgæfilega vegna þess að það er alveg hárrétt sem hæstv. heilbr.- og trmrh. segir að séu þessar tölur réttar, þá eru áhrifin af þeim aðgerðum sem hér er verið að grípa til miklu víðtækari heldur en menn hafa gert sér grein fyrir. Því er full ástæða til að málið sé kannað mjög nákvæmlega og ég tek undir það með hæstv. ráðherra.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka að samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum er fjöldi þessara barna samtals 8.298 og heildaráhrifin af þeim breytingum sem hér eru gerðar fyrir utan biðtímastyttinguna 486 millj. kr. brúttó. Það er sjálfsagt afhenda hv. þm. þessar upplýsingar. Þetta eru þær upplýsingar sem við höfum unnið okkar tillögur eftir. Séu þær rangar, þá verður auðvitað að skoða málið upp á nýtt.

Umræðu frestað.

77. FUNDUR

fimmtudaginn 10. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til menntamálaráðherra:

1. Flutningur á rekstri grunnskóla til sveitarfélaga, fsp., 270. mál, þskj. 364.

2. Námsgagnastofnun, fsp., 271. mál, þskj. 365.

3. Menntamálaráð, fsp., 289. mál, þskj. 420.

Til menntamálaráðherra og sjávarútvegsráðherra:

4. Efling Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðis sem miðstöðvar fræðslu á sviði sjávarútvegs, fsp., 234. mál, þskj. 297.

Til dómsmálaráðherra:

5. Kostnaður við löggæslu á skemmtunum, fsp., 281. mál, þskj. 398.

Til fjármálaráðherra:

6. Fækkun stöðugilda hjá ríkinu, fsp., 288. mál, þskj. 419.

Efling Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðis sem miðstöðvar fræðslu á sviði sjávarútvegs, ein umr.

Fsp. SJS, 234. mál. — Þskj. 297.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrir tvo hæstv. ráðherra, sjútvrh. og menntmrh., fsp. í framhaldi af ályktun sem gerð var á Alþingi sl. vetur um eflingu Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins sem miðstöðvar fræðslu og rannsókna á sviði sjávarútvegs. Þessi ályktun var afgreidd hér, ef ég man rétt, einróma á hinu háa Alþingi í vor. Till. fylgdi á sínum tíma ítarlegur rökstuðningur sem ég læt mér nægja að vísa til.

Það er ljóst að miklar vonir eru bundnar við að með uppbyggingu Háskólans á Akureyri, sjávarútvegsbrautar þar, með starfsemi rannsóknastofnunar á svæðinu í tengslum við háskólann sem byggð hefur verið upp á síðustu árum með starfsemi sjávarútvegsbrautar á Dalvík og annarri tengdri starfsemi á þessu svæði sé að myndast umhverfi fyrir nauðsynlega faglega þekkingu og nauðsynlegar aðstæður til þess að unnt sé að sinna þessum málefnum fræðslu og rannsókna á sviði sjávarútvegs með myndarlegri hætti en gert hefur verið hingað til í landinu. Það er óþarfi að fara um það mörgum orðum að heimamenn á þessu svæði binda við þetta starf miklar vonir. En ég hygg að óhætt sé að fullyrða að ráðamenn í sjávarútvegi líti ekki síður til þess með hliðsjón af þróun atvinnugreinarinnar og sókn á komandi árum að starfi af þessu tagi verði myndarlega sinnt.

Nú stendur svo á að ýmis verkefni bíða fyrirgreiðslu af hálfu stjórnvalda sem þessu tengjast. Má þar nefna líffræðirannsóknir í Eyjafirði, mjög merkar rannsóknir sem áætlun hefur verið gerð um og undirbúningur hefur farið fram en mun ráðast af fjárveitingum á næsta ári og næstu árum. Sama má segja um rekstur skóla- eða rannsóknabáts og einnig á það við um ýmsa uppbyggingu hjá Háskólanum á Akureyri, uppbyggingu rannsóknaraðstöðu þar og annað því um líkt.

Mér þótti því eðlilegt að leggja þessa fsp. fyrir hæstv. ráðherra nú á þessu haustþingi áður en afgreiðslu fjárlaga lyki og vænti þess að við fáum að heyra í svörum hæstv. ráðherra að ríkisstjórnin hafi í framhaldi af ályktun Alþingis unnið að þessu máli og geti upplýst okkur um það hvernig því miði, hvar þess sjái stað í sérstökum fjárveitingum eða stjórnvaldsákvörðunum af einhverju tagi sem séu í samræmi við og í framhaldi af þessari áherslu Alþingis á að á þessu svæði verði byggð upp þessi miðstöð.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Málefni Háskólans á Akureyri heyra sem kunnugt er undir menntmrh. og hann hefur látið svohljóðandi svar í té að höfðu samráði við sjútvrn.

Ríkisstjórnin hefur stuðlað að því að í tengslum við Háskólann á Akureyri og sjávarútvegsdeild hans eflist fræðsla í sjávarútvegsgreinum, rannsóknir í sjávarútvegsgreinum og þróunarstörf í sjávarútvegsfyrirtækjum á Eyjafjarðarsvæðinu.

Fyrir um það bil ári lagði menntmrh. fram frv. til laga um Háskólann á Akureyri sem var samþykkt sem lög frá Alþingi í maí sl. Helstu nýmæli í þeim lögum er efling rannsóknastarfsemi við háskólann. Á grundvelli þeirra laga heimilaði menntmrh. sl. sumar að háskólinn kæmi á fót rannsóknastofnun en rannsóknir á sviði sjávarútvegs eru meðal helstu viðfangsefna hennar. Þá skipaði menntmrh. í maí 1991 þróunarnefnd Háskólans á Akureyri sem skilaði skýrslu í júní sl. Þar er gert ráð fyrir eflingu sjávarútvegsdeildar og lagðar fram hugmyndir um nýtt nám á sviði matvælafræði, sjávarlíffræði, umhverfisfræði og stuttar atvinnutengdar námsbrautir. Nám þetta yrði að einhverju leyti skipulagt í samvinnu við Háskóla Íslands og erlenda háskóla. Tillögur þróunarnefndar eru nú til umfjöllunar í Háskólanum á Akureyri.

Við stofnun sjávarútvegsdeildar Háskólans á Akureyri voru gerðir samstarfssamningar við rannsóknastofnanir sjávarútvegsins. Starfsemi Hafrannsóknastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins á Akureyri er samofin sjávarútvegsdeildinni. Bæði húsnæði og starfsfólk er samnýtt að hluta. Samkomulag hefur m.a. tekist um að tiltekinn fjöldi sérfræðinga við rannsóknastofnanir sjávarútvegsins hafi kennsluskyldu við háskólann. Að dómi menntmrn. er þetta fyrirkomulag um margt til fyrirmyndar um samstarf háskólarannsóknastofnana atvinnulífsins og fyrirtækja. Undirrituð hefur verið viljayfirlýsing milli Háskólans á Akureyri og Iðntæknistofnunar Íslands um samstarf. Ætlunin er að þetta samstarf verði á líkum nótum og samstarfið við rannsóknastofnanir sjávarútvegsins.

Sem dæmi um rannsóknaverkefni sem hafin eru á vegum sjávarútvegsdeildar og samstarfsstofnana má nefna rannsókn á vistfræði Eyjafjarðar, rannsókn á ungviði þorskfiska í Eyjafirði og rannsókn á tegundum, útbreiðslu og þéttleika þara í Eyjafirði.

Ýmis verkefni tengd sjávarútvegi hafa þegar verið unnin af Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, til að mynda afkomuathugun í rækjuiðnaðinum. Þá hefur Íslandsbanki lánað Rannsóknastofnun háskólans húsnæði þar sem komið verður upp þróunarsetri eða tæknigarði. Þar eru nú til húsa skrifstofur Fiskeldis Eyjafjarðar hf., Félags rækju- og hörpudisksframleiðenda og gistifræðimanna.

Hafrannsóknastofnun hefur að eigin frumkvæði lýst yfir áhuga á að auka starfsemi sína á Akureyri og er slíkt mikill styrkur fyrir háskólann og þá sérstaklega sjávarútvegsdeildina. Einnig hefur verið rætt við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins um aukna starfsemi í tengslum við þróunarverkefni fyrirtækja í fiskiðnaði. Menntmrn. og sjútvrn. hafa fyrir sitt leyti stutt aukið

samstarf Háskólans á Akureyri við rannsóknastofnanir sjávarútvegsins.

Ekki hefur verið mörkuð stefna um ný rannsóknasvið við sjávarútvegsdeild en áhugi er á að taka upp samstarf við alþjóðlegar rannsóknastofnanir sem sinna umhverfisrannsóknum á norðurslóðum. Einnig er æskilegt að Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri verði gert kleift að stunda sjálfstæðar rannsóknir tengdar atvinnulífi landsbyggðarinnar og þá sérstaklega sjávarútveginum.

Menntmrh. hefur í samráði við sjútvrh. ákveðið að skipa nefnd til að endurskoða löggjöf og skipulag sjávarútvegsfræðslu í landinu. Þessi tvö ráðuneyti munu beita sér fyrir því að sú nefnd hafi í störfum sínum hliðsjón af þeim vilja Alþingis að á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu verið rannsókna- og fræðslustarfsemi á sviði sjávarútvegs efld enn frekar.

Varðandi spurningu um fjárveitingar til að tryggja áðurnefndri þál. brautargengi er meginatriði að þær stofnanir sem fyrir eru á svæðinu og eiga þátt í að sinna umræddu hlutverki fái nægjanlegar fjárveitingar til þess að sinna því.

Þrátt fyrir verulegan niðurskurð á sviði ríkisfjármála hækkar fjárveiting til Háskólans á Akureyri samkvæmt fjárlagafrv. úr tæplega 133 millj. kr. í tæplega 153 millj. kr. eða um 15%. Aukin framlög til sjávarútvegsdeildarinnar eru í réttu hlutfalli við þessa aukningu og eru í samræmi við þá stefnu sem Alþingi hefur markað og fyrirspyrjandi hefur vitnað hér til.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í tilefni þessarar umræðu vekja athygli á því að það fyrsta sem við alþingismenn sáum frá stjórnvöldum eftir samþykkt þeirrar þáltill. sem hér er verið að spyrja um og snerti rannsóknastarfsemi og þróun í tengslum við Háskólann á Akureyri var það að 9 millj. kr. fjárveiting til sjóvinnukennslu og reksturs skólaskips var þurrkuð út í fjárlagavinnunni. Af þessari fjárveitingu hafði það verkefni sem hæstv. sjútvrh. nefndi hér áðan, líffræðiverkefnið í Eyjafirði, rannsóknir á staðbundnum þorskstofnum og öðru þar verið fjármagnað. Það verkefni er því algjörlega í vindinum eins og er. Sömuleiðis rekstur skólabátsins Mímis sem Halldór Ásgrímsson hafði staðið fyrir sem sjútvrh. að flytja til Akureyrar.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu. Sömuleiðis ráðherra fyrir hans svör. Það er mjög brýnt að þessum þál. sem hér hafa verið til umræðu verði fylgt eftir og sérstaklega að samstarf Háskólans á Akureyri og rannsóknastofnana sjávarútvegsins, þ.e. Hafrannsóknastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, verði eflt mjög. Því ber að fagna þeim orðum sem sjútvrh. lét hér falla áðan. Ég held að það sé einnig mjög brýnt að um leið og við skoðun á möguleika á flutningi ríkisstofnana út á land komi aukið samstarf Hafrannsóknastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins við Háskólann á Akureyri til sérstakrar athugunar. Ég hef trú á að af því starfi muni leiða niðurstaða sem falli í þann farveg sem þessi þál. um eflingu Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins sem miðstöðvar fyrir fræðslu og rannsóknir á sviði sjávarútvegs fjallar um.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svörin. Ég er ánægður með þau svo langt sem þau ná. Það er allt rétt sem talið var upp í svari hæstv. ráðherra að ný lög um háskólann, tilkoma rannsóknastofnunar, starf þessarar þróunarnefndar sem vitnað var til og aukin umsvif eða efling rannsóknastofnana á þessu svæði, allt er það í rétta átt. Sömuleiðis bindum við vonir við það að af starfi þessarar nefndar, sem tilkynnt var að færi að endurskoða sjávarútvegsfræðsluna, verði árangur og sérstaklega þá að það verði virkt að hafa hliðsjón af þeim vilja Alþingis sem hér kom ótvírætt fram í ályktun á síðasta þingi.

Mér sýnist hins vegar veiki hlekkurinn í efndum hæstv. ríkisstjórnar vera fjárveitingarnar og þar er auðvitað sérlega bagalegt ef mikilsverð verkefni sem menn hafa verið að hrinda úr vör og undirbúa, eins og líffræðirannsóknir í Eyjafirði og rekstur skólaskipsins sem þar var að komast á legg, ná ekki fram að ganga. Því miður dugar góður vilji og nefndaskipanir og ágætar ákvarðanir í stjórnsýslunni skammt ef ekki fylgir þeim sá kraftur sem til þarf í formi nauðsynlegra fjárveitinga.

Vissulega er Háskólinn á Akureyri að byggjast upp og fær nú aukið fjármagn milli ára sem eðlilegt er vegna þess að stofnunin er í uppbyggingu og ný ár að bætast við brautirnar á þeim tíma sem þær eru að ganga upp í gegnum námsferilinn. Þannig er það í sjálfu sér ekki endilega vísbending um að mönnum sé að miða mikið áfram umfram það sem þegar hefur verið ákveðið að það nám sem þegar hefur verið hafið það gangi upp á síðustu ár.

Ég vil að lokum hvetja hæstv. sjútvrh. og hæstv. ríkisstjórn til þess að sinna þessum málum af alúð og ræktarsemi. Það ber öllum saman um að framtíðin liggi í þekkingu og rannsóknum og það hlýtur að eiga við ekki síður en annars staðar í okkar undirstöðuatvinnugrein, sjávarúteginum, og þarna er lag til að taka á þeim málum.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það liggur fyrir að menntmrn. hefur beitt sér fyrir auknum framlögum til Háskólans á Akureyri og þar á meðal til sjávarútvegsdeildar háskólans þar sem hlýtur að vera uppistaðan í því verkefni sem nefnd þál. fjallar um. Það liggur einnig fyrir að rannsóknastofnanir á sviði sjávarútvegsins hafa verið mjög fúsar til samstarfs við Háskólann á Akureyri um þessi verkefni. Hitt er rétt sem hv. 6. þm. Norðurl. e. vék hér að að á sviði sjútvrn. hefur verið um að ræða niðurskurð á tilteknum verkefnum, ýmsum verkefnum, þar á meðal verkefni sem lýtur að starfsemi Háskólans á Akureyri, sjóvinnslukennslu og rekstri á sjóvinnsluskipi. Sjútvrn. tók eins og önnur ráðuneyti á sig

að skera niður útgjöld í tengslum við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að bæta stöðu ríkissjóðs. Það verður ekki gert með raunhæfum hætti nema það komi niður á tilteknum verkefnum og það er svo, því miður, í sjútvrn. að þar hafa menn þurft að taka erfiðar ákvarðanir í því efni.

Hitt ber svo vott um svolitla skinhelgi þegar hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 6. þm. Norðurl. e. koma hér og hneykslast á því að ríkisstjórnin þurfi að taka með aðhaldsaðgerðum á slíkum viðfangsefnum þegar þeir í annarri hverri ræðu hér í þinginu eru svo að hneykslast á hinu, að ríkið skuli vera að afla tekna til að standast straum af kostnaði við útgjöld ríkisins. Og það kemur nú ekki heim og saman þegar menn eru annan daginn að mótmæla því og hafa hér upp hávær mótmæli gegn því að ríkisstjórnin skuli afla tekna til að standa undir útgjöldunum og hneykslast svo hinn daginn á því að þau skuli ekki vera nógu mikil.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér leyfir hæstv. sjútvrh. sér það í síðara skipti sem hann hefur rétt til að tala að bera þungar ásakanir á menn. Það er ekki sama hvernig ríkið aflar tekna. Hér hafa náttúrlega átt sér stað miklar umræður um þessa tekjuöflunarleiðir ríkisins sem snúast fyrst og fremst um það að skattleggja almenning í landinu meðan breiðu bökunum er hlíft. Því vil ég mótmæla þessum ummælum. Ég tek þetta til mín hér eins og aðrir stjórnarandstæðingar að það sé verið að gagnrýna niðurskurðinn hjá ríkinu — það er nefnilega ekki sama hvað er gert eða hvernig hlutirnir eru gerðir.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Hv. 6. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að benda hæstv. sjútvrh. á það að gæðingar Sjálfstfl. hafa talið sér skylt að fara með mál fyrir æðstu dómstóla fyrir það eitt að vera sakaðir um skinhelgi. Ég vil biðja hæstv. ráðherra, sem ég þekki ekki af öðru en háttvísi og kurteisi, að vera nú þann mann að koma hér upp og biðjast afsökunar á þessum umælum sínum. Í öðru lagi vil ég minna hæstv. ráðherra á það að hefði ráðherrann setið undir umræðu um skattamál hér á öðrum degi talið til baka þá hefði hann getað vitað það að sá sem hér stendur hefur aldrei sagt annað en að í þeim erfiðleikum sem við stöndum nú frammi fyrir þurfi að leggja álögur á almenning í landinu. En hæstv. ráðherra hefði þá líka heyrt þau orð mín að hæstv. núv. ríkisstjórn hefði fundið breiðu bökin. Hún fann þá sem hún vildi hlífa. Hún vildi hlífa hátekjufólkinu, hún vildi hlífa stóreignamönnunum, hún vildi hlífa þeim sem moka inn tekjum svo milljónum skiptir út á sína fjármagnseign án þess að borga nokkra skatta til okkar þjóðfélags. Og þegar hæstv. ráðherra leyfir sér að koma hér upp með slíkan málflutning sem hann gerði hér áðan þá hlýtur hverjum sómakærum manni að ofbjóða. Og ég hlýt að vona það eitt að þessi ummæli og þessi umræða komist nú rækilega til skila út í okkar þjóðfélag.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill taka fram að það ber að fara mjög varlega með það ákvæði 55. gr. þingskapa að bera af sér sakir. Að mati forseta er nokkuð á mörkunum að hægt sé að sjá að þarna hafi verið um alvarlegar sakir að ræða.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon) *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Mér er eiginlega vandi á höndum en ég á óskaplega erfitt með að sætta mig við að umræðum ljúki með þeim hætti sem hér gerði áðan, að hæstv. sjútvrh. noti aðstöðu sína með þessum hætti. Þegar hann veit að við þingmenn sem þátt höfum tekið í umræðunni höfum fullnýtt okkar rétt til að tala þá nýtir hann seinni ræðu sína að hluta til þess að ráðast á okkur með óréttmætum ásökunum og í raun og veru að fara með rangt mál. Ég held að það hljóti að vera þannig að annaðhvort eigi menn þá þann rétt að bera af sér sakir og/eða að þeim heimilist að gera athugasemdir við þennan framgangsmáta hér í þinginu. Það má vera hvort heldur er í mínu tilviki. En ég neyðist til í fyrsta lagi að leiðrétta það að það kom hvergi fram í mínu máli að ég hneykslaðist á því að ekki væru fjárveitingar til þessara sérstöku verkefna sem ég nefndi varðandi rannsóknir, sjóvinnslukennslu og rekstur skólaskipsins. Ég lýsti vonbrigðum með að fyrir þeim þáttum væri ekki séð í fjárlagafrv. og leyfi mér að endurtaka það og óska eftir því að hæstv. ríkisstjórn eða öllu heldur Alþingi sem fer auðvitað með þau mál eftir að fjárlagafrv. er komið hér til meðhöndlunar, skoði þau mál á milli 2. og 3. umr. ef ekki gefst tími til þess fyrr.

Það er sömuleiðis rangt, eins og reyndar var hrakið hér af síðasta ræðumanni, af hæstv. sjútvrh. og ómerkilegir útúrsnúningar sem eru ekki hæstv. ráðherra samboðnir, að einfalda málin svo mjög að stilla stjórnarandstöðunni allri upp eins og hann gerði að þar séu menn einfaldlega á móti allri tekjuöflun. Það er ekki lengra síðan en tveir dagar að hér voru til umræðu skattafrv. hæstv. ríkisstjórnar, þar sem ég bauð m.a. upp á að það yrði skoðað í efh.- og viðskn. að sú tekjuöflun yrði tekin til skoðunar og henni breytt þannig að byrðunum yrði dreift með öðrum hætti en útkoman yrði jöfn fyrir ríkissjóð, en horfið yrði frá þessari óréttlátu sértæku skattlagningu á barnafjölskyldur, meðlagsgreiðendur og aðra slíka. Það er því ómögulegt, hæstv. forseti, að hæstv. ráðherrar komist upp með að misnota svona aðstöðu sína. Það verður þá ósköp einfaldlega að taka hæstv. ráðherrana á námskeið og kenna þeim mannasiði hér í þinginu. Það hefur aldrei liðist svo lengi sem ég man eftir að menn gætu óátalið sem síðustu ræðumenn umræðu notað þá tækifæri til að misbeita aðstöðu sinni gagnvart ræðumönnum sem þegar höfðu fullnýtt rétt sinn til að tala.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. vék hér að því í athugasemd sinni að honum fyndist að á hafi skort að skattar væru lagðir á þá sem hafa hærri tekjur. Ég vona að það hafi ekki farið fram hjá honum að það er einmitt hluti af áformum ríkisstjórnarinnar nú að setja skatt á þá sem hafa hærri tekjur.

Hitt er svo fagnaðarefni að í ummælum þeirra tveggja hv. þm. sem tóku ummæli mín miður vel kemur fram að þeir lýsa skilningi á því að það verði að vera nokkurt jafnvægi á milli tekjuöflunar ríkisins og útgjaldanna. Því eru takmörk sett að sjálfsögðu hvað hægt er að leggja miklar byrðar á skattborgarana og um leið eru því takmörk sett hvað hægt er að koma góðum áformum okkar hv. þm. til framkvæmda. Sum þeirra verða að bíða og stundum verða menn að fella niður verkefni sem menn hafa ákveðið. Ég fagna því að úr ræðum hv. þm. megi lesa þessa skynsamlegu hugsun og skynsamlegu pólitík og vænti þess að hún komi þá fram í störfum flokka þeirra hér á hinu háa Alþingi nú í lokaönnum við afgreiðslu fjárlaga og skattalaga síðustu daga fyrir jól.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill eindregið beina því til hæstv. ráðherra sem og þingmanna að þeir haldi sig við umræðu um þingsköp þegar beðið er um orðið um þingsköp og einnig að þeir haldi sig við efni það sem er á dagskrá, þ.e. að svara fsp. þegar um það er að ræða.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég mun ræða hér um gæslu þingskapa og eiga orðastað við virðulegan forseta þar sem virðulegur forseti áminnti mig fyrir það áðan að ég hefði verið alveg á takmörkum þess sem umræður um að bera af sér sakir leyfa. Nú vil ég biðja virðulegan forseta að kynna sér það sem frá þeim sem hér stendur hefur farið um skattlagningu og nauðsyn þess að færa byrðar af atvinnulífinu yfir á einstaklinga á undanförnum vikum og mánuðum, m.a. héðan úr þessum stól á hinu háa Alþingi — ég get nefnt atvinnumálaumræðu í haust og fleiri skipti, ég get vitnað í blaðagreinar — og bera það síðan saman, virðulegi forseti, við þá dæmalausu ræðu sem hæstv. sjútvrh. flutti hér áðan og þá er ég þess fullviss að forseti mun draga til baka þá viðvörun sem virðulegur forseti viðhafði hér áðan.

Að lokum vil ég leyfa mér að fara eilítið út fyrir það sem kannski er heimilt í þessari umræðu og benda hæstv. sjútvrh. á að það eru ákveðnir hópar í okkar þjóðfélagi, kannski sérstaklega barnafólk með miðlungstekjur, sem hæstv. ríkisstjórn finnst hægt að leggja álögur á nánast takmarkalaust á meðan þeim hópum sem ég nefndi hér áðan er hlíft. Og ég vitna í orð hæstv. forsrh. sem sagði að þessi svokallaði hátekjuskattur væri sálfræðilegt „trikk“ og fyrst og fremst til málamynda.

Kostnaður við löggæslu á skemmtunum, ein umr.

Fsp. KHG, 281. mál. — Þskj. 398.

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegur forseti. Í lögum um lögreglumenn frá 1972 segir svo í 8. gr., með leyfi forseta:

„Lögreglustjóra er heimilt að binda skemmtanaleyfi því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmtistað og skal leyfishafi greiða kostnað af þeirri löggæslu samkvæmt reglum sem ráðherra setur.“

Í reglugerð sem sett var árið 1987 í framhaldi af þessari grein segir svo í 8. gr., með leyfi forseta:

„Kostnaður vegna löggæslu á skemmtistað skv. 6. gr. greiðist úr ríkissjóði af viðkomandi lögreglustjóra. Sá sem fyrir skemmtun stendur skal endurgreiða lögreglustjóra þann kostnað er leiðir af aukinni löggæslu vegna skemmtunar umfram það sem eðlilegt má telja. Skal við það miðað að hverju sinni séu að jafnaði tiltækir tveir lögreglumenn við almenn löggæslustörf í nágrenni skemmtistaðar sem ríkissjóður ber allan kostnað af.“

Í framhaldi af fsp. minni á þskj. 102 um löggæslu á skemmtunum kom svar frá hæstv. dómsmrh. á þskj. 132 og þar kemur í ljós að hlutirnir eru ekki framkvæmdir með samræmdum hætti yfir landið eftir lögregluumdæmum heldur afar mismunandi. Það kemur fram að í 11 lögregluumdæmum af 27 eru skemmtistaðir ekki krafðir um greiðslu vegna kostnaðar af löggæslu sem hlýst af starfsemi þeirra. Það er dálítið merkilegt að meðal þessara 11 lögregluumdæma þar sem skemmtistaðir eru ekki krafðir endurgreiðslu á kostnaði eru nánast allir stærstu staðir landsins. Hins vegar eru aðrir staðir í 16 lögregluumdæmum krafðir um endurgreiðslu á þessum kostnaði, eins og fram kemur í því svari, með allt upp í 3 millj. kr. á ári, t.d. Ísafjarðarumdæmi þar sem eru tveir til þrír skemmtistaðir, en í Reykjavík þar sem eru hátt í 200 skemmtistaðir er ekki um neina endurgreiðslu að ræða. Í framhaldi af þessu svari hef ég því leyft mér, virðulegi forseti, að bera fram til dómsmrh. fsp. á þskj. 398, svohljóðandi:

„Hvers vegna eru skemmtanaleyfi í 11 lögregluumdæmum af 27 ekki bundin því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmtistað, sbr. svar dómsmálaráðherra við fyrirspurn um löggæslu á skemmtunum á þskj. 132?“

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Skýringin mun vera sú að aðstæður geta verið mismunandi frá einum stað til annars.

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það að þetta svar hæstv. ráðherra er ekkert annað en móðgun við þingheim og fyrirspyrjanda. Ég lýsi megnustu vanþóknun minni á svörum af þessu tagi. (**Gripið fram í:** Ég hélt að þið ættuð nú ekki að nefna snöru í hengds manns húsi.) Það er alveg ljóst að framkvæmd mála er með

ósamræmdum hætti. Þau eru í sumum lögregluumdæmum eins og til er ætlast samkvæmt lögum og reglugerðum og í öðrum umdæmum ekki. Það þýðir að skemmtanahald þar sem vínveitingastaðir eru og aukin löggæsla sem af því leiðir er greidd af þeim sem standa fyrir skemmtununum í 16 lögregluumdæmum landsins en í 11 lögregluumdæmum, þar með talin nánast öll stærstu eins og hér á höfuðborgarsvæðinu, er þessi aukni löggæslukostnaður greiddur af almannafé. Hér er því um að ræða mismun á milli lögregluumdæma stóru lögregluumdæmunum í vil sem nemur tugum milljónum kr. á hverju ári. Og ég hlýt að ítreka fsp. mína og óska svara við því af hálfu hæstv. dómsmrh.: Hvers vegna þurfa þeir sem standa fyrir skemmtanahaldi hér í Reykjavík, þar sem eru hátt á annað hundrað vínveitingastaðir, ekki að taka neinn þátt í kostnaði vegna aukinnar löggæslu sem af þeirra starfsemi hlýst eins og í öðrum fámennum lögregluumdæmum er gert?

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Að gefnu því tilefni sem hv. fyrirspyrjandi hefur gefið hér er rétt að taka það fram að samkvæmt lögum er það lögreglustjóra í viðkomandi umdæmum að meta þessar aðstæður og hvort gera skuli reikninga vegna aukins lögreglukostnaðar eða ekki.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi vil ég gagnrýna það svar sem fram kom frá hæstv. dómsmrh. hér áðan, ef svar skyldi kalla. Mér finnst það dónaskapur. Það var ekki reynt að skýra málið, ekki reynt að fara yfir það og ekki reynt að gera grein fyrir stefnu ráðherrans, ef hún er einhver, og það var ekki reynt að rökstyðja það af hverju ráðherrann hefur enga stefnu, ef það er svo. Ég kann satt að segja ekki að meta það að ráðherrar svari spurningum með þeim hætti sem hæstv. dómsmrh. gerði hér áðan og ég vil láta það koma fram. En í öðru lagi vil ég spyrja: Er það stefna hans að mismuna byggðarlögum? Og er það skoðun hans að það sé í raun og veru hægt að leggja það á skemmtistaðina að standa undir löggæslukostnaði? Þess vegna spyr ég: Eru möguleikar á því að styrkja löggæslu og eftirlit á skemmtistöðum hér á Reykjavíkursvæðinu með því að skattleggja skemmtistaðina? Eru lagaheimildir sem standa til þess og væri þannig hægt að styrkja gæslu á þessum stöðum sem er tvímælalaust þörf á og hæstv. dómsmrh. hlýtur að vera mér sammála um.

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég mótmæli því að fsp. hafi verið svarað. Ég vil í öðru lagi benda forseta á það að ég varð að nýta þann rétt sem ég hef til að taka tvisvar til máls til að bera fram fsp. Það var ekki fyrr en dómsmrh. hafði talað í síðara sinnið að það var hægt að svara einhverju og bregðast við í hans svari. Þannig að engin umræða gat farið fram um þetta mál.

En ég vil segja varðandi það sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh. að það var rangt. Það var rangt. Það eru skýrar reglur sem leggja lögreglustjórum fyrirmæli um það að þeim beri að innheimta kostnað vegna aukinnar löggæslu. Og ég trúi því ekki að það sé engin aukin löggæsla í Reykjavík vegna hátt í 200 skemmtistaða.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Vegna ummæla hv. fyrirspyrjanda og hv. 9. þm. Reykv. er rétt að taka fram að fsp. var svarað í fullu samræmi við gildandi lög. Þeir embættismenn sem hér eiga hlut að máli hafa tekið þessar ákvarðanir á grundvelli gildandi laga. Hitt er svo atriði sem ég vil varpa fram til forseta, hvort það telst eðlilegt að leyfa hv. þm. að koma fram með fyrirspurnir á þeim tíma umræðunnar þar sem viðkomandi ráðherra er útilokað samkvæmt þingsköpum að svara. Ég tel það fullkomlega óeðlilegt að leyfa slíkar fyrirspurnir þegar ráðherra hefur ekki heimild samkvæmt þingsköpum til að svara og rétt að benda viðkomandi hv. þm. á að bera slíkar fyrirspurnir þá fram með þinglegum hætti.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill taka fram að þingmönnum er að sjálfsögðu heimilt að bera fram allar þær fyrirspurnir sem þeir vilja en þeir verða að gera sér grein fyrir þeim takmörkunum sem þingsköp setja ráðherrum til að svara. Þannig að í þessu tilviki þá telur forseti á engan hátt óeðlilegt að þingmenn varpi fram fyrirspurnum en bendir á að þingsköp leyfðu ekki hæstv. dómsmrh. að koma hér aftur upp.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það með hv. 5. þm. Vestf. að fsp. hefur ekki verið svarað. Þess vegna tel ég óhjákvæmilegt að það verði kannað við forsetadæmið hvort ekki er hægt að bera fsp. fram á ný með skriflegum hætti og fá henni svarað á ný munnlega vegna þess að sú aðferð sem hæstv. dómsmrh. beitti áðan er algerlega óþolandi. Hún er óþolandi dónaskapur í garð þingsins og viðkomandi þingmanns og þess vegna tel ég að það verði að bera fsp. fram á ný til þess að gera tilraun til að kenna ráðherrum hvernig á að nota fyrirspurnatímann. Auðvitað þýðir ekki fyrir hæstv. ráðherra að gagnrýna þingmenn fyrir þær spurningar sem þeir bera fram þegar hæstv. ráðherrar misnota fyrirspurnatímann með þeim hætti sem hæstv. dómsmrh. gerði hér áðan.

Dómsmálaráðherra: (Þorsteinn Pálsson) *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Í orðum mínum fólst engin gagnrýni á hv. 9. þm. Reykv. fyrir þær fyrirspurnir sem hann bar fram. Ég vil fúslega og gjarnan svara þeim en ég óska eftir því að þær séu bornar fram á þann veg í þinginu að mér gefist kostur á því en ekki á þann veg eins og hann gerði að mér sé á grundvelli þingskapa útilokað að svara þeim. En í orðum mínum fólst engin gagnrýni á þær fyrirspurnir sem hv. þm. bar fram né á hann

sjálfan og ég vildi gjarnan fá tækifæri til þess að svara þeim.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra var að gagnrýna það að þingmenn bæru fram spurningar í ræðum sínum. Hæstv. ráðherra hefur ekkert með það að gera hvað þingmenn kunna að bera fram í ræðum sínum. Hins vegar rétt að það er óþægilegt þegar sú staða kemur upp að sá sem þarf að svara hefur ekki möguleika til þess. Það hendir ráðherra en það hendir líka þingmenn mjög oft. Aðalvandi þessa kjörtímabils hefur eins og kunnugt er verið hæstv. forsrh. Hann hefur yfirleitt haft síðasta orðið í spurningalotum sem hafa farið fram á hann og yfirleitt hefur hann lokið þeim spurningalotum með þeim hætti að ráðast á fyrirspyrjendur alveg sérstaklega. Það er því rétt hjá hæstv. dómsmrh. að það þarf að taka á þessu vandamáli sem er hæstv. forsrh.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Mér finnst vanta inn í þessa þingskapaumræðu og vil beina því til frú forseta að áminna ráðherra um það að svara skilmerkilega þeim spurningum sem eru settar fram með formlegum hætti og nægum og eðlilegum fyrirvara samkvæmt þingsköpum. Það var ekki gert nú að mínu mati. Svarið við fsp. var út í hött. Þrátt fyrir það að hæstv. ráðherra hafi fullkomið vit til þess að svara þessari spurningu skilmerkilega þá kaus hann að svara því út í hött að aðstæður væru misjafnar. Síðan tekur hann fram í annarri ræðu að viðkomandi lögreglustjórar fari að lögum. Ef þeir gera það allir þá gilda ekki ein lög í landinu og það er meinið. Þetta tel ég að hæstv. dómsmrh. þurfi að fara ofan í og svara því skilmerkilega hvernig á því stendur að sömu reglur eru ekki látnar gilda alls staðar og finna því stoð í lögum. Ég tel, frú forseti, að það þurfi að ganga eftir því við ráðherrana og það sé forseta að gera það að þeir svari eðlilega fram bornum spurningum með skikkanlegum hætti. Auðvitað getur alltaf komið upp í umræðum að ráðherrar séu spurðir þannig að þeir hafi ekki svör á reiðum höndum og þá er að taka því. En ég tel að þessari spurningu sé ekki fullsvarað og það þurfi þá að bera fram aðra fsp. um hliðstætt efni til þess að fá ítarlegri svör um þetta vandamál sem hér var reifað af hv. 5. þm. Vestf.

Dómsmálaráðherra: (Þorsteinn Pálsson) *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég vil mótmæla harðlega aðdróttunum af þessu tagi að þessari fsp. hafi ekki verið svarað eins og efni standa til. Það eru um þetta skýr ákvæði í lögum sem mæla fyrir um það að sýslumenn skuli innheimta kostnað vegna löggæslu í kringum skemmtistaði ef aukakostnaður leggst á. Það er á valdi sýslumanna á hverjum stað að meta þessar aðstæður og þær eru sannarlega mismunandi frá einum stað til annars. Um þetta gilda ein lög í landinu en aðstæður geta verið mismunandi og til þess var vísað í mínu svari og ég mótmæli því fullkomlega að það svar sé á einhvern hátt úr tengslum við raunveruleikann. Það er aðdróttun sem ég sætti mig ekki við.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Á dagskrá fundarins eru sex fyrirspurnir. Fyrsta fsp. er um flutning á rekstri grunnskóla til sveitarfélaga. Fsp. gengur út á það hvaða skoðun ráðherra hafi á þeim tilflutningi.

Hefði hæstv. menntmrh. svarað þeirri fsp. eins og hæstv. dómsmrh., þá hefði hann sagt: Málið er í athugun.

Í öðru lagi er á dagskrá fundarins fsp. um Námsgagnastofnun þar sem spurt er: „Hvernig stendur á því að fé til Námsgagnastofnunar er skorið niður meira en til annarra stofnana?“ Þá hefði hæstv. menntmrh. getað komið í stólinn og svarað ef hann hefði farið í fótspor dómsmrh. og sagt: Af því bara.

Í þriðja lagi er spurt um menntamálaráð, hvernig stendur á því að ekki hafi verið lagt fram frv. um menntamálaráð. Hæstv. menntmrh. hefði þá svarað ef hann hefði farið í fótspor dómsmrh.: Frv. um menntamálaráð verður lagt fram næstu daga. Málið er í athugun.

Með öðrum orðum, ef hæstv. ráðherrar komast upp með að haga sér eins og hæstv. dómsmrh. gerði hér áðan þá er verið að eyðileggja fyrirspurnatímann. Því er alveg óhjákvæmilegt að forsetarnir taki á þessu máli alveg sérstaklega eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. benti áðan á.

Dómsmálaráðherra: (Þorsteinn Pálsson) *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég ætla að benda hv. 9. þm. Reykv. á að það er um það bil hálft annað ár síðan hann lét af starfi menntmrh. og hætti að svara fyrirspurnum í nafni þess embættis.

Einar K. Guðfinnsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst nú að þessar umræður séu orðnar nokkuð tæmandi. Í svari hæstv. dómsmrh. liggur fyrir að þetta mál er á valdi hvers lögreglustjóra og hvers sýslumans að ákveða með hvaða hætti hann kýs að skipa þessum málum. Ég er að vísu eins og mjög margir fremur undrandi á því að það skuli vera mat lögreglustjórans í Reykjavík að ekki þurfi að efla löggæsluna og styrkja það mál, t.d. með því að rukka vínveitingahús hér á höfuðborgarsvæðinu um einhvers konar gjald eins og gert er í að ég hygg 16 umdæmum í landinu. Það er hins vegar mat viðkomandi lögreglustjóra og hann hlýtur að meta það svo. Ég er ekki að vísu mjög kunnugur nætur- og ölduhúsalífi höfuðborgarinnar þannig að ég ætla ekki að leggja dóm á það hvort þetta sé þannig hér í Reykjavík en það er væntanlega mat lögreglustjórans. Hins vegar kemur svolítið á óvart í ljósi fjölmiðlafrétta af öllu þessu og mér finnst að það væri rétt í lok þessarar umræðu sem hlýtur nú að fara brátt að ljúka vegna þess að spurningunni hefur nú verið skilmerkilega svarað og þess vegna væri rétt að fara að vekja athygli yfirvalda lögreglumála í Reykjavík á því að þarna er

lítil matarhola sem þau gætu nýtt sér til þess að efla löggæsluna sem stundum hefur verið haft á orði m.a. af lögreglustjóranum að mætti efla hér í Reykjavík.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill biðja hv. þm. að halda sig við umræður um þingsköp þegar fjallað er um þingsköp. Forseti mun að sjálfsögðu taka til athugunar þær ábendingar sem komið hafa fram hér svör við fyrirspurnum.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Vandinn er auðvitað sá þegar hæstv. ráðherrar svara ekki fyrirspurnum með eðlilegum hætti þá fer þetta út í umræður í þingsköpum sem þingmenn hafa reyndar greinilega í þessum umræðum reynt að halda sér frá að fara út í almenn efnistriði nema hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf. Hann fór út í almennar umræður um þetta mál og ber að þakka honum það.

Ég tel að það sé athyglisvert hins vegar sem fram kom í hans máli að það virðist vera þannig að hann sætti sig við það að það séu tvenn lög í landinu, hann sætti sig við það að það séu önnur lög hér en annars staðar eða framkvæmd laganna sé með mismunandi hætti. Það er afar fróðlegt að það skuli koma fram frá hv. þm. í þingskapaumræðu með þeim hætti sem það gerði mjög skýrt hér áðan að hann fallist á þá mismunun þegnanna sem birtist í því að sums staðar er löggæslukostnaður borinn uppi af almenningi en sums staðar ekki.

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Í þingskaparæðu áðan komu fram fullyrðingar frá hæstv. dómsmrh. sem er óhjákvæmilegt að bera til baka og ég vil skora á hæstv. dómsmrh. að lesa þá reglugerð sem um þetta mál gildir sem er nr. 587/1987. Þar kemur skýrt fram að þessir hlutir eru ekki á mati hvers lögreglustjóra því að tiltekin viðmiðun er gefin og allur kostnaður sem er umfram þessa tilteknu viðmiðun sem upp er gefin í 8. gr. reglugerðarinnar skal greiddur af þeim sem stendur fyrir skemmtun. Enn fremur kemur fram í sömu grein að dómsmrh. skal láta lögreglustjórum í té gjaldskrá vegna endurgreiðslu launa þannig að greinin frá þáv. dómsmrh., núv. hæstv. iðnrh., er alveg skýr. Það er framkvæmdin sem er óskýr og það er það sem ég vil fá samræmi í. Það gengur ekki að á stórum og dýrum löggæsluumdæmum sé almenningur látinn borga þennan kostnað að fullu en á öðrum og fámennum stöðum ekki.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill ítreka við hv. þm. þá beiðni að þeir haldi sig við umræður um þingsköp þegar þeir kveðja sér hljóðs um þingsköp. Hv. 3. þm. Vestf. óskar að bera af sér sakir.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað alrangt sem fram kom í máli hv. þm. Svavars Gestssonar að ég vilji að það gildi tvenn lög í landinu. Það var alls ekki þannig, það dettur mér auðvitað ekki í hug. Ég var hins vegar í þeirri trú sem fram kom í máli hæstv. dómsmrh. að þetta mál væri þannig vaxið að það væri á valdi lögreglustjóra í hverju umdæmi að annast um framkvæmdina. Ég var einfaldlega að benda á það að það væri þar með á valdi lögreglustjórans í Reykjavík og annarra þeirra umdæma þar sem ekki væru innheimt slík gjöld að taka upp þá innheimtu ef þeim þætti það eðlilegt og sjálfsagt. Það var ekki annað sem ég var að vekja athygli á en erindi mitt til að ræða þingsköp var auðvitað að vekja athygli á því að það væri hægt að ljúka umræðunni vegna þess að þetta hefði verið upplýst.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti telur að hv. síðasti ræðumaður, 3. þm. Vestf., hafi nú verið á mörkunum með það að bera af sér sakir. En hv. 1. þm. Norðurl. v. kveður sér hljóðs um þingsköp.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég þakka fyrir það að frú forseti ætlar að beita sér fyrir því að koma betri skipan á svör ráðherra og er mjög ánægður með það. Ég er út af fyrir sig ekkert mjög hneykslaður á því sem hv. 3. þm. Vestf. sagði hér áðan þó að honum þyki allt í lagi að lög séu framkvæmd með mismunandi hætti á landinu. Það sem mér finnst alvarlegast í þessari umræðu er það að dómsmrh. á Íslandi sættir sig við það að lögin séu framkvæmd með mismunandi hætti í hinum einstöku umdæmum landsins.

Fækkun stöðugilda hjá ríkinu, ein umr.

Fsp. KÁ, 288. mál. — Þskj. 419.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Svo sem þingmönnum og þjóð er kunnugt hefur ríkisstjórnin gengið fram af miklu offorsi í niðurskurði ríkisútgjalda og hafa vaknað margar spurningar um afleiðingar niðurskurðarins. Í þeim plöggum, sem ríkisstjórnin hefur sent frá sér, í fjárlagafrv. og víðar, kemur fram að þeir eru harla kátir yfir þeim árangri sem þeir sjá á niðurskurðinum, en eins og ég nefndi þá hljóta margar spurningar að vakna um það hvar þessi niðurskurður hefur komið fram og þá ekki síst þegar í ljós kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga til septemberloka 1992, sem barst þingmönnum nýlega í hendur og var gefin út í nóvember 1992, en þar segir á bls. 4, með leyfi forseta:

„Þróun starfsmannafjölda og launakostnaðar hjá A-hluta ríkissjóðs til loka septembermánaðar þessa árs í samanburði við sama tíma ársins 1991 gefur til kynna að reiknuðum ársverkum hafi fækkað um 200 stöðugildi. Það svarar til um 270 millj. kr. raunlækkunar

launaútgjalda." Af þessu tilefni vil ég spyrja hæstv. fjmrh.:

„1. Hvaða skýringar eru á því að stöðugildum hjá ríkinu hefur fækkað um 200 frá áramótum og fram til septemberloka 1992 ef marka má niðurstöður Ríkisendurskoðunar?

2. Hvar hefur þessi fækkun á stöðugildum átt sér stað hjá ríkisstofnunum?

3. Hvaða stöður er um að ræða?"

Eins og ég nefndi í inngangi mínum, virðulegi forseti, spyr maður sig hvort þetta sé raunverulegur árangur hjá ríkisstjórninni. Hvað þýðir þessi fækkun í auknu vinnuálagi annarra ríkisstarfsmanna? Hafa verkefni breyst hjá ríkisstofnunum? Voru stöðugildin of mörg eða er þetta fyrst og fremst niðurskurður á yfirvinnu og hvaða áhrif hefur þetta á þjónustu ríkisins ef uppstokkun á sér ekki stað í leiðinni hjá hinum ýmsu ríkisstofnunum? Það hefur ekki bólað mikið á slíku. Því eru þessar spurningar fram lagðar, til að fá skýringar á þessu.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Það er dálítið vandlifað í heiminum þessa dagana. Eins og hv. fyrirspyrjandi sagði, þá hefur hæstv. ríkisstjórn gengi fram með offorsi í niðurskurði eins og ég held að hv. þm. hafi sagt orðrétt. Síðan hafa þingmenn úr sama flokki komið og sagt að það væri offors í skatta- og tekjuöflun ríkissjóðs og meina það sjálfsagt líka. Svo í þriðja lagi er því haldið fram að hallinn sé alltaf að aukast og þeir meina það sjálfsagt líka þannig að það er nú dálítið vandlifað í þessum heimi þegar allt þetta fer saman en auðvitað eru skýringar á því.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er ekki sagt að stöðugildum hafi fækkað heldur að ársverkum hafi fækkað 1992 miðað við sama tímabil, 1991, og það er mælt í stöðugildum. Á þessu er að sjálfsögðu töluverður munur. Ársverk er vinnumagnsmæling þar sem launaeiningar tiltekinna launategunda eru umreiknaðar í ársverk. Stöðugildi táknar í venjulegum skilningi heimild til að ráða einn starfsmann í fullt eða 100% starf í ótiltekinn tíma. Af hálfu fjmrn. og Ríkisendurskoðunar hafa verið þróaðar ákveðnar aðferðir til að fylgjast með launakostnaði og vinnumagni ríkisstofnana. Vegna árstíðabundinna sveiflna í starfsmannahaldi ríkisins hafa þessir aðilar talið það gefa réttari mynd af stöðu starfsmannamála á tilteknu tímabili að ganga út frá ársverkum. Í þeim kafla skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem fyrirspyrjandi vitnar til, er verið að fjalla um hversu mikið vinnumagn liggur hjá ríkisstofnunum. Skýrslan segir því ekkert um það hvort starfsmönnum hafi fækkað eða fjölgað heldur að vinnumagn á þessum tíma hafi dregist saman. Ef skoðuð er skipting ársverka eftir uppruna kemur fram að fækkun ársverka kemur fyrst og fremst fram í samdrætti í yfirvinnu eins og hv. þm. giskaði reyndar sjálfur á.

Þessu til viðbótar ber að geta þess að starfsmönnum sem slíkum, þ.e. hausunum, getur fjölgað og fækkað því að sumir vinna fullan vinnudag, aðrir eru í umsömdum hálfs dags störfum. Þetta sést kannski best í heilbrigðiskerfinu sem er afar fjölmennt kerfi opinberra starfsmanna.

Með vísan til þess sem ég hér hef sagt er ekki hægt að svara því nákvæmlega sem kemur fram í 2. og 3. lið fsp. Ég hef séð við lauslega athugun að þessi yfirvinnusamdráttur kemur nokkuð jafnt yfir. Þó er það aðeins mismunandi eftir eðli vinnunnar eins og allir geta ímyndað sér. Í framhaldi af þessu vil ég einnig segja að ég hygg að það sé betra, og það hefur verið til athugunar hjá fjmrn., að hverfa frá stöðugildishugsunarhættinum en mæla frekar launaútgjöld í krónum og aurum. Þetta er eiginlega forsenda þess að við getum breytt um starfsmannastefnu og gefið viðkomandi stofnunum, fyrirtækjum og öðrum opinberum aðilum tækifæri til þess að ráða sjálfir nokkurn veginn hvernig þeir haga starfsmannastefnu sinni. Það sem auðvitað skiptir máli er sú þjónusta sem boðið er upp á, hin lögbundna opinbera þjónusta, en ekki endilega hvort hún er unnin af starfsmanni í hálfri stöðu, starfsmanni í fullri stöðu, starfsmanni sem tekur verulega yfirvinnu eða aðkeyptum starfsmanni. Þetta eru atriði sem ég held að við þurfum að hafa í huga í framtíðinni.

Það er rangt sem ýjað var að hjá hv. þm. að ekki hafi átt sér stað uppstokkun. Á hverjum tíma er farið vandlega ofan í það hjá viðkomandi stofnunum að það sé stokkað sem mest upp og kerfisbundið reynt að leita ráða til þess að draga úr kostnaði, m.a. launakostnaði. Hagsýsla ríkisins vinnur að slíkum verkefnum. Auðvitað eru ekki allar stofnanir teknar í einu, en það er skylda fjmrn. að ná sem mestu þjónustumagni fyrir sem minnsta fjármuni hvort sem þeir fjármunir eru síðan notaðir til að greiða laun eða annan kostnað.

Vona ég að þetta skýri málið af hálfu fjmrn. og skýri þann texta sem kom frá Ríkisendurskoðun og ég skal viðurkenna að hann hefði mátt vera skýrari í framsetningu í viðkomandi skýrslu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Mér fannst það athyglisvert sem fram kom í svari hæstv. fjmrh. einkum og sér í lagi það sem fram kom hjá honum varðandi stöðugildin. Ég þakka honum fyrir hvað það var greinargott og þar með frábrugðið svörum dómsmrh. á þessum fundi. Ég sé ekki að það hafi í raun og veru orði veruleg fækkun í stöðugildum eða hæstv. ráðherra virðist ekki hafa handbærar tölur til að svara því. Ég hef þó einhvers staðar séð tölur um t.d. fækkun kennara milli skólaáranna 1991–1992 til 1992–1993 um, að mig minnir, um 70. En ég vil einnig af þessu tilefni taka undir það sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. að það er nauðsynlegt framfaramál að losa menn í þessari umræðu út úr stöðugildatalningunni. Þar hafa ríkisstofnanir hins vegar verið undir fargi fjmrn. Fjmrn. hefur sett ríkisstofnunum afar þröngar skorður í þessu efni og í staðinn fyrir að horfa á fjármunina sem stofnanirnar eru að eyða er einlægt verið að telja stöðugildi. Ég vil þess vegna fagna þessari yfirlýsingu hæstv. fjmrh. og ég er sannfærður um að forustumenn ríkisstofnana yfirleitt munu einnig fagna þessari yfirlýsingu. Ég vona að eitt-

hvað verði gert í málinu þannig að menn hætti þessari þröngu stöðugildapólitík sem rekin hefur verið af fjmrn.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég er ekki hissa á því að hæstv. fjmrh. þyki vandlifað í þessum heimi vegna þess að önnur eins hringavitleysa í fjármálum ríkisins og nú blasir við okkur held ég að hafi ekki sést lengi.

Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin en þau vekja nokkra furðu mína því að ég orðaði spurninguna á þann hátt að ég var alveg sannfærð um að stöðugildum hefði fækkað. Það kemur mér á óvart ef svo er ekki og ég vil eiginlega ítreka spurningu mína hvort það sé rétt skilið að stöðugildum hafi ekkert fækkað heldur sé hér eingöngu um það að ræða að yfirvinna hafi verið skorið niður hjá hinum ýmsu ríkisstofnunum sem nemur um 200 stöðugildum.

Mér kemur þetta sannast að segja spánskt fyrir sjónir. Ég stóð í þeirri meiningu að bæði hefðu ríkisstofnanir ekki ráðið í stöður sem losnað hefðu og, eins og hv. síðasti ræðumaður nefndi, að það hefði orðið fækkun á kennurum í skólum landsins. Ég átti sannast að segja von á að fá upplýsingar um það. Þetta vekur því nokkra furðu.

Hæstv. fjmrh. nefndi það líka að uppstokkun ætti sér stað. Þegar ég tala um uppstokkun, þá á ég fyrst og fremst við skipulagsbreytingar vegna þess að ég er alveg sannfærð um að ef menn ætla að gera rekstur ríkisstofnana hagkvæmari og skilvirkari, sem vissulega þarf í sumum tilvikum, þá gerist það ekki öðruvísi en með skipulagsbreytingum. Við höfum séð margar úttektir á ríkisstofnunum, m.a. frá Ríkisendurskoðun og fleiri aðilum, en að sama skapi hefur ekki orðið vart við að þeim væri fylgt eftir. Ég vil því draga í efa að einhver uppstokkun hafi átt sér stað, heldur virðist mér að það hafi verið gengið fram, eins og ég sagði hér fyrr í ræðu minni, af töluverðu offorsi, skorið blint niður en skipulagsbreytingar hafi ekki fylgt í kjölfarið.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þann skilning sem kemur fram í ræðum hv. þm. Ég vil fyrst segja það að ráðning og stöðugildi hafa ekkert með hvort annað að gera. Tökum dæmi.

Ég hef einn aðstoðarmann, forveri minn hafði þrjá. Það þýðir ekki að stöðugildum hafi fækkað. Það þýðir aðeins að ráðningum hefur fækkað. Í mörgum tilvikum hafa ríkisstofnanir komist upp með það áratugum saman að hafa fleira fólk ráðið en stöðugildunum nemur. Þess vegna eru umræðurnar, eins og kom fram hjá hv. 9. þm. Reykv., afar vandmeðfarnar. Ég er sammála honum um að besta leiðin sé að dreifa þessu valdi til stofnananna, hætta að tala um stöðugildi en tala frekar um fjármagn sem rennur til þessarar stofnunar. Vandinn er hins vegar sá að það eru ekki einungis stjórnendur stofnana og stjórnvöld sem koma að þessu máli heldur einnig heildarsamtök launþeganna sem vilja semja við stjórnvöld í einu lagi vegna þess að hlutföll á milli manna eru svo viðkvæm í kjarasamningum. Ég er sannfærður um að ef stjórnendurnir einir réðu og stjórnvöld, þá væri þetta mál einfaldara en það er við samtök launþeganna að eiga og auðvitað hafa slík samtök sinn rétt.

Ég veit að sums staðar hefur fólki fækkað en annars staðar hefur fólki fjölgað. Ég hef ekki þessar tölur handbærar en ég minni á að innan sviðs málefna fatlaðra hefur fólki fjölgað, eins og kemur glögglega fram í fjárlagafrv., en annars staðar, eins og þar sem stofnanir eru lagðar niður, fækkar fólki þó að það taki sinn tíma vegna biðlaunanna.

Þetta bið ég menn að hugsa aðeins um þegar þessi vandasömu mál eru rædd. Að allra síðustu vil ég ítreka að ég tel að kannski hefði mátt segja nákvæmar frá þessu í skýrslu Ríkisendurskoðunar þó ég sé ekki að gagnrýna það sem er sagt þar.

Út af dagskrá voru tekin 1., 2. og 3. dagskrármál.

78. FUNDUR

fimmtudaginn 10. des.,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

Fjárlög 1993, stjfrv., 96. mál, þskj. 109, nál. 436 og 433, brtt. 435, 437, 438, 439, 440 og 441. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Davíð Oddsson forsrh.,
Eiður Guðnason umhvrh.,
Finnur Ingólfsson, 11. þm. Reykv.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.

Fjárlög 1993, 2. umr.

Stjfrv., 96. mál. — Þskj. 109, nál. 433 og 436, brtt. 435, 437, 438, 439, 440, 441.

Frsm. meiri hluta fjárln. (Karl Steinar Guðnason):

Frú forseti. Ég hafði á orði í ræðu minni við 2. umr. fjárlagafrumvarpsins í fyrra að einn helsti vandi íslensku þjóðarinnar væri ístöðuleysi þeirra sem með fjármuni hennar fara. Það hefði alltaf verið látið und-

an. Þegar okkur vanhagaði um eitthvað væru hiklaust slegin ný lán fremur en að láta kaupin bíða eða spara fyrir þeim. Af þessari braut yrði hins vegar að snúa og það yrði ekki gert án stórfelldrar uppstokkunar í ríkisfjármálunum. Það væri hin einfalda og sársaukafulla staðreynd sem Alþingi og þjóðin stæði frammi fyrir.

Þegar litið er til baka og reynt að leggja mat á þann árangur sem náðst hefur í glímunni við að koma böndum á ríkisútgjöldin verður ekki fram hjá því litið að eitt og annað hefur áunnist þó svo að þeim markmiðum sem að var stefnt í upphafi árs hafi ekki verið náð.

Í fjárlögum líðandi árs var stefnt að eftirfarandi meginmarkmiðum:

1. Að lánsfjárþörf opinberra aðila yrði innan við 24 milljarðar króna.
2. Að lánsfjárþörf ríkissjóðs yrði minni en 6 milljarðar króna.
3. Að rekstrarhalli ríkissjóðs yrði minni en 4 milljarðar króna, að jafngildi 4,5% samdrætti útgjalda að raungildi.
4. Að ofangreindum markmiðum yrði náð án þess að hækka skatta.

Viðvarandi halli á ríkissjóði á liðnum árum hefur m.a. leitt til hinna miklu skulda þjóðarbúsins. Af þeim sökum var í fjárlögum yfirstandandi árs stefnt að því að draga verulega úr halla ríkissjóðs og eyða honum á árinu 1993 án almennra skattahækkana. Löngu er ljóst að *þessi markmið munu ekki nást. Kemur þar einkum* til að samdráttur í atvinnustarfsemi, verslun og viðskiptum hefur dregið verulega úr skatttekjum ríkissjóðs. Fyrstu níu mánuði ársins hafa þær dregist saman um rúman 1,1 milljarð kr. Þá eiga sjálfvirkni í sum*um þáttum ríkisútgjaldanna og grundvallarbreytingar í* landbúnaði sinn þátt í að skýra það að halli ríkissjóðs á þessu ári verður meiri en áformað var.

Þegar litið er á afkomu ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins kemur í ljós að hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs hefur lækkað um 3 milljarða kr. þegar mælt er á föstu verðlagi. Þá hefur sú eftirtektarverða breyting átt sér stað að til þess að svara þessari lánsfjárþörf hefur ríkissjóður ekki dregið svo neinu nemur á viðskiptareikning sinn í Seðlabanka Íslands heldur hefur tekist að fjármagna þetta á innlendum og erlendum lánamarkaði.

Þrátt fyrir það sem að framan segir er vert að undirstrika að margar þeirra sparnaðaraðgerða sem ákveðnar voru á árinu hafa ýmist skilað sér eða munu gera það á komandi mánuðum og árum. Án þeirra er deginum ljósara að hallinn hefði orðið geigvænlegur. Þá er og vert að hafa í huga að rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs er tveim milljörðum kr. lægri á fyrstu níu mánuðum þessa árs en hann var á sama tímabili í fyrra.

Eins og ég sagði áðan eru ýmsar vísbendingar uppi um að þær sparnaðaraðgerðir sem gripið hefur verið til á þessu ári muni skila umtalsverðum árangri þó ekki verði þau í samræmi við þau markmið sem að var stefnt. Svo sem þingheimi er kunnugt gerðu fjárlög ársins ráð fyrir því að heildarsparnaðurinn í ár samanborið við árið 1991 *yrði um 5,5 milljarðar króna.* Þrátt fyrir mjög versnandi ytri skilyrði og áföll í þjóðarbúskapnum höfðu 2 milljarðar hins áformaða sparnaðar náðst í lok september sl.

Í þessu sambandi er rétt að geta því gaum að í ár hefur tekist að draga úr starfsmannafjölda og launakostnaði A-hluta ríkissjóðs en ýmsir voru farnir að halda að það væri nánast náttúrulögmál að útgjaldaliðir þessir hækkuðu ár frá ári. Hér er því um nokkur tímamót að ræða sem ég tel rétt að gera nánari grein fyrir.

Fjárlög líðandi árs gerðu ráð fyrir því að ársverkum A-hluta fjárlaga mundi fjölga um 100 á árinu og mátti einkum rekja fjölgunina til málefna fatlaðra og aðskilnaðar dóms- og umboðsvalds í héraði. Niðurstaðan er hins vegar sú að loknum fyrstu níu mánuðum ársins að ársverkum hafði fækkað um 208 eða um 1,1%. Á þessu tímabili lækkuðu launaútgjöld A-hluta ríkissjóðs um tæpar 300 milljónir króna, eða um 1,4%. Eflaust muna elstu menn ekki að það hafi gerst áður. Tveggja þriðju hluta lækkunarinnar er að leita í minni yfirvinnu en eins þriðja í dagvinnu.

Sé lækkun útgjalda skoðuð nánar kemur í ljós að rekstrarútgjöld A-hluta ríkissjóðs og rekstrartilfærslur hafa lækkað um 1,2 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins og allra ráðuneytanna að Hagstofunni og umhvrn. undanskildu hafa lækkað. Í krónum talið er lækkunin mest hjá heilbr.- og trmrn. eða tæpar 400 milljónir kr. sem svarar til 1,2% af heildarútgjöldum ráðuneytisins. Mestur er sparnaðurinn hlutfallslega hjá iðnrn. en útgjöld þess lækkuðu um 211 milljónir kr. á fyrstu níu mánuðunum eða um 23,8%.

Af framansögðu má ráða að tekist hefur að stöðva vöxt í starfsmannahaldi og almennum rekstrarútgjöldum hjá ríkinu. Vöxtur þessara útgjalda er með öðrum orðum ekkert óviðráðanlegt náttúrulögmál. Það er hægt að spara ef einlægur vilji er til staðar og markmiðin sem að er stefnt eru raunhæf.

Ljóst er að dagar hins flata niðurskurðar eru liðnir. Lengra verður ekki gengið á þeirri braut. Sú leið sem fyrirliggjandi fjárlagafrv. hefur markað á því sviði er einkum að hagræða sem mest í ríkisrekstri, rjúfa sjálfvirkni útgjalda á ýmsum sviðum og að ætla notendum, bæði einstaklingum og fyrirtækjum, aukna þátttöku í kostnaði. Áhersla verður engu að síður lögð á það að þjónusta ríkisins minnki hvorki né versni.

Þannig hefur nú tekist að rjúfa sjálfvirkni útgjalda til landbúnaðar. Samkvæmt nýjum búvörusamningi er ábyrgð á sölu landbúnaðarafurða flutt frá ríkinu til framleiðenda og vinnslustöðva. Af þessum sökum munu útgjöld ríkissjóðs væntanlega lækka um a.m.k. 3 milljarða á árinu 1993 frá því sem þau voru í ár.

Á sama hátt er í frv. að finna margvíslega viðleitni til þess að draga úr þeim útgjöldum almannatrygginga sem hafa á sér blæ sjálfvirkninnar. Í því efni nægir að nefna ýmsar sérbætur og tekjutryggingar. Þá má nefna að áform eru uppi um að lækka útgjöld lífeyristryggginga með því að eignatengja lífeyrisgreiðslur en ekki er gert ráð fyrir að útgjöld þessa málaflokks hækki að raungildi milli ára.

Jafnframt þessu verður lögð rík áhersla á öflugt

skatteftirlit en nú er unnið að tillögugerð í því sambandi á vegum fjmrn. og skattayfirvalda.

Á sviði hagræðingar er það að segja að á sama hátt og í ár verður á næsta ári gerð krafa um að stofnanir ríkisins hagræði í rekstri sínum. Á því sviði er af ýmsu að taka. Nýlega kom t.d. út skýrsla Ríkisendurskoðunar um bifreiðamál ríkisins. Þar kemur fram að heildarkostnaður vegna bifreiðanotkunar og bifreiðaeignar ríkisins á árinu 1991 er talinn hafa numið 1.8 milljörðum kr. að meðtöldum afskriftum og svarar það til um 1,5% af heildarútgjöldum A-hluta ríkissjóðs á því ári.

Útgjöld vegna bifreiðanotkunar starfsmanna námu 954 milljónum króna á árinu 1991. Þar af námu útgjöld ríkisins vegna leigðra starfsmannabifreiða rúmum 600 hundruð milljónum kr. Á síðustu tíu árum hefur kostnaður þessi aukist um rúmlega 40% á föstu verðlagi. Þriðja hverjum starfsmanni ríkisins var greitt fyrir akstur eigin bifreiðar á árinu 1991 eða um 6.000 starfsmönnum. Heildarakstur þeirra er talinn hafa numið næstum 22 milljónum kílómetra og að mati Ríkisendurskoðunar fóru um 170 ársverk í þennan akstur.

Mér segir svo hugur um að á þessu sviði sem á svo mörgum öðrum megi taka til hendi í hagræðingar- og sparnaðarskyni. Nægir í þessu efni að vísa til þeirrar niðurstöðu í nefndri skýrslu að launauppbætur séu oft dulbúnar í formi bílastyrks, eftirliti með greiðslum þessum sé á margan hátt ábótavant og reglur um ákvörðun þeirra sniðgengnar. Á hinn bóginn er og greint frá því að vel virðist staðið að bifreiðarekstri hjá stærstu stofnunum ríkisins, t.d. Pósti og síma, Vegagerð ríkisins og Rafmagnsveitum ríkisins. Það bendir eindregið til þess að almennt sé hægt að spara og hagræða á þessu sviði hjá ríkinu ef ákveðin stefna er mörkuð varðandi bifreiðamálin.

Töluverð óvissa ríkir um horfur í alþjóðaefnahagsmálum á næstu missirum og hefur óróleikinn á alþjóðagjaldeyrismörkuðum aukið þar á. Sá bati í heimsbúskapnum sem vænst hefur verið um nokkra hríð hefur látið á sér standa. Hagspár efnahagsstofnana eru þó flestar á þann veg að hagvöxtur muni aukast smám saman á næstu missirum. Á næsta ári er talið að hagvöxtur OECD-ríkjanna verði rúmlega 2% samanborið við 1,5% á yfirstandandi ári.

Horfur eru á að atvinnuleysið í OECD-ríkjunum muni aukast lítillega fram á næsta ár og verði um 8,3% að meðaltali samanborið við 7.9% í ár. Hins vegar er talið að draga muni úr atvinnuleysi með auknum hagvexti á árinu 1994 eða allt að ¼ úr prósenti á því ári.

Spáð er að verðbólga í OECD-ríkjunum haldi áfram að lækka og nái sögulegu lágmarki í árslok 1994 er hún verður 2,5% að meðaltali samkvæmt spám sem er lægsta verðbólga síðan 1960.

Þó svo að menn sjái nokkur batamerki á ytri skilyrðum þjóðarbúsins fer ekki á milli mála að sá ytri samdráttur sem hefur verið viðvarandi um nokkurt árabil hefur haft áhrif á þjóðarbúskap okkar Íslendinga. Nægir í þeim efnum að nefna áform um byggingu álvers á Keilisnesi og tilheyrandi virkjunum var slegið á frest um óákveðinn tíma sl. haust vegna erfiðleika á álmörkuðum og fjármögnun þeirra verkefna.

Þegar horft er til helstu þátta efnahagsmála hér á landi gætir sömu vandamála og víða erlendis. Sé þjóðarbúskapurinn skoðaður yfir lengra tímabil kemur í ljós að frá árinu 1987 hefur ríkt hér algjör stöðnun. Landsframleiðslan hefur dregist saman um rúmlega 1% á þessu fimm ára tímabili eða um 4 milljarða kr. á verðlagi þessa árs. Á síðasta ári jókst landsframleiðsla um 1,5% en á yfirstandandi ári hefur efnahagsþróun snúist til hins verra. Gert er ráð fyrir að landsframleiðslan dragist saman um 2,7% og þjóðartekjur um 3,8% sem stafar að mestu af rýrnun viðskiptakjara og minni sjávarafla. Á næsta ári er spáð enn frekari samdrætti í landsframleiðslu eða allt að 1,5%.

Atvinnuleysi hér á landi hefur tekið miklum breytingum til hins verra á undanförnum árum og þá í náinni samsvörun við slakt gengi framleiðslu og atvinnurekstrar. Á síðasta áratug mældist atvinnuleysi langtímum saman innan við 1%. Á síðasta ári mældist atvinnuleysi hér á landi 1,5% en í ár er talið að atvinnuleysi sé um 3% og er gert ráð fyrir að það aukist enn frekar á næsta ári eða a.m.k. um 0,5% frá árinu í ár.

Þó eru ekki bara dökkar hliðar á efnahagsþróun undanfarinna missira. Þannig hefur náðst mikilsverður árangur í viðureigninni við verðbólguna. Það er kunnara en frá þurfi að segja að verðbólgan hefur verið með erfiðustu viðfangsefnum hagstjórnar hér á landi um langt skeið. Verðbólgan er nú minni en í flestum viðskiptalöndum okkar en gert er ráð fyrir að meðalhækkun framfærslukostnaðar milli áranna 1991 og 1992 verði um 2,5–4% og milli áranna 1992 og 1993 svipuð. Til samanburðar var verðbólgan um 7% árið 1991 og um 5% 1990.

Áður en ég læt lokið umfjöllun minni um helstu þætti efnahagsmála vil ég minnast á gífurlega skuldaaukningu þjóðarinnar erlendis en á síðustu tíu árum hafa erlendar skuldir þjóðarinnar ríflega tvöfaldast í erlendri mynt. Að raungildi hafa þær aukist um 50%. Hlutfall erlendra skulda af útflutningstekjum hefur hækkað úr 119% árið 1982 í 155% á næsta ári samkvæmt áætlun. Það gefur auga leið að svona getur þetta ekki haldið áfram því þá verður efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar stefnt í tvísýnu. Í nýlegri skýrslu Seðlabanka Íslands er skýrt frá skuldsetningu heimilanna í landinu. Þar segir að á árinu 1980 svöruðu skuldir heimilanna við lánakerfið tæp 14% af landsframleiðslu en í árslok var þetta hlutfall komið í 53,5%. Skuldir heimilanna höfðu því tæplega fjórfaldast á þessu tímabili, með tilliti til landsframleiðslu. Þessar staðreyndir hljóta að vera öllum landsmönnum mikið áhyggjuefni en skemmst er að minnast þeirra atburða sem hentu frændur okkar Færeyinga en segja má að þeir hafi um sinn glatað fjárhagslegu sjálfstæði sínu.

Nú nýverið greip ríkisstjórnin til efnahagsaðgerða til að styrkja stöðu íslensks atvinnulífs og sporna gegn auknu atvinnuleysi. Aðgerðir þessar komu í kjölfar viðræðna ríkisstjórnar, aðila vinnumarkaðarins og fulltrúa sveitarfélaga. Áhrif aðgerðanna felast einkum í þrennu: Í fyrsta lagi er gripið til fjölmargra aðgerða til að styrkja stöðu atvinnufyrirtækja í landinu. Má þar

nefna lækkun á gengi íslensku krónunnar, lækkun tekjuskattshlutfalls fyrirtækja og afnám aðstöðugjalds. Í öðru lagi eru gerðar ráðstafanir til að minnka viðskiptahallann gagnvart útlöndum og í þriðja lagi að bæta afkomu ríkissjóðs þegar fram í sækir, sérstaklega á árunum 1994 og 1995. Þá er ekki síður mikilvægt í þessum ráðstöfunum að lögð er sérstök áhersla á nýsköpun í íslensku atvinnulífi með öflugu rannsókna- og þróunarstarfi í þágu atvinnulífs. Þetta atriði er sérstaklega ánægjulegt í ljósi þeirrar stöðnunar sem ríkt hefur í íslenskum þjóðarbúskap á liðnum árum. Eitt brýnasta verkefni okkar er að stækka þjóðarkökuna til þess að skapa betri lífsafkomu fólksins og ekki síður til að ná þjóðinni og heimilum í landinu úr þeirri hrikalegu skuldasúpu sem hún er komin í.

Þá miða þessar aðgerðir að því að varðveita lægstu laun og ekki síður að fyrirbyggja að atvinnuleysi aukist frá því sem nú er. Mikilvægast í þessum efnum að mínu áliti er að bægja frá atvinnuleysisvofunni því ekkert er hrikalegra fyrir einstaklinga en að búa við atvinnuleysi og þau félagslegu vandamál sem því er samfara.

Lönd í Evrópu, þar sem lífskjör eru einna best, hafa um áratuga skeið búið við litla sem enga verðbólgu. Sem dæmi má nefna Þýskaland og Sviss. Fyrir bragðið hafa einstaklingar, fyrirtæki og hið opinbera í löndum þessum lifað við stöðugt og heilbrigt ástand í peningamálum og til dæmis búið við þann lúxus að geta gert raunhæfar framtíðaráætlanir og hámarkað nýtingu þeirra fjármuna, sem til ráðstöfunar eru. Lítum nú í eigin barm.

Frá miðju ári 1970 fram til ársins 1990 ríkti óðaverðbólga á Íslandi. Rýrnun krónunnar okkar varð það hröð að fyrir þá peninga sem árið 1970 hefði mátt kaupa þriggja herbergja íbúð væri í dag aðeins hægt að fá fimm manna tjald af ódýrri gerð. Við þessar aðstæður breyttist hegðun manna. Virðing manna fyrir peningum minnkaði og í stað skipulagðra vinnubragða og ráðdeildar var höfuðáherslan lögð á eyðslu. Menn voru farnir að trúa því að því fyrr sem menn eyddu peningunum, því betra. Eyðslustefnan var það sem réði ferðinni hjá einstaklingum, fyrirtækjum og hinu opinbera.

Afleiðing eyðslustefnunnar birtist í risastórum einbýlishúsum, sem nú má fá fyrir brot af því sem kostaði að byggja þau, offjárfestingu í verslunar- og skrifstofuhúsnæði, vatnsvirkjunum sem engin þörf er fyrir, laxeldisstöðvum, refabúum og að ekki sé minnst á blessaðan sjávarútveginn og landbúnaðinn.

En afleiðing eyðslustefnunnar birtist í öðru. Einstaklingar, fyrirtæki, bankar, sveitarfélög og ríkissjóður þurfa að endurgreiða lán, greiða verðbætur og vexti, og sitja auk þess uppi með tapið af því sem margir þeirra sem hvað harðast iðkuðu eyðslustefnuna, geta nú ekki endurgreitt lánin.

Afleiðing eyðslustefnunnar kemur fram í skertum lífskjörum og atvinnuleysi. Allir landsmenn vita það vel að maður fæðir hvorki börnin sín fyrir vexti né verðbætur. Því vaknar sú spurning hvort áhrif óðaverðbólgunnar á íslenskt samfélag hafi ekki verið það slæm að við séum beinlínis orðin skemmd og öll þjóðin þurfi að fara í endurhæfingu til þess að geta þrifist við stöðugt verðlag.

Ég segi þetta meðal annars vegna þess að fjölmargir sjá einungis eina leið til þess að leysa vandann en það er að taka fleiri lán. Menn virðast ekki skilja það enn þá að ríkissjóður, sameign okkar allra, þarf að endurgreiða lánin og borga vexti og verðbætur. Að taka fleiri lán er að mínum dómi svipuð lausn og sú að hressa timbraðan alkóhólista með því að hella ofan í hann brennivíni.

Ef halda á uppi fullri atvinnu í landinu og bæta lífskjörin þá verðum við að hætta eyðslunni og taka upp gjörbreytta stefnu, stefnu sem gerir okkur hæf til þess að lifa við stöðugt verðlag. Þessa stefnu vil ég kalla nýtingarstefnu. Hún felst meðal annars í því að peningum þeim sem ríkissjóður ráðstafar, t.d. í opinberar framkvæmdir og endurbyggingu, verði einungis veitt til arðbærra verkefna, þ.e. að arðsemi framkvæmdanna verði höfð að leiðarljósi að viðbættu því að þegar gert er upp á milli hinna arðsömu verkefna þá hafi þau verkefni forgang sem útvega sem flestum vinnu.

Með nýtingarstefnunni eins og hún er skilgreind hér ávinnst margt. Störfum eins og til dæmis í byggingariðnaði fjölgar þá í fyrsta skipti í langan tíma og það sem meira er, þau skila arði til þjóðfélagsins.

Skoðum aðeins betur þetta með arðsemina. Hinn vinnandi Íslendingur hefur aldrei viljað eða gert þá kröfu að vera þurfalingur eða sá sem þiggur eitthvað frá öðrum. Hann vill gera gagn í þjóðfélaginu, láta gott af sér leiða og halda fullri reisn og bera virðingu fyrir sjálfum sér. Hann verður að hafa tilgang í lífinu. Fólk verður að hafa hlutverki að gegna.

Nýtingarstefna í stað eyðslustefnu hefur fjölmarga kosti eins og arðsemi í stað afborgana og vaxta, atvinnu í stað atvinnuleysis og sjálfstraust í stað þunglyndis.

Í bók Halldórs Laxness, Barni náttúrunnar, ráfar sveininn Randver í glímu við sjálfan sig þar sem í vitund hans togast á andstæðar hugsanir. Gamall sveitamaður verður á vegi hans og segir:

„Þú stendur á krossgötum lífsins. Við þér blasa tvær leiðir. Önnur er vegurinn niður í Helvíti eigingirninnar og sjálfselskunnar — hins versta í sjálfum þér, og þar ber sál þín úr býtum óróleika og lífsleiða. Hinn er vegurinn í Paradís göfginnar og ósérhlífninnar, vegurinn til hins sanna, guðdómlega eðlis mannsins, og þar fyllist sál þín gleði og sælu yfir vitundinni um, að þú sért að vinna heiminum gagn."

Sú ríkisstjórn sem nú situr hefur vissulega náð árangri eins og ég hef tíundað hér að framan. Það blasir hins vegar við að þau markmið sem ríkisstjórnin hefur sett sér hafa ekki öll náð fram að ganga. Margt hefur gengið vel og menn mættu til leiks í fyrra reiðubúnir til að taka á vandamálunum. Menn voru bjartsýnir á að árangur mundi nást. Við höfum trúað því og trúum því enn að okkur takist ætlunarverkið, að leysa íslensku þjóðina, atvinnulífið, launþegana úr viðjum efnahagssamdráttar og eyðslustefnu fyrri ára. Þessar aðgerðir hafa hins vegar mætt mikilli mótspyrnu, eink-

um þeirra sem láta sig efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar litlu varða.

Íslenska þjóðin stendur á svipuðum krossgötum og Randver. Skuldir þjóðarinnar vaxa ár frá ári og er nú svo komið að það tekur ekki nema nokkur ár að komast í sömu stöðu og frændur okkar í Færeyjum, sem í raun misstu fjárhagslegt sjálfstæði sitt fyrr í vetur. Nú er sú þjóð ofurseld ákvörðunum útlendinga, sem hlýtur að vera áfall hverjum sómakærum Færeyingi, að ekki sé talað um þá lífskjaraskerðingu sem nú blasir við launþegum þess samfélags.

Það blasir við þjóðinni að enn verði ríkissjóður að una við tekjufall. Fiskurinn, undirstaða lífskjaranna, þverr ár frá ári og ytri aðstæður eru okkur það óhagstæðar að fyrirheit um fjárfestingar útlendinga láta á sér standa og tilhlökkunin um efnahagslegan ábata í þeim efnum lætur á sér standa, að minnsta kosti um sinn.

Verkefnið sem við blasir er tröllslegt. Fyrri ríkisstjórnir hafa ekki haft burði til að taka á vandanum heldur haldið áfram eyðslustefnunni, haldið áfram að sökkva þjóðinni í kviksyndi skulda og óarðbærra fjárfestinga.

Ekki er nokkur vafi á því að allur almenningur skilur að aðgerða er þörf. Fólkið, sem tengist sjávarútveginum, fiskverkafólkið og sjómennirnir, skilja það reyndar betur en talsmenn stjórnarandstöðunnar að þegar vertíðin brestur, þegar minna fiskast koma minni tekjur, ekki aðeins til fólksins heldur og fyrir allt þjóðarbúið. Þeir sem alla ævina sitja í hlýju umhverfi og njóta starfsöryggis, jafnvel æviráðningar, eiga erfiðara með að skilja hver er undirstaða lífskjaranna.

Það er ekkert skemmtiverk fyrir ráðherra eða þingmenn stjórnarflokkanna að standa að erfiðum og sársaukafullum aðgerðum. Við gerum það samt því að við vitum að annars stæðum við uppi með atvinnuleysi nær 10 þúsund manna en 3–4 þúsund manns. Þeim breytingum, sem gerðar hafa verið, fylgir vissulega kjaraskerðing. Við teljum það fórn fyrir betri framtíð. Sú kjaraskerðing, sem við blasir, verður ekki til við ákvarðanir þeirra stjórnmálamanna sem nú ráða. Kjaraskerðingin varð til vegna óstjórnar fyrri ára, vegna óstjórnar þeirra stjórnmálamanna sem nú ganga hvað lengst í því að gagnrýna, rangfæra og skrökva til um þann veruleika sem við okkur blasir. Veruleika minnkandi þjóðartekna, þverrandi fiskimiða.

Í þjóðfélaginu hefur víða heyrst að sjálfsagt sé að spara, sýna ráðdeild og aðhaldssemi. Í reynd taka allir undir það tal. Það er hins vegar reglan að þeir sömu eru yfirleitt sannfærðir um að sparnaðurinn og ráðdeildin eigi að vera annars staðar en hjá þeim sjálfum.

Stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum þykir greinilega vænst um þá hagfræði eina, sem kemur svo glöggt fram í þekktri kennslubók, sem nefnd er „Litla gula hænan". Þar sagði kötturinn: Ekki ég. Þar sagði hundurinn: Ekki ég. Flest sögðu þau: Ekki ég.

Eru þetta ekki einkenni þess sem Nóbelsskáldið nefnir helvíti eigingirninnar og sjálfselskunnar. Hvernig búum við með slíku hugarþeli í haginn fyrir þá sem landið erfa?

Meginforsendur fjárlagafrv. voru byggðar á þjóðhagsáætlun sem lögð var fram í byrjun októbermánaðar sl. Þar var m.a. gert ráð fyrir því meginmarkmiði ríkisstjórnarinnar að stuðla að áframhaldandi stöðugleika í efnahagsmálum, þannig að verðbólgan verði áfram lægri en í helstu viðskiptalöndum. Eftir að fjárlagafrv. var lagt fram hafa ytri aðstæður þjóðarbúsins versnað sem m.a. kemur fram í miklum óróa á alþjóðagjaldeyrismörkuðum sem hefur veruleg áhrif á gengi gjaldmiðla sem skipta máli fyrir útflutningsafurðir okkar. Ríkisstjórnin hefur brugðist við þessum vanda eins og ég gat um hér að framan.

Fjárlaganefnd hóf undirbúning að afgreiðslu fjárlagafrv. 9. október með viðræðum við sveitarstjórnarmenn. Eins og áður auglýsti nefndin viðtalstíma þar sem þeim aðilum er þess óskuðu var gefinn kostur á að bera upp erindi sín við nefndina. Þá kallaði nefndin fyrir sig forsvarsmenn helstu stofnana ríkisins til viðræðna um starfsemi þeirra og fjárframlög. Þá voru samskipti fjárlaganefndar við einstök ráðuneyti og ráðherra umtalsverð. Þessi vinnutilhögun kemur í kjölfar þeirrar áherslu sem núverandi ríkisstjórn hefur lagt á að einstök ráðuneyti séu ábyrg fyrir þeim fjárlagaramma sem tilheyrir einstökum ráðuneytum.

Nefndin hefur haldið 44 sameiginlega fundi og til nefndarinnar hefur komið fjöldi aðila. Þá hafa einstök ráðuneyti og svo fjmrn. veitt nefndinni aðstoð við upplýsingaöflun við úrvinnslu fjárlagafrv. Ég vil fyrir hönd nefndarinnar þakka öllum aðilum fyrir gott samstarf.

Eins og á liðnum árum fengu fastanefndir Alþingis til umsagnar þann þátt fjárlagafrv. sem fjallaði um málefnasvið þeirra. Nefndirnar hafa skilað áliti sínu. Þó ekki sé komin löng reynsla á þessa tilhögun er ég ekki í vafa um að þessi nýbreytni er til bóta fyrir störf fjárlaganefndar. Eigi að síður tek ég undir þau sjónarmið fram fram komu hjá nokkrum fastanefndanna að nauðsynlegt væri að koma á fastri skipan á þetta fyrirkomulag í framtíðinni í ljósi þeirrar reynslu sem er fengin.

Er nefndin hafði lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem til hennar bárust lá fyrir að brtt. sem nefndin hafði sameiginlega unnið að leiddi til hækkunar á 4. gr. um 228,9 milljónir króna.

Í heild gera brtt. meiri hluta nefndarinnar við 2. umræðu ráð fyrir 21,1 milljón króna lækkun útgjalda frá frv.

Eins og venja er bíða til 3. umr. afgreiðsla á tekjuhlið frv., B-hluta og heimildir skv. 6. gr. Þá á eftir að færa ýmsa liði, einkum rekstrarliði, upp til verðlags vegna þeirra gengisbreytinga sem átt hafa sér stað frá því að fjárlagafrv. var lagt fram.

Auk þessa eru ýmis viðfangsefni sem bíða 3. umr., bæði stærri og smærri, sem fjárlaganefnd hefur til umfjöllunar. Í því sambandi má nefna Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, Vegagerð ríkisins, veiðistjóra og varðar það framlag vegna veiða á ref og mink, sérstakar greiðslur í landbúnaði, greiðslur vegna búvöruframleiðslu, sjúkrahús í Reykjavík, þá er sérstaklega átt við útdeilingu sparnaðar, Ríkisspítalar og í því eru Gunnarsholt og Vífilsstaðir.

Í gær fór fram á Alþingi utandagskrárumræða að beiðni oddvita stjórnarandstöðunnar í fjárlaganefnd, hv. 1. þm. Norðurl. e., Guðmundar Bjarnasonar. (**GB:** Forseti, er þetta rétt?) Þingskapaumræða. Tilgangur umræðunnar virðist fyrst og fremst hafa verið sá að koma því á framfæri við fjölmiðla að rekstrarhalli ríkissjóðs á næsta ári yrði á bilinu 7–8 milljarðar kr. en ekki 5–6 milljarðar kr. eins og stjórnarflokkarnir stefndu að. Enn fremur var að því vikið að þau vinnubrögð meiri hluta fjárlaganefndar að hafa ekki tilbúnar við 2. umr. fjárlaga allar tillögur er varða gjaldahlið fjárlagafrv. væru einsdæmi. Væri nánast ómögulegt fyrir minni hlutann að taka frv. til 2. umr. af þessum sökum. Af þessu tilefni er rétt að rifja upp að ekki eru meira en tvo ár síðan að hv. 1. þm. Norðurl. e. átti sæti í ríkisstjórn sem lagði fram frv. til fjárlaga fyrir árið 1991. Hvernig skyldi hafa verið háttað með afgreiðslu þáv. meiri hluta fjárlaganefndar við 2. umr. í desembermánuði 1990 vegna ýmissa mála sem þá voru óafgreidd af þáv. ríkisstjórn? Ekki væri úr vegi og ég sakna þess að hv. 8. þm. Reykn., Ólafur Ragnar Grímsson, er ekki staddur hér en hann hefði þurft að leggja við hlustir.

Í nál. meiri hluta fjárveitinganefndar við frv. til fjárlaga fyrir árið 1991 segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Nokkur fleiri mál bíða því 3. umr. nú en vanalegt er og eru skýringarnar á því eins og áður sagði annars vegar að ýmis álitamál eru enn ófrágengin og hins vegar að ríkisstjórnin boðaði með fjárlagafrv. ýmsar breytingar sem hafa áhrif á bæði útgjalda- og tekjuhlið frv. en hafa enn ekki verið sýndar með flutningi frumvarpa á Alþingi."

Við 3. umr. fjárlagafrv. fyrir árið 1991 voru útgjöld hækkuð um 1,7 milljarða kr. Meðal þeirra viðbótarútgjalda var framlag til Tryggingastofnunar ríkisins að fjárhæð 133 milljónir kr. en eins og þingheimi er kunnugt var hv. 1. þm. Norðurl. e. þá heilbrrh.

Eins og af framansögðu má ráða hafa ýmis mál á liðnum árum, bæði á tekna- og gjaldahlið fjárlagafrv. verið afgreidd við 3. umr. Að svo skuli gert nú er því alls ekki einsdæmi eins og gefið hefur verið í skyn. Þess vegna var alls ekkert tilefni til uppákomu af því tagi sem sett var á svið í þinginu í gær varðandi fjárlagadæmið fyrir næsta ár. Eins og endranær verður að spyrja að leikslokum um endanlega niðurstöðu. Menn geta svo reiknað og spáð hver hallinn verður endanlega ef þeir vilja en niðurstaða fæst auðvitað ekki fyrr en Alþingi hefur endanlega afgreitt og lagfært fjárlagafrv.

Meiri hluti nefndarinnar stendur að flestum brtt. en mun skila sérálíti og hefur nú þegar gert það.

Mér láðist að geta þess áðan í því er tekið verður til 3. umr. að nefndin hefur ekki fjallað um skiptingu á viðhaldsfé sem ríkisstjórnin hefur gert tillögu um en það verður gert við 3. um.

Vil ég nú víkja að einstökum þáttum þeirra tillagna sem gerðar hafa verið og flytja skýringar við þær.

Fyrsta tillagan á þskj. 437 varðar Alþingi. Þar er lagt til að Alþingiskostnaður hækki um 31,3 millj. kr. en stór hluti þessarar hækkunar er vegna verkefna sem Alþingi hefur tekið að sér fyrir aðrar stofnanir. Fjárln. samþykkti að fara að tillögu forsætisnefndar um útgjöld Alþingis. Forsætisnefnd er skipuð fulltrúum allra stjórnmálaafla á Alþingi og var samþykkt forsætisnefndar einróma.

Hvað varðar umboðsmann Alþingis er lagt til að önnur rekstrargjöld embættisins verði hækkuð um 0,9 millj. kr.

Gerð er tillaga um að framlag til Ríkisendurskoðunar hækki um 3 millj. kr. Launagjöld hækki um 1,4 millj. kr. en sértekjur lækki um 1,6 millj. kr. en í athugasemd við frv. til fjárlaga segir m.a.:

„Þá er gert ráð fyrir að embættið afli sértekna fyrir sérstök verkefni sem það vinnur að fyrir aðila innan stjórnkerfisins og ekki falla undir almennan verkahring þess."

Ríkisendurskoðun hefur ekki og áformar ekki að vinna að öðrum verkefnum en lög um stofnunina gera ráð fyrir. Þar kemur til að stofnunin telur að nokkuð vanti á að hún geti sinnt þessum verkefnum nægilega vel og því ekki svigrúm miðað við starfsmannafjölda að sinna öðrum verkefnum.

Þá er komið að brtt. er varða menntmrn.

Í frv. til fjárlaga eru 40 millj. kr. ætlaðar til kostnaðar við framkvæmd EES-samninga. Í brtt. fjárln. er stærstum hluta þeirra dreift á aðalskrifstofur ráðuneytanna. Nánar er gerð grein fyrir þessu í umfjöllun um fjmrn. hér á eftir.

Hvað varðar Háskóla Íslands er lagt er til að framlag til skólans hækki um 35,2 millj. kr. Til vinnumatssjóðs háskólans eru ætlaðar 30 millj. kr. en það er í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að styðja við rannsóknir og þróunarstarf. Einnig er gerð tillaga um 2 millj. kr. framlag til bættrar stjórnunar innan háskólans. Lagt er til að veittar verði 3,2 millj. kr. til tveggja nýrra stöðugilda, prófessors í fiskifræði og prófessors í heimilislæknisfræði. Aðrar breytingar sem gerðar eru á viðfangsefnum háskólans eru millifærslur milli viðfangsefna eins og fram kemur í nál. fjárln. Breytingar þessar eru gerðar í samráði við háskólaritara og hafa ekki áhrif til hækkunar eða lækkunar.

Af sama toga eru brtt. varðandi Tilraunastöðina að Keldum. Um er að ræða tilfærslur milli viðfangsefna stöðvarinnar og eru þær gerðar í samráði við fjármálastjóra Keldna.

Hvað varðar Raunvísindastofnun Háskólans þá hækkar fjárveiting alls um 5,4 millj. kr. Til kostnaðar við öflun styrkja frá útlöndum og tækniflutnings innan lands eru ætlaðar 1,4 millj. kr. Hefð er fyrir samskiptum milli stofnunarinnar og útlanda og eru nú milli 120 og 150 verkefni í gangi. Efling þessara samskipta er á góðri leið til þess að afla sértekna að utan. En það kostar fjármagn og herkostnað að afla hins útlenda fjár og því er hér lagt til að veita 1,4 millj. kr. til þess að standa straum af kostnaði við eflingu erlendra vísindasamskipta. Fjárveitingin er einnig ætluð til að efla tækniflutning innan lands en samskipti eru við fyrirtæki víða á landinu þar sem þekking og reynsla Raunvísindastofnunar er aflvaki atvinnutækifæra á landsbyggðinni. Lagt er til að veita 3,2 millj. kr. til rekstr-

ar- og efniskostnaðar á rannsóknastofum stofnunarinnar en rannsóknir á sviði raunvísinda krefjast grunnkostnaðar sem er óumflýjanlegur.

Að lokum eru lagðar til 0,8 millj. kr. til hálfrar stöðu sérfræðings við kjarnarófstækið, NMR, fullkomnasta efnagreiningatæki landsins, sem krefst mikillar sérfræðiþekkingar og fasts starfsmanns til þess að nýtast eins og til er ætlast.

Hvað varðar Tækniskóla Íslands þá er gerð er tillaga um 9 millj. kr. hækkun fjárveitingar til tækjakaupa og að fullgera tölvuteikniver hjá skólanum. Í könnun sem gerð var fyrr á þessu ári meðal aðila sem hafa tæknifræðinga í vinnu kom fram það álit að nýútskrifaða tæknifræðinga skorti tilfinnanlega kunnáttu í tölvuvæddri teikningu og hönnun. Undanfarin ár hefur verið reynt að kenna þessa hluti, en sú kennsla hefur að mestu verið í skötulíki vegna vöntunar á tækjabúnaði.

Ég vil vekja sérstaka athygli á að tengslum tækni- og verkmenntaskóla við atvinnulífið. Tengslin eru hættulega lítil og brýnt er að þessir aðilar í sameiningu finni leiðir til aukins samstarfs. Það á að vera hagur atvinnulífsins að þessir skólar séu vel búnir tækjum og til þess að svo geti orðið þarf fjárstuðning frá fyrirtækjum.

Hvað varðar almenna framhaldsskóla, viðhald og stofnkostnað, þá er framlag til byggingarframkvæmda hækkað um 7 millj. kr. Heildarframlag til viðhalds og byggingarframkvæmda er þá 533,7 millj. kr. og er sundurliðun sýnd í brtt. fjárln. á þskj. 437.

Hvað varðar Námsgagnastofnun er gerð er tillaga um hækkun fjárveitingar til Námsgagnastofnunar um 8 millj. kr. til að mæta álagningu virðisaukaskatts á innlendar bækur. Á árinu 1992 mun stofnunin framleiða og dreifa til grunnskóla náms- og kennslugögnum fyrir 220 millj. kr. Þar af eru um 195 millj. kr. undanþegnar virðisaukaskatti. Með tilkomu 14% virðisaukaskatts á innlendar bækur mun stofnunin þurfa að skila skatti af áður óskattlagðri framleiðslu sinni.

Hvað varðar Vélskóla Íslands er framlag til tækjakaupa skólans er hækkað um 2 millj. kr. en það er ætlað til að hefjast handa við hönnun og smíði á kennslukælikerfi á næsta ári. Samkvæmt alþjóðasamþykktum sem Ísland er aðili að þurfa að eiga sér stað gagngerar breytingar á kælikerfum vegna ósoneyðandi áhrifa freon-kælimiðla. Íslendingar eru fyrst og fremst matvælaframleiðsluþjóð þar sem kælitækni skiptir gífurlega miklu máli og mikil aukning hefur orðið á kælitækjum til sjós með tilkomu frystitogaranna. Góð menntun vélstjóra á þessu sviði skiptir því miklu máli varðandi rekstraröryggi og rekstrarhagkvæmni.

Hvað varðar grunnskóla almennt þá er framlag til Hlíðardalsskóla, Ölfusi, sem starfræktur er af Sjöunda dags aðventistum á Íslandi, hækkað um 0,9 millj. kr. Skólinn sendi fjárln. beiðni um nær tvöföldun framlags til að geta lækkað skólagjöld en þau eru nú 325 þús. kr. yfir veturinn fyrir hvern nemanda. Fjárln. taldi ekki unnt að koma að fullu til móts við óskir skólans en leggur til að framlag til skólans í fjárlögum 1993 verði 6 millj. kr.

Í frv. til fjárlaga var gerð sú breyting á framsetningu svokallaðra safnliða menntmrn. að í stað þess að sundurgreina framlög til einstakra verkefna var gerð tillaga um heildarfjárveitingu til tiltekinna málaflokka. Í brtt. fjárln. gengur þessi ráðstöfun að nokkru leyti til baka en teknir eru inn nokkrir nýir liðir.

Þá er komið að brtt. er lúta að utanrrn. Gerð er tillaga um að framlag hækki um 15,5 millj. kr. vegna kostnaðar við EES-samninga. Kostnaðurinn er þríþættur. Í fyrsta lagi eru 10 millj. kr. til að standa straum af kostnaði við húsnæði í Brussel þar sem fastafulltrúum einstakra ráðuneyta er ætlað að hafa aðstöðu. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 3 millj. kr. tilfærslu til íslenskra hagsmunasamtaka til að gera þeim kleift að fylgjast með starfi EFTA og EB, m.a. gegnum ráðgjafarnefnd EFTA. Loks er gert ráð fyrir 2,5 millj. kr. hækkun til að bæta við starfi í Brussel til að sinna auknu álagi. Þá er gerð tillaga um 2 millj. kr. framlag til Útflutningsráðs Íslands en framlag til ráðsins í fjárlögum 1992 nemur 10 millj. kr.

Næst eru brtt. er lúta að landbrn. Hvað varðar Búnaðarfélag Íslands er gerð tillaga um 3 millj. kr. hækkun á framlagi til Búnaðarfélags Íslands til að mæta greiðslu uppbóta á lífeyri frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, LSR, til fyrrverandi héraðsráðunauta og frjótækna. Ríkissjóður hefur um langan tíma greitt sem nemur 65% af launum héraðsráðunauta og frjótækna. Fram til ársins 1986 voru þessir embættismenn aðilar að LSR, en frá 1987 hafa þeir verið aðilar að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Þeir starfsmenn sem höfðu aðild að LSR og hafa náð eftirlaunaaldri hafa fengið greiddan lífeyri frá LSR til samræmis við áunnin réttindi. Fjmrn. hefur hins vegar ekki fallist á að þeir væru skilgreindir sem ríkisstarfsmenn og því ekki greitt sjóðnum uppbætur á lífeyri þeirra. Uppbæturnar hafa þannig safnast upp sem skuld héraðsbúnaðarsambanda við LSR og nemur nú um 14 millj. kr. Fjárln. hyggst gera tillögu við 2. umr. fjáraukalaga fyrir árið 1992 um viðbótarframlag til Búnaðarfélags Íslands vegna þessarar skuldar. Á árinu 1993 eru þessar uppbætur áætlaðar 3 millj. kr.

Hvað varðar Hagþjónusta landbúnaðarins er lagt til að framlag til hennar hækki um 0,4 millj. kr. Horfið er frá skipulagsbreytingum sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. en við það var miðað að stefna að sameiningu eða náinni samvinnu Hagþjónustunnar og búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Eins og fram kemur í nál. fjárln. er hækkun til RALA ætluð til afborgana af lánum vegna framkvæmda við tilraunastöðina á Stóra-Ármóti. Nú eru liðin fimm ár frá því að tilraunastöðin tók til starfa og á þessum tíma hefur átt sér stað mikil uppbygging. Gert er ráð fyrir að búið standi undir öllum breytilegum og hálfföstum kostnaði en tryggja þarf fjármagn utan bús til fjárfestinga og afborgana af lánum. Alls hvíla rúmar 25 millj. kr. á búinu og greiðslubyrði er í kringum 3 millj. kr. á ári. Gert er ráð fyrir að ríkið komi að hálfu inn í afborganir á móti sunnlenskum bændum.

Skógrækt og landgræðsla. Framlag til skógræktar-

átaks á Fljótsdalshéraði, svokallaðrar Héraðsskógaáætlunar, hækkar um 3,4 millj. kr. Í fjárlagafrv. er það allnokkru lægra en í fjárlögum yfirstandandi árs. Gerðir hafa verið 50 bindandi samningar sem taka til 3.900 hektara lands næstu tíu árin. Stefnt er að því að gróðursetja um 1,5 milljón plöntur árlega á þessu landsvæði. Þessi starfsemi hefur m.a. skapað skólafólki atvinnu yfir sumartímann. Í ljósi slæmra horfa í atvinnumálum telur fjárln. rétt að hækka framlag ríkisins til átaksins um 3,4 millj. kr. á næsta ári, enda verði sú fjárhæð til að halda upp svipaðri starfsemi og í ár.

Gerð er tillaga um 1,5 millj. kr. hækkun til Veiðimálastofnunar. Á síðastliðnu sumri var gert mikilvægt átak í veiðieftirliti á sjó með ströndum landsins. Þar kom til samstarf veiðieftirlitsmanna á vegum hins opinbera, á vegum veiðifélaga og einstakra hafbeitarstöðva auk landhelgisgæslu. Eftirlitið var samræmt af nefnd áðurnefndra aðila og fulltrúa stangaveiðimanna undir forsæti veiðimálastjóra. Hér er gert ráð fyrir að verkefni þessu verði haldið áfram og að ríkið greiði hluta kostnaðar á móti hagsmunaaðilum. Veiðiréttareigendur greiða hins vegar alfarið kostnað vegna veiðieftirlits í eigin ám.

Bændaskólinn á Hvanneyri. Gerð er tillaga um 2 millj. kr. hækkun til að hefja uppbyggingu framtíðartölvukerfis fyrir skólann. Starfsemi hans fer fram í allmörgum húsum sem mynda kjarna byggðarinnar á Hvanneyri. Hagsýsla ríkisins var fengin til að gera tillögur að samræmdu kerfi sem gæti tengt saman þessa vinnustaði. Í tillögum Hagsýslunnar er gert ráð fyrir svokölluðu staðarneti fyrir tölvur sem rúmað getur alla starfsemina. Gert er ráð fyrir að nýta öflugustu vélarnar í eigu skólans en meginhluti af núverandi tölvukosti er í raun úreltur. Að mati Hagsýslunnar er heildarkostnaður við uppsetningu netstöðvar og kaup á nauðsynlegum búnaði um 9 millj. kr.

Þá er komið að brtt. er heyra undir sjútvrn. Hvað varðar Hafrannsóknastofnun þá er gerð tillaga um 2 millj. kr. hækkun á framlagi til stofnunarinnar vegna alþjóðlegrar ráðstefnu um áhrif umhverfisbreytinga á þorskstofna sem haldin verður hér á landi næsta sumar.

Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi. Lögð er til 1,6 millj. kr. hækkun framlags til sjóvinnukennslu og er þá til ráðstöfunar 2,8 millj. kr. Fjárln. vill með þessari fjárveitingu tryggja að áfram starfi í tengslum við ráðuneytið maður sem hafi umsjón með sjóvinnukennslu í skólum landsins. Til þessa hefur viðkomandi umsjónarmaður starfað hjá Fiskifélaginu og er það hugmynd nefndarinnar að svo verði áfram.

Brtt. er heyra undir dóms- og kirkjumrn. eru eftirfarandi:

Undir liðunum dómsmál, ýmis kostnaður og ýmis löggæslukostnaður, er um að ræða tilfærslur á fjárveitingu milli fjárlagaliða vegna biðlauna nokkurra starfsmanna dómsmálastofnana eins og gerð er grein fyrir í nál.

Hvað varðar prestaköll og prófastsdæmi er lögð til 3 millj. kr. hækkun á launagjöldum vegna tveggja stöðugilda presta. Annars vegar er um að ræða stöðu farprests en ekki er tekin afstaða til hvar á landinu hann verði ráðinn. Hins vegar er um að ræða stöðu aðstoðarprests í Vestmannaeyjum en laun aðstoðarprests í hlutastarfi er nú greidd af sóknargjöldum en þörf er fyrir aukið fé vegna umfangsmikils og stöðugt vaxandi starfs.

Kirkjumál, ýmis kostnaður. Lagt er til að taka upp nýjan lið og veita 1,4 millj. kr. til Kirkjumiðstöðvar Austurlands en liður þessi hefur fengið fjárveitingu af safnlið undir dóms- og kirkjumrn. sem hefur verið skipt með bréfi frá fjárln. Kirkjumiðstöðin er samstarfsverkefni 50 safnaða á Austurlandi. Að auki er lögð til 2 millj. kr. hækkun til Hóladómkirkju og 1 millj. kr. hækkun til Snorrastofu.

Þá er komið að tillögum er lúta að félmrn.

Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ. Framlag til heimilisins er hækkað um 2 millj. kr. Heimilið var gefið íslenska ríkinu árið 1976 og óskuðu gefendur að heimilið yrði í umsjón heilbrrn. þó svo að eðli starfseminnar heyrði undir félmrn. Það kom í hlut Ríkisspítala að annast rekstur þess. Tillögur Ríkisspítala um fjárframlög til heimilisins hafa á síðustu árum ekki fengið nægan stuðning hjá félmrn. sem m.a. hefur leitt til fjárhagsvanda heimilisins. Málefni vistheimilisins hafa þannig lent á milli tveggja ráðuneyta sem vísa hvort á annað. Fjárln. leggur áherslu á að komið verði á betri skikkan á þessi stjórnunarmál, þannig að sama ráðuneyti beri fjárhagslega og faglega ábyrgð á heimilinu í framtíðinni.

Vinnueftirlit ríkisins. Lögð er til 0,5 millj. kr. hækkun á launagjöldum vegna hálfrar stöðu fulltrúa til að geta lokið tilflutningi verkefna frá Reykjavík til umdæmisskrifstofa. Á móti hækka sértekjur um 0,2 millj. kr. þannig að framlag hækkar alls um 0,3 millj. kr.

Vinnumál. Lagt er til að framlag til Alþýðusambands Íslands verði 13 millj. kr. Er það gert í ljósi þeirra umfangsmiklu starfsemi sem þessi heildarsamtök verkalýðshreyfingarinnar inna af höndum í almannaþágu.

Félagsmál, ýmis starfsemi. Lögð er til hækkun á framlagi til Kvennaathvarfs í Reykjavík um 1 millj. kr. og Stígamóta um 0,5 millj. kr. Framlag til þessara málefna hafa hækkað verulega umfram almennar verðlagshækkanir enda hefur mönnum orðið æ betur ljós nauðsyn þess að styðja við bakið á starfsemi sem þessari.

Þá er komið að brtt. er varða heilbr.- og trmrn.

Tryggingastofnun ríkisins. Fyrst er að greina frá tillögum til breytinga á framlögum til almannatrygginga. Framlög til lífeyristrygginga breytast bæði til lækkunar og hækkunar. Samkvæmt stjfrv. til breytinga á lögum um almannatryggingar er gert ráð fyrir að mæðra- og feðralaun verði lækkuð í þeim mæli að þau falli niður með fyrsta barni og lækki samsvarandi með tveimur börnum og fleiri. Talið er að útgjöld ríkisins lækki vegna þessa um 605 millj. kr. og til viðbótar við 75 millj. kr. lækkun á þessum launum sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Á móti lækkun mæðra- og feðralauna kemur 60% hækkun á barnalífeyri og meðlögum. Sú hækkun er talin auka útgjöld ríkisins um 180

millj. kr. Nánari skýringar vegna þessara breytinga er að finna í grg. með áðurnefndu stjfrv.

Í fjárlagafrv. er ráðgert að ná fram 200 millj. kr. lækkun á útgjöldum ríkisins vegna fæðingarorlofs. Ljóst er að sú lækkun næst ekki fram nema að hluta og er því lögð til hækkun á framlagi til þessa þáttar um 150 millj. kr. Talið er að það sem upp á vantar náist með því að herða á framkvæmd greiðslna í fæðingarorlofi.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar er stefnt að því að eignatengja lífeyrisgreiðslur, enda nái fram að ganga áform um fjármagnseignarskatt. Ekkert hefur orðið úr þeim áformum enn og því er lagt til að lífeyrisgreiðslur hækki um 200 millj. kr. vegna þessa. Loks er talið að áformuð endurskoðun á ýmsum félagslegum sérbótum lífeyristrygginga skili 75 millj. kr. en ekki 100 millj. kr. eins og gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Að öllu samanlögðu munu útgjöld ríkisins til lífeyristrygginga lækka um 50 millj. kr. og er það tillaga meiri hluta fjárln.

Næsti liður almannatrygginga eru sjúkratryggingar. Lögð er til 250 millj. kr. lækkun á þessum lið. Á vegum heilbrrn. eru í undirbúningi viðtækar aðgerðir til að hemja útgjöld sjúkratrygginga. Þær aðgerðir munu beinast að því að ná fram betri nýtingu á því fé sem ríkissjóður leggur til þessara þátta almannatrygginga. Áhersla verður lögð á að auka kostnaðarvitund þeirra sem veita þjónustuna og þeirra er njóta hennar.

Að því er stefnt að ná fram lækkun á lækniskostnaði sjúkratrygginga um allt að 300 millj. kr. á ársgrundvelli þannig að sá kostnaður verði 120 millj. kr. lægri en áætlað er í fjárlagafrv. Talið er að þessi kostnaður nemi allt að 1.500 millj. kr. á árinu 1992. Þar af verði greiðslur til sérfræðinga 1.100 millj. kr. og greiðslur til heimilislækna 400 millj. kr. Í annan stað eru í undirbúningi í heilbrrn. tillögur sem ætlaðar eru til að lækka lyfjaútgjöld ríkisins um rúmlega 500 millj. kr. á næsta ári frá því sem stefnir í ella. Stefnt er að því að framlag ríkisins til lyfjakaupa verði eigi hærra en 2.500 millj. kr. eða 30 millj. kr. lægri en gert er ráð fyrir í forsendum fjárlagfrv. Áðurnefnt stjfrv. um breytingar á almannatryggingum hefur m.a. að geyma ákvæði sem tryggja eiga betri nýtingu á því fé sem varið er til lyfjakaupa.

Sama frv. tekur enn fremur á tannlæknakostnaði. Greiðsluhlutdeild sjúkratryggðra í tannlæknakostnaði er samræmd og verður hvergi núll en algengast er að hún verði 25%. Talið var að tannlæknakostnaður á þessu ári mundi lækka um 150 millj. kr. frá árinu 1991 vegna lægri greiðsluhlutdeildar ríkisins í vissum viðgerðum og samninga við tannlækna. Í reynd er lækkunin óverulega og í ljós hefur komið að í þeim tilvikum sem greiðsluþátttaka ríkisins er algjör hefur kostnaðurinn vaxið verulega. Kostnaður ríkisins í tannlæknakostnaði er áætlaður 764 millj. kr. eða 100 millj. kr. lægri en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv.

Þriðji flokkur almannatrygginga eru slysatryggingar. Gerð er tillaga um 50 millj. kr. hækkun á þeim lið. Í frv. til fjárlaga var gert ráð fyrir að færa slysatryggingar að hluta eða öllu leyti til almennra tryggingafélaga á árinu 1993, enda bjóða þau upp á svipaðar tryggingar. Áformað var að ná fram 100 millj. kr. sparnaði með þeirri breytingu. Fyrsta skrefið í þessa átt verður stigið á næsta ári með því að fella niður slysatryggingu ökumanns úr ákvæðum laga um almannatryggingar. Það mun hins vegar einungis leiða til 50 millj. kr. sparnaðar fyrir ríkissjóð.

Hvað varðar landlækni er lögð til 10 millj. kr. hækkun sem er ætluð Krýsuvíkursamtökunum til reksturs meðferðarheimilis í Krýsuvík. Heimilið tekur við vímuefnaneytendum 18 ára og eldri sem aðrar meðferðarstofnanir hafa gefist upp á. Þessir sjúklingar þarfnast langtímameðferðar, endurhæfingar, grunnskólamenntunar og þjálfunar í mannlegum samskiptum.

Hvað varðar Heyrnar- og talmeinastöð Íslands er gerð er tillaga um 5 millj. kr. hækkun vegna innréttinga og húsbúnaðar í viðbótarhúsnæði stöðvarinnar. Húsnæðismál stofnunarinnar hafa verið í skoðun í langan tíma, en stöðin hefur búið við mjög þröngan húsakost. Til stóð að stöðin yrði flutt í nýtt húsnæði en nú hefur fengist leigt viðbótarhúsnæði á núverandi stað sem nægja mun rekstrinum. Þetta er mun ódýrari lausn á húsnæðisvanda stofnunarinnar en þær lausnir sem hafa verið til skoðunar. Gerður hefur verið leigusamningur til 10 ára og talið er að núverandi rekstrarfjárveiting dugi til að standa undir viðbótarleigu.

Hvað varðar málefni fatlaðra er þáttur sem lýtur að hjarta- og lungnasjúklingum en lagt er til að framlag til endurhæfingarstöðvar hjarta- og lungnasjúklinga verði hækkað um 2,4 millj. kr. Stöðin tók til starfa á árinu 1989. Við afgreiðslu fjárlaga 1991 var þess óskað að framlag ríkisins yrði hækkað svo unnt yrði að hafa tvo hópa í frumendurhæfingu á göngudeild í stað eins og bæta við einum hópi lungnasjúklinga. Alþingi féllst á nokkra hækkun framlags eða 1,5 millj. kr. Þessi þjónusta stöðvarinnar er talinn ódýrari kostur fyrir ríkið en annars staðar væri völ á. Hækkun á framlagi nú stuðlar að því að þessi rekstur geti starfað með óbreyttu fyrirkomulagi á árinu 1993.

Hvað varðar sjúkrahús og læknisbústaði þá er lagt er til að taka upp tvo nýja liði, Hlaðgerðarkot 6 millj. kr. og Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands sem gerð er tillaga um að fái 12,5 millj. kr. Um er að ræða framlag til endurbóta á húsnæði.

Hvað varðar heilbrigðismál og ýmsa starfsemi þá er gerð er tillaga um tvo nýja liði. Annars vegar er lagt til að veittar verði 5 millj. kr. til fræðilegra rannsókna á greiningu fósturgalla með það að markmiði að auka nákvæmni í mælingu slíkra galla. Hins vegar er lögð til 10 millj. kr. fjárveiting til Bláalónsnefndar en í fjárlögum 1992 er fjárveiting 7 millj. kr.

Hvað varðar Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið er lagt er til að framlag til starfsemi sjúkrastofnana SÁÁ hækki um 15 millj. kr. Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir 35 millj. kr. lækkun á framlagi til starfsemi sjúkrastofnana SÁÁ. Að undanförnu hafa átt sér stað viðræður milli stofnunarinnar og heilbrrn. um framtíðarskipan þessara mála. Nú hefur heilbrrh. kynnt fyrir fjárln. samkomulag sem hann hefur gert við for-

svarsmenn SÁÁ um að undirbúinn verði samningur milli heilbrrn. og SÁÁ um þjónustu þá sem ríkissjóður kaupir af SÁÁ vegna meðferðar áfengissjúkra. Stefnt er að því að slíkur samningur geti tekið gildi í ársbyrjun 1994 og yrði frá og með þeim tíma rekstur meðferðarstofnana SÁÁ alfarið á ábyrgð samtakanna sjálfra, en ríkið greiddi tiltekna fjárhæð fyrir umsamda þjónustu.

Hvað varðar heilsugæslu í Reykjavík þá er hér um að ræða tilfærslur milli heilsugæslustöðva í Reykjavík og er nánar gerð grein fyrir þeim í nefndaráliti. Millifærslurnar eru gerðar að beiðni samstarfsráðs heilsugæslustöðva í Reykjavík og stjórnar heilbr.- og trmrn. þá beiðni.

Hvað varðar Heilsugæslustöð Suðurnesja þá er lögð er til 1,8 millj. kr. hækkun launagjalda vegna stöðu heilsugæslulæknis, en stöður heilsugæslulækna á Suðurnesjum eru óeðlilega fáar miðað við íbúafjölda.

Næst eru breytingartillögur er varða fjmrn. Í fjárlagafrv. eru 40 millj. kr. ætlaðar til kostnaðar við framkvæmd EES-samninga. Á grundvelli beiðna ráðuneyta um fjárveitingar til að standa straum af viðbótarkostnaði vegna þátttöku í væntanlegu EES-samstarfi lagði fjmrn. fyrir fjárln. tillögu að skiptingu á þessu fé á aðalskrifstofur ráðuneytanna. Skipting meiri hluta fjárln. sem birtist í breytingatillögum meiri hlutans er eftirfarandi:

Menntmrn. 2,5 millj. kr., utanrrn. 15,5 millj. kr., landbrn. 0,5 millj. kr., sjútvrn. 1 millj. kr., dóms- og kirkjumrn. 0,5 millj. kr., félmrn. 1,5 millj. kr., heilbrrn. 5 millj. kr., fjmrn. 1,1 millj. kr., samgrn. 0,5 millj. kr., iðnrn. 1 millj. kr., viðskrn. 1 millj. kr., Hagstofa Íslands 1 millj. kr. og umhvrn. 2 millj. kr.

Alls eru þetta 33,1 millj. kr. þannig að eftir standa 6,9 millj. kr. til síðari ráðstöfunar.

Auðsýnt er að ekki verður gerlegt að sinna öllum þeim nefndum og sérfræðingahópum sem boðið er upp á að Ísland taki þátt í. Sú venja hefur þegar myndast í öllum samskiptum Íslands við alþjóðastofnanir að tekið sé þátt í starfi mikilvægustu nefnda og ráða með þátttöku manna er koma héðan að heiman. Að baki tillögu fjárln. að skiptingu þessa fjár liggur sú stefnumörkun að fastafulltrúar Íslands í Genf og Brussel fylgist með og sinni sem mest störfum einstakra nefnda fyrir hönd einstakra ráðuneyta. Fundir verði því aðeins sóttir í helstu nefndum og þá í þeim tilfellum þar sem beinlínis er verið að fjalla um hagsmuni Íslands eða semja um ákveðin mikilvæg málefni. Kjósi einstök ráðuneyti að sækja fundi því til viðbótar verði þau að kosta slíkt af almennum fjárveitingum sínum.

Þá er komið að brtt. er lúta að samgrn. Lagt er til að viðfangsefni 1.31 Flugbjörgunarsveitir fái nýtt heiti, Landsbjörg. Á síðasta ári sameinuðust Landssamband flugbjörgunarsveita og Landssamband hjálparsveita skáta í ein samtök sem nefnast Landsbjörg. Í fjárlögum 1992 er gert ráð fyrir framlagi til samtakanna sem sameinuðust undir sitt hvoru ráðuneytinu, þ.e. samgrn. og menntmrn. Eftir áðurnefnda sameiningu þykir meiri hluta fjárln. rétt að sameina framlögin undir eitt ráðuneyti, samgrn., enda er starfsemi þeirra háttað með líkum hætti og Slysavarnafélag Íslands en framlög til starfsemi á vegum félagsins eru vistuð hjá samgrn. Í fjárlagafrv. eru 2 millj. kr. ætlaðar til starfsemi flugbjörgunarsveita líkt og í fjárlögum yfirstandandi árs. Lagt er til að framlagið verði hækkað um 4 millj. kr.

Hafnamál. Lagt er til að framlag til ferjubryggja hækki um 2 millj. kr. og að tekinn verði inn nýr liður, Hafnarmannvirki, Sandgerði, og er framlag 25,1 millj. kr. Á móti þessum hækkunum lækkar framlag til hafnamannvirkja um sömu fjárhæð og verður 781,9 millj. kr. Sundurliðun á fjárveitingum til hafnamannvirkja, ferjubryggja og sjóvarnagarða er sýnd á þingskjali 437.

Hvað varðar Ferðamálaráð er hækkun sem hér er lögð til er sérstaklega ætluð ferðamálasamtökum landshlutanna. Mikil gróska hefur verið í ferðamálum um land allt og hafa ferðamálasamtök landshlutanna átt þar stóran hlut að máli. Fjárln. vill með þessari fjárveitingu stuðla að frekari uppbyggingu samtakanna. Ferðamálaráði er ætlað að skipta fjárhæðinni.

Að lokum eru breytingartillögur er varða umhvrn. Gerð er tillaga um að framlag til yfirstjórnar ráðuneytisins hækki um 3 millj. kr., þar af eru 2 millj. kr. vegna kostnaðar við framkvæmd EES-samninga. Til stöðu húsvarðar eru ætluð 1 millj. kr.

Hvað varðar ýmis verkefni þá er lögð er til 1 millj. kr. hækkun vegna svokallaðrar Montreal-bókunar. Árgjald Íslands vegna þessarar bókunar verður 27.000 dollarar en ekki 25.000 dollarar eins og gert var ráð fyrir í vinnslu fjárlagafrv.

Þá hef ég lokið yfirferð yfir breytingartillögur fjárln. og meiri hluta fjárln. á þskj. 437 og 438. Til viðbótar við það sem ég hef sagt um einstakar tillögur vil ég taka eftirfarandi fram:

Sýslumannsembætti. Rétt er að benda á breytingar á heitum sýslumannsembætta sem hafa ekki verið settar fram sem breytingartillögur. Um er að ræða hreint formsatriði og er gert í samræmi við reglugerð nr. 57/1992, um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna. Nöfnum hefur verið breytt á þá leið að forsetningu er bætt inn í nöfnin. Dæmi: Sýslumaðurinn Reykjavík verður Sýslumaðurinn í Reykjavík, Sýslumaðurinn Akranesi verður Sýslumaðurinn á Akranesi o.s.frv. Sú breyting sem er kannski sjáanlegust er undir utanríkisráðuneyti en lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli fær nú heitið *sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.*

Hvað varðar Háskólann á Akureyri er þetta að segja. Menntmrh. hefur kynnt í ríkisstjórn fyrirætlanir sínar um að stofnuð verði kennaradeild við Háskólann á Akureyri og lagt til að 5 millj. kr. verði varið til deildarinnar á fjárlögum 1993. Fjárln. mun taka afstöðu til tillögu menntmrh. milli 2. og 3. fjárlagaumræðu.

Hvað varðar Landhelgisgæsluna þá er það að segja að þrátt fyrir 7% hækkun fjárveitingar til Landhelgisgæslunnar miðað við fjárlög þessa árs, mun reynt að halda úti öllum þremur varðskipunum í stað þess að leggja einu þeirra allt árið. Reynsla Landhelgisgæslunnar er sú að það sé ódýrara að draga úr rekstri allra skipanna, með því að leggja hverju þeirra fyrir sig

meðan áhafnir þeirra taka út sumarleyfi sín og áunna frídaga, en að leggja einu skipi alveg, sem leiðir til uppsagna fjölda starfsmanna með mikla þjálfun og reynslu. Jafnframt verður dregið úr flugrekstri Landhelgisgæslunnar til að ná endum saman. Það er því skoðun meiri hluta fjárln. að hyggilegt sé að áðurgreindum 7% niðurskurði verði mætt á framangreindan hátt, þ.e. með sama skipakosti og á þessu ári.

Frú forseti. Þær tillögur sem ég hef skýrt, kalla á minni breytingar en heföbundið er hjá fjárln. sem áður hét fjárveitinganefnd. Þessar tillögur bera þess vitni að reynt er svo sem kostur er að sýna aðhald, láta ekki undan nema brýnt tilefni sé til. Sjálfsagt verða margir sárir og leiðir yfir því að hafa ekki fengið óskum sínum fullnægt, en efnahagslegur veruleiki leyfir ekki meira.

Ég vil fyrir hönd nefndarinnar þakka starfsmanni nefndarinnar, Sigurði Rúnari Sigurjónssyni, fyrir frábært starf og mikinn dugnað. Einnig þakka ég Halldóri Árnasyni, starfsmanni fjmrn., sérstaklega gott starf. Þá hefur nefndin notið góðrar aðstoðar starfsfólks Ríkisendurskoðunar og fjmrn. Einnig viljum við færa starfsfólki Alþingis þakkir bæði hér og þá ekki síður fólkinu í Austurstræti 14, sem lagt hefur sig fram um að greiða götu okkar.

Ég flyt og öllum samstarfsnefndarmönnum mínum, bæði stjórnarsinnum og stjórnarandstæðingum, þakkir fyrir mjög gott samstarf og umburðarlyndi í minn garð, en allir hafa þeir lagt sig fram um að starf nefndarinnar gæti gengið sem greiðast.

Eins og ég gat um áðan er ýmsum málum vísað til 3. umr., reyndar ekki fleirum en oft áður. Fyrir 3. umr. verður að taka ákvarðanir sem styrkja fjárlagafrv. verulega. Það verða sjálfsagt óvinsælar ákvarðanir. Við þær aðstæður sem við búum er nauðsynlegt að gera fleira en gott þykir.

Ég vík enn að krossgötum þeim er Randver Halldórs Laxness stóð á. Líkt og hann þurfum við að velja næsta skref. Velja um það hvort við ætlum að vera ætlunarverki okkar trú eða láta það ógert. Velja hvort við viljum standa við þau fyrirheit að hafa hér lága verðbólgu, lága vexti og berjast gegn atvinnuleysi, sem knúið hefur dyra þúsunda manna eða fara sömu leið og fyrri ríkisstjórnir, leið ráðleysis og sóunar.

Okkur mun takast að ná þeim markmiðum sem við höfum sett okkur. Leiðin að markinu er grýtt og ill yfirferðar, en þá leið verðum við að fara til að ná árangri. Það er leið Randvers, sem ég vitnaði í áðan, „sælu yfir vitundinni um að þú sért að vinna heiminum gagn".

Frsm. minni hluta fjárln. (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mun gera grein fyrir nál. minni hluta fjárln. um frv. til fjárlaga fyrir árið 1993, sem flutt er á þskj. nr. 433.

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 er komið til 2. umr. Fjárln. hefur haldið marga og oft stranga fundi frá því seint í september og fram á þennan dag. Ég vil í upphafi þakka gott samstarf við samnefndarmenn mína alla, bæði stjórnarliða og stjórnarandstæðinga og þó ekki síst formanninn, hv. þm. Karl Steinar Guðnason og starsfmann nefndarinnar, Sigurð Rúnar Sigurjónsson, svo og annað starfsfólk þings og ráðuneyta sem aðstoðað hefur nefndina í störfum sínum. Þá vil ég að fram komi að eins og jafnan áður hefur verið gott samstarf í nefndinni um vinnubrögð þó svo að menn takist auðvitað á um einstök atriði, efnisatriði og stefnumál.

Í upphafi vann nefndin mest við að sinna ýmsum viðtölum svo sem venja er við sveitarstjórnarmenn, við fulltrúa félaga og samtaka ýmiss konar, við forsvarsmenn ráðuneyta og stofnana. Jafnvel hafa sumir hæstv. ráðherrar heiðrað nefndina með nærveru sinni. Að undanförnu höfum við einkum fjallað um útgjaldahlið frv. en samkvæmt venju mun tekjuhliðin að mestu bíða til umfjöllunar 3. umr.

Við upphaf þessarar umræðu þegar komið er að afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár hlýtur maður að velta fyrir sér hver sé meginstefnan hjá hæstv. ríkisstjórn. Hvert er hún að fara með afgreiðslu fjárlaga, hvert stefnir hún eins og þau virðast nú líta út og hvernig samrýmast þau hinni boðuðu stefnu?

Hæstv. forsrh. og aðrir hæstv. ráðherrar hafa sungið í kór sönginn um nýja og breytta stjórnarhætti. Boðskapurinn sem þeir hafa einkum fært fram er að skera niður ríkisútgjöld, hverfa frá sjóðasukkinu, afskiptaleysi af atvinnulífinu, óbreytt gengi, engar skattahækkanir, einkavæðing opinberra fyrirtækja og ríkisstofnana. Með hallalausum fjárlögum átti að treysta atvinnulífið, auka atvinnu, draga úr skuldasöfnun, lækka vexti svo eitthvað sé upp talið. Væntanlega hafa hv. þm. heyrt þessa upptalningu oftar en einu sinni og oftar en tvisvar.

En hver er svo árangurinn ef við lítum á hvað hefur áunnist hjá þessum ágætu herrum? Hallinn á ríkissjóði hefur meira en tvöfaldast frá fjárlagatölu yfirstandandi árs. Halli á fjárlögum næsta árs stefnir í að verða líklega helmingi hærri en í fjárlögum þessa árs. Atvinnulífið er í kreppu, atvinnuleysi fer vaxandi og stefnir í að verða meira en þekkst hefur í marga áratugi, vextir hafa hækkað. Gengið hefur verið fellt, sjóðir til aðstoðar atvinnulífinu eru endurreistir, áður var það kallað sjóðasukk. Skattahækkanir og álögur á almenning eru meiri en nokkru sinni áður.

Þetta er afrekaskráin og væri sjálfsagt hægt að tína fleira til. Mér virðist ringulreið og ráðleysi alls ráðandi í störfum hæstv. ríkisstjórnar og stjórnarflokka. Ákvörðunum, sem teknar voru í gær, er breytt í dag og á morgun veit enginn hvað kann að koma upp úr jólasveinapokum þessara herra.

Fyrr í haust komu tillögur til atvinnuskapandi aðgerða upp á 2 milljarða króna sem einkum átti að verja til vegagerðarframkvæmda. Nú er rætt um að skera þessar framkvæmdir niður, kann að vera að það gerist á milli 2. og 3. umr. fjárlaga. Í yfirlýsingum hv. formanns fjárln. hefur hann margítrekað að í þessu efni séu engar heilagar kýr til, allt verði skoðað og auðvitað leitað allra leiða.

Í nóvember var hæstv. ríkisstjórn knúin til þess af

aðilum vinnumarkaðarins að horfast í augu við hið alvarlega ástand sem við blasir í atvinnulífinu. Ætlaði hún þó lengst af að láta það afskiptalaust. Stjórnarandstaða lýsti sig reiðubúna til viðræðu um aðgerðir til að viðhalda þjóðarsáttinni. En ríkisstjórnin féll á prófinu. Það náðist ekkert samkomulag og þjóðarsáttin var rofin. Aðgerðirnar frá 23. nóv., sem hétu því fallega nafni „Að styrkja stöðu íslensks atvinnulífs og sporna gegn auknu atvinnuleysi", duga nú skammt. Það er ekki sátt við aðila vinnumarkaðarins, hvorki við vinnuveitendur né launþega og ekkert útlit fyrir að hæstv. ráðherrar standi við sitt, vinni sín heimaverkefni eins og reiknað var með.

Mig langar aðeins að skjóta hér inn í út af þeim ummælum hv. formanns fjárln. áðan að umræður í gær um þingsköp vegna starfa fjárln. hefðu kannski verið tímaskekkja ef litið er til atburða frá fyrri tíð að vissulega er það rétt að menn hafa oft tekið ákvörðun um að geyma verkefni milli umræðna, bæði stór og smá. Það sem við blasti núna við fjárlagaafgreiðsluna við 2. umr. var að ráðherrar höfðu lagt fram tillögur sem voru viðamikill þáttur í þessum boðuðum efnahagasaðgerðum sem átti að þýða niðurskurð á ríkisútgjöldum um rúmlega milljarð króna, 1.200 millj. kr. Það var ljóst í gær að sá niðurskurður var langt frá því að vera í höfn. Það var aðeins það og fyrst og fremst það sem við stjórnarandstæðingar vildum draga fram og fá upplýst hvort hæstv. ríkisstjórn og hv. stjórnarliðar ætluðu virkilega að fara í þessa umræðu án þess að hafa hugmynd um það hvert væri markmið ríkisstjórnarinnar og hæstv. ráðherra. Ætla þeir að halda áfram niðurskurði strax eftir þessa umræðu eða eru þeir fallnir frá þessum niðurskurði? Það var það sem ég bað um að fá hér fram í umræðunum í gær og að hæstv. forseti þingsins kynnti sér það og tæki ákvörðun í framhaldi af því hvort þessi umræða væri tímabær. Að því leytinu til á það ekkert skylt við það þegar menn taka ákvörðun um og ná samkomulagi um að ákveðnir málaflokkar séu geymdir frá 2. umr. til þeirrar 3. eins og við höfum alla jafna gert, t.d. með tekjuliðina.

Vissulega eru í boðuðum aðgerðum hæstv. ríkisstjórnar ýmsir jákvæðir þættir. Það er leitað leiða til að styrkja atvinnulífið. Ég tel að niðurfelling aðstöðugjalds sé einn af stærstu þáttunum í því sambandi og sú ákvörðun sé fyllilega tímabær. Það orkar kannski frekar tvímælis að lækka tekjuskatta hjá fyrirtækjum nú við þessar aðstæður. Það er einu sinni svo að vegna ástandsins í atvinnulífinu eru það sjálfsagt ekki mörg fyrirtæki sem yfir höfuð greiða tekjuskatt og þess vegna kemur þessi ákvörðun þeim lítið til góða. Sum fyrirtæki hafa þrátt fyrir allt verulega góða afkomu og þau eiga auðvitað að greiða skatt við þessar aðstæður. Ég tel að það sé vafasamt að nú sé tímabært að gera þessa breytingu. Það er óhjákvæmilegt að finna nýja tekjustofna í stað aðstöðugjaldsins. Ég vænti þess að hæstv. ríkisstjórn og þeir sem að málinu koma með fulltrúum sveitarfélaganna muni vanda vel þá vinnu á næsta ári þegar sú stefna verður mótuð hvernig sveitarfélögunum skuli til frambúðar tryggðar tekjur eða tekjustofnar í stað aðstöðugjaldsins.

Það var og er víðtækur stuðningur við það að taka upp skatta á eigna- og fjármagnstekjur. Því tel ég að ríkisstjórnin hefði átt að nýta þetta tækifæri sem hún hafði og fara í það verk að afla tekna á móti niðurfellingu á öðrum sköttum að þessu sinni og til að treysta stöðu ríkisfjármálanna. Talandi um skattheimtu vil ég lýsa stuðningi mínum við boðaðar aðgerðir hæstv. fjmrh. um að endurskipuleggja skattkerfið og efla og styrkja innheimtu. Ég tel að það sé ekki vanþörf á, hefði reyndar þurft að fara í það verk fyrr og af meiri röggsemi en honum og fyrirrennurum hans hefur tekist.

Í fréttatilkynningu frá fjmrn. frá 19. nóv. sl. kemur fram að ráðherra hafi skipað nefnd til að fara í þessa vinnu þar sem lögð er áhersla á að athuga umfang skattsvika og leita leiða til að herða allt eftirlit og koma í veg fyrir skattundandrátt og nefnt að ríkisstjórnin leggi mikla áherslu á þetta verkefni. Ég vil lýsa yfir stuðningi mínum við þessar hugmyndir og láta það koma fram að auðvitað er sá mismunur óviðunandi sem er á starfsgrundvelli og samkeppnisstöðu hinna ýmsu fyrirtækja sem þurfa að starfa á sama markaði og við sömu aðstæður að öðru leyti en því að einum tekst að skjóta undan eða gerir það og brýtur þar með öll lög en hinir, sem reyna að leggja áherslu á að standa í skilum svo sem lög kveða á um með eigin skatta og skatta starfsmanna, búa við allt aðrar aðstæður.

Ég vil minna á skýrslu sem lögð var fyrir Alþingi fyrir nokkrum árum síðan, ég hygg að það hafi verið 1986, sem gerði grein fyrir því hvað menn álitu að væri mikill undandráttur á sköttum í þjóðfélaginu. Þar segir m.a. í samandregnum niðurstöðum, með leyfi forseta:

„Niðurstaða starfshópsins er sú að umfang dulinnar starfsemi hérlendis sé á bilinu 5–7% af vergri landsframleiðslu. Ef miðað er við 6% sem meðaltal nemur þetta um 6,5 milljörðum kr. árið 1985 miðað við áætlaða verga landsframleiðslu. Tap hins opinbera vegna vangoldinna beinna skatta og söluskatts má áætla 2,5–3 milljarða kr. árið 1985." Séu þessar tölur framreiknaðar miðað við landsframleiðsluna nú og tekin sömu 6% er hér um litla 23 milljarða kr. að ræða. Ef tekið er sama skatthlutfall og í skýrslunni sem lögð var fyrir Alþingi á sínum tíma, þá eru vangoldnir skattar um 10–11 milljarðar kr. af veltu fyrirtækjanna. Þetta er auðvitað ástand sem er algerlega óviðunandi og við hljótum að standa saman um að taka á þessum þáttum. Árin 1984 og 1985 fluttu nokkrir þingmenn Framsfl. þáltill. þar sem lagt er til að skorin verði upp herör gegn þessari svokölluðu svörtu atvinnustarfsemi.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að nokkru fé sé varið til þessa starfs á næsta ári, um 40 millj. kr., og leiddar líkur að því að það muni skila sér margfalt í auknum tekjum. Ég vona svo sannarlega að sú spá rætist og þessar 40 millj. kr. nýtist vel. Nánar verður fjallað um tekjuöflunina og tekjuhlið við 3. umr. og ég ætla því ekki að fjalla nánar um það nú.

Það er ýmislegt annað í boðskapnum frá 23. nóv. sem er vert nánari athugunar. Fyrir utan áhrif skatt-

kerfisbreytinga eru stórauknar aðrar álögur á landsmenn. Þar má nefna breytingar á barnabótum, breytingar á vaxtabótum og hækkun bensíngjalds. Bara þessir þrír liðir nema álögum á annan milljarð króna. Bensíngjaldið er að sjálfsögðu eins og menn vita markaður tekjustofn Vegagerðarinnar. Hér er gert ráð fyrir að skerða hann og láta hann renna í ríkissjóð. Það er rökstutt í þessum aðgerðum með viðbótarframlagi til atvinnusköpunar. 500 millj. kr. áttu að renna í viðhaldsverkefni á vegum hins opinbera. Ekkert hefur komið fram um það enn í tillögum sem hér liggja fyrir um breytingar á fjárlagafrv. Það kann að vera að það verði tekið til nánari umfjöllunar milli umræðna. Hins vegar er því ekki að neita að við þykjumst hafa heyrt að rætt sé um að fella þær niður úr þessum aðgerðapakka af því að annað hafi ekki gengið eftir. Söguna um sparnað á útgjaldahliðinni þekkja hv. þm. Þar var upphaflega talað um að spara 1.240 millj. kr., 5. des. var sú tala komin niður í 800 millj. kr. og í dag liggja ekki fyrir í tillögum meiri hluta fjárln. nema 250 millj. kr. af þessum markmiðum.

Undarleg finnst mér í því sambandi framkoma hæstv. heilbrrh. og fullyrðingar hans, kannski má segja loforð eða vilyrði um að spara 600–650 millj. kr. Þær tillögur sem fram hafa komið eru þó ekki nema 250 millj. kr. Rökstuðningur hans við þessum breytingum er sá að það hafi lekið út af þeim hugmyndum sem upphaflega voru í frv. á móti þessum tölum, hann sé jú að spara 600 millj. núna en hann geti bara ekki sparað þær 600 millj. kr. sem hann átti að spara í haust. Það má sjálfsagt segja að ákvörðunin um að falla frá fjármagnstekjuskattinum hafi áhrif á þetta því að hluti af áætluðum sparnaðaraðgerðum var að eignatekjutengja lífeyrisgreiðslurnar. Það verður ekki af því miðað við óbreyttar aðstæður. Þetta er sjálfsagt ágæt röksemdafærsla á ríkisstjórnarheimilinu. Síðan heldur þessi hæstv. ráðherra blaðamannafund og segist ætla að spara 2,5 milljarða kr. og er kokhraustur. Ég óttast að þessi sparnaður allur komi fyrst og fremst fram í auknum álögum á almenning. Hér sé ekki um raunsparnað í kerfinu að ræða. Það eru engar kerfisbreytingar boðaðar og þetta mun auðvitað fyrst og fremst þýða það að einstaklingarnir verða látnir borga brúsann og það mun vissulega þýða lægri útgjöld fyrir ríkissjóð en sumir hafa kallað þetta skattinnheimtu og auðvitað er það ekkert annað.

Í yfirlýsingunni frá hæstv. ríkisstjórn á dögunum segir m.a., með leyfi forseta:

„Með efnahagsaðgerðum ríkisstjórnar er afkoma ríkissjóðs styrkt um rúmlega 2 milljarða kr. á næstu tveimur árum eða sem nemur u.þ.b. þriðjungi rekstrarhallans. Þetta er nauðsynlegt til að skapa skilyrði fyrir lækkun vaxta. Jafnframt stuðla aðgerðir ríkisstjórnarinnar að því að treysta atvinnulífið og stöðva aukningu atvinnuleysis."

Mér finnst þetta nokkuð óljóst. Ég vil líka benda á það að allur sá niðurskurður sem er í hinum opinbera rekstri leiðir til atvinnuleysis hjá því starfsfólki sem þar hefur áður unnið. Það kom m.a. fram í ræðu hv. formanns fjárln. áðan að störfum í opinberri þágu hefur fækkað verulega á þessu ári. Gott ef það er raunverulegur sparnaður sem ekki bitnar á þjónustunni svo vandamálin hlaðist upp. Þetta eykur vandann á hinn bóginn, eykur atvinnuleysi og útgjöld ríkissjóðs úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Varðandi vilyrðin um að lækka vextina má vísa til yfirlýsingar eða álits forstjóra Þjóðhagsstofnunar sem hann gaf á fundi fjárln. á dögunum þegar aðgerðirnar voru ræddar þar, að ekkert mat væri lagt á þessar aðgerðir til vaxtalækkunar og óvíst hvort nokkur lækkun yrði. Það var hans skoðun eins og hún kom þar fram og ýmislegt bendir til þess síðan að vextirnir gangi fremur hægt niður. Auk þess má minna á að í úttekt Þjóðhagsstofnunar á þessum aðgerðum er gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann milli ára dragist saman að meðaltali um 4,4% sem er náttúrlega veruleg aukning frá fyrri spá sem gerði ráð fyrir 0,8% samdrætti. Miðstjórn ASÍ lét þær fréttir frá sér fara í gær að hún teldi að kaupmáttur mundi rýrna að meðaltali um 7,5% vegna þessara aðgerða ríkisvaldsins.

Hæstv. forseti. Fjárln. flytur sameiginlega nokkrar tillögur til lagfæringar á einstökum liðum frv., eins og hv. formaður hefur gert grein fyrir í ræðu sinni, svo og skiptingu á fjárfestingarliðum. Þetta eru sömu vinnuaðferðir og notaðar hafa verið mörg undanfarin ár að undanskilinni afgreiðslu fjárlagafrv. í fyrra. Þá taldi minni hluti fjárln. sér ekki fært að styðja aðgerðirnar vegna þess hvernig að fjárlagadæminu öllu var staðið í það sinn. Við höfum hins vegar ákveðið að standa nú að þessum breytingum.

Mig langar til að nota tækifærið og þakka hv. formanni fjárln. fyrir yfirlýsingu sem hann gaf í ræðu sinni áðan um væntanlega athugun á málefnum Háskólans á Akureyri milli umræðna með tilliti til þess að taka þar upp kennaradeild. Ég held að það sé mikilvægur áfangi og hefur verið baráttumál forsvarsmanna háskólans svo og ýmissa annarra, þar á meðal þingmanna kjördæmisins að undanförnu. Ég fagna þessari yfirlýsingu.

Það er að sjálfsögðu ástæða til að lagfæra margt fleira í fjárlagafrv. Ég geri mér fulla grein fyrir því að aðstæður eru erfiðar og það er nauðsynlegt að gæta ýtrasta aðhalds. Við þingmenn verðum allir að standa saman um það svo sem mögulegt er. Við verðum þó að hafa heildaryfirsýn yfir það til hvers niðurskurðurinn, aðhaldið og sparnaðurinn leiðir. Sparnaður á einu sviði má ekki leiða til aukinna útgjalda á öðru sviði. Þá er það ekki raunveruleg aðgerð. Við verðum líka að gæta þess að þær aðgerðir sem við grípum nú til leiði ekki til þess til lengri tíma litið að skapa ný og kannski enn þá erfiðari vandamál en þau sem við gætum leyst í dag.

Ég tel því miður að slíka yfirsýn vanti í frv. og vanti í störf hæstv. ríkisstjórnar. Svigrúm hv. fjárln. og stjórnarliðanna þar er vissulega ekki mikið. Að sjálfsögðu hefði þurft að móta slíka stefnu með heildaryfirsýn við gerð fjárlagafrv. sjálfs.

Ég mun nú snúa mér að því að fjalla nánar um einstaka efnisþætti frv. Ég ætla að byrja á að ræða ofur-

lítið um heilbrigðis- og tryggingamálin þar sem ég tel að þessara heildarsjónarmiða, sem ég var að nefna, sé ekki nægilega vel gætt. Þar er um að ræða mikinn niðurskurð á viðkvæmasta þætti okkar velferðarkerfis. Þar er kostnaði hins vegar í stórum stíl velt á einstaklingana í stað þess að leita allra leiða til kerfisbreytinga sem leitt gætu til raunverulegs sparnaðar. Þó er rétt að geta þess að það virðist vera verulegur sparnaður í rekstri einstakra stofnana, einstakra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva á því fjárlagaári sem nú er að líða. Það er vissulega virðingarvert og gott ef það tekst án þess að það bitni á þjónustunni og án þess að það lengi biðlistana.

Ég óttast hins vegar að niðurstaðan sé sú að við séum að skapa ýmiss konar vandamál með þessum mikla sparnaði, að við séum að lengja biðlistana, að við séum að ýta verkefnum á undan okkur. Hæstv. heilbrrh. hefur stundum nefnt að aðgerðum hafi fjölgað á þessum stofnunum þrátt fyrir hinn mikla niðurskurð. Ég vil segja honum og öðrum hv. þm. að þetta hefur að sjálfsögðu gerst með því að ný þekking er að koma inn í þessar stofnanir á hverjum tíma. Það er ný tækni að koma þar inn líka og henni er þrátt fyrir allt reynt að beita þótt vissulega vanti mikið á það að þessar stofnanir séu svo búnar tækjum sem æskilegt væri og geti fylgt eftir þeirri þróun sem stöðugt á sér stað vegna þess að fjárveitingar eru af svo skornum skammti. Hæstv. ráðherra hefur einnig nefnt að hann álíti að biðlistar hafi styst þrátt fyrir þessar aðgerðir, niðurskurð, aðhald og sparnað í heilbrigðisstofnunum. Samkvæmt mínum upplýsingum, sem ég hef fengið frá landlækni, mun það því miður ekki vera enda vart við því að búast. Listinn yfir bæklunaraðgerðir hefur t.d. lengst frá apríl 1992 til september 1992 en á þessum tímum hefur landlæknir gert úttekt eða borið saman biðlista stofnana. Bæklunaraðgerðir á listanum í vor voru 757, eru núna 783. Þeim hefur fjölgað um 26 sem þar bíða eftir nauðsynlegum aðgerðum. Ég þykist því miður viss um að þessi listi hafi enn lengst síðan í september því að nú er bæklunardeild á Landspítalanum lokuð. Sama er að segja með ýmsar aðrar mikilvægar aðgerðir, t.d. hjartaskurðlækningar. Þar hefur biðlistinn lengst úr 63 í 68, fjölgunin er 5. Vonandi hefur þó fækkað á þeim lista aftur af því að hæstv. ráðherra hefur beitt sér fyrir sérstökum samningi milli Tryggingastofnunar og Ríkisspítala varðandi hjartaskurðlækningarnar.

Á háls-, nef- og eyrnadeildum hefur biðlistinn lengst úr 812 í 837, þar er fjölgun um 25. Í þvagfæraskurðlækningum hefur listinn lengst úr 514 í 560. Þar hefur biðlistinn lengst um 46. Í hjartaþræðingum hefur biðlistinn lengst úr 107 í 139 eða um 32 og biðlisti eftir ýmiss konar endurhæfingarþjónustu hefur lengst úr 448 í 455, þ.e. 7 einstaklingar bíða í viðbót. Þetta eru tölur annars vegar í apríl og hins vegar í september.

Rétt er að geta þess að miðað við hliðstæðan biðlista sem skoðaður var í ársbyrjun 1991 hefur bæklunaraðgerðum fækkað verulega en landlæknir hefur jafnframt upplýst mig um það að talan frá því í fyrra hafi verið ónákvæm þegar farið var nánar yfir þann lista. Það hafi komið í ljós að þar var jafnvel um tvítalningu að ræða og í sumum tilvikum hafði það blessað fólk sem var á biðlistanum látist meðan það beið eftir aðgerð. Biðlistatalan frá því í apríl 1991 er því ekki alveg samanburðarhæf.

Það er því full ástæða til þess að óttast afleiðingar af þessum mikla sparnaði eða niðurskurði á stofnunum, þó að þar megi vissulega benda á að verulega hefur dregið úr kostnaði. Ef við óttuðumst ekki þessar afleiðingar, þá væri það auðvitað vel.

Mig langar aðeins að nefna í tengslum við þetta bréf sem okkur í fjárln. barst í gær frá Krabbameinsfélaginu, reyndar afrit af bréfi til heilbrrn., þar sem gerð er grein fyrir því að Krabbameinsfélagið muni sætta sig við niðurskurð á fjárlögum, frá fjárlögum í ár til næsta fjárlagaárs, um 10 millj. kr. án þess að láta það bitna á þeirri mikilvægu þjónustu, leit að krabbameini í leghálsi og brjóstum sem er einn af stærstu þáttum leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins. Þeir segjast ætla að halda óbreyttum fjölda og leita allra leiða til þess að ekki dragi úr þjónustunni á þessu sviði. Þessi mikli niðurskurður mun vissulega bitna á ýmsum öðrum þáttum og verkefnum Krabbameinsfélagsins. Við erum auðvitað að ýta til verkefnum. Við erum auðvitað að fresta vandanum á hinum ýmsu sviðum með þessum mikla og róttæka niðurskurði. Í bréfi Krabbameinsfélagsins til ráðuneytisins kemur skýrt fram að félagið lítur svo á að verksamningurinn um leitarstarfið sé óbreyttur og mun félagið leitast við að standa við sinn hlut og ætlast til þess að heilbrigðisyfirvöld geri það sama eftir árið 1993. Hér sé því aðeins um tímabundið ástand að ræða.

Ef við lítum á það hvert stefnir í málefnum Tryggingastofnunar ríkisins er ljóst að hinn svokallaði sparnaður í sjúkratryggingunum byggist fyrst og fremst á því að láta notendur þjónustunnar greiða hærri kostnaðarhlut eins og ég hef nefnt. Mig langar að rekja nokkur frekari dæmi um það. Þrátt fyrir áform um að lækka útgjöld sjúkratrygginga vegna lyfja úr 2,4 milljörðum á árinu 1991 í 2,2 milljarða í ár er nú þegar ljóst að útgjöldin í ár stefna í 2,6, jafnvel 2,7 milljarðar. Í viðbót við þetta hafa að sjálfsögðu útgjöld einstaklinganna aukist, líklega um um það bil 400 millj. kr., bein útgjöld þeirra, vegna hærri greiðsluþátttöku en greiðsluþátttaka einstaklinganna hefur verið hækkuð úr 18% í um 30% af heildarútgjöldum vegna lyfjanotkunar.

Af þeim 400–500 millj. kr. sem ríkisútgjöld vegna lyfja munu aukast í ár á að vísa helmingi eða meira en það, 200–300 millj. kr., til næsta árs. Í fjáraukalögum sem hér liggja fyrir þinginu er gert ráð fyrir að bæta stofnuninni upp 200 millj. kr. Auk þess gerir fjárlagafrv. sjálft ráð fyrir 100–200 millj. kr. sparnaði í lyfjaútgjöldum. Í nýjustu sparnaðaraðgerðum ríkisstjórnarinnar er einnig gert ráð fyrir viðbótarsparnaði í lyfjum og ráðgerð lækkun frá útgjöldunum í ár mun því nema um 500–600 millj. kr. á næsta ári. Sjá allir að það hlýtur að vera algerlega óraunhæft jafnvel þó að kostnaðarþátttaka sjúklinga verði enn aukin frá því sem er

í dag. Þess má geta að frv. það sem heilbrrh. boðaði um skipulagsbreytingar í lyfjamálum hefur ekki enn litið dagsins ljós. Það hefur ekkert slíkt frv. borist til þingsins. Það breytir litlu þótt orðalagi í almannatryggingalögum sé breytt úr „lyfjum sem sjúkratryggðum ber brýna nauðsyn til að nota" í orðalagið „lyf sem sjúkratryggðum er lífsnauðsynlegt að nota". Þetta hygg ég að hafi ekki mikil áhrif til sparnaðar.

Þá er einnig gert ráð fyrir því að spara á annað hundrað milljónir kr. í sérfræðiþjónustu sem hætt er við að lendi mest á sjúklingum. Má reyndar skjóta því inn í að í umræðum í gær um þessar tillögur hæstv. ráðherra kom fram að það er engin eining í röðum stjórnarliða um þessar breytingar.

Að lokum má nefna breytingar á greiðsluþátttöku í tannviðgerðum sem munu þýða stóraukin útgjöld fyrir notendur. Hætt er við að þessi aukna greiðsluþátttaka dragi verulega úr forvarnaaðgerðum á sviði tannheilsu en breytingarnar gera ráð fyrir að ríkið greiði ekki lengur fyrir forvarnir. Nú þurfa foreldrar eða aðstandendur barna að greiða eða taka þátt í öllum tannviðgerðum svo einhverju nemur. Það er því ekkert lengur ókeypis á þessu sviði frekar en á sumum öðrum hjá hæstv. ríkisstjórn. Það er full ástæða til óttast að þetta leiði til lakari tannheilsu sem við höfum þó verið að bæta mjög á undanförnum árum ef við berum okkur saman við nágrannaþjóðirnar. Með þessu er verið að hverfa áratugi aftur í tímann. Þessar svokölluðu sparnaðaraðgerðir munu því allar þýða auknar skattálögur sem nema mörg hundruð millj. kr., jafnvel nær milljarði, á þá sem nota þurfa þessa heilbrigðisþjónustu.

Í frv. er einnig boðaður sparnaður í lífeyristryggingum en sá sparnaður var mikið ræddur í gær í hv. Alþingi í tengslum við frv. hæstv. heilbrrh. um breytingu á almannatryggingum. Ég ætla því ekki að orðlengja mikið um það nú en langar þó að nefna í tengslum við allan sparnaðinn, allar breytingarnar sem boðaðar eru í tryggingalöggjöfinni, að fjárln. hefur fengið bréf frá Tryggingastofnun og reyndar kom forstjóri Tryggingastofnunarinnar á fundi nefndarinnar. Í bréfinu segir, með leyfi forseta:

„Það er mat Tryggingastofnunar að fjárvöntun miðað við frv. geti numið um 320 millj. kr. og er þá tekið tillit til sömu forsendna og frv. gengur út frá um verðlagsbreytingar milli ára og fyrirhugaðan sparnað en hann er áætlaður um 740 millj. kr. í frv. Þó að tekið sé tillit til þessara verðlagsbreytinga og sparnaðarins álítur forstjóri Tryggingastofnunarinnar að enn vanti um 320 millj. kr. inn í stofnunina til þess að hún geti starfað eðlilega á næsta ári."

Ekki er enn búið að gera neinar tillögur um lagfæringar á þessum grunntölum hvort sem litið verður á það á milli umræðna eða ekki.

Þá langar mig að fara örfáum orðum um málefni Atvinnuleysistryggingasjóðs en framlög til hans eru miðuð við það að atvinnuleysi verði á bilinu 3,5–4% á næsta ári. Fjarþörfin er lækkuð um 300 millj. kr. vegna hinna boðuðu aðgerða ríkisstjórnarinnar til þess að draga úr atvinnuleysi. Er þá vonandi þær gangi fram en verði ekki skornar niður í meðförum þingsins á frv. Þá er sjóðnum gert að ganga á eigið fé sem nemur 250 millj. kr. og svo kemur loks mjög sérkennileg athugasemd. Það er gert ráð fyrir að spara um 100 millj. með breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar. Eins og vitað er er nefnd að störfum við endurskoðun á tryggingagreiðslunum og bendir til þess að sú endurskoðun muni auka útgjöld sjóðsins en ekki spara þar sem fleiri telja sig eiga rétt á bótum en áður var vegna breytinga á iðgjaldagreiðslunum.

Þá eru líka ótalin þau áhrif sem ný ákvæði um greiðslu til atvinnuskapandi verkefna í samningum við sveitarfélögin kunna að hafa á greiðslustreymið úr sjóðnum. Af öllu þessu má sjá að það er mikil óvissa ríkjandi um fjárreiður Atvinnuleysistryggingasjóðs. Stjórnendur sjóðsins, sem komu einnig á fund nefndarinnar, gátu ekki gert neina grein fyrir því hvernig þessar viðræður við sveitarfélögin ættu að fara fram eða til hvers þær mundu geta leitt varðandi útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Í rekstri sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu var ráðgert að spara verulega fjármuni á þessu ári og samkvæmt úttekt Ríkisendurskoðunar virðist hafa náðst nokkur árangur á því sviði. Ég hef reyndar lýst því að nokkru leyti hér á undan hvaða afleiðingar ég tel að það geti haft í för með sér. Við fulltrúar minni hlutans í fjárln. höfum margítrekað gengið eftir því að fá upplýsingar frá heilbrrn. um það hvernig þessi áform hafa gengið eftir og hvaða stofnanir það eru sem hafa í raun sparað á þessu ári. Því miður virðast þær upplýsingar ekki vera aðgengilegar, a.m.k. ekki enn. Væntanlega er það fyrir það að ráðuneytið vill ekki gefa þær út fyrr en árið er allt þannig að rétt sé farið með. Ekki finnst mér þó ólíklegt að það hefði mátt sjá einhverjar vísbendingar um það hvert stefnir. Ég hef fulla trú á því að þessi sparnaður komi að verulegu leyti fram í fjárveitingum til Ríkisspítalanna, langt umfram það sem gerist á hinum stofnunum tveimur að teknu tilliti til þess að rekstri Landakots var gerbreytt.

Þær tölur sem liggja fyrir í fjárlagafrv. varðandi sjúkrahúsin á næsta ári gera ráð fyrir því að Landspítalinn þurfi að búa við óbreytt ástand. Fjárreiður hans eru aðeins hækkaðar sem nemur verðlagsbreytingum en fjárveitingar til Borgarspítala og Landakotsspítala eru hækkaðar nokkuð umfram það. Að vísu má segja að það er nokkur leiðrétting gerð á fjarveitingum til Ríkisspítalanna hvað varðar sértekjur og launaútgjöld en á móti er spítalanum ætlað að taka út einstaka rekstrarþætti, eins og að hætta að reka áfengisdeild á Vífilsstöðum, að breyta rekstri Gunnarsholtshælisins og lækka fjárveitingar til rekstrar Kristnesspítala um 40 millj. kr. Þetta eru upphæðir sem verður erfitt að standa við öðruvísi en að leggja ákveðna þætti starfseminnar niður enda er talað tæpitungulaust um það nú orðið. Það er beinlínis boðað að slíkt skuli gert. Þá er, eins og reyndar hefur komið hér fram áður í umræðum í þinginu, gert ráð fyrir því að selja eða breyta þvottahúsi Ríkisspítalanna í hlutafélag og selja síðan hlutabréfin. Ríkisspítölunum er ætlað að nota það sem sértekjur í sínum rekstri. Gangi þetta ekki eftir bregð-

ur svo við að Ríkisspítalarnir eiga í viðbót að skera niður sem þessum sértekjum nemur sem eru áætlaðar 60 millj. kr. Þetta finnst mér mjög undarleg ráðstöfun og hún leiðir hugann að því hvernig hæstv. ríkisstjórn muni ganga að ná fram ráðgerðum áætlunum um það að selja ríkiseignir fyrir 1,5 milljarða kr. á næsta ári. Það er gert ráð fyrir því sem tekjum í tekjuhlið fjárlagafrv. Svo er hér gert ráð fyrir því að einstaka stofnanir hafi þetta á sinni könnu og njóti teknanna. Ef ég man rétt hefur hæstv. heilbrrh. einnig gert ráð fyrir því að ef honum tekst að selja eða breyta Samábyrgð Íslands á fiskiskipum í hlutafélag og selja það hlutafélag síðan eigi það að ganga til þess að spara fjárveitingar í heilbrrn. en ekki til þess að laga streymi fjárveitinga hjá fjmrn. samkvæmt fjárlagafrv.

Stjórnarnefnd Ríkisspítala átti fund með hæstv. heilbrrh. 29. okt. sl. Þar gerði ráðherra grein fyrir því að ef ekki tækist að fá þessar 60 millj. kr. út úr sölu á þvottahúsinu yrði að skoða málið að nýju og væri ekki endilega sjálfgefið að það bitnaði á starfsemi Ríkisspítalanna. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hans og vona að þetta geti gengið eftir ef þörf krefur.

Landspítalinn er háskólasjúkrahús samkvæmt lögum. Þar er lögð stund á fleiri sérgreinar læknisfræðinnar en gert er annars staðar á landinu og þar fer einnig fram öflug vísinda- og rannsóknastarfsemi. Landspítalinn er stærsti spítali landins og jafnframt spítali allra landsmanna, eins konar endastöð fyrir mikið veika sjúklinga sem þurfa á sérhæfðri þjónustu að halda. Í ljósi þessara staðreynda er brýnt að við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár verði rekstrarumfang Ríkisspítalanna lagfært þannig að Ríkisspítalarnir geti rekið sína starfsemi af fullri reisn.

Ástæða væri til þess að fara nokkrum orðum um það hvernig fyrirhugað var að standa að málum á Kristnesspítala en það mundi verða langt mál, virðulegi forseti. Ég vil þó láta það koma fram að í nál. þeirrar nefndar sem nýlega hefur skilað af sér kemur ekkert fram um það hvernig eigi að spara þessar 40 millj. kr. heldur er því aðeins lýst yfir að árangursríkasta leiðin til þess að ná því markmiði að reka Kristnesspítala innan ramma fjárlagafrv. sé að sameina reksturinn Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Það mun hins vegar kalla á verulega hagræðingu og sparnaðaraðgerðir. En tillögurnar liggja ekki fyrir. Við höfum heyrt að það megi ná einhverjum sparnaði með því að leggja niður yfirstjórnina og skrifstofuhaldið, breyta læknamönnun, breyta rekstri þvottahúss og eldhúss en fullvíst er að þessar aðgerðir ná aldrei 40 millj. kr. sparnaði. Það er því brýnt að ráðuneytið og fulltrúar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri móti hið fyrsta tillögur sínar um það hvernig eigi að ná þessum niðurskurði þannig að hugsanleg viðbótarfjárþörf geti þá legið fyrir við 2. umr. frv.

Þrátt fyrir niðurskurð á einstökum stofnunum, boðaðan niðurskurð eins og t.d. hér á Kristnesspítala, er á hátíðastundum hægt að gefa fögur loforð um aukin útgjöld. Við vígslu hjúkrunarheimilisins Eirar nú á dögunum lofaði hæstv. heilbrrh. fjármunum til þess rekstrar. Vissulega er þörf fyrir aukna þjónustu á þessu svæði í þágu aldraðra. Það er mér ljóst. Hins vegar hefur ekki enn komið fram hvernig ráðherra ætlar að standa við þessi loforð og ekkert komið fram um það í vinnu fjárln. hingað til. Væntanlega hafa þetta verið meira en orðin tóm.

Virðulegur forseti. Félagar mínir í minni hluta fjárln. munu á eftir gera grein fyrir ýmsum öðrum efnisflokkum. Ég hef eytt nokkrum tíma í að fara allrækilega í gegnum heilbrigðismálaþáttinn. Ég vil þó aðeins segja um mennta- og menningarmálin að þar er því miður staðfestur áfram niðurskurður á fjárframlögum til grunnskóla sem í fyrra var lofað að skyldi aðeins standa í eitt ár. Hér er um að ræða stórar upphæðir og bitnar á því að kennslustundum er fækkað í bekkjardeildum og nemendum í bekkjunum fjölgað. Þá er og verulegur niðurskurður boðaður á fjárveitingum til Námsgagnastofnunarinnar. Skólagjöld á að innheimta af nemum í framhaldsskóla og verulega er kreppt að fjárveitingum til Háskóla Íslands svo og til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Allt leiðir þetta hugann að því hvert við stefnum í okkar menntamálum. Erum við að draga úr menntuninni? Erum við að koma í veg fyrir að okkar unga fólk nái að tileinka sér þá menntun sem nauðsynleg er til þess að við getum haldið áfram að treysta og byggja upp efnahags- og atvinnulíf okkar, ekki síst í harðnandi samkeppni í heimi sem sífellt er að vinna meira og meira saman? Þetta held ég að sé full ástæða til þess að fjalla ítarlega um og veit að aðrir félagar mínir í minni hluta í fjárln. munu gera það.

Mig langar að nefna varðandi þessi mennta- og menningarmál að gerð er tillaga um það að sérgreina aftur í fjárlögunum fjárframlög til einstakra þátta sem áður voru í safnliðum eins og frv. var lagt fram að þessu sinni. Þar vil ég nefna t.d. fjárveitingar til leiklistarmála, til frjálsrar leiklistarstarfsemi í landinu, svo og til æskulýðs- og íþróttastarfs þó að því miður séu þær fjárveitingar skornar niður frá því sem er í fjárlögum ársins í ár og hefði þar vissulega þurft að gera þar betur því að það álít ég að sé hluti af forvarnastarfi í landinu að hlúa vel að íþrótta- og æskulýðsstarfseminni.

Í landbúnaðarmálunum er verulegur niðurskurður. Fyrir utan það sem beinlínis tengist búvörusamningnum upp á 2,3 milljarða kr. sýnist mér vera um það bil milljarður í viðbót sem skorinn er af hinum ýmsu þáttum sem lúta að landbúnaðarmálum. Hér er engu hlíft og er þó gerð krafa til hæstv. landbrh. að spara enn meira í þessum málaflokki sem á við mikla erfiðleika að etja eins og atvinnumálum er háttað í landinu og miðað við allan þann samdrátt sem hefur orðið í þeirri atvinnugrein.

Til gamans má geta þess, og hefði nú sumum líklega ekki fundist erfitt að verða við því, að okkur í fjárlaganefnd barst lítið bréf frá skólameistara Bændaskólans á Hólum þar sem hann óskaði eftir 2–3 millj. kr. til þess að gera við þak á skólastjórabústað, en þakið fauk í fyrravetur. Það er ekki svo að það hafi fokið nú á dögunum heldur í fyrra. Svo kemur hér fram í bréfi: Í ljós kom eftir hvassviðri á sl. vetri að þakplötur höfðu losnað af þakinu á skólastjórabústaðnum. Því

miður sjá menn sér nú ekki fært að verða við þessari litlu beiðni og er þessari umsókn hafnað eins og svo mörgum öðrum.

Í sjávarútvegsmálum vil ég sérstaklega benda á að það er mikil lækkun á lið sem merktur er Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi og hefði þó verið full ástæða til þess að gera vel á þessu sviði en þetta sýnir aðeins það stefnuleysi sem virðist algert. Þegar hefði þurft að styrkja þessa þætti, rannsóknir og markaðsstarf, þá er það þvert á móti skorið niður.

Við Íslendingar höfum nýlega fengið ábendingu um það að við verjum of litlu fé til rannsókna og tilraunaverkefna og hætt sé við því að það geti leitt til ófarnaðar til lengri tíma litið því að auðvitað er það undirstaða framfara í nútímasamfélagi að standa vel að þessum þáttum. Það eru að vísu gefin fyrirheit um það í fjárlagafrv. að auka fjárveitingar til rannsókna- og tilraunastarfsemi en það er hins vegar háð því skilyrði að hægt sé að selja ríkisfyrirtækin margumtöluðu upp á 1,5 milljarða kr. og þá er það hlutfall af slíkri sölu sem á að renna í þetta verkefni. Ef ekki tekst að selja þessar stofnanir verður líka lítið um fjármuni til rannsókna- og þróunarverkefna.

Í samgöngumálunum er sá leikur leikinn að láta í það skína að tæpum tveimur milljörðum kr. sé bætt við í framkvæmdir á vegum Vegagerðarinnar. Sannleikurinn er sá að þetta er auðvitað miklu minna fé. Þar er skorið verulega niður, markaðir tekjustofnar jafnhliða þessu og þar að auki eru Vegagerðinni færð ný verkefni svo sem að reka ferjur og flóabáta. Þær fjárveitingar sem ætlaðar eru í frv. til þess verkefnis eru þar að auki nú þegar langt undir því sem Vegagerði áætlar á næsta ári þannig að ef ekki verður bætt við fjárveitingu til þess að standa við þessi verkefni þá er líka ljóst að enn þarf að draga úr þeim boðuðu framkvæmdum sem fjárlögin gera ráð fyrir.

Hæstv. forseti. Ég nefndi í upphafi að hæstv. ríkisstjórn boðaði nýja og breytta stefnu. En ég leyfi mér að spyrja: Er það betri stefna? Dregið er úr samfélagslegri hjálp. Einstaklingunum er ætlað að greiða í stórauknum mæli fyrir opinbera þjónustu, bæði í menntakerfinu og í heilbrigðismálunum. Atvinnuleysi er vaxandi með öllum sínum hörmungum. Afskiptaleysi ríkisvaldsins af atvinnulífinu hefur m.a. þau áhrif. Mig langar að nefna eitt lítið dæmi í þessu sambandi þar sem sótt er um fjárveitingu frá fámennum sveitahreppi upp á 4–5 millj. kr. til þess að efla atvinnustarfsemi og reka svokallaðar skólabúðir. Þessar skólabúðir mundu skapa tiltölulega mikla vinnu í þessum litla hreppi. Það mundi t.d. lengja starfstíma hótels í sveitarfélaginu og skapa um það bil átta störf. Heimamenn hafa lagt mikla vinnu í það að leita verkefna, leita nýrra atvinnutækifæra, verið með nefnd starfandi í því og átt samskipti við ýmsa opinbera aðila sem allir eru af vilja gerðir þangað til kemur að því að leggja út fjármunina. Þá er allt í einu allt lokað. Þarna hefur þó fundist verkefni sem getur gengið, sem er eftirspurn eftir og gæti skapað nokkur atvinnutækifæri í sveitarfélaginu. Hins vegar eru 4–5 millj. kr. hvergi fáanlegar þannig að hætt er við því að ekki verði framhald á því verkefni að reka skólabúðirnar. Ég spyr því aftur: Er yfirsýnin næg? Til hvers leiða þessar niðurskurðaraðgerðir allar sem boðaðar eru? Það dregur úr menntun þjóðarinnar þegar aðgangur að skólunum er með þeim hætti sem raun ber vitni, þegar dregið er úr aðstoðinni í gegnum lánasjóðinn þá fækkar þeim sem fara í langskólanámið. Vandamálin hrannast upp í félagslegu þjónustunni og í heilbrigðisþjónustunni. Erum við kannski að skapa þjóðfélag í líkingu við það sem við sjáum í sumum stórborgum nágrannaþjóðanna? Ég vona sannarlega að svo sé ekki. Ég legg hins vegar áherslu á það aftur að það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að gæta alls aðhalds og sparnaðar í hinum opinbera rekstri og ég veit að staða stjórnvalda í dag í því efni er erfið og brtt. fjárln. sem hér liggja fyrir við umræðuna bera þess glöggt vitni.

Við vitum reyndar líka að það er enn mikið verkefni óunnið við það að ljúka fjárlagagerðinni. Við eigum eftir að skoða útgjaldaliði betur og leita sparnaðar og við eigum þó enn þá frekar eftir að horfa á tekjuhliðina alla og forsendur hennar. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og afdrif hans getur haft áhrif á efnahagsforsendur fjárlagafrv. því að tekjur af því hugsanlega samstarfi voru reiknaðar inn í grunnforsendur fjárlaganna og þá er að sjálfsögðu eins og hv. þingheimur veit fjöldi fylgifrumvarpa óafgreiddur, þar með taldar veigamiklar breytingar á almannatryggginga- og skattalöggjöfinni. Því mun minni hluti fjárln. gefa út framhaldsnefndarálit við 3. umr. þegar nefndin hefur lokið störfum sínum og endanleg útkoma fjárveitinga og tekjuhliðar er ljós þannig að við sjáum hver er raunverulegur halli á fjárlögum næsta árs.

Minni hluti nefndarinnar flytur ekki sameiginlegar brtt. við frv. að þessu sinni, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Guðrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur gert góða og skilmerkilega grein fyrir nál. minni hlutans og ég vil nota þetta tækifæri til að þakka samstarfsmönnum mínum í minni hlutanum ágætt samstarf og raunar meiri hluta líka þó að allmikill ágreiningur hafi þar verið uppi eins og gefur að skilja. Í Morgunblaðinu í dag er frétt á annarri síðu sem segir meira en nokkuð annað að það sem við höfum verið að halda fram undanfarið um fjárlagavinnuna var auðvitað hárrétt. En þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, og þetta er í Morgunblaðinu í dag:

„Nýjar brtt. við fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar gera ráð fyrir ríflega 250 millj. niðurskurði í lífeyris- og sjúkratryggingum. Þá hyggst heilbrrh. afla nærri 200 millj. í tekjur og félmrh. 100 millj. með Lánasjóði sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir 100 millj. niðurskurði í landbúnaði. Enn vantar 300 millj. til reksturs Hafrannsóknastofnunar. Önnur umr. fjárlaga fer fram í dag og segir fjmrh. líklegt að forsendur breytist á næstu dögum. Hann stefni áfram að því að halli ríkissjóðs verði

ekki meiri en sex milljarðar.“

Nú er alveg ljóst, virðulegi forseti, að hallinn eins og frv. liggur fyrir núna er í kringum 8 milljarðar og enn þá vitum við ekkert hvernig á að bregðast við eða hvar á að finna þá tvo milljarða sem vantar til þess að halli verði ekki nema sex milljarðar. Nokkuð er síðan tilkynnt var um niðurskurð upp á 1.240 millj. Af því höfum við einungis séð 250 millj. Því er auðvitað alveg ljóst að það er rétt sem stendur í fyrirsögn í Morgunblaðinu í dag. „Fjárlagavinna ráðuneyta varla hálfnuð.“ Má segja að það sé hálfgerð tímaeyðsla að vera að eyða miklu púðri í umræðu þessa þar sem vinnan er hér öll eftir, bæði hvað varðar tekjur og gjöld.

Fleira kemur til sem gerir þetta dálítið innihaldslaust eins og sakir standa. Það er ljóst að 175 millj. vantar til þess að búvörusamningur sé uppfylltur og af þeim 278 millj. sem þar eru ógreiddar eru um það bil 175 millj. hreint lögbrot verði það ekki greitt og er líklegast að það verði að finna það fé og koma því inn í fjáraukalög fyrir 1992.

Þá ber að minnast á að það hlýtur að hafa allmikil áhrif að ekki verður úr EES-samningi eða samningnum um Evrópska efnahagssvæðið nú um áramót. Í þjóðhagsspá og forsendum fyrir fjárlagavinnunni var reiknað með 550–750 millj. þjóðhagsbata vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Ég held að það hljóti þá a.m.k. að helmingast ef samningurinn tekur ekki gildi fyrr en á miðju næsta ári og er ljóst að það getur hann ekki gert.

Þá er ljóst að í gjaldahlið frv. eru einhverjir tugir milljóna sem ætlaðir eru vegna gildistöku samningsins, þ.e. á útgjaldahlið. Má búast við að hægt verði að lækka það eitthvað þar sem ekki verður af samningi. Þá er ljóst að þar sem hagræðingarsjóðsmálið hefur ekki skilað því sem það átti að skila er rekstur Hafrannsóknastofnunar í uppnámi og þar vantar heilar 300 millj. Við erum því enn að tala um hundruð millj. til viðbótar því sem nú liggur fyrir. Síðan megum við ekki gleyma að kjarasamningar eru lausir hjá fjölmörgum stéttarfélögum um áramót og ég á ekki von á að þær stéttir sætti sig við að samningar þeirra verði óbreyttir. Ég veit ekki til að ein króna sé í þessu fjárlagafrv. fyrir launahækkunum. Því er ljóst að þarna eru svo margir lausir endar að ógerningur er að tala um þetta frv. af einhverju viti. Þó er rétt að benda á ýmsar breytingar sem gerðar hafa verið eins og þær að nú skal taka af vegafé til að reka ferjur landsins og maður gæti spurt næst: Gæti komið til að tapið af innanlandsfluginu yrði næsti gjaldaþáttur frá Vegagerð ríkisins? Þarna má finna hina furðulegustu hluti sem auðvitað hlýtur að verða að taka alvarlega fyrir og móta einhverja stefnu til framtíðar. Ég sé ekki annað í fljótu bragði en það verði að byrja á því að taka upp þjóðhagsspá, það verði að taka upp bæði tekjuhlið og gjaldahlið þessa frv. og þá fyrst geti hafist einhver vitræn vinna við að deila þessu fé sem til verður til hinna ýmsu þátta samfélagsins.

Við höfum þegar haldið um það allnokkrar ræður hvar menn virðast helst bera niður þegar spara skal og við minnihlutamenn í hv. fjárln. erum sammála um það og einhuga að það sé gert þar sem síst skyldi. Harkalegar árásir á heilbrigðiskerfið í landinu, fjölskyldumál, málefni barna, menningarmál, málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna og þannig mætti lengi telja, það eru þeir málaflokkar sem verða fyrir auk menningarmálaþáttarins ekki síður. Þetta er auðvitað alger stefnubreyting frá því sem verið hefur. Alllengi hefur verið þjóðarsátt um að reyna að reka hér gott skólakerfi, gott heilbrigðiskerfi, góðan háskóla, góðan lánasjóð og þetta hefur í stórum dráttum tekist. Nú skal víkja frá þeirri stefnu og svo langt er til seilst að um árabil hafa tannlækningar barna verið ókeypis og árangurinn af því liggur fyrir eins og allir vita að tannheilsa Íslendinga hefur auðvitað gerbreyst. Nú er næstum óhugsandi að hitta ungt fólk með gervitennur eins og gerðist hér fyrir nokkrum áratugum. Með því að tanneftirlit var ókeypis gátu foreldrar veitt börnum sínum þann munað að fylgst var með tönnum barnanna og þess vegna kom aldrei til svo alvarlegra tannskemmda að hætta væri á tannmissi. Með því að nú verða engar tannlækningar ókeypis, hvorki fyrir börn, gamalmenni né neinn annan er brotið blað í sögu þessara mála og því hlýtur auðvitað að verða alvarlega mótmælt. Í fyrsta lagi er það ekki sparnaður. Það getur hver manneskja sagt sér sjálf því að þetta breytir ekki öðru en því að tannviðgerðir verða þeim mun dýrari sem þær eru lengur trassaðar og auk þess sem þarna er snúið til baka frá svo margyfirlýstum stefnumiðum að það sætir furðu að menn skuli láta sér detta annað eins og það í hug. Það gefur alveg auga leið að peningalítið barnafólk fækkar auðvitað ferðum með börn sín til tannlækna þegar það er farið að kosta peninga. Það segir sig alveg sjálft.

Auðvitað er hægt að taka hvern lið fyrir sig. Hér var mikil umræða í gærkvöldi um óskiljanlegt frv. hæstv. heilbrrh. þar sem verið er að flytja stuðning við barnafjölskyldur úr sameiginlegum sjóðum landsmanna yfir á einstaklinga. Væri kannski að bera í bakkafullan lækinn að fara að endurtaka það sem ég sagði hér í ræðu minni seint í gærkvöldi, en það verður gert síðar og svo sannarlega við 3. umr. þegar í ljós kemur hvernig því máli lyktar vegna þess að það kom sem betur fer í ljós í umræðunni í gær að um þessi mál er ágreiningur milli stjórnarflokkanna og einstakra þingmanna.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. gerði góða grein fyrir þætti heilbrigðis- og tryggingamála svo ég ætla ekki að endurtaka það, en þegar litið er til mennta- og menningarmála, þá heldur þessi ríkisstjórn sig enn þá við þá stefnu að færa fjármagn frá launafólki í landinu til fjármagnseigenda þannig að nú er svo komið að stór hluti af fjármagni landsmanna er á örfárra manna höndum. Á yfirstandandi fjárlagaári er grunnskólinn enn skorinn niður og þvert ofan í þau loforð sem höfð voru í frammi við afgreiðslu síðustu fjárlaga er haldið áfram að stytta skólatíma og fjölga í bekkjum. Á sama tíma og meiri og meiri vinna leggst á kennara, æ stærri þáttur sem foreldrar gátu áður sinnt er fluttur yfir í skólana, þá er fjölgað í bekkjum, skólatími styttur og laun kennara þarf ekki að ræða. Þau eru á allra vitorði og

auðvitað til stórrar vansæmdar.

Það er dagljóst að það er ógerningur að kenna svo nokkur mynd sé á 29 eða 30 börnum í bekk. Fyrir nokkrum árum varð nokkur umræða um hvernig komið væri fyrir verkmenntakennslu í skólum, handmenntakennslu, því að þegar farið var að kenna drengjum og stúlkum sömu handavinnuna var það ekki betur undirbúið en svo að tímum var ekki fjölgað. Það gerðist ekkert annað en hvor hópurinn um sig fékk helmingi færri tíma en hann hafði haft áður. Það er löngu ljóst að úr þessu hefur orðið að svo til engin handmenntakennsla af nokkru viti er í grunnskólanum. Ég leyfi mér að halda þessu fram því að ég þekki það einfaldlega af reynslu. Stúlkur læra sáralítið fyrir sér í saumaskap og prjónlesi, eins og við gerðum á árum áður, og piltar sáralítið í smíðum. Sama gildir ef ég sneri því við og segði: Enn minna læra piltar í saumaskap og enn minna læra stúlkur í smíðum. Þetta er árangur þessarar breytingar því miður. Hugmyndin var sjálfsagt vel meint í anda jafnréttis milli kynjanna en stundum er farið af stað áður en hlutirnir er tilbúnir og verr farið af stað en heima setið.

Hæstv. fyrrv. menntmrh., Svavar Gestsson, gerði ítrekaðar tilraunir til þess að bæta úr þessu, en því miður var hann ekki nógu lengi í ráðherrastól til þess að því verki yrði haldið áfram svo að úr yrði bætt.

Þetta hef ég margsinnis talað um á hinu háa Alþingi vegna þess að það þýðir ekkert að vera að tala um íslenskan iðnað og íslenska hönnun ef ekki er byrjað þegar í grunnskólunum að kenna verkmennt og handmennt. Það hannar enginn klæðnað sem kann ekki að halda á nál eða prjóna sokkbol. Fólk verður að vita og þekkja hvaða efni það er að fást við og er að handfjalla. Þetta hangir auðvitað allt saman og er til stórskaða fyrir iðnaðinn í landinu og þar með þjóðarhag allan.

Um það mætti margt segja og væri kannski ástæða til að hafa um það umræðu hvort við höfum verið á réttri leið með framhaldsskólakerfið okkar vegna þess að ég hef lengi haft þá skoðun að það hafi verið rangt að færa fjölbrautaskólana upp á menntaskólastig. Fjölbrautaskólar eru ágætir en menntaskóli er annað. Ég held að það sé kominn tími til að menn setjist niður og skoði þá reynslu sem af þessu kerfi er orðin. Ég held að menn eigi að horfast í augu við hvað þarna er að. Nú er ég ekki að segja að fjölbrautaskólar séu ekki komnir til að vera. Þeir eru af hinu góða en þeir eru ekki það sama og menntaskólar eins og þeir voru áður. Þar með er ég ekki að segja að þeir megi ekki líka breytast, en ég held að við verðum að hafa kjark til þess að setjast niður og skilja þarna á milli. En það er ekki tími til að rökstyðja það hér og nú og ég ætla heldur ekki að gera það.

En ég ætla aðeins að segja að fátt er hættulegra einni þjóð en að hætta á að menntun í landinu rýrni. Það er undirstaða allra framfara í öllum samfélögum að landsmönnum sé séð fyrir góðri menntun og vísindarannsóknir efldar sem mest við megum því þá aðeins færumst við fram á veg og erum fær um að eiga samleið með öðrum menntuðum menningarþjóðum.

Þau nýmæli er að finna í þessu fjárlagafrv. að í fyrsta skipti eru skólagjöld, sem leyfilegt hefur verið að innheimta í framhaldsskólunum, eyrnamerkt til reksturs skólanna að hluta. Hingað til hefur skólunum verið heimilað að innheimta hjá nemendum tiltölulega lág gjöld til þess að styðja við félagslíf í skólanum og annað slíkt, en nú skulu a.m.k. 3.000 kr. á nemanda fara í beinan rekstur skólans. Þetta er aðeins byrjun á því að hér verði tekið upp, ef þessi heillum horfna hæstv. ríkisstjórn fær að sitja nógu lengi, breska og ameríska kerfið að menn geri svo vel og borgi fyrir sína eigin menntun vegna þess að þessir menn hafa ekki enn þá skilið að menntun er ekki fjárfesting einstaklingsins. Hún er fjárfesting samfélagsins alls.

Háskóli Íslands er í slíkri kreppu að yfir 160 námskeið hafa verið felld niður. Og svo er komið að það er erfitt að sjá til þess að nemandi geti skilað eðlilegri framvindu sem Lánasjóður ísl. námsmanna krefst til þess að næsta greiðsla komi vegna þess að námskeiðið sem nemandinn ætlaði að taka hefur verið fellt niður. Á sama tíma hefur stjórn lánasjóðsins stórlega hert kröfur um námsframvindu þannig að þarna er nemendum gert tvöfalt erfiðara að stunda nám sitt. Skólagjöld hafa verið tekin upp. 22 þús. kr. skulu menn greiða fyrir að fá að fá kennslu á hverju skólamissiri við Háskóla Íslands, enda hefur markmiðinu verið náð: innrituðum stúdentum hefur stórfækkað eða um 700 manns sem eru 8% á einu ári. Ég ætla að vona að ekki verði framhald á sömu prósentutölu því að þá fara menntunarmál í landinu að líta æðilla út.

Það er auðvitað ljóst að þeir sem hafa veikasta þjóðfélagstöðu, fólk sem er með framfærslu, kvæntir stúdentar með börn á framfæri og einstæðir foreldrar, eru auðvitað þeir sem hrökklast frá námi. Maður hlýtur að verða að spyrja þessa hæstv. ríkisstjórn öðru hverju hvort hún viti virkilega hvað hún er að gera og hvort hún vilji þetta. Ekki er hæstv. ríkisstjórn illa við einstæðar mæður. Ekki heldur hún að þær eigi verra með að læra en aðrir. Það er einu sinni svo í lífi okkar að við verðum stundum að vita til hvers við eru að gera það sem við erum að gera. Það verður einfaldlega að vera einhver tilgangur með því. Ég get ekki hugsað mér að nokkur Íslendingur vilji játa það upphátt að hann vilji mismuna fólki á þennan hátt aðgang að námi vegna fjölskyldustöðu eða framfærslu. Ég trúi því bara ekki.

Um Lánasjóð ísl. námsmanna hafa verið haldnar svo margar og svo langar ræður að ég ætla ekki að endurtaka þær og vitna í mörg bindi af þingtíðindum, en þar eru einkennilegir hlutir að gerast. Frá því að sjóðurinn er skorinn niður um hálfan milljarð, þá situr þar stjórn sem ómögulegt er annað að sjá en vilji íslenskum námsmönnum allt ógagn gera. Fáránlegustu reglur sem þessir herrar semja koma námsmönnum í slíkan bobba að það er með hreinum ólíkindum. Ég þekki persónulega þó nokkur dæmi um fólk sem hefur hreinlega hrökklast heim frá námi erlendis vegna þess að það getur ekki staðið í þessu. Það getur ekki staðið í að stríða við þetta fólk. Ég geri ráð fyrir að hæstv. heilbrrh. fengi stjörnur í augun yfir dugnaði hv. varaþm.

og virðulegs stjórnarformanns Lánasjóðsins. Honum hefur svo sannarlega tekist að spara. Það er ekkert lítið sem hann hefur sparað og sker og sker. Það eina sem hann hefur ekki sparað er að hann þurfti helmingi meira húsnæði þegar hann settist þarna upp eftir og hefur heila hæð á Laugavegi 77 og ekki illa búna, langt í frá, einhvers staðar fundust peningar til þess.

Ætli það sé ekki einmitt svo að það megi víða finna peninga, það megi víða spara. Ég skyldi bjóðast til þess, hafandi verið opinber starfsmaður alla mína starfsævi þar til ég settist inn á hið háa Alþingi, að hjálpa hæstv. ríkisstjórn að skera niður heilmikinn kostnað. Ég veit hvar hægt er af að taka. En því miður hefur bara enginn viljað þekkjast það góða boð. Það er ekki fylgst með tölvuæðinu sem fer eins og engisprettufaraldur yfir þetta land. Það er ekki orðinn sá eymdarkontór til að þar sé ekki tölvukerfi á borð við stórfyrirtæki. Það var dálítið skondið að vera á ferð í Bandaríkjunum ekki alls fyrir löngu og sjá tölvukostinn þar í landi. Þá munar ekkert um það hjá Sameinuðu þjóðunum, og er það enginn kotbúskapur, að þar er *sáralítið um tölvur. Þar eru ekki einu sinni raf*magnsritvélar. Menn eru bara einfaldlega með gamlar ritvélar rétt eins og við vorum með fyrir svona 20–30 árum og þykir engum mikið. Þeir hafa einfaldlega sett peningana í annað. Grunur minn er sá að þeir hafi ekki farið í neitt betra en það er önnur saga. En það sýnir að það er vel hægt að reka fyrirtæki án þess að hægt sé að tala við hálfan heiminn án þess að standa upp úr stólnum og má nú öllu ofgera. Ég vildi gera það að tillögu minni að hæstv. ríkisstjórn léti rannsaka þau yfirgengilegu tölvukaup sem viðgangast í landinu. Þetta er orðið þannig að menn tala saman milli landa úr póstkassanum í einhverju horni í tölvunni sinni við vini og vandamenn út og suður. Þetta er hægt á hinu háa Alþingi ef menn vissu það ekki. Ættinginn í útlöndum þarf bara að kaupa sér eitthvað sem heitir módem held ég. (**SvG:** Módem.) Módem, segir hv. 9. þm. Reykv. sem veit allt um þetta og mætti segja mér að hann ætti módem og þá getur hann spjallað við karla og kerlingar út um allar trissur. Halda menn að það sé eitthvert vit í þessu? Til hvers er þetta? Þetta gæti kannski gagnast hæstv. ráðherrum þegar þeir eru að spjalla saman yfir góðum mat og víni í útlöndum um Evrópska efnahagssvæðið. Það mætti kannski gera það í gegnum módem og kæmi kannski að meira gagni, en ég skal ekki hafa fleiri orð um það.

Virðulegi forseti. Mér er ljóst að það bíða margir eftir að komast að. Ég ætla aðeins að víkja að menningarmálunum. Ekki opnar stjórnmálamaður á hátíðlegum stundum svo munninn að hann fari ekki að stæra sig af íslenskri menningu, sögu, menningu, þjóðtungu og öllu þessu. En það er afar erfitt að sjá þegar litið er á þetta fjárlagafrv. að hæstv. ríkisstjórn þyki óskaplega vænt um menningu, sögu og tungu því að nær allt er skorið niður sem hægt er að skera. Jafnvel hin heilaga kýr íslensku þjóðarinnar, bókin, fær ekki að vera í friði. Bókmenntaþjóðin má ekki lesa svona mikið. Hún á að fara að borga meira fyrir bækurnar sínar og auðvitað þarf að setja skatt á þær sem hafði þó tekist að létta af bókaútgáfu í landinu. Auðvitað á þetta eftir að hafa afdrifaríkar afleiðingar bæði fyrir bókritun og bókagerð.

Hið ágæta fyrirtæki, Menningarsjóður, skyldi auðvitað niður lagður. Hann var svo dýr í rekstri sögðu menn. Menningarsjóður hefur gefið út bækur sem fæstir útgefendur hefðu lagt í að gefa út. Ég vil nefna bækur, sem menn hamast við að gefa þingmönnum sem ná virðulegum aldri, Íslenska sjávarhætti eftir Lúðvík Kristjánsson sem er stórvirki og tók áratugi að vinna. Það er ekki auðvelt fyrir nokkurn bókaútgefanda í landinu að halda uppi slíku verki án þess að það skili einni krónu fyrr en 20–30 árum seinna. Slík verk, orðabækur og annað slíkt hefur Menningarsjóður annast. Þá kom þetta fólk eins og skriðdrekar inn í það fyrirtæki og án þess náttúrlega að tala við kóng eða prest lagði það niður. Formenn slógust þarna í nokkra mánuði og voru formenn í ráðinu til skiptis og að lokum var sjóðurinn lagður niður. Þ.e., það hefur ekki verið gert því að það er ekki búið að gera það með lögum sem nauðsynlegt er að gera.

En var fyrirtækið svona illa statt? Nei, það var það ekki. Þegar búið var að selja bara það sem til var af bókum og réttindum til bókaútgáfu voru 17 millj. kr. eftir. Þær eiga raunar að vera uppistaðan í einhverjum nýjum sjóði sem nýtt frv. á að koma fram um. Það er að vísu ekki heldur farið að sjá dagsins ljós en komi það er það einfaldlega með arðinn af Menningarsjóði í farteskinu. Allt er þetta því eins, illa unnið, vanhugsað og heimskulegt.

Þess skal geta sem gott er að Þjóðleikhús Íslendinga hefur nokkurn veginn fengið að halda sínu og er það vel og sýnir einhvern vinskap í sambandi við leiklistina í landinu. Sama má segja um áhugaleikhús og Bandalag ísl. leikfélaga. Það er illmögulegt að horfa fram hjá því að leiklist er sú listgrein í þessu landi sem langflestir landsmenn fást við og njóta. Það er satt að segja aðdáunarvert hversu blómlegt leiklistarlíf þrífst úti um allt land á smæstu stöðum og menn láta sig ekki muna um að færa upp verk sem eru oftar sýnd í stórum atvinnuleikhúsum og svo sannarlega hefur þetta vakið athygli á erlendri grund. Er það vel og ber að fagna því að þetta hefur verið virt og reynt að halda einhverju sómasamlegu fjármagni í þennan rekstur.

Það er ekki langt síðan hið háa Alþingi setti ný þjóðminjalög og skyldi nú bæta úr þeim trassaskap sem því miður hefur ríkt allt of lengi varðandi vörslu og vernd menningarminja í landinu. Húsafriðunarsjóður átti að sjá um að vernda gömul hús sem nær engin eru orðin hér á landi vegna þess að um þau hefur verið gengið af fullkominni villimennsku. Sá sjóður er auðvitað skorinn niður við trog þannig að það er ekki að sjá að mikill vilji sé til þess að fara að hinum nýju lögum. Þetta ber að harma og það er kannski dæmi um þjóðrembuna í Íslendingum, sem er annað en þjóðarmetnaður og raunar andhverfa hans, að sjálft Þjóðminjasafn Íslendinga heldur hvorki vindi né vatni. Þær fáu gersemar sem við eigum úr menningarsögu þjóðarinnar liggja undir stórskemmdum. Starfsmenn eru hlaupandi með þetta undan roki og rigningu þegar verst

viðrar hér í borg. Það er ömurlegt til þess að hugsa að ekki skuli vera gert myndarlegt átak til þess að bæta hér úr.

Framlög til lista almennt eru í fullkominni óvissu. Hæstv. menntmrh. leggur á það mikla áherslu að fá að deila út úr svokölluðum safnlið sjálfur og vill ekki að hv. þm. séu að skipta sér af því. Umtalsvert fé rennur þannig óráðstafað til ráðherra og hinar ýmsu listgreinar eiga það nokkuð undir honum hvernig skipt verður og fá hv. þm. þar ekki öllu ráðið en þó nokkru. Mér er það mikið gleðiefni að geta upplýst að einu okkar indælasta tónskáldi, Árna Björnssyni, sem hefur verið gallaður á heilsu allt sitt líf svo að segja frá því að hann var ungur maður, hafa verið veittar 300 þús. kr. til útgáfu á verkum sínum, en kona hans, frú Helga Þorsteinsdóttir, hefur unnið ótrúlegt starf við að skrá og halda saman verkum manns síns. Sú er von mín að ríkisvaldið hætti ekki fyrr en þessi verk hafa verið að fullu búin til prentunar því að Tónverkamiðstöðin ræður auðvitað ekki við nema mjög takmarkaða útgáfu íslenskra tónverka þar sem illa er að henni búið í alla staði.

Þannig mætti lengi telja og skal ekki tíundað hvað sem er en maður hlýtur að staldra við stærstu stofnanir eins og Listasafn Íslands. Þar var beðið um fullkominn hégóma til þess að geta ráðið, ég man ekki hvort það var einn starfsmaður eða í eitt og hálft starf, en ekki var hægt að verða við því, a.m.k. ekki fyrir þessa umræðu en ég vona svo sannarlega að hægt verði að bæta úr því þegar þetta frv. kemur til 3. umr.

Ég á von á að hv. 6. þm. Vestf., sem er fulltrúi Kvennalistans í fjárln., muni gera grein fyrir samgöngumálum og ferðamálum og síðan eru tillögur frá einstökum þingmönnum sem þeir munu tala fyrir, þar á meðal fjölmargar tillögur frá hv. þm. Alþb. og ég ætla að láta þeim eftir að tala fyrir þeim tillögum sjálfir svo að ekki verði á fólk lagt að hlusta of lengi á sama fólkið hér.

En að lokum, virðulegur forseti. Það er tímaeyðsla á þessu stigi máls að fara í hvern einasta lið. Þetta verk er ónnið. Það liggur engin stefna fyrir. Ríkisstjórnin veit ekki hvað hún er að gera vegna þess að ég trúi því ekki að hún sé svona slæm. Það getur ekki verið að hæstv. ríkisstjórn sé illa við smábörn. Það er ekki mögulegt. Ég get ekki trúað því. Það getur ekki heldur verið að vel menntaðir hv. stjórnarþingmenn sjái ekki gildi þess að viðhalda, verja og vernda íslenska menningu. Það getur heldur ekki verið (**GunnS:** Menningin blómstrar.) að hæstv. ríkisstjórn með heilagan mann sér til styrktar, séra hv. 5. þm. Austurl. (**ÖS:** Hann er ekki heilagur.) Hann er sannheilagur. (**ÓÞÞ:** Þetta er orðið ágreiningsefni.) Það getur ekki verið að þessu fólki sé í nöp við íslensku fjölskylduna. Það getur ekki verið að þeir vilji ekki mennta litlu börnin okkar. Það getur ekki verið að þeir vilji ekki mennta unga námsfólkið okkar hér heima og erlendis. Það er eitthvað annað. Þetta er eitthvert ráðleysi, fum og fát. Menn þurfa að setjast niður og reyna að átta sig á hvert þeir eru að fara. Ég veit ekki hvort hv. þm. hafa lesið Lísu í Undralandi. Lísa villtist í völundarhúsi og hún hitti kött og spurði hann: Hvernig á ég að komast út? Kötturinn spurði eins og skynugum ketti bar: Hvert ertu að fara? Ég veit það ekki, sagði Lísa. Þá er alveg sama hvaða leið þú ferð, sagði kötturinn.

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1993, 96. mál, brtt. JGS, þskj. 442; brtt. HG o.fl., þskj. 443; brtt. HG o.fl. þskj. 444; brtt. RA o.fl., þskj. 445; brtt. RA og SvG, þskj. 446; brtt. SvG o.fl., þskj. 447; brtt. SvG o.fl., þskj. 448; brtt. SvG og GHelg, þskj. 449, brtt. JÁ og SJS, þskj. 450; brtt. SJS, þskj. 451; brtt. VS, þskj. 453; brtt. RA o.fl., þskj. 454; brtt. HG og SJS, þskj. 455; brtt. SJS, þskj. 456.

Grunnskóli, 296. mál, stjfrv., þskj. 452.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. of seint fram komnar. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GunnS, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KÁ, LMR, ÓE, PJ, SigG, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkvæði.

31 þm. (ÁRÁ, BBj, DO, EGuðn, FI, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JónS, KHG, KE, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SighB, SP, StG, StH, SJS) fjarstaddur.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. formaður fjárln. lýsti dæmisögu áðan og tók söguna um litlu gulu hænuna sem dæmi um muninn á þeim sem vinna verkin og hinum sem ekki vildu vinna þau. Það er að vísu rétt hjá honum að þegar litla gula hænan fann fræ sem þurfti að vaxa og dafna og vinna úr þar til það yrði að afurð sem hægt væri að leggja sér til munns, þá sagði karlkynið, bæði hundurinn, kötturinn og fleiri: Ekki ég, ekki ég og það var hún sem vann öll verkin með góðum árangri. Mér finnst hann ætti að beina þessari athugasemd til hæstv. ríkisstjórnar að í ríkisstjórninni væri betur að málum unnið ef kvenkynið réði þar meiru en einum tíunda.

Frú forseti. Í upphafi máls míns vil ég þakka gott samstarf í nefndinni. Sérstaklega þakka ég starfsfólkinu í Austurstræti fyrir mikla þolinmæði við okkur fjárlaganefndarfólk. Þó veit ég að lokaspretturinn er enn þá eftir enda margt óljóst enn í fjárlagafrv. því sem við erum hér að fást við. Fyrst vil ég taka það fram að ég harma að ekki skyldi nást sú samstaða sem stefnt var að með stjórn og stjórnarandstöðu um að leita lausna í því erfiða efnahagsástandi sem við óneitanlega búum við. Viðræður voru í gangi bæði meðal stjórnmálamanna og aðila vinnumarkaðarins og vitanlega tóku þær sinn tíma. Því miður var á þær klippt af hálfu stjórnarliða með því að tilkynna 23. nóv. sl. um gengisfellingu og nýjar efnahagsráðstafanir sem áttu að lækka útgjöld ríkissjóðs um 1.240 millj. Þó er ekki enn hægt að sjá að þau markmið náist. Allt frá því að tilkynning ríkisstjórnarinnar var gefin út hefur verið beð-

ið eftir því að þessar tillögur ásamt öðrum niðurskurðartillögum stjórnarinnar litu dagsins ljós í frumvarpsformi.

Sl. laugardag var dreift þrem frv. sem öll tengjast afgreiðslu fjárlaga. Aðeins eitt þeirra kemur þó inn á gjaldahlið fjárlaga. Það eru breytingar á mæðra- og feðralaunum og barnalífeyrir sem eiga að skila í heildina 250 millj. kr. sparnaði fyrir ríkissjóð. Auðvitað er hér ekki um raunverulegan sparnað útgjalda að ræða því að verið er að skerða mæðra- og feðralaun um 680 millj. en hækkun barnalífeyris kemur á móti þannig að heildarskerðingin verður 500 millj.

Enn er verið að bæta álögum á barnafjölskyldur þessa lands. Það er hörmulegt til þess að vita að ríkisstjórnin skuli ekki finna aðrar leiðir til niðurskurðar í ríkisfjármálum en þær að skerða tekjur barnafjölskyldna. Fjármagnseigendur sleppa eina ferðina enn og barnlausar fjölskyldur geta hrósað happi yfir því að hafa ekki farið í það að eiga börn, jafnvel þó að um hraust fólk á besta aldri sé að ræða. En það er sá þjóðfélagshópur að mati hæstv. heilbrrh. sem ekki á að vera að standa því að eiga börn og sækja sín réttindi eins og fæðingarorlofsgreiðslur sem eru þó lögboðin réttindi. Þess er líklega ekki langt að bíða að hæstv. heilbrrh. vaði í þann lagabálk sem heitir fæðingarorlof og skeri niður með einum eða öðrum hætti þau réttindi sem hafa gert konum á vinnumarkaði kleift að standa í að eignast börn og hafa þannig stuðlað að atvinnuþátttöku íslenskra kvenna. Það hefur haft í för með sér að konur hafa getað verið heima og sinnt börnum sínu á fyrstu mánuðunum. Það gleymist alveg að það er einmitt hin vaxandi atvinnuþátttaka kvenna sem hefur átt drýgstan þátt í þeim hagvexti sem orðið hefur hin síðari ár í íslenskum þjóðarbúskap.

Þegar fjárlagafrv. var lagt fram var ekki mikil umræða um það. Það var vitað að það ætti eftir að taka miklum breytingum í meðförum þingsins og ekki síst vegna þess að sjálfur fjmrh. viðurkenndi að það væri þá þegar orðið úrelt plagg sem ekki fengi staðist. Svo margar breytingar væru fyrirhugaðar bæði á tekju- og gjaldahlið. Helst var deilt á þau áform að breyta lögum um virðisaukaskatt í þá veru að skattleggja húshitun, bækur, blöð, tímarit, útvarp og sjónvarp, svo eitthvað sé nefnt, einnig að draga úr endurgreiðslum virðisauka af vinnu iðnaðarmanna við íbúðarhúsnæði, svo og snjómokstur og sorphreinsun hjá sveitarfélögum.

Nú er útfærslan hins vegar á þann veg að taka upp tveggja þrepa virðisaukaskatt og skal lægra skattþrepið leggjast á húshitun hinn 1. jan. nk., síðan á bækur, blöð og fjölmiðla aðra þann 1. júlí á næsta ári og ferðaþjónustu 1. jan. 1994. En fallið er frá skattlagningu á sveitarfélögin, enda beittu þau öllum þeim þrýstingi sem tiltækur var, m.a. að neita að halda áfram umræðum í sameiningarnefndinni svokölluðu fyrr en fallið væri frá þessum áformum.

Það vafðist lengi fyrir stjórnarþingmönnum að samþykkja virðisauka á húshitun og ekki að undra þar sem það var eitt af stórum markmiðum þessarar ríkisstjórnar að jafna húshitunarkostnað í landinu. Það var eitt af fyrstu verkum hennar að leggja 35 millj. til jöfnunar á húshitunarkostnaði. Þær aðgerðir hófust hinn 1. júní 1991 og er rétt að rifja upp ummæli hæstv. iðnrh. um það mál sem hann lét falla í umræðum 21. nóv. 1991. Þar sagði hann, með leyfi forseta:

„Markmiðið með tillögum orkuverðsjöfnunarnefndar var að kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis í vísitölufjölskyldu lækki í þremur áföngum á næstu tveimur til þremur árum úr um það bil 7.500 kr. á mánuði í 5.000 þús. kr. á mánuði eða um þriðjung. Með aukinni niðurgreiðslu frá 1. júní sl. má því segja að fyrsta áfanganum hafi verið náð. Í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár", segir hæstv. iðnrh., „er gert ráð fyrir því að við höldum þessu niðurgreiðslustigi allt það ár." Síðar í þessari sömu ræðu segir hann: „Markmiðið er alveg skýrt. Þennan mun ætlum við að jafna."

Í hvítbók ríkisstjórnarinnar svokölluðu er þetta einnig eitt af aðalstefnumálunum. Það er því augljóst að þetta var markmið ríkisstjórnarinnar. Það er hins vegar ekki í samræmi við þær aðgerðir sem nú eru áformaðar, að skattleggja húshitunarkostnað. Þó að ég þykist vita að þingmenn frá þeim kjördæmum þar sem þessi kostnaður er mörgum sinnum hærri en þar sem hann lægstur á landinu hafi reynt að koma í veg fyrir þessa skattlagningu, þá tókst það ekki. Við höfum enn ekki séð þá útfærslu sem kemur í veg fyrir að þetta leiði til hækkunar, hvað þá heldur að áform séu um að halda áfram þeirri jöfnun sem lofað var fyrir ári. Þegar skattlagning er einu sinni komin á einhvern póst hefur hún tilhneigingu til að festast í sessi. Niðurgreiðslur eða jöfnunaraðgerðir liggja hins vegar vel við höggi og hægt um vik að draga úr þeim með einfaldri samþykkt eða reglugerðarbreytingu.

Þær línur sem ríkisstjórnin leggur í gegnum markmið fjárlaga er ekki bara að draga úr útgjöldum til að minnka halla ríkissjóðs. Það er mjög virðingarvert markmið að draga úr halla til að minnka skuldasöfnun þjóðarinnar. Það er vissulega erfitt þegar við þurfum að horfa upp á það að einn tíundi hluti af fjárlögum ríkisins fer í að greiða vexti af skuldum. Við viljum öll sjá að hægt sé að draga úr skuldasöfnun og helst að við gætum greitt niður skuldirnar. En það eru leiðirnar sem ríkisstjórnin velur til að ná markmiðum sínum sem við gagnrýnum harkalega.

Með þeim aðgerðum sem nú á að grípa til og eru boðaðar eru ráðstöfunartekjur barnafjölskyldna skertar um 1,5 milljarða kr. á þessu ári og því næsta. Í fjárlögum sl. árs voru barnabætur skertar um 500 millj. kr. Nú eru mæðralaunin skert um 500 millj. kr. og skerða á barnabætur aftur um 500 millj. Hvenær er mál að linni? Ég bara spyr.

Það er heldur ekki látið staðar numið hér. Tannlæknakostnaður er aukinn og lyfjakostnaður er aukinn og það kemur vitanlega þyngst niður á þeim sem eru að ala upp börn. Börn eiga það nefnilega til að verða oftar veik en fullorðið fólk og það er líka nauðsynlegt að huga að tannheilsu þeirra þegar í bernsku. Í þessa liði er sóttur niðurskurður fjárlaga að miklu leyti, a.m.k. þær tillögur sem nú eru komnar fram. Og nú boðar ráðherrann að næst eigi að taka fyrir fæðingarorlofið. Þessi ríkisstjórn mun fá þau eftirmæli í sög-

unni ef svona heldur áfram að hafa verið barnfjandsamleg.

En hvar á þá að skera niður? spyrja stjórnarliðar. Komið þið með tillögur ef þið hafið einhverjar. Til þess að ná jöfnuði í ríkisfjármálum þarf annað tveggja að minnka útgjöld eða auka tekjur nema hvort tveggja sé. Það hefur verið hætt við að setja á fjármagnsskatt. Með því hefði verið hægt að auka tekjur ríkisins um allt að 1 milljarð kr. Sumir halda því fram að þar sé hægt að ná í 2 milljarða kr. Tæpa 2 milljarða á að taka að láni til að fara í auknar vegaframkvæmdir. Þarna eru a.m.k. 3 milljarðar kr., helmingur af áætluðum halla frv. eins og það liggur fyrir núna.

Er það raunhæft markmið til atvinnuskapandi aðgerða, eins og það heitir, að fara í auknar vegaframkvæmdir fyrir 1.800 millj. kr. lánsfé? Auðvitað viljum við öll sjá auknar vegaframkvæmdir. Við viljum betri vegi og það er víða um land þörf á úrbótum. En er það svo brýnt ef við ætlum að spara í ríkisútgjöldum að það geti ekki beðið í eitt ár? Þó að ég búi á því landsvæði þar sem menn bíða með óþreyju eftir betri samgöngum á ýmsum sviðum, þá verð ég að svara þessari spurningu neitandi. Ég efast mjög um að þessar framkvæmdir leysi stóran vanda í atvinnumálum eins og til er ætlast, að ekki sé talað um allan þann feluleik sem stundaður er í sambandi við þessar 1.800 millj. því að í raun er hér aðeins um viðbót upp á 1 milljarð kr. og tæplega það ef tekjustofnar Vegasjóðs væru nýttir eins og til er ætlast í lögum.

Það höfum við í minni hluta fjárln. reyndar rakið í okkar nál. en þar segir, með leyfi forseta:

„Í vegamálum er fyrst skorið niður um 344 millj. kr. og til viðbótar er kostnaður á flóabáta og ferjur færður á Vegagerðina. Sá kostnaður er í fjárlögum 1992 304 millj. kr. Nýleg úttekt Vegagerðar ríkisins á fjármálum ferja og flóabáta bendir til að þær 330 millj. kr., sem ætlaðar eru til þess verkefnis í fjárlagafrv., dugi ekki. Þar segir að áætlaður rekstur árið 1993 kosti 389 millj. kr. og er þá eftir að gera upp gamlar skuldir" — frá síðustu áramótum eða jafnvel frá því að síðasta úttekt var gerð — „að upphæð 94,5 millj. kr. Vegagerðin hefur sett það skilyrði fyrir því að taka við þessum rekstri að dæmið verði gert upp og þeir taki við hreinu „borði"." — Þarna er fjárvöntun upp á rúmlega 150 millj. kr. — „Ekki eru þó öll kurl til grafar komin þar sem enn er óvíst um hvað hugsanlegar breytingar á hinu nýja skipi, Herjólfi, muni kosta."

Þá hefur Félag ísl. bifreiðaeigenda sent frá sér harðorð mótmæli vegna hækkunar á bensíngjaldi umfram hækkun vegna gengisfellingar. Sú hækkun sem þegar er komin til framkvæmda, þ.e. 1,50 kr. á lítra, mun koma fram í 10 millj. kr. tekjum á þessu ári fyrir Vegasjóð því að samkvæmt lögum á það að renna í Vegasjóð, og á næsta ári verða það um 120 millj. kr. Fyrirhugaðar hækkanir um áramót er áætlað að gefi 150 millj. kr. Það mál er reyndar í skoðun í ráðuneytinu enn þá og verður líklega enn meira þegar upp er staðið. Þarna eru tekjur upp á 370 millj. kr. á næsta ári sem nú þegar er búið að ákveða til viðbótar á núverandi tekjustofnum til Vegagerðar. Þetta eru markaðir tekjustofnar Vegagerðarinnar samkvæmt lögum og eiga að renna til vegagerðar. Það kemur því enn betur í ljós ef við tökum allar þesar upphæðir saman, 344 millj kr. skerðinguna, sem á að renna í ríkissjóð, 330 millj. vegna kostnaðar við ferjur og flóabáta, 370 millj. í hækkuðu bensíngjaldi og síðan var heimild til lántöku vegna jarðgangagerðar á Vestfjörðum á þessu ári upp á 250 millj. kr. Þetta allt gerir samtals 1.300 millj. kr. Svo eru menn að ræða um nýtt fjármagn upp á 1.800 millj. Ef við tækjum með í reikninginn þá skerðingu sem sett var á Vegasjóð á yfirstandandi ári væri talan komin í mínus og vel það.

Ef ég vík frekar að umfjöllun okkar í minni hluta fjárln. um þetta fjárlagafrv. þá segir þar að þeir málaflokkar sem helst verða fyrir barðinu á niðurskurðarhníf ríkisstjórnarinnar séu heilbrigðismál, menntamál og landbúnaðarmál. Í viðbót við það sem ég hef rakið hér á undan um árásir á barnafólk á enn að spara í rekstri sjúkrastofnana með því að draga úr framlögum til áfengismeðferðar og jafnvel loka stofnunum. Þó eru ekki enn neinar heildstæðar tillögur í þeim efnum á borðinu, enda margt óljóst enn um það hvernig ná á áætluðum niðurskurði í heilbrigðiskerfinu upp á 2,6 milljarða kr.

Samdráttur er einnig boðaður í rekstri Kristneshælis en líklega þó fallið frá lokun eins og í fyrstu var ætlað. Mikil mótmæli hafa borist við þessu, ekki síst frá norðanmönnum sem sjá fram á það að endurhæfingarstarf sem á Kristnesi er hafið mun fara minnkandi og ekki takist að efla það eins og fyrirhugað var.

Það mætti nefna það í framhjáhlaupi að mér heyrðist á hv. formanni áðan að það mundi ekki veita af endurhæfingarstofnunum í landinu.

Þá á það að skila sértekjum að selja þvottahús Ríkisspítala og mætti fara mörgum orðum um þá fyrirætlun. Ég hef vitanlega enga trú á því að sú aðgerð skili einhverju sparnaði eins og ætlast er til. Þvert á móti mun verða kostnaðarauki af þessari aðgerð. Ef hún tekst, þá verður það kostnaðarauki fyrir spítalana.

Atvinnuleysistryggingasjóður mun þarfnast aukinna framlaga miðað við allar spár um atvinnuleysi á næsta ári og það er illa í samræmi við hlutverk hans að fyrirhuguð er endurskoðun á sjóðnum með það að markmiði að draga úr fjárþörf hans. Ég get ekki séð neitt samhengi í slíkum áætlunum á sama tíma og aukin eftirspurn er eftir atvinnuleysisbótum.

Hvað varðar mennta- og menningarmál er enn haldið uppteknum hætti að þrengja að skólakerfinu á flestöllum stigum. Í fyrra var þó látið í veðri vaka að sá niðurskurður sem harðast var deilt á í grunnskólum, þ.e. fækkun kennslustunda og fjölgun í bekkjum, yrði aðeins til eins árs. Nú hefur komið á daginn að sá niðurskurður er áfram inni á fjárlögum þeim sem við erum að ræða nú. Er það í samræmi við annað hjá þessari ríkisstjórn að ekkert er að marka það sem á þeim bæ er sagt eða fullyrt í dag því að á morgun er það gleymt eða svikið. Þannig eru loforð menntmrh. í þessum efnum nú að engu orðin.

Í framhaldsskólum er enn verið að reyna að koma á skólagjöldum. Nú eru þau dulbúin og talað um sam-

ræmingu á því sem sé í skólunum. Öllum skólum er gert að innheimta a.m.k. 3 þús. kr. á nemanda og það sett inn í rekstraráætlanir skólans. Vísað er í það að skólarnir hafi innheimt fyrir efniskostnaði og nú séu þeir að taka þetta inn í bókhaldið. Þetta er auðvitað ekki rétt því að í flestum tilfellum hefur þetta verið til starfsemi nemendafélaganna, til að standa að sérverkefnum og efniskostnaði vegna þeirra, en alls ekki fyrir almennum rekstrarkostnaði skólanna.

Niðurskurður til háskólans í frv. er þó eitt alvarlegasta málið að þessu sinni og hefur verið mikil umræða um það í haust meðal skólamanna. Rektor Háskóla Íslands hefur varað alvarlega við niðurskurðinum og bent á afleiðingarnar sem það muni hafa fyrir menntastig þjóðarinnar og framtíðarhorfur. Því miður hefur hann talað fyrir daufum eyrum. Þó komu inn lítils háttar lagfæringar til Háskóla Íslands og ber að þakka það. Þær eru í þeim brtt. sem fjárln. stendur að og það styðjum við að sjálfsögðu í minni hlutanum. En við hörmum að ekki hefur verið reynt að koma meira til móts við óskir háskólans í þessum efnum.

Framlag til vísinda og rannsókna í frv. þessu er algerlega háð því að það takist að selja eignir en ákvæði eru um að 20% af greiddu andvirði seldra eigna renni til þeirra mála. Á þessu ári hefur ekki tekist að selja eignir ríkisins eins og að var stefnt. Þær áttu að skila 1 milljarði kr. en skila tæplega 500 millj. eftir síðustu upplýsingum. Á næsta ári er talað um 1,5 milljarða eignasölu sem ekki er frekar útlit fyrir að takist ásamt því að ekki er allt söluverð greitt út í hönd. Það verður því ekki há tala sem þessi 20% af greiddu andvirði seldra eigna eiga að skila til rannsóknastarfa.

Á sama tíma og skýrsla OECD gefur það út að Íslendingar hafi algerlega vanrækt að leggja fé til þessara mála og nauðsynlegt sé að byggja á rannsóknum og nýsköpun til að efla atvinnustarfsemi er þessi málaflokkur mjög mikið vanræktur. Það má líka minna á að verði af aðild okkar að EES verðum við að leggja meira fjármagn til þessara mála til þess einfaldlega að geta fylgst með því sem þar er að gerast.

Það kemur einnig fram í framlögum til rannsókna í sjávarútvegi en þeir liðir lækka mikið á milli ára. Í nál. okkar í minni hluta fjárln. segir:

„Niðurskurður í sjávarútvegsmálum er umtalsverður í þessu frv. Munar þar mestu um rannsókna- og eftirlitsþáttinn. Þar er lækkun milli áranna 1991" — þ.e. miðað við reikning 1991 — „og 1993 50% þegar á heildina er litið. Mikil lækkun er á lið sem merktur er Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi, en hann lækkar úr 51 millj. kr. í 21 millj. kr. á milli ára. T.d. er ekki útlit fyrir að hægt verði að halda áfram þeim tilraunum með þorskklak sem byrjað var á og áttu að standa í nokkur ár. Þá á Hagræðingarsjóður að standa undir rekstri Hafrannsóknastofnunar þrátt fyrir að á yfirstandandi ári hafi þær tekjur brugðist í meginatriðum. Útlit er fyrir að allt að 300 millj. kr. vanti til að áætlanir standist í ár. Í nál. sjútvn. kemur fram að nefndinni í heild þykir of langt gengið í niðurskurði til rannsókna."

Einn er sá málaflokkur sem sætir mestum niðurskurði milli ára í fjarlagafrv. og það eru landbúnaðarmál. Heildarniðurskurður er þar 3,3 milljarðar kr. og ekki þykir Alþfl. nóg að gert samanber ummæli hæstv. utanrrh. á dögunum. Enn á að skera og ekki á að standa við gerða samninga þar frekar en annars staðar. Það virðist sem ríkisstjórnin þurfi að fá á sig hæstaréttardóma til þess að standa við gerða samninga. Verður það kannski næsta skref hjá landbn. Alþingis að leita til dómstóla en ekki bara eftir áliti Ríkisendurskoðunar um það hvort fjárlög séu í samræmi við gerða samninga við bændasamtökin? Ég ætla ekki að sundurliða frekar allar þær lækkanir sem eru á framlagi til landbúnaðarmála. En ég vil nefna sérstaklega að í búvörusamningnum er gert ráð fyrir auknu framlagi til landgræðslu og skógræktar í sambandi við áformaða fækkun sauðfjár en við það er ekki staðið.

Ferðamál eru einn sá málaflokkur sem hefur verið mest atvinnuskapandi á undanförnum árum. Enn er þó haldið uppi sama hætti gagnvart Ferðamálaráði og markaður tekjustofn ráðsins skertur svo að það fær aðeins ⅓ hluta af því sem lögboðið er. Framlag til reksturs skrifstofunnar er einnig lækkað og henni er ætlað að afla talsverðra sértekna eins og flestum öðrum stofnunum. Í viðtölum fjárln. við þær stofnanir sem gert er að afla aukinna sértekna kom yfirleitt fram að það væri með öllu óraunhæft. Þessi skerðing til Ferðamálaráðs er ekki síst alvarleg í ljósi þess að í ferðamálum er helsti vaxtarbroddur nýrrar atvinnustarfsemi.

Árið 1991 námu gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu nær 12,5 milljörðum kr. Það er skoðun Ferðamálaráðs að án mikilla fjárfestinga annarra en í markaðssetningu sé unnt að tvöfalda gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu á næstu átta árum og skapa þar 2.200 ný ársverk sem tækju þá við fjórða hverjum nýliða á vinnumarkaði. Ferðamálaráð hefur samkvæmt þessu mótað stefnu í ferðamálum til aldamóta sem lofar góðu en það er ljóst að það verður lítið úr framkvæmdum ef fjárveiting verður ekki aukin. Til upplýsinga ætla ég að geta þess að Ferðamálaráð hefur fengið 800 millj. kr. minna en lög áætla frá árinu 1976, 800 millj. kr. minna.

Umhverfismál eru stór og vaxandi málaflokkur um allan heim. Hér á landi er alveg sýnt að svo mun einnig verða. Umhvrn. er yngsta ráðuneytið sem hér er starfandi. En þrátt fyrir að umhverfismál séu sífellt að fá meira vægi í allri umræðu þjóðmála um allan heim erum við ekki þar í takt við tímann. Það ber fjárlagafrv. með sér. Enda sá ráðherra umhverfismála ástæðu til að koma á fund fjárln. sérstaklega og benda á nauðsyn þess að auka fé til þessara mála um rúmar 20 millj. kr. í fjárlagafrv. m.a. vegna mengunarmælinga í sjó. Eins og ráðherrann benti réttilega á er okkur mikil nauðsyn á að fylgjast vel með efnainnihaldi sjávar, svo mjög sem við byggjum afkomu okkar á hvers kyns sjávarafurðum.

Þá eru sorp- og fráveitumál sveitarfélaga víða í miklum ólestri og flest sveitarfélög hafa óskað eftir aðstoð umhvrn. við stefnumörkun í þeim málum.

Náttúruverndarráð hefur einnig í mörg ár verið í fjársvelti og þrátt fyrir nokkra aukningu í frv. frá fjárlögunum sem gilda í ár, þá er hér um algera lágmarks-

upphæð að ræða að mínu mati. Ég vil minna á hversu mikilvægt það er að hugsa um náttúruvernd í sambandi við hvers kyns landkynningu og ferðaþjónustu. Það er alveg sýnt að verkefni Náttúruverndarráðs munu fara vaxandi á næstu árum.

Þá er dálitið sérkennilegt að Veðurstofunni er gert að afla sértekna af þjónustu við innanlandsflugið. Þar fylgir viss hætta á því að flugfélögin reyni þá að spara í þeim kostnaði með því að leita ekki eins oft til Veðurstofunnar um veðurathuganir. Þau eiga kannski að nota sömu veðurspána oftar en einu sinni til þess að vinna að nýtingarstefnu hv. formanns fjárln. Ekki tel ég þetta til bóta í landi sem okkar þar sem veðurfar og landfræðilegar aðstæður eru erfiðari en víða annars staðar og mjög áríðandi að fylgst sé með veðurathugunum hjá þeim sem stunda innanlandsflugið.

Að lokum vil ég taka það fram vegna þeirra brtt. sem hér eru fram lagðar af fjárln. allri að undanförnu vikur hefur nefndin unnið sameiginlega að þeim tillögum í góðu samstarfi. Hér er um ýmsar lagfæringar að ræða milli liða, skiptingu fjár af safnliðum, skiptingu á fé til hafnamála, sjóvarnagarða, sjúkrahúsa, heilsugæslustofnana, framhaldsskóla, stofnkostnaðar og fleira. Leitast hefur verið við að styðjast sem mest við ramma fjárlaga og unnið málefnalega að því að útdeila því fjármagni sem ætlað var til þeirra verkefna. Við í minni hlutanum stöndum því að þeim brtt. með meiri hluta nefndarinnar.

Við höfum hins vegar ekki komið nálægt því að móta þær tillögur sem eru á þskj. 438 og lýsum allri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og þeim sem kjósa að styðja hana í þeim tillögum. Mér heyrðist raunar á umræðunni í gærkvöldi að ekki væri samstaða innan beggja stjórnarflokkanna um þær tillögur. Við vorum ekki spurð álits á þeim niðurskurði sem brtt. meiri hlutans gera ráð fyrir áður en þær voru lagðar fram. Þær komu tilbúnar frá hæstv. heilbrrh. og ég efast raunar um að meiri hluti fjárln. sé neitt ánægður með þær þó hann neyðist til að leggja þær fram. En það kemur væntanlega í ljós í atkvæðagreiðslu síðar.

Ég vil svo að lokum ítreka það enn einu sinni að í raun er þetta fjárlagafrv. enn mjög ófullburða þar sem þær tillögur sem skipta sköpum í gerð þessa eru enn ekki fram komnar. Tekjuhliðin er öll í óvissu og niðurskurður á gjaldahlið upp á 250 millj. það eina sem enn hefur komið inn í frv. Það eru tillögur sem felast í því frv. sem hér var rætt í gær um breytingar á almannatryggingalögum. Það var hér til 1. umr. og engin samstaða um það í flokkum stjórnarliða. Það er því ekki á þessu stigi hægt að segja fyrir um afdrif þess í þinginu.

Að öðru leyti þakka ég öðrum fjárlaganefndarmönnum fyrir gott samstarf. Ég er sannfærð um að ef nefndin sem heild hefði meira með það að gera að móta fjárlögin, þá væru þau ásættanlegri en nú er útlit fyrir að þau verði.

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1993, 96. mál, brtt. JHelg o.fl., þskj. 457; brtt. JHelg o.fl., þskj. 458; brtt. JónK o.fl., þskj. 459.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Eins og hv. formaður fjárln. hefur gert grein fyrir hefur fjárln. lokið störfum fyrir 2. umr. og lagt fram nál. og brtt. við 4. gr. fjárlagafrv. fyrir árið 1993.

Engum blandast hugur um að staða þjóðarbúsins er erfið og það hefur vissulega komið fram í vinnu fjárln. að ríkisfjármálin eru mikilvægur hlekkur í stjórn efnahagsmálanna og getur skipt sköpum um það hvort okkur tekst að vinna efnahags-og atvinnulífið út úr brimgarði samdráttar og minnkandi tekna.

Við 2. umr. um fjárlög vil ég þakka samstarfsmönnum í fjárln. fyrir ágætt samstarf, starfsfólki nefndarinnar og þeim öllum sem koma að vinnu fjárln. fyrir ánægjulegt starf. Með bættu skipulagi og breyttu verklagi hefur tekist að gera starf fjárln. viðráðanlegra þrátt fyrir mikla yfirferð og mörg erindi frá stofnunum, sveitarfélögum og félagasamtökum sem leita til nefndarinnar eða eru kvödd til fundar við hana. Fjöldamörg erindi sem berast fjárln. kalla á mikla vinnu og til þess að nefndin geti haft yfirlit yfir alla þætti fjárlaga og geti lagt mat á sparnað eða tillögur um aukin útgjöld verður ekki undan því vikist að kalla til fjölmarga forstöðumenn stofnana og gefa þeim tækifæri til þess að gera grein fyrir rekstri og þeim erindum sem til afgreiðslu eru hverju sinni. Þá er ótalin sú vinna, og henni er ekki lokið, sem hefur fylgt umfangsmiklum tillögum stjórnarflokkanna um aðgerðir til að styrkja stöðu atvinnulífsins og sporna gegn atvinnuleysi.

Þrátt fyrir mikið álag á nefndina hefur starfið gengið vel. Samt sem áður má enn bæta starfsaðferðir nefndarinnar svo hún geti tekið til sérstakrar athugunar tiltekin viðfangsefni í ríkisrekstrinum, svo sem undirbúning framkvæmda, kostnað við viðhald mannvirkja eða lagt mat á forsendur fyrir rekstri einstakra stofnana, stórra og smárra, á grundvelli úttekta Ríkisendurskoðunar.

Það hlýtur að vera mikilvægt viðfangsefni fjárln. að meta betur en áður árangur við sparnað eða gera athugun á leiðum til betri nýtingar þeirra fjármuna sem til ráðstöfunar eru. Í því sambandi mætti nefna að nauðsynlegt er að gera athugun á þeirri framkvæmd fjárlaga sem lýtur að tilfærslu einstakra stofnana milli rekstrar og stofnkostnaðarliða og ekki síður að leggja t.d. mat á þá miklu fjármuni sem árlega eru ætlaðir eða nýttir til hugbúnaðargerðar og tölvukaupa.

Tölvuvæðing ríkisstofnana hefur sprottið fram með þeim hætti að undrun sætir og er full ástæða til að endurmeta þau mál og leitast við að einfalda og gera þau hagkvæmari. Það hlýtur að vera mikilvægt verkefni nefndarinnar að meta eða láta leggja mat á tillögur ráðuneyta um framlög til skyldra stofnana.

Sem dæmi má nefna að í viðtölum við nefndina hafa komið fram athugasemdir um framlög til einstakra framhaldskóla. Ráðuneyti menntamála hefur unnið að því að koma upp greiningu eða mati á útgjaldaþörf einstakra framhaldsskóla með því að gefa þeim tilteknar gildistölur sem byggðar munu vera á kennsluframboði, tækjakostnaði, húsnæði og ýmsum þáttum sem tengjast rekstrarkostnaði og eru mismun-

andi frá einum skóla til annars.

Til þess að leggja áherslu á nauðsyn þess að fyrir liggi faglegt mat á greiningu kostnaðar framhaldsskólanna hefur fjárln. óskað eftir því að menntmn. þingsins geri athugun á þessum þáttum og leggi fram greinargerð um málið. Er þess að vænta að sú greinargerð geti legið fyrir á næsta ári þegar fjárlög 1994 verða undirbúin.

Meiri hluti fjárln. leggur ríka áherslu á að þeir skólar sem einkum sinna verknámi á framhaldsskólastiginu njóti eðlilegrar hlutdeildar í rekstrarframlögum, en ljóst er að nokkuð hærri tilkostnaður er á hvern nemenda í verknámsgreinum en bóknámsgreinum.

Með samstarfi fjárln. og einstakra fagnefnda Alþingis ætti á sama hátt að vera mögulegt að taka fyrir einstaka þætti í ríkisumsvifunum og greina forsendur þeirra og reyna þannig að tryggja sem best nýtingu fjármuna. Um leið væri gengið eftir því að sú þjónusta verði veitt sem Alþingi hefur ætlast til með samþykkt tiltekinnar löggjafar og með samþykktum fjárveitingum til þeirra verkefna.

Þær efnahagslegu forsendur sem fjárlagafrv. fyrir árið 1993 byggir á eru stöðugt að taka breytingum. Hagkerfi okkar er ekki ólíkt veðrinu. Það tekur skjótum breytingum og allra veðra er von þegar treyst er á sjávarafla og ótrygga markaði fyrir afurðir. Það er því *mikilvægt fyrir* okkur að skyggnst vel um og taka ekki áhættu og meta stöðu okkar í ljósi þeirra miklu hræringa sem eiga sér stað í efnahagslífi nágranna okkar og helstu viðskiptaþjóða.

Þær horfur sem blasa við í efnahagsmálum hér heima og á alþjóðavettvangi fela ekki í sér neina vissu um snögg umskipti til hins betra í útflutningstekjum landsmanna á næstu missirum. Það eru ófrávíkjanlegar staðreyndir.

Eins og allir vita stafar þetta annars vegar af því að þorskstofninn er í lægð og hins vegar af því að ástand í efnahagsmálum í heiminum tefur nýtingu innlendra orkugjafa sem skapað geta útflutningstekjur. Af þessu má sjá að það væri óraunsæi að víkja sér undan vandanum nú og treysta á efnahagsbata sem engin merki eru um á næstu missirum.

Vandi okkar við fjárlagagerðina núna er að ganga þann gullna meðalveg í ríkisútgjöldum að þau verði innan þeirra marka að ekki valdi óviðráðanlegu og óásættanlegu atvinnuleysi um leið og forðast verður eftirspurnarþenslu á fjármagnsmarkaði með hækkun vaxta og tilheyrandi víxlverkunaráhrifum.

Meiri hluti fjárln. leggur ríka áherslu á að beita aðhaldi og takmarka ríkisútgjöldin við þær aðstæður sem við búum við í efnahagslífinu nú um stund. *Aðgerðir stjórnarinnar og tillögur í atvinnu- og efnahagsmálum eiga að stuðla að bata og hamla gegn atvinnuleysi.* Afgreiðsla fjárlaga verður að tengjast þeim áformum.

Eins og jafnan vill verða mæta sparnaðar- og samdráttartillögur andstöðu, ekki síst hjá stjórnarandstöðunni, sem ekki er tilbúin til þess að standa að nál. með meiri hluta fjárln. nema þeim brtt. sem eru til hækkunar á útgjöldum ríkisins. Ekki er það trúverðug afstaða og ekki líkleg til þess að vekja traust eða tiltrú um að stjórnarandstaðan sé tilbúin til að ganga til þess að lækka hallann á fjárlögum. Í umræðum um gæslu þingskapa í gær var notaður langur tími í að krefjast svara um hver hallinn yrði á fjárlögum sem nú eru til 2. umr. í þinginu.

Við slíkar aðstæður sem eru í þjóðfélaginu hefði það verið merki um styrk stjórnarandstöðunnar að fylgja stjórnarflokkunum við afgreiðslu fjárlaga, svo alvarleg sem staðan hjá þjóðarbúinu er.

Við verðum að brjótast út úr langvarandi tímabili stöðnunar og samdráttar þjóðartekna og tímabili mikilla skuldbindinga ríkissjóðs, bæði vegna mannvirkja sem ekki nýtast, byggingarframkvæmda, sem ekki hefur verið lokið við, bygginga, sem hafa drabbast niður vegna viðhaldsskorts, vegna rekstrar þjónustustofnana, sem kallað hafa á aukin ríkisútgjöld, og vegna sjálfvirkni í velferðarkerfinu sem er umfram það sem við getum leyft okkur jafnvel fyrir fullfrískt fólk.

Þetta er sá vandi sem við okkur blasir þegar fjallað *erum rekstur ríkisins.*

Sparnaður eða niðurskurður hjá stofnunum er ekki auðvelt verk, hvað þá lækkun á tilfærslum, svo sem niðurgreiðslum, tryggingabótum eða framlögum til heilbrigðiskerfisins almennt. Þær aðgerðir sem gripið er til af stjórnvöldum verða að vera trúverðugar og þeim verður að fylgja fast eftir.

Á þessu ári var gripið til sparnaðar og verulegra breytinga á ýmsum sviðum í rekstri sem spara vonandi þegar fram líða stundir ekki síður en þær spara til skemmri tíma. Þar má nefna breytingar í rekstri sjúkrahúsanna í Reykjavík og þann flata 5% niðurskurð sem ekki var spáð vel fyrir við umræður um fjárlög þessa árs. Nú hefur hins vegar komið í ljós að verulegur sparnaður hefur náðst í ár og ekki ber á öðru en sú aðgerð hafi tekist allvel enda var útfærslan vel undirbúin og í flestum tilvikum hefur það markmið náðst að lækka útgjöld stofnana um 3%.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fyrstu níu mánuði ársins kemur fram að 2 milljarðar af áformuðum sparnaði höfðu náðst í lok septembermánaðar sem hefði að vísu þurft að vera mun meira og auðvitað þarf að vinna enn frekar að sparnaði. Það verður hins vegar að viðurkennast að flatur niðurskurður er ekki heppileg leið til þess að draga úr kostnaði.

Ef ná á árangri við sparnað verður að taka hvert viðfangsefni, hverja stofnun fyrir og gera sér grein fyrir markmiðum með starfsemi og setja skýrar áætlanir um rekstur. Við slíkar aðgerðir verður að virkja starfsfólkið og beita viðurkenndum stjórnunaraðferðum en ekki láta kylfu ráða kasti um endurskipulagningu. Allar aðgerðir verða að vera trúverðugar.

Úti í þjóðfélaginu hafa menn gert sér grein fyrir því að grípa varð til harðra aðgerða og ekki síst á sviði ríkisfjármála. Það kom í ljós fljótlega eftir að ríkisstjórnin tók við og fletti ofan af fortíðarvandanum sem hefur magnast upp þegar tekjur þjóðarbúsins rýrna enn frekar og í ljós hefur komið að lífskjörin hafa verið fengin að láni að verulegu leyti.

Í nýútkomnu fréttabréfi sem verðbréfaviðskipti Samvinnubankans gefa út kemur fram glöggur skilningur á þessu. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Án þeirra efnahagsaðgerða sem ríkisstjórnin greip til nú fyrir skömmu var talið að viðskiptahallinn hefði orðið svipaður 1993 og 1994 og á líðandi ári. Þetta hefði leitt til þess að erlendar skuldir þjóðarinnar hefðu aukist um 25 milljarða kr. á þessum tveimur árum. Með efnahagsaðgerðunum er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn minnki verulega og verði á árinu 1994 um helmingur af því sem hann hefði annars orðið."

Síðar í greininni segir: „Þær horfur sem blasa við í efnahagsmálum hér heima og á alþjóðavettvangi fela ekki í sér neina vissu um snögg umskipti til hins betra í útflutningi landsmanna á næstu missirum." Síðar segir: „Af þessu má sjá að það væri óraunsæi að víkja sér undan vandanum nú með erlendum lántökum og treysta þannig á efnahagsbata áður en staða þjóðarbúsins út á við væri komin í óefni. Þess vegna var skynsamlegt að grípa til efnahagsaðgerða af því tagi sem ríkisstjórnin gerði fyrir skömmu."

Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á þessum varnaðarorðum við þessa umræðu, ekki síst þegar stjórnarandstaðan hefur talað um hversu harkalega er skorið niður án þess þó að benda á eða leggja fram tillögur um sparnað eða tekjuöflun annað en gamla kunningja, svo sem hátekjuskatt og fjármagnstekjuskatt, sem Framsfl. og Alþb. létu vera að leggja á þegar þeir höfðu tækifæri til þess í síðustu ríkisstjórn.

Fjárln. hafa borist fjölmörg erindi og beiðnir um fjárveitingar. Þar er um að ræða bæði óskir einstakra ráðuneyta og stofnana um hækkun á rekstrarliðum og einnig óskir um framlög til verkefna sem unnið er að, sem sum hafa verið lengi í byggingu, og einnig til nýrra verkefna. Nefndin hefur orðið að hafna fjölmörgum athyglisverðum óskum og auknum útgjöldum svo nemur hundruðum milljóna kr.

Mjög athyglisverðar eru áætlanir um viðhaldsþörf margra bygginga og hlýtur að vera mikið umhugsunarefni fyrir okkur hversu viðhaldi er áfátt hjá ríkisstofnunum og hlýtur að verða að taka til sérstakrar meðferðar.

Á vegum heilbrrn. hefur verið gerð áætlun um nauðsynleg viðhaldsverkefni og nemur sú áætlun rúmum 500 millj. kr. Slík risavaxin viðhaldsáætlun eins ráðuneytis dregur fram nauðsyn þess að á vegum ríkisins verði lögð fram langtímaáætlun um framkvæmdir, ekki einungis á sviði vega-, flug- og hafnamála heldur einnig á sviði hvers konar byggingarframkvæmda. Með vandaðri áætlun til lengri tíma, er fjallaði um allar framkvæmdir á vegum ríkisins, ætti að vera unnt að standa vel að undirbúningi og varast að fara of geyst í þeim efnum. Fjárln. hefur lagt allt kapp á að halda útgjöldum í skefjum þrátt fyrir margar óskir um mismunandi verkefni. Brtt. til hækkunar sem lagðar eru fram við frv. og studdar af meiri hluta fjárln. eru ekki háar. Eins og fram kemur í áliti meiri hluta nefndarinnar eru tillögur til hækkunar á 4. gr. frv. 228,9 millj. kr. og tillögur til lækkunar 250 millj. kr. Útgjöld skv. 4. gr. lækka því í heild um 21,1 millj. kr.

Meiri hluti fjárln. hefur leitast við að leggja tilteknar línur og dregur fram áherslur í vinnu sinni. Það er nauðsynlegt að fram komi að það hefur verið ágætt samstarf innan nefndarinnar og eins og fram kemur á brtt. um nokkur aukin útgjöld hefur minni hlutinn skrifað upp á þær einnig þannig að nefndin öll flytur þær brtt.

Í sambandi við þessar brtt. má nefna eftirtalin atriði: í fyrsta lagi má nefna varðandi viðfangsefni á sviði menntunar, rannsókna og atvinnulífs, að verulegt framlag er til Vinnumatssjóðs háskólans sem á að efla rannsóknir og vísindastarf á vegum háskólans, samtals upp á 32 millj. kr. eins og kom fram í framsöguræðu hv. formanns fjárln.

Þá er veitt heimild til prófessorsstöðu í fiskifræði sem er ástæða til að vekja sérstaka athygli á. Svo sannarlega er kominn tími til þess að sú staða sé heimiluð og ekki vansalaust að svo lengi hafi dregist að veita heimild fyrir prófessorsstöðu í fiskifræði.

Þá er veitt heimild til þess að setja upp prófessorsstöðu við heimilislækningar sem er afskaplega mikilvægt til þess að efla stöðu heimilislækninga.

Þá er framlag til Raunvísindastofnunar aukið, bæði vegna einnar stöðu sérfræðings og einnig til þess að efla verkefnastyrki erlendis og til tækniflutnings innan lands. Ég mun ekki fara nánar út í þetta atriði. Það var skýrt greinilega og rækilega hjá formanni fjárln.

Einnig má nefna aukin framlög til tækjakaupa vegna Tækniskólans, Vélskólans og Bændaskólans á Hvanneyri.

Ég vil geta þess sérstaklega að til Ferðamálaráðs er veitt sérstakt framlag og ég vil undirstrika það vegna þess að það kom hvergi fram í greinargerð minni hluta nefndarinnar en meiri hluti fjárln. lagði áherslu á að það væri sérstök aukin upphæð til Ferðamálaráðs, 5 millj. kr., til þess að efla þá atvinnugrein um landið með framlagi til landshlutasamtaka á sviði ferðamála.

Þá er ástæða til að nefna eitt verkefni enn þá sem tengist því, en það er framlag til Bláalónsnefndarinnar vegna áframhaldandi rannsókna á lækningamætti lónsins.

Eitt merkasta viðfangsefni sem kom á borð fjárln. er án efa það sem kom fram í ræðu hv. formanns fjárln. og er sú ákvörðun að heimila stofnun kennaradeildar við Háskólann á Akureyri sem ekki þarf að efast um að mun verða mikil lyftistöng bæði fyrir Háskólann á Akureyri og ekki síður fyrir kennaramenntunar í landinu.

Á sviði félags- og menningarmála má nefna atriði eins og aukin framlög til Hóladómkirkju og Snorrastofu. Einnig er ástæða til að vekja athygli á auknum framlögum til Kvennaathvarfs og Stígamóta og hækkaðs framlags til Tjaldanesheimilisins, sem er í raun inni leiðrétting, en það heimili hefur verið á reki á milli ráðuneyta að því er sagt er.

Þá er ástæða til þess að minna á og vekja athygli á því að fjárln. hefur tekið upp styrk við Krýsuvíkursamtökin og leggur til byggingarstyrk til Samhjálpar vegna Hlaðgerðarkots.

Þessi dæmi sem hér eru tekin af tillögum sem meiri

hluti fjárln. hefur fylgt og sýnir þær áherslur sem nefndin leggur til viðbótar þeirri stefnumörkun fjárlagafrv. sem greinilega kemur þar fram.

Á sviði atvinnumála hefur ríkisstjórnin vissulega markað skýra áherslu um að auka rannsóknir og þróunarstarf og nýta til þess fjármuni sem ætlað er að fáist með sölu ríkisfyrirtækja. Það er mikilvægt markmið að menntun og rannsóknir verði í ríkari mæli orsök en ekki afleiðing hagvaxtarins.

Í brtt. fjárln. kemur fram sundurliðun á fjárveitingum til hafna, framhaldsskóla, sjúkrastofnana og sundurliðun á framlögum af safnliðum.

Ekki eru gerðar teljandi breytingar á þessum liðum í heild frá frv. Framlög til framhaldskóla hækka úr 400 millj. kr. í 407 millj. kr. og er tekin upp fjárveiting í nýjan skóla í Reykjavík, en sífellt fleiri nemendur sækja framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Engu að síður ber að leggja áherslu á að styrkja framhaldsskólana í öðrum landshlutum og eru fjárveitingar til þeirra verkefna í takt við fyrirhugaða framkvæmdaáfanga þar.

Ekki er gerð breyting á framlagi til hafnamála. Framlag til hafnagerða er með því hæsta sem verið hefur og munu nást mjög margir mikilvægir áfangar í hafnargerð víða á landinu og tengjast sumir fyrirætlunum um sameiningu hafna í hafnasamlögum. Í vinnu fjárln. var stuðst við drög að hafnaáætlun sem ekki hefur verið lögð fyrir þingið en leggja ber áherslu á að hún hljóti afgreiðslu svo eftir henni verði farið á sama hátt og vegáætlun, þrátt fyrir að árlega verði fjárln. og þingmenn kjördæma að endurmeta einstök verkefni í samráði við heimamenn.

Framlög til byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva eru óbreytt frá frv. og er skipt á viðfangsefni í brtt. nefndarinnar.

Stjórnarandstaðan hefur haldið uppi gagnrýni á fjárlagafrv. og þær aðgerðir til styrktar atvinnulífinu sem stjórnin hefur undirbúið og tengjast afgreiðslu fjárlaganna.

Vissulega eru margar blikur á lofti og því verður milli 2. og 3. umr. að halda áfram því vandasama verki að fara rækilega yfir alla möguleika til þess að draga enn frekar úr ríkisútgjöldum sé þess nokkur kostur.

Ríkisstjórn, með hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar, hefur gengið mjög vasklega fram í því að leita leiða til þess að koma á breytingum. Annars vegar með því að afla ríkissjóði tekna með breytingum á skattkerfinu án þess að skattbyrði aukist teljandi og hins vegar að draga úr útgjöldum og minnka tilfærslur. Það verk er ekki vinsælt og verður ekki gert hljóðalaust. Hins vegar verður það gerast. Að öðrum kosti er efnahagslegt sjálfstæði okkar Íslendinga í hættu.

Í nál. minni hluta kemur fram ein samfelld gagnrýni á frv. og störf meiri hluta fjárln. fyrir að taka ekki upp allar beiðnir um hækkun ríkisútgjalda sem fyrir nefndina eru lagðar. Þetta nál. veldur miklum vonbrigðum og þjóðin hlýtur að taka eftir þvílíkum vinnubrögðum stjórnarandstöðunnar. Allt skal gert fyrir alla hvað sem það kostar og senda skal reikninginn inn í framtíðina í þeirri von að einhverjum takist að greiða þann reikning síðar. Nú þegar hafa komið fram brtt. frá einstaka hv. þm. stjórnarandstöðunnar og eru þær brtt. samtals upp á um 1,5 milljarða kr. fyrir utan allar þær ábendingar sem koma fram í grg. minni hluta fjárln. Og vegna ræðu hv. 14. þm. Reykv. verð ég að vekja athygli á því vegna þess með hvaða hætti hún fjallaði um Lánasjóð ísl. námsmanna að þessi hv. þm. samþykkti haustið 1990 verulegan niðurskurð upp á 200 millj. á þessum sama Lánasjóði ísl. námsmanna og væri fróðlegt að fletta upp í þingtíðindum frá þeirri tíð um þá umræðu.

Stjórnarandstöðunni verður að vera ljóst að af þeirri braut að reyna að gera allt fyrir alla verðum við að snúa. Þrátt fyrir lög sem sett hafa verið þar sem veitt er heimild til starfsemi á grundvelli fjárveitinga hverju sinni getum við ekki annað en tekið tillit til þeirra tekna sem þjóðin hefur til ráðstöfunar. Nál. minni hlutans er með þeim hætti að það ætti að senda það inn á hvert heimili fyrir jólin og óska eftir umsögn um það hvar taka eigi fjármagn til þeirra stórfelldu auknu ríkisútgjalda sem stjórnarandstaðan virðist leggja til í grg. Minni hluti fjárln. klykkir síðan út með því að segja að nefndin geri ekki sameiginlegar tillögur til breytinga. Við hljótum að spyrja: Hvar hefur stjórnarandstaðan verið síðustu vikur?

Fyrr í ræðu minni vitnaði ég í fréttabréf verðbréfaviðskipta Samvinnubankans og vil gera það aftur. Í niðurlagi þeirrar greinar, sem er mjög athyglisverð og yfirleitt eru mjög athyglisverðar greinar skrifaðar í þetta merkilega fréttabréf, segir, með leyfi forseta:

„Í ljósi ríkjandi aðstæðna í þjóðarbúskapnum er engra góðra kosta völ. Við þurfum sem einstaklingar og þjóð að sníða okkur stakk eftir vexti. Tímabundin skerðing lífskjara verður því ekki umflúin. Við okkur blasir hins vegar það verkefni að endurvekja hagvöxtinn þannig að bæta megi lífskjörin aftur sem fyrst."

Vissulega eru þetta orð í tíma töluð. Þau eru í raun endurómur af þeim boðskap sem þjóðin hefur um aldir orðið að tileinka sér, að vísu með mismunandi harkalegum hætti. Íslenska þjóðin hefur aldrei þrátt fyrir allt verið betur undir það búin að rifa seglin og tryggja velferðina og efnahagslegt sjálfstæði til frambúðar en einmitt nú.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. þm. og varaformanns fjárln., Sturlu Böðvarssonar, hér áðan um það að nál. minni hluta sé með þeim hætti að það ætti að senda inn á hvert heimili, þá vil ég taka undir það því ef það yrði sent inn á hvert heimili mundu menn sjá hvaða áherslur minni hlutinn hefur lagt í sínu nál.

Hins vegar vil ég mótmæla því að minni hlutinn sé að koma með brtt. til hækkunar. Það er tekið fram í lokin á nál. minni hlutans að hann muni ekki koma með brtt. til hækkunar og flytur ekki sameiginlegar brtt. við frv., eins og segir hér með leyfi forseta, en vitaskuld áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. innan sinna þingflokka ef þeir svo kjósa.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vakti athygli á því í minni ræðu að nú þegar hafa komið fram brtt. frá stjórnarandstöðunni sem mér telst til að nemi um 1,5 milljörðum. Í nál. minni hluta fjárln. kemur fram, eins og ég sagði í minni ræðu, ein samfelld gagnrýni á einstaka þætti. Gagnrýnin er fyrst og fremst fólgin í því að ekki skuli hafa verið samþykkt að leggja í hin margvíslegustu útgjöld til einstakra málaflokka. Ég get ekki lesið annað út úr þessu nál. en það að stjórnarandstaðan sé að gagnrýna að ekki skuli hafa verið fallist á tiltekin útgjöld sem eru rækilega tíunduð í nál. Einstakir þingmenn hafa nú þegar sýnt það að þeir hafa áhuga á einstökum verkum, sem er ekkert óeðlilegt, og lagt fram tillögur nú þegar til hækkunar á frv. Á sama tíma er fjárlagahalli gagnrýndur.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins endurtaka það að minni hlutinn í fjárln. hefur ekki lagt fram tillögur til hækkunar á frv. Við stóðum að sameiginlegum brtt. til lagfæringar og hækkunar á ýmsum liðum og við erum vitaskuld þakklát fyrir að hafa þar fengið að koma að sjónarmiðum okkar. Það eru rúmar 200 millj. kr. Við höfum einnig verið ásökuð fyrir það hér í dag að hafa ekki tekið þátt í niðurskurðartillögum meiri hlutans. Því er til að svara að þessar 200 millj. kr. sem eru til hækkunar munu ekki skipta sköpum ef áætlaður fjárlagahalli verður 8 milljarðar kr. Hvað viðvíkur þeim 1,5 milljörðum sem hv. þm. mun vera búinn að reikna út, og ekki skal ég efast um reiknikunnáttu hans í því, þá hefur minni hluti fjárln., þó að hann hafi skrifað nál. með ábendingum sem vitaskuld hlýtur að vera hlutverk stjórnarandstöðu á hverjum tíma að koma með ábendingar, ekki sett fram þær tillögur sem hann vitnar í áðan og eru upp á 1,5 milljarða.

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 1993, 96. mál, brtt. JHelg og ÓÞÞ, þskj. 460.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Þeir hv. formaður fjárln. og hv. varaformaður hafa nú farið yfir fjárlagafrv. við 2. umr. í nokkru máli. Þeir virðast vera alveg hissa á því að minni hluti fjárln. skuli ekki segja já og amen við þessu frv. og þykja það harla gott. Ég styð ekki þetta frv. og mun koma að því í nokkru máli, ekkert of löngu að vísu því að þeir hv. fjárlaganefndarmenn í minni hlutanum hafa farið í gegnum nokkur atriði og hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur rakið álit minni hlutans og farið yfir ýmsa þætti, en ég mun víkja nánar að nokkrum atriðum.

Ég vil í fyrsta lagi þakka samstarfsmönnum mínum í nefndinni, bæði í meiri hluta og minni hluta því að þar hafa menn setið að verkum í góðu samstarfi og vinnan þar gengið eðlilega fyrir sig miðað við aðstæður. Ég segi að það er ekkert við fjárlaganefndarmenn í sjálfu sér að sakast um þann hringlandahátt sem verið hefur um ýmis atriði sem varðar frv. Það er ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir sem heild sem eiga þar sök á. Ég vil minnast sérstaklega á þá embættismenn sem hafa unnið með nefndinni og eins það starfsfólk þingsins sem vakir yfir okkur við þessa vinnu daga og nætur. Það á þakkir skilið og rétt að nefna það.

Það er ekki langt síðan 1. umr. fjárlaga fór fram en margt hefur breyst á þeim tíma. Þann 20. okt. sl. var 1. umr. fjárlaga og þá lét hæstv. fjmrh. þessi orð falla, með leyfi forseta:

„Í framsöguræðu minni fyrir fjárlagafrv. yfirstandandi árs fjallaði ég um helstu vandamál í íslensku efnahagslífi og nauðsyn róttækrar stefnubreytingar í efnahagsmálum. Núverandi ríkisstjórn markað þegar í upphafi ferils síns nýja stefnu í efnahagsmálum, stefnu sem hafnaði gömlu aðferðunum;" — og takið nú eftir — „gengisfellingum, óhóflegri sjóðafyrirgreiðslu, skattahækkunum og stórfelldum ríkisafskiptum sem ætlað var að leysa hvers manns vanda."

Mánuði seinna tók hæstv. forsrh. til máls og tilkynnti aðgerðir í efnahagsmálum sem reyndar var búið að bíða eftir í heilt ár þjóðinni til stórtjóns auðvitað. Þar segir hann, ég vitna í eina setningu, með leyfi forseta:

„Með efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar er afkoma ríkissjóðs styrkt um rúmlega 2 milljarða á næstu tveim árum sem nemur um það bil þriðjungi rekstrarhallans."

Þetta er ein setning úr tilkynning forsrh. með yfirlýsingu sem ríkisstjórnin birti þann 23. nóv. sl., fyrir þremur vikum síðan, um aðgerðir til að styrkja stöðu íslensks atvinnulífs og sporna gegn auknu atvinnuleysi. Í ljósi ummæla fjmrh. hefði mátt halda að hér væri um tímamótayfirlýsingu að ræða með nýjum úrræðum þar sem gömlu aðferðunum væri hafnað og ný og fersk úrræði leidd til vegs. En viti menn. Innihaldið var gengisfelling og stórfelldar skattahækkanir, beinar og óbeinar, svo miklar að fjmrh. Sjálfstfl. á nú Íslandsmetið í skattheimtu. Öllu sjóðasukkinu var með þessum aðgerðum steypt saman í einn sjóð með nýju nafni en vinnubrögðin við þá samsteypu voru slík að enginn vissi hvað sjóðurinn ætti að borga eða hvað hann ætti að gera eða hverjir ættu að borga í hann.

Hins vegar var veigamikill þáttur þessarar yfirlýsingar 23. nóv. um ríkisfjármál og raunar varðaði þungamiðjan í þessum efnahagsaðgerðum afkomu ríkissjóðs, bæði tekju- og gjaldahlið fjárlagafrv. Þótt gjaldahliðin bíði til 3. umr. og nánari umfjöllun um hana sömuleiðis, sem byggir á endurmati Þjóðhagsstofnunar á efnahagshorfum eins og venjulega, þá blandast hún óhjákvæmilega inn í 2. umr. fjárlaga vegna þess að hún verður ekki aðskilin frá útgjaldahliðinni að sjálfsögðu.

Í efnahagsráðstöfununum var gert ráð fyrir því að nota ríkissjóð til þess að færa byrðar af atvinnuvegunum yfir á einstaklingana í landinu. Í yfirliti fjmrn. yfir þessar aðgerðir frá 24. nóv. kemur fram að áætlað var að gera breytingar frá fjárlagafrv. sem eru raktar í 12 liðum í yfirlitinu. Þar á meðal var ætlunin að auka framlög til viðhaldsverkefna, til atvinnuaukningar, upp á 500 millj. kr., sem er mjög jákvæð aðgerð. Þar var

einnig ætlunin að spara útgjaldahlið fjárlaga 1.240 millj. kr. Þar voru ákvæði um niðurfellingu aðstöðugjalds sem er einnig jákvæð aðgerð og ég hef lýst stuðningi við. Þar voru ákvæði um skattlagningu í stað þessarar niðurfellingar og þar voru einnig ákvæði um tímabundinn skatt á háar tekjur. Þess er gætt þó að setja fyrirvara um þessa skattlagningu, einu skattlagninguna eða gjaldtökuna sem er settur fyrirvari við og sagt að hún sé tímabundin. Það er augljóst hverra hagsmuna ríkisstjórnin er að gæta. Eini liðurinn sem gefnar eru vonir um að verði felldur fljótt niður aftur er þessi 5% skattur á þá sem hafa breiðu bökin.

Styrking fjárlaga, eins og hæstv. fjmrh. og forsrh. og aðrir stjórnarliðar hafa kallað það, átti að skapa forsendur fyrir lækkun vaxta og vera eitt lykilatriðið í styrkingu atvinnulífsins í landinu. Því var niðurskurðurinn upp á 1.240 millj. kr. eitt lykilatriði þessara aðgerða sem reyndar hefur verið beðið eftir í heilt ár eins og ég sagði áðan. Fjárln. beið þess í hálfan mánuð að fá sundurliðun á þessum 1.240 millj. kr. Á meðan var tíminn notaður til að taka á móti ýmsum aðilum til viðtals við nefndina og farið yfir ýmsa þætti frv. eftir því sem tök voru á. Ég spurði hv. formann fjárln. samviskusamlega eftir því í lok hvers fundar hvort við ættum ekki von á lista yfir þennan niðurskurð en hann varðist fimlega framan af, fullyrti að þessi listi kæmi og ég held að hann hafi a.m.k. framan af trúað því að svo yrði. Hins vegar kom það smám saman í ljós og fullkomlega um síðustu helgi að ekkert samkomulag var um efnahagsaðgerðirnar eða niðurskurðinn í ríkisstjórninni. Félmrh. sagði nei. Landbrh. sagði nei. Af einhverjum ástæðum voru menntamálin ekki ofarlega á baugi í þessari umræðu enda var allt flakandi þar eftir síðustu fjárlagagerð sem frv. nú er að festa í sessi í menntakerfinu. Það var ekki furða þó að formaður fjárln. vitnaði í Litlu gulu hænuna áðan því þar sögðu flestir: Ekki ég. En það var einn í ríkisstjórninni sem sagði: Ég vil gera hlutina. Hann er að vísu ekki lítill sá. Það var hæstv. heilbrrh. Hann var ekki feiminn við að taka á sig nokkuð af niðurskurðinum, 650 millj. kr. var sögn. Það komu fréttir um það um síðustu helgi að þessar 1.240 millj. væru orðnar að 800 millj. og það stóð einn dag. Sl. mánudag sendi svo heilbrrh., sem var svo kotroskinn á sunnudag þegar hann kom til fundar við nefndina, embættismann sinn til viðtals með minnisblað sem sýndi að þessi sparnaður var kominn niður í 250 millj. kr. Annað höfum við ekki handfast. Við komumst ekki einu sinni til þessarar umræðu án þess að fá enn nýjar fréttir um að ekkert samkomulag sé í stjórnarliðinu um tilvísanakerfi og Samábyrgð Íslands á fiskiskipum sem voru til umræðu í gær. Tilvísanakerfið átti að gefa um 130 millj. kr. sparnað og Samábyrgðin eða sala hennar um 170 millj. kr. í tekjur. Það er ekkert orðið eftir af þessum niðurskurði og öll þessi sparnaðaráform fokinn út í veður og vind. Hins vegar heldur hv. formaður fjárln. enn þá í vonina um að þessar 500 millj. til atvinnuskapandi aðgerða í viðhaldi mannvirkja standi og ég vona að svo verði. Hann tók það fram í ræðu sinni áðan. Hins vegar ganga hótanir út og suður um niðurskurð og m.a. á að skera niður vegaframkvæmdir sem ákveðnar voru fyrir tveimur mánuðum eða svo og þegar er byrjað á í sumum tilfellum til þess að fullkomna þessa flugeldasýningu.

Það er ljóst að það eina sem stendur eftir af þessum efnahagsaðgerðum er gengisfelling, skattahækkanir og stórfelld kjararýrnun í breytingum á tryggingabótum almannatrygginga. Fyrir þessar aðfarir er búið að slíta í sundur friðinn við verkalýðshreyfinguna í landinu og það er vel. Auðvitað er þetta eitt hið mesta klúður í stjórnmálum sem verið hefur seinni árin og það er illa farið.

Svo ég víki að fjárlagafrv., sem hér er til umræðu og einstökum liðum þess, þá er það versta við þetta fjárlagafrv. að þar skortir samhengi við efnahagslífið og þær aðstæður sem eru í landinu. Stefna stjórnvalda er greinilega sú að niðurskurður á öllum sviðum ríkisútgjalda sé ráðið til að ná niður vöxtum og þá muni atvinnulífið koma til af sjálfu sér. Þetta er góð og gild hagfræðikenning sem ég get tekið undir og það er einn þátturinn. Hins vegar gengur hún ekki upp ein sér. Fjármál ríkissjóðs verða aldrei skilin frá því þjóðfélagsástandi sem er, þeirri veltu og þeim umsvifum sem eru í þjóðfélaginu. Niðurskurður í einni grein ríkisútgjalda getur leitt af sér stórtap fyrir ríkissjóð á öðrum sviðum. Við núverandi aðstæður, þegar samdráttur í efnahagslífi, brestur í meginauðlindinni og erfiðleikar steðja að atvinnulífinu, er mjög áraíðandi að vanda fjárlagagerð, raða í forgangsröð og reyna að gera sér grein fyrir því hvað skilar árangri, reyna að efla þá starfsemi sem eykur fólkinu í landinu kjark, kunnáttu og heilbrigði og hafa yfirsýn yfir hlutina. Það er ekki víst að það sé náttúrulögmál að til bóta sé að skera niður hvern einasta lið fjárlaga við þessar aðstæður þó að hart sé í ári. Það er t.d. ekki skynsamlegt við þessar aðstæður að svelta skólakerfið í landinu, draga úr þeim kjark sem stunda nám og leggja hvorki fé til námsgagnagerðar, svo að viðunandi sé, né tækjabúnaðar og viðhalds í skólum. Námsgagnanefnd hefur sent fjárln. vel rökstutt erindi á mörgum blaðsíðum um stöðu þeirrar stofnunar. Ég ætla ekki að vitna nema í eina setningu í því erindi sem kom til fjárln. þann 13. okt. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í fjárlagatillögum þeim sem nú liggja fyrir Alþingi er niðurskurður milli ára 25 millj. kr. Ef þessi niðurskurður verður að veruleika er ljóst að stofnunin lendir í ógöngum með að sjá öllum nemendum fyrir námsefni næsta skólaár sem henni er skylt samkvæmt lögum. Þá hefur stjórnin miklar áhyggjur af því hvaða áhrif hugsanlegar breytingar á tilhögun virðisaukaskatts gætu haft á fjárhag stofnunarinnar."

Það er tekin sú ákvörðun í fjárln. og er það vel að bæta stofnuninni virðisaukaskattinn en annar vandi er skilinn eftir.

Það hefur verið rakið og ég skil það vel að hv. formaður og hv. varaformaður fjárln. reki það sem jákvætt er við þessa fjárlagagerð. Það hefur verið reynt að sýna svolítinn lit við tækjakaup í skólum, m.a. í Tækniskólanum eins og hefur verið rakið hér. Hins vegar eru mjög margir skólar illa staddir í tækjakaup-

um, m.a. Sjómannaskólinn, Iðnskólinn og Vélskólinn. Í erindi Vélskóla Íslands segir, með leyfi forseta:

„Ég vil vera hógvær í þessu máli og fer því einungis fram á að fjárveiting til tækjakaupa verði aukin um 2 millj. sem mundi gera okkur kleift að hefjast handa við hönnun og smíði á góðu kennslukælikerfi á næsta ári."

Þessi hækkun sem og hækkun til Iðnskólans bíður og ég tel það rangt hjá þjóð sem ætlar sér að vera tæknivædd, ætlar sér nýsköpun í atvinnulífi að láta ekki þessa hluti hafa forgang. Ég tel að nú þegar við höfum verið í miklum fjárfestingum á undanförnum árum, ég dreg enga fjöður yfir það að ýmsir hafa verið afar fjárfestingarglaðir síðasta áratuginn, eigi að fara í hönd sá tími sem menn halda við því sem þeir eru með í höndunum. Því vil ég svo sannarlega að vona að það verði staðið við áform um að viðhalda opinberum mannvirkjum. Það er atvinnuskapandi í fyrsta lagi. Það skapar betra umhverfi og það sparar fé fyrir framtíðina af því að við erum að reyna að ná saman fjárlögum með sem minnstum halla.

Það er ekki neinn ágreiningur í sjálfu sér um að þessi vandi er mikill en það eru einmitt ýmsar aðgerðir, sem kosta peninga í augnablikinu, sem spara peninga þegar fram í sækir. Við höfum séð þess hörmuleg dæmi á síðustu árum hvað trassaskapur í viðhaldi getur kostað. Það nægir að nefna Þjóðleikhúsið sem dæmi um það sem kostaði hvorki meira né minna en 1 milljarð kr. Annað hús stendur vestur á Melum sem er Þjóðminjasafnið. Það er annað álíka dæmi. Allir héraðsskólarnir hringinn í kringum landið eru að grotna niður.

Það er talað um að flytja eigi út íslenskt hugvit. Þar held ég að fylgi varla hugur máli því rannsóknir og þróunarstarfsemi í landinu hafa verið afgangsstærðir en nú telja stjórnarliðar sig hafa bætt þar úr og eru með áform um, eftir því sem þeir segja sjálfir, stórfelld fjárframlög til þessara þátta, 330 millj. kr. ef ég man rétt. En þar fylgir nokkur böggull skammrifi. Þessi framlög til rannsókna og þróunarstarfsemi eru skilyrt því að það takist að selja eigur ríkisins og hafa af því 1,5 milljarða kr. í tekjur á næsta ári a.m.k. Þessi framlög eru sem sagt til þess að vera andlitslyfting á einkavæðingaráformum ríkisstjórnarinnar. Þessi einkavæðingaráform ganga auðvitað ekki upp því stjórnarliðar eru ekki sammála um þau. Hv. 2. þm. Norðurl. v. var að skjóta á eitt slíkt áform í gærkvöldi í umræðum og reyna að skjóta það niður. (**Gripið fram í:** Hvað var það?) Það var sala á hlutabréfum í Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Hv. 5. þm. Austurl. er ekki sammála því að selja bankastofnanir til að afla þessasra tekna. Þessi framlög til rannsókna og þróunarstarfsemi eru tómt blöff, þau eru blekking. (**Gripið fram í:** Hvað er blekking?) (Gripið fram í.) Nú erum við Skagfirðingar bæði austan og vestan vatna sammála, þetta er blekking. Hins vegar ætti að efla þessa starfsemi án skilyrða og gera átak í því efni. Ég er sammála því. Það skilar sér auðvitað í auknum tekjum til ríkissjóðs en hv. meirihlutamenn í fjárln. virðast ekki hafa tíma til að bíða eftir því að einn hlutur skili sér eða horfa í heild á hlutina. Við höfum ekki eytt nógu miklum tíma í nefndinni í það og við höfum eytt of miklum tíma í að setja okkur inn í það hvort hægt er að skera niður einstaka fjárlagaliði án þess að gera okkur nógu vel grein fyrir afleiðingunum. Þetta er ekkert nýtt en þetta hefur verið svona á síðasta ári. Þetta hefur verið svona á síðasta ári og er svona nú og ég er ekki viss nema þetta hafi verið svona áður. Ég er ekki viss um að þetta hafi verið neitt betra í gegnum árin. Það þarf að breyta þessum vinnubrögðum.

Ég fæ heldur ekki séð að við þessar aðstæður sé skynsamlegt að taka upp virðisaukaskatt, t.d. á bókum, blöðum og tímaritum. Ég held að sú aðgerð sé röng eins og á stendur og geti beinlínis orðið til þess að fjöldi fólks missi atvinnu sína. Hér hefur öllum þingmönnum að ég held borist vel rökstutt erindi frá stærstu tímaritaútgáfu hérlendis. Innan þess fyrirtækis eru um 100 ársstörf. Þar segir að vegna þessarar aðgerðar sé raunveruleg hætta á því að fjöldi þessara starfa leggist niður eða hverfi úr landi. Það er vel rökstutt í erindinu að kostnaður ríkissjóðs af þessari aðgerð í atvinnuleysisbótum gæti orðið um 45 millj. kr. fyrir utan atvinnuleysi fjölda manna.

Það segir líka varðandi þetta mál í erindi frá Blaðamannafélagi Íslands, dags. 7. des., sem þingmönnum hefur borist að fjárhagsstaða margra útgáfufyrirtækja sé mjög erfið um þessar mundir. Með leyfi forseta, vil ég vitna í þetta bréf:

„Umtalsvert atvinnuleysi er meðal blaðamanna í fyrsta sinni í 95 ára sögu Blaðamannafélagsins. Í stað þess að treysta og styrkja stöðu íslenskra fjölmiðla og efla þá í stóraukinni samkeppni við erlenda aðila hvort heldur er í blaðaútgáfu eða ljósvakamiðlun, þá virðast stjórnvöld stefna markvisst að því að draga sem mest úr innlendri fjömiðlun."

Þetta er eitt lýsandi dæmi um það hvernig ein aðgerð getur verið gersamlega misheppnuð og haft þveröfug áhrif við það sem henni er ætlað.

Ég tel að við þessar aðstæður sé heldur ekki skynsamlegt að lækka framlög til íþróttahreyfingarinnar í landinu. Íþróttahreyfingin vinnur mikilvægt forvarnastarf. Það tekur inn á félagsmál og íþróttir auka heilbrigði manna og því er íþróttastarfsemi forvarnastarf í heilbrigðiskerfinu. Þess vegna getur sparnaður í þessum þáttum komið fram í margföldum útgjöldum í þeim risastóra málaflokki sem heilbrigðisgeirinn er þegar fram í sækir. Og í stórum útgjöldum í félagslegum vandamálum sem stafa af því að unglingar finna sér ekki áhugamál eða finna sér ekki neitt til að taka sér fyrir hendur. Mér finnst það afspyrnuvitlaust að lækka fjárframlög til Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands við þessar aðstæður. Ég tók það skýrt fram í fjárln. að ég mótmælti þeirri meðferð sem þessi sambönd fengu í nefndinni. Þrátt fyrir að ég standi að tillögum meiri hlutans þá er í nál. fyrirvari um að flytja eða fylgja brtt. og ég stend að og er reyndar 1. flm. að brtt. þar sem lagt er til að þessi samtök fái sömu upphæð að krónutölu og á fyrra ári. Mér finnst niðurskurður til þessara samtaka algjörlega ástæðulaus eins og nú standa sakir. Hann skiptir alls ekki sköpum í því

dæmi sem við erum að glíma við og en getur, eins og ég sagði, leitt til margfaldra útgjalda þó síðar verði að slaka á því þróttmikla starfi sem íþróttahreyfingin hefur unnið í landinu.

Fjárln. bárust erindi frá ÍSÍ þann 27. nóv. og er undirritað af formanni þess, Ellert B. Schram. Þar segir, með leyfi forseta: „Hjá ÍSÍ er starfað að mörgum málaflokkum, sérstaklega barna- og unglingamálum, kvennaíþróttum, lyfjaeftirliti, almenningsíþróttum og afreksíþróttum. Auk þess er veitt öflug þjónustustarfsemi fyrir alla sambandsaðila. Þá rekur ÍSÍ gistiheimili fyrir íþróttafólk."

Frá Ungmennafélagi Íslands kom einnig erindi. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Ungmennafélagshreyfingin heldur uppi þróttmiklu starfi um land allt sem m.a. felst í menningarmálum, félagsmálafræðslu, náttúruvernd og umhverfismálum, leiklist og íþróttamálum svo eitthvað sé nefnt. Auk þess reka samtökin þjónustumiðstöð í Reykjavík þar sem ungmennafélagar af landsbyggðinni geta gist endurgjaldslaust.

Ég hygg að fjölmargir hv. þm. þekki mjög vel til starfa þessara samtaka beggja og ég trúi því ekki að þeir unni þeim ekki þess sannmælis að búa við óbreyttar fjárveitingar frá fyrra ári. Ég hef ekki treyst mér til að leggja til hækkun á fjárveitingum til þeirra en mér finnst ekki sanngjarnt að lækka til þeirra fjárframlag þó ekki sé nema um 3,6 millj. kr. til þeirra beggja. Það munar um þær upphæðir enn þá í þessari starfsemi sem rekin er af sjálfboðaliðum í stórum stíl.

Ég ætla þá að fara nokkrum orðum um landbúnaðarmálakaflann í frv. sem er kapítuli út af fyrir sig. Bændur landsins hafa gengið í gegnum stórfelldar breytingar, fyrst með búvörulögunum sem sett voru árið 1985 og búvörusamninginn sem fylgdi í kjölfarið og með nýjum búvörusamningi, sem tók gildi í mars 1991 um sauðfjárafurðir, og í ágúst 1992 varðandi mjólkurafurðir. Í kjölfar þessara samninga munu útgjöld til landbúnaðarmála samkvæmt frv. lækka um 2,2 milljarða, (**Gripið fram í:** 2,2?) 2,2 milljarða vegna þessara samninga. (**Gripið fram í:** Það er ekkert smávegis.) Við framsóknarmenn gerum ekki athugasemd við þessa upphæð. Bændastéttin samdi um þetta og við höfum ekki gert athugasemd við þennan niðurskurð í fjárlagagerðinni. Samningarnir gera ráð fyrir þessu. Hins vegar hefði maður haldi að þá yrði kannski vægilega tekið á öðrum þáttum og reynt að efna þær stuðningsgreinar sem voru í samningnum. Hann gerir nefnilega ráð fyrir ýmsum aðgerðum til að vega upp á móti áhrifum af þessum mikla niðurskurði. Hann gerir ráð fyrir aðgerðum í landgræðslu og skógrækt t.d.

Hins vegar hafa hæstv. ráðherrar verið í rannsókn á því hvort það þurfi að halda þennan samning. Það hefur verið fengið álit ríkislögmanns á því hvort þurfi að halda hann og auðvitað þarf að halda hann. Það orkar ekki tvímælis. Samt eru tilburðir til að brjóta hann. Ég ásaka ekki hæstv. landbrh. því ég veit um hans stöðu. Hann er undir miklum þrýstingi frá Alþfl. til að ganga lengra í niðurskurði í þessum málaflokki en hæfilegt er. Ummæli formanns Alþfl. um þessa atvinnugrein eru alveg dæmalaus og nægir að geta þess að hann lét svo um mælt að 250 millj. væru smáaurar í niðurskurði til landbúnaðarmála til viðbótar við 3,3 milljarða kr. sem þessi niðurskurður er í heildina þó aðeins 2,2 milljarða megi rekja til búvörusamningsins. En þegar það gekk ekki eftir, þegar hann fékk þessu ekki framgengt þá lét hann svo ummælt að það yrði að bíða þangað til hinn góði GATT-samningur gengi í gildi til að þjarma að landbúnaðinum.

Ég tek fram að þessi tilvitnun er ekki orðrétt en hún er efnislega rétt.

Formaður landbn., hv. 3. þm. Austurl., hefur barist allmikið um í þessum málum. Landbn. hefur skilað ítarlegu áliti um landbúnaðarkaflann og komið á fund fjárln. Hann hefur beðið um áliti Ríkisendurskoðunar á því hvernig Ríkisendurskoðun líti á búvörusamninginn og efndirnar á honum. Ríkisendurskoðun hefur komist að þeirri niðurstöðu að það vanti 250 millj. kr. í fjárlagafrv. næsta árs miðað við skuldbindingar búvörusamningsins. Niðurskurður í landbúnaðarmálunum til viðbótar búvörusamningunum er hvorki meira né minna en 750 millj. kr. Þetta er meðferðin á þessari atvinnugrein og reyndar alveg furðulegt að bændum landsins skuli ætlað að taka þessar byrðar á sig. Mér er alveg kunnugt um að það hefur verið erfitt fyrir bændaforustuna og hún gagnrýnd fyrir að gera þessa samninga. Það hefur ekki verið auðvelt verk fyrir hana að ná samkomulagi um að gera þessa búvörusamninga og síðan sé gengið svona til þessa verks og menn fái ekkert ráðrúm til að skipuleggja sig í kjölfarið á þessum miklu breytingum.

Það var reiknað með því og gerð um það bókun að leggja verulegt fjármagn til landgræðslu og skógræktar á samningstímanum. Ég skal láta þessa ríkisstjórn njóta sannmælis. (**Gripið fram í:** Í hverju?) Í því að það var byrjað á þessu í fyrra og framlög bæði til landgræðslu og skógræktar hækkuð í fyrra samkvæmt fjárlagafrv. Ég skal segja það sem rétt er. (**Gripið fram í:** Haltu áfram, haltu áfram.) Hins vegar var hætt á þessari braut. Nú var snúið við, búið mál. (**Gripið fram í:** Lækkað og hækkað.) Lækkað í dag það sem hækkað var í fyrra. Þetta er stefnubreyting. Það er horfið frá því að standa við þessa klausu samningsins.

Ég er hér með erindi um mál sem ég þekki mjög vel og tilheyrði þessu. Það er skógræktarverkefni austur á Fljótsdalshéraði sem er afar mikilvægt fyrir atvinnulíf á því svæði. Það var í fyrstu atrennu lækkað um 10 millj. kr. frá því í fyrra. Síðan var það hækkað um 3,7 millj. kr., ef ég man rétt, í meðförum fjárln. við 2. umr. málsins. Síðan er látið svo um mælt, hv. formaður fjárln., að þetta eigi að duga til að halda uppi svipaðri starfsemi og á síðasta ári. Það væri gott ef allir gætu búið við þetta. Þeim mönnum sem stjórna þessu er ætlað að taka nokkuð á sig. Til þeirra eru fjárveitingar minnkaðar um nærri einn fimmta og síðan eiga þeir að halda uppi svipaðri starfsemi og á síðasta ári. Ef allir gerðu það væru engin vandræði að ná saman þessum fjárlögum. En þetta er bara til að undirstrika þá stefnubreytingu sem er í þessum málum. Vonir kviknuðu í fyrra við það að framlög voru hækkuð til

þessara málaflokka sem allir bundu miklar vonir við og mikill áhugi á er bæði í dreifbýli og þéttbýli. Þetta er eitt af þeim málum sem sameinar dreifbýli og þéttbýli og menn hafa áhuga fyrir þessum málum. Það er stefnubreyting í þessu og framlögin lækkuð.

Það er dálítið merkilegt að sérstakur markhópur í þessum niðurskurði eru svína- og alifuglabændur (**ÖS:** Þeir voru þeir einu sem eftir voru.) Þeir voru þeir einu sem eftir voru, segir hv. þingflokksformaður Alþfl. Það má vel vera að hann meti það svo. (**ÖS:** Eru það ekki nægileg rök?) Það er þó alveg ljóst hvað sem um þá má segja að meðferðin á þeim í frv. á eftir að koma fram í verðlagi þessara afurða ef þeir geta á annað borð komið þessum hækkunum út í verðlagið. Þó er fullt eins líklegt að niðurfelling framlaga til þeirra leiði til kjaraskerðingar í greininni sem þessir menn verða að taka á sig og hætta þá þessari framleiðslu og auka enn á vandann í landbúnaðarmálunum.

Hv. formaður fjárln. hefur stundum orðað það svo að menn gangi eins og villidýr um ríkiskassann. Ég sé ekki betur en tilhneigingin sé að ganga eins og villidýr um landbúnaðarkerfið. Það er bókstaflega allt skorið niður sem heitið getur í þeim málaflokki og þrátt fyrir þá gífurlega erfiðu stöðu og þær breytingar sem hafa verið í atvinnugreininni sem hafa leitt af sér stórfelldan niðurskurð ríkisútgjalda.

Ég skal geta um það sem gert er. Það er áætlað núna að inn í fjáraukalög komi upphæð vegna jarðræktarlaga og framlaga á síðasta ári upp á 19 millj. kr. og smávægilegar lagfæringar í þessum málaflokki fyrir baráttu þeirra sem láta sig landbúnaðinn einhverju varða.

Að lokum áður en ég yfirgef þennan málaflokk er einn lítill liður sem skiptir kannski ekki stóru máli í heildardæminu en hann er ljóst dæmi um það andvaraleysi sem er í þessum málaflokki. Það er lítill liður sem heitir Fyrirhleðslur. Hann var lækkaður úr 25 millj. í 15 millj. og hækkaður síðan aftur upp í 19 millj. kr. Fyrir þessar 19 millj. kr. á að verjast ágangi vatnsfalla á öllu landinu. Það á að verjast ágangi Markarfljóts, Hornafjarðarfljóts og Jökulsár á Dal, svo nefnd séu þrjú myndarleg vatnsföll fyrir utan öll hin minni. Þetta er alveg lýsandi dæmi um það krafs út um allt sem getur leitt af sér stórkostleg fjárútlát síðar. Mér er t.d. sagt varðandi Jökulsá á Dal, svo ég nefni dæmi sem ég þekki vel, að menn geti tekið það rólega og gert myndarlegt átak næsta ár en það er ekkert víst að Jökulsá á Dal, sem er mikið vatnsfall og skapþungt, sé sammála þessu. Það getur vel verið að hún verði búin að flæða yfir bakka sína og eyðileggja hundruði hektara lands, rjúfa vegi og einangra bæi á næsta ári þegar menn ætla að fara að gera þetta mikla átak og þá er skaðinn skeður. En þetta er alveg dæmigert um vinnubrögð sem eru ekki skynsamleg. Þó að menn haldi kannski að tilgangurinn sé góður þá er þetta ekki skynsamlegt og getur leitt til stórtaps síðar meir.

Það er annað varðandi þetta, svo að maður taki dæmi um þversagnirnar í þessari fjárlagagerð, það er annar liður varðandi dreifbýlið og sveitirnar sem hefur verið sveltur núna á seinni árum, fjárframlög skorin stórlega niður, þ.e. til dreifikerfis í sveitum, dreifikerfis raforku og dreifilína. Fjárframlög til þess eru 1/10 af því sem metið er að þurfi árlega.

Það var utandagskrárumræða um daginn um þessi mál og hvað ætli hæstv. iðnrh. hafi séð til bóta? Að stofna hlutafélag um Rafmagnsveitur ríkisins til að fjárfestar landsins gætu keypt hlutafé í brotnum raflínustaurum og línum sem liggja niðri tvist og bast um landið. Þetta eru nú aldeilis ráð sem duga. En auðvitað getur þetta leitt til stórútgjalda seinna. Slíkt andvaraleysi eigum við að forðast og reyna að hafa einhverja skynsemi í því sem við erum að gera, reyna að fyrirbyggja hlutina í stað þess að vera með allt í lúkunum ef eitthvað kemur upp á. Ég bið herra forseta að fyrirgefa mér þetta orðbrag með lúkurnar en það er varla hægt að orða þetta öðruvísi.

Stærstu liðirnir, sem heyra undir félmrn. í þessu frv., bíða 3. umr. eins og húsnæðismálin og stofnanir sem heyra undir B-hluta. Þó er ætlunin að spara 132 millj. í rekstri Húsnæðisstofnunar ríkisins. Það er gott ef hægt er að ná þeim sparnaði. En þó segir í bréfi frá Húsnæðisstofnun þann 10. nóv., með leyfi forseta:

„Það er því áformað að ná fram 132 millj. kr. í sparnað í rekstri stofnunarinnar á næsta ári með lækkun útgjalda og hækkun sértekna. Til þess að ná þessu markmiði er fyrirhugað að selja hönnunardeildina, leggja niður skyldusparnaðinn og draga saman umfang annarra þátta. Stofnunin telur að ekki sé raunhæft að ná fram svona mikilli lækkun í einum áfanga þrátt fyrir fyrirhugaðar breytingar án þess að skerða þjónustuna." Þannig virðist sem þessi sparnaður sé ekki í höfn.

Ég fer fljótt yfir sögu í þessum málaflokki. Háð hefur verið mikil styrjöld við sveitarfélögin í landinu meðan fjárln. hefur verið að störfum. Sú styrjöld byrjaði á fyrra ári, þegar fjárlög voru til umræðu, með einhliða skattlagningu á sveitarfélögin. Síðan fór fram dauðaleit að ráðum í haust til að komast hjá því að afnema þessa skattlagningu á sveitarfélögin. Menn fundu það helst til ráða að hætta endurgreiðslum í virðisaukaskatti á þjónustu sveitarfélaga, snjómokstri o.fl. Þetta vakti harða andstöðu sveitarstjórnarmanna og formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, sem jafnframt er borgarfulltrúi í Reykjavík og einn af oddvitum Sjálfstfl. þar, fór í verkfall og neitaði að mæta í nefnd á vegum félmrn. sem við áttum báðir sæti í og gerði hana óstarfhæfa um sinn meðan hann var í þessu verkfalli og meðan hann átti í þessari viðureign við ríkisstjórnina. Síðan var samið vopnahlé og friðarsamningar voru innsiglaðir þann 10. okt. með undirskrift hæstv. forsrh., hæstv. félmrh. og formanns Sambands ísl. sveitarfélaga, sem er Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, og þar var saminn friður. Þar lofuðu hæstv. félmrh. og hæstv. forsrh. að gera þetta aldrei aftur og öll atriði skyldu tekin til umfjöllunar í sérstakri samráðsnefnd og ákvæði um slíka samráðsnefnd yrðu sett í nýjan samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga er öðlast skyldi gildi í ársbyrjun 1993 en núverandi samstarfssáttmáli rennur út um næstu áramót. Þar var samið um það að sveitarfélögin skyldu greiða 500 millj. í Atvinnuleysistryggingasjóð. Síðan skyldu þau fá þessar 500 millj.

aftur til atvinnuskapandi aðgerða í sveitarfélögunum. Þetta er í sjálfu sér ekkert óskynsamlegt og ég ætla ekkert að leggjast gegn því atriði og hef reyndar lýst stuðningi við það. Hins vegar er alveg eftir að sjá hvernig þetta er útfært. Atvinnuleysistryggingasjóður og meðferðin á honum er kapítuli út af fyrir sig og það veit náttúrlega enginn hvernig fjárhag hans verður fyrir komið á næsta ári því að atvinnuleysi hefur farið vaxandi og ekkert er fyrir því séð og við því verður auðvitað að bregðast. Vonandi getur þessi sjóður náð saman endum. Vonandi verður sú þróun að atvinnuleysi fari minnnkandi en til þess verða menn auðvitað að leggjast á eitt. Til þess verða menn að gera efnahagsaðgerðir, koma sér saman um þær aðgerðir og enda ekki í tómri ringulreið og vitleysu eftir svona tvær vikur. Samstaðan þarf að endast lengur en í tvær vikur ef ráða á við atvinnuleysið í landinu.

Ég vil geta um það hvað varðar mál félmrn. að málefni fatlaðra hafa fengið viðunandi meðferð í þessu frv. og það er vel. (Gripið fram í.) Hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur ekki trú á því en ég get fullvissað hann um það að félmrh. hefur með því að hóta að segja af sér annan hvern dag knúið þetta í gegn og ég hygg að síðasta afsagnarhótunin hafi verið um síðustu helgi en ýmist eru haldnir næturfundir uppi í ráðuneyti eða einhvers staðar í sturtuklefum suður í Hafnarfirði til að sansa ráðherrann til að félagar hennar hæstv. í ríkisstjórninni komist ekki í þá málaflokka sem hún hefur haft með höndum. (**Gripið fram í:** Hvers konar dylgjur eru þetta?) (**Gripið fram í:** Er þetta ekki nýja gufubaðið í fjmrn.?) En ég vil geta þess og fagna því að þessi málaflokkur hefur fengið sómasamlega meðferð í þessu frv. því að auðvitað vilja menn vel þó að vinnubrögðin séu gagnrýnisverð og stefnan í öðrum málaflokkum ámælisverð.

Ef ég vík að þeim málaflokkum sem heyra undir dómsmrn. þá ber þar hæst málefni Landhelgisgæslunnar sem hafa verið nokkuð til umræðu að undanförnu. Það stóð til að Landhelgisgæslan ætti að leggja einu skipi og hefði það auðvitað leitt til atvinnuleysis sjómanna og það hefði leitt til minna öryggis á sjó. Það hefði leitt til þess að eftirlit hefði minnkað og kannski aðeins eitt skip eða ekkert skip verið á sjó af varðskipunum. Það var horfið frá þessu og er það vel. Hins vegar fékk Landhelgisgæslan enga peninga til að standa straum af þessu og þarf að skera niður eitthvað af starfsemi sinni og minnka þjónustuna. En það kom fram í viðræðum við nefndina að forsvarsmenn hennar vilja frekar leggja það á sig að reyna að spara í öðrum þáttum, t.d. í flugrekstrinum heldur en fara þá leið að leggja skipinu.

Það kom fram í umræðum um málefni Landhelgisgæslunnar á dögunum, m.a. hjá hv. 3. þm. Reykv. að hann áleit óviðunandi að marka Landhelgisgæslunni stefnu með einhverjum ákvörðunum í fjárlögum hverju sinni. Þetta er lykilstofnun í vörslu landhelginnar og við eigum að hafa langtímamarkmið í rekstri hennar. Rekstur Landhelgisgæslunnar kostar verulega fjármuni og auðvitað þurfum við að athuga hvernig þeim rekstri er best fyrir komið. Ég ætla mér ekkert að vera með nein yfirboð í því efni en ég er sammála því að það er ekki við hæfi að marka Landhelgisgæslunni einhvern bás með ákvörðunum í fjárlögum á hverju ári. Við verðum að hafa einhverja heildarsýn í þeim efnum og líta yfir lengri tíma.

Ég vil koma að einu máli sem heyrir undir dómsmrn. sem er að vísu ekki mjög stórt hvað varðar fjármagn en er eitt af þessum dæmigerðu málum sem eru ekki svo mjög stór í sniðum sem eru ekki skynsamleg eða úthugsuð en það úir og grúir af slíkum málum í frv. og þetta er eitt af þeim málum sem getur auðvitað leitt til aukinna útgjalda í stað þess að spara. Það er ætlunin samkvæmt frv. að leggja niður stöður hreppstjóra um land allt og spara með því 18,4 millj. kr. sem það kostar að reka þessi embætti í öllum hreppum landsins, þessa gömlu og virðulega stétt. (**Gripið fram í:** Leggja þetta niður?) Leggja þessa stétt niður, já. Sýslumaðurinn á Ísafirði kom til fundar við fjárln. 2. nóv. og lagði fram mjög ítarlega greinargerð um þetta mál og ég ætla að leyfa ykkur að heyra örlítið úr henni. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Undirrituðum er það fullljóst að Alþingi Íslendinga þarf ekki að spyrja nokkurn ráða áður en ákvörðun þessi er tekin. En ekki er þó hægt að láta hjá líða að vekja athygli á gagnsemi starfa hreppstjóra í nútímaþjóðfélagi. Samkvæmt fjárlagafrv. má gera ráð fyrir sparnaði í ríkisfjármálum sem nemur um það bil 18,4 millj. kr. á ári með þeirri ákvörðun að leggja niður störf hreppstjóra. Ekki verður séð hvernig þau störf, sem hreppstjórar nú inna af hendi, verða leyst eftir breytinguna." Og hér segir: „Hreppstjórar annast lögskráningu á skip. Ef ætlunin er að fá sérstaka menn til að annast lögskráningu í stað hreppstjóra, þá vaknar sú spurning hvers vegna þessi breyting sé gerð. Hreppstjórar annast einnig önnur störf, svo sem mælaálestur bifreiða, löggæslu, sitja í almannavarnanefndum sem staðgenglar lögreglustjóra, veita viðtöku dánartilkynningum og gefa vottorð þar um og innheimta opinber gjöld." Og síðar segir, með leyfi forseta:

„Hreppstjórar hafa undantekningarlítið reynst vel í umdæminu, ekki síst í kauptúnum. Lögskráning sem er umtalsverð hvílir á þeirra herðum. Auk þess hafa þeir reynst lögreglu ómetanleg aðstoð við mörg tækifæri, ekki síst þegar færð er slæm á vetrum. Laun hreppstjóra eru lág. Þau eru í umdæminu á bilinu frá 4.893 til 13.350 kr. á mánuði en sú fjárhæð [þ.e. hærri upphæðin] er greidd í þremur stærstu þéttbýlissveitarfélögunum. Heildarlaunakostnaður á síðasta ári nam 1.043.994 kr., þar af launagreiðslur 936.963 kr. til tíu hreppstjóra." Greinargerðin er miklu lengri en ég læt þetta nægja.

Í umræðum í fjárln. hefur komið í ljós að ætlunin er að fá aðra til að leysa þessi störf af hendi fyrir hreppstjóra, sérstaka menn til að lögskrá og síðan eiga dýralæknar að leysa eitthvað af þessum störfum af hendi. (**Gripið fram í:** Eiga þeir að taka við dánartilkynningum?) Mér er nú til efs að það sé ódýrara með allri virðingu fyrir þeirri ágætu stétt, að taxtar þeirra séu nú miklu lægri en hreppstjóranna. Þetta er kannski ekki stórt mál en er dæmigert um það þegar menn fara að

vaða um alla liði fjárlagafrv. ógrundað og með það að markmiði að skera þá helst alla niður án þess að gera sér grein fyrir því hvernig menn ætla að skipa málum til frambúðar. Ég hef heyrt að ekkert samkomulag sé í stjórnarliðinu um þetta mál og það muni vera mjög hæpið að það frv. sem hér liggur frammi í þinginu um hreppstjórana njóti meiri hluta fylgis hér á Alþingi. Það er með það eins og annað að vonandi að verður það skoðar aðeins betur áður en látið er til skarar skríða. Ég treysti því.

Formaður fjárln. og varaformaður, hv. 6. þm. Reykn. og hv. 1. þm. Vesturl., gerðu dálítið að því hér í ræðum sínum áðan að hæla sér af góðum árangri í ríkisfjármálum á yfirstandandi ári. Það er eiginlega gagn að frv. til fjáraukalaga er ekki komið til umræðu. Svo vill til að samantekt minni hluta fjárln. um það frv. liggur fyrir og Ríkisendurskoðun hefur lagt mat sitt á afkomu níu fyrstu mánaða þessa árs. Formaður og varaformaður lögðu báðir mikla áherslu á það í ræðu sinni að tveir milljarðar hefðu náðst í rekstrarsparnaði á árinu og töldu það góðan árangur. Það er vissulega jákvætt og ég fagna því að það hafi náðst. Hins vegar er ekki allt sem sýnist í þessum efnum. Sparnaðurinn, sem átti að nást, var nefnilega 5,5 milljarðar. Náttúrlega er alveg ljóst að ekki mun nást nema helmingurinn af því þótt við séum nokkuð bjartsýnir um mánuðina sem eftir lifa. Það er nú reyndar ekki nema rúmur hálfur mánuður sem eftir lifir af árinu en þó þrír síðustu mánuðir ársins skili nokkrum sparnaði þá verður þessi upphæð varla meira en 2,5 milljarðar. Hins vegar er þessi sparnaður til kominn vegna lækkunar á vaxtagjöldum upp á 950 milllj. kr. og minni stofnkostnaðar og eignakaupa sem nemur 900 millj. kr. Það hefur nefnilega sáralítill sparnaður náðst, því miður, þótt ég efist ekki um að hið ágæta starfslið sem við höfum hjá ríkinu — ég held að það sé ágætis fólk upp til hópa — hafi lagt sig fram um að reyna að gera eins vel og föng eru á þá hafa þessi markmið hreinlega ekki náðst. Það sama má segja um þann sparnað á yfirstandandi ári sem átti að nást í heilbrigðiskerfinu. Þegar skrúfað er fyrir einn kranann þá rennur úr öðrum og heildarsparnaðurinn er enginn. Því miður er ástandið svona. En ég ætla ekki að ræða meira um það við þessa umræðu. Frv. til fjárlaga kemur til umræðu síðar og þá getum við tekið dálitla rispu um málið.

Ég hef að sjálfsögðu sleppt að ræða um marga málaflokka sem ástæða væri til að ræða um en ég fer nú að stytta mál mitt að þessu sinni. Náttúrlega er hægt að tala langt mál um sjávarútvegsmál og sjútvrn., Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og þann vandræðagang sem er í kring um þann sjóð og þær sölur aflaheimilda sem eiga að standa undir rekstri Hafrannsóknastofnunar. En ég vil samt geta þess að mér þykir mjög miður að ekki skyldi vera sýndur einhver litur á því við fjárlagaafgreiðslu að rannsóknir á þorskklaki, sem Hafrannsóknastofnun telur afar mikilvægar, geti farið fram. Beðið var um 20 millj. kr. til þessa geysilega mikilvæga verkefnis. Ég hefði staðið að því þótt þetta hefði kannski ekki verið svo mikil upphæð að aðrir aðilar hafa komið þar inn á móti en mér finnst mjög miður að meiri hluti fjárln. skyldi ekki treysta sér til að koma neitt til móts við þetta verkefni og sýna lit. Fjölmörg atriði mætti nefna til viðbótar við þessi sem ég hef nefnt.

Ég stend að einni brtt. við þetta fjárlagafrv. Henni hefur verið dreift þótt hún sé ekki komin formlega hér á dagskrá en ég hef nefnt hana og ástæðurnar fyrir því að ég stend að henni. Við framsóknarmenn í minni hluta fjárln. höfum ekki í huga að flytja fleiri brtt. Við viðurkennum auðvitað þann vanda, sem við er að etja, og við höfum lýst því yfir að við höfum ekki ætlað okkur að flytja útgjaldatillögur. Hins vegar hef ég farið yfir það að í fjölmörgum atriðum leiða ráðstafanir í þessu fjárlagafrv., sem eru taldar vera til sparnaðar, til aukinna útgjalda þannig að það er ekki hægt að einfalda hlutina og segja sem svo: Ef þú minnist á eitthvað til hækkunar þá verður að ganga í eitthvað annað og skera það niður á móti. Málið er bara ekkert svona einfalt. Tekjuhliðin og atvinnustefna ríkisstjórnarinnar eru óaðskiljanleg frá gjaldahliðinni og ekki er hægt að leggja málið svona upp eins og hv. formaður og hv. varaformaður fjárln. hafa gert í sínum ræðum.

Endanleg mynd á fjárlagafrv. kemur auðvitað ekki fyrr en við 3. umr. Það vita allir menn. Því er ótímabært að vera með kröfur á minni hlutann bæði út í fjárln. og í umræðunni og býsnast yfir því ef eitthvað er nefnt um að menn vilji að horfi til betri vegar þá verði menn að finna eitthvað annað og skera það niður lið fyrir lið á móti. Ef vilji hefði verið fyrir því að koma til móts við ýmislegt af því sem ég hef nefnt í ræðu minni þá hefði áreiðanlega ekki staðið á okkur að leggja til hvernig því yrði mætt.

Fjárlagagerðin hverju sinni verður að efla atvinnu í þjóðfélaginu, ekki síst við þessar aðstæður. Hún verður að vera þannig að hver þjóðfélagsþegn greiði sanngjarnan hlut til sameiginlegra þarfa. Hún verður að vera þannig að ekki sé vaðið blindandi í niðurskurð á útgjaldaliðum sem hafa í för með sér hækkun annars staðar á öðrum liðum. Ég sagði áðan að mér finnst við fjárlaganefndarmenn ekki hafa eytt nógu miklum tíma í það að átta okkur á samhengi ríkisfjármálanna. Þau fjárlög, sem nú eru til 2. umr. í þeirri stöðu sem þau eru nú og miðað við það útlit sem er um framhaldið, leiða til aukinnar misskiptingar í þjóðfélaginu. Þeir sem betur mega sín þurfa ekkert að óttast en þeir sem minna mega sín mega biðja guð að hjálpa sér. Það er einmitt þetta sem er einkenni stefnu sem kennd er við frjálshyggju og sem ég vona að þessi ríkisstjórn hverfi frá sem fyrst og að ýmsir þeir ágætu menn, sem fylgja henni, þeirra á meðal hv. félagar mínir í fjárln., þurfi ekki að hanga aftan í ríkisstjórn sem rekur þá stefnu. Ég vona að því linni. Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Heyrði ég það rétt að ríkisstjórnin hefði ákveðið að leggja af störf hreppsstjóra sem fram að þessu hefðu m.a. sinnt því, eins og kom fram í máli hv. þm., að hafa umsjón með því að skrá áhafnir á báta og skip og einnig að veita dánarvottorðum viðtöku og

ætlun ríkisstjórnarinnar væri að færa þessi verkefni á hendur dýralæknum? Ég mótmæli slíku og ég trúi ekki að það geti verið þingmeirihluti fyrir slíkri gerð.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt sem hv. 4. þm. Norðurl. v. segir að ríkisstjórnin hefur áform um að leggja störf hreppstjóra af. Það er að vísu misskilningur að það eigi að fela öll þessi störf dýralæknum þannig að hv. ...**Gripið fram í:** Mikið af þeim?) Hv. 4. þm. Norðurl. v. getur kannski fengið atvinnu við að taka við dánarvottorðum svona sem aukavinnu. En ég held að það sé ekki meiri hluti fyrir þessu máli í stjórnarliðinu en það mun koma í ljós.

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 1993, 96. mál, brtt. IP, þskj. 461.

Anna Kristín Sigurðardóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á fara að dæmi hv. formanns fjárln. og vitna í bókmenntir. Þær bókmenntir sem ég ætla að vitna í eru því miður ekki jafnmerkar og hans bókmenntir. Hann vitnaði í Litlu gulu hænuna, ég ætla að vitna í merkt rit sem ber heitið Velferð á varanlegum grunni og er stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar sem kynnt var með miklum tilþrifum fyrir rétt rúmu ári. (**Gripið fram í:** Leyfist að kalla það bókmenntir?) Á sama hátt og Litlu gulu hænuna, kannski. En á bls. 6 í þeirri bók segir, með leyfi forseta: „Tryggð verður afkoma aldraðra, öryrkja og annarra sem þurfa á stuðningi og samhjálp að halda og öllum skulu tryggð jöfn tækifæri til að þroska hæfileika sína. Þannig byggjum við samfélag menningar og mannúðar þar sem fólk býr við góða og örugga afkomu." Á bls. 7 segir: „Ríkisstjórnin mun hlúa að fjölskyldunni sem grunneiningunni í nútímasamfélagi, m.a. með markvissum umbótum í húsnæðismálum og skóla- og heilbrigðismálum." Svo mörg voru þau orð.

Því miður er ekki að sjá í því fjárlagafrv. sem hér er verið að fjalla um né í þeim ráðstöfunum í efnahagsmálum sem kynntar voru nú fyrir skömmu að hæstv. ríkisstjórn hefði þau stefnumið sem rakin voru hér að framan. Ekki er að undra þótt mörgum í þessum sal hafi flökrað ofurlítið þegar lagðar voru fram lokatillögur á margumræddu ráðstöfunum um síðustu helgi. Þær bera þess ekki vott að það sé skráð stefna ríkisstjórnarinnar að styrkja fjölskylduna. Heldur þvert á móti, enginn fer verr út úr þeim ráðstöfunum en einmitt fjölskyldan sem svo fjálglega var rætt um í þeirri stefnuyfirlýsingu sem ég áðan vitnaði í. Og því verr fer hún út úr þeim eftir því sem hún er stærri og tekjulægri að ekki sé talað um ef hún er að basla við að koma sér upp húsnæði. Skýrast birtist þetta í síðustu ráðstöfunum þer sem reiknað er með að hátekjufólk skili skitnum 300 millj. í ríkiskassann í formi hátekjuskatts á meðan barnafólki og sjúklingum er ætlað að skila hátt á þriðja milljarð með skerðingu á barnabótum, vaxtabótum, mæðra- og feðralaunum og aukinni kostnaðarhlutdeild í lyfjakostnaði og tannlækningum sem bitnar verst á barnmörgum fjölskyldum. Það sama má segja um hækkun virðisaukaskatts á ýmsar neysluvörur svo sem kjúklinga og svínakjöt. Að vísu er þessi lyfjasparnaður hæstv. heilbrrh. í meira lagi grunsamlegur. Á þessu ári er ætlunin að spara 200 millj. en þrátt fyrir mikið brambolt og aukna kostnaðarþátttöku notenda jukust útgjöldin um 400 millj. 200 millj. af þeim útgjaldaauka á síðan að spara á næsta fjárlagaári til viðbótar við niðurskurð upp á 100–200 millj. Samtals gera þetta 400–500 millj. kr. Samt lofar hæstv. heilbrrh. því að kostnaðarþátttaka almennings verði ekki meiri en 31%. Hvernig þetta dæmi má ganga upp er með öllu óskiljanlegt. Varla nægir sú ráðstöfun ein að greina á milli bráðnauðsynlegra lyfja og lífsnauðsynlegra. Fróðlegt væri að heyra álit lækna á því hvenær lyf hættir að vera bráðnauðsynlegt og fer að vera lífsnauðaynlegt ef þeir yfirleitt treysta sér til að skera úr um það. Með skerðingu á mæðra- og feðralaunum er einungis verið að færa kostnað frá ríkissjóði yfir á foreldra sem eru í þeirri stöðu að greiða meðlag með börnum sínum. Þannig þarf foreldri sem nú greiðir meðlag með þremur börnum nú að greiða tæpar 40.000 kr. á mánuði eða 10.400 kr. meira en áður. Þessi hækkun verður þó ekki til að bæta aðstöðu þess foreldris sem hefur börnin á framfæri sínu þar sem ríkið skerðir framlag sitt á móti. Þvert á móti, þetta foreldri þarf að þola skerðingu upp á 2.944 kr. Ekkert tillit er tekið til fjárhagsstöðu meðlagsgreiðenda í þessu sambandi.

Í minnisblaði frá heilbr.- og trmrn., sem lagt var fyrir fjárln., kom fram að gert hafði verið ráð fyrir 200 millj. kr. sparnaði eða niðurskurði á greiðslum vegna fæðingarorlofs. Að vísu var niðurskurðurinn lækkaður niður í 50 millj. eftir að hæstv. trmrh. gerði sér grein fyrir þeirri staðreynd að afar óheppilegt er af líffræðilegum orsökum að vísa barnsfæðingum til aldraðra þótt vissulega væri mikið hagræði í því fjárhagslega þar sem þeir fá hvort eð er bætur og eru alla jafna ekki á vinnumarkaðnum og ættu því ekki að þurfa fæðingarorlof. Er ég með þessu að vísa í þau fleygu orð ráðherrans að ótækt sé að fullfrískt fólk á besta aldri sé að fá fæðingarorlof. Að vísu er óljóst hvernig á að ná þessum 50 millj. kr. niðurskurði þar sem ekki hafa verið boðaðar neinar breytingar á lögum til að skera niður fæðingarorlof. En það er eins með þessar og aðrar sparnaðarhugmyndir hæstv. ríkisstjórnar, þær eru nánast eingöngu tölur á blaði sem bitna harkalega á einstökum hópum en leiða að öðru leyti ekki til sparnaðar á útgjöldum ríkisins.

Ein er sú stofnun í íslensku samfélagi sem er ekki einungis mjög þýðingarmikil fyrir framtíð þjóðarinnar heldur getur hún einnig skipt sköpum fyrir aðstæður barna og fjölskyldna þeirra. Hér er ég að tala um grunnskólann. En í tíð síðustu ríkisstjórnar voru samþykkt metnaðarfull grunnskólalög þar sem gert var ráð fyrir verulegum umbótum í skólastarfi og þar með aðstæðum barna. Í þeim var m.a. ákveðið að skólatími barna yrði lengdur í áföngum, fækkað yrði í bekkjum, komið upp skólamötuneyti og skólaathvarfi í öllum skólum. Með bandorminum svokallaða sem samþykktur var á þinginu í fyrra var ekki einungis komið í veg

fyrir að þessar umbætur næðu fram að ganga heldur var bætt um betur og vikulegur skólatími enn skertur þrátt fyrir ítrekuð loforð um að niðurskurðurinn gilti aðeins fyrir skólaárið 1992–1993 er hann staðfestur áfram í fjárlagafrv. fyrir árið 1993. Fyrir þetta þing hefur nú verið lagt fram frv. til laga til að staðfesta áfram þennan niðurskurð. En í greinargerð með frv., segir m.a.: „Frestað er framkvæmd ákvæðis um að nemendur skuli eiga kost á málsverði á skólatíma. Frestað er að lengja kennslutíma nemenda í grunnskóla ... Enn fremur er frestað framkvæmd á 6. mgr. 46. gr. þar sem kveðið er á um að koma skuli á skólaathvörfum við hvern grunnskóla. Frestað er til loka skólaárs 1993–1994 að fækka nemendum í bekkjum í samræmi við 75. gr." Þannig höfum við nú stystan skóladag sem þekkist í nágrannalöndum. Þetta er gert samhliða öðrum niðurskurðartillögum sem bitna harkalega á börnum og barnafjölskyldum eins og rakið hefur verið í mörgum ræðum síðustu daga. Þetta er gert á sama tíma og fjöldinn allur af grunnskólabörnum á Íslandi gengur sjálfala meiri hluta dagsins og kemur jafnvel ekki heim til sín nema til þess að sækja plastpokann á hurðarhúninum með hádegismatnum í. Ekki geta þetta talist skynsamleg viðbrögð við ástandi eins og þessu.

Til viðbótar þessum þrengingum sem grunnskólinn er settur í er farið í stórfelldan niðurskurð til Námsgagnastofnunar án þess að ljóst sé hvernig eigi að standa að námsgagnagerð. Þess má geta að kostnaður vegna námsgagna er um 6 þús. kr. á hvern grunnskólanemanda á móti 40 þús. á hvern framhaldsskólanemenda. Það er því óskiljanlegt hvernig á að ná þessum kostnaði niður enn frekar. Því miður sá hæstv. menntmrh. sér ekki fært vegna heilsubrests að svara fyrirspurn þar um sem meiningin var að leggja fram í morgun. En hann hefði væntanlega getað svarað því hvernig hann ætlar að fjármagna útgáfu á námsgögnum. Það kæmi ekki á óvart þó að á árinu 1993 kæmu fram tillögur um að foreldrar tækju þátt í þessum kostnaði sem bættist þar með ofan á annan foreldraskatt sem virðist vera í miklu uppáhaldi hjá hæstv. ríkisstjórn.

Í forsendum fjárlagafrv. þess sem hér er til umræðu er gert ráð fyrir minni tekjubreytingum á árinu 1993 en á yfirstandandi ári. Í greinargerð frv. kemur fram að heildaratvinnutekjur á mann muni hækka um 1% á árinu 1993. Hér er með öðrum orðum verið að segja að ekki er gert ráð fyrir að laun hækki á árinu. Hvernig í ósköpunum dettur hæstv. ríkisstjórn í hug að það muni ganga eftir? Þegar er ljóst að í kjölfar síðustu árása á launafólk hafa nokkur stéttarfélög ákveðið að segja upp samningum sínum. Kennarasamband Íslands hefur sagt upp sínum samningum og það sama hefur Starfsmannafélag ríkisstofnana gert. Alþýðusambandið hefur skorað á aðildarfélög sín að segja upp samningum. Svona mætti áfram telja.

Ákvörðunin um að segja upp samningum var tekin hjá sumum þessara félaga eftir að tilkynnt hafði verið um fyrri hluta efnahagsaðgerða sem fólust í auk 6% gengisfellingar, niðurskurð á barnabótum um 10%, skerðingu vaxtabóta og hækkun tekjuskatts þar sem barnafólki var ætlað að skila 1,5 milljörðum á meðan hátekjufólk skyldi skila 300 millj. í gegnum hátekjuskatt. Hæstv. forsrh. var meira að segja svo ósvífinn að halda því fram að hér væri verið að koma til móts við óskir samtaka launafólks og því væri sátt um þessar aðgerðir. Um leið gat hann þess af sinni alkunnu smekkvísi að hátekjuskatturinn væri einungis sálrænt atriði fyrir launafólk. Aukaatriði væri hversu miklu hann skilaði.

Um leið og þessar aðgerðir voru kynntar var boðað að von væri á frekari niðurskurði upp á 1.240 millj. Töldu þá margir að nú mundi ríkisstjórnin finna breiðu bökin í samfélaginu og láta þau taka á sig þessar 1.240 millj. Eftir langa mæðu og erfiðar fæðingarhríðir hafði hæstv. ríkisstjórn fundið breiðu bökin. Að vísu treysti hún þessum breiðu bökum ekki til að taka á sig nema 800 millj skerðingu. En hver voru svo þessi breiðu bök? Jú, það voru aftur foreldrar og sjúklingar og eins og áður því meiri skerðing eftir því sem börnin voru fleiri og tekjurnar lægri að ekki sé nú talað um einstæða foreldra og einkum og sér í lagi þá sem glímdu við veikindi sín eða barna sinna. Þetta er svo makalaust að það er með ólíkindum að flokkur sem kennir sig við jöfnuð skuli láta hafa sig í að taka þátt í öðru eins og þessu og láta sér í ofanálag detta í hug að þetta verði gert í sátt við launafólk. Það eru engar líkur á því að launafólk geti risið undir þessum ósvífnu árásum og útlit er fyrir harðar vinnudeilur á næsta ári og þar með er þessi hluti í forsendum fjárlagafrv. kominn út í veður og vind.

Til þess að líta nánar á hvernig það launafólk á Íslandi sem á að taka á sig þessar byrðar hefur það tók ég með mér Fréttabréf Alþýðusambands Suðurlands sem birtir launataxta sinna félagsmanna. Tökum konu í ábyrgðarstarfi sem ætti að vera sæmilega vel launuð, matráðskona í skólaráðuneyti. Hún hefur eftir þrjú ár 54.498 kr. Skrifstofufólk hefur 53.007 kr. Skrifstofufólk sem annast störf sem krefjast þjálfunar og reynslu á sviði skrifstofustarfa er með 62.026 kr. Við getum haldið svona endalaust áfram. Starfsmenn steypustöðva sem hafa unnið í þrjú ár hjá sínu fyrirtæki hafa 53.279 kr. Allar tölur eru á þessum nótum í launatöflunni. Þetta er fólkið sem á að taka á sig þær byrðar, taka það á sig að rétta við halla þjóðarbúskaparins og það þarf víst ekki að efast um að þetta fólk er vel í stakk búið til þess að taka á sig 10% kjaraskerðingu til að ríkisstjórnin geti náð fram sínum „sparnaðaráformum". Launafólk og þá sérstaklega barnafólk hefur á þessu ári mátt sætta sig við mikinn niðurskurð á velferðarkerfinu og aukna skatta. Í fjárlagafrv. 1993 er enn höggvið í sama knérunn. Fram kom í máli hv. þm. Finns Ingólfssonar í gær að auknar álögur á sjúklinga, aldraða og öryrkja nema á árinu 1992–1993 samtals 3,8 milljörðum kr. Þá er ekki meðtalin skerðing á barnabótum, niðurskurði til grunnskóla, framhaldsskóla, Lánasjóðs ísl. námsmanna o.s.frv.

Eins og kom fram í máli hv. þm. Jóns Kristjánssonar áðan hefur sparnaður af þessum aðgerðum og þessu brambolti verið nánast enginn. Hér hefur ein-

ungis verið um tilfærslu á fjármunum að ræða. Hæstv. ríkisstjórn er að vinna skemmdarverk á íslenska velferðarkerfinu á fölskum forsendum, á forsendum ráðdeildar og sparnaðar. Við að vinna þetta skemmdarverk hefur hún skýlt sér á bak við ótta almennings við atvinnuleysi. Ég er ekki að segja að atvinnuástand hér á landi sé gott eða að ekki þurfi að spara eða draga saman í þjóðarbúskapnum. Það er bara ekki sama hvar er sparað og hvað er dregið saman og hæstv. ríkisstjórn er einfaldlega ekki að taka á þessum málum. Tillögur til uppbyggingar atvinnulífsins eru afar fátæklegar og ótrúverðugar og sparnaðurinn er fólginn í því, eins og áður hefur komið fram, að skattleggja sjúklinga og barnafólk á meðan hátekjufólk og stóreignafólk spilar frítt. Ekkert útlit er fyrir að fjárlagahallinn verði minni þrátt fyrir þessa skemmdarverkastarfsemi.

Virðulegi forseti. Það er engin sátt um fjárlagafrv. það sem hér er til umfjöllunar.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Í 2. umr. um fjárlög hefur það komið í minn hlut að mæla fyrir brtt. okkar kvennalistakvenna við frv. til fjárlaga. Þær er að finna á þskj. 435.

Við höfum ekki farið þá leið að flytja margar tillögur að þessu sinni. Að vísu er nú ein umræða eftir og aldrei að vita hvað getur gerst en að þessu sinni flytjum við þrjár brtt. við fjárlagafrv. Þessar tillögur fela vissulega í sér hækkun útgjalda á fjárlögum þessa árs, samtals á 42 millj. 683 þús. kr., en þær eru jafnframt þess eðlis að að þeim samþykktum munu án efa sparast umtalsverð útgjöld, bæði fjárhagsleg og vegna félagslegra vandamála, nú þegar og ekki síður í framtíðinni. Það tel ég nauðsynlegt að við höfum í huga.

Auk þess að mæla fyrir þessum brtt. eru nokkur önnur atriði sem ég tel ástæðu til að geta um. Ég byrja þó á því að mæla fyrir og útskýra okkar brtt.

Í fyrsta liðnum leggjum við til að hækkaður verði liðurinn Sérkennsla í grunnskólum úr 10,2 millj. kr. í 20 millj. Tilgangur þessarar hækkunar er að bæta nú þegar úr bráðum vanda sem skapast hefur vegna barna sem ekki fá kennslu við sitt hæfi í íslensku skólakerfi. Þau eru vissulega mörg en það er sérstaklega einn hópur 150 barna sem við eigum við og það eru þau börn sem flust hafa erlendis frá til Íslands, t.d. börn flóttamanna. Flest þessara barna hafa ekki vald á íslenskri tungu. Tungumál þeirra margra hverra er mjög ólíkt okkar og menningarheimurinn sem þau eru sprottin úr er mjög ólíkur.

Vandi þessara barna er mjög mikill og aðbúnaður þeirra í íslenska skólakerfinu er smánarblettur á því samfélagi sem við viljum oftast kalla siðmenntað. Fyrir tveimur mánuðum kom út skýrsla á vegum menntmrn., Íslenskukennsla fyrir nýbúa, tillögur starfshóps. Þar kemur fram, eins og ég gat um áðan, að hér er um að ræða um það bil 150 börn. Sú fjárveiting sem þörf er á handa þeim í allt til að halda uppi sómasamlegri íslenskukennslu og styðja þau á annan hátt er 23–31 millj. kr. Það er því ekki hægt að segja að við förum offari þó að við biðjum um tæpar 10 millj. kr. til þess að bæta úr allra brýnustu þörfinni. Við leggjum til að þetta framlag sem við erum að biðja um verði sett á liðinn Sérkennsla í grunnskólum vegna þess að sú viðleitni sem er nú þegar fyrir hendi til að sinna þessum börnum er ekki síst vegna þess að það hefur verið reynt að sinna þessum börnunum eftir mætti og gera það sem hægt er til að kenna þeim sérstaklega.

Þetta er í rauninni mjög viðamikið mál. Ég vil geta þess að auk þessa þarf að veita börnunum aukinn stuðning í venjulegri bekkjarkennslu til þess að þau hafi tök á því að tileinka sér námsefnið og sitji við sama borð og önnur börn í náminu. Það er því miður alveg með ólíkindum, í sumum tilvikum alla vega, hvernig búið er að þessum börnum í skólakerfi okkar. Við erum langt á eftir nágrannaþjóðunum í þessum efnum. Þetta er sérstaklega undarlegt í ljósi þess að við höfum sjálfviljug tekið á móti hópum flóttamanna og skuldbundið okkur til að rækja skyldur okkar við þá hópa.

Ég vil samt sem áður leyfa mér að ætla að hér sé um andvaraleysi að ræða en ekki ásetning. En ef ekki verður gripið til ærlegra umbóta og það mjög bráðlega, þá er ekki lengur um andvaraleysi að ræða heldur vítaverða vanrækslu.

Við Íslendingar höfum tekið að okkur nokkurn hóp flóttamanna, svo sem ekki stóran, m.a. frá Víetnam. Ég held að fáum blandist hugur um að það hefur verið fengur fyrir samfélag okkar að fá þetta harðduglega fólk til liðs við okkur og alls engin fórn af hálfu Íslendinga. Hins vegar getum við ekki haldið áfram að haga okkur eins og við höfum gert og sveifla fólki úr ólíkum menningarheimum inn í íslenskt samfélag, ætlast til þess að það læri íslensku upp á guð og lukkuna og að börnin komist í gegnum skólakerfið án þess að fá fullnægjandi tungumálakennslu og stuðning. Þessi kennsla og þessi stuðningur verður að eiga sér stað innan eðlilegs skólatíma og án þess að börnin séu tekin úr hópi félaga sinna í skólanum nema í mjög litlum mæli.

Ég er hrædd um að við alþingismenn mundum tæplega njóta okkar sem skyldi ef okkur væri skyndilega svipt inn á kínverskt þjóðþing og ættum að spjara okkur þar án teljandi stuðnings. Við yrðum dæmd til þess að vera utanveltu og það er ekki öfundsvert hlutskipti. Ég held að það þyrfti ekki endilega að bera vott um lélegt atgervi okkar eða greind heldur er þetta ósköp eðlilegt þegar maður kemur í umhverfi þar sem talað er framandi tungumál, letrið er annað, menningin önnur, arfleifðin önnur og grunnurinn annar. Þá hlýtur að þurfa töluvert mikið til til að geta tileinkað sér þetta allt. Fjöldi flóttamanna víða um heim og fjöldi fólks sem hefur valið sér nýtt föðurland hefur samt sem áður spjarað sig mæta vel við þessar aðstæður en við stöndum mörgum öðrum þjóðum langt að baki í þessum efnum.

Mér er það minnisstætt að ég kenndi eitt sinn nemanda sem kom raunar af íslenskumælandi heimili erlendis frá inn í íslenskt skólakerfi. Þetta var 14 ára strákur. Þrátt fyrir góða greind og sterkan grunn í íslensku háði tungumálið honum engu að síður námi.

Einfalt hugtak eins og bratti var honum t.d. fullkomlega framandi og hann átti mjög erfitt með að tileinka sér og skilja um hvað ég var að tala. Hann hélt raunar að ég væri að gera gys að sér þegar ég talaði um bratta.

Ég kenndi þessum pilti íslensku í sértímum í þrjú ár og hann náði ljómandi góðum árangri en foreldrar hans urðu að kaupa handa honum þá þjónustu sem hann hefði að sjálfsögðu átt að fá innan skólans. Brauðstrit flestra íslenskra nýbúa er allt of hart til þess að leyfa slíkan munað enda eiga þau mannréttindi, að geta tileinkað sér nám og tjáð sig án erfiðleika, ekki að vera munaður fárra heldur mannréttindi allra.

Mjög er misjafnt hvernig skólar og fræðsluumdæmi hafa tekið á málefnum þeirra barna sem hér er átt við. Því miður eru þess allt of mörg dæmi að þau séu í algeru reiðileysi í íslensku skólakerfi árum saman án þess að læra okkar ágæta en afskaplega erfiða tungumál. Það er áfellisdómur yfir ríkjandi ástandi að slíkt geti yfir höfuð gerst en það hefur gerst og það kemur fram í skýrslunni sem ég nefndi. Skólunum er allt of þröngur stakkur sniðinn og sérkennslukvótinn er skammarlega lágur. Hann er engan veginn til skiptanna eins og hann er nú. En þessi viðbót sem við kvennalistakonur leggjum til að fari til þessa fjárlagaliðar mundi vonandi bæta úr sárustu þörfinni. Ef þau börn sem hér eru nú hefðu hafnað í nágrannalöndum okkar í stað þess að koma til Íslands hefðu þau notið betri þjónustu. Mig langar til að gefa þinginu smáupplýsingar um hvaða þjónusta er í boði annars staðar og vona að við tökum upp mannsæmandi háttu og búum vel að þessum börnum áður en það er um seinan.

Í Danmörku er í námsskrá ákvæði um kennslu innflytjendabarna en ég vek sérstaka athygli á því að slík ákvæði er ekki að finna í íslensku grunnskólalögunum eða námsskrá. Meginstefnan í Danmörku er sú að innflytjendabörn verði tvítyngd. Sveitarfélög fá styrk frá ríkinu til að standa straum af kennslu og öll innflytjendabörn eiga að fá dönskukennslu bæði í hópum og einstaklingsaðstoð eftir því sem þörf krefur. Einnig er börnunum kennt eigið móðurmál í 3–5 kennslustundir á viku utan venjulegs skólatíma. Það er stundum vandkvæðum bundið en engu að síður er reynt að leysa það.

Auk þessa eiga börnin að fá stuðning við nám í öðrum námsgreinum eftir þörfum samkvæmt námsskrá í Danmörku. Þetta er auðvitað allt annað en við bjóðum börnunum sem koma hingað. Í Noregi er sérstaklega lögð rækt við að kenna norsku fyrir innflytjendur og innflytjendabörnin þar eiga einnig kost á móðurmálskennslu, þ.e. kennslu á sínu eigin móðurmáli. Meginstefnan er sú að íbúarnir aðlagist norsku samfélagi sem fyrst og geti fylgt jafnöldrum sínum í norskum skólum en að þeir viðhaldi og rækti jafnframt móðurmálið og verði tvítyngdir.

Þetta fyrra er kannski það sem er reynt hér, að láta börnin aðlagast, en það er ekki gert mikið og í sumum tilvikum nánast ekki neitt til að auðvelda þetta. Þar af leiðandi verður árangurinn eins og hann er.

Í Svíþjóð hafa verið í námsskrá frá 1980 sérstakir kaflar um kennslu í sænsku fyrir nýbúa og móðurmálskennslu innflytjenda. Það liggja fyrir drög að nýrri námsskrá í Svíþjóð núna og í þeim eru svipaðir kaflar um kennslu í sænsku. Síðan er lögð sérstök áhersla á það í nýju námsskránni að nemendur fái kennslu við hæfi hvers og eins í sænsku þar til þeir hafa náð góðum tökum á málinu. Á þetta hefur nokkuð þótt skorta í Svíþjóð en þar hefur hins vegar verið mikil kennsla og vönduð víða í móðurmáli innflytjendabarnanna.

Það er sem sagt um breyttar áherslur að ræða í Svíþjóð en ekki að verið sé að minnka þjónustuna þrátt fyrir að Svíar séu að draga saman á öllum sviðum. Ég vil sérstaklega vekja athygli á þessu því ég held að það sé fráleitt að segja bæði já og nei. Segja já við því að fólk komi frá ólíkum menningarsvæðum til Íslands, eins og við höfum sem betur fer gert, og nei við því að fólki sé gert kleift að spjara sig eins og fólkið í næstu íbúð.

Næsta brtt. okkar kvennalistakvenna ætti að vera nokkuð kunnugleg og hún er e.t.v. brýnni nú en nokkru sinni fyrr. Við leggjum til að varið verði 30 millj. kr. til þess að endurreisa Fæðingarheimilið í Reykjavík. Þetta er tvöfalt réttlætismál. Í fyrsta lagi nær það ekki nokkurri átt að ekki skuli lengur vera boðið upp á val á fæðingaraðferð og fæðingarstofnun hér á mesta þéttbýlissvæði landsins. Svo sem kunnugt er hafa ýmsar nýjungar við fæðingar og sængurlegu verið fyrst reyndar á Fæðingarheimili Reykjavíkur og margar hverjar verið seinna teknar upp annars staðar. Konur vilja eiga val og krafan um það er svo skýr að síðan Fæðingarheimilinu í Reykjavík var lokað hafa allmargar konur tekið þann kost að fara alla leið til Keflavíkur til að ala börnin sín. Þar er andi Fæðingarheimilisins enn við lýði enda er ljósmóðirin fyrrum yfirljósmóðir Fæðingarheimilisins og skilningur annarra á hugmyndum hennar er í góðu lagi. Þetta eru skýlaus skilaboð um að konur láta ekki bjóða sér það að eiga ekki þetta val. En auðvitað eiga ekki allar tök á því að fara til Keflavíkur. Nú er svo komið að hópur kvenna sem kennir sig við náttúrbörn er að vekja athygli á þeim sjálfsögðu réttindum verðandi mæðra að eiga val um fæðingaraðferð, meiri fjölbreytni og annars konar umhverfi við fæðingu og sængurlegu en hátækni- og kennslusjúkrahús.

Ég man það í utandagskrárumræðu, ég held það hafi verið 13. apríl sl., um málefni Fæðingarheimilis Reykjavíkur að þá sagði hæstv. heilbrrh., Sighvatur Björgvinsson, með leyfi hæstv. forseta:

„Það sem stendur til er að reyna að bjóða upp á sömu þjónustu með því að innrétta á fæðingardeild Landspítalans sams konar aðstöðu til fæðingarhjálpar og á sér stað á Fæðingarheimili Reykjavíkur."

Hvort sem það er vegna hins stóraukna álags á fæðingardeildina eða einhvers annars er alveg ljóst að á meðan konur kjósa að fara alla leið til Keflavíkur héðan af höfuðborgarsvæðinu til þess að ala börn sín hefur þetta að sjálfsögðu ekki orðið. Við þurfum ekki að blekkja okkur með þetta. Ég efa það ekki að allir eru af vilja gerðir að hlúa sem best að konum, verðandi mæðrum, fæðandi konum og nýbökuðum mæðrum og

börnum þeirra en þegar vinnuálagið er slíkt og það er nú á fæðingardeildinni við Landspítalann er auðvitað tómt mál að tala um þetta. Á sama tíma er verið að skera niður fjárveitingar og ég tala nú ekki um það hversu smánarleg laun ljósmæðra eru. Raunar má geta þess að hjúkrunarfræðingar og ljósmæður á Landspítalanum hafa fengið sig fullsaddar af þeim kjörum sem þeim er boðið upp á og hafa gripið til þess að segja störfum sínum lausum. Ég veit ekki hvort nýr samningur við ljósmæður breytir einhverju þarna um en ég óttast að það sé ekki mjög mikil breyting.

Ég vil geta þess að það er fleira en bara þetta val sem vakir fyrir okkur kvennalistakonum. Það hlýtur á endanum að vera kostnaðarsamt að láta allar fæðingar eiga sér stað á hátækni- og kennslusjúkrahúsi, jafnvel þótt farið sé að spara og þrengja að konum sem þar fæða börnin með því að senda þær heim eftir sífellt færri daga sængurlegu.

Á síðasta ári voru fæðingar á fæðingardeild Landspítalans 2.558 og eru áætlaðar nálægt 2.900 á þessu ári. Þetta eru um 70% allra fæðinga í landinu. Það segir mér enginn að allar þessar fæðingar þurfi að fara fram á hátæknispítala og með þann tækjabúnað við höndina sem alla jafna á fyrst og fremst að vera til taks við áhættufæðingar. Sem betur fer eru slíkar fæðingar oftast fyrirsjáanlegar. Áhættuþættirnir eru flestir þekktir og þar að auki er yfirleitt auðvelt að beina konum, bæði utan að landi og úr næstu götu, yfir á fæðingardeild Landspítalans ef eitthvað óvænt kemur upp á varðandi móður og barn. Hér tala ég raunar af eigin reynslu því ég veit að ef á bjátar er stutt á milli þessara tveggja fæðingarstofnana sem lengst af hafa staðið konum á Reykjavíkursvæðinu til boða. Samkvæmt minni reynslu gerir það ekki nokkurn skapaðan hlut til þótt maður eigi sitt barn á Fæðingarheimili Reykjavíkur en þurfi að taka sængurleguna á fæðingardeildinni vegna öryggisins sem þar er boðið upp á fyrir mæður og börn og vegna nálægðar við barnaspítala Hringsins. Ég veit líka að það væri meira en lítið undarlegt ef öll áhætta væri bundin við konur á Reykjavíkursvæðinu því auðvitað eru þær konur sem ala sín börn úti á landi sendar til Reykjavíkur ef fyrirsjáanlegt er að einhver áhætta sé á ferðinni. Einnig eru þær sendar eins snarlega og hægt er til Reykjavíkur ef eitthvað kemur upp á sem ekki hefur verið fyrirsjáanlegt og ég veit ekki betur en að það gangi í langflestum tilfellum vel. Auðvitað getum við aldrei boðið upp á fullkomið öryggi en ég held að það sé hreinasti óþarfi að bera fyrir sig öryggisþáttinn þegar verið er að beina öllum konum inn á fæðingardeild Landspítalans. Það er hreinn óþarfi og gjörsamlega úrelt hugsun og úr takti við allt sem verið er að gera annars staðar. Við sem erum á mínum aldri þekkjum margar hverjar þessar stofnanir báðar. Við höfum átt val og við viljum að sjálfsögðu að aðrar konur eigi þetta sama val.

Þriðja tillaga okkar kvennalistakvenna varðar atvinnumál og nýsköpun í samfélaginu þótt það geti vel verið að einhverjir hafi ekki lesið það nákvæmlega út úr tillögunni er þeir lásu hana. Þar erum við ekki að biðja um stórar fjárhæðir en við erum að biðja um fjárhæðir sem munu án efa nýtast vel. Það þarf nefnilega ekki mikið fé til að koma á laggirnar hér á landi merkilegri starfsemi sem gæti orðið til að hvetja konur til stofnunar fyrirtækja á traustum grunni með góðan bakhjarl og skapa þannig atvinnu og umsvif. Hér á ég við þriðja lið tillagna okkar kvennalistakvenna um að leggja 2 millj. 883 þús. kr. til stofnunar lánatryggingarsjóðs kvenna á Íslandi. Þetta mál hefur átt sé nokkurn aðdraganda. Hér er um að ræða net alþjóðlegs samstarfs sem hefur orðið til til að bæta úr brýnni þörf sem er á lánafyrirgreiðslu fyrir konur. Þetta alþjóðlega net, Women's World Banking, hefur einnig verið kallað kvennabanki manna á meðal á Íslandi en lánatryggingarsjóður kvenna er meira réttnefni því hér er ekki um bankastofnun að ræða heldur veðtryggingasjóð sem baktryggir lán þeirra kvenna sem uppfylla skilyrði sjóðsins að öðru leyti. Hið alþjóðlega nafn þessa sjóðs er venjulega stytt í WWB og vera má að ég muni nýta mér þá styttingu hér í nánari greinargerð.

Kerfið er þannig að lánastofnanir þær sem fyrir eru í hverju landi fyrir sig eru nýttar í stað þess að byggja upp nýtt kerfið við hliðina á því sem fyrir er í landinu. Í vönduðu erindi til fjárln. gera þær konur er undirbúa stofnun Íslandsdeildar WWB glögga grein fyrir því hvernig lánatryggingarsjóðurinn virkar og langar mig, með leyfi forseta, að grípa aðeins niður í þessa afbragðsgóðu greinargerð með umsókn kvennanna:

„Í kjölfar kvennaráðstefnunnar árið 1975 [á vegum Sameinuðu þjóðanna] var WWB stofnaður. Markmið Women's World Banking er að stuðla að efnahagslegu sjálfstæði kvenna og efla atvinnurekstur þeirra með því að auðvelda konum aðgang að fjármagni. Kveikjan að stofnuninni var sú staðreynd að konur unnu 65% allrar vinnu í heiminum en öfluðu aðeins 10% heildartekna og áttu minna en 1% af eignum heimsins. Þessar staðreyndir eiga reyndar við um stöðu kvenna enn í dag. WWB hóf starfsemi árið 1979 með 15 millj. kr. styrk frá Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna og 150 þús. kr. framlagi frá hverjum stofnaðila. Í dag hefur WWB yfir 420 millj. að ráða sem notaðar eru sem veðtryggingasjóðir fyrir 56 aðildarstofnanir í 42 löndum. Hlutverk sjóðsins er fyrst og fremst að vera veðtrygging fyrir lánum sem viðskiptabanki aðildarstofnunarinnar veitir.

WWB er í rauninni net sjálfstæðra aðildarstofnana sem starfa annars vegar í samvinnu við höfuðstöðvar WWB í New York og hins vegar við viðskiptabanka í viðkomandi landi. Aðildarstofnanir WWB eru sjálfstæðar einingar sem miða starfsemi sína við þarfir viðkomandi samfélags. Hver stofnun starfar óháð höfuðstöðvunum og ber ábyrgð á eigin stjórnsýslu, fjárhag og framkvæmdum. Í viðkomandi landi safnar aðildarstofnunin frjálsum framlögum í stofnsjóð sem síðan er notaður sem veðtrygging fyrir lánum. Fyrir hvert lán sem veitt er tryggir WWB 50% af heildarupphæðinni, aðildarstofnunin 25% og viðkomandi viðskiptabanki 25%. Aðildarstofnunin gerir samning um samstarf við einn eða fleiri viðskiptabanka. Samstarf aðildarstofn-

unarinnar við viðskiptabanka byggist upp á eftirfarandi verkaskiptingu:

Aðildarstofnunin metur lánshæfni umsókna. Reynist umsóknin lánshæf veitir viðskiptabanki lán á markaðsvöxtum. Vextir af lánum renna til viðskiptabanka og allt að 3% þóknun rennur til aðildarstofnunarinnar. Viðskiptabanki fær þannig allar vaxtatekjur af veittum lánum en þarf aðeins að taka 25% áhættu auk þess sem hann fær aðgang að nýjum markhópi. Aðildarstofnunin metur ekki aðeins lánshæfni heldur veitir jafnframt öllum sem þess óska fjárhags-, rekstrar- og markaðsráðgjöf.

Markmið aðildar Íslands að WWB er að fá aðgang að erlendu áhættufjármagni ásamt ráðgjöf varðandi fjármálastarfsemi og fyrirtækjarekstur kvenna. Erlendar rannsóknir sýna að forráðamenn lánastofnana eru tregir til að lána konum í fyrirtækjarekstri. Ástæða er til að ætla að aðstæður hér á landi séu sambærilegar. Konur sem vilja hasla sér völl sem atvinnurekendur í nýrri atvinnugrein fá litla lánafyrirgreiðslu og mæta jafnvel andstöðu annarra atvinnurekenda og viðskiptavina. Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar eru konur 35% atvinnurekenda á Íslandi. Sífellt fleiri konur hefja fyrirtækjarekstur vegna skorts á atvinnutækifærum, sérstaklega á landsbyggðinni.

Undanfarin ár hefur velgengni smáfyrirtækja í Bandaríkjunum og Evrópu vakið athygli en fyrirtæki kvenna eru fjölmennust í hópi smáfyrirtækja. Talið er að atvinnu- og hagvaxtarmöguleikar framtíðarinnar liggi hjá smáfyrirtækjum. Ef tryggja á velgengni kvenna í fyrirtækjarekstri þarf að auðvelda konum aðgang að ráðgjöf og fjármagni. Smæð fyrirtækja kvenna og samþjöppun þeirra í atvinnugreinar þar sem verðmætasköpun er lítil eru m.a. afleiðingar andsnúinna viðhorfa forráðamanna lánastofnana og viðskiptavina til kvenna í fyrirtækjarekstri."

Ég ætla ekki að tilgreina allt sem stendur í umsókninni en ég vísa á að í Vísbendingu þann 20. ágúst sl. er grein eftir Lilju Mósesdóttur, Velgengni í fyrirtækjarekstri. Þeir sem hafa áhuga á að vita meira um þetta merkilega framtak geta að sjálfsögðu litið á þetta.

Undir lok umsóknar sinnar segja konurnar, með leyfi forseta:

„Enda þótt undirbúningshópurinn vinni að þessu máli í sjálfboðavinnu er nú svo komið að þörf er á fjármagni. Nauðsynlegt er að ráða starfskonu í átta mánuði, kaupa sérfræðiþjónustu, svo sem löggilta þýðingarvinnu, lögfræðiaðstoð og fleira. Einnig þarf að hefja kynningarstarf um land allt, skrá stofnfélaga og vinna að stofnfundi sem fyrirhugaður er haustið 1993."

Ég bendi á að hér er ekki verið að flana að neinu í flaustri eða fljótræði heldur hefur ábyrgur undirbúningur farið fram og ég tel að það ætti að sjálfsögðu að vera til framdráttar. En um hvaða upphæðir erum við að tala? Þær eru ekki háar. Það er í rauninni alveg ótrúlegt að það skuli ekki hafa nú þegar verið samþykkt að taka þetta inn sem fjárlagatillögu og þá tillögu allrar nefndarinnar. Samkvæmt nákvæmlega sundurliðaðri kostnaðaráætlun er greinilegt að hér er alvara á ferð. Það er ekki verið að biðja um neinar stórfúlgur. Það er talað um að starfsmaður þurfi stærsta hlutann af þessu eða liðlega eða u.þ.b. helminginn. Þýðingar eru tilgreindar alveg nákvæmlega og síðan eru aðrir liðir t.d. lögfræðiþjónusta, prentun upplýsingabæklings og ferðakostnaður. Þetta er ekki mikið. Vonast ég til að þessi tillaga verði samþykkt eða að á milli 2. og 3. umr. muni þetta jafnvel bara fljúga í gegn.

Suðurnesjakonurnar, sem hafa vakið þjóðarathygli með framtaki sínu til að bæta úr atvinnumálum kvenna, hafa eins og fleiri konur komist í tæri við skilningsleysi a.m.k. sumra bankastjórnenda á hugmyndum sínum. Þær og fleiri konur sem sitja ekki með hendur í skauti heldur bretta upp ermarnar þegar harðnar í ári mundu án efa eiga fleiri tækifæri ef lánatryggingarsjóður kvenna væri til nú þegar. Ég verð raunar að taka fram að ég gat þessarar hugmyndar á fundi með þessum konum nú nýverið. Þær voru mjög áhugasamar um og vildu fá að vita meira og spurðu bara: Hvenær verður þetta orðið að veruleika? Þær hafa því miður rekið sig á sömu veggi og konurnar í Afríku, konurnar í Asíu og konurnar í þróuðum löndum og þróunarlöndum, þær koma að lokuðum dyrum þegar verið er að sækja um lánsfjármagn einkum og ekki síst ef þær eru að biðja um lágar fjárhæðir vegna þess að þær eru ekki reiðubúnar til að veðsetja íbúðarhúsnæði sitt og barnanna sinna og taka stóra áhættu. Eins og við vitum væntanlega öll mætavel er það gefið mál að háar fjárhæðir liggja oft á lausu fyrir mikla áhættu en lágar fjárhæðir og miklar tryggingar virðast einhvern veginn ekki njóta náðar fyrir augum bankastjóra. Það er raunar undravert og annar kapítuli sem ekki verður leystur með löggjöf einni saman þó gott væri kannski að hafa eitthvað til að styðjast við. (**Forseti:** Forseti vill spyrja ræðumann hvort hann á langt eftir af ræðu sinni eða hvort ræðunni er senn lokið. Ætlunin var að gera hlé á fundinum um þetta leyti.) Ég vil upplýsa hæstv. forseta um að ég á eftir tvö efnisatriði ræðu minnar er varða fjárlögin í heild. Það er eiginlega hvorki stutt né langt í lok ræðu minnar. Forseti verður því að meta það. Ég er það mikið handskrifað að ég þori ekki að giska á það. (**Forseti:** Forseti vill þá fara fram á það við hv. ræðumann að fresta ræðu sinni.) Við því skal orðið og mun ég þá halda áfram þegar þessu hléi er lokið.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill geta þess að stefnt er að því að fram fari atkvæðagreiðsla um kl. 9 en þá þarf að leita afbrigða vegna brtt. sem fram hafa komið. — [Fundarhlé.]

Anna Ólafsdóttir Björnsson (frh.):

Virðulegur forseti. Ég var komin að þriðja lið af þremur af þeim brtt. sem við kvennalistakonur flytjum við fjárlagafrv. Þessi þriðja brtt. okkar varðar það að veita rúmlega 2,8 millj. kr. til stofnunar lánatryggingarsjóðs kvenna eða réttara sagt til undirbúnings stofnunar þess sjóðs. Hér er um mjög merkt framtak að ræða og undirbúningur hefur allur verið unnin í sjálfboðavinnu en nú er að því komið að það þarf fé vegna starfsmanns í átta mánuði og auk þess þarf fé vegna

þýðingarvinnu, lögfræðiráðgjafar og annarrar sérfræðilegrar löggjafar og nokkurra annarra atriði. Þær konur sem hafa staðið að þessum undirbúningi hafa nú þegar skilað fjárln. mjög vel útfærðum hugmyndum sínum. Takmarkið með stofnun þessa sjóðs er að greiðari aðgangur kvenna verði að ráðgjöf og lánsfé. Þetta hefur að sjálfsögðu mikið vægi varðandi alla nýsköpun í vinnu. Ég gat þess einnig að konurnar á Suðurnesjum sem hafa verið að gera sitthvað í sínum atvinnumálum, verið að stofna samtök, bæði Sölku Völku í Grindavík og Björgu í Keflavík, eru meðal þeirra kvenna sem horfa til stofnunar þessa sjóðs. Þar sem mikið hefur verið talað um að það þurfi að veita einhverja fyrirgreiðslu held ég að það væri engin ofrausn af hæstv. fjárln. að láta slag standa og gera tillögu um tæplega 3 millj. til þessa merka framtaks. Það sem er kannski einna mikilvægast varðandi þennan lánasjóð er að þarna er um alþjóðlegt net að ræða sem hefur gefist mjög vel. Þetta á bæði við um þriðja heims ríki þar sem þessi lánatryggingarsjóður gegnir mjög mikilvægu hlutverki og einnig í svokölluðum fyrsta og öðrum heimi þar sem lönd telja sig tiltölulega þróuð en eru þó ekki þróaðri en það að enn eiga konur ekki greiða leið að lánsfjármagni.

Í virtu tímariti The World Monitor sem er mánaðarrit The Christian Science Monitor, í marshefti 1991, er fjallað um þennan lánasjóð á nokkuð að ég vil segja vandaðan hátt og gefur það nokkuð glögga mynd af hver tilgangur hans er. Meðal þeirra sem vitnað er í er Ela Bhatt sem er einn stofnandi og núv. stjórnarformaður hins alþjóðlega Lánatryggingarsjóðs kvenna eða Women's World Bank sem ég hef leyft mér hér að skammstafa WWB. Í þessari ítarlegu grein segir Ela Bhatt m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Markmið okkar var að ná til kvenna sem hið hefðbundna bankakerfi hafði hafnað og ná þeim inn í hringiðu efnahagslífsins."

Það reyndist ekki svo auðvelt að ná þessu marki en eftir þrotlausa vinnu og mikla elju hefur WWB orðið að mjög öflugum alþjóðasamtökum. Starfsemi WWB er mjög margvísleg og mismunandi eftir löndum, m.a. hefur sjóðurinn haft veigamiklu hlutverki að gegna í ýmsum þróunarlöndum. Alls staðar eru sérstök vandamál kvenna hin sömu. Það gengur treglega að sannfæra bankastjórana um ágæti hugmynda kvenna eins og konurnar á Suðurnesjum hafa fengið að reyna.

Hvernig ætli það hafi þá gengið hjá starfssystrum þeirra í þriðja heiminum ólæsum jafnvel sem ekki hafa búið við nútímaþægindi og hafa kannski ekki einu sinni trúverðugleika vegna stöðu sinnar og menntunarstigs fyrir utan það að vera konur? Er þetta bara ekki glatað spil sem ekkert þýðir að leggja rækt við? Ég held að margir mundu flýta sér að segja að þetta gæti varla hafa gengið mjög vel. En það er allt aðra sögu að segja sem betur fer. Ég vitna enn til greinar í The World Monitor en hún er eftir Meenal Pandya og þar segir, með leyfi forseta:

„Ein stærsta glíman var við viðhorf bankastjórnenda víðs vegar um heiminn. Venjulegir bankastjórar líta á ólæsar konur, sem ekki kunna einu sinni að fylla út öll þau margvíslegu eyðublöð sem í bönkum eru, sem áhættuviðskipti af versta tagi, bæði tíma- og peningasóun. Lánardrottnum í marmarahöllum og í fínum fötum líður ekki vel í návist kvenna sem vita lítil deili á nafnnúmerum, jafnvel ekki fæðingardögum og árum og jafnvel full nöfn þeirra samkvæmt þjóðskrá vefjast fyrir þeim. En WWB hafa sýnt fram á að þessar konur hafa með aðstoð, ráðgjöf og fræðslu reynst hinir traustustu viðskiptavinir banka og endurgreiðsluhlutfall af lánum þeirra er 99%."

Fyrst þessi vonlausu eða vonlitlu dæmi hafa komið svona vel út veit ég ekki eftir hverju við erum að bíða. Það hefur ekki verið hrapað að undirbúningi, það hefur þvert á móti verið unnið mjög markvisst og skipulega að þeim undirbúningi og það er best að bæta því við svo enginn misskilningur sé á ferðinni að það er ekki bara reynslan í þriðja heiminum að endurgreiðslur lána hafa verið nánast 100% heldur hefur það um víða veröld reynst afburðagott fyrir bankastofnanir að taka þátt í samstarfi við WWB því það hefur ekki verið hægt að fá öllu betri viðskiptavini.

Ég læt hér lokið umfjöllun um þessra þrjár brtt. sem við kvennalistakonur gerum við fjárlagafrv. Auðvitað hefðum við viljað koma miklu víðar við. Í þessum umgangi ákváðum við að taka þessi þrjú atriði fyrir, öll mjög nauðsynleg. Það er ekki verjandi lengur að veita ekki fé til þess að veita börnunum sem koma hingað mállaus á íslensku til landsins, jafnvel flóttabörnum, sómasamlega þjónustu. Það er heldur ekki verjandi að konur skuli ekki hafa val í fæðingum, að Fæðingarheimili Reykjavíkur skuli hafa verið lokað og ekkert komið í staðinn þrátt fyrir ummæli hæstv. heilbrrh. í mars sl.

Ég vil undir lok ræðu minnar fá að víkja að tveimur þáttum í viðbót sem mér finnst sérstök ástæða til að geta um í sambandi við fjárlagafrv. og þær áherslur sem ég vil sjá þar. Áður en ég vík að því finnst mér rétt að taka undir með þeim fjöldamörgu sem hafa lýst efasemdum sínum vegna þessarar umræðu yfir höfuð þar sem það er mjög hæpið að einhver vitræn umræða verði um heildarsýn á fjárlögum og fjárlagagerð á meðan heilu milljarðarnir eru óljósir og ekki vitað hvernig á að fara með, ekki vitað um hvað er samstaða og um hvað er ekki samstaða burt séð frá því að gagnrýnin sem við stjórnarandstæðingar höldum uppi á fyllilega rétt á sér, hún á hljómgrunn í öllu samfélaginu, samningar eru í uppnámi og hér stefnir í mjög hörð átök. Það er nánast ekki forsvaranlegt að ræða fjárlagafrv. núna án þess að hafa hugmynd um hvernig það lítur út eða hvernig línur liggja eða hvaða línur verða lagðar. Það sem er einna alvarlegast er að þarna standa út af háar upphæðir sem ljóst er að reynt verður að sækja hugsanlega til kvenna í fæðingarorlofi. Við skulum ekki líta fram hjá þeim yfirlýsingum sem hér hafa gengið. Það eru stórir og miklir menn sem hafa sagt ýmislegt og ég ætla ekki að vera svo bjartsýn að halda að sú umræða sé dauð þótt ég voni það að sjálfsögðu. Þegar svona stendur á þá er kannski markviss heildarmálefnaumræða ekki eins auðveld og er þegar línur fara að skýrast. Það má kannski segja að

þau atriði sem ég hef valið að benda á er kannski auðveldara að framkvæma innan þess ramma sem við nú sjáum, þess skakka og skælda ramma sem er hvorki hornréttur, hringlaga né hefur neitt form sem ég þekki. Þau tvö atriði sem ég ætla að víkja að undir lokin þau eru bæði með þeim hætti að þau eru framkvæmanleg innan þess ramma fjárlaga sem við sjáum svo framarlega sem skilaboðin frá fjárln. og Alþingi eru skýr.

Fyrra atriðið sem ég sé sérstaka ástæðu til að staldra við er niðurskurður á fé til rannsókna og þróunarstarfs í sjávarútvegsmálum. Þar á ég ekki síst við fjárlagalið sem hefur verið nefndur fyrr í dag og er hluti af nál. minni hluta hv. fjárln. Það er liðurinn Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi. Sá liður lækkar úr 51,2 millj. í 21,7 millj. kr. Ástæðan fyrir því að ég gef mér að hægt sé að breyta þessu, jafnvel að tilstuðlan eða frumkvæði allrar fjárln., er að það er ljóst hver vilji löggjafans er a.m.k. í orði. Talað er um að það verði að veita fjármagni í rannsóknir, þróun, gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun, tilraunir. Þetta er allt saman einhvers staðar þarna í lausu lofti, háð því að það verði stórfelld einkavæðing, sala á ríkisfyrirtækjum og mikill hagnaður. Ekkert af þessu er fyrirsjáanlegt. Sé það í raun vilji löggjafans að gera eitthvað í því þarf að setja þetta inn í staðinn sem öruggan fjárlagalið og klípa af einhverju öðru og óþarfara eða að nýta einhverja af þeim fjölmörgu leiðum sem við stjórnarandstæðingar, ekki síst við kvennalistakonur höfum bent á, t.d. að hafa hátekjuskattinn myndarlegri, ég tala ekki um ef menn uppgötvuðu að það má hafa hann stighækkandi en það virðist vera langt í það. Það á að nýta þá leið sem fær er með því að setja lúxusskatta, og ég hef ekki sömu áhyggjur og hæstv. fjmrh. af því hvernig lúxus skuli skilgreindur, og að sjálfsögðu á að skattleggja fjármagnstekjur eins og aðrar tekjur, ekki fjármagnið sem fólk á heldur tekjurnar sem það hefur af því að eiga það.

Niðurskurður á þessum fjárlagalið er sérlega bagalegur vegna þess að þar í er m.a. niðurskurður úr 20 millj. í 9 millj. á fjárveitingum til aflanýtingarnefndar sem hefur verið samstarfsverkefni Rannsóknastofnunar fiskiðaðarins og sjútvrn. og hefur m.a. staðið fyrir aflakaupabanka, merkilegri markaðskynningu sem kölluð var furðufiskavika núna síðsumars og vakið hefur athygli á nýjum sóknarfærum í fiskveiðum og vinnslu. Þarna er um að ræða nýsköpun, þarna er um að ræða tilraunir sem munu nýtast okkur í framtíðinni. Innan þessa liðs hefur verið svigrúm fyrir langtímarannsóknir sem eru ekki alveg örugglega arðbærar en geta orðið það og þarna hefur verið svigrúm fyrir eitthvert áhættufé í tilraunir. Og þetta á að skera. Auðvitað er fráleitt að fara þá leið.

Ég trúi því að flestir þingmenn þekki hina nýju OECD-skýrslu sem afhjúpar lélega frammistöðu okkar Íslendinga í uppbyggingu rannsókna, þróunar og nýsköpunar og þar er ekki síst átalið að langtímaverkefnum í rannsóknum og tilraunum hefur ekki verið sinnt sem skyldi. Varað er við því að kreppa að slíkum grundvallarþáttum til að efla atvinnulíf framtíðarinnar og skapa ný störf. Það er í rauninni kolröng stefna og þetta vita flestar þjóðir og hafa beint fjármagni í rannsóknir og nýsköpun. Það dugar ekki að vísa á einhverja ótrygga sölu ríkisfyrirtækja á meðan markaðurinn er í klemmu og kannski ekki aflögufær til að kaupa einu sinni þó að við förum nú ekki út í harða deilu um það hvað skal selja og hvað ekki, hvað er hyggilegt að einkavæða og hvað ekki. Áreiðanlega eru skiptar skoðanir en sumt má vissulega selja en eins og markaðurinn er núna þolir hann áreiðanlega ekki mikla loftfimleika í þeim efnum.

Sérstaklega er áríðandi að leitað verði sem fjölbreyttastra leiða varðandi nýsköpun í sjávarútvegi og fiskvinnslu og ég vil endurtaka það ef einhver skyldi nú vera búinn að gleyma því að það eru konur sem bera uppi fiskvinnsluna í landinu, duglegar konur sem hafa bæði leikni og námsgetu til þess að feta nýjar slóðir í vinnslu fisktegunda framtíðarinnar. Þær geta orðið býsna fjölbreyttar ef við berum gæfu til þess að skera ekki niður rannsóknir.

Vík ég þá að síðara atriðinu sem má flokka undir almennar athugasemdir mínar við fjárlagafrv. Það er varla að maður kunni við að að nefna þær staðreyndir sem eru um íslensk framlög til þróunaraðstoðar þar sem þær þola alls ekki dagsbirtu, varla rafmagnsbirtu, en auðvitað þýðir ekki að stinga höfðinu í sandinn heldur þarf að breyta til.

Það var mikið áhyggjuefni og ekki að ástæðulausu þegar löndin í Austur-Evrópu og Asíu, sem áður höfðu verið undir kommúnisma, fóru fram á þróunaraðstoð vegna breyttra aðstæðna þar heima fyrir. Þá sögðu ríkin í suðri að nú væri hætta á að skorin væru niður framlög til þeirra. Því miður er full ástæða til þess að hafa slíkar áhyggjur. Einnig verður að líta á það að nú eru stríðsátök og mikil neyð víða um lönd og nægir þá að nefna Sómalíu og Bosníu-Hersegovínu. Almenningur hér á landi sem annars staðar hefur brugðist skjótt og vel við og sem betur fer hafa stjórnvöld einnig séð sóma sinn í að hækka að einhverju leyti framlög vegna þessara sérstöku aðstæðna og ber síst að lasta það. En ástæðan fyrir því að ég tek þetta sérstaklega fram núna, og í raun og veru ekki í fyrsta skiptið sem við kvennalistakonur vekjum athygli á þessum málum, er að það má ekki gleyma því að samhliða nauðsynlegri neyðaraðstoð er brýnt að byggja upp skynsamlega stefnu í þróunarmálum og þau mál hafa fengið það góða skoðun að það ætti að vera hægt að gera slíkt. Það þarf að aðstoða þær þjóðir sem eru nú meira og minna háðar öðrum þjóðum eða eiga í innanlandsneyð að byggja upp sjálfstæða tilveru og þróunarlöndin þurfa að komast nær efnahagslegu sjálfstæðu í sviptingu heimssögunnar án þess að verða of háð hinum svokölluðu þróuðu ríkjum sem hafa bæði gert sig sek um það að eyða landi og þjóðum í baráttu sinni til þeirrar þróunar sem við höfum leyft okkur að kalla framþróun. Við berum ábyrgð, bæði sögulega og siðferðilega, á því að hjálpa til en á forsendum þeirra þjóða sem byggja þau lönd þar sem þarf að taka til hendinni.

Þróunaraðstoð UNIFEM, Þróunarsjóðs kvenna á vegum Sameinuðu þjóðanna, er dæmi um sérlega vel

heppnaða þróunaraðstoð sem byggist ekki síst á fjöldamörgum smærri verkefnum sem samanlagt hafa skapað fjölmörgum konum og körlum störf, glætt atvinnulíf í mörgum þróunarlöndum og orðið til þess að umhverfissjónarmiða er gætt á tímum framfara vegna þess að verkefni sem taka tillit til umhverfisins eru sérlega valin og styrkt en það er ekki svo lítils vert eins og fólk er sem betur fer að vakna til vitundar um. Þessi stuðningur UNIFEM hefur líka gefið snauðu fólki aðgang að sjálfsögðum lífsnauðsynjum eins og hreinu vatni og stundum þarf ekki svo ýkjaháar fjárhæðir til þess að gera heilu þorpin sjálf sér nóg um hreint vatn eða tiltölulega lítið mengað.

Á morgunverðarfundi UNIFEM á Íslandi á degi Sameinuðu þjóðanna þann 24. okt. sl. var hæstv. forsrh. sérlegur gestur samtakanna á Íslandi og það verður að segjast eins og er að hann gaf góð fyrirheit sem ég held að ég geti túlkað sem loforð um það að framlag til UNIFEM og þeirrar markverðu starfsemi sem UNIFEM á Íslandi styður yrði í samræmi við hófstilltar óskir samtakanna. Í ár flytjum við kvennalistakonur ekki tillögu um sérmerkt framlag til UNIFEM eins og á sl. ári en fé til UNIFEM mun væntanlega koma af fjárlagaliðnum Þróunarmál og alþjóðlegar hjálparstofnanir í samræmi við loforð hæstv. forsrh. Ég veit að konurnar sem standa að UNIFEM á Íslandi litu svo á að búið væri að gefa fyrirheit sem ekki væri nokkur ástæða til að rengja og að sjálfsögðu fagna ég því.

Ég vil einungis ítreka það að nauðsynlegt er að sinna uppbyggingu ekki síður en neyðarhjálp þegar þróunaraðstoð er veitt og ég vona að við Íslendingar munum auka í framtíðinni hlut okkar í þessum málum en ekki skerða. Í ársskýrslu UNIFEM fyrir árið 1991 kemur glöggt fram að ekki er verið eyða peningum heldur er verið að fjárfesta í framtíð alls heimsins. Þetta eru peningar sem skila sér margfalt bæði í betri líðan fólks víða um veröld og minni hættu á að þörf sé á neyðaraðstoð, sem er miklu dýrari í öllum tilvikum, og að sjálfsögðu líka í því að heimurinn verði friðvænlegri því að eins og ég held við skiljum öll, þá eru það stóru málin, umhverfismál og þróunarmál sem munu segja svip sinn á sögu næstu áratuga.

Í ársskýrslu UNIFEM eru ýmsar fróðlegar ábendingar og staðreyndir raktar og þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Endalok kalda stríðsins og fyrstu skref í átt til fjölflokkalýðræðis vöktu vonina um þróun í átt til friðar og framfara árið 1991. En framfara í þágu hverra? Spurningar vakna um þátt kvenna í ákvarðanatöku og stjórnum um allan heim."

Það er einmitt þarna sem pottur er brotinn. Það er þarna sem enn þarf að sækja og það er þarna sem enn þarf að huga að staðreyndum. Einnig af þessum sökum hefur UNIFEM beint þróunaraðstoð til kvenna en rétt er að geta þess að það er almennt viðurkennt að engin þróunaraðstoð nýtist betur en sú sem fer um hendur kvenna. Konur, sem hafa fengið þróunaraðstoð, hafa reynst mjög nýtnar. Þær gæta vel hvers eyris, sem um hendur þeirra fer, svo og annarra verðmæta og þær miðla næstu kynslóð af reynslu sinni sem er ekki minnst um vert.

Ég ætla að ljúka máli mínu með því að rekja nokkrar staðreyndir sem koma fram í þessari skýrslu og vona að það verði veganesti til þeirra sem sjá síðan um að útdeila peningum af óskiptum lið fjárlaga, þess sem ég nefndi núna, og það skiljist að um nauðsynlega áherslu er að ræða. En fyrsti punkturinn er: Konur eru í meiri hluta þeirra sem lifa undir fátæktarmörkum og fjöldi kvenna sem býr við fátækt á landsbyggð víða um heim hefur aukist um 50% frá árinu 1975. Konur eru meiri hluti ólæsra í heiminum. Ólæsum konum hefur fjölgað úr 543 millj. í 597 millj. frá árinu 1970 til ársins 1985 þegar nýjustu tölurnar yfir heiminn eru teknar. Konur í Asíu og Afríku vinna 13 stundum lengur á viku en karlar, aðallega í ólaunuðum störfum. Konur bera 30–40% lægri laun úr býtum fyrir sömu vinna. Þetta er staðreynd, ekki bara hér á landi heldur um allan heim. Konur eru í 10–20% stjórnunarstarfa í heiminum og innan við 20% starfa sem tengjast sérhæfðri iðnaðarframleiðslu. Konur eru innan við 5% þjóðhöfðingja heimsins. Næst kemur staðreynd sem ég vil vekja sérstaklega athygli á. Ef ólaunuð vinna kvenna innan og utan heimilis væri tekin með í þjóðhagsreikningum mundi verðmæti heimsframleiðslu aukast um 25–30% samkvæmt hagskýrslum heimsins.

Samkvæmt skýrslu Sameinuðu þjóðanna The Worlds Women, sem ég hef hér áður gert að umræðuefni, þá fer bilið milli kvenna og karla vaxandi, bæði ef litið er á efnahagslegt og félagslegt sjálfstæði og forræði. UNIFEM hefur þó breytt stöðu kvenna og það ekki síst með því að styrkja einstök verkefni á sviði landbúnaðar, viðskipta og iðnaðar en þessi verkefni skipta miklu máli til að bæta stöðu kvenna í þróunarlöndunum. Meðal þessara verkefna eru vatnsöflun og vernd jarðvegs í afskiptum þorpum í Lesótó, þróun á nýtingu sólarorku fyrir 12 kvenna fyrirtæki í Perú sem framleiðir háþróaðar tæknivörur og nýting húsdýraáburðar til eldsneytisframleiðslu í Jemen. Þessi dæmi held ég að ættu að taka af öll tvímæli um að nauðsynlegt er að hafa þetta í huga þegar peningum er deilt út af fjárlagaliðnum, safnliðnum sem sér um þróunarmál og alþjóðastofnanir og að það sé tryggt að UNIFEM fær það sem hæstv. forsrh. hefur gefið fyrirheit um og treyst er á.

Lýk ég þá máli mínu, hæstv. forseti.

Útbýting þingskjals:

Skálholtsskóli, 297. mál, stjfrv., þskj. 462.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 457, 458, 459, 460 og 461. of seint fram komnar. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

23 þm. (ÁRÁ, DO, EH, EKJ, FI, GÁ, HBl, JÁ, JBH, JónS, KHG, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SAÞ, StG, StH, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil koma því að að eins og allir vita er hér umræða um fjárlög fyrir árið 1993. Fjárlög eru ekki einasta málefni fjmrh. heldur einnig fagráðherranna. Ég bendi á að mjög stór málaflokkur inni í því sem heitir fjárlög eru heilbrigðis- og tryggingamál og hér á dagskrá þessa fundar eru brtt. sem snerta þann málaflokk mjög margar, sömuleiðis málaflokk hæstv. menntmrh. Ég óska því eftir því að því er mínar tillögur varðar, sem ég mun mæla fyrir síðar á fundinum, að tryggt verði a.m.k. þeirra vegna að þessir hæstv. fagráðherrar verði viðstaddir umræðuna þannig að hægt verði að kalla þá til og spyrja um um lykilatriði í málaflokkum þeirra jafnóðum og umræðan gengur fram. Það er útilokað að halda umræðunni áfram með öðrum hætti, virðulegi forseti, þar sem hæstv. fjmrh. hefur engin tök á að svara til um einstök rekstraratriði í heilbrrn. eða menntmrn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mun koma þessum óskum á framfæri við viðkomandi ráðherra.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Núv. ríkisstjórn fór af stað eftir góðan árangur í kosningum við gífurlegan stuðning fjölmiðla þessa lands og má segja að engin ríkisstjórn á seinni árum hafi siglt annan eins óskabyr í fjölmiðlum eins og sú sem nú tók við. Það er því umhugsunarefni þegar maður kynnist því hvaða umsögn annað af tveimur dagblöðum þessa lands veitir þeirri vinnu sem hv. fjárln. hefur verið að sinna að undanförnu. Ég hygg að mjög há prósenta af starfsliði Dagblaðsins hafi kosið þá ríkisstjórn sem nú fer með völd í þessu landi. Það vita allir að mesti gáfumaðurinn á því blaði hefur af einstakri hógværð skrifað að staðaldri undir dulnefninu Dagfari í blaðið. Og ég held að það sé óhjákvæmilegt fyrir Alþingi Íslendinga að átta sig á því hvað þessi aðdáandi núv. ríkisstjórnar, sem hefur tekið að sér að skrifa í þetta blað, fræða þjóðina um störf stjórnarinnar, hefur að segja um þá vinnu sem hér hefur verið lögð á borð. Með leyfi forseta vil ég lesa upp úr pistli dagsins, fimmtudagsins 10. des. 1992:

„Niðurskurður á niðurskurði.

Ekki er ríkisstjórnin fyrr búin að tilkynna niðurskurð á fjárlögum og ríkisútgjöldum en hún tilkynnir nýjan niðurskurð. Nú er sagt að enn vanti 2 milljarða kr. upp á að ná réttum halla á fjárlög og var þó ríkisstjórnin nýbúin að skera niður um 800 millj. til að komast niður í þann halla sem hún telur réttan.

Þetta með hallann er sérmál. Eins og allir vita hafa ríkisstjórnir undanfarinn áratug gert tilraun til að afgreiða hallalaus fjárlög. Það hefur ekki tekist betur en svo að í hvert skipti, sem ríkisreikningar eru birtir, kemur í ljós að hallinn er verulegur og því meira sem sparað er því meira fer í ríkisreksturinn. Á endanum gáfust ríkisstjórnirnar upp við að afgreiða hallalaus fjárlög og hafa nú afgreitt fjárlög með halla sem eykst jafnskjótt og búið er að skera niður í hann.

Núverandi ríkisstjórn hefur sem sagt ákveðið að hallinn sé í lagi, svo framarlega sem hann er réttur og hefur markið verið sett á 6 milljarða kr. halla á þeim fjárlögum sem gengið verður frá fyrir áramótin. Hvernig talan sex verður heilög í því sambandi er flestum hulin ráðgáta, enda víðs fjarri því að hallinn verði neins staðar í námunda við þá tölu. Samt hefur allt starf ríkisstjórnarinnar gengið út á það að halda sér við 6 milljarða í hallarekstur, enda virðist í sjálfu sér aukaatriði hvort það stenst, vegna þess að sparnaðurinn eykur sífellt á hallann þegar upp er staðið.

Engu að síður hafa ráðherrar setið uppi með þennan halla og keppst við að koma sínum útgjöldum niður á það stig að hallinn standist. Mikil vinna var lögð í það í sumar að skera niður hjá einstökum ráðuneytum og þannig var frv. kynnt í haust að mikið afrek hefði verið unnið í niðurskurði.

En svo komu efnahagsaðgerðir og aftur þurfti að skera og ákveðið að skera niður um 1.240 millj. Þann niðurskurð skáru þingflokkarnir niður í 800 millj. sem reyndist svo 500 millj. Ekki var fyrr búið að skera niður niðurskurðinn en í ljós kemur að enn þarf að skera niður af þeim niðurskurði sem búið var áður að skera niður. Nú þarf að skera niður um 2 milljarða í viðbót við þær 800 millj. sem búið var að ákveða eftir að búið var að ákveða að skera niður 1.240 millj. um 500 millj.

Ef sömu hlutföll eru notuð má reikna með því að stjórnarflokkarnir fari í þennan niðurskurð og nái 1.200 millj. og eru þeir þá búnir að ná þeim 2 milljörðum sem síðustu kröfur eru uppi um, en þá er auðvitað eftir að skera niður þær 1.240 millj. sem áður höfðu verið skornar niður um 800 millj. niður í 500 millj. Með öðrum orðum, niðurskurðinn sem rétt nýbúið er að gera hefur farið í annan niðurskurð en þann niðurskurð sem upphaflega var búið að tilkynna og aftur verður að skera niður þær 800 millj. sem áður var búið að skera niður um 500 millj.

Þetta er auðvitað þrælavinna þegar haft er í huga að því meir sem sparað er og skorið niður, því meir aukast ríkisútgjöldin og því meir þarf að skera niður. Stundum spyr maður sjálfan sig hvort nokkuð sé eftir af tekjum ríkisins og hvort nokkuð sé eftir til útgjalda eftir allan þennan niðurskurð. Hefur ríkisvaldið nokkur efni á því að verja peningum til eins eða neins þegar alltaf þarf að skera niður og hallinn er stöðugt að aukast og ekkert er afgangs fyrir það sem ríkisstjórnin vill gera við peningana sem ekki hafa verið skornir niður? Er eitthvað til að skera niður þegar niðurskurður á niðurskurð ofan hefur ekki annað í för með sér en að aftur þarf að grípa til niðurskurðar?

Veslings þingmennirnir. Þeir eru ekki öfundsverðir. Sitja greyin og skera niður og skera niður niðurskurðinn til þess eins að fá nýjan niðurskurð til að kljást við sem er algjörlega óháður gamla niðurskurðinum. Og alltaf stækkar hallinn!"

Þegar mesti gáfumaður Dagblaðsins hefur reynt að útskýra það fyrir þjóðinni með þessum hætti hvað unnið sé hér á Alþingi er þá von nema spurt sé að það hljóti að vera miklir afreksmenn sem sitja þessa dagana í fjárln. sem leysa þetta verk svo vel sé. Og satt

best að segja skil ég það mætavel, eftir að hafa hlustað á þetta, hvers vegna Karl Steinar Guðnason hv. þm. telur vissara að lesa upp úr Barni náttúrunnar en snúa sér að því að útskýra það fyrir þingheimi hvað þeir hafi verið að gera að undanförnu.

Barn náttúrunnar er í sjálfu sér merkileg bók en það athyglisverða við þetta er að í fyrra þegar hv. þm. hélt mikla ræðu á Alþingi Íslendinga þá vitnaði hann í allt annað rit og allt annan spámann en þennan Randver sem nú er orðin þjóðhetja okkar Íslendinga. Það er óhjákvæmilegt að fara yfir það hvaða spámanni hann hefur varpað fyrir róða og er hættur að trúa á og bera hann saman við þann spámann sem upp er tekinn og ákveðið hefur verið að leggja allt traust á. Hv. þm. Karl Steinar hafði þann spámann líka úr ritum Laxness.

Ég hygg að það sé rétt og skylt að minna þingið og þjóðina á það hver þessi spámaður var af því að í inngangsorðum sinnar ræðu minnti hann á það hvert hefði verið markmiðið þó að hann minntist ekki á spámanninn. Með leyfi forseta vil ég lesa upp úr ræðu hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar sem hann flutti í fyrra og var boðskapurinn mikli þá:

„Það fjárlagafrv., sem nú er til afgreiðslu, gerir ráð fyrir 3,7 milljarða kr. halla. Ef ekki hefði verið reynt af fremsta megni að draga úr þessum halla, ef ekkert hefði verið gert og óstöðvandi hungur hins sjálfvirka ríkiskerfis hefði verið satt og fyllstu óskum sinnt, þá hefði fjárlagahallinn orðið upp undir 20 milljarðar kr. Hins vegar má segja að í dag sé innbyggður rekstrarhalli hjá ríkissjóði á bilinu 8–10 milljarðar kr. sem er raunverulegur halli miðað við óbreytt rekstrarumhverfi.

Ein af þekktari persónum íslenskra bókmennta er án efa hinn merkilegi snærisþjófur af Akranesi, Jón Hreggviðsson. Halldór Laxness lýsir lífsbaráttu Jóns í hinu ágæta verki, Íslandsklukkunni. Sagt er meðal annars frá hinum aðskiljanlegu raunum hans vegna meintra afbrota. Í svartholinu á Bessastöðum verður Ásbjörn Jóakimsson einn af samferðamönnum Jóns Hreggviðssonar. Í annálaðri tugthúsræðu sinni segir Ásbjörn við samfanga sinn, Jón Hreggviðsson, eitthvað á þessa leið:

„Afturámóti mun íslenska þjóðin lifa um aldir ef hún lætur ekki undan hvað sem á dynur. Ég hef neitað að flytja kóngsins mann yfir Skerjafjörð, það er satt. Hvorki lifandi né dauður, sagði ég. Ég verð hýddur og það er gott. En ef ég hefði látið undan, þó ekki væri nema í þessu, og ef allir létu undan ...fyrir pestinni og bólunni, létu undan fyrir kónginum og böðlinum, — hvar mundi þetta fólk þá eiga heima?"

Þannig lætur Halldór Laxness hinn staðfasta Ásbjörn Jóakimsson, hinn heita föðurlandsvin, predika yfir Jóni Hreggviðssyni mikilvægi þess að láta ekki undan hvað sem á dynur.

Helsti vandi íslensku þjóðarinnar í ríkisfjármálum er ístöðuleysi þeirra sem með fjármunina hafa farið. Það hefur alltaf verið látið undan. Þegar eitthvað hefur vantað hafa bara verið slegin ný lán."

Þetta sagði formaður fjárln. og stóð hér í stólnum og auðvitað leit maður upp á sínum tíma. Það var kominn maður í formennsku sem ekki mundi láta undan, var staðfastur en ekki ístöðulaus, ákveðinn í að standa við markmiðin sem hann hafði sett fram í þessari ræðu. Það er ekki skrýtið þó að maður spyrji: Hver urðu svo örlögin af stefnunni stóru? Það er umhugsunarefni. Ég held nú samt að áður en við komum að þeim þætti sé rétt að víkja örlítið nánar að fleiri punktum í þessari makalausu ræðu sem flutt var í fyrra.

„Af þessu gætu aðrir lært. Ár eftir ár hafa kröfur um útþenslu ríkiskerfisins aukist. Ár eftir ár hafa fjárlög verið þannig úr garði gerð að helst mætti ætla að þeir sem þau gerðu og samþykktu hefðu trúað því í alvöru að þeir ættu aðeins eftir eitt ár á þingi. Eða trúað því að eftir líðandi ár kæmi ekki annað ár. Ríkissjóður hefur átt sér fáa formælendur. Menn hafa horft fram hjá því að það er grundvallaratriði að ríkissjóður sé rekinn án halla. Ef það er ekki gert verkar það út um allt þjóðfélagið.

Vaxtastigið verður hærra ef ríkissjóður veður eins og villidýr um bankakerfið. Það verkar síðan á heimilin í landinu og atvinnulífið. Það eyðileggur heimilin og tortímir fyrirtækjunum. Allir tapa." Þetta var það sem ekki átti að eiga sér stað. En hver er niðurstaðan? Við skulum enn fara yfir markmiðin sem sett voru fram í þessari sömu ræðu.

„Meginmarkmið fjárlagafrv. fyrir árið 1992 eru", sagði hv. formaður fjárln., Karl Steinar Guðnason:

„Að lánsfjárþörf opinberra aðila verði minni en 24 milljarðar kr." Stóðst þetta? Þetta stóðst ekki. Lánsfjárþörfin fór í 28 milljarða. Hvað varð nú af hinum staðfasta tugthúslim á Bessastöðum sem var orðinn leiðtogi formanns fjárln.?

„Að lánsfjárþörf ríkissjóðs verði minni en 1 milljarður kr." stendur hér. Ég held að þetta sé prentvilla, það hafi átt að vera 4 milljarðar. En hver varð hann í reynd? 11?

Stóðst þá þetta: „Að rekstrarhalli ríkissjóðs verði um 4 milljarðar kr." Hann verður 9–10, að sagt er.

„Að þessum markmiðum verði náð án þess að hækka skatta."

Á pappírunum er talað um að skattheimtan hafi verið svipuð, þ.e. hin beina skattheimta. En greiðslurnar, sem teknar voru í gegnum þjónustugjöldin og Hæstiréttur Dana hefur úrskurðað sem beina skatta í Danmörku, voru ekkert smáræði á þessu ári. Það sér þess vegna í hælana og iljarnar á hinum staðfasta tugthúslim úr tugthúsinu á Bessastöðum. Hann er yfirgefinn. Hann er ekki lengur hafður sem átrúnaðargoðið fyrir hv. formann fjárln. Þeir sem flytja ræðu eins og flutt var í fyrra eru nefnilega þeir sem telja að þeir lifi bara eitt ár og þurfi aldrei að standa frammi fyrir þeim veruleika að þurfa að gera grein fyrir vitleysunni sem þeir létu frá sér fara, enda er formaður fjárln. flúinn úr salnum og sennilega kominn á stað þar sem hann telur að betra sé að vera. (***Gripið fram í:*** *Láttu kalla á* hann.) Ekki tel ég rétt að vera að trufla hann. Ég er ekki viss um að það henti honum að fara í ræðustól þessa stundina.

En þetta er merkileg staða. Þetta er merkileg staða

vegna þess að í þessari ræðu sem nú var flutt er kominn nýr fulltrúi úr bókmenntunum sem tekinn er upp sem fyrirmyndin og það er alveg vonlaust annað, herra forseti, en gera sér grein fyrir hver þessi fyrirmynd er. Hún er eftir Nóbelsskáldið Halldór Laxness, úr Barni náttúrunnar. Hinn nýi fulltrúi hinnar nýju fyrirmyndar er Randver. Ég hef nú reyndar ekki kynnst manni með þessu nafni en kannast þó dálítið við nafnið.

Kaflinn heitir Vetur dáinna vona. „Randver var vesalingur, — „andlega volaður" maður í vissum skilningi.

Hann var orðinn með öllu óþekkjanlegur frá því sem áður var.

Stóra hakan, sem áður hafði verið í svo fallegu samræmi við aðra hluta andlitsins, sýndist nú alt of stór, og hún var að auki vaxin dökku, þéttu skeggi, sem virtist óhirt með öllu."

Þetta var nýja hetjan, nýja fyrirmyndin. Og bókin var Barn náttúrunnar, bernskuverk 17 ára unglings sem seinna átti eftir að vera Nóbelsskáld, vissulega. Það er sjálfsmorð í I. kafla, það er sjálfsmorð í næstseinasta kaflanum. En Randver, þriðji aðilinn sem var ástfanginn af barni náttúrunnar slapp við sjálfsmorð en engu að síður var hann farinn að hugleiða það líka. Það er kannski þetta sem blasir við í dag hjá átrúnaðarmönnum ríkisstjórnarinnar, hvort það sé vegurinn sem þarna blasir við. Fasteignasalinn sem kom frá Ameríku og leitaði að guði var svona grátt leikinn þegar leið á bókina.

Ég veit ekki hvort það er svo. Tímanna tákn að við í svartasta skammdeginu þegar það hefur verið sagt að þunglyndið sæki meira að Íslendingum og því miður gerist það oft að menn kveðja þennan heim vegna þess að þeim sýnast öll sund lokuð þá er boðuð slík aðferð að velferðarkerfinu að þeir verða margir sem ekki ráða við það verkefni að halda sér ofan sjávar í þeim skilningi að sjá fyrir sér og sínum. En þeir sem nú fara með völd halda einhverra hluta vegna að íslensk löggjöf eigi sér hvorki fortíð né að hún sé byggð á einhverjum skyldum. Hún sé nánast hugdetta stjórnmálamanna sem hafi verið hér á undan þeim. En íslensk löggjöf á sér fortíð. Hún á sér annars vegar fortíð norrænnar menningar og hins vegar á hún sér fortíð þeirrar ákvörðunar þessarar þjóðar árið 1000 að taka upp kristna trú. Og nú þætti mér vænt um ef hv. þm. séra Gunnlaugur kæmi í salinn því að það er nú einu sinni svo að það hefur stundum borið á því að klerkastétt þessa lands hefur viljað siða okkur stjórnmálamennina til og veita okkur vissar ádrepur fyrir að við hugsum lítt um stefnu kristinnar kirkju þegar við setjumst að lagasmíð hér á Alþingi. En það er kannski nauðsyn að það komi fram að það hefur einnig oft og tíðum verið horft á það tafl og þess vegna m.a. var það velferðarkerfi byggt upp sem hér er.

En við skulum víkja að þeim tveimur greinum stjórnarskrárinnar sem eru byggðar á því að kristni var lögtekin árið 1000, það er 70. og 71. gr. 70. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sá skal eiga rétt á styrk úr almennum sjóði, sem eigi fær séð fyrir sér og sínum, og sé eigi öðrum skylt að framfæra hann, en þá skal hann vera skyldum þeim háður sem lög áskilja."

Hvað segir þetta? Þetta segir að náungakærleikurinn sem boðaður var í kristinni trú hefur náð inn til 70. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um það að Íslendingar beri ábyrgð hver á einum, beri ábyrgð á náunga sínum í þessu samfélagi. Úr sameiginlegum sjóðum beri að sjá til þess að þeir eigi möguleika til lífs eins og stórskáldið Einar Ben. sagði:

Réttan skerf sinn og skammt
á hvert skaparans barn
allt frá vöggu að gröf.

Halda menn að sumar þær aðgerðir sem hér hafa verið settar fram séu á þann veg að hægt sé að trúa því að menn muni ráða við þær? Ég vil nefna ýmis dæmi þar sem þrengt hefur verið að barnafjölskyldum þessa lands. Ég er sannfærður um að það stenst ekki. Það er vitað að þeir ýmsu aðilar í þessu samfélagi sem búa við miklar skyldur fyrir munu ekki rísa undir þeim skyldum sem við er bætt. Í þeim hópi eru m.a. þeir sem greiða meðlög með mörgum börnum.

Það blasir við að skv. 70. gr. hafa menn eða þeirra félagasamtök aðeins eina leið. Hún er sú að stefna ríkinu. Það er að stefna ríkinu, ganga ekki fram eins og beiningamenn heldur stefna ríkinu til þess að láta það fé af höndum sem þarf til þess að 70. gr. sé fullnægt. Það stendur ekki til að fulltrúar framkvæmdarvaldsins, hvort sem þeir eru meðalkratar eða súperkratar, skammti þennan rétt. Hann er lögsækjanlegur. Það verður Hæstiréttur Íslands sem á að skera úr um hvaða greiðslur ber að inna af hendi. Þetta er alvara þess máls.

Það er engin sérstaða sem háskólamenntaðir menn hafa til þess að mega lögsækja ríkið. Hitt blasir við að hver og einn sem einstaklingur getur það ekki. En samtök þeirra, hvort heldur það er verkalýðshreyfingin eða neytendasamtök í þessu landi, hljóta að meta það hvort það sé ekki einmitt leið laga sem beri að fara, hvort ekki beri að sækja þetta mál á grundvelli þeirrar íslensku siðmenningar sem setti 70. gr. og krafðist þess að við bærum ábyrgð hver á öðrum og það væri ekki sjálfsagt mál að menn yrðu úti í landinu.

71. gr. er í sama anda, með leyfi hæstv. forseta:

„Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín eða séu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri af almannafé."

Þetta þýðir að þær hugmyndir um að leggja nú á námsgjöld í annað sinn, skatt á unglinga í framhaldsskóla, er lögsækjanlegt á hendur ríkinu. Það er lögsækjanlegt að ríkið greiði sjálft þessi gjöld ef foreldrarnir hafa ekki efni á því að greiða þau. Svo einfalt er það mál. Hver er þá skilningur íslenskra laga á því hvað sé barn? Í tvennum íslenskum lögum er þetta atriði skilgreint. Annars vegar eru barnalögin sem tala um skil á milli unglings og barns við 16 ára aldur. Hins vegar eru lög um vernd barna og ungmenna sem tala um 16 ára aldurinn, en barnalögin tala aftur á móti um allt að 18 árum því að framfærsluskyldan nær til þess tíma.

Svo standa menn hér og tala eins og hægt sé að

rústa velferðarkerfið án þess að íslenska ríkið beri ábyrgð, án þess að hægt sé að lögsækja þá sem þannig starfa. Það er hægt að lögsækja menn eins og hv. 17. þm. Reykv. ef hann brýtur stjórnarskrána. Það er hægt að lögsækja hann af foreldrum sem ekki eiga mögu leika á því að koma börnum sínum áfram í skóla. Og það er hægt að láta dæma þá til að greiða bætur. (**ÖS:** Og mig sérstaklega.) Ekki mig sérstaklega, heyrist sagt utan úr salnum. (**ÖS:** Og mig.) Og mig sérstaklega. Það er ögn karlmannlegri afstaða.

Hér er ekki verið að tala um neitt sem þarf að koma mönnum á óvart. Hér er verið að tala um þá hluti sem menn unnu eið að að virða. Mér er ljóst að aðrar greinar stjórnarskrárinnar, eins og um eignarréttinn, kunna hv. þm. Sjálfstfl. betur margir hverjir. Sú grein á vissulega rétt á sér. En ég hélt að íslenski alþýðuflokkurinn hefði þekkingu á 70. gr. og 71. gr. en svo virðist ekki vera.

Hvernig getur það gerst að þessi áhrif kristnitökunnar frá árinu 1000 skuli vera gleymd fulltrúa Alþfl. í fjárln.? Hvernig getur það gerst?

Það er auðvelt að rétta við halla ríkissjóðs ef það er eina markmiðið. Það er auðvelt verk. En þau eru fleiri. Það er vandinn. Ég verð að segja eins og er, herra forseti, mig undrar nánast hvernig það getur gerst að Jafnaðarmannaflokkur Íslands, sem hefur barið á öðrum stjórnmálaflokkum með kjörorðinu „Löglegt en siðlaust", skuli nú ganga svo langt að það blasir við að það er bæði löglaust og siðlaust.

Þá er rétt að snúa sér ögn að því að meta það hvað hæstv. fjmrh. hefur verið að boða þjóðinni. Hæstv. fjmrh. hefur nefnilega líka talað um þá nýju tíma þegar allt átti að vera gjörbreytt, þegar vorið átti að koma inn í íslensk efnahagsmál, þegar atvinnulífið átti að rísa úr öskustónni og skapa hagvöxt og nóg tækifæri fyrir vinnufúsar hendur. Hæstv. fjmrh. sagði svo í ræðu sinni í fyrra:

„Það er auðvitað grundvallarbreyting á þeirri stefnu sem stjórnvöld hafa fylgt hingað til. Aðeins þannig getum við hleypt lífi í efnahagslífið á nýjan leik. Besta leiðin til að skapa eðlileg rekstrarskilyrði er að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu. Þar leika gengisfesta og lág verðbólga lykilhlutverk. Jafnframt er þarft að stuðla að lækkun vaxta og lækkun skatta. Um nauðsyn þess að gengi krónunnar sé stöðugt og verðbólga hér á landi sé svipuð og í helstu viðskiptalöndum þarf naumast að fjölyrða. Mörg þau vandamál sem nú er við að glíma í efnahagsmálum má rekja til ákvarðana er teknar voru á tímum óðaverðbólgu liðinna ára. Gengisfellingar hafa engan veginn náð tilætluðum árangri enda hafa þær einungis frestað nauðsynlegri endurskipulagningu í atvinnulífinu. Opnun hagkerfisins og frjáls gjaldeyrisviðskipti eru mikilvægir liðir í því að koma í veg fyrir óraunhæfa gengisskráningu. Jafnframt er ljóst að varanlegur stöðugleiki í verðlagsmálum næst ekki nema með því að gengi íslensku krónunnar verði stöðugt. Það er í þessu samhengi sem ríkisstjórnin hæstv. hefur sett stefnuna á að tengja íslensku krónuna við evrópska myntkerfið."

Það er nú svo. Eru þeir búnir að þessu? Er hæstv. fjmrh. búinn að flytja tillöguna um að nú skuli tengja krónuna við evrópska myntkerfið? Hefur genginu verið haldið föstu? Hvorugt hefur gengið eftir.

Þetta eru draumsýnir manna sem vita lítið um þann veruleika sem þeir lifa í. Það var hrein snilld að horfa á það atriði í breska þinginu þegar leiðtogi verkamanna las upp draumsýnina sem forsætisráðherra Breta hafði þar sem hann lýsti draumnum stóra um að breska pundið ætti að vera sterkasti gjaldmiðill Evrópu. Það var hlegið í breska þinginu að þeirri fáfræði sem hafði legið á bak við þá draumsýn.

Ég hygg að það sé ráð að spyrja nú: Hvernig fóru þeir, sem tóku við vöruskiptajöfnuði í maí hagstæðum upp á 1,3 milljarða á sínum tíma og hlýddu á boðskap Verslunarráðsins um að fyrirtækin hefðu komið vel út 1990, að því á fyrstu dögum síns valdaferils að klúðra þessu öllu? Hvernig fóru þeir að því? Með því að stórhækka vextina í landinu með aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins. Þeir notuðu handaflið til að færa vextina upp.

Það er ákaflega hljótt um yfirlýsinguna sem sett var af stað í umræðunum í fyrra. Menn munu að sjálfsögðu spyrja: Hvers vegna er sú umræða ekki tekin fyrst og fremst að ræða hér þær ræður sem þeir fluttu í haust, hæstv. fjmrh. og hv. formaður fjárln.? Vegna þess að deilan um þær ræður er deila um hluti sem eiga eftir að koma í ljós. Deilan um ræðurnar sem fluttar voru í fyrra er uppskeran af því sem þá var boðað og reyndist tómt rugl. Það er ekki trúverðugt að koma aftur ári síðar og boða með nýjum spámönnum í nýjum dýrðarljóma kenningar sem hafa hrunið svo gersamlega.

Hvernig skyldi þeim ágæta dreng á Flateyri við Önundarfjörð, sem studdi þessa ríkisstjórn til valda, líða í þeirri stöðu að hafa þurft að selja frá sér togarann úr byggðarlaginu? Hvernig skyldi alþýðuflokksforingjanum í sama byggðarlagi hafa liðið þegar hann þurfti að semja það harðorða bréf sem hann sendi frá sér þegar honum var ljóst hvert komið var? Það vill svo til að ríkisstjórnin getur ekki kvartað undan því að á Vestfjörðum hafi hún ekki hlotið kjörfylgi. Hún hlaut svo sannarlega kjörfylgi á þessum stöðum. Hvernig skyldi Bolvíkingum verða við í dag?

Ég hygg að þeir séu margir sem hugsa með sér: Ætli eitthvað sé til því sem dreift hefur verið til þingmanna sem upplýsingum um hvaða ráðherrar hafi reynslu af því að vera utan við ríkiskerfið? Og hæstv. félmrh. sigldi hæstan byr. Það kemur nefnilega í ljós að þó að Sjálfstfl. hafi í gegnum tíðina oft verið talinn fulltrúi atvinnulífsins í landinu, þá hefur ráðherralið hans fyrst og fremst unnið sem ríkisstarfsmenn eða starfsmenn pólitíska flokka í gegnum lífið. Sumir hafa svo hreint borð að það er með ólíkindum eins og hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. sem hafa nánast ekki álpast út fyrir hringinn, ekki komið nálægt einkaframtakinu á sínum ferli. Það segir kannski dálítið um það hvers vegna þeim finnst það ekki skipta neinu máli hvert stefnir.

Svo spyr maður sjálfan sig í öllu þessu umróti: Þegar smáupphæðir fjárlaga eru strikaðar út eins og laun til hreppstjóra að manni skilst til þess að spara og hug-

myndir eru settar fram um að hægt sé að fá miklu kröfuharðara lið í kauplegu tilliti til þess að taka við. Dýralæknar, lögregla og fleiri og fleiri eiga að taka við þessum störfum. Eitt af þeim störfum sem þeir hafa sinnt er skylduskráning á íslensk skip. Ég hygg að þeir hafi verið vaktir upp til þeirra starfa oft á tíðum. Niðurstaðan blasir aftur á móti við. Ef þetta verk er unnið af öðrum má búast við miklum greiðslum.

Ég er þeirrar skoðunar að þessi níu hundruð alda gamla hefð að hafa hreppstjóra í landinu sé kannski eitt af því örfáa sem má líkja við þegnskylduvinnu að hluta til. — Og er nú hv. 17. þm. Reykv. búinn að ná árangri í sinni snyrtimennsku hér í salnum. Þeir trúa því margir og m.a. hv. 17. þm. Reykv. að það sé stór áfangi að leggja niður þessi embætti. Af því að hæstv. forseti þingsins, veit ég, hefur komið á eyna Mön og kynnt sér það hvernig það litla eyríki viðheldur sínum menningararfi t.d. með því að lögsögumenn segja upp lög þingsins einu sinni á ári þannig að almenningur geti í heyranda hljóði hlýtt á það hvað samþykkt var, þá hygg ég að það sé umhugsunarefni fyrir hæstv. forseta hvað vinnst með því að ganga þannig um í skipulagi í landinu að einhvern tíma þurfi að setja sérstakar skýringar í orðabók þegar kvæði Jónasar verður kynnt „...og hleypur þegar hreppstjórinn finnur hana á förnum vegi."

Nú er ég úr því strjálbýli þar sem löggæsla hefur löngum verið af mjög skornum skammti, svo skornum skammti að sýslumaður og merkur stjórnmálamaður tapaði nánast ærunni vegna þess að ekki var fylgt eftir réttum formsatriðum við mannslát. Ég spyr þess vegna sjálfan mig: Er það hin nýja stefna að þurrka út það lið sem þó er enn hægt að kalla út ef mikið liggur við og hefur leyfi til að kveðja með sér menn til aðstoðar? Það var að mínu viti verulegt umhugsunarefni hver staða lögreglunnar í Borgarnesi hefði orðið ef alvarlegir atburðir hefðu gerst á Húsafelli í sumar þegar þar var beðið um aðstoð en neitað var. Hins vegar bað hreppstjórinn um aðstoð og kannski var það á þeirri forsendu sem hægt var að neita og segja einfaldlega: Þú verður að kveðja þér út lið ef með þarf. En hver er staðan?

Ég geri mér fulla grein fyrir því að þeir eru til sem í barnslegri einfeldni sinni trúa því að þeir spari peninga með því að þurrka þetta út. Hins vegar veit ég að það eru starfandi hreppstjórar á Vestfjörðum í dag sem hafa handtekið menn sem hafa staðið að ódæðisverkum á höfuðborgarsvæðinu. Þeir hafa einfaldlega þurft að handtaka þá hvort sem þeir höfðu áhuga á því eða ekki. Skyldan bauð svo.

Ég hef trú á því að þeim ráðherrum Alþfl., sem helst hafa reynt að verja stefnu jafnaðarmanna, sé svo komið að nokkur hætta sé á því að samráðherrar í ríkisstjórn telji heppilegast að viðkomandi ráðherra fari að láta af störfum. Það er ærið umhugsunarefni á þessum tímum að þegar rokið hefur verið af stað með óraunhæfar niðurskurðarhugmyndir hefur fyrst og fremst verið einhver viðspyrna í félmrn. Það er mikið umhugsunarefni sem kom fram hjá fyrrv. heilbrrh., hv. 9. þm. Reykv., að heilbrigðismálin hefðu engan ráðherra (**Heilbrrh.:** Hann er kominn.) sem teldi það í sínum verkahring að verja heilbrigðisþjónustuna. Öll þjóðin veit að við höfum heilbrrh. sem lítur á það sem sitt verk fyrst og fremst að skera þar niður. Sá ráðherra gengur um með bros á vör hvar sem við hittum hann.

Þessi staða leiðir hugann að því hvort það séu ekki hinir ábyrgu ráðherrar sem hafa komið af stað þessari kreppu í samfélaginu, aukið kreppuna með undraverðum hraða og segja svo: Við verðum að skera niður, við verðum að skera niður, við verðum að skera niður.

Herra forseti. Nú er nauðsyn að víkja örlítið vestur yfir haf til þess tíma þegar Roosevelt tók við í Bandaríkjunum vegna þess að þá geisaði heimskreppa. Þá höfðu allir niðurskurðarsérfræðingar Vesturlanda, allt íhaldsliðið eins og það lagði sig, lagst á eina sveif og boðað að nú skyldi skorið niður alls staðar, alls staðar sparað og afleiðingarnar blöstu við. Það varð samdráttur í allri heimsbyggðinni og viðskiptalífið var að stöðvast. Þá tók við völdum í Bandaríkjunum forseti, Roosevelt að nafni, sem sneri taflinu við. Hann ákvað að hefja stórkostleg ríkisafskipti í þessu landi kapítalismans til þess að koma hjólunum af stað á nýjan leik. Og ríkisafskiptin dugðu ekki aðeins til að koma hjólunum af stað í Bandaríkjunum á nýjan leik heldur öllum hinum vestræna heimi og heimsviðskiptin blómstruðu. Í Evrópu, höfuðstöðvum kaupauðgistefnunnar, Frakklandi, þar sem boðað var að einokun væri það sem skipti öllu máli og fjármálaráðherra Frakka á sínum tíma, Colbert, náði miklum árangri í kaupauðgistefnunni í því að verja ýmsan iðnað sem seinna átti eftir að blómgast í Frakklandi, t.d. tískuiðnaðinn. Enn þann dag í dag boðar Evrópa nákvæmlega það sama. Enn þann dag í dag boðar hún einangrunarstefnu. Enn þann dag í dag boðar hún að tolla beri hráefnið. Enn þann dag í dag boðar hún að halda beri sem flestum í þeirri stöðu að sitja við það eitt að frumvinna sem minnst af hráefnunum og senda þau nánast óunnin úr landi inn á iðnaðarsvæði heimsins.

En tímarnir eru breyttir. Evrópa gegnir engu forustuhlutverki í dag sem iðnaðarríki. Japan er komið lengra með sína iðnaðarframleiðslu og í Bandaríkjunum eru þeir hlutir að gerast nú að bílaframleiðendur Bandaríkjanna geta framleitt bíla með færri vinnustundum en japanski bílaiðnaðurinn. Eftir forsetakosningarnar, þrátt fyrir það að Clinton hefur ekki enn tekið við, hefur bílasala í Bandaríkjunum stóraukist og það er útlit fyrir vor í Bandaríkjunum. Á sama tíma og þetta gerist er íslenska ríkisstjórnin á fullu að reyna að þrýsta okkur inn í hina gömlu Evrópu úreltra sjónarmiða og þar með að festa okkur í því viðskiptastríði sem blasir við.

Mér er spurn: Það skyldi þó ekki vera að lýsing Dagblaðsins á vinnubrögðunum sé hárrétt? Lýsingin sem Dagfari gefur á því hvað verið sé að gera sé svo hárrétt að þegar hún er sögð á jafneinfaldan hátt og þar er gert, þá sé allur sannleikurinn sagður um vinnubrögðin. Það er nefnilega staðreynd að hér á landi hefur það verið bannorð að skipta sér af atvinnulífinu, að reyna að efla það og ná þar árangri. Aðeins örfáar hugmyndir eru uppi um það að á Suðurnesjum þurfi að

leggja opinbert fé í atvinnulífið.

Forseti Alþýðusambands Vestfjarða talar um að þar verði nú að stofna bæjarútgerðir með aðstoð lífeyrissjóðsins fyrir vestan og sveitarfélaganna. Og hann fer ekki virðulegum orðum um einkaframtakið og getu þess til að leysa málin vegna þess að ríkisvaldið hefur ekki skapað þau skilyrði sem þarf til þess að atvinnulífið geti rétt úr kútnum og blómstrað. Það hefur ekki séð til þess að vextir á Íslandi yrðu eðlilegir þrátt fyrir að verðbólgan fór niður og þess vegna er útlit fyrir að við missum hana af stað á nýjan leik.

Ég veit ekki hvað á að segja um yfirlýsingar núv. ríkisstjórnar um að efnahagsaðgerðirnar núna muni duga. Auðvitað verður litið á það eins og hvert annað rugl ef ég ætla á þessari stundu að segja fyrir um það hvað verður í þeim efnum. Hitt blasir við að íslenska þjóðin trúir því ekki að þær muni duga. Það vill svo til að við höfum félagsvísindadeild við háskólann sem gerir skoðanakannanir og samkvæmt nýrri skoðanakönnun þar um blasir það við að hún hefur enga trú á því að þessar efnahagsaðgerðir muni duga.

Ég ætla að bæta við: Ef það er satt að á 90 fyrstu dögunum komi það í ljós í Bandaríkjunum hvernig hver forseti sem þar tekur við á eftir að reynast er þá ekki kominn tími á það hvernig þessi ríkisstjórn reynist? Ég hygg nefnilega að þeir séu orðnir margir landsbyggðarþingmennirnir sem hugsa sem svo: Hvað á ég að horfa upp á mikið hrun í minni heimabyggð áður en ég tel nauðsynlegt að snúast gegn þessari ríkisstjórn? Hvað á ég að horfa upp á mikið hrun?

Núv. ríkisstjórn er enn brött og ég vil vitna í það sem hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni við 1. umr. af því að í ljós hefur komið að sumt stenst ekki tímans tönn, með leyfi hæstv. forseta:

„Núverandi ríkisstjórn markaði þegar í upphafi ferils síns nýja stefnu í efnahagsmálum — stefnu sem hafnaði gömlu aðferðunum; gengisfellingum, óhóflegri sjóðafyrirgreiðslu, skattahækkunum og stórfelldum ríkisafskiptum sem ætlað var að leysa hvers manns vanda. Þess í stað er lögð áhersla á að draga úr ríkisafskiptum, auka frjálsræði í viðskiptum og tryggja stöðugleika með föstu gengi og lágri verðbólgu.

Ég er sannfærður um að þetta er besta og jafnvel eina færa leiðin til þess að fá hjól atvinnulífsins til þess að snúast á nýjan leik. Aðeins þannig getum við skapað ný atvinnutækifæri, ný störf og þar með dregið úr því atvinnuleysi sem því miður hefur farið vaxandi. En til þess að geta tekist á við erfiðleikana þurfa menn að vita hvar ræturnar liggja. Mig langar þess vegna að fara nokkrum orðum um þann þátt.

Við Íslendingar höfum þurft að búa við langvarandi tímabil efnahagsstöðnunar og samdráttar eða allt frá árinu 1987. Þar skiptir minnkandi afli og erfiðleikar í sjávarútvegi að sjálfsögðu miklu máli. Auk þess hefur í mörgum mikilvægum viðskiptalöndum okkar gætt samdráttar sem ekki sér enn fyrir endann á. Þá er ekki síður alvarlegt að ýmsar aðrar atvinnugreinar, jafnvel útflutningsgreinar sem aðrar, hafa átt erfitt uppdráttar. Uggvænlegast er þó að þessari þróun hefur fylgt meira atvinnuleysi en hér hefur þekkst um áratuga skeið.

Það er hins vegar rétt að hafa í huga að efnahagssamdráttur og vaxandi atvinnuleysi eru vandamál sem fleiri hafa þurft að kljást við en Íslendingar. Ýmsar af okkar nágrannaþjóðum hafa jafnvel gengið í gegnum enn meiri þrengingar en við."

Hvað með gengisfestuna? Var ekki gengið fellt? Ráðherrann sem talaði svo við 1. umr. fjárlaga vitandi um hina veiku stöðu íslensku krónunnar. Var hann að blekkja þingið með því að tala á þann veg sem hann talaði? Eða var það enn óraunsæ sýn sem neyddi hann til þess að tala á þennan hátt? Var það svo?

Nei, það er merkilegur hlutur að menn skuli vera svo skammsýnir að láta annað eins fjúka og þurfa svo að kokgleypa það örlítið seinna. Svo kemur lýsingin, bjartsýnisspáin mikla, seinna í ræðunni, með leyfi hæstv. forseta:

„Á þessu ári eru horfur á að hallinn á ríkissjóði verði talsvert minni en í fyrra. Enda þótt okkur takist ekki að ná markmiðum fjárlaga þokast tvímælalaust í rétta átt. Við settum okkur í upphafi það markmið að minnka hallann um helming milli ára. Hins vegar reyndist hallinn í fyrra miklu meiri en við gerðum ráð fyrir auk þess sem ytri aðstæður hafa verið okkur andsnúnar.

Eitt af meginmarkmiðum fjárlaga ársins 1992 var að draga úr lánsfjárþörf opinberra aðila. Það hefur gengið eftir." — Markmiðið var 24 milljarðar en fór í 28 milljarða. Hann segir svo hér áfram: „Lántökur hins opinbera lækka úr 40 milljörðum kr. árið 1991 í 28 milljarða 1992 og verða þannig um þriðjungi lægri en í fyrra.

Þessi árangur er farinn að skila sér í lægri vöxtum á innlendum markaði." — Það er nú aldeilis að vextirnir séu á niðurleið. Hvað með Íslandsbanka, óskabarn hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh.? „Á síðustu mánuðum hafa raunvextir á verðtryggðum skuldabréfum þokast niður á við og sama gildir um vexti á óverðtryggðum skammtímabréfum. Þannig eru raunvextir á spariskírteinum ríkissjóðs nú 1% lægri en þeir voru fyrir gerð kjarasamninganna í vor og raunvextir á óverðtryggðum útlánum hafa lækkað enn meira."

Hæstv. ráðherra neitar að horfast í augu við þá staðreynd að íslenska bankakerfð hefur ekki séð sér fært miðað við það hvernig að atvinnulífinu er búið í landinu að lækka vextina vegna þess að gjaldþrotaskriðan er svo hröð að þeir verða að moka stöðugt stærri og stærri fjárhæðum í afskriftasjóði.

Herra forseti. Ábyrgð þeirra manna er mikil sem líta nánast á það sem verk sem allt í lagi sé að hafa með öðru verki að stýra landinu. Hún er mikil ábyrgð þeirra manna sem í dag með blekkingum reyna að koma því inn hjá þjóðinni að þeir hafi einhverju afrekað. Það mikið umhugsunarefni að valdatakan var líka fengin með blekkingum sem leiðir til þess að í Alþfl. vegur nánast salt hvort meiri hluti kjósendanna sem studdi flokkinn styður stjórnina eða ekki. 52% styðja stjórnina, 48% styðja hana ekki.

Í Sjálfstfl. fer ólgan vaxandi með hverjum degi. Það væru merkilegir fundir ef þeir birtust í sjónvarpi, orrustufundirnir sem nú eru háðir í flokksherbergi

Sjálfstfl. og fjalla um það hvort ríkið ætli hreinlega að stela fyrirtæki sem þeir hafa sumir hverjir litið á að ríkið ætti ekki. Þar á ég við Samábyrgð Íslands. Það er merkileg staða þegar einn af forsetum þingsins efast um að ríkið eigi eign sem ríkið ætlar að selja. Það er umhugsunarefni hvar við stöndum. Svo hratt eru tripp-in rekin að það er ekki einu sinni beðið eftir því að á lögformlegan hátt sé gengið frá slíkum málum áður en þau eru flutt á Alþingi.

Ég verð að segja eins og er að ég hef þá trú að deil-urnar sem nú magnast upp með hverjum deginum sem líður annars vegar innan Alþfl. og hins vegar innan Sjálfstfl. eigi eftir að ryðja úr forustusveit þessara flokka þeim mönnum sem þar standa nú. Ég er ekki búinn að sjá það að íslenska þjóðin gleymi því slag-orði sem núv. formaður Alþfl. setti fram um karlinn í brúnni sem ætti að fara frá ef hann ekki fiskaði. Ég er ekki búinn að sjá það heldur að það viðtal sem hæstv. forsrh. lét hafa eftir sér í Mannlífi, og féll þar í sömu gildruna og forverar hans í forustusveit stjórnmála-flokka hafa fallið í að segja hluti um sína samstarfs-menn sem betur væru ósagðir, verði til þess að rækta kærleikann hjá þessum stjórnmálaflokkum.

Það er merkileg staða í ríkisstjórninni að þegar forsrh. þarf á atkvæðamagni að halda, þá eru það fyrst og fremst alþýðuflokksráðherrarnir sem styðja hann. — Og gerist nú hæstv. heilbrrh. svo hógvær að hann sest í sæti óbreytts þingmanns til að máta það svo að hon-um verði ekki jafnmikið um ef hann skyldi tapa ráð-herrastólnum á næstunni.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það er vissulega ástæða til að óska fjárln. til hamingju með það að hafa komið hingað til afgreiðslu fjárlagafrv. til 2. umr. Það hefur nú jafnan þótt mikill árangur þegar sá áfangi hefur náðst við fjár-lagaafgreiðslu. Mér þykir líka vert að færa fjárln. þakk-ir fyrir tillögur sínar. Við fyrstu yfirsýn sýnist mér að þótt þær séu ekki sérstaklega víðáttumiklar þá hafi stundum í annan tíma minna verið leiðrétt en gert hef-ur verið í þessum tillöguflutningi sérstaklega þegar lit-ið er líka til fjáraukalaga, sem vonandi verða bráðum tekin til umræðu og afgreiðslu á Alþingi. Það má nátt-úrlega ekki minna en menn láti þess getið sem vel er gert. Það er mér raunar ánægjuefni að öll nefndin hef-ur staðið að áliti í þýðingarmiklum atriðum.

Þessar umræður hafa vissulega verið nokkuð at-hyglisverðar og að sumu leyti minna þær mig á að menn gætu notað gömlu ræður forvera sinna í fjárln. og hér á Alþingi þegar verið er að rökræða um mál-efni eins og hér hefur verið gert. Það er satt að segja íhugunarefni hvað litlar breytingar verða við það að skipt er um stóla. Það á ekki frekar við en endranær en mér sýnist að margt í fari ríkisstjórna breytist ekki sér-staklega mikið þó að nýir menn komist í stólana.

Nú sem áður er hér kyrjað um skatta og niður-skurð. Það hefur maður reyndar heyrt og séð fyrr sem bjargráð en ég hef aldrei séð árangur. Það stafar nátt-úrlega m.a. af því að skattþolið er brostið í landinu fyr-ir lifandi löngu. Menn finna nýjar leiðir til þess að kalla inn tekjur til ríkisins úr hendi borgaranna, en í mörgum tilfellum er þar einungis um tilfærslu að ræða. Ég óttast að svo muni reynast enn í dag.

Eins er um þá ýmsu niðurskurðaþætti sem menn hafa verið að fjalla um og hefur reyndar verið gert um margra ára skeið án þess að umtalsverður árangur hafi náðst.

Þó er vert að leggja áherslu á um þessar mundir að það hefur náðst meiri agi í ríkisrekstrinum en áður hef-ur verið. Það er greinilegt og raunar staðfest að mjög margar ríkisstofnanir sem taka að sér að vinna verk-efni fyrir það opinbera fara betur með peninga en áður gerðist. Það er auðvitað mjög mikilvægur árangur.

Ég vona og reyndar treysti að þegar þessari fjár-lagaumræðu lýkur og þeirri málaafgreiðslu sem henni tengist á þessu ári, þá muni menn með nýju ári og hækkandi sól leitast við að huga með skýrari hætti en gert hefur verið að atvinnulífinu í landinu. Ég held nefnilega að við munum ekki ná tökum á ríkishallan-um og eiga í erfiðleikum með viðskiptahallann þar til við komum atvinnulífinu í almennilegt horf. Við get-um ekki alltaf kennt því um að þorskurinn hafi verið að yfirgefa okkur því það hefur verið fullt af allra handa fiski í sjónum hringinn í kringum landið.

Úr mínu kjördæmi t.d. berast þær fregnir núna að þar skorti síld til vinnslu og söltunar og horfur á því að menn salti ekki upp í þá samninga sem hafa verið gerðir. Hvernig hefðum við farið að ef við hefðum t.d. haft gömlu Rússasamningana, sem menn hafa verið að gráta yfir að hafa misst og það ekki að ófyrirsynju, þegar ekki er einu sinni hægt að fá síld til vinnslu og söltunar í þá samninga sem við höfum þegar gert og standa okkur til boða? Auðvitað verða menn að rífa sig út úr einhverjum reglum þegar svona stendur á. Við getum ekki látið lög hamla því að hægt sé að sækja þau auðæfi til sjávarins sem þar er að finna og mark-aður er fyrir einvörðungu vegna þess að við erum með einhver lög sem hindra að slíkt sé hægt.

Ég hef rætt þetta mál við sjútvrh. og mér er ljóst að hann hefur þau til athugunar en það er alveg útilokað annað en að láta reyna á þau í þinginu ef ekki verður brugðið til þess ráðs að leysa þessi mál með trúverð-ugum hætti.

Mikið hefur verið talað um landbúnaðinn að und-anförnu og nú bregður svo við að þar kemur m.a. fram að í þeim efnum að spara fjármagn og skera niður sé mælirinn orðinn fullur. Ég veitti því athygli að hæstv. heilbrrh., sem hér er nú staddur, talaði í þá veru ef marka má frásögn Dagblaðsins frá því í gær. Mönn-um hefur að sjálfsögðu oft verið talað til Alþfl. í sam-bandi við landbúnaðarmál og þá kannski ekki alltaf með sérstaklega jákvæðum hætti. Það er út af fyrir sig ekki að ófyrirsynju. En í þessari ríkisstjórn þarf ekki að kalla Alþfl. til ábyrgðar. Sjálfstfl. hefur forustu fyrir þessari ríkisstjórn. Sjálfstfl. hefur fjmrh. í þessari rík-isstjórn og Sjálfstfl. hefur landbrh. í þessari ríkisstjórn. Hann hefur raunar meiri völd, t.d. formann landbn. Það er þá ekki fyrr en komið er að varaformanni landbn. sem hægt er að fara að kalla Alþfl. til ábyrgðar. Nú vill svo til að varaformaður landbn. hefur á ýmsa vegu

reynst bærilega, að ekki sé meira sagt. Auðvitað erum það við sjálfstæðismenn sem berum ábyrgð á þessum málum. Við eigum náttúrlega að vera þeir menn að kannast við það og taka við þeirri niðurstöðu sem af störfum okkar leiðir í þessari ríkisstjórn að því er landbúnaðarmálin varðar. Ef stjórnmálaflokkar hafa svo ólík sjónarmið að þau leiði til vandræða í þjóðfélaginu með einum eða öðrum hætti eiga þeir ekki að starfa saman. Það eru málefnin sem eiga að ráða því hvort stjórnmálaflokkar starfa saman eða ekki. Með því að við höfum tekið að okkur að stjórna landinu með Alþfl. verður það auðvitað að gerast með þeim hætti að okkar stefna geti ráðið.

Ég hef sagt frá því og ekki farið dult með það að sú stefna sem nú er fylgt í landbúnaðinum byggist á búvörusamningnum sem gerður var af fyrrv. ríkisstjórn og ég hef haft afskaplega margt við að athuga. Marga þá bresti sem nú snúa að framleiðslumálum bænda og afkomu ber að rekja til þessa samnings. Hann er bæði dýr og óhagkvæmur fyrir landbúnaðinn. Eins og þessi orð hafa sannast með framkvæmd samningsins er hitt skelfilegt ef hann er brotinn. Það liggur að sjálfsögðu fyrir að í þeim efnum hefur orðið vendipunktur í niðurskurðarumræðunni þar sem menn hafa staðnæmst við og raunar sagt að því er varðar búvörusamninginn: Hingað og ekki lengra.

Landbn. Alþingis fór nákvæmlega yfir búvörusamninginn og til þess að ekki orkaði tvímælis fékk hún meira að segja Ríkisendurskoðun til að leggja mat á hvernig fjárlagafrv. samræmdist búvörusamningnum. Ég er afar þakklátur Ríkisendurskoðun fyrir hennar skýrslu. Hún var vel unnin og ég er reyndar þakklátur landbn. líka fyrir þá vinnu sem hún lagði í þetta mál. Ég er sannfærður um að sú umræða sem af þessu hefur hlotist hefur vakið eftirtekt og mönnum skilst miklu betur en áður að stjórnarhættir ríkisstjórnarinnar geta því aðeins gengið fram með líðanlegu móti að þessi samningur verði virtur. Ef það kann að reynast erfiðleikum háð gera menn auðvitað tilraun til þess að breyta slíkum samningi. Ég held að við þurfum á marga vegu í Alþingi að taka upp þau vinnubrögð að virða samninga eða þá að leita eftir breytingum á þeim. Það er auðvitað grundvallaratriði. Ég er þess vegna á margan hátt ánægður með það sem hér hefur komið fram í þessum efnum.

Annað er það hins vegar að ýmislegt stendur út af í framkvæmd þessa samnings og sumu af því ætla menn að sjá farborða með öðrum hætti. Ég minni á hlut Verðmiðlunarsjóðs sem ætlað er að taka að sér 175 millj. kr. í eitt ár, frestun á framlagi, sem er reyndar með samkomulagi, til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og eins er um framlag eða fyrirgreiðslu til Byggðastofnunar til þess að sinna ýmsum brýnum framfaraverkefnum á landsbyggðinni. Menn deila út af fyrir sig um það hvort þar sé um styrk eða lán að ræða og orðalagið í samningnum getur alveg eins átt við lán eða styrk.

Þegar þessar upphæðir eru lagðar saman nema þær 325 millj. kr. Það er alveg útilokað annað en að færa þessi viðskipti til bókar. Þau verða auðvitað að ganga í gegnum reikninga ríkissjóðs, fjárlög fyrir 1993, eins og gerist í öllu venjulegu bókhaldi. Það þarf auðvitað að segja frá því þar í hverju þessar breytingar eru fólgnar og hvernig á að skila fjármagninu aftur til baka. Ég skil það raunar ekki að ríkisstjórnin skuli ekki koma fram með þessar ákvarðanir í fjárlagafrv. fremur en að skapa þann óróleika sem í kringum hana er út af samningnum og losa sig við þá óþægilegu umræðu sem af þessu hlýst, m.a. við gagnrýni þess manns sem hér stendur og hefur ekki verið sérstaklega fyrir það að láta hlut sinn í þessum efnum og mun heldur ekki gera það. Það er ólíðandi annað en að menn komi svona málum fyrir með skilvirkum og skýrum hætti. Ég trúi því og treysti að fjárln. taki þessi mál fyrir 3. umr. til meðferðar og gangi þannig um að þrifalegra verði í kringum framkvæmd samningsins.

Ég veitt því sérstaka athygli í umræðunni í dag hvernig tveir hv. fjárlaganefndarmenn höguðu máli sínu. Þessir menn voru hv. 1. þm. Vesturl. og hv. 2. þm. Austurl. Báðir fluttu góðar og málefnalegar ræður. Þeir töluðu um sama efnið báðir með alveg sama hætti. Það var um viðhaldsverkefnin á opinberum eignum hjá ríkissjóði. Það liggur náttúrlega ljóst fyrir, eins og þessir heiðursmenn sögðu báðir, að þar er búið að safna upp miklum vanda vegna þess að menn hafa verið að spara. Með tiltölulega litlu fjármagni yfir lengri tíma hefði verið hægt að halda þessum opinberu framkvæmdum í miklu betra standi.

Ég minni sérstaklega á Þjóðleikhúsið, frá því að það var endurbyggt og endurreist undir forustu Árna Johnsens, og forsetabústaðinn á Bessastöðum. Af báðum þessum framkvæmdum hlaust mikil umræða í þjóðfélaginu. En hús getur staðið þó að mikil þörf sé á lagfæringu eins og dæmin sanna.

Vegna áhuga hjá þessum tveimur hv. fjárlaganefndarmönnum, og ég veit að svo er um fleiri, langar mig að benda á og biðja fjárln. að fjalla um það í því starfi sem hún á eftir að vinna því hér er vandamál á ferðinni. Ég á við fyrirhleðslur vegna vatnaágangs. Það vill svo til að í fjárlögum þessa árs var veitt til þessara framkvæmda 25 millj. kr. Það er svipuð og upphæð og verið hefur síðan þetta verkefni var gert að sjálfstæðu verkefni í landgræðslustörfum. Samtals er búið að verja til verkefnisins á tímabilinu um 300 millj. kr. og það er búið að skila gífurlega miklum árangri til þess að verja lönd og græða. Það hafa reyndar fleiri gengið til þessara verka, Vegagerðin, Viðlagatrygging og sveitarfélög. Það hefur því orðið gífurlega mikill árangur af þessu starfi. 300 millj. kr. hafa hins vegar gengið fram til þeirra verkefna af þessum fjárlagalið.

Nú eru ekki til neinir fastir stuðlar um það með hvaða hætti beri að afskrifa þessi verkefni. Ef við gefum okkur þá stærð að það væri 10% viðhaldsþörf þarf þessi fjárveiting að nema 30 millj. kr. Ef við tökum þá stærðina að miða við 5% og endurnýja þessi verkefni að einhverju leyti á 20 ára fresti er viðhaldsþörfin 5 millj. kr.

Við sjáum það á fjárlagaliðnum, eins og hann er áætlaður, að hér er verið að efna til mikilla erfiðleika með því að láta þessi mannvirki ganga úr sér og þau

eru að sjálfsögðu augljós dæmi um það hvað af því getur hlotist.

Landbn. lagði áherslu á það, sem raunar liggur fyrir, að 15 millj. kr. væru auðvitað lágmarksfjárveiting til að halda við þessum mannvirkjum. Hún lagði líka áherslu á það að mikil vá væri fyrir dyrum að því er varðaði tvö vatnsföll, Markarfljót og Jökulsá á Dal, þar sem gróðurlöndum, mannvirkjum og vegagerð er ógnað. Mér er það vissulega ljóst, enda hef ég tekið þátt í þeirri umræðu, að fyrir því máli hafði meira og betur verið talað sem sneri að Markarfljóti en Jökulsá og ég skal líka fúslega viðurkenna að þar var þörfin enn stærri og vandinn meiri. Það hefur atvikast þannig þann tíma sem ég hef verið í fjárln. það ég hef æðioft fjallað um þessi mál og ég hélt að farið yrði að óskum landbn. og reyndar margra fleiri, auk þess sem ég vissi líka að um þessi mál voru miklir áhuga- og baráttumenn í fjárln. Fjárveitingin yrði því hækkuð í það sem hún var fyrir einu ári síðan, um 10 millj. kr. Reyndin varð sú að hækkunin nam 4 millj. og hún er mjög verðmæt og gerir það að verkum að til viðbótar við það sem aðrir aðilar leggja þarna fram næst mikilsverður árangur við Markarfljót. Það er ekkert vit í því að hlaupa frá þeim aðgerðum að koma upp bærilegum varnargörðum við Jökulsá á Dal. Ég bið fjárln. að skoða þetta mál á milli umræðna.

Það er ýmislegt sem í haginn hefur verið búið. Það hefur verið flutt grjót á staðinn og Viðlagatrygging er tilbúin að líta á málið. Með fjárveitingu hliðstæðri þeirri sem fór í Markarfljót væri hægt að ná árangri og bægja mikilli hættu frá við Jökulsá á Dal.

Annað verkefni ætla ég líka að biðja fjárln. að taka til mikillar og velviljaðrar athugunar. Það er brimvörn á eystri fjörutanganum við Hornafjörð. Það er einkennilegt í raun að hugsa til þess að þessir tveir fjárlagaliðir sem taka sérstaklega til flóðvarna og náttúruhamfara sem af þeim leiðir skuli skornir niður með sama hætti, reyndar sjóvarnagarðarnir heldur betur. Ef ég man rétt var til þeirra veitt á fjárlögum þessa árs 50 millj. kr. en sá óskiljanlegi hlutur gerist að þessar framkvæmdir eiga nú einungis að njóta 25 millj. kr. og mér er sagt að óskir um fjárveitingu til þessara verkefna nemi á annað hundrað millj. kr. í þeim erindum sem fyrir liggja.

Nú er það þannig að fyrir nokkrum árum var ákveðið að gera markvisst átak til að verja tangana báðum megin við Hornafjarðarós, bæði Suðurfjörutangann og Austurfjörutangann. Því verki sem tilheyrir Suðurfjörutanganum er lokið en fyrsti áfangi á Austurfjörunum hefur hins vegar verið ráðgerður á næsta ári. Það fara væntanlega svo fram í vetur ítarlegar rannsóknir á því hvernig haga beri framhaldinu. Fjárln. leggur fram tillögur um að til verkefnisins verði veitt 17,5 millj. kr. sem er helmingur af áætluðum kostnaði. Það gefur náttúrlega auga leið að undir þeim kringumstæðum er ekki hægt að ná árangri.

Ég hef fylgst með sumum þeim þáttum í rannsóknum við Hornafjörð sem farið hafa fram á síðustu árum og byggjast á tillögum sem við þingmenn Austurlandskjördæmis fluttum á Alþingi. Það hefur vakið athygli manna hve gífurlegt vatnsmagn það er sem fer um Hornafjarðarós. Það er áreiðanlegt að engan mann hefur órað fyrir því áður en þessar mælingar hófust. Afrennsli allra fallvatna á Íslandi nemur um rúmum 5.000 lítrum á sekúndu. Það er svo að segja sama magn og fer um Hornafjarðarós. Ef við smækkum þessa mynd og skýrum hana aðeins betur er það álíka mikið vatn og hlaupið hefur fram í tveimur síðustu Skeiðarárhlaupum eða tífalt vatn Ölfusár sem er vatnsmesta á í landinu eins og menn vita. Ég held að menn ættu ekki að taka sér það fyrir hendur að bjóða þessum öflum birginn. Það gengur mjög á Austurfjörutangann og það veit enginn hvað af því kann að hljótast að taka þar ekki tímanlega til hendi eins og ráðgert hefur verið. Ég bið fjárln. að fara yfir þessi tvö mál. Þau snerta að vísu Austurlandskjördæmi þar sem ég er kjörinn en ég vitna til þess sem ég sagði áðan að að því er varðar Markarfljót tel ég að sú afgreiðsla sem liggur fyrir um að hafa það í forgangi sé eðlileg.

Virðulegi forseti. Þetta var kannski aðalerindið í hér ræðustól. Að lokum vil ég hins vegar taka fram og leggja á áherslu að það eru vonbrigði að til landgræðslustarfa bænda, eins og um var samið í búvörusamningi, skuli ekki vera veitt fé í ríkara mæli en gert er í þessari fjárlagagerð. Ríkisendurskoðun fann enga fjárveitingu til þessara verkefna. Landgræðslustjóri talar um 20 millj. og gildir þá í rauninni einu hvort heldur er. Hins vegar verður að viðurkennast að hér er ekki um brigð að ræða í samningnum vegna þess að það er ekki tilgreint hvernig beri að reiða þetta fjármagn af hendi og á hvaða tíma heldur er það bundið því að það komi fremur inn þegar sparnaðar fer að gæta í landbúnaðinum eins og raunin er nú á.

Hér er hins vegar um að ræða verkefni sem er mikilvægt til að mæta þeim samdrætti sem orðinn er í hefðbundnum greinum landbúnaðarins. Hér er um að ræða verkefni sem íslenska þjóðin er afskaplega sátt við að gangi fram. Það er mikill og vaxandi vilji fyrir því að við græðum upp landið okkar og þó sérstaklega að við stöðvum eyðingu þar sem hún á sér stað. Um það hefur Alþingi reyndar tekið ákvörðun í tveimur þál. Ríkisstjórnin hefur í sínum málefnasamningi ákveðið að vinna á grundvelli þeirra ákvarðana sem Alþingi hefur tekið í þessum efnum.

Við höfum á margan hátt betri tækifæri til að vinna þessum málefnum framgang en verið hefur. Landmælingar Íslands hafa unnið feikilega merkilegt verk í þá veru að mynda Ísland og bráðlega verður hægt og reyndar er þegar farið að vinna að áætlunum í landgræðslustörfum á grundvelli hinnar nýju tækni.

Miðað við ástæður sem eru við fjárlagagerðina verður auðvitað að meta aðstæður í þjóðfélaginu. Auðvitað hefði verið allt annar svipur á þessari fjárlagaafgreiðslu að því leyti sem snertir landbúnaðinn og landið ef aðeins hefði verið sýndur litur í þá veru að leggja fram byrjunarfjármagn til þessara mikilvægu málefna. Ég held að það sé full ástæða til að biðja fjárln. að fjalla um það mál á einhverjum funda sinna sem fram undan eru.

Ég hef þá lokið máli mínu, forseti.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. lét þau orð falla að fyrir 3. umr. vonaðist hann til að þrifalegra yrði orðið í kringum þennan búvörusamning en nú væri. Ég vil biðja hv. þm. að koma hér upp og tjá okkur í hverju þessi óþrifnaður ríkisstjórnarinnar liggur gagnvart bændum og búvörusamningi.

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er að sjálfsögðu full ástæða fyrir því að hv. þm. skuli spyrja því hann var ekki viðstaddur þegar ég skýrði þetta mál fyrr í umræðunni. Það sem ég tilgreindi voru 175 millj. kr. sem á að taka að láni úr Verðmiðlunarsjóði. Það voru 100 millj. sem eiga að berast til þessara verkefna til Byggðastofnunar og hefur ekki verið fullt samkomulag um hvers eðlis það fjármagn ætti að vera, hvort það ætti að vera styrkur eða framlag. Í þriðja lagi eru það 50 millj. kr. sem með samkomulagi við Stéttarsamband bænda er fært til næsta árs. Ég lagði á það áherslu að það væri með skilmerkilegum hætti sagt frá því við fjárlagaafgreiðslu og fært í bókhald, eins og vera ber, hvernig þessum skuldbindingum ríkissjóðs væri fyrir komið.

Ég tel sjálfgefið að allt annað svipmót væri á framkvæmd búvörusamningsins ef þessar tölur væru ekki látnar hanga í lausu lofti. Það er þess vegna aðgerð sem ég tel til þrifnaðar í samskiptum manna á milli.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla fyrst og fremst að beina mínu máli til hæstv. menntmrh. Ég lýsi ánægju með að hann skuli vera hér staddur. Eins og sést á nál. meiri hluta fjárln. þá skilar minni hluti menntmn. séráliti. Ég mun koma inn á ýmis mál sem þar er tekið á og jafnvel einhver fleiri.

Á síðasta ári var gripið til afdrifaríkra ákvarðana af hálfu hæstv. ríkisstjórnar í skólamálum. Við bíðum þess e.t.v. seint bætur ef þetta á að halda svona áfram. Við þurfum ekki að deila um að það fara miklir fjármunir til menntamála og því er mikilvægt að þeim sé vel varið og hagræðingu beitt á öllum sviðum. Það er samt athyglisvert að á árunum frá 1980 til 1990 hækkaði hlutfall skólamála af heildarútgjöldum ríkissjóðs ekki. Það var um 4,5% af þjóðarframleiðslu allan þann áratug. Á þeim áratug tókst samt sem áður að byggja hér upp gott menntakerfi.

Mér dettur ekki í hug að halda því fram að okkar menntakerfi sé óaðfinnanlegt. Auðvitað þarf það að vera í stöðugri endurskoðun. Sú endurskoðun sem hæstv. ríkisstjórn hefur talið mesta ástæðu til að viðhafa er hins vegar af allt öðrum toga. Hún byggist ekki á því að líta á menntakerfið með jákvæðu hugarfari en gagnrýnum augum með það að leiðarljósi að bæta og endurskoða. Nei, sú endurskoðun byggist á því að rífa niður og spara ákveðna milljónatugi án tillits til afleiðinganna. Síðan eru viðhafðar dylgjur um það að skólakerfið sé alls ekki nógu gott til að reyna að réttlæta verknaðinn.

Við skulum líta fyrst á grunnskólann. Á milli áranna 1991 og 1992 var heildarniðurskurður á framlögum til grunnskóla alls 166 millj. 505 þús. kr. Þessi sparnaður náðist fram með fækkun bekkjardeilda þ.e. með fjölgun nemenda um allt að tvo í bekk og hins vegar með fækkun vikustunda í 4. og 5. bekk um eina stund og í 6. bekk um tvær vikustundir. Lagaheimild fyrir þessum aðgerðum fékkst með hinum illræmda bandormi sem samþykktur var á síðasta þingi við lítinn fögnuð þeirra sem láta sig skólamál varða. Hann gilti einungis til eins árs hvað þessi ákvæði áhrærir. Með þessum aðgerðum var einnig heimilað að hafa þrjátíu nemendur í bekk innan grunnskólans. Það væri forvitnilegt að fá svör við því hjá hæstv. menntmrh. um hversu margar bekkjardeildir tókst að fækka með þessu ákvæði 3. gr. um ráðstafanir í ríkisfjármálum frá árinu 1992. Það voru lög nr. 1 en þessi ólög fengu það virðulega númer. Með þessum lögum var einnig numið úr gildi ákvæði um það hvenær koma skuli á samfelldum skóladegi, lengri skóladegi og að börnum verði gefinn kostur á skólamáltíðum. Nú er svo komið innan grunnskólans að nauðsynlegasta kennsluefni rúmast ekki lengur innan þess skólatíma sem stjórnvöld treysta sér til að greiða fyrir. Þetta bitnar að sjálfsögðu á lestrarkennslu og öðrum undirstöðugreinum.

Í svari hæstv. menntmrh. við fsp. frá hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur á síðasta þingi um hvenær megi ætla að ákvæði núgildandi grunnskólalaga um einsetinn grunnskóla komi til framkvæmda kemur fram orðrétt, með leyfi forseta:

„Menntmrh. hefur nýlega skipað nefnd sem ætlar að skila drögum að frv. um grunnskóla og framhaldsskóla fyrir 1. sept. nk. Meðal þess sem nefndinni er sérstaklega ætlað að fjalla um er samfelldur skóladagur og einsetinn grunnskóli. Nefndin er m.a. beðin að meta hvort hægt er að nálgast markmið um einsetinn grunnskóla og samfelldan skóladag með því að lengja árlegan skólatíma en fækka kennsluárum."

Nú er 1. sept. löngu liðinn og ekki hef ég orðið vör við drög að frv. um grunnskóla og framhaldsskóla sem ráðherra nefndi í sínu svari annað en það frv. sem birtist á borðum þingmanna í dag og var lítið fagnaðarefni en nauðsynleg lagaheimild til að geta haldið þeim niðurskurði áfram sem hafinn var á síðasta ári. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Eru þessi frv. væntanleg inn í þingið eða eru þau vel geymd í ráðuneyti hæstv. ráðherra? Hefur þessi nefnd sem hæstv. ráðherra nefnir kannski aldrei skilað af sér?

Mín skoðun er sú að eitt brýnasta verkefnið í íslenskum stjórnmálum sé að búa betur að grunnskólanum. Það er þar sem grunnurinn er lagður að öllu námi og einnig að framtíðinni enda voru grunnskólalög samþykkt af fulltrúum allra flokka í tíð síðustu ríkisstjórnar. Það var því grátbroslegt að Sjálfstfl. skyldi strax telja sig knúinn til að breyta þeim lögum um leið og hann fékk völd. Það er staðreynd sem ekki þýðir að horfa fram hjá að foreldrar eru vegna vinnu sinnar oft of mikið utan heimilis og því verður varla breytt. Skólinn verður því að taka að sér aukið uppeldishlutverk en þó þarf hann fyrst og fremst að geta staðið undir nafni sem kennslustofnun barna sem hann gerir því miður varla í dag. Á þeim tíma sem ráðherrar í núv. hæstv.

ríkisstjórn voru í grunnskóla var tíðin allt önnur. Þá voru mæðurnar heima, þ.e. þær voru ekki útivinnandi, og í mörgum tilfellum voru þær annar kennari barnanna. Þessu er bara ekki til að dreifa í dag og það vona ég að hæstv. ríkisstjórn geri sér grein fyrir.

Samkvæmt frv. til fjárlaga eins og það liggur nú fyrir við 2. umr. á niðurskurðurinn í skólakerfinu að halda áfram og frv. sem ég nefndi áðan er því til staðfestingar. Í því sambandi rifjast upp fyrir mér orð hæstv. menntmrh. sem hann viðhafði á fundi með foreldrum grunnskólabarna á Akureyri síðasta vetur. Þessi fundur var einn af mjög mörgum sem foreldrar efndu til vegna þessa alvarlega ástands innan grunnskólans. Mér er það mjög minnisstætt að hæstv. menntrh. sagði á þessum fundi, og ég var mjög ánægð með þá yfirlýsingu, að fólk þyrfti ekki að hafa þessar óskaplegu áhyggjur af þessu því þetta yrði aðeins í eitt ár. Ég skal viðurkenna að ég trúði þessu og lét koma fram á fundinum að það væri ánægjulegt að heyra að þetta yrði bara í eitt ár. En það er þá kannski Alþingi að kenna að það á að halda þessum niðurskurði áfram því að stundum hefur maður heyrt hæstv. ráðherra grípa til þess ráðs þegar þeir þurfa að svara fyrir óvinsælar aðgerðir sem þeir svo vissulega hafa unnið í sínum ráðuneytum en Alþingi síðan samþykkt að það hafi verið Alþingi sem samþykkti þetta og það sé þeirra verk að framkvæma þann verknað. Mér finnst það nú ekki mjög stórmannlegt af hæstv. ráðherrum.

Eitt af því sem kom fram í svari hæstv. menntmrh. við fyrirspurn þeirri sem ég nefndi var að til greina kæmi að fækka kennsluárum um leið og skóladagur yrði samfelldur og árlegur skólatími lengdur. Ég get alveg tekið undir það að það er mál sem þarf að skoða, ekki síst á þessum síðustu tímum þegar minnkar um atvinnu og skólafólk á orðið erfiðara með að fá atvinnu að sumrinu. En það hefur þó komið í ljós og er ánægjuefni að stúdentsprófið okkar stenst fyllilega samanburð við sambærileg próf erlendis og kannski er það nú ekki mikið, mundi e.t.v. einhver hugsa þar sem hér taka nemendur stúdentspróf einu ári síðar. Nemendur eru sem sagt einu ári lengur að læra til stúdentsprófs en þá ber að líta á það að skólaárið er miklu styttra hér. En ég er alveg sammála hæstv. ráðherra um það að þetta getur einungis gerst samfara betri grunnskóla og samfelldum skóladegi o.s.frv.

En eitt af því sem nú virðist eiga að gera að alvöru samkvæmt frv. til fjárlaga er að leggja á skólagjöld. Á síðasta ári var þessi boðskapur einnig í fjárlagafrv. og þá fluttum við sem skipuðum minni hluta menntmn. á þeim tíma brtt. við 2. umr. sem fól í sér að þessi ákvæði yrðu tekin út úr frv. Brtt. var frestað til 3. umr. en það gerðist í millitíðinni að ákvörðun var tekin um það af hæstv. ríkisstjórn eða meirihlutaflokkunum að hætta við þetta. En nú virðist, a.m.k. miðað við að hvernig málið lítur út á þessari stundu, eiga að gera alvöru úr því að leggja á skólagjöld. Og við, fulltrúar minni hlutans í hv. menntmn., höfum lagt fram brtt. á þskj. 440 þess efnis að þetta verði ekki gert. Samkvæmt frv. er reiknað með 3.000 kr. af nemendagjöldum nemenda sem eigi að ganga til rekstrar framhaldsskólans og þar er þá brotið blað í íslenskri menntasögu ef það verður að veruleika. Meðflutningsmenn mínir að þessari brtt. eru hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, Svavar Gestsson og Ólafur Þ. Þórðarson og er Kristín Ástgeirsdóttir 1. flm. Við leggjum sem sagt til að framlag til framhaldsskólans verði aukið um 45,5 millj. sem nemur þeirri upphæð sem hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að hafa upp úr krafsinu og láta nemendur sjálfa borga í rekstri framhaldsskólans. Svo er það annað sem hefur komið fram hér í máli nokkurra hv. þm. að þessi aðgerð hefur enga lagastoð.

Það kom nýlega fram í fréttum í fjölmiðlum að það væri gífurlegur fjöldi nemenda af landsbyggðinni sem stunduðu nám hér á höfuðborgarsvæðinu. Talið er að þeir séu um 3.500 og að þeir nemendur flytji með sér 1,5 milljarða kr. árlega. Skólameistarafélagið telur nauðsynlegt að bregðast við þessu með því að efla skólahald úti á landi og tengja námsbrautirnar betur atvinnulífinu. Í frétt sjónvarpsins þann 7. des. kemur fram að menntmrh. sé sammála þessu og telji að taka þurfi þetta mál til athugunar. En það er hins vegar nýr og gamall sannleikur, hæstv. menntmrh., að verkin tala og á næsta ári á að hefja byggingu á tveimur framhaldsskólum hér á höfuðborgarsvæðinu sem verða að heildarkostnaði upp á 1 milljarð kr. Fjárveitingar í ár eru annars vegar til nýs bílgreinaskóla, held ég að ég megi kalla hann sem enginn innan skólakerfisins virðist nú vita haus né sporð á, 55 millj. og 30 millj. sem eiga að ganga til nýs framhaldsskóla í Garðabæ þannig að ég get alveg ómögulega séð að þetta sé í samræmi við orð hæstv. menntmrh. í þessu viðtali þar sem hann telur að það þurfi að beita sér fyrir því að þetta mikla fjármagn flytjist ekki til höfuðborgarinnar með þessum nemendum. Og í sama viðtali kemur fram að hæstv. ráðherra er þeirrar skoðunar að það eigi að tengja skólana meira atvinnulífinu og þetta kemur einnig fram í svari ráðherrans við fsp. frá hv. þm. Drífu Hjartardóttur þar sem hanns segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hefur verklegt nám átt undir högg að sækja í skólakerfinu. Mikilvægt er að ráða á því bót. Nefnd um mótun menntastefnu er m.a. að athuga hvernig efla megi þátt verkmenntunar í framhaldsskólakerfinu og gera verklegt nám og starfsnám að raunhæfum kosti fyrir breiðari hóp nemenda en nú er.“ En það er í þessu sambandi einnig þannig að það eru verkin sem tala.

Verði fjárlög samþykkt frá Alþingi eins og þau líta út hér við 2. umr., en það eru víst fáir sem eiga von á því, þá er það alvarlegt mál fyrir Iðnskólann í Reykjavík og í algerri þversögn við hinn mikla áhuga hæstv. ráðherra fyrir verklegu námi. Þar stunda yfir 1.500 nemendur nám að deginum og þar að auki tæplega 300 í kvöldskóla. Það hefur verið hagrætt mikið innan skólans og á síðasta ári voru gerðar róttækar aðgerðir til að vera innan marka fjárlaga en þetta hefur valdið slíkri þjónustuskerðingu að nú gefst nemendum í ýmsum tilfellum ekki kostur á að uppfylla þau skilyrði sem t.d. lánasjóðurinn setur og það ríkir ófremdarástand í þessum verkmenntaskóla. En það sem er hvað alvarlegast

er að skólinn hefur ekki fjárveitingar fyrir kvöldnámskeið sem er vaxandi eftirspurn eftir. Því fyrirkomulagi hefur verið komið á að til að fá meistararéttindi þarf að taka meistaraskóla og hefur þetta valdið vaxandi ásókn í kvöldskólann. Eftir sem áður miðast fjárveiting við 160–170 nemendur en þeir eru um það bil helmingi fleiri. Að vísu eru 10 millj. núna settar til viðhalds Iðnskólans með brtt. fjárln. en það dugar skammt til þess að reka sjálfan skólann.

Ég ætla þá aðeins víkja að háskólanum en það er þannig komið fyrir þeirri merku stofnun að ýmsir forsvarsmenn skólans tala um að miðað við fjárveitingar sem skólanum eru ætlaðar verði að fara að taka þá pólitísku ákvörðun hver leiðin af þessum þremur verði valin: að fækka þeim greinum sem kenndar eru, að takmarka aðgang að skólanum eða láta niðurskurðinn koma flatt niður á allar greinar þannig að þessi höfuðstofnun æðri menntunar og vísinda hér á landi verði gerð að lélegum háskóla. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra hefur velt þessu fyrir sér hvaða leið hann telji réttast að fara.

Háskólinn á Akureyri fær hækkun á fjárveitingum sem er í framhaldi af nýjum lögum um skólann sem samþykkt voru á síðasta ári en það er þó áhyggjuefni að það virðist ekki eiga að verða við beiðnum um að veita fjármagn til sjávarrannsókna í Eyjafirði og mun hv. 6. þm. Norðurl. e. gera frekari grein fyrir því máli en hann hefur lagt fram brtt. þar um. En það var þannig að í mars 1991 tók háv. sjútvrh. ákvörðun um að rannsóknabáturinn Mímir yrði gerður út frá Akureyri. Síðan fórst sá bátur eins og allir vita og tryggingafé liggur inni í sjútvrn. Hæstv. sjútvrh. hefur þó lýst því yfir úr þessum ræðustóli að nýtt skip muni verða gert út frá Akureyri í tengslum við háskólann þar og er það í sjálfu sér ánægjulegt, en það er í þessu efni eins og fleirum að það eru verkin sem þurfa að tala.

Ég tek hins vegar eftir því að þó að þröngt sé skammtað til Háskóla Íslands þá er þar heimiluð prófessorsstaða í fiskifræði. Þetta kom mér svolítið á óvart og ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra getur gefið mér skýringar á því, en mér finnst einhvern veginn eins og þetta sé ekki í samræmi við þá þál. Alþingis að efla Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið sem miðstöð rannsókna og vísinda á sviði sjávarútvegs og heldur ekki í samræmi við að við Háskólann á Akureyri er starfrækt sjávarútvegsbraut.

Háskólinn á Akureyri sækir einnig um 10 millj. til þess að koma á fót kennaradeild við skólann á næsta ári. Samkvæmt orðum hv. formanns fjárln. hér í dag virðist vera komin hreyfing á það mál og eins var getið um það í kvöldfréttum að hæstv. ráðherra hefði ákveðið að heimila að sett væri á stofn kennaradeild við Háskólann á Akureyri. Ef svo er þá lýsi ég sérstakri ánægju með það. Miðað við fréttir átti hæstv. ráðherra í erfiðleikum með samstarfsflokkinn hvað þetta snertir, en ég óska honum til hamingju með að hafa orðið ofan á í þeirri baráttu og vona að málið sé þar með í höfn þó að nú sé talað um 5 millj. en ekki 10 millj. eins og sótt var um, en e.t.v. er eitthvert svigrúm til þess að hækka þá upphæð.

Svo er það með Lánasjóð ísl. námsmanna sem ég ætla ekki að hafa langt mál um hér en kemst ekki hjá því að nefna með nokkrum orðum og sérstaklega vegna þess að í greinargerð fjárlagafrv. stendur nákvæmlega þetta, með leyfi forseta:

„Á heildina litið verður rúmur helmingur námslána styrkur eftir sem áður.“ Hæstv. ríkisstjórn virðist enn þá vera við sama heygarðshornið hvað þetta snertir að geta ekki hætt að tala um þetta sem styrki við þá einstaklinga sem eru lánþegar hjá sjóðnum þrátt fyrir að lán séu fullverðtryggð, þau séu með 1% vöxtum og það séu greidd lántökugjöld og fleira mætti telja. Þetta reikningsdæmi get ég ekki fengið til þess að ganga saman í mínu höfði. Mér finnst alveg með endemum að þessu skuli vera haldið fram.

Framlag ríkissjóðs til sjóðsins er 1.710 millj. en lántaka virðist vera meiri en nokkru sinni eða meira en 3,5 milljarðar. Eins og ég sagði áðan ætla ég ekki að hafa mörg orð um þetta að þessu sinni en mér sýnist bara á þessu að ríkisstjórnin virðist einhvern veginn vera að gefast upp á þessu máli og það styttist eflaust í það að lánasjóðurinn verði lagður niður og þessi lánafyrirgreiðsla færð inn í bankakerfið, enda er hún komin hálfa leið inn í bankakerfið eins og málin eru í dag.

En það er örlítil birta, týra sem sést í myrkrinu og er alveg ástæða til að nefna líka það sem vel er gert og vil ég þá nefna að það var orðið við beiðni frá íslenska menntanetinu um fjárveitingu upp á 6 millj. kr. og ég get sagt það fyrir mig að mér hefur fundist sérstaklega ánægjulegt að vinna að og fylgjast með því máli, bæði framkvæmd þess og eins hvað því hefur verið tekið vel af hv. þm. og hæstv. menntmrh. Þetta mál er á fullri ferð. Það er óhætt að segja það. Það eru fleiri og fleiri skólar að tengjast íslenska menntanetinu og hugmynd þeirra sem standa þar í forsvari er sú að þegar fram líða stundir þá muni þetta fyrirtæki geta rekið sig sjálft með þeim gjöldum sem notendur greiða. En það er ekki komið að því enn þá og þess vegna þarf svolítið rekstrarfé á fjárlögum og við því var orðið að þessu sinni sem er ánægjuefni.

Hæstv. forseti. Þá ætla ég að mæla fyrir brtt. sem ég flyt á þskj. 453 og snertir skólabúðir í Mývatnssveit upp á 5 millj. kr. Það er sem sagt farið fram á fjárveitingu upp á 5 millj. kr. vegna þess máls. Skólabúðir er ekki neitt sem við erum að finna upp hér í dag. Þær hafa verið starfræktar við Reykjaskóla í Hrútafirði t.d. og þetta er þekkt fyrirbæri hjá öðrum þjóðum. Ég get nefnt það að í Noregi þykir það sjálfsagt að hver grunnskólanemandi fari a.m.k. tvisvar sinnum í skólabúðir á sínum grunnskólaárum. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða sem því miður var ekki orðið við að veita fjármagni til af hv. fjárln. en fjárlagabeiðnin var upp á 6 millj. kr. og af einskærri hógværð fer ég ekki fram á nema 5 millj. í minni brtt. Það var í desember 1990 sem sú hugmynd kviknaði hjá foreldrafélagi grunnskólans í Skútustaðahreppi að koma á skólabúðum í Mývatnssveit með svipuðum hætti og hafa verið reknar að Reykjum í Hrútafirði. Það leist öllum vel á hugmyndina og það hafa verið starfræktar skólabúðir þarna í nokkurs konar tilraunaskyni á síðasta

vetri og hefur gengið alveg sérstaklega vel. Þetta hefur veitt sex manns atvinnu og jafnvel hefur verið að tala um það núna að þetta gæti veitt átta manns atvinnu og það er ekki svo lítils virði á þessum erfiðleikatímum í atvinnumálum þannig að ég vil enn leyfa mér að vona að þetta mál verði tekið fyrir á milli 2. og 3. umr. og ef ég heyri einhvern þann tón hjá hæstv. ráðherra, þá mun ég að sjálfsögðu fresta því að mín brtt. komi til atkvæða við þessa umræðu. Mig langar, með leyfi forseta, að lesa örstutt upp úr greinargerð fræðslustjórans í Norðurlandskjördæmi eystra, Trausta Þorsteinssonar, en hann hefur sýnt þessu máli mikinn áhuga ásamt heimamönnum í Mývatnssveit. Hér stendur m.a.:

„Menntmrn. heimilaði starfrækslu skólabúða á síðasta skólaári sem tilraunaverkefni í tvo mánuði og sýndi það sig á aðsókn að mikill áhugi var meðal skólamanna að nýta tilboð þetta. Aftur var heimilað að starfrækja búðirnar nú tvo síðustu mánuði ársins og er þegar fullbókað þann tíma.“ — Svo segir síðar: „Samkvæmt aðalnámsskrá grunnskólanna eru meginmarkmiðin með kennslu náttúrufræða í grunnskóla að nemendur þroski með sér virðingu og samkennd með lífi, náttúru og umhverfi, fái tækifæri til að njóta útiveru, skynja náttúrufegurð og taka afstöðu til náttúruverndarmála. Nemendur læri að afla sér þekkingar á náttúrunni, bæði með beinni reynslu og með hjálp gagna, viðhaldi áhuga sínum á að fræðast um náttúruvísindi og tækni og þjálfist í að beita tækjum við mælingar og athafnir.“ — Svo segir hér neðar: „Skólabúðir í Mývatnssveit gætu því orðið heilsárs skólabúðir í framtíðinni þar sem sumartíminn yrði nýttur fyrir erlenda skóla, svo sem framhaldsskóla og háskóla.“

Þess má geta að einmitt á þessum degi var verið að stofna hlutafélag um norræna skólasetrið sem meiningin er að verði reist á Vesturlandi, nánar tiltekið í Hvalfirðinum. Mér er kunnugt um að fram hafa farið fram umræður um það á milli þeirra aðila sem þar ætla sér að fara af stað og einstaklinga í Mývatnssveit að þarna geti hugsanlega tekist samstarf.

Þetta er því í sjálfu sér ódýrt mál, vil ég leyfa mér að segja, hæstv. forseti, en gæti skipt verulega miklu fyrir það sveitarfélag sem um ræðir og er Skútustaðahreppur.

Ég veit ekki hvort ég á að fara út í það að tala um háskólamenntun í listgreinum. Á síðasta þingi var lögð fram fyrirspurn um það efni þar sem kom fram að ráðherra væri að vinna að þeim málum en treysti sér ekki til þess að svara hvenær háskólamenntun í listgreinum hæfist hér á landi. Það er eitt af þeim málum sem eru áhugaverð og hlýtur að koma en spurningin er hvenær.

Að síðustu, hæstv. forseti, langar mig til að koma örlítið inn á íþróttamálin. Samkvæmt frv. og brtt. frá fjárln. er meiningin að skera niður framlag, bæði til Ungmennafélags Íslands og til Íþróttasambands Íslands. Ekki veit ég um skýringar á því hvers vegna þetta er gert, en mér finnst það rangt því það er enginn vafi á því að gífurlegt forvarnastarf fer fram innan þessara samtaka og með íþróttaiðkun og æskulýðsstarfi yfirleitt. Það er vísindalega sannað að svo er og væri hægt að lesa upp niðurstöður úr merkum könnunum sem leiða allar það sama í ljós, bæði þær sem hafa verið gerðar hér á landi og ekki síður erlendis, þar hefur þetta mál verið miklu meira skoðað, að eftir því sem unglingar stunda meira íþróttir þeim mun minna drekka þeir og reykja. Svo einfalt er það mál. Það hefur verið uppi einhvers konar misskilningur, bæði á hv. Alþingi og víðar, þess efnis að það séu svo miklir fjármunir sem t.d. Ungmennafélagið sé farið að fá í gegnum lottóið að ástæðulaust sé að veita svo miklu fjármagni á fjárlögum og gert hefur verið. Ég er hér með tölur frá Ungmennafélagi Íslands sem sýna ef við tökum árið 1985 að þá voru heildartekjur tæplega 18 millj. og þar af liðlega 6 millj. frá Getraunum. Þetta er áður en lottóið byrjar en þá eru tekjurnar þetta miklar frá Getraunum. Á síðasta ári, 1991, eru heildartekjur 16,5 millj., næstum því 1,5 millj. minna. Þá eru mjög litlar tekjur af Getraunum en aftur á móti komnar tekjur af lottói sem eru minni en tekjurnar voru af Getraunum. Það er því rangt að Ungmennafélag Íslands hafi úr miklu meira að spila nú en var áður. Sannleikurinn er sá að það er minna.

Þarna hefur farið fram hagræðing mikil og aðhald verið í heiðri haft. Mannahald hefur t.d. ekki breyst sl. tíu ár en sannleikurinn er bara sá að Ungmennafélag Íslands þarf á þeim fjármunum að halda sem samtökin fengu á þessu ári, enda fara þeir fram á sömu upphæð, auk þess sem þeir fara fram á 2 millj. vegna kaupa á þjónustumiðstöð og gistiaðstöðu. Þessi gistiaðstaða, sem Ungmennafélagið rekur, er mjög merkilegt fyrirbæri því þar gista endurgjaldslaust þeir keppendur og þeir unglingar sem koma til borgarinnar til þess að keppa.

Það er því mjög ámælisvert að hæstv. ríkisstjórn skuli ætla að skerað fjárveitingu til Ungmennafélagsins og sama má segja um ÍSÍ. ÍSÍ hefur miklar tekjur af lottói, það er alveg óhætt að segja það, en 96% þeirra tekna er ráðstafað til hreyfingarinnar, þ.e. til sérsambanda, íþróttabandalaga og héraðssambanda og þess háttar. Sjálfar höfuðstöðvarnar hafa því innan við 5 millj. af því fjármagni til rekstrar á sinni skrifstofu. ÍSÍ er skorið meira niður en Ungmennafélagið eða um 2,6 millj. kr. ef borið er saman við fjárveitingar á þessu ári.

Þess má geta að það kostar um 2,4 milljarða að reka íþróttahreyfinguna en beint fjárframlag til ÍSÍ, miðað við þessar tölur, nemur því aðeins rúmlega 1% af heildarrekstrarkostnaði. Fyrr má nú vera að geta ekki staðið við það að hafa að minnsta kosti óbreytta tölu frá því í ár.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja mál mitt frekar. Það hefði verið ástæða til þess að koma inn á ýmis fleiri mál, svo sem menningarmál sem ekki eru öll í góðu lagi samkvæmt þessu frv. eins og það liggur fyrir nú. Hæstv. ráðherra hefur líka lið út af fyrir sig til þess að deila út fjármagni og ég vona að því verði vel varið. Ég veit t.d. um samtök á Norðurlandi sem heita Menor sem hafa sótt um fjárveitingu og hafa fengið fjárveitingar frá Alþingi. Nú get ég ekki séð að þeim sé ætlað fjármagn á sérstökum lið í fjárlögum og býst

ég við að hæstv. ráðherra muni útdeila af þeim 19 millj. sem hann hefur t.d. til þeirra samtaka.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Til mín hefur verið beint nokkrum fyrirspurnum og í ræðu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur voru nokkur atriði sem ég vil gjarnan koma að.

Þingmaðurinn spurði hvað hefði tekist að fækka um margar bekkjadeildir vegna breyttra laga í bandorminum svokallaða. Ég hef því miður ekki við höndina upplýsingar um það um hversu margar bekkjadeildir fækkaði. Þær voru ekki margar. Niðurskurðurinn í grunnskólakerfinu kom fyrst og fremst niður á launaliðnum að sjálfsögðu, vegna þess að það er auðvitað aðalþátturinn sem ríkið greiðir í kostnaðinum við grunnskólana. Það jafngilti u.þ.b. 120 stöðugildum, en stöðugildum mun hafa fækkað um u.þ.b. 70 á milli ára, þannig að þessi lækkun á útgjöldum til grunnskólanna kemur fyrst og fremst niður á lækkuðum launum til kennara, eins og vitað var fyrir.

Hv. þm. spurði hvenær endurskoðunarnefndin, nefndin sem vinnur að endurskoðun grunnskóla- og framhaldsskólalöggjafar, mundi skila. Ég hafði í fyrirspurn á síðasta þingi svarað því til að það yrði 1. september. Það er rétt. Ég svaraði því þannig, en samkvæmt beiðni nefndarinnar framlengdi ég hennar starfstíma til loka marsmánaðar þannig að ég geri ráð fyrir að við það tímamark verði staðið. Ég mun fá í hendur áfangaskýrslu, ég hef að vísu fengið drög að áfangaskýrslu en mun fá hana í lokagerð á allra næstu dögum, um hluta af því stóra viðfangsefni sem nefndin hefur með höndum.

Ég er alveg sammála hv. þm. að það sé brýnt og kannski brýnasta verkefnið að búa betur að grunnskólanum en gert hefur verið. Ég er hins vegar ekki sammála þingmanninum um að það sé grátbroslegt, eins og þingmaðurinn orðaði það, að hefja endurskoðun grunnskólalaganna eins og ég lét gera fyrr á þessu ári. Ég veit að sú endurskoðun var nauðsynleg vegna þess að skólalöggjöf okkar er ekki í lagi. Þó hún sé ný er hún ekki í lagi. Ég held að það sé vaxandi skilningur á því meðal almennings og líka meðal kennara að það hafi verið full þörf á að hefja þessa endurskoðun.

Það er rétt eftir mér haft að ég hafi sagt á fundi á Akureyri á sl. vetri að þessi niðurskurður í skólakerfinu, þ.e. frestun á ákvæðum grunnskólalaga um fjölda í bekkjardeildum og vikulegan kennslutíma, stæði aðeins í eitt ár. Því svaraði ég svo vegna þess að það segja lögin. Ákvæðin í bandorminum svokallaða gilda aðeins til næstu áramóta. Nú er alveg ljóst að við þurfum að framlengja þessa frestun, ef svo má segja, og þess vegna hef ég flutt frv. sem dreift var á hv. Alþingi í dag og kveður á um áframhaldandi frestun þessara tilteknu ákvæða í grunnskólalögum út þetta skólaár og hið næsta.

Hv. þm. kom síðan að álagningu skólagjalda og taldi að brotið væri blað í íslenskri skólasögu ef þessi fyrirætlan næði fram að ganga og bætti því reyndar við að fyrir þessu væri engin lagastoð. Það er rangt hjá hv. þm. Það eru ákvæði í framhaldsskólalöggjöfinni sem heimila innheimtu skólagjalda og þess vegna er það einmitt að skólagjöld hafa verið innheimt á undanförnum árum í flestum ef ekki öllum framhaldsskólunum. Það sem verið er að gera með þessum ákvæðum í fjárlagafrv. þar sem getið er beint um að 3.000 kr. séu teknar af hverjum nemanda hvers skóla er ekkert annað en að það er verið að taka inn í fjárlögin það sem raunverulega er gert. Ég er með alveg nýjar upplýsingar um innheimtu skólagjalda á þessu skólaári um hvern einasta framhaldsskóla í landinu. Ég held að það séu aðeins fimm skólar þar sem innheimt er lægri upphæð en 3.000 kr. á nemanda. Þá er ég að tala um skólasjóðina en ekki það sem innheimt er til nemendafélaganna sem eru í mörgum tilvikum miklu hærri upphæðir. Þetta hefur verið gert án afskipta ráðuneytisins. Þeir skólar sem innheimta lægri upphæð en 3.000 kr. í skólasjóðina, þ.e. til skólanna sjálfra og ég tek það skýrt fram að ég efast ekkert um að þessum fjármunum er varið til hinna nauðsynlegustu hluta, eru Menntaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn á Laugarvatni, Menntaskólinn við Sund, Flensborgarskóli og Framhaldsskólinn á Húsavík. Fleiri eru þeir ekki. Hinir innheimta allir hærri upphæðir en 3.000 kr. Ég held að hæsta upphæðin sé 6.500 kr. (**SvG:** Og Verslunarskólinn?) Verslunarskólinn er náttúrlega alveg sér á parti með 35.500 kr. Iðnskólann tel ég ekki heldur þarna með vegna þess að þar gegnir sérstöku máli. Þar eru innheimtar 12.700 kr. Fyrir utan þetta innheimta margir skólar eðlilega efnisgjöld og fleira sem geta numið allt að 40.000 kr.

Ég hef ekkert orðið var við að að þessu væri fundið. Ég minnist þess ekki. Ég minnist engrar umræðu um að þarna væri verið að brjóta blað í íslenskri skólasögu með því að innheimta þessi gjöld í hinum ýmsu skólum. Ég man aldrei eftir því að hafa heyrt það. En um leið og á að setja þetta inn í fjárlög fara menn að ókyrrast. (**Gripið fram í:** Þá er brotið blað.) Þá er brotið blað, já. En það er ekki brotið blað þegar þessi innheimta á sér stað án afskipta ráðuneytisins og án þess að það komi fram í fjárlögum. Þá er ekki brotið blað. Þá er allt í lagi. Þá er allt í lagi að innheimta og það miklu hærri fjárhæðir en gert er ráð fyrir í fjárlögum.

Hvaða munur er á þessu? Ég spyr hv. þm.: Hvaða munur er á því að skólarnir innheimti svo og svo háar fjárhæðir án afskipta ráðuneytisins eða því að ráðuneytið leggi til að í fjárlögum komi beinlínis fram að þessi fjárhæð sé færð til bókar? Ég óska eftir svari.

Þá talaði hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir um nýja skóla sem nú er veitt fjármagn til, að vísu ekki í fyrsta skiptið. Á fjárlögum ársins 1992 er framlag bæði til nýs skóla í Reykjavík og nýs skóla í Garðabæ en það eru hærri fjárhæðir núna. 55 millj. til skóla sem hv. þm. kallaði bílgreinaskóla og virtist ekki vita hvers konar skóli það væri. Að vísu er þetta enginn bílgreinaskóli. Þetta er nýr framhaldsskóli sem ætlunin er að reisa í samvinnu tveggja sveitarfélaga og ríkisins, þ.e. Reykjavíkurborgar, Mosfellsbæjar og ríkisins. Þessi skóli hefur verið lengi í undirbúningi og er fyrst og fremst verkmenntaskóli. En það er rétt að Bíl-

greinasambandið hefur sýnt alveg sérstakan áhuga á byggingu þessa skóla og hefur heitið að styðja það að þessi skóli komist í gagnið sem allra fyrst, m.a. með því að leggja til hans verðmæt kennslutæki.

Vegna þess sem komið hefur fram nýlega frá Skólameistarafélaginu um það hversu margir nemendur utan af landsbyggðinni stunda nám í Reykjavík þá segir það okkur ekkert annað en það að hér eru vandamálin einmitt mest. Hingað sækir ótrúlega mikill fjöldi nemenda utan af landsbyggðinni. Ég bið menn um að athuga það í einlægni að það er ekki eingöngu vegna þess að ekki sé nægilegt húsrými út í hinum einstöku landshlutum. Það er fleira sem kemur þarna til. Ýmsir hagir nemenda kunna þarna að ráða og hagir foreldra.

Ég hef gjarnan nefnt sem dæmi að mér er það mjög minnisstætt að ég var á fundi einmitt í kjördæmi hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur á sl. vetri þar sem rætt var um samstarf framhaldsskólanna í Þingeyjarsýslu, þ.e. framhaldsskólans á Húsavík og framhaldsskólans á Laugum þar sem allt hérað héraðið tekur þátt í uppbyggingu framhaldsskólanna. Þá kom einmitt fram að það kynni að vera nokkuð andstætt fyrir íbúa t.d. á Þórshöfn og Raufarhöfn að nemendur þaðan væru sérstaklega hvattir til að fara í skólana á Húsavík eða Laugum. Það kynni að vera heppilegra vegna t.d. ættingja sem væru í Reykjavík eða á Reykjavíkursvæðinu að þessir nemendur færu þangað. Það er nú einu sinni svo að við höfum ekki lagt neina átthagafjötra á þetta fólk. Það hefur fengið að velja og það held ég að við eigum að reyna að halda í þrátt fyrir þá þátttöku sem sveitarfélögin taka í uppbyggingu framhaldsskólanna.

Ég held að það sé af hinu góða að það sé ekki bundið við fræðsluhérað viðkomandi nemanda að hann verði að stunda námið þar. Við hljótum að reyna að leysa þetta með þessum hætti. Þess vegna er það sem þörfin fyrir nýja skóla er langmest einmitt á höfuðborgarsvæðinu. Og þess vegna er það sem gerð er tillaga um fjárframlag bæði til nýs skóla í Reykjavík og svo í Garðabæ.

Þá kom hv. þm. nokkuð að Háskóla Íslands og tók þar undir sönginn sem menn hafa heyrt að undanförnu um að nánast verið sé að eyðileggja háskólann með þeim gífurlega niðurskurði sem á að hafa átt sér stað. Hver er þessi niðurskurður? Vita menn það? Ég held að menn viti það bara ekki. Ef við berum saman fjárframlög til Háskóla Íslands samkvæmt ríkisreikningi 1991 og frv. 1993, sem er held ég ekki svo rangt að bera saman, þá hefur háskólinn fleiri krónur nú samkvæmt frv. en hann hefur nokkru sinni haft. Hvað er það sem hefur gerst sem veldur þessum óskaplegu áhyggjum hjá háskólafólki? Hvað hefur gerst? Ég veit það ekki. Ég hef hvatt til að það verði beinlínis kannað. Hafa verið gerðar svona miklu meiri kröfur til Háskóla Íslands allt í einu núna að hann getur ekki sinnt þeim með fleiri krónum en hann hafði 1991? Hefur starfsmannafjöldi háskólans aukist svona mikið? Og ef svo er, þá hvers vegna? Hefur nemendafjöldi aukist? Nei, það er nú aldeilis ekki. Ég hef aldeilis fengið gagnrýnina fyrir aðgerðirnar. (**Gripið fram í:** Það er búið að fækka þeim.) Já, akkúrat. Þeim hefur fækkað. En það sem ég ekki skil, og lái mér hver sem vill, ég skil vel að það sé beðið um hærri fjárhæðir til skóla þar sem nemendum fjölgar, en ég get ekki skilið hvers vegna þarf svo líka meiri fjárframlög þegar nemendum fækkar. Lái mér hver sem vill. Ég næ ekki upp í þetta. (**Gripið fram í:** Þú verður að hætta ef þú skilur þetta ekki.) Já, en ég bíð eftir skýringum frá þeim sem kallaði fram í fyrst hann er svona miklu gleggri en ég.

Hv. þm. gerði hér að nokkru umræðuefni tillögu um prófessorsembætti í fiskifræði. Sú tillaga er komin frá fjárln. Hún kom ekki frá mér. En ég fagna því ef Alþingi samþykkir fjárframlag til prófessorsembættis í fiskifræði. Ég held að það sé mjög af hinu góða að stofna til slíks embættis og ég held að það trufli ekki á nokkurn hátt það merkilega starf sem fram fer í sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri. Ég held að það geri það ekki. Þar hefur komist á mjög gott samstarf milli háskólans og Hafrannsóknastofnunar og sjútvrn. og því samstarfi verður áreiðanlega haldið áfram.

Frá því hefur verið greint í dag að ég hafi tekið ákvörðun um stofnun kennaradeildar við Háskólann á Akureyri. Það er gert í trausti þess að fjárln. taki til jákvæðrar afgreiðslu tillögu mína um 5 millj. kr. framlag til viðbótar við Háskólann á Akureyri á fjárlögum 1993 til að kennaradeildin geti tekið til starfa á næsta hausti 1993. Þessi upphæð mætti vafalaust vera hærri en Háskólinn á Akureyri telur að þetta muni duga til þess að deildin taki til starfa. Ég efast ekkert um að við þessa tillögu verður góður stuðningur á hv. Alþingi. Ég minnist þess þegar við vorum að samþykkja ný lög fyrir Háskólann á Akureyri á síðasta þingi að þá lýstu mjög margir þingmenn stuðningi sínum við að kennaradeild yrði þar stofnuð. Ég met þann stuðning mikils.

Hv. þm. minntist líka á lánasjóðinn og skildi ekki þann málflutning okkar að rúmur helmingur námsaðstoðarinnar væri styrkur. Ég veit ekki hvernig ég á að skýra það. Það eru 54% af námsaðstoðinni sem kemur beint sem framlag ríkisins til þessarar námsaðstoðar. Það er bara staðreynd. Svona einfalt er það. Ef þingmaðurinn skilur það ekki þá veit ég ekki hvernig ég á að fara að því að koma henni í skilning um þetta. Ég bara kann ekki aðferðina. Þetta er bara svona. Þetta hlutfall var hærra. Það er alveg rétt. Það var það. Það var um 65%, ef ég man rétt, en með breyttum lögum er þetta hlutfall komið niður í 55%. Það er svo. Það mega menn gagnrýna og gera. Ég veit það vel.

Íslenska menntanetið höfum við stutt og ég veit að það er góður stuðningur við að efla það kerfi. Flestir skólar hafa tengst því og menntmrn. sjálft og þar er um mjög gott mál að ræða.

Um skólabúðirnar í Mývatnssveit skal ég ekki hafa mörg orð. Ég veit að þarna er um mjög gott mál að ræða. En ég treysti mér ekki til að leggja til við undirbúning tillagna menntmrn. til fjárlaga að framlag verði veitt til þeirra. Við heimiluðum starfrækslu þeirra, eins og hv. þm. rakti, en ég hafði því miður

ekki svigrúm til þess að leggja til að til þeirra yrði veitt ákveðið framlag. Það eru reknar einar skólabúðir nú eins og hv. þm. er vafalaust kunnugt, á Reykjum í Hrútafirði og langur biðlisti eftir að komast þangað. Ráðuneytið hefur haft uppi ráðagerðir um að fjölga slíkum skólabúðum og það mál er enn í athugun.

Um háskólanám í listgreinum vil ég aðeins segja það að ég er núna að ganga frá skipan nefndar sem mun hefja störf á allra næstu dögum til að fara í gegnum það mikla efni sem til er um háskólanám í listgreinum.

Að lokum vegna þess að hv. þm. minntist á menningarsamtökin á Norðurlandi, Menor, þá held ég að ég geti fullyrt að þau verða styrkt af safnliðum menntmrn. eins og gert hefur verið.

Ég vil svo aðeins vegna orða hv. þm. um íþróttamálin og niðurskurð í þeim greinum, það er verið að færa saman á safnliðum, eins og menn sjá ef borið er saman fjárlagafrv. og fjárlög yfirstandandi árs, og segir ekki endilega að verið sé að skera niður eða þurrka út einstaka fjárlagaliði sem áður voru í fjárlögunum sjálfum.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins í sambandi við skólagjöldin í framhaldsskólum. Ég hef skilið það svo að ætlunin væri og gert ráð fyrir því í frv. að innheimta til almenns rekstrar skóla 3 þús. kr. af hverjum nemanda. Ég hygg að þessi heildarinnheimta sé vafalaust eitthvað misjöfn eftir skólum en hér mun vera um að ræða 3 þús. kr. af hverjum nemanda til almenns rekstrar. Ég er sammála hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur um að það að innheimta peninga af nemendum til almenns rekstrar eru ný tíðindi og kaflaskil. Það er brotið í blað eins og hv. þm. sagði. Ég er auk þess þeirrar skoðunar, hæstv. forseti, að það sé í raun og veru ekki í samræmi við gildandi lög að innheimta skólagjöld með þessum hætti því að í lögum um framhaldsskóla segir að ríkið borgi rekstrarkostnað framhaldsskóla, laun og annan slíkan fastan kostnað, ef ég man orðalagið rétt.

Ég tel að með þessari tillögu í fjárlagafrv. sé þess vegna gengið á svig við lögin í fyrsta lagi. Í öðru lagi tel ég að tillagan í fjárlagafrv. brjóti í bága við niðurstöður síðasta Alþingis og Alþfl. alveg sérstaklega vegna þess að Alþfl. beitti sér fyrir því, ef ég man rétt, milli 2. og 3. umr. í fyrra að skólagjöld færu út af framhaldsskólunum og hv. þm. Össur Skarphéðinsson hrósaði sér af því afreki að hafa losað framhaldsskólanema við þessi skólagjöld þá. Nú er farið bakdyramegin að hlutunum. Hér leggur hæstv. ráðherra til að skólagjöld verði innheimt. Ég tel það ekki standast lög og ég tel að með þessu sé Alþfl. að ganga á svig við þau fyrirheit sem hv. formaður þingflokks Alþfl. lét frá sér fara á síðasta þingi og hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson.

Það er þess vegna alveg nauðsynlegt að þingmenn Alþfl. geri grein fyrir því síðar í þessum umræðum hvernig stendur á því að þeir eru núna að flytja tillögur um skólagjöld í framhaldsskólum en það er það sem verið er að gera. Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því hvort það er ekki rétt skilið hjá mér, eru þetta ekki 3 þús. kr. af hverjum nemanda sem eiga að ganga til almenns rekstrar?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Okkur greinir einfaldlega á um það hvort þetta sé í samræmi við gildandi lög. Ég tel þetta vera í fullu samræmi við gildandi lög. Ég hef það því miður ekki hjá mér, en við létum athuga það sérstaklega í fyrra og höfum lögfræðilegt álit frá fleiri en einum og fleiri en tveimur lögmönnum um lögmæti þess að leggja á skólagjöld. Það er ótvírætt heimild í lögum um framhaldsskóla. Menn eiga ekki að þurfa að deila um það. Og menn eiga heldur ekki að þurfa að deila um að þessi skólagjöld verða ekki notuð til þess að greiða kennaralaun. Það verður ekki gert. Það er alveg ... (**GunnS:** Þetta eru ekki skólagjöld.) Nei, menn hafa misjöfn orð um hvað þetta heitir. Innritunargjöld, skólagjöld, efnisgjöld, ýmislegt er þetta kallað og þetta er líka greint í lögunum. Hins vegar hefur aldrei verið sett reglugerð um innheimtu þessara gjalda sem lögin gera þó ráð fyrir að verði gert. Ég setti nefnd í það innan ráðuneytisins á sl. sumri að semja reglugerð um innheimtu þessara gjalda og ekki bara þessara heldur líka þeirra gjalda sem renna í nemendasjóðina. Það er full þörf á því vegna þess að þar er um að ræða tugi milljóna. Tugir milljóna króna eru innheimtar í framhaldsskólakerfinu til nemendasjóðanna. Það hefur alls enginn neitt eftirlit með því. Þetta mál er því í sérstakri athugun.

Þá er það rangt hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að sú tillaga sem um getur í frv. brjóti í bága við niðurstöðu Alþingis í fyrra. Hún kom aldrei til atkvæða. Tillagan var dregin til baka.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra, viðulegi forseti, að tillagan var dregin til baka í fyrra þannig að það varð pólitísk niðurstaða af málinu þó að það kæmi ekki til atkvæða. Það er auðvitað augljóst mál að Alþfl. hefur í þessu máli skipt um skoðun. Hann hefur núna samþykkt að leggja skólagjöld á nemendur í framhaldsskólum sem nema 3 þús. kr. á hvern nemanda. Það sem stendur í framhaldsskólalögunum um þetta mál er þetta, virðulegi forseti, í 32. gr.:

„Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað framhaldsskóla. Hver skóli er sjálfstæð rekstrareining og hefur sérstaka fjárveitingu á fjárlögum.

Ríkissjóður greiðir allan launakostnað við kennslu sem fram fer og skipulögð er í samræmi við áætlun sem samþykkt er af menntmrn.

Auk kostnaðar við kennslu greiðir ríkissjóður launakostnað við stjórnun, námsráðgjöf, störf í skólasafni, á skrifstofu, félagsstörf, eftirlit og umsjón með heimavistum og eignum skóla og annarra þeirra starfa er nauðsynleg teljast vera.

Ríkissjóður greiðir enn fremur laun prófdómara á

lokaprófi og þann launakostnað er stafar af lækkun kennsluskyldu samkvæmt ákvörðun menntmrn. og annan þann kostnað er leiðir af kjarasamningum.

Auk launakostnaðar greiðir ríkissjóður annan rekstrarkostnað af starfsemi skólans, viðhaldi húsa og tækja að frátalinni kostnaðarþátttöku nemenda, sbr. 33. gr." Þar er um að ræða heimavistarkostnað sem sérstaklega er greindur. Mín skoðun er því sú að það sé lögbrot að taka skólagjöld af nemendum í almennan rekstur. Það stangist á við framhaldsskólalögin.

Það var fallið frá þessu í fyrra sem betur fer en núna verður auðvitað að láta á þetta reyna, ekki aðeins með atkvæðagreiðslum hér heldur einnig með pólitískum viðræðum við Alþfl. alveg sérstaklega. Þess verður freistað við þessa umræðu og 3. umr. þessa máls.

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þar sem það kom fram í máli hæstv. ráðherra að það hafi verið og sé full þörf á að endurskoða þau grunnskólalög sem sett voru í tíð síðustu ríkisstjórnar væri forvitnilegt að fá að heyra hvað það er sérstaklega í þeim lögum sem hæstv. núv. menntmrh. getur ekki fellt sig við. Er það einsetinn skóli, er það lengri skóladagur, er það það að nemendur eigi kost á skólamáltíðum eða hvað? Hvað er það sem er svona sérstaklega slæmt við þau lög sem náðist svo mikil samstaða um hér fyrir þremur árum síðan eða þar um bil?

Það er deilt um lánasjóðinn eins og vanalega, hversu mikill hluti lánanna er styrkur. Ég lít þannig á að ef hver nemandi er tekinn fyrir og farið yfir hans dæmi alveg frá upphafi til enda, við skulum segja nemandi sem endurgreiðir lánið að fullu, þá fáist ekki út sú niðurstaða að meira en helmingur af því sem nemandinn fékk að láni sé styrkur. Það er svo margt fleira sem kemur inn í þegar hæstv. ráðherra tekur heildardæmið og segir: Vegna þess að það þarf 54% framlag úr ríkissjóði þá er 54% styrkur. Mér finnst það ósanngjarnt vegna þeirra nemenda sem greiða öll sín lán til baka á þeim kjörum sem eru í gildi hverju sinni að dæmið sé sett fram á þennan hátt.

Vegna umræðna um skólana sem verið er að byggja í Reykjavík og á Reykjavíkursvæðinu skal ég fullyrða að við Menntaskólann á Akureyri, þar sem alltaf er mikil aðsókn enda er skólinn virtur, hæstv. ráðherra þekkir það vel, væri hægt að fá fleiri nemendur, jafnvel svo hundruðum skiptir ef það væri aðstaða og stærri heimavist í skólanum.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. spurði hvað það væri í gildandi grunnskólalögum sem ég get ekki fellt mig við og spurði sérstaklega hvort það væri ákvæðið um einsetinn skóla, skólamáltíðir og fleira í þeim dúr. Þetta var ekki spurning sem sett var fram af mikilli sanngirni eða velvilja. Ég hef marglýst því yfir að mörg og kannski flest af þeim markmiðum sem eru í gildandi grunnskólalögum eigi auðvitað að halda og sérstaklega þau sem hv. þm. spurði um. Ég er ekki að láta endurskoða löggjöfina til að fella brott einmitt þessi ákvæði, alls ekki. En það sem hefur knúið til þess að endurskoða löggjöfina snertir þessi akvæði m.a. Þau voru sett og lagðar þær skyldur á sveitarfélögin án þess að séð væri fyrir tekjustofnum til þeirra svo ég nefni það dæmi. Ég trúi ekki að það hafi farið fram hjá hv. þm. eða neinum að framhaldsskólinn kvartar undan því að fá heldur slakari nemendur en hann fékk áður. Háskólinn kvartar undan því að fá slakari nemendur úr framhaldsskólakerfinu. Efast menn um þetta? Þegar svona er fullyrt dugar það mér til að setja slíka endurskoðun af stað sem ég hef gert.

Enn um lánasjóðinn. Mér tókst náttúrlega ekki enda lagði ég mig ekki sérstaklega fram um að reyna að skýra fyrir hv. þm. í hverju þessi námsaðstoð er fólgin. Nú er ræðutíminn búinn og ég ætla bara að segja að þegar lán er afborgunarlaust þar til tiltekinn árafjöldi er liðinn frá lokum náms er það ákveðin bein námsaðstoð. Þegar lán er með 1% vöxtum er það líka beint framlag frá ríkinu. Það er það sem ég á við og það er þetta sem gerir 54%.

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki einkennilegt að kvartað sé yfir að nemendur komi ekki nógu vel undirbúnir úr grunnskólanum vegna þess að þessi lög sem sett voru fyrir þremur árum voru ekki komin til framkvæmda. Forsenda þess að grunnskóli sé góður og standist kröfur er að skóladagur sé lengri, skóli sé einsetinn og margt fleira. Síðan get ég verið sammála hæstv. ráðherra um að framhaldsskólinn er heldur ekki óaðfinnanlegur. Þar þarf líka að taka á málum, t.d. með því að koma á styttri námsbrautum sem veiti þó réttindi til ákveðinna starfa.

Ég ætla svo sannarlega ekki að halda því fram að engin bein námsaðstoð sé við námsmenn. Auðvitað er það og þannig á það líka að vera. En að hún sé í þeim mæli sem hæstv. ráðherra er alltaf að halda fram, því er ég bara ekki sammála. Það hafa verið of mikil afföll og það er eitt af því sem var að þessu gamla kerfi sem var lagt niður í fyrra. Þegar þeim afföllum er svo deilt út á nemendur sem standa sig og greiða til baka, þá er eflaust hægt að fá út einhverjar tortryggilegar tölur. En ég sætti mig ekki við þessa framsetningu hæstv. ráðherra.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði hugsað mér að fara yfir þær brtt. sem ég flyt ásamt nokkrum öðrum þingmönnum Alþb. við 2. umr. fjárlaga og ætlaði kannski að ræða auk þess um þau mál sem fram hafa komið í umræðunni nú að undanförnu. Án þess að ég hefði hugsað mér það áður en þessi lota hófst finnst mér að ég komist eiginlega ekki hjá því að fara aðeins yfir þau. Síðan ætlaði ég að ræða svolítið við hæstv. heilbrrh. um þá þætti sem að honum snúa, einkum rekstur sjúkrahúsa. Ég vil nota tækifærið og þakka báðum hæstv. ráðherrunum fyrir að vera viðstaddir þessa fjárlagaumræðu.

Það er fyrst rétt að víkja að því sem fram hefur komið síðustu mínúturnar varðandi skóla- og menntamálin. Það sem ég ætla að nefna fyrst áður en ég kem að þessum sérstöku tillögum okkar alþýðubandalagsmanna er að ég gerði það upp við mig að það væru nokkur svið þar sem ég vildi sjá til hvað kæmi frá fjárln. og ríkisstjórn við afgreiðslu málsins við 2. umr. Þess vegna kaus ég að flytja ekki brtt. við 2. umr. við þá þætti en áskil mér rétt til þess að flytja brtt. við 3. umr. Þeir eru eftirfarandi:

1. Framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna.
2. Menningarstarfsemi, m.a. áhugaleikfélög, Bandalag ísl. leikfélaga og atvinnuleikhóparnir.
3. Námsgagnastofnun.

Ég tók eftir því varðandi Námsgagnastofnun að á einhverju stigi málsins heyrði ég því fleygt að ætlunin væri að hækka aðeins framlagið til Námsgagnastofnunar, mig minnir um 10–15 millj kr., ég man ekki töluna nákvæmlega og auðvitað gladdist ég yfir því. Ég sá síðan að ætlunin er að nota þá peninga til að endurgreiða eða tryggja það að Námsgagnastofnun slyppi skaðlaus frá bókaskattinum, þeim sérstaka menningarskatti sem ætlunin er að leggja á á árinu 1993, og hefði auðvitað þurft að ræða ítarlega við þessa fjárlagaumræðu að núna er ætlunin að taka upp að nýju skatta á bækur hér. Ég vil samt láta það koma fram áður en ég vík að þessum einstöku brtt. að ég mun við 3. umr. málsins íhuga að flytja brtt. sérstaklega við þessa þætti frv.

Ég vil síðan víkja lauslega að því sem fram hefur komið síðustu mínúturnar og þá kannski fyrst þessu með framhaldsskólann. Ég vil segja, virðulegi forseti, að ég held að það sé óhjákvæmilegt að mennn geri sér grein fyrir því að hér er tvímælalaust teflt á tæpasta vað í sambandi við það hvort það er löglegt að taka skólagjöld í rekstur framhaldsskólanna eins og verið er að gera. Ég er þeirrar skoðunar að það sé ólöglegt. Ég hef skrifað um það nokkuð ítarlegar greinar sem birtust í blöðum sumarið 1991. Upp úr þeim hugmyndum og skrifum urðu miklar pólitískar deilur um málið og Alþfl. ákveða að beita sér gegn skólagjöldum í framhaldsskólum. Niðurstaðan varð sú að stjórnarandstaðan eða Alþfl., ef menn vilja orða það þannig, hafði sitt fram í málinu þannig að það voru ekki lögð á skólagjöld í framhaldsskólum samkvæmt fjárlögum ársins 1992.

Nú er verið að smygla skólagjöldum inn með dálítið óheiðarlegum hætti. Það er farið bakdyramegin að þessum hlutum. Það er ekki fyrr en maður fær yfirlit frá ráðuneytinu sem heitir Sértekjur framhaldsskóla að maður áttar sig á því hvað hér er á ferðinni. Auðvitað er það svo að um langt árabil hafa verið innheimt skólagjöld eða einhvers konar gjöld í framhaldsskólum. Hæstv. ráðherra rakti mörg dæmi um það. Hann nefndi tölu í einhverju tilviki sem var milli 40–50 þús. kr. minnir mig. Ég ímynda mér að það sé, ef ég man þetta rétt, matvælabraut Verkmenntaskólans á Akureyri. Mig minnir að hún hafi skagað upp úr öllu vegna þess að þar eru menn að taka það sem kallað er efnisgjald. Í þessu minnisblaði menntmrn. sem var lagt fyrir fjárln. segir að það séu um 200 millj. kr. sem eru teknar í alls konar gjöld af þessu tagi. Kennslugjöld, hlutur nemenda í öldungadeildum og meistaraskólum, eru þar af 55 millj. kr. og það dettur engum í hug að hrófla neitt við því. Það eru engar tillögur um það.

Í öðru lagi eru svokölluð efnisgjöld eins og í iðnskólunum og í Verkmenntaskólanum á Akureyri og víðar. Það eru um 45 millj. Þetta eru um 100 millj. Síðan kemur til viðbótar t.d. heimavistargjöld, um 20 millj., mötuneytisgjöld koma þarna við sögu líka, ýmis akstursgjöld og jafnvel leigutekjur eru menn að taka inn í þessa „púllíu" sem hluta af sértekjum framhaldsskólanna. Nú ætla ég ekki að gera lítið úr því að það er eðlilegt að reyna að taka utan um þessa hluti. Mér dettur auðvitað ekki í hug að gagnrýna ráðuneytið fyrir það. Auðvitað á ráðuneytið að hafa yfirlit yfir þessi mál, drottinn minn dýri. Hins vegar tel ég að ráðuneytið eigi ekki að skipta sér af félagsgjöldum skólafélaga. Ég tel að skólafélögin séu sjálfstæð félög sem hafi sín lög og reglur og það að skipta sér af félagsgjöldum skólafélaganna sé rétt eins og að skipta sér af félagsgjöldum verkalýðsfélaganna, kvenfélaganna eða yfirleitt annarra félaga í landinu. Ráðuneytinu kemur það ekkert við. Það er fyrir utan starfssvið ráðuneytisins. Síðan koma í frv., samkvæmt greinargerð menntmrn., 50 millj. kr., 3.000 kr. á nemanda sem eru tekin í skólagjöld í framhaldsskólakerfið.

Nú er manni auðvitað nokkur vandi á höndum í sambandi við mál af þessu tagi. Ég segi það eins og er að ég veit ekki hvernig á að snúa sér. Ég er nokkuð sannfærður um að þetta stenst ekki lög. Ég las rækilega umræðurnar sem fóru fram 1988 um framhaldsskólalögin sem voru sett áður en ég kom í menntmrn. Ég las rækilega t.d. ræðu þáv. hæstv. menntmrh. Birgis Ísl. Gunnarssonar. Ég las greinargerðina með frv. Ég las nefndarálitið. Ég sá engin rök fyrir því að það mætti taka skólagjöld í almennan rekstur í framhaldsskólum. En hvað á maður að gera? Ráðherrann heldur þessu fram og auðvitað getur Alþingi gert vilja hans að lögum. En það dugir ekki að setja það inn í fjárlög. Það verður þá að breyta efnislögunum sem þarna eru framhaldsskólalögin. Ég tel óhjákvæmilegt að það yrði kannað, ef þessi gjöld verða lögð á upp á 3.000 kr. á nemanda í framhaldsskólum, hvort ekki væri hugsanlegt og óhjákvæmilegt að stefna málinu til meðferðar í réttarkerfinu til þess að kanna það hvort þetta stenst lög. Allt tekur það langan tíma. Þetta leiðir auðvitað hugann að því hvort hér þyrfti ekki að vera til einhver lagastofnun til að leita til eða föst laganefnd. Auðvitað getur slík stofnun eða nefnd aldrei tekið völdin af Alþingi. Sem betur fer erum við með það kerfi að Alþingi ræður þessum hlutum og það getur enginn tekið völdin af Alþingi í þessum efnum. Mér finnst að mér sé skylt sem alþingismanni að benda á þetta og beita mér jafnvel fyrir því þar sem ég hef getu til og vit að fólk mótmæli þessu og reyni að knýja ríkisstjórnina til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera þetta löglegt með því að breyta framhaldsskólalögunum. Málið liggur einmitt þannig, og þar stendur hnífurinn í kúnni, að ríkisstjórnin hefur ekki til þess

þingmeirihluta. Alþfl. hefur ekki viljað samþykkja breytingu á framhaldsskólalögum sem skapar möguleika til þess að leggja á skólagjöld. Þess vegna er þessu smyglað hér inn bakdyramegin inn í fjárlagafrv. Ég vil mótmæla því sem ekki heiðarlegum vinnubrögðum. Ég segi það alveg eins og er.

Þetta vildi ég segja um framhaldsskólana og gæti sagt margt um þá að öðru leyti, m.a. í sambandi við orðaskipti hæstv. ráðherra og hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur um framhaldsskólann og grunnskólann. Ég kunni ekki að meta það hvernig menn höguðu orðum sínum þar en ég kann ekki við að þreyta þingmenn á löngum umræðum um grundvallaratriði eða einstök stefnuatriði í skólamálum um hánótt. Ég ætla að láta það liggja.

Ég ætla hins vegar að víkja að öðru atriði sem fram kom í skoðanaskiptum hæstv. menntmrh. og hv. 3. þm. Norðurl. e. Það lýtur að Háskóla Íslands. Ég verð að játa að ég varð steinhissa á orðum ráðherrans í sambandi við Háskóla Íslands. Hæstv. ráðherra segist ekki skilja af hverju hlutirnir eru svona þar sem nemendum hafi fækkað og stöðum hafi ekki fjölgað o.s.frv. (Gripið fram í.) Ég ætla ekkert að gagnrýna ráðherrann fyrir það. Ráðherrar hafa auðvitað fulla heimild til þess að skilja ekki endilega alla hluti sem þeir eru að fást um. Það væri ósanngjarnt og beinlínis vitlaust að ætlast til að þeir kynnu skil á öllum þeim flóknu málum sem þeir eru að fjalla um. Má segja að það sé heiðarlegt af ráðherranum að segja þetta og það er þakkarvert.

En þá vil ég spyrja hann að því í framhaldi af þessu og það er það sem veldur undrun minni: Hvar er samstarfsnefnd menntmrn. og háskólans? Er hún ekki til? Er hún ekki að störfum og er hún ekki að reyna að svara svona spurningum? Ég hygg að það sé tvímælalaust að háskólinn er í verulegum vandræðum. Það er tvímælalaust þannig að háskólinn hefur frestað fjölda námskeiða. Það liggur fyrir að hann hefur skorið niður fjöldann allan af námskeiðum. Við vitum að hann hefur þrengt svo að t.d. dæmatímum í verkfræði- og raunvísindadeild að nemendur eru sjálfir að borga dæmatíma í verk- og raungreinum. Þeir eru sjálfir að skjóta saman fyrir dæmatímum. Ég get nefnt ótal mörg fleiri dæmi af slíku tagi sem sýna að háskólinn er bersýnilega upp við vegg að því er varðar fjármuni til kennslu og rannsókna.

Mér er ekki kunnugt um það að háskólinn sé að sóa og sólunda peningum í eitthvað annað. Ég kannast ekki við það. Þess vegna verð ég að segja eins og er að ég undrast þessa árás liggur mér við að segja á háskólann sem fram kom í máli hæstv. menntmrh. vegna þess að það er einu sinni skylda ráðherra, ekki einasta að skilja alla hluti heldur að reyna að skilja þá og reyna að fara í þá vinnu að setja sig inn í málin í smáatriðum. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Er þessi nefnd ekki til? Hefur hún ekki reynt að taka á málinu til þess að glæða skilning bæði ráðuneytisins og ráðherrans og ríkisstjórnarinnar annars vegar og svo háskólans hins vegar?

Hæstv. menntmrh. sagði að í ríkisreikningnum 1991 og frv. 1993 væru nokkurn veginn sömu tölur ef ég skildi hann rétt. Ég næ því ekki vegna þess að í ríkisreikningnum 1991 fékk háskólinn 1.610,5 millj. kr. Í frv. fær hann hins vegar 1.518,5 millj. kr. og síðan er bætt við í brtt. fjárln. — mig minnir að það séu nokkrir tugir millj. kr., ég þori ekki alveg að fara með það hvaða tala það er en það nær alla vega ekki þeirri tölu sem ég sé að er í ríkisreikningi 1991. Ég sé því ekki að þetta sé rétt hjá hæstv. ráðherra og vil biðja hann að skýra þetta aðeins betur fyrir mér. Að auki er þess að geta að inni í tölunni fyrir árið 1993 er tala sem ekki er í tölunni 1991 sem eru skólagjöldin. Framlag ríkissjóðs til háskólans að raunvirði á árinu 1993 er því tvímælalaust talsvert lægra en á árinu 1991, a.m.k. sem nemur skólagjöldunum. Þetta er atriði sem ég hefði gjarnan viljað heyra hæstv. ráðherra segja skoðun sína á því ég átta mig ekki alveg á því hvers vegna hann setur tölurnar upp með þeim hætti sem hann gerði.

Ég fór í það, hæstv. forseti, að reyna að átta mig á því hver þyrftu að vera framlögin til háskólans til að halda nokkurn veginn raunvirði ársins 1991 að meðtöldum skólagjöldunum. Ég sá ekki betur en það þyrfti í raun og veru að hækka framlagið til skólans á árinu 1993 frá því sem er í fjárlagafrv. um u.þ.b. 100 millj. kr. Mér sýndist það vera 107–108 millj. kr. eða þar um bil.

Af þeirri ástæðu er það, virðulegi forseti, sem ég flyt hér tillögu á þskj. 447 um að hækka framlag til rekstrar háskólans samkvæmt ákvörðun háskólaráðs um 100 millj. kr. Ég treysti mér ekki til þess og fannst það ekki í mínum verkahring að gera tillögu um það hvernig þessi upphæð deildist niður á einstakar deildir og verkefni háskólans. Þess vegna er það orðað svo að þetta sé til rekstrar samkvæmt ákvörðun háskólaráðs og tilgangurinn er sá að tryggja það að háskólinn hafi nokkurn veginn svipað fé að raunvirði og hann hafði 1991.

Þessa tillögu flyt ég ásamt hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og Önnu Kristínu Sigurðardóttur. Á sama þskj., og kem ég þá að þessum tillögum, flyt ég einnig tillögu með þeim um Rannsóknasjóðinn og ætla aðeins að koma að því.

Undir fjmrn. eru peningar til rannsókna undir lið 09-481 690 Átak á sviði rannsókna og þróunarstarfsemi, 300 millj. kr. Þetta er hluti af útgjöldum samkvæmt heimildarákvæðum. Ég vil segja það fyrir mitt leyti að ég tel það fagnaðarefni að þessir fjármunir séu ákveðnir til rannsókna. Hvort þeir fást er allt annað mál verð ég að viðurkenna.

Það sem ég er með tillögu um, virðulegi forseti, er ósköp einfaldlega að þessir fjármunir sem þarna eru færðir til gjalda í fjmrn. verði færðir til gjalda í menntmrn. af því að þeir eiga heima hjá hæstv. menntmrh. Þetta sýnir auðvitað að ég treysti honum betur en hæstv. fjmrh. til að fara með rannsóknir enda heyrir það undir menntmrn. samkvæmt stjórnarráðslögunum. Mér þætti vænt um að hæstv. menntmrh. segði eitthvað um þetta á eftir eða greiddi tillögunni atkvæði vegna þess að þessir peningar eiga hvergi annars staðar heima en hjá hæstv. menntmrh. Fjmrh. á ekki að

vera að darka í rannsóknum. Hann hefur nóg með sitt eins og alþjóð veit og ég ætla ekki að fara nánar út í það. Þess vegna flyt ég tillögu um að þessir fjármunir, 300 millj., verði fluttir frá fjmrn. og yfir til menntmrn. Það er með öðrum orðum ekki króna í ný útgjöld heldur er þetta tilflutningur á fjármunum innan þess sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv.

Loks flytjum við litla tillögu sem er þriðja tillagan á þskj. 447 frá okkur þremur þar sem við leggjum til að Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra hækki úr 7,6 millj. í 9,6 millj. Tilgangurinn með þessari tillögu er sá að leggja áherslu á að það fáist fjármunir til rannsókna og kennslu í táknmálstúlkun. Mér þætti afar vænt um það ef hv. fjárln. og hæstv. ráðherra vildu skoða þessa tillögu vegna þess að ég hef hugsað mér að draga hana til baka atkvæðagreiðsluna á morgun. Menn geta því velt því fyrir sér hvort ekki er hægt að laga þetta mál því þetta er úrslitaatriði til þess að táknmálstúlkunin komist af stað með eðlilegum hætti og rannsóknir á íslensku táknmáli geti haldið áfram.

Þá vík ég þessu næst, virðulegi forseti, að einu atriði enn. Ég hef talað um háskólann og framhaldsskólann og ætla síðan að víkja aðeins að grunnskólunum og segja eins og er: Ég er undrandi á vinnubrögðum menntmrn. í einu tilteknu máli sem hefur legið fyrir í allt heila haust. Það hefur legið fyrir í allt heila haust að fjárlögin eða frv. geri ráð fyrir því að halda áfram að skera niður kennslu í grunnskólum. Það hefur legið fyrir í allt heila haust að fjárlagafrv. gerir ráð fyrir því að fækka tímum. Fjárlagafrv. gerir ráð fyrir því að fella niður skólamáltíðir eða taka þær ekki upp. Þrátt fyrir þetta, virðulegi forseti, gerist það fyrst 10. eða 11. des. að frv. kemur um breytingu á lögum um grunnskóla, um þetta sem hefur legið fyrir allan þennan tíma. Það hefði verið hægt að taka á þessu máli í lotu í október, nóvember þegar menn voru að fokka í svo að segja engu stundum dögum saman. Í staðinn eru menn að koma með þetta núna. Þetta eru ótæk vinnubrögð, verð ég að segja, virðulegi forseti, og vegna þess að það er auðvitað augljóst mál að bæði við þessar aðstæður og þó fyrr hefði verið flutt að þá kallar þetta mál á verulegar umræður. Tíminn til verulegra umræðna er óneitanlega talsvert minni núna en hann var t.d. fyrir fáeinum vikum, ég tala ekki um í upphafi haustþingsins eftir að hléi lauk í byrjun október.

Á þskj. 446 flyt ég brtt. ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds þar sem gert er ráð fyrir því að hanna húsnæði fyrir heimavist fyrir Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki og ljúka byggingarframkvæmdum á árinu 1993 þannig að það verði flutt í svokallað bóknámshús skólans það haust og byrjað jafnframt á heimavistarhúsnæði. Hér er um afar stórt mál að ræða, þýðingarmikið hagsmunamál fyrir skólasamfélagið á Íslandi og auðvitað byggðarlagið, Sauðárkrók og Norðurland vestra. Ég legg á það mikla áherslu að tillagan verði skoðuð af fullri alvöru, einkum og sér í lagi það ákvæði hennar sem lýtur að spurningunni um að hefja hönnun á heimavistarhúsi fyrir þennan skóla.

Á þskj. 448 flyt ég brtt. ásamt öllum öðrum þingmönnum Alþb. þar sem gert er ráð fyrir því að verja viðbótarupphæð til farskóla Kennaraháskóla Íslands. Mig minnir að í fjárlagafrv. séu 12 millj. kr. í þessu skyni. Út á það hafa verið teknir inn í farskólann nemendur en samkvæmt upplýsingum sem ég hef og komu fram í svari hæstv. ráðherra við fsp. minni fyrir nokkru, þá kostar kennsla hvers nemanda í þessum skóla aðeins 250 þús. kr. á ári eða á árinu 1993. Ég geri sem sagt tillögu um 5 millj. í viðbót í farskóla Kennarháskóla Íslands. Hér er um að ræða mjög mikilvægt hagsmunamál fyrir landið allt. Ekki bara fyrir landsbyggðina, eins og það er yfirleitt orðað, heldur fyrir landið allt og þjóðina í heild og væri vissulega mikill fengur að. Um leið vil ég nota tækifærið til að segja að ég fagna því að það hefjist kennaranám við háskólann á Akureyri næsta haust. Mér fundust þó dálítið skrýtnar fréttirnar af því í fjölmiðlum, sérstaklega þar sem var sagt að þarna ætti að kenna kennurum sem væru sérstaklega til þess fallnir að kenna á landsbyggðinni. Mér er satt að segja ekki kunnugt um að fólk sem er á landsbyggðinni þurfi aðra fræðslu en við í þéttbýlinu. Ég vil leggja á það áherslu um leið og ég fagna þessari ákvörðun. Ég er sannfærður um að hæstv. ráðherra er sammála mér um að kennaranám við Háskólann á Akureyri á ekki að vera neitt annars flokks nám, þetta á að vera fyrsta flokks nám. Þetta á ekki að vera annars flokks kennaranám af neinu tagi.

Vík ég þá, virðulegi forseti, að tillögum sem ég flyt og lúta sérstaklega að heilbrrn. Þá fyrst á þskj. 441 sem ég flyt ásamt hv. 1. þm. Norðurl. e., Guðmundi Bjarnasyni, og snúa að rekstri Ríkisspítalanna.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að það verði aukið við fjármagn til áfengismeðferðar á Vífilsstöðum svo sú starfsemi sem þar hefur verið geti haldið áfram óbreytt. Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því hvort það er ekki rétt skilið hjá mér að þetta mál sé til meðferðar milli 2. og 3. umr. Upplýsingar sem ég hef um það eru úr nál. meiri hlutans í hv. fjárln. Það er mikilvægt að vita hvort ætlunin er að taka á þessu máli milli 2. og 3. umr. Hér er auðvitað um að ræða mikilvægt mál.

Í öðru lagi flyt ég hér ásamt hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni tillögu um að leggja 20 millj. kr. í viðbót í rekstur Kristness. Ég færi þá tillögu undir Ríkisspítalana. Það ber ekki að skilja þannig að ég hafi neitt að athuga við það að rekstur Kristness verði fluttur yfir á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sem samkomulagsdrög munu liggja fyrir um. Mér er ljóst að það verður mjög erfitt, svo ekki sé meira sagt, að tryggja það að rekstur Kristness fari yfir á Fjórðungssjúkrahúsið frá og með áramótum sem eru eftir 20 daga. Það er ljóst að þarna þarf að gera breytingar á vissum þáttum sem eru með þeim hætti að þær taka langan tíma. Þarna ber auðvitað að sýna öllu starfsfólki og hlutaðeigandi aðilum fulla virðingu. Það verður ekki gert nema með því að hlutirnir fái að taka eðlilegan tíma, nokkra mánuði inn á árið 1993. Hér er sem sagt gert ráð fyrir því að bæta þarna nokkru við í rekstrarfé. Mér er sagt að þeir Kristnesmenn telji að það þurfi talsvert miklu hærri upphæð í viðbót en hér er gerð tillaga um og ég skil það út af fyrir sig vel. Það er satt að segja dálítið um-

hugsunarefni hvernig að þessum málum hefur verið staðið í Kristnesi, ekki bara núna heldur um langt árabil. Menn hafa verið að byggja mikið upp, ekki bara hús heldur líka vonir. Þarna er gríðarlega myndarlega að hlutunum staðið og af miklum metnaði. Til þess að tryggja að svona hús séu starfrækt þarf auðvitað fé í rekstur. Þetta leiðir hugann að hinni almennu stefnumótun í heilbrigðismálum og öðrum málum þar sem menn ættu að hafa vit á því á Alþingi að koma sér upp þeirri vinnureglu og setja það í lög og skrá það í lögbókina að fjárlög, rammafjárlög, séu sett til nokkurra ára í senn, að menn séu ekki að breyta hlutum frá ári til árs, skapa stöðuga óvissu, vekja vonir sem ekki er hægt að standa við o.s.frv.

Varðandi áfengismeðferðina hef ég tekið eftir því í fjölmiðlum að hæstv. heilbrrh. mun hafa gert eða er að gera samkomulag við SÁÁ um að SÁÁ taki við frá áramótum 1994, hefur mér skilist, rekstri þeirra heimila sem SÁÁ er með og SÁÁ beri á þeim fulla ábyrgð. Það getur auðvitað ekki verið að heilbrigðisþátturinn verði á ábyrgð neins annars en heilbrrn. en að rekstrinn verði á ábyrgð SÁÁ. Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því hvort það er rétt að svona samkomulag hafi verið gert. Ég vil segja það líka í þessu sambandi að ég tel að það kæmi vel til greina að gera svona samkomulag við fleiri ef sæmilega er að þessu staðið, t.d. við ríkisstofnanirnar líka. Af hverju mega t.d. ekki Ríkisspítalarnir taka að sér að veita tiltekna þjónustu fyrir tiltekna peninga og gera um það samning við heilbrrn. eða fjmrn. eða ríkisstjórnina eftir atvikum, rétt eins og gerður var samningur um fjölgun hjartaskurðaðgerða á þessu ári á Landspítalanum. Í tengslum við þetta SÁÁ-mál vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra: Er þá gert ráð fyrir því í þessum samningi að áfram verði rekin sú starfsemi í grófum dráttum sem nú er á vegum SÁÁ? Ég er kannski ekki síst að hugsa um meðferðarheimilið að Staðarfelli vegna þess að það munu hafa verið uppi hugmyndir um að leggja það niður og vegna þess að hér er flutt tillaga á þskj. 461 frá hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur þar sem gert er ráð fyrir því að það verði heimilt að afhenda Samtökum áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ) til eignar eftirtaldar eignir sem þau hafa nú til afnota að Staðarfelli í Dölum: Gamla skólahúsið, kennaraíbúðir, tvö hús, kyndi- og rafstöðvarhús. Ég er satt að segja þeirrar skoðunar að þessi tillaga sé algjörlega fráleit vegna þess fyrst og fremst að það er óeðlilegt með öllu að samtök af þessu tagi fari að yfirtaka þennan stað eða aðra slíka staði vegna þess að í slíkum samtökum geta auðvitað orðið breytingar, bæði rekstrarlegar og faglegar, og engin ástæða til að samtökin eigi þennan stað heldur er eðlilegt að gerður sé samningur við þau um rekstur á þessum stað, kannski til tíu ára í senn. Eignarhald og afhending er algjör fjarstæða að mínu mati.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Er eitthvert samhengi á milli þessarar tillögu svo hann viti og þeirra hugmynda sem uppi voru um að leggja niður starfsemi meðferðarheimilisins að Staðarfelli í Dölum?

Mér þykir leitt að þurfa að segja frá því að ég tel mig neyddan til þess að greiða atkvæði gegn þessari tillögu hv. þm., Ingibjargar Pálmadóttur, þegar hún kemur til atkvæða.

Þá vil ég, virðulegi forseti, víkja að tillögu sem ég flyt ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, 14. þm. Reykv., þar sem gert er ráð fyrir því að leggja fé til að starfrækja á næsta ári hjúkrunarheimilið Eir í Grafarvogi. Það er merkilegt fyrirtæki, á sér merkilega sögu nú þegar, á bak við það er mikill hugur og jákvæður vilji hjá fjöldamörkum félagasamtökum. Kannski er ekki síst merkilegt við þetta heimili hvað það heitir og er fróðlegt að fylgjast með því hvernig mönnum gengur að beygja nafnið á hjúkrunarheimilinu Eir. Hef ég heyrt af því ýmsar útgáfur nú þegar sem mættu verða sérstakt rannsóknarefni fyrir íslenska málnefnd eða aðra væna menn við tækifæri. Hér geri ég ráð fyrir því að settar verði í almennan rekstur á hjúkrunarheimilinu Eir um 100 millj. kr. á næsta ári. Það jafngildir því að þar verði hægt að starfrækja allt árið 30–35 rúm. Af þessu tilefni viljum við í fyrsta lagi fara fram á það við hæstv. heilbrrh. að hann greiði þessari góðu tillögu atkvæði og í öðru lagi spyrja hann að því hvort eitthvað er inni á sjúkratryggingunum til þess að setja í hjúkrunarheimilið Eir eða er eitthvað sem ætlunin er að taka af Framkvæmdasjóði aldraðra til að setja í rekstur hjúkrunarheimilisins Eirar? Ef það er svo, þá hve mikið? Það hygg ég að hafi ekki verið upplýst í umræðunum enn þá og þess vegna tel ég óhjákvæmilegt að nefna þetta við hæstv. ráðherra.

Ég ætla ekki að fara yfir, sem væri kannski full ástæða til, þann vanda sem blasir við öldruðu fólki á Reykjavíkursvæðinu. Það er hrikalegur vandi og þar sem við sem höfum auðvitað búið við stórfelldan hagvöxt satt að segja þangað til það allra síðasta, á hverju ári hirt happdrættisvinninga fyrir þjóðarbúið upp á milljarða og aftur milljarða skulum láta það um okkur spyrjast að staðan sé enn svo slæm að það séu 150–200 manns sem búi við það sem kallað er brýn þörf hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar fyrir hjúkrunarheimili. Það er okkur til skammar, þessu fólki sem höfum horft upp á hagvöxtinn undanfarin ár og áratugi. Um þetta vil ég sérstaklega spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh.

Síðan ætla ég aðeins að lokum að nefna eitt, virðulegi forseti, út af því sem hér hefur komið fram í sambandi við framhaldsskólana í Reykjavík og á þéttbýlissvæðinu. Ég tel að það veiti ekki af því að setja fjármuni í það að byggja upp þessa skóla hér. Ég segi það alveg eins og er. Ég skora á þingmenn sem draga það í efa að heimsækja útibú t.d. Menntaskólans í Reykjavík eða koma t.d. eina morgunstund í kennslustund í Menntaskólanum við Sund. Það er of vægt til orða tekið að þar sé drepið í hverja smugu og það er næstum að segja of væg samlíking að tala um að þar sé fólk eins og síldar í tunnu. Það er satt að segja alveg ótrúlegt hvað fólk hefur verið útsjónarsamt og duglegt við að leysa úr flóknum verkefnum framhaldsskólanna í algerlega vonlausu húsnæði, liggur mér við að segja hér á þessu svæði. Ég vil fá að taka það fram, hæstv. forseti, að t.d. í Menntaskólanum á Akureyri er þetta af-

leitt líka, einkum í gamla skólahúsnæðinu en hér á þessu svæði er það einnig mjög, mjög slæmt og það er mjög brýnt að taka á því og ég tel að það beri ekki að gagnrýna menn fyrir það.

Ég vil einnig segja að ég tel að það sé mikilvægt að tekist hafi samstarf við Bílgreinasambandið um þennan skóla í Grafarvogi. Það hefur lengi staðið til að koma upp slíkri samvinnu. Ég hef auðvitað áhyggjur af því hvernig það þróast frá almennu skólapólitísku og uppeldislegu sjónarmiði og ég segi það með fullri virðingu fyrir vinum mínum sem að þessu Bílgreinasambandi standa og Guðmundi Hilmarssyni og fleiri snillingum í Félagi bifvélavirkja að ég tel ekki að þessi samtök eigi endilega að ráða skólastarfinu í einstökum atriðum en það á auðvitað að virkja atvinnulífið með skólunum og það á að nota þetta tækifæri úr því að þeir bjóða fram hjálp í þeim efnum. Það á að nota þetta tækifæri og reyna að þróa þetta upp í eðlilega samvinnu skólanna og atvinnulífsins og mér sýnist satt að segja ekki af veita. Það er nauðsynlegt að gera það. Ég get nefnt mörg dæmi því til sannindamerkis en kannski er þing Alþýðusambands Íslands alveg sérstaklega glögg heimild um að menn þurfa að tala saman milli skóla og atvinnulífs og vil láta ræðu minni að sinni lokið um þau mál með því að hvetja til þess að áhugi Alþýðusambandsins í skólamálum verði einnig nýttur í þágu þeirra hér í framtíðinni.

Virðulegi forseti. Ég hef lagt hér fram nokkrar fyrirspurnir til tveggja hæstv. ráðherra jafnframt því sem ég hef mælt fyrir brtt. sem ég flyt hér ásamt nokkrum öðrum þingmönnum Alþb.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Til að spara tíma ætla ég að reyna að ljúka mínu máli í andsvari. Samstarfsnefnd menntmrn. og Háskóla Íslands er starfandi og þar eru þessi mál auðvitað rædd. Auk þess nefni ég að þróunarnefnd hefur hafið störf. Ég skipaði hana sl. vor en hún horfir til lengri tíma heldur en þeirra vandamála sem verið er að glíma við einmitt nú í dag.

Varðandi þau orð mín að háskólinn hefði meira fé til umráða samkvæmt frv. en hann hefði áður haft þá á ég þar að sjálfsögðu við að skólagjöldin eru meðtalin og það er einnig talið með í brtt. sem þegar hafa komið fram í fjárln. eins og t.d. aukning til vinnumatssjóðsins um 30 millj. kr. Þannig fæ ég út úr þessu hærri tölu en reikningurinn 1991 segir.

Varðandi 300 millj. sem hv. þm. talaði um og vildi færa til menntmrn. þá felur þessi uppsetning í fjárlagafrv. að sjálfsögðu ekki í sér neina breytingu á því að rannsóknir heyra undir menntmrn. Það liggur fyrir tillaga hjá ríkisstjórninni frá nefnd sem hefur raunar lagt þá tillögu fram um að 300 millj. kr. af sölu ríkisfyrirtækja verði til reiðu á næsta ári til rannsókna og að af þeim fari 200 millj. kr. til Vísindasjóðs og verði þar til framtíðarinnar en 100 millj. til Rannsóknasjóðs Rannsóknaráðs og verði skipt eftir ákveðinni tillögu sem ég hef ekki tíma til að fara nánar út í hér. Ég er tilbúinn að athuga milli umræðna tillögu um táknmálstúlkuna en ég veit ekki betur en það mál hafi verið leyst eins og ég hygg að ég hafi skýrt frá hér í fyrirspurnatíma á þingi fyrir nokkru.

Varðandi tillöguna um farskóla Kennaraháskólans vil ég aðeins segja að það mál er enn til sérstakrar athugunar hjá fjárln. og ég hef mikinn hug á því að reyna að greiða þar frekar úr heldur en hægt var með þessari fjárveitingu vegna þess að umsóknir komu frá 200 kennurum en háskólinn treysti sér eingöngu til þess að taka við 55 eða 56 og það er til athugunar að reyna að greiða þar frekar úr. Hann telur sig geta tekið við 20 til viðbótar.

Varðandi grunnskólafrv. viðurkenni ég að það er allt of seint fram komið, því miður.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil á grundvelli þessara svara sem hæstv. menntmrh. gaf láta það koma fram að ég mun draga til baka til 3. umr. tillöguna um táknmálstúlkun og sömuleiðis tillöguna um farskóla Kennaraháskóla Íslands. Ég skil það svo að þau mál verði bæði athuguð.

Varðandi tillöguna um Rannsóknasjóð verð ég að segja að mér finnst satt að segja að það sé einnig mál sem menn ættu að skoða aðeins betur hvort ekki sé óeðlilegt upp á framtíðina að vera að færa rannsóknapeninga annars staðar en á menntmrn. Ég held að það gæti endað illa ef menntmrh. sættir sig við lítinn hlut í þessum efnum. Ég tel að hann eigi að ætla sínum málaflokki mikinn metnað og hann eigi ekki að una því að þetta sé vistað hjá fjmrn. Hann þarf ekki að sækja um gistingu þar fyrir einhverja aura þó að þeir komi frá einkavæðingu sem eigi að fara til rannsókna. Þó get ég út af fyrir sig viðurkennt það sem fram kom í máli hæstv. ráðherra að það er kannski ekki með öllu heppilegt að vista þetta endilega hjá Rannsóknasjóði, en þá mætti auðvitað hugsa sér að orða liðinn einhvern veginn öðruvísi og það er mál sem ég mun taka til athugunar.

Svo að lokum það að framlag ríkissjóðs til Háskóla Íslands á árinu 1993 verður auðvitað lægra en var samkvæmt reikningi 1991, fyrst og fremst vegna skólagjaldanna.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það fer ekkert á milli mála að framlag ríkissjóðs er lægra. Það sem ég var að tala um þegar við vorum að skiptast hér á orðum, ég og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttur, var einfaldlega það að háskólinn hefði meira fé til umráða að meðtöldum skólagjöldum. Það vil ég taka skýrt fram og það var það sem vakti undrun mína í allri þessari umræðu um niðurskurðinn.

Ég er ekki að biðja um einhverja vistun fyrir þessar 300 millj. hjá fjmrn. Auðvitað kemur þetta til með að heyra undir menntmrn. eins og það hefur gert en ég vek athygli á því að þetta fé er ekki í hendi enn þá. Það er gert ráð fyrir því að af sölu ríkisfyrirtækja verði 300 millj. til ráðstöfunar á næsta ári og þeim verði var-

ið með þessum hætti sem ég sagði. 200 millj. í Vísindasjóði, 100 millj. í Rannsóknasjóð Rannsóknaráðs. Af þeim fari 50% til Rannsóknasjóðs, 35% til rannsóknartengds framhaldsnáms og 15% til sérstaks markaðsátaks.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er vinnur ríkisstjórnin nú fjárlagagerð eftir reglum sem hv. 8. þm. Reykn., þáv. fjmrh., mótaði á sínum síðasta vetri í fjmrn., þ.e. eftir svokallaðri rammafjárlagagerð. Það þýðir að ef ráðherra gerir tillögu um aukningu á fjárveitingu til einhvers verkefnis á sínu verksviði þá verður hann að færa það af öðru verkefni og skera þá niður sem því svarar. Ég vænti þess sannarlega að fá stuðning til slíkra tilfærslna frá þeim hv. þm. sem flytja tillögur um viðbótarfjárveitingar að þeir séu þá reiðubúnir til að styðja mig að sækja þær viðbótarfjárveitingar til annarra viðfangsefna á mínu verksviði.

Ég vil aðeins staðfesta það að ég fékk í morgun tillögur sérstakrar nefndar undir forustu ráðuneytisstjórans í heilbr.- og trmrn. varðandi áfengismeðferðina á Vífilsstöðum. Í því fólust ákveðnar tillögur sem ég hef þegar komið á framfæri við stjórnarnefnd Ríkisspítalanna og óskað eftir afstöðu þeirra til þeirra tillagna. Verði stjórnarnefnd Ríkisspítalanna við þeim tillögum sem þar eru gerðar verður málið leyst með þeim hætti og tillaga flutt um það við 3. umr. Hafni stjórnarnefnd Ríkisspítala, þá eru aðrir reiðubúnir til að leysa málið á þeim grundvelli þannig að málið verður leyst og afgreitt við 3. umr.

Í öðru lagi. Samkomulag við SÁÁ, sem hefur verið gert, hefur verið lagt fram í fjárln. Það er sjálfsagt að afhenda hv. þingmanni ljósrit af því. Ég mun gera að á morgun. Ég er ekki með það hér hjá mér. Þar er ekki gert ráð fyrir því að SÁÁ taki við því verkefni í ársbyrjun 1994 sem hv. þm. lýsti heldur því að árið 1993 verði notað til þess að kanna hvort slíkt samkomulag sé fáanlegt sem þar er um að ræða.

Í þriðja lagi þá er engin sameiginleg hugsun í þeirri lausn sem þar er orðuð og tillögu hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur. Ég veit ekki hvaða hugsun liggur á bak við tillögu hennar önnur en sú að afhenda eignir ríkisins til einstaklinga án endurgjalds. Slíkt styð ég ekki.

Að lokum. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að beita sér fyrir því að fjárveitingar verði til reksturs Eirar á næsta ári miðað við þær fjárþarfir sem okkur verður gerð grein fyrir. Við eigum í viðræðum við stjórn Eirar. Það er ekki enn ljóst hver er rekstraráætlun þeirra fyrir þá starfsemi sem við treystum okkur til að fjármagna á næsta ári. Ég reikna með því að niðurstaða í þeim viðræðum verði fengin fyrir 3. umr. og þá mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að leggja fyrir Alþingi tillögu um þær fjárveitingar sem til þarf svo að hægt sé að standa við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar um sem ég gaf við formlega vígslu hjúkrunarheimilisins Eirar.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þau svör sem hér hafa borist og vil benda á að við alþýðubandalagsmenn flytjum ekki aðeins útgjaldatillögur. Við flytum líka tekjuöflunartillögur. Ég er ekki tilbúinn til að láta fjmrn. ákveða rammann til heilbrigðis- og tryggingamála og mun því ekki setja hlutina upp með þeim hætti sem hæstv. ráðherra gerði í sínu máli áðan. Mér þykir leitt til þess að vita að ekki skuli enn þá liggja fyrir ákveðin upphæð sem á að fara til hjúkrunarheimilisins Eirar. Mér finnst sérkennilegt að hún skuli ekki liggja fyrir enn þá og þess vegna dreg ég þá ályktun af orðum hæstv. ráðherra að ég eigi þann kost einan í þessari stöðu að halda til streitu tillögu minni og hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur um sérstakt rekstrarframlag til hjúkrunarheimilisins Eirar í Grafarvogi.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt, enda var það formaður hans eigin flokks sem bjó til þessar reglur um rammafjárlög, þá er það ekki fjmrn. sem skammtar fagráðuneytunum peninga í því sambandi heldur er sú ákvörðun tekin af ríkisstjórninni í heild.

Í öðru lagi vil ég benda á að það er mjög eðlileg krafa af hálfu fjárveitingavaldsins að rekstraráætlanir nýrra stofnana séu lagðar fram áður en ákvörðun er tekin um hversu miklu fé skuli veitt til þeirra. Eins og nú standa sakir hefur hvorki hv. þm. né ég neina hugmynd um hvort þær 100 millj. sem hann leggur til að veitt verði til reksturs til hjúkrunarheimilisins Eirar sé of mikið eða of lítið miðað við þær rekstraráætlanir sem aðstandendur heimilisins leggja til grundvallar sínum beiðnum því að hvorugur okkar hefur séð þær og því vil ég endurtaka það að ríkisstjórnin, sem hefur gefið yfirlýsingu um það að við munum beita okkur fyrir fjárveitingu til reksturs hjúkrunarheimilisins, mun að sjálfsögðu ekki gera neina tillögu þar um fyrr en það liggur fyrir á hvaða áætlunum rekstraráform þeirra á næsta ári grundvallast. Ég vænti þess að hv. þm. hafi sömu skoðun á þeim efnum að það sé ekki varlegt að gera ráð fyrir fjárveitingum áður en ígrundaðar rekstraráætlanir hafa verið lagðar fram sem ekki hefur enn verið gert.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er það mikil ánægja að afhenda hæstv. heilbrrh. á eftir rekstraráætlanir fyrir hjúkrunarheimilið Eir í Grafarvogi sem hafa verið lagðar fram í hv. fjárln. og hafa legið þar fyrir um þó nokkurt skeið þar sem farið er rækilega yfir það hvaða aðilar það eru sem þarna yrðu vistaðir. Þar er fjallað t.d. ítarlega um greiningu á þeim hópum sem þarna er um að ræða og það er hægt að gera það vegna þess að vistunarhópur aldraðra á Reykjavíkursvæðinu hefur þegar fjallað um þessa einstaklinga þannig að rekstraráætlun í smáatriðum liggur fyrir. Það er engin ástæða til þess að draga það stundinni lengur að taka ákvörðun í þessu efni og þess vegna hlýt ég að halda þessari tillögu til streitu, og segi svo að lokum, virðulegi forseti. Það er fróðlegt að frétta af því að hæstv. heilbrrh.

skuli hafa samþykkt þann ramma sem heilbr.- og trmrn. á að þola á árinu 1993. Mér þykir athyglisvert að hann skuli hafa tekið þátt í því að móta þann ramma með þeim hætti sem hann hér liggur fyrir.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vildi beina þeirri spurningu til hæstv. forseta í upphafi máls míns hvort hæstv. menntmrh. muni vera enn í húsinu. Ég hafði hugsað mér að spyrja hann lítils háttar í framhaldi af upplýsingum um Rannsóknaráð sem hann gaf hér upplýsingar um áðan. Það er fleira sem ég hefði áhuga á að fá að heyra um það mál. (**Forseti:** Hæstv. menntmrh. er í húsinu og hann verður látinn vita að nærveru hans sé óskað.) Ég þakka fyrir þær upplýsingar, virðulegi forseti.

Hæstv. forseti. Ég tók hér til máls fyrr í dag um fjárlagafrv. og tók þá fyrir ákveðna málaflokka og gerði grein fyrir stöðu þeirra miðað við fjárlagafrv. eins og það er nú. Ég tók ekki sérstaklega fram hverjar þær brtt. væru sem fjárln. öll stendur að. Ég taldi nægilegt að hv. formaður fjárln. gerði það. En vegna þeirrar gagnrýni að við í minni hluta fjárln. höfum ekki nefnt sérstaklega þessar tillögur þá er mér ljúft að geta þess aftur að ég tel þær vera spor í rétta átt og það gerði ég raunar í dag líka.

Ég vil sérstaklega lýsa yfir ánægju minni með það að bæði samtök um Kvennaathvarf og Stígamót fengu í þeim meðförum umtalsverða hækkun frá frv. eins og það er. Það sýnir að það er nokkurs metið allt það mikla starf sem þar er innt af hendi í þágu þeirra kvenna og barna sem hafa orðið þolendur ofbeldis. Það er viðurkenning á starfi Stígamóta sem aðstoðar þá sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Því miður hefur orðið vaxandi þörf fyrir slíka starfsemi og ég vildi svo sannarlega óska þess að svo væri ekki.

Um leið og ég lýsi yfir ánægju með þessar hækkanir, þær eru vissulega fleiri eins og aukið framlag til ferðamálasamtaka landshlutanna, þá vil ég líka ítreka það að ég er ósammála þeirri stefnu, sem kemur fram í þessu frv., að sparnaðartillögur ríkisstjórnarinnar skuli í svo verulegum mæli beinast að heilbrigðismálum, einnig hinum síaukna niðurskurði á barnfjölskyldur þessa lands. — Nú sé ég að hæstv. menntmrh. er kominn í salinn og þar sem nú er mjög áliðið nóttu, klukkan farin að ganga tvö, þá hef ég ekki hugsað mér að hafa þetta langt mál, en ég vildi spyrja hann í framhaldi af þeim upplýsingum sem hann kom hér með áðan um framlag til vísinda- og rannsóknastofnana þar sem hann upplýsti að 300 millj. kr. af sölu eigna væru hugsaðar til þess að auka fjárveitingu til rannsóknastofnana.

Það kom líka fram hjá honum að þetta væri ekki fyrir fram vituð upphæð þar sem ekki væri vitað hvað mundi seljast af eignum. Svo sem kunnugt er og hefur komið fram í umræðum eiga 20% af greiddu andvirði seldra eigna að skila sér til rannsóknastarfa.

En fyrirspurn mín er fyrst og fremst vegna þess að á ársfundi Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins 27. nóv. sl. flutti hæstv. menntmrh. ræðu sem hann nefnir Stefnumótun ríkisstjórnarinnar í vísindatækni og nýsköpunarmálum. Í þeirri ræðu segir hann m.a., með leyfi forseta:

„Eins og kunnugt er mæltu sérfræðingar OECD með því að það fé sem Rannsóknasjóður hefði til umráða yrði aukið. Þrátt fyrir þröngan fjárhag ríkissjóðs hefur þetta mál verið forgangsverkefni á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Þannig var á fundi ríkisstjórnarinnar 14. ágúst sl. samþykkt efnislega svohljóðandi tillaga embættismannanefndar um stefnumótun varðandi Rannsóknasjóð Rannsóknaráðs ríkisins:

„Árlegt framlag til Rannsóknasjóðs hækki í 200 millj. kr. á næstu tveimur árum og hækkunin verði í tveimur jöfnum áföngum."

Samkvæmt þessar samþykkt", segir hæstv. ráðherra, „ætti ráðstöfunarfé Rannsóknasjóðs að vera a.m.k. 165 millj. kr. á næsta ári. Ríkisstjórnin hefur jafnframt samþykkt tillögur um að hluta af söluandvirði eigna ríkisins verði varið til að fjármagna rannsókna- og þróunarverkefni."

Ég ætla ekki að lesa lengra af þessari ræðu hæstv. ráðherra en vil í framhaldi af þessu spyrja hann hvort það sé fyrirhugað að ráðstöfunarfé Rannsóknasjóðs verði aukið úr 115 millj. kr., sem það er í fjárlögum þessa árs, í þær 165 millj. kr. sem hér er talað um. Því í næstu línum fyrir neðan kemur að síðan séu jafnframt samþykktar tillögur um að verja hluta af söluandvirði eignar ríkisins í þessu skyni.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi orð mín þýða alveg nákvæmlega það sem þau segja, þ.e. að ráðstöfunarfé Rannsóknasjóðs á árinu 1993 verði 165 millj. kr. Þetta kemur hins vegar ekki fram í fjárlagafrv. og skýringin er sú að það verður látið reyna á það hvort þær 50 millj. sem vantar upp á það sem segir í fjárlagafrv. nást líka af sölu ríkisfyrirtækja. Ég hef lagt fram tillögur í ríkisstjórninni þess efnis að málið verði tekið upp að nýju á árinu 1993 ef í ljós kemur að þetta fé fæst ekki af sölu ríkisfyrirtækja. Það þýðir með öðrum orðum að það mundi þá væntanlega koma á fjáraukalögum á árinu 1993. Við þurfum að geta svarað því núna hvort Rannsóknasjóður hefur þetta ráðstöfunarfé í raun og veru. Það þarf Rannsóknaráð að vita þegar í upphafi árs. Þetta er skýringin. Hina tillöguna um 300 millj. hef ég skýrt áður.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Ég verð þó að segja að mér þykir mjög miður að ekki skuli hafa verið settur neinn fastur tekjuliður fyrir Rannsóknasjóð, sem væri þá þessar 50 millj. kr., heldur sé þetta óákveðin upphæð sem hugsanlega yrði til viðbótar af sölu eigna. Með því get ég ekki séð að í raun og veru sé búið að ákveða neitt viðbótarframlag. Það fer algjörlega eftir því hvort tekst að selja ríkiseignir. Það átti að selja þær á þessu ári fyrir einn milljarð kr. Það tókst ekki. Eftir því sem síðast fréttist er búið að selja fyrir í kringum 400 millj. kr. Á næsta ári á að selja fyrir 1,5 milljarða og ekkert útlit

fyrir að það muni ganga neitt betur. Mér finnst því að þessar tillögur séu ekki nægilega öruggar sem tekjustofn fyrir Rannsóknasjóð til þess að fullnægja þeim stefnumiðum ríkisstjórnar sem þarna koma fram.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er ekki réttur skilningur hjá hv. þm. Ég var einmitt að segja að ríkisstjórnin hefur ákveðið að tryggja þessar 165 millj. 300 millj. eru ekki tryggðar. Það er alveg rétt. En ég var að segja að ef þessar 50 millj., sem eiga að koma til viðbótar í Rannsóknasjóð á árinu 1993, fást ekki við sölu ríkisfyrirtækja, þá liggur fyrir samþykkt um að málið verði tekið upp til sérstakrar afgreiðslu á árinu 1993. Það þýðir með öðrum orðum að við svörum því nú þegar að Rannsóknasjóður hefur a.m.k. þessar 165 millj. kr. Ég vona að þetta sé alveg skýrt.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það má vel vera að ég hafi ekki skilið þetta alveg. Vinnudagur hjá okkur þingmönnum eru farinn að verða nokkuð langur núna þannig að kannski eru sellurnar ekki alveg í lagi. En ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að koma þessu á framfæri og ég vona svo sannarlega að þetta verði til þess að styrkja þá rannsókna- og vísindastarfsemi sem okkur er mjög mikil nauðsyn á að efla.

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 1993, 96. mál, brtt. ÓÞÞ, þskj. 464.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Til þess að brtt. þessi megi koma á dagskrá þarf að veita afbrigði og skv. 90. gr. þingskapalaga þarf að koma uppástunga frá forseta eða formanni þingflokks um afbrigði. Óskar hv. þm. eftir því að það verði reynt að fá afbrigði fyrir þskj. þannig að það megi koma á dagskrá?

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég hef aldrei vitað að það væri sérstaklega beðið eftir ósk um slíkt atriði heldur væri föst regla að forseti leitaði eftir afbrigðum ef tillögur kæmu fram. Eftir að hafa hlustað á hv. 4. þm. Vestf. minnast á nauðsyn þess að auka ekki á halla ríkissjóðs, þá taldi ég sjálfgefið að forseti mundi taka því fegins hendi fram kæmi slík tillaga og leitaði eftir afbrigðunum. En er hæstv. forseti í vafa um að menn gegni þingskyldu og séu til staðar, m.a. fjárln., sem hlýtur að vera á næstu grösum og vel upp lögð til að greiða atkvæði?

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti mun að sjálfsögðu kanna það hvort nægilega margir þingmenn eru í þinghúsinu þannig að veita megi afbrigði og mun fara fram atkvæðagreiðsla um það.

Til þess að brtt. 464 frá Ólafi Þ. Þórðarsyni megi koma á dagskrá þarf að leita afbrigða og verður það nú gert og hefst nú atkvæðagreiðslan. — Atkvæðagreiðslu er lokið. Það voru aðeins 15 þingmenn sem tóku þátt í atkvæðagreiðslunni. (Gripið fram í.) Atkvæðagreiðsla er því aðeins gild að nægilega margir þingmenn taki þátt í henni. Forseti vill benda hv. þm. á að þessi brtt. mun geta komið á dagskrá við 3. umr. Hv. 2. þm. Vestf. kveður sér hljóðs um atkvæðagreiðslu.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það er mjög vitnað í þingsköpin og eitt af grundvallaratriðum þeirra er að atkvæðagreiðsla fari fram með þeim hætti að menn sjái niðurstöðuna. Það er náttúrlega kominn upp einn stórkostlegur annmarki enn á þessu ljóskerfi ef það birtir ekki einu sinni niðurstöðuna nema þegar því sjálfu detti í hug að því er virðist.

Ég held það væri ráð að hringja út í fjárln. og vita hvort þeir koma ekki hingað. Ég hef ástæðu til að ætla að þeir séu vel vakandi og í góðu formi. En mér finnst það alveg með ólíkindum, ég segi nú ekki annað, ef niðurstaðan er sú að í þinghúsinu núna er hæstv. menntmrh., hæstv. fjmrh., hæstv. heilbrrh. horfinn á braut, aðrir ráðherrar ekki, hæstv. forsrh. hefur fjarvistarleyfi af eðlilegum ástæðum og ekkert við því að segja, en ég sé ekki betur en fjárln. öll sé bara horfin. Nei, það er ekki rétt. Hér stendur vaktina hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og skákar nú illa hinum liðsmönnunum sem maður hélt að hefðu séð ástæðu til að vera við umræðuna.

Þó að þeim finnist kannski stjórnarandstaðan heldur rýr þá hefur hæstv. menntmrh. sagt mjög margt af viti þessa stundina og verið til fyrirmyndar og þeim hefði verið mikið fræðsluefni að hann hefði getað veitt þeim þær upplýsingar sem hann gaf hér. Það er spurning hvort hann fer út í Austurstræti og það er spurning hvort hann nær sambandi við þetta lið.

Ég treysti því þá þrátt fyrir kerfið að hæstv. forseti hafi sannreynt og ritarinn hafi upplýst að hér sé ekki meiri hluti þingmanna til að hægt sé að taka greiða atkvæði.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti telur að það hafi verið sannreynt að það eru aðeins 15 þingmenn í þinghúsinu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það var ætlun mín þegar ég skráði mig á mælendaskrá fyrir allnokkru síðan, snemma dags þegar umræðan var að hefjast, að mæla fyrir nokkrum brtt. sem ég flyt ýmist einn eða ásamt fleiri þingmönnum. Í nokkrum tilvikum ætlaði ég að mæla fyrir tillögum sem ég er meðflm. að ásamt fleiri félögum mínum úr þingflokki Alþb.

Einnig hafði ég hug á því að nefna lítillega ein tvö til þrjú málefni við fjárlagaafgreiðsluna, svo sem eitt sem heyrir undir hæstv. heilbrrh., sem var viðstaddur fyrr í kvöld, en ef hæstv. ráðherra er horfinn á braut og með tilliti til þess að það er nokkuð áliðið og hvíldartími manna af skornum skammti þá mun ég ekki gera kröfur um að hæstv. heilbrrh. verði ræstur út. Ég

treysti því að hann noti tímann vel og hvílist og safni kröftum og komi vitrari til þingstarfa á nýjan leik, því ekki veitir af að hæstv. heilbrrh. haldi vel hugsun sinni þessa dagana ef marka má ýmislegt sem frá honum hefur komið.

Ég ætlaði satt best að segja að ræða lítillega málefni Kristnesspítala og e.t.v. sakar ekki þótt hæstv. heilbrrh. sé fjarstaddur ef hæstv. fjmrh. er nærri, sem á að þekkja málefni þeirrar stofnunar sæmilega og fer að sjálfsögðu með fjárveitingar til þeirrar starfsemi eins og önnur fjárveitingamál ríkisins.

Einnig er það svo, hæstv. forseti, að ég hefði gjarnan viljað segja fáein orð um málefni sem heyra undir hæstv. landb.- og samgrh., báða málaflokka hans. Annars vegar efndir hæstv. ríkisstjórnar á búvörusamningi, sem eru nokkuð í skötulíki, og sömuleiðis fáein orð um vegamál og tala þar jafnframt fyrir brtt. sem við þingmenn Alþb. flytjum í báðum þessum tilvikum.

Með tilliti til aðstæðna mun ég stytta nokkuð mál mitt miðað við það sem hefði e.t.v. hefði ella orðið við hagstæðari aðstæður. Það er nokkuð umhendis að vera að ræða mikið við fjarstadda menn og 3. umr. fjárlaga eftir og má vel vera að þá gefist betra færi á því að ræða við þá sem ræða þarf við um þessi mál. Þó er það nokkur galli ef maður á að trúa því á annað borð að það hafi eitthvað upp á sig að rökræða þessi mál á hinu háa Alþingi að neyta ekki færis við 2. umr. því óneitanlega er það vinnulag betra að menn geti tekið sér tíma milli 2. og 3. umr. til að skoða álitamál, ef einhver minnsti vilji er fyrir hendi til þess að láta sjónarmið mætast varðandi fjárveitingamálefni. Sumt af því sem þingmenn bera fyrir brjósti eru ekki endilega stórfelld útgjaldamál, um getur verið að ræða minni háttar lagfæringar á smáliðum sem menn bera nokkuð fyrir brjósti. Í slíkum tilvikum verður mönnum stundum á að höfða til sanngirni og raka og manni liggur við að segja til betri manns þeirra sem viðstaddir eru.

Fyrst, hæstv. forseti, vil ég nefna brtt. sem flutt er af okkur öllum hv. þm. Alþb. og er á þskj. 445 og varðar tvo stóra tekjuöflunarliði fyrir ríkissjóð og einn útgjaldalið. Þar er á ferðinni útfærsla á tillögum okkar um sérstaka fjáröflun í ríkissjóð til að standa straum af átaki til atvinnuaukningar.

Eitt af því sem hæstv. ríkisstjórn hefur í raun og veru gefist upp við og ekki varð að endingu í tillögum hæstv. ríkisstjórnar svo neinu marktæku næmi eru einhverjar raunhæfar aðgerðir til að taka á versnandi atvinnuástandi og skapa hér ný störf. Ríkisstjórnin kynnti að vísu fyrr á þessu hausti ákvarðanir um nokkuð auknar framkvæmdir í vegagerð sem reyndust þegar á daginn kom ekki ýkja mikil aukning því þær voru frá þeim mikla niðurskurði sem þá var þegar ákveðinn. Vissulega skapast við þetta einhver störf frá því sem ella hefði orðið en þau munu lítt duga til að leysa þann mikla aðsteðjandi vanda sem atvinnuleysið er.

Við flytjum því á þskj. 445 brtt. um að lagður verði á sérstakur hátekjuskattur, samkvæmt tillögum sem við höfum útfært í okkar stefnu, sem gefi 1,6 milljarða kr. á næsta ári. Sömuleiðis verði fjármagnstekjur skattlagðar þannig að það skili 2.000 millj. í ríkissjóð og 3 milljarðar af þessu fé verði notaðir til atvinnuátaks. Það sem eftir stendur af tekjuaukningunni má þá jafna á móti þeim brtt. öðrum sem við flytjum, m.a. til þess að tryggja fullar efndir á búvörusamningnum og forða því stórslysi að hæstv. ríkisstjórn eða hv. Alþingi vanefni þannig búvörusamninginn að bótaskylda geti skapast hjá ríkinu af þeim sökum. Enginn vafi er á því að búvörusamningurinn er löggerningur af því tagi með staðfestingu á Alþingi að réttur bændanna sem ákveðið hafa að haga framleiðslu sinni í samræmi við ákvæði samningsins er ótvíræður og þess vegna er þörf á því að sjá fyrir fjármunum til að standa við samninginn.

Tímans vegna hef ég ekki fleiri orð um þessa brtt. á þskj. 445 en taldi nauðsynlegt að byrja á henni þar sem hún er annars vegar sprottin af áherslum okkar í efnahags- og atvinnumálum sem við þingmenn Alþb. höfum kynnt og hins vegar er henni ætlað að fjármagna með þessum hætti þær útgjaldatillögur, sem eru nokkrar, sem við hv. þingmenn Alþb. flytjum. Á undanförnum árum höfum við sem stjórnarandstæðingar staðið að tillöguflutningi af þessu tagi, a.m.k. hin síðari ár, gert það með þeim ábyrga hætti að við höfum jafnt því að flytja tillögur til hækkunar, flutt tillögur til fjáröflunar á móti og mættu fleiri taka sér það til eftirbreytni.

Ég vil þá fyrst, hæstv. forseti, víkja að tillögu okkar þingmanna Alþb. á þskj. 454 sem lýtur að því að efna búvörusamninginn. Fyrir liggja ótvíræð gögn sem sanna að núverandi fjárlagafrv. í óbreyttri mynd sinni dugar ekki til þess að uppfylla ákvæði þess samnings. Þar vantar verulega upp á og við höfum flutt tillögur til úrbóta á því þar sem eru á ferðinni nokkrir stærstu liðirnir, þó ekki þeir liðir þar sem álitamál má telja hvort í fjárlagafrv. sem slíku felist beinlínis vanefndir eða brot á samningnum.

Fyrsta tillagan gengur út á það að talsvert verði lagt af mörkum til þess að uppfylla ákvæði bókunar um átak í landgræðslu og skógrækt sem hafi það sérstaklega að markmiði fyrir utan auðvitað úrbætur á þessu sviði að skapa bændum störf og fólki í sveitum landsins í tengslum við þann samdrátt í hefðbundinni framleiðslu sem nú stendur yfir. Við leggjum til að 150 millj. kr. komi á liðinn Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni, sérmerkt þannig að það verði nýr liður: Til landgræðslu- og skógræktarverkefna samkvæmt bókun búvörusamnings. Er þá átt við samninginn frá vorinu 1991 og bókanir um þetta efni sem honum fylgja.

Í öðru lagi þarf augljóslega að leggja Jarðasjóði til meira fé á fjárlögum næsta árs en frv. gerir ráð fyrir til þess að staðið verði við þau fyrirheit í búvörusamningi að sjóðurinn hafi nægilega fjármuni handa í milli um til að kaupa jarðir bænda sem hætta vilja búskap og ekki eru seljanlegar með öðrum hætti. Við leggjum til að í stað 115 millj. undir liðnum Jarðasjóður og jarðeignir ríkisins komi 165 millj.

Í þriðja lagi leggjum við til að uppfyllt verði ákvæði samningsins um 300 millj. kr. á ári í Framleiðnisjóð landbúnaðarins. Til þess þarf að hækka fjárveitingu samkvæmt frumvarpi um 50 millj. Hér er engu að síð-

ur um verulegan sparnað að ræða fyrir ríkissjóð frá því sem var á tíma fyrri búvörusamnings en þá hefðu runnið, miðað við þær viðmiðanir sem þá giltu, líklega milli 600 og 700 millj. kr. í Framleiðnisjóð ef fyrri samningi hefði verið fylgt. Það vantar 175 millj. kr. á liðinn Uppgjör birgða samkvæmt búvörusamningi að mati Ríkisendurskoðunar og við leggjum til að sú fjárhæð bætist við þann lið.

Þá kem ég að síðasta tölulið brtt. á þskj. 454. Þar er fjallað um liðinn Sérstakar greiðslur í landbúnaði. Þau ótíðindi hafa gerst að ríkisstjórnin hefur komið illilega á bak þeim greinum landbúnaðar sem hafa ekki náð samningum við ríkisvaldið um framleiðslumál sín. Með því að stórlækka endurgreiðslur niður í 260 millj. er verið að leggja nær fullan virðisaukaskatt á framleiðslu nauta-, svína-, hrossa-, og alifuglaafurða. Matarskatturinn er kominn í um 20% miðað við þessar fjárveitingar samkvæmt frv. og mun enn aukast ef hæstv. ríkisstjórn lækkar enn þessa tölu eins og heyrst hefur að hæstv. landbrh. hafi fallist á. Þetta er auðvitað fullkomlega óþolandi útkoma, bæði sökum þess að verið er að raska mjög jafnvægi milli þessara greina sem a.m.k. þolanleg sátt hefur ríkt um á undanförnum árum. Þarna er verið að svíkja með öllu þau fyrirheit að skattlagning á helstu greinar innlendrar matvælaframleiðslu sé hófleg eða ekki meiri en 12–14% eins og verið hefur undanfarin ár. Sömuleiðis mun það vera áform hæstv. ríkisstjórnar að afnema með öllu greiðslur til lífeyrissjóðs bænda vegna þessara greina, þeirra sem ekki eru umsamdar samkvæmt búvörusamningum. Það hlýtur auðvitað að verða talsmönnum þessara greina landbúnaðarins ærið umhugsunarefni hvort þær eigi einar að axla niðurskurð hæstv. ríkisstjórnar eins og hann beinist að landbúnaðinum, sökum þess að búvörusamningar sem náðst hafa fyrir kindakjöts- og mjólkurframleiðsluna tryggja mun betur stöðu þeirra greina.

Að mínu mati er þetta alveg forkostuleg aðgerð, óhemjuvitlaus aðgerð og ranglát, mun valda mikilli úlfúð innan landbúnaðargeirans, hlýtur nánast að kosta styrjaldarástand milli þessara búgreina og að mínu mati einnig óskynsamleg vegna þess að þetta eru þær greinar sem líklegastar myndu verða til þess að mæta samkeppni af ýmsu tagi við aðrar matvörur, bæði innlendar sem erlendar og yrðu þess vegna fyrstar til að verða fyrir barðinu á slíku. Það er alveg ljóst að á undanförnum árum hefur ekki síst verið horft til hagræðingar í þessari framleiðslu og möguleika á að lækka matvælaverð með hagræðingu og bættri framleiðni á þessu sviði landbúnaðarins. Með svona framgöngu af hálfu ríkisvaldsins er öll slík viðleitni gerð að engu.

Ég held að alveg óhjákvæmilegt sé, hæstv. forseti, að minna menn á það að engin ein grein fjárlaganna, enginn einn fjárlagaliður færir ríkissjóði í þessu frv. jafnmikinn sparnað miðað við útgjöld fyrri ára og einmitt landbúnaðurinn. Það væri fróðlegt og hollt fyrir ýmsa hv. þm., ekki síst úr Alþfl., sem geisa mikið um útgjöld til landbúnaðarmála, að átta sig á því að það átak sem gert hefur verið í þessum efnum á undanförnum árum og sérstaklega í tíð fyrri ríkisstjórnar er nú að skila ríkissjóði upp undir þriggja milljarða sparnaði milli ára. (**Gripið fram í:** Hvaða þingmenn eru þetta?) T.d. hæstv. utanrrh. sem lengi hefur haft lítið vit á landbúnaðarmálum eins og þjóðin veit. Enn er hæstv. utanrrh. að tala um þessi mál eins og útgjöld til landbúnaðarins séu sérstakt og vaxandi vandamál, en staðreyndin er sú að þarna er á ferðinni sú grein sem hefur tekið langmest á sig í formi niðurskurðar og samdráttar hvað ríkisútgjöldin snertir. Þess vegna kemur það auðvitað úr hörðustu átt og er fráleit pólitík, ef svo má að orði komast, hagsmunagæslumanna ríkissjóðs að standa þá ekki við sinn hlut af samningum sem á næsta ári og komandi árum er að skila ríkissjóði stórbættri stöðu í stórlækkuðum útgjöldum. Ég verð að segja alveg eins og er að gangi þessar vanefndir á búvörusamningnum eftir þá held ég að bændum sé engin önnur leið skilin eftir en að stefna ríkinu og sækja rétt sinn að lögum. Það hlýtur að enda þannig, þolinmæði bænda er að vísu mikil og þeir eru seinþreyttir til vandræða eins og reynslan sýnir og þoldu til að mynda við afgreiðslu fjárlaga á síðasta ári að vísir að þessari sömu aðferð, að brjóta samninginn, lét á sér kræla þegar fresta átti tveimur mánuðum af beingreiðslum bænda og færa þær yfir áramót. Að vísu var fallið frá því en þetta var engu að síður ætlunin samkvæmt gildandi fjárlögum, en ég hef enga trú á því að umbjóðenda sinna vegna gætu samtök bænda eða einstakir bændur þolað þessa framkomu ef hún gengur eftir og það hlytu að verða málaferli strax eftir áramótin þar sem annaðhvort samtök bænda með umboði frá einstökum þolendum eða bændur sem einstaklingar og þá í formi einkamáls stefndu ríkisvaldinu fyrir þessi svik.

Þegar það liggur fyrir, bæði í áliti ríkislögmanns og í úttekt Ríkisendurskoðunar fyrir fram, að um brot á búvörusamningnum yrði að ræða þá er það með ólíkindum ef Alþingi ætlar að loka málinu þannig. Getur Alþingi Íslendinga látið sér sæma að loka fjárlagafrv. þannig að fyrir liggi lögfræðilegt álit ríkislögmanns og úttekt Ríkisendurskoðunar og hvort tveggja sé samdóma um það að afgreiðsla fjárlagafrv. með þessum hætti myndi brjóta samninginn, þann löggerning sem ríkið hefur gert, staðfest með undirskrift ráðherra, og leitað eftir samþykki á þingi og Alþingi sjálft hefur samþykkt? Í hvaða stöðu er Alþingi sem samþykkt hefur samninginn, ekki bara í einum lögum, heldur líklega í þrennum lögum á síðasta ári? Í hvaða stöðu er það að lenda ef það ákveður svo með eigin fjárlagafrv. að brjóta þennan bindandi löggerning? Ég held að það sé ákaflega neyðarleg staða og niðurlægjandi fyrir Alþingi svo ekki sé meira sagt. Ég vil því hvetja hv. þm. að hugsa þetta ekki bara út frá því að þetta sé vandi ríkisstjórnarinnar, það er auðvitað ekki svo, því miður. Þetta verður að áfalli og álitshnekki okkar alþingismanna allra ef þingið vinnur með þessum hætti að málinu. (Gripið fram í.) Það er út af fyrir sig rétt hjá hv. þingflokksformanni Alþfl. að Ríkisendurskoðun er svo sem ekkert heilög stofnun og henni getur yfirsést eins og öðrum, en ég held að í þessu tilviki séu málin það skýr að það sé ósköp einfaldlega engin von

til þess að önnur útkoma komi, hvorki úr skoðun hjá Ríkisendurskoðun, ríkislögmanni né annars staðar. Málið er gjörsamlega borðleggjandi fyrir hvaða dómstóli sem er. Ég held að íslenskir bændur gætu jafnvel ekki tapað þessu máli fyrir dómstólum í Tyrklandi, svo vitnað sé til réttarfarsins þar.

Hæstv. forseti. Ég hef ræðu mína um búvörusamninginn ekki lengri. Á sínum tíma töluðu ýmsir, m.a. úr þingliði stjórnarflokkanna, mikinn gegn búvörusamningnum og töldu óhjákvæmilegt að gera verulegar bætur á honum bændum í hag áður en hann yrði að löggjöf landbúnaðarins, en í tíð núverandi ríkisstjórnar er sótt að honum. Þannig hafa hlutverkaskiptin orðið, hæstv. forseti, eins og stundum vill verða í pólitíkinni. Ég er ekkert að lasta það. Helsta haldreipi hv. formanns landbn., 3. þm. Austurl., Egils Jónssonar, er búvörusamningurinn í vörninni fyrir landbúnaðinn sem hann mun ekki hafa farið um mjög hlýlegum orðum á framboðsfundum í Hornafjarðarhéraði vorið 1991. (**ÖS:** Hver er skoðun varaformanns landbn.?) Nú veit ég ekki mikið um það hvernig þankagangur hv. varaformanns landbn. er. Það er að sönnu mikilvægt embætti og eru einhverjar mestu vegtyllur sem Alþfl. hefur lengi haft í landbúnaðarmálum og jafnvel frá upphafi vega fyrir utan það stutta tímabil sem þótti fréttnæmt meðan Bragi Sigurjónsson, hv. þáv. þm., varð landbrh. Man ég að ýmsum frændum mínum, framsóknarmönnum í Þingeyjarsýslum þóttu það allverulegt tíðindi þegar alþýðuflokksmaður var orðinn landbrh. En ég fer ekki nánar út í þá sálma af hlífðarsemi við hv. 17. þm. Reykv.

Hæstv. forseti. Ég ætlaði þá næst að taka tillögu sem tengist þessum landbúnaðarmálum og er flutt af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni ásamt mér, er á þskj. 455 og varðar fjárveitingar til skógræktarverkefnisins á Fljótsdalshéraði, sem nefnast Héraðsskógar. Því miður ætlar hæstv. ríkisstjórn ekki á þessu sviði frekar en svo mörgum öðrum að standa það sómasamlega að málum að hægt sé að segja að hún standi við gerða samninga. Héraðsskógaverkefnið byggir á sérstökum lögum sem samþykkt var einróma á Alþingi fyrir um þremur árum. Í þeim lögum er gert ráð fyrir bindandi samningum við bændur um þátttöku í því skógræktarverkefni. Tugir slíkra samninga hafa verið gerðir og ef ekki er séð fyrir nægjanlegum fjárveitingum stofnast þeir samningar í hættu. Það var mat skógræktarátaksins þegar sótt var um fjárveitingar á fjárlögum næsta árs, að um 58 millj. kr. þyrfti til að efna sómsamlega alla þá samninga sem gerðir höfðu verið eða í undirbúningi voru og fjármagna verkefnið að fullu. Í fjárlögafrv. er því miður ekki gert ráð fyrir nema 47 millj. og 600 þús. kr. Nú mun að vísu hv. meiri hluti fjárln. leggja til nokkurra milljón króna aukningu á þessum lið, en þó ekki nóg til þess að ná upp í þær 58 millj. sem til þarf. Mun þar vanta um 7 millj. upp á ef eingöngu brtt. meiri hlutans nær fram að ganga. Við leggjum þess vegna til að þetta verði hækkað í 58 millj. þannig að efna megi skuldbindingar og fyrirheit samkvæmt þessu verkefni sem ég held að að flestra dómi sem eitthvað til þekkja sé afar mikilvægt, er fyrsta alvöru skógræktarverkefnið á Íslandi sem er með því sniði og af þeirri stærðargráðu að hægt sé að kalla það eiginlegt nytjaskógaverkefni. Reynslan sýnir að á Fljótsdalshéraði eru skilyrði fyrir hendi til þess að rækta nytjaskóg, Guttormslundur stendur sem óhrekjandi vitnisburður um að það er hægt og miklar vonir eru bundnar við þetta verkefni, ekki bara af íbúum þessa svæðis heldur meðal skógræktaráhugafólks um allt land.

Ég vil þá, hæstv. forseti, næst taka brtt. sem við flytjum þrír hv. þm. á þskj. 443, það er ásamt mér Hjörleifur Guttormsson og Jóhann Ársælsson. Brtt. er um að hækkaðar verði eða bætt við fjárveitingum til Ferðamálaráðs sem lúti að því að gera úrbætur á fjölsóttum ferðamannastöðum. Sömuleiðis fái Náttúruverndarráð hliðstæða aukningu til ráðstafana í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum og hækki því fjárveiting Náttúruverndarráðs úr 27 millj. og 700 þús. kr. í 33 millj. 700 þús. kr. Ferðamálaráð fái hins vegar nýjan lið upp á 10 millj. í þessu skyni.

Ég held að öllum sem til þekkja beri saman um það að hreint neyðarástand ríkir á allmörgum stöðum sem vinsælir eru af ferðamönnum. Mætti þar nefna ýmsar perlur, svo sem jarðhitasvæðið á Hveravöllum og fleiri slík svæði.

Því miður er svo að skipulag þessara mála er afar ófullkomið hjá okkur Íslendingum. Umsjón staðanna er í höndum mismunandi aðila, sums staðar eru það ferðafélögin, annars staðar Ferðamálaráð, í þriðja tilvikinu e.t.v. stjórnir þjóðgarða eða Náttúruverndarráð og í fjórða tilvikinu því miður enginn. Allmörg svæði hafa þannig orðið algjörlega út undan í þessu skipulagi, ef skipulag skyldi kalla. Dæmi um slíkan stað er umhverfi Dettifoss. Þar hefur ríkt hreinasta upplausn gagnvart því hver skuli sinna lágmarksgæslu og lágmarksúrbótum á því svæði og er varla hafandi eftir úr ræðustól á Alþingi það neyðarástand sem skapast hefur varðandi lágmarksumhirðu og hreinlætismál og annað því um líkt á þeim slóðum og því miður á fjölmörgum öðrum stöðum í landinu. Víða eiga í hlut fámennir afskekktir sveitahreppar sem ekkert bolmagn hafa til þess að taka við eða standa undir þjónustu við þúsundir ferðamanna sem e.t.v. streyma inn á slíka afskekkta en vinsæla staði yfir sumartímann. Þetta er hin argasta ómynd svo ekki sé meira sagt, hæstv. forseti, þegar haft er í huga að þessir staðir eru í mörgum tilvikum afar þýðingarmiklir í rekstri ferðaþjónustunnar yfir sumartímann sem eins og margtuggið er, bæði á Alþingi og annars staðar, er ein allra álitlegasta eða kannski segja sumir því miður eina álitlega vaxtargrein okkar í atvinnumálum sem stendur og skilar nú allmyndarlegum upphæðum í formi gjaldeyristekna í þjóðarbúið. Það er þess vegna með ólíkindum ef ekki er hægt að ná um það samstöðu á Alþingi að leggja, mér liggur við að segja, smáaura, tvo til þrjá tugi milljóna, af mörkum af hálfu hins opinbera til að sómasamlega sé hægt að ganga um þessar náttúruperlur, verja þær skemmdum og sjá svo um að ferðaþjónustan geti rekið starfsemi sína á þessum slóðum. Þetta er grein sem skilar 13 milljörðum kr. í hreinum gjaldeyr-

istekjum inn í þjóðarbúið að talið er. Það er ekki mikil fjármálaspeki fyrir eina þjóð að standa svo báglega að málum, fyrir utan reisnina sem í því felst gagnvart umhverfi og náttúru. Við stærum okkur oft af því að hér sé hreint land og fagurt land og ómengað og allt það. Það er argasta öfugmæli því miður eins og nú orðið háttar til af mörgum þessum stöðum.

Það má kannski ekki segja það upphátt en staðreyndin er sú að hér á þessum næturfundi hljóta menn að þola að heyra sannleikann. Ég tel mig þokkalega dómbæran á ástand þessara mála. Ég hef ferðast um hálendið og fylgst með því í 15–20 ár hvernig ákveðnar viðkvæmar náttúruperlur norðan heiða hafa verið að láta á sjá ár frá ári. (Gripið fram í.) Ég gerði talsvert í minni ráðherratíð, hv. framíkallandi, til þess að bæta úr þessu. Til að mynda hækkuðu fjárveitingar til Ferðamálaráðs verulega milli ára öll árin sem ræðumaður var samgrh. en svo dapurlegt er það nú að síðan þá hafa þær staðið í stað í krónutölu og eiga enn að gera samkvæmt fjárlagafrv. Ég þakka hv. formanni þingflokks Alþfl. fyrir framíkallið sem gaf mér tækifæri til að vekja athygli á góðri frammistöðu minni í þessum málum á sínum tíma. (**ÖS:** Ævinlega tilbúinn að gera greiða.)

Hæstv. forseti. Þá kemur ein lítil tillaga flutt af sömu hv. þm., Hjörleifi Guttormssyni, Jóhanni Ársælssyni og mér. Hún varðar fjárveitingar til Hafrannsóknastofnunar. Þar leggjum við til að nýr liður komi sem nefnist Rannsóknir á hrygningu og klaki þorsks og þar verði 10 millj. kr. fjárveiting lögð af mörkum. Svo ótrúlegt sem það nú er, lygilegt og furðulegt, þegar höfð er í huga öll umræðan um hrun þorskstofnsins og þá óskaplegu erfiðleika sem eru að ganga yfir íslenskt þjóðarbú vegna samdráttar í þorskveiðum, þá er það samt satt að Hafrannsóknastofnun hefur ekki fengið fjárveitingar til þess á undanförnum árum og er ekki ætlað samkvæmt fjárlagafrv. til þess að hrinda úr vör langþráðu verkefni um sérstakar rannsóknir á hrygningu og klaki þorsks. (Gripið fram í.) Þetta er auðvitað með ólíkindum og má kallast árás á hvern sem er, bæði núv. og fyrrv. hæstv. sjútvrh. og fjmrh. Það er auðvitað lygilegt þegar þetta er haft í huga. Hinn mikli spámaður John Pope, sem hæstv. núv. sjútvrh. gróf upp einhvers staðar úti í löndum og er sagður allra manna vitrastur um um þorskrannsóknir (Gripið fram í.) og var á þeirri stofnun sem reyndi á sínum tíma að troða einhverju viti hv. þm. Össur Skarphéðinsson á sviði fiskifræða og líffræði í Anglíu eða hvar það var á Englandi. Pope, þessi mikli páfi, fékk til endurmats allar rannsóknaniðurstöður Hafrannsóknastofnunar og staðfesti þær í grófum dráttum. Hann kom þó með ýmsar ábendingar og ein þeirra var sú að það væri ekki vansalaust hvað veikur fræðigrunnur stæði undir einum þætti í mati þorskstofnsins, afkomu hans. Það væri það sem gerðist á hrygningarslóðinni sjálfri. Það væri hrygning og klak þorsksins sem auðvitað skiptir afar miklu máli. Reyndar er það svo að þetta hafa ýmsir glöggir menn til sjávar talað mikið um á undanförnum árum. Menn furðuðu sig lengi á því t.d. að Hafrannsóknastofnun leit ekki á þá hrygningu þorsks á innfjörðum á Norðausturlandi og sums staðar á Austfjörðum sem heimamenn á þeim slóðum höfðu vitað af áratugum saman. Það var reynt ár eftir ár á mínum heimaslóðum að fá sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar til að koma og fylgjast með klakinu á vorin á víkum Þistilfjarðar en þar sást aldrei maður. Hvers vegna var það? Kenningin var sú að þarna væri engin hrygning og væri einhver hrygning þá skipti hún ekki máli því það kæmust engin seiði upp við þessar aðstæður. Þá spurðu þessir fávísu sjómenn: Hvers vegna er þorskurinn að hrygna þarna? Þeir höfðu þá þekkingu á náttúrufræði að þeir áttuðu sig á því að það var ekki líklegt að náttúran gerði þessi mistök ár eftir ár, áratug eftir áratug og öld eftir öld ef ekkert kæmi út úr því og ég held að þetta sé rétt. Nú loksins eru menn komnir af stað í þessum efnum og Hafrannsóknastofnun hefur mikinn áhuga á því að gera rannsóknir á þessu sviði en hefur ekki fengið til þess fjárveitingar. Hér er flutt tillaga um það. Hv. þm., t.d. hv. 17. þm. Reykv., sem hlýtur að taka mark á þessum merka háskóla sem uppfræddi hann á sínum tíma, gefst nú kostur á því að fylgja þessu áliti eftir.

Þá vil ég, hæstv. forseti, nefna litla brtt. sem við flytjum, hv. þm. Jóhann Ársælsson og ég, og varðar málefni Vegagerðar ríkisins. Við leggjum til að uppsetningu á þeim lið verði breytt þannig að liðurinn Nýframkvæmdir, liður 10-211 610, hækki úr 2.260 millj. í 2.954 millj. eða um tæpar 700 millj. Þess í stað lækki liðurinn Framkvæmdaátak vegna atvinnumála um sömu upphæð, eða úr 1.800 millj. og niður í 1.106. Það kann í fljótu bragði að sýnast að þetta skipti ekki miklu máli, að Vegagerðin hafi úr sama fé að moða eftir sem áður. Það er rétt en það sem við erum að fara með þessu er að við viljum að Vegagerðin fái að halda sínu fé af sínum tekjustofnum á næsta ári og lántaka hennar lækki sem þessu nemur. Hér er þess vegna á ferðinni krafa um það að þær tæpar 700 millj. kr. sem ríkissjóður ætlar að stela af hinum mörkuðu tekjum Vegagerðarinnar, sem vegalögin kveða skýrt á um að skuli ganga til vegagerðar, fari í þau verkefni og lántökur Vegagerðarinnar lækki sem því nemur. Vanti ríkissjóð meira fé verður hann að taka það að láni en ekki stela því af Vegagerðinni. Það er furðulegt ef geðleysi hv. stjórnarþingmanna er orðið slíkt, manna sem margir hverjir ósköpuðust fyrir ekki mörgum árum út af mun minni skerðingu á tekjum Vegagerðarinnar sem gripið var til í eitt ár þegar við sérlega afbrigðilegar aðstæður var verið að reyna að koma saman fjárlögum rétt fyrir árslok 1988 eftir að ríkisstjórnin hafði liðast í sundur og önnur orðið að taka við. Þá var gripið til þess ráðs að hækka stórlega bensíngjald og ná þannig í viðbótarfé og hluta þess var varið til ríkisútgjalda á því ári. Við það fyrirheit var staðið að sú skerðing stóð aldrei nema þetta eina ár og árin þar á eftir naut Vegagerðin góðs af því að tekjustofnar hennar höfðu verið hækkaðir. Þá ósköpuðust margir hv. þm. Sjálfstfl. yfir þessari aðgerð og höfðu vond orð og mörg um þann sem hér stendur. Þau virðast öll gleymd. Nú á að fara út í miklu verri aðgerð og háskalegri vegna þess að ekki er bara verið að skerða tekjurnar um stórar fjár-

hæðir heldur verður Vegagerðin skuldsett á móti svo nemur miklum fjárhæðum, eða 1.800 millj. kr. á einu ári og svo á að ganga lengra á þeirri braut á árunum 1994 og 1995. Vita menn hver liðurinn Nýframkvæmdir er? Hann er 2,2 milljarðar. Með öðrum orðum verður skuld Vegagerðarinnar vegna þessa eina árs hátt í heilsársupphæð samkvæmt liðnum Nýframkvæmdir eins og hann stendur núna í fjárlögunum. Þetta er hroðaleg útkoma fyrir Vegagerðina og þess vegna leggjum við til að þessu verði breytt.

Hæstv. forseti. Þá vil ég nefna lítillega fremur litla brtt., sem mér er þó nokkuð hugfólgin, á þskj. 456. Þetta er brtt. við liðinn Hafnamál, að við sundurliðun þar og reyndar líka við niðurstöðutölu hafnarframkvæmdanna bætast 6 millj. kr. Sundurliðunin komi í sérstöku yfirliti eða bætist við hið sérstaka yfirlit og orðist svo: „12 Árneshreppur, hafnaraðstaða smábáta.“

Hér er lagt til að varið verði á næsta ári 6 millj. kr. til að bæta hafnaraðstöðu smábáta í Árneshreppi á Ströndum.

Það má spyrja af hverju þingmaður úr Norðurlandi eystra sé að flytja brtt. um auknar hafnarframkvæmdir í Vestfjarðakjördæmi og það af öllu stöðum í Árneshreppi á Ströndum. (Gripið fram í.) Nei, ástæðan er önnur, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hún er nefnilega sú að ræðumaður fór í heimsókn í þennan hrepp sumarið 1990 sem þáverandi samgrh. og kynnti sér aðstæður í þar. Það þóttu veruleg tíðindi þar um slóðir. Það hafði ekki gerst alllengi að eintak af því tagi kæmi og gæfi sér tvo sólarhringa til að ferðast um og skoða aðstæður í þessum nyrsta og afskekktasta hreppi landsins að Grímsey frátalinni.

Eitt af því sem stendur mönnum þar mjög fyrir þrifum er að sú smábátaútgerð sem er auðvitað algjör lífsnauðsyn í þessum hreppi og er uppistaða í tekjuöflun allmargra fjölskyldna og drýgir tekjur annarra býr við ótrúlega lélega hafnaraðstöðu. Sérstaklega á það við um Gjögur en einnig að nokkru leyti um Norðurfjörð og Djúpuvík. Frá þessum þremur stöðum er smábátaútgerð aðallega stunduð í Árneshreppi. Nú eru einstöku bæir þar kannski fyrir utan með sínar heimalendingar.

Ég held að í því liggi ekki stórir fjármunir fyrir íslenska þjóðarbúið að aðstoða í litlu þessa byggð sem þarna verst og er býsna merkileg fyrir okkur Íslendinga og jafnvel þó víða væri leitað. Staðreyndin er sú að það má allt eins sjá það fyrir sér að hún geti átt allgóða framtíð. Þangað sækir aukinn straumur ferðamanna og smábátaútgerðin hefur dafnað þar vel á síðustu árum. Þar var mokfiskirí fyrir landi á síðasta sumri svo það komst í fréttirnar. Grásleppuútgerð hefur gefið nokkuð vel af sér sökum þess að sóknin er hófleg og þetta liggur allfjarri þeim ofnýttu miðum sem sums staðar annars staðar eru tekin að bila. Það kom mér mjög á óvart þegar ég heimsótti þessar slóðir á sínum tíma að átta mig á því að þangað höfðu nánast engar fjárveitingar af neinu tagi runnið frá hinu opinbera síðustu 10–20 ár eða a.m.k. sáralitlar. Til dæmis hafði þar varla sést vegagerðartæki á öllum þessum langa og lélega vegi svo áratugum skipti. Úr þessu varð nú ásetningur minn að reyna að bæta og ég gat beitt mér fyrir því á þessum tíma þegar sama sumar hófust nokkrar framkvæmdir eða lagfæringar á veginum þarna norður og í framhaldinu var gerð skýrsla á Hafnamálastofnun um hvað hægt væri að gera til að bæta hafnaraðstöðu smábáta. Einhverjar minni háttar fjárveitingar komust svo inn í fjárlög næsta ár þar á eftir sem ég hafði því miður ekki sömu aðstöðu lengur til að fylgja eftir. En nú sýnist mér að samkvæmt þeirri sundurliðun frá fjárln. um hafnarmannvirkin sem er komin að ekki sé ætlunin að veita einni einustu krónu til framkvæmda í þessum hreppi. Það finnst mér lélegt og ég vil því leyfa hv. þm. að eiga kost á því að bæta þarna úr. Ég held því fram að þetta mundi ekki setja ríkissjóð eða landið á hausinn þótt svolitlir aurar yrðu lagðir í þetta verkefni.

Þá er að lokum, hæstv. forseti, brtt. á þskj. 451 sem ég flyt og varðar liðinn Sjávarútvegsmál, ýmis starfssemi, Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknabátur. Sá liður hækki úr þeim 1.200 þús. kr. sem hann er í í frv. í 14 millj. Það er að mínu mati hinn argasti aumingjaskapur að gefast upp við að halda því verkefni úti. Tryggingafé mun vera til til þess að endurnýja þann bát sem með hörmulegum hætti tapaðist á sínum tíma. Á þessu verkefni og rekstri þessa báts hangir ýmislegt fleira svo sem rannsóknaverkefni í Eyjafirði sem báturinn var ætlaður til. Hæstv. fyrrv. sjútvrh. hafði tekið um það ákvörðun að báturinn skyldi vistaður á Akureyri eða á Eyjafjarðarsvæðinu og nýtast vaxandi starfsemi á sviði sjávarútvegsins þar. Ég tel þess vegna að ef menn vilja vera sjálfum sér samkvæmir og hv. Alþingi sem ályktað hefur um Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið sem miðstöð rannsóknar og fræðslu á sviði sjávarútvegs eigi þá að samþykkja þessa tillögu til að unnt sé að standa við þennan þátt þeirra verkefna.

Hæstv. forseti. Þá er að lokum brtt. sem flutt er af hv. þm. Svavari Gestssyni og Guðmundi Bjarnasyni. Í sjálfu sér er það ekki hlutverk ræðumanns að mæla fyrir henni, það munu þeir annaðhvort þegar hafa gert eða eiga eftir að gera. Ég ætla að leyfa mér að nefna aðeins málefni Kristness því ég held að þar sé á ferðinni eitt af þessum ótrúlegu málum þar sem hæstv. heilbrrh. hefur gengið fram með býsna sérkennilegum hætti svo ekki sé meira sagt. Hæstv. heilbrrh. hefur að vísu þegar komið sér á spjöld sögunnar með þeim hætti að ég hygg að hans verði lengi minnst fyrir ótrúleg afrek liggur mér við að segja, t.d. þegar hæstv. ráðherra komst á sl. vetri að þeirri niðurstöðu að ein helsta okurstofnun landsins væri Hjálpartækjabankinn í eigu Öryrkjabandalagsins og Sjálfsbjargar. Hæstv. ráðherra réðst með offorsi að Hjálpartækjabankanum og skammaði hann fyrir okur. Það var helst á honum að skilja að þessi sjoppa, Hjálpartækjabankinn, hefði verið rekinn í svívirðilegu gróðaskyni um árabil. Hið sanna sem í ljós kom var auðvitað það að Öryrkjabandalagið og Sjálfsbjörg höfðu lagt þessari starfsemi til verulegt fé í upphafi, stutt hana af stað og aldrei tekið krónu út úr þeim rekstri. Ég tek þetta bara sem lítið dæmi, hæstv. forseti, um þau ótrúlegu „afrek“ sem hæstv. heilbrrh. hefur unnið í málflutningi af þessu tagi. Ég hygg að

það sé leitun á öðru eins.

Hæstv. heilbrrh. beitti á síðasta ári talsvert þeirri aðferð að ráðast með býsna ósvífnum hætti að einstökum stofnunum, jafnvel einstökum stéttum innan sinnar greinar. Allir muna árásir hæstv. heilbrrh. á Landakotsspítala og St. Jósefsspítala og það sem sigldi í kjölfarið. Nú hefur hæstv. heilbrrh. fundið sér á þessu ári ný fórnarlömb og beitt sömu aðferðinni sem ég tel vera, hæstv. forseti, svo ég orði hlutina eins og ég meina þá en ekki í hálfkæringi, neðan við allar hellur. Ég hef aldrei síðan ég fór að fylgjast með stjórnmálum heyrt einn ráðherra beita þessari aðferð gagnvart aðilum innan sinnar greinar, þeirrar sem hann á að sjá fyrir samkvæmt lögum.

Hæstv. heilbrrh. leyfir sér t.d. að misbeita aðstöðu sinni sem yfirmaður heilbrrn. til að koma á framfæri röngum og villandi upplýsingum til að klekkja á viðkomandi stofnun. Ég fullyrði þetta, hæstv. forseti, þó svo heilbrrh. sé farinn að sofa og hér séu ekki margir viðstaddir. (**Gripið fram í:** Eigum við ekki að vekja ráðherrann?) Hæstv. heilbrrh. hefur nóg tækifæri til að svara mér og getur lesið þetta í þingtíðindunum. Það er hans sök en ekki mín að hann er ekki viðstaddur umræðuna.

Ég fullyrði að hæstv. heilbrrh. eða ráðuneyti hans hefur með alveg gjörsamlega óþolandi hætti sent frá upplýsingar sem eru rangar, sem eru villandi, sem eru bersýnilega ósanngjarnar í garð Kristnesspítala að því er virðist til þess eins að veikja fyrir fram varnir þeirrar stofnunar og gera þeim sem vilja efla hag hennar erfitt um vik að verja sig fyrir þeim niðurskurðaráformum sem reyndust vera í farvatninu. Hæstv. ráðherra fór þannig að þessu með Kristnes að hann lét fyrst berast fréttir af því að þar væri óheyrilegur kostnaður á hvert rúm. Það voru sendar út frá ráðuneyti hans upplýsingar sem voru bersýnilega svo ósanngjarnar í garð starfseminnar þar að það getur ekki verið að menn sem eiga að þekkja sæmilega til í heilbrigðismálum hafi gerst sekir um slík mistök nema eitthvað meira en lítið sé að. Þar voru teknar viðmiðanir og settar fram fullyrðingar sem ekki fást staðist. Þegar betur er að gáð er kostnaður á Kristnesspítala eðlilegur með hliðsjón af eðli þeirrar starfsemi sem þar fer fram og þeim aðstæðum sem henni hafa verið skapaðar, m.a. ónógar stöðuveitingar til þess að fullmanna og fullnýta endurhæfingaraðstöðuna þar. Þar fengust skýringar sem meira en duga til þess að sýna að reksturinn á Kristnesspítala er að teknu tilliti til þessa alls síst dýrari en á fjölmörgum öðrum stofnunum. Samanburðurinn var á hinn bóginn gerður við stofnanir sem vegna ónógrar hækkunar á daggjöldum eru nú reknar með bullandi tapi. Það var engu að síður talið boðlegt af hálfu heilbrrn. að nota það sem samanburð til að sanna hversu dýr starfsemin á Kristnesi væri, hún væri þetta miklu dýrari en t.d. starfsemi á öðrum endurhæfingarstofnunum. En það var ekki látið fylgja með að þær væru reknar með miklu tapi. Nei. Menn áttu væntanlega að halda að þar gengi allt skínandi vel og væri bara í fínu lagi. Hvað eiga svona vinnubrögð að þýða? Til hvers eru þau annars en þess sem ég leyfi mér að fullyrða að hafi verið tilgangurinn, og bið menn þá að sanna annað, að brjóta fyrir fram niður varnir stofnunarinnar þannig að hún lægi vel við högginu þegar það kæmi. Þetta verð ég að segja að eru vinnubrögð sem ég tel að engum manni séu sæmandi, jafnvel ekki núv. hæstv. heilbrrh.

Í raun og veru var nákvæmlega það sama sem hæstv. ráðherra gerði gagnvart SÁÁ. Hverjar voru fréttirnar sem hæstv. ráðherra byrjaði á gagnvart SÁÁ áður en umræðan fór í gang um fjárveitingar til áfengismeðferðarinnar? Hvað var það? Hæstv. ráðherra kom í fjölmiðla og sagði að mikil brögð væru að því að menn væru bara í hressingar- og hvíldardvöl inni á þessum stofnunum. Hver áttu hugrenningatengslin að vera önnur en þau að fá fólk til að hugsa: Það er eitthvað bogið við þessa starfsemi? Þetta er eitthvað skrýtið. Fólk er bara þarna eins og á fínum hótelum og er að hvíla sig. Til hvers er verið að svona löguðu? Ég segi eins og er: Þetta eru vinnubrögð sem ég tel að séu engum manni sæmandi, jafnvel ekki hæstv. núv. heilbrrh. Það er auðvitað sorglegt sem er að koma æ betur í ljós og var rækilega til umræðu á Alþingi í gær að hæstv. heilbrrh. nær engum árangri. Auðvitað ekki. Menn ná ekki árangri með svona vinnubrögðum.

Ég vil svo að lokum, áður en ég segi skilið við heilbrigðismálin, geta þess að þegar farið er svo yfir málefni Kristnesspítala t.d. kemur í ljós það sem sannast svo víða í framgöngu hæstv. heilbrrh. Það er að hæstv. ráðherra er hvað faglegu hliðina snertir í raun og veru úti að aka. Það eru engin fagleg rök af neinu tagi fyrir hendi til þess að réttlæta þann niðurskurð eða samdrátt í starfseminni á Kristnesi sem fjárlagafrv. boðar. Það er brýn þörf fyrir öll þessi endurhæfingarrúm á Norðurlandi og þó fleiri væru. Staðreyndin er sú að á Norðurlandi, miðað við upptökusvæði Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, ættu að vera um 40 endurhæfingarrúm miðað við fjölda þeirra á suðvesturhorni landsins, þ.e. þegar lögð er saman endurhæfing á Reykjalundi, í Hveragerði og á Grensásdeild Borgarspítala. Þau eru 12 á Kristnesi í dag. Er þá skynsamlegt að leggja þau niður? Það mundu tillögur hæstv. heilbrrh. samkvæmt fjárlagafrv. gera ef ekki tækist að bjarga því við. Staðreyndin er líka sú að Norðurl. e. er fyrir það kjördæmi landsins sem er næst á eftir Reykjavík verst sett með langlegurúm og hjúkrunarrúm. Er þá skynsamlegt að fækka rúmunum þar? Ef Kristnesspítala yrði lokað yrði ástandið á Norðurl. e. verra en í Reykjvík. Hér er samkvæmt norrænum stöðlum neyðarástand hvað varðar fjölda hjúkrunarrýmis miðað við íbúatölu. Eru það faglegu rökin fyrir því að loka Kristnesspítala að það þurfi að skapa neyðarástand líka á Norðurlandi eystra? Hver er svo byggðapólitíkin í því að leggja niður einu endurhæfinguna sem er til utan höfuðborgarsvæðisins? Er það gáfuleg og réttlætanleg stefna? Ég segi nei. Þetta er auðvitað það sem ég tel að fyrir utan vinnubrögð og framgöngu hæstv. heilbrrh., sem öll þjóðin er hneyksluð á, sé verst en það er að hæstv. ráðherra hefur ekkert vit á heilbrigðismálum. Hann virðist ekki hafa hirt um að setja sig inn í grundvallaratriði í þessum málaflokki. Han veður þarna um

eins og fíll í postulínsbúð, brýtur og bramlar, rífur niður og skemmir án nokkurrar faglegrar stefnumörkunar eða hugsunar. (**Gripið fram í:** Það er gott að hann er sofandi núna.) Ég veit ekki hvernig hæstv. heilbrrh. dreymir en það er ekki mitt að hafa áhyggjur af því. Hæstv. ráðherra vissi að hér voru menn á mælendaskrá og mátti gefa sér það að einhverjir þeirra hefðu hug á að segja við hann nokkur orð.

Hæstv. forseti. Ég bind vonir við að þessari atlögu að Kristnesspítala verði hrint með einum eða öðrum hætti. Það er mikill vilji og mikill hugur í mönnum norðan heiða að gera það. Ég ætla þess vegna ekki og hef ekki hugsað mér að hreyfa málefnum spítalans með brtt. við 2. umr. fjárlaga. Ég vil í fyrsta lagi bíða og sjá hver verða afdrif brtt. þeirra hv. þm. Svavars Gestssonar og Guðmundar Bjarnasonar. Ég vil í öðru lagi bíða og sjá hvort eitthvert samkomulag kann að liggja fyrir áður en 3. umr. fer fram um fjárlög milli Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og Kristnesspítala eða Ríkisspítalanna um hugsanlega yfirtöku Fjórðungssjúkrahússins eða sameiningu Kristnesspítala og Fjórðungssjúkrahússins. En ég segi bara að ég mun seint sætta mig við það að fjárlögin verði afgreidd hér endanlega og 3. umr. ljúki án þess að einhver úrlausn fáist í þessu máli. Ég tel það gersamlega óþolandi framgöngu af hálfu hæstv. heilbrrh. og ég sé ekki hvernig í ósköpunum þingmenn sem á annað borð setja sig inn í þetta mál, ég tala ekki um þingmenn af viðkomandi svæði, Austurl., Norðurl. e. og Norðurl. v. sem búa á upptökusvæði Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri geta þolað það að fótunum verði að hluta til kippt undan starfsemi þessa eina deildaskipta og sérhæfða sjúkrahúss landsins utan höfuðborgarsvæðisins með þessum hætti. Auðvitað er ljóst að ef menn rústa þetta niður eru menn ekki bara að loka Kristnesi og hætta endurhæfingu þar. Það hrynur auðvitað grundvöllurinn undan bæklunarlækningadeild á Akureyri með því að engin endurhæfing verður fyrir hendi á svæðinu og það er ekki víst að atlagan stöðvist þar. Er það e.t.v. ætlun hæstv. heilbrrh. að fara þannig með Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri að fótunum verði kippt undan því sem sérhæfðu og deildaskiptu sjúkrahúsi, hinu einu sinnar tegundar utan höfuðborgarinnar og þar með kannski líka því hlutverki sem það hefur samkvæmt almannavörnum og skipulagi átt að gegna sem varasjúkrahús fyrir suðvesturhorn landsins. Ég held að það verði að ræða hlutina eins og þeir eru og í því samhengi sem þeir eru.

Ég verð að segja eins og er að þó að ég hafi ekki gaman af því mun ég gera allt sem í mínu valdi stendur til þess að koma í veg fyrir að þetta gangi fram. Ég segi það, hæstv. forseti, ég mun gera það. Það verður þá seint náð fullum sáttum við mig um afgreiðslu mála og lok þinghaldsins fyrir jólin ef þessi ósvinna á að ganga eftir. Það er allt í lagi að skila því til hæstv. heilbrrh. (**ÖS:** Þá frestum við jólunum eins og Castro.) Castro bjargaði miklum verðmætum með því á sínum tíma með þjóð sinni að fresta jólunum og ná sykuruppskerunni í hús. Castro var góður bóndi. En sama verður ekki sagt um núv. heilbrrh. Hann hefur örugglega ekki meira vit á landbúnaði en hann hefur á heilbrigðismálum og það er ekki mikið.

Hæstv. forseti. Ég held ég fari að láta þetta duga. Ég hef nokkurn veginn rakið mig í gegnum þær brtt. sem ég ætlaði að mæla fyrir og nefna þá málaflokka sem mér eru hugleiknir á sviði heilbrigðismála, landbúnaðar- og samgöngumála og nokkra aðra þætti. Auðvitað mætti margt segja um þessi fjárlagamál í almennu samhengi en ég ætla ekki að gera það tímans vegna. Mér sýnist ýmsir fara að verða nokkuð syfjulegir og framlágir eins og t.d. formaður þingflokks Alþfl. þó að hann megi eiga það að hann er nokkuð þaulsætinn við þingstörfin og sinnir sínum þinglegu skyldum betur en margir aðrir.

Það er nokkurt umhugsunarefni, hæstv. forseti, við hvaða aðstæður fjárlagaumræðan fer fram. Ég var að hugsa um það áðan að það held ég að eigi að verða okkur öllum nokkurt umhugsunarefni, þátttakendunum í umræðunni, hæstv. forsetum, hæstv. ríkisstjórn og ekki síst hv. fjárln. hvernig þetta rekur sig hér í gegnum daginn, kvöldið og nóttina. Menn sem skrá sig á mælendaskrá kannski milli kl. 1 og 2 að deginum komast að þegar langt er liðið á nótt þegar ýmist enginn eða einn ráðherra, tilviljun hver, er viðstaddur, þegar enginn maður eða einn úr hv. fjárln. er í húsinu, hvorki varaformaður, formaður fjárln. né aðrir geta numið þau skilaboð sem hv. ræðumenn eru að flytja eru til þess að fylgjast með. Maður fer auðvitað að spyrja sig að því, til hvers er þá þessi umræða? Hvaða tilgangi þjónar hún? Er þetta kannski allt orðinn misskilningur að það hafi eitthvað upp á sig að flytja brtt., að mæla fyrir þeim, að reyna að færa rök fyrir sínum málstað?

Ég tel, hæstv. forseti, að þetta eigi að verða okkur öllum nokkurt umhugsunarefni. Menn ættu að skoða hug sinn um það hvort ekki þurfi á komandi árum að tímasetja þetta með öðrum hætti. Þá á ég við bæði umræðuna sjálfa og hvernig henni er hagað og líka hvernig vinnutíma hv. fjárl. er hagað svo þeir menn séu ekki uppteknir á meðan umræðan fer fram og fleira. Ég beini þessu í allri vinsemd til hæstv. forseta og býð honum góða nótt.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti getur tekið undir margt af því sem kom fram hjá hv. þm. og varðar þingstörfin og umræðuna um fjárlög.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en tekið undir þau umvöndunarorð sem hv. þm. Steingrímur Jóhann Sigfússon hefur um það með hvaða hætti þessi umræða fer fram. Það er alveg hárrétt að þingmenn sýna henni sorglega lítinn áhuga. Ég verð auðvitað að lýsa depurð minni yfir því að hér eru ekki staddir nema tveir þingmenn stjórnarandstöðunnar. Stjórnarandstaðan hefur geisað mjög í fjölmiðlum sem og í þingsölum yfir því hversu mikil mannvonska felst í þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir og í því fjárlagafrv. sem hún hefur hér mælt fyrir. En það er ákveðin þverstæða fólgin annars vegar í þessum um-

mælum og hins vegar því að það sækir varla nokkur einasti þingmaður stjórnarandstöðunnar þessar umræður. Það veldur mér líka, hv. þm. Steingrímur Jóhann Sigfússon, nokkrum áhyggjum vegna þess að ég tel að í virku lýðræði felist einmitt það að stjórnarandstaðan veiti aðhald. Það liggur við að ég leyfi mér að segja, virðulegi forseti, að það sé allt loft úr stjórnarandstöðunni.

Þingmaðurinn fór vítt um svið eins og hans er von og vísa. Ég vil lýsa því yfir, virðulegi forseti, að ég og minn flokkur höfum gjarnan umgengist þennan hv. þm. af nokkrum virðuleika. Ég vil minna á að þegar minn ágæti formaður, hæstv. ráðherra Jón Baldvin Hannibalsson, gaf sínum fyrri kollegum einkunnir var einkunn hans um Steingrím Jóhann sú að hann væri næsta frambærilegur þingmaður. Ég tek undir það og þess vegna vakti það sorg mína hversu vanstillt ræða þingmannsins var.

Hann fór víða og ræddi m.a. búvörusamninginn og meint svik ríkisstjórnarinnar á honum. Hann taldi m.a. til umsögn Ríkisendurskoðunar. Ég verð að segja það að ég gef afskaplega lítið fyrir umsögn Ríkisendurskoðunar og er hissa á því að hv. þm. sem hefur ekki fremur en hans flokkur lokið miklu lofsorði á þá stofnun skuli notfæra sér þau gögn. Mig langar að taka eitt lítið dæmi. Stofnunin bendir t.d. á að það vanti einar 13–14 millj. kr. í framlög til sláturhúsa vegna vaxta- og geymslukostnaðar. Þegar ég las þetta sem varaformaður landbn. fór ég að reyna að grafast fyrir um það með hvaða hætti hún komst að þessu. Ég komst að þeirri niðurstöðu að hún hefði ekki farið í ýkja djúpar rannsóknir heldur einungis skrifað Framleiðsluráði landbúnaðarins bréf sem sendi þetta svar. Þetta tel ég afskaplega vond vinnubrögð.

Að lokum, virðulegi forseti, af því að svo vill til að ég hef örlitla menntun í kynlífi fiska gleður það mig að hér kemur þingmaðurinn og lýsir því yfir að hann vill verja 10 millj. í að rannsaka hrygningu þorskfiska. Af því að ég er áhugamaður um æxlunartækni þessara fiska vil ég spyrja þingmanninn, til þess að mér gefist mögulega færi á að styðja tillögurnar: Með hvaða hætti hyggst hann verja þessum 10 millj. og í hvers konar rannsóknir á æxlunaratferli þorskfiska?

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi er rétt að það komi fram að hér voru þrír stjórnarandstæðingar í salnum því verri róg um hæstv. forseta vorn en þann að ætla honum að styðja ríkisstjórnina get ég ekki hugsað mér við núverandi aðstæður. Ég vil bera hönd fyrir höfuð hæstv. forseta.

Í örðu lagi er það rangt hjá hv. 17. þm. Reykv. að stjórnarandstaðan hafi eitthvað dregið af sér í umræðunni og mætt illa til þings. Hér var t.d. reynd atkvæðagreiðsla áðan og þá var mikill meiri hluti viðstaddra stjórnrandstæðingar til að reyna að greiða hér fyrir þingstörfum. Ég hygg að hv. þm. átti sig á því að það er stjórnarliðið sem er allmiklu verr mennt þótt það eigi að heita í meiri hluta eða var síðast þegar ég vissi, þ.e. á þingi ef talan 63 er höfð í huga.

Það er út af fyrir sig alltaf matsatriði hvaða einkunnir eigi að gefa ræðum manna eins og hv. þm. fór út í og gaf minni ræðu áðan þá einkunn að hún hefði verið vanstillt. (Gripið fram í.) Ég vissi ekki til þess að ég hefði verið sérstaklega órólegur. Ég er oftast í góðu jafnvægi á þessum tíma sólarhrings. Það er út af fyrir sig rétt að mér er nokkuð heitt í hamsi, t.d. þegar talið berst að hæstv. heilbrrh. Það er e.t.v. sá kafli, sem hv. þm. átti við, er ég ræddi um þennan flokksbróður hans. Það verður þá bara að hafa það. Ég er einu sinni þannig mannvera að ég get ekki alltaf hamið allar mínar tilfinningar. Eitt af því sem kemur þeim verulega upp á yfirborðið þessa dagana er hæstv. heilbrrh. En ég er ekki einn um það með þjóðinni. Það skal hv. þm. Össur Skarphéðinsson svo sannarlega vita.

Varðandi Ríkisendurskoðun þá getur hún svarað fyrir sig sjálf. Ég hef sagt áður að hún er ekki heilög stofnun en það má nota ýmslegt sem frá henni kemur.

Um rannsóknir á klaki þorskfiska er það að segja að fyrir liggur hjá Hafrannsóknastofnun vönduð áætlun um það sem ég hef fengið upplýsingar um frá Jakob Jakobssyni hvernig eigi að verja þessum fjármunum. Hann telur upphæðina nóga til að koma þessum rannsóknum af stað. Mér skilst að þær eigi aðallega að beinast að rannsókn á hrygningarslóðinni sjálfri, á aðstæðum þar hvort selta sjávar, hitastig, veður og ýmsar aðrar aðstæður geti haft merkjanleg áhrif og geti orðið mönnum að gagni við að meta hrygninguna, afkomuna og spá þannig fyrir um hlutina og ef til vill hafa áhrif til hins betra með t.d. friðunaraðgerðum á þeim slóðum eða við hagstæðar aðstæður o.s.frv. Þetta hlýtur hv. doktor að átta sig á og skilja að eru allt saman verkefni vísindamanna að útfæra en ekki okkar stjórnmálamanna.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé það að orð míns formanns um þennan hv. þm. eru sönn. Hann tekur rökum og er greinilega enn að þroskast. Þannig sést það til að mynda að eftir mín umvöndunarorð var hans seinni ræða miklu hófstilltari og málefnalegri og það ber að þakka.

Ég vil síðan segja það að ég er afskaplega ánægður yfir því þegar hv. þm. Steingrímur Jóhann Sigfússon fer yfir sviðið og telur upp þá sem hér eru staddir úr stjórnarandstöðu og stjórn, að hann telur hv. þm. Inga Björn Albertsson í hópi stjórnarsinna. Það eru gleðileg tíðindi fyrir mig og ég fagna því. Hann sagði hins vegar að stjórnarandstæðingar hefðu ekki dregið af sér. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að hér kemur þingmaðurinn og talar af mikilli tilfinningu og það er augljóst að honum er heitt í hamsi. Hvar eru hinir andstæðingar stjórnarinnar sem er heitt í hamsi? Þeir eru ekki staddir hér. Ég sé þá ekki. Hvar eru mótmæli þeirra við þessarsi vonsku? Er kannski vonskan í stjórnarandstöðunni ekki meiri en svo að hún er sofandi heima eða hímir hún hér á bekkjum um húsið og sefur? Ég spyr, virðulegur forseti. Ég hnaut líka um það að í fyrri ræðu vakti hv. þm. athygli á því að fjárln. var ekki stödd hér og hann sá sérstaka ástæðu til

að draga það fram að formaður og varaformaður voru ekki staddur hér.

Nú vill svo til, virðulegi forseti, að ég veit að fjárln. hefur verið á afar mikilvægum fundi það sem af er þessari nóttu. Þar eru ekki bara staddir varaformaður og formaður heldur líka þeir virðulegu þingmenn stjórnarandstöðunnar sem sitja í þessari nefnd. Ég vil að það komi fram að það er ekki sökum anna við annars konar fundarstörf sem þeir hafa ekki getað sótt þennan mikilvæga þingfund og tekið þátt í þessari umræðu okkar.

Að öðru leyti vil ég þakka hv. þm. fyrir að hafa upplýst mig um að hann hefur vísindalegan grunn undir tillögu sinni sem gerir hana miklu meira aðlaðandi en ella. Ég verð að þakka honum fyrir að hafa vakið athygli á því að þessi áætlun liggur fyrir og ég mun auðvitað það sem eftir lifir nætur og þangað til við göngum til atkvæða um klukkan 11 í fyrramálið fhuga mjög vandlega hvort ekki sé flötur á því hér að ná ákveðinni samstillingu milli stjórnar og stjórnarandstöðu um þetta tiltekna mál.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. fer nokkuð á kostum og maður sér það fyrir sér að ef hann væri nokkrum kílóum léttari væri hann efni í ballettdansara, svo fimlega fer hann hér stafnanna á milli í þessum málflutningi. Á annað borðið manar hann stjórnarandstöðuna og brýnir hana á því að hún sé alls ekki nógu hörð af sér og mæti ekki nógu vel og hvar sé nú andstaðan að hér séu ekki fleiri. Það liggur við að maður sjái hv. þm. þannig fyrir sér að hann vilji helst hafa hér umsátursástand. Menn berjist hér með vopnum nánast, a.m.k. með orðum.

Í hinu orðinu talar hann svo um það að mikilvægar upplýsingar hafi komið fram sem hann þakkar fyrir og vil nú leita sátta og samstöðu um lagfæringar af þessu tagi. Þetta kalla ég skemmtilega fimi að vippa sér svona á milli borðanna. (**ÖS:** Það er eðli þingmannsins.) Þetta er eðli þingmannsins upplýsir hv. þm. um sjálfan sig og vel er það.

Ég get lofað hv. þm. því að ef sú ríkisstjórn sem hv. þm. styður enn, hygg ég, að verulegu leyti, þó ekki öllu frekar en hv. þm. Ingi Björn Albertsson sem hér er nefndur, heldur á spilunum svo sem horfir næstu sólarhringana, þá muni hv. þm. sjá að það er talsvert líf í stjórnarandstöðunni því allt stefnir þetta nú heldur í þá átt úr vondu í verra. Þá mun hv. þm. sjá að stjórnarandstaðan mun rækja sínar skyldur og veita það aðhald sem hv. þm. það um. (**ÖS:** Jafnt í svefni sem vöku.) Ég er út af fyrir sig þakklátur hv. þingflokksformanni Alþfl., og ég vil vekja athygli á því að hér er formaður annars þingflokks stjórnarliðsins að minna okkur í stjórnarandstöðunni á skyldur okkar og hvetja okkur til þess að draga ekki af okkur við það að veita ríkisstjórninni aðhald. Ég tel að starfsbræðrum hv. þm. í þingflokkum stjórnarliðsins hljóti að þykja þetta sömuleiðis þörf ummæli og góð og vel til þess fallin að þingstörfin megi nú ganga eðlilega fyrir sig.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að vekja athygli á þeirri merkilegu staðreynd að þingflokksformaður annars stjórnarflokksins hefur óskað eftir því að ríkisstjórnini verði veitt mun harðari andstaða en verið hefur til þessa. Við höfum auðvitað gert okkur grein fyrir því að það væri veruleg ókyrrð innan stjórnarflokkanna, ekki síst Alþfl. en einnig líka Sjálfstfl. í hinum ýmsu málum sem upp hafa komið undanfarna daga. Hins vegar er bersýnilegt að ástandið er orðið svo alvarlegt að hv. formaður þingflokks Alþfl. óskar eftir því að fá aðstoð okkar í stjórnarandstöðunni við að fella þessa ríkisstjórn. Við munum veita honum alla þá aðstoð sem við getum í því göfuga ætlunarverki hans.

Össur Skarphéðinsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hér er komið að einu lykilatriði í því lýðræði sem við búum við. Það er hið virka aðhald stjórnarandstöðunnar. Það er alveg sama hvaða ríkisstjórn er við lýði. Hún getur aldrei rækt sitt hlutverk af festu og nægilegri ábyrgð nema það sé til staðar virk stjórnarandstaða. Það er alveg sama hver er við völd. Stjórnarandstaðan gegnir lykilhlutverki í því lýðræði sem við köllum vestrænt lýðræðissamfélag. Því miður virðist mér svo, virðulegi forseti, án þess að ég fari fram á það að stjórnarandstaðan sé vakin og dregin hingað í þingsali að hún sé að bregðast þessu hlutverki sínu vegna þess að hún virðist ekki sýna þessu nokkurn einasta áhuga ef frá eru taldir þeir ágætu þingmenn sem hér eru staddir.

Ég minni á það að einn af oddvitum Kvennalistans orðaði það svo í ágætri ræðu í gær að auðvitað væru aðgerðir stjórnarinnar þess eðlis að hér ætti að vera æstur múgur fyrir utan þinghúsið. Ég hef ekki litið, virðulegur forseti, út um gluggann síðustu klukkutímana, enda hef ég verið önnum kafinn við umræður, en ég sé engan æstan múg inni í þingsölum. Ég sé engan æstan stjórnarandstöðuþingmann ef frá er talinn hv. þm. Steingrímur Jóhann.

En ég vil einungis, virðulegi forseti, nota þetta tækifæri til þess að taka undir með hv. þm. Svavari Gestssyni að virk stjórnarandstaða er lykilatriði í því lýðræði sem við búum við. Þetta veit ég að hann skilur því að í árdaga nam hann marxíska díalektík í kvöldskólum. Ég kom meira að segja nálægt því eitthvað sjálfur og bý að því afar lengi og þess vegna skil ég þetta vel.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 17. þm. Reykv. fyrir þær upplýsingar sem hafa komið fram um það hvað hann man vel barnalærdóminn og þekkir sjálfsagt enn þá bæði í orði og í verki grundvallaratriði hinna díalektísku sjónarmiða þar sem andstæðurnar leikast á, stjórn og stjórnarandstaða, svart og hvítt, nótt og dagur. (**Forseti:** Forseta þykir ekki nákvæmlega vera rætt um gæslu þingskapa.) Það getur vel verið að það fari svo einhvern tíma næstu daga, virðulegi forseti, í sambandi við gæslu þingskapa einmitt, að hv. formaður

þingflokks Alþfl. komist að því fullkeyptu að þessar andstæður séu glaðvakandi og verði þeim mun betur vakandi sem nær dregur jólum.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel ekki rétt að vekja hæstv. ráðherra þó full ástæða sé til að spyrja þá ýmissa spurninga og hv. 17. þm. Reykv. hafi verið að hvetja stjórnarandstöðu til þess. Ég held að það sé þjóðinni fyrir bestu að hæstv. ráðherrar sofi í hausana á sér og það er mitt framlag til forvarna á þessu kvöldi.

Ég ætla að tala fyrir einni brtt. sem kostar ríkissjóð ekki eina krónu en áður en ég geri það mun ég fara nokkrum almennum orðum um það sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið að gera.

Allar þær mörgu óþægilegu og vitlitlu aðgerðir sem hæstv. ríkisstjórn stendur fyrir í þjóðfélaginu eru gerðar í nafni þess að bæta hér atvinnuástand. Þær kollsteypur sem ríkisstjórnin tók í fyrra á velferð og menntakerfinu voru líka gerðar í því sama tilefni að efla atvinnulífið. Nýir skattar á einstaklinga og fyrirtæki voru til að efla atvinnulífið, niðurskurður í menntakerfinu til að efla atvinnulífið, skattar á sjúklinga til að efla atvinnulífið, þjónustugjöld af öllu tagi voru til að efla atvinnulífið, skattar á sveitarfélög og skattar á sjómenn, allt var þetta til að efla atvinnulífið. Nú eru lagðir skattar á foreldra, sérstaklega einstæða foreldra, og það er örugglega allt til að efla atvinnulífið. Árangurinn sjá allir.

Hér hefur verið lagt til að leggja 2 milljarða til vegagerðar til að efla atvinnulífið en nú eru komnar upp nýjar tillögur að taka a.m.k. 1 milljarð af þessum 2 út, eflaust líka til að efla atvinnulífið. Svo vitna menn hér til skiptist í ræðum sínum ýmist í litlu gulu hænuna eða Nóbelsskáldið okkar, Halldór Laxness. Það er eflaust líka til að efla atvinnulífið.

Hv. formaður fjárln., sem er löngu farinn úr húsi, lýsti því yfir fyrr í dag að hann hefði verið í hlutverki litlu gulu hænunnar í fjárln. og trúlega þeir meirihlutamenn sem þar hafa unnið, eflaust til að styrkja og efla atvinnulífið. Menn fara í allra kvikinda líki til að örva og efla atvinnulífið.

En hver er staðreyndin um atvinnuástandið? Því fer stöðugt hrakandi hér á landi. Því miður er ekkert í sjónmáli sem virðist ætla að breyta því vegna þess að hæstv. ríkisstjórn er sífellt að gera ráðstafanir sem deyfa frumkvæði einstaklinga með nýjum og nýjum uppátækjum sem lama í stað þess að styrkja og skapa. Menn vita aldrei frá degi til dags hvaða ný uppátæki verða á döfinni.

Hæstv. ríkisstjórn heldur eflaust að virðisaukaskatturinn á bækur og tímarit efli atvinnulífið, efli prentiðnað sem hér er talinn vera með því besta sem þekkist í heiminum. Hæstv. fjmrh. heldur eflaust að hann fá meira í kassann þegar prentiðnaður flyst til útlanda í stórum stíl vegna skattpíningar innan lands. Hæstv. fjmrh., sem er sem betur fer löngu sofnaður, honum veitir ekki af, heldur eflaust að fleiri fái vinnu við blaða- og tímaritaútgáfu þegar kannski tvö dagblöð eru eftir og kannski ekkert tímarit vegna þess að tímarit verða eflaust bara innflutt því það er ekki virðisaukaskattur á þeim.

Þessar aðgerðir efla ekki atvinnulífið. Íslenska bókaútgáfan mun ekki lifa af virðisaukaskattinn verði hann ekki tekinn í áföngum. — Ég er mjög ánægð að hv. 17. þm. Reykv. skuli vera kominn hér inn til að hlýða á mál mitt. (**ÖS:** Það er hann líka.) Þessar aðgerðir efla svo sannarlega ekki atvinnulífið.

Hv. þm. hafa talað um í vetur að það þyrfti að auka notkun á innlendri orku og þeir harma að ljósavélar skulu vera í gangi í höfnum vegna þess að rafmagnið sé svo dýrt. Menn hafa harmað það að fyrirtæki kynda jafnvel upp með svartolíu. Það er eldað á gasi á veitingastöðum. Þessir sömu hv. þm. ætla að fara að samþykkja innan tíðar virðisaukaskatt á orku og þessir sömu hv. þm. hafa margsinnis talað um í þessum þingsal að orkuverð sé víðast hvar úti á landi fjórfalt hærra en í Stór-Reykjavíkursvæðinu. Samt á að auka enn á þennan mismun með virðisaukaskatti á orku. Það er sagt að það eigi að niðurgreiða orkukostnaðinn þar sem hann er hæstur en hversu mikið og hve lengi?

Allar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar eru til mjög skamms tíma. Þeir eru alltaf að skipta um skoðun og alltaf skipta þeir um skoðun til að örva og efla atvinnulífið.

Þessa dagana hefur hæstv. ríkisstjórn verið að selja aflaheimildir Hagræðingarsjóðs hæstbjóðendum í staðinn fyrir að standa við gefin loforð að bæta þeim upp sem hafa orðið fyrir mestum skerðingum vegna þorskbrestsins. Ef ríkisstjórnin væri að hugsa um að efla hér atvinnulífið, þá hefði hæstv. ríkisstjórn gert það að skilyrði að sá afli sem Hagræðingarsjóður er að selja væri unninn í íslenskum fiskvinnslustöðvum en það eru engin skilyrði þar að lútandi. Ég tel víst að meginþorri þessa afla fari beint út óunninn því að hæstv. ríkisstjórn er bara að hugsa um hámarksgróða og er ekki að hugsa um atvinnu þegar allt kemur til alls.

Þó að hæstv. heilbrrh. sé löngu sofnaður, þá langar mig að fara nokkrum orðum um heilbrigðismál, enda skilst mér að hv. 17. þm. Reykv. og formaður Alþfl., Jafnaðarmannaflokks Íslands, svari öllum þeim spurningum sem beinast að hæstv. heilbrrh. (Gripið fram í.) Nú hef ég ofmetið hv. 17. þm. Reykv. og trúi ég því að það sé fyrirboði um enn meiri virðingarauka sem hv. þm. á eftir að njóta. Ég hef oft verið forspá. En ég verð að vera sanngjörn gagnvart hæstv. heilbrrh. og verð að viðurkenna að hann hefur eflt atvinnulífið nokkuð. (Gripið fram í.) Já, hann hefur gert það. Hann hefur látið gefa út 25–26 þúsund lyfjakort á mjög skömmum tíma og þessi lyfjakort hafa kostað 12–20 millj. kr. Núna er hann orðinn hundleiður á þessum lyfjakortum og ætlar að leggja þau niður. Og nú er hann að breyta öllu lyfjafyrirkomulaginu og er að finna út hvað eru bráðnauðsynleg lyf og hvað eru lífsnauðsynleg lyf. Ég tel að sé margra ára vinna að finna það út svo nátengd sem þau mál eru.

Hann hefur gert meira í atvinnumálum. Það var til verulegs sóma sú mikla endurbygging og viðhaldsframkvæmdir sem áttu sér stað á Fæðingarheimili Reykjavíkur og ótaldir peningar sem fóru þar til end-

urbyggingar áður en hæstv. ráðherra lokaði síðan starfseminni. Mér vitandi fer engin starfsemi þar fram núna þó búið sé að kosta miklu til endurbyggingar. Það er auðvitað út af fyrir sig sorgarsaga en ég fagna því að Kvennalistinn er með tillögur á borðum þingmanna þar sem gert er ráð fyrir að endurreisa Fæðingarheimilið því sú krísa sem við búum við varðandi fæðingardeildina er óverjandi. Þar þrengir svo mikið að fæðandi mæðrum í dag að þær eru allar reknar út á fjórða degi nánast hvernig sem ástatt er fyrir þeim. Þetta kostar þjóðfélagið mikla peninga því að þær þurfa mikla sérfræðiþjónustu og ýmsar aukaverkanir sem af því hljótast að þær eru reknar út svo snemma. Þegar menn eru að tala um velferð á varanlegum grunni hljóta menn að endurskoða þetta sem er til vansa fyrir þjóðfélagið.

Í fjárlagafrv. sem er til umræðu er alls staðar dregið verulega úr forvarnastarfi. Nægir þar að nefna tannverndina. Hún hefur hingað til verið ókeypis fyrir börn. Ríkið hefur borgað forvarnir í tannvernd fyrir skólabörn. Það verður ekki lengur. Það er að vísu kannski atvinnuskapandi því það verður auðvitað til þess að tannskemmdir aukast og meira verður að gera fyrir tannlækna þegar til lengri tíma er litið. (**Gripið fram í:** Og tannsmiði.) Já, og tannsmiði. En af því að þingmaðurinn nefnir það er rétt að geta þess að það er líka verið að leggja auknar álögur á öryrkja og ellilífeyrisþega og þeir fá ekki lengur gervitennur greiddar í sama hlutfalli og áður. Ég tel að þeir hafi ekki efni á því lengur að láta smíða í sig gervitennur þannig að það dregur úr atvinnu líka. (**Gripið fram í:** Og minnkar kjötneyslu.) Og minnkar kjötneyslu. Það er ekki spurning.

Það er næstum ekki króna til íþróttamála og það er verið að draga svoleiðis úr Íþróttasjóði að 16 millj. eru eftir í sjóðnum. Það er margsinnis búið að ræða það hér að dregið er verulega úr fjármagni til áfengis- og vímuefnavarna og meðferðar. Ég ætla þó að þakka fyrir þær 15 millj. sem hafa bæst við til þessa málaflokks milli 1. og 2. umr. Ég tel að þessar 15 millj. verði kannski til þess að ekki þurfi að loka meðferðarheimilinu að Staðarfelli í Dölum en það heimili hefur verið rekið um nokkurra ára bil með frábærum árangri. (**Gripið fram í:** Hefur þingmaðurinn reynslu?) Þingmaðurinn hefur ekki persónulega reynslu en hefur fylgst mjög náið með því. Það er líka mjög mikilvægt fyrir sveitina að nýta þau húsakynni sem eru að Staðarfelli í Dölum og áður voru húsakynni húsmæðraskólans sem fyrir löngu er búið að leggja niður. Milli þess sem húsmæðraskólinn var þar og meðferðarheimili SÁÁ var engin starfsemi og aðeins mýs í húsinu og húsið grotnaði niður. En núna hefur verið þar mjög öflug og myndarleg starfsemi og þess vegna leyfi ég mér, virðulegi forseti, að bera fram brtt. við fjárlagafrv. á þskj. 461. Hún er svohljóðandi:

„Við 6. gr. Nýr liður:

4.41 Að afhenda Samtökum áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ) til eignar eftirtaldar eignir sem þau hafa nú til afnota að Staðarfelli í Dölum:

gamla skólahúsið,
kennaraíbúðir (tvö hús),
kyndi- og rafstöðvarhús."

Mér skilst að hv. þm. Svavar Gestsson hafi gert þessa tillögu að umræðuefni og taldi sig ekki getað stutt hana. Ég tel að hv. þm. hafi gert það vissum af ókunnugleika. Hann hafi ekki gert sér grein fyrir því að heimamenn telja það mikið atriði að SÁÁ eignist þessi hús til að tryggja áframhaldandi starfsemi Samtaka áhugafóks um áfengisvarnir sem eru þarna með mjög myndarlega starfsemi.

Það væri auðvitað freistandi að tala áfram um heilbrigðismál almennt og það alvarlega ástand sem er að skapast vegna þessa miklu biðlista sem eru sífellt að lengjast á heilbrigðissviðinu, sérstaklega hvað bæklunaraðgerðir varðar. Og það eru einmitt þær aðgerðir sem ég tel að séu þjóðhagslega hagkvæmastar vegna þess að þeir einstaklingar sem fá þar meðferð geta eftir það lifað eðlilegu lífi í þjóðfélaginu en eru kannski bundnir hjólastóli í dag. Við eigum nægilegt legupláss, við eigum næga sérfræðinga en það vantar rekstrarfé og það er ekki gott að eiga hér nóg húsnæði og nóg starfsfólk en ónýtar deildir.

Virðulegi forseti. Ég veit að það er tilgangslaust að halda hér langar ræður. En fátt er okkur Íslendingum nauðsynlegra þegar kreppir að í þjóðarbúinu en að ná sæmilegri sátt um hvernig á að þreyja þorrann og góuna en hæstv. ríkisstjórn hefur hvorki þolinmæði né áhuga fyrir slíku, enda er óþolinmæðin og óðagotið svo mikið að því sem þótti nauðsynlegt að gera í fyrra og framkvæma með miklum tilkostnaði og fyrirhöfn er nú fleygt til hliðar og ekki einu sinni skoðað hvort og hvernig árangurinn er af því. Enda telur hæstv. forsrh. að það sé góðs viti að allir eru jafnóánægðir. Þegar efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar voru kynntar 23. nóv. sl. þá sagði hæstv. ráðherra einmitt að það væri mjög góðs viti ef allir væru jafnóánægðir. En það er til tvenns konar óánægja í heiminum. Óánægja sem leiðir til örvæntingar og óánægja sem knýr til átaka. Sú fyrrnefnda verður til þess að það litla sem til er tapast en sú síðarnefnda þröngvar til umbóta. Menn geta svo dæmt um hvorri óánægjunni hæstv. ríkisstjórn þjónar.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var margt í ræðu hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur sem er íhugunarvirði. Ég er út af fyrir sig þakklátur fyrir það að hún lýsir ánægju sinni með þá sátt sem hefur tekist varðandi málefni SÁÁ. Það er rétt hjá þingmanninum að milli umræðna er búið að auka fjárveitingu til SÁÁ og það sem meira er, það er búið að ná og undirrita samkomulag við SÁÁ. Forráðamenn SÁÁ hafa undirritað það samkomulag og lýst í fjölmiðlum mikilli ánægju með það þannig að ég hygg að við þurfum ekki að hafa neinar áhyggjur af því meira. Hins vegar vek ég athygli á því að tillaga þingmannsins varðandi SÁÁ, þ.e. að gögn og gæði að Staðarfelli verði afhent SÁÁ, er yfirboð. Hún er dæmigert yfirboð vegna þess að þar er um að ræða tillögu sem gengur miklu lengra heldur en vilji SÁÁ er til. Það hafa ákveðnar hugmyndir komið frá SÁÁ

einmitt varðandi hús og gæði að Staðarfelli sem ganga ekki líkt því eins langt og virðulegur þingmaður vill.

Síðan vil ég jafnframt, virðulegi forseti, nefna að þingmaðurinn ræðst að ríkisstjórninni fyrir það að sýna ekki nægilegan vilja til að efla atvinnu og nefndi sérstaklega að ef hún vildi þá hefði ríkisstjórnin séð til þess að afli Hagræðingarsjóðs sem seldur er yrði einungis látinn af hendi með þeim skilyrðum að hann yrði unninn hér heima og í héraði. Þá vil ég geta þess, virðulegi forseti, einmitt vegna þess að um þessar mundir er ríkisstjórnin að undirbúa aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu, að það er alveg ljóst að í kjölfar þess mun útflutningur á óunnum afla hraðminnka. Raunar má geta þess að sú þróun hefur verið síðustu árin að afli, sem landað hefur verið heima, er miklu meiri en áður. Þetta kom m.a. fram í síðasta tölublaði aukablaðs Morgunblaðsins, Í verinu. Þetta veit ég að þingmaðurinn skilur. Síðan vil ég líka geta þess að ýmsir, m.a. sá þingmaðurinn sem hér stendur, hafa verið þeirrar skoðunar að banna ætti útflutning á óunnum afla. Hins vegar hafa ýmsir sem tengjast fiskmörkuðum, ég nefni t.d. forstöðumann fiskmarkaðar Suðurnesja, fallið frá þeirri skoðun. Hann var upphaflega þeirrar skoðunar en telur núna að aðild okkar að EES muni sjálfkrafa leiða til þess að útflutningur á óunnum afla muni næstum því falla niður og það nokkuð hratt þannig að ljóst er að með því að vinna að inngöngu Íslands í Evrópskt efnahagssvæði er ríkisstjórnin að vinna að þeim markmiðum sem hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir vænir hana um að vera ekki að vinna að.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 17. þm. Reykv. mæðist í mörgu. Hann þarf að svara fyrir alla hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar og hann þarf að svara öllum stjórnarandstæðingum, enda blæs hann og stynur og ég fyrirgef hv. þm. þó að hann tali hér af miklum ókunnugleika varðandi vilja SÁÁ. Ég fyrirgef honum það því að það er nú ekki mikið þó að hann fipist einhvers staðar þegar hann þarf að svara svo mörgum þingmönnum. Þannig að ég virði nú viljann fyrir verkið.

Hann talaði um aðild Íslendinga að EES. Það væri svo sem hægt að ræða um það en ekki í beinu andsvari. Ég var bara að tala um það, hv. þm., vegna þess að ég veit — ég hélt að ríkisstjórnin, nú veit ég að það er ekki rétt hjá mér, vildi efla atvinnu hér innan lands og þess vegna fannst mér ekki óeðlilegt þar sem hún hafði Hagræðingarsjóð í hendi sér að sá afli sem Hagræðingarsjóður hafði umleikis væri unninn í íslenskum fiskvinnslustöðvum. Það finnst hv. þm. greinilega alveg óþarfi af því að einhver útgerðarmaður eða fiskverkandi á Reykjanesi hafði sagt honum eitthvað annað. En sem sagt, ég virði það við þingmanninn að hann skuli reyna að svara öllu þó hann hafi náttúrlega ekki mikið til málanna að leggja.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mikið skil ég það vel að hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir vilji ekki ræða Evrópska efnahagssvæðið. Staðreyndin er sú að flokkur hennar er um þessar mundir í þvílíkri klípu í því máli að það má segja að hann sé nánast opið flak þannig að ég vil, vegna þess að mér er frekar hlýtt til Framsfl. og sér í lagi hlýtt til hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur, hlífa henni við að ræða þetta.

Varðandi SÁÁ er staðan þannig að ég tala þar ekki af neinum ókunnugleika. Það vill svo til að ég ásamt formanni Alþfl. og heilbrrh. átti í samningaviðræðum við forustumenn SÁÁ og er því gerkunnugur hvert vilji þeirra stefndi í þessu máli.

En fyrst verið er að tala um ókunnugleika, þá vil ég geta þess, virðulegi forseti, að hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir talaði m.a. um að stjórnarþingmenn fjösuðu um það að nýta þyrfti innlenda orku betur en gert er núna en hins vegar á sama tíma og þeir hefðu uppi slíkar ræður þá væru til að mynda skip í höfnum að keyra dísilvélar í stað þess að nýta innlenda orku. Þess vegna vil ég upplýsa þingmanninn, sem eins og ég er mikill unnandi hæstv. iðnrh., um það að téður hæstv. ráðherra, sem þingheimur allur hefur fest mikla ást við, hefur einmitt sett niður nefnd til þess að vinna að þessu máli m.a. vegna þess að aðrir þingmenn, að vísu ekki þingmenn Framsfl. en þó þingmenn úr kjördæmi hv. þm., settu fram hugmynd í þessa veru á sl. vori. Því vil ég að það komi hér fram, virðulegi forseti, að a.m.k. í þessu efni þarf þingmaðurinn ekki að hafa of miklar áhyggjur og gæti nú þess vegna farið heim að sofa en ég veit að þingmaðurinn vill starfa málefnalega þannig að hún mun vaka hér með okkur áfram í nótt.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn og aftur vil ég þakka hv. 17. þm. Reykv. Við skulum vaka og vera góð. Þegar ég var hér að tala um fisk og fiskflök, þá fer hann að tala um einhver sár flök, mannleg flök og ruglar öllu saman sem sýnir náttúrlega það að hann fylgist bara ekki með. (**ÖS:** Ég var að tala um flak Framsfl. Þau eru ekki mjög fersk.) Ég var að tala um fisk. Virðulegi forseti. Ég var að tala um fiskflök og þannig ruglar hann öllu saman eins og hæstv. ríkisstjórn gerir, hrærir öllu saman í einn graut svo úr verður alveg ótrúleg kássa sem enginn skilur.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi ræðu minnar nefna að hér í Alþingishúsinu er komin upp afar skemmtileg staða því að svo stendur nú á að hér eru framsóknarmenn komnir í hreinan meiri hluta. Hér erum við þrjú af fimm og þar sem ég veit um ást hv. 17. þm. Reykv. á framsóknarmönnum og einlægan vilja hans til þess að ganga til liðs við þann flokk, þá eru hér út frá þeim forsendum 80% þingmannanna, sem eftir eru, annaðhvort framsóknarmenn eða á hraðri leið inn í Framsfl. Ég held að ég geti ekki gert mér neinar vonir um að ég geti sagt það sama um fimmta þingmanninn þar sem er þingflokksformaður Sjálfstfl., sá mæti maður Geir Haarde.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði hér áðan að

Framsfl. ætti bágt þar sem væri EES-málið. Ég dreg enga dul á það að í Framsfl. eru skiptar skoðanir varðandi það en það er mál sem Framsfl. mun vinna úr og koma út úr sterkari. Hins vegar vil ég segja hv. þm. það að sá flokkur, sem sagan mun held ég dæma harðast í þessum Evrópumálefnum, er Alþfl. fyrir það að formaður hans hefur algerlega klúðrað því tækifæri sem hann hefur haft um eins og hálfs árs skeið að vinna þessu máli mikinn pólitískan meiri hluta, ekki bara hér á Alþingi heldur líka meðal þjóðarinnar. Til þess eins og forsaga málsins hefur verið hafa verið öll tök en gæfuleysi Alþfl. í þessu máli er eins og í öllum öðrum.

Virðulegi forseti. Ég kom hér annars upp til þess að ræða eilítið brtt. sem ég hef lagt hér fram á þskj. 442. Hún lætur ekki mikið yfir sér og er ekki stór í sniðum en getur þó skipt sköpum fyrir mikilvæga starfsemi. Ég tel reyndar að það sé miklu vænlegra til árangurs að flytja fáar brtt. og reyna á þann hátt að knýja fram einstök efnisatriði við afgreiðslu fjárlaga. Brtt. þessi lýtur að því að auka fjárveitingu til Háskólans á Akureyri um 4 millj. kr. Í greinargerð með brtt. segir svo, með leyfi forseta:

„Sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri hefur staðið fyrir rannsóknum á lífríki sjávar í Eyjafirði. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1993 er ekki gert ráð fyrir fé til þessa verkefnis. Tillaga þessi, um 4 millj. kr. hækkun á rekstrargjöldum skólans, er flutt til þess að tryggja framhald þessara rannsókna."

Þetta verkefni hefur verið fjármagnað af sjútvrn. af lið þar sem hét Sjóvinnukennsla og rekstur skólaskips. Sá liður hefur nú verið þurrkaður út og það er, eins og ég sagði hér fyrr í dag í umræðum um fyrirspurn, það eina sem við höfum séð frá hæstv. ríkisstjórn í kjölfar nýsamþykktrar tillögu Alþingis sem var samþykkt á síðasta vori þess efnis að efla Eyjafjörð sem miðstöð í sjávarútvegsfræðum og rannsóknum. Þetta er verkefni sem er afar mikilvægt fyrir viðgang Háskólans á Akureyri og þessi tillaga tryggir að hægt er að leysa þetta með lágmarkskostnaði, ekki með því að kaupa nýjan bát heldur með því að leigja skip til þessara rannsókna.

Virðulegi forseti. Það hefði verið freistandi að setja hér á langa ræðu um fjárlagafrv. sem hér er til umræðu og enn er nóttin ung. Það er langt til morguns þannig að tíminn er nægur (**ÖS:** Og menn ...) og hv. 17. þm. Reykv. svarar hér fyrir alla ríkisstjórnina og Alþb. að auki og það var nú hlutur sem ég átti mjög erfitt með að skilja, maður sem er nýgenginn í Framsfl. eða allt að því. En ég mun ekki flytja hér langa ræðu. Ég nefni að það er margt í þessu frv. gagnvart landbúnaðinum sem er athugunarvert. Og ég beini því til varaformanns landbn. hvort hann vilji ekki ganga í lið með okkur öðrum landbúnaðarnefndarmönnum og vinna að því að þær breytingar verði gerðar milli umræðna að staðið verði þar við nýgerðan búvörusamning að lágmarki með lágmarksframlögum til þess.

Ég ætla að lokum, virðulegi forseti, að fara örfáum orðum um málefni Kristnesspítala þar sem fulltrúi heilbrrh. situr hér í salnum. Ég hef fylgst með því máli nánast frá degi til dags frá því að það kvisaðist út á liðnu sumri að í heilbrrn. væru uppi hugmyndir um að loka spítalanum. Ég vildi ekki trúa því að nokkrum manni dytti slíkt í hug en í viðræðum mínum við hæstv. heilbrrh. í ágúst sl. sannfærðist ég um að þær hugmyndir voru virkilega uppi, að vísu byggðar á forsendum sem var afar erfitt að skilja og voru held ég reyndar hvergi til nema þá í hugarheimi hæstv. ráðherra. Ég hef síðan fylgst með framgangi málsins og ég vil enn trúa því að það skapist samstaða um það við afgreiðslu fjárlaga að hægt verði að ná fram lágmarksfjárveitingu til viðbótar til að hægt sé að tryggja rekstur Kristnesspítala. Heimaaðilar eru sammála um að taka höndum saman um að samreka spítalann með Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og stuðla að því sem langtímaverkefni að ná fram raunhæfum sparnaði í öldrunarlækningum og fækka þar með því aldraða fólki sem þarf á sjúkrahúsvist að halda. Það er raunhæft markmið en það kostar peninga í bráð en getur sparað mikið til lengri tíma litið.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið því sem ég vildi koma að lágmarki á framfæri hér við þessa umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

79. FUNDUR

föstudaginn 11. des.,
kl. 11 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjárlög 1993, stjfrv., 96. mál, þskj. 109, nál. 436 og 433, brtt. 435, 437, 438, 439, 440, 441, 442, 443, 444, 445, 446, 447, 448, 449, 450, 451, 453, 454, 455, 456, 457, 458, 459, 460 og 461. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Almannatryggingar og stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, stjfrv., 285. mál, þskj. 415. — Frh. 1. umr.

3. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 276. mál, þskj. 384. — 1. umr.

4. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 222. mál, þskj. 265, nál. 431, brtt. 432. — 2. umr.

5. Fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytis, stjfrv., 295. mál, þskj. 427. — 1. umr.

6. Grunnskóli, stjfrv., 296. mál, þskj. 452. — 1. umr.

7. Fjáraukalög 1992, stjfrv., 140. mál, þskj. 161, nál. 402 og 497, brtt. 403. — 2. umr.

8. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 11. mál, þskj. 11, nál. 389, brtt. 390. — 2. umr.

9. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 12. mál, þskj. 12, nál. 391, brtt. 392. — 2. umr.

10. Verðbréfaþing Íslands, stjfrv., 13. mál, þskj. 13, nál. 393, brtt. 394. — 2. umr.
11. Umboðssöluviðskipti, stjfrv., 125. mál, þskj. 145, nál. 409, brtt. 410 og 428. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:
Jóhann Ársælsson 3. þm. Vesturl.,
Matthías Bjarnason 1. þm. Vestf.,
Ólafur Ragnar Grímsson 8. þm. Reykn.

Útbýting þingskjals:
Kostnaður við löggæslu á skemmtunum, 298. mál, fsp. KHG og SvG, þskj. 463.

Fjárlög 1993, frh. 2. umr.

Stjfrv., 96. mál. — Þskj. 109, nál. 433 og 436, brtt. 435, 437, 438, 439, 440, 441, 442, 443, 444, 445, 446, 447, 448, 449, 450, 451, 453, 454, 455, 456, 457, 458, 459, 460 og 461.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 36:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, ÓE, ÓÞÞ, PP*, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: LMR**.

21 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddi ekki atkv.

5 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

[**Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 445,1–2 kölluð aftur.

Brtt. 457,1 kölluð aftur.

3. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PP*, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AKS, JÁ, JBH, KHG, MB, ÓRG, ÓÞÞ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 437,1–3 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (KHG, KÁ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 458,1 kölluð aftur.

Brtt. 438,1 samþ. með 37:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, HG, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: JHelg, PP.

19 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 437,4 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (KHG, KÁ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 447,1 felld með 34:15 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GHelg, HG, ISG, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, RA, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (GB, GÁ, HÁ, IP, JGS, JónK, ÓÞÞ, PP, StG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 437,5–6 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA,

ISG, IP, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (JGS) greiddi ekki atkv.
6 þm. (AKS, JÁ, JBH, JónS, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 442 kölluð aftur.

Brtt. 437,7 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (AKS, HÁ, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 448 felld með 34:20 atkv. og sögðu
já: AÓB, FI, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
4 þm. (GB, HÁ, JGS, StG) greiddu ekki atkv.
5 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 447,2 felld með 33:23 atkv. og sögðu
já: AÓB, EH, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (HÁ, StG) greiddu ekki atkv.
5 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er ekki um að ræða tillögu til hækkunar á fjárlagafrv. og útgjöldum þess, heldur tilflutning á fjármunum. Ég tel að það sé eðlilegra að fjármunir sem eiga að fara til rannsókna séu undir menntmrn. en ekki undir fjmrn. Tillagan gengur út á það að þessir fjármunir verði færðir á menntmrn. og verði þessi tillaga samþykkt, sem ég geri mér að sjálfsögðu vonir um, þá fellur niður nákvæmlega jafnhá upphæð á fjmrn. Ég mun að sjálfsögðu samþykkja þessa tillögu, virðulegi forseti.

Brtt. 446 felld með 34:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: AÓB, GHelg, HG, KHG, RA, SJS, SvG.
nei: TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SalÞ.
17 þm. (VS, FI, GB, GÁ, HÁ, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, StG, StH) greiddu ekki atkv.
5 þm. (JÁ, JBH, AKS, MB, ÓRG) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Heimamenn hafa sótt á það aftur og aftur að mega hefja hönnun heimavistarhúsnæðis við Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki, en þetta hefur ekki náð fram að ganga af einhverjum óskiljanlegum ástæðum. Þessi tillaga er að sjálfsögðu flutt til þess að koma þessari byggingu af stað þó að menn geri sér grein fyrir því að ekki komast byggingaframkvæmdir í fullan gang fyrr en byggingu bóknámshúss er lokið. En það þarf alltaf að byrja á því að hanna eins og allir vita og það tekur sinn tíma. Því er fullkomlega tímabært að hefja það nú þegar. Ég tel mjög nauðsynlegt að vekja athygli á þessu máli og greiða fyrir því. Ég segi já.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Við uppbyggingu Fjölbrautaskólans á Sauðárkróki er nú lögð öll áhersla á að byggja upp bóknámshús við skólann. Við þingmenn kjördæmisins höfum unnið samkvæmt þessu og tillögur fjárln. nú miðast sem næst við gerð verkáætlunar. Á þskj. 446 flytur samþingsmaður okkar úr Norðurl. v., Ragnar Arnalds, sem jafnframt er formaður byggingarnefndar bóknámshússins tillögur um 4 millj. kr. til stækkunar á heimavist skólans sem vissulega er þörf á. Þrátt fyrir að leitað hafi verið eftir stuðningi fjárln. við stækkun heimavistarinnar gat nefndin ekki fallist á að verða við því nú. Ég hef rætt málefni skólans við hæstv. menntmrh. og því veit ég að hæstv. ráðherra mun við gerð næstu fjárlaga beita sér fyrir því að fjármagn fáist til framkvæmda við heimavistarhúsnæði fjölbrautaskólans. Ég treysti svo sannarlega orðum hæstv. menntmrh. Ólafs G. Einarssonar. Við þessar aðstæður tel ég þennan tillöguflutning á þskj. 446 hafa vafasaman ávinning. Því greiði ég tillögunni ekki atkvæði.

Brtt. 437,8 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
9 þm. (AKS, FI, GHall, IBA, JÁ, JBH, MB, ÓRG, RG) fjarstaddir.

Brtt. 440 felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KE, ÓÞÞ, PP, RA, RG, StG, StH, SJS, SvG, VS, ÖS, AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ.

nei: LMR, ÓE, PJ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, SalÞ.

5 þm. (AKS, MB, ÓRG, JÁ, JBH) fjarstaddir.

9 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Við umræðuna í gærkvöldi og nótt gerði ég grein fyrir því að í öllum framhaldsskólum landsins væru innheimt skólagjöld, mishá að vísu. Í fimm skólum eru þau lægri en hér er lagt til að tekið verði inn í fjárlög, þ.e. lægri en 3.000 kr. á nemanda. Það er ótvíræð heimild í framhaldsskólalögum til innheimtu þessara gjalda, enda hafa þau verið innheimt undanfarin ár. (**ÓÞÞ:** Hvar er hún í lögum?) Hún er í framhaldsskólalöggjöfinni. (**ÓÞÞ:** Hvar í lögunum, hvaða grein?) Það sem hér er breytt er aðeins það að tiltekin upphæð, 3.000 kr. á nemanda, er færð til bókar. Ég segi nei.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þykist hafa lesið þessi lög nokkuð grannt og hef ekki rekist á þá grein þar sem þessi heimild er. Hæstv. menntmrh. vildi ekki upplýsa það hér úr ræðustól í hvaða grein laganna þessi heimild væri. Er það mjög miður því að þar sem það er ekki upplýst, þá er minn skilningur sá að þetta sé ekki heimilt samkvæmt lögunum. Hvort skólar hafa brotið lög eða ekki hefur engin áhrif á það hvað í lögunum stendur og þess vegna segi ég já.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Forseti. Skólanefndir framhaldsskólanna hafa haft heimild til að innheimta greiðslur frá nemendum sem að hluta hafa gengið til nemendafélaga og að hluta í svokölluð efnisgjöld og fleira. Þessar greiðslur hafa verið utan hefðbundinna sértekna framhaldsskólanna eins og þær hafa birst í fjárlögum þar sem t.d. greiðslur vegna öldungadeildanna er að finna. Þess vegna hafa engar sértekjur verið færðar í fjárlögum á framhaldsskóla með hefðbundna kennslu. Í þessu fjárlagafrv. er hins vegar búið að færa inn sértekjur á þá framhaldsskóla í fyrsta sinn. Þau rök eru fyrir því færð að eingöngu sé verið að setja inn á fjárlög þær greiðslur sem fram að þessu hafa verið innheimtar og ekki sé um ný skólagjöld að ræða. Hlýtur því að vera rökrétt að ályktа að þau útgjöld skólanna sem þessar greiðslur hafa gengið til sé jafnframt að finna í útgjaldahlið fjárlaganna fyrir viðkomandi skóla. Ég er andvíg þessari uppfærslu í fjárlögum og lít svo á að með því að taka inn á fjárlög ríkisins sértekjur fyrir alla framhaldsskóla og binda upphæð við nemanda sé verið að stíga afdrifaríkt spor í þá átt að hér eftir verði innheimt skólagjöld í bókstaflegri merkingu þess orðs í þeim almennu skólum landsins sem framhaldsskólar eru og er þetta grundvallaratriði að mínum dómi. Eini möguleiki minn í þessari stöðu er að styðja þá tillögu sem hér liggur fyrir, enda lít ég svo á að verði hún samþykkt verði kostnaðurinn sem tengist þessum greiðslum felldur út fyrir 3. umr. Hér er um að ræða inn- og útgreiðslur sem ekki áður hafa verið á fjárlögum og með tilliti til framangreinds segi ég já.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér er tekist á um mikið grundvallaratriði í skólamálum og það verður að segjast eins og er að ævintýramennska hæstv. menntmrh. í atkvæðaskýringum hér áðan sem og í umræðum um þetta mál í gærkvöldi og í nótt er með ólíkindum. Hæstv. ráðherra gat að sjálfsögðu ekki vísað í þá grein laganna um framhaldsskóla sem heimilaði að leggja á skólagjöld til almenns rekstrar og nefndi enn síður þá staðreynd að í þeim lögum eru skýlaus fyrirmæli um að ríkissjóður skuli greiða laun og annan fastan rekstrarkostnað við skólana. Hér er haldið út á þá braut að skíra skólagjöld sértekjur og afsaka með því upptöku þeirra. Það má sjá af því hversu fráleit atkvæðaskýring og skoðun hæstv. menntmrh. er að að sjálfsögðu munu nemendafélög og aðrir slíkir aðilar sem innheimt hafa gjöld á undanförnum árum halda því áfram þrátt fyrir þessa sértekjuinnheimtu skólanna í þágu rekstrar. Hér er á ferðinni gjaldtaka sem á að renna til almenns rekstrar framhaldsskólanna. Það er í fyrsta lagi lögbrot og í öðru lagi er þar haldið út á mjög hættulega braut sem ekki sér fyrir endann á. Ég segi því að sjálfsögðu já og styð þessa tillögu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í 32. gr. laga um framhaldsskóla frá 1988 segir: „Ríkið greiðir laun og annan rekstrarkostnað framhaldsskóla.“ Það er með öðrum orðum óheimilt að taka skólagjöld til þess að standa undir rekstrarkostnaði framhaldsskóla og það er lögbrot að standa þannig að málum. Ég tel að það sé einboðið að verði þess tillaga samþykkt, þá verði menn að átta sig á því að fjárlög breyta ekki framhaldsskólalögum. Þess vegna liggur það fyrir að jafnvel þótt tillagan verði samþykkt, þá þurfa skólar ekki að innheimta þessa fjármuni og nemendur þurfa ekki að greiða þá samkvæmt fjárlögum. Til þess þarf þá að breyta framhaldsskólalögum. Það er einnig nauðsynlegt að undirstrika það og mótmæla orðum hæstv. menntmrh. hér áðan að skólagjöld hafa aldrei verið innheimt í rekstur framhaldsskóla, það hefur aldrei gerst. Hér er því um að ræða kaflaskil í meðferð þessara mála. Er ástæða til að mótmæla því sérstaklega og þess vegna segi ég já við tillögunni og fagna því um leið að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir lýsti stuðningi við tillöguna hér áðan.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Með því að setja á skólagjöld eins og lagt er til í frv. til fjárlaga er brotið blað í rekstri framhaldsskólanna á Íslandi með því að nemendur

sjálfir eru farnir að greiða fyrir rekstur skólanna að hluta þrátt fyrir það að í lögum um framhaldsskóla sé kveðið á um að ríkissjóður skuli standa undir þessum kostnaði. Ég segi að sjálfsögðu já við þessari tillögu sem lýtur að því að þessi áform ríkisstjórnarinnar nái ekki fram að ganga.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um það að laga rekstur framhaldsskóla að almennri bókhaldsvenju. Innheimta innritunargjalda í framhaldsskólum landsins er staðreynd og hefur viðgengist í langan tíma. Hér er það staðfest. Ég segi nei.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Í fjarlagafrv. kemur fram á bls. 288 að hækkun rekstrarútgjalda til framhaldsskóla skýrist fyrst og fremst af fjölgun nemenda og enn fremur að á móti hækkun rekstrargjalda er gert ráð fyrir nokkurri hækkun sértekna af efnis- og innritunargjöldum. Samkvæmt fjárlagafrv. er því ótvírætt verið að innheimta tekjur, sértekjur af nemendum upp í rekstrargjöld. Ég segi því já.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er ótvírætt um það að ræða að verið er að innheimta gjöld í skólunum sem hingað til hafa ekki komið nálægt rekstri skólanna. Það er verið að gera hér nýja tilraun til þess að koma á skólagjöldum. Það tókst að stöðva það í fyrra. Nú er beitt annarri aðferð. Skólagjöld hafa aldrei verið innheimt í framhaldsskólum landsins til þess að koma nálægt rekstri. Allt slíkt er rangt. Innritunargjöldin sem hafa verið innheimt hafa annars vegar runnið til nemenda, hins vegar í sjóði sem skólarnir hafa haft til ráðstöfunar og hafa verið nýttir til þess að styðja kóra, leikstarfsemi og jafnvel nemendur sem illa hefur verið komið fyrir. Þessir sjóðir hafa aldrei komið nálægt rekstri skólanna, en nú á að hækka þessi gjöld, nú að hækka þetta í allmörgum skólum og það er verið að taka þetta inn í reksturinn. Hér er um að ræða upphæð að fjárhæð 49,5 millj. kr. og við leggjum til á þeirri brtt. sem hér verið að greiða atkvæði um að þeirri upphæð verði varið til að fella niður þessi skólagjöld. Ég segi já.

Brtt. 437,9 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (AKS, EKG, HG, JÁ, JBH, KHG, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 447,3 kölluð aftur.

Brtt. 437,10–11 samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 435,1 kölluð aftur.

Brtt. 453 felld með 32:24 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (EgJ) greiddi ekki atkv.

6 þm. (AKS, HBl, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Með þessari brtt. er farið fram á 5 millj. kr. til þess að hægt sé að reka áfram skólabúðir í Mývatnssveit. Menntmrn. hafði heimilað að þarna færi af stað slík starfsemi í tilraunaskyni sem var gert og gekk ákaflega vel og var mikil ánægja með þessa starfsemi. Skólabúðirnar gætu þjónað öllu Norðurlandi og Austurlandi eða öðrum landshlutum eftir því sem vera vill. Þessi starfsemi gæti veitt 6–8 manns atvinnu á þessu svæði, í þessum hreppi. Þetta er ekki há upphæð, 5 millj., og þess vegna hef ég leyft mér að leggja fram þessa brtt.

Brtt. 437,12–14 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (FI) greiddi ekki atkv.

6 þm. (AKS, EH, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 459,1 kölluð aftur.

Brtt. 437,15 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (AÓB) greiddi ekki atkv.

6 þm. (AKS, FI, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 459,2 kölluð aftur.

Brtt. 437,16–17 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (AKS, EH, EgJ, FI, HÁ, IBA, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 439 felld með 32:23 atkv. og sögðu
já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
2 þm. (VS, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 438,2 samþ. með 33:5 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, JHelg, ÓÞÞ, PP, SvG.
19 þm. (FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, RA, StG, StH, SJS, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (AKS, EH, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 437,18 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (EH, FI, SvG) greiddu ekki atkv.
10 þm. (AKS, EgJ, FrS, GuðjG, HG, IBA, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 438,3 samþ. með 35:3 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, KÁ, LMR, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: JHelg, ÓÞÞ, PP.
18 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JGS, JónK, JVK, KHG, KE, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AKS, EH, IP, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 437,19–22 samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 455 felld með 33:24 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
5 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 437,23 samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 458,2 kölluð aftur.
Brtt. 454,1 kölluð aftur.

Brtt. 437,24 samþ. með 56:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÖS.
1 þm. (KÁ) greiddi ekki atkv.
5 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 454,2 felld með 34:19 atkv. og sögðu
já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (HÁ, ISG, KÁ, KE, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 457,2 kom ekki til atkvæða.

Brtt. 454,3 felld með 34:22 atkv. og sögðu
já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (VS) greiddi ekki atkv.
6 þm. (AKS, JÁ, JBH, JHelg, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 458,3 kom ekki til atkvæða.

Brtt. 454,4–5 felld með 33:23 atkv. og sögðu
já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (VS) greiddi ekki atkv.
6 þm. (AKS, EgJ, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 437,25 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.
5 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 438,4 samþ. með 37:4 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, IP, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: ÓÞÞ, PP, StG, SvG.
16 þm. (GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, StH, SJS, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (AKS, FI, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 437,26 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG, PP) fjarstaddir.

Brtt. 444 kölluð aftur.

Brtt. 451 felld með 32:24 atkv. og sögðu
já: AÓB, EH, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
6 þm. (AKS, GuðjG, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 437,27 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (GHelg, JGS, SJS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 438,5 samþ. með 35:5 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JGS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
nei: JHelg, ÓÞÞ, PP, StG, SvG.
16 þm. (AÓB, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JónK, JVK, KHG, KÁ, StH, SJS, VS, ÖS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (AKS, EH, JÁ, JBH, KE, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 437,28–29 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (AÓB, KHG, SvG) greiddu ekki atkv.
6 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 460 felld með 32:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, SalÞ.
4 þm. (EH, EKJ, ISG, KE) greiddu ekki atkv.
5 þm. (JÁ, JBH, AKS, MB, ÓRG) fjarstaddir.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér er mikill vandi á höndum í þessu máli. Það vill svo til að ég er sagnfræðingur að mennt. Hér er um það að ræða að ríkisstjórnin ætlar að gera breytingar á aldagömlu fyrirkomulagi sem ríkt hefur hér á landi frá því að Íslendingar komu reglu á sitt samfélag. Ef samþykkt verður að leggja niður embætti hreppstjóra á landinu, þá þarf að afnema aldagömul lög frá 1746 og 1758 og að því get ég ekki staðið. Því segi ég já.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Sú þjóð, sem heldur upp á 100 ára gömul hús en telur að menningarverðmæti tengd sögu þjóðarinnar skipti engu máli og gömlum embættisheitum eigi að sópa burtu eins og rusli, hefur gleymt sögu sinni. Af þeirri ástæðu og af þeirri ástæðu einni að þetta mun leiða mikinn kostnað í för með sér fyrir ríkið ef öðrum verður ætlað að taka við þessum störfum sé ég ekki að það geti verið nema eitt skynsamlegt svar við þessu. Það er að segja já.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. 5. mál á dagskrá þessa fundar fjallar um fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumrn. en þar er lagt til að fella niður störf hreppstjóra. Það frv. hefur enn eigi verið samþykkt. Ég segi nei.

Stefán Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Í umræðunum í gær kom það fram að meiningin með þessari aðgerð væri að spara útgjöld ríkissjóðs. Og það kom einnig fram undir þessum umræðum að eftirleiðis væri meiningin að færa ýmis verkefni, sem hreppstjórar hefðu fram að þessu unnið, svo sem lögskráningu báta og skipa og að taka við dánarvottorðum, til dýralækna. Við þetta get ég á engan hátt unað og segi því já við þessari tillögu.

Brtt. 437,30–31 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (SvG) greiddi ekki atkv.
9 þm. (AKS, FI, JÁ, JBH, KHG, MB, ÓRG, RA, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 438,6 samþ. með 36:5 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JGS, JónS, KSG, KÁ, LMR, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: GÁ, KE, ÓÞÞ, PP, StG.
14 þm. (AÓB, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JHelg, JónK, JVK, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (AKS, FI, JÁ, JBH, KHG, MB, ÓRG, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 437,32–35 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (SvG) greiddi ekki atkv.
8 þm. (AKS, FI, JÁ, JBH, KHG, MB, ÓRG, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 438,7 samþ. með 31:6 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: FI, KE, ÓÞÞ, PP, StG, SvG.
20 þm. (AÓB, EH, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, RA, StH, SJS, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG, SighB) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það vekur sérstaka athygli að þegar farið er í gegnum breytingatillöguskjal meiri hluta hv. fjárln. þá er þar einn hópur stofnana hins opinbera sem fær alveg sérstaklega veglega meðferð. Í hverju einasta tilviki eru fjárveitingar til yfirstjórnar ráðuneytanna eða reksturs aðalskrifstofu ráðuneytanna hækkaðar og í sumum tilvikum allríflega. Þetta er að okkar mati nokkuð athyglisverð staðreynd í ljósi þess hvernig ýmsar aðrar stofnanir eru leiknar og fá jafnvel lækkanir á sínum fjárveitingum við meðferð meiri hluta hv. fjárln. (**Fjmrh.:** Þetta er rangt hjá þingmanninum.) (**Gripið fram í:** Þetta er misskilningur.) (Gripið fram í.) Hæstv. forseti. Þeim gefst færi á að gefa skýringar á sínum atkvæðum, þeim frammíkallendum sem liggur mikið á í þessum efnum. Við teljum að við þær aðstæður sem nú eru í fjármálum og með hliðsjón af því hvernig ýmsar aðrar stofnanir hins opinbera eru leiknar, þá hljóti ráðuneytin og ekki síður aðalskrifstofa heilbrrn. að geta búið við fjárlagafrumvarpstölurnar óbreytta og greiðum því ekki atkvæði. Ég greiði ekki atkvæði við þennan lið, hæstv. forseti.

Brtt. 438,8 samþ. með 33:23 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS.

2 þm. (HG, StG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Með þessari lækkun sem hér kemur fram á liðnum Lífeyristryggingar og sjúkratryggingar lít ég svo á að það sé verið að marka þingmönnum eða þinginu ákveðinn ramma og að vissu marki binda hendur þeirra við meðferð frv. til breytinga á almannatryggingalögum sem enn er hér til umfjöllunar í þinginu og verður væntanlega rætt í dag og vísað til heilbr.- og trn. Það frv. eins og það lítur út núna kemur sérstaklega niður á barnafólki, öldruðum og sjúkum rétt eins og gert var í fyrra. Þar sem sú lækkun sem hér er sýnd byggir á því frv. segi ég nei.

Brtt. 437,36–38 samþ. með 56:2 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GÁ, JGS.

5 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 441 kölluð aftur.

Brtt. 435,2 felld með 32:25 atkv. og sögðu

já: AÓB, EgJ, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (LMR) greiddi ekki atkv.

5 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 437,39–41 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (AKS, JÁ, JóhS, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég kemst ekki hjá því að vekja athygli á því við afgreiðslu þessa liðar sem er upp á 255 millj. kr. og fjallar um fjárveitingar til byggingar sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva, læknisbústaða og hjúkrunarheimila aldraðra að til Norðurl. e., þriðja stærsta kjördæmis landsins, þar sem búa 10% landsmanna, eiga að renna 2,5 millj. kr. af þessum lið. Þetta er til byggingar á bílskúr við heilsugæslustöðina í Ólafsfirði. Ég held að þegar þessi hlutföll eru skoðuð hljóti það að vekja nokkra furðu hjá fleirum en mér að svo skuli takast til með dreifingu á þessu fjármagni og hef ég þó ekki heyrt eða séð flutt fagleg rök fyrir því að ástand þessara mála eða uppbygging sé með svo geysilega ólíkum hætti í hinum einstöku landshlutum. Venjan hefur verið sú, og þeirri venju mun ég halda, að þingmenn styðji þær brtt. sem koma frá sameinaðri fjárlaganefnd en ég verð að segja það, hæstv. forseti, að ég greiði þessari tillögu atkvæði með miklum semingi.

Brtt. 449 felld með 31:21 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GHelg, HG, ISG, IP, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (GHall, GÁ, HÁ, JGS, LMR) greiddu ekki atkv.

6 þm. (AKS, EKJ, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum dögum vígði hæstv. heilbrrh. með formlegum hætti hjúkrunarheimilið Eir í Grafarvogi. Stofnunin er tilbúin til þess að taka við fólki. Hins vegar eru engir fjármunir í fjárlagafrv. í þessu skyni samkvæmt upplýsingum hæstv. heilbr.- og trmrh. sem komu fram í umræðum sl. í nótt. Með þeim 100 millj. sem hér er gerð tillaga um væri að vísu ekki hægt að taka heimilið að fullu í notkun. Það væri hægt að opna hálfa 3. hæð hússins og reka allt árið og hinn hluta hússins frá september eða októbermánuði og út árið. Hér er um að ræða tillögu sem hefur mikla þýðingu fyrir málefni aldraðra hér á þessu svæði. Hér í þessu byggðarlagi einu, í Reykjavík, eru milli 150–200 manns sem búa við neyðaraðstæður á heimilum og þurfa endilega að komast á hjúkrunarheimili. Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að það verði kveðið upp með þessi mál í fjárlögum fyrir árið 1993 þannig að tryggt verði að þessi stofnun sem mörg félagasamtök hafa byggt upp af miklum myndarskap verði tekin í notkun. Ég mun styðja þessa tillögu, virðulegi forseti.

Brtt. 437,42–47 samþ. með 54:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: ÓÞÞ.
8 þm. (AKS, ÁMM, HÁ, JÁ, JBH, KSG, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 438,9 samþ. með 34:6 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: GÁ, JHelg, KE, PP, StG, SvG.
18 þm. (AÓB, EH, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓÞÞ, RA, StH, SJS, VS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Einar K. Guðfinnsson:
Virðulegi forseti. Varðandi þennan fjárlagalið er rétt að vekja á því athygli að það gegnir sama máli með hann og með aðra þá liði er varða yfirstjórnir ráðuneytanna. Þó að fjárln. sé að leggja til hækkanir á þessum liðum, þá er hér eingöngu um að ræða tilfærslu þannig að í raun og veru er ekki um að ræða neina heildarhækkun. Þetta er þess vegna mjög eðlilegt fyrirkomulag og ég segi því já.

Brtt. 447,4 kölluð aftur.

Brtt. 438,10 samþ. með 33:2 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: KE, ÓÞÞ.
22 þm. (AÓB, EH, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, PP, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (AKS, DO, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 445,3 kölluð aftur.

Brtt. 438,11 samþ. með 32:6 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
nei: GÁ, KE, ÓÞÞ, PP, StG, SvG.
16 þm. (AÓB, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, StH, SJS, VS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (AKS, DO, FI, JÁ, JBH, MB, ÓRG, RA, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 437,48 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (AKS, DO, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 450 felld með 33:23 atkv. og sögðu
já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
7 þm. (AKS, DO, JÁ, JBH, MB, ÓRG, ÓÞÞ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:
Hæstv. forseti. Þessi brtt. felur í sér tilfærslu innan fjárlagaliðarins sem viðkemur Vegagerð ríkisins. Hún veldur ekki eða hefur ekki í för með sér breytingu á heildarútgjöldum til vegamála en færir milli liða eins og þetta er bókfært í fjárlagafrv. eða brtt. þannig að liðurinn Nýframkvæmdir hækkar um tæpar 700 millj. kr. og liðurinn Framkvæmdaátak vegna atvinnumála lækkar að sama skapi. Sá rökstuðningur fylgir þessari brtt. að við erum andvígir þeirri lántöku sem á að ýta Vegagerð ríkisins út í með áformum hæstv. ríkisstjórnar. Við teljum að Vegagerðin eigi að njóta aflafjár síns af hinum mörkuðu tekjustofnum í stað þess að það renni í þessum mæli í ríkissjóð. Áform hæstv. ríkisstjórnar standa til þess að gera upptækar tæpar 700 millj. kr. af mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar í ríkissjóð en vísa Vegagerðinni á lántökur í staðinn sem að sjálfsögðu eiga síðan að endurgreiðast með tekjustofnum Vegagerðar. Með þessari aðferð er, eins og augljóst er hverjum manni, verið að skerða ráðstöfunarfé vegamálanna til lengri tíma litið. Þetta er afar óæskileg og óheppileg aðgerð og ekki seinna vænna en að allir hv. alþm. geri sér grein fyrir því hvað hér er á ferðum.

Við leggjum því til að þessi breyting verði gerð á uppsetningu fjárlagafrv. og síðan þær breytingar í framhaldi af henni sem nauðsynlegar eru, þ.e. að fella brott áformuð skerðingarákvæði á hinum mörkuðu tekjum Vegagerðarinnar og breyta niðurstöðutölum frv. sjálfs í samræmi við það. Ég segi já, forseti.

Karl Steinar Guðnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Það hefur komið í ljós að villa er í brtt. 437, tölulíðum 49 og 50. Ég hef haft samráð við fjárlaganefndarmenn og við erum sammála um að óska eftir því að kalla þessar tillögur aftur til 3. umr., þ.e. tölulíði 49–52.

Brtt. 437,49–52 kölluð aftur.

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Sennilega er óhjákvæmilegt að það skoðist svo að brtt. 456 kallist aftur með brtt. hv. fjárln. þar sem hún er að forminu til breyting við brtt. 437, tölulið 50. Samþykki ég það að sjálfsögðu sem flytjandi tillögunnar að hún fái þá meðferð þó að það væri nú nokkuð óvenjulegt ef aðrir en flm. gætu með slíkum hætti kallað frá atkvæðum brtt. sem flutt er af öðrum hv. þm., en formsins vegna er sennilega nauðsynlegt að líta svo á. Ég leyfi mér þá að beina því til hv. fjárln. sem ætlar að athuga þennan lið þar sem fram hafa komið í honum villur án þess að útskýrt væri hvers eðlis þær villur eru — gætu þess vegna alveg eins flokkast undir það að þörf verkefni hefðu ekki fengið þá úrlausn í vinnu nefndarinnar sem nauðsynlegt væri — að beina því til hv. fjárln. að hún skoði jafnframt brtt. mína mjög vel.

Brtt. 456 kölluð aftur.

Brtt. 437,53 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (AKS, FI, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 443,1 felld með 34:21 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

3 þm. (HÁ, JGS, StH) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 438,12–13 samþ. með 29:7 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

nei: GÁ, JHelg, KE, ÓÞÞ, PP, StG, SvG.

17 þm. (AÓB, EH, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, StH, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (AKS, EgJ, EKJ, JÁ, JBH, MB, ÓRG, PJ, RA, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða tilfærslur á milli liða frá fjmrn. og yfir á önnur fagráðuneyti vegna þeirra 40 millj. kr. sem eru inni í fjmrn. vegna samninganna um EES, þ.e. þess starfs sem ráðuneytin þurfa að taka á sig í sambandi við það. Þetta er að vísu aðeins tilfærsla milli liða en þar sem samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði er enn ekki afgreiddur hér í þinginu, þá sit ég hjá, ég greiði ekki atkvæði um þennan lið.

Brtt. 435,3 kölluð aftur.

Brtt. 438,14–15 samþ. með 32:6 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GÁ, JHelg, KE, ÓÞÞ, PP, StG.

18 þm. (AÓB, EH, FI, GB, GHelg, HG, ISG, IP, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, RA, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AKS, EKG, HÁ, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en greidd verða atkvæði um 54. og 55. tölul. á þskj. 437 frá fjárln. hefur forseti verið beðinn að geta þess að áður, í síðustu atkvæðagreiðslu, var samþykkt hækkun á fjárveitingu til aðalskrifstofu umhvrn. um 2 millj. kr. Í 54. tölul. á þskj. 437 er um aðra og sjálfstæða hækkunartillögu að ræða, um 1 millj. kr., og því ber að líta á hana sem viðaukatillögu þannig að heildarfjárveiting til aðalskrifstofu umhvrn. verði, ef þessi brtt. verður samþykkt, 53,1 millj. kr.

Brtt. 437,54–55 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (EH, FI, GuðjG, GHall, GÁ, HÁ, JHelg, KHG, RA, StG, SvG) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG, ÓÞÞ, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 443,2 felld með 34:17 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GÁ, HÁ, HG, ISG, IP, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, RA, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (GB, JGS, ÓÞÞ, PP, StG) greiddu ekki atkv.
7 þm. (AKS, GHelg, JÁ, JBH, JónK, MB, ÓRG) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 33:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: HG*.
24 þm. (AÓB, FI, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (AKS, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

5. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
23 þm. (FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (AÓB, AKS, HBl, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.

Brtt. 461 kölluð aftur.

6. gr. samþ. með 31:2 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: HG*, ÓÞÞ.
21 þm. (AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddi ekki atkv.
9 þm. (AKS, EKG, FI, HBl, IBA, JÁ, JBH, MB, ÓRG) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JónS, JVK, KÁ, LMR, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (KHG, RA) greiddu ekki atkv.
11 þm. (AKS, FrS, JÁ, JBH, JHelg, KSG, KE, MB, ÓRG, ÓÞÞ, TIO) fjarstaddir. — [Fundarhlé.]

Almannatryggingar og stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 285. mál (mæðra- og feðralaun, slysatryggingar o.fl.). — Þskj. 415.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það hafa þegar orðið allmiklar umræður um þetta frv. sem hér liggur fyrir, enda full ástæða til og ekki kæmi mér á óvart þó að ýmislegt væri ósagt enn í þessu mikla máli.

Ég vil fyrst víkja að frv. almennum orðum og setja fram nokkra gagnrýni á frv. og búning þess. Það sem mér þykir verulega á skorta til þess að þingmenn sem eiga um málið að fjalla geti gert sér grein fyrir áhrifum efnisins er að tekið sé saman hver eru fjárhagsleg áhrif af þessu frv. Það hefur því miður brugðist í seinni tíð að svo sé gert og minnist ég á frv. sem hér var rætt fyrir fáum dögum um tekjustofna sveitarfélaga þar sem engin grein var gerð fyrir fjárhagslegum áhrifum málsins.

Í þessu frv. sem nú er til umræðu er engin tilraun gerð til þess að meta fjárhagsleg áhrif einstakra breytinga. Þvert á móti hefur það fremur komið fram í svörum hæstv. ráðherra að hann neitar að gefa upp forsendur sem eru nauðsynlegar til að reikna út hvernig áhrifin verða af einstökum breytingum fyrir ríkissjóð og fyrir þá aðra sem í hlut eiga. Ég tel frumvarpssmíði af þessu tagi þar sem menn eru vísvitandi að leyna þingheim upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að geta metið áhrif frv. vera nánast fyrir neðan allar hellur, sérstaklega þegar um er að ræða svo stórt og margbrotið mál sem þetta að menn skuli ekki skilmerkilega gera grein fyrir breytingunum eins og eðlilegt má telja að menn geri. Ég hef ekki vanist því þegar menn eru að gera breytingar, að taka ákvörðun um þær, að menn leggi þannig hönd á plóginn eða smíði frv. þannig að það sé frekar tilhneiging til þess að gera mönnum erfitt fyrir að átta sig á áhrifum frv. en hið gagnstæða. Ekki veit ég hvort þetta er nýr siður, hef ekki samanburð á því, en altént er þetta alveg ótækt að mínu mati.

Umræður um frv. hafa að vísu leitt nokkuð fram um fjárhagsleg áhrif, en það er fyrst og fremst vegna athugana einstakra ræðumanna sem hér hafa komið og reynt að gera sér grein fyrir málinu út frá þeim upplýsingum sem þeir hafa getað aflað sér annars staðar en finna má í frv. og fram hafa komið hjá hæstv. ráðherra.

Eina heildstæða samantektin sem ég hef séð yfir efni þessa frv. er grein í Morgunblaðinu 8. des. sl. Ég gerði það að gamni mínu að leggja saman þær tölur sem þar koma fram sem eru eftirfarandi: Sparnaður vegna breytinga á tryggingabótum vegna feðra- og mæðralauna er áætlaður um 500 millj. kr. Sparnaður vegna tilvísanakerfisins 200 millj., sparnaður vegna breytinga á lyfjakostnaði, þ.e. fyrir ríkissjóð, 170 millj. og vegna tannlækninga 170 millj. Þetta gerir samtals 1.040 millj. kr. Enn fremur hefur verið upplýst í um-

ræðum að ríkissjóður ætlar sér 174 millj. kr. með því að selja Samábyrgð Íslands. Þá eru samandregin áhrif frv. fyrir ríkissjóð 1.214 millj. kr., ýmist í formi minni útgjalda eða tekna af sölu hlutabréfa. Því er alveg ljóst að efni þessa frv. er geysilega áhrifamikið varðandi fjárhag fjölmargra í þjóðfélaginu. Að láta það ógert að útskýra skilmerkilega efni frv. eru ótæk vinnubrögð, virðulegur forseti.

Annað sem ég hnýt um er að þetta frv. virðist hvað fyrri kaflann varðar vera meira og minna heimildafrumvarp, *heimildir til ráðherra til* þess að útfæra tilteknar greinar, ýmist í formi reglugerða eða beinum heimildum með gjaldskrá. Ég sé ekki í skýringum með frv. á hvern veg á að nýta þessar heimildir og ég hefði talið eðlilegt að ráðherra gerði grein fyrir því hvert meginatriði ætti að vera í þessum heimildaákvæðum. Ég nefni t.d. ákvæði í 2. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um greiðslu mæðra- og feðralauna. Þar er heimilt að tengja greiðslu bótanna við tekjur."

Þetta segir afskaplega lítið. Eins og þetta er útfært þarna virðist þetta veita ráðherranum nánast opna heimild til þess að setja nánari ákvæði um þessi mæðra- og feðralaun eins og honum sýnist og engin fyrirmæli eru um það með hvaða hætti á að tekjutengja þessar bætur. Þetta tel ég að hv. þingnefnd ætti að taka til athugunar og breyta þessari grein þannig að það sé alveg skýrt í hvaða átt á að fara með þessar heimildir.

Sama er t.d. að geta í 6. gr. en þar er í fyrsta staflið ákvæði um reglugerðarheimild um notkun tilvísana. Í 2. staflið er ákvæði um að ráðherra setji reglugerð um það gjald sem sjúkratryggður á að greiða af lyfjakostnaði og í 7. gr. er líka ákvæði um að ráðherra setji gjaldskrá um hlut sjúklings í tannlæknaþjónustu. Þetta tel ég vera allt of opnar heimildir. Ég tel að löggjafarþingið hafi það hlutverk að setja lögin og framkvæmdarvaldið að framkvæma og Alþingi verður því samkvæmt mínum skilningi að breyta þessum ákvæðum þannig að allar grundvallarákvarðanir verði teknar í lögunum en ekki framvísað til ráðherra. Ég ætla að *vona að það sé skoðun sem er á undanhaldi í þjóðfélaginu* að framvísa löggjafarvaldinu til ráðherra í formi opinnar lagasetningar.

Ég vil nefna fáeinar tölur sem ég hef dregið saman úr þeim upplýsingum sem fram hafa komið í umræðum og í fjölmiðlum mönnum til fróðleiks. Komið fram að meðlagsgreiðendur eru 11.700 á landinu og greiða með 15.900 börnum. Hækkunin á hlut þeirra á að vera 3.749 kr. á mánuði sem þýðir 715 millj. 309 þús. á ári sem eru aukin útgjöld fyrir þá sem greiða meðlag. Ef við gefum okkur að til að sækja peninga, til að borga þessi auknu útgjöld, þurfi menn að vinna meira en þeir gera eða afla meiri tekna og þeir verði að greiða af þeim tekjum 41,35% tekjuskatt eins og lagt er til í skattafrv. ríkisstjórnarinnar að verði á næsta ári. Þá verða meðlagsgreiðendur að afla tekna upp á 1.219 millj. 623 þús. kr., 1 milljarð 219 millj. 623 þús. kr. Tekjur ríkissjóðs og sveitarfélaga í formi tekjuskatts af þessum 1.219 millj. kr. yrðu þá 504 millj. 314 þús. kr. Þó að ekki sé hægt að fullyrða um það á þessu stigi að þeir sem greiða meðlögin muni allir mæta hækkuninni með auknum tekjum, þá er alveg ljóst að einhverjir og kannski stærsti hlutinn mun gera það. Við getum fullyrt strax að þessi hækkun á meðlagsgreiðslum þýðir sjálfkrafa hækkun á tekjuskatti fyrir ríkissjóð. Hámarkstalan er 504 millj. Við vitum ekki hver hún verður en ef við gefum okkur t.d. að hækkunin verði sótt til helminga með auknum tekjum, til helminga að menn greiði af þeim tekjum sem þeir hafa nú þegar þá yrði tekjuskattsgróði ríkisins af þessari breytingu 252 millj. kr. Hvergi er gerð grein fyrir þessum tekjum í frv. ríkisstjórnarinnar, hvorki þessu né öðrum þannig að ég tel að þarna sé um að ræða dulda skattahækkun til ríkissjóðs. Þessu vildi ég koma á framfæri, virðulegi forseti, mönnum til fróðleiks og upplýsinga um þau áhrif sem hækkunin á meðlög hefur á fjárhag ríkissjóðs. Ég hef ekki heyrt að það hafi áður komið fram í umræðunni að ríkissjóður er með þessari breytingu ekki aðeins að leggja aukin útgjöld á meðlagsgreiðendur heldur jafnhliða að sækja sér auknar tekjur.

Þá vil ég víkja, virðulegi forseti, að kaflanum um Samábyrgð Íslands. *Ég vil láta í ljósi miklar efasemdir* um það að ríkinu sé heimilt að ráðstafa þessu félagi eins og því sýnist. Ég tek ekki undir þá fullyrðingu hæstv. trmrh. sem var eitthvað á þessa leið: Það sem enginn á á ríkið. Það leiðir ekki sjálfkrafa af því að félag sé sjálfseignarstofnun eða ekki formlega í eigu neins aðila að ríkið geti slegið eign sinni á það félag.

Ég nefni sem dæmi Brunabótafélag Íslands og það væri fróðlegt að heyra t.d. í hv. 1. þm. Vesturl., Sturlu Böðvarssyni, hvort hann væri sammála því að ríkið gæti tekið Brunabótafélag Íslands eignarnámi, breytt því í hlutafélag og selt það. Það er nákvæmlega sama aðgerð og gera á með Samábyrgð Íslands. Það eru nokkur atriði í lögunum um Samábyrgð Íslands sem staðfesta í fyrsta lagi að ríkið á ekki fyrirtækið. Fyrsta atriðið er í 3. gr. laganna um skipan stjórnar. Hún er þannig að ráðherra skipar einn mann en Landssamband ísl. útvegsmanna tvo. Bátaábyrgðarfélögin á landinu skipa síðan aðra tvo þannig að ráðherra skipar ekki *nema einn af fimm stjórnarmönnum*. Tveir koma frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og tveir koma frá vélbátaábyrgðarfélögunum um landið.

Annað atriðið er valdsvið stjórnarinnar en skv. 4. gr. laganna hefur stjórnin fullt vald á ákvarðanatöku um þau mál sem undir félagið heyrir og þarf ekki að sækja neitt undir ráðherra um þær ákvarðanir.

Þriðja atriðið er í 6. gr. laganna sem er um skipan og tilvist fulltrúafunda. Þar kemur fram að eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti eigi að boða til fundar með fulltrúum frá bátaábyrgðarfélögunum sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni. Hvernig skyldi vera skipað á þennan fund fulltrúanna? Það er þannig að hvert bátaábyrgðarfélag *skipar tvo menn. Formaður og framkvæmdastjóri* hvers bátaábyrgðarfélags eru sjálfkjörnir en ef þeir koma ekki þá mæta einhverjir aðrir. Þá hefur stjórn Samábyrgðarinnar og framkvæmdastjóri rétt til að sitja fundinn en ráðherra skipar engan mann

á fulltrúaráðsfundinn, eingöngu stjórn Samábyrgðarinnar og fulltrúar bátaábyrgðarfélaganna.

Fjórða atriðið sem ég nefni er að Samábyrgðin hefur sjálfstæðan fjárhag og það er ekki Ríkisendurskoðun sem endurskoðar fjárreiður félagsins heldur er sérstakur löggiltur endurskoðandi sem ráðherra skipar fenginn til þess. Það er allt annað en að Ríkisendurskoðun væri með málið en ef þetta væri í opinberri eigu þá væri það auðvitað Ríkisendurskoðun sem mundi fara yfir þessi mál.

Í fimmta lagi nefni ég sambandið eða tengslin á milli Samábyrgðar Íslands eða bátaábyrgðarfélaganna sbr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 18/1976, um vélbátaábyrgðarfélög, sem leiða það í ljós. Þau eru gagnkvæm. Bátaábyrgðarfélögin tilnefna í stjórn Samábyrgðar og Samábyrgð tilnefnir í stjórn bátaábyrgðarfélaganna.

Öll þessi atriði undirstrika sjálfstæði félagsins gagnvart ríkinu þannig að það er óhrekjanlegt að fyrirtækið eða félagið er ekki í eigu ríkissjóðs. Ég ætla ekki að mótmæla því að Alþingi gæti sett lög um Samábyrgðina en í ljósi þessarar stöðu er löggjafarvald Alþingis í reynd takmarkað. Það er allsendis fráleitt að mínu viti að Alþingi geti sett lög sem leggur raunverulega eigur fyrirtækisins til ríkissjóðs. Það er hrein og klár eignaupptaka. Ég hef því mjög miklar efasemdir um að þessi kafli frv. sé framkvæmanlegur yfir höfuð og tel að þeir fyrirvarar sem menn hafa sett fram um þetta mál fyllilega eðlilega og menn hefðu jafnvel mátt taka sterkar til orða varðandi þá fyrirvara, en þetta er atriði sem ég tel að nefndin verði að skoða mjög gaumgæfilega, þ.e. hversu rúmt valdsvið Alþingis er til að setja lög varðandi Samábyrgð Íslands.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, vegna þess hversu harkalegt þetta frv. er eins og dregið hefur verið fram í umræðunum og samantekt á áhrif þess á fólk hefur leitt í ljós, aðeins draga fram eina staðreynd sem mér þykir nauðsynlegt að benda á vegna þess að forsenda þessara aðgerða er af hálfu ríkisstjórnarinnar hið erfiða efnahagsástand eða öllu heldur hallarekstur ríkissjóðs og mikil opinber útgjöld. Fróðlegt væri skoða hve ríkisútgjöld á Íslandi eru mikil borið saman við t.d. löndin innan OECD. Það gefur okkur ágæta vísbendingu um það hvort vandamálið sé fremur of mikil útgjöld eða of litlar tekjur, þ.e. of lítil skattheimta á þá sem geta borið hana.

Í töflu, sem birtist í riti Bandalags starfsmanna ríkis og bæja fyrir skömmu, eru birt súlurit yfir útgjöld hins opinera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu í 21 ríki. Þar kemur fram að þessi útgjöld eru allt frá því að vera tæplega 60% af vergri landsframleiðslu niður í 30%. Hæst eru þau í Danmörku, Svíþjóð, Hollandi, Írlandi, Noregi og Ítalíu en lægst í Ástralíu, Japan og Sviss. Ísland er í 17. sæti af þessu 21 ríki. Einungis fjórar þjóðir í þessum samanburði milli OECD-landanna eru með lægri útgjöld hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu en Ísland. Það gefur okkur góða vísbendingu um að velferðarkerfið á Íslandi er ekki ótrúlegt bákn og borið saman við hin löndin. Á þessari mynd verður ekki annað séð en velferðarkerfið hér á landi sé tiltölulega ódýrt eða minna í sniðum en í flestum þeim löndum sem þarna eru borin saman við Ísland þannig að ég er á þeirri skoðun að forsenda ríkisstjórnarinnar um mikil umsvif hins opinbera sé reist á sandi og þær miklu og hörðu aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur gripið til til að draga úr opinberum útgjöldum skapi verulega hættu á því að gengið verði svo nærri því sem við köllum velferðarkerfi að það láti undan eða brotni í höndunum á okkur. Ég tel að menn ættu að fara mjög varlega í breytingar á því, a.m.k. ættu menn ekki að fara á þessari hraðferð yfir velferðarkerfið eins og hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur gert undanfarin ár.

Ingibjörg Pálmadóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þegar neyðin er stærst er hjálpin næst, segir hið fornkveðna. Það sýndi sig í umræðum í fyrrakvöld þegar verið var að ræða frv. sem stjórnarandstæðan er mjög andsnúin að þá tjáðu sig tveir þingmenn stjórnarliðsins, tveir sjálfstæðisþingmenn, og töldu sig vera andvíga meginmarkmiði frv. Það hefur enginn alþýðuflokksþingmaður tjáð sig um þetta mál nema hæstv. heilbrrh. Ég trúi því að það séu fáir innan Jafnaðarmannaflokks Íslands sem eru tilbúnir að ganga svo harkalega að velferðarkerfi landsins. Mér finnst nauðsynlegt áður en við höldum áfram þessari umræðu að það komi skýrt fram hvort þetta er frv. sem í fljótheitum hefur verið lagt fram af hæstv. ráðherra eða hvort Alþfl. styður það. Það er ljóst að Sjálfstfl. styður ekki frv., ekki að hluta til.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég tók af öll tvímæli um það mál í umræðunni í fyrrakvöld. Hv. þm. var því miður ekki viðstaddur þá. En þetta er stjórnarfrv., lagt fram af ríkisstjórnni, afgreitt frá stjórnarflokkunum en auðvitað hafa menn með þetta frv. eins og öll önnur þá fyrirvara að þeir vilja skoða það í meðferð málsins á Alþingi. Það kom fram hjá hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur sem hér talaði að hún var að lýsa sinni persónulegu skoðun. Hún er ekki sammála einu atriði í frv. Það hefur komið fram í flokki hennar að hún er það ekki. Flokkur hennar samþykkti frv. engu að síður til framlagningar sem stjfrv. Alþfl. hefur einnig samþykkt frv. til framlagningar sem stjfrv. og það er stjfrv. Hv. þm. Pálmi Jónsson gerði þann fyrirvara sem fleiri þingmenn hafa gert hér í umræðum sem mér finnst mjög eðlilegur.

Það er sjálfsagt og eðlilegt að þingmenn gangi úr skugga um það áður en þeir samþykkja heimild til ríkisstjórnarinnar um að gera Samábyrgð Íslands á fiskiskipum að hlutafélagi í eigu ríkissjóðs að þar með séu þeir ekki að brjóta ákvæði stjórnarskrárinnar. Ríkisstjórnin gekk að sjálfsögðu úr skugga um það áður en hún tók ákvörðun um að leggja málið fyrir þingið. Niðurstaðan varð sú sem var staðfest, meira að segja með áliti lögfræðings Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum samkvæmt beiðni stjórnar Samábyrgðarinnar. Hans niðurstaða var sú að Alþingi Íslendinga hefði heimild

til að skipa eignarmálum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum eins og Alþingi sjálft kysi án þess að þar væri verið að brjóta rétt á einum eða neinum. Með öðrum orðum getur Alþingi ráðstafað Samábyrgð Íslands á fiskiskipum eins og hverri annarri ríkiseign með lögum. Það varð niðurstaðan, ekki bara lögfræðinga heilbrrn. heldur lögfræðings stjórnar Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum sem stjórnin leitaði sérstaklega til. Stjórnin átti ekki von á því að lögfræðilegur ráðunautur hennar mundi komast að þessari niðurstöðu en hann gerði það engu að síður. Það varð til þess að langflestir, nær allir nefndarmennirnir sem sömdu frv. það sem hér um ræðir lögðu það til að þessi afgreiðsluháttur yrði á hafður. Ég ítreka það að mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að áður en þingmenn afgreiða slíkt mál sannfæri þeir sig um að þeir séu að gera hlut sem er lagalega heimill og réttur.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan hafa orðið miklar umræður um þetta mál og en það hefur enginn alþýðuflokksþingmaður tjáð sig um það fyrir utan hæstv. ráðherra. Hann telur að mikið fylgi sé innan síns flokks við þetta mál. Nú þegar er frv. er komið til hv. heilbrn. og var þar í morgun í fyrsta skipti til umfjöllunar þrátt fyrir að 1. umr. sé ekki lokið á hinu háa Alþingi.

Þetta frv., eins og margsinnis hefur komið fram, er margslungið og þýðir fyrst og fremst aukinn kostnað fyrir almenning í landinu. Það felur í sér breytingar á lífeyristryggingum, mæðra- og feðralaunum, breytingar á slysatryggingum, vátryggingum ökumanna, sjúkratrygginum, tilvísanakerfi, lyfjakostnaði, tannlæknakostnaði og svo síðast Samábyrgð á íslenskum fiskiskipum.

Það er búið að fara mjög nákvæmlega yfir þetta mál allt saman og margar spurningar hafa vaknað í hugum manna. Margar þessara spurninga komu fram í nefndinni í morgun og við fáum engin svör við þeim enda kemur í ljós að frv. er nánast óunnið. Þetta eru tillögur en þetta er óunnið frv. Ég tók líka eftir því, þótt ég hafi ekki verið í þingsal þegar 1. umr. fór fram í fyrrakvöld en ég hlustaði á það í sjónvarpinu, að það varð fátt um svör hjá hæstv. heilbrrh. varðandi þær spurningar sem fram komu enda eðlilegt.

Í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, hvítbókinni, Velferð á varanlegum grunni, segir m.a. að það eigi að einfalda almannatryggingalöggjöfina. Þvílík einföldun. Þetta er svo flókið að jafnvel sérfræðingar sem eru að fjalla um þetta mál geta ekki einu sinni skýrt það út. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra nokkurra spurninga. Það getur vel verið að hann geti skýrt það út fyrir mér en ég skil það ómögulega. Tökum t.d. lyfin. Það er búið að gefa út á fáeinum mánuðum 25–26 þús. lyfjakort. Mér skilst að þessi lyfjakort hafi ekki kostað undir 20 millj. kr. Þessi kort taldi hæstv. heilbrrh. mjög mikilvæg. Nú ætlar hann að kasta þeim fyrir róða og auka enn verðskyn þeirra sem þurfa að njóta lyfjanna. Hann ætlar fyrst og fremst að hækka hlutdeild sjúklinga í lyfjum. Fyrst þegar þessar hækkanir voru kynntar var talað um 25–30% hækkun á lyfjum. Í morgun, þegar við ræddum þetta í nefndinni, var viðmiðunarflokkurinn orðinn 34–35% vegna þess að það var viðmiðun við OECD-löndin. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvaða breyting hefur orðið þarna á tveimur dögum varðandi þessar hækkunartillögur. Það væri líka fróðlegt að heyra hér hvað hefur breyst frá þeirri skilgreiningu sem áður hefur verið varðandi bráðnauðsynleg lyf og lífsnauðsynleg lyf. Ég er viss um að það stendur í mörgum að skilgreina það. Lífsnauðsynlegt lyf getur verið t.d. fúkkalyf. Hvernig skilgreinir hæstv. ráðherra það, t.d. í bráðatilfelli þegar sjúklingur þarf á fúkkalyfi að halda? Er það bráðnauðsynlegt lyf eða lífsnauðsynlegt lyf? Hvernig ætlar hann að hafa það í þessari nýju skilgreiningu?

Hæstv. ráðherra sagði líka í umræðunni um málið að nauðsynlegt væri að breyta öllu þessu lyfjakerfi vegna þess að lyfjaflokkar yrðu mikið fleiri eftir inngöngu í EES. (**Heilbrrh.:** Nei, það sagði ég ekki.) Þá hef ég misskilið hæstv. ráðherra. Ég tel að hann hafi sagt að hann teldi að lyfjaflokkar yrðu fleiri. Hann hefur ekki sagt það. Þá þarf ekki að skýra það neitt frekar enda fannst mér það alveg óskiljanlegt. (**Heilbrrh.:** Ég sagði að lyfjum á lyfjaskrám mundi fjölga.) Þá spyr ég hann: Hver er munurinn?

Mig langar einnig að spyrja hæstv. ráðherra, ef ég fer frá lyfjunum í bili og til þeirra meðlagsgreiðenda sem nú þurfa að greiða miklu hærra hlutfall með börnum sínum, ég er ekki að segja að það sé mikið að borga rúmar 11 þús. kr. fyrir barnið sitt en það er æðimikið þegar t.d. faðir er með tvö heimili og fjölda barna. Hvar kemur þetta niður? Þetta kemur fyrst og fremst niður á börnunum. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra í framhaldi af því: Hver er skuld meðlagsgreiðenda í dag við Innheimtustofnun sveitarfélaga? Hefur hann þær tölur?

Það er verið að breyta hér varðandi tannlækna. Nú verða forvarnir ekki lengur fríar fyrir börn. Þetta er alveg ný löggjöf, hún er frá því í júní, sem veitir börnum fría flúorskolun og skorufyllingu og skolun. Hvers vegna er hæstv. ráðherra að breyta þessu áður komin er nokkur reynsla á það hver raunverulegur kostnaður verður af þessu? Það eru ekki nema þrír mánuðir liðnir af skólaárinu frá því að þessari löggjöf var breytt. Það er ótrúlegt að ætla að fara að hræra í þessu svona skömmu eftir að nýja löggjöfin var samþykkt.

Ég hef líka miklar áhyggjur af því að aldraðir og öryrkjar eiga að greiða hærra hlutfall af tannlæknaþjónustu en er og allt að 50% eiga aldraðir að greiða í tannlæknaþjónustu. Gervitennur í dag kosta yfir 100 þús. kr. Það verður mörgum öldruðum ofviða, hæstv. ráðherra. Það ægir öllu saman í frv., öllu mögulegu og ómögulegu. Heilbrrn. er ætlað að afgreiða frv. fyrir jólahlé. Það er aldeilis útilokað að það sé hægt.

Það var í ýmsu hrært í heilbrigðismálum við fjárlagagerðina í fyrra en í ár er þetta svo stórkostlegt að ég trúi því ekki að Jafnaðarmannaflokkur Íslands ætli að samþykkja það. Ég trúi því ekki. Nú er hv. 17. þm. Reykv. kominn í salinn. Hann lék ráðherra í alla nótt

og svaraði öllum þingmönnum. Það varð til þess að hæstv. heilbrrh. fékk að sofa. (**Heilbrrh.:** Nei, hann horfði og hlustaði á þetta í sjónvarpinu.) Hann hefur eflaust verið mjög ánægður með aðstoðarráðherra sinn. (**Heilbrrh.:** Ánæðgur með þingflokksformanninn eins og ég er alltaf.) (**Gripið fram í:** Bíddu nú við, er það Össur eða ...) Litlu verður Vöggur feginn, ég segi ekki nema það. Það væri gaman að heyra í einum alþýðuflokksþingmanni hvað honum finnst um frv. sem hér er til umræðu. Það væri mjög fróðlegt því venjulega skortir ekki svörin hjá hv. 17. þm. Reykv. þegar menn eru að ræða málin en hann hefur ekki tjáð sig um þetta mál.

Hér hafa orðið miklar umræður um tilvísanakerfið svokallaða sem er gert ráð fyrir í frv. að taka upp að nýju. Hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir fór mjög skilmerkilega í það mál og taldi að það væri enginn sparnaður að því að taka tilvísanakerfið upp aftur. Við erum hér með bréf frá Læknafélagi Reykjavíkur sem staðfestir reyndar að það er ekki nokkur sparnaður að því að taka tilvísanakerfið upp aftur. Mér skildist á hæstv. ráðherra að hann teldi að tilvísanakerfið mundi gera það að verkum að meiri samvinna yrði milli sérfræðinga og heimilislækna. Það væri ágætt að heyra hvernig hæstv. ráðherra sér það fyrir sér.

Sá litli sparnaður sem er áætlaður af þessum breytingum leggst allur á barnafólk. Hæstv. ráðherra hefur náttúrlega sagt það margoft að barnafólkið sé fólk á besta aldri. Hann hefur líka sagt það í ræðustól að hann vilji komast hjá tvíverknaði við fæðingar og hefur þar af leiðandi lokað Fæðingarheimili Reykjavíkur. Það eru ýmis gullkorn sem fjúka. Mér finnst ekki ásættanlegt að almenningur eigi að taka þessa skatta á sig á sama tíma sem verið er að draga úr tekjuskatti fyrirtækja. Væri ekki nær að fresta því að lækka tekjuskatt fyrirtækja og draga úr álögum sem eru áætlaðar á almenning í landinu?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. sagði að gefin hefðu verið út 20 þúsund lyfjakort sem kostuðu 20 millj. kr. Það er ekki rétt. Kostnaðurinn við lyfjakortin er á bilinu 10–12 millj. kr. Hv. þm. sagði að um væri að ræða áformaða breytingu eða hækkun á lyfjum um 25–30%. Það er ekki rétt. Það sem ég hef sagt og hún misskilið er að nú er hlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði 24–25%. En ég hef lýst því yfir að ég ætli ekki að hækka það umfram Evrópumeðaltalið. Hv. þm. hefur sagt í því sambandi að ég miði þar við meðaltalið í OECD-löndunum. Það er ekki rétt. Það hef ég aldrei sagt enda eru í OECD fleiri lönd en í Evrópu. Það sem ég hef sagt og endurtek er að ég ætla ekki að fara með hlutdeild almennings í lyfjakostnaði yfir það sem nemur Evrópumeðaltalinu. (**Gripið fram í:** Sem er?) Sem er á bilinu 32–34%.

Hv. þm. hefur sagt að hún skilji ekki hver munurinn er á fjölgun lyfjaflokka og fjölgun lyfja á skrá. Sá munur er mjög einfaldur. Ég vil biðja hv. þm. að hlusta til að hún nemi skýringuna. Annars vegar eru lyf flokkuð í ákveðna flokka sem eru að mig minnir frá A til J. Það stendur ekki til að fjölga þessum flokkum. Hins vegar verður mikil fjölgun á einstökum lyfjum á skrá við aðild okkar að EES því það er gert ráð fyrir sérstökum reglum um það hvernig lyfin ganga inn á íslenska lyfjaskrá og lyfjum mun fjölga mjög mikið en ekki lyfjaflokkum. Þetta er því misskilningur hjá hv. þm.

Í lokin vil ég segja að það er ekki verið að stefna að því, eins og hv. þm. sagði, að aldraðir og öryrkjar eigi að greiða 50% af tannlæknakostnaði sínum. Því aðeins er það gert að viðkomandi hafi fulla skerðingu á lífeyri sínum. Það vill nú svo til að þó að margir aldraðir og öryrkjar séu láglaunafólk þá eru líka í þeim hópi hálaunamenn og er engin ástæða til þess að ríkið sé að greiða niður slíkan kostnað fyrir hálaunamenn, hvort sem þeir eru 67 ára eða 66 ára.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er viss um að það á eftir að koma í ljós að þetta frv. er einn misskilningur frá upphafi til enda.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um það veit ég ekki en ég vona að mér hafi tekist að eyða misskilningi hv. þm.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Þegar við vorum að ræða þetta mál í fyrrakvöld þá kom fram hjá ráðherra, sem hefur reyndar komið fram í fjölmiðlum að undanförnu líka, að þetta frv. sem hann stendur fyrir og leggur hér fram, stefndi í meginatriðum að því að auka greiðsluþátttöku þeirra sem þjónustunnar njóta. Ég hlýt að fagna því að ráðherra skuli kalla hlutina sínum réttu nöfnum því mér hefur stundum fundist bregða við að menn séu að reyna að breiða yfir það að verið sé að velta kostnaði yfir á almenning í landinu getum við sagt, venjulegt launafólk með meðaltekjur. Það er þá viðurkennt hér í orðum ráðherra að að því sé stefnt með þessu frv. Það sé í meginatriðum stefna þessa frv.

Það er ágætt að fá þetta staðfest í ræðustól á Alþingi en hins vegar er vert að halda því til haga að það gerir frumvarpið út af fyrir sig ekkert betra, það gerir hugmyndirnar sem er að finna í þessu frv. hvorki betri né réttlátari þótt ráðherrann viðurkenni hvernig þær komi niður. (Gripið fram í.) Ég veit að hv. þingflokksformaður Alþfl. ber mjög hag ráðherrans fyrir brjósti og hefur áhyggjur af því þegar konur ganga hér í sali að þær ráðist á ráðherra hans, ég veit ekki hvort sá þingmaður sem fékk þessa spurningu, hv. 13. þm. Reykv., ætlar að gera það hér á eftir en það verður að meta hvort þetta sem ég segi hér teljast árásir á ráðherrann eða ekki. En ég efast um að mín orð kosti 10 millj. á mínútu þó ég ráðist eitthvað á ráðherrann.

En varðandi stefnu Alþfl. í þessum málum og stefnu Alþfl. almennt þá finnst mér hún afskaplega mótsagnakennd. Ég veit ekki hvort samskiptin við Sjálfstfl. í þessari ríkisstjórn valda því eða hvort þannig hefur

málum alltaf verið háttað að stefna Alþfl. væri svona mótsagnakennd. (**Gripið fram í:** Jónarnir.) Já, það var einn Jón sem stóð hér í ræðustól og hefur gert það oftar en einu sinni og reyndar tveir Jónar sem hafa staðið hér í ræðustól og talað um skattkerfið og lagt á það mikla áherslu að skattkerfið ætti að vera einfalt, það ætti að vera skilvirkt og eins og þeir segja alltaf, hlutlaust. En það má nú taka út orðið hlutlaust og segja ranglátt — að það eigi að vera einfalt, skilvirkt og hlutlaust eða ranglátt eftir atvikum. Þess vegna megi bara hafa eitt skattþrep í tekjuskattinum. Það hefur verið þeirra skoðun þar til núna og aðeins eitt skattþrep í virðisaukaskattinum. Það mátti ekki tala um að hafa þar fleiri skattþrep og það hefur hingað til ekki mátt tala um það að hafa fleiri skattþrep í tekjuskattinum þó nú sé kominn á tímabundinn 5% hátekjuskattur sem á, eftir því sem mér skilst, að vera í 2–3 ár. Menn ætla að taka hann út aftur vegna þess að þeir vilja ekki rugla þetta einfalda, skilvirka og hlutalusa kerfi sitt.

En þegar kemur að velferðarkerfinu þá er bara eins og það sé eitthvað allt annað uppi á teningnum. Þá eru menn ekki að tala um einfalt, skilvirkt og hlutlaust kerfi. Þá eru þeir að tala um flókið, seinvirkt og óréttlátt kerfi. Þannig virðast þeir vilja hafa velferðarkerfið. Flókið, seinvirkt og óréttlátt. Þess vegna eru það orð að sönnu hjá hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur að það eru eins og hver önnur öfugmæli þegar það stendur í hvítbók ríkisstjórnarinnar að hún stefni að því að einfalda almannatryggingalöggjöfina vegna þess að mér sýnist flest það sem hér hefur verið gert, í fyrra og núna, stuðli að því að gera hana flóknari en hún er.

Þær hugmyndir sem Alþfl. hefur í velferðarmálum virðast helst ganga út á það að tekjur manna eigi að vera eina breytan sem máli skiptir þegar að velferðinni komi. Þeir horfa ekki á annars konar félagslegan mun en þann sem getur stafað af beinum tekjum. T.d. er talsvert mikill munur á fólki sem á engin börn og því fólki sem er með mörg börn, eða ómegð eins og það var kallað í gamla daga, og það er í sjálfu sér allt í lagi að nota það orð vegna þess að það fólk sem er með mörg börn hefur mikla framfærslubyrði. Ég segi þetta vegna þess að haft var eftir hæstv. ráðherra í útvarpsfréttum að hann teldi að það ætti alfarið að tekjutengja barnabótaaukann. Því ættu eingöngu að vera barnabætur til þeirra sem eru tekjulægstir og aðrir ættu ekki að fá neitt út úr almannatryggingakerfinu.

Þá virðist mér heldur ekki vera vilji til þess að horfa á þann mun sem er á milli kvenna og karla sem kemur auðvitað velferðarkerfinu líka við og þetta segi ég vegna ummæla ráðherra um fæðingarorlofið í sjónvarpsfréttum um daginn. Þá var hann alltaf að tala um þetta fólk sem væri alltaf í fæðingarorlofi og þetta fólk sem væri svo tekjuhátt. Af hverju getur hann ekki nefnt hlutina sínum réttu nöfnum? Það eru auðvitað konur sem fara í fæðingarorlof. Þeir karlar sem fara í fæðingarorlof eru teljandi, ég segi nú kannski ekki á fingrum beggja handa, en svona allt að því, þannig að þetta eru konur og eru konur almennt tekjuháar í þessu samfélagi? Þá hefur það alveg gjörsamlega farið fram hjá mér að konur séu almennt tekjuháar. Konur eru almennt tekjulágar. Konur eru almennt ekki nema með 60% af tekjum karla þannig að við skulum nefna hlutina sínum réttu nöfnum. Auðvitað skiptir gífurlegu máli fyrir konur og atvinnuþátttöku kvenna og afkomu heimilanna í landinu að konur geti verið á vinnumarkaði. Ég er alveg sannfærð um það að ef það breyttist og ef konur gætu ekki vegna atvinnuleysis eða vegna þess að svo væri að þeim kreppt í velferðarkerfinu verið á vinnumarkaði þá kæmi það verulega niður á afkomumöguleikum fjölskyldnanna. Menn verða auðvitað að horfa á fleiri breytur en bara tekjurnar einar saman. Auðvitað er tvennt ólíkt að eiga að framfæra fjölskyldur, fimm manna fjölskyldu skulum við segja af 200–250 þús. kr. tekjum eða hvort það eru tveir einstaklingar sem eiga að framfæra sig af þeim tekjum. Það er auðvitað himinn og haf sem þarna skilur á milli. Þetta verða menn að hafa inni í myndinni.

Þegar talað er um skattlagningu fyrirtækja eru allir óskaplega sanngjarnir. Nú þarf endilega að draga úr skattlagningu fyrirtækja svo fyrirtækin í landinu fái þrifist. — Hristir ráðherrann höfuðið? Ég veit ekki betur en þetta séu þau rök sem við heyrum núna og þess vegna sé m.a. verið að taka aðstöðugjaldið af. Það sé verið að reyna að draga úr skattlagningu fyrirtækja svo atvinnulífið fái staðist. Út af fyrir sig getur maður ekkert mótmælt því að það þurfi að tryggja það að fyrirtækin í landinu geti gengið. En þegar er lagður t.d. tekjuskattur á fyrirtæki þá er hann lagður á tekjur umfram gjöld, þ.e. fyrst er rekstrarkostnaður fyrirtækjanna dreginn frá og síðan er það sem umfram er skattlagt og tekjuskattur lagður á það.

Annars konar skattlagning hefur verið talin óréttlát og það er m.a. eitt af því sem kemur inn í umræðuna um aðstöðugjaldið að það sé veltuskattur og hann sé þar af leiðandi óréttlátur vegna þess að það segi ekkert um afkomu fyrirtækjanna hvernig þessi skattur er lagður á. En þegar kemur að fjölskyldunni þá er hún skattlögð alveg án tillits til útgjalda. Ef við horfum á þau útgjöld sem barnafólk hefur, og þá er ég að tala um sambýlisfólk, þá getum við bara nefnt eitt dæmi og það er t.d. daggæsla fyrir átta tíma hjá dagmóður úti í bæ. Fólk greiðir 27.000 kr. á mánuði fyrir slíka þjónustu. Þetta eru auðvitað peningar sem fólk sér aldrei. Þetta fer bara um hver einustu mánaðarmót og þetta eru peningar sem eru skattlagðir. Þetta er eins og veltuskattur, þetta er skattlagt þó fólk sjái þessa peninga aldrei. Það sem á að koma á móti þessum útgjöldum, t.d. 27.000 kr. sem fólk þarf að borga fyrir daggæslu í átta tíma fyrir eitt barn, eru barnabætur upp á 3.100 kr. á mánuði með barni undir sjö ára aldri eftir þær breytingar sem fyrirhugaðar eru. Þær eru í sjálfu sér ekki í þessu frv. en tengjast því óneitanlega vegna þess að menn eru alltaf að tala um samtengingu barnabóta, barnabótaauka, meðlags og mæðralauna. Auðvitað er hlægilegt að hugsa sér það að vera að borga fólki 3.100 kr. á mánuði með barni undir sjö ára aldri. Þetta eru svo smánarlegar upphæðir.

Það hefur verið spurt hér eftir stefnu Alþfl. í þessum málum og hvort Alþfl. styðji það frv. sem liggur fyrir. Um það hafa ekki fengist önnur svör en frá ráð-

herrunum og auðvitað er alveg sjálfsagt að taka þau góð og gild, en þá hafa a.m.k. skoðanir margra alþýðuflokksmanna breyst mjög mikið eftir kosningar ef þeir styðja þær aðgerðir sem ríkisstjórnin grípur til að tekjutengja alfarið barnabætur, að greiða barnabætur eingöngu þeim sem lægst hafa launin en ekki jafna milli barnafólks og þeirra sem eru ekki með börn á framfæri.

Þann 5. apríl 1991 birtist mjög athyglisverður leiðari í Alþýðumanninum á Akureyri. Hann birtist sem sagt rétt fyrir síðustu kosningar. (**Gripið fram í:** Í hvaða blaði er þetta?) Þetta er úr Alþýðumanninum, málgagni jafnaðarstefnu síðan 1931, útgefandi Alþýðuflokksfélag Akureyrar. Þar sem engir stafir eru undir þessu þá hlýtur maður auðvitað að líta svo á að þessi leiðari túlki stefnu þeirra sem gefa út þetta blað, sem er m.a. væntanlega formaður heilbr.- og trn., ég reikna með að hann sé í Alþýðuflokksfélagi Akureyrar og er hans sárt saknað úr salnum því að hann gæti auðvitað staðfest það ef hann væri hér hvort þetta væri eitthvað sem samrýmdist skoðunum hans sem stendur í þessum leiðara. (Gripið fram í.) Hann gæti líka upplýst það ef hann væri staddur hérna. (**ÓÞÞ:** Af hverju er hann ekki kallaður í salinn?) Er hægt að sjá það hvort þingmaðurinn er í húsinu? (**Forseti:** Hv. þm. er í húsinu.) Það væri kannski athyglisvert að fá hann í salinn. — Þar sé ég að hv. þm., Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e. og formaður heilbr.- og trn. þingsins, er genginn í salinn og þá er mér ekkert að vanbúnaði að lesa fyrir hann og aðra þingmenn leiðara sem birtist í Alþýðumanninum, málgagni jafnaðarstefnu síðan 1931 og gefið er út af Alþýðuflokksfélagi Akureyrar. Þessi leiðari birtist þann 5. apríl 1991, þ.e. fyrir síðustu kosningar. Ég lít á þennan leiðara m.a. sem svar við þeirri spurningu sem hefur margsinnis verið borin upp, hvort alþýðuflokksmenn og þingmenn Alþfl. séu fylgjandi þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir, m.a. í tryggingamálum og skattamálum, því allt vinnur þetta saman, barnabæturnar og barnabótaaukinn og mæðralaun og barnalífeyrinn o.s.frv. Hér er m.a. að finna svar í þessum leiðara sem er ekki undirritaður og hlýtur því að skoðast sem stefna þeirra sem gefa út þetta blað, þ.e. Alþýðuflokksfélags Akureyrar. Í þessum leiðara segir m.a., með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir að þjóðarsátt og lág verðbólga hafi bætt rekstrarumhverfi fyrirtækjanna verulega er flestum ljóst að ekki er enn grundvöllur fyrir þeim afgerandi launahækkunum sem þyrftu að koma til ef bæta ætti kjör almennings eingöngu með þeim hætti. En jafnvel þótt ekki væri þannig ástatt væri full ástæða til þess að velta fyrir sér hvort skattbyrðinni hér á landi sé dreift nógu réttlátlega á þegnana og skoða sérstaklega skattlagningu barnafjölskyldna í því sambandi. Skattfrelsismörk einstaklings gagnvart tekjuskatti og útsvari eru nú í 57.000 kr. á mánuði, útivinnandi hjóna því í 114.000 kr. Þetta eru vissulega ekki háar upphæðir en eru þó nokkuð yfir lægstu launatöxtum. Barnabætur eða endurgreiddur skattur til foreldra eru kr. 4.600 á mánuði vegna barns yngri en 7 ára“ — þetta er náttúrlega orðin lægri upphæð eftir að Alþfl. hefur staðið að því að skerða þær einu sinni og er nú með tillögur um að skerða þær öðru sinni — „en 2.300 kr. vegna 7–16 ára barns þótt ekki séu sjáanleg rök fyrir því að minna tillit sé tekið til þeirra eldri þar sem þau eru síst léttari á fóðrunum. Eftir að unglingurinn verður 17 ára njóta foreldrarnir engrar tillitssemi vegna framfærslu hans. Barnabætur þessar samsvara því að skattleysismörk fjölskyldunnar hækki um kr. 11.500 á mánuði fyrir hvert barn yngra en 7 ára, en 5.750 kr. fyrir eldra barn. Allir vita að það kostar meira en þetta að framfæra börn, en foreldrar verða að greiða 40% tekjuskatt af þeim framfærslukostnaði sem er umfram þessar upphæðir ofan á háan virðisaukaskatt.

Dæmið má einnig setja fram á þann hátt að hjón þurfa að eiga fimm börn af yngri gerðinni eða tíu eldri börn til að njóta skattfrelsis á við þrjá einstaklinga [þ.e. hjón með börn]. Þótt þannig séu lagðir háir skattar á rekstrarkostnað fjölskyldnanna er álagningu tekjuskatts á íslensk fyrirtæki öðruvísi háttað. Þar gildir sú sjálfsagða meginregla að fyrirtækin greiða ekki tekjuskatt nema þau skili hagnaði. Tekjurnar séu umfram rekstrarkostnaðinn. Eðlileg lágmarkskrafa er að hæfilegur rekstrarkostnaður heimilanna verði friðhelgur fyrir skattheimtumönnunum ekki síður en rekstrarkostnaður fyrirtækjanna. Skynsamlegasta leiðin til þess er að hækka persónuafslátt foreldra vegna hvers barns um upphæð sem sé í samræmi við raunverulegan framfærslukostnað. Sú kjarabót mundi hitta ólíkt betur í mark en einföld hækkun persónuafsláttar einstaklinga sem margir flokkar slá nú um sig með.“

Þetta eru sannarlega orð af viti. En hvað gerir Alþfl.? Hann gerir hið gagnstæða. Hann er að auka skattlagninguna á barnafólki. Það er útmetinn hópur sérstaklega sem verður fyrir þessari ríkisstjórn, það er barnafólkið. (Gripið fram í.) Það er markhópurinn sem nú á endilega að ná í. Ég held að enginn geti mótmælt því að það er verið að hækka skatta á barnafólki með þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin stendur núna fyrir.

Það er auðvitað alveg rétt eins og þarna er bent á að auðvitað ætti börnum að fylgja ákveðinn persónuafsláttur eins og fullorðnu fólki. Það þarf að framfæra börn alveg eins og það þarf að framfæra fullorðna og þess vegna er ekkert réttlæti í því að tekjutengja algjörlega og segja burt með allt sem heita barnabætur hjá fólki sem er yfir einhverjum meðaltekjum. Það er ekkert réttlæti í því. Við getum alveg eins bara fellt niður persónuafsláttinn hjá fólki sem er með tekjur yfir einhverjum ákveðnum mörkum. Það er nákvæmlega sama hægt að færa upp á persónuafsláttinn eins og barnabæturnar, söm er gjörðin. En af hverju gera menn það ekki? Af því það er pólitískt svo erfitt. Vildu menn standa hér og leggja það til að persónuafslátturinn væri lækkaður? Vildu þeir gera það eða skattarnir væru almennt hækkaðir meira en tillögur þeirra gera ráð fyrir? Ég held að menn hafi metið það þannig að það væri svo erfitt pólitískt og þess vegna er tekinn út svona hópur.

Það er undarlega auðvelt í þessu samfélagi að hræra í framfærslukostnaði barna. En þegar ég segi þetta með

persónuafsláttinn þá er ég að benda mönnum á að það er sama gjörðin sem er verið að gera, þ.e. hvort menn fara og ráðast á persónuafsláttinn eða barnabæturnar. Þar með er ég ekki að leggja til að sú leið verði farin. Það er ekki mín skoðun í þessu máli, heldur er ég að benda þeim á að það væri í rauninni miklu réttlátari aðgerð að láta þetta ganga yfir alla, barnafólk sem barnlausa. Auðvitað væri réttlátasta aðgerðin af öllu að hafa stighækkandi tekjuskatt vegna þess að þá fær fólk barnabæturnar og það er viðurkennd framfærslubyrði vegna barna en síðan eru hærri skattar teknir vegna þess að fólk er talið hafa háar tekjur. Það er hin raunverulega tekjutenging sem á að vera í gildi í þessu samfélagi og sú tekjutenging sem er réttlátust. Allt hitt er bara krukk, gerir hlutina flókna, gerir þá óréttláta og gerir kerfið seinvirkt og skapar óánægju. Eina sanna og rétta leiðin í þessum málum er auðvitað stighækkandi tekjuskattur og þannig á hin rétta tekjutenging að nást.

Kerfið er ekki réttlátt núna, sagði ráðherrann í fyrrakvöld. Hann sagði að það væri ekki réttlátt eins og það er. Hann hnýtti við að það þyrfti að móta samræmt heildarkerfi. Það hefði verið reynt í þessari atrennu en ekki tekist. Hann sagði: Við munum fara í samræmda skoðun á næsta ári. Þegar ég heyri þessi orð þá tek ég þau sem hótun, ég tek þetta sem hótun sem yfir okkur vofi ef þeir ætla að fara í samræmda heildarskoðun á þessu kerfi með það fyrir augum að afnema barnabætur nema í tekjulægstu hópunum. Þá er farið að nota þetta eins og einhvers konar ölmusu. Það er ekki lengur verið að tekjujafna milli þeirra sem eru með börn á framfæri og hinna heldur er eingöngu verið að greiða þeim allra tekjulægstu. Þar með er verið að viðurkenna að þeirra framfærslubyrði sé þyngri. Það er sjálfsagt að hafa tvíþætt kerfi í þessu. Annars vegar að allir fái eitthvað en hins vegar sé tekjutengdur hluti. Auðvitað vildi ég sjá það þannig að allir fengju eitthvað og það fylgdi hverju barni ákveðinn persónuafsláttur rétt eins og hinum fullorðnu. Þannig kæmi þetta til allra. Síðan væri til ákveðið barnabótakerfi sem væri tekjutengt.

Tvö dæmi gæti ég tekið um það hvernig þetta kerfi sem hér er verið að leggja til hittir fólk fyrir. Þá er ég að skoða saman barnabæturnar og barnabótaaukann, barnalífeyrinn eða meðlögin og mæðralaunin. Lítum fyrst á einstæða móður með tvö börn og 80.000 kr. á mánuði. Hjá henni skerðast barnabætur um 556 kr. á mánuði. Mæðralaunin hjá henni skerðast um 9.398 kr. en á móti kemur hækkun á meðlagi upp á 7.498 kr. Skerðingin er því alls hjá þessari einstæðu móður með tvö börn og 80.000 kr. mánaðartekjur 2.456 kr., tæplega 30.000 kr. á ári. Það getur ekki talist hátekjumanneskja sem er með 80.000 kr. og á að framfæra af þeim tekjum tvö börn. Samt hitta þessar aðgerðir hana svona fyrir. Við getum líka tekið dæmigerð íslensk hjón með þrjú börn. Við skulum gefa okkur að tvö þeirra séu yngri en sjö ára. Þessi hjón fá á sig skerðingu alls um 6.986 kr. á mánuði. Við skulum segja að þau séu að koma yfir sig húsnæði, þau eru einhvers staðar í blokkaríbúð, eign þeirra er um 4 millj. kr., þau borga um 350 þús. kr. á ári í vaxtagjöld. Þá lækka vaxtabætur til þeirra um u.þ.b. 35.000 kr. á ári. Skerðingin hjá þessum hjónum í gegnum barnabæturnar og í gegnum vaxtagjöldin og reyndar líka í gegnum skattahækkunina, sem verður, er um 118 þús. kr. á ári samkvæmt þessu eða um tæplega hálf bruttó mánaðarlaun þessara hjóna. Ef við lítum á skerðinguna sem þau urðu líka fyrir í fyrra vegna barnabótanna að þá var hún hjá þessum hjónum um 4.305 kr. á mánuði eða 51.000 kr. á ári. Samtals á tveimur árum er því skerðing hjá hjónum með þrjú börn, tvö yngri en sjö ára og 260 þús. kr. mánaðartekjur sem eru meðaltekjur hjóna, vegna barnabóta, vaxtagjalda og skattahækkana um 170 þús. kr. Það er ekki svo lítið, virðulegur ráðherra, hjá hjónum sem eru með 260 þús. kr. mánaðartekjur og þrjú börn á framfæri. Ég held að það sé því augljóst og það getur hver maður séð sem á annað borð kynnir sér þær tillögur sem hér liggja fyrir að aðgerðirnar hitta nær allt barnafólk fyrir. Það eru örfáir hópar sem ekki verða fyrir skerðingu.

Þær eru dálítið sérkennilega saman settar þessar tillögur með tilliti til þess hverjir verða ekki fyrir skerðingu. Mér sýnist á yfirliti frá efnahagsskrifstofu fjmrn., hér er tafla um breytingar á barnabótum, mánaðartölur, að einu hóparnir sem verða ekki fyrir skerðingu séu hjón með eitt barn eldra en sjö ára. Ef barnið er hins vegar yngra en sjö ára verða þau fyrir skerðingu, alveg sama hvaða tekjur þau hafa. Ég er að tala um hjón sem hafa undir 200 þús. kr., með eitt barn eldra en sjö ára. Þau verða ekki fyrir skerðingu. Öll önnur hjón með eitt barn verða fyrir skerðingu. Þá eru það hjón með tvö börn og tekjur undir 200 þús. kr. og bæði börnin eldri en sjö ára. Þau verða ekki fyrir skerðingu. Öll önnur hjón með tvö börn, burt séð frá tekjum, verða fyrir skerðingu. Þá eru það hjón með þrjú börn, öll eldri en sjö ára. Ef þessi hjón eru með tekjur undir 100 þús. kr. — sem hver maður sér auðvitað að fimm manna fjölskylda getur engan veginn framfleytt sér á og þar af leiðandi er þetta bara teóretískt dæmi en ekki praktískt — ef þau eru með þrjú börn eldri en sjö ára og undir 100 þús. kr. í tekjur verða þau ekki fyrir skerðingu. Öll önnur hjón með þrjú börn á sínu framfæri verða fyrir skerðingu. Hvað einstæð foreldri varðar er ekki skerðing hjá einstæðri móður með eitt barn eða einstæðri móður eða með tvö börn ef þau eru bæði eldri en sjö ára og hún er með tekjur undir 180 þús. kr. En einstæð móðir með tvö börn og annað er yngra en sjö ára verður fyrir skerðingu. Svona kemur þetta út. Þetta eru vægast sagt mjög litlir hópar sem ekki verða fyrir skerðingu og dálítið sérkennilega saman settir. Því þarf greinilega að fara betur ofan í þessi mál í nefnd til að sjá hvaða rök liggja þarna að baki.

Hér hefur verið talsverð umræða um lyfjamálin og ráðherra hefur lýst því yfir og gefið um það loforð að hlutdeild sjúklings í lyfjum verði aldrei meiri en EB-meðaltalið. Hann bar til baka upplýsingar sem komu m.a. í gögnum frá ASÍ um að hlutdeild sjúklings yrði um 37% og sagði það rangt. Hér yrði það aldrei meira en EB-meðaltalið og svo hefur hann haldið því fram að EB-meðaltalið sé 30–32%. Hann gerði það í fyrrakvöld og hann gerði það áðan líka. Við

fengum hins vegar þær upplýsingar í heilbr.- og trn. að EB-meðaltalið væri 34–35%. Og kostnaðarhlutdeildin sem væri verið að fjalla um í heilbr.- og trmrn. væri um 34,8%. En ráðherrann er að tala um tölurnar 30–32% og nú væri náttúrlega mjög mikilvægt að fá þetta upplýst. Af hverju ber mönnum ekki saman um þessar tölur? Erum við að tala um 30–32% kostnaðarhlutdeild eða erum við að tala um 34–35% kostnaðarhlutdeild? Hvor hugmyndin er í vinnslu í ráðuneytinu núna? Hvor hugmyndin sem það er þá fylgir henni augljóslega aukinn kostnaður fyrir þá sem þurfa á þessum lyfjum að halda. Þó að hlutfallið skipti auðvitað máli vegna þess að því hærra sem hlutfallið er þeim mun meiri kostnaður fyrir þá sem nota lyfin að þá breytir það ekki því að það er greinilega ætlunin að auka lyfjakostnað sjúklinga og þeirra sem nota lyf.

Tannlækningar eru inni í 7. gr. frv. Þar er verið að gera breytingu á lögum sem samþykkt voru í upphafi þessa árs, lögum nr. 1 frá 1992, og lagfæra ýmsa galla sem menn töldu vera á þeim þótt varla sé hægt að tala um að þau séu almennilega komin til framkvæmda vegna þess að þau byrjuðu að virka í haust þegar skólarnir tóku til starfa. Þess vegna er ekki komin nema þriggja til fjögurra mánaða reynsla af þessum lögum og af niðurgreiðslu á fyrirbyggjandi aðgerðum ýmiss konar og tannvernd. Á það var lögð rík áhersla í heilbr.- og trn. í fyrra að allt sem héti tannvernd og fyrirbyggjandi aðgerðir í tannlækningum yrði fólki að kostnaðarlausu en síðan kæmi örlítil kostnaðarhlutdeild í viðgerðum. Það var með samþykki allra nefndarmanna í heilbr.- og trn. í fyrra ákveðið að hafa það 15%. Nú er verið að breyta þessu og fólk á að greiða hlutdeild í tannverndarþættinum líka, þ.e. 25% og 25% af viðgerðunum.

Fyrir þessu hafa kannski ekki fengist nein almennileg rök í umræðunni í þingsalnum, þ.e. af hverju sé verið að þessu. En þær raddir hafa heyrst að þessi tannverndarþáttur sé misnotaður, að einhver brögð séu að því að í stað þess að senda fólk með reikning fyrir tannviðgerð eins og ber að gera skrifi tannlæknar þetta sem tannvernd, ekki viðgerð, og þar af leiðandi eigi það alfarið að greiðast af Tryggingastofnun en ekki að með kostnaðarhlutdeild foreldra. Það komu fram mjög athyglisverðar upplýsingar í heilbr.- og trn. í morgun varðandi þennan þátt málsins því þar kom fram að aðgerðir eða röntgenmyndatökur hjá tannlæknum hefðu aukist um 25% frá því að þessi lög voru samþykkt hér og að reikningar fyrir fyrirbyggjandi aðgerðir ýmiss konar, eins og skorufyllingar og slíkt, hefðu hækkað um 41% á einu ári. Allt í einu hefði aukist svona kostnaðurinn vegna fyrirbyggjandi aðgerða. Mér finnst eiginlega segja sig sjálft að það er einhver að misnota þetta kerfi fyrst þetta eykst svona. Mér finnst alveg óþolandi að hugsa til þess að vegna þess að einhverjir misnota kerfið, væntanlega einhverjir prívat tannlæknar úti í bæ, eigi að velta kostnaðinum yfir á fjölskyldurnar í landinu, yfir á fólk sem á þarna engan hlut að máli. Það á að taka á sig aukinn kostnað vegna þessa. Mér finnst aðalatriðið vera að taka fyrir misnotkunina þar sem hún er og upplýsa þetta mál. Það þarf hreinlega að upplýsa hvernig á því stendur að þessi liður eykst um 40%. Við töldum okkur vera að gera þetta í góðri trú í fyrra að koma til móts við einkatannlækna með því að gefa þeim kost á að vera með fyrirbyggjandi starf hjá sér. Ef það kemur svona út eiga þeir auðvitað ekkert gott skilið. Þeir verða að upplýsa hvernig þetta mál er vaxið. Mér finnst að við í heilbr.- og trn. hljótum að skoða það áður en við förum að flytja kostnaðinn sem hlýst af slíkri misnotkun yfir á allt fólk sem engan hlut á að máli og ber ekki á þessu nokkra ábyrgð og reynir að sinna vel tannhirðu sinna barna, m.a. með því að sinna fyrirbyggjandi aðgerðum svo vel að það þurfi ekki að gera við í þessum börnum og þar af leiðandi þurfi fók aldrei að bera kostnað vegna tannlækninga. Nú á sem sagt að flytja ákveðna kostnaðarhlutdeild yfir á þetta fólk.

Nú vil ég gjarnan vita hvort ráðherra heyrir til mín því að ég þarf að spyrja hann spurninga. Væri hægt að fá það upplýst hvar ráðherra er staddur í húsinu? (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til að láta hæstv. heilbr.- og trmrh. vita að hans sé óskað í salinn.) Þar sé ég að ráðherra gengur í salinn. Ég held að þessi umræða mundi kannski taka skemmri tíma og ganga betur fyrir sig ef ráðherrarnir væru ekki eins og fló á skinni, á sífelldu vappi út úr salnum. (**Heilbrrh.:** Þetta er ekki sanngjarnt. Ég sat hér til klukkan tvö í nótt og er búinn að sitja alla umræðuna.) Ég sagði aldrei að ráðherrann hefði farið úr húsinu. Ég sagði að ef þeir væru á vappi eins og fló á skinni. Ég sagði aldrei að ráðherrann hefði látið sig hverfa. Það gat svo sem vel verið að ráðherrann heyrði til mín en ég vildi vera viss um það. Þess vegna mundi ég ekki hafa á móti því þótt hann sæti hér í einhverjum hliðarsölum en ég get ekki vitað hvort hann heyrir til mín ef hann er ekki í sjónmáli. Ég vil heldur spyrja menn spurninga að þeim viðstöddum en fjarstöddum. Út af fyrir sig ætla ég ekki að ásaka þennan ráðherra fyrir að sitja hér illa, ég held að það séu margir ráðherrar sem eiga það frekar skilið en heilbr.- og trmrh. því hann hefur verið hér nokkuð þaulsætinn.

Ég ætla að spyrja ráðherrann um fæðingarorlofið. Þegar við vorum að fjalla um þessi mál, lífeyristryggingarnar og sjúkratryggingarnar, í heilbr.- og trn. kom það m.a. fram — mig minnir að það komi fram í fjárlagafrv. sjálfu — að það hafi verið ráðgerð um 100 millj. kr. skerðing á fæðingarorlofi en það hefði ekki verið búið að útfæra eða vinna með það mál. Síðan, ef ég man rétt, kom til fjárln. eitthvert yfirlitsblað þar sem sýnt var að 50 millj. væri skilað aftur í fæðingarorlofið. (**Heilbrrh.:** 150 millj.) Var þetta þá 150 millj. og 100 skilað aftur? (**Heilbrrh.:** 200 millj. kr.) Ráðherrann upplýsir það. Það var þarna einhver munur á. Ekki var öllu skilað samkvæmt þessu blaði sem tekið hafði verið af í fjárlagfrv., þannig að þar vantar eitthvað upp á. Nú vil ég fá svör við því og spyrja: Hvað á að gera til að ná þessum mun? Stendur til að krukka í fæðingarorlofið og ef svo er með hvaða hætti þá? Þetta held ég að við verðum að fá upplýst vegna þess að ég veit að þessi talnalegi munur er á því sem lagt

var fram í fjárlagafrv. og því sem hefur verið skilað aftur eftir þeim blöðum sem komið hafa úr heilbr.- og trmrn. Þetta verðum við að fá upplýst og það fyrr en síðar. Ég get lofað ráðherranum því að ef það stendur til að höggva í þann knérunn líka að skerða fæðingarorlofið þá er mælirinn fullur. Þá eru þar komin mæðralaunin, barnabæturnar, fæðingarorlofið og tannlækningarnar. Þá er þessi hópur bara sérstaklega útmetinn sem einhver skerðingarhópur hjá ríkisstjórninni. Þetta verður bara að upplýsast og það strax. Ég vil í því sambandi leggja mjög mikla áherslu á það að menn verða að gera sér grein fyrir því hversu mikilvægt það er að búa vel að börnum og barnafólki. Það er hinn eini sanni sparnaður. Það er hin eina sanna velferð sem máli skiptir. Það er til í landinu a.m.k. tíu ára uppsöfnuð þekking á því hvað tengsl foreldra og barna og góður aðbúnaður skiptir miklu máli. Ég tala nú ekki um fyrstu mánuðina. Það skiptir nánast öllu máli varðandi það hvernig framtíð börnum er búinn. Það er hinn eini sanni hagvöxtur, hin eina sanna velferð. Það eina sem skiptir máli. Ég held að menn þyrftu ekki annað en tala við þá sem reka geðdeildir barna, stofnanir fyrir börn með alls kyns samskiptaörðugleika að í mjög mörgum tilvikum má rekja það til þess að það er ekki búið nógu vel að ungbarnafjölskyldum. Það er allt of mikið álag á ungbarnafjölskyldum. Það er allt of mikið álag á mæðrum ungra barna og þetta er orsakavaldur oft og tíðum þegar um vandamál er að ræða síðar meir. Þess vegna er þetta hin eina sanna velferð, hinn eini sanni sparnaður og menn verða að gera sér grein fyrir því og fara ekki svona létt með þetta. Það þýðir útgjöld síðar meir, ef menn ætla að krukka sífellt í þennan málaflokk, og það miklu meiri útgjöld en við erum að tala um núna.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það eru nokkur atriði varðandi það frv. sem hér liggur fyrir sem er óhjákvæmilegt að fara nokkuð ítarlegar yfir, m.a. í framhaldi af upplýsingum sem hafa komið um þessi mál í hv. heilbr.- og trn. en þó sérstaklega í framhaldi af þeim orðum sem hæstv. ráðherra lét falla í umræðum í fyrrakvöld. Einkum varðandi biðlista og það að hann taldi að þeir hefðu styst mjög verulega og allt væri í miklu lukkunnar velstandi í heilbrigðiskerfinu, einkum vegna þess hvernig hann hefði haldið á málum. Yfir þessi atriði ætla ég að fara, virðulegi forseti, og sömuleiðis frv. og byrja á því að víkja aðeins að þeim þætti sem hefur verið nefndur m.a. af hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur og lýtur að því stefnuatriði núv. hæstv. ríkisstjórnar að einfalda almannatryggingakerfið.

Það vill þannig til að í salnum eru staddir einir þrír menn sem hafa komið við sögu og sett sér það markmið að einfalda almannatryggingakerfið og hafa setið í ýmsum ríkisstjórnum hér fyrr á öldinni. Staðreyndin er sú að það hefur aldrei tekist að ná neinu heildarsamkomulagi um endurskoðun á almannatryggingakerfinu. Í upphafi á hinum miklu og blómlegu hagvaxtartímum var það vegna þess að menn gátu ekki komið sér saman um það hversu miklu þeir ættu að eyða né hvernig þeir ættu að eyða happdrættisvinningi þjóðarbúsins í þágu aldraðra og öryrkja og annarra þeirra sem fjallað er um í almannatryggingalögunum. Síðan var það vegna þess að menn gátu ekki komið sér saman um hvernig ætti að útdeila skerðingunni sem samdráttur í þjóðartekjum hefði í för með sér.

Ég notaði mjög oft þá samlíkingu þegar ég var í þessum verkum fyrir tíu árum eða svo að almannatryggingalögin væru eins og stagbætt flík með bót á bót ofan. Ég hygg að (**Gripið fram í:** Hún er orðin gauðrifin núna.) — sjálfsagt orðin gauðrifin núna. Ég hygg að þeir séu til hér í salnum sem muna eftir því hvernig stagbættar flíkur litu út og hvernig þær flíkur litu út þar sem var bót á bót ofan. Þær þóttu ekki fínar á þeirri tíð þó að svo hafi orðið í seinni tíð að mér tjáð að það þyki þeim mun fínna sem það er meira bætt sem fólk klæðist.

Mér finnst hins vegar að núv. hæstv. heilbr.- og trmrh. hafi náð alveg nýju þróunarstigi varðandi endurbætur á almannatryggingalögum og ekki sé hægt að tala um það að hann hafi í raun og veru rifið þessa flík eða slitið af henni bætur. Miklu nær væri að tala um að almannatryggingalögin litu út rétt eins og fat sem hefði verið veist að með haglabyssu. Menn hafi látið skeika að sköptu hvar höglin lenda, því að þetta er allt saman sundurtætt og opið gatasigti. Í raun og veru veit enginn hvað er hvar og hvaða breytingar þessar og hinar ákvarðanir hafa í för með sér.

Á síðasta þingi náðum við stjórn og stjórnarandstaða um það samkomulagi, t.d. að breyta tannlæknaþætti almannatryggingalaganna. Við lágum yfir því á mörgum fundum og vönduðum okkur við það og ég tel ástæðu til þess að þakka þeim sem voru í þeirri nefnd fyrir það góða starf sem þeir þá unnu við að ná samkomulagi um það að breyta þessum ákvæðum um tannlækningar. Niðurstaðan varð sú að allt sem við vorum að gera þá virðist hafa verið meira og minna tóm vitleysa vegna þess að það stenst engan veruleika. Nú er aftur komið frv. um að taka allt til baka sem menn voru þá að gera, að fylla upp í götin sem höglin hafa myndað á almannatryggingalögunum.

Ég held satt að segja að það sé eitt allra mesta þjóðþrifamál sem hægt er að hugsa sér að ná samkomulagi um heildarendurskoðun á almannatryggingalögunum. Ég tel að það eigi ekki að gera það með því að ganga út frá lögunum eins og þau eru. Ég tel að menn eigi í sambandi við almannatryggingalögin að setjast niður og segja: Við skulum skapa ný almannatryggingalög og ekki að vera að eyða tíma í að endurskoða lögin eins og þau eru nú heldur eigi menn að koma saman nýjum almannatryggingalögum einfaldlega út frá þeim grundvallaratriðum sem almannatryggingalögin eiga að byggjast á, sem eru jöfnun í lífskjörum.

Í annan stað vil ég víkja að því sem hefur komið fram í þessum umræðum og snýr að meðlagsgreiðendum. Ég get út af fyrir sig verið alveg sammála hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur um að þær konur sem fá greitt með börnum sínum þessa upphæð sem nú er 7.551 kr. á mánuði eru ekki ofsælar af þeirri tölu. Þær eru heldur ekki ofsælar af þeirri tölu sem stendur til að

koma þessu í sem eru 11.300 kr. á mánuði ef ég man rétt. Staðreyndin er hins vegar sú að aðferðin við að taka á meðlagsgreiðendum í þessu frv. er með þeim hætti að hún er algjörlega óþolandi. Þetta er högg. Þetta er þungt högg.

Samkvæmt tölum sem ég hef frá heilbr.- og trmrn. og við fórum hér yfir í fyrrakvöld er gert ráð fyrir því að með breytingum 1. og 2. gr. sé verið að spara ríkissjóði 485 millj. kr. og upp í það fái mæðurnar 350 millj. eða svo af því að meðlögin hækka. Það var talan sem ég sá á blaðinu frá ráðuneytinu. Þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig má það vera að þetta eru aðeins 350 milljónir? Með hliðsjón af þeim tölum sem hér hafa komið fram, m.a. hjá hv. þm. Finni Ingólfssyni, hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, og koma út úr reiknivélinni hjá manni þegar maður margfaldar einfaldlega 15.900 börn sinnum 3.749 kr. sinnum 12 gerir þetta eftir minni reiknivél og fleiri manna hér greinilega 715 millj. á ári en ekki 350 millj. kr.

Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra sagði í fyrrakvöld: Ef þetta er svona, — og hann áskildi sér rétt til að skoða málið nánar — er augljóst að menn þurfa að skoða talnagrunninn aðeins betur. Ef þetta er svona, ef það er rétt reiknað hjá mér og fleiri þingmönnum að þetta séu 715 millj. þá þýðir það að þeir sem eru að missa 485 millj. eru samkvæmt þesu að fá í staðinn 715 millj. en ekki 350 millj. kr.

Getur verið, hæstv. ráðherra, að þetta sé svona? Eða er þetta algjör misskilningur og meinloka í hausnum á mér og öðrum þingmönnum sem hafa verið að skoða þessa hluti? Það er alveg nauðsynlegt að fá þetta á hreint vegna þess að ég tek eftir að fjölmiðlar, m.a. DV í gær, trúi ég, var með þessa tölu 715 millj. Mig rak í rogastans þegar ég sá hana vegna þess að ég hafði alltaf gengið út frá því að þessi tala væri 350 millj. og hafði, eins og ég er vanur, tekið mark á útreikninum vinar míns, Þorkels Helgasonar, sem kann ágætlega að reikna að mínu mati, þó að það séu skiptar skoðanir um það í seinni tíð eftir að hann fór að reikna fyrir hæstv. núv. heilbr.- og trmrh. en það er svo annað mál. (**Gripið fram í:** Hann reiknaði hann inn á þing.) Hann reiknaði mig reyndar ekki inn á þing. Það má miklu frekar segja að hann hafi reiknað hæstv. ráðherra inn á þing. (**Gripið fram í:** Ég sagði það.)

Þetta er atriði í raun og veru númer eitt sem ég vil biðja menn um að hugleiða. Þarna eru menn annars vegar að tala um 485 millj. kr. niðurskurð og hins vegar á móti 715 millj. Ég tel mjög nauðsynlegt að fá upplýst hér hvaða talnagrunnur það er sem menn eiga að réttu lagi að ganga út frá.

Í sambandi við þetta mál allt er auðvitað mjög fróðlegt að hugleiða hvernig á þessum hlutum er haldið að öðru leyti í því frv. sem hér er um að ræða. Nú vil ég biðja hæstv. ráðherra um að festa sig við það augnablik með mér hver talnagrunnur frv. sé.

Ég skil það þannig að 1. og 2. gr. frv. séu 485 millj. kr. Að 3. gr. frv. er mér sagt að sé allt að 50 millj. kr., geti kannski verið núll en geti verið allt að 50 millj. kr. Ég skil það svo að 3. gr. sé allt að 50 millj. kr. Að 6. gr. gefi í fyrsta lagi vegna sérfræðitilvísananna 120 millj. kr. Í annan stað ætli menn að taka á þessari 6. gr. í lyfjunum 430 millj. kr. Það eru 400 millj. kr. sem eru þegar inni í fjárlagafrv. og svo 30 til viðbótar, 430 millj. kr. á 2. tölul. 6. gr. Að menn ætli að taka úr 7. gr. í tannlækningunum 190 millj. kr. Að menn ætli að taka á 8. gr., útboðunum, 80 millj. kr. Og menn ætli að taka á 9. gr., varðandi reglur um sambýlisfólk, sýnist mér 15 millj. kr. Menn ætla að taka úr II. kafla frv. 174–175 millj. kr. Samtals gerir þetta, eins og ég hef aflað mér upplýsinga um það, 1.544 millj. kr. sem menn ætla að ná með frv. eins og það lítur út.

Þar af er nýr sparnaður, nýr niðurskurður, 250 millj. kr. Og í fjárlagafrv. þess vegna 1.294 millj. kr. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að fá það upplýst hjá hæstv. heilbr.- og trrh. hvort að ég skil talnalegan grunn frv. rétt að hér sé um að ræða sparnað alls upp á 1.544 millj. kr., þar af nýr sparnaður upp á 250 millj. kr. en í fjárlagafrv. sé 1.294 millj. kr.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég vil gagnrýna í fyrsta lagi ráðuneytið fyrir að leggja frv. fram án þess að gera grein fyrir þessum tölum. Að leggja frv. þannig fram að hv. þm. verði eins og á handahlaupum að tína þessa tölu þarna og þessa tölu hér til að átta sig á þessu. Auðvitað á að leggja frv. fram með skýrum hætti, með umsögn m.a. frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Þó að kveðið sé á um það í lögum að umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar eigi að fylgja öllum frv. og hafi fylgt þeim samviskusamlega tel ég vera að undanförnu, þá fylgir það ekki þessu frv. Þó er þetta 1.600 millj. kr. frv., ef ég get lesið þennan texta rétt eins og hann lítur út. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra að því í öðru lagi: Er þessi talnagrunnur sem ég er hér að rekja upp á tæplega 1.600 millj. kr. réttur?

Þá vil ég, virðulegi forseti, gagnrýna alveg sérstaklega eitt atriði í frv. sem mér sást yfir við fyrri hluta 1. umr. Það er að í frv. er, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson benti á, óvenju mikið um reglugerðarheimildir. Ég verð að segja það fyrir mitt leyti að ég tek ekki undir það sem oft er sagt af þingmönnum að ráðherrar eigi að vera bundnir á hödnum og fótum og eigi ekki að hafa tilteknar heimildir til að útfæra mál í reglugerðum. Ég tek ekki undir þá gagnrýni. Mér finnst að hv. þm. hafi oft gengið allt of langt í því. Hins vegar er ég á móti því að ráðherrar fái skattlagningarvald í reglugerðum. Ég tel að það stangist á við anda stjórnarskrárinnar þar sem segir: Það er Alþingi sem leggur á skatta.

Í 2. gr. frv. er svona skattlagningarheimild fyrir ráðherrann. Heilbrrh. má leggja á skatta og í raun og veru eru engin takmörk tiltekin í þessu efni því að það segir: „Þar er heimilt“ — í sambandi við mæðra- og feðralaun — „að tengja greiðslu bótanna við tekjur.“ Þar er heimilt að tengja greiðslu bótanna við tekjur. Ég spyr: Hvaða tekjur? Þetta gengur ekki, virðulegi forseti. Ég tel að málið sé næstum að segja ekki þingtækt af þessum ástæðum vegna þess að hérna er verið að ganga svo langt í því að heimila ráðherra að leggja á skatt af því að hann má ákveða það hvar tengingin við tekjur

kemur þegar ákveðin eru mæðra- og feðralaun.

Ég tel þess vegna alveg óhjákvæmilegt að taka á þessu atriði en það er ekki eina tilvikið. Eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson benti á fyrr í dag þá kemur þetta líka fyrir í 1. tölulið 6. gr. Þar er verið að fjalla um tilvísanirnar og greiðslu fyrir komu til sérfræðings. Þar stendur, með leyfi forseta: „Fyrir hverja komu til sérfræðings samkvæmt tilvísun greiðir sjúklingur gjald sem ákveðið skal" — miðað við hvað? Ekkert — „með reglugerð."

Í gömlu almannatryggingalögunum, eins og þau voru sett í tíð Eggerts G. Þorsteinssonar á sínum tíma, er alls staðar ákveðið við hvað skal miða þegar reglugerðir eru settar. Hér er verið að afhenda ráðherranum vald til að segja: Fyrir hverja komu til sérfræðings greiðir sjúklingur eins mikið og ráðherranum sýnist á hverjum tíma. Það er ekkert þak og engin takmörk í þeim efnum. Nú dreg ég ekkert úr nauðsyn þess að menn reyni að hafa aðhald að þessu sérfræðingaliði með því að hafa þessa þjónustu alldýra. En ég tel það algjörlega ótækt fyrir Alþingi og þjóðina að búa við það að einn ráðherra hafi skattlagningarvald og geti ákveðið hversu mikið sjúklingur á að greiða, gjörsamlega án tillits til nokkurs í lögunum eða annars staðar til viðmiðunar.

Eins er það með lyfin. Þar stendur, með leyfi forseta: „Af öðrum nauðsynlegum lyfjakostnaði greiðir sjúkratryggður gjald sem ákveðið skal" — hvernig? — „með reglugerð." Engin viðmiðun, ekki við tekjur, ekki við kostnað, ekki við hlutföll, ekki við gólf, ekki við hámark, ekki við neitt. Ráðherrann getur ákveðið að hafa verð á lyfjum eins hátt eða lágt og honum sýnist. Þetta er ekki hægt. Ég endurtek það að í lögunum um almannatryggingar, eins og þau voru sett í tíð Eggerts G. Þorsteinssonar, 1970–1971, var alls staðar um að ræða tilteknar viðmiðanir.

Alveg eins er það í 7. gr. þar sem stendur: „Fyrir tannlæknaþjónustu aðra en tannréttingar greiða sjúkratryggingar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur." Ráðherrann getur sett gjaldskrá um að hafa kostnað við tannlækningar alveg eins og honum sýnist þá og þá. Ég tek það fram, virðulegi forseti, að ég er ekki að segja að hæstv. núv. heilbrrh. ætli að misnota þessi heimildarákvæði á neinn hátt. En ég tel óeðlilegt að Alþingi veiti ráðherra opið skattlagningarvald. Því þetta er skattlagningarvald. Hér er um að ræða sameiginleg gæði, sem eru almannatryggingarnar, og það er verið að ákveða hvað það kostar að fá aðgang að þeim og hæstv. ráðherra á ekki einn, hver sem hann er, að geta ákveðið það.

Ég tel því hvað sem öllu öðru líður óhjákvæmilegt og mun beita mér fyrir því að hv. heilbr.- og trn. breyti þessum ákvæðum því að þau eru algjörlega óþolandi eins og þau eru hér. Skattlagningarvaldið sem ráðherra fær í hendur er algjörlega fráleitt.

Ég tók eftir því að þegar hv. 13. þm. Reykv. var að tala um tilvísanakerfið þá gagnrýndi hann hvernig á því er haldið og gagnrýndi að það væri kostnaður við skriffinnsku og þess háttar og tvíverknaður og guð veit hvað og það getur vel verið að það sé alveg rétt. Hitt held ég að sé þó mikið alvarlegra að segja í lögunum: Ráðherra getur látið þetta kosta eins og honum sýnist. Fyrir hverja komu til sérfræðings samkvæmt tilvísun greiði sjúklingur gjald sem ákveðið skal með reglugerð. Ég fullyrði það, virðulegi forseti, að það er algjörlega einstakt mál að ráðherra fái fulla, opna gjaldskrárheimild frá Alþingi með þessum hætti án þess að miða við eitt eða neitt.

Ég tel þess vegna að þetta sé eitt af þeim atriðum sem sé alveg óhjákvæmilegt að skoða nánar. Það er ekki hægt að heimila heilbr.- og trmrh. að fara með skattlagningarvald. Ég treysti honum ekki til þess og ég er sannfærður um að þjóðin treystir honum ekki til þess heldur.

Þá kem ég aðeins að lyfjamálunum næst, virðulegi forseti. Þar á að taka inn hvorki meira né minna en 430 milljónir. Það á að spara 430 millj. kr. á lyfjapartinum. Og það er gert með því að hækka lyfin.

Hvernig gerist það? Það gerist þannig samkvæmt upplýsingum sem komu fram í heilbr.- og trn. í morgun að þeir sem borga ekkert í dag, eru með fríkort, munu þurfa að borga 17,3–18,4% eða 6,9% eftir því um hvers konar lyf er að ræða af þeim kostnaði sem um er að ræða við lyfið hverju sinni. Einn flokkur, sem hefur greitt lyfin að verulegu leyti, borgar í dag 23,4% af kostnaði lyfjanna en samkvæmt tillögu ráðuneytisins, eins og hún lítur út núna, er gert ráð fyrir því að borga fyrir lyfin 35–39% af kostnaði samkvæmt tillögu ráðuneytisins. Hér er ekki um að ræða neina EB-viðmiðun í lyfjaverði eins og hæstv. ráðherra var að tala um. Hér er greinilega verið að tala um að þetta hlutfall verði miklu hærra fyrir flestalla sem þurfa að nota lyf. Það er einnig verið að ræða um það í núverandi tillögum ráðuneytisins, eins og þær liggja fyrir, að meðaltalshlutfallið, sem í dag er talið vera um 25%, 25–26%, fari upp í 33–34%. Ég tel því, virðulegi forseti, að útreikningar Alþýðusambandsins á hækkun lyfjanna séu allir réttir. Útreikningar hagfræðings Alþýðusambandsins á hækkun lyfjanna, eins og hún liggur fyrir, eru allir réttir. Það er sannað, en af hverjum? Af heilbr.- og trmrn. sjálfu samkvæmt upplýsingum sem við fengum frá heilbrrn. Ekki í gær, ekki í sumar, ekki í fyrra, heldur í dag.

Ég hef, virðulegi forseti, nefnt nokkur atriði sem ég tel óhjákvæmilegt að fara betur yfir með hæstv. ráðherra. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að fá upplýsingar um það hvort talan er 350 millj. eða 715 millj. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að fá um það upplýsingar hvort að talnagrunnur frv., eins og ég rakti hann, upp á 1.543 millj. kr. sé réttur. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að ráðherrann segi skoðun sína á því hvort hann telur reglugerðarheimildirnar, sem eru í frv., víðtækar skattlagningarheimildir, eðlilegar. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að við förum enn frekar yfir þætti eins og skattahliðina á þessu máli og eins og hinn mikla árangur sem náðst hefur í heilbrigðismálum og ég mun rekja á eftir.

Ég ætla að víkja að skattaþættinum, virðulegi forseti. Það þykir fínt að tekjutengja, það þykir snjallt að tekjutengja. Þeir eru ýmsir sem hafa talið að það væri

hægt að leysa alla hluti með því að tekjutengja. Einn þeirra manna er sá sem hér stendur. Ég hef talið að það væri rétt að tekjutengja ýmislegt, m.a. elli- og örorkulífeyri. Ég hef talið að það mætti ganga býsna langt í því. Ég verð hins vegar að segja eins og er að ég staldra mjög við þessi mál eins og þau líta út núna. Hvað er verið að tekjutengja? Það er verið að tekjutengja allt. Í fyrsta lagi er það þannig að lagður er almennur skattur á fólk, sama prósentan yfir línuna. Svo fá allir persónuafslátt. Síðan koma ný skattþrep sem ráðast ekki af tekjum manna heldur af t.d. barnafjölda. Það eru öðruvísi skattar á þá sem eru með börn, þeir eru ekki bara fastir heldur líka tekjutengdir. Þar er tekjutenging á öllum sviðum. Það er verið að ræða um að tekjutengja líka greiðslur fyrir lyf. Þar er nýtt skattþrep, lyfjaskattþrepið. Í þriðja lagi er verið að tala um að tekjutengja ellilífeyri að verulegu leyti, langt umfram það sem við höfum gert á undanförnum 20 árum. Þar er nýtt skattþrep, ellilífeyrisskattþrepið. Það er í fjórða lagi verið að tala um að tekjutengja örorkulífeyri. Þar er nýtt skattþrep, örorkuskattþrepið. Og það er í fimmta lagi verið að tala um tekjutengja vaxtabætur, að þeir fái aðeins greiddar vaxtabætur sem eru með tiltölulega lágar tekjur en aðrir alls ekki. Þar er enn nýtt skattþrep, vaxtaskattþrepið.

Hæstv. núv. utanrrh. hefur verið með miklar kenningar um að nauðsynlegt væri að skattkerfið væri skilvirkt, gagnsætt og einfalt. Þess vegna yrði bara að vera ein skattprósenta. Það mætti alls ekki vera stighækkandi tekjuskattur, ekki vera tvö þrep í tekjuskatti, ekki þrjú. Það yrði að vera eitt til að tekjuskatturinn væri skilvirkur. En hvað er nú um að vera? Hvað er núna að gerast í þessu, virðulegi forseti? Það er verið að búa til mörg ný skattþrep, aukaskattþrep. Eitt fyrir þá sem eiga börn, eitt skattþrep fyrir þá sem nota lyf, eitt skattþrep fyrir þá sem eru aldraðir. (**Forseti:** Forseti vill spyrja ræðumann hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni því að hugmyndin er að fresta þessari umræðu núna um sinn vegna óviðráðanlegra orsaka. Vill ræðumaður ljúka ræðu sinna eða fresta henni um sinn?) Mér þætti vænt um það, virðulegi forseti, ef ég fengi að fresta ræðunni frekar.

Umræðu frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 276. mál (stjórnsýsluleg staða, skyldusparnaður o.fl.). — Þskj. 384.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988 með síðari breytingum. Frv. er að stofni til byggt á tillögum frá starfshópi sem skipaður var á árinu 1989 vegna athugasemda Ríkisendurskoðunar um óljósa stjórnsýslustöðu Húsnæðisstofnunar og óglögg valdamörk milli húsnæðismálastjórnar og félmrn. Starfshópurinn var skipaður Berglindi Ásgeirsdóttur ráðuneytisstjóra, Halldóri Árnasyni, skrifstofustjóra Fjárlaga- og hagsýslustofnunar og Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni. Lögðu þau fram tillögu að frumvarpi í mars 1989 sem hér er byggt á hvað stjórnsýsluþátt þess varðar. Frv. þetta greinist í þrjá meginþætti: Stjórnsýslulega stöðu Húsnæðisstofnunar og tengsl milli stofnunarinnar svo og húsnæðismálastjórnar og félmrh., að tækni- og þjónustudeild Húsnæðisstofnunar verði lögð niður og í þriðja lagi afnám skyldusparnaðar ungmenna. Mun ég hér á eftir gera grein fyrir hverjum þætti fyrir sig.

Ekki hefur legið nægilega ljóst fyrir hver sé stjórnsýsluleg staða Húsnæðisstofnunar. Vegna þessarar óvissu fékk Húsnæðisstofnun á árinu 1987 Lagastofnun Háskóla Íslands til að fjalla um stjórnsýslulega stöðu stofnunarinnar og skilaði hún áliti sínu í ágúst það ár. Í því áliti kom fram að Húsnæðisstofnun njóti verulegs sjálfstæðis gagnvart viðkomandi fagráðherra, stjórn stofnunarinnar beri ekki ábyrgð gagnvart ríkisstjórninni í heild, stjórnin þurfi ekki að taka við starfsfyrirmælum frá fagráðherra, hins vegar starfi stjórn Húsnæðisstofnunar á ábyrgð Alþingis og hafi upplýsingaskyldur gagnvart því.

Á árinu 1988 fól ég Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni að gera athugun á stöðu, valdsviði og ábyrgð Húsnæðisstofnunar ríkisins og tengslum stofnunarinnar og stjórnar hennar við félmrn. Í því áliti kemur fram að íhlutunarréttur fagráðherra felist einkum í gerð reglugerða, eftirliti með starfrækslu stofnunarinnar og að ráðherra skipar formann og varaformann stjórnar ásamt æðstu yfirmönnum stofnunarinnar. Þá getur ráðherra krafið stofnunina um upplýsingar og skýrslur, hins vegar geti ráðherra ekki hlutast til um framkvæmd einstakra mála.

Niðurstöður beggja þessara skýrslna sýndu þannig fram á að sjálfstæði Húsnæðisstofnunar væri verulegt. Ráðherra hefði fyrst og fremst áhrif með reglugerðum og undirbúningi lagafrumvarpa og Húsnæðisstofnun félli því ekki með beinum hætti undir framkvæmdarvaldið.

Það er athyglisvert að skoða í áliti Lagastofnunar Háskóla Íslands hvernig þar er skilgreint sjálfstæði ríkisstofnana. Þar kemur m.a. fram að Húsnæðisstofnun hefur þau einkenni þeirra stjórnsýsluhafa, sem einu nafni hafa verið nefndir ráð og nefndir, að í stjórn hennar eru hagsmunaaðilar og að meiri hluti stjórnarinnar er kosinn af Alþingi sem hefur þannig tekið af ráðherra hinar venjulegu heimildir æðsta yfirmanns stjórnsýslunnar.

Síðan segir um valdsvið sjálfstæðra ríkisstofnana: „Sérstaða þeirra og sjálfstæði kemur og fram í því að fjárhag þeirra skal haldið utan við hin almennu fjárlög ríkisins."

Ég tel það mjög athyglisvert sem þarna kemur fram, að valdsvið sjálfstæðra stofnana, eins og Húsnæðisstofnunar, sé þannig að fjárhag þeirra skuli haldið utan við hin almennu fjárlög ríkisins. Í því sambandi vil ég vitna í bréf Ríkisendurskoðunar frá 3. nóv. 1988. Þar segir, með leyfi forseta, um rekstur stofnunarinnar:

„Um rekstur stofnunarinnar gilda sömu reglur og um aðrar ríkisstofnanir, að henni ber að leita eftir samþykki Alþingis um umfang rekstrar í fjárlögum fyrir hvert ár og þar á meðal ráðstöfun á eigin fé. Hér skiptir ekki máli á hvern hátt stofnunum er séð fyrir tekjum til að mæta útgjöldum sínum. Þá telur Ríkisendurskoðun að ekki sé hægt að jafna starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins við starfsemi banka, bæði með tilliti til þess að ríkissjóður leggur stofnuninni til verulega framlög á hverju ári og svo hinu að Alþingi fjallar um og ákveður fjármögnun Húsnæðisstofnunar ásamt ítarlegum reglum um úthlutun lána en framkvæmdarvaldið ákvarðar hins vegar um lánakjör.

Með vísan til þess," segir Ríkisendurskoðun, „sem að framan greinir, verður ekki séð að mikilvægir framkvæmdaþættir í störfum Húsnæðisstofnunar ríkisins séu þess eðlis, að stjórnskipan stofnunarinnar geti ekki fallið beint undir framkvæmdarvaldið og telur Ríkisendurskoðun þá skipan ákjósanlega."

Ég vil einnig vitna í álitsgerð Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns en þar finnst mér koma fram mjög athyglisvert sjónarmið þar sem því er haldið fram að hér sé um sjálfstæða stofnun að ræða sem þá heyri undir Alþingi. Þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir tilhneigingar löggjafans til að fella meðferð stjórnvalds á tilteknu sviði undan valdi ráðherra bera umræður á Alþingi það ekki með sér að þingmönnum sé að fullu ljóst að með því er Alþingi að veikja vald sitt með því að draga úr bæði hinni beinu, lagalegu ábyrgð ráðherra og ekki síður pólitískri ábyrgð hans. Í umræðum á Alþingi virðist ráðherra sæta nákvæmlega eins gagnrýni fyrir þá meðferð stjórnvalds sem heyrir beint undir hann og þá sem undan honum hefur verið tekin. Er e.t.v. rétt að hafa þetta í huga þegar túlkuð er löggjöf um valdamörk ráðherra og einstakra, sérstakra stjórnarstofnana."

Við athugun á þessum álitsgjörðum, sem ég hef hér vitnað til, og áliti Ríkisendurskoðunar vaknaði sú spurning hvort ætlað sjálfstæði Húsnæðisstofnunar og þar með ætlað takmarkað vald ráðherra komi heim og saman við þá ábyrgð sem ráðherra er talinn bera á málaflokknum í raun en í umræðum á Alþingi er ráðherra talinn bera ábyrgðina. Þarf varla að fara um það mörgum orðum hversu mikilvægt er að vald og ábyrgð fylgist að eigi málaflokkur að ganga greiðlega og árekstralaust fyrir sig innan stjórnsýslunnar.

Til að grannskoða enn frekar þetta mikilvæga málefni, þegar ábendingar Ríkisendurskoðunar komu fram, sendi ég niðurstöðurnar Ragnari Aðalsteinssyni og Lagastofnuninni til athugunar. Í bréfi Ríkisendurskoðunar, dags. 3. nóv. 1988, segir að sú skipan mála sem nú gildir sé óæskileg þar sem ekki er í framkvæmd nógu tryggt að saman fari á einni hendi vald og ábyrgð sem er skilyrði fyrir árangursríkri og skilvirkri stjórnun. Því telur Ríkisendurskoðun nauðsynlegt að settar séu skýrar reglur sem eyði þeim vafaatriðum sem upp hafa komið varðandi yfirstjórn þessa málaflokks.

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar var sú að gera þyrfti þær skipulagsbreytingar sem leiddu til þess að yfirstjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins væri alfarið á einni hendi. Þar kæmi tvennt til: Stofnunin heyri beint undir Alþingi og njóti sjálfstæðis gagnvart framkvæmdarvaldinu eða stofnunin heyri beint undir framkvæmdarvaldið. Ríkisendurskoðun rökstyður síðan þá niðurstöðu sína að réttara sé að Húsnæðisstofnun falli beint undir framkvæmdarvaldið enda verði ekki annað séð en að mikilvægir framkvæmdaþættir í störfum stofnunar séu þess eðlis að stjórnskipan stofnunarinnar geti ekki fallið beint undir framkvæmdarvaldið. Ríkisendurskoðun telur slíka skipan ákjósanlega en með því móti yrði ábyrgð á einni hendi.

Ég er sammála þessu áliti Ríkisendurskoðunar. Óhjákvæmilegt er að vald og ábyrgð séu á einni hendi. Það er forsenda fyrir árangursríkri og skilvirkri stjórnun. Því er lagt til í frv. sem hér er til umræðu að Húsnæðisstofnun falli með beinum hætti undir framkvæmdarvaldið. Stefnumörkun í húsnæðismálum verði ekki í verkahring húsnæðismálastjórnar. Húsnæðismál eru veigamikill þáttur í stefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma. Sá ráðherra er fer með þann málaflokk verður að hafa stjórnsýslulegt forræði þeirrar stofnunar sem ætlað er að hrinda í framkvæmd húsnæðisstefnunni. Fáar ef nokkrar ríkisstofnanir njóta þess sjálfstæðis sem Húsnæðisstofnun nýtur.

Í frv. er því lagt til að fellt sé niður að Húsnæðisstofnun skuli hafa forustu um stefnumótun í húsnæðismálum og til að undirstrika hina stjórnsýslulegu breytingu er lagt til að ákvæði núgildandi laga um deildaskiptingu Húsnæðisstofnunar verði numin úr gildi og að ráðherra ákveði með reglugerð skipulag stofnunarinnar. Með því að deildaskiptingin verður ekki lögbundin verður stjórnunin sveigjanlegri og möguleiki á að ná fram meiri hagkvæmni í rekstri. Með sveigjanlegri deildaskiptingu er betur hægt að framfylgja nýjum áherslum í húsnæðismálum. Sú breyting sem hér er lögð til varðandi yfirstjórn felur það í sér að húsnæðismálastjórn verður ekki lengur ætlað að marka meginstefnu í málefnum Húsnæðisstofnunar ríkisins og byggingarsjóðanna. Umrædd breyting fæli það í sér að Húsnæðisstofnun mundi starfa í samræmi við þá stefnu sem mörkuð væri af ríkisstjórn og Alþingi á hverjum tíma en ekki eins og nú er samkvæmt stefnu húsnæðismálastjórnar.

Þrátt fyrir það að Alþingi kjósi sjö af tíu stjórnarmönnum húsnæðismálastjórnar í dag eru áhrif Alþingis á Húsnæðisstofnun nánast eingöngu fólgin í lagasetningu. Þingmenn virðast í reynd líta svo á að félmrh. beri ábyrgð á framkvæmd húsnæðismálastefnunnar á hverjum tíma. Hér er því lagt til að valdamörk ráðherra og húsnæðismálastjórnar verði skýrari en verið hefur. Með hliðsjón af framangreindu og til að eyða vafa og ágreiningi um þessi mál, sem er augljóslega mjög óæskilegur, og til að gera stjórnsýslulega stöðu Húsnæðisstofnunar skýra svo ljóst sé hver beri ábyrgð á hverju og að ábyrgð sé á sömu hendi er eftirfarandi lagt til í frumvarpinu:

Fram komi í lögum að Húsnæðisstofnun ríkisins heyri undir framkvæmdarvaldið. Innra skipulag Húsnæðisstofnunar verði ákveðið með reglugerð. Húsnæð-

ismálastjórn verði öll kjörin af Alþingi og fækkað verði í stjórninni. Nánar verði kveðið á um hlutverk ráðherra og húsnæðismálastjórnar og verkaskiptingu milli þessara aðila. Meiri kröfur verði gerðar til fjárhagsáætlana Húsnæðisstofnunar og þær verði lagðar fyrir ráðherra til samþykktar.

Í beinu samræmi við það að Húsnæðisstofnun heyrir undir framkvæmdarvaldið er lagt til að fellt verði á brott hið óljósa orðalag núgildandi laga um að Húsnæðisstofnun skuli vera sjálfstæð ríkisstofnun. Aðalatriðið er að um er að ræða ríkisstofnun innan framkvæmdarvaldsins sem lýtur sérstakri þingbundinni stjórn. Þessum atriðum þarf að koma til skila í lögum en forðast óljós og teygjanleg hugtök. Hvað innra skipulag Húsnæðisstofnunar varðar er það í samræmi við hugmyndir manna nú á dögum um skilvirkan rekstur ríkisstofnana að innra skipulag þeirra sé ekki bundið í lög. Nýjar hugmyndir um rekstrarfyrirkomulag eiga erfitt uppdráttar með því móti, svo sem sameining deilda, komið á ákveðnum sviðum í stað deilda o.s.frv.

Um skipan húsnæðismálastjórnar vil ég segja að jafnfjölmenn stjórn og nú er, tíu manns, er þung í vöfum enda hefur hún gripið til þess ráðs að skipta með sér verkum. Þar sem aukin hagkvæmni í rekstri og greiðleg stjórnsýsla er eitt megineinkenni frv. er lagt til að stjórnarmönnum verði fækkað í fimm og verði allir kosnir af Alþingi. Með því móti haldast áhrif Alþingis á stjórn Húsnæðisstofnunar óbreytt en það er aðalatriðið. Húsnæðisstofnun þjónar öllum landshlutum jafnt og því á kosning í stjórn hennar réttilega heima á Alþingi. Ástæðu þess að Alþýðusamband Íslands og síðar Vinnuveitendasamband Íslands fengu rétt til tilnefningar þekkja allir þingmenn og því óþarft að rekja hana hér. Ég tel að það fyrirkomulag eigi að heyra sögunni til en það var skiljanlegt miðað við forsendur fyrri tíma. Nefni ég sérstaklega þau rök Alþýðusambands Íslands að félagslegt húsnæði skipti fólk í hreyfingunni miklu máli svo og að útlán húsnæðiskerfisins hafi að verulegu leyti verið fjármögnuð með fé úr lífeyrissjóðunum. Einnig þau rök fulltrúa VSÍ að húsnæðismálin varði aðila vinnumarkaðarins.

Það er að sjálfsögðu laukrétt að húsnæðismálin varða þessa aðila og landsmenn alla. Hvað launþegasamtökin varðar má spyrja hvort önnur fjölmenn samtök, BSRB, eigi ekki með sama hætti rétt til tilnefningar og ASÍ. Formaður BSRB hefur oft áréttað það, síðast í dag, að BSRB fái einnig fulltrúa inn í húsnæðismálastjórn. Við þetta bætist að hin beina tenging lífeyrissjóða landsmanna við fjármögnun húsnæðismála er ekki til staðar eins og var hér áður. Með allt þetta í huga er því lagt til að húsnæðismálastjórn verði skipuð fimm þingkjörnum fulltrúum.

Með lokun húsnæðislánakerfisins frá 1986 má segja að mikil breyting hafi orðið á hlutverki húsnæðismálastjórnar. Aðilar vinnumarkaðarins hafa því ekki lengur það hlutverk sem þeir áður höfðu í húsnæðismálum. Eins og ég hef áður nefnt er lagt til að hlutverk húsnæðismálastjórnar breytist nokkuð. Hún mun því ekki lengur móta meginstefnu í húsnæðismálum. Stjórnin mun bera ábyrgð gagnvart félmrh. og ríkisstjórn á svipaðan hátt og tryggingaráð gerir gagnvart heilbrrh. og ríkisstjórn. Almannatryggingar getum við líka nefnt sem dæmi um mál sem skipta aðila vinnumarkaðarins ekki síður miklu máli en húsnæðismálin. Ekki hefur þó komið til álita þar að fulltrúar þeirra sætu í tryggingaráði.

Hlutverk stjórnarinnar verður eftir sem áður að sjá til þess að Húsnæðisstofnun starfi í samræmi við lög og reglugerðir og lagt er til að undirstrikað verði að henni er ætlað að hafa umsjón með fjárhag og rekstri stofnunarinnar.

Sú fækkun sem hér er lögð til á fjölda húsnæðisstjórnarmanna felur í sér að öll stjórnin, fimm manns, yrði þingkjörin. Með því móti er betur tryggt að stefna stjórnvalda komist í framkvæmd þar sem meiri hluti á Alþingi hlýtur þá að skipa meiri hluta stjórnarinnar. Sú breyting á skipunartíma formanns og varaformanns, að hann verði takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipaði þá, tryggir það enn frekar.

Þessi fækkun í húsnæðismálastjórn á að tryggja skilvirkari vinnubrögð og jafnframt felur hún í sér ákveðna hagræðingu og sparnað. Um þessar mundir er leitað allra leiða til að spara í rekstri stofnunarinnar og mundi helmingsfækkun í stjórn fela í sér líðlega 1 millj. kr. sparnað á ári. Í tíu manna stjórn þar sem sjö eru kosnir af Alþingi og þrír af aðilum vinnumarkaðarins getur sú staða komið upp að stjórnarflokkarnir á Alþingi séu í minni hluta og formaður jafnvel verið skipaður af fyrrv. félmrh. Hefur þetta ástand iðulega haft í för með sér mikla togstreitu, einkanlega þar sem sjálfstæði stofnunarinnar er mjög verulegt samkvæmt gildandi lögum.

Þá má minna á að á fundi húsnæðismálastjórnar 1989 var gerð samþykkt vegna frétta og viðtala í sjónvarpi, útvarpi og blöðum. Í þessari samþykkt kemur fram afstaða hennar til stjórnsýslulegrar stöðu Húsnæðisstofnunar en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Húsnæðismálastjórn ber ekki ábyrgð gagnvart ríkisstjórninni í heild. Hún þarf ekki að taka við starfsfyrirmælum frá fagráðherra. Hins vegar hefur hún venjulega upplýsingaskyldu gagnvart honum og Alþingi.“ Síðan kemur það sem mér finnst mjög athyglisvert í þessari samþykkt húsnæðismálastjórnar:

„Ábyrgð einstakra fulltrúa í stjórn Húsnæðisstofnunar er auk allra venjulegra starfsábyrgða stjórnarmanna, fyrirtækja og stofnana fyrst og fremst fólgin í því að tala máli umbjóðenda sinna.“

Það er álit húsnæðismálastjórnar að það sé fyrst og fremst hennar verk að tala máli umbjóðenda sinna. Þá getur maður spurt: Hvaða umbjóðenda? Er það lífeyrissjóðanna sem hafa fjármagnað húsnæðiskerfið og gera það að hluta til núna? Þeirra hagsmunir eru að halda uppi sem bestri ávöxtun á sínu lánsfé og því að fá sem hagstæðust kjör við Húsnæðisstofnun. Eða eru það að gæta þess að umbjóðendurnir, þ.e. lántakendurnir, hafi sem hagstæðust lánakjör á hverjum tíma? Þessir hagsmunir hljóta að rekast á og því getur verið um hagsmunaárekstra að ræða, t.d. varðandi vaxtaákvæði inn- og útlána sem ég hef hér nefnt.

Ég hef nefnt að aðilar vinnumarkaðarins eiga ekki

sæti í tryggingaráði og mætti þó e.t.v. segja að þá varðaði ekki síður um almannatryggingar en húsnæðismál. Þannig er háttað um fjölmarga málaflokka sem aðilar vinnumarkaðarins hafa sýnt mikinn áhuga að þeir eiga ekki endilega sæti í stjórnum og ráðum sem fjalla um þá málaflokka.

Alþingi verður hins vegar að gera það upp við sig hvort það ætlar að hafa skipun þýðingarmikilla stjórna sem sitt verkefni eða fela það öðrum. Ég tel tvímælalaust að Alþingi eigi eitt að skipa húsnæðismálastjórn og tala þar af nokkurri reynslu. Tugir milljarða streyma í gegnum húsnæðiskerfið árlega og ég tel að enda þótt aðilar vinnumarkaðarins geti gefið mjög góð ráð í því sambandi eigi þeir ekki beint að úthluta þeim fjármunum sem veittir eru í húsnæðismálin. Alþingi sjálft verður með vali á fulltrúum í stjórn Húsnæðisstofnunar að stuðla að því að stjórnin geti rækt það hlutverk sem lagt er til í þessu frv. Hlutverkið yrði nokkuð breytt og umfangsminna og því er umrædd fækkun eðlileg.

Skal nú vikið að þeim þáttum frv. sem lúta að afnámi skyldusparnaðar og að tækni- og þjónustudeildin verði lögð niður.

Eins og greint er frá í frv. hefur um nokkurt skeið verið til íhugunar hvort rétt sé nú á dögum að viðhalda skyldusparnaði ungs fólks á vegum Byggingarsjóðs ríkisins. Tvö meginatriði sýna fram á að tími skyldusparnaðarins í núverandi mynd sé liðinn.

1. Breyttir þjóðfélagshættir, bæði breyttar aðstæður hjá ungu fólki eins og bent er á í frv., og nýir siðir í sparnaði, en nú bjóðast fjölmargir möguleikar á frjálsum sparnaði.

2. Gerbreytt verkefni Byggingarsjóðs ríkisins með húsbréf sem meginhlutverk en af því leiðir að sjóðurinn þarf ekki lengur á þeim tekjustofni að halda sem innlánum sem skyldusparnaði var ætlað að vera. Við þetta bætist að síðarnefnt hlutverk skyldusparnaðarins, að þjóna sem tekjustofn, hefur ekki náð markmiði sínu þar sem útþensla er mikil vegna undanþáguákvæða sem nú gilda en þau leiða aftur til mikillar vinnu og umstangs við vandmeðfarin matsatriði. Nú liggja a.m.k. 15 ársstörf að baki umsýslu skyldusparnaðarins, bæði hjá Húsnæðisstofnun og veðdeild með tilheyrandi rekstrar- og tölvukostnaði. Kostnaður vegna skyldusparnaðarins er talinn nema a.m.k. 50 millj. kr. hjá Húsnæðisstofnun og veðdeild og jafnvel mun hærri upphæð.

Þegar öll framangreind atriði eru metin í heild sinni er því ljóst að bæði efnisrök og sparnaðarrök mæla með því að brugðist sé við því í lögum að skyldusparnaður ungmenna heyri sögunni til, a.m.k. í núverandi mynd. Á undanförnum árum hefur hann verið neikvæður, þ.e. meira farið út en inn hefur komið. Sá munur hefði numið 307 millj. á næsta ári að óbreyttum lögum.

Hvað stöðu á skyldusparnaðarreikningum viðvíkur skal tekið fram að í árslok 1991 nam innstæðan á 69 þús. skyldusparnaðarreikningum 4,1 milljarði kr. Meðalinnstæða á reikningi nam tæpum 60 þús. kr. Einungis 1.918 sparendur áttu meira en hálfa milljón. Á því ári námu innborganir liðlega 2 milljörðum kr. en útgreiðslur 2.245 millj. kr. Af útgreiðslum voru 605 millj. vegna íbúðakaupa, 370 millj. vegna aldurs en 1.270 millj. vegna undanþága. Einungis 605 millj. af 2.245 fóru því til íbúðarkaupa.

Leitast er við í frv. þessu að sá tími sem fylgir afnámi skyldusparnaðarins verði sem sársaukaminnstur, bæði fyrir eigendur skyldusparnaðarins og Byggingarsjóð ríkisins. Þannig verði beitt allri mögulegri sanngirni við útgreiðslur til eigenda, en þess jafnframt gætt að útstreymi fjár úr sjóðnum verði sem jafnast. Lagt er til að marki þessu verði náð með því að lægstu innstæðurnar verði greiddar á fyrstu sex mánuðum eftir gildistöku laganna. Hærri innstæður verði síðan greiddar eftir því sem eigendur innstæðna uppfylla bein skilyrði til útgreiðslu en útgreiðslum vegna matskenndra undanþága verði sleppt. Lokagreiðslur fari síðan fram árið 2000.

Varðandi það hvort rétt sé að taka upp annað skyldusparnaðarform en nú er hugmyndin að leggja niður samkvæmt þessu frv., þá er það til sérstakrar skoðunar, bæði hjá félmrn. og húsnæðismálastjórn.

Mun ég nú í lokin, virðulegi forseti, víkja að hönnunar- og tæknideild. Röksemdir fyrir því að leggja til að hönnunardeildin verði lögð niður eru í stórum dráttum þrenns konar. Í fyrsta lagi þykir ekki lengur eiga við að ríkisstofnun reki verkfræði- og tæknistofu. Í öðru lagi að raunverulegur halli af rekstri deildarinnar er verulegur og í þriðja lagi er það í samræmi við eitt megininntak frv. um aukna skilvirkni í rekstri Húsnæðisstofnunar að deildaskipting þess verði ekki rígbundin í lögum heldur verði hún sveigjanleg eftir því sem hagkvæmast þykir hverju sinni. Fyrstnefnda atriðið liggur nokkuð í augum uppi miðað við nútímaaðstæður. Nú eru allt aðrir tímar en þegar hönnunardeildin hóf starfsemi sína, enda nú fjölbreytt framboð af þjónustu arkitekta og verkfræðinga. Jafnframt hafa komið fram nýjar hugmyndir um það hvaða verkefni falli að þjónustu ríkisins og hver eigi betur heima hjá einkaaðilum. Auk þessa er fólgin í því mótsögn að íbúðir séu hannaðar og teiknaðar á vegum Húsnæðisstofnunar, þar sem það er og verður áfram á vegum stofnunarinnar að hafa eftirlit með byggingu félagslegra íbúða. Þannig hefur Húsnæðisstofnun haft eftirlit með sjálfri sér þegar um félagslegar íbúðir er að ræða.

Í annan stað varðandi kostnaðarhliðina kemur í ljós að deildin hefur um langt árabil verið rekin með halla. Á árinu 1991 voru unnin í deildinni um 8 ársverk auk 5.300 yfirvinnutíma. Samkvæmt drögum að rekstrarreikningi 1991 var rekstrarkostnaður deildarinnar liðlega 37 millj. kr. Þar af nam launakostnaður tæplega 19 millj. kr. og greiðslur til verktaka liðlega 10 millj. kr. Tekjur deildarinnar voru 29 millj. kr., þar af 5–6 millj. kr. vegna þjónustu við byggingarsjóðina og aðrar deildir Húsnæðisstofnunar. Rekstrarhalli var 8,1 millj. og er því verulegur.

Hvað þriðja atriðið varðar vísast til þess sem um greinir í athugasemd við 2. gr. frv.

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt að þetta frv. nái

fram að ganga fyrir jólaleyfi þingmanna þar sem ákvæði þessa frv. tengjast þeim sparnaði sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., m.a. vegna breytinga á skyldusparnaði og hönnunardeild.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Útbýting þingskjala:

Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku, 300. mál, stjfrv., þskj. 467.

Eftirlit með sveitarstjórnum, 266. mál, svar félmrh., þskj. 408.

Framleiðsla og sala á búvörum, 299. mál, stjfrv., þskj. 466.

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Hér er komið til 1. umr. eitt frv. enn sem varðar Húsnæðistofnun ríkisins og húsnæðismálin í landinu. Það er fastur liður a.m.k. síðan ég settist hér inn á Alþingi að við erum með eitt eða fleiri frumvörp í þessum málaflokki að glíma við á hverju ári. Það er alltaf verið að velta þessu kerfi fram og aftur og þessi lagasetningarárátta er að verða stórkostlegt vandamál fyrir húsbyggjendur og húseigendur í landinu. Enginn veit hvar hann stendur í öllu þessu kraðaki og enginn veit nokkurn skapaðan hlut um hvað framtíðin ber í skauti sér.

Ég sé ekki að þetta frv. sé þeirrar gerðar að það rói húsbyggjendur eða húseigendur í landinu mikið eða þeir viti frekar hvar þeir standa eða það létti þeim róðurinn í þeim erfiðleikum sem því fylgir núorðið að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Þetta frv. fjallar reyndar ekki um húsnæðiskerfið í heild, heldur um breytingar á skipulagi Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þetta frv. er í raun að gera hæstv. félmrh. að nokkurs konar framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar sem miðstýrir þessum málaflokki algerlega.

Í 1. gr. frv. er kveðið á um að 2. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins hljóði svo: „Félmrh. fer með yfirstjórn húsnæðismála.“ Þetta er ein meginbreytingin í frv. Önnur meginbreyting er, eins og kom fram í ræðu hæstv. félmrh. að Húsnæðisstofnun á ekki lengur að hafa forustu um að móta stefnu í húsnæðismálum í landinu.

Nú er félmrh. auðvitað yfirmaður þessa málaflokks og ekkert deilt um það í sjálfu sér. Það sem þykir óþolandi í þessum efnum er að í stjórn Húsnæðisstofnunar skuli vera fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands og það er talið hafa leitt til svo gífurlegra árekstra í gegnum árin að við það verði ekki unað.

Ég minnist satt að segja ekki mjög mikilla árekstra af þessu tagi á síðustu árum. Það hafa auðvitað verið skiptar skoðanir en þær hafa verið af því að stjórnvöld hafa stöðugt verið að hæra í þessum málaflokki. Það er mín skoðun að það er furðulegt að ekki skuli hafa orðið meiri árekstrar í þessu efni en þó hafa orðið.

Í 3. gr. frv. er kveðið á um þá breytingu að stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins skuli skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar og skuli varamenn kosnir á sama hátt. Ráðherra skipi síðan formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna og skipunartími formanns og varaformanns skal vera takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipaði þá. Þetta er í samræmi við það að félmrh. á eiginlega að hafa algert einræðisvald í þessum málaflokki.

Þó er ekki nema hluti af sögunni sagður með þessu. Í 4. gr. frv., þar sem talað er um hlutverk húsnæðismálastjórnar, er hnykkt á enn frekar. Þar er sagt hvert hlutverk húsnæðismálastjórnar á að vera í fjórum liðum:

Að hafa umsjón með fjárhag, rekstri og annarri starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna og gæta þess að starfað sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Að gera tillögur til félmrh. um fjárhagsáætlun þar sem fram komi sundurliðaður áætlaður rekstrarkostnaður og fyrirhuguð skipting ráðstöfunarfjár milli útlánaflokka byggingarsjóðanna og meginsjónarmið um ráðstöfun þess.

Svo kemur þriðja: Að úthluta framkvæmdaraðilum lánum til félagslegra íbúða og skera úr vafa- og ágreiningsmálum varðandi einstakar lánveitingar. Áður en lánveiting á sér stað skal leita staðfestingar félmrh. á forsendum lánveitingar og skiptingu lánsfjár milli útlánaflokka.

Síðan í fjórða lagi: Að fjalla um önnur mál sem ráðherra eða framkvæmdastjóri leggur fyrir hana eða henni eru falin samkvæmt lögum þessum.

Þessi grein kveður alveg skýrt á um það að útlán Húsnæðisstofnunar eiga bara að fara inn á borð hjá félmrh. (**Gripið fram í:** Þetta er valddreifingin.) Já, þetta er nú valddreifing í lagi. Þetta er eitt mesta miðstýringarfrv. sem ég hef séð í seinni tíð. Hér stendur: Áður en lánveiting á sér stað skal leita staðfestingar félmrh. á forsendum lánveitingar og skiptingu lánsfjár milli útlánaflokka. Hæstv. félmrh. á þá væntanlega að hafa þennan málaflokk allan inni á skrifborðinu hjá sér og stýra honum þaðan.

Ríkisstjórnin hefur hælt sér af því að vera stjórn valddreifingar, minni ríkisafskipta og sjálfstæðra stofnana og viljað minnka afskipti ríkisvaldsins sem mest. Ég vil spyrja og beini orðum mínum til þeirra sjálfstæðismanna sem hér eru. Ég sé að það er ekki nema einn reyndar því að hv. stjórnarliðar sitja yfirleitt ekki á fundum á Alþingi, en hv. 6. þm. Suðurl. situr hér samviskusamlega. Ég er ekki viss um að hann sé hrifinn af þessu miðstýringarfrv. en ég spyr þingflokk Sjálfstfl. hvort hann sé hrifinn af þeirri miðstýringu sem hér sér dagsins ljós.

Síðan stendur hér í 6. gr.:

„Félmrh. er heimilt að ákveða með reglugerð, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, lántökugjöld, gjöld fyrir tæknilega þjónustu, svo og gjöld vegna innheimtu af lánum stofnunarinnar sem eru í vanskilum. Heimilt er að jafna síðastgreindum kostnaði niður á skuldara þannig að búseta hafi ekki áhrif á kostnaðinn.“

Ég er ekki að mæla gegn því að ráðherra hafi reglugerðarvald. Hins vegar finnst mér dálítið einkennilegt að hægt sé með reglugerð að skipuleggja stofnunina, breyta deildum o.s.frv. Ég geri við þetta mikla fyrirvara. Ég á sæti í félmn. og frv. kemur væntanlega þangað og þar gefst tækifæri til þess að fara betur ofan í einstakar greinar og gera sér grein fyrir afleiðingum þeirra. Ég hef enga sannfæringu fyrir þessu frv. og þeirri stefnu sem það boðar, að auka miðstýringu í þessum málaflokki og færa hann allan upp á skrifborð í félmrn. þannig að Húsnæðisstofnun ríkisins verði nokkurs konar deild í félmrn. Það er ekki búið að sannfæra mig um að þessi stefna sé rétt.

Sannleikurinn er sá að söguleg tengsl verkalýðshreyfingarinnar við þennan málaflokk eru nokkuð mikil og ég er hissa á því ef það er mikil eining í þjóðfélaginu og a.m.k. í þeim herbúðum um þessar breytingar. Það er þannig að stjórnvöld þurfa á því að halda einmitt í þessum málaflokki að hafa gott samstarf og góð tengsl við verkalýðshreyfinguna vegna þess að sjóðir sem verkalýðshreyfingin ræður yfir, lífeyrissjóðirnir í landinu, leggja til fé í þennan málaflokk. Sannleikurinn er sá að þau viðskipti ganga ekkert of vel um þessar mundir og munu áreiðanlega ekki ganga betur við þessa breytingu.

Þann 10. nóv. sl. fékk fjárln. Alþingis greinargerð frá Húsnæðisstofnun ríkisins sem svar við ýmsum spurningum sem nefndin beindi þangað um lánveitingar byggingarsjóðsins, rekstrarkostnað stofnunarinnar og lánveitingar Byggingarsjóðs verkamanna. Í bréfinu er m.a. komið inn á skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Eins og áður hefur komið fram hafa skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna engan veginn gengið sem skyldi. Stofnunin hefur hins vegar tekið ákvarðanir um lánveitingar í trausti þess að lífeyrissjóðirnir stæðu við þá samninga um skuldabréfakaup sem þeir gerðu við stofnunina. Samkvæmt fjárlagafrv. eru kaupin af báðum byggingarsjóðnum áætluð tæpir 8,7 milljarðar á árinu 1993. *Stofnunin á væntanlega eins og áður að sjá* um söluna til lífeyrissjóðanna með samningum og útboðsfyrirkomulagi. Miðað við reynsluna í ár er engin trygging fyrir að þetta fjármagn berist jafnvel þó að samningar við lífeyrissjóðina muni liggja fyrir. Það er því spurning um hvort stofnunin verði ekki að taka upp það fyrirkomulag að veita engin lánsloforð fyrr en peningarnir eru komnir í kassann."

Ég er ekki viss um að þegar þetta frv. er orðið að lögum og búið að reka fulltrúa Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands úr stjórn Húsnæðisstofnunar og setja stjórn stofnunarinnar algerlega inn á borð hjá félmrh. að þessi viðskipti við lífeyrissjóðina lagist neitt við þá breytingu. Ég held að hér sé stórhættulegt mál á ferðinni og alls ekki búið að skapa þann frið um þetta mál að frv. geti orðið að lögum óbreytt. Ég vil því hafa fullan fyrirvara um þessar breytingar, en við fulltrúar Framsfl. í hv. félmn. munum auðvitað skoða málið grannt og taka það þar til ítarlegrar meðferðar. Ég tel stórhættulegt að rúlla þessu máli í gegn með miklum hraða vegna þess að hér er verið að rjúfa löng og söguleg tengsl verkalýðshreyfingarinnar við húsnæðismálin í landinu. Það er mikið mál sem ég held að ekki sé hægt að hespa af í hvelli.

Hæstv. félmrh. lét svo ummælt hér að ákvæði þessa frv. væru hluti af þeim aðgerðum til sparnaðar í ríkisfjármálum sem ríkisstjórnin hygðist gera, m.a. að leggja niður tæknideild stofnunarinnar sem er ekki stór að umfangi en hefur samt leyst vel af hendi sín verk á undanförnum árum. Það er fullyrt að mikið tap hafi verið á tæknideildinni. Þær upplýsingar sem ég hef í höndunum um þau mál sýna annað. Það hefur verið hagnaður á henni lengst af nema árið 1991 og á yfirstandandi ári. Það gefst auðvitað kostur á að sannreyna þau plögg í félmn. hvort fullyrðingar hæstv. ráðherra um mikinn taprekstur á deildinni standast. Ég hef enga sannfæringu fyrir því heldur að skynsamlegt sé að leggja þessa deild niður eða það leiði til þess sparnaðar sem áformað er í aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Í því bréfi sem ég vitnaði til áðan frá Húsnæðisstofnun ríkisins frá 10. nóv. er rætt er um rekstrarkostnað stofnunarinnar. Ég ætla að vitna í þann kafla, með leyfi forseta. Þar segir:

„Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1992 er gert ráð fyrir að laun og launatengd gjöld, önnur rekstrargjöld og fjárfestingar nemi samtals 420 millj. kr. en sértekjur nemi samtals 100 millj. kr. Nettó er því verið að tala um 320 millj. kr.

Sambærilegar tölur í fjárlagafrv. fyrir árið 1993 eru 348 millj. kr. rekstrarkostnaður, 160 millj. kr. sértekjur og nettó því 188 millj. kr. Það er því áformað að ná fram 132 millj. kr. sparnaði í rekstri stofnunarinnar á næsta ári með lækkun útgjalda og hækkun sértekna. Til að ná þessu markmiði er fyrirhugað að selja hönnunardeildina, leggja niður skyldusparnaðinn og draga saman umfang annarra þátta. Stofnunin telur að ekki sé raunhæft að ná fram svona mikilli lækkun í einum áfanga þrátt fyrir fyrirhugaðar breytingar án þess að skerða þjónustuna Tekið skal fram að félmrh. hefur skipað sérstaka nefnd sem er að skoða möguleika á *aukinni hagkvæmni í rekstri stofnunarinnar.*"

Það á greinilega ekki að gefa sér tíma til þess að bíða eftir niðurstöðum þessarar nefndar heldur á að vaða í þetta með nokkuð skjótum hætti.

Nú sé ég að hv. formaður þingflokks Sjálfstfl. er genginn í salinn. Koma nú miklir höfðingjar hér í röð og hv. formaður þingflokks Alþfl. Ég vildi beina orðum mínum til formanns þingflokks Sjálfstfl., hv. 8. þm. Reykv., og spyrja hann að því hvernig honum lítist á svona miðstýringarfrv. sem hér er um að ræða, að allar lánveitingar í húsnæðismálum séu komnar inn á skrifborð til ráðherra, hvort það sé í samræmi við stefnu Sjálfstfl. (**Félmrh.:** Þetta er röng túlkun, hv. þm.) Ef þetta er röng túlkun, þá túlkar hæstv. félmrh. hér á eftir 3. lið 4. gr. þar sem segir að áður en lánveiting skal eiga ser stað skal leita staðfestingar félmrh. á forsendum lánveitingar. Ég vil biðja hæstv. félmrh. að túlka þetta ef hún telur að ég hafi rangt fyrir mér. Hvað þýðir þetta?

Ég vil koma að lokum að einu atriði í aðgerðum ríkisstjórnarinnar sem hefur verið birt í yfirlýsingu rík-

isstjórnarinnar frá 23. nóv. en það er varðandi lækkun vaxabóta. Ég vil spyrja hvort það greiðslumat sem bankarnir eru að gera fyrir fólk þessa dagana og aðra daga sé miðað við þessar forsendur og hvort það sé ekki að koma dálítið í bakið á þeim sem hafa t.d. fengið greiðslumat á síðasta og næstsíðasta ári og úthlutað lánum í samræmi við það að gerbreyta svo forsendunum í greiðslumatinu eftir á.

Það er náttúrlega einn þáttur húsnæðismálanna að fólk veit aldrei hvar það stendur. Það er alltaf verið að breyta og umbylta þessum málaflokki og aldrei bíðlund til þess að láta neitt kerfi reyna sig. Við stóðum í miklum deilum fyrir nokkrum árum um kerfið frá 1986. Það var engin biðlund til þess að keyra það kerfi í gegn og láta það reyna sig. Því var umbylt. Nú á að fara að breyta einum veigamiklum þætti í húsbréfakerfinu sem eru forsendur greiðslumatsins. Ég spyr: Hvar endar þetta? Ég lýsi fullum fyrirvara við þetta frv. Ég hef enga sannfæringu fyrir því að þessi háttur sem það gerir ráð fyrir sé til bóta en ég mun að sjálfsögðu taka þátt því að skoða það grannt í hv. félmn. og fá þær upplýsingar sem þurfa þykir.

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður var svo vinsamlegur að víkja að mér orði í ræðu sinni og beindi til mín þeirri spurningu hvort það væri í samræmi við mín sjónarmið í þessum málum að allar lánveitingar skyldu koma inn á borð hæstv. félmrh. en það sagði ræðumaður að væri efni þessa frv. ásamt öðru. Það er best að segja það strax að þetta er misskilningur. Það er ekki gert ráð fyrir þessu heldur þvert á móti er gert ráð fyrir því í 8. gr. frv. að undirbúningur og afgreiðsla lána hverfi í sem ríkustum mæli inn í bankastofnanir og fjármálastofnanir, viðskiptastofnanir þeirra sem eru að taka lán. Þetta er þveröfugt við það sem hv. þm. hélt fram og nauðsynlegt að koma þeirri skýringu á framfæri. Hugmyndin er þvert á móti sú að koma þessum afgreiðslum inn í heimabyggðir og viðskiptastofnanir viðskiptamanna Húsnæðisstofnunar um land allt.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var búinn að sjá 8. gr. og mér datt aldrei í hug að hæstv. félmrh. ætlaði að afgreiða lán. Mér datt ekki í hug að miðstýringin ætti að vera svo mikil. Hins vegar bið ég um túlkun á þriðja ákvæði í 4. gr. um að það eigi að meta forsendurnar í félmrn.

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Já forseti. Það virðist eitthvað skolast til í þessu því að þessi grein er um hlutverk húsnæðismálastjórnar. Það sem hér er fjallað um félmrh. varðar skiptinguna og forsendur fyrir heildarupphæðum og öðru slíku, þ.e. hinn breiðari ramma. Að sjálfsögðu er það ekki svo að sérhver lánveiting til einstaklinga eigi að úrskurðast á borði félmrh.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 8. þm. Reykv. hefur túlkað sinn skilning á þessari grein, en skilningur minn er bara svolítið öðruvísi. Ég held að ef skilningur hv. 8. þm. Reykv. er réttur, þá þurfi að orða þessa grein svolítið öðruvísi því að það stendur: „Áður en lánveiting á sér stað skal leitað staðfestingu félmrh. á forsendum lánveitingar ...“ Ef það er réttur skilningur að það eigi að vera lánaramminn þyrfti sjálfsagt að orða þessa grein einhvern veginn öðruvísi og það mun verða athugað í félmn. þegar þar að kemur.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. hefur lagt fram frv. sem er á dálítið öðrum nótum en áður var boðað. Þegar fjárlagfrv. var lagt fram mátti fólk heyra í gegnum fjölmiðla skilaboð frá hæstv. félmrh. að því væri ofaukið og það væri markmið félmrh. á þessari stundu, þegar atvinnuleysi í Reykjavík er yfir 2.000 manns, að reka yfir 20 manns og helst ætti að vera búið að ákveða það fyrir jól svo að hægt væri að reka fólkið um næstu áramót. Hæstv. félmrh. telur sig ekkert hafa við þetta fólk að gera og telur sig heldur ekki hafa nokkuð við þetta fólk að segja. Ráðherrann hefur ekki eytt einu orði að þessu fólki sem samkvæmt skilningi hans er óþarft og á að hætta innan fárra daga. Þvert á móti lýkur ráðherra ræðu sinni á því að knýjandi nauðsyn sé á því að menn afgreiði frv. á næstu tíu dögum eða svo og taki ákvörðun um að reka fólkið úr vinnunni. Þetta eru skilaboð hæstv. félmrh. Þetta er atvinnuátak hennar í byggðarlagi þar sem atvinnulausir eru yfir 2.000 manns. Þið eigið að hætta strax. Við höfum ekkert við ykkur að tala.

Ég fordæmi vinnubrögð af þessu tagi hjá hæstv. félmrh. sem talar um jafnviðkvæman hlut og atvinnu manna í gegnum fjölmiðla og hefur ekkert við þá að tala. Ég tel þetta ámælisverð vinnubrögð og ekki sæmandi ráðherra, ekki einu sinni ráðherra úr Alþfl., Jafnaðarmannaflokki Íslands, og er hann þó bágastur allra flokka á Íslandi um þessar mundir.

Hæstv. ráðherra hefur heldur ekki haft fyrir því að hafa nokkurt samráð við þá sem samkvæmt lögum fara með þessi mál, þ.e. húsnæðismálastjórn. Þeim kemur þetta ekki við heldur. Það eina sem hæstv. ráðherra hefur gert og hefur skolað inn á borð húsnæðismálastjórnar er bréf til aðila úti í bæ þar sem þeim er sagt að finna tillögur til að reka fólk og gera breytingar og svo eigi Húsnæðisstofnun ríkisins að borga, stendur skýrum stöfum í bréfinu. Þið eigið að vinna hér ákveðin verk. Þið hafið heimild til að stofna til ákveðinna útgjalda, segir ráðherrann í bréfinu, en Húsnæðisstofnun á að borga.

Ég hlýt að spyrja mig: Kemur það á óvart eftir slíka framkomu hæstv. ráðherra gagnvart stjórninni, stofnuninni og starfsfólkinu að frv. af þessu tagi lítur dagsins ljós? Svar mitt er að það kemur ekki á óvart. Það er í takt við annað.

Það meginefni frv., fyrir utan það að reka fullorðið fólk sem á ekki gott með að fá aðra vinnu, konur sem eru orðnar fullorðnar, eru ekki lengur á besta aldri heilbrrh., þær eiga að hætta strax. Það er enginn aðlögunartími. Það er ekki haft fyrir því að tala við þær.

Þeim er bara sagt í gegnum fjölmiðla: Þið eigið að hætta 1. jan. 1993. Félmrh. hefur ákveðið þetta.

Hver skyldi vera meginkjarninn í frv.? Hann er ekki sá sem boðaður er í fjárlagafrv. Hann er annar. Hann er sá að breyta Húsnæðisstofnun ríkisins í deild í félmrn. Það er stefna hæstv. núv. félmrh. og kemur ekki á óvart eftir fyrri frv. eins og frv. til laga um málefni fatlaðra sem síðar varð að lögum þar sem stjórn þeirra mála var tekin heiman úr héraði og færð beint undir vald ráðherra og kallað valddreifing. Það kæmi mér ekki á óvart þótt hæstv. ráðherra kallaði það valddreifingu að færa ekki aðeins alla stefnumótun og stjórnun í húsnæðismálum undir ráðuneytið heldur einnig ákvarðanir til framkvæmda á lögunum. Þær heyra undir ráðherra líka. Ákvarðanir eins og hverjum á að úthluta lánum heyra undir ráðherrann. Það kemur skýrt fram í 4. gr. frv. að það er ekki aðeins að hin auma húsnæðismálastjórn, sem verður enn þá til eftir áramót, fái það hlutverk að gera tillögur til ráðherra um að skipta peningum heldur líka á að leita staðfestingar ráðherra á hverri einstakri úthlutun.

Þetta er kjarninn í frv. og kemur ekki á óvart miðað við samskipti félmrh. við húsnæðismálastjórnina á þeim tíma sem ráðherrann hefur setið. Það skyldi þó ekki vera að stjórnin hafi ekki verið nógu hlýðin við ráðherrann í gegnum tíðina og ráðherrann teldi sig þurfa að eiga nokkur orð við þessa menn og setja þá af. Hið eina sem vantar inn í frv. til að verknaðurinn sé fullkomnaður er að þeir stjórnarmenn sem Alþingi á að kjósa hljóti staðfestingu ráðherra. Þá væri málinu endanlega lokið.

Ég vil segja varðandi þær tillögur sem eru í frv. og lúta að því sem boðað er í fjárlagafrv. að það er óframkvæmanlegt að ná fram þeim niðurskurði sem þar er stefnt að á næsta ári. Það er óframkvæmanlegt. Frv. mun ekki ná markmiðum fjárlagafrv. 1993. Menn geta gleymt því strax. Það liggur því ekki á að afgreiða þetta frv. fyrir jól. Það gerir ekkert til að mínu mati að menn gefi sér dálítinn tíma í að endurskoða heildarlöggjöf húsnæðismála eins og hér er lagt til. Það þarf nokkru lengri tíma en fáeina daga í það verk.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra varðandi skyldusparnaðinn sem hún ætlar að fella alveg niður: Hvers vegna hefur ráðherrann ekki borið hag þeirra fyrir brjósti sem er gert samkvæmt núgildandi lögum að spara? Það hafa komið fram ítrekað frá Húsnæðisstofnun ábendingar til ráðherrans um það að lagaleg úrræði skorti til að innheimta skyldusparnaðinn. Það var meira að segja sent frv. til ráðherrans í febrúar 1991 og ráðherrann beðinn um að flytja það frv. svo tryggja mætti það fé sem tekið er af ungu fólki á almennum vinnumarkaði. Ráðherrann stakk því frv. ofan í skúffu. Ráðherrann varðar ekkert um hagsmuni þessa fólks. Það hafa tapast milljónatugir á þessu ári vegna þess að stofnunin hefur ekki lagaleg úrræði til að innheimta þennan skyldusparnað. (Gripið fram í.) Það má vera, hv. þm., en það hefur þá verið á meðan hann var óverðtryggður en það er hann ekki í dag heldur með góðri ávöxtun. Hvað ætlar hæstv. ráðherra að gera til að tryggja á næstu árum innheimtu þess sem útistandandi er enn, ná því inn sem þessum fyrirtækjum ber að skila? Þeim fjármunum þarf að ná inn. Þær skyldur standa eftir, þó að kaflinn um skyldusparnað verði felldur úr lögum, að innheimta það sem tekið hefur verið af áður en lögin eða þessi kafli var afnuminn.

Ég lýsi furðu minni á þeirri tillögu ráðherrans að fækka í stjórninni, fyrst og fremst með því að kasta þar út fulltrúum Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Ég lýsi undrun minni á rökstuðningi ráðherrans við þetta þar sem ráðherrann lætur að því liggja að hagsmunaárekstrar séu á milli stjórnarmanna og lántakenda og færir það sem sérstök rök að aðilar vinnumarkaðarins eigi ekki sæti í tryggingaráði. Það má auðvitað leita uppi ríkisstofnun þar sem hlutaðeigandi eiga ekki fulltrúa en það má líka finna aðra þar sem þeir eiga fulltrúa. Ég minni ráðherrann t.d. á flugráð. Þar sitja fulltrúar flugrekstrarins og hafa gert lengi. Þau rök duga ekki. Ég bendi ráðherranum á sín eigin lög um málefni fatlaðra. Þar sitja fulltrúar hagsmunaaðila í svæðisstjórn um málefni fatlaðra. Það væri fróðlegt að ráðherra upplýsti hvort það sé í raun þannig að ráðherrann sé andvígur því að þeir eigi þar sæti.

Þá færði ráðherrann fram þau rök að núverandi skipan gæti þýtt að meiri hlutinn í húsnæðismálastjórn gæti verið annar en skipan ríkisstjórnar. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að mér þætti gaman að fá að vita þau dæmi sem ráðherrann hefur fyrir sér þar sem þetta hefur komið upp. Það er afar fátítt í húsnæðismálastjórn að mál séu afgreidd í ágreiningi. Einu málin sem hafa verið afgreidd með einhverjum umtalsverðum ágreiningi síðan ég kom þar inn eru kröfur hæstv. félmrh. um að hækka vexti. Það verður ekki annað séð á afgreiðslu mála í þeim tilvikum en að ríkisstjórnin hafi haft bærilegan meiri hluta, a.m.k. hafa tillögur þær sem ríkisstjórnin hefur pantað náð fram að ganga í þau skipti. Ég hygg því að ráðherra þurfi ekki að kvarta yfir því að stjórnin sé andsnúin ríkisstjórninni á forsendum þess að ríkisstjórnin hafi ekki meiri hluta í stjórninni þegar á þarf að halda. Þó að tíu manna stjórn sé auðvitað fjölmenn verður að skoða hvert mál fyrir sig. Í þessu tilviki er reynslan sú að engin rök mæla með því að fulltrúar Alþýðusambands Íslands hafi verið einhverjir sérstakir óþekktarormar í þeirri stjórn og tafið mál eða verið á móti. Ég hef ekki getað séð að hægt sé að bera á þá ágætu menn sem eru fulltrúar Alþýðusambands Íslands að þeir séu ófaglegir í sínum vinnubrögðum í stjórninni. Þvert á móti tel ég að stjórnin hafi haft verulegt gagn af því að hafa þessa ágætu fulltrúa í stjórninni. Þeir hafa haft mikla þekkingu á húsnæðismálum og lagt margt gott til þeirra mála. Ég tel að stjórn sem sæti á án þátttöku Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands sé mun fátækari að þekkingu á þessu málum en nú er.

Ég vil aðeins víkja aftur að skyldusparnaðinum. Það er ekki nýtt að menn hafi verið með umræðu um það að breyta honum. Þegar ég sá fyrst fjárlagafrv. og að í því stóð að leggja ætti niður skyldusparnað í núverandi mynd skildi ég það sem svo að hugmyndir væru uppi um að breyta því fyrirkomulagi en ekki að leggja

það alveg niður. Í frv. sem hér liggur fyrir er lagt til að leggja það alveg niður. Ég lýsi yfir andstöðu við þá tillögu. Ég tel það ekki rétt. Hins vegar er ég tilbúinn til að ræða breytingar á núverandi kerfi. Það hafa verið innan húsnæðismálastjórnar til umræðu breytingar á þessu kerfi. Menn hafa látið reikna út fyrir sig ýmsa mismunandi möguleika á því. Mér þykir vænlegastur kostur að lækka prósentuna og fækka undanþágum. Ég er andvígur því að leggja niður það fyrirkomulag að skylda ungmenni til að spara. Ég hef séð allt of mörg dæmi þess að ungt fólk hefur ekki lagt til hliðar og er í standandi vandræðum þegar kemur að því að greiða þó ekki væri nema 10% hlut í félagslegri íbúð. Ég hef líka séð allmörg dæmi þess að ungt fólk hefur átt fyrir þessari útborgun með skyldusparnaði. Ég tel það afturför að leggja hann niður að fullu án þess að eitthvað annað komi í staðinn sem hafi jafngild áhrif. Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðherra um áhrif af þeirri tillögu sem hér liggur fyrir um það að leggja niður skyldusparnaðinn alveg og greiða hann út af fjárhag stofnunarinnar.

Það er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að úr Byggingarsjóði verkamanna verði veitt lán á næsta ári fyrir 6.191 millj. kr. Þegar er búið að ráðstafa af þessu fé með lánveitingum, sem veittar hafa verið á þessu ári og fyrr, 4.340 millj. kr. Óráðstafað er ekki nema liðlega 1.800 millj. kr. upp í nýjar lánveitingar á árinu 1993. Samkvæmt frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir því að útstreymi af skyldusparnaðarreikningum verði 1.400 millj. á næsta ári. Það útstreymi verður ekki greitt af öðru fé en því sem ætlað er til útlána og það þýðir að þá verða ekki eftir nema um 440 millj. til útlána á næsta ári. Þar með er ríkisstjórnin að afturkalla áform sem hún birtir í fjárlagafrv. um það að lánveitingar á næstu árum verði þannig að árlega verði lánað til byggingar eða kaupa á um 500 íbúðum. Þetta fjárhagsdæmi gengur ekki upp, virðulegi forseti. Miðað við þetta verða útlán eða heimildir, veittar á næsta ári, brot af því sem áformað er. Hæstv. ráðherra hlýtur að gera þingheimi grein fyrir því hvernig á að standa við fyrirheit ríkisstjórnarinnar um að veita heimildir til byggingar eða kaupa á 500 íbúðum á næsta ári í félagslega kerfinu. Hvar á að fá fé til að standa undir því þegar ríkisstjórnin leggur fram frv. sem tekur 1.400 millj. af því sem til þeirra verkhluta eru ætlaðir? Eða hefur ríkisstjórnin í raun og veru ákveðið að skera niður útlánaheimildir sjóðsins þannig að þær verði kannski innan við 100 á næsta ári? Annað blasir ekki við að óbreyttu.

Þá vil ég gera athugasemdir við það sem kemur fram í frv. um niðurskurð á stofnuninni. Menn verða að hafa í huga að ríkissjóður leggur stofnuninni ekki til nokkurt fé til rekstrar. Stofnunin er rekin með eigin fjárhag og án nokkurs framlags úr ríkissjóði. Niðurskurður á ríkisútgjöldum næst ekki með því að ráðast á Húsnæðisstofnun ríkisins. Það sem ríkisstjórnin er í raun að gera er að bregðast fyrirheitum sínum um árlegt framlag til Byggingarsjóðs verkamanna. Það er þar sem hún er að skera niður og ætlar að láta tekjur stofnunarinnar ganga upp í það sem ríkissjóður á annars að leggja fram. Með öðrum orðum eiga þeir sem eru að taka lán hjá stofnuninni að fara að borga, ekki bara lánin sín heldur líka að leggja fram fé til að mæta skerðingu á ríkisframlagi til Byggingarsjóðs verkamanna. Það á að verða hagnaður af þessum lántakendum. Það er nákvæmlega það sem felst í fjárlagafrv. og þessu frv.

Mönnum til fróðleiks er rétt að geta þess að við stofnunina eru nú um 63 stöðugildi. Það er allt báknið sem sér um húsnæðiskerfi landsmanna. Það er nú allt og sumt. Ef eitthvað er þá þyrfti að mínu mati fleira fólk til að sinna ákveðnum verkefnum í stofnuninni sem hún hefur ekki getað sinnt sem skyldi sökum skorts á mannafla. Það væri fróðlegt, fyrst ráðherra er svo mikið í mun að skera reksturinn á þessari stofnun niður við trog, að fara yfir það hver rekstrarkostnaðurinn er á óskabarni ráðherrans, húsbréfkerfinu. Þótt þar sé fínt og gott starfsfólk og vel verkhæft þá er það samt ekki svo að húsbréfadeildin sé rekin á lágum nótum. Ég er hér með áætlun um rekstrarkostnað á þessari deild á næstu árum. Á næstu 14 árum er áætlað að þessi deild kosti 2.683 millj. kr. (**Félmrh.:** Getur stjórnarmaður í Húsnæðisstofnun ekki séð um að lækka þennan kostnað? Sjálfstæði Húsnæðisstofnunar er mikið, er það ekki?) Af þeirri upphæð verður að leggja 1 milljarð kr. til að mæta afskriftum og er bundið í lögum að verði gert, lögum sem hæstv. félmrh. hefur sett.

Það væri kannski ekki úr vegi að menn færu yfir þessa löggjöf um húsbréfin til þess að gá að því líka hvort hún sé þannig úr garði gerð að ekki mætti reyna að gera kerfið ódýrara fyrir þá sem eiga að borga það. Það er ekki nóg með að hæstv. ráðherra hafi platað inn á þjóðina kerfi sem heitir húsbréfakerfi með sífelldum fullyrðingum um að það yrðu engin afföll af þessum pappírum. Það er ekki aðeins afföll sem lántakendur hafa orðið að taka á sig og skipta nokkrum milljörðum kr. heldur verða þeir sem taka lán í þessu kerfi líka að borga sérstakt álag til þess að mynda varasjóð til að mæta afföllum. Skilamennirnir verða að borga sérstakt álag fyrir vanskilamennina. Síðan kórónar hæstv. félmrh. þetta fína kerfi sitt með því að standa að skattalöggjöf sem gerir það að verkum að afföllin eru ekki einu sinni talin til vaxtagjalda og vaxtabæturnar fínu, sem menn áttu að fá í staðinn fyrir hækkun vaxta, á nú að skera niður með stuðningi hæstv. félmrh.

Það verður ekki annað séð en ráðherrann uni sér vel í þessari ríkisstjórn sem hefur fundið markhópinn sinn. Markhópur ríkisstjórnarinnar er ungt barnafólk sem er að kaupa húsnæði. Það er hópurinn sem á að bera milljarðana sem á að færa yfir á launafólk. Ég held að hæstv. félmrh. ætti að biðja það fólk afsökunar sem hún hefur platað á fölskum forsendum til að taka lán í húsbréfakerfinu. Hún ætti a.m.k. að sjá sóma sinn í því fyrst hún er í þessari ríkisstjórn að ræða við hæstv. fjmrh. og fá hann til þess að leggja fram breytingu á skattalögum þannig að afföllin teljist með til vaxtagjalda og að það ákvæði verði afturvirkt þannig að milljarðarnir sem fólkið hefur þurft að borga vegna affallanna fáist að einhverju leyti endurgreiddir.

Þá er það hönnunardeildin sem er mikill skotspónn um þessar mundir hjá ríkisstjórnarflokkunum og hefur reyndar verið um nokkra hríð. Hún hefur verið vinsælt skotmark hjá Sjálfstfl. í gegnum árin, trúlega vegna þess að arkitektar eru nokkuð öflugur þrýstihópur í þessum regnhlífarsamtökum sem heitir Sjálfstfl. og nú á að framkvæma þá breytingu að leggja deildina niður. Það verð ég að segja hæstv. félmrh. til mikils hróss að hún hefur greinilega valið besta tímann til þess. Hún hefur greinilega svo mikla trú á efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar að hún telur að það fólk sem þarna vinnur og á að hætta 1. jan. nk. geti fengið vinnu með tiltölulega auðveldum hætti. Þannig háttar til með fólkið sem þar vinnur að það er flest fyrirvinnur á sínu heimili. Jafnvel þótt ríkisstjórnin hafi það markmið að leggja deildina niður þá koma menn ekki fram við fólk með þessum hætti, að tilkynna í fjölmiðlum að menn eigi að missa vinnuna 1. jan. 1993 og leggja það til í frumvarpsformi í byrjun desember 1992.

Mér heyrðist á framsöguræðu hæstv. ráðherra að verulega skorti á að ráðherranum væri það ljóst að það er ekki hægt að reka Húsnæðisstofnun án þess að hafa öfluga tæknideild. Þarna er um gríðarlega miklar fjárhæðir að ræða sem fara í formi lánveitinga út úr stofnuninni og er verið að lána um allt land til bygginga. Það þarf öflugt eftirlit til þess að fylgjast með því að þessu fé sé vel varið. Það þarf að fylgjast með framkvæmdunum og síðan þarf að vinna úr tölum og safna þeim saman. Þarna eru saman komnir í einni deild á Íslandi starfsmenn sem búa yfir mestri þekkingu á sviði húsnæðiskostnaðar á Íslandi. Ef menn ætla á annað borð að halda áfram að lána fé til byggingar á íbúðarhúsnæði verður það ekki gert án þess að stofnunin hafi eigin öfluga tæknideild. Það er óhjákvæmilegt og verður ekki með nokkru móti hægt fyrir ríkisstofnun að fela verktökum úti í bæ að annast eftirlit fyrir sína hönd.

Það má auðvitað ræða hvort stofnunin á að reka hönnunardeild. Það er spurning sem á rétt á sér en hún hefur líka verið lengi uppi á borðum. Ég er tilbúinn til að fara í gegnum umræðu um það mál en ég bendi á að teikningar frá stofnuninni hafa verið byggingariðnaði hér á landi mjög þýðingarmiklar, ekki hvað síst á landsbyggðinni. Þarna hafa komið fram ýmsar nýjungar sem síðan hafa skilað sér út í þjóðfélagið og ég er ekki allt of sannfærður um að það sé rétt að stofnunin láti það hlutverk frá sér með fullu og öllu að hanna hús og fylgjast með nýjungum á þessu sviði. (**Forseti:** Forseti vill spyrja hv. ræðumann hvort hann á mikið eftir af ræðu sinni. Gert hafði verið samkomulag um að halda áfram umræðum um 2. dagskrármálið upp úr klukkan hálffimm. Nú eru hæstv. ráðherra sem þar á hlut að máli og hv. þm., sem var í miðri ræðu, komnir í salinn. Ef hv. ræðumaður er u.þ.b. að ljúka ræðu sinni mun ég gefa honum tækifæri til þess.) Ætli ég eigi ekki nokkuð í land, virðulegi forseti. (**Forseti:** Þá verður forseti að fara fram á að ræðunni sé frestað.)

Umræðu frestað.

Almannatryggingar og stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 285. mál (mæðra- og feðralaun, slysatryggingar o.fl.). — Þskj. 415.

Svavar Gestsson (frh.):

Virðulegi forseti. Ég hafði fyrr í dag farið yfir nokkur efnisatriði frv. sem ég taldi óhjákvæmilegt að glöggva mig betur á áður en málið færi til nefndar. Ég vil rifja það upp með örfáum orðum. Það var sem sagt í fyrsta lagi það að ég taldi að í frv. væri gert ráð fyrir almennum skattlagningarheimildum með reglugerðum. Það er mjög óvenjulegt að menn geti ákveðið gjöld án viðmiðana við nokkurn hlut, bara með reglugerð. Ég hygg að þetta sé ekki aðeins óvenjulegt heldur óheimilt. Nú fyrir nokkru vorum við, ég og hæstv. heilbrrh. og hv. 1. þm. Norðurl. e., staddir á virðulegri samkomu hér í bæ. Þar var sagt frá því þegar í fyrsta sinn voru ákveðnir taxtar fyrir röntgengreiningu á Íslandi. Þá voru þeir ákveðnir með þeim hætti að ráðherra gæti ráðið hvernig þeir hreyfðust innan tiltekinna marka en þó mættu þeir aldrei verða hærri en helmingurinn af samsvarandi töxtum í Danmörku. Alveg frá upphafi vega, þegar menn hafa verið að verðleggja heilbrigðisþjónustu, hafa menn miðað við einhverja tiltekna hluti. Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því hvort það eru ekki óeðlilega rúmar heimildir af hálfu ráðherra að geta sett reglugerðir um þátttöku sjúklinga í lyfjakostnaði og sérfræðikostnaði og fleira án nokkurra viðmiðana eins og hér er gert ráð fyrir.

Jafnframt hafði ég rætt nokkuð um meðlagsfólkið sérstaklega, meðlagsgreiðslurnar, og ég hafði rætt um hin mörgu aukaskattþrep sem felast í frv. eins og það lítur út. Enn fremur hafði ég rætt um lyfjaverðið og taldi mig hafa sýnt fram á það að í raun væru tölur Alþýðusambandsins, sem hér voru nokkurt deiluefni milli mín og hæstv. heilbrrh. í fyrrakvöld, í grófum dráttum réttar miðað við þau áform sem nú eru í heilbrrn. um viðmiðunargreiðslu fyrir alla þá sem fá lyf og greiða eitthvað fyrir þau. Auðvitað verða einhverjir sem að sjálfsögðu munu fá lyf ókeypis.

Ég vil enn fremur rifja það upp að síðustu úr fyrri hluta ræðu minnar, virðulegi forseti, að mér taldist svo til að í frv. væri gert ráð fyrir niðurskurði upp á 1.544 millj. kr. alls. Þar af væru 250 millj. kr. í nýjan niðurskurð og 1.294 millj. kr. sem væri í raun upp úr fjárlögunum eins og þau líta út.

Í umræðum um þetta mál í fyrrakvöld, virðulegi forseti, kom það fram hjá hæstv. heilbrrh. og hefur reyndar heyrst frá honum áður að undanförnu að í rauninni hefði náðst mjög mikill árangur eins og það er kallað í niðurskurði í heilbrigðismálum og að þrátt fyrir það hefði orðið gríðarleg afkastaaukning í heilbrigðiskerfinu. Ég vil segja það að ég dreg þessar fullyrðingar hæstv. ráðherra í efa. Ég trúi því ekki að þessar fullyrðingar hæstv. heilbrrh. séu alveg réttar. Ég bendi á í því sambandi að hv. 1. þm. Norðurl. e., fyrrv. hæstv. heilbrrh., rakti í gær mjög athyglisverðar tölur um biðlista eftir bæklunaraðgerðum á þessu ári. Á

þessu ári hafa aðgerðir þær sem ríkisstjórnin hefur gripið til verið verið að skila mestum breytingum. Hver er niðurstaðan? Styttast biðlistarnir eins og hæstv. heilbrrh. lét að liggja hér? Eru þeir að styttast? Nei, biðlistarnir eru að lengjast. Ef við tökum tímabilið apríl til september 1992 þá fjölgar á biðlistum eftir bæklunaraðgerðum um 26 manns, eða um 3,4%. Í september voru á biðlistum eftir bæklunaraðgerðum samkvæmt skrá landlæknis 783. Á biðlista eftir hjartaskurðlækningum voru 68 manns í september, hafði fjölgað um 5 frá í apríl. Fjölgunin er 8%. Á biðlista eftir háls-, nef- og eyrnaaðgerðum voru 837, hafði fjölgað um 25 frá í apríl eða um 3%. Á biðlistum eftir þvagfæraskurðlækningum voru 560 manns í september, hafði fjölgað úr 513 frá í apríl eða um 46 manns, það er 9% fjölgun. Á biðlistum eftir hjartaþræðingum voru 139 einstaklingar í september, 107 í apríl. Þá hafði þeim fjölgað verulega eða um u.þ.b. 30%. Á biðlistum eftir endurhæfingu voru 455 manns í september og hafði fjölgað um tæplega 2% frá aprílmánuði. Ég endurtek að þetta eru tölur frá landlækni. Mér finnst þessar tölur benda til þess að yfirlýsingar hæstv. heilbrrh. um afkastaaukningu heilbrigðiskerfisins í heild geti ekki verið réttar. Ég dreg þær í efa, ég trúi þeim ekki og auðvitað hefur það líka komið fyrir áður að hæstv. núv. heilbrrh. hefur sett fram tölur, tölulegar fullyrðingar um eitt og annað, m.a. um starfsemi stofnana, sem síðan hafa ekki staðist. Í því sambandi er ástæðulaust að rifja upp t.d. ummæli hans varðandi einstakar sjúkrastofnanir, Kristneshæli og fleiri slíkar sem þó væri hægt að gera ef tilefni væri til. Ég vil því segja það, virðulegi forseti, ég dreg það stórkostlega í efa að þessar tölur hæstv. heilbrrh. séu réttar.

Eins og ég gat um áðan, virðulegi forseti, þá var ástæða þess að umræða þessi frestaðist sú að við þurftum að bregða okkur aðeins frá til að vera viðstaddir ársfund Ríkisspítalanna sem eru stærsta heilbrigðisstofnun landsins og að mörgu leyti ein allra merkasta heilbrigðisstofnun þjóðarinnar. Ég hef stundum orðað það þannig að Ríkisspítalarnir eru eins og hjartað í heilbrigðisþjónustunni á Íslandi. Hér er um að ræða stofnun þar sem þúsundir manna vinna og enn þá fleiri þúsundir fólks fá þjónustu og var gaman að vera viðstaddur þennan ársfund Ríkisspítalanna.

Á ársfundi Ríkisspítalanna flutti hæstv. núv. heilbrrh. merkilegt ávarp þar sem hann sagði m.a. frá því að hann væri að athuga það hvort hægt væri að fjölga bráðavöktum á Ríkisspítölunum og ég fagna þeirri yfirlýsingu sérstaklega. Reyndar nefndi hann fleiri þætti sem mér fannst benda til þess að hæstv. heilbrrh. hefði ýmislegt lært jákvætt á því ári sem liðið er frá því að hann tók við störfum og mér liggur við að segja að það hefði getað sparað verulegar þjáningar hjá fólki, kannski einkum og sér í lagi andlegar hjá þeim sem starfa á sjúkrastofnunum ef hann hefði kunnað það, sem hann hafði lært nú, þegar hann byrjaði í starfi. En það var ekki frá því sem ég ætlaði að segja, heldur að hæstv. heilbrrh. sagði í upphafi ræðu sinnar mjög skemmtilega sögu. Þar vitnaði hann til forvera okkar hér nokkurra, hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar.

Ein uppáhaldssaga hans, sagði hæstv. heilbrrh., væri um bónda nokkurn vestur við Djúp sem átti forláta hrút. Hrúturinn var hins vegar kominn nokkuð til ára sinna og gat þess vegna ekki sinnt þeim verkum sem honum voru ætluð. Það kom ekki fram hjá hæstv. heilbrrh. hver þau verk voru, sem hrútnum voru sérstaklega ætluð, en það var bersýnilegt af sögu hæstv. ráðherra að það var kominn tími til þess að grípa til róttækra aðgerða og þess vegna var ákveðið á heimilinu að skjóta hrútinn. Í því skyni ákváðu eigandinn og synir hans að stytta líf gripsins með því að nota kindabyssu og þeir settu kindbyssuna á krúnuna á hrútnum á milli hornanna og hleyptu af og hrúturinn stóð og ekkert gekk. Þá sagði karlinn: „Skjóttu aftur.“ Strákurinn hlóð kindabyssuna aftur og skaut og ekkert gekk. Hrúturinn stóð því að krúnan var orðin svo þykk, hrúturinn var gamall og var orðin þétt skelin á milli hornanna eins og margir hv. þm. þekkja að getur orðið með gamla hrúta og einkum og sér í lagi hinn virðulegi hæstv. forseti þessarar stofnunar í dag.

Nú voru góð ráð dýr, og hvað sagði þá bóndinn við syni sína? Hann sagði: „Við skulum hætta þessu í dag, strákar mínir. Fáum okkur kaffi, förum inn, látum hrútinn inn í fjárhús, geymum hann þar til morguns og byrjum að skjóta aftur í fyrramálið.“

Hæstv. heilbrrh. sagðist segja þessa sögu vegna þess að við, ég og hv. þm. Guðmundur Bjarnason, værum eins og strákarnir og karlinn, við vildum skjóta hrútinn en hæstv. heilbrrh. sagðist vera hrúturinn. Hann sagðist vera með þykka krúnu og ég dreg það ekkert í efa og hann er líka hyrndur þegar hann vill svo við hafa. Hins vegar sagði hæstv. heilbrrh. ekki frá tvennu: Í fyrsta lagi því: Af hverju var ákveðið að skjóta hrútinn, hvaða brýnu nauðsynjaverk það voru, sem hrúturinn gat ekki sinnt, og varð þess vegna að falla? Ég skildi hæstv. ráðherra ekki svo að hann væri að líkja sér við hrútinn að þessu leytinu til. Að hinu leytinu sagði hann ekki frá því hvað hefði svo orðið um hrútinn að lokum. En ég skildi ráðherrann svo að að lokum hefði þeim skotmönnum tekist að vinna á krúnunni á hrútnum. Það mun okkur hv. 1. þm. Norðurl. e. einnig takast, virðulegi forseti.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Það er spurning hvernig á að byrja ræðu um þetta frv. sem er til umræðu eftir þessa dæmisögu í lok ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar, en ég býst við að átökin við hæstv. heilbrrh. verði að fara fram með eitthvað öðrum hætti en lýst var í sögunni. Við munum auðvitað reyna að takast á hér í hv. þingi og í störfum okkar um þau mál og þau verk sem verið er að vinna, standa saman um það sem við teljum að sé til bóta, en við hljótum líka að gagnrýna það sem við teljum að sé gert rangt og reyna að fá það fellt eða fært til betri vegar.

Ég ætla, hæstv. forseti, ekki að taka langan tíma í umræðu um frv. enda er það búið að vera til ítarlegrar umfjöllunar á þingfundi áður sem ég gat því miður ekki setið vegna anna í fjárln. Þá var verið að undirbúa frv. að fjárlögum 1993 til afgreiðslu eftir 2. umr.

en ég veit að ítarleg umræða er búin að fara fram um þetta frv. Mig langaði að nefna eða vekja athygli á örfáum atriði sem og kannski að spyrja hæstv. ráðherra einnar eða tveggja spurninga.

Í fyrsta lagi vil ég segja það að mér finnst þetta frv. vera mjög undarlega uppsett. Einhver hefði nú líklega kallað þetta hálfgerðan bastarð þar sem annars vegar er verið að breyta hér lögum um almannatryggingar sem er afar viðamikill og flókinn lagbálkur sem þarf að fara vandlega með og gæta að því þegar þeim lögum er breytt hvernig að er staðið, en í þetta frv. er hins vegar sett sem II. kafli ákvæði um að stofna hlutafélag um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum sem getur varla talist mjög tengd almannatryggingalöggjöfinni. Ég skil ekki forsendurnar fyrir því að hafa þetta í einu og sama frv. Kannski hefur komið fram á því skýring í umræðum áður af því að ég gat ekki hlýtt á framsöguræðu hæstv. heilbr.- og trmrh. að fyrir því séu einhver rök sem ekki liggja í augum uppi. Ég ætla þá ekki að gera frekar athugasemd við það en mér finnst þetta vera mjög undarlegt.

Í öðru lagi finnst mér líka að þetta frv. sé ekki nægjanlega vel úr garði gert hvað varðar upplýsingar. Greinargerð er afar lítil. Athugasemdir við einstakar greinar eru að vísu nokkrar en greinargerðin sjálf, þar sem fjallað er um efnisinnihald frv. er 5½ lína og engar úttektir eða upplýsingar um kostnað eða kostnaðaráhrif eða tölulegar upplýsingar um það hvað felst í raun í þessu frv. sem er þó ekkert lítið og er fullt af álögum á almenning í landinu.

Ef þær upplýsingar eru réttar, sem komu hér fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns að heildarskattlagning sem felst í frv. sé 1,5 milljarðar, þá er það mál sem þarf að draga rækilega fram. Þá er það mál sem við verðum að fá upplýst hvort er virkilega rétt. Er verið með tiltölulega litlu frv. upp á tíu greinar, er varða breytingar á almannatryggingalöggjöfinni og sáralitla umfjöllun í grg., að skattleggja almenning eða velta álögum yfir á fólkið í landinu með breytingum á tryggingakerfinu? Auðvitað höfum við borgað þetta í gegnum tryggingakerfið með sköttum okkar á einn eða annan hátt, en nú á að velta þessu á þá einstaklinga sem þurfa að nota þessa þjónustu, þ.e. fólkið sem t.d. þarf að fara til tannlæknisins og aðra þá aðila sem hafa fengið greiðslur í gegnum tryggingakerfið upp á 1,5 milljarða kr. Ég sel þessa tölu eða upphæð ekki dýrar en ég keypti hana. Ég hef ekki farið yfir það svo eða reiknað það út, en mér finnst þetta með ólíkindum.

Annað sem ég vil vekja athygli á í sambandi við breytingarnar hér á tannlæknaþjónustunni eða greininni sem fjallar um greiðslur almannatrygginga vegna tannlækninga er það að ég óttast mjög að það sem hér er lagt til muni hafa áhrif á forvarnastarfsemina varðandi það að koma í veg fyrir tannsjúkdóma. Við höfum því miður verið heldur illa sett hvað þetta varðar í samanburði við aðrar þjóðir í kringum okkur. Norðurlandaþjóðirnar hafa allar náð miklu betri tökum á tannhirðu og tannsjúkdómum en við höfum gert. Tannskemmdir í börnum hafa verið miklu meiri en við höfum verið að sækja okkur mjög hvað þetta varðar og ástandið hér hefur lagast mikið á nokkrum undanförnum árum.

Nú sýnist mér því miður að það séu ýmsar blikur á lofti um það að þetta muni breytast aftur til verri vegar. Mig langar að spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. um það hvort honum finnist ekki að það sé nauðsynlegt að koma því svo fyrir að a.m.k. ein skoðun á ári sé ókeypis fyrir börn þannig að tryggt sé að öll skólabörn fari a.m.k. einu sinni á ári í skoðun hjá tannlækni og fái þá einhverja lágmarksþjónustu til þess að tryggja að þetta eftirlit og forvarnastarf falli ekki niður. Ég hef af þessu áhyggjur ef við erum að hverfa þarna mörg ár, kannski áratugi aftur í tímann. Þetta vildi ég biðja hæstv. ráðherra að skoða. E.t.v. hefur hann þegar velt þessu fyrir sér og á þá einhver svör við því hvað hér er á ferðinni.

Þetta vildi ég segja um þessi efnisatriði, hæstv. forseti. Eins og ég sagði áðan ætla ég ekki að fara ítarlega yfir aðrar greinar í frv. því ég veit að búið er að fjalla mikið um það. En þó má nefna það í sambandi við þessar álögur, sem lenda á notendum þessarar þjónustu, að þær breytingar sem er verið að gera á almannatryggingalöggjöfinni eru viðbót við fjölmargar aðrar skattálögur sem þessi hæstv. ríkisstjórn, sem nú situr, er að leggja á almenning þessa dagana.

Í umræðum um fjárlagafrv. í gær, fjárlög fyrir næsta ár og reyndar í umræðum um ráðstafanir ríkisstjórnarinnar á undanförnum dögum hefur komið fram að þar eru ýmsir þættir sem eru ekki kallaðir skattálögur heldur er það t.d. hækkun á bensíngjaldi upp á litlar 350 millj. kr. sem eiga að renna í ríkissjóð. Það er auðvitað skattheimta á sinn hátt. Vaxtabótum á að breyta. Það á að spara fyrir ríkissjóð 500 millj. kr. Það á að lækka barnabæturnar um aðrar 500 millj. kr. Hér er nærri því einn og hálfur milljarður í viðbót. Þetta eru þrír milljarðar, bara þetta hérna, þannig að ég held að að væri ekki vanþörf á því að fá ítarlega upp settan lista yfir það hvað hér er á ferðinni í frumvörpum og aðgerðum ríkisstjórnarinnar í heild þannig að menn hafi yfir það góða yfirsýn.

Þá langar mig aðeins að segja örfá orð um II. kafla í þessu ágæta frv. sem er um allt annað mál og fjallar um stofnun hlutafélags um tryggingafélag. Mér finnst að hér sé skörin farin að færast nokkuð upp í bekkinn. Ég hef út af fyrir sig ekki athugasemd við það þó að Samábyrgð Íslands á fiskiskipum sé breytt í hlutafélag. Það kann að vera að það séu fyrir því rök en þessi einkavæðing eða hvað á að kalla það, sem hæstv. ríkisstjórn stendur nú fyrir á öllum hlutum, er nú nánast eins og trúarbrögð. Það á ekki endilega við um þetta atriði sérstaklega, heldur allar þær breytingar sem verið er að gera og þá aðför að ýmsum ríkisstofnunum sem hafa staðið sig vel í að veita þá þjónustu og sinna þeim verkefnum sem þær hafa hingað til veitt. Þetta eru eins og trúarbrögð og komast ekki nokkur rök þar að og maður skilur ekki í raun tilganginn með því hvernig að málum er staðið.

Það sem mig langaði að spyrja sérstaklega varðandi þetta mál hér er um ráðstöfun söluandvirðis Samábyrgðarinnar eða þessa nýja hlutafélags ef það tekst

að gera það að hlutafélagi og síðan að selja það. Það virðist vera með nokkuð öðrum hætti varðandi fyrirtæki eða stofnanir sem eru á vegum heilbr.- og trmrn. en aðrar opinberar stofnanir sem verið er að selja eða breyta í hlutafélag sem síðar á að selja. Þar vil ég t.d. nefna að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að breyta þvottahúsi Ríkisspítalanna í hlutafélag og selja það síðan og tekjurnar af því eru sértekjur hjá Ríkisspítölunum, eiga að koma þar inn. Ef ekki tekst að selja þá á bara að skera niður þjónustuna við sjúklingana sem leita eftir henni á því sjúkrahúsi. En hér virðist vera eins að farið að það er hæstv. heilbrrh. sem hefur lýst því yfir að ef tekst að selja þetta hlutafélag, þá sé það hluti af sparnaðaraðgerðum í ráðuneyti hans. Þá velti ég því fyrir mér: Hvert á andvirðið að fara? Á það að fara til þess að reka einhverjar sjúkrastofnanir? Á það að fara í rekstur innan ráðuneytisins? Í fjárlagafrv. er ráðgert að afla tekna upp á 1,5 milljarða fyrir ýmis fyrirtæki og opinberar stofnanir sem á að selja á næsta ári. Ef einstakir fagráðherrar hafa þennan háttinn á eins og hæstv. heilbrrh. virðist ætla að gera hér að taka það fé, sem kemur fyrir stofnanir sem undir þá heyra, og setja það í rekstur viðkomandi ráðuneyta, þá spyr ég: Hvernig ætlar hæstv. fjmrh. að afla þessara 1.500 millj. sem hann ætlar að taka inn í tekjur fjárlagafrv. Hvaðan eiga þeir peningar að koma og hvaða stofnanir eru það ef það fer svo með hinar ýmsu stofnanir sem kunna að verða seldar að þær renna til reksturs annarra stofnana sem undir ráðuneytin heyra? Mig langaði til þess að fá svar við því hjá hæstv. ráðherra hvernig hann hugsaði sér að ráðstafa þessu fé. Auðvitað má spyrja hvort það heyri ekki öllu frekar til sjávarútveginum hvort það fé eða þær eignir sem þarna hafa safnast saman, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, ætti ekki fremur að ráðstafa á einhvern hátt í þágu sjávarútvegsins. Kannski mundu sumir segja að ekki mundi veita af að nýta fjármuni til þeirra þarfa þó að þeir geti ábyggilega nýst víðar, en það er dálítið merkilegt hvernig að þessu er staðið hér.

Ég ætla að láta duga, hæstv. forseti, að nefna þessi atriði. Það var spurning til hæstv. ráðherra um tannlæknaþjónustuna og forvarnaverkefnin, sem ég óttast mjög að kunni að líða fyrir þær breytingar sem hér er verið að boða ef þær ná fram að ganga, og hitt atriðið var varðandi ráðstöfun á söluandvirði hins nýja hlutafélags sem hér á að stofna úr Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Ég kem aðeins til þess að ræða þann kafla þessa frv. sem varðar stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Nú vil ég taka fram að ég er í sjálfu sér ekki á móti því að lögin um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum séu endurskoðuð. Þau eru á margan hátt orðin úrelt og öðruvísi umhorfs á tryggingamarkaðnum en þegar þetta ágæta félag var stofnað á sínum tíma til að sinna mikilvægum verkefnum hjá íslenskum sjávarútvegi. Að mínu mati er hins vegar ekki hægt að líta svo á að það sé nánast sama hvernig farið er með þá fjármuni sem þarna hafa safnast saman og hvernig er staðið að ráðstöfun félagsins.

Ég tek t.d. eftir því að heilbr.- og trmrh. á að fara með eignarhlut ríkisins í Samábyrgðinni hf. Ég hef ekki séð að neitt sé tekið fram um stjórn þessa félags. Það er ekki einu sinni minnst á það að félagið skuli hafa stjórn en væntanlega fer það nú eftir lögum um hlutafélög en nánast er gengið út frá því að hæstv. heilbr.- og trmrh. taki þetta félag inn á skrifborðið hjá sér og stýri því eins og mörgu öðru frá ráðuneyti sínu. Ég hefði haldið að þetta stæðist ekki þær kröfur sem eru almennt gerðar um einkavæðingu. Þetta mætti frekar fella undir ýmislegt annað og ég vildi að sú skoðun kæmi fram að ég tel það fráleitt að þeir fjármunir sem hugsanlega fengjust fyrir sölu þessa félags renni beint í ríkissjóð heldur sé þetta fjármagn sem eðlilega eigi að ganga til sjávarútvegsins með einum eða öðrum hætti.

Ég vil benda á það að þegar Aldurslagasjóður fiskiskipa var lagður niður, en hann var hluti af lögunum um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, þá rann það fjármagn til Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins í því skyni að standa að úreldingu fiskiskipa, enda var Aldurslagasjóðurinn stofnaður til þess á sínum tíma. Það var eðlilegt að það yrði að hluta til stofnfé þess sjóðs og með sama hætti tel ég eðlilegt ef félagið verður selt að fjármagnið renni til þess að flýta fyrir úreldingu fiskiskipaflotans. Það er markmið sem allir geta verið sammála um. Þetta fjármagn hefur skapast vegna trygginga á fiskiskipum í gegnum tíðina og því eðlilegt að þannig sé farið með það.

Ég spyr hæstv. trmrh. fyrst og fremst hvernig hann hyggst standa að því að fara með eignarhluta ríkisins í Samábyrgðinni, hvernig hann hafi hugsað sér að skipa þar stjórn og samkvæmt hvaða reglum hann ætli sér að gera það. Ég veit ekki betur en tveir núverandi stjórnarmanna séu tilnefndir af Landssambandi ísl. útvegsmanna samkvæmt lögum og eftir því sem ég best veit er annar þeirra formaður stjórnar. Náin tengsl hafa verið á milli samtaka útvegsmanna í landinu og þessa félags þótt útvegsmenn hafi nú í vaxandi mæli skipt við önnur tryggingafélög vegna þeirrar samkeppni sem hefur komið upp. En ég tel að ákvæði sem lúta að þessu séu allsendis ófullnægjandi í frv. og þar að auki get ég ekki fallist á það sem segir í 15. gr., með leyfi forseta:

„Selji ríkissjóður hlutabréf sín í Samábyrgðinni hf. ...“ Með þessu er hæstv. trmrh. að ákveða svo ekki verður um villst hver eigi þessi hlutabréf, en af þeim lögfræðilegu álitum, sem hafa verið gerð um málið, er ekki einsýnt eins og þarna stendur og því er að mínu mati ekkert vit í öðru en að ráðstafa því fjármagni sem þarna kynni að vera fyrir hendi í bærilegum friði við samtök sjávarútvegsins þannig að ekki verði eftirmáli að. Eins og þarna er til stofnað er ekki ólíklegt að úr verði málaferli og ég vildi ráðleggja hæstv. heilbr.- og trmrh. að reyna að koma í veg fyrir það og verja því þessu fjármagni með þeim hætti að sem flestir geti á það fallist.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mér var að berast ályktun stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga vegna efnahagsráðstafana ríkisstjórnarinnar og alvarlegra áhrifa þeirra á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á næsta ári. Mig langar til að lesa úr þessu bréfi valinn kafla sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ber ábyrgð á greiðslum vegna vanskila barnsmeðlaga. Verði frv. til laga um breytingu á lögum nr. 67/1971 samþykkt má ætla að greiðslur Jöfnunarsjóðsins til Innheimtustofnunar sveitarfélaga hækki á næsta ári um 300–350 millj. kr. samkvæmt mati stjórnar Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Framlög sjóðsins til jöfnunarframlaga sveitarfélaga munu því lækka um sömu upphæð miðað við reglur sjóðsins. Skerðingin mundi því einungis bitna á þeim sveitarfélögum sem ekki ná meðaltekjum sambærilegra sveitarfélaga og þeim sem skortir tekjur til að halda uppi eðlilegri þjónustu. Afleiðingarnar yrðu því mjög alvarlegar fyrir tekjulægstu og verst settu sveitarfélögin á landsbyggðinni. Með ólíkindum er að ríkisstjórnin skuli standa að slíkum aðgerðum þvert ofan í undirritað samkomulag Sambands ísl. sveitarfélaga og ríkisstjórnarinnar um náið samráð ef fram koma tillögur um verulegar breytingar á fjármálalegum samskiptum aðila."

Enn fremur segir í lok ályktunarinnar, með leyfi forseta:

„Í ofangreindum áformum felast afdrifaríkar breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem ákveðnar eru einhliða af ríkisstjórninni og án alls samráðs við Samband ísl. sveitarfélaga."

Í samkomulagi ríkisstjórnarinnar og Sambands ísl. sveitarfélaga frá 10. okt. sl. segir m.a:

„Aðilar eru sammála um að framvegis verði tillögur um meiri háttar breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem kveður á um í lögum eða gert hefur verið sérstakt samkomulag um tekna r til umfjöllunar í sérstakri samráðsnefnd þeirra. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar ganga þvert á nýgert samkomulag. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga krefst þess að ríkisstjórnin hverfi frá öllum áformum um að skerða Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Mikilvægt er að hann geti áfram og óskertur gegnt sínu þýðingarmikla jöfnunarhlutverki. Nú þegar er óskað eftir formlegum viðræðum við ríkisstjórnina um þessi mál."

Mig langaði til að spyrja hæstv. ráðherra hvort ríkisstjórnin hyggist verða við þessari ósk um að ræða við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga um þetta mál.

Með þessari ályktun fylgir yfirlitsblað frá formanni stjórnar Innheimtustofnunar sveitarfélaga og er stílað á stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga þar sem gerð er grein fyrir áhrifum þess frv., sem hér er verið að ræða, á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Þar kemur fram að á þessu ári er áætlað að meðlagskröfur verði 1 milljarður 110 millj. 755 þús. og inn komið og skilað til síðustu mánaðamóta voru 766 millj. 317 þús. Áætlað er að 80 millj. verði innheimtar í desember þannig að mismunur sem sóttur er í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er áætlaður á þessu ári 264 millj. 438 þús.

Á næsta ári, 1993, er eftirfarandi áætlun samkvæmt frv. að meðlagskröfur með 50% hækkun verði 1 milljarður 666 þús. kr. Áætluð skil með 20% aukinni innheimtu eru 1 milljarður 69 þús. Því er áætlað að sótt verði í Jöfnunarsjóð á næsta ári 597 millj. kr.

Enn fremur kemur eftirfarandi fram í þessu bréfi, með leyfi forseta: „Stjórn Innheimtustofnunar ræddi nýlega og gaf umsögn um frumvarp Kvennalistans nr. 552 um hækkun meðlags. Stjórnin taldi þá að það yrði flestum ofviða að taka á sig frekari hækkun meðlaga og sagði orðrétt í umsögn sinni: „Með skírskotun til þeirra erfiðleika sem margir foreldrar eiga í við að standa í skilum við endurgreiðslu meðlaga með börnum sínum, svo sem þeir eru með börn á framfæri á heimilum sínum og njóta lágra launa, treystir stofnunin sér ekki til að mæla með hækkun meðlaga. Rétt er að benda á að margir af viðskiptavinum Innheimtustofnunar eru ekki fjáðir og hefur stofnunin orðið að beita mjög hörðum aðgerðum til innheimtu. Á þessu ári hafa verið framkvæmd um 1.300 fjárnám og stjórn hafa borist um 800 erindi frá meðlagsgreiðendum sem eru af báðum kynjum þó karlar séu þar í miklum meiri hluta.""

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, að kæmi fram inn í umræðuna.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég ítreka þakkir mínar til hv. þm., sem hafa rætt þetta mál, því að auðvitað er alveg ljóst að ýmislegt í því lýtur að talsvert erfiðum ákvörðunum, sem menn þurfa að taka, og allt orkar tvímælis þá gert er. Því er það mjög eðlilegt að menn ræði þessi mál ítarlega og reyni að velta fyrir sér hvort hægt sé að finna einhverjar aðrar leiðir eða gera einhverjar þær breytingar sem geri það að verkum að það sem hér er lagt til geti e.t.v. náð tilgangi sínum þó með öðrum hætti væri.

Ég vil reyna að svara nokkrum spurningum sem til mín hefur verið beint.

Hv. 10. þm. Reykv., Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, ræddi nokkuð um þann kost annars vegar að fara þá leið, sem rædd hefur verið og tillaga gerð um, að vísu ekki í þessu frv. heldur í öðru um skerðingu á barnabótum og aukningu á barnabótaauka í því skyni að auka frekar aðstoðina við þá tekjulægstu en draga að sama skapi aðstoð við hina tekjuhærri. Hv. þm. ræddi um hvort ekki væri réttara að hækka skatta einfaldlega sem þessu svaraði í staðinn fyrir að framkvæma þetta svona gagnvart þessum sérstaka hópi. Auðvitað kemur það til álita. Auðvitað hefur það sína galla að miða réttindi í of miklum mæli við framtöl einstaklinga vegna þess að því miður er það ekki svo að alltaf sé hægt að setja jafnaðarmerki á milli þess hvernig tekjur eru taldar á skattframtölum og hvernig raunverulegar tekjur kunna að vera. Við vitum öll að tekjuskattskerfi okkar er á ýmsan hátt gallað, hvað svo sem menn hafa reynt að gera til þess að bæta það í gegnum árin, og tekjuframtöl sýna ekki alveg rétta mynd af raunverulegri tekjuskiptingu meðal þjóðarinnar. Ég held að

mönnum sé það enn í fersku minni þegar sá hv. þm. sem nú gengur hér í sal, þáv. fjmrh., gerði tilraun til þess að nota tekjuskattskerfið eða framtalskerfið öllu heldur til þess að deila út stuðningi við þá tekjulægri á Íslandi. Niðurstaðan af því held ég að sé mönnum í fersku minni. Síðan hafa menn ekki lagt í það verk að nota tekjuskattsframtölin sem kerfi til þess að jafna tekjur með þeim hætti sem þá var gerð tilraun til.

Auðvitað má halda því fram með talsvert miklum rökum að það sé með sama hætti mjög varasamt að leggja of mikla áherslu á að nota framtölin sem viðmiðunarkerfi um alls konar félagslega aðstoð, svo að ég er alveg sammála hv. þm., Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, um þá galla sem þarna eru á. Engu að síður tel ég rétt að menn skoði þá hugmynd sem ég hef áður varpað fram, menn reyni a.m.k. að átta sig á því sem ég hef viðurkennt að ekki hefur verið gert nægilega vel á þeim skamma tíma sem við höfðum til stefnu við samningu þessa frv., að sjá a.m.k. hvaða nettóniðurstaða er af þeim breytingum sem verið er að gera annars vegar í 1. og 2. gr. þessa frv. og hins vegar í frv. til breytinga á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, hver eru nettóáhrif þeirra breytinga sem verið er að gera hvað varðar barnafjölskyldur. Það má vel vera að það sé niðurstaða sem sé eðlilegt að huga að að það kunni að vera betra að gera þá almenna skattalagabreytingu í staðinn fyrir að velja þessa leið. Allt eru þetta álitamál. Allar þessar leiðir hafa sína kosti og sína galla og hvorug þeirra er þannig að einsýnt sé að hana beri að fara umfram hina.

Þá spurði hv. þm. einnig um fæðingarorlofið en eins og gengið var frá fæðingarorlofinu þegar fjárlagafrv. var lagt fram í október þá var gert ráð fyrir því að skerða greiðslur vegna fæðingarorlofs um allt að 200 millj. kr. Frá því hefur verið horfið þannig að þau áform hafa verið lækkuð úr 200 millj. í 50 millj. kr. Hv. þm. spurði hvað stæði á bak við þá tölu. Það er starfshópur sem er að vinna að úttekt á þessum málum fyrir mig og hefur verið að gera það síðan í haust. Niðurstaða hans er sú að leggja til við að lækka sparnaðarkröfuna ef svo má segja úr 200 millj. í 50 millj. kr. sem ég hef gert. Ég hef hins vegar ekki enn fengið niðurstöðu úr starfi nefndarinnar. Sú niðurstaða verður að liggja fyrir fyrir 3. umr. vegna þess að ég vil ekki síður en þingmenn sjá hvaða tillögur það eru sem starfshópurinn kemur sér saman um og hvort líklegt sé að sú niðurstaða skili þeim árangri sem starfshópurinn hefur tjáð mér að hann treysti sér til þess að ná til kostnaðarlækkunar í þessu kerfi. Betra svar get ég á þessari stundu því miður ekki gefið hv. þm. en ég ítreka að ég vil að þessi niðurstaða liggi fyrir áður en gengið verður til afgreiðslu eftir 3. umr. fjárlaga.

Þá vík ég að nokkrum spurningum frá hv. þm. Svavari Gestssyni. Í fyrsta lagi hvað varðar biðlistana. Það er mjög eðlilegt að fleiri séu á biðlistum í septembermánuði en í aprílmánuði á sama ári. Ástæðan fyrir því er einfaldlega sú að það er svo mikill samdráttur í starfsemi sjúkrastofnana yfir sumarmánuðina. Sumarlokanirnar valda því að það dregur úr fjölda aðgerða og af þeim sökum verða fleiri á biðlista í lok sumarleyfismánaðanna, þ.e. í byrjun september en var áður en sumarleyfi hófust. Það sem ég var að tala um þegar ég sagði að fækkað hefði á biðlistum var ekki samanburður á milli einstakra ársfjórðunga eða missira innan sama árs heldur var ég að tala um þróun á biðlistum milli ára. Það er staðreynd að á árinu 1992 hefur fækkað á biðlistum frá árinu áður og enn meira ef tekið er árið þar á undan. Frá þeim upplýsingum sem fram komu í máli hv. þm. og voru efnislega alveg réttar hefur einnig breyting gerst. Það er rétt að byrja á því að leiðrétta sjálfan sig fyrst að sú undantekning sem er á biðlistunum, þróun þeirra frá árinu 1992 frá árinu áður er sú að þó að það hafi dregið saman og fækkað á biðlistum eftir flestöllum aðgerðum, þá er þó ein undantekning og það eru hjartaaðgerðir. Fjölgað hafði á biðlistum eftir hjartaaðgerðum á milli ára. En sú breyting hefur þó orðið á frá þeim tölum sem hv. þm. nefndi í september að síðan þá hefur verið gerður samningur milli Tryggingastofnunar ríkisins og Ríkisspítala þar sem Tryggingastofnun ríkisins tekur að sér kostnaðinn við að auka verulega hjartaaðgerðir og halda þannig á málum að fullnægja allri þörf eftir bráðum hjartaaðgerðum og allri þörf á hjartaaðgerðum upp að því sem hjartalæknar sjálfir telja að sé eðlilegt og ásættanlegt, en það er að á biðlistum skuli vera 20–30 hjartasjúklingar. Það hefur einnig gerst til viðbótar á þessum tíma að heilbr.- og trmrn. hefur samið við tvö sjúkrahús, þ.e. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og St. Jósefsspítala í Hafnarfirði, um að auka skurðaðgerðir vegna bæklunarlækninga. Í mánuðunum október, nóvember og desember hefur því orðið fjölgun á þessum aðgerðum og því fækkað á biðlistum.

Þá er einnig rétt hjá hv. þm. að í frv. er gert ráð fyrir rúmum reglugerðarheimildum til ráðherra en slíkar reglugerðarheimildir eru einfaldlega í gildandi lögum. Ég vil t.d. benda á að í 43. gr. laga um almannatryggingar, V. kafla, um sjúkratryggingar, segir að greiða skuli almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá lækni sjúklings sem Tryggingastofnun hefur gert samning við. Fyrir hvert viðtal á læknastofu og hverja vitjun til sjúklings greiði hinn sjúkratryggði lækninum það gjald sem ákveða skal með reglugerð. Í þessari lagagrein er ráðherra því fengið reglugerðarvaldið óskorað í hendur. Sama máli gegnir t.d. um ákvæði í sömu grein í b-lið. Þar segir að fyrir hverja komu til sérfræðings skuli sjúklingur greiða sérfræðingi gjald sem ákveðið skal með reglugerð. Einnig þarna hefur ráðherrann óskorað vald til reglugerðarsetningar.

Þá er einnig í ákvæði um greiðslur vegna lyfjakostnaðar o.fl., ákvæði sem hljóðar svo eftir k-lið í sömu grein: „Ráðherra er með reglugerð heimilt að breyta greiðslum sjúkratryggðra samkvæmt þessari grein, svo og að ákveða með reglugerð hámark eininga í lyfjaávísun.“

Einnig þarna er reglugerðarvald ráðherra algerlega óskorað og ótakmarkað. Þetta er mjög víða svo í umræddum lögum. T.d. er reglugerðarvaldið hvað varðar tannlæknahjálpina í núgildandi lögum mjög viðamikið. Í 5. tölul. 44. gr. er ákvæði sem hljóðar svo:

„Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, ... Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þess bótaþega eftir reglum, sem tryggingaráð setur, í allt að 100%."

Þarna vinnur reglugerðarvaldið þveröfugt. Þarna er með einfaldri samþykkt hægt að auka hlut ríkisins í niðurgreiðslu á lyfjum upp í 100% án þess að leita samþykkis löggjafans. Reglugerðarvaldið er því víðtækt í núgildandi lögum. Hins vegar er það efni sem má ræða, eins og hv. þm. gerði, hvort ástæða er til að hafa reglugerðarvald til ráðherra eins víðtækt og er í íslenskum lögum. Það er einkenni á íslenskri lagasetningu hve reglugerðarvald ráðherra er mikið. Ætli sé ekki hægt að nefna eitt ráðuneyti sérstaklega til dæmis um það en það er landbrn. Þar er reglugerðarvald ráðherra mjög mikið. Einnig er reglugerðarvald ráðherra mjög mikið í sambandi við stjórn fiskveiða eins og alkunnugt er. Þar hafa menn afhent ráðherra mjög mikið vald og meira að segja liggur fyrir, og þá vík ég aftur að landbrn., úrskurður dómstóla þar sem dómstólar a.m.k. draga í efa að það reglugerðarvald sem ráðherra hafi verið afhent af Alþingi sé í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. Það er mál út af fyrir sig og réttmæt ábending hjá hv. þm. að reglugerðarvald íslenskra ráðherra er mjög mikið en það er ekki meira í þessu frv. en það er jafnvel í ákvæðum almannatryggingalaga nú þegar eins og ég hef bent á.

Hv. þm. dró í efa þær upplýsingar sem ég gaf um afkastaaukningu í sjúkrahúsakerfinu, sérstaklega í Reykjavík. Það er alveg ástæðulaust að draga þær tölur í efa vegna þess að ég get sýnt honum sundurliðaðar upplýsingar, sem ég er að vísu ekki með hér í sæti mínu, sem staðfesta það. Það hefur orðið gríðarleg afkastaaukning á sjúkrahúsunum á Reykjavíkursvæðinu. Þar hafa menn verið að auka afköst fyrir minna fé. Það liggur alveg fyrir, bæði á einstökum spítölum og sjúkrahúsum í heild, og það er alveg sjálfsagt að afhenda heilbr.- og trn. og hv. þm. nákvæmar upplýsingar um það. Þær verða ekki dregnar í efa. Þær verða ekki vefengdar.

Þá ræddi hv. þm. um sparnaðaráhrifin af frv. Það er mjög erfitt að meta það og gera það upp vegna þess að sumar greinar í þessu frv. valda engum kostnaðaráhrifum, hvorki til lækkunar né hækkunar. Spurningin er hins vegar hvernig menn hyggjast nýta þær lagaheimildir sem þar eru fyrir hendi. Aðrar eru hins vegar bundnar tiltekinni fjárhagslegri niðurstöu eins og er um 1. og 2. gr., þar sem um er að ræða kostnaðarlækkunaráhrif upp á 500 millj. kr., og t.d. í 7. gr. þar sem um er að ræða kostnaðarlækkunaráhrif upp á 190 millj. kr. Einnig í II. kafla þar sem um er að ræða tekjuáhrif upp á 170 millj. kr. eða þar um kring. Ég skal fúslega, þegar ég hef lokið yfirferð yfir alla einstaka liði, láta hv. þm. í té niðurstöður af því í einstökum atriðum. En við erum þarna í heild, ekki bara í því frv. sem hér liggur fyrir, heldur í þeim frv. öðrum sem liggja fyrir Alþingi, og ég er búinn að vitna til í framsöguræðu minni með þessu frv., og þeim breytingum sem við erum að gera á grundvelli lagaheimilda sem við höfum, að ráðgera kostnaðarlækkun sem samtals er upp á milli 2,4 og 2,6 milljarða kr. Þá vil ég taka fram að hluti af því er til þess að leysa vanda á yfirstandandi ári þar sem útgjöld hafa farið verulega fram úr fjárlögum. Eins og hv. þm. vita er í fjáraukalögum ekki gert ráð fyrir því að taka inn á greiðsluheimildir á þessu ári nema hluta af þeim útgjöldum sem hv. þm. vita að hafa orðið umfram í heilbrigðis- og tryggingakerfinu og þá einkum og sér í lagi í tilfærslukerfi almannatrygginga. Heildarverkefnið er því að reyna að lækka kostnað um 2,4–2,6 milljarða. Ég ítreka að þá eru menn ekki bara að tala um kostnaðartilefni á árinu 1993 heldur einnig það sem upp á vantar að náð sé markmiðum fjárlaga og fjáraukalaga á árinu 1992. Ég hef gert ráðstafanir til þess að skila sundurliðuðu yfirliti til hv. fjárln. fyrir 3. umr., og það er verið að vinna að því núna, þar sem við greinum þetta verkefni í sundur nákvæmlega eftir einstökum viðfangsefnum og einnig eftir því hvaða útgjöld falla á árið 1993 og hvaða útgjöld falla á árið 1992 af þeim viðfangsefnum sem við erum að fást við. Ég hef ásett mér að skila fjárln. slíku yfirliti fyrir 3. umr. fjárlaga og ég held að það væri mjög gott ef aðrir ráðherrar tækju einnig upp þann sið að reyna að gera slíka grein fyrir þeim viðfangsefnum sem þeir eru að taka að sér. Það mun ég gera.

Hv. þm. sagði einnig að það stæðist ekki alltaf allt sem heilbr.- og trmrh. segði og það er auðvitað alveg rétt, allir erum við breyskir og öll erum við mannleg en sumt stenst þó. Ég vil t.d. minna á það að hér urðu miklar og mjög harðar umræður í fyrra um viðbótarniðurskurð á ýmsum sjúkrahúsum úti á landsbyggðinni og vil ég þá serstaklega nefna til sögunnar sjúkrahúsið á Blönduósi. Við fengum í heilbrrn. mjög mikil og hörð mótmæli við þær aðgerðir sem gripið var til vegna sjúkrahússins á Blönduósi og mikla andstöðu við þær fyrirætlanir. Talað var um að þarna væri verið að stefna heilbrigðisþjónustunni í héraðinu í mikla hættu. Niðurstaðan hefur engu að síður orðið sú að stjórnendur sjúkrahússins gengu á minn fund fyrir nokkrum dögum síðan til þess að leita heimilda til að ráðstafa afgangi úr rekstri á þessu ári til að greiða starfsfólkinu einhvern launaauka fyrir jólin. Niðurstaðan af þessu sparnaðarátaki, ef menn vilja kalla það svo, reyndist þegar upp var staðið vera þetta. Sumt hefur til allrar blessunar staðist og þær illu spár sem menn höfðu uppi hafa ekki gengið eftir. Um það er ekkert nema gott að segja. Hins vegar er það auðvitað alveg rétt og hefur komið fram áður að það er ýmislegt sem því miður hefur ekki gengið eftir eins og vonir stóðu til.

Hv. þm. Guðmundur Bjarnason kom einnig með spurningar um sparnaðaráhrifin af þessum aðgerðum. Ég tel að ég hafi svarað því eftir því sem unnt er að gera á þessum stað og þessari stundu og ætla ekki að ítreka það. Þá lýsti hv. þm. einnig þeirri hugmynd sinni hvort ekki væri rétt að skoða það að a.m.k. fyrsta koma til skólatannlæknis eða til tannlæknis sem þjónar skólabörnum væri ókeypis, þ.e. koma til skoðunar. Ég tel það koma vel til greina og ég tel sjálfsagt að menn skoði það mjög vandlega, m.a. vegna þess að það eru ákveðin vandkvæði fólgin í því að fella alger-

lega niður ókeypis komu barns til skólatannlæknis. Það eru ekki bara kostnaðarleg áhrif sem þar koma til heldur lenda menn í vandræðum með framkvæmdina því svo lengi sem þessi þjónusta hefur verið ókeypis hafa skólatannlæknar getað kallað börnin inn og lagt fyrir þau að koma á ákveðnum tíma. Þegar slík þjónusta er ekki ókeypis er mjög erfitt fyrir skólatannlækna að kalla börn inn með slíkum hætti nema leita áður eftir samþykki hjá foreldrum þeirra hvort þau séu reiðubúin til þess að greiða fyrir þá skoðun sem fer fram. Ég tel því meira en koma til álita að menn skoðuðu hugmynd hv. þm. þannig að gert væri ráð fyrir því að hægt væri að kalla skólabörn inn til skoðunar hjá skólatannlæknum. Úr þeirri skoðun gætu síðan börnin farið til foreldra sinna með álit skólatannlæknisins á því hvað þyrfti að gera og það væri þá ákvörðun foreldranna hvort þau treystu sér til þess að greiða eða ekki. Ég tel því að þessi hugmynd komi mjög vel til greina og sé rétt að athuga hana í þeirri nefnd sem fær frv. til athugunar.

Þá spurði hv. þm. hvernig gert væri ráð fyrir því að ráðstafa sölu eigna vegna Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum yrði því félagi breytt í hlutafélag í eigu ríkisins og síðan selt. Það er gert ráð fyrir því að þær tekjur falli í ríkissjóð en rekstur einhverrar tiltekinnar stofnunar eða viðfangsefnis í heilbr.- og trmrn. sé ekki háður því hvort salan tekst eða tekst ekki. Það er hins vegar rétt hjá honum að slík ákvæði voru sett í frv. hvað varðar sölu þvottahúss Ríkisspítala eða hluta af eignum þvottahúss Ríkisspítala eftir að því yrði breytt í hlutafélag. Ég er honum sammála um að það má gagnrýna þá aðferð. En hv. þm. veit líka hvernig stóð á því að sú varð niðurstaðan og ætla ég ekki að orðlengja um það.

Þá spurði hv. þm. Halldór Ásgrímsson hvert yrði stjórnarfyrirkomulagið ef samþykkt yrði að breyta Samábyrgð Íslands á fiskiskipum í hlutafélag í eigu ríkisins. Hv. þm. svaraði þeirri spurningu sjálfur. Ef það verður gert, ef það verður heimilað, þá mun að sjálfsögðu stjórn slíks hlutafélags verða kjörin samkvæmt ákvæðum hlutafjárlaga og liggur þá fyrir að til stofnunar hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum verður gengið eins og um væri að ræða stofnun nýs hlutafélags. Það er ákvörðun Alþingis hins vegar að til þess hlutafélags falli eignir Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Ég bendi á, eins og áður hefur komið fram í umræðunni, að eins og frá tillögunum er gengið í bandorminum, þá er ekki gert ráð fyrir því að um nein viðskiptatengsl sé að ræða milli vélbátaábyrgðarfélaganna og Samábyrgðar. Auðvitað skal ég fúslega viðurkenna að frv. er ekki nema hálfkarað vegna þess að það vantar hinn helminginn sem þar átti að vera sem er sem sagt hvernig menn ætla þá að ráðstafa vélbátaábyrgðarfélögunum og hver eiga að vera samskipti vélbátaábyrgðarfélaganna og Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Ég get alveg fallist á það sjónarmið, sem menn hafa komið fram með, að það sé ekki eðlilegt að stilla frv. um breytingu á lögum um almannatryggingar og frv. um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum saman. Ég brá hins vegar á það ráð einfaldlega til að sýna í frv. hvaða ráðagerðir væru uppi í ríkisstjórninni til þess að fylla út í þann ramma um lækkun útgjalda og hækkun tekna sem snerta mitt ráðuneyti og varða fjárlagaafgreiðsluna. Ég á hins vegar ekki von á því satt best að segja að hv. heilbr.- og trn. afgreiði II. kafla frv. eins og hér er frá honum gengið. Því á ég ekki von á en ég á von á því að athugunin á þessu máli hefjist í nefndinni og ég mun fúslega leggja inn til nefndarmanna það sem á vantar í þennan frumvarpstexta þannig að hann sé fullburðugur sem slíkur.

Ég hafði ekki séð, virðulegi forseti, eða heyrt um samþykkt stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga fyrr en hv. 5. þm. Vestf. las upp úr samþykktinni áðan. Ég get því ekki svarað því, um það hefur ekki verið rætt í ríkisstjórn. Okkur hefur ekki borist þessi samþykkt þannig að ég get ekki svarað því hvort ríkisstjórnin muni ræða þetta mál sérstaklega við sveitarfélögin. Við skulum gera okkur grein fyrir því að ef við lítum á það mál sem sjálfstætt mál, þ.e. hækkun barnalífeyris og þar með meðlags án tillits til þess hvað kynni að vera gert til breytinga á mæðralaunum, hvort þeim yrði breytt eða ekki, er það alveg ljóst undir öllum kringumstæðum, þótt aðeins væri verið að gera þá aðgerð eina að hækka barnalífeyri og þar með meðlag, að það hefði eitt út af fyrir sig áhrif á afkomu Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Ég bið menn að hugleiða í því sambandi, þegar menn eru að ræða það mál eitt út af fyrir sig, þá einföldu spurningu: Telja menn líklegt að barnsmeðlag upp á 7.551 kr. sé raunverulega helmingur af framfærslukostnaði barns? Almenna reglan í íslensku réttarfari varðandi greiðslu meðlags á að vera sú að framfærslubyrðinni sé skipt jafnt á milli beggja foreldra. Ég trúi því vart að fólk telji að 7.551 kr. sé raunverulega helmingur af framfærslukostnaði barns. Sé svo ekki, sé framfærslukostnaður barns meiri en 15.102 kr., hver á þá að bera mismuninn? Eins og framkvæmdin er í dag er það móðirin eða sá sem með umönnun barnanna fer. Er það réttlátt?

Þá hafa líka borist hér nokkuð í tal tvær misvísandi tölur. Annars vegar um fjölda þeirra barna sem meðlög eru greidd með samkvæmt upplýsingum Innheimtustofnunar sveitarfélaga, sem eru á sextánda þúsund, og hins vegar fjöldi þeirra barna sem liggur til grundvallar útreikningnum sem heilbrrn. hefur gert á áhrifum þessara aðgerða og eru eitthvað á níunda þúsund. Menn hafa spurt: Hver er skýringin á þessum mikla mun? Skýringin er sú að Innheimtustofnun sveitarfélaga gefur upp fjölda þeirra barna sem meðlög eru greidd með, líka þeirra sem eru börn foreldris sem er í sambúð. Þær tölur sem við erum að vinna með í heilbrrn. ná hins vegar eingöngu yfir fjölda barna þeirra foreldra sem eru skráð einstæð því við erum að vega og meta hver áhrif þessara breytinga eru fyrir afkomu einstæðra foreldra. Báðar tölurnar sem upp eru gefnar eru því réttar, það eru á sextánda þúsund barna sem meðlög eru greidd með en þá eru menn að ræða um bæði börn einstæðra foreldra sem ekki eru í sambúð og börn foreldra sem eru í sambúð.

Börn einstæðra foreldra sem ekki eru í sambúð eru

hins vegar á níunda þúsund eins og rætt hefur verið um og eins og þingmenn hafa verið upplýstir um í þeim gögnum sem við höfum verið að vinna með í heilbrrn. þegar reynt er að meta áhrif þessara aðgerða, lækkun feðra- og mæðralauna annars vegar og hækkun barnalífeyris hins vegar, á afkomu einstæðra foreldra, þ.e. foreldra sem ekki eru í sambúð með öðrum. Ég er að sjálfsögðu ekki að tala um hjónafólk.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi svarað öllum spurningum. Auðvitað er fjölmörgum öðrum ósvarað. Ég treysti því að við getum gefið svör við þeim í vinnu með þessi mál í nefnd en ég ítreka þakkir mínar til þeirra þingmanna sem rætt hafa þetta frv. efnislega, gagnrýnt það með rökum og lýst stuðningi sínum við sum atriði þess. Þann stuðning þakka ég að sjálfsögðu.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um leið og ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin vil ég benda á í fyrsta lagi að það reglugerðarvald sem er í almannatryggingalögunum er ívilnandi yfirleitt. Það er sú grundvallarregla sem er í gömlu almannatryggingalögunum frá 1970 að þar er um að ræða reglugerðarvald sem er ívilnandi fyrir viðskiptamenn trygginganna. Það reglugerðarvald sem menn eru að tala um aftur á móti er vald til ráðherra til að ákveða skatta, til að ákveða hversu mikið er borgað fyrir sérfræðiþjónustu, til að ákveða hversu mikið er borgað fyrir lyf o.s.frv. án nokkurra viðmiðana. Ég fullyrði, eins og ég gerði áðan, að það er einstakt. Þar er of langt gengið.

Varðandi önnur atriði sem komu hér fram í máli hæstv. ráðherra vil ég aðeins undirstrika þar meginatriði. Í frv. sem hefur verið rætt hér í tvo daga eru íþyngjandi aðgerðir fyrir almenning í landinu upp á einn og hálfan milljarð kr. Í 1. og 2. gr. eru 485 milljónir, í 6. gr. 610 milljónir, í 7. gr. 190 milljónir, í 8. gr. 80 milljónir og í II. kafla 170 millj. kr. Þessum tölum hefur ekki verið mótmælt af hæstv. heilbr.- og trmrh. Þvert á móti hefur hann staðfest þær í síðustu ræðu sinni. Það er mjög nauðsynlegt að hafa það í huga núna við lok umræðunnar að hér erum við að fjalla um tilfærslur upp á hvorki meira né minna en einn og hálfan milljarð kr. sem bætast við hækkun á beinum sköttum upp á 3,1 milljarð og bætast við niðurfellingu barnabóta og vaxtabóta upp á einn milljarð og hækkun virðisaukaskatts upp á 1,8 milljarða og hækkun bensínsgjalds um 350 millj. kr. Með þessum frv. tveimur og með virðisaukaskattsbreytingunni eru menn í raun að hreyfa til í þjóðfélaginu hvorki meira né minna en 8.000 millj. kr. Ég hygg að ekki áður hafi ríkisstjórn ætlast til þess að Alþingi afgreiddi með jafnskömmum fyrirvara og jafnilla undirbúin, jafnstór mál sem snerta jafnmarga í landinu og þau sem hér liggja fyrir.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af því að hv. þm. var ekki í salnum þegar ég las tilvitanir í gildandi lög um almannatryggingar ætla ég að benda hv. þm. á að í 43. gr. í V. kafla gildandi laga um sjúkratryggingar segir svo orðrétt:

„Fyrir hvert viðtal á læknastofu og hverja vitjun til sjúklings greiði hinn sjúkratryggði lækni það gjald sem ákveða skal með reglugerð."

Þetta er ekki bundið við að vera bara ívilnandi ákvæði. Þetta er mjög afdráttarlaust og mjög vítt reglugerðarákvæði um heimild fyrir ráðherra til þess, eins og þar segir, að ákveða að hinn sjúkratryggði greiði það gjald sem ráðherrann tiltekur.

Þetta ákvæði er einnig síðar í k-lið sömu greinar þar sem stendur einfaldlega: „Ráðherra er með reglugerð heimilt að breyta greiðslum sjúkratryggðra samkvæmt þessari grein," — þ.e. allri 43. greininni — svo og að ákveða með reglugerð hámark eininga í lyfjaávísunum."

Þetta er ekki heldur bara ívilnandi ákvæði. Það er því ekki rétt að í lögum um almannatryggingar séu reglugerðarákvæðin, sem ráðherra fær, eingöngu ívilnandi.

Ég vil einnig taka það fram að ég treysti mér ekki til þess að leggja það mat á frv. sem hér er, upp á krónur og aura, eins og hv. þm. gerði hér áðan vegna þess að sum ákvæði í frumvarpinu hafa nákvæmlega engin kostnaðarleg áhrif fyrr en búið er að útfæra þau í reglugerðum. Ég bendi á eitt dæmi þar um, þ.e. um þær breytingar sem lagðar eru til að gerðar verði á lagaheimildum er snerta lyfjaverðsákvarðanir. Sú lagabreyting ein út af fyrir sig þarf engu að breyta frá því sem nú er. Það ræðst af því hvernig ráðherra notar þá lagaheimild sem þar er gefin. Ég ítreka, virðulegi forseti, að ég mun fyrir 3. umr. láta fjárln. í té nákvæma greinargerð um kostnaðarleg áhrif þeirra aðgerða sem ég þarf að beita mér fyrir. Ég vænti þess fastlega að fjárlaganefndarmönnum þyki það vera einhver nýbreytni, kannski jafnvel lofsverð nýbreytni að ráðherra geri slíkt.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að þetta svar hæstv. ráðherra varðandi frv. og talnagrundvöll þess er fullkominn útúrsnúningur vegna þess að auðvitað vitum við hvaða tölur eiga að koma út úr frv. Það eru þær sparnaðar- eða niðurskurðar- eða tekjuöflunartölur sem hæstv. ráðherra hefur sjálfur verið að tala um. Hvernig hann svo útfærir reglugerðirnar er hans mál en endanleg niðurstaða liggur fyrir í tölum sem ríkisstjórnin hefur sjálf gefið upp. Til viðbótar við það að í frv. er gert ráð fyrir skattlagningu, niðurskurði upp á einn og hálfan milljarð kr., hefur það verið upplýst í þessum umræðum, virðulegi forseti, að það á að leggja á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga 333 millj. kr. til viðbótar við þær 110 milljónir sem eru teknar af sjóðnum vegna framlags hans til Lánasjóðs ísl. sveitarfélaga. Hér er verið að skerða Jöfnunarsjóð um 400-500 millj. kr., hátt í hálfan milljarð. Sveitarfélögin, sem var hlíft svo mikið að mati hæstv. utanrrh., eiga að borga nærri hálfan milljarð af þeim ráðstöfunum sem hér liggja fyrir. Menn þurfa ekki að spyrja ráðherrann um það hvernig liggur í tölum. Það kemur þegar fram ef

menn kunna að leggja saman, draga frá og deila og margfalda. Meira þarf ekki til, hæstv. forseti.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við getum sjálfsagt öll skilið vel þann vanda sem ríkisstjórnin stendur frammi fyrir, að minnka eitthvað fjárlagahalla eftir afleiðingar efnahags- og atvinnustefnu hennar í eitt og hálft ár. Okkur greinir ekki á um að þarna er um mikinn vanda að ræða. Hins vegar greinir okkur á um það hvernig eigi að fara að því að brúa þetta bil eða reyna að jafna það eitthvað.

Við minnumst öll lögguskattsins svonefnda sem mikið var umræddur hér fyrir ári þar sem fámennustu og tekjuminnstu sveitarfélögin áttu fyrst og fremst að borga þann brúsa, og það margfaldlega, miðað við þau sem stærri voru. Nú virðist, eftir bréfi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga sem lesið hefur verið úr, vera á ferðinni svipuð aðferð, þ.e. að skerða Jöfnunarsjóð sveitarfélaga a.m.k. um 25% með þessari einu aðgerð og eitthvað meira með öðrum og lögð áhersla á að það muni bitna á fámennu og tekjulágu sveitarfélögunum. Þarna er ágreiningur gífurlegur á milli okkar framsóknarmanna og ríkisstjórnarinnar.

Ég vænti þess að sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar muni skoða það rækilega og það er alveg áreiðanlegt að ef þetta er rétt sem stendur í bréfi sambandsstjórnar ísl. sveitarfélaga þá mun þetta frv. ekki fara átakalaust í gegnum Alþingi.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mjög. Hins vegar sagði ég við lok umræðunnar á miðvikudagskvöld að ég hefði ýmislegt við það að athuga er fram hefði komið í ágætri úttekt hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur á tilvísanakerfinu. Hún er ekki stödd í þinginu svo ég tel ekki við hæfi að færa einhver rök fyrir tilvísanakerfinu enda kannski ekki mitt að gera slíkt. Það er frekar ráðherrans að verja það sem samstarfsmenn hans í stjórnarflokkunum rífa og tæta niður af því sem hann er að boða.

Hins vegar fannst mér það nokkuð athyglisvert áðan hjá hæstv. heilbrrh. þegar hann segir að sparnaður hafi orðið mikill á sjúkrahúsunum. Það er rétt, ég er ekki í neinum vafa um að það hefur orðið sparnaður. Aðgerðum hefur fjölgað þrátt fyrir samdrátt í fjárveitingum. Á sama tíma hefur orðið veruleg kostnaðarauknin hjá sérfræðingum. Þá spyrja menn sig þeirrar spurningar: Hangir þetta ekki saman? Ég sé að ráðherrann hristir hausinn og segir að svo sé ekki. Hvað er þá að? Ef aðgerðunum á sjúkrahúsunum fjölgar, aukin ásókn er í þjónustu sérfræðinganna, er þjóðin þá miklu veikari en hún hefur verið á undanförnum árum, hæstv. ráðherra? Hverjar eru ástæðurnar fyrir því? Það er auðvitað heilbrigðisyfirvalda að kanna það ofan í kjölinn hver er ástæðan fyrir því að slíkt skuli gerast. Við því þyrftu auðvitað að fást svör. Það gæti nefnilega verið að ástæðan væri, án þess að ég ætli að fullyrða það, sparnaðurinn í lyfjunum. Vegna samdráttar í lyfjakostnaði hefði orðið aukning í sérfræðiþjónustunni. Ég hef heyrt að þetta hangi nefnilega allt saman saman.

Það hefur margoft komið fram í máli hæstv. ráðherra að meðlagsgreiðendur muni verða fyrir auknum útgjöldum vegna breytingar á 1. og 2. gr. upp á 350 millj. kr. en þeir sem eru með forræði barnsins muni verða fyrir viðbótarútgjöldum upp á 150 millj. kr. Samtals eru þetta í kringum 500 milljónir.

Það kom fram hjá hæstv. ráðherra áðan að hann sagði: Við erum aðeins að vinna með þá sem eru einstæðir foreldrar. Á sama tíma óskar hæstv. ráðherra eftir því í hverri ræðunni á fætur annarri að það verði kannað sérstaklega hvaða áhrif þetta hafi allt saman, líka á skattkerfið og aðgerðirnar sem þar er verið að framkvæma. Þess vegna getur hæstv. ráðherra ekki sagt: Það er bara þessi hópur sem við erum að skoða í heilbrrn. Staðreyndin er nefnilega sú, og það er staðfest í þeim upplýsingum sem núna koma frá Innheimtustofnun sveitarfélaga, að kröfur Tryggingastofnunar ríkisins á Innheimtustofnun sveitarfélaga, samkvæmt þessu bréfi, eru árið 1991 1.110.755.193 kr. Meðalmeðlagið það ár var 90.108 kr. Þ.e. meðlagsgreiðendur eða börnin sem greitt er með á árinu 1991 eru 12.327. En ráðuneytið er að vinna með 8.000 börn. Þarna er einhver mismunur á. Þegar menn afla sér síðan upplýsinga og velta því fyrir sér hvað greitt er með mörgum börnum þessa stundina eru það 15.903 börn. Þá eru auðvitað þessar álögur á meðlagsgreiðendurna ekki 350 milljónir heldur 750 milljónir.

Þetta verða menn að taka með í þá mynd sem þeir eru að skoða af því hvaða áhrif þessar aðgerðir hafi í heild sinni. Það er hins vegar alveg rétt að sá hópur, mismunurinn á 15.903 og 8.298 börnum, sem ráðuneytið er að vinna með hefur aðeins áhrif á þann þátt er snýr að heilbr.- og trmrn. Það er alveg rétt. En menn verða auðvitað að skoða hlutina í samhengi.

Hæstv. ráðherra fullyrti það í útvarpsviðtali seinni partinn á miðvikudaginn að þær tölur sem ég hefði farið með um þær skerðingar sem framfærendur barna yrðu fyrir væru rangar. Ég sagði hæstv. ráðherra í lok umræðunnar á miðvikudaginn að ég ætlaði að sýna honum fram á að það sem hann hefði sagt í þessum viðræðuþætti væri rangt. Ég stend við hvert orð af því sem ég sagði hér við fyrri umræðu og yfir það ætla ég að fara.

Framfærendur barns eru tveir. Annars vegar sá sem greiðir meðlagið og hins vegar sá sem hefur forræði barnsins. Ef við tökum eitt barn þá verður framfærandi eða sá sem hefur forræðið fyrir skerðingu vegna mæðralauna upp á 56.784 kr. á ári. Hærra meðlag frá greiðanda kemur á móti upp á 45.000. Nettóskerðing er því 11.784 kr. en greiðandi meðlagsins greiðir 45.000 kr. meira en hann greiddi áður. Framfærendur barnsins verða þess vegna fyrir 56.784 kr. meiri skerðingu á ráðstöfunartekjum. Þetta er bara staðreynd, hæstv. ráðherra. Mér urðu hins vegar á þau mismæli í minni ræðu í upphafi, ég sagði óvart 36.784 í staðinn fyrir 56 þús. Talan var heldur hærri. Þannig mætti halda áfram. Framfærendur tveggja barna verða fyrir 113 þús. kr. skerðingu á ári og framfærendur þriggja

barna 170 þús. kr. skerðingu á ári. Þetta vildi ég láta koma fram svo það sé alveg ljóst að menn séu að tala um sömu hlutina.

Varðandi Samábyrgð Íslands á fiskiskipum þá gerði hæstv. ráðherra ágæta grein fyrir því við lok umræðunnar að lögfræðingar í heilbrrn. hefðu komist að þeirri niðurstöðu að það væri heimilt að taka Samábyrgðina og selja hana. Það er reyndar sú sama niðurstaða og lögfræðingur, fyrrv. skrifstofustjóri heilbrrn., komst að. Jón Ingimarsson, fyrrv. skrifstofustjóri ráðuneytisins, komst að þeirri niðurstöðu 15. jan. 1989 að ríkisvaldinu væri heimilt að ráðstafa eignum Samábyrgðarinnar. (**Gripið fram í:** Líka lögfræðingur Samábyrgðar.) Er lögfræðingur Samábyrgðar Jón Steinar Gunnlaugsson? Hann hefur komist að þeirri niðurstöðu. En, hæstv. ráðherra, það eru fleiri lögfræðingar til í landinu en bara þessir tveir. Það væri kannski allt í lagi að kanna það hjá öðrum.

Hér er ég með álit frá Markúsi Sigurbjörnssyni hæstaréttarlögmanni sem hann er beðinn um í tengslum við það þegar Úreldingarsjóður fiskiskipa var myndaður að kanna lagalegan grundvöll þess að taka Aldurslagasjóð fiskiskipa, sem er hluti af Samábyrgðinni, og hins vegar eignir Úreldingarsjóðs, gamla Úreldingarsjóðsins, og að ríkið ráðstafaði þessum eignum.

Þessi hæstaréttarlögmaður kemst að þeirri niðurstöðu, hæstv. ráðherra, að Samábyrgðin sé félag eða sjálfseignarstofnun og að það gildi einu hvort hún er félag eða sjálfseignarstofnun, ríkið hafi ekki heimild til að ráðstafa þessum eignum. Í álitsgerð Markúsar segir:

„Af því má vera ljóst að löggjafinn gæti ekki tekið eignir Samábyrgðarinnar og fært í opinbera sjóði óðruvísi en borið yrði við að brotið hafi verið gegn 67. gr. stjórnarskrárinnar."

Það er í þessu eins og mörgu öðru að það er ekki hægt að taka allt gilt og gott sem embættismenn ráðuneytanna leggja til. Þó svo ég beri virðingu fyrir þeim og treysti þeim í hvívetna eru skiptar skoðanir um þessa hluti. Ég hygg, hæstv. ráðherra, að stór hluti af starfi hv. heilbr.- og trn. hljóti að fara í að skoða þetta lagalega atriði. En ég vildi koma því á framfæri að það eru skiptar skoðanir um þetta mál.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er dálítið einkennilegt þegar hæstv. ráðherra tekur sig til í ræðustól þegar flestir héldu að nokkuð væri langt liðið á þessa umræðu og spyr hvort menn haldi að tvöföldun þess framlags sem nú er greitt með barni sem meðlag dugi fyrir framfærslu þess og lítur svo á að móðirin eigi að leggja fram helminginn og faðirinn eigi að leggja fram helminginn. Svo spyr hæstv. ráðherra: Haldið þið að þessi upphæð, milli 7 og 8 þús., sem er framlag föðurins, dugi til að ala upp barnið?

Gott og vel. Um leið og hann skiptir þessu svona upp, þá hefur hann fyrir framan sig frv. þar sem þriðji aðilinn er að málinu, frv. sem hann er sjálfur að flytja. Samt talar hann um eins og það séu aðeins tveir sem standi að framfærslunni. Tillaga hæstv. heilbrrh. í 2. gr. er að með tveimur börnum eigi að greiða 36 þús. og með þremur börnum eða fleiri eigi að greiða 93.600.

Þetta er það sem hann er að tala um. Hvernig stendur á því að maður getur flutt svona frv. og gleymt þriðja framfærandanum? Hvernig stendur á því? Hefur hann ekki kynnt sér það á undanförnum árum að þriðji framfærandinn í þessum efnum er íslenska ríkið og hefur verið það lengi? Þá spyrja menn: Er eitthvað voðalegt við að svo sé? Hvaðan skyldi íslenska ríkið fá þessa peninga sem um er að ræða? Ætli það komi ekki frá þegnunum? Ætli íslensk börn séu ekki í reynd í þeirri aðstöðu að þegar þau koma sem þegnar í þetta samfélag byrja þau á því að taka út án þess að eiga inni hjá þjóðinni? En þegar þau koma til manndómsára, þá fara þau að greiða til baka þá skuld sem myndaðist. Hver skyldi vera forsendan fyrir að íslenska ríkið ætti kröfu á þegnana um greiðslur? Ætli það sé ekki vegna þess að íslenska ríkið hefur skyldur gagnvart þegnunum. Það væri merkilegt fyrirbrigði ef íslenska ríkið ætti aðeins kröfuréttinn á einstaklingana en einstaklingarnir engan kröfurétt á ríkið á móti. Það væri furðulegt samfélag sem væri þannig byggt upp. Með leyfi forseta, held ég að óhjákvæmilegt sé að fara örlítið yfir stöðu mála.

Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur ekki náð 3 milljörðum og 600 millj. að auki af þeim sem eiga að greiða meðlögin. Þetta er skuld. Hvaða úrræði hefur Innheimtustofnun sveitarfélaga? Jú, hún má í fyrsta lagi taka af launum manna þessa kröfu og hún má taka hana áður en menn greiða skattana. Áður en kemur að skattagreiðslunni má taka þessa kröfu. Hún má gera lögtak í eignum manna. Hún má bjóða upp eignir manna. Hún má gera menn gjaldþrota. Engu að síður blasir það við að það eru 3 milljarðar og 600 millj. að auki sem hún nær ekki inn. Hvað segir stjórnarskráin íslenska um þessa stöðu? Auðvitað er ekki hægt að gera ráð fyrir því að hæstv. ráðherra hafi lesið hana. Hitt er annað mál að það er vottað að hann hefur skrifað undir eið að virða hana. 70. gr. hljóðar svo:

„Sá skal eiga rétt á styrk úr almennum sjóði, sem eigi fær séð fyrir sér og sínum, og sé eigi öðrum skylt að framfæra hann, en þá skal hann vera skyldum þeim háður, sem lög áskilja."

Svo einfalt er það. Ég hefði gaman af að sjá íslenska jafnaðarmenn verja það að tekjuskatturinn ætti að vera 75% af launanum. Reagan komst að þeirri merkilegu niðurstöðu með sínum skattasérfræðingum að tveir möguleikar væru til að fá enga skatta. Annar væri sá að leggja á enga skatta. Hinn væri sá að leggja á 100% tekjuskatt. Þá mundi enginn leggja það á sig að vinna því það færi allt til ríkisins og menn mundu ekki hreyfa sig.

Núna blasir það við að fleiri, fleiri manns eru í þeirri aðstöðu að 75% af launanum þeirra er tekin úr umslaginu og 25% er það sem þeir fá. Það er ekki skrýtið þó það þurfi reiknimeistara úr háskólanum til að komast að því að þetta sé það skynsamlega sem eigi að gera. Engu að síður dugar það ekki. Og þó sér lög-

fræðingur um innheimtuna. Það er merkilegt þegar menn fara í slíkan blekkingarleik og hér er um að ræða.

Við skulum skoða þetta dæmi dálítið betur. Ef við mundum breyta íslenska skattkerfinu og segja: Sérhvert barn á rétt á persónufrádrætti alveg eins og fullorðið fólk. Það er ekkert meiri sanngirni í því að hægt sé að færa persónufrádrátt á milli hjóna. Þ.e. það hjónanna sem vinnur úti geti komið með skattkort hins aðilans og sagt að það vilji líka fá úttekt á það. Ef menn breyttu þessu á þennan veg mundi sá sem á barn á framfæri koma með skattkort barnsins og fá það dregið frá líka. Þá væri spurning hvort þessir feður ættu ekki rétt á því að hafa hálft skattkort barnsins og geta lagt það inn. Þá væri niðurstaðan sú að þeir mundu vissulega lækka í tekjuskatti en staða þeirra til að standa að uppeldi barnsins væri aftur á móti allt önnur.

Ég skil ekki hæstv. ráðherra hvers vegna hann telur að þessi blekkingaleikur eigi að vera hér viðhafður. Hæstv. ráðherra hlýtur að gera sér grein fyrir því að það sem hann er hér að leggja til að hækka meðlögin eins og sagt er í skýringum við 2. gr. Með leyfi forseta, er það orðað svo:

„Ákveðið hefur verið að lækka mæðra- og feðralaun í þeim mæli að þau falli niður með fyrsta barni" —þau hafa varla verið mikil áður en fyrsta barnið var fætt þannig að það þarf húmor til að taka það fram að þau falli niður með fyrsta barni. Maður hefði haldið að þeir hefðu getað orðað þetta á þann veg að þau yrðu ekki greidd með fyrsta barni, en það þarf mikinn húmor til að setja það þannig upp að þau falli niður með fyrsta barni — „og lækki samsvarandi með tveimur börnum og fleiri. Jafnframt er gert ráð fyrir að heimilt verði að tekjutengja greiðslu mæðra- og feðralauna með tveimur börnum eða fleiri. Til mótvægis hækkar barnalífeyrir og meðlag."

Hér er forðast eins og heitan eldinn að hafa neinar tölur inni. Að tölunum eiga menn að leita. Það á að finna þær í nefnd og flíka þeim þar. Það á ekki að láta þær liggja á glámbekk fyrir fréttamenn þegar verið er að kynna málið. Það á ekki að framfylgja þeirri skyldu að fullnægjandi skýringar komi með þessum greinum. Nei, það er verið að fela hlutina. Það er verið að reyna að halda því fram að framfærendur barna séu aðeins tveir. Þeir hafa verið þrír. Það vita allir að ríkisvaldið ber samkvæmt stjórnarskránni ábyrgð á öllum þegnum landsins. Það er eitt af því sem fylgdi, afleiðingin af því að þjóðin gerðist kristin árið 1000. Það er nefnilega þó nokkuð stór ákvörðun sem menn þurfa að taka ef menn vilja sópa þessu út því að þá er öll bræðralagskenning kristinna manna farin. Þá er hér komið nákvæmlega sama fyrirkomulagið og ríkir hjá dýrum merkurinnar að ef hvert og eitt bjargar sér ekki, þá deyr það að sjálfsögðu drottni sínum. Svo einfalt er það. Aftur á móti gerir 70. gr. ráð fyrir því að samfélag manna byggi upp á öðrum leikreglum og þess vegna er þessi ákvörðun inni og hefur verið á undanförnum árum að taka tillit til aðstæðna.

Ég þekki hæstv. heilbrrh. það vel að ég læt mér ekki detta það í hug að hann viti ekki hvað hann er að gera. Ég er sannfærður um að hæstv. heilbrrh. gerir sér grein fyrir því að hann er með þessu móti að seilast í fjármuni Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í reynd. Hann veit að hann nær þeim peningum ekki gegnum innheimtuna sem hér er verið að leggja til að taka. Hitt er svo aftur á móti umhugsunarefni og dálítið merkilegt umhugsunarefni hvaða skattaprósentu hann telur í reynd hægt að taka af mönnum án þess að það verði til þess að þeir gefist upp og hætti að stunda störf hjá öðrum. Mér er ljóst að það er þó nokkuð af mönnum sem eru verktakar með eigin atvinnurekstur og munu reyna að forða sér með þeim hætti frá því að greiða þessi gjöld. Mér er líka ljóst að sumir fara af landi brott. En það er líka dálítið merkilegt að samflokksráðherra hæstv. heilbrrh. hefur allt aðrar kenningar uppi ef um er að ræða barn sem á föður frá Suður-Ameríku, að ég ekki tala um frá Arabalöndum. Hver skyldi þá eiga að sjá um föðurhlutverkið samkvæmt þeim lögum sem hæstv. félmrh. beitti sér á sínum tíma fyrir að yrðu samþykkt? Hver skyldi þá eiga að sjá um greiðslurnar? Þá er allt í einu íslenska ríkið orðinn sá aðili sem gegnir föðurhlutverkinu. Þá þykir bara sjálfsagt að skrifa þetta allt á Friðrik.

Ég verð að segja eins og er að ég trúi því ekki, ég hreinlega trúi því ekki að hæstv. ráðherra geri sér ekki grein fyrir því að þessar hugmyndir sem hér er verið að setja fram eru út úr myndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4. til og með 11. dagskrármál.

80. FUNDUR

laugardaginn 12. des.,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

1. Almannatryggingar og stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, stjfrv., 285. mál, þskj. 415. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 372, 376 og 411, brtt. 374. — 2. umr.

3. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 11. mál, þskj. 11, nál. 389, brtt. 390. — 2. umr.

4. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 12. mál, þskj. 12, nál. 391, brtt. 392. — 2. umr.

5. Verðbréfaþing Íslands, stjfrv., 13. mál, þskj. 13, nál. 393, brtt. 394. — 2. umr.

6. Umboðssöluviðskipti, stjfrv., 125. mál, þskj. 145, nál. 409, brtt. 410 og 428. — 2. umr.

7. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 222. mál, þskj. 265, nál. 431, brtt. 432. — 2. umr.

8. Fjáraukalög 1992, stjfrv., 140. mál, þskj. 161, nál. 402 og 407, brtt. 403. — 2. umr.

9. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 276. mál, þskj. 384. — Frh. 1. umr.

10. Fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytis, stjfrv., 295. mál, þskj. 427. — 1. umr.

11. Grunnskóli, stjfrv., 296. mál, þskj. 452. — 1. umr.

12. Skálholtsskóli, stjfrv., 297. mál, þskj. 462. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 1993, 96. mál, brtt. JHelg og ÓÞÞ, þskj. 468.

Um þingsköp.

Umræða um Evrópskt efnahagssvæði.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Við bjuggum við það varðandi dagskrárgerð að öll mál sem lágu fyrir í þinginu hverju sinni voru sett á dagskrá. Nú eru tímar breyttir og þau ein mál sett á dagskrá sem forseti telur að taka beri fyrir á þeim fundi sem settur er. Það hljóta því að teljast verulega tíðindi þegar 2. mál á dagskrá er Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, og boðað að það sé til 2. umr.

Ég veit ekki hvort forseti gerir sér grein fyrir því að þrátt fyrir að það sé vald forseta að ákveða dagskrána er það að sjálfsögðu þingsins að taka efnislega afstöðu til þess hvort það unir þeirri dagskrá sem sett er fram. Það hlýtur að gerast með athugasemdum héðan úr þessum stól.

Ég tel óhjákvæmilegt þegar hæstv. forseta dettur í hug að setja þetta mál nú á dagskrá þegar jafnmikið er að vinna í þinginu að víkja að fréttunum sem flestir landsmenn urðu vitni að þegar okkur bárust fréttirnar um að Sviss væri búið að fella samninginn. Ég vitna hér í kvöldfréttir sjónvarps 6. des. 1992:

„Nú má telja nær víst að ekkert verði af því að samningur um Evrópskt efnahagssvæði taki gildi um áramót eftir að svissneskir kjósendur höfnuðu honum í þjóðaratkvæðagreiðslu í dag. Hingað er kominn Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. til að segja álit sitt á þessum tíðindum, en fyrst skulum við heyra um niðurstöðuna í Sviss."

Þessi frétt endar með því að Ingimar Ingimarsson fréttamaður spyr ráðherrann beinna spurninga um þau atriði þegar ráðherrann lýsir því yfir að nú sé orðin einhver sérstök þörf á að hraða þessu máli. Þá spyr Ingimar: „Hvers vegna er hún meiri en fyrr? Ég hef heyrt þig halda þessu fram í kvöld?" Og ráðherrann segir ...(Forseti hringir.) Nú er slegið svo fast í bjölluna að það er greinilegt að það er ekki ráðherra í ræðustólnum. (**Forseti:** Tíminn er búinn, hv. þm., sem ætlaður er í hvert sinn til að ræða um gæslu þingskapa, þrjár mínútur.) Herra forseti. Ég vænti þá að forsetinn svari því hvers vegna þetta mál er sett á dagskrána því að ég mun kveðja mér hljóðs aftur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess varðandi dagskrá í dag að eftir að 1. mál á dagskrá hefur verið afgreitt, þ.e. atkvæðagreiðsla hefur farið fram, er samkomulag um að gert verði hlé á fundinum í þrjú korter svo að þingflokkar geti haldið fundi. Þá verður væntanlega settur fundur með nýrri dagskrá eftir það ef tilefni gefast til.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Forseti hefur gert grein fyrir því hvernig forseti hyggst haga störfum en ekki svarað þeirri spurningu hvers vegna þetta mál er sett á dagskrá svo það er óhjákvæmilegt að halda áfram með þá spurningu og fá skýringar.

Hér segir ráðherrann sem svar við spurningu Ingimars: „Já, það er vegna þess að ef við ekki gerum það þá fáum við ekki aðild að framhaldi málsins. Það er gert ráð fyrir því í EES-samningnum sjálfum, í bókun við 129 gr., hvernig við bregðumst við ef eitt landið heltist úr lestinni. Viðbrögðin eru þau að hin ríkin sem hafa fullgildingarumboð koma saman á ríkjaráðstefnu til þess að koma sér saman um þær tillögur tæknibreytingar." (**Forseti:** Má forseti biðja hv. þm. að halda sig við gæslu þingskapa?)

Herra forseti. Ég er með beinar ádeilur á forsetann. Það er grundvallaratriði þegar menn mæla hér til þess að ræða um gæslu þingskapa að þeir snúi sér að forsetanum. Skilur hæstv. forseti ekki að það er verið að ræða um dagskrá sem er á fundinum í dag? Ég skil ekki svona athugasemdir. Hér er ráðherrann spurður beint hvers vegna – og ég vil lesa upp seinustu fullyrðinguna: „Það er beinlínis kveðið á um það í bókun með samningnum?" spyr Ingimar. Hæstv. utanrrh. Jón Baldvin svarar: „Já."

Daginn eftir lýsir Ingimar því yfir að hann finni þessum orðum ráðherrans ekki stað í greininni. Hann ber það á ráðherrann í Ríkisútvarpinu að hann segi ósatt. Og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vekur athygli á því úr þessum ræðustól að fullyrðingar ráðherrans um formsatriði eru alrangar. Samt leyfir forsetinn sér að setja þetta mál á dagskrá – sem er fallið og var fellt úti í Sviss.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það er afar sérkennilegt að sjá hvernig hv. síðasti ræðumaður böðlast um í ræðustól með árásum á forseta, gjörsamlega að tilefnislausu. Ég vænti þess að það séu margir sem horfa á það á sjónvarpsstöðinni Sýn og fylgist með því hvernig hv. þm.

leyfir sér að haga sér, sem er fyrir neðan allt velsæmi, að ráðast á forseta þingsins út af dagskrá fundarins sem sett var saman í góðu samkomulagi við alla þingflokksformenn í gær. Það er engu líkara en hv. þm. viti ekki hvað klukkan slær í þinginu.

Jafnframt hefur verið gert samkomulag, eins og forseti greindi frá, um það hvernig staðið verður að framhaldinu hér. Ef forseti fengi vinnufrið fyrir hv. þm. væri hægt að ganga til dagskrár, ljúka þeirri atkvæðagreiðslu sem á dagskrá er og gera síðan það hlé sem ráðgert er að gera til þess að þingflokkarnir geti ráðið ráðum sínum. Allt er þetta með eindæmum hvernig hv. þm. vogar sér að lesa upp úr fréttaviðtölum við hæstv. utanrrh. og túlkar sem þingsköp út af dagskrá fundarins. Þetta er fjarstæðukennt. Ég vona svo sannarlega að hv. þm. sjái að sér í þessu og verði sér ekki til frekari skammar á fundinum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það vekur undrun mína eftir að samningur milli Fríverslunarbandalagsins og Efnhagsbandalagsins var felldur úti í Sviss þá haldi menn því fram að sá samningur geti verið dagskráratriði áfram í þinginu. Eftir að utanrrh. er búinn að lýsa því yfir að það eigi að halda ráðstefnu um það hvað eigi að gera eftir að slíkt kemur fyrir.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. lýsti því yfir úr þessum ræðustól að það væri eins og að gifta dauðan mann að halda áfram með málið hér. Ef hv. þm. hefur gert samkomulag um það að giftingarathöfnin skuli fara fram með þeim dauða þá þarf ég aðeins að spyrja að því hvort það eigi að vera hérna megin grafar eða hinum megin.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Væntanlega ætlast hv. þm. ekki til að forseti svari þeirri spurningu.)

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég hef ekki skipulagt neina giftingu. Ég vil láta það koma fram út af orðum hv. þm. Geirs H. Haarde, 8. þm. Reykv., að ég á engan þátt í því samkomulagi að tekið sé fyrir í dag frv. til laga um Evrópskt efnahagssvæði. Ég óskaði hins vegar eftir því mjög eindregið, eins og reyndar fleiri þingflokksformenn, að á fundi í dag gæfi utanrrh. skýrslu um för sína til Genfar og stöðu málsins. Ég á engan þátt í því að dagskrá er prentuð með þeim hætti sem hér er gert.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að liggja undir því að hafa borið rangar sakir á hv. kollega minn. En það veit hann vel, eins og ég veit vel, að það var samkomulag um að dagskráin liti svona út hvort sem umræður yrðu síðan í samræmi við þá dagskrá. Það liggur fyrir ósk af hálfu þingflokksformanna stjórnarandstöðunnar um það að utanrrh. flytji þinginu munnlega skýrslu um för sína til Genfar og viðræður EFTA-ráðherranna þar um stöðu EES-málanna í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Sviss.

Það var ætlunin að efna til þingflokksfunda núna og setja síðan annan fund með því máli á dagskrá. Um þetta er fullt samkomulag. Ég sé því ekki að hv. þingflokksformaður þurfi að bera mér það á brýn að ég hafi verið að ljúga upp á hann.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég sótti þennan fund í gær sem er verið að vitna til í orðum hv. tveggja síðustu ræðumanna og ég held að það sé ekki tilefni til stórra orða út af því. Það er alveg ljóst og kom fram á þeim fundi að af hálfu stjórnarandstöðunnar væri ekkert samkomulag um að hefja 2. umr. um þetta mál í dag. Jafnframt var tekið fram af okkar hálfu að búast mætti við því að því yrði mótmælt að þetta mál yrði sett á dagskrá. Um það atriði var því ekki samið. Hins vegar vissum við af þeim áformum forseta að haga dagskrártilhöguninni með þessum hætti. En það var ekki í okkar valdi að ráða því til lykta eða semja um það. Vilji okkar stóð ekki til þess.

Hins vegar er það rétt sem hv. 8. þm. Reykv. segir að forseti lýsti áformum um þessa tilhögun fundahalda en það var oftúlkun í máli hv. 8. þm. Reykv. að segja að stjórnarandstaðan hefði þar með samið um að 2. umr. kæmi á dagskrá. Það er ekki rétt og alveg nauðsynlegt að það komi hér fram.

Ég hygg þó að um eitt atriði séu menn sammála, að eðlilegt sé að byrja þetta dagsverk á fundahöldum þingflokkanna og því fari best á að snúa sér að því.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér þykir það mjög miður að hv. 8. þm. Reykv. hefur hlaupið á sig með yfirlýsingu um að samið hafi verið um þessa dagskrá. Það er upplýst að svo er ekki. Jafnframt var upplýst að því yrði mótmælt ef dagskráin yrði á þennan veg. (**GHH:** Málið er tekið fyrir.) Þess vegna blasir það við að tilgangurinn með því að setja þetta dagskrá hefur fyrst og fremst verið sá að kalla eftir mótmælum. Þá fer ég að skilja hvers vegna dagskráin er á þennan veg.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þar sem þingflokksformaður okkar er fjarverandi í dag vegna veikinda vil ég taka fram að það hefur ekki verið samið um að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði væri á dagskrá í dag en hins vegar verið um það rætt að atkvæðagreiðsla færi fram og síðan yrði gert hlé. Það er í umræðunni hvort það verði ótakmörkuð umræða um þá yfirlýsingu sem utanrrh. mun gefa hér á eftir. Annað er ekki enn í samningum á milli þingflokksformanna. Ég mundi því telja rétt að menn gengju til þessarar atkvæðagreiðslu og svo kæmi framhaldið í ljós í því þriggja kortera hléi sem er fyrirhugað.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég held að rétt sé að menn stilli ræðuhöldum sínum í hóf núna. Ég vil einungis staðfesta þann skilning sem hv. þm. Geir H. Haarde færði

hér fram. Á fundi þingflokksformanna í gær kom fram ósk um yfirlýsingu frá utanrrh. og síðan kom það alveg skýrt fram að forseti hugðist setja á dagskrá 2. umr. um EES. Það kom alveg skýrt fram.

Það kom líka fram að sennilega yrði því mótmælt. En ég skildi það svo að þingflokksformenn gerðu sér allir grein fyrir því að þetta yrði á dagskrá. Þetta tel ég rétt að komi fram.

Almannatryggingar og stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 285. mál (mæðra- og feðralaun, slysatryggingar o.fl.). — Þskj. 415.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

4 þm. (EH, EKJ, ÓÞÞ, StG) greiddu ekki atkvæði.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, FI, GunnS, HBl, JÁ, JGS, KÁ, MB, SigG, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

4 þm. (EH, EKJ, ÓÞÞ, StG) greiddu ekki atkvæði.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, FI, GunnS, HBl, JÁ, JGS, KÁ, MB, SigG, ÞorstP) fjarstaddir.

Út af dagskrá voru tekin 2. til og með 12. dagskrármál.

81. FUNDUR

laugardaginn 12. des.,
að loknum 80. fundi.

Dagskrá:

1. Skýrsla utanríkisráðherra um niðurstöður ráðherrafundar EFTA-ríkjanna.
2. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 372, 376 og 411, brtt. 374. — 2. umr.
3. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 11. mál, þskj. 11, nál. 389, brtt. 390. — 2. umr.
4. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 12. mál, þskj. 12, nál. 391, brtt. 392. — 2. umr.
5. Verðbréfaþing Íslands, stjfrv., 13. mál, þskj. 13, nál. 393, brtt. 394. — 2. umr.
6. Umboðssöluviðskipti, stjfrv., 125. mál, þskj. 145, nál. 409, brtt. 410 og 428. — 2. umr.
7. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 222. mál, þskj. 265, nál. 431, brtt. 432. — 2. umr.
8. Fjáraukalög 1992, stjfrv., 140. mál, þskj. 161, nál. 402 og 407, brtt. 403. — 2. umr.
9. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 276. mál, þskj. 384. — Frh. 1. umr.
10. Fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytis, stjfrv., 295. mál, þskj. 427. — 1. umr.
11. Grunnskóli, stjfrv., 296. mál, þskj. 452. — 1. umr.
12. Skálholtsskóli, stjfrv., 297. mál, þskj. 462. — 1. umr.

Skýrsla utanríkisráðherra um niðurstöður ráðherrafundar EFTA-ríkjanna.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Utanríkisviðskiptaráðherrar Efta-ríkjanna funduðu í Genf 10. og 11. des. Á fundinum gaf svissneski utanríkisviðskiptaráðherrann Jean-Pascal Delamuraz yfirlýsingu um úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu í Sviss þann 6. des. sl. en niðurstöður hennar leiða til þess að Sviss mun ekki taka þátt í samstarfinu innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Niðurstöður fundarins má draga saman í fimm meginatriðum:

1. Ráðherrar EFTA-ríkjanna eru sammála um þann einarða ásetning sinn að samningurinn taki gildi eins skjótt og unnt er á fyrri hluta ársins 1993.
2. Að það sé afar mikilvægt að ljúka án tafar staðfestingu samningsins.
3. Að samkomulag takist hið fyrsta um hvaða tæknilegar breytingar þurfi að gera á samningnum.
4. Að tillaga að viðbótarbókun við samninginn, sem innihaldi þessar tæknilegu breytingar, verði tilbúin snemma í janúar 1993.
5. Að unnt verði að samþykkja þessa viðbótarbókun á ráðstefnu stjórnarerindreka sem haldin verði strax þar á eftir.

Þetta eru meginniðurstöðurnar, virðulegi forseti, og þarf ekki að koma á óvart í ljósi þess að í EES-samningnum, nánar tiltekið í samþykktum við 129. gr., var raunverulega stafað hvernig við skyldi brugðist í slíku tilviki, þ.e. ef eitthvert eitt ríki fullgildir ekki samninginn þá skulu hinir samningsaðilarnir boða til ráðstefnu stjórnarerindreka, meta áhrif fráviks frá fullgildingu samningsins, kanna möguleika á að samþykkt verði bókun um breytingar sem verða — með fyrirvara um meðferð innan lands — og að slík ráðstefna skuli haldin jafnskjótt og ljóst er að einhver samnings-

aðili mun ekki fullgilda, í síðasta lagi ef dagsetning gildistöku samningsins er ekki virt. Niðurstöður ráðherra EFTA-ríkjanna eru því í samræmi við þessa verklýsingu á því hvernig við skuli brugðist.

Örfá orð um hvert einstakt atriði. Í fyrsta lagi eru ráðherrarnir sammála um þann einarða pólitíska ásetning ríkisstjórna landanna að samningurinn taki gildi eins skjótt og unnt er á fyrri hluta ársins 1993. Um það þarf ekki að fjölyrða.

Í öðru lagi er afar mikilvægt að ljúka án tafar staðfestingu samningsins. Um þetta atriði er rétt að taka fram eftirfarandi: Öll hin EFTA-ríkin, þar með talin Sviss og Liechtenstein, hafa þegar lokið staðfestingu samningsins á sínum þjóðþingum. Austurríki hefur þegar afhent fullgildingarskjöl sín. Forseti Finnlands undirritaði samninginn fyrir hönd finnskra stjórnvalda á föstudaginn og utanríkisviðskiptaráðherra Finna sagði að í framhaldi af því yrðu fullgildingarskjöl afhent af þeirra hálfu fljótlega. Því var lýst yfir af hálfu ráðherra Svíþjóðar og Noregs að í framhaldi af staðfestingu þinga þar, sem er löngu lokið, verði fullgildingarskjölin afhent fljótlega.

Þetta þýðir að Ísland er eina landið í hópi EFTA-ríkjanna sem ekki hefur lokið þinglegri umfjöllun málsins. Þessi áskorun um að mikilvægt sé að ljúka án tafar staðfestingu samningsins á því eingöngu við um Ísland.

Þriðja atriðið er að athugun hefjist þegar í stað á því hvaða tæknilegar breytingar þurfi að gera á samningnum. Um þetta er það að segja að svokölluð laganefnd EFTA hafði þegar komið saman í framhaldi af úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Sviss og lagði fram á fundinum greinargerð um það hvaða tæknileg atriði það væru sem þyrfti að skrá í hina fyrirhuguðu viðbótarbókun. Þar er vitnað til samþykktarinnar um hvernig við skuli brugðist í framhaldi af 129. gr., sem ég vitnaði til áðan. Eftirfarandi atriði eru grundvallarþættir slíkrar viðbótarbókunar:

Í fyrsta lagi að EES-samkomulagið skuli gilda milli undirritunaraðilanna. Í annan stað að öll ákvæði sem varða Sviss skuli ekki vera virk. Í þriðja lagi að tilvísanir í dagsetningu gildistöku, þ.e. 1. jan. 1993, skuli breytast. Í fjórða lagi ef bókun 38 varðandi sjóðinn komi til samninga þannig að hún breytist þá verði kveðið á um þær niðurstöður. Og í fimmta lagi verði nýtt ákvæði um gildistöku. Sama máli gegnir að því er varðar tæknilegar breytingar í kjölfar brotthvarfs Sviss í innbyrðis samningum EFTA-ríkjanna um eftirlitsstofnun, dómstól og fastanefnd. Af hálfu EFTA liggja því fyrir tillögur um það hverjar skuli vera þessar tæknilegu breytingar sem koma eigi í viðbótarbókun.

Fjórða atriðið er að þessi viðbótarbókun skuli vera tilbúin snemma í janúar 1993. Um það er það að segja að þegar hefur verið ákveðið að fyrsti sameiginlegi fundur EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins verður næsta mánudag. Ef samkomulag er milli aðila um þessa leið og inntak þessarar viðbótarbókunar þá má ætla að framhaldið verði tiltölulega auðsótt að því er varðar þá tímatöf sem fyrirsjáanleg er. Ég geri þó ekki ráð fyrir því að málinu ljúki á þeim fundi og fyrirhugaður er ráðherraráðsfundur Evrópubandalagsins 21. des. þar sem búast má við því að afstaða Evrópubandalagsins liggi ljós fyrir.

Um þetta er þó það að segja að með þessum samþykktum er afstaða EFTA-ríkjanna alveg skýr. Hver er þá afstaða Evrópubandalagsins? Á þessari stundu vitum við það eitt að utanríkisráðherra framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, Andriessen, hefur í fréttayfirlýsingum sagt að hann telji ástæðulaust að hefja nýjar samningaviðræður er taki til efnislegra þátta. Hann hefur jafnframt sagt að hann telji eðlilegt að því er varðar þróunarsjóðinn að upphæð í sjóðinn lækki sem samsvarar framlagi Sviss. Ef þetta verður staðfest niðurstaða Evrópubandalagsins þá mun tímatöfin verða lágmörkuð því þá virðist vera samkomulag um efnisatriðin.

Á hitt er svo að líta að af hálfu eins Evrópubandalagsríkis, Spánar, hefur því sjónarmiði verið lýst að Evrópubandalagið eigi að gera kröfu um að hin EFTA-ríkin deili með sér kostnaði sem samsvarar til framlags Sviss. Þetta mál er því í óvissu, a.m.k. fram að ráðherraráðsfundinum 21. des.

Fimmta atriðið er varðar niðurstöður okkar EFTA-ríkjanna var að við viljum stefna að því að samþykkja þessa viðbótarbókun á ríkjaráðstefnu sem haldin verði strax eftir að þetta samkomulag hefur tekist.

Þetta eru niðurstöður fundarins, virðulegi forseti. Það er kannski ástæða til að rifja upp að ekkert í þessum niðurstöðum þarf að koma á óvart því að í raun og veru er þetta í samræmi við samþykktina við 129. gr. sem lýsir því hvernig á skuli halda í slíkum tilvikum.

Niðurstöðurnar virðast því vera þessar: Af hálfu EFTA-ríkjanna er stefnt að því að gera engar breytingar á efnisatriðum samningsins. Hin EFTA-ríkin hafa öll þegar samþykkt samninginn. Sérstaka athygli vekur að forseti Finnlands hefur í gær, eftir niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Sviss, staðfest samninginn. Það staðfestir að Finnar telja ekki þörf á að breyta neinu þrátt fyrir að úrslitin liggja fyrir í Sviss. Hin EFTA-ríkin hafa öll gengið frá þessu. Ísland er eitt eftir. Samkvæmt þessum niðurstöðum erum við sammála um að engu þjóðþinga EFTA-ríkjanna sé neitt að vanbúnaði að ganga frá samþykktinni, sérstaklega í ljósi þess að formlega séð er staðfestingarfrumvarpið sem liggur fyrir Alþingi Íslendinga með þeim hætti að í 1. gr. er kveðið á um heimild til ríkisstjórnar til fullgildingar. En hin ákvæðin, þ.e. fullgildingin sjálf, ganga ekki í gildi við það eitt heldur síðar þegar allir aðilar hafa afhent sín fullgildingarskjöl.

Þess má geta að sá er munur á annars vegar EFTA-hliðinni og EB-hliðinni að EFTA megin eru það EFTA-ríkin sjálf sem eru samningsaðilar að því er varðar framhald málsins en EB megin framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins.

Ég vil þá víkja að tveimur spurningum, virðulegi forseti. Í fyrsta lagi hefur verið spurt í ljósi þess að Ísland er seinast EFTA-ríkjanna til að staðfesta samninginn: Gætum við núna gert þegar breytingar á þeim lagatexta sem fyrir liggur með það að markmiði að taka inn þessar tæknilegu breytingar sem hér er lagt til

að verði gerðar og sparað þinginu tíma þannig að það þyrfti ekki að koma til kasta Alþingis síðar?

Þá spyr maður: Hvaða breytingar ættu menn að framkvæma nú? Þar er ekki aðeins um að ræða tillögur EFTA-ríkjanna þótt samstaða sé um þær þeirra í milli heldur sameiginlega niðurstöðu ríkjaráðstefnu EFTA- og Evrópubandalagsríkja sem haldin verður síðar. Mér sýnist þess vegna, þótt eðlilegt sé að þetta mál sé skoðað vandlega, að það geti ekki orðið nú heldur séum við í þeirri stöðu að svara einfaldlega þeirri spurningu: Ætlum við að staðfesta þennan samning eins og hann liggur fyrir, eins og hann hefur verið samþykktur og staðfestur af öðrum EFTA-ríkjum?

Hin spurningin er þá þessi: Þegar boðað er til ríkjaráðstefnunnar er þá verið að ganga þar frá bókun sem í kjarna málsins er um að lýsa því að ákvæði samningsins, eins og þau liggja fyrir, gildi ekki að því er varðar Sviss? Í annan stað að því er varðar Liechtenstein, þar sem þjóðaratkvæðagreiðsla fer fram núna á sunnudaginn og flestir sem hafa tjáð sig virðast gera ráð fyrir því að úrslitin verði þar á sömu lund og í Sviss, mundi þá í þessari bókun einnig vera ákvæði sem tæki fram að ákvæði sem vísa til Liechtenstein séu ógild eða óvirk?

Þá er spurningin sem varðar Íslendinga EFTA-megin. Þegar komið verður til þessarar ríkjaráðstefnu, hvort sem það verður fyrr eða síðar, hvað á þá að segja um Ísland? Hver er afstaða Alþingis Íslendinga? Ætlumst við til þess að bandalagsþjóðir okkar, sem hafa gengið frá málinu að fullu og öllu, verði þar í einhverri óvissu? Eða vill Alþingi Íslendinga kveða upp úr um það að íslensk stjórnvöld hafi fullt umboð um framhald málsins?

Þetta er að sjálfsögðu spurning sem varðar bæði okkur og samstarfsaðila okkar í EFTA. Vegna þess að enginn getur svarað spurningunni um afstöðu Íslands annar en Alþingi Íslendinga. (**Gripið fram í:** Nú? Þú ert löngu búinn að því.) Ég endurtek, það getur enginn svarað um afstöðu Íslands annar en Alþingi Íslendinga en menn geta haft á því ýmsar skoðanir, virðulegi forseti. Það er rétt að það komi hér fram að óvissan um framtíð málsins að því er varðar EFTA-ríkin snýst auðvitað fyrst og fremst um niðurstöðu Alþingis Íslendinga. Af hálfu annarra ráðherra EFTA-ríkjanna var að sjálfsögðu spurt: Hvenær er niðurstöðu að vænta að því er varðar afgreiðslu Alþingis Íslendinga?

Það er eðlilegt að þær spurningar séu bornar fram vegna þess að upphaflega hafði verið gert samkomulag á hinu háa Alþingi þar sem stefnt var að því að málið skyldi til lykta leitt í lok nóvember. Það hefur ekki orðið. Í annan stað var þessum aðilum kunnugt um að samkomulag væri um að 2. umr. hæfist reyndar á þessum drottins degi. Þannig hefur verið ráð fyrir því gert að Ísland mundi útkljá þetta í tæka tíð fyrir hinn upphaflega gildistökudag 1. jan.

Í ljósi þess að þessar upplýsingar hafa ekki staðist og í ljósi þess að einstakir ráðherrar höfðu eftir þingmönnum sínum, sem átt höfðu viðræður við þingmenn í þingmannanefnd Alþingis Íslendinga, þær upplýsingar að það væri fullkomlega í óvissu hvort eða hvenær Alþingi Íslendinga lyki þessu máli er því ekkert launungarmál að bandalagsþjóðir okkar spyrja: Ætlar Alþingi Íslendinga að lúka þessu máli? Ef einhver óvissa er um það annaðhvort hvenær það verður gert eða hvort það verður yfirleitt gert þá er afar eðlilegt að þeir segi: Við viljum ógjarnan taka þá áhættu að þurfa að fara aftur í viðbótarbókun í framhaldi af Sviss og hugsanlega Liechtenstein ef þess kynni að þurfa að því er varðar Ísland. Þetta er ákaflega eðlilegt sjónarmið af þeirra hálfu og rétt að frá því sé skýrt þannig að hv. þm. sé fullkomlega ljóst hvernig samstarfsþjóðir okkar hugsa í því efni. (**Gripið fram í:** Hvað sagði ráðherrann um vilja Alþingis?) Ég lét það koma fram að þessum spurningum væri út af fyrir sig ekki hægt að svara með neinu þjóðréttarlegu öryggi. Hins vegar gætu menn ályktað út frá umræðunni og út frá atkvæðagreiðslum sem fram hefðu farið hér varðandi skyld mál að ekki væri vafi á að það væri meiri hluti á Alþingi Íslendinga fyrir samningnum.

Ég hygg að eftir bestu vitneskju sé það rétt mat. Það hefur komið fram að að því er varðar einstaka nafngreinda þingmenn úr stjórnarliðinu, ef ég skil þá rétt, séu tveir þeirra ekki samþykkir þessum samningi. Að því er varðar stjórnarandstöðuflokkana er ekki alls kostar allsherjareining í afstöðu til málsins.

En kjarni málsins er þessi: Spurningin er hver afstaða Alþingis Íslendinga sé. Ef svo fer að samkomulag takist milli beggja aðila um þessar lágmarks tæknilegu breytingar og að boðað verði mjög bráðlega til þessarar ríkjaráðstefnu í samræmi við bókun við 129. gr. verður það að liggja ljóst fyrir við afgreiðslu á þeirri bókun hvort það er á hreinu af hálfu Alþingis Íslendinga að þessi samningur hafi verið fullgiltur. Þessar niðurstöður eru með öðrum orðum mjög í samræmi við það sem fram kom í umræðum áður en til þessa fundar var boðað.

Virðulegi forseti. Kjarni þessa máls er því einfaldlega þessi: Það er sameiginlegt mat ríkisstjórna EFTA-landanna að fara þá leið að gera ekki efnislega breytingu á samningnum, að staðfesta hann eins og hann er, að undirbúa viðbótarbókun sem tekur á hinum tæknilegu aðlögunaratriðum sem varða ekki efnislega hagsmuni okkar heldur formsatriði. Eins og t.d. að kveða á um að samningurinn taki ekki til Sviss eða annarra ríkja sem kunna að heltast úr lestinni.

Málið virðist því liggja þannig fyrir að það séu engin efnisleg rök fyrir því að slá því á frest eins og haldið hefur verið fram, hvað þá heldur að málið sé dautt eða þær breytingar séu á orðnar að EFTA sé ekki lengur sú stoð sem ætlað var. Þessi samningur er ekki við EFTA. Hann er milli einstakra EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins. Um þetta er samkomulag. Um þau álitaefni, sem menn ræddu hér, er sameiginleg niðurstaða að því er varðar EFTA-ríkin.

Ég vil þess vegna eindregið, virðulegi forseti, hvetja hv. þm. til þess að lúka afgreiðslu þessa máls hið fyrsta alveg burt séð frá því hver afstaða þeirra er. Ekkert nýtt hefur komið fram í málinu sem ætti að breyta afstöðu manna og mönnum ætti ekki að vera

neitt að vanbúnaði að taka afstöðu. Það er niðurstaða þessa fundar að bæði út frá hagsmunum okkar sjálfra og út frá skuldbindingum okkar gagnvart samstarfsaðilum sé sú stund upp runnin að menn taki afstöðu.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Það hefur æðimikið breyst í þessu máli frá því að formaður framkvæmdastjórnar EB bauð EFTA-ríkjunum til viðræðna með frægri ræðu sinni í janúar 1989. Þá talaði Delors um tvær sterkar stoðir og lagði á það mikla áherslu m.a. að EFTA-stoðin ætti ekki síður að vera sjálfstæð og sterk en EB-stoðin þó að EB-stoðin yrði að sjálfsögðu eitthvað sverari.

Já, æðimikið hefur breyst hjá EFTA-stoðinni og hún ekki orðin nema svipur hjá sjón. Það lá smám saman fyrir að hin EFTA-ríkin hygðust sækja um fulla aðild að EB svo fljótt sem þau mættu. Það kemur mjög greinilega fram, sýnist mér, í því hvernig samningurinn hefur þróast í seinni meðferð hans að hugur hefur ekki fylgt máli hjá ýmsum EFTA-þjóðunum. Enda kemur nú þegar fram í viðtali við sendiherra Íslands í Genf, Kjartan Jóhannsson, að það sé í raun engin ástæða til að vera að hafa áhyggjur af vissum málum því að hin EFTA-ríkin ætli sem allra fyrst að ganga inn í EB.

Ég tel að með því sem nú hefur gerst hafi EFTA-stoðin sannarlega veikst gífurlega. Ég leit a.m.k. alltaf svo á að þátttaka Sviss í þessu væri afar mikilvæg og leit á það sem mjög styrkan þátt í umræddri EFTA-stoð. Sviss er ekki smáþjóð í raun þó landið sé lítið að ummáli. Sviss er með hæstu þjóðartekjur á hvern mann í heiminum. Og í Sviss er þjóð sem hefur tekist betur en nokkurri annarri þjóð að sigla í gegnum þennan ólgusjó efnahagserfiðleikanna. Ég tel það vera meiri háttar skell, ef ég má orða það svo, fyrir hin EFTA-löndin að Sviss hyggst ekki verða með.

Hæstv. utanrrh. gerði lítið úr þessu máli og taldi að við Íslendingar og Alþingi Íslendinga ættum að samþykkja samninginn eins og skot og á honum þyrfti engar breytingar að gera. Mér hefur raunar heyrst hæstv. utanrrh. draga nokkuð í land með þetta. Ég lýsi því hins vegar yfir að ég tel samninginn alls ekki þingtækan eins og hann er nú. Eða dettur einhverjum í hug t.d. að fara að samþykkja á hinu háa Alþingi 1. gr. frv. eins og það liggur fyrir? Þar er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd, með leyfi forseta, „samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls" o.s.frv. Og í 3. lið „samning um fastanefnd EFTA-ríkjanna sem undirritaður var í Óportó" o.s.frv.

Ég trúi því ekki að hæstv. utanrrh., sem er þingvanur maður, ætli Alþingi að samþykkja slíka markleysu. Þetta er hrein markleysa, ekkert annað en markleysa. Ég álít a.m.k. að slíkt frv. yrði að sjálfsögðu að breytast.

Í öðru lagi afhenti hæstv. utanrrh. utanrmn. í morgun drög að viðbótarbókun við samninginn — þær eru nú orðnar æðimargar — upp á sex síður. Það má vissulega orða það svo að þetta séu lítilfjörlegar breytingar. Þetta litla land Sviss dettur út og þá á þetta bara við okkur hin o.s.frv. Má segja að það sé meginatriði þessara breytinga. Gildistakan breytist þó líka samkvæmt þessum drögum til 1. júlí 1993, svo að eitthvað sé nefnt. Einnig er samkomulag um að þingmannanefndin breytist t.d., þ.e. fjöldinn í nefndinni, þar sem upp er talið hve margir skuli vera frá hverju landi eru bara eyður við.

Kannski er eitt það stærsta í þessu sýnist mér það sem snýr að dómstólnum og eftirlitsstofnuninni og sumt þar vekur upp vissar spurningar satt að segja. Þar breytist fjöldinn að sjálfsögðu. Sviss á ekki lengur aðild að þessum stofnunum. Hér segir t.d. í lauslegri þýðingu minni, með leyfi forseta: „Ákvarðanir dómstólsins skulu því aðeins gildar þegar ójöfn tala dómara tekur þátt í ákvörðuninni." Þetta sýnir hvílíkt klúður þetta er orðið. Með öðrum orðum er hér gert ráð fyrir því að dómararnir verði sex. Það væri fróðlegt að vita hvernig á að tryggja að aðeins fimm mæti. Það er ekkert sagt um það hér. Það segir að vísu að ákvörðun skuli gilda ef þrír mæta en það er ekkert sem tryggir það. Mér sýnist satt að segja að brotthvarf Sviss hljóti að vekja upp miklu fleiri spurningar en hæstv. utanrrh. hefur viljað láta að liggja í þessum umræðum.

Hæstv. utanrrh. sagði að snemma í janúar ætti að ganga frá þessari viðbótarbókun. Það er ekki langur tími, hæstv. utanrrh. Mér sýnist ljóst mál að Alþingi Íslendinga hlýtur að bíða með afgreiðslu samningsins þangað til hann liggur fyrir í endanlegri mynd. Ég lít satt að segja svo á að við séum svo heppin á hinu háa Alþingi að hafa ekki – eins og hin löndin – flýtt okkur um of við afgreiðslu samningsins. Við getum afgreitt hann og samþykkt, ef meiri hlutinn kýs, í réttu formi. Mér þykja það satt að segja heldur undarleg rök hjá hæstv. utanrrh. þegar hann segir að hin löndin eigi kröfu til þess að vita afstöðu okkar Íslendinga fyrir fram. Ég ætla ekki að fara út í það sem hann hefur lýst í því sambandi.

Hvernig var þegar allur þessi ferill hófst í þjóðþingum viðkomandi landa? Enginn vissi að sjálfsögðu þá hvort drögin yrðu samþykkt alls staðar. Staðreyndin er bara sú að við erum að hefja nýjan feril. Hinar þjóðirnar hafa samþykkt samninginn og ætla sér að gera það í raun og veru með breytingu á samningnum sem fer fyrir þjóðþingin. Við þurfum ekki að breyta samningnum eftir á.

Ég hygg því að langskynsamlegast í þessu sé að taka málið nú rólega og leggja síðan samninginn strax og unnt er í endanlegu formi fyrir Alþingi. Við höfum þegar unnið gífurlega mikið í þessum samningi og þá vinnu þarf ekki að endurtaka. Ég sé ekki t.d. að utanrmn. þurfi að sitja yfir því sem hefur gerst. Það sýnist mér ekki nema hún ætlar að koma saman á mánudaginn út af lagalegum atriðum þess sem ég er hér að tala um, þ.e. hvort samningurinn er þingtækur. Það er vitanlega nauðsynlegt að ganga úr skugga um það.

Ég ætla mér ekki að lengja þessa umræðu. Ég ætla að standa við það sem um hefur verið talað. Ég ætla ekki að endurtaka þau ummæli sem hæstv. utanrrh. hefur leyft sér að hafa um Alþingi erlendis og birtast í blöðum í dag og í sjónvarpi í gær. Þau eru náttúrlega slík að það er varla fært að endurtaka þau hér í

þingsölum, um líkamlegt þol alþingismanna o.s.frv. En heldur hæstv. utanrrh. að slík ummæli auðveldi meðferð þessa máls á hinu háa Alþingi? Ég tel mig hafa það mikla þingreynslu að ég geti svarað því án þess að bíða eftir svari utanrrh. Það gerir það að sjálfsögðu ekki. Og bara slík óvarkár ummæli og algjörlega tilefnislaus munu vitanlega valda því að málið verður allt miklu erfiðara í meðferð hér.

Ég gerði samning áður en ég fór til útlanda fyrir nokkru um að taka málið fyrir mitt leyti a.m.k. á dagskrá í dag. Og ég sagði þegar þetta var rætt í morgun að ég ætlaði að standa við það ef meiri hlutinn ákveddi slíkt þó ég teldi það afar óskynsamlegt. Mér skilst að meiri hlutinn hyggist taka málið til 2. umr. eftir helgina. Ég spyr: Hvað um öll efnahagsmálin? Hvað um öll frv. sem bíða afgreiðslu? Ætlar meiri hlutinn að guggna á þeim málum, ætlar hann að hrökkva frá þeim? Við höfum átta virka daga að laugardegi meðtöldum til jóla og tel ég þá með dagana 21. og 22. des. Hvenær á að taka þau mál fyrir sem hæstv. ríkisstjórn hefur heitið að afgreiða hér og teljast til efnahagsmálanna? Ég spyr því hvort hæstv. utanrrh. hafi hugleitt þetta mál. Þegar fyrir liggur að samningurinn í endanlegri gerð á að liggja fyrir, eins og hann sagði áðan, snemma í janúar þá sé ég ekki að miklu sé tapað.

Vitanlega mætti spyrja ýmissa spurninga í þessu sambandi. Hér er látið að því liggja að það eina sem gæti í raun breyst með brotthvarfi Sviss sé greiðslan í þróunarsjóðinn. Sviss á að greiða 28%, eða 37 milljarða kr. ef ég man rétt. Það er töluverð breyting og liggur ekki enn þá fyrir hvernig því verður skipt. Er ekki eðlilegt að Alþingi viti það áður en það afgreiðir þennan samning?

Svo er annað mál. Ég spurði í morgun: Hver er áætlaður kostnaður við rekstur EFTA vegna hins Evrópska efnahagssvæðis? Ég fékk engin svör. En ég get að vísu upplýst að hið virta tímarit Financial Times segir að áætlaður kostnaður sé 100 milljónir svissneskra franka eða um 4,4–4,5 milljarðar ísl. kr. Það virta blað telur að það hljóti að vera umhugsunarefni hjá EFTA-ríkjunum sem eftir verða hvernig því verður skipt. Ég vildi gjarnan vita hvort hæstv. utanrrh. hefur af því engar áhyggjur. Ég held satt að segja að Alþingi hljóti að gera kröfur til þess að fá einnig slíkar upplýsingar.

Eins og ég sagði áðan er alls ekki ætlun mín að tefja fyrir þessu máli á nokkurn máta og væri að mörgu leyti hentugt að fá það út úr heiminum á annan hvorn veginn þannig að við getum farið að snúa okkur að þeim málum sem varða okkur Íslendinga mest a.m.k. á líðandi stundu, hvernig á að reisa hið íslenska atvinnulíf úr þeirri rúst sem afskiptaleysisstefna og frjálshyggja hæstv. ríkisstjórnar hefur keyrt það í. Það er mál sem þolir enga bið. En þetta mál þolir vel bið fram í janúar.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Yfirlýsingar hæstv. utanrrh. í þessu máli fyrr í þessari viku og svo hér í dag eru satt að segja orðnar með þeim hætti að það er dálítið erfitt að ræða málið án þess að velta því fyrir sér: Er hæstv. utanrrh. marktækur í málinu eða ekki?

Á Alþingi fyrr í þessari viku og í fjölmiðlum landsins setti hæstv. utanrrh. fram fjögur atriði sem þjóðin öll man. Það vill svo til að með ræðu hans hér í dag og afgreiðslu ráðherrafundar EFTA í gær á málinu reynast allar þessar yfirlýsingar hæstv. utanrrh. vera rangar.

Í fyrsta lagi sagði hæstv. utanrrh. að það væri skilyrði fyrir því að Ísland gæti tekið þátt í ráðstefnunni um framhald EES að Alþingi afgreiddi EES-samninginn fyrir jól. Þegar var sýnt fram á það næstu dagana á eftir að þetta voru hreinar rangfærslur og merkilegt að vita hvort hæstv. utanrrh. þekkti ekki betur málið en svo eða hvort hann fór vísvitandi með rangfærslur.

Í öðru lagi sagði hæstv. ráðherra hvað eftir annað á Alþingi og í fjölmiðlum að þetta væri ekkert mál. Það eina sem þyrfti að gera væri að strika Sviss út úr EES-samningnum. Hvað kemur í ljós eftir ráðherrafund EFTA? Þá kemur í ljós að þetta er líka rangt. Það er alls ekki ætlunin núna að strika Sviss út úr samningnum heldur á það þvert á móti að standa.

Í þriðja lagi sagði hæstv. utanrrh. að það sem þyrfti að gera væri að strika EFTA alls staðar út úr samningnum. Sagði það hvað eftir annað á Alþingi og í fjölmiðlum fyrr í þessari viku. Nú segir hæstv. utanrrh. hins vegar að það eigi alls ekki að gera heldur eigi EFTA að fá að standa alls staðar í samningnum.

Í fjórða lagi sagði hæstv. utanrrh. á Alþingi að þetta væri ekki samningur EFTA sem stofnunar heldur bara EFTA-ríkjanna og það ætti að taka skýrt fram að það væru EFTA-ríkin. Nú aftur á móti kemur hæstv. utanrrh. með drög að prótókolli frá laganefnd EFTA, sem ræddur var á ráðherrafundinum, þar sem alls staðar stendur EFTA en ekki EFTA-ríkin. Alls staðar þar sem vikið er að dómstólnum stendur „dómstóll EFTA“, alls staðar þar sem stendur eftirlitsstofnunin stendur „eftirlitsstofnun EFTA“.

Í öllum þeim fjórum höfuðatriðum sem utanrrh. byggði málflutning sinn á dagana eftir að úrslitin lágu fyrir í Sviss hefur nú komið í ljós að hann hefur reynst fara með rangt mál. Það sýnir auðvitað hvað það er hæpið fyrir hæstv. ráðherra og aðra að vera að rjúka til og lýsa því yfir að hlutirnir séu svona og svona og svona með satt að segja miklu stærilæti og miklum hroka í garð þingsins og annarra sem eru að spyrja hann, að þeir ættu nú að vita þetta, þegar á innan við viku kemur í ljós að í öllum þessum höfuðatriðum hefur ráðherrann reynst fara með rangt mál. Það er ekkert skilyrði fyrir þátttöku Íslands í samráðsráðstefnunni að EES-samningurinn sé afgreiddur hér fyrir jól. Það er ekki ætlunin að strika Sviss út úr EES-samningnum. Það er ekki ætlunin að strika EFTA út úr EES-samningnum. Og það stendur ekki EFTA-ríkin í þeim nýja prótókolli sem ráðherrann kemur nú með frá Genf.

Síðan er það líka ljóst að það sem gerðist í Genf er bara lítill hluti málsins vegna þess að hinn samningsaðilinn, þ.e. Evrópubandalagið, er ekki búinn að segja neitt um málið. Hæstv. ráðherra, Jón Baldvin Hanni-

balsson, kemur hér og segir: Það er niðurstaða EFTA að það eigi ekki að breyta neinu í samningnum. En hver er afstaða EB, sem er hinn sterki aðili í þessum samningaviðræðum? Það liggur ekkert fyrir. Eins og hér kom fram áðan verður það fyrst á ráðherrafundi Evrópubandalagsins 21. des. sem það mun liggja fyrir. Svo það er auðvitað alveg ljóst að við á Alþingi getum ekki haft neina hugmynd um það hvað hinn samningsaðilinn segir í upphafi þessara breytinga sem nú þarf að gera fyrr en eftir 21. des. þegar ráðherraráð Evrópubandalagsins er búið að halda sams konar fund og EFTA hélt í gær.

Þess vegna blasir það við, hæstv. utanrrh., að það er ekkert formsatriði af neinu tagi sem knýr Alþingi Íslendinga til þess að afgreiða EES-samninginn á næstunni. Það er ekkert formsatriði. Það er bara spurning um pólitískt mat eða pólitískt stolt eða pólitíska metnað sem þar hlýtur að ráða.

Evrópubandalagið tekur hlutunum mjög rólega. Evrópubandalagið hefur enn þá ekki sagt neitt í málinu. Evrópubandalagið ætlar ekki að koma saman á ráðherrafund fyrr en 21. des. Og það sem meira er um vert, það var staðfest af hálfu utanrrh. í morgun á fundi utanrmn. að innan Evrópubandalagsins er allt í fullkominni óvissu um það hvenær öll Evrópubandalagsríkin verða búin að staðfesta EES-samninginn. Það er nefnilega mjög merkileg staðreynd. Það liggur núna nokkurn veginn ljóst fyrir að ekki verða öll Evrópubandalagsríkin búin að staðfesta EES-samninginn fyrir áramót. Þess vegna hlýtur maður auðvitað að spyrja að því hér í þeim miklu önnum og efnahagserfiðleikum sem við erum í á Alþingi og þjóðin öll: Af hverju verður við á Íslandi að rjúka til og ljúka við að afgreiða þennan ófullkomna samning fyrir jól þegar öll aðildarríki Evrópubandalagsins sjálfs ætla ekki að gera það? Sterki aðilinn í þessum samningi, EB, hefur talað alveg skýrri röddu í málinu. Þeim liggur ekkert á. Þeir ætla ekki að halda sinn ráðherrafund fyrr en rétt fyrir jól og þeir ætla ekkert að afgreiða EES-samninginn fyrir áramót. Eigum við þá hér að fara að verða kaþólskari en sjálfur EB-páfinn í þessum málum? Auðvitað ekki.

Við eigum auðvitað að taka okkur þann tíma sem við þurfum. Við eigum að skoða þá prótókolla sem nú hafa verið lagðir fyrir. Ég fagna því að það hefur verið ákveðið að utanrmn. komi saman á mánudaginn til þess að kalla til sín lögfræðinga og skoða þessa nýju texta sem nú liggja fyrir.

Ég hef sett fram það sjónarmið að ég tel eðlilegt að nefndin skoði á nýjan leik það staðfestingarfrumvarp sem hér hefur verið lagt fram. og ég tek undir með hv. þm. Steingrími Hermannssyni sem sagði áðan að staðfestingarfrumvarpið er markleysa eins og það er. Hvers vegna eigum við að hefja 2. umr. um frv. sem er markleysa í þeim búningi sem það er? Fyrst skulum við flytja þær brtt. sem þarf að flytja og svo ræða málin. Ég hélt satt að segja að við hefðum nóg annað að gera á Alþingi en að fara að eyða tímanum í að ræða frv. sem er markleysa í þeim búningi sem það er nú.

Öll skynsemi mælir þess vegna með því að bíða um sinn a.m.k. Bíða eftir ráðherrafundi Evrópubandalagsins, bíða eftir því að við höfum skoðað þessa nýju prótókolla, bíða eftir álitsgerðum lögfræðinga um það með hvaða hætti á að taka á málinu. Og bíða svo eftir því hverjar verða fjárhagskröfur Evrópubandalagsins til EFTA-ríkjanna þegar Sviss er komið út. Halda menn virkilega að Evrópubandalagið komi ekki með fjárhagskröfur á hin EFTA-ríkin þegar það ríki sem átti að bera stærstu fjárhagsbyrðarnar, Sviss, ætlar ekki að bera þær lengur? Evrópubandalagið hefur lagt sig í samningalotu fyrir minni upphæðir en þær sem detta úr þegar Sviss er komið út úr þessu mikla fjárhagsmunstri.

Hvað um annan kostnað í þessum málum? Er ekki rétt að við fáum að vita hvað margir tugir eða hundruð milljóna koma til með að falla á Íslendinga til viðbótar ef við eigum að samþykkja þennan samning? Við erum að elta milljón og nokkur hundruð þúsund í fjárlögunum og erum í miklum fæðingarhríðum og erfiðleikum, eins og formaður fjárln. Karl Steinar Guðnason hefur lýst fyrir þjóðinni á undanförnum dögum. En þegar kemur að hundruðum milljóna sem á hugsanlega að bæta á Íslendinga út af því sem er gert með EES þá þarf ekkert að skoða málin. Þá er buddan opin. Þá er bara sjálfsagt að greiða úr ríkiskassanum. En það er grátur og gnístran tanna ef það á að koma 100 þús. eða hálf milljón í eitt eða annað hér.

Þetta mál er allt þannig því miður að það liggur allt öðruvísi fyrir í dag en þegar utanrrh. lagði það fyrir í þinginu eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna í Sviss og getur þess vegna legið allt öðruvísi fyrir eftir ráðherrafund Evrópubandalagsins 21. des. Öll skynsemi mælir þess vegna með því að við tökum því rólega.

Ég ætla svo að segja við hæstv. utanrrh. það sama og ég sagði við hann á fundi utanrmn. í morgun. Það væri skynsamlegt hjá honum að biðja Alþingi Íslendinga afsökunar á ummælum sínum á erlendri grundu um atkvæðagreiðslu á Alþingi og einnig ummælunum um Alþingi sem stofnun og starfshætti þar, a.m.k. um atkvæðagreiðsluna á Alþingi. Að ráðherra í ríkisstjórn Íslands, utanrrh. Íslands, skuli á opinberum vettvangi, blaðamannafundi eftir ráðherrafund EFTA í Genf, lýsa því yfir að atkvæðagreiðsla, sem ekki hefur farið fram á Alþingi, muni fara þannig að 33 verði með, 22 á móti og 8 sitji hjá. Auðvitað var ráðherrann í miklum erfiðleikum áðan með að reyna að réttlæta þessi mistök. Hann sagði réttilega hér áðan að enginn gæti svarað um afstöðu Alþingis nema Alþingi Íslendinga. Hvers vegna var hann þá að svara í Genf? Hverjir eru þessir tveir þingmenn stjórnarliðsins sem hann sagði í ræðustólnum að ætluðu að greiða atkvæði á móti EES? Hverjir eru það, hæstv. ráðherra? Og hverjir eru þessir átta sem ætla að sitja hjá? Hverjir eru þessir 22 sem ætla að greiða atkvæði á móti? Hvað á það að þýða að utanrrh. Íslands fari á erlendan vettvang og lýsi atkvæðagreiðslum á Alþingi sem hafa ekki farið fram? Þetta er auðvitað slík vanvirða við þingið, slík vanvirða fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum og rétti þingsins sjálfs að ef hæstv. utanrrh. vill eiga gott samstarf við þingið í málinu það sem eftir er, þá á hann að hafa

manndóm til að biðjast afsökunar á þessum orðum sínum. Ég er viss um að við í þingsalnum munum þá fyrirgefa honum þau og meta hann mann að meiri fyrir að biðjast afsökunar á þeim.

Ef hann ætlar að láta þessi orð standa án þess að biðjast afsökunar á þeim er það auðvitað slík framkoma við Alþingi Íslendinga að í raun og veru væri það í þroskuðum lýðræðisríkjum tilefni fyrir ráðherrann að segja af sér. Ráðherra sem segir við fulltrúa erlendra ríkja hvernig hlutirnir muni fara á Alþingi Íslendinga upp á mann, upp á tölu, er að ganga inn á slíka braut að það er ekki hægt fyrir þjóðþingið að starfa við þær aðstæður.

Ég vona þess vegna að hæstv. ráðherra, ef hann gerir það ekki í dag, noti helgina til þess að hugsa sig um í rólegheitum og biðji þingið afsökunar á þessum orðum sínum eftir helgina og síðan skoðum við málin í rólegheitum á næstu dögum.

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég þakka utanrrh. fyrir skýrslu hans um fundina í Genf og ég tel að með þessum umræðum í dag séum við að fjalla um þá formlegu hlið þessa máls sem upp hefur komið eftir að Svisslendingar höfnuðu með þjóðaratkvæði aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Mér finnst það blasa við eftir fundina í Genf að Svisslendingum er það kappsmál að þeir verði ekki útilokaðir frá þátttöku í þessu samstarfi þegar fram líða stundir.

Mér finnst það líka liggja ljóst fyrir að svissnesk stjórnvöld hafa það sem stefnu sína að geta gerst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu þegar fram líða stundir. Það hefur komið fram í umræðum í Sviss að stuðningsmenn þessa máls telja að sá frestur sem Svisslendingum var gefinn og var stuttur vegna þess að málið dróst í meðförum, eins og við vitum og höfum rætt á Alþingi áður, að krafan um að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu í Sviss 6. des. hefði verið ósanngjörn miðað við framvindu málsins og þeir hefðu í raun þurft lengri tíma til þess að taka afstöðu til þess og atkvæðagreiðslan hefði farið á annan veg ef þessi tími hefði gefist. Þetta eru sjónarmið sem fram hafa komið í umræðum í Sviss og það er alveg ljóst að stjórnvöld hafa það á stefnu sinni að endurtaka þessa þjóðaratkvæðagreiðslu. Það eru líka hefðir fyrir því þar í landi.

Mér finnst því að eins og þessar hugmyndir liggja fyrir, sem við höfum kynnst eftir fund í utanrmn. í morgun, sé einmitt stefnt að breytingum sem auðvelda Svisslendingum að hefja virka þátttöku í þessu samstarfi þegar fram líða stundir.

Það kemur einnig í ljós í skýrslu ráðherrans og gögnum sem okkur þingmönnum hafa verið kynnt að þær breytingar sem þarf að gera eru þess eðlis að þar er ekki um upptöku á samningnum sjálfum að ræða. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið stendur óbreyttur. Það sem fyrir liggur er annars vegar að líta á tvíhliða samning EFTA-ríkjanna um dómstól, fastanefnd og eftirlitsstofnun og taka tillit til þess hvernig fjölda er háttað í þeim eftir brotthvarf Sviss og síðan að líta á bókun með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið sem tekur á þeirri stöðu sem skapast hefur eftir að Svisslendingar hafa komist að þessari niðurstöðu sinni. Ekkert af þessu er óyfirstíganlegt eða það erfitt í framkvæmd að það stofni þessu máli í voða eða valdi því að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið verði ekki að veruleika.

Eins og fram hefur komið erum við á Alþingi í þeirri sérstöðu miðað við þjóðþing EFTA-ríkjanna að við höfum ekki lokið endanlegri málsmeðferð. Ég var að vona að við hefðum getað hafið 2. umr. málsins í dag en það er nauðsynlegt að klára það formsatriði sem snýr að því sem við erum að tala um hér áður. En það er ekkert því til fyrirstöðu að mínu mati að við höldum áfram meðferð málsins. Það tel ég að verði einnig niðurstaðan eftir að við höfum hlýtt á lögfræðilegar álitsgerðir í utanrmn., en það munum við gera á mánudaginn.

Ég tel ekki ástæðu til þess hér að setja það fyrir sig að Alþingi er að fjalla um fjárhagsleg og efnahagsleg mál á þessum síðustu dögum fyrir áramót og þess vegna eigi Alþingi ekki að taka á frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið og afgreiða það. Þetta frv. snertir ekki síst afkomu íslensku þjóðarinnar og stöðu hennar í efnahagslegu tilliti. Strax eftir að Svisslendingar höfðu hafnað þessum samningi komu, eins og við alþingismenn vitum, fram hvatningar frá bæði verkalýðshreyfingunni og atvinnurekendum og öðrum aðilum í þjóðfélaginu um það að Alþingi léti þetta ekki fipa sig í meðferð málsins því að það væri svo brýnt að ná þessum samningi og Ísland gerðist aðili að honum einmitt vegna atvinnumála í landinu og efnahagsstarfseminnar.

Ég lít því þannig á að það sé tengt þeim miklu úrlausnarefnum sem við erum að glíma við í efnahags- og atvinnumálum að afgreiða þennan samning núna þannig að enginn vafi sé á afstöðu Íslendinga til þessa máls og enginn þurfi að velkjast í vafa um hver sé afstaða Alþingis í málinu og það sé liður okkar þingmanna í því að bæta úr atvinnumálum og styrkja efnahagslega stöðu í landinu. Þessi sjónarmið voru áréttuð mjög af aðilum utan Alþingis eftir að Svisslendingar höfðu hafnað samningnum og ég vil aðeins minna á þær skoðanir í dag.

Það er alveg ljóst að ekki þarf að breyta neinu í EES-samningnum og það er um hann sem þetta frv. fjallar sem við höfum verið að fara yfir í þinginu. Það breytir ekki þeim kjarna málsins að við getum fjallað áfram um málið. Ég tek ekki undir það með hv. þm. sem töluðu á undan mér, Steingrími Hermannssyni og Ólafi Ragnari Grímssyni, að staðfestingarfrv., það frv. sem við höfum og höfum verið að fjalla um m.a. í utanrmn. og er í fimm greinum, sé orðin markleysa. Ég get ekki fallist á þá skoðun og sé engin rök fyrir því að líta þannig á að það frv. sé orðið markleysa. Þvert á móti finnst mér að það hafi sannast í meðferðinni að frv. er skynsamlega samið og það er ekkert í því sem í sjálfu sér stenst ekki þrátt fyrir að Svisslendingar hafa hafnað aðild að Evrópska efnahagssvæðinu.

Mér finnst margir menn tala í þinginu um þetta mál

á þann veg að Svisslendingar og afstaða Svisslendinga hafi ráðið úrslitum um það hvort Íslendingar gerist aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu eða ekki. Svo er að sjálfsögðu ekki. Það sem ræður okkar mati er að sjálfsögðu hagsmunamat okkar sem Íslendinga og staða okkar í samfélagi Evrópuþjóðanna. Það breytist ekki þótt Svisslendingar hverfi á brott. Ég er í hópi þeirra sem vona að þeir eigi eftir að slást í hópinn að nýju og unnt verði að halda þessu máli áfram eins og til var stofnað í upphafi og ég sé ekki að neitt hafi gerst sem útiloki það. Mér finnst að þær bókanir sem nú verða samþykktar eigi að taka mið af þeim óskum Svisslendinga að þeir geti slegist í hópinn að nýju þegar fram líða stundir eins og pólitískur vilji stendur til og þarf að ræða nánar í því landi. Það er sérmál þeirra sem við eigum ekki að hafa afskipti af. Við eigum að taka mið af okkar hagsmunum og þeir mæla eindregið með því að við göngum frá þessu máli í þinginu í næstu viku. Ég sé ekki að það eigi að tefja neitt fyrir því að við tökum á öðrum mikilvægum málum sem fyrir þinginu liggja um þessar mundir.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Þetta EES-mál verður alltaf dæmalausara eftir því sem lengra líður og hæstv. utanrrh. fer á fleiri fundi og talar meira um þetta mál. Áður en ég kem að málinu frá hans hálfu langar mig til að aðeins að gera að umtalsefni það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði áðan að það hafi mikil áhrif á atvinnulíf og efnahagslíf Íslendinga að samþykkja þennan samning nú þegar. Hann veit það jafn vel og ég að það hefur ekkert með málið að gera hvort Alþingi samþykkir samninginn í dag eða á morgun eða í næstu viku eða einhvern tíma í janúar því að hann tekur ekki gildi fyrr en tíma síðar á árinu. Núna er talið að hann taki ekki gildi fyrr en 1. júlí 1993. Það er því er auðvitað út í bláinn að halda því fram og einhver misskilningur af hálfu þeirra sem talað hafa í fjölmiðlum af hálfu atvinnulífsins, eins og hér var vitnað til, þegar þeir tala um að það þurfi að samþykkja samninginn nú þegar. Hann tekur ekki gildi nærri strax.

Þetta vildi ég segja, virðulegur forseti, þar sem greinilegt er að margir halda að það sem við erum að ræða um hér sé einhver töf á gildistöku samningsins af okkar hálfu. Það er ekki um það að ræða. Það sem skiptir máli núna er að í frv. til laga um Evrópskt efnahagssvæði, sem liggur fyrir Alþingi, felst heimild til að fullgilda fyrir Íslands hönd þennan samning. Það stendur greinilega í 1. gr. frv., með leyfi forseta, „...aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar," þegar verið er að tala um samninginn sem undirritaður var í Óportó 2. maí 1992. Það er þess vegna greinilegt að þarna er verið að tala um ákveðinn samning sem undirritaður var og þarf síðan að gera breytingar á að einhverju leyti og það þarf að gera breytingar á frv. Það er alveg ljóst. Að mínu mati er alveg út í bláinn að ætlast til þess að Alþingi fjalli um frekar um frv. fyrr en fyrir liggur hvernig það á að líta út í endanlegri mynd.

Hæstv. utanrrh. hefur margoft sagt að það þurfi aðeins að gera tæknilegar breytingar á frv. og aðeins sé um smámál að ræða. Ég er honum ekki sammála. Það hlýtur að vera meira en lítið mál þegar eitt eða e.t.v. fleiri EFTA-ríki eru ekki aðilar að þessum samningi. Sviss átti t.d. að greiða drjúgan hluta af framlögum í þróunarsjóðinn, eins og hér hefur verið rætt um og alls óvíst hvernig það mál mun fara. Einnig átti Sviss að taka þátt í kostnaði við dómstól og eftirlitsstofnun. Þetta er því ekki bara eitthvað sem hægt er að segja að skipti ekki neinu máli. EFTA er ekki lengur sú stoð sem það átti að vera. Það var talað um að EFTA yrði önnur stoðin í þessum samningi. Það er búið að veikja þá stoð verulega. Það sem margoft hefur verið talað um hér að EFTA tali einum rómi getur ekki lengur staðist. Í EFTA-samningnum er miðað við að allir séu þar sammála og allar ákvarðanir verði teknar samhljóða en það getur ekki lengur staðist. Það hlýtur því að þurfa að gera verulegar breytingar bæði á þessum samþykktum sem hér eru sem og samþykktum milli EFTA-ríkjanna og þeim samningi sem þar er í gildi. Þarna þarf því verulegar breytingar hvort sem það tekur langan eða stuttan tíma. Um það skal ég hins vegar ekkert um segja. Það getur vel verið að það þurfi ekki svo langan tíma til þess.

Einnig hefur komið fram að Spánverjar hafa sett fram kröfu um breytingar vegna þess að þeir sætta sig ekki við að framlag Sviss verði ekki reitt fram, þ.e. jafnhá upphæð. Einnig hafa Spánverjar séð ýmislegt meira í þessum samningi að því er varðar Sviss, bæði innflutning á vörum til Sviss sem og ýmis önnur mál sem tengjast Spáni sérstaklega. Ekki liggur heldur fyrir hvað önnur EB-ríki setja fram í þessu máli. Það er alveg ljóst að eftir nýjustu upplýsingum eru einungis þrjú EB-ríki búin að staðfesta þennan samning og alls óvíst hvaða afstöðu þau taka eftir þessar breytingar. En það kemur væntanlega í ljós fljótlega þegar EB hefur gert sér grein fyrir stöðu mála hjá sér. Upplýst hefur verið að fyrsti fundur þeirra muni væntanlega verða þann 21. des. Málið verður kannski eitthvað skýrara þegar niðurstaða þess fundar liggur fyrir.

En ef við snúum okkur að meðferð málsins á Alþingi þá hlýtur að vera eðlilegt að fresta frekari umfjöllun málsins þangað til við vitum hvernig frv. á að líta endanlega út. Það þarf að gera á því breytingar og það liggur ekkert fyrir hvað menn koma sér saman um. Það er því eðlilegt að Alþingi taki málið til umfjöllunar þegar það liggur fyrir.

Ég vil vekja athygli á því að í gögnum frá Genf er talað um þá sem hafa skrifað undir en ekki þá sem hafa staðfest. Þar kemur alveg greinilega fram að það hefur ekkert með framhald málsins að gera hvort Alþingi Íslendinga gerir einhverja málamyndastaðfestingu eða heimilar ríkisstjórninni að fullgilda samninginn fyrir sína hönd.

Það er auðvitað alveg óþolandi fyrir Alþingi Íslendinga að einhverjir ráðherrar úti í heimi séu að senda hingað skilaboð um það hvernig við eigum að standa að afgreiðslu málsins. Það kemur fram í Mogrunblaðinu í dag, og reyndar í fréttum í gær einnig, að erlendir ráðherrar eru að tala um að Íslend-

ingar verði að ljúka staðfestingu samningsins án tafar. Það er auðvitað algjörlega óþolandi fyrir Alþingi að fá slík skilaboð.

Síðan mátti skilja það á hæstv. utanrrh. að ekki þyrfti að leggja samninginn að nýju fyrir Alþingi ef honum yrði breytt. Hann talaði sérstaklega um að forseti Finnlands hafi staðfest samninginn núna í gær og í Dagblaðinu er haft eftir honum að það hafi hann gert á þeirri forsendu að ekki þurfi frekari þingstaðfestingu. Það er eins og þarna sé verið að tala um að Alþingi Íslendinga geti bara samþykkt þetta frv. og þennan samning eins og hann liggur fyrir núna og síðan þurfi ekki frekari þingstaðfestingar við. Þetta sagði hann ekki með beinum orðum hér en með þessu er hann að gefa í skyn að Alþingi þurfi ekki að taka breyttan samning fyrir að nýju.

Það er mjög alvarlegt og raunar alveg makalaust að fylgjast með því hvernig hæstv. utanrrh. talar um Alþingi á blaðamannafundinum eftir ráðherrafundinn í Genf í gær þar sem hann gerir lítið úr Alþingi og talar um það nákvæmlega hvernig hann telur að atkvæðagreiðslan muni fara. Það má kannski spyrja hvort að hinir hafi þá ekki trúað honum. Taka þeir ekki mark á því sem hæstv. utanrrh. segir? Ef hann telur sig vera svona öruggan um pólitíska vilja á Alþingi til hvers þarf hann þá að vera að fá niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar hér? Er ekki nóg fyrir hann að segja þeim þarna úti hvernig alþingismenn muni greiða atkvæði og þarf hann nokkuð meira við? Eða er hann búinn að segja svo margt að þeir trúa ekki lengur því sem hann segir?

Virðulegur forseti. Ég tel mjög það alvarlegt sem eftir hæstv. ráðherra er haft í Dagblaðinu í dag þar sem hann segir, ef ég má vitna orðrétt í það sem þar stendur, með leyfi forseta: „Það gengur illa að gera mönnum grein fyrir þeirri hefð að á Alþingi skuli engin þingsköp vera og það ráðist af líkamlegu þoli manna, andvökum og þvagfærum hversu lengi mál eru í þinginu. Þetta er óþekkt og óskiljanlegt öðrum þjóðum." Það er svo makalaust að ráðherrann skuli leyfa sér að hafa þessi orð um Alþingi eftir ráðherrafundinn í Genf að það er ... (**Gripið fram í:** Sagði hann þetta þar?) Í Dagblaðinu segir: „... sagði Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. í Genf í gær að loknum ráðherrafundi EFTA". Í Dagblaðinu er það haft innan gæsalappa og er því, ef rétt er haft eftir, orðrétt eftir honum haft. Þetta er svo mikil óvirðing að ég veit ekki hvort Alþingi geti látið það yfir sig ganga að hæstv. ráðherrann skuli leyfa sér að hafa slík orð um Alþingi.

Ég vil því ítreka það sem ég sagði áðan að ég tel eðlilega málsmeðferð að fresta málinu þangað til ljóst er hver niðurstaðan verður. Ég held að þeir sem eru ákafastir í því að koma þessu máli í gegnum þingið þurfi ekki að hafa nokkrar áhyggjur af því. Það sparar engan tíma að keyra þetta mál áfram núna ef hvort sem er þarf að taka það allt upp aftur á næsta ári. Miklu eðlilegra er því fyrir Alþingi að leggja áherslu á það að fá málið í endanlegri mynd og afgreiða það svo með eðlilegum hætti fljótlega á næsta ári eða þegar ljóst er orðið hvernig það lítur út. Á þessari stundu veit enginn hvernig það muni verða því að EB-ríkin eiga eftir að fjalla um málin auk þess sem ekki er enn ljóst hvernig EFTA-ríkin munu endanlega ganga frá málinu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hefur hæstv. utanrrh. flutt skýrslu og sagt okkur frá ýmsu af því sem hann varð vísari í Sviss. Ég vildi gjarnan geta verið í þeirri stöðu að geta treyst því að hæstv. utanrrh. væri að segja þingi og þjóð sannleikann. Því miður gerðist það, eins og fram hefur komið í sjónvarpi og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl., vék að í þingræðu, að hæstv. utanrrh. taldi sig ekki þurfa að segja þjóðinni satt um formsatriði málsins.

Ég viðurkenni það að ég var svo bláeygður að ég átti ekki hugmyndaflug til þess að láta mér detta í hug að íslenska þjóðin hefði utanrrh. sem ekki teldi nauðsynlegt að segja sannleikann um formsatriði. Það má lengi deila um það þegar komið er að skoðunum hver hefur rétt fyrir sér en formsatriðin hélt ég að þyrftu ekki að vera deiluefni.

Nú aftur á móti blasir það við að við erum frædd á því að það séu mest tæknilegir hlutir sem þurfi lagfæringar við. Þó er það svo að þessi samningur fjallar um peninga. Það fyrsta sem við rekum okkur á er að Sviss, sem var aðalgreiðandinn í þróunarsjóðinn, hefur sagt sig frá því og Spánn fer fram á að greidd verði sama upphæð og upphaflega var um talað og hinar þjóðirnar greiði það sem á vantar.

Í annan stað láta menn að því liggja að reksturskostnaður sé upp á 4,4 milljarða. Það blasir við að allar hinar þjóðirnar ætla að sækja um inngöngu í EB. Þær eru þess vegna í reynd að segja sig frá því að greiða þennan reksturskostnað strax eftir áramótin í ofanálag. Allt ætti þetta að vera umhugsunarefni fyrir þá sem hafa horft á þetta sem bisniss. Fyrir mér hefur þetta aldrei verið bisniss, fyrir mér hefur þetta verið spurning um sjálfstæði íslensku þjóðarinnar, hvert við ætluðum að stefna í þeim efnum.

Hins vegar held ég að það væri hollt að nota friðinn um jól og áramót til þess að meta það hvort við séum ekki í reynd komnir aftur á byrjunarreit hvað það snertir að við þurfum að svara þeirri spurningu af yfirvegaðri ró: Eigum við ekki númer eitt, tvö og þrjú að leita eftir tvíhliða samningi við Efnahagsbandalagið? Þær þjóðir sem í upphafi fóru í samningsgerð við EB hafa að sjálfsögðu ekki haft neina sérstaka þörf fyrir að gera þennan samning vandaðan vegna þess að þær hafa aldrei ætlað að búa við hann nema örstutta stund. Þær ætla sér að ganga inn í EB. Jafnframt er það upplýst að menn hafi áhuga á því að bjóða löndum sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum inn í EFTA og e.t.v. setja nýtt nafn á þetta fríverslunarbandalag og kalla það biðsalinn fyrir EB. Í hvaða félagsskap sitjum við þá eftir? Við sitjum í þeim félagsskap sem er mættur í biðsalinn og vill komast inn í EB.

Ég horfi á það að í Bandaríkjunum vorar í efnahagsmálum. Í Evrópu er kreppan miklu harðari en nokkur gerði ráð fyrir. Hún er svo hörð að menn ótt-

ast nánast að það geti leitt af sér vaxandi þjóðernisátök í öllum þessum löndum. Og hvað gerist ef slík þjóðernisátök magnast og brjótast út? Við höfum reynslu af því hvað gerist.

Ég hallast mjög að því að hæstv. utanrrh. hafi reynst sannspár þegar hann lýsti því yfir óformlega að það væri stutt í fall EB, það væri stutt í fall þeirrar hreyfingar sem vill mynda bandaríki Evrópu. Hann taldi að það yrði að vísu, ef ég man rétt, í byrjun næstu aldar. Mér kæmi ekki á óvart þó að þróunin yrði hraðari. Okkur berast fréttir af því að bandarísk stórfyrirtæki hafi hætt við að fjárfesta í Þýskalandi vegna þess að þeim líst ekki á þau átök sem þar eru. Tvo stórfyrirtæki í Vestur-Þýskalandi hafa hætt við gífurlegar fjárfestingar í Austur-Þýskalandi. Við aðra fjárfestinguna var alveg hætt en í hinu tilfellinu var ákveðið að byggja bílaverksmiðjuna í Ungverjalandi.

Það er mikil nauðsyn fyrir þjóð eins og Íslendinga að rasa ekki um ráð fram, gefa sér tíma. Ég hygg að þeir hinir varfærnari í hópi þingsins í þessum efnum, eins og hv. 4. þm. Reykv., eigi eftir að hafa mikla sæmd af því í sögunni, þegar hún verður skrifuð, að hafa þolað mikinn þrýsting í þessu máli en haldið sömu stefnu af rósemi. Ég er sannfærður um að kjarninn í því sem hann hefur verið að boða, að við séum einhver ríkasta þjóð í heimi með okkar auðlindir, ef grannt er skoðað. Það er nákvæmlega sama og þýskumælandi Svisslendingar gerðu sér grein fyrir. Auðkýfingurinn sem barðist gegn sameiningunni leit svo á að Svisslendinga mundi bíða og biði björt framtíð ef þeir fengju að stýra eigin málum. Ég er sannfærður um að þannig bíður Íslendinga líka björt framtíð.

Við þurfum að gera samninga við aðrar þjóðir, það er allt annað mál. Það er verkefni sem við þurfum sífellt að vinna að. Eitt af því er að ná eðlilegum viðskiptasamningi við EB. Ég vil trúa því að innan Sjálfstæðisflokksins fari sá hópur mjög ört vaxandi sem telur það ekki farsælt fyrir flokkinn, horft til framtíðar, að láta Evrópukrata draga sig á asnaeyrunum inn í þetta samstarf.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er rétt að við áttum okkur á því á Alþingi í dag hvaða breyting hefur orðið frá því að við ræddum þessi mál í síðustu viku af því tilefni að svissneska þjóðin hafði að meiri hluta til hafnað samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Það sem gerst hefur síðan og varðar okkur og þetta mál er að utanríkisviðskiptaráðherrar EFTA-ríkjanna hafa komið saman til fundar og metið stöðuna fyrir sitt leyti og hér hefur hæstv. utanrrh. flutt skýrslu um málið. Það kemur fram í hans máli og í samþykktinni sem berst frá þessum fundi að þeir telji að ekki sé þörf á því að breyta efnislega samningnum um Evrópskt efnahagssvæði en hins vegar að gera um hann bókun sem þarf að fjalla um við hinn samningsaðilann, EB, og ná samkomulagi um.

Þetta er þeirra sjónarhorn í þessu máli. Ég ætla ekki að undrast það eða vanmeta þann áhuga sem er þeirra megin, að á málinu sé tekið. Þeir eru undir miklum pólitískum þrýstingi og eiga auðvitað mjög mikið undir í þessu máli sem svo lengi hefur verið að hrekjast um. Það eru aðrir sem þurfa að koma að því og það er Evrópubandalagið. Á meðan það eða ráðherrafundur þess hefur ekki talað í þessu máli vitum við í rauninni afar takmarkað um það hvers er að vænta í sambandi við þetta mál.

Það liggur t.d. fyrir að aðeins þrjú Evrópubandalagsríki hafa staðfest þennan samning. Níu EB-ríki hafa ekki haft fyrir því að afgreiða þennan samning frá þjóðþingum sínum. Það er áhuginn sem er þeim megin og við hljótum að spyrja: Ætli séu líkur á því að þau níu sem eftir eru muni hraða sér að því verki að staðfesta samninginn þegar ljóst er að bókunar er að vænta sem kallar á meðferð þjóðþinganna? Í margumræddri bókun eða fundargerð sem hæstv. utanrrh. vísar til í þessu máli er það metið svo að sú bókun sem þar er um rætt þurfi sömu staðfestingu og samningurinn sjálfur, þ.e. að fara fyrir þjóðþing landanna, ekki aðeins EFTA-ríkjanna heldur einnig Evrópubandalagsins. Tímamörkin sem eru í þessu máli, miðað við þær bókanir og samninginn sjálfan, 129. gr. eru um mitt næsta ár. Það er að því loknu sem gert er ráð fyrir að kalla þurfi saman ríkjaráðstefnu, ráðstefnu stjórnarerindreka, til þess að meta málið. Hraðinn í þessu er því ekki meiri en þetta, metið út frá sjónarhóli þeirra sem harðast reka á eftir því að þetta mál nái höfn.

Ég tel því að við sem sitjum á Alþingi Íslendinga eigum ekki að rasa um ráð fram í meðferð málsins. Við eigum að bíða þess að fyrir liggi um hvað verður samkomulag milli EFTA-ríkja sem ætla að standa að þessu máli og Evrópubandalagsins og taka þá fyrst þetta mál til frekari umfjöllunar hér. Við höfum engar skuldbindingar til þess að gera það og eins og fram hefur komið voru upplýsingar hæstv. utanrrh. þar að lútandi í síðustu viku rangar.

Nú er sagt: Það breytir afar litlu að Sviss er fallið fyrir borð. Það getur verið að einhverjir meti málið svo en hér hefur það þegar komið fram í umræðunni að Sviss er þrátt fyrir allt gildasta ríkið í þeirri stoð sem átti að bera þennan samning uppi EFTA-megin. Ætli það gangi hljóðlaust fyrir sig af hálfu hinna sem eiga hlut að máli að láta sem ekkert sé þegar fjárhagsaðstoðin á að minnka um nærri þriðjung vegna þess að Sviss skerst úr leik?

Það er einnig sagt: Það eru aðeins EFTA-ríkin sem koma að þessu máli, það er ekki EFTA sem stofnun. Þó er það svo að talað hefur verið um EFTA-ríkin í heild sinni með því að það er talað um þau með ákveðnum greini í samningnum. Það er gert ráð fyrir að EFTA-ríkin tali einum rómi í 93. gr. samningsins. Það er vísað til EFTA-ríkjanna og þá er auðvitað átt við EFTA-ríkin í heild sinni í orðalagi samningsins.

Einnig er það svo að bókanir og viðaukar sem fylgja samningnum eru hluti af honum og hafa í rauninni alveg nákvæmlega sömu stöðu þjóðréttarlega séð og einstakar greinar samningsins. Í þessum bókunum og viðaukum er ítrekað minnst á EFTA en ekki EFTA-ríkin eins og auðvelt er að finna dæmi um. Ég nefni t.d. bókun 38 sem fylgir samningnum og varðar

fjármagnskerfið, þ.e. þá fjárhagsaðstoð sem EFTA-ríkin eiga að veita þeim sem eru fjárhagslega máttarminni hjá Evrópubandalaginu. Það er í tvígang a.m.k. vísað til EFTA í þeirri bókun en ekki til EFTA-ríkjanna. Í 2. gr. þessarar bókunar segir: „Vaxtaafslátturinn er háður samþykki nefndar EFTA um fjármagnskerfi og áliti framkvæmdastjórnar EB." Það eru ekki EFTA-ríkin heldur er þarna talað um EFTA og nefnd EFTA sem eigi um þetta að fjalla og með sama hætti er einnig í 3. gr. að því vikið að fyrir þurfi að liggja samþykki nefndar EFTA um fjárhagskerfi en henni skal veita upplýsingar á öllum stigum málsins. Þannig eru fjölmörg dæmi í þessum samningi og því sem er jafngildi hans, bókunum og viðaukum, þar sem fjallað er um EFTA sem stofnun. Það getur vel verið að þeir sem bera þetta mál fram treysti sér til þess að gera þær breytingar með bókun sem rætt er um en það er alveg ljóst að það er meira en tæknilegar breytingar einar sem þar eru á ferðinni enda áskilið í fundargerð, annarri fundargerðinni sem varðar 129. gr. að slík bókun þurfi hliðstæða staðfestingu og samningurinn sjálfur hefur fengið.

Síðan er þess að geta, virðulegur forseti, að við á Alþingi erum að sjálfsögðu í allt annarri stöðu en þau fjögur EFTA-ríki sem hafa þegar staðfest samning. Við höfum ekki gert það. Það er ekkert sem knýr á um að Alþingi fari að staðfesta ófullgerðan samning. Það eigum við ekki að gera. Við eigum ekki að nýta okkar tíma með þeim hætti. Það er líka áreiðanlegt að það eiga eftir að koma upp í þessu máli mörg atriði sem geta orðið nokkuð óvænt fyrir suma. Mér kæmi ekki á óvart þótt Evrópubandalagið og einstök ríki þess þyrftu að skoða einstök mál með öðrum hætti en óskir standa til um af hálfu ráðherra EFTA-ríkjanna.

Síðan vil ég aðeins segja það við hv. formann utanrmn., sem talaði áðan og ræddi um málið þannig að ætla mátti að hann ætlaðist til að Alþingi afgreiddi málið í næstu viku, að ég hef metið það að formaður utanrmn. hefur verið tiltölulega hógvær í máli þessa dagana og ber nokkuð á milli málflutnings hans og hæstv. utanrrh. Hins vegar sýnist mér að með því kjarnaatriði sem hann kom að í lok ræðu sinnar, að Alþingi eigi að afgreiða þennan samning í næstu viku, sé hann að bera fram kosti sem eru harla óaðgengilegir og við hljótum að vísa hér frá.

Annað atriði vil ég nefna sem hv. þm. Björn Bjarnason vék að í máli sínu þar sem hann var að kalla á stuðningsyfirlýsingar frá talsmönnum atvinnulífs, atvinnurekenda og verkalýðshreyfingar. Ég held að hann ætti að spara sér það enda hefur þegar verið á það bent að það skipti litlu fyrir atvinnulíf á Íslandi hvort þessi samningur verður samþykktur mánuðinum fyrr eða seinna eða hvort honum verður vísað frá. Þar meta menn auðvitað málin með ólíkum hætti, það er alveg ljóst. Hv. þm. hefði átt að minnast þess að þing Alþýðusambands Íslands mælti ekki með samþykkt þessa samnings og þeir sem telja sig mæla fyrir munn verkalýðshreyfingar hafa a.m.k. ekki stuðning þings Alþýðusambandsins sem í raun vísaði frá tillögu sem gerði ráð fyrir að blessun yrði lögð yfir samninginn. Þing Alþýðusambandsins tók eindregið undir kröfuna um þjóðaratkvæði og hét á alþingismenn að styðja þá kröfu. Það sem sagt var um þennan samning var að öllu væri haldið opnu og enga stuðningsyfirlýsingu var þar að finna varðandi samninginn sjálfan. Þetta ættu menn að muna og þeir sem telja sig mæla fyrir munn verkalýðshreyfingar gera það a.m.k. ekki með stuðningi í þessum samþykktum.

Ég held að við ættum að nýta tímann og ráðrúmið sem er í þessu máli til að leggja málið fyrir íslensku þjóðina, gera henni kleift að segja sitt álit í þessu máli í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Til þess er fullt ráðrúm. Það er í rauninni siðferðileg skylda stjórnvalda í landinu að leita eftir áliti íslensku þjóðarinnar og þeim mun frekar þegar það sýnir sig að þar sem þetta mál hefur verið borið upp nýtur það ekki stuðnings, síst af öllu þess stuðning sem þeir sem bera það fram láta að liggja að sé að baki þeirra málflutningi.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Fyrst langar mig til að fagna því að sættir skyldu nást um það að þessi umræða færi hér fram en ekki yrði knúið á um að málið, sem á dagskrá var, yrði tekið til umræðu. Það hefði ekki verið hæfa að gera það og ber að fagna því að sættir hafa nú náðst um þetta litla atriði. Vonir eru þá til að sættir kunni kannski að nást um eitthvað fleira því málið er æðistórt. Það er margt sem sameinar okkur og sem betur fer færra sem gæti sundrað okkur. Gott er þess vegna, eins og einhver nefndi, að hvíla sig um helgina, jafna sig og hugsa sitt ráð. Það vona ég að menn muni gera.

Ég verð að þakka hæstv. utanrrh. fyrir ýmsilegt af því sem hann upplýsti okkur um. Í orðum hans kom það fram æ ofan í æ, sem var svo sem ekki til þess að hæla afstöðu okkar eða ráðherrans, gagnvart EES, síður en svo, að þar væri margt óklárt og yrði að vinna á mörgum vettvangi til þess að heilleg mynd yrði af málunum. Hann nefndi í því sambandi ýmsar breytingar sem þyrfti að gera á lagatextum o.s.frv. Ég hef sagt í þessum ræðustól af öðru tilefni við þennan sama hæstv. ráðherra að hann hefði verið að sýna okkur drög að samningi. Það var fyrir ærið löngu og óskaði ég eftir því að hann setti ekki stafi sína á eitt eða neitt og heldur ekki aðalvinur hans, bardagafélagi í embættismannastétt, aðalsamningamaður okkar, Hannes Hafstein. Illu heilli var það samt gert og málið knúið áfram. Við stæðum betur ef þá hefði verið unnið að tvíhliða samningaviðræðum við Evrópubandalagið sem voru á borðinu allan tímann og eru það kannski enn þá þannig að ekki sé nú allt glatað.

Þessar breytingar, sem hæstv. ráðherra nefndi, eru þannig vaxnar að raunverulega er ekki um annað að ræða en drög að samningi við Evrópubandalagið. Enn þá eru þetta slitrur og allt ófrágengið og markleysa, eins og einhver fundarmanna sagði. Þetta eru í hæsta máta óeðlileg vinnubrögð, við erum að fjalla um hálfgerðan hlut. Við fréttum á hverjum einasta degi af því að það er meiri og minni óeining í þessu Evrópusamstarfi alls staðar, í öllum stofnunum, togstreita og

ágreiningur svo að maður tali ekki um að ekki er hægt að ráða við að friður sé í álfunni og verður að kalla aðra til en Evrópumennina til þess að skakka leikinn. Við erum Evrópufólk og okkur þykir þetta auðvitað sárt og leitt en við viljum engu að síður kalla okkur Evrópumenn og höfum rétt til þess að hafa afskipti af álfu okkar.

Ég segi eins og er að þetta Evrópusamstarf hefur verið eitthvað það lærdómsríkasta fyrir mig sem formann Evrópustefnunefndarinnar á sínum tíma og á tímabili formann utanríkismálanefndar að kynnast vinnubrögðum hjá þessu bákni sem þarna er að vaxa upp. Það er engu eftir að sækjast fyrir smáþjóð eins og okkur og þar að auki langsamlega ríkustu þjóð heimsins sem á réttindi langt norður í höf, suður í höf, út af Reykjaneshrygg o.s.frv., sem ónýtt eru og vanrækt að nýta.

Það er enginn EES-samningur til. Hvar er þessi samningur? Þetta eru drög, slitur, sem er verið að þvæla um að verði hægt að afgreiða – kannski innan eins, tveggja eða þriggja mánaða. Það verður ekkert slíkt afgreitt. (**Gripið fram í:** Innan sjö daga, er það ekki?) Jú, en ráðherrar eru nú oftast nær nokkra mánuði og jafnvel hálft ár að jafna sig og sumir ákafamenn eru stundum allsgáðari en ella, og meina ég nú ekki neitt annað en það sem sagt er, að í þessu efni erum við auðvitað öllsömul meira og minna á rjátli, við getum ekki fótað okkur. Ég játa það að ég geri það ekki. Þess vegna er það rétt sem bæði ég og aðrir hafa sagt að við þurfum tíma. Við þurfum að staldra við, við þurfum að sjá hvað aðrir gera og eins og hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði að þá er þetta mál þannig vaxið að við þurfum lengri tíma og eigum að fá þann tíma.

Ef við gætum nú bara sameinast um það að vera ekki t.d. í næstu tvo, þrjá mánuðina að kýta innbyrðis heldur að rífast þá að tjaldabaki og komast að einhverri niðurstöðu. Kannski verður það ekki sameiginleg niðurstaða allra 63 þingmannanna en þó gæti það orðið. Við höfum svo margt annað sem við þurfum að hugsa um og berjast fyrir núna að það er alveg nóg fyrir okkur til þess að rífast um daginn út og daginn inn þótt við sættumst í þessu efni, gerðum vopnahlé á meðan við erum að fóta okkur á öllum málavöxtunum.

Hæstv. ráðherra er í kallfæri og mig langar að spyrja hann hvað hann hafi átt við með því þegar hann gat um að það væri haft eftir þingmönnum í þingmannanefnd fyrir skömmu, væntanlega þá þingmannanefnd EFTA sem fór utan, að einhver þar hefði sagt að allt væri í óvissu. Er það ekki í þeirri för sem einhver á að hafa sagt það, ráðherra? Ég var sá sem sagði það við hvaða blaðamann sem hafa vildi. Það er allt í upplausn og við eigum auðvitað að segja þann sannleika hvar sem er. Eigum við að fara að ljúga að heiðarlegum blaðamönnum? (**Gripið fram í:** Þeir gera það nú sumir.) Jú, þeir eru til, ég þekki það af langri reynslu, ég var 15 ár ritstjóri. Ég skammast mín ekkert fyrir það. Hefur þetta ekki allt saman ræst? Er þetta ekki enn þá satt í þessari baráttu síðustu tvö, þrjú, fjögur, fimm árin? Hef ég haft rangt fyrir mér í einhverju? Já, ég vil þá gjarnan fá að heyra það frá ráðherra.

En ráðherrann segir að því hafi verið beint sérstaklega að Íslendingum að nú þyrfti að hraða sér sem allra mest, það beinist að Íslandi af því að Ísland er eftirbátur annarra í að samþykkja hvað sem í Brussel er óskað eftir. Sérstaklega beinist þetta allt að Íslendingum. Nú, ef það beinist að okkur þá bara beinist það að okkur. Er það eitthvað glatað fyrir okkur þó þeir séu eitthvað að skammast og fjargviðrast út af því að við ætlum að verða síðastir og að við ætlum að hugsa ráð okkar og vinna þannig að við hlaupum ekki á okkur? Ég held að það sé allt í góðu lagi. Og þó það séu einhverjar utanstefnur, þær eru orðnar algengar, þær eru orðnar nærri því í hverjum mánuði. Þó að einhver ráðherra komi heim úr slíkri utanstefnu með einhverjar upplýsingar um hvað herrarnir í Brussel, eða hvað það nú heitir allt saman, eru að gera hverju sinni. Við látum það sem vind um eyrun þjóta. Við höldum bara áfram og bjóðum þá velkomna þegar þeir koma heim og fögnum því að þeir skuli nú komnir og geti snúið sér að því að sinna öðrum verkefnum en þeim, sem hvort sem er eru dauðadæmd og í andstöðu við það sem íslenska þjóðin vill. Það er alveg á hreinu.

Að vísu var komið í veg fyrir það að þjóðaratkvæðagreiðsla yrði. Ég held að við ættum kannski að taka málið upp að nýju og vita hvort kannski væri ekki hægt að sættast á að leyfa nú þjóðinni að segja eitthvað um málið. Það væri náttúrlega mikið skref í áttina til sátta og betra þjóðlífs í okkar góða landi vegna þess að það er alveg á ljósu að bræður munu berjast ef haldið er áfram með þessum hætti. Það verður upplausn í okkar pólitíska lífi, menningarlífi, og náttúrlega efnahagslífinu, ég er ekki að tala um það. En það skiptir kannski ekki máli þó að fólk sé að missa íbúðirnar sínar o.s.frv. Ég ætla ekki að fara neitt út í það nú, það er ekki efni málsins núna.

Svo er það þessi litla stjórnarskrá okkar. Hvað ætlum við að gera við hana? Ein og ein rödd heyrist segja: Ég hef talað við lögfræðing. Hann vill ekki segja að þetta sé stjórnarskrárbrot. Ég skil vel þann lögfræðing sem er ekkert að segja neitt um það ótilneyddur nema hann sé sérstaklega beðinn. Hann vill ekkert blandast inn í þessa deilu. En hver einasti lögfræðingur veit það auðvitað að þetta er ekkert annað en brot á stjórnarskránni, allt í bak og fyrir. Þeir vita það allir, hvað sem þeir segja. Flestir þeirra segja þó berum orðum að þetta sé stjórnarskrárbrot. Björn Þ. Guðmundsson lagaprófessor gaf þessa yfirlýsingu sem menn þekkja væntanlega, að hann hefði nú, eftir að hann fór að kanna málin betur á sl. ári og svo á síðustu vikum og mánuðum, sannfærst um að þetta væri stjórnarskrárbrot. Ætlar einhver hér inni að fremja stjórnarskrárbrot? Væri hann ekki í hjarta sínu glaður ef það væri hægt að finna útleið frá því a.m.k. að það yrðu ekki svo og svo margir af þingmönnum Íslendingar sem með opin augu rifu upp stjórnarskrána og þau heit sem hafa verið gefin í því sambandi?

Ég vil endurtaka það hér og nú, enn og aftur: Ég geri það aldrei að brjóta stjórnarskrána. Kosti það það

sem kosta vill. Ég veit að það eru mjög margir þingmenn sem ekki ætla sér að gera það. Þegar hæstv. ráðherra finnur upp á því að eyrnamerkja okkur alla þá veit hann ekkert um það hvað hver sauðurinn er að hugsa, því að allir erum við sauðir og þjóðin hefur ekki hundsvit á þessu, er manni sagt af ráðherranum. Það eru allt aðrir, og þá náttúrlega einkum og sér í lagi hæstv. utanrrh. sem hefur allt vitið. Og þess vegna er það víst allt í lagi að við séum þeir sauðir að skilja það ekki að við eigum að láta hvað sem er yfir okkur ganga. En ég er ekki farinn að sjá það, sérstaklega ekki ef yrði reynt að knýja þetta blessað frumvarp fram með auknum þunga og offorsi. Ég er ekki búinn að sjá að það verði samþykkt. Ég vona að ég þurfi ekki að líta í augu þess fólks sem greiðir því atkvæði. Það er algjörlega augljóst mál að það væri eitt mesta hneyksli í réttarsögu Íslands og yrði lengi í minnum haft. Menn geta ekki skotið sér undan því nema þá bara að segja af sér þingmennsku, þ.e. ef þeir ekki hafa af einhverjum óeðlilegum ástæðum sannfærst um það með einhverjum svo miklum töframætti einhverra áróðursmanna að það hafi verið hægt að hvítþvo þá, þá er það auðvitað fyrirgefanlegt. En annars ekki.

En þegar við erum að tala um þetta blessaða bandalag, þetta ógnarlega stóra bákn sem núna er að ná auknum völdum dag hvern, bæði á kostnað okkar og allra annarra þjóðríkja líka vegna þess að þjóðríkin eru að verða úrelt í augum þessa fólks. Ég held hins vegar að þau séu einmitt framtíðin og eru á næsta leyti. Ég held að fólk sé að átta sig á því að það séu hin litlu og meðalstóru þjóðríki sem séu æskilegustu einingarnar til þess að velmegun, mismunandi menning, frelsi og jafnrétti verði í heimsálfu okkar og okkar heimshluta og auðvitað um heim allan, heldur en þessi ómanneskjulegu bákn sem þið sjáið — bara utan á húsunum sjáið þið hvernig fólk hlýtur að hugsa inni í þeim. Það hugsar ekki neitt — nema um tölvurnar og svo náttúrlega atvinnuöryggið og nýju „sekreterana" og allt það. Það er þetta sem þeir hugsa um í þessum húsum. Það lekur svona út stundum að maður sér óvart á andlitunum á þeim hvað þeir hugsa þó þeir segi það ekki berum orðum. Tala mjög hátíðlega um þetta á þessum fundum, þar á meðal þessum sem við vorum að tala um áðan, að ég hefði sagt eitthvað sem væri víst ósæmilegt og ég ætla ekkert að endurtaka það sem ég sagði þar við hvern sem hafa vildi. Ég held nú að Guðrún Helgadóttir t.d. hafi sagt eitthvað líka og fleira gott fólk í þessum ferðum og við erum ekkert að dylja það. (**GHelg:** Ég sagði að málið væri í óvissu.) Já, þú sagðir það. (**GHelg:** Sem það er.) Sem það er, já, við erum nákvæmlega sammála.

En ég held að ég bæti ekkert fyrir fólki, mér eða ykkur, að vera að segja meira um þetta, ég held það ætti að skiljast sem ég er búinn að segja, hvort sem menn eru því öllu sammála eða ekki. En ég endurtek að það var mjög gott að sættir skyldu nást um það að láta málið fara fram með friðsamlegum hætti núna. Svo getum við öll hugsað okkar ráð og það koma tímar og koma ráð. Nú, ef svo færi að þessi ógæfa henti þá mundum við Íslendingar þó við misstum frelsið auðvitað hefja nýja frelsisbaráttu á sama degi og sigra á ný. Við getum misst frelsið næstu missirin ef þannig er á haldið. En við hefjum þá bara nýja frelsisbaráttu.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. 4. þm. Reykv. áðan um það að hér væri enginn samningur á ferðinni heldur einvörðungu samningsslitrur þá held ég svona eftir á að hyggja að það hljóti nú að fara að verða niðurstaða þingmanna að þetta sé rétt hjá þingmanninum um að hér séu samningsslitrur á ferðinni því að svo oft hefur þessi samningur náttúrlega tekið breytingum á undanförnum mánuðum að þau orð fara að sannast í krafti sjálfra sín.

Hin formlega hlið málsins hefur tekið ýmsum breytingum á undanförnum mánuðum en auðvitað hefur þetta mál bæði formlega hlið og eins pólitíska hlið. Mér sýnist sem niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Sviss núna fyrir skemmstu sé enn einn flöturinn á þeirri pólitísku kreppu sem gengur núna yfir Evrópu. Þessi pólitíska kreppa helst í hendur við efnahagskreppuna sem við horfum á í Evrópu núna, ekki bara í Vestur-Evrópu heldur ekki síður í Austur-Evrópu og það er sem sagt pólitísk og efnahagsleg kreppa beggja vegna. Við sjáum þetta birtast í þjóðernisdeilunum í Austur-Evrópu, við sjáum þetta birtast í pólitískri upplausn þar, við sjáum þetta birtast í Maastricht-samkomulaginu, hvernig fór með það og hvernig málin standa þar og við sjáum þetta núna birtast í EFTA. Það eru sem sagt ýmsar birtingarmyndir á þessari efnahagslegu og pólitísku kreppu.

Það blasir nokkuð við að engin sátt er í Evrópu um það hvernig málum skuli hagað, enginn skýr þjóðarvilji er í ríkjum Evrópu um framtíðarþróun þessara samfélaga. Flestar þjóðir Evrópu virðast klofnar í tvær jafnstórar fylkingar í Evrópumálunum og varðandi Evrópusamrunann. Við þurfum ekki annað en að horfa á Frakkana sem samþykktu Maastricht með mjög naumum meiri hluta, Danina sem felldu það með naumum meiri hluta, Svisslendinga sem felldu EES með mjög naumum meiri hluta. Í Bretlandi og reyndar líka í Þýskalandi sýna skoðanakannanir að þjóðirnar eru mjög klofnar. Svíar eru mjög tvístígandi í afstöðu sinni gagnvart EB og sama er að segja um Norðmenn og á Íslandi eru tvær nokkuð jafnstórar fylkingar í afstöðunni til hins Evrópska efnahagssvæðis. (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) Ja, skoðanakannanir sýna þetta, þó að hins vegar sé það auðvitað mikill galli að það skuli ekki hafa fengist að leggja þetta mál í dóm kjósenda þannig að það fengist þá út úr því marktæk niðurstaða.

Helmingur þjóðanna er andsnúinn Maastricht eða Evrópsku efnhagssvæði þrátt fyrir að allar helstu valdastofnanir séu fylgjandi þessum samningum, flestir hverjir pólitískir flokkar í þessum löndum, fjölmiðlar, öflug almannasamtök, hluti verkalýðshreyfingarinnar, atvinnurekendur o.s.frv. En engu að síður er helmingur þjóðanna andsnúinn og tekur þá afstöðu þegar málið er borið í dóm þjóðanna í almennum atkvæðagreiðslum.

Hvað segir þessi staða okkur? Þetta segir okkur fyrst og fremst að um helmingur hverrar þjóðar treystir ekki dómgreind og góðum vilja þeirra sem með völdin fara í hverju samfélagi. Ákveðið misgengi sem þarna á sér stað, ákveðið sambandsleysi milli almennings og valdhafa í ríkjunum, og þetta er auðvitað áhyggjuefni og hlýtur að vera öllum áhyggjuefni, hvaða skoðun sem þeir hafa hins vegar á þessum samningum.

Ég sagði að fylkingarnar væru nokkurn veginn jafnstórar og sú staða getur alið á þeirri tilfinningu hjá þeim sem verða undir í atkvæðagreiðslum að mjög lítill meiri hluti sé að kúga stóran minni hluta. Ég verð að segja að ég er hrædd við þessa stöðu sem upp er komin. Mér finnst einhvern veginn eins og maður horfi á Evrópu og þar sé allt upp í loft, Maastricht sé upp í loft, EES sé upp í loft, GATT sé upp í loft. Og efnahagsmálin. Það er atvinnuleysi, átök og kynþáttahatur. Það er enginn samfélagssáttmáli í gildi í Evrópu í dag. Þetta er auðvitað alvarleg staða.

Við þessar aðstæður held ég að menn verði að flýta sér hægt og reyna að ná sáttum þar sem það er hægt. Það skiptir jafnmiklu máli fyrir okkur uppi á Íslandi eins og aðra, hvort sem það er í Austur-Evrópu eða Vestur-Evrópu. Við vitum það að á þingi er pólitískur ágreiningur um EES-samninginn og honum verður ekkert eytt. Ég reikna ekki með því. En mér finnst að það ætti að vera hægt að ná einhverri sátt a.m.k. um meðferð málsins á þingi og ég legg á það talsvert mikla áherslu.

Utanríkisráðherrar EFTA hafa nýlokið fundi sínum og hafa komist að þeirri niðurstöðu að það þurfi að breyta samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði og fylgisamningum hans einungis með því að gera bókun og gera á honum tæknilegar breytingar. Lagahópur EFTA hefur komist að sömu niðurstöðu og Frans Andriessen, varaformaður framkvæmdastjórnar EB, hefur sagt að hans vilji standi í þessa átt. Ég furða mig svo sem ekkert á því að menn vilji gjarnan gera þetta með eins litlum breytingum og hægt er vegna þess að auðvitað vilja menn reyna að skapa tiltrú á alþjóðasamningum, reyna að einfalda hlutina og skapa ákveðna tiltrú í Evrópu á alþjóðsamningum. Ef endurgerð þessa samnings fer að verða mjög flókin eykst auðvitað ekki sú tiltrú.

En það gefst bara engin vissa fyrir því að breytingarnar verði smávægilegar og bara tæknilegar. Reynslan af EB sýnir að það er ekki við því að búast að málin taki mjög skamman tíma þar eða verði mjög einföld í úrlausn og hægt verði að leysa þetta mál á stuttum fundi í janúarmánuði eins og mér fannst helst að heyra á ráðherra. Ég dreg það stórlega í efa og held að það muni taka nokkra mánuði að gera þá bókun sem þarf að gera til þess að breyta samningnum.

Við erum ekki á sama stað í þessu staðfestingarferli og önnur ríki EFTA og þau spila auðvitað úr sinni stöðu og gera það eins og þeim hentar best pólitískt. Við verðum að spila úr okkar stöðu og hún er önnur vegna þess að við erum stödd á öðrum stað í ferlinu. Ég hef orðið þess vör og ég hef sagt það áður að ýmis önnur ríki sem standa í þessum samningum vilja fá á því einhverja staðfestingu að vilji Alþingis og stjórnarflokkanna sérstaklega sé að staðfesta þennan samning. Ef ráðherra þarf á pólitískri staðfestingu að halda og hún næst eitthvað treglega út úr stjórnarflokkunum þá finnst mér í sjálfu sér vel koma til álita að 2. umr. fari fram á Alþingi um þennan samning og atkvæðagreiðsla eftir 2. umr. og þá liggi fyrir einhver ákveðinn pólitískur vilji á þinginu. Hins vegar spyr ég mig þeirrar spurningar hvort að þinginu má í rauninni ekki á sama standa um pólitískt stolt utanrrh. á alþjóðavettvangi ef ég huga að þeim ummælum sem eftir honum eru höfð í DV í dag og lesin voru hér. Ég hef ekki lesið blaðið sjálf en mér er sagt að þetta hafi verið orð hans eftir fundinn í Genf. Þar finnst mér hann, ég verð að segja það, smána þingið með þessum ummælum og þá vaknar sú spurning hvort þinginu má ekki á sama standa um pólitískt stolt ráðherrans á alþjóðavettvangi.

En tímasetningin í þessu máli finnst mér ekki vera aðalatriðið, þ.e. tímasetningin á 2. umr. og sú pólitíska niðurstaða sem fengist út úr henni. Hún þarf fyrst og fremst að koma áður en ráðstefna stjórnarerindreka fer fram. Hvenær það verður liggur ekki fyrir.

Mér er ekkert að vanbúnaði að fara í 2. umr. og ég veit að það gildir um flesta hér inni. Ég skilaði mínu nál. þann 4. des. en auðvitað verður þingið að forgangsraða málum eins og staðan er í samfélaginu í dag. Væntanlega verður ríkisstjórnin einnig að forgangsraða málum og átta sig á því hvernig hún vill nýta þá átta virku daga sem hún hefur núna fram að jólum til þess að takast á við mjög stór efnahagsmál og mál sem skipta verulegu fyrir þjóðina.

Ef 2. umr. færi fram á þinginu og út úr henni kæmi einhver pólitískur vilji þá er það mín persónulega skoðun að síðan ætti að láta þennan samning liggja á milli 2. og 3. umr. og bera ekki samninginn upp á þinginu til endanlegrar afgreiðslu fyrr en búið væri að gera þá bókun sem þarf að gera til þess að breyta EES-samningnum og EFTA-samningunum. Ég held að þetta ferli þyrfti ekki að taka lengri tíma hjá okkur á þinginu en það þarf fyrir hin þjóðþingin að taka fyrir bókunina sem þau þurfa að undirrita og ríkisstjórnirnar þurfa að leggja fyrir sín þjóðþing. Það mun auðvitað taka ákveðinn tíma og ég held að þetta ferli þurfi ekkert að taka lengri tíma hjá okkur.

Það er ekkert sem mælir gegn því að við höfum þennan hátt á og ég vil vitna til þess að í skýrslu frá laganefnd EFTA og sem kom fram í utanrmn. í morgun er ævinlega talað um undirritunaraðila. Í tillögu að bókun frá lagahópi EFTA er talað um undirritunaraðila og í skýrslu hópsins er sömuleiðis talað um með hvaða hætti megi finna lögformlega lausn fyrir, ég þýði það beint, „þá undirritunaraðila sem eftir standa". Það er ekki talað um þá sem hafa staðfest heldur undirritunaraðila sem eftir standa. Með öðrum orðum er ekkert sem segir að staðfesting eða endanlegt samþykki verði að liggja fyrir áður en gengið er frá þessari bókun.

Eins og 4. þm. Reykv. áðan þá legg ég mikla áherslu á samkomulag um þetta mál og það náist ein-

hver sátt um hvernig með það skuli fara þó ekki væri annað. Mér finnst mál yfirleitt nógu mikið upp í loft, bæði í Evrópu og innan lands, þó þetta sé ekki líka sett algjörlega upp í loft.

Menn hafa talið að frestunin á samningnum muni kosta íslenskt samfélag mikið fé og hef ég heyrt haft eftir einhverjum 800 milljónir, eða var það meira? Ég man ekki hver ósköp það var sem þessi frestun átti að hafa kostað. Hún kostar okkur það hvort sem við hröðum meðferð málsins eða ekki eins og hefur verið bent á. En í frestuninni felst líka ákveðinn kostur, vegna þess að við græðum tíma til undirbúnings. Ég hef það mjög sterkt á tilfinninguni að stofnanir í þessu samfélagi, fyrirtæki og almenningur sé illa undir þetta búinn. Við vinnum ákveðinn tíma til undirbúnings og ég held að það sé mjög mikilvægt að sá tími verði nýttur vel. Ég vil benda á að tími er líka peningar og núna erum við einmitt að græða tíma að mínu mati.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ríkisstjórnin er víða á þunnum ís þessa dagana en þó held ég hvergi eins og í þessu máli þegar hún fer fram á það að Alþingi veiti utanrrh. opið umboð til að staðfesta samning sem eftir er að skrifa. Það finnst mér nokkuð langt gengið. Herrarnir í Genf hafa að vísu sett fram hugmynd um hvernig þeir gætu hugsað sér að þessi skrift liti út en mennirnir þenkja en guð ræður og í þessu tilfelli er það Evrópubandalagið sem á eftir að segja sitt orð. EFTA sem stofnun verður ekki aðili að þessum samningi. EFTA verður þó starfrækt áfram. Það þarf að mynda nýjan samstarfsvettvang þeirra aðildarþjóða EFTA sem verða aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Þetta er allt í lausu lofti. Eins er þróunasjóðurinn í lausu lofti og ekki tímabært að taka afstöðu og endanlega staðfesta þennan gerning.

Með brottför Sviss úr þessu kompaníi gæti hlutur Íslands aukist um 40%, þ.e. hlutur okkar í rekstrarkostnaðinum, sem eru 4,4 milljarðar, ykist um 40% plús það sem framlag okkar til þróunarsjóðsins kynni að aukast.

Það er ekki boðlegt fyrir Alþingi að ganga frá þessu máli. Það er ekki boðlegt að ætla forseta Íslands að staðfesta þvílík lög og það liggur heldur ekkert á að afgreiða þetta mál. Utanrrh. á enga kröfu á Alþingi að það komi með einhverja sérstaka traustsyfirlýsingu handa honum í þessu sambandi og að hann fái umboð til þess að ganga frá samningi eftir sínu höfði. Mér finnst þetta nokkuð langt gengið.

Ég kippi mér út af fyrir sig ekkert upp við það þó að ég heyri einhver hrokafull ummæli frá hæstv. utanrrh. eða jafnvel heimskuleg ummæli sem hann viðhefur á blaðamannafundum heima eða erlendis. En mér finnst hins vegar lakar þegar langhalagállinn er á honum og það hefur hann sannarlega verið undanfarna daga. Hann greindi ekki rétt frá stöðu mála. Ég vona að það hafi verið af ókunnugleika og fljótfærni en ekki það að hann hafi viljandi verið að reyna blekkja þjóð sína og þing.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er komið undir lok þessarar umræðu og ég held að við höfum fengið nokkurn veginn þá stöðu sem við blasir. Í fyrsta lagi eru uppi rökstuddar efasemdir um að málið sé þingtækt í þeim búningi sem það er og hvort yfir höfuð er hægt að fjalla um það. Ég veit að það eru skiptar skoðanir um það en efasemdirnar hafa verið rökstuddar.

Í öðru lagi að verðum við að vera raunsæ varðandi málsmeðferð. Það eru tveir möguleikar. Annars vegar sá að aðeins þurfi minni háttar lagfæringar við og þá er það auðvelt. Það er auðvelt að gera það á stuttum tíma. Þurfi meiri háttar breytinga við þennan samning mun það ekki taka skamman tíma heldur þarf að vanda það verk vel. Það er óljóst hver afstaða Evrópubandalagsins er og það gefur okkur svigrúm til vandaðra vinnubragða og við getum ekki, hvort sem hugur okkar stendur með eða á móti þessum samningi verið þekkt fyrir annað en vanda okkar vinnubrögð.

Sú kreppa sem er í Evrópumálum er tvenns konar. Annars vegar vegna þeirra öru breytinga sem þar hafa orðið og hins vegar og ekki síst vegna þess að stjórnvöld hafa ekki sem skyldi hlustað á fólkið í landinu. Því vil ég ítreka það að krafan um þjóðaratkvæðagreiðslu á Íslandi hlýtur enn að vera til staðar og nú sem aldrei fyrr vegna þess að við höfum ákveðna lexíu sem við getum lært af þar sem sést að mjög víða hafa stjórnvöld viljað hraða sér mun meira en almenningur og þetta misræmi gengur hreinlega ekki. Það veldur tortryggni. Það veldur úlfúð, erfiðleikum og vandamálum sem vel væri hægt að leysa ef betur væri hugað að því að taka tíma í þessi mikilvægu málefni.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það kemur ekkert á óvart þótt andstæðingar þessa samnings vilji draga það á langinn að hann verði staðfestur. Hitt er jafnskiljanlegt að þau okkar sem styðja þennan samning vilja ekki að það dragist úr hömlu af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi vitum við að íslenskir hagsmunir og hagsmunir íslensks atvinnulífs munu skaðast þeim mun meira sem gildistakan dregst lengur. Í annan stað vitum við að þeim mun lengur sem það dregst að ganga frá þessum samningi þeim mun meiri verður sú hætta að samstarfsaðilarnir missi á honum áhuga. Við erum þar í þeirri sérstöðu að hin EFTA-ríkin eru jafnframt þegar líða tekur á árið að semja um aðild — við ekki. Það erum því fyrst og fremst við sem erum í þessari hættu.

Í annan stað, burt séð frá pólitískum skoðunum manna, þá stöndum við frammi fyrir eftirfarandi hlut. Ef vilji EFTA-ríkjanna nær fram að ganga munu samningsaðilarnir koma saman á ríkjaráðstefnu sem gæti orðið snemma í janúar. Tilgangurinn er að ganga frá bókun sem er í kjarna málsins um að ákvæði samningsins taki ekki til þeirra landa sem ekki hafa staðfest. Með öðrum orðum ganga menn á þeirri ríkjaráðstefnu frá þessari bókun á grundvelli staðfests samnings. Hvaða erindi á Ísland á þá ráðstefnu ef það er enn fullkomnum vafa undirorpið hvort Ísland ætlar að staðfesta þennan samning eða ekki?

Þetta er að vísu dálítið þversagnakennt. Andstæðingarnir segja: Liggur ekkert á. Skiljanlegt út frá þeirra pólitísku sjónarmiðum. En við stöndum frammi fyrir því að á þessari ráðstefnu, ef af henni verður, þurfum við að svara því: Ætlum við að standa að þessari viðbótarbókun á grundvelli staðfests samnings eða ekki.

Hv. þm. sem helst bera sannleikanum vitni í hópi andstæðinga, þ.e. þeir hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og Ólafur Þ. Þórðarson, hafa fullyrt digurbarkalega að utanrrh. hafi sagt rangt frá um framhald málsins. Ég vísa þeim fullyrðingum öllum á bug. Ég árétta að við eigum lítið erindi á þessa ríkjaráðstefnu nema á grundvelli staðfests samnings. Ég árétta að það varð og mun verða, eins og við höfðum sagt fyrir fram, að ákvæðin um Sviss munu ekki gilda að því er varðar þessa viðbótarbókun. Öllum sem hér eru inni er ljóst að samningurinn á við um EFTA-ríkin en ekki EFTA sem stofnun.

Virðulegi forseti. Það hefur verið spurt um kostnað eins og það sé mjög mikið mál. Það liggur nokkurn veginn ljóst fyrir að ef hin EFTA-ríkin fallast á að greiða hlut Sviss þá mun það þýða hækkun á framlagi Íslands um u.þ.b. 25 millj. kr. samkvæmt upplýsingum fastanefndar okkar í Sviss. Hver verður aukinn kostnaður við starfsemi EFTA? Hann verður u.þ.b. 20 millj. kr. en þá er á það að líta að á sl. vori lækkaði framlag okkar úr 1,7% niður í 0,7% og 1,2% almennt séð. Ég hef aldrei haldið því fram að brottför Sviss hafi ekki áhrif á starfsemi EFTA. Hún dregur auðvitað úr mannafla og mannaflaþörf þannig að ég hygg að rekstrarkostnaðurinn þar standist nokkurn veginn á, hvað vinnst og hvað tapast.

Virðulegi forseti. Lokaorð mín í þessari umræðu eru einfaldlega þessi: Sumir segja: Það liggur ekkert á að afgreiða þetta mál. Ég hef þegar svarað því. Við stöndum frammi fyrir því að svara því fyrr en við kannski vitum hvort við erum tilbúin til þess að halda þessum samningi áfram og standa að viðbótarbókun á grundvelli staðfests samnings. Sumir segja: Við höfum um nóg annað að hugsa varðandi efnhags- og atvinnumál. Svarið við því er að ekkert eitt einstakt atriði er hér til umfjöllunar sem er jafnþýðingarmikið fyrir íslenskt efnahags- og atvinnulíf og þessi samningur. Og síðan það að Ísland tekur mesta áhættuna af því ef þetta mál dregst á langinn. Hinir hafa annan kost sem er inngangan í Evrópubandalagið. Það höfum við ekki. Þess vegna á ekkert ríki eins mikið undir því komið að við staðfestum þennan samning hið allra fyrsta.

Verðbréfaviðskipti, 2. umr.

Stjfrv., 11. mál. — Þskj. 11, nál. 389, brtt. 390.

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir hönd efh.- og viðskn. fyrir nál. vegna frv. til laga um verðbréfaviðskipti og ætla að kynna álitið ásamt nokkrum brtt. sem hafa verið gerðar við frv.

Ég vil byrja á því að þakka meðnefndarmönnum fyrir ötult starf að frv. og öðrum sem snerta verðbréfaviðskipti. Í rauninni eru þetta þrjú frv. sem fylgjast að, þ.e. um verðbréfaviðskipi, verðbréfasjóði og Verðbréfaþing Íslands. Nefndin er sammála um þær breytingar sem hún leggur til að gerðar séu á frv. Þó skrifa hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon undir með fyrirvara.

Það má segja að með þessum þremur frv. um verðbréfaviðskipti, verðbréfasjóði og Verðbréfaþing Íslands, sé verið að stokka upp alla þá löggjöf sem snýr að verðbréfaviðskiptum á Íslandi og færa hana í nútímabúning og til samræmis við það sem tíðkast í helstu viðskiptalöndum okkar.

Nefndin hefur haft ágætis samráð og samstarf við starfsfólk viðskrn. um þetta mál og ég þakka fyrir það. Nefndin sendi frv. til umsagnar til ýmissa hagsmunaaðila og þeirra er getið í nál. Sömuleiðis var kallað á allmarga aðila til viðtals um málið.

Ég ætla aðeins að skýra þær breytingar sem nefndin gerir á frv. Í fyrsta lagi er verið að leggja til að skilgreina hugtakið „verðbréf" aðeins öðruvísi en gert er.

Í öðru lagi er lagt til að í 5. gr. sé breytt skilgreiningu á því með hvaða verðbréf megi versla.

Í þriðja lagi er lögð til breyting á 10. gr. frv. þar sem rætt er um hvað verðabréfafyrirtæki eigi að kalla sig.

Í 11. gr. tekið á því að enginn vafi leiki á því að verðbréfafyrirtækjum einum skuli heimilt að sjá um almenn lokuð útboð. Þá er lagt til að auk þess að sjá um fjárvörslu fyrir einstaklinga og lögaðila geti verðbréfafyrirtæki innt af hendi fjármálaþjónustu tengda verðbréfaviðskiptum þannig að skylt sé að afmarka þeirra hlutverk. Og loks að í frv. komi fram að verðbréfafyrirtækjum er heimilt að kaupa og selja verðbréf fyrir eigin reikning.

Fimmta brtt. nefndarinnar er við 14. gr. og felst í því að síðari mgr. greinarinnar falli brott, enda á það að heyra undir samkeppnislög.

Í sjötta lagi er lögð til sú breyting að 3. mgr. 17. gr. falli brott. Þar segir að verðbréf sem boðin eru til sölu í almennu útboði skuli skráð á opinberum verðbréfamarkaði. Með því er verið að skerða verulega það valfrelsi sem útgefendur hafa nú auk þess sem heppilegra er að skráning verðbréfa á opinberum verðbréfamarkaði aukist samkvæmt þróun en ekki lögboði. Samkvæmt frv. var gert ráð fyrir því að allar opinberar skráningar að yrðu á Verðbréfaþingi Íslands. Það er sem sé ekki gert ráð fyrir því að það standi áfram.

18. gr. breytist allmjög og samkvæmt tillögu nefndarinnar verður hún svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Verðbréfafyrirtæki skal vegna eigin viðskipta með verðbréf sem því eru falin til sölu og vegna viðskipta eigenda þess, stjórnenda, starfsmanna og maka þeirra gæta eftirtalinna atriði:

1. Að ýtrustu hagsmuna ótengdra viðskiptavina sé gætt.

2. Að fullur trúnaður ríki gagnvart ótengdum viðskiptavinum.

3. Að viðskiptin séu sérstaklega skráð.

4. Að stjórn verðbréfafyrirtækisins fái kerfisbundnar upplýsingar um viðskiptin og staðfesti þau.

Verðbréfafyrirtæki skal setja sér verklagsreglur um viðskipti skv. 1. mgr. og skulu þær staðfestar af bankaeftirlitinu."

Hér er fyrst og fremst verið að tryggja að viðskipti verðbréfafyrirtækjanna með verðbréf sem eru útgefin af eigendum þeirra eða viðskipti þeirra við eigendur fari eftir eðlilegum reglum og ekki sé verið að ganga á hagsmuni þriðja aðila í því. Það er afar mikilvægt að verðbréfafyrirtækin hafi eðlilegt svigrúm í þessum efnum og jafnframt að þau hafi sjálfstæði gagnvart sínum eigendum.

Í áttunda lagi er lagt til að 19. gr. verði breytt þannig að verðbréfafyrirtæki verði heimilt að veita viðskiptaaðila lán og ganga í ábyrgðir vegna verðbréfaviðskipta. Um þessa starfsemi skulu verðbréfafyrirtækin setja sér verklagsreglur sem staðfestar verða af bankaeftirlitinu. Það er tekið fram að það er litið á þessa þjónustu sem hliðarstarfsemi, þ.e. ábyrgðarveitingarnar, en ekki afgerandi þátt í störfum verðbréfafyrirtækis.

Í níunda lagi er lögð fram tillaga um að breyta kaflafyrirsögn í VI. kafla í meðferð trúnaðarupplýsinga en ekki fyrir fram gert ráð fyrir því að þær séu misnotaðar.

Í tíunda lagi er lagt til að 22. gr. verði breytt með hliðsjón af brtt. sem gerðar voru við 5. gr.

Þá er lagt til að 29. gr. verði breytt þannig að sú upplýsingaskylda sem lögð er á endurskoðendur sé í samræmi við eðlilegt hlutverk þeirra.

Í tólfta lagi er svo lagt til að 38. gr. falli brott en þar var samkvæmt frv. heimild til ráðherra að fela bankaeftirlitinu að setja reglur og gera ýmislegt sem tengist lögunum, en nefndin taldi slíkt framsal óeðlilegt.

Í þrettánda lagi er lagt til að 41. gr. verði breytt þannig að lögin taki gildi 1. júlí nk.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum.

Ég vil að lokum taka það fram að verðbréfafyrirtæki sem slík gegna ákaflega þýðingarmiklu hlutverki á okkar fjármagnsmarkaði. Starfsemi þeirra og sjálfstæði er í raun forsenda þess að hægt sé að tala um frelsi til vaxtaákvarðana. Þau eru lykilaðili í því skyni að leiða saman þá sem vilja taka lán og þá sem vilja veita þau. Þess vegna er afar mikilvægt að um þau séu í gildi eðlileg lög og reglur sem gefi þeim bæði svigrúm til þess að starfa en tryggi jafnframt hag allra þeirra sem þurfa við þau að skipta.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þessari umræðu verður frestað og fyrir tekið ...(**GHelg:** Ég var búin að biðja um orðið, forseti.) Það hefur verið óskað eftir því við forseta að aðeins verði mælt fyrir nefndarálitum í 3. 4., 5. og 6. dagskrármáli og síðan yrði umræðunni frestað. Forseti getur upplýst það strax. (**Gripið fram í:** Hver biður um það?) Það er að beiðni m.a., að því er forseti best veit, frá Alþb. (**RA:** Nei, það er ekki alveg rétt.) Ef það er rangt vill forseti gjarnan fá leiðréttingu á því. Þá er hægt að halda þessari umræðu áfram ef forseti hefur fengið rangar upplýsingar.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Umræður um dagskrármál.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að það er enginn endir á hvernig umræða fer fram hér í dag. Það kann að vera að það sé ekki sök hæstv. forseta heldur fullkomins sambandsleysis þingflokksformanna við almenna hv. þm. Eitt er að menn semja um ákveðinn tíma til að ræða ekkert ómerkara mál en EES-samninginn og maður verður að bíta í það súra epli að vera afgreiddur út af mælendaskrá. Síðan á að fara að tala hér fyrir málum sem eru að koma úr nefnd. Það vill svo til, hæstv. forseti, að þegar þetta mál var rætt við 1. umr. gerði ég við það nokkrar athugasemdir og tel mig því þurfa að ræða aðeins við hv. formann efh.- og viðskn. um þær.

Og ætla að bjóða upp á það að hér verði farið að ryðja út nefndarálitum. Ég ætla ekki að halda langa ræðu, hæstv. forseti. Ég vil aðeins fá tækifæri til að gera athugasemd við þetta mál, bæði til þess að þakka fyrir það sem tekið hefur verið til greina og ræða annað sem ekki hefur verið tekið til greina. Ég vil gjarnan að hæstv. viðskrh. sé þá viðstaddur og heyri það. Hvað er á móti því? Ég á ekki von á langri umræðu um þetta mál og ég mótmæli harðlega að fá ekki að koma athugasemdum mínum á framfæri.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að ég hef verið að reyna að aðstoða hæstv. ríkisstjórnarmeirihluta við skynsamleg vinnubrögð í þingsalnum síðla dags og setti fram þá hugmynd, sem ég skal alveg kannast við — hún kom ekki formlega frá Alþb. sem flokki, virðulegi forseti, að það væri kannski skynsamlegast að mæla fyrir nál. um þessi frv. sem tengjast nokkuð innbyrðis og fresta síðan umræðu um þau þannig að menn gætu m.a. áttað sig dálítið betur á einstökum ákvæðum sem tengjast Evrópska efnahagssvæðinu. Við þekkjum það m.a. af umræðum um samkeppnislögin að það getur verið dálítið snúið að afgreiða frv. sem upphaflega voru samin og afgreidd út úr nefnd þegar menn töldu að meiri vissa væri varðandi Evrópska efnahagssvæðið. Þetta var ábending frá mér um það að ef menn vildu greiða fyrir væri betra að formaður nefndarinnar mælti fyrir þeim öllum og síðan gætu menn metið það eftir helgina hvernig menn vildu ræða málið af því að mér skildist að forseti ætlaði að ljúka hér fundi einhvern tíma upp úr klukkan fimm en þetta eru nokkuð mörg mál sem tengjast saman.

Ef einstakir þingmenn vilja hins vegar ræða þessi

frv. þá ætla ég ekki að fara að leggjast gegn því. Það geri ég alls ekki. Ég var bara að reyna að koma með ábendingar um hver væri skynsamleg nýting á tíma og vinnubrögðum.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að ég kannast ekki við það samkomulag að hér ætti einungis að hafa framsögu fyrir nefndarálitum en síðan að fresta umræðu. Það var ekki það sem um var rætt á fundum þingflokksformanna með forseta. Ég vil að það komi fram.

Ég er mjög þakklátur hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni fyrir að vilja aðstoða ríkisstjórnina í þessu erfiða máli og ég vil til endurgjalds reyna að aðstoða hann við að koma á friði innan síns flokks í þessu máli og skora á hann að leyfa hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að tala í þessu máli. Það hefur komið fram að hún hefur einungis léttvægar athugasemdir fram að færa. Hún hefur sagt að það taki ekki langan tíma og mér finnst sjálfsagt að hún fái að koma fram með þær og tel raunar rétt að þessi mál verði rædd örlítið lengur.

Það var heldur ekki samkomulag um að hætta um klukkan fimm heldur taldi ég að samkomulagið hefði verið um að við yrðum hér til klukkan sex og ég vil til samkomulags ...(Gripið fram í.) Til klukkan sex. Ég vil, ef það flýtir eitthvað fyrir afgreiðslu mála, lýsa því yfir að ég er alveg reiðubúinn til að vera hér til klukkan sjö.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir:

Hér hefur komið fram að menn eru reiðubúnir að leyfa hv. þm. sem vilja taka til máls í þessu máli að gera það. Forseti er að sjálfsögðu tilbúinn til að leyfa slíkt en hafði að þessu sinni, eins og oftast áður, tekið mark á því sem eindregið var óskað eftir, að því er hann skildi, að aðeins yrði talað fyrir nefndarálitum og umræðum síðan frestað þar til síðar. Ef þetta má skýra málið og menn telji sig ekki þurfa að biðja um orðið um gæslu þingskapa, þá vill forseti lýsa því yfir að hann mun leyfa þeim hv. þm. að tala í þessu máli sem þess hafa óskað.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa athugasemdir við það hvort forseti lætur mæla fyrir einstökum málum og stöðvar svo umræðu eða hvort að hæstv. forseti vill ganga hreint að einhverju máli. Þó er hagstætt ef mælt verður fyrir málunum að þau verði ekki tekin aftur á dagskrá fyrr en við fáum aðgang að ræðum þeirra sem tala fyrir nefndarálitinu því það er hætt við að sumt af því verði úr minni horfið þegar kemur að þeirri umræðu.

Það sem ég ætlaði fyrst og fremst að fá upplýsingar um er það hversu lengi hyggst hæstv. forseti halda áfram störfum í dag því að það hafa verið mjög misvísandi upplýsingar þar um. (**Forseti:** Forseti hugðist hætta störfum í síðasta lagi um sexleytið og ekki yrði farið fram yfir þann tíma.)

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vildi aðeins benda á það sem kemur fram í brtt. vegna þeirrar umræðu sem hér hefur orðið að hér er um að ræða löggjöf sem ekki á að taka gildi fyrr en 1. júlí 1993. Þetta eru mál sem hefur verið ágætt samstarf um en er í sjálfu sér engin ástæða til að ræða mjög lengi á þessum fundi. Ég vil benda á að nokkrir nefndarmanna eru fjarverandi og nefndarmenn sem höfðu ætlað sér að taka þátt í þessari umræðu.

Þar sem hér er um mál að ræða sem ekki þarf að afgreiða fyrr en á fyrstu mánuðum næsta árs þá finnst mér óþarfi að verið sé að eyða dýrmætum tíma þingsins í þau. Hér er um mál að ræða sem snerta ekki beint hið Evrópska efnahagssvæði en tekur mið af því í nokkrum atriðum. Það má því segja að e.t.v. sé eðlilegast að afgreiðsla þeirra fari fram eftir að því máli lýkur. Að sjálfsögðu vil ég standa við það samkomulag sem gert hefur verið en mér finnst óeðlilegt að vera að eyða miklum tíma í þessi mál á laugardegi vegna þess að það skiptir engu máli hvort þau eru afgreidd nú eða t.d. í mars á næsta ári. Því finnst mér það óeðlilegt í þingstörfunum núna rétt fyrir jólin og vildi beina því til forustu þingsins hvort ekki sé rétt að fresta þeim þar til þing kemur saman á næsta ári.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort maður á að vera að leggja sig mjög fram um að reyna að aðstoða þennan frekar ráðvilltan ríkisstjórnarmeirihluta á Alþingi á störfum á fundum ef niðurstaðan er svo spíssfyndugheit eins og fram komu hjá formanni þingflokks Alþfl. áðan. Ef þetta er andinn sem hann og Alþfl. vill hafa í þessu samstarfi þá er eins gott að þeir eigi þetta bara sjálfir og fái að glíma við það hér í ræðustólnum og þinginu hvernig þeir vilja hafa þetta. Ég var eingöngu, bara af skynsemi og góðum vilja að koma því áleiðis til formanns nefndarinnar og síðan viðskrh. hvernig ég teldi vænlegast að gera þetta til þess að sem minnstur tími færi í málin í þinginu. En ef launin fyrir það eru hótfyndni og spíssfyndugheit hjá formanni þingflokks Alþfl. þá dreg ég þann lærdóm af því að það borgar sig ekkert að vera að reyna að aðstoða þessa menn í þingstörfunum.

Hitt er svo alveg rétt, eins og fram hefur komið hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, að það er ekkert sem knýr á um það að menn séu að strekkja í þetta seint á laugardegi. Ef menn hins vegar vilja hefja um þetta umræður er auðvitað alveg ljóst að það getur orðið nokkur umræða um málið. En ég mun draga minn lærdóm af þeim viðbrögðum sem fram komu hjá formanni þingflokks Alþfl.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegur forseti. Ég ætla mér ekki að orðlengja mikið um gæslu þingskapa í þessu máli að öðru leyti en því að þakka hæstv. forseta fyrir viðleitni til þess að leysa þessi mál í samvinnu við þingflokkana.

Mér finnst ástæða til þess að vekja athygli á því að

það gildir ekki það sama um öll frv. fjögur sem hér eru til umræðu í einu lagi undir þingskapagæsluliðnum, þ.e. eitt þeirra er með gildistökutillögu sem er miðuð við áramót. Það er rétt að í þeim eru nokkrar tilvísanir til hins Evrópska efnahagssvæðis sem ástæða er til að menn gefi gaum.

Ég vildi líka láta það koma fram vegna þess sem var sagt áðan að það var haft samband við nefndarmenn stjórnarandstöðunnar sem ekki eru hér staddir vegna þessara mála og voru engin andmæli af þeirra hálfu við þeirri meðferð sem upphaflega var gert ráð fyrir. Ég tel mjög mikilvægt að menn nái samkomulagi um hvernig þessi mál gangi best fram og geri fyrir mitt leyti alls enga athugasemd við þá tillögu sem hæstv. forseti gerði áðan.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Þessi umræða er ekki þinginu til *mikils sóma. Daginn sem hæstv. viðskrh. — eins og* hann man mjög vel — talaði fyrir þessu máli talaði hann fyrir að mig minnir ellefu málum. Ég var ein af þeim ... (**Viðskrh.:** Fjórtán.) Eða fjórtán, segir hæstv. ráðherra. Svo mikill kjáni sem ég er sat ég undir þeirri umræðu allri saman, tók til máls í þessu ákveðna máli sem ég hafði verið svo leiðinleg að kynna mér allnokkuð og gerði við það athugasemdir sem ráðherra féllst á sumar hverjar. Þetta er greinilega ekki það vinnulag sem þykir gott lengur á hinu háa Alþingi.

Síðan þegar dagskrá þingsins liggur fyrir í dag þá á að skila nál. í þessu máli. Venjulegur þingmaður hlýtur að álykta að um það nál. megi ræða, eða hvað? Ég kann engin önnur ráð. Ég sit ekki í hv. efh.- og viðskn. Ég hafði athugasemdir við þetta frv. Sumar hafa verið teknar til greina og ég vil þakka það, og ég taldi mig eiga allan rétt á að geta þess hér í ræðustól eins og almennt gerist um afgreiðslu þingmála. Það er harla nýtt á hinu háa Alþingi að nefndarformaður, sem sjaldnast sést í þingsölum, komi og þylji í belg og biðu fleiri, fleiri nefndarálit um gjörbreytingu á verðbréfamarkaðnum og þingmenn eigi að halda sér saman og síðan verði farið að tala um eitthvað annað. Ég spyr hæstv. forseta: Er hægt að ætlast til að menn taki þessu með góða skapinu?

Ég skil þetta ekki. Svo kemur hér einn virðulegasti alþingismaður þjóðarinnar (**ÖS:** Þótt víðar væri leitað.) og þótt víðar væri leitað, hv. þm. Halldór Ásgrímsson, og segir: Það tekur svo sem ekkert að vera að tala um þetta. Það kann vel að vera að það sé alveg rétt hjá þingmanninum að það liggi ekkert á að afgreiða þetta. En það vill bara svo til að hv. formaður nefndarinnar er búinn að mæla fyrir nál. Hæstv. ráðherra situr hér og það hlýtur að vera það eðlilegasta af öllu eðlilegu að ljúka umræðu um málið. Síðan, ef þingmenn eru sammála um að það taki því ekkert að vera að fjargviðrast í að afgreiða þetta, þá liggur það tilbúið til atkvæðagreiðslu þegar þar að kemur. En það verður að vera einhver háttur á þessu, hæstv. forseti.

Verðbréfasjóðir, 2. umr.

Stjfrv., 12. mál. — Þskj. 12, nál. 391, brtt. 392.

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. og brtt. við frv. um verðbréfasjóði. Þetta frv. tengist því frv. sem ég mælti hér fyrir áðan. Nefndin er sammála um nokkrar brtt. á frv. eins og við fyrra frv.

Í fyrsta lagi er breyting við 3. gr. Er tekið á því að verðbréfasjóðum sé skylt að nota orðið „verðbréfasjóður" í heiti sínu. Því er breytt þannig að þeim verði heimilt og rétt eftir því sem við verður komið.

Í 14. gr. frv. er líka lögð til sú breyting að það þar komi inn tilvísan í lögbæra aðila í hlutaðeigandi ríki.

Við 16. gr. er lögð til sú breyting að síðari málsgreinin falli brott en hún fjallar um það að hlutdeildarskírteini skuli skrá á opinberum verðbréfamarkaði, en *það verður ekki nauðsynlegt að hafa það sem skyldu.*

Í 17. gr. er aðeins smábreyting á orðalagi.

Í 20. gr. er lagt til að í stað orða um að verðbréfamarkaðir hafi hlotið viðurkenningu lögbærra yfirvalda komi: viðurkenndur með þeim hætti sem bankaeftirlitið metur gildan. Þetta er spurning um stöðu ýmiss konar verðbréfamarkaða erlendis. Á Norðurlöndunum er í gangi allmikil umræða um hvernig menn muni viðurkenna slíka markaði og ekki komið niðurstaða í það. En efh.- og viðskn. hefur í samráði við þá aðila sem hér eiga í hlut ákveðið að leggja til þessa tilhögun.

Þá gerir nefndin tillögu um breytingu á 23. gr. þar sem bætist við 1. mgr.: Þó er bankaeftirlitinu heimilt að setja reglur þar sem kveðið sé á um rýmri mörk..." (**Gripið fram í:** Rýmri mörk?) Regla sem kveður á um rýmri mörk já, þetta eru ekki fjármörk, „enda sé óheimilt að setja hlutdeildarskírteini í hlutaðeigandi sjóði á markaði utan Íslands." Þetta er spurning um í hverju verðbréfasjóðir mega fjárfesta.

Við 25. gr. er gerð brtt. Þar verið er að rýmka aðeins um að það sé alveg niðurneglt að verðbréfasjóðir þurfi að hafa náð tilteknum árangri innan sex mánaða og verði hægt að víkja aðeins frá því ef sé augljóslega í þágu eigenda hlutdeildarskírteina að gera svo.

Í 28. gr. eru tillögur til breytinga um viðskipti eigenda, stjórnenda og starfsmanna verðbréfasjóðs. Það er sams konar breyting og var gerð í frv. um verðbréfaviðskipti og fyrst og fremst gerð til þess að tryggja að viðskiptin geti farið eðlilega fram og þess sé gætt að *þriðju aðilar hafi góðar tryggingar fyrir því að rétt sé* að verki staðið.

Níunda brtt. fjallar um 31. gr. Það er verið að ræða um endurskoðendur og greininni breytt þannig að hún taki mið af eðlilegu hluverki endurskoðanda.

Lagt er til að 40 gr. falli niður. Í henni var rætt um að ráðherra væri heimilt að fela bankaeftirlitinu veitingu leyfa. Nefndin taldi að ráðherra ætti að sjá um það sjálfur en ekki fela bankaeftirlitinu það.

Að lokum gerir nefndin að tillögu sinni að lögin öðlist gildi frá 1. júlí 1993.

Umræðu frestað.

Verðbréfaþing Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 13. mál. — Þskj. 13, nál. 393, brtt. 394.

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. efh.- og viðskn. á þskj. 393. um frv. til laga um Verðbréfaþing Íslands og brtt. á á þskj. 394. Um þetta mál hefur náðst mjög góð samstaða í efh.- og viðskn. og skrifa allir nefndarmenn undir álitið en Kristín Ástgeirsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon þó með fyrirvara.

Þetta mál var sent til hagsmunaaðila til umsagnar eins og fram kemur í nál. og rætt við allmarga aðila í tengslum við það. Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frv. og ég mun rekja þær hér á eftir.

Í fyrsta lagi er lagt til að einkaréttur Verðbréfaþings á verðbréfaþingsstarfsemi sé afmarkaður betur en gert er ráð fyrir.

Í öðru lagi er lögð til breyting við 2. gr. frv. þar sem er tæmandi upptalning er á því sem Verðbréfaþingið á að gera.

Við 3. gr. er orðalagsbreyting.

Í fjórða lagi er lagt til að 8. gr. verði breytt þannig að heimild verðbréfamiðlara til að gerast þingaðilar samkvæmt greininni falli brott en ákvæðið í núverandi mynd þykir of víðtækt. Enn fremur er lagt til að 2. mgr. falli niður en í stað komi nýr töluliður í 1. mgr. er kveði á um að verðbréfafyrirtæki utan EES geti orðið þingaðilar séu þau með leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum sín heimalands og heyri undir eftirlit lögbærs yfirvalds þar. Loks er lagt til að 3. mgr. falli brott enda er kveðið á um starfsemi Seðlabankans í lögum um hann.

Í fimmta lagi er lagt til að 11. gr. verði breytt og frestur styttur eftir því sem kom fram í frv. Meginreglan verði sú að frestur verði tveir mánuðir og skal þingaðila tilkynnt um ákvörðun stjórnar að jafnaði eftir tvo mánuði frá því að fullbúin umsókn barst.

Í sjötta lagi er lagt til að 12. gr. verði breytt. Annars vegar að ákvæði um niðurfellingu verðbréfa af skrá Verðbréfaþingsins verði sambærileg við núgildandi reglur, en ákvæði frv. hefur sætt nokkurri gagnrýni. Hins vegar að fastar verði að orði kveðið um samráð ráðherra við stjórn Verðbréfaþingsins ef hann tekur ákvörðun um að loka þinginu.

Í sjöunda lagi er lögð til breyting á 15. gr. þannig að þingaðili þurfi ekki að fá formlega staðfestingu kaupenda og seljenda á því að þeir sætti sig við að hann eigi viðskipti með skráð verðbréf án þess að bjóða þau fram í viðskiptakerfi þingsins. Ef þetta stæði eins og þarna er þá mundi það valda mjög auknum kostnaði við smáviðskipti með verðbréf, en viðskipti þurfa að nema tilteknu lágmarki til að komast inn á þingið sem er eitthvað á annað hundrað þúsund krónur. Hins vegar er töluvert um að fólk vilji kaupa verðbréf af þessum þingaðilum fyrir minna, kannski tugi þúsunda króna og mundi það auka mjög kostnað við slík viðskipti ef þyrfti að hafa allt það umstang í kringum það eins lagt var til upphaflega í greininni.

Í áttunda lagi eru lagðar til breytingar á 18. gr. þar sem falli út heimild bankaeftirlitsins til þess að ganga beint að gögnum og upplýsingum um starfsemi og útgefanda skráðra verðbréfa. Þykir nægilegt að bankaeftirlitið hafi aðgang að gögnum um þessa aðila hjá Verðbréfaþinginu sjálfu. Enn fremur má benda á að í frv. um verðbréfaviðskipti hefur bankaeftirlitið allar þær heimildir sem þarf til þess að hafa eftirlit með þessum aðilum.

Í níunda lagi er lagt til að gildistökuákvæði verði breytt og lögin öðlist gildi 1. júlí nk.

Umræðu frestað.

Umboðssöluviðskipti, 2. umr.

Stjfrv., 125. mál (EES-reglur). — Þskj. 145, nál. 409, brtt. 410 og 428.

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir áliti efh.- og viðskn. á frv. til laga um umboðssöluviðskipti. Nefndin er öll sammála um þetta mál og skrifa allir undir án fyrirvara. Nefndin sendi nokkrum aðilum frv. til umsagnar og fékk tillögur um breytingar. Nefndin tók tillit til nokkkurra ábendinga og leggur fram brtt. á þskj. 410 og jafnframt á þskj. 428.

Í fyrsta lagi er lagt til að 1. gr. verði breytt þannig að frv. gildi aðeins um umboðssölu með vörur en ekki umboðssölu í þjónustuviðskiptum.

Í öðru lagi er lagt til að breyta 10. gr. þannig að hún sé skýrari.

Í þriðja lagi er lögð til breyting á 11. gr. þar sem um misritun hefur verið að ræða.

Síðan er lagt til skýrara orðalag í 13. gr., einfaldlega að samningarnir skulu vera skriflegir.

Í fimmta lagi er lögð til breyting á 16. gr. en þar hefur fallið niður tilvísun í 15. gr.

Í sjötta lagi er lögð til breyting á 17. gr. þar sem skilgreining hugtaksins „fjárhagstjón" er rýmkuð.

Í sjöunda lagi er lögð til breyting á orðalagi 2. mgr. 18. gr. til þess að skýra orðalagið. Málsgreinin orðist svo, með leyfi forseta: „Umboðssölumaður á ekki rétt til greiðslu vegna samningsslita ef hann hefur sjálfur sagt samningnum upp. Þetta á þó ekki við ef ástæður uppsagnarinnar má rekja til umbjóðanda eða þess að umboðssölumaðurinn getur ekki haldið áfram starfi sínu vegna aldurs eða sjúkleika."

Síðan er lögð fram lagfæring á 19. gr. en þar hefur orðið misritun.

Sömuleiðis er lögð til sams konar breyting vegna misritunar á þskj. 428 við 8. gr.

Ég tel afar mikilvægt að þetta frv. geti orðið að lögum fyrir jólin. Nefndin gerir tillögu um að lögin taki gildi 1. jan. í samræmi við það sem stóð upphaflega í frv. Það er afar mikilvægt fyrir þá sem stunda þessi viðskipti að frv. verði samþykkt. Það bætir réttarstöðu innlendra umboðssölumanna og er ekki vanþörf á

vegna margs konar mála sem upp hafa komið og væri hægt að rekja hér í löngu máli.

Umræðu frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 222. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 265, nál. 431, brtt. 432.

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar á þskj. 431. Nefndin hefur fjallað um frv. og var umfjöllun hennar með svipuðu sniði og á 115. löggjafarþingi. Formaður og einn nefndarmanna, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, fóru yfir allar umsóknir um ríkisborgararétt til að kanna hvort þær uppfylltu þau skilyrði sem allshn. hefur veitt fyrir veitingu ríkisfangs, sbr. þskj. 910 frá 112. löggjafarþingi.

Við afgreiðslu á þessu frv. um veitingu ríkisborgararéttar, sem er væntanlega hið fyrra á þessu löggjafarþingi, hefur nefndin haft að leiðarljósi fyrrgreindar reglur á þskj. 910. Umsóknir sem ekki hljóta afgreiðslu nú bíða þar til síðara frv. er afgreitt á vorþingi en þá koma allar óafgreiddar umsóknir aftur til skoðunar.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Allir nefndarmenn allshn. standa að nál. þessu og brtt. Undir álitið rita Sólveig Pétursdóttir, Jón Helgason, Ingi Björn Albertsson, Sigbjörn Gunnarsson, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Kristinn H. Gunnarsson, Tómas Ingi Olrich, Eyjólfur Konráð Jónsson og Ólafur Þ. Þórðarson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2. og 8.–12. dagskrármálið.

Efnisskrá.

Almannatryggingar og stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum (285. mál, mæðra- og feðralaun, slysatryggingar o.fl.) 3846, 3871, 4138, 4180, 4207.

Efling Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðis sem miðstöðvar fræðslu á sviði sjávarútvegs (234. mál) 3937.

Fjárlög 1993 (96. mál) 3954, 4117.

Fækkun stöðugilda hjá ríkinu (288. mál) 3950.

Húsnæðisstofnun ríkisins (276. mál, stjórnsýsluleg staða, skyldusparnaður o.fl.) 4161.

Kostnaður við löggæslu á skemmtunum (281. mál) 3944.

Lánsfjárlög 1992 (279. mál, húsbréf) 3725, 3738, 3866, 3871.

Skattamál (286. mál, breyting ýmissa laga) 3746, 3833.

Skýrsla utanríkisráðherra um niðurstöður ráðherrafundar EFTA-ríkjanna 4208.

Tekjustofnar sveitarfélaga (284. mál, aðstöðugjald) 3731, 3738, 3745.

Tilhögun þingfundar 3832.

Tilkynning um utandagskrárumræðu 3706.

Um þingsköp:
- Afgreiðsla fjárlagafrumvarps 3833.
- Umræða um Evrópskt efnahagssvæði 4203.
- Umræður um dagskrármál 4240.
- *Sjá enn fremur:*
- Almannatryggingar og stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum 4142.
- Fjárlög 1993 4041, 4089, 4108.
- Efling Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðis sem miðstöðvar fræðslu á sviði sjávarútvegs 3942.
- Kostnaður við löggæslu á skemmtunum 3945.
- Umræður utan dagskrár (ný staða í EES-málinu) 3719.

Umboðssöluviðskipti (125. mál, EES-reglur) 4246.

Umræður utan dagskrár:
- Ný staða í EES-málinu 3708.

Vegáætlun 1992 (190. mál) 3706.

Veiting ríkisborgararéttar (222. mál, fyrra stjfrv.) 4247.

Verðbréfasjóðir (12. mál) 4244.

Verðbréfaviðskipti (11. mál) 4237.

Verðbréfaþing Íslands (13. mál) 4245.

Leiðrétting í 12. hefti, d. 3307. Rétt er atkvæðagreiðslan svona:

Friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana, 3. umr.

Stjfrv., 41. mál. — Þskj. 347.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 30:1 atkv. og sögðu

já: BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GÁ, HN, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KÁ*, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

nei: ÓÞÞ.

2 þm. (AKS, ÁgG) greiddu ekki atkv.

30 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, FrS, GB, GHG, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, KSG, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, RG, SAÞ, StG, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 362).

Mælendaskrá.

Forseti Salome Þorkelsdóttir 3706, 3708, 3722, 3825, 4041, 4136, 4204, 4205, 4239, 4241.
1. varaforseti Valgerður Sverrisdóttir 3832, 3835, 3836, 3837, 3838, 3840, 3842, 3845, 4089, 4090, 4104.
5. varaforseti Kristín Einarsdóttir 3941, 3942, 3943, 3946, 3949, 3950.
6. varaforseti Pálmi Jónsson 3924, 3932, 4034.
Dómsmrh. Þorsteinn Pálsson 3944, 3945, 3946, 3947, 3948.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 3731, 3742, 3868, 4161.
Fjmrh. Friðrik Sophusson 3746, 3819, 3826, 3827, 3828, 3829, 3830, 3831, 3844, 3951, 3953.
Heilbrrh. Sighvatur Björgvinsson 3846, 3924, 3932, 3933, 3934, 4085, 4086, 4142, 4145, 4146, 4188, 4195.
Menntmrh. Ólafur G. Einarsson 4067, 4072, 4073, 4083, 4084, 4088, 4089, 4121.
Samgrh. Halldór Blöndal 3706.
Sjútvrh. Þorsteinn Pálsson 3938, 3940, 3943.
Utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson 3710, 3718, 3721, 3725, 3841, 4208, 4236.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 4242.
Anna Ólafsdóttir Björnsson 3717, 3812, 3828, 3829, 4027, 4034, 4236.
Anna Kristín Sigurðardóttir 4023.
Björn Bjarnason 3712, 4219.
Egill Jónsson 4053, 4059.
Einar K. Guðfinnsson 3948, 3949, 4133.
Eyjólfur Konráð Jónsson 3715, 4228.
Finnur Ingólfsson 3801, 3826, 3857, 3871, 3915, 3935, 3936, 4197.
Geir H. Haarde 3721, 3724, 3838, 4173, 4204, 4205.
Guðmundur Bjarnason 3833, 3839, 3973, 4182.
Guðni Ágústsson 3706.
Guðrún Helgadóttir 3708, 3918, 3986, 4240, 4243.
Gunnlaugur Stefánsson 4123.
Halldór Ásgrímsson 4185, 4242.
Hjörleifur Guttormsson 3708, 3717, 3723, 4225.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir 3715, 3842, 3896, 3918, 3933, 3934, 4131, 4146, 4232.
Ingibjörg Pálmadóttir 3723, 3741, 3742, 4109, 4113, 4114, 4142, 4143, 4146.
Jóhann Ársælsson 3706, 3830, 3831, 3917.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson 3728, 3759, 3825, 3826, 3834, 3939, 3941, 3943, 4114.
Jón Helgason 3722, 4197.
Jón Kristjánsson 3733, 3836, 4009, 4023, 4169, 4173.
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir 3706, 3713, 3994, 4008, 4009, 4087, 4088, 4089, 4136, 4206.
Karl Steinar Guðnason 3834, 3954, 4135.
Kristinn H. Gunnarsson 3729, 3736, 3738, 3742, 3816, 3829, 3830, 3838, 3867, 3869, 3944, 3945, 3949, 4123, 4138, 4174, 4187.
Kristín Ástgeirsdóttir 3722, 3791, 3828, 3837, 3867, 3941, 3950, 3953, 4123, 4129.
Kristín Einarsdóttir 3708, 3718, 4221.
Lára Margrét Ragnarsdóttir 3911, 3916.
Ólafur Ragnar Grímsson 3713, 3719, 3724, 3835, 3840, 3841, 3845, 4215, 4240, 4242.
Ólafur Þ. Þórðarson 3707, 3838, 3843, 4041, 4089, 4090, 4121, 4129, 4199, 4203, 4204, 4205, 4206, 4224, 4241.
Páll Pétursson 3711, 3721, 3806, 3827, 3836, 3837, 3840, 3947, 3950, 4205, 4235.
Pálmi Jónsson 3707, 3916, 4129.
Ragnar Arnalds 3716, 3722, 3844, 4120.
Rannveig Guðmundsdóttir 3714, 4121.
Sólveig Pétursdóttir 4247.
Stefán Guðmundsson 4022, 4059, 4120, 4129.
Steingrímur Hermannsson 4213.
Steingrímur J. Sigfússon 3707, 3726, 3769, 3789, 3790, 3937, 3940, 3942, 4090, 4105, 4107, 4122, 4130, 4132, 4134, 4135, 4206.
Sturla Böðvarsson 4002, 4009.
Svavar Gestsson 3720, 3879, 3916, 3932, 3933, 3945, 3946, 3947, 3948, 3949, 3952, 4041, 4071, 4072, 4074, 4084, 4085, 4086, 4108, 4119, 4122, 4132, 4155, 4180, 4195, 4196.
Tómas Ingi Olrich 3939.
Valgerður Sverrisdóttir 4059, 4073, 4074, 4122, 4124.
Vilhjálmur Egilsson 3725, 3731, 3867, 4237, 4244, 4245, 4246.
Össur Skarphéðinsson 3789, 3790, 4104, 4106, 4108, 4112, 4113, 4206, 4241.

82. FUNDUR

mánudaginn 14. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:
Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 372, 376 og 411, brtt. 374. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:
Fjárlög 1993, 96. mál, þskj. 465.
Sveitarstjórnarlög, 301. mál, frv. KHG, þskj. 469.

Um þingsköp.
Umræða um EES og ummæli utanríkisráðherra.

Ragnar Arnalds:
Virðulegi forseti. Áður en umræða um Evrópskt efnahagssvæði hefst vil ég að það komi skýrt fram að ekki hafa verið höfð nein samráð við stjórnarandstöðuna og málsvara hennar um tilhögun dagskrár í dag. Ég vil líka að það komi fram sem skoðun mín að nú, þegar svo skammt er til jólaleyfis, sé afar óhyggilegt að standa þannig að málum að ekki séu höfð samráð um dagskrá. Það eru ekki nema átta þingdagar til jólaleyfis. Hins vegar er fullljóst að mjög mörg mál þarf að ræða á næstu dögum sem varða efnahagsmál og afgreiðslu fjárlaga.

Við höfum meðtekið það að hæstv. utanrrh. hefur ekki aðeins tilkynnt erlendum blaðamönnum og fréttamönnum það hver úrslit muni verða í atkvæðagreiðslu um EES á Alþingi og hvernig einstakir flokkar muni greiða atkvæði heldur og hitt að málþóf sé fyrirhugað um EES. Ég held að þetta sé á nokkrum misskilningi byggt. Ég held að það mál sem hér er til umræðu sé það viðamikið og snerti flest svið mannlegra samskipta að ekki þurfi að tala um neitt málþóf þótt þingmenn telji sér nauðsyn að ræða það ítarlega á lengri tíma en er nú til jóla. Það er alkunnugt að margir stjórnarandstöðuþingmenn tóku alls ekki til máls við 1. umr. Ég gæti nefnt allmarga sem ekki gerðu það en 2. umr. máls er aðalumræða. Hér er ekki aðeins um að ræða eitt örlagaríkasta mál sem fyrir þingið hefur verið lagt heldur er það líka mælt í þúsundum síðna og má segja að þetta þingmál eitt sé á við mörg hundruð önnur þingmál. Þar af leiðir að eyða þarf í það miklu lengri tíma en öll venjuleg þingmál. Þess vegna finnst mér miðað við þann skamma tíma sem fram undan er að afar óhyggilegt sé að reyna ekki að átta sig á því hvernig við ætlum að komast fram úr þeim mörgu málum sem við höfum að glíma við til jóla. Ég vil eindregið hvetja virðulegan forseta til þess að leita samráðs við alla þingflokka um meðferð mála á næstu dögum.

Stefán Guðmundsson:
Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs um gæslu þingskapa vegna ummæla hæstv. utanrrh., Jóns Baldvins Hannibalssonar, sem birtust í DV sl. laugardag og eru byggð á símaviðtali við ráðherrann í Genf. Vægt til orða tekið eru þessi ummæli óskiljanleg og erfitt að átta sig á hvaða tilgangi þau eiga að þjóna hvað varðar okkur þingmenn og þjóðþingið sjálft. Virðulegi forseti. Ég vil fara þess á leit við hæstv. utanrrh. að hann komi upp í þennan ræðustól á eftir mér og endurtaki þau ummæli sín sem komu á eftir millifyrirsögninni „Ræðst af andvökum og þvagfærum" svo þingið og þjóðin geti heyrt þessi ummæli af vörum ráðherrans úr þessum ræðustól. Eftir að ráðherrann hefur endurtekið þessi ummæli sín hér getur hæstv. forseti metið þau og dæmt, ekki hvað síst þar sem hann víkur að starfi forseta og þingsköpum. Að ráðherra í ríkisstjórn skuli leyfa sér slíkt orðaval er umhugsunarefni fyrir þingmenn og þá aðallega fyrir hæstv. forsrh., ábyrgðarmann þessa ráðherra. Ummæli sem þessi hljóta að vekja spurningar um hvort ráðherrann sé í því jafnvægi sem æskilegt verður að teljast á þeim tímum sem hann er að semja um svo mikilsverð mál sem nú standa yfir.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að hæstv. utanrrh. verði við ósk minni.

Svavar Gestsson:
Virðulegi forseti. Hér hafa komið fram mjög athyglisverðar upplýsingar í þessari umræðu um gæslu þingskapa. Það sem merkilegast er er í raun og veru að það liggur þegar fyrir, samkvæmt yfirlýsingu frá hv. 3. þm. Norðurl. v., að ekkert samkomulag er um það hvernig fara eigi með frv. til staðfestingar á samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort leitað hefur verið eftir slíku samkomulagi. Hafa farið fram viðræður milli formanna þingflokka og forsætisnefndar um þau mál? Ég óska eftir því að forseti upplýsi sem nánast um það. Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. forseta og biðja hann um að svara því sem forseti Alþingis: Telur forsetinn málið þingtækt? Telur forsetinn að það frv. sem á að fara að ræða á eftir sé þingtækt með hliðsjón af því að það liggur fyrir af hálfu flm. frv. að það verður að breyta því í grundvallaratriðum áður en málið verður til lykta leitt í þessari virðulegu stofnun? Ég tel víst að hæstv. forseti hafi myndað sér skoðanir á þessu og ég tel að ég eigi kröfu á því sem þingmaður að vita hvaða skoðun forseti Alþingis hefur á þessu máli. Telur hún málið þingtækt? Hefur hún myndað sér sjálfstæða skoðun á því hvort þetta mál er þingtækt?

Síðan vil ég, virðulegi forseti, taka mjög eindregið undir þau orð sem voru flutt af hv. 4. þm. Norðurl. v. áðan. Ég vil benda á að hæstv. utanrrh. viðhafði þessi ummæli ekki aðeins í viðtali við DV heldur einnig hliðstæð ummæli á blaðamannafundi sem var greint frá í fréttum Ríkissjónvarpsins í gærkvöldi. Þar byrjaði hæstv. utanrrh. blaðamannafundinn á því að láta fundarsalinn hlæja að Alþingi Íslendinga. Hæstv. utanrrh. taldi sér sæma að gera grín að Alþingi Íslendinga með einkar ósmekklegum hætti. Þó tók steininn úr og þannig kórónaði hann sköpunarverkið þegar hann talaði um að sérstaka líkamsburði þyrfti til að þola það að sitja á Alþingi Íslendinga undir málflutningi stjórnarandstöðunnar. Ég hygg, virðulegi forseti, að aldrei áður hafi nokkur ráðherra gert jafnlítið úr þjóðþinginu og hæstv. utanrrh. gerði í þessu viðtali samkvæmt fréttum sjónvarpsins. Ég skora á hæstv. utanrrh. að koma hingað upp og biðjast formlega afsökunar á þessum ósmekklegu, ódrengilegu og óheiðarlegu ummælum í garð Alþingis Íslendinga. Ég tel að það sé útilokað fyrir nokkurn þingmann, sem hefur snefil af sjálfsvirðingu, að sitja undir þessari smekkleysu hæstv. utanrrh. og formanns Alþfl. Auðvitað ætti forseti sem hefur aðgang að þessum ummælum í sjónvarpinu að víta hæstv. ráðherra fyrir þessi vinnubrögð eða eru ummæli af þessu tagi til þess fallin að greiða fyrir vinnubrögðum á Alþingi Íslendinga þessa daga? Er það aðferðin við að leita eftir samkomulagi að sproksetja Alþingi og alþingismenn á erlendum vettvangi með þessum ósmekklega hætti?

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrir um það bil hálfum mánuði hófust viðræður milli þingflokksformanna um það hvernig þinghaldi skyldi háttað fram til jóla og hvernig farið skyldi með EES-málið. Þá var ákveðið að þremur dögum skyldi varið til 2. umr. og það samkomulag var gert með fyrirvara um hvað gerast kynni í Sviss. Síðan kom í ljós að samningurinn var felldur í Sviss sem leiddi af sér að algerlega ný staða kom upp í málinu.

Nú hefur það enn þá ekki verið upplýst hvort samningurinn, eins og málin standa nú, er til þess hæfur að hann sé tekinn til 2. umr. Á þingflokksformannafundi með forseta sl. föstudag bað ég um lagalega úttekt á því hvernig þetta horfði við. Ég hef ekki fengið neitt slíkt í hendur en mér skilst að á fundi utanrmn. í morgun hafi komið fram álitsgerð frá utanrrn. Hún er að mínum dómi alls ekki marktæk heldur er það þingið sjálft sem á að meta það hvort málið er tækt til að ræðast í sölum Alþingis. Það er Alþingis að meta það, ekki lögfræðinga utanrrn. Ég ítreka því þá beiðni mína til hæstv. forseta að slík úttekt verði gerð og að hún berist okkur í hendur áður en þetta mál verður tekið á dagskrá.

Það hefur alltaf verið ljóst, virðulegi forseti, að 2. umr. um EES-málið mun taka langan tíma. Ég hlýt að benda á það, eins og fleiri hafa gert í umræðunni, hversu mörg og stór mál eru til umræðu á þinginu, mál sem þarf að afgreiða fyrir jól. Ég hlýt því að segja að með því að taka EES-málið á dagskrá nú, sem mun kalla á umræður næstu daga, er auðvitað verið að setja ríkisfjármálin í uppnám. Það er á ábyrgð ríkisstjórnarflokkanna. Það er haft eftir stjórnarliðum í útvarpinu að þeir ætli að hefja 2. umr. um EES-málið á Alþingi í óþökk stjórnarandstöðunnar. Það er líka haft eftir stjórnarliðum að stjórnarandstaðan hafi brotið hvert einasta samkomulag sem gert hefur verið um afgreiðslu EES-málsins eins og sagði í fréttum Ríkisútvarpsins á laugardaginn. Þetta eru náttúrlega makalausar yfirlýsingar sem verið er að hafa eftir þingmönnum. Þegar við bætist yfirlýsing utanrrh. í Genf fer manni ekki að lítast á blikuna, hvorki á þá starfshætti né það orðafar sem menn nota. Ég hlýt að lýsa því yfir að það sem fylgja mun næstu daga er á ábyrgð ríkisstjórnarflokkanna. Ég krefst þess að hæstv. utanrrh. biðjist afsökunar á ummælum sínum. Slíkt virðingarleysi við þingið er óþolandi.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Sú dagskrá sem liggur fyrir þessum fundi er ekki samin í neinu samráði við þingflokksformenn, a.m.k. ekki stjórnarandstöðunnar. Ég vil láta það koma fram og ég vil láta koma fram mótmæli við þessari dagskrá. Það er ekki eðlilegt að taka EES-málið til 2. umr. í dag. Samningurinn er ekki í endanlegu formi á þingskjölunum. Það eitt er vitað að endanleg gerð þessa samnings er ekki sú sem prentuð hefur verið á þeim þingskjölum sem við höfum.

Þar fyrir utan liggur Alþingi náttúrlega ekkert á að afgreiða þetta mál. Evrópskt efnahagssvæði verður ekki myndað fyrr en í fyrsta lagi 1. júlí á næsta ári og við höfum nógan tíma þangað til að ræða málið í ljósi atburða sem gerast á næstunni, m.a. í kjölfar ráðherrafundar 21. des. Utanrrh. þarf ekki að biðja Alþingi um umboð til þess að semja, allra síst að skynsamlegt sé að veita honum slíkt umboð. Hann hefur umboð frá ríkisstjórninni til að taka þátt í viðræðum um myndun Evrópsks efnahagssvæðis eða breytingar á þessum samningi. Hann þarf ekkert umboð frá Alþingi til þess nema ríkisstjórnin hafi svipt hann því umboði sem hann hefur haft frá henni. Þar af leiðandi getur hann ekki ætlast til þess að Alþingi samþykki sérstaka heimild fyrir hann til að semja um það sem honum kann að þóknast.

Ég ætla ekki að blanda mér í það hvernig hæstv. utanrrh. klagar Alþingi Íslendinga á erlendum vettvangi. Sjálfsagt er hann að reyna að hefna þess í Genf sem hallaðist á Alþingi. Sumir reyndu að hefna þess í héraði sem hallaðist á Alþingi. Utanrrh. kýs að gera það erlendis. Mig tekur svo sem ekkert sárt þó að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson verði sér til skammar í útlöndum ef hann gerir það sem prívatpersóna. En þegar hann kemur fram á blaðamannafundi sem utanrrh. lýðveldisins er það öllu lakara.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við hljótum að spyrja til hvers það er að hafa heimild í þingsköpum til að gera athugasemdir við dagskrá og fundarstjórn þegar af hálfu

hæstv. forseta koma ekki nein svör við þeim mörgu spurningum sem fram eru bornar. Það er ekki eingöngu í umræðunni hér og nú sem þetta gerist. Það virðist vera mat hæstv. forseta að hann þurfi ekkert við þingmenn að tala eða svara þeim athugasemdum sem koma fram. Ég átta mig ekki á því hvernig það er metið að hafa slíka heimild í þingsköpum þegar forseti þingsins sér ekki ástæðu til að bregaðst við beinum og eðlilegum fyrirspurnum og athugasemdum þingmanna. Ég vil mótmæla því hvernig hér er staðið að málum. Ég vil mótmæla því að þetta mál sé tekið á dagskrá án nokkurs samráðs við stjórnarandstöðuna eins og hefur komið fram. Ég undrast það ef hæstv. forseti telur að það sé vænlegt til að greiða fyrir störfum í þinginu í jólaönnum að standa þannig að málum.

Það hefur ekki aðeins komið fram hjá formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar að ekkert hafi verið við þá rætt um dagskrá nú eða framvindu mála í þinginu fram til hátíða. Það hefur komið fram hjá formanni stærsta stjórnarandstöðuflokksins að hans mat sé að þetta mál sé ekki þingtækt og það er talsvert mikið satt. Ég er þeirrar sömu skoðunar, virðulegi forseti. Frá forseta hefur ekki heyrst orð um það hvert sé mat hans á þessu máli. Ég óska eftir upplýsingum um það hvernig hafi verið staðið að þessu máli í forsætisnefnd þingsins, hvernig hafi verið fjallað um undirbúning mála í forsætisnefnd þingsins. Oft reynir á þá nefnd en ekki síst nú í aðdraganda hátíða þegar annir verða slíkar sem raun ber vitni á Alþingi. Mér finnst kominn tími til að hæstv. forseti svari þingmönnum einhverju.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hefði hv. 4. þm. Austurl. haft biðlund hefði hann átt eftir að heyra svör frá forseta. Forseti vildi gjarnan gefa þingmönnum sem höfðu óskað eftir því að taka til máls um gæslu þingskapa tækifæri til að tjá sig áður en forseti svaraði. En í bili hafa ekki fleiri óskað eftir að taka til máls um gæslu þingskapa og þá er komin röðin að forseta.

Það hefur verið gagnrýnt að forseti tekur þetta mál, EES-samninginn, á dagskrá. Það var gert ráð fyrir því í starfsáætlun þingsins að þetta mál yrði afgreitt eigi síðar en 20. nóv. Nefndarálit utanrmn., meiri hluta og 1. og 2. minni hluta, hafa legið fyrir í tvær vikur. Það hafði verið gert ráð fyrir því að 2. umr. færi fram sl. laugardag. Það hafði verið ákveðið í samráði og með vitund allra þingflokka að öðru leyti en því að fyrirvari var um það hvernig afgreiðslu málið fengi hjá Svisslendingum. Ef samningurinn yrði felldur þar vildu menn ræða málið á nýjan leik. Það voru haldnir fundir með forseta og fyrsta varaforseta og formönnum þingflokka eða fulltrúum þeirra, bæði á föstudag og laugardag sl. til að ræða þessi mál. Það var ósk stjórnarandstöðunnar að málið yrði ekki tekið til umræðu eins og áætlað hafði verið og kom fram á dagskrá sl. laugardag. Það var ósk stjórnarandstöðunnar að fresta umræðunni fram yfir helgi en að taka í staðinn til umræðu munnlega skýrslu utanrrh. Sú umræða fór fram sl. laugardag. Þess vegna hefur forseti litið svo á að það kæmi engum á óvart að málið yrði á dagskrá í dag þar sem ætlið hefur legið fyrir að það þyrfti að afgreiða þetta mál fyrir jól. Það hafa verið áform ríkisstjórnarinnar og hennar markmið. Lái hver sem vill forseta að hann reyni að sjá til þess að málum verði komið áfram eins og ætlað er samkvæmt starfsáætlun þingsins og fyrirætlunum ríkisstjórnar hverju sinni sem væntanlega styðst við meiri hluta þingsins. Forseti telur það vera skyldu sína. Varðandi þá spurningu hv. 9. þm. Reykv. hvort forseti telji málið þingtækt, þá svarar forseti því játandi en telur að það sé þingsins sjálfs að ræða það og komast að niðurstöðu um það ef svo er ekki.

Forseti man ekki eftir fleiri atriðum sem hann hefur verið spurður um en varðandi ummæli utanrrh. í sjónvarpi sem hér voru gerð að umræðuefni vill forseti vísa því til hæstv. utanrrh. sjálfs. Það er á eigin ábyrgð jafnt ráðherra sem þingmanna hvernig þeir tjá sig utan þings um einstök mál.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er ástæða til að þakka að hæstv. forseti bregst við spurningum þingmanna. En ég er ekki sammála hæstv. forseta um þær skýringar og skoðanir sem fram komu varðandi þetta mál af hálfu hæstv. forseta. Hér var sagt að markmið ríkisstjórnarinnar væri að afgreiða þetta mál. Forseti tekur undir það, ef ég heyrði rétt, að nauðsynlegt væri að afgreiða þetta mál á þingi fyrir jólin. Það álit heyrðist hjá hæstv. utanrrh. fyrir nokkru síðan að hann teldi að það væri brýn nauðsyn að afgreiða málið fyrir jól. Hins vegar hefur komið fram að svo er ekki og hæstv. ráðherra hefur viðurkennt það frammi fyrir Alþingi að engin brýn nauðsyn sé til þess að fjalla um, hvað þá afgreiða þetta mál fyrir jól. Ég vil spyrja hæstv. forseta: Hvernig hyggst forsetinn haga þingstörfum til jóla? Er það vilji ríkisstjórnar að þetta mál fái þann forgang að önnur mál sem liggja fyrir þinginu, mál eins og umfjöllun um fjárlagafrv. og skattalagafrv. ríkisstjórnar svo eitthvað sé nefnt, víki fyrir umræðum um þetta mál fram til jóla? Er það hugmynd hæstv. forseta að sniðganga samráð við stjórnarandstöðuna um þetta mál? Það má vera að ósk hafi komið fram um að fresta málinu fram yfir helgi. Ég veit hins vegar ekki annað en mótmæli hafi verið við því að taka málið á dagskrá en ekki spurning um að fresta því fram yfir helgi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er ekki áform forseta að sniðganga samráð við stjórnarandstöðuna í þessu máli frekar en öðrum.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég tel heppilegra og líklegra til að stytta umræður um þingsköp að forseti svari strax og úrskurði svo fljótt sem verða má þegar þingmenn beina í þingskapaumræðum spurningum til forseta eða óska eftir úrskurði um tiltekin atriði. Það er einmitt ráðið til að stytta þingskapaumræður. Hér kom úrskurður um að forseti telji að dagskrármálið sé þingtækt. Ég er ósam-

þykkur þeim úrskurði og vísa til þess sem ég hef áður sagt.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að bregðast við þeim fyrirspurnum sem ég lagði fyrir hana áðan. Mér fannst að svör hæstv. forseta væru í raun og veru mjög athyglisverð og lýsandi fyrir þá alvarlegu stöðu sem Alþingi Íslendinga er í um þessar mundir.

Í fyrsta lagi vegna þess að forseti tók afstöðu með ríkisstjórninni og á móti stjórnarandstöðunni. Forseti lýsti því yfir að það væri sín skoðun að taka yrði málið fyrir — af því hvað? Af því það væri ætlun ríkisstjórnarinnar og hennar markmið að afgreiða málið. Eru það nú rök fyrir hæstv. forseta Alþingis að bera fyrir sig vilja ríkisstjórnarinnar varðandi mál af því tagi sem hér er um að ræða, horfandi á þann veruleika að hér liggur fyrir fjöldi þingmála af ýmsu tagi sem þarf að fjalla um á næstu dögum að mati ríkisstjórnarinnar.

Í öðru lagi tel ég að forseti hafi tekið afstöðu með ríkisstjórnarliðinu á móti stjórnarandstöðunni með því að lýsa því yfir afdráttarlaust að hún teldi það rangt, sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson hefur sagt, að málið væri óþingtækt. Ég hef ekki áður heyrt hér um langan tíma að forseti legði til atlögu við formann stærsta stjórnarandstöðuflokksins með þeim hætti sem forseti gerði áðan. Það var mjög athyglisvert.

Í þriðja lagi var það svo sérkennilegt þegar hæstv. forseti sagði eftir hin athyglisverðu ummæli hæstv. utanrrh. að það væri í raun og veru hans mál hvort hann bæðist afsökunar á þessum ummælum. Það er auðvitað ljóst að ummæli hæstv. utanrrh. valda verulegum erfiðleikum í þinghaldinu. Ef forseti vill halda utan um þinghaldið og stuðla að því að það gangi fram með ró og spekt og með sem virkustum hætti á hæstv. forseti auðvitað að snupra hæstv. utanrrh. fyrir þessi smekklausu klögumál sem hann fór með til Sviss.

Ég vil segja það, virðulegi forseti, hvað sem öðru líður: Ég tel ekki við þessar aðstæður sé stjórnarandstöðuþingmönnum unnt að hjálpa stjórnarflokkunum við þingstörfin. Er ekki verið að boða, virðulegi forseti, nefndarfundi á þingfundatíma? Er ekki verið að kalla saman fjárln.? Mér er kunnugt um að verið er að kalla saman efh.- og viðskn. kl. 6 í dag. Ég hef verið beðinn um að mæta þar í forföllum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Ég mun ekki mæta þar. Ég tel að það sé ekki hægt að taka þátt í nefndarfundum á þingfundatíma þegar meiri hlutinn ætlar undir leiðsögn forseta að sýna stjórnarandstöðunni óbilgirni með þeim hætti sem hæstv. forseti hefur lýst í dag.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vísar því á bug að hann sýni stjórnarandstöðunni óbilgirni. Forseti telur sig hafa skyldur, bæði varðandi markmið ríkisstjórnar og við að gæta hagsmuna stjórnarandstöðunnar og hefur lagt áherslu á að starfa í þeim anda. Varðandi það hvort málið er þingtækt svaraði forseti því að hann teldi að það væri þingtækt, að taka ætti málið á dagskrá og til afgreiðslu, en það væri þingsins sjálfs að taka ákvörðun í framhaldi af því.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég kveð mér hljóðs um gæslu þingskapa er umræðan um nauðsyn þess og það álit virðulegs forseta að afgreiða samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði fyrir áramót.

Þá leyfi ég mér að setja fram þá skoðun mína að ef við eigum að eiga eitthvert erindi inn í það fjölþjóðasamstarf sem fer fram innan vettvangs EES hljóti það að vera alger prófsteinn fyrir hæstv. ríkisstjórn hvort hún hefur afl og getu til þess að ráða við þau brýnu innanlandsmál á sviði efnahagsmála sem nú liggja fyrir. Hafi hæstv. ríkisstjórn ekki tök á því og geti ekki sýnt fram á það á næstu dögum að hún ráði við að fylgja boðuðum efnahagsaðgerðum eftir með lagabreytingum, m.a. breytingu á aðstöðugjaldi sem átti að verða til þess að aðlaga okkar atvinnulíf því sem gerist í nágrannalöndum okkar, eigum við ekkert erindi inn í víðtækara efnahagssamstarf. Virðulegi forseti. Það er mín skoðun að öll rök séu til þess að við tökum málin í þeirri röð að við látum reyna á það fyrst hvort hæstv. ríkisstjórn ræður við þau mál.

Til viðbótar vil ég láta það koma fram sem mína skoðun, virðulegi forseti, að nú er svo komið að mér sýnist að við getum ekki á nokkurn hátt farið inn í hið evrópska samstarf undir forustu þess hæstv. utanrrh. sem nú situr. Þeim sem hér stendur hefur sjaldan runnið eins í skap undir nokkru eins og undir ummælum hæstv. utanrrh. í sjónvarpi í gærkvöldi sem hann viðhafði á blaðamannafundi úti í Sviss. Maður sem hefur hlotið trúnað og brotið hann á þann hátt sem hæstv. utanrrh. gerði í gær á ekki skilið trúnað þjóðar sinnar eða Alþingis. Ég ítreka þær kröfur sem hér hafa komið fram um það að hæstv. ráðherra tjái sig um þessi mál, hvað hann var að meina með ummælum sínum úti í Genf um helgina. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa okkar þingmanna að það komi fram. Við getum síðan farið í langar viðræður við hæstv. ráðherra og látið reyna á hans líffæraþol varðandi það hver sé hænan og hvert sé eggið í þessu máli og hvort það sé ekki svo, virðulegur forseti, að þegar ríkisstjórn gengur fram með þeim hætti sem hún gerir núna eigi stjórnarandstaða ekki annarra kosta völ en að fara í málþóf.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Þegar forseti gerði grein fyrir gangi mála varðandi EES-málið að undanförnu mátti skilja forseta svo að málið hefði tafist í þinginu af völdum hv. þm. og að stjórnarandstaðan hefði átt þar hlut að máli. Ég vek á því athygli ef einhver, einkum og sér í lagi utan þings, hefur ekki áttað sig á því hvers vegna EES-samningurinn er svona seint á ferðinni til 2. umr. Það er ekki víst að allir átti sig á því hvers vegna það er og hvers vegna það stóðst ekki að málið væri tekið til 2. umr. upp úr 20. nóv.

Ástæðan var ekki sú að það stæði eitthvað á hv. þm. að taka málið hér til meðferðar, heldur einfaldlega hitt að sjávarútvegssamningurinn var ekki kominn og því

hafði ævinlega verið lýst yfir að ekki yrði hægt að taka þetta mál til framhaldsmeðferðar í þinginu án þess að sá samningur lægi fyrir. Hvenær kom sá samningur til þingsins? Það var ekki fyrr en í byrjun desembermánaðar. Hann var tekinn til 1. umr. í þinginu 3. des. sl. Það var ástæðan til þess að 2. umr. dróst á langinn og ekki var hægt að afgreiða málið út úr nefnd. Síðan koma úrslitin í þjóðaratkvæðagreiðslunni í Sviss aðeins þremur dögum seinna, sunnudaginn 6. des. Þá þurfti að sjálfsögðu, og var allra manna mál að þyrfti, að fá lögfræðilega úttekt á því hvernig mál stæðu að lokinni þessari atkvæðagreiðslu. Ég vek á því athygli að þeirri úttekt er alls ekki lokið. Það hafa verið lögð fram gögn í utanrmn. um það hvernig hugsanlegt væri að breyta þeim samningi sem hér er til umræðu en þeirri lögfræðilegu úttekt á því máli sem beðið hefur verið um er alls ekki lokið og þannig stendur málið í dag.

Ég verð hins vegar að segja að það merkilegasta við þá umræðu sem hér hefur farið fram er að sjálfsögðu þögn hæstv. utanrrh. Þess hefur verið krafist að hann gerði grein fyrir ummælum sínum á blaðamannafundi erlendis fyrir helgina, en hann kýs að þegja. Þess hefur verið krafist að hann bæðist afsökunar á ummælum sínum. Hann kýs að þegja. Er viðunandi að utanrrh. þegi? Er það viðunandi?

Ég vil svo að lokum spyrja hæstv. forseta hvort ekki sé fyrirhugað að samráð verði við þingflokka stjórnarandstöðunnar um þingstörfin fram að jólaleyfi og hvernig þau verða yfirleitt skipulögð. Okkur er það alveg óskiljanlegt hvernig fyrirhugað er að halda á málum og vildum gjarnan að forseti svaraði þessari spurningu: Verða höfð samráð við stjórnarandstöðuna og hvernig er fyrirhugað þinghald fram að jólaleyfi?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Varðandi þessa síðustu spurningu hv. 3. þm. Norðurl. v. vill forseti taka undir það að samráð verði haft við stjórnarandstöðuna um þingstörfin fram að jólum, enda kom það fram í drögum að samkomulagi milli þingflokka um afgreiðslu þingmála fyrir jólahlé sem var gert miðvikudaginn 2. des. Þar stendur í upphafi: Stefnt verði að því að ljúka þingstörfum fyrir jól samkvæmt starfsáætlun laugardaginn 19. des. Samkomulag er um að störfum verði hagað með þessum hætti, og síðan er það tíundað, sem forseti skýrði frá áðan, að varðandi það mál sem hér er á dagskrá, þá þurfi að endurskoða það. Væntir forseti þess að formenn þingflokka eigi eftir að ræða það mál hvernig menn geta staðið við starfsáætlun þingsins.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hæstv. forseta áðan að hún hefði komist að þeirri niðurstöðu að málið væri þingtækt. Ég hef ekki séð neina úttekt á því efni aðra en þá sem lögð var fram í utanrmn. í morgun og ég hef lýst áður yfir að ég tek ekki mark á. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvernig hún hefur komist að þessari niðurstöðu og hvort hún telji ekki rétt að ræða það við okkur þingflokksformenn og reyna þá að sannfæra okkur um að málið sé þannig statt að hægt sé að taka það á dagskrá.

Ég vil líka spyrja hæstv. forseta hvernig hún hugsar sér þinghald í dag því eins og fram hefur komið í umræðunni hafa verið boðaðir nefndarfundir bæði í efh.- og viðskn. og fjárln., í efh.- og viðskn. kl. 18 og í fjárln. kl. 19. Ég vil að það komi skýrt fram að annaðhvort sit ég nefndarfund í efh.- og viðskn. eða á þingfundum. Ég ætla að fylgjast með umræðu þessa máls og mun ekki sætta mig við að hér verði þingfundir á meðan nefndarfundir standa yfir í efh.- og viðskn.

Að lokum vil ég spyrja hæstv. forseta hvernig hún hyggst hafa samráð við forsætisnefnd þingsins um áframhald þingstarfa því mér skilst að það samráð hafi verið heldur lítið hingað til. Ég vil beina þeim tilmælum til forseta að haft verði samráð bæði við þingflokksformenn og forsætisnefnd til þess að okkur megi takast að ljúka þingstörfum fyrir jól sem ég dreg reyndar mjög í efa að verði hægt ef svo heldur fram sem horfir. Ég minni á að það samkomulag sem forseti vitnaði til áðan voru drög að samkomulagi og ekkert annað en drög.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill benda á 72. gr. þingskapa. Þar stendur: „Forseti skal hafa reglulega samráð við formenn þingflokka, eða fulltrúa þeirra, um skipulag þingstarfa og leggja fyrir þá til umfjöllunar starfsáætlun þingsins og áætlanir um þingstörf hverrar viku." Forseti hefur reynt að stuðla að því að samráð væri við formenn þingflokka þegar um einhver stórmál er að ræða sem fram undan er að taka á dagskrá.

Forseti ætlaði að hefja þennan fund á því að tilkynna að hér væri fyrirhuguð utandagskrárumræða í dag og vonast forseti til þess að hann fái frið til þess að skýra frá þeirri utandagskrárumræðu áður en menn halda áfram að ræða um gæslu þingskapa og ætlar að skjóta því hér inn. Fyrirhuguð er umræða utan dagskrár að beiðni hv. 8. þm. Reykn., Ólafs Ragnars Grímssonar. Þeirri utandagskrárumræðu er beint til forsrh. og fjallar um framkvæmd yfirlýsingar um ríkisfjármál sem forsrh. flutti 23. nóv., í ljósi yfirlýsingar fjmrh. um helgina. Það var fyrirhugað að umræðan færi fram kl. 3.30 í dag. Að vísu hefur farið nokkuð langur tími í umræðu um gæslu þingskapa, en við skulum vona að hægt verði að standa við þetta loforð þrátt fyrir allt.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Í svari hæstv. forseta áðan kom það fram að frá því í haust hafi legið fyrir að samningurinn um EES þyrfti að afgreiðast fyrir áramót. Þegar þinghald hófst í sumar, þann 17. ágúst sl., lá það fyrir að EFTA-þjóðirnar stefndu að gildistöku samningsins 1. jan. 1993. Það liggur ekki lengur fyrir eftir atkvæðagreiðsluna í Sviss. Ég tel því að þær forsendur séu ekki lengur fyrir hendi að taka frv. um EES til 2. umr. fyrir áramót, hvað þá ljúka málinu. Ég bendi á að það væri betra að snúa sér að því að ræða efna-

hagsmálin. Svo sem hefur komið fram líka í þessari þingskapaumræðu er margt órætt þar: fjárlögin, fjáraukalögin og skattafrumvörpin svo nokkuð sé nefnt. Allt þetta verður að vera frágengið fyrir áramót. Og vegna þess að hæstv. forseti nefndi starfsáætlun þingsins, þá vil ég einnig minna á að samkvæmt starfsáætlun þingsins er þingmönnum heimilt að fara í jólafrí 19. des.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti gleymdi að svara fyrirspurn hv. 18. þm. Reykv. áðan um þinghald í dag. Það er ekki gert ráð fyrir þingfundi milli kl. 6 og 7. Það er gert ráð fyrir þingflokksfundum með hefðbundnum hætti og kvöldfundi sem yrði þá ekki fyrr en kl. 8.30 eða 9 í kvöld.

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Það hefur komið fram í þessum þingskapaumræðum af hálfu hæstv. forseta að hann vill hafa samráð við stjórnarandstöðuna um framkvæmd þinghaldsins. Það er alveg ljóst að sá fyrirvari í drögum að samkomulagi um þinghaldið til jóla um EES-umræðuna var ekki þess efnis að það ætti að fresta umræðunni frá laugardegi til mánudags. Það er alveg ljóst. Þess vegna hefði ég sagt að það væri skynsamlegast fyrir hæstv. forseta að fresta fundi nú þegar ef hann vill hafa eitthvert samráð við stjórnarandstöðuna og kalla saman formenn þingflokka til að við óbreyttir þingmenn grynnum eitthvað á því sem við eigum að vinna til jóla. Ég er einn af fulltrúum í fjárln. og við höfum ærin verkefni. Við erum að glíma við fjárlagafrv. til 3. umr. og síðustu fréttir sem berast eru að ríkisstjórnin hafi enn á prjónunum niðurskurðaráform sem við erum ekki búnir að sjá. Við erum boðaðir á fund kl. 7 í kvöld og eigum að vera á fundi í allt kvöld í fjárln.

Ég legg til að forusta þingsins setjist nú þegar niður og reyni að ná einhverju samkomulagi um framgang mála hér svo að maður viti hvað snýr upp og niður á þessari samkomu.

Mér er alveg ljóst hvernig línan er lögð núna. Nú er búið að segja stjórnarliðinu að þegja. Nú tekur enginn til máls, ekki einu sinni þingflokksformaður Alþfl. Eitt frammíkall og er þá langt gengið þegar hann kallar ekki einu sinni fram í. Ég geri þessa tillögu og vona að menn hlusti á hana, hæstv. forseti og aðrir þeir sem stjórna þinghaldinu.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Forseti hefur nú þegar vikið að 1. mgr. 72. gr. þingskapalaga og réttilega bent á samráðsskyldu forseta við formenn þingflokka um skipulag þingstarfa. Mig langar til að halda áfram þar sem forseti hætti og minna á 2. mgr. greinarinnar, en hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Enn fremur skal forseti hafa samráð við formenn þingflokka um fyrirkomulag umræðna um mikilvæg mál ef ætla má að umræður verði miklar."

Ég vildi spyrja hæstv. forseta hvert samráð forseta við þingflokksformenn hafi verið um dagskrá fundarins í dag og næstu daga um þetta mál skv. 2. mgr. 72. gr. þingskapalaga.

Ég vil enn fremur, virðulegi forseti, af því að það kom fram áðan af forsetastóli að fyrirhugaður væri kvöldfundur, inna forseta eftir því hvort gert sé ráð fyrir kvöldfundi í starfsáætlun þingsins. Ég hef hana ekki við höndina þannig að ég vil ekki um það fullyrða en þó minnir mig að ekki sé gert ráð fyrir kvöldfundi samkvæmt starfsáætlun.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, taka undir það sem fram kom hjá hv. 18. þm. Reykv. um skörun þingfunda og nefndafunda og minna hæstv. forseta á að skv. 53. gr. þingskapalaga er þingmönnum skylt að sækja þingfundi nema nauðsyn banni. Og skv. 17. gr. þingskapalaga er þingmönnum sem sitja í þingnefndum skylt að sækja nefndarfundi samanber almennar reglur um fundarsókn þingmanna skv. 53. gr. Það er því óhjákvæmilegt að vekja athygli á því, virðulegi forseti, að ef þingfundir standa yfir samtímis fundi í þingnefnd, þá komast þingmenn í þeirri nefnd ekki hjá því að brjóta lög. Annaðhvort verða þeir að brjóta lög með því að mæta ekki á þingfund eða með því að mæta ekki á nefndarfund.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég hef ekki setið lengi á þingi en mér finnst þessi mál í miklu óefni og satt að segja líta þau þannig út fyrir mér að ekkert mál komist áfram í þinginu fyrir áramót. Ef menn ætla sér að ræða um EES-málið, eins og hljóðið er í þeim þingmönnum sem ég hef talað við, þá sé ég ekki að menn afgreiði neitt annað mál. Ætla menn virkilega að hafa það þannig að ekki verði tekið á neinum málum og þeim stefnt í þvílíkt óefni að hér verði kannski langar ræður haldnar um EES-málið og öll önnur mál látin bíða og setjast kannski niður þegar komið er alveg fram undir jól til þess að ná einhverju samkomulagi um það að koma einhverjum neyðarúrræðum í gegn? Þannig lítur málið út fyrir mér.

Ég verð að lýsa því yfir að ég er mjög ósammála forseta í því að málið sé þingtækt. Ég efast um að nokkurt annað mál sem lægi fyrir hér og væri í slíku uppnámi yrði talið þingtækt. Ef slíkar breytingar, sem hér hafa gerst, hefðu orðið í einhverjum öðrum málum frá því að málið var undirbúið og lagt fyrir yrði þeim örugglega vísað til föðurhúsanna til að skoða þau upp á nýtt. Það efast ég ekki um.

Ég hef saknað þess í þessari þingskapaumræðu að menn svöruðu einhverju af því sem um hefur verið spurt. Ég tel t.d. að það muni valda verulegum erfiðleikum í samskiptum stjórnarandstöðunnar og stjórnarliða að það skuli vera haft eftir stjórnarliðum í Ríkisútvarpinu að allir samningar sem gerðir hafa verið við stjórnarandstöðuna hafi verið brotnir. Hverjir eru að segja svona hluti? Hvað er til í þeim? Eigum við ekki rétt á því að fá rökstuðning fyrir því? Ég geri ráð fyrir því að þeir fréttamenn Ríkisútvarpsins sem hafa sagt þetta hafi verið að tala við einhverja stjórnarliða. Þeir hafa ekki spunnið þetta upp hjá sjálfum sér. Ég sé fulla ástæðu til þess að menn útskýri fyrir okkur hvað

átt er við. Ég kannast ekki við að menn hafi verið að brjóta neitt samkomulag hér við stjórnarliða eða um stjórn þingsins.

Og um fleira sem er hér að gerast. Okkur er ætlað að vera hér á fundum. Ég er í samgn. og mér er ætlað að mæta á fund í samgn. og á að vera mættur á þann fund núna. Ég sat fund í samgn. í morgun. Þar var einungis einn stjórnarliði mættur, formaður nefndarinnar. (**Gripið fram í:** Hann er marggildur.) Já, hann er það. Ég ætla ekki að draga úr mikilvægi hans, enda virðast stjórnarliðar aðrir í þeirri nefnd telja hann það gildan að hann geti staðið þar einn fyrir alla stjórnarliða. En það segir sína sögu um það í hvers konar fari vinnubrögðin eru hérna. Ég segi það eins og fleiri sem hér hafa talað að ég á mjög erfitt með að sætta mig við það að víkja af fundum í Alþingi til þess að taka þátt í nefndastörfum á meðan hér er umræða í gangi eins og sú sem er núna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta var ekki kunnugt um að það væru nefndafundir í gangi núna meðan á þingfundi stendur.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég verð að láta það koma fram hér að ég var að heyra það fyrst nú í þessari umræðu af vörum hæstv. forseta að til stæði að halda kvöld- og næturfund. Ég vil eindregið mótmæla þessu og vil spyrja hæstv. forseta hvort hann sé að taka upp alveg ný vinnubrögð að ákveða slíkt án nokkurs samráðs við talsmenn stjórnarandstöðunnar. Ég held að það sé nokkuð fáheyrt og greinilega alveg ný vinnubrögð. Ég spyr: Hvað veldur þessu?

Ég held að það geti á engan hátt auðveldað þingstörfin þann skamma tíma sem er til jóla að þannig sé á málum haldið. Ég hef haft samráð við stjórnarandstæðinga og formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar um að þessu verður að mótmæla og ég geri það hér með mjög eindregið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hafði ekki hugsað sér að hafa kvöldfund ef umræðum yrði lokið fyrir þann tíma, og ef yrði samkomulag um annað. Forseti hefur ætíð viljað gefa þingmönnum kost á því að tala eins og þeir hafa þörf fyrir og þingsköp leyfa. Eins og hefur komið fram hjá flestum þeim sem hafa tekið til máls í þessari umræðu um gæslu þingskapa er skammur tími fram að jólum og ég held að það komi engum á óvart þó að lengja þurfi fundatímann síðustu þingdaga fyrir jól, hvort sem um er að ræða það mál sem er á dagskrá í dag eða önnur þau mál sem þarf að ljúka afgreiðslu á fyrir jólin.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé óhjákvæmilegt fyrir okkur sem eigum að sækja nefndafundi að fá um það úrskurð forseta hvort hún telur eðlilegt að haldnir séu nefndafundir á sama tíma og þingfundir standa yfir. Það er a.m.k. þannig með nokkra stjórnarandstöðumenn sem hér hafa talað að þeir hafa lýst því yfir að þeir muni ekki sækja nefndafundi á sama tíma og þingfundir eru haldnir í fullu ósamkomulagi, eins og hér er ætlunin að gera. Það er nauðsynlegt að forseti tjái sig um það.

Það er auðvitað alveg greinilegt að við stöndum hér (**Forseti:** Forseti skal tjá sig um það strax. Forseti er sammála hv. þm. um að það sé óeðlilegt að halda nefndafundi á þingfundartíma nema þá í samráði við forseta.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir þessi skörulegu viðbrögð.

Í annan stað, virðulegi forseti, held ég að það sé óhjákvæmilegt að aðeins verði tekið á því hér að í opinberum fjölmiðlum hefur það komið fram núna um helgina, eins og það er orðað í ljósvakafrétt: Stjórnarliðar segja að stjórnarandstaðan hafi brotið hvert einasta samkomulag sem gert hafi verið um afgreiðslu EES-málsins og ætli að láta sverfa til stáls. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að fara fram á það við hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formann þingflokks Alþfl., og hv. 8. þm. Reykv., formann þingflokks Sjálfstfl., að þeir svari því á þessum fundi og í þessari umræðu um gæslu þingskapa hvort þeir eru þeirrar skoðunar að samkomulag um meðferð EES-málsins hafi verið brotið af hálfu stjórnarandstöðunnar. Ef svo væri að stjórnarandstaðan hefði brotið eitthvert samkomulag, þá teldi ég það mjög alvarlegan hlut vegna þess að menn eiga að standa við samkomulag sem gert er hvort sem menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Hins vegar er nauðsynlegt í tilefni af þessum ummælum, sem hafa vakið athygli og hafa verið nefnd hér af varaformanni þingflokks Alþb., að þessir tveir formenn þingflokka stjórnarliðsins taki á þessu máli sérstaklega og lýsi sínum skoðunum ella verður að líta þannig á að þeir séu sammála þessum dylgjum og þessum rógi og þessum svigurmælum sem birst hafa og ég vitnaði til áðan.

Hins vegar er svo athyglisvert að lokum, virðulegi forseti, að hæstv. utanrrh. skuli ekki hafa svarað neinu um þau ummæli sem eftir honum eru höfð. Hann lætur ekki svo lítið að segja eitt aukatekið orð í ræðustólnum af þessu tilefni og hefur hann þó beðið um orðið oft í þessari virðulegu stofnun af minna tilefni en því sem liggur fyrir á þessum fundi. Verður það vonandi í minnum hafi þegar meira liggur við en nú.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Mér er ljúft að verða við því að koma upp og segja örfá orð til viðbótar. Ég verð að segja að mér finnst tvennt til um ráðherra þessarar ríkisstjórnar í hversu miklu jafnvægi þeir eru. Mér heyrðist nefnilega áðan að hæstv. fjmrh. gerðist óstilltur í sæti sínu vegna þess að ég heyrði ekki annað en hann kallaði fram í til mín og sagði mér vinsamlegast að þegja. Það er vægast sagt fáheyrt í þingsölum.

Hins vegar gengur aftur erfiðlega að fá hæstv. utanrrh. til að tala. Ég velti því fyrir mér hvort það bætist nú á annað að hann hafi misst málið. Ég trúi því varla að svo sé og því skora ég enn og aftur á hæstv. utanrrh. að koma í þennan ræðustól og endurtaka þau ummæli sem hann hafði við fréttamann Dagblaðsins.

endurtaka þau hér þannig að hæstv. forseti geti dæmt ummæli hans og hann sjálfan þegar hann lætur þau sér um munn fara úr þessum ræðustól.

Ég skil og við allir hér að hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson er núna á flótta frá orðum sínum eins og hann hefur stundum áður þurft að gera. Hann velur þann kostinn og trúir því að þögnin sé best að geyma þessi orð. En það mun svo sannarlega ekki verða. Þessi orð munu ekki gleymast. Ég tek undir það sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði áðan að það er ömurlegt að þessi fulltrúi þjóðþingsins, sem hefur verið valinn til þess að semja um það stóra mál sem hann hefur nú verið að fjalla um, skuli skemmta sér við það að skemmta fréttamönnum erlendis og láta þá veltast um af hlátri yfir því hvernig þjóðþing okkar Íslendinga starfar. Það er ömurlegt. Ef hæstv. utanrrh. vill ekki eða þorir ekki að koma hér upp og endurtaka þessi ummæli sín, þá vil ég spyrja hæstv. forsrh., ábyrgðarmann þessa ráðherra, hvernig honum falla þessi ummæli.

Ef ekki, þá vil ég spyrja hæstv. forseta hvort ég megi lesa aðeins tvær línur. Þær eru að vísu miklu fleiri en þær snerta svo sannarlega forsetastólinn. Þar segir hæstv. utanrrh. þegar hann er að tala úti í Genf: „Það gengur illa að gera mönnum grein fyrir þeirri hefð að á Alþingi skuli engin þingsköp vera." Þarf hæstv. utanrrh. að koma í ræðustól til þess að virðulegur forseti þingsins geti sagt skoðun sína á þessum ummælum og öðrum sem hér eru? Ef það er ástæðan fyrir því að hæstv. utanrrh. getur ekki endurtekið þessi ummæli sín að hann man þau ekki ætla ég að leggja þau á borðið til hans.

Evrópskt efnahagssvæði, 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 372, 376 og 411, brtt. 374.

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Það er greinilegt að stjórnarliðið ætlar að ganga til þessa leiks með bundið fyrir augun. Það hefur komið fram í umræðunni að ekki hefur verið haldinn samráðsfundur með þingflokksformönnum í dag. Ég verð þá leiðréttur ef svo er. Það er alveg með ólíkindum að heitasta mál í þinginu skuli vera tekið fyrir í fullkomnu ósamkomulagi og að menn skuli ímynda sér að hægt sé að keyra þetta mál áfram með því að stjórnarliðið leggi undir sig hausinn og þegi og ætli málinu að fara í gegn svoleiðis. Ég spyr hæstv. forseta hvort það sé virkilega ekki ætlunin að reyna til þrautar að ná einhverri niðurstöðu um framkvæmd mála í þinginu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur hug á því að ná saman formönnum þingflokka síðar í dag en vill benda á að hér er verið að hefja 2. umr. en ekki að ljúka henni.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Það eru fréttir að hæstv. forseti hyggst kveðja saman formenn þingflokka til þess að ræða málin. Hvers vegna kveður hæstv. forseti ekki formenn þingflokka þegar til umræðu um þessi mál og um þinghaldið? Það hefur ekkert komið fram af hálfu hæstv. forseta um hvernig forseti og forsætisnefnd þingsins hyggur að störfin gangi hér fyrir sig til jóla. Það hefur ekkert heyrst um það. Ég vil spyrja hæstv. forseta að því og gerði það reyndar fyrr í umræðunni: Hvernig er störfum forsætisnefndar þingsins háttað? Með hvaða hætti tekur forsætisnefnd þingsins, sem er æðsta stjórn þingsins, á þessum málum? Ég bið hæstv. forseta um að greina okkur frá því hvernig á þessum málum er haldið af hálfu forsætisnefndar sem forseti Alþingis leiðir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forsætisnefndin kom saman á fund síðast í hádeginu í dag og reynir að koma saman einu sinni í viku ef kostur er.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessari umræðu en það var óskað eftir að formenn þingflokka Sjálfstfl. og Alþfl. mundu víkja að því hvort þeir eru ekki reiðubúnir að bera til baka þær ásakanir sem Ríkisútvarpið hefur flutt eftir nafnlausum þingmönnum stjórnarflokkanna um að stjórnarandstaðan hafi svikið samkomulag um meðferð EES-málsins á Alþingi. (Gripið fram í.) Meira að segja öll. Við ýmsir hér í salnum höfum nokkra reynslu af því að vera formenn þingflokka og í þeim samskiptum hefur verið reynt að hafa þau á þann veg að orð skuli standa og menn geti treyst hver öðrum. Ef þingmenn bera fram ósannar ásakanir er yfirleitt leitað til formanna þingflokkanna um að bera þær til baka. Ef formenn þingflokka Sjálfstfl. og Alþfl. bera þessi ummæli ekki til baka eða lýsa sínum viðhorfum í þessari umræðu þá standa þau, því miður. Það er auðvitað mjög ljótur leikur ef nafnlausir þingmenn stjórnarliðsins í skjóli nafnleyndar eru að láta fjölmiðlamenn flytja rangar frásagnir af samskiptum í þinginu og formenn þingflokka stjórnarliðsins hafa síðan ekki manndóm í sér til þess að bera það til baka í áheyrn alþjóðar. Hvernig eigum við að geta starfað í þinginu ef það er ekki gert? Við gerðum t.d. samkomulag á laugardaginn um umræðu í tengslum við skýrslu utanrrh. þar sem hver flokkur fengi 24 mínútur og það samkomulag stóð fullkomlega, svo ég víki bara að því nýjasta samkomulagi sem gert var varðandi umræður. Ég vona að þessir tveir ágætu þingmenn, hv. þm. Geir Haarde og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, átti sig á því að þetta mál er nokkuð alvarlegt.

Síðan vil ég bara endurtaka það sem ég sagði hér á laugardaginn. Þá þegar var ljóst að utanrrh. ætti af skynsemi að biðjast afsökunar á ummælum sínum erlendis um Alþingi Íslendinga. Þau voru auðvitað á þann veg að ráðherrann getur ekki látið þau standa. Við værum tilbúin að fyrirgefa honum ef þau væru

sögð í ógáti. En ef þau standa áfram, að utanrrh. Íslands sé að hæðast að Alþingi Íslendinga á alþjóðavettvangi, þá er málið þannig vaxið að virðulegur forseti verður að láta það til sín taka. Ég vona þess vegna að forseti ræði við utanrrh. utan þingfundar um skynsemi þess að ráðherrann biðjist afsökunar á ummælum sínum í þingsalnum.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég hef verið beðinn um að tjá mig um fréttir í fjölmiðlum sem ég hef sjálfur hvorki heyrt né séð og er að sjálfsögðu ekki heimildarmaður að. Ég treysti mér alveg til að tjá mig um þingstörfin undir fullu nafni og vil ekki liggja undir einhverjum svigurmælum um að ég sé að tjá mig nafnlaust við fréttamenn um þau mál sem eru til meðferðar í þinginu.

Að því er varðar samkomulag um meðferð EES-málsins, þá hefur í raun og veru aðeins verið gert eitt heildarsamkomulag sem var gert á síðasta vori. Það var um ljúka meðferð þessara mála í heild sinni í nóvembermánuði. Nú vitum við það, eins og fram kom í máli hv. þm. Ragnars Arnalds, að það tafðist að gera hinn svokallaða sjávarútvegssamning. Það voru þess vegna eðlilegar ástæður fyrir því að hv. utanrmn. lauk ekki störfum fyrr en 30. nóv. varðandi það mál en hún skilaði nefndaráliti sínu tveimur dögum eftir að sjávarútvegssamningurinn lá fyrir.

Að því er varðar hins vegar þetta mál að öðru leyti, þá vil ég benda á að 2. umr., sem hefði farið fram á fimmtudegi væntanlega í þeirri viku sem nefndarálitinu var skilað, var seinkað að ósk hv. þm. Steingríms Hermannssonar, formanns Framsfl. sem átti þá erindi til útlanda. Það var orðið við því að seinka þeirri umræðu. Það kom fram af hans hálfu að hann gerði ekki ráð fyrir miklum umræðum af hálfu síns flokks um það mál og ég hlýt að láta það koma fram að af hans hálfu var aldrei nokkur einasti fyrirvari að því er varðaði atkvæðagreiðsluna í Sviss um þetta mál. Ég veit að hann getur staðfest það ef ástæða þykir til að draga þessi ummæli í efa.

Ég vil jafnframt benda á það, virðulegi forseti, að sagt hefur verið um þennan samning að hann væri dauður samningur, að það væri eins og að gifta dauðan mann að ætla að fara að taka þennan samning til umræðu. Það var hv. þm. Páll Pétursson sem viðhafði þessi smekklegu ummæli í þinginu fyrir nokkru síðan. Þeir hafa greinilega ekki hlustað mikið á hann úti í Liechtenstein nema þeir séu vanir að gifta dauða menn þar í landi því að þeir eru búnir að samþykkja samninginn fyrir sitt leyti í nákvæmlega sömu stöðu og við erum í á Alþingi.

Í öðrum þjóðþingum hefur þessi samningur alls staðar verið afgreiddur. Í fjölmennum þjóðþingum hafa menn ekki talið sig þurfa að ræða þetta mál nema í svona tvo daga, t.d. í norska þinginu, jafnvel þó að hinn málefnalegi ágreiningur sé ekkert minni þar en hér. Það er alveg jafnmikill ágreiningur um þetta mál, andstaða af hálfu tveggja stjórnmálaflokka, þar í landi og hér. Samt sem áður hefur mönnum tekist að ljúka umræðunni á þessum tíma.

Ég hlýt að láta þetta koma fram, virðulegi forseti, um leið og ég vek athygli á því að nú hefur fimm stundarfjórðungum verið varið í umræður um þingsköp og ég held að tími sé kominn til að ræða þetta mál efnislega um leið og ég fagna því að forseti hyggst boða til fundar þingflokksformanna síðar í dag til þess að ræða frekari málsmeðferð. (**Gripið fram í:** ... samkomulag?) Ég er búinn að svara þessu, virðulegi þingmaður.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég vil vekja athygli hv. síðasta ræðumanns á því að það samkomlag sem gert var í fyrravor var í fyrsta lagi um það að Alþingi kæmi saman til að ræða EES-málið og fylgifrumvörp þann 17. ágúst og við það var staðið. Síðar sagði í samkomulaginu að stefnt skyldi að afgreiðslu, ég vek ahtygli á því orðalagi, stefnt skyldi að. Það náðist ekki og er ekki stjórnarandstöðunni einni um að kenna að málinu lauk ekki í nóvember.

Nú hef ég kannski ekki hlustað nógu grannt eftir fréttum og ekki nógu kunnugur stjórnskipulagi í hertogadæminu Liechtenstein. Mér skilst að í gær hafi farið þar fram þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort íbúar Liechtenstein vildu verða aðilar að Evrópsku efnahagssvæði og þeir svöruðu því. 55% þeirra vildu vera það. Ég reikna með því að samningurinn þurfi stjórnskipulega framhaldsmeðferð hjá löggjafarþingi í Liechtenstein svo þessu er ekki saman að jafna.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þar sem ég átti aðild að því samkomulagi sem gert var í vor og ég heyrði ekki betur en að hv. 8. þm. Reykv. væri að láta að því liggja að það hefði verið brotið þá tel ég að svo sé ekki. Ég tel að hv. 1. þm. Norðurl. v. hafi gert grein fyrir þeim töfum sem hafa orðið og jafnframt því orðalagi að stefnt væri að því að ljúka umræðu í nóvember um EES-málið. Ég vil benda á það að við gerðum mikið til þess að greiða fyrir þessu máli. Mér finnst ekki sæmandi að væna okkur um annað. Við vorum reiðubúin til að mæta á nefndarfundi í sumar. Það stóð ekki á okkur heldur stóð á stjórnarliðum að vera tilbúnir með frumvörpin og það stóð á ráðuneytum. Ég ætla ekki að leggja dóm á það hvort þetta hafi verið óraunsætt samkomulag af hálfu stjórnarliða í vor og tímans vegna hafi hreinlega ekki verið hægt að gera það. En ég vil ekki sitja undir því að við höfum ekki gert mikið til að greiða fyrir þessu máli. Með því að vera alltaf reiðubúin að mæta á nefndarfundi í sumar, með því að mæta snemma til þings, með því að leggja á okkur mikla vinnu höfum við gert það sem í okkar valdi stóð. Ég vil einnig að það komi fram að þó að vegna þingskapa annarra þjóðþinga hafi umræðan þar verið með öðrum hætti á það ekki að hafa áhrif á okkur. Það eru margir mjög ósáttir á þjóðþingum, t.d. í Noregi, yfir hve ólýðræðislega var staðið þar að málum og þurfti þó aukinn meiri hluta.

Einnig er það svo að við höfum ekki átt, þrátt fyrir mikla kröfu frá samfélaginu, kost á því að sinna

þessu máli sem skyldi vegna þess að okkur hefur verið meinað að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu. Við erum eina þingið, ef ég man rétt, sem þarf hvorki þjóðaratkvæðagreiðslu né aukinn meiri hluta. Hér er ólýðræðislega að verki staðið.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég hef kannski ekki talað nægilega skýrt áðan, mér heyrðist það á síðasta ræðumanni. Ég var einmitt að útskýra það hvers vegna samkomulagið frá því í vor náði ekki fram að ganga og ég hef ekki kennt stjórnarandstöðunni um það. Ég tel ekki að neinn hafi brotið það samkomulag.

Annað samkomulag um þessi mál hefur ekki legið fyrr eins og fram hefur komið nema það sem reynt var að gera vegna óska frá hv. formanni Framsfl. um að hefja umræðuna öðru hvoru megin við þessa helgi.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 8. þm. Reykv. fyrir þessa yfirlýsingu. Það er rétt, hann talaði ekki nógu skýrt. Ég tel mig hafa þokkalega meðalgreind og ég skildi hann eins og ég gerði og það voru fleiri hér sem vildu fá skýr svör. Við höfum fengið þau nú og ég virði það við hv. þm. Ég vona að vafa hafi verið eytt í hugum fleiri og ég er fegin að fá þessa yfirlýsingu úr þessum stóli.

Jóhann Ársælsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Mér þykir hv. 8. þm. Reykv. að vísu hafa talað skýrt um þetta samkomulag frá því í vor en hann hefur greinilega komið sér undan því að svara hvort það samkomulag, sem hann sagði áðan að hefði verið reynt að gera um að hefja umræðuna 12. des., hafi verið brotið. Það situr eftir að hann hefur ekki svarað því skýrt. Mér finnst að stjórnarandstaðan eigi rétt á því að ekki séu látnar hanga í loftinu óljósar hugmyndir um að hún hafi brotið samkomulag í þessu efni sem hún ekki gerði. Mér finnst að það ætti að vera það minnsta að menn gætu komið og sagt satt um það að hér hefur ekkert samkomulag verið brotið af hálfu stjórnarandstöðunnar um þessi mál.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Þar sem ítrekað hefur verið látið að því liggja í þingskapaumræðunni í dag að forsætisnefnd þingsins hafi tekið hinar og þessar ákvarðanir held ég að það sé óhjákvæmilegt að skýra frá því að forsætisnefnd þingsins hafði ekkert með dagskrá þessa fundar að gera. Satt að segja rak okkur tvo fulltrúa í forsætisnefnd, hv. þm. Kristínu Einarsdóttur og mig, í rogastans þegar við sáum dagskrá þessa fundar. Á fundi forsætisnefndar kl. 12.30 í dag settum við auðvitað fram mótmæli gegn þessu ofríki sem við teljum að farið hafi verið fram með hér. En það var ljóst og verður að segjast eins og er að þó að í þingskapalögum standi að forsætisnefnd skipuleggi þinghaldið er litið svo á að þar sé einungis um starfsáætlun þingsins að ræða en ekki þinghaldið frá einni viku til annarrar. Ég vil því að það komi fram að sú ákvörðun að hefja þessa umræðu í dag og jafnframt að halda kvöldfund hugsanlega var ekki rædd við forsætisnefnd þingsins.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er óhjákvæmilet að knýja fram svör fulltrúa stjórnarflokkanna við fullyrðingum sem hafðar eru eftir ónafngreindum þingmönnum úr þeirra hópi í garð stjórnarandstöðunnar um að hún hafi ekki staðið við það samkomulag sem gert hefur verið um meðferð þessa máls. Formaður þingflokks Sjálfstfl. hefur að nokkru leyti borið þetta til baka, þó ekki alveg. Það hefur verið ítrekað að hann talaði skýrar í þessu efni.

Ég vil einnig óska eftir því að þingflokksformaður Alþfl., hv. 17. þm. Reykv., geri grein fyrir afstöðu sinni til þessara fullyrðinga. Það hefur ekkert komið fram af hálfu forsvarsmanna Alþfl. um þetta efni svo fullyrðingarnar standa. Á meðan ekkert heyrist frá þeim verður maður að álykta sem svo að Alþfl. haldi því fram að stjórnarandstaðan svíki gert samkomulag. *Ég vil því óska eftir því, virðulegi forseti, að* þingflokksformaður Alþfl., hv. 17. þm. Reykv., komi hér upp og geri grein fyrir afstöðu sinni til þessara fullyrðinga og beri þær til baka. Það er óhjákvæmilegt að slík krafa verði lögð fram því að ekki er viðunandi fyrir þingmenn stjórnarandstöðunnar að sitja undir ásökunum af þessu tagi.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Við afgreiðslu frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið hefur utanrmn. klofnað í afstöðu sinni til málsins og liggja eða munu liggja fyrir fjögur nál. Meiri hluti nefndarinnar, sem er skipaður Árna R. Árnasyni, Geir H. Haarde, Rannveigu Guðmundsdóttur og Tómasi Inga Olrich auk mín, leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu að 4. gr. frv. falli brott og flytur meiri hluti nefndarinnar tillögu um þá breytingu á sérstöku þingskjali. Eins og áður sagði munu aðrir nefndarmenn skila séráliti.

Ég geri hér grein fyrir áliti meiri hluta nefndarinnar sem dreift er á þskj. 372 og skiptist í nokkra kafla. Þar er í fyrsta lagi lýst meðferð málsins í nefndinni, síðan er fjallað um samstarf Íslands við önnur Evrópuríki, *þá er rætt um efni frv.*, þjóðhagsleg áhrif EES-samningsins, stjórnarskrána og EES-samninginn. Það er farið yfir álit umsagnaraðila, rætt sérstaklega um sjávarútveg og landbúnað. Þá er fjallað um EES-samninginn og íslenska löggjöf, gerð grein fyrir kostnaði vegna þátttöku í EES og loks eru ályktunarorð nefndarinnar.

Með álitinu eru einnig birt ýmis fylgiskjöl. Þar er m.a. að finna greinargerð eða yfirlit yfir fundi utanrmn. Alþingis þar sem fjallað hefur verið um málið og kemur fram að alls hefur verið fjallað um málið á 82 fundum, þar af 25 fundum frá undirritun samningsins, þ.e. fram til þess tíma sem nál. var skilað hinn 30. nóv. sl. en málið hefur síðan verið til umræðu í nefndinni og var það síðast í morgun þar sem var fjallað um ýmis atriði sem tengjast þjóðaratkvæðagreiðslunni í

Sviss sem fór fram 6. des. sl. Þá er einnig birt sem fskj. með þessu nál. yfirlit yfir þá aðila sem hafa sent umsagnir til nefndarinnar um EES-samninginn, það er birt yfirlit yfir útgefin gögn er varða Evrópubandalagið og Evrópska efnahagssvæðið, það er birt yfirlit yfir fylgifrumvörp EES-samningsins, það er birt bréf landbn. Alþingis til utanrmn., það er birt greinargerð utanrrn., fjmrn., iðnrn., viðskrn. og landbrn. um spurningar landbn. um bókun 3 við EES-samninginn. Þá er birt bréf formanns landbn. Alþingis til Tryggva Gunnarssonar hrl. og kaflar úr álitsgsgerð Tryggva Gunnarssonar hrl. til landbn. Alþingis um túlkun á tilteknum ákvæðum bókunar 3 með EES-samningnum. Þá er birt yfirlit sem sýnir áhrif samnings um Evrópskt efnahagssvæði á íslenskan sjávarútveg, greinargerð um söltuð síldarflök og loks er birt skrá yfir gildandi lög í lagasafni þar sem fylgiskjal er lögfest. Þessi fylgiskjöl eiga öll meira og minna rætur að rekja til meðferðar málsins í utanmrn. Í þeim eru veitt svör við spurningum sem komið hafa upp í hinni ítarlegu meðferð málsins á fundum utanrmn.

Eins og ég sagði áður hefur nefndin fylgst með þessu máli allt frá apríl 1989 og þar til formlegum samningaviðræðum lauk með undirritun samningsins um Evrópska efnahagssvæðið í Óportó í Portúgal 2. maí sl. Málið var afgreitt frá nefndinni 30. nóv. sl. og hafði þá, eins og áður var sagt, verið til meðferðar á 82 fundum nefndarinnar, þar af 25 frá undirritun samningsins hinn 2. maí. Ég held að óhætt sé að fullyrða og slá því föstu að ekkert mál í sögu utanrmn. frá því að hún var stofnuð árið 1928 hafi fengið eins nákvæma og viðamikla umfjöllun á vegum nefndarinnar og þetta mál. Til samanburðar má geta þess að aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum EFTA 1970 var aðeins rædd á tveimur fundum í utanrmn. Menn sjá það á því fskj. sem fylgir nál. meiri hlutans hve margir hafa verið kallaðir til ráðgjafar um málefnið á fundum nefndar og auk þess naut utanrmn. þess að á vegum Alþingis hafði verið starfandi sérstök Evrópustefnunefnd sem kosin var í maí 1988 og starfaði fram á vor 1990. Þar voru tekin saman gögn er varða Evrópumálin og snerta þátttöku okkar nú í Evrópska efnahagssvæðinu.

Það er ástæða til þess á þessum stað að færa þakkir öllum þeim aðilum sem hafa veitt utanrmn. aðstoð við þá miklu yfirferð og athugun sem nefndin hefur efnt til vegna málsins og þakka sérstaklega utanrrn. og embættismönnum ráðuneytisins sem hafa gert sitt ýtrasta til að afla þeirra upplýsinga sem nefndarmenn hafa óskað eftir og svarað spurningum sem fram hafa komið á fundum nefndarinnar. Það hafa verið lögð fram í nefndinni minnisblöð og greinargerðir og margvísleg önnur gögn sem utanrrn. og Stjórnarráðið allt hafa í raun aflað fyrir utanrmn. Það væri of langt mál að tilgreina alla þá aðila sem hafa lagt nefndinni lið. Meiri hluti nefndarinnar vill þó sérstaklega þakka Þorsteini Ingólfssyni, ráðuneytisstjóra utanrrn., Hannesi Hafstein, sendiherra og aðalsamningamanni Íslands í viðræðunum við EB, Gunnari Snorra Gunnarssyni, skrifstofustjóra viðskiptaskrifstofu utanrrn., Pétri Gunnari Thorsteinssyni sendifulltrúa og Lilju Ólafsdóttur sendiráðunaut. Ég held að það sé rétt að nefna þetta fólk til sögunnar vegna þeirra miklu starfa sem það hefur innt af hendi og auðveldað hafa nefndinni störf og athuganir á þessu máli.

Þegar litið er á einstaka þætti samningsins og álitamál sem komið hafa upp við umfjöllun nefndarinnar um Evrópska efnahagssvæðið má fullyrða að þau atriði sem mestan tíma hafa tekið í starfi nefndarinnar varða ýmsa þætti sjávarútvegs- og landbúnaðarmála og spurninguna um það hvort EES-samningurinn brjóti gegn íslensku stjórnarskránni. Nánar er vikið að þessum atriðum í nál. sem er mikið að vöxtum. Sá kafli álitsins sem fjallar um samstarf Íslands við önnur Evrópuríki snýst um þá þróun sem hefur verið í samstarfi Íslendinga við þessi ríki í efnahags- og viðskiptamálum. Upphafið má rekja 30 ár aftur í tímann þegar til umræðu var hér á landi hvort Ísland ætti að gerast aðili að Efnahagsbandalagi Evrópu eins og Evrópubandalagið var kallað þá en frá ráðagerðum um það var horfið, m.a. vegna þess að þau áform sem þá voru uppi um að stækka Efnahagsbandalagið runnu út í sandinn.

Þetta mál og spurningin um þátttöku okkar í þessu efnahagslega og viðskiptalega samstarfi Evrópuþjóðanna komst síðan ekki á dagskrá fyrr en á síðari hluta sjöunda áratugarins þegar spurning var um það hvort Íslendingar ættu að gerast aðilar að EFTA og ákvörðun um það mál var tekin og við gerðumst aðilar að EFTA 1. mars 1970. Í þeim umræðum sem þá urðu um EFTA-aðildina kom fram að menn ræddu ekki aðeins um viðskiptatengsl þegar þeir fjölluðu um samskipti Íslands við Evrópuríkin heldur yrði einnig að skoða slík mál í ljósi menningarsamstarfs, menningartengsla og stjórnmáltengsla. Það lá til grundvallar þegar ákvörðun var tekin um EFTA-aðildina og nægir að vísa þar til orða þáv. hæstv. viðskrh., dr. Gylfa Þ. Gíslasonar, sem hann flutti í tilefni af aðild Íslands að EFTA og gert er í nál. þar sem fram kemur að það eru ekki aðeins efnahagsmálin og viðskiptamálin sem komu til skoðunar heldur einnig stjórnmálastaðan í heild og aðild Íslands að alþjóðlegu samstarfi. Þegar aðild Íslands að EFTA var á dagskrá á Alþingi snerist Alþb. eitt stjórnmálaflokka gegn henni en Framsfl. sat hjá. Þáv. stjórnarflokkar, Sjálfstfl. og Alþfl., voru hlynntir aðildinni að EFTA og stóðu að henni.

Næsta skref í þessari þróun varð 1972. Í tilefni af því að Evrópubandalagið var að stækka með því að við það bættust Bretar, Danir og Írar var EFTA-ríkjunum boðið að semja við Evrópubandalagið á tvíhliða grundvelli. Þá voru gerðir tvíhliða fríverslunarsamningar við öll EFTA-ríkin, þar á meðal við Ísland. Sá samningur var gerður árið 1972 og staðfestur á Alþingi í febrúar 1973. Þá gerðist það í febrúar 1973, aðeins þremur árum eftir að þessar miklu deilur höfðu verið á Alþingi um þátttökuna í EFTA að allir stjórnmálaflokkar á Alþingi voru sammála um nauðsyn þess að semja tvíhliða við Evrópubandalagið um fríverslun og standa að fríverslunarsamningnum. Þá sat raunar einn af forustumönnum Alþb. á stóli viðskrh. og flutti þetta mál inn á þingið og færði rök fyrir nauðsyn þess að Íslendingar gerðu þennan samning. Þau rök voru mjög

svipuð og þegar við gerðumst aðilar að EFTA 1970 og vakti þessi mikla samstaða hér á þingi verðuga athygli. Töldu margir að þar með hefði náðst víðtækari samstaða en áður um þátttöku Íslands í slíku efnahagssamstarfi.

Það verður að segjast eins og er að þegar boð kom um þátttökuna í Evrópska efnahagssvæðinu til EFTA-landanna, sem er eðlilegt framhald af þessum tvíhliða samningum um fríverslun, þá voru einnig allir stjórnmálaflokkar hér á landi sammála um að skoða það. Fyrrv. ríkisstjórn stóð síðan að því að til samninga var gengið milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins, samninga sem nú hafa leitt til þess að Evrópska efnahagssvæðið liggur fyrir í þeirri mynd sem við þekkjum í þeim samningum sem undirritaðir voru 2. maí sl. Þá var það aðeins Kvennalistinn sem snerist gegn honum. Þannig lágu málin fyrir við síðustu kosningar og síðustu stjórnarskipti en fyrir þær kosningar lýsti Sjálfstfl. því yfir að hann teldi eðlilegt að Íslendingar gerðust aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Þessir samningar hafa síðan gengið eftir og voru undirritaðir eins og áður sagði hinn 2. maí sl. Nú blasir það við að ekki eiga öll þau ríki sem stóðu að samningnum þar samleið því að Svisslendingar ákváðu hinn 6. des. sl. að hafna aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Aftur á móti var samþykkt í Liechtenstein í gær í þjóðaratkvæðagreiðslu að Liechtenstein mundi eiga aðild að þessu samstarfi.

Ég tel að það sé rangt sem hefur komið fram í umræðum, m.a. fyrr í dag í umræðum um þingsköp og í umræðum á laugardaginn, að þetta mál sé ekki þinghæft vegna þess að Svisslendingar hafa sagt sig frá samstarfinu. Ég vek einnig athygli á því að margir þeir sem hafa lýst þeirri skoðun að málið sé ekki þingtækt af þessari ástæðu hafa fyrr í umræðum um málið lýst því að það sé ekki þingtækt vegna þess að það brjóti í bága við stjórnarskrána. Í raun og veru finnst mér, þegar ég hlýði á þennan málflutning, það vera því til staðfestingar að þessir menn eru á móti því að Ísland gerist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu og þeir grípa þau vopn sem þeir telja að bíti best hverju sinni. Fram að því að Svisslendingar höfnuðu málinu hafa þeir talað á þann veg að málið væri ekki þingtækt vegna þess að það bryti í bága við íslensku stjórnarskrána. Eftir að Svisslendingar hafa hafnað því er það ekki þingtækt af því að Svisslendingar ætla ekki að gerast aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Það er hins vegar ljóst, finnst mér, eftir þær athuganir sem fram hafa farið á vegum utanrmn. eftir 6. des. og sérstaklega á grundvelli þeirra upplýsinga sem liggja fyrir eftir ráðherrafund EFTA í Genf 10. og 11. des. sl. að því fer víðs fjarri að þetta mál sé ekki hæft til meðferðar á Alþingi. Utanrmn. hefur fengið gögn sem snerta þær breytingar sem þarf hugsanlega að gera á samningum EFTA-ríkjanna innbyrðis annars vegar og varðandi framkvæmdaratriði sem tengjast EES-samningnum hins vegar og sýna að EES-samningurinn breytist ekkert þótt Svisslendingar séu ekki aðilar að honum. Það er ekkert í þeim samningi sem breytist. Það er ástæða til að vekja athygli hv. þm. á því að við meðferð málsins 1972, þegar Íslendingar gerðu fríverslunarsamning við Evrópubandalagið, var um sumarið 1972 þegar sá samningur var undirritaður gert ráð fyrir því að Norðmenn yrðu aðilar að Evrópubandalaginu. Skjölin sem lágu til grundvallar við undirritun byggðust á því að Norðmenn væru í hópi aðildarríkja Evrópubandalagsins. Síðan gerðist það fram til þess að Alþingi tók málið til meðferðar í febrúar 1973 að Norðmenn höfnuðu því í þjóðaratkvæðagreiðslu að gerast aðilar að Evrópubandalaginu en skjölin sem Alþingi gekk frá voru alveg óbreytt. Það er því ekkert einsdæmi að atvik af þessu tagi komi upp. Þau hafa að sjálfsögðu ekki breytt neinu um efnisatriði málsins og það er það sem skiptir meginmáli þótt auðvitað beri að gæta þess að formsatriði séu í lagi enda höfum við möguleika til þess á síðari stigum, þegar við sjáum niðurstöður í þeim viðræðum sem hafist hafa eftir brottfall Sviss, hvort og hvað Alþingi þarf að gera til að tryggja að formið á þessu máli sé rétt og með þeim hætti að enginn efist um fulla þátttöku Íslendinga í Evrópska efnahagssvæðinu.

Það hefur einnig verið rætt og bent á það í umræðum hér um þetta mál að önnur EFTA-ríki fyrir utan Liechtenstein hafa sótt um aðild að Evrópubandalaginu. Ýmsir hafa talið að það yrði dráttur á því að til þeirra aðildarviðræðna kæmi vegna innbyrðis ágreinings innan Evrópubandalagsins. Þær fréttir sem við fengum um helgina um fund leiðtoga Evrópubandalagsins í Edinborg í síðustu viku, á föstudag og laugardag, segja okkur að þessum hindrunum virðist hafa verið rutt úr vegi. Það er ekki lengur spurning varðandi Dani. Danir telja a.m.k. að þeim sé ekkert að vanbúnaði að samþykkja nú Maastricht-samkomulagið og einnig virðist sem samkomulag hafi tekist innan Evrópubandalagsins um meðferð fjárlaga, svokallaðan Delors-2 pakka, sem eru fjárlög þess fram undir aldamót. Það hefur tekist samkomulag um það mál í Edinborg. Þeim hindrunum sem menn töldu helst í vegi fyrir því að viðræður við EFTA-ríkin um aðild kæmust á dagskrá virðist hafa verið rutt úr vegi. Það er yfirlýst stefna dönsku stjórnarinnar, sem tekur nú við forsæti í Evrópubandalaginu, að hefja þessar viðræður. Þeir fyrirvarar sem menn hafa haft hér varðandi þetta atriði og framtíð Evrópubandalagsins og óvissu í því efni eru úr sögunni að því er virðist eftir þennan fund í Edinborg.

Stefna íslensku ríkisstjórnarinnar liggur ljós fyrir í þessum máli. Hún er tíunduð í áliti okkar meirihlutamanna. Ég ætla ekki að lesa það. Það hefur þegar verið kynnt á þingi og afstaða íslensku ríkisstjórnarinnar, sem hefur það ekki á dagskrá sinni að sækja um aðild að Evrópubandalaginu, hefur einnig verið kynnt hér. Það liggur einnig ljóst fyrir að það ætti að vera vandræðalaust fyrir okkur að halda efnisatriðunum, sem við erum að semja um við Evrópubandalagið með aðildinni að EES, vakandi og lifandi í tvíhliða samskiptum við Evrópubandalagið ef önnur EFTA-ríki sækja um aðild og fara inn í Evrópubandalagið. Það liggur ljóst fyrir og það liggur einnig ljóst fyrir að forsrh. hefur lýst yfir vilja ríkisstjórnarinnar til að kanna með bréfi og formlega hjá framkvæmdastjórn Evrópubandalags-

ins hver staða Íslands yrði á grundvelli EES kæmi til þess að önnur EES-ríki gengju í Evrópubandalagið. Þetta er skýrt.

Þingmönnum er einnig vel kunnugt um þær breytingar sem gerðar hafa verið á Norðurlandasamstarfinu í tilefni af þessu aukna evrópska samstarfi og ég þarf ekki að rekja það hér. Þá vil ég taka það fram að það er álit okkar í meiri hlutanum að þátttaka okkar í EES-samstarfinu setji íslenska ríkinu engar kvaðir í samningum við ríki eða stofnanir sem ekki eiga aðild að EES-samningnum. Íslendingar geta eins og áður samið um viðskipti við Bandaríkjamenn, Japani eða aðrar mikilvægar viðskiptaþjóðir sínar. Samningurinn kann í raun að kalla á fjárfestingar hér á landi frá ríkjum sem ekki eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Má í því sambandi nefna að í umræðum um álver í eigu bandaríska fyrirtækisins Kaiser hefur því sjónarmiði verið hreyft að ákvörðun um að ráðast í álframkvæmdir hér ráðist m.a. af því að fyrirtækið hafi áhuga á aðgangi að EES-markaðnum og með EES-samstarfinu er ekki á nokkurn hátt dregið úr möguleikum Íslendinga til viðskipta eða fjárfestinga utan EES-svæðisins.

Virðulegi forseti. Það liggur sem sagt fyrir að hér er um mál að ræða sem spillir í engu þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi en treystir hins vegar samstarf okkar við þær þjóðir sem við eigum mest viðskipti við og auðveldar okkur að efla og styrkja þau viðskipti. Það liggur einnig fyrir að á Alþingi hafði árið 1972 skapast víðtæk samstaða um hvaða stefnu ætti að fylgja í samskiptum við Evrópuríkin í viðskiptamálum og efnahagsmálum. Sú samstaða virðist ætla að rofna nú þegar þetta mál er til umræðu. Aðeins einn flokkur að vísu, Alþb., virðist einn og óskiptur standa gegn því að við gerumst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Það er náttúrlega í samræmi við einangrunarstefnu Alþb. í utanríkismálum og hvernig Alþb. hefur hagað málflutningi sínum og afstöðu til mikilvægra utanríkismála allt frá því að lýðeldið var stofnað og sá flokkur kom til sögunnar árið 1956. Það þarf ekki að koma neinum á óvart. (**SvG:** Hver talaði fyrir samningnum 1972?) Ég minntist á það að nú væri Alþb. aftur komið í sama farið og það var og hefur verið nema árið 1972. Það sýnir að Alþb. fylgir svipaðri einangrunarstefnu og það hefur fylgt alla tíð og er í sömu stöðu og það var fyrir 30 árum þegar það predikaði nauðsyn þess að Íslendingar héldu sig sem lengst frá þessu efnahagssamstarfi við Evrópuþjóðirnar. Ekkert hefur breyst hjá þeim flokki á þessu árabili. Þarf ég ekki að svara hv. þm. Svavari Gestssyni um það en hann hefur sem kunnugt er forðast að gera upp fortíð Alþb. Hann vill ekki gera það og vill aldrei taka það mál á dagskrá og er síðan með upphrópanir þegar menn minnast á sögu flokksins. Væri nær fyrir flokksmenn sjálfa að líta í þá sögu og kanna hana en að gera hróp að þingmönnum þegar þeir rifja upp einangrun flokksins í utanríkismálum sem hann ætlar að endurtaka nú og virðist ekki þola að um sé rætt, hvorki nú né endranær, hvorki á fundum í flokknum né á Alþingi. (**SvG:** Það mætti taka á dagskrá núna, hv. þm.) Hæstv. forseti. (**Forseti:** Forseti tekur fram að það leyfist ekki samtal á fundinum.) Hér liggur þetta því fyrir og er ljóst bæði varðandi alþjóðasamskipti Íslendinga og einnig afstöðu stjórnmálaflokkanna. Eins og segir í niðurlagi þessa kafla í áliti meiri hlutans:

„Þegar staða Íslands gagnvart Evrópuríkjunum er metin á hið sama við um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu og um aðild að EFTA og gerð fríverslunarsamningsins við EB. Í engu þessara tilvika ganga Íslendingar undir skuldbindingar gagnvart öðrum ríkjum sem eru svo íþyngjand að þær geri að engu hinn mikla og almenna ávinning er auknu samstarfi fylgir.

Að því er varðar veigamikla stjórnmálahagsmuni, aldalöng menningartengsl og meginstefnu Íslendinga í utanríkismálum eru kostir aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu augljósir. Á þetta er nauðsynlegt að leggja megináherslu um leið og staðfest er að efnahagslegur og viðskiptalegur ávinningur af aðild Íslands að EES er augljós og óumdeildur."

Í III. kafla álits meiri hluta nefndarinnar er fjallað um efni EES-samningsins. Þar segir að meginmarkmið samningsins sé „að stuðla að stöðugri og jafnri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila við sömu samkeppnisskilyrði og eftir sömu reglum með það fyrir augum að mynda einsleitt Evrópskt efnahagssvæði.

Til þess að ná þessum markmiðum byggir samningurinn á hinu svokallaða fjórþætta frelsi sem felur í sér frjálsa vöruflutninga, frjálsa fólksflutninga, frjálsa þjónustustarfsemi og frjálsa fjármagnsflutninga. Jafnframt er ætlunin að tryggja að markmið samningsins náist með því að koma á kerfi sem tryggir að samkeppni raskist ekki og að reglur þar að lútandi verði virtar af öllum."

Um efni frv. er fjallað í IV. kafla og þar segir:

„Með lögfestingu frumvarps til laga um Evrópska efnahagssvæðið er í senn veitt heimild til að fullgilda samninginn og kveðið á um að meginmál hans hafi lagagildi þegar samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar. Jafnframt fær bókun 1 með samningnum lagagildi. Í þessari bókun eru settar almennar reglur um það hvernig laga skuli gerðir Evrópubandalagsins að EES-samningnum. Er skynsamlegt að velja fremur slíka altæka aðlögun gerðanna en þann kost að umskrifa allar gerðirnar og laga þær þannig að stjórnskipun EES-samningsins. Frumvarpið gerir auk þess ráð fyrir að lögfestir séu liðir úr tveimur viðaukum við samninginn þar sem Íslandi er heimilað að setja höft á eignarhald útlendinga í fyrirtækjum á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu ...

Auk þess að heimila fullgildinginu 129 greina meginmáls EES-samningsins veitir þetta frv. ríkisstjórninni heimild til að fullgilda 49 bókanir við samninginn og 22 viðauka, ásamt gerðum sem í viðaukunum er getið. Samningum fylgir 71 yfirlýsing og fjöldi samþykkta. Í viðaukunum er vísað til þeirra 1.400 réttargjörninga EB sem lagðir voru til grundvallar EES-samningnum allt frá upphafi hans, en þeir eru í lagafrv. og samningnum nefndir „gerðir" og er þar einkum um að ræða reglugerðir og tilskipanir EB sem

snerta EES. Í utanrmn. var rætt um orðið „gerð" í þessari sérstöku lagamerkingu og komu ekki fram tillögur um betri þýðingu á EB-hugtakinu „act" sem nær yfir alla réttargjörninga Evrópubandalagsins ...

EES-samningurinn nær til reglna um innri markað EB sem samkomulag hafði orðið um fyrir 1. ágúst 1991. Eftir þann dag hafa fjölmargar EB-gerðir komið til sögunnar. Á fundi utanrmn. 23. nóv. sl. var lagt fram ritið „Samanburður á íslenskri löggjöf og samþykktum Evrópubandalagsins" sem er ítarleg skýrsla um þær EB-gerðir sem til greina kemur að bætist við EES-samninginn ...

Er lögð rík áhersla á að Alþingi fylgist náið með framvindu þessara mála þannig að sem best verði staðið að aðlögun gerðanna að íslenskum lögum og undirbúningi að lögfestingu á þeim gerðum sem þarf að lögfesta hér. Með því að samþykkja EES-samninginn verða Íslendingar þátttakendur í nýju ferli í samstarfi Evrópuríkja.

Í því skyni að tryggja sem best eftirlit Alþingis og aðhald er gerð tillaga um að 4. gr. frv. sé felld á brott. Í þeirri grein felst heimild til að setja reglugerð „ef sérstök nauðsyn krefur". Þótt þetta ákvæði sé hugsað sem varaheimild þykir varhugavert, a.m.k. á þessu stigi, að Alþingi veiti ráðherrum jafnalmenna heimild til útgáfu reglugerða þegar gengið er til samstarfs á Evrópska efnahagssvæðinu.

Alþingi á að hafa sem besta aðstöðu til að fylgjast með hverju skrefi í hinu nýja EES-ferli. Er nauðsynlegt að hugað verði sérstaklega að því hvernig Alþingi ætlar að sinna slíku eftirliti og haga meðferð EES-mála." — Hefur það mál m.a. verið rætt innan utanrmn. — „Í þessu sambandi er mikilvægt að minnast þess að í EES-samningnum er ákvæði um sameiginlega EES-þingmannanefnd til að stuðla að auknum skilningi milli EB og EFTA-ríkjanna á EES-samningssviðinu."

Minnt er á að flutt hafa verið hér fjölmörg lagafrumvörp vegna aðildarinnar að Evrópska efnahagssvæðinu en þau eru almennt til meðferðar í öðrum nefndum en utanrmn. Þá er rétt að láta það koma fram að ríkisstjórnin hefur látið vinna útdrátt á íslensku úr öllum dómum Evrópubandalagsdómstólsins sem lagðir voru til grundvallar við gerð EES-samningsins og getið er í fskj. hans. Er þetta gert að ósk þingmanna sem m.a. hafa komið fram í utanrmn.

Í V. kafla er fjallað um þjóðhagsleg áhrif og við vorum minnt á gildi þeirra þegar ljóst var að Svisslendingar höfðu fellt aðild að EES-samningnum og menn veltu því fyrir sér hvaða áhrif það hefði á íslenskt efnahagslíf og atvinnumál hér á landi að gildistaka samningsins frestaðist. Þá nefndu menn að það þýddi um 750 millj. kr. óhagræði fyrir íslenska þjóðarbúið ef samningsgildistakan frestaðist um hálft ár. Það er alveg ljóst að gildi þessa samnings fyrir íslenskt efnahagslíf er ótvírætt og mikið. Ef miðað er við það sem stendur í þjóðhagsáætlun svarar hin árlega aukning landsframleiðslu sem nefnd er í áliti Þjóðhagsstofnunar að landsframleiðslan muni aukast vegna aðildar að EES, þá jafnar það til allt að 6 milljörðum kr. miðað við landsframleiðsluna eins og hún er núna, þ.e. aukning á landsframleiðslu á ári. Það er náttúrlega mál sem ekki kemur til sögunnar á einu ári heldur er það framtíðarþróun sem þarna er spáð fyrir um.

Markaðir okkar á Evrópusvæðinu hafa verið að aukast. 75% af útflutningi síðasta árs fara til þess svæðis og 70% af innflutningi okkar koma þaðan. Það er því engin spurning um hin efnahagslegu og þjóðhagslegu áhrif þessa samnings. Þau eru ákaflega jákvæð. Það þarf enginn að efast um það. Einnig liggja fyrir skýrslur frá fjmrn. úr tíð fyrrv. ríkisstjórnar sem sýna að áhrif samningsins á þróun ríkisútgjalda og ríkisfjármála er mjög jákvæð.

VI. kafli nál. fjallar um stjórnarskrána og Evrópska efnahagssvæðið. Þar kemur fram sú skýra afstaða meiri hluta utanrmn. að aðild Íslands að þessum samningi brjóti ekki í bága við stjórnarskrána. Eins og ég sagði í upphafi máls míns hafa fá mál verið betur könnuð í nefndinni en einmitt spurningin um það hvort aðild að Evrópska efnahagssvæðinu bryti í bága við stjórnarskrána. Það er eindregin niðurstaða meiri hluta nefndarinnar að svo sé ekki. Í álitinu er gerð grein fyrir þeim álitsgerðum sem nefndin hefur fengið og rakinn sá ágreiningur sem er á milli lögfræðinga um þetta mál og farið yfir hann. Einnig er í álitinu fjallað um hugtakið „fullveldi", skilgreiningar á því og hugleiðingar manna um fullveldið. Eins og við vitum er það mál mjög á döfinni nú, m.a. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, þar sem þjóðir heims hafa komist að niðurstöðu um að réttmætt sé að senda herafla inn í Sómalíu í nafni Sameinuðu þjóðanna til að koma í veg fyrir hungursneyð. Má segja að þar með hafi skýring alþjóðasamtaka á fullveldinu öðlast nýja merkingu. Við vitum einnig að á alþjóðavettvangi starfa ýmis samtök þingmanna sem telja að það eigi með alþjóðalögum að setja ríkjum skorður, t.d. varðandi tryggingu friðar eða meðferð á alþjóðlegum glæpamönnum og annað slíkt. Þessar hugmyndir eru uppi, ekki aðeins hjá ríkisstjórnum heldur eru þær ræddar mikið í alþjóðlegum samtökum þingmanna. Ég veit að ýmsir hv. þm. á Alþingi þekkja slíkar umræður um nauðsyn þess að löggjafarvald, alþjóðlegt löggjafarvald, verði aukið og eflt og styrkt á þann veg að menn geti hlutast til um ýmist innri málefni ríkja til að tryggja heimsfrið eða að tryggja öryggi borgaranna. Einnig hefur verið rætt á Alþingi um nauðsyn þess að skilgreina fullveldið með hliðsjón af umhverfismálum og hættum vegna þeirra. Raunar höfum við rætt í tengslum við þetta mál frv. frá stjórnarandstöðunni um breytingar á stjórnarskránni sem gerði ráð fyrir því að heimilt yrði að framselja vald til alþjóðastofnana með sérstökum hætti.

Það sem við í meiri hlutanum segjum í lok þessa kafla okkar álits, með leyfi forseta, er svohljóðandi:

„Þegar gengið er til alþjóðasamstarfs eins og EES-samstarfsins er mikilvægt að allir sitji við sama borð og geti gengið að því sem vísu að jafnræðis sé gætt. Reglur og stofnanir, sem tryggja slíkt jafnræði, þjóna ekki síst hagsmunum hinna smærri þjóða í samstarfinu. Sagan geymir óteljandi dæmi um að stórveldi telja sig geta boðið smærri ríkjum birginn með of-

urefli. Með sameiginlegum reglum um rétt hvers og eins og eftirlits- og dómstólakerfi til að framfylgja reglunum er tryggt að stórir og smáir hafi sömu réttarstöðu. Öll viðleitni í alþjóðlegu samstarfi hefur síðustu áratugi miðað að því að útiloka með samningum og framkvæmd þeirra að hinir sterku og stóru í samfélagi þjóðanna geti sett hinum minni afarkosti eða hrifsað verðmæti þeirra til sín með því að neyta aflsmunar. Er það almennt talið til marks um að ríki hafi náð góðum árangri í samstarfi sín á milli ef þau sættast á friðsamlega úrlausn deilumála þar sem beiting valds eða hótun um valdbeitingu er útilokuð.

Þegar Alþingi tekur afstöðu til EES-samningsins er nauðsynlegt að hafa öll sjónarmið varðandi stjórnarskrárþátt málsins í huga. Á vettvangi utanrmn. hefur mikil vinna verið innt af hendi til að draga sem best fram meginatriði þessa þáttar. Umræður hafa einnig verið miklar um þetta atriði á almennum vettvangi. Þær halda áfram, hver svo sem niðurstaða Alþingis verður um EES-samninginn. Lögfræðileg sjónarmið hljóta einkum að vega þungt í mati Alþingis á þessum þætti. Með vísan til þeirra hefur meiri hluti utanrmn. komist að þeirri niðurstöðu að EES-samningurinn brjóti ekki í bága við stjórnarskrána. Við þetta mat verður ekki horft fram hjá þeim sjónarmiðum öðrum sem nefnd voru hér að framan, auk hins almenna gildis sem aðild Íslands að EES hefur fyrir þróun íslensks þjóðfélags og stöðu Íslands á alþjóðavettvangi. Í stuttu máli er hér komist að þeirri niðurstöðu að samþykki Alþingis á EES-samningnum brjóti ekki í bága við stjórnarskrána."

Í VII. kafla álitsins er vísað til álits umsagnaraðila og vil ég ekki neinu við það bæta og vísa til þess. Þó get ég ekki látið hjá líða að geta þess að eftir að þetta álit nefndarinnar lá fyrir hafa mér borist annars vegar ályktanir og samþykktir 37. þings Alþýðusambands Íslands og hins vegar samþykktir frá formannaráðstefnu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, en hvorugur þessara aðila lét í raun í ljós efnislega afstöðu til málsins þegar um var spurt af hálfu utanmrn. Raunar má einnig láta þess getið að aðeins einn aðili af öllum þeim sem veittu skriflegar umsagnir til nefndarinnar, BHMR, var neikvætt í afstöðu sinni til aðildar Íslands að þessu samstarfi. Hinir vísuðu annaðhvort til hugmynda um þjóðaratkvæði eða einhvers annars en tóku ekki neikvæða afstöðu til málsins. Það er mjög athyglisvert að aðeins einn af þessum umsagnaraðilum hefur snúist gegn aðild að þessu svæði og er umhugsunarvert fyrir okkur þegar við lítum á málið að það skuli vera þessi samtök.

Ég vil aðeins, með leyfi forseta, lesa ályktun formannaráðstefnu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands sem haldin var í Neskaupstað 11. og 12. nóv. 1992 þar sem mælt er með því að Alþingi staðfesti aðild Íslands að samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Þar segir að FFSÍ geri sér grein fyrir því að samningurinn um EES hafi í för með sér víðtækar breytingar á fjölmörgum sviðum sem hafa að geyma bæði kosti og galla. Augljós ávinningur sé m.a. greiðari aðgangur fyrir íslenskar vörur inn á Evrópumarkað. Sérstaklega á þetta við um sjávarafurðir sem bæði munu skila heim hærra skilaverði og leggja grunn að nýjum sóknarfærum í íslenskum sjávarútvegi. FFSÍ telur þó að innan ramma EES-samningsins sé mikilvægt að tryggja eignarhald og nytjarétt náttúruauðlinda undir forræði Íslendinga og þetta eigi sérstaklega við um eignarhald útgerðar og fiskvinnslu og stjórn fiskveiða.

Á þessum málum er tekið eins og ég gat um í frv. sem hér er til umræðu og sérstaklega lögfest undanþáguákvæði varðandi eignarhald útgerðar og fiskvinnslu.

Þá segir einnig í ályktun formannaráðstefnu FFSÍ að formannaráðstefnan telji einnig að við frágang á tvíhliða samningi milli Íslands og Evrópubandalagsins um gagnkvæmar veiðiheimildir þurfi að gæta þess að hagsmunir Íslendinga séu tryggðir á sem bestan hátt, þ.e. skipti á veiðiheimildum milli samningsaðila sé sanngjörn og tryggt sé strangt eftirlit með veiðum útlendinga innan íslensku fiskveiðilögsögunnar. FFSÍ álítur að með opnun íslenska vinnumarkaðarins innan ramma EES-samningsins geti skapast ójafnvægisástand þar sem kjörum og vinnuskilyrðum launafólks væri ógnað. Til að koma í veg fyrir slíkt ástand telur FFSÍ nauðsynlegt að eftirfarandi atriði séu tryggð á hinum íslenska vinnumarkaði:

1. Á Íslandi gildi íslenskir kjarasamningar. Undirboð kaupgjalds meðal útlendinga á íslenskum vinnumarkaði verði óheimil með setningu á viðeigandi löggjöf frá Alþingi.

2. Forgangsréttarákvæði kjarasamninga stéttarfélaga séu virt óháð ríkisfangi launþega í viðkomandi stéttarfélagi.

Á báðum þessum atriðum er tekið í sérstökum lagafrumvörpum þannig að ég tel að Alþingi sé að vinna að þessu máli í fullu samræmi við það sem fram kemur í ályktun formannaráðstefnu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Á Alþýðusambandsþinginu var tekist á um þetta mál og Alþýðusambandið hafði þá skoðun að bera ætti málið undir þjóðaratkvæði en eins og við vitum hér á þingi hefur það mál þegar verið afgreitt af alþingismönnum. Um starf að Evrópumálum segir svo í skýrslu um þingið sem alþingismönnum hefur verið send, með leyfi forseta:

„37. þing ASÍ telur brýnt ASÍ, landssambönd og stéttarfélög vinni ötullega að því að mæta þeim breytingum sem fram undan eru á íslenskum vinnumarkaði, ekki hvað síst ef Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Þingið leggur áherslu á að stjórnvöldum sé veitt öflugt aðhald. Ýmsar lagasetningar og aðgerðir sem skipta launafólk miklu máli fylgja aðild að EES ef af henni verður. Verkalýðshreyfingunni ber skylda til að fylgja því eftir að ekki sé gengið á réttindi launafólks. Þá kalla aukin samskipti við aðrar þjóðir á öflugt upplýsingastarf í verkalýðshreyfingunni.

37. þing ASÍ telur að með starfi sambandsins að Evrópumálum hafi verkalýðshreyfingin náð verulegum árangri. Þingið felur miðstjórn að efla samstarfið við Evrópusamband verkalýðsfélaga, Norræna verkalýðssambandið og ráðgjafarnefnd EFTA til að koma

sjónarmiðum íslenskrar verkalýðshreyfingar á framfæri."

Ég tel, virðulegi forseti, ekki unnt að túlka þessa ályktun nema á einn veg, að Alþýðusambandið telji sjálfgefið að Íslendingar gerist aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu og það er að búa sig undir þá aðild og hefur átt mikinn þátt í þeim mikla undirbúningi sem unninn hefur verið vegna málsins og fram hefur komið m.a. í þeim miklu upplýsingum sem þingmenn hafa fengið frá Alþýðusambandinu og starfsmönnum þess við meðferð þessa máls. Ég vil einnig vekja athygli á því að sá maður innan Alþýðusambandsins sem mest hefur haft afskipti af Evrópumálum hvatti mjög til þess eftir að niðurstöður atkvæðagreiðslunnar lágu fyrir í Sviss að Alþingi hvikaði í engu í þessu máli, léti málið fram ganga og staðfesti þátttöku Íslands í Evrópska efnahagssvæðinu.

Í VII. kafla er fjallað um sjávarútveg og landbúnað. Það var mjög ítarlega rætt um þessi mál og sérstaklega landbúnaðarmálin. Ég vil sérstaklega þakka hv. landbn. og formanni hennar fyrir þá vinnu sem nefndin hefur unnið í þessu máli og hvernig hún hefur staðið að upplýsingaöflun. Ég tel það til fyrirmyndar fyrir þingnefndir aðrar og sýna hvað Alþingi og alþingismenn geta haft náin afskipti af einstökum þáttum þessa máls og framvindu þeirra. Það hefur verið ómetanlegt fyrir utanrmn. að njóta góðs af þessum störfum landbn. eins og kemur fram í áliti okkar meiri hlutans og í þeim gögnum sem álitinu fylgja.

Síðan er fjallað um EES-samninginn og íslenska löggjöf og rætt um þau mál sem það varða.

Í IX. kafla er rætt um kostnað vegna þátttökunnar í EES. Utanrmn. hafa verið kynntar nýjar tölur varðandi þetta atriði. Ef svo fer, sem líklegt er eftir atkvæðagreiðsluna í Sviss, að Svisslendingar borgi ekkert til EES-samstarfsins munu útgjöld Íslendinga aukast eitthvað þar sem þessu verður skipt upp á milli þjóðanna. Það segir í niðurstöðum þeirrar greinargerðar sem utanrmn. var afhent í gær:

„Viðbótarkostnaður Íslands vegna fráhvarfs Sviss samkvæmt framangreindu verður því í hæsta lagi samtals 35 millj. kr. árlega sem skiptist í viðbótarframlag til eftirlitsstofnunarinnar 6 millj., viðbótarframlag í dómstól 2 millj. og mögulegt", ég segi mögulegt, „viðbótarframlag í þróunarsjóð 27 millj. verði lokaniðurstaðan sú að EFTA-ríkin skipti með sér framlagi Sviss." Þessar tölur liggja fyrir og upplýsingar um þetta liggja glögglega fyrir.

Að lokum eru ályktunarorð meiri hluta nefndarinnar sem ég vil leyfa mér að lesa:

„Að lokinni gaumgæfilegri athugun á EES-samningnum og þeim skyldum og réttindum, sem honum fylgja fyrir Íslendinga, er það eindregin niðurstaða meiri hluta utanrmn. Alþingis að það sé íslenskum hagsmunum ótvírætt til framdráttar að Ísland gerist aðili að samningnum.

Í 4. gr. frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið á þskj. 1 er almennt ákvæði um útgáfu reglugerða. Lagt er til að þessi grein verði felld úr frv.

Meiri hluti utanrmn. leggur til að frv. verði samþykkt með áðurgreindri breytingu."

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, láta þess getið, sem ég hef raunar drepið á, að ég tel að þeir atburðir sem gerst hafa nú á síðustu dögum vegna fráhvarfs Sviss séu ekki þess eðlis að þeir eigi að gera okkur á Alþingi ókleift að afgreiða þetta mál. Ég verð einnig að segja að mér finnst það ekki sannfærandi rök þegar menn eru að tala um að ekki sé unnt að klára þetta á þeim tíma sem til stefnu er. Við erum í sömu stöðu og þjóðþing í öðrum EFTA-ríkjum og ég vil aðeins geta þess að á norska þinginu eru þingmenn um 100 fleiri en hér, á sænska þinginu eru þeir 349, 200 í Finnlandi, 183 í Austurríki og 200 í Sviss. Þar hafa menn treyst sér til þess að fjalla um þetta mál á einum eða tveimur dögum og vel komist í gegnum um það. Það er því engin frágangssök finnst mér á Alþingi að við getum ekki afgreitt þetta á þeim dögum sem til stefnu eru. Ég sé ekki nein lagatæknileg atriði eða neitt slíkt sem ætti að hindra okkur í að komast að þeirri niðurstöðu sem er hagstæðust Íslandi í þessu máli á þeim dögum sem til stefnu eru fram að jólaleyfi þingmanna. Við verðum þá að taka okkur lengri tíma ef menn treysta sér ekki til þess en ég sé enga ástæðu til þess að menn séu að mikla það fyrir sér.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjals:

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 302. mál, stjfrv., þskj. 471.

Umræður utan dagskrár.

Framkvæmd yfirlýsingar um ríkisfjármál.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Fyrir verður tekin umræða utan dagskrár að ósk hv. 8. þm. Reykn. um framkvæmd yfirlýsingar um ríkisfjármál, sem hæstv. forsrh. flutti 23. nóv., í ljósi yfirlýsinga hæstv. fjmrh. nú um helgina. Umræðan fer fram skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaga og getur staðið allt að hálfri klukkustund.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. 23. nóv. sl., fyrir um það bil þremur vikum síðan, flutti hæstv. forsrh. Alþingi tilkynningu frá ríkisstjórn Íslands um aðgerðir í efnahagsmálum. Í ræðu hæstv. forsrh. kom það fram að hans eigin dómi að áhrif aðgerðanna fælust einkum í þrennu. Það fyrsta snerti atvinnulífið, annað varðandi þjóðarútgjöldin og þriðja atriðið af þessum höfuðatriðum var, eins og segir í ræðu hæstv. forsrh., með leyfi forseta: „Í þriðja lagi batnar afkoma ríkissjóðs sérstaklega þegar horft er til næstu tveggja ára."

Fyrr í ræðunni hafði hæstv. forsrh. skýrt þetta höfuðmarkmið aðgerðanna á þann veg eins og segir í ræðunni, með leyfi virðulegs forseta:

„Með efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar er afkoma ríkissjóðs styrkt um rúmlega 2 milljarða á næstu

tveimur árum eða sem nemur um það bil þriðjungi rekstrarhallans. Þetta er nauðsynlegt til þess að skapa skilyrði fyrir lækkun vaxta."

Í málsgrein á undan er vikið að því að sá rekstrarhalli sem þarna á að minnka um þriðjung er sá halli sem er á fjárlagafrv. þegar það er lagt fram. Hæstv. utanrrh. áréttaði síðan þetta stefnumið sérstaklega í þeirri ræðu sem hann flutti í þessari umræðu þar sem nú hefði náðst sá árangur að eyða ýmsum veikleikamerkjum í fjárlagafrv. en hæstv. utanrrh. hafði vikurnar á undan rætt mjög rækilega um að sá 6 milljarða halli sem væri á fjárlagafrv. væri of mikill og nauðsynlegt að styrkja frv.

Síðan hæstv. forsrh. tilkynnti þjóðinni þessa meginstefnu efnahagsaðgerðanna hefur bæði þjóðin og þingið staðið í þeirri meiningu að það væri staðfastur ásetningur ríkisstjórnarinnar að minnka þann 6 milljarða halla sem var á fjárlagafrv. þegar það var lagt fram. Eins og kemur fram í ræðu hæstv. forsrh. telur hann þetta vera eitt af þremur höfuðatriðum efnahagsaðgerðanna.

Nú gerist það í gær að Morgunblaðið birtir ítarlegt viðtal við hæstv. fjmrh. þar sem hann lýsir allt annarri stefnu. Hæstv. fjmrh. segir í viðtali við Morgunblaðið, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin og meiri hluta fjárln. vinnur nú að því að ná hallanum niður í það sem hann var þegar fjárlagafrv. var kynnt í haust." Hann segir einnig, með leyfi forseta: „Ég er staðráðinn í því þegar fjárlagafrv. verður afgreitt nú fyrir jól að það verði ekki afgreitt með meiri halla en við gerðum ráð fyrir í haust, og þá er ég ekki að segja að ekki geti skakkað 200–300 millj., en ekkert umfram það."

Eða með öðrum orðum þremur vikum eftir að hæstv. forsrh. tilkynnir Alþingi og þjóðinni að það sé eitt af þremur höfuðatriðum í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að minnka hallann á fjárlagafrv. við afgreiðslu fjárlaga og markmiðið sé um þriðjungsminnkun að verðgildi á árinu 1993 og 1994 lýsir hæstv. fjmrh. því yfir að horfið hafi verið frá þessari stefnu og nú sé glímt við það á þessum dögum að ná hallanum niður í það sem fjárlagafrv. sýndi þegar það var lagt fram.

Hæstv. forsrh. rakti svo í sinni ræðu að það markmið að ná hallanum á ríkissjóði niður fyrir það sem var í fjárlagafrv. væri ein meginforsenda þeirrar vaxtalækkunar sem ríkisstjórnin stefndi síðan að. Hæstv. fjmrh. endurtók svo þessi ummæli sín við Ríkissjónvarpið í gærkvöldi.

Vegna þess að þetta atriði með hallann á fjárlögum var eitt af þremur höfuðatriðunum í formlegri tilkynningu forsrh. til Alþingis fyrir þremur vikum taldi ég nauðsynlegt nú þegar að spyrja hæstv. forsrh. hvort ríkisstjórnin hafi horfið frá þessu stefnumiði sínu. Það er ekki hægt að skilja yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um helgina á annan veg en þann að ríkisstjórnin hafi horfið frá þessu markmiði og ætli nú að sætta sig við það að ná hallanum niður í það sem hann var þegar fjárlagafrv. var lagt fram. Vegna þess að efnahagsaðgerðir ríkisstjórnairnnar eru ákveðinn kjarni í vinnubrögðum þingsins þá daga sem fram undan eru og þjóðin hefur verið mjög upptekin við að átta sig á þessum aðgerðum hef ég óskað eftir því að hæstv. forsrh. greini frá því hér hvort ríkisstjórnin hefur fallið frá þessu markmiði.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Þegar efnahagstillögur ríkisstjórnarinnar voru tilkynntar kom fram af minni hálfu og annarra sem töluðu í nafni ríkisstjórnar að nauðsynlegt væri í tengslum við þessar aðgerðir að styrkja stöðu ríkissjóðs. Það var líka ljóst að aðgerðirnar sjálfar, sem miðuðu að því að draga úr viðskiptahalla landsins, draga úr vaxandi lántökum og á tveimur árum að stöðva þær erlendis, væru til þess fallnar að minnka tekjur ríkisins vegna áhrifa veltusamdráttar. Það var alveg ljóst að ríkisstjórnarflokkarnir voru ákveðnir í því að mæta því ekki með því að sækja skattfé til þess að styrkja stöðu ríkissjóðs sem þessu næmi.

Þegar málið var kynnt fyrir þingflokkum stjórnarflokkanna á þessum sömu dögum var gert ráð fyrir því að þessi styrking gæti leitt til þess að halli ríkissjóðs yrði á bilinu 5,8–6 milljarðar kr. en án slíkra aðgerða mundi hallinn hafa stefnt í milli 7–8 milljarða kr. vegna áhrifa veltusamdráttar og fleiri slíkra þátta. Auðvitað gefst tækifæri til þess að ræða málin þegar fjárlög koma til umræðu en ég tel þó ljóst að við munum ná því markmiði að vera mjög nærri þessum tölum þó að einhverju muni skakka á því bili sem segir í viðtali við hæstv. fjmrh. og hv. málshefjandi vitnaði til.

Við vissum að áhrif gengisbreytingarinnar yrðu þessi sem nefnd voru. Að vísu hafa verið haldnir tveir blaðamannafundir um að gengisbreytingin hafi verið óþörf, norska krónan væri að styrkjast eins og kunnugt er. Það hefur reyndar ekki verið haldinn blaðamannafundur um að þar hafi orðið breyting á né heldur að norski ríkisseðlabankastjórinn hafi talið að viðmiðungargengi pesetans hafi fallið. Ég býst við að ekki hafi náðst í hv. þm. til að fá leyfi fyrir slíkum breytingum því að allar þessar gengishreyfingar og hræringar fóru eins og kunnugt er fram hjá þessum hv. þm. og kom fram á tveimur mjög merkilegum blaðamannafundum, öðrum í þinghúsinu eins og kunnugt er.

En allar þessar hræringar urðu samt og norska krónan hefur fallið eins og kunnugt er þrátt fyrir mikilvæga blaðamannafundi sem haldnir voru um þessi efni og heilmikla fyrirferð. Það var ljóst að allir þessir þættir mundu veikja tekjur ríkissjóðs og því varð að mæta með niðurskurði og það hefur verið gert.

Það er athyglisvert og menn ættu að hafa það í huga vegna þeirra umræðna sem hafa orðið um skattatilfærslur að menn hafa farið í skattatilfærslur á milli neyslu annars vegar og atvinnulífsins hins vegar. Um það var rík sátt í þjóðfélaginu og raunar skilningur hjá öllum, m.a. á tímabili þegar Alþb. gekk í gegnum ábyrgðarstjórnarandstöðu í um það bil þrjár vikur, að slík tilfærsla yrði að eiga sér stað. Það er athyglisvert að hafa í huga að skatttekjur í ár eru á föstu verðlagi verulega lægri en 1990 og 1991 og þær munu enn dragast saman á næsta ári samkvæmt fyrirliggjandi spá.

En ég vænti þess að endanlegar hallatölur ríkis-

sjóðs, með vissum fyrirvörum eins og fjmrh. hefur sjálfur slegið, ættu í meginatriðum að standast.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hvað varðar efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar og hversu fáar af þeim eru enn þá komnar fram, þá liggur það fyrir að eina breytingin sem rædd var við 2. umr. fjárlaga var 250 millj. kr. sem kom fram í því frv., sem þá lá fyrir, um breytingu á almannatryggingalögum. Það er eina talan sem enn hefur komið fram til breytingar á fjárlagafrv. sem lagt var fram með 6,1 milljarða halla.

Þann 23. nóv. sl. voru tilkynntar breytingar sem áttu að hafa í för með sér 1.240 millj. til viðbótar. Eins og ég sagði hefur ekki enn komið neitt fram um það nema ef vera skyldi að hægt væri að reikna þessar 250 millj., sem felast í breytingu á almannatryggingalögum, inn í það.

Það kom reyndar fram í umræðunni um breytingu á almannatryggingalögunum að menn væru ekkert allt of sammála innan stjórnarinnar. Þegar stjórnarandstaðan var búin að tæta það frv. allmikið niður kom í ljós að einnig meðal stjórnarliða voru athugasemdir og allverulegar athugasemdir. Það er því ekki enn séð fyrir endann á því frv. hvort það verður að lögum.

Hvað varðar það sem menn hafa hér verið að tala um að nægur tími sé enn fram undan til þess að ræða öll þessi mál, þá vil ég benda á að 1. umr. um frv. um breytingu á almannatryggingalögum tók samtals 8 klukkustundir og 11 mínútur, 1. umr. um breytingu á almannatryggingalögunum. Enn á eftir að ræða allmörg frv. M.a. er eftir 3. umr. um fjárlög, 2. og 3. umr. um fjáraukalög, 2. og 3. umr. um lánsfjárlög, skattabandorm, tollalög, skólamál, húsnæðismál o.fl., áður en við getum farið að ljúka umræðunni eða höfum í raun og veru eitthvað í höndunum um hvernig efnahagsmál næsta árs verða.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. 2. umr. fjárlaga er nú nýlokið. Önnur umræða fjárlaga á að gefa vísbendingu um hvernig gjaldahlið fjárlaga muni líta út og hún er upp á um 6,1 milljarð kr. eða svipuð og fjárlagafrv. í haust gerði ráð fyrir. Það var, eins og hefur komið hér fram, 2 milljarðar auk þeirra 4 sem fjárlagafrv. var kynnt fyrst með.

Nú bregður svo við þegar við erum farnir að vinna að undirbúningi 3. umr. — en venjan er að aðeins tekjuhliðin, B-hluti fjárlaga og 6. gr., sé tekin til meðferðar við 3. umr. — að mikið viðtal birtist við hæstv. fjmrh. í Morgunblaðinu þar sem hann segir að þessum niðurskurði sé hvergi nærri lokið og beinir greinilega skeytum til ráðherra Alþfl. varðandi húsnæðiskerfið og heilbrigðismálin þar sem hann segir að þurfi að ná betri árangri. Manni er því spurn: Á hverju eigum við von? Eigum við von á einhverju í kvöld, að farið verði að brjóta upp það sem fjárln. hefur verið að gera? Eigum við von á viðbótarniðurskurði? Mér er fullkunnugt um að hæstv. ríkisstjórn sat á löngum fundum í gær og fundi fjárln. var frestað og ekki boðaður fundur í morgun. Það er því greinilegt að nú á þessum síðustu dögum er verið að undirbúa einhverjar verulegar breytingar og væri fróðlegt að heyra hvað er í aðsigi.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það var aumur forsrh. sem kom í stólinn áðan. Í raun og veru var hann að segja að ræða hans hér um efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar 23. nóv. hefði verið markleysa hvað snertir ríkisfjármálin. Það stendur alveg skýrt í þeirri tilkynningu ríkisstjórnarinnar sem forsrh. las 23. nóv. að þriðja höfuðatriðið í efnahagsaðgerðunum væri að draga úr halla ríkissjóðs. Hann tiltók meira að segja að það ættu að vera rúmir 2 milljarðar á næstu tveimur árum, þriðjungur hallans sem væri á fjárlagafrv. þegar það er nú lagt fram. Hæstv. utanrrh. gerði þetta alveg skýrt því að hann sagði í umræðunni, með leyfi forseta:

„Niðurstöðutölurnar að því er varðar hallann eru lægri eftir aðgerðirnar þrátt fyrir auknar aðgerðir til atvinnusköpunar. Þetta er umtalsverður árangur", sagði hæstv. utanrrh., „og þetta er forsenda fyrir vaxtalækkun."

Nú segir hæstv. forsrh. að þetta hafi allt saman verið í plati vegna þess að hann hafi sagt það í þingflokki Sjálfstfl. að það hafi verið miðað við 5,8–6,2 milljarða halla. Það var aldrei sagt í þingsalnum. Þjóðinni var aldrei sagt frá því heldur þvert á móti kom virðulegur forsrh. hér 23. nóv. og sagði: Það er þrennt sem er höfuðatriði í þessum aðgerðum. Það er atvinnulífið, það eru þjóðarútgjöldin og það er minnkandi halli á ríkissjóði.

Nú segir hann það að þetta hafi bara verið skrök því að þingflokki Sjálfstfl. og þingflokki Alþfl. hafi verið greint frá öðru.

Það er þess vegna alveg ljóst eftir þessa ræðu að annaðhvort meinti hæstv. ríkisstjórn ekkert með því sem hæstv. forsrh. sagði hér og hæstv. utanrrh. tók undir og vísvitandi var verið að blekkja þjóðina og þingið 23. nóv. eða ríkisstjórnin hefur á þremur vikum gefist upp við að framfylgja einu af þremur höfuðatriðunum í efnahagsprógramminu sem tilkynnt var hinn 23. nóv.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér finnst rétt að benda á það hvort fjárlögin, sem við erum að ræða í frumvarpsformi enn þá, séu raunhæf eða ekki með 6,1 milljarða halla hvernig farið hefur með yfirstandandi fjárlög. Þau voru afgreidd með rúmlega 4 milljarða halla í fyrra. Við stöndum núna frammi fyrir því í fjáraukalagafrv. að þar stefnir hallinn í allt að 12 milljarða. Erum við e.t.v. núna að ræða jafnraunhæf fjárlög og á síðasta ári? Ef við erum núna að stefna að því að afgreiða fjárlög, eins og hæstv. fjmrh. segir, með ekki meiri halla en lagt var fram í haust, þ.e. rúmlega 6 milljarða, getum við þá með sama áframhaldi og verið hefur á þessu ári, þar sem ríkisstjórnin hefur fullyrt að hún beiti mestu aðhaldsaðgerðum sem hægt er, átt von á því að á sama tíma að ári stöndum við frammi fyrir 18 millj-

arða halla? Ég held að það sé rétt að menn reyni að gera sér ljóst hversu raunhæf þau frumvörp eru sem við erum að ræða og bítumst um dag eftir dag og ár eftir ár.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er von að hér sé spurt stórra spurninga. Þriðja umræða fjárlaga átti að fara fram á morgun en það er ljóst að beðið verður um frest á henni og ekki að ófyrirsynju vegna þess að að mínu viti og okkar sem í fjárln. vinnum er það starf allt í óvissu. Við höfum ekki fengið svör við spurningum sem við höfum spurt, svo sem þeim að það er ljóst að þegar um áramót eru samningar fjölmargra stéttarfélaga lausir. Sannleikurinn er sá að engir hafa verið sviknir eins og þeir sem í þessu stéttarfélögum eru. Launum hefur verið haldið niðri um árabil gegn félagslegum úrbótum og menn hafa sætt sig við lægri laun gegn ýmsum úrbótum í heilbrigðiskerfi, menntakerfi o.s.frv.

Nú hefur það verið upp tekið að skera niður einmitt þessa félagslegu þætti: skólakerfi, heilbrigðiskerfi, mennta- og menningarmál og launin auðvitað ekkert hækkuð þar á móti. Það er því alveg ljóst að stéttarfélögin munu ekki una óbreyttu ástandi.

Við höfum ekki fengið ákveðin svör um hvernig skal uppfylla búvörusamning. Þar vantar 278 millj. Af þeim eru 175 millj. hreint lögbrot ef ekki verða greiddar. Þá má minna á að í forsendum Þjóðhagsstofnunar var gert ráð fyrir 550–750 millj., eins og það hét að mig minnir, þjóðhagsbata vegna samninganna um Evrópskt efnahagssvæði sem tækju gildi um áramót. Nú er ljóst að ekkert verður af því og ég spyr þess vegna: Er búið að endurreikna þjóðhagsbatann? Ég hef því miður ekki meiri tíma en ég held að hér sé mörgum spurningum ósvarað sem nauðsyn er að fá skýrar línur í.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég geri ekkert með það þó að hv. 8. þm. Reykn. segi að ríkisstjórnin fari með blekkingar og skrök eins og hann orðaði það. Það eru bara tíu dagar síðan eða svo að hann hélt því fram á tveimur blaðamannafundum að ríkisstjórnin hefði farið með blekkingar vegna gengisfellingar því að norska krónan væri að styrkjast og ástæður gengisbreytingar hefðu verið hreinar blekkingar og skrípaleikur af hálfu ríkisstjórnar. Menn vita hvernig það allt saman hefur verið og hvernig sá málatilbúnaður og upphrópanir enduðu. Er sú framkoma öll þingmanninum ekki til sóma.

Á hinn bóginn vek ég athygli á því líka að hv. þm. nefndi og blandaði saman því sem sagt var um fjárlagahallann á næstu tveimur árum. Það er enginn vafi á því að ríkisstjórnin hefur með aðgerðum sínum verið að leggja grunn að því, bæði aðgerðum í fyrra og aðgerðum núna, að þegar fram í sækir skapast meiri festa um fjármál ríkisins og það er afskaplega mikilvægt.

Í þriðja lagi er líka mikilvægt að menn átti sig á því, sem ég nefndi, að skatttekjur ríkisins fara minnkandi í ár á föstu verðlagi og munu enn dragast saman á næsta ári. Hins vegar eiga sér stað miklar tilfærslur á fjármunum af neyslu yfir á atvinnulíf. Ég vek athygli á því að allir voru sammála um eða gáfu það a.m.k. til kynna á því þriggja vikna skeiði sem þeir höfðu ábyrgðartilfinningu í þjóðfélaginu sumir hverjir hér að þeir hefðu á því fullan skilning að óhjákvæmilegt væri að styrkja stöðu atvinnulífsins á kostnað neyslu og einstaklinga.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Hv. 8. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þessi hálftíma utandagskrárumræða var ætluð fyrir ákveðið mál: yfirlýsingar ríkisstjórnar um halla á fjárlögum ríkisins og yfirlýsingar fjmrh. Hæstv. forsrh. kaus að verja mestum hluta af báðum ræðum sínum til að tala um allt önnur mál. Ég er alveg ræðubúinn að ræða þau við hæstv. forsrh. síðar undir öðrum dagskrárliðum þegar maður hefur lengri tíma en tvær mínútur til þess að fjalla um það sem fram kemur í umræðunni. En það er auðvitað tilgangur þess að vera með hið knappa form, hálftíma utandagskrárumræðu þar sem málshefjandi hefur aðeins tvær mínútur í seinna skipti, að halda sig við mjög afmarkað mál. Hefði hæstv. forsrh. viljað ræða efnahagsmálin vítt og breitt, þá hefðum við auðvitað beðið um lengri umræðutíma varðandi utandagskrárumræðu. Ég mun því áskilja mér allan rétt til að svara ásökunum hæstv. forsrh. hvað þetta snertir undir öðrum dagskrárlið.

Það er svo staðreynd eftir þessa umræðu að forsrh. hefur ekki treyst sér í umræðu um yfirlýsingu hans fyrir þremur vikum síðan varðandi ríkisfjármálin. Ef hann er núna að reyna að teygja þetta inn á það að þetta 2 milljarða fyrirheit um lækkun fjarlagahallans hefði átt við árið 1994, þá væri fróðlegt að vita hvaða samhengi er í því að næsta setning í ræðu ráðherrans sjálfs 23. nóv. á eftir þessari 2 milljarða yfirlýsingu varðandi lækkun fjárlagahallans er að þetta skapaði skilyrði fyrir lækkun vaxta. Og með fjölmörgum öðrum tilvikum var það útskýrt að sú lækkun mundi fara fram á árinu 1993. Nú er það hins vegar allt fokið út í veður og vind, þetta hafi e.t.v. átt við árið 1994. Ja, hvílík uppgjöf. Hvílík uppgjöf. — [Fundarhlé.]

Útbýting þingskjala:

Evrópskt efnahagssvæði, 1. mál, nál. 3. minni hluta utanrmn., þskj. 470.

Tvíhliða samningur við Evrópubandalagið, 303. mál, þáltill. StH og HÁ, þskj. 472.

Um þingsköp.

Ummæli utanrríkisráðherra um Alþingi.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er öllum kunnugt í þessum sal

að leitað hefur verið leiða til þess að samkomulag næðist um að hægt væri að láta efnisumræðu um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði fara fram með eðlilegum hætti. Það hefur hins vegar gerst síðustu sólarhringa og það endurtekur sig núna síðdegis í dag að hæstv. utanrrh. kýs að ganga fram fyrir skjöldu utan þings og ráðast á Alþingi Íslendinga og þingmenn. Hér í dag var hvað eftir annað óskað eftir því að hæstv. utanrrh. mundi tjá sig um þau ummæli sem hann viðhafði á erlendri grundu um Alþingi Íslendinga. Það var óskað eftir því að hann bæði afsökunar á þeim ummælum, það var óskað eftir því að hann endurtæki þau, það var óskað eftir því að hann viki að þeim með einum eða öðrum hætti. En eins og allir vita þá kaus hæstv. utanrrh. að þegja algjörlega í þingsalnum í dag en síðan gerist það að þegar þingflokkar ganga til fundar klukkan rúmlega fjögur og eru á fundum klukkan fimm þá berast fréttir af því að hæstv. utanrrh. hafi farið nánast rakleiðis héðan úr þingsalnum og boðað til opinbers blaðamannafundar til að fjalla þar um þau ummæli sín sem hann viðhafði um Alþingi Íslendinga og þorði ekki og vildi ekki ræða í þingsalnum og lýsir því yfir á blaðamannafundinum að hann standi við hvert orð af því sem hann hafi sagt erlendis um Alþingi Íslendinga.

Ég verð að segja eins og er, virðulegi forseti, að ég er satt að segja alveg hættur að skilja hæstv. utanrrh. í þessu máli. Ég hélt að hann hefði einlægan áhuga á því að hér hæfist og gæti farið fram efnisleg umfjöllun um þetta mál. En þá velur hann það hvað eftir annað að ögra Alþingi með framgöngu sinni og grípa til þess ráðs sem ég hugsa að sé nokkuð einstakt, að efna til opinbers blaðamannafundar á þingflokksfundatíma Alþingis til að ráðast á þingið og þingmenn eftir að hafa neitað því í þingsalnum í dag að tjá sig um þessi ummæli.

Ég vil spyrja hæstv. forseta að því vegna þess að ég bar þá fyrirspurn fram til forsetans fyrr í dag, hvað hæstv. forseti hygðist gera ef hæstv. utanrrh. biðist ekki afsökunar á þessum ummælum sínum. Nú er sú spurning orðin enn brýnni í ljósi þess að hæstv. utanrrh. hefur haldið opinberan blaðamannafund í þinghléinu í kvöld og endurtekið þessi ummæli. Ég vil þess vegna beina þeirri fyrirspurn minni til hæstv. forseta: Hvað hyggst forseti gera til þess að bregðast til varnar fyrir hönd þingsins vegna síendurtekinna árása hæstv. utanrrh. á Alþingi Íslendinga utan þings?

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill taka fram að það er algengt að ráðherrar efni til blaðamannafunda. Það hefur ekki tíðkast að forseti Alþingis blandi sér í eða finni að þeim ummælum sem hæstv. ráðherrar láta frá sér fara á slíkum fundum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að hlusta á forseta þingsins hæstv. flytja hér mjög prúðmannlega úr forsetastóli yfirlýsingu og er hann þó einn af þeim sem hefur hlotið þá umsögn erlendis að það fari eftir líkamsburðum og líffærastyrkleika hversu lengi hann tali á Alþingi. Nú virtist mér að sú stutta ræða sem hann flutti áðan færi eftir vitsmunalegu mati á því hvað hann teldi skynsamlegt að segja. En engu að síður er það nú svo að það er ekki víst að það skaði Alþingi Íslendinga svo mikið hvað sagt er hér heima af hæstv. utanrrh. Það á við sú gamla saga sem mér var einu sinni sögð af manni sem þótti stundum segja meira en hann gæti staðið við, að það hefði ekki komið að sök þar sem allir þekktu hann. Hitt er aftur á móti miklu meiri spurning þegar hæstv. utanrrh. með laun frá íslenskri þjóð og dagpeningum frá íslenska ríkinu er erlendis, nokkuð vel haldinn í mat og drykk, að þá skuli hann nota tímann til að ausa Alþingi Íslendinga aur. Ekki aðeins okkur stjórnarandstæðinga heldur allt sitt lið. Þar á meðal hv. 17. þm. Reykv. sem sígur mjög niður í sæti sínu og skyldi engan undra að búa við þetta. Hann hefur þó kjark til að segja eitthvað. Það er víst búið að skipa flestum að þegja en það vottar þó enn fyrir hugrekki því hann segir eitthvað. Hins vegar er hæstv. utanrrh. að lesa fyrir iðnrh. upplýsingar um þennan samning sem á að fara að ræða hérna til að hann viti hvað í honum stendur. Það er svo allt annað mál.

Mig undrar það, herra forseti, þó ekki sé meira sagt ef svo er komið að forseti Alþingis sem vissulega er mikill ágætismaður, sá sem situr í forsetastóli þessa stundina, telur að strákapör ráðherra á erlendri grund eigi ekki að taka fyrir föstum tökum í þinginu. Mig undrar það en ég skil afstöðu hæstv. forseta, hann telur óþægilegt að þurfa að standa í því að hýða hæstv. utanrrh.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að hafa reynt að veita svar við spurningu minni en *svarið er því miður á þann veg að það á ekki alveg við* það sem hér hefur gerst. Það er auðvitað rétt hjá hæstv. forseta að það er algengt að ráðherrar haldi blaðamannafundi, vissulega. En ég efast um að það sé hægt að finna nokkur dæmi um að ráðherra sé hvað eftir annað beðinn um það á Alþingi að fjalla um ummæli sín og endurtaka þau í þingsal svo þingmenn geti rætt þau og hann neiti með þögninni að verða við síendurteknum óskum um það en fari síðan í þinghléi sama dag um leið og þingflokkar eru á fundum og boði til opinbers blaðamannafundar utan þingsins þar sem hann endurtekur ummæli sín og segist standa við hvert orð og heldur áfram atlögu sinni gegn þinginu. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál að ráðherra neitar að ræða í þingsalnum þau málefni sem hann ræðir hvað eftir annað á blaðamannafundum erlendis og hérlendis vegna þess að nú hefur það gerst í dag að ráðherra hefur bæði haldið blaðamannafund erlendis og síðan hérlendis til þess að ráðast á Alþingi Íslendinga en neitar gjörsamlega að ræða þessi ummæli sín og þessa skoðun sína í þingsalnum. Það var ástæðan fyrir því að ég óskaði eftir umsögn hæstv. forseta vegna þess að okkur þingmönnum er nokkur vandi á höndum. Við búum við það að fjölmiðlakerfi landsins hefur flutt nánast látlaust í

nokkra daga árásir hæstv. utanrrh. á Alþingi. Þegar hann er beðinn um að tjá sig um þau ummæli hér á Alþingi þá neitar hann með þögninni. Hvað eigum við þingmenn að gera, virðulegi forseti? Eigum við bara að sitja undir þessum árásum hæstv. utanrrh. á Alþingi og búa við það að hann neitar að ræða við okkur á þeim vettvangi sem er hans rétti vettvangur? Hér er nú einu sinni þingræði, hér er lýðræði og hinn rétti vettvangur ráðherranna er þingsalurinn.

Ég vil þess vegna endurtaka ósk mína til virðulegs forseta að hann hugleiði með hvaða hætti forseti Alþingis getur brugðist við til varnar þinginu því það er auðvitað ekki búandi við það að utanrrh., sem er einn af þremur æðstu trúnaðarmönnum íslenska lýðveldisins á erlendri grund ásamt forseta lýðveldisins og forsrh., skuli ganga fram fyrir skjöldu og níða Alþingi Íslendinga á erlendri grundu. Það er auðvitað ekki við það búandi. Utanrrh. Íslands gegnir virðulegu embætti. Það er eitt af þremur virðulegustu embættum þessarar þjóðar og erlendir menn hlusta sérstaklega á hans orð eins og orð forseta lýðveldisins og forsrh. Ég læt mér það ekki í léttu rúmi liggja að hæstv. utanrrh. geti óátalið haldið áfram að níða löggjafarþing þjóðarinnar á erlendum vettvangi.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Mér eru það vissulega vonbrigði hvernig hæstv. forseti og hæstv. aðalforseti þingsins hafa brugðist við þeirri ósk okkar að hvetja hæstv. utanrrh. til að koma upp og endurtaka ummæli sín um þingið og þingmenn. Það virðist ekki vera hægt að fá hæstv. utanrrh. til að koma hér upp. Hann velur sér hins vegar annan vettvang þar sem þingmenn eru víðs fjarri til að geta átt við hann orðastað og boðar til blaðamannafundar sem utanrrh. okkar. Nú er það beiðni mín enn — og það skal hæstv. utanrrh. vita að við erum ekki alveg hættir í þessu máli og munum sjá til hvort við getum ekki dregið eitthvað upp úr hæstv. utanrrh. í þessu máli þó síðar verði — en ég vil reyna að gera tilraun til þess að fá svar við því hvort hæstv. utanrrh. vill koma hér upp á eftir mér í þennan stól og segja þingmönnum og öðrum frá því hvort sú yfirlýsing, sem hann gaf í kvöld, að hann stæði við hvert orð sem hann hefði sagt, hafi þá átt við það viðtal sem birt var í sjónvarpinu eða það viðtal sem birtist við hann í DV. Er hæstv. utanrrh. tilbúinn til þess að gera það, segja okkur frá því við hvort viðtalið hæstv. ráðherra átti þegar hann sagðist vera tilbúinn til að standa við hvert orð sem hann sagði? Var það viðtalið við Dagblaðið þar sem svigurmælin voru lögð að forseta og þingi ásamt þingmönnum eða var það hið fyrra?

Nú getur hæstv. utanrrh. ekki borið við minnisleysi. Það er alveg vitavonlaust fyrir hæstv. ráðherra vegna þess að ég hef lagt fyrir hann þetta viðtal og hann hefur það fyrir framan sig þannig að minnisleysi er ekki hægt að bera við, virðulegi ráðherra. En nú læt ég þér stólinn eftir.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Hv. alþingismönnum er það kunnugt að hæstv. utanrrh. getur komið inn í mælendaskrá þess máls sem er á dagskrá þegar honum þóknast vegna þess að hann hefur þar forræði. (**Utanrrh.:** Ég mun gera það ef málið kemst á dagskrá.) Auk þess er eðlilegt að taka það fram að þingsköp Alþingis ná einvörðungu að sjálfsögðu yfir það sem gerist á Alþingi Íslendinga en ekki það sem þar er fyrir utan.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að beina orðum mínum til hæstv. utanrrh. því ég sé að þagnarbindindi stjórnarliða heldur hér á Alþingi og það er búið að reka korktappa í munninn á þeim flestum. En hins vegar vil ég spyrja hæstv. forseta að því hvort forsætisnefnd þingsins muni í engu kanna þau ummæli á erlendum vettvangi að það séu engin þingsköp höfð í heiðri á Alþingi Íslendinga. Mér finnst þetta mjög alvarlegt jafnvel þótt þessi ummæli hafi verið viðhöfð utan þings, hvort þetta er rétt eftir haft, hvort forsætisnefndin hefur í engu kannað þetta mál eða hvort hún ætlar sér ekki að gera það og hvort það er rétt að þetta sé mál sem forsætisnefnd Alþingis getur leitt hjá sér.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forsætisnefnd var á fundi í dag í hádeginu. Því miður var sá forseti sem hér stendur eigi viðstaddur nema hluta þess fundar vegna annarra funda og þessi atriði sem hér er rætt um komu eigi til umfjöllunar þann tíma sem sá forseti sem hér situr var á þeim fundi.

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál, — Þskj. 1, nál. 372, 376 og 411, brtt. 374.

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég vil taka það fram í upphafi míns máls að það er sjálfsagt að þakka formönnum utanrmn., bæði fyrrv. og núv., fyrir ágætt samstarf og hef ég í engu undan að kvarta í þeim efnum. Við höfum náð að tala við þá sem við höfum óskað og fá umsagnir og ég tek undir það með formanni utanrmn. að vafalaust er þetta eitt það mál sem vandlegast hefur verið farið yfir á Alþingi.

Ég vil líka staðfesta það sem kom fram hjá hv. formanni þingflokks Sjálfstfl. að það var að minni ósk að 2. umr. um málið var frestað til sl. laugardags, en þá var ætlunin að taka það á dagskrá. Ég óskaði eftir þessu vegna fjarveru minnar og ég met það að við þeirri ósk var orðið. Ég hef því ekki tekið þátt í gagnrýni, a.m.k. ekki að ráði, á það að taka málið fyrir núna. Ég lét að vísu í ljós þá skoðun mína við umræðu á laugardaginn um skýrslu hæstv. utanrrh. að ég teldi óeðlilegt að taka málið á dagskrá eins og það er nú komið. Ég vona jafnframt að mér leyfist án þess að vera útmálaður fyrir fréttamönnum eða kallaður fara með ósæmilegt mál á Alþingi að fara nokkrum orðum

um það hvers vegna ég tel að það sé misskilningur hjá hæstv. ríkisstjórn að taka málið nú fyrir. Ég tel að brottför Sviss frá þessu máli sé stórmál og ég er alls ekki sammála því sem komið hefur fram að eingöngu þurfi að gera tæknilegar breytingar á samningnum. Í 1. gr. frv. sem hér liggur fyrir er m.a. farið fram á heimild til þess að staðfesta samning milli EFTA-ríkjanna í 2. og 3. lið 1. gr. Sá samningur liggur ekki fyrir því þetta verður ekki samningur á milli EFTA-ríkjanna.

Þegar hæstv. utanrrh. segir að þarna sé eingöngu um tæknileg atriði að ræða er ég honum ósammála. Það kann að vera að það sé tæknilegt atriði að setja þarna inn í þau EFTA-lönd sem eftir eru. En það er ýmislegt fleira í þessum samningi sem þarf að breyta. T.d. þarf að breyta fjölda dómara í dómstólnum og eflaust fjölda þeirra sem sitja í eftirlitsstofnuninni og t.d. kemur fram að fjöldi dómara verður jöfn tala sem er ekki talið ganga upp. Ég nefni líka þróunarsjóðinn sem ekki er vitað hvernig verður farið með eftir að Sviss dregur sig til baka. Ég nefni sömuleiðis kostnaðinn og reyndar rekstur stofnana EFTA sem eru mjög viðamiklar samkvæmt þessum samningi og áætlað að rekstrurinn kosti 4,4 milljarða kr. Hvernig verður þeim kostnaði skipt? Loks og ekki síst mikilvægt er vitanlega það að allt sem við höfum í höndum um framhald þessa máls er frá skyndifundi utanrrh. EFTA-ríkjanna en fundur EB, þ.e. hins samningsaðilans, verður ekki fyrr en 21. des. Við vitum ekki enn hvaða augum EB lítur á þá breytingu sem hefur orðið. Hæstv. utanrrh. hefur sjálfur látið að því liggja að svo kunni að fara að Spánn krefjist þess að þróunarsjóðurinn verði ekki minni en hann átti áður að verða svo framlög annarra ríkja aukist.

Ég vek líka athygli á því að breytt hefur verið dagsetningum í þeim drögum sem fyrir liggja frá þeirri nefnd eða þeim mönnum sem hafa fjallað um nauðsynlegar breytingar og stefnt er að því nú að samningurinn taki gildi um mitt ár.

Ég tel þess vegna afar óþingræðislegt að ætla okkur að fjalla um samning sem þarf að taka breytingum þegar ekki er nauðsynlegt að gera það vegna þess að tíminn leyfir eðlilegri málsmeðferð.

Þetta var rætt í utanrmn. sl. laugardag og kom þá fram að æskilegt væri að fá lögfræðilegt álit á því hvort rétt gæti talist að taka samninginn fyrir í þessari mynd. Það álit kom á fund nefndarinnar í morgun. Hæstv. utanrrh. hafði falið sínum starfsmönnum að semja álit og ég er út af fyrir sig ekki að gera lítið úr því. Þetta eru hinir mætustu menn. Engu að síður hlýt ég að taka undir að eðlilegra hefði verið að fá lögfræðilegt álit frá mönnum utan ráðuneytanna því fleiri koma þar að. Í þessu áliti er nefnt fordæmi og þess getið að Alþingi muni hafa staðfest fríverslunarsamning Íslands og Evrópubandalagsins 1973 eftir að breyting hafði orðið á stöðu mála þar því reiknað hafði verið með því að Norðmenn gerðust aðilar á grundvelli samkomulags sem hafði náðst á milli Noregs og Evrópubandalagsins um aðild Noregs að bandalaginu. Eins og allir vita var það fellt. Ég hef náð mér í þann samning og farið yfir hann. Það er rétt að þar er Noregs getið á nokkrum stöðum. En ég sé ekki að sú breyting sé í fyrsta lagi neitt svipuð því sem hér gerist og sérstaklega hlýt ég að vekja athygli á því að þá voru menn eingöngu að staðfesta þjóðréttarsáttmálann en ekki að lögfesta hann, ekki gera hann að íslenskum lögum. Hér er verið að gera þjóðréttarsáttmála að íslenskum lögum. Ég hef a.m.k. lært það mikið í lögfræði eftir sumarið og öll lögfræðiálitin að þar er reginmunur á. Hér er verið að tala um að gera að íslenskum lögum sáttmála sem liggur ekki fyrir í dag. Mér þykir þetta satt að segja óþörf og afar óeðlileg málsmeðferð.

Í þessari greinargerð lögfræðinganna er leitast við að færa rök fyrir þeirri fullyrðingu hæstv. utanrrh. að nauðsynlegt sé að staðfesta samninginn eða samþykkja frv. nú þegar á Alþingi til þess að hann geti fengið að vera með, blessaður, á þeirri ráðstefnu sem ráðgert er að kalla saman snemma í janúar til að fjalla nánar um samninginn. Er þar vísað til bókana sem gerðar hafa verið með tilvísun til 129. gr. samningsins sem fjallar um það hvernig með skuli fara ef einhver hleypur undan merkjum. Með leyfi forseta, vil ég lesa þær tvær tilvísanir sem hér er um að ræða. Þar segir:

„Samningsaðilar hafa samþykkt eftirfarandi:

1. Ef einhver þeirra er ekki tilbúinn til að fullgilda samninginn skulu undirritunaraðilar endurmeta aðstæður." Hér er sem sagt sett það skilyrði að það liggi fyrir að einhver sé ekki tilbúinn til að undirrita samninginn. *Það liggur núna fyrir að Sviss er ekki tilbúið til* þess. Það liggur svo sannarlega ekkert fyrir að Íslendingar séu ekki tilbúnir til að undirrita samninginn svo ég held það hljóti að liggja í hlutarins eðli að þeir eru þá í þeim hópi sem kemur saman til að meta stöðuna. Það er varla hægt að vísa þeim frá á þeirri forsendu að þeir séu ekki tilbúnir til að fullgilda samninginn.

„2. Ef einhver þeirra [þ.e. samningsaðila] fullgildir ekki samninginn skulu hinir samningsaðilar boða til ráðstefnu stjórnarerindreka til að meta áhrif fráviks frá fullgildingu samningsins og skoða möguleika á að samþykkt verði bókun um breytingar sem verða með fyrirvara um nauðsynlega meðferð innan lands. Slík ráðstefna skal haldin jafnskjótt og ljóst er að einhver samningsaðili muni ekki fullgilda samninginn eða í síðasta lagi ef dagsetning gildistöku samningsins er ekki virt."

Það liggur alls ekki ljóst fyrir að við munum ekki fullgilda samninginn og eins og hæstv. utanrrh. hefur tilkynnt alheimi telur hann 33 þingmenn hér örugga til að samþykkja samninginn. (**Gripið fram í:** Það er ekki víst að þeir trúi utanrrh.) Það má vera, hv. þm., en ég vil enn þá trúa því að utanrrh. Íslands njóti viss trúnaðar erlendis.

Þessi greinargerð gengur öll út á það hvort við verðum í hópi hinna sem verða kallaðir saman á ráðstefnuna. Ég tel mig hafa fært rök fyrir því að það er nokkuð öruggt að við verðum í þeim hópi.

Ég sé ekki ástæðu til að fara nánar yfir þær breytingar sem þarf að gera. Við höfum fengið drög að þeim og eins og ég sagði á Evrópubandalagið eftir að *fjalla sömuleiðis um þessa hluti svo við vitum í raun* og veru alls ekki hvort enn fleiri breytingar verða

nauðsynlegar en þær sem ég hef lauslega minnst á.

Nál. 1. minni hluta er stutt og það er stutt af þeirri ástæðu að við teljum að tryggt þurfi að vera að stjórnarskráin heimili að þessi samningur sé gerður. Við teljum það útgangsatriði í þessu máli öllu saman. Mér þótti athyglisvert þegar ég kom til landsins sl. fimmtudag og sá í sjónvarpinu hv. þm. Pálma Jónsson, virðulegan forseta sem hér situr nú, fjalla um mál sem varðar líka stjórnarskrána, þ.e. Samábyrgð fiskiskipa. Hv. þm. sagði þá mjög skýrt að hann styddi ekki þann gerning nema öllum vafa væri eytt um að þetta stæðist 67. gr. stjórnarskrárinnar um eignarréttinn. Þetta er hárrétt hjá hv. þm. eins og ég átti von á. Það er það sem við erum að fjalla um. Það verður að eyða öllum vafa um það að sá gerningur sem hér er til umræðu standist stjórnarskrána. Það var það sem flokksþing framsóknarmanna áréttaði á nýlegu þingi sínu. Þar er lögð áhersla á að stjórnarskráin verði að njóta vafans. Það verði með öðrum orðum að eyða öllum vafa í þessu sambandi. Við sem stöndum að áliti 1. minni hluta teljum að þeim vafa hafi satt að segja alls ekki verið eytt, langt frá því. Ég mun koma að því miklu nánar hér á eftir. Við teljum satt að segja að enginn vafi sé á því að samningurinn standist ekki stjórnarskrána eins og hún er skrifuð. Þess vegna lagði stjórnarandstaðan fram frv. um breytingu á stjórnarskránni til þess að þeir sem telja samninginn af einhverjum ástæðum, málefnalegum og efnislegum, mikilvægan fyrir okkur Íslendinga, geti samþykkt þennan samning. Við erum á þeirri skoðun að það sé ekki hægt, jafnvel fyrir þá menn, ef þeir skoða eiðstafinn sem þeir gáfu þegar þeir settust á Alþingi, sem að sjálfsögðu eru haldnir einhverjum vafa um að samningurinn standist stjórnarskrána.

Í þessari umræðu sem fjallar um öll atriði samningsins mun ég koma ítarlega að ýmsum og væntanlega flestum málum hans. Ég tel nauðsynlegt að rekja nokkuð sögu þessa samnings því ég kom töluvert að málinu á fyrri stigum þess og ekki síst með tilliti til þess að sumir hafa haldið því fram, einkum hæstv. forsrh., að í raun hafi ekkert breyst í tíð þessarar ríkisstjórnar. Ég tel einnig nauðsynlegt að skoða vandlega hvaða hag við Íslendingar megum ætla okkur af þessum samningi og þá ekki síst í hvaða stöðu við Íslendingar erum til að nýta okkur það sem samningurinn býður upp á. Þá tel ég í þriðja lagi nauðsynlegt að meta fjórfrelsið, eins og það er gjarnan kallað, eða frelsi á fjórum sviðum og reyna að gera okkur grein fyrir því hvernig það horfir við íslensku atvinnu- og efnahagslífi. Loks hlýt ég að koma ítarlega inn á stjórnarskrárþátt málsins.

Það hygg ég að sé nokkuð sammála álit flestra ef ekki allra að þessi samningsgerð kemst fyrst á skrið þegar Delors flytur ræðu í Strassborg í janúar 1989, mig minnir að það hafi verið 17. jan., þar sem hann í raun lagði línurnar fyrir viðskiptasamning EFTA og EB. Vissulega hafði áður verið talað um mikilvægi þess að slíkur samningur yrði gerður enda eru þetta afar stórir viðskiptaaðilar, t.d. er EB stærsti viðskiptaaðili EFTA-landanna, ekki bara okkar heldur þeirra í heild. Í þessari mjög merku ræðu sem Delors flutti lagði hann sérstaka áherslu á að slíkur viðskiptasamningur, fríverslunarsamningur, yrði byggður á því að stoðirnar yrðu tvær og jafnréttháar. Ég legg áherslu á það. Þetta var það sem við í fyrri ríkisstjórn höfðum til hliðsjónar þegar við ræddum um málið og fórum vandlega yfir ræðu Delors. Niðurstaðan varð sú að við ákváðum að leggja til að Íslendingar tækju þátt í þessum viðræðum enda yrði um viðskiptasamning að ræða með tveimur jafnréttháum aðilum.

Þess vegna varð það úr að ég fór á leiðtogafund EFTA í Ósló í mars 1989 og hélt þar ræðu, sem var flutt með fullu samþykki ríkisstjórnarinnar, og setti þar fram lýsingu á stöðu Íslands og sérstöðu Íslands að mörgu leyti. Með leyfi forseta, ætla ég að lesa niðurstöðuna. Ég er því miður ekki með hana nema á ensku sem hún var flutt á en þetta verður þá í lauslegri þýðingu minni. Hér segir:

„Með tilvísun til þessarar lauslegu lýsingar á stöðu mála á Íslandi treysti ég því að þið skiljið að full aðild að Evrópubandalaginu kemur ekki til greina fyrir okkur. Við getum aldrei gengið undir vald yfirþjóðlegrar stofnunar. Við getum aldrei gefið eftir fullveldi okkar eða réttindi til þess að taka eigin ákvarðanir til að varðveita lífsviðurværi okkar og sjálfstæði. Við hljótum ætíð sjálfir að stjórna nýtingu náttúruauðlinda landsins sem er grundvöllur að tilveru okkar. Við teljum ekki að fjarlægt vald geti nokkru sinni stjórnað nýtingu þessara viðkvæmu auðlinda á þann veg að hagsmuna okkar sé gætt. Slík grundvallaratriði munu ráða ákvörðun okkar um náið samstarf við Evrópubandalagið eða innan EES."

Það má segja að þetta dragi saman þau skilyrði sem við settum og ég fann afar mikinn skilning, t.d. hjá forsætisráðherrum hinna EFTA-ríkjanna á þessum skilyrðum. Reyndar má geta þess að sérstaklega forseti landsstjórnar Sviss var með ýmis skilyrði sem sum hver gengu í svipaða átt og önnur sem náttúrlega helguðust af því að þar eru aðstæður töluvert aðrar.

Nú hefur töluvert verið um það rætt hvernig þessum skilyrðum eða fyrirvörum eins og þeir hafa verið kallaðir hefur verið fullnægt. Um það var að sjálfsögðu afar mikið rætt í síðustu ríkisstjórn. Í allri meðferð málsins af hálfu hæstv. utanrrh. og aðalsamningamanns var þess mjög gætt að útfæra þessi skilyrði sem best. Ég vil aðeins taka það fram í sambandi við meðferð málsins í síðustu ríkisstjórn að ég tel hana töluvert aðra en hún er nú. Í síðustu ríkisstjórn t.d. starfaði ráðherranefnd sem í sátu þáv. fjmrh., utanrrh. og ég. Við hittumst æðioft til að fjalla um allan framgang málsins. Auk þess áttum við utanrrh. mjög náið samstarf um málið og eins og oft hefur komið fram má segja að það hafi ekki komist hnífur á milli okkar og hef ég ekkert undan því samstarfi að kvarta. Loks hélt ríkisstjórnin sjálf iðulega langa fundi þar sem farið var yfir alla þætti þessa máls.

Í fáum orðum sagt var fyrirvörunum og ýmsum skilyrðum Íslendinga haldið til streitu eins og frekast var unnt, t.d. í pappír sem lagður var fyrir ríkisstjórn 20. nóv. 1990, þ.e. æðiseint á ferli þeirrar ríkisstjórn-

ar, rétt undir lokin. Þá er tollfrelsi enn þá sett sem ófrávíkjanlegt skilyrði, tollfrelsi fyrir allar íslenskar sjávarafurðir á allt EES-svæðið. Þetta hefur ekki náðst. Hæstv. utanrrh. heldur því fram að þetta hefur náðst að langmestum hluta eða 96% innfluttra sjávarafurða. Ég skal ekkert um það segja en það vekur engu að síður athygli að æðimargt er undanskilið. Í mjög nýlegri skýrslu um þessi mál kemur t.d. fram að ýmsar fisktegundir njóta ekki tollfrelsis eins og gert var ráð fyrir og kemur fram í þeirri kröfu sem ég las áðan. Það eru fyrst og fremst þessar algengu fisktegundir eins og þorskur, ýsa og ufsi sem njóta algjörs tollfrelsis. Hins vegar er síðan tekið fram að aðrar sjávarafurðir lækka aðeins í tolli smám saman. Það vekur líka athygli t.d. að söltuð síld nýtur ekki tollfrelsis, ekki humar svo eitthvað sé nefnt. Reyndar má segja að í þessum flokki. Annað, séu ýmsar fisktegundir sem eru síður nýttar hér en menn leggja áherslu á nú eins og t.d. langa og flatfiskur sem er fluttur úr í töluverðum mæli til Evrópubandalagsins, ekki síst Hollands. Af honum verður að greiða toll og síðan er hann unninn áfram þar. Það vekur líka athygli að t.d. þurrkaður saltfiskur sem talið var framan af að væri í þessum flokki er ekki lengur með af einhverjum ástæðum. Ég hygg að fyrir bragðið sé afar líklegt að sú grein falli algerlega út hér á landi. Staðreyndin er sú að SÍF hefur keypt þurrkstöð í Frakklandi, kannski vitandi að svona færi og það er því hentugra fyrir SÍF að flytja blautan fisk út til Frakklands og þurrka hann þar og njóta um leið styrkja hjá Evrópubandalaginu sem veittir eru þar til fiskvinnslu. Þetta skilyrði hefur sem sagt ekki náðst fram og það er ekki fyrr en þessi ríkisstjórn tekur við að upplýst er að það fæst ekki tollfrelsi fyrir allar íslenskar sjávarafurðir á allt EES-svæðið.

Hér segir líka, sem var skilyrði af okkar hálfu, að engar veiðiheimildir fyrir ríki EB við Ísland komi til greina sem greiðsla fyrir tollfríðindi. Nú veit ég að hæstv. ríkisstjórn heldur því fram að sá samningur sem hefur verið gerður og er til meðferðar á Alþingi um veiðar sé gagnkvæmur, þ.e. að í staðinn fyrir 3.000 tonn af karfa fáum við að veiða 30.000 tonn af loðnu. Ég lít ekki á þetta sem gagnkvæman samning. Við fáum enga heimild til að veiða innan fiskveiðilögsögu EB. Það er verið að vísa okkur á mjög óörugga veiði. Það er verið að vísa okkur á loðnu sem Evrópubandalagið hefur nú rétt til að veiða á Grænlandsmiðum. Við höfum ekki einu sinni leyfi til þess að versla með þessa heimild til að veiða loðnu að því mér skilst. (**Gripið fram í:** Við höfum ekki veitt hana í sex ár.) Fyrir utan það. Ef við gætum verslað t.d. við Norðmenn og einhverjar aðrar þjóðir um að þeir veiði þessa loðnu og við veiðum annað, en þetta er alls ekki gagnkvæmt og reyndar liggur ljóst fyrir að við erum neyddir til að gera þennan samning. Við erum neyddir til þess að hleypa erlendum fiskiskipum aftur inn í íslenska fiskveiðilögsögu af því að öðrum kosti verður ekki undir þennan samning skrifað. Það hefur hæstv. utanrrh. upplýst. Svo þetta er ekki frjáls samningur og gagnkvæmur eins og ég hef rakið.

Við settum líka skilyrði um fólksflutninga. Í þessari skýrslu frá aðalsamningamanni og utanrrn. frá 27. nóv. 1990 segir:

„Íslendingar hafa sagst vera reiðubúnir til að fallast á allar samþykktir EB um atvinnu- og búsetufrelsi að því tilskildu að þeir fái öryggisákvæði í EES-samningi svipað því sem er í samningi um norrænan vinnumarkað."

Í samningnum um norrænan vinnumarkað getum við stöðvað þessa fólksflutninga að eigin vild. Við þurfum ekki annað en komast að þeirri niðurstöðu að óeðlilega mikill fjöldi Norðurlandabúa sé kominn til vinnu hér á landi og raski þess vegna jafnvægi á vinnumarkaðnum og þá getum við stöðvað þá. Hæstv. utanrrh. hefur sagt að komin sé öryggisgrein inn í samninginn sem heimili okkur að stöðva slíka fólksflutninga þegar þeir valdi röskun. En þarna er um allt öðruvísi grein að ræða. Við þurfum náttúrlega fyrst og fremst að tilkynna þetta og við eigum á hættu að gripið verði til gagnráðstafana og jafnvel að málið fari fyrir gerðardóm. Hér er vitanlega mjög undan slegið og allt annað en við lögðum áherslu á.

Við settum sem skilyrði að það yrðu engar fjárfestingar í vatnsorku og jarðhitarétti og það er mjög greinilega tekið fram í þessari skýrslu frá utanrrn. Þar segir jafnframt, með leyfi forseta:

„Virkjunarréttindi sem slík eru þegar í höndum hins opinbera ef um verulegar framkvæmdir er að ræða." — Þetta á að vísu bara við um vatnsorkuna. — „Ekki þarf að setja fyrirvara um það mál enda er gildandi tilhögun ekki í ósamræmi við reglur EB."

Síðan segir: „Kaup á eignarrétti á orkulindum er að óbreyttri löggjöf möguleg í vissum mæli. Með nokkrum breytingum á íslenskri löggjöf er auðvelt að tryggja íslenska hagsmuni án þess að það brjóti gegn þeirri grundvallarreglu að ekki sé mismunað eftir þjóðerni."

Þetta töldum við í síðustu ríkisstjórn að væri í höfn. Eins og allir vita eru lög um vatnsvirkjanir þannig að það þarf samþykki Alþingis til að virkja megi og það samþykki hefur verið bundið við ríki og sveitarfélög. Nú hefur hæstv. ríkisstjórn boðað í sinni hvítu bók að hún ætli að einkavæða orkufyrirtækin. Ég hef reyndar haft tækifæri til að ræða þetta mál við forsrh. og utanrrh. á fundum og hef spurt um það hvað eftir annað hvort ekki sé ástæða til að hverfa frá þessari áætlun með tilliti til þess að ef hlutabréf í slíku fyrirtæki verða seld eiga Evrópubúar jafnan rétt og Íslendingar til að kaupa þau. Ég hef vakið athygli á því að jafnvel þótt sett væri í lög að ekki mætti selja hlutabréf ríkisins nema með samþykki Alþingis er ekki unnt að setja það í lög um hlutabréf Reykjavíkurborgar og Akureyrar. Þessum aðilum væri þá að sjálfsögðu frjálst að setja sín bréf á frjálsan markað. Þetta hefur líka breyst frá því að núv. ríkisstjórn komst að. Núv. ráðherrar, m.a. núv. hæstv. iðnrh., sem geispar nú, hafa ekki sýnt að því er mér finnst neinn áhuga á því að halda þessu í ríkiseign. Hann var því þó mjög samþykkur í fyrri ríkisstjórn og hefur boðað hér frv. um að koma jarðhitanum í svipað form. Nú hefur hann samþykkt í hvítri bók að hann ætli að einkavæða þetta allt saman

og þá er vitanlega öllum orðið frjálst að kaupa.

Enn eitt atriði sem við stóðum mjög fastir á er fjárfesting í landareign í ágóðaskyni. Það var upplýst á þessum blöðum sem ég er með hérna fyrir framan mig að erfitt væri að fá fyrirvara sem algildur yrði. Hins vegar segir, með leyfi forseta:

„Setja má í lög forkaupsrétt ríkisins ef fátækt sveitarfélag treystir sér ekki til að nýta forkaupsrétt. Tengja má heimild til kaupa við nýtingu og enn fremur ef kaupandi eða kaupendur, ef um fleiri er að ræða, hafi búið á landinu, t.d. í fimm ár og hyggi á áframhaldandi búsetu. Hugmynd að viðauka við 6. gr. jarðalaga til að tryggja íslenska hagsmuni er eftirfarandi:" — Þetta er sem sagt tillaga frá utanrrn. — „Framan við texta 6. gr. jarðalaga nr. 65/1976 bætist eftirfarandi: Jörð mega þeir einstaklingar eignast sem eru ríkisborgarar einhvers þeirra ríkja sem mynda Evrópska efnahagssvæðið, átt hafa lögheimili hér á landi í a.m.k. fimm ár og hyggja á áframhaldandi búsetu. Sé um fleiri en einn einstakling að ræða skulu þeir báðir eða allir uppfylla skilyrði um lögheimili. Félög án persónulegrar ábyrgðar hvers félagsmanns á heildarskuldbindingu félagsins mega ekki eiga jarðir."

Síðan segir: „Sé þetta gert sýnist fyrirvari óþarfur." Þetta töldum við í fyrri ríkisstjórn að mundi tryggja málið. Nú höfum við að vísu fengið að sjá frv. sem á að tryggja þetta mál og gerir það en það gengur hins vegar miklu lengra og mun verðfella allar jarðir hér. Með því frv. eru bændur látnir greiða mikið fyrir aðild okkar að hinu Evrópska efnahagssvæði. Það má heita að ef það frv. verður að lögum eins og það er verði nánast ógerningur að selja hér jarðir. Við töldum að ákvæði, eins og ég las áðan, mundi duga og fróðlegt væri að vita hvort utanrrh. væri ekki enn þeirrar skoðunar.

Þannig er farið um fyrirvarana. Þeir eru æðimargir í lausu lofti. Reyndar er einn sem ég á enn eftir að nefna og ég taldi fram á síðustu stundu að væri í höfn og fullkomnu lagi. Það er fyrirvari um að erlendir aðilar megi ekki fjárfesta í sjávarútvegi eða frumvinnslu fiskafurða. Þetta var tryggt með lögum sem fyrri ríkisstjórn lagði fram og ég mælti fyrir í lok þess stjórnarferils og var hér samþykkt. Nú er fylgiskjal 4 með þessum samningi sem um þetta fjallar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í þriðja lagi er Íslendingum heimilt þrátt fyrir 40. gr. samningsins og hinna almennu ákvæða viðaukans að beita áfram þeim höftum, sem í gildi eru við undirritun samningsins um eignarrétt erlendra aðila og/eða eignarrétt aðila sem ekki eru búsettir á Íslandi á sviði fiskveiða og fiskvinnslu."

Síðan segir: „Þessi höft skulu ekki koma í veg fyrir fjárfestingar erlendra aðila eða ríkisborgara sem eru ekki með lögheimili á Íslandi í félögum sem taka aðeins á óbeinan hátt þátt í fiskveiðum eða fiskvinnslu. Þó hafa innlend yfirvöld rétt til að skuldbinda fyrirtæki sem hafa að hluta eða öllu leyti verið keypt af erlendum aðilum eða ríkisborgurum sem ekki er með lögheimili á Íslandi til að losa sig við fjárfestingar í starfsemi á sviði fiskvinnslu eða fiskiskipum."

Í lögunum er þetta allt öðruvísi orðað. Í lögunum er beinlínis lagt bann við því að erlendir aðilar megi eiga hlut í íslenskum fyrirtækjum sem aftur eiga hlut í útgerðarfélögum eða fyrirtækjum sem vinna að frumvinnslu fiskafurða. Hér er beinlínis tekið fram að þetta ákvæði standist ekki og megi ekki standa, það megi koma í veg fyrir slíka fjárfestingu. Það er hins vegar lagt í vald ráðherra hverju sinni hvort hann krefst þess að slíkir aðilar losi sig við hlut í sjávarútvegi og fiskvinnslu. Ég held að allir hljóti að sjá að hér er allt öðruvísi um hnútana búið. Reyndar er þegar komið fram frv. á Alþingi sem breytir gildandi lögum um fjárfestingu erlendra aðila. Það er athyglisvert að í því frv. segir jafnframt að erlendum aðilum skuli heimilt að aðlögunartíma loknum að fjárfesta í fyrirtækjum í vinnslu á okkar orkulindum, vatnsafli og jarðhita. Ég veit ekki hvort það er í tengslum við þá ætlun ríkisstjórnarinnar að einkavæða orkufyrirtækin og gefa þetta frjálst. Það er auðvitað algjörlega nauðsynlegt að fá svör við því í umræðunni.

Í sama frv. er endurtekið það sem ég las áðan, þ.e. samkvæmt því verður erlendum aðilum heimilt að eignast hér olíufélögin sem eiga stóra hluti í íslenskri fiskvinnslu og geta þannig komist bakdyramegin yfir íslenskan sjávarútveg. Þar er hins vegar sagt að ráðherra geti skyldað þessi félög til að losa sig við hlut sinn í íslenskum sjávarútvegi. En gerir hann? Það það er stóra spurningin.

Það er fleira sem við lögðum mikla áherslu á í fyrri ríkisstjórn. Við töldum í upphafi samningsins alveg ljóst að landbúnaðarafurðir yrðu ekki með. Það var aldrei talað um það. Þegar þær koma inn, að sumu leyti fyrir ósk EFTA-ríkjanna eða a.m.k. með þeirra samþykki, tók hæstv. utanrrh. þá ákvörðun að taka ekki þátt í umræðum. Hann sagði m.a. í skýrslu frá aðalsamningamanni, að sjálfsögðu með samþykki hæstv. ráðherra, um stöðu mála 25. sept. 1991. Þar segir hann: „Af hálfu Íslands er því lýst yfir að samningsviðræður Íslands og EB um þetta, þ.e. unnar landbúnaðarafurðir, væru í raun ekki hafnar og teldi Ísland sig því alls óbundið af lista þeim en EB lýsti vonbrigðum sínum með þessa afstöðu."

Þetta var líka sú afstaða sem hæstv. ráðherra hafði í fyrri ríkisstjórn. Hann sagði: Við eigum enga aðild að þessum samningum um landbúnaðarafurðirnar, við erum algerlega óbundnir af þeim. Við getum hafnað þessu hvenær sem okkur sýnist, jafnvel á síðustu stundu. Hann gaf það greinilega til kynna að hann tæki ekki við slíkum skipunum frá öðrum aðilum.

En hvað hefur orðið? Ég veit ekki betur en hæstv. utanrrh. hafi tekið við öllu því sem aðrir voru búnir að semja um. Ég veit ekki betur en hæstv. utanrrh. eða fulltrúar hans hafi meira að segja ekki staðið með Norðmönnum í því sem þeir voru að reyna að færa til betri vegar í þessum samningum. Hæstv. utanrrh. hefur tekið við því sem einna erfiðast verður íslenskum landbúnaði sem þessu er háður og ekki gert nokkra athugasemd við það. Þetta er líka enn ein mjög mikilvæg breyting frá því sem þessi samningur horfði í tíð fyrri ríkisstjórnar.

Það er fróðlegt að fara yfir fleiri atriði þessu skyld, t.d. var það ætíð skilyrði allt frá upphafi að EFTA-stoðin fengi fulla aðild að allri ákvarðanatöku þegar um nýjar ákvarðanir yrði að ræða í framtíðinni. Í skýrslu frá 23. okt. 1990 sem ríkisstjórnin fyrri fékk er skýrt frá því sem utanrrh. hafði sagt á óformlegum fundi EFTA-ríkjanna. Þar segir hæstv. utanrrh.: „... að krefjast þyrfti raunverulegrar þátttöku í stjórnun og þróun EES."

Þetta gerði utanrrh. réttilega því það var stefna fyrri ríkisstjórnar að EFTA-ríkin skyldu hafa rétt til raunverulegrar þátttöku í þróun EES. Á minnisblaði til ríkisstjórnarinnar frá utanrrh. dags. 23. nóv. 1990 segir enn um ákvarðanamótun og ákvarðanatöku að það sé krafa að taka fullan þátt í sérfræðingafundum sem framkvæmdastjórnin óskar eftir að verði haldnir og að sérfræðingar allra EFTA-ríkjanna tali hver fyrir sig eins og sérfræðingar aðildarríkjanna. „Þegar formleg tillaga hefur verið lögð fyrir ráðið verði óformleg þátttaka EFTA í frekari meðferð hennar með reglulegum óformlegum fundum þar sem bandalagið ráðfærir sig við EFTA og upplýsir um framgang málsins."

Það er lagt til að þannig verði málin undirbúin og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins lýsi að lokum þeirri niðurstöðu sem búið er að ná með slíku nánu samráði við EFTA-ríkin. Ég held að öllum sé ljóst að þetta hefur alls ekki náðst. Ég leyfi mér enn þá að vísa til mjög fróðlegrar skýrslu frá aðalsamningamanni EB, Van der Pas. Þar lýsir hann þessu á þann máta að aðhlátursefni sé. Hann segir utanríkismálanefnd eða tilsvarandi nefnd í Evrópuþinginu að þetta ákvæði um ráðgjöf sé eingöngu til þess að friða blessuð EFTA-ríkin. Hann leggur mikla áherslu á það sem allt var lesið upp á hinu háa Alþingi í fyrra vetur eða í vor og að þetta sé eingöngu sýndarmennska sem hér er um að ræða. Þar kemur greinilega fram að sérfræðingarnir mega koma til fundar, þeir mega láta í ljós skoðun sína en hafa ekkert ákvörðunarvald um niðurstöðu, hvorki sérfræðinefndar eða þeirra annarra nefnda sem til eru kvaddar. Mig grunar að þetta álit aðalsamningamanns EB sé töluvert nær sannleikanum en hæstv. utanrrh. hefur viljað láta að liggja. Ég sé að hæstv. utanrrh. er farinn úr salnum, ég vildi gjarnan að hann sæi sér fært að vera hér en kannski hefur hann ekki líkamlegan styrk í það. (**Gripið fram í:** Það er blaðamannafundur.) Er blaðamannafundur? Það má vera. En sem svar við spurningu (**ÓÞÞ:** Getur forseti upplýst hvort sé rétt í þessu, líkamlegi styrkurinn eða blaðamannafundur?) Ef hæstv. utanrrh. þarf að jafna sig þá get ég vel beðið einhvern tíma, ég hef fullan styrk til að standa hér nokkuð lengi ef í það fer.

Ég ætla að spyrja hæstv. utanrrh. um dálítið sem svar við spurningu. Ég held hún hafi komið frá hv. þm. Kristínu Einarsdóttur um þær nýjar gerðir EB frá því að samningurinn var undirritaður í fyrra. Við fengum skjal í hendur með lista yfir slíkar gerðir á u.þ.b. einu ári. Samkvæmt talningu minni voru þær gerðir, sem venjulega eru kallaðar tilskipanir, 193 á einu ári og síðan höfum við fengið í hendurnar samanburð á íslenskri löggjöf og samþykktum Evrópubandalagsins. Þar eru þessar gerðir eitthvað færri. En hér eru taldar upp rúmlega 170 tilvísanir sem talið er nauðsynlegt að verði annaðhvort teknar upp í íslensk lög eða séu þess eðlis að þær séu þegar í samræmi við íslensk lög. Mig langar til að spyrja hæstv. utanrrh.: Hafa þessar gerðir verið ákveðnar í fullu samráði við EFTA? Hafa t.d. sérfræðingar EFTA-ríkjanna verið kvaddir inn og hefur það farið í gegnum þá meðferð sem hæstv. utanrrh. gerði svo ákveðnar kröfur um á fyrri stigum þessarar samningsgerðar, þ.e. fullt samráð allt upp til þess að framkvæmdastjórnin gefur út tilskipunina? Ég ætla að ræða nánar um einhver atriði þessi síðar, en þetta er spurning sem ég vildi gjarnan fá að vita svarið við.

Síðan er eitt atriði sem ég verð að viðurkenna að veldur mér áhyggjum í vaxandi mæli. Það var mjög skýrt tekið fram þegar til þessara viðræðna var gengið að við gengjum ekki inn fyrir neina tollmúra eða tæknilegar viðskiptahindranir Evrópubandalagsins. Við værum algjörlega frjálsir gagnvart löndum sem eru utan EES. Mér sýnist hins vegar á því sem þegar kemur fram í Alþingi að framkvæmdin verði ekki þessi því að hæstv. ríkisstjórn hefur þegar lagt fram frv. um breytingu á tollalögum þar sem gert er ráð fyrir að fella niður fjáröflunartolla á vörum frá Evrópubandalaginu en hækka hins vegar tolla á ýmsum vörum frá öðrum mikilvægum viðskiptalöndum okkar, Bandaríkjunum og Japan. Þá erum við náttúrlega farnir að framkvæma vissa tollvernd gagnvart vörum frá Evrópubandalaginu.

Það vekur líka nokkra undrun mína, það sem ég finn bara í þessari bók og er eflaust miklu víðar að finna, að hér er langur listi yfir tæknilegar viðskiptahindranir og beinlínis nefndar tæknilegar viðskiptahindranir í þessari bók. Hvað eru tæknilegar viðskiptahindranir? Eru það nema tollmúrar? Eru tæknilegar viðskiptahindranir annað? Ég hlýt að lýsa því að það vekur undrun mína ef við verðum skyldaðir til þess að taka upp hér tæknilegar viðskiptahindranir og ég ætla bara að nefna eina sem dæmi. Ég gæti flutt mjög langa ræðu og farið yfir þessa bók, hún er hátt á annað hundrað síður. Hér er tæknileg viðskiptahindrun um vélknúin ökutæki og þar segir, með leyfi forseta:

„Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. des. 1991 sem aðlagar að tækniframförum tilskipun ráðsins, nr. 76/756/EBE um ljósabúnað og stillingu á ljósum vélknúinna ökutækja og eftirvagna fyrir þau."

Síðan er þetta skýrt og þær breytingar tilgreindar sem þarf að gera og þessu munu fylgja. Hér á landi eru samt leyfð aðalljós frá Bandaríkjunum og reglur um stillingu á ljósgeisla þeirra eru örlítið frábrugðnar þeirri reglu sem hér er verið að taka upp. Einnig eru t.d. leyfð hvít stefnuljós að framan á ökutækjum frá Norður-Ameríku en EB krefst þess að þau séu gul, með takmarkaðra sviði þó en EB stefnuljós, rauð stefnuljós að aftan en EB er með gul að aftan. Rauðgul stefnuljós og breiddarljós að framan en EB með hvít og rautt hliðarljós, EB er með gul.

Ég skil satt að segja ekki hvað okkur kemur við hvers konar stefnuljós hæstv. utanrrh. EB kýs að hafa í Brussel. Af hverju megum við ekki hafa rauð hlið-

arljós ef Bandaríkjamenn kjósa að hafa það á sínum bílum og við höfum komist vel af með það hingað til? Ég verð að viðurkenna að þetta gengur langtum lengra en það sem ég hafði skilið með jafnrétti einstaklinga og fyrirtækja á öllu EES-svæðinu. Þetta er ekki jafnrétti einstaklinga og fyrirtækja. Við höfum engan rétt. Þetta er aðeins eitt dæmi um tilskipanir EB en þær eru um 9.000 síður og okkur er talið skylt að breyta reglum okkar til þess að fullnægja því sem Brussel er að taka upp, eflaust til að hindra, eða gera a.m.k. ekki auðveldari innflutning á bifreiðum frá Bandaríkjunum. Ættum við virkilega að fylgja þessu? Ég vil gjarnan fá svar við þeirri spurningu hvort hæstv. utanrrh. detti í hug að fylgja þessari vitleysu að við getum ekki ákveðið sjálfir hvers konar stefnuljós við viljum hafa á bifreiðum okkar. Vel má vera að Bandaríkjamenn sjái sig knúna til þess að breyta eða kannski taka þeir upp aðra viðskiptahindrun og banna stefnuljósin eins og þau eru. Ættum við að taka þátt í svoleiðis endaleysu?

Hæstv. utanrrh. hefur allra manna best lýst á hinu háa Alþingi hvers konar þríhöfða þurs þetta er, eða hvað hann kallaði það í Brussel, og hann hefur lýst því á hinu háa Alþingi að ekki væru til í heiminum meiri verndunarsamtök en í Brussel og farið um það hinum hörðustu orðum. Satt að segja þótti mér fyrst þegar ég heyrði hann fara með slíka lýsingu á þessum mönnum í Brussel, sem við vorum að semja við, hann taka ansi djúpt í árinni en ég sé það núna að þetta hefur verið alveg hárrétt hjá hæstv. utanrrh. Ég nefni aðeins eitt dæmi, ég ætla ekki að fara í gengum allt hitt: Dettur hæstv. utanrrh. í hug að við förum að lögleiða hér svona tilskipun?

Loks er eitt sem vekur mjög til umhugsunar í þessu sambandi öllu, það er þetta bákn sem er að verða í Brussel. Eitt sinn minnist ég þess, líklega þegar hv. formaður utanrmn. var einn af aðalmönnunum í Sambandi ungra sjálfstæðismanna að þeir skáru upp herör gegn bákninu. „Báknið burt" var hróp þeirra, eða hvað á að kalla það, í kosningum fyrir nokkrum árum. Hvað með þetta bákn í Brussel? Ég er sannfærður um að aldrei hefur verið til meira bákn en báknið í Brussel. Ég held að ég fari með rétt mál þegar ég segi að við hæstv. utanrrh. héldum þegar við gengum til þessara samninga að við þyrftum ekki að ganga á vald þríhöfða þursanum eða bákninu í Brussel. En nú virðist annað uppi á teningnum, nú virðist svo sem þeir geti gefið tilskipanir jafnvel um það að ljósin eigi að vera gul en ekki rauð og þá bara hlýðum við bákninu í Brussel.

Ekki er að ástæðulausu að einhver fróður maður sagði að þegar báknið í Kreml hrundi þá hófst til valda, og stöðugt meira, báknið í Brussel. Miðstýringin í Brussel er orðin algjörlega yfirgengileg og það eru miklu fleirum en mér blöskrar þetta og hefur komið greinilega fram hjá æðimörgum í Evrópu.

En hvað um það, ég hef rakið mörg atriði sem eru frábrugðin því sem var í lok ársins 1991 og ég vísa hér í skjöl sem sú ríkisstjórn hafði og sem hún fékk frá utanrrh. í lok starfsferils hennar. Ég held það fari ekkert á milli mála að það hefur orðið mikil breyting á fjölmörgum atriðum þessa samnings. En þó hef ég ekki nefnt þá breytingu sem er langsamlega stærst. Þegar við gengum til þessa samnings þá gengum við til hans fullvissaðir af Delors um að hér yrði um tveggja stoða lausn að ræða. Önnur stoðin yrði EFTA og eins og ég sagði áðan ætti hún að vera jafnrétthá. Nú er komið í ljós að þessi stoð verður hverfur fljótlega. Þegar við gengum til þessara viðræðna lá fyrir að Austurríki mundi sækja um aðild og ég minnist þess frá ráðherrafundi EFTA-ríkjanna að menn voru ákaflega leiðir yfir þessari ákvörðun Austurríkis og töldu að Austurríki gæti átt góða daga innan EES og þyrfti ekki að sækja um aðild. En síðan hrundi borgin og nú er svo komið að öll ríki í EFTA, þ.e. þau sem eru eftir, hafa ákveðið að sækja um aðild nema Ísland. Kannski ekki Liechtenstein eftir hvernig fór í Sviss, ég skal ekki segja um það, en þeir höfðu áður ákveðið að sækja um aðild. Þetta gjörbreytir náttúrlega allri tilveru og framtíð EES. Ég held að allir geti verið sammála um það a.m.k. Að sjálfsögðu þegar Sviss fer núna út þá flýtir það þessu hruni. Stoðin er að hrynja.

Auk þess var sagt að þessar tvær stoðir ættu að vera jafnréttháar og hæstv. utanrrh. hefur sagt hvað eftir annað og barið sér á brjóst og sagt: Hér hafa náðst frábærir samningar og réttur inn er jafn.

Það er náttúrlega alls ekki rétt, rétturinn er kannski jafn á pappírnum en hver er í raun réttur smáríkisins Íslands til að hasla sér völl á afgerandi máta í Evrópu borið saman við stórveldið Þýskaland, svo ég nefni dæmi? Eða dettur mönnum í hug að aðstaða sé jöfn, t.d. fyrir Landsbankann hér að kaupa Deutsche Bank í Þýskalandi eða Deutsche Bank að kaupa Landsbankann hér. Ég veit að ég þarf ekki að biðja hæstv. utanrrh. um svar við þessu. Staðreyndin er nefnilega sú að aðstaðan er algjörlega ójöfn og þess vegna þurftum við Íslendingar að hafa miklu fleiri fyrirvara en önnur ríki, en Evrópubandalagið og eins og ég hef áður sagt, því lýsti ég skilmerkilega í ræðu þeirri sem ég flutti í Ósló í mars 1989.

Að sjálfsögðu er ljóst að sú mikla breyting, sem ég nefndi áðan og er að verða á þessari svokölluðu stoð, kallar á skjót viðbrögð af hálfu okkar Íslendinga. Við framsóknarmenn höfum þess vegna ætíð lagt á það mjög mikla áherslu að leitað verði að því að breyta samningnum eða viðskiptahlið hans í tvíhliða samning við Evrópubandalagið.

Nú tefst að öllum líkindum fram á mitt ár að EES verði sett á fót og ef svo fer sem hæstv. utanrrh. upplýsti á laugardaginn að viðræður við Svía og Austurríkismenn og Finna hefjist þrátt fyrir þetta strax upp úr áramótum þá kynni svo að fara að þessi ríki verði orðin aðilar að EB um svipað leyti og EES-samningurinn verður kominn í gildi eða a.m.k. fljótlega þar á eftir. Þá væri náttúrlega afar slæmt fyrir okkur Íslendinga að sitja uppi með þessar stofnanir og þróunarsjóðinn og ég veit ekki hvað og hvað. Ég held að menn hljóti að vera sammála því að það verði afar veik undirstaða undir þessa stoð jafnréttisins.

Við höfum því lagt fram, tveir þingmenn Framsfl., ég og Halldór Ásgrímsson, till. til þál. um að þegar

verði hafist handa og undirbúnar viðræður við Evrópubandalagið um að breyta viðskiptahlið fyrst og fremst þessa samnings í tvíhliða samning Íslands og Evrópubandalagsins. Við teljum þetta afar mikilvægt og við teljum nauðsynlegt að Alþingi marki þessa stefnu og taki þessa ákvörðun. Við leggjum á það mikla áherslu að þessi tillaga fáist afgreidd fljótt á Alþingi.

Ég held að afgreiðsla þessarar tillögu og þar með stefnumörkun Alþingis muni eyða miklum misskilningi og ekki ástæðulausum ótta margra að sumir hugsi sér að hoppa í hraðlestina inn í EB og gerast þar aðilar.

Ég ætla þá að láta lokið þessum þætti um það sem hefur breyst á samningsferlinu. Ég held að öllum hljóti að vera ljóst að það er æðimargt og reyndar gæti ég haldið áfram að telja upp fleiri atriði.

Ég sagði að ég ætlaði síðan að ræða efnislega um málið og reyna að meta eins og ég get hvaða kosti og hvaða erfiðleika slíkt hefur í för með sér. Þá virðist eðlilegt að skoða málið út frá fjórfrelsinu í vöruviðskiptum, frelsi til fjármagnsflutninga og fjárfestinga, frelsi til þjónustuviðskipta og frelsi til fólksflutninga. Auk þess eru jaðarverkefni sem nauðsynlegt er að minnast á.

Ég vil segja það í stuttu máli að ég tel að yfirleitt sé því meira frelsi til viðskipta hagkvæmt fyrir okkur Íslendinga. Við erum afar háðir erlendum viðskiptum, rúmlega 40% af okkar þjóðarframleiðslu má rekja til erlendra viðskipta. Því tel ég að það frelsi sé hagkvæmt, en það verður vitanlega að vera algjörlega gagnkvæmt og við þá að njóta fulls frelsis fyrir meginútflutningsvöru okkar, sjávarafurðir.

Við fáum ekki fullt frelsi fyrir sjávarafurðir okkar, engu að síður fáum við frelsi fyrir stóran hluta þeirra og ég tel að tollfrelsi fyrir saltfisk sé afar mikilvægt þótt mér þyki slæmt að það skuli ekki einnig ná til þurrkaðs saltfisks. Ég tel einnig afar mikilvægt að fá fellda niður tolla af ferskum flökum en ég er sannfærður um að framleiðsla þeirra muni aukast við þessa niðurfellingu. Þjóðhagsstofnun hefur áætlað að þetta frelsi eða lækkun tolla þýði u.þ.b. 1,5–2 milljarða í lækkun á tollum á íslenskum sjávarafurðum og það er sannarlega ekki lítil upphæð. Hins vegar finnst mér vera afar mikil spurning hvort það kemur allt til okkar Íslendinga eða íslenskra framleiðenda. Mér þótti fróðlegt reyndar að sjá í fréttabréfi frá Sambandi íslenskra fiskframleiðenda, frá SÍF, núna í haust, þar sem þeir leggja á það áherslu við félaga sína að alls ekki sé óhætt að reikna með því að þetta komi allt til framleiðenda, alls ekki. Þeir segja meira segja að reynslan hafi sýnt það þegar tollalækkun verður á ýmsum innflutningsvörum okkar Íslendinga. Þá teljum við að við sem neytendur eigum að njóta þeirrar tollalækkunar og gefa til kynna með ákveðnum orðum að það megi búast við því að kaupendur á íslenskum saltfiski, í þessu tilfelli í Evrópu, muni vilja fá a.m.k. stóran hlut af þessari lækkun. Þetta tel ég út af fyrir sig mjög raunhæft mat og tel að þetta mat, 1,5–3 milljarðar, sé æðimikið byggt á bjartsýni ef eins og sumir telja að þetta komi allt til okkar. Engu að síður tel ég að tollalækkunin muni auðvelda aðgang fyrir sjávarafurðir okkar að þessum mikilvæga markaði og kannski er það mikilvægasta að með þessari tollalækkun njótum við sama réttar og Norðmenn. Við höfðum meiri rétt en Norðmenn áður með bókun 6 en ef Norðmenn gerast aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði sem virðist nú nokkuð ljóst en við ekki þá mundum við búa þar við lakari kjör og ég er sannfærður um að íslenskir fiskútflytjendur munu illa una því.

Hins vegar er nú nauðsynlegt að vekja athygli á því að þó að útflutningur okkar á sjávarafurðum fari langsamlega mestur til Evrópu þá hefur það alls ekki alltaf verið svo. Það er alls ekki langt síðan hann var meiri t.d. til Bandaríkjanna. Og staðreyndin er sú að nú auka íslenskir framleiðendur sjávarafurða mjög framleiðslu sína á Bandaríkjamarkað einfaldlega af þeirri ástæðu að Bandaríkjamarkaður er í dag betri. Verðið hefur hækkað, dollarinn hefur styrkst og hann er því betri þannig að það er ekki unnt að meta þetta algerlega frá núverandi stöðu í útflutningsmálum okkar Íslendinga.

Í öðrum atvinnugreinum, t.d. í iðnaði, verður engin breyting því að með samningi okkar frá 1973, sem tók gildi 1976, njótum við algerra tollfríðinda í iðnaði. Í umsögn frá Félagi ísl. iðnrekenda og öðrum iðnaði kemur fram að þeir mæla með samningnum engu að síður vegna þess, og það er athyglisvert, að þeir telja að með samningnum neyðist íslensk stjórnvöld til að standa við ýmislegt af því sem áður hafi verið lofað, t.d. 1973, en hafa ekki síðan efnt og verður til þess að skapa hér hliðstæð kjör getum við sagt með tilliti til skatta og fleira, t.d. að fella niður aðstöðugjaldið o.s.frv. Reyndar heyrði ég það hjá talsmanni Félags ísl. iðnrekenda í útvarpi núna — ég man ekki hvort það var í gærmorgun eða fyrradag — að það væri skammgóður vermir því að í staðinn ætti að hækka vörugjaldið svo að álagið á iðnaðinn yrði ósköp svipað og það hefur verið. En þetta voru meginrök hjá fulltrúum iðnekenda á fundi hjá utanrmn., líka þau að þeir teldu að þá fengju þeir aðgang að fjármagni á lægri vöxtum og svo sannarleg tek ég undir það að töluvert væri til þess vinnandi.

Í landbúnaði er alls ekki hægt að segja að við séum að fara einhverja óskabraut. Í landbúnaði, eins og ég rakti áðan, hefur hæstv. utanrrh., þrátt fyrir yfirlýsingar í fyrri ríkisstjórn, sagt að hann væri óháður því samningabrölti sem átti sér stað á milli sumra EFTA-ríkjanna og EB um landbúnaðinn. Nú hefur hann að því er virðist hlaupið inn á það allt saman og er alveg ljóst að það mun valda mjög miklum erfiðleikum í vissum greinum landbúnaðar hér eins og í gróðurhúsarækt svo eitthvað sé nefnt.

Engu að síður er það mín persónulega skoðun vegna mikilvægis okkar útflutnings o.s.frv. að þessi þáttur frelsisins, þ.e. viðskiptafrelsis, sé hagkvæmur fyrir okkur Íslendinga og ég er þeirrar skoðunar að við eigum að stuðla að sem víðtækustu viðskiptafrelsi á sem flestum sviðum.

Þá kem ég að öðru frelsinu sem er frelsi til fjármagnsflutninga og ég tek þá um leið frelsi til að fjár-

festa í íslenskum fyrirtækjum. Frelsið til fjármagnsflutninga var reyndar ákveðið af fyrri ríkisstjórn. Hæstv. viðskrh. náði því fram með töluverðu harðfylgi, mig minnir að það hafi verið 1990, að frá og með 1. jan. 1993 ríki mjög mikið frelsi til flutnings fjármagns til og frá landinu. Ég féllst á það þá og taldi það skref í rétta átt m.a. á þeim grundvelli að þá sáum við fram á verulegan bata íslenskra atvinnuvega og töldum sömuleiðis að peningakerfið væri að verða heilbrigðara. Eins og tölur sýna lækkaði sjávarútvegurinn skuldir sínar á árinu 1990. Þá hækkaði eiginfjárstaða sjávarútvegsins mjög mikið, úr u.þ.b. 10% í 15%, sem er að vísu allt of lágt en er samt afar mikil hækkun, og á því ári hækkaði eiginfjárstaða iðnaðarins um svipaða tölu. Á því ári var t.d. iðnaðurinn rekinn betur og með meiri hagnaði en nokkru sinni fyrr á þessum síðasta áratug og reyndar var sjávarútvegurinn á árinu 1990 í kringum núllið enda tókst honum að bæta eiginfjárstöðu sína og lækka skuldir. Því miður hefur þetta algerlega snúist við og má það fyrst og fremst þakka eða kenna aðgerðarleysi hæstv. ríkisstjórnar sem gerði það eitt af sínum fyrstu verkum að hækka vexti og leggja stórkostlegar álögur á sjávarútveginn þannig að grundvöllur til þessara fjármagnsflutninga er allt, allt annar en hann var og það á reyndar líka við fjárfestingu í íslenskum atvinnuvegum.

Ég er þeirrar skoðunar og hef verið það lengi að við Íslendingar verðum að ná meiru erlendu fjármagni inn í atvinnulíf okkar annað en sjávarútveg, orkuframleiðslu og landbúnað en alveg sérstaklega ýmiss konar iðnað, ekki bara orkufrekan heldur ýmiss konar smærri iðnað sem þarf að rísa. En staðreyndin er hins vegar sú að það er alveg hárrétt sem Einar Oddur sagði á morgunfundi Verslunarráðs ekki alls fyrir löngu. Einar Oddur sem um tíma var kallaður bjargvætturinn og er að því er ég best veit ákveðinn sjálfstæðismaður. Hann lýsti því þar að þessi samningur um EES, og ég hygg að hann hafi ekki síst átt við þessi ákvæði sem ég er að tala um, geti verið stórhættulegur veikburða atvinnulífi og það er hárrétt. Og ég hlýt að segja það að mér hefur brugðið þegar ég hef rætt við atvinnurekendur sem hafa lýst mjög erfiðri stöðu sinni og mjög versnandi stöðu vegna okurvaxta og mikilla skatta og álaga ríkisvaldsins að þeir eigi bókstaflega engan annan kost en að leita á náðir erlends fjármagns til að komast hjá gjaldþroti. Ég tel því að til að þetta frelsi megi verða farsælt fyrir okkur Íslendinga þá verði að snúa við blaðinu gagnvart íslensku atvinnulífi og það verði að skapa íslensku atvinnulífi starfsgrundvöll. Það verði að lækka vextina og það verði að létta af því álögum og skapa því á þann máta og ýmsan fleiri, sem ég ætla ekki að fara að ræða hér en hef áður rætt og mun ræða síðar, heilbrigðan rekstrargrundvöll. Það er kannski mikilvægasta atriðið í sambandi við þetta frelsi. Ég hlýt því að lýsa því að ég hef áhyggjur af þessu frelsi sem ég er í grundvallaratriðum þó fylgjandi en ég hef áhyggjur af þessu frelsi eins og staða atvinnulífsins er í dag. Því fylgir að mínu mati afar mikil óvissa og ekki síst þegar hæstv. ríkisstjórn hefur lýst því yfir, a.m.k. hæstv. forsrh. og utanrrh., að þessi samningur sé einhvers konar bjarghringur fyrir íslenskt atvinnulíf.

Þriðja frelsið er frelsið til þjónustuviðskipta og það er að sumu leyti mjög athyglisvert og neytendur hafa með nokkrum rétti vakið athygli á því að það kunni að leiða til verulegrar lækkunar hér á vissum sviðum. Menn hafa t.d. bundið vonir við það að erlendir bankar setji hér upp útibú og bjóði útlán með lægri vöxtum. Og vissulega er mikil ástæða til að ætla að svo geti farið. Erlendur banki sem hingað kæmi er ekki með afskriftir af töpuðum lánum upp á fleiri milljarða. Það hefur verið áætlað að íslenskir bankar og sjóðir þurfi að afskrifa um 10 milljarða á tveimur árum. Erlendur banki getur komið hingað, boðið sömu innlánsvexti, mjög háa innlánsvexti, hefur ekki þetta tap og getur því boðið verulega lægri útlánsvexti en íslenskir bankar og getur reyndar bara ákveðið að hirða þau fyrirtæki sem eru öruggust. En ég hlýt að spyrja mig að því, eru íslenskir bankar þá núna í stöðu til að keppa við slíka erlenda banka? Ég hef stundum fengið þau svör að það sé engin hætta á því að erlendir bankar komi hingað til lands. Ég er ekki sammála því. Ég veit ekki af hverju erlendur banki ætti ekki að vilja setja hér upp útibú. Það kostar hann ekki mikið.

Þarna kem ég því aftur að þessu sama. Mér þætti vænt um það, virðulegur forseti, ef einhver ráðherranna sem á hlut að máli sæi sér fært að vera í salnum. Ég lít svo á að þeir telji þetta afar stórt mál (Gripið fram í.) ja, ég veit það ekki. En ef þeir sjá sér ekki fært að vera í salnum þá get ég náttúrlega bara lengt mitt mál og talað um eitthvað annað á meðan þeir eru fjarverandi (Gripið fram í.), nei, ég hef ekki áhuga á því að stunda hér málalengingar og hef ekki tekið þátt í neinu slíku. En ég vona að hæstv. utanrrh. sé ekki hlaupinn á blaðamannafund til að kæra mig. En ég ætla þá heldur að óska eftir því að þeir verði kallaðir hingað inn og þeir sitji hér og ég ætla að gera smáhlé á ræðu minni og fá mér vatnssopa á meðan. Hæstv. forsrh. sást hér í dyrunum en komst ekki mikið lengra. — Það er gott íslenska vatnið og verður eflaust mikil tekjulind þegar fram í sækir ef erlendir aðilar hafa ekki náð því undir sig sem við skulum vona að verði ekki.

Ég minnist þess, svo ég tali um annað, þegar það munaði minnstu að núv. hæstv. landbrh. slægi til virðulegs forseta og meira að segja var það sýnt í sjónvarpi og ég minnist þess að það var út af því að menn vildu ekki hlýða og vera við í salnum. Ég man að hann gerði þá lágmarkskröfu þegar var samsteypustjórn fjögurra flokka að það væri einn frá hverjum flokki. En ég er nú ekki að gera kröfu til þess. Ég sætti mig eiginlega við það að hæstv. utanrrh. sé hér í salnum. Hann er vonandi búinn að ná sínum líkamsstyrk og getur þá setið einhverja stund í salnum. (Gripið fram í.) Já, því hefur stundum verið svarað að hæstv. ráðherrar hlusti annars staðar. Það eru furðuleg þingsköp. Samkvæmt því get ég eða hæstv. ráðherra setið heima og horft á Sýn og fullnægt þannig þingsköpum um að vera við. En ég lít ekki á það sem fullnægjandi og vil gjarnan láta það kom fram hér núna, en ég ætla nú að halda áfram ræðu minni fyrst hæstv. utanrrh. hefur séð sér

fært að koma inn og taka þátt í umræðu um þetta stóra mál hans.

Ég var kominn að því frelsi sem fjallar um þjónustu og ég lýsti vissum áhyggjum út af því að íslenskar peningastofnanir væru ekki í þeirri stöðu eins og nú er vegna mikilla erfiðleika atvinnulífsins að taka þátt í samkeppni um þjónustu á peningamarkaðnum. Ég vil bara segja að ég held að það sé afar rík ástæða til að styrkja þennan grundvöll áður en við komum inn í Evrópskt efnahagssvæði ef svo verður og ber eflaust að fagna því að nú fær hæstv. ríkisstjórn nokkra mánuði í viðbót til að hífa upp um sig í sambandi við íslenskt atvinnulíf og taka þar rösklega til hendi. Það held ég að sé hrein forsenda fyrir því að þessi frelsi geti orðið góð fyrir okkur Íslendinga. — Mér þykir nú vænkast hagur, hæstv. viðskrh. er líka kominn hingað inn og ég fæ að hafa hér tvo hæstv. alþýðuflokksmenn. (**Gripið fram í:** En forsrh.?) Forsrh., nei ég ætla ekkert að krefjast hans komu. Hann hafði að sjálfsögðu ekki tækifæri til að fylgjast með samningnum á fyrri stigum hans, var þá borgarstjóri og upptekinn af að byggja sína Perlu og ráðhús svo að hann kemur nú seint að þessum málum.

En hvað um það, ég var einmitt að tala um peningastofnanirnar og það hvort hæstv. ráðherra sem yfir þeim er hlustar á mál mitt. Ég var að lýsa áhyggjum mínum af því að íslenskar peningastofnanir eins og er í dag með svo veikburða íslenskt atvinnulíf á herðunum geti staðist þá samkeppni við erlendar peningastofnanir sem við hæstv. viðskrh. töldum að þær gætu á batatímabilinu 1990 þegar við féllumst á að auka frelsi í peningaviðskiptum. Ég skil út af fyrir sig mætavel að Neytendasamtökin telji að þetta frelsi geti orðið þeim hagkvæmt. Það gæti orðið til þess að fargjöld til og frá landinu lækki því að þá hafi öll flugfélög í Evrópu heimild til að fljúga hingað. Ég hlýt að taka undir það því að staðreyndin er sú að fargjöldin eru há hér en við höfum samt verið reiðubúin að greiða þau til að hafa íslenskt flugfélag og það tel ég afar mikils virði. Ég skal ekki fjölyrða mjög um þetta frelsi, en ég er því í grundvallaratriðum heldur hlynntur. Ég kem aftur að þeirri meginniðurstöðu að til þess að það geti orðið til farsældar fyrir okkur Íslendinga er afar mikilvægt að íslenskar peningastofnanir og þau fyrirtæki, sem munu taka þátt í þessari samkeppni eins og t.d. flugfélög og skipafélög, séu í stakk búin til þess að standast þá samkeppni.

Það er eitt atriði sem mér láðist að minnast á áðan í sambandi við frjálsan innflutning sem er vert að hafa í huga. Þessi frjálsi innflutningur mun leiða til þess að innflutningur á áburði verður frjáls. Mér er tjáð að áburður geti orðið um það bil 10% ódýrari en hann er nú. Hins vegar virðist ljóst að Áburðarverksmiðjan sem hæstv. landbrh., sem hér stakk inn nefi áðan en hrökklaðist út aftur, ætlar að fara að einkavæða, — hann mun jafnvel hafa lýst því að eftir tvö ár eða svo verði þessi áburðarverksmiðja búin því hún mundi ekki standast þessa samkeppni. Ég hygg að þetta sé nokkuð raunsætt mat hjá hæstv. ráðherra því að markaðurinn hér á landi fyrir áburð hefur dregist svo mikið saman að það er þegar á mörkum að Áburðarverksmiðjan geti starfað með svo lítinn markað. Þar munu tapa vinnu sinni yfir 100 manns. Sumum kann að þykja að að sé þess virði að fá áburðinn á eitthvað lægra verði, 10% eins og ég sagði. Ég held ekki. Ég held að það sé afar mikils virði að halda hér áburðarverksmiðju og reyndar sakna ég þess fyrst og fremst að Áburðarverksmiðjunni hefur ekki tekist að færa út kvíarnar og taka upp ýmsa aðra efnaframleiðslu þannig að því frelsi fylgja líka vissulega erfiðleikar og sárindi.

Ég kem síðan loks að frelsi til fólksflutninga sem ég hef reyndar minnst á lítillega áður og mér þykir það afar slæmt að ekki hafa náðst fram þær kröfur sem hæstv. utanrrh. setti fram og var full samstaða um í fyrri ríkisstjórn um skilyrðislausan rétt okkar til að takmarka fólksflutninga til landsins. Ég get ekki tekið undir það með öðrum sem segja að engum Evrópubúa detti í huga að flytja til landsins og ég vek athygli á því sem hefur gerst í Evrópu sjálfri. Menn segja: Þetta eru aðallega menn utan Evrópubandalagsins sem valda núna vissum vandræðum því miður í sumum löndum Evrópu. Það er alls ekki að öllu leyti rétt. Staðreyndin er sú að það er afar mikið atvinnuleysi víða í Evrópu, það er t.d. orðið um 17% á Spáni og mér þætti alls ekkert óeðlilegt þó að þetta fólk leiti norður á bóginn og þá hingað til lands og ég er þeirrar skoðunar að okkar mjög litli vinnumarkaður þoli ekki slíkan innflutning fólks. Ég set því mínus við þetta frelsi af því að ekki náðust fram þau skilyrði sem við settum um takmörkun á fólksflutningum hingað til lands.

Ég vil svo taka fram að ég tel að ýmis jaðarverkefni sem fylgja þessum samningi eins og samstarf á sviði rannsókna og mennta — þótt ekki næðist það heldur að EFTA-ríkin hefðu fullan aðgang að menntastofnunum fyrir lægra skólagjald — en ég tel samt sem áður að þeir samningar séu allir heldur jákvæðir.

Hver verður þá meginniðurstaðan af efnislegu mati á þessum samningi? Meginniðurstaðan í mínum huga verður í raun óvissan. Þarna eru jákvæðir hlutir eins og fyrir sjávarútveginn en óvissan finnst mér vera yfirgnæfandi, óvissa sem fyrst og fremst ræðst af aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar á sviði atvinnumála innan lands, sem ræðst af því að rekstrargrundvöllur atvinnulífsins er ákaflega veikur og sem ræðst af því að veikburða atvinnulíf er í stórri hættu eins og ég hef áður nefnt hér, og vísa til mæts manns í því sambandi, er í stórri hættu í þessari opnu samkeppni sem hér er um að ræða.

Ég vil taka það fram að væri íslenskt atvinnulíf sterkt, ef haldið hefði verið áfram á þeirri braut sem var 1990 og bæði atvinnulífið og bankarnir hefðu verið þannig í stakk búin að takast á við þessa samkeppni og ef hér á landi sæti ríkisstjórn sem teldi það hlutverk sitt að styrkja íslenskt atvinnulíf í samkeppninni, þá teldi ég að samningurinn væri efnislega jákvæður og þá mundi ég jafnvel treysta mér til að greiða atkvæði með honum ef stjórnarskráin heimilar það. — Það þýðir ekkert, séra Gunnlaugur, að vera að messa yfir þessum blessuðum hæstv. ráðherrum, svo ég held það væri best að láta það vera. Ég hélt að presturinn hefði reynt

það þegar, þetta eru báðir hans flokksmenn. (Gripið fram í.) Hann hrökklast frá. Jæja, ég ætla ekki að segja það sem mér datt í hug.

En hvað um það. Ég gæti vitanlega nefnt fjölmargt fleira sem mér þykir slæmt. Mér þykir t.d. afar illt að skipaiðnaðurinn er ekki með í því frelsi sem er um að ræða og reyndar get ég bætt við fyrri upptalningu: Ég veit ekki betur, hæstv. utanrrh., en að við gengjum alltaf út frá því að skipaiðnaðurinn yrði með og a.m.k. veit ég að mjög ákveðnar kröfur voru settar fram um að skipaiðnaðurinn væri með. Hann er undanþeginn af því að Evrópubandalagið vill fá heimild til að halda áfram styrkveitingum sínum til hans. Reyndar veit ég að það var einnig mjög ákveðin ósk okkar að sæist fyrir enda á gífurlegum styrkjum Evrópubandalagsins til sjávarútvegs síns. Það hefur heldur ekki fengist og þar heldur áfram algjörlega óbreyttu striki. Í hreinskilni sagt er staðreyndin náttúrlega sú að samningamenn EFTA hafa náð ákaflega litlu fram af því sem við ætluðum okkur í upphafi. T.d. er eitt atriði sem er líka vert að nefna í þessu sambandi. Í upphafi var talað um það að þær reglur sem gilda fyrir Evrópubandalagið yrðu dregnar bæði frá reglum EB og reglum EFTA. Það var alltaf viðurkennt að það yrði að meginstofni reglur EB en fullyrt var hvað eftir annað, þegar ég m.a. spurði um þessi mál, að ýmsar reglur EFTA yrðu lagðar til grundvallar. Ég hef ekki fundið eina einustu. Ég hef fundið einhvers staðar að því væri frestað að setja ákveðnar reglur um umhverfismálin af því að EFTA-ríkin, sérstaklega Norðurlöndin, töldu reglur EB ekki nægilega góðar þar en það var ekki það að reglur Norðurlandanna væru teknar upp, hæstv. utanrrh. leiðréttir mig ef það er rangt, heldur var því frestað að setja ákveðnar reglur á þeim sviðum.

Samningurinn er því um margt óskaplega gallaður og veldur miklum vonbrigðum miðað við þær væntingar sem við hæstv. utanrrh. höfðum um hann á sínum tíma.

En hvað varðar stjórnarskrárþátt samningsins, sem ég hlýt að fjalla um, því eins og ég sagði í upphafi þá er það sá þáttur sem er að okkar mati, 1. minni hluta, afgerandi í afstöðu okkar til þessa máls. Ég hlýt að fara nokkrum orðum um þær álitsgerðir sem hafa komið fram. Ég ætla síður en svo að gera lítið úr álitsgerð nefndar þeirrar, sem gjarnan er kölluð fjórmenningar utanrrh., það eru allt virtir lögfræðingar og hinir bestu. En ég hlýt þó að harma að hæstv. utanrrh. féllst ekki á þá tillögu sem lögð var fram af nokkrum þingmönnum í Alþingi að Alþingi veldi menn til að gefa álit. Ef það hefði verið gert þá hygg ég að öllum vafa hefði verið eytt. Ég hygg að menn hefðu getað sameinast um slíka álitsgerð og þá hefði væntanlega orðið að ósk hv. þm. Pálma Jónssonar, sem eins og ég sagði í upphafi míns máls, lagði svo mikla áherslu á það að öllum vafa þyrfti að eyða þegar stjórnarskráin væri annars vegar. Þetta kaus hæstv. utanrrh. ekki að gera heldur kom á fót nefnd sem er skipuð hinum mætustu mönnum en þó mönnum sem höfðu áður komið mjög að þessum samningi og ég hygg að í hvaða rétti sem er hefðu þeir líklega sjálfir úrskurðað sig vanhæfa að taka þátt í dómi um þetta mál. Engu að síður þá vekur álitsgerð þeirra vissulega athygli og ég ætla að leyfa mér að vísa í nokkur atriði. Hér segir t.d. um 2. gr. stjórnarskrárinnar sem er sú grein sem ég þarf ekki að segja þingmönnum að mestu varðar í þessu sambandi því að þar er ríkisvaldinu skipt milli forseta Alþingis og Alþingis og framkvæmdarvaldsins og dómstólanna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í 2. gr. stjórnarskrárinnar er talað um forseta lýðveldisins og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskránni og öðrum landslögum. Ekki er tekið fram að þetta skuli vera alíslensk stjórnvöld og hugsanlegt er að alþjóðastofnanir séu stjórnvöld eftir 2. gr. Það er með öðrum orðum til skoðunar hvort í 2. gr. stjórnarskrárinnar felist heimild til að ákveða með lögum að þættir framkvæmdarvaldsins skuli vera í höndum alþjóðastofnana. Þegar haft er í huga hve mikilvægt alþjóðasamstarf er á okkar dögum fyrir Íslendinga sem aðra er þessi hugmynd ekki fráleit."

Ég verð að segja að ég þurfti að lesa þetta oft og ég tel þessa hugmynd algjörlega fráleita, að láta sér detta í hug að þeir sem sömdu stjórnarskrána, gengu endanlega frá henni þegar við vorum að fá okkar fullveldi og síðan okkar sjálfstæði hafi látið sér detta í hug að það ætti að framselja vald til erlendra stofnana. Það voru ekki síst þessi ummæli fjórmenninganna sem urðu til þess að ég fór að skoða málið miklu nánar og fengum við í utanrmn. ljósrit frá Birni Guðmundssyni prófessor af riti sem Daninn prófessor Max Sørensen ritaði sem mér skilst að sé viðurkenndur sem einhver mesti stjórnlagafræðingur sem uppi hefur verið á Norðurlöndum. Þetta staðfesti m.a. Þór Vilhjálmsson á málfundi sem efnt var til um þessi mál. Þar segir prófessorinn ýmislegt athyglisvert og talar m.a. um dönsku stjórnarskrána eins og hún var áður en bætt var inn í hana grein sem heimilar framsal valds. Ég ætla að leyfa mér að lesa þetta á dönskunni, þó mín danska sé ekki allt of góð. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Ganske vist kan lovgivningsmagten indenfor visse grænser overføre sin egen kompetence til andre organer, og den kan i et vist omfang forrykke kompetencefordelingen mellem domstole og administration men heraf følger ikke, at den kan overføre beføjelser til organer, der står udenfor det danske forfatningssystem. En sådan kompetenceoverførelse vil ikke kunne lade sig gøre uden grundlovsændring. I det den ville stride mod nævnte fundamentale princip at myndighed overfor borgerne udøves af danske organer." — „Af danske organer", segir hann.

Ég hlýt að segja að það er ótrúlegt að hlusta á það að m.a. dómari í Hæstarétti skuli láta sér detta í hug að íslenska stjórnarskráin í því formi sem sú danska var og prófessorinn var að lýsa hér, heimili framsal valds til erlendrar stofnunar.

Jafnframt má geta þess að öll hin Norðurlöndin sáu sig af þessari ástæðu neydd til þess að setja í stjórnarskrá sína ákvæði sem heimila takmarkað framsal valds. Það er t.d. í 93. gr. norsku stjórnarskrárinnar sem ég ætla að koma að síðar. Ég sé að hæstv. utanrrh. er horfinn en hann er eflaust ... (**Gripið fram í:**

Það var þegar danski kaflinn byrjaði. Hann hélt að hann væri á röngum stað.) Jæja, hann hefur eflaust ekki mikið líkamsþol eins og hann segir sjálfur. En hvað um það, ég sé að hæstv. iðnrh. er hér og ég met hann að sjálfsögðu mikils. — Og svo ég haldi áfram hér með dönskuna, þá segir, með leyfi forseta:

„I mangel af anden løsning måtte man derfor antage, at hvis Danmark ønskede at blive medlem af internationale organisationer, der skulle kunne udøve retslig myndighed direkte over danske borgere, uden om dansk forfatnings retslige myndigheder, måtte det ske ved, at der i det enkelte tilfælde vedtages en beslutning eftir fremgangsmåden for grundlovsændringer." — Svo rekur prófessorinn það áfram til að þurfa ekki að gera það í hvert sinn þá hafi verið talið nauðsynlegt að breyta dönsku stjórnarskránni 1953. Þetta vil ég biðja menn að hugsa um þegar þeir lesa það álit fjórmenninganna að íslenska stjórnarskráin í núverandi mynd banni ekki flutning valds. Reyndar viðurkennir fjórmenninganefndin að hér sé um flutning valds að ræða og segja hreinlega hér að hér sé flutt vald en segja að það sé með heimilum hætti. Þeir segja hér, með leyfi forseta:

„Stjórnarskráin stendur því þó í vegi að með lögum um samningana sé vald hvort sem um er að ræða löggjafarvald, framkvæmdarvald eða dómsvald með óheimilum hætti lagt í hendur annarra en taldir eru í 2. gr. stjórnarskrárinnar. Um er að ræða ákvæði sem leggja skyldur á einstaklinga eða lögaðila, síðan skyldur sem aðeins varða íslenska ríkið að þjóðarrétti fela ekki í sér stjórnarskrárbrot."

Um þetta er ég alveg sammála fjórmenningunum því að náttúrlega er allt annað með þjóðarétt en landslög. Ríkisvaldið getur bundið sjálft sig með þjóðarrétti en ekki einstaklinga og ríkisborgara sem eru verndaðir af stjórnarskránni. En fjórmenningarnir komast þó að þeirri niðurstöðu að hér sé ekki um óheimilan flutning að ræða vegna þess sem segir, með leyfi forseta:

„Vald það sem alþjóðastofnunum er ætlað með samningnum sem hér er fjallað um er vel afmarkað.

Þetta vald er á takmörkuðu sviði.

Það er ekki verulega íþyngjandi fyrir íslenska aðila."

Þetta þykja mér hin furðulegustu rök. Vel má vera að valdið sé afmarkað, en hvenær er það vel afmarkað, hver ætlar að meta hvort valdið sé vel afmarkað og hvort það sé á takmörkuðu sviði viðskiptanna, þ.e. á sviði viðskipta sem er náttúrlega afar víðtækt svið? Ég held allir hljóti að geta verið sammála um það og að það sé ekki verulega íþyngjandi. Hver getur metið hvort vald eða hvort ákvörðun, t.d. eftirlitsstofnunar, er íþyngjandi eða ekki íþyngjandi t.d. ef eftirlitsstofnunin ákveður að sekta íslensk fyrirtæki um einhverjar milljónir, jafnvel einhverja tugi milljóna? Hver getur kveðið upp þann úrskurð fyrir fram að það sé ekki íþyngjandi?

Einnig er mjög athyglisvert sem nefndin segir um takmarkanir hjá eftirlitsstofnuninni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Undanþágur eru frá banni við samningum sem fela í sér samkeppnishömlur. Mikilvægust er reglan um „minni háttar samninga". Samningar um minna en 5% markaðshlutdeildar á þeim markaði sem máli skiptir og þar sem heildarvelta fyrirtækjanna sem hlut eiga að máli er innan við 200 millj. ECU eru að jafnaði undanþegnir bannákvæði 53. gr. Skilyrði fyrir undanþágu er að bæði atriðin eigi við. Minniháttarreglan [það sem hér er um að ræða] er viðmiðunarregla. Hún varðar aðeins 53. gr. og framkvæmd hennar bíður frekari túlkunar að því er Ísland varðar." — Þetta er kjarnaatriði því að menn eru að vísa til þess að íslensk fyrirtæki séu hólpin af því að þau hafa ekki 5% markaðshlutdeild og ekki 200 millj. ECU veltu sem eru 15 milljarðar íslenskra króna. Að vísu er í þessu sambandi afar fróðlegt að lesa greinargerðina með norksa frumvarpinu þar sem þetta er einmitt einnig tekið fyrir og komist að þeirri niðurstöðu að jafnvel þótt norsk fyrirtæki slyppu þá sé ekki hægt að samþykkja norska samninginn nema með ¾ atkvæða á Stórþinginu.

Svo er náttúrlega þetta að ekki er búið að ákveða hver viðmiðunin verður fyrir Ísland. Svo getur farið að eftirlitsstofnunin úrskurði að Ísland sé sérstakur markaður og þá er fljótt að koma a.m.k. yfir þessi 5% og þá yrði veltutalan eflaust ákveðin langtum minni. Auk þess geta samsteypur á Íslandi, t.d. í útflutningi sjávarafurða, vissulega farið yfir þessi mörk. Hvort það er íþyngjandi að fá t.d. á sig sekt, ef t.d. fyrirtæki fengi sekt upp á 10–20 millj. kr., ég held það væri töluvert íþyngjandi. (Gripið fram í.) Ég skal ekki segja hvað hún yrði, hún er jafnvel talin íþyngjandi af þessum fjórmenningum ef hún færi svo hátt.

Reyndar segja fjórmenningarnir hér áfram, með leyfi forseta, sem er fróðlegt að hv. þingmenn geri sér grein fyrir:

„Undanþágureglurnar miða við heildarveltu og markaðshlutdeild á sameiginlegum markaði. Ekki er alltaf átt við samanlagða markaði allra EB- eða EFTA-ríkjanna heldur er markaðurinn skilgreindur hverju sinni eftir viðkomandi vörutegundum og landfræðilegum sjónarmiðum. Þannig gæti Ísland hugsanlega talist einn markaður í einhverjum tilvikum."

Samt sem áður komast fjórmenningarnir að þeirri niðurstöðu að svona sekt sé ekki eða geta ekki talist íþyngjandi. Ég hlýt að lýsa furðu minni á þessari niðurstöðu.

Prófessor Björn Þ. Guðmundsson gaf mjög athyglisvert álit sem vert væri að lesa hér allt, en ég ætla að grípa á nokkrum stöðum niður í það. Hér segir hann m.a., með leyfi forseta:

„Að mínu viti dugar ekki lögfræðilega að reyna að sýna fram á að formlega sé í lagi að lögfesta EES-samninginn en ef hins vegar komi síðar í ljós að ákvæði hans brjóti í bága við stjórnarskrána sé unnt að bregðast við því samkvæmt ákvæðum hennar sjálfrar," þ.e. með því að breyta stjórnarskránni. Þetta er verðug athugasemd hjá prófessornum því að fjórmenningarnir segja í lokaorðum sínum, næstsíðustu málsgrein: „Þá bendum við á að síðar megi eða beri að gera stjórnarskrárbreytingu ef fram kemur að forsendur okkar standist ekki." — Þ.e. þegar búið er að brjóta stjórn-

arskrána og þegar búið er að gera fjöldamarga gerninga, fjöldamarga samninga um viðskipti, sem svo reynast brot á stjórnarskránni þá eigi að hlaupa til og breyta stjórnarskránni. Það eigi sem sagt að byggja á vafanum í staðinn fyrir það sem hv. þm. Pálmi Jónsson sagði svo réttilega að öllum vafa yrði að eyða fyrir fram. Það á að byggja á vafanum og síðan að leiðrétta og það er ekki að ástæðulausu að prófessorinn sér ástæðu til að taka ofan í dálítið hjá þessum mönnum. (**Gripið fram í:** Þarf ekki utanrrh. að heyra þetta?) Jú, vitanlega þyrfti hann að heyra þetta en við vitum að líkamsþol hans er lítið, eflaust er það það sem veldur fjarveru hans, en ég vil taka undir það með hv. þm. að mér þætti vænt um það, virðulegi forseti, ef hæstv. utanrrh. er beðinn að vera hér því þetta er einu sinni hans stærsta mál. (**Gripið fram í:** Getur ekki Guðni sótt hann?) Guðni getur tekið hann undir höndina og komið með hann, en það þykir kannski ekki rétt á hinu háa Alþingi að hafa þau vinnubrögð. En ég fer þess sem sagt formlega á leit að hæstv. ráðherra verði tilkvaddur og beðinn að sitja hér í salnum.

Þarna kemur hæstv. utanrrh. Af því ég veit að hæstv. utanrrh. leggur á það mikla áherslu að þetta mál gangi fljótt og vel, hann hefur lýst því á blaðamannafundi, þá vil ég ráðleggja honum að vera sem mest í salnum því að mönnum þykir mjög vænt um að hafa hæstv. utanrrh. í salnum og svo ég vona að það takist að halda honum hér í nokkrar mínútur.

Ég er hér að fara yfir stjórnarskráratriðin sem ég sagði í upphafi að ég teldi afgerandi í þessu máli og ég hef farið í gegnum álit fjórmenninganna en ég er nú að fjalla um álit Björns Þ. Guðmundssonar. Og ég ætla að lesa hér nokkur atriði úr áliti hans, með leyfi forseta: „Það er alveg ljóst samkvæmt stjórnskipunarrétti að með stjórnarvöldum í 2. gr. stjórnarskrárinnar er einungis átt við innlenda stjórnvaldshafa en ekki erlenda og ekki heldur þjóðréttarlegar stofnanir, ...“ Hér er prófessorinn sem sagt fullkomlega sammála prófessor Max Sørensen í því að í stjórnarskránni eins og hún stóð í Danmörku áður en henni var breytt og eins og hún er hér þá er eingöngu átt við innlenda valdhafa. Og ég vona svo sannarlega að engum detti annað í hug. Ég ætla svo að leyfa mér að lesa hér úr niðurstöðum prófessors Björns:

„Með EES-samningnum er íslenskt refsivald framselt að hluta. Slíkt vald er svo mikilsvert að óverjandi er að það verði fengið öðrum en dómstólum og stjórnvöldum þeim, sem getur nú í stjórnarskránni, nema þá að breyta henni.

Með því framsali ríkisvalds, sem hér er til umræðu, er ekki einasta þjóðréttarlegum stofnunum falið bindandi ákörðunarvald á tilteknum sviðum gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum á Íslandi, heldur afsala sömu aðilar sér þeirri réttarvernd sem þeir njóta samkvæmt íslenskum lögum og m.a. er fólgin í því að mega bera athafnir stjórnvalda undir umboðsmann Alþingis, undir æðra stjórnvald og að lokum dómstóla.“

Ég bið menn að taka eftir þessu. Þetta er töluvert stórt atriði en lítið er á það minnst í umræðunni að t.d. umboðsmaður Alþingis getur ekki komið að þeim málum sem falin eru eftirlitsstofnun EFTA og dómstóli. Enn segir prófessorinn:

„Hér er um að ræða hluta ríkisvalds sem framselt er í hendur fyrirbrigðis sem er nýtt á alþjóðavettvangi og engin reynsla er fengin af. Stjórnskipun þess byggir á réttarhugmyndum og réttarheðum sem eru í veigamiklum atriðum frábrugðnar þeim forsendum sem stjórnskipun okkar byggist á.“ Þetta er líka athyglisvert mál og reyndar rekur prófessorinn það mjög vandlega að íslensk stjórnvöld fá ekki tækifæri til að setja þessum stofnunum lög og reglur sem við gerum að sjálfsögðu um allar þær stofnanir sem fá vald hér heima.

Síðan fjallar nú reyndar prófessorinn líka um dóma sem fjórmenninganefndin túlkar svo að þeir séu eingöngu leiðbeinandi og mér finnst verðugt að lesa það einnig hér. Prófessorinn segir: „Ég hef miklar efasemdir um að það sé rétt hjá fjórmenninganefndinni að túlka megi EES-samninginn þannig að dómar EB-dómstólsins séu einungis leiðbeinandi en ekki bindandi fyrir dómstóla og stjórnvöld hér á landi. Þrátt fyrir þá takmörkun sem gerð er í samningnum, þ.e. að dómarnir skipti máli og séu efnislega samhljóða, tel ég miklu líklegra að reynslan muni leiða í ljós að líta beri svo á að hér sé um bindandi fordæmi að ræða, enda segir skýrum stöfum að það beri að fara eftir þeim þegar svo stendur á sem í EES og ESE-samningunum segir. Þessa skoðun byggi ég ekki síst á víðtækri túlkun EB-dómstólsins sjálfs á hlutverki sínu og valdsviði.“

Þetta er vitanlega mjög umhugsunarvert atriði því að við höfum hingað til gengið út frá því að þó leitað væri álits þessara dómstóla þá væru þeir ekki bindandi. En það er athyglisvert í þessu sambandi að Norðmenn hafa komist að annarri niðurstöðu. Og í norska frv. til staðfestingar á EES-samningnum er grein sem undanskilur Norðmenn frá ákvörðunum og niðurstöðum EB-dómstólsins. Norðmenn segja í sinni greinargerð, sem ég ætla að koma að aðeins nánar hér á eftir, að það verði ekki skilið á milli. Norðmenn segja: Norsk stjórnarskrá heimilar ekki að samþykkja það að stofnun sem Norðmenn eiga ekki aðild að hafi slík áhrif á einstaklinga og fyrirtæki í Noregi. Og þeir hafa þennan fyrirvara í sínu frv. Mig langar til að spyrja hæstv. utanrrh. að því: Hvers vegna er ekki slíkur fyrirvari í frv. hans? Hvers vegna var ekki líka talin ástæða til þess að taka þá skýrt fram að a.m.k. sú stofnun sem Norðmenn eiga ekki aðild að gæti ekki ákvarðað neitt fyrir íslenska ríkisborgara? Norðmenn hafa talið þetta nauðsynlegt. Og þetta er mjög athyglisvert þegar skoðuð eru ummæli Björns. Hann telur að þarna verði ekki skilið á milli. Hann virðist sem sagt algerlega sammála niðurstöðu Norðmanna í þessum efnum.

Síðan kemur að greinargerð Guðmundar Alfreðssonar sem er nú hvað ítarlegust og gagnmerk eins og þær eru að sjálfsögðu allar. En ég vil segja það í upphafi að Guðmundur gengur töluvert lengra og hann er sammála því sem hinir tveir aðilarnir, fjórmenningarnir og Björn Þ. Guðmundsson, telja að um framsal valds sé að ræða hvað varðar eftirlitsstofnunina og dómstólinn, þ.e. í sambandi við samkeppnisreglurnar. En hann

gengur töluvert lengra og mér finnst athyglisvert fyrir löggjafarsamkomuna að gera sér grein fyrir því. Það er sérstaklega það að með samningnum er löggjafarsamkoman að fela öðrum en því framkvæmdarvaldi sem hún hefur sjálf lýst trausti á og styður að meiri hluta a.m.k., hún er að fela öðrum að undirbúa lög og reglur sem leggjast eiga fyrir Alþingi. Þ.e. enginn aðili sem hún hefur valið sem kemur nálægt þessum málum. Og það er reyndar athyglisvert án þess að ég fari að lesa álitsgerð Max Sørensens prófessors, sem er fyrir nokkru látinn, að hann segir að það skipti töluvert öðru máli í sambandi við ákvarðanir erlendra stofnana ef löggjafarþingið situr með neitunarvald, einstaklingur t.d. ráðherra sem danska þingið hefur valið, sem er ábyrgur gagnvart danska þinginu. Hann gerir greinarmun á því hvort þar situr embættismaður sem er ekki ábyrgur gagnvart löggjafarsamkomunni dönsku heldur sem sagt maður sem er valinn af þinginu eða nýtur trausts meiri hluta á danska þinginu. Og þetta finnst mér einnig vera mjög umhugsunarvert og kemur nokkuð heim við það sem Guðmundur Alfreðsson rekur.

Guðmundur Alfreðsson segir, með leyfi forseta:

„EB mundi að mestu ráða ferðinni um breytingar á eldri textum og tilurð nýrra laga og reglna á EES-svæðinu. Efnislega löggjafarvaldið verður að þessu leyti í höndum stofnana EB. EES-nefndin og EES-ráðið munu samþykkja lög og reglur frá EB til að viðhalda samræmdu lagakerfi. Sérfræðingar EFTA-ríkjanna fara með tillögu- og samráðsrétt á fyrri stigum máls og fulltrúar EFTA-ríkjanna fara með neitunarvald í áðurnefndum EES-stofnunum. Frá EES berst málið til Alþingis, sem samkvæmt samningnum getur samþykkt eða hafnað máli, en ekki breytt frumvarpi, því að þá næði samræmingin ekki fram að ganga. Eins og sérfræðinganefnd utanríkisráðherra orðar það: „Er slík einhliða breyting því ekki raunhæfur kostur."" Fjórmenningarnir viðurkenna það að Alþingi getur í raun ekki breytt frv. sem eru undirbúin að Alþingi forspurðu og af mönnum sem Alþingi hefur ekki til þess valið. Og ég hlýt að benda á að það er vissulega umhugsunarvert hvort þarna er ekki líka verið a.m.k. óbeint að framselja vald.

Dr. Guðmundur segir jafnframt: „Verkefnaskipting eftir þessu fyrirkomulagi raskar þrískiptingu ríkisvaldsins eins og því er lýst í 2. gr. stjórnarskrárinnar. Undirbúningur og flutningur löggjafarmála flyst frá Alþingi til stofnana EB og EES og til fulltrúa íslenska ríkisins hjá þeim, en þetta var náttúrlega aldrei hugmyndin þegar stjórnarskráin gekk í gildi. Það eru fulltrúar framkvæmdarvaldsins, ýmist ráðherrar, embættismenn eða sérfræðingar, sem mundu halda uppi samráði við EB og fara með neitunarvaldið hjá EES. Framkvæmdarvaldið fengi því augljóslega aukinn hlut á kostnað löggjafarvaldsins. Þennan framgangsmáta staðfestir sérfræðinganefndin með því að segja: „Við þetta allt er þörf á samstarfi íslenskra stjórnvalda og Alþingis.""

Svo segir dr. Guðmundur: „Enn segir sérfræðinganefnd utanríkisráðherra: „Setning nýrra EES-reglna fer ekki eftir reglum landsréttar þar sem hér er um að ræða breytingar á þjóðréttarsamningi. Þar eiga því ekki við stjórnarskrárákvæði um frumkvæðisrétt ríkisstjórnar eða þingmanna að lagafrumvörpum eða rétt til flutnings breytingartillagna. ..."

Þessi atriði telur nefndin að ráði úrslitum um það að umrædd ákvæði EES-samningsins séu samrýmanleg 2. gr. stjórnarskrárinnar. Röksemdafærsla nefndarmanna fær staðist og niðurstaðan er formlega rétt. Hún er hins vegar efnislega röng því að frumkvæðisréttur þingmanna að lagafrv. og flutningi brtt. skerðist að sjálfsögðu þegar löggjafarstarfið um sjálfar efnisreglurnar, eins og áður segir, er flutt frá Alþingi til aðþjóðastofnana." Þetta telur doktorinn sem sagt efnislega rangt þó það sé formlega rétt. Enn segir doktorinn:

„Samningurinn rýrir greinilega hefðbundið hlutverk Alþingis. Alþingi mundi fara með formlegt neitunarvald en efni laganna og orðalag verða ráðin annars staðar. Löggjafarvald er að hluta framselt til alþjóðastofnana og framkvæmdarvaldið fær stærra hlutverk við ákvörðun efnisreglna, en löggjafinn getur sagt nei í krafti hins formlega neitunarvalds. Breyti hann texta eða setji andstæðar reglur, mundi það hafa þjóðréttarlegar afleiðingar vegna viðurlagaákvæða EES-samningsins. Það er ekki hátt risið á svona fyrirkomulagi fyrir þjóðþing í fullvalda ríki, en það er matsatriði og getur horft til beggja átta hvort þetta fyrirkomulag brýtur í bága við stjórnarskrána."

Þarna held ég að sé kjarni málsins. Þetta er vafaatriði gagnvart stjórnarskránni en augljóslega er ekki hátt risið á okkur blessuðum alþingismönnum þegar við föllumst á að jafnvel EB hefur frumkvæðisvaldið að setningu nýrra laga hér á Íslandi. Og það verð ég að segja að var aldrei ætlunin í þeim kröfum sem hæstv. utanrrh. setti fram í tíð fyrri ríkisstjórnar að EFTA-ríkin kæmu í alvöru að því að semja nýjar reglur fyrir EES. Reyndar má skjóta því inn að það var fullyrt við okkur af aðalsamningamanni að það mætti gera ráð fyrir að slíkar nýjar reglur yrðu afar fáar því að þetta lægi allt fyrir nú þegar. Eins og ég rakti áðan þá hafa á einu ári verið gefnar út 193 nýjar tilskipanir af bákninu í Brussel.

Síðan fjallar dr. Guðmundur um yfirtöku á dómum og úrskurðum EB-dómstólsins sem er líka vert að hafa í huga því að hann gengur töluvert lengra í því að telja ýmis atriði samningsins brjóta gegn stjórnarskránni. Hér segir dr. Guðmundur, með leyfi forseta:

„Það er því rökrétt, eins og skýrt mál lesa í enska textanum, að 6. gr. EES-samningsins fjallar um skyldu til beita EB-dómunum. Þetta viðhorf kemur greinilega fram í áliti EB-dómstólsins um EES-samninginn frá 10. apríl 1992, þar sem valdahlutföllunum og hlutverki EB-dómstólsins á EES-svæðinu er skilmerkilega lýst. Dómarnir eru ekki eingöngu lögskýringar- eða túlkunargögn. Þeir eru nauðsynlegur hluti lagasamræmingarinnar og óumflýjanlegur hluti hins nýja EES-réttar. Þeir geta í reynd haft bein réttaráhrif þar sem eftirlitsstofnun og dómstóll EFTA eiga að beita þeim í ákvörðunum sem mundu koma til fullnustu á Íslandi."

Þarna kemur enn sú ástæða sem knúði Norðmenn til að setja fyrirvara í sitt frv. en við gerum ekki. Og þetta

er vitanlega mjög umhugsunarvert ekki síst eftir þann skell sem hæstv. utanrrh. og aðrir samningamenn fengu þegar dómstóll EB úrskurðaði samninginn eins og hann lá fyrir ógildan af því að EB-dómstóllinn yrði að hafa óbundnar hendur, frjálsar hendur til að úrskurða Rómarsáttmálann og m.a. öll þau grundvallaratriði sem liggja til grundvallar þeim samningi sem við erum að tala um hér.

Þá segir dr. Guðmundur: „Viðeigandi dómar EB-dómstólsins, t.d. um samkeppnisreglurnar, eru hins vegar ekki skráðir í EES-samningnum. Það er bara almenn tilvísun til þeirra og þeir ekki tilgreindir þótt það sé að sjálfsögðu vitað hvaða dómar koma við sögu. Að mínu mati er það alvöruspurning hvort Alþingi og forseti lýðveldisins geta samþykkt slíka tilvísun til lagabókstafs sem á að fá gildi að landsrétti án þess að viðkomandi gögn séu lögð fram í frumvarpsformi, á íslensku að sjálfsögðu, og svo birt. Það hlýtur að skerða réttarvitund manna og réttaröryggi ef þetta er allt saman samþykkt óséð og óskoðað, jafnvel þótt dómarnir séu til og liggi frammi í erlendum bókum og þótt sumir þeirra hafi verið reifaðir í íslenskum gögnum. Um réttan framgangsmáta má vitna í ýmis ákvæði stjórnarskrárinnar, t.d. 26. gr. um lagafrumvörp og 27. gr. um birtingu laga."

Er það ekki, hv. þm., umhugsunarefni sem doktorinn segir hér? Eða eru þeir tveir hæstv. ráðherrar sem hér sitja þeirrar skoðunar að þetta sé ekki vert umhugsunar, þetta sé ekkert áhyggjumál og skella þeir við þessu skollaeyrum? Ég þekki þessa hæstv. ráðherra að öðru. Ég þekki alveg sérstaklega hæstv. viðskrh. að mikilli nákvæmni í svona málum og væri nú fróðlegt að heyra einhvern tímann síðar ef hann hefur hlustað hvort hann telur hér farið með smáatriði ein sem ekki þarf að ræða um.

Um bókun 35 með EES-samningnum hefur mikið verið fjallað og talið að hún tæki af allan vafa að Íslendingar hefðu fullt ákvörðunarvald. Ég ætla að lesa það sem dr. Guðmundur segir þar um:

„Stök grein bókunar 35 með EES-samningnum hljóðar svo:

„Vegna tilvika þar sem getur komið til árekstra á milli EES-reglna sem komnar eru til framkvæmda og annarra settra laga skuldbinda EFTA-ríkin sig til að setja, ef þörf krefur, lagaákvæði þess efnis að EES-reglur gildi í þeim tilvikum.""

Tekur þetta ekki af allan vafa? Erum við ekki hér að undirskrifa það að við skuldbindum okkur til að setja lög sem taka af allan vafa um það að EES-reglur gildi í þessum tilvikum? Er þetta ekki alveg ljóst? Hrindir þetta ekki gjörsamlega fyrra ákvæði að íslenska löggjafarvaldið hafi hér síðasta orðið í raun? Erum við ekki að samþykkja í raun að taka við öllu sem að okkur er rétt? Um þetta segir dr. Guðmundur:

„Efnisgrein bókunar 35 mundi þrengja mjög að löggjafarvaldinu hvað sem líður áðurnefndum formálsorðum bókunarinnar. Því er lofað með tilvísun í lagasamræmingu á EES-svæðinu að EFTA-ríkin muni tryggja með lögum að EES-reglur gangi framar öðrum landslögum ef til árekstur kemur. Samkvæmt stjórnskipunarrétti okkar geta Alþingi og forseti breytt eldri lögum og sett ný lög eins og þeim sýnist. Stjórnarskráin heimilar ekki að lög eða milliríkjasamningar takmarki þennan rétt. Svona samningsloforð um forgang EES-reglna getur haft þýðingu sem almenn stefnuyfirlýsing, en lögfræðilega er það ekki marktækt."

Með öðrum orðum telur hann þetta í raun alls ekki standast lögfræðilega en okkur er engu að síður ætlað að samþykkja slíkar reglur.

Síðan er fjallað um eftirlitsstofnun EFTA og þar er um að ræða atriði sem allir lögfræðingar hafa verið sammála um að brjóti gegn stjórnarskránni. Fjórmenningarnir segja að þetta sé slíkt lítilræði að það taki því ekki að tala um það. Þar segir dr. Guðmundur Alfreðssonar, með leyfi forseta:

„Sérfræðinganefnd utanrrh. heldur því fram, að það megi hugsanlega skýra fyrirmæli í 2. gr. stjórnarskrárinnar um framkvæmdarvaldið þannig, að það geti verið í höndum alþjóðastofnana á vel afmörkuðum og takmörkuðum sviðum: „Ekki er tekið fram, að þetta skuli vera alíslensk stjórnvöld." Þessi skoðun þeirra er algerlega úr lausu lofti gripin og á enga stoð í íslenskum stjórnskipunarrétti. Þetta er ævintýramennska í lögfræði og það breytir engu, hvort framsalið nær til milliríkjaviðskipta eingöngu eða til annarra málaflokka."

Þarna er sannarlega djúpt í árinni tekið. Þarna er sagt um hæstaréttardómara að hann stundi ævintýramennsku í lögfræði. Það þykir mér sárt að heyra því að ég met þann mann mikils. Á eftir segir:

„Það er rétt, sem sérfræðinganefndin segir um takmörkun á ábyrgð ráðherra: „Ráðherrar bera aðeins ábyrgð á stjórnarframkvæmdum, sem þeir hafa framkvæmt, vitað um eða látið viðgangast." Ólafur Jóhannesson túlkar þetta ákvæði svo (bls. 158 í Stjórnskipun Íslands), að

„ráðherrar verði eigi gerðir ábyrgir vegna athafna embættis- og sýslunarmanna, sem undir þá heyra, nema eitthvað hafi á skort af hendi ráðherra um val starfsmanna, eftirlit með þeim eða fyrirmæli til þeirra. Í 14. gr. stjórnarskrárinnar felst því það eitt, að ráðherrar beri ábyrgð á embættisrekstri sínum."

Það má fullyrða, að það var aldrei ætlun stjórnarskrárgjafans, að sumar stjórnarframkvæmdir mætti flytja út úr landinu og framkvæma ábyrgðarlaust án umsjónar eða eftirlits þeirra stjórnvalda, sem upp eru talin í 2. gr. stjórnarskrárinnar."

Ráðherra er hérna skotið undan ábyrgð. Það framkvæmdarvald sem við veljum okkur hér á landi ber ekki ábyrgð að stórum hluta á íslensku athafnalífi sem er þetta fjórfrelsi margumtalaða. Ég er sammála dr. Guðmundi að það hefur aldrei verið ætlunin að skjóta þannig stórum þætti undan ábyrgð framkvæmdarvaldsins. Dr. Guðmundur segir:

„Það er mín niðurstaða um framkvæmdarvaldsþátt EES-samningsins, að yfirþjóðlegt framsal af þessu tagi fái ekki staðist samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar, sem felur tilteknum íslenskum aðilum þetta vald. Framsalið stangast líka á við 14. gr. stjórnarskrárinnar um ráðherraábyrgð, því að hvorki ráðherra né önnur innlend stjórnvöld myndu geta borið ábyrgð á ákvörðunum

stofnana EFTA og EB, þar sem þær heyra alls ekki undir innlenda aðila og enginn slíkur myndi því bera ábyrgð á athöfnunum. Hér vaknar því greinilega spurning um stjórnarskrárbrot."

Í þessu sambandi hefur verið vitnað til þess að fordæmi séu í samningi Norðurlandanna um gagnkvæma aðfararheimild og mér finnst ástæða til að lesa það sem dr. Guðmundur segir um það. Hann segir:

„Loks vitnar sérfræðinganefndin (bls. 23–24) í Norðurlandasamninga um gagnkvæmt aðfarar- eða fullnustuhæfi stjórnarathafna og dóma frá þessum löndum. Nánari athugun leiðir í ljós, að þarna er tvennt ólíkt á ferðinni. Útlend stjórnvöld eða dómstólar fá samkvæmt Norðurlandasamningunum aldrei lögsögu yfir íslenskum einstaklingum eða fyrirtækjum, nema *þeir hafi sjálfir með gerðum sínum komist undir* vald erlendrar lögsögu. Það var engin lögsaga flutt út úr landinu því að erlend stjórnvöld og dómstólar höfðu þegar vald til að fara með viðkomandi mál. Við tökum aðeins að okkur fullnustuna á gagnkvæmnisgrundvelli. Á EES-svæðinu mundu hins vegar EFTA-eftirlisstofnunin og dómstóllinn fá lögsögu, svo og stofnanir EB, án þess að íslenskir aðilar aðhafist nokkuð til að kalla lögsöguna yfir sig. Tilvitnunin í þessa Norðurlandasamninga og samanburðinn eiga því ekki rétt á sér."

Einfaldlega lýst er þetta svo að ef Íslendingur brýtur af sér í Svíþjóð, þá er hann undir lögsögu sænskra dómstóla, hann er það þegar og ekkert verið um annað samið og ekkert annað kemur til greina. Ef Svíi brýtur af sér hér, þá er hann undir lögsögu íslenskra dómstóla. Það eina sem við höfum fallist á er að framkvæma *niðurstöðu hins sænska dómstóls í ákveðnum* málum, í skattamálum t.d. Það verður aðfararhæft hér enda samþykki Svíarnir að niðurstaðan hér í þessum málum verði aðfararhæf í Svíþjóð. Það er vitanlega um allt annað og ólíkt atriði að ræða en þar sem einhliða er afsalað valdi til erlendrar eftirlitsstofnunar og dómstóls, jafnvel í brotum sem framin eru hér á landi. Ef íslenskur aðili hér á landi brýtur af sér á samkvæmt samkeppnisreglunum fellur það undir erlendan dómstól. Ég held því að það sé ekki nokkur minnsti vafi á því að þarna er um stjórnarskrárbrot að ræða.

Dr. Guðmundur fjallar einnig um dómsvaldið. Hann segir um EFTA-dómstólinn: „Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar fara dómendur með dómsvaldið. Það er enn og aftur enginn vafi á því að stjórnarskráin á hér við íslenska dómendur og íslenska dómstóla. Það eru engin fordæmi til um afhendingu á bindandi dómsvaldi *yfir íslenskum aðilum út úr landinu*. Samkvæmt 60. gr. stjórnarskrárinnar skera dómendur úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þetta mundu þeir ekki geta gert að því marki, sem framkvæmdarvaldið hefur verið framselt til eftirlitsstofnunar EFTA og dómsvald til EFTA-dómstólsins. Til viðbótar má benda á 61. gr. um vernd og sjálfstæði dómara, sem gerir greinilega ráð fyrir innlendri málsmeðferð."

Þetta er athyglisvert og enginn annar hefur bent á það að íslenskum dómstólum er ætlað að fjalla um og skera að öllu leyti úr ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda, þ.e. framkvæmdarvaldsins en í þessu tilfelli getur íslenskur hæstiréttur alls ekki gert það. Honum er ekki leyft að fjalla neitt um embættistakmörk eftirlitsstofnunar EFTA, ekki neitt. Það vald er því einnig flutt úr landi. Enn segir dr. Guðmundur:

„EFTA-dómstóllinn er hugsaður sem sjálfstæð stofnun og íslenskur dómari, sem þar mundi sitja, yrði óháður íslenskri dómaskipan. Íslenskir aðilar, bæði einstaklingar og fyrirtæki, sem teldu sig hafa verið órétti beitt af eftirlitsstofnuninni, yrðu þá að sækja sín mál fyrir þessum yfirþjóðlega dómstól, sem mun væntanlega sitja í Genf, eða til Lúxemborgar í þeim tilfellum, sem EB-dómstóllinn hefði dómsögu. Landinn gæti ekki leitað réttar síns fyrir íslenskum dómstólum í málum, sem mundu falla undir þessa alþjóðlegu dómstóla."

Hér er náttúrlega um mjög stórt mál að ræða. Það er sem sagt það að Íslendingur getur ekki áfrýjað niðurstöðu eftirlitsstofnunarinnar til íslensks dómstóls. Það verður að fara fyrir þennan erlenda dómstól. Þá segir:

„Stjórnarskráin geymir enga heimild til framsals á dómsvaldi út úr landinu til dómstóla, sem gætu kveðið upp bindandi dóma sem kæmu beint til fullnustu að landsrétti. Engin fordæmi eru til um slíka niðurstöðu. Það verður að telja slíkt óheimilt að óbreyttri 2. gr. stjórnarskrárinnar, með hliðsjón af 60. og 61. gr. hennar. Þetta er að mati höfundar eitt skýrasta dæmi um stjórnarskrárbrot, sem mundi leiða af lögfestingu EES-samningsins."

Sumir menn hér á landi hafa gert lítið úr fullveldishugtakinu og menn hafa haft það í flimtingum og jafnvel talið að slíkt hugtak væri hálfúrelt, það væri *ekkert fullveldi lengur* eða a.m.k. *mjög takmarkað*. Mér þykir ástæða til að lesa hér aðeins það sem dr. Guðmundur segir um það og hafa þá í huga að dr. Guðmundur Alfreðsson hefur unnið árum saman sem einn aðalsérfræðingur hjá alþjóðastofnun, hjá Sameinuðu þjóðunum í Genf, sem hefur einmitt fjallað um fullveldi þjóða. Hann segir hér:

„Sérfræðinganefnd utanrrh. gerir í inngangsorðum lítið úr ríkis-, fullveldis- og sjálfstæðishugtökunum. Þeir skrifa án þess að færa að því nokkur rök (bls. 2 í skýrslunni): „Gildi ríkishugtaksins í stjórnskipunarrétti er umdeilt" og „Ekki er þó ástæða til að telja að 1. gr. stjórnarskrárinnar hafi sjálfstæða þýðingu við úrlausn þess álitaefnis sem okkur er ætlað að fjalla um."" — Ég skýt því inn að 1. gr. fjallar náttúrlega um að við séum fullvalda þjóð. Síðan segir dr. Guðmundur: — „Í tengslum við þessar staðhæfingar vitna þeir til lýsingar Ólafs Jóhannessonar á hugtakinu, en orð hans í tilgreindri tilvitnun og í áframhaldandi bókartexta ganga í þveröfuga átt; þar lýsir hann því hversu þýðingarmikið hgutakið er og getur verið. Bæði sögulega og í nútímanum hljóta 1. og 2. gr. og samspil þeirra að skipta máli; þetta er sjálfur grundvöllur lýðveldisstofnunar og sjálfstæðs ríkis á Íslandi."

Síðan fjallar Guðmundur um valdaframsal til alþjóðastofnunar sem Ísland er ekki aðili að. Það gera hinir umsagnaraðilarnir ekki en það sáu Norðmenn sér skylt að taka til athugunar. Þar segir dr. Guðmundur:

„Sérfræðinganefnd utanrrh. viðurkennir fullum fetum í skýrslu sinni (t.d. á bls. 15, 21 og 22), að samkvæmt EES-samningnum mundu framkvæmdastjórn og dómstóll EB fá, í vissum málaflokkum, vald til að kveða upp endanlegar ákvarðanir, sem yrðu aðfararhæfar á Íslandi. Slík tilfelli hafa verið nefnd í köflunum að ofan um framkvæmdar- og dómsvald."

Síðan segir hann: „Sérfræðinganefndin færir engin rök að þeirri niðurstöðu, að það sé í lagi að framselja framkvæmdar- og dómsvald til alþjóðastofnunar, sem við erum ekki aðilar að. Málafæð dugir ekki sem röksemd, enda er stærðin óþekkt. Í kaflanum um löggjafarvaldið (bls. 10–11) lögðu þeir á það áherslu og töldu til réttlætingaratriða varðandi feril breytinga á viðaukum við EES-samninginn, að „stöðug samráð og upplýsingaskipti og þá einnig samningaumleitanir" fara fram við fulltrúa ríkisins, áður en ákvarðanir eru teknar um nýjar reglur."

Ég þarf ekki að fjölyrða um það að dr. Guðmundur segir að lokum: „Að mínu mati stangast valdaframsal til EB greinilega á við 1. og 2. gr. stjórnarskrárinnar. Við stofnun lýðveldisins skiptir stjórnarskrárgjafinn verkum milli íslenskra valdhafa. Ég held því fram í meginmáli þessarar greinargerðar, að valdaframsal til yfirþjóðlegra stofnana sé óheimilt að óbreyttri stjórnarskrá, en ég fullyrði, að stjórnarskrárgjafinn hafi útilokað valdaframsal til yfirþjóðlegra stofnana, sem við erum ekki aðilar að. Engu máli skiptir, þótt framsalið sé afmarkað og takmarkað við ákveðna málaflokka á viðskiptasviðinu. Þetta er einfaldlega ekki hægt að óbreyttri stjórnarskrá."

Í lokaorðum segir doktorinn:

„Heildarmyndin skiptir að sjálfsögðu máli bæði við athugun stjórnarskrármálsins og almenna skoðanamyndun um EES-svæðið og tilheyrandi samninga. Það er hins vegar nóg, ef einstök tiltekin atriði brjóta í bága við stjórnarskrána; hvert dæmi eitt og sér, t.d. um afhendingu framkvæmdar- og dómsvalds eða um skerðingu löggjafarvalds, mundi þess vegna nægja til þess að útheimta breytingar, áður en samningurinn fengi gildi að landsrétti."

Ég hef nokkrum sinnum nefnt það að Norðmenn hafa kosið að fara aðrar leiðir. Í greinargerð með norska frv. kemur þetta mjög greinilega fram. Ég hef fengið það þýtt hér á Alþingi og ætla aðeins að vitna í niðurstöður þar. Í norska frv. segir, með leyfi forseta:

„Um 93. gr. stjórnarskrárinnar" — ég skýt því inn að það er sú grein sem leyfir framsal á valdi með ¼ atkvæða í Noregi — „og afstöðuna til EES-samningsins og EFTA-samningsins um eftirlitsstofnun og dómstólinn er fjallað um í sambandi við umfjöllun um 110. gr. samningsins í III. kafla frv. og VIII. kafla til VIII.5.5. kafla stjórnarfrv. Afstaðan til 93. gr. stjórnarskrárinnar er einnig rædd ítarlega í VIII. kafla stjfrv." Má segja að þetta skipti ekki máli. Síðan kemur:

„Niðurstaða þessarar umfjöllunar er sú að Stórþingið verður að veita heimild til staðfestingar á EES-samningnum og EFTA-samningnum um eftirlitsstofnun og dómstólinn samkvæmt málsmeðferð 93. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. með ¾ meiri hluta í atkvæðagreiðslu sem a.m.k. tveir þriðju þingmanna taka þátt í. Ástæðan fyrir því er skipulagið við framkvæmd samkeppnisreglnanna í EES-samningnum og í EFTA-samningnum um eftirlitsstofnunina og dómstólinn."

Norðmenn viðurkenna sem sagt þetta og um það er síðan fjallað hér töluvert ítarlega. M.a. segir hér og er athyglisvert: „Samningurinn veitir einnig framkvæmdastjórn EB og EB-dómstólnum og dómstól EB á fyrsta dómstigi við eftirlit með ákvörðunum framkvæmdastjórnar EB vald til þess að taka vissar ákvarðanir í samkeppnismálum sem gilda afdráttarlaust í Noregi. Í framkvæmd er nefnilega ekki hægt að skipta samkeppnismálum milli etirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB með þeim hætti að aðeins eftirlitsstofnun EFTA taki ákvarðanir sem til greina kemur að láta gilda í Noregi. Noregur hefur þó með sérlegri yfirlýsingu vegna samningsins tekið fyrirvara sem EB hefur fallist á með þar að lútandi yfirlýsingu gegn beinni gildistöku þess konar ákvarðana sem að áliti ríkisstjórnarinnar falla undir 93. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. ákvarðanir um sektir eða févíti."

Norðmenn telja því að þarna verði ekki skilið á milli eins og ég las og með tilvísun til þess sem ég fór yfir áðan frá dr. Guðmundi Alfreðssyni þar sem hann telur yfir allan vafa hafið að það komi ekki til mála að stjórnarskráin heimili framsal á valdi til stofnunar sem við erum ekki aðilar að, það þurfi ekki einu sinni að deila um það. Nú langar mig til að spyrja hæstv. utanrrh. að því hvort þetta mál hafi ekki verið hugleitt og hvers vegna í ósköpunum ekki hafi verið farið fram á að setja í íslenska frv. svipaða fyrirvara og Norðmenn eru með. Eða er virkilega svo að hæstv. ráðherra telji hér um eintóm aukaatriði að ræða sem ég hef varið mestum tíma mínum að fjalla um? Mér þykir reyndar rétt að skjóta því að að á málþingi sem efnt var til með umsagnaraðilum þessa samnings, lögfræðingum sem ég hef nefnt, sagði Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari í lokaorðum sínum að menn væru að tala um „smotterí". Ég skal viðurkenna að ég átti varla orð til að svara þessu. Er það kannski svo að hæstv. ráðherra og ráðherra og ríkisstjórn telji í raun og veru það sem varðar stjórnarskrána smotterí? Þá er afar illa farið fyrir okkur Íslendingum. (**Gripið fram í:** Hver sagði þetta?) Þetta sagði Þór Vilhjálmsson á fundinum þar sem hann, Hannes Hafstein, Guðmundur Alfreðsson og Björn Þ. Guðmundsson voru mættir, eftir miklar rökræður þar sem böndin að mínu mati hertust að þeim sem telja þennan samning í lagi gagnvart stjórnarskránni. Þetta var m.a. í lokasvarinu, að menn ættu ekki að vera að deila um slíkt.

Það væri að sjálfsögðu einnig fróðlegt að lesa hér úr norsku greinargerðinni þar sem þeir fjalla um þessar samkeppnisreglur og takmarkanir á þeim. Þessar smámunareglur, sem svo hafa veri nefndar, eða „bagatelmeldingen", þ.e. heildarumsvifin verði innan við 5% og 200 millj. ECU. Ég sleppi því því það er í raun og veru nákvæmlega það sama sem dr. Guðmundur fjallar um og reyndar fjórmenninganefndin líka. Þetta eru reglur sem EB hefur sett fyrir sig en sem eftirlitsstofn-

un á eftir að setja fyrir EES og getur þá orðið allt annað. Það gæti ákveðið annað markaðssvæði, gæti ákveðið að Ísland væri sjálfstætt markaðssvæði. Það er athyglisvert að Norðmenn komast í sinni greinargerð að þeirri niðurstöðu að jafnvel þótt álykta mætti að þetta kæmi ekki norskum fyrirtækjum við afsaki það ekki eða heimili ekki að samningurinn væri samþykktur á Stórþinginu með einföldum meiri hluta atkvæða. Það verði að fara með hann samkvæmt 93. gr.

Nú ég hef farið um þetta allmörgum orðum enda hef ég talið þetta vera ákaflega mikilvægt mál með stjórnarskrána. M.a. af þeirri ástæðu lögðum fram á þingi frv. til breytinga á stjórnarskránni þar sem gert var ráð fyrir að breyta stjórnarskránni í svipað horf og norsku stjórnarskránni sem mundi heimila þeim sem af efnisástæðum vildu fylgja samningnum að greiða honum atkvæði. Því var hafnað og það gerði stjórnarmeirihlutinn hér.

Áður en ég kem að lokaniðurstöðunni er fróðlegt að velta því upp, kannski hefði átt að ræða þær breytingar sem hafa orðið síðan við utanrrh. hófum ásamt fleirum þessa samningsgerð, hvaða breytingar hafa orðið í Evrópu síðan þetta hófst og mér finnst vera umhugsunarefni. Þegar þessi samningsgerð hófst árið 1989 var Evrópubandalagið hin skínandi stjarna í efnahagsmálum heimsins. Það töluðu allir um áframhaldandi mikinn hagvöxt og að þetta yrði langstærsti og öflugasti markaðurinn. Þeir voru að vísu til sem efuðust um þetta og töldu að vonir Evrópumanna um samruna fengjust ekki staðist. Sterk þjóðernisvitund mundi vakna og valda vandræðum. Ég vek t.d. athygli á því sem fyrrv. háskólarektor, Sigmundur Guðbjarnason, sagði um þau mál. Því miður hefur flest af því þegar ræst á miklu skemmri tíma en ég gerði mér grein fyrir. Í dag er ástandið þannig í Evrópu að verðbólga er í kringum 4,5%. Þar er hagvöxtur í ár um 0,9% í Evrópubandalaginu, sem er ekki mikið, og spáð að á næsta ári verði hann í mesta lagi um 1,1%. Sumir efast um að sú spá fái staðist. Þá má vekja athygli á því að atvinnuleysi hefur farið þar stórvaxandi og t.d. á Spáni þar sem hagvöxtur og uppgangur var hve mestur eftir inngöngu þeirra í þennan markað er orðið 17% atvinnuleysi. Ég held að það sé afar mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að lokast ekki inni í þessu ástandi. Þá ætla ég ekki að fara að nefna þau átök sem því miður hafa blossað upp t.d. í Þýskalandi og þá vaxandi andstöðu hjá þjóðernissinnum sem komin er upp miklu víðar, t.d. í Frakklandi. Það er vissulega verulegt áhyggjuefni. Ég held að það sé afar mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að halda dyrum opnum og það vel, líka vestur til Bandaríkjanna og til Japans. Ég verð að viðurkenna að það vekur mig mjög til umhugsunar um þetta mál allt saman og ég hefði m.a. af þeirri ástæðu talið afar nauðsynlegt að þessum samningi yrði sem allra fyrst breytt í tvíhliða samning.

Ég skal nú fara að ljúka þessu, virðulegur forseti, en verð aðeins að lokum að draga saman mína meginniðurstöðu. — Þar gengur hæstv. utanrrh. í salinn ótilneyddur, það er gott að svo er. — Ég sagði áðan að þegar ég lít eingöngu á efnishlið þessa samnings tel ég óvissuna vera meginniðurstöðu mína. Ef íslenskir atvinnuvegir væru sterkir, eins og þeir voru þegar við vorum að styrkja þá að sumu leyti með handaflinu í sambandi við vextina 1989 og 1990, mundi ég heldur hallast að því að efnislega væri þessi samningur skárri en að standa fyrir utan. Vera má að ef stjórnarskráin hefði heimilað mér að greiða þannig atkvæði að ég mundi gera það. Að vísu hefði ég orðið að lýsa áhyggjum mínum út af stöðu íslensks atvinnulífs. Nú er hins vegar svo að stjórnarskráin heimilar mér það alls ekki að mínu mati. Ég vona að ég hafi rakið það nógu ítarlega til að ég þurfi ekki að rökstyðja það frekar. Ég tel það vera yfir allan vafa hafið að það stenst ekki stjórnarskrána að framselja vald, eins og hér er gert ráð fyrir, til erlendra stofnana. Reyndar hallast ég mjög að niðurstöðu Guðmundar Alfreðssonar sem hann leiðir rök að því að verið sé að framselja vald á öðrum sviðum, m.a. vald framkvæmdarvaldsins til að undirbúa löggjöf til Alþingis og m.a. er Alþingi að fela fleirum en alþingismönnum og framkvæmdarvaldinu að undirbúa frv. sem lögð verða fyrir Alþingi.

Ég vek einnig athygli á því að stjórnvöld hafa hafnað því að stjórnarskránni verði breytt. Ég vil út af fyrir sig taka undir það með hæstv. forsrh. sem stundum hefur sagt að það hefði verið skynsamlegt að breyta stjórnarskránni í síðustu kosningum. Það er rétt að þá var komin upp á borðið sú hugmynd að rétt væri að hafa dómstól sem úrskurðaði í deilumálum. Það er einnig rétt að við töldum að það kynni að vera hentugra fyrir okkur Íslendinga en að hafa engan slíkan úrskurðaraðila. En okkur vannst hins vegar ekki tækifæri til þess þá að leita álits lögfræðinga og það er miður. Ef það hefði verið gert hefðum við getað flutt tillögu um breytingu á stjórnarskránni. Því er hins vegar hafnað núna að sú breyting verði gerð og það tel ég vera stórkostleg mistök af hæstv. ríkisstjórn og stjórnarmeirihluta.

Loks er hæstv. ráðherra að fara fram á það að við veitum honum umboð til að staðfesta samning sem verður að landslögum áður en sá samningur liggur fyrir. Ég treysti mér alls ekki til að gera það. Ég verð að segja það, því miður. Þótt samstarf okkar hafi verið ágætt í fyrri ríkisstjórn treysti ég mér ekki til að gefa honum þá traustsyfirlýsingu. Ég hef því komist að þeirri niðurstöðu að vel athuguðu máli að af þessum þremur ástæðum tel ég þetta vera stjórnarskrárbrot: að ekki var samþykkt að breyta stjórnarskránni þannig að heimilt yrði að framselja slíkt vald og að farið er fram á að veita hæstv. ráðherra vald til að takmarka samning sem ég hef ekki séð að öllu leyti. Því hlýt ég að greiða atkvæði gegn þeim samningi sem hér liggur fyrir.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þótti gott að hlýða hér á hv. ræðumann og ekki síst hans lokaorð og lokaniðurstöðu. Hins vegar varð ég fyrir nokkrum vonbrigðum með að hv. þm., formaður Framsfl., gaf ekki til kynna hvernig Framsfl. stæði í þessu máli. Ég ætla ekki að ganga hart að honum í því efni hér og nú en ég vil að-

eins nefna vegna málflutnings hv. þm. að mér finnst það ekki skipta máli í svo stóru máli sem þessi samningur er hvaða ríkisstjórn er við völd hverju sinni, ekki einu sinni hvaða stjórnarstefna er hjá viðkomandi ríkisstjórn. Þær gerast hratt sviptingarnar á þeim vettvangi. (**Gripið fram í:** Þær koma og fara.) Þær koma og fara. En í þeim samningi, sem hér er verið að fjalla um, er ekki einungis tjaldað til einnar nætur.

Ég leit þannig á þetta mál örfáum dögum áður en fyrrv. forsrh. stóð að yfirlýsingunni í Ósló 15. mars 1989 að það gæti ekki samræmst yfirlýsingu hans á Alþingi nokkrum dögum áður að undirrita yfirlýsinguna í Ósló vegna þeirra ákvæða sem í henni fólust. Ef hv. þm. og páv. forsrh. hefði reynt að lesa í spilin og kanna hvaða ráðherrar það voru sem öðrum fremur réðu ferðinni í ríkisstjórn hans í þessu máli hefði ég skoðað mig um tvisvar og ekki aðeins það, líklega þrisvar. Ég leyfi mér að rifja upp að það voru ekki liðnir tveir dagar frá því að hæstv. forsrh. hafði gert sína fyrirvara í ræðu í Ósló að páv. viðskrh. í ríkisstjórninni lýsti því yfir að engir fyrirvarar hefðu komið fram í Ósló. Það hefðu engir fyrirvarar verið gerðir. Ég hlýddi á hann flytja ræðu um þetta á aðalfundi Félags ísl. iðnrekenda líklega 17. mars 1989.

Síðan er stjórnarskrárþáttur málsins. Hæstv. forsrh. fyrrv. ríkisstjórnar var ítrekað minntur á það af þeim sem hér talar að þar væru menn heldur betur á tæpu vaði. Mér finnst það tæpast frambærilegt að þessi mál hafi ekki þurft athugunar við engu síður heldur en nú í tíð núv. ríkisstjórnar. Það ber að skoða þetta mál óháð því hverjir sitja í stjórnarstólum því þetta er mál sem varðar framtíð Íslands meira en nokkuð annað.

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér voru að sjálfsögðu vel kunnug viðhorf hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Ég var þeim ósammála og er þeim ósammála. Þegar yfirýsingin var gefin í Ósló var ekkert þar sem varðaði stjórnarskrána. Það kom ekki fyrr en langtum síðar upp að til greina kæmi að setja upp dómstól. Ég vil líka vekja athygli á því að þegar talað var um forúrskurði í tíð fyrri ríkisstjórnar var leitað álits sérfræðings og ekki talið fært að fallast á það því það stæðist ekki stjórnarskrána. Um þetta gæti ég haft miklu lengra mál en þessar tvær mínútur leyfa.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að gagnvart stjórnarskránni gildir einu hvaða ríkisstjórn situr. Ég tel það hins vegar mikilsvert hver leiðir íslenskt atvinnulíf fyrstu skrefin í þessu samstarfi. Ég tel það afar mikilvægt. Ég tel það afar slæmt hve veikt íslenskt atvinnulíf er í dag. Ég er kannski meira alþjóðlega sinnaður en hv. þm. Ég tel að við verðum að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi. Ég tel afar mikilvægt að þegar það er gert verði þess vandlega gætt og það talin skylda ríkisstjórnar að standa vörð um íslenskt atvinnulíf, t.d. með því að beita jöfnunarsköttum og öllu öðru sem hægt er til að vernda það eins og aðrar þjóðir gera. Hæstv. ríkisstjórn vill ekki gera það og hefur lýst því yfir að hún vilji engin eða sem minnst afskipti hafa af atvinnulífinu. Þetta tel ég afar mikilvægt og við erum þar ekki sammála.

Það er sjálfsagt að ég upplýsi það hver afstaða Framsfl. er. Ég vil leyfa mér að fullyrða það að enginn þingmaður framsóknarmanna muni greiða þessum samningi atkvæði sitt.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir hans viðbrögð við þessu. Ég tek fram að mér finnst málflutningur hans og hvernig málið er túlkað bera vott um að hann hefur öðlast nýja sýn til málsins og miklu traustari sýn en var þegar hann leiddi ríkisstjórn. Það er sannarlega góðs viti. Ég tel hins vegar ekki að það sé viðunandi niðurstaða fyrir Framsfl. eða formann hans ef það er ekki öruggt að allur flokkurinn greiði atkvæði gegn þeim ógjörningi sem hér er á ferðinni og hv. þm. hefur fært mjög gild rök að, ekki síst með vísan í stjórnarskrána. Það er enn þá vafi hver niðurstaðan verður og við skulum vona að niðurstaðan verði eins og hv. þm. hefur sannarlega mælt fyrir. Heill sé honum fyrir þann málflutning og þann tón sem hann hefur gefið hér.

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. þm. um afstöðu Framsfl. Ég vil vekja athygli á því að við höfum nýlega haldið fjölmennt og mjög gott flokksþing þar sem ítarlega var um málið fjallað. Þar varð niðurstaðan sú að flokksþingið mælir ekki með því að greiða þessum samningi atkvæði. Það tel ég afar viðunandi niðurstöðu. Hitt er svo alveg ljóst að menn geta haft mismunandi mat á stjórnarskrárþætti þessa máls, það gera lögfræðingarnir. Ég er í engum vafa um að þetta er brot á stjórnarskránni. Menn hljóta einnig að hafa mismunandi mat á efnisatriðum þessa samnings. Ég vek athygli á því að hv. þm. hafði allt annað mat á samningnum í upphafi viðræðnanna en hans flokksmenn. Hann fór ekkert leynt með það. Mér fannst það ekki óeðlilegt í svo viðamiklu máli.

Aðeins út af því sem sagt var áðan um fyrri ríkisstjórn og að ég hafi séð hlutina fyrir. Ég lýsti því áðan að í fyrri ríkisstjórn var mjög náið samstarf og satt að segja tel ég að við höfum haft miklu betra taumhald á hæstv. utanrrh. en nú er og þar sé æðimikill munur á.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það hefur ekki farið fram hjá neinum sem hér hefur fylgst með umræðu að það hefur reynt mjög á líkamsþrek hæstv. utanrrh. að þurfa að sitja undir ræðum. Nú er það svo að forsætisnefndin býr nokkuð vel. Hún hefur sjö til skiptanna. Ef þetta væri sett upp í stíl hestamanna er náttúrlega ólíkt að hafa sjö tli reiðar eða þurfa að búa við einn reiðskjóta enda er ástandið þannig að það eina sem hæstv. utanrrh. hefur getað gert er að halla sér að hæstv. viðskrh.

til skarfs og ráðagerða þegar erfiðar spurningar hafa komið fram. Augljós þreytumerki hafa einnig sést á hæstv. iðnrh. sem er sá sami og gegnir því að vera hæstv. viðskrh.

Nú er það svo að ég hélt að gilti enn á þessum fundi sá listi um fjarvistir sem lesinn mun hafa verið upp í dag. Það hafði verið boðað til fundar og látið hringja út en þær hafa sagt mér á símanum að sumir séu sofnaðir og neitað að vekja þá. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort hann hafi gefið einhverjum sérstökum stuðningsmönnum hæstv. ríkisstjórnar heimild til að sofa á meðan þessi umræða fer fram.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill vegna fyrirspurnar upplýsa að hann hefur ekki veitt nokkrum þingmanni svefnleyfi enda klukkan ekki orðin tólf enn þá.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Nú hefur verið mælt fyrir tveimur af þeim fjórum nál. sem eru í þessu stóra og mikla máli. Næst á mælendaskrá er hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sem mælir fyrir áliti 2. minni hluta utanrmn. Ég vil segja við virðulegan forseta að mér finnst það í raun og veru vanvirða við hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og þá miklu vinnu sem hún og aðrir í utanrmn. hafa lagt í þetta mál að haga störfum hér þannig að eftir fjögurra mánaða vinnu í utanrmn. sé þingmanninum ætlað að mæla fyrir nál. sínu um hánótt og hefja þá ræðu kl. 12 á miðnætti. Ég hef spurt forustumenn í starfsliði þingsins hvort fordæmi sé fyrir því að í meiri háttar máli sé þingstörfum hagað þannig að mælt sé fyrir nál. um hánótt ef um ágreiningsmál er að ræða. Forustumennirnir í starfsliði þingsins hafa ekki treyst sér til þess að nefna neitt slíkt fordæmi.

Nú er vitað að t.d. hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur lagt mikla vinnu í þetta mál, það mikla vinnu að hún hefur t.d. komist að annarri niðurstöðu en aðrir í þingflokki hennar. Þess vegna er eðlilegt að ræða hennar krefjist þess að hún fjalli nokkuð ítarlega um málið og ég vona að allir þingmenn hér hafi pólitískan skilning á því. Ég verð að segja það við virðulegan forseta að mér finnst ekki ná nokkurri átt að forsetadæmið ætli að skipuleggja þannig störfin hér að þessum hv. þm. sé gert það að eiga að hefja framsöguræðu sína kl. 12 á miðnætti. Ég vil biðja þann forseta sem hér situr, sem ég veit að vísu að er ekki aðalforseti þingsins, að gera smáhlé á fundinum og hafa samráð við aðalforseta og formenn þingflokka um það hvort virkilega er ætlunin að þingmaður eftir fjögurra mánaða vinnu og yfir 80 fundi í utanrmn. að mæla fyrir nál. sínu hér um hánótt. Það getur ekki verið að stjórn þingsins sé með þeim hætti að það eigi að fara að innleiða þau vinnubrögð sem eru án nokkurs fordæmis. Við eigum að sýna hvort öðru lágmarkskurteisi í umgengni og ekki nær nokkurri átt að ætla fólki að mæla fyrir nefndarálitum við þessar aðstæður, virðulegi forseti. Þess vegna er ósk mín að gert verði nokkurra mínútna hlé á fundinum þannig að menn geti ráðskast um þetta mál áður en forsetdæmið heldur úti þá vanvirðu að ætla að gera þetta með þessum hætti.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna orða þingmannsins hafði forseti gert ráð fyrir því að hv. 10. þm. Reykv. bæri fram slíka ósk sjálf en hv. 10. þm. Reykv. hefur kvatt sér hljóðs um gæslu þingskapa.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar þingskapaumræðu sem er komin upp vil ég að það komi skýrt fram að mér finnst það auðvitað ekki fýsilegur kostur að tala fyrir nefndaráliti um og eftir miðnætti. Menn mega vita það að framsaga fyrir mínu nefndaráliti tekur auðvitað nokkurn tíma. Nefndarálitið er nokkuð mikið að vöxtum og þó ég hafi ekki hugsað mér að lesa það frá orði til orðs ætla ég samt að fara í gegnum það og spinna út frá því og þess vegna hlýtur það að taka nokkkurn tíma. Mér finnst satt að segja ekki boðleg vinnubrögð að eiga að fara að tala fyrir slíku áliti eftir miðnætti þegar þingmenn virðast vera bæði orðnir tiltölulega fáliðaðir og sumir nokkuð aðframkomnir, þá er auðvitað ekki skemmtilegt að standa í pontu og messa yfir mönnum, líka með mál eins og þetta sem margsinnis hefur verið sagt að sé einn stærsti alþjóðasamningur sem Íslendingar hafa gert og þetta sé eitt stærsta mál sem menn hafi fjallað um á þinginu. Ég hefði svo sem fyllilega kosið að það yrði rætt hvernig framhald þingstarfsins á að vera hér í nótt áður en ég held áfram.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er venja að verða við því að gera stutt hlé á fundum þegar um það er beðið og ég sé enga ástæðu til annars en forseti verði við þeirri ósk hv. 8. þm. Reykn. Hins vegar hlýt ég að benda á að af þeim tíma sem hefur verið til ráðstöfunar fyrir fundi í þinginu í dag hefur tveimur klukkustundum verið varið í umræður um þingsköp, einum og hálfum tíma í eftirmiðdag og hálftíma hér í kvöld og enn er verið að bæta í þann sarp. Ég hlýt líka að benda á að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson fékk til ráðstöfunar hálftíma í eftirmiðdag vegna utandagskrárumræðu þannig að ekki er um það að ræða að einhverjar sérstakar tafir hafi verið að ræða af hálfu forsetadæmisins eða stjórnarliðsins í þessu máli í dag. Ég held að menn ættu nú að líta í eigin barm í þessu máli. (**ÓÞP:** Hvað með friðarhöfðingjann ...?) Hvað með friðarhöfðingjann, hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson? (**ÓÞP:** Hvað með friðarhöfðingjann, Ólaf Baldvin, Jón Baldvin? Hefur hann verið til friðs í þessu máli?) Hvað með friðarhöfðingjann Ólaf Baldvin? Ég veit ekki hvernig er með hann. En ég hlýt að vekja athygli á þessu og ef ég veit rétt og þekki vini mína í stjórnarandstöðunni rétt þá hafa þeir hugsað sér að leggja töluvert í viðbót í þessa þingskapaumræðu núna og eflaust byrja þeir þingfundinn á morgun með drjúgum umræðum um þingsköp. Ég vildi vekja athygli á þessum staðreyndum um þinghaldið í dag auk þess sem frsm. 1. minni hluta talaði í tvo og

hálfan tíma og auðvitað er ekkert við því að segja að menn flytji ítarlegar ræður um þetta mikla mál. En ég vildi koma þessu að, virðulegi forseti, um þinghaldið í dag en að öðru leyti geri ég ekki athugasemd við það að gert verði stutt hlé á fundinum.

Kristín Ástgeirsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hv. 8. þm. Reykv. sé að æsa sig í pontu. Ég hef skilið það sem fram hefur komið í umræðunni þannig að það væri nógur tími og allt í góðu gengi. Það sem ég meina með þessum orðum er m.a. það sem hæstv. utanrrh. sagði á blaðamannfundi í dag að staða annarra mála sem væru til umræðu í þinginu væri viðunandi svo að greinilegt er að hér er nógur tími til að tala um Evrópska efnahagssvæðið. Mér kemur þetta sjónarmið nú satt að segja nokkuð spánskt fyrir sjónir því að hér var dreift til okkar í kvöld lista með forgangsmálum ríkisstjórnarinnar og þegar ég lít yfir þennan lista fæ ég ekki betur séð en það séu a.m.k. sjö mál sem eðlilegt hlýtur að teljast og nauðsynlegt að verði afgreidd fyrir jól. Því hlýt ég að spyrja, herra forseti, er forseti sammála þessu mati utanrrh. að staða annarra mála í þinginu sé viðunandi? Hvað meinar hæstv. utanrrh. með þessar yfirlýsingu? Ég vil bara spyrja. (**Gripið fram í:** Hvaða mál eru þetta?) Ja, þetta er langur listi, virðulegi þingmaður. Ég hef ekki talið málin en ég tel þó ekki með fjáraukalög og lánsfjárlög sem ég reikna með að ríkisstjórnin treysti sér til að fresta fram á næsta ár. En það er alveg greinilegt að hér er nógur tími og við tökum okkur þá auðvitað þann tíma sem við þurfum. En ég vil fá að taka undir það að auðvitað er algerlega óviðunandi að ætla fólki að mæla fyrir nefndarálitum upp úr miðnætti og langt fram á nótt þegar fólk er búið að leggja mikla vinnu í það verk þó að ég sé reyndar ekki sammála öllu sem kemur fram í þessu nefndaráliti en það er annað mál. En það er auðvitað óviðunandi að fólki skuli boðið upp á þessi vinnuskilyrði.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka það fram að hann telur eðlilegt vegna þeirra óska sem hér hafa komið fram að gera stutt hlé á fundinum og kalla til formenn þingflokka til þess að ræða við forseta.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst miður ef ræða mín hefur orðið til þess að hv. þm. Geir Haarde taldi nauðsynlegt að fara upp með þau ummæli sem hann viðhafði. Ég bað einfaldlega um að stutt hlé yrði gert þannig að menn gætu rætt þetta mál utan við þingsalinn af því að mér finnst það eiginlega ekki nokkur framkoma gagnvart hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur í ljósi sögu málsins og vinnunnar að ætla henni að gera þinginu grein fyrir henni hér um miðnætti. Meira en helmingurinn af þeim tíma, hv. þm. Geir Haarde, sem hefur verið varið í þingskapaumræðu í dag, er vegna yfirlýsingar utanrrh. utan þings. þannig að ef hv. þm. hefur einhver tök á því að fækka yfirlýsingum hæstv. utanrrh. utan þings þá mundi það mjög bæta hér og greiða fyrir málum. Kem ég þeirri ósk á framfæri. (**GHH:** Það hafa margir reynt það.) Já, það hafa margir reynt það, ég veit það. En stundum hefur það borið árangur.

Það er hins vegar alveg rétt að ég fékk umræður utan dagskrár í dag í hálftíma. Ég þakkaði fyrir það. En ég vil þó geta þess að það var farið fram á það við mig að ég biði með þá utandagskrárumræðu þar til um korter í fjögur til þess að hv. þm. Björn Bjarnason fengi að ljúka sínu máli og það þyrfti ekki að slíta þá umræðu í sundur. Ég varð við þeirri ósk þó að það kæmi sér ekki endilega mjög vel fyrir mig. Við höfum því í sameiningu reynt að ná samkomulagi til þess að taka tillit til óska hvers annars og það var greinilega ósk frá hv. þm. Birni Bjarnasyni að hann þyrfti ekki að slíta ræðu sína í sundur og ég varð við þeirri ósk og frestaði þannig umræðu minni.

Ragnar Arnalds *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil upplýsa að á fundi þingflokksformanna með hæstv. forseta sem haldinn var kl. 8.30 í kvöld bar það mjög á góma hversu lengi ætti að halda fundi áfram í kvöld. Við talsmenn stjórnarandstöðunnar lögðum þunga áherslu á það að fundur stæði ekki fram yfir miðnætti. Ég vil láta það koma fram að mér fannst að það væru nokkuð góðar undirtektir undir það að verða við því að fundurinn stæði ekki mikið fram yfir miðnætti. Að vísu vildum við líka fá alveg á hreint hvenær þau tímatakmörk yrðu en því var ekki alveg slegið föstu. En í ljósi þess að gera má ráð fyrir því að hv. þm. Ingibjörg Sólrún þurfi töluverðan tíma til þess að gera grein fyrir nál. sínu og ekki er eðlilegt að slíta ræðu hennar í sundur frekar en gert var í dag, þá sýnist manni að við ættum að slá botninn í þetta hér og nú og ég mundi eindregið mælast til þess að svo yrði.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það gengur orðið mikið á þegar það prúðmenni, 8. þm. Reykv., fer upp með ræðu eins og hann gerði hér áðan um þingsköp. Ég held reyndar að það séu ekki þingskapaumræður stjórnarandstöðunnar sem hafa raskað ró hans og jafnvægi. Ég held að ástæðu þess sé frekar að leita innan dyra á stjórnarheimilinu.

En það var ekki það sem var erindi mitt. Ég bendi virðulegum forseta á það að í þeim lista, sem var lagður fram í dag um forgangsmál, eru mörg mjög stór mál sem verða að fá framgang ef núv. hæstv. ríkisstjórn á að geta sinnt sínu samstarfi í upphafi næsta árs. Þess vegna vil ég biðja virðulegan forseta að fara nú til hæstv. utanrrh., því eins og við vitum, ræðir hæstv. utanrrh. ekki lengur við þingið öðruvísi en í gegnum fjölmiðla, og leiti eftir því í því þinghléi eða umræðuhléi, sem nú á að gera, hvaða dagsetningar er um að ræða varðandi fullgildingu EES-samningsins á Alþingi. Hæstv. utanrrh. ræðir alltaf um að það verði að liggja ljóst fyrir áður en hann fari til fundar með öðr-

um foringjum EFTA-þjóða um framgang málsins.

Hæstv. forseti. M.a. af störfum mínum úti í efh.- og viðskn. veit ég hve gífurlega mikil vinna liggur hér fyrir til þess að hægt sé að afgreiða fjárlög og fylgifrv. þess þá vil ég biðja hæstv. forseta að ganga í það að fá þær upplýsingar frá hæstv. utanrrh. hvenær hann þurfi að hafa þetta í höndunum. Er það virkilega svo að utanríkisráðherrar EFTA-landanna ætli að hittast um jólin eða er það í byrjun janúar eða er það ráðgert í seinni hluta janúar? (Gripið fram í.) Jólin, segir hv. 8. þm. Reykv. Það getur vel verið að utanríkisráðherrarnir ætli að halda jólin saman einhvers staðar á góðum stað í hinu tilvonandi Evrópska efnahagssvæði og fjalla um þessi mál. En þetta segi ég í fullri alvöru að ég leita til virðulegs forseta um það að hann gangi í það að fá þessar upplýsingar frá utanrrh. svo að við vitum á hverju hann byggir þann sterka vilja sinn að drífa umræðuna í gegn á þeim tíma þegar svo mikið liggur við að hægt sé að vinna áfram í nauðsynlegum skattamálum og öðrum breytingum.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill ítreka að strax að loknum þessum þingskapaumræðum verður gert hlé á fundinum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa þingskapaumræðu. Ég vil aðeins að það komi fram vegna þess að nefndarálit mitt hefur orðið tilefni hennar að mér er í sjálfu sér ekkert að vanbúnaði að flytja nefndarálit mitt. Það er einungis sá tími sólarhringsins sem mér er ætlaður til þess sem mér finnst heldur óviðurkvæmilegur. Ég hef verið tilbúinn með nefndarálitið frá því í lok nóvember. Ég hef aldrei beðið um frestun á þessu máli eða orsakað neina töf í því og þótt nefndarálitið sé dags. 4. des., er þetta einungis vegna þess að það lá auðvitað ekkert á því fyrr þar sem umræðan var ekki skipulögð fyrr en sl. laugardag. Ég vil því ekki að það sé litið svo á að ég sé að reyna að drepa málinu á dreif eða fresta því. Mér er ekkert að vanbúnaði, það er tímasetningin.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það fer ekki á milli mála að það er rétt sem hv. þm. Geir Haarde sagði og gaf í skyn að það eru aðeins örfáir klukkutímar sem hv. þm. hafa haft til þess að ræða þetta mál sem allir eru sammála um að sér stærsta mál, ekki bara þessa þings, kannski stærsta mál í sögu þjóðarinnar. Þess vegna er alveg rétt ályktun að ekki sé hægt að ljúka umræðunni núna. Hvort heldur það væri núna eða í fyrramálið þá getur það auðvitað ekki verið að þeirri umræðu yrði lokið. Ég styð það þess vegna eindregið að hlé verði tekið núna frekar en að taka það kannski um hádegi á morgun eða eitthvað slíkt og mæli mjög sterklega með því að fallist verði á þá tillögu.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti mun fresta fundi og óska eftir því að formenn þingflokka mæti til forsetaherbergis. Fundinum er frestað um 10 mínútur, til kl. 12.30. — [Fundarhlé.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fundi er fram haldið í Alþingi og áfram haldið umræðu um eina dagskrármálið.

Ragnar Arnalds *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi skýrt fram að þessi niðurstaða er ekki gerð í neinu samkomulagi við okkur talsmenn stjórnarandstöðuflokkanna. Við teljum það sjálfsögð vinnubrögð að ljúka fundi nú þannig að þeir sem eiga eftir að mæla fyrir nefndarálitum minni hluta geri það í dagsljósi á morgun en ekki nú á næturfundi. Við höfum mótmælt því mjög eindregið að fundi sé haldið áfram. Ég minni á að fundir eru boðaðir í fyrramálið í ýmsum nefndum klukkan korter yfir átta og auðvitað er ekki hægt að bjóða þingmönnum það að eiga að sitja marga klukkutíma í viðbót á fundi.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég bar fram spurningu sem ég bað virðulegan forseta fyrir hlé að koma á framfæri við hæstv. utanrrh. þar sem ráðherrann ræðir ekki lengur við þingið. Ég treysti því að sá forseti, sem þá var, hafi komið þeirri spurningu á framfæri en hún var efnislega í þá veru hvaða tímatakmörk það eru sem hæstv. utanrrh. hefur. Hvenær er fyrirhugaður sá fundur forsvarsmanna EFTA-ríkjanna þar sem hann telur sig þurfa að vera mættur með niðurstöðu Alþingis í málinu? Þetta segi ég, virðulegi forseti, vegna þess, eins og ég sagði í ræðu minni áðan, að ég sem nefndarmaður í hv. efh.- og viðskn. veit hvað liggur fyrir okkur hér þannig að hægt sé að afgreiða nauðsynlegustu mál fyrir áramót og taldi þess vegna nauðsynlegt að við þingmenn fengjum að vita hvaða forsendur væru fyrir því að það þyrfti að keyra þessa umræðu fram núna. Mig grunar að höfuðástæðan sé sú að hæstv. ríkisstjórn vilji breiða yfir það að öll mál, sem tengjast fjárlögum og skattamálum, eru óklár og þingið mundi vera nánast starfslaust næstu tvo til þrjá daga ef þessi umræða væri ekki í gangi.

Þess vegna, virðulegi forseti, vil ég fá svar hvort ekki hefur verið leitað eftir svörum við þessari spurningu við hæstv. utanrrh. í því hléi sem gefið var áðan.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur því miður ekki svarað spurningunni þar sem sú, sem hér stendur, var ekki í forsetastóli þegar þessi spurning var borin fram, en mun að sjálfsögðu láta athuga hvort þetta mál hafi verið borið undir hæstv. utanrrh.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að lýsa miklum vonbrigðum með það að forseti Alþingis skuli ekki hafa tekið af skarið og ákveðið á sjálfstæðan hátt að ljúka fundinum nú. Mér er alveg ljóst að utanrrh. setur ofurþrýsting á forsetaembættið í þessu máli. Það er öllum ljóst hér. En auðvitað er ekki hægt að láta heilt

þjóðþing ganga eftir sálrænum duttlungum hæstv. utanrrh. Þetta er stærsta mál, ekki bara þessa þings, virðulegi forseti, heldur stærsta mál nokkurra áratuga. Við höfum í utanrmn. lagt fjögurra mánaða vinnu, samfleytt frá ágústmánuði og margir enn lengur, í þetta mál. Hér hefur komið fram að við höfum haldið í kringum 80 fundi í nefndinni um málið. Finnst virðulegum forseta það vera okkur bjóðandi, fulltrúum 2. og 3. minni hluta í utanrmn., eftir alla þessa vinnu að ætla að gera þinginu grein fyrir henni um hánótt? Hvers konar framkoma er þetta við okkur eiginlega? Þetta er ekki manneskjuleg framkoma, hún er ekki kurteisi og hún er ekki þingleg. Á maður að skilja þann boðskap þannig að þegar maður í marga mánuði er að vinna hér að málum og reynir að vanda sig vel þá sé það afstaða forsetaembættisins að umræður skuli fara fram um hánótt bara af því að einhver ráðherra heimtar það?

Ég vil biðja forseta þingsins að taka sjálfstæða ákvörðun í þessu máli. Það vita auðvitað allir að ekki verður hægt að ná neinu samkomulagi við utanrrh. um þetta mál. Hann er utan þings að ráðast á þingið dag eftir dag og ef hann á að ráða hér ferð verður þetta allt saman upp í loft. Og ætla að bjóða okkur það, 2. og 3. minni hluta utanrmn., að mæla fyrir okkar nefndarálitum þannig að klukkan verði kannski orðin fimm eða sex þegar við höfum lokið okkar málflutningi og tveir klukkutímar í það að nefndastörf hefjist klukkan átta gengur ekki, virðulegi forseti. Það bara gengur ekki.

Ég óska eftir því ef forseti ætlar virkilega að halda við þessa ákvörðun að hún skýri rökin á forsetastóli gagnvart okkur þingmönnum sem erum settir í þessa stöðu. Hver eru rökin? Hver er nauðsynin fyrir því að láta okkur mæla fyrir nefndarálitunum um hánótt? Ég vil biðja virðulegan forseta að útskýra það fyrir okkur. Mér finnst ég eiga kröfu á því að fá að vita það af hálfu forsetans hvers vegna hún er að setja okkur í þessa stöðu.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst að það sé margt í störfum Alþingis sem hafi mjög farið aftur eftir að deildaskipting var aflögð. Það eru kannski ekki stór formsatriði en þó eru það formsatriði þegar tilkynnt er að fresta eigi fundi um tíu mínútur og við venjulegir þingmenn teljum að það séu þessar venjulegu tíu mínútur sem verið er að tala um. En þetta er orðið eins og annað og ekki haft fyrir því að senda forseta í stólinn til að tilkynna framhaldsfrestun eins og alltaf hefur verið gert undir slíkum kringumstæðum þannig að menn vissu þá hvort það ætti að vera 20 mínútur, 30 mínútur eða klukkutími. Ég mat það aftur á móti við starfandi forseta að hann ákvað að fresta, það var virðingarvert, og að menn ræddu saman.

Annað er það að ég man eftir því að Lúðvík Jósepsson setti fram kröfur um hvað væri eðlilegur vinnudagur á Alþingi. Ég man eftir því að Matthías Bjarnason setti fram kröfur um hvað væri eðlilegur vinnudagur. Og ég hygg að ekki sé hallað á neinn af hinum ungu fulltrúum Sjálfstfl. eða Alþfl. í salnum þó ég segi það hreint út að sá sem best situr þingfundi er aldursforsetinn í salnum í dag, hv. 4. þm. Reykv. Það er einfalt að samþykkja það niðri í flokksherbergjum að hér skuli haldið uppi fundum og fara svo heim að sofa. Það er einfalt. Það eru stórar hetjur sem þannig starfa og tefla svo fram hinum sem ætla að hlusta og ætla þeim að vaka.

Ég verð að segja eins og er að mér finnst ekki mikið tillit tekið til þeirra manna sem eru komnir yfir miðjan aldur þegar menn standa svona að verkum. Það hefði verið eðlilegt að haga málum þannig nú að gera hlé, en byrja fundinn á morgun á því að hæstv. iðnrh. eða utanrrh. segði okkur fréttir af olíufundinum sem íslenska sjónvarpið var að segja frá og upplýsti hvort þessi olíufundur er á því svæði sem Íslendingar hafa gert tilkall til. (**Gripið fram í:** Og hver hefur talað mest fyrir því?) Hver skyldi hafa talað einna mest fyrir þeim málum?

Herra forseti, ég ætla ekki að þreyta hæstv. forseta eða þingheim með lengri umræðu um þetta.

Össur Skarphéðinsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Nú er þetta auðvitað ekki í fyrsta skiptið sem fundur er haldinn vel inn í nóttina. Nú stöndum við frammi fyrir því að það eru mörg mál og erfið sem þingið þarf að afgreiða fyrir jól. Það er ekki bara EES, sem stjórnarmeirihlutinn leggur mikla áherslu á, það eru líka ýmis önnur mál. Þess vegna er nauðsynlegt að nýta tímann sem best. Auðvitað væri æskilegt ef hægt væri að hætta núna og hver héldi til síns heima og hvíldi sig fyrir morgundaginn. Ég vil að það komi fram og get sagt það fyrir hönd stjórnarliðsins að við erum fyrir okkar leyti tilbúin að hætta núna ef hægt er að ná samningum um það hvenær þessi umræða endar. Á sínum tíma var samið um það, 2. des., að til þessarar umræðu þyrfti þrjá daga. Ég tel að ekkert hafi gerst sem raunverulega hafi breytt þeirri tímaþörf og þess vegna segi ég, eins og kom fram á fundi okkar formanna þingflokkanna með forseta fyrr í kvöld, að við erum út af fyrir sig reiðubúin til að hætta núna ef hægt er að ná samkomulagi um það hvenær umræðan endar.

Staðan er hins vegar einfaldlega þannig að ef það er svo, eins og kom fram í umræðunni í dag, að e.t.v. þyrfti alla daga fram að jólum í þessa umræðu þá sér hver maður að með einhverjum hætti verður að skipuleggja hana. Ef ekki er hægt að ná samkomulagi þá sé ég ekki annað en að við verðum að nota þann tíma sem til er og tala talsvert inn í þessa nótt.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það virðist ekki alveg hafa komist til skila, og er raunar dálítið sérkennilegt, að ýmislegt hefur breyst. Það var alla tíð fyrirvari af hálfu stjórnarandstöðunnar að það yrði breyting á þessu samkomulagi ef þjóðaratkvæðagreiðsla í Sviss færi á þann veg sem hún gerði. Það á ekki að þurfa að koma nokkrum manni á óvart að þessi breyting varð. Það er líka svo að ekki voru allir sáttir við þann knappa tíma sem ætlaður var fyrir 2. umr., jafnvel þótt að þessi viðbót hefði ekki komið, en menn höfðu þó alla vega

möguleika á því að halda áfram við 3. umr. sem var kannski neyðarkostur fyrir suma. En það þarf ekki að vera neinum undrunarefni að þessi umræða er jafnátakamikil og hún er vegna þess að á Íslandi er staðið mun ólýðræðislegar að málum en í öllum hinum EFTA-ríkjunum. Ég rakti það í dag og ætla ekki að fara að endurtaka, en ég hef útskrift af því hvernig þessum málum er háttað ef einhver efast um mitt mál. Það er einfaldlega þannig að hér er verið að reyna að knýja í gegn úrslit með litlum þingmeirihluta, ef hann *verður þá fyrir hendi, í máli sem varðar marga.* Það hlýtur að vera réttur okkar og skylda sem erum ekki sátt við þessi vinnubrögð að reyna að tala um fyrir þeim sem ætla að hafa þennan hátt á og það krefst tíma. Það er ekkert launungarmál að þetta er stórt, viðamikið og margslungið mál og enn er von til þess að eitthvað breytist.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hv. 17. þm. Reykv. sagði að ekkert hefði breyst frá því að samkomulag, sem hann taldi að hefði verið gert um þessa umræðu, var gert. Ég tók ekki þátt í þeim umræðum en get þó sagt hv. þm. það að eitt hefur breyst frá þeim tíma og það er að í ljós hefur komið að nauðsynlegustu lagabreytingar til þess að hægt sé að koma fram fjárlögum og tilheyrandi skattalagabreytingum eru svo skammt á veg komnar og frumvörpin svo illa unnin af hálfu ríkisstjórnar að við þurfum allan tíma sem við höfum fram að jólum til þess eins að vinna í þeim málum.

Þess vegna var það, virðulegi forseti, að ég bar fram þá spurningu fyrr í kvöld hvað það væri af hálfu hæstv. utanrrh. sem ræki svona mikið eftir því að þessi umræða yrði kláruð núna. Ég veit að hæstv. forseti veit að þing hefur iðulega komið saman að nýju í janúarbyrjun *til þess að taka á málum sem hafa þó verið* minni umfangs og minni að mikilvægi en samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði. Þess vegna finnst mér það lágmarkskrafa okkar þingmanna að hæstv. utanrrh., sem fer með þetta mál fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, upplýsi hvað það er sem setur þessa gífurlegu pressu á málið núna.

Ég treysti því, virðulegur forseti, að virðulegur forseti sjái til þess að við þeirri spurningu, sem ég lagði fyrir þann forseta sem var fyrr í kvöld og bað um að yrði farið með inn á fundinn sem haldinn var í hléinu áðan, fáist svar ekki seinna en í upphafi fundar á morgun hvað það sé af hálfu hæstv. utanrrh. sem setur þessa pressu á málið.

Jóhann Ársælsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Eins og þessi dagur hefur sýnt okkur eru öll mál í upplausn sem þurfa að komast í gegnum þingið fyrir áramót. Ef menn ætla að halda þessa braut munu líklega engin önnur mál komast í gegn fyrir jól. Það hlýtur því að vera mikið umhugsunarefni fyrir hæstv. forseta hvað eigi að gera í þessu. Ég hvet forseta eindregið til þess að reyna að bera klæði á vopnin og reyna að hafa þau áhrif að þessari umræðu verði frestað fram yfir áramót. Það er eina leiðin til þess að önnur mál komist áfram. Það er alveg auðséð á því hvernig þetta gengur allt saman fyrir sig. Þessu máli var líkt við það að ætla sér að gifta dauðan mann. Ég held að frekar sé hægt að líkja þessu hreinlega við jarðarför og minni á kvæðið þar sem var kveðið um einhvern Jón, „eftir japl og jaml og fuður, Jón var grafinn út og suður". Þ.e. að þannig endi þetta mál að við gröfum þennan Jón út og suður. (**ÓÞÞ:** Er átt við hæstv. utanrrh.?) Akkúrat.

Ég vil sem sagt leggja það til að gert verði það sama og Vestfirðingar gerðu áður og þetta lík verði staursett, a.m.k. vel fram yfir áramótin.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill biðja menn að gæta orða sinna í þessum umræðum.

Kristín Ástgeirsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Mörg rök hníga að því að skynsamlegt væri að láta þessari umræðu lokið, bæði það sem snýr að þeim þingmönnum sem eiga eftir að mæla fyrir nál. og er, eins og ég hef áður sagt í kvöld, ekki upp á það bjóðandi að þeir séu að fara í gegnum sín nefndarálit um miðja nótt. Það er líka annað sem vekur athygli sem er náttúrlega ástandið í Alþfl. því hér ber engu saman og því mundi ég halda að full ástæða væri til að gera hlé þannig að Alþfl. gæti komið sér saman um það hvað hann vill gera. Hv. 17. Reykv., þingflokksformaður Alþfl., er farinn að ræða að það þurfi að afgreiða einhver önnur mál fyrir jól en EES, en formaður Alþfl. sagði í útvarpi fyrr í kvöld, ég hlustaði á það í fréttum, að það lægi mest á því að afgreiða EES-málið en staða annarra mála er viðunandi, sagði hæstv. utanrrh.

Ég vil leggja það til, virðulegi forseti, að gert verði hlé á *þessum fundi þannig* að sérstaklega Alþfl. geti komið sér saman um hvað beri að gera í þessum málum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þingflokkur Alþfl. hefur ekki óskað eftir því að gert verði hlé. Þá verður tekin upp þessi umræða sem forseti hafði boðað.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Forseti hefur valdið í þessum efnum og auðvitað mun meiri hlutinn ráða framgangi máls en ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að kostir eru tveir í þessari stöðu. Velji forseti þann kost að halda umræðu áfram þá kvarta ég ekkert undan því enda vanur vökum og að vinna á nóttu ef með þarf. En ég vildi benda forseta á að það mun óhjákvæmilega hafa áhrif á störf þingnefnda. Skv. 20. gr. þingskapalaga er ekki unnt að halda þingnefndafundi á meðan á þingfundum stendur nema allir þingmenn samþykki. Forseti verður því að gera sér ljóst að verði haldið áfram umræðu eins og útlit er fyrir að forseti hafi ákveðið þá mun hún að sjálfsögðu standa nokkurn tíma. Ég sé ekki að þingmenn sem sinna lögboðinni skyldu sinni skv. 53. gr. þingskapa, að vera hér á þing-

fundi, uni því ef fundur stendur mikið lengur að mæta á þingnefndafundum kl. 8 í fyrramálið. Þaðan af síður ef þingfundur mun þá standa enn. Þetta vildi ég að forseta væri alveg ljóst. Enn fremur vil ég minna forseta á að samkvæmt viðverutöflu eru einungis 15 stjórnarliðar í húsinu af 36 og ég vildi gjarnan að forseti gerði þingheimi grein fyrir því hversu margir af þeim 21 sem eru fjarverandi hafa fjarvistarleyfi þannig að ljóst sé hverja vantar. Óhjákvæmilega hlýtur maður að gera þá kröfu til þingmanna verði fundi fram haldið að jafnt gangi yfir alla í þessum efnum og menn mæti hér og sinni þinglegum skyldum skv. 53. gr. þingskapalaga.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég hafði óskað eftir því að forseti svaraði spurningu minni áðan en ég heyri að forseti ætlar ekki að virða mig svars. Ég spurði: Hvað er það sem knýr forsetann til að halda þannig á málum að 2. og 3. minni hluti utanrmn. verða eftir fjögurra mánaða samfellda vinnu að gera grein fyrir ítarlegum nefndarálitum sínum um hánótt? Ég vil minna virðulegan forseta á að hún kallaði mig í forsetaherbergið í dag og greindi mér frá því að henni fyndist ekki við hæfi að hv. þm. Björn Bjarnason þyrfti að slíta í sundur ræðu sína og þess vegna var ég spurður hvort ég vildi ekki fallast á að bíða með að utandagskrárumræðan hæfist svo að tillit væri tekið til hv. þm. Björns Bjarnasonar. Ég féllst á það. Þá lá svo mikið við að taka tillit til framsögumanna utanrmn. að hv. þm. Björn Bjarnason mátti ekki slíta í sundur sína ræðu og ég varð að breyta mínum áætlunum og samkomulagi. Er mönnum mismunað hér, virðulegur forseti? Er þingstörfum breytt og áætlunum og tilkynningum úr forsetastól til að verða við óskum hv. þm. Björns Bjarnasonar? En þegar ég bið um skýringu af forsetastóli um það hvers vegna forseti sér sig knúinn til að pína okkur í þessa stöðu fæ ég ekki einu sinni svar.

Mér er alveg ljóst að Alþfl. leggur á þetta höfuðkapp. Það vita allir. Það þurfti ekki ræðu hv. þm. Össurs Skarphéðinssonar til þess. En í stöðu sem þessari verður forsetinn að hafa sjálfstæðan vilja. Hann verður að gæta hagsmuna þingmanna en má ekki bara líta á sig sem fulltrúa ríkisstjórnarinnar eða ráðherranna í þessari stöðu. Fyrir utan það að ég tel að sú leið sem hér er valin sé verst fyrir ríkisstjórnina. Þetta er svo mikil óbilgirni, þetta er svo mikil ókurteisi og svo mikil óhæfa í þingstörfum að setja fulltrúa minni hluta í utanrmn. eftir margra mánaða vinnu í þessa stöðu að það getur ekki gert neitt annað en illt verra. Þess vegna vil ég minna hæstv. forseta á það hvernig hún kallaði mig til fundar í dag og bað mig að taka tillit til hv. þm. Björns Bjarnasonar. Það var gert. Ég bið um að sama sé gert við okkur og gert var við hv. þm. Björn Bjarnason. Það var tekið tillit til hans óskar. Ég fer fram á að við njótum sama réttar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna orða hv. þm. getur forseti lýst því yfir að honum þykir það mjög miður að ekki hefur tekist að ná samkomulagi um hvernig standa skuli að þessum fundi nú. Það liggur ljóst fyrir að ekki var hægt að komast að samkomulagi. Það var ekki hægt að hefja utandagskrárumræðuna klukkan hálfþjögur í dag vegna þess að í einn og hálfan klukkutíma fóru hér fram þingskapaumræður eins og öllum þingmönnum er kunnugt um. Forseta þykir mjög miður hvernig fundartíminn í dag hefur farið í annað en hann var ætlaður. En forseti ræður ekki við það umfram það sem raun ber vitni og lýsir því enn yfir að henni þykir miður að málin hafa þróast í þá veru sem orðið er. Ef koma á málum áfram er ekki um annað að ræða en reyna að nýta tímann og hann hefur farið fyrir heldur lítið hjá okkur öllum, því miður.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Nú skal ég vera fyrstur manna til að taka undir það með virðulegum forseta að það er miður hversu mikill tími hefur farið í þingskapaumræðu í dag. Þess vegna mun ég eingöngu bera fram eina spurningu til virðulegs forseta. Hún er á þá leið hvort virðulegur forseti geti ekki deilt þeirri skoðun með mér að það kunni að vera svo að glannaleg ummæli hæstv. utanrrh. bæði á blaðamannafundum erlendis og hérlendis eigi einhvern þátt í því hversu mikill tími hefur farið í utandagskrárumræðu í dag. Ég vil biðja virðulegan forseta að svara þessari einföldu spurningu minni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég held að það hafi ekki farið fram hjá neinum hver ástæða hefur verið fyrir þingskapaumræðum hér í dag og þarf forseti ekki að staðfesta það.

Ragnar Arnalds *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það liggi nokkuð ljóst fyrir að þingmenn una því mjög illa að umræðum sé haldið áfram. Það er algjörlega óviðunandi að talsmenn minni hluta eigi að fara að flytja mál sitt þegar svo langt er liðið á nótt. Þess vegna legg ég til, virðulegi forseti, að umræðunni sé frestað til morguns og óska eftir að það sé borið undir atkvæði þeirra sem hér eru viðstaddir. (**ÓÞÞ**: Þá er það dagskrártillaga.) Ég held að ekki þurfi að hafa mörg frekari orð um það. Ég legg bara fram skriflega tillögu til forseta um að þegar verði greidd atkvæði um hvort fundinum skuli ekki frestað.

Halldór Ásgrímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Hér hafa átt sér stað miklar umræður um gæslu þingskapa vegna þess að þingmenn una því ekki að þessi fundur eigi að standa langt fram eftir nóttu.

Ég vil aðeins spyrja út af því sem hv. 17. þm. Reykv. sagði, að ástæðan fyrir því að umræðum væri haldið áfram væri sú að ekki hefði náðst samkomulag um hvenær þessi umræða gæti endað: Getur hv. þingflokksformaður Alþfl. reiknað með því að hægt sé að ganga frá samkomulagi um slíkt um miðja nótt í máli

sem þessu þegar mikill hluti þingmanna er fjarverandi? Hv. þingflokksformaður Alþfl. hlýtur að skilja að það er hrein fjarstæða að slíkt geti gerst um miðja nótt. Þar af leiðandi getur það ekki verið ástæða þess að umræðunni er haldið áfram. Hvort þær tvær framsögur sem eftir eru fara fram í nótt eða á morgun skiptir að sjálfsögðu sáralitlu máli um framvindu málsins á meðan ekki hefur náðst bærilegt samkomulag í þinginu. Þetta vildi ég aðeins benda á, virðulegur forseti, vegna þess að mér fundust þessi ummæli hv. 17. þm. Reykv. ekki eðlileg.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Tíminn líður hjá okkur og hann fer fyrir lítið að mati forseta. Þess vegna hefur forseti tekið þá ákvörðun að fresta þessari umræðu nú og gerir það í trausti þess að þingmenn geri sér grein fyrir því að væntanlega verða lengri fundir á morgun til að ræða þetta mál.

Umræðu frestað.

83. FUNDUR

þriðjudaginn 15. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjárlög 1993, stjfrv., 96. mál, þskj. 465, brtt. 464 og 468. — 3. umr.
2. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 372, 376, 411 og 470, brtt. 374. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 14. des. 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í einkaerindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varaþingmaður Framsfl. í Vesturlandskjördæmi, Sigurður Þórólfsson bóndi, Innri-Fagradal, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta bréf ritar 2. þm. Vesturl., Ingibjörg Pálmadóttir. Sigurður Þórólfsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Útbýting þingskjals:

Löndun á loðnu til bræðslu, 304. mál. stjfrv., þskj. 473.

Fjárlög 1993, 3. umr.

Stjfrv., 96. mál. — Þskj. 465, brtt. 464 og 468.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Í lokamálslið 25. gr. þingskapa segir að 3. umr. um frv. til fjárlaga skuli hefjast eigi síðar en 15. des. Samkvæmt þessum ákvæðum hefur forseti tekið á dagskrá þessa fundar frv. til fjárlaga fyrir árið 1993. Verður nú 1. dagskrármálið tekið fyrir.

Frsm. meiri hluta fjárln. (Karl Steinar Guðnason):

Frú forseti. Enda þótt frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 sé nú tekið á dagskrá samkvæmt ákvæðum þingskapa eins og forseti gat um, hefur fjárln. ekki lokið athugun sinni á frv. þannig að efnisumræða geti farið fram í dag. Ekki liggur heldur fyrir álit efh.- og viðskn. um áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs svo sem fyrir er mælt í 2. mgr. 25. gr. þingskapa. Störfum fjárln. miðar hins vegar vel áfram og er útlit fyrir að hún geti lokið störfum eftir miðja þessa viku. Ég vil því óska eftir því, frú forseti, að þessari umræðu verði frestað þar til síðar í þessari viku eða til annars tíma sem hagkvæmur þykir að mati forseta.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hefur komið fram ósk um að fresta umræðu um 1. dagskrármálið og verður orðið við því og málið tekið út af dagskrá.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Afgreiðsla fjárlagafrumvarps.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Ég get út af fyrir sig nýtt mér þann rétt að segja örfá orð undir dagskrárliðnum um þingsköp. Ég hafði að vísu hugsað mér að það félli eins undir það að segja örfá orð um dagskrárliðinn sjálfan og átti von á því en geri ekki athugasemd við það. Það er samkomulag um að þessi umræða fari ekki fram nú. Málið er ekki enn tilbúið til þess að verða tekið til 3. umr. svo sem fram hefur komið hjá hv. formanni fjárln., Karli Steinari Guðnasyni.

Það sem ég vildi aðeins vekja athygli á er að þó formaður hv. segi að störf nefndarinnar gangi vel, við höfum jú hist alla dagana frá því að 2. umr. fór fram og rætt um 6. gr. frv. og rætt við nokkra fulltrúa B-hluta stofnana, höfum við ekki enn þá fjallað neitt

um stórmál eins og tekjuhliðina. Það er ekki enn þá byrjað að ræða um það mál neitt né heldur um þær hugmyndir sem virðast enn þá vera uppi um verulegar breytingar á útgjaldahliðinni. Sannast nú það sem ég ræddi tvívegis í seinustu viku að ég teldi að frv. væri vart tilbúið til 2. umr. þar sem í loftinu væru enn þá hugmyndir um verulegan niðurskurð á þeim fjárveitingum sem við vorum að fjalla um og samþykkja, hæstv. forseti, við 2. umr. Við skiptum t.d. upp fjárfestingarliðum, svo ég nefni dæmi, en í blaðafréttum í dag kemur fram að það sé nú unnið að því að skera þetta meira og minna allt saman niður aftur. T.d. segir hæstv. fjmrh. í blaðaviðtali við Morgunblaðið um helgina að það kunni að verða mjög erfitt að ná markmiðum um að halli fjárlaga verði 6,2 milljarðar kr. eins og að er stefnt.

Orðrétt segir hann, með leyfi forseta: „Það kann að verða mjög erfitt að ná því markmiði en mér verður hvergi hvikað frá því. Þess vegna er fjárlagavinnunni alls ekki lokið eins og ýmsir hafa verið að gefa í skyn."

Mig langar líka til að lesa orðrétt örfáar línur upp úr Alþýðublaðinu í dag. Þar segir, með leyfi forseta: „Lækkun ríkisútgjalda. Samkomulag um 800–900 millj. kr. til viðbótar tekið af framlögum til vegamála, viðhaldi opinberra bygginga, dómshúsi og markaðsátaki vegna EES. Ríkisstjórnin og þingmenn stjórnarflokkanna vinna nú hörðum höndum að því að finna leiðir til frekari sparnaðar í ríkiskerfinu. Samkvæmt heimildum Alþýðublaðsins mun hafa náðst samkomulag milli stjórnarflokkanna um helgina þar sem gert er ráð fyrir að 900 millj. kr. viðbótarlækkun á ríkisútgjöldum."

Ég spyr t.d.: Af hvaða viðhaldi? Það er nánast ekkert gert ráð fyrir neinum fjárveitingum til viðhalds í fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir eftir 2. umr. Hins vegar hefur verið rætt um að bæta við 500 millj. kr. til viðhaldsverkefna. Á að skera það niður sem ekki er enn þá komið inn í frv. eða hvað eru menn að tala um? Eru það aðferðirnar sem á að viðhafa eins og t.d. þegar hæstv. heilbrrh. segist ætla að spara 600 millj. núna en hann geti að vísu ekki sparað 600 millj. kr. sem hann lofaði að spara í haust? Er það hinn raunverulegi niðurskurður eða sparnaður?

Mér finnst þetta dálítið furðuleg vinnubrögð, virðulegur forseti, og spyr í tilefni af þessu hvenær megi ímynda sér að 3. umr. geti farið fram. Ég heyrði það á ræðu hv. formanns að hann hefur ekki enn þá ákveðna dagsetningu í huga en einhvern tímann var stefnt á föstudaginn. Í dag er þriðjudagur. Öll vinnan í fjárln. þyrfti að fara fram og helst að ljúka á morgun þannig að fimmtudagurinn væri þá til að ganga frá nál. og hugsanlega brtt. ef umræðan á að fara fram á föstudag.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Það er alveg ljóst að okkur er ekkert að vanbúnaði að hafa umræðuna t.d. á föstudaginn. Hv. síðasti ræðumaður veit að öll efni standa til þess. Ég sagði áðan að störf í nefndinni gengju vel og það er rétt. Nokkur áhersluatriði eru eftir. Við munum vinna þá stund sem eftir er að frv. og fyllsta ástæða til að anda bara rólega þangað til.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég mun að sjálfsögðu taka þessa ráðleggingu hv. formanns fjárln. mjög alvarlega og anda rólega. Enda er svo jafnan hjá mér að ég er ekki mjög æstur hvorki í þessari þingskapaumræðu eða umræðum yfirleitt og mun auðvitað halda mig við það og taka þetta til geina.

Ég vil hins vegar ítreka það, hæstv. forseti, að enn þá er mikið eftir af fjárlagavinnunni svo sem fram kom í þeirri tilvitnun sem ég las úr blaðaviðtölum við hæstv. fjmrh. annars vegar og úr frétt í því ágæta blaði, Alþýðublaðinu, hins vegar í dag þar sem gerð er grein fyrir að enn þá sé eftir að fjalla um mikinn niðurskurð á útgjaldatillögum frv. eins og það liggur fyrir. Það er auðvitað gott ef hv. formaður nefndarinnar telur að hægt sé að klára það allt saman á morgun. Það var það sem ég benti á. Mér sýnist að ef umræðan á að fara fram á föstudag, eins og einhvern tímann var gert ráð fyrir, þá þurfi öll þessi vinna að fara fram á morgun, þ.e. ákvarðanir um þennan niðurskurð. Jafnframt þarf að gera grein fyrir tekjuhlið frv., fara yfir þau mál og fá upplýsingar um það hvernig þau standa, allar skattahugmyndir ríkisstjórnarinnar, sem eru ekki neitt smáræði, margir milljarðar króna sem á að ná núna fram með fjárlögum og frv. um skattamál tengdum þeim, breytingum á almannatryggingalöggjöf o.s.frv., o.s.frv. Morgunstundin mun því verða að reynast æðidrjúg því væntanlega verður það bara fram undir venjulegan þingtíma á morgun sem við höfum tíma til að fara yfir öll þessi mál sem mér sýnast enn vera eftir í vinnu hv. fjárln.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Hæstv. forseti. Það er að sjálfsögðu alfarið á ábyrgð forseta verði sú ákvörðun tekin að fresta umræðunni um fjárlögin. Hafi formaður fjárln. andað svo rólega að undanförnu að hann hafi orðið á eftir tímanum er það að sjálfsögðu á hans ábyrgð. Fyrir þinginu liggur frv. til fjárlaga og ekkert vandamál að taka það til umræðu hvenær sem er og afgreiða það. Það er þess vegna alfarið á ábyrgð forseta ef þessari umræðu verður frestað. Ég vil undirstrika það alveg sérstaklega að það kemur úr hörðustu átt þegar það gerist við efnisumræðu sem hér á að fara fram að formaður fjárln. tekur sig til og talar um þingsköp. Þ.e. hann flytur ekki þá ræðu sem hann á að flytja heldur gerir grein fyrir því að hann vilji fá frestun á þeim hlutum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill benda hv. þm. á að nú þegar er búið að fresta þessari umræðu að ósk formanns fjárln. og málið hefur þegar verið tekið út af dagskrá.

Um þingsköp.
Formleg afgreiðsla EES-samningsins.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Á fund utanrmn. í gær óskaði ég eftir því að utanrmn. leitaði álits Lagastofnunar Háskóla Íslands á því hvort formlegt væri að afgreiða EES-samninginn í þeim búningi sem hann er nú á Alþingi. Þessi beiðni mín var ekki afgreidd á fundi utanrmn. Mér barst í gærkvöldi bréf frá hv. formanni nefndarinnar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Þorsteinn Magnússon, ritari utanrmn., hefur kynnt mér þá spurningu sem þú telur nauðsynlegt að utanrmn. leiti álits um frá Lagastofnun Háskóla Íslands. Að mínu mati er ástæðulaust að senda slíka spurningu út fyrir veggi Alþingis. Ég lít þannig á að skrifstofa Alþingis sé fullfær um að veita þá ráðgjöf sem hér er rætt um. Innan skrifstofunnar eru starfandi lögfræðingar sem hafa góða þekkingu á málefnum Evrópska efnahagssvæðinsins og sem þingmenn geta leitað lögfræðilegra ráða hjá. Með vísan til þessa ítreka ég að ég tel ástæðulaust að senda áðurgreinda fyrirspurn til Lagastofnunar en er að sjálfsögðu reiðubúinn að ræða málið frekar."

Ég svaraði þessu bréfi og ítrekaði ósk mína um fund með utanrmn. Formaður utanrmn. svaraði mér *aftur og féllst ekki á að fundurinn yrði haldinn.*

Mér hefur borist afrit af bréfi sem Björn Þ. Guðmundsson hefur sent hæstv. forseta og ég tel óhjákvæmilegt að kynna fyrir þingheimi. Það er til forseta Alþingis, frú Salome Þorkelsdóttur, og dagsett í Reykjavík 15. des. 1992.

„Fyrir Alþingi liggur frv. til laga um staðfestingu á samningnum um EES. Þetta frv. er formlega eins og hvert annað lagafrv., borið upp á Alþingi og lýtur aðeins íslenskum lögum. Fyrir alþingismönnum liggur því eins og endranær lagatexti, sem þeir samþykkja sem lög frá Alþingi eða synja, eins og hann liggur fyrir, *nema honum sé breytt samkvæmt þeim reglum* sem þar um gilda og þarf ekki að tíunda. Sé lagatextanum hins vegar breytt er hann svo breyttur borinn upp til samþykktar eða synjunar.

Nú hefur eitt EFTA-landanna, Sviss, sem lagatextinn tekur til, fellt samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu. Lagatextinn samkvæmt því frv. sem nú liggur fyrir Alþingi er því ekki í samræmi við raunveruleikann. Af því leiðir, að mínu viti, að íslensk lög leyfa ekki að lagafrv. verði afgreitt frá Alþingi í óbreyttri mynd, hvorki með samþykki eða synjun.

Því leyfi ég mér að skrifa yður þetta bréf, hæstv. forseti, að aldrei má það verða að Alþingi Íslendinga gleymi eigin lögum í hita leiksins.

Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn að gera nánari grein fyrir máli mínu, verði þess óskað.

Virðingarfyllst, Björn Þ. Guðmundsson.

Afrit til formanna allra þingflokka."

Ég tel þetta þvílíkt innlegg í málið að ekki verði undan því vikist að utanrmn. komi saman og ræði stöðu málsins, kveðji til Björn Þ. Guðmundssn og leiti álits Lagastofnunar. Þetta taldi ég nauðsynlegt að kæmi fram, frú forseti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það kemur forseta á óvart að heyra hér lesið upp bréf sem er stílað til forseta Alþingis en hún hefur hvorki heyrt áður né séð. Kann forseti ekki skýringu á því.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil greina frá því hér að í framhaldi af fundi utanrmn. sl. laugardag greindi ég formanni nefndarinnar frá því að til þess að geta leitað álits lögfræðinga á því hvort frv. um Evrópskt efnahagssvæði væri *þingtækt í ljósi síðustu atburða* þá þyrfti að liggja fyrir þýðing á þeim prótókollum sem ráðherrar EFTA höfðu rætt um á fundi í Genf. Ég fékk þá þýðingu í hendur seint á sunnudag og greindi frá því á fundi utanrmn. í gærmorgun að ég hefði reynt að ná í Björn Þ. Guðmundsson, prófessor í lögum við Háskóla Íslands, til að leita álits hans á því hvort hann teldi að Alþingi gæti afgreitt málið. Fundur utanrmn. var kl. 10 í gærmorgun og mér hafði ekki tekist að ná í prófessor Björn Þ. Guðmundsson fyrir þann tíma. Því var hins vegar lýst yfir af hálfu formanns nefndarinnar á fundinum að utanrmn. mundi taka til íhugunar í *framhaldi af fundinum hvað gert yrði í þessu máli* og einstakir nefndarmenn hefðu rétt til þess að hugleiða hvort þeir mundu óska eftir formlegri umsögn annarra lögfræðinga.

Tilefnið var m.a. að utanrrn. hafði lagt fram álit lögfræðinga í ráðuneytinu og það sem meira er að hæstv. utanrrh. fór á blaðamannafund og kynnti það álit. Nú hefur forseta Alþingis og formönnum þingflokka borist bréf frá prófessor Birni Þ. Guðmundssyni við Háskóla Íslands. Í þessu bréfi, eins og það var lesið hér áðan, kemur alveg skýrt fram að prófessorinn telur orðrétt, með leyfi forseta: „að íslensk lög leyfa ekki að lagafrv. verði afgreitt frá Alþingi í óbreyttri mynd, hvorki með samþykki eða synjun."

Hér talar maður sem er með embættisbréf frá forseta lýðveldisins til að kenna lög við Háskóla Íslands og ákveða með prófúrskurðum sínum hverjir teljast hæfir til að gegna lögfræðistörfum í okkar landi. Og hann talar enga tæpitungu. Hann segir alveg skýrt að íslensk lög leyfi ekki að málið sé afgreitt frá Alþingi í óbreyttri mynd.

Vegna aðdraganda málsins, virðulegi forseti, og vegna þess að ég hafði greint frá því á fundi utanrmn., að ég teldi nauðsynlegt að leita álits Björns Þ. Guðmundssonar, þá vil ég óska eftir því að utanrmn. komi nú þegar saman til að ræða stöðu málsins í ljósi þessa bréfs. Ég tel það miklu heppilegra en að fara að hefja umræðuna hér og við fáum tækifæri á vettvangi utanrmn. til að meta stöðuna, kalla prófessorinn til okkar og heyra hans rök og athuga hvort við leitum til annarra lögfræðinga. Ég vil þess vegna formlega fara fram á það, virðulegur forseti, að fundur í utanrmn. verði haldinn nú þegar og gert verði þinghlé á meðan.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill ítreka að henni hefur ekki borist það bréf sem þingmenn virðast hafa fengið á undan forseta.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil upplýsa það hér að þetta bréf lá í pósthólfi mínu áðan þegar ég kom inn í húsið og ég vil fara þess á leit að forseti láti kanna sinn póst og athugi hvort bréfið sé ekki þar að finna. Mér þótti þetta bréf svo athyglisvert að ég ljósritaði það í allmörgum eintökum og dreifði til þingmanna stjórnarandstöðunnar. Ég hefði svo sem getað dreift því til allra en til þess vannst ekki tími. Í tilefni þessa bréfs vil ég rifja það upp að á fundi þingflokksformanna með forseta þingsins sl. föstudag fór ég þess á leit að Alþingi leitaði eftir lagalegu áliti á því hvort EES-frv. sé hæft til að ræðast á Alþingi. Slík úttekt hefur ekki borist mér í hendur né öðrum þingflokksformönnum svo ég viti. Ég vil enn og aftur ítreka þessa beiðni mína. Þetta bréf gefur tilefni til þess að draga mjög í efa að hér sé staðið að málum eins og vera ber. Í það minnsta er ljóst að það er ekki hægt að greiða atkvæði um þetta frv. fyrr en það liggur ljóst fyrir hvort það er lögum samkvæmt hægt að halda málinu áfram með þessum hætti. Því vil ég ítreka enn þá beiðni, virðulegi forseti, að forsætisnefnd beiti sér fyrir því að fram komi lagalegt álit á þessu máli frá öðrum en lögfræðingum utanrrn.

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. las upp hluta af bréfaskriftum okkar í gær varðandi umræður um þetta mál í utanrmn. Ég vil taka það fram að hann las ekki öll bréfin því ég lýsti því aldrei yfir að ég væri ekki reiðubúinn til að ræða þetta mál frekar. Spurningin var um það hvaða spurningu ætti að bera undir Lagastofnun og um það var greinilega ágreiningur okkar á milli. Það stóð heldur aldrei til hjá mér og hefur ekki verið að koma í veg fyrir að menn ræddu þetta mál áfram í utanrmn. Nú liggur hér fyrir bréf sem er skrifað til forseta Alþingis og það er að sjálfsögðu mat forseta hvernig brugðist er við slíkum bréfum sem til þingsins berast. Ég hef ekki séð þetta bréf frekar en hæstv. forseti þannig að ég get ekki annað en velt því fyrir mér sem ég hef heyrt í ræðum manna. En það hefur aldrei staðið á mér að efna til fundar í utanrmn.

Ég vildi aðeins láta það koma fram að bréfaskiptum okkar hv. 1. þm. Norðurl. v. lauk þannig í gær af minni hálfu að ég sagðist vera reiðubúinn til að ræða málin frekar og fjalla um það í nefndinni en hins vegar teldi ég ekki ástæðu til að leggja þá spurningu sem hv. þm. var með fyrir aðra. Því ég tel varðandi efni þessa máls ekki á valdi annarra en Alþingis að taka ákvörðun um hvort það sé hæft til meðferðar hér. Það er ágætt að fá álit annarra en það er á valdi okkar þingmanna að ákveða hvaða mál við tökum fyrir og hvort þau eru þingleg eða ekki. Mín skoðun er sú að þetta mál, eins og það liggur hér fyrir sé þinglegt í fyllsta máta, og vel til þess fallið að afgreiða það í þinginu. Sú skoðun mín hefur komið fram áður bæði hér í þingsalnum og á vettvangi utanrmn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill upplýsa að henni hefur borist þetta bréf einmitt núna í þessari andrá. Það var verið að setja það í hólf forseta eftir að þingmenn stjórnarandstöðunnar höfðu fengið þetta bréf og eftir að hv. 18. þm. Reykv. hefur séð um að dreifa því hér — svo málið sé upplýst.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Það eru ærin tíðindi sem hér gerast. Ekkert af því sem hér hefur gerst hafði ég hugmynd um en mér óar að þurfa að hlusta á það að t.d. hv. þm. Björn Bjarnason telji að hann geti verið einfær um að dæma í slíku máli. Það hlýtur auðvitað að verða að leita til fróðari og hæfari manna en okkar Björns t.d., ég er nú hæstaréttarlögmaður, en það er náttúrlega með ólíkindum ef neitað er um slíkt. Ég held að það hafi aldrei komið fyrir allan þann langa tíma sem ég hef verið á þingi að slíkri neitun hafi verið komið á framfæri. Og að Lagastofnun Háskólans sé ekki hæfari að meta þetta mál en t.d. ég er auðvitað alveg út í bláinn. Ég skora á hæstv. forseta að fresta málinu og sjá til þess að einhver sæmileg skynsemi og sæmileg háttvísi verði á um afgreiðslu málsins.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég árétta ósk mína um að utanrmn. komi saman og á fund nefndarinnar verði kallaður bréfritarinn, prófessor Björn Þ. Guðmundsson. Ég get ekki að því gert hvenær forseti les póstinn sinn. Ég tel hins vegar að efni bréfsins sé með þeim hætti að eyrum verði ekki lokað fyrir því og að við hljótum að hlusta á rök prófessorsins. Jafnframt tel ég eðlilegt að málið sé sent Lagastofnun til formlegrar athugunar. Ég hygg að hv. 3. þm. Reykv., Björn Bjarnason, hljóti að geta fundið tíma fyrir fundinn síðar í dag og eðlilegt að fundurinn sé undirbúinn þannig að ljóst sé að hægt sé að ná tali af prófessor Birni Þ. Guðmundssyni áður en fundurinn er boðaður. Ég er ekki að gera kröfu um að fundurinn verði haldinn nú þegar heldur að hann verði undirbúinn þannig að hann verði gagnlegur okkur og við náum sæmilegri sátt og niðurstöðu á þeim fundi. Ég tel hins vegar óhjákvæmilegt eftir að þetta bréf hefur borist og álit þessa virta fræðimanns að málið hljóti skoðun og þetta á sannarlega erindi inn í þessa umræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Að gefnu tilefni vill forseti upplýsa að málið snýst ekki um hvenær forseti les póstinn sinn heldur hvenær hann berst. Forseti hafði upplýst að þetta bréf var að berast nú og var ekki komið þegar póstur forseta var tekinn um hádegið — svo það sé alveg á hreinu.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegur forseti. Það er fullkomið aukaatriði hvenær þetta bréf er lagt í pósthólf manna. Ég vona að

menn fari ekki að gera það að einhverju aðalatriði. Aðalatriði málsins er það að Alþingi Íslendinga, forseta þingsins og formönnum þingflokka hefur borist bréf frá prófessor í lögum við Háskóla Íslands, manni sem hefur embættisbréf frá forseta lýðveldisins til að kenna og túlka lög við æðstu menntastofnun þjóðarinnar. Í þessu bréfi er sagt alveg skýrt, eins og ég las hér áðan, með leyfi hæstv. forseta: „að íslensk lög leyfa ekki að lagafrv. verði að afgreitt frá Alþingi í óbreyttri mynd, hvorki með samþykki eða synjun."

Ég upplýsti það áðan að ég hefði greint frá því í *utanrmn. í gærmorgun að ég hefði verið að leita eftir áliti* frá prófessor Birni Þ. Guðmundssyni og hv. þm. Björn Bjarnason, formaður utanrmn., skildi við málið þannig í nefndinni að einstakir nefndarmenn og nefndin sjálf mundi síðan hugleiða framhald málsins. Málið, samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði, var tekið fyrir í gær á grundvelli þess að hæstv. utanrrh. og hv. þm. Björn Bjarnason *töldu að athugun á málinu hjá* sérfræðingum EFTA og sérfræðingum utanrrn. væri þess eðlis að það væri gerlegt að taka frv. til meðferðar. Nú er komið í ljós að eini lögfræðingurinn sem nafngreindur var í utanrmn. að óskað væri eftir áliti frá, prófessor Björn Þ. Guðmundsson, hefur af sjálfsdáðum, því ég hef ekki óskað eftir að hann skrifaði þetta bréf, sent forseta Alþingis þetta bréf. Ef það hefði gerst í gær hefði málið staðið þannig, virðulegur forseti, áður en umræðan hófst að prófessor í lögum við Háskóla Íslands telur að íslensk lög leyfi ekki að frv. sé afgreitt. Það er eingöngu tímatöfin sem gerir það að verkum að menn töldu sig geta byrjað í gær.

Ég sé satt að segja ekki hvaða tilgangi það þjónar, virðulegur forseti, að halda áfram umræðu um málið án þess að utanrmn. gefist tækifæri til að ræða við prófessor Björn Þ. Guðmundsson og ákveða hvort hún kallar aðra sérfræðinga til sín. Út af fyrir sig er kannski hægt að mæla fyrir nál., ég ætla ekki í sjálfu sér að leggjast gegn því, en á þessum degi er auðvitað alveg ljóst að utanrmn. verður að koma saman og fjalla um þetta mál nema forráðamenn ríkisstjórnarflokkanna séu svo heillum horfnir að þeim sé sama þótt þeir brjóti stjórnarskrána, þeim sé sama þótt þeir brjóti lög, þeim sé sama þótt þeir neiti þjóðaratkvæðagreiðslu, það sé alveg sama hvernig þeir nauðgi og níðist á stjórnarskrá og lögum landsins ef þeir bara koma sínum vilja fram. Hvert erum við þá komin með stjórnskipun lýðveldisins ef svo er?

Ég vil þess vegna biðja forseta að hugleiða bréf þetta í mikilli alvöru og gera það ekki að höfuðatriði hvenær það kom í pósthólf forsetans. Það er fullkomið aukaatriði. Ég ítreka ósk mína um að á þessu síðdegi verði haldinn fundur í utanrmn. til þess að fjalla um þá nýju stöðu sem komin er upp í málinu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þar var komið máli forseta að verið var að kynna 2. dagskrármálið sem nú verður tekið á dagskrá og heitir Evrópskt efnahagssvæði.

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 372, 376, 411 og 470, brtt. 374.

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 411 hef ég lagt fram nál. mitt um frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið.

Þegar þetta nál. var skrifað fyrir um hálfum mánuði síðan leit ég svo á að fjögurra ára nær óslitnu samningaferli um Evrópska efnahagssvæðið væri lokið. Síðan hefur komið í ljós að lokahnykkurinn er enn þá eftir. Eina ferðina enn hefur hlaupið snurða á samningaþráðinn sem þarf að greiða úr áður en Evrópska efnahagssvæðið getur orðið að veruleika. Það þarf ekki að fjölyrða mikið um það. Sviss hefur dregið sig í hlé í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslu og það hefur óneitanlega *í för með sér ákveðnar breytingar á samningnum.* Eins og við höfum heyrt í umræðum á undanförnum dögum þá stendur hugur forustumanna bæði EFTA og EB til þess að afgreiða þær breytingar með bókun.

Virðulegi forseti. Mér finnst dálítið mikil ókyrrð í salnum og nenni eiginlega ekki að etja kappi við alla þingmenn hér úr stólnum. (**Forseti:** Forseti er sammála hv. þm. *og biður um hljóð í salnum svo ræðu*maður hafi næði til að flytja sitt mál.) Ég þakka forseta fyrir.

Eins og ég sagði hefur þetta í för með sér ákveðnar breytingar á samningnum og hugur forustumanna bæði EFTA og EB stendur til þess að afgreiða þær breytingar með tiltekinni bókun og segja að þarna sé um einföld tæknileg atriði að ræða. Við vitum það hins vegar að þessi einföldu tæknilegu atriði og hinir einföldu hlutir geta vafist fyrir mönnum og höfum mörg dæmi um það. Það er stundum sagt að fjandinn búi um sig í smáatriðunum. Við þekkjum það kannski ekki síst úr smáa letrinu í vátryggingarsamningum og ég held að það eigi við í flestum samningum að hin smáu atriði sem eiga að vera einföld geta reynst flókin þegar til á að taka.

Flest bendir til að fátækari lönd Evrópubandalagsins muni ekki sætta sig við að framlag Sviss til þróunarsjóðsins liggi óbætt hjá garði eins og menn hafa talað um. Þessi ríki lögðu mikla áherslu á aukinn fjárframlög aðildarríkja Evrópubandalagsins til sjóða sem eiga að jafna aðstöðu ríkjanna á leiðtogafundinum í Edinborg. Þ.e. á þeim leiðtogafundi lögðu þessi ríki mikla áherslu á að aukin framlög kæmu í þróunarsjóði á vegum bandalagsins. Ég held að það megi hafa þessar kröfur þeirra á leiðtogafundinum í Edinborg til marks um það sem bíður EFTA-ríkjanna þegar farið verður að semja um bókunina sem fylgja á samningnum. Ef þessi ríki eru ekki tilbúin til að láta framlag Sviss til þróunarsjóðsins falla niður þá þýðir það í heild að Ísland þarf að leggja líklega um 100 millj. kr. hærra framlag til sjóðsins sem greiðist á fimm árum, ef ég man rétt frekar en fjórum. En í heildina yrðu þetta um 100 millj. kr. aukið framlag í þróunarsjóðinn fyrir Ísland.

Bókunin, sem um er rætt að gera, á að vera einföld eftir því sem manni skilst. Að öllum líkindum verður að lögtaka þá bókun á Alþingi. Um það hafa farið fram nokkrar umræður í utanrrn. og sýnist víst sitt hverjum. Það kom m.a. fram hjá starfsmönnum utanrn. að þetta hefði verið rætt í ákveðnum hóp þar og menn væru ekki á eitt sáttir um hvort þurfi að lögtaka hana eða ekki. Ég er þeirrar skoðunar að þess þurfi að öllum líkindum og ég held að það verði ofan á. Mér segir svo hugur því þessi bókun mun segja til um hvernig lesa beri EES-samninginn. Hvernig eigi að aðlaga þennan samning þeirri staðreynd að Sviss er ekki lengur samningsaðili því að Sviss er skrifað inn í allan samninginn. Mér sýnist því að þessi bókun hafi svipaða stöðu og bókun 1 með samningnum eða bókun um altæka aðlögun, eins og hún heitir, en hana á að lögtaka samkvæmt 2. gr. frv. sem hér liggur fyrir. Ef við berum þetta saman þarf að lögtaka þessa nýju bókun.

Ef frv. sem liggur fyrir og er umræðuefnið á þessum fundi yrði samþykkt á Alþingi áður en bókun lægi fyrir þyrfti engu að síður þrjár sérstakar umræður um bókunina á Alþingi áður en hún fengi lagagildi og áður en hægt yrði að fullgilda samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði fyrir Íslands hönd. Það er rétt að hafa það í huga að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði öðast ekki gildi fyrr en öll samningsríkin hafa afhent fullgildingarskjöl bæði hvað varðar samninginn sjálfan og þessa viðbótarbókun. Þetta kemur m.a. fram í drögum að bókun sem unnin var af lagahópi EFTA og eru drög að bókun um það hvernig aðlögun samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði gætu litið út. Þar segir í 3. gr., með leyfi forseta:

„EES-samninginn, eins og hann er aðlagaður, og þessi bókun öðlast gildi 1. júlí 1993 að því tilskildu að allir þeir aðilar sem undirrita þessa bókun hafi afhent fullgildingar- eða samþykktarskjöl fyrir EES-samninginn og þessa bókun fyrir þann dag. Eftir þann dag skulu þau öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir síðustu birtingu." Með öðrum orðum ef lögtaka á þessa bókun þarf að bera hana upp í þinginu. Hún þarf að fara í gegnum þrjár umræður og samningurinn öðlast ekki gildi fyrr en að því loknu.

Mér sýnist því einfaldast fyrir Alþingi og reyndar fyrir íslensk stjórnvöld að láta þennan samning sem við erum að fjalla um liggja á milli 2. og 3. umr. og leggja bókunina, þegar hún hefur verið gerð, fram sem brtt. við frv. og þá væntanlega við 2. gr. frv.

Hér hefur verið lesið upp bréf frá Birni Þ. Guðmundssyni prófessor sem ég var að heyra fyrst áðan í þingsalnum. Mér finnst það mjög alvarleg ábending til Alþingis sem Alþingi verður að skoða og utanrmn. sérstaklega. Mér finnst þetta bréf, að minnsta kosti í fljótu bragði, vera rök fyrir því að láta málið liggja, láta það ekki ganga til atkvæða, hvorki til samþykktar né synjunar fyrr en að þessari bókun gerðri. Þá kemur málið lögformlega rétt fyrir á Alþingi. Ég sé þetta því sem innlegg í að láta málið liggja.

Það hefur satt að segja verið heldur leiðinlegt að fylgjast með umræðunni eins og hún hefur gengið til hér í dag og í gær og að hér skuli ekki hafa getað átt sér stað efnisumræða nema að takmörkuðu leyti. Ég held að ástæðan fyrir því sé ekki síst framganga utanrrh. á undanförnum dögum og hvernig hann hefur komið fram gagnvart Alþingi, bæði úti í Genf og eins í íslenskum fjölmiðlum á undanförnum dögum. Mér finnst þessi framkoma mjög óklók ef ég á að lýsa minni skoðun á þessu máli og ég vil gjarnan gera það þótt ég hafi ekki tekið þátt í þingskapaumræðu hérna. Mér finnst þetta óklók framkoma. Það kann vel að vera að ráðherra líti svo á að hann skori einhver pólitísk mörk út á þetta og kannski gerir hann það en ég held að það sé ekki þessu máli til framdráttar og það verði ekki til að flýta fyrir umfjöllun um málið á Alþingi að koma fram með þessum hætti gagnvart Alþingi. Auðvitað er það rétt sem hér hefur verið bent á af þingmönnum að þessi orð ráðherrans áttu auðvitað ekki bara við um stjórnarandstöðuna því hann var að tala um Alþingi í heild sinni, að hér ríkti málæði, að hér væru engin þingsköp. Það á auðvitað við um alla þingmenn. Við sitjum öll undir ámæli þegar svona orð eru viðhöfð. Því miður er þetta viðhorf að verða allt of algengt. Ég held að ráðherrar beri á þessu ábyrgð, þingmenn bera vissulega líka á þessu ábyrgð og fjölmiðlar bera á þessu ábyrgð. Ég ætla bara að minnast yfirlýsinga hæstv. forsrh. í fyrra um þennan gagnfræðaskóla og ummæla hans í morgun í fjölmiðlum þar sem ég held að hann hafi kallað þingmenn ólátabelgi. Ég ætla að minna á opnugrein sem birtist í Morgunblaðinu í fyrra og var með slíkum endemum og var slík atlaga að þinginu að auðvitað hefði átt að svara henni með formlegum hætti. (Gripið fram í.) Það var tiltekinn blaðamaður, Agnes Bragadóttir, sem skrifaði þá grein eftir að hafa setið hálfan dag á þingpöllum og fannst störf þingmanna greinilega fyrir neðan sína virðingu og fyrir neðan sína virðingu að fylgjast með þeim þingstörfum sem hér fóru fram. Allt þetta og umræðan líka eins og hún hefur gengið til á Alþingi er að mínu mati til þess að grafa undan þingræðinu og það held ég að við megum síst af öllu gera. Við megum síst af öllu stuðla að því að grafa undan þingræðinu. Ég ætla að hafa þetta mitt innlegg í þetta mál og læt ég þar með lokið umræðu um það hvernig um málin er fjallað á þingi.

Þessi staða sem er upp komin og ummæli ráðherra í garð þingsins, sem ég tek til mín rétt eins og allir aðrir þingmenn ættu auðvitað að gera, breytir ekki efnislegri afstöðu minni til málsins. Það bréf sem hér hefur komið fram frá Birni Þ. Guðmundssyni og eins staðan í málinu almennt, þ.e. að Sviss skuli vera farið út úr samningnum og þar af leiðandi fái samningurinn ekki staðist eins og hann liggur hér fyrir, eru allt formsatriði sem breyta ekki efnislegri afstöðu minni til samningsins. Þótt það væri auðvitað freisting að láta það gerast ætla ég ekki að láta þá freistingu eftir mér. Þar af leiðandi breytir þetta ekki efnisatriðum nál. sem ég hef lagt hér fram og þingmenn hafa haft á borðum sínum frá 4. eða 7. desember sl.

Þetta nál. er allítarlegt enda er það afrakstur mikillar vinnu í utanrmn. og umþenkinga og umræðu sem nefndin hefur öll tekið þátt í og hefur verið mjög gef-

andi og athyglisverð. Ég held að ástæðulaust sé að lesa nál. upp frá orði til orðs en ég vil gjarnan hlaupa á helstu efnisatriðum álitsins og bæta við þau ef mér þurfa þykir.

Eins og segir í upphafi nál. hefur utanrmn. Alþingis fjallað um könnunarviðræður og formlegar samningaviðræður EFTA og EB um stofnun Evrópsks efnahagssvæðis á alls 82 fundum en þar af hafa 54 fundir verið á þessu kjörtímabili. Hefur nefndin fengið á sinn fund fjölmarga aðila sem eru sérfróðir um einstaka samningssvið sem fjallað var um í viðræðunum og vísast í því sambandi, og að öðru leyti varðandi meðferð málsins í nefndinni, til nefndarálits meiri hluta utanríkismálanefndar.

Umfjöllun um EES-samninginn og mál honum tengd hefur verið bæði umfangsmikil og einstaklega fróðleg í utanríkismálanefnd og tel ég það mikil forréttindi að hafa átt þess kost að koma þar nærri. Vil ég nota þetta tækifæri til að þakka öllum þeim sem lögðu sitt af mörkum á fundum utanríkismálanefndar, bæði starfsmönnum utanríkisráðuneytisins og annarra ráðuneyta sem og öðrum sem voru til kallaðir til að aðstoða nefndina og veita henni upplýsingar.

Það þarf ekki að rekja það að upphaf þess samningaferlis sem staðið hefur í fjögur ár má rekja til leiðtogafundar EFTA sem haldinn var í Ósló þann 14. til 15. mars 1989. Þar var gefin út yfirlýsing sem þáverandi ríkisstjórn stóð. Í þeirri yfirlýsingu er m.a. verið að fjalla um hvaða leið eigi að fara í samskiptum við Evrópubandalagið og þar segir m.a.:

„Við gerum ráð fyrir því að samningaviðræður leiði til fyllsta mögulega samkomulags um óhindraðan flutning á vöru, þjónustu, fjármagni og fólki með það að markmiði að koma á einu samræmdu evrópsku efnahagssvæði."

Það er því ljóst að allt frá því í mars 1989 var það meginmarkmið samningaviðræðnanna milli EFTA og EB að koma á fjórfrelsinu og einu samræmdu Evrópsku efnahagssvæði. Í kjölfar þessarar Óslóaryfirlýsingar eða nánar til tekið í apríl 1989 var svo stofnuð stjórnarnefnd háttsettra embættismanna EB og EFTA til að kanna möguleika á samkomulagi milli þessara aðila um þetta fernt, þ.e. óhindruð vöruviðskipti, fjármagnsflutninga, þjónustuviðskipti og atvinnu- og búseturétt.

Þegar þessar könnunarviðræður fóru af stað urðu talsverðar umræður um þær á Alþingi og lögðu þingmenn Kvennalistans og Sjálfstfl., sem þá voru í stjórnarandstöðu, á það áherslu að Alþingi tæki formlega afstöðu í málinu áður en lengra yrði haldið í samningaviðræðunum, þ.e. að ríkisstjórnin fengi umboð frá Alþingi til áframhaldandi könnunarviðræðna. Ríkisstjórnin ákvað hins vegar að fara ekki þá leið að leita eftir umboði Alþingis heldur fékk utanrrh. þann 29. nóv. 1989 umboð þáverandi ríkisstjórnar til að eins og segir, með leyfi forseta: „taka þátt í undirbúnings- og samningaviðræðum þessara aðila sem byggðar verða á sameiginlegum niðurstöðum könnunarviðræðna, þar með talið þeim fyrirvörum sem Íslendingar hafa sett fram."

Eftir að þessum könnunarviðræðum lauk var ákveðið á ráðherrafundi EFTA-ríkjanna og EB í Brussel þann 19. des. 1989 að koma hið fyrsta á formlegum samningaviðræðum um víðtæka samvinnu milli þessara aðila um þetta svokallaða fjórfrelsi.

Fyrsti fundur aðalsamninganefndar EB og EFTA var svo haldinn 20. júní 1990 en áður hafði ráðherraráð Evrópubandalagsins samþykkt samningsumboð framkvæmdastjórnarinnar þó íslenski utanrrh. hefði hins vegar ekki beint samningsumboð frá Alþingi.

Á þessum tíma lá fyrir að markmið EFTA ríkjanna með samningaviðræðunum var að tryggja aðild þeirra að innri markaði EB þegar hann yrði að veruleika 1. jan. 1993. Grundvöllur viðræðnanna var allt frá upphafi þær samþykktir EB sem vörðuðu hið svonefnda fjórfrelsi og mörkuðu rammann um hinn innri markað bandalagsins. Þessi markmið koma mjög skýrt fram í skýrslum frá utanrrh. sem lagðar voru fram á Alþingi. Markmiðið var að gerast aðili að innri markaði Efnahagsbandalagsins, markmiðið var fjórfrelsið og síðan að búa til ákveðinn stofnanaramma í kringum það.

Ég ætla ekki að rekja hérna hvernig samningaviðræður gengu fyrir sig en mig langar til að fjalla lítillega um þá fyrirvara sem íslenska ríkisstjórnin gerði á þessum tíma því að ríkisstjórnin og samningamenn Íslands lögðu upp í viðræðurnar um þetta samstarf EB og EFTA með kröfuna um fríverslun með fisk sem sína meginkröfu. Það var meginkrafan og kannski ástæðan fyrir því að farið var út í þessar viðræður á sínum tíma. Að auki gerðu þeir margháttaða fyrirvara, svo sem varðandi frelsi á sviði fjármagnsflutninga, á sviði þjónustu og fólksflutninga. Í umræðum á Alþingi í nóvember 1989 kom m.a. fram í ræðum ráðherra — það var fleiri en einn sem gerði þetta að umtalsefni — að þessir fyrirvarar næðu til peningakerfisins, verðbréfamarkaða, fjárfestinga í sjávarútvegi og orkulindum, vátrygginga, röskunar á vinnumarkaði o.fl. Það kom sem sagt fram í ræðum ráðherra á þingi að fyrirvararnir væru mjög margir og róttækir. Þá vaknar auðvitað spurningin: Hvernig var kröfunni um fríverslun með fisk og fyrirvörunum til haga haldið í samningaviðræðunum?

Segja má að það hafi legið fyrir allt frá upphafi að EB-ríkin mundu ekki fallast á fríverslun með fisk — og það kom m.a. fram í ræðu ráðherra hér á þessum tíma að menn gerðu sér ekki miklar vonir um að sú meginkrafa næðist fram, þ.e. alger fríverslun með fisk. Eins og fram kemur hér að ofan og sagt er frá í skýrslu utanríkisráðherra frá því í október 1990 töldu EFTA-ríkin nauðsynlegt að fækka fyrirvörunum ef samningar ættu að nást. Það kemur fram í skýrslunni frá því í október 1990 að EFTA-ríkin saman væru með of marga fyrirvara og það yrði að fækka þeim af því þau kæmu fram auðvitað sem ein heild gagnvart EB. Eftir að þetta varð ljóst, þ.e. frá því í október 1990, virðast fyrirvararnir í aðalatriðum hafa verið tveir hvað Ísland varðar. Annars vegar að takmarka fjárfestingar erlendra aðila tengdar náttúruauðlindum og hins vegar að koma inn varnaglaákvæði varðandi frjálsan at-

vinnurétt. Þessir tveir fyrirvarar koma mjög víða fram í umræðum manna um þessi mál og m.a. kom þetta mjög skýrt fram í ræðu sem hagfræðingur ASÍ hélt og fjallaði um þetta mál.

Í samningnum sjálfum er þessum fyrirvörum haldið til haga, þ.e. samningnum sem hér liggur fyrir og þeirri samningsniðurstöðu sem við erum að fjalla um, með þeim hætti að Íslendingar munu eftir sem áður viðhalda hömlum á fjárfestingum erlendra aðila í fiskveiðum og fiskvinnslu. Þá er ég að tala um frumvinnsluna. Þeir fá aðlögun að skammtímahreyfingum fjármagns til 1. jan. 1995 og að beinum fjárfestingum erlendra aðila innan lands til 1. jan. 1996. Þá er í samningnum öryggisákvæði sem ríkisstjórn Íslands hefur lýst yfir að hún muni beita ef framkvæmd samningsins leiðir til alvarlegrar röskunar á vinnumarkaði eða fasteignamarkaði.

Krafan um fríverslun með fisk breyttist í kröfu um frjálsan markaðsaðgang með fisk en hin almenna niðurstaða varð sú sem við sjáum í samningnum fyrir framan okkur í bókun 9, að tollar á sjávarafurðum lækka almennt um 70%, þ.e. 70% af því sem þeir eru í dag, og á lækkunin að koma til framkvæmda á næstu fjórum árum. Auk þess falla algerlega niður tollar á ákveðnum sjávarafurðum svo sem ferskum flökum frá næstu áramótum. Hefur þetta verið metið þannig, m.a. af Þjóðhagsstofnun, að um 93% sjávarútflutnings miðað við það sem við flytjum út í dag, auðvitað getur sú mynd svo breyst, sé án tolla. Jafnframt voru lögð drög að tvíhliða samningi milli EB og Íslands um gagnkvæm skipti á fiskveiðiheimildum. Mun ég koma inn á það síðar hér í ræðu minni.

Af þessu má ljóst vera að Íslendingar hafa gefið mikið eftir í samningaviðræðunum og sannarlega ekki fengið „allt fyrir ekki neitt", enda hefur sjálfsagt enginn búist við því vænti ég. Eftir stendur að meta hvort jafnvægi sé milli fórna og ávinnings, hvort samningsniðurstaðan sé viðunandi og í þágu íslenskra hagsmuna í bráð og lengd.

Ég ætla, virðulegur forseti, aðeins að víkja að afstöðu Kvennalistans til þessara mála, þ.e. afstöðu til könnunarviðræðnanna við EB og til samningaviðræðnanna sjálfra. Það er skemmst frá því að segja að þegar á undirbúningsstigi viðræðnanna mótaðist sú stefna í Kvennalistanum að það þjónaði betur hagsmunum Íslendinga að ganga til tvíhliða viðræðna við EB en gerast aðilar að innri markaði bandalagsins. Þessi stefna kom betur fram síðar í áliti Kristínar Einarsdóttur, fulltrúa Kvennalistans í svonefndri Evrópustefnunefnd Alþingis, í áfangaskýrslu nefndarinnar til þingisins, en þar segir m.a., með leyfi forseta: „Þar eð ljóst er að hagsmunir Íslands verða ekki tryggðir með samfloti við önnur EFTA-ríki er farsælla fyrir okkur að ganga til samninga við EB á okkar eigin forsendum."

Gagnrýni Kvennalistans á aðildina að innri markaði EB byggðist ekki síst á því að til grundvallar innri markaði EB liggja hugmyndir um aukna neyslu, eyðslu og þar af leiðandi veltu og hagvöxt sem eru í hrópandi mótsögn við gildismat Kvennalistans og þá áherslu sem hann leggur á varðveislu auðlinda og umhverfis. Þá hefur Kvennalistinn ætíð varað við því að framsal á valdi til stofnana EES gæti dregið úr möguleikum kvenna til að hafa áhrif á og móta samfélag sitt. Þessi skoðun var m.a. sett fram í stefnuskrá Kvennalistans fyrir alþingiskosningarnar 1991 og samþykkt landsfundar Kvennalistans það sama ár.

Hinu hefur aldrei verið neitað af hálfu Kvennalistans og margoft ítrekað að ákveðin aðlögun að EB er nauðsynleg þó að ekki væri vegna annars en þess að um 67% af vöruútflutningi okkar fer á þann markað. Þá er ég bara að tala um EB-markaðinn, ekki þennan sameiginlega EB/EFTA-markað. Þá fer ekki hjá því að svo öflugt bandalag sem EB er hafi mótandi áhrif á viðskipti og stjórnmál í sínum heimshluta. Kvennalistinn var þeirrar skoðunar að tvíhliða samningaviðræður milli Íslands og EB um endurbætur á fríverslunarsamningnum frá 1972 þjónuðu betur íslenskum hagsmunum en samflot með öðrum EFTA-ríkjum um myndun Evrópsks efnahagssvæðis.

M.a. vegna þessarar skoðunar fluttu Eyjólfur Konráð Jónsson, Kristín Einarsdóttir og Ragnhildur Helgadóttir þál. í nóvember 1989 um að utanrrh. og forsrh. yrði falið að taka þegar í stað upp tvíhliða viðræður við bandalagið. Það er engu að síður staðreynd og breytist ekki að bæði fyrrverandi og núverandi ríkisstjórn hafa fylgt þeirri stefnu að semja á grundvelli hins svonefnda fjórfrelsis um aðild að innri markaði EB og samninganiðurstaða er fengin. Það sem nú liggur fyrir er að vega og meta gallana og kostina sem í samningnum felast auk áhættunnar og möguleikanna sem bæði geta fylgt aðild að EES sem og því að standa algerlega utan við samrunaferlið í Evrópu. Í nál. mínu leitast ég eftir að leggja slíkt mat á málið en það er vissulega ástæða til þess að hafa það í huga að því getur bæði fylgt áhætta og möguleikar að gerast aðilar að EES en því fylgir líka áhætta og möguleikar að standa utan við.

Vegna EFTA-samningsins og fríverslunarsamningsins við EB frá 1972 hefur verið meira frjálsræði á sviði vöruviðskipta en annarra viðskipta milli Íslands og aðildarríkja EES. Engu að síður verða töluverðar breytingar á þessu sviði með EES-samningnum sem m.a. felast í mun ákveðnari reglum um samkeppni, eftirlit, staðla, viðurkenningu, prófanir og gæði vöru. Þessar reglur verða sameiginlegar á öllu svæðinu og þar af leiðandi draga þær úr hvers kyns viðskiptahindrunum og einfalda inn- og útflutning á vörum.

Samningurinn tryggir hindrunarlausan aðgang íslenskrar iðnframleiðslu að sameiginlegum markaði EB og EFTA en ýmis rök eru fyrir því að án hans hefði hún átt undir högg að sækja. Þannig er það viðurkennd staðreynd að markmiðið m.a. með innri markaði EB var að auka viðskipti milli þeirra landa sem eiga aðild að honum á kostnað þeirra sem utan hans standa. Í því eru auðvitað fólgnir að hluta til þeir múrar í kringum EB sem menn hafa talað um.

Hinum sameiginlegu reglum um vöruviðskipti fylgja þó ekki bara kostir heldur líka ákveðnir gallar. Það kemur kannski ekki síst vegna samkeppnisreglnanna. Þannig má nefna að ríkisstyrkir til atvinnuvega og fyr-

irtækja, sem hafa áhrif á samkeppnisstöðu þeirra, eru formlega séð bannaðir. Frá þessu eru að vísu ýmsar undanþágur en þær þarf að samþykkja í eftirlitsstofnun EFTA. Þetta gæti haft einhver áhrif á byggðastyrki og óbeina styrki sem sveitarfélög veita einstökum atvinnufyrirtækjum. Þá er ljóst að fyrirtæki eins og Áburðarverksmiðja ríkisins, sem hefur einkarétt á framleiðslu og dreifingu áburðar, fá ekki staðist gagnvart EES-reglum. Opna verður fyrir frjálsan innflutning á áburði sem gæti vissulega kippt rekstrargrundvellinum undan Áburðarverksmiðjunni en þar starfa nú um 130 manns og þetta er auðvitað einn af fylgifiskum þessa samnings eða getur orðið það sem taka þarf á.

Auðvitað mætti hafa mörg orð um vöruviðskiptin en ég ætla ekki að segja fleira um það og vísa frekar til nefndarálits míns að undanskildu því að mig langar til að gera hér aðeins að umtalsefni tvær bókanir sem fylgja þeim kafla sem fjallar um vöruviðskipti. Það er annars vegar bókun 3, um viðskipti með landbúnaðarvörur, og hins vegar bókun 9 sem fjallar um viðskipti með sjávarafurðir. Báðar þessar bókanir varða íslenska hagsmuni, íslenskar frumframleiðslugreinar, miklu og þess vegna vil ég fjalla hér nokkuð ítarlega um þær.

Í bókun 3 er að finna upptalningu á þeim landbúnaðarvörum sem samningurinn tekur til, almenn ákvæði um verðjöfnun vegna mismikils kostnaðar einstakra landa við það landbúnaðarhráefni sem notað er við vöruframleiðsluna og þær undanþágur sem einstaka EFTA-ríki fá frá ákvæðum bókunarinnar bæði hvað varðar vörutegundir og álagningu verðjöfnunargjalds. Bókuninni eiga að fylgja sjö svonefndir viðbætar þar sem einstök ákvæði hennar eru nánar útfærð, svo sem hvaða hráefni falla undir verðjöfnun og hvaða hráefnisverð er miðað við í verðjöfnun. Enn hefur ekki verið gengið frá þessum viðbætum af samningamönnum EB og EFTA og ljóst er að talsverður ágreiningur er um útfærslu bókunarinnar. Bókun 3 mun því ekki taka gildi fyrr en í fyrsta lagi 1. júlí 1993. Það kemur kannski ekki svo að sök þar sem þessi samningur hefur aftur frestast til þess tíma. Þess vegna vinnst auðvitað ákveðinn tími til að ganga frá þeirri bókun og láta hana taka gildi um leið og samningurinn sjálfur tekur gildi.

Niðurstaðan í þessu máli getur haft talsverða þýðingu fyrir samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja sem framleiða vörur úr landbúnaðarhráefni. Skipist mál á versta veg getur samkeppnisstaðan versnað til muna og þar með staða íslensks landbúnaðar. Telja samtök bænda að allt að 10% mjólkurmarkaðarins kynni að tapast sem og hluti markaðarins fyrir tilbúna rétti. Hafa menn m.a. í því sambandi nefnt pítsur. Þetta mál kom ekki upp fyrr en Norðmenn voru búnir að ganga frá samningnum frá sér og það virðist hafa komið Norðmönnum algerlega í opna skjöldu, þ.e. hugmyndir EB um hvernig ætti að ganga frá bókun 3. Þann 22. okt. birtist í Aftenposten m.a. grein um þetta mál undir fyrirsögninni „Mörg þúsund störf gætu tapast". Þar segir að Norsk kjøtt, sem eru væntanlega heildarsamtök kjötframleiðenda í Noregi, telji að ef ekki verður heimiluð verðjöfnun á kjöti geti það þýtt að kjötneysla innan lands mundi minnka sem næmi 8 þús. tonnum. Þeir segja að það mundi svara til rúmlega 1.000 ársverka. Það var líka spurningin um hvort ætti að verðjafna fyrir ost. Þar stendur: Hvað varðar neyslu á osti reiknar maður með að þar gætu tapast um 4–5 þús. tonn í innanlandsframleiðslu sem mundi þá svara til 1.500 ársverka, mest í frumframleiðslugreinum. Auðvitað er þarna talsvert mikið í húfi og því skiptir verulegu máli að íslenskir samningamenn haldi fast á málum og íslensk stjórnvöld beiti þeim meðulum sem þeim eru tiltæk náist ekki viðunandi samningsniðurstaða. Ég held að það verði að reyna að skýra það út og ráðherra verður auðvitað að gera það hér, helst í þessari umræðu, hvernig fer með þessa bókun ef menn ná ekki samkomulagi. Ef ekki næst niðurstaða og menn verða strand með samningaviðræður um bókun 3 hvernig mun málið þá halda áfram? Verður það einfaldlega þannig að bókun 3 mun ekki taka gildi eða verður það EFTA-dómstóllinn sem mun úrskurða í því máli?

Í bókun 9 um sjávarútveginn er tiltekið með hvaða hætti EB skuli lækka innflutningstolla á ákveðnum sjávarafurðum. Jafnframt er staðfest að ef lægri tollar gilda fyrir tilteknar vörur á grundvelli tvíhliða samninga milli EB og einstakra EFTA-ríkja gildi þeir sem grunntollar. Mér finnst ég hafa orðið vör við nokkurn misskilning í þessu sambandi og ýmsir tala um að bókun 6 muni falla úr gildi. Ég fæ ekki betur séð af öllu því sem ég hef lesið í þessum málum en að bókun 6 með fríverslunarsamningi EB og Íslands frá 1972 standi óhögguð. Það er í rauninni byggt ofan á þá bókun. Ef Íslendingar vilja síðar meir segja upp EES-samningnum, þá standi bókun 6 sem og líka fríverslunarsamningurinn sjálfur, þ.e. samningurinn sem Ísland og EB hafa gert á milli sín um fríverslun. Ég vísa í því sambandi til 120. gr. í EES-samningnum þar sem þetta kemur m.a. fram.

Sú tollalækkun, sem fékkst með bókun 9, er tvímælalaust mjög mikilvæg og reikna má með að þegar hún er komin að fullu til framkvæmda nemi hún um 1,5–1,8 milljörðum kr. miðað við stöðuna eins og hún er í dag því að það er auðvitað það sem þetta miðast við, þ.e. útflutninginn eins og hann er samsettur nú. Það orkar hins vegar mjög tvímælis að reikna alla tollalækkunina íslenskum útflytjendum til tekna þar sem kostnaður vegna tolla skiptist með ýmsum hætti milli seljenda og kaupenda. Það er alls ekki sjálfgefið að tollalækkunin muni leiða til þess að íslenskir útflytjendur fái hærra verð fyrir framleiðslu sína. Hún gæti fullt eins orðið neytendum í Evrópu til hagsbóta. Það er væntanlega markmið með EES-samningunum í heild og auðvitað þekkjum við það. Hér hafa t.d. verið felldir niður tollar eða lækkaðir á bílum. Það þýddi ekki að framleiðendurnir í Evrópu eða Japan eða hvar sem var fengju hærra verð fyrir bílana heldur lækkuðu bílar í verði til neytenda hér á landi. Ég ætla ekki að fullyrða að það gildi sama munstur nákvæmlega hvað varðar fiskútflutning eins og bílaútflutning en það er engan veginn hægt að reikna sér tollalækkunina alla til tekna.

Þá er ástæða til að hafa í huga að ekki fékkst fram

tollalækkun fyrir ýmsar mikilvægar sjávarafurðir, svo sem edikverkaða síld og niðurlagða þó ekki sé reyndar komin endanleg niðurstaða varðandi þetta mál. Má á það benda að gangi Svíar og Finnar í EB versnar staðan enn frekar hvað varðar síldarútflutninginn þar sem þessar þjóðir hafa keypt talsvert mikið af síld af Íslendingum en engir tollar hafa verið á þeim útflutningi samkvæmt EFTA-samningi.

Þrátt fyrir þetta — það eru auðvitað ákveðnir skafankar á þessu máli — þá er bókun 9 mjög mikilvæg fyrir íslensk sjávarútvegsfyrirtæki. Mikilvægið felst ekki síst í auknum möguleikum til að flytja verðmætari vöru en áður á markaði EB og koma henni beint og milliliðalaust til neytenda. Þar vegur þyngst að 18% tollur á ferskum flökum fellur niður. Í þessu sambandi er hins vegar ástæða til að slá ákveðinn varnagla og óttast það sem ég kalla íslenskan gullgrafaramóral og að allir ætli að rjúka til og verða ríkir á slíkum útflutningi. Mér fannst ég geta heyrt það af fréttum nýverið að menn hefðu mjög ákveðnar hugmyndir um það að fara nú allir í ferskfiskútflunting, það væri framtíðin. Ef sá mórall nær tökum á mönnum er ég hrædd um að þetta sé sýnd veiði en ekki gefin. Það er sem hægast unnt að klúðra góðum tækifærum sem gefast með ónógum undirbúningi og vanþekkingu. Það hafa menn svo oft gert áður og ætla ég ekki að rifja upp öll þau ævintýri. Ég held að sú frestun sem varð á gildistöku samningsins til 1. júlí 1993 ætti að mörgu leyti að vera okkur kærkomin vegna þess að við vinnum þar með tíma og menn geta undirbúið sig betur og þar af leiðandi væntanlega nýtt sér betur þau tækifæri sem bjóðast með samningnum.

Bókun 9 nær til allra EFTA-ríkjanna og bætir þar með stöðu norskra sjávarútvegsfyrirtækja á markaði EB ekki síður en íslenskra. Þetta gæti haft einhver áhrif á samkeppnisstöðu íslensku fyrirtækjanna gagnvart þeim norsku. Þannig fellur nú niður tollur á frystum flökum sem hingað til hefur lagst á norskan fisk við útflutning til EB en ekki íslenskan. Hitt er ljóst að hafni Íslendingar samningnum, nú þegar fyrir liggur að norska þingið hefur samþykkt hann, hlýtur samkeppnisstaða íslensku fyrirtækjanna að versna enn frekar. Þá hafa Norðmenn tekið sinn hlut af þessari köku en okkar hlutur mundi vera skilinn eftir nema mönnum tækist að ná honum með tvíhliða samningum. Mér finnst viðbrögð EB við þjóðaratkvæðagreiðslunni í Sviss þar sem samningurinn var felldur ekki benda til þess að menn geti náð meiru fram eða jafnmiklu í tvíhliða samningum og með þessum samningi.

Óaðskiljanlegur hluti EES-samningsins er tvíhliða rammasamningur milli Íslands og EB um fiskveiðimál og skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum. Slík samningsgerð hefur verið á döfinni allt frá því bókun 6 með fríverslunarsamningi EB og Íslands frá 1972 tók gildi. Samningar hafa þó alltaf strandað á óbilgjörnum kröfum EB um fiskveiðiheimildir í íslenskri fiskveiðilögsögu.

Þau gagnkvæmu skipti á fiskveiðiheimildum, sem staðfest voru í Óportó í maí sl., hafa í för með sér að skipum frá EB verður heimilt að veiða í íslenskri fiskveiðilögsögu og þetta er auðvitað stórt skref. Í því felst vissulega fórn af hálfu Íslendinga en á hitt ber að líta að um gagnkvæmar veiðiheimildir er að ræða á takmörkuðum afla. Menn geta auðvitað deilt um það hvort við höfum náð fram því sem hægt hefði verið í þessum viðræðum en ég held að staða Norðmanna í þessu máli sé verri en okkar. Ég vil vekja athygli á því að það hefur ekki enn náðst samningsniðurstaða milli Norðmanna og EB um skipti á fiskveiðiheimildum á næsta ári. Það virðist vera eins og segir í Aftenposten frá 7. des. að þessar samningaviðræður hafi strandað m.a. vegna þess að EB hafi ekki boðið Norðmönnum kvóta á móti þeim 6 þús. tonna þorskkvóta sem þeir fá í norskri landhelgi. Þessir samningar eru samkvæmt Aftenposten strandaðir.

Nú hefur því verið haldið fram og það kemur reyndar fram í samningstexta að tvíhliða sjávarútvegssamningar, annars vegar við Ísland og hins vegar við Noreg, séu órjúfanlegur hluti EES-samningsins. Ef Norðmenn hafa ekki gengið frá þessum sjávarútvegssamningi sínum hvernig verður þá með EES-samninginn? Getur hann tekið gildi ef sá tvíhliða fiskveiðisamningur hefur ekki verið gerður? Væri hægt að upplýsa þingið um hvernig þau mál standa, viðræðurnar milli Norðmanna og EB?

Ég var að tala um gagnkvæmar veiðiheimildir milli Íslendinga og EB. Í þessu sambandi skiptir verulegu máli að gagnkvæmnin sé annað og meira en orðin tóm, að það jafnvægi milli réttinda og skyldna, sem svo oft var ítrekað í samningaviðræðunum, nái til beggja aðila. Því miður virðist niðurstaðan vera sú að heimildir EB í formi 3 þús. karfaígildistonna standi þó svo að Íslendingum takist ekki á vertíðinni á undan að ná í þau 30 þús. tonn af loðnu sem komu í þeirra hlut. Það þurfa sérstakar aðstæður að koma upp til þess að menn geti tekið þær viðræður upp aftur. Þá hafa íslensk stjórnvöld gengist undir það að semja um breytingar á mörkum þeirra svæða sem EB má veiða innan nái skip þeirra ekki sínum hlut af karfanum. Engar sambærilegar kvaðir, t.d. í formi annarra fisktegunda en loðnu, hvíla á EB. Þannig felst gagnkvæmnin í fiskveiðisamningnum ekki í jafngildum afla upp úr sjó eins og reyndar hefur verið bent á hér á þingi og menn eru auðvitað ekki á eitt sáttir um. Á þetta hefur m.a. verið bent af Halldóri Ásgrímssyni, 1. þm. Austurl. Þetta styrkir auðvitað rök þeirra sem segja að Íslendingar fái í sinn hlut pappírsfisk en EB raunverulegan fisk. Þessi skoðun kemur m.a. fram í grein í Félagstíðindum SFR sem Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, skrifaði. Kafli úr þeirri grein er birtur sem fskj. með nefndaráliti mínu.

Svo vikið sé frá landbúnaðinum og sjávarútveginum og að fjármagns- og þjónustuviðskiptum, þá er það að segja að með samningum um frjálst flæði fjármagns og þjónustu verða umtalsverðar breytingar á ýmsum sviðum íslensks samfélags, svo sem í bankamálum, tryggingamálum, fjarskiptum, fjölmiðlun, samgöngumálum og síðast en ekki síst varðandi heimildir erlendra aðila til að fjárfesta hér á landi og Íslendinga erlendis. Víða erlendis er því reyndar haldið fram

að frelsi í þjónustuviðskiptum og að vissu leyti frelsi vinnuafls til þess að flytja sig á milli landa sé helsta efnislega nýjungin í þessum samningi a.m.k. hvað önnur Evrópuríki en Ísland varðar. Að frelsi fjármagns til þess að flæða á milli og frelsi vöru — þótt mér sé illa við að tala um frelsi í þessu sambandi. Mér finnst dálítið sérkennilegt að tala um frelsi vörunnar og frelsi fjármagnsins. Það frelsi er í mínum huga tengt fólki en ekki hlutum — og að frelsi í þjónustuviðskiptum sé kannski ein helsta nýjungin en það sé verið að formgera hina frelsisþættina sem þegar eru til staðar.

Margar þessara breytinga, sem ég var að tala um að geti orðið á íslensku samfélagi í kjölfar þess að fjármagn og þjónusta geti flætt frjálst á milli landa, yfir landamæri, eru í sjálfu sér óháðar samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og má í því sambandi nefna fjölmiðlun og fjarskipti. Þannig liggur það í eðli tímanna að mikið sjónvarpsefni mun flæða milli landa í gegnum gervihnetti eða kapalkerfi og erfitt verður að verjast því nema með jákvæðum hætti, þ.e. ekki með boðum og bönnum heldur með því að efla innlenda kvikmynda- og dagskrárgerð og styðja við bakið á íslenskri menningarstarfsemi. Í því felst besta vörnin. Hugmyndir ríkisstjórnarinnar um að skattleggja bókaútgáfu í landinu vekja þó engar sérstakar vonir um að á því sé nægilegur skilningur hér innan lands að þessa hluti þurfi að styrkja, þ.e. hvers kyns íslenska menningarstarfsemi. Það þarf að styðja við bakið á henni en því miður er ríkisstjórnin ekki í stakk búin til þess að skilja það.

Samningurinn opnar þann möguleika að erlendar bankastofnanir, verðbréfafyrirtæki og tryggingafélög hasli sér völl á íslenskum markaði, ýmist með því að koma hér upp útibúum eða með því að kaupa sig inn í íslenska banka og fyrirtæki. Þessum breytingum á íslenskum fjármagns- og þjónustumarkaði fylgja vissulega ákveðnar hættur en þó kannski ekki þær sem mest hefur verið gert úr, þ.e. að erlendir aðilar eignist að stórum hluta íslensk fyrirtæki. Það hefur oft komið fram í umræðum að fólk óttist þetta einna mest. Ég held að það sé mun ríkari ástæða til að óttast fjárstreymi út úr landinu en inn í það. Þannig er t.d. hugsanlegt að erlendir bankar og verðbréfafyrirtæki reyni að fleyta rjómann ofan af og laða til sín stærstu viðskiptavinina, svo sem lífeyrissjóðina, en láti þjónustu við almenna viðskiptavini og smærri fjármagnseigendur sitja á hakanum. Við þessu þurfa íslenskir aðilar m.a. bregðast með aukinni hagræðingu, sérhæfingu og samvinnu.

Eins og fyrr er sagt nær frelsi útlendinga til fjárfestinga á Íslandi ekki til fyrirtækja á sviði útgerðar og fiskvinnslu. Þetta á að tryggja að erlendir aðilar geti ekki náð yfirráðum yfir auðlindum hafsins eftir þeim leiðum. Bannið við fjárfestingu í fiskvinnslunni nær hins vegar einvörðungu til frumvinnslunnar, þ.e. að verja fiskinn skemmdum, en ekki til fullvinnslu hans í neytendaumbúðir. Þarna er byggt á þegar gildandi lögum, því banni sem er í gildandi lögum við fjárfestingu erlendra aðila í útgerð og fiskvinnslu. Í álitsgerð um EES-samninginn og fasteignir á Íslandi sem Ólafur W. Stefánsson o.fl. sömdu að tilhlutan dóms- og kirkjumrh. og landbrh., segir m.a. um þetta atriði, með leyfi forseta: „Ýmis álitamál geta komið upp við skýringu á þessari undanþágu. Það er EFTA-dómstóllinn sem á lokaorð um það hversu langt þessi ákvæði ná." Þ.e. hvort menn séu þá farnir að teygja þessi ákvæði, sem þeir hafa fengið varanlega undanþágu frá, lengra en hægt sé að fallast á.

Sams konar fjárfestingafyrirvari náðist því miður ekki fram varðandi virkjun vatnsorku og jarðhita og má draga í efa að íslensk stjórnvöld hafi haldið nógu fast á þeim málum í samningaviðræðunum. Slíkur fyrirvari hefði óneitanlega skapað ákveðið öryggisnet, hvort sem stjórnvöld hefðu síðar kosið að nýta hann til fulls eða ekki. Samningarnir breyta þó ekki því að Íslendingar geta eftir sem áður bundið virkjanaréttinn við opinbera aðila en verði orkufyrirtækin einkavædd öðlast allir einstaklingar og fyrirtæki á Evrópsku efnahagssvæði sama rétt til að eignast hlutdeild í þessum fyrirtækjum. Með réttinum til að fjárfesta í landi öðlast erlendir aðilar sama möguleika og Íslendingar til að eignast vatns- og jarðhitaréttindi sem fylgja þá landinu. Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði gefur því sérstakt tilefni til þess að tekið sé á því löngu tímabæra máli að gera þessar mikilvægu auðlindir okkar að þjóðareign rétt eins og fiskinn í sjónum. Frumvörp í þá veru hafa verið boðuð en ekki enn litið dagsins ljós og er því ástæða til gjalda varhug við stöðunni í þessum málum og fylgjast grannt með því sem þar gerist.

Eins og málum er háttað í EB í dag fylgir frelsinu til fjármagnsflutninga ekki sjálfkrafa réttur til að fjárfesta í fasteignum og landi hvar sem er á svæðinu. Sá réttur fylgir aftur á móti óhjákvæmilega atvinnu- og búseturétti einstaklinga og stofnsetningarrétti fyrirtækja. Þ.e. sá sem stofnar fyrirtæki hér getur keypt fasteignir sem tengjast þeim atvinnurekstri, sem hann þarf til þess að reka fyrirtækið, og einstaklingur sem kemur hingað og sest hér að þótt hann sé erlendur ríkisborgari öðlast sama rétt og aðrir sem búa í landinu, Íslendingar, til þess að kaupa húsnæði og fasteignir. Þetta þýðir með öðrum orðum að vilji erlendir aðilar kaupa jarðnæði hér á landi, t.d. til að setja upp ferðaþjónustu eða hefja landbúnað, er þeim það heimilt á sömu forsendum og Íslendingum eftir 1. janúar 1996 en Íslendingar fengu aðlögun til þess tíma vegna fjárfestinga í fasteignum. Rétt til kaupa á sumarbústað eða landi til frístundaiðkunar verður hægt að binda við tiltekna búsetu á Íslandi, þ.e. fólk hafi haft búsetu í tiltekinn tíma, og má í því sambandi vísa til þeirra reglna sem gilda í Danmörku varðandi dönsk sumarhús og m.a. er getið um í álitsgerð Ólafs W. Stefánssonar sem ég vísaði til áðan.

Ljóst er að réttur erlendra aðila til jarðakaupa hér á landi veldur mörgum Íslendingum miklum áhyggjum. Þær áhyggjur sitja djúpt í þjóðarsálinni sem eðlilegt er, enda hefur land alltaf verið ein af mikilvægustu auðlindum jarðar og eignarhald á landi verið rótgróið tákn um sjálfstæði einstaklinga og þjóða.

Mánuðum saman hafa íslensk stjórnvöld talað um að hægt sé að setja skorður við eignaraðild útlendinga

með sérstökum ákvæðum í jarða- og ábúðarlögum. Mikilvægt er að menn átti sig á þeim möguleikum áður en EES-samningurinn verður staðfestur eða samþykktur hér á Alþingi en jafnframt er ástæða til að vara við því að svo langt verði gengið í þeirri viðleitni að koma í veg fyrir eignaraðild útlendinga að það skerði verulega rétt Íslendinga sjálfra í eigin landi og þrengi alla möguleika til að eiga eðlileg viðskipti með fasteignir og jarðnæði. Það frumvarp til jarðalaga, sem nú liggur fyrir Alþingi, virðist í fljótu bragði ganga um of í þá átt.

Virðulegi forseti. Ég ætla að víkja aðeins að atvinnu- og búseturétti en með EES-samningnum öðlast launafólk í aðildarríkjunum rétt til atvinnu hvar sem er á svæðinu og órjúfanlega tengdur honum er rétturinn til búsetu. Þetta mun hafa í för með sér umtalsverðar breytingar á íslenskum vinnumarkaði sem hefur hingað til verið mjög erfiður innkomu fyrir alla aðra en Norðurlandabúa. Þessi opnun er þó án efa meiri í orði en á borði, enda sýnir reynsla aðildarríkja EB að lítil brögð eru að því að fólk flytji sig milli landa í atvinnuleit vegna fjölskyldutengsla og skuldbindinga í sínu heimalandi.

Samningurinn, og þær tilskipanir sem honum tengjast og varða atvinnu- og búseturétt, felur í raun í sér réttarbót fyrir það launafólk sem flytur sig á milli landa. Þannig eiga áunnin félagsleg réttindi, svo sem réttur til atvinnuleysisbóta, lífeyrisgreiðslna, almannatrygginga og fæðingarorlofs, ekki að falla niður við flutninga þó að hinu sé ekki að leyna að talsverð skriffinnska gæti orðið því samfara að sækja sinn rétt, en þá er þetta þó viðbótarréttur. Þá eiga útlendingar hér á landi og Íslendingar erlendis rétt á nákvæmlega sömu þjónustu af hálfu samfélagsins og ríkisborgarar viðkomandi lands og er auðvitað félagsþjónusta þar einna mikilvægust.

Tvær hliðar eru hins vegar á þessum peningi og hin snýr að kaupi og kjörum og stöðu stéttarfélaga. Sú hætta er alltaf fyrir hendi þegar nýir hópar bætast á vinnumarkað, eða aðrar breytingar verða á vinnumarkaði að það hafi áhrif á launakjör til lækkunar. Tilskipanir EES eiga að veita vörn gegn því að taxtakaup sé undirboðið en vandinn, sem við er að etja á Íslandi, er hins vegar sérstakur að því leyti að launataxtar segja harla lítið um greidd laun og ná fyrst og fremst til kvenna og opinberra starfsmanna. Í ákveðnum greinum er það því í raun undirboð að taka laun samkvæmt töxtum. Frumvörp um vinnumarkaðsmál, sem félmn. hefur afgreitt frá sér, eiga að veita nokkra vörn gegn þessu verði þau að lögum. Um þessi mál hefur mikið verið rætt í félmn. þingsins, m.a. með tilliti til þess hvort samningur um Evrópskt efnahagssvæði breytir þeim forgangsrétti til vinnu sem kjarasamningar tryggja félagsmönnum á félagssvæði tiltekinna verkalýðsfélaga. Og svo virðist sem hann geri það ekki. Hins vegar má segja að slíkur staðbundinn forgangur gangi gegn anda samningsins og ég hef áður rætt það hér á þingi vegna þess að hann getur strangt til tekið verið staðbundinn forgangur til vinnu, verið veruleg hindrun í vegi útlendinga sem hingað koma til að leita sér að vinnu. Það má líka almennt draga í efa að hann fái staðist í nútímasamfélagi. Hitt skiptir mun meira máli fyrir stöðu verkalýðshreyfingarinnar að tryggja almennan forgang félaga í stéttarfélögum til vinnu, þ.e. tryggja félagsbundinn forgang að vissu marki þó að staðbundinn forgangur hverfi. Í því sambandi er mikilvægt að ekki verði hróflað við þeim skilningi á félagafrelsi sem ríkjandi hefur verið hér á landi um langt árabil. Í því getur falist mikilvæg vörn fyrir íslenskt launafólk á þeim breytingatímum sem nú eru fram undan og er því nauðsynlegt að koma í veg fyrir pólitískar tilraunir til að veikja hana. Á þetta er lögð áhersla hér þar sem kveðið er á um rétt fólks til þess að standa utan stéttarfélaga í hinni félagslegu áætlun EB. Það er hins vegar vert að hafa í huga að samkvæmt Maastricht-samkomulaginu er Bretland ekki bundið af hinni félagslegu áætlun EB, hvorki til góðs né ills, og því ríkir ekki einsleitni innan EB í þessum málum og þar af leiðandi er tæplega ástæða til að gera hana að heilögum bókstaf innan EES. Engu að síður er ástæða til að hafa í huga að almennt gegnir hin félagslega áætlun því þýðingarmikla hlutverki að koma ákveðnum böndum á þann óhefta markaðsbúskap sem fylgir innri markaði EB.

Um forganginn til vinnu er m.a. fjallað í skýrslu forseta ASÍ um störf Alþýðusambands Íslands árið 1992 og þar er m.a. vitnað í bréf til utanrrh. sem forusta ASÍ eða forseti ASÍ skrifaði ráðherranum rétt aður en EES-samningurinn var undirritaður í Óportó. Í bréfi þessu er athygli utanrrh. vakin á því að sérfræðinganefnd Evrópuráðsins gerði athugasemd við stöðu mála hér á landi hvað varðaði forgang félagsmanna verkalýðsfélaga að vinnu en í bréfinu segir jafnframt, með leyfi forseta:

„ASÍ og íslensk stjórnvöld hafa hins vegar jafnan haldið því fram að framkvæmd okkar á þessari grein sé í fullu samræmi við inntak hennar þar sem aðildarskylda er hvorki lögbundin né almennt skilyrði í stéttarfélögum en greiðsluskylda er bundin í lög, sbr. lög nr. 55/1980." Og svo segir áfram í bréfi forseta ASÍ: „Við viljum vekja athygli þína á þessu atriði áður en þú skrifar undir samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. ASÍ mun ekki sætta sig við að breyting verði á afstöðu íslenskra stjórnvalda hvað þetta atriði varðar ef og þegar til þess kemur að þessi sáttmáli verði hluti af reglum Evrópska efnahagssvæðisins. Við afgreiðslu þess máls mun ASÍ gera kröfu um að íslensk stjórnvöld geri stranga fyrirvara um túlkun Íslendinga á félagafrelsi. Við vísum að öðru leyti til þess að þetta mál er enn til umfjöllunar innan Evrópuráðsins."

Síðan segir í skýrslunni: „ASÍ barst síðar svar frá utanrrn. þar sem ráðherra féllst á sjónarmið forseta ASÍ og fullvissaði hann um að íslensk stjórnvöld mundu ekki hvika frá afstöðu sinni í þessum málum."

Mjög margir hafa látið í ljós áhyggjur vegna þeirrar opnunar á íslenskum vinnumarkaði sem fylgir EES-samningnum og óttast mikið aðstreymi fólks í atvinnuleit til landsins. Ekki er hægt að afskrifa þann ótta sem algerlega ástæðulausan en það er skoðun mín að í þessu máli, eins og varðandi fjármagnið, sé meiri

ástæða til að hafa áhyggjur af útstreymi en innstreymi. Ef ekki er búið betur en gert hefur verið að félagsþjónustu í samfélaginu, menntun, rannsóknum og nýsköpun í atvinnulífi er fyllilega raunhæft að óttast atgervisflótta úr landi. Viðbrögðin við því mega þó ekki vera þau að loka að sér heldur þarf gagngera uppstokkun á ýmsum sviðum íslensks samfélags.

Nú hef ég farið yfir það sem telst vera innan ramma hins svokallaða fjórfrelsis en utan ramma fjórfrelsisins falla málaflokkar eins og umhverfismál, menntamál, félagsmál, vinnuvernd, neytendamál og rannsóknir og þróun. Um þennan þátt EES-samningsins hefur einna minnst verið fjallað í utanmn. enda er hann ekki mjög umdeildur. Því miður er íslenskur réttur í umhverfismálum, vinnuvernd og neytendamálum svo vanþróaður að talsverður ávinningur er af þeim tilskipunum EB sem teknar verða upp innan EES. Þessum umbótum gætu Íslendingar auðvitað sem best komið í kring upp á eigin spýtur óháð samningnum. Hitt er jafnvíst að samningurinn knýr okkur til aðgerða sem ella hefðu kannski dregist á langinn. Það vekur auðvitað athygli að svo virðist sem reglur EB um þessi mál, sérstaklega um vinnuvernd, hafi haft talsvert mikil áhrif í Danmörku og eins og segir hér í Politiken þann 9. des. sl. að EB hafi gert danska vinnustaði að öruggari stöðum en áður. Hér er sagt að EB hafi orðið lyftistöng á dönskum vinnustöðum hvað öryggi varðar. M.a. er vísað til tilskipana EB um vinnu við tölvur og þær tilskipanir hafi leitt til þess að vinnueftirlitið danska hafi í fyrsta skipti getað gefið fyrirmæli um það að starfsmenn við tölvur skuli taka sér hlé með vissu millibili ef vinnan við tölvurnar er einhæf og *vinnueftirlitið danska getur lagt sektir á fyrirtækin ef* þau fara ekki eftir þessu. Það er sagt að þessar tilskipanir EB hafi í haust leitt til þess að sex EB-tilskipanir sem varða vinnuvernd og vinnuumhverfi hafi verið gerðar að lögum í Danmörku. Ástæðan fyrir þessu liggur kannski ekki hvað síst í því að ýmis ríki Evrópu og Evrópubandalagsins hafa þá hefð að setja alls kyns lágmarksreglur um vinnustaði og aðbúnað á vinnustöðum og vinnuvernd í lög, en í Danmörku er sú hefð frekar ríkjandi að um þetta sé samið í kjarasamningum þannig að hefðirnar eru ekki þær sömu. Engu að síður virðist það vera staðreynd að þetta hafi skilað sér inn á danska vinnustaði og gert þá að ýmsu leyti öruggari en þeir voru.

Ef EES verður að veruleika þarf að setja mun ítarlegri lög og reglur hér á landi á sviði neytendaverndar, m.a. um hættulegar vörur, villandi auglýsingar, neytendalán og verðmerkingar. Í umhverfismálum verða Íslendingar að setja ítarlegri reglur en nú gilda, t.d. varðandi hreinsun skolps, verndun neysluvatns og varnir gegn loftmengun og annarri mengun. Þetta mun án efa hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir einhver sveitarfélög en á hinn bóginn er löngu tímabært að ganga þannig frá skolp-, sorp- og neysluvatnsmálum í landinu að viðunandi sé.

Í tengslum við þetta er hins vegar ástæða til að hafa í huga að það getur verið opið fyrir túlkun hvort reglur teljast til vinnuverndar eða umhverfismála eða tæknilegra viðskiptahindrana. Þetta kemur m.a. fram í svari umhvrn. við fyrirspurn sem ég bar fram í utanrmn. um þetta efni. Í bréfinu frá umhvrn. segir að það sé, með leyfi forseta: „nokkur fjöldi EB-reglna sem telja má til umhverfismála en eru í samningnum flokkaðar undir tæknilegar viðskiptahindranir. Meginreglan er sú að EFTA-ríkjunum leyfist ekki að viðhafa strangari kröfur varðandi framkvæmd þessara reglna enda mundi það geta haft áhrif á hið svonefnda fjórþætta frelsi. Þessum reglum er ætlað að samræma kröfur á samningssvæðinu og því gætu mismunandi kröfur verið túlkaðar sem viðskiptahindrun."

Á lista yfir tilskipanir, sem snerta umhverfismál en falla undir reglur um frjálsa vöruflutninga, er m.a. að finna tilskipanir sem varða loftmengun, efni sem eyða ósonlaginu, varning sem inniheldur eiturefni eða hættuleg efni o.fl. Þarna er því grátt svæði þar sem mál sem vissulega eru umhverfismál teljast til viðskiptahindrana og þar af leiðandi ekki hægt að setja strangari kröfur um það í einu landi en öðru.

Í inngangi að EES-samningnum er lögð áhersla á það að samningsaðilar hafi einsett sér eins og segir í samningnum „að varðveita, vernda og bæta umhverfið og sjá til þess að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi, einkum á grundvelli meginreglunnar um sjálfbæra þróun og þeirrar meginreglu að grípa skuli til varúðarráðstafana og fyrirbyggjandi aðgerða". Þetta eru vissulega fögur orð en það verður að segjast eins og er að þess verður ekki vart að þau endurspeglist í einstökum greinum samningsins þar sem þeim er vikið til hliðar vegna þeirra viðskiptahagsmuna sem eru hreyfiafl samningsins. Þetta er svo sem *engin uppgötvun hjá mér.* Þetta hafa auðvitað umhverfissamtök á Norðurlöndunum bent á og á þetta er líka bent í nefndaráliti utanríkismálanefndar finnska þingsins þegar það afgreiddi frá sér samninginn. Það afgreiddi að vísu frá sér samninginn með jákvæðum hætti, þ.e. var fylgjandi samningnum og lagði til að hann yrði samþykktur og staðfestur, en engu að síður er bent á það í álitsgerð þessarar utanríkismálanefndar að það sé ákveðnum vandkvæðum bundið að sameina þessa tvo mótsagnakenndu þætti, þ.e. að annars vegar þurfi vörur og verslun að geta farið um og notið ákveðins frelsis og samkeppnin eigi að vera í hávegum höfð og hins vegar eigi að vernda umhverfið. Þetta geta oft orðið miklar andstæður vegna þess að mikil vöruframleiðsla, mikil neysla er að sjálfsögðu í eðli sínu andsnúin umhverfinu. Þetta er mörgum hverjum ljóst sem eru að fjalla um þetta mál og leggja engu að síður til að þessi samningur verði staðfestur. Mér finnst nú vanta svona ákveðnar áherslur í nefndarálit meiri hlutans þannig að hann sjái ekki bara kostina við þetta heldur líka gallana og hætturnar.

En hvað sem þessu líður er full ástæða til að halda á lofti þeirri kröfu að samningsaðilar og stofnanir þeirra túlki samninginn með tilliti til þessara inngangsorða sem ég gat um hér áðan, þ.e. inngangsorðanna um að varðveita, vernda og bæta beri umhverfið og sjá til þess að náttúruauðlindirnar séu nýttar af varúð og skynsemi. Þessi inngangsorð eru auðvitað í lög

sett eins og annað í meginmáli þessa samnings. Við erum að lögtaka meginmál samningsins og þetta er hluti af honum.

Menntamál eru almennt ekki á samningssviði EB, heldur eru þau mál hvers þjóðríkis fyrir sig. Bandalagið gengst engu að síður fyrir ýmsum samstarfsverkefnum á sviði menntamála og heldur uppi öflugu rannsókna- og þróunarstarfi. Íslendingar eru þegar aðilar að tveimur mikilvægum áætlunum sem byggja á nemendaskiptum, annars vegar COMETT-áætluninni og hins vegar svokallaðri ERASMUS-áætlun. Það sem fyrst og fremst breytist með EES-samningnum er að Ísland, sem og önnur EFTA-ríki, mun geta haft áhrif á mótun samstarfsins og alla ákvarðanatöku en þarf ekki lengur að kaupa sig inn í einstök verkefni með sérstökum samningum við EB.

Ef við lítum á þessi samstarfsverkefni sem Íslendingar hafa þegar verið aðilar að er enginn vafi á því að Íslendingar hafa hingað til fengið meira út úr aðildinni að áætlunum EB en þeir hafa lagt til þeirra. Ég vænti þess að það komi heim og saman við reynslu Íslendinga af öðrum alþjóðlegum samstarfsverkefnum, að reynsla okkar sé yfirleitt sú að við fáum meira út úr því en við leggjum a.m.k. fjárhagslega til þeirra. Engu að síður kostar það bæði fé og vinnu að taka þátt í slíkum verkefnum og það lýsir ótrúlegri skammsýni íslenskra stjórnvalda að búa svo illa að menntakerfinu að það sé tæpast í stakk búið til að sinna því aukna alþjóðastarfi sem fylgir auðvitað EES-samningnum. Þetta hefur m.a. komið fram hjá háskólanum sem í yfirlýsingu dags. þann 8. sept. sl. segir að það sé tæpt að háskólanum takist að sinna þeim skyldum sem hann hafi tekið á sig með samstarfssamningum við aðra háskóla. Og svo að vitna sé beint í þessa yfirlýsingu: „Svo gæti farið að skila þyrfti aftur styrkfé frá Evrópubandalagi þar sem mannafla skortir til að sinna umsóknum." Auðvitað er alveg fráleitt að svona skuli búið að æðstu menntastofnun landsins að hún geti ekki sinnt alþjóðasamstarfi sómasamlega sem mun skipta okkur verulegu máli og skila okkur ávinningi.

Samningnum um Evrópska efnahagssvæðið fylgir full aðild EFTA-ríkjanna að rammaáætlun EB á sviði rannsókna og þróunarverkefna. Íslendingar hafa lýst því yfir að þeir muni ekki nýta sér þennan rétt fyrr en 1. jan. 1994 vegna ónógs undirbúnings. Þessi þáttur EES-samningsins gæti reynst Íslendingum mjög mikilvægur ef vel er á málum haldið.

Stundum hefur verið sagt að það sem við stöndum andspænis í vestrænu samfélagi í dag sé svokölluð þriðja iðnbyltingin, samfélagið hafi þegar farið í gegnum tvær iðnbyltingar, þá fyrri á seinni hluta 18. aldar, þá síðari á seinni hluta 19. aldar og svo aftur sé sú þriðja núna eftir seinni heimsstyrjöld. Við vitum að öllum slíkum byltingum í framleiðsluháttum — við þurfum ekki annað en að líta á þessar tvær sem þegar hafa átt sér stað og skoða þær ögn — fylgja marghátt aðar breytingar í efnahagslífi, í menningu og í stjórnmálum. Þeim fylgir m.a. breyting á pólitískri þátttöku. Það koma nýir hópar til sögunnar í stjórnmálum, það hefur alltaf gerst. Þátttakan í stjórnmálum verður með öðrum hætti og þessu fylgja líka breytingar í hugmyndum manna um þjóðríkið. En þessar byltingar hafa ekki bara áhrif á menn, menn eru ekki bara þolendur heldur eru þeir líka gerendur. Þarna eru auðvitað alltaf gangvegir á milli.

Mér finnst að það skipti verulegu máli að gera sér grein fyrir þessu, ekki síst þegar maður tekur afstöðu til EES-samningsins og eins þegar maður veltir því fyrir sér hvað muni ráða örlögum þjóða og fyrirtækja í framtíðinni. Þá verður maður að átta sig á því hvernig þetta samfélag er að breytast og þróast og hvernig við því eigi að bregðast. Ég er alveg sannfærð um að það sem mun ráða örlögum þjóða og fyrirtækja í framtíðinni er hvort þau hafa yfir að ráða öflugri tækni og vel menntuðu fólki. Ég óttast það að aðgerðir sem hefur verið staðið fyrir innan lands, m.a. í menntamálum og atvinnumálum, gangi gegn þessu og þar af leiðandi sé ákveðin hætta á því að Íslendingar dragist aftur úr í þessum efnum. Ef Íslendingar eiga ekki að dragast aftur úr öðrum þjóðum verður að gera gangskör í því að efla hvers kyns rannsókna- og þróunarstarfsemi á sviði verk- og hugvísinda. Menn leggja ævinlega mikla áherslu á hinn verklega þátt en hugvísindin skipta ekki síður máli í þessu sambandi vegna þess að hugvísindin eru mikið hreyfiafl hugmynda og þau má ekki vanvirða og það skiptir máli þegar verið er að byggja upp rannsókna- og þróunarstarfsemi og þróunaráætlanir að þau séu þar fyllilega inni.

Aðildin að rammaáætlun EB gæti verið okkur lyftistöng á þeim sviðum ef íslensk stjórnvöld skynja sinn vitjunartíma og leggja það til hennar sem þarf.

Þegar fjallað er um samninginn fer ekki hjá því að hinn svokallaði stofnanaþáttur EES-samningsins hljóti að vega mjög þungt í allri umfjöllun. Með stofnunum EES er samstarfi EFTA-ríkjanna og EB markaður formlegur rammi og af honum ræðst hvar og hvernig ákvarðanir eru teknar, eftirliti hagað og deilumál leyst. Slíkt er ævinlega vandmeðfarið vegna þess að um leið og þjóðríkin bindast samtökum um umfangsmikið samstarf skerða þau að vissu marki sjálfstæði sitt og svigrúm til athafna. Hjá þessu verður tæpast komist en það hefur engu að síður verið stefna íslenskra stjórnvalda fram að þessu að standa vörð um fullveldisrétt íslensku þjóðarinnar og framselja ekki ríkisvald í alþjóðlegum samningum. Hins vegar er ástæða til að draga í efa að við þetta hafi verið staðið og vil ég þar m.a. benda á herstöðvarsamninginn við Bandaríkjamenn árið 1952 en með þeim samningi voru þeim fengin yfirráð yfir vörnum landsins og afmörkuðum landsvæðum á Íslandi. Þetta vekur auðvitað athygli ekki síst erlendra aðila sem eru að fjalla um þessi mál hvort menn hafi ekki litið á þetta sem fullveldisbrot.

Þegar stofnanaþáttur EES-samningsins er skoðaður vaknar óneitanlega sú spurning hvort í honum felist eitthvert framsal á löggjafarvaldi, framkvæmdarvaldi eða dómsvaldi. Slíkt framsal kann að vera nauðsynlegt eða réttlætanlegt til að uppfylla markmið samningsins, en ef svo er verður auðvitað mjög mikilvægt að tryggja að það gangi ekki gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Utanríkismálanefnd hefur farið mjög vel í gegnum þennan þátt málsins og fengið upp í hendurnar fimm lögfræðilegar álitsgerðir sem orðið hafa til hver með sínum hætti. Ég ætla ekki að rekja þær hér, ég held að það hafi verið gert oftar en einu sinni og oftar en tvisvar og oftar en þrisvar hér á þingi og óþarfi að rekja þær allar. En mig langar til þess að fjalla aðeins um hina einstöku þætti valdsins í þessu nefndaráliti og fjalla fyrst um löggjafarvaldið.

Lögfræðingarnir nálgast stjórnarskrána á nokkuð mismunandi hátt og greinir m.a. á um hvernig túlka beri fullveldishugtakið í stjórnarskránni. Dr. Guðmundur Alfreðsson telur að í samningnum felist efnislegt framsal á löggjafarvaldi frá Alþingi til framkvæmdarvaldsins og fjölþjóðlegra stofnana, þ.e. frá Alþingi annars vegar og til framkvæmdarvaldsins og fjölþjóðlegra stofnana hins vegar. Björn Þ. Guðmundsson stjórnlagaprófessor hefur lýst svipaðri skoðun. Þessa skoðun byggja þeir á því að Alþingi geti aðeins samþykkt eða synjað EES-reglum þegar þær koma til kasta þess en ekki breytt þeim. Þá sé réttur þingmanna til frumkvæðis að nýjum lögum á samningssviði EES skertur. Guðmundur segir engu að síður í álitsgerð sinni að það sé „matsatriði og geti horft til beggja átta hvort þetta fyrirkomulag brýtur í bága við stjórnarskrána" svo orðrétt sé vitnað í álitsgerð Guðmundar.

Lögfræðinganefnd utanríkisráðherra leggur aftur á móti áherslu á að þarna sé um hefðbundinn þjóðréttarsamning að ræða og þar af leiðandi fari setning nýrra EES-reglna ekki eftir reglum landsréttar hvers ríkis. Þarna sé um þjóðréttarsamning að ræða. Og í nefndarálitinu segir að þarna eigi „því ekki við stjórnarskrárákvæði um frumkvæðisrétt ríkisstjórnar eða þingmanna að lagafrumvörpum eða rétt til flutnings breytingartillagna. Um breytingar á ákvæðum samningsins fer formlega á sama hátt og um breytingar á öðrum þjóðréttarsamningum sem Ísland er aðili að."

Samkvæmt samningnum á samráð um nýjar eða breyttar EES-reglur fyrst og fremst að fara fram á vettvangi sameiginlegu EES-nefndarinnar milli framkvæmdastjórnar EB annars vegar og fulltrúa framkvæmdarvaldsins í aðildarríkjum EFTA hins vegar. Komist þessir aðilar að sameiginlegri niðurstöðu á Alþingi ekki nema tveggja kosta völ — samþykki eða synjun. Það er því mjög mikilvægt að Alþingi sé inni í samráðsferlinu allt frá upphafi og fái nákvæmlega sömu upplýsingar og ráðuneytin um hugmyndir sem uppi eru um breytta löggjöf á samningssviðinu. Þá er mikilvægt að ráðherrar og aðrir fulltrúar framkvæmdarvaldsins hafi fullt samráð við Alþingi þegar samið er um slíkar breytingar í sameiginlegu EES-nefndinni. Aðrar EFTA-þjóðir, svo sem Finnar og Austurríkismenn og ég held líka Svíar, ætla — að danskri fyrirmynd — að koma sér upp sérstakri þingnefnd til að fylgjast með framkvæmd EES-samningsins og er brýnt að Alþingi taki á þessum málum, verði samningurinn að veruleika, og komi sér upp einhverri slíkri nefnd sem beinlínis hafi það hlutverk að fylgjast með framkvæmd samningsins allt frá því að hugmynd kemur fram um breytingar á honum og þar til sú breyting er afstaðin eða henni hefur verið hafnað eftir atvikum.

Þegar við fjöllum um framkvæmdarvald og dómsvald erum við komin að því sem lögfræðingana greinir kannski einna helst á um. Þá greinir nefnilega helst á um það hvort eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólnum sé fengið í hendur framkvæmdarvald og dómsvald sem með réttu ætti að vera í höndum íslenskra yfirvalda. Rökstuðningur nefndar utanríkisráðherra er ekki alveg afdráttarlaus hvað þetta varðar og þannig segir m.a. í álitsgerð hennar: „Við teljum að reglurnar um vald stofnana EFTA séu vel afmarkaðar og feli ekki í sér verulegt valdframsal sem talið verði íþyngjandi í ríkum mæli. Verður að telja að stjórnarskráin heimili framsal stjórnvalds sem er takmarkað með þessum hætti og varðar milliríkjaviðskipti." Um þennan þátt segir Guðmundur Alfreðsson m.a., um framsal á framkvæmdarvaldi og dómsvaldi til eftirlitsstofnunar EFTA, með leyfi forseta:

„Eftirlitsstofnun EFTA yrði sjálfstæð stofnun og eftirlitsmennirnir, þar með talinn íslenski eftirlitsmaðurinn, mættu ekki taka við fyrirmælum frá ríkisstjórnum aðildarríkjanna. Þarna yrði sem sagt um yfirþjóðlegan framkvæmdarvaldsaðila að ræða sem á að geta tekið ákvarðanir sem mundu verða bindandi á Íslandi og koma beint til fullnustu innan lands án þess að íslensk stjórnvöld eða dómstólar gætu sagt nokkuð um efnishliðina." Og síðar segir hann: „Það er mín niðurstaða um framkvæmdarvaldsþátt EES-samningsins að yfirþjóðlegt framsal af þessu tagi fái ekki staðist skv. 2. gr. stjórnarskrárinnar sem felur tilteknum íslenskum aðilum þetta vald."

Svo vitnað sé í Björn Þ. Guðmundsson prófessor, þá segir hann m.a., með leyfi forseta: „Ef litið er á stjórnarskrárviljann einan, þ.e. það sem vakti fyrir Íslendingum þegar þeir settu sér stjórnarskrá, þykir mér alveg ljóst að hann teldi valdframsalið samkvæmt EES-samningnum óheimilt." Um framsal á framkvæmdarvaldi segir Björn Þ. Guðmundsson, með leyfi forseta: „Framsal framkvæmdarvalds samkvæmt stjórnsýslurétti til utanaðkomandi aðila, þegar lögbær aðili er til í landinu á því sviði, er mjög sjaldgæft hér innan lands. Óþekkt er að slíkt framsal eigi sér stað til útlanda." Í málflutningi sínum hefur Björn Þ. Guðmundsson lagt áherslu á skyldleika íslensku, dönsku og norsku stjórnarskránna og bent á að vegna aukinna alþjóðatengsla hafi bæði Danir og Norðmenn bætt ákvæðum inn í stjórnarskrár sínar sem heimili afmarkað framsal á fullveldi með samþykki aukins meiri hluta á þjóðþingunum. Um er að ræða 20. gr. dönsku stjórnarskrárinnar og 93. gr. þeirrar norsku. Björn bendir á að þessi breyting hafi ekki verið gerð á íslensku stjórnarskránni og meðan umræðan í Noregi og Danmörku snúist um það hversu mikið framsal á ríkisvaldi sé heimilt hljóti hún hér á landi að snúast um það hvort framsal sé yfirleitt heimilt. Það er hans skoðun að íslenska stjórnarskráin heimili það ekki.

Í greinargerðinni með norska frumvarpinu til staðfestingar á EES-samningnum er sérstaklega fjallað um stjórnarskrárþátt málsins. Þar eru tekin af öll tvímæli um að meðhöndla verði samninginn á norska Stór-

þinginu í samræmi við 93. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um aukinn meiri hluta. Í greinargerðinni með norska frumvarpinu kemur fram að það sem ráði úrslitum séu ákvæði EES-samningsins um framkvæmd samkeppnisreglnanna og EFTA-samningurinn um eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstól.

Þau rök hafa heyrst í umræðunni um EES-samninginn að þegar einstök ríki, fyrirtæki og einstaklingar nýti sér rétt sem ávinnist fyrir tilstilli milliríkjasamninga, þ.e. fái nýjan rétt, sé ekki óeðlilegt að þeir gangist um leið undir einhvers konar milliríkjalög eða dómstóla. Þessir aðilar séu að fá nýjan rétt og eigi þar af leiðandi að taka á sig nýjar skyldur. Þá séu slík lög og dómstólar mjög mikilvæg tæki til að hafa eftirlit með og koma lögum yfir fjölþjóðafyrirtæki sem hafi veruleg áhrif á öll viðskipti og tilheyri í raun engu einu þjóðríki öðru fremur sem hreyfir sig á fjölþjóðlegum markaði og séu í fjölþjóðlegri eigu. Undir þetta sjónarmið get ég tekið en um leið er ástæða til að vara við þeirri skoðun að tilgangurinn helgi meðalið. Þeir sem fara með tiltekið þjóðfélagsvald, í þessu tilviki íslensk stjórnvöld, geta ekki leyft sér að taka afdrifaríkar ákvarðanir ef þau eru vitandi vits um að vafi leikur á því að þær standist gagnvart lögunum. Slíkum vafa verður að eyða sé þess nokkur kostur.

Í ljósi þeirrar umræðu um stjórnarskrárþátt EES-samningsins, sem hér hefur verið rakin, tel ég að það geti orkað verulega tvímælis, svo ekki sé sterkar að orði kveðið, að ákvæði EES-samningsins um eftirlit og dómstól standist gagnvart íslensku stjórnarskránni. Ríkisstjórnin og Alþingi hafa það á valdi sínu að eyða þeim vafa og hafa verið fluttar tillögur til breytinga á stjórnarskránni hér á þingi til þess m.a. að setja inn í stjórnarskrána ákvæði sem eru til þess fallin að eyða slíkum vafa en þær hafa ekki náð fram að ganga.

Virðulegur forseti. Ef ég dreg saman niðurstöður mínar í þessu máli þá vil ég fyrst ítreka það eins og hér hefur komið fram í máli mínu að það var á sínum tíma skoðun Kvennalistans að leið tvíhliða viðræðna við EB hentaði íslenskum hagsmunum betur en leið Evrópska efnahagssvæðisins. Þessi afstaða hefur ekki breyst eftir að niðurstaða fékkst í samningaviðræðurnar og tækifæri gafst til að vega og meta þá kosti og galla EES-samningsins sem hér hafa m.a. verið gerðir að umfjöllunarefni. Ítrekaði Kvennalistinn andstöðu sína við samninginn á landsfundi á Laugarvatni 30. október sl.

Það sem vegur þyngst í gagnrýni kvennalistakvenna þegar EB og EES er annars vegar — og þá er ég auðvitað að tala um svona almennt talað, auðvitað er það misjafnt hjá hverri og einni hvar þyngdarpunkturinn liggur, en það sem vegur þyngst er sú hugmyndafræði neyslu og söunar sem innri markaðurinn byggist á. Sá skortur á lýðræði og samþjöppun valds í stofnunum þessara bandalaga og síðast en ekki síst það karlveldi sem þar ræður ríkjum. Kvennalistakonur greinir hins vegar á um hvernig við þessu eigi að bregðast.

Sóunarhugmyndafræði, skortur á lýðræði og karlveldi einskorðast ekki við EB og EES, heldur er þarna um alþjóðleg fyrirbæri að ræða sem því miður virða engin landamæri. Baráttan gegn þeim er því ekki bundin við þjóðríkin og það þarf öflugt alþjóðlegt samstarf til að vinda ofan af hugmyndum hins vestræna hagkerfis um endalausan vöxt og tryggja gæði mannlífs og náttúru til frambúðar. Ekki síst tel ég þetta mikilvægt í ljósi þess hvernig samfélagsþróunin er og hvernig ég tel að hún muni verða á komandi árum.

Afstaða til aðildarinnar að EES mótast auðvitað af fjölmörgum þáttum og vegna þess mikla valds sem endurspeglast í EB er mjög eðlilegt að einstaklingar og hópar, sem hafa lítil völd í samfélaginu, svo sem konur og láglaunafólk, óttist hvers kyns tengsl við bandalagið. Hið svokallaða fjórfrelsi nýtist þessu fólki heldur ekki með beinum hætti þar sem það ræður hvorki yfir fjármagni né fyrirtækjum. Þar við bætist svo að konur eru almennt ekki mikið á faraldsfæti á vinnumarkaði vegna stöðu sinnar í fjölskyldunni og þar af leiðandi hefur afnám landamæra á vinnumarkaði ekki sömu þýðingu fyrir þær og karla. Hins vegar er mjög hæpið að staða og kjör kvenna, láglaunafólks og síðast en ekki síst íslensku þjóðarinnar séu betur tryggð ef Ísland stendur algerlega utan við samrunaþróunina í Evrópu. Staðan er einfaldlega sú að samhliða tæknibyltingu og breyttum framleiðsluháttum eins og ég gat um hér áðan hafa átt sér stað gagngerar breytingar á skipulagi efnahags- og markaðsmála í heiminum. Þessari þróun verður ekki snúið við og hún lætur engan ósnortinn. En það er hægt að hafa áhrif á hana, menn eru gerendur, ekki bara þolendur og það er hægt að beina henni inn á brautir sem eru manneskjunni vinsamlegri.

Á undanförnum öldum hefur þjóðarhugtakið tekið ýmsum breytingum. Hugmyndin um þjóðina, í þeirri landfræðilegu merkingu sem við leggjum í hugtakið í dag, það er reyndar ekki bara landfræðileg merking, það kemur fleira til eins og tungumál og menning, en þessi hugmynd um þjóðina sem uppsprettu valds og þjóðríkið sem allt að því náttúrulegt og eilíft fyrirbæri er ekki ýkja gömul. Þetta er í raun 19. aldar hugmynd sem endurspeglar þær hræringar sem þá áttu sér stað í Evrópu. Á þeim tíma var þjóðríkið víðast hvar hagkvæmt og eðlilegt skipulag. Það myndaði einn markað sem var sjálfum sér nógur um flesta hluti. Þjóðríkið sem fullvalda ríki gat haft yfirsýn og eftirlit með athöfnum manna innan sinna landamæra, sett um þær lög og fellt dóma. Í Evrópu hafði það líka því mikilvæga hlutverki að gegna að tryggja öryggi og velferð þegnanna. Er óhætt að fullyrða að þjóðríki, sem byggir á lýðræði og þar sem valdsvið stofnana er skýrt og vel afmarkað, hefur reynst öðrum stjórnkerfum betur og þar af leiðandi er full ástæða fyrir þjóðir að fara varlega í að takmarka fullveldi sitt. Og nú mega menn ekki skilja orð mín sem svo að ég telji að dagar þjóðríkisins séu liðnir. Alls ekki. Ég er sannfærð um að þjóðríkið mun hafa veigamiklu hlutverki að gegna a.m.k. langt fram á næstu öld.

Það er engu að síður staðreynd að þær breytingar, sem orðið hafa á markaðskerfinu á þessari öld, hafa

haft veruleg áhrif á þetta stjórnkerfi og ekkert ríki er lengur sjálfstætt á sama hátt og í upphafi aldarinnar. Sífellt meiri samskipti eiga sér stað þvert á öll landamæri og til að koma í veg fyrir að einstök ríki og fjölþjóðafyrirtæki deili og drottni í krafti yfirburðarstöðu hafa menn reynt að koma lögum yfir þessi samskipti. Eigi það að vera hægt verður varla hjá því komist að einstök ríki setji fullveldi sínu vissar skorður.

Samrunaþróunin í Evrópu verður líka með eða án okkar. Við verðum hins vegar að svara því hvort við viljum og treystum okkur til að standa utan við hana. Ýmsir hafa haldið því fram að óvissan, sem fylgir EES, sé svo mikil að það sé ekki hægt að verja stuðning við samninginn. En hvaða vissa fylgir því að taka ekki þátt í EES? Í raun má segja að með því sé tekin meiri áhætta því þá erum við Íslendingar að vissu leyti ein á báti og verðum að þróa tengsl okkar við EB og aðildarríki þess upp á eigin spýtur. Staðan í heiminum er einfaldlega sú um þessar mundir að það gefst engin vissa fyrir neinu. Þjóð eins og Íslendingar, sem á jafnmikið undir milliríkjaviðskiptum og raun ber vitni, getur ekki ein og sér búið sér til skjól fyrir þeim vindum sem blása í alþjóðaviðskiptum né heldur viðhaft aðrar leikreglur en þar gilda.

Það fer ekki hjá því að Íslendingar verða að aðlaga sig þeim reglum sem munu gilda á Evrópsku efnahagssvæði hvort sem þeir gerast þátttakendur í því eða ekki. 75% af vöruútflutningi okkar fara til ríkja EES og við þurfum að tryggja stöðu okkar á þeim markaði um leið og við leitum að nýjum. Með aðildinni að EES erum við að lýsa því yfir að hér á landi ríki sama viðskiptaumhverfi og annars staðar í Evrópu sem auðveldar einstaklingum og fyrirtækjum í öðrum ríkjum að eiga viðskipti við okkur.

Eftir stendur sú staðreynd að valdið á samningsviði EES, þ.e. í öllu sem varðar fjórfrelsið, verður fjarlægara okkur en áður var. Við höfum ekki sömu tök og áður á því að sníða ný lög að okkar sérþörfum og hagsmunum. Vandamálið, sem við Íslendingar, ef við gerumst aðilar að EES, verðum að glíma við, rétt eins og aðrar þjóðir, er þá að reyna að draga úr reglugerðarveldi EB/EES á sviðum sem best eru komin í höndum þjóðríkja eða sveitarstjórna. Í þeirri baráttu getum við átt samleið með því fólki í Evrópu sem í sumar sem leið tók sér fimmta frelsið, þ.e. frelsið til að hafa áhrif á þróun EB.

Á næstu missirum og árum ræðst hvernig innbyrðis tengslum Evrópuríkja verður háttað og þegar um þau mál verður samið verður samningaborðið EB og EES. Það skiptir verulegu máli að við sitjum við það borð ef við viljum tryggja stöðu okkar í Evrópu. Að því leytinu til snýst EES ekki aðeins um viðskipti heldur líka pólitík, enda verður þetta tvennt aldrei alveg aðskilið.

Öll EFTA-ríkin nema Ísland hafa sótt um aðild að EB eða hyggjast gera það. Það er hins vegar nokkuð ljóst að ef EB þróast ekki í átt til lýðræðislegra og lausbeislaðra bandalags fæst aðild að því tæpast samþykkt annars staðar á Norðurlöndum að Danmörku meðtalinni. Nú hafa Danir fengið ákveðinn sérsamning hvað sig varðar sem væntanlega verður borinn undir dóm dönsku þjóðarinnar og þar sem tekið er að vissu leyti, þó menn greini auðvitað á um það, tillit til þess sem Danir vildu ná fram með nei-inu í júní sl. og þar af leiðandi hafa þeir auðvitað markað sér mjög ákveðna stöðu. Þá verður tengslum þessara ríkja við EB ráðið á vettvangi EFTA og EES. Það skiptir máli að við séum aðilar að því samráði. Ef EB þróast aftur á móti þannig að almenningur í þessum ríkjum telji það viðunandi eigum við tveggja kosta völ, þ.e. ef hin ríkin ganga öll inn. Um er að ræða tvíhliða samning um fjórfrelsið, að frátöldum stofnanaþætti samningsins um EES, eða að leggja inn umsókn um aðild og sjá hverju hún mundi skila. Mig langar í þessu sambandi vegna hugmyndarinnar um að gera samning um fjórfrelsið, tvíhliða samning að frátöldum stofnanaþættinum, að vitna til viðtals sem birtist í Vinnunni nú nýverið. Ég hef nú ekki dagsetninguna á því en það er Jens Peter Bonde sem er þingmaður á Evrópuþinginu fyrir Folkebevægelsen mod EF, þ.e. hreyfingin sem barðist gegn inngöngu Dana á sínum tíma í Evrópubandalagið og sem stóð í fararbroddi fyrir nei-inu danska við Maastricht-samningnum. Það er verið að spyrja hann um tvíhliða samninga og þar segir hann í fyrsta lagi, með leyfi forseta:

„Það yrði ekki svo ýkja alvarlegt ef Íslendingar segðu nei vegna þess að þið hafið einungis mikla hagsmuni á tiltölulega þröngu sviði. Það yrði mun alvarlegra ef t.d. Svisslendingar hlypu frá samningnum vegna þess að hagsmunir þeirra eru alls staðar á samningssviðinu." — Það yrði alvarlegra fyrir EFTA og fyrir samninginn. — „Íslendingar gætu hins vegar ekki fengið EES-samningsniðurstöðunni breytt í tvíhliða lausn milli Íslands og Evrópubandalagsins. Ríkisstjórnin gæti aldrei beðið um slíkt. Eini möguleikinn væri ef Alþingi bæði um eitthvað í þá veru ef það sættir sig ekki við samningsniðurstöðu ríkisstjórnarnnar. Hins vegar liggur ljóst fyrir að leysist EES upp vegna þess að allar EFTA-þjóðrnar gengju í EB mundu Íslendingar halda öllum réttindum sínum miðað við EES-samninginn. Um það hafa ráðamenn EB gefið skýrar yfirlýsingar." Og síðan svarar hann aftur spurningunni þegar Vinnan spyr: „Hvað verður um tengsl Íslands og EB ef önnur EFTA-ríki ganga í EB?" Þá svarar hann: „Frans Andriessen, einn af framkvæmdastjórum EB, hefur sagt mjög ákveðið að í slíku tilviki munu Íslendingar halda öllum þeim réttindum sem þeir fá með EES-samningnum. Fyrir þessu er líka séð í þeim samningi."

Ég talaði ekki aðeins um þennan tvíhliða samning hugsanlega heldur sagði ég að ef EB þróaðist þannig að það væri hægt að telja það viðunandi þá ættu Íslendingar auðvitað líka þess kost að skila inn umsókn um aðild. Þar með er ég ekki að segja að þeir eigi að gera það, ég er að segja: Það er kostur sem er í stöðunni sem verður að taka afstöðu til því í þessu sambandi verðum við að hafa í huga að EB er síbreytileg skepna og því erfitt að taka afstöðu til þess í eitt skipti fyrir öll nema maður sé í grundvallaratriðum á móti viðskiptabandalögum eða hvers konar framsali á fullveldi.

Flestir munu sammála um að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er einn mikilvægasti milliríkjasamningur sem Íslendingar hafa gert. Hann mun hafa áhrif á flest svið íslensks samfélags og snerta daglegt líf alls almennings, enda fylgja honum talsverðar breytingar á íslenskri löggjöf. Þessi áhrif einskorðast þó ekki við aðild Íslands að EES, heldur mundi þeirra einnig gæta verulega þó að Ísland kysi að standa utan þess. Því er mikilvægt að lesa ekki meira út úr samningnum en í honum felst og skilja á milli almennra þróunareinkenna og beinna afleiðinga af samningnum.

Þetta hefur ekki síst þýðingu vegna þeirrar tilhneigingar, sem nú gætir bæði hér á landi og víðar í Evrópu til að draga úr skattlagningu fyrirtækja á kostnað velferðarþjónustunnar. Það er ástæðulaust að gefa stjórnvöldum tækifæri til að þvo hendur sínar af vondum stjórnarathöfnum sem eru á þeirra eigin ábyrgð. Í því sambandi má geta þess að þingmenn á EB-þinginu sem sátu fund með okkur þingmönnum í þingmannanefnd EFTA fyrir skömmu, m.a. fulltrúi breska Verkamannaflokksins, Gary Titley, sagði það einmitt við þingmenn sænsku stjórnarflokkanna á þessum fundi að þeirrar tilhneigingar gætti mjög í Svíþjóð nú um tíðir að réttlæta allt, allar vondar stjórnarathafnir með því að Svíar ætluðu sér að gerast aðilar að EB og væru að aðlaga sig EB. Og þessi þingmaður gaf ekki mikið fyrir þessar réttlætingar hjá sænskum stjórnvöldum.

Þó að áhrifin af samningnum séu vissulega víðtæk er það engu að síður skoðun mín að mönnum hætti bæði til að gera of mikið úr kostum hans og göllum. Í honum felst hvorki það hjálpræði í efnahags- og atvinnumálum sem margir stjórnmálamenn virðast hafa beðið eftir árum saman, né heldur hefur hann í för með sér endalok sjálfstæðs og fullvalda ríkis á Íslandi. Hann er einfaldlega að mínu mati liður í þróun og það ræðst hér innan lands hvort okkur Íslendingum tekst að nýta hana samfélagi okkar til hagsbóta eða hvort við látum ógæfu okkar verða allt að vopni.

Það er skoðun mín að miðað við þá stöðu, sem nú er uppi í samskiptum þjóða á sviði efnahags- og stjórnmála, sé eðlilegt að Ísland reyni að tryggja hagsmuni sína með samningi um aðild að Evrópsku efnahagssvæði. Það er svo aftur sjálfstætt álitaefni hvort náðst hafi besta mögulega samningsniðurstaða fyrir Íslendinga og hvort nógu vel hafi verið staðið að undirbúningi aðildarinnar að Evrópsku efnahagssvæði. Undirbúningurinn hefur mjög mikið að segja um hvernig til tekst í upphafi og það er ástæða til að óttast að bæði fyrirtæki og einstaklingar ætli sér að höndla gull og græna skóga á nýjum og stórum markaði í Evrópu. Vegna vanþekkingar hrasi þeir um gallana og nái ekki að nýta sér kostina.

Umræða í tengslum við þjóðaratkvæðagreiðslu um samninginn hefði án efa skilað miklum fróðleik til þjóðarinnar og gert hana betur í stakk búna til að takast á við þá ögrun sem í samningnum felst. Hins vegar skortir stjórnarmeirihlutann á þingi því miður þá lýðræðisvitund sem þarf til að treysta þjóðinni til að velja sér framtíð og sæta þeim dómi.

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir að frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið sé nú afgreitt frá utanríkismálanefnd er enn margt óljóst. Enn er vafi á því að frumvarpið standist gagnvart stjórnarskrá og ekki er komið endanlegt lagaform á ýmsar tilskipanir EB sem munu hafa veruleg áhrif hér á landi. Við þessar aðstæður hljóta ráðherrar og þingmenn stjórnarflokkanna að bera alla pólitíska ábyrgð á málinu. Treystir ég mér því ekki til að leggja til við þingið að það samþykki frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið eins og að liggur hér fyrir þó ég sé efnislega sammála aðildinni á þeim forsendum sem hér hafa verið reifaðar. Ég vil hins vegar að það komi fram að ég styð brtt. meiri hluta nefndarinnar sem felur það í sér að fella niður víðtæka reglugerðarheimild ráðherra og er í frv. eins og það liggur fyrir. Þetta er afstaða mín en aðrar þingkonur Kvennalistans telja aftur á móti að hagsmunum Íslands sé best borgið utan Evrópska efnahagssvæðisins og munu því greiða atkvæði gegn samningnum hér á þingi og gera auðvitað sjálfar grein fyrir afstöðu sinni í umræðum hér um málið.

Ég hef lokið ræðu minni.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er vissulega sérkennileg aðstaða sem þingflokkur Kvennalistans er í hér í tengslum við þetta mál. Hér hefur mælt fulltrúi þingflokksins í utanrmn. fyrir áliti sem er þannig upp byggt að þegar það er lesið aftur undir niðurstöður er það einn nokkuð samfelldur áfellisdómur um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, að vísu slegið úr og í sem er líka eitt af einkennum þessa nál. en síðan kemur að niðurstöðunum. Þá er eins og þingmaðurinn gangi inn í annan heim. Þá er ekki litið á þau rök sem fram eru reidd gegn samningnum í fyrri hluta nál. heldur skrifað upp á allt gumsið og þingmaðurinn boðar hér hjásetu en efnislegt samþykki við samningnum, samt hjásetu, en setur þó í nál. sitt á bls. 16, með leyfi forseta:

„Í ljósi þeirrar umræðu um stjórnarskrárþátt EES-samningsins, sem hér hefur verið rakinn, telur undirrituð það orka verulega tvímælis, svo ekki sé sterkar að orði kveðið, að ákvæði EES-samningsins um eftirlit og dómstól standist gagnvart íslensku stjórnarskránni."

Samt er það niðurstaða þingmannsins að sitja hjá við afgreiðslu málsins. Við hlýddum í gær á ræðu formanns Framsfl. sem ekki síst vegna stjórnarskrárþáttar málsins hefur ákveðið að greiða atkvæði gegn samningnum. Þessi þingmaður, sem hefur tekið allt aðra afstöðu heldur en Kvennalistinn að öðru leyti, ætlar líka að ganga gegn stjórnarskrá landsins og þeim sjónarmiðum sem fram eru reidd í nál. og af sérfræðingum og sitja hjá.

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef orðið þess vör í þessari umræðu um hið Evrópska efnahagssvæði og reyndar svo sem fleiri málum að hv. þm. er mjög umhugað um Kvennalistann og að Kvennalistinn haldi einingu sinni í þingsölum. Það er ljóst að um þessi mál fjöllum við

á vettvangi okkar og það er ljóst að í Kvennalistanum er ekki samstaða um þetta mál og ég hef nokkuð aðra skoðun á því máli en aðrar. Auðvitað hlýtur það að endurspeglast í nál. mínu. Ég vil minna á það að þetta endurspeglaðist líka í nál. hv. þm. sem var hér með andsvar við ræðu minni þegar hann var í Evrópustefnunefnd þingsins vegna þess að þá hafði hann ákveðna sérstöðu í Alþb. sem endurspeglaðist í því nál. og sem var nokkuð á skjön við þá stjórnarstefnu sem þáv. ráðherrar fylgdu a.m.k.

Hann sagði að nál. mitt væri allt undir niðurstöðu ein áfellisdómur um EB. Ég lít ekki svo á. Ég lít svo á að ég sé þarna að velta vöngum yfir kostum og göllum. Ég er vissulega að gagnrýna EES, þetta lítur allt öðruvísi út en ég mundi vilja ef ég réði hvernig hlutirnir litu út, hvernig þeir væru. Ég bara ræð því ekki, hv. þm. Það má kannski segja að sá er vinur sem til vamms segir, en mér finnst ástæðulaust að menn gangi hér með bundið fyrir augum að þessum samningi. Þeir verða að gera sér grein fyrir þeim hættum sem í honum felast.

Um stjórnarskrárþáttinn segi ég í mínu nál. að það sé efi í mínum huga en ég fullyrði ekkert um að stjórnarskráin sé brotin. Ég segi, það er efi og honum hefði auðvitað verið hægt að eyða en því hefur verið hafnað. Ég man ekki betur en hv. þm. hafi á sínum tíma setið hjá þegar sett voru bráðabirgðalög á BHMR sem m.a. var talið að um stjórnarskrárbrot væri að ræða og ég vænti þess að afstaða þingmannsins hafi þá verið tvíþætt. Hún hafi annars vegar verið efnisleg og hins vegar formleg. Samt sat hann hjá. Af hverju greiddi þingmaðurinn þá ekki atkvæði gegn þeirri aðgerð á Alþingi? Afstaða mín er að efnislega er ég ekki mótfallin samningnum. Hins vegar sé ég á hinum formlega þætti málsins þennan galla og ég óttast að þarna geti verið um stjórnarskrárbrot að ræða. Það er efi í mínum huga og honum hefur ekki verið útrýmt og þar af leiðandi sit ég hjá.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þingmaðurinn segist hafa nokkuð aðra skoðun en aðrar þingkonur Kvennalistans. Það er sérkennilegt mat. Ég sé ekki betur en þingmaðurinn hafi þveröfuga skoðun í öllum meginatriðum varðandi þetta mál við þingflokk Kvennalistans og stefnu Kvennalistans eins og hún liggur fyrir í samþykktum Kvennalistans nú síðast á þessu hausti. Það er sannarlega rétt að það er velt vöngum í þessu nál. en það er samt komist að niðurstöðu. Auðvitað er það ráðgáta hvernig sú niðurstaða er fengin þangað til í raun kemur að því sem má lesa í niðurstöðum þingmannsins að höfnin sé Evrópubandalagið. Það er höfnin sem þingmaðurinn ætlar að sigla í og er í raun annar maður á Alþingi Íslendinga sem velur þann kost ásamt hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni að ganga þar nokkuð ótvírætt fram og vísa veginn inn í sjálft Evrópubandalagið. Ég dreg nú mjög í efa að þingmaðurinn megni að draga Kvennalistann og ég vona ekki meiri hluta Alþingis til þess að skrifa upp á þá stefnu.

Varðandi afstöðu mína til bráðabirgðalaga sem þingmaðurinn nefndi þá tók ég ekki sérstaklega stjórnarskrárþátt málsins til meðferðar í því samhengi þó að ég drægi mjög í efa að þar væri farið að lögum. Það voru ástæður fyrir afstöðu minni að ég sat hjá sem tengdust þeim aðstæðum sem þá voru uppi og menn geta kynnt sér og ég gerði skýra grein fyrir.

Alþb. hafði alltaf skýra fyrirvara varðandi EES-málið í ríkisstjórn. Hún liggur fyrir í samþykktum landsfundar flokksins og í útrekuðum bókunum þingflokksins og greinargerðum sem fylgdu við málsmeðferðina stig af stigi og þingmaðurinn þarf ekki að segja mér neitt um það.

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 4. þm. Austurl. heldur því fram að það sé ekki nokkuð önnur skoðun sem ég hafi á þessum samningum en Kvennalistinn heldur sé það þveröfug skoðun. Það verður auðvitað að vera mat Hjörleifs Guttormssonar og ekkert við því að segja. Svo er margt sinnið sem skinnið.

Hann heldur því jafnframt fram að það hafi komið skýrt fram í mínu nál. að höfnin sé EB, að ég vilji fara með íslenskt þjóðfélag og með Ísland inn í EB. Það kemur ekkert slíkt fram í mínu nál. Ég segi hins vegar að þetta sé eitthvað sem verði að skoða ef sú staða komi upp. Ég veit að miðað við samsæriskenningar hv. þm. lítur hann auðvitað svo á að þangað vilji ég alveg sjálfkrafa stefna af því að ég orðaði þetta með þessum hætti, af því að ég loka ekki á þann kost í þessu nál. Hann sagðist auðvitað vonast til þess að ég færi ekki með Kvennalistann og allt þingið þangað inn en ég verð að segja það að ég mætti vera meiri eimreiðin ef mér tækist að draga allt þingið þangað inn miðað við þá stefnu sem uppi er hér núna.

Útbýting þingskjala:

Menningarsjóður, 306. mál, stjfrv., þskj. 475.
Útvarpslög, 305. mál, stjfrv., þskj. 474.

Frsm. 3. minni hluta utanrmn. (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Á undanförnum missirum hefur margt verið rætt og ritað um það mál sem hér er til umræðu. Það væri dálítið fróðlegt að velta því fyrir sér í upphafi umræðunnar hver hefði orðið dómur þorra alþingismanna fyrir fáeinum missirum ef brugðið hefði verið upp þeirri mynd að Íslendingar ættu að velja um aðild að Evrópsku efnahagssvæði við þær aðstæður að í fyrsta lagi hefði sterkasta efnahagslega ríkið innan EFTA, Sviss, hafnað aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Í öðru lagi lægi það fyrir að frændþjóðir okkar á Norðurlöndum, sem eru utan Evrópubandalagsins og áttu að vera meðal höfuðþátttakenda í Evrópsku efnahagssvæði, hefðu ákveðið að yfirgefa það eins fljótt og auðið yrði og formlegar samningaviðræður milli Evrópubandalagsins og þessara norrænu ríkja, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands ásamt Austurríki um aðild þeirra að Evrópubandalaginu mundu hefjast áður en samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði tæki gildi.

Ef þetta tvennt hefði legið fyrir fyrir fáeinum missirum þá er ég viss um að þeir hefðu ekki verið mjög margir á Alþingi Íslendinga sem hefðu komist að þeirri niðurstöðu að það væri skynsamlegt fyrir Íslendinga að halda áfram að ganga þessa EES-braut ef ljóst væri að á henni yrðu þessi vegamót að sterkasta efnahagsríkið innan EFTA segði nei og Norðurlöndin mundu hefja samningaviðræður um aðild að EB áður en samningurinn um EES tæki gildi. Ég er nokkurn veginn alveg viss um að það hefði orðið niðurstaða þorra alþingismanna að við þær aðstæður væri skynsamlegt fyrir Íslendinga að leita að öðrum og varanlegri kosti í samskiptum við Evrópubandalagið en að hanga aftan í þessari EES-lest sem nú þegar er ljóst að kemst aldrei á þann brautarenda sem ætlað var í upphafi að einkenndi þetta svæði.

Það hefur verið sagt í þessum umræðum að Evrópubandalagið mundi neita tvíhliða samningum milli Íslands og Evrópubandalagsins og það hefur líka verið fullyrt gott, ef ekki af hæstv. utanrrh., að Evrópubandalagið muni neita slíkum viðræðum við Sviss. Ég veit satt að segja ekki hvaðan mönnum kemur sú viska. Þvert á móti held ég að það liggi í hlutarins eðli að Evrópubandalagið hefur brýna hagsmuni af að leita slíkra samninga við Sviss. Sviss liggur þannig í hjarta Evrópu og er slíkt lykilland fyrir viðskipti og samgöngur milli Evrópubandalagsríkja að það er brýnt hagsmunamál fyrir Evrópubandalagið að leita eftir tvíhliða samningi við Sviss. Á sama hátt er einnig mjög hæpið að fullyrða það að Evrópubandalagið sem nú þegar hefur samþykkt að dæma EES úr leik eftir fáein missiri muni síðan neita Íslendingum um viðræður um hvað tæki við hvað Ísland snertir. Það er mjög merkileg staðreynd að t.d. hæstv. utanrrh. hefur aldrei horfst í augu við það að Evrópubandalagið hefur mótað þá stefnu að EES á ekki að vera til eftir nokkur missiri. Það er satt að segja alveg stórkostlegt að ákafinn í hæstv. utanrrh. er slíkur og veruleikablindni hans slík að hann talar alltaf um EES eins og hér sé á ferðinni varanlegt viðskiptakerfi í Evrópu. Með ákvörðun sinni á leiðtogafundinum í Edinborg þar sem staðfest var ákvörðunin frá leiðtogafundi Evrópubandalagsins í Lissabon og ákveðnar tímasetningar um aðildarviðræður við Austurríki, Svíþjóð og Finnland er Evrópubandalagið búið að segja eins formlega og hægt er að segja: Við ætlum að afskrifa EES eftir nokkur missiri. Hæstv. utanrrh. getur svo túlkað það og metið eins og hann hefur oft gert að það muni nú ganga erfiðlega að ljúka þessum aðildarviðræðum Svía og Finna og Austurríkismanna á 1–2 árum og þetta muni taka lengri tíma. Gott og vel. Við skulum jafnvel fallast á að eitthvað kunni að vera til í því, hæstv. utanrrh. En það breytir því ekki að stefnan hefur verið mörkuð. Stefna Evrópubandalagsins er að EES eigi ekki að vera til eftir nokkur missiri.

Ég hef stundum orðað það þannig að ég skilji ekki hvers vegna hæstv. utanrrh. hefur ekki verið reiðubúinn að horfa af raunsæi á þær breytingar sem orðið hafa á veröldinni á þeim þremur árum eða svo sem þessi vegferð hefur tekið. Hann talar í málinu þessa sólarhringana eins og ekkert hafi gerst síðan 1989. Evrópa sé eins, EFTA sé eins, stefna Evrópubandalagsins sé eins. Nú er hann samt sem áður sá Íslendingur sem hefur haft besta aðstöðu allra okkar til þess að kynnast af eigin raun með viðræðum við forustumenn Evrópuríkja, bæði þeirra sem eru í EB, þeirra sem eru í EFTA, þeirra sem tilheyra Austur-Evrópu að þetta er auðvitað allt öðruvísi. Ég hef nú saknað þess mjög að hæstv. ráðherra skuli ekki í framgöngu sinni í málinu hafa forustu um það að hefja á Íslandi umræður um hvernig Íslendingar eigi að bregðast við í þessum breyttu aðstæðum.

Eins og fram hefur komið oft og mörgum sinnum í umræðunni um Evrópskt efnahagssvæði þá vorum við ráðherrar Alþb. og þingflokkur Alþb. að öllum meginhluta sammála því 1989 að reynt yrði að ná samningum milli EFTA og EB um slíkt viðskiptakerfi sem menn ætluðu að Delors hefði verið að lýsa í frægi ræðu sinni.

Hvers vegna vorum við ráðherrar Alþb. og þorri þingflokks Alþb. fylgjandi því að þetta yrði gert? Ástæðurnar voru nokkrar. Í fyrsta lagi töldum við að við Íslendingar hefðu beina hagsmuni af því að tengjast viðskiptaþróuninni í Evrópu. Evrópa væri mikilvægt markaðssvæði fyrir okkur og við hefðum einnig stjórnmálaleg og menningarleg tengsl við þennan heimshluta.

Í öðru lagi töldum við að með því að þorri Norðurlanda ætlaði um nokkuð langan tíma að skipa sér undir merki þessa svonefnda tveggja stoða kerfis, þá mundum við eiga að mörgu leyti eðlilega og auðvelda samleið með þessum frændþjóðum okkar í hinu nýja viðskiptakerfi í Evrópu. Þar með væri hægt að tvinna saman nálægð okkar við Norðurlöndin og norræna samvinnu og hina evrópsku þróun.

Í þriðja lagi náðist sá árangur innan EFTA að mótuð var stefna um frjáls viðskipti með sjávarafurðir. Það var í fyrsta sinn sem EFTA hafði verið reiðubúið að fallast á slíka stefnu og það var tvímælalaust mikill styrkur fyrir Íslendinga að geta mætt til viðræðna við Evrópubandalagið með þennan stuðning EFTA-ríkjanna við grundvallarhagsmuni okkar í sjávarútvegi að bakhjarli. Við höfðum glímt við það síðan 1976 að fá Evrópubandalagið til þess að fallast á slík sjónarmið, því miður án mikils árangurs. Þessar ástæður sem ég hef hér rakið voru þrjár höfuðástæður þess að við töldum skynsamlegt að fara í þessar viðræður. Það verður hins vegar að segja þá sögu eins og hún er í reynd sinni að á viðræðuferlinu hafa orðið miklar breytingar á þessum meginforsendum. Ég segi það aftur að mér hefur fundist miður að hæstv. utanrrh. hefur aldrei verið reiðubúinn í raunhæfar, pólitískar umræður um það hvaða ályktanir megi draga af þessum breyttu forsendum.

Hvað er það sem hefur gerst? Við skulum fara yfir það. Í fyrsta lagi er auðvitað deginum ljósara að EES verður ekki það varanlega tveggja stoða viðskiptakerfi Evrópu sem ætlunin var í upphafi. Það er staðreynd. Það er enginn maður sem deilir um það lengur. Í besta falli, hæstv. utanrrh., getur EES orðið nokkurra miss-

ira biðstofa fyrir þau lönd EFTA sem eru búin að sækja um aðild að Evrópubandalaginu og í öðru lagi nokkurra missira biðstofa fyrir þau lönd sem ekki sækja um aðild að Evrópubandalaginu og þurfa að koma sér upp tvíhliða samningi milli Íslands og Evrópubandalagsins. Þess vegna hefur mér fundist dálítið út í hött að hæstv. utanrrh. skuli hafa talað svona sterkt um það að við getum ekki náð tvíhliða samningi við Evrópubandalagið vegna þess að það blasir alveg við að ef við ætlum ekki að ganga í Evrópubandalagið þá eigum við engan annan kost en að ná slíkum tvíhliða samningi af því að EES getur ekki dugað. Þetta er nú það fyrsta sem hefur breyst, að sjálf grunnhugmyndin að Evrópska efnahagssvæðinu er ekki lengur fyrir hendi.

Annað atriðið sem hefur breyst er að á þessum árum hefur Evrópubandalagið sjálft tekið verulegum breytingum. Maastricht-ferlið sem er eins konar samnefnari fyrir þessar stjórnmálalegu breytingar hefur auðvitað afhjúpað með margvíslegum hætti að innri vandamál Evrópubandalagsins eru kannski miklu umfangsmeiri og erfiðari úrlausnar en margir töldu fyrir 3–4 árum. Eitt af því er þessi mikla þversögn milli kröfunnar um efnahagslega einsleitni annars vegar og lýðræðisins hins vegar. Við sáum það á leiðtogafundi Evrópubandalagsins í Edinborg um síðustu helgi að glíman við lýðræðið er eitt af stærstu vandamálum Evrópubandalagsins. Forustumenn bandalagsins viðurkenna að það skortir mjög á að grundvallarlögmálum lýðræðisins sé fylgt í framkvæmd innan Evrópubandalagsins. Engu að síður er það svo að öflugasti ákvörðunaraðilinn samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði á að vera stofnanir Evrópubandalagsins í Brussel.

En það er margt fleira sem lítur öðruvísi út í dag en það gerði fyrir nokkrum missirum síðan. Það er hægt að vitna í ýmsa stuðningsmenn EES á Alþingi sem fyrir fáeinum árum tóku þátt í því að draga upp mjög glæsta mynd af því sem oft var kallað Evrópska hraðlestin. Þróunin í Evrópu átti að vera það sem menn gætu lagt traust sitt á, Evrópubandalagið væri að leiða álfuna inn í efnahagslegar framfarir, inn í nýjan stöðugleika, inn í félagslegt öryggi, inn í nýja hernaðarlega samvinnu. Meira að segja hæstv. viðskrh. hélt nokkrar ræður um að mjög brýnt væri fyrir Íslendinga að tengjast gjaldeyrissamstarfi Evrópubandalagsins, tengja íslensku krónuna við ECU, gera Ísland að þætti í myntsamstarfi Evrópubandalagsríkjanna í kjölfar tengsla Noregs og Finnlands við myntsamstarf, gjaldeyrissamstarf Evrópubandalagsins. Það er dálítið leitt að hæstv. viðskrh. skuli hafa vikið sér úr þingsalnum vegna þess að eitt af því sem væri dálítið skemmtilegt að hann gerði í þessari umræðu væri að lýsa fyrir okkur hvernig þetta er allt saman í rúst og upplausn. Hvert ríkið á fætur öðru hefur verið að segja sig frá gjaldeyrissamstarfi Evrópubandalagsríkjanna. Meira að segja Bretland hefur ekki treyst sér til annars en að segja sig frá því. Sá fjmrh. eða viðskrh. á Norðurlöndum sem stæði upp í dag og segði: Við skulum tengja okkar mynt við gjaldeyrissamstarf Evrópubandalagsríkjanna yrði hleginn út úr þingsalnum. Enda er hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson hættur að flytja þessa ræðu, a.m.k. í bili, vegna þess að atburðarásin hefur sýnt að þetta var ekki raunhæft. Gott ef það stendur ekki í stefnu núv. ríkisstjórnar eða í yfirlýsingu hæstv. viðskrh. fyrir nokkru síðan að fyrir árslok 1992 eigi að tengja Ísland við ECU. — Rifjum bara upp hvað sagt var á síðasta vetri af hæstv. viðskrh. En það er fleira sem hefur gerst.

Ég las áður en ég kom inn í þingsalinn Morgunblaðið frá í dag. Þar stendur á forsíðu að ráðherra í þýsku ríkisstjórninni hafi sagt sig úr ríkisstjórninni í gær vegna þess að hann taldi nauðsynlegt að lýsa fyrirlitningu sinni á afstöðu þýsku ríkisstjórnarinnar og annarra ríkisstjórna í bandalagi Þýskalands við önnur Evrópuríki, í Vestur-Evrópubandalaginu og Evrópubandalaginu, á afstöðunni til borgarastyrjaldarinnar og hörmunganna í fyrrum Júgóslavíu. Það er nefnilega staðreynd að í hjarta Evrópu geisar nú hatrömm styrjöld, miskunnarlausari styrjöld en við höfum séð í áratugi þar sem konur og börn láta lífið, saklausum borgurum er slátrað af miskunnarleysi. Hinar miklu stofnanir Evrópu, höfuðvígi evrópsku hraðlestarinnar, gera ekki neitt. Ráðherrar eru byrjaðir að segja sig úr ríkisstjórnum, jafnvel Þýskalands, vegna þess að siðferðiskennd þeirra gerir þeim ekki lengur kleift að sitja í ríkisstjórn sem hefst ekkert að þegar í hjarta Evrópu er slík slátrun daglegur viðburður. Engu að síður er Vestur-Evrópusambandið hernaðararmur Evrópubandalagsins samkvæmt Maastricht-samkomulaginu og réttlætingin fyrir því er að það geti tryggt frið og öryggi í álfunni.

Staðreyndin er nefnilega sú að þessi mikla evrópska draumsýn sem var hið pólitíska bakland fyrir þessum samningum hefur breyst í martröð. Jafnvel í slíka martröð að minningarnar frá tímum nasistanna birtast okkur óþyrmilega á sjónvarpsskerminum kvöld eftir kvöld. Richard von Weizsäcker, sá merki forseti Þýskalands, húmanisti, höfðingi og sómamaður, sem heimsótti okkur Íslendinga, getur ekki einu sinni haldið ræðu í höfuðborg Þýskalands án þess að æstur múgur nýnasista grýti hann svo að öryggisverðir verða að bregða skjöldum fyrir forsetann til að tryggja líf hans. Fyrrum formaður þýska jafnaðarmannaflokksins mátti þakka sínum sæla fyrir að sleppa úr höndum æstra öfgamanna í friðargöngu í Berlín og það lá við að hann yrði limlestur af hópum nýnasista. Hús eru brennd, heilar borgir eru á valdi öfgahópa og því miður er það þannig að vofa nasismans er farin að birtast á ný í þessu höfuðríki Evrópubandalagsins. Þetta eru því miður pólitískar staðreyndir sem við verðum að horfast í augu við.

Auðvitað er það þannig að fjarlægðirnar í veröldinni í dag eru allt aðrar en þær voru í síðari heimsstyrjöldinni. Samt sem áður hefur fjarlægð okkar Íslendinga frá atburðarásinni á meginlandi Evrópu verið okkur skjól í tveimur heimsstyrjöldum. Það er þess vegna ekki sjálfgefið, hæstv. utanrrh., að þegar slík óvissa ríkir um stjórnmálalega framtíð í Evrópu sé skynsamlegt fyrir okkur Íslendinga að stíga þar af-

drifarík skref. Það geta nefnilega komið þeir tímar að skynsamlegt sé fyrir smáþjóð að bíða átekta. Ég veit að vísu að það er ekki mikill „glamor" í kringum það pólitískt séð að bíða átekta. Stjórnmálamaður sem gerir ekki neitt er yfirleitt sakaður um aðgerðarleysi og árangur okkar sem hér sitjum er því miður oft mældur í því hvað menn hafi gert. Mig langar að minna hæstv. utanrrh. í þessu samhengi á það sem góður maður sagði einu sinni, það mikilvægasta við að stjórna sinfónísku verki væri að spila þagnirnar því ef þagnirnar væru ekki réttar yrði harla lítið úr sinfóníunni.

Það er kannski að mínum dómi það sem ég helst vil gagnrýna hæstv. utanrrh. fyrir á undanförnum missirum, það er þessi ótrúlegi ákafi hans að Íslendingar eigi að ganga í alla þá klúbba og samtök sem þeim er á annað borð boðið í. Hann hefur ekki sest niður og íhugað í rólegheitum kosti þess fyrir smáþjóð á óvissutímum að bíða átekta. Í raun og veru er það ekki undarlegt þótt ýmsir dragi þá ályktun að eina rökræna skýringin á því hvers vegna hæstv. utanrrh. sækir þetta allt saman af svo miklu kappi sé að hann vilji í reynd tengja Ísland beint inn í Evrópubandalagið, að Íslandi eigi að ganga sömu braut og Noregur, Finnland, Svíþjóð og Austurríki. Ég ætla ekki að segja að svo sé. Ég kýs að trúa orðum utanrrh. og forsrh. að það sé ekki þeirra ætlun. En þessi braut sem ráðherrann er á felur í sér að það kann að verða mjög erfitt að stöðva sig.

Ég vil t.d. spyrja hæstv. utanrrh., fyrst hann hefur talað af svona mikilli hörku gegn tvíhliða samningi milli Íslands og Evrópubandalagsins, hvernig hann ætlar að réttlæta það kannski eftir eitt til eitt og hálft ár að nú þurfi Ísland að gera tvíhliða samning við Evrópubandalagið. Eða ætlar hann þá að hafna líka leiðinni um tvíhliða samning og segja: Fyrst hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa ákveðið að ganga í Evrópubandalagið verðum við að gera það líka til þess að verða ekki viðskila? Því miður er það þannig að málatilbúnaðurinn allur er með þeim hætti að sú spurning hlýtur að vakna.

Ég vék að því áðan að það hefði verið afstaða okkar í forustusveit Alþb. 1989 að mikilvægt væri að láta reyna á það hvort farsælir samningar tækjust milli EFTA og Evrópubandalagsins í samræmi við þær grundvallarkröfur sem Íslendingar settu fram. Það var okkar skoðun að öflug alþjóðleg viðskipti væru forsenda fyrir framförum í efnahagsmálum og atvinnulífi þjóðarinnar og brýn nauðsyn væri fyrir okkur Íslendinga að eiga greiðan aðgang að mörkuðum fyrir útflutningsvörur okkar og skapa skilyrði til þess að við gætum notið gjaldeyristekna frá margvíslegum viðskiptum, sérstaklega á sviði þjónustugreina en einnig framleiðslu því ljóst væri að þjónustugreinarnar yrðu í sívaxandi mæli undirstaða okkar þjóðartekna.

Víðtækir alþjóðlegir samningar um niðurfellingu tolla og aukið frjálsræði í efnahagssamskiptum þjóðanna eru meðal mikilvægra skilyrða þess að Íslendingar geti í framtíðinni búið við aukinn hagvöxt og treyst undirstöður efnahagslegs sjálfstæðis þjóðarinnar. Í þessu sambandi er auðvitað nauðsynlegt að nefna GATT-viðræðurnar. GATT-viðræðurnar yrðu tvímælalaust eitt mikilvægasta skref þjóða heims í átt að frjálsræði í viðskiptum og aukinni hagsæld. Er það ekki athyglisvert, virðulegi utanrrh., hverjir það eru sem koma í veg fyrir árangur í GATT-viðræðunum? Ég vil óska eftir því að hæstv. utanrrh. fjalli í umræðunni með nokkrum hætti um það hvernig hann útskýrir þá þversögn að hann vill umfram allt að Íslendingar tengist formlega Evrópubandalaginu á sviði viðskipta vegna þess að það sé í nafni framfara en þetta sama Evrópubandalag er einmitt sá aðilinn sem hefur missirum saman komið í veg fyrir að árangur næðist í GATT-viðræðunum og mun kannski á endanum ná því fram að ekkert verði úr Úrúgvæ-lotunni í GATT-viðræðunum. Staðreyndin er nefnilega sú, hæstv. utanrrh., að það er Evrópubandalagið að dómi allra manna sem til þekkja sem er í dag helsta hindrunin í veginum fyrir því að víðtækur árangur náist í alþjóðlegum viðskiptum.

Sumir hafa sagt að núverandi forseti Bandaríkjanna, George Bush, leggi á það mikið kapp að reyna að ljúka GATT-viðræðunum áður en hann fer úr embætti. Ég ætla ekki að fullyrða um það hér hvort það tekst. En ég held ég fari rétt með að samningsumboð Bandaríkjastjórnar, hver svo sem er forsetinn, renni út vegna afgreiðslu þingsins innan fáeinna mánaða. Ef Evrópubandalaginu tekst að koma í veg fyrir niðurstöðu í GATT-viðræðunum á næstu mánuðum þannig að það þurfi að leita eftir nýju samningsumboði á Bandaríkjaþingi er það auðvitað alveg ljóst að það er Evrópubandalagið sem er aðalhindrunin í því að efnahagskerfi veraldarinnar geti farið í öflugan gang á nýjan leik.

Hæstv. forsrh. hefur sagt það nokkuð oft á undanförnum mánuðum að ein af skýringunum á því hvers vegna við Íslendingar eigum nú í erfiðleikum, sé að vélin í efnahagskerfi heimsins — að vísu hefur hann ekki notað það orðalag en það er efnislega þannig — hiksti um þessar mundir eða sé a.m.k. í hægagangi. Þetta er alveg rétt hjá hæstv. forsrh. Ein af ástæðunum — þær eru að vísu margar fleiri — fyrir því að Íslendingar búa við erfiðleika nú í okkar efnahagslífi er að hagkerfið í Evrópu og heiminum öllum er í miklum hægagangi. En hver er ástæðan fyrir þessum hægagangi? Þær eru að vísu einnig nokkuð margar en þó eru allir kunnáttumenn sammála um að annars vegar sé neitun Evrópubandalagsins í GATT-viðræðunum og hins vegar peningastefna Þýskalands og stefna þýska seðlabankans, sem er höfuðpeningamálastofnun Evrópubandalagsins. Það eru tvær af meginástæðunum fyrir því að ekki tekst að koma nýjum krafti í efnahagslífið í heiminum. Það verður eitt af lykilatriðunum á næstu missirum ef nýr forseti í Bandaríkjunum setur kraft í efnahagslífið þar með fjárfestingum og nýrri efnahagsstefnu hvort Evrópubandalagið og Þýskaland eyðileggi þann hugsanlega árangur með því að halda fast annars vegar við einstrengningslega afstöðu sína í GATT og hins vegar við þá peningamála- og vaxtastefnu sem þýski seðlabankinn hefur haldið til streitu. Í reynd blasir við okkur sú þversögn að sterkasti aðilinn, Evrópubandalagið, á því efnahagssvæði sem ráðherrann og ríkisstjórnin vill endilega að við tengjumst

er ein af ástæðunum fyrir því að við búum nú við óhagstæð ytri skilyrði.

Þess vegna er það ljóst að það liggja margslungin efnahagsleg rök á bak við það að sú hagsæld, hagvöxtur og framfarir, sem kunna að leiða af aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, eru auðvitað í mikilli óvissu.

Nú vil ég, virðulegi forseti, óska eftir því að hæstv. viðskrh. verði kallaður í salinn vegna þess að mig langar í beinu framhaldi af því sem ég hef sagt að leggja fyrir hann tvær til þrjár spurningar. Meðan ég bíð eftir hæstv. viðskrh. ætla ég hins vegar að víkja að því nokkrum orðum að auðvitað er það rétt sem fram hefur komið hjá hæstv. utanrrh. og mörgum öðrum að í þessum samningi, sérstaklega á sviði tollalækkana í sjávarútvegi, kunni að felast efnahagslegir ávinningar, skárra væri það nú að ekki sé eitthvað gott í málinu. Ég held hins vegar því miður að þeir ávinningar verði minni en spáð hefur verið og er reiðubúinn að færa fyrir því ýmis rök sem ég ætla hins vegar ekki að gera hér og nú. Mér finnst bæði hæstv. utanrrh., hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. hafa lokað augunum fyrir alvarlegum efnahagslegum hættum sem kunna að felast í þessu máli á næstu missirum. Nú veit ég ekki hvort hæstv. viðskrh. er í húsinu eða er væntanlegur í salinn, er hæstv. viðskrh. í húsinu? (**Forseti:** Forseti veit ekki annað en hæstv. viðskrh. sé í húsinu og nú þegar hafa honum borist skilaboð.) Til þess að tefja ekki fyrir ætla ég samt að byrja á mínu spurningum til hans og vona að þeir ráðherrar sem hér eru flytji honum þær ef hann nær ekki í salinn.

Mín fyrsta spurning víkur að því hvernig ráðherrann metur þær hættur fyrir íslenska bankakerfið sem kunna að liggja í málinu á næstu missirum? Bakgrunnur spurningarinnar felst í því að með þessum samningi og ýmsum öðrum ákvörðunum skapast auðvitað miklir möguleikar fyrir ýmis íslensk stórfyrirtæki að gera beina samninga við erlenda viðskiptabanka og tryggingafélög og ýmsa aðra aðila og hætta viðskiptum sínum við íslensku bankana. Gott og vel. Menn kunna að segja: Eru alþjóðleg samskipti og samkeppni í bankamálum ekki af hinu góða? Jú, það kann vissulega að vera svo ef peningastofnanir landsins eru nægilega sterkar til þess að taka þátt í þeirri alþjóðlegu samkeppni.

Nú er það í blöðunum í dag að viðskrh. hafi fengið álit frá nefnd sem hann setti á fót um að breyta eigi Búnaðarbankanum og Landsbankanum í hlutafélög. Síðan reiknar hæstv. fjmrh. með því að um það bil 1 milljarður eða svo af tekjuhlið fjárlagafrv. á næsta ári komi vegna sölu hlutabréfa í a.m.k. annarri af þessum peningastofnunum. En eru hlutabréfin í Landsbanka Íslands og Búnaðarbankanum söluhæfir pappírar, hæstv. ráðherra? Eru líkur á því að mat markaðarins á því að íslenska bankakerfið sé það traust að borgi sig að eignast hlut í bönkunum með þeim hætti í ljósi þess sem kann að gerast, m.a. í tengslum við þessar breytingar sem merktar hafa verið EES — þótt sumar af þeim tengist ekki EES einar og sér — á þann veg að þegar ýmis af stórfyrirtækjum landsins eru farin að skipta beint við banka og tryggingafélög erlendis, þá sitji íslensku viðskiptabankarnir einfaldlega eftir með þann hluta af markaðnum sem erlendu bankarnir og tryggingafélögin telja ekki hæf í viðskipti? Þannig veikist íslenska bankakerfið svo við þennan gjörning að það verði ekki eitt af viðfangsefnum íslenskra stjórnvalda á næstu missirum að fá tekjur inn í ríkiskassann vegna sölu á hlutabréfum í þessum bönkum heldur að setja peninga úr ríkiskassanum inn í þessa banka líkt og gerst hefur í Svíþjóð, Finnlandi og Noregi. Þá mundi raunhæf fjárlagagerð til næstu tveggja til þriggja ára byggjast á því að gera ráð fyrir fjármagni til þess að setja úr ríkissjóði í bankana í stað þess að miða á óraunsæjan hátt við það fá tekjur í ríkissjóð vegna sölu á hlutabréfunum. Ég vona satt að segja að hæstv. ráðherrar hafi raunsæi og skarpskyggni til þess að skoða þessi mál því að hvað sem líður ágreiningi okkar í þingsölum um stjórn á hverjum tíma hljótum við öll að vilja í sameiningu kappkosta það að hér sé í landinu sæmilega traust bankakerfi. Þess vegna er fyrsta spurning mín til hæstv. viðskrh.: Getur hann fullvissað þingið um það að staða íslensku bankanna, sérstaklega Landsbankans og Búnaðarbankans og kannski jafnvel Íslandsbanka, sé það traust að þegar fyrirtækin fara að nýta sér þá möguleika sem opnast í þessum samningi séu litlar sem engar líkur á því að íslenska ríkisvaldið þurfi að setja peninga inn í bankakerfið líkt og gerst hefur í öðrum löndum?

Önnur spurning mín snýr að gjaldeyrisvarasjóðnum. Mér þykir mjög slæmt, virðulegi forseti, að hæstv. viðskrh. skuli ekki virða þingið og vera viðstaddur og hlýða á þessar spurningar (**Forseti:** Ráðherra er á leiðinni.) því þetta eru mikil alvörumál. Með þeirri skipan sem stefnt er að í þessum samningi og reyndar ýmsum öðrum ákvörðunum, þótt þær séu ekki beint tengdar þessum samningi, opnast sá möguleiki fyrir fyrirtæki og einstaklinga að ráða því algerlega sjálf hvernig þau ráðstafa sínum gjaldeyri. Þar með skapast sú hætta að Seðlabankinn geti á fáeinum dögum búið við það að gjaldeyrisvarasjóðurinn tæmist. Við höfum heyrt fréttir af því síðustu vikur hvernig seðlabanki Noregs og seðlabanki Svíþjóðar hafa staðið í harðri glímu til þess að tryggja að gjaldeyrisvarasjóðurinn tæmdist ekki. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. viðskrh. að því hvort hann hefur óskað eftir skýrslu frá Seðlabankanum eða sé reiðubúinn að óska eftir slíkri skýrslu þar sem metið yrði hvort gjaldeyrisvarasjóður Íslendinga standist þá huganlegu ásókn sem kann að leiða af þessum samningi og skyldum ávörðunum á næstu missirum.

Kannski er kjarni málsins gagnstætt því sem ýmsir hafa haldið fram, m.a. ýmsir ágætir flokksmenn mínir sem hafa oft og tíðum með réttu varað við ásókn erlends fjármagns í íslenskt efnahagslíf, sú þversögn að það sé meiri hætta á því á næstu missirum að það streymi fjármagn út úr landinu, að það verði flótti á gjaldeyri frá íslenskum fyrirtækjum til útlanda, frá lífeyrissjóðunum í landinu til fjárfestingar erlendis og frá einstaklingum í íslensku efnahagslífi inn í efnahagslíf annarra ríkja. Það hafa fjölmargir sagt að með samn-

ingnum um Evrópskt efnahagssvæði séu sköpuð skilyrði fyrir því að erlendir fjárfestar öðlist trú á íslensku efnahagslífi og séu reiðubúnir að hætta sínu fjármagni hér. Ég er að spyrja hæstv. viðskrh. að því hvort hann hafi ekki opin augum fyrir þeim raunhæfa möguleika að þetta verði þveröfugt, að á næstu missirum — ég ætla ekki að fjalla um það hvað verður eftir fjögur eða fimm ár — séu meiri líkur á því að íslenskir fjárfestar láti fjármagnið streyma úr landi í arðbær hlutabréf og fjárfestingar erlendis en öfugt. Þá stöndum við auðvitað frammi fyrir þeirri spurningu, virðulegi ráðherra: Hvað með gjaldeyrisvarasjóðinn? Það er nú einu sinni þannig að gjaldeyrisvarasjóðurinn er heimilispeningar okkar Íslendinga og stundum tæmist baukur heimilispeninganna. Það er þannig með gjaldeyrisvarasjóðinn. Hann er ekki eitthvað öruggt sem menn hafa í hendi, þvert á móti. Hann getur horfið á mjög skömmum tíma. Þess vegna, virðulegi ráðherra, til viðbótar við þá spurningu sem ég bar fram fyrst og vona að ráðherranum hafi verið flutt — hún vék að því hvort hann mæti það svo að styrkleiki íslensku viðskiptabankanna væri það mikill að þegar íslensk fyrirtæki færu að nýta sér þjónustu íslenskra og erlendra banka og tryggingafélaga mundi rekstrarstaða íslensku bankanna ekki vera í hættu — óska ég þess að hann tjái sig um þetta mat á gjaldeyrisvarasjóðnum.

Sumir kunna kannski að segja: Er þetta beint tengt frv. sem hér liggur fyrir? Svarið er: Já, það er það vegna þess að hinn almenni rökstuðningur fyrir þessu frv., m.a. af hálfu hæstv. utanrrh., hefur fyrst og fremst verið sá að frv. sé einn af hornsteinum stöðugleika í íslensku efnahagslífi og jafnframt sá drifkraftur sem við helst getum fengið inn í hagkerfið á næstu missirum því á næstu missirum muni aflinn ekki aukast og það séu litlar líkur á fjárfestingu erlendra aðila í stóriðju eða öðrum slíkum breytingum. Eina afgerandi breytingin felist í þessu frv. og því sem því er tengt.

Auðvitað veit ég að við getum opnað fyrir gjaldeyrisstreymi og leyft bönkum og erlendum tryggingafélögum að starfa hér án þess að gera það í gegnum samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Mér er það fullkomlega kunnugt. En það breytir því ekki samt sem áður að við erum í þessu samhengi að tala um hluti sem geta satt að segja orðið svo örlagaríkir fyrir íslenskt efnahagslíf á næstu missirum að ríkisstjórn landsins þurfi að grípa til aðgerða sem enginn hefur rætt enn sem komið er. Við þekkjum glímu ríkisstjórnarinnar þessa dagana og vikurnar við fjárlagavandann. Við þekkjum erfiðleikana sem eru samfara ýmsum ákvörðunum í skattamálum og útgjaldamálum. Þær ákvarðanir eru þó barnaleikur hjá því sem þyrfti að gera ef atburðarásin varðandi íslenska bankakerfið og gjaldeyrisvarasjóðinn yrði með þeim hætti sem ég er að spyrja um. Mér hefur t.d. verið sagt að sú upphæð sem norska ríkið hefur neyðst til þess að leggja í bankana þar bara á síðasta einu og hálfa ári jafngildi 13 milljörðum í íslensku fjárlögunum. Ég sé það í blöðunum í dag að ein af þeim tillögum sem viðskrh. hefur fengið er að ríkissjóður yfirtaki lífeyrisskuldbindingar ríkisbankanna. Það heitir auðvitað á mæltu máli að íslenski ríkissjóðurinn ætli að setja milljarða inn í íslensku ríkisbankana áður en hann selur hlutabréfin. Er það kannski ástæðan fyrir því að nefnd viðskrh. er nú þegar búin að leggja til að ríkissjóður yfirtaki þær milljarðaskuldbindingar sem eru í lífeyrissjóðum ríkisbankanna að á vegum ráðuneytisins hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að íslenska bankakerfinu sé ekki treystandi í þeim ólgusjó sem er fram undan? Þess vegna mælir margt með því að það sem kann að gerast á næstu missirum sé miklu frekar verulegt útstreymi á fjármagni frá Íslandi, frá fyrirtækjunum, frá lífeyrissjóðunum, frá einkaaðilunum yfir í hagkerfi annarra landa, kauphallir þeirra og hlutabréfaeign þar en að erlendir fjárfestar muni birtast hér.

Það eina sem líklegt kann að vera að muni freista erlendra fjárfesta eru nokkur fyrirtæki í íslenskum sjávarútvegi. Það hefur auðvitað verið spurt að því hvort ætlunin sé að breyta lögum um fjárfestingar útlendinga í íslenskum sjávarútvegi til þess að auðvelda erlendum fjárfestum að komast inn í það sem þeir kynnu þó að sækjast eftir. Óneitanlega bendir margt af því sem komið hefur fram af hálfu ýmissa úr ríkisstjórnarherbúðunum á síðustu mánuðum til þess að innan ríkisstjórnarinnar sé verið að undirbúa breytingar á þeim lögum.

Ef litið er á þá stöðu sem nú blasir við okkur eftir þessa miklu atburðarás á síðustu þremur árum frá því að viðræðurnar hófust á Ísland í raun og veru þrjá kosti í samskiptum sínum við Evrópu. Fyrsti kosturinn er aðild að Evrópubandalaginu. Það er leið sem allir flokkar á Alþingi hafa hafnað hingað til og þarf þess vegna ekki að verja í það mörgum orðum. Annar kosturinn er þessi samningur um Evrópskt efnahagssvæði. Eins og ég hef þegar rakið fyrr í minni ræðu verður Evrópska efnahagssvæðið ekki um neina framtíð varanlegt tveggja stoða viðskiptakerfi, þvert á móti. Sterkasta efnahagsríkið innan EFTA hefur hafnað EES og hinar Norðurlandaþjóðirnar sem voru í EFTA hafa ákveðið að sækja um aðild að Evrópubandalaginu.

Þriðji kosturinn sem blasir þá við er tvíhliða samningur Íslands og Evrópubandalagsins um viðskipti og samvinnu. Það er tillaga sem Alþb. setti fram í júnímánuði á þessu ári. Við tókum marga mánuði í það að vega og meta niðurstöður samningaferilsins í EES. Án þess að ég ætli mikið að bera okkur saman við aðra stjórnmálaflokka hef ég ekki orðið var við það á þessu ári að aðrir stjórnmálaflokkar hafi á sínum vegum látið fara fram jafnvíðtæka umræðu og málefnalegt mat úti í flokksfélögunum sjálfum og úti í kjördæmunum og í stofnunum flokkanna eins og við gerðum í Alþb. Við efndum til ráðstefna í kjördæmunum, við efndum til sérstaks ítarlegs málþings á okkar vegum, við héldum sérstaka fundi í þingflokki og miðstjórn Alþb. til þess að fara yfir allt þetta stóra mál. Niðurstaða okkar í júnímánuði var sú að það væri raunhæft og skynsamlegt fyrir Íslendinga að stefna strax í varanlegan, tvíhliða samning milli Íslands og Evrópubandalagsins um viðskipti og samvinnu.

Ég fagna því að sjá þáltill. á borðum þingsins í dag sem flutt er af formanni og varaformanni Framsfl. þar

sem þeir eru nú, 15. des., að leggja til það sama og við lögðum til í júnímánuði. Það tel ég mjög veigamikið skref. Það er tvímælalaust mikill styrkur við þá stefnu sem við alþýðubandalagsmenn höfum boðað á undanförnum mánuðum að þessir tveir forustumenn Framsfl., hv. þm. Steingrímur Hermannsson og hv. þm. Halldór Ásgrímsson, skuli í sameiningu hafa flutt tillögu um tafarlausar samningaviðræður milli Íslands og Evrópubandalagsins um tvíhliða samning. Í tillögu þessara tveggja forustumanna Framsfl. segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að stefnt skuli að því að ná tvíhliða samningi við Evrópubandalagið, fyrst og fremst á grundvelli viðskiptahluta þess samnings sem fyrir liggur um Evrópskt efnahagssvæði. Því felur Alþingi ríkisstjórninni að hefja undirbúning að slíkri samningsgerð og fara þess á leit við framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins að viðræður hefjist hið fyrsta."

Ég ætla þess vegna að lesa niðurstöðu þingflokks, framkvæmdastjórnar og miðstjórnar Alþb. í júnímánuði á síðasta ári um þetta sama efni. Hún er á þessa leið, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþb. dregur þá ályktun á grundvelli framangreindra röksemda og efnisatriða að þótt ýmsir efnahagslegir ávinningar geti tengst samningnum, þá sé EES-samningurinn, þegar á heildina er litið, í lokagerð sinni tilraun sem mistókst. Þess vegna er óhjákvæmilegt að hafna þeirri niðurstöðu EES-samningsins sem nú liggur fyrir. Alþb. leggur til að sú niðurstaða verði endurskoðuð þegar í haust með það að markmiði að gera sjálfstæðan tvíhliða viðskiptasamning milli Íslands og EB. Höfuðatriði hans verði:

Sjálfstæður tvíhliða viðskiptasamningur milli Íslands og EB verði m.a. byggður á viðskiptaþáttum EES-samningsins, sérstökum sjávarútvegssamningi og bókun 6 í samningnum við EB sem verið hefur í gildi síðan 1976.

Framkvæmd tvíhliða samnings milli Íslands og Evrópubandalagsins verði einfaldari í sniðum en samkvæmt EES-samningnum.

Eingöngu verði sett á fót samstarfsnefnd um eftirlit og gerðardómi beitt verði deilumál um framkvæmd samningsins ekki útkljáð.

Pólitísk vandamál verði leyst í ráðherraviðræðum.

Í tvíhliða samningi Íslands og EB verði m.a byggt á hugmyndum um frjálsa vöruflutninga, fólksflutninga, þjónustustarfsemi, fjármagnsflutninga og almenna samkeppni auk þess sem hafðar verði til hliðsjónar reglur Norðurlanda um vinnumarkað og búseturétt og afdráttarlaus réttur Íslendinga til að skipa forræði og eignarhald á auðlindum til lands og sjávar verði tryggður með sérstökum lögum.

Í samningi um viðskipti yrði einnig fjallað um samvinnu Íslands og EB á öðrum sviðum, svo sem varðandi rannsóknir og þróun, umhverfismál, menntun og menningu.

Í tvíhliða samningi verði engin atriði sem brjóti í bág við stjórnarskrá eða taki efnislegt og formlegt löggjafarvald á Íslandi úr höndum Alþingis og þjóðarinnar."

Það er alveg ljóst af þessum lestri að forusta Framsfl. hefur komist að mjög sambærilegri niðurstöðu, að í þeirri stöðu sem nú er upp komin sé skynsamlegt fyrir Íslendinga að hefja þegar í stað það verk að ná slíkum tvíhliða samningi milli Íslands og Evrópubandalagsins. Það ætti kannski að vera hæstv. utanrrh. nokkurt umhugsunarefni að forustumenn þessra tveggja flokka sem voru samferða Alþfl. í að ná hinum mikla efnahagslega árangri sem við náðum á árunum 1988–1991 skuli allir hafa komist að þessari niðurstöðu. Auðvitað getur hæstv. ráðherra, eins og hann hefur stundum gert eða látið blað sitt gera, verið með ýmiss konar hótanir í okkar garð og talið það þjóna pólitískum tilgangi.

Ég vil benda honum á að allir þeir ráðherrar frá Framsfl. og Alþb. sem sátu með honum og viðskrh. í ríkisstjórninni 1988–1991, það voru einu flokkarnir sem voru Alþfl. samferða allt það tímabil, hafa nú komist að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að í þessari stöðu sé skynsamlegt fyrir Íslendinga að ná tvíhliða samningi á sama hátt og við töldum allir, þessir sömu menn, skynsamlegt árið 1989 að láta á það reyna hvort við næðum skynsamlegri niðurstöðu með hinum EFTA-ríkjunum í samningum við Evrópubandalagið. Kann ekki að vera, hæstv. ráðherra, að það sé töluvert til í málinu fyrst jafnbreiður hópur ólíkra stjórnmálamanna úr þessum tveimur flokkum hefur komist að þessari niðurstöðu? Hann getur svo sem hent einhverjum orðum í mig um tækifærismennsku o.s.frv. eins og ég held að hann hafi gert. En það eru fleiri en ég í þessum hópi. Varla velur hann fyrrv. forsrh. Steingrími Hermannssyni og fyrrv. sjútvrh. Halldóri Ásgrímssyni líka þessi orð, auðvitað ekki. Auðvitað er ástæðan sú að á nákvæmlega sama hátt og við komumst að þeirri niðurstöðu árið 1989 að það væri raunsætt að láta reyna á það í samningaviðræðum við Evrópubandalagið og EFTA hvort við næðum farsælli niðurstöðu, þá segjum við allir forustumenn og fyrrv. ráðherrar Framsfl. og Alþb. í dag: Nú kallar raunsæið á að við leitum eftir tvíhliða samningi.

Ég vil minna hæstv. ráðherra á að það var þessi sveit manna sem náði þessum mikla árangri í efnahagsmálum, árangri sem núv. ríkisstjórn er nú á góðri leið með að tefla í mikla tvísýnu, virðulegi ráðherra. Ef það er eitthvað í efnahagsmálum sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, Sjálfstfl. og Alþfl., segir okkur í samanburði við ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, Alþb., Framsfl. og Alþfl., er það að í ríkisstjórn Framsfl., Alþb. og Alþfl. var með markvissum hætti stefnt í rétta átt stig af stigi. Í þessari ríkisstjórn hefur á einu og hálfu ári verið haldið þannig á málum að stöðugleikinn og árangurinn er í dag allur í tvísýnu. Nú stefnir jafnvel í að á fyrstu tveimur heilu árunum í *ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, Sjálfstfl. og Alþfl., verði* fjárlagahallinn meiri samanlagt en á árunum 1990 og 1991 þó að við reiknum allan hallann 1990–1991 yfir á okkur sem þó er ekki hægt að gera með neinum rökum. Sáttin á vinnumarkaði er upp í loft. Verðbólguhjólið er byrjað að titra og fer hugsanlega að snúast á nýjan leik og fyrirtækin í landinu hafa ekki þá miklu

trú á stöðugleikanum að þau séu tilbúin að fjárfesta í ríkum mæli. Þess vegna vil ég biðja hæstv. utanrrh. að hugleiða það í rólegheitum hvort ekki séu líkur á því að sá hópur manna sem með Alþfl. náði þessum mikla árangri í efnahagsmálum kunni líka að hafa rétt fyrir sér um Evrópska efnahagssvæðið. Það væri auðvitað mikilvægt skref í átt að því að tryggja þó einhvers konar samvinnu á Alþingi Íslendinga um þessi mál ef ríkisstjórnin hugleiddi á næstu dögum að greiða fyrir því að sú tillaga sem formaður og varaformaður Framsfl. flytja, yrði samþykkt. Þó að hún sé flutt af forustumönnum annars flokks en míns vil ég samt sem áður leggja henni það lið hér að benda á að það væri veigamikið skref til að greiða úr þeirri flækju sem ríkisstjórnin hefur komið þessum málum í að tillaga á þskj. 472 kæmi til afgreiðslu á næstu dögum.

Virðulegi forseti. Ég vil í nokkrum atriðum víkja að því á hvaða hátt sú niðurstaða í samningaferlinu um Evrópskt efnahagssvæði samrýmist ekki þeim upphaflegu markmiðum sem almennt var lýst að væru leiðarljós okkar Íslendinga í þeim viðræðum. Ég hef fyrr í þessari ræðu vikið að fyrsta atriðinu sem var sú viðleitni að koma á varanlegu tveggja stoða kerfi í Evrópu. Það er nú úr sögunni. Það er ekki lengur hugmyndafræðin á bak við málin eins og ég hef rakið. Hinar Norðurlandaþjóðirnar vilja fara beint inn í EB en Sviss hefur hafnað þátttöku í Evrópska efnahagssvæðinu. Það var auðvitað líka í þessu samhengi dálítið fróðlegt að lesa ummæli Frans Andriessens í viðtali við Ríkissjónvarpið 22. maí 1992 þar sem hann sagði alveg skýrt að það hafi verið niðurstaða samningaferilsins að það væri stofnanakerfi Evrópubandalagsins sem réði för á Evrópska efnahagssvæðinu. Ég ætla, með leyfi forseta, að vitna í þessi ummæli Frans Andriessens:

„EFTA-ríkin eru ekki aðilar að klúbbnum. Þess vegna ákveða EFTA-ríkin ekki reglur klúbbins. Það er á grundvelli þessarar staðreyndar sem við höfum skapað stofnanakerfi. Markmið þess er að veita sem bestan aðgang og áhrif í ákvarðanaferlinu, þó þannig að ákvarðanatakan sjálf er algerlega í höndum stofnana Evrópubandalagsins, þ.e. hjá ráðherraráði Evrópubandalagsins og á Evrópuþinginu. Ég tel að það sé rétt að segja að ef þið eruð tilbúin að vera tengd svo náið stofnanauppbyggingu Evrópubandalagsins, þið eruð tilbúin að láta löggjöf bandalagsins taka gildi hjá ykkur í framtíðinni án þess að þið eigið fulla aðild að ákvarðanatökunni sjálfri, þá geti verið betra að vera fullgildur meðlimur í klúbbnum."

Hér talar næstæðsti maður Evrópubandalagsins og hann talar enga tæpitungu. Hann segir alveg skýrt: Evrópska efnahagssvæðið er byggt á því að ákvarðanatakan sjálf sé algerlega í höndum stofnana Evrópubandalagsins. Það er auðvitað athyglisvert, eins og ég mun koma að síðar, að í álitsgerðum, m.a. dr. Guðmundar Alfreðssonar, er þetta eitt af því sem styður það sjónarmið að samningurinn standist ekki íslensku stjórnarskrána. Frans Andriessen bendir á að fyrst menn séu tilbúnir að leggja sig undir stofnanakerfi Evrópubandalagsins með þessum hætti sé skynsamlegra að ganga í klúbbinn. Það er auðvitað niðurstaðan sem Norðmenn, Svíar og Finnar, a.m.k. ríkisstjórnirnar í þessum löndum, og Austurríkismenn hafa komist að, að það sé bara miklu betra að vera í klúbbnum. Það er því auðvitað alveg ljóst að fyrsta upphaflega markmiðið um tveggja stoða kerfi tveggja jafnréttháa aðila er á engan hátt niðurstaðan.

Hæstv. utanrrh. sagði í mars á þessu ári í skýrslu sinni til Alþingis þessa ágætu setningu sem ég ætla nú að vitna í, með leyfi forseta: „Trúir því einhver að Evrópskt efnahagssvæði fái staðist sem tveggja stólpa brú, sem hvílir annars vegar á stólpa útvíkkaðs Evrópubandalags með 17 aðildarríkjum og 370 milljónum íbúa og hins vegar á brúarstólpa Íslands og Liechtensteins, með innan við 300 þús. íbúa?"

Þetta voru dálítið merkileg spádómsorð, hæstv. utanrrh., sett í skýrsluna í mars 1992 og sumir segja að sé skrifuð heima á Vesturgötunni hjá ráðherranum sjálfum þannig að kontóristarnir í ráðuneytinu komust ekki einu sinni í að sía þau. Það er einmitt þetta sem blasir nú við, að það verði bara Ísland og Liechtenstein sem verði eftir í EES. Sviss hefur hafnað að vera með og öll hin ríkin ætla inn í EB.

Ráðherrann svaraði svo sjálfur þeirri spurningu í skýrslunni, það mundi auðvitað ekki nokkur heilvita maður trúa því að það gæti staðist. Þessi retoríska spurning sett fram í skýrslu til Alþingis í mars er núna besta lýsingin á raunveruleikanum. Við erum að ræða frv. sem í reynd er bara ávísun á farmiða fyrir Ísland og Liechtenstein.

Annað meginatriðið sem vikið var að í upphafi samningaferilsins var að komið yrði á fríverslun með fisk. Fríverslun með fisk merkir það að Evrópubandalagið beiti ekki ríkisstyrkjum til að skekkja samkeppnisstöðuna og almenna reglan um tollalaus viðskipti gildi. Hæstv. utanrrh. hefur sagt það á Alþingi, að mig minnir fyrir nokkrum dögum, að það hafi alltaf legið fyrir að Evrópubandalagið mundi hafna þessari kröfu. Ég kannast ekki við það, hæstv. ráðherra, úr samvinnu okkar í síðustu ríkisstjórn að sagt hafi verið við þáverandi ríkisstjórnarborð eða á þeim mörgu fundum sem sú ríkisstjórn hélt um málið árið 1989 og fram eftir árinu 1990 að það væri alveg víst að Evrópubandalagið mundi hafna þessu algerlega og að þetta væri bara sett fram upp á grín. Ég man ekki betur en hæstv. þáv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, þáv. sjútvrh. og þáv. viðskrh., Jón Sigurðsson, og þáv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, hefðu hvað eftir annað talið það einn af mikilvægustu þáttunum í þeim árangri sem náðst hefði innan EFTA að EFTA væri reiðubúið að setja fram þessa kröfu í alvöru, hæstv. ráðherra. Auðvitað er það rétt að menn gátu haft á því mismunandi mat hvaða líkur væru á því að Evrópubandalagið féllist á það og auðvitað var það nokkuð ljóst að litlar líkur voru á því að Evrópubandalagið mundi fallast á að slíkt kæmi til framkvæmda strax. En þá bendi ég á að liður í ákvarðanaferli Evrópubandalagsins og þróun er að taka ákvarðanir um að eitthvað muni gerast eftir tiltölulega langt tímaskeið, setja ákveðnar breytingar þannig að þær taki gildi eftir fimm ár eða taki gildi eft-

ir sjö ár. Það er með engum rökum hægt að halda því fram að það hafi verið óraunhæft að knýja Evrópubandalagið til að taka þá stefnumótandi ákvörðun að ríkisstyrkjakerfið í sjávarútvegi yrði lagt niður innan bandalagsins, t.d. fyrir árið 2000. En ummæli hæstv. utanrrh. á þingi fyrir skömmu um að þessi stefna EFTA og Íslands hafi bara verið út í hött og ekki nokkrum heilvita manni dottið í hug að yrði fallist á hana gagnstætt því sem hann sagði þó við okkur í síðustu ríkisstjórn leiða hugann að því hvort þá hafi nokkur alvara verið á bak við að fylgja þessari kröfu fram. Auðvitað gat mælskumaður eins og hæstv. utanrrh. haldið glæsilegar ræður á samningafundunum þar sem bent væri á að á sama tíma og menn væru að leggja niður hið ríkisstyrkta hagkerfi í Austur-Þýskalandi væri lítil lógík í því að viðhalda ríkisstyrkjakerfinu í sjávarútvegi í Vestur-Þýskalandi eða hvort menn ætluðu í hinu sameinaða Þýskalandi að halda sér við sömu kreddurnar og menn höfðu jarðað í Austur-Þýskalandi. Ég hefði treyst hæstv. ráðherra til að flytja margar slíkar góðar ræður á samningafundunum, bæði í Genf, Brussel og annars staðar. En greinilegt er að hann hefur ekki einu sinni reynt það. Hann var svo sannfærður um það sjálfur að það þýddi ekkert að setja þessar kröfur fram að Evrópubandalagið slapp við það. Það kom í ljós fyrir nokkrum dögum á Alþingi að Evrópubandalagið slapp algerlega við það að þurfa að standa frammi fyrir þeirri kröfu járn í járn: Enga ríkisstyrki í sjávarútvegi heldur jafna samkeppnisstöðu í sjávarútvegi og fiskiðnaði eins og í öðrum greinum. Nei, takk. Hæstv. utanrrh. virðist hafa hlaupið fljótt frá þessari kröfu og án mikillar fyrirhafnar. Maður veltir því þá fyrir sér hvort hann var þá að blekkja okkur sem sátum með honum í ríkisstjórninni. Var þetta eitthvert leikrit sem hann og viðskrh. settu á svið fyrir hæstv. þáv. sjútvh., Halldór Ásgrímsson, og fyrir hæstv. fyrrv. forsrh., Steingrím Hermannsson, og fyrir mig og hina aumingjana sem sátu í ríkisstjórninni? (**Gripið fram í:** Það voru engir aumingjar.) Ég sagði hina.

Þá var varakrafan að ef Evrópubandalagið féllist ekki á þetta væri þó lágmark að grundvallarreglan um tollfrjáls viðskipti með sjávarafurðir yrði viðurkennd. Það er auðvitað mjög erfitt fyrir Evrópubandalagið að neita slíkri kröfu ef henni er haldið til streitu af mikilli hörku. En það kemur bara því miður í ljós, þegar samningaferlinu lýkur, að Evrópubandalagið féllst ekki heldur á þessa grundvallarreglu. Auðvitað er hægt að setja fram reikningsdæmi, hæstv. ráðherra, eins og ráðherrann hefur gert að ef metnir eru þeir tollar sem voru lækkaðir í þessu sérstaka samkomulagi nemi þeir ákveðinni prósentutölu, 90–98% af tollum á undanförnum árum. Það breytir því ekki að þegar við förum að flytja út nýjar sjávarafurðir á þennan Evrópumarkað þarf að semja um tollaniðurfellingar á þeim. Við þurfum sem sagt áfram að vera í samfelldu samningaferli við Evrópubandalagið um tollana af því að það tókst ekki að ná fram í þessum samningum grundvallarkröfu Íslands um tollfrjáls viðskipti með sjávarafurðir.

Í þriðja lagi var það auðvitað krafa okkar Íslendinga að ekki væri verið að versla með veiðiheimildir og tollalækkanir. Ég ætla ekki að ræða það mál ítarlega hér. Við ræðum það sjálfsagt þegar sjávarútvegssamningurinn kemur til umfjöllunar, ef hann kemur þá einhvern tíma hingað til umfjöllunar. Hæstv. utanrrh. hefur enn sem komið er ekki treyst sér til að fjalla um það sem ég hef bent honum nokkuð oft á á undanförnum vikum að innan Evrópubandalagsins er litið á sjávarútvegssamninginn sem tvímælalausa viðurkenningu á því að veiðiheimildir komi í staðinn fyrir tollalækkanir. Samningamenn Evrópubandalagsins eru ekki að dylja það að þeir telja sig hafa náð nánast fullum árangri í glímunni við Íslendinga frá 1976. Hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh. geta svo reynt að útbúa þessa niðurstöðu hér til heimabrúks og sagt: Þetta er ekki þannig. Þetta eru gagnkvæmar veiðiheimildir. En gagnkvæmnin er mjög skrýtin. Hún er í fyrsta lagi ekki þannig að við fáum að veiða í þeirra lögsögu, hún er ekki þannig. Þeir fá bara að veiða í okkar lögsögu. Við fáum ekki að veiða í þeirra lögsögu svo það er engin gagnkvæmni um veiðar í lögsögu hvors annars.

Í öðru lagi eru þetta 3 þús. tonn af karfa og 30 þús. tonn af loðnu. Ég ætla ekki að fara með þau rök hér um að þetta sé ekki jafngilt. Það vita auðvitað allir. Enda er það þannig að æðsti embættismaður íslenska stjórnkerfisins á sviði hafrannsókna, Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, hefur kallað þetta loðnuvitleysu. Hann hefur valið þessari niðurstöðu orðið loðnuvitleysa og hefur hvatt til þess að íslensk stjórnvöld hafi þessari niðurstöðu eða viðurkenni þá af hreinskilni hvað í henni felst. Af því að ég vék að því í upphafi máls míns hver hefði orðið afstaða þorra manna á Alþingi ef þeim hefði verið sagt fyrir nokkrum missirum síðan að þetta Evrópska efnahagssvæði mundi hljóta þau örlög að sterkasta ríkið innan EFTA, Sviss, ætlaði ekki að vera með og hin Norðurlöndin ætluðu bara að vera í EES í fáein missiri og fara inn í EB og svo hefði verið bætt við að samningurinn ætti að fela í sér veiðar Evrópubandalagsskipa í íslenskri lögsögu og Evrópubandalagið féllist ekki á viðurkenninguna um tollfrjáls viðskipti með sjávarafurðir, þá liggur við að ég treysti mér til að fullyrða að varla hefði nokkur maður á Alþingi fyrir fáeinum missirum mælt með slíkum samningi. Slíkur munur er á niðurstöðunni annars vegar og þeim markmiðum sem sett voru í upphafi hins vegar.

Það er líka athyglisvert eins og fram kemur í nál. 3. minni hlutans að aðalsamningamaður Íslands, Hannes Hafstein, hefur upplýst það eftir á að það hafi verið ljóst strax í fyrra þegar sjútvrh. og utanrrh. komu heim frá Lúxemborg að Evrópubandalagið mundi alls ekki láta sér nægja hinn fræga langhala heldur væri það að sækjast eftir karfa. Það er auðvitað enn eitt dæmið um vinnubrögðin í þessu máli að hæstv. utanrrh. fer fram á opinberan vettvang, mætir í þjóðþinginu, ræðir við utanrmn. og setur á langar ræður um þennan langhala. Svo segir bara aðalsamningamaður Íslands, Hannes Hafstein: Það var vitað allan tímann að engin meining var í þessu langhalatali, það var karfi frá upphafi sem Evrópubandalagið var að sækjast eftir. Það er auðvit-

að hægt að hafa ærið sterk orð um framgöngu manna sem falsa með þessum hætti upplýsingakerfið gagnvart utanrmn. og þjóðþinginu.

Í fjórða lagi var sagt hvað eftir annað á fyrstu missirum þessa samningaferils að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði ætti eingöngu að vera viðskiptasamningur. Í samningnum ætti ekki að felast valdaafsal af neinu tagi hjá stofnunum lýðveldisins, hvorki löggjafarþinginu, framkvæmdarvaldinu né dómstólunum. Svo sterk var þessi plata um að samningurinn ætti bara að vera viðskiptasamningur að formaður þingflokks Alþfl. mætti í umræðuþætti í Ríkisútvarpinu fyrir örfáum vikum þar sem hann sagði í hita leiksins þegar hann var kominn í nokkra vörn í málinu: EES er bara venjulegur viðskiptasamningur. Þegar spyrjandinn, Sigurður G. Tómasson, sagði: Heyrðu, hvað segirðu? Ertu að segja að EES sé bara venjulegur viðskiptasamningur? Þá jafnvel hikstaði hv. þm. Össur Skarphéðinsson og sá að það gekk eiginlega ekki upp að halda þessu fram. Svo sterk var þessi plata um að þetta væri bara venjulegur viðskiptasamningur að allt fram til síðustu vikna hefur formaður þingflokks Alþfl. verið að reyna að halda þessu að þjóðinni. Nei, þvert á móti blasir hér við samningur þar sem stofnanahluti samningsins er miklu fyrirferðarmeiri en sjálfur samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði. Þau þingskjöl sem liggja á borðum og eru samningar EFTA-ríkjanna um eftirlitsstofnun og dómstól eru satt að segja miklu meiri að vöxtum en sjálfur texti EES-samningsins. Þessi breyting sem varð á samningsferlinu, að í stað venjulegs viðskiptasamnings var smátt og smátt að fæðast samningur sem fól í sér flókið stofnanakerfi og ný munstur í ákvarðanatöku, hefur svo leitt til þess að mikill ágreiningur hefur risið í landinu um það hvort samningurinn standist stjórnarskrána.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson rakti mjög rækilega hér í gærkvöldi þau meginrök sem fram hafa verið sett af hálfu lærðra lögfræðinga sem sent hafa utanrmn. Alþingis álit sitt fyrir því að samningurinn standist ekki stjórnarskrána. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í að endurtaka þau rök sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson flutti. En mig langar til að vekja athygli á einni mjög athylisverðri staðreynd.

Dr. Guðmundur Alfreðsson og prófessor Björn Þ. Guðmundsson settu fram álit sín til utanrmn. fyrir nokkuð mörgum mánuðum. Þau hafa síðan legið frammi sem opinber gögn. Það er athyglisverð staðreynd sem segir mikla sögu að frá því að álit dr. Guðmundar Alfreðssonar og Björns Þ. Guðmundssonar komu fram hefur hvorki utanrrh., forsrh. né stjórnarmeirihlutinn á Alþingi treyst sér til þess að leiða fram á völlinn einn einasta lögfræðing sem starfar í fræðigreininni og er ekki bara pólitískur leiksoppur á skákborði stjórnmálanna sem treystir sér til að hrekja niðurstöðu dr. Guðmundar Alfreðssonar og Björns Þ. Guðmundssonar. Það er að vísu til álitsgerð sem fjórir sérfræðingar utanrrh. sömdu og ég mun koma að á eftir. Hún var samin áður en dr. Guðmundur Alfreðsson og Björn Þ. Guðmundsson settu fram sín sjónarmið. Eftir að greinargerð þeirra tveggja lá fyrir hefur enginn íslenskur lögfræðingur treyst sér til þess að senda frá sér ritgerð eða greinargerð sem hrekur þau sjónarmið. (Gripið fram í.) Jú, við höfum hlustað á hv. þm. Björn Bjarnason segja að hann sé ekki sammála þeim en við vitum allir að hann er úr pólitískri forustu Sjálfstfl. Við höfum heyrt utanrrh. segja að þetta sé bara vitleysa en hann er bara með próf í sagnfræði og hagfræði. En ég spyr enn á ný: Geta menn nefnt einhvern hæstaréttarlögmann sem starfar sem hæstaréttarlögmaður, geta menn nefnt einhvern prófessor í lögum við Háskóla Íslands, geta menn nefnt einhvern dómara við héraðsdómstól, við Hæstarétt sem hefur treyst sér til þess að leggja fram á síðustu mánuðum greinargerð sem hrekur niðurstöðu Björns Þ. Guðmundssonar og Guðmundar Alfreðssonar? Svarið er nei. (Gripið fram í.) Svarið er nei. Það er auðvitað mjög merkilegt að í ríkisstjórninni sitja nú margir lögfræðingar með forsrh. í fararbroddi. Að þeir skuli ekki sjá hvað það er veik staða fyrir þá, ekki bara á þinginu nú heldur inn í framtíðina, að hafa á herðunum þann dóm sögunnar að þeir hafi ekki getað fengið einn einasta hæstaréttarlögmann, dómara eða kennara við Háskóla Íslands til þess að hrekja röksemdir Guðmundar Alfreðssonar og Björns Þ. Guðmundssonar. Þær standa þess vegna enn og eins og hv. þm. Steingrímur Hermannsson rakti í gærkvöldi með margvíslegum hætti sýna þessir tveir fræðimenn fram á það að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði standist ekki stjórnarskrá lýðveldisins. Þess vegna held ég að það sé alveg rétt sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson lýsti yfir í þessum ræðustól nú nýlega að samningurinn sé brot á stjórnarskrá lýðveldisins.

Ég hef tekið eftir því að menn hafa setið í salnum og hlustað á þessi orð, brot á stjórnarskrá lýðveldisins, og svo hafa menn yppt öxlum og farið niður í kaffi. Er þetta virkilega orðið þannig á þjóðþinginu að hér standi upp þingmaður með mikla þingreynslu, maður úr forustusveit Sjálfstfl. um langt árabil, hæstaréttarmálaflutningsmaður, og segi samninginn brot á stjórnarskránni, á borðum þingmanna liggja álitsgerðir frá einum lærðasta unga lögfræðingi Íslendinga í þjóðarétti, dr. Guðmundi Alfreðssyni, virtum prófessor við Háskóla Íslands, Birni Þ. Guðmundssyni og niðurstaða allra er að samningurinn sé brot á stjórnarskránni og svo glotta menn bara eins og hv. þm. Björn Bjarnason gerir núna? Þessir menn segjast vera lýðræðissinnar. Grundvöllur lýðræðisins er stjórnskipun sem menn halda og virða. Grundvöllur lýðræðisins er að lögin séu æðri hagsmunum valdsmanna. Það er kjarninn í lýðræðinu. Lögin eru æðri en hagsmunir valdsmanna. Það eru til stjórnkerfi í heiminum þar sem hagsmunir valdsmanna eru æðri lögunum. Þau eru því miður nokkuð mörg. Þar er nöpur saga af örlögum einstaklinga og þjóða. En við höfum ekki viljað búa í landi þar sem hagsmunir valdsmanna væru æðri lögunum. Hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. halda þannig á þessu EES-máli að það er ekki hægt að draga aðra niðurstöðu en þá að þeir telji að valdahagsmunir þeirra sjálfra séu æðri lögunum, hæstv. utanrrh. vegna þess að

hann sækir þetta mál af pólitískum metnaði og flokkspólitískum hagsmunum af því að þetta séu höfuðmál Alþfl. og hæstv. forsrh. vegna þess að hann veit að ef hann hlýðir ekki hæstv. utanrrh. í þessu máli stendur ríkisstjórnin ekki lengur. Hæstv. utanrrh. hótar að slíta ríkisstjórninni ef forsrh. beygir sig ekki undir vilja hans í þessu máli. Hér er þess vegna komin upp klassísk staða. Það eru hagsmunir valdsmannanna sem eru taldir æðri lögunum að þeirra eigin dómi. Þeir leiða svo væntanlega fram í þinginu nægilega marga til þess að styðja þá í þessu. Hvað ætla svo þessir menn að gera ef Hæstiréttur Íslands kemst að þeirri niðurstöðu að dr. Guðmundur Alfreðsson og Björn Þ. Guðmundsson hafa rétt fyrir sér? Hvað á að gera við fyrirtækin sem þá hafa farið í margvíslegar fjárhagslegar skuldbindingar? Hvað á þá að gera við einstaklingana sem hafa hagað einkamálum sínum á grundvelli þess að þetta væri allt saman rétt? Ef þessi víðtæki samningur sem teygir sig út um allt sviðið verður af Hæstarétti dæmdur á þann veg sem dr. Guðmundur Alfreðsson og Björn Þ. Guðmundsson hafa gert, hvílík áhætta er þá tekin.

Eitt af þeim atriðum sem oft og tíðum var nefnt í upphafi þessa viðræðuferils var að tryggja yrði að Íslendingar mundu ekki glata forræði yfir auðlindum landsins, yfir landinu, orkulindunum og ýmsir nefndu einnig lykilfyrirtæki. Hver er niðurstaðan á þessu sviði? Mér sýnist hún vera þessi:

Í fyrsta lagi hefur verið settur inn fyrirvari varðandi eignarhald útlendinga á fyrirtækjum í útgerð og frumvinnslu sjávarafurða. Þó byggir hann á lögum sem kann að verða breytt á Alþingi. Varðandi orkulindirnar hins vegar hefur enn ekki verið sýnt á Alþingi frv. sem tryggir að þær verði áfram í höndum Íslendinga. Hver er ástæðan fyrir því að frv. hefur ekki enn verið lagt fram? Er hún kannski sú að sérfræðingar hafa komist að þeirri niðurstöðu að ef það eigi að vera tryggt verði meiri hluti á Alþingi að fallast á þjóðnýtingu orkulindanna að meira eða minna leyti og Sjálfstfl. sé ekki tilbúinn að standa að þjóðnýtingu orkulindanna með þessum hætti? Með öðrum orðum að menn þurfi að velja á milli möguleika útlendinga til að eignast orkulindirnar og andstöðu við þjóðnýtingu. Þá haldi menn sig við hina gömlu andstöðu við þjóðnýtingu og skjóti laust á möguleika útlendinga til að eignast orkulindirnar. Það er auðvitað mjög athyglisvert fyrir okkur sem þekkjum ákafa forustumanna Alþfl. í að flytja slíkt frv. Það vill svo til að þar erum við í forustu Alþb. sammála forustumönnum Alþfl. og höfum átt ýmsar viðræður við hæstv. viðskrh. um þetta mál á undanförnum missirum, m.a. þegar við vorum í ríkisstjórn. Við vitum þess vegna vel að þetta er honum nokkuð áhugamál. Það segir þess vegna mikla sögu um pólitísku erfiðleikana á þessu sviði að menn hafa ekki treyst sér til þess að leggja frv. hér fram.

Þriðja atriðið var eignarhald á landi. Menn hafa glímt við það. Niðurstaðan er hins vegar sú hin sama og við lýstum hér, ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, fyrir nokkrum missirum að ef setja ætti girðingar sem kæmu í veg fyrir að útlendingar gætu eignast land á Íslandi mundu þær girðingar koma svo niður á möguleikum stórs hluta þjóðarinnar sjálfrar að menn yrðu ekki tilbúnir að sætta sig við þær. Mér sýnist einmitt það vera að gerast nú að frv., sem hæstv. landbrh. hefur látið útbúa, gangi þvert á ýmis önnur markmið sem menn vilja hafa eins og rétt einstaklinga í þéttbýli til að eignast land, rétt stéttarfélaga til að eignast land, rétt bænda til þess að halda verðmæti jarða sinna. Mér sýnist frv. verði ekki samþykkt á Alþingi í þeirri mynd sem það er lagt fram. Það er a.m.k. strand í dag. Með öðrum orðum er það að gerast sem við forustumenn Alþb. vörðuðum við, að þegar kæmi að því að setja girðingar varðandi það að verja orkulindirnar og landið fyrir eignarhaldi útlendinga mundu menn ekki treysta sér í að setja þær girðingar sem héldu vegna þess að þær mundu mismuna Íslendingum sjálfum af því að bannið við mismunun milli borgara Íslands og annarra ríkja Evrópubandalagsins og EFTA væri á þann veg að við mættum ekki mismuna á grundvelli ríkisfangs. Þess vegna er það nú því miður þannig að þegar Alþingi er beðið að taka afstöðu til þessa samnings liggur ekkert fyrir um það að hér verði settar í lög girðingar sem halda varðandi eignarhald á landi og orkulindum.

Í fjórða lagi var rætt um ýmis lykilfyrirtæki. Það var rætt um það að sjálfstæði þjóðarinnar fælist ekki bara í löggjafarstofnun, ríkisstjórn og dómstólum heldur fælist sjálfstæði þjóðarinnar annars vegar í því að geta nýtt auðlindir hennar og helstu fyrirtæki hagkerfisins væru í innlendri eigu, svo sem bankar, orkufyrirtæki og tryggingafélög. Það er hins vegar ljóst að ef menn tengja saman einkavæðingarstefnu núv. ríkisstjórnar og samninginn um Evrópskt efnahagssvæði hafa ríkisborgarar og fyrirtæki í Evrópubandalagsríkjunum og EFTA-ríkjunum nákvæmlega sama möguleika og hver annar til að eignast bankana og tryggingafélögin og önnur lykilfyrirtæki í landinu nema í útgerð og frumvinnslu sjávarafurða.

Það má vel vera að ýmsum liðsmönnum í ríkisstjórnarherbúðunum finnist svo komið í þjóðfélagsþróuninni að þetta tal um sjálfstæði sé dálítið gamaldags. En þá er athyglisvert að horfa á það að þeir sem hafa skrifað um möguleika þjóða og ríkja til hagvaxtar á nýrri öld hafa einmitt fært þau margvíslegu rök að því að ef það er hægt að tengja saman þjóðarmetnað starfsfólks og fyrirtækja á hinum alþjóðlegu samkeppnissviðum þá geti viðkomandi ríki náð árangri. Ef þjóðarmetnaðinum sé eytt muni samkeppnisstaða þess ríkis verða mjög veik eða með öðrum orðum, menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að þjóðarmetnaðurinn sé eitt af hreyfiöflunum í hagþróuninni. Menn leggi ýmislegt á sig vegna þess að þeir séu Íslendingar, séu Bandaríkjamenn o.s.frv.

Ég hef við og við vitnað svolítið í yfirlýsingar og stefnugrundvöll hins væntanlega forseta Bandaríkjanna og ýmissa ráðgjafa hans á undanförnum mánuðum. Ég hef tekið eftir því að það hefur pirrað hæstv. forsrh. dálítið og ekki vil ég pirra hann mikið og vona að hann láti það ekki fara í taugarnar á sér þó ég vitni enn á ný í það, en það var auðvitað mjög athyglisvert þeg-

ar Bill Clinton kynnti nýjan viðskiptaráðherra sinn fyrir nokkrum dögum. Hann gerði það með þeim hætti að höfða ekki til einhverra óþjóðlegra markaðslögmála eða einhvers útþynnts hagfræðingaréttar. Nei, hann kynnti hinn nýja viðskiptaráðherra á grundvelli bandarísks metnaðar, að hinn nýi viðskiptaráðherra mundi tryggja hæfni Bandaríkjanna til þess að lið þeirra mundi ná árangri í hinni alþjóðlegu samkeppni, að Bandaríkjamenn mundu standa sig vel saman í keppninni líkt og Valur eða KR standa sig á fótboltavellinum. Hinn nýi forseti Bandaríkjanna hafði nefnilega áttað sig á því að ef hann missir þjóðarmetnaðinn, þjóðarstoltið út úr bandríska hagkerfinu þá vinnur hann aldrei stríðið. Þá getur hann ekki dregið úr atvinnuleysinu. Þá styrkir hann ekki bandaríska hagkerfið í alþjóðlegri samkeppni. Hvað segja allar bækurnar sem menn lesa um japanska hagkerfið? Þær segja allar að það er þjóðarmetnaðurinn sem er byggður inn í japönsku fyrirtækin, atvinnulífið og samskipti launafólks og fyrirtækjanna sem ræður úrslitum um það að þeir hafa náð árangri. Hvað eru forustumenn íslensks iðnaðar að gera þessa dagana, meira að segja um leið og þeir senda Alþingi bréf um það að það eigi að samþykkja EES? Þá er verið að verja miklum fjármunum og miklum kröftum í áróðursherferð um að kaupa íslenskt. En það er auðvitað í algerri mótsögn við hin óþjóðlegu markaðslögmál og afnám ríkisfangsins á hinu Evrópska efnahagssvæði að það skipti einhverju höfuðmáli hvort menn kaupa íslenskt eða ekki. Kjarninn í þeirri efnahagslegu hugsun sem er í þessum samningi er að það skipti akkúrat engu máli hvort menn kaupa íslenskt eða ekki. Aðalatriðið er að menn kaupi á hagstæðu verði. Það væri auðvitað mjög fróðlegt að ræða við forustumenn iðnaðarins á Íslandi þessa þversögn að segja við Alþingi: Drífið ykkur í að samþykkja EES, og segja svo við þjóðina fyrir jólin: Kaupið íslenskt.

Nei, þess vegna vil ég segja við virðulegan ráðherra sem er í forustu um þessar mundir fyrir ríkisstjórn á Íslandi: Væri ekki ráð að huga að því að sjálfstæðið, þetta menningarlega, huglæga, félagslega fyrirbæri, sjálfstæðið, er efnahagslegur drifkraftur? Kenningin um að ná efnahagslegum drifkrafti með því að afnema þjóðarmetnaðinn og búa til viðskiptasambönd og markaðskerfi þar sem þjóðarmetnaðurinn er þurrkaður út hefur beðið skipbrot. Hún var hins vegar á góðu lífi fyrir tveimur til þremur árum. En hún hefur beðið skipbrot í dag. Þeir sem eru að reyna að endurreisa hagkerfi Bandaríkjanna, jafnvel hagkerfi Þýskalands, og ég tala nú ekki um ýmsir í okkar landi hafa einmitt áttað sig á þessu. Þess vegna er auðvitað verulega hættulegt fyrir okkur Íslendinga að ganga frá samningi sem opnar það algerlega að flestir helstu þættirnir í því, sem hafa gert íslenskt hagkerfi að séríslensku fyrirbæri, séu í hættu.

Ég vil taka það alveg skýrt fram, ég er ekki þar með að segja að þetta muni gerast. Ég vil taka það alveg skýrt fram. Ég er ekki að fara með einhvern sérstakan hræðsluáróður um það að útlendingar munu rjúka hér til og kaupa jarðir eða kaupa hlutabréf í Sjóvá/Almennum eða Íslandsbanka eða einhverju slíku, ég er ekki að fara með neinn slíkan hræðsluáróður. Ég er hins vegar að benda á grundvallaratriði sem menn verða að áttta sig á og það er einmitt þingsins að ganga frá löggjöf um slík grundvallaratriði.

Að lokum vil ég víkja hér varðandi þessa þætti nokkuð að stöðu Íslands innan stofnanakerfis Evrópska efnahagssvæðisins ef það tekur þá til starfa á næsta ári og setja fram nokkur rök fyrir því að staða Íslands innan stofnanakerfis Evrópska efnahagssvæðisins verður auðvitað með þeim hætti að það sé mjög hæpið að við getum ráðið við það eða það samrýmist hagsmunum okkar. Einn af áhrifamönnum í íslenskum utanríkismálum sagði fyrir skömmu, og þau orð hafa orðið mér nokkurt umhugsunarefni, að það væri mjög mikilvægt að þegar okkar litla þjóð tæki þátt í mjög víðtæku, alþjóðlegu samstarfi, þá gerði hún það af fullum myndugleika, við værum alvöruaðilar að samstarfinu. Sæti okkar væri skipað þar sem fundir væru haldnir o.s.frv. og hann benti einmitt á það að bæði á vegum Norðurlandaráðs, á vegum Sameinuðu þjóðanna, á vegum EFTA og að nokkru leyti á vegum NATO en að vísu ekki alveg, þá hefði tekist þrátt fyrir fámenni þjóðarinnar og tiltölulega lítinn fjárhag í alþjóðlegum samanburði að manna þetta af fullum myndugleika. Við værum alvöruþjóð, fáni okkar væri raunverulegur fáni og fulltrúar Íslands væru raunverulegir fulltrúar landsins. En þessi ágæti maður varaði jafnframt við því, án þess að hann væri að tala um Evrópskt efnahagssvæði, að okkar litla þjóð færi að tengjast mörgum nýjum alþjóðlegum stofnunum þar sem ljóst væri að við hefðum aldrei bolmagn til þess að vera fullgildir þátttakendur og hlytum þess vegna smátt og smátt bæði í eigin huga og í hugum hinna að verða eins konar gervimeðlimir, annars flokks. Það væri mjög hættulegt bæði sjálfsvitund þjóðar og viðhorfum annarra til okkar að vera annars flokks þátttakendur. Í þessu samhengi er auðvitað alveg nauðsynlegt að við áttum okkur á því, hæstv. forsrh., að við erum ekki nema 260 þús. Þar af er um það bil helmingur börn og gamalmenni þannig að þetta eru rúmlega 100 þús. manns sem eru að reyna að halda uppi þessu hagkerfi, halda úti þessum sendiráðum og öðrum stofnunum þjóðríkis í alþjóðlegri samvinnu. Það eru bara takmörk fyrir því hvað lítið ríki 260 þús. manna getur megnað, bæði hvað snertir fjárhag, útgjöld, embættismannasveit eða tíma stjórnmálamanna.

Ég þekki t.d. að á fyrstu mánuðum ferlisins um Evrópskt efnahagssvæði þurfti ég að setja nokkra starfsmenn fjmrn. í vinnu vegna þessa máls. Fjmrn., sem þó er talið sterkasta íslenska ráðuneytið að mannafla og embættislegum burðum, lamaðist hins vegar algerlega mánuðum saman á verksviði þessara manna vegna þess að þeir urðu að leggja til hliðar önnur verk í stofnunum og skrifstofum ráðuneytisins. Evrópska efnahagssvæðið er byggt upp þannig að ef við ætlum að vera fullgildir þátttakendur þá þurfum við að setja nokkur hundruð embættismanna í þessa vinnu. Auðvitað munum við ekki gera það, hæstv. forsrh. Það vitum við, við munum ekki gera það. Það eru engar tillögur uppi

um það. En þá hafa menn ekki litið á hina hlið málsins að þar með er það orðið innbyggt í þátttöku okkar í þessu samstarfi að við verðum ekki fullgildir, við verðum annars flokks. Ég fullyrði að þótt sú skipan hafi verið að Bandaríkin hafi setið í stóli Íslands í ýmsum nefndum og stofnunum innan NATO á þeim forsendum að við tókum ekki sjálfir þátt í hernaðarsamvinnunni — látum það liggja á milli hluta í þessri umræðu — þá yrði þetta í fyrsta sinn sem Ísland gerðist aðili að fjölþættu alþjóðlegu samstarfi þar sem ljóst væri að við réðum ekki við að vera fullgildir þátttakendur.

Núv. ríkisstjórn er að glíma við það að skera niður útgjöldin hjá ríkinu, skera niður í heilbrigðiskerfinu, menntakerfinu, jafnvel hjá ráðuneytunum. Allt þetta ferli ef við ætlum að vera fullgildir þátttakendur stefnir hins vegar í aðra átt. Þess vegna vil ég segja hér í umræðunni að mér finnst það vera eitt af þeim viðfangsefnum sem við þurfum í sameiningu að átta okkur á hér í landinu að takmarka alþjóðlega þátttöku okkar. Ég geri mér grein fyrir því að það kann að hljóma nokkuð undarlega í eyrum ýmissa og hef ég talað mjög fyrir alþjóðlegri þátttöku og varið töluverðu af tíma mínum og starfskröftum á undanförnum árum til þess að taka þátt í slíku starfi. En ég er æ betur að gera mér grein fyrir því að 260 þús. manna þjóð ræður ekki við þetta allt saman. Ef hún ætlar að halda sessi sínum og sjálfsvirðingu þá verðum við að velja og hafna í þessum efnum því að það er stórhættulegt að við förum kannski að verða eitt af þessum litlu ríkjum í veröldinni sem stóru ríkin hafa það viðhorf til að séu upp á sig komin. Það eru t.d. til smáríki hjá Sameinuðu þjóðunum sem ráða ekki einu sinni við að borga sendiráð ríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum og ýmis stór ríki borga kostnaðinn við sendiráð þessara ríkja hjá Sameinuðu þjóðunum í gegnum þróunarhjálpina.

Ég nefni þetta hér vegna þess að mér finnst að þegar við erum sífellt að glíma við hugsanlega þátttöku Íslendinga í öllu þessu mikla alþjóðlega samstarfi, og þetta er auðvitað bara byrjunin á mörgu öðru, þá þurfum við að átta okkur hreinskilnislega á því að við erum ekki mjög stórir karlar í þessari sveit. Forsrh. Íslands og utanrrh. fá sams konar prótokollmeðferð þegar þeir koma út eins og forsætisráðherra Bretlands eða utanríkisráðherra Bretlands. Það er rétt, siðareglurnar í alþjóðlegum samskiptum eru þannig að prótokollinn gerir ekki ríkjamun. Þess vegna kannski blekkjast menn dálítið þegar þeir sitja við stóru hringborðin og íslenski fáninn hefur jafnmörg sæti á bak við sig og breski fáninn eða bandarískí fáninn eða þýski fáninn eða rússneski fáninn. En við erum bara því miður litlir karlar í þessu samstarfi eða kannski sem betur fer eftir því hvaða viðhorf menn hafa.

Mér finnst pínulítið örla á því að ýmsir í embættiskerfinu hjá okkur og jafnvel í stjórnmálakerfinu séu farnir að lifa í þeirri sjálfsblekkingu að við séum eiginlega eins og stóru karlarnir. Þess vegna finnst mér alveg nauðsynlegt að þeir sem mæla fyrir því að við samþykkjum þennan samning um Evrópskt efnahagssvæði ræði af fullri hreinskilni í þingsalnum hvernig á að fara með þetta vandamál. Ég hef ekki orðið var við neina umræðu um það. Það er hins vegar nauðsynlegt að það verði gert því það mun blasa við okkur strax og þessi samningur tekur gildi.

Hv. formaður utanrmn., Björn Bjarnason, hefur að ég veit haft af því nokkrar áhyggjur hvernig þjóðþingið mundi starfa við þessar aðstæður og það er virðingarvert að hann hefur leitt að því hugann að það þarf ýmislegt að breytast í starfsháttum þingins ef þetta verður að veruleika. Ég sé hins vegar ekki nokkur merki þess, virðulegi þingmaður, að í fjárhagsáætlun þingsins á næsta ári sé ætlað fyrir því. Það væri a.m.k. mjög fróðlegt ef formaður fjárln. og formaður utanrmn. gætu í sameiningu uppýst þingið áður en við göngum frá fjárlagafrv. fyrir næsta ár hversu mikið fjármagn er ætlað til þess að þjóðþing Íslendinga gæti með sæmilegri reisn tekið þátt í þessu. Ég sé ekki betur en það sé frekar verið að skera það allt saman niður.

Þá vil ég biðja þessa ágætu menn að hugleiða þau varnaðarorð, sem ég vitnaði til í upphafi, að það gæti svo farið fyrir okkur að á tiltölulega fáum árum mundi veruleikinn gera það að verkum að við færum sjálf að hugsa eins og annars flokks þátttakendur og hinir færu að líta á okkur sem aukagemsa í þessu samstarfi. Það er vont fyrir litla þjóð vegna þess að það sem heldur Íslendum þó sjálfstæðum og hefur gert er reisnin og sjálfsálitið. Það eru í raun og veru ekki peningar.

Það er líka ljóst að hlutverk okkar í stofnanakerfi EES ef samningurinn tekur gildi verður á næstu missirum allt annað en ætlað var í upphafi. Þegar verið var að tala fyrir þessu stofnanakerfi á sínum tíma þá var dregin upp sú mynd að EFTA-ríkin mynduðu annan hóp en EB og innan EFTA-ríkjanna mundi fara fram hreinskilnisleg umræða milli þeirra um hvað þjónaði hagsmunum EFTA-ríkjanna og þar mundu menn síðan sameinast um það að vera einn fyrir alla og allir fyrir einn. Þetta er liðið. Af hverju er þetta liðið? Vegna þess að öll þau ríki í EFTA sem ætla að vera með í Evrópska efnahagssvæðinu eru búin að ákveða að ganga í Evrópubandalagið og meira að segja, eins og ég hef vikið að, munu samningaviðræður hefjast við þau áður en EES tekur gildi. Þess vegna er alveg ljóst að það verður rík þörf fyrir Noreg, Svíþjóð, Finnland og Austurríki að sýna í stofnanakerfi EFTA að þau séu reiðubúin að fallast á sjónarmið Evrópubandalagsins því ef þau fallast ekki á sjónarmið Evrópubandalagsins innan stofnana EFTA, þá eru þau að draga úr áhrifum sínum í samningunum um beina aðild að Evrópubandalaginu. Mér finnst þess vegna alveg augljóst að Ísland á eftir að lenda í því hvað eftir annað á næstu missirum að vera eina ríkið innan stofnana EFTA á EES-svæðinu sem vill hafa sérstöðu og þá erum við sett í þá stöðu að ef við viljum fylgja þeirri sérstöðu eftir með formlegum hætti þá erum við að meina hinum ríkjunum, Noregi, Svíþjóð, Austurríki og Finnlandi að laga sig að EB sem þau hafa tekið ákvörðun um að gera. Eða með öðrum orðum, við hljótum hvað eftir að lenda í því að vera hindra Svíþjóð, Noreg, Austurríki og Finnland í aðlögun þeirra að EB. Mun-

um við taka þá ákvörðun? Ég efast um það. Menn munu þá frekar beygja sig undir vald EB í þessum efnum og þar með sé öll grunnhugsun í stofnanakerfi EFTA fokin burt af því að markmið allra hinna ríkjanna nema okkar er orðið allt annað en það var þegar stofnanakerfið var fyrst sett fram.

Þetta finnst mér líka vera þáttur sem ýmsir talsmenn þessa máls hafa lítt vikið að á Alþingi. Satt að segja hefur maður mjög saknað þess að þeir hefðu einurð til þess að ræða það hvernig þessi veruleiki verður þegar við stöndum frammi fyrir því að ætla að taka þátt í þessu samstarfi.

Ég hef hér, virðulegi forseti, vikið að fjölmörgum atriðum sem hafa orðið á allt annan veg en ætlað var í upphafi þessa samningsferlis. Það snertir tengsl EFTA og EB innan tveggja stoða kerfis, það snertir kröfur okkar í sjávarútvegi, það snertir stofnanauppbygginguna, það snertir afstöðuna til eignarhalds á landi, orkulindum, það snertir stöðu lykilfyrirtækja í íslenska hagkerfinu og fjölmargt annað.

Það var alltaf sagt á samningsferlinu að við mundum ekki fá slíkar undanþágur frá almennum reglum í þessum samningum. Ég verð að segja eins og er að þegar utanrrh. var að koma heim með þessar fréttir fyrri hluta ársins 1991 og undir lok ársins 1990 þá trúði ég þessum fullyrðingum. Það kom mér þess vegna dálítið á óvart að sjá það í endanlegri gerð samningsins um Evrópskt efnahagssvæði að Álandseyjar, sem eru lítið eyjasamfélag eins og við, höfðu fengið margvíslegar undanþágur sem utanrrh. var búið að fullyrða að væru alls ekki í boði af hálfu EB. Mér hefur mjög fundist skorta á að það væri ekki útskýrt nægilega vel hvernig stendur á því að Finnum tókst og Svíum að fá fyrir Álandseyjar undanþágur frá þessum almennu reglum sem íslenskir samningamenn segja að hafi ekki tekist fyrir Ísland. Jú, ég veit að staða Álandseyja er að forminu til önnur. Það er aukaatriði í þessu máli. Það sýnir bara það að undanþága frá ýmsum grundvallarreglum er viðurkennd í EES-samningnum sjálfum en því var alltaf haldið fram að Evrópubandalagið neitaði að viðurkenna slíkar undanþágur í prinsippinu í samningnum sjálfum. Það er auðvitað alveg ljóst ef Ísland hefði fengið ýmislegt af því sem var samþykkt gagnvart Álandseyjum þá hefði verið mun auðveldara að ná breiðri samstöðu um þennan samning á Íslandi.

Virðulegi forseti. Í nefndaráliti 3. minni hluta eru raktar fjölþættar röksemdir sem fram koma í álitsgerðum Guðmundar Alfreðssonar og Björns Þ. Guðmundssonar og sýna fram á að þeir telja engan vafa leika á því að þessi samningur brjóti gegn stjórnarskránni. Ég ætla ekki að endurflytja þessar röksemdir hér. Ég vísa til þess að í nál. eru raktir sérstaklega 10 þættir í áliti Björns Þ. Guðmundssonar og 23 þættir í áliti Guðmundar Alfreðssonar þar sem þessi röksemdafærsla kemur fram. Ég vil einnig taka undir þá greiningu sem fram kom hjá hv. þm. Steingrími Hermannssyni hér í gær.

Ég vil að lokum lýsa þeirri skoðun minni að það hafi verið mjög misráðið af hæstv. ríkisstjórn að hafna óskinni um þjóðaratkvæðagreiðslu um þennan samning. Ég held að meðferð málsins hefði orðið farsælli, ég held að það hefði myndast meiri friður um niðurstöðuna og ég held að það hefði líka verið lýðræðislegra. Það er auðvitað ekki út í bláinn að samtök eins og Alþýðusambandið, BSRB, Stéttasamband bænda og Neytendasamtökin hafa stutt kröfuna um þjóðaratkvæðagreiðslu. Mér telst til að þessi samtök hafa innan sinna vébanda kringum 100 þús. Íslendinga. Það er mikill meiri hluti þeirra sem eru á kjörskrá í landinu.

Ég hef líka tekið eftir því að í þessum umræðum hafa ýmsir af stuðningsmönnum samningsins kosið að vitna í texta frá Alþýðusambandinu og frá Neytendasamtökunum og lýsa þannig meðmælum með samningnum. En ef þessir menn eru reiðubúnir að taka mark á lýsingum frá Alþýðusambandinu og Neytendasamtökunum varðandi efnistriði, af hverju eru þeir þá ekki líka reiðubúnir að taka mark á afstöðunni varðandi þjóðaratkvæði?

Ég hef ekki heldur séð af fréttum frá Sviss eða Liechtenstein að það hafi gengið mjög erfiðlega í þessum ríkjum að láta þjóðaratkvæðagreiðsluna fara fram. Þvert á móti, það hefur gengið mjög vel. Það er líka athyglisvert ef menn vilja kynna sér umræðurnar um lýðræði innan Evrópubandalagsins að eitt af því sem menn eru þar að ræða er kannski að beita þjóðaratkvæðagreiðslu meira, þ.e. að finna form þar sem fólkið getur tekið afstöðu beint, óháð fulltrúum flokkanna. Það er tvímælalaust eitt af því sem tengist lýðræðisþróun nútímans að halda inn á þessa braut.

Ég vil líka láta í ljósi þá skoðun eins og fram kemur í nál. að þótt samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði sé í heild sinni flókinn, þá eru í honum örfá grundvallaratriði sem eru svo einföld og skýr að sérhver landsmaður getur dæmt þau án þess að verja miklum tíma í að kynna sér þá þykku bunka sem liggja hér á borðum þingmanna. Meðal þessara grundvallaratriða er að veita ríkisborgurum Evrópubandalagsins og hinna EFTA-ríkjanna réttindi á flestum sviðum efnahagslífs og vinnumarkaðar hér á Íslandi sem hingað til hafa verið bundin við íslenska ríkisborgara eina.

Auðvitað vita allir í þessum sal að þetta atriði, íslenski ríkisborgararétturinn í efnahagsmálum og atvinnumálum, hefur verið eitt af lykilatriðum í sjálfsvitund þjóðarinnar. Slíkt kemur fram í miklum fjölda laga í íslenska lagasafninu. Menn geta haft á því ýmsar skoðanir hvort þetta sé rétt eða rangt að vera með slík atriði. En að afnema þau í prinsippinu gagnvart 350 millj. manna með 1½ línu í alþjóðasamningi án þess að þjóðin fái að dæma finnst mér lýðræðislega ekki ganga upp. Menn geta verið með lærðar ræður um að okkar stjórnskipun sé byggð á þingræði og ég veit ekki hvað og hvað. En það bara skiptir ekki máli í þessu samhengi. Ég held þvert á móti, virðulegi forseti, að forustumenn ríkisstjórnarinnar hafi haldið þannig á þessu máli að aldrei geti skapast um það varanleg sátt. Hvers vegna ekki? Í fyrsta lagi vegna þess að þjóðinni var meinað að segja álit sitt með sérstökum hætti. Í öðru lagi vegna þess að frá því að álit Guðmundar Alfreðssonar og Björns Þ. Guðmundsson-

ar komu fram hefur enginn lögfræðingur treyst sér til þess að hrekja þau álit. Þau standa þess vegna á borðum þingmanna sem síðasta orðið sem þingið hefur fengið í sínar hendur um þetta mál. Þá er auðvitað svo tvímælalaust að samningurinn — sumir segja að sé á þann veg að mikill vafi leiki á, ég segi að enginn vafi sé á að hann brýtur í bága við stjórnarskrána eftir þeim gögnum sem maður hefur og getur kynnt sér. Síðan í þriðja lagi að ríkisstjórnarmeirihlutinn hafnar tillögum bæði frá okkur í Alþb. og væntanlega einnig frá hv. þm. Steingrími Hermannssyni og Halldóri Ásgrímssyni um að hefja tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið um framtíðarskipan samskipta Íslands og Evrópubandalagsins. Síðan er kannski að bætast við þessa sólarhringana að knýja í gegn afgreiðslu á frv. sjálfu þrátt fyrir mikinn ágreining og ádeilu um tæknigalla frv. vegna þeirra breytinga sem orðið hafa eftir úrslit atkvæðagreiðslunnar í Sviss, þá sé verið að halda þannig á málinu að það sé á engan hátt stjórnmálalega farsælt eða faglegt að samþykkja það. Mér finnst mjög miður að forustumenn ríkisstjórnarflokkanna skulu hafa haldið á þessum þáttum á þann veg að þessi atriði, þjóðaratkvæðagreiðslan, stjórnarskrárþátturinn, form samskipta við Evrópubandalagið þegar ljóst er að EES er ekki til frambúðar og síðan frv. sjálft séu allt saman atriði sem bætist við efniságreining um einstök innihaldsatriði í samningnum sjálfum.

Eins og fram kemur í nefndarálitinu og samþykkt stofnana Alþb. í sumar er niðurstaða mín og flokks míns sú að í ljósi þess að því hefur verið hafnað að gefa þjóðinni kost á að segja álit sitt á þessum samningi, í ljósi þess að það liggur fyrir að okkar dómi að samningurinn er tvímælalaust brot á stjórnarskránni, í ljósi þess að enn sem komið er a.m.k. hefur ríkisstjórnarmeirihlutinn á Alþingi ekki viljað fara þá leið að hefja tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið um varanlegt form samskipta okkar, þá teljum við rökrétt og eðlilegt að greiða atkvæði gegn því staðfestingarfrv. sem hér er til meðferðar.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Flest af því sem kom fram í hinni löngu ræðu hv. þm. var þess eðlis að flestir hljóta að furða sig á því að þessi maður skuli hafa barist fyrir því og unnið að því í ríkisstjórn í á þriðja ár að koma Íslandi inn í Evrópska efnahagssvæðið. Hann hlýtur að skýra það einhvern veginn fyrir sínu fólki. En hv. þm. fjallaði um það núna og gerði það reyndar líka þegar samkeppnislögin voru til umræðu að enginn vafi væri á því að menn væru að brjóta stjórnarskrána eins og hann sagði þá og ítrekaði nú. Hann sagði núna: Hvernig mun mönnum líða þegar Hæstiréttur mun úrskurða hugsanlega að þeir hafi verið að brjóta stjórnarskrána núna? Hann þarf ekki að spyrja okkur slíkrar spurningar því það gerðust þau sögulegu tímamót, svo maður noti orðalag þingmannsins, að þegar hann var í ræðustólnum í þinginu að ræða um samkeppnislögin þá var Hæstiréttur að lýsa því yfir að hann sjálfur og ríkisstjórnin, sem hann sat í, hefðu brotið stjórnarskrána. Það væri enginn vafi á því að undirréttardóminum var breytt vegna þess að lögin stönguðust á við stjórnarskrána, lögin sem hann og hv. þm. 7. þm. Reykn., sem mjög talar um stjórnarskrána stóðu að. Hv. þm. veit því, sem við vitum ekki, hvernig mönnum líður þegar Hæstiréttur tilkynnir að þeir hafi brotið stjórnarskrána.

Frsm. 3. minni hluta utanrmn. (Ólafur Ragnar Grímsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel það jákvætt að hæstv. forsrh. skuli nú þrátt fyrir allt átta sig á því hvað hann er á þunnum ís varðandi þetta stjórnarskrármál, að hann skuli ákveða að koma upp í andsvörum með þennan þátt. Það er staðreynd eins og ég hef sagt að enginn lögfræðingur, sem gegnir trúnaði í þeirri stétt, hefur treyst sér til þess að leggja fram við Alþingi greinargerð eftir að þessar tvær greinargerðir komu fram sem segir að þetta sé í lagi. Hæstv. forsrh., sá eini sem hefur farið fram á völlinn og gert tilraun til þess að ræða við dr. Guðmund Alfreðsson og Björn Þ. Guðmundsson úr hópi starfandi lögfræðinga er hæstaréttardómarinn Þór Vilhjálmsson. Hann mætti á sameiginlegan fund stjórnarskrárnefndar og utanrmn. þar sem þessar tvær nefndir ræddu málið. Þar sagði Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari að hann teldi þessar deilur vera smotterí. Í sínum huga væri enginn vafi á því að þetta væri í lagi. En, hæstv. forsrh., þessi sami dómari, Þór Vilhjálmsson, var einmitt í minni hluta Hæstaréttar í BHMR-dómnum. Hann var í minni hluta Hæstaréttar í BHMR-málinu. Meiri hluti Hæstaréttar var ósammála Þór Vilhjálmssyni um það hvort lögin um BHMR væru í lagi. Við settum þau í góðri trú, hæstv. forsrh., en við horfum á þá reynslu að Þór Vilhjálmsson reyndist bara hafa rangt fyrir sér. Hann var í minni hluta í Hæstarétti og þess vegna er ég nú að vara hæstv. forsrh. við að sá maður sem hann hefur aðallega lagt traust sitt á í þessu máli, (**ÓÞÞ:** Þarna talar maður af reynslunni.) sá maður sem hann hefur aðallega lagt traust á í sínu máli, Hæstiréttur sjálfur hefur að meiri hluta lýst því yfir að hann fari með rangt mál. Þess vegna held ég að það ætti að verða reynsla hæstv. forsrh. til umhugsunar að mat hæstaréttardómarans Þórs Vilhjálmssonar á því hvað sé í lagi gagnvart stjórnarskránni reynist ekki hafa meirihlutastuðning í Hæstarétti Íslands.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. kannast við það að Hæstiréttur Íslands hefur lýst því yfir að þingmaðurinn hafi tekið þátt í því eða staðið í því stjórnskipulega að brjóta stjórnarskrána. Jafnvel þó hann hafi ekki setið sem þingmaður þá bar hann stjórnskipulega ábyrgð sem hluti af bráðabirgðalöggjafarvaldinu þegar þessi lög voru sett. Hann staðfestir hér að hann átti sig á því að Hæstiréttur hafi lýst því yfir að hann hafi brotið stjórnarskrána þannig að hann veit hvernig mönnum líður þegar þeir brjóta stjórnarskrána. Hann og hv. 7. þm. Reykn. eru þeir einu sem ég veit um í þessum sal fyrir utan þá stuðningsþingmenn hans þar sem liggur fyrir yfirlýsing um það að þeir hafi brotið

stjórnarskrána. Þingmaðurinn er að nugga okkur upp úr því að við munum brjóta stjórnarskrána. Hann hefur enga burði til að segja fyrir um það. Þessi hv. þm. tekur jafnframt fram að minni hluti dómsins, annar dómendanna, Þór Vilhjálmsson, sem taldi að hv. þm. Steingrímur Hermannsson og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafi ekki verið að brjóta stjórnarskrána, hann hafði ekki vit á málinu. Hann trúði honum ekki þá, hann trúir honum ekki heldur núna.

En það liggur fyrir að þessi maður sem er að nugga okkur upp úr því að við kunnum að brjóta stjórnarskrána hefur verið staðinn að því samkvæmt úrskurði Hæstaréttar og hann eiginlega bara fagnar því hér og nú fyrst það vildi svo vel til að Þór Vilhjálmsson var í minni hluta og taldi að þingmenn hefðu ekki brotið stjórnarskrána og hv. þm. Steingrímur Hermannsson hefði ekki brotið stjórnarskrána, þá gerir hann ekkert með það og fagnar því því það veikir Þór Vilhjálmsson. Það er ekki mergur máls. Mergur máls er að Hæstiréttur úrskurðaði að þessir herramenn hefðu brotið stjórnarskrána þannig að þessir menn geta ekki talað hátt við okkur hina.

Frsm. 3. minni hluta utanrmn. (Ólafur Ragnar Grímsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fylgir nokkur vandi þeirri vegsemd að vera forsrh. íslenska lýðveldisins. Auðvitað geta menn leyft sér strákapör og skæting í ummælum og komið upp með stæla eins og hæstv. forsrh. gerði áðan. Það fylgir vandi þeirri vegsemd að vera forsrh. íslenska lýðveldisins. Þar verða menn að hafa burði, hæstv. forsrh., til að taka málefnalega á hlutum burt séð frá pólitískum skætingi. Ég er alveg reiðubúinn að ræða BHMR-málið við hæstv. forsrh. ef hann vill við annað tækifæri. Dómur Hæstaréttar í því máli er mjög flókinn. Hann er meira að segja svo flókinn að ýmsir vinir hæstv. forsrh. í lögfræðistétt eins og Jón Steinar Gunnlaugsson lögmaður hafa ekki treyst sér til þess að skýra dóminn almennilega. En það mál er mjög flókið, hæstv. forsrh., það er ekkert einfalt sem við getum afgreitt hér með einhverjum örfáum setningum í karpi í ræðustóli á Alþingi.

Það sem er hins vegar merkilegt við þann dóm er að sá maður, Þór Vilhjálmsson, sem var sá eini í fjórmenninganefnd utanrrh. sem kom utan úr stjórnkerfinu sjálfu vegna þess að Gunnar G. Schram hefur unnið margvísleg störf fyrir stjórnkerfið á undanförnum missirum, sá eini sem kom úr dómstól landsins hefur reynst í máli af þessu tagi sem hér hefur verið mikið deilumál vera í minni hluta í Hæstarétti. Auðvitað var BHMR-málið mjög stórt mál. EES-samningurinn er hins vegar margfalt stærri og teygir anga sína um allt þjóðfélagið. Það er eðlilegt að hæstv. forsrh. líði illa yfir því að það skuli koma í ljós að sá skilningur sem Þór Vilhjálmsson hefur á stjórnskipuninni nýtur ekki stuðnings í Hæstarétti. Þegar það leggst við önnur rök, þá held ég að menn ættu að hugsa sig alvarlega um áður en menn neita því að ganga þannig frá málum að þau haldi.

Útbýting þingskjals:
Íslensk endurtrygging, 307. mál, stjfrv., þskj. 476.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég tel að eðlilegt sé í þessari stöðu að þingmenn geri þá kröfu að þeim verði afhentur þessi dómur Hæstaréttar, að þeir fái í sínar hendur skriflegan dóm Hæstaréttar í þessu máli. Hér hafa verið sögð stór orð, fullyrt hvað Hæstiréttur hafi sagt. Ég ætla ekki að rengja það á þessari stundu. Mér er það ekki ljóst í stöðunni. Mér hafði verið sagt að jafnræðisreglan hefði verið brotin en hvað um það. Hæstv. forseti þingsins gæti auðveldað leitina að sannleikanum í þessu með því að beita sér fyrir að þingmenn fengju í hendur þennan dóm.

Tveir fyrrv. ráðherrar Sjálfstfl. hafa hlotið dóma í Hæstarétti fyrir reglugerðir sem þeir hafa gefið út. Þeir dómar eru skjalfestir. Annars vegar var það hv. þm. og fyrrv. ráðherra Pálmi Jónsson, það varðaði fóðurbætisskatt. Hins vegar var það hv. þm. Matthías Bjarnason, fyrrv. ráðherra, það varðaði þungaskatt. Þessir dómar liggja fyrir. Hér er talað um nýjan dóm sem hafi verið felldur gagnvart ráðherrum eða þinginu. Ég tel nauðsynlegt að þingmenn fái þennan dóm í hendur og geti lesið hann til að átta sig á því hvort fullyrðingar forsrh. í þessu sambandi standast eða standast ekki.

Ragnar Arnalds *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli forseta á því að nú eru að hefjast nefndastörf á Alþingi. Ég veit að hv. efh.- og viðskn. hefur verið kvödd til starfa og þar situr sjöundi hver þingmaður eins og kunnugt er. Ég tel auðvitað ekki hæfa að þingfundir standi á sama tíma og nefndarfundir eru haldnir og vil eindregið óska svara við því frá forseta hvort ekki verði þá gefið þinghlé á meðan þessi mikilvæga nefnd er að störfum. Það mun vera milli kl. 6 og 9. Fundir hennar munu hafa verið boðaðir fyrir allmörgum dögum. Þetta er mikilvægur vinnufundur og því eðlilegt að taka tillit til hans.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Komið hefur fram ósk um að hv. efh.- og viðskn. geti haldið fund ótrufluð af því að hér fari fram þingfundur og mun forseti verða við því og fresta þessum þingfundi fyrr en ætlað var. Áður en það gerist vill forseti að gefnu tilefni vegna orða hv. 1. þm. Norðurl. v. fyrr á þessum fundi, endurtekinna fsp. hv. 18. þm. Reykv. og reyndar fleiri þingmanna, svo og vegna bréfs sem lesið var upp hér á fundinum og forseta barst í hendur nokkru síðar, taka eftirfarandi fram:

Í stjórnarskrá og þingsköpum eru skýr ákvæði um það hvaða formskilyrðum lagafrv. þarf að uppfylla til þess að koma á dagskrá Alþingis til umræðu og afgreiðslu. Í fyrsta lagi þarf frv. að vera borið fram af þingmanni eða ráðherra. Í öðru lagi þarf frv. að vera með lagasniði. Í þriðja lagi má frv. ekki vera um breytingar á stjórnarskrá nema þess sé getið í fyrirsögn þess og loks í fjórða lagi þarf að leggja frv. fram eigi síð-

ar en sex mánuðum eftir að þing er sett nema leyfi þingsins komi til.

Ekkert þessara skilyrða er að mati forseta í vegi fyrir því að dagskrármálið, sem hér er rætt, geti hlotið umræðu og afgreiðslu. Málið liggur hér fyrir eftir athugun utanrmn. á því. Fyrir liggja nefndarálit og umræða er hafin. Málið er því nú í höndum Alþingis til afgreiðslu við 2. umr.

Forseti getur ekki sem slíkur lagt efnislegt mat á frv. Á efni þess ber sá ábyrgð sem frv. flytur, í þessu tilviki ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis, hvernig svo sem hann er saman settur hverju sinni, ber ábyrgð á afgreiðslu máls.

Til að kveða skýrt að orði úrskurðar forseti því að þær athugasemdir, sem fram hafa komið um að málinu sé í einhverju áfátt, að það sé ekki „þingtækt" eins og hv. þm. hafa orðað það, séu ekki gildar og því heldur þessi umræða áfram.

Ragnar Arnalds *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Mér er kunnugt um það að mál það sem forseti var að enda við að úrskurða um á að vera til umfjöllunar á fundi utanrmn. sem senn verður haldinn. Ég hefði talið hyggilegra að forseti hefði beðið með úrskurð sinn þar til sá fundur hefur verið haldinn vegna þess að ég hygg að það sé mál flestra sem þetta hafa hugleitt að málið þurfi nánari skoðunar við og ég held að þessi úrskurður hafi ekki verið tímabær. Það er alveg rétt sem forseti sagði hér áðan að tiltekin skilyrði eru fest í lög um það hvaða ákvæði frumvörp þurfa að uppfylla. En eitt skilyrði er ekki nefnt vegna þess að það er svo sjálfsagt að það felst í eðli máls, þarf ekki að taka það fram. Það er einfaldlega það skilyrði að sá hlutur sem lög eru sett um sé til. Það er einmitt það sem á vantar í þessu tilviki að í frv. er vísað til samnings sem ekki er til. Það er talað í frv. um samning EFTA-ríkjanna en sá samningur er ekki til eftir að Sviss hefur fellt aðild sína að honum þannig að það sem á vantar er það að sá hlutur sem verið er að setja lög um sé til. Ég endurtek það, þetta er svo sjálfsagður hlutur að löggjafanum hefur ekki þótt ástæða til að taka það sérstaklega fram. Það liggur í eðli máls. Þetta er það skilyrði sem viðkomandi frv. uppfyllir ekki þannig að ég kemst ekki hjá því að benda hæstv. forseta á það að málið þarf nánari skoðunar við. Ég er ekki að segja að meginhlutinn í úrskurðinum sé ekki réttur út af fyrir sig þegar nefnd eru fjögur eða fimm skilyrði sem séu uppfyllt, en það vantar bara aðalatriðið sem liggur í eðli máls að sá hlutur sem frv. fjallar um er ekki til. Það er skilyrði sem hlýtur að verða að uppfylla.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti var að svara því sem snýr að embætti forseta og hans skyldum. Að öðru leyti er það þingsins sjálfs að komast að niðurstöðu efnislega.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka það að sá óvenjulegi atburður hefur gerst að forseti hefur úrskurðað og það þykir mér virkilega fagnaðarefni. Ég kunni öll þau ákvæði sem frú forseti vísaði til og þau koma mér ekki á óvart. Ég er þó ekki sammála þeim úrskurði sem þarna var gefinn og með vísan til þess sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan. Það vantar nefnilega heilbrigða skynsemi í þetta púkk þar sem við erum að fjalla um lagatexta sem verður að taka breytingum eftir að hann hefur verið samþykktur hér á Alþingi. Fyrirsjáanlega verður hann annar en sá sem fyrir liggur á þingskjölunum. Ég vitna enn til bréfs prófessors Björns Þ. Guðmundssonar til frú forseta, en þar segir, með leyfi forseta:

„Lagatextinn samkvæmt því frv. sem nú liggur fyrir Alþingi er því ekki í samræmi við raunveruleikann. Af því leiðir, að mínu viti, að íslensk lög leyfa ekki að lagafrv. verði afgreitt frá Alþingi í óbreyttri mynd, hvorki með samþykki eða synjun."

Ég lýk tilvitnun minni í dr. Björn Þ. Guðmundsson prófessor. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka hv. formanni utanrmn., 3. þm. Reykv., Birni Bjarnasyni, fyrir að verða við ósk minni um að boða fund í nefndinni. Það gerir hann að sjálfsögðu samkvæmt þeirri lagaskyldu sem á nefndarformanni hvílir. Ég mun geyma mér það að ræða þetta frekar þar til sá nefndarfundur hefur verið haldinn. Ég vona að málið skýrist á nefndarfundinum.

Frú forseti. Ég endurtek, heilbrigð skynsemi segir mér að þegar við afgreiðum lagatexta hér á Alþingi, þá ætlumst við til að hann standi. Ef við sjáum fram á að hann standist ekki, þá breytum við frv. þannig að lagatextinn geti staðist.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fagna því að sá úrskurður, sem nú hefur verið lesinn, liggur fyrir. Það er misskilningur hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. að það hafi verið óviðeigandi að fella þennan úrskurð fyrir fund utanrmn. sem haldinn verður eftir um það bil klukkustund. Þetta mál er ekki lengur á forræði utanrmn. Nefndin hefur skilað þessu inn til þingsins. Menn geta að vísu haldið áfram að ræða mál þar áfram ef þeir vilja og það hefur verið óskað eftir því og sá fundur verður haldinn von bráðar, en það er að sjálfsögðu forseta þingsins að kveða upp úrskurð sem þennan og ef menn vilja ekki una honum eins og fram er komið, þá eiga þeir að óska eftir því að sá úrskurður verði borinn undir þingið sjálft. Það getur enginn tekið slíka ákvörðun fyrir hönd þingmanna. Ef menn vilja ekki una úrskurði forseta þá verður þingið sjálft á endanum að taka af skarið.

Frsm. 3. minni hluta utanrmn. (Ólafur Ragnar Grímsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það var aðeins eitt atriði í ræðu hv. þm. Geirs Haarde sem ég vildi leiðrétta. Hann sagði að málið væri ekki lengur á forræði utanrmn. Það er nokkur misskilningur ef hann telur að svo sé.

Það sem hefur gerst er það að málið var tekið sérstaklega fyrir í utanrmn. sl. laugardagsmorgun vegna þess að þjóðaratkvæðagreiðslan í Sviss hafði skapað

nýja stöðu og það var ákveðið að láta mál bíða í þinginu í síðustu viku vegna þess að í vændum væri ráðherrafundur EFTA um málið. Utanrmn. taldi nauðsynlegt að vinna áfram í málinu og óska eftir sérstakri greinargerð frá sérfræðingum utanrrn. og hugsanlega fleiri lögfræðingum. Síðan kom nefndin saman í gærmorgun til þess að fjalla áfram um málið og þar var skilið við það með þeim hætti að einstakir nefndarmenn töldu að greinargerð sérfræðinga utanrrn. væri fullnægjandi fyrir þá en aðrir nefndarmenn töldu rétt að leitað væri eftir áliti fleiri lögfræðinga. Það er því einfaldlega þannig, hv. þm., án þess að ég ætli að fara að lenda í neinum deilum út af því hér að utanrmn. hefur talið nauðsynlegt að taka málið aftur til umfjöllunar vegna atburðar í Sviss og skoða formlega þætti málsins. Menn geta svo velt því fyrir sér hvað hugtakið forræði þýðir. En það breytir því ekki að utanrmn. er að vinna í málinu, hún hefur ekki hætt vinnu sinni við málið.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Ég hlýt að benda á það, virðulegi forseti, að utanrmn. hefur skilað af sér þingmálinu sjálfu og er nú lokið við að gera grein fyrir fjórum nál. í þessu máli. En það er alveg á hreinu að málið sjálft efnislega er ekki lengur á forræði nefndarinnar, hvort sem hún kallar það til sín aftur síðar meir eins og reyndar hefur komið fram ósk um. Ég bendi á að sá prófessor sem margoft hefur verið vitnað til í þessu máli í dag gerir sér grein fyrir því að rétti aðilinn til að snúa sér til í þessu máli er ekki lengur utanrmn. heldur forseti þingsins því þangað sendi hann bréf sitt í dag. — [Fundarhlé.]

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Nokkuð hefur borið á því í dag og í gær að bæði fjölmiðlar og ríkisstjórn kæmu því áleiðis til almennings í landinu að hér væri málþóf og hér væri verið að tefja fyrir framgangi mála. Ég vil taka fram að ég kem beint í þennan ræðustól af nefndarfundi sem enn stendur yfir um mjög mikilvæg mál sem eiga eftir að koma til kasta Alþingis og varða stöðu atvinnulífsins og hafa að sjálfsögðu bein áhrif á afstöðu manna til þess stóra máls sem hér er á ferðinni með óbeinum hætti.

Ekki hafa farið fram miklar umræður á Alþingi um þau frv. sem hafa verið flutt í sambandi við hið Evrópska efnahagssvæði. Ég minni á það að einn daginn voru afgreidd til nefnda u.þ.b. 14 frumvörp til efh.- og viðskn. og við höfum í þeirri nefnd unnið sleitulaust undir ágætri forustu formanns nefndarinnar, hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, að því að koma þessum frv. frá.

Ég minni jafnframt á að ekki urðu mjög miklar umræður um þetta mál við 1. umr. Sannleikurinn er sá að þetta mál allt saman er seint á ferðinni. Með því er ég ekki að kenna hæstv. ríkisstjórn sérstaklega um það eða hv. þm. stjórnarmeirihlutans. Hér er um mjög umfangsmikið mál að ræða og okkar litla stjórnsýslukerfi hefur átt í erfiðleikum með að ljúka því af eðlilegum ástæðum. Þar af leiðandi hefur margt sem varðar þetta stóra mál verið seinna á ferðinni en í nágrannalöndum okkar sem hafa mun fleiri embættismenn til að vinna að því. Ég tel því að það sé mikil ósanngirni að halda því fram að málið hafi sérstaklega tafist vegna málalenginga á Alþingi. Það er rétt að því var frestað um sinn og fyrir því voru ýmsar ástæður, ekki eingöngu fjarvera manna, en ég veit ekki betur en það hafi verið nóg að gera hér á Alþingi í öðrum málum sem bíða afgreiðslu, stórum málum sem við höfum verið að vinna í, í matartímum, á kvöldin og snemma á morgnana, eftir því sem við verður komið. Ég tel því að það sé mikil ósanngirni sem felst í því þegar verið er að senda þau skilaboð til þjóðarinnar að hér séu þingmenn með einhvern leikaraskap og hagi sér enn einu sinni með svipuðum hætti og tíðkast í gagnfræðaskólum. Að vísu man ég ekki eftir því að menn hafi látið neitt sérstaklega illa þegar ég var í gagnfræðaskóla. (**ÓRG:** Þú varst ekki í Hagaskóla.) Ég er að vísu ekki kunnugur í þeim tiltekna skóla, en ég hef ekki haft neinar sérstakar spurnir af því að hann hafi verið frægur fyrir ólæti. Þannig að ég tek því ekki að við séum með málflutningi okkar að tefja fyrir þessu máli. Hitt er svo annað mál að framvinda þessa máls, sem á sér orðið langa sögu, hefur um margt verið athyglisverð og ég tel að það megi læra ýmislegt af þeirri reynslu.

Þegar þetta mál bar fyrst á góma þá var önnur ríkisstjórn undir forustu þáv. forsrh. Steingríms Hermannssonar. Í þeirri ríkisstjórn sat ég m.a. og ýmsir aðrir þingmenn sem hér eru inni og jafnframt hæstv. utanrrh. Það kom fljótt í ljós að illa gekk að ná samstöðu um málið milli ríkisstjórnar og Alþingis. Sjálfstfl. gat ekki staðið að málum með þeim hætti sem þáv. ríkisstjórn vildi og ég man ekki betur en þáv. formaður Sjálfstfl. hafi lýst því yfir að þáv. utanrrh. og núv. utanrrh. hafi brotið samstöðuna í málinu. Með þessu er ég ekki að koma á framfæri neinum sérstökum ásökunum á hæstv. utanrrh. Þegar núv. ríkisstjórn tók við kom fljótt í ljós að illa gekk að halda uppi samstöðu milli Alþingis og ríkisstjórnar í þessu máli og við sem höfum starfað í stjórnarandstöðu höfum ýmsir talið og fundist að við hefðum í sjálfu sér lítið að segja í þessu máli og lítil afskipti af því til áhrifa og lítið getað haft áhrif á framvindu þess, enda ekki sérstaklega eftir því leitað og greinilegt að hæstv. utanrrh. hefur talið að þar væri oft og tíðum ekki að finna mikinn stuðning.

Ég tel að þessi reynsla segi ákveðna sögu og ég tel að margt af því sem hæstv. utanrrh. hefur gert og sagt að undanförnu og á liðnum árum hafi orðið til þess að vekja upp úlfúð í málinu milli Alþingis og ríkisstjórnar og jafnframt að vekja upp óþarfa úlfúð í landinu. Ég er þeirrar skoðunar að í stórum málum sem þessum eigi að reyna að mynda sem breiðasta samstöðu. Það voru áreiðanlega mistök í fyrri ríkisstjórn að stjórnarandstaðan þá, bæði Sjálfstfl. og Kvennalistinn, sem voru nokkuð samstiga í málinu þá að mestu leyti, komu ekki að því í meira mæli og var vissulega slæmt að svo skyldi fara að Sjálfstfl. og Kvennalistinn sáu sig tilneydda til þess að flytja vantraust á þáv. ríkisstjórn til þess að lýsa yfir sérstöku vantrausti á allan mála-

tilbúnað. Það hefur ekki gengið svo langt í samskiptum Alþingis og ríkisstjórnar í tíð þessarar ríkisstjórnar að *núverandi stjórnarandstaða hafi flutt vantraust á* núv. ríkisstjórn í sambandi við þetta mál þó mörg stór orð hafi fallið og margir rætt það og komið fram með hugmyndir um að ástæða væri til þess, sérstaklega í ljósi þess að ekki hefur verið fallist á kröfur um þjóðaratkvæðagreiðslu í málinu.

Ég skal játa það að ég var ekkert sérstaklega hrifinn af hugmyndinni um þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál í upphafi, fyrst og fremst vegna þess að ég sá ekki alveg hvernig væri hægt að búa það í nægilega góðan búning. En eftir því sem á hefur liðið hefur mér orðið ljóst að það hefur ekki tekist að upplýsa almenning nægilega vel um þetta mál og við stjórnmálamenn berum vissulega á því verulega ábyrgð og þá náttúrlega fyrst og fremst þeir sem standa að ríkisstjórn á hverjum tíma en að sjálfsögðu jafnframt stjórnarandstaðan. Mér var alveg ljóst að ef efnt yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál þá hefðum við þingmenn þær skyldur að fara út á meðal fólksins og halda fundi um það og taka þátt í þessari þjóðaratkvæðagreiðslu. Það hefur enginn látið sér detta það í hug að þingmenn ættu að fara í hlé á meðan sá málflutningur ætti sér stað. Með því hefði gefist tími til að fjalla um málið á þverpólitískum vettvangi því sannleikurinn er sá að það eru skiptar skoðanir um þetta mál í öllum stjórnmálaflokkum, meira eða minna. Ég hlustaði fyrir stuttu á formann Alþb. flytja ræðu sína um þetta mál og ég tel að það sé engin ósanngirni að halda því fram að það er nokkur blæbrigðamunur milli hans og hv. 4. þm. Austurl. í þessu máli. Kemur það ekkert á óvart og ekkert óeðlilegt við það í máli sem þessu. Þetta er á engan hátt sagt til minnkunar þeim þingmönnum sem þar eiga í hlut eða þeim flokki sem þar á í hlut og það vita allir þingmenn sem hér eru inni að slík skoðanaskipti eiga sér að sjálfsögðu stað.

Ríkisstjórnin vildi ekki grípa þetta tækifæri sem hefði áreiðanlega orðið henni frekar til ávinnings að *mínu mati*. En hvað um það, það var ekki gert og ég tel það vera mjög miður. Ég hef orðið var við það að eftir því sem á hefur liðið hefur komið upp meiri áhuga fyrir því að fá upplýsingar um þetta mál, áhugi sem var ekki fyrir hendi í nægilega ríkum mæli í síðustu kosningabaráttu.

Það er alveg rétt sem m.a. hv. þm. Björn Bjarnason hefur lagt áherslu á að þetta mál var að sjálfsögðu rætt í síðustu kosningabaráttu. Ég var einn af þeim sem ræddu það á flestum kosningafundum, bæði með öðrum flokkum og í mínum eigin flokki. En ég var jafnframt var við það að það var ekki mjög mikill áhugi hjá almenningi að spyrja um málið og einhverra hluta vegna var það ekki nægilega þroskað og komið á það stig að fólk væri tilbúið að opna sig um það, a.m.k. ekki í nægilega ríkum mæli.

En þetta er allt að baki og í sjálfu sér ekkert um það að segja.

Það má einnig geta þess að í fyrrv. ríkisstjórn var þetta mál í mjög ríkum mæli í höndum utanrrn. Við sem vorum í öðrum ráðuneytum komum vissulega að málinu en ég vil ekkert neita því að mér fannst það vera í of miklum mæli í höndum utanrrn. þótt að fyrir það væri að nokkru bætt með því að sérstök ráðherranefnd fjallaði um málið með utanrrh. En það leiddi ekki til þess að fagráðherrar, eins og t.d. landbrh. og að nokkru leyti sjútvrh., kæmu í nægilega ríkum mæli að því að mínu mati. Þetta er mitt mat eftir á og ég hef sömu tilfinninguna nú og jafnvel enn frekar en áður því að hæstv. utanrrh. hefur verið falið þetta mál í núv. ríkisstjórn í enn meira mæli og mér er ekki kunnugt um að með honum hafi starfað sérstök ráðherranefnd, en væntanlega ríkisstjórnin í heild. Má skilja svo að hæstv. utanrrh. hafi oft og tíðum haft mjög frjálsar hendur í málinu.

Staðreyndin er sú að umræða um þetta mál hefur mótast af svörtu og hvítu. Hæstv. utanrrh. hefur verið helsti talsmaður málsins út á við og talað afar fagurlega um það oftast og talið að á því væru fáir gallar. Það hafa í sjálfu sér ekki myndast mörg samtök hér á landinu í málinu en þó sérstaklega samtökin Samstaða. Mér finnst að málflutningur þeirra samtaka hafi oft á tíðum verið mjög neikvæður og nánast oft á tíðum öfgafullur og samtökin hafa málað þetta mál í mjög svörtum litum. Staðreyndin er sú að hér er um mjög umfangsmikið mál að ræða sem er flókið, hefur margar hliðar, hefur marga kosti og marga galla. Oft hefur ekki tekist að koma þessari réttu mynd til skila.

Málið á sér langa sögu og það má kannski segja að *það megi rekja það aftur til* EFTA. *Það kom fljótt í* ljós að EFTA var ekki nægilegt viðskiptabandalag fyrir okkur Íslendinga því það reyndist nauðsynlegt að ná samningum við Efnahagsbandalagið og bókun 6 var sú niðurstaða sem fékkst á því máli og var talin góð lausn á þeim tíma. Sú lausn var sérstaklega góð vegna þess að þegar við gengum frá samningum var almennt gert ráð fyrir því að Noregur mundi ganga í Efnahagsbandalagið og því var niðurstaðan e.t.v. hagstæðari okkur Íslendingum en annars hefði orðið.

Þessi bókun og þessi samningur hefur dugað okkur vel. *Hins vegar er* alveg ljóst að sá *samningur* er okkur ekki nægilegur í dag. Hann er 20 ára gamall og er gerður á tímum þar sem aðstæður voru aðrar og það var alveg ljóst að við þyrftum að fá viðbótarsamninga um okkar mál. Það var á þessum grundvelli sem var ákveðið að verða samstiga hinum EFTA-þjóðunum í sambandi við frekari samninga við Efnahagsbandalagið. Það var umdeild ákvörðun á sínum tíma og um það var deilt á Alþingi. Það var ákvörðun sem ég stóð að og taldi rétta og tel hafa verið rétta enn þann dag í dag. Það er nú svo með öll vandasöm mál að það þýðir lítið að útiloka ákveðnar leiðir nema maður geti gert sér nokkra grein fyrir því hvaða aðrir kostir séu að settu marki og við verðum líka að gera okkur grein fyrir því hvað það er sem við stefnum að. Við þurfum að skapa okkur *viðunandi stöðu í Evrópu miðað* við ástandið þar í dag, en við höfum þurft að svara því hvað við viljum ganga langt til þess að ná því markmiði sem við sækjumst eftir.

Í fyrsta lagi er alveg augljóst að við verðum að sækjast eftir betri aðgangi fyrir vörur okkar á þessu

stærsta markaðssvæði heimsins, eins og það mun trúlega líta út ef frá er skilið það markaðssvæði sem er verið að mynda milli Bandaríkjanna, Mexíkó og Kanada og mun e.t.v. stækka. Sá samningur sem nú liggur fyrir tryggir okkur vissulega mun betri markaðsaðgang en við höfðum. Það hefur verið upplýst að við munum fá tollfrelsi fyrir sjávarafurðir okkar sem nemur um 93% af útflutningsvörum okkar sem er mikil bót frá því sem áður var, en það er ekki aðalatriðið heldur líka hvaða þróunarmöguleika það gefur. Ég vil hins vegar leggja áherslu á að hér er ekki um neina fullnægjandi niðurstöðu að ræða og við hljótum að stefna að því að fá betri niðurstöðu í sambandi við það mál og stefna að tollfrelsi fyrir allar vörur okkar. Ég geri mér hins vegar vel grein fyrir því að það var ekki hægt að búast við því að það yrði algjört tollfrelsi miðað við það hvað hér var erfitt að sækja fram. Vandamál okkar er það að við erum fyrst og fremst matvælaframleiðendur og það er svo með matvæli á heimsmarkaði að það tíðkast mjög að niðurgreiða þau, styrkja framleiðsluna og halda uppi margvíslegum verndarstefnum. Það var einmitt í ljósi þess að menn töldu það verða betra og árangursríkara að sækja fram með hinum EFTA-þjóðunum. Ég tel jafnframt að við verðum að reyna að fá fram niðurfellingu á öðrum vörum sem ekki hefur tekist núna eins og ég sagði áðan, og legg á það áherslu við hæstv. ríkisstjórn, að áfram verði haldið á þeirri braut.

Ég vil líka leggja áherslu á það að ég tel að við höfum verið að sækjast eftir aukinni samvinnu við þetta svæði, t.d. við atvinnurekstur og fyrirtæki í Evrópu og ég tel að þeir möguleikar hafi opnast og vonandi verður það til góðs. Þá skiptir miklu máli að atvinnurekstur okkar sé vel í stakk búinn til að taka þátt í þessari samvinnu en það er því miður ekki svo að hann sé sérstaklega vel undir það búinn um þessar mundir. Ástæðurnar eru margar og m.a. þær að við höfum lent í kreppu, aflabresti, sumt af mannavöldum og sumt af völdum náttúrunnar. En það er þá mikilvægt að núv. ríkisstjórn hafi skilning á þessum aðstæðum atvinnulífsins og komi til móts við þessar aðstæður.

Það stendur yfir fundur niðri í þinghlokksherbergi Sjálfstfl. með helstu forustumönnum atvinnulífsins í landinu. Þessir forustumenn atvinnulífsins hafa lagt á það áherslu að ljúka samningnum sem fyrst. En sömu forustumenn leggja líka áherslu á það að það verður að vera meiri skilningur á aðstæðum atvinnulífsins. Svo ég vitni nú í orð, sem féllu áðan, þá sagði einn af þessum forustumönnum: Það má ekki skerða samkeppnishæfni fyrirtækjanna eins og ferðamennskunnar og það má ekki gera hluti sem eru í bága við alla heilbrigða skynsemi.

Þetta eru ekki mín orð, þetta eru orð eins helsta forustumanns atvinnulífsins þegar hann er að halda því fram að hér sé verið að gera hluti sem ganga í bága við alla heilbrigða skynsemi. Hann telur það ganga í bága við heilbrigða skynsemi að leggja sérstakan skatt á ferðaþjónustuna í landinu, atvinnugrein sem er einn helsti vaxtarbroddur landsmanna.

Jafnframt kom fram að það mætti í skattlagningu ekki heldur ganga gegn meginatriðum stjórnarskrárinnar að því er varðaði jafnræðisregluna, og hæstv. forsrh. var einmitt að rifja upp nýgenginn dóm í því máli, en það lýsir sér m.a. í því að það stendur til að fella niður aðstöðugjald af fyrirtækjum en það stendur ekki til að fella niður landsútsvar. T.d. á fyrirtæki eins og Áburðarverksmiðjan að borga aðstöðugjald áfram. Fyrirtæki eins og Sementsverksmiðjan á að borga aðstöðugjald áfram. Fyrirtæki eins og Áburðarverksmiðjan er e.t.v. sérstaklega viðkvæmt í sambandi við opnun á markaðnum. Það eru margir sem óttast að það fyrirtæki muni ekki lifa það af. Það hefur lifað af ýmsar hörmungar og m.a. kom það fyrir að þar varð ákveðið slys og þá risu ýmsir upp og töldu rétt að loka strax og leggja niður vinnustað þar sem er starfa nálægt 200 manns. Ég hef þá trú að þetta fyrirtæki geti spjarað sig en það verður að búa við sambærilegar aðstæður og önnur fyrirtæki í Evrópu. Ef þessi skattur á að vera sérstaklega á Áburðarverksmiðjunni og jafnvel komi til önnur atriði sem skekkja samkeppnisstöðuna þá mun það að sjálfsögðu ekki lifa.

Ég er með þessu að leggja áherslu á það að ekki er nóg að opna markaði öðruvísi en að hafa sambærilegar reglur um samkeppni fyrirtækjanna. Við höfum nýlega samþykkt og afgreitt ný samkeppnislög, sem er mikið framfaramál að mínu mati, en það er ekki mikið framfaramál í sjálfu sér ef fyrirtækin búa ekki við bærilegar aðstæður. Til þess að þau geti tekið þátt í aukinni samvinnu í Evrópu verða þau að búa við sambærileg skilyrði.

Ég vil leggja áherslu á að við erum með þessum samningi líka að sækjast eftir meiri þátttöku í rannsókna- og þróunarstarfsemi í Evrópu og ég tel að þessi samningur opni þar marga möguleika sem þarf að skipuleggja hvernig við getum tekið þátt í þótt ég geri mér ekki nægilega vel grein fyrir því hvernig það geti orðið, en þar er mikilvægt að hið opinbera stuðli að því með ýmsum hætti og samvinnu við atvinnulífið.

Við erum jafnframt að sækjast eftir því að fólk okkar eigi möguleika á því að afla sér menntunar og reynslu í Evrópu og ég tel að þeir möguleikar hafi opnast. Ég tel það líka vera mikilvægt fyrir okkar fólk að eiga aðgang að vinnumarkaði Evrópu og ég er ekkert sérstaklega hræddur við það að aðrar þjóðir fái aðgang að vinnumarkaði okkar. Ég tel að reynslan af norræna samstarfinu sé ekki þannig að þar sé sérstök ástæða til mikillar hræðslu.

Ég vil jafnframt leggja áherslu á það að við hljótum í þessu sambandi að vilja halda sterkum tengslum við Norðurlöndin og Evrópu, ekki síst í ljósi þeirrar lýðræðisþróunar sem við höfum verið með í að skapa innan Norðurlandasamstarfsins, innan Atlantshafsbandalagsins og þeirra öryggishagsmuna sem við höfum haft þar að leiðarljósi á síðustu áratugum. Þetta eru atriði sem skipta pólitísku máli þegar þetta mál er metið í heild sinni. Það er ekki síst af þessum ástæðum öllum að ég hef talið nauðsynlegt og rétt að taka þátt í þessum samningum og ég hef talið það vera versta kostinn af öllum að standa fyrir utan og eiga ekki þátt í að móta það mál sem hér er komið á lokastig. Ég hef

alltaf verið þeirrar skoðunar að hægt sé að ná betri stöðu með samningum en að standa til hliðar og láta þróunina líða fram hjá sér eins og oft hefur gerst með mörg lönd í gegnum tíðina og það hefur ekki alltaf tekist vel.

Í þessu máli höfum við gert ýmsa fyrirvara. Sumir hafa náðst fram, aðrir ekki. Það er sjálfsagt eins og gengur í samningum að maður getur ekki haft allt eins og maður helst vildi og verður þá að leggja á það heildarmat hvort þeir fyrirvarar sem ekki hafa náðst fram séu svo miklir að ekki sé rétt að vera með.

Ég hef áður vikið að sameiginlegum vinnumarkaði. Það hafa líka verið gerðir fyrirvarar að því er varðar fjármagnsflutninga. Ég er þeirrar skoðunar að íslenskir atvinnuvegir þurfi að hafa möguleika á því að kaupa þjónustu sína á því verði sem gengur og gerist á alþjóðlegum mörkuðum til þess að geta staðist samkeppni. Ég er hins vegar viss um að það er nauðsynlegt fyrir íslenskar fjármálastofnanir að styrkja samkeppnisstöðu sína og ef þær hafa styrkt samkeppnisstöðu sína nægilega vel þá er ekkert því til fyrirstöðu að opna fyrir meiri samkeppni. Ég hef hins vegar miklar efasemdir um það að fjármálastofnanir okkar hafi mjög sterka samkeppnisstöðu í dag og því er ég þeirrar skoðunar að hér þurfi að fara varlega og meta sérhvert skref. Ég er ekki með því að segja að ég telji að við þurfum að fá einhverja varanlega vernd, heldur hæfilegan aðlögunartíma og þann aðlögunartíma eigum við að nota. Mér finnst það óþagot sem hefur verið að undanförnu um að það verði að breyta ríkisbönkunum sem fyrst í hlutafélög og selja þá í meira eða minna mæli og selja þá á lágu verði eins og hæstv. fjmrh. vildi, sérstaklega að því er varðaði Búnaðarbankann, sé atriði sem ekki liggur á heldur liggi meira á að styrkja samkeppnisstöðu og stöðu þessara mikilvægu fjármálastofnana. Ég hef ekki getað stutt þann hraða sem hæstv. ríkisstjórn virðist vilja hafa í því máli, þótt þar hafi nokkuð verið hægt á. Hins vegar er vont að eyða tímum og kröftum í mikla umræðu um slík mál sem ekki ná fram að ganga því það er skaðlegt fyrir viðkomandi stofnanir og ég tel að þessi umræða öll hafi heldur verið til skaða en hitt. Með því er ég á engan hátt að útiloka það að ekki megi breyta bönkum í hlutafélög og ég lít ekki á það sem neitt trúaratriði að ríkið þurfi að eiga stærstu bankana í landinu, en ég vil hins vegar minna á það að á Norðurlöndunum hefur þessi starfsemi að meira eða minna leyti lent á ríkinu, jafnvel þótt um einkabanka hafi verið að ræða.

En mikilvægasti fyrirvarinn af öllum varðar náttúruauðlindir okkar og um það hefur verið full samstaða. Ég hef verið þeirrar skoðunar að það leyfisveitingakerfi sem hefur gilt að því er varðaði nýtingu orkulinda hér á landi sé nægilegt til að tryggja yfirráð okkar yfir þeim. En ég hef skilið hæstv. ríkisstjórn þannig að hún stefni að því að breyta eignarhaldi orkufyrirtækjanna og breyta þeim í hlutafélög og setja hlutabréfin á almennan markað. Ekki hafa komið fram nægilega mótaðar hugmyndir um það en ljóst er að ef þetta verður gert þá mun það ekki tryggja yfirráð okkar yfir orkulindunum. Það er eitt af því sem skapar nokkra óvissu í sambandi við það mál.

Að því er varðar landið, sem er stórt og viðkvæmt mál, þá hafa komið fram hugmyndir hvernig það megi tryggja. Það er jafnframt sagt að ekki sé líklegt að það mál nái fram að ganga í óbreyttu formi en þar eru settir fyrirvarar sem eru gagnlegir að mínu mati. Ég viðurkenni það hins vegar að staðan er sú í dag að það er engin trygging fyrir því að erlendur aðili geti ekki eignast land á Íslandi hvað svo sem líður samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Ég læt mér ekki detta það í hug að margt af því sem við óttumst í sambandi við þetta mál komi ekki til framkvæmda með einum eða öðrum hætti, hvað sem líður samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Lífið er ekki með þeim hætti að hægt sé að standa alveg utan við allt það sem þar stendur til bóta og taka engan þátt í því og að við þurfum á engan hátt að aðlaga okkur að því stóra markaðssvæði og öllum þeim fjölda sem þarna býr. Samskipti okkar eru það mikil við þessar þjóðir að við höfum alltaf orðið fyrir verulegum áhrifum frá þeim með einum eða öðrum hætti. Löggjöf okkar hefur mótast undir áhrifum frá norrænni löggjöf og evrópskri löggjöf svo dæmi sé tekið.

Eitt vandmeðfarnasta málið í sambandi við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði er yfirráð okkar yfir fiskveiðiauðlindinni og trygging fyrir því að við sjálfir stjórnum veiðum og stjórnum því hvert hráefnið fer. Um þetta eru engar deilur og eru allir sammála því að við verðum að hafa þjóðbundið forræði yfir fiskveiðiauðlindinni sem er í andstöðu við Evrópusáttmálann, en EB byggir fiskveiðistjórnun sína á kvótum til einstakra ríkja en úthlutar þeim með miðstýrðum hætti. Þetta er ein af þeim stóru ástæðum fyrir því að það er útilokað fyrir Íslendinga að gerast aðilar að Evrópubandalaginu. En vandamálið verður hins vegar meira þegar rætt er um fiskvinnsluna. Það eru mikil tengsl á milli veiða og vinnslu og hefur verið reynt að koma upp fyrirvörum í þessu sambandi þannig að frumvinnsla sé á okkar hendi en erlendir aðilar megi eiga í í framhaldsvinnslu. Í því sambandi verður maður að viðurkenna að íslenskur fiskur er ekki eingöngu unninn á Íslandi heldur jafnframt erlendis. Því getur valið stundum staðið á milli þess hvort eigi að vinna hann hér heima eða erlendis. Í þessu skyni höfum við komið upp verksmiðjum erlendis til þess að komast inn á markaði.

Þótt við búum yfir mikilli tækniþekkingu þá er tækniþekking annarra þjóða mikil, þjóða sem hafa náð langt á sviði iðnaðarmála og á sviði markaðsmála, og það hefur verið nauðsynlegt fyrir okkur og er enn nauðsynlegt að hafa möguleika til nánari samstarfs við þessar þjóðir. Það er líka ljóst að mikið af þeim fiskafurðum sem héðan eru fluttar fara til áframhaldandi vinnslu erlendis. Það á við um marga markaði í Evrópu en það á ekkert síður við markaði okkar í Austurlöndum. Þegar því er haldið fram að þar séu gífurlegir möguleikar fyrir fullunnar íslenskar sjávarafurðir þá er það að mínu mati ekki rétt. Það eru vissulega miklir möguleikar en t.d. fer mikið af þeim fiski sem

við flytjum til Japans til áframhaldandi vinnslu í Japan. Það á við um grálúðuna, það á við um karfann, það á við um rækjuna og síldina. Þegar ég hef spurt Japani um það hvort þeir geti ekki komið til samstarfs hér á landi um fullvinnslu hér, þá hafa þeir stundum svarað því að það sé út af fyrir sig hægt en það sé of dýrt. Þeir mæli frekar með því að fara út í slíkt samstarf í Kína vegna þess að þar sé ódýrt vinnuafl og þegar laun hækki í Kína í framtíðinni þá sé kominn þar stærsti markaður heimsins.

Oft er erfitt að eiga við slíka röksemdafærslu en það eru ekkert annað en staðreyndir sem minna okkur á það að við erum komnir inn í alþjóðlega samvinnu, inn í alþjóðlega hringiðu og markaðir sem við höfum í Austurlöndum og í Bandaríkjunum eru að mínu mati ekki þess eðlis að þeir taki við mörkuðunum í Evrópu. Við þurfum á öllum þessum mörkuðum að halda og þurfum að tryggja stöðu okkar á öllum mörkuðum þar sem hagstætt er að selja. Það er mikill misskilningur þegar því er haldið fram að íslenskur fiskur sé svo eftirsóttur að það þurfi lítið að hafa fyrir því að selja hann. Við getum nokkurn veginn verið hér og beðið eftir því að menn nái í hann. Það er ekki rétt og það minnir e.t.v. á þær hugmyndir sem voru einu sinni uppi um lambakjötið þegar margir héldu því fram að það væri ekkert mál að selja íslenskt lambakjöt erlendis, það þyrfti bara að gera eitthvað í því. Það gekk svo langt að menn héldu því fram að það væri rétt að byrja að framleiða mun meira til þess að hafa nægilegt kjöt á væntanlega markaði. (**Gripið fram í:** Það er eins með álið.) Já, það er eins með álið og það er eins með allar vörur. Það þarf að hafa fyrir að selja allar vörur en til þess að það sé hægt þarf að vera frjáls aðgangur að mörkuðum.

Eitt af því sem hefur verið mjög erfitt í sambandi við þetta mál er krafa Evrópubandalagsins um aðgang að íslenskri landhelgi gegn því að við fáum aðgang að markaði EB. Við höfum verið sammála um það að þessum kröfum bæri að hafna. Mér hefur hins vegar verið það alveg ljóst lengi að það yrði erfitt að komast hjá því að gera samning á sjávarútvegssviðinu sem jafnframt fæli í sér að gerður yrði samningur um takmarkaðar veiðiheimildir og þá jafngildar veiðiheimildir. Vegna þess að okkur var þetta ljóst þá var unnið að því og sá undirbúningur var hafinn meðan ég sat í ríkisstjórn.

Ég vil minna á það hversu erfitt þetta mál var að ég sem sjútvrh. fór aðeins einu sinni til Brussel til að tala við þarlend stjórnvöld. Ég get alveg fullvissað menn um það að það sýndist mér ekkert sérstaklega auðvelt og ég get því vel haft vissa samúð með hæstv. utanrrh. að hafa þurft að umgangast það bírókratí allt saman í jafnmörg ár og alla þessa daga og allar þessar nætur sem hann hefur þurft að taka þátt í því.

En þegar áttu sér stað samtöl um þetta mál á árinu 1989 voru viðbrögðin margvísleg og ætla ég að vitna í nokkur ummæli. Ég vil t.d. minna á það að páv. formaður Sjálfstfl., núv. sjútvrh., sagði, með leyfi forseta:

„Við eigum að hefja viðræður við Evrópubandalagið til þess að styrkja íslenska hagsmuni en ekki til þess að gefa eftir af rétti Íslendinga."

Morgunblaðið sagði leiðara um þetta leyti, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin á að víkja til hliðar hugmyndum sem hafa því miður kviknað hjá henni um að veita öðrum þjóðum veiðiheimildir innan okkar fiskveiðilögsögu. Slíkt kemur ekki til greina og þjóðir munu ekki þola nokkurri ríkisstjórn eða nokkrum stjórnmálaflokki slíkar tilslakanir. Það verður að láta á það reyna hvort við getum náð samningum við EB-ríkin um gagnkvæma viðskiptahagsmuni án þess að hleypa fiskiskipum þeirra á ný inn í okkar fiskveiðilögsögu. Það hefur ekkert komið fram um að það sé ekki hægt. Þess vegna eiga stjórnmálamenn og aðrir að hætta að tala um veiðiheimildir erlendra þjóða í fiskveiðilögsögu okkar. Við getum talað við aðrar þjóðir um öll mál og samið við þær til að tryggja hagsmuni okkar en það semur enginn um fjöreggið sitt."

Þetta var skoðun þessa víðlesna dagblaðs á þeim tíma og mér er nær að halda að þeir ritstjórar sem stýrðu pennanum þá stýri honum enn í dag en það kveður við nokkuð annan tón því á þeim merka degi 1. des. 1992 endaði leiðari Morgunblaðsins með þessum hætti, með leyfi forseta:

„Samningurinn um fiskveiðimál er síðasta óvissuatriðið í tengslum við aðild Íslands að hinu Evrópska efnahagssvæði. Nú þegar þessari hindrun hefur verið rutt úr vegi ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að Alþingi samþykki loks samninginn um EES og fylgifrumvörp hans."

Blaðið hafði áður vitnað beint í fréttatilkynningu utanrrn. og segir:

„Er hlutur Íslands metinn sem 20% verðmætari en hlutur Evrópubandalagsins."

Má segja að þessi leiðari sé eiginlega endursögn á fréttatilkynningu utanrrn.

Ég man ekki til þess að 8. mars 1989 hafi verið gefin út fréttatilkynning frá utanrrn. um þær viðræður sem áttu sér stað í Brussel. Þessum fréttatilkynningum frá utanrrn. hefur heldur fjölgað og ég skal játa það að ég næ ekki að lesa þær allar, enda eru þær sumar hverjar um það sem kalla má smámuni en hitt er svo annað mál að það er ágætt að gefa út fréttatilkynningar um það sem um er að vera.

Því er haldið fram af hæstv. ríkisstjórn að hér sé um jafngildar veiðiheimildir að ræða sem hefur verið grundvallaratriði í þessu máli. Ég er þeirrar skoðunar að það sé langt frá því og það er enn þá fjær að það sé rétt að við höfum fengið 20% verðmætari veiðiheimildir en Evrópubandalagið. Hins vegar ef það hefur verið hugarfarið, sem hefur ríkt við samningaborðið, þá er kannski von að árangurinn sé ekki betri. Ég man eftir því í umræðum fyrir stuttu að hæstv. utanrrh. talaði um karfatitti. Og eitt sinn sagði hann: Þetta er svona á við afla tveggja vertíðarbáta.

Hann hefur viðhaft þann tón að hér sé um lítið mál að ræða sem skiptir litlu máli og auðvitað hefur sá tónn borist til Brussel. Það merkilegasta er að það hafi verið gripnir stuðlar sem notaðir eru í kvótakerfinu og

þeir hafðir til brúks sem heilagur sannleikur í þessu máli og er það alveg nýtt fyrir mér að hæstv. utanrrh. skuli hafa slíka oftrú á kvótakerfinu og þeim gögnum sem á bak við það eru. En það er náttúrlega alveg fráleitt að nota slíka hluti í samningaviðræðum. Þegar menn semja þá reyna menn að sjálfsögðu að gera sér grein fyrir því hvers virði hluturinn eða heimildin er fyrir gagnaðilann og heimildin sem við eigum að fá fyrir okkur. Hvers virði eru svo þessi 3.000 tonn af karfa fyrir Efnahagsbandalagið? Upphaflega átti þetta að vera 70% langhali og að mínu mati gat þá verið um ásættanlegan samning að ræða vegna þess að þetta er vannýttur stofn, en það stóðst ekki. Evrópubandalagið metur 3.000 tonn af karfa sem 2.600 þorskígildi og hæstv. utanrrh. skaut á það vorið 1991 og hafði það eftir útvegsmönnum eða fulltrúum sjávarútvegsins að hér gæti verið um 200 millj. að ræða.

Þjóðhagsstofnun reiknaði út á sl. vori stuðla fyrir helstu fisktegundir, annars vegar byggt á innlendum löndunum og hins vegar byggt á löndunum í heild sinni. Ef þorskur er metinn 1, þá er karfi þar metinn 0,7 og loðna 0,04. Ef litið er á meðalverð alls afla á Íslandsmiðum á árinu 1991 þá er verðið á þorski 70,88 kr. af óslægðum þorski þannig að þegar miðað er við slægðan þorsk þá hækkar það. Af karfa 62,36 kr. og af loðnu 3,96 kr.

Það má öllum vera ljóst að sú loðna sem á að koma í okkar hlut veiðist væntanlega í lok vertíðar og er þess vegna verðminni en meðaltalið og það er mitt mat að það sem við fáum í okkar hlut sé ekki meira en helmingur af því sem Evrópubandalagið fær í sinn hlut. Að vísu getur enginn fullyrt alveg um þetta nema í ljósi reynslunnar og það má best finna út úr því með því að spyrja þá sem nú stunda útgerð hvort einhver sé tilbúinn að skipta á karfaheimildum og loðnuheimildum til veiða á þessari vertíð þegar kemur fram á vertíðina. Ég held enginn maður finnist sem er tilbúinn til þeirra skipta og þar af leiðandi er alveg ljóst að hér er ekki um jafngildar veiðiheimildir að ræða og það þýðir ekkert fyrir hæstv. ríkisstjórn að koma og kynna það mál með þeim hætti. Er alveg ótrúlegt að hæstv. utanrrh. skyldi leyfa sér að kynna það þannig að við hefðum fengið meira í okkar hlut, ekki síst með tilliti til þeirrar óvissu sem er að því er varðar loðnustofninn.

Það hefur því verið brugðið út af því að halda sig við jafngildar veiðiheimildir. Nú má vel vera að hæstv. utanrrh. vilji halda því fram að það hafi ekki verið hjá því komist en þá er miklu nær að viðurkenna það og segja það í stað þess að halda því fram að hér sé um jafngildar veiðiheimildir að ræða. En það er alveg ljóst að ég get ekki stutt samning á þessu sviði sem byggir á því. Ég tel að þetta mál eigi að taka upp við Evrópubandalagið nú þegar vegna þess að eftir því sem ég best skil þá mun sjávarútvegssamningurinn væntanlega frestast um eitt ár þar sem hið Evrópska efnahagssvæði tekur ekki gildi fyrr en hugsanlega á miðju næsta ári en þá var gert ráð fyrir því að sjávarútvegssamningurinn tæki gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, nú í upphafi árs. En mér finnst ekki koma til greina að hann taki gildi um mitt næsta ár því að gert hefur verið ráð fyrir því að við veiddum fyrst þessa loðnu áður en þeir veiddu karfann.

Karfi er eftirsóttur um þessar mundir og ástæðan sú að karfaveiðin er betri en önnur veiði og þar af leiðandi er meiri eftirspurn eftir slíkum veiðiheimildum en því miður er lítill áhugi fyrir loðnuveiðum um þessar mundir.

Vissulega væri ástæða til að rekja margt fleira í þessu máli, en tímans vegna ætla ég ekki að eyða miklu lengri tíma í það. Margir fleiri þurfa að komast að og tjá hug sinn um þetta stóra og mikilvæga mál. Ég vil að lokum segja það að ég hef verið samþykkur því frá upphafi að ganga þessa götu og tel að lítið annað hafi verið að gera en að ganga hana til enda. Ég tel mig hins vegar ekki geta tekið pólitíska ábyrgð á þessu máli og vil því lýsa því yfir að ég mun sitja hjá við atkvæðagreiðslu um það. Ég vil hins vegar ítreka að ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að við ættum að taka þátt í myndun hins Evrópska efnahagssvæðis. Ég er þeirrar skoðunar að sjávarútvegssamningurinn er ófullnægjandi og get ekki staðið að honum. Ég tel jafnframt að of mikil óvissa sé um framtíðina og vil minna á þá tillögu sem ég og hv. þm. Steingrímur Hermannsson höfum flutt um framtíðarstöðu Íslands í samskiptum við Evrópubandalagið og hefði viljað heyra frá hæstv. ríkisstjórn um það mál þegar allar hinar þjóðirnar hafa nú beðið um viðræður um aðild að Efnahagsbandalaginu, hvort ríkisstjórnin sé ekki tilbúin til að fara formlega fram á það að hefja slíkar viðræður með svipuðum hætti og nágrannar okkar ætla að gera en þó með ólíkum hætti. Við hljótum að þurfa að ræða um framtíðarstöðu okkar alveg eins og aðrir og ég tel nauðsynlegt að Alþingi marki stefnu um það og marki þá stefnu að ekki komi til álita að Ísland gangi í Evrópubandalagið.

Ég hef skilið það svo að um það væri samstaða og vænti þess að slík samstaða geti myndast á Alþingi, en ég veit ekki hug hæstv. ríkisstjórnar þótt ég hafi vissulega fundið að hún væri að nokkru leyti jákvæði í þessu máli, en það verður að koma fram með skýrum hætti.

Ég vil jafnframt nefna að ég er þeirrar skoðunar að það hefði verið til mikilla bóta að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál og það hefði getað orðið til þess að meiri friður hefði skapast um það, en það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt í svo stóru máli að sem bestur skilningur ríki meðal landsmanna. Hins vegar er auðvitað svo að það hefðu aldrei allir á það sæst en mikilvægt hefði verið að fleiri hefðu fengið á því betri skilning.

Ég er jafnframt þeirrar skoðunar að það sé rétt að stjórnarskráratriði málsins séu ekki nægilega örugg án þess að ég treysti mér til að kveða upp dóm í því efni. En í þeim málum eigum við að gæta fyllsta öryggis og kemur þá ekkert við hvað hefur gerst í öðrum málum þótt ég viti það vissulega að ekki getum við alltaf vitað nákvæmlega hvenær við göngum gegn anda stjórnarskrárinnar þótt við viljum leggja okkur öll fram um að halda hana í heiðri. Ég er jafnframt þeirrar skoð-

unar að ekki hafi verið nægilega vel að því staðið að styrkja stöðu atvinnulífsins í sambandi við undirbúning þessa máls sem ég tel mjög mikilvægt.

Ég vil hins vegar að lokum, herra forseti, láta í ljós þá ósk að þótt ekki hafi náðst nægilega góð samstaða um afgreiðslu þessa máls á Alþingi og ég geri mér grein fyrir því að það er komið að lokum í þessu máli, hvort sem það verður næstu daga á þessu ári eða í byrjun næsta árs, þá vænti ég þess að það geti myndast gott samstarf um framhalds málsins. Það er mikilvægt fyrir alla stjórnmálaflokkana að standa sem best að því til frambúðar því málinu er ekki lokið með þessu skrefi. Ég vildi vonast eftir því að það gæti orðið betra samstarf meðal stjórnmálaflokkanna í þeim efnum og menn byggi þá nokkuð á þeirri reynslu sem við höfum við umfjöllun þessa máls. Ég minni á þá reynslu sem Danir hafa fengið og þá miklu samvinnu sem hefur verið meðal stjórnmálaflokkanna í sambandi við þeirra mál þótt ólík séu og óska eftir því að við gætum náð um það góðu samstarfi að tryggja sem best framtíðarhagsmuni okkar gagnvart Evrópumörkuðunum, Evrópubandalaginu og þeirri þróun sem á sér stað í Evrópu um þessar mundir.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það kom mjög skýrt fram hjá hv. síðasta ræðumanni að hann mun veita samningnum um Evrópska efnahagssvæðið brautargengi með hjásetu sinni en hann talaði ekki eins skýrt um samninginn um fiskveiðimálið. Þar orðaði hann það eitthvað á þann veginn að hann gæti ekki staðið að honum. Ég óska eftir því að hann skýri það nánar hvort hann muni greiða atkvæði gegn þeim samningi eða hvort hann ætlar líka að sitja hjá og veita honum brautargengi með hjásetu sinni eins og EES-samningnum.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nokkuð óvenjulegt að menn séu beðnir um afstöðu í ákveðnum málum sem eiga eftir að koma til afgreiðslu með þeim hætti sem hér hefur gerst en ég held að það hljóti að hafa farið fram hjá hv. þm. því ég sagði að ég mundi greiða atkvæði gegn þeim samningi. Ef það hefur farið fram hjá hv. þm. skal ég gjarnan endurtaka það nú. Hitt er svo annað mál að ég vænti þess að þessi samningur þurfi ekki að koma til atkvæðagreiðslu á Alþingi því það liggur ekki á að samþykkja hann vegna frestunar og ég tel að það eigi að taka það mál upp og vænti þess að annar samningur og betri komi hér til umfjöllunar. Ég vona að þessi samningur komi ekki til atkvæðagreiðslu.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. 1. þm. Austurl. fyrir yfirlýsinguna. Það hefur farið fram hjá mér hafi hann sagt þetta beinum orðum. Ég heyrði ekki betur en hann segði „ég get ekki staðið að honum" og þess vegna var það sem ég óskaði eftir að fá þessa skýringu. Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem hann gaf hér áðan og er honum algerlega sammála í þessu efni sem hann lét koma fram um fiskveiðisamninginn.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að forseti virði mér það til vorkunnar að hafa verið ófús til að taka þátt í þeim leik að tefja þingstörf með því að brjóta þingsköp. Með þessum orðum vísa ég til þess að forseti, annar en sá sem nú situr á forsetastóli, áréttaði fyrr í umræðunum að undir þingskapalið ræða menn ekki efnislega um málið. Hins vegar þykir mér tilhlýðilegt þegar við höfum hlýtt á málflutning talsmanna allra stjórnmálaflokka á þinginu, framsöguræður fyrir nefndarálitum, að drepa á nokkur meginmál sem upp hafa komið í umræðunni.

Fyrst, virðulegi forseti, örfá orð um vinnubrögð og starfshætti. Einstakir talsmenn stjórnarandstöðunnar hafa látið að því liggja í fjölmiðlum að af hálfu stjórnarliða væri upp vilji til þess að hefta málfrelsi manna, takmarka rétt manna til þess að tjá sig, sem væri auðvitað hin mesta ósvinna um svona þýðingarmikið mál. Í ljósi slíkra fullyrðinga er fróðlegt fyrir okkur að hafa til hliðsjónar upplýsingar um hvernig um þetta hið mikla mál hefur verið fjallað á ýmsum þjóðþingum samstarfsþjóða okkar vegna þess að þetta er eitt og sama málið. Það er jafnviðamikið fyrir þau öll, jafnþýðingarmikið, krefst jafnmikillar skoðunar könnunar þó hins vegar megi halda því fram út af fyrir sig að niðurstaða í málinu sé þýðingarmeiri fyrir Íslendinga en hinar EFTA-þjóðirnar vegna þess að þær hafa valið sér annan kost í framtíðinni en við og því eigum við meira í húfi en hinar þjóðirnar að málið nái fram að ganga.

Ef við lítum til annarra þjóða nefni ég fyrst Austurríki. EES-samningurinn kom þrisvar sinnum til umfjöllunar í utanríkismálanefnd þingsins þar og stóð hver fundur í tvo tíma. Í þjóðþinginu, Nationalrat, var samningurinn tekinn fyrir einu sinni og stóð sú umfjöllun í átta klukkustundir. Loks var hann lagður fyrir sambandsráð og ræddur þar hluta úr degi. Þetta er fróðlegt fyrir hv. þm., og reyndar þá sem hlýða á þessa umræðu, að hafa til hliðsjónar við þær upplýsingar, sem hafa komið fram áður, að utanrmn. Íslendinga hefur haldið yfir 90 fundi um þetta hið sama mál. Tölur hef ég að vísu ekki um hversu mörgum dögum eða klukkustundum við höfum varið til þess að ræða málið við 1. umr. og 2. umr. þar sem hingað til er komið eða hversu miklum tíma hefur verið varið af hálfu hv. þm. sumra hverra, tiltölulega fámenns hóps, til þess að ræða málið ekki, þ.e. í utandagskrár- eða þingskapaumræðum.

Ef við lítum til Noregs þá var EES-samningurinn lagður fyrir þingið þar í maí og afgreiddur umræðulaust til utanríkismálanefndar. Utanríkismálnefnd kom saman sex sinnum fyrir þinghlé en eftir að þing kom saman 24. ágúst voru haldnir 24 fundir í nefndinni. Alls var því 31 fundur haldinn í nefndinni um EES-samninginn. Auk þess voru haldnir fundir með 14 helstu samtökum hagsmunaaðila, en umfjöllun lauk síðan með tveggja daga umræðu í norska Stórþinginu í október. Öll meðferð var í samræmi við samkomu-

lag sem þingflokkarnir gerðu með sér í maí sem stóðst upp á punkt og prik.

Ef við lítum til Finnlands þá var málið rætt þar í tvo daga, 22. og 23. okt., en einn dag í þingi til lokaafgreiðslu 27. okt.

Ef við lítum til Sviþjóðar þá voru álit hagsmunaaðila fyrst tekin fyrir á þingi en sú umfjöllun tók einn og hálfan tíma á tveimur fundum. Umræða um sjálfa staðfestingu samningsins og atkvæðagreiðsla um hana tók samtals tæpa 13 tíma. Sérstök Evrópustefnunefnd fjallaði um samninginn á níu fundum en auk þess tóku sérnefndir þingsins, 15 talsins, einstaka þætti hans fyrir á tveimur fundum hver.

Í Sviss var samningurinn tekinn fyrir á aukaþingi og hann sjálfur ásamt öllum fylgifrumvörpum afgreiddur á þremur vikum í haust.

Virðulegi forseti. Ég held að þetta séu fróðlegar upplýsingar til hliðsjónar vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram um það að hér skorti eitthvað á vegna einhvers offors eða meinbægni í stjórnarmeirihlutanum að leyfa mönnum á hinu háa Alþingi, eins og stjórnarmeirihlutinn ráði því nú, að tjá sig um málið. Þetta eru auðvitað ekki réttar fullyrðingar. Þær eru einfaldlega ósannar og læt ég mönnum að öðru leyti eftir að álykta það sem þeir vilja um starfshætti og vinnubrögð. Menn geta alla vega ekki sagt að þetta mál sé svo sérstakt og mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að það sé ósambærilegt við það sem gerist hjá öðrum þjóðum. Við erum hér að tala um nákvæmlega sama málið.

Virðulegi forseti. Miklar og ástríðuheitar umræður hafa farið fram um það hvort þetta mál sé lifandi eða dautt. Ef hv. stjórnarandstæðingar tryðu sjálfir sínum eigin málflutningi um að málið væri steindautt er vant að sjá hvers vegna þeim er svo óskaplega mikið í mun að koma í veg fyrir að það nái afgreiðslu. Það skiptir engu máli að afgreiða dautt mál. Það mun þá auðvitað aldrei ná fram að ganga og verður ekki neitt eða munu dauðir rísa upp frá dauðum eða hvað?

Það er talað um það hvort málið sé þingtækt og mörg orð uppi höfð um það. Í utanrmn. á laugardagsmorgni, eftir að gerð hafði verið grein fyrir niðurstöðum lagasérfræðinga EFTA og ráðherraráðs EFTA um stöðu málsins og framhald, komu fram óskir um það að leitað væri álits lagasérfræðinga. Það var sérstaklega af hálfu formanns utanrmn. leitað eftir því hvort menn vildu nefna einhverja sérstaklega til þess. Engar ábendingar komu fram um það. Því næst voru kvaddir til þrír lögfræðingar til þess að fjalla um þessa spurningu, einn frá utanrmn., einn frá viðskrn. og einn frá dómsmrn. Áður en þeir luku sinni athugun höfðu þeir samráð við Stefan Má Stefánsson, sérfræðing í Evrópurétti, og Lilju Ólafsdóttur, sem er meðlimur í laganefnd EFTA. Þessi lögfræðilega greinargerð var send öllum meðlimum hv. utanrmn. með góðum fyrirvara á sunnudegi um leið og verki var lokið þannig að mönnum gafst tóm til þess að kynna sér þetta fyrir nefndarfund á mánudag. Þá brá svo við að í umræðunni á mánudegi sagði einn talsmaður stjórnarandstöðunnar að það væri ekki marktækt. Stjórnarandstaðan gerði ekkert með þetta lagaálit. Þá var, eins og fyrr hefur borið við í þessum umræðum, reynt að koma einhverjum handbendisstimpli á þá lögfræðinga sem starfa í opinberri þjónustu og því síðan lýst yfir að ekkert sé með slíkt að gera. Þá er ekki mikið verið að tala um starfsheiður manna, jafnvel þeirra sem að bestu manna yfirsýn þekkja þetta mál í þaula og hafa unnið að því langan tíma.

Þegar hins vegar kemur bréf, eitt lettersbréf, frá prófessor við Háskóla Íslands, þar sem hann lýsir skoðun sinni en rökstyður að engu leyti, eru höfð uppi hástemmd orð um að hér sé komið hið merkasta álit og var þó ekki fyrirfinnanlegur í bréfinu, sem er fáeinar línur, nokkur einasti rökstuðningur fyrir þessari skoðun hans.

Af þessu tilefni held ég að það sé óhjákvæmilegt að það komi fram um hvað þetta mál snýst. Sú skoðun að með því að greiða atkvæði á hinu háa Alþingi um tillögugreinar staðfestingarfrv., þá sé EES-samningurinn kominn í gildi er auðvitað alröng. Það eina sem gerist er það að 1. gr. hefur tekið gildi og hún er heimildarákvæði til ríkisstjórnar um það að geta fullgilt hið endanlega lagafrv. þegar það hefur hlotið fullnaðarafgreiðslu. Alþingi afsalar sér engu og fullgildingin á sér ekki stað fyrr en Alþingi hefur fjallað um þessa viðbótarbókun. Viðbótarbókunin snýst aðeins um eftirfarandi tæknileg atriði: að EES-samningurinn gildi milli undirritunaraðila, að tilvísanir vegna Sviss skuli ekki gilda, að breyta þurfi tilvísunum í dagsetningar í samningnum og setja þurfi ákvæði um gildistöku samningsins. Þetta eru tæknileg atriði. (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. Það er spurning um það hver hefur orðið hérna. (**Forseti:** Hæstv. ráðherra hefur orðið.) Þetta eru hrein og klár tæknileg atriði og um það er út af fyrir sig ekki deilt. Upphaflega voru þetta tillögur EFTA-ríkjanna um hvernig með skuli fara. Þær hafa þegar verið ræddar við sérfræðinga EB. Það er rétt að niðurstaða er ekki fengin en hins vegar eru allar horfur á því að þetta verði niðurstaðan.

Hvert yrði þá framhald málsins? Framhaldið yrði það að sérfræðingahópur EFTA og EB gerir tillögur um bókun við EES-samninginn. Í annan stað mun væntanlega ráðherraráð Evrópubandalagsins þegar það kemur saman 21. des. taka afstöðu til þess fyrir sitt leyti. Þá getur ráðstefna stjórnarerindreka verið kölluð saman snemma í janúar og þessi bókun undirrituð.

Í fjórða lagi yrði þessi bókun lögð fyrir þjóðþing EFTA-ríkja, þar sem þess er þörf, í samræmi við stjórnskipun hvers lands. Bókunin yrði síðan væntanlega fullgilt af 18 aðildarríkjum og Evrópubandalaginu og þar með gæti EES-samningurinn öðlast gildi þegar öll þessi ríki hafa afhent sín fullgildingarskjöl og þinglegri meðferð yrði lokið.

Í ljósi þessa er niðurstaðan einfaldlega sú að hvort heldur er frá þjóðréttarlegu eða lagatæknilegu sjónarmiði er ekkert því til fyrirstöðu að fullgilda EES-samninginn. Þetta styðst við fordæmi innan lands og erlendis.

Hvers vegna er það að Finnlandsforseti hefur staðfest EES-samninginn óbreyttan sem hann gerði eftir að

Sviss hafði helst úr lestinni? Hvers vegna halda menn að Liechtenstein hafi haldið sína þjóðaratkvæðagreiðslu eins og ekkert hefði í skorist eftir að Sviss hefði helst úr lestinni? Það styður einfaldlega þau sjónarmið sem lagasérfræðingar hafa hér komist að niðurstöðu um. Kjarni málsins er sá að ekkert meginmál samningsins tekur lagagildi fyrr en þessu fullgildingarferli er lokið. Þess vegna er sú skoðun að þetta mál sé ekki þingtækt hér röng.

Það styðst reyndar líka við fordæmi innan lands. Hv. framsóknarmenn hafa gjarnan þann hátt á að vitna í Ólaf Jóhannesson, þann mæta mann, fyrrv. forsrh. og stjórnlagaprófessor, þegar þeir þykjast eiga úr vöndu að ráða varðandi stjórnskipuleg efni. Fordæmið um það hvern hátt Alþingi hafði á við staðfestingu tvíhliða samnings, fríverslunarsamnings við Evrópubandalagið árið 1973, staðfestir þetta. Þar var ekki einu sinni haft við að leggja fram neina viðbótarbókun til útskýringar á því að Noregur var ekki Evrópubandalagsríki. Þar duga ekki þau rök hv. þm. Steingríms Hermannssonar að sá sé munurinn á að þarna hafi verið um að ræða staðfestingu á þjóðréttarsamningi en nú séum við að láta lög öðlast lagagildi. Við erum ekkert að láta lög öðlast lagagildi. Þau taka ekkert gildi að lögum fyrr en það hefur gerst með afhendingu fullgildingarskjala og Alþingi staðfest viðbótarbókun.

Því hefur verið haldið fram að EFTA sé einhver samningsaðili í þessum samningum. Enginn hefur tekið það til baka þótt það sé rangt. Hvert einstakt EFTA-ríki er sjálfstæður samningsaðili. Þetta er öðruvísi EFTA megin en EB megin vegna þess að það þarf samhljóða samþykki allra EB-ríkja fyrir fullgildingu. EFTA megin er spurningin um það hversu mörg EFTA-ríkin munu fullgilda samninginn. Það er efni þeirrar ríkjaráðstefnu sem væntanlega verður kölluð saman í janúar. Fjöldi þeirra ríkja verður að liggja fyrir á þeirri ráðstefnu stjórnarerindreka sem fyrirhuguð er til þess að unnt sé að ganga frá þessari bókun. Svo einfalt er nú það. Það er ástæðan fyrir því að það er nauðsyn að við höfum lokið þinglegri afgreiðslu þessa máls fyrir áramót til þess að vera við því búin ef þessi ríkjaráðstefna verður haldin snemma í janúar.

Með öðrum orðum er hvorki þingtæknileg né þjóðréttarleg ástæða fyrir töfum og það er allt rangt sem hér hefur verið talað um dauðan samning, óþingtækan samning, og ég veit ekki hvað og hvað. Oft hef ég mátt þola það að menn hér hafa borið mér á brýn að hafa farið rangt með einhverja hluti. Mér finnst komin ástæða til að þeir sem hafa verið með þennan málflutning undanfarna daga líti í eigin barm og spyrji sjálfa sig að því hvort ekki sé komin ástæða til og tími til að þeir biðjist velvirðingar á eða leiðrétti a.m.k. rangfærslur sínar.

Niðurstaðan í málinu er þess vegna þessi:

1. Það er engin ástæða til að því er varðar þjóðarétt né lagatækni sem kallar á breytingar nú.

2. Það er sjálfgefið að að lokinni þessari viðbótarbókun, ef samkomulag verður um hana á ríkjaráðstefnunni, að gera tæknilegar breytingar. Fullgilding samningsins fyrir áramót er auðvitað til þess fallin, eins og ég áður sagði, að fullvissa aðra samningsaðila að Ísland ætli sér að vera aðili að hinu Evrópska efnahagssvæði, eyða óvissu og eyða tortryggni, ekki síst í ljósi þeirra íslensku hagsmuna að ef hin ríkin eru þegar líða tekur á árið byrjuð og komin á fullt í samningsferli um inngöngu í EB, þá kemur að því fyrr eða síðar ef Alþingi Íslendinga reynist ekki geta tekið afstöðu til þessa samnings að áhugi þessara samstarfsaðila okkar og samningsaðila fari þverrandi.

Eins og ég sagði áður á engin EFTA-þjóð meira í húfi en við að svo fari ekki. Það er áréttíng á því hvers vegna og það er í samræmi við íslenska hagsmuni að draga þetta mál ekki á langinn. Það er þess vegna sem ábyrgir aðilar í þjóðfélaginu, hver á fætur öðrum, nánast allir talsmenn atvinnulífsins á Íslandi, þar með talinn t.d. hagfræðilegur ráðunautur Alþýðusambands Íslands, hvetja nú Alþingi Íslendinga til þess að taka ábyrgða afstöðu og draga ekki á langinn þannig að það valdi áhættu að lúka þessu máli. Með þessu móti fylgjum við fordæmi annarra EFTA-ríkja sem hafa þegar staðfest, einnig eftir að Sviss heltist úr lestinni. Þetta er sú leið sem lagasérfræðingar EFTA mæltu með, sem ráðherrar EFTA-ríkjanna mæltu með og sem íslenskir lagasérfræðingar, sem hafa haft fyrir því að rökstyðja sitt álit, mæla með.

Það er eitt óvissuatriði í þessu máli sem væntanlega fæst ekki svar við fyrr en 21. des. í fyrsta lagi. Það er spurningin um hvort það sjónarmið framkvæmdastjórnar EB, að taka ekki upp spurninguna um þróunarsjóðinn, verði ofan á eða hvort þar muni ráða fjárkröfur einstakra aðildarríkja eins og Spánar. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það mun styrkja stöðu Íslendinga sérstaklega og EFTA-hópsins sem heildar ef við höfum öll, og Ísland er nú eini aðilinn sem hefur ekki gert það, lokið formlegri afgreiðslu málsins. Þá verður síður hægt að beita þeim rökum að æskilegt sé eða gerlegt að taka upp einstök efnisatriði. Þetta er fjárhagslegt hagsmunamál. Það varðar þess vegna íslenska hagsmuni að hafa svör á reiðum höndum.

Virðulegi forseti. Í þessum umræðum hefur nokkuð verið spurt í framhaldi af þessu sjóðsmáli um það, ef brottfall Sviss leiddi til endurskoðunar á fjárhæðum einstakra landa, hvaða kostnaðarauka það hefði í för með sér fyrir Ísland. Ég vil fyrst taka fram að á sl. vori tókst okkur að semja um breytt hlutfall á framlagi Íslands. Það gerðist á ráðherrafundi í Reykjavík sl. vor en þá var almennt hlutfall Íslands í kostnaði við rekstur EFTA lækkað úr 1,7% í 1,2% og enn fremur ákveðið að Ísland skyldi aðeins bera 0,7% af kostnaði við einstök verkefni. Kostnaðurinn við rekstur EFTA snýst um EFTA-skrifstofuna, eftirlitsstofnun, EFTA-dómstól og framlög í þróunarsjóð. Að því er varðar EFTA-skrifstofuna var heildarkostnaður fyrir árið 1993 áætlaður 53 millj. svissneskra franka en framlag Íslands hefði þá verið um 30 millj. íslenskra króna. Í lokagerð fjárhagsáætlunar EFTA er hins vegar heildarkostnaðurinn lækkaður verulega og framlag Íslands lækkað niður í 22 millj. kr. Þessi lækkun gefur svigrúm innan ramma fjárlagafrv. til þess að mæta kostnaðarauka, ef af verður, vegna fráhvarfs Sviss því hækk-

un framlags til eftirlitsstofnunar og dómstóls er álíka há fjárhæð og lækkun áætlaðs framlags EFTA.

Um eftirlitsstofnunina er það að segja að kostnaðarhlutfall Íslands mundi hækka nokkuð. Þar á móti kæmi að umsvif eftirlitsstofnunarinnar mundi minnka allverulega við fráhvarf Sviss. Það er vitað mál bæði vegna samkeppnislöggjafar í Sviss og eins þeirrar staðreyndar að þar er mestur fjöldi fjölþjóðlegra auðhringja með bækistöðvar að þar hefði mest reynt á eftirlitsstofnunina samkvæmt samkeppnisreglum. Verksvið eftirlitsstofnunarinnar dregst þess vegna saman við fráhvarf Sviss. Einnig má búast við því að hún verði ódýrari í rekstri við það að hún er ekki lengur tvískipt heldur flyst alfarið til Brussel. Eftirlitskostnaðurinn var áætlaður að því er varðar framlag Íslands 15 millj. íslenskra króna.

Að því er varðar EFTA-dómstólinn þá mundi framlagið einnig hækka. Það mundi hækka úr 5 millj. í um 7 millj. kr. ef Svissaðgöngumiðinn yrði að greiðast í okkar hlutfalli.

Að því er varðar þróunarsjóðinn er rétt að taka fram að hann var vissulega partur af aðgöngumiðanum að Evrópska efnahagssvæðinu fyrir hönd EFTA-ríkjanna. Samkomulag er um að greiða í fimm ár framlög í slíkan sjóð til hinna fátækari ríkja EB. Fjár til sjóðsins er aflað á almennum lánamarkaði en framlag EFTA-ríkjanna felst í því að niðurgreiða vexti af lánum og veita styrki. Áætlað heildarframlag EFTA var áætlað 125 millj. ECU á ári en þar af var Íslandi ætlað að greiða 0,7% eða 68 millj. íslenskra króna. Þetta framlag gæti orðið hæst við breytinguna 95 millj. eða hækkað um 27 millj. kr.

Heildarkostnaðaraukinn er þess vegna þannig: Hann gæti í hæsta lagi orðið 35 millj. kr. og skiptist í viðbótarframlag til eftirlitsstofnunarinnar 6 millj., viðbótarframlag í dómstól 2 millj. og hugsanlegt viðbótarframlag við þróunarsjóð 27 millj.

Hins vegar skal skýrt tekið fram að það liggur alls ekki fyrir að þessar kröfur verði gerðar eða þetta verði samningsniðurstaða ef út í samninga verður farið. Þvert á móti eru verulegar líkur á því, ef þessum samningum er fulllokið af hálfu allra EFTA-landanna, að sjónarmið framkvæmdastjórnar verði ofan á um það að hrófla ekki við efnisatriðum samningsins.

Virðulegi forseti. Ég vil þá víkja að nokkrum atriðum að því varðar málflutning einstakra talsmanna stjórnarandstöðunnar. Það er nú ljóst þegar hér er komið umræðum að Alþb. er eini flokkurinn sem virðist vera óskiptur í andstöðu sinni við þennan samning þótt ekki fari það fram hjá mönnum að forsendur þeirrar andstöðu eru mjög ólíkar hjá einstökum talsmönnum flokksins. Þarna hafa orðið umtalsverð skoðanaskipti frá því að Alþb. átti góðan hlut að máli við undirbúning málsins í tíð fyrri ríkisstjórnar.

Að því er varðar forustuflokk stjórnarandstöðunnar, Framsfl., er einnig ljóst að hann gengur ekki heill til þessa skógar. Formaður flokksins ber einkum við efasemdum sínum ættuðum frá nokkrum íslenskum lögfræðingum um stjórnarskrármálið og lýsir því yfir að enginn framsóknarmaður muni greiða atkvæði með samningnum og sjálfur muni hann greiða atkvæði gegn. Varaformaður flokksins var að lýsa því yfir að hann muni sitja hjá og þeir sem hlustuðu grannt á málflutning hans heyrðu glöggt að mat hans á mikilvægi og þýðingu þessa samnings fyrir íslenskt atvinnulíf er allt annað en fram kom hjá formanni flokksins.

Að því er varðar Kvennalistann, sem lengi vel var eini flokkurinn sem var heill og óskiptur í andstöðu við þetta mál, hefur heldur betur kvarnast úr því vegna þess að sá talsmaður flokksins sem er fulltrúi hans í utanrmn. og þekkir þetta mál best af talsmönnum flokksins hefur lýst því yfir að hún muni sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Þetta kemur að vísu ekkert á óvart. Þetta hafði svona nokkurn veginn legið í loftinu eða verið meira eða minna opinbert leyndarmál. Það ætti því að vera orðið ljóst að mönnum hér ætti ekki að vera orðið mikið að vanbúnaði að ganga til atkvæða um þetta mál. En áður en við gerum það vil ég víkja að nokkrum atriðum sem fram komu í máli manna.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson vék að og gerði mikið veður úr skýrslu sem hefur verið eftirlætislesning þeirra framsóknarmanna og kennd er Van der Pas, deildarstjóra í framkvæmdastjórn EB. Sá ágæti maður gaf Evrópuþinginu skýrslu um samningaviðræðurnar við EFTA á sínum tíma. Honum var fullkunnugt um það að í Evrópuþinginu hafði verið beint mikilli gagnrýni að þessum samningum á þeirri forsendu að framkvæmdastjórnin hefði samið af sér því EFTA-ríkin mundu hafa bein áhrif á ákvarðanatöku á Evrópska efnahagssvæðinu án þess að þurfa að axla kvaðir og skyldur aðildarríkja. Í ljósi þess reyndi þessi ágæti maður að gera sem minnst úr áhrifum EFTA-ríkjanna einmitt til þess að reyna að vega upp þessa gagnrýni.

Vissulega er það rétt að EFTA-ríkin lögðu upp í þessar samningaviðræður með kröfur um fullkomna jafnstöðu við EB-ríkin í undirbúningsferli ákvarðana en vildu jafnframt hafa rétt til þess að hafna löggjöf þótt hún yrði samþykkt en þann rétt hafa Evrópubandalagsaðildarríkin ekki. Þessar ýtrustu kröfur náðu ekki fram að ganga í samningunum og lá ljóst fyrir í tíð fyrri ríkisstjórnar sem kunnugt er. Við höldum rétti til að hafna löggjöf en fylgjumst ekki með öllu ferlinu á sama hátt og aðildarríkin. Sú málamiðlun sem náðist fram eykur þó mjög verulega áhrif okkar á viðskiptalöggjöf innan Evrópu frá því sem nú er og eykur hana stórlega í tilfelli Íslands því að hún var engin fyrir. Í framhaldi af því sem ég áður sagði um vaxandi áhrif EFTA-ríkjanna, þá má það heita kátbroslegt að einn þeirra talsmanna svissnesku ríkisstjórnarinnar sem einna mest lét að sér kveða í málflutningi fyrir samningnum, fór þar á 194 fundi og þurfti að flytja mál sitt á tveimur tungumálum, sagði að hann hefði ekki mætt neinni einni gagnrýnisrödd eins oft á þessum fundum og þeirri að það væri til marks um það hversu óaðgengilegur þessi samningur væri að dvergríkið Ísland norður í ballarhafi hefði með þessum samningum öðlast neitunarvald um meiri háttar atriði löggjafar sem varðaði Evrópska efnahagssvæðið og þar með málefni Sviss. Menn klappa því þennan steininn nokkuð hver

eftir sínum behag og smag, eins og það heitir.

Á þeim sviðum þar sem tæknikunnátta og hagsmunir okkar eru miklir, t.d. á sjávarútvegssviðinu, gerir þessi aðstaða okkur kleift að hafa mótandi áhrif á þann ramma sem settur verður og settur er viðskiptum með sjávarafurðir á Evrópska efnahagssvæðinu. Reyndar kemur það allt of sjaldan fram í þessum umræðum en er kannski eitt allra mikilvægasta atriðið að því er varðar sjavarútvegsmálin að hafa með þessu tryggt það að heilbrigðisvottorð og gæðavottun íslenskra stofnana skuli sjálfkrafa viðurkennd með þessum samningum. Ég býð ekki í samkeppnisstöðu okkar á þeim markaði sem tekur við ¼ af afurðum okkar ef hvert fiskvinnsluhús á Íslandi hefði átt að eiga það undir stimplun og uppáskrift sérfræðinga í Brussel hvort viðkomandi hús væri viðurkennt til útflutnings á þann markað.

Reyndur samningamaður og góðgjarn stjórnmálamaður eins og Steingrímur Hermannsson veit að sjálfsögðu af reynslu sinni að í upphafi eru stundum settar fram kröfur sem ekki er líklegt að nái allar fram að ganga en samt skynsamlegt að setja þær fram til þess að tryggja betur þá málamiðlun sem menn vænta. Þetta veit hann að átti sér stað þegar við settum fram kröfuna um fríverslun um fisk, sem við gerðum innan EFTA með góðum árangri, sem við settum að sjálfsögðu fram í upphafi samningaviðræðnanna þótt okkur væri öllum ljóst að ólíklegt væri að við næðum þeirri kröfu fram. Engu að síður var sjálfsagt að setja hana fram og kom engum okkar á óvart þegar henni var hafnað snemma á árinu 1990 í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og enginn ágreiningur um að næsta krafa, sem var okkar eiginlega krafa, skyldi vera tollfrjáls markaðsaðgangur sem reyndar síðan náðist 96%. Reyndur samningamaður, eins og Steingrímur Hermannsson, veit að í alþjóðlegum samningaviðræðum dugar ekki að skrifa samning við hné sér eins og t.d. hv. þm. formaður Alþb. lék sér að í sumar að búa til tvíhliða samning á hné sér sem hann ætlaði að gera milli Alþb. og Evrópubandalagins að mér skildist.

Árangurinn liggur nú fyrir og í fyllsta máta eðlilegt að menn hafi skiptar skoðanir eða mat á árangrinum. Ég legg mest upp úr því að þeir sem ekki hafa pólitíska sjónarmiða að gæta en meta þetta út frá heildarsýn yfir samninginn, slíkum mönnum ber saman um það að samningsárangur Íslands hafi verið býsna góður. Sérstaklega heyrum við þær raddir og þær stundum býsna háværar hjá félögum okkar Norðmönnum sem þykir sem hlutur Íslands á sjávarútvegssviðinu hafi verið ólíkt betri.

Hv. 7. þm. Reykn. spurði enn fremur hvaða samráð hefði verið haft við EFTA-ríkin um þær gerðir sem samþykktar hafa verið innan EB eftir 1. ágúst 1991 og búist er við að bætist við samninginn. Nú er það svo að hv. 7. þm. Reykn. er það að sjálfsögðu kunnugt, sem meðlimur í utanrmn. og maður sem fylgdist gerla með þessum samningi og samningsframvindunni fyrstu tvö árin og rúmlega það, að ákvæði EES-samningsins um samráð og samstarf ganga ekki í gildi fyrr en samningurinn gengur í gildi sem er ein af ástæðunum fyrir því að nauðsynlegt er að hraða en draga ekki staðfestingu samningsins. Aðdragandi og undirbúningur gerða sem þessarar innan EB er oft tvö ár eða jafnvel lengri tími. Án EES-samningsins höfum við engan aðgang að því ferli en þurfum samt þegar upp er staðið að laga okkur að þeim niðurstöðum sem þar fást. Þetta er þess vegna enn eitt dæmið þótt í litlu sé um það að okkur er nauðsyn á því að hraða gildistökunni.

Hv. 7. þm. Reykn. gerði því skóna að Ísland hefði ánetjast sameiginlegri tollastefnu EB við framkvæmd tollalaga, þ.e. þegar fjáröflunartollar gagnvart Evrópubandalaginu voru afnumdir en vörugjöld sett í staðinn. Ég trúi því satt að segja ekki að hv. þm. viti ekki betur. Þá voru fjáröflunartollar lækkaðir gagnvart öllum öðrum ríkjum sem við höfum ekki samið við um fríverslun en þeir voru af ásettu ráði ekki afnumdir með öllu. Við höfum lýst því yfir að við höfum fullan hug á að semja um fríverslun við Bandaríkin, Kanada, Japan og fjölmörg önnur ríki. Við erum með kröfur uppi á borðinu í GATT-samningunum um hið sama en þar er kjarni málsins sá að til að ná því fram viljum við fá gagnkvæmni í tollalækkunum. Við verðum þess vegna að hafa eitthvað upp í erminni til að semja um. Þessir tollar, svo lágir sem þeir eru, boða enga tollmúra og breyta auðvitað engu um þá grundvallarstaðreynd að við erum ekki í tollabandalagi við EB. Við erum alfrjálsir að því að gera samninga, fríverslunarsamninga við hvaða ríki og hvaða markaðssvæði sem við kjósum og við höfum verið að því í stórum stíl. Við höfum verið að ganga frá fríverslunarsamningum við Tyrkland, Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldið, Ísrael, Pólland, Færeyjar og Rúmeníu. Ungverjaland, Albanía, Búlgaría og Eystrasaltsríki eru að koma í kjölfarið. Það sem er mikilvægt fyrir okkur í þessum samningum er að í öllum þessum samningum, sem hingað til hafa verið gerðir, hefur grundvallarreglan um fríverslun með fisk, verið staðfest þannig að við erum smám saman að brjóta niður þá múra í framhaldi af því að hafa fengið það fram innan EFTA-svæðisins sjálfs. Það er ástæða til þess að minna á að innan GATT hefur auðlindapólitík Evrópubandalagsins, þ.e. krafan um aðgang að auðlindum fyrir niðurfellingu tolla aldrei fengist staðfest þannig að þegar við lítum til heimsviðskipta þá er það mikill meiri hluti þjóða heims og þeirra á meðal mörg öflugustu ríki heims sem eru í andstöðu við þessa vanhugsuðu og ranglátu auðlindapólitík Evrópubandalagsins.

Hv. þm. skemmti sér nokkuð við að taka dæmi af amerískum bílum og ljósabúnaði og fjallaði þá um fjölda gerða sem væru væntanlegar að yfirgnæfandi meiri hluta til tæknilegs eðlis og ekki líklegar til þess að raska ró nokkurs þingmanns. Sú tilskipun sem helst virtist valda honum áhyggjum varðaði ljósabúnað ökutækja. Hún setur Íslendingum þær skyldur á herðar í sambandi við bifreiðaframleiðslu Íslendinga — sem er víst ekki mjög mikil eða hvað? — að bílakostur framleiddur á Íslandi skuli vera með útbúnaði með tilteknu móti til þess að standast upprunareglurnar og aðgang að Evrópumarkaðnum. (**ÓÞP:** Stendur til útflutningur

á bílum?) Ja, það er nefnilega það, hv. þm. Það væri kannski rétt að hv. þm. Steingrímur Hermannsson svaraði því. En reglurnar eru um framleiðslu á bílum og ökutækjum, garðsláttuvélum og öðru slíku dóti. (Gripið fram í.) Það er hins vegar rangt, virðulegi þingmaður, sem haldið var fram að ekki væri hægt að flytja inn bandarískar bifreiðar hingað sem fullnægðu ekki þessum stöðlum. Það er misskilningur. Auðvitað er þetta lítilvægt mál og gamanmál, ég tek undir það með hv. þm., en þetta var nú samt sem áður eitt af þeim málum sem fyrrv. forsrh., formaður Framsfl., leiðtogi stjórnarandstöðunnar og 7. þm. Reykn., gerði að verulegu máli í málflutningi sínum og ætlaðist til þess að almenningur, sem er kannski hugsanlega að einhverju leyti að hlusta á þessa umræðu, taki mark á en auðvitað *vissi hann betur.*

Svo er það báknið í Brussel sem virðist vera honum mikið áhyggjuefni. Hv. þm. vitnaði með mikilli velþóknun í ummæli sem með réttu eru höfð eftir mér þegar ég hef gagnrýnt það bákn sem þríhöfða þurs og vísa til samningareynslu okkar. Ég veit að þetta fór líka fyrir brjóstið á hv. varaformanni Framsfl. á sínum tíma. Þeir eru a.m.k. sammála um það þó að við séum ekki sammála um EES-samninginn.

Nú stend ég vissulega við þau orð sem ég hef viðhaft, gagnrýnina á Evrópubandalagið, en þau voru einmitt út frá samningsreynslunni þessi: Það er erfitt að semja við aðila þar sem samningsaðilinn með samningsumboðið, framkvæmdastjórnin, reynist ekki hafa vald á hlutunum vegna þess að aðildarríki og einstakar stofnanir í bandalaginu eru alltaf að blanda sér í samningana. Þannig gerðist það hvað eftir annað að búið var að *ná hagstæðum niðurstöðum í samningum* við framkvæmdastjórnina en þá komu til sérhagsmunir einstakra landa, sérhagsmunir einstakra atvinnuvega eða einstakir stofnanahagsmunir hvort heldur það var í Evrópuþinginu eða Evrópudómstólnum og torvelduðu samningana. Ég er með öðrum orðum að gagnrýna að þetta mikla bákn líður fyrir skort á miðstýringu, líður fyrir skort á skipulagi. Sennilega er það rétt sem Andriessen, utanrrh. bandalagsins, hefur sagt að það hafi varla nægum mannafla á að skipa til að sinna öllum þeim viðamiklu verkefnum sem bandalagið fæst við og lenda því mörg í útideyfu og fara jafnvel forgörðum. Sem dæmi má nefna að sérfræðingar í fullu starfi í aðalstöðvum bandalagsins voru, þegar ég seinast vissi, 3.600 talsins en sérfræðingar á sambærilegum grundvelli í franska menntamálaráðuneytinu 11.000 og í breska innanríkisráðuneytinu 10.000. Það er nefnilega svo, þó að þetta *varði okkur ekki hinu minnsta* máli en er engu að síður notað, að það er ekki alls kostar rétt þegar menn eru að tala um þetta mikla bákn í samanburði við völd þjóðríkja. Og hafa menn nokkuð hugleitt það núna í ljósi atburða sem gerst hafa í Evrópu undanfarna daga, hvenær halda hv. þm. að litla konungsríkið Danmörk hafi verið jafnáhrifamikið um þróun mála í Evrópu og þeir reyndust vera með því að fá fram kröfum sínum sem aðildarríki að Evrópubandalaginu á Edinborgarfundinum? Hvenær í sögu sinni, hv. þm. Ólafur Þórðarson, — ég bið hann nú að rifja upp annála sína og skólabækur frá Jónasi frá Hriflu, hvenær í sögu sinni halda menn að Danmörk hafi haft slík áhrif? (**ÓÞÞ:** Þegar Heiðaborg var hluti af Danaveldi.) Nei, aldrei hv. þm., aldrei. (**Gripið fram í:** Um síðustu aldamót.)

Virðulegi forseti. Í umræðum um fullveldi og stjórnarskrá hér á þessu hinu háa Alþingi hafa menn látið sem svo að EES-samningurinn feli í sér framsal fullveldis í stórum stíl, það er þá framsal á löggjafarvaldi, dómsvaldi og framkvæmdarvaldi og allt hvað eina. Nú geta menn haft hvaða skoðun sem þeim sýnist á þessu og menn geta teflt fram lögfræðilegum álitsgerðum og komist að þverólíkum niðurstöðum. En það er helst á þessum sömu mönnum að heyra að við höfum algerlega framselt allt okkar fullveldi í hendurnar á Sviss. Ef það fer fram þjóðaratkvæðagreiðsla í Sviss sem þýðir það að Sviss heltist úr lestinni þá á af sjálfu að leiða að Sviss sé þar með búið að taka ákvörðun fyrir Ísland. Þetta virðist nú ekki alveg vera í fullu samræmi. En sannleikurinn er sá að allt þetta tal um fullveldi, jafnvel innan Evrópubandalagsins — þar sem enginn neitar að Evrópubandalagið byggir á framsali á hluta af valdi þjóðríkja, bæði löggjafarvaldi og framkvæmdarvaldi og dómsvaldi til samþjóðlegra stofnana — er þá ljóst að einstök aðildarríki hafa eftir svo mikið fullveldi að þau beygja miðstjórnina, framkvæmdastjórnina hvað eftir annað í samningum. Þar nægir að nefna dæmið af Danmörku, þar nægir að nefna dæmið af Spáni sem neytti svo samningsstöðu sinnar á Evrópuleiðtogafundinum til þess að knýja fram digur framlög í þróunarsjóði sína og miðstjórnarvaldið varð einfaldlega að láta undan síga.

Við *skulum hafa það í huga þegar við ræðum þessa* hluti og að gefnu tilefni, og þá vísa ég til þess sem bæði hv. þm. Steingrímur Hermannsson og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sögðu um GATT og ekki síður hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sem talaði nú mjög fjálglega um GATT, taldi það vera gott GATT, að það er framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins með samningsumboðið í GATT sem er að reyna að leysa málið, reyna að höggva á þann hnút, reyna að beygja þá ýtrustu sérhagsmuni einstakra þjóðþinga sem eru að reyna að sprengja þetta samkomulag í loft upp og hafa af heimshagkerfinu, í þeirri lægð sem það er, samkomulag sem gefur von um u.þ.b. 200 milljarða Bandaríkjadollara í aukinn hagvöxt á ári. Það er með öðrum orðum ekki báknið í Brussel sem er að reyna að eyðileggja þetta. Það eru þrengstu sérhagsmunir þess hluta Evrópubandalagsins í þjóðríkjunum sem tilheyrir *hinni liðnu tíð, verndarstefnunni sem ríkir í Evrópu*bandalaginu í landbúnaði og sjávarútvegi sem við erum ekki að tengjast vegna þess að þetta tvennt, verndarstefnan í landbúnaði, verndarstefnan í sjávarútvegi, „próteksjónisminn", er það sem við erum að hafna, þetta er það sem við ekki viljum. Við erum hins vegar að tengjast því sem er framsækið og horfir til framfara sem er hinn frjálslyndi þáttur þeirrar stefnu sem Evrópubandalagið hefur verið að reyna að móta og hefur verið að beygja sérhagsmuni einstakra aðildarríkja í hverju máli á fætur öðru. Þetta nægir til þess að sýna

að sú líking sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson tók þegar hann spurði hvort báknið í Brussel væri ekki farið að nálgast það að líkjast Kremlarkerfinu, með allri virðingu. Hv. þm. veit nú talsvert betur en það. Slík líking er alveg augljóslega, hverjum þeim sem um málið hugsar, gersamlega fráleit.

Þá kemst ég ekki hjá því að leiðrétta einn hlut en hann var þessi: Hv. þm. virtist standa í þeirri trú að Ísland mundi sitja uppi með greiðsluskuldbindingar í þróunarsjóð til Evrópubandalagsríkjanna og þurfa að halda uppi öllum stóru stofnunum, dómstóli og eftirlitsstofnun, ef og þegar önnur EFTA-ríki eru gengin í Evrópubandalagið. Þetta er auðvitað alger grundvallarmisskilningur. Það er tryggilega um hnútana búið þannig að ef ríki yfirgefur EFTA til þess að ganga í EB, þá minnkar þróunarsjóðurinn sem því svarar, enda tekur viðkomandi ríki þá á sig mun umfangsmeiri skuldbindingar innan EB. Þau EFTA-ríki, sem nú eru að reyna að semja sig inn í EB, munu, ef þeim tekst það, taka á sig a.m.k. þrefaldar, og sennilega eftir Edinborgarfundinn miklu meira en þrefaldar fjárhagsskuldbindingar í jöfnunarsjóði bandalagsins. Stofnanir EFTA minnka með öðrum orðum, bæði að starfsemi og fjárhagsskuldbindingum eftir því sem aðildarríkjum fækkar, samanber það að nú þegar er verið að fækka starfsmönnum eftirlitsstofnunar eftir að ljóst varð að Sviss er ekki með.

Ég hygg að hv. 7. þm. Reykn. og fyrrv. forsrh. hafi komist býsna nærri kjarna málsins að því er varðar það hvað stýrir afstöðu hans í þessu máli þegar hann sagði að allt væri í góðu lagi með þennan samning aðeins ef önnur ríkisstjórn sæti nú að völdum og þá væntanlega undir forustu hans sjálfs. Ég er þeirrar sannfæringar að fenginni reynslu að þá væri afstaða hans líka öll önnur.

Eitt atriði enn. Hv. þm. nefndi niðurgreiðslur í skipasmíðaiðnaði og ríkisstyrki í skipasmíðaiðnaði sem dæmi um hve þessi samningur væri vondur. Staðreyndin er sú að því er það mál varðar breytir EES-samningurinn engu. Ríkin í Evrópubandalaginu greiða niður skipasmíðaiðnað sinn. EFTA-ríkin gerðu það líka og ein meginástæðan fyrir því að EFTA-ríkjunum tókst auðvitað ekki að brjóta það mál upp var að það var auðvelt fyrir Evrópubandalagið að segja: Einstök EFTA-ríki hafa meiri niðurgreiðslur í sumum tilvikum en Evrópubandalagið. Samt sem áður var því lýst yfir að þessar niðurgreiðslur yrðu að hverfa, þessum ríkisstyrkjum yrði að hætta og það er samkomulag um það að samráð skuli um þetta eftir einhvern tiltekinn tíma þegar núverandi tilskipun Evrópubandalagsins er úr gildi. Og sá kommissar Evrópubandalagsins, sem um fjallar um ríkisstyrki og samkeppnisreglur, Leon Brittan, hefur lýst yfir að það sé eitt meginmarkmið sitt (**PP:** Eru kommissarar þarna?) Þeir hafa það alveg eins og Framsókn forðum í Framkvæmdastofnun.

Hv. 7. þm. Reykn. sagðist sakna þess að EFTA-reglur hafi ekki verið lagðar til grundvallar í samningaviðræðunum, en ég vil leyfa mér að benda á að það eru ekki til neinar samræmdar EFTA-reglur. Það er ekkert til sem heitir samræmdar EFTA-reglur. Það hefur engin samræming reglna átt sér stað innan EFTA. Einstök EFTA-ríki hins vegar hömpuðu því að lög þeirra og reglur, t.d. varðandi umhverfismál og neytendamál væru á hærri stöðlum eða gerðu strangari kröfur en EB. En í samningaviðræðunum kom í ljós að það hafi verið gert of mikið úr þessu í mörgum tilvikum. Í sumum tilvikum á félagsmálaviðinu reyndust staðlar og reglur Evrópubandalagsins mun hærri en ýmissa EFTA-ríkja en alla vega að því er varðar neytendamál og umhverfismál, þá lá það fyrir að Evrópubandalagið hefur þegar mótað reglur sem eru að öðlast gildi sem eru a.m.k. jafnharðar og EFTA-ríkin hafa.

Virðulegi forseti. Sumir hv. stjórnarandstæðingar eyddu meginmáli í sínum ræðum til að ræða um stjórnarskrármál og þjóðaratkvæði. Ég tek það fram að ég sé enga ástæðu til að ræða þau mál frekar og ástæðan er mjög einföld. Það hafa farið fram mjög ítarlegar umræður um þau mál, bæði í viðkomandi nefndum og hér á hinu háa Alþingi að gefnum tilefnum, flutningi tillagna um breytingu á stjórnarskrá og flutningi tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu. Alþingi hefur afgreitt þessi mál og það er þess vegna óþarfi að tefja þau lengur. Því næst bæti ég því við að allar upplýsingar um þetta mál, þ.e. allar sérfræðilegar greinargerðir liggja fyrir og sjónarmið af hálfu ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðu liggja fyrir. Engu hefur verið bætt við, ekki einu einasta smáatriði hefur verið bætt við í þeim umræðum sem hér hafa farið fram um þau mál. Þau eru afgreidd af hálfu Alþingis og þess vegna ekki mikið meira um það að segja að svo stöddu.

Virðulegi forseti. Ég viðurkenni að ég hef stundum í aðra röndina lúmskt gaman af að heyra hv. 8. þm. Reykn., formann Alþb. og fyrrum prófessor í stjórnmálafræði, leika listir sínar þegar honum er mikið í mun að reikna sig til pólitískt réttrar niðurstöðu þvert á sannfæringu sína. Þetta eru stundum miklar kúnstir í pólitískri algebru og enginn hefur lýst því, virðulegi forseti, betur en fyrrum nánasti ráðgjafi hans og aðstoðarmaður í fjmrn., íslenskufræðingur góður og málsnjall maður, Mörður Árnason, sem skrifaði um þessa tilraun um pólitíska algebru litla perlu þegar formaðurinn var að leita að lausn sem gæti orðið eins konar amen og hallelúja til þess að halda saman hans sundraða flokki sem auðvitað var á tvist og bast í þessu máli. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þegar leiðtogar og þingmenn Alþb. fóru að búa sér til stefnu í Evrópumálum varð þeim fljótt ljóst að flokkslínan um EES varð að þræða fjóra punkta. Í fyrsta lagi þurfti hún að vera þannig að þeir gætu allir greitt atkvæði eins á þinginu í haust. Hún mátti ekki raska að ráði viðkvæmu valdajafnvægi innan flokksins." Þar er átt við formanninn og fyrrum formann og hinn nýja þingflokksformann o.fl.

„Í öðru lagi þurfti hún að vera þannig að tilkostnaður yrði sem minnstur í stuðning á meðal kjósenda" — þar á meðal þeirra sem eru á jaðrinum við hinn Framsfl.

„Í þriðja lagi þurfti hún að vera þannig að flokkurinn yrði ekki hleginn strax út úr alvörupólitík og þar

með frá stjórnarþátttöku hvort heldur væri á þessu kjörtímabili eða næsta.“ Þetta er nú einn vandasamasti punkturinn, hv. þm.

„Í fjórða lagi. Síðast en ekki síst þurfti lína flokksins að stangast greinilega á við stefnu ríkisstjórnarinnar í málinu, einkum stefnu Jóns Baldvins.“ Mikið rétt. Þetta hlaut að verða flókin formúla en sem betur fer nýtur flokkurinn góðrar fagmenntunar og verkþjálfunar í forustusveit. Bæði fyrsta skilyrði og það fjórða útilokuðu það að hægt væri að samþykkja EES hvað sem líður stjórnarskrá og þjóðaratkvæði.

Það var augljóst að þingflokkur og forusta hefðu aldrei sameinast um beint eða óbeint samþykki við sjálfan EES-samninginn. Þetta var auðvitað dálítið vandamál vegna þess að í stjórnarmyndunarviðræðum lagði formaður Alþb. sig mjög fram um það að sannfæra þann sem hér stendur að þetta yrði ekkert vandamál og auðvelt yrði fyrir hann að koma járnum á hv. 4. þm. Austurl., Hjörleif Guttormsson, í því máli og ekkert mál að mynda ríkisstjórn um þetta EES-mál og leiða það til lykta í mesta bróðerni.

Ég hafði vissar efasemdir um það að pólitíska algebran gengi þá upp hjá hv. þm. að fenginni reynslu. Síðan segir áfram, virðulegi forseti:

„Til þess var efnisleg andstaða allt of megn í forustuhópnum og hefur styrkst verulega við raunverulega eða ímyndaða kjördæmahagsmuni landsbyggðarinnar sem hefur traustan meiri hluta í þingflokknum.“ Þá fer maður nú t.d. að skilja hvernig formaður þingflokksins, hv. þm. Ragnar Arnalds, hefur vaknað til lífsins. Var ekki eitthvað verið að tala um að hér væri verið að ræða dauða samninga sem gætu lifnað. Fyrst ríkisstjórnin vill samþykkja samninginn, þá verður Alþb. auðvitað að vera á móti honum. Annað skilyrðið og það þriðja kom hins vegar í veg fyrir að flokkurinn gæti í heild sinni hafnað EES að efninu til. Þrátt fyrir allt, því miður mundi margur allaballinn segja, er höfuðborgarsvæðið uppspretta fylgis á landsmælikvarða og ekki vel gott að líta út eins og viðundur frammi fyrir neytendum og ungu fólki í Reykjavík og nágrenni. Að auki hefði þvert nei á efnisatriði EES-samningsins lokað öllum samvinnuleiðum nema til Framsóknar og hreinlífisarmsins í Kvennalistanum.

Niðurstaða Alþb. í málinu verðskuldar sinn sess í stjórnmálaskólum framtíðarinnar og verður sjálfsagt skoðað vandlega í dæmatímum í pólitískri algebru. Hún er í stuttu máli sú að segja bæði nei og já. Nei við EES-samningnum en já við megininnihaldi hans öllu. Við eigum ekki að gera EES-samninginn með EFTA-ríkjunum. Nei, hins vegar eigum við að gera EES-samninginn einir og sér. Það er stefna Alþb. Á þennan hátt geta þingmennirnir greitt atkvæði allir saman í guðs friði og góðum félagsanda. Hver um sig hefur svo sitt leyfi til að vera á móti hvernig sem hann vill bara ef hann er á móti. Sumir eru á móti fríverslun. Aðrir telja fullveldið í hættu. Aðrir að útlendingar kaupi jarðir í sveitunum þeirra. Aðrir eru á móti Jóni Baldvini og enn aðrir telja tryggast að vera á móti því sem maður skilur ekki og það mun vera stærsti hópurinn.

Á þennan hátt á líka að forða flokknum frá því að standa með allt niður um sig gagnvart þeim kynslóðum kjósenda sem telja að náið alþjóðasamstarf sé Íslendingum hagfelldastur kostur og eðlilegur. Um það var nefnilega samið að um stund fallist þeir sem eru á móti frjálsum viðskiptum á að flokkurinn sé með frjálsum viðskiptum bara ef þau fara fram annars staðar en á Evrópska efnhagssvæðinu. Niðurstöðunni núna fylgir líka lítið en elskulegt brot til landsbyggðararmsins í Sjálfstfl. enda í grundvellinum svipuð og stefna þess flokks í síðustu stjórnarandstöðu.

Þá er bara eftir að skýra það fyrir þjóðinni hvers vegna flokkurinn sat í ríkisstjórn í þrjú ár meðan EES-viðræðurnar fóru fram án þess að stöðva þær viðræður en það var víst bara til þess að athuga hvort það kæmi virkilega eitthvað út úr viðræðunum. Þannig fæddist sú málamiðlun alþýðbandalagsforustunnar að fella fyrst EES-samninginn en neyða síðan Evrópubandalagið í tvíhliða viðræður um miklu betri samning. Þetta var svo tilkynnt í miðstjórn flokksins þar sem samstaðan ríkti ein öllu æðri af ánægju út að eyrum hver einasta kerling hló o.s.frv.

„En aðeins eitt gleymdist og það var sjálft viðfangsefnið. EES-samningurinn eins og hann liggur fyrir með kostum og göllum. Ávinningur Íslendinga af þeim samningi, áhættan sem honum fylgir og ekki síður áhættan við það að hafna honum og samningsstaðan í framhaldinu. Það gerðist eins og oft áður í pólitískri umfjöllun á Íslandi að dæmið reiknaði sig sjálft, byssurnar skutu sjálfar, eins og áður var sagt, en málið sem átti að véla um varð út undan vegna þess að hugrekki skorti til þess að ræðast við í hreinskilni og takast á um málefni án bellibragða. Það er leiðinlegt fyrir Alþb. og færir andstæðingum þess óvænt vopn upp í verkfúsar hendur.“ Og svo kemur rúsínan í pylsuendanum: „En við skulum rétt einu sinni vona að Eyjólfur Konráð hressist.“

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þessar umræður frekar.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Það hafa sjö hv. þm. óskað eftir að veita andsvar þannig að forseti er tilknúinn að setja þau tímamörk að hv. þm. hafa eina mínútu í fyrra skiptið sem þeir veita andsvar en óski þeir eftir að veita andsvar öðru sinni hafa þeir aðeins 10 sekúndur. (**SvG:** Það gengur ekki, forseti.) Það er hægt að segja eina setningu. Þetta er vegna þingskapalaganna en þar er kveðið á um það að andsvör megi ekki standa lengur en 15 mínútur.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru tvö atriði sem ég þarf að koma að. — Viljið þið þegja. Ég vona að þetta ónæði verði ekki tekið af mínum tíma hæstv. forseti og klukkan verði sett á ný. — Hæstv. utanrrh. kaus að taka til máls til svara áður en hann hafði hlýtt á fulltrúa yfirlýstrar stefnu Kvennalistans gegn aðild að EES og eftir að hafa hlýtt á þá einu sem komst að annarri niðurstöðu. Ég hef hins vegar efnislega athugasemdir við ræðu hans og þær raunar margar og kem að þeim

í ræðu minni á eftir, en ég kemst ekki hjá því að geta þess vegna fyrsta efnisatriðis að hér eru aðstæður á margan hátt ólíkar því sem eru í öðrum löndum. Umræðan í Sviss var mikil. Hún fór bara fram annars staðar en hér vegna lýðræðislegrar þjóðaratkvæðagreiðslu. Aðrar EFTA-þjóðir eru á leið inn í Evrópubandalagið og svo eru önnur og lýðræðislegri vinnubrögð í þjóðþingum víða annars staðar en hér. Hér höfum við því þann möguleika að ræða málið og við gerum það og það er okkar lýðræðislegi réttur. Annars staðar hafa menn möguleika á að fá samþykkta þjóðaratkvæðagreiðslu og það hefði flýtt fyrir málsmeðferð á Íslandi, svo og ef krafist væri hér aukins meiri hluta.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. verður tíðrætt um meðferð EES-málsins á Alþingi Íslendinga og flutti hér nokkuð langa tölu um það hvernig að máli væri staðið í öðrum löndum. En hann gleymir því alltaf í ræðum sínum og hneykslan sinni að það ríkja aðrar hefðir í íslenska þinginu en í öðrum þjóðþingum. Ég átti þess kost fyrir skömmu að ræða við formann utanríkismálanefndar norska þingsins og þá kom fram að þeirra reglur eru einfaldlega allt öðruvísi en þær sem við búum við. Hæstv. utanrrh., sem ég veit að leiðist á þinginu þó að hann segist annars staðar elska pólitík, verður nú að gera svo vel og sætta sig við þær vinnureglur og þau þingsköp sem hér ríkja.

En það hefði mátt spara mikinn tíma ef við hefðum fengið betur undirbúin frumvörp frá hæstv. ríkisstjórn. Þá hefði verkið kannski gengið hraðar en raun ber vitni.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti hefur lengt seinni tímann upp í 15 sekúndur.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mál mitt er í eilítið líkum farvegi og síðasta ræðumanns. Ég vil benda hæstv. utanrrh. á að hv. efh.- og viðskn. hefur unnið við það í allt haust og vetur að búa mál ríkisstjórnarinnar sem tengjast EES í það horf að nokkur möguleiki sé að samþykkja þau. Ég vil benda hæstv. ráðherra á að það hafa komið frumvörp sem við höfum þurft að senda í tvígang aftur upp í ráðuneyti til þess að fara fram á að þau séu unnin algerlega upp á nýtt. Nú er ég ekki að sakast við starfsfólk ráðuneytisins sem hefur einfaldlega ekki komist yfir það sem þurfti að gera. Ég bendi hæstv. ráðherra á það að efh.- og viðskn. beið í allt sumar eftir því að geta unnið eftir samkomulagi stjórnarflokkanna um framkvæmd málsins en málin komu ekki frá hæstv. ríkisstjórn.

Ég vil að lokum spyrja hæstv. utanrrh. um álit hans á störfum nefnda þingsins að framgangi þessa máls. Ég vænti þess að hann komi upp og svari því hér og nú.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er alveg ljúft og skylt að votta það sem mína skoðun að störf hv. þingnefnda að þessum málum hafa verið í mörgum greinum til fyrirmyndar. Ég tel t.d. að á þeim vettvangi þar sem ég hef kynnst því best, þ.e. á vettvangi utanrmn., hafi þau störf verið frábærlega vel skipulögð og málinu til mikils framdráttar. Mér er kunnugt um að það hefur verið á fleiri sviðum í mörgum málum. Það er ánægjulegt að geta sagt það því að það er alla vega mun skilvirkari þáttur í störfum Alþingis en sá sem blasir við allra augum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú liggur alveg beint við í framhaldi af þessu að hæstv. ráðherra komi upp og biðjist afsökunar á þeim ummælum sem hann hafði um Alþingi Íslendinga á blaðamannafundi á erlendum vettvangi. Ég vil að lokum, virðulegi ráðherra, afhenda ræðu sem sá sem hér stendur flutti í haust um samstarf Alþingis og ríkisstjórnar og mun biðja hann að lesa hana yfir í rólegheitum nú á eftir.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef hv. þm. hefur heyrt þau orð sem ég viðhafði á fréttamannafundi í Genf og séð íslenska þýðingu fréttastofunnar á þeim ummælum mun hann sjá og heyra við umhugsun að það er ekkert til þess að biðjast afsökunar á og reyndar hvert orð sem þar var sagt trúverðugt og sannleikanum samkvæmt.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt auðvitað að fagna því að hæstv. utanrrh. hefur í þessari umræðu allt í einu fengið málið og fengist til að tala eftir yfirlýsingar sínar utan þings um líkamlega burði alþingismanna, þvagfæri þeirra og annað sem hæstv. ráðherra hefur talið eðlilegt að fjalla um með sérstökum hætti í nafni utanrrn. Sömuleiðis er þetta fróðlegt eftir yfirlýsingar hæstv. forsrh. um það að alþingismenn væru yfir höfuð óróabelgir og vandræðabörn.

Það alvarlega sem lá í orðum hæstv. utanrrh. var að hann var í raun og veru með kröfu um að breyta í grundvallaratriðum þeim reglum sem gilda um umræður á Alþingi Íslendinga. EES-málið er stærsta málið sem hér hefur komið inn í sögu lýðveldisins, segja margir. Hvað hafa menn fjallað lengi um það á Alþingi til þessa? Í 31 klukkustund. Hvað var fjallað lengi hér um bandorminn á síðasta kjörtímabili, frv. til laga um ráðstafanir í ríksfjármálum? Hversu langan tíma tók það? 49 klukkustundir. Dæmið liggur því þannig núna að Alþingi er ekki nándar nærri búið að eyða jafnmiklum tíma í þetta stærsta mál lýðveldisins, og allar umræðurnar á síðasta þingi um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þess vegna vísa ég á bug þeim ómerkilega skætingi í garð Alþingis Íslendinga sem hæstv. utanrrh. hefur látið sér sæma að fara með nú og fyrr.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. fór með tölur um það

hversu margar klukkustundir og mínútur hefðu verið nýttar til umræðu hér þar á meðal um bandorm. Það er ekki kjarni málsins heldur hitt hversu margar mínútur og klukkustundir af þessum tíma notaði hv. þm. sjálfur eða hv. þm. Steingrímur Jóhann Sigfússon eða hv. 8. þm. Reykn., þ.e. sá hópur sem sameiginlega tekur mest af umræðutíma þingsins og skerðir þannig málfrelsi annarra hv. þm.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað hópur þingmanna sem ekkert hefur talað í þessu EES-máli enn þá, þ.e. þingmenn sem eiga rétt á því að tala og þingmenn sem er skylt að tala gagnvart sínum kjósendum. Varðandi undirritaðan vil ég mótmæla þessu sérstaklega. Í þessu máli frá því að það kom fyrir á Alþingi hef ég einu sinni kvatt mér hljóðs þannig að ég vísa því á bug að ég hafi tekið hér óeðlilega mikinn tíma. Það mættu fleiri skoða sinn málflutning í þeim efnum og hversu hann hefur greitt fyrir meðferð málsins á Alþingi eins og hæstv. utanrrh.

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Á þessum örstutta tíma hef ég ekki tækifæri til að koma inn á nema örlítið af því sem hæstv. ráðherra nefndi. Ég vil þó þakka honum fyrir að staðfesta að æðimargt hefur ekki náðst fram sem við vildum þegar við unnum saman að þessum málum.

Mér þótti undarlegur útúrsnúningur hans um tilskipanir, tæknilegar viðskiptahindranir, sem ég nefndi. Ég tók þar dæmi af reglugerð 176. Ég vildi ekki lesa þær allar. Ég get gert það síðar ef óskað er. Ég tók þar dæmi um ljósabúnað bifreiða. Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra að það var skilningur okkar í uphafi að við þyrftum ekki að lögfesta reglur af því að við framleiðum ekki þessa hluti. Við framleiðum ekki bifreiðar. En í formálsorðum þessarar bókar segir að það sé til athugunar að breyta íslenskum reglum til samræmis við EB-regur þótt við framleiðum ekki bifreiðar. Það er talað um hjólbarða, öryggisgler í bifreiðum og allan fjárann, ef ég má orða það svo, og það er verið að breyta íslenskum reglum þótt við framleiðum ekkert af þessum hlutum. Hvernig stendur á þessu, hæstv. ráðherra? Við vorum á sömu skoðun einu sinni og þú virðist vera enn.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að við vorum mjög sammála um EES-málið og ég veit að innst inni erum við það enn. Það er aðeins ein ástæða til þess arna. Það er ekki bílaiðnaður á Íslandi, það er mikið rétt. Samt sem áður er hér stundaður iðnaður sem er yfirbyggingar yfir bíla. Ég var sjálfur þeirrar skoðunar að það væri of gert í kröfugerð að ætlast til þess að þetta væri allt saman þýtt. Ég taldi að við gætum sparað okkur þau útgjöld en mig minnir sterklega að þverröfugum sjónarmiðum hafi verið haldið fram af ýmsum talsmönnum stjórnarandstöðunnar.

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nefnilega staðreyndin sem mér sýnist vera staðfest í orðum hæstv. ráðherra. Þegar ég lít í gegnum þessar ótal mörgu tilskipanir kemst ég að þeirri niðurstöðu að 99% af þeim séu óþarfi og hrein vitleysa fyrir okkur Íslendinga miðað við þann skilning sem hæstv. ráðherra hafði og hefur enn á þeim málum.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. utanrrh. hefur greint okkur frá ýmsum tíðindum. Við munum að hann sagði úr þessum stól fyrr á árinu þegar þeir komu heim úr einni af ferðum sínum erlendis, aðalsamningamaður og hann: Við fengum allt fyrir ekkert. Þá langar mig að spyrja: Hvað hefur hæstv. utanrrh. fengið núna eftir að hann var búinn að fá allt. Ég hef ekki orðið var við að það væri mikið. Hann segir enga ástæðu til að ræða stjórnarskrármálin, þau séu afgreidd af hálfu Alþingis. Hvenær hafa þau verið afgreidd og með hvaða hætti?

Erfitt er að semja við aðila sem hefur ekkert samningsumboð, sagði hann um samningamennina erlendu, þ.e. kommissarana og það allt saman. Það er eitt kerfið á fætur öðru, sagði hann eða eitthvað í þá áttina. Ég vona að hæstv. ráðherra skýri okkur frá því hvað hann er að gera og hverju hann hefur áorkað eftir að hann náði öllu fram.

Ég get sagt honum það að Eyjólfur Konráð er eldhress og mun hressast enn þá meira ef þeim ósköpum linnir sem nú eru framkvæmd af ráðherra.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. spurði hvenær Alþingi hefði afgreitt stjórnarskrármálið. Það gerði Alþingi með því að vísa framkominni tillögu stjórnarandstöðunnar til ríkisstjórnarinnar. Hv. þm. hafði því miður ranglega eftir mér að ég hefði haft uppi þau orð að við hefðum fengið allt fyrir ekkert. Þetta er ég búinn að leiðrétta úr þessum ræðustól svo oft að ég man ekki lengur hversu oft. Staðreyndin í málinu er sú, og ég bið hv. þm. að taka eftir því, að það var viðsemjandi okkar Frans Andriessen, utanríkisráðherra framkvæmdastjórnar EB, sem hafði þau orð uppi við mig og aðalsamningamann Íslands: Þið Íslendingar skuluð ekki halda að þið komist upp með að fá allt fyrir ekkert í þessum samninum. Ég hef aldrei tekið mér þau orð í munn hv. þm. (Gripið fram í.) Ég hef aldrei tekið mér þau orð í munn. Og ég bið hv. þm. að viðhalda ekki þeirri goðsögn.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér er það gleðiefni að hæstv. utanrrh. er ekki alveg klumsa og virti Alþingi í kvöld og fór í ræðustól í stað þess að boða til blaðamannafundar, klaga alþingismenn og reyna að ata Alþingi auri.

EFTA sem slíkt verður ekki aðili að þessum samningi. Sá dauði maður verður ekki giftur. Það getur vel verið að það verði efnt til brúðkaups og nýr maður giftur. En hann verður með annan skrokk og í öðrum fötum en EFTA.

Bréf það sem barst til utanrmn. varðandi það hvort þetta er þingtækt eða ekki veitti ekki nægilegt svar. Það bréf var ekki undirskrifað og veitti ekki nægilegt svar og þar af leiðandi þurftum við nákvæmari skoðun á þessu máli.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Kvennalistinn er í þeirri sérkennilegu stöðu á Alþingi að fulltrúi þingflokksins í utanrmn. hefur komist að annarri niðurstöðu um afstöðuna til samningsins um Evrópskt efnahagssvæði en aðrar þingkonur Kvennalistans. Þar sem við höfum ekki tækifæri til að koma sjónarmiðum okkar á framfæri í nefndaráliti mun ég í þessari ræðu gera grein fyrir nokkrum af okkar sjónarmiðum en aðrar þingkonur munu gera frekari grein fyrir sjónarmiðum sínum síðar í umræðunni.

Kvennalistinn er andvígur því að Ísland gerist aðili að Evrópsku efnahagssvæði og Evrópubandalaginu. Í stefnuskrá samtakanna segir, með leyfi forseta: „Kvennalistinn vill að Ísland standi utan Evrópubandalagsins og Evrópska efnahagssvæðisins." Jafnframt er í stefnuskránni lögð áhersla á góð samskipti Íslands við Evrópubandalagið, ekki bara á viðskiptasviðinu heldur ekki síður á öðrum sviðum þar á meðal í rannsóknum, umhverfismálum, menningar- og menntamálum.

Á undanförnum árum hefur verið að birta til í samskiptum risaveldanna og í afvopnunarmálum. Allt frá stríðslokum hefur heiminum verið skipt upp í tvö svæði sem að meira eða minna leyti hafa verið undir áhrifum risaveldanna tveggja. Nú hafa þau stórmerki gerst að Sovétríkin hafa liðið undir lok og með þeim hrundi miðstýrt og ólýðræðislegt stjórnkerfi sem kennt hefur verið við Marx og Lenin. Það er hins vegar kaldhæðnislegt að á sama tíma og það kerfi hrynur til grunna er í uppsiglingu annað og ekki síður miðstýrt kerfi í Vestur-Evrópu en þar á ég við Evrópubandalagið. Þannig er verið að skipta heiminum upp í viðskiptablokkir sem vilja einangra sig að meira eða minna leyti frá öðrum og fátækari hlutum heimsins. Þetta er óheillavænleg stefna sem Íslendingar eiga að vinna gegn.

Ástæður þess að aðild að Evrópsku efnahagssvæði þjónar ekki hagsmunum Íslendinga eru margvíslegar og hafa mismikið vægi í hugum þeirra sem telja að Ísland eigi að fara aðrar leiðir í samskiptum sínum við aðrar þjóðir. Aðild að Evrópsku efnahagssvæði mun ekki verða konum til framdráttar heldur fremur hið gagnstæða. Þar sem hámarksgróði og aukinn hagvöxtur er höfuðmarkmiðið lúta jafnréttissjónarmið í lægra haldi og lítið tillit er tekið til barna og þeirra sem eldri eru og veikburða. Afleiðing slíkrar stefnu bitnar frekar á konum en körlum. Aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði er skref á leið inn í Evrópubandalagið. Með aðild að EES og EB væri Ísland að afsala sér verulegum hluta af sjálfsákvörðunarrétti sínum í mikilvægum málaflokkum.

Með myndun Evrópsks efnahagssvæðis eru sjálfstæðar þjóðir ekki að gera viðskiptasamning sín á milli heldur er verið með sama hætti og innan EB að mynda pólitísk samtök með yfirþjóðlegum stofnunum sem fara eiga með hluta þess valds sem nú er í höndum ríkisstjórna, þjóðþinga og dómstóla.

Aðild að EES samrýmist ekki íslensku stjórnarskránni að mati færustu sérfræðinga. Alþingi ætti aldrei að samþykkja lagafrv. sem líklegt er að samrýmist ekki stjórnarskrá lýðveldisins. Hætta er á að aðild Íslands að EES muni þvinga íslenskt atvinnulíf og framleiðslu til vaxandi einhæfni. Aðild að efnahagssvæði þar sem fyrst og fremst er miðað við hag stórfyrirtækja mun leiða til þess að staða smáiðnaðar og þjónustu versnar í jaðarríkjum. Aukin byggðaröskun blasir við nema til komi víðtækt styrkjakerfi eins og nú tíðkast innan EB.

Hagsmunir Íslands eru ekki tryggðir með aðild Íslands að EES heldur eigum við að byggja samstarf við EB á gildandi fríverslunarsamningi og knýja á um endurbætur á honum. Aðild að EES hefur þá hættu í för með sér að Ísland verði hart úti í útjaðri svæðisins. Allar líkur eru á að aðild leiði til þess að ekki verði hægt að reisa skorður við útflutningi á hálfunnum og óunnum fiski, sparifé streymi frá landinu og erlendir fjárfestingaraðilar sjái sér hag í að fjárfesta í undirstöðugreinum í íslensku atvinnulífi, ekki síst sjávarútvegi og nái þar varanlegum ítökum. Fyllsta ástæða er til að óttast að ekki verði gerðar fullnægjandi kröfur um umhverfis- og neytendavernd innan EES. Reglur á þessu sviði mega ekki hindra samkeppni í viðskiptum og hefur reynslan sýnt að erfitt er að setja strangar reglur um umhverfismál vegna þessa ákvæðis. Markmiðin um aukna framleiðni og hagvöxt leiða óhjákvæmilega til vaxandi mengunar og orkusóunar.

Fyrir aðgang að mörkuðum EB og lækkun tolla á sjávarafurðum hafa Íslendingar orðið að greiða með aðgangi EB-skipa að fiskveiðilögsögu landsins. Með aðild að EES væri Ísland að tengjast efnahagssvæði þar sem stöðug hnignun hefur verið í efnahagslífi að undanförnu, atvinnuleysi hefur farið vaxandi og lífskjör almennings versnað.

Ég tek eftir því, virðulegur forseti, að hæstv. utanrrh. treystir sér ekki til að sitja hér lengur. (**ÓÞÞ:** Það verður að gera hlé á fundinum og hvíla manninn og hefjast svo aftur handa.) (**Gripið fram í:** Hvað með líkamsburðina?) (**ÓÞÞ:** Það má ekki misbjóða líkamsburðum utanrrh.) Ef hæstv. utanrrh. vill ekki hlýða á álit meiri hluta þingflokks Kvennalistans þá verður það að vera hans mat. Ég hef ekki geð í mér til að óska eftir því að hann sitji hér ef hann hefur ekki frumkvæði sjálfur. Ég verð að viðurkenna það, virðulegur forseti. Ég ætla að halda áfram ræðu minni. Hann verður sjálfur að meta hvort hann sitji hér í þingsal eða ekki. (**Forseti**: Hv. þm. óskar sem sagt ekki eftir að forseti geri hæstv. ráðherra viðvart.) (**SvG:** Forseti get-

ur nú samt látið ráðherrann vita.) Frú forseti. Ég tók það fram að ég óskaði auðvitað eftir að hæstv. utanrrh. hlýddi á álit meiri hluta þingflokks Kvennalistans en ef hann telur sér ekki fært að gera það af einhverjum ástæðum þá verður það að vera hans mat. Ég vek bara athygli á þessari staðreynd. Einnig vekur það athygli mína að formaður utanrmn. hefur einnig vikið sér frá og vill ekki hlusta á það sem við höfum fram að færa.

Íslendingar eiga meira undir utanríkisviðskiptum en flestar aðrar þjóðir. Frjáls vöruviðskipti eru þjóðinni hagkvæm og mikilvægt að geta stundað tollfrjálsa verslun með útflutningsafurðir. Sérstaða Íslands sem fiskveiðiþjóðar veldur því að afar óskynsamlegt er að binda þjóðina einum markaði eða efnahagssvæði sem þrengt gæti svigrúm hennar. Þvert á móti þjónar það hagsmunum okkar að vera óháð út á við og leita sem bestra samskipta með beinum samningum við einstök ríki og markaðsheildir. Þannig styrkjum við stöðu okkar út á við og treystum efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Við höfum góða vöru að bjóða og ef rétt verður á málum haldið höfum við sterka samningsstöðu.

Aðild að Evrópsku efnahagssvæði þjónar ekki langtímahagsmunum Íslendinga. Því vill Kvennalistinn móta framtíð utan hins Evrópska efnahagssvæðis. Með því móti getum við aðlagað og mótað okkar innanlandslöggjöf með tilliti til okkar eigin hagsmuna og samkvæmt eigin ákvörðunum í stað þess að taka við löggjöf Evrópubandalagsins á færibandi.

Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði, sem nú er kominn til 2. umr. í þinginu, á sér nokkuð langan aðdraganda. Það má segja að umræðan um Evrópskt efnahagssvæði hafi hafist á Alþingi hinn 9. mars 1989 er ég kvaddi mér hljóðs utan dagskrár um væntanlegar viðræður um Evrópskt efnahagssvæði. Þá stóð fyrir dyrum að þáv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, og þáv. og núv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, færu á leiðtogafund EFTA í Ósló 14. og 15. mars til að ræða hugmyndir um að stofnað yrði sameiginlegt efnahagssvæði EB-ríkja og EFTA-ríkja. Á þeim fundi lýsti forsrh. því yfir að við yrðum að hafa fyrirvara hvað varðaði frelsi á sviði fjármagnshreyfinga, þjónustu og fólksflutninga en lagði áherslu á frjálsa verslun með vörur. Forsrh. sagði einnig í yfirlýsingu sinni orðrétt, með leyfi forseta: „Við getum aldrei gefið okkur á vald yfirþjóðlegum stofnunum. Við getum aldreið afsalað okkur fullveldinu eða rétti til að tryggja afkomu okkar og sjálfstæði."

Það leit því í fyrstu út fyrir að ríkisstjórnin ætlaði að fara sér hægt og feta slóðina með þessi orð forsrh. að leiðarljósi. Þann 20. okt. 1989 lauk sex mánaða könnunarviðræðum EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið og þá var stefna tekin á Evrópskt efnahagssvæði með svokölluðum undirbúnings- og samningaviðræðum. Í umræðum á Alþingi um skýrslu utanrrh. um könnunarviðræðurnar þann 23. nóv. 1989 minnti ég á fyrirvara forsrh. og að ósköp lítið færi fyrir þeim og að svo virtist sem samningamenn ríkisstjórnarinnar með utanrrh. í broddi fylkingar hefðu alveg gleymt þeim.

Í umræðum eftir að könnunarviðræðunum lauk lögðu kvennalistakonur áherslu á að farið yrði í beinar tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið án þess að taka þátt í Evrópsku efnahagssvæði. Við gerðum okkur þá strax ljóst hvert stefnt væri. Við lögðum áherslu á að flýta viðræðum við EB um aðgang að mörkuðum þeirra með fiskafurðir en sá þáttur hafði þá mætt algerum afgangi. Jafnframt lögðum við áherslu að það væri hreint glapræði að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð var með könnunarviðræðunum. Við töldum einnig að ef ganga ætti til samningaviðræðna yrði tekin formleg afstaða til málsins á Alþingi. Á þetta var ekki fallist en þess í stað samþykkti ríkisstjórnin að utanrrh. fengi umboð til að taka þátt í samningaviðræðum með þeim fyrirvörum sem settir höfðu verið fram.

Samningaviðræður hófust svo í júní 1990. Fljótlega kom í ljós að utanrrh., sem leiddi viðræðurnar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, tók lítið sem ekkert mark á fyrirvörum sem gerðir voru af hálfu forsrh. á fundi í Ósló í mars 1989. Kom þetta ítrekað fram í umræðum á Alþingi. Því var þó ávallt haldið fram af forsrh. og raunar fleiri ráðherrum í ríkisstjórninni að Ísland gerði enn sömu fyrirvara og áður þó flestum sem kynntu sér málið væri ljóst að þeim var ekki haldið til haga. Það má því segja að utanrrh. hafi tekist að koma samningnum um Evrópskt efnahagssvæði áfram í öll þessi ár án þess að skýrt lægi fyrir um hvað málið snerist eða að pólitískur stuðningur meiri hluta Alþingis væri fyrri því.

Nú stöndum við frammi fyrir gerðum hlut af stjórnvalda hálfu: samningi um Evrópskt efnahagssvæði sem er stórt skref inn í sjálft Evrópubandalagið. Ríkisstjórnin virðist halda að með því að staðfesta samninginn sé þar með öllu borgið á Íslandi. Hjálpræðið muni koma að utan. Flestir hljóta að sjá að þetta eru blekkingar einar. Við verðum sjálf að vinna okkur út úr erfiðleikunum, enginn annar gerir það fyrir okkur ekki heldur Evrópubandalagið. Alþingi á síðasta orðið í þessu máli og við skulum vona að þingið beri gæfu til að vísa málinu frá.

Í Evrópu er nú mikil lýðræðisvakning. Sérstaklega á þetta við um Austur-Evrópu þar sem almenningur braust undan oki miðstýrðs og ólýðræðislegs stjórnkerfis. Í Vestur-Evrópu gera fleiri og fleiri sér grein fyrir hvert stefnir með áformum stjórnvalda um að steypa allri Vestur-Evrópu í eina heild. Mótmælt er vaxandi miðstýringu og skerðingu lýðræðis og þeirri tilhneigingu að embættismenn og stjórnmálamenn einir ráði ferðinni. Þrátt fyrir vaxandi áhyggjur fólks af þróuninni kemst almenningur ekki upp með moðreyk. Einskis er svifist til að kveða niður viðleitni til að koma í veg fyrir þá óheillaþróun sem nú er að eiga sér stað í Vestur-Evrópu eins og m.a. kemur fram í gegndarlausum fjáraustri til stuðnings EES og Maastricht-samkomulaginu.

Evrópubandalagið stefnir að því að aðildarríkin myndi að lokum eitt stórríki með sameiginlega yfirstjórn á flestum sviðum, sameiginlega efnahagsstjórn að öllu leyti og komið verði á efnahags- og myntbandalagi og sameiginlegri utanríkisstefnu. Stefnt er að því að koma á fót sameiginlegum lögreglu- og örygg-

issveitum og sameiginlegri varnarmálastefnu. Evrópubandalagið stefnir því markvisst í það að verða miðstýrt ólýðræðislegt stórríki. Við eigum að varast þessa þróun og gæta þess að hafna ekki í netinu. Með aðild að Evrópsku efnahagssvæði væri tekið stórt skref inn í Evrópubandalagið.

Meiri hluti Alþingis hefur hafnað þeirri sjálfsögðu lýðræðiskröfu að um þennan afdrifaríka samning fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Með því er komið í veg fyrir að almenningur fái að segja álit sitt á stærsta máli sem þjóðin hefur staðið frammi fyrir frá því að lýðveldið var stofnað. Þann 4. nóv. sl. voru forseta Alþingi afhentar undirskriftir meira en 34 þús. kjósenda þar sem tekið var undir kröfuna um þjóðaratkvæði um EES-samninginn. Enda þótt svo margir skrifuðu undir kröfuna um þjóðaratkvæðagreiðslu og skoðanakannanir sýni að yfir 70% kjósenda styðja þá kröfu felldi naumur meiri hluti Alþingis tillögu þess efnis.

Valdhafar eru því hér sem annars staðar algerlega úr takt við almenning og taka ekkert tillit til vilja fólksins. Ríkisstjórnin og fylgismenn hennar reyna að gera lítið úr því hvað felst í því að Ísland gerist aðili að Evrópsku efnahagssvæði. Þeir reyna jafnvel að halda því fram að aðeins sé um venjulegan viðskiptasamning að ræða. Þeir reyna að gera lítið úr því að með aðild væri Ísland að afsala sér mikilvægum stjórntækjum í efnahags- og atvinnumálum. Samfara samningnum verða Íslendingar að lögfesta 1.400 lagabálka EB sem fjalla m.a. um efnahags- og fjármál. Þannig munu 11.000 síður bætast við íslenska lagasafnið sem nú nær ekki 2.000 síðum. Með EES er í raun verið að steypa allri Vestur-Evrópu í eina efnahagsheild. Allt frumkvæði í lagasetningu á gildissviði samningsins yrði í höndum Evrópubandalagsins og Alþingi gefst aðeins kostur á að segja já eða nei.

Nú þegar höfum við á Alþingi fengið forsmekkinn að því sem koma skal. Inn á borð þingmanna streyma lagafrumvörp sem lögtaka þarf ef EES verður að veruleika. En það er ekki þar með búið. Nú þegar liggur fyrir að Alþingi er ætlað að afgreiða á þriðja hundrað samþykktir Evrópubandalagsins sem gerðar hafa verið frá því um mitt ár 1991 þegar samningagerð var lokið og þangað til nú. Enginn íslenskur aðili eða stofnun hefur fjallað um þessar gerðir EB hingað til. Þótt formlega séð geti Alþingi hafnað samþykktum EB væri það með því í raun að segja samningnum upp. Grundvöllurinn er að á öllu svæðinu gildi sömu reglur og á efnahagssviðinu og því getur eitt ríki ekki skorið sig úr að þessu leyti. Því verður ekkert lát á tilskipunum og lagafyrirmælum frá Evrópubandalaginu til Alþingis ef aðild að EES verður að veruleika. Öll lagasetning á gildissviði samningsins yrði því í höndum EB en ekki Alþingis. Þetta er ekki síst ógnvekjandi miðað við þá efnahagsstefnu sem EB grundvallast á og mótuð er af fjármálarisum og fjölþjóðafyrirtækjum.

Sú hagvaxtarstefna sem lögð til grundvallar í Evrópubandalaginu og þar með á hinu Evrópska efnahagssvæði er stefna sem Kvennalistinn hefur barist gegn. Hagfræðimælingar, sem víðast hvar er beitt til að leggja mat á efnahagsþróun, eru úreltar og ófullnægjandi þar sem þær taka aðallega mið af skammtímahagsmunum en sniðganga nýja sýn til umhverfismála. Í þeim aðferðum, sem mest er byggt á við ákvarðanir í efnahagsmálum hér sem annars staðar, er ekkert tillit tekið til þeirra hættumerkja sem hrannast upp. Með aðild að EES og EB værum við að ýta undir mengun og sóun sem er afleiðing slíkrar hagvaxtarstefnu. Með því að standa utan efnahagsbandalaga gætu Íslendingar haft nokkur áhrif á þá efnahagsstefnu sem við viljum fylgja hér á landi og hægt væri að fara aðrar leiðir en þær sem Evrópubandalagið ákveði.

Árið 1984 náðu aðildarríki EB og EFTA samkomulagi um yfirlýsingu, svokallaða Lúxemborgaryfirlýsingu, sem er sá grunnur sem síðan hefur verið byggt á margþætt samstarf EB og EFTA. Í yfirlýsingunni er lögð áhersla á að með niðurfellingu tolla og magntakmarkana sem höfðu áhrif á tvíhliða viðskipti með iðnaðarvörur hefði stærsta fríverslunarsvæði heims orðið að veruleika. Helstu samstarfssvið, sem tengjast fríverslunarsamningnum og unnið hefur verið að, eru samræming staðla, afnám tæknilegra hindrana og einföldun landamæraeftirlits, reglur um uppruna vöru, aðgerðir til að koma í veg fyrir óheiðarlega viðskiptahætti, ríkisstyrkir og aðgangur að opinberum útboðum. Önnur samstarfssvið sem unnið hefur verið að á grundvelli Lúxemborgaryfirlýsingarinnar eru m.a. samgöngumál, umhverfismál, menntunarmál og samvinna um rannsóknir og þróun. Á þessu sést að um samstarf hefur verið að ræða milli EB og EFTA-ríkja á mörgum sviðum og hægt að þróa slík tvíhliða samskipti áfram báðum til hagsbóta.

Þótt aðild að Evrópsku efnahagssvæði yrði hafnað er ekkert sem bendir til þess að Íslendingar geti ekki áfram átt aðild að ýmsum samstarfsverkefnum sem þeir hafa verið þátttakendur í fram að þessu. Áhersla hefur verið lögð á það af hálfu Íslendinga að vera þátttakendur í samstarfi á sviði rannsókna og þróunar. Nú er Ísland aðili að áætlun EB um samstarf skóla og atvinnulífs, um þjálfun og vísindarannsóknir, svokallaðri COMETT-áætlun og samstarf um nemenda- og kennaraskipti, ERASMUS eins og það er kallað. Aðild að þessum verkefnum er óháð aðild að EES. Lögð hefur verið á það áhersla að með EES-samningnum taki Ísland fullan þátt í svokallaðri þriðju rammaáætlun EB á sviði rannsókna og þróunar. Þetta gæti orðið lyftistöng fyrir rannsóknir á Íslandi ef rétt er á málum haldið. Áætlað er að full aðild að rammaáætluninni kosti 60–70 millj. kr. sem eru miklir peningar á mælikvarða íslenskra vísindastofnana. Ef ekki verður stefnubreyting af hálfu stjórnvalda í rannsóknamálum er ljóst að íslenskar vísindastofnanir geta ekki nýtt sér þetta samstarf með viðunandi hætti. Knappar fjárveitingar til rannsókna um langan tíma hafa m.a. staðið í vegi fyrir að íslenskir vísindamenn hafi getað tekið eðlilegan þátt í samstarfi við erlenda vísindamenn. Samkvæmt frv. til fjárlaga er ekki gert ráð fyrir aukinni fjárveitingu til rannsókna frá því sem verið hefur. Hætt er því við að aðild að rannsóknaáætlunum EB verði ekki sú lyftistöng sem hún annars gæti orðið. Á sama hátt og þátttaka í COMETT- og ERASMUS-áætl-

uninni er óháð aðild að EES er ekkert sem bendir til annars en að við gætum orðið aðilar að rammaáætluninni, þ.e. þriðju rammaáætluninni að einhverju eða öllu leyti. Þó ber að hafa í huga að rannsóknaáætlanir Evrópubandalagsins hafa til þessa eingöngu tekið til svokallaðra hagnýtra rannsókna á sviði raunvísinda en minni áhersla verður lögð á grunnrannsókir og hugvísindi hafa verið afskipt með öllu. Jafnframt því að efla og auka samstarf við Evrópuþjóðir á þessu sviði er mikilvægt að rækta önnur tengsl utan álfunnar. Áralöng samvinna hefur verið milli íslenskra vísindamanna við vísindastofnanir og háskóla vestan hafs og er mikilvægt að rækta þau tengsl og efla.

Í stað þess að gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði væri eðlilegra að halda áfram samstarfi við Evrópubandalagið á grundvelli Lúxemborgaryfirlýsingarinnar og leita eftir tvíhliða viðræðum um hagsmunamál Íslands. Þetta á ekki síst við vegna þess að önnur aðilarríki EFTA hafa sótt um inngöngu í EB en það hefur ekki verið á dagskrá íslenskra stjórnvalda enn sem komið er. Gildandi fríverslunarsamningar við EB eru okkur tiltölulega hagstæðir. Á þeim eigum við að byggja í viðræðum við EB. Staða íslensks iðnaðar breytist ekki svo að teljandi sé með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Iðnaðurinn býr við fullt tollfrelsi samkvæmt fríverslunarsamningnum frá 1972 og um þær viðskiptahindranir sem kunna að vera til staðar á semja eins og t.d. hefur verið gert á sviði staðla.

Mikil áhersla hefur verið lögð á það af hálfu þeirra sem vilja aðild Íslands að EES hve ávinningur sjávarútvegsins sé mikill af samningnum. Rétt er að rifja upp að pólitískur aðgöngumiði að samningaviðræðunum í upphafi var krafan um fríverslun með fisk sem fól í sér tollfrelsi með allan fisk og að styrkir Evrópubandalagsins við sjávarútveginn yrðu lagðir af. Þetta hefði auðvitað falið í sér að Evrópubandalagið hefði orðið að láta af sjávarútvegsstefnu sinni sem felst m.a. í því að fiskvinnslufyrirtæki innan EB eru mikið styrkt. Það þurfti ekki að koma á óvart að EB hafnaði þessari kröfu. Það er einkar athyglisvert að nú þegar samningurinn liggur fyrir er reynt að gera niðurfellingu á tollum sem þó fékkst fram að aðalatriði. Auðvitað er mikilsvert að fá lækkun tolla á okkar vörum á markað Evrópubandalagsins og til mikilla hagsbóta fyrir íslenskan sjávarútveg en ætlað hefur verið að tollar af sjávarafurðum frá Íslandi hafi numið 1,5–2 milljörðum kr. Fráleitt er að halda því fram að þær krónur renni allar í vasa Íslendinga.

En svo góð sem niðurfelling tolla er verður einnig að halda því til haga hvaða verði slík tollalækkun er keypt. Aðgangur fiskiskipa EB að fiskimiðum Íslendinga er aðgöngumiðinn að mörkuðum þeirra þrátt fyrir yfirlýsta stefnu Íslendinga. Í tengslum við EES-samninginn var gerður rammasamningur við EB um fiskveiðimál og lífríki hafsins og fiskveiðisamningur í tengslum við hann. EB gerir að skilyrði að sá hluti EB-samningsins, sem fjallar um lækkun tolla á fiski, þ.e. bókun 9, taki ekki gildi nema fiskveiðisamningurinn liggi fyrir. Reynt hefur verið af hálfu utanrrh. að kalla fiskveiðisamninginn við EB samning um gagnkvæmar veiðiheimildir en það eru blekkingar einar þegar betur er að gáð.

Reynt er að halda því fram að í stað 30 þús. tonna af karfa sem skip EB eiga að fá að veiða innan íslenskrar lögsögu eigi íslensk skip að fá að veiða 30 þúsund tonn af loðnu í íslenskri eða grænlenskri lögsögu sem við hefðum hvort sem er fengið að veiða. Ef ætlunin er í raun og veru að semja um gagnkvæm veiðiréttindi nær það auðvitað engri átt að afsala sér 3 þús. tonnum af karfa og þiggja í staðinn 30 þús. tonn af loðnu sem við fengjum hvort sem er að veiða. Með þessum samningi er því verið að veita aðgang að íslenskum sjávarauðlindum í skiptum fyrir aðgang að mörkuðum og lækkun tolla en það er nokkuð sem menn sögðu aldrei mundu gera.

Gildistími rammasamningsins er 10 ár og er hann óuppsegjanlegur á þeim tíma. Á hverju ári er gert ráð fyrir að semja þurfi um veiðiheimildir. Íslendingar þurfa því að standa í árlegu samningastappi við Evrópubandalagið um veiðiheimildir EB-skipa innan íslenskrar lögsögu.

Nú þegar hefur sýnt sig að EB er erfiður samningsaðili og má alveg búast við að kröfur um auknar veiðiheimildir í íslenskri lögsögu verði settar fram af hálfu bandalagsins strax og það sér sér færi á. Allt of mikið er gert úr þeim ábata sem margir telja að sjávarútvegurinn muni hafa af EES-samningnum. Í áliti Þjóðhagsstofnunar frá því í febrúar 1991 segir, með leyfi forseta:

„Sjávarútvegur er að mestu leyti undanþeginn því frelsi í viðskiptum sem verið er að innleiða í EB á sviði iðnaðar og þjónustu. Þær takmarkanir á viðskiptum með sjávarafurðir og aðföng veiða og vinnslu, tollar og styrkir sjávarútvegs í EB fela í sér kostnað fyrir Íslendinga. Líkur eru á að Íslendingar muni þurfa að bera stóran hluta af þessum kostnaði áfram jafnvel þótt þeir gerist aðilar að EES. Af þessum ástæðum má ætla að ábati íslensks sjávrútvegs af því að tengjast EB/EES verði minni en sá ábati sem aðrar þjóðir gera ráð fyrir í þeim greinum iðnaðar og þjónustu sem eru öflugastar í þeirra löndum. Vegna mikilvægis sjávarútvegs hér á landi má ætla að beinn þjóðhagslsegur ávinningur Íslendinga af því að tengjast EB/EES verði minni heldur en aðrar þjóðir gera sér vonir um."

Þetta er álit Þjóðhagsstofnunar.

Ákvæði í samningnum um að erlendir aðilar geti ekki fjárfest í fyrirtækjum í útgerð og frumvinnslu eru haldlítil. Í samningnum eru jafnframt ákvæði um að þessi höft skuli ekki koma í veg fyrir fjárfestingar erlendra aðila eða ríkisborgara sem eru ekki með lögheimili á Íslandi í félögum sem taka aðeins óbeinan þátt í fiskveiðum eða fiskvinnslu. Aðilar í sjávarútvegi hafa haldið því fram að mjög erfitt gæti reynst að halda erlendu fjármagni utan við sjávaútveginn ef það kæmi á annað borð inn í íslenskt atvinnulíf. Einnig er vert að benda á að mörg fyrirtæki í sjávarútvegi eru illa stödd þannig að ekki þarf stórar upphæðir til að kaupa þau upp. Því er eins líklegt að með aðild að EES muni Íslendingar fljótlega missa yfirráð sjávarauðlinda sinna úr höndum sér þrátt fyrir ákvæði samningsins.

Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði felur í sér annað og miklu meira en viðskipti með sjávarafurðir. Með samþykkt samningsins þurfum við að taka yfir lög og reglur Evrópubandalagsins sem mótaðar hafa verið í 30 ár á sviði efnahags- og atvinnumála. Með því afsala Íslendingar sér yfirstjórn á stefnumótun á þessu sviði. Við munum verða að hlíta stefnumótun Evrópubandalagsins sem mun ráða för með lögum, reglugerðum, úrskurðum og dómum verði samningurinn staðfestur. Aðild að svo víðtæku efnahagssamstarfi hefði verulegar breytingar í för með sér. Þess má vænta að Ísland framtíðarinnar þróist á allt annan hátt en hingað til hefur verið gengið út frá og verður landið sennilega mun fámennara og fátækara en menn gera ráð fyrir.

Stórfyrirtækin í kjarnaríkjum efnahagssvæðisins munu stækka enn frekar og samkeppnisstaða smáfyrirtækja í aðildarríkjum versna. Þá mun staða iðnaðar og þjónustu í jaðarríkjum líklega einnig versna. Þetta mun annars vegar leiða til uppsöfnunar auðs í kjarnanum og hins vegar beinlínis leiða til fækkunar á atvinnumöguleikum í jaðarbyggðum. Aukin byggðaröskun blasir við nema til komi víðtækt styrkjakerfi eins og nú tíðkast innan EB. Staða jaðarríkja á borð við Ísland muni því almennt versna.

Því hefur verið haldið fram að með frjálsum fjármagnsflutningum muni minnka þörf á erlendum lántökum. Í stað þeirra muni koma erlent áhættufjármagn. Í greinargerð Seðlabanka Íslands frá 27. nóv. 1992 er bent á að ólíklegt sé að svo muni fara en þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er ekki sjálfgefið að verðbréfaviðskipti aukist á næsta ári með rýmkun gjaldeyrisreglna heldur ráðast þau af vaxtamun hér á landi og erlendis ásamt gengisþróun krónunnar. Þó gætu viðskiptin aukist ef stærri fjárfestar, svo sem lífeyrissjóðir, vildu dreifa áhættunni með kaupum á erlendum verðbréfum. Mikið hefur verið rætt um beina fjárfestingu útlendinga hér á landi og talið æskilegt að auka áhættufjármagn í atvinnurekstrinum í stað lánsfjármagns. Erlent áhættufjármagn fæst þó ekki nema von sé um góðan arð og dæmin sanna af fiskeldi og eignarleigu að erlendir aðilar eru fljótir að hverfa þegar illa árar. Eins og nú horfir í innlendri atvinnustarfsemi eru ekki líkur á miklu innstreymi af erlendu áhættufjármagni. Aftur á móti gæti þátttaka okkar í EES kallað á auknar fjárfestingar íslenskra fyrirtækja í útlöndum. Niðurstaðan gæti því orðið sú að áframhaldandi viðskiptahalli samfara auknum fjármagnsflutningum gæti rýrt gjaldeyrisstöðu Seðlabankans á næsta ári."

Þetta er úr greinargerð Seðlabanka Íslands.

Evrópskt efnahagssvæði felur í sér að Ísland verður hluti af 380 millj. manna markaði með óheftu flæði fjármagns, þjónustu og vöru og að fólk hafi sama rétt á svæðinu öllu til atvinnu, stofnun fyrirtækja, kaupa fasteignir þar með talið land og fleira. Allan tímann var látið að því liggja að auðvelt væri að koma í veg fyrir að erlendir aðilar gætu fjárfest hér í landi og í öðrum auðlindum. Nú hefur komið í ljós að það er ekki hægt nema skerða um leið verulega rétt Íslendinga sjálfra. Frv. sem nú liggur fyrir Alþingi og er ætlað að setja þær girðingar sem talað er um í þessu efni er allsendis ófullnægjandi. Það mun því ekki reynast eins auðvelt og utanrrh. vildi vera láta meðan á samningaviðræðunum stóð að koma í veg fyrir að erlendir aðilar geti eignast íslenskar auðlindir til lands og sjávar.

Með samningnum er Alþingi ekki aðeins að framselja til EB vald til lagasetningar á veigamiklum sviðum heldur felst einnig í samningnum framsal á dómsvaldi og framkvæmdarvaldi til stofnana EB og EFTA.

Dr. Guðmundur Alfreðsson og prófessor Björn Þ. Guðmundsson hafa ákveðið lýst því yfir að þeir telji að samþykkt EES-samningsins standist ekki stjórnarskrána. Nefnd fjögurra lögfræðinga sem utanrrh. skipaði komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að valdaframsalið sem fælist í samningnum væri ekki það mikið að breyta þyrfti stjórnarskránni. Ég tel að ekki megi nokkur vafi leika á því að frv. sem samþykkt er á Alþingi standist stjórnarskrá og á stjórnarskráin að njóta vafans. Ef þingmenn telja að líklegt sé að frv. standist ekki stjórnarskrána ber að hafna því.

Hér á landi hefur ekki verið reynt að meta það sérstaklega hvaða áhrif aðild að EB og EES muni hafa á stöðu kvenna. Umræðan hefur fyrst og fremst miðast við hagsmuni atvinnulífs og fyrirtækja en aðrir þættir hafa orðið út undan. Þingkonur Kvennalistans fluttu tillögu um það á síðasta þingi að látin yrði fara fram athugun á líklegum áhrifum aðildar Íslands að Evrópsku efnahagssvæði á efnahagslega og félagslega stöðu kvenna. Tillagan hlaut ekki afgreiðslu.

Bent hefur verið á að líklegt sé að aðild að EB og EES muni hafa önnur áhrif á stöðu kvenna en karla. Fullyrða má að við gerð Rómarsáttmálans og endurskoðun á honum hafi hagsmunir kvenna ekki verið hafðir að leiðarljósi fremur en endranær þegar mikilvægar ákvarðanir hafa verið teknar. Konur hafa verið nær áhrifalausar þar sem ráðum hefur verið ráðið. Það er því ekki að ástæðulausu að fjölmargar konur í Vestur-Evrópu og samtök þeirra hafa sett spurningarmerki við þær breytingar sem nú eiga sér stað um alla álfuna. Er líklegt að sú hugmyndafræði sem lögð er til grundvallar í Evrópubandalaginu og á Evrópsku efnahagssvæði sé til hagsbóta fyrir konur? Eða er e.t.v. eins líklegt að hagur þeirra sé þar hreinlega fyrir borð borinn?

Einn þeirra þátta sem taldir eru til mikilla hagsbóta fyrir fólk með aðild að EES er að hægt verði að fá vinnu hvar sem er á svæðinu án nokkurra hindrana. Ekki hafa íbúar þeirra landa sem ætla að mynda hið Evrópska efnahagssvæði átt í teljandi vandræðum að flytjast á milli landa vegna atvinnu eða náms. Þetta ákvæði gæti orðið til hagsbóta fyrir einhverja en konur hafa notað sér slíkan rétt í minna mæli en karlar og er lítið sem bendir til breytinga á því. Konur eiga yfirleitt erfiðara með að flytja búferlum vegna meiri bindingar af fjölskyldu, sérstaklega meðan börn eru ung og á skólaaldri. Einnig taka þær meiri ábyrgð á eldri fjölskyldumeðlimum og þeim sem eiga við veikindi að stríða og eiga af þeim ástæðum ekki heiman-

gengt á sama hátt og karlar. Þetta ákvæði mun því væntanlega ekki breyta miklu, sérstaklega ekki fyrir konur.

Undanfarin ár hefur atvinnuleysi aukist hér á landi og er það meira meðal kvenna en karla. Það sama er uppi á teningnum í löndum EB nema þar er atvinnuleysi víðast hvar langtum meira en hér á landi. Atvinnulausir Íslendingar eiga því varla auðvelt með að fá vinnu á markaði þar sem atvinnuleysi er langtum meira en hér á landi. Konur í EB-ríkjum eru minna úti á vinnumarkaði en konur hér á landi og vinna margar óreglulega vinnu og heimavinnu. Þær hafa í flestum tilvikum lítið atvinnuöryggi og búa við réttleysi að því er varðar tryggingar og annað. 75–90% af þeim sem búa við slíkt óöryggi eru konur.

Fjölskyldupólitíkin innan EB byggist fyrst og fremst á því að karlar séu fyrirvinnur heimilanna en konur eigi að gæta barna, sjúkra og aldraðra. Nauðsynlegt er fyrir íslenskar konur að reyna að gera sér grein fyrir hvaða áhrif það muni hafa á stöðu kvenna á vinnumarkaði hér á landi ef Ísland verður hluti af 380 milljón manna vinnumarkaði EES þar sem ofangreind viðhorf eru ríkjandi. Ég er ekki bjartsýn á að það muni verða til hagsbóta fyrir konur.

Konur á Norðurlöndum hafa enn sem komið er nokkra sérstöðu miðað við kynsystur sínar annars staðar í Evrópu. Norrænar konur vinna almennt utan heimilis og er atvinnuþátttaka þeirra sú hæsta í heimi. Á Íslandi vinna yfir 80% giftra kvenna á vinnumarkaði, að miklu meiri hluta í þjónustustörfum og störfum sem halda uppi velferðarkerfinu. Niðurskurður á því sviði bitnar því harðar á konum en körlum.

Þótt fæðingarorlof hérlendis sé allt of stutt er það þó lengra en í flestum EB-löndum. Nýlega ákvað framkvæmdastjórn EB að mæla með því að fæðingarorlof yrði ekki minna en 14 vikur í aðildarríkjunum. Margar konur óttast að það geti leitt til þess að krafa komi um að fæðingarorlof verði stytt í löndum þar sem það er lengra en þessar 14 vikur. Ummæli heilbrigðisráðherra að undanförnu gefa tilefni til þess fyrir íslenskar konur að halda vöku sinni í þessum efnum.

Hér á landi hafa konur í fullu starfi að meðaltali aðeins 60% af þeim launum sem karlar fá fyrir sitt vinnuframlag. Innan EB er launamunurinn álíka mikill, að Danmörk þó undanskilinni, en á Norðurlöndum er hann miklu minni. Í lögum EB er ákvæði um launajafnrétti sem sett var inn árið 1975. Þetta ákvæði hefur því miður ekki haft þau áhrif innan EB að laun kvenna hafi hækkað frekar en samsvarandi lagaákvæði hér á landi. Ákvæðið er meira að segja svo veikt að þótt EB-dómstóllinn hafi dæmt konum í hag breytti það engu í reynd. Í frægu máli, svokölluðu Danfors-máli, lögðu konur fram kæru en þrátt fyrir úrskurð dómstólsins um að jafnlaunaákvæðið væri brotið fá þær eftir sem áður lægri laun en karlar í því fyrirtæki.

Fullyrða má að áhrifa kvenna hafi gætt allt of lítið í heiminum öllum. Gildir þar einu um hvers konar stjórnskipulag er að ræða. Menn eru nú í auknum mæli að gera sér grein fyrir að ef takast á að snúa mannkyninu af braut þeirrar sjálfseyðingar sem það er nú á verður að taka tillit til sjónarmiða kvenna og veita þeim hlutdeild í stjórn samfélagsins. Mikilvægt er að fjarlægðar séu þær hindranir sem koma í veg fyrir fulla þátttöku kvenna á öllum sviðum efnahagslífs, félagslífs og stjórnmála.

Það stjórnkerfi sem er við lýði í EB tekur ekki mið af þessum sjónarmiðum. Konur eru fáar í æðstu stöðum hvort sem um er að ræða embættismannakerfið eða það pólitíska. Í miðstýrðum kerfum er hlutur kvenna fyrir borð borinn og gildir þá einu hvort hagkerfið er kennt við frjálsan markað eða sósíalisma. Hugmyndafræðin að baki EB og EES er langt frá því að taka mið af þörfum kvenna. Stjórnkerfið sem þar ríkir er bæði miðstýrt og ólýðræðislegt.

Vel má vera að einhver ákvæði í löggjöf EB á sviði jafnréttismála séu þannig að ástæða sé fyrir okkur að taka slík ákvæði upp í íslenska löggjöf. En það er aumt ef Íslendingar geta ekki tekið upp góð og sjálfsögð ákvæði í lög nema hafa grýlu yfir sér. Hins vegar er rétt að minna á að lög og reglur eru ekki það sem skiptir höfuðmáli í réttindabaráttu kvenna, þó vissulega sé sá þáttur mikilvægur, heldur er það fyrst og fremst hugarfar og viðhorf til kvenna sem máli skiptir, afl þeirra og samtakamáttur.

Íslendingar hafa ætíð lagt mikið upp úr norrænu samstarfi, telja það jákvætt og gefa okkur mikið. Þjóðfélagsgerð á Norðurlöndum er mjög svipuð og þar hefur hingað til verið lögð áhersla á félagsleg réttindi og samhjálp. Norðurlönd hafa einnig haft mjög jákvæða ímynd út á við sem málsvarar friðar og mannréttinda. Þannig hafa þau oftar en ekki komið fram sem sterk pólitísk heild og haft þannig meiri áhrif. En nú eru blikur á lofti. Ríkisstjórnir landanna stefna að aðild að EB. Ef það verður að veruleika mun það þýða endalok norræns samstarfs í núverandi mynd. EB leyfir ekki að landahópar innan bandalagsins hafi með sér formlegt samstarf. Allt tal um að aðild að Evrópubandalaginu og EES muni þýða aukið norrænt samstarf er byggt á óraunhæfum hugmyndum.

Eins og hér hefur komið fram er það fátt sem mælir með því að Ísland gerist aðili að Evrópsku efnahagssvæði. Ríkisstjórnir annarra EFTA-ríkja stefna að því að löndin gerist fullgildir aðilar að Evrópubandalaginu eins fljótt og þess gerist kostur. Nú eftir Edinborgarfund EB er líklegt að Maastricht-samkomulagið verði að veruleika og þá má búast við að aðildarumsóknir sem fyrir liggja verði afgreiddar fljótlega. Ef ætlun ríkisstjórnarinnar nær fram að ganga mun þess ekki langt að bíða að aðild Íslands að Evrópubandalaginu verði tekin á dagskrá. Þau rök sem notuð hafa verið með aðild að EES eru þau sömu og notuð verða fyrir aðild að Evrópubandalaginu, enda grunnurinn lagður. Allt bendir því til þess að Íslandi verði þvælt áfram á sömu braut og þeirri sem nú hefur verið mörkuð alla leið inn í Evrópubandalagið.

Kvennalistakonur hafa ætíð haldið því fram að EES væri aðeins áfangi á leið inn í EB og vil ég ítreka þá skoðun hér. Það verður fátt til að stöðva þá lest sem er komin á skrið til Brussel ef við staðfestum samning-

inn um Evrópskt efnahagssvæði og hann verður að veruleika. Í þessu máli megum við ekki hugsa í árum eða láta hugmyndir um hugsanlegan skammtímaávinning ráða niðurstöðu. Við eigum að setja okkur í spor þeirra Íslendinga sem unnu að því á síðustu öld að endurheimta sjálfstjórn í landinu eftir aldalanga áþján. Í máli sem varðar grundvallaratriði í stöðu þjóðanna um langa framtíð má ekki rasa um ráð fram. Það hefur því miður verið gert en ekki er um seinan að spyrna við fótum og ná áttum.

Í ljósi þess sem hér hefur verið sagt mun sú sem hér stendur og hv. þingkonur Kvennalistans, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir, greiða atkvæði gegn því að Ísland gerist aðili að Evrópsku efnahagssvæði.

Virðulegur forseti. Áður en ég vík héðan úr ræðustól langar mig til að minnast aðeins á þá greinargerð sem hæstv. utanrrh. minntist á áðan og taldi vera lögfræðilegt álit. Mig langar til að vitna í nokkur atriði í því sambandi vegna þess að ég furða mig sérstaklega á niðurstöðu þeirrar álitsgerðar sem hæstv. utanrrh. vitnaði til áðan. En þar segir, með leyfi forseta:

„Sökum þess að Sviss er horfið úr hópi EES-ríkja verður samningurinn aldrei fullgiltur í þeirri merkingu að hann gildi óbreyttur." Og annars staðar segir: „Ekkert því til fyrirstöðu að Alþingi samþykki EES-frv. *miðað við samninginn eins og hann liggur fyrir.* Í frv. felst heimild til þess að fullgilda EES-samninginn. Þótt fullgilding fari fram er ljóst að hann tekur aldrei gildi í óbreyttri mynd." Enn síðar segir: (**ÓÞP:** Er þetta rökstuðningurinn fyrir þessu?) Hann er að vísu nokkuð lengri en þetta er hluti af honum. „Hér verður ekki tekin afstaða til þess hvort nauðsynlegt sé að lögfesta bókunina. Það veltur á því hvernig hún er orðuð."

Síðan kemur niðurstaðan, sem ég á mjög erfitt með að skilja í ljósi þess sem á undan er sagt: „Engar ástæður er varða þjóðarétt né lagatækni kalla á breytingar á því frv. til laga um Evrópskt efnahagssvæði sem nú liggur fyrir Alþingi."

Mér þykir mjög einkennilegt að þetta skuli vera lagt til grundvallar því að allt í lagi sé að samþykkja það lagafrv. sem við nú fjöllum um í óbreyttri mynd. Það er ljóst, eins og segir í áliti þessara sérfræðinga — sem reyndar eru ekki nafngreindir í álitinu þó að hæstv. utanrrh. gæfi í skyn að þeir væru nafngreindir, en með því að gagnrýna þetta plagg getur maður því ekki verið gagnrýna einn eða neinn, það er stílað frá utanrrh. — að þessi samningur tekur aldrei gildi í óbreyttri mynd. Sú niðurstaða sem þarna er komist að getur því ekki staðist að mínu mati. Það má vel vera að hægt sé að gera það, en að mínu mati tel ég það ófært.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mótmæli því að hér sé lesið upp eitthvert prentað skjal og það kallað álit lögfræðinga og ekkert nafn undir. Það gæti alveg eins hafa verið skósmiður skrifaði þetta eða einhver undirkrati sem væri að æfa sig áður en hann fengi atvinnu úti í Brussel. (**Gripið fram í:** Eða einhver ráðherrann.) Eða einhver ráðherra, svo maður fari nú á lægsta plan.

Hvers lags er þetta með þetta nafnlausa hetjulið sem ekki þorir að koma fram í dagsljósið? Hvaða lið er þetta? Hver er heimildarmaður fyrir því að þetta séu lögfræðingar? Hver er heimildarmaður fyrir því?

Það er gjörsamlega vonlaust að bjóða Alþingi upp á það að hér sé lesið upp rit og það kallað lögfræðiálit og ekkert nafn undir. Miðað við sannleiksást hæstv. utanrrh. kemur náttúrlega úr hörðustu átt að líta á hann sem vitnisbæran heimildarmann að því hvaðan þetta er komið. (Gripið fram í.) Nú er svo komið að hv. 17. þm. Reykv. telur að hann þurfi að leggja orð í belg og ég er að sjálfsögðu reiðubúinn að víkja ef hann ætlar að segja eitthvað af viti. En eins og allir vita þá er þar um langlærðasta manninn að ræða innan Alþfl.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort ég á að taka til mín þær skammir sem hv. þm. bar hér fram, en það stendur fyrr í þessu plaggi, sem las reyndar ekki – að þetta væri lögfræðilegt álit. Mig minnir að hæstv. utanrrh. hafi nefnt tvo lögfræðinga til sögunnar en ég þori ekki að fullyrða um nöfnin en það voru Lilja Ólafsdóttir og Stefán Már Sefánsson. Það getur vel verið að þau hafi verið fleiri. Þetta voru þau tvö nöfn sem ég man eftir að hann nefndi í ræðu sinni áðan.

Að öðru leyti er ekki getið um annað í þessu plaggi, sem ég er hér með undir höndum, en að það sé lögfræðilegt álit.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf að leiðrétta sérstaklega og í enta sinn eina fullyrðingu úr máli hv. 15. þm. Reykv., talsmanns meiri hluta Kvennalistans, í þessu máli. Hv. þm. sagði að frá öllum þeim fyrirvörum sem lagt var upp með í samningsferlinu hefði verið fallið. Þetta er rangt og hefur verið leiðrétt ótal sinnum en sjálfsagt að gera það einu sinni enn.

Fyrsti fyrirvari var að veita engar einhliða veiðiheimildir fyrir markaðsaðgang. Við hann var staðið.

Annar fyrirvari var að ekki skyldi heimilt að fjárfesta í útgerð og fiskvinnslu af hálfu erlendra aðila og hefðu Íslendingar varanlega undanþágu frá því. Við það var staðið.

Þriðji fyrirvari var að sú skipan sem við nú höfum á nýtingu orkulinda okkar með opinbert eignarhald gæti staðið og samræmst samningnum. Við það var staðið. Til öryggis hefur iðnrh. boðað þjóðareign á orkulindum sem Alþingi er í lófa lagið að samþykkja og taka af öll tvímæli í því efni.

Fjórða atriðið var að setja *rammari* skorður við möguleikum erlendra aðila til að kaupa jarðir. Hæstv. fyrrv. forsrh. beindi þeim tilmælum til þáv. landbrh., sem varð ekki við þeim, en núv. hæstv. landbrh. hefur lagt það frv. hér fram og þegar menn sjá það er það svo að þeir sem um það báðu vilja helst ekki sjá það.

Fimmti fyrirvarinn var að skorður skyldu settar við ótakmörkuðu innstreymi erlendra ríkisborgara inn í landið. Við það var staðið með svokölluðu öryggis-

ákvæði sem veitir íslenskum stjórnvöldum einhliða heimild til þess. (**Forseti:** Forseti verður að tilkynna hæstv. ráðherra að ræðutíma hans er lokið.)

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. hefur greinilega ekki hlýtt nægilega vel á ræðu mína. Ég tók einmitt sérstaklega til varðandi einhliða veiðiheimildir. Það er akkúrat það sem gert er í þessum samningi. Það eru einhliða veiðiheimildir. Það er auðvitað bara hrein blekking að vera að tala um gagnkvæmar veiðiheimildir og það tók ég fyrir í ræðu minni.

Varðandi kaup á landi liggur fyrir Alþingi frv., eins og ég minntist á áðan, sem er allsendis óviðunandi því að það skerðir rétt Íslendinga á þann hátt að það er nánast útilokað að samþykkja það frv. eins og það liggur fyrir.

Varðandi ótakmarkað innstreymi á erlendu vinnuafli — ég gerði það reyndar ekki að umtalsefni en ráðherra taldi að þar væru fyrirvarar vegna öryggisákvæða. Auðvitað eru það ákvæði sem ekki er hægt að grípa til nema í algerum neyðartilvikum og ákaflega haldlítil ákvæði þó ég hafi raunar ekki trú á því að hingað muni streyma ótakmarkað af fólki og tel svo sem ekki neinar líkur á að það sé aðalvandamálið sem í þessum samningi felst.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil árétta það að öllum þessum fimm meginfyrirvörum var til skila haldið. Að því er varðar öryggisákvæðið er það ljóst að íslenskum stjórnvöldum er heimilt að beita því einhliða samkvæmt eigin mati á því hvort þörf er á því ef um er að ræða að jafnvægi raskist á vinnumarkaði, hvort heldur varðar í einstökum héruðum, atvinnugreinum eða í þjóðfélaginu í heild, þannig að ekkert fari nú á milli mála.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. veit það auðvitað jafn vel og ég að það er ákaflega erfitt að beita þessum öryggisákvæðum vegna þess að önnur ríki geta beitt ráðstöfunum á móti og það verður að leita eftir heimildum hjá Evrópubandalaginu til að fá að beita þeim. Þó hægt sé að gera það einhliða, þá er hægt að koma með, ef ég má kalla það, hefndaraðgerðir á móti. Þessi ákvæði eru því ákaflega haldlítil og geta varla talist jafngild varanlegum fyrirvörum eins og talað var um í upphafi.

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki farið dult með það að í grundvallaratriðum er ég andvígur EES-aðild enda þótt sjálfsagt sé að treysta viðskipti okkar við EB-löndin með tvíhliða samningi, þó þannig að við höldum fullu sjálfstæði okkar og sjálfsákvörðunarrétti. Ástæður fyrir þessari afstöðu minni eru margar. Á sl. tæplega 50 árum hefur íslenska þjóðin unnið tvo stærstu sigrana í sögu sinni. Hún öðlaðist fullt sjálfstæði 1944 eftir aldalanga baráttu við Dani og hún hlaut óskoruð yfirráð yfir 200 mílna landhelgi 1975 eftir mikil átök í aldarfjórðung, ekki síst við Breta. Með EES-aðild fórnum við hvoru tveggja að nokkru, sjálfstæðinu og landhelginni.

Önnur ástæða fyrir afstöðu minni er sú að við eigum ekki að öllu leyti heima í ríkjasambandi EB sem byggt er á svokölluðum Rómarsáttmála. Fyrsta af sjö skilyrðum fyrir þeirri aðild er á þá lund að ríkin tilheyri Evrópu landfræðilega. Það gildir naumast um Ísland sem er miðja vegu milli Evrópu og Ameríku.

Annað skilyrðanna er að iðnaður sé á háu stigi. Hann er hins vegar lítt þróaður hérlendis.

Í þriðja lagi ræður það afstöðu minni að ríkjasambandið stefnir gegn frjálsri verslun í heiminum. Meginhugsun eftirstríðsáranna var einmitt sú að fjarlægja í þágu friðar hvers konar hömlur og tollmúra þjóða á milli. Aðferðin sem þessi Evrópuríki beita er ekki heldur að öllu leyti viðkunnanleg. Hún ber keim af viðskiptastríði þar sem efnahagsþvingunum er beitt. Boðskapurinn er á þessa leið: Veitið okkur aðgang að og afnot af auðlindum ykkar ella setjum við refsitolla á afurðir ykkar.

Á fyrstu árum svonefndrar viðreisnarstjórnar kom mjög til álita að við sæktum um beina EB-aðild. Þáv. viðskrh., Gylfi Þ. Gíslason, var því eindregið fylgjandi. Engan þarf að undra það því að kratar eru almennt bæði hér heima og ytra haldnir eins konar alþjóðahyggju. Þannig beitti Alþfl. sér gegn fullum sambandsslitum við Dani og stofnun lýðveldis 1944. Aðrir menn réðu þó ferðinni bæði það ár og árin 1961–1963 þegar EB-aðildin var til umræðu. Dr. Bjarni Benediktsson forsrh. benti á það í útvarpsræðu 1. des. 1961 að forsendur væru aðrar í efnahagsmálum en varnarmálum. Lega lands okkar væri slík að máli skipti fyrir nágranna okkar í heimsátökum en framleiðsla okkar hins vegar svo smá að einu gilti fyrir þá. Væri því eðlilegt, eins og ráðherrann komst að orði, að við hikuðum við að láta þeim í té úrslitaráð yfir nokkrum þáttum efnahagsins. Þetta er kjarni málsins.

Ákveðin lausn þessara mála var síðan fundin með fríverslunarsamningnum við EFTA og síðar með bókun 6 við EB. Hvorugur þessara samninga fól í sér nokkra heimild útlendinga til að veiða innan lögsögu okkar. Í EES-samningnum er gert ráð fyrir að takmarka möguleika erlendra aðila til fjárfestinga í sjávarútvegi og til jarðakaupa. Valt er að treysta því að slíkar undanþágur haldi til lengdar. Gert er ráð fyrir frelsi til þjónustustarfsemi og til fjármagnsflutninga. Enn fremur til frjálsra fólksflutninga milli landa og atvinnuréttindi útlendinga. Leyfð er í samningnum fiskveiði EB-ríkja innan landhelginnar. Við vitum hvað það þýðir ef litið er til reynslunnar við Nýfundnaland og Írland. Enn fremur verða erlendar stofnanir til eftirlits og dómsúrskurðar.

Augljóst má vera af öllu þessu að gjörbyltingar eru fyrirsjáanlegar í lífsháttum þjóðarinnar sem orðið gætu örlagaríkar og ákvörðunarvald er í verulegum mæli flutt úr landi. Ég legg áherslu á að þessar breytingar

verða svo örlagaríkar að full ástæða er til að fara hér fram með fullri gát, horfa ekki aðeins á peningalegan hagnað augnabliksins heldur og ekki síður að gaumgæfa örlög íslensku þjóðarinnar í framtíðinni, örlög íslenskrar tungu og annarra menningarverðmæta. Inni í ölduróti þeirra þjóðasamninga sem hér er unnið að er öryggi smáþjóðar á þessu sviði engan veginn tryggt til framtíðar.

Skoðanir bæði lærðra og leikra eru skiptar um það hvort þessi samningur sé eða sé ekki brot á stjórnarskránni ef hann nær fram að ganga á Alþingi. Það mál er óleyst enn og meðan svo er má telja ógerlegt að samþykkja hann.

Sumir telja óþingræðislegt að láta þjóðina kjósa um samninginn. Það er hins vegar lýðræðislegt og það skiptir meira máli. Þingið starfar í umboði kjósenda. En verst af öllu varðandi EES-aðild er þó að við vitum ekki hvert við erum að fara. Svonefnt Maastricht-samkomulag kveður á um mjög nána samvinnu ríkjanna, nánast einingu þeirra. Danir hafa hafnað því og Sviss hefur hafnað EES. Enginn veit á þessu augnabliki hvert stefnt er.

Að öllu þessu athuguðu er lítt eftirsóknarvert að tengjast þessu ríkjasambandi markaðslögmálanna þar sem óstöðugleiki og geigvænlegt atvinnuleysi ríkir. Ef við vinnum bug á atvinnuleysinu mun fólk úr þessum löndum flykkjast hingað tugþúsundum saman og setja allt úr skorðum. Þjóðaratkvæðagreiðslur sem fram hafa farið í Danmörku og Sviss benda til þess að fólkið í þessum löndum vilji ekki EB og EES. Aðild er hins vegar kappsmál stjórnmálamanna sem e.t.v. sjá hylla undir tyllistöðu hjá hinu tröllaukna ríkjasambandi í Brussel og vilja semja jafnvel í andstöðu við þjóð sína og þjóðarvilja.

Í öllum flokkum hér á landi skortir einingu í málinu. Framsókn hefur verið tvístígandi og tvíklofin í þessu máli sem öðrum og sinnaskipti hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur eru dularfull.

Virðulegur forseti. Niðurstaða mín er þessi: Höfnum aðild en freistum tvíhliða samnings með fullu sjálfstæði okkar í orði og á borði.

Sjálfstfl. var stofnaður með samruna íhaldsmanna og frjálslyndra 1929 til þess að framfylgja sjálfstæðisbaráttunni við Dani til lokasigurs. Hann á enn að standa vörð um sjálfstæðið svo að hann kafni ekki undir nafni. Að ríkisstjórninni standa ungir menn sem ekki voru þátttakendur í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og landhelgisdeilu. Þeir og við öll Íslendingar höfum fengið sjálfstæði landsins og 200 mílna lögsögu í arf.

Virðulegi forseti. Því fylgir mikil ábyrgð að gæta þess fjöreggs.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það hefur verið talað um svokallaða jafnræðisreglu og samkvæmt henni er það viðurkennt, þó ekki sé það af öllum, að ríkja eigi visst jafnræði meðal íslenskra þegna og visst jafnræði meðal þingmanna. Það er athyglisvert að í gærkvöldi gerist það að menn mótmæla því að halda fundi fram kl. 12 á þeirri forsendu að tveir ræðumenn ætli að fara að tala sem hafa eytt miklum tíma í að undirbúa sitt mál. Það endar með því að samþykkt er að fresta fundi. Þingmenn eru bornir þeim sökum að hér sé haldið uppi málþófi. Sé farið yfir það hver heldur þó uppi mestu málþófinu, þá er það hæstv. utanrrh. Hann fer inn á dagskrána núna og flytur langa ræðu. Var það beinlínis gert til að tryggja það að sú ræða sem var flutt seinast yrði flutt á þeim tíma að fáir mundu hlusta? Var það tilgangurinn? Ég sé að formaður þingflokks Sjálfstfl. ypptir öxlum (**GHH:** Ég veit það bara ekki.) og veit ekki hvort svo mjög var hugsað. En ég tel það mikinn skaða að þannig skuli að þingstörfum staðið að þegar sú ræða er flutt úr liðshópi sjálfstæðismanna sem er best undirbúin af þeim sem hér hefur verið flutt úr þeirra liðssveit, þá skuli valinn til þess sá tími sem í gær þótti ekki boðlegur fyrir þann fulltrúa sem talaði fyrir Kvennalistann.

Ég vil undirstrika það að ég lít svo á að forseti hafi brotið jafnræðisregluna með því að halda áfram fundi eftir kl. 12 þegar það var ekki talið boðlegt í gær.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Í tilefni af ræðu hv. 2. þm. Vestf. þá er forseta ljúft að upplýsa hann um það að forseti reynir eftir megni að hafa góða stjórn á fundi en honum er ekki mögulegt að stjórna því hvernig hæstv. ráðherrar eða hv. þm. velja að biðja um orðið og flytja sitt mál. Forseti reynir að fylgja mælendaskrá eins og honum er frekast unnt en gæta jafnræðis þegar aðstæður kalla á.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Forseti bar af sér þann áburð sem ekki var á hann borinn. Ekkert af því sem hæstv. forseti bar af sér hafði sá sem hér stendur borið á hann. Það er eins og það sé sjálfvirk klisja sem fari á stað hvað eigi að segja úr forsetastóli ef athugasemdir eru bornar fram. Ég bar það á hæstv. forseta að hann hefði brotið jafnræðisregluna og ég hika ekki við að halda því fram að hæstv. utanrrh. hafi með ráði farið inn í umræðuna til þess að ýta þessari ræðu út af venjulegum tíma. Ég hika ekki við að halda því fram.

En ég vil spyrja hæstv. forseta miðað við hans viðhorf: Hve lengi hyggst hann halda áfram fundi? Það er rétt að menn fái að vita það. Menn hafa skráð sig á mælendaskrá. E.t.v. meta menn það eftir því hvar þeir eru í röðinni hvort þeir muni hlusta á mál manna eða hvort þeir telji að þeir þurfi að hvíla sig þar til kemur að þeim.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti hefur hlustað með athygli á athugasemdir hv. 2. þm. Vestf. og hann hefur komið þeim á framfæri.

Varðandi spurningu hv. þm. um það hversu lengi áætlað er að halda áfram þingstörfum í nótt, þá vill forseti upplýsa að enn er fylgt dagskrá þessa fundar eins og hún hefur verið boðuð. Forseta sýnist vera á mælendaskrá ekki færri en 11 hv. þm. Það verður því ekki séð annað en það verði að halda áfram svo að hv. þm. fái tækifæri til þess að flytja sitt mál og fá þeir til

þess þann tíma sem þeir óska. Forseta er mjög ljúft að verða við þeim óskum og halda áfram störfum svo lengi sem nauðsynlegt er.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það var upplýst fyrr í kvöld að umræður um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði hafa til þessa staðið talsvert skemur en umræður um ráðstafanir í ríkisfjármálum á síðasta þingi. Það er því ekki hægt að segja annað en umræður um þetta stærsta mál lýðveldissögunnar hafi í raun og veru tekið tiltölulega stuttan tíma til þessa og engin ástæða til fjargviðrast yfir því þó að þar sé bætt við nokkrum klukkutímum. Spurningin er bara hvenær sólarhringsins það er gert og með hvaða hætti er að því staðið.

Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að taka undir þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. 2. þm. Vestf. í fyrsta lagi varðandi ræðu hv. þm. Eggerts Haukdals en í öðru lagi þau sjónarmið að ég teldi eðlilegt að forseti kannaði nú meðan fundi heldur fram hvort unnt væri að setja niður tíma þegar þessum fundi lyki í nótt. Hvort það er kl. 1.30 eða 1.45 þá held ég að það væri skynsamlegt með hliðsjón af því að það eru boðaðir nokkrir nefndafundir kl. 8.15 í fyrramálið að menn reyndu að ákveða fljótlega hversu lengi á að halda áfram á þessari nóttu. Ég mælist til þess við hæstv. forseta að hann af tillitssemi við þingheim beiti sér fyrir því að ná samráði og samkomulagi um það hvenær menn vilja ljúka umræðunni á þessari nóttu. Þeim mun frískari verða menn til nefndastarfa í fyrramálið því að það er margt að vinna eins og kunnugt er því að mörg mál liggja fyrir af hálfu hæstv. ríkisstjórnar sem varða hag lands og þjóðar í mörgum nefndum og stjórnarandstaðan er, eins og kunnugt er, öll af vilja gerð til þess að greiða fyrir því að nefndastörf geti gengið fyrir sig með sem eðlilegustum hætti.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti hefur hlustað með athygli á athugasemdir hv. þm. en forseti verður aftur að ítreka að það er skylda hans að sjá svo um að hv. þm. fái allan þann tíma sem þeir þurfa til þess að flytja sínar ræður og koma málflutningi sínum til skila. Það eru þau störf sem hljóta að hafa forgang í þinginu.

Komið hefur í ljós varðandi það mál sem hér er á dagskrá að mjög margir þingmenn eru enn á mælendaskrá og óska eftir því að flytja sitt mál. Við þeim óskum verður forseti að verða og þess vegna mun verða haldið áfram störfum í nótt eftir því sem aðstæður krefjast og eftir því hvernig gengur að komast niður eftir mælendaskránni sem forseti telur skyldu sína gagnvart hv. þm. til þess að verja málfrelsi þingsins.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir þá yfirlýsingu að hann muni beita sér fyrir því að verja málfrelsi þingsins. Fréttatímar á síðasta sólarhring byrjuðu ekki mjög glæsilega í þessum efnum þar sem voru viðtöl við hæstv. forsrh. Hjá honum kom fram að menn hefðu hugleitt að skera niður ræðutíma og takmarka málfrelsi þingmanna. Nú hefur hins vegar risið upp í forsetahópnum af skörungsskap hæstv. forseti Gunnlaugur Stefánsson, hv. 5. þm. Austurl., og lýst því yfir að hann muni verja málfrelsi þingmanna. Ég er sannfærður um það að við öll sem í stjórnarandstöðu erum og við öll sem unnum þingræðinu og Alþingi fögnum því að eiga slíkan skörung í forsetasæti á þessum örlagaríku tímum. Jafnframt vona ég að hæstv. forseti vilji verða við þeirri beiðni, sem ég lagði hér fram í allri hógværð, þótt ég skilji þá skyldu hans að hann verði að verja málfrelsi þingmanna, að hann beiti sér fyrir því að menn setji niður þann tíma þegar hugsanlega lýkur þessari lotu því að svo tekur önnur við síðar á þessum sólarhring þegar menn hafa galvaskir lokið sér af á nefndafundum í hinum ýmsu nefndum þingsins frá kl. 8 í fyrramálið.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Ég þakka stuðning hv. þm. við yfirlýsingu forseta. Ég trúi því og treysti að hv. þm. styðji forseta í þeirri viðleitni sinni að halda hér störfum áfram svo forseti verði ekki neyddur til þess að grípa til einhverra þeirra ráða sem hann vill ekki, hvorki hv. þm. né forseti, og gefi hv. þm. allan þann tíma sem þeir þurfa til þess að koma málflutningi sínum til skila. Til þess að það sé hægt verðum við að starfa lengi nætur, jafnvel fram á morgun.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Forseti. Ég þakka forseta fyrir þá yfirlýsingu að hann er staðráðinn í að virða málfrelsi þingmanna. Það er mjög virðingarvert. Engu að síður er sú bón enn uppi af því að við höfum nú fengið að sjá dagskrár þingsins, stundum mánuði fram í tímann, tímasettar og prentaðar áætlanir um hvað eigi að gera og auglýstar sem stefnumarkmið, þá þætti okkur mjög vænt um að vita áætlun þessa sólarhrings sem nú er hafinn. Áætlanir fram í tímann eru mikils virði og ekki lítið hægt að gefa fyrir þær. En það er enn þá meira virði að vita hvað mun gerast á næstu klukkustundum og á þessum sólarhring. Ég tel t.d. að þeir sem eiga að mæta kl. korter yfir átta til að vinna í nefndum þurfi gjarnan að fá að vita hvað fundurinn á að vera lengi. Ef það er ætlunin að hafa hann í alla nótt, þá er það bara upplýst án þess að ég muni gera athugasemd við það, en þá tel ég sjálfgefið að þeir sem eiga að fara í nefndastörf í fyrramálið muni óska eftir því að þeim nefndastörfum verði frestað. Það er náttúrlega ekki hægt að ætlast til annars en þeir sem vinna að því að fara yfir mál hafi sæmilega hugsun og það er hætt við að sá sem er orðinn mjög syfjaður hafi ekki þá athyglisgáfu sem hann þarf að hafa til að yfirfara mál.

Ég vildi bara koma þessu á framfæri en fyrst og fremst þakka hæstv. forseta fyrir að það er upplýst að það er hann sem hefur stöðvað hæstv. utanrrh. í sókn hans á hendur þinginu.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Í tilefni af orðum hv. 2. þm. Vestf. vill forseti segja það að hann veit ekki hversu lengi þeir þingmenn sem

nú eru á mælendaskrá ætla að tala og hann getur ekki vitað það. Þess vegna er það mjög erfitt fyrir forseta að segja fyrir um hversu lengi það tekur að ljúka mælendaskrá og því máli sem hér er á dagskrá. Ég veit að hv. þm. hafa skilning á þessu og þetta hlýtur um leið að setja þingstarfi ákveðnar skorður varðandi það að segja nákvæmlega fyrir um það hvernig áætlunum næstu sólarhringa verði háttað. En forseti mun reyna eftir megni að koma til móts við eðlilegar óskir hv. þm. þannig að störfin hér megi ganga eins vel fyrir sig og kostur er á.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Hér er mikill vandi úr höndum að leysa úr þeirri klemmu sem virðist vera komin, en er þó kannski einfaldara en sýnist. Það er ósköp einfalt mál að spyrja þá hv. þm. sem eru á mælendaskrá hvort þeir séu ekki reiðubúnir að fresta sínu máli til morguns.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér finnst það vera tímamótatilkynning úr forsetastóli um miðnæturskeið að á nærri því sama sólarhring og hæstv. forsrh. hafði lýst yfir að það kæmi til greina að skammta þingmönnum tíma kemur sú yfirlýsing frá starfandi forseta að hann muni berjast gegn því og ég fagna því að sjálfsögðu mjög.

Varðandi það ef hér á að halda áfram fram eftir nóttu, þá vil ég benda á að mjög mikilsvert starf er unnið í fjárln. þingsins þessa dagana og hún mun eiga að hefja störf kl. 8.30 í fyrramálið. Í framhaldi af því á hluti fjárln. og samgn. að þinga kl. 10, einnig vegna þeirra mála sem nauðsynlegt er að afgreiða á morgun vegna 3. umr. fjárlaga. Ég sé því ekki fram á það ef þingstörf eiga að halda áfram mjög lengi enn að hægt verði að sinna þessum nefndastörfum í fyrramálið.

Ég vildi aðeins vekja athygli hæstv. forseta á þessu máli og vona að hann hafi góðan skilning á því.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Í tilefni af orðum hv. þm. sagði forseti það aldrei að hann ætlaði að berjast gegn öllum fyrirætlunum til þess að skerða málfrelsi þingsins. Hann sagði að hann mundi leggja sig fram um að verja málfrelsi þingsins með því m.a. að starfa í nótt til þess að gefa þingmönnum kost á því að ljúka sínu máli og til þess þyrfti tíma. Dagskráin hefur þegar verið ákveðin og eftir henni starfað og margir á mælendaskrá. Það var það sem forseti sagði, m.a. til þess að upplýsa þingmenn um að þörfin væri mikil á löngum tíma til þess að ljúka umræðum um þetta mál þegar að því kæmi.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég held að annars vegar hafi yfirlýsing hæstv. forseta verið mikilvæg í umræðunni og sömuleiðis sú hugmynd sem kom fram hjá hv. 4. þm. Reykv., sem er auðvitað einföld, í þessu máli að það verði kannað hvort menn eru tilbúnir til að fresta máli sínu til morguns. Ég skil forseta svo og þann mikla velvilja sem hann sýnir þingheimi að þó að hann sé fáorður og gefi litlar yfirlýsingar í þeim efnum, þá muni hann nota næstu mínúturnar meðan menn tala til þess að reyna að leita að eðlilegri lendingu í þessu máli þannig að fundur standi ekki all of lengi fram eftir nóttu þó að menn séu að sjálfsögðu tilbúnir til þess að skipuleggja málin þannig með hæstv. forseta að sem flestir komi sínum sjónarmiðum að einnig á óvenjulegum tíma sólarhringsins því að mikið liggur við eins og kunnugt er. Ég skil því hæstv. forseta svo að hann muni ganga í málið með eðlilegu hætti núna næstu mínútur.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti þarf ekki að segja aftur það sem hann hefur áður sagt og það sem hann hefur áður sagt mun hann standa við og starfa samkvæmt því.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Mér þykir út af fyrir sig gott að heyra það sem ég reyndar vissi áður að herra forseta er annt um málfrelsi þingmanna. Ég tel hins vegar ekki eðlilegt að halda áfram langt fram á nóttina með þennan fund. Sýnilega endist ekki nóttin til þess að klára þessa mælendaskrá og við eigum að baki drjúgan vinnudag. Ég vek athygli á því að við í stjórnarandstöðunni höfum verið ákaflega sáttfús í dag og umræður hafa gengið samkvæmt dagskrá síðan kl. 1.30, hér um bil upprofslítið. Ég vek athygli á því að það er ekki einungis að við þingmenn þurfum einhverja hvíld, heldur þarf líka starfsfólk Alþingis, sem hefur unnið undir miklu álagi, að hvíla sig einhverja stund líka.

Út af hinni eðlilegu og snjöllu hugmynd hv. 4. þm. Reykv. vil ég segja það að ég er tilbúinn til að fresta minni ræðu til morguns.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er óhjákvæmilegt að mótmæla þeirri röngu fullyrðingu sem kom fram í ræðu hv. þm. Eggerts Haukdals um að Gylfi Þ. Gíslason, fyrrum ráðherra og formaður Alþfl., hefði verið sérstakur talsmaður þess að Ísland gengi í Efnahagsbandalagið. Þetta er auðvitað fullkomlega rangt og á sér ekki neina stoð í veruleikanum, enda færði hv. þm. engin rök fyrir þessari fullyrðingu sinni.

Hann sakaði íslenska jafnaðarmenn um alþjóðahyggju. Það er rétt hjá honum að þeir hafa haft til að bera víðsýni og viljað efla samstarf við þjóðir Vestur-Evrópu á sviði viðskipta og varnarmála, svo og þjóðir Vesturheims. Að því leyti er þessi fullyrðing hans rétt. Í því efni höfum við átt góða samleið með flokki hans, Sjálfstfl., m.a. um aðildina að EFTA sem varð fyrir forgöngu þessara tveggja flokka en í andstöðu við Framsfl. og Alþb. Þetta tel ég nauðsynlegt að komi fram í umræðunum.

Eggert Haukdal *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta liggur fyrir skjalfest frá þeim tíma að dr. Gylfi var áhugamaður um EB. Það hafa alltaf verið að koma upp í íslenskum stjórnmálum öðru

hverju menn sem hafa mænt á EB. Þeir eru sífellt að skjóta upp kollinum. Það var dr. Gylfi á sínum tíma. Sem betur fer voru farsælir menn í forustu þá í viðreisn, dr. Bjarni, sem horfðu ekki til þeirrar áttar.

Það má svo aftur segja að Alþjóðasamband jafnaðarmanna er virkt. Því tekst að hafa allt of mikil áhrif. Krötum tókst að vinna vel í síðustu ríkisstjórn með Framsókn og kommum og réðu þá allt of miklu um mótun þess sem við erum senn að ganga til, því miður. Síðan fengu þeir nýjan ferðafélaga, Sjálfstfl., og tekst um of að ráða þar líka. Í íslenskum stjórnmálum er sú staða að Alþfl. er því miður allt of sterkur og tekst að spila á hlutina og ráða of miklu. Að EES skuli vera að koma á er út af fyrir sig afrek fyrir þá. Það má óska Evrópukrötum til hamingju með það að vera senn búnir að keyra þetta í gegn og takast að fá til fylgilags við sig hægri og miðflokka víða í Evrópu. Það má og út af fyrir sig óska íslenskum krötunum til hamingju með þetta afrek en þjóðum Evrópu og íslensku þjóðinni óska ég ekki til hamingju með það.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Áður en ég hef ræðu mína vil ég fara örfáum orðum um þau ummæli um tíma sem hér hafa fallið. Það er nefnilega þannig að við þurfum ákveðinn tíma til mjög mikilvægra mála á Alþingi, mála sem ekki er eins létt að fresta og þessu máli sem við erum að fjalla um nú, þessu viðamikla máli sem verðskuldar alla þessa umræðu. Hún er nauðsynleg. Hún er nauðsynleg lýðræðisins vegna, hún er nauðsynleg málfrelsisins vegna sem við forseti erum bæði sammála um að þurfi að hafa í heiðri.

Ég er raunar ein þeirra sem þurfa að mæta á fund sjútvn. kl. 8.15 í fyrramálið. Þar eru oft og tíðum mjög merkileg mál til umræðu og ég verð að segja að mér þykir forgangsröðun hæstv. ríkisstjórnar afskaplega sérkennileg, en ég get ekki gert annað en benda á þetta. *Ég get ekki breytt neinu þar um og því verð ég* á þessum undarlega tíma sólarhrings að fjalla um mál sem ekkert liggur á að afgreiða og fyrir því hafa verið færð rök. Mér leiðist að tyggja upp það sem aðrir hafa sagt og ég treysti því að fólk sé almennt kunnugt *þeim rökum og þau hafa ekki verið hrakin.* Það *eina* sem eftir stendur er það að hæstv. utanrrh. þykir óþægilegt að mæta til ráðstefnu annarra ríkja EFTA og Evrópubandalagsins þar sem hann er sjálfur óóruggur um sína samherja en því verður hann að sæta. Niðurstaðan *verður væntanlega ekki önnur fyrir jól en eftir jól.* Þar að auki er upplýst að það er alls ekki nein tímapröng jafnvel þótt við tækjum tillit til þessa. Það hefur ekki verið hrakið.

Ég hef alllengi verið að velta því fyrir mér hvert væri það aðalatriði sem ég vildi fjalla um við 2. og aðalumræðu málsmeðferðar EES-samningsins. Og æ ofan í æ hefur sama orðið komið upp í huga minn, lýðræði. Ég óttast um lýðræðið á Íslandi eins og nú er málum komið. Ég hef alvarlegar áhyggur og mun reyna að færa rök fyrir því hvers vegna ég hef þessar áhyggjur. Ég tek það fram að mjög mörg efnisatriði þessa samnings verðskulda vissulega ítarlega umfjöllun og má vera að ég blandi mér meira í þá umfjöllun þegar á líður umræðuna en fyrst vil ég taka samkvæmt minni forgangsröðun það atriði og þá umræðu sem ég tel brýnast að taka nú þegar í upphafi.

Það verður aldrei sátt um afgreiðslu EES-samningsins á Íslandi ef þjóðin fær ekki að segja sína skoðun á honum. Ég er reiðubúin til þess að hlíta þeim úrskurði sem þjóðin kveður upp hvort sem hann er í takt við mínar skoðanir eða ekki. En ég uni því illa ef keyra á þennan mesta fjölþjóðasamning sem Íslendingar hafa gerst aðilar að í gegn á þann ólýðræðislega hátt sem nú stefnir í.

Ísland er eina EFTA-landið, að Svíþjóð undanskilinni, þar sem hvorki er krafist aukins meiri hluta né þess að aðild að EES sé borin undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Og hvað Svíþjóð varðar þá mun aðild að Evrópubandalaginu verða borin undir aukinn meiri hluta á þjóðþingi Svíþjóðar og vel getur það einnig gerst að þar fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Slíkt er mat þessara þjóða á því hvernig eigi að taka lýðræðislegar ákvarðanir.

Á Íslandi gæti á hinn bóginn farið svo að einfaldur meiri hluti Alþingis tæki þá ákvörðun að við gengjum í EES. Og þessa tel ég vera eina meginástæðu fyrir því að við, andstæðingar þessa samnings, sættum okkur illa við að bæði skoðanir okkar séu fótum troðnar svo og skoðanir annarra sem eru okkur samsinna því það hefur komið í ljós að það veitir ekki af að bera stórar spurningar undir þjóðaratkvæðagreiðslu og það veitir ekki af því að hafa ákvæði um aukinn meiri hluta í lögum og stjórnarskrám annarra ríkja til þess að umræða hleypi ekki öllu í bál og brand. Og þessi umræða *er fjarri því að fara einungis fram hér í þingsölum.*

Þó að margir hafi á vissum tímum talið að þeir væru vanmáttugir í þessari umræðu þar sem rekinn hefur verið mjög harður áróður fyrir því hversu fáfrótt fólk sé um Evrópskt efnahagssvæði og þann samning *sem stjórnvöld vilja endilega að við gerum þá er samt* mjög mikil og lifandi umræða í samfélaginu. Það kraumar undir og það sýður og ekki að ástæðulausu. Það hefur vakið athygli mína hve margir fylgjast með þessari umræðu núna. Þótt þeir eigi val á tveimur afþreyingarrásum *á sjónvarpstækjum sínum* virðast þeir samt sem áður stilla nú á þessa umræðu. Það hefur komið fram í samræðum mínum við fólk þá sjaldan að ég slepp út úr þessu húsi frá þessum umræðum. Jafnframt hef ég ábyggilegar heimildir ýmissa ættingja minna og vina fyrir þessu og ég geri ráð fyrir að aðrir hafi sömu sögu að segja. Og ég vek raunar athygli á því að þegar tíu mínútna hlé í gærkvöldi varð að klukkustundar hléi að þá hringdu hingað í þinghúsið, í starfsmenn Alþingis, hlustendur og áhorfendur Sýnar og spurðu hvenær umræðan héldi áfram. Auðvitað hefur fólk áhuga á þessu þótt það sé ekki spurt. Jafnvel þó svo megi vel vera að sú skoðun hæstv. utanrrh. að þingmeirihluti sé fyrir þessu máli sé rétt þá er þetta engu að síður staðreynd.

Hér á landi eru aðstæður á margan hátt sérstæðar. Í fyrsta lagi vegna þess að atvinnulíf þjóðarinnar er með öðrum hætti en atvinnulíf annarra EFTA-landa og

Evrópubandalagslandanna allra. Frelsin fjögur eru auðvitað fjarri því að vera óumdeild í Evrópu, hvort sem er utan eða innan Evrópubandalags eða EFTA. Engu að síður má segja að það samningssvið sem varðar þessi frelsi fjögur komi frekar við önnur EFTA-lönd en Ísland og okkar sérstaða sé skýrari enda erum við að sjálfsögðu eina EFTA-landið og eina landið í Evrópu sem hefur þá miklu sérstöðu að 80% af vöruútflutningi eru fiskafurðir. Þetta er okkar helsta sérstaða. Og þar af leiðandi er ekkert skrýtið að við höfum fyrst og fremst sóst eftir fríverslun með fisk en ekki fengið, sóst eftir því að halda landhelgi okkar lokaðri vegna þess að við höfum langa, mikla og birta reynslu af því er aðrar þjóðir hafa komist inn í landhelgi okkar og vil ég þá sérstaklega nefna það hrun sem varð hér við Faxaflóa þegar margar byggðir fóru nánast í eyði rétt fyrir síðustu aldamót einfaldlega vegna þess að við höfðum ekki forræði sjálf yfir fiskimiðum okkar og við urðum ofveiði annarra þjóða að bráð, við urðum fórnarlömb.

Núna eru allt önnur og öflugri veiðitæki og það er til mikils að vinna, ekki bara varðandi það að halda því grundvallaratriði að hleypa ekki skipum inn í fiskveiðilandhelgi okkar sem við höfum mikið haft fyrir að losna við, opnum ekki fyrir að knúið verði á um frekari veiðiheimildir. Jafnframt þá verðum við, ef við ætlum að hugsa um framtíðina, að fara að huga að jaðarsvæðunum rétt utan við fiskveiðilandhelgi okkar en þar hafa togarar raðað sér á fengsælum miðum, geri ég ráð fyrir, ég býst ekki við að þeir séu þarna í skemmtisiglingu heldur geri ég ráð fyrir að þeir séu þarna til veiða. Hvaða afleiðingar þessi nýja sókn nýrra og öflugra skipa mun hafa vitum við ekki enn. Við vitum það bara að í stað þess að vera að setja okkur í sóknarstöðu þá erum við nú þegar búin að setja okkur í varnarstöðu með því að embættismenn okkar hafa gengið frá fiskveiðisamningi sem er fullkomlega óviðunandi og jafnvel nokkrir talsmenn þess að við göngum inn á Evrópskt efnahagssvæði treysta sér ekki til að styðja.

Þetta er fyrsta atriðið. Annað atriðið er það að fyrir aðrar EFTA-þjóðir er aðild að Evrópsku efnahagssvæði leið inn í Evrópubandalagið. Þetta er meginstraumurinn. Og grundvallarumræðan um inngöngu að Evrópubandalaginu mun án efa taka enn meiri tíma og fara fram á fleiri stöðum og verða öflugri en umræðan núna. Það má segja að sums staðar sé aðalumræðan eftir. Það er yfirlýst markmið stjórnvalda að fara ekki inn í Evrópubandalagið og ég trúi því á meðan ekki annað sannast, en ég vil benda á þetta vegna ítrekaðra ummæla um að hér sé umræða eitthvað meiri en annars staðar. Það markast hreinlega af því að umræðan er í rauninni ekki fullkomlega komin í gang hjá öðrum þjóðum vegna þessara sérstöku aðstæðna. Umræða hefur einnig verið mikil víða eins og t.d. í Sviss, úti í samfélaginu og þar var svo komið vikurnar fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna 6. des. sl. að öll blöð voru sneisafull af fréttum af Evrópska efnahagssvæðinu. Jafnvel þótt ríkisstjórn Sviss stefndi inn í Evrópubandalagið þá töldu Svisslendingar að um nóg væri að ræða. En þeir höfðu möguleika á að koma sínum skoðunum á framfæri með því að taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslu og höfðu því töluvert betri stöðu en við. Hér verðum við að reyna eftir fremsta megni að tryggja að lýðræðisleg umræða fari fram í þjóðþinginu og í samfélaginu en vitanlega er mjög bagalegt að hér skuli ekki vera leyft að fara út í þjóðaratkvæðagreiðslu og ég mun koma nánar að því á eftir.

Ég vil að lokum varðandi þessar sérstöku sérstöku aðstæður einnig geta þess að á þjóðþingum nágrannalanda okkar eru stjórnarandstöðunni tryggð mun meiri réttindi en hér gerist. Hér má segja að málfrelsið, sem er nú ekki algjörlega ótakmarkað — sem betur fer er málfrelsi í þessu máli og í frumvörpum og meiri háttar málum, það er í rauninni kannski það eina sem við höfum fram yfir margar þær þjóðir en á móti kemur að í þjóðþingum nágrannalanda okkar víða eru áhrif stjórnarandstöðunnar tryggð með öðrum hætti, m.a. er þar alsiða að þingnefndir séu undir forustu stjórnarandstæðinga. Þar er einnig alsiða að það sé tekið meira tillit á öðrum stigum mála til stjórnarandstöðu og þetta veit ég að þingreyndir menn og menn, sem hafa komið nálægt samstarfi við önnur þjóðþing, vita. Og þeir munu ekki hrekja það enda engin ástæða til og ekkert feimnismál í rauninni. Það sem er feimnismál er að við skulum ekki hafa sama hátt á hér.

Ég þarf ekki að taka það fram hver áhrif stjórnarandstöðu eru þar sem minnihlutastjórnir eru við lýði eins og víða er í nágrannalöndum okkar, en það er enn einn anginn, enn ein hefðin sem tryggir alla vega vald hluta stjórnarandstöðu en er aftur á móti ekki hér og er ekki siður hér á landi. Ég man í svipinn ekki eftir því síðan að Alþfl. var hér með skammvinna minnihlutastjórn í kringum 1980 og það var ekki hið dæmigerða munstur sem gerist víða á Norðurlöndum.

Ég held að það væri öllum til góðs að fá að vita nákvæmlega svo það sé nú tryggt og ég verði ekki sökuð um að fara með fleipur hvernig staðið er að afgreiðslu þessa máls í þjóðþingum hinna EFTA-landanna og tek ég þá fyrst Austurríki. Þar þurfti aukinn meiri hluta, tvo þriðju hluta í því sem þeir kalla Nationalrat og í Bundesrat. Í Finnlandi þurfti einnig aukinn meiri hluta, ¾. Svo kemur Ísland og þar þarf bara einfaldan meiri hluta og þar er ekki gefinn kostur á þjóðaratkvæðagreiðslu. Í Liechtenstein var haldin, eins og við vitum, þjóðaratkvæðagreiðsla en aftur á móti þarf þingið einfaldan meiri hluta þannig að öðru þessu skilyrði er fullnægt, og því sem ég tel í rauninni heppilegra. Í Noregi þarf einnig aukinn meiri hluta, ¼ hluta, og í Sviþjóð er eina undantekningin fyrir utan Ísland þar sem ekki þarf beinlínis að fara út í aukinn meiri hluta eða þjóðaratkvæði. Hins vegar er það yfirlýst, og það hefur verið staðfest af ábyrgum aðilum, að aðild að Evrópubandalaginu verði borin undir þjóðaratkvæði, alla vega þarf aukinn meiri hluta, það er tryggt. Þar er aðild að Evrópska efnahagssvæðinu aðeins skref í áttina inn í Evrópubandalagið. Og ég sé í rauninni þessa aðild að Evrópsku efnahagssvæði ekki með öðrum augum, hvernig svo sem ég rýni og það er mitt persónulega mat. Ég sé ekki að það geti leitt okkur annað og það tel ég enn aukna ástæðu til þess að

vera andvíg aðild að Evrópsku efnahagssvæði því ég tel það einfaldlega mjög slæman kost. Í Sviss þekkjum við málið, þar var þjóðaratkvæðagreiðsla svo sem frægt er orðið.

Hér er ólíku saman að jafna og okkar unga lýðveldi er greinilega ekki búið að slíta barnsskónum á meðan svona ólýðræðislega er hægt að standa að mikilvægri ákvarðanatöku. Ég vil vekja athygli á því enn og aftur að það var ekki einu sinni meiri hluti alþingismanna sem meinaði þjóðinni að segja álit sitt, heldur 31 þingmaður af 63 og andstaðan var mikil. 28 þingmenn studdu lýðræðislega kröfu um þjóðaratkvæði. Hæstv. utanrrh. lét sér á hinn bóginn sæma að fara lítilsvirðandi orðum um þá þjóðaratkvæðagreiðslu sem hefði getað orðið og kallaði hana ekkert annað en skoðanakönnun. En í hinu orðinu sagði hann að ekki þyrfti á þjóðaratkvæðagreiðslu að halda vegna þess að við hefðum svo oft skoðanakannanir á Íslandi. Og þá voru þessar sömu skoðanakannanir allt í einu orðnar feikilega merkilegar, svo merkilegar að við þyrftum ekki einu sinni að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu vegna þess að þessar merkilegu skoðanakannanir færu fram. En greinilega hefur hæstv. ráðherra ekki litið svo á að þessar skoðanakannanir færðu honum nein skilaboð því að það er alveg ljóst að andstaðan í samfélaginu er mjög mikil og oftar en ekki hafa fleiri verið andvígir Evrópsku efnahagssvæði á Íslandi í skoðanakönnunum heldur en fylgjandi. En ósvífni hæstv. utanrrh. kemur ekki lengur á óvart. Hann lætur sér sæma að lítilsvirða bæði þingið og þjóðina enda telur hann sig líklega ekki mann með mönnum í hópi Íslendinga eftir að hann fór að umgangast Evrópukratana, vini sína. Ég hef reyndar alltaf litið á það sem minnimáttarkennd ef menn leggja sig í líma við að þóknast þeim sem hafa meiri völd en sparka í þá sem minna mega sín.

Það komu mikil öfugmæli fram af hálfu stjórnarsinna í umræðum um tillögu okkar stjórnarandstæðinga um þjóðaratkvæðagreiðslu. Þeir sögðu annars vegar að kosið hefði verið um aðildina að EES í síðustu kosningum og þar af leiðandi þyrfti ekkert að gera það aftur með því að hafa sérstaka þjóðaratkvæðagreiðslu og svo hins vegar að það væri ekki hægt að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um EES vegna þess að hætt væri við því að þá yrði í raun kosið um eitthvað allt annað. Hvað eru þessir fulltrúar, sem telja sig líklega enn fulltrúa meiri hluta íbúa þjóarinnar að segja um kjósendur sína og kjósendur okkar hinna? Að þeir hafi látið afstöðu sína til EES ráða því hvernig þeir kusu í *seinustu almennum kosningum þrátt fyrir að allt önnur* mál hafi verið meginmál kosingabaráttunar? Og hins vegar að ef kjósendur væru spurðir einfaldrar spurningar í þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort þeir væru meðmæltir eða mótfallnir EES þá mundu þeir kjósa til að tjá sig um eitthvað allt annað. Þetta finnst mér óvirðing við kjósendur.

Það leynir sér ekki að enn eru mikil sárindi vegna vegna þess að þjóðaratkvæðagreiðslu var hafnað. Og ef ég tek aðeins eitt dæmi úr grein frá 11. nóv. í DV þar sem Ögmundur Jónasson formaður BSRB tjáir sig um þetta þá held ég að það segi það sem segja þarf um það hversu margir eru sama sinnis og ég um að þarna sé vegið að lýðræðinu. En Ögmundur segir, með leyfi hæstv. forseta, í þessari grein:

„Á Alþingi hefur hins vegar verið beitt flokksaga til að fá samþykki fyrir því að gengið verði gegn þessum vilja þjóðarinnar [þ.e. þjóðaratkvæðagreiðslu] Þetta lýsir forræðishyggju og gengur þvert á lýðræðisleg vinnubrögð. Það hlýtur að vera þingmönnum og þjóðinni allri umhugsunarefni þegar lýðræðislega kjörnir fulltrúar okkar á Alþingi eru komnir eins gjörsamlega úr takt við þjóðarvilja og raun ber vitni."

Enn fremur segir Ögmundur: „Hin þægilega leið sem forræðishyggjumenn hafa löngum farið; að afgreiða óþægilegar skoðanir með því að gera fólk tortryggilegt með pólitískum stimplum gengur ekki upp í þessu máli. Sannleikurinn er sá að afstaða manna til þjóðaratkvæðagreiðslu um EES er engan veginn flokkspólitísk. Það sem vakir fyrir fólki er einfaldlega að niðurstaðan verði farsæl fyrir þjóðina og henni að skapi. Þetta er lýðræðisleg krafa."

Og að lokum segir Ögmundur í þessari grein undir millifyrirsögninni, Brothætt lýðræði þar sem hann deilir á að ekki séu tryggð lýðræðisleg vinnubrögð, með leyfi forseta:

„Þetta á ekki síst við þegar samstaða hefur myndast í stofnanaveldinu — eins og gerst hefur í þessu máli — til að knýja fram tiltekna niðurstöðu. Þegar samstaða stofnanaveldisins er komin úr takt við fjársvelta Samstöðu almennings úti í þjóðfélaginu er kominn tími til að staldra við og spyrja hvort við séum á réttri braut. Gleymum ekki að lýðræði er brothætt."

Hér er að mínu mati einmitt komið að stórum kjarna málsins. Lýðræðið er brothætt og í þessu tilviki er það brothætt gagnvart tvennu. Annars vegar þeim vinnubrögðum sem höfð eru hér á Íslandi varðandi afgreiðslu málsins og hins vegar varðandi það stofnanaveldi og skrifræði sem mun ráða ríkjum á Íslandi sem víða annars staðar í Evrópu ef við snúum ekki við blaðinu og höfnum EES á Alþingi.

Það er algengur og alvarlegur misskilningur að innan Evrópu sé almenn ánægja með Evrópubandalagið og með þau lög og reglur sem þar ríkja og munu ríkja á Evrópsku efnahagssvæði líka. Þvert á móti er mikil og vaxandi andstaða þar og það hefur glöggt komið fram. Skrifræðið hefur ákveðið að fullkomna sjálft sig í Maastricht en það er auðvitað bara eðlileg afleiðing af því hvernig skrifræði vinnur. Þetta ættum við öll að þekkja sem höfum velt eitthvað fyrir okkur pólitískri sögu. Og þessi andstaða er ekki sérandstaða einhverra þjóðrembusinna. Þvert á móti eru margir þessara þjóðrembusinna ákafir fylgismenn Evrópusamstarfsins vegna þess að þeir telja að sínum sérhagsmunum sé best borgið þar, en margir þeirra sem telja sig til alþjóðasinna og Evrópusinna hafa tekið mjög skarpa og skýra afstöðu gegn Evrópsku efnahagssvæði og gegn Evrópubandalaginu.

Þetta er mjög eðlilegt ef maður lítur á eðli þessara samfélaga. Því segja má að flóknar reglur Evrópubandalagsins, sem að hluta – ég ítreka það – gilda á Evrópsku efnahagssvæði hafa verið að tryggja og festa

í sessi alls konar sérhagsmuni, sérhagsmuni fyrirtækja, hagsmunaaðila á einstökum svæðum eða hagsmunaaðila sem vilja geta farið frítt yfir öll svæði. Um þetta snýst þetta skrifræði. Um þetta eru til ótal mörg dæmi sem ég veit að jafnvel þeim sem hafa aðhyllst Evrópskt efnahagssvæði með heilum eða hálfum hug er kunnugt um. Það er nefnilega ekki svo að þetta sé eitthvert einfalt frelsissvæði þar sem menn svífa á vængjum frelsisins, síður en svo. Þetta er niðurnjörvað af öllum þeim reglugerðum og tilskipunum sem til þarf til þess að vernda ýmsa sérhagsmuni, vernda hagsmuni ýmiss konar fyrirtækja, vernda þá fyrir umhverfissjónarmiðum, eins og þau eru nú vond í augum margra sem eiga þá ósk eina að geta selt, og vernda þá gegn lýðræðisöflum því það er það sem gerist í mörgum tilvikum.

Vissulega eru margir jákvæðir þættir með í þessu reglugerðafargani. Ég vil bara að það komi skýrt fram að jákvæðu þættirnir eru ekki þeir einu. Sem betur eru til t.d. varðandi neytendamál ýmiss konar ákvæði sem eru mun betri og fullkomnari en íslensk reglugerð og lög um neytendamál. En það er ekki vegna þess að við séum með svo góð lög og reglur heldur vegna þess að við erum svo frumstæð í þessum málum að við höfum ekki enn sett viðunandi lög og reglugerðir t.d. í þessum málaflokki. Þar af leiðandi munu lög og reglur Evrópubandalagsins, sem yfir okkur ganga í Evrópsku efnahagssvæði, ef við göngum inn í það, verða endurbætur. En hvernig ósköpunum geta menn sagt það að þessar endurbætur gætu ekki orðið öðruvísi en við yrðum aðilar að Evrópsku efnahagssvæði? Það hef ég aldrei skilið og mun aldrei skilja. Því auðvitað erum við frjáls enn til að setja okkar eigin lög og reglugerðir og setja þann metnað í það sem við teljum okkur sæma.

Varðandi andstöðuna gegn EES hef ég löngum talið það mjög athyglisvert að konur hafa reynst í könnunum mun stærri hópur andstæðinga EB og EES en karlar og vissulega er ég ánægð með það. En því miður er það þannig að karlar hafa meiri ítök í atvinnulífinu sem knýr helst á um að við gerumst aðilar að EES, en þó alls ekki óskipt, og þar af leiðandi hefur þeirra rödd verið hærri. Þeir hafa einnig verið við stjórnvölinn í öllum ríkjum og sé ástandið slæmt í þeim efnum innan einstakra ríkja Evrópubandalagsins og EFTA þá er það enn verra þegar komið er fjær hinu beina valdi, sveitarstjórnunum, þjóðaratkvæðagreiðslunum eða hvernig sem hið nálæga vald birtist, það er misjafnt. En þegar komið er alla leið til Brussel eru konur nánast dottnar alveg úr lestinni. Auðvitað er það ein af þeim kvennapólitísku ástæðum sem eru gegn því að við tengjumst Evrópsku efnahagssvæði.

Þegar hafa verið rakin ýmis þessara raka í ræðum hv. þingkvenna, hv. 10. þm. Reykv., Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, og hv. 15. þm. Reykv., Kristínar Einarsdóttur, og ég sé ekki ástæðu til að vera með miklar endurtekningar hér. Hins vegar er ég ekki viss um að menn almennt geri sér grein fyrir því hver tölfræðin er í þessu en ég held að gróft tekið megi segja að þar sem 40 karlar eru á móti EES og EB séu 60 konur á móti, svo ég gefi einfalda hugmynd um þetta. Ég geri ekki ráð fyrir að allar þessar konur hafi verið að velta sér kvennapólitískum fræðum né þeim femínísku rökum sem raktar hafa verið af þeim fáu konum sem hafa komist til valda undir Evrópufána. Svissneska þingkonan Cesile Bühlman sagði á blaðamannafundi 16. nóv. sl. að kvennapólitísk rök gegn EES væru ekki síst hið frjálsa flæði vinnuafls og vísaði þá bæði til þess veruleika sem er í Mið-Evrópu og eins þess veruleika sem gæti blasað við okkur þegar fyrirtæki ættu þess kost að færa sig á ódýrari svæði og þegar hið frjálsa flæðandi vinnuafl væri neytt til að flæða á eftir ef það vildi hafa einhverja vinnu. En það er náttúrlega ekki endalausa vinnu að hafa.

Ýmsar kannanir hafa verið gerðar á Íslandi sem styðja að þessi viðhorf ríki einnig hér. Ég ætla ekki að tilgreina neina sérstaka en bendi á könnun sem utanrrn. gerði í sumar þar sem er að finna ýmsan talnafróðleik sem styðjur það sem ég er að segja.

Í Finnlandi er raunar vaxandi andstaða gegn aðild að Evrópubandalaginu þrátt fyrir að þeir hafi verið að staðfesta, eins og kom fram í máli hæstv. utanrrh. fyrr í þessari umræðu, EES-aðild. Það er vaxandi andstaða gegn tengingu við þetta evrópska stórveldi, þ.e. Evrópubandalagið – annað er víst ekki mælt þarna – og styður það enn fyrirvara minn hér. Nú eru álíka stórir hópar með og móti Evrópubandalagsaðild en enn eru fleiri karlar, eða um 55% karla, meðmæltir Evrópubandalagsaðild en 45% á móti. Þetta eru raunar óskaplega miklar breytingar frá því sem áður var en fyrst og fremst segir þetta þó að konurnar í Finnlandi eru harðari í sinni andstöðu en karlarnir.

Í Sviss voru það einnig konurnar sem voru í meiri hluta þeirra sem voru andvígir aðild að EES. Ég hef ekki tölur úr sjálfum kosningunum, ég fann þær ekki þrátt fyrir nokkra leit, en hins vegar var þetta fullyrt í fréttatíma og er í samræmi við eldri tölur. Í kantónunni Zürich t.d., sem er ein stærsta og öflugasta kantónan, var voru hlutföllin þannig þrem vikum fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna að um 65% karla og 75% kvenna voru á móti aðild að Evrópsku efnahagssvæði, ef aðeins eru teknir þeir sem tóku afstöðu.

Ég held að þessi talnaupptalning dugi mér. Ég er ekkert sérlega gefin fyrir tölur. Hins vegar verð ég að minna á að það þykir einatt trúverðugra ef maður nefnir tölur máli sínu til stuðnings, þó að ég telji að hugmyndir skipti meira máli en tölur. En altént tel ég að ég hafi látið ykkur í té tölur sem máli skipta svo það fari nú ekkert á milli mála hver staðreyndin er hér.

Við stöndum frammi fyrir breyttum heimi nú, heimi sem krefst meira samstarfs þjóða í milli í stað átaka. Það hefur verið orðað svo af raunar einum andstæðinga EES, Andreasi Gross, þingmanni í Sviss, að ýmis þjóðríki séu orðin of lítil fyrir stóru málin og of stór fyrir litlu málin. Það þarf því ekki að undra að menn leiti leiða til að auka samstarf þjóða í milli, t.d. í hinni sundurleitu Evrópu sem enn á ný er orðin að vígvelli sem allir E-stafir geta ekki megnað að stöðva átök í. En samstarf þarf ekki og getur ekki til langframa byggst á skrifráðu stórríki sem þægir fyrst og fremst

sjálfu sér. Þvert á móti þarf að finna aðra og lýðræðislegri lausn á ríkjasamstarfi en ríkjablokkir á borð við þá sem Evrópubandalagið býður upp á. Við höfum nú þegar séð hver örlög slíkra ríkjablokka verða. Þetta var reynt með því að steypa saman í miðstýrt skrifræðisveldi öllum ríkjum fyrrum Sovétríkjanna. Sú tilraun var dæmd til að mistakast þrátt fyrir að hún hafi verið gerð í þágu hugsjóna og fagurra orða og mikilla drauma. Þær hugsjónir snerust um jöfnuð manna á meðal en ég verð að viðurkenna að mér hugnast hugsjónir nýja stórríkisins ekki alveg eins mikið þó ég sé þess fullviss að þær hugsjónir eru í einlægni fram settar og sjálfsagt af sömu draumórum og fyrri ríkjablokkir hafa verið byggðar á. Mér sýnist að þetta sé jöfnuður allra vörutegunda en ekki manna, eða kannski jöfnuður milli fyrirtækja sem á að tryggja en það gildir víst einu. Þó við heyrum ekki slagorð á borð við „heildsalar allra landa sameinist" heldur er talað um frelsin fjögur, þá held ég að við hljótum að skilja að þarna er samhengi á milli. Ég treysti því að menn þekki þá sögulegu skírskotun sem hér er á ferðinni.

Lýðræði sprettur ekki af sjálfu sér. Ef litið er yfir söguna má sjá að það eru ekki hin ráðandi öfl sem hafa krafist lýðræðis heldur þeir sem telja sig ekki njóta lýðræðis. Í frönsku byltingunni voru það borgararnir, þriðja stéttin, sem ekki hafði völdin þá. Þeir snerust til andófs við klerka og aðal og á þessu á okkar nútímalýðræði að vera byggt. Það mætti taka fleiri dæmi úr sögunni en ég held að við verðum að skilgreina hver eru hin ríkjandi öfl núna því að það er svo augljóst að það eru nákvæmlega þau sem ráða ferðinni. Það eru stórfyrirtæki í ríkjum Evrópu sem hafa langmest ítök og langmest völd innan Vestur-Evrópu. Ég hygg að í upplausninni í austanverðri Evrópu sé þetta allt á einhvers konar deiglustigi sem ég því miður óttast að muni fara í svipaða átt. Og stórfyrirtækin hafa hagsmuni af því að sameina mestalla Vestur-Evrópu í ríki sem byggist á hugsjónum verslunar og viðskipta og því að ýta fólkinu sífellt fjær frá valdinu, en því er þó talin trú um að allt sé þetta gert í þess þágu.

Það er ekki við neina heimskingja að etja og það hefur ekki farið fram hjá mörgum að fylkingar andstæðinga og fylgjenda hins Evrópska efnahagssvæðis eru álíka stórar í flestum EFTA-ríkjum þrátt fyrir þrotlausan einhliða áróður stjórnvalda þar í þágu hins evrópska stórríkisins. Innan Evrópubandalagsins gegnir sama máli um fylgjendur og andstæðinga Maastricht, sem er framtíðarsinfónía Evrópubandalagsins. Þó að við vitum að Evrópubandalagið er svo sannarlega ekki eina lausnin í þessum málum þá er það eina lausnin sem hugnast þessum fyrirtækjum því hún er líklega sú eina sem tryggir hagsmuni þeirra í lengd og bráð og því miður, eins og ég gat um áður, gegn hagsmunum þeirra sem hafa bent á hvað hinn gegndarlausi hagvöxtur hefur óholl áhrif á umhverfið, hversu hættulegt það er að hugsa aðeins í krónum og aurum en ekki í umhverfisvernd og miskunn fyrir umhverfinu, sem er jú sameign okkar allra, og get ég þó aðeins eins málaflokks sem vert er. Það hefur sýnt sig svo ekki verður um villst hverra hagsmuna Evrópubandalagið gætir á því samningssviði sem EES tekur til, þ.e. verslunar og viðskipta. Hagsmunir fyrirtækja, þeirra öflugu og stöndugu, eru æðri hagsmunum einstaklinganna. Mig langar að taka þrjú dæmi:

Ef fyrirtæki er að leita sér að starfsmönnum þá er á þessu frjálsa flæðisvæði mögulegt að finna staði þar sem vinnuafl er ódýrt og félagsleg réttindi lítil og þangað leita fyrirtæki í meira eða minna mæli með framleiðslu sína. Þetta er ákveðinn meginstraumur sem ekki verður á móti mælt. Hugsjónin er ekki að skapa sem flest störf þar sem það hentar vinnuaflinu. Þetta vinnuafl er vel að merkja fólk með fjölskyldur og rætur í sínum heimahögum. Þetta gerir einnig erfitt fyrir í launabaráttu á þeim svæðum þar sem laun eru blessunarlega hærri og þar sem félagsleg réttindi hafa verið tryggð. Dugar t.d. að nefna þá atlögu sem gerð er að fæðingarorlofi núna. Hótanir vofa sífellt yfir að ef menn geri óhóflegar kaupkröfur að mati vinnuveitenda vel að merkja þá flytji fyrirtækið starfsemi sína annað. Þetta gerir meira og minna máttlaus þau ákvæði EES-samningsins að laun og félagsleg réttindi hvers lands skuli gilda. Við slíkar aðstæður hlýtur það að vera tímaspursmál hversu lengi það mun gerast vegna þess þrýstings, sem stundum hefur verið kallaður „social dumping", að jafnað verði niður á við, ef ég nota klisju sem varð fleyg úr grein hv. þm. Árna Johnsens. Ég man ekki alveg hvernig hann ætlaði að jafna en ég man að í framhaldi kom þetta fram.

Þetta er fyrsta dæmið sem ég held að flestir kannist við og viðurkenni með einum eða öðrum hætti. Við sem erum andstæðingar Evrópska efnahagssvæðisins viðurkennum þetta berum orðum og hætt er við að fylgjendur Evrópska efnahagssvæðisins samþykki þetta einfaldlega með gjörðum sínum, með því nákvæmlega að nýta sér þetta og með því að beita þessum hótunum. Það er nú þegar hægt að búast við að fari að bera á þessu. Hér ber einnig að taka inn í myndina hversu mikið atvinnuleysi er á svæði Evrópsks efnahagssvæðis og hversu mjög það fer vaxandi hér. Raunar erum við að fá tíðindi um að það sé í hámarki sem ekki hefur orðið um margra ára skeið.

Í öðru lagi vil ég benda á að dómar sem fallið hafa vegna kæra fyrirtækja sem ekki hafa unað ströngum fyrirmælum um vörumerkingar varðandi t.d. efnainnihald vöru hafa fallið fyrirtækjunum í hag. Það er grundvallarlínan og því sem kallað er viðskiptatálmanir er gert hærra undir höfði en grunsemdum um að efni séu skaðleg. Ef ekki er búið að sanna að efni séu skaðleg er í rauninni gengið út frá því að það þurfi ekkert að vera að hafa fyrir því að setja þessar merkingar á umbúðirnar.

Ég vil bara taka eitt dæmi sem ekki ómerkari maður en fyrrum háskólarektor, Sigmundur Guðbjarnason, kom með á mjög athyglisverðri ráðstefnu um matvælaframleiðslu Íslendinga í upphafi þessa mánaðar. Jafnvel efni sem talin eru mjög skaðlaus eins og t.d. Nutrasweet liggja undir grun enn einu sinni. Samkvæmt þeim könnunum sem hann vitnaði til hefur komið í ljós að þetta skaðlausa efni, sem gengur ýmist undir nafninu Aspartam eða Nutrasweet eða Cand-

erel veldur höfuðverk. Það getur vel verið að það valdi engum öðrum skaða en höfuðverk en við sem þekkjum höfuðverk vitum að það er ærið nóg. Auðvitað ætti að vara fólk við slíku. En þetta er eitt af þeim efnum sem hafa verið úrskurðuð skaðlaus. Ég geri ráð fyrir að það teljist til viðskiptahindrana að tíunda þetta sérstaklega án þess að hafa sérstaklega farið út í að kanna það. Ég trúi fyrrv. háskólarektor þessu máli. Þetta er eitt af því sem mundi væntanlega flokkast undir viðskiptahindranir. Og lái mér hver sem vill að ég sætti mig ekki við þetta. Mér finnst þetta afturför. Þrátt fyrir að margt gott geti fylgt aðild að Evrópsku efnahagssvæði fyrir okkur sem erum svona frumstæð í neytendamálum þá er þetta samt sem áður eitt dæmi um að hagsmunir fyrirtækjanna ráða ferðinni en ekki hagsmunir einstaklinganna.

Þriðja dæmið sem ég ætla að taka er varðandi starfsréttindi. Þar er kannski um svolítið annað að ræða. Þar er nefnilega verið að fara út í alls konar leiðir sem ég sé ekki fyrir endann á. Ég geri ráð fyrir að flestar þeirra séu færar en þó varð ég vör við það í bandormsfrv., sem hefur verið til umfjöllunar í allshn., og hef fengið það staðfest að þar er verið að setja girðingar sem munu ekki halda vegna þess að það samrýmist ekki frjálsu flæði þjónustu. Þar er um að ræða að verið er að gera kröfu um búsetu á Íslandi þar sem búsetuákvæði hefur enga sérstaka skírskotun. Þrátt fyrir ábendingar og umfjöllun í nefndinni er ekki enn búið að leiðrétta þetta. Þetta er fölsk trygging fyrir launþegasamtök sem hafa sótt töluvert á um að settar séu girðingar. Ég er sjálf beggja blands varðandi það hvort sú krafa sé rétt. Engu að síður hlýt ég að virða það ef launþegasamtök telja að slíkar girðingar séu mikilvægar. Það er þá lágmark að þær haldi en ekki séu settar upp einhverjar pappírsgirðingar sem eru einskis nýtar ef farið er í mál. Þetta er því miður verið að gera.

Ég hef ekki mikið fjallað um stjórnarskrárþátt EES-samningsins í þeim fáu og tiltölulega stuttu ræðum sem ég hef haldið um Evrópskt efnahagssvæði. Ekki vegna þess að ég telji það mál lítilvægt heldur þvert á móti tel ég það skipta verulegu máli en ég tel að þeim þætti málsins hafi verið gerð afskaplega góð skil, svo góð að mér er það hreint óskiljanlegt hvernig það getur gerst að enn séu menn reiðubúnir til að taka þá áhættu að samþykkja samning sem mjög líklega brýtur ákvæði stjórnarskrárinnar.

Það er aðeins eitt efnisatriði sem ég tel ástæðu til að taka fram varðandi þetta. Ég er ein þeirra sem telja ekki ástæðu til að breyta ákvæðum stjórnarskrárinnar í þágu EES. Ég er fullkomlega sátt við hana eins og hún er nú þar sem eru umtalsverðar takmarkanir á því að við göngumst undir yfirþjóðlegt vald. Hins vegar geri ég mér fullkomlega grein fyrir því að vera kann að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði verði að veruleika hér á landi þótt það geti gerst á þann ólýðræðislega hátt sem ég gat um í upphafi ræðu minnar. Ef það gerist tel ég óhjákvæmilegt að standa að nauðsynlegum stjórnarskrárbreytingum í samræmi við frv. það sem nokkrir hv. þm. stjórnarandstöðunnar fluttu fyrr á þinginu og hefur verið vísað til ríkisstjórnarinnar. Það tel ég nauðsynlegt til að koma í veg fyrir þá óhæfu að á Alþingi Íslendinga verði framið stjórnarskrárbrot.

Ég verð að segja að mér þykir það nokkuð alvarlegt mál að telja að hægt sé að brjóta stjórnarskrána fyrst og breyta henni svo eins og lesa má út úr áliti fjórmenninga hæstv. utanrrh. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er hugsanlegt að reynslan leiði í ljós að það reynist ekki rétt sem við byggjum á um framkvæmdarvaldið og dómsvaldið, þ.e. að reglurnar um vald stofnana EFTA séu vel afmarkaðar, að þær feli ekki í sér verulegt valdframsal og séu ekki íþyngjandi í ríkum mæli. Einnig er hugsanlegt að í samkeppnismálum komi til meiri afskipta en hér er reiknað með. Við teljum ólíklegt að forsendur okkar að þessu leyti reynist rangar. Við teljum jafnframt að engin nauðsyn sé að ráðast nú í breytingar á stjórnarskránni vegna þessa möguleika. Ef fram kemur síðar að slíkra breytinga sé þörf er Ísland að þjóðarétti skuldbundið til að gera þær."

Mikið er ég oft búin að furða mig á þessum röksemdum. Þær ganga ekki upp í mínum huga. Ég er mjög ósátt við að það eigi að vera hægt að komast upp með að brjóta stjórnarskrána fyrst og lappa svo upp á hana eftir því sem brotið leyfir. Það finnst mér ekki sæmandi.

Í 5. kafla eru mörg önnur atriði sem mér blöskra svo að ég kemst eiginlega ekki ógrátandi í gegnum þann texta og ætla því ekki að kvelja hvorki sjálfa mig né aðra á því. Eins og við heyrðum hér vitnað í einn fjórmenninganna sagði hann að hann teldi að það væri eitthvert smotterí sem gæti kannski verið brotið þarna og samanlagt gæti það kannski verið dálítið mikið en samt ekki svo mikið að við þyrftum að hafa áhyggjur af því. Mórallinn í sögunni er þessi og þetta er auðvitað óviðunandi.

Í ljósi þess sem hæstv. forseti sagði á undan þá held ég að ég geti sleppt góðum hluta af næsta kafla ræðu minnar þar sem ég var farin að hafa verulegar áhyggjur vegna þess orðróms að einhverjir stjórnarsinnar hefðu áhuga á að takmarka málfrelsi í þessu stóra og viðamikla máli. En ég held að þeirri hættu hafi verið bægt frá. Ég skildi hæstv. forseta svo að hann mundi beita sér í því máli ef á þyrfti að halda. Ég vona raunar að þetta hafi bara verið einhverjar óábyrgar hugdettur. Hitt er aftur á móti alvarlegt að þessum hugdettum var komið á flæking sem hótunum. Það finnst mér ógeðfellt. Skoðanafrelsi og tjáningarfrelsi eru nefnilega mjög dýrmæt mannréttindi sem okkur er allt of gjarnt að telja sjálfsögð. Þessi mannréttindi ættu að vera sjálfsögð en við verðum að gæta þess vel að þrengja ekki um of að þessu frelsi okkar. Enn eru því miður margar þjóðir í heiminum þar sem þessi sjálfsögðu mannréttindi eru ekki virt.

Ég vil geta þess varðandi þessa umræðu að ég tel hana hafa verið bæði upplýsandi og markvissa að langmestu leyti. Enda í afskaplega mörg horn að líta og við getum ekki hvert og eitt kynnt okkur öll efnisatriði málsins. Ég held ég geti sagt það með góðri samvisku

að við kvennalistakonur höfum m.a. valið þann kostinn að skipta nokkuð með okkur verkum.

Sem betur fer slepp ég við að taka þennan kafla frekar fyrir sem ég hafði hugsað mér og tel heldur ekki ástæðu til að ítreka það enn og aftur að hluti af því sem felst í málfrelsi og skoðanafrelsi er sú leið sem hafnað var, þ.e. þjóðaratkvæðagreiðsla, en 70% kjósenda samkvæmt skoðanakönnun vildu fara þá leið. 34 þúsund kjósendur skoruðu á stjórnvöld skriflega að fara þá leið.

Franski upplýsingastefnumaðurinn og rithöfundurinn, Voltaire, sem uppi var á fyrri hluta átjándu aldar, var boðberi frjálslyndis í stjórnmálum. Hann var í andstöðu við ríkjandi valdastofnanir hvort sem þær voru veraldlegar eða kirkjulegar. Okkur kann að þykja það framandlegt hér og nú en sú var tíðin að kirkjan hafði ítök jafnvel hér á Íslandi. Þetta segir okkur að það er síbreytilegt hverjir eru valdhafar og það er síbreytilegt hverjir þurfa að krefjast réttar síns. Ein þeirra leiða út úr þeim ógöngum sem fær er er að auka vægi þjóðaratkvæðagreiðslna og hafa þær oftar. Ég veit að um þetta eru deildar meiningar bæði meðal stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga. Þetta er hins vegar mín skoðun og ég held að við ættum að líta á hugmyndir Voltaire þegar við gerum okkur grein fyrir því að það er stigsmunur en ekki eðlis hvernig farið er að þegar fólk lýsir skoðunum sem er ekki í þágu ríkjandi valdastofnana hvort sem þær eru kolkrabbar Íslands og Evrópu eða einhverjar aðrar valdastofnanir. Voltaire var tilbúinn að hætta frelsi sínu frekar en að þóknast ríkjandi stjórnvöldum. Hann fór í fangelsi vegna skoðana sinna oftar en einu sinni en lét það ekki á sig fá og hélt ótrauður áfram gagnrýni sinni. Hans þekktasta verk er án efa Birtingur, kostuleg háðsádeila á ýmislegt sem enn er í fullu gildi, m.a. á stíðsrekstur og valdahroka. Ég held að okkur væri hollt að skoða þessa ádeilu hans þegar nýir herrar vilja með nýjum ráðum ráða öllu og helst ekki heyra skoðanir fólks.

Ég geri það stundum að fletta góðum bókmenntum þegar mér þykir orðið forheimskandi bókstaflega að taka þátt í umræðu þar sem fyrst og fremst er beitt völdum en ekki rökum og ekki upplýsingum. Ég á hér við þann blæ sem skapast þegar mikill tími umræðu fer í karp og barning við ráðherra sem eru með ósvífin ummæli um þing og þar af leiðandi þjóð. Ástæður þess að slíkar yfirlýsingar hafa heyrst af munni ráðherra eru að mínu mati þær að þingmenn hafa ekki allir verið þóknanlegir ríkjandi herrum. Mér þykir illt að það skuli verða til þess að menn láta sér sæma að fara með fleipur og niðrandi ummæli. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að koma með örlitla hugleiðingu úr Birtingi til athugunar:

„Ó já, sagði Lítilsbeiðandi. Það er skemmtilegt að mega skrifa það sem maður hugsar. Það er réttur mannsins. Í allri okkar Ítalíu er aldrei skrifað annað en það sem maður hugsar ekki. Þeir sem byggja föðurland Sesara og Antónía þora ekki að láta sér detta neitt í hug án þess að spyrja einhvern svartmunk um leyfi."

Ég ætti kannski ekki að hætta mér út á þann hála ís en ætla samt að gera það með auknu hugrekki eftir að hafa lesið um að áður hafi menn verið gagnrýndir fyrir að hafa skoðanir og jafnvel málfrelsi og tjáningafrelsi á annan hátt og vekja athygli á því að ég tel að í EES-málinu, ekki síst í þeim hluta málsins sem varðar þjóðaratkvæðagreiðslu, hafi málfrelsi og skoðanafrelsi stjórnarþingmanna verið lítilsvirt. Þeir eru ekki margir sem hafa haft kjark, þor og kraft til þess að brjótast undan því ofríki sem þeir eru beittir af valdsmönnum þessa samfélags.

Ég ætla ekki að taka nein sérstök dæmi en ég veit þó að menn hafa verið með yfirlýsingar fyrir kosningar sem þeir verða síðan að kokgleypa og éta ofan í sig eftir kosningar vegna þess að valdamenn stjórnar segja þeim það. Ég vil líka vekja athygli á því að næstir á undan mér voru tveir þingmenn stjórnarliðsins sem ég veit að báðir höfðu ýmislegt fram að færa, Tómas Ingi Olrich og Árni R. Árnason, á mælendaskrá. Ég veit það ekki en mig grunar að það hafi verið þrýst á þá að taka sig út af mælendaskrá. Auðvitað vona ég að sá grunur minn sé rangur en það hefur gerst og ég þekki dæmi þess að stjórnarsinnar hafa ekki fengið að tala. Því er borið við, og verður sjálfsagt borið við í þessu tilviki, að við stjórnarandstæðingar, sem teljum okkur þurfa að tala og teljum okkur hafa rétt til þess, séum að taka tíma frá þeim. Í þessu tilviki á það hreinlega ekki við. Það er nógur tími. Við erum ekkert að falla á tíma. Það er misskilningur og margbúið að rekja það hér og ætla ég ekki að fara að taka tíma í það.

Ég hef áður fengið tækifæri, ekki síst í greinaskrifum, til þess að segja skoðun mína á hinu Evrópska efnahagssvæði varðandi sjávarútvegsmálin sem eru á mínu sviði og ætla því ekki að hafa langt mál um það. Þar koma saman bestu hliðar samningsins um Evrópskt efnahagssvæði og verstu. Bestu hliðarnar eru að sjálfsögðu þær tollaívilnanir sem við fáum og eru ótvíræðar. Það er alveg ljóst að þessar tollavílnanir munu skila sér, að vísu alls ekki í þeim stíl sem lofað hefur verið eins og jólasveininn væri á ferð stundum þegar verið er að gefa mönnum fyrirheit um milljarða. Við erum ekki að tala um upphæðir af þeirri stærðargráðu og fyrir því eru nokkrar ástæður, m.a. þær að samkeppnisstaða helstu samkeppnisaðila okkar eins og Noregs batnar meira en samkeppnisstaða okkar vegna þess að við búum við laka samkeppnisstöðu vegna ríkisstyrkja og einnig vegna þess að hér eru aðstæður fyrirtækja því miður ekki sem skyldi. Þetta hefur allt verið rakið býsna vel í umræðunni og ég ætla alls ekki að fara að tíunda þetta í smáatriðum því að ég hef haft ágætis tækifæri til þess og ég hef notað það.

Ég held að það sé ekki nema eitt atriði sem ég þarf að bæta við þarna. Það hefur nefnilega valdið svolitlum misskilningi hvaða möguleikar gætu komið upp ef við höfnuðum EES-samningnum. Í fyrsta lagi gæti sú staða komið upp að þar með væru Norðmenn afdráttarlaust í enn betri stöðu en við með sínar tollaívilnanir en á móti kemur að Norðmenn eru ekki búnir að ganga frá sínum fiskveiðisamningi og líka það að við vitum ekki hversu mikið uppnám EES-samningarnir færu í ef Íslendingar höfnuðu aðild að EES líka. Þetta er einfaldlega mál sem við ekki vitum. Það er því

mögulegt að við með okkar bókun 6 og hagstæðari samninga en Norðmenn nú stæðum betur ef við höfnuðum EES en Norðmenn en að sjálfsögðu er það ekki gefið. Það gæti farið svo að Norðmenn færu inn í Evrópskt efnahagssvæði, sem ég veit ekki hvað yrði kallað þá. Hins vegar er alls ekki sjálfgefið að þeir fari inn í Evrópubandalagið vegna þess að það er mjög sterk andstaða í Noregi. Einu sinni hafa þeir fellt aðild að Evrópubandalaginu og það eru kosningar næsta haust í Noregi og það er rökstuddur grunur, rökstuddur með skoðanakönnunum, að þá muni andstöðuflokkarnir gegn EB og EES sækja mjög í sig veðrið í Noregi. Hin pólitíska staða er því ekki sjálfgefin í þessu máli. Mér hefur þótt gæta býsna mikils misskilnings í þessu. Það hefur verið sagt:

A. Staðan er núna sú að við höfum betri samning en Norðmenn.

B. Ef við og Norðmenn förum inn á Evrópskt efnahagssvæði, þá bæta þeir að vísu stöðu sína meira en við en ef þeir færu einir inn, þá mundu þeir standa miklu betur en við.

Þetta eru ekki einu kostirnir. Fjórði kosturinn er sá að ekkert verði af Evrópsku efnahagssvæði. Þá hefðum við yfirburðastöðu. Þá gætu Norðmenn staðið betur ef þeir færu inn í Evrópubandalagið. Það er heldur ekki sjálfgefið. Allt byggist þetta á tíma, pólitískum vilja og því hversu mikið lýðræði verður í ákvarðanatöku. Mig grunar að Norðmenn með kröfu sína um aukinn meiri hluta, með þær kosningar sem fram undan eru á næsta hausti þar og með sína fortíð í andstöðu gegn Evrópubandalagsaðild hafi ekki sagt sitt síðasta orð þar.

Það getur því vel verið að dugnaður manna við að strika út nöfn sé feikilega mikill en sá möguleiki er vissulega fyrir hendi að ef við segðum okkur frá þessum samningi, þá yrði ekkert af Evrópsku efnahagssvæði þar sem flestar hinar þjóðirnar eru á leið inn í Evrópubandalagið, þ.e. stjórnvöld. Ég er ekki viss með þjóðirnar sjálfar. Ég hef reyndar feikilega miklar efasemdir um það.

Varðandi fiskvinnsluna, þá hefur það verið rakið mjög vel að í rauninni er bara frumvinnslan varin og það eru til bakdyraleiðir raunar nú þegar inn í frumvinnsluna. Það er ekki til fyrirmyndar. Ég var afskaplega hrædd við þau lög sem við settum á síðasta vetri varðandi fjárfestingar erlendra aðila þar sem ég taldi að væri möguleiki á meiri opnun en ég var reiðubúin að samþykkja í okkar viðkvæmu fiskvinnslu, þá er ég að meina frumvinnslu, og sömuleiðis í útgerð. Ég tel að við séum á háskabraut varðandi eignaraðild útlendinga í íslenskri fiskvinnslu. Allt utan frumvinnslu, þ.e. að verja fisk fyrir skemmdum, er galopið í anda þessa frjálsa flæðis og sú opnun getur orðið okkur mjög dýrkeypt. Ég tala ekki um þann hluta fiskvinnslunnar eins og fiskmarkaðina sem væntanlega er meira og minna skilgreint sem viðskipti en ekki fiskur. Ég held að eignaraðild erlendra aðila í íslenskum fiskmörkuðum sé kannski eitt það hættulegasta í þessu máli öllu saman.

Við verðum að muna að við eigum allt okkar undir sjávarútvegi og fiskvinnslu og við höfum verið að stíga skref aftur á bak sem sumir telja kannski að sé allt í lagi að stíga og halda að nú séum við bara að fá fjármagn í fiskvinnsluna okkar í okkar þágu. Ég held að það sé mikill græningjaháttur að halda að hingað komi menn með fullar hendur fjár til þess að styðja við bakið á Íslendingum, efla fiskvinnslu og útgerð og skilja svo arðinn eftir hér. Ég held að þetta sé því miður ekki raunhæft þó að það væri að sjálfsögðu æskilegt.

Ég tek undir orð hv. 1. þm. Austurl., Halldórs Ásgrímssonar, um að það er sjálfgefið að sjávarútvegssamningurinn eigi að frestast um ár vegna þeirrar stöðu sem komin er upp eftir að Sviss felldi samninginn um EES. Ég gleðst yfir því að hann skuli hafa tekið af skarið með það að hann er andstæðingur þess samnings sem við höfum nú séð. Ég hef haft tækifæri til að tjá mig um það mál og ég ítreka þau ummæli mín. Ég tel að þessi samningur feli í sér of mikla opnun til þess að við getum unað við hann. Ég tel líka að í honum geti verið gildrur og ég tel ekki ástæðu til þess að taka áhættu.

Ég sagði það fyrr í umræðunni og ítreka það enn að við megum ekki gleyma því að á hverju máli eru tvær hliðar, kostir og gallar. Ég þykist hafa rakið það að ég sé þá kosti sem eru fyrir hendi og geta fylgt opnari viðskiptum en þar er líka um galla að ræða. Ég hef líka viðurkennt það eins og aðrir að niðurfelling tolla er okkur hagstæð. Ég hefði viljað fá það með öðrum hætti en auðvitað fagna ég slíku. Það breytist ekkert þó að ég hafi bent á það að þessi hagnaður verði ekki eins mikill og menn héldu. Eitthvað kemur væntanlega neytendum til góða og jafnvel erlendum milliliðum og við því er ekkert að segja. Þetta er bara eðli viðskipta og ég skil ekki hvað menn eru viðkvæmir fyrir því þegar þetta er sagt, en því miður verður maður hreinlega fyrir árásum þegar maður nefnir þetta vegna þess að það má ekki segja neitt nema sem er gott og fagurt um þennan samning. Ég held að mig setji ekkert ofan þó að ég lýsi kostum þessa samnings. En ég ætlast til þess að aðrir þoli að heyra staðreyndir um það að þessir stóru kostir séu ekki algerlega hvítir heldur hafi komist einhver smáskuggi þar á.

Jafnframt held ég að það sé alveg ljóst að ég þoli það vel að heyra það að sumt hafi tekist vel varðandi fiskveiðisamninginn. Ég tel vel staðið að málum varðandi eftirlitsmenn um borð í skipunum en veika hliðin sé vigtunin í erlendum höfnum. Þarna er einn jákvæður punktur og einn neikvæður og það er ekkert athugavert við það að horfast í augu við slíkt. Menn geta haft deildar meiningar en það verður að vera hægt að tala um hlutina.

Ég ítreka það enn að aðrir ýmsir kostir sem nefndir hafa verið til sögunnar við Evrópska efnahagssvæðið varða mál sem vel er hægt að kippa í liðinn hér án þess að ganga í EES.

Eitt af því sem er dálítið margslungið mál er kannski ákveðin ástar-hatursafstaða íslenskra fyrirtækja og forsvarsmanna atvinnulífs Íslands gagnvart EES-samningum. Í öðru orðinu hvetja þessir aðilar mjög til þess að við drífum þennan samning í gegn. Í

hinu orðinu koma þeir með öll rökin sem eru gegn því að við göngum inn í Evrópskt efnahagssvæði eins og sakir standa núna. Ég ætla ekki að fara í þá grundvallarspurningu, sem ég býst við að mundi eftir standa á milli mín og þessara forsvarsmanna, hvort þetta sé æskilegt fyrir lýðræðið. Ég er bara að tala um praktísk mál núna út frá sjónarmiðum þessara manna. Ég skil ekki að menn haldi það að allt muni bara verða í himnalagi og allt í einu verði farið að styðja við bakið á og létta sköttum af íslensku atvinnulífi þegar við erum komnin inn í EES á sama tíma og verið er að benda á að það er verið að íþyngja atvinnulífinu m.a. með því að skapa þeim fyrirtækjum sem standa höllum fæti í samkeppni miklu erfiðari rekstrarskilyrði en fyrirtækjum sem þau verða óhjákvæmilega í samkeppni við.

Það er ekki bara smæð fyrirtækja sem veldur heldur eru það líka beinar aðgerðir stjórnvalda og ég heyrði það í fréttum að það væri hreint ekki verið að létta sköttum af atvinnulífinu. Ég verð að viðurkenna að ég var svo græn að ég hélt að það væri verið að því. En það er mat þeirra sem eru í atvinnulífinu að alls ekki sé verið að því, síður en svo. Ég á eftir að fara í gegnum staðreyndir þarna, en sé svo er þetta orðin slík hringavitleysa að það tekur ekki nokkru tali. Ég hélt að góðu fréttirnar væru þær að skattarnir væru að fara niður en aðrar aðstæður í samkeppni væru óhagstæðar. Það væru aðrir hlutir sem væru óhagstæðir í samkeppninni, ríkisstyrkir dulbúnir og ódulbúnir. Það væru slík atriði sem gerðu stöðu þeirra erfiða. Nú er það bara ekki þetta sem er verið að tala um. Það er hreinlega verið að segja að skattarnir standi fyrir sínu og ríkið taki sitt alveg sama hvað reynt er.

Samt sem áður skilgreini ég forsvarsmenn stórra samtaka atvinnurekenda sem valdaaðila og þar af leiðandi þá sem hafa þegar tögl og hagldir í samfélaginu, en aðra þá sem þurfa að sækja á um að njóta lýðræðis. Það er orðið ansi hart þegar efnisleg rök koma frá þessum aðilum, sem ættu að hafa það í hendi sér hvernig staðið er að málum, gegn þessu. Ég bendi á að það þarf ekki forsvarsmenn í atvinnulífinu til að segja mér það að við erum í þann veginn að fara að íþyngja ferðaþjónustu okkar svo svívirðilega að við erum kannski að kippa stoðum undan þeirri atvinnugrein sem hefur lofað einna bestu. Ég ætla ekki að voga mér að segja að það sé glæpsamlegt en það er afskaplega alvarlegt.

Varðandi iðnaðinn erum við ekkert að breyta neinu. Við erum fyrir löngu búnin að gera þær breytingar sem verða í iðnaðinum. Það er nokkuð sem allir vita að hefur löngu verið gert.

Varðandi ákvarðanatöku sem mér verður tíðrætt um langar mig til að vitna í ágætis pistil nóbelsskáldsins okkar, Halldórs Laxness, í sendibréfi hans til fransks prófessors, Regis Boyer. Þar segir hann m.a. dæmalausa sögu af kristnitökunni sem ég tel að sé svolítil dæmisaga um hvað er nákvæmlega að gerast núna. Ég trúi því að þetta muni menn skilja. Hann byrjar á orðum Ara fróða, með leyfi forseta:

„Þá er mælt í lögum að allir menn skyldu kristnir vera og skírn taka. Þetta afrek í því að fara aftan að siðunum virðist hafa verið samþykkt með lófataki á Alþingi við Öxará. Sem sé, Íslendingar voru ekki skírðir til kristni sem siður er í þeim trúarbrögðum, heldur lögfest á Alþingi að allir menn á landinu skulu kristnir frá þeirri stundu sem klappað er saman lófunum. Skiptir ekki máli þó menn séu óskírðir og með öllu óuppfræddir í kenningunni. Þetta er víst það sem kallað er contradicto in re.

En fátt segir um afdrif þessa ókatekiseraða fólks sem hvorki hafði getað lært kverið né gengið til spurninga en var orðið kristið samkvæmt lófataki andstæðinga sinna á Alþingi. Sem betur fer er guð stór eins og sagt er um Allah."

Læt ég þetta verða lokaorðin í máli mínu í kvöld.

Umræðu frestað.

84. FUNDUR

miðvikudaginn 16. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 372, 376, 411 og 470, brtt. 374. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi hefur:

Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti upplýsa að orðið hefur samkomulag um það að þingfundur standi hér til kl. 5 í staðinn fyrir kl. 4 og þingflokksfundir hefjist þá seinna sem því nemur. Þá er gert ráð fyrir að hugsanlega verði hér fundur milli 6 og 7 eða hálfátta og framhaldsfundur hefjist síðan aftur kl. hálfníu í kvöld. Þetta eru þær upplýsingar sem forseti hefur fengið en tekið skal fram að ekki er fastbundið með þingfund milli 6 og 7 en það mætti e.t.v. gera ráð fyrir því.

Um þingsköp.

Tilhögun þingfundar, nefndafundir o.fl.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé rétt að ég hefji þessa þingskapaumræðu eftir þau ummæli sem ég við-

hafði hér áðan í jólahádegisverði þingmanna og starfsfólks. — Ég var ekki stödd hér í nótt þegar fulltrúar þingflokkanna töluðust við, en ég vil árétta það sem fram hefur komið hér í umræðum áður að það eru boðaðir nefndarfundir í efh.- og viðskn. kl. sex á hverjum einasta degi alla þessa viku. Þar er verið að afgreiða mjög stór og mikilvæg mál sem tengjast ríkisfjármálunum eins og þingmenn vita og ég vil ítreka það enn og aftur að af minni hálfu kemur ekki til greina að það eigi sér stað samtímis þingfundir og nefndafundir. Ég vil fá að fylgjast með þeirri umræðu sem hér á sér stað um Evrópska efnahagssvæðið og ég veit að það gildir um fleiri nefndarmenn. Við sátum reyndar á okkur í gærkvöldi þegar nefndarfundur teygðist nokkuð vegna þess að við vorum með fullt hús af gestum sem höfðu mjög margt fram að færa í gagnrýni á skattafrv. ríkisstjórnarinnar sem við máttum að sjálfsögðu ekki missa af en það varð til þess að við misstum hér af einni ræðu í gærkvöldi. En ég vil sem sagt ítreka það, virðulegi forseti, að nefndafundir og þingfundir eigi sér ekki stað á sama tíma.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti tók það fram að það væri ekki fastbundið með tímann milli 6 og 7 en það mætti e.t.v. gera ráð fyrir því og þá var forseti einmitt með í huga nefndafundi sem hugsanlega stæðu á þeim tíma.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir ummæli síðasta ræðumanns þess efnis að meðan hér er ekkert samkomulag um þinghaldið og meðan hæstv. ráðherrar eru með sífelldar yfirlýsingar í fjölmiðlum um ofbeldisverk stjórnarandstöðunnar hér á þingi, þá verði ekki samtímis nefndafundir í mikilvægum nefndum sem eru að fjalla um stórmál og þingfundir. (**Gripið fram í:** Heimildir?) Heimildir, hv. framm íkallandi, eru m.a. Morgunblaðið í morgun, viðtal við hæstv. forsrh., kveðjur sem við fáum frá utanrrh. frá blaðafundum erlendis og viðtal við hæstv. forsrh. á Stöð 2 í gærkvöldi. Þetta gerist, virðulegi forseti, á sama tíma og við nefndarmenn í stjórnarandstöðunni höfum verið tilbúnir til þess að vinna hér nánast dag og nótt til að koma einhverju lagi á fylgifrumvörp ríkisstjórnarinnar með EES. Ég vil, virðulegi forseti, nefna það að efh.- og viðskn. hefur kappkostað að viðhafa vönduð vinnubrögð. Við höfum formann sem hefur skilning á stöðu Alþingis og við höfum lagt fram alla okkar starfskrafta til þess að koma málum í það horf að þau horfi til heilla fyrir land og þjóð burt séð frá því hver yrðu afdrif samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Að fá síðan yfirlýsingar frá hæstv. ráðherrum eins og við höfum legið undir síðustu daga er óþolandi.

Ég vil nefna það til viðbótar, virðulegi forseti, að sá sem hér stendur sat í morgun í rúma tvo tíma með formanni landbn. við að reyna að koma einhverju lagi á lagafrv. til þess að framkvæmdarvaldið gæti staðið við búvörusamninginn með það fyrir augum, ef samkomulag næðist um það að nefndin flytti málið, því að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki haft manndóm í sér til þess. Og að koma síðan út af slíkum fundum og lesa yfirlýsingar hæstv. forsrh. er óþolandi.

Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. forsrh. hefði verið hér og hlýtt á mitt mál en sá ágæti maður virðist ekki þurfa að sinna þingskyldum. Sá ágæti maður virðist telja vettvanginn til þess að ræða um þingsköp, hvernig þau séu túlkuð og með þau farið, vera í fjölmiðlum en ekki við okkur alþingismenn hér á þingi. (Forseti hringir.) Þetta vil ég segja hér, virðulegi forseti, undir liðnum um gæslu þingskapa því að þingstörf geta ekki farið fram með eðlilegum hætti undir stöðugum yfirlýsingum hæstv. ráðherra í fjölmiðlum um störf þingmanna, störf þeirra manna sem hér hafa lagt nánast nótt við dag til þess að koma einhverju lagi á frumvörp.

Ég vil, virðulegi forseti, endurtaka hér það sem ég sagði í ræðu í fyrra að að hluta til er þetta væntanlega vegna þess að hæstv. forsrh. hefur aldrei tekið þátt í almennu þingstarfi og hefur ekki hugmynd um hvað nefndastörf á Alþingi snúast.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil að það komi fram og vil staðfesta það að samkomulag varð í gærkvöldi eða öllu heldur í nótt á milli nokkurra fulltrúa stjórnmálaflokkanna um það að við mundum beita okkur fyrir að stytta þingflokksfundatímann í dag þannig að þingflokksfundir hæfust ekki fyrr en kl. 5. Ég hef boðað þingflokk framsóknarmanna til fundar á þeim tíma. Þetta vildi ég að kæmi hér fram.

Varðandi athugasemdir sem fram hafa komið um nefndastörf, þá liggur að náttúrlega ljóst fyrir og er skýrt kveðið á um í þingsköpum að ef fundir standa á Alþingi, þá er ekki hægt að halda nefndafundi á sama tíma ef ekki ríkir fullt samkomulag um það í nefndunum, þ.e. það dugir ef einhver nefndarmaður óskar eftir því að vera við umræðuna, þá verður að fresta nefndafundunum. Þetta liggur í hlutarins eðli.

Út af síendurteknum ummælum sumra ráðherranna í fjölmiðlum um störf Alþingis og um alþingismenn, þá held ég að væru þetta hyggnir menn og verklagnir, þá mundu þeir passa á sér munninn þessa daga. En það er auðvitað þeirra mál hvernig þeir haga orðum sínum í fjölmiðlum og þeir taka þá afleiðingunum af því og ef það er þeirra háttur að greiða fyrir þingstörfum, þá er það þeirra mál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti ítrekar það sem hún sagði fyrr varðandi það ef nefndafundir þurfa að fara fram á þingtíma, þá er haft gott samráð um það og tekið tillit til þess. Hv. 4. þm. Austurl. kveður sér hljóðs um gæslu þingskapa. Forseti hafði ekki tekið eftir því að hann var búinn að biðja um orðið fyrr.

Um þingsköp.

Framhald umræðna um EES og fjarvera utanríkisráðherra.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er nú aðeins út af því þegar beðið er um orðið hér að ég nefni það í upphafi að ég hafði litið svo til að þegar ljóst væri að aðstoðarmaður forseta hefði tekið eftir, þá gengju boð á milli. Það væri gott fyrir okkur að vita það hvort við þurfum að ná beinlínis sambandi við forseta eða hvort aðstoðarmenn taka við og flytja á milli boð.

En það var ekki það sem ég ætlaði að ræða hér heldur sú frétt sem mér barst í morgun sem tengist dagskrá þessa fundar þess efnis að hæstv. utanrrh. væri farinn úr landi. Ég veit ekki hvort ég er einn um að sakna hæstv. ráðherra hér úr hópnum, þeir eru óvenjumargir staddir hér núna, en ég fékk það staðfest í morgun að hæstv. ráðherra væri farinn úr landi, sá ráðherra sem hefur forræði á þeirri umræðu sem hér fer fram, því dagskrármáli. Mér er ekki kunnugt um að neitt samkomulag hafi verið gert um það, það hefur a.m.k. ekki verið greint frá því í mínum þingflokki að neitt samkomulag hafi verið gert um það eftir að þessi umræða hófst hér gegn mótmælum stjórnarandstöðunnar að utanrrh. ætlaði að fara úr landi meðan á umræðunni stæði eða tiltekna daga.

Nú hef ég auðvitað ekkert við það að athuga að hæstv. ráðherra fari erlendis og vafalaust er hann að gegna skyldustörfum. En þá ætti að vera jafnsjálfsagt að umræðu væru frestað á meðan um þetta mikilvæga mál og hún upp tekin og henni fram haldið þegar ráðherrann er kominn á vettvang á nýjan leik.

Ég óska eftir því að á þessu máli verið tekið á milli fulltrúa þingflokka því að hafi eitthvert samkomulag verið gert, þá hefur það a.m.k. ekki borist mér til eyrna. Ég tel nauðsynlegt að það liggi þá ljóst fyrir ef um það hefur verið samið með einhverjum hætti, það er mér ókunnugt um, og ég verð að lýsa mikilli undrun á þessu ef ráðherrann ætlast til þess af forustu þingsins að halda þessu máli hér á dagskrá í sinni fjarveru. Ég vil taka það fram að þó að að sjálfsögðu muni einhver ráðherra gegna embættisverkum innan lands fyrir hæstv. ráðherra á meðan, þá gildir það auðvitað ekki gagnvart þessu máli hér, þessu stóra máli. Þingmenn hljóta að eiga heimtingu á því að hæstv. ráðherra sé í kallfæri þegar þetta mál er hér rætt.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Nú hefur þingheimur afrekað það í þessari umræðu, 2. umr. um Evrópska efnahagssvæðið, að tala 96 sinnum um þingsköp. Þetta þykir mér afar merkilegt og ég tel rétt að koma fram með þessar upplýsingar hér.

Varðandi það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var að ræða hér áðan, þ.e. fjarveru hæstv. utanrrh., (Gripið fram í.) fyrirgefðu, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, ég hef orðið núna. Varðandi umkvartanir hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar hér áðan þá er rétt að það komi fram að í því samkomulagi sem gert var 2. des. milli forustu þingflokka stjórnar og stjórnarandstöðu, þá gerði hæstv. utanrrh. skýra grein fyrir því að hann þyrfti að vera utan þessa daga, þ.e. í dag og á morgun. Eigi að síður, áður en hann hóf utanför sína, þá gekk hann sjálfur á vit forustu allra stjórnarandstöðuflokkanna og greindi þeim frá því að hann væri á leið utan og spurði jafnframt hvort það væru einhverjar mótbárur við því. Samkvæmt því sem hann tjáði mér voru engar mótbárur við því þannig að það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að það er með vitund forustu stjórnarandstöðunnar að hæstv. utanrrh. heldur í sína opinberu för til útlanda. Þetta tel ég algjörlega nauðsynlegt að komi hér fram í framhaldi af ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það er nú söknuður að því að hæstv. utanrrh. skuli farinn utan en það gladdi mig þó að það var í opinberum erindum, að hvorki þolið né þvagfærin höfðu brugðist. Ég segi það nú vegna ummæla hv. þm. Össurar Skarphéðinsson að 97 ræður í þingsköpum segja okkur það að samkomulag hefur ekki tekist við hæstv. forseta eða forsætisnefnd í þessu máli. Og það er auðvitað miður að þinginu skuli hafa verið hleypt upp í þessar deilur og ekki leitað eftir því að ná samkomulagi við stjórnarandstöðuna um þetta stóra mál. Ég vil lýsa því yfir að við eigum margir eftir að ræða um EES-samninginn og höfum ekki enn tekið þátt í þeirri umræðu. Það eru tugir þingmanna sem enn hafa ekki tekið þátt í þeirri umræðu, töluðu ekki við 1. umr. og það mál hefur ekki enn verið mikið rætt hér í þinginu. Og ég sá það haft eftir hæstv. utanrrh. í Dagblaðinu í dag að hann hafði lítið við þá umræðu að athuga. Við eigum eftir að halda málefnalegum umræðum áfram um EES-málið og við verðum að fá frelsi til þess. En við sættum okkur ekki við þriðja næturfundinn í röð og við ræðum ekki málið á meðan hæstv. utanrrh. er erlendis hvort sem hann hefur rætt það við forustumenn þingflokkanna eða ekki. Það hefur ekki verið rætt við okkur sem ekki höfum tjáð okkur í málinu.

En við hæstv. forseta vil ég segja það að margir bera það traust til hæstv. forseta Alþingis, frú Salome Þorkelsdóttur, að hún með sterkri hendi verji löggjafarþingið og tryggi það að opinská og hreinskiptin umræða um samninginn um EES fari hér fram. Við þær aðstæður sem nú blasa við, Sviss hefur fellt og það er ekki hægt að lögtaka samninginn, þá er það skoðun margra manna að forseti þingsins eigi að taka frumkvæðið og fresta þessari umræðu fram yfir áramót. Ég hygg að margir horfi til forsetans í þessu efni því að það verður að ræða samninginn um EES og hann verður að vera hafinn yfir pólitík, hann verður að vera hafinn yfir misskilinn persónulegan metnað einstakra ráðherra, hafinn yfir allan þrýsting erlendis frá. Það er alvarlegt ef kröfugerð og fyrirmæli frá EFTA- og EB-þjóðum vega þyngra og verða látin ráða því að málinu skuli þröngvað hér í gegn og gert að lögum þótt færustu prófessorar segi að íslensk lög leyfi ekki að þetta lagafrv. verði afgreitt frá Alþingi í óbreyttri

mynd, hvorki með samþykkt eða synjun eins og hér kom fram í gær. Þess vegna set ég nú enn traust mitt á hæstv. forseta Alþingis, að hún gæti þess að hún er forseti alls þingsins og að sumu leyti forseti allrar þjóðarinnar í þessu máli.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Auðvitað er það vilji okkar allra hér í þinginu að reyna að ná saman um hvernig við leiðum mál til lykta. Og það er almennt farsælt að menn átti sig á því að þetta er vinnustaður eins og hver annar vinnustaður og menn eiga að sýna hver öðrum skilning og umburðarlyndi í því. Það var nú í þeim anda — ég vil biðja hv. þm. Össur Skarphéðinsson að vera hér í salnum. Forseti. Ég verð að bíða meðan þingmaðurinn víkur úr salnum og vona að klukkan gangi ekki á mig á meðan. — Það var í þeim anda, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem ég tók því vel þegar hæstv. utanrrh. hafði samband við mig í nótt og bað um að því yrði sýndur skilningur að hann þyrfti að hverfa á utanríkisráðherrafund NATO. Ég sagði honum að ég mundi sýna því skilning og ég mundi meira að segja beita mér fyrir því að menn mundu sýna því skilning hér í þinginu. En ég verð að segja við hv. þm. Össur Skarphéðinsson að það er ekki mjög skynsamlegt að byrja á því að koma hér upp sem formaður þingflokks Alþfl. og fara að skattyrðast við þingmenn um það hvað þeir hafa talað oft um þingsköp. (**ÖS:** Ég nefndi þig nú ekki.) Það skiptir engu máli hverja þú nefndir, hv. þm. Gjörðin var hin sama. Er þetta virkilega þannig að það þurfi að útskýra fyrir formönnum þingflokka stjórnarflokkanna og forsrh. og utanrrh. svona almenna mannasiði í samskiptum við menn hér í þinginu? Við erum búnir að glíma við það að hæstv. utanrrh. er hér utan þings búinn að senda mönnum tóninn. Auðvitað hefur það verið mjög óheppilegt og meira en helmingurinn af þingskaparæðum sem hér hafa verið hafa verið vegna þeirra ummæla, hv. þm., utan þings.

Síðan þegar hæstv. utanrrh. fer úr landi, þá byrjar hæstv. forsrh. á því að senda þinginu tóninn utan þings og svara þingmönnum eins og hv. þm. Steingrími Hermannssyni utan þings. Forsætisráðherrann hafði ekki manndóm í sér til þess að koma hér upp og svara hv. þm. Steingrími Hermannssyni í andsvari en sendir honum skæting og athugasemdir í viðtali við Morgunblaðið í dag. Og ef formaður Sjálfstfl., forsrh., og formaður Alþfl., utanrrh., halda þessu áfram að senda þinginu tóninn með þessum hætti, með skætingi, óhróðri og rógi utan þings, þá er nánast vonlaust að ná hér saman. Það hljóta allir að skilja. Ég tel ekki að þessir tveir hæstv. ráðherrar séu svo óskynsamir að þeir átti sig ekki á því að með þessu eru þeir að gera samkomulagið mjög erfitt.

Engu að síður, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, samþykkti ég það fyrir mitt leyti gagnvart hæstv. utanrrh. að greiða fyrir því að menn sýndu því skilning. En ég vona þá að meðan hæstv. utanrrh. er erlendis fari hann ekki að senda þinginu tóninn og hann hætti því líka þegar hann kemur heim. Og ég vona að á meðan verði hæstv. forsrh. ekki í því að senda þinginu tóninn. Það er því frumskilyrði fyrir því að við getum öll unnið að því að þessir tveir forustumenn þjóðarinnar hætti að senda þinginu tóninn með þessum hætti.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Út af þessum umræðum vil ég að það komi hér fram að hæstv. utanrrh. kom að máli við mig í nótt og greindi mér frá því að hann teldi sig þurfa að fara til skyldustarfa á nauðsynlegan fund í Brussel og spurði hvort við framsóknarmenn mundum gera um það umkvörtun þó að hann yrði ekki viðlátinn þessa umræðu. Ég svaraði honum því að við hefðum ekkert samþykkt að hafa þessa umræðu, hún væri haldin í trássi við okkur. Ég skyldi kanna það hjá þingmönnum Framsfl. hvort þeir gerðu sérstakar athugasemdir við það að staðgengill hans, hæstv. viðskrh., væri hér og sæti fyrir embættisins hönd undir umræðunni. Ég hafði samband við þá þingmenn Framsfl. sem voru í húsinu. Ég held að mér hafi tekist að ná tali af þeim öllum nema kannski einum og niðurstaða okkar varð sú að hindra ekki för hæstv. utanrrh. enda höfum við skilning á því að hann þarf að sinna sínum embættisverkum. Ég vona að hann geri það vel og endist bæði líkamlegt og þá kannski ekki síður andlegt þrek til að gera það með viðhlítandi hætti. Ég tók persónulega fram við utanrrh. að ég hefði fram að færa spurningar til hans og athugasemdir sem ég vildi koma á framfæri við hann persónulega héðan úr ræðustól. Ég mundi þá geyma mér þær þangað til síðar í umræðunni eða þá í versta falli að láta þær koma fram við 3. umr.

Mér er það nokkurt áhyggjuefni ef hinn menntaðasti af fulltrúum Alþfl. hér á þingi, hv. 17. þm. Reykv., dr. Össur Skarphéðinsson, svo lærður maður og gætinn, getur ekki setið á sér og ég vil nú biðja hann þar sem hann er fremstur sinna flokksbræðra að lærdómi og ýmsu fleiru og auk þess skynsamur og skemmtilegur náungi að passa það nú að sitja á sér ekki síður heldur en hæstv. ráðherrar. Það fer aldrei vel þegar byssurnar skjóta sjálfar, þá geta orðið óhöpp.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Í samkomulagi sem gert var milli þingflokka um afgreiðslu þingmála fyrir jólahlé miðvikudaginn 2. des., áður en atkvæðagreiðslan í Sviss fór fram, kom það fram og er bókað að hæstv. utanrrh. óskaði eftir því að ekki yrðu gerðar athugasemdir við óhjákvæmilega fjarveru hans vegna funda erlendis 17. og 18. des., þ.e. á fimmtudegi og föstudegi í þessari viku en þá var áformað að hefja 3. umr. um EES-málið í dag, 16. des. En á þessum fundi og í þessu samkomulagi var líka bókaður sá fyrirvari af hálfu Alþb. og Samtaka um kvennalista að til greina kæmi að halda umræðu áfram á laugardegi 19. ef henni lýkur ekki á miðvikudegi 16. Ég vildi vekja á þessu athygli vegna þess að þessi bókun tengist auðvitað því að við vorum því samþykk á þeim tíma, ef samningurinn yrði ekki felldur í Sviss, að hefja 3. umr. í dag en fresta henni síðan á meðan utanrrh. væri í burtu á

fimmtudegi og föstudegi og halda henni síðan áfram á laugardegi. Þetta kemur alveg skýrt fram í bókun þessara tveggja stjórnarandstöðuflokka og var þeirra viðhorf á þeim tíma. Þess vegna er það ekki rétt að halda því fram að það hafi á sínum tíma verið gert samkomulag um það að hæstv. utanrrh. gæti óátalið verið í burtu meðan verið væri að ræða hér um þennan samning. Það var þvert á móti einmitt gert ráð fyrir því að það yrði þá ekki haldið áfram umræðum um samninginn meðan hann væri í burtu eins og kemur glöggt fram af þessum bókunum.

Hæstv. utanrrh. kom að máli við mig eins og marga aðra hér í nótt og ég benti honum á þessa fyrirvara. Ég benti honum líka á að það hefði ekkert verið rætt um þetta mál í þingflokkunum eftir að samkomulagið fór út um þúfur eins og allir þekkja. Ég sagði honum hins vegar að ég teldi eðlilegt að hann sækti nauðsynlega fundi erlendis og ég mundi ekki persónulega gera athugasemd við það, en ég væri hins vegar fullviss um að einhverjir alþingismenn yrðu til þess að sakna hans hér ef haldið yrði áfram umræðu um samninginn og mundi óska eftir því að hann svaraði spurningum. Og það hefur þegar komið á daginn. Ég vildi að þetta kæmi hér skýrt fram að þannig er staða málsins. Þetta hefur ekkert við rætt í þingflokkunum, þarf auðvitað að ræðast þar og milli þingflokksformanna. Það er dálítið sérkennileg staða að halda áfram umræðum um málið án hans en persónulega hef ég lýst því yfir að ég muni una því að hann sé í burtu meðan málið er hér til umræðu en veit að ég get ekki bundið einstaka þingmenn hvað varðar kröfugerð um svör við spurningum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. viðskrh., starfandi utanrrh., kveður sér hljóðs um gæslu þingskapa.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hv. 4. þm. Austurl. hóf um skammvinna fjarveru hæstv. utanrrh. frá þessari umræðu vil ég láta það koma alveg skýrt fram að för hans var ekki afráðin fyrr en hann hafði gengið úr skugga um að forustumenn stjórnarandstöðuflokkanna, bæði formenn þingflokka og formenn flokka, mundu ekki gera athugasemd við þessa fjarvist sem stafar af embættisskyldum hans í öðru landi. Þá kom það líka fram að þeir mundu beita sér fyrir því að þessi fjarvist sætti ekki athugasemdum. Þetta hefur reyndar verið staðfest hér bæði af hv. 8. þm. Reykn. og hv. 1. þm. Norðurl. v. Ég vona þess vegna að þetta eigi ekki að tefja þessa umræðu og hún geti haldið áfram.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get vel skilið að það séu þingmenn hér sem telja sig eiga margt vantalað við hæstv. utanrrh. og kunni því að vera ósáttir við hans fjarveru en það er rétt sem hér hefur komið fram að það var ljóst í byrjun mánaðarins að hæstv. utanrrh. yrði erlendis þessa daga og það var auðvitað skoðað í því samhengi hvar umræðan yrði stödd á þeim tíma. Nú er staðan auðvitað allt önnur en það breytir ekki því að hæstv. utanrrh. hafði samband við allmarga í nótt og ég geri ekki persónulega athugasemd við það að hann skuli vera fjarverandi. Ég hef sannast að segja meiri áhuga á því að tala við þing og þjóð heldur en hann einan og sér og það sama gildir um hv. þm. Jónu Valgerði Kristjánsdóttur en við tvær eigum eftir að tala hér við 2. umr., svo framarlega sem aðrar þingkonur Kvennalistans hugsa sér ekki að tala öðru sinni, sem vel kann að vera. En mér skildist á hæstv. utanrrh. að það væri orðið mikið álitamál hvort Ísland væri í NATO. Mér er svo sem sama um það en hann taldi mikið nauðsynjaverk að hann mætti á þessum fundi og við lýstum strax í byrjun mánaðarins skilningi á því að hann yrði að vera þarna á þessum, að því er okkur skildist, mikilvæga fundi og því var ekki gerð athugasemd við það að hann færi á þessum tíma. Ég ítreka það að við sem eigum eftir að tala gerum ekki athugasemd við hans fjarveru.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Lái mér hver sem vill fyrir að gera athugasemd við það hvernig mál ber að hér og fjarveru hæstv. utanrrh. Ég hygg að ég sé annar á mælendaskrá sem hér liggur fyrir hæstv. forseta og ég hafði gert ráð fyrir því að röðin kæmi að mér sl. nótt, fylgdist með umræðu frá skrifstofu minni, þar á meðal að hér var fundi slitið um hálfþrjúleytið í nótt. Síðan frétti ég það þegar ég kem til nefndarfundar í morgun að ráðherrann sé farinn, heyrði það að vísu á skotspónum hér svo að öllu sé til haga haldið á bifreiðastæði Alþingis þegar ég var að fara heim á leið um þrjúleytið að það gæti verið að hann væri á förum og spurðist því fyrir um það í morgun þegar ég kom til nefndarfundar. Þar var mér tjáð að svo væri og ég varð satt að segja afar undrandi á því að ráðherrann tæki til þessa bragðs að fara úr landi án þess að hlutast til um að umræðunni væri frestað. Ég geri að sjálfsögðu enga athugasemd við það að ráðherrann fari úr landi. En að halda hér áfram þessari umræðu að ráðherranum fjarstöddum, umræðu sem er nauðsynjalaus að mati okkar í stjórnarandstöðunni og óréttmæt, fæ ég einfaldlega ekki skilið. Það gengur ekki upp í mínum huga að ætla að koma þannig fram við Alþingi í þessu máli.

Ég ætla hins vegar ekki, ef menn líta svo til að hér hafi verið gert einhvers konar samkomulag, heiðursmannasamkomulag án þess að ég frétti af því hið minnsta, þá ætla ég ekki að standa á móti því að þessi umræða fari hér fram og nýta minn rétt til þess að tala hér þó að það verði ekki við ráðherrann og þá eingöngu í trausti þess, virðulegur forseti, að mér gefist kostur á að tala við ráðherrann í annarri umræðu þegar hæstv. ráðherra er kominn aftur til landsins. Og það legg ég áherslu á: Í trausti þess að mér gefist kostur á að ræða við hæstv. ráðherra þegar hann kemur til landsins í annarri umræðu þessa máls.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það liggur ljóst fyrir hvaða viðræður fóru hér fram í nótt og þingflokksformaður okkar hefur skýrt skilmerkilega frá því. Við aðrir þingmenn sem ekki höfum komið að þeim málum munum að sjálfsögðu ræða þetta á þingflokksfundi í dag og vega það og meta. Ég vek athygli á því að í því sem frá hefur verið greint er ekki tekið fram að leitað hafi verið eftir samkomulagi um að 2. umr. lyki áður en hæstv. utanrrh. kemur heim. Og ég vil líka láta það koma fram að mér mislíkaði nokkuð að heyra tóninn í hæstv. viðskrh. Ég skildi hans orð þannig að niðurstaðan væri í raun og veru sú að það væri allt í lagi að halda áfram umræðu að utanrrh. fjarstöddum. Ef formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar og formenn flokkanna væru því samþykkir skipti litlu hvað aðrir þingmenn í þeim flokkum segðu eða vildu um það mál. Ég vil mótmæla þessu. Ég tel aðra þingmenn jafngilda og okkar forustumenn og vænti að hæstv. viðskrh. leiðrétti þetta ef ég hef skilið hans orð rangt.

Stefán Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það er vegna brotthvarfs hæstv. utanrrh. sem við göngum hér í þennan ræðustól nú. Hann hefur vikið sér frá og sjálfsagt mun hann halda þar einn af sínum alkunnu blaðamannafundum á erlendri grund þannig að erlendar þjóðir munu þá fá að fylgjast enn betur með störfum þessa þjóðþings og hvernig vinnutilhögun okkar hér er háttað.

Vegna orða hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur hér áðan þegar hún sagði það að hún vildi fremur tala til þings og þjóðar heldur en til hæstv. utanrrh., þá getur verið nokkuð til í því en því miður er það nú svo og það sem mestum áhyggjum veldur hjá mörgum okkar þingmanna er einmitt það að umboðið er því miður í höndum þessa manns. Það er sá galli sem er á gjöf Njarðar. Það er hins vegar nokkuð merkilegt sem hefur komið hér fram í máli hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar þar sem ráðherra mun hafa komið að máli við hann hér í nótt og hv. formaður Alþb. mun hafa lýst því yfir að hann gerði ekki athugasemdir við þetta brotthvarf ráðherrans. Ef ég man rétt, þá er ekki langt síðan hv. þm. stóð í þessum sama ræðustól og baðst vægðar fyrir hönd Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur að hún gæti ekki hafið hér upp raust sína vegna þess að klukkan var þá 12 að kvöldi. En hann getur fallist á það að bjóða þingmönnum sínum og þeim þingmanni t.d. sem hefur lagt sjálfsagt allra mesta vinnu nokkurs þingmanns Alþb. sem er hér á mælendaskrá að hann tali hér í fjarveru utanrrh. Mér finnst þetta því nokkuð merkileg sinnaskipti sem hér hafa orðið.

Ég vil einnig bæta því við að gefnu tilefni að aldrei hefur verið við mig rætt um það að Jón Baldvin Hannibalsson væri að fara hér út af þingi. Ég er fyrst að heyra þetta nú og ég veit að það er einnig svo með hv. þm. Guðna Ágústsson. Ég hef ekki rætt við aðra þingmenn Framsfl.

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 372, 376, 411 og 470, brtt. 374.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég verð nú fyrst að gera athugasemdir við þennan fallega og góða ræðustól okkar. Þegar svo viðamikil mál eru til umræðu sem nú er þá er næsta þröngt hér og ég held ég verði að fá að leggja frá mér gögn hér á skrifaraborðið. (**Forseti:** Það er bara alveg sjálfsagt að hjálpa til.)

Svo er mál með vexti að ég þarf að fara fáeinum orðum um þetta mál. Þetta er áreiðanlega afdrifaríkasta mál sem núverandi þingmenn hafa fjallað um og sennilega ekki nema eitt sem ég get hugsað mér enn þá afdrifaríkara sem gæti mætt okkur síðar á þingferli okkar. Ég hef átt sæti í utanrmn. og stend að nál. 1. minni hluta ásamt hv. 7. þm. Reykn., Steingrími Hermannssyni. Hann flutti í framsögu fyrir þessu nál. mjög yfirgripsmikla ræðu þar sem hann rakti viðhorf okkar til málsins, gagnrýndi ýmsa þætti þessa samnings og þessa máls. Ég mun forðast að endurtaka það sem hann sagði og get þar með stytt ræðu mína talsvert mikið. Ég er sammála þeim röksemdum sem hann kom fram með, í einstaka atriði þó hefði ég tekið ofurlítið dýpra í árinni og reyndar einstaka atriði aðeins grynnra.

Ég tel að sú ræða sem hv. 7. þm. Reykn. flutti sem framsögu fyrir þessu nál. okkar hafi verið alveg til fyrirmyndar og mjög efnisrík. Hæstv. forsrh. lætur sér hins vegar sæma í Morgunblaðinu í morgun að kalla þessa ræðu málþóf. Það tel ég ekki skynsamlegt hjá honum. Nú er hæstv. forsrh. ekki viðstaddur þessa umræðu í dag en ég get ekki annað en látið það koma fram að ef hæstv. forsrh. vissi þó ekki nema helminginn af því sem hæstv. 7. þm. Reykn. veit um málið, þá hef ég ekki trú á því að hann kæmi því fyrir í styttra máli en hv. 7. þm. Reykn. gerði.

Ég hef unnið talsvert í þessu máli á undanförnum árum. Ég hef átt sæti sem fulltrúi Framsfl. í Evrópustefnunefnd sem hér starfaði og vann mikið starf, fyrst undir forustu hv. fyrrv. þm. Kjartans Jóhannssonar, sem nú er sendimaður okkar í Genf, og síðan undir forustu hv. 4. þm. Reykv., Eyjólfs Konráðs Jónssonar. Evrópustefnunefnd lagði grunninn að þekkingu okkar þingmanna á Evrópubandalaginu og á henni byggir þingið að sjálfsögðu eða hefur aðgang að feiknarmiklum og allvönduðum gögnum um eðli og uppbyggingu Evrópubandalagsins.

Ég hef átt sæti í utanrmn., sem eins og kunnugt er er búin að halda um þetta mál eitthvað á milli 90 og 100 fundi, ég hef átt sæti sem fulltrúi Alþingis í þingmannanefnd EFTA. Ég hef reynt að nálgast þetta viðfangsefni með opnum huga og ég hef reynt að forðast eftir því sem ég hef getað að vera með upphrópanir, hallelújahróp eða fordæmingu á málinu. Ég hef að vísu allan tímann verið mjög andvígur því að Ísland gerðist aðili að Evrópubandalaginu og sú skoðun mín hefur ekkert breyst. Ég vonaðist hins vegar lengi vel eft-

ir að samningum um Evrópskt efnahagssvæði kynni að ljúka þannig að viðunandi væri fyrir Íslandi en lagði jafnframt alltaf áherslu á að meta lokaniðurstöðuna þannig að við værum ekki að loka okkur inni í einhverjum samningi sem e.t.v. yrði ekki hagkvæmur.

Hv. fyrrv. forsrh., 7. þm. Reykn., Steingrímur Hermannsson, setti fram í Ósló í mars 1989 fyrirvara fyrir Íslands hönd þegar við gengum að þessu samningaborði og ég var þeim samþykkur. Og ég var því samþykkur að viðræður voru teknar upp, að sjálfsögðu með það í huga að við gætum ekki gefið okkur það fyrir fram að við mundum samþykkja lokaniðurstöðuna, hver sem hún yrði, og á það legg ég áherslu.

En nú hefur orðið önnur lending heldur en sú sem við vonuðum í mars 1989. Fyrirvararnir eru flestir að engu orðnir eða þá svo útvatnaðir að þeir eru þýðingarlitlir. Það er breyttur samningur sem liggur hér fyrir, hann er meira að segja í grundvallaratriðum breyttur síðan á vordögum 1991.

Hv. 7. þm. Reykn. gerði í ræðu sinni ítarlega grein fyrir þeim breytingum sem orðið hefðu á samningnum og ég get því farið fljótt yfir sögu að því leyti til. En í þessum samningi, eins og hann liggur nú fyrir á þingskjölum — svo langt sem þau ná því hér er ekki um endanleg þingskjöl að ræða heldur einungis leifarnar af gömlu samkomulagi sem fellt var í Sviss og stendur ekki lengur sem slíkt, stendur ekki lengur sjálfstætt. — Í þessum leifum af samkomulagi er ekki það sem við vonuðumst eftir. Í þeim er yfirþjóðlegt vald. Í þeim er fullveldisskerðing fyrir Ísland. Það er ekki fríverslun með fisk. Aðgangur að fiskimiðum Íslands er seldur fyrir tollalækkun og augljóst stórt skref inn í Evrópubandalagið. Auðlindir og land fer að einhverjum hluta í hendur útlendinga. Og síðast en ekki síst, ekki má ég gleyma því, væri með þessum samningi, ef samþykktur yrði, verið að fremja stjórnarskrárbrot því að það er ekki nokkur vafi í mínum huga eftir þá ítarlegu skoðun sem fram hefur farið í utanrmn. og eftir þeim gögnum sem ég hef aflað mér frá okkar fremstu fræðimönnum, að þessi samningur samræmist ekki íslensku stjórnarskránni.

Ég hafði hugsað mér að ræða nokkuð framgöngu hæstv. utanrrh. í þessu máli bæði fyrr og síðar. Bæði hvernig hann hefur staðið að samningum og eins hvernig hann hefur kynnt þennan samning og barist fyrir honum eða auglýst hann eftir atvikum. En eins og þegar hefur komið fram fór utanrrh. til Brussel með samþykki mínu og ég áskildi mér rétt til þess að geyma það þangað til síðar í umræðunni að ræða þau atriði, þannig að ég sleppi því í þetta sinn og geymi mér það þangað til síðar í umræðunni. Ég vil reyndar, svo öllu sé til skila haldið, taka það fram að ég tel rangt að vera að ræða þetta mál á þessu stigi. Ég hef orðað það svo, sem sumum hefur orðið minnisstætt, að þetta væri eins og að ætla að fara að gifta dauðan mann og ég stend alveg við þau orð. Þessi samningur verður ekki í endanlegri mynd eins og hann liggur fyrir á þingskjölum. Það getur skeð að hér fari fram gifting einhvern tímann en það verður þá nýr og öðruvísi maður og í öðrum fötum sem giftur verður. Það kann að vera að það verði uppvakningur en það verður ekki sá sami sem hér er lýst á þingskjölunum.

Mig langar til að lesa, með leyfi forseta, 1. gr. þess frv. sem hér er til umræðu, þ.e. frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið. 1. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Heimilt er að fullgilda fyrir Íslands hönd:

1. Samning um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn), þ.e. meginmál samningsins, bókanir við hann og viðauka, ásamt gerðum sem í viðaukunum er getið, milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þessara bandalaga annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992;

2. samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992;

3. samning um fastanefnd EFTA-ríkjanna sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992."

Ég sé það, frú forseti, að ég má til að lesa hinar greinarnar líka svo samhengi fáist í málið. 2. gr. hljóðar svo:

„Meginmál EES-samningsins skal hafa lagagildi hér á landi. Sama gildir um ákvæði bókunar 1 við samninginn og ákvæði 9. tölul. VIII. viðauka og g-liðar 1. tölul. XII. viðauka við samninginn." — Til að spara tíma þá ætla ég ekki að lesa þessa viðauka eða ákvæði. Síðan segir í 2. gr.:

„Ákvæði EES-samningsins, bókunarinnar og viðaukanna, sem vísað er til í 1. mgr., eru prentuð sem fylgiskjöl 1–4 með lögum þessum."

3. gr. hljóðar svo:

„Skýra skal lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja." — Ég endurtek þetta til frekari fróðleiks: „Skýra skal lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja."

4. gr., sem meiri hluti hv. utanrmn. leggur til að falli niður úr samningnum, er svona:

„Ráðherra, sem í hlut á, getur, ef sérstök nauðsyn krefur, sett reglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd EES-samningsins." Þetta var náttúrlega algjörlega fáránlegt að setja inn í frumvarp, að gefa ráðherra sem í hlut á — eða að láta sér detta í hug að setja það á blað að ráðherra sem í hlut á — ef sérstök nauðsyn krefði — gæti sett reglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd EES-samningsins. Ég skil nú ekkert í hvað þeir hafa verið að fara í utanrrn. þegar þeim datt í hug að setja þetta svona saman — eða ríkisstjórninni að láta þetta frá sér. Og það ber að þakka hv. meirihlutamönnum í utanrmn. undir forustu Björns Bjarnasonar, hv. 3. þm. Reykv., að leggja til að taka þessa grein út. Ég ætla því ekki að fjölyrða meir um hana.

5. gr. orðast svo:

„Ákvæði 1. gr. laga þessara öðlast þegar gildi.

Önnur ákvæði laganna öðlast gildi um leið og EES-samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar."

Svona hljóðar frumvarpið.

Ég ætla fjarri því, forseti, að fara yfir þær tíu þúsund eða tólf eða fimmtán þúsund síður sem okkur hafa borist um þetta mál en ég taldi nauðsynlegt — vegna þeirrar umræðu, sem ég er ekki viss um að menn hafi gert sér grein fyrir sem ekki hafa fyllsta kunnugleika á málinu — hvernig umræðan undanfarna daga frá hendi ríkisstjórnarinnar hefur verið misvísandi um þetta efni.

Það er sem sagt í 1. gr., sem öðlast þegar gildi, kveðið á um það að aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu annars vegar og svo Evrópubandalagið hins vegar geri með sér samning og fullgildi meginmál hans, bókanir við hann og viðauka, ásamt gerðum sem í viðaukunum er getið. Þetta finnst mér nokkuð langt gengið. Og þetta er ekkert smáatriði.

Nú eru aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu auk Íslands, Noregur, Svíþjóð, Finnland, Austurríki, Sviss og Liechtenstein. Efnahagslega sterkasta ríkið hefur fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu að verða aðili að þessu kompaníi. Þar af leiðandi er þetta ekki samningur á milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu heldur er þetta bara orðinn samningur eða uppkast að samningi á milli Íslands, Noregs, Svíþjóðar, Finnlands, Austurríkis og Liechtenstein. Sviss vantar í þetta kompaní. Og af því leiðir að fjármunaleg uppbygging, stjórnmálaleg uppbygging, dómsmálaleg uppbygging samningsins hlýtur öll að breytast. Um þetta er ekki ágreiningur.

Í öðru lagi er lagt til að lögfesta samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992. 2. maí 1992 undirritaði Sviss, eða utanríkisráðherra Sviss fyrir hönd þjóðar sinnar, þetta samkomulag. Það var fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu og undirskrift hans gildir ekki lengur. Þar af leiðandi verður þetta ekki samningur á milli EFTA-ríkjanna heldur á milli þeirra ríkja sem ég tiltók og Evrópubandalagsins. Þar að auki breytist dómstóllinn fyrirsjáanlega ásamt með kostnaðarskiptingu. Síðan á að löggilda nú þegar samning um fastanefnd EFTA sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992. Það er það sama um þetta atriði að segja.

Þetta eru rökin fyrir því að þessi samningur er ekki í raunveruleikanum eins og hann verður prentaður í íslenska lagasafninu, ef hann verður staðfestur hér á landi. Og það er þetta sem ég er að tala um þegar ég er að tala um að gifta dauðan mann. Ég tel að þetta sé ekki þingtækt mál. Það er reyndar fullkomin ástæða fyrir okkur, eftir þær umræður sem fram hafa farið og eftir málflutning stjórnarsinna hér í þingsölum, að gera okkur grein fyrir því hversu absúrd, hversu fjarstætt mál megi vera og fjarri raunveruleikanum til þess að eðlilegt sé að Ísland lögfesti það. Ég lít svo á að heilbrigð skynsemi hljóti að vera með í spilinu og við séum ekki að eyða tíma í að lögfesta það sem ekki kemur til með að verða og við vitum að kemur ekki til með að verða.

Við förum ekki að setjast hér niður — eða hér á Alþingi að lögtaka t.d., svo ég nefni hliðstætt dæmi, tvíhliða samning eða uppkast að tvíhliða samningi sem hv. formaður Alþb., 8. þm. Reykn., gerði milli milli Íslands og Evrópubandalagsins. Við förum ekki að eyða tíma í að lögfesta það. (**Forsrh.:** Þetta var uppkast að einhliða samningi.) Þetta er nefnilega alveg rétt, hæstv. forsrh., þetta hér er einhliða samningur. Evrópubandalagið er ekki búið að segja sitt orð um hvort það vilji hafa hann svona. Og við vitum af ástæðum sem fram hafa komið að EFTA-ríkin þurfa að breyta sinni hlið, við vitum ekkert um Evrópubandalagið. Það er alveg eins mikið út í bláinn og sá tvíhliða samningur sem Ólafur Ragnar skrifaði — ég vil nú ekki fullyrða, til þess að segja ekki of mikið, skrifaði. Ég hugsa að hann hafi nú lesið hann inn á band og fengið einhverja af hinum ágætu vélritunarkonum Alþingis til þess að pikka hann inn á tölvu fyrir sig. En ég tel það þýðingarlaust fyrir okkur. Þó að margt sé gott í þeim hugmyndum sem Ólafur Ragnar setti fram, þá tel ég það bara alveg þýðingarlaust fyrir okkur að vera að eyða tíma Alþingis í það að lögfesta þann samning. Og það er nákvæmlega hliðstætt því sem við erum að gera. (**Gripið fram í:** Liggur hann fyrir?) Nei, hann hefur ekki verið lagður fyrir. En hv. formaður Alþb. gæti alveg eins lagt hann fyrir eins og ríkisstjórnin leggur þetta fyrir. Ég tel nefnilega að samningur Ólafs Ragnars Grímssonar, hv. 8. þm. Reykn., sé ekki þingtækur fremur en þetta.

Það hafa verið að undanförnu átök í utanrmn. um þetta mál, nokkur átök. Ég setti fram eindregna ósk á laugardaginn var á fundi nefndarinnar um það að leita álits Lagastofnunar Háskóla Íslands um málið. Fyrir okkur lá — samkvæmt beiðni frá fundi á föstudag — álitsgerð frá utanrrn. Ég er því miður ekki með álitsgerðina hér í bunkanum mínum þannig að ég vitna til hennar eftir minni. Niðurstaðan varð sú að það var ekki lagður dómur á túlkun hæstv. utanrrh. um það hvort Ísland ætti leið að því samningaborði sem menn hafa verið að ræða um og sum ríkin ætla að ganga til. Þar rak sig ýmislegt á annars horn í þessari álitsgerð. Þetta var minnisblað frá utanrrh. til utanrmn. og kallað lögfræðilegt álit. Þess var getið að viðskrn. og dómsmrn. hefðu komið að þessari samningagerð og þetta var óundirskrifað.

Þegar ég las þetta þá sannfærðist ég ekki. Vegna þess að mér fannst að rökin sem færð voru fram væru ekki nógu sterk og taldi að nauðsynlegt væri að fá álit óvilhallra manna á málinu. Nú vil ég ekki lasta þá menn sem unnu þetta álit. Ég hélt nú fyrst að utanrrh. hefði skrifað þetta sjálfur á hnénu á sér. En það reyndist ekki vera. Á fundi utanrmn. — nú er ég búinn að finna þessa greinargerð — kom það nefnilega fram að greinargerðin var unnin af einum starfsmanni utanrrn., Pétri Gunnari Thorsteinssyni, ráðuneytisstjóranum í viðskrn., Birni Friðfinnssyni, og ráðuneytisstjóra dómsmrn., Ólafi Walter Stefánssyni. En hún var reyndar með orðaleppa hæstv. utanrrh. og mjög í samræmi við þann málflutning sem hann hafði haft hér í þinginu.

Nú ætla ég ekki að kasta steini að þeim ágætu mönnum sem settu þessa greinargerð saman, hvað þá

að mér detti í hug að draga lagaþekkingu þeirra í efa. Og ég ætla alls ekki að halda því fram að þessir herrar beri einhvern þrælsótta fyrir hæstv. ríkisstjórn, síður en svo. En nú veit ég það að hæstv. ráðherrar eru góðir húsbændur og vinir hjúa sinna. Og mér finnst það mjög ósennilegt að t.d., svo ég taki eitt dæmi, ráðuneytisstjórinn í viðskrn., Björn Friðfinnsson, færi nú að gera utanrrh. þann óleik að þefa uppi einhverjar misfellur í málflutningi hans. Fyrir utan það að vera flokksbróðir ráðherrans, fyrir utan það að vera persónulegur vinur bæði húsbónda síns og hæstv. utanrrh. (**Heilbrrh.:** Úr MA eins og við allir.) og úr MA eins og við, ja sumir. Þar á ofan náfrændi utanrrh. og nýbúinn að taka við starfi úr hendi utanrrh., sem mér er sagt að sé launað með sem svarar 800 þús. ísl. kr. á mánuði, skattfrjálsum. Að búast við því að ég kaupi það sem góða vöru að hann sé sérstaklega að leita eftir veilum í málflutningi ráðherrans nú á þessari jólaföstu, það geri ég ekki. Ég er ekki að lasta Björn Friðfinnsson, ég bið menn að athuga það. Ég met Björn Friðfinnsson ákaflega mikils og tel hann vera starfhæfan mann og kannski of starfhæfan því að einstöku sinnum verður hann of duglegur. En hann er verkmaður.

Það er nefnilega algjörlega óþolandi fyrir stjórnarandstöðu á hverjum tíma, og þá er ég ekki bara að tala fyrir hönd okkar framsóknarmanna — ég hef lengst af mínum þingferli verið stjórnarmegin hér á Alþingi. Ég hef verið stuðningsmaður flestra ríkisstjórna, ja, nema þessarar og svo í nokkra daga var lítil stjórn sem kratarnir áttu 1979 og ég var ekki stuðningsmaður hennar heldur. En það er óþolandi fyrir Alþingi, fyrir hinn almenna alþingismann að geta ekki leitað sér lögfræðilegs úrskurðar í ágreiningsefnum, e.t.v. hápólitískum ágreiningsefnum. Í þessum vangaveltum hef ég komið auga á það að skynsamlegast sé að flytja þáltill., og það mun ég gera og vonast eftir að geta myndað um hana breiða samstöðu, ekki bara stjórnarandstæðinga, heldur líka með stuðningi úr þingflokkum stjórnarinnar. Og ég mun, með leyfi forseta, lesa tillgr. eins og mér dettur í hug að hafa hana:

„Alþingi ályktar að koma á fót lagaráði til ráðuneytis um lögfræðileg úrlausnarefni. Ráðið sé skipað þremur mönnum, einum tilnefndum af Hæstarétti, einum af Lagastofnun Háskólans og einum af Lögfræðingafélagi Íslands. Varamenn skuli tilnefndir af sömu aðilum. Kostnaður greiðist af Alþingi."

Einhvern veginn svona gæti tillgr. verið, ég er til viðræðu um að breyta henni til samkomulags ef menn hafa aðrar betri hugmyndir. En svona stofnun held ég að við verðum að setja á fót. Hún gæti verið nokkuð svipaðs eðlis og þetta væri svipað skref og þegar Ríkisendurskoðun var gerð að sjálfstæðri stofnun og tekin út úr fjmrn. Danir hafa búið við það að deild í dómsmrn. veitir þinginu lögfræðilega ráðgjöf. Þeir eru óánægðir með það og telja að eðli málsins samkvæmt hljóti sú ráðgjöf alltaf að vera ríkisstjórn hallkvæm og Danir eru að breyta þessu. Ég held að okkur vanti svona stofnun til þess að geta varast árekstra eins og þá sem hér hafa orðið. Ég ætla ekki að orðlengja þetta meir, ég mun mæla fyrir þessari tillögu síðar, frú forseti.

Eftir að greinargerð þessi frá utanrrh. hafði verið kynnt og rædd í utanrmn. óskaði ég eftir því og hlaut stuðning allmargra nefndarmanna að senda málið til athugunar hjá Lagastofnun. Hv. 3. þm. Reykv., formaður nefndarinnar, tók hins vegar ekki undir það á þeim fundi, lagðist ekki gegn því en samþykkti ekki. Starfsmaður utanrmn. kom að máli við mig og spurði hvers ég vildi spyrja Lagastofnun. Ég greindi honum frá því hver væri meginspurningin sem ég ætlaði að leggja fyrir Lagastofnun, hún væri sú hvort að eðlilegt væri að Alþingi afgreiddi sem lög gjörning sem vitað væri að mundi taka breytingum. Starfsmaður utanrmn., forstöðumaður nefndadeildar, fór með þessa spurningu mína til hv. formanns nefndarinnar. Ég óskaði eftir því að þetta yrði lagt fyrir aðra fulltrúa stjórnarandstöðunnar í utanrmn. og þeir gætu þá komið með athugasemdir sínar fram eða viðbótarspurningar. Mér barst bréf að kvöldi 14. des. og ég vil lesa það vegna þess að hv. þm. Björn Bjarnason var óánægður með að ég skyldi ekki lesa öll okkar bréfaskipti í umræðum um þingsköp í gær. Það gerði ég ekki vegna þess að ég hafði ekki tíma til þess á þeim mínútum sem mér voru skammtaðar. Ég les það nú, frú forseti.

Bréfið sem mér barst, og ég verð nú að játa það að ég varð nú hálfhissa þegar ég fékk tilskrif, af því við vorum í sama herberginu. En allt um það, það liggur þá skjalfest fyrir hvað okkur fór á milli. Þetta er til Páls Péturssonar frá Birni Bjarnasyni og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þorsteinn Magnússon, ritari utanrmn., hefur kynnt mér þá spurningu sem þú telur nauðsynlegt að utanrmn. leiti álits um frá Lagastofnun Háskóla Íslands. Að mínu mati er ástæðulaust að senda slíka spurningu út fyrir veggi Alþingis. Ég lít þannig á að skrifstofa Alþingis sé fullfær um að veita þá ráðgjöf sem hér er rætt um. Innan skrifstofunnar eru starfandi lögfræðingar sem hafa góða þekkingu á málefnum Evrópska efnahagssvæðisins og sem þingmenn geta leitað lögfræðilegra ráða hjá.

Með vísan til þessa ítreka ég að ég tel ástæðulaust að senda áðurgreinda fyrirspurn til Lagastofnunar en er að sjálfsögðu reiðubúinn að ræða málið nánar." — Þetta er nú óundirskrifað en vélritað bréf.

Mér fannst, þegar ég las þetta bréf, að hv. þm. væri að neita mér um þennan sjálfsagða rétt sem ég tel að utanrmn. hafi, að senda mál til athugunar hjá Lagastofnun Háskólans, og skrifaði honum annað samdægurs, þ.e. að kvöldi 14. des. og við horfðumst hér í augu meðan ég var að setja þetta saman. Þetta er til Björns Bjarnasonar frá Páli Péturssyni:

„Mér hefur borist bréf þitt dagsett í dag þar sem þú neitar að verða við ósk minni um að utanrmn. leiti álits Lagastofnunar Háskólans. Ég sætti mig ekki við neitun þína og óska eftir að þú endurskoðir afstöðu þína. Sjáir þú þér ekki fært að verða við ósk minni verð ég að óska eftir fundi í utanrmn. á hentugum tíma á morgun."

Mér barst annað bréf eftir nokkra bið og var þá far-

ið að líða að miðnætti. Þetta er til Páls Péturssonar frá Birni Bjarnasyni, enn þá var samt 14. des. 1992:

„Þakka bréf þitt. Þar gætir misskilnings því ég taldi einungis ástæðulaust að senda þá spurningu sem mér var kynnt af nefndarritara til Lagastofnunar. Í mínum huga snerist orðsending mín til þín um efni fyrirspurnarinnar. Að mínu mati ræður úrslitum hvaða atriði það eru sem þarf að upplýsa nánar. Spurningunni, sem mér var kynnt, er auðvelt að svara innan veggja Alþingis. Jafnframt minni ég á að ég sagðist reiðubúinn að ræða málið frekar."

Ég lét gott heita í bili og lauk nú bréfaskriftum okkar hv. þm. Ég ætla ekki að eyða tíma í að rifja það upp að mér barst í hendur afrit af bréfi Björns Þ. Guðmundssonar, prófessors við Háskóla Íslands, til forseta Alþingis, frú Salome Þorkelsdóttur, dags. 15. des. Mér barst það í hendur í byrjun fundar í gær, afrit af því bréfi — og það kynnti ég hér undir umræðum um þingsköp því ég taldi að það ætti erindi inn í málið í framhaldi af því — þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Fyrir Alþingi liggur frv. til laga um staðfestingu á samningnum um EES. Þetta frv. er formlega, eins og hvert annað lagafrumvarp, borið upp á Alþingi og lýtur aðeins íslenskum lögum. Fyrir alþingismönnum liggur því eins og endranær lagatexti, sem þeir samþykkja sem lög frá Alþingi eða synja, eins og hann liggur fyrir, nema honum sé breytt samkvæmt þeim reglum sem þar um gilda og þarf ekki að tíunda. Sé lagatextanum hins vegar breytt er hann svo breyttur borinn upp til samþykkis eða synjunar.

Nú hefur eitt EFTA-landanna, Sviss, sem lagatextinn tekur til, fellt samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu. Lagatextinn samkvæmt því frv. sem nú liggur fyrir Alþingi er því ekki í samræmi við raunveruleikann. Af því leiðir, að mínu viti, að íslensk lög leyfa ekki að lagafrumvarpið verði afgreitt frá Alþingi í óbreyttri mynd, hvorki með samþykki eða synjun.

Því leyfi ég mér að skrifa yður þetta bréf, hæstv. forseti, að aldrei má það verða að Alþingi gleymi eigin lögum í hita leiks.

Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn að gera nánari grein fyrir máli mínu, verði þess óskað.

Virðingarfyllst, Björn Þ. Guðmundsson. Afrit til formanna allra þingflokka."

Þetta bréf kynnti ég hér — eða þetta afrit af bréfi — og urðu um það umræður í gær sem ég ætla ekki að rekja. Ég krafðist fundar í utanrmn. og óskaði eftir því að Björn Þ. Guðmundsson yrði kvaddur á fundinn. Áður en að fundurinn hófst, sem ég þakka fyrir að hv. formaður féllst á að halda, kvað forseti upp úrskurð að málið væri þingtækt að hennar mati, þ.e. taldi fram að það væri borið fram af þingmanni, frumvarpið væri með lagasniði, frumvarpið væri ekki um breytingar á stjórnarskrá og lagt fram á tilsettum tíma. Þetta var meginefni úrskurðarins. Í þennan úrskurð fannst mér þó vanta aðalatriðið, það var ekki tekið fram að það yrði að vera einhver heil brú í þessum lagatexta eða í málatilbúnaðinum. Mér fannst sem sagt vanta heilbrigða skynsemi í málið.

Björn Þ. Guðmundsson prófessor mætti á fundi utanrmn., ítrekaði afstöðu sína og færði frekari rök fyrir henni. Það virkaði þannig á mig að ég varð enn þá sannfærðari um að hér er ekki um þingtækt mál að ræða og ekki formlega rétt að afgreiða það. Og Alþingi setur niður við að standa svona að lagasetningu.

Á þeim fundi neitaði hv. formaður því formlega, hv. 3. þm. Reykv., Björn Bjarnason, að leita til Lagastofnunar. Þá átti ég ekki eftir nema eitt ráð sem ég tel að hægt sé að grípa til í þessari stöðu. Ég hef sent Lagastofnun Háskólans bréf sem ég vil kynna hér, með leyfi forseta:

„Lagastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

15. des. 1992.

Málefni: Frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið.

Fyrir Alþingi liggur nú eins og kunnugt er ofangreint frumvarp. Að því mun vera stefnt að afgreiða málið á næstu dögum sem lög frá Alþingi. Þó er ljóst að málinu verður að breyta eftir þá ákvörðun Svisslendinga að taka ekki þátt í fyrirhuguðu efnahagssvæði.

Þingflokkur framsóknarmanna vill leita álits Lagastofnunar Háskóla Íslands á því hvort það samræmist íslenskum lögum eða íslenskri lagavenju að afgreiða sem lög mál sem við afgreiðslu liggur ekki fyrir í endanlegri mynd. Ekki er heldur vitað hver endanleg gerð málsins verður.

Þingflokkurinn væntir þess að fá svar svo fljótt sem frekast er unnt.

Virðingarfyllst, Páll Pétursson."

Þetta er bréfið sem ég hef sent Lagastofnun.

Ég hefði miklu, miklu fremur kosið að þetta mál hefði verið sent í nafni utanrmn. heldur en í nafni þingflokks framsóknarmanna. Ég hefði talið það öruggara og líklegra til skjótra viðbragða í Lagastofnuninni ef utanrmn. hefði sent þetta bréf. En það fékkst ekki gert og því varð ég að grípa til þessa ráðs og þingflokkur minn.

Þetta segi ég hér vegna þess að ég tel að hér sé dæmi um óeðlileg vinnubrögð. Ég minnist þess ekki í því nefndarstarfi sem ég hef unnið hér á Alþingi, líklega síðan 1974 að neitað hafi verið formlega um beiðni um upplýsingar um mál, eða álits á álitaefni svo að öllu sé til skila haldið, fyrr en nú. Mér þykir fyrir þessu því að ég tel að fram að þessum tíma hafi hv. 3. Reykv. stjórnað utanrmn. vel, óaðfinnanlega. Hann hefur mikla skapsmuni og ákveðinn vilja en hann hefur sýnt okkur nefndarmönnum lipurð og sanngirni í hvívetna eftir að hann settist í formannsstól, fram að þessu.

Ég veit það að hv. 4. þm. Reykv., sem lengi var formaður utanrmn., hefði aldrei látið þetta henda sig, jafnvel þó að hann hefði verið að fjalla um mál sem honum hefði verið hjartans mál og baráttumál, þá hefði hann ekki látið það henda sig að neita minni hluta — nú tek ég það fram að ég var ekki einn í utanrmn. um það að setja þessa ósk fram — allir stjórnarandstæðingarnir í nefndinni studdu þá hugmynd mína að leita

til Lagastofnunar. Ég tel að þetta séu ekki viðeigandi vinnubrögð og ég deili á þau. Reyndar er rekið á eftir þessu máli með óeðlilegu offorsi. Og það hefur verið gengið svo langt að hér í skúmaskotum eru menn að reyna að gera lítið úr dr. Birni Þ. Guðmundssyni prófessor. Sumir af stjórnarliðum eru að kasta á milli sín lítilsvirðandi athugasemdum um hann, sem draga í efa lögfræðiþekkingu hans, reyna að gera tortryggilegar þær ályktanir sem hann dregur. Það er gengið svo langt að það er vitnað til og gengur hér í ljósriti milli manna spauggrein sem prófessorinn hafði látið frá sér fara í Úlfljóti, tímariti laganema. Þessi grein er skrifuð undir nafni og er öllum ljóst að þarna er um spaug að ræða. Greinin heitir „Ný námsskrá fyrir lagadeild" og er uppsetning á því hvernig námsskrá lagadeildar gæti litið út ef sparnaðarhnífur ríkisstjórnarinnar héldi áfram að rista. Þetta er náttúrlega augljóslega sett fram sem spaug. Þetta eru sumir forustumenn Sjálfstfl. að reyna að nota sem einhverja hneykslunarhellu. Ég hygg að hæstv. forsrh., sem er virkilega skemmtilegur maður og góður spaugari, hafi aldrei risið hærra á ferli sínum eða verið í meira dálæti hjá þjóð sinni heldur en þegar hann var einn af þremur góðum spaugurum sem stóðu fyrir Útvarpi Matthildi hér um árið. Ég er alveg viss um það að a.m.k. eins og ferill hans hefur verið undanfarið á hann ekki eftir að komast þar aftur með tærnar þar sem hann hafði hælana þá. Þó efast ég um það að hann vildi núna láta taka allt það sem hann sagði þá í spaugi sem alvöru.

Síðan er það líka mælt til ámælis prófessor Birni að þessarar ritsmíðar hans, þó lítil sé og ekki beint merkileg, er getið í efnisyfirliti í tímariti lögfræðinga. Svona vinnubrögð finnast mér ámælisverð og því hef ég orð á þessu að ég hef áhyggjur af því pólitíska umhverfi sem er að skapast í kringum okkur með þessum vinnubrögðum.

Frú forseti. (**Gripið fram í:** Nei, nei, ekki frú.) Herra forseti. Maður er orðinn svo vanur frúm hér í forsetastóli að ég biðst afsökunar á því að ég tók ekki eftir því að herra forseti er nú séra Gunnlaugur Stefánsson, hv. 5. þm. Austurl., sem ég vil láta koma fram að mér þykir fremstur af forsetunum, veita gleggsta og skynsamlegasta úrskurði og vera samvinnuliprastur við okkur þingmenn og ég fagna því sérstaklega að hann skuli vera kominn í þennan stól og hlýði hér á mál mitt. Mér er sérstök ánægja að tala hér þegar hann er í forsetastóli og tel mér það heiður.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, þá er hér um að ræða afdrifaríkasta mál vorra daga, þ.e. vorra þingdaga sem hér sitjum nú og ég get ekki hugsað mér nema eitt mál sem gæti komið á dagskrá þingsins og við getum búist við að komi hér áður en við hættum sem erum nú, þ.e. innganga Íslands í Evrópubandalagið sem, ef svo fer fram sem horfir, verður hugsanlega til meðferðar á næsta kjörtímabili. Þetta mál er stórt í eðli sínu. Það kemur til með að hafa áhrif á framtíð hvers einasta Íslendings og líka þeirra sem ekki eru fæddir, líka þeirra barna sem nú eru í móðurkviði og hæstv. heilbrrh. er sérstaklega að sinna þessa dagana, líka þeirra sem ekki eru getin enn þá. Þó að hæstv. heilbrrh. hafi nú lagt til að heilbrigðar konur á besta aldri hætti að eiga börn, þá vona ég að fjölgun verði jafnvel þó það verði ekki á elliheimilunum eins og hæstv. heilbrrh. virðist stefna að.

Ég hef eins og ég sagði áðan reynt að forðast upphrópanir um þetta mál og ég hef lagt mikla vinnu í að reyna að kynna mér það og reyni að gera það fordómalaust. Raunar er maður aldrei fordómalaus, en ég hef reynt að gera það með opnum huga. Ég hef reynt að greina þá kosti sem í þessari samningsgerð kynnu að felast fyrir okkur Íslendinga. Ég hef líka reynt að gera mér grein fyrir þeim hættum sem í samningnum felast og greint frá þeim, svo og þeim göllum sem ég hef tekið eftir. Ég hef ekki verið með neina fordóma. Ég hef ekki verið með neinar hallelújaupphrópanir. Ég hef reynt að hafa augun opin.

Hér kom fram í gær í einni ræðu að málflutningur sumra andstæðinga samningsins hefði verið öfgafullur. Ég get tekið undir það en ég vil líka taka það fram að málflutningur margra stuðningsmanna samningsins hefur verið ekki síður öfgafullur og jafnvel hávaðasamari og öfgafyllri heldur en hinna.

Samningurinn er gerður fyrst og fremst í því skyni að treysta afkomu sjávarútvegsins, þ.e það var hugmyndin að gerð þessa samnings. Við skulum aðeins líta á það, herra forseti, hvernig það hefur tekist.

Sjávarútvegshluti þessa samnings innifelur vafalítið einhvern fjárhagslegan ábata fyrir sumar greinar sjávarútvegsins. Það er felldur niður tollur á saltfiski þar sem við höfum búið með 18% toll á hluta af saltfiskútflutningi okkar. Það er felldur niður tollur á ferskum flökum, þ.e. dálítið annarri aðferð við að flytja fiskinn út óunninn og lítils háttar aðrar tollalækkanir. Svo hafa menn farið að reikna hvað þetta er nú mikill gróði og þeir hafa tekið útflutninginn eins og hann er og hefur verið á síðasta ári, reiknað hvað tollurinn var mikill á þeim útflutningi, þ.e. hverju tollaniðurfellingin næmi og sagt: Húrra, við eigum þennan toll. Tollaniðurfellingin er okkar gróði.

Þetta er nú ekki aldeilis rétt. Til þess að tollalækkunin kæmi öll í vasa Íslendinga þyrfti í fyrsta lagi að vera fast verð, þá þyrfti að vera fríverslun með fiskinn. Nú geta Evrópuþjóðir breytt verði á fiski og gera það á sínum markaði með niðurgreiðslum, útgerðarstyrkjum og þetta er þrælrotið kerfi og með engu móti hægt að líta svo á að svo fari. Þar að auki, þó að hæstv. utanrrh. hafi ekki haft orð á því eða talsmenn ríkisstjórnarinnar, að þegar tollur er lækkaður, þá kemur hann ekki allur í vasa þess sem selur. Neytendur heimta að fá sinn hlut af tollinum. Ef Íslendingar lækka toll á aðkeyptri vöru, þá ætlast Íslendingar til þess að hún lækki í verði. Þeir eru ekki tilbúnir að borga sama verð og áður þó að ekki sé greitt af henni gjald til ríkisins. Þeir ætlast til þess að fá vöruna á lægra verði.

Fyrirmaður í sjávarútvegi hefur slegið á það að taka mætti þessa tollalækkun og helminga hana, þ.e. helmingurinn kynni að skila sér í vasa Íslendinga. Ég er ekkert viss um að það sé helmingurinn en það er áreiðanlega ekki meira en helmingurinn. Og hvað er það þá

orðið í krónum og aurum? Setjum svo að heildartollalækkunin hafi verið 1.900 millj. Þá er hún komin niður fyrir — ja, þetta er svona eins og hálft hús sem Davíð Oddsson er að byggja þegar hann er að byggja um sig minnismerki sem borgarstjóri. Þetta er svona eins og hálf Perlan eða ekki eins og hálf Perlan, þetta er bara partur af Perlunni, þessi fjármunagróði Íslendinga. Út af fyrir sig væri svo sem allt í lagi að fá nýbyggingar hér á landi. Ég held að við höfum ekkert að gera með fleiri perlur en þarna er ekki um neinar gífurlegar fjárhæðir að ræða. Þetta eru bara vasapeningar hjá Davíð Oddssyni, svona framkvæmdir hjá Reykjavíkurborg. Að vísu verður byggingin Perlan dýr á endanum því að reksturinn er óskaplegur ómagi á skattgreiðendum í Reykjavík og kemur til með að verða, þ.e. þeim sem kaupa heitt vatn í Reykavík. Því tók ég þetta dæmi að ég veit að hæstv. forsrh. veit hvar Perlan er og ef hann mætti vera að því að hlýða á mál mitt. Ég er ekkert að óska eftir því að hæstv. forsrh. verði sóttur vegna þess að hér er staddur í salnum formaður utanmrn., hv. 3. þm. Reykv. Björn Bjarnason, og fyrir mér eru þeir eitt. Og ég veit að hv. 3. þm. Reykv. kemur athugasemdum mínum á framfæri við hæstv. forsrh. og svarar fyrir hann eftir því sem á þarf að halda. Ég býst við að hann svari betur fyrir hæstv. forsrh. heldur en ef forsrh. gerði það sjálfur og verði málefnalegri í sínum svörum þannig að ég læt mér það alveg nægja að hann sé hér í salnum.

Þarna er sem sagt ekki um stórar fjárhæðir að ræða. Það gæti verið um nokkrar fjárhæðir að ræða en ekki stórar og ekki neitt svipað því sem fylgismenn samningsins eru að vona. Þeir eru að spá í það að fersk flök eða flakavinnsla kunni að verða stórkostlegur atvinnuvegur hér á Íslandi og sé óskaplega gott að fella niður tollinn af þeim. Auðvitað verða þau flutt utan. Þetta eru verkefni fyrir nokkrar Baader-vélar og ég hef enga trú á því að sú þróun í fiskiðnaði, sem menn eru að láta sig dreyma um eða reyna að gylla hver fyrir öðrum að muni verða, sé nein staðreynd. Ég hef bara enga trú á því og ég óttast það að reynslan sanni að ég hafi rétt fyrir mér í þessu efni eins og ég hafði t.d. í Blöndumálinu á sínum tíma þegar ég taldi óþarfa að byggja Blönduvirkjun á þeim tíma sem gert var. Þá máttu menn ekki heyra á það minnst og töldu að þetta yrði mikið gróðafyrirtæki. Reynslan hefur sannað að ég hafði rétt fyrir mér sem mér reyndar þykir miður vegna þess að það er þjóðarbúinu dýrt að hafa gert þessa skyssu þrátt fyrir aðvaranir mínar.

En út á hvað fáum við svo þessar tollalækkanir sem við erum út af fyrir sig ánægðir með jafnvel þó þær séu litlar? Hverju verði þurfum við að kaupa þær? Við kaupum þær með því að veita Evrópubandalaginu aðgang að íslenskri landhelgi. Það er það sem við gerum. Það er alveg sama hvernig við setjum þetta mál upp. Hv. 1. þm. Austurl. rakti það í ágætri ræðu hér í gær hversu fáránlegur sá verðsamanburður er sem menn hafa verið að gera á 30.000 tonnum af loðnu og 3.000 tonnum af karfa. Niðurstaða hv. 1. þm. Austurl., sem ég tel að hafi meira vit á sjávarútvegsmálum en núv. ríkisstjórn samanlögð, var sú að það væri helmingsmunur. Þó tók sjútvrh. það ekki með í reikninga sína að það væri ekkert víst að við þyrftum á þessari loðnu að halda. Þessi loðna er nefnilega pappírsfiskur. Samningurinn er í hnotskurn sá að Evrópubandalagið fær að koma með 18 frystitogara, sem í Evrópubandalaginu eru kölluð verksmiðjuskip þó í samningnum sé bannað að hafa þau verksmiðjuskip og á Íslandi séu frystitogarar ekki taldir verksmiðjuskip, þá eru þeir taldir það annars staðar. 18 verksmiðjuskip fá leyfi til að veiða á Íslandsmiðum. Á þessu ári að vísu ekki nema 3.000 tonn af karfa fyrir loðnu sem við e.t.v. ekki veiðum og mestar líkur til að við þurfum ekkert á að halda, þ.e. ef ástand er eins og venjulega. Loðnan þarna er pappírsfiskur.

Evrópubandalagið gerði það að ófrávíkjanlegu skilyrði að gerður yrði samningur um þessi 3.000 tonn af karfa, þ.e. um það að við opnuðum landhelgina, ef á annað borð ætti að verða af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Ekki bara fyrir okkur, heldur var þetta aðgangseyrir allra EFTA-ríkjanna að Evrópsku efnahagssvæði að Íslendingar opnuðu landhelgina. Hún er að vísu ekki opnuð nema í hálfa gátt eða kannski ekki nema til þess að reka þar inn fingur í fyrstu lotu en um magnið er bara talað árið 1993. Síðan undirgöngumst við það að standa í þrefi við þá og reiptogi um auknar heimildir karfa eða hvað annað sem þeim kann að detta í hug að vilja fiska hér í framtíðinni, a.m.k. til næstu 10 ára samkvæmt þeim samningum sem hér liggja fyrir. Það eru að vísu loðin og óljós ákvæði, sem áttu að vera dúsa fyrir hæstv. sjútvrh., sem drengilega hafði þó reynt að koma því viti sem mögulegt var í þessa samningagerð þegar hann loksins kom að henni, þ.e. að það kæmi fiskur fyrir fisk. Utanrrh. féllst ekki á þann málflutning nema bara í orði í nokkra daga og bakkaði síðan strax. Það var augljóst af ummælum hans í utanrmn. að hann vildi vinna allt til að ná þessum samningi og bakkaði ekki hæstv. sjútvrh. upp með þá sjálfsögðu kröfu að fá fisk fyrir fisk. Það er sett inn loðin klásúla um endurskoðun ef af líffræðilegum ástæðum verði brestur á annarri tegundinni. Það er ekkert hald í því. Það væri alveg sama þó þessi tilvitnun væri ekki í samningnum.

Herra forseti. Ég hef dvalið dálítið við sjávarútvegsinn. En það er fleira. Það er að vísu tekið fram í þessari samningagerð að lög sem við höfum nú um eignarhald Íslendinga á útgerð og frumfiskvinnslu megi standa. Það er tekið fram. Hins vegar er ekkert tekið fram um það að við megum setja ný lög og harðari og þau megi standa. Hins vegar höfum við fullvinnslu aflans og hún er ekki „prioriteruð" fyrir Íslendinga og óbein eignaraðild útlendinga að útgerðarfyrirtækjum er ekki bönnuð. T.d. má olíufélag að hluta til í útlendri eigu eiga hér í útgerð samkvæmt þeim skilningi sem menn hafa lagt í hlutina. Ég vil bæta því við að meira að segja innan ríkisstjórnarinnar, hjá hæstv. fjmrh. t.d., hafa komið fram sterkar kröfur um að breyta því skipulagi sem við höfum nú og fá erlent fjármagn og erlenda aðila inn í útgerð á Íslandi og fiskvinnslu. Nú veit ég ekki hvort hæstv. fjmrh. fær einhvern tímann að ráða einhverju í þessari ríkisstjórn, en ég vona að

hann fái ekki að ráða þessu. Fyrirsjáanlega færist eignarhald á útgerð og fiskvinnslu að einhverju leyti í hendur útlendinga hvað sem í samningnum stendur.

Ég hafði hugsað mér að tala allnokkurt mál um landbúnað og landbúnaðarþátt samningsins. Ég verð að spara það vegna þess að hæstv. utanrrh. er fjarstaddur, en því miður er sá þáttur ekki kræsilegur. Ég tel að utanrrh. hafi ekki gætt hagsmuna íslensks landbúnaðar og Íslendinga við þessa samningagerð. Þvert á móti. Hann hefur hins vegar unnið að því að koma í framkvæmd landbúnaðarstefnu Alþfl. sem ekki hefur haft, að hans mati, nægan hljómgrunn á hinu háa Alþingi. Alþfl. hefur ekki komið fram landbúnaðarstefnu sinni en þeir sigrar sem þeim hefur ekki tekist að vinna hér heima, þ.e. að auka innflutning hefðbundinna búvara, er Alþfl. að takast í gegnum EES-samninginn og GATT. Að vísu komast þeir ekki alla leið í þessari lotu, en allt of langt.

Samkvæmt þessu verður um talsvert aukinn innflutning búvara að ræða. Það skiptir engu máli hvaða álitsgerðir starfsmenn utanrrh. kunna að gefa þegar hann býður þeim svo. Það er kunnugt að annar skilningur ríkir á tiltekinni bókun í a.m.k. sumum Evrópubandalagsríkjunum og úr því fæst ekki skorið, eins og hæstv. viðskrh. lýsti skilmerkilega í umræðum utan dagskrár á sl. vori, fyrr en fyrir viðeigandi dómstól úti í Evrópu hvort túlkun utanrrn. stenst eða túlkun tiltekinna Evrópuríkja. Ég fullyrði að hagsmuna landbúnaðarins hafi ekki verið gætt. Hér er opnað fyrir verulegan innflutning landbúnaðarvara og því meira að segja lýst yfir í einni grein samningsins að stefnt sé að auknum viðskiptum með landbúnaðarafurðir, þ.e. við verðum að hlíta því að þurfa að ganga til árlegra samninga, eða hvort það var annað hvort ár, um að auka innflutning landbúnaðarvara.

Ég ætla að spara mér að tala um GATT, sem freistandi hefði verið að gera í framhjáhlaupi, vegna þess að hæstv. utanrrh. er ekki viðstaddur og eins og ég tók fram fyrr í dag mun ég taka tíma í að ræða síðar í þessari umræðu þegar ráðherrann er kominn heim.

Landbúnaðinum er í þessum samningi sköpuð verulega hætta og fjárhagstjón og er þó ekki á bætandi eins og staða landbúnaðarins er orðin. Ég er ekki að kenna núv. ríkisstjórn um það allt. Hún hefur að vísu lagt sitt af mörkum og nú seinast í fjárlagafrv. með því að skera meira niður til landbúnaðarins en nokkurs annars í þjóðfélaginu og vill þó skera meira, þ.e. sumir ráðherrarnir. Blóðþorstinn er ógurlegur. Frá síðustu fjárlögum er skorið niður til þessarar atvinnugreinar á fimmta milljarð og sviknir samningar á bændum. Undirskrifaðir samningar sem ríkisstjórnin hefur gert við bændur eru sviknir. Ég ætla að spara mér það til fjárlagaumræðunnar að rekja hvernig það mál er vaxið.

Hvað varðar iðnaðinn, þá breytir þessi samningur sáralitlu og skiptir engu máli hvað iðnrekendur segja. Þessi samningur í sjálfu sér breytir ekki neinu að því leyti til að iðnaðurinn hefur haft tollfrjálsan aðgang að mörkuðum Vestur-Evrópu síðan 1972 þegar EFTA-samningurinn var gerður. EFTA-samningurinn var gerður kannski fyrst og fremst til þess að efla íslenskan iðnað. Íslenskur iðnaður taldi sig þá þurfa meira frelsi. Ég var ungur þingmaður 1974 þegar við héldum iðnstefnu mikla á Sauðárkróki. Það var ein af fyrstu ráðstefnum sem ég fór á sem þingmaður og mér er hún sérstaklega minnisstæð því ég var svo bjartsýnn og menn voru svo bjartsýnir. Þar átti aldeilis að nota tækifærin. Heimurinn var ekki orðinn nema eins og hálft kálfskinn eftir að menn höfðu fengið meginlandið galopið fyrir sér og þá var töluverður iðnaður í Norðurlandskjördæmi vestra. Við fórum meira að segja til Hofsóss og skoðuðum blómlegt hljóðkútaverkstæði sem var rekið af sérstakri umhyggju og miklu dugnaði og hefur reyndar verið rekið alla tíð. Flest hin iðnfyrirtækin sem við skoðuðum á Sauðárkróki hafa verið að dragast upp vegna þess að þau hafa ekki þolað samkeppnina sem frelsið færði þeim. Norðurlandskjördæmi vestra er ekki nein undantekning í þessu sambandi. Við höfðum blómlegan húsgagnaiðnað í landinu. Frelsið drap hann. Nú sitjum við í innfluttum stólum. Meira að segja á Alþingi sitjum við í innfluttum stólum. Við göngum í útlendum fötum því við erum búin að rústa fataiðnaðinn. Við siglum á skipum sem búin eru til í Póllandi og Noregi, niðurgreidd af Pólverjum og Norðmönnum. Sum eru bara dregin frá Póllandi til Noregs til þess að dubba þau þar upp og gera þau nógu fín fyrir okkur. Svona mætti lengi telja. Ullariðnaðurinn berst í bökkum, ekki dugði honum frelsið.

Staða iðnaðarins breytist sáralítið við þetta. Þau tækifæri sem menn sjá eru fyrst og fremst í því að Íslendingar lagi til heima hjá sér og létti gjöldum af iðnaðinum, sem að vísu var líka forsenda að gert yrði 1972 en hefur ekki verið gert. Þetta eru allt saman gyllivonir. Iðnaðurinn kemur til með að eiga í basli. Það er að vísu undanskilið í þessum samningi að skipaiðnaðurinn íslenski þarf ekki að vænta sér neins af þessum samningi, enda hafa forráðamenn skipaiðnaðarins ekki verið háværir um hagræðið af samningnum.

Hvað varðar verslun á Íslandi þá liggur það í augum uppi að hún færist að einhverju leyti í hendur útlendinga. Það tel ég vera óheppilegt vegna þess að ég tel að Íslendingar eigi að reka verslunina fyrir sig sjálfa. Það var mikið undirstöðuspor í framfarasókn Íslendinga og sjálfstæðisbaráttu þegar þeir tóku verslunina í eigin hendur. Ég tel að það henti vel að Íslendingar annist verslun á Íslandi fremur en erlendar verslanakeðjur. Það getur vel verið að það megi skipuleggja verslunina betur en gert er. Mér þykir t.d. ofrausn að heildsalarnir skuli vera nærri jafnmargir og smásalarnir í Reykjavík. A.m.k. eru þeir litlu færri en smásalarnir. Það held ég að sé ofrausn. En við þennan atvinnuveg vinnur fjöldi fólks og hagsmunir þess eru settir í ákveðinn vanda með þessum samningi. Fyrir utan það, og það á reyndar við um aðra hluti þessa samnings, að það er heilmikill dulinn kostnaður sem menn gera sér ekki grein fyrir enn hver verði vegna ákvæða sem í samningnum eru. Þessi samningur bindur okkur nefnilega fjárhagsbyrðar. Það er ekki bara inntektin. Við höfum líka útgjaldavon.

Frelsi í fjármagnsflutningum getur orðið okkur til

eflingar en það er álitamál. Það getur líka verið okkur hættulegt. Hv. 7. þm. Reykn. tók dæmi af því í ágætri ræðu sinni í fyrrakvöld hvort menn teldu líklegra að Deutsche Bank keypti Landsbankann eða Landsbankinn keypti Deutsche Bank. Ég held það væri óheppilegt fyrir okkur að Deutsche Bank keypti Landsbankann. Ég tel heppilegra að Íslendingar eigi sína banka og reki þá sjálfir, jafnvel þó að kannski mætti bæta rekstur þeirra. Vextir mundu hugsanlega lækka eitthvað í bili. Það gæti orðið eitthvert innstreymi fjármagns utan að frá í sambandi við fjármagnsfrelsið. Það gæti líka orðið útstreymi. Það er rétt að vekja athygli á því að ef fjármálastofnanir af EES-svæðinu setja hér upp útibú eða starfsemi þá heyrir hún ekki undir hið íslenska bankaeftirlit. Hún kemur til með að heyra undir bankaeftirlit heimaþjóðarinnar og Íslendingar geta ekkert fylgst með hvað gerist þar.

Frjáls för launafólks. Á henni eru líka tvær hliðar. Það er að sjálfsögðu gott fyrir okkur að geta farið um Evrópska efnahagssvæðið og fengið þar vinnu ef hana er að fá. Það er reyndar eitt af keyrunum á þessum samningi að allstór hópur manna, ágætra vel menntaðra Íslendinga, hugsar sér að fá vinnu við þetta bákn sem verið er að setja upp og þeir eru aldeilis ekki að draga úr. Ég nefndi áðan kunnan krata og ráðuneytisstjóra sem búinn er að fá þar starf, sem að vísu er í lausu lofti eftir að Sviss gekk úr skaftinu, en mér er sagt að launakjörin séu 800 þús. á mánuði skattfrjáls. Ég vona að hæstv. viðskrh. leiðrétti ef ég fer með rangt mál og segi okkur hvað launin eru og hvernig þau eru sköttuð. Það er ekkert óeðlilegt að hann sé ánægður með þennan samning. Það er heldur ekkert óeðlilegt að einn aðstoðarmaður ráðherra, fyrrv. félagi okkar og þingbróðir, sem hefur fengið starf úti í Brussel, vel launað starf, sé áfram um að þessi samningur verði samþykktur. Það er töluverður hópur af Íslendingum kominn út, töluverður hópur á förum og los á mörgum sem lifa í voninni. Þeir eru ánægðir með þennan samning.

En það er líka önnur hlið á málinu. Við erum að gerast aðilar að efnahagssvæði þar sem atvinnuleysið er fast 10% og er sums staðar komið upp í 17%. Við höfum ekki búið við það atvinnuleysi. Ríkisstjórnin hefur að vísu gengið hart fram í því að auka atvinnuleysi á Íslandi með ýmsum ráðstöfunum sínum en við erum þó blessunarlega lausir við þær hörmungar sem fólk annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu býr við í þessu efni. Fyrir norðan er það svo að vatnið leitar undan brekkunni og ég hygg að það gildi eitthvað svipað lögmál um fólkið á Evrópska efnahagssvæðinu að það leiti fremur þangað sem vinnu er að fá og þar með séu líkur til að atvinnuleysi aukist hér fremur en hitt af þessu. Iðnaðinum og atvinnulífinu kann að verða það til þæginda að fá erlent vinnuafl til starfa sem er tilbúið að vinna hér á strípuðum töxtum fremur en þurfa að vera að yfirborga Íslendinga.

Þetta atriði hefði maður getað ímyndað sér að þeir kratar sem stýrt hafa Alþýðusambandi Íslands kynnu að reka hornin í. Það hafa þeir ekki gert, enda eru þessir kratar, eins og fram kom í gærkvöldi, miklir alþjóðahyggjumenn. Afstaða sumra forustumanna Alþýðusambandsins hefur verið mér óskiljanleg.

Kennarafélag Íslands kom á fund utanrmn. og lagði þar fram athyglisverð gögn og greindi frá hvernig þessi frjálsi vinnumarkaður kynni að þróast. Ég er hér með bréf frá Kennarasambandi Íslands til utanrmn. Ég ætla ekki, herra forseti, að lesa það allt saman. Mig langar til að vitna í tvær, þrjár línur í niðurlaginu. Þar segir:

„Kennarasambandið er ekki reiðubúið til að fórna eða draga úr þeim réttindum sem áunnist hafa og telur það verkefni sitt að sækja enn frekari rétt félagsmönnum sínum til handa í kjarasamningum á komandi árum. Valdi aðild að Evrópsku efnahagssvæði því að réttarstaða launafólks og/eða stéttarfélaga versni eða skerðist fer það í bága við grundvallaratriði kjarastefnu Kennarasambandsins. Í þessu efni þarf sérstaklega að huga að réttindum á sviði almannatrygginga, lífeyrisréttindum, aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustöðum, skylduaðild að stéttarfélögum og forgangsréttarákvæðum kjarasamninga. Kennarasambandið mun ekki ljá máls á að afsala sér að hluta eða öllu leyti þeim réttindum sem eru í gildi hér á landi."

Þetta finnst mér eðlileg afstaða verkalýðsfélags og nefni það hér sem dæmi um það hverjar ég tel líkurnar á að þróunin komi til með að verða.

Það er rétt að láta þess getið líka að við verðum að taka við fólki. Við getum ekki haldið uppi sama standard eins og við höfum gert t.d. um menntun iðnaðarmanna. Iðnmenntun í Suður-Evrópu er með allt öðrum hætti en hér. Þar þurfa þeir ekki að vera í skóla nema örlítið eða kannski ekkert. Þeir þurfa að vinna eitthvað hjá meistara. Síðan fá þeir réttindi sem gilda á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, geta komið hingað og unnið við hliðina á okkar iðnaðarmönnum sem hafa þurft að leggja á sig langt nám og dýrt. Þessir menn geta boðið vinnu sína fyrir lægri prísa. Það er alveg eins gott að menn geri sér grein fyrir þessu og láti það ekki koma sér á óvart þegar iðnaðarmenn með eitthvert pungapróf fara að koma hingað og þau eru fullgild á Íslandi. Atvinnustigið er sem sagt í óvissu og jafnvel í töluvert mikilli hættu.

Menn hafa talað hér um menntun. Það væri nauðsynlegt fyrir okkur að fá aðgang að menntuninni í Evrópu. Það vill svo til að fyrrv. háskólarektor, dr. Sigmundur Guðbjarnason, var reyndar búinn að semja við 17 eða 18 háskóla í Evrópu um það að taka við Íslendingum. Hann var því búinn að tryggja þetta háskólamenntunarsvið ágætlega og það er okkur nauðsynlegt. Ég geri ekki lítið úr því. Það er okkur nauðsynlegt að halda dyrunum opnum og okkur væri mikill vandi á höndum ef við ættum ekki kost á því að sækja menntun til Evrópu á einhverjum skikkanlegum jafnréttisgrundvelli. Það væri okkur mikill háski. En að við þurfum að ganga í Evrópskt efnahagssvæði til þess er ekki rétt. Það er hægt að gera það með öðrum hætti. Það er reyndar hægt að sækja menntun víðar en til Evrópu þó að þær þjóðir séu skyldar okkur að menningu og við búum við menningu sem er ekki ósvipuð þeirra og að mörgu leyti eðlilegt og margt að sækja til þeirra. Ég hef það fyrir satt, og leiðrétti mig þá menn

sem vita betur, að á undanförnum áratugum hafi ekki verið opnaðir nýir háskólar í Evrópubandalaginu. Það væri ágætt að fá þá nafngreinda ef einhver veit um háskóla sem opnaður hefur verið í Evrópubandalaginu sl. 10 árin. Ég get sagt frá einum háskóla sem hefur verið opnaður og er til mikilla þjóðþrifa í sínu þjóðfélagi í litlu landi sem þarf ekki að jafna sig við Evrópubandalagið. Það var opnaður háskóli á Akureyri fyrir skömmu síðan góðu heilli og er ég þakklátur öllum þeim sem hafa lagt því máli lið úr flestum flokkum.

Gróska í háskólastarfi, sem er þó undirstaða framtíðarvelmegunar þjóða, hefur ekki verið sérstök í Vestur-Evrópu eftir því sem mér er tjáð af menntamönnum sem hafa miklu meira vit á háskólamenntun en ég. Gróska í því er miklu meiri bæði vestan hafs og eins í löndum sem fremst eru í austrinu.

Menn hafa verið að tala um að út af norrænu samstarfi sé okkur nauðsynlegt að tengjast Evrópsku efnahagssvæði vegna þess að aðrar norrænar þjóðir séu ýmist komnar þangað eða á leiðinni þangað. Nú hef ég að vísu varið verulegum tíma í norrænt samstarf og efast um að mörgum hér inni sé ljósara gildi norræns samstarfs fyrir Íslendinga. En að ímynda sér að norrænt samstarf blómgist sérstaklega þó það flytjist til Brussel, og þangað er það komið. Þangað er norræna samstarfið á leiðinni og verður komið innan fárra ára. Nú mega menn á norrænum vettvangi ekki tala um eitt eða neitt nema það sem skeður í Brussel. Menn eru að búa sig undir að berjast saman undir einhverjum norrænum hugmyndum eða norrænum fána í Brussel og láta sér detta í hug að þeir nái frekar árangri ef þeir standa saman. Það getur vel verið og ég óska þeim velfarnaðar sem berjast þar undir norrænum fána, en það er náttúrlega fjarstæða að halda því fram að Íslendingar eigi að elta norrænar grannþjóðir til Brussel, að norrænt samstarf, þó mikilvægt sé, sé það mikils virði að fórnandi sé öðru sem er stærra og meira fyrir það að taka þátt í norrænu samstarfi. Hlálegast af öllu er þegar hæstv. utanrrh. heldur þessu fram, sem illu heilli er ekki viðlátinn hér og hefur fram að þessu gefið skít í allt norrænt samstarf. Fyrstu átök okkar, mín og hæstv. utanrrh., sem þá var ungur og upprennandi spútnikk í Alþfl., voru út af norrænu samstarfi sem hann taldi þá algerlega óferjandi og óalandi og fór um háðulegum orðum. Nú er hann að vitna í norrænt samstarf eins og það sé eitthvað fyrir okkur. Mér bara dauðbrá hvers konar sinnaskipti voru orðin á hæstv. ráðherra.

Herra forseti. Við í utanrmn. höfum leitað umsagna fjöldamargra aðila. Ég er ákaflega ánægður yfir hve mann hafa brugðist vel við að koma til nefndarinnar og ræða við hana, reyna að gera okkur grein fyrir væntingum sínu og draumum, grun sínum eða þeim áhættum sem þeir hafa séð. Ég er þakklátur öllu því fólki sem mætt hefur á fundum utanrmn. Það er sannast sagna að margir forkólfar úr atvinnulífi hafa á fundum utanrmn. lagt áherslu á að við gerðumst aðilar að Evrópsku efnahagssvæði og talið það atvinnulífi landsins og þeim samtökum sem þeir hafa verið þá og þá í fyrirsvari fyrir til framdráttar. Margir hafa sagt: En það verður að gera mikið fyrir okkur hérna heima til þess að við séum samkeppnisfær. Það er sjálfsagst allt saman rétt hjá þeim. Ef þeir eiga að standast eða eiga nokkra von um að standast þá samkeppni sem opnast með Evrópsku efnahagssvæði, þá verður náttúrlega að gera lifandi ósköp mikið fyrir þá en ég er ekki viss um að það verði gert. Það sér ekki á að ríkisstjórnin sé að gera það. Ég held því að draumar þeirra séu ekki marktækir.

Það er líka spurning í mínum huga hversu umsagnir sumra þeirra eru marktækar. Ég hef nefnilega orðið var við töluverðan pólitískan þrýsting. Það eru yfirleitt frammámenn í stjórnarflokkunum sem hafa komið á vettvang og veitt umsagnir sínar í utanrmn. Ég hef orðið var við töluverðar pólitískar hræringar þar sem menn hafa verið að ýta á sitt lið að greiða nú fyrir Evrópsku efnahagssvæði og ávíta menn af mikilli hörku ef þeir hafa verið að fetta fingur út í Evrópskt efnahagssvæði eða finna á því einhverja galla.

Ég hef meira að segja í fórum mínum fax, eins og þeir kalla það, frá einum úr forustusveit annars stjórnarflokksins til tiltekins aðila sem hafði látið sér detta í hug að skrifa litla blaðagrein þar sem hann varaði við inngöngu Íslands í Evrópskt efnahagssvæði. Hann fékk samstundis og greinin kom út, sem var í litlu héraðsfréttablaði, bréf frá einum aðalpótentátanum í Sjálfstfl. þar sem hann fann að þessari grein hans. Maðurinn leit svo á að það væri verið að beita sig skoðanakúgun. Ég veit ekki hvort bréfritari hefur hugsað sér það. Í þessu bréfi er að vísu orðalag sem ég kann ekki við og hefði tekið óstinnt upp, bæði ef því hefði verið beint til mín persónulega og eins ummælum um tiltekna háttsetta persónu. Ég læt útrætt um það í bili.

Ég tel að pólitískum þrýstingi hafi verið beitt á suma þessa menn. Á sama hátt og ég sting við fótum þegar ég hef lögfræðilegar álitsgerðir Björns Friðfinnssonar í höndum um verk hæstv. utanrrh., þá sting ég ofurlítið við fótum og það rís á mér eitthvert tortryggnishár þegar þessir menn ganga fram og vitna um nauðsyn þess að samþykkja samninginn um Evrópskt efnahagssvæði jafnvel eftir að hann var hættur að vera til.

Spurningin er hins vegar sú og mér finnst kannski vera ein sú stærsta: Eigum við erindi í Evrópubandalagið? Ég fyrir mitt leyti er tilbúinn að svara þeirri spurningu á sama hátt og ég hef svarað henni á undanförnum árum. Ég tel að við eigum það ekki. Það er hins vegar ekki samdóma álit allra alþingismanna. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var að gera gælur við það í ræðu sinni í gær að það væri kannski ekkert síður skynsamlegt að ganga bara í Evrópubandalagið heldur en í Evrópskt efnahagssvæði ef ég skildi hana rétt. Formaður fjárln. hefur gengið hart fram í því á opinberum vettvangi að fullyrða að við ættum að ganga í Evrópubandalagið. Svo er um fleiri forustumenn Alþfl. þó að þeir séu aðeins gætnari. Ég hef að vísu ekki heyrt þann menntaðasta þeirra, dr. Össur, leggja það til enn þá en hver veit. Báðir stjórnarflokkarnir eru orðnir holgrafnir af svona viðhorfum. Alls konar órar um það að við gætum átt eitthvert erindi þangað eru farn-

ir að ná alla leið upp í forustuna. Við munum að þeirra mati einangrast ef við komumst ekki í samflot með þessum herrum. Við munum verða áhrifalausir ef við komumst ekki í evrópska efnahagssamvinnu. Ég held að það sé mikil fásinna að ímynda sér að við komum til með að hafa einhver stór áhrif þó við dinglum þarna sem aftasti liður í hundsskottinu.

Það væri freistandi, herra forseti, að fara nokkrum orðum um þau áhrif sem á sveitarfélögin verða með þessari samningsgerð ef af verður. Ég er ekki viss um að mönnum sé það ljóst hversu gífurleg áhrif aðild að Evrópsku efnahagssvæði hefur bara á daglegan rekstur sveitarfélaganna í landinu og sérstaklega þeirra stærri. Það leggur þeim hindranir og skyldur á hendur sem ég er ekki viss um að forráðamenn sveitarfélaganna hafi almennt gert sér grein fyrir. Stærri útboð t.d. verða að bjóðast út á Evrópsku efnahagssvæði öllu, ekki bara á heimamarkaði. Sveitarfélögin geta ekki gaukað verkum að heimamönnum heldur verða þau að bjóða þau út á Evrópumarkaði.

Danir ætluðu að byggja stórvirki, brú yfir Stórabelti. Þetta var mikið verk og dýrt og þeir hugsuðu sér að með því mundu þeir geta létt á atvinnuleysispressunni í Danmörku, sem er mjög mikil, og þeir hugsuðu gott til glóðarinnar. Þeir lögðu í mikla fjárfestingu og ætluðu að rétta við atvinnuástandið hjá sér. Þeir buðu verkið út og dönsk fyrirtækjasamsteypa tók verkið að sér. Bíðum við. Það kom náttúrlega samstundis kæra til Evrópubandalagsins. Danir væru að pukra út af fyrir sig og ætluðu sér að hygla sínum og það má ekki í Evrópubandalaginu. Dómur féll í málinu, danska fyrirtækið var dæmt úr leik. Verkið varð að bjóða út á öllu Evrópsku efnahagssvæði og þýskt fyrirtæki fékk verkið. Og þar eru ekki Danir að vinna. Það eru ekki Danir sem eru undirverktakar. Ég skal ekki segja að það séu ekki í kokkhúsinu einhverjar danskar píur, en kjarninn og arðurinn af framkvæmdinni fer til Þýskalands. Alveg það sama kemur til með að gilda um önnur aðildarlönd Evrópska efnahagssvæðisins.

Ég sé reyndar ekki nema einn ljósan punkt í þessu sambandi. Hann er sá að íhaldinu er gersamlega ómögulegt að halda Reykjavíkurborg í heljargreipum sínum eftir að þetta er komið í gang. Þá getur ekki meiri hluti borgarstjórnar í Reykjavík gaukað arðvænum verkum að vildarmönnum sínum lengur. Það verður að bjóða stærri verkin út á Evrópsku efnahagssvæði. Það er bara tittlingaskítur sem þeir sem borga í kosningasjóðinn geta fengið. Þetta er eini kosturinn sem ég sé við þessa tilhögun. Ég tel að við Íslendingar eigum að reyna að kappkosta að vinna þau störf hér heima hjá okkur sem okkur er mögulegt.

Sveitarfélögin verða líka fyrir verulegri hindrun við að hjálpa atvinnulífi í eigin sveitarfélagi. Setjum svo að steinullarverksmiðjan á Sauðárkróki, svo að ég taki dæmi sem ég þekki, lenti í vandræðum. Þar vinnur álitlegur hópur manna og rekstur verksmiðjunnar er mjög mikilvægur fyrir það bæjarfélag, Sauðárkrók. Setjum svo að bæjarstjórnin á Sauðárkróki vildi reyna að hjálpa þessu fyrirtæki í erfiðleikum, t.d. með því að veita því skattaívilnanir eða annað hagræði. Það yrði ekki heimilt vegna þess að þá væri samkeppnisstöðu fyrirtækisins raskað. Þá mundi það hafa fengið betri samkeppnisaðstöðu en tilfallandi fyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu. Bæjarstjórn Sauðárkróks er óheimilt að hlaupa undir bagga. Verksmiðjan yrði að fá að velta. Þetta er frelsið. Svona mætti lengi telja.

Hv. 7. þm. Reykn. greindi frá hvernig færi fyrir Áburðarverksmiðjunni. Áburðarverksmiðjan hefur ekki óskað eftir rammasamningi við Landsvirkjun nema til ársloka 1993. Áburðarverksmiðjan taldi að hún hefði ekki áhuga á lengri samningi en til árs miðað við það að allar hofur eru á að áburðarframleiðslan leggist niður og Áburðarverksmiðjan verði pökkunarstöð fyrir áburð með einhverri lítilli starfsemi.

Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga leitar eftir samningum við Landsvirkjun um verulegan afslátt á rafmagnsverði. Þeir járnblendiverksmiðjumenn hafa reyndar ekki verið duglegir að borga rafmagnsreikningana frá Landsvirkjun undanfarið í erfiðleikum sínum en það er önnur saga. Setjum svo að Landsvirkjun ákvæði að gefa Járnblendiverksmiðjunni rafmagn til þess að fleyta henni yfir tímabundna erfiðleika. Hvernig halda menn að samkeppnisstaða Járnblendiverksmiðjunnar yrði þá á mörkuðum Evrópska efnahagssvæðisins? Ég er hræddur um að það væri bannað. Það hefur reyndar verið þrefað í forstjóra Járnblendiverksmiðjunnar sem hefur orðið að standa fyrir máli sínu út í Brussel því nú þegar þykir einhverjum herrum í samkeppni við Járnblendiverksmiðjuna hún fá rafmagn fyrir óeðlilega lítið gjald frá fyrirtæki sem er að hálfu í eigu íslenska ríkisins og það er náttúrlega ekki heimilt í öllu frelsinu.

Einn mikill galli á þessum málatilbúnaði öllum er sá að eignarréttur á landinu og auðlindum verður ekki einskorðaður við Íslendinga. Menn hafa verið að bralla við að setja upp girðingafrv. og hugmyndir um girðingar sem kynnu að geta tryggt íslenskt eignarhald á landinu og auðlindum þess. Því miður lítur ekki vel út með það. Því miður eru þau frv. sem hér hafa verið tekin til umræðu, reyndar ekki tekin til umræðu því þau liggja nú fyrir einungis á þingskjölum, ekki þess eðlis að þau séu líkleg til að fá lögfestingu.

Í fyrsta lagi er frv. um breytingar á jarðalögum. Það er sjálfsagt gert í góðri meiningu og ég vil ekki lasta þá tilraun sem þar er gerð. En sá er galli á gjöf Njarðar að ef það nær fram að ganga í þeirri mynd sem það er þá gerir það jarðir verðlausar. Þá er í því eignaupptaka frá núverandi eigendum, þ.e. það hefur í för með sér að menn mega ekki selja jarðir nema nágrönnum sínum. Það leggur jafnar hindranir á Íslendinga og þar af leiðir að Íslendingum, t.d. fólki í Reykjavík, verður meinað samkvæmt frv. ef það verður að lögum, að kaupa jarðir. Ég hef samúð með hestamönnum í Reykjavík sem langar til að kaupa sér jarðir í dreifbýli og eiga þar unaðsreit. Ég vil að vísu halda landinu sem mest í landbúnaðarnotum eftir því sem við höfum markað og efnahagslegar kringumstæður til. En ég vil ekki gera hestamönnum í Reykjavík ómögulegt að eignast jarðir t.d. fyrir austan fjall, hvorki sumarbústaðalönd eða aðstöðu til að stunda sína hestamennsku.

Ég hef í höndum álitsgerð sem er samin að beiðni dóms- og kirkjumrh. og landbrh. af þeim Ólafi Walter Stefánssyni, Stefáni Má Stefánssyni og Tryggva Gunnarssyni og gefin var út í júní 1992. Hún heitir Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og fasteignir á Íslandi. Ég vil meina að þetta sé vönduð úttekt. Ég hef að vísu tekið með fyrirvara sumu sem úr ráðuneytunum hefur komið og það hefur komið fram fyrr í ræðu minni. En það sem hér er sett fram finnst mér vera skynsamlegt og skilmerkilegt. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„EES-samningurinn og þeir viðaukar sem honum fylgja heimila ekki að gerður sé munur á rétti íslenskra aðila og þeirra er nýta sér EES-réttindi til að eignast virkjunarrétt vatnsfalla og jarðhita hér á landi. Ljóst er því að framangreindum ákvæðum fjárfestingarlaga um virkjunarrétt verður að breyta vegna tilkomu samningsins en Ísland hefur þó frest til þess hvað varðar beina fjárfestingu til 1. jan. 1996."

Síðan segir: „Kaupi erlendur aðili sem nýtur EES-réttar hér land fær hann eins og aðrir landeigendur eignarráð yfir þeim námum sem finnast þar í jörðu. Þannig gæti aðili sem nýtur EES-réttar almennt fest kaup á landi hér til að stofnsetja þar námuvinnslu á grundvelli stofnsetningarréttar."

Ég ætla, herra forseti, ekki að lesa meira úr þessu riti. Ríkisstjórnin hefur vissulega haft uppi dálítla tilburði til þess að koma í veg fyrir þá þróun að útlendingar eignist hér auðlindir í stórum stíl eða jarðhita, vatnsréttindi eða landið sjálft. Eins og ég sagði áðan þá er sá galli á jarðalagafrv. að það gerir jarðirnar verðlitlar og hindrar Íslendinga í eðlilegum eignaskiptum á Íslandi. Þarna er eignaupptaka án þess að bætur komi fyrir sem ég tel að samrýmist ekki 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Í sumar var okkur iðnaðarnefndarmönnum kynnt frv. sem samið var í iðnrn. um eignarhald á auðæfum í jörðu. Það tók til náma, jarðefna hvers konar, olíu, gass, vatns, jarðhita og kalda vatnsins. Það skyldi lýst þjóðareign ef það var fyrir neðan 100 metra án þess að bætur kæmu fyrir. Ef menn vildu hins vegar nýta rétt sem væri neðan við 10 metra yrðu þeir að sækja um leyfi til iðnrn. til þess. Þá er betra að hafa ekki malarkrúsirnar of djúpar ef ekki má fara nema 10 metra niður í jörðina. Ákvæði þessa frv. voru augljóslega eignaupptaka vegna þess að landeigendur eiga jarðhitann undir jörðum sínum og hafa átt samkvæmt íslenskri réttarvenju. Bætur hafa komið fyrir ef þetta hefur verið gert upptækt. Þarna var hugmyndin að gera það upptækt bótalaust.

Ég hef verið þeirrar skoðunar að við ættum að hafa ákvæði 67. gr. stjórnarskrár í heiðri og ekki taka eignir manna án þess að bætur kæmu fyrir. Þar af leiðandi hef ég verið á móti þjóðnýtingarfrv. af þessu tagi og hef hlotið talsvert ámæli t.d. frá hæstv. utanrrh. fyrir að ég væri að þrjóskast við að vernda eignarréttinn að þessu leyti. En það tek ég ekki nærri mér. Það kann að vera að ég geti ekki haldið lengur þeirri afstöðu minni. Það sé eina leiðin til að halda jarðhitanum í höndum Íslendinga að þjóðnýta hann eins og hann leggur sig. Ég vil leggja áherslu á að þetta tekur ekki bara til einhverra bænda sem einstöku herrar hafa heldur horn í síðu heldur tekur þetta líka til t.d. sveitarfélaga. Reykjavíkurborg á gífurlegan jarðhita í landareignum sínum t.d. Svo er með Sauðárkrók og reyndar fjöldamörg sveitarfélög á landinu.

Þetta frv. hefur þeim sennilega þótt gallað og það var dregið til baka. Við stöndum alveg berskjaldaðir eins og stendur. Ég hef ekki trú á að jarðalagafrv. verði samþykkt í óbreyttri mynd vegna þeirra ágalla sem á því eru. Þetta frv. var dregið til baka en það kemur kannski einhvern tímann eitthvað í líkingu við það síðar. Ég er ekki að lýsa andstöðu við það. Það getur skeð að það sé nauðvörn að samþykkja það þegar þar að kemur. En ég er sammála þeim sem álitsgerðina sömdu að það er mjög torvelt að setja upp skynsamlegar girðingar sem eitthvert hald er í.

Það vantar reyndar frv. um vatnsréttindi sem við höfum alla tíð í meðferð þessa máls lagt höfuðkapp á að kæmi fram. Það vantar frv. um vatnsréttindi. Vatnsréttindin eru í uppnámi. Þau eru að vísu í eigu á meðan ríkið heldur sínu einkaleyfi á að virkja. En um leið og einkavæðingin haslar sér völl í orkufyrirtækjunum þá eru vatnsréttindinn líka í uppnámi.

Herra forseti. Ég vil endilega fara að ljúka máli mínu en mér finnst ég eiga margt ósagt. Ég er búinn að stytta þessa ræðu mjög mikið en á þó einn bút eftir. Einn höfuðgallinn, sem ég sé þrátt fyrir marga stóra, á ingöngu í Evrópskt efnahagssvæði fyrir Íslendinga er að ég tel að það sé stórt skref inn í Evrópubandalagið. Ég er hér með ljósrit af blaðaskrifum hv. 3. þm. Reykv. frá því fyrir síðustu kosningar þar sem hann skýrði frá þeirri skoðun sinni hversu stórt skref myndun Evrópsks efnahagssvæðis væri inn í Evrópubandalagið og taldi að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar væri að stíga það. Ég ætla tímans vegna ekki að lesa langt úr þeim ritverkum en t.d. segir hann þriðjudaginn 16. apríl 1991: „Þeir sem hafa kynnt sér umræðurnar um EES og þær vonir sem bundnar eru við samningaviðræður EFTA og EB í ríkisstjórnum EFTA-landanna (utan Íslands?) vita að þar líta menn á EES sem fyrsta og annað skrefið inn í Evrópubandalagið."

Það er alveg rétt hjá hv. 3. þm. Reykv. sem var frambjóðandi í Reykjavík á lista Sjálfstfl. þegar hann skrifaði þessa grein að hér er um að ræða skref inn í Evrópubandalagið og hinar EFTA-þjóðirnar gera sér grein fyrir því.

Ég átti þess kost í fyrri viku að hlýða á ræðu utanríkisviðskiptaráðherra Norðmanna, Bjørn Tore Godal, sem hann flutti út í Brussel á fundi þar sem nokkrir íslenskir alþingismenn voru viðstaddir. Þar fór hann ekkert dult með að þrátt fyrir að Noregur væri að sækja um aðild að Evrópubandalaginu og aðrar EFTA-þjóðir en Ísland ýmist búnar eða að senda inn umsókn, þ.e. allar hinar væru á hraðferð inn í Evrópubandalagið, væri mjög mikilvægt að samþykkja þennan samning vegna þess að þar með væru þær hér um bil komnar inn. Það er réttlætingin fyrir því að aðrar þjóðir sem ætla sér annað og enn þá meira en í þessum samningi

felst leggja svo mikla áherslu á að samningurinn verði staðfestur.

Ég tel að við eigum ekki erindi inn í Evrópubandalagið. Við erum að loka okkur þar innan tollmúra. Ég ætla ekki að fara að endurtaka það sem hv. 7. þm. Reykn. sagði um það mál í fyrradag. Ég vek bara athygli á því með því að greiða fyrir viðskiptum við Vestur-Evrópu erum við jafnframt að setja upp beinar og óbeinar hindranir til annarra átta. Evrópskir bílar verða hér væntanlega í forgangi í framtíðinni en bandarískir og japanskir t.d. koma til með að hækka verulega í verði. Sumir segja 10%. Ég hef ekki gáð að því sjálfur.

Ríkisstjórn Íslands gerðist fyrir nokkrum dögum aðili að hernaðararmi Evrópubandalagsins með aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu. Það er annað skref, þetta er hitt. Hvorugt skrefið er að mínu mati skynsamlegt að taka og bæði skrefin eru að mínu mati hættulegt að taka. Ég ætla ekki að útlista eðli Evrópubandalagsins. Til þess vinnst ekki tími og ég vil stytta mál mitt svo mjög sem ég mögulega get.

Eftir því sem ég hef tekið eftir og af þeim kunnugleik sem ég hef af Evrópubandalaginu af starfi mínu í Evrópustefnunefnd og t.d. í þingmannanefnd EFTA-ríkjanna þá er Evrópubandalagið ekki lýðræðislegt. Þingmenn, lýðræðislega kjörnir fulltrúar, hafa þar skelfing lítið að segja. Þessu bandalagi er stjórnað af kontóristum sem sitja hver í sínu horni, finnst þeir vera kóngar yfir ákveðnu sviði og upphugsa reglur sem okkur hinum finnast fáfengilegar. Í morgun var greint frá því í útvarpinu að Evrópubandalagið vantaði staðla um hvað munnbiti væri stór. Kelloggs-fyrirtækið fór að tala um næringarefni og hollustu í framleiðsluvöru sinni sem væri eins og í, ég man ekki hvað mörgum munnbitum af brauði. Það kom í ljós að hjá Evrópubandalaginu vantaði staðal um hvað munnbiti ætti að vera stór. Það var einstaklingsbundið hvað munnbitarnir voru stórir. Sumir töldu að þeir ættu að vera sjö í brauðsneiðinni. Aðrir töldu að þeir ættu að vera fleiri. Við þetta geta menn dundað sér og sjálfsagt kemur bráðum úrskurður frá Evrópubandalaginu, gerð sem við eigum að lögtaka hér eða hafa fyrir satt hvað munnbiti sé stór.

Menn minnast deilu sem reis í Evrópubandalaginu og varð býsna heit um það hvað smokkurinn ætti að vera víður. Ítalir beittu sér af alefli gegn þeim staðli sem herrarnir í Brussel höfðu stungið upp á. Þeir töldu að smokkurinn væri óhæfilega stór. Um það deildu þeir allt sumarið hvað smokkurinn ætti að vera stór. (**Gripið fram í:** Er þetta satt varðandi Ítalina?) Ég veit ekkert um hvernig Ítalirnir eru skapaðir en þeir töldu staðalinn vera of stóran. Um þetta hafa menn deilt fram og aftur í Evrópubandalaginu. Niðurstöðu fundu þeir eins og við finnum á Alþingi. Alltaf endar með því þó ósamkomulag sé eins og þessa daga að við finnum einhvern flöt á samkomulagi. Evrópubandalagið fann líka flöt á þessu með smokkana. Staðallinn byggist nefnilega á því að smokkurinn sé þeim mun teygjanlegri þannig að hann passi á litlu Ítalina líka eins og stóru karlana í Brussel. Þarna leystu þeir það.

Svo koma karlar eins og hæstv. utanrrh. — jæja, ég er nú ekki að segja það. Öflugir stjórnmálamenn koma fljúgandi til Maastricht eða Brussel eða Edinborgar eða einhvers annar staðar sem ákveðinn hefur verið, setjast þar eins og kríur á stein og flytja ræður hver yfir öðrum sem kontóristarnir þeirra hafa samið handa þeim. Sumir halda blaðamannafund og flestir komast skynsamlega að orði og fólkið heldur að þessir menn hafi eitthvað um þennan rekstur að segja en hann gengur af sjálfu sér. Áhrif kjörinna fulltrúa og áhrif stjórnarherra hafa sáralítið að segja. Það eru kontóristarnir sem ráða þessu. Ég held að ekkert hafi verið ofmælt í ræðu hv. 7. þm. Reykn. þar sem hann ræddi um báknið í Brussel.

Í þessum samningi, herra forseti, felst verulegt fullveldisafsal. Hann samræmist ekki hinni íslensku stjórnarskrá og það er kannski alvarlegasti hluturinn. Mig langar til að tala svo sem klukkutíma enn um íslensku stjórnarskrána og benda á fleiri atriði en hv. 7. þm. Reykn. gerði í sinni ræðu því hann fór ekki ítarlega í stjórnarskráratriðin þó hann tæki dálitla stund í það. Hann drap ekki nema á fá atriði sem stangast á við stjórnarskrána af mörgum því þau eru fleiri en hv. 7. þm. Reykn. taldi upp, þó kannski séu það meginatriðin. Með þessum samningi heftum við löggjafarvaldið sem á að vera hjá Alþingi og forseta Íslands. Við látum úr landi hluta af framkvæmdarvaldinu. Við framseljum það. Við látum dómsvaldið að hluta til úr landi. Allt er þetta andstætt 2. gr. stjórnarskrár en skv. 1. gr. stjórnarskrárinnar er Ísland lýðveldi með þingbundinni stjórn. 2. gr. hljóðar svo:

„Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið."

Þingið verður að taka við forskriftum frá Evrópubandalaginu. Framkvæmdarvaldið færist að hluta til út og við verðum að lúta dómum frá erlendum dómstóli og þeir eru aðfararhæfir hér á landi.

10. gr. tekur fram að forseti Íslands vinni eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað en Þjóðskjalasafnið hitt.

26. gr. segir, og ég rifja hana upp, ekki það að hún brjóti stjórnarskrána en hún kemur til athugunar við meðferð þessa máls. Þá á ég líka við tímasetningar í greininni.

26. gr. stjórnarskrár hljóðar svo: „Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Ný synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu."

Þessa grein las ég þingheimi til fróðleiks ef mönn-

um hefði skotist yfir hana.

Forseti verður að staðfesta eða synja ef honum býður svo við að horfa, innan hálfs mánaðar. Ef við afgreiðum þetta mál við þrjár umræður er það ekki aðeins niðurlæging fyrir Alþingi heldur verður sjálfur forseti Íslands að skrifa undir þessi lög eða taka afstöðu til þess hvort hann skrifar ekki undir þau og athuga þá jafnframt 10. gr. innan hálfs mánaðar.

Ég nefni fleiri greinar sem koma til álita.

36. gr. segir að Alþingi sé friðheilagt og enginn megi raska friði þess né frelsi. Þetta er gott og vel og greinin stendur fyrir sínu.

Samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði hefur Alþingi ekki lengur frelsi til þess að haga lagasetningu eftir því sem því sjálfu kann að þykja hentugt. Það verður að gerast í samræmi við lög sem sett eru úti í Brussel.

Ég þarf ekki að minna hv. þm. á 47. gr. sem hljóðar svo:

„Sérhver nýr þingmaður skal vinna drengskaparheit að stjórnarskránni þegar kosning hans hefur verið tekin gild."

Þetta er greinin sem m.a. stendur í okkur framsóknarmönnum og hindrar þá okkar sem eru jákvæðir fyrir evrópskri samvinnu í því að greiða frv. atkvæði, ef einhverjir eru.

Mér finnst að þingmenn allir ættu að hugleiða vandlega hvað þeir eru að gera áður en þeir gera þennan gjörning því hér er ekki um að ræða neitt dulið brot á stjórnarskránni. Það er að ræða lögljóst brot.

48. gr. segir, með leyfi forseta:

„Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum."

Nú verðum við bundnir við reglur frá Brussel. Þar eru að vísu ekki kjósendur okkar en við erum bundnir við reglur frá Brussel og það er ekki samkvæmt anda stjórnarskrár.

60. gr. segir:

„Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms." — Þessi grein kemur líka til athugunar.

67. gr. kemur líka til athugunar eins og ég hef áður sagt um eignarréttinn.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta meira, herra forseti. Við óskuðum eftir því að þetta mál yrði borið undir þjóðaratkvæði. Ég tel að það hefði verið skynsamlegast allra hluta vegna og ekki síst fyrir ríkisstjórnina að bera málið undir þjóðaratkvæði og fá að vita hvernig þjóðin hugsaði í þessu máli. En það þorði ríkisstjórnin ekki að gera. Hún þorði ekki að taka áhættu. Þetta voru ekki sigurvissir menn. Þeir þorðu ekki að taka áhættuna af því að bera þetta undir þjóðaratkvæði. Þjóðaratkvæðagreiðslan hefði að vísu ekki orðið bindandi en væntanlega leiðbeinandi og það var fellt með offorsi á Alþingi, því miður.

Kynning þessa samnings hefur verið ámælisverð. Fé hefur verið ausið í auglýsingastofur. Ég ætla að geyma mér þetta þangað til utanrrh. er kominn heim, en bara segja í örstuttu máli að það hefur verið ausið fé í auglýsingastofur. Menn hafa gengið fram í að gylla kosti samningsins langt fram yfir það sem nokkur eðlilegheit eru um. Það hefur verið röng kynning á þessu máli í sumum fjölmiðlum. Ég hef deilt á sjónvarpið fyrir að gefa ekki rétta mynd af umræðum á Alþingi og villandi og nokkuð einhliða frásagnir af Evrópubandalaginu og Evrópsku efnahagssvæði.

Málgagn Alþfl., Morgunblaðið, skrifar í mörgum tilfellum ... (**Gripið fram í:** Hvað sagði þingmaðurinn?) Málgagn Alþfl. Samkvæmt því sem hv. 1. þm. Austurl. sannaði hér í umræðum í gær fylgir Morgunblaðið stefnu Alþfl. en ekki Sjálfstfl. Það hefur gyllt þennan samning fyrir þjóðinni með óeðlilegum hætti. Allt er þetta gagnrýni vert.

Frú forseti. Ég vil láta máli mínu lokið. Það hefur teygst meira úr þessari ræðu en ég var að vona. Ég var þó búinn að stytta hana mikið og á, eins og ég sagði áðan, margt ósagt. Ég vísa til þess sem hv. 7. þm. Reykn. sagði í framsöguræðu sinni og geri flest af hans orðum að mínum. Ég læt máli mínu lokið en ég vil taka það fram, ef það vefst eitthvað fyrir einhverjum, að ég ætla að greiða atkvæði gegn þessum samningi.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Vegna þess sem hv. ræðumaður sagði um fundi í utanrmn. og okkar samskipti um það efni vil ég taka það fram að hv. ræðumaður var farinn af fundi nefndarinnar í gær áður en honum lauk þannig að hann fylgdist ekki með lyktum mála þar. Ég vil einnig lýsa því yfir að ég tel það ekki á verksviði utanrmn. að bera undir stofnun utan Alþingis mál sem forseti Alþingis hefur úrskurðað um. Það lá þannig fyrir á þessum fundi í gær. Ég fagna því hins vegar að Framsfl. hefur leitað svara við þeim spurningum sem hann hafði og það kom fram á fundi nefndarinnar í gær að að sjálfsögðu mun þetta mál verða rætt áfram í nefndinni. Að tilmælum Framsfl. verður áfram um það fjallað.

Það er alveg tvímælalaust, og ég styðst þar m.a. við rit Ólafs heitins Jóhannessonar um stjórnskipun Íslands, að úrskurðir forseta eru fullnaðarúrskurðir, jafnt innan þings sem utan. Hafi menn eitthvað við þá úrskurði að athuga þá geta þeir reynt að hnekkja þeim með því að lýsa vantrausti á þann forseta sem úrskurðar. Ég tel að ekki eigi að vísa málum sem forseti Alþingis hefur úrskurðað um með þeim hætti sem okkur var kynnt í gær til aðila utan Alþingis.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er út af fyrir sig óánægður með þessa athugasemd frá hv. formanni utanrmn. Birni Bjarnasyni. Ég var að vísu ekki við þegar fundinum var slitið í utanrmn. í gær, en ég aflaði mér upplýsinga um hvað þar hefði gerst. Það var að formaður synjaði beiðni minni að kalla eftir áliti Lagastofnunar. Mér þykir það slæmt og ámælisvert. Ég hefði talið heppilegra að það hefði verið utanrmn. sem bað Lagastofnun fremur en þingflokkur framsóknarmanna. Það hefði verið miklu öflugra og líklegra til árangurs ef hv.

3. þm. Reykv. hefði skrifað Lagastofnun í nafni nefndarinnar heldur en ég fari að gera það í nafni þingflokks framsóknarmanna.

Hv. þm. vitnaði í úrskurð forseta. Ég er ekki sammála honum um það. Ég vil að vísu virða úrskurði forseta og ég veit að forseti úrskurðaði eins og ég tel að stuðningsmenn meiri hlutans hafi vonast eftir að hann mundi úrskurða. Ég vitna eftir minni því ég hef ekki hlutaðeigandi gögn á takteinum hér í ræðustólnum en mig minnir að það hafi verið dr. Bjarni Benediktsson sem sagði einhverju sinni þau viturlegu orð að þannig væri með þingræðið að meiri hlutinn ætti að fá leyfi til að hafa rangt fyrir sér.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil að það liggi alveg ljóst fyrir að spurningin var ekki um það hvort leitað yrði álits Lagastofnunar. Það var í sjálfu sér engin deila um að það kynni að vera ástæða til þess, heldur um það hverju skyldi skotið til Lagastofnunar. Þar var ágreiningsefnið. Ég tel, eins og ég sagði áðan, að það sé ekki á verksviði utanrmn. Alþingis að skjóta til Lagastofnunar spurningu um það sem forseti Alþingis hefur úrskurðað um. Ef ég má lesa það sem um slík mál í ritinu „Stjórnskipun Íslands" eftir Ólaf heitin Jóhannesson, segir, með leyfi forseta:

„Eins og áður er sagt, sker forseti úr ágreiningi um skilning á þingsköpum. Úrskurðir hans eru almennt fullnaðarúrskurðir. Á úrskurðum forseta þarf ekki að leita staðfestingar þingsins. ... Þótt þingmaður sé óánægður með úrskurð forseta, á hann þess almennt ekki kost að hefja um hann umræður og getur ekki fengið úrskurðinn borinn undir atkvæði þingsins. Hins vegar getur hann síðar borið fram tillögu um frávikningu forseta."

Ég leit þannig á og lít þannig á að um þetta sé okkar ágreiningur. Þetta er málefnalegur ágreiningur en ekki ágreiningur um störf nefnda þingsins. Þetta er málefnalegur ágreiningur um þetta atriði. Ég lít þannig á að þegar forseti hefur úrskurðað um mál sem snerta þingsköp, eins og fram kom á fundi nefndarinnar í gær þá snertir þetta mál þingsköp Alþingis, eigi ekki að skjóta þeim úrskurði eða því álitaefni út fyrir veggi Alþingis.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst kenna nokkurra hártogana í málflutningi hv. 3. þm. Reykv. Ég bað um þetta álit löngu áður en úrskurður féll hjá forseta. Það var ekki orðið við því. Ég margbað um að málinu yrði skotið til Lagastofnunar. Sú röksemd stenst því ekki að mínu mati að úrskurður forseta hafi komið í veg fyrir að þessi spurning væri borin fram. Ég skil ekki af hverju stjórnarliðinu finnst þessi einfalda spurning sem ég vildi leita til Lagastofnunar með eitthvert tabú. Það er eins og ekki megi minnast á þetta.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar til að koma á framfæri einni athugasemd og tveimur spurningum til hv. 1. þm. Norðurl. v. Í fyrsta lagi komu fram í máli hans athugasemdir um fræðimanninn Björn Þ. Guðmundsson og trúverðugleika hans. Vitnaði hann þar í ljósrit sem hafa verið að berast um þingsalinn og taldi að um augljóst spaug væri að ræða. Ég verð að taka það fram að hér er um að ræða tilvitnanir í tímarit lögfræðinga og þar á meðal í skýrslu um Lagastofnun Háskóla Íslands frá 15. febr. 1991 til 15. febr. 1992, þar sem talin eru upp rannsóknastörf nokkurra prófessora og rektora, þar á meðal eftir Davíð Þór Björgvinson, 24 greinar í tímaritum og blöðum. En meðal rannsóknastarfa og ritstarfa Björns Þ. Guðmundssonar, sem hann hefur væntanlega kosið að skrá, er þessi grein, Ný námskrá fyrir lagadeild, sem hv. þm. Páll Pétursson kaus að kalla augljóst spaug. Mér finnst það nokkuð kaldar kveðjur að nota þau orð um það sem prófessorinn kýs að nota sér sem dæmi um rannsóknastörf sín.

Af þeim tveimur spurningum sem mig langaði til að leggja fyrir hv. þm. er sú fyrri á þessa leið. Þingmaðurinn rakti fjölmörg atriði stjórnarskrárinnar sem hann taldi að væru annaðhvort brotin með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða hugsanlega brotin. Nú minnir mig að hv. þm. hafi verið flm. að tillögu til breytinga á stjórnskipunarlögum Íslands. Sú tillaga tók ekki til þessara atriða sem þingmaðurinn taldi upp. Ég vil því spyrja hvers vegna hann hafi látið undir höfuð leggjast að gera tillögu um breytingar á þessum atriðum sem hann telur að hafi verið brotin.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða um ljósrit sem ganga á milli manna og eiga að vera dr. Birni Þ. Guðmundssyni til ófrægingar að mati stjórnarliða. Ég nefndi þau fyrst og fremst til marks um vinnubrögðin. Ég held að stjórnarsinnar séu orðnir ansi sneyddir húmor ef þeir geta ekki séð að þessi tilvitnaða grein, ef grein skyldi kalla, er sett upp í spaugi. Hún minnti mig á það að einu sinni þegar við hæstv. heilbrrh. vorum ungir samdi hann heilt frv. og lét sem það væri eftir hv. þáv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, um ákaflega einfaldar lausnir á vandamálum í þjóðfélaginu. Það var auðvitað bara til þess að hlæja að því.

Ég veit ekkert um hvernig þetta efnisyfirlit sem er á ljósritinu er orðið til. Hver segir að Björn Þ. Guðmundsson hafi til vitnað þetta sem eitthvert vísindarit eftir sig? Mér er það alveg hulin ráðgáta hvernig mönnum getur dottið það í hug. Ég held að það sjái hvert barn að hér er um einhvers konar efnisyfirlit að ræða.

Varðandi stjórnarskrána þá er það rétt að í þeim frv. sem lágu fyrir til afgreiðslu á þinginu var illu heilli ekki tekið á öllum þeim ákvæðum sem ég fetti fingur út í. Mér fannst persónulega einfaldasta leiðin ef menn vildu lögtaka samning um Evrópskt efnahagssvæði og ég hefði lagt til, ef ég hefði verið stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar, að setja bara ákvæði inn í stjórnar-

skrána að þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrár skyldi samningur um Evrópskt efnahagssvæði öðlast gildi. Það hefði verið einfaldasta lausnin.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins geta þess að mér fannst ástæða til þess að fjalla um þátt Björns Þ. Guðmundssonar í þessu máli vegna þess að hann er nú orðinn nokkur þátttakandi í þeirri pólitísku umræðu sem hefur átt sér stað á þinginu fyrir eigin frumkvæði en ekki vegna þess að til hans hafi verið leitað með bréfi því sem hann hefur skrifað hingað inn.

Ég vil í öðru lagi koma með spurningu til hv. 1. þm. Norðurl. v. Það vill nefnilega svo til að hann hefur haldið hér ítarlega og langa ræðu í dag. Hún er efnislega að mörgu leyti samhljóða þeirri ræðu sem hv. 7. þm. Reykn. flutti áður og var líka löng og ítarleg. Í mörgum tilfellum er hv. þm. að vitna í 7. þm. Reykn. Nú er þetta út af fyrir sig allt í lagi en það virðist svo vera sem mönnum sé það ljóst að hér sé ástæða til að stytta mál sitt vegna þess að umfjöllunin um þetta mál hefur staðið lengi. Vil ég spyrja vegna þess að báðir þessir hv. þm. sitja í utanrmn. fyrir Framsfl. og hafa skilað nál. um þetta mikilsverða mál sem eru heilar tvær blaðsíður og taka hvergi á meginþáttum málsins. Engu að síður hafði hv. þm. nægan tíma til að gera ítarlegt nál. um þetta mál vegna þess að öðrum umræðum var frestað í a.m.k. tíu daga þar eð hv. þm. Steingrímur Hermannsson var í Austurlöndum fjær til að sinna persónulegum málefnum sem hann hlýtur vafalaust að hafa litið svo á að væru mikilsverðari en þessi umræða. Hvers vegna í dauðanum er það tækifæri ekki notað að birta ítarlegt nál. frá framsóknarmönnum í utanrmn. til að komast hjá því að halda endalausar ræður í þinginu og vitna hver í annan?

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er fjarri lagi að ég hafi verið að flytja þá ræðu sem hv. 7. þm. Reykn. flutti í fyrradag. Ég hlustaði með athygli á ræðu þingmannsins. Ég fékk útskrift af henni og las hana sérstaklega til að það henti mig ekki að ég væri að fjalla um sömu atriði og hann ef ég hafði nákvæmlega sömu sýn til þeirra og hann. Ég vil alltaf og kappkosta að flytja stuttar ræður. Og ég vonast eftir því að hv. þm. Tómas Ingi hafi ekki heyrt mig tala í mjög löngu máli fyrr en þá þetta. Þetta er lengri ræða en ég hefði kosið að flytja. En það er vegna þess að málið er stórt og efnismikið og ég taldi mig ekki komast hjá því að drepa á þau atriði sem ég gerði. Það verður bara að hafa það. Málið er stórt, veigamikið og afdrifaríkt og það er ekkert annað að gera. Ég er trúnaðarmaður flokks míns í utanrmn. og taldi mig þurfa að gera grein fyrir þeim viðhorfum sem ég hef til málsins. (**Gripið fram í:** Nefndarálitið?) Það er að vísu rétt að nál. er stutt. Þar koma þó fram meginniðurstöður um það hvernig við framsóknarmenn komum ekki til með að samþykkja þetta frv.

Það er matsatriði hvað nál. eiga að vera löng. Ég veit ekkert hvort það hefði verið betra fyrir okkur að fara að leggja fram einhverja prentaða bók í formi nál. sem síðan enginn hefði lesið. Nú fullyrði ég það ekki að allir þingmenn lesi nál. hv. meiri hluta nefndarinnar sem er mjög langt og ítarlegt. Ég hef að vísu flett því en ég er ekki viss um að allir hafi gert það. Það eru meginniðurstöðurnar sem máli skipta.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vildi áður en ég hef mál mitt leita eftir við virðulegan forseta upplýsinga um það hvernig fyrirhugað er að haga þinghaldinu núna á næstunni. Ef ég hef tekið rétt eftir er gert ráð fyrir þingflokksfundum eftir 20 mínútur eða rösklega það sem stæðu í klukkutíma og þá er klukkustund fram að kvöldmatarhléi. Er þetta rétt, virðulegur forseti, og er fyrirhugaður kvöldfundur? (**Forseti:** Já, þessum fundi verður frestað kl. 5 og þá væntanlega til kl. 8.30 í kvöld. Ef forseti fær ekki einhverjar nýjar upplýsingar kl. 5 þá verður honum frestað til 8.30.) Ég þakka upplýsingarnar. Ég vildi aðeins átta mig á því hvernig á tímanum stæði.

Við heyrðum það í umræðunni rétt áðan í sambandi við andsvör að hv. stjórnarliðar eru að kveinka sér mikið yfir því að alþingismenn þurfi að tjá sig um þetta stóra mál og taka til þess dálítinn tíma. Ég er satt að segja mjög undrandi á því að menn eins og hv. þm. Tómas Ingi Olrich sjái ástæðu til þess að finna að því þó talsmenn Framsfl. og fulltrúar flokksins í utanrmn. þurfi að eyða nokkrum tíma í að fjalla um þetta viðamikla mál. Er þó ljóst að möguleikarnir til þess að eiga orðastað við ráðherra eru skertir vegna fjarveru hæstv. utanrrh. frá þingfundi. Ég held að alþingismenn þurfi að átta sig á því að hver og einn okkar sem sitjum á þingi ber ábyrgð á því hvernig þetta stóra mál ræðst. Það er ekki aðeins að við þurfum að bera ábyrgð á atkvæði okkar heldur hljótum við að þurfa að bera ábyrgð á afstöðu okkar gagnvart kjósendum í landinu og þeim sem hafa sýnt okkur þann trúnað að velja okkur á löggjafarsamkomu Íslands, íslensku þjóðarinnar. Þeir sem kynnu að ætla sér að leita eftir endurkjöri þurfa væntanlega að standa þar einhver reikningsskil gjörða sinna. Það er ekkert undarlegt þó að þingmenn þurfi við meginumræðu um þetta mál, 2. umr. málsins, þegar fyrir liggja nefndarálit, að taka nokkurn tíma til að ræða það. Sýnist mér þó að það gangi ekkert fram yfir það sem hefur verið varðandi mál sem eru þó langtum veigaminni en þetta mál t.d. efnahagsfrv. ríkisstjórna sem við höfum oft séð á Alþingi um þetta leyti þinghalds í nóvember og desembermánuði og hafa oft tekið eðlilega drjúgan tíma til umræðu og athugunar á vegum þingsins.

Ég vek sérstaka athygli á því við upphaf míns máls að hver einasti alþingismaður hefur atkvæði í þessu efni. Það er ekki eingöngu að málin ráðist hér á vettvangi stuðningsmanna ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu heldur ráðast úrslitin á vettvangi þingsins sem heildar. Og hver einasti þingmaður ber jafna ábyrgð á úrslitum málsins. Þeir sem styðja það, þeir sem eru andvígir því og ekki síður þeir sem kjósa að sitja hjá við afgreiðslu málsins og láta aðra um niðurstöðuna. Það blasir við með mjög skýrum hætti nú þegar að

málið ræðst ekki einvörðungu milli stuðningsmanna ríkisstjórnar á Alþingi heldur ekkert síður af því hvernig stjórnarandstaðan stendur að málum og þeir sem tilheyra stjórnarandstöðuflokkunum ætla að verja atkvæði sínu í þessu máli.

Það hefur þegar komið fram að tveir af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar, eða a.m.k. sem eru í þingflokkum sem styðja stjórnina á þingi, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og hv. þm. Eggert Haukdal hafa þegar skýrt frá andstöðu sinni við málið með mjög skýrum og ótvíræðum hætti. Og ástæða er til að ætla að það geti verið fleiri í stuðningsliði ríkisstjórnarinnar sem líta þetta mál gagnrýnum augum og hafa ekki gert upp hug sinn um hvernig þeir ráði atkvæði sínu varðandi málið. Jafnframt hefur komið fram að í þingflokkum stjórnarandstöðunnar eru þingmenn sem veita málinu óbeinan stuðning með því að ætla að sitja hjá við afgreiðslu þess. Þá á ég við yfirlýsingar sem liggja fyrir frá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni. Það hefur verið leitt getum að því af hálfu hæstv. utanrrh., og vil ég þó helst ekki kveðja hann mikið til vitnis um mál eins og hann hefur tjáð sig utan þings að undanförnu, að það geti verið um meiri stuðningsvon að ræða úr röðum stjórnarandstæðinga við þetta mál hans á þingi heldur en ég hef nefnt. En ég vil ekki leiða neinum getum að því. Annað liggur ekki fyrir mér vitanlega en það sem ég hef hér nefnt.

Ég nefni það við upphaf máls míns við þessa umræðu að það er alveg ljóst að það var ekkert gefið mál að þetta mál næði fram að ganga á þinginu sem stjórnarfrv. til staðfestingar á samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Þær aðstæður gátu vel verið hér uppi ef stjórnarandstaðan sameinuð, 27 þingmenn, stæðu saman í andstöðu um þetta mál og greiddi atkvæði gegn frv. um það þegar marktækt frv. kemur fram um málið, en svo er ekki um það frv. sem við ræðum hér. Það er ekki það frv. sem ræður úrslitum. Þess vegna er það auðvitað afar afdrifaríkt þegar þingmenn úr röðum stjórnarandstöðuflokkanna ljá ríkisstjórninni lið með þeim hætti sem þegar er fram komið. Ég tala nú ekki um ef þeim fjölgar sem kjósa að verja atkvæði sínu á Alþingi með þeim hætti.

Ég hafði satt að segja vænst þess að til þeirra ótíðinda kæmi ekki að ríkisstjórnin fengi þennan stuðning úr röðum stjórnarandstöðunnar á þingi. Af ýmsum ástæðum og út frá margháttuðum rökum sem ég hef heyrt menn flytja gegn þessu máli, út frá efnisatriðum málsins, út frá stöðu málsins með tilliti til stjórnarskrár lýðveldisins og út frá kröfu stjórnarandstöðunnar um þjóðaratkvæði sem skellt hefur verið hurðum á af hálfu flestra stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar við atkvæðagreiðslu í þinginu. Ég hafði vænst þess að þessi rök nægðu til þess að stjórnarandstaðan hið minnsta stæði sameinuð gegn málinu. Og einnig í ljósi þess hvernig haldið er á landsmálunum almennt um þessar mundir og þar á meðal varðandi ýmis efni sem tengjast þessum stóra samningi. Þar á ég m.a. við samninginn um sjávarútvegsmálefni sem honum tengjast.

Ég mun víkja að nefndarálitum sem fyrir liggja vegna þess að ég tel nefndarálitin og þau sjónarmið sem þau endurspegla sérstakrar umræðu verð við 2. umr. málsins. En auðvitað er það svo að margháttuð atriði tengjast þessum álitum sem fram hafa komið sem óhjákvæmilegt er að nefna. Ég vil þó taka það fram, virðulegur forseti, að ég ætla mér ekki að fara að nota rétt minn sem þingmaður til þess að fara yfir málið með þeim hætti sem ég teldi í raun þörf á að gert væri við þessa umræðu, m.a. vegna fjarveru hæstv. utanrrh. og vegna þess að ég hef möguleika á að tjá mig um málið á síðari stigum við þessa umræðu og 3. umr. málsins ef til hennar kemur. Svo og vegna þess að þingið hefur afar miklum störfum að gegna um þessar mundir eins og ekki þarf að orðlengja. Hitt er jafnóhjákvæmilegt að ég þurfti að verja nokkrum tíma til umfjöllunar um málið. Og mér sýnist það helst til þröngur rammi sem sniðinn er miðað við þingflokksfundi fram undan að ég fái lokið því áður en kvöldmatarhlé verður gert eftir rúman klukkutíma eða svo sem gefst til ræðuhalda.

Hér liggur fyrir af hálfu ... (**Forseti:** Þessum fundi verður frestað eftir tólf mínútur, kl. 5.) Já, virðulegur forseti. Ég hef tekið eftir að svo væri en ég hafði reiknað með kannski að stefnt væri að fundi á milli klukkan sex og sjö en það er kannski misskilningur. Það er misskilningur. Þá er nokkuð ljóst að ég kemst ekki langt í mínu máli á þessum tíma. Þá er kannski rétt að verja ekki þessum tólf mínútum í að víkja að nefndarálitum heldur aðeins til þess að lýsa með örlitlum hætti inn í baksvið málsins, samnings um Evrópskt efnahagssvæði, sem við ræðum, og spurningarinnar um tengslin við Evrópubandalagið.

Ég tók eftir því í umræðu í gærkvöldi eða í nótt var það víst, það var komið fram á þennan sólarhring, að hér steig í ræðustól hæstv. umhvrh. Allnokkru eftir að hv. þm. Eggert Haukdal hafði flutt merka ræðu og hér höfðu farið fram orðaskipti um þingsköp, ef ég hef tekið rétt eftir, kom hér hæstv. umhvrh. þeirra erinda að bera það til baka sem borið hafði fyrir í umræðunni að Alþfl. hefði á fyrri stigum verið mikill áhugaaðili um það að tengja Ísland Evrópubandalaginu sem á þeim tíma fyrir nokkrum áratugum var kallað Efnahagsbandalag Evrópu og sú nafngift er reyndar enn þá viðloðandi þá stofnun með vissum hætti. Hæstv. umhvrh. vildi ekkert við þetta kannast og vísaði því öllu frá. Þetta varð til þess að ég greip upp í hillu hjá mér eftir gömlu málsgagni sem snertir fyrstu upptök þessa máls hér, samskipti og tengsl Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu í tíð svonefndrar viðreisnarstjórnar. Ég hef fyrir framan mig ræðu sem þáverandi menntmrh., sem raunar var um leið viðskrh. landsins, flutti 26. febr. 1963 á aldarafmæli Þjóðminjasafnsins. Þeir sem hafa langt minni og voru þá kannski komnir á það aldursskeið að fylgjast með stjórnmálum muna vafalaust eftir þeirri ræðu sem þarna var flutt á aldarafmæli Þjóðminjasafnsins. (**Umhvrh.:** Hún birtist í Morgunblaðinu fyrir nokkrum vikum.) Það er ánægjulegt að hæstv. umhvrh. er kominn í salinn og fylgist með þessu. Þessi ræða fékk þau ummæli í blaðaskrif-

um strax á eftir að menn hefðu haldið, sem sátu þennan fögnuð, minningarafmæli Þjóðminjasafnsins, að ráðherrann hefði tekið skakka ræðu og flutt hana fyrir misskilning, a.m.k. var það trú manna til að byrja með. Ég ætla að vitna í örstuttan kafla úr ræðunni að gefnu tilefni. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Auðvitað ber ekki að skilja þetta svo að sérhverju *mannsbarni sé ekki ljóst hversu gerólík veröldin er nú* því sem hún var um aldamótin síðustu, að ég ekki tali um aldamótin þar á undan. En þótt það sé ljóst sem orðið er getur hitt dulist mönnum sem er að verða og enginn veit að sjálfsögðu hvað verða mun." — Ég vil skjóta því að að þetta minnir svolítið á stíl sem við heyrðum á gamlárskvöld hér frá ættmenni þess sem hér talar og er ekkert skrýtið. — „Einn mestur stjórnmálaskörungur á fyrri hluta þessarar aldar sagði ekki alls fyrir löngu að svo virtist nú komið að helsta ráðið til *þess að efla sjálfstæði þjóðar væri að fórna sjálfstæði* hennar. Þetta kann að hljóma sem öfugmæli. En orðið sjálfstæði er hér auðvitað notað í tvenns konar merkingu. Átt er við það að svo virðist sem ein tegund sjálfstæðis verði ekki efld nema á kostnað annarrar."

Ég læt tilvitnun í þessa þekktu ræðu nægja því hún segir í rauninni kjarnann af því sem páv. mennta- og viðskrh. var að koma á framfæri við þjóð sína í tilefni af aldarafmæli Þjóðminjasafnsins eða öllu heldur í tilefni af draumum sínum og hugðarefnum sem fram *komu auðvitað með margháttuðum hætti á þessum* árum, að tengja Ísland við Evrópubandalagið, ef ekki með inngöngu þá með aukaaðild eða öðrum hætti sem ráðherrann fjallaði um við mörg tækifæri í sínu máli á þessum árum.

Ég hef líka handa á milli aðeins eldra málsgagn sem er skýrsla ríkisstjórnarinnar til Alþingis frá 12. nóv. 1962 flutt af viðskrh., Gylfa Þ. Gíslasyni, og ber yfirskriftina „Efnahagsbandalag Evrópu og Ísland". Í þessum bæklingi, sem var sérútgefinn 1962, er fjallað um *kostina — og ég tek fram að þetta er skýrsla ríkis*stjórnar, þetta er ekki ræða eða einhliða túlkun Alþfl. heldur ríkisstjórnarinnar á þeim tíma. Þar er ekki lögð til innganga í Evrópubandalagið en þeim möguleika er velt upp með ýmsum hætti, þar á meðal aukaaðild á grundvelli 238. greinar Rómarsamningsins. Það er hins vegar jafnljóst að þessi stefna og þessar hugmyndir sem þarna liggja að baki og voru orðaðar á jafnmerkilegan hátt og gert var í þessari ræðu hafa lifað mjög góðu lífi allar götur síðan hjá forustusveit Alþfl. Það er Alþfl. sem hefur haldið þeim hugmyndum við öðrum flokkum fremur að Ísland þyrfti að treysta tengsl sín við Evrópubandalagið jafnvel með því að sækja um aðild að bandalaginu. Ef litið er ekki langt til baka þá minni ég á að það er þingmaður Alþfl., Karl Steinar Guðnason, sem fyrstur manna lýsti úr þessum ræðustól yfir áhuga sínum á að Ísland sækti um aðild að Evrópubandalaginu í ræðu sem hann flutti 30. mars 1990 en tveimur vikum áður hafði formaður Alþfl., Jón Hannibalsson, lýst því yfir á fundi í Kaupmannahöfn að ef Norðmenn og Svíar gengju í Evrópubandalagið þá sæi hann ekki annan kost fyrir Ísland heldur en að fylgja á eftir.

Það er líka skammt að minnast skýrslu hæstv. utanrrh. til Alþingis í marsmánuði sl. þar sem ráðherrann á mörgum blaðsíðum ræddi og rökstuddi og átti eintal við sjálfan sig og síðan Alþingi, viðtal við Alþingi, um þá spurningu hvort ekki væri tímabært einmitt nú að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Það urðu margir undrandi þegar þessi skýrsla kom á borð *þingmanna og má vel vera að meira að segja* samráðherrar ráðherrans hafi sperrt eyrun og lyft brúnum þegar hún var lögð á borð án þess að ég viti með hvaða hætti var fjallað um þessa skýrslu á vettvangi ríkisstjórnar. En satt að segja kom þessi stefna og þessar vangaveltur utanrrh. á þessum tíma mönnum afar kynlega fyrir sjónir í ljósi stöðunnar varðandi Evrópskt efnahagssvæði og það mál sem við erum að ræða. Hvers vegna er ég að draga þetta fram hér og nú? Vegna þess að sá samningur, sem hér er sótt eft*ir að lögfestur verði, er stórt skref til tengsla* við Evrópubandalagið sem að efnisumfangi til er metið á 70–80% að því er varðar gerðir Evrópubandalagsins, þ.e. lög, reglur og annað sem flokkast undir gerðir Evrópubandalagsins, bindandi samþykktir þeirra. Og þó þar sé ekki saman að jafna fullveldisafsali þá er þetta mjög stórt skref og alveg er ljóst að ef samningurinn verður samþykktur á Alþingi er miklum hindrunum rutt úr vegi fyrir því að ganga götuna á enda, að ganga inn í Evrópubandalagið fyrir þau öfl sem í reynd ætla sér þangað alla leið.

Ég hef enga löngun til þess að gera mönnum upp skoðanir, en auðvitað hljótum við í stjórnmálum að leitast við að ráða í framtíðina út frá því hvernig stjórnmálamenn túlka sitt mál, hvernig menn leggja mál fyrir og má margt út úr því lesa. Það má t.d. leiða getum að því að allnokkur sveit innan Sjálfstfl. sé alláhugasöm um að látið verði reyna á umsókn um aðild að Evrópubandalaginu. Ég orða þetta svona vegna þess að sumir eru að gæla við það að hægt sé að láta reyna á umsókn án þess að stíga skrefið til fulls, án þess að hafa skuldbundið sig til að ganga að þeim kostum sem Evrópubandalagið veitir. (**Gripið fram í:** Gleymdu ekki krötunum.) (**Gripið fram í:** Eða Vinnuveitendasambandinu.) Já, það er auðvitað hægt að vitna til fjölmargra sem tengjast Sjálfstfl. og hagsmunasamtökum sem standa Sjálfstfl. nálægt og auðvitað ekki mjög langt að minnast þess þegar núv. hæstv. forsrh. lagði fyrir landsfund flokksins 1989 skýrslu aldamótanefndar flokksins þar sem lagt var til, eða a.m.k. leiddar líkur að því að það væri skynsamlegt fyrir flokkinn og fyrir Íslendinga að leggja það til að sótt yrði um aðild, látið yrði reyna á aðild að Evrópubandalaginu.

Nú höfum við vissulega tekið eftir því að frá því að Davíð Oddsson, páv. borgarstjóri, nú hæstv. forsrh., lagði þetta til innan síns flokks hefur hann dregið í land varðandi þetta mál á Alþingi í orðum sínum, t.d. í ræðu sinni 12. okt. sl. og við fleiri tækifæri, en það er samt alveg ljóst að þessi hugmynd er þarna til staðar, hún hefur verið til staðar hjá áhrifamönnum í Sjálfstfl. og við þurfum að meta stöðuna úr frá þeim sólarmerkjum sem hér eru uppi — (Forseti hringir.) Virðulegi forseti, ég er að ljúka setningu — og ekki

síst þeir sem eru í reynd mjög andvígir þeirri framtíðarsýn að Ísland verði aðili að Evrópubandalaginu.

Hér skal ég ljúka þessum kafla ræðu minnar, virðulegur forseti, og fresta máli mínu sem ég geri ráð fyrir að sé erindi forseta og tek þá til við það þegar fundi er fram haldið. — [Fundarhlé.]

Útbýting þingskjals:

Hvalveiðar, 308. mál, þáltill. GuðjG og MB, þskj. 477.

Hjörleifur Guttormsson (frh.):

Virðulegur forseti. Á þeim mínútum sem ég hafði tekið hér í ræðuflutning áður en fundi var frestað klukkan fimm vakti ég athygli á stöðu þessa máls í þinginu og þeirri staðreynd sem blasir við að bæði stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar eru ekki samferða í þessu máli, þ.e. í stuðningsliði ríkisstjórnarinnar eru þingmenn sem eru ráðnir í og hafa þegar kveðið upp úr um það að þeir greiði atkvæði gegn því frv. sem hér er rætt, eða gegn staðfestingu á EES-samningnum því það verður víst annað þingmál sem kemur til afgreiðslu, og í liði stjórnarandstæðinga hafa þegar tveir alþingismenn gefið til kynna að þeir ætli með óbeinum hætti að styðja framgang málsins með því að greiða ekki atkvæði, sitja hjá við afgreiðslu þess. Þetta minnir okkur á að hér er vissulega um að ræða mál sem hver og einn alþingismaður verður að taka afstöðu til óháð því hvernig hann er staddur í tengslum við ríkisstjórn hverju sinni. Þetta mál er miklu stærra en svo að það geti ráðist af því hvort þingmenn sitja stjórnarmegin eða stjórnarandstöðumegin við borðið. Það er ekki síður afdrifaríkt ef þingmenn kjósa að láta aðra um afgreiðslu málsins, taka ekki þátt í atkvæðagreiðslu og kjósa að sitja hjá eins og þegar hefur verið greint frá að a.m.k. tveir hv. alþm. ætli að ráða atkvæðum sínum með þeim hætti.

Ég hafði jafnframt vikið að forsögunni sérstaklega með tilliti til afstöðu Alþfl. til Evrópubandalagsins á fyrri árum. Það gerði ég að gefnu tilefni vegna þess að hæstv. umhvrh. kom inn í umræðu í gær og vildi bera það af Alþfl. á fyrri árum að hafa stefnt inn í Evrópubandalagið eða til mjög náinna tengsla við Evrópubandalagið og tel ég að það þurfi ekki langt að leita til þess að sýna fram á að staðreyndirnar voru allt aðrar.

Það er rétt, virðulegur forseti, nú þessa daga hérlendis þegar atvinnuleysið er eitt helsta umræðuefni meðal almennings og ógnvaldur á fjölmörgum heimilum, að velta því aðeins fyrir sér hvort sá samningur sem hér er til umræðu sé líklegur til að breyta einhverju í sambandi við þá stöðu mála. Ég held að þeir sem líta á þetta mál og skoða aðstæður í Evrópubandalaginu átti sig á því að samningurinn um EES er síst til þess fallinn að bæta stöðu atvinnulífs og atvinnumála á Íslandi í bráð og þó kannski enn síður í lengd. Ég vil í þessu sambandi minna á stöðuna innan Evrópubandalagsins sjálfs þar sem þeim fer dagfjölgandi sem fylla biðstofur atvinnuleysingjanna, þar sem atvinnuleysingjar voru um 16 milljónir og fer stöðugt fjölgandi og talið að það verði 2 milljónum fleiri atvinnuleysingjar innan skamms innan Evrópubandalagins og að atvinnuleysi þar fari upp í 11% að meðaltali innan skamms. Þetta má m.a. sjá í blaðaviðtali við efnahagskommissar framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, Danann Henning Cristophersen í Politiken 3. des. sl. og fyrirsögnin er sótt í orð þessa ráðamanns hjá Evrópubandalaginu í Brussel, yfirskriftin er: „Tro skal bekæmpe ledigheden" — Trú er það sem á að ráða bót á atvinnuleysinu. Og þótt mönnum þyki það kannski sérkennilegt að viðhorfin séu jafnóskýr og þetta ber vott um þá er það beinlínis staðhæfing þessa ráðamanns að það séu frekar huglæg atriði en hlutlæg sem geti orðið til þess að ráða einhverja bót á þeirri stöðnun sem nú ríkir í efnahagslífi Vestur-Evrópu og ekki síst innan Evrópubandalagsins og dregur þar þróttinn úr atvinnulífi.

Það er alveg áreiðanlegt að Íslendingar leita ekki styrks í efnahagslegu tilliti með því að ganga undir veldissprota þessa stóra bandalags og þó atvinnuleysi sé vissulega utan þess og víða vaxandi innan OECD-svæðisins þá er það þó búið að vera hlutskipti í löndum Evrópubandalagsins í allt öðrum og meiri mæli undanfarin tíu ár. Þess ættum við að minnast. Við skulum einnig hafa það í huga að sú umræða sem hér fer fram skiptir engu máli um það hvenær samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði tekur gildi. Þetta er ekki það þingmál sem ræður því eða afstaða til þessa þingmáls sem við ræðum hér, það þarf að koma annað mál inn á borð alþingismanna, samningur sem er raunverulegur og tekur tillit til stöðu mála hjá aðilum EES og við vitum ekki enn þá hvenær von er á því máli. Ég minni á þetta vegna þess að þeir sem bera þetta fram, bæði hæstv. utanrrh. svo og talsmenn atvinnulífsins sem svo eru kallaðir sem m.a. hafa sent hv. alþm. erindi, skorað á þá til að samþykkja þetta mál og lögfesta þennan samning, sem ekki er lengur samningur, virðast standa í þeirri trú af einhverjum ástæðum að það breyti einhverju hvort við afgreiðum þetta mál á Alþingi vikunum fyrr eða seinna. Það gerir það ekki, það er hreinn misskilningur og þess vegna er það einnig misskilningur hjá stjórnvöldum að leggja kapp á að knýja fram afstöðu Alþingis til þessa þingmáls sérstaklega.

Ég greindi frá því, virðulegur forseti, að ég ætlaði að fara sérstaklega yfir fram komin nefndarálit frá utanrmn. og ég ætla að gera það á ekki allt of löngum tíma en þar er vissulega að mörgu að hyggja. Nál. eru fjögur talsins. Ég hef ekki ástæðu til að ræða sérstaklega nema þrjú þeirra þar sem ég tala sem einn af þingmönnum Alþb. sem er samferða í þessu máli, sem er einn af tveimur þingflokkum á Alþingi sem virðist vera samferða í afstöðu til þessa máls, annars vegar Alþfl., við vitum ekki annað en þingmenn hans standi að þessu máli óskiptir, og hitt er einnig ljóst og hefur þegar verið greint frá því og legið fyrir um alllangt skeið að Alþb. og þingflokkur þess óskiptur mun greiða atkvæði gegn þessum samningi. (**JGS:** Það eru tíðindi að þingmaðurinn sé sammála flokksbræðrum sínum.) Það eru engin tíðindi fyrir mig að Alþb. taki þessa afstöðu, það hefur legið fyrir lengi og ef hv. þm.

hefur haft fyrir því að fylgjast með umræðum og afgreiðslu Alþb. undanfarin ár og frá því að þetta mál kom á dagskrá, þá þarf hann ekkert að vera undrandi yfir því að nú við lokayfirferð þessa máls, eins og það liggur hér fyrir þó það sé ekki endanleg yfirferð, þá hefur það legið fyrir að Alþb. mundi ekki geta gengið að samningi sem lítur út eins og það mál sem hér er fram sett. Ég gæti vel vitnað til þess með því t.d. að fara yfir samþykkt Alþb. á síðasta landsfundi og einnig á landsfundi 1989. En til huggunar hv. þm. þá skal ég einnig líta yfir landsfundarsamþykktir Framsfl. og ræða svolítið afstöðu Framsfl. til málsins, ekki síst vegna þess að hv. þm. kallar eftir því.

En ég ætla fyrst að víkja að meirihlutaáliti utanrmn. sem hv. þm. og formaður utanrmn. Björn Bjarnason mælti fyrir fyrir tveimur dögum eða svo. Það eru vissulega mörg atriði sem þar þyrfti að taka til umræðu og ástæða væri til að benda á og gagnrýna. Ég vel hér nokkra þætti af mörgum og vil aðeins koma að einu atriði sem fjallað er um í þessu nál. meiri hlutans sem er undirritað af fulltrúum Sjálfstfl. í nefndinni og einnig af fulltrúum Alþfl. Má það þykja dálítið sérstakt að fulltrúar Alþfl. skuli einnig taka undir þá söguskoðun sem sett er fram, eða þá túlkun á afstöðu til málsins sem sett er fram í þessu meirihlutaáliti. Ég vísa til þess, virðulegur forseti, sem fram kemur á bls. 5 í nál. meiri hluta utanrmn. þar sem fjallað er um afstöðu þingmanna Sjálfstfl. til málsins á seinni hluta árs 1989, en þar segir, með leyfi forseta:

„Þegar þátttaka í EES var rædd á Alþingi haustið 1989 héldu þingmenn Sjálfstfl. þeirri skoðun fram að skynsamlegt væri að reyna til þrautar að halda fast í tvíhliða viðræður einstakra EFTA-ríkja við EB. Töldu þeir að með því yrðu hagsmunir Íslands betur tryggðir en ella. Jafnframt vildu sjálfstæðismenn að Alþingi samþykkti sérstakt umboð til handa utanríkisráðherra í viðræðunum við EB." — Þetta er álit sem fulltrúar Alþfl. í nefndinni einnig skrifa upp á.

Ég held að menn ættu aðeins að staldra við. Var það nú svo haustið 1989 að Sjálfstfl. stæði ekki á bak við þáv. utanrrh. í efnislegri afstöðu til undirbúnings þessa máls? Ég veit að hæstv. viðskrh. er það langminnugur að hann man eftir þeirri stöðu. Það lá alveg skýrt fyrir frá talsmönnum Sjálfstfl. á þessum tíma að þeir stóðu að baki stefnu utanrrh. að því er varðaði könnunarviðræður og undirbúning samningaviðræðna við Evrópubandalagið á þessum mánuðum. Ég get vitnað í einstök ummæli því til stuðnings og vænti að menn taki eftir þeim, en hitt lá auðvitað einnig fyrir að Sjálfstfl., þá í stjórnarandstöðu, lék með vissum hætti tveim skjöldum í málinu, þ.e. reyndi á sama tíma að láta líta svo út sem hann vildi taka upp tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið og það væri hans stefna öðrum þræði. En hér sagði við umræður um þetta mál í þinginu 27. nóv., þáv. hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsonar, með leyfi forseta:

„Þingmenn Sjálfstfl. hafa allnokkrir lýst sínum sjónarmiðum hér í þessari umræðu og ég þarf ekki að hafa mörg orð um það að við erum fylgjandi því að Ísland taki þátt í þeim viðræðum sem að er stefnt milli EFTA og Evrópubandalagsins og við viljum að í þeim viðræðum sé lögð áhersla á okkar sérstöðu."

Þetta er talsmaður Sjálfstfl. á þessum tíma. Hann bætir því við, svo öllu sé til skila haldið: „Við höfum hins vegar jafnframt lagt áherslu á það að fram fari tvíhliða viðræður milli Íslands og Evrópubandalagsins, ekki viðræður við framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins eins og sumir hafa viljað skilja okkar málflutning, heldur hina pólitísku leiðtoga bandalagsins." — Takið eftir þessu. Og ætli þetta sé nú ekki nokkuð annað en látið er í skína í nál. meiri hlutans. Ég veit að hæstv. viðskrh., nú starfandi utanrrh., getur staðfest með hvaða hætti forusta Sjálfstfl. reyndi að leika tveim skjöldum, tala í tvær áttir í þessu máli, til þess auðvitað að reyna að halda friðinn í eigin röðum. Því hver var þá í forustu fyrir Sjálfstfl. í utanrmn.? Það var auðvitað hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, sá hinn sami og nú hefur lýst andstöðu sinni við þetta mál og lagði vissulega áherslu á það á þessum tíma að teknar yrðu upp tvíhliða viðræður og flutti um það tillögu og annar hv. fulltrúi Sjálfstfl. sem ekki situr lengur á þingi, hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, sem sat þá í utanrmn. og skrifaði upp á þetta álit en hafði einnig nokkra sérstöðu innan þingflokks Sjálfstfl. á þessum tíma því þingmaðurinn lýsti því á Alþingi um þetta leyti, að vísu nokkru síðar, að hún vildi taka skrefið strax inn í sjálft Evrópubandalagið og sigldi þar í kjölfar hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar að túlka þá afstöðu að við ættum að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Þannig að á bak við þennan sérkennilega málatilbúnað stóðu tveir þingmenn Sjálfstfl. með allnokkra sérstöðu í viðhorfinu til Evrópubandalagsins. Annar mjög andsnúinn, hinn þingmaðurinn í rauninni vildi fara alla leið.

Ég get svo vitnað í hv. þm. Þorstein Pálsson, þremur dögum síðar, 1989. Hvað segir þingmaðurinn þá um þetta efni? Hann segir svo, með leyfi forseta: „Formaður Alþfl., núv. hæstv. utanrrh., metur meira að halda Alþb. í ríkisstjórn en að leita samstöðu ábyrgra afla á Alþingi í þessu mikilvæga máli. Sjálfstfl. var reiðubúinn til slíkra viðræðna og svaraði fyrirspurn hæstv. utanrrh. jákvætt þar um." — Málatilbúnaður Sjálfstfl. á þessum tíma var auðvitað að reyna að sundra röðum ríkisstjórnarinnar þáv. á þessum tíma, fyrst og fremst, enginn ákafari í að hnýta upp á þennan samning í raun en forusta Sjálfstfl., þó að hún reyndi að leika tveimur skjöldum hið minnsta í málinu á þessum mánuðum. Svo má nefna, af því það er núv. hæstv. sjútvrh. sem þarna talaði, hvernig talaði hæstv. ráðherra þá um sjávarútvegsþátt þessa máls í samskiptum við Evrópubandalagið? Með leyfi forseta: „En íslenskur sjávarútvegur" — takið eftir, virðulegu þingmenn — „getur ekki beðið eftir því að krafan um að Evrópubandalagið hætti styrkjum til sjávarútvegsins nái fram að ganga." — Ekki að fella niður tolla heldur hætti styrkjum, leggja af styrkjapóltíkina. Það var krafan þá og segir: „Þá þyrftum við að bíða fram á næstu öld. Það er einfaldlega of mikil áhætta að geyma höfuðkröfu Íslendinga þangað til síðast í almennum viðræðum EFTA og Evrópubandalagsins.

Með því móti látum við viðsemjendurna króa okkur af í meginhagsmunamáli Íslendinga."

Þetta sagði hv. þm. á þessum tíma. Beri menn þetta svo saman við þá túlkun á stöðu mála sem fram kemur á bls. 5 í nál. meiri hluta utanrmn. Það er Alþfl. og fulltrúa hans í utanrmn. ekki til mikillar vegsemdar að skrifa upp á slíka túlkun mála að því er varðar stöðu Sjálfstfl. á þessum tíma.

Hér er það einnig reitt fram að fyrir kosningar til Alþingis í apríl 1991 hafi utanrrh. lýst því yfir að samið hefði verið um 98% þeirra úrlausnarefna sem voru á borði samningamannanna. Þetta er vissulega mjög sérkennileg túlkun á stöðu mála. — Samið hafði verið um 98%.

Sannleikurinn er sá að á þessum tíma hafði utanrrh. ekki samningsumboð frá páv. ríkisstjórn. Ráðherrann hafði falast eftir því að geta gengið frá málum þar sem fyrirvarar voru felldir niður í velflestum atriðum í sambandi við samningana, en ekki fengið það frá samstarfsaðilum sínum í ríkisstjórn. Svo er reynt að láta það líta svona út, að þannig hafi staðan verið rétt fyrir kosningar 1991. Hins vegar þurfti ekki að bíða nema örfáa daga þegar bjarghellan mikla með lóðsinn, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, um borð, bjarghellan mikla var sest á stóla, þá fékk utanrrh. óskorað umboð ríkisstjórnar til að ganga frá samningnum þó allt væri komið fyrir borð sem hæstv. núv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson var að krefjast á haustdögunum 1989 að því er varðaði sjávarútvegsmálin og þann þátt í þessum samningum.

Ég veit ekki hvort hv. þm. Björn Bjarnason er í kallfæri eða heyrir mál mitt. Það skiptir kannski ekki öllu máli, en ég vísa til nál. sem hann hefur mælt hér fyrir. Hann víkur að því með hvaða hætti staða mála hafi verið og vitnað er þar til Hannesar Hafsteins sem aðalsamningsmanns íslensku ríkisstjórnarinnar með þessum orðum, virðulegi forseti, með þínu leyfi:

„Spurt hefur verið hvað verði um EES-samband Íslands við Evrópubandalagið ef önnur EFTA-ríki fara í EB." — Og þar er vitnað til ummæla aðalsamningamanns með þessum hætti:

„Á hinn bóginn er ljóst að stofnanaþættir samningsins verða að koma til endurskoðunar og einföldunar. Allir sem komið hafa að þessar samningsgerð gera sér grein fyrir þessu. Engin ástæða er til að ætla að Íslendingum mundi henta verr sú einföldum sem þá yrði gerð á stofnanaþættinum né að hagsmunum þeirra yrði þar verr borgið. Það kemur í ljós þegar þar að kemur. Þá verður samningurinn líka í reynd sá tvíhliða samningur sem sumir virðast óska eftir."

Litlu seinna í nál. er greint frá því að forsrh. hafi lýst yfir vilja ríkisstjórnarinnar til að kanna með bréfi og formlega hjá framkvæmdastjórn EB hver staða Íslands yrði á grundvelli EES kæmi til þess að önnur EES-ríki gengju í EB.

Hins vegar greinir ekkert frá því að hæstv. forsrh. hafi komið þessari beiðni á framfæri við framkvæmdastjórnina, hvað þá að það sé upplýst hvaða undirtektir hafi orðið við slíkri orðsendingu. Hér er talað í hreinum véfréttastíl. Það mætti ætla að hér væri verið að beina orðum til þess hluta af Framsfl. sem virðist stefna að því eða hefur sér það til huggunar í sambandi við afstöðu til þessa máls, að úr þessu megi gera ósköp þokkalegan tvíhliða samning þegar önnur ríki eru hlaupin frá borði í samfloti EFTA-ríkja. Reyndar er þegar kominn brestur í það lið sem kunnugt er og menn þekkja. En til þess kunna refirnir að vera skornir.

Hv. þm. 6. þm. Norðurl. e., Jóhannes Geir, spyr hver sé afstaða mín í þessu máli. Það er ekki mitt að svara því sem hæstv. forsrh. átti að spyrja um til þess kannski að hugga einhverja góða framsóknarmenn. Ég vil þó segja þingmanninum það að ég hef ekki mikla trú á því að Evrópubandalagið afhendi Íslendingum á einhverju silfurfati nánast að kostnaðarlausu þann samning sem nú liggur fyrir efnislega utan stofnanaþáttarins og láti vera t.d. að biðja um eitthvað meira úr þeim sjóði sem þrátt fyrir allt er enn að finna á íslenskum fiskimiðum, innan landhelgi Íslendinga. Ætli hv. talsmaður Framsfl. í sjávarútvegsmálum þyrfti ekki aðeins að skoða jöfnunina og hvernig stendur með skiptin á veiðiheimildum áður en því kæmi með öðrum hætti en nú er gert.

Það er sannarlega nokkuð sérstakt að ekki skuli vera haft fyrir því að senda þetta bréf og láta það fylgja með, heldur aðeins að það sé vilji ríkisstjórnarinnar að spyrjast fyrir. Þeir eiga kannski ekki fyrir frímerkjunum. Það kann að vera að fjmrh. komi í veg fyrir það.

Í nál. er síðan vikið að norrænu samstarfi og stöðu norræns samstarfs með tilliti til þessa máls. Þar er fjallað um hlutina með þeim hætti sem við þekkjum nokkuð vel sem höfum verið starfandi á vettvangi Norðurlandaráðs, því þar hafa íslensku fulltrúarnir sem eru opnir fyrir þessum samningi ekkert látið sig muna um að taka undir þá vegferð sem ríkisstjórnir hinna Norðurlandanna, sem stefna inn í Evrópusamstarfið, eru að fara þvert á meirihlutavilja almennings á Norðurlöndum, utan Danmerkur sem er þegar í neti Evrópubandalagsins. Það eru ekki aðeins fulltrúar Sjálfstfl. heldur hefur einnig fulltrúi Framsfl. á þeim bæ í Norðurlandaráði ekkert látið sig muna um að taka eindregna afstöðu með samrunaþróuninni. Það kemur mér ekkert mjög á óvart að heyra um þá afstöðu sem hv. 1. þm. Austurl. hefur þegar túlkað á Alþingi eins og hann hefur ráðið atkvæði sínu í Norðurlandaráði á undanförnum missirum.

Nú er það vissulega svo að Íslendingar munu auðvitað ekki ráða siglingu Norðurlandaráðs í þessu máli og munu ekki ráða fyrir afstöðu annarra Norðurlandaþjóða. En það ætti kannski ekki að vera hlutskipti okkar Íslendinga á vettvangi Norðurlandaráðs að ýta á eftir þessari siglingu, ýta á eftir þessari þróun og reyna að viðhalda þeirri blekkingu að norrænu samstarfi sé best borgið innan vébanda Evrópubandalagsins, eins og hv. þm. Halldór Ásgrímsson hefur m.a. skrifað upp á og greitt atkvæði með ályktunum þar að lútandi á vettvangi Norðurlandaráðs. (**ÖS:** Meiri hluti þingflokks framsóknarmanna.) Virðulegur þingmaður, Össur Skarphéðinsson. Það er kannski best að vera ekki of veiðibráður í þessum efnum. Ég orðaði það svo fyrr í

umræðunni að ég vildi ekkert fullyrða um það hvernig þingmenn réðu atkvæði sínu og það gildir jafnt um stjórnarliða og stjórnarandstæðinga aðra en þá sem þegar hafa greint frá því hver þeirra afstaða sé til þessa máls. Þeir eru nokkrir og því miður ekki allir á þann veg sem mér finnst skynsamlegt í þessu efni.

Það er fullyrt í nál., með leyfi forseta:

„EES-samstarfið er til þess fallið að styrkja norræna samvinnu ef rétt er á málum haldið. Stæðu Íslendingar utan við EES væru þeir jafnframt að einangra sig frá stórum og mikilvægum þáttum í norrænu samstarfi. Slíkt er að sjálfsögðu mjög varasamt." — Segir í nál.

Þetta eru slíkar blekkingar sem hér eru á ferðinni sem vissulega er haldið fram af forustumönnum á Norðurlöndum í þeim ríkjum sem hafa þegar sótt um aðild að Evrópubandalaginu og eru að reyna að hugga sína umbjóðendur, almenning í löndunum, með að þeir ætli að viðhalda norrænu samstarfi þegar komið er inn fyrir múra Evrópubandalagsins. Nei, ætli það verði ekki annað sem dregur menn þar í dilka, hvort sem er á vettvangi ráðherraráðs eða á vettvangi Evrópuþingsins. Ég er hræddur um að það verði ekki samnorræn afstaða sem þar ráði ferðinni og ég held að menn ættu ekki að blekkja sig með því að þar séu skapaðir möguleikar, eins og sumir halda fram, jafnvel betri möguleikar til þess að halda utan um norrænt samstarf á vettvangi EES en nokkurn tímann hefur verið á hinum samnorræna vettvangi sem við þekkjum.

Í nál. meiri hlutans er síðan rakið efni frv. og hið mikla umfang þessa samnings sem hér um ræðir og ætla ég ekki að rekja það út af fyrir sig sérstaklega en staldra við þar sem komið er að stofnunum hins Evrópska efnahagssvæðis og áhrifum þess að tengjast efnahagssvæðinu að því er varðar m.a. lagasetningarvald og stöðu Alþingis í því samhengi. Þar segir, virðulegur forseti, á bls. 10, með þínu leyfi:

„Í 3. gr. frv. er að finna skynsamlega og nauðsynlega reglu varðandi lögskýringu og takmörkun á skýringarreglu greinarinnar. Af ákvæðum 3. gr. ræðst að engar kvaðir eru lagðar á Alþingi varðandi framtíðarlagasetningu vegna EES."

Þetta er einhver gróflegasta fölsun, virðulegur forseti, sem ég hef fundið í nál. Hér er verið að vitna til lagagreinar sem í rauninni leggur Alþingi og íslensku löggjafarsamkundunni það á herðar að standa að lagasetningu þannig að ekki brjóti gegn lagasetningu Evrópubandalagsins sem meginviðmiðun. Hefur það vissulega legið fyrir og liggur fyrir í sjálfum samningnum að þannig liggja málin. Að ætla að halda því fram að engar kvaðir séu lagðar á Alþingi varðandi framtíðarlagasetningu með því að undirgangast þennan samning er að snúa málunum talsvert rækilega á haus því staðan í þessu efni er auðvitað sú að því er varðar meiri hluta þeirra málasviða sem fjallað er um á Alþingi og íslensk löggjöf tekur til, þá erum við búin að binda okkur hvað snertir meginstefnu að því er varðar löggjöf og getum kannski aðeins leyft okkur þann munað í einstökum undantekningartilvikum að reyna að andæfa gegn þeim lögum sem Evrópubandalagið eitt hefur heimild til að gera tillögur um, bera fram og setja.

Ég hef orðið var við það að margir utan þings, sem ekkert er undarlegt, hafa ekki áttað sig á þeirri staðreynd að á samningssviðinu, sem tekur til mikils meiri hluta af ákvæðum byggðum á Rómarsamningnum og afleiddum ákvæðum, allt að 80% af samningssviði hvað snertir umfang Evrópubandalagsins, er verið að binda Alþingi Íslendinga hvað snertir meginstefnu. Löggjafinn á þessu samningssviði er ekki lengur Alþingi nema hreint að forminu til heldur er 17 manna framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins í Brussel, embættismenn, óbundnir af þingræðislegu valdi. Þetta er fámennisveldi. Ég veit ekki hvort mætti kalla það menntað einveldi. Ég treysti mér ekki til að gefa því einkunnina menntað einveldi því ég held það verðskuldi ekki að fá samjöfnuð við menntað einveldi í Mið-Evrópu á fyrri öldum sem svo var kallað á dögum Friðriks mikla. Þetta eru starfsmenn, fulltrúar stóriðnaðarins í Evrópu, stórfyrirtækjanna í Evrópu, fjölþjóðafyrirtækjanna í Evrópu, sem þarna ráða lögum og móta stefnu. Þing Evrópubandalagsins hefur aðeins orð að því er varðar fjárlögin. Eina málið sem þeir geta haft einhver teljandi áhrif á fyrir utan samninga af því tagi og hér um ræðir, þ.e. samninga við önnur ríki.

Það eru þessir kostir sem Alþingi og öðrum löggjafarsamkomum EFTA-ríkjanna sem gerast þarna þáttakendur eru búnir. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sem talaði fyrir nál. í gær var að tala um nauðsyn þess að vernda þingræðið. Margt má nú segja og koma síðan sem stuðningsmaður þessa máls þar sem búið er að þingræðinu eins og raun ber vitni. Auðvitað er reynt að breiða yfir þennan kjarna í stöðu málsins í áliti meiri hluta utanrmn. vegna þess að þetta er hlutur sem má ekki sjást. Í staðinn er hér brugðið upp huliðshjálmi með þeim orðum að engar kvaðir séu lagðar á Alþingi varðandi framtíðarlagasetningu vegna EES. Hafa menn séð það skrautlegra?

Síðan gengið var frá efni þessa samnings sem tengist því frv., sem er raunar ekkert frv., sem hér er til umræðu um mánaðarmótin júlí/ágúst 1991 hefur Evrópubandalagið samþykkt á þriðja hundrað gerðir. Við getum kallað það lög eða reglugerðir. Það er verið að þýða þessi bindandi ákvæði innan Evrópubandalagsins með nýyrðinu, gerðir. Það bíður hinna sameiginlegu nefndaraðila, ef þessi stofnun EES verður að veruleika, að fjalla um þennan bunka sem þarna bíður og ekkert verður undan vikist og mikill meiri hluti varðar þetta svæði. Ég er ekki að segja að þarna séu einhver stórtíðindi á ferðinni. Ég hef ekki kynnt mér nákvæmlega efni þessara gerða sem liggja fyrir. Því hefur verið safnað í bók og var út gefið 18. nóv. sl. gróft yfirlit um þetta. En svo mikið er víst að þarna er á ferðinni á mótunarstigi, að vísu ekki alveg frágengið, ein gerðin sem snertir hagsmuni nágranna okkar í Noregi, þ.e. gerð varðandi olíumálefni og olíuvinnslu, sem er þess eðlis að forsætisráðherra Noregs og talsmenn norsku ríkisstjórnarinnar, sem er harla blíð þegar Brussel er annars vegar og hefur beygt sig djúpt og hneygt, hafa þegar orðið að lýsa því yfir að þeir muni

beita neitunarvaldi gegn þessu sem er á leiðinni frá Brussel sjái þeir sig tilknúna til þess. Það verður eitt af því sem tekist verður á um því ekki mun það ganga hljóðalaust fyrir sig.

Ég held það sé hollt fyrir þingið að átta sig á því hvernig framhaldið verður. Þetta er ekki eitthvert mál sem við afgreiðum á Alþingi og búið. Ó, nei. Hér verður um að ræða stöðugt samningaþóf við Evrópubandalagið. Ef við ætlum að reyna að verja okkar hagsmuni að einhverju leyti, þá verður hér stöðugt viðvarandi samningaþóf við Evrópubandalagið varðandi lög sem koma í stríðum straumi frá Brussel og heimtað er að Alþingi stimpli. Ef það stimplar þau ekki — hvað þá? Þá koma gagnaðgerðir. Þá metur Evrópubandalagið það. Þá setur það upp spennitreyjuna, þumalskrúfuna, gagnvart þeim löndum sem voga sér að segja nei við þeim lögum sem Evrópubandalagið eitt ræður.

Því það var í kröfugerðinni og hæstv. viðskrh. man vafalaust eftir að það var eitt í nestispakkanum sem hæstv. utanrrh. hafði með sér á sínum tíma ásamt fulltrúum annarra EFTA-ríkja að því er snerti tök EFTA-ríkjanna varðandi lagasetningu sem lagt var upp með. Það var ekki þetta kerfi. Það sem lagt var upp með í mars 1989 var ekki þetta færiband, ó, nei. Markmiðið var að verða þátttakandi í lagasetningu, að öðlast vald varðandi lagasetningu þannig að um sameiginlega lagasetningu EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins væri að ræða. En þegar á undirbúningsstigi málsins, ég held það hafi verið 23. nóv. 1989, var kveðið upp úr um það af ráðherrum Evrópubandalagsins að ekki kæmi til mála, það væri bara ekki til umræðu að EFTA-ríkin fengju aðild að lagasetningarvaldi Evrópubandalagsins. Og voru það ekkert minni tíðindi en fríverslun með fisk, hinn pólitíski aðgöngumiði sem var í feita letrinu í fjölmiðlunum í mars 1989, en hæstv. utanrrh. upplýsti í umræðu í gær að hefði bara verið plat og hefði bara aldrei staðið til. Það hefði bara verið skraut á tertunni að setja fram kröfuna um fríverslun með fisk og honum aldrei dottið í hug að það fengist. Hann upplýsti það, sem var nýtt fyrir mér og ég bið þá sem fylgdust með þessu máli í ríkisstjórn að rifja upp, að það hefði komið neitun við þessari kröfu þegar í ársbyrjun 1990. Ég reyndi að fylgjast með þessu máli á þeim tíma og man ekki betur en við í utanrmn. á þeim tíma og Evrópustefnunefnd fengjum ekki að vita um þá neitun af hálfu Evrópubandalagsins fyrr en í nóvember 1990, að krafan um fríverslun með fisk væri neitun og þvert nei af hálfu Evrópubandalagsins, en ekki í ársbyrjun eins og hæstv. utanrrh. orðaði það. Það er svo sem ekki stórt atriði þó ég nefni það hér.

Svo er kafli í áliti meiri hluta utanrmn. um þjóðhagsleg áhrif EES-samningsins og þar er ekkert verið að skafa utan af því hvers konar guðsblessun þetta sé sem hér er á ferðinni. Það eru reiddar fram tölur frá Þjóðhagsstofnun og það er fabúlerað. Það er spunninn lopinn og endað með því að reiða fram töluna 6 milljarðar — gjörið svo vel, veskú 6 milljarðar kr. er hagurinn af því á ári hverju að tengjast Evrópsku efnahagssvæði. Lækkun vaxta, aukinn kaupmáttur, 2–3%, og gull og grænir skógar með viðlíka hætti. Mikil er trú þeirra sem þarna halda á penna. Mikil er trú þeirra að þessu leyti. Ætli væri ekki rétt að doka við að reikna og reiða fram tölur af þessum toga? Ætli væri ekki rétt að gera það og bíða aðeins eftir reynslunni af þessum samningi? Það verður sjálfsagt erfitt að greina í sundur hvað má rekja til hins Evrópska efnahagssvæðis, hvort sem það er hnignun, plús eða mínus, þegar þar að kemur. Kannski er það í trausti þess að menn eru með gyllivonir af þeim toga sem hér er um að ræða.

Ég held að staðan sé nefnilega þannig, virðulegur forseti, að hér sé á ferðinni ósköp svipuð gylling og varðaði álmálið sem hæstv. viðskrh. man kannski eftir, þó það liggi talsvert langt til baka, þegar hæstv. ráðherra var að reiða fram það gull og þá grænu skóga sem ættu að tengjast því ef tækist að koma álbræðslunni á Keilisnesi á koppinn. Það var ekkert minna en svo að þar var komið ígildi alls þorskstofnsins eins og hann er reiknaður núna. Það var ekkert minna að því er snerti upp úr sjó ... (**Gripið fram í:** Tonn á móti tonni.) Tonn á móti tonni var það eins og hv. þm. og þjóðin man kannski sem þarna var von á. Það er mesta furða að menn skuli þó ekki vera verr staddir þjóðhagslega á Íslandi en raun ber vitni fyrst þessi happdrættisvinningur gekk ekki eftir.

Hin huglægu áhrif af áróðrinum hvað þetta mál snertir og hins vegar álið eru kannski ekkert ólík. Þ.e. það er búið að halda þjóðinni í þrjú ár í þeirri trú að efnahagslega vinninginn sé að sækja í hið Evrópska efnahagssvæði. Ætli þessi síbylja hafi ekki haft sín áhrif á frumkvæði manna hérlendis og í spurningunni um að leita að möguleikum til þess að styrkja atvinnulíf og efnahag í landinu með hliðstæðum hætti og áldraumurinn virkaði lamandi á efnahagsþróun og atvinnuþróun í landinu á meðan sá söngur var kyrjaður í heilan áratug? Því hann upphófst árið 1983 og var meginstef að því er varðaði atvinnuþróun í landinu öll árin síðan þar til að svo fór að meira að segja hæstv. iðnrh. er hættur að minnast á málið. Og þá er nú fokið í flest skjól.

Já, virðulegur forseti. Það er margt sem má gera athugasemdir við í áliti meiri hlutans. Hér er sérstakur kafli sem varðar stjórnarskrána og EES-samninginn. Þar er verið að halda því fram af meiri hluta utanrmn. að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hafi látið kanna hvort einhver ákvæði EES-samningsins brytu í bága við íslensku stjórnarskrána. Hv. þm. Björn Bjarnason hefur kyrjað þetta um allnokkurt skeið og skrifaði um þetta kjallaragrein í blöð á sínum tíma. Hálmstráið sem hann er að halda í hérna að þessu leyti er svar utanrrh. í mars 1991 við beiðni þingflokks Sjálfstfl. um skýrslu varðandi stöðu samningaviðræðna. Þetta er greinargerðin og afstaðan sem þarna á að liggja fyrir. Staðhæfing utanrrh. var vissulega sú að það væri ekkert athugavert við málið frá íslensku stjórnarskránni. En að halda því fram að íslenska ríkisstjórnin hafi látið kanna hvort einhver ákvæði EES-samningsins brytu í bága við íslensku stjórnar-

skrána er mjög frítt farið með veruleikann.

Ég óskaði eftir því að það yrði kannað hvar þessi greinargerð lægi í forsrn. eða í utanrrn. eftir að hv. þm. Björn Bjarnason reiddi fram þennan stóra sannleik fyrir hálfu ári eða svo. Svörin sem ég fékk voru: Enga slíka úttekt að finna. Ég veit ekki hvort hæstv. forsrh. getur leyst málið, hvort þetta er einhvers staðar niður í kistu svo innarlega í búri að embættismenn komist ekki að þessu. En ég hef grun um að það sem verið er að byggja á sé þetta svar utanrrh. í skýrslu í mars 1991.

Hitt er svo annað mál að hæstv. þáv. ríkisstjórn gerði ekki hlutlægu athugun á málinu sem þörf hefði verið á og sá sem hér talar m.a. hafði vakið athygli á að nauðsyn væri að gera vegna þess að það stefndi í það ljóslega, að mínu mati, á þessum árum að samningurinn stangaðist á við ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar. Í áliti mínu sem fulltrúi Alþb. í Evrópustefnunefnd, sem þingflokkurinn fjallaði einnig um, tiltók ég ákveðnar greinar og rökstuddi það að þessi samningur gengi a.m.k. gegn ákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar þannig að þörf væri á að því máli væri gaumur gefinn.

Síðan vék framsögumaður meiri hlutans að álitum einstakra umsagnaraðila. Þar kemur m.a. fram hvernig hægt er að túlka mál þannig að misskiljist því hv. þm. lýsti því svo að það væri bara einn umsagnaraðili, BHMR, sem hefði í rauninni lýst andstöðu sinni við samninginn. Aðeins einn umsagnaraðili stendur hér, virðulegur forseti, treysti sér ekki til að mæla með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Þannig er það orðað. — Treystir sér ekki til að mæla með. Það þýðir væntanlega að hinir mæltu með. En sannleikurinn er sá að það er leitun að þeim umsagnaraðilum sem mæltu með þessum samningi. Síðan kom formaður utanrmn. í framhaldi af þessu og fór að vitna í afstöðu Alþýðusambandsins. — Hér er kominn formaður utanrmn. Ég hef saknað formannsins þegar ég hef verið að fjalla lið fyrir lið um álit meiri hluta utanrmn. og gert þar fjölmargar athugasemdir sem þingmaðurinn hefur vonandi heyrt, í hliðarsal eða annars staðar, því ég gerði ráð fyrir að þingmaðurinn fylgdist með umræðu um málið. Það er aðeins rétt að víkja að þessum sérkennilegu túlkunum á afstöðu m.a. fjöldasamtaka eins og Alþýðusambands Íslands í þessu máli.

Hvernig ætli þetta mál líti út? Starfsmenn og embættismenn hjá Alþýðusambandi Íslands hafa verið að víkja að málinu alveg fram undir þetta. Það er auðvitað þeirri góði réttur að gera það, en þá vantar bara stuðning frá Alþýðusambandinu. Alþýðusambandið er ekki einstakir starfsmenn uppi á kontór á Grensásvegi. Það er ekki Alþýðusamband Íslands. Forseti Alþýðusambands Íslands, sá mæti maður fyrr og síðar, er ekki Alþýðusamband Íslands. Alþýðusamband Íslands er stofnunin með sitt þing og með sína stjórn. Auðvitað getur miðstjórn sambandsins talað og túlkað mál út frá sínu viðhorfi en hvorki miðstjórn Alþýðusambandsins né sambandsstjórn Alþýðusambandsins skrifuðu nokkurn tímann upp á þennan samning sem sitt álit. Það var nefnd sem var að undirbúa málið fyrir ASÍ-þing sem skilaði áliti sem lá fyrir 37. þingi Alþýðusambandi Íslands. Þar segir, svo ég víki aðeins að kjarna þeirrar ályktunar, með leyfi forseta:

„ASÍ telur EES-samninginn vera ásættanlega niðurstöðu fyrir Íslendinga sé litið á hann sem heild og miðað við að nauðsynlegar innlendar lagabreytingar og aðrar viðhlítandi ráðstafanir sem bent hefur verið á og einnig er fjallað um í þessari greinargerð nái fram að ganga. Hér er einkum átt við lagasetningu sem tengist réttindum launafólks, fasteigna- og landakaupum og nýtingu náttúruauðlinda. Þá telur ASÍ eðlilegt að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um samninginn og að öllum vafa varðandi samhengi stjórnarskrárinnar og EES-samningsins verði eytt."

Þetta er tillagan sem lá fyrir ASÍ-þingi, hugmynd að samþykkt. En hún fékk ekki byr hjá æðstu stofnun sambandsins.

Hvað segir Alþýðusambandið um þetta mál? Þar er þessi tillaga rekin til baka. Það eru hugmyndir að stuðningi við málið, að vísu skilyrtum stuðningi sem lá fyrir í þessari tillögu, reknar til baka. Það eru tvær samþykktir um svokölluð Evrópumál frá ASÍ-þingi. Þær eru ekki langar og með þínu leyfi, virðulegi forseti, ætla ég að lesa þær upp.

Hin fyrri heitir „Afgreiðsla á EES-samningi":

„37. þing ASÍ ályktar þá afstöðu Alþingis að hafna kröfu fjölmargra félagasamtaka og einstaklinga að viðhafa þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu og hvetur alþingismenn til að endurskoða afstöðu sína. Þingið bendir á að ýmis atriði samningsins eru með þeim hætti að vafi leikur á að þau séu í samræmi við stjórnarskrá og minnir alþingismenn á þá ábyrgð sem þeir hafa gagnvart stjórnarskrá íslenska lýðveldisins."

Þetta er fyrri samþykktin. Hin síðari hefur yfirskriftina „Starf að Evrópumálum". Þar segir, með leyfi forseta:

„37. þing ASÍ telur brýnt að ASÍ, landssambönd og stéttarfélög vinni ötullega að því að mæta þeim breytingum sem fram undan eru á íslenskum vinnumarkaði, ekki hvað síst ef Ísland gerist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu." — Ekki hvað síst ef Ísland gerist aðili.

„Þingið leggur áherslu á að stjórnvöldum sé veitt öflugt aðhald. Ýmsar lagasetningar og aðgerðir sem skipta launafólk miklu máli fylgja aðild að EES ef af henni verður. Verkalýðshreyfingunni ber skylda til að fylgja því eftir að ekki sé gengið á réttindi launafólks. Þá kalla aukin samskipti við aðrar þjóðir á öflugt upplýsingastarf í verkalýðshreyfingunni.

37. þing ASÍ telur að með starfi sambandsins að Evrópumálum hafi verkalýðshreyfingin náð verulegum árangri. Þingið felur miðstjórn að efla samstarfið við Evrópusamband verkalýðsfélaga, Norræna verkalýðssambandið og ráðgjafarnefnd EFTA til að koma sjónarmiðum íslenskrar verkalýðshreyfingar á framfæri."

Þetta er samþykktin og hér kemur formaður utanrmn. og túlkar það svo að það sé stuðning að sækja frá æðstu stofnun Alþýðusambands Íslands við þennan samning. Þetta er málflutningur satt að segja með

fádæmum. Ef svo væri að það væri ár liðið frá því að um þetta var fjallað en svo er ekki. Það eru aðeins örfáar vikur síðan æðsta stofnun Alþýðusambands Íslands rak til baka tillögu um stuðning við samninginn. Rak til baka eins og hér hefur fram komið. Þannig er háttað með margar sögulegar útleggingar sem fram komu hjá hv. talsmanni meiri hluta utanrmn. og er að finna bæði í hans ræðu frá því í fyrradag sem og í nál. eins og ég hef bent á mörg dæmi um.

Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að fara mikið lengra út í efni þessa nál. því ég þarf að koma að fleiri álitum sem liggja fyrir í þessu máli. Þá ætla ég að víkja næst að áliti 1. minni hluta utanrmn. Ég vildi biðja virðulegan forseta að gera viðvart þeim hv. þm. sem þar hafa um fjallað, hv. þm. Steingrími Hermannssyni og Páli Péturssyni, og einnig varaformanni Framsfl., hv. 1. þm. Austurl., a.m.k. láta þessa hv. þm. vita að ég er að fjalla um álit sem varðar Framsfl. Ég er ekki að gera neina kröfu til að þingmennirnir verði kallaðir til fundar ef þeir eru ekki í þinghúsi en ég sá hv. 1. þm. Austurl. í þingsal og geri ráð fyrir að hinir þingmennirnir séu ekki langt undan.

Álit 1. minni hluta utanrmn. er vissulega ekki stórt að vöxtum eins og bent hefur verið á. Það er aðeins á tveimur blaðsíðum, einu blaði, álit 1. minni hluta, en það túlkar það meginviðhorf og þá meginniðurstöðu af hálfu þessara fulltrúa í utanrmn. að þeir munu leggjast gegn samningnum. Ein meginástæðan í rökstuðningi fyrir þeirri niðurstöðu þingmannanna er staðan gagnvart íslensku stjórnarskránni. Þó einnig sé vikið þar að ýmsum fleiri þáttum er það þó kjarnaatriði í rökstuðningi að samningurinn standist ekki íslensku stjórnarskrána og með vísan til þess sérstaklega sé útilokað annað en að greiða atkvæði gegn samningnum. Hins vegar er ekki svo að það virðist ætla að vera samhljóða niðurstaða framsóknarmanna á Alþingi að fylgja leiðsögn fulltrúa flokksins í utanrmn. því þegar hefur einn þingmaður flokksins greint frá því að hann sjái ekki ástæðu til að meta vafann að því er varðar íslensku stjórnarskrána meira en svo að hann ætlar að sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Það var athyglisvert að fylgjast með flokksþingi Framsfl. varðandi málið og er eðlilega vísað til þessa álits í ræðum og ritum bæði hv. framsóknarmanna og fleiri. Ég vildi vegna þess að ég sé ekki marga hv. framsóknarmenn nærstadda biðja virðulegan forseta að láta þá sem í þinghúsi eru, m.a. hv. 6. þm. Norðurl. e., Jóhannes Geir Sigurgeirsson, sem var að óska eftir því að sérstaklega yrði vikið að afstöðu Framsfl. til málsins, og láta hann vita af því að ég er einmitt að fjalla um það efni. Ég trúi því varla að hv. þm. vilji vera utan þingsalar til þess að komast hjá því að vera við þessa umræðu sem varðar einmitt álit fulltrúa Framsfl. í utanrmn. — Hér er kominn hv. þm. Guðmundur Bjarnason, mjög verðugur fulltrúi flokksins sem ekki hefur enn þá tjáð sig um afstöðu til málsins, en á vafalaust eftir að gera það innan tíðar í skýru máli eins og hans er vandi. Ég veit að hv. þm. kann nokkuð vel samþykkt flokksþingsins en ég ætlaði einmitt að vitna til þeirrar samþykktar, með leyfi forseta. (**Forseti:** Forseti vill láta hv. þm. vita að þeir menn sem hann óskaði eftir að yrðu látnir vita um ræðu hans hafa þegar verið látnir vita.) Ég þakka virðulegum forseta og vænti þess að þeir bætist hér við þann flokk sem þegar er í þingsal, hv. þm. Guðmund Bjarnason. En í ályktun þingsins segir m.a.:

„Flokksþingið ítrekar samþykktir miðstjórnar Framsfl. sem nauðsynlegar lagfæringar á ýmsum efnisatriðum samnings um hið Evrópska efnahagssvæði." — Þetta er samþykktin frá 2. og 3. maí 1992. — „Sérstaklega leggur flokksþingið áherslu á að komið verði í veg fyrir kaup erlendra aðila á íslensku landi umfram það er nauðsynlegt er vegna atvinnureksturs og á öruggt eignarhald Íslendinga á orkulindum og bönkum. Þingið ítrekar þá afstöðu framsóknarmanna að veita ekki fiskveiðiheimildir í íslenskri fiskveiðilögsögu í stað viðskiptafríðinda. Flokksþingið leggur jafnframt áherslu á að þegar verði sú stefna mörkuð með samþykkt á Alþingi að leitað skuli eftir því að breyta samningi um Evrópskt efnahagssvæði í tvíhliða samning Íslands og Evrópubandalagsins strax og önnur EFTA-ríki hafa sótt um aðild að bandalaginu." — Það er til að uppfylla þessa kröfu flokksþingsins sem hér er komin tillaga frá tveimur hv. þingmönnum Framsfl. sem tengjast þessu efni. Hins vegar er ekki tekið fram hvort það sé skilyrt að því er varðar afstöðu til málsins að það nægi að leggja fram þingmál að þessu leyti á Alþingi. Síðan segir:

„Jafnvel þótt ofangreind atriði verði tryggð og efnishlið samningsins talin viðunandi telur flokksþingið vafasamt að það standist hina íslensku stjórnarskrá að framselja til eftirlitsstofnunar og dómstóls EFTA vald eins og gert er ráð fyrir í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði." — Hvar er nú framsóknarþingflokkurinn staddur? Eru engir hv. þm. framsóknarmanna í þinghúsi, virðulegur forseti? (**Forseti:** Forseti getur svarað því til að þeir eru allflestir staddir í húsinu og ég hef verið látin vita að þeir fylgist með umræðu.) Hér er hv. þm. Guðmundur Bjarnason kominn á ný í þingsal og kannski staldrar hann aðeins við, nema hann hafi verið að ýta við sínum mönnum.

„Flokksþingið ber virðingu fyrir íslensku stjórnarskránni og telur að túlka beri allan vafa henni í hag. Flokksþingið telur því nauðsynlegt að breyting fari fram á íslensku stjórnarskránni áður en unnt væri að samþykkja aðild Íslands að hinu Evrópska efnahagssvæði.

Flokksþingið leggur jafnframt áherslu á að allar vonir um hið Evrópska efnahagssvæði eitt og sér verði einhvers konar bjarghringur fyrir íslenskt atvinnulíf eru tálvonir einar. Ef íslenskt atvinnulíf er ekki sjálfi sterkt mun það eiga erfitt með að nýta þá kosti sem samningnum kunna að fylgja. Staðreyndin er að erlent samstarf, eins og gert er ráð fyrir í umræddum samningi, getur orðið hættulegt íslensku fullveldi og sjálfstæði ef íslenskt atvinnulíf er veikt."

Þetta er tilvitnun í þann kafla samþykktar flokksþings, æðstu stofnunar Framsfl., sem varðar þetta efni og satt að segja hélt ég að ekki þyrfti lengur vitnanna við eftir að flokksþingið hafði afgreitt mál með þess-

um hætti en þingflokkur framsóknarmanna, allir sem einn, einhentu sér í andstöðu við þetta mál á Alþingi Íslendinga, mál sem að mati formanns flokksins og flokksþings stríðir gegn íslenskum hagsmunum og íslenskri stjórnarskrá með þeim hætti sem hér er sett á blað og samþykkt að mér skilst einróma á flokksþingi Framsfl. Ég held það hafi ekki verið nokkur hönd þar uppi á móti — eða var svo, hv. þm. Guðmundur Bjarnason? Í einu hljóði samþykktu þeir þetta.

Ég held að það þyki nokkur tíðindi á þeim bæ hjá þeim þúsundum sem veitt hafa Framsfl. brautargengi, m.a. á yfirstandandi kjörtímabili, ef það ætlar að verða niðurstaða hjá einhverjum hluta af þingmönnum Framsfl. hér á Alþingi að hjálpa þeim sem eru að bera þetta mál fram með því að sitja hjá við afgreiðslu málsins eins og varaformaður flokksins hefur þegar tjáð að verði niðurstaða hans í málinu. Ég er ekkert undrandi þó að hv. þm. Jón Kristjánsson þurfi að taka við allmörgum blaðagreinum og áminningum til þingmanna flokksins í gegnum flokksblaðið Tímann eins og lesa má þessa dagana, kveðjur og heitstrengingar til þingmanna Framsfl. þar sem þeir eru minntir á það hvað verið var að samþykkja. Þessar greinar eru mislangar, það er ein stutt sem birt var í Tímanum sem hv. ritstjóri léð rúm í Tímanum 9. des. sl., undir fyrirsögninni „Ítrekun um EES". Það er bóndi norður í Þingeyjarþingi sem heldur þar á penna og segir, með leyfi forseta:

„Í samtali við dagblaðið Dag 17. október 1992 sagði ég m.a. um EES-samningagerð:

„Ef það gerðist að þeir þingmenn, sem ég hef stutt til kjörfylgis, létu sér verða það á að samþykkja þennan samning, þá er það mitt mat að þeir hafi sýnt dómgreindarleysi um svo þýðingarmikinn grundvallarþátt að ég tel ekki hægt að lána þeim atkvæði áfram."

Við atkvæðagreiðslu 3. desember sátu 7 af 11 viðstöddum þingmönnum Framsfl. hjá við afgreiðslu hins viðsjárverðasta fylgifrumvarps EES. Eigi þetta að verða æfingarganga þess sem koma skal við lokafrágang málsins þá er þarna blautur hanski í andlit fjölmargra kjósenda, trúnaðarbrot og lítilsvirðing þeim sýnd.

Formlega svara ég aðeins fyrir sjálfan mig en margir — mjög margir — munu hugsa eins: "Þessa þingmenn kýs ég ekki oftar."

Enginn skal ætla að þessi orð séu ekki af fullri alvöru sögð."

Þetta er mjög skýr kveðja, þetta eru mjög skýr skilaboð til þingflokks framsóknarmanna í þessu afdrifaríka máli.

Einum degi síðar birtist grein í Tímanum undir fyrirsögninni „EES-málið í nýju ljósi" eftir Guðmund Jónas Kristjánsson, sem iðulega skrifar í flokksmálgagn Framsfl. Hið nýja ljós er það að samningurinn hafði verið felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu í Sviss og þar er höfundur greinarinnar, Guðmundur Jónas Kristjánsson, að rifja upp samþykktir flokksþings framsóknarmanna og ítreka og draga fram þá niðurstöðu sína að auðvitað geti ekki komið til greina að þingmenn Framsfl. fari að veita þessu máli óbeinan stuðning með því að sitja hjá við afgreiðslu þess á Alþingi. Ég þarf ekki að lesa langt í mál þessa stuðningsmanns Framsfl. sem ég hygg að hafi setið þingið því hann tekur sérstaklega fram að það hafi ekki verið ein einasta athugasemd gerð við þá samþykkt sem ég vitnaði til áðan og hann segir, með leyfi forseta:

„Það er því ljóst að sá þingmaður Framsóknarflokksins sem nú færi að styðja samninginn um EES gengi þvert á hinar nýgerðu flokkssamþykktir. Óhugsandi er hins vegar að nokkur þingmaður Framsfl. geri slíkt. Allar sögusagnir um annað hljóta því að vera úr lausu lofti gripnar." — Og hann víkur einnig að mögguleikanum um hjásetu í þessu máli.

Í sama blaði er áminning eftir öldung á Austurlandi sem heitir Sigurður Lárusson og hefur verið áhugamaður um sjálfstæðismál Íslands um langa hríð og iðulega beitt penna sínum og varað við og hvatt í þeim efnum og hann skrifar grein undir fyrirsögninni „Er sjálfstæði Íslands söluvara?" Þar kveður við sama tón, þar eru sömu áherslurnar og aðvörunarorðin eins og ég hef þegar nefnt úr greinum annarra. Í dagblaðinu Tímanum 15. des. stígur fram á ritvöllinn fyrrv. ritstjóri Tímans og alþingismaður og formaður utanrmn. um hríð að ég hygg á liðinni tíð, Þórarinn Þórarinsson ritstjóri, og ritar þar undir fyrirsögninni „Þjóðin er æðri Alþingi". Ég leyfi mér að vitna stutt í annars stutta en skýra grein ritstjórans í blaðinu. Hann víkur að atkvæðagreiðslunni 1944 varðandi lýðveldið, og segir:

„Báðar tillögurnar voru samþykktar nær samhljóða [þ.e. tillögurnar um lýðveldisstofnun].

Meginefni þessara atkvæðagreiðslna var það að færa æðsta valdið inn í landið.

Síðan hefur engin breyting verið gerð á þeirri skipan.

Nú liggur hins vegar fyrir Alþingi frumvarp um róttæka breytingu á þessari skipan. Samkvæmt því á að færa umtalsverðan hluta æðsta valdsins úr landi, eða verulegan hluta löggjafarvaldsins og talsverðan hluta framkvæmdarvaldsins og dómsvaldsins.

Hér er átt við frumvarpið um Evrópskt efnahagssvæði.

Það er tvímælalaust stærsta og örlagaríkasta mál sem hefur legið fyrir Alþingi síðan 1944.

Eins og nú horfir getur forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, staðið frammi fyrir þeim vanda innan fárra daga að ákveða hvort hún á að veita því endanlegt samþykki eða vísa því til þjóðarinnar.

Þetta er tvímælalaust stærsta ákvörðun sem íslenskur þjóðhöfðingi hefur þurft að taka.

En hvers vegna hefur forsetanum verið fært þetta vald?

Það er vegna þess að höfundar stjórnarskrárinnar hafa talið að þegar mest á reyndi væri vald þjóðarinnar æðra en vald þingsins og þess vegna ætti forsetinn að hafa vald til þess að skjóta málum til hennar."

Þetta er kjarninn í grein fyrrv. formanns utanrmn. Alþingis, alþingismanns um langa hríð og ritstjóra Tímans um ártugi, sem hér talar. Þannig er hægt að vísa til orðsendinga stuðningsmanna Framsfl. og trúnaðarmanna á liðinni tíð sem hafa tjáð sig með opinberum hætti og aðrir hafa kannski ekki sagt mikið upp-

hátt en hugsað þeim mun fleira í þessu máli. Hvað ætli t.d. fyrrv. forseti sameinaðs þings, fyrrv. ráðherra og þingmaður um áratuga skeið, hugsi í þessu máli, Eysteinn Jónsson, þingmaður Austfirðinga? Ætli honum bregði ekki við að sjá hvað er að gerast á Alþingi þessa dagana ef hann hefði stöðu til þess að mæla á þinginu í þessu máli.

Það er eðlilegt að málgagn utanrrh. hælist um eftir atkvæðagreiðsluna hér varðandi frv. um samkeppnislögin á dögunum þar sem verið var að greiða atkvæði um það sem er hvað mest ákvarðandi í sambandi við stjórnarskrárþátt þessa máls og þau brot á stjórnarskránni sem verið er að framkvæma með því að afsala dómstólum landsins valdi eins og gert er með eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstól svo dæmi sé tekið sem tengist þessum lögum. Ég held að það ætti að verða umhugsunarefni fyrir framsóknarmenn utan þings sem innan þegar farið er að skrifa með þeim hætti sem lesa má í leiðara Alþýðublaðsins, 10. des. sl.

Við hljótum líka að minna á það með hvaða hætti Framsfl. hagaði máli sínu og áróðri sínum fyrir kosningarnar 1991. Hver var ein helsta uppistaðan í kosningaáróðri flokksins á þeim tíma sem sett var út með miklu fóðri auglýsinga um afstöðu flokksins til Evrópubandalagsins? Var ekki viðlagið það að X-B er sama og ekki EB? Var það ekki kjarninn í þeim áróðri sem var sendur út á öldum ljósvakans frá kosningaskrifstofu Framsfl.?

En hvað er að gerast nú á Alþingi? Að mati kjördæmisráða flokksins í sumum kjördæmum landsins er verið að stíga stórt skref inn í Evrópubandalagið og varaformaður flokksins hefur þegar lýst því yfir á Alþingi að hann hafi ætlað að styðja þetta, hann styðji það í raun efnislega þó hann kjósi að bera ekki pólitíska ábyrgð á því en ljái því samt brautargengi á Alþingi með því að sitja hjá við afgreiðslu málsins. Þetta er samhengi á milli orða og efnda, eða hitt þó heldur. Hvar er líftaug Framsfl. í sambandi við þjóðfrelsismál Íslendinga? Er búið að slíta á þá taug, er búið að rjúfa jarðsamband forustumanna Framsfl. með þeim hætti sem birtist í yfirlýsingum frá sumum talsmanna hans?

Það tekur sárt þegar við blasa staðreyndir af þessum toga. En ég ætla sannarlega að vona að það verði ekki margir í þeirri sveit sem skipa sér þannig eins og varaformaður flokksins hefur lýst að hann kjósi að gera á Alþingi í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Hv. 1. þm. Austurl. sagði síðla í ræðu sinni í gærkvöldi eitthvað á þá leið að þó það væri greinir með mönnum í þessu máli þá vænti hann þess að menn sameinuðust um það að leggjast á árar að gera hið besta úr því þegar þessi samningur væri komin í höfn með óbeinum stuðningi hans. Þá ættu menn að leggjast saman á árar.

Ég átta mig satt að segja ekki á því með hvaða hætti menn skoða þetta mál. Halda menn að þetta mál sé af dagskrá eftir að samningurinn hefði verið samþykktur á Alþingi sem hugsanlega verður niðurstaðan? Halda menn að átökin við Evrópubandalagið séu af dagskrá? Ónei, þá tekur við hið stöðuga samningaþóf og átök við Evrópubandalagið um hagsmuni, m.a. um sjávarútvegshagsmuni okkar Íslendinga þar sem þannig er um hnútana búið að þeir geta árlega samningsbundið tekið það mál upp og knúið á um að fá meira af íslenskum fiskimiðum. Þá er ekki spurningin um hvort veiðiheimildirnar eru einhverjum prósentum meiri eða minni til eða frá. Það er satt að segja með ólíkindum hvernig menn skoða þetta mál. Og sem ég vænti að sé sannleikanum samkvæmt að það sé ekki hugur framsóknarmanna að fara alla leið þá eru það blindir menn sem ekki sjá það og raunar tekið beint fram í nál. 1. minni hluta utanrmn. að verið sé að stíga stórt skref inn í Evrópubandalagið og taka stoðirnar úr vörnum okkar gegn því sem verður á dagskrá þegar á næsta ári og menn vissu fyrir kosningarnar 1995, ef þessi ríkisstjórn hangir þangað til, verður orðið dagskrármál í þjóðmálaumræðunni á Íslandi að fara alla leið. Hér eru þegar komnir þingmenn inn á Alþingi Íslendinga, eins og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem telja það allrar athugunar vert að skoða það mál opnum huga að fara alla leið inn í höfn Evrópubandalagsins í Brussel. Þegar þeir brestir eru komnir innan Kvennalistans sem vísa á það, ætli þurfi mikið til að vekja upp þær raddir sem hafa verið grunntónninn í viðhorfum alþýðuflokksmanna um áratugi og þá fylkingu innan Sjálfstfl. sem ætlar sér inn í Evrópubandalagið þó hún hafi hljótt um sig um sinn af taktískum ástæðum.

Ætlar Framsfl. að efna kosningaloforðin og áheitin með þeim hætti að taka styrkinn úr vörnunum gegn því að þetta verði niðurstaðan, með því að stíga stórt skref og innbyrða á einu bretti mikinn meiri hluta af lagasafni og gerðum Evrópubandalagsins sjálfs? Ég held að menn ættu að athuga sinn gang og ég held að menn ættu að átta sig á því að sá fleinn, sem rekinn er inn í stjórnmálalíf á Íslandi með þessum samningi, á eftir að verða fleinn í holdi þessarar þjóðar og átakamál í landinu áframhaldandi og sú orrusta sem verður er skemmra undan en marga grunar um inngöngu í Evrópubandalagið sjálft.

Kem ég þá, virðulegur forseti, að áliti 2. minni hluta utanrmn. sem ég leyfði mér að mæla ögn við í orðaskiptum hér í gær eftir að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hafði mælt fyrir álitinu. Um það álit mætti sannarlega býsna margt segja því að öllu sérkennilegri samsetningu hef ég ekki séð og andstæður á milli rökstuðning annars vegar og mats á máli þar sem er mat hv. þm. á þessum samningi rakið á einum 16 síðum í þessum nál. og síðan niðurstöður málsins þar sem er eins og tveir ólíkir persónuleikar haldi á penna. Þingmaðurinn fyllir fyrri síður nál. með því að tíunda ávirðingar Evrópubandalagsins, skerðingar á grundvallarviðhorfum Kvennalistans m.a., en boðar það síðan sem niðurstöðu sína að hún styðji málið efnislega og sé opin fyrir því að skoða inngöngu í sjálft Evrópubandalagið. Þetta er satt að segja hugarheimur sem er mjög erfitt að botna í og dálítið átaksillt viðfangsefni og ekki síst hvað það er nú sem knýr þennan hv. þm. til þess að snúa við blaðinu með þeim hætti sem gert er og ganga gegn meginsjónarmiðum í sínum flokki sem hafði þá sérstöðu að mæla einum rómi opinskátt allan tímann gegn Evrópsku efnahagssvæði þar

til þingmaðurinn tók sitt heljarstökk. Ég gæti vitnað í alllöngu máli, virðulegi forseti, í ræður, viðtöl við þennan hv. þm., rit og þingræður hv. þm. hér á Alþingi á undanförnum árum og alveg fram á síðasta sumar þar sem gagnrýnin á Evrópskt efnahagssvæði er grunntónninn. Það er vissulega rétt hins vegar að þingmaðurinn var farinn að taka „intermezzo" í þessu máli sem vakti furðu ýmissa sem fylgjast með því, t.d. þegar hún gerðist talsmaður eða tók undir með framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins í apríl sl. í sambandi við spurninguna um inngöngu í Evrópubandalagið, taldi sig fá alveg nýja sýn, hugljómun, nú yrði að fara að taka það mál til opinnar lýðræðislegrar umræðu og velta því öllu upp rétt eins og menn hefðu ekki verið að skoða það mál allan tímann, rétt eins og menn væru fyrst að fara að líta á hagana hjá Evrópubandalaginu á þeim tíma og hún ætlaði að breyta til og væri sú sem vildi nú opna þetta til opinnar og lýðræðislegrar athugunar.

Í nóvember fyrir ári síðan rakti hv. þm. ávirðingar hins Evrópska efnahagssvæðis í þingræðu, 5. nóv., og menn geta auðvitað kynnt sér það. Ég leyfi mér, virðulegur forseti, rétt aðeins að vitna þar til orða: „Það sem ég óttast kannski öðru fremur er aukin samkeppni erlendra fyrirtækja við íslensk fyrirtæki og aukin og ómæld fjárfesting erlendra aðila hér á landi," segir þingmaðurinn.

„Við getum líka tekið erlend þjónustufyrirtæki sem munu koma hingað til lands. Auðvitað er ákveðin hætta á því að þessi þjónustufyrirtæki leggi starfsemi sína niður, þegar þau eru búin að ná hér ákveðinni fóstfestu á markaðnum, þau líti svo á að þetta sé ekki hagkvæmur markaður, enda búa hér ekki nema 250.000 manns og þá geta þau auðvitað lagt niður starfsemi sína eins og hvert annað óhagkvæmt útibú. ... Sjónarmið af því tagi, sem ég er hér að færa fram, hafa stundum verið kölluð músarholusjónarmið, sem er ekki málefnalegt innlegg í umræðuna. En ég verð þó að segja það mér finnst betra að vera ákærð um músarholusjónarmið og hafa jarðsamband heldur en að stunda einhverja háloftaleikfimi sem getur virst glæsileg úr fjarska en endar oft, sérstaklega fyrir þá sem ekki kunna vel til verka, með falli og tilheyrandi beinbrotum."

Ég óttast að einmitt nú um stundir hafi þingmaðurinn lent í þessari háloftaleikfimi og má mikið vera ef hún sleppur óbrotin út úr þeim fimleikum. Og fjölmargt annað telur þingmaðurinn í þessari þingræðu sinni til ávirðinga hins Evrópska efnahagssvæðis og hið sama var uppi í þingræðu 17. des. sl., þ.e. fyrir réttu ári eða svo, þá segir þingmaðurinn, með leyfi forseta, í umræðu utan dagskrár, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

„Í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins í gær er ég spurð að því hvor kosturinn mér þætti betri ef við ættum aðeins tveggja kosta völ, þ.e. aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða að ganga í EB og þá segi ég, með leyfi forseta: „Mér finnst náttúrlega hvorugur þessara kosta góður en mér finnst í rauninni Evrópska efnahagssvæðið vera bara hálfgert skipulagslegt skrímsli og af tveimur vondum kostum kysi ég frekar inngöngu í EB ..."".

Og svo eru menn enn að velta vöngum yfir því hvert ferðinni sé heitið. Síðan gerist það að hv. þm. vill gerast liðsmaður lýðræðisvakningarinnar í Evrópu á sl. sumri og einkum á haustdögum með þeim hætti að fara að setja fram spurningarmerki við stefnu þingflokksins í sambandi við Evrópskt efnahagssvæði og túlkar þá afstöðu sína að vilja nú tengjast Evrópsku efnahagssvæði og taka upp stuðning við það mál sem stuðning við einhverja lýðræðisvakningu úti í Evrópu. Ja, þvílíkur rökstuðningur. Ætli það sé stuðningur við þá á Norðurlöndum og úti í Evrópu sem eru að reyna að verjast fjötrunum frá Maastricht eða brjóta af sér fjötra Evrópubandalagsins og Maastricht í Danmörku svo að ekki sé talað um þá á Norðurlöndum sem hafa verið að verjast inngöngu í Evrópskt efnahagssvæði og í Evrópubandalagið sjálft að gerast hér talsmaður inngöngu í Evrópskt efnahagssvæði og vilja skoða í fullri alvöru aðild að sjálfu Evrópubandalaginu? Er það stuðningur við lýðræðisöflin úti í Evrópu? Fyrr má nú vera að snúa hlutunum á haus og ég skil það ekki ef hv. þm. fær mikinn stuðning við slík sjónarmið hjá stjórnmálaafli sem hefur staðið býsna vel í fæturna í þessu máli þannig að athygli hefur vakið og varar einmitt við út frá sjónarmiðum kvenna og kvenfrelsis að ganga á vald því miðstýrða skrímsli sem hér er verið að setja á fót og tengja og sem stefnir inn í sjálft Evrópubandalagið, stórt skref inn í sjálft Evrópubandalagið.

Í viðtali við morgunútvarpið 19. okt. skömmu eftir að sinnaskiptin urðu ljós segir hv. þm. þar sem spurt er, með leyfi forseta: „En fólk sem fylgist með stjórnmálum hefur veitt því athygli eða margir alla vega að þú hefur verið dálítið tvístígandi í þessu máli. Hvað gerði útslagið núna?" Þingmaðurinn svarar: „Já, það er rétt hjá þér. Ég er búin að vera dálítið tvístígandi og það lengi og það má kannski líkja því við það að ég hafi setið á girðingunni milli já og nei með lappirnar sína hvoru megin í dálítinn tíma. Það sem gerir eiginlega útslagið núna er kannski það sem hefur verið að gerast í Evrópu í sumar. Þessi sterka lýðræðisbylgja sem hefur verið í Evrópu, lýðræðiskrafa, og ég hef sagt það að hún er ekkert ósvipuð þeirri lýðræðiskröfu sem kom upp í Vestur-Evrópu." Væntanlega er þetta misritun, á að vera Austur-Evrópu. „Sú krafa sem er að koma upp í Vestur-Evrópu núna og þar er fólk að berjast gegn miðstýringunni og það er alveg ljóst að ráðamenn í Brussel, þó þeir fegnir vildu búa til þarna eitt sambandsríki og auka miðstýringuna verulega þá er þeim ekkert stætt á því því að þeir hafa ekki fylgi fólksins til þess að gera það og mér finnst ég alveg sjá núna að EB er ekki þetta kyrrstöðufyrirbæri sem manni fannst kannski í vor." Þetta er leiðsögnin frá fulltrúa Kvennalistans í utanrmn. Og allt endurómar þetta nál. 2. minni hluta utanrmn. þessa undarlegu stöðu þingmannsins á girðingunni sem hefur nú orðið þannig að hún hefur velst af girðingunni yfir í pyttinn miðstýringarmegin með efnislegum stuðningi við hið Evrópska efnahagssvæði og vísar öðrum fremur inn í

höfnina, Evrópubandalagið, með þeim hætti sem menn geta lesið í nál. sjálfu sem og í ræðum hv. þm. og túlkun hennar á þessu máli.

Ég verð að segja að þessi niðurstaða er að mínu mati mjög dapurleg og ekki síst vegna þess að hún kemur á þeim tíma þegar þörfin til að fylkja liði gegn því sem hér er að gerast er meiri en nokkurn tíma fyrr. Þeim mun tilfinnanlegra er það þegar krosstré, sem talin hafa verið, bresta þeim mun tilfinnanlegra og afdrifaríkara getur það orðið og ég verð að lýsa yfir verulegri hryggð með það að sjá annars gildan talsmann félagslegra sjónarmiða missa átta með þeim hætti í afdrifaríku og örlagaríku máli sem er hér til meðferðar á Alþingi og á eftir að verða viðfangsefni okkar, ekki bara nú í bráð heldur vafalaust einnig í lengd ef að líkum lætur.

Virðulegur forseti. Ég hef fjallað um nál. fulltrúa utanrmn. annarra en talsmanns Alþb. sem túlkar viðhorf okkar í þessu máli með þá meginniðurstöðu sem Alþb. hefur tekið og kunngert fyrir allnokkru síðan og þingflokkur þess, hvernig þingmenn flokksins munu ráða atkvæði sínu í þessu máli. Það er engin tilviljun hvernig Alþb. mótar sína stefnu í þessu. Það var eftir mikla umræðu í flokknum og með breiðri þátttöku í þeirri umræðu sem Alþb. tók þá afstöðu sem hér um ræðir og hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson var að óska sér að yrði einnig hlutskipti Framsfl. eða gæti orðið það ef ég hef skilið frammíköll hans hér rétt skömmu eftir að ég hóf mál mitt eftir kvöldmat. Ég hélt satt að segja að niðurstaðan eða málafylgja flokksþings Framsfl. vísaði í sömu átt en því miður ætlar það ekki að verða að heilsteypt niðurstaða verði af hálfu þingmanna flokksins ef marka má það sem þegar er fram komið. En þeir sem hafa fylgst með umræðu og ályktunum Alþb. í þessu máli allan þann tíma, sem þetta mál var til meðferðar á athugunarstigi, þurfa ekkert að vera undrandi á þeirri rökstuddu niðurstöðu sem þingflokkur Alþb. hefur komist að í þessu máli. Það væri sannarlega fagnaðarefni ef eins hefði verið tekið á málum efnislega af öðrum flokkum hér á Alþingi þannig að sú niðurstaða sem menn komast að sé vel undirbyggð, vel rökstudd og þar sem saman fari orð og æði, þ.e. orð og niðurstaða máls en ekki eins og það birtist okkur hjá þingflokkum sem mæta með mismunandi túlkun og mismunandi viðhorf til þessara mála.

Hvað sem þessu líður hins vegar, virðulegur forseti, þá verðum við enn að vænta þess að hér á Alþingi megi safna liði gegn þessum óheillasamningi sem hér er verið að reyna að knýja fram því að enn er nokkur tími til stefnu. Þessu máli verður ekki ráðið til neinnar ákvörðunar í tilefni þessa þingmáls sem hér liggur fyrir og hér er rætt. Það eiga eftir að koma önnur mál fyrir þingið þar sem reynir á lokaafstöðu til þessa máls og þannig er enn nokkurt ráðrúm. Ég vona að hv. alþm. beri gæfu til þess að meiri hluta til að vísa þessu máli frá og noti þann tíma og það ráðrúm sem enn er til að komast að þeirri niðurstöðu sem að mínu mati er ein í samræmi við hagsmuni Íslendinga bæði í bráð og ekki síður í lengd.

Ég hef lokið máli mínu, virðulegi forseti.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. síðasti ræðumaður vitnaði til þess að ég hafi lesið hér ályktun síðasta Alþýðusambandsþings og hann leitaðist við að túlka þá ályktun á þann veg að Alþýðusambandið væri andvígt aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Þingmaðurinn las einnig tillögu sem lá fyrir þinginu og í ljósi þeirrar tillögu er alveg skýrt að ályktun þingsins er stuðningur við aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Hv. ræðumaður kom að því hér hvað eftir annað í ræðu sinni að þeir þingmenn, sem ætla að sitja hjá á Alþingi við afgreiðslu þessa máls, séu stuðningsmenn málsins og ef ályktun Alþýðusambandsins er hjásetu með þeim hætti og í ljósi þeirrar tillögu, sem lá til grundvallar, er alveg ljóst af hans eigin orðum að það beri að líta á afstöðu Alþýðusambandsins sem stuðning við aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er þarflaust að svara þessu innleggi hv. þm. mörgum orðum svo ljóst sem þetta mál liggur fyrir. Ég vitnaði í ræðu minni til þeirra ályktunardraga sem lágu fyrir þingi Alþýðusambandsins og ályktana þingsins sem bera ljósan vott um það að þeirri ályktun sem mátti túlka, ef samþykkt hefði verið, sem stuðning við málið var í reynd hafnað af þinginu og sú samþykkt sem gerð var verður með engu móti túlkuð sem stuðningur við hið Evrópska efnahagssvæði. Mig þarf ekki að undra með tilliti til margra annarra þátta í nál. meiri hluta utanrmn. að svona séu túlkanirnar. Hið sama varðaði einnig hvernig hv. þm. túlkar niðurstöður umsagnaraðila um þetta mál þar sem hann leyfir sér að láta líta svo út að allir sem ekki hafa tekið beina afstöðu gegn málinu séu stuðningsmenn þess.

Hvað varðar þá þingmenn sem hafa lýst því yfir að þeir ætli að sitja hjá hér á Alþingi þá hefur það fylgt þeirra máli að þeir séu efnislega samþykkir samningnum en kjósi ekki að bera pólitíska ábyrgð á honum. Þannig hafa þeir sjálfir lýst þessu máli og ég hef leyft mér að túlka það svo að þeir séu efnislega stuðningsmenn málsins og með því að greiða ekki atkvæði gegn málinu, þá greiða þeir auðvitað fyrir framgangi þess hér í þinginu.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Í áliti meiri hluta utanrmn. kemur fram sú staðreynd að aðeins einn umsagnaraðili, BHMR, lýsti andstöðu við þátttöku Íslands í Evrópska efnahagssvæðinu. Þessu verður ekki mótmælt, þetta er staðreynd og liggur fyrir. Ef hv. þm. vill kynna sér þessar umsagnir þá getur hann gert það og það kemur í ljós að aðeins einn aðili, BHMR, lagðist gegn því Ísland gerist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Þessi staðreynd er ítrekuð í okkar áliti og er ekkert um það frekar að segja. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Varðandi afstöðu Alþýðusambandsins, þá liggur hún einnig skýr fyrir og við höfum báðir lesið þá ályktun

og menn geta dregið sínar niðurstöður af því. En ég vil ítreka það sem ég hef áður sagt í orðræðum við hv. þm. um þetta mál að ég virði hans skoðanir. En við skulum minnast þess að þessar skoðanir eru hér á Alþingi og á vettvangi Norðurlandaráðs, þar sem hv. þm. lætur oft að sér kveða um þetta mál, algerar sérskoðanir, alger sérvitringssjónarmið varðandi þátttöku þjóða í samstarfi Evrópuríkjanna. Og það vakti athygli mína í þessu langa máli hv. þm. að hann bauð aldrei upp á neinn annan kost. Hann hefur engan annan kost. Ef hann vísar til ályktana þings Alþb. þá er sá kostur sem þar er boðið upp á samvinna við Evrópubandalagið á þeim forsendum sem lagðar eru í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Það er alveg ljóst — og einnig að tvíhliða samningurinn, sem Alþb. vill að gerður verði við Evrópubandalagið, er efnislega alveg samhljóða samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Hv. þm. skýrði ekki afstöðu sína til 3. minnihlutaálitsins og hefði verið mjög fróðlegt að heyra um það og heyra hans sérskoðanir á því áliti eins og öllum hinum og aðeins það hefði verið staðfesting á því að hér á Alþingi eins og á þingi Norðurlandaráðs er hann algerlega í sérhópi sem sérvitringur í þessu máli.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Birni Bjarnasyni fyrir það hvernig hann túlkar sitt mál hér vegna þess að það segir þjóðinni miklu meira en mörg orð í rauninni um það hvernig rökstuðningur og álitsgerð við þetta mál er byggð af meiri hluta utanrmn. Þegar menn leyfa sér að setja á blað eins og gert er í nál. og hv. þm. fylgdi eftir með því að leiða líkur að því í ræðu sinni að Alþýðusamband Íslands styddi samninginn um Evrópskt efnahagssvæði og hefur ítrekað hér, þar sem hann segir með þessum hætti um álit umsagnaraðila: „Þegar þær 35 umsagnir sem nefndinni bárust eru skoðaðar er athyglisvert að aðeins einn umsagnaraðili, BHMR, treystir sér ekki til að mæla með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu." Lesist: Ályktun sem menn eiga að draga af þessum málflutningi er sú að allir hinir eru meðmæltir málinu. Heldur hv. þm. að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Alþýðusamband Íslands og þeir sem staðið hafa að ályktunum þar taki undir málflutning af þessu tagi? Heldur þingmaðurinn það?

Ég er hreykinn af því að hv. þm. reynir að afgreiða minn málflutning og mín sjónarmið í þessu máli sem einhver sérvitringssjónarmið. Ég fullyrði það, virðulegi þingmaður, að þeir eru býsna margir sérvitringarnir á Íslandi sem taka undir þau meginsjónarmið sem ég hef túlkað og sem Alþb. stendur fyrir í þessu máli.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. fagnaði þeirri samstöðu sem náðst hafði í Alþb., ef ég skildi málið rétt, um hans leið í málinu. Þeirri samstöðu hefur verið lýst best af fyrrum aðstoðarmanni hv. 8. þm. Reykn. sem einhvers konar skólabókardæmi um pólitískar hundakúnstir og hringlandahátt. En ég vildi ekki ræða það frekar heldur vildi ég spyrja þingmanninn vegna þess að ég tel að hann tali af mikilli alvöru og byggi upp sitt mál mjög vel eins og kunnugt er, þótt menn séu ósammála afstöðu hans. Hann talar um þetta mál sem mikið alvörumál. Nú er þetta mál þannig vaxið að það er hægt að taka aðildarveru Íslands, ef samþykkt verður, til endurmats og segja samningsaðild upp með 12 mánaða fyrirvara. Telur hv. þm. að Alþb. muni ganga í ríkisstjórn án þess að gera kröfu til slíkrar uppsagnar?

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Alþb. hefur barist gegn þessum samningi og gerir það á Alþingi. Alþb. mun að sjálfsögðu meta málið ef svo illa færi að Ísland yrði njörvað inn í það gangverk sem hér er á ferðinni, hið Evrópska efnahagssvæði með Evrópubandalagið fyrir stafni. Ég hef lýst því í þessari umræðu að ég tel mjög langt frá því að menn hafi afgreitt málið með samþykkt frv. sem staðfestir þennan samning og veitir honum lagagildi. Þetta á eftir að verða átakamál í íslenskum stjórnmálum og það sem því mun fylgja, þ.e. sóknin inn í Evrópubandalagið sjálft, og Alþb. mun áreiðanlega standa í fæturna í því máli eins og það gerir hér og nú.

Varðandi tilvísun í einstaka flokksmenn í Alþb., eins og hæstv. forsrh. var að víkja að, þá er að sjálfsögðu öllum heimilt að túlka sitt mál þar sama hvar þeir eru settir, hvort það er í þingflokki eða annars staðar. Svo vildi til að í miðstjórn Alþb. höfðu tveir fulltrúar annað sjónarmið en hópurinn að öðru leyti og annar þeirra var nefndur af hæstv. forsrh.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst þetta athyglisvert svar hjá hv. þm. Ég verð að segja alveg eins og er að það sem þessi hv. þm. treystir sér ekki til að segja að Alþb. mundi í stjórnarmyndunarviðræðum gera kröfu til þess að þessum samningi yrði sagt upp ef hann hefði verið gerður þá hlýt ég að ætla að þrátt fyrir mjög vel flutta og ákafa ræðu sé alvara þingmannsins ekki sú sem ég hélt að væri.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef aldrei ætlað mér það að mæla fyrir munn Alþb. fyrir fram. Ég leyfði mér að túlka afstöðu mína sem fulltrúi Alþb. og sem þingmaður í þingflokki Alþb. á liðnum árum að því er þetta mál varðaði og það gerði ég eftir bestu getu, eftir mínum sjónarmiðum og dró ekkert af mér við það. (**JGS:** Þingmaðurinn túlkaði afstöðu Alþb. og ítrekaði það margsinns.) Í sambandi við stöðu mála eftir að það hefði gerst, sem vonandi ekki verður, að Íslandi verði aðili að Evrópsku efnahagssvæði, þá hlýtur Alþb. að taka á því máli sem alvörumáli og gera það upp hvernig það stendur að framhaldi mála. Ég vil ekki fullyrða hér og nú neitt um niðurstöður í því. Það væri mjög óeðlilegt að gera það vegna þess að um það mál hefur ekki verið fjallað á vettvangi Alþb.

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef í gegnum tíðina lagt mig nokkuð eftir því sem sá þingmaður sem hér talaði síðast hefur skrifað og sagt um þessi mál, enda ástæða til því hann undirbýr yfirleitt sitt mál vel og heldur sínum málum mjög vel til haga. En eftir að hafa hlustað á hann tala hér í kvöld var ég einmitt að velta því fyrir mér að ég skil ekki söguskoðun þessa þingmanns. Það væri náttúrlega gaman að fá einhverja útlistun á henni hér. Hann hefur alið allan sinn aldur í sósíalískum samtökum og ég hefði haldið að hann þekkti hugtök eins og sögulega efnishyggju sem heldur alveg gildi sínu hvað sem mönnum finnst annars um sósíalisma eða marxisma eða annað slíkt. En ég fæ ekki séð að slíkt rúmist í hans hugmyndum heldur líti hann á heiminn eins og statískt fyrirbæri, fyrirbæri sem ekki sé í þróun og ekki hreyfist. Og mér sýnist að þarna sé á ferðinni það sem ég mundi vilja kalla ómengaða þjóðernishyggju sem er síðan búin í einhvern félagslegan búning. En þetta tvennt fer illa saman hjá þingmanninum.

Hann talaði um efann og honum finnst ekki mikil og merkileg leiðsögn í því fólgin af minni hálfu að vera með efa í þessum málum og vera að sitja klofvega á einhverri girðingu. Honum finnst það ekki mjög merkilegt í pólitík. Ég vil benda þingmanninum á að ég held að miklu fleiri sitji uppi með þennan efa t.d. það fólk sem er í pólitík úti um alla Evrópu. Það eru ekki voðalega margir sem eru eins trúaðir í þessum málum og hv. þm. Ég bendi honum á einkaviðtal í Vinnunni við Jens Peter Bonde sem er einn af mönnunum sem hafa barist hvað harðast gegn Maastricht. Hann er spurður um afstöðu sína til samningsins um EES og hann segir: „Afstaða mín er mjög klofin. Annars vegar tel ég að samkomulag um frjáls viðskipti milli EB-landanna tólf og EFTA-landanna sjö sé í sjálfu sér mikill ávinningur."

Hins vegar segir hann: „Þetta er önnur skoðun mín. Hin er sú að verði t.d. samþykktir staðlar fyrir vinnuumhverfi, öryggi í umhverfismálum og heilbrigðis- og neytendavernd eru í samningnum ákvæði sem EFTA-löndin geta notað til að tryggja góða stöðu sína gagnvart EB í þessum málum. Ég álít því að þótt samningurinn sé nýlendusamningur á pappírnum sé hann vel nothæfur í samstarfi EFTA-landanna annars vegar og hins vegar þróaðri landa EB og Evrópuþingsins sem hefur haft grænan meiri hluta í mörgum málum."

Bonde er partur af þessum lýðræðisöflum sem þingmaðurinn var að tala um áðan og hann sér ákveðna von í þessu fyrir lýðræðisöflin í EB.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hefði sannarlega kosið að hér væri tími og ráðrúm undir þessu formi andsvara til þess að taka upp viðræður við hv. þm. um það efni sem hún var að fitja upp á. Ég efast ekkert um það að við lítum nokkuð misjafnt á heiminn og stöðu Íslendinga í heiminum eftir það sem fram er komið hjá hv. þm. Ég tel mig ekki vera einangrunarsinna að því er varðar samskipti Íslands við aðrar þjóðir. Ég tel hins vegar að smáþjóð eins og Íslendingar þurfi að gæta sín við hvert fótmál í alþjóðlegum samtökum og gæta þess alveg sérstaklega að ganga ekki í fang ólýðræðislegra samtaka og risa sem lúta óbeisluðum lögmálum sem ég held að séu smáþjóð ekki til farsældar.

Ég er alveg viss um að hv. þm. þekkir gangverk Evrópubandalagsins og hefur kynnt sér það. Ég tel ekki að hagsmunum Íslendinga sé borgið með þátttöku í slíku. Ég tel að smáþjóðin Íslendingar með gnótt náttúruauðæfa og góða möguleika til þess að lifa í landinu án þess að binda sig í stór bandalög og láta taka af sér ráðin með þeim hætti sem hér er verið að gera eigi góðan hlut án þess að ganga þessu á hönd. Það má kalla það þjóðernishyggju. Ég mundi vilja skýra það með vissum hætti sem trú á það að Íslendingar geti haldið sínu án þess að afsala sér sjálfræði með þeim hætti sem hér er verið að gera.

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér greinir okkur þingmanninn greinilega á um það hvort Íslendingar séu að afsala sér sjálfræði með þessu máli eða ekki. Ég lít ekki svo á og ég held að það sé alveg óþarfi að líta þannig á málið.

Ég vil enn þá koma inn á þetta með vinstrimennskuna því hann tilheyrir félagshyggjuflokki sem er Alþb. og mér finnst dálítið sérkennilegt þegar þingmaðurinn stillir málinu alltaf þannig upp að allir þeir sem vilji taka þátt í þessari samrunaþróun í Evrópu sé með einhverjum hætti að púkka undir stórauðvaldið í heiminum. Við verðum að athuga að þessi umræða á sér stað t.d. í öllum félagshyggjuflokkum. Ég get bent honum á greinar sem birtast í Dagens Nyheter sem er um Vänsterpartiet í Svíþjóð þar sem fer fram heilmikil umræða um þessi mál og menn greinir mjög á. Ég veit ekki betur, ef við tökum t.d. ítalska vinstri menn, en að þeir hafi verið einna ákafastir í EB-samstarfinu. Það er því mjög margbreytileg flóra í þessum málum og gengur þvert á alla flokka. Mér finnst stundum að þingmaðurinn stilli því þannig upp að þeir sem vilja taka þátt í samrunaþróuninni með einhverjum hætti vilji selja landið, þeir vilji selja sjálfstæðið og þeir vilji selja menninguna.

Mér fannst dálítið athyglisvert að sjá í nýjasta tímariti Máls og menningar grein eftir Árna Bergmann þar sem fjallað er um vinstrimennskuna og söguna og hrun heimskommúnismans. Þar bendir hann einmitt á að þetta hafi oft verið borið upp á svokallaða vinstri menn, Sovétvini, eins og hann setur innan gæsalappa auðvitað. Hann segir að það hafi verið borið upp á þá að þeir vildu fórna frelsinu, sjálfstæðinu og menningunni fyrir heimskommúnisma undir sovésku forræði. Mér finnst þingmaðurinn vera sjálfur að falla í þessa gryfju gagnvart því fólki sem sér með einhverjum hætti að samrunaþróunin í Evrópu geti átt rétt á sér.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er dálítið sérkennilegt að

menn skuli líta svo á mál, eins og hv. þm. túlkaði það og reyndar fleiri sem ræða þessi mál, að Íslendingum sé nánast nauðugur einn kostur að tengjast þessu samræmda gangverki sem ein tönn í hjóli eins og verður hlutskipti okkar innan Evrópska efnahagssvæðisins og enn frekar í Evrópubandalaginu. Og að við eigum ekki möguleika á því að gæta okkar hagsmuna og laga okkur að breytingum í umheiminum út frá okkar mati á því hvað sé okkur fyrir bestu sem þjóð, hverjir séu okkar hagsmunir, hvað sé æskilegt fyrir Íslendinga að breyta í löggjöf og í samstarfi út á við án þess að ganga inn í þetta gangverk. Það eru kostirnir að halda sjálfræði sínu að geta valið þarna og hafnað.

Ég ímynda mér ekki eina einustu stund að við getum látið breytingar í umheiminum eins og vind um eyrun þjóta, enda væri það mjög einkennileg skoðun. En ég er þeirrar skoðunar að við eigum að nota kosti þess að vera þrátt fyrir allt sjálfstæð og fullvalda þjóð með þeim möguleikum sem því fylgir í staðinn fyrir að afsala okkur sjálfræðinu með þeim hætti sem þingmaðurinn er að mæla með.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. beindi til mín nokkrum orðum í upphafi máls síns fyrr í dag. Hann gerði að umtalsefni það sem ég sagði í gær og ítrekaði þá skoðun sína að Alþfl. hefði á sínum tíma haft alveg sérstakan áhuga á því og stefnt að því að Ísland gengi í Efnahagsbandalag Evrópu eins og það hét þá. Hann vitnaði máli sínu til stuðnings, að hann taldi, í tímamótaræðu, mjög merka ræðu sem dr. Gylfi Þ. Gíslason þáv. menntmrh., flutti á 100 ára afmæli Þjóðminjasafns Íslands árið 1963. Í þessari merku ræðu dr. Gylfa Þ. Gíslasonar er ekki eitt einasta orð um það að Íslendingar eigi að ganga í Efnahagsbandalag Evrópu. Hins vegar var það svo að málgagn íslenskra kommúnista, Þjóðviljinn á þeim tíma, kaus að rangtúlka þessa ræðu og snúa út úr henni og gera það mjög lengi og leggja út af henni á þann veg sem hv. þm. gerði áðan. Hann hefur valið sér það hlutskipti að halda þessum málflutningi áfram, þessum útúrsnúningi Þjóðviljans frá gamalli tíð og það er satt best að segja ömurlegt hlutskipti.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er vissulega athyglisvert að hæstv. umhvrh. sem talsmaður Alþfl. skuli leggja kapp á að bera blak af máli Gylfa Þ. Gíslasonar, þess mæta stjórnmálamanns á sínum tíma. Ég held það hafi ekki dulist neinum á þessum árum hver var áhugi hv. þm. og um skeið formanns Alþfl., fyrir utan það að vera ráðherra um langan tíma, í sambandi við Evrópubandalagið. Sú athyglisverða ræða sem ég vitnaði til og hann flutti á sínum tíma endurspeglar viðhorf sem ganga nú eins og rauður þráður í gegnum málflutning alþýðuflokksmanna að því er varðar spurninguna um fullveldi og sjálfstæði þjóða og reyndar gengur eftir í málflutningi hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur einnig eins og lesa má í hennar áliti, þ.e. þá breyttu stöðu sem kalli á þá niðurstöðu að besta ráðið til þess að varðveita sjálfstæðið sé að fórna því. Það er þessi nýja skilgreining á fullveldishugtakinu.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Áður en ég hef ræðu mína vil ég beina þeim orðum til forseta hvort hún hefur einhverjar hugmyndir um það hvernig fundahaldi verði áfram haldið í kvöld. Ég vil upplýsa það að fyrirhugaður er framhaldsnefndarfundur í efh.- og viðskn. líklega strax að lokinni minni ræðu. Það þýðir að það verður að gera hlé á fundi ef sá nefndarfundur á að eiga sér stað. Ég vildi bara upplýsa forseta um þetta. (**Forseti:** Forseti þakkar fyrir þessar upplýsingar en telur að hv. þm. geti alla vega flutt sína ræðu.) Það er rétt, virðulegi forseti. Ég hafði líka hugsað mér það en vildi að þetta kæmi fram.

Ég hafði hugsað mér að ræða nokkuð í upphafi um vinnubrögð og stöðu þessa máls í þinginu áður en ég vík efnislega að sjálfu EES-málinu. Mér datt það í hug rétt í þann mund að ég var á leið í þennan ræðustól að kunningjakona mín sem er myndlistarkona vann fyrir nokkrum árum myndaröð sem hún kallaði „Kannastu við tilfinninguna?“ Mér datt þetta í hug vegna þess að það er orðin nokkuð kunnugleg tilfinning að standa í þessum ræðustól kvöld eftir kvöld. Ég minnist þess að fyrir um það bil ári vorum við líka á kvöldfundum og næturfundum og fór það reyndar svo að iðulega voru það forsetarnir sem gáfust upp en ekki þeir sem voru í ræðustól.

Þetta leiðir auðvitað hugann að þeim vinnubrögðum sem tíðkast í þinginu og þeim umræðum sem hafa átt sér stað um vinnubrögð í tilefni af ummælum hæstv. utanrrh. um Alþingi Íslendinga. Það verður að segjast eins og er, virðulegi forseti, að það er auðvitað algerlega óviðunandi að fólki skuli haldið hér kvöld eftir kvöld og nótt eftir nótt til þess að ræða stór og alvarleg mál. Mér verður þá ekki síst hugsað til starfsfólks þingsins sem líka má búa við það að vera í kvöld- og næturvinnu kvöld eftir kvöld og ég efast um að svona nokkuð tíðkist á nokkrum einasta vinnustað á landinu eða yrði liðið nokkurs staðar. Ef við nú hugleiðum að það líður að jólum og fólk vill gjarnan njóta þess sem desembermánuður hefur upp á að bjóða hvort sem það er menning, undirbúningur jólanna eða samvistir við fjölskyldur, þá eru þetta vinnubrögð sem vert er að íhuga og þarf auðvitað að breyta.

Það vill svo til að hefðir íslenska þingsins frá 1845, frá því að Alþingi Íslendinga tók til starfa í þeirri mynd sem nú er á því, hefur það tíðkast að ræðutími manna sé ótakmarkaður. Það var reyndar rifjað upp í dag að Jón Sigurðsson forseti lét þau ummæli falla að þegar Alþingi var að hefja störf 1845, þá var varla hægt að draga orð upp úr nokkrum manni en það leið ekki á löngu þar til ræður tóku að lengjast allískyggilega og sennilega hafa þær verið að lengjast allt fram á þennan dag ef reiknað væri út eitthvert meðaltal. Þetta eru sem sagt hefðir íslenska þingsins og það er hefðin að stjórnarandstaðan bregst gjarnan við árásum og offorsi svipað því sem ríkisstjórnin hefur hér haft í frammi rekið og ekki hafa síst komið fram í ummæl-

um hæstv. utanrrh. með því að ræða málin mjög ítarlega. Það má auðvita spyrja sig hverjum það sé til hagsbóta að viðhafa slík vinnubrögð.

Við kvennalistakonur höfum oft rætt um það að við erum tilbúnar að skoða þessi mál og kanna hvort menn eru tilbúnir að breyta því vinnulagi sem er ákaflega andsnúið öllu fjölskyldu- og menningarlífi. En þetta eru nú einu sinni hefðirnar og þegar menn haga sér með þeim hætti sem við höfum orðið vitni að hjá hæstv. utanrrh. undanfarna daga þá er ekki á öðru von en hörðum og það mjög hörðum viðbrögðum stjórnarandstöðunnar.

Mig langar til þess að rifja upp í nokkrum orðum hver þróunin hefur verið frá því að við komum saman í haust og hófum að ræða EES-samninginn. Nú þegar nokkrir dagar eru til jóla líður að lokum 2. umr. um Evrópska efnahagssvæðið og enn þá er algerlega óljóst hvenær málið verður afgreitt. Það er ekkert samkomulag um það í þinginu. Jafnframt sýnist mér að flest fylgifrumvörp EES séu látin liggja í nefndum náttúrlega vegna hinna miklu anna sem hér eru og líka vegna þeirrar stöðu sem upp kom í málinu þegar Svisslendingar felldu samninginn. Ógrynni mála hafa verið rædd í þingsölum og í nefndum og ég kannast ekki við annað en þar hafi verið staðið afar vel að verki, m.a. í þeim nefndum sem ég á sæti í sem eru efh.- og viðskn., menntmn. og landbn.

Þess má geta að t.d. landbn. fór afar vel ofan í landbúnaðarþáttinn, hélt marga fundi og kallaði til sérfræðinga til þess að það væri alveg ljóst hver áhrif EES-samningsins yrðu á íslenskan landbúnað. Ég vil taka undir það sem kemur fram í nál. meiri hluta, ekki síst þar sem ég sé nú hv. formann landbn. standa í hliðarsal, að ég tel þessi vinnubrögð vera til mikillar fyrirmyndar og dæmi um það hvernig ber að standa að málum. Þessi meðferð málsins varð til þess að upplýsa okkur þingmenn um þennan þátt og hefði mátt standa svipað að verki í öðrum nefndum þótt það hefði kannski orðið mun yfirgripsmeira.

Í efh.- og viðskn. höfum við haft til umfjöllunar mikinn fjölda mála sem mörg hver hafa verið afar flókin og stór. Sum þeirra höfum við afgreitt frá okkur einróma vegna þess, og ég ítreka það enn og aftur sem ég sagði við 1. umr. um þetta mál, að einn af kostum EES er ýmiss konar löggjöf sem hér er verið að innleiða, en flest af því hefðum við reyndar getað tekið upp af sjálfsdáðum án þess að EES-samningurinn hefði komið til. En staðreyndin er sú að við erum að miklu leyti sammála um margt í þeirri löggjöf. En annað horfir öðruvísi við og mun ég koma hér síðar að XI. kafla samkeppnislaganna sem er dæmi um ákveðið valdaafsal, enda greiddum við fjórar þingkonur Kvennalistans atkvæði gegn þeim kafla.

Undirbúningur þessara mála af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur verið afar mismunandi. Við fulltrúar í efh.- og viðskn. drógum það fram í umræðunum í gær að þegar hæstv. utanrrh. er að kvarta yfir því að seint gangi í íslenska þinginu gleymir hann því hve mál hafa oft og tíðum verið illa undirbúin. Þar er um að kenna of naumum tíma ráðuneytanna og því að þar er verið að fást við þýðingar á reglugerðum og tilskipunum sem eru oft býsna flóknar. Það er verið að bera saman danska og enska löggjöf og koma því á íslenskt mál og starfsmenn ráðuneytanna eru langt í frá öfundsverðir af því miklu starfi sem á þá hefur verið lagt. Ég vil gjarnan nota þetta tækifæri til að koma á framfæri aðdáun minni á mörgum starfsmönnum, ekki síst viðskrn., sem við höfum átt afar gott samstarf við. Það má gjarnan koma hér fram. Það fólk hefur sýnt mikla lipurð og verið tilbúið til að skoða málin aftur og aftur, en það gefst tækifæri til að koma nánar að því síðar. Frá því í ágúst hafa þó nokkur frumvörp komist í gegnum þingið og allmörg bíða afgreiðslu tilbúin inn í nefndum, ekki síst vegna þeirrar stöðu sem málið komst í eftir að Svisslendingar felldu.

Undanfarna daga hefur allmikið verið um það rætt hvort EES-samningurinn sé á því formi að það teljist eðlilegt að hann sé ræddur á Alþingi Íslendinga. Eins og ég hef nefnt felldu Svisslendingar samninginn sem leiðir af sér að það þarf að breyta nokkuð orðalagi. Það hefur verið rætt hvort það dugi að gera bókun með samningnum sem verði lögtekin sérstaklega. Forseti Alþingis hefur fellt þann úrskurð að málið sé á því stigi að það sé hægt að ræða og við alþingismenn eigum ekki annarra kosta völ en að una þeim úrskurði því að það er ekki um það að ræða að áfrýja honum eitt eða neitt. Við sitjum því uppi með umræðuna en jafnframt miklar efasemdir um að hér sé rétt að málum staðið.

Ég lýsti því yfir við 1. umr að ég mun greiða atkvæði gegn þessum samningi og ég mun rökstyðja það hvernig ég hef komist að þeirri niðurstöðu að vandlega athuguðu máli. Ég hef eins og flestir þingmenn varið allmiklum tíma í að kynna mér þetta mál og íhuga það frá ýmsum hliðum. Mín niðurstaða varð sú að gallarnir væru fleiri en kostirnir þó mér sé vissulega ljóst að ýmsir og mjög veigamiklir kostir fylgja þessum samningi. Frá því að ég komst að þessari niðurstöðu hef ég styrkst í þeirri trú að hagsmunum Íslendinga verði betur borgið utan hins Evrópska efnahagssvæðis þó vissulega sé erfitt að svara því hvað beri að gera í staðinn en ég mun koma að því síðar.

Undanfarna mánuði hefur allt verið á fleygiferð í Evrópu og er í rauninni afar erfitt að gera sér grein fyrir því hvert stefnir. Danir felldu Maastricht-samkomulagið með naumum meiri hluta. Frakkar samþykktu með naumum meiri hluta og víða er ljóst að það er mikil andstaða við þá samrunaþróun sem Evrópubandalagið stefnir að. Það hefur margsinnis verið vakin athygli á þeirri staðreynd að það er gjá milli stjórnmálamannanna og mikils hluta íbúa þjóða innan Evrópubandalagsins. Þetta er mikið umhugsunarefni og ekkert síður fyrir okkur á Íslandi en annars staðar því að í rauninni hefur komið upp sama staðan hér. Skoðanakannanir hafa sýnt að Íslendingar skiptast í tvær fylkingar. Það hafa að vísu verið nokkrar sveiflur í skoðanakönnunum. Skoðanakannanir hafa einnig sýnt að mikill meiri hluti þjóðarinnar vildi fá þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál en því var sem kunnugt er hafnað af meiri hlutanum á Alþingi.

Þetta vekur allt miklar spurningar um lýðræðið, um stjórnarhætti og um það hvað eðlilegt geti talist í samskiptum þjóðarinnar og þeirra sem þjóðin hefur valið sem sína pólitísku fulltrúa. Ég rakst á kafla í skrifum Jóns Sigurðssonar forseta frá 1843, held ég að það hafi verið. Ég verð að leiðrétta það ef það er ekki rétt hjá mér. Ég hef ekki skrifað það hjá mér. Þar sagði Jón Sigurðsson í vangaveltum sínum um Alþingi Íslendinga, valdið og lýðræðið, með leyfi forseta:

„Á ofanverðri hinni fyrri öld og á þessari sem nú er hafa komið upp mörg lýðstjórnarríki. Hafa þau ekki öll sama stjórnarhátt, en aðalhugmynd þeirra er sú hin sama sem lýsti sér í stjórn hinna fornu Íslendinga og náttúrulegust er, að þjóðin sjálf á höfuðvaldið og enginn á með að skera úr málefnum þeim sem allri þjóðinni við koma nema samkvæmt vilja flestra meðal þjóðarinnar. Kemur það einkum fram í ákvörðun alls þjóðkostnaðar eður skattgjaldinu og skattgjaldsmátanum og þar að auki í löggjöf og viðskiptum við aðrar þjóðir."

Það er einkum þetta „að þjóðin sjálf á höfuðvaldið og enginn á með að skera úr málefnum þeim sem allri þjóðinni við koma nema samkvæmt vilja flestra meðal þjóðarinnar" sem mér þótti athyglisvert í orðum Jóns Sigurðssonar.

Grunnhugmyndin með lýðræðinu og því stjórnarfyrirkomulagi sem flestar þjóðir Vestur-Evrópu hafa valið sér er auðvitað það að vilji þjóðarinnar ráði. Mér þykir stjórnarmeirihlutinn á Alþingi hafa tekið sér mikið vald. Hann hefur tekið sér mikið vald í hendur og það er í rauninni óhuggulegt til þess að hugsa að jafnstór ákvörðun og sú að gerast aðili að Evrópsku efnahagssvæði verði hugsanlega tekin af 31–32 þingmönnum, að 32 Íslendingar geti tekið svo stóra ákvörðun fyrir hönd þjóðarinnar. Þetta finnst mér ekki eðlilegt. Nú ætla ég ekki að ganga í spor hæstv. utahrrh. og segja fyrir um það hvernig niðurstöður muni verða á Alþingi. En ég tel nokkuð víst að það sé meiri hluti fyrir þessari ákvörðun. Ég held að við þurfum varla að deila um það nema eitthvað stórkostlegt gerist.

Sú ákvörðun sem fram undan er er mjög stór. Hún er ekki síst stór í ljósi þeirrar þróunar eða á ég að segja heldur þeirrar upplausnar sem á sér stað úti í Evrópu. Það ástand sem þar ríkir kemur mér fyrir sjónir sem upplausn. Það eru deilur innan Evrópubandalagsins um Maastricht og um framtíðina. Það er vaxandi þjóðernisstefna innan ríkja EB, því miður, og hún teygir sig reyndar til ríkja eins og Svíþjóðar. Þegar ég tala um þjóðernisstefnu, þá er ég í rauninni að tala um þjóðernisofstæki og þá hópa manna sem kvöld eftir kvöld ráðast að húsum innflytjenda og jafnvel flóttafólks. Það hefur verið ráðist á hús fólks frá fyrrv. ríkjum Júgóslavíu og það er í rauninni ekki hægt að hugsa sér meiri hörmung en að ráðist sé á fólk sem sjálft hefur orðið að flýja undan ógnum styrjalda og þjóðarmorðs í Bosníu-Hersegovínu. Það er styrjöld í Júgóslavíu og óljóst hvert stefnir.

Það virðist vera sívaxandi upplausn í ríkjum Austur-Evrópu þannig að við sem lítil þjóð í útjaðri Evrópu eða mitt á milli Evrópu og Ameríku hljótum að velta því mjög alvarlega fyrir okkur hvert við erum að stefna og hvort við erum að taka rétta ákvörðun með því að gerast aðilar að þessu svæði.

Ég set líka spurningarmerki við það sem hefur verið í umræðunni og m.a. stalla mín, hv. þm. Ingibjörg Sólrún, telur vera rök með aðild Íslands að EES, að við eigum að ganga þar inn og sameinast lýðræðisöflunum í Evrópu. Ég spyr mig hvaða lýðræðisöflum og hvernig er verið að fara með þau. Hvernig er verið að virða lýðræðið í Evrópu? Hvernig er verið að virða ákvörðun Dana um að fella Maastricht-samkomulagið? Það er búið að gera nýtt samkomulag til þess að tengja Dani við Maastricht-samkomulagið. Það verður fróðlegt að sjá hvort þjóðin fellir sig við það þó að stjórnmálaflokkarnir hafi gert það. Það verður afar fróðlegt að fylgjast með því. Ég á sannast að segja bágt með að sjá að þarna eigi sér stað lýðræðisþróun sem skiptir einhverju máli eða einhver aukin virðing við vilja meiri hlutans eða það að virða minni hlutann þó að ég geti lýst því enn og aftur að ég hef mikla trú á Evrópubúum og þeirri sögu og hefðum sem Evrópubúar byggja á því að það hefur sagan margsannað að Evrópubúar sætta sig ekki til lengdar við valdboð.

Það leiðir mig að annarri spurningu sem er sú hvort við gertum lært eitthvað af sögu Evrópu um það hvort svona bandalög, hvort sem þau eru efnahagsbandalög eða hernaðarbandalög eða einhvers konar ríkjabandalög, standist til lengdar. Ég renndi huganum yfir sögu Evrópu og spurði mig um hvað þar mætti sjá og heyra um bandalög. Sagan sýnir okkur, hvort sem við skoðum Rómaveldi, Hansasambandið eða öll þessi ríkjabandalög sem voru til í Mið-Evrópu frá því um 1000 e.Kr. að þau hafa komið og farið, þau leysast upp. Hið heilaga rómverska ríki, austurríska keisaradæmið, heimsveldi Breta, veldi Napóleons, rússneska keisaradæmið og Sovétríkin sem eru síðasta dæmið um þetta. Þessi ríki koma og fara. Já, allt er í heiminum hverfult, segir hér hv. þm. úti í sal. Menn mega vara sig mjög á því að setja mikið traust á bandalög, ríkjabandalög, af einu eða öðru tagi. Ég held að þrátt fyrir allt og hvað sem gerast mun að hugmyndin um þjóðríkið og staða þjóðríkisins sé nú kannski miklu öflugri en menn vilja vera láta. Það sýnir best sú mikla andstaða sem er úti í Evrópu við samrunaþróunina. En auðvitað á þetta sér allt skýringar. Evrópa hefur verið í stöðugri þróun og hefur gengið í gegnum miklar breytingar. Ef við horfum yfir þróun síðustu 200 ára þá hefur Evrópa verið að ganga í átt frá valdi, frá einræðisvaldi konunga, keisara og páfa, í átt til lýðræðis, frelsis og þjóðríkja. Það er sú þróun sem við höfum horft upp á, þótt hún sé reyndar ekki einhlít. En að mínum dómi er þessi samrunaþróun í Evrópu, EB og stefna Evrópu-kratanna, sem þar eru í forustu í þveröfuga átt. Hún er ákveðið afturhvarf til sterks valds. Þannig kemur Evrópubandalagið mér fyrir sjónir. Þar er afar mikil miðstýring, það er valdakerfi sem verið er að víkka út og byggja tollmúra í kringum. Þetta er fámennisveldi og embættismannaveldi og minnir mig meira á rússneska keisaradæmið þar sem eftirlitsmennirnir voru á ferð og flugi um ríkið til þess að fylgja

eftir reglugerðunum. EB minnir mig mest á það frekar en ýmis önnur ríkjabandalög sem við höfum horft upp á í sögunni. Enda streyma tilskipanirnar og reglugerðirnar frá Brussel.

En auðvitað vitum við að það liggja afar sterk rök að baki EB, þar er auðvitað sú hugsun að styrkja Evrópu andspænis öðrum heimshlutum. Upphaflega lá að baki sú hugsun að tryggja frið í Evrópu og auðvitað er það virðingarvert. Þarna eru fremstar í flokki þjóðir sem að hafa barist hver við aðra öldum saman og horft upp á ótrúlegar hörmungar og menn sáu í Evrópubandalaginu leið til að tryggja frið í álfunni. En nú eru þeir sjálfir að mynda hernaðararm og hamingjan má vita hvert það leiðir. En að mínum dómi á Ísland og íslenskt samfélag ekki heima í þessum hópi eins og staðan er nú, eins og hún kemur mér fyrir sjónir á komandi árum, þá get ég ekki séð að Íslendingar eigi neitt erindi inn í Evrópubandalagið. Og ég lít á Evrópska efnahagssvæðið sem aðlögun að Evrópubandalaginu. Þetta er aðlögun að reglum og hugmyndafræði Evrópubandalagsins.

Nú skal ég ekkert taka fyrir það að önnur leið verði farin þegar á reynir, þegar og ef flest ríkin, sem að nú eru í EFTA, ganga í Evrópubandalagið og við verðum ein eftir ásamt Sviss þá kemur auðvitað að því að við þurfum að skoða málin upp á nýtt. Ég ítreka þá stefnu Kvennalistans, sem að hér hefur reyndar verið túlkuð af öðrum og tillaga er komin fram um á Alþingi að það beri að leita eftir tvíhliða samningi við Evrópubandalagið. Þannig tryggjum við best hagsmuni Íslands en við eigum ekki að flækja okkur inn í það kerfi sem að þarna er verið að byggja upp og ég mun koma betur að því síðar.

Það er auðvitað gild spurning, mjög gild spurning, hver staða Íslands eigi að vera og hver hún verði utan EES. Það hefur mikið verið talað um einangrun og að við séum að einangra okkur pólitískt og efnahagslega ef við gerumst ekki aðilar að EES. Mér finnst menn oft gleyma því hvað við erum í miklu alþjóðlegu og evrópsku samstarfi og þar má nefna að við erum aðilar að NATO, við erum aðilar að EFTA, sem reyndar á kannski ekki eftir langa lífdaga, við erum aðilar að RÖSE, við erum aðilar að Norðurlandaráði, Sameinuðu þjóðunum, Evrópuráðinu, Alþjóða þingmannasambandinu, ýmiss konar vísindasamstarfi, samstarfi skóla o.s.frv. Ég gleymi eflaust mörgum stofnunum. Þetta tryggir okkur auðvitað mikil samskipti við aðrar þjóðir, en þetta er náttúrlega fyrst og fremst pólitískt og vísindalegt samstarf, samstarf í menntamálum, en þarna er kannski ekki um efnahagslegt samstarf að ræða, eða efnahagslega tryggingu sem eru þau rök sem að flestir telja vega þyngst þegar Evrópska efnahagssvæðið er annars vegar. En þá er þess að gæta að samkvæmt þeim túlkunum sem fram koma hér í plöggum er það tryggt að þó að við gerðumst ekki aðilar að EES þá gilda áfram þeir samningar sem við höfum gert, þannig að við stöndum þó alla vega ekki verr að því leytinu en að við höfum bókun 6 og við erum í EFTA á meðan EFTA lifir. Og við eigum möguleika á því að leita í aðrar áttir. Ég hlýt að benda á að sú þróun, sem að hér hefur átt sér stað á undanförnum árum þar sem viðskipti við Evrópu eru sívaxandi og eru orðin algjörlega yfirgnæfandi í viðskiptum þjóðarinnar við önnur lönd, er að mínum dómi býsna hættuleg. Oft er bent á hve ríki þriðja heimsins eru illa stödd að því leyti hve þau eru háð ákveðnum mörkuðum. Þarna veldur auðvitað verðþróun á fiski og eftirspurn eftir fiski. En ég held að við séum komin hættulega langt í því að vanrækja Bandaríkjamarkað. Og þetta veit ég að ýmsir aðilar í sjávarútvegi taka undir. Það er því langt í frá að okkar bíði einhver einangrun eða útilokun þó að ég viðurkenni það vissulega að sú staða kann að koma upp að Norðmenn, sem eru helstu samkeppnisaðilar okkar, komist í betri stöðu en við, en við hljótum líka að spyrja okkur: Í hvaða stöðu erum við við hliðina á þeim innan EES? Það hefur verið bent á það af aðilum sjávarútvegsins að þegar og ef við verðum komin inn í EES þá njótum við sömu réttinda og Norðmenn en þeir eru bara með stórlega ríkisstyrktan sjávarútveg. Þannig að þeir hafa þá betri aðstöðu heldur en við. Þetta er mál sem verður að hafa í huga þegar menn eru að lofsyngja þennan samning, en ég viðurkenni það fúslega að auðvitað eru tollalækkanirnar, sem kveðið er á um í þessum samningi, meginkostur hans, það er alveg ljóst. Það er meginkostur samningsins. En ég vil ítreka það að mér finnst ekki hægt að horfa á þetta mál eingöngu út frá efnahagslegum spurningum og efnahagslegum sjónarmiðum, það eru önnur rök sem vega mjög þungt. Og ég mun koma að þeim hér á eftir.

Hin efnahagslegu rök eru ekki einu rökin í málinu og viðskipti við EB eru ekki einu viðskiptin sem boðið er upp á í heiminum, þó að þau vegi þungt nú í okkar útflutningi. Að mínum dómi eru viðskiptasamningar og tollasamningar af þeirri gerð, sem rædd eru í GATT-samningnum, miklu aðgengilegri og æskilegri en sú stefna sem farin er með EES. GATT-samningurinn nær til nánast allra, ef ekki allra ríkja í heiminum og þar sitja þó allir við sama borð þó að áhrifin kunni að vísu að verða mismunandi. Það gilda sömu reglur um alla og í slíkum samningum er ekki um að ræða valdaafsal af því tagi sem á sér stað með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Þar er það heimurinn allur sem er undir en með EES er verið að búa til ákveðið svæði, það er verið að búa til eða stefna að ákveðinni einangrun. Þetta er ákveðin tegund af einangrunarstefnu. Þetta er í anda þessara tollabandalaga sem að voru við lýði á miðöldum.

Ég ætla þá að koma að þeim rökum, virðulegi forseti, sem að mér finnst vega þyngst í þessu máli og þær stóru spurningar sem að ég hef verið að glíma við í mínum huga þegar ég hef verið að kanna þetta mál. Og þá kem ég fyrst að því, eins og margoft hefur verið rætt í þessari umræðu, að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er langstærsta mál sem við höfum fengist við á lýðveldistímanum. Það er auðvitað erfitt að fullyrða svona stórt því að það sem virðist smátt í fyrstu getur orðið stórt um síðir og kannski hættir okkur í hita leiksins til að gera mikið úr málum. En þetta er víðtækasti og stærsti samningur sem að

Íslendingar hafa gert því að hann nær til mjög margra sviða þjóðlífsins og kemur inn á grundvallarspurningar um stöðu Íslendinga og framtíð íslensku þjóðarinnar og það þjóðfélag sem við viljum móta hér. Þar af leiðandi er það engin furða að hér hefur átt sér stað mikil umræða og mikil blaðaskrif um þetta mál. Og þegar hæstv. utanrrh. kvartar yfir því hve langan tíma þetta hefur tekið hér á landi í samanburði við það sem gerst hefur hjá öðrum þjóðum þá vill það oft gleymast að við erum einfaldlega í allt annarri stöðu en aðrar þjóðir Evrópu. Við erum pínulítil þjóð á eyju úti í Atlantshafi sem erum að verða 50 ára lýðveldi. Þar af leiðandi er hluti þjóðarinnar sem að upplifði það að sjá Ísland verða lýðveldi og margir minnast þess sem mikils og yndislegs augnabliks í sínu lífi. Mörgu af þessu fólki finnst að hér sé verið að stíga stórt og hættulegt skref. Og ég vil bara ítreka það að mér finnst alls ekki að við megum gera lítið úr sjónarmiðum af þessu tagi því að fyrir mörgum er þetta afar mikilvægt og alvarlegt þó að mér finnist reyndar að stundum sé gert of mikið úr því að verið sé að fórna öllu sjálfstæði þjóðarinnar eða að fólk sé hrætt við að hingað flytjist útlendingar og annað í þeim dúr. Við megum ekki gera lítið úr þessum sjónarmiðum því að þetta vegur mjög þungt hjá mörgum og verður náttúrlega til þess að fólk hefur rætt þetta mál mikið og skrifað mikið um það. En einmitt sjónarmið af þessu tagi hafa verið mjög einkennandi í blaðaskrifum. En ég vil bara segja þetta hér því mér hefur fundist stundum að það sé gert mjög lítið úr því sem kallað er þjóðernishyggja en mörgum finnst í raun og veru vera spurningin um sjálfstæði, að verið sé að fórna sjálfstæði landsins.

Það sem mér finnst vega þyngst og varð kannski til þess að ég tók þá ákvörðun að greiða atkvæði gegn þessum samningi er sú hugmyndafræði sem liggur á bak við hugmyndina um Evrópska efnahagssvæðið. Ég hlýt að rifja það upp, virðulegi forseti, að Sameinuðu þjóðirnar hafa velt mjög vöngum yfir stöðu mannkynsins og þjóðfélagsþróun undanfarinna ára og hvert beri að stefna í þeim efnum í ljósi þeirra miklu erfiðleika sem mannkynið stendur frammi fyrir og þeirrar hættu sem við okkur blasir á ýmsum sviðum og þá ekki síst í umhverfismálum. Þær niðurstöður sem þar hafa komið fram benda allar til þess að mannnkynið, og þá fyrst og fremst Vesturlandabúar, eigi ekki annarra kosta völ en að breyta allmjög sínum lifnaðarháttum. Við göngum sífellt nær gæðum jarðar, við eyðum, við eyðileggjum, við mengum til frambúðar, og við erum að rýra möguleika komandi kynslóða til þess að lifa þokkalegu lífi hér á jörð. Mannkyninu fjölgar gífurlega. Við hlöðum upp alls konar drasli og úrgangi í kringum okkur og við vitum að þetta getur ekki gengið svona áfram.

Sameinuðu þjóðirnar hafa markað þá stefnu í þróunarpólitík sinni að stefna beri að sjálfbærri þróun, það beri að stefna að því að skipuleggja samfélögin þannig að þau geti að mestu leyti staðið undir sér sjálf. Þau geti verið sjálfum sér nóg að mestu leyti. Nú vitum við auðvitað að það er ekki hægt að ganga þá braut nema að vissu marki. Því að við erum nú einu sinni háð viðskiptum hvert við annað og fáir þekkja það betur en Íslendingar. Við eigum t.d. ekki málma, okkur skortir timbur o.s.frv. Það sama gildir auðvitað um margar aðrar þjóðir og auðvitað munu verða viðskipti og það mikil viðskipti milli þjóða. En það þarf og verður að skipuleggja samfélögin með það að markmiði að við göngum ekki á gæði jarðarinnar með sama hætti og gert hefur verið og þannig að við tryggjum líf til frambúðar hér á jörðinni. Það þýðir að Vesturlandabúar verða að láta af sinni sóunarpólitík, þeim lifnaðarháttum sem að miklu leyti valda þessum vandamálum.

Við getum mjög margt gert og það er verið að gera margt og ekki skal ég draga úr því að margt gott er gert í Evrópubandalaginu. Þar eru t.d. Þjóðverjar til mikillar fyrirmyndar. En í grundvallaratriðum verðum við að breyta þeim hagvaxtar- og iðnaðaráherslum sem hafa verið ríkjandi, að ég segi ekki dýrkun hagvaxtarins. Þetta má öllum vera ljóst og reyndar glittir aðeins í þessi sjónarmið í samningnum um EES. Þó er alveg ljóst að markmið hins Evrópska efnahagssvæðis er að auka hagvöxt. Það er að auka hagvöxt og bæta samkeppnisskilyrði ríkjanna á Evrópska efnahagssvæðinu andspænis öðrum stórveldum í iðnaði, þ.e. Bandaríkjunum og Japan. Í samningnum segir á bls. 7, með leyfi forseta: „Samningsaðilar hafa í huga það markmið að mynda öflugt og einsleitt Evrópskt efnahagssvæði er grundvallist á sameiginlegum reglum og sömu samkeppnisskilyrðum, tryggri framkvæmd, m.a. fyrir dómstólum og jafnrétti, gagnkvæmni og heildarjafnvægi hagsbóta, réttinda og skyldna samningsaðila". Hér að ofan kemur einnig fram, virðulegi forseti: Að samningsaðilar „hafa einsett sér að stuðla á grundvelli markaðsbúskapar að auknu frjálsræði og samvinnu í viðskiptum um gjörvallan heim, einkum í samræmi við ákvæði Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og samninginn um Efnahags- og framfarastofnunina".

Í greinargerðinni kemur fram að það er markmið hins Evrópska efnahagssvæðis að auka hagvöxt. Þetta er alveg ljóst. Þetta eru grundvallarhugmyndirnar á bak við Evrópska efnahagssvæðið og ég tel að í raun og veru sé verið að stefna gegn æskilegri þróun. Þetta er hagvaxtarpólitíkin á fullu. Þetta er önnur meginröksemdin fyrir því að ég er ekki hlynnt því að móta Evrópska efnahagssvæðið. Ég tel þetta ganga gegn æskilegri þróun. Hitt sem ég vil nefna í því sambandi og er annað meginatriðið í andstöðu minni við samninginn er það kerfi sem þarna er til staðar og verið að byggja upp og ég hef kallað ýmist reglugerðaveldi eða tilskipanaveldið. Mér finnst að þeir sem styðja samninginn um Evrópskt efnahagssvæði séu að stuðla að því að koma hér á tilskipanaveldi, reglugerðaveldi. Mér finnst í rauninni að það sem gerst hefur, ef maður horfir á þetta í pólitísku ljósi, sé það að Evrópukratarnir hafa gefist upp á því að berjast við eða breyta kapítalismanum en ætla nú að hafa stjórn á honum með reglugerðum, hafa hann í böndum með nógu mörgum og miklum reglugerðum. Mér finnst felast ákveðin mótsögn í þessu. Annars vegar eru markmiðin aukið frelsi og aukin samkeppni en frelsið verður rækilega heft í

bönd reglugerðanna. Því meira sem ég skoða þetta því óyndislegra finnst mér þetta fyrirbæri, þetta reglugerðarveldi sem að þarna er á ferð og mér finnst einhver George Orwell-lykt af þessu. Mér finnst þetta stefna í þjóðfélag þar sem að almenningur fær litlu ráðið, eða kannski á ég að líkja þessu frekar við konunga- og embættismannaveldi fyrri tíma. Mér finnst þetta vera þjóðfélagsþróun og kerfisþróun sem mér er mjög á móti skapi og ég vil ekki sjá Íslendinga sem hluta af.

Ég get nefnt ótal önnur rök. Samningurinn byggist m.a. á hugtakinu einsleitni, á kostnað fjölbreytninnar að sjálfsögðu. Einsleitni, þar sem allt á að fylgja sömu reglum, sömu stöðlum. Þetta finnst mér vera mjög óæskilegt og ég velti því fyrir mér hvort þetta verði ekki frekar til þess að hamla þróun í stað þess að ýta undir þróun og fjölbreytni því að aflvaki viðskipta og framleiðslu hefur ekki hvað síst verið fjölbreytni. Maður getur spurt sig að því hvort að svo miklar reglur um staðla og faggildingu og hvað þetta heitir nú allt saman, geti ekki einfaldlega orðið til þess að hamla ákveðinni þróun í framleiðslu og viðskiptum. Mér finnst þetta vera gild spurning hvort að þarna sé ekki verið að ganga allt of langt.

Virðulegi forseti, ég vil nefna eitt atriði sem ég hef reyndar komið að áður. Í Evrópska efnahagssvæðinu felst aðlögun að kerfi EB og eins og við höfum orðið vör við hér á Alþingi þá er verið að lögtaka lög, reglur og tilskipanir Evrópubandalagsins, við erum að gera þau að hluta okkar laga. Við hljótum að spyrja okkur: Hvað felur þessi aðlögun í sér? Hvað mun af henni leiða? Ég velti því fyrir mér hvort að þróunin muni ekki verða í þá átt að þessi einsleitni nái yfirhöndinni og að menn sjái fyrir sér að samræmi verði að ríkja á öllum sviðum. Hvað gerist þá þegar við komum að málaflokkum eins og launamálum og félagsmálum? Verða ekki röksemdir í framtíðinni þegar m.a. konur berjast fyrir auknum félagslegum réttindum og bættri stöðu fjölskyldunnar, að menn vísi stöðugt til þess: Ja, reglurnar eru svona og svona í Evrópubandalaginu, þær eru svona og svona á Evrópska efnahagssvæðinu? Hverju munum við ná fram? Ég ber ákveðinn ugg í brjósti varðandi það að menn noti þetta til þess að halda hér niðri félagslegum réttindum, ekki síst á þeim sviðum þar sem við stöndum þó framar flestum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, ekki síst Evrópubandalaginu. Þannig að maður hlýtur að velta því fyrir sér hvað þessi aðlögun muni leiða af sér í framtíðinni.

Þá eru það mjög veigamikil rök í andstöðu minni að með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu getum við ekki lengur mótað stefnu í mjög stórum málaflokkum. Við erum að afsala okkur valdi sem felst í því að við getum ekki lengur mótað stefnu sjálf. Það er nú ekkert smáræði sem er undir. Það er allt viðskiptalífið, hvorki meira né minna og það verða ákveðin vinnumarkaðsmál, það verða viðskipti við aðrar þjóðir, það eru að hluta til umhverfismál og fleiri málaflokkar sem samningurinn nær til. Þetta er auðvitað mjög stórt mál. Við erum með þessu að afsala okkur því frelsi að móta íslenskt samfélag eins og við viljum. Við erum að afsala okkur því valdi. Nú kann að vera og er sjálfsagt svo að meiri hlutinn á Alþingi er afar ánægður með þá þróun sem á sér stað úti í Evrópu og þá samfélagsgerð sem þar er að finna. En það á ekki við um mig. Þó að þangað sé margt að sækja og ég vonast til að viðskipti okkar við Evrópuþjóðir og samskipti verði sem vinsamlegust og mest, að þá er ýmislegt þar líka sem ekki er til fyrirmyndar og þá er ég auðvitað fyrst og fremst að horfa á evrópsk samélög út frá sjónarhóli kvenna.

Virðulegi forseti. Staða kvenna er einfaldlega mun lakari í flestum ríkjum Evrópubandalagsins en hér þó að efnahagslegir erfiðleikar hér og samdráttur sé vissulega að gera okkur lífið leitt. Ég hef undir höndum úttekt á stöðu kvenna í Evrópu, sænska grein, og mig langar aðeins til að vitna í hana til þess að draga fram hver staða kvenna er í ríkjum Evrópubandalagsins. Ég ætti kannski að hlífa mönnum við því að vera mikið að tala um hlut kvenna í ríkisstjórunum í Evrópubandalagsríkjunum því að ekki er glæsileg staðan hér þar sem aðeins ein kona er í ríkisstjórninni. Við erum þar langt, langt á eftir öðrum Norðurlöndum og náttúrlega hneyksli hvernig þeim málum er háttað hér. (Gripið fram í.) Hvað segir hv. þm.? Já, ég tek reyndar undir það með þingmanninum, ríkisstjórnin sjálf er náttúrlega hneyskli og stefna hennar. En staða kvenna innan hennar er ekki beinlínis góð. Ég ætla aðeins að vitna í nokkrar tölur úr þessari úttekt. Hér kemur t.d. fram að í Bretlandi eru tvær konur í bresku ríkisstjórninni af 22 ráðherrum, eða var — þeir eru alltaf að skipta um ráðherra þarna í Bretlandi, m.a. út af hneykslismálum, þeir telja það skyldu sína að víkja þegar þeim verður á messunni en því miður er það ekki raunin hér. Í Bretlandi er atvinnuleysi meðal kvenna í kringum 7% og þar er dagvistarrými fyrir 45% þriggja til fimm ára barna. Ég hef reyndar ekki við höndina tölur frá Íslandi en ég hygg þó að staðan sé nú heldur skárri í þeim efnum. Í Belgíu eru konur 10% þingmanna, við erum hér á Íslandi með 24%. Í Belgíu er atvinnuleysi meðal kvenna 13%. Tölur frá Spáni eru ekki glæsilegar. Þar eru konur 15% af þingmönnum, heldur skárra en í Belgíu, en þar er atvinnuleysi kvenna aldeilis hrikalegt. Þar er 23% atvinnuleysi meðal kvenna og mest á meðal ungra kvenna þar sem u.þ.b. 50% af konum á aldrinum 14–24 eru atvinnulausar. Í Frakklandi eru þingkonur 6% þingmanna og þar er atvinnuleysi kvenna um 12%. Í Grikklandi eru konur 5% þingmanna, það er eins og staðan var hér 1983, og atvinnuleysi 13%. Í austurhluta Þýskalands var atvinnuleysi kvenna 14,6%, 6,9% í því sem áður var Vestur-Þýskaland og konur eru 20% þingmanna þar. Ef við berum þetta svo saman við Norðurlöndin og Ísland að þá er hlutur kvenna í stjórnum og pólitískum stofnunum þar mun betri en gerist í ríkjum Evrópubandalagsins. Við hljótum að velta því fyrir okkur hvaða áhrif þessi aðlögun og einsleitni muni hafa á stöðu íslenskra kvenna. Við hljótum að velta því fyrir okkur. Ég sé svo sem enga ástæðu til bjartsýni í þeim málum.

Ég nefndi áðan launamálin og við hljótum að spyrja okkur þeirra spurninga hver þróun muni verða í launa-

málum á næstu árum og hvernig þau snerti Evrópska efnahagssvæðið. Nú er það svo að við erum að dragast mjög aftur úr í launum og það er kannski sérstaklega ef við skoðun launamál ríkisstarfsmanna og þá ekki síst háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna. Þar er auðvitað himinhrópandi munur milli Íslands og velflestra annarra ríkja Evrópu þar sem að mönnum hefur þótt rétt að launa háskólamenntaða starfsmenn ríkisins vel. Ég get ekki leynt því að ég óttast það að hér muni verða nokkur atgervisflótti ef að svo heldur fram sem horfir. Ég spyr enn þeirrar spurningar sem ég spurði í fyrstu umræðu og hef svo sem oft komið að. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að haga launastefnu sinni og launapólitík í ljósi þess að við þurfum væntanlega að aðlagast launamálum á Evrópsku efnahagssvæði? Ef það á að verða eitthvert flæði vinnuafls og ef við ætlum ekki að standa frammi fyrir því að m.a. háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn komi sér hreinlega úr landi, sem ég tel að muni gerast í einhverjum mæli, vonandi ekki mjög miklum mæli því að sem betur vilja flestir Íslendingar búa á Íslandi. Ég vil taka fram að ég er alls ekki andsnúin því að fólk flytji milli landa og ég tel að fólk eigi að hafa rétt að flytja helst á milli allra heimsins landa þannig að við getum miðlað hvert öðru reynslu, þekkingu og menningu. En spurningin er hvort að staða launamála á Íslandi gæti orðið til þess að hér yrði óeðlilegt streymi út úr landinu. Ég velti þeirri spurningu fyrir mér.

Ég gerði því nú nokkuð ítarleg skil í fyrstu umræðu að mér þykir Evrópubandalagið vera mikið karlveldi. Þar sitja karlar við stjórn á flestum sviðum og í stofnunum Evrópubandalagsins eru þeir yfirgnæfandi á öllum sviðum og það er varla að konur sjáist þar í forustu. Þar af leiðandi er þar náttúrlega ríkjandi það sem ég kalla karlveldishugsunarháttur sem tengist þeirri hugmyndafræði sem ég lýsti áðan.

Virðulegi forseti. Nú er farið að teygjast nokkuð meira úr máli mínu en ég ætlaði. En ég á þó eftir að nefna nokkra þætti. Ég skal reyna að flýta því aðeins því að ég veit að efh.- og viðskn. bíður.

Ég vil koma nokkrum orðum að stjórnarskrárþættinum, þó að kannski megi segja að Alþingi sé búið að afgreiða það mál frá sér, en ég ítreka það að ég er mjög ósátt við þá afgreiðslu. Ég hef reyndar aldrei haldið því fram sjálft að um hreint brot á stjórnarskránni væri að ræða. Ég er einfaldlega ekki það löglærð að ég treysti mér til þess að fella dóm um það. En mér þykir fræðimenn á þessu sviði hafa dregið fram það gildar röksemdir í málinu að í mínum huga er ekki nokkur spurning að þarna er mikill vafi og ég hefði talið það rétt og ég harma það að meiri hlutinn skyldi ekki sjá að sér og fara þá leið að breyta íslensku stjórnarskránni. Vel má vera að sú tillaga sem hér hefur verið lögð fram hefði mátt vera með öðrum hætti en um þetta eru miklar efasemdir og það eru leidd að því gild rök að um vafa sé að ræða. Ég vil í því sambandi vísa til kaflans um stjórnarskrána, stofnanir EES og stjórnarskrána í nál. 2. minni hluta utanrmn. frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur sem mér finnst gera þessu máli afar góð skil og ég verð að segja það að þessi kafli nánast sannfærði mig um að um stjórnarskrárbrot sé að ræða þó að flm. nál. sé reyndar ekki sannfærð um það sjálf. Mér þætti því vont ef hv. alþm. standa frammi fyrir því innan einhverra ára að hér hafi verið um stjórnarskrárbrot að ræða. Ég hafði hugsað mér að lesa upp úr þeim kafla en ég ætla að sleppa því þar sem nóttin líður. Ég vil þó ítreka það sem ég nefndi í fyrri ræðu minni við 1. umr. að fyrir mér er það ekki nokkur spurning að við alþingismenn erum að framselja ákveðinn hluta af löggjafarvaldi með þessum samningi. Mér finnst það ekki vera réttur skilningur á löggjafarvaldi að það felist í því að segja já eða nei. Hlutverk löggjafans er að setja lög og þar með að ráða innihaldi laganna. Þannig skil ég hlutverk löggjafarvaldsins og það er alveg ljóst að við munum í framtíðinni og erum hér að samþykkja reglugerðir og tilskipanir Evrópubandalagsins þar sem við ráðum engu um innihaldið. Við getum að vísu breytt orðalagi og fært það til betra horfs, en við getum ekki breytt hinu efnislega inntaki og í mínum huga er ekki nokkur vafi að þetta er framsal á löggjafarvaldi. En sá hópur sem ríkisstjórnin fékk til þess að skrifa álit á þessu máli gerir afar lítið úr þessu máli en ég sem alþingismaður lít þannig á að hér eftir munum við hafa framselt hluta af okkar löggjafrvaldi á þeim sviðum sem samningurinn um EES nær til.

Ég vil í örfáum orðum nefna fiskveiðisamninginn en þar verður auðvitað ekki horft fram hjá því að með honum er verið að brjóta það prinsipp sem hér hefur verið í gildi um árabil að halda erlendum skipum utan landhelgi Íslands að undanskildum þeim fáu belgísku skipum sem enn hafa rétt til að veiða. Þetta þýðir auðvitað að verið er að opna landhelgina að vissu marki og ég sett vissulega fyrirvara við þetta þó að ég telji að það geti verið réttlætanlegt að gera slíka samninga ef jafngildar heimildir koma á móti. En það verður að segjast eins og er að fiskveiðisamningurinn við EB er sýnd veiði en ekki gefin.

Þá vil ég nefna eitt atriði í viðbót sem meiri hluti utanrmn. kemur nokkuð inn á í nál. sínu en mér finnst ég í rauninni enn þá ekki hafa fengið neitt svar við. Kannski er til of mikils mælst að ætlast til þess að maður fái svar við því eins og stjórnarhættir eru hér á Íslandi en það er kostnaðurinn við Evrópska efnahagssvæðið og hann er auðvitað margvíslegur. Í nál. meiri hlutans er gerð grein fyrir þeim beina kostnaði sem ríkið verður að leggja út vegna EES en auðvitað er margvíslegur annar kostnaður sem mun fylgja. T.d. verður töluverður ferðakostnaður vegna nefndafunda og ýmiss konar samstarfs sem leiðir af þessum samningi. Það verður náttúrlega áframhaldandi kostnaður við þýðingar og reglugerðarsmíði og lagasmíði í framhaldi af þessu. Hugsanlega mun þurfa að auka eitthvað starfslið til þess að sjá um þessi mál á vegum ríkisins og einstök fyrirtæki þurfa auðvitað að leggja í ýmiss konar kostnað vegna þessa. Ég nefni kostnað vegna staðla, vegna faggildingar. Ég get tekið sem dæmi sem starfsmaður Rafmagnsveitna ríkisins nefndi við mig um daginn að til að annast þeirra faggildingu yrðu þeir að kalla til erlenda sérfræðinga því að hér er enginn að-

ili sem getur tekið að sér þá faggildingu sem þarf að eiga sér stað hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Þetta á hugsanlega við um önnur svið þar sem hér er einfaldlega ekki sú faglega þekking sem þarf til þessa og gæti ég þá auðvitað nefnt stofnanir sem þarf að koma upp í þessu sambandi og þá ekki síst í sambandi við samkeppnislögin og það eftirlit sem þar þarf að fara fram.

Enn eitt atriði, ég á örfá atriði eftir, virðulegi forseti, og það er það sem snýr að íslensku atvinnulífi. Því hefur mjög verið haldið á lofti að þessi samningur opni íslenskum fyrirtækjum mikla möguleika og kann það vissulega að vera rétt í ýmsum tilvikum. En við getum auðvitað ekki horft fram hjá því að staðan í efnahagslífi Íslendinga er með þeim hætti að erfitt er að sjá að fjöldi fyrirtækja eigi þess nokkurn kost að sækja út á markaði Evrópu eða að þeir muni standast aukna erlenda samkeppni. Því miður býr mikill fjöldi íslenskra fyrirtækja við það að vera rekin með halla og hér er samdráttur í öllum útflutningsgreinum eftir því sem kemur fram í skýrslum Þjóðhagsstofnunar. Þá ber að nefna ýmiss konar álögur sem ríkisvaldið er að leggja á fyrirtækin og nú á þessu augnabliki er t.d. algerlega óvíst hvað verða mun um fyrirhugaðar skattalækkanir ríkisstjórninnar, þ.e. á tekjuskatti fyrirtækja. Ég veit reyndar ekki hvaða niðurstaða er orðin í málinu en þeirri skattalækkun, sem upphaflega átti að fara úr 45% í 33%, var breytt þannig að hana á að taka í tveimur áföngum sem urðu atvinnulífinu mikil vonbrigði. Síðan kom það upp í morgun að jafnvel er hætt við þetta, íslensku atvinnulífi til mikillar skelfingar en því má ekki gleyma að þessi skattalækkun er náttúrlega fyrst og fremst hugsuð sem aðlögun að Evrópsku efnahagssvæði þannig að mann rekur náttúrlega í rogastans þegar svo hugmyndir koma upp á borðið að hætta við þetta. En eins og ég segi, ég veit ekki hver niðurstaðan er orðin en svona hringlandaháttur er alveg hrikalegur. (**Gripið fram í:** Hver er ábyrgur fyrir því?) Já, ég spyr, hv. þm.: Hver er ábyrgur? Það ætlum við í minni hluta í efh.- og viðskn. ekki að taka á okkur, enda vorum við furðu lostin yfir þessu. Og þó að staða ríkisins sé erfið þá verður að hugsa líka um hagsmuni og samkeppnisstöðu fyrirtækjanna. Það er vissulega staðreynd að ef þessar hugmyndir verða að veruleika þá verður auðvitað að búa atvinnulífinu þau skilyrði að íslensk fyrirtæki standist og ég verð vissulega að segja það, virðulegi forseti, að ég er nokkuð áhyggjufull út af því ástandi og ég spyr: Hvernig eru þau búin undir þessa samkeppni og hvernig hafa þau búið sig undir markaðssókn? Hvernig eru þau tilbúin til að mæta þeim aukna kostnaði sem því fylgir?

Að lokum, virðulegi forseti, hlýt ég að minna á það enn og aftur að við erum mjög lítil þjóð sem eigum sérstaka og dýrmæta menningu. Við tölum gamalt og flókið tungumál og eigum fornar og nýjar bókmenntir sem eru einstakar, ekki síst þær fornu, og mér finnst við bera mikla ábyrgð. Við berum mikla ábyrgð á þessari einstæðu menningu. Og við þurfum að gæta þess að stíga engin þau vanhugsuð skref sem stefna menningu okkar í hættu.

Nú hefur það alltaf verið svo að Íslendingar hafa verið í miklum menningartengslum við erlendar þjóðir allt frá upphafi byggðar í landinu. Fyrstu biskuparnir sóttu sér menntun til Þýskalands og Englands og á 14. og 15. öld fóru menn til Þýskalands. Þá notfærðu menn sér sambandið við Hansaborgirnar og verslunarsamböndin við Þýskaland til að sækja sér þangað menntun og um aldir menntuðust Íslendingar í Danmörku. Þannig að við eigum auðvitað að vera opin fyrir menningarstraumum og menningarsamstarfi við aðrar þjóðir en við megum ekki gleyma því að við eigum mjög dýrmætan arf sem við þurfum að gæta og til lengri tíma litið gæti þessi aðlögun að Evrópsku efnahagssvæði fært með sér ýmiss konar breytingar sem ekki eru fyrirsjáanlegar. Hún gæti komið okkur í allt aðra stöðu en við erum nú í. Hingað getur flust fólk af öðrum þjóðum og ekki er ég að amast við því en allt getur þetta orðið til þess að breyta samfélagi okkar og menningu. Ég vil bara minna á þetta hér, virðulegi forseti, að við verðum að hafa það í huga að okkur ber að standa vörð um þennan menningararf.

Það hefur oft verið nefnt að hér sé um óhjákvæmilega þróun að ræða. Við eigum ekki annarra kosta völ. Ég er þessu algerlega ósammála og mér finnst að stjórnmálamenn eigi aldrei að sætta sig við að eitthvað sé óhjákvæmilegt, að einhver þróun sé óhjákvæmileg. Við erum í stjórnmálum til að breyta og bæta. Ég get fyllilega sætt mig við að menn séu þeirrar skoðunar að þessi samningur sé Íslendingum til góðs. Ef menn eru sannfærðir um það þá virði ég þá skoðun þó að ég sé ósammála henni en ég á mjög erfitt með að skilja og viðurkenna þau sjónarmið að hér sé um margt vont að ræða, þetta sé jafnvel að mestu leyti vondur samningur og vondur vegur sem verið er að ganga en hann sé óhjákvæmilegur. Það er sjónarmið sem ég get ekki sætt mig við.

Virðulegi forseti. Kvennalistinn markaði þá stefnu fyrir alllöngu að hagsmunum Íslendinga væri betur borgið utan hins Evrópska efnahagssvæðis en innan og sú stefna var ítrekuð á landsfundi Kvennalistans nú í haust og stendur því sem yfirlýst stefna hans. En það breytir ekki því að við erum að taka afstöðu í mjög stóru máli og það er engan veginn einfalt eins og ég hef komið að í máli mínu. Á þessum samningi eru bæði kostir og gallar. Ég hef nefnt nokkur atriði en ég ætla að sleppa ýmsu eins og svokölluðum girðingum og einnig hefði ég getað rætt svolítið um landbúnaðinn og hvernig þetta horfir við honum. En að lokum, virðulegi forseti, ætla ég enn að rifja það upp hverjir eru kostir og gallar þessa samnings. Það er að vísu kannski nokkur endurtekning en ég ætla að draga það saman.

Að mínum dómi eru kostirnir fyrst og fremst þeir að samningurinn felur í sér verulegar tollalækkanir á íslenskum fiski sem metnar eru upp á 1,5–2 milljarða kr. af aðstandendum sjávarútvegsins. Vonandi felur samningurinn í sér tækifæri fyrir Íslendinga á ýmsum sviðum, hugsanlega bæði varðandi menntamál, rannsóknir og störf erlendis og fleira mætti nefna sem tengist því samstarfi sem við erum þegar aðilar að og ég hefði getað gert að umtalsefni en ætla að sleppa því.

En ég vona svo sannarlega að það haldi áfram og aukist eins og það mundi gera þó að við yrðum ekki aðilar að EES. Samningurinn felur hugsanlega í sér ákveðin sóknarfæri fyrir íslensk fyrirtæki ef þau eru þannig stödd að geta nýtt sér þau. Hér gæti orðið eitthvað um erlendar fjárfestingar, bæði í íslenskum fyrirtækjum og væntanlega í nýsköpun. Við getum auðvitað ekkert horft fram hjá því að við erum í þeirri stöðu að við þurfum á erlendu áhættufjármagni að halda og ég er hlynnt því svo lengi sem við höfum stjórn á efnahagslífi okkar og erlend fyrirtæki ná ekki yfirhöndinni. Það er líka að nokkru leyti líklegt að samningurinn leiði til meira jafnvægis í efnahagsmálum og ekki veitir af, en ég á bágt með að sjá að ríkisstjórnin geti staðið við það eins og hennar tillögur breytast frá degi til dags. Það mun verulega reyna á ríkisstjórnina og ríkisstjórnir á komandi árum í aðlögun að þessu efnahagslega umhverfi. En síðasta kostinn mundi ég telja þann að samningurinn ýtir undir lagasetningu af ýmsu tagi sem ég tel vera heldur af hinu góða.

Þetta eru þeir kostir sem ég sé við samninginn. Þarna eru náttúrlega fyrst og fremst á ferðinni efnahagsleg rök sem, eins og ég sagði, eru auðvitað ekki einu rökin í málinu. En stærstu gallarnir sem ég sé á þessum samningi eru fyrst og fremst það valdaafsal sem er óhjákvæmilegt samkvæmt þessum samningi og sem felst ekki síst í því að við höfum þá ekki lengur vald eða tækifæri til að móta sjálfstæða stefnu í mjög stórum og mikilvægum málaflokkum og það er hugmyndafræðin sem býr að baki, hagvaxtarpólitíkin og stóriðnaðarstefnan, sem, eins og ég nefndi, er hugmyndafræði sem ég tel að þurfi að breyta og snúa frá.

Þrátt fyrir ákveðin fyrirheit í samningnum hef ég ekki trú á því að samningurinn eða hið Evrópska efnahagssvæði muni ýta undir bætta stöðu kvenna heldur þvert á móti. Og ég nefni enn og aftur þetta reglugerðar- og tilskipanaveldi sem þarna er að eflast og stækka og breiða úr sér yfir alla Norður-Evrópu.

Ég nefndi áðan kostnaðinn sem er erfitt að fá svar við hver verður og gæti auðvitað reynst okkur þungur í skauti. Alla vega sýnist mér á þeim tölum sem m.a. er að finna í áliti meiri hluta utanrmn. að hinn efnahagslegi ávinningur sé ekki ýkjamikill þegar á allt er litið. Síðan gæti það gerst að samningurinn um fjórfrelsið leiddi það af sér að staða íslenskra fyrirtækja hreinlega stórversnaði en batnaði ekki eins og svo margoft hefur verið rætt í þessu samhengi.

Að lokum, og nú er ég komin að lokum, virðulegi forseti, þá eru þær meginástæður fyrir því að ég mun greiða atkvæði gegn þessum samningi þær að ég tel leika vafa á því að hann standist íslensku stjórnarskrána. Ég er andvíg þeirri hugmyndafræði og framtíðarsýn sem mér finnst skína út úr samningnum og þeim fylgifrumvörpum sem hér hafa komið fram, mér óar það reglugerðarveldi sem verið er að koma á fót með þessum samningi og mér finnst að ekki hafi farið fram nægileg og haldbær úttekt á því hvaða áhrif þessi samningur muni hafa á íslenskt samfélag.

Ég get ekki sætt mig við það valdaafsal sem á sér stað eða mun eiga sér stað ef þessi samningur verður að veruleika vegna þess að þar með erum við að takmarka möguleika okkar til að breyta og móta íslenskt samfélag í þá veru sem ég vil sjá verða að veruleika, en það er samfélag sem býður upp á meiri jöfnuð, meira jafnrétti og meira kvenfrelsi en við búum nú við. Þar af leiðandi, virðulegi forseti, mun ég greiða atkvæði gegn þessum samningi þegar þar að kemur.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tók sérstaklega eftir því að hv. ræðumaður taldi að af hugmyndafræðilegum ástæðum gæti hann ekki staðið að því að samþykkja aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Hugmyndafræðin á bak við samninginn væri þess eðlis að hv. þm. gæti ekki stutt samninginn. Og síðan þegar hún rakti þessa hugmyndafræðilegu ókosti var m.a. látið að því liggja að það væri af því að stefnt væri að auknum hagvexti og það væri af hinu illa að auka eða efla hagvöxt og þess vegna gæti þingmaðurinn ekki stutt aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta finnst mér mjög athyglisvert því að í hinu orðinu er þingmaðurinn sífellt að tala um nauðsyn þess að styrkja íslenskt efnahagslíf, efla atvinnu í landinu o.s.frv. en þingmaðurinn er sem sagt á móti því að hagvöxtur aukist, væntanlega bæði hér og annars staðar. Ég skil ekki hvernig stefna þetta er sem þingmaðurinn er að boða, hvort þetta sé stefna Kvennalistans. Og einnig þótti mér sérkennileg túlkun þingmannsins á hugtakinu einsleitur, homogen, eins og það leiddi til þess að ekki gæti verið fjölbreytni. Homogent þjóðfélag er t.d. það íslenska, allir eru sammála um það, en allir vita að hér á landi er mikil fjölbreytni og hér dafnar margt þótt þjóðfélagið sé homogent þannig að mér finnst að þessi túlkun þingmannsins að þarna sé verið að steypa öllu í sama mót eigi ekki við rök að styðjast.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þóttist nú rökstyðja nokkuð hugmyndina um sjálfbæra þróun og hvernig hún gengur þvert á þessa hagvaxtar- og iðnaðarpólitík sem hefur verið ráðandi í Evrópu undanfarin 200 ár. En það er auðvitað alveg ljóst að það að breyta um stefnu og að þróa Evrópu í átt til annarra lifnaðarhátta, sem byggjast á sjálfbærri þróun, tekur tíma. Það er ekki eitthvað sem gerist í einu vetfangi þannig að það sem stefna ber að er að snúa frá þessum markmiðum um stöðugan hagvöxt, um að auka og auka og auka vegna þess að í því felst að ganga sífellt nær gæðum jarðar. Að vísu er hægt að reikna út hagvöxt á mismunandi hátt og bent hefur verið á það að á þeim hagvaxtarútreikningum, sem við t.d. byggjum á, eru miklir gallar. En það breytir ekki því að þó að hagvöxtur sé takmarkaður geti auðvitað átt sér stað miklar breytingar innan hagkerfisins. Hagkerfið getur þróast og breyst og við þurfum auðvitað að styrkja íslenskt atvinnulíf og efnahagslíf. Það er enginn að tala um einhverja stöðnun og afturhvarf heldur er ég að tala um langtímastefnumörkun sem felur í sér þá náttúruvernd sem við verð-

um að beina okkur að og byggja á í framtíðinni. — [Fundarhlé.]

Útbýting þingskjals:

Eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, 78. mál, nál. landbn., þskj. 480; brtt. landbn., þskj. 481.

Skuldbreytingar vegna loðdýraræktar, 309. mál, frv. landbn., þskj 479.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Áður en ég hef mál mitt langaði mig að vekja athygli forseta á einu atriði sem hefur torveldað mér nokkuð að undirbúa mig fyrir málflutning í þessu mikla máli, en það er að síðasta mánudag eða fyrir tveimur dögum var dreift til þingflokksins alldrjúgum stafla af gögnum er varða þetta mál sem nú er til umræðu. Ekki man ég hvað það voru margar síður en einhverjar þúsundir síðna voru það og hef ég að sjálfsögðu, virðulegi forseti, kappsamlega reynt að fara í gegnum það efni. Að vísu háir það mér nokkuð að um 98% af því efni er á ensku tæknimáli þannig að ljóst er að ekki er enn búið að þýða nærri allt það efni sem á að lögtaka hér á landi en ég ætla nú ekki að gera athugasemdir við það að svo stöddu. Ég vænti þess að þetta komi hér í íslenskri þýðingu áður en 2. umr. lýkur. En ég hef verið að kynna mér þær reglugerðir er varða áfenga drykki og þar er vitnað til tiltekinnar reglugerðar sem þarf að lögtaka hér, en í þeim skjölum sem dreift var, og ég er með það hefti sem þetta varðar, virðulegi forseti, þá finn ég ekki þessa reglugerð. Ég vildi gjarnan vekja athygli forseta á því að þessi reglugerð sem er nr. 1576/1989 er ekki finnanleg í aðgengilegu formi a.m.k. og vildi óska eftir því að forseti gerði ráðstafanir til þess að haft verði upp á þessari reglugerð og betra væri ef hún væri á íslensku.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti gerir sér ekki alveg grein fyrir hvað það er sem hv. þm. er að skírskota til, hvaða reglugerð það er, en ef forseti getur aðstoðað þingmanninn að fá einhver slík gögn sem hann vanhagar um þá mun hún að sjálfsögðu vera fús til þess og mun kanna það.

Guðni Ágústsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Þar sem þetta er þriðja nóttin, sem hér stendur til að halda næturfund og er nú mjög erfitt að sætta sig við og nokkuð óvenjulegt að það séu þrír næturfundir í röð, þá vil ég spyrja hæstv. forseta að því hvort það sé samstaða um það í forsætisnefnd að þessum fundi verði fram haldið í nótt?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég held að forsætisnefndin geri sér alveg grein fyrir því að fyrirhugað er að halda hér áfram með þennan fund. Það hafa ekki verið sett tímamörk á það, hvorki af forseta né öðrum en hins vegar er forseta kunnugt um að það stendur fyrir dyrum að formenn allra þingflokka tali saman og sá fundur er fyrirhugaður innan tíðar eftir því sem forseti hefur komist næst.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki nýtt að eitthvað sé rætt um Evrópska efnahagssvæðið. Ég vil minnast á það að þegar málið var fyrst til umræðu í þinginu fyrir um það bil þremur árum þá fóru hér fram þingskapaumræður um þetta mál og stóðu samtals í 38 klukkustundir. Ekki ætla ég að gera athugasemdir við það, átti ekki sæti á þingi þá, en ég býst við því að þeim sem stóðu þá í þingskapaumræðu í 38 klukkutíma um Evrópska efnahagssvæðið fyrir þremur árum hafi þótt rík nauðsyn á að hún færi fram en sú umræða sem nú stendur yfir, 2. umr. um þetta mikla mál, hefur ekki staðið nærri því jafndrjúgan tíma og þingskapaumræðan ein og sér stóð fyrir þremur árum. Ekki veit ég hvort það tengist því að Sjálfstfl. var þá í stjórnarandstöðu en kannski er það svo. Ég vil ekkert hafa uppi neinar fullyrðingar um það, en ég vildi gjarnan harma það, virðulegi forseti, að það skyldi hafa þurft að gera hlé í þingstörfum í klukkustund vegna erfiðleika innan ríkisstjórnarflokkanna við að ná saman niðurstöðu í efnahagsmálum. Það var vissulega ekki af völdum stjórnarandstöðunnar að ekki reyndist unnt að halda fram þingfundi eins og menn höfðu sjálfsögðu gert ráð fyrir.

Ég vil einnig nefna það af því að það mátti skilja á hæstv. forsrh. í einhverjum ljósvakamiðlinum að þingmenn stjórnarandstöðunnar beittu stjórnarþingmenn ofbeldi með ræðuhöldum. Vona ég nú að það hafi verið önnur meining en menn þóttust lesa í ummæli hæstv. forsrh. því að eins og menn vita er hann með prúðari mönnum í orðræðum. En mig langaði samt að nefna að þegar um það var samið fyrr á þessu hausti eða fyrir nokkrum vikum að taka þetta mál til 2. umr., að vísu með fyrirvara um afstöðu Sviss eins og allir vita, þá breyttist það samkomulag, þá reiknuðu menn með þremur dögum í 2. umr. og umræðan hefur nú ekki staðið nema nokkurn veginn þann tíma eða tæplega þó sem menn ætluðu sér þá og stjórnarliðar töldu eðlilegt að færi í þá umræðu. Ég vildi vekja athygli á þessu þannig að mönnum væri enginn efi í huga um að umræðan hefur ekki verið með neitt óeðlilegum hætti um þetta gríðarlega viðamikla mál og það má benda á það enn að málsskjöl eru enn að berast. Eins og ég gat um áðan þá komu til okkar nokkrar þúsundir síðna af skjölum, viðaukum með reglugerðum Evrópubandalagsins sem tilheyra þessu máli sem á eftir að þýða að mestu leyti og þó að þingmenn hafi að sjálfsögðu reynt eftir föngum að kynna sér efni þessara reglugerða þá gefur auga leið að á svo skömmum tíma hefur engum manni tekist að lesa það til neinnar hlítar. Og reyndar vakti ég athygli á því að ég gat ómögulega fundið eina reglugerð sem vitnað er til og er það vissulega skaði að mál skuli vera til umræðu án þess að öll málsskjöl sem lögtaka á séu lögð fram í þinginu.

Ég vil fyrst víkja að frv. sem fyrir liggur í fáeinum orðum og nefna það að í frv., sem er sjálft ekki nema upp á fimm greinar og er lagt til að verði stytt niður í fjórar með því að fella brott 4. gr. frv., verður mér nokkurt umhugsunarefni hver afdrif samningsins verða ef menn greiða atkvæði um hann og hvaða gildi sú at-

kvæðagreiðsla hefur. Það kemur fram í þessu frv. að það eigi að fullgilda tiltekinn samning milli tiltekinna samningsaðila. Í þeim samningi sem á ekki bara að fullgilda heldur lögtaka er ákvæði um gildistöku í 3. tölul. 129. gr. þess samnings sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Samningur þessi öðlast gildi 1. jan. 1993 að því tilskildu að allir samningsaðilar hafi afhent fullgildingar- eða samþykktarskjöl sín til vörslu fyrir þann dag. Eftir þann dag skal samningurinn öðlast gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir síðustu tilkynninguna. Lokafrestur varðandi þá tilkynningu skal vera 30. júní 1993. Eftir þann dag skulu samningsaðilar boða til ráðstefnu stjórnarerindreka til að meta stöðu mála."

Nú er ljóst að einn samningsaðila mun ekki fullgilda þennan samning þannig að þessi samningur mun ekki öðlast gildi. Það leiðir af eðli máls. Það verður því að breyta samningnum. Ég hef haft þann skilning á málinu að þær breytingar sem hæstv. utanrrh. og fleiri hafa verið að tala um að þyrfti að gera kæmi fram í þinginu í formi brtt. við frv. ellegar einhverjum jafngildum hætti. Hins vegar þegar ég skoða gildistökuákvæði frv. sjálft, þá veldur það mér nokkrum heilabrotum að í 5. gr. frv. stendur, með leyfi forseta:

„Ákvæði 1. gr. laga þessara öðlast þegar gildi.

Önnur ákvæði laganna öðlast gildi um leið og EES-samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar."

Þetta er dálítið athyglisvert því að þetta orðalag í frv. er greinilega samið til þess að hafa möguleika á mismunandi gildistíma hjá einstökum samningsaðilum þannig að samningurinn geti öðlast gildi á mismunandi *tíma eftir því hvaða lönd eiga í hlut*. Það læðist að mér sá grunur eftir ræðu hæstv. utanrrh. í gær að ráðherrann telji sig ekki þurfa að koma inn í þingið með væntanlegar breytingar á samningnum. Ég vildi því spyrja hæstv. ráðherra eða staðgengil hans með hvaða hætti á að koma breytingum fram. Er nægjanlegt að ráðherra gangi frá breytingum og signeri þær og þar með sé samningurinn kominn í gildi hvað Ísland varðar eða þarf að bera málið hingað í þingsali í formi þskj. með einhverjum hætti, brtt. við þetta frv. eða sjálfstætt frv. til þess að samningurinn öðlist gildi hér á landi?

Ég tel nauðsynlegt að fá alveg á hreint af hálfu hæstv. utanrrh. ellegar formanns utanrmn. með hvaða hætti standa á að því að væntanlegar breytingar, sem menn eru að tala um að verði gerðar, öðlist gildi hér á landi. Ég tel afar þýðingarmikið að það liggi fyrir svo óyggjandi sé með hvaða hætti framvinda málsins verður gagnvart þinginu.

Því er auðvitað ekki að leyna, virðulegi forseti, þegar jafnviðamikið mál og hér er um að ræða, sem er upp á mörg þúsund blaðsíður og er í raun og veru margra ára verk að kynna sér til hlítar og reyndar ekki komið fram í þinginu í formi þskj. til enda, fer ekki hjá því að um það hafa menn nokkuð rætt á þeim tíma sem málið hefur verið í undirbúningi og ýmislegt verið skrifað um það af þeim hv. þm. sem eru að búa sig undir það að gefa upp afstöðu sína til samningsins. Ég vildi því rifja upp fáein atriði úr þeim greinaskrifum til að varpa ljósi á afstöðu þeirra þingmanna sem hér eiga í hlut en svo einkennilega vill til, virðulegi forseti, að þessir þingmenn hafa ákaflega lítið tjáð sig um þetta mál og sumir alls ekki neitt. Mér er nokkur undrun í því að hafa tekið eftir því í gær og dag að stjórnarliðar hafa verið á mælendaskrá, tveir frekar en einn, en hafa ekki tekið til máls af einhverjum ástæðum og meira að segja svo að annar þeirra hefur í tvígang látið setja sig á mælendaskrá og átti að vera næstur á undan mér í ræðustóli en mun hafa dregið sig til baka og tjáir sig því ekki um málið, a.m.k. ekki að sinni. Vegna þessarar hógværðar stjórnarþingmanna tel ég kannski ekki síður rétt að rifja upp nokkur atriði til þess að þingheimur verði einhvers vísari um afstöðu þeirra. Þá munu menn sjá að stuðningur við þetta mál er kannski annar og minni en ætla mætti að óreyndu.

Ég vil fyrst draga fram grein sem birtist í Morgunblaðinu laugardaginn 9. mars 1991 eftir hv. þm. Árna Ragnar Árnason. Ég bið forseta að gera þingmanninum viðvart svo að hann megi fylgjast með þegar ég vitna til hans afstöðu um þetta mál og eigi þess kost, ef ekki er því mun harðari andmæli við því að stjórnarþingmenn taki til máls, að skýra mál sitt frekar en fram kemur í þessari grein. Í greininni, sem af einhverjum ástæðum, kannski tilviljun, birtist skömmu fyrir síðustu alþingiskosningar og má líta á sem skilaboð þingmannsins til kjósenda um þá afstöðu sem hann ætlaði að taka í þessu viðamikla máli, segir svo, með leyfi forseta:

„Að undanförnu hafa viðræður staðið milli EB og EFTA um efnahagssamstarf. Ríkisstjórnin virðist treysta á samningamátt EFTA til að gæta hagsmuna okkar og það að sáttmáli bandalaganna tveggja tryggi lífskjör okkar Íslendinga. Ég treysti okkur sjálfum betur til að fara með okkar eigin hagsmuni. Ég álít að við eigum að taka upp beinar viðræður við EB og ráða af niðurstöðu þeirra hvort við gerumst þar aukaaðilar eða ekki. Hagsmunir hinna EFTA-ríkjanna virðist krefjast margra og ólíkra sérákvæða í samningnum við EB. Það er ekki líklegt til að gera okkar þörfum viðunandi skil heldur til að flækja viðræður. Þá var ástæðulaust að binda okkur við skilmála sem önnur EFTA-ríki kunna að gera. Því tel ég að viðræður okkar við EB muni reynast einfaldari og líklegri til árangurs. Við höfum talið að við getum ekkert látið í samningum. EB sækist fyrst og síðast eftir fiskveiðiréttindum hér við land en ástand nytjastofna okkar gefur ekkert færi á slíku."

Ég vil segja það, virðulegi forseti, að ég er alveg sammála þessum hv. þm., sérstaklega þar sem hann segir að hann treysti okkur sjálfum betur til að fara með okkar eigin hagsmuni en EFTA-ríkjunum. Ég er alveg hjartanlega sammála þessu. Ég tel að þarna eigum við stjórnarandstæðingar skoðanabróður sem muni styðja okkar afstöðu til þessa máls. Ég er svo sem ekkert undrandi þó að slíkt komi ýmsum á óvart en stuðningsmenn við þá afstöðu að Íslendingum sjálfum sé best treystandi fyrir eigin málum eru fleiri en margur hyggur við fyrstu sýn.

Þá vil ég víkja að öðrum þingmanni sem er hv. þm.

Björn Bjarnason og bið ég forseta um að honum verði gert viðvart ef hann er í húsinu svo að hann megi heyra þessar tilvitnanir og geti brugðist við þeim ef hann kysi svo. Þingmaðurinn segir eftirfarandi um þennan samning í Morgunblaðinu þriðjudaginn 16. apríl 1991, með leyfi forseta:

„Þeir sem hafa kynnt sér umræðurnar um EES og þær vonir sem bundnar eru við samningaviðræður EFTA og EB í ríkisstjórnum EFTA-landanna (utan Íslands?) vita að þar líta menn á EES sem fyrsta og annað skrefið inn í Evrópubandalagið." Enn fremur segir í þessari blaðagrein, með leyfi forseta:

„EES-samningsgerðin er skipulegasta átak sem gert hefur verið til að opna Íslandi og öðrum EFTA-ríkjum leið inn í Evrópubandalagið."

Ég vil taka undir þessi orð þingmannsins. Ég lít málið sömu augum og hv. þm. Björn Bjarnason og tel að ekki þurfi svo ýkjamikinn rökstuðnng umfram það sem fram kemur í greininni sjálfri til stuðnings þessu mati þingmannsins. Að lokum í þriðju tilvitnun minni í þessa sömu grein segir hv. þm. Björn Bjarnason, með leyfi forseta:

„Við þessar kosningar á að beina athyglinni að samningsgerðinni um Evrópska efnahagssvæðið sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur alfarið haft á sinni könnu og ráðherrarnir eru teknir til við að ríf-ast um eins og allt annað. Þessi samningur opnar leið inn í EB ef við kjósum að fara hana."

Þá vil ég vitna til viðtals við hv. 3. þm. Vestf. sem birtist í þessu sama blaði, Morgunblaðinu, þriðjudaginn 16. apríl 1991, með leyfi forseta. Fyrirsögn greinarinnar er: Eigum að hefja tvíhliða viðræður við EB um lækkun tolla, segir Einar K. Guðfinnsson:

„Íslendingar eiga að hefja tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið um lækkun tolla á fiskafurðum, enda höfum við öll tromp á hendi til að ná hagkvæmum samningum, telur Einar K. Guðfinnsson, framkvæmdastjóri í Bolungarvík. „Mín stefna í þessu máli er alveg klár og skýr. Sjálfstfl. mótaði á sínum tíma þá afstöðu að leita eftir tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið um lækkun á tollum á fiskafurðum. Við þá stefnumörkun var haft í huga að verið væri að taka á því sem þýðingarmest væri fyrir okkur Íslendinga.""

Enn fremur segir þingmaðurinn, með leyfi forseta: „Ég held að við höfum öll tromp á hendi til að ná hagstæðum samningum. Evrópuþjóðirnar eru orðnar háðar okkar fiskafurðum og ég held að þörf þeirra fyrir hagkvæma og skynsamlega samninga sé ekki minni en okkar."

Enn verð ég að segja að ég er sammála þingmanni úr stjórnarliðinu sem hefur tjáð sig um þetta mál. Ég hef reyndar ítarlegri útskýringar hv. 3. þm. Vestf. um afstöðu hans í þessu máli og vildi gjarnan reiða þær fram við umræðuna. Þar vil ég fyrst nefna til grein í blaði sem heitir Vesturland og kom út 26. febr. 1991. Þar segir í greininni um þetta mál sem ber yfirskriftina: Sjálfstæðisflokkurinn vildi tvíhliða samninga við EB, með leyfi forseta:

„Af þessu sést að þátttaka okkar í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði hlýtur að teljast afdrifarík. Við erum að taka þátt í samningaviðræðum sem munu með margvíslegu móti gerbreyta öllu samfélagi okkar. Það hefur jafnvel verið talað um að munurinn á því að ganga inn í væntanlegt Evrópskt efnahagssvæði og að ganga í EB sé stigsmunur en ekki eðlismunur. Um það geta menn vissulega þráttað. En hitt er ekki ofmælt að segja að þessar samningaviðræður geta orðið mjög afdrifaríkar og kunni að kollvarpa mörgu í okkar þjóðfélagi."

Þá vitnar greinarhöfundur í sérfróðan mann á sviði lagaréttar sem nýtur mikils álits hjá þeim sem sitja við þann vegg sem er að baki mér, sem er dr. Gunnar G. Schram lagaprófessor. (**Gripið fram í:** Sjálfur Gunnar G. Schram?) Sjálfur Gunnar G. Schram. Minnir greinarhöfundur á að umræddur prófessor hafi ritað eftirtektarverða grein í Morgunblaðið 26. jan. þar sem hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Með aðild að EES samþykkja EFTA-ríkin mjög verulegan hluta Rómarsamningsins en hann er grundvallarlög Evrópubandalagsins. Með því eru þau í mörgum þýðingarmiklum efnum komin á sama bát og EB-ríkin og lúta sömu lögum og þau."

Enn fremur segir, með leyfi forseta:

„Það er borðliggjandi að viðræður EFTA og EB sem Íslendingar eru aðilar að munu fela í sér valdaafsal Íslendinga. Undan því verður ekki vikist. Menn geta kallað þetta óþjóðlega stefnu eða þjóðlega. Það fer eftir smekk en um efnisatriði málsins geta menn ekki deilt. Til þess eru þau of krítarklár og jafnframt það að Framsfl. hefur lagt blessun sína yfir þetta með forustuhlutverki sínu í ríkisstjórn sem tekur þátt í þessu viðræðum fyrir hönd Íslands."

Þarna kemur fram alveg skýrt mat hv. 3. þm. Vestf. að viðræður EFTA og EB fólu í sér valdaafsal. Það er augljós meining þingmannsins að honum líkar þetta ekki og er ekki sammála gjörningi af þessu tagi.

Þá rekur þingmaðurinn þá afstöðu sína og Sjálfstfl. að menn eigi að snúa sér að tvíhliða viðræðum og leggur fram nokkur rök því til stuðnings. Í fyrsta lagi að við séum háðari fríverslun með fisk en aðrar þjóðir EFTA. Í öðru lagi sé ólíklegt að EB fallist á fríverslun með fisk sem algilda reglu og sé því líklegra til að knýja þá til að semja um undanþágu frá þeirri reglu sinni ef við séum einir á báti sem smáþjóð. Í þriðja lagi sé mótsögn fólgin í því að vera innan EFTA og draga þar fram hagsbætur fyrir okkur og Norðmenn líka þannig að við séum að veikja samkeppnisstöðu okkar gagnvart Norðmönnum með því að vera að draga EFTA hjólið áfram í þessum viðræðum.

Síðan segir í greininni, sem er allítarleg, undir millifyrirsögninni „Afstaða sjávarútvegsins", með leyfi forseta:

„Sagan er miskunnarlaus dómari. Nú er vitaskuld komið á daginn að sjálfstæðismenn höfðu á réttu að standa. Samningar á vettvangi EFTA/EB viðræðna eru komnir skammt á veg hvað varðar okkar helsta hagsmunamál. Við höfum tapað tíma og eigum enn mjög undir högg að sækja. Það er heldur varla tilviljun að hagsmunaaðilar, samstarfsnefnd hagsmunaaðila í sjávarútvegi, hafa komist að sömu niðurstöðu, að brýnast

sé fyrir okkur Íslendinga að vinna að okkar hagsmunamálum með beinum viðræðum sem leitt geti til áþreifanlegs árangurs. Í þessu máli fara sjónarmið Sjálfstfl. og atvinnulífsins saman og er gott til þess að vita."

Það er dálítið merkileg tilviljun að þegar Sjálfstfl. var á móti viðræðum EB/EFTA og vildi tvíhliða viðræður, þá var atvinnulífið á sömu skoðun og Sjálfstfl. Núna þegar Sjálfstfl. er kominn í ríkisstjórn og hefur ekki bara brotið í blað í afstöðu sinni, eins og hæstv. forsrh. segir gjarnan, heldur snúið við blaðinu, þá er atvinnulífið líka á sömu skoðun. Það er eins og atvinnulífið sé deild í Sjálfstfl. sem ungi út sínum skoðunum í takt við það sem kallað er eftir úr herbúðum Sjálfstfl. En látum það kyrrt liggja að sinni.

Þá er enn viðtal við hv. 3. þm. Vestf. því hann var afar duglegur við að koma skoðun sinni og flokks síns á framfæri fyrir kosningar til þessa máls. Tel ég það mjög virðingarvert af hans hálfu að leggja sig mjög fram um það í svo þýðingarmiklu máli að þjóðin og kjósendur væru ekki í neinum vafa um það hver væri afstaða Sjálfstfl. og hv. 3. þm. Vestf.

Í sama blaði, Vesturlandi, birtist 5. apríl 1991 viðtal við þingmanninn. Í því er farið yfir afstöðuna til Evrópubandalagsins og langar mig að vitna í stuttan kafla í því viðtali. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ég hef á þessu máli afar ákveðna skoðun. Í sem stystu máli er ég þeirrar skoðunar að við verðum allra hluta vegna að tryggja að aðgangur okkar sjávarafurða og annarrar framleiðslu inn á EB-markaðinn sé hindrunarlaus og án tolla. Þetta er mikilvægasta markaðssvæði okkar og við höfum ekki efni á því að vera án þess."

Þarna koma fram áhersluatriði sem ég get enn lýst yfir að ég er sammála og fer ég nú að vera æði oft sammála hv. þm. Sjálfstfl., a.m.k. þeirri afstöðu sem þeir gáfu upp fyrir síðustu alþingiskosningar, að það sem menn setja fram að verði að tryggja sé hindrunarlaus aðgangur og án tolla.

Enn fremur segir í þessu viðtali, með leyfi forseta:

„Okkar afstaða er alveg klár og skýr. Við munum ekkert aðhafast í sambandi við EB sem skerðir sjálfsákvörðunarrétt okkar og þjóðerni. Við erum ekki til tals um eitt eða neitt sem rýrir aðgang okkar að eigin fiskimiðum eða gefur útlendingum heimild til þess að nýta þau."

Þetta er líka afdráttarlaust og rétt að hnykkja á því sem fram kemur að ekki bara þingmaðurinn heldur talar hann fyrir Sjálfstfl. allan, hann er að skýra afstöðu flokksins, er ekki til viðtals um eitt eða neitt sem rýrir okkar aðgang að eigin fiskimiðum eða gefur útlendingum heimild til að nýta þau.

Það er alveg augljóst mál að þingmaður sem hefur svona afdráttarlausa skoðun hlýtur a.m.k. að greiða atkvæði gegn sjávarútvegssamningnum, annars væri hann ekki samkvæmur sjálfum sér og annað er ekki heiðarlegt gagnvart kjósendum.

Þá er hér enn mönnum til fróðleiks grein sem birtist í Dagblaðinu fimmtudaginn 18. apríl 1991 eftir hv. 3. þm. Vestf. og þarf í sjálfu sér ekki að sítera greinina en hún er ... (**Gripið fram í:** Hver er 3. þingmaður Vestf.?) Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson. Þar koma fram og eru ítrekuð sömu viðhorf og sömu röksemdir og vakin athygli á því að samningurinn, ef af verður, muni hafa gríðarlegar breytingar á stjórnarfarslega stöðu íslenska ríkisins.

Þá vil ég víkja að þriðja þingmanni innan raða Sjálfstfl. sem tjáði sig með mjög skilmerkilegum hætti um þetta mál fyrir síðustu alþingiskosningar. (Gripið fram í.) Það má vera að það sé sá fjórði. Ég er ekki viss um það. Jú, það eru komnir þrír. Það er rétt. Ég er kominn í þann fjórða úr þessum þingmannahópi, sem er hv. þm. Tómas Ingi Olrich. Bið ég forseta að gera honum viðvart því ég ætla að vitna í grein eftir hann þannig að hann eigi þess kost að grípa til svars ef leyfi fæst til þess að hann megi stíga í ræðustól en hann hefur í tvígang sett sig á mælendaskrá en jafnoft hrokkið út af henni aftur. Ég sé því að það er nokkuð harðsótt fyrir þingmenn Sjálfstfl. að tolla inni á mælendaskránni. Þetta er eiginlega satt að segja, virðulegi forseti, hálf ofbeldiskennd lýsing án þess það hvarfli nokkuð að mér að halda því fram að eitthvað hindri þingmanninn í því að fá að tala, þó ekki væri nema stutta stund. (Gripið fram í.) Mér finnst það mjög ósennilegt, hv. frammíkallandi, og þetta er eiginlega ósmekkleg athugasemd.

Í þessari grein sem birtist í Morgunblaðinu 18. apríl 1991 er hv. þm. Tómas Ingi Olrich að ræða við framsóknarmenn en gefur í leiðinni upp ákveðna grundvallarafstöðu hvað hann varðar. Í fyrsta lagi tekur hann fram að hann sé andvígur því að hleypa útlendingum inn í aðalauðlind þjóðarinnar sem eru fiskimiðin. Í öðru lagi segir hann í þessari grein, með leyfi forseta:

„Ég tek það skýrt fram að ef ég verð kosinn til starfa á Alþingi Íslendinga mun ég aldrei samþykkja að útlendingar fái sama rétt til að kaupa land hér og við Íslendingar. Hér er um grundvallaratriði að ræða."

Nú hefur mér sýnst að svo miklu leyti sem ég hef þekkingu á þessum samningi að hann sé þannig úr garði gerður að það sé grundvallaratriði í samningnum að um sama rétt sé að ræða milli Íslendinga og útlendinga til að kaupa hér land og teldi nokkurn feng að því ef hv. 5. þm. Norðurl. e. vildi rökstyðja hvernig hann telur sig geta skrifað upp á nál. meiri hluta utanrmn. án þess að ganga á þessa afstöðu sína sem hann gefur upp sem grundvallaratriði. Þar kunna að vera skýringar sem mér hafa yfirsést og væri að mínu viti mjög nauðsynlegt að þingmaðurinn ræddi þetta atriði og sýndi þingheimi fram á að þetta grundvallaratriði hans, sem hann gaf svo skilmerkilega fram gagnvart sínum kjósendum, sé virt í hvívetna.

Þá vitna ég enn til þingmanns úr röðum Sjálfstfl. sem er væntanlega sá fimmti sem um þetta mál tjáði sig með mjög afdráttarlausum hætti. Það er hv. 1. þm. Vestf. Í viðtali við blaðið Vesturland, sem birtist 25. mars 1991, segir hann eftirfarandi aðspurður um Evrópumálin, með leyfi forseta:

„Ég er nú með ansi langa reynslu af samskiptum við Efnahagsbandalagið. Kannski meiri reynslu en nokk-

ur annar sem nú er á þingi. Þeir sem hafa helst verið fylgjandi inngöngu í Efnahagsbandalagið eru annaðhvort á leiðinni af þingi eða gengnir til feðra sinna. Efnahagsbandalagið hefur sótt mjög á. Í fyrsta lagi varðandi fiskveiðiheimildir hjá okkur Íslendingum.

Á þeim árum sem ég var sjútvrh. og Einar heitinn Ágústsson utanrrh. komu fulltrúar EB hingað oftar en einu sinni og sóttu á um veiðheimildir. Þá hafði verið gerður tollasamningur við þá sem við höfum kallað bókun 6 sem fól í sér mjög miklar tollaívilnanir í viðskiptum okkar við EB. Nú hafa verið uppi raddir um það að EFTA-ríkin gangi í EB. Þau EFTA-ríkin eru ólík okkur. Þau hafa fjölbreyttan útflutning og fábreyttan innflutning öfugt við okkur. Þess vegna eru fiskveiðihagsmunirnir okkur svo mikils virði. Fiskstofnarnir eru fullnýttir og við þyrftum að geta framleitt meira en við getum það ekki. Þar af leiðandi er *útilokað að ljá máls á því að hleypa þjóðum EB inn í* fiskveiðilögsögu Íslendinga."

Enn fremur segir, með leyfi forseta: „Mín skoðun er sú að við eigum að leita eftir tvíhliða samningaviðræðum um nýjan tollasamning." — Og eru þá komin meginatriðin sem fram komu í viðtali þingmannsins varðandi afstöðuna til Evrópumálanna.

Hann minnir á að heimurinn er stærri en Evrópa og að menn eigi að leita til allra átta að mörkuðum og minnir m.a. á Bandaríkin og Japan.

Af þessu er ljóst, virðulegi forseti, að báðir þingmenn Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi geta ekki stutt þennan samning. Það liggur alveg kristaltært fyrir eða eins og segir í viðtalinu við hv. 3. þm. Vestf., það er alveg klárt og kvitt. Leikur ekki nokkur vafi á því að samninginn geta þeir ekki stutt, hljóta trúlega að greiða atkvæði á móti honum og örugglega á móti fiskveiðisamningnum.

Í þessari yfirferð hef ég talið upp fimm þingmenn Sjálfstfl. sem ekki með nokkru móti geta stutt þennan samning ætli þeir að vera samkvæmir sjálfum sér. Þegar þeir eru taldir saman ásamt þeim þingmönnum öðrum úr Sjálfstfl. sem lýst hafa andstöðu við samninginn þá fæ ég ekki út annað en a.m.k. sjö þingmenn Sjálfstfl. muni greiða atkvæði gegn samningnum. Og fer þá mjög að sneyðast um stuðning við þennan samning.

Það er annað sem er nokkurt lærdómsatriði úr þessum tilvitnunum að menn eru kannski ekki svo ósammála þegar á botninn er hvolft. Þegar gætt er að afstöðu manna eins og hún er látin uppi, þá falla skoðanir manna kannski í svipaðan farveg sem er sá að fiskimiðin eru ekki föl fyrir nokkurn hlut og að samningaviðræður milli EFTA og EB verða að tryggja hindrunarlausan aðgang fyrir sjávarafurðir inn á þann markað, algjört tollfrelsi, til þess að unnt sé að líta við samningum af þessu tagi.

Nú kynnu einhverjir að segja sem svo: Það er nokkuð ljóst að menn ætla ekki að standa við þessar yfirlýsingar sínar. En ég er ekki alveg tilbúinn að taka undir efasemdaraddir í þeim dúr að þingmenn Sjálfstfl. muni í atkvæðagreiðslu um þetta mál gefa upp aðra afstöðu en þeir gáfu upp gagnvart kjósendum á sínum tíma. Ég vil leiða fram þeirri skoðun til stuðnings að þingmenn Sjálfstfl. muni standa við sína skoðun engan annan en varaformann Sjálfstfl., hæstv. fjmrh. Fimmtudaginn 18. apríl 1991, tveimur dögum fyrir síðustu kosningar, lýsir hann Sjálfstfl. þannig að fólki sé það ljóst að þar sé á ferðinni áreiðanlegur flokkur sem hægt er að taka mark á. Í greininni segir, með leyfi forseta:

„Á landsfundum flokksins er stefnan endanlega mótuð og samþykkt. Um 1.400 fulltrúar hvaðanæva að af landinu sóttu landsfund Sjálfstæðisflokksins í síðasta mánuði. Á fundinum störfuðu 20 málefnahópar sem tóku drög málefna nefndanna til efnislegrar meðferðar. Endanleg drög voru síðan rædd í almennum umræðum, atkvæði greidd um fram komnar breytingartillögur og loks voru tillögurnar samþykktar og gerðar að ályktunum landsfundarins.

Sjálfstæðisflokkurinn er eini flokkurinn sem getur státað af slíkum vinnubrögðum við stefnumótun. Sjálfstæðismenn leggja áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð, enda er flokkurinn fjöldahreyfing sem á sér rætur meðal frjálslyndra Íslendinga."

Í ljósi þessara yfirlýsinga varaformanns Sjálfstfl. er ekki hægt að efast um að flokkurinn muni standa við sína stefnu sem hann mótaði á sínum landsfundi og þá stefnu hef ég rakið í öðrum ræðum fyrr á þinginu. Þeir þingmenn sem ég vitnaði til munu að sjálfsögðu standa við skoðanir þær sem þeir létu í ljós í þeim greinum sem ég vitnaði til, enda voru þær skoðanir samhljóða stefnumörkun flokksins.

Enn vil ég minna á það sem menn hafa látið frá sér fara um þetta mál áður til að sýna fram á það að menn eru kannski ekki eins ósammála og ætla mætti eftir yfirlýsingar manna síðustu daga. Ég vil nefna hér tvær greinar sem ég vitnaði til eftir hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur undir fyrirsögninni: „EB eitthvað fyrir okkur?" Í þeim greinum kemur ýmislegt fram sem ég er afar sammála þingmanninum um og vildi gjarnan minna á þau atriði því það eru m.a. atriði sem ráða því að ég hef ákveðið að leggjast gegn þessum samningi. Það væri gott, virðulegur forseti, ef hægt væri að koma boðum til hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar þannig að hún mætti vita að nú væri verið að vitna til hennar greinarskrifa svo hún gæti brugðist við ef hún kýs svo.

Í Morgunblaðinu miðvikudaginn 13. mars 1991 segir þingmaðurinn um viðræðurnar um Evrópska efnahagssvæðið að það svæði sé ekkert annað en biðsalur að EB. Hún segir, með leyfi forseta: „Með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eru Íslendingar að hefja aðlögun sína að EB og margt bendir til þess að skrefið inn í það allra heilagasta sé ekki eins langt undan og margir vilja vera láta."

Ég vil taka undir þessi aðvörunarorð þingmannsins. Ég hef því miður sömu efasemdir og hv. þm. Ingibjörg Sólrún um að það sé kannski skemmra í það að menn kveði upp úr með vilja sinn, bæði leynt og ljóst, um aðild að EB en ætla mætti.

Enn fremur segir í þessari ágætu grein í kafla sem fjallar um frelsi fjármagnsins, með leyfi forseta:

„Það vekur því nokkra furðu þegar menn halda því

fram að frjálst flæði fjármagns milli Íslands og EB verði til að bæta hag Íslendinga. Því miður bendir allt til þess að jaðarsvæði innan bandalagsins muni verða illa úti, fjármagn flæða þangað sem það er fyrir, stórfyrirtækin stækka og smáfyrirtækjum fækka."

Þetta hygg ég að sé afar skarplega athugað. Á þessu svæði, sem menn ætla sér að koma á laggirnar, er það þannig að jaðarinn er ákaflega veikur. Ég óttast að sú þróun muni ríða yfir okkur að þetta svæði hraði enn frekar en verið hefur þeirri öfugþróun sem verið hefur á landsbyggðinni.

En meira um það síðar. Þá segir í síðari hluta greinarinnar sem birtist daginn eftir, miðvikudaginn 14. mars, eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í stefnuskrá sinni tekur Kvennalistinn afstöðu gegn inngöngu Íslands í EB. Við höfum líka séð ástæðu til að gjalda varhug við þeirri aðlögun að bandalaginu sem fylgir Evrópska efnahagssvæðinu. Ástæðan er einföld. Við höfum ekki heyrt nein sannfærandi rök fyrir því að það sé Íslendingum, hvað þá íslenskum konum, til hagsbóta að ganga inn í EB. Þá teljum við að á EB og Evrópska efnahagssvæðinu sé stigsmunur en ekki eðlismunur.

Hér að framan hef ég reynt að varpa ljósi á sitthvað sem lítill gaumur hefur verið gefinn í umræðunni um EB. Ég hef reynt að sýna fram á að málið snýst ekki bara um fjármagn heldur líka fólk. Í EB lýtur allt að einu lögmáli, lögmáli markaðarins. Það sem ekki er hægt að sveigja undir þetta lögmál er látið liggja á milli hluta og þar á meðal eru þættir sem eru miklir áhrifavaldar í lífi kvenna."

Þetta voru, virðulegur forseti, nokkrar tilvitnanir í skoðanir nokkurra hv. þm. sem fram komu á sínum tíma um afstöðuna til þessa máls. Ef það reynist, sem ég ætla að vona, að þingmenn standi við þær skoðanir sem þeir settu fram gagnvart sínum kjósendum fáum dögum áður en kosið var er alveg augljóst mál og ég er þess alveg fullviss að það er enginn þingmeirihluti fyrir því að samþykkja þennan samning.

Spurningin sem menn kunna að spyrja sig er svo aftur sú hvort menn muni greiða atkvæði í samræmi við þá skoðun sem þeir settu fram þegar þeir þurftu að leita til kjósenda eða hvort þeir muni láta önnur sjónarmið ráða sinni afstöðu. Ef svo hörmulega ætlar að verða er nauðsynlegt að láta það koma skýrlega fram og að þeir þingmenn geri þá grein fyrir ástæðunni.

Þá eru nokkur efnisatriði í málinu sem ég tel nauðsynlegt að víkja að. Ég hef markað mál mitt þannig að velja út úr nokkra málaflokka svo ekki sé verið að endurtaka það sem fram hefur komið hjá öðrum þingmönnum eða ítreka um of skoðanir sem þingmenn úr mínum flokki hafa sett fram í þessu efni. Til að greiða fyrir umræðum á þinginu mun ég taka fyrir afmörkuð efni, fjalla um þau og skýra afstöðu mína til þeirra atriða.

Það fyrsta sem ég vildi minna á er iðnaðurinn. Eins og mönnum er kunnugt hefur iðnaðurinn búið við fríverslun nokkuð lengi, reyndar síðan 1970, ef ég man rétt. Og e.t.v. er nokkuð til í því að sú fríverslun sem menn tóku upp á þeim tíma hvað varðar iðnað hafi nýst landsmönnum að einhverju leyti í formi lægra vöruverðs á innflutningi og þar með meiri kaupmætti og skal ekki gera lítið úr því. Á hinn bóginn er rétt að minna á að eitt af markmiðunum með inngöngu Íslands í EFTA á sínum tíma var að styrkja iðnaðinn. Menn sáu fyrir sér á þeim tíma að fjöldamargir Íslendingar mundu koma út á vinnumarkaðinn á næstu tveimur áratugum eða svo og það þurfti einhvern atvinnuskapandi iðnað eða atvinnugrein til að taka við því unga fólki. Menn sáu fyrir sér mikla möguleika á því að með þessum samningi gæti iðnaðurinn orðið sá vaxtarbroddur í atvinnulífinu sem tæki við hinum vinnufúsu höndum komandi kynslóðar.

Því miður varð reyndin önnur hvað varðar iðnaðinn og vægi iðnaðarvarа í útflutningi landsmanna var minna á síðasta ári en það var áður en við gengum í EFTA. Og iðnaðurinn tók hlutfallslega við færra fólki eða veitti hlutfallslega færri ársverk á vinnumarkaðnum í fyrra en hann gerði fyrir rúmum tveimur áratugum. Því miður var það því þannig að sóknarfærin skiluðu sér aldrei í neinum raunverulegum ágangri hvað iðnaðinn varðar.

Menn hafa velt því fyrir sér hvort þessi samningur um Evrópska efnahagssvæðið sé það sem iðnaðinn skorti á sínum tíma og veiti þau tækifæri sem menn telja að eigi að felast í gagnkvæmni samningsins, þ.e. að ekki bara við veitum réttindi inn á okkar markað heldur fáum við réttindi í hinum stóra markaði Evrópumanna upp á 370–380 millj. manna. Það hefur verið aðeins athugað hvaða möguleikar liggja í þessu og í skýrslu Þjóðhagsstofnunar sem var gefin út um þetta efni og nefnist: „Íslenskur þjóðarbúskapur og Evrópska efnahagssvæðið" eru dregin saman atriði hvað varðar iðnaðinn í örfáum orðum. Þar kemur fram í fyrsta lagi að athugun á samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar leiði í ljós að staða íslenskra fyrirtækja sé frekar veik og íslenskur iðnaður ekki vel í stakk búinn til að standa sig vel í samkeppninni við Evrópufyrirtækin og því miður sé ekki þess að vænta að þar séu stórfelldir vinningar innan seilingar. Samandregin áhrif af samningum um breytingar á viðskiptamarkaði innan Evrópubandalagsins og reyndar samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eru þau að fyrir þjóðarbúið í heild sé um viðskiptakjarabata að ræða með því að Evrópubandalagsþjóðirnar taki upp Maastricht-sáttmálann og hinn innri markað sem geti gróflega verið um 0,5–1% af vergri landsframleiðslu. Síðar segir, sem er dálítið athyglisvert og menn hafa kannski ekki tekið eftir sem skyldi, með leyfi forseta:

„Rétt er að ítreka að þessi áhrif koma að sjálfsögðu fram hvort sem Íslendingar gerast aðilar að EES eða ekki."

Þessi áhrif fyrir þjóðarbúið í heild við breytingu á innri markaði EB koma fram hvort sem við verðum aðilar að Evrópsku efnahagssvæði eða ekki. Við njótum góðs af þessum áhrifum hvort sem er. Það er því ekki skilyrði fyrir þessum ávinningi, sem er metinn hér á 0,5–1% af vergri landsframleiðslu, að við séum aðilar að Evrópsku efnahagssvæði.

Þetta kemur fram á bls. 48 í skýrslunni sem ég gat

um og ætti að verða mönnum nokkurt umhugsunarefni varðandi þær fullyrðingar sem ítrekað eru settar fram, m.a. af hæstv. utanrrh., að ávinningurinn felist í þessum EES-samningi og án hans séum við býsna illa í stakk búin.

Þá vildi ég minna á það, virðulegur forseti, sem ég hef minnt á áður að hvað iðnaðinn varðar er það niðurstaða skipasmíðaiðnaðarins að samningurinn sé gagnslaus fyrir skipasmíðaiðnaðinn. Það kemur skýrt fram í Fréttabréfi Landssambands iðnaðarmanna að þessi samningur sé gjörsamlega gagnslaus fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað. Það er gerð rækileg grein fyrir þessari afstöðu Landssambands ísl. iðnaðarmanna gagnvart skipasmíðaiðnaði í þessu tölublaði, sem gefið var út fyrr á þessu ári, á bls. 4 og rökstutt hvers vegna þetta sé niðurstaðan. Það er í stuttu máli að ríkisstyrkirnir munu verða við lýði áfram í EB-löndunum og því sé samkeppnisstaða íslensks skipasmíðaiðnaðar nákvæmlega jafnslæm eftir EES-samninginn og hún er nú. Þar sé því ekki um nokkurn ávinning að ræða.

Því hefur mér fundist dálítið undarlegt og jafnvel hlálegt, virðulegur forseti, að horfa upp á það í auglýsingum í fjölmiðlum, m.a. frá þessum ágætu samtökum, Landssamtökum ísl. iðnaðarmanna, svo ekki sé talað um Málm, sem eru samtök fyrirtækja í málm- og skipasmíðaiðnaði, áskoranir á þjóðina og þingmenn um að samþykkja samninginn um EES sem þessi sömu samtök eru búin að gefa út í sérstöku blaði að sé gjörsamlega gagnslaus. Ég held að menn hafi kannski ekki áttað sig á því að hvað valdi því að menn eru í öðru orðinu að segja: Þetta er gagnslaust og í hinu orðinu: *Við skorum á ykkur að samþykkja samninginn.* Þessi málflutningur þessa geira atvinnulífsins hefur vafist dálítið fyrir mér.

Ég hefði talið vel við hæfi að hæstv. iðnrh., sem mun vera nálægur í þessari umræðu, gerði grein fyrir stöðu iðnaðarinns og sérstaklega skipasmíðaiðnaðarins við inngöngu í Evrópska efnahagssvæðið ef af því verður einhvern tímann. Eins og menn hafa mátt sjá sem hafa fylgst með fréttaflutningi á undanförnum mánuðum hefur þessi atvinnugrein staðið afar höllum fæti og fyrst og fremst vegna þess að íslenskir aðilar, sjávarútvegur, hefur kosið í þrengingum sínum að versla við ríkisstyrktar skipasmíðastöðvar í Evrópu sem hafa boðið íslensku fyrirtækin í raun og veru út af markaðnum í skjóli ríkisstyrkjanna.

Annars vekur þetta upp hugleiðingar um þá auglýsingaherferð sem stendur yfir í fjölmiðlum. M.a. sér maður hana fyrir fréttatíma sjónvarpsins þar sem eru birtar myndir af atvinnuleysi eins og það er í dag og ýmis samtök skora á menn að velja íslenskt því það skapi atvinnu og dragi úr atvinnuleysi. Ég er alveg hjartanlega sammála þessari auglýsingaherferð hvað þetta varðar og tel að það sé rétt ábending að Íslendingar eigi eftir föngum að velja íslenskt fram yfir erlent og skapa störf hér í landi og draga úr atvinnuleysi, ekki er vanþörf á. En hitt vefst dálítið fyrir mér að skilja málflutning sumra samtaka í atvinnulífinu sem m.a. standa að þessari auglýsingaherferð. Á sama tíma eru þau að skora á okkur að samþykkja þennan samning sem byggir á þeirri hugmyndafræði að menn eigi ekki að velja eftir þjóðerni, hvorki vöru, þjónustu eða annað. Menn eigi að kaupa skóna þar sem þeir eru ódýrastir. Ef þeir eru ódýrari frá Portúgal en Akureyri þá eigi menn að kaupa þá frá Portúgal. Það er grundvallaratriði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Það er öll forsendan að útreikningum um þjóðhagslegan ávinning og þjóðarinnar í þessu mikla lotteríi að menn velji það sem er ódýrast og opni land sitt fyrir ódýrri vöru og þjónustu sem fer þá í samkeppni við innlenda vöru og þjónustu sem er dýrari og þrýsti verðinu niður. Það er grundvallaratriðið í röksemdarfærslunni fyrir þessu svæði. Menn eru að ganga gegn þeirri grundvallarforsendu þegar menn síðan hrinda af stokkunum auglýsingaherferð sem skorar á menn að virða þá forsendu að vettugi á sama tíma og við fáum áskoranir um að standa að því með því að samþykkja samninginn. Hér er um að ræða svo órökréttar áskoranir á hendur þingmönnum að menn verða náttúrulega að láta íslenska hagsmuni ganga framar þessu áhugamáli um Evrópska efnahagssvæðið og taka þá afstöðu sem tryggir okkar hagsmuni sem best og ekki hvað síst dregur úr atvinnuleysi sem því miður hefur farið allt of mikið vaxandi og allt of hratt undir efnahagsstjórn núverandi ríkisstjórnar.

Þetta vildi ég nefna, virðulegi forseti, hvað varðar almenn áhrif samningsins á efnahagslíf hér á landi og stöðu íslensks iðnaðar varðandi þennan samning.

Ég sé ekki að miklum hagsmunum sé fórnað þó þessi samningur taki ekki gildi hvað varðar íslenskan iðnað eða þann ávinning sem við eigum að njóta. Ég *vitnaði áður til skýrslu frá Þjóðhagsstofnun* sem upplýsti okkur um að við nytum þessa ávinnings af sameiginlega markaðinum í Evrópu hvort sem við værum aðilar að EES eða ekki.

Þá vil ég, virðulegi forseti, víkja að því máli sem hefur að nokkru leyti komið í minn hlut að fylgjast með sem er sá þáttur fjórfrelsisins sem fjallar um atvinnu- og búseturétt.

Ég hef haft uppi nokkrar spurningar um þetta mál og dregið fram þær ályktanir sem ég hef talið mig geta séð út úr samningnum. Því miður hafa svör verið afar fátækleg fram til þessa og við þeim spurningum, sem ég hef borið fram í málinu, hvort heldur það var við 1. umr. þessa máls til hæstv. utanrrh. eða í fylgifrv. við þennan samning sem lagt var fram af hæstv. félmrh., hef ég ekki fengið svör. Ég tel óhjákvæmilegt að vekja athygli á þeim á nýjan leik, þannig að það liggi fyrir að ekki hafa fengist svör við grundvallarspurningum hvað þetta frelsi varðar.

Það er rétt að rifja það upp að um frelsi launþega er fjallað í þriðja hluta samningsins, í greinum 28 til 30. Ég hef fyrst og fremst velt fyrir mér tveimur atriðum. Það er í fyrsta lagi hvaða áhrif frelsi launþega til farar milli landa muni hafa á íslenska verkalýðshreyfingu og stöðu hennar og í öðru lagi hversu víðtækur þessi réttur launþega er, því það er nauðsynlegt ef menn eru að gera samninga að gildissvið samningsins sé vel afmarkað. Það kemur fram í 28. gr. þessa samnings,

virðulegi forseti, að um frelsi launþega gildi almennt ákvæði nema þar sem 4. tölul. töluliður á við, þ.e. störf í opinberri þjónustu. Þau störf eru undanþegin ákvæði samningsins um frjálsa för launþega milli landa innan þessa svæðis. Ég hef spurt, ekki bara einu sinni, heldur tvisvar, og ekki bara einn ráðherra heldur tvo, hvaða störf eru það sem eru undanþegin þessu fjórfrelsi um frjálsa för launþega. Ég hef ekki fengið nein svör. Í 4. tölul. segir: „ ... eiga ekki við um störf í opinberri þjónustu."

Ég tel það ekkert vandamál að skilgreina orðin „opinber þjónusta". Ég hygg að hv. þm. væru nokkuð fljótir að verða sammála um það hvað félli undir þá skilgreiningu. Ég bað því um það að fá lista yfir þau störf sem féllu undir þetta ákvæði en því miður hefur hann ekki borist. Ég hef ítrekað spurningar mínar í þessu máli en ekki fengið nein svör. Hins vegar hafa menn sagt sem svo: Við getum ekki gefið þér upp lista yfir þau störf sem eru undanþegin þessu frelsi, en við getum gefið þér upp skilgreiningu. Og vitna til greinargerðar með frv. sem ég hef þrautlesið. En hún gefur okkur dálítið aðra niðurstöðu en textinn í 4. tölul. 28. gr. gefur til kynna. Ástæðan er sú að menn hafa látið dómstól Evrópubandalagsins ráða þróuninni í þessu. Dómstóll EB hefur verið látinn ráða því hvernig menn skilgreindu þessa undanþágu. Það er mjög athyglisvert vegna þess að það segir manni líka að við erum að setja það í raun í hendur dómstóls Evrópubandalagsins að skilgreina í framtíðinni hvernig þetta ákvæði eigi að túlkast.

Það er eitt sem verður að gera sér grein fyrir þegar menn ræða um Evrópskt efnahagssvæði að það er ekki um eitthvert tiltekið ástand að ræða. Menn eru ekki með einhverja frysta mynd, kyrra mynd, heldur er um að ræða þróun sem mun verða á næstu árum. Það verða breytingar. Það sem skiptir máli er að hafa tangarhald á því hvernig þessar breytingar munu þróast.

Ég hef spurt sem svo: Munum við ráða þessari þróun sjálfir? Munum við ráða því hvernig þetta undanþáguákvæði verður skilgreint? Munum við ráða því hvernig réttur einstaklinga til vinnu gagnvart stéttarfélögum þróast á komandi árum? Getum við þannig varist breytingum sem við viljum ekki sjá eða teljum að muni verða skaðleg íslensku samfélagi?

Það er alveg augljóst mál að grundvallaratriði í þessum samningi er einsleitnin. Hin samræmda túlkun. Enda er það undirstrikað í samningnum og bókunum við hann. Það kemur líka fram að til þess að tryggja þessa einsleitni þannig að dómstóll EB fari ekki að þróa tiltekið ákvæði samningsins með öðrum hætti en t.d. dómstóll EFTA, þá er sett upp hin svokallaða sameiginlega EES-nefnd sem á að leiða þessa þróun saman þannig að menn fari ekki í ólíkar áttir. Þar hefur Evrópubandalagið girt sig af með sérstakri bókun á þann veg að þeir muni ekki láta neinn ráða þróun hjá sér. Dómstóll EFTA muni ekki hafa áhrif á þróun dóma hjá EB heldur muni það vera á hinn veginn. Ef menn leggja þetta saman þýðir þetta í rauninni að það verður auðvitað dómstóll EB sem mun ráða þróuninni hvað þetta varðar. Þó það sé kannski fullmikið að segja að það sé staðfest í samningnum með formlegum hætti er það þó svo vel sett niður að í reynd mun það verða þannig.

Þetta er eitt af mörgum viðkvæmum sviðum þessa samnings og það er grundvallaratriði, virðulegi forseti, að við því fáist nokkuð skilmerkileg svör hvaða áhrif frelsi launþega hefur á íslenska samfélagsgerð hvað varðar stöðu stéttarfélaga. Og í öðru lagi hvaða störf eru undanþegin ákvæðinu um þetta frelsi? Þetta er nauðsynlegt að hafa alveg á hreinu þannig að menn geti gert sér grein fyrir því hvernig þetta gæti þróast og að menn þurfi ekki að deila um það sem á að liggja fyrir við samningsgerð hvernig ber að skilja þessa hluti.

Ég hef sett fram mínar skoðanir á þessum tveimur atriðum og án þess að hafa fengið rök gegn þeim. Ég hef einfaldlega ekkert fengið annað en þögnina. Og ég hef sett fram efasemdir um að samningurinn væri með þeim varnöglum, skulum við segja, að við gætum varið þá samfélagsgerð sem við búum við hvað varðar stöðu stéttarfélaga á Íslandi. Þvert á móti hef ég dregið fram röksemdir til stuðnings því að samningurinn veikir stöðu stéttarfélaga og að kannski ekki strax en í tímans rás muni hann jafnvel brjóta niður stéttarfélögin sem eru grundvöllurinn að afli launþega hér á landi.

Ég þarf ekkert að fara í langar útskýringar á staðreyndum í þessu. Ég veit að hæstv. starfandi utanrrh. þekkir alveg til hlítar hina mismunandi stöðu verkalýðshreyfingarinnar annars vegar í Evrópu og hins vegar á Norðurlöndum, sem kristallast m.a. í því að hér eru réttindin að verulegu leyti bundin samtökunum, eins og verkfallsréttur, en í Evrópu er þetta einstaklingsbundinn réttur sem grundvallast á rétti einstaklingsins, t.d. er verkfallsrétturinn þannig og staða stéttarfélaga er að sjálfsögðu háð þeirri staðreynd að þar er hinn fullkomni réttur til að standa utan stéttarfélaga. Ef það gengi hér yfir og yrði þróun sem við yrðum að búa við t.d. á næstu 10 árum er ég hræddur um að alþýðuflokksmönnum á Vestfjörðum þætti staða verkalýðshreyfingarinnar vera orðin léleg ef hún væri í ætt við það sem gerist hjá flokksbræðrum alþýðuflokksmanna í Mið-Evrópu, t.d. Frakklandi. Ég er ekki viss um að þeir yrðu mjög kátir alþýðuflokksmenn úti á landi ef þeir mundu upplifa þá þróun sem ég hef verið að minna á að gæti átt sér stað og hef því miður allt of mikla ástæðu til að ætla að geti orðið að veruleika.

Frá því að ég fór yfir þetta mál síðast við 2. umr. um frv. um atvinnu- og búseturétt hafa komið fram ný skjöl sem styrkja enn frekar þær grunsemdir sem ég hef haft uppi um að það væri á nokkuð veikum rökum byggt að halda því fram að þessi samningur hefði ekki áhrif á það atriði sem e.t.v. skipti mestu máli fyrir íslenska verkalýðshreyfingu sem er forgangsréttarákvæði félagsmanna til vinnu.

Fyrir fáum dögum, 30. nóv., var útbýtt riti sem nefnist „Samanburður á íslenskri löggjöf og samþykktum Evrópubandalagsins. EB-gerðir sem til greina kemur að bætist við EES-samninginn." Með öðrum orðum er verið að boða að nýjar reglugerðir hafi komið og

það muni þurfa að bæta þeim við þann samning sem við höfum verið að fjalla um. Þetta þýðir t.d. hvað varðar atvinnu- og búseturétt að það þarf að gera veigamiklar breytingar á því frv. sem liggur fyrir og er til 2. umr. og er fylgifrv. með þessum samningi. Og því miður breytingar sem lúta að því að styrkja launafólk erlendis til að afla sér vinnu hér og fella brott það sem kallaðar eru hér óbeinar takmarkanir fyrir aðgangi launafólks. Það kemur gleggst fram í því að gerð er breyting á 16. gr. reglugerðar nr. 1612/1968 og 20. gr. þeirrar reglugerðar er felld úr gildi, eins og þessi reglugerð liggur fyrir þinginu á þskj. 343. Hvað varðar 16. gr. er sú breyting gerð að það verður skylda að tilkynna um sérhvert laust starf sem skráð hefur verið hjá vinnumiðlunum EFTA-ríkis á EES grundvelli. Eins og er í frv. núna er þó ákvæði um að það séu bara þau störf sem ekki hefur reynst unnt að ráða í vinnuafl af innlendum vinnumarkaði sem eigi að tilkynna á EES grundvelli. Hér er því verið að veikja verulega stöðu þeirra sem eru á innlendum vinnumarkaði.

20. gr. er mjög afdrifarík líka hvað þetta varðar og veikir stöðu innlends verkafólks gagnvart útlendingum. Menn eru því að boða breytingar á frv. sem fyrir liggur í þá átt að veikja stöðu íslensks verkafólks. Þetta tel ég afar alvarlegt mál, virðulegi forseti. Þessar breytingar sem hér eru kynntar í reglugerð nr. 2434 frá þessu ári hjá EB sem á að taka upp gera það að verkum að þingskjalið sem við ræddum fyrir skömmu um atvinnu- og búseturétt mun líta allt öðruvísi út eftir þessar breytingar en það hefur verið fram til þessa.

Ég tel ekki vansalaust að boða svona miklar breytingar á jafnþýðingarmiklu máli þegar komið er fram undir lok umræðu og meðferð málsins á Alþingi. Auðvitað eiga þessi gögn að liggja fyrir strax í upphafi, alla vega sýnist mér að menn hafi haft nægjanlega langan tíma til þess að fjalla um þetta mál í undirbúningi þess sem staðið hefur víst tæplega þrjú ár.

Ég tel, virðulegur forseti, ekki að sinni rétt að hafa frekari orð um þennan þátt málsins, um atvinnu- og búseturétt. Ég hef farið mjög hratt yfir sögu og hefði kannski þurft að fara ítarlegar yfir efnisatriði sem ég hef rætt við fyrri umræðu málsins og í umræðu um frv. um atvinnu- og búseturétt þar sem þriðji ráðherrann tekur við umræðunni um þetta mál. Ég á ekki von á að hæstv. iðnrh. hafi sett sig sérstaklega inn í þennan þátt málsins þannig að ég er svo sem ekkert vongóður um að fá svör við spurningum mínum nú fremur en hjá hæstv. utanrrh. eða hæstv. félmrh. sem hvorugur hefur talið sér skylt eða séð neina þörf á því að svara um þessi mikilvægu ákvæði.

Ég vildi að lokum, virðulegi forseti, skora á þingmenn að kynna sér skýrslu sem félmrn. gaf út í janúar 1992 og nefnist „Erlent vinnuafl og frjáls atvinnu- og búseturéttur útlendinga". Þar er mjög fróðlegar upplýsingar að finna um útlendinga hér á landi sem eru á vinnumarkaði og ýmsar aðrar upplýsingar sem eru mjög fróðlegar og gagnlegar fyrir þingmenn að hafa við höndina þegar þeir meta áhrif samningsins á þessu sviði. Í skýrslunni segir um almenna öryggisákvæðið, ég tel rétt að draga fram niðurstöðu greinarhöfunda, eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Enn sem komið er er óljóst hvenær og hvernig hægt er að bregðast við með vísan til almenns öryggisákvæðis ef aðflutningur útlendinga verður ekki í samræmi við það sem búist var við eða æskilegt geti talist af hálfu stjórnvalda og hagsmunaaðila. Hvenær er heildarfjöldinn of mikill hér á landi eða í einstökum byggðarlögum? Hverjir verða mælikvarðar dómstóla og einstakra ríkja á því hvað telst mikið og hvað telst lítið? Þessum spurningum er ekki hægt að svara enda eru svörin meira og minna stjórnmálalegs eðlis.

Það er hins vegar umhugsunarefni hvort hægt er að ætlast til að EES-dómstóll eða einstök ríki hafi skilning á vandamálum sem upp kunna að koma í litlum byggðarlögum hér á landi. Ef EES-dómstóllinn starfar í líkingu við EB-dómstólinn þá má búast við að hann skilgreini öll slík undanþáguákvæði frá fjórfrelsinu mjög þröngt og að mjög veigamiklar röksemdir þurfa að liggja fyrir öllum takmörkunum á frjálsum atvinnu- og búseturétti."

Það má segja að þarna séu dregnir fram í stuttu máli þeir veikleikar sem eru í almenna öryggisákvæðinu. Menn eru að gangast undir ákvæði sem er mun veikara en sett var fram sem krafa Íslendinga í upphafi. Ég tel að heldur hafi verið um of gefið eftir í þessum efnum og má segja að í þessari skýrslu, sem unnin er á vegum félmrn. og Alþýðusambands Íslands, sé í raun bent á þessa sömu veikleika.

Fleiri orð ætla ég ekki að hafa um þessa skýrslu, virðulegi forseti. Ég tel að hún sé mjög fróðleg og tel að þingmenn ættu að kynna sér efni hennar eftir föngum því hún varpar að mörgu leyti ljósi á hvernig ástandið er hjá okkur um þessar mundir og dregur fram staðreyndir sem hollt er að hafa í huga þegar menn reyna að gera sér grein fyrir væntanlegri þróun ef til þess kemur að þessi samningur verður að veruleika.

Ég vil, virðulegur forseti, að svo stöddu láta máli mínu senn lokið. Ég hef afmarkað mig við nánast þrjú efnisatriði í þessu viðamikla máli. Ég á enn eftir að fara yfir sjávarútvegsþátt þessa máls og hugsanleg áhrif samningsins á byggðaþróun hér á landi sem ég hef raunar allmiklar áhyggjur af, ekki hvað síst þegar haft er í huga að enginn aðili á Íslandi hefur reynt að gera með skipulegum hætti úttekt á áhrifum samningsins á byggðaþróun hér á landi. Það hefur komið fram af hálfu hæstv. forsrh., sem er yfirmaður byggðamála hér á landi, að engin skipuleg athugun á þessu sé í gangi á vegum ráðuneytisins heldur er því einfaldlega slegið fram að þetta sé bara gott fyrir landsbyggðina. Punktur. Það dugar auðvitað ekki sem rök í málinu þegar fyrir liggur að eina úttektin sem gerð hefur verið og var gerð á vegum Byggðastofnunar dregur upp afar dökka mynd og bendir á miklar hættur á alvarlegri þróun byggðar hér á landi ef þessi samningur verður að veruleika eins og hann var uppsettur þegar skýrslan var gefin út, sem mig minnir að hafi verið í mars 1991. Í þeim meginatriðum sem skýrslan byggist á má segja að þar hafi ekkert það breyst sem gefi tilefni til að álykta að niðurstöður Byggðastofnunar yrðu aðrar í dag.

Mér finnst það í raun og veru ámælisvert, virðulegur forseti, að ekki skuli af hálfu ríkisstjórnarinnar eða þingsins vera gerð alvarleg tilraun til þess að átta sig á því hvaða áhrif þessi samningur hefur á þróun byggðar hér á landi. Sú skýrsla sem ég hef undir höndum og eflaust aðrir alþingismenn dregur upp svo dökka mynd að það á að vera nægilegt tilefni til þess að rannsaka málið frekar og leitast við að gera sér grein fyrir líklegri þróun miðað við þær forsendur sem menn hafa.

Í stuttu máli má segja að það sem blasir við landsbyggðinni að óbreyttu, gríðarlega skuldsettri undirstöðuatvinnugrein, sjávarútveginum, og ríkisstyrktum samkeppnisaðila í sjávarútvegi sem er á Evrópusvæðinu, er að landsbyggðin verði undir í samkeppninni um hráefnið. Það er sú niðurstaða sem Byggðastofnun kemst að og bendir á að það muni óhjákvæmilega leiða til gjaldþrota sem aftur leiða til þess að fiskvinnsla muni leggjast niður á mörgum stöðum þar sem hún er stunduð nú. Um leið bregðast forsendur fyrir búsetu á flestum þeim stöðum þar sem slíkt gerist.

Þetta eru það alvarleg viðvörunarorð af hálfu Byggðastofnunar að ég tel það raunar ámælisvert, virðulegur forseti, að hæstv. ríkisstjórnin eða þingnefnd hafi ekki brugðist við með því að a.m.k. óska eftir úttekt á þessu máli í því skyni að reyna að glöggva sig á því hvort skýrsla Byggðastofnunar sé hin líklega niðurstaða við betri athugun eða hvort það sé í raun þannig, eins og ég held reyndar, að Byggðastofnun hafi komist að þeirri niðurstöðu sem er eins góð og hægt er að gera miðað við núverandi forsendur. Þá spyr maður: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til að halda uppi búsetu á landsbyggðinni ef hún ætlar að láta þennan samning ganga í gildi? Það hlýtur að kalla á gagnaðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar nema það séu áform hennar að breyta svo búsetumynstrinu hér á landi að menn hafi ekki séð slíkar breytingar á jafnskömmum tíma í háa herrans tíð. Það væri fróðlegt ef hæstv. starfandi utanrrh. sæi sér fært að víkja að þessum einhverjum orðum. Það væru þá fyrstu svörin sem við þingmenn fengjum að heyra um byggðalegan þátt þessa samnings.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Vestf. hefur fetað í fótspor allmargra hv. þm. og lesið upp úr gömlum blaðagreinum nokkra þingmanna Sjálfstfl., m.a. sem ég hef skrifað. Út af fyrir sig er ekkert nema gott um það að segja. Í þessum blaðagreinum var vikið að stöðu málsins eins og það blasti við á þeim tíma þegar flokkur hv. þm. hafði forræði þessara mála ásamt öðrum í ríkisstjórn og hafði staðið að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði.

Það er auðvitað rétt sem menn vita að Sjálfstfl. taldi skynsamlegast á sínum tíma að tengjast kostum hins sameiginlega efnahagssvæðis með tvíhliða viðræðum. Mál skipuðust einfaldlega öðruvísi. Með þeim samningaviðræðum sem hafa átt sér stað síðan hafa málin skýrst og það sem liggur hér fyrir er ákaflega viðunandi samningur frá sjónarhóli Íslendinga sem augljóslega mun færa okkur mikinn ávinning í aukinni landsframleiðslu, hagstæðara verðlagi, lægri vöxtum og meiri kaupmætti eins og Þjóðhagsstofnun hefur bent á. Þess vegna þarf auðvitað ekkert að efast um hug þingmanna Sjálfstfl. Þau markmið sem við stefndum að í upphafi með tvíhliða viðræðum hafa náðst með samningaviðræðum og samningum um hið Evrópska efnahagssvæði.

Ég tel ástæðu til að víkja að því vegna þess að hv. þm. vitnaði til þess kafla í gamalli blaðagrein minni þar sem ég var að tala um hver áhrif samningurinn hefði. Ég mun hafa orðað það svo að það gæti falist í þessu eitthvert valdaafsal. Þar ber auðvitað að gera strangan greinarmun á einhverju valdaafsali sem kann að felast í samningum fleiri en einnar þjóðar og því að menn séu að láta af fullveldi eða einhverju í þeim dúr. Ég vitna einfaldlega til orða hv. þm. Steingríms Hermannssonar þegar hann sem forsrh. gerði ákaflega góðan greinarmun á þessu tvennu.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki miklu að svara. Það liggur bara fyrir að þær kröfur sem settar voru fram fyrir einu og hálfu ári hafa svo mjög breyst hjá hv. 3. þm. Vestf. að hann sættir sig við samning sem á margan hátt uppfyllir ekki þau skilyrði sem hann setti fram á þeim tíma að samningurinn yrði að fela í sér svo hann væri aðgengilegur, þ.e. fríverslun með fisk og að opna ekki landhelgina fyrir erlendum veiðiskipum. Það má benda á að í sjávarútvegssamningnum erum við að heimila Evrópubandalaginu að veiða innan okkar fiskveiðilögsögu án þess að fá neinar veiðiheimildir í þeirra lögsögu. Það er því ekki einu sinni að menn geti varið sig með gagnkvæmni.

Það liggur líka fyrir staðfest hjá hv. þm. að um valdaafsal er að ræða og því miður verð ég að segja að eftir svar hans er niðurstaða mín sú að þá þótti honum valdaafsalið ótækt en hann sættir sig við það nú. Það er því miður afstöðubreyting sem ég harma, svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki orðið var við það að menn drægju í efa þann mikla efnahagslega ávinning sem óvefengjanlega hlýst af samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Samningurinn felur í sér tafarlausar tollalækkanir fyrir mjög þýðingarmiklar útflutningsafurðir okkar. Það hefur komið fram í máli margra og m.a. þeirra sem hafa talað gegn samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði að samningurinn feli í sér óvefengjanlega efnahagslegan ávinning. Það er annar kjarni þessa máls.

Hinn er sá sem lýtur að umræðu um fullveldið og sjálfsákvörðunarréttinn. Í þeim efnum deili ég skoðun með Steingrími Hermannssyni, þingmanni Framsfl., sem hefur gert á þessu mjög góðan greinarmun í mjög athyglisverðri grein í Tímanum 8. febr. 1991. Greinin er opið bréf til Hjörleifs Guttormssonar. Þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Hitt veist þú einnig mætavel að við tugi alþjóðasamninga, sem við höfum gert, hefur orðið að breyta íslenskum lögum, svo sem á mannréttindasviðinu, sviði vinnulöggjafar o.s.frv.

Rétt er að allt slíkt takmarkar sjálfsákvörðunarrétt okkar. (Ég kem að fullveldinu síðar.) En þetta höfum við gert vegna þess að við höfum talið okkur það rétt eða skylt.

Ég geri mikinn mun á fullveldi og sjálfsákvörðunarrétti," segir Steingrímur Hermannsson. „Eins og fyrr segir takmörkuðum við iðulega sjálfsákvörðunarrétt okkar með alþjóðlegum samningum. Í flestum tilvikum getum við hins vegar dregið okkur út úr slíkum samningum, ef við viljum, og þannig endurheimt sjálfsákvörðunarrétt okkar. Sjálfsákvörðunarrétturinn takmarkast einnig af alþjóðlegu umhverfi og ástandi eða viðtekinni venju.

Ef úr Evrópsku efnahagssvæði verður takmarkar það sjálfsákvörðunarrétt okkar á sviði viðskipta og efnahagsmála. Hins vegar er ekkert sem bannar að við drögum okkur út úr slíkum samningum og förum okkar eigin leiðir. Ég sé ekki að neinu sé fórnað þannig að slíkt yrði ekki framkvæmanlegt."

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það kom fram í svari hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar að hann gat um hinn efnahagslegan ávinning. Um það hefur í sjálfu sér ekki verið deilt að tollalækkun er ávinningur eða menn ganga a.m.k. út frá því að svo muni vera. Hitt er nauðsynlegt að undirstrika, svo menn ofreikni ekki þann hugsanlega ávinning, að við megum ekki gleyma því að markmið samningsins er af hálfu Evrópubandalagsins að lækka verðlag. Það er hluti af þeirra útreikningum á hagvaxtaráhrifum samnings að verðlag lækki. Því vil ég leyfa mér að segja að einhver hluti af þeirri fúlgu sem má segja að felist í tollalækkununum rennur til neytendanna, þeirra sem við erum að selja fiskinn til og eykur kaupmáttinn hjá þeim. Við getum því ekki tekið þessa tollalækkun og reiknað hana sem tekjur til Íslands. Ég tel alveg ljóst að þarna sé um einhverja upphæð að ræða. Menn geta haft mismunandi skoðanir um hvað hún sé stór. Það er út af fyrir sig hægt að deila um það. En mér þætti gott ef við héldum helmingnum eftir.

Ég minni á að áviningurinn af bókun 6 einni og sér er metinn tæpir 5 milljarðar kr. í formi tollalækkunar miðað við árið 1990. Ef það er eins og ég ímynda mér að kannski helmingurinn skili sér heim af tollalækkununum þá erum við að tala um tölu sem er innan við ¼ af því ef ekki ⅕. Á móti þeim ávinningi tökum við á okkur ýmis óþægindi og kostnaðarauka og þar þurfa menn að vega saman réttu tölurnar.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Vestf. beindi sömu fyrirspurn til mín og hann hefur gert áður í þinginu varðandi jarðakaup og er samkvæmur sjálfum sér og ýmsum öðrum þingmönnum stjórnarandstöðunnar í því að halda sömu ræðurnar oftar en einu sinni um þetta merka mál. Það er sjálfsagt að verða við því að svara honum.

Eins og honum er kunnugt hefur verið lagt hér fram frv. til laga um breytingum á jarðalögum. Í frv. er að finna ýmis ákvæði sem heimila stjórnvöldum að reisa nokkrar girðingar við landakaupum erlendra aðila. Hér er um að ræða m.a. heimildir til þess að setja skilyrði um fasta búsetu og fleiri atriði.

Ég skal taka það fram, svo það fari ekki milli mála, að ég tel að þau ráð sem gripið er til í þessu frv., sem er lagt fram til að sýna hvaða hugleiðingar menn innan landbrn. eru með til þess að reisa þessar girðingar, séu óæskilegar leiðir og íþyngjandi fyrir landbúnaðinn. En það er ekki um aðra leið að ræða til þess að tryggja rétt Íslendinga í raun umfram rétt erlendra manna, vegna þess að í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar þegar Steingrímur J. Sigfússon var landbrh. var það látið viðgangast að hinn almenni fyrirvari um landakauparétt félli niður. Það verður að segjast eins og er að það er erfitt að koma í veg fyrir þann skaða sem þessi vansmíð á samningaferlinu í tíð Steingríms Hermannssonar hefði getað valdið nema með þessum íþyngjandi hætti fyrir landbúnaðinn.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er fyrst varðandi fyrirvara um landakaup. Ég vil minna þingmanninn á það að málið var á forræði hæstv. utanrrh. sem er sá sami og nú er. Sá utanrrh. fékk aldrei umboð þingflokks Alþb. til þess að semja í þá átt sem menn sáu hvert stefndi. Eini fyrirvarinn sem er gildur í þessum efnum er að hafna samningnum því það kemur skýrt fram í honum að það er óheimilt að mismuna mönnum eftir þjóðerni. Og ég sé ekki hvernig hv. 5. þm. Norðurl. e. getur staðið við kosningaloforð sitt gagnvart kjósendum sínum í Norðurlandskjördæmi eystra, að samþykkja aldrei samning sem veiti útlendingum sama rétt til landakaupa og Íslendingum.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur í ljós hjá hv. 5. þm. Vestf. að hann taldi að utanrrh. hefði ekki haft umboð til samninganna frá ráðherrum í ríkisstjórninni. Málið liggur einfaldlega þannig fyrir að ráðherrarnir báru allir ábyrgð á stjórnarstefnunni. Ef þeir voru ósáttir við þetta mikilvæga atriði, sem þeir segja nú eftir kosningar að hafi skipt höfuðmáli, þá var náttúrlega Steingrími J. Sigfússyni ekki sætt — en hann sat sem fastast. Og gerði raunar ekki þennan ágreining opinberan fyrr en hann lagðist í rannsóknir sínar eftir kosningar. Ég verð að segja eins og er að hann hefði getað sýnt svolítið meiri heiðarleika í þessu máli ef hann hefði viljað við hafa.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að minna hv. 5. þm. Norðurl. e. á það að hæstv. utanrrh. fékk ekki umboð til samninga fyrr en núv. ríkisstjórn komst á koppinn með stuðningi hv. 5. Norðurl. e. Þar fékk hann þann stuðning sem hann þurfti til að gera þennan samning

sem gerir það að verkum að það er óheimilt að mismuna mönnum eftir þjóðerni við landakaup.

Því miður verð ég að láta koma fram að mér finnst hv. 5. þm. Norðurl. e. dálítið á skjön við venjulega röksemdafærslu í málum sem þessum að neita með öllu að ræða yfirlýsingu sína gagnvart kjósendum en ráðast í staðinn á fyrrv. landbrh. Ég sé ekki alveg samhengið í því. Hv. þm. hefur gefið út sína yfirlýsingu og ég spyr: Ætlar hann að standa við hana eða ekki? Það var einföld spurning sem ég er í tvígang búinn að leggja fyrir hv. þm. Tómasar Inga Olrich en hann hefur ekki svarað því enn. Hins vegar hefur hann svarað því óbeint með því að skrifa upp á nál. meiri hluta utanrmn. þannig að kjósendur vita það að hv. þm. ætlar ekki að standa við loforðið sitt frá 18. apríl 1991.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Hv. 4. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég veit ekki hvernig hæstv. forseti vill haga því þegar ræðutími hv. þm. í andsvörum er nýttur til þess að ráðast að mönnum sem ekki hafa tekið þátt í umræðunni og ekki hafa tækifæri til orðaskipta undir liðnum andsvör, eins og hér gerðist áðan í tvígang af hálfu 5. þm. Norðurl. e.

Þetta er fremur hvimleiður siður og ómerkilegur og auðvitað spurning hvort hæstv. forsetum ber ekki að vanda um við þingmenn sem misbeita svo herfilega aðstöðu sinni. Það hefur alla tíð þótt fremur ódrengilegt og ómerkilegt í umræðum á Alþingi að ráðast að þingmönnum við þær aðstæður að þeir hafi ekki vegna skipulags umræðunnar tækifæri til að svara fyrir sig. Það má segja að eins og liðurinn andsvör er skipulagður samkvæmt hinum nýju þingsköpum þá þurfi menn að gæta sérstakrar varúðar í þessum efnum, því annars er sú hætta uppi að menn séu bornir sökum sem þeir hafi ekki — a.m.k. ekki á þeirri stundu — nein tækifæri til að bera af sér.

Ég hlýt auðvitað efnislega að svara þessum leiðindarógi hv. 5. þm. Norðurl. e. sem hefur margendurtekið komið frá honum í þessu máli í ræðu þar sem ég hef lengri ræðutíma og hef reyndar þegar gert það. En eftir sem áður lemur hv. 5. þm. Norðurl. e. höfðinu við steininn.

Vandi hans er nokkur í þessu máli. Hv. þm. gaf kjósendum sínum á Norðurl. e. loforð sem hann er nú að svíkja. En hlutur hans verður ekki betri með því að ráðast með lygum og röngum málflutningi og dylgjum að mönnum. Það bætir ekki hlut hv. þm. Það væri meiri reisn yfir því ef hv. þm. reyndi að útskýra sinnaskipti sín, ef orðið hafa í málinu, og færði þá fyrir þeim rök en reyndi ekki að bjarga sér á flótta með jafnömurlegum hætti og hér bar raun vitni að ráðast að mönnum með röngum ásökunum af þessu tagi. (**Gripið fram í:** ... mælendaskrá á þessu stigi.) Og tolla svo ekki á mælendaskrá sem er svo kafli út af fyrir sig að hv. 5. þm. Noðrurl. e. skuli vera svo lítill kall að láta snúa sig út af mælendaskránni aftur og aftur.

E.t.v. mannar hann sig upp í að biðja um orðið og ræða þetta undir dagskrárliðnum með eðlilegum þingsköpum. Ég er á mælendaskrá, herra forseti, og mun ekki misnota þetta tækifæri sem forseti hefur gefið mér til að bera af mér þessar sakir sem hér voru rangtega á mig bornar með því að fara fram yfir þann ræðutíma sem til þess er ætlaður en endurtek það, herra forseti, að ég hlýt að verja hendur mína betur þegar kemur að ræðu minni í málinu.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill taka það fram að sá sem hér stendur var rétt í þessu að koma í forsetastól og fylgdist eigi grannt með orðum hv. 5. þm. Norðurl. e. Almennt skal það tekið fram að andsvör eru til þess ætluð að svara þeim ræðumanni sem síðastur var í ræðustól og ekki til þess ætlast að það sé sérstaklega verið að víkja að máli annarra hv. þm. eða öðru efni. Nú hefur hv. 5. þm. Norðurl. e. óskað að bera af sér sakir.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Mér þykir fyrir því ef ég hef misnotað andsvararétt minn og bið forseta velvirðingar á því. En ég tek það hins vegar fram að vegna fyrirspurnar hv. þm. 5. Vestf. var óhjákvæmilegt að ræða málefni fyrrv. landbrh. sem tengist mjög þessu máli og fór með þann málaflokk sem jarðakaupamál tengdust og það var í hans tíð sem hinn almenni fyrirvari fór út úr samningaviðræðunum. Ég held að ég hafi ekki borið nein ósannindi á þingmanninn þó að ég hafi bent á það.

Hvað það varðar svo sem hefur verið sagt að ég hafi skirrst við að svara spurningum er það að sjálfsögðu ekki rétt vegna þess að ég hef sjálfur sagt og bent á það frv. sem liggur frammi, en í því er að finna aðferðir sem eru eins konar girðingar og eiga að koma í staðinn fyrir hinn almenna fyrirvara sem féll út. Ég hef sagt það skýrt og skilmerkilega að þessar girðingar séu óæskilegur kostur og hefði verið betra að hafa hinn almenna fyrirvara inni.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu hefur verið rætt allítarlega af þeim sem hafa talað við 2. umr. málsins og einnig þeim sem hafa talað við 1. umr. þess. Mér þykir miður það fjölmiðlafár sem hefur verið í þjóðfélaginu um þessa umræðu og einstakir ráðherrar hafa staðið fyrir. Það er a.m.k. hart fyrir okkur sem höfum verið að reyna að taka málefnalega á þessu máli, sem allir hafa gert sem hafa talað, og reynt að ræða sem ítarlegast um þetta viðamikla mál sem er það stærsta sem fyrir þingið hefur komið.

Þessi orð sem ég segi núna eru fyrsta innlegg mitt í þessa umræðu. Ekki þar fyrir að ég hef reynt eftir föngum að setja mig inn í þetta viðamikla og flókna mál. Ég hef reynt að fylgjast með þeirri umræðu síðustu árin sem verið hefur um samrunaþróunina í Evrópu. Árið 1987 voru þessi samrunamál að koma fyrir alvöru á dagskrá og þá þegar var Alþingi Íslendinga farið að láta þessi mál til sín taka. Utanrmn. Alþingis heimsótti Evrópuþingið í Strassborg sumarið 1987 og

einnig aðalstöðvar Efnahagsbandalags Evrópu í Brussel undir forystu Eyjólfs Konráðs Jónssonar, hv. 4. þm. Reykv. Ég var þátttakandi í þeirri ferð sem varamaður í nefndinni. Í henni fengum við að ræða við og fengum fundi með ýmsum forustumönnum hjá Evrópubandalaginu, bæði í Evrópuþinginu og í aðalstöðvunum í Brussel. Áhugamál okkar Íslendinga voru á þeim tíma að fá sem frjálsasta verslun með fisk og sjávarafurðir og aðgang að þeim stóra markaði sem er í Evrópubandalaginu.

Ég varð auðvitað var við það í þessari ferð, eins og félagar mínir sem í henni tóku þátt, að hjá Evrópubandalaginu fæst ekki allt fyrir ekkert eins og síðar átti eftir að koma á daginn. Það var auðheyrt á þeim mönnum sem við áttum viðræður við í þessari kynnisferð að þeir vildu fá eitthvað fyrir snúð sinn.

Ég skrifaði stutta forustugrein í blað okkar framsóknarmanna á Austurlandi, Austra, haustið 1987 um Evrópumálefni eða utanríkisviðskiptin og Evrópubandalagið og vil vitna til þeirrar forustugreinar til þess að lýsa viðhorfi mínu á þessum tíma til þessara mála. Hún er þannig, með leyfi forseta:

„Með stjórnarmynduninni í sumar var tekin sú ákvörðun að færa utanríkisviðskipti undir utanrrn. Með því er mögulegt að nýta utanríkisþjónustuna betur í þágu þeirra viðskipta. Við Íslendingar erum, eins og önnur smærri ríki í okkar heimshluta, mjög háðir utanríkisviðskiptum. Árið 1984 var innflutningur okkar 38,2% af vergri landsframleiðslu og útflutningur 34%. Sambærilegar tölur fyrir Bandaríkin eru 9,9% og 6,7% og segja þessar tölur sína sögu um þann risaheimamarkað sem er í því landi.

Á sjötta áratugnum stofnuðu sex iðnaðarþjóðir í Vestur-Evrópu Evrópubandalagið eða Efnahagsbandalag Evrópu eins og það hefur oftast verið nefnt hér. Tilgangur þess má segja að hafi verið tvíþættur. Í fyrsta lagi að auka samstöðu Evrópuríkja í kjölfar bitturrar reynslu tveggja styrjalda Evrópuþjóða á þessari öld. Hitt markmiðið var að efla sameiginlega markað í Evrópu sem sambærilegur væri við hina stóru markaði eins og vestan hafs.

Það voru misjafnar spár fyrir bandalaginu í upphafi og á ýmsu hefur gengið. Hitt er staðreynd nú að aðildarþjóðum hefur fjölgað um helming og sett hafa verið markmið um innri markað þessara þjóða sem fela í sér nánari samskipti heldur en nokkru sinni fyrr. Að okkur Íslendingum snýr sú staðreynd að yfir 50% af útflutningi okkur eru til bandalagsþjóðanna eftir að Spánn og Portúgal eru orðnir fullgildir aðilar að því. Það er sýnt að við Íslendingar getum ekki látið fram hjá okkur fara þær miklu breytingar sem fara fram í Evrópu um þessar mundir né litið fram hjá þýðingu Evrópubandalagsins fyrir utanríkisviðskipti okkar.

Hér þurfum við þó að fara að öllu með gát. Það er ljóst að viðræður við EB um stöðu okkar gagnvart bandalaginu byggjast á þeim meginatriðum að ekki kæmi til greina að framselja rétt til veiða í fiskveiðilögsögu okkar. Aðild að bandalaginu kemur því ekki til greina af þeim sökum og vegna annarra ákvæða í stofnsamningi um sameiginlegan vinnumarkað og óhindraða fjármagnsflutninga milli aðildarríkjanna.

Um þessar mundir eru það tvö atriði framar öðrum sem áhyggjum valda í viðskiptum við Evrópubandalagslöndin. En það er tollur af saltfiski og hár tollur af fiskflökum saman borið við ósunninn fisk. Til þess að njóta fríverslunar höfum við gerst aðilar að fríverslunarsamtökunum EFTA sem hafa fríverslunarsamning við Evrópubandalagið. Á þessari staðreynd verða samskipti okkar við það að byggja.

Umræður um utanríkismál hérlendis hafa einkum snúist um varnarliðið og afstöðuna til NATO. Þó þessi málefni séu þýðingarmikil eru utanríkisviðskiptin og staða okkar í millirikjasamstarfi það einnig. Það þarf að vera vel á verði og gera sitt til þess að tryggja stöðu okkar í náinni framtíð."

Á næstu árum voru utanríkisviðskipti og alþjóðasamskipti okkar svo sannarlega efst á baugi. Á næstu árum fór umræðan um samrunaþróunina í Evrópu á fullan skrið. Eins og fram kemur í þessari tilvitnuðu grein minni, þá einkenndist afstaða mín til þessara mála af varfærni á þessum tíma og það eru beinlínis nefnd í greininni mál sem öll eru lykilatriði í því máli sem er til umræðu núna, fríverslun með fisk, veiðar í íslenskri fiskveiðilögsögu, sameiginlegur vinnumarkaður og frjálsir fjármagnsflutningar. Í greininni segir einnig að sett hafi verið markmið um innri markað EB-þjóða en það er einmitt um þessar mundir sem hann átti að taka gildi þó að ýmis ljón hafi verið á þeirri leið eins og kunnugt er.

Atburðarásin var hröð næstu árin og ég ætla ekki að rekja hana í smáatriðum. Ég staðnæmist við dagsetninguna 14. mars 1989 þegar ráðherrafundurinn var í Ósló sem oft hefur borið á góma í þessum umræðum. Segja má að með honum hafi viðræðum um Evrópska efnahagssvæðið verið hleypt af stokkunum. Fyrirvarar Steingríms Hermannssonar, sem hann lýsti í ræðu á fundinum, hafa verið raktir í þessum umræðum og ég ætla ekki að endurtaka þá nú. En á þeim fyrirvörum höfum við framsóknarmenn byggt málflutning okkar í málinu á þeim árum sem liðin eru síðan.

Embættismannanefnd sem undirbjó viðræður við Evrópubandalagið skilaði sameiginlegum niðurstöðum þann 20. okt. saman ár. Þann 29. nóv. fékk svo Jón Baldvin Hannibalsson, þáv. og núv. utanrrh., umboð ríkisstjórnarinnar til að taka þátt eins og segir: í undirbúnings- og samningaviðræðum þessara aðila sem byggðar verða á sameiginlegum niðurstöðum könnunarviðræðna, þar með talið þeim fyrirvörum sem Íslendingar hafa sett fram. Þannig hljóðaði það umboð sem hæstv. utanrrh. fékk hjá þáverandi ríkisstjórn til að reka þessar viðræður.

Með þessu umboði til ráðherrans var teningnum kastað. Samflot var hafið um viðræður með öðrum EFTA-ríkjum. Um það var ríkisstjórnin á þeim tíma sammála. Eins og allir, sem áttu sæti á Alþingi á þessum tíma, muna og áreiðanlega einnig þeir núverandi þingmenn sem áttu þá ekki sæti á Alþingi, gekk þessi ákvörðun ekki átakalaust fyrir sig. Sjálfstæðismenn á Alþingi héldu uppi maraþonumræðum um þetta mál dögum saman. Það er hægt að sjá það í þingtíðindum

að þessi umræða byrjaði í nóvember og endaði ekki fyrr en í mars. Málið var níu sinnum tekið fyrir og stóð umræðan tugi klukkustunda en það er hægt að fá upplýsingar um það í þingtíðindum. Umræðurnar þá hefðu, eins og málin eru rekin nú úti í þjóðfélaginu af hálfu stjórnarliða, verið kallaðar málþóf eða eitthvað þaðan af verra.

Inntakið í umræðunum frá sjálfstæðismönnum og það mál sem þeir ráku svo hart á þessum tíma var að við ættu ekki að hafa samflot með EFTA-ríkjum en ættum að taka upp tvíhliða viðræður án þess að hafa þetta samflot. Þeir flokkar sem stóðu að ríkisstjórninni á þeim tíma voru á öðru máli en það voru Framsfl., Alþb., Alþfl. og Borgaraflokkurinn sálugi. Ég studdi það á sínum tíma að gefa þetta umboð og hefja þessar viðræður. Það gerðu einnig, eins og ég sagði áðan, allir þessir flokkar, þeir stjórnarflokkar sem þá voru. Við gerðum meira. Við vottuðum ríkisstjórninni hollustu okkar í vantrauststillögu sem borin var fram á Alþingi um þessar mundir af Sjálfstfl.

Mín afstaða í þessu máli þá byggðist á nokkrum grundvallartriðum og hafa skoðanir mínar ekki breyst um þau atriði. Það var ekki völ á tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið á þessum tíma, m.a. vegna þess að forustumenn Evrópubandalagsins voru þá önnum kafnir við að undirbúa þann innri markað sem átti að taka gildi 1992.

Mikilvægi Evrópumarkaðar, einkum fyrir sjávarútveginn, fór sívaxandi og nauðsynlegt var að njóta bestu kjara. Í tilvitnaðri grein sem ég las í upphafi ræðu minnar frá 1987 var nefnt að 50% af útflutningsafurðum okkar færu til Evrópu en síðar fór þetta hlutfall hækkandi og fór í allt að 70%. Ég var þeirrar skoðunar einnig að hindrunarlaus verslunarviðskipti á sem flestum sviðum væru okkur nauðsynleg.

Ég vil nefna það að landbúnaðurinn hefur nokkra sérstöðu í þessu sambandi þar sem allar þjóðir hafa styrkt sinn landbúnað og viðskipti með landbúnaðarvörur hafa langt frá því verið án opinberra afskipta, hvorki hér né annars staðar. Ég tel hann því hafa nokkra sérstöðu í þessu efni. Ég áleit einnig þann þátt sem sneri að rannsókna- og þróunarstarfsemi og menntunarmálum mikilvægan. Ég áleit á þessari stundu að ef við fengjum hagfella niðurstöðu út úr þessum viðræðum gæti það forðað okkur frá aðild að Evrópubandalaginu en þeirri aðild er ég algerlega andvígur.

Ég áleit þessi atriði svo mikilvæg að þau væru þess virði að taka áhættuna af sameiginlegum vinnumarkaði eða öryggisákvæði um félagslega röskun eða aðra röskun vegna smæðar þjóðarinnar og sérstöðu væri fyrir hendi. Ég hef heldur aldrei litið fram hjá þýðingu gagnkvæmninnar í hindrunarlausum vinnumarkaði, samanber norræna vinnumarkaðinn sem við höfum haft mikið hagræði af í gegnum tíðina. Hins vegar geng ég ekki dulinn þeirrar áhættu sem er tekin með þessum sameiginlega vinnumarkaði, ekki síst vegna hárrar atvinnuleysisprósentu í Evrópubandalagslöndum og þess ástands sem er á vinnumarkaði hér.

Ég gekk þess aldrei dulinn að með þessari samningagerð yrðum við Íslendingar að afsala okkur valdi eins og í öðrum alþjóðaviðskiptum og alþjóðasamningum. Þessi mynd skýrðist svo síðar eins og ég mun nánar víkja að.

En viðræðurnar fóru í gang og á þeim tíma sem eftir lifði af valdatíma þeirrar ríkisstjórnar sem þá sat fylgdumst við þingmenn Framsfl. með framvindu þessara samningaviðræðna eftir föngum og okkar forustumenn tóku þátt í þeim og viðræðunum miðaði nokkuð á leið.

Í kosningabaráttunni á Austurlandi var þetta mál það sem við frambjóðendur Framsfl. töluðum mest um. Við héldum fund eftir fund um þetta mál og það sem við lögðum áherslu á á þeim fundum var að aðild að Evrópsku efnahagssvæði væri æskileg ef við næðum þar hagfelldum samningum en við yrðum að láta þar staðar numið. Við lögðum kapp á að skýra þann mun sem væri á Evrópska efnahagssvæðinu og Evrópubandalaginu og töldum að Evrópska efnahagssvæðið væri kostur fyrir okkur ef því fylgdi ákvörðun um að ganga ekki lengra. Þetta var umræðuefnið á fjölmörgum kosningafundum á Austurlandi og var rætt á mjög málefnalegan hátt um þetta mál sem auðvitað voru um skiptar skoðanir, bæði í okkar flokki og einnig í öðrum flokkum. Ýmsir flokksmenn í Framsfl. voru á móti þessari samningagerð frá upphafi.

Tvenn rök voru mest áberandi. Hin fyrri, ef ég nefni þau tvenn sem bar mest á í þessu sambandi, voru að við værum að afsala fullveldi og jafnvel sjálfstæði þjóðarinnar með þessum samningum. Hin rökin voru þau að við mundum einangra okkur frá öðrum heimshlutum í viðskiptum og í öðrum samskiptum með því að fara inn fyrir múra Evrópubandalagsins. Ég vil alls *ekki gera lítið úr þessum rökum, langt í frá.* Þessi umræða og þessar efasemdir áttu fullkomlega rétt á sér og eru fullkomlega réttmætt innlegg í þessa umræðu.

Eins og ég kem nánar að síðar hefur það skemmt fyrir málinu í seinni tíð að það hefur verið rekið áfram með einstrengingshætti og ekki hirt um að virða skoðanir þeirra sem af þjóðernislegum ástæðum eða sýn til annarra átta í veröldinni höfðu sterka fyrirvara og voru á móti þessum samningi. Hins vegar finnst mér það grundvallaratriði fyrir okkar fullveldi að vera efnahagslega sjálfstæðir og hafa yfirráð yfir auðlindum okkar. Að mínum dómi er aðild að Evrópubandalaginu fullveldisafsal. Það þýðir að við höfum ekki yfirráð yfir auðlindum okkar lands.

Eftir kosningar urðu stjórnarskipti og þá urðu þáttaskil í þessu máli. Eitt af því sem hæstv. utanrrh. taldi lykilatriði þegar ný ríkisstjórn var mynduð, og það var brúin yfir til Sjálfstfl., var það að hann vildi fá ótakmarkað umboð til þess að leiða þetta mál. Hann treysti því ekki að hann fengi það í því stjórnarsamstarfi sem áður var. Hann fékk það líka sumarið 1991 og hefur unnið samkvæmt því síðan. Fljótlega fóru að koma í ljós vankantar á málinu eftir því sem það var lengra unnið sem voru stjórnarfarslegs eðlis og kröfunni um þjóðaratkvæði óx fiskur um hrygg og fylgi. Ekki var deilt um að hér var um valdaafsal að ræða en deilur urðu um það meðal sérfræðinga hvort málið bryti í bága við stjórnarskrá eða ekki.

Við framsóknarmenn fjölluðu um þetta mál mjög ítarlega á fjölmörgum þingflokksfundum, sérstökum ráðstefnum um það og fræðslustundum og fundum miðstjórnarflokksins, þeim síðasta þann 2. maí sl., sama daginn og samningurinn sem nú liggur fyrir var undirritaður í Óportó í Portúgal. Þar var samþykkt samhljóða ályktun þess efnis að stuðningur við samninginn kæmi ekki til greina nema ákveðnum skilyrðum væri fullnægt sem voru m.a. þessi:

1. Að tvíhliða samningur um sjávarútvegsmál liggi fyrir.

2. Að skorður við kaupum á landi og auðlindum verði settar í löggjöf.

3. Að samningurinn verði borinn undir þjóðaratkvæði.

4. Að samningurinn brjóti ekki í bága við stjórnarskrá.

Um þetta var alger samstaða þrátt fyrir að í okkar hópi hafa ávallt verið mismunandi áherslur í afstöðu til þessara mála.

Að vonum hefur margt verið rætt og ritað um kosti og galla þessa samnings sem nú liggur fyrir og var undirritaður í Óportó þann 2. maí. Það hafa birst fjölmargir útreikningar um hagnað af þessum samningi og útgjöld hans vegna. Ýmsar stofnanir hafa verið að reikna þetta upp á krónur og aura. Það getur áreiðanlega verið eitthvað til í þessum útreikningum. Ég ætla ekkert að rengja að þeir séu gefnir eftir bestu vitund. Hins vegar skipta þessir útreikningar mig ekki höfuðmáli þegar ég er að meta þetta mál. Þessi ákvörðun verður ekki byggð á tölum. Þetta er pólitísk ákvörðun. Þetta er ákvörðun um að ganga inn í annað umhverfi með veigamikla þætti í þjóðlífinu á sviði fjórfrelsins, og það fer allt eftir því hvernig spilað er úr þessum málum hvaða hagnað þjóðin hefur af inngöngunni ef af verður. Útreikningar í þessu sambandi geta verið ágætir út af fyrir sig en við getum aldrei notað þá til að taka lokaákvörðun í þessu máli. Samningurinn hefur ýmsa kosti og ýmsa galla og það sem menn verða einfaldlega að gera er að vega kostina og gallana og gera síðan upp við sig málið á þeim forsendum.

Síðan samningurinn var undirritaður í vor, í byrjun maí, hefur tvíhliða samningur um sjávarútvegsmál verið gerður sem liggur fyrir Alþingi. Umræður um hann það sem af er hafa leitt í ljós að ekki er um jafngild skipti á veiðiheimildum að ræða eins og er þó forsenda fyrir því að sá samningur geti talist ásættanlegur fyrir Ísland. Með þessu er ekki fullnægt því atriði sem miðstjórn Framsfl. setti sem númer eitt sem skilyrði fyrir samþykkt samningsins.

Í undirbúningi er löggjöf um landakaup sem er þó gölluð að því leyti að vegna jafnræðisreglunnar í samningnum þrengir hún óhjákvæmilega mjög kosti Íslendinga sem vilja kaupa jarðir og eykur hættuna á verðfalli á jörðum þess vegna. Tillögur um þjóðaratkvæði hafa verið felldar hér á hv. Alþingi og sömuleiðis tillögur eða frumvörp til stjórnskipunarlaga þess efnis að eyða öllum vafa um stjórnarskrárþátt málsins. Mjög sterkar álitsgerðir liggja fyrir frá sérfræðingum um stjórnarskrármálið sem ekki er hægt að hunsa á þann hátt að segja að enginn vafi leiki á um það mál.

Ég hef furðað mig á þeirri afstöðu hjá hæstv. ríkisstjórn og flestum stjórnarliðum að hafa ekki kjark til að leggja þetta mál í þjóðaratkvæði, leggja það í umræðu þjóðarinnar því að hún kallar eftir umræðu um þetta mál og upplýsingum, sem því miður þrátt fyrir hina miklu umræðu sem hér hefur verið, skilar sér ekki út til þjóðarinnar nema að takmörkuðu leyti. Þjóðaratkvæði og sá undirbúningur sem hefði verið að því hefði verið ákjósanlegur til að upplýsa málið frá sem flestum hliðum fyrir þjóðinni og leggja það í dóm hennar. Þetta er kjarkleysi sem ég furða mig á. Einnig furða ég mig á því að ekki skuli gengið til þess verks að eyða öllum vafa um stjórnarskrárþátt málsins.

Þá er komið að síðustu atburðunum í þessu máli en það er sú staðreynd að Sviss felldi samninginn. Við þennan atburð er samfloti EFTA-ríkjanna við þessa samningagerð lokið. Þar með er auðvitað kollvarpað stofnanavirki samningsins og það þarf að breyta honum í fjölmörgum tæknilegum atriðum auk þess sem óvissa ríkir um framlög EFTA-landa í þróunarsjóðinn. Til viðbótar hefur Evrópubandalagið ekki brugðist við þessum tíðindum með formlegum hætti. Fyrir liggur að samningurinn getur ekki tekið gildi fyrr en um mitt ár 1993 þannig að áramótin eru ekki lengur sá mikilvægi tímapunktur í þessu efni sem áður var. Í mínum huga var það strax ljóst þegar þessi samningagerð var hafin að slitnað gæti upp úr þessu samfloti EFTA-ríkjanna. Það var mér ríkt í huga strax og þessar viðræður byrjuðu og strax og þessi mál voru til umræðu í nóvember árið 1990. Ég þóttist þess þá fullviss að ef svo færi mundu íslensk stjórnvöld fara fram á tvíhliða viðræður um samskipti Íslands og Evrópubandalagsins. Mér fannst ekki rétt að fara fram á þessar tvíhliða viðræður meðan ekki hafði slitnað upp úr samflotinu og allar þjóðirnar í EFTA fylgdust að og voru á sama báti. Nú er það ekki lengur. Þetta samflot er ekki lengur fyrir hendi. En nú er líka komin ríkisstjórn sem hefst ekki að í þessum efnum. Samflotið er reyndar löngu farið veg allrar veraldar því að öll ríki EFTA nema Ísland hafa sótt um aðild að EB. Þó að þetta sé fyrir löngu ljóst hefur vilji EB til tvíhliða viðræðna við Ísland ekki verið kannaður með formlegum hætti. Þetta mál hefur verið nefnt að sögn hæstv. utanrrh. í spjalli við forustumenn EB en ekki hefur verið gengið í það verk með neinum formlegum eða viðhlítandi hætti.

Nú hefur verið lagt fram formlegt þingmál um þetta atriði, þáltill. um að taka upp þessar viðræður sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson og Halldór Ásgrímsson eru flm. að og ég trúi því ekki að umræðu verði lokið og þessi samningur afgreiddur áður en vilji þingsins til þessarar tillögu liggur fyrir. Auðvitað á ríkisstjórnin strax að láta reyna á þessa leið, ekki síst í ljósi þess að á leiðtogafundinum í Edinborg í fyrri viku, þegar leiðtogar EB funduðu þar, var m.a. samþykkt að herða á aðildarviðræðum annarra EFTA-þjóða að Evrópubandalaginu og vilji er á því að leysa sérmál Danmerkur varðandi Maastricht-samkomulagið.

Ég sagði fyrr í ræðu minni að ég áleit á sínum tíma

að aðild að Evrópska efnahagssvæðinu gæti komið í veg fyrir aðild okkar að Evrópubandalaginu. Ég er alfarið á móti aðild að EB m.a. vegna eftirfarandi atriða: Í EB er sameiginleg viðskiptastefna. Þar er sameiginleg orkustefna, sameiginleg byggðastefna, sameiginleg landbúnaðarstefna, sameiginleg sjávarútvegsstefna, sameiginleg tollskrá, sameiginleg utanríkisstefna er í undirbúningi ef að Maastricht-samkomulagið fær samþykki í einhverri mynd og einn gjaldmiðill er sömuleiðis í undirbúningi ef hið sama samkomulag fer á einhvern hátt í gegn. Það er þetta sem er auðvitað fullveldisafsal. Það er þetta sem ég get ekki sætt mig við og mundi aldrei styðja en vera alfarið á móti. Það vekur mér hins vegar ugg að í stjórnarliðinu hafa verið þær raddir með vaxandi þunga að við eigum að hafa samflot með öðrum þjóðum um aðildarumsókn og viðræður um aðild. Einkum eru þessar raddir háværar í Alþfl. Ástæðurnar fyrir því eru m.a. sögulegar rætur alþjóðlegra samskipta í flokkapólitík sem liggja í Alþfl. Í evrópska stórríkinu eru kratar mikils ráðandi og bjóða bæðraflokknum hér á Íslandi í húsið. Sannir íhaldsmenn eins og Margrét Thatcher hafa óttast þetta veldi og vilja spyrna við fótum. En hvað gerir Sjálfstfl. á Íslandi þegar fram í sækir? Ég treysti því illa að hann hafi mótstöðuafl í þessu efni þó að hann og forustumenn hans telji sér henta að gefa slíkar yfirlýsingar nú að þeir séu andvígir aðild. Því gæti formleg umsókn um tvíhliða viðræður sem byggist á því að standa utan EB verið mjög mikilvægt innlegg í stöðu málsins nú.

Fyrir kosningarnar 1991 talaði ég gegn aðild að EB en ég taldi þó að Evrópskt efnahagssvæði gæti komið í veg fyrir slíka aðild. Á kosningafundum sem ég minntist á á Austurlandi reyndu frambjóðendur Framsfl. eftir föngum að draga fram muninn á þessu tvennu og leggja spilin á borðið. Við gerðum þetta mál þá að kosningamáli.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum draga saman nokkur meginatriði í þessu máli.

Í fyrsta lagi. Ég er hlynntur nánum samskiptum við Evrópuþjóðir og tel að við verðum að tryggja þau samskipti sem best án þess að það komi niður á möguleikum okkar annars staðar. Við megum með engu móti halda þannig á þessu máli að það stofni viðskiptum okkar við aðra heimshluta í hættu eða við vanrækjum samskipti við aðrar viðskiptaþjóðir okkar og aðra mikilvæga markaði eins og í Norður-Ameríku og Japan, en hins vegar koma þeir markaðir ekki í staðinn fyrir Evrópumarkað. Við getum ekki búist við því þó að vissulega séu þeir mikilvægir og beri að efla viðskipti þangað eins og kostur er. Ég tel að bókun 6 nægi okkur ekki til framtíðar í viðskiptum okkar við Evrópuþjóðir. Ég hef áhyggjur af stöðu okkar í alþjóðlegu samstarfi ef við tryggjum ekki samskipti okkar við Evrópuþjóðirnar. M.a. hef ég áhyggjur af Norðurlandasamstarfinu sem ég hef tekið þátt í með setu í Norðurlandaráði og ég hef heyrt umræðurnar á þeim vígstöðvum og get rétt ímyndað mér hvernig þær verða ef svo færi að Norðurlandaþjóðirnar yrðu aðilar að Evrópubandalaginu en við yrðum einhvers konar aukaaðili þar fyrir utan og mundum ekki tryggja með neinum hætti viðskipti okkar og samskipti við Evrópu. Það er hætt við því að við þyrftum að semja okkur inn með ærinni fyrirhöfn í allar rannsóknaáætlanir. Síðast í morgun kom Vilhjálmur Lúðvíksson á fund fjárln. vegna framlaga til rannsókna hér á landi og taldi hann aðild okkar að rannsóknaáætlunum mikilvæga. Eins og ég hef áður komið að þá held ég að eins og málin standa nú eigum við að tryggja þessa hagsmuni með tvíhliða viðræðum sé þess nokkur kostur.

Þrátt fyrir þessi atriði, sem ég hef talið hér upp sem eru jákvæð gagnvart samningnum, get ég með engu móti tekið pólitíska ábyrgð á honum. Við framsóknarmenn höfum ekki tekið ábyrgð á málinu nú undanfarið eitt og hálft ár eða haft nokkur áhrif á framvindu viðræðna né haft nokkur áhrif á þau óteljandi atriði sem til skoðunar og ákvörðunar hafa komið við þessa samningagerð. Af þessum sökum kemur ekki til greina af minni hálfu að samþykkja þennan samning. Einnig m.a. vegna þess að ekki hefur verið orðið við því að eyða vafa um stjórnarskrárþátt málsins. Álits þjóðarinnar hefur ekki verið leitað. Sjávarútvegssamningurinn, sem liggur fyrir, er ekki ásættanlegur fyrir Íslendinga. Fullkomin óvissa er um það hvernig samningurinn muni líta út í endanlegri gerð og ekkert liggur fyrir um tvíhliða viðræður né vilja til að efna til þeirra. Það leiðir til þess að lagt er út á ísinn án þess að reyna fyrir sér um traustleika hans. Ég furða mig á því ofurkappi sem nú er að knýja þetta mál í gegn án þess að fyrir liggi hvernig samningurinn muni líta út að lokum né að reynt hafi verið hvort völ sé á tvíhliða viðræðum.

Ég hygg að staða málsins sé þannig að með tilliti til forsögunnar muni ég hins vegar að öllu óbreyttu sitja hjá við atkvæðagreiðslu við 2. umr. samningsins en lykilatriðið er að láta reyna á það áður en samningurinn fær lokaafgreiðslu hér á Alþingi hvort völ er á tvíhliða samningi og þá mun ég meta þetta mál.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég ætla mér ekki að lengja mikið þær umræður sem standa yfir um þátttöku okkar Íslendinga í hinu Evrópska efnahagssvæði. Þær umræður hafa nú þegar staðið alllengi og væntanlega flest sjónarmið þegar komið fram. Ég ætla því að leyfa mér að vísa í ítarlegar ræður hv. 7. þm. Reykn., Steingríms Hermannssonar, formanns Framsfl., og hv. 1. þm. Austurl., Halldórs Ásgrímssonar. Þótt endanleg afstaða þeirra til málsins og atkvæðagreiðslu um það sé ekki alveg samhljóða hafa þeir komist að svipaðri niðurstöðu um flesta efnisþætti þessa viðamikla máls. Ég get því stytt mál mitt mjög en tel þó nauðsynlegt að láta afstöðu mína koma fram og drepa á nokkur atriði sem ég tel þýðingarmikil í meðferð málsins.

Þegar gengið var til þessara samninga vorum við framsóknarmenn þátttakendur í ríkisstjórnarsamstarfi undir forustu flokksformanns okkar, hv. þm. Steingríms Hermannssonar. Utanríkismálin voru í höndum þess hv. þm. sem enn gegnir embætti hæstv. utanrrh. Okkur framsóknarmönnum er fullkomlega ljóst hversu

þýðingarmikið það er fyrir þjóð okkar að eiga góð samskipti við önnur lönd og aðrar þjóðir á sem allra flestum sviðum. Þar má telja upp menningar- og menntamál, félagsmál ýmiss konar á sviði heilbrigðis-, trygginga- svo og atvinnumála, rannsókna- og þróunarmála og síðast en ekki síst viðskiptamála. Við erum í raun svo háð þessum samskiptum og viðskiptum öllum að slíkt getur varðað pólitískt og efnahagslegt sjálfstæði okkar og einmitt þess vegna er svo afar mikilvægt hvernig þessum málum er skipað og hvernig tekst til í samningum okkar við aðrar þjóðir. Við vorum því sammála um það að hefja viðræður við Evrópubandalagið í upphafi árs 1989, sameiginlega með öðrum EFTA-þjóðum og töldum öll rök hníga að því að samningar á þeim vettvangi yrðu okkur hagstæðari en tvíhliða samningar.

Öllum má vera ljóst að samningar kosta eitthvað, það fær enginn allt sem hann vill án þess að gjalda eitthvað fyrir. Við töldum að „gjaldið" yrði lægra fyrir okkur Íslendinga sem þátttakendur í samningi með öðrum EFTA-þjóðum en ef við værum einir á báti. Við töldum einnig að slíkur samningur tveggja bandalaga, EFTA annars vegar og EB hins vegar, væri líklegur til þess að standa um alllangan tíma ef hann á annð borð næðist og yrði viðunandi. Hann yrði því mikilvægasta vörnin gegn þeim hugmyndum og áróðri að við ættum að ganga í Evrópubandalagið beint og það helst fyrr en seinna. Gegn inngöngu í EB höfum við framsóknarmenn alltaf barist og munum gera áfram. En þingflokkur okkar gaf ekki umboðið til annars en að taka þátt í þessum samningaviðræðum og sjá til hvers þær gætu leitt. Stöðuna yrði að meta jafnóðum og mál þróuðust og endanleg afstaða ekki tekin fyrr en drög að endanlegum samningi kæmi til umfjöllunar. Algert umboð til ríkisstjórnar, hvað þá heldur til hæstv. utanrrh. til að ganga frá samningum var aldrei veitt.

Nú hefur líka komið á daginn að ýmislegt hefur breyst á þeim tíma sem liðinn er, þessum tæplega fjórum árum síðan samningaviðræðurnar hófust. Í raun er ótrúlega margt sem hefur breyst á ekki lengri tíma. Á ég þar ekki aðeins við efnisatriði samningsins sem þó eru mörg hver með öðrum hætti en að var stefnt í upphafi viðræðnanna. Það eru hinar ytri aðstæður í Evrópu sem ég vil fyrst nefna. Ástandið allt er þar með mikið öðru yfirbragði en var fyrir fjórum árum. Er bæði of langt mál og reyndar ástæðulaust að rekja það allt fyrir hv. þm. en benda má á alla upplausnina og óvissuna sem hlýtur að vera fram undan í efnahags- og viðskiptamálum þegar stór hluti Mið- og Austur-Evrópu logar í stríði og mikil hætta yfirvofandi að þau átök geti hvenær sem er leitt til enn víðtækara stríðs sem Vestur-Evrópuþjóðir geta hvenær sem er lent inn í.

Gífurlegir efnahagserfiðleikar og stórkostlegt atvinnuleysi þessara þjóða hefur og áhrif á ríki í Vestur-Evrópu sem verið hafa efnahagslega mjög sterk. Þar koma vandamálin fram í vaxandi kynþáttahatri og andstöðu gegn flóttamönnum og innflytjendum. Auk þess eru stórir hlutar þjóða, sums staðar meiri hluti, svo sem í Danmörku og í Sviss, á móti þeirri stefnu sem stjórnmálamenn viðkomandi landa berjast fyrir, þ.e. auknu samstarfi og jafnvel samruna þessara þjóða á ýmsum sviðum. Þetta eru hinar ytri aðstæður í álfunni sem vissulega er ástæða að hafa nokkrar áhyggjur af og hafa í huga þegar rætt er um svo viðamikinn samning eins og Evrópusamningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er.

Varðandi umgerð EES-samningsins sjálfs má fyrst nefna að þeir tveir aðilar sem að samningnum ætluðu að standa áttu í upphafi að vera jafnréttháir. Nú er ljóst að svo er ekki og EFTA-stoðin svokallaða er mun veikari en EB-stoðin. Í öðru lagi er ljóst að allar EFTA-þjóðirnar aðrar en Íslendingar vilja sem allra fyrst gerast fullgildir aðilar að Evrópubandalaginu.

Í þriðja lagi verður svo að geta þess að Sviss hefur hafnað aðild að EES svo að EFTA-stoðin er ekki lengur veik heldur brotin. Af þessu er ljóst að sú forsenda sem við byggðum á í upphafi að samningar þessir gætu staðið um lengri tíma og komið í veg fyrir ásókn ýmissa afla að koma okkur inn í Evrópubandalagið er því miður ekki lengur fyrir hendi. Því er okkur mikilvægt að leita nýrra leiða til að tryggja okkar mikilvægu hagsmuni í samskiptum við þessar þjóðir, einkum á viðskiptasviðinu. Í því skyni hafa hv. þm. Steingrímur Hermannsson og Halldór Ásgrímsson flutt till. til þál. um tvíhliða samning við Evrópubandalagið.

Hæstv. forseti. Um efnisatriði samningsins ætla ég ekki að fjölyrða eða rekja áhrif af fjórfrelsinu svokallaða á þjóðlíf okkar. Það hafa aðrir gert mjög vel og ítarlega á undan mér. Ljóst er að ýmislegt í þessum samningi er okkur mikilvægt og nauðsynlegt að ná fram en spurningin og matið hlýtur að snúast um það hvort sá ávinningur sé of dýru verði keyptur með þeim ákvæðum sem við getum e.t.v. kallað greiðslur af okkar hálfu fyrir hina jákvæðu þætti.

Þegar við lögðum upp í þessa ferð var markmiðið að fá algert tollfrelsi fyrir allar sjávarafurðir okkar á mörkuðum Evrópubandalagsins. Því miður hefur þetta markmið ekki náðst í þeim samningi sem nú er hér til umræðu. Þrátt fyrir það tel ég að þær tollalækkanir sem samningurinn gerir ráð fyrir séu mjög mikilvægar fyrir okkar fiskvinnslu og má telja fullvíst að með þessu opnist nýir möguleikar fyrir íslenskan sjávarútveg. Það er a.m.k. álit forsvarsmanna í sjávarútvegi. Ég tel að það muni á hinn bóginn reynast mjög erfitt að meta hag af þessum tollalækkunum í beinhörðum peningum þó það hafi verið reynt og ýmsir áhugasamir stuðningsmenn samningsins ekki sést fyrir í ákafa sínum við að gylla hann og fegra. Heyrst hafa tölur um hagnað upp á tvo milljarða kr. en Þjóðhagsstofnun fer þó varlegar í málið og áætlar árlegan hag 1.200–1.500 millj. Allt er þetta þó ágiskun og eins líklegt að neytendur í viðskiptalöndum okkar muni leggja alla áherslu á að ná beint til sín sem mestum hagnaði af tollalækkununum með lægra fiskverði eða vöruverði. Vonandi mun batinn þó ef rétt er á málum haldið skapa ný atvinnutækifæri hér á landi og ekki veitir af því að hætt er við að aðrir þættir samningsins, t.d. á sviði landbúnaðar og í sumum greinum iðnaðar muni leiða til

þess að atvinnutækifærum fækkar. Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum með það hvernig landbúnaðurinn hefur á seinni stigum dregist inn í samninginn, en í fyrstu var gert ráð fyrir að hann yrði algerlega utan við og ég leyfi mér að fullyrða að hæstv. utanrrh. hafi ekki lagt sig sérstaklega fram um að verja þá atvinnugrein. Hann hefur margoft lýst þeirri skoðun sinni yfir opinberlega að það beri að auka innflutning á landbúnaðarvörum og hér var auðvitað kjörið tækifæri til þess að opna farveg og þoka þeim markmiðum áleiðis.

Aðrir þættir eru jákvæðari eins og opnari leið fyrir þátttöku í ýmiss konar rannsóknar- og þróunarverkefnum á vegum Evrópubandalagsins, greiðari aðgangur á sviði mennta- og menningarmála og opinn vinnumarkaður þó sumir telji það síðastnefnda tvíbent ef yfir okkur flæðir ódýrt vinnuafl frá löndum þar sem atvinnuleysi er enn þá meira en það sem við eigum nú við að búa.

Við settum fram ýmsa fyrirvara í upphafi viðræðna sem því miður hafa ekki allir náðst fram. Þar á meðal var fyrirvari um að takmarka fólksflutninga til landsins. Eftir stendur almennur fyrirvari sem hætt er við að erfitt verði að beita. Sumt af því sem við vildum ná fram til að tryggja rétt okkar sjálfra má e.t.v. girða fyrir með eigin löggjöf en það hefði þurft að vera búið að gera og liggja skýrt fyrir þegar eða ef samningurinn verður samþykktur. Full yfirráð yfir fiskimiðum okkar er það eina sem fengist hefur viðurkennt skýlaust. Vissulega er það mikilvægt og án þess hefði varla neinn samningur orðið til. Við höfum ekki talið koma til greina að skipta á aðgangi að auðlindum landsins fyrir aðgang að mörkuðum. Því miður er það nú samt staðreyndin að til að ná þeim samningi sem hér liggur fyrir varð að semja um svokallaðar gagnkvæmar veiðiheimildir og liggur sá samningur einnig fyrir þinginu til staðfestingar.

Við framsóknarmenn teljum að hér sé ekki um „gagnkvæmar" veiðiheimildir að ræða og munum því ekki styðja þann samning. Auk þess verður það að teljast mjög miður að hafa þurft að sætta sig við slíkan samning og fá nú flotann frá Evrópubandalaginu inn í fiskveiðalögsöguna á ný. Það getur átt eftir að reynast erfitt að verjast aukinni ásælni við endurnýjun þessa samnings, hvað þá að koma Evrópubandalaginu út úr fiskveiðilögsögunni aftur. Ég óttast að hér hafi ekki heldur verið haldið nægilega vel á spilunum af hálfu hæstv. utanrrh. Gáleysislegt tal hans hefur ekki verið trúverðugt eða traustvekjandi, jafnvel ekki um stjórnarskrána sem ber þó að sýna virðingu þótt skoðanir séu skiptar. Kem ég að því síðar.

Kynningin á máli þessu af opinberri hálfu hefur verið ótrúverðug. Málflutningur hæstv. utanrrh. hefur verið einlitur og allt gert til að fegra hlutina. Hvergi hefur örlað á gagnrýni eða minnstu viðleitni til að benda á það sem betur hefði mátt fara. Það hefði að mínu áliti skapað almennari skoðanaskipti og fólk hefði átt auðveldara með að meta kosti og galla og gera síðan upp hug sinn. Einhæf kynning og fullyrðingar um það að allt hafi fengist fyrir ekkert hafa á hinn bóginn skapað tortryggni og andstöðu. Kannski má segja að þetta skipti ekki máli þar sem ríkisstjórnin og meiri hluti hennar á hinu háa Alþingi hafa hafnað þeirri sjálfsögðu kröfu tugþúsunda landsmanna að fá að segja sitt álit í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ríkisstjórnin neitar að kynna málið ítarlega og hlutlaust og benda á kosti og galla en það hefði verið nauðsynlegur og mikilvægur undanfari þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

Hæstv. forseti. Ég hef hér á undan drepið á nokkur þau atriði sem ég tel mikilvæg í þessari samningsgerð og nefnt bæði kosti og galla. Margt fleira mætti tína til en ég læt nægja að vísa aftur í aðrar og ítarlegri ræður sem hér hafa verið fluttar.

Ég ætla að lokum að fara nokkrum orðum um stjórnarskrárþátt málsins. Um hann hafa verið skiptar skoðanir svo sem allir hv. þm. vita og alþjóð er ljóst. Á fundi miðstjórnar Framsfl. sem haldinn var 3. maí í vor kom fram í ályktun um hið Evrópska efnahagssvæði að uppi væru efasemdir um gildi samningsins gagnvart íslenskri stjórnarskrá. Þá var ályktað að stuðningur við EES kæmi ekki til greina nema samningurinn stæðist ákvæði stjórnarskrárinnar. Síðan hefur margt verið ritað og rætt um málið. Ég hef sjálfur e.t.v. ekki velt þessum þætti nægjanlega vel fyrir mér á fyrri stigum málsins og svo hygg ég að hafi verið um fleiri hv. þm.

Á fundi í hv. utanrmn. sem ég sat sem varamaður 19. júní sl. gerði Guðmundur Alfreðsson lögfræðingur nefndarmönnum ítarlega grein fyrir skoðunum sínum á stjórnarskrárþættinum. Var það afdráttarlaus skoðun hans að löggjafi og forseti gætu ekki með neinu móti lögfest samninginn án stjórnarskrárbreytingar. Síðan sendi Guðmundur hv. utanrmn. ítarlega skýrslu um málið sem dags. er 16. ágúst 1992. Þar segir Guðmundur m.a., með leyfi forseta:

„Stjórnarskráin geymir enga heimild til framsals á dómsvaldi út úr landinu til dómstóla sem gætu kveðið upp bindandi dóma sem kæmu beint til fullnustu að landsrétti. Engin fordæmi eru til um slíka niðurstöðu. Það verður að telja slíkt óheimilt að óbreyttri 2. gr. stjórnarskrárinnar með hliðsjón af 60. og 61. gr. hennar."

Þetta er að mati höfundar eitt skýrasta dæmið um stjórnarskrárbrot sem mundi leiða af lögfestingu EES-samningsins. Síðar í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Að mínu mati stangast valdaframsal til EB greinilega á við 1. og 2. gr. stjórnarskrárinnar. Við stofnun lýðveldisins skipti stjórnarskrárgjafinn verkum milli íslenskra valdhafa. Ég held því fram í meginmáli þessarar greinargerðar að valdaframsal til yfirþjóðlegra stofnana sé óheimilt að óbreyttri stjórnarskrá, en ég fullyrði að stjórnarskrárgjafinn hafi útilokað valdaframsal til yfirþjóðlegra stofnana sem við erum ekki aðilar að. Engu máli skiptir þótt framsalið sé afmarkað og takmarkað við ákveðna málaflokka á viðskiptasviðinu. Þetta er einfaldlega ekki hægt að óbreyttri stjórnarskrá."

Hér talar Guðmundur Alfreðsson mjög afdráttar- og tæpitungulaust um stjórnarskrárbrot. En um það eru lögfræðingar ekki á einu máli og í seinni tilvitnuninni,

sem ég las, talar Guðmundur um afmarkað og takmarkað valdaframsal og vísar þar til greinargerðar sem fjórir lögfræðingar á vegum hæstv. utanrrh. sömdu um málið. Ég hef lesið þessa skýrslu ítarlega svo sem hina fyrri og verð að segja að mér finnst hún um margt óljósari. Mig langar að lesa hér fjórar tilvitnanir, með leyfi forseta:

1. „Í 2. gr. stjórnarskrárinnar er talað um forseta lýðveldisins og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskránni og öðrum landslögum. Ekki er tekið fram að þetta skuli vera alíslensk stjórnvöld og hugsanlegt er að alþjóðastofnanir séu stjórnvöld eftir 2. gr."

Hér finnst mér jaðra við að gert sé grín að stjórnarskrá okkar. Önnur tilvitnunin sem mig langar til að taka, með leyfi forseta, er svo:

2. „Við teljum jafnframt að engin nauðsyn sé til að ráðast nú í breytingar á stjórnarskránni vegna þessa möguleika. Ef fram kemur síðar að slíkra breytinga sé þörf er Ísland að þjóðarétti skuldbundið til að gera þær."

3. „Vald það sem alþjóðastofnunum er ætlað með samningum sem hér er fjallað um er vel afmarkað. Þetta vald er á takmörkuðu sviði. Það er ekki verulega íþyngjandi fyrir íslenska aðila."

4. „Þá bendum við á að síðar megi eða beri að gera stjórnarskrárbreytingu ef fram kemur að forsendur okkar standast ekki."

Hér sýnist mér í raun að valdaframsal sé viðurkennt en af því að það sé afmarkað, takmarkað og ekki verulega íþyngjandi og svo megi alltaf breyta stjórnarskránni síðar sé þetta í lagi. Vissulega er um ágreining að ræða og sjálfsagt ekki auðvelt að skera afdráttarlaust úr um hvað sé rétt og rangt í þessum efnum. Ég er ekki löglærður maður og treysti mér því ekki til þess að gerast dómari í málinu en afstöðu hlýt ég að sjálfsögðu að taka svo sem samviska mín býður mér. Ég tel að rétt hefði verið að breyta stjórnarskránni til að taka af vafa og gera þeim fært að samþykkja samninginn sem það hefðu viljað gera með tilliti til efnisatriða hans án þess að þurfa að kljást við samvisku sína um hvort hér sé um stjórnarskrárbrot að ræða. Þessu hefur hæstv. ríkisstjórn hafnað og þingmeirihluti hennar.

Að undanförnu höfum við hv. þm. afgreitt ýmis frumvörp sem á einn eða annan hátt tengjast EES-samningnum og alltaf hefur legið ljóst fyrir að yrði hann samþykktur kallaði það á margvíslega lagasetningu. Flest eru þessi frumvörp með ákvæði um að þau öðlist gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið. Þau falla því og standa með því hvernig honum reiðir af. Verði hann samþykktur er lagasetningin nauðsynleg. Verði hann felldur taka þau aldrei gildi. Þetta á m.a. að hluta til við um frv. til samkeppnislaga sem var til 2. umr. í hinu háa Alþingi fyrir nokkrum dögum. Hér er um mikilvæga löggjöf að ræða sem samstaða var um utan einn kafla hennar sem snýr að EES-samningnum. Því hljóðar svo 62. gr. frv., sem fjallar um gildistökuna, með leyfi forseta:

„Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1993 nema XI. kafli laganna sem öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið."

Frv. þetta var til meðferðar í hv. efh.- og viðskn. en í henni eiga sæti af hálfu Framsfl. hv. þm. Halldór Ásgrímsson og Jóhannes Geir Sigurgeirsson og undirrituðu þeir nál. með fyrirvara. Hv. þm. Halldór Ásgrímsson gerði svohljóðandi grein fyrir afstöðu sinni og fyrirvara, með leyfi forseta:

„Að því er varðar þann fyrirvara sem við setjum í nál. þá er ljóst að einn kafli þessarar löggjafar fjallar um framkvæmd samkeppnisreglna og fleira samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þar er fjallað um eftirlitsstofnun EFTA og dómstól EFTA og þar eru ákvæði sem hafa verið til mikillar umfjöllunar að undanförnu í ljósi þess að við höfum átt í samningum um hið Evrópska efnahagssvæði. Mér er alveg ljóst að nauðsynlegt er að það sé fyrir hendi úrskurðaraðili í ágreiningsefnum að því er varðar samninginn. Engin leið er að koma á slíkum alþjóðlegum samningi nema slíkur úrskurðaraðili sé fyrir hendi. Hins vegar hefur komið fram að á því er mikill vafi hvort slíkt framsal á valdi standist stjórnarskrá okkar og mjög margir lögfræðingar hafa sett fram skoðanir um að sá vafi sé hendi. Sumir hafa gengið svo langt að halda því fram að það standist alls ekki. Aðrir halda því fram að rétt sé að taka af allan vafa með því að breyta stjórnarskránni. Það hefur jafnframt komið fram hjá þeim lögfræðingum sem ríkisstjórnin fékk til þess að fara yfir málið að trúlega muni koma til þess þótt þeir telji ekki nauðsynlegt á þessu stigi að slík breyting eigi sér stað. Hér er því greinilega tekin áhætta sem ríkisstjórnin hlýtur að bera ábyrgð á og fyrirvari okkar Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, hv. 6. þm. Norðurl. e., lýtur að þessu atriði málsins. Að öðru leyti mælum við með að frv. þetta verði samþykkt og leggjum á það áherslu að það hljóti afgreiðslu sem fyrst. Við teljum að hér sé um merka breytingu á lögum um samkeppni að ræða."

Með vísun til þessa og þess sem ég hef áður sagt um málsmeðferð taldi ég eðlilegt að sitja hjá við afgreiðslu þessa frv. Málið er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og fylgir afgreiðslu EES-samningsins. Það er við afgreiðslu hans en ekki einstakra frumvarpa sem endanleg afstaða hv. þm. til málsins í heild kemur fram. Atkvæðagreiðsla þessi hefur af ýmsum verið blásin út og jafnvel gerð tortryggileg. Fjölmiðlar hafa látið sem þetta væri einhvers konar generalprufa á afgreiðslu frv. um samninginn sjálfan. Því taldi ég nauðsynlegt að þetta viðhorf mitt kæmi fram þó ég hafi reyndar strax eftir atkvæðagreiðsluna greint frá því í samtölum mínum við fréttamenn blaða.

Hæstv. forseti. Ég tel afar brýnt að við Íslendingar náum viðunandi viðskiptasamningum við þau lönd sem við eigum mest og mikilvægust viðskipti við og samskipti við þau séu að öllu öðru leyti sem best. Ég tel EES-samninginn að vissu marki þjóna þessu hlutverki en í honum eru einnig ýmis atriði sem betur mættu fara og enn önnur sem erfitt eða útilokað er að sætta sig við.

Flokksþing framsóknarmanna sem haldið var dagana 27.–29. nóv. sl. fjallar um þessi atriði í ályktun og þar segir, með leyfi forseta:

„Jafnvel þótt ofangreind atriði verði tryggð og efnissvið samningsins talin viðunandi telur flokksþingið vafasmt að það standist hina íslensku stjórnarskrá að framselja til eftirlitsstofnunar og dómstóls EFTA vald eins og gert er ráð fyrir í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Flokksþingið ber virðingu fyrir íslensku stjórnarskránni og telur að túlka beri allan vafa henni í hag. Flokksþingið telur því nauðsynlegt að breyting fari fram á íslensku stjórnarskránni áður en unnt væri að samþykkja aðild Íslands að hinu Evrópska efnahagssvæði."

Breyting á stjórnarskránni hefur verið felld. Þjóðaratkvæðagreiðslu um samninginn hefur verið hafnað. Nauðsynlegir fyrirvarar um einstöku atriði hafa ekki náðst eða eru ófullnægjandi. Sjávarútvegssamningurinn er óásættanlegur. Mér finnst hæstv. utanrrh. ekki trúverðugur í framgöngu sinni og málsmeðferð og fjalla af lítilsvirðingu, jafnvel stundum hæðni, um viðkvæma þætti í landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum, svo og í sjálfu stjórnarskrármálinu eða með hans eigin orðum „dómsvald, löggjafarvald og framkvæmdarvald eða hvað þetta nú allt saman heitir og er". Mér finnst að hæstv. ráðherra eigi að fjalla um stjórnarskrána af meiri viðringu er hann ræðir við aðra hv. þm. þótt skoðanir hans fari ekki saman við skoðanir þeirra.

Ég tel að í samningi þessum felist valdaframsal sem er stjórnarskrárbrot og mun því greiða atkvæði gegn frv. þessu.

Umræðu frestað.

85. FUNDUR

fimmtudaginn 17. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 372, 376, 411 og 470, brtt. 374. — Frh. 2. umr.
2. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 222. mál, þskj. 265, nál. 431, brtt. 432. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytis, stjfrv., 295. mál, þskj. 427. — 1. umr.
4. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 299. mál, þskj. 466. — 1. umr.
5. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 276. mál, þskj. 384. — Frh. 1. umr.
6. Grunnskóli, stjfrv., 296. mál, þskj. 452. — 1. umr.
7. Eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, stjfrv., 78. mál, þskj. 83, nál. 480, brtt. 481. — 2. umr.
8. Fjáraukalög 1992, stjfrv., 140. mál, þskj. 161, nál. 402 og 407, brtt. 403. — 2. umr.
9. Umboðssöluviðskipti, stjfrv., 125. mál, þskj. 145, nál. 409, brtt. 410 og 428. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi hafa:

Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.

Útbýting þingskjals:

Gjaldþrot fyrirtækja, 251. mál, svar dómsmrh., þskj. 478.

Fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytis, 1. umr.

Stjfrv., 295. mál. — Þskj. 427.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir á þskj. 427 fjallar um fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumrn. og tengist á þann veg afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1993. Meginmál frv. er í þremur köflum.

Sá fyrsti fjallar um embætti hreppstjóra og í honum er lagt til að þau embætti verði lögð niður og þau verkefni sem hreppstjórar höfðu með höndum og enn eru í fullu gildi færist til annarra embættismanna.

Í örðum kafla er lagt til að heimilt verði að leggja á sérstakt umferðaröryggisgjald sem renni til Umferðarráðs og í þriðja lagi er lagt til að tiltekin verkefni á sviði kirkjumála verði kostuð af hlutdeild kirkjugarða í tekjuskatti á árinu 1993.

Að því er varðar I. kafla frv. hefur komið fram af hálfu margra hv. þm. að þeir telji óeðlilegt að leggja þessi embætti niður. Einkanlega hafa menn vísað til þess að hér er um að ræða stofn nútímavaldakerfis á Íslandi, elsta embætti í Íslandssögunni, og það leiði til þess að óeðlilegt sé í sparnaðarskyni að leggja sjálfan grunn þjóðfélagsvaldsins niður með þessum hætti sem ráðgert er í frv. Mér er kunnugt um að hv. fjárln. hefur fjallað um þetta mál og mun væntanlega gera tillögur um það að fjármunum verði veitt til þess að kosta störf hreppstjóra og fallist hið háa Alþingi á þá tillögu á að vera tryggt að unnt sé að halda þessum embættum óröskuðum og því þurfi ekki að koma til þess niðurskurðar sem I. kafli frv. fjallar um.

Ég þakka hv. fjárln. fyrir afgreiðslu þessa máls og vænti þess í framhaldi af því að hv. allshn., sem væntanlega fær þetta frv. til meðferðar, flytji tillögu þess efnis að I. kafli frv. falli brott. Vænti ég þess í framhaldi af því að góð samstaða geti tekist um frv. að öðru leyti.

Í II. kafla frv. er vikið að breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987. Í 30. gr. frv., sem er eina grein þess kafla, er lagt til að dómsmrh. verði heimilað að leggja á sérstakt umferðaröryggisgjald er renni til Umferðarráðs. Gjaldið ná nema allt að 100 kr. og á að greiðast við hverja almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta að ökutæki. Með greininni er því verið að veita Umferðarráði hlut-

deild í tekjum af aðalskoðun og skráningu ökutækja. Fjöldi slíkra verka er um 150 þúsund á ári. Aðalskoðanir eru 92 þúsund, skráningar eigendskipta um 50 þúsund og nýskráningar um 8 þúsund. Gjaldið gæti því skilað Umferðarráði um 15 millj. kr.

Flest slys verða fremur rakin til mannlegra mistaka en bilunar í ökutækjum. Ökutækjaskoðun hefur bætt umferðaröryggi að markmiði og má færa fyrir því rök að einhverjum hluta skráningar- og skoðunargjalda sé varið til uppfræðslu í sama skyni.

1. maí sl. voru Bifreiðaprófi ríkisins sameinuðu Umferðarráði en Bifreiðaprófin höfðu haft með höndum umsjón og framkvæmd ökuprófa og kennslu til aukinna ökuréttinda frá því að Bifreiðaskoðun Íslands hf. tók við meginþorra verkefna Bifreiðaeftirlits ríkisins í ársbyrjun 1989. Umferðarráð gegndi þegar því hlutverki samkvæmt umferðarlögum að stuðla að öruggari umferð, bættum umferðarháttum og aukinni umferðarmenningu. Sameining þessara þátta er talin munu auka möguleika stofnunarinnar á því að ná árangri í starfi sínu og er mikill áhugi á því að efla hana til þess. Hefur stofnunin t.d. í undirbúningi að setja fram heildstæða áætlun um fækkun umferðarslysa og markmið og leiðir í þeim efnum. Er vonast eftir að áætlunin sjái dagsins ljós á þessu þingi.

Nokkur óvissa er um hvernig breytingar á starfsemi Umferðarráðs muni hafa áhrif á ýmsar tekjur stofnunarinnar en talið er að sértekjur muni lækka nokkuð, um 8–9 millj. kr., aðallega vegna þess að kennsla vegna ökuprófa leggst af hjá stofnuninni en sú starfsemi hefur skilað rekstrarafgangi. Samkvæmt frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 mun ríkisframlag til stofnunarinnar hækka um um það bil 3 millj. kr., í um 22 millj. Verði þetta frv. að lögum mun Umferðarráð því hafa úr að spila um 10 millj. kr. hærri fjárhæð á árinu 1993 en stofnanirnar tvær hafa haft á árinu 1992, eða alls tæpar 77 millj. kr., ef núverandi áætlun um sértekjur gengur eftir.

Þess má að lokum geta að dómsmrn. hefur áhuga á að kanna hvort heppilegt sé að flytja ýmis bílatæknileg mál, sem nú er sinnt í ráðuneytinu, til Umferðarráðs. Hér er t.d. um að ræða ýmsar afgreiðslur og túlkanir á reglum um gerð og búnað ökutækja og fleira sem heppilegra gæti verið að sinna utan ráðuneytisins sjálfs, en getur illa vistast hjá skoðunarfyrirtækjum sem eru í samkeppni.

Í III. kafla frv. er svo vikið að breytingum á verkaskiptingu milli ríkis og kirkju. Með þeim breytingum er gert ráð fyrir að lækka útgjöld á sviði kirkjumála um um það bil 87 millj. kr. Er ráðgert að lækka ríkisframlag til kirkjumála með því að mæla fyrir um að kostnaður við tiltekin verkefni skuli greiddur af hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti.

Sú skipan mála sem frv. þetta gerir ráð fyrir að því er þetta varðar er bundin við árið 1993. Dóms- og kirkjumrn. hefði kosið að þjóðkirkjan tæki sjálf yfirstjórn þessara verkefna og að varanlegri breyting yrði gerð á fyrirkomulagi tekjustofna, t.d. þannig að jöfnunarsjóður sókna yrði efldur til að standa straum af kostnaði við þessi verkefni en kirkjugarðsgjald lækkað og sniðið eftir því sem þau verkefni krefjast. Kirkjuráð taldi hins vegar ekki unnt að fjalla um og taka afstöðu til svo stórfelldrar kerfisbreytingar á stuttum tíma og taldi skárri kost að búa óumflýjanlegum tilflutningi kostnaðar það tímabundna form sem frv. gerir ráð fyrir. Þó er gert ráð fyrir því að breyting verði á lögum um kirkjugarða þannig að laun umsjónarmanns kirkjugarða verði eftirleiðis greidd beint úr kirkjugarðssjóði en ekki ríkissjóði eins og verið hefur.

Þau verkefni sem kostuð verða með þessum hætti eru viðhald og bygging prestssetra, kaup eigna á prestssetursjörðum, embætti söngmálastjóra þjóðkirkjunnar og Tónskóli Íslands, starfsþjálfun guðfræðikandídata, kirkjuþing, prestastefna, kirkjuráð, fjölskyldumeðferð og fjárlagaliðurinn Ýmis verkefni. Samtals nema þessar fjárhæðir rúmum 85 millj. kr. en við það bætist svo kostnaður vegna umsjónarmanns kirkjugarða svo sem að framan greinir. Vísast um þetta nánar til athugasemda með frv.

Frú forseti. Ég hef þá í aðalatriðum gert grein fyrir efni frv. og þeim efnislegu breytingum sem ég legg til að gerðar verði á því í meðförum þingsins og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar hv. allshn.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hér hefur hæstv. dóms- og kirkjumrh. mælt fyrir frv. til laga um fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumrn. Ég minnist ekki svona framsöguræðu og uppákomu, eins og stundum er sagt, eins og kom fram í máli hæstv. dómsmrh. Hann hóf ræðu sína með því að fagna því að svo virtist sem ekki væri meiri hluti fyrir fyrstu 29 greinum þessa frv. sem hann hefur lagt hér fram og því muni það ekki ná fram að ganga. Nú held ég að í fyrsta lagi standi lítið eftir af frv. þegar búið er að taka burtu fyrstu 29 greinarnar og því hljóti að verða að koma fram annað frv. með því efni en það mun allshn. að sjálfsögðu taka til athugunar þegar hún fjallar um málið og skal ég ekki eyða meiri tíma í það.

Þegar fjárlagafrv. var lagt fram á þessu hausti kom í ljós að ekki var í því ætluð nein fjárveiting til greiðslu á launum hreppstjóra. Allshn. fjallaði um þetta atriði sem önnur sem snerta dóms- og kirkjumrn. í yfirferð sinni um þann kafla fjárlagafrv. Það varð ekki samkomulag í allshn. um afstöðu til þessa atriðis eins og fleiri í frv. Minni hluti allshn. benti á í umsögn sinni til fjárln. að hér væri um ákaflega vitlausa hugmynd að ræða að leggja niður hreppstjóraembættin. Ekki væri aðeins um langa hefð að ræða í þessu embætti þó ég haldi að fáir geti skilið það sem hv. 3. þm. Suðurl. segir í blaðagrein í morgun að einhverjir í þeirri stétt hafi 900 ára starfsaldur að baki. Engu að síður hafa margir orðið aldraðir hreppstjórar, en því var breytt fyrir fáum árum þannig að um þá gilda sömu reglur og aðra opinbera starfsmenn.

Það sem kannski er aðalatriðið í sambandi við fjárlagagerðina er sú hugmynd sem sett var fram um tilfærslu þeirra verkefna sem hreppstjórar hafa annast og

annast samkvæmt lögum. Það er áreiðanlegt að það yrði miklu dýrara fyrir ríki og sveitarfélög, sem áttu að taka við hluta af því starfi, að annast það heldur en þau laun sem hreppstjórar hafa fengið fyrir þessi störf.

Því miður tók fjárln. ekki til greina ábendingar okkar minni hluta allshn. fyrir 2. umr. fjárlaga. Því lögðum við tveir þingmenn, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og ég, fram tillögu við 2. umr fjárlaga um að áætluð yrði upphæð sem mundi nægja til greiðslu launa hreppstjóra fyrir næsta ár en því miður var sú tillaga felld við 2. umr. þó ekki væru allir þingmenn stjórnarliðsins svo harðákveðnir í að fella þetta niður að þeir sátu hjá. Þegar svo var komið fluttum við Ólafur Þ. Þórðarson aftur tillögu um að hreppstjórum yrðu áætluð sömu laun og í núgildandi fjárlögum, þar sem fjárveitingu til þeirra er skipt niður á hvert sýslumannsembætti í landinu.

Það er mér að sjálfsögu mikið ánægjuefni að heyra nú að stjórnarliðið virðist vera búið að snúa við blaðinu og ætla að láta undan þessum þrýstingi og muni því styðja þá tillögu sem við Ólafur Þ. Þórðarson höfum flutt um að þeim verði greidd laun. Reyndar var alveg óskiljanlegt að ætla sér að svipta þessa menn launum sínum fyrirvaralaust um áramót þegar ekki er enn búið að afgreiða það frv. sem hér liggur fyrir og gerir ráð fyrir að þessi embætti yrðu lögð niður.

Ég skal við þessa umræðu ekki eyða meiri tíma í að fjalla um þetta atriði. Þarna virðist hæstv. ríkisstjórn og stjórnarlið ætla að snúa frá villu síns vegar og er það meira en hægt er að segja um flest þau atriði sem þeim er bent á að séu óskynsamleg af þeim hugmyndum og tillögum sem þeir leggja hér fram um þessar mundir.

Í II. kafla laganna, 30. gr., er fjallað um gjald á ökutæki. Það má segja að hér sé framhald af þeirri stefnu sem mörkuð var á síðasta þingi þegar gjald var lagt á unglinga, sem eru að taka próf í fyrsta sinn, til þess að létta á útgjöldum ríkissjóðs og það er að heyra að við þá stefnu eigi að halda.

Þá er III. kaflinn um fjármálaráðstafanir á sviði kirkjumála. Við minnumst þess sjálfsagt öll að fyrir rúmu ári síðan urðu nokkuð hörð orðaskipti milli hæstv. dóms- og kirkjumrh. og biskups þar sem kirkjuþing mótmælti því að kirkjugarðsgjald yrði skert. Þá fell allt í ljúfa löð milli biskups og hæstv. ráðherra eftir að hæstv. dómsmrh. hafði lýst því yfir að þetta yrði aldrei gert aftur. Nú er ekki hægt að sjá annað en hér sé vegið aftur í sama knérunn, þ.e. það á að taka 20% af kirkjugarðsgjaldi og láta það renna til að greiða útgjöld ríkissjóðs og breytir þá litlu um þó að það sé merkt til ákveðinna liða í dóms- og kirkjumrn.

Þar að auki á síðan að láta eftirlitsmann kirkjugarða fá laun af kirkjugarðsgjaldi. Er því óhætt að segja að þarna sé gengið lengra en gert var í fyrra í að draga úr ráðstöfunartekjum kirkjunnar.

Ég skal á þessu stigi ekki hafa fleiri orð um þetta furðulega frv. Eins og hæstv. ráðherra sagði verður það skoðað í allshn. þar sem ég á sæti og þá kemur í ljós í hvaða mynd það kemur aftur fram til Alþingis ef það birtist á ný.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að leggja hér nokkur orð í umræðu um frv. til laga um fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumrn. Eins og fram kom í ræðu hæstv. dóms- og kirkjumrh. hafa komið fram nokkrar efasemdir varðandi I. kafla frv. Ég get staðfest það sem fram kom í ræðu hæstv. ráðherra að fjárln. þingsins mun gera tillögu við 3. umr. fjárlagafrv. um að fjárveiting verði til þeirrar starfsemi sem varðar hreppstjóra landsins.

Eins og fram kemur í I. kafla frv. eru uppi fyrirætlanir um að gera breytingar á störfum og verkefnum sem hreppstjórar hafa haft á hendi. Það vita þeir sem þekkja til að verkefni hreppstjóra hafa breyst í tímans rás og ekki óeðlilegt að hugað sé að því að endurskipuleggja og breyta skipan þeirra mála. Hins vegar kom það fram í umræðum í fjárln. og er mín skoðun í þessu máli að eðlilegra væri að tengja þessa breytingu breytingum á umdæmaskipan sveitarfélaganna. Ekki síst vegna þess að menn eru ekki sannfærðir um að þessi breyting leiði til sparnaðar fyrir ríkið. Það komu fram athugasemdir og ábendingar hjá fjárln. um það og af þeirri ástæðu hefur fjárln. tekið þetta mál upp og flutt brtt. sem tryggir það að starf hreppstjóra verður áfram með þeim hætti sem verið hefur.

Við þessa umræðu vil ég segja það að ég tel eðlilegt og nauðsynlegt engu að síður að huga að breytingum á verkefnum sem hreppstjórum hefur verið falið en ég tel óeðlilegt að gera það á þann veg að ekki sé tryggt að sparnaður verði af breytingunni.

Að öðru leyti lýsi ég stuðningi við II. og III. kafla frv. en brtt. mun koma fram, eins og hefur komið fram áður, frá fjárln. sem tryggir það að hreppstjórastarfið verður áfram. Ég vil undirstrika aftur og ítreka að það er engu að síður nauðsynlegt að endurskoða verkefni og viðfangsefni þessara merku hreppstjóra sem svo lengi hafa starfað fyrir íslenska ríkið.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Svo sem fram hefur komið í þessari umræðu er nokkuð sérkennilega staðið að flutningi þessa frv. þar sem í framsögu kemur fram að megnið af því muni ekki verða tekið fyrir í hv. allshn., sem ég á sæti í. Ég geri ráð fyrir að það hafi komið stjórnvöldum á óvart hversu mikil andstaða reyndist vera við það að svo stöddu að stíga það skref að leggja niður embætti hreppstjóra.

Þar spilar margt inn í. Við kvennalistakonur, sem erum þannig settar að ⅓ hlutar þingflokksins eru sagnfræðingar, höfum leitað svolítið til sögunnar. Ég verð að viðurkenna að rætur hinnar gömlu hreppaskipunar spila inn í þá afstöðu sem maður tekur. Ég ætla hins vegar ekki að taka efnislega afstöðu að svo stöddu. Ég held að þetta sé mál sem þarf meiri skoðunar við og það sem auðvitað varðar okkur er nútíminn fyrst og fremst. Það sem skiptir máli er að þjónustan verði ekki skert við fólk ef þetta skref verður stigið. Það kemur kannski ekki að sök í mínum hreppi, Bessastaðahreppi, að leggja niður embætti hreppstjóra þar sem stutt er í kaupstað og jafnvel fleiri en einn, en annars

staðar þar sem lengra er til yfirvaldsins, sem væntanlega mundi taka við þeirri þjónustu sem hreppstjórar nú veita, sem er svo sem ekki afskaplega mikil að vöxtum en fjölbreytileg samt sem áður, gæti þetta þýtt þjónustuskerðingu.

Varðandi kostnað þá geri ég ráð fyrir því að það sé rétt sem hér hefur komið fram að það yrði e.t.v. ekki hægt að vinna þau verk sem hreppstjórum eru nú ætluð á ódýrari hátt. Ég get ekki lagt mat á það, en vil bara taka það fram að þó að það sé kannski ekki eins og var í upphafi þegar það var verið að greiða hreppstjórum sérstaklega fyrir sín störf, og síðan hafa hin furðulegustu verkefni legið hjá hreppstjórum, er þetta samt sem áður gamall arfur. Ég hygg að greiðslur til hreppstjóra séu líka gamall arfur og sumir leggja á sig meiri vinnu og aðrir minna en greitt er fyrir. En þetta er mál sem hefur verið sett í salt og því mun ég ekki eyða fleiri orðum að þessari eldgömlu skipan. Við munum seinna fá tækifæri til að ræða sveitarstjórnarmál á breiðum grundvelli með einum eða öðrum hætti og þá tel ég ástæðu til að líta betur til sögunnar.

Kem ég þá að því sem við munum fjalla um innan hv. allshn. og þar mun ég fá tækifæri til að koma að málum. Það eru tvö efnisatriði. Annars vegar varðandi málefni kirkjunnar og um þau mál treysti ég að verði fjallað með þeim hætti að ég geti glöggvað mig betur á innan nefndarinnar. En varðandi Umferðarráðið þá fagnar maður auðvitað alltaf því ef ætlaðir eru meiri peningar til umferðaröryggismála en áður hafa verið. En ég hlýt að spyrja tveggja spurninga: Verður það svo?

Ég hef æ ofan í æ orðið vör við það að þegar verið er að velta kostnaði yfir á almenning, eins og klárlega er verið að gera hér, þá týnist eitthvað á leiðinni og ég vil vera alveg trygg á því að þessi auknu fjárráð Umferðarráðs verði aukin fjárráð. Þegar Bifreiðapróf ríkisins voru sameinuð Umferðarráði eftir töluverðar umræður og átök hér á Alþingi jukust umsvif Umferðarráðs verulega. Ég studdi þessa breytingu en ég varaði sérstaklega við því oftar en einu sinni og líklega oftar en tvisvar í ræðum á þingi að þetta mætti ekki verða til þess að skref yrði stigið áfram, sem greinilega koma fram í þeirri kerfisbreytingu sem var í þeim hluta frv. sem ég ekki studdi, að það ætti að velta útgjöldunum yfir á almenning.

Ég bendi á að í gær var haldinn fjölmennur fundur Dagsbrúnarmanna þar sem því var mótmælt að einhvers konar þjóðarsátt væri við lýði á meðan sífellt væri verið að hækka álögur á fólk og allt hækkaði nema kaupið. Þetta er nefnilega staðreynd, þó að þetta sé fóðrað með þeim hætti að bara sé um einhverja hundraðkalla að ræða hér og þar. — Nú á að fara að skerða persónuafsláttinn heyrist mér. Það getur vel verið að það hafi breyst á milli 10 og 11 frétta, ég hef ekki heyrt 11 fréttir, en alla vega veit ég ekki betur en það hafi ekki verið búið að breyta því seinast þegar fréttir bárust. — En þessir hundraðkallar safnast þegar saman koma. Þetta eru kannski litlir peningar þegar maður ætlar þá til góðra hluta en þeir eru miklir þegar þeir safnast á tekjulágar fjölskyldur.

Þar af leiðandi hljótum við í allshn. að verða að fá það skýrt að það sé í fyrsta lagi verið að veita fé til umferðaröryggismála, að það sé rétt. Það held ég að flestir ættu að geta sameinast um að sé af hinu góða. Í öðru lagi geri ég ráð fyrir að við, sem ekki sættum okkur við að sífellt sé velt meiri og meiri álögum yfir á almenning, munum mótmæla því að peningurinn sé tekinn með þessum hætti frá almenningi. Ég skal svo sem ekki kveða upp úr um hvort þarna skipti sköpum þær upphæðir sem er um að ræða, en prinsippið er slíkt að þetta er aðeins hluti af miklu meiri álögum sem verið er að leggja á almenning. Gjöldin vegna ökuprófa voru hækkuð verulega. Það getur vel verið að einhver hækkun hafi átt rétt á sér en þetta eru stórar summur og þetta er ekki eitthvað sem fólk getur neitað sér um. Ég held að það sé orðið þannig að flestir viðurkenni að þeir þurfi á ökuprófi að halda. Núna þegar verið er að deila um það hversu háa framfærslu þurfi fyrir börn og unglinga, m.a. í umræðunni um meðlög, er það auðvitað alveg ljóst að unglingar, eftir að hætt er að greiða meðlög með þeim, eru mjög dýrir í rekstri og þeir standa í mörgum tilfellum alls ekki sjálfir undir þeim kostnaði sem þeim fylgir.

Þetta er eitt af því sem gerðist með þessari kerfisbreytingu. Hér er enn verið að halda áfram á sömu braut og það sem ég er hræddust við er að við sitjum uppi með kostnaðarhækkun en ekki aukið fé til þeirra mála sem við berum vonandi öll fyrir brjósti, þ.e. umferðaröryggismálin.

Þetta verður án efa að athuga í hv. allshn. og mótmæla því ef hér er bara um einhverjar hækkanir að ræða sem koma engum til góða og bara með þeim hætti, sem oft gerist, að ríkið ýtir frá sér kostnaði og leggur á skatta í staðinn, ef verið er að tala um kostnað sem ríkið áður greiddi en er núna innheimtur sérstaklega, þá á auðvitað bara að kalla hlutina réttum nöfnum, skatta, en ekki einhver sérstök umferðaröryggisgjöld. Auðvitað á að þau vera sjálfsagt mál að greiddur sé ákveðinn skerfur til umferðaröryggismála. Það er öllum í hag. Þetta er alveg eins og þegar átti að fara að taka upp mengunarskatt af bílum sem var bara ósköp venjulegur skattur og hafði ekkert með mengunarvarnir að gera. Ég vona að þetta skili sér til umferðaröryggismála en ég held það verði að ganga frá því að svo verði því tilhneiginguna til hins gagnstæða höfum við séð og það oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, því miður.

Ég tók það sérstaklega fram að ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um lagabreytingar sem ekki er gert ráð fyrir að verði alla vega í bráð. Varðandi III. kaflann og þær breytingar sem þar eru þarf ég á meiri upplýsingum að halda áður en ég tek afstöðu til þess og ég ítreka það að aukið fé til umferðaröryggismála er af hinu góða. Aukin skattlagning á almenning er af hinu slæma og það hljóta að vera til ráð sem virka betur en að auka álögur.

Ég hef margbent á að það sem kemur úr hinum sameiginlega sjóði okkar landsmanna er í sumum tilvikum ekki eins íþyngjandi og það sem er lagt sem beinn skattur, því ég held það verði hér um bil að telj-

ast nefskattur á fjölskyldur ef greidd eru gjöld vegna bifreiða.

Allt er þetta sett fram sem vangaveltur. Kvennalistinn hefur ekki komið saman og tekið afstöðu til þessa máls, en mun án efa gera það ef í hyggju er að afgreiða þetta hér svo nærri jólum. Fram að lokum þings eru bara tveir dagar samkvæmt starfsáætlun og mörg verkefni ef marka má þau drög að forgangslista sem við höfum séð, sem er alveg með endemum langur og óraunsær.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Aðeins örfá orð um þetta frv. sem hér er til umræðu. Ég tek undir það sem fram hefur komið að þetta frv. er allt með mjög sérkennilegum hætti og meðferð þess er með mjög sérkennilegum hætti. Það er því kannski ekki mjög mörgum orðum að því eyðandi þegar verið er að kippa út meginkafla frv., eða a.m.k. viðamesta kaflanum, sem snýr að hreppstjórum. Satt að segja er afskaplega hroðvirknislega að máli staðið þegar það kemur fram með þessum hætti að ráðherrann sem leggur málið fyrir er manna fegnastur að þessu er spyrnt frá. Ég satt að segja átta mig ekki á því hvernig haldið er á málunum með þessum toga í ráðuneyti. Ég þekki nú ekki mjög náið til málefna dóms- og kirkjumrn. en eitthvað sýnist manni að þarna sé jarðsambandið við verkefnin, sem eru vítt um landið t.d. á þessu sviði, ekki mjög traust. En það vonandi stendur til bóta.

Það liggur fyrir sú stefna að gefa hreppstjórunum líf og menn ganga fram í fjöllesnum blöðum í landinu og komnir með oddi og egg upp þannig að það verður sjálfsagt myndarleg sveit til varnar fyrir hreppstjórana þegar ekki aðeins sagnfræðideild Kvennalistans er komin í málið heldur einnig einn af vígreifustu þingmönnum Sjálfstfl. með oddi og egg uppi og þær söguskoðanir sem hér hafa verið nefndar um starfsaldur hreppstjóra. Mér sýnist því að þeirra málum hljóti að vera sæmilega borgið það sem eftir er aldarinnar og spurning hvort dóms- og kirkjumrh. á ekki einfaldlega að setja málið í hendur þessara aðila og stofna nefnd um málið til þess að skoða hvernig megi vernda hreppstjóraembættin í landinu í önnur 900 ár í viðbót.

Ég greiddi atkvæði á móti þeirri brtt. sem var uppi um að fella þetta niður og er því ánægður með þá stefnu. Ég vil samt ekki þar með fullyrða að þessi mál megi ekki skoða í sambandi við stjórnskipun í landinu eins og hvað annað. Ég er ekki svo verndarsinnaður í þessu efni þó ég eigi nokkrar ættir og tengsl við hreppstjóraembætti í landinu litið til baka. Ég held að það sé mjög farsælt að menn taki sér betri tíma til að líta á þetta svið.

Það held ég að ætti að gilda um aðra þætti sem þetta frv. fjallar um því mér sýnist að hér sé verið að reyna að bjarga fyrir horn út af hroðvirknislegum vinnubrögðum og niðurskurði af hálfu fjármálayfirvalda starfsemi sem menn telja þrátt fyrir það að þurfi að lifa og þurfi að gefa eitthvert svigrúm í sambandi við umferð í landinu sem er auðvitað svið sem er afar nauðsynlegt að sinna, ekki síst með tilliti til öryggismála. Hitt er svo annað mál að ég er ekki alveg sannfærður um að þetta Umferðarráð hafi verið sett upp með þeim hætti sem æskilegast væri. Mig minnir að þetta sé afar fjölmenn stofnun sem þarna er á ferðinni. Ég óttast dálítið að áherslur t.d. í sambandi við starfsemi að þeim málum, sem undir ráðið heyri, nái ekki sem skyldi út um landið og þar þyrfti kannski að huga að málum með tilliti til þess að þær áherslur, fræðsla og leiðbeiningar, sem þarna er um að ræða, nái um allt landið. En hér er verið að leggja á þjónustugjald eins og kemur fram í frv. til að tryggja að Umferðarráð hafi eitthvert fé handa á milli. Varðandi þau efni skiptir hins vegar nú kannski mestu að skipulag þessara mála og skipulag með tilliti til umferðar, ekki síst í þéttbýli, verði tekið öðrum tökum en nú er þar sem stefnt hefur verið að því að einkabíllinn hafi forgang á öllum sviðum en almenningssamgöngur og annað sem að þeim lýtur verði hornreka sem og gangandi vegfarendur og að ekki sé nú talað um þá sem á reiðhjóli ferðast þannig að þetta mál tengist nokkuð víða, en ég ætla ekki að fjalla um það frekar hér og nú.

Svipurinn á þessu frv. batnar ekki þegar litið er til III. kaflans, þ.e. til fjármálaráðstafana á sviði kirkjumála, því að þar er greinilega það sama uppi að dóms- og kirkjumálaráðuneytið er að verjast í nauðvörn varðandi málefni sem snúa að kirkjumálefnum til þess að bjarga þar fjárveitingum til verkefna. Ég treysti mér ekki til að leggja mat á hvort skynsamlega er ráðið í þeim efnum og skiptingu eins og fram kemur í grg. með frv. Ég vil ekki kveða neitt á um það. En ég vildi aðeins segja um þetta efni að ég tel að það sé mikil nauðsyn á því að það verði farið yfir þetta málasvið, þ.e. sem snýr að þjóðkirkjunni, að kirkjugörðum og slíkum hlutum með miklu skilmerkilegri hætti en fyrir liggur, enda er hér náttúrlega ljóslega um hreint bráðabirgðafyrirkomulag að ræða og fram kemur að áform séu nú uppi um að taka það einhverjum öðrum tökum. Ég held að þetta sé sem sagt svið sem þurfi að fá miklu meiri athygli á vegum ráðuneytis og þingsins þannig að eðlilega sé á því haldið og séð fyrir nauðsynlegum þörfum í þeim efnum sem og að samhengi sé á milli ákvæða, trúfrelsisákvæða og annars þess háttar. Þó að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar tengist auðvitað þjóðkirkjunni, sem er ríkiskirkja hér, þá eru auðvitað aðrir söfnuðir og önnur viðhorf uppi sem þurfa auðvitað líka að njóta ákveðins jafnræðis í sambandi við aðstöðu og annað þess háttar. Ég tel út af fyrir sig að það sé sjálfsagt að líta á þau efni, skipun presta og prestakalla og annað þess háttar getur tengst þessum málum. Þarna þarf auðvitað að vera eðlileg þróun og eðlileg málsmeðferð. Þetta er hálfkák sem hér er og hreint til bráðabirgða og skynsamlegast hefði auðvitað verið og best ef hægt hefði verið að leggja málið til hliðar, frv. allt, en þar sem það tengist ákvörðunum sem verið er að taka fjármálalegs eðlis þá er kannski hægt að una því að þeir kaflar, sem eftir standa af þessari sérkennilegu smíð, fái einhverja meðferð sem nauðsynleg er talin af hálfu þingnefndar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er nauðsyn að þakka stjórnarsinnum fyrir að í þessu máli, sem hér er til umræða, hafa þeir hlustað á rök og það er virðingarvert. Ég er líka þeirrar skoðunar að í upphafi, áður en umræða hófst um hið forna embætti, hreppstjórana, hafi verið í þeirra röðum margir sem ekki undu því að menn gengju þannig um garða eins og þar var lagt til.

Ég get tekið undir það að náttúrlega er ekkert öryggi að þetta sé tryggt næstu 900 árin en ég held samt að mikill vilji sé orðinn til þess hjá Sjálfstfl. að svo verði.

Ég ætlaði aftur á móti að víkja að einu atriði varðandi umferðaröryggisgjaldið og það er þessi árátta að setja alls staðar í lagatexta að heimilt sé að hækka gjald í réttu hlutfalli við vísitölu. Svona ákvæði í lagatexta vinna mót öllum skynsamlegum markmiðum í hagstjórn í landinu. Svona ákvæði í lagatexta fjölgar skrúfunum sem knýja áfram verðbólguna í landinu. Ef af einhverjum ástæðum þjóðin nær ekki þeirri efnahagsstjórn sem leiðir til þess að framfærsluvísitalan hækkar á það þá að vera sjálfgefið að þetta hækki? Ef fiskbrestur verður við landið sem leiðir af sér gengisfellingu á það að vera sjálfgefið að sumir hafi allt sitt á þurru, aðrir ekki? Ég tel ákaflega vitlaust að fjölga þessum ákvæðum. Og mér sýnist að ekki sé um það stórmál að ræða að ekki sé hægt að feta sig inn á þá braut í rólegheitunum að afnema það úr öllum lagatextum helst, þetta sjálfvirka vísitöluákvæði sem skrúfar stöðugt og ýtir stöðugt á eftir. Auðvitað er hér um skatt að ræða. Það er aftur á móti, eins og hér kemur fram, e.t.v. rökrétt að ökutækin greiði til þessara mála og þá sé það ekki óeðlilegt að það sé greitt af ökutækjunum, en hins vegar er ég þeirrar skoðunar að hvað sem um það sérstæða gjald, kílógjaldið má segja, þá sé það náttúrlega dálítið hlálegt að láta smæstu tegund af bílum greiða sama gjald og þá sem eru fyrirferðarmestir umferðinni. Ég held að það sé ekki rökrétt.

Varðandi fjármálaráðstafanir á sviði kirkjumála þá getur sá sem hér stendur ekki þvegið hendur sínar af því að hafa tekið þátt í því að greiða atkvæði með því á Alþingi að viss hluti af þessum tekjum færi til ríkissjóðs. Það var ekki gott að þurfa að gera það og það verður lengi í minnum haft að hæstv. núv. dómsmrh. nýtti sér það mjög hversu vel menn lágu við höggi þegar þetta var lagt á í fyrsta skipti. Ég hélt satt best að segja þess vegna að hann mundi reyna að kalla saman þá aðila sem um þetta fjalla þannig að við gætum farið í einhverjar heildarbreytingar á þessum lögum, endurskoðun þessara laga. Það má segja að 33. gr. sé í þeim anda að þar er um heildarbreytingu að ræða, varanlega breytingu og ég tel eftir atvikum að ekki sé óeðlilegt að því sé hagað á þann veg sem þar er gert, en ég hygg að það þætti aftur á móti dálítið sérstætt ef á launaseðli til söngmálastjóra þjóðkirkjunar stæði: Greitt af kirkjugörðum landsins. Menn sæju að það væri dálítið skondið ef slíkur texti fylgdi. Það er ekki lausn í þessum efnum að tjalda til einnar nætur eins og hér er verið að gera.

Mér finnst það liggja dálítið ljóst fyrir að kirkjugarðarnir fengu verulega mikla rýmkun á tekjustofnum sínum sem leiddi til þess að þeir höfðu mun meira fé en áður. En þeir fóru í það að niðurgreiða útfararkostnað og gerðu það á þeirri þjónustu sem þeir stóðu sjálfir að. Ég verð að segja eins og er að mér hefði fundist eðlilegt að þeir hefðu gert það á þann hátt að greiða jafnt niður útfararkostnað þann sem þeir stóðu að og þann útfararkostnað sem einkaaðilar sáu um. Og ég held að það fari nú ekki á milli mála að um slíkt hefði verið nokkur sátt í samfélaginu.

Það sem ég vildi fyrst og fremst undirstrika með því að ræða þessi mál er að það verður hvorki kirkjunni né þinginu til farsældar ef það á að vera árviss atburður á Alþingi að kirkjunni finnst að á hana sé hallað af Alþingi Íslendinga. Það er mjög slæmur kostur að standa frammi fyrir því. Og þess vegna þarf að ná sátt um að það fjármagn, sem tekið er í sköttum og ætlað er til ákveðinna verkefna hjá kirkjunni, sé merkt til þeirra verkefna en menn sitji ekki uppi með stöðugar deilur á milli kirkjunnar og þingsins um það að þingið sé með ósæmilegum hætti að taka fé af kirkjunni og ráðstafa því til annarra hluta en ákveðið hafði verið. Þessu vildi ég koma á framfæri sérstaklega vegna þess að ég skil það svo að hæstv. dómsmrh. hafi verið þeirrar skoðunar á sínum tíma að þannig bæri að standa að málum að hafa frið á milli þingsins og kirkjunnar.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Aðeins örstuttar athugasemdir í trausti þess að I. kafli frv. hverfi og verði ekki með þegar það verður lagt fram aftur því að þannig vinnuaðferðir virðast vera í öðrum málum sem hér hafa verið til umræðu að undanförnu að ákvæði geti haldið áfram að vera til umfjöllunar sem ekki eiga að öðlast lagagildi. Ég tel því eðlilegt sé að þetta fari til nefndar og þar verði þessu þá breytt.

Athugasemdir mínar eru fyrst og fremst um II. kaflann þar sem talað er um þjónustugjöld sem eru í raun og veru skattar. Ég hef þá skoðun og hef sett hana fram í þinginu í formi tillögu að menn greini á milli skatta og þjónustugjalda. Sérstaklega er þetta nauðsynlegt nú vegna þess að sú ríkisstjórn sem nú situr hefur verið að leggja á þjónustugjöld og þá er mjög mikilvægt að menn fái þjónustu í viðkomandi tilfelli sem svarar þeim þjónustugjöldum sem á eru sett a.m.k. Hér er það kallað þjónustugjald sem á að greiðast þegar menn færa ökutæki til skoðunar en sem á svo að nota í allt öðrum tilgangi og þá er það engin spurning að þarna er skattur á ferðinni. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að ekki eigi að taka svona gjöld hingað og þangað heldur eigi uppspretta fjármagns til umferðarinnar og þeirra mála sem tengjast henni fyrst og fremst að vera í eldsneytisgjöldum og gjöldum á bifreiðar. Það séu þá eðlilegir skattar en ekki sé á hinum og þessum stöðum verið að setja þjónustugjöld á og halda þeim leik áfram, sem hefur reyndar tíðkast lengi, að ef menn eru með lögum skyldaðir til einhverra hluta, að færa ökutæki til skoðunar eða eitthvað annað, þá eru þau

tækifæri ævinlega notuð til skattlagningar og oft undir öðrum formerkjum en að um skatt sé að ræða.

Ég vildi koma þessu á framfæri en benda á það svona líka til sönnunar á því sem ég er að segja að það kemur fram að kennsla vegna ökuprófa, sem leggst niður hjá stofnuninni, hefur t.d. skilað afgangi. Þar hafa menn tekið meira en þeir þurftu fyrir þessa þjónustu. Það er á fjölmörgum sviðum hjá hinu opinbera sem svona er að farið að verið er að taka meira heldur en kostnaði nemur og það eru skattar. Ég held því ekki fram að ekki þurfi að taka skatta, en fólk á rétt á því að þarna sé gerður skýr greinarmunur á milli og það er við þetta sem ég vil gera athugasemdir.

Við III. kaflann vil ég gera þær athugaemdir að það hlýtur að vera til mikillar umhugsunar hvort ekki verður að breyta þessum tekjustofni sem þar er, setja a.m.k. á hann annað nafn en kirkjugarðsgjald til þess að menn geri sér grein fyrir því að nota eigi þessar tekjur sem þarna um ræðir í ýmislegt annað. Ég hvet til þess að menn skoði þetta nú allt saman vel og séu ekki að tjalda til einnar nætur eins og hv. ræðumaður sem talaði á undan mér sagði í þessum efnum, en gefi sér tíma til að skoða þessi mál og koma þeim í einhvern farveg sem getur staðið til frambúðar þó að það verði kannski ekki í 900 ár.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður, vil aðeins víkja að þeim ummælum tveggja hv. þm. sem rætt hafa um III. kafla frv. sem lýtur að fjármálaráðstöfunum á sviði kirkjumála.

Hv. 2. þm. Vesturl. sagði það sem sína skoðun að eðlilegra hefði verið að gera hér á heildarbreytingar og hv. 3. þm. Vesturl. lýsti svipuðum sjónarmiðum og get ég í sjálfu sér tekið undir þau. Þegar kirkjumálaráðuneytið fór að huga að þessum viðfangsefnum var það upphafleg tillaga ráðuneytisins sem rædd var við kirkjuyfirvöld og kirkjuráð að kirkjugarðsgjald yrði lækkað og það svigrúm sem það gæfi notað til þess að efla Jöfnunarsjóð kirkjunnar þannig að hann gæti tekið að sér tiltekin verkefni sem kostuð hafa verið af ríkissjóði og þau með þeim hætti flust frá ríkissjóði til kirkjunnar sjálfrar. Um leið yrði þetta þáttur í því að auka fjárhagslegt sjálfstæði og fjárhagslega ábyrgð kirkjunnar varðandi ýmis þau efni sem ég hygg að menn séu almennt sammála um að betur fari á að hún stjórni sjálf eins og til að mynda viðhald prestsbústaðanna. Kirkjuráð ræddi þessar tillögur en taldi að of skammur tími væri til stefnu til þess að ákveða svo róttæka breytingu því að huga þyrfti að ýmsum grundvallaratriðum og óskaði því eftir því að bráðabirgðaskipun yrði höfð á varðandi fjárlög næsta árs. Kirkjumálaráðuneytið féllst á það sjónarmið fyrir sitt leyti og þess vegna var málið borið fram með þessum hætti og í fullu samkomulagi og samráði við kirkjuráð og ætlunin er að vinna að framgangi málsins með áframhaldandi samráði við kirkjuna og koma fram þeirri heildarbreytingu sem ég hygg að gott samkomulag sé um að vinna að.

Ég vildi koma þessum skýringum að að gefnu tilefni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Stjfrv., 299. mál (stjórn mjólkurframleiðslu). — Þskj. 466.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, með síðari breytingum.

Frv. þetta er samið að tilhlutan landbrh. og hefur verið unnið að gerð þess í landbrn. og haft samráð við Stéttarsamband bænda en tilgangur frv. er einkum sá að gera nauðsynlegar lagabreytingar í framhaldi af samningi landbrh. og Stéttarsambands bænda um stjórnun mjólkurframleiðslu. Samningurinn var undirritaður 16. ágúst 1992 og gerður á grundvelli 7. gr. í svokölluðum búvörusamningi sem undirritaður var 11. mars 1991 og a-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 46/1985, sbr. 6. gr. laga nr. 5/1992. Gildistími samningsins er 1. september 1992 til 31. ágúst 1998 nema um annað verði samið. Um efni samningsins vísast til fskj. I með frv. þessu.

Af hálfu Stéttarsambands bænda var samningur um stjórn mjólkurframleiðslu undirritaður með fyrirvara um samþykki aðalfundar, en þar var hann samþykktur 28. ágúst sl. Af hálfu ríkisstjórnarinnar var samningurinn undirritaður af landbrh. og fjmrh. með fyrirvara um nauðsynlegar lagaheimildir Alþingis.

Með frv. þessu er lagt til að gerðar verði nauðsynlegar lagabreytingar vegna samningsins en þær þurfa að ganga fram fyrir áramót.

Í athugasemdum með frv. til breytinga á búvörulögum, sem lagt var fram á Alþingi sl. vetur, kom fram að stefnt væri að því að taka búvörulögin til heildarendurskoðunar og leggja fram frv. þess efnis haustið 1992. Á því verður hins vegar einhver dráttur, m.a. vegna þess að svokölluð sjömannanefnd hefur ekki skilað lokaskýrslu sinni sem höfð yrði til hliðsjónar við heildarendurskoðun búvörulaga.

Helstu breytingar sem felast í samningi um stjórn mjólkurframleiðslu eru einkum:

1. Ein stærsta breytingin er sú að stuðningi ríkissjóðs við útflutning mjólkurvara er hætt frá og með 1. sept. 1992 vegna afurða sem framleiddar eru eftir þann tíma. Ríkissjóður ábyrgist að birgðir mjólkurvara þann 1. sept. 1992 verði ekki umfram ígildi 16 millj. lítra mjólkur.

2. Horfið er frá verðábyrgð ríkissjóðs á umsömdu ákveðnu magni mjólkur með samningi um stjórnun mjólkurframleiðslunnar sem felur í sér beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda mjólkur á lögbýlum.

Framleiðsla eftir 1. sept. 1992 er því á ábyrgð framleiðenda og afurðastöðva.

3. Í stað niðurgreiðslna á heildsölustigi koma nú beinar greiðslur til bænda. Núverandi fyrirkomulag á niðurgreiðslum fellur niður á verði mjólkur sem framleidd er eftir 1. jan. 1993. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að þessi breyting hafi áhrif á sérstaka niðurgreiðslu fjmrn. af hluta virðisaukaskatts. Beinar greiðslur til mjólkurframleiðenda hefjast vegna framleiðslu eftir 1. jan. 1993.

Beinar greiðslur til bænda greiðast út á greiðslumark sem ákveðið verður árlega og byggist á neyslu innlendra mjólkurvara hér á landi. Bændur sem hafa haft fullvirðisrétt í núverandi kerfi fá hlutfallslegan rétt miðað við innanlandsneyslu. Réttur þeirra til beinna greiðslna nefnist greiðslumark og er mælt í lítrum mjólkur. Heildargreiðslumark hækkar eða lækkar í takt við breytingar á innanlandsneyslu mjólkurvara eftir vissum reglum. Meginatriðið er að heildargreiðslumark er tengt innanlandsmarkaði. Verði framleiðsla mjólkurvara eitthvert ár umfram sölu þannig að birgðir aukast kemur mismunur til lækkunar á heildargreiðslumarki næsta árs og öfugt. Bændum verða heimiluð aðilaskipti að greiðslumarki sem ætti að stuðla að hagræðingu að greininni og auðvelda búháttabreytingar. Afurðaverð mjólkur til framleiðenda verður eftir þessar breytingar þeim mun lægra sem beinum greiðslum nemur en þeim er ætlað að svara til 47,1% af framleiðslukostnaði mjólkur.

4. Gert er ráð fyrir að byggt verði áfram á núverandi verðlagningarkerfi. Í samningnum en þó gert ráð fyrir að verðlagningarkerfi mjólkurafurða verði endurskoðað fyrir árslok 1994.

Mjólkursamningurinn kveður á um að bændur taki á sig framleiðnikröfu á árinu 1992–1994 sem alls felur í sér 5% raunlækkun á afurðaverði þeirra á þessu tímabili. Samhliða þessum samningi tókst samkomulag við samtök mjólkuriðnaðarins um um það bil 7,5% lækkun á vinnslu og heildsölukostnaði á næstu tveimur árum. Þar við bætist að lagt er til í frv. þessu að heimild til töku verðmiðlunargjalds sem leggst á heildsölu á mjólkurverði er mjög þrengd frá því sem nú er en allt vinnur þetta að lækkun á verði mjólkurvara til neytenda.

5. Skv. 19. gr. búvörulaga, nr. 46/1985, skal innheimta verðmiðlunargjald af heildsöluverði mjólkur að hámarki 5,5% og er því varið til þess að jafna afkomu mjólkursamlaga og gera kleift að greiða framleiðendum sama verð fyrir sams konar búvörur. Í dag er verðmiðlunargjald 2,77 kr. á lítra eða 3,91% af óniðurgreiddu heildsöluverði án verðtilfærslu og verðmiðlunargjalda. Þetta samsvarar um það bil 288 millj. kr. innheimtu á ári miðað við 100 millj. lítra framleiðslu. Um verðmiðlun vísast að öðru leyti í kafla 5 í fskj. II.

Í frv. er lagt til að fallið verði frá innheimtu verðmiðlunargjalda 31. des. 1992 en þó verði gjöldin innheimt lengur að því marki sem nauðsynlegt er til að uppfylla skuldbindingar Verðmiðlunarsjóðs um greiðslu allt að 250 millj. kr. fyrir niðurfærslu fullvirðisréttar og allt að 450 millj. kr. til að styrkja úreldingu mjólkurbúa eða hagræðingu í mjólkuriðnaði.

Þá er gert ráð fyrir að í stað verðmiðlunargjalda komi flutningsjöfnunargjald til að jafna flutningskostnað af mjólk og veita rekstrarstyrki til einstakra búa og geti það numið allt að 1% af heildsöluverði allra mjólkurafurða.

Auk þess sem að framan greinir eru heimildir til bráðabirgða í frv. þessu sem gera ráð fyrir að verðmiðlunarsjóðir mjólkur standi straum af kostnaði við niðurfærslu á mjólkurkvótanum sem varð nú í haust, svo og kostnaði við úreldingu mjólkurbúa og hagræðingu í mjólkuriðnaði sem nauðsynlegt er að verði nú á næstu árum.

Þá er gert ráð fyrir því að sami sjóður kosti tímabundið hluta af niðurgreiðslum þeirra mjólkurbirgða sem til verða nú um áramótin. Þetta er í samræmi við fyrirliggjandi fjárlagafrv. þar sem fram kemur að ríkissjóður endurgreiði þetta fé árið 1994. Loks ber að geta þess að í frv. eru nokkrar breytingar er varða búvörulögin almennt. Þar er fyrst að nefna ákvæði sem heimila allt að 5% verðskerðingu á afurðaverði til bænda til að kosta nauðsynlegar markaðsaðgerðir. Heimild til slíkrar skerðingar er þó bundin því að fyrir liggi ósk um hana frá aðalfundi Stéttarsambands bænda en ákvæði þetta er sett í frv. að óskum bændasamtakanna. Þá eru tekin af tvímæli um það að greiðslur fyrir þvingaða niðurfærslu á sauðfjárkvóta nú í haust skuli greiddar handhöfum beinna greiðslna, þ.e. framleiðendum sjálfum, enda verður að líta svo á að þetta séu bætur vegna skertrar framleiðslustöðu þessara manna og þetta sé sanngjörn niðurstaða þegar um svo mikla og lögþvingaða skerðingu er að ræða. Að síðustu eru gerðar nokkrar lagfæringar á lögunum sem ekki eru efnislegar breytingar heldur einungis til samræmis við breyttar aðstæður, m.a. í félagskerfi bænda og afurðastöðva.

Hæstv. forseti. Ég legg til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og landbn. Ég legg áherslu á að góð samvinna megi takast milli landbrn. við nefndina og er landbrn. reiðubúið að láta í ljósi allar þær upplýsingar sem óskað er eftir. Auk þess legg ég áherslu á að nefndin kanni sjálfstætt nauðsyn einstakra efnisatriða í frv. þessu um leið og ég legg áherslu á að sá kafli þess sem lýtur að búvörusamningnum um breytt fyrirkomulag í afurða- og sölumálum mjólkurframleiðslunnar nái fram að ganga fyrir áramót.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir að flytja frv. það sem hér liggur fyrir og lögfestir ýmis þau atriði sem nauðsynlegt er að gera í sambandi við framkvæmd búvörusamnings sem gerður var á sl. sumri við mjólkurframleiðendur og Stéttarsamband bænda leggur áherslu á að nái fram að ganga sem allra fyrst.

Ég skal ekki tefja umræðuna með löngu máli því að ég tel mjög brýnt að þetta nái fram að ganga og ég veit að framsóknarþingmenn munu vilja vinna að því eftir því sem þeir geta. Ég vil þó aðeins láta koma fram fyr-

irvara við einstök atriði. Þetta er að sjálfsögðu allflókið mál og erfitt á stuttum tíma að gera sér grein fyrir áhrifum allra þeirra og má sérstaklega nefna þar d-lið bráðabirgðaákvæða þar sem fjallað er um að verja megi allt að 175 millj. kr. úr Verðmiðlunarsjóði mjólkur til að standa straum af hluta kostnaðar við niðurgreiðslu á birgðum mjólkurvara sem til staðar verða í árslok 1992. Þar kemur fram í skýringum með þessum lið og reyndar í máli hæstv. landbrh. líka að hér sé um að ræða lántöku sem eigi að endurgreiða á árunum 1994, skilst mér vera. Ég held að það hljóti að vera eðlilegt að það komi skýrt fram í lagatextanum að hér yrði um að ræða endurgreiðslur þannig að það færi ekkert á milli mála. Það væri lögfest þannig að menn væru ekki í vafa um það og ekki væri hægt að skjóta sér undan því.

Að öðru leyti skal ég ekki tefja tímann nú að ræða þetta mál vegna þess hversu málið er brýnt og vonast til þess að það nái fram að ganga á þann hátt sem hæstv. ráðherra óskaði eftir, með góðu samkomulagi og þá að það yrði tekið tillit til ábendinga sem mönnum sýndist að gætu betur farið.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki hafa mörg orð um það frv. sem hér liggur frammi. Það hefur verið skoðað eilítið í landbn. óformlega með það fyrir augum að það náist að afgreiða meginþætti þess fyrir áramót. Það er mjög mikilvægt að það takist að festa í lög það sem nauðsynlega þarf til þess að hægt sé að fullnusta búvörusamninginn gagnvart mjólkurframleiðslunni. Ég mun ekki fara yfir einstaka efnisþætti hér. Ég mun gera það í hv. nefnd. Ég vil þó nefna eitt atriði sem ég veit að orkar mjög tvímælis og ég held að sé æskilegt að nefndin skoði vel og það er gagnvart þeim rétti sem er í leigu hjá Framleiðslusjóði og kemur inn aftur, þ.e. hver sé réttarstaða handhafa þess réttar þar sem í samningum um leiguna er tekið fram að hann njóti sömu réttarstöðu og allur annar réttur þegar hann komi inn aftur. Þarna er um að ræða verulega hagsmuni fyrir þá sem eru handhafar þessa mjólkurréttar og ég tel að nauðsynlegt sé að það sé skoðað vel hvernig að þeim málum verði staðið.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki fleiri orð um þetta mál hér, en vænti þess að við munum fara yfir það í hv. nefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, 2. umr.

Stjfrv., 78. mál (EES-reglur). — Þskj. 83, nál. 480, brtt. 481.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti landbn. sem er um frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu á fóðurvörum, áburði, sáðvörum og verslun með þær vörur.

Þetta frv. er eitt af hinum svokölluðu EES-frumvörpum en fer reyndar ekki mikið inn á það svið. Einungis síðari hluti 6. gr. þessara laga gat ekki samrýmst væntanlegum samningi en það ákvæði fjallar sérstaklega um að heimilt sé að gera aðrar kröfur til innlendrar framleiðslu en erlendrar þannig að með strangari reglum sé hægt að skapa íslenskum framleiðsluvörum betri aðstæður. Á þetta hefur aldrei reynt. Þessi heimild hefur aldrei verið notuð og þar af leiðandi haggar þessi breyting í engu því sem hér hefur gilt um þessi efni.

Hins vegar var þarflegur kostur að taka þessi mál til nokkurrar umfjöllunar og af því hefur m.a. leitt að hæstv. landbrh. hefur skipað sérstaka nefnd til að fara yfir þann lagabálk og það held ég að sé hin þarfasta ráðstöfun. M.a. af þeirri ástæðu eru ekki nein sérstök þörf fyrir ítarlegar skýringar í þessari framsögu.

Í stuttu máli sagt eru breytingarnar þessar sem ég sagði áðan að síðari málsl. 6. gr. er felldur af og auk þess er ráðherra veitt heimild til þess að ákveða með reglugerð bæði staðla, merkingar og kröfur um innihald þessara eftirlitstegunda. Hér er breyting frá því sem áður var þar sem þetta var í höndum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Þá er lagt til að í staðinn fyrir Áburðarverksmiðju verði nú talað um seljanda áburðar því að fleiri geta bæst í þann hóp á næstu árum. Enn fremur er lögð á það áhersla að tilhögun á gjaldtöku fyrir þessa þjónustu verði breytt. Þar verði kveðið á um hvernig haga skuli í reglugerð og tekið tillit til þess kostnaðar sem af þessu eftirliti leiðir. En eins og nú er eru það aðallega fóðurvörur til hefðbundinna greina og áburður eða áburðareftirlitið sem skilar langmestum tekjum til þessa eftirlits og ýmsar nýrri eftirlitsskyldar vörur hafa þar miklu minni hlutdeild þótt þær taki mikinn tíma og kosti mikið fjármagn. Þetta verður áreiðanlega nánar fjallað um þegar endurskoðuninni lýkur.

Nefndin fékk umsagnir um þetta frv. Þær voru yfirleitt ekki efnismiklar, enda ekki fjallað um málið á þeim grundvelli. Þar má tilgreina Búnaðarfélag Íslands, Áburðarverksmiðjuna, Stéttarsambandið en einnig komu á fund nefndarinnar Gunnar Sigurðsson, forstöðumaður eftirlitsdeildar RALA, og Jón Höskuldsson, fulltrúi í landbrn., en þeir eru báðir í nefnd þeirri sem ég gat um áðan ásamt yfirdýralækni. Það var margt athyglisvert sem kom fram í máli þessara manna, einkum Gunnars Sigurðssonar, og í framhaldi af því óskaði nefndin eftir því að hann legði henni í hendur ofurlitla álitsgerð um þessi mál sem hann og gerði og fylgir hún með sem fylgiskjal með nál.

Í áliti hans kemur m.a. fram að kadmíum, sem er eiturefni sem fylgir fosfór, er miklu minna í okkar áburði en gerist erlendis og ástæðan fyrir því er sú að Áburðarverksmiðja ríkisins hefur leitað eftir betra hráefni en aðrir nota í þessa framleiðslu sem gerir það að verkum að áburður hér er með miklu minna kadmíuminnihaldi heldur en gerist í erlendum áburði og meira að segja langt innan við þá staðla sem Efna-

hagsbandalag Evrópu er að leitast við að miða við. Eins er reyndar líka um fóðureftirlitið og það er athyglisvert hvað staða okkar er góð í þessum efnum. Með leyfi forseta ætla ég að leyfa mér að vitna hér í örfá atriði sem koma hér fram í þessari álitsgerð Gunnars Sigurðssonar. Þar segir m.a.:

„Vegna athugasemda Íslendinga og fleiri við upphaflega skoðun laga í viðauka II., kafla 14 um áburð (bls. 163) hefur EB fallist á sjónarmið sem sett voru fram í þessu tilliti. Við höfum því leyfi til að halda þessari sérstöðu og EB mun aðlaga sig þessum umhverfissjónarmiðum í viðskiptum með áburð." Það er sem sagt komin staðfesting á það að áburður lakari gerðar heldur en hér hefur verið framleiddur verður ekki heimill til innflutnings. Og enn fremur segir hér:

„Erlendis er víða talið erfitt að stunda nútímabúfjárhald nema með stöðugri lyfjanotkun í fóður til að tryggja heilbrigði dýranna og betri afurðasemi. Hér á landi hefur ríkt sú skoðun að lyf skuli aðeins nota í búfjárrækt í sjúkdómstilvikum og þá samkvæmt tilvísun dýralæknis." Og enn fremur segir:

„Sérstaða okkar í þessu tilliti hefur einnig verið viðurkennd af hálfu EB. Í samningnum nú eru í gildi ákvæði um að þessar reglur er varða lyfjanotkun í fóður skuli koma til endurskoðunar árið 1995. Sívaxandi skilningur á gildi hreinleika í framleiðslu á landbúnaðarvörum mun gera okkur kleift að tryggja þessum sjónarmiðum brautargengi áfram."

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, að kæmi fram til þess að undirstrika það sérstaklega hver staða okkar er í þessum efnum og að kannski er skemmra í það heldur en menn hyggja að Ísland geti notið þessarar sérstöðu í viðskiptum við aðrar þjóðir með þá landbúnaðarframleiðslu sem við höfum hér yfir að ráða.

Ég leyfi mér svo, virðulegi forseti, að vísa þessu máli til 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 276. mál (stjórnsýsluleg staða, skyldusparnaður o.fl.). — Þskj. 384.

Kristinn H. Gunnarsson (frh.):

Virðulegi forseti. Það var komið að síðari hluta í minni ræðu. Ég hafði farið yfir nokkur meginatriði í þessu frv., breytingar þær sem eru á yfirstjórn málaflokksins og stöðu stofnunarinnar sem ríkisstofnunar og hlutverk hennar og enn fremur bent á þá breytingu sem þetta frv. mun hafa á úthlutun framkvæmdaheimilda til bygginga á félagslegu íbúðarhúsnæði á næsta ári ef það nær fram að ganga með þeim breytingum sem lagt er til varðanndi það að leggja niður skyldusparnað og greiða hann út mjög hratt eða 1.400 millj. kr. útstreymi á næsta ári í staðinn fyrir liðlega 370 millj. kr. nettóútstreymi. Þetta tel ég að hv. þingnefnd verði að taka til rækilegrar skoðunar því hér er um að ræða bróðurpartinn af því fé sem ætlað er til framkvæmdaheimilda á þessu ári. Ég bendi á að hugmyndir sem menn kunna að vera með um að gefa út skuldabréf í stað þess að borga sparnaðinn út, hafa sínar afleiðingar því að af því leiðir auðvitað að menn eru að auka skuldabréfaútgáfu með einum eða öðrum hætti á takmarkaðan markað sem sparnaðurinn er og slíkt mun óhjákvæmilega leiða til aukinna affalla á húsbréfum og valda hækkunum á vöxtum ef eitthvað er.

Það sem er athyglisverðast varðandi yfirstjórnina og ég hef rakið, og er óþarft að fara yfir í ítarlegu máli, eru breytingarnar á yfirstjórn sem í raun breyta sjálfstæðri ríkisstofnun í deild í félmrn. Ég bendi á að ef 1. og 2. gr. þessa frv. eru bornar saman við samsvarandi greinar í núgildandi lögum þá kemur t.d. það fyrsta fram að það sem fellt er úr 2. gr. núgildandi laga er að Húsnæðisstofnun ríkisins er „sjálfstæð" ríkisstofnun. Orðið „sjálfstæð" er fellt brott og er það dálítið hlálegt að slíkt skuli vera gert með samþykki Sjálfstfl. sem að sjálfsögðu vill þó væntanlega standa að því að ríkisstofnanir séu ósjálfstæðar og heyra undir beint boðvald ráðherra.

Það sem ég hafði hugsað mér, virðulegi forseti, undir lok ræðu minnar síðast þegar þetta mál var hér á dagskrá var að rekja aðeins fullyrðingar sem eru í athugasemdum um stjórnsýsluþátt frv. og fram komu í ræðu hæstv. ráðherra um að þar þyrfti að gera breytingar á því að hér væri um óljósa stöðu að ræða. M.a. var dregið fram bréf Ríkisendurskoðunar um þetta mál. Ég vil fyrst segja um bréf Ríkisendurskoðunar að það hefur ekki að því er ég best veit borist til Húsnæðisstofnunar ríkisins né heldur húsnæðismálastjórnar og það verður að telja dæmi um samskipti ráðherra við þessa stofnun að ráðherrann hefur ekki haft fyrir því að gefa stofnuninni færi á að sjá þetta bréf og svara því. Hins vegar stendur það álit sem fyrir liggur óhaggað og er álit frá Lagastofnun Háskóla Íslands um stjórnsýslulega stöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins. Það var unnið af tveimur virtum lögfræðingum í ágúst 1987 og ég vil einfaldlega vísa því á bug sem fram kom í ræðu ráðherra varðandi þessi mál og vísa til þessarar skýrslu sem með mjög skýrum hætti dregur fram þessa stöðu þannig að enginn vafi leikur á.

Ég hygg að hæstv. ráðherra sé það alveg ljóst hver staða stofnunarinnar er og hver staða ráðuneytisins er í þessum málaflokki og fullyrðingar um annað eru óþarfar og hefði hæstv. ráðherra mátt sleppa þeim í sinni ræðu og fella þær niður úr greinargerð frv. A.m.k. eru þær ekki rökstuðningur til þess að breyta stöðu mála þannig að stofnunin heyri undir ráðherrann beint eins og nú er lagt til í frv. Þar er lagt til að stofnunin heyri algerlega undir vald ráðherra og meira að segja er svo langt gengið að ráðherra getur eða á í fyrsta lagi að samþykkja tillögur um fjárhagsáætlun þar sem fram komi sundurliðaður áætlaður rekstrarkostnaður og fyrirhuguð skipting ráðstöfunarfjár á milli útlánaflokka, heldur getur ráðherra einnig skipt sér af einstökum úthlutunum og breytt þeim ef honum sýnist svo skv. 4. gr. frv. Það er náttúrlega, virðulegi forseti, algerlega út í hött að ætla sér að standa svona að málum.

Niðurstaða þessa lögfræðilega álits sem ég vitnaði til er samandregin í skýrslunni í stuttu máli og ég vildi vitna til þess, virðulegi forseti, svo að það lægi ótvírætt fyrir við umræðu þessa máls. Það er í nokkrum atriðum. Í fyrsta lagi er það niðurstaða Lagastofnunar Háskóla Íslands að Húsnæðisstofnunin telst stjórnsýslulega að öllu verulegu leyti til svonefndra sjálfstæðra stjórnsýsluhafa, er sjálfstæð lögpersóna og hefur því sjálfstæða aðild að dómsmáli.

Enn fremur segir að með löggjöfinni, sem nú gildir um þessa stofnun, hafi Alþingi gert það upp við sig að hið tiltekna málefnasvið er lagt til stofnunarinnar til sjálfstæðrar meðferðar innan ramma laganna.

Í þriðja lagi vildi ég vekja athygli á því sem fram kemur í niðurstöðum að húsnæðismálastjórn ber ekki ábyrgð gagnvart ríkisstjórninni í heild. Hún þarf ekki að taka við starfsfyrirmælum frá fagráðherranum en hins vegar hefur hún venjulega upplýsingaskyldu gagnvart honum á Alþingi. Þetta liggur alveg ljóst fyrir. Hins vegar hefur þetta eitthvað vafist fyrir hæstv. félmrh. því að hann hefur talið sig hafa heimild til að gefa út bréf og fyrirskipa starfshópi úti í bæ að sækja greiðslur vegna kostnaðar við störf sín til Húsnæðistofnunar ríkisins sem er auðvitað algerlega út í hött og hefði hæstv. ráðherra átt að vita betur. Þar kemur líka fram að húsnæðismálastjórn hefur algert forræði fyrir lánveitingum og endanlegt úrskurðarvald í þeim efnum.

Þá kemur fram að ábyrgð einstakra fulltrúa í húsnæðismálastjórn er fyrst og fremst fólgin í því að með störfum sínum hætta þeir því að verða ekki endurkjörnir af Alþingi eða tilnefndir aftur af viðkomandi hagsmunasamtökum. Þar fyrir utan bera þeir venjulega starfsábyrgð opinberra sýslunarmanna.

Fleiri atriði eru hér talin upp í niðurstöðum sem ég sleppi að geta um, enda mun þessi skýrsla væntanlega verða rædd í hv. félmn. En hér segir, með leyfi forseta:

„Ekki er um að ræða venjulegt stjórnsýslusamband milli ráðherra og Húsnæðisstofnunar. Ráðherra hefur því ekki skipunar- eða boðvald gagnvart stofnuninni að öðru leyti en því sem fram kemur í lögunum. Hins vegar verður talið í samræmi við grundvallarreglu stjórnsýsluréttar að ráðherra geti krafið stofnunina um upplýsingar um störf hennar, enda þótt ekki sé beinlínis kveðið á um það í lögum."

Það er alveg skýrt hver staðan er og ég veit ekki annað en hæstv. ráðherra hafi fengið allar þær upplýsingar sem hann hefur óskað eftir og kæmi mér á óvart að heyra ef samskipti ráðherrans við stofnunina væru með þeim hætti að eitthvað hefði staðið á því að stofnunin reiddi fram upplýsingar og gögn sem ráðherra óskaði eftir.

Þá segir hér, virðulegi forseti, „ ... Húsnæðisstofnun er B-hluta stofnun í fjárlögum og rekstrarkostnaður hennar er ekki greiddur úr ríkissjóði. Áréttar það sérstöðu stofnunarinnar í hinu almenna stjórnsýslukerfi. Húsnæðismálastjórn hefur því ein ákvörðunarrétt um ráðstöfun fjár til eigin rekstrar haldi hún sig innan hins almenna fjárhagsramma sem ríkisstofnunum er almennt settur." Og hér segir enn, virðulegi forseti: „Vegna sjálfstæðis Húsnæðisstofnunar er hin pólitíska ábyrgð ráðherra vegna hennar gagnvart Alþingi með miklu takmarkaðri hætti en almennt gerist um stofnanir á miðstjórnarstigi sem undir hann heyra."

Það er rétt að þetta komi fram því að hæstv. ráðherra gerði nokkuð mikið úr því að í umfjöllun um þessi mál væri hann gerður ábyrgur fyrir málaflokki sem hann hefði ekki fullt vald á. Ég er reyndar ósammála þessu fullyrðingum hæstv. ráðherra. Ég hef ekki orðið var við það að menn gerðu ráðherrann ábyrgan fyrir störfum embættismanna eða stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins. Hins vegar hefur hæstv. ráðherra að sjálfsögðu borið ábyrgð og það pólitíska ábyrgð á þeim lögum sem gilda um húsnæðismál og hún hefur barist fyrir og fengið breytt í grundvallaratriðum. Þá segir hér, með leyfi forseta:

„Það leiðir af lögbundnu hlutverki Húsnæðisstofnunar að húsnæðismálastjórn skal höfð í ráðum um alla laga- og reglugerðarsetningu um húsnæðismál. En jafnframt hvílir á henni sjálfri viss frumkvæðisskylda varðandi stefnumörkun í húsnæðismálum. Eðli máls samkvæmt hlýtur hins vegar endanleg stefnumótun í þessum efnum að vera í höndum Alþingis og ríkisstjórnar."

Því er alveg ljóst að með núgildandi lögum er ekki dregið neitt úr rétti eða frumkvæði eða valdi ráðherra til að hafa stefnumörkun í þessum málaflokki en það er hins vegar tekið skýrt fram að miðað við núgildandi lög skuli húsnæðismálastjórn höfð með í ráðum um alla lagasetningu og reglugerðarsetningu. Ég held að hæstv. ráðherra hefði gjarnan mátt muna eftir því áður en þetta frv. var samið að það væri rétt að hafa samráð við þessa aðila um frv. áður en það var lagt fram. Það væri þá kannski með eilítið skaplegri hætti og betur frágengið.

Ég ætla ekki að tína til fleiri atriði úr þessum niðurstöðum skýrslunnar sem eru tíunduð í 19 töluliðum. Ég hef stiklað á því helsta sem ég tel nauðsynlegt að komi fram á þessu stigi vegna röksemdafærslu hæstv. ráðherra sem fram kom í framsöguræðu og enn fremur þess sem frá er greint í greinargerð.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fjölyrða um þetta mál að sinni, en ítreka að það er nauðsynlegt að fjallað verði vandlega um málið í þeirri þingnefnd sem fær það til meðferðar.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég hef áður boðað það þegar önnur þingmál voru til meðferðar fyrir nokkru sem tengdust húsnæðismálum að óhjákvæmilegt væri að mínu mati að fá sem allra fyrst á þessu þingi tækifæri til að ræða þann málaflokk ítarlega. Ég fagna því að þetta frv. er loksins komið á dagskrá. Ég hefði garnan kosið að það hefði gerst fyrr og meiri tími hefði gefist til að ræða það því að eins og öllum hv. alþm. er kunnugt er orðið nokkurt annríki á þingi þessa dagana. Ég mun því af þeim sökum stytta mál mitt við 1. umr. málsins, enda er mér tjáð að samkomulag sé um að það fái ítarlega skoðun að aflokinni þessari umræðu í nefnd

og frekari skoðun hér á þinginu. Ég vil engu að síður byrja á því að ítreka þá skoðun mína að það sé mjög mikilvægt að tími gefist til þess sem fyrst að fara rækilega yfir stöðu mála í húsnæðismálum.

Enginn vafi er á því í mínum huga að sá málaflokkur á eftir að verða fyrirferðarmikill á næstu mánuðum af ýmsum ástæðum. Þar eru blikur á lofti og ég held því fyrr, því betra sem menn gera sér grein fyrir því að þar er erfiðleika að vænta og þar þarf að taka á málum. Mér liggur við að segja því miður því auðvitað er ákaflega erfitt og dapurlegt að vera með þennan stóra málaflokk því marki brenndan eins og hefur verið undanfarin ár að með reglubundnu millibili, þriggja, fjögurra til fimm ára fresti, standi menn í stórkostlegum æfingum hvað húsnæðismálin snertir, kerfisbreytingum, greiðsluerfiðleikaaðgerðum skuldbreytingum, afleggja lánaflokka, taka upp nýja breyta á vaxtabótum, taka upp húsnæðisbætur, hætta við þær o.s.frv. Þegar við lítum yfir sögu þessa málaflokks síðustu 10–12 árin frá því um 1980 þá er auðvitað með ólíkindum hvernig þetta hefur tekist til. Ætli kerfin séu ekki orðið þrjú eða fjögur sem menn hafa búið við og jafnmörgum sinnum hafa menn staðið að meiri háttar breytingum á þessum málum með ekki meiri uppskeru eða árangri en þetta.

Ég ætlaði þess vegna, hæstv. forseti, í tengslum við þetta mál sem tengist stjórnsýsluþætti húsnæðismálanna, skipulagi þeirra, hlutverki Húsnæðisstofnunar ríkisins og fleiri slíku að fara yfir málin dálítið í þessu samhengi. Ég hefði þurft til þess allverulegan tíma og með tilliti til aðstæðna mun ég geyma það að einhverju leyti þangað til við 2. umr. málsins. Ég held nefnilega að ræða eigi um það í tengslum við þetta frv. hvaða hlutverk menn ætla hinu opinbera húsnæðislánakerfi og þar með þessari opinberu stofnun, Húsnæðisstofnun ríkisins. Sums staðar í rökstuðningi með þessu frv. og einnig í skýrslu Hagsýslu ríkisins, sem unnin var fyrir félmrh. um málefni Húsnæðisstofnunar á sl. sumri, glittir í að þau sjónarmið séu jafnvel að verða ofan á að ekkert opinbert húsnæðislánakerfi nema þá einhver angi félagslegra íbúðarlána eigi að verða til og þetta hlutverk eigi að færast alfarið yfir í bankakerfið. Ég held að menn þurfi að fara í gegnum grundvallarumræðu af því tagi í tengslum við þessa áformuðu skipulagsbreytingu á Húsnæðisstofnun.

Ég hef miklar efasemdir um að það væri farsæl þróun fyrir okkur Íslendinga. Ég held að rétt eins og annars staðar þurfum við að reikna með því að þessari miklu langtímafjárfestingu, sem íbúðarhúsnæði er fyrir flestar fjölskyldur, verði skipað með öðrum hætti en lögmál skammtímalánaviðskipta í bankakerfinu bjóða upp á. Það blasir við þeim sem skoða þessi mál hér á Íslandi að eitt af því sem skilur okkur frá nálægum löndum er skortur á eðlilegri langtímafjármögnun þessarar fjárfestingar í sæmilegu jafnvægi við þarfir kaupenda eða húsbyggjenda. Auðvitað gætir þar enn að nokkru leyti áhrifanna af óðaverðbólgu liðinna ára sem afskrifuðu í raun og veru lán af íbúðarhúsnæði landsmanna að mestu leyti fyrir daga verðtryggingar. Um það bil sem verðtrygging var tekin upp á húsnæðislánum má segja að íbúðarhúsnæði í landinu hafi verið skuldlaust praktískt talað. Það er auðvitað fullkomlega óeðlilegt ástand og gat ekki kallað á annað en mikla erfiðleika þegar menn færu að reyna að byggja upp á nýjan leik eðlilega langtímafjármögnun á þessari fjárfestingu.

Auðvitað er augljóst öllum að þegar borin eru saman lánsviðskipti, t.d. vegna bílakaupa sem endast í besta falli í um tíu ár eins og framleiðslan er nú orðin, þessar druslur úr næfurþunnu járni sem nú eru framleiddar, þær eru hrynja niður eða grotna sundur á um tíu árum og hins vegar íbúðarhúsnæði sem á að geta enst og verið í fullkominni notkun hundruðum ára saman ef allt er með felldu. Þetta er eins og svart og hvítt. Í raun og veru hefur það verið svo að mönnum hefur gengið illa að gera einhvern umtalsverðan greinarmun á fjármögnun þessara tveggja mismunandi fjárfestinga sem fjölskyldurnar standa frammi fyrir og þetta er auðvitað óeðlilegt. Það sjá allir menn.

Ekki er talið veita af því þar sem ég þekki til húsnæðismála víða í nálægum löndum að svona frá 40–60% í fjármögnun í íbúðaviðskiptum og kaupum séu bundin langtímafjármögnun sem menn geti nokkuð gengið að í því húsnæðiskerfi sem ráðist með nokkuð öðrum hætti, annaðhvort í formi þess að lánin séu beint á hagstæðari kjörum til lengri tíma o.s.frv. en gengur og gerist í markaðsviðskiptum með skammtímalán ellegar þá með öðrum hætti er stutt við bakið á fólki í þessari fjárfestingu í formi vaxtaniðurgreiðslna eða húsnæðisbóta af einhverju tagi.

Það glittir í það, hæstv. forseti, eins og ég sagði í umfjöllun um þetta mál að menn séu að láta sér detta það í hug í meira og minna mæli að leggja niður hlutverk Húsnæðisstofnunar ríkisins og vísa þessum málaflokki út á markaðinn í bankakerfið og til annarra sem hafa það að atvinnu að veita mönnum úrlausn varðandi fjármögnun og þá yfirleitt til skemmri tíma litið.

Ég var nokkuð hissa þegar ég kom höndum yfir þessa skýrslu frá Hagsýslu ríkisins til félmrh. sem var unnin að beiðni ráðherra um möguleika á að hagræða í Húsnæðisstofnun ríkisins. Ekki ætla ég að lasta það að Hagsýslan sé að sinna svona skýrslugerð og gera úttektir á stofnunum en ég átti ákaflega erfitt með að átta mig á því þegar ég fór að lesa betur skýrsluna hvers konar sambland af fræðimennsku og pólitík þessi vinna er. Það úir og grúfir af hreinum pólitískum eða stefnumarkandi fullyrðingum og setningum í skýrslunni sem ég hef ekki átt að venjast að hlutlausar opinberar stofnanir sem fengnar eru til þess að gera hagkvæmnisúttekt eða arðsemisúterikninga eða kannanir af því tagi heldur vera í sínu hlutverki að koma með. Þar eru lagðar til beinar pólitískar aðgerðir og stefnumarkandi hlutir settir fram, fullyrtir eins og ekkert sé sjálfsagðara, og ég mun, hæstv. forseti, við betra tækifæri fara nokkuð yfir þessa skýrslu og ræða hana í tengslum við þetta mál því að það er satt best að segja talsvert af kostulegum fullyrðingum í þessu plaggi. Ég hef átt þess kost á einum fundi sem varamaður í stjórn Húsnæðisstofnunar að ræða þetta mál nokkuð þar, en ég teldi ástæðu til að hv. nefnd, sem fær þetta mál til

umfjöllunar, færi dálítið í saumana á þessum þætti og ræddi það hvort t.d. þær fullyrðingar í skýrslu Hagsýslunnar, sem hér standa um ýmis stefnumarkandi atriði í sambandi við húsnæðiskerfið, hlutverk Húsnæðisstofnunar ríkisins o.s.frv. standist í raun. T.d. er fullyrt á bls. 13 í skýrslunni að yfirstjórn Húsnæðisstofnunar leggi áherslu á að eðlilegt sé að auka gjaldtöku stofnunarinnar og draga þannig úr beinum framlögum til rekstrar. Reyndar er ekki útskýrt hvað átt er við með yfirstjórn Húsnæðisstofnunar. Er það stjórnin, er það hæstv. ráðherra, er það ríkisstjórnin eða er það Alþingi? En einu má gilda hver það er. Er þetta einhver mörkuð stefna og hver hefur þá markað hana, þ.e. að halda eigi lengra út á þessa þjónustugjaldabraut, hæstv. félmrh.? Það eru alveg ný tíðindi fyrir mig ef hæstv. félmrh. er kominn í fararbrodd þeirra sem vilja halda lengra út á þessa þjónustugjaldabraut, að menn þurfi að borga fyrir hvert hæti sem þeir fá í þjónustu eða aðstoð frá opinberum stofnunum. Ég ætla að leyfa mér að spyrja hæstv. félmrh. að því pólitískt: Er það svo að hæstv. félmrh. hafi allt í einu skotist í fremstu röð þeirra hæstv. ráðherra sem eru með þetta á heilanum að helst megi ekki byggja upp einhverja opinbera þjónustu eða opinbera starfsemi án þess að menn borgi fyrir það? Það væru heilmikil tíðindi fyrir þá sem hafa talið hæstv. félmrh. standa frekar fyrir eitthvað annað.

Höfundar skýrslunnar fullyrða að í Hagsýslu ríkisins sé nauðsynlegt að móta markvissa stefnu um frekari tilflutning verkefna til banka og annarra fjármálastofnana. Síðan hvenær fékk Hagsýslan prókúru upp á það að vera með pólitískar fullyrðingar af þessu tagi? Ég verð að segja það alveg eins og er, hæstv. forseti, að það kemur mér mjög á óvart og ég er hissa á mörgu fleiru í þessu uppleggi, fyrir utan gullkorn eins og þau að á bls. 10 í skýrslunni stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem Húsnæðisstofnun virðist eitthvað skorta á upplýsingar á tölvusviðinu er að vera beinskeyttur kaupandi þjónustu." Nú bið ég um hjálp. Hvernig er þetta í framkvæmd? Hvað er að vera beinskeyttur kaupandi? Kannski getur hæstv. menntmrh. aðstoðað okkur í þessum skilgreiningarvanda. Ég hélt ... (Gripið fram í.) Það þarf einhvern góðan íslenskumann til að útlista þetta fyrir okkur. Eða er einhver í salnum sem getur komið með löggilta skýringu á því hvað sé að vera beinskeyttur kaupandi?

Margt fleira er athyglisvert í skýrslunni. Hún er að sjálfsögðu einnig góð að ýmsu leyti og í henni margt athyglisvert. Hún dregur fram upplýsingar sem þörf var á. Svo kem ég að niðurstöðunum og það tengist efni þessa frv. væntanlega þó að það sé að vísu nokkuð vel falið í frv. sjálfu. Niðurstöður í skýrslu Hagsýslu ríkisins eru þær að einkavæða og selja hluta af starfsemi stofnunarinnar eins og er í tísku núna og það á að spara heilmikla peninga að mér er sagt miðað við forsendur núv. fjárlagafrv., gott ef ekki einar 40 millj. eða guð má vita hvað, í rekstri stofnunarinnar á næsta ári sem er reyndar ekki hægt og er tóm della. Menn ættu að fara að átta sig á því að það er ósiður að henda svona skýrslum fram og tillögur í fjárlagafrv. sem eru þess eðlis að það ætti að henda fólkinu út um áramót ef það ætti að vera möguleiki að ná fram þessum sparnaði.

En annað er mjög sérstakt í þessari tillögu um sparnað, ef það sem vakir aðallega fyrir mönnum er að spara peninga, en það er að leggja á niður, draga úr eða selja þá starfsemi Húsnæðisstofnunar sem hefur verið nokkuð sjálfbjarga, sem hefur skilað sértekjum og að verulegu leyti staðið undir eigin útgjöldum vegna þess að það hefur verið um útselda þætti starfseminnar að ræða. Þetta er furðuleg aðferð við sparnað. Ef menn eru með nokkrar deildir í opinberri stofnun að velja þá þær sem hafa staðið undir eigin rekstrarkostnaði með sértekjum og skera þær alveg. Í hverju felst sá sparnaður? Ég er hræddur um að reiknimeisturum hafi yfirsést það þó að þeir nái bráttóútgjöldum stofnunarinnar eitthvað niður, þá skera þær líka tekjurnar á móti. Ég er ansi hræddur um að sparnaðurinn verði ekki mjög mikill, a.m.k ekki á fyrsta árinu, þegar upp er staðið. Auðvitað er hægt að selja í eitt skipti einhverjar eignir ríkisins. Það er engin speki og það er hægt að lifa á þeim í einhver ár. Það er alveg ljóst að það væri hægt að reyna að koma í verð öllum eignum íslenska ríkisins og lifa á þeim í um tíu ár. En hvar stæðu menn þá? Þeir færu reyndar að leita út fyrir landsteinana eftir kaupendum því að það fé er ekki til innan lands. Ég held að það verði að gera skýran greinarmun á því sem einhver skynsemi er í og skilar einhverjum markmiðum og hinu að rjúka til í einhverju peningahallæri og selja eignir sem verða ekki seldar nema einu sinni. Að vísu var maður á Raufarhöfn sem seldi sama hundinn þrisvar út í skip af því að hann stökk alltaf í land og synti upp á bryggjuna um leið og skipin lögðu frá. Þetta var ágætur bisness en það mun ekki takast með eignir ríkisins. Þær munu ekki synda í land þannig að ríkisstjórnin geti selt þær aftur ár eftir ár. Þess vegna er engin speki fyrir mér að menn geti náð einhverjum aurum út með því að selja einhverjar teikningar eða einkavæða þvottahús Ríkisspítalanna og selja einhverjar þvottavélar o.s.frv. Menn gera það ekki nema einu sinni.

Hins vegar held ég að það væri þarft að hv. félmn., sem ég treysti til að vinna faglega að þessu máli, færi yfir starfsemi Húsnæðisstofnunar og skoðaði það að gera þar ákveðnar skipulagsbreytingar en ég held að það eigi ekki að vera neinn útgangspunktur í þeirri vinnu að það sé alveg lífsnauðsynlegt að selja einhvern hluta starfseminnar og leggja hana niður. Ég hef verið þeirrar skoðunar um nokkurt árabil að ástæða gæti verið til að endurskipuleggja t.d. hina tæknilegu og faglegu þætti í starfsemi Húsnæðisstofnunar en ég vil ekki leggja þá niður. Það er vitlaust vegna þess að ef Húsnæðisstofnun ríkisins á að sinna hlutverki sínu þarf hún að hafa faglega burði. Hún þarf að þekkja til þessara mála. Hún þarf að vera sjálf dómbær á byggingarkostnað. Hún þarf að geta veitt verktökum, arkitektum og öðrum slíkum aðilum aðhald og það gerir hún ekki ef þessi starfsemi verður öllsömul seld eða rústuð niður. Það er vitlaust. Það er ósiður sem þarf að fara að hætta að tala þannig um allan opinberan rekst-

ur að það sé endilega og sjálfkrafa alltaf af hinu góða að minnka hann. Það er komið úr tísku og hæstv. ríkisstjórn þarf að átta sig á þessu. Hvernig halda menn að ástandið væri hjá Vegagerð ríkisins ef þar væri enginn maður sem hefði vit á vegagerð eða í Flugmálastjórn ef menn þekktu þar ekki stél og tagl á flugvél? Það væri ekki mjög gáfulegt. Auðvitað ekki. Ef opinberar stofnanir eru til á annað borð og eiga að valda sínu hlutverki þurfa þær að hafa faglega burði á sínu sviði. Þær þurfa að hafa sérfrótt fólk og það þarf Húsnæðisstofnun ríkisins líka að gera ef við á annað borð ætlum að byggja á einhverju opinberu lánakerfi og einhverri slíkri þjónustu í þessum efnum.

Ég held þess vegna að nauðsynlegt sé að taka þetta frv. hæstv. félmrh. til rækilegrar skoðunar. Ég vona satt best að segja að það komi frá hv. félmn. í verulega breyttri mynd. En ég er ekki þar með að segja að ekki eigi að verða neinar breytingar. Ég held að það geti verið þarft að taka þarna dálítið til hendi. Ég hef t.d. verið þeirrar skoðunar að það ætti að efla Húsnæðisstofnun ríkisins hvað varðar rannsóknir og þróunarþátt mála í húsnæðismálum. Ég held að við Íslendingar höfum lagt allt of lítið á okkur í þeim efnum að rannsaka t.d. mögulegar, tæknilegar lausnir í húsbyggingum varðandi aðstæður okkar, loftslag og þarfir okkar hér á Íslandi. Ég tel að Húsnæðisstofnun ríkisins ætti að geta leikið ákveðið hlutverk í þeim efnum. Margir halda því fram að byggingarkostnaður í landinu gæti lækkað stórlega ef menn tækju betur á í þeim efnum og ef þeim aðilum, sem á undanförnum árum hafa verið að þróa ódýrar byggingaraðferðir, væri veittur stuðningur. Ég held að bankakerfið muni ekki gera það. Ég held að Íslandsbanki muni ekki gera það þótt menn afhendi honum stærra hlutverk á sviði húsnæðismála. Ég er alveg viss um það og ég held að það sé miklu nær að einhver opinber stofnun með sæmilega faglega burði sinni þessu verkefni. Það að vísa þeim yfir í húsnæðisnefndir sveitarfélaganna hefur þann stóra galla að það eru þó fyrst og fremst nokkur stærstu sveitarfélög landsins sem gætu sinnt þeim málum vel eðli málsins samkvæmt. Þar með væri verið að gera aðstöðumun sveitarfélaganna miklu meiri í þessum efnum.

Í 2. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir að félmrh. fái opna heimild til að haga skipulagi Húsnæðisstofnunar að vild eftir eigin geðþótta, hræra þar til deildum og endurskipuleggja starfsmannamálin. Það kann að mega færa nokkur rök fyrir því að það sé að mörgu leyti ekki heppilegt að hafa deildaskiptingu stofnana af þessu tagi rígskorðaða í lögum en að sama skapi ef menn ætla að hverfa frá því að það sé mælt fyrir um í lögum í grófum dráttum meginskipulag svona starfsemi þá er eðlilegt að menn spyrji um áform: Hvað stendur þá til, a.m.k. af hálfu þess hæstv. félmrh. sem nú fer með völd? Ég tel að beinlínis sé skylt að upplýsa Alþingi um það ef áform liggja fyrir um að beita heimildum sem verið er að afla til að endurskipuleggja stofnanir með þeim hætti sem 2. gr. gerir, þ.e. heimilar hæstv. félmrh. Ef maður fer hins vegar yfir frv. og les t.d. umsögn um 2. gr. þá er það ákaflega fátæklegt. Ég ætla að leyfa hv. þm. að heyra, með leyfi forseta, það segir um 2. gr.: „Ekki þykir heppilegt að fastsetja með lögum skipulag Húsnæðisstofnunar." Það er aðalrökstuðningurinn en það er ekkert sagt um hvað standi til. Samt liggur hér þessi skýrsla frammi eða þyrfti að gera það. Ég veit ekki hvort hæstv. félmrh. hefur látið senda hana þingmönnum en það er auðvitað þarft að gera það, það getur varla verið mikið trúnaðarmál þar sem í gangi eru tillögur um hvað eigi að gera. Þess vegna vakti það mikla undrun mína að í frv. er í raun inni ekkert á þetta minnst, það er látið sem ekkert sé. Að vísu geta glöggir menn áttað sig á því að í forsendum fjárlagafrv. er greinilega gert ráð fyrir að skera verulega niður starfsemi Húsnæðisstofnunar. En frv. sjálft, sem liggur fyrir og á að færa hæstv. félmrh. heimildirnar til að gera þetta, segir nánast ekki neitt um að hvað standi til. Þetta finnst mér óeðlilegur framsetningarmáti, hæstv. forseti.

Ég vil að það verði skoðað mjög vandlega hvernig að þessum breytingum verður staðið. Ég er ekki tilbúinn til þess að svo stöddu nema að betur athuguðu máli að fallast á breytingarnar sem 3. gr. frv. gerir ráð fyrir á stjórn Húsnæðisstofnunar. Ég tel að það þurfi að huga mjög vandlega að því, ósköp einfaldlega af praktískum ástæðum hvort það er t.d. heppilegt að fulltrúar heildarsamtaka verkalýðshreyfingar í landinu hverfi út úr stjórn Húsnæðisstofnunar. Vegna hvers? Vegna þess að það er ekki öðrum til að dreifa í landinu sem eru nær því að geta kallast umbjóðendur húsbyggjenda og húskaupenda en heildarsamtök launamanna á Íslandi. Ef menn vilja hafa samstarf við sík heildarsamtök um þessi mál, sem ég held að sé skynsamlegt, þá bið ég menn að benda mér á hverjir eru betur til þess fallnir en fulltrúar stærstu samtaka launamanna.

Nú er búið að slíta tengslin milli fjárútvegunar lífeyrissjóðanna til húsnæðislána og lánsréttar þeirra sem þar eiga í hlut. Þau rofnu tengsl hafa þegar skilað sér í lakari þátttöku lífeyrissjóðanna í fjármögnun byggingarsjóðanna. Hæstv. félmrh. getur e.t.v. upplýst okkur um það hvað mikið vantar upp á að lífeyrissjóðirnir hafi keypt þau bréf af byggingarsjóðunum sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Mér er nær að halda að það hafi fyrir nokkrum dögum legið einhvers staðar á bilinu 1–2 milljarðar króna sem vantar upp á að lífeyrissjóðirnir hafi keypt fyrir það fé sem byggingarsjóðirnir þurftu á að halda. Hvers vegna? Jú, ætli skýringin sé ekki nærtæk og sú að búið er að slíta þau tengsl sem byggð voru upp milli lífeyrissjóðanna og lánakerfisins. Hér á að ganga enn lengra á sömu braut. Hér á að setja út úr stjórn húsnæðisstofnunar fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar og opna eða víkka þessa gjá enn frekar á milli launamanna í landinu og húsnæðismálanna og húsnæðisstjórnar. Ég hef miklar efasemdir um þetta, hæstv. forseti. Ekki vegna þess að það sé ekki hægt að hugsa sér að kjósa fimm snillinga í þessa stjórn á Alþingi. Það er örugglega enginn vandi að finna hæfa einstaklinga til að setja inn í þetta. Ég er hreint út sagt að tala um þetta á þeim praktísku forsendum að ekki er öðrum til að dreifa að mínu mati sem geta kallast full-

trúar hins almenna manns í landinu, og þar með húsbyggjenda eða húskaupenda, en þeir sem tilnefndir eru af heildarsamtökum launafólks.

Þannig hef ég, hæstv. forseti, ýmsar efasemdir um margt í þessu frv. og er þó ekki byrjaður að tæpa á því sem mér er nú skapi næst að ræða sem er ósköp einfaldlega ástand þessara mála. Það eru afföllin í húsnæðiskerfinu, það eru yfirvofandi greiðsluerfiðleikar þeirra sem tekið hafa lán vegna íbúðarhúsnæðis á undanförnum árum vegna lífskjaraskerðingar í landinu sem er augljóslega fram undan. Öll þau hundruð og allar þær þúsundir manna sem hafa farið í gegnum greiðslumat miðað við tilteknar tekjuforsendur hafa nú orðið að taka á sig minni atvinnu, eru jafnvel í sumum tilvikum orðnir atvinnulausir og munu nú ekki ráða við þær skuldbindingar sem samkvæmt útreikningum og greiðslumati áttu að ganga upp fyrir einu, tveimur, þremur árum. Er þó ónefnt það sem verst er og það eru áform hæstv. ríkisstjórnar um að skerða vaxtabætur. Ég verð að segja alveg eins og er að það eru mér einhver mestu vonbrigði sem ég hef í langan tíma staðið frammi fyrir að núv. hæstv. félmrh. sem þrátt fyrir allt og allt — og sem ég hef átt talsverð samskipti við um þessi húsnæðismál í gegnum tíðina og ég hef aldrei dregið í efa að hefði góðar taugar í þessum málum — er nú svo illa komin að hún ætlar að styðja að því með ríkisstjórn að vaxtabætur verði skertar. Ég hefði fyrir einhverjum tíma satt best að segja ekki trúað því að svo ömurleg örlög ættu eftir að ganga yfir hæstv. núv. félmrh. En lengi skal manninn reyna eins og þar stendur.

Nú liggur fyrir í þinginu og er til umfjöllunar í efh.- og viðskn. — var reyndar afgreitt út úr þeirri nefnd í nótt, á næturfundi eins og nú tíðkast mjög svo nefndir þingsins neyðast jafnvel til að taka upp þann sið og er ekki til eftirbreytni þó hæstv. ríkisstjórn vinni nú yfirleitt ekki nema á nóttunni eins og kunnugt er. Það eru geysileg ótíðindi að mínu mati að það skuli á næsta ári eða árinu 1994 eiga að skerða vaxtabæturnar þó enn sé það nú eitthvað á reiki hjá hæstv. ríkisstjórn hvernig það skuli gert. Það eru svo mikil brigð við þetta fólk eftir allt sem við það hefur verið sagt á undanförnum árum að það er með ólíkindum. Aftur og aftur hafa menn vísað í vaxabæturnar þegar t.d. vextir á húsnæðislánum hafa verið til umfjöllunar.

Ég ætla, hæstv. forseti, ekki að fara lengra út í þá sálma að þessu sinni þó hugur minn standi vissulega til þess. Það er auðvitað svo að þegar þetta frv. um skattastefnu ríkisstjórnarinnar kemur til umræðu verður rætt um vaxtabæturnar á húsnæðislán að einhverju leyti. En það hefði að mörgu leyti verið eðlilegra og heppilegra að geta rætt það í tengslum við stöðu húsnæðismálanna almennt eins og þetta frv. býður upp á að gera og verður sjálfsagt gert þegar það kemur á dagskrá aftur, væntanlega einhvern tímann á nýju ári. Ég hef þá í eins stuttu máli og mér er kostur, hæstv. forseti, komið helstu athugasemdum mínum við þetta frv. á framfæri sem ég vildi gera við 1. umr. og vona að hv. félmn. hafi einhverja hliðsjón af því þegar hún fer að skoða málið. Ég endurtek að ég vonast til að sjá, þegar hv. félmn. hefur farið sínum höndum um þetta a.m.k. endurbætta útgáfu frv. koma inn til afgreiðslu.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegur forseti. Það frv. sem er til umræðu boðar nokkur tíðindi í húsnæðismálum og minnir okkur á það að undanfarin ár hefur það gerst aftur og aftur að menn hafa tekið sig til og breytt húsnæðiskerfinu og það allverulega. Það var sett upp breytt kerfi 1986. Það leiddi af sér mikla sprengingu í húsnæðismálum og varð til þess að menn settust niður til að skoða þessi mál af mikilli alvöru og leituðu leiða til að bæta þarna úr því að ljóst var að það stefndi í gríðarleg útgjöld af hálfu ríkisins vegna hins mikla vaxtamunar sem var í kerfinu frá 1986. Niðurstaðan af þeim umræðum varð sú að húsbréfakerfinu var komið á. Það er skoðun mín að þótt ýmsir gallar hafi komið fram á því kerfi eins og vænta mátti þá hafi það í heild verið til góðs.

Ég verð að segja að ég er ekki alveg sammála síðasta ræðumanni hvað það varðar hvert hlutverk ríkisins eigi að vera í húsnæðismálum því að ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að það ætti að vera það ástand hér að allt venjulegt fólk eigi að geta keypt húsnæði í gegnum lánakerfi bankanna. Hins vegar tel ég líka að hér eigi að vera öflugt félagslegt kerfi og mér hefur fundist meiri ástæða til að leggja áherslu á að efla félagslega kerfið fremur en að ýta fólki meira og meira út í húsbyggingar og íbúðarkaup, fólki sem ætti að geta farið aðrar leiðir. En þetta leiðir auðvitað hugann að því hvert hlutverk ríkisins á að vera í húsnæðismálum. Að mínum dómi á að styðja fyrst og fremst þá sem verr standa að vígi í þjóðfélaginu, og halda uppi öflugu félagslegu kerfi en það er auðvitað alltaf spurning hvort það á að vera stuðningur við t.d. þá sem eru að kaupa í fyrsta sinn. Við erum lítið þjóðfélag og auðvitað viðurkenni ég það að getu bankakerfisins eru takmörk sett en í rauninni held ég að umfang ríkisins í húsnæðismálum hafi orðið óeðlilega mikið á tímabilinu 1986–1989 eða 1990.

Það gefast tækifæri síðar í umræðunni þegar þetta frv. kemur frá hv. félmn. til að ræða þessi mál í þaula, við höfum nú nauman tíma. En í rauninni held ég að það þurfi að fara fram mikil grundvallarumræða um þetta, hvar á að draga mörkin milli félagslega kerfisins og einhvers sem við getum kallað almennt kerfi og hvar á aðstoð ríkisins að ljúka við fólkið í landinu? Auðvitað er alveg augljóst að sú aðstoð hefur verið veruleg í gegnum árin. Hins vegar hafa menn lent í alls konar ógöngum og náttúrlega gert fólki óskaplegan óleik með síendurteknum breytingum og kollsteypum sem ég tel að hafi valdið miklum skaða. Öryggisleysi hefur verið í húsnæðismálum og er enn við lýði og lýsir sér í því að fólk veit aldrei hvernig næsta ár muni líta út. Svo ég nefni bara dæmi frá allra síðustu árum þá hefur það verið boðað í fjárlögunum nú í tvö ár í röð að vaxtabætur verði skertar þannig að fólk veit aldrei á hverju er von. Þetta er auðvitað pólitík sem við þurfum að leggja af hér á Íslandi. Það gengur ekki að í hverjum málaflokknum á fætur öðrum sé verið með sífelldar kollsteypur og fólk geti aldrei lagt niður fyr-

ir sér hvernig eigi að fjármagna hvort sem það eru húsnæðismálin eða bara yfirleitt lífið sjálft.

Það frv. sem hér er til umræðu, virðulegur forseti, boðar mjög miklar breytingar á skipulagi Húsnæðisstofnunar ríkisins og ég verð að segja að þó við kvennalistakonur höfum oft og iðulega stutt við bak félmrh. og verið henni sammála í mörgu því sem snýr að húsnæðiskerfinu þá hef ég allverulegar efasemdir um þá leið sem hér er verið að fara varðandi skipulag Húsnæðisstofnunar. Það er ein af þessum spurningum sem við þurfum að takast á við, hvert vald ráðherrans eigi að vera í þessum efnum og hvert sjálfstæði stofnunarinnar eigi að vera. Mér þykir í þessum greinum verið gengið mjög langt í því að færa völdin til ráðherrans. Ég er hlynntari því að stofnanir ríkisins hafi nokkurt sjálfstæði í störfum sínum og vinni eftir lagaramma sem gefur skýrt til kynna hvert hlutverk viðkomandi stofnunar er. Í 2. gr. stingur sérstaklega í augu en þar sem segir:

„Ráðherra ákveður með reglugerð, að fenginni tillögu húsnæðismálastjórnar, skipulag stofnunarinnar, þar á meðal skiptingu hennar í svið eða deildir að því leyti sem ekki er kveðið á um það í lögum þessum." — Hér þykir mér býsna langt gengið ef ráðherrann á að ákveða með reglugerð skipulag stofnunarinnar. Mér þykir miklu eðlilegra að slíkar stofnanir skipuleggi sig sjálfar og hafi þá svigrúm til breytinga. Ég vil gjarnan biðja ráðherrann að skýra þessa grein. Hver er hugsunin á bak við þetta? Ég veit að félmrh. hefur átt í nokkrum deilum við stjórn Húsnæðisstofnunar og ég get að vissu marki skilið að auðvitað er ekki meiningin að ríkisstofnanir rísi beinlínis upp gegn ráðherrum og stöðvi stefnu ríkisstjórnarinnar. Ef ríkisstjórn hefur markað stefnu, hvort sem er í húsnæðismálum eða öðrum málaflokkum, þá verður hún auðvitað að hafa möguleika á að framfylgja þeirri stefnu. Það er þá Alþingis að kveða upp um það ef þar er verið á röngum brautum. En ráðherrann á auðvitað ekki að vera með fingurna í nánast hverju því sem gert er innan viðkomandi stofnunar. Eins og ég skil þetta þá finnst mér þetta vera of langt gengið.

Í 3. gr. er vikið að skipan húsnæðismálastjórnar og ég er í sjálfu sér sammála henni. Ég er ekki hlynnt því að aðilar vinnumarkaðarins séu fulltrúar á öllum mögulegum stöðum og þeir séu einhverjir sjálfsagðir umsagnaraðilar um alla skapaða hluti í þjóðfélaginu. En það á sér náttúrlega sögulegar skýringar að þessir fulltrúar eru þarna inni. Ég þykist vita að það verði þungt undir fæti að ná því fram að breyta þessu. Ég minni á það að þegar við vorum að vinna í breytingum á lögum um félagslega húsnæðiskerfið þá var það meiningin að stjórnir húsnæðisstofnananna yrðu alfarið á ábyrgð viðkomandi sveitarstjórna en við það var ekki komandi. Það kom ekki til greina og var ekki lagt út í það að taka aðila vinnumarkaðarins út úr þessum stjórnum. Þetta vekur upp spurningu sem er vissulega vert að velta fyrir sér: Hvernig á að skipa stjórnir af þessu tagi? Eiga þær að vera alfarið pólitískt skipaðar eða er eðlilegt að það komi ýmsir aðilar þar að? Það getur vissulega verið rétt í mörgum tilvikum. En að ASÍ og VSÍ séu einhverjir fulltrúar alls almennings í landinu — hvað um aðra aðila, t.d. BSRB sem eru stór félagssamtök? Þetta eru allt vandræði sem við lendum í þegar verið er að skipa stjórnir með þessum hætti. Það er ekkert réttlæti í þessu. Ég er í meginatriðum sammála þeirri hugsun sem felst í greininni. En ég er alveg viss um að þetta á eftir að mæta mjög mikilli andspyrnu. Ef þróunin verður sú að Húsnæðisstofnun mun fyrst og fremst hafa félagslega kerfið á sinni könnu og eins og menn tala um að jafnvel afnema ríkisábyrgðir á húsbréfum og færa húsbréfakerfið meira og meira út í bankakerfið, eins og reyndar var stefnt að frá upphafi, þá er auðvitað miklu eðlilegra að t.d. verkalýðshreyfingin eigi þar aðild að. En þá verða menn náttúrlega að sitja við sama borð. Það er ekki hægt að gefa ASÍ einhvern algeran forgang í þeim efnum.

Ein hugmynd sem ég vil reifa hér og varðar 4. gr. frv., það er eitt af því sem kom nokkuð til umræðu í nefndinni sem endurskoðaði félagslega húsnæðiskerfið og það er spurningin um það hvort ekki sé orðið tímabært að sameina Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. Nú hefur hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins náttúrlega dregist verulega saman og menn verða að vinna úr því dæmi á næstu árum en það er spurning hvort ekki má einfalda þarna allverulega og hreinlega afnema þessa skiptingu. Byggingarsjóður ríkisins gegnir nokkru hlutverki enn þá en það hefur minnkað mjög mikið og ég tel að fyllilega tímabært sé að sameina þessa sjóði. Ekki er ástæða til að skipta sjóðunum upp með þessum hætti.

Ég ætla ekki að fara nánar út í þessar skipulagsbreytingar hér, þetta verður rætt í nefndinni og við getum athugað þetta síðar og ég veit að það á eftir að skoða þetta allverulega.

Það er tvennt sem lýtur að sparnaðaráformum ríkisstjórnarinnar. Eftir því sem mér skilst þá var meiningin að Húsnæðisstofnun ríkisins næði 132 millj. kr. sparnaði. En mönnum sýnist að út úr því sem hér er lagt til komi 65 millj. kr. sparnaður samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef. Ég beini þeirri spurningu til ráðherra hvernig þetta komi heim og saman og hvernig og hvort sá sparnaður sem stefnt var að náist með þessu frv.? En það tvennt sem hér er lagt til er annars vegar að leggja niður skyldusparnaðinn. Ég held raunar að það hafi löngu verið orðið tímabært að endurskoða þennan skyldusparnað því að hann streymir jafnóðum út úr Húsnæðisstofnun sem inn og náttúrlega er það spurning hvort það er hlutverk Húsnæðisstofnunar ríkisins að vera einhvers konar sparisjóður fyrir skólafólk í landinu eins og hann hefur virkað á undanförnum árum. Ég er þess vegna sammála því að það þurfi að endurskoða þetta. En þarna er vissulega verið að setja Húsnæðisstofnun í nokkurn vanda því að þennan sjóð þarf að greiða út. Mér skildist á fulltrúum Húsnæðisstofnunar sem komu á fund efh.- og viðskn. að þeir þyrftu að taka lán eða fá ábyrgð fyrir lánum til að geta staðið undir þessu. Þetta fé, sem þarna hefur komið inn, hefur auðvitað verið hluti af rekstrarfé stofnunarinnar eða því sem farið hefur þar í gegn

í veltunni og lánunum. Ég vil því spyrja hæstv. félmrh. hvernig fyrirhugað er að Húsnæðisstofnun standi undir þessu og greiði út þennan skyldusparnað.

Þá kem ég að hinu atriðinu sem er tæknideildin, þ.e. hönnunardeild tæknideildar Byggingarstofnunar ríkisins. Ég er ekki á sama máli og hv. síðasti ræðumaður. Mér finnst ekki eðlilegt lengur að Húsnæðisstofnun ríkisins reki arkitektastofu. Auðvitað er mikið um slíka þjónustu í þjóðfélaginu og menn hafa margoft bent á að þessi deild Húsnæðisstofnunar er bæði að teikna hús og selja teikningar en jafnframt að hafa eftirlit með þessum húsum sem byggð eru eftir þessum teikningum. Þarna er um það að ræða að þrátt fyrir ákveðna verkaskiptingu, sem þarna á sér stað, hafa þeir eftirlit með sjálfum sér. Slíkt er ekki góðir stjórnarhættir. Hins vegar verður auðvitað horft fram hjá því að þetta þýðir að þarna missir hópur fólks vinnuna. Auðvitað er ekki fýsilegt á þessum tímum að ríkið sé að senda þennan hóp fólks út í atvinnuleysið. Það er alveg ljóst að það er atvinnuleysi meðal arkitekta nú þegar og tækniverkfræðinga og tæknifræðinga þannig að þetta er náttúrlega hinn versti tími til að framkvæma þessa breytingu. Að því leyti hlýtur maður að gagnrýna það að ríkisvaldið skuli á tímum sem þessum fara út í aðgerðir eins og þá sem hér er lögð til vegna þess að það er auðvitað skylda ríkisins að reyna að halda uppi atvinnustiginu. Ríkið á að beita sér fyrir aðgerðum til þess að halda uppi vinnu. Mér finnst lágmark að þessu fólki sé tryggð vinna og að ríkið sé ekki með þessum hætti að senda fólk út í atvinnuleysi. En formlega séð held ég að eins og ýmislegt annað sem tíðkast hefur í okkar stjórnkerfi þá sé þetta orðið úrelt. En ég er sammála síðasta ræðumanni um það að auðvitað á tækniþekking að vera til staðar hjá Húsnæðisstofnun. En tel að þessi teiknistofa og sala á teikningum sem reyndar hefur dregist verulega saman nú á allra síðustu árum eigi ekki að vera hlutverk ríkisins.

Ég held að ég sé nokkurn veginn búin að nefna það sem ég ætlaði að tala um í þessu máli. Auðvitað væri hægt að hafa hér langt mál um stöðu húsnæðismála og þá þróun sem þar á sér stað og ég vil taka undir það með síðasta ræðumanni varðandi húsbréfakerfið að þá þarf auðvitað að skoða þau áform mjög vandlega að aflétta ríkisábyrgðum af húsbréfakerfinu. Ekki síst miðað við þær aðstæður sem nú ríkja í þjóðfélaginu. Það er til umræðu að létta ríkisábyrgðum af húsnæðiskerfinu til þess að laga reikningsdæmið í lántökum ríkisins og ríkisábyrgðum sem m.a. sérfræðingar Seðlabankans telja að séu komnar langt úr hófi fram.

Virðulegi forseti. Ég ætla að nefna eitt atriði í viðbót og það er skerðing vaxtabótanna sem ég get ekki annað en harmað og minnt enn og aftur á að það var eitt af skilyrðunum fyrir stuðningi Kvennalistans við húsbréfakerfið að vaxtabótakerfið yrði látið í friði. Ég minnist þess að í nefndinni, sem fjallaði um húsbréfakerfið, voru nokkrar umræður um beinar greiðslur ríkisins. Mér er það minnisstætt að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar í þeirri nefnd voru afar efins um beinar greiðslur af þessu tagi og lái þeim hver sem vill því að reynslan sýnir okkur að það er alltaf verið að krukka í þetta. Stöðugt er verið að krukka í slíkar greiðslur, hvort sem þær heita barnabætur, vaxtabætur eða húsnæðisbætur, á hverju einasta ári. Ég hlýt að taka undir það sem hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, hefur bent á hér í umræðum að undanförnu að flestar þær aðgerðir sem nú eru til umræðu í ríkisfjármálunum beinast að einum ákveðnum hópi. Þó þær bitni reyndar á öllum launþegum þessa lands þá hefur sjónum verið beint mjög að barnafólki sem stendur í húsnæðiskaupum. Reyndar er hætt við skerðingu barnabótanna sem betur fer. En það er nú svo sem ekki betri aðgerð sem kemur í staðinn. En þetta er verulegt umhugsunarefni hvernig er verið að íþyngja þessu meðaltekjufólki.

Ég skora á hæstv. félmrh. að standa fast á bremsunum og sjá til þess að vaxtabótakerfinu verði ekki rústað á næstu árum. Þetta er ákveðin jöfnunaraðgerð af hálfu ríkisvaldsins. Við vissum það þegar húsbréfakerfinu var komið á að því fylgdi nokkuð meiri greiðslubyrði en var í gamla kerfinu og þess vegna var vaxtabótakerfinu komið á. Það átti að koma þar á móti til þess að styðja sérstaklega þá sem voru með lægri tekjur en réðu samt við að kaupa sér húsnæði í gegnum húsbréfakerfið. Það er lykilatriði að þetta kerfi fái að vera í friði.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eiginlega skaði að fá ekki tíma til að ræða þetta nokkuð ítarlega því að hér fara fram ágætar umræður um húsnæðismál og skipulag þeirra. Þó svo ég og hv. síðasti ræðumaður séum ekki að öllu leyti sammála þá held ég að við gætum haft gott af því að ræða okkar ólíku viðhorf til þessara mála.

Ég vil í fyrsta lagi segja að ég get verið hjartanlega sammála hv. þm. um að ástandið ætti að vera þannig að allir landsmenn hefðu þannig lífskjör og þannig aðstæður að þeir gætu keypt sér húsnæði án sérstakrar fyrirgreiðslu eða aðstoðar. Það væri best. En það er með það eins og svo margt margt annað sem mætti gjarnan vera einhvern veginn en er það bara ekki. Staðreyndin er sú að þessi fjárfesting er meira og minna að verða ofviða eða illviðráðanleg öllu almennu fólki. Yngri fjölskyldur í landinu eiga í geysilegum erfiðleikum með að komast yfir húsnæði eins og ástand mála er í dag og það hefur orðið stórum erfiðara á allra síðustu árum. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar og hef lengi verið að það sé í öllu falli ótímabært og mér er til efs að það hilli nokkuð undir þann tíma að við getum leyst húsnæðisvanda t.d. ungs fólks, þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn, með því að vísa þeim út á lánamarkaðinn. Ég sé engin þau teikn á lofti í íslenska bankakerfinu hvað vaxtastigið snertir eða aðrar aðstæður þar að það sé í sjónmáli að bankakerfið geti tekið við þessari langtímafjármögnun stærstu fjárfestingar í lífi venjulegra fjölskyldna, sem íbúðarkaupin eru, á skikkanlegum kjörum. Ég bara sé það ekki. Þess vegna held ég að það þurfi áfram að vera við lýði opinber stuðningur eða opinber fyrirgreiðsla af einhverju tagi sem beinist að þessum hópum og sér-

staklega þeim sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn. Ég er ekki sammála, því miður, að málum sé að verða það vel komið á Íslandi að við getum látið okkur nægja eitthvert takmarkað félagslegt íbúðakerfi fyrir þá allra lakast settu í þjóðfélaginu. Því miður er ástandið ekki þannig, og verður að mínu mati ekki næstu 25 árin eða svo eins og horfir í húsnæðismálum okkar. Þess vegna þurfum við að skoða breytingar á Húsnæðisstofnun ríkisins í því ljósi.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Auðvitað er hárrétt hjá þingmanninum að staða margra fjölskyldna og því miður allt of margra fjölskyldna í landinu er með þeim hætti að fólk ræður ekki við húsnæðiskaup í gegnum húsbréfakerfið. Það er alveg ljóst. En spurningin er: Er þá ekki nær að efla félagslega kerfið? Er eitthvað að því að hér sé öflugt félagslegt kerfi? Við getum spurt: Eru þau viðmiðunarmörk sem þar eru ekki allt of lág? Það er líka hægt að fara þá leiðina að efla það kerfi. En eins og við vitum er líka vandamál að draga mörkin, hvað telst vera þörf fyrir félagslega aðstoð. En þarna er spilar þróun launamála inn í og, eins og ræðumaður benti á, háir vextir og verðlagsþróun hér á undanförnum árum. Þessi þróun er auðvitað mjög í öfuga átt. En við getum líka spurt okkur: Er eitthvað eðlilegt að allt ungt fólk kaupi sér húsnæði? Hvað með leigumarkaðinn? Hér hefur náttúrlega verið mjög undarlegt ástand í leigumálum. Það er eins og það hafi verið hálfgerð skömm að leigja. Erlendis, t.d. á Norðurlöndunum, er það hið eðlilega form að fólk leigir í nokkur ár ef ekki alla ævina og þykir engum mikið. Leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga er mjög eðlilegt form. Hér hefur öllum verið beint inn á þá braut að kaupa eigið húsnæði. Ég hef verið mjög gagnrýnin á þá leið. Mér finnst að fólk eigi að geta valið um ýmsa kosti í húsnæðismálum, að leigja eða kaupa, en það er ekki endilega eðlilegt ástand að hver sem er ráði við það að kaupa húseign.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg við hv. síðasti ræðumaður séum ekki ósammála um það væri miklu heppilegra og skemmtilegra ef málin væru þannig að mönnum stæðu fleiri viðráðanlegir valkostir til boða í þessum húsnæðismálum á Íslandi. Það er auðvitað alveg hárrétt að tryggt leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum er húsnæðiskostur sem er mjög mikilvægt að sé fyrir hendi, m.a. vegna þess að sumt fólk er þannig statt í lífinu að það hefur ekki fest sig niður og þarf að geta leigt sér húsnæði um einhvern tíma á einhverjum stað á landinu o.s.frv. En það er með þetta eins og svo margt annað að við getum á grundvelli ákveðinnar óskhyggju rætt um hlutina eins og við vildum sjá þá vera en svo er bara veruleikinn kaldur og grár, og hann er það í þessum húsnæðismálum. Hér hafa menn byggt á verulegri séreignarstefnu í húsnæði og mönnum getur sýnst sitt hvað um hana, og þar á meðal ræðumanni, á hugmyndafræðilegum grundvelli. En hún er bara staðreynd, hún er það kerfi sem menn hafa búið við. Þó svo ég sé út af fyrir sig alveg sammála um að einhvern hluta þessa húsnæðisvanda eða þessara húsnæðismála sé ugglaust skynsamlegt að reyna að leysa í gegnum breytt félagslegt húsnæðislánakerfi eða íbúðakerfi þar sem jafnvel fleiri eiga kost á að fá úrlausn mála en nú er, þá sé ég ekki annað en að a.m.k. hvað viðskipti á fasteignamarkaði snertir munum við búa að þessari miklu séreign á íbúðarhúsnæði enn um langa framtíð. Við erum þess vegna að þrengja mjög möguleika t.d. ungs fólks ef það á enga færa leið í raun og veru í gegnum fyrstu íbúðarkaup inn á þennan markað. Ég held að sú leið verði ekki gerð fær nema að einhver verulegur stuðningur hins opinbera í formi þátttöku í kostnaðinum eða í formi lánsmöguleika sem eru hagstæðir verði við lýði a.m.k. næstu 25 árin. Ég segi næstu 25 árin vegna þess að það mun taka um 25 ár í viðbót að safna upp eðlilegri langtímafyrirgreiðslu á húsnæði í landinu sem er með veðrými upp á 250–300 milljarða og var meira og minna orðið afskrifað í lok óðaverðbólgutímans.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er vissulega rétt sem kemur fram hjá ræðumanni að auðvitað er þetta vandamál sem við stöndum frammi fyrir. En ég hlýt að benda á það hér að mönnum verður mjög starsýnt á þennan hóp, ungt fólk sem vill kaupa sér húsnæði í fyrsta sinn, en ég vil benda á það t.d. ef við erum að hugsa um stefnu ríkisstjórnarinnar að hún hefur haft fyrirheit um húsaleigubætur og ýmislegt fleira. Það er verið að mismuna fólki í húsnæðismálum. Og það eru fleiri hópar heldur en ungt fólk sem vill kaupa sér húsnæði í fyrsta sinn sem stendur frammi fyrir vandamálum. Það er hér misrétti í húsnæðismálum. Það er ósköp einfalt mál og þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir og þrýsting hefur ekkert gerst í málefnum leigjenda. Ég held að aukinn stuðningur við leigjendur og meira framboð á leiguhúsnæði mundi létta þrýstingnum nokkuð af húsnæðismarkaðnum og lækka íbúðaverð, sem er óeðlilega hátt að mínum dómi. En það er auðvitað rétt og ég tek undir það að auðvitað þarf að huga að þessu máli ekki síst í ljósi þeirrar launaþróunar sem verið hefur. Ég vil miklu frekar beina sjónum að launamálum og því hvernig launum er haldið niðri í landinu sem er að skapa ákveðið misgengi í þessum málum. Það er að verða til nýtt misgengi vegna þess hve laun eru hrikalega lág hjá öllum þorra launafólks.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Umræðan hér síðustu mínúturnar milli tveggja síðustu ræðumanna hefur nokkuð farið út fyrir efni frv. eins og það birtist á þingskjalinu og hefði verið ástæða til þess að ræða húsnæðismálin í víðum skilningi því að hér er auðvitað um mikilvægan málaflokk að ræða sem snertir flest fólk í landinu. En til þess gefst ekki tími á þessari stundu. Vonandi gefst tími til þess síðar.

Ég sagði í framsöguræðu minni að ég legði áherslu á það að frv. þetta yrði að lögum fyrir jól þar sem það tengist að verulegu leyti afgreiðslu fjárlagafrv. og þeim

sparnaði sem þar er ætlaður varðandi Húsnæðisstofnun. En mér skilst að samkomulag sé milli flokkanna um að afgreiða þetta mál aðeins til nefndar nú fyrir jól. Ég mun því stytta mál mitt eins og kostur er en reyna þó að svara þeim spurningum sem til mín hefur verið beint.

Mér fannst koma sérstaklega fram þegar við ræddum þetta frv. fyrir nokkrum dögum hjá hv. 2. þm. Austurl. og hv. 5. þm. Vestf. sú gagnrýni að hér væri um að ræða miðstýringu. Hér væri um það að ræða að útlán Húsnæðisstofnunar ríkisins ættu nú að fara inn á borð félmrh. Sú breyting fælist í þessu frv. að verið væri að gera Húsnæðisstofnunina að deild í félmrn. og með þessu fengi félmrh. vald til að skipta sér af einstaka úthlutun. Reyndar kom fram að meginefni þessa frv. væri raunverulega tvíþætt: að reka fólk og að félmrh. fengi það vald að hafa afskipti af einstaka úthlutunum. Þetta er ekki réttur málflutningur og ekki í samræmi við efni frv. eða tilgang. Jafnvel þó Alþingi vildi fá mér það vald að hafa afskipti af einstaka úthlutun þá mundi ég ekki kæra mig um slíkt vald og tel að slíkt vald eigi ekki að vera í höndum ráðherra.

En vegna þessarar gagnrýni frá 2. þm. Austurl. og 5. þm. Vestf. tel ég ástæðu til að benda á að frv. um breytingu á stjórnsýslulegri stöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins var lagt fram fyrir 113. löggjafarþing á árunum 1990 og 1991 þegar Framsfl. og Alþb. var í ríkisstjórn. Meginefni frv. sem þá var lagt fram er í þessu frv. sem við fjöllum um nú, m.a. um breytingu varðandi yfirstjórn stofnunarinnar og varðandi breytingu á húsnæðismálastjórn. Það atriði sem þeir hafa sérstaklega verið að gagnrýna í frv., sem er 3. tölul. 4. gr., þar sem stendur: „Áður en lánveiting á sér stað skal leitað staðfestingar félmrh. á forsendum lánveitingar ...“ og að túlka þá grein sem með því væri verið að færa úthlutunarvald á einstaka lánveitingum til ráðherra er alrangt. Í því frv., sem var lagt fram fyrir tveim til þremur árum af þáv. stjórnarflokkum, m.a. Alþb. og Framsfl., er að finna hliðstætt ákvæði. Í því frv., sem þá var lagt fram, kemur fram að húsnæðismálastjórn eigi að gera tillögur til ráðherra þar sem fram komi m.a. meginsjónarmið um útlánaflokka og ráðstöfun á fjármagni að svo miklu leyti sem skipting er ekki ákveðin í lögunum. Það er einmitt tekið skýrt fram í þessu frv. núna í athugasemd um 4. gr. hvað þetta þýðir. Þar segir: „Þá er og með tillögunni reynt að tryggja að ekki liggi aðeins fyrir fyrirhuguð skipting milli lánaflokka samkvæmt lögunum, heldur einnig þau sjónarmið sem húsnæðismálastjórn leggur til grundvallar úthlutun lána innan einstöku lánaflokka ...“ Ég tel því að efni þessarar ákveðnu greinar, sem ég hef hér gert að umtalsefni, sé svipað í báðum frv. Og ef menn vilja velja eitthvert annað orðalag á þessu þegar málið fer til umfjöllunar í nefnd þá geri ég engar athugasemdir við það.

En af hverju er þetta sett fram? Af hverju er þetta sett fram núna og af hverju var þetta sett fram fyrir tveimur til þremur árum? Ég tel mjög mikilvægt að ráðherra sem ber ábyrgð á þessum málum hafi eðlilegt svigrúm til að fylgjast með, t.d. að því er varðar framlagningu á fjárlagatillögum stofnunarinnar og að því er varðar meginsjónarmið við úthlutun sem Húsnæðisstofnun leggur til grundvallar, án þess að í því felist afskipti af einstaka lánveitingum. Ég vil t.d. nefna að ríkisstjórnin hefur reynt að leggja grunn að því að hægt sé að haga útlánum til lengri tíma. Það verði hægt að gera áætlanir til þriggja ára um úthlutun á lánum. Ríkisstjórnin hefur líka markað ákveðna stefnu til þess að draga úr kostnaði við lánveitingar, m.a. með því að vinna að því að fram komi lækkun á byggingarkostnaði, meðallánum á íbúð, að ákveðnum fjölda af lánum verði úthlutað til notaðra íbúða en ekki nýbygginga, að ákveðnum fjölda verði úthlutað til almennra kaupleiguíbúða sem bera hærri vexti en aðrar félagslegar íbúðir o.s.frv.

Fyrst og fremst er því um það að ræða að félmrh. á hverjum tíma gæti haft yfirlit og yfirsýn yfir þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar. Ég vil minna á í því sambandi að það hefur komið fyrir, mig minnir að það hafi verið fyrir tveimur árum, að ágreiningur reis milli félmrn. og reyndar fjmrn. einnig og húsnæðismálastjórnar þar sem fjmrn. taldi að húsnæðismálastjórn hefði úthlutað fleiri íbúðum heldur en fjármagn var til fyrir í fjárlögum. Um þetta spruttu nokkrar deilur. Hér er því fyrst og fremst um það að ræða að ráðherra sem ber ábyrgð á þessum málaflokki geti haft heildaryfirsýn yfir þessi mál en ekki að hér sé um að ræða afskipti af einstaka úthlutunum. Mér finnst, hv. þm., ekki sæmandi að bjóða það fram í þingsölum að hér sé verið að fara fram á vald til að hafa afskipti af einstaka úthlutun.

Hv. 5. þm. Vestf. nefndi að ekki hefði staðið á Húsnæðisstofnun að reiða fram nauðsynleg gögn t.d. í sambandi við það verkefni sem er verið að vinna varðandi það að ná niður rekstrarkostnaði Húsnæðisstofnunar. Vegna þessara orða stjórnarmanns Húsnæðisstofnunar vil ég láta það koma fram hér að við höfum oft og tíðum átt í mesta basli með það að hafa eðlilegan aðgang að upplýsingum úr stofnuninni til að geta unnið það verk sem okkur er sett í fjárlagafrv., að ná niður rekstrarkostnaði Húsnæðisstofnunar.

Ég ætla ekki að hafa mörg fleiri orð um þetta. Ég tel þó ástæðu til að minna á tvo þætti sem fram komu í máli hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingríms J. Sigfússonar. Hann spurði hvort það væri aukin áhersla hjá félmrh. að taka upp þjónustugjöld í auknum mæli varðandi þessa stofnun. Svo er ekki. Það eru engin áform um það af hálfu félmrn. eða með þessu frv. að það sé verið að taka upp aukin þjónustugjöld fyrir þjónustu veitta af hálfu stofnunarinnar. Hins vegar vil ég nefna það af því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vitnaði í úttekt Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, þar sem fram kemur að yfirstjórnin leggi áherslu á aukin þjónustugjöld, þá get ég staðfest það sem þar kemur fram vegna þess að ég hef bæði núna og á sl. ári óskað eftir tillögum stofnunarinnar til þess að geta náð niður rekstrarkostnaði hennar og dregið úr útgjöldum og þar hefur komið fram þessi áhersla á aukin þjónustugjöld af hálfu stofnunarinnar. En það er alls ekki svo að af hálfu ráðuneytisins eða þess ráðherra sem hér stendur sé lögð

áhersla á aukin þjónustugjöld, þvert á móti.

Varðandi það að hönnunardeildin standi undir sér, eins og fram kom hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrími J. Sigfússyni, þá kemur það fram í frv. að það er rekstrarhalli á hönnunardeildinni um 8–9 millj. kr. á árinu 1991. Það er því ekki rétt sem fram kemur hjá hv. þm. að sértekjur standi hér alfarið undir. Og ég vil leggja áherslu á að hér er fyrst og fremst verið að tala um hönnunardeildina sem slíka. Og af hverju er verið að leggja niður hönnunardeildina sem slíka? Vegna þess að menn telja að í því sé fólgin ákveðin mótsögn að íbúðirnar séu hannaðar og teiknaðar á vegum Húsnæðisstofnunar sem síðan á að hafa eftirlit með byggingu þessara sömu íbúða. Þess vegna þykir rétt að aðskilja þetta og þó hönnunardeildin hafi einhvern tímann átt rétt á sér sé tímabært að leggja hana niður eins og hún er. En auðvitað stendur eftir þjónustuþátturinn í þessari deild og allt eftirlit.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. Ég vil þó þakka ýmislegt sem fram kom í máli 18. þm. Reykv. Hún, eins og margir sem hér hafa talað við þessa umræðu, ræddi mjög efnislega um þetta mál. Ég tel að það komi fyllilega til greina og sé réttlætanlegt að skoða það, og tel raunar að stofnunin sé að gera það, að það megi sameina t.d. Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. Ég er henni alveg sammála varðandi húsnæðismálastjórnina og er það mikið fagnaðarefni hvað hún hefur mikla víðsýni til að bera í því efni að það megi endurskoða skipanina á stjórn Húsnæðisstofnunar og velta fyrir sér hvort ekki sé eðlilegt að breyta þar um. Og eins og hún réttilega nefndi hvort það sé endilega það rétta í þessu efni að setja málin fram með þeim hætti að aðilar atvinnumarkaðarins, ASÍ og VSÍ, séu sjálfskipaðir fulltrúar fólksins í landinu. Menn spyrja af hverju ekki t.d. BSRB? BSRB hefur ítrekað, og nú síðast fyrir nokkrum dögum, lagt áherslu á það við mig að fá sæti í stjórn þessarar stofnunar.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál og geri mér grein fyrir því samkomulagi sem hér hefur náðst um að fyrir jól verði málinu einungis vísað til umfjöllunar í nefnd. Væntanlega mun nefndin fjalla um frv. í jólaleyfi þingmanna. Ég legg áherslu á að það að verði fljótlega að lögum í byrjun næsta árs vegna þess, eins og ég nefndi, að afgreiðsla málsins er mjög tengd því að félmrn. nái fram þeim sparnaði sem því er uppálagður í fjárlagafrv.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Út af síðustu orðum hæstv. félmrh. vil ég geta þess að ég á ekki von á að þingnefndir starfi í jólaleyfi þingmanna. Ég vil einnig benda á að samkvæmt þessu frv. er fjarri því að þær breytingar sem hér eru lagðar til nái þeim sparnaði sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Hér er einungis talað um 45 millj. kr. sparnað á næsta ári upp í 114 millj. Frv. dugar því ekki til þess.

Mér kemur á óvart að heyra hæstv. ráðherra lýsa því hér yfir að hann hafi oft átt í mesta basli með að fá upplýsingar frá Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég mun kanna það mál og óska eftir upplýsingum embættismanna um hvort svo hafi verið því ef svo er þá er það auðvitað ámælisvert. Ég tel að embættismenn eigi að veita ráðherra þær upplýsingar sem ráðherrann óskar eftir.

Varðandi hönnunardeildina þá vil ég segja um skýrslu Hagsýslu ríkisins að það eru ýmsar athugasemdir við hana. Þar er ekki á ferðinni neinn heilagur sannleikur. Því miður eru menn breyskir og ekki síður í Hagsýslunni en annars staðar. Eins og áður hefur verið rakið þá er þessi skýrsla Hagsýslustofnunar líka að nokkru leyti pólitísk skýrsla. Það veikir því vissu leyti grundvöll skýrslunnar hversu pólitísk hún er í eðli sínu. En ég og fleiri höfum ýmsar athugasemdir við útreikninga Hagsýslustofnunar varðandi hönnunardeild.

Ráðherra gat um að hann bæri ábyrgð á þessum málum. Það er ekki rétt að því marki að hún ber ekki ábyrgð á þeim málum sem húsnæðismálastjórn ber ábyrgð á og ég rakti ítarlega í niðurstöðu Lagastofnunar Háskóla Íslands. M.a. er alveg ljóst að húsnæðismálastjórn hefur ein algert forræði á lánveitingum og endanlegt úrskurðarvald í þeim efnum. Það ætlar hæstv. ráðherra að taka af stjórnina og færa til sín.

Að lokum var minnst á frv. sem lagt var fram á 113. þingi. Það segir kannski alveg sína sögu um mat manna á því frv. að það varð ekki að lögum.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Út af orðum hv. síðasta ræðumanns til að fyrirbyggja misskilning vil ég taka fram að það sem fram kom í máli hans, þar sem hann vitnaði í mína ræðu, að félmrn. hefði átt í mesta basli með að fá fram upplýsingar hjá Húsnæðisstofnun, er of djúpt í árinni tekið. Það sem ég var að vitna til er að félmrn. er samkvæmt fjárlögum sett að ná fram ákveðnum sparnaði í rekstri Húsnæðisstofnunar. Til þess að vinna að því verki var sl. haust skipuð framkvæmdanefnd með aðild Húsnæðisstofnunar, Hagsýslustofnunar og félmrn. Þessi nefnd telur sig ekki hafa getað fengið fram þær upplýsingar og gögn sem hún þarf á að halda til að geta unnið sitt verk.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi þá nefnd sem hæstv. ráðherra vitnaði til síðast þá er ég ekki alveg sammála því að Húsnæðisstofnun eigi aðild að þeirri nefnd, a.m.k. á stjórnin ekki aðild að henni. Hins vegar hygg ég að sú nefnd sem hæstv. ráðherra vitnar til sé nefndin sem forstjóri stofnunarinnar situr í. Hann var skipaður í hana af ráðherra en e.t.v. má líta svo á að ráðherra hugsi sem svo að hann sé fulltrúi stofnunarinnar en hann er ekki fulltrúi stjórnar. En ég verð að segja að það kæmi mér á óvart ef forstjóri stofnunarinnar hefði ekki þau tök á upplýsingastreymi til þeirrar nefndar sem hann á sjálfur sæti í að það sé til einhvers baga varðandi starf nefndarinnar. Það kemur mér

mjög á óvart að heyra það en ég vil segja hæstv. ráðherra að ég mun að sjálfsögðu láta athuga það mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað. — [Fundarhlé.]

Grunnskóli, 1. umr.

Stjfrv., 296. mál (nemendafjöldi í bekkjum o.fl.). — Þskj. 452.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla, sbr. og lög nr. 1/1992.

Markmið frv. til laga um breytingu á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla, sbr. og lög nr. 1/1992, sem hér er lagt fram er að skapa grundvöll undir þann sparnað sem fjárlög 1993 gera ráð fyrir að náð verði í grunnskólum. Hér er um að ræða sömu aðgerðir til sparnaðar og fólust í 1. og 3. gr. I. kafla laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, lögum nr. 1/1992. Þau ákvæði laga um grunnskóla sem frestað var tímabundið með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum, nr. 1/1992, og frestað verður á ný með frv. þessu, ef að lögum verður, er í fyrsta lagi ákvæði 3. mgr. 4. gr. grunnskólalaga um að í grunnskóla skuli nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma sem er frestað til loka skólaárs 1993–1994.

Í öðru lagi eru það ákvæði 1. mgr. 46. gr. grunnskólalaga þar sem eru lágmarksákvæði um vikulegan kennslutíma nemenda í grunnskóla. Er gildistöku greinar þessarar frestað til loka skólaárs 1993–1994 og vikulegur kennslutími miðaður við það sem gert er ráð fyrir í frv. til fjárlaga 1993.

Í þriðja lagi er svo 6. mgr. 46. gr. þar sem kveðið er á um að koma skuli á fót skólaathvörfum við hvern grunnskóla. Því er einnig einnig frestað til loka skólaárs 1993–1994.

Auk þess er 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða sem breytt var með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum, nr. 1/1992, breytt þannig að í stað 1992–1993 kemur 1993–1994. Með þessu ákvæði er frestað til loka skólaársins 1993–1994 að fækka nemendum í bekkjum í samræmi við 75. gr. laga um grunnskóla. Eins og á yfirstandandi skólaári verður næsta ár miðað við 22 nemendur í 1. og 2. bekk og 28 nemendur í 3.–10. bekk og að fræðslustjóri geti þegar sérstaklega stendur á ákveðið fjölgun um allt að tvo nemendur í bekkjardeild.

Gera má ráð fyrir að frestun framkvæmdar ofangreindra ákvæða laga um grunnskóla, nr. 49/1991, spari ríkissjóði um 100 millj. kr. á árinu 1993. Í lögum um grunnskóla, nr. 49/1991, var í ákvæði til bráðabirgða gert ráð fyrir að vikustundum fjölgaði um alls 15 á þremur árum og má telja eðlilegt að þeim hefði verið fjölgað um 5 á ári. Sparar frestun þessa ákvæðis um 45 millj. kr. á næsta ári að því er ætlað er. Gera má ráð fyrir að frestun á því að fækka nemendum úr 22 í 18 í 1. bekk og úr 28 í 22 í 3. bekk spari um 55 millj. kr. Ekki er unnt að meta að fullu þann sparnað sem leiðir af frestun ofangreindra ákvæða grunnskólalaga allra. Einkum er erfitt að segja til um sparnað vegna frestunar á ákvæði um málsverði í skólum og skólaathvörf, en ljóst er að kostnaður við þessi ákvæði hefði að hluta fallið á sveitarfélögin.

Hér er um að ræða, hæstv. forseti, einfalt mál sem þó er umdeilt. Það var ítarlega rætt á síðasta þingi þegar hliðstæð ákvæði voru þá samþykkt.

Ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð en ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umræðu frestað. — [Fundarhlé.]

Útbýting þingskjals:

Heilbrigðisþjónusta, 310. mál, frv. heilbr.- trn., þskj. 486.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en atkvæðagreiðsla hefst vill forseti upplýsa að hér er fyrirhuguð utandagskrárumræða sem mun hefjast kl. 3.30. Því miður hefur ekki tekist að tilkynna þetta fyrr vegna þess að fundum hefur verið frestað öðru hvoru og er komið svolítið fram yfir þann tíma sem eðlilegt hefði verið að tilkynna um utandagskrárumræðu.

Utandagskrárumræðan er að beiðni hv. 18. þm. Reykv. og er um atvinnuleysið og aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Þetta verður hálftíma umræða sem hefst kl. 3.30.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 222. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 265, nál. 431, brtt. 432.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 432 (ný 1. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKJ, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkvæði.

27 þm. (ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JóhS, JBH, KE, MB, PJ, RA, SÞór, SP, StG, StH, SJS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKJ, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkvæði.
26 þm. (ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JóhS, JBH, KE, MB, PJ, RA, SP, StG, StH, SJS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKJ, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.
27 þm. (ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JóhS, JBH, KE, MB, PJ, RA, RG, SP, StG, StH, SJS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytis, frh. 1. umr.

Stjfrv., 295. mál. — Þskj. 427.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKJ, GHH, GuðjG, GHelg, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.
27 þm. (ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JóhS, JBH, KE, MB, PJ, RA, SP, StG, StH, SJS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKJ, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.
24 þm. (ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JóhS, JBH, KE, MB, PJ, SP, StG, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 299. mál (stjórn mjólkurframleiðslu). — Þskj. 466.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKJ, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.
24 þm. (ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JóhS, JBH, KE, MB, PJ, SP, StG, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKJ, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.
25 þm. (ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JóhS, JBH, KE, MB, PJ, SP, StG, StH, SJS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 78. mál (EES-reglur). — Þskj. 83, nál. 480, brtt. 481.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKJ, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.
3 þm. (AÓB, JVK, ÓRG) greiddu ekki atkvæði.
24 þm. (ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JóhS, JBH, KE, MB, PJ, SP, StG, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 481,1 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKJ, GHH, GuðjG, GHelg, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SÞór, SJS, StB, SvG, TIO, VS.
3 þm. (AÓB, JVK, ÖS) greiddu ekki atkvæði.
27 þm. (ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JóhS, JBH, KE, MB, PP, PJ, SighB, SP, StG, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
3.–4. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 481,2 (2 nýjar gr., verða 5.–6. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 481,3 samþ. án atkvgr.
5. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 481,4 (ný 6. gr., verður 8. gr.) samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.
1 þm. (PP) greiddi ekki atkvæði.
23 þm. (ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JóhS, JBH, KE, MB, PJ, SP, StG, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 276. mál (stjórnsýsluleg staða, skyldusparnaður o.fl.). — Þskj. 384.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 39:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁMM, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
nei: ÓÞÞ.
23 þm. (ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHall, GunnS, HÁ, HBl, JóhS, JBH, KE, MB, PJ, SP, StG, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. með 36:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁMM, EKJ, GHH, GuðjG, GHelg, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE.
nei: ÓÞÞ.
26 þm. (ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, JóhS, JBH, JónK, KE, MB, PJ, SP, StG, StH, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fjáraukalög 1992, 2. umr.

Stjfrv., 140. mál. — Þskj. 161, nál. 402 og 407, brtt. 403.

Frsm. meiri hluta fjárln. (Karl Steinar Guðnason):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1992 frá meiri hluta nefndarinnar og jafnframt fyrir brtt. nefndarinnar. Frv. þetta var lagt fram á Alþingi 19. okt. sl. og leggjum við fram brtt. við frv. á þskj. 403.

Nefndin kannaði hvern lið frv. til hlítar og fékk skýringar fjmrn. og fagráðuneyta á óskum um viðbótargreiðsluheimildir frá fjárlögum þessa árs. Að lokinni athugun nefndarinnar á frv. og að fengnum skýringum fagráðuneyta, sem bera ábyrgð á útgjöldum viðfangsefna, og álits fjmrn. féllst meiri hluti nefndarinnar á flestar tillögur ráðuneytanna um auknar greiðsluheimildir sem fram koma í frv.

Þær brtt., sem meiri hlutinn gerir við frv. eru flestar minni háttar en nokkrar meiri háttar. Samtals er gerð tillaga um 524,6 millj. kr. greiðsluheimildir í viðbót. Þá ætla ég að skýra þær brtt. sem meiri hlutinn flytur.

1. brtt. er vegna aðalskrifstofu forsrn. og snertir framlag vegna nefndarstarfa um endurskoðunarsamstarf Norðurlanda. Á þingi Norðurlandaráðs á Álandseyjum sl. vetur var ákveðið að skipa nefnd fulltrúa forsætisráðherra Norðurlandanna er hefði það hlutverk að endurskoða samstarf Norðurlanda og gera tillögur um breytingar á því. Nefndin skilaði áfangaáliti sem lagt var fyrir fund forsætisráðherra Norðurlanda í septembermánuði sl. Sá kostnaður sem þegar er til fallinn vegna þátttöku fulltrúa forsrn. í starfi nefndarinnar nemur um 4,5 millj. kr. Er hann til kominn vegna tíðra fundahalda og nokkurra daga heimsókna nefndarmanna til Íslands auk þess sem ráðinn var ritari í fullt starf á skrifstofu Norðurlandamála í sjö mánuði vegna þessa verkefnis.

Með 2. brtt. er einungis verið að breyta nöfnum á viðfangsefnum til rétts horfs.

3. brtt. snertir Búnaðarfélag Íslands og er tvíþætt. Annars vegar varðar hún forfallaþjónustu bænda. Landbrn. fór fram á 10 millj. kr. aukafjárveitingu vegna forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum. Um er að ræða vöntun sem skapast vegna þess að gjaldtaka vegna þessarar þjónustu var skert með lögum frá 15. maí 1990 en réttur bænda til þjónustunnar breyttist ekki fyrr en í maí sl. en þá var samþykkt sérstök breyting til þrengingar á þessum rétti og hann aðlagaður að gjaldtökunni. Hins vegar er um að ræða uppbætur á lífeyri vegna hluta ríkisins í launum héraðsráðunauta og frjótækna og ég kynnti í ræðu minni við 2. umr. fjárlaga fyrir árið 1993.

Formenn búnaðarsambanda óskuðu eftir því við fjárln. að veittar yrðu 14,1 millj. kr. í fjáraukalögum til greiðslu uppbóta á lífeyri vegna hluta ríkisins í launum héraðsráðunauta og frjótækna sem nemur 65% af launum þeirra. Umræddir starfsmenn búnaðarsambanda áttu aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins fram til ársins 1986. Fjmrn. hefur hins vegar aldrei fallist á að þeir væru ríkisstarfsmenn. Frá árinu 1987 hafa starfandi héraðsráðunautar og frjótæknar greitt í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda en halda áunnum réttindum í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og hafa fengið greiddan lífeyri í samræmi við það. Fjárln. leggur til að veittar verði áðurnefndar 14,1 millj. kr. til Búnaðarfélags Íslands vegna uppsafnaðra skulda við lífeyrissjóðinn frá árinu 1986 til ársloka 1992.

4. brtt. tekur til jarðræktar- og búfjárræktarframlaga vegna framkvæmda á árinu 1991. Á vorþingi 1991 var gerð breyting á jarðræktarlögum að tilstuðlan fyrrv. landbrh. sem m.a. átti að takmarka framlag ríkisins til jarðræktarframkvæmda við fjárveitingu í fjárlögum hverju sinni. Ekki voru allir á eitt sáttir um túlkun á því ákvæði. Fjmrh. féllst því á að taka inn í frv. til

fjáraukalaga fyrir árið 1991 35 millj. kr. viðbótarframlag til þessa þáttar, enda yrði umræddu ákvæði breytt þannig að ekki yrði um það deilt að framlög ríkisins til jarðræktarframkvæmda tækju mið af fjárveitingu í fjárlögum. Þrátt fyrir þessa aukafjárveitingu og um 60 millj. kr. framlags í fjárlögum 1992 virðist sem enn vanti 19 millj. kr. upp á framlög ríkisins vegna framkvæmda á árinu 1991. Til þess að ljúka þessu máli fyrir fullt og allt er lagt til að sú fjárhæð verði sett inn í fjáraukalög 1992.

5. brtt. snertir Tryggingastofnun ríkisins og er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða millifærslu á sjúkratryggingum yfir á Borgarspítala og Landspítala. Í fjárlögum 1992 er gert ráð fyrir að hækkun göngudeildargjalds úr 900 kr. í 1.500 kr. skili sér í auknum sértekjum sjúkrahúsa.

Í reynd er það svo að sjúkratryggingar greiða til sjúkrahúsa mismun á greiðslu sjúklinga og reikninga fyrir göngudeildarþjónustu. Hækkun sértekna lendir þannig að stærstum hluta á sjúkratryggingum en ekki á sjúkrahúsunum eins og áætlað er í fjárlögum. Því er lagt til að millifæra fjárlagalið sjúkratrygginga til Borgarspítala 61 millj. kr. og Ríkisspítala 30 millj. kr.

Hinn hlutur brtt. tekur til þátttöku ríkisins í lyfjakostnaði. Í forsendum fjárlaga 1992 var gert ráð fyrir að draga verulega úr lyfjakostnaði ríkisins þannig að á árinu 1992 yrði hann að hámarki 2,2 milljarðar kr. Í því sambandi var fyrirhugað að taka upp hlutfallsgreiðslur á lyf. Við gerð kjarasamninga á sl. vori féllst ríkisstjórnin á að samráð yrði haft við verkalýðshreyfinguna um útfærslu á þeim reglum. Um mitt ár tóku gildi reglur um hlutfallsþátttöku neytenda í lyfjakostnaði. Þær hafa til þessa haft óveruleg áhrif á lyfjaútgjöld en eru taldar gera það til lengri tíma litið. Að óbreyttu stefna útgjöld ríkisins til lyfja í allt að 400 millj. kr. umfram fjárlög 1992.

Lyfjaútgjöld ríkisins hafa verið til skoðunar milli heilbrrn. og fjmrn. í samþykktum ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að styrkja stöðu íslensks atvinnulífs og sporna gegn auknu atvinnuleysi er m.a. að finna aðgerðir til að draga úr lyfjaútgjöldum ríkisins á árinu 1993. Til þess að ná þeim markmiðum er lagt til að veittar verði 200 millj. kr. til sjúkratrygginga vegna lyfjaútgjalda. Það sem útgjöldin kunna að verða umfram heimildir á árinu 1992 mun þannig færast yfir á næsta ári og greiðast af fjárveitingum þess árs.

6. brtt. snertir Ríkisspítala og er einnig tvíþætt. Annars vegar er um að ræða áðurnefnda millifærslu á sjúkratryggingum en hins vegar er um að ræða leiðréttingu á sértekjum Ríkisspítala. Heilbrrn. fór fram á 96 millj. kr. framlag til Ríkisspítala vegna ofáætlaðra sértekna í fjárlögum 1992. Samkvæmt yfirliti frá Ríkisspítölum var greiðslustaðan neikvæð um 90 millj. kr. í lok september. Eftir að hafa skoðað erindið gaumgæfilega var lagt til að því yrði sinnt. Framangreind 30 millj. kr. tilfærsla frá sjúkratryggingum og 96 millj. kr. viðbótarfjárveiting í fjáraukalögum á því að gera Ríkisspítölum kleift að ná saman endum í rekstri þessa árs.

7. brtt. snertir Borgarspítalann. Um er að ræða áðurnefnda millifærslu á sjúkratryggingum.

8. brtt. tekur til St. Jósefsspítala, Hafnarfirði. Við fjárlagagerð fyrir árið 1992 var gert ráð fyrir verulegum breytingum á rekstri St. Jósefsspítala í Hafnarfirði sem leiða átti til lækkunar á rekstrarkostnaði spítalans. Aðallega gengu breytingarnar út á að auka innheimtu sértekna vegna sérhæfðrar þjónustu m.a. vegna „ambulant"-þjónustu. Nú er ljóst að þessar breytingar hafa að hluta ekki náð fram að ganga og að hluta til einungis frá 1. ágúst sl. Forsendur fyrir niðurskurði hafa þannig ekki staðist að fullu þótt góður sparnaður hafi náðst að öðru leyti í rekstri. Því er lagt til að sjúkrahúsinu verði bættur þessi mismunur að hluta til með 11 millj. kr. fjárveitingu í fjáraukalögum. En það sem upp á vantar til að endar nái saman í rekstri í ár, um 7–8 millj. kr., beri sjúkrahúsið af fjárveitingu næsta árs.

9. brtt. er afleiðing nýfallins dóms í Hæstarétti vegna kæru BHMR vegna setningar bráðabirgðalaga fyrri ríkisstjórnar sem felldi úr gildi umsamdar launahækkanir til handa félagsmönnum BHMR og samflotsfélaga þeirra. Dómurinn kveður á um bótagreiðslur vegna dagvinnulauna til handa félagsmönnum í samflotsfélögum BHMR sem störfuðu á tímabilinu september/desember 1990 og janúar/febrúar 1991. Hliðstæðar bætur koma á yfirvinnulaun. Ofan á þessar bætur reiknast síðan vaxtagreiðslur. Samtals er um að ræða 170 millj. kr. Greiðsluheimildir í fjárlögum 1990 og 1991 eru ekki lengur í gildi og því þarf að sækja um viðbótarfjárheimild að upphæð 170 millj. kr.

10. brtt. snertir Vegagerð ríkisins og 50 millj. millifærsla af viðhaldsfé yfir á nýframkvæmdir. Vegna minni útgjalda Vegagerðarinnar vegna snjómoksturs á þessu ári er unnt að nýta 50 millj. kr. til að undirbúa fyrirhugaðar framkvæmdir á næsta ári.

11. brtt. er millifærsla fjárveitinga frá hafnarframkvæmdum í landbrotsverkefni. Lagt er til að 7 millj. kr. fjárveiting verði færð af fjárlagaliðnum Hafnarmannvirki yfir á fjárlagaliðinn Sjóvarnargarðar vegna landbrotsverkefna á Akranesi.

Nú hef ég farið yfir eða flutt skýringar við brtt. Ég vil geta þess að líklega þarf fjárln. að sinna tveimur öðrum erindum sem eru nýkomin, og verður það þá gert fyrir 3. umr., en það er í fyrsta lagi vegna endurgreiðslna á eldsneytisskatti sem reyndist röng gjaldtaka samkvæmt milliríkjasamningi og einnig greiðsla vegna eyðingar á refum og minkum sem stafar af því að ref og mink hefur fjölgað mikið og þess vegna kostaði eyðing þeirra meira en áður.

Frsm. minni hluta fjárln. (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Við tökum nú til 2. umr. fjáraukalög fyrir árið 1992, en svo sem ljóst er af frv. sjálfu eru fjármál ríkissjóðs í miklum ólestri og sótt er um verulegar upphæðir að auki vegna þess hvernig málum hefur þar skipast. 5,5 milljarðar kr. sýnist mér geta verið nærri lagi að séu þær upphæðir sem þarf að bæta við í ríkissjóð frá því sem fjárlög ársins í ár gera ráð fyrir. Mér finnst því ekki óeðlilegt, hæstv. forseti, að hæstv. fjmrh. heiðraði okkur með nærveru sinni meðan farið er yfir þetta frv. sem ekki skiptir minna máli

en það að halli sem áætlaður var 4,1 milljarður verður nú a.m.k. 9,6 milljarðar og ég álít að hann eigi reyndar eftir að fara verulega fram úr því þegar öll kurl eru komin til grafar og öllu er til skila haldið og mun ég fara nokkuð yfir það í ræðu minni. Þess vegna spyr ég nú hvort hæstv. fjmrh. sé í húsinu. (**Forseti:** Samkvæmt töflu í borði forseta mun hæstv. fjmrh. ekki vera kominn í húsið, en forseti hefur nú þegar gert ráðstafanir til þess að koma til hans skilaboðum.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir það en bendi einnig á að ég tel að fleiri óvissuþættir séu í þessu frv. sem varða einstök ráðuneyti og einstaka fagráðherra sem væri fróðlegt að heyra í hvernig þeir ætla að sjá sínum fyrirtækjum eða stofnunum farborða, hvernig þeir ætla að leysa þau mál sem hljóta að blasa við. Ég nefni t.d. fjárvöntun hjá Hafrannsóknastofnuninni vegna þess að ekki hefur tekist að selja veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs svo sem áætlað var. Ég sé ekki betur en Hafrannsóknastofnunina vanti á bilinu 200–300 millj. kr. til reksturs á yfirstandandi ári, líklega nær 300 millj. kr. og ekki er sýnt í meðferð þessa máls eftir 2. umr. hvernig eigi að fara með. Ný býst ég við og reyndar veit að þessari ágætu stofnun hefur verið haldið gangandi með greiðslum væntanlega úr ríkissjóði þrátt fyrir það að sértekjur sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir hafi ekki skilað sér inn, en það væri fróðlegt að vita það. Kannski getur hæstv. fjmrh. svarað því ef hæstv. sjútvrh. er ekki viðlátinn. Sama má reyndar segja með hæstv. heilbrrh. sem ætlar að færa yfir áramót á bilinu 200–300 millj. kr. vegna lyfjakostnaðar sem fer fram úr þeim áætlunum sem fjárlög gera ráð fyrir. Ég nefni þetta hér í upphafi, hæstv. forseti, vegna þess að ég mun koma nánar að því í ræðu minni síðar. Ég er ekki að krefjast þess að þessir hæstv. ráðherrar séu kallaðir um langan veg, en ef þeir væru í húsinu gæti verið að ég hefði áhuga á því að þeir hlýddu á mál mitt, a.m.k. um stund, og svöruðu þá e.t.v. einhverjum spurningum.

Eins og ég gat um í upphafi er ljóst að verið er að fjalla um frv. sem gerir ráð fyrir að halli ríkissjóðs hækki úr 4,1 milljarði eins og fjárlög ársins 1992 gera ráð fyrir. Við sögðum reyndar stjórnarandstæðingar strax í umræðum um fjárlagafrv. fyrir um það bil ári síðan að við teldum að þetta frv. væri með öllu óraunhæft. Við töldum að sú stefna sem þar var boðuð um sparnað og niðurskurð mundi ekki standast, mundi ekki ná fram að ganga að öllu leyti, ekki skila því sem henni var ætlað og það er nú að sýna sig með því sem hér liggur fyrir og í öðru lagi mundi tekjuáætlunin vera byggð á mjög vafasömum forsendum.

Nú er það auðvitað svo að það sýnir sig að tekjuáætlunin stenst ekki, m.a. vegna þess að verulegur samdráttur er í þjóðfélaginu. Það er mjög vaxandi atvinnuleysi. Það eru erfiðleikar í atvinnulífinu, fyrirtæki að stöðvast og dregið hefur úr allri veltu vegna þeirrar stefnu sem hæstv. ríkisstjórn hefur rekið í efnahags- og atvinnumálum. Þetta hefur auðvitað áhrif á það að tekjuáætlunin stenst ekki heldur og vantar verulega upp á að endar nái saman þar. Þegar tekið er tillit til þeirra brtt., sem fluttar eru af meiri hluta hv. fjárln., sýnist mér að sá halli sem fjáraukalagafrv. gerði ráð fyrir vaxi um um það bil ½ milljarð kr. þannig að halli verði þá 9,6 milljarðar þegar búið er að ganga frá eða samþykkja þessar tillögur ef ekki á eftir að koma mikið meira í viðbót. Nú boðaði hv. formaður fjárln., hv. þm. Karl Steinar Guðnason, hv. 6. þm. Reykn., það að einhverjar tölur ættu eftir að koma milli umræðna en þær skipta nú ekki sköpum miðað við það sem fyrir liggur og verður að sjálfsögðu skoðað í nefndinni.

Þegar ég segi að öll kurl séu ekki til grafar komin og það eigi eftir að koma í ljós að hallinn á fjárlögum þessa árs eigi eftir að verða hærri en hér er gert ráð fyrir þá vil ég fyrst nefna þau vandamál sem mér sýnast vera uppi í heilbrrn. og tek það þá fyrst til hér af því að ég sé að hæstv. heilbrrh. er í þingsalnum og tilbúinn að hlýða á mál okkar hv. þm. En eins og fram kemur í bréfi sem hv. fjárln. barst frá heilbr.- og trmrn. stefnir lyfjakostnaður Tryggingastofnunar ríkisins í að fara verulega umfram á þessu ári. Í þessu bréfi segir m.a., með leyfi forseta:

„Allt bendir til þess nú að lyfjakostnaður fari um 400 millj. kr. umfram fjárlög 1992 og liggja til þess ýmsar ástæður. Aðallega þær að aðgerðir sem heilbrrh. hugðist grípa til töfðust vegna kjarasamninga og ákvörðunar ríkisstjórnar. Í fjáraukalögum er gert ráð fyrir að þessi umframkostnaður á árinu muni koma til frádráttar heimildum næsta árs. En ráðuneytið telur það með öllu óraunhæft."

Í fyrsta lagi vil ég segja að í greinargerð frv. er talað um 300 millj. kr. sem eigi að færa yfir áramótin yfir á næsta ár væntanlega með þeim hætti að það er þá um sinn halli á reikningum Tryggingastofnunarinnar. Í öðru lagi vil ég nefna að í þessu bréfi, sem skrifað er 23. okt. er gert ráð fyrir því að þessi halli verði um 400 millj. kr. og þar kemur fram að ráðuneytið telur með öllu óraunhæft að þessi upphæð verð flutt yfir á næsta ár, þessar 400 millj. sem voru 300 millj. samkvæmt frv. eins og það var lagt fram. Nú hef ég aflað mér upplýsinga frá Tryggingastofnun ríkisins um að þetta kunni að stefna í enn hærri tölur jafnvel nær 500 millj. kr. sem þarna fari umfram. Og í tillögum meiri hluta fjárln. er gert ráð fyrir að bæta við þessa upphæð sem nemur 200 millj. kr. Þá sýnist mér að Tryggingastofnun og/eða heilbrrn. standi aftur í þeim sporum að u.þ.b. 300 millj. kr. verði færðar yfir áramót. Ég vildi sérstaklega beina þessu til hæstv. heilbrrh. og kannski heyra álit hans á þessum málum hér á eftir og hvernig hann sér fram á að þetta verði leyst ef svo fer að ekki verði hækkuð fjárveiting þessa árs til Tryggingastofnunarinnar og til þessa málaflokks því að mér sýnist að hæstv. ráðherra hafi við nokkurn vanda að glíma á næsta ári þegar það liggur fyrir að í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að spara verulegar fjárhæðir í lyfjakostnaði og hefði sjálfsagt verið nokkurt verkefni að glíma við það eitt og sér þó ekki bætist við 300 millj. frá þessu ári sem nú er að líða.

Í öðru lagi talandi um heilbrrn. og málefni þess vil ég lýsa ánægju minni með það að hér er gerð brtt. á fjárlögum til Ríkisspítala sem nemur tæpum 100 millj. kr. vegna sértekna sem Ríkisspítölunum var gert að

innheimta á þessu ári sem nú er að líða. Hins vegar er gert ráð fyrir því og viðurkennt í greinargerð fjárlagafrv. fyrir næsta ár að þessar tekjur muni ekki skila sér og ekki sé raunhæft að ætla spítalanum að innheimta þær. Það blasti við um tíma að gerð væri hörð eða stíf krafa af hálfu fjmrn. um að Ríkisspítalarnir yrðu þá bara að spara á móti þessari upphæð eða sem henni næmi og fengju ekki fram þessa leiðréttingu sem þó var búið að viðurkenna í fjárlagafrv. fyrir næsta ár. En sem betur fer hafa menn séð að sér og hér er gerð leiðrétting á þessu máli sem okkur sumum fannst nú reyndar liggja í augum uppi og hefði verið mjög harkaleg aðgerð að þurfa að knýja á um frekari sparnað á Landspítalanum á síðustu vikum þessa líðandi árs ef fram hefði verið farið með þeim hætti sem fjáraukalagafrv. gerði ráð fyrir. Þetta eru þau atriði sem mig langar til að nefna sérstaklega í sambandi við heilbrrn. og varðandi það sem liggur hér fyrir í frv. og þeim brtt. sem hér eru gerðar. Síðan eru leiðréttingar eru reyndar gerðar á öðrum sértekjum eða innheimtu sértekna sem er millifærsla frá Tryggingastofnun ríkisins til Ríkisspítala og Borgarspítala og telst til sjálfsagðra leiðréttinga. Auk þess er nokkur leiðrétting á fjárvöntun til St. Jósefsspítala í Hafnarfirði en þó ekki að fullu það sem þeir töldu sig þurfa á að halda og gert er ráð fyrir því að þar verði flutt milli ára, einnig yfir á næsta ár handa þeim að glíma við til að ná niður kostnaði upp á 8–9 millj. kr. ef ég man þá tölu rétt. (Gripið fram í.) Eða 7 millj. kr., ef ég heyri rétt það sem hv. formaður fjárln. nefnir hér.

Þá er næst til að taka að í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir því að Hafrannsóknastofnun starfi nær einvörðungu fyrir sértekjur sem hún átti að hafa af sölu aflaheimilda Hagræðingarsjóðs upp á 525 millj. kr. Nú hefði mig langað til þess, hæstv. forseti, að annaðhvort hæstv. fjmrh. eða hæstv. sjútvrh. hlýddu á mál mitt. Ég vil gjarnan heyra hugmyndir um það hvernig þessi fjárvöntun, sem hlýtur að vera á þessari stofnun, verður leyst yfir áramót. Kannski má líka spyrja hvernig hún er leyst í dag þegar það er ljóst að söluheimildir sjóðsins hafa ekki skilað sér til ríkissjóðs eða ekki hefur verið hægt að selja þennan afla eins og áætlað var. Að vísu er gerð örlítil leiðrétting í frv. (**Forseti:** Forseti mun gera hv. þm. viðvart um leið og forseti veit um ferðir hæstv. fjmrh. En hæstv. sjútvrh. er ekki í húsinu enn sem komið er.) Ég þakka upplýsingarnar og eins og ég nefndi áðan þá geri ég svo sem ekki kröfu til að þeir hæstv. ráðherrar séu kallaðir um langan veg. En mér finnst bæði sjálfsögð og eðlileg krafa að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur þegar verið er að fjalla um fjáraukalög fyrir árið 1992 og verið er að veita honum heimildir til að auka hallann um meira en helming, í nær 10 milljarða kr.

En það sem ég vildi segja um Hafrannsóknastofnunina er að þegar veiðiheimildir voru boðnar til sölu sl. haust þá kom í ljós að þær skiluðu ekki nema sáralitlum upphæðum. Það voru ekki nema u.þ.b. 30 millj. og líklega ekki einu sinni það, á bilinu 25–30 millj. sem skiluðu sér inn til ríkissjóðs eða inn til Hafrannsóknastofnunar af andvirði þessara aflaheimilda. Síðan fór fram útboð á þeim aflaheimildum, sem sjóðurinn á, og voru tilboð opnuð 1. des. sl. og fólu þau tilboð í sér rétt um það bil 100 millj. kr. Var þá þegar leitað eftir því við þá sem tilboðin gerðu hvort og hverjir væru tilbúnir til að standa við tilboð sín og þeim gefinn ákveðinn frestur til svara sem ég hygg að hafi verið fram um miðjan þennan mánuð sem nú er að líða. Því ætti líka að liggja fyrir hvaða tölur hafa skilað sér af þessum 100 millj. — nú er ekki einu sinni víst að það hafi allt saman komið inn en kann þó að vera, ég skal ekki um segja, ég hef engar upplýsingar fengið um það, en ég hefði viljað heyra það frá hæstv. ráðherrum. En þó þetta hvort tveggja komi inn þá er ljóst að mikið vantar á enn þá. Í fjáraukalagafrv. sjálfu er gert ráð fyrr því að lækka þessar sértekjur um 83 millj. kr., sem átti að vera aðlögun að markaðsverði, og gert ráð fyrir fjárveitingu til stofnunarinnar sem þessu nemur af því að ljóst var talið að sértekjurnar mundu ekki skila sér. Enda þótt allt þetta sé talið saman og 102 millj. sem tilboðin frá 1. des. báru með sér skili sér þá er fjárhagsvandi þessarar stofnunar og það sem vantar upp á sértekjur hennar samt um 300 millj. kr. Þetta er mál sem við hljótum að þurfa að fá upplýst hvernig hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherrar, sem um þessa málaflokka og þessa stofnun fjalla, ætla sér að leysa.

Þá ætla ég hér næst að nefna fjárveitingar til flóabáta og vöruflutninga sem fá í fjáraukalagafrv. 28 millj. kr. fjárveitingu í viðbót við það sem áður var til að leysa þann vanda sem skapast hefur við rekstur Eyjafjarðarferjanna sem gerðar eru út undir umsjón Hríseyjarhrepps. Þessi rekstrarvandi, sem þar hefur safnast upp að undanförnu, hefur mætt verulega á hreppnum en gert er ráð fyrir að leysa hann með þeirri fjárveitingu sem lögð er til í frv. Staða þessara skipa og þessara flutningatækja kemur í ljós þegar skoðað er yfirlit frá Vegagerð ríkisins sem borist hefur til fjárln. og dagsett er 13. nóv. sl. þannig að málið er ekki að koma upp á borðið í gær eða fyrradag. Þessar upplýsingar eru dagsettar 13. nóv. og bera það með sér að óleystur uppsafnaður vandi í lok þessa árs sé 94,5 millj. kr. Frá því má síðan draga þessar 28 millj. sem Eyjafjarðarferjurnar eða Hríseyjarferjurnar eiga að fá samkvæmt frv. Óleystur vandi er því enn þá 66,5 millj. kr. sem Vegagerð ríkisins hefur varað við og sagt að stofnunin sé ekki tilbúin til að taka yfir um áramót um leið og þessi rekstur verður færður undir þá stofnun. Eins og menn vita er nýbreytni að hugsa sér það eða gera ráð fyrir því að Vegagerð ríkisins sjái um þennan rekstur. Ég hef út af fyrir sig ekki neina athugasemd að gera við það skipulag ef menn telja að það sé skynsamlegt og vafalaust er gott að ein stofnun haldi utan um málin öll og fylgist með því og fjárveitingar séu þá auðvitað til þerrar stofnunar til að standa undir þeim fjármunum sem ríkið ætlar sér að leggja til þessa reksturs. En það sem út af stendur í málinu er því 66,5 millj. kr. samkvæmt þessum upplýsingum.

Nú er þess að geta, og sjálfsagt að það komi einnig fram í þessari umræðu, að stofnuninni eru ætlaðar 330 millj. kr. á næsta ári samkvæmt fjárlagafrv. til að standa undir rekstri ferjanna en það blasir einnig við

samkvæmt þessum sömu upplýsingum frá Vegagerðinni að reksturinn mun verða kostnaðarsamari á næsta ári. Það virðist vera að bera í bakkafullan lækinn ef það er meiningin að láta þann halla, sem við blasir á líðandi ári, koma einnig yfir á Vegagerðina. Það getur ekki endað með öðrum hætti en þeim að framkvæmdir þar hljóta að skerast niður eða lækka, að þessi reksturskostnaður við ferjurnar upp á nær 70 millj. kr. verður þá dreginn frá vegaframkvæmdum. Ég veit ekki hvort maður má ímynda sér að það verði í þeim kjördæmum eða á þeim svæðum þar sem þessar ferjur veita þjónustu. Þar kæmi þá dálítið við útgjöld til vegamála í Vesturlands- og Vestfjarðakjördæmi og svo auðvitað í Norðurlandskjördæmi eystra sem þyrfti að standa undir rekstri þessara Hríseyjarferja. Að maður nú ekki tali um þann kostnað sem við blasir við rekstur Vestmannaeyjaferjunnar ef þeir Sunnlendingar ættu að taka það á sig. En ég er ekki að gera því skóna, hæstv. forseti, heldur bara að benda á að hér vantar verulega fjármuni til að Vegagerðin þurfi ekki að taka — ef henni er ætlað, ég segi ef henni er ætlað því að ég veit ekki um það — við þeim halla sem þarna blasir við. Ég hefði auðvitað viljað að hæstv. ráðherra svaraði okkur á eftir um það hvernig hann hefur hugsað sér að leysa þetta mál.

Í nál. okkar fulltrúa minni hlutans í fjárln. er næst getið um jarðræktarframlög eða ógreidda styrki vegna jarðræktarframlaga en síðan nál. var gefið út hefur verið tekin sú ákvörðun að taka þetta inn í brtt. meiri hlutans þannig að ekki þarf að fara fleiri orðum um það. Gert var ráð fyrir því að þessi skuld, sem búið var að gera nefndinni grein fyrir, væri ógreidd. Styrkir frá fyrra ári verða nú greiddir með fjárveitingu sem hér kemur fram í brtt. meiri hluta nefndarinnar. En um tíma leit út fyrir að ekki yrði orðið við þeirri ósk og því var bent á það hér í okkar nál. af því að fjárveitingar í fjárlagafrv. fyrir árið 1993 gerðu ekki heldur ráð fyrir að hægt væri að gera upp þessa skuld.

Við viljum þá líka árétta það eins og fram hefur komið síðustu daga að öllum landslýð og hv. þm. er ljóst að atvinnuleysið fer því miður mjög vaxandi. Það fer hraðvaxandi þessa dagana og þessar vikurnar. Það hlýtur að leiða til þess að vandi Atvinnuleysistryggingasjóðs vaxi einnig. Gert er ráð fyrir verulegum fjárhæðum til sjóðsins í fjáraukalagafrv. eins og það liggur fyrir. Ég hef ekki upplýsingar um það hvernig staða sjóðsins muni líta út núna þessa seinustu daga ef þessar tvær, þrjár, fjórar seinustu vikur þessa árs verða með þeim hætti sem nú blasir við. Auðvitað er hægt að grípa til þess ráðs að sjóðurinn gangi þá á eigið fé. Honum er ætlað á næsta ári að selja skuldabréf eða verðbréf sem hann hefur eignast á undanförnum árum. Ég spyr þá hæstv. fjmrh. að því hvort það liggi nú fyrir hver viðbótarfjárþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs kunni að vera vegna þess ástands sem nú blasir við og hvernig það mál verði leyst.

Mig langar ef ég má, hæstv. forseti, aðeins að hverfa aftur að málefnum Hafrannsóknastofnunar og skal ekki gera það í mörgum orðum. Ég fór nokkuð ítarlega yfir það áðan en þá var hæstv. fjmrh. ekki kominn í salinn. Ég spurði eftir því hvort það lægi fyrir hvernig eigi að mæta þeim sértekjum sem hafa ekki enn skilað sér inn til Hafrannsóknastofnunar af því að ekki hefur tekist að selja allar aflaheimildir Hagræðingarsjóðs. Mér telst til að með þeim breytingum, sem frv. gerir ráð fyrir og þeim sölum sem við vitum nú þegar um á aflaheimildum, 25–30 millj. í haust og e.t.v. allt að 100 millj. samkvæmt útboðum frá 1. des., ekki vitað hvað af þeim raunverulega skilar sér en gæti verið allt að 100 millj., tilboðin hljóðuðu upp á það, að þá vanti samt um 300 millj. kr. sem ekki er gerð grein fyrir hvernig verði leyst. Reyndar má skjóta því inn í líka að menn gera sér nú ljóst að það mun ekki takast að innheimta þessar sértekjur allar á næsta ári eins og þær voru áætlaðar í fjárlagafrv. fyrir næsta ár og ráðgerðar eru breytingar á því. Þess vegna hefði ekki verið óeðlilegt að breyta þessu einnig eða a.m.k. gera grein fyrir hvernig eigi að standa að málunum.

Þá langar mig aðeins að víkja að því, hæstv. forseti, að í fjárlögum þessa árs var gert ráð fyrir að afla ríkissjóði tekna upp á rúmlega 1 milljarð kr. með sölu ríkiseigna og ríkisfyrirtækja. Strax í haust þegar frv. var lagt fram var ljóst að þetta mundi ekki skila sér og var upphæðin lækkuð um 500 millj. kr. en enn er gert ráð fyrir að 500 millj. kr. skili sér á þessu ári til ríkissjóðs sem söluandvirði ríkisfyrirtækja.

Á lista, sem fjárln. barst frá fjmrn. 20 okt., kemur fram að aðeins 242 millj. kr. hafa þá skilað sér í ríkissjóð og, með leyfi forseta, langar mig að lesa þennan lista upp, hann er ekki langur. Þar er fyrst talað um sölu fasteigna sem eru einhverjar óskilgreindar húseignir og skiptir svo sem ekki öllu máli hvað er, ég geri engar kröfur um að fá það sundurliðað. En það hefur gefið 101 millj. kr. á þessum tíma. Framleiðsludeild ÁTVR hefur skilað 19 millj. kr., prentsmiðjan Gutenberg hf. hefur skilað 86 millj., Jarðboranir ríkisins hafa skilað 17 millj. og Ferðaskrifstofa Íslands 19 millj. kr. Samtals eru þetta 242 millj. kr. Síðar segir í texta með þessum lista, hæstv. forseti, með leyfi. „Þá er stefnt að því að selja hlutabréf ríkissjóðs í Þróunarfélagi Íslands og Íslenskri endurtryggingu síðar á þessu ári. Auk þess er reiknað með að hlutur ríkissjóðs í sölu Jarðborana hf. verði samtals um 130 millj. kr." En eins og áður var komið fram höfðu þá skilað sér á þessum tíma 17 millj. „Af sölu Jarðboranna hf. verði samtals 130 millj. kr. og er búist við að þær tekjur skili sér fyrir árslok. Samkvæmt fjárlagafrv. eru tekjur ríkissjóðs vegna sölu eigna áætlaðar 1.500 millj. kr. á næsta ári. Ekki hefur verið ákveðið hvaða eignir eigi að selja en ljóst er að eigi þessi áform að nást þarf að hefja sölu á hlut ríkisins í lánastofnunum á komandi ári, Búnaðarbanka, fjárfestingarlánasjóðum o.fl." Seinni hluti greinarinnar sem ég las upp á reyndar við um fjárlög næsta árs og það gefst tími til að spyrja hæstv. fjmrh. síðar að því hvaða fyrirtæki hann sé með í huga fyrir utan Búnaðarbankann sem hér er nefndur og er það eina sem nefnt er í svari við fyrirspurn frá nefndinni. En hvernig og hvort hæstv. fjmrh. er búinn að ná þessum 500 millj. sem fjárlög þessa árs munu gera ráð fyrir þegar búið er að samþykkja fjáraukalagafrv. eins

og það liggur fyrir með brtt. hefði ég gaman af að heyra frá hæstv. ráðherra og þá hvaða fyrirtæki það eru, t.d. hvað sala á Þróunarfélagi Íslands gaf og annað sem talið er upp og gert ráð fyrir í þessum áætlunum.

Mér sýnist á þessu, hæstv. forseti, sem ég hef hér upp talið og spurt um að allnokkuð vanti enn á að fjáraukalagafrv. og þær brtt., sem hér eru lagðar fram af hv. þm. sem skipa meiri hluta nefndarinnar, dugi til að leysa þau vandamál sem enn eru óleyst í ríkissjóði á þessu ári. Hæstv. fjmrh. mun eiga eftir að glíma við það, trúlega þó ekki héðan af á þessu ári, að fá samþykkt nýtt fjáraukalagafrv. með viðbótargreiðsluheimildum, viðbótarútgjaldatölum til að ná endum saman, en ég óttast að svo sé og það eigi eftir að koma í ljós.

Ég ætla ekki að gera að umræðuefni einu sinni enn þann skoðanaágreining sem uppi er um það hvernig eigi að ganga frá fjárlögum annars vegar og ríkisreikningi hins vegar og því samræmi sem þar þarf að gæta að sé á milli þannig að tölur séu aðgengilegar og skiljanlegar fyrir þá einstaklinga sem áhuga hafa á að kynna sér málin og fylgjast með. En í nýlega útkominni skýrslu frá Ríkisendurskoðun um framkvæmd fjárlaga til septemberloka árið 1992 sem kom út í nóvember sl. er enn þá minnt á þetta og þar gert ráð fyrir að ákveðnar fjárskuldbindingar séu teknar inn í uppgjör fjárlaga fyrir þetta ár til að sýna þær skuldbindingar sem ríkissjóður hefur tekið á sig. Með leyfi forseta ætla ég aðeins að lesa eina málsgrein upp úr skýrslunni sem varðar þetta mál, en að öðru leyti ekki að gera mikið úr því að þessu sinni, það á vafalaust eftir að koma upp við önnur tækifæri, en þessi málsgrein hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Afkomuhorfur A-hluta ríkissjóðs í árslok.

Í ágúst sl. lagði Ríkisendurskoðun mat á afkomuhorfur A-hluta ríkissjóðs í árslok 1992. Þar kom fram að ríkishalli að meðtöldum fjárskuldbindingum vegna Framleiðnisjóðs Íslands og lántökur ríkissjóðs vegna búvörusamnings frá árinu 1991, samtals að fjárhæð 2,6 milljarðar kr., stefndi í 11,6–12,1 milljarð kr. Stofnunin telur ekki ástæðu til að breyta þessu mati sínu á afkomu ríkissjóðs í árslok."

Þessi umræða var uppi í haust þegar Ríkisendurskoðun sendi frá sér skýrslu um afkomu ríkissjóðs fyrir hálft þetta ár og benti á þessar fjárskuldbindingar en ekki hafa enn verið teknar neinar skýrar ákvarðanir um það hvernig að skuli standa eða með skuli fara. En það var annar kafli í þessari skýrslu Ríkisendurskoðunar sem mig langar aðeins að gera að umtalsefni í lok ræðu minnar. Og það vil ég taka inn í þessa umræðu eða umfjöllun — (**Forseti:** Má forseti aðeins vekja athygli hv. þm. á því að það hefur verið ákveðin utandagskrárumræða kl. hálffjögur og vill því spyrja hv. þm. hvort hann eigi eftir langt mál þannig að það taki því fyrir hann að fresta ræðunni eða hvort hann geti lokið henni innan skamms tíma.) Ég held, hæstv. forseti, að ég muni geta það á fimm mínútum ef það er skynsamlegra, annars er ég tilbúinn að fresta henni líka. (**Fjmrh.:** Klára ræðuna. Þetta er góð ræða.) Ég veit það. Það er rétt hjá hæstv. fjmrh., þetta er góð ræða enda hef ég farið ítarlega yfir þessi vandamál sem hann hefur við að glíma og ég hef beðið um það að þeir hæstv. ráðherrar tveir sem hér heiðra okkur með nærveru sinni — þrír reyndar núna. (**Gripið fram í:** Fjórir.) Nú það er bara allt fullt af hæstv. ráðherrum. Það þyrmir yfir mann þegar þeir þyrpast hér allir inn. (**Forseti:** Þar sem það liggur fyrir að einn hæstv. ráðherra hefur óskað eftir að veita andsvar við ræðu hv. þm. þá væri betra að hann frestaði ræðunni nú því það getur annars dregist nokkurn tíma að henni ljúki og forseti vill standa við það sem áður hefur verið sagt að hér hefjist utandagskrárumræða.) Ég verð að sjálfsögðu við þeirri ósk, forseti.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Atvinnuleysið og aðgerðir ríkisstjórnarinnar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá hefst hér eins og áður hefur verið tilkynnt utandagsskrárumræða að beiðni hv. 18. þm. Reykv. um atvinnuleysið og aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Þessi umræða fer fram eftir fyrri málsgrein 50. gr. þingskapa sem þýðir það hv. málshefjandi og viðkomandi ráðherra hafa fimm mínútur hvor í fyrri umferð og tvær mínútur hvor í þeirri síðari, aðrir hv. þm. og ráðherrar hafa tvær mínútur hver, tvisvar sinnum ef því er að skipta.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Nú liggja fyrir atvinnuleysistölur nóvembermánaðar sem sýna að atvinnuleysi vex enn í landinu. Samkvæmt upplýsingum vinnumálaskrifstofu félmrn. var skráð atvinnuleysi 3,3% að meðaltali sem samsvarar um 5.000 manns á atvinnuleysisskrá og þessar tölur eru að nálgast ískyggilega þá spá sem Þjóðhagsstofnun gerði fyrr á þessu ári. Mér skilst samkvæmt nýjustu fréttum að spár hennar séu fremur að hækka ef eitthvað er. Hagstofan viðhefur aðrar aðferðir við mat á atvinnuleysi og samkvæmt hennar mati nálgast atvinnuleysi nú 5% eða það sem ríkir í löndum eins og Svíþjóð og Noregi um þessar mundir.

Það atvinnuleysi, sem nú blasir við okkur, er það mesta sem hér hefur verið skráð og er orðið meira en var á atvinnuleysisárunum 1968–1970 en þá gat fólk flutt til Svíþjóðar og Danmerkur í leit að vinnu en því er ekki að heilsa nú. Við stöndum því frammi fyrir því að glíma við þennan draug og leggja hann að velli. En það vekur athygli, virðulegur forseti, þegar tölurnar eru skoðaðar að atvinnuleysi er alls staðar meira hjá konum en körlum í landinu. Það er sama hvar skoðað er, atvinnuleysi er alls staðar meira meðal kvenna, en það vex þó meira hjá körlum en konum þessa stundina.

Atvinnuleysi hefur vaxið mest í Reykjavík og á Norðurlandi eystra en samkvæmt nýjustu tölum frá félmrn. hefur atvinnuleysisdögum þar fjölgað um 3.100

á Norðurlandi eystra og við hljótum að spyrja: Hvað er að gerast?

Samkvæmt tölum frá félmrn. er atvinnuleysið á höfuðborgarsvæðinu nú þannig að það er 3,6% meðal kvenna og 2,8% meðal karla eða að meðaltali 3,1%. Á Norðurlandi eystra er atvinnuleysi meðal kvenna 4,2% en 3,7% hjá körlum, eða 3,9% að meðaltali. Á Suðurnesjum ríkir enn mjög alvarlegt ástand en þar er atvinnuleysi kvenna 10,3% en 3% meðal karla eða að meðaltali 5,8%. Á landinu öllu þýðir þetta eins og áður sagði að atvinnuleysi er að meðaltali 3,3%.

Ríkisstjórnin kynnti í haust aðgerðir til aðstoðar atvinnulífinu og til þess að skapa vinnu í landinu en það bólar lítt á framkvæmdum. Sveitarfélögin ætla að leggja 500 millj. kr. til Atvinnuleysistryggingasjóðs til atvinnusköpunar í sveitarfélögum landsins og ríkisstjórnin hugðist verja um 2 millj. kr. í atvinnuskapandi aðgerðir en samkvæmt þeim fréttum sem borist hafa úr fjárln. hefur nokkuð verið saxað á þessar tölur.

Þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur boðað felast fyrst og fremst í vegalagningu, byggingarvinnu, viðgerðum á húsum ríkisins og það verður að segjast, virðulegi forseti, að þessar aðgerðir miðast fyrst og fremst við karlmenn meðan við stöndum frammi fyrir því að atvinnuleysi er meira í landinu meðal kvenna en karla og því hlýt ég að spyrja hæstv. félmrh.: Eru fyrirhugaðar sértækar aðgerðir til þess að draga úr atvinnuleysi kvenna? Og í öðru lagi: Á að flýta þeim verkefnum á vegum ríkisins sem mega verða til atvinnusköpunar í ljósi nýjustu upplýsinga um atvinnuleysið?

Þetta er óþolandi ástand sem við stöndum frammi fyrir og það verður að taka á því strax enda blasir það við okkur að haldi svo fram sem horfir munum við standa frammi fyrir stórfelldum félagslegum vandamálum í okkar landi og við megum ekki við því, þau eru næg fyrir. Mér fyndist nær að ríkisstjórnin sneri sér að aðgerðum til að draga úr atvinnuleysinu í stað þess að stunda linnulausar árásir á kjör launafólks í landinu, aðgerðir sem við eigum eftir að ræða hér á næstu dögum. Það er hlutverk ríkisvaldsins á samdráttartímum að halda uppi atvinnu í landinu í stað þess að magna kreppuna og kynda undir vonleysi með endalausu svartnættis- og niðurskurðartali sem á okkur dynur alla daga.

Virðulegi forseti. Við verðum að snúa vörn í sókn og stöðva þá óheillaþróun sem hér er hafin. Ég get ekki annað en tekið undir það sem fram kom hjá Verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík á fundi þess í gær þar sem þess var krafist að ríkisstjórnin segi af sér. Ég held að það sé þegar til lengdar lætur eina lausnin á þessu máli að við losnum við þessa vondu ríkisstjórn.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í ljósi nýjustu upplýsinga um atvinnuleysi hefur Þjóðhagsstofnun talið rétt að endurskoða spá sína um atvinnuleysi á næsta ári. Ný spá mun liggja fyrir öðru hvorum megin við jól en í nóvember spáði Þjóðhagsstofnun 4% atvinnuleysi á næsta ári. Í ljósi þessa er einnig rétt að vekja athygli á því að ASÍ spáði í nóvember að óbreyttu 20–25% atvinnuleysi á næsta ári og fram kom hjá VSÍ spá um 15–30% atvinnuleysi á næsta ári. 4–5% atvinnuleysi á næsta ári er vissulega allt of mikið atvinnuleysi en sem betur fer mun minna en víðast hvar í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Samanburður við aðrar þjóðir á næsta ári er þannig að atvinnuleysi er þar á bilinu, ef við tökum t.d. Evrópuríkin í OECD, 6,5–13%.

Það er einnig ástæða til að vekja athygli á úrvinnslu Hagstofunnar úr könnun á atvinnuleysi sem fram fór í nóvember sl. sem gefur ákveðna vísbendingu um samsetningu atvinnuleysis og að hvaða hópum og starfsgreinum atvinnuleysi beinist. Þar kemur fram að 77% þeirra sem voru atvinnulausir og fram koma í könnun Hagstofunnar hafa verið atvinnulausir skemur en fimm mánuði og 17% í hálft ár eða lengur. Það er einnig athyglisvert að í þeirri könnun kemur fram að 7,5% þeirra sem eru á atvinnuleysisskrá eru hættir að leita að vinnu og treysta sér ekki út á vinnumarkaðinn.

Ef við skoðum flokkun eftir atvinnugreinum þá kemur í ljós að stærstu hóparnir sem eru atvinnulausir koma úr iðnaði, þar með töldum fiskiðnaði, og verslun og þjónustu. Stærsti hópur kvenna kemur úr afgreiðslu- og þjónustustörfum en það voru um 33% þeirra sem komu fram í könnuninni og voru atvinnulausar. Ef við lítum á stærsta hóp karla sem eru atvinnulausir þá eru það karlar í ófaglærðum störfum en þeir voru um 30% þeirra sem mældust atvinnulausir.

Einnig kemur fram í þessari könnun að langtímaatvinnuleysi hefur ekki aukist merkjanlega frá ágúst til nóvember en í nóvember voru 297 einstaklingar sem höfðu verið lengur en eitt ár atvinnulausir sem er 0,2% af heildarvinnuafli sem hafi þá verið lengur atvinnulausir en í heilt ár.

Það er einnig ástæða til að vekja athygli á gjaldþrotum. Í samanburði við sömu mánuðina í fyrra, ef við skoðum mánuðina september til og með nóvember í fyrra, voru það 776 einstaklingar sem fengu úr Ríkisábyrgðasjóði launa sem hefur minnkað verulega á sömu mánuðum á þessu ári, frá september til nóvember, en þá voru það 436 einstaklingar samanborið við 776 á sömu mánuðum í fyrra.

Ef við skoðum hópuppsagnir þá eru þær einnig töluvert færri síðustu þrjá mánuði þessa árs heldur en á árinu 1991. Á árinu 1991 voru það um 1.295 einstaklingar en verða væntanlega núna síðustu þrjá mánuði ársins innan við 1.000.

Ef litið er á aðgerðir sem snúa beint að félmrn. og snerta aðgerðir gegn atvinnuleysi þá hefur starfsmenntun verið stóraukin sem er helsta vopn nágrannaþjóða okkar gegn atvinnuleysi. Á þessu ári úthlutaði Starfsmenntasjóður 48 millj. til 18 aðila og má ætla að með því njóti 6.000 manns góðs af þessari aðgerð með einum eða öðrum hætti. Könnun á högum og aðstæðum atvinnulausra, sem félmrn. er að beita sér fyrir og nú er að fara af stað og verður á vegum Hagstofunnar og Félagsvísindastofnunar, mun gefa okkur ákveðnar vísbendingar um hagi og aðstæður atvinnulausra sem

ég tel mjög mikilvægt að fá fram. Sérstakt framlag, 15 millj. á ári, sem verður á næsta ári þriðja árið í röð, til atvinnuskapandi aðgerða vegna atvinnumála kvenna sérstaklega og loks má benda á það að félmrn. hyggst á næstunni hrinda af stað sérstöku átaki í samvinnu við ýmsa aðila sem beinist að því að auka verulega starfs- og endurmenntun í hópi atvinnulausra.

Í lokin er rétt að vekja enn athygli á þeim almennu aðgerðum sem gripið hefur verið til í því skyni að rétta hag atvinnulífsins, afnám aðstöðugjaldsins, aðgerðir í gengismálum og aðgerðir í ríkisfjármálum sem miða að því að draga úr halla á ríkissjóði og fela í sér viðnám gegn versnandi afkomu fyrirtækja með því að bæta rekstrarskilyrði þeirra. Áhrif aðgerðanna eru að styrkja stöðu atvinnulífsins, einkum útflutnings- og samkeppnisgreina. Þetta stafar af lækkun á gengi krónunnar og því að aflétt hefur verið sköttum af atvinnulífinu. Einnig dregur úr þjóðarútgjöldum frá því sem áður var gert ráð fyrir sem mun leiða til minnkandi viðskiptahalla gagnvart útlöndum. (Forseti hringir.) Ég er rétt að ljúka máli mínu, virðulegi forseti.

Ég vil bæta því við að til viðbótar þessum almennu aðgerðum þá gætir auðvitað áhrifa af EES-samningnum og stærsti ávinningur þess er að sjálfsögðu þeir möguleikar sem skapast með niðurfellingu tolla á mörkuðum EB-landa til frekari úrvinnslu sjávarafurða og síðan eru aðgerðir sem fram koma í fjárlagafrv. en þar er verulegum fjármunum varið til framkvæmda til að treysta atvinnu, einkum til vegaframkvæmda og að nokkru leyti til viðhaldsverkefna. Og í tengslum við afgreiðslu fjárlagafrv. var ákveðið að verja auknu fé til rannsókna- og þróunarstarfsemi og til markaðsmála. Ríkisstjórnin hefur einnig ákveðið að verja 500 millj. kr. til aðgerða í atvinnumálum á Suðurnesjum í samstarfi sveitarfélaga, Íslenskra aðalverktaka og annarra fyrirtækja.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ríkisstjórnin leggur á skatta til þess að hægt sé að hafa ákveðin sálfræðileg áhrif. Ég held að hæstv. forsrh. hafi orðað það svo að það ætti að leggja á hátekjuskatt til þess að ná fram ákveðnum „psykólógískum" áhrifum. En það vill nú svo til að hin sálfræðilegu áhrif að því er varðar atvinnustig og atvinnuleysi eru orðin mikil hér á landi. Það er ímynd ríkisstjórnarinnar sem er farin að hafa þau áhrif á fólk að allt frumkvæði hefur verið stöðvað. Skattar eru lagðir á ferðaþjónustu sem er einn helsti vaxtarbroddur í atvinnulífinu. Það hefur verið ákveðið að leggja skatta á prentiðnað og bókaútgáfu sem mun ganga að henni dauðri. Og það eru þessi áhrif sem eru orðin mjög hættuleg í íslensku atvinnulífi. Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert að hæstv. félmrh. rifji upp staðreyndir í þessu máli með tölum, en það er ekki nóg, hæstv. félmrh. Ástandið fram undan er mjög alvarlegt. Í yfirlýsingu verkalýðshreyfingarinnar kemur fram að ríkisstjórnin er að efna til mikilla átaka. Kjarasamningum hefur verið sagt upp og það virðist vera að ríkisstjórnin vilji átök þótt maður sjái ekki alveg hvernig hún ætlar að standa frammi fyrir þeim í stað þess að hafa samvinnu við aðila vinnumarkaðarins um að koma í veg fyrir atvinnuleysi.

Ég tek undir með hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur þegar hún sagði að eina ráðið sé að ríkisstjórnin fari frá. Það er að vísu ekki nóg, en sú ímynd, sú sálfræðilega ímynd sem er nú við völd stuðlar að atvinnuleysi og þess vegna er ég sammála því að hæstv. félmrh. ætti að lýsa því yfir að það væri rétt fyrir ríkisstjórnina að fara frá.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil eins og hv. 1. þm. Austurl. þakka hv. málshefjanda fyrir að hefja þessa umræðu þó stutt sé. Vissulega hefði hún verðskuldað lengri tíma. En ég get ekki á mér setið að minnast á nokkur atriði í ræðu hæstv. félmrh. og þykir mér málflutningur hennar vera farinn að fjarlægjast allillilega það samfélag sem við lifum í. Ég get ekki séð hvað það kemur íslensku launafólki að gagni ef hæstv. ráðherra ætlar að setja alþýðufólk sem hefur unnið fyrir lágmarkslaunum á námskeið. Svona lagað gerir maður á Norðurlöndum þar sem þjóðfélagsaðstæður eru allt öðruvísi og fólki er beinlínis kennt að vera atvinnulaust. Þar hefur fólk leiguíbúðir sem það getur búið í eins lengi og það vill, það er tiltölulega skuldlítið og þar eru mjög háar atvinnuleysisbætur. Það er eins og hæstv. ráðherrann hafi ekki hugmynd um í hvers konar umhverfi hún lifir. Hvað á venjulegur fjölskyldumaður að gera við rúmar 40 þús. kr. til að lifa af? Á hann svo að fara á námskeið? Að hlusta á þetta! Auðvitað er það svo hér í landi að um leið og venjulegur launamaður missir laun, þó ekki sé nema einn mánuð, einn einasta mánuð, þá er öll spilaborgin hrunin vegna þess að íslenskar fjölskyldur eru svo skuldsettar. Það væri gaman að spyrja hæstv. ráðherra: Ætlast hún til að ung hjón, sem eru kannski með tvö börn í gæslu, segi lausu því rými, sem þau hafa fyrir börn sín í gæslu, um leið og þau verða skyndilega atvinnulaus eða ætli þau reyni ekki að halda því í von um vinnu aftur og þá kostar fyrir tvö börn 60 þús. kr. á mánuði. Ég held að hæstv. félmrh. sé búinn að gleyma hvernig það er að vera fjölskyldumaður á Íslandi í dag hér í landi krítarkortanna og húsnæðislánanna. Ég held að ríkisstjórnin ætti að setjast niður og reyna að gera sér í hugarlund hvað gerist þegar Íslendingur verður atvinnulaus og reyna að setja sig í spor þess fólks.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Böl atvinnuleysisins brýtur niður sjálfsvirðingu einstaklinga og jafnvel heilla samfélaga. Kostnaðurinn við það getur orðið hár, svo hár að betur getur borgað sig að verja nokkrum fjármunum til að spyrna við fótum þegar að kreppir eins og nú gerir. Smánarlega lágar atvinnuleysisbætur auka ekki á sjálfsvirðinguna. Hvorki á virðingu okkar samfélags né þeirra sem þær verða að þiggja. Steininn tekur þó úr því ýmsir njóta ekki einu sinni þessara smánarbóta. Tvennt einkennir atvinnuleysið nú. Það er í flestum atvinnugreinum og ekki bundið við einstaka hópa eins og oft hefur verið áður og þar af leiðandi þarf miklu

víðtækari aðgerðir heldur en oft hefur áður verið hugað að þó kannski hafi ekki verið gripið til þeirra sem skyldi. Hins vegar er staðbundið atvinnuleysi á Suðurnesjum sem virðist vera að verða viðvarandi einnig um vertíðartímann og sérstaklega hjá konum. Í fimmtán mánuði hefur atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum verið í kringum 10%, það er nú 10,3% og í heild er atvinnuleysi á Suðurnesjum 5,8%.

Fyrir örfáum vikum stóðum við hér og ræddum þetta sérstaklega og þá viðurkenndi hæstv. forsrh. að sértækra aðgerða væri þörf og ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Finnst henni að þær aðgerðir sem hún boðaði muni duga eða þarf meira til? Ég er dálítið hrædd um það. En allt sem gert er er auðvitað af hinu góða. Það sem er óvissa nú og verður áfram er það hvað ríkisstjórnin er að gera. Hér breytast hugmyndir og tölur á klukkutíma fresti ef maður er hér stöðugt og ég treysti ekki þessari stjórn.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það hefur um langt árabil verið grundvallaratriði í stjórnarstefnu ríkisstjórna á Íslandi að viðhalda fullri atvinnu og það er brennt inn í íslenska þjóðarsál að svo skuli vera. Því er eilítið sorglegt að þurfa að ræða þetta mál við hæstv. félmrh. sem væntanlega er sá ráðherra ríkisstjórnarinnar sem tekur þetta mest nærri sér og ræður minnstu þar innan dyra um ferðina í atvinnumálum og þeirri helstefnu sem núv. hæstv. ríkisstjórn framfylgir. Það hlýtur að vera vægast sagt sorglegt fyrir hæstv. félmrh. að bera þann titil í þeirri ríkisstjórn á Íslandi sem fær þau eftirmæli að hafa verið sú sem innleiddi atvinnuleysið. Því miður sjáum við ekkert í dag í aðgerðum núv. hæstv. ríkisstjórnar sem horfir til betri vegar. Þvert á móti höfum við í höndum bréf frá stærsta verkalýðsfélagi landsins þar sem það er búið að beina sjónum sínum að því máli númer eitt að koma ríkisstjórninni frá því fyrr en það verði gert verði ekki ráðin bót á atvinnuleysinu.

Ég ætla ekki að fara hér með einstakar tölur en vil þó benda hæstv. ríkisstjórn á það, sem hefur séð ástæðu til að verja hálfum milljarði til atvinnuskapandi aðgerða í einum landshluta, að sá landshluti þar sem atvinnuleysi hefur aukist mest á síðustu vikum, og þar er ekki um staðbundið eða tímabundið atvinnuleysi að ræða, það er Eyjafjarðarsvæðið og Norðurland.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Fimm þúsund Íslendingar eru atvinnulausir núna. Það eru fimm þúsund Íslendingar, sem hafa ekki tækifæri til að selja vinnuafl sitt, það eina sem þetta fólk á. Það má gera ráð fyrir því að um fimmtán þúsund Íslendingar búi við atvinnuleysi með beinum eða óbeinum hætti. Það liggur fyrir að nærri fimmti hver unglingur á aldrinum 16–20, ára sem vill vera á vinnumarkaði, hefur enga vinnu og er skráður atvinnulaus. 17% þeirra sem eru skráðir atvinnulausir hafa verið atvinnulausir í meira en hálft ár. Hv. síðasti ræðumaður sagði að hæstv. félmrh. hefði vafalaust frekar en aðrir ráðherrar tilfinningar í þessu efni og ég vona að svo sé. En ég segi: Furðu vel tókst ráðherranum að leyna þeim tilfinningum í svari sínu áðan. Hæstv. ráðherra lét sér sæma að nefna það í þessari ræðu sinni þegar við stöndum frammi fyrir meira atvinnuleysi á Íslandi en nokkru sinni á þessari öld að það væri sem betur fer minna en annars staðar. Hæstv. ráðherra lét sér sæma að nefna EES sem von fyrir þetta fólk. Hæstv. ráðherra lét sér sæma að lýsa því yfir að þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur gripið til væru einhver vonarglæta fyrir þetta fólk líka. Ég tel að ræða hæstv. félmrh. beri með sér alvarlegasta sjúkdóm ríkisstjórnar Íslands í dag sem er sá að hún er veruleikasvipt á öllum sviðum. Hún gerir sér ekki grein fyrir þeim vandamálum sem hér er við að glíma hjá því fólki sem hér er um að ræða. Þess vegna er það rétt sem Verkamannafélagið Dagsbrún sagði í gær:

Í fyrsta lagi: Ríkisstjónin fari frá. Í öðru lagi: Alþingi fari heim. Í þriðja lagi: Efnt verði til kosninga. Að lokum segir í ályktun Verkamannfélagsins Dagsbrúnar: Tekið var undir með lófataki. Ég er sannfærður um það, virðulegur forseti, að það er í rauninni ekkert annað svar en að koma þessari stjórn frá og að kveikja líf milli samtakaviljans úti í þjóðfélaginu og pólitísks vilja á Alþingi til að skapa nýja stjórnarstefnu sem hrekur helstefnuna á braut.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Fulltrúar ríkisstjórnarinnar nota það sér helst til málsbóta hér þegar talið berst að atvinnuleysi að ástandið hér sé þó skömminni skárra en það er í Evrópu. Við séum ekki hér með atvinnuleysi á evrópskan mælikvarða. Ég vil segja að við siglum hraðbyri inn í þennan evrópska mælikvarða ef fram heldur sem horfir. Á sumum sviðum erum við með evrópskan mælikvarða í atvinnuleysi. Við erum t.d. komin á evrópskan mælikvarða í atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum þar sem við erum komin yfir 10% og hefur verið lengi svo. Við erum líka komin á evrópskan mælikvarða varðandi atvinnuleysi ungs fólks. Fólks á aldrinum 16–20 ára þar sem atvinnuleysi er 16%. Þetta eru evrópskir mælikvarðar sem við erum að tala um þarna. Það er auðvitað það alvarlegasta sem mun gerast hér ef fram heldur sem horfir, eins og ég sagði áðan, að það mun gerast nákvæmlega það sama og úti í Evrópu. Atvinnuleysið mun hitta fyrst og fremst fyrir ungt fólk og konur. Þegar þetta tvennt er lagt saman þá fáum við út ungar konur og það eru þær sem verða helst fyrir barðinu á þessu og það er atvinnuleysi upp á 25% sem við erum komin með í löndum eins og Frakklandi og Þýskalandi.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Það hefur verið talað hér um námskeið og ýmislegt sem hægt væri að gera til að láta fólk nýta tíma sinn sem er atvinnulaust og margt af því er góðra gjalda vert og margt er auðvitað gert með það fyrir augum að fólk geti skapað sér vinnu eða fengið aðra vinnu, skipt um störf. En þessar aðgerðir eru eins og að skvetta vatni á atvinnuleysisgæsina ef ríkisstjórnarstefnan breytist ekki í aðalatriðum. Það sem ríkisstjórnin er að gera núna er að

skrúfa allt hagkerfið niður með álögum á fjölskyldurnar í landinu og með þessum aðgerðum elur hún á ótta og þessi ótti leggst eins og lamandi hönd á frumkvæði fólks.

Í gær var verið að gera grín að því að Evrópubandalagið væri með atvinnuskapandi hugmyndir sem væru byggðar á sálfræði. Þær byggja að 50% til á sálfræði. Auðvitað hefur sálfræði mikið að segja í þessum málum og það er einmitt sálfræði sem þessi ríkisstjórn beitir núna á fólkið í landinu sem dregur úr frumkvæði þess, sem dregur úr möguleikum þess til að skapa sér framtíð sjálft. (Forseti hringir.) Ég vil bara benda á eitt að lokum, forseti. Í stað þess að leggja á álögur þá væri hugsanlegt að létta þeim af eins og matarskattinum sem Danir tala um að gæti skapað 10 þúsund störf í Danmörku.

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Hér er til umræðu mesta þjóðfélagsböl sem við eigum við að stríða um þessar mundir. Skráðir atvinnulausir eru orðnir fimm þúsund og það er verulegt dulið atvinnuleysi í landinu. Ég vil minnast sérstaklega á það að í sveitum hefur um langa hríð verið mikið dulið atvinnuleysi. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í þessum efnum eru að koma í ljós þessa dagana. Það er verið að byggja loftkastala, gefa fólki væntingar, gefa fólki væntingar um 500 millj. til viðhalds opinberra byggnga, skera það svo niður í 100 millj. í gær en innheimta samt gjöld upp á 350 millj. til að standa straum af þessum 100 millj. Þetta eru kúnstir. En þetta eru aðgerðir ríkisstjórnarinnar í málinu. Vegaframkvæmdirnar voru skornar niður um 250 millj. kr. í gær og svo talar hæstv. félmrh. hér eins og hann viti ekkert um það. Talar um viðhald og vegaframkvæmdir sem einhverja lausn í atvinnumálum fyrir það fólk sem gengur atvinnulaust þessa dagana. En ég vil gefa ríkisstjórninni ráð. Ríkisstjórnin ætti að kanna hag þessa fólks sem er að koma inn atvinnulaust núna með skuldbindingarnar á herðunum. Ég held að það sé m.a. hlutverk lánastofnana í þjóðfélaginu að kanna kjör þessa fólks sem ræður ekkert við þær skuldbindingar sem það hefur á herðunum vegna þess að nú er verið að segja upp fjölmörgu fólki á besta vinnualdri með drápsklyfjar á herðunum af skuldbindingum. Hag þessa fólks þarf að skoða sérstaklega og þar þurfa allir að leggjast á eitt.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég álít að ekki þurfi að leggjast í kannanir og rannsóknir. Atvinnufyrirtækin þurfa að fá grundvöll og það verður að skapa hér atvinnu. Það er athyglisvert við þessa umræðu, hæstv. forseti, að forsrh., ábyrgðarmaður þessarar ríkisstjórnar, situr ekki hér í sæti sínu. Enginn af ráðherrum Sjálfstfl. er hér í sæti sínu. Það eru örfáir af þingmönnum stjórnarliðsins hér við þessa umræðu. Er þetta tilfinningin gagnvart því alvarlegasta vandamáli sem nú blasir við Íslendingum, þeim áhyggjum sem þúsundir fjölskyldna bera nú rétt fyrir jólahátíðina? Það er kannski dæmi þess að í stað þess að snúa sér að því að leysa og skapa atvinnu þá hefur þessi ríkisstjórn ákveðið að taka hvorki meira né minna en 4 þús. milljónir í erlendum lánum til að loka fyrirtækjum fyrir eilífð, leggja byggðir í eyði, leggja fiskvinnsluhús í eyði og að þar verði aldrei unninn fiskur eða ærlegt handtak framar. Þetta er hin göfuga stefna sem við búum við.

Þessi ríkisstjórn hefur brugðist. Hún situr núna í rugluðum áformum við að leggja nýja skatta og skyldur á þegna þessa þjóðfélags sem gerir það að verkum að atvinnuleysið mun margfaldast. Ég treysti því að margir hv. þm. stjórnarliðsins séu að verða tilbúnir í það að standa að vantrausti á þessa ríkisstjórn sem nú situr.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er gott að vera bjartsýnn og gott er að atvinnuástandið skyggir ekki verulega á jólagleði ráðherrans. En það kann að vera að jólagleðin sé eitthvað minni hjá því fólki sem gengur atvinnulaust og það er miklu fleira en skráningin segir til um. Margt fólk er óskráð og það þýðir lítið að reyna að telja því trú um að þess bíði einhver himnaríkisvist eftir að Evrópskt efnahagssvæði er komið á hér á landi. Það getur vel verið að það bíði velsæld þeirra uppa sem verið er að ráða þessa dagana til starfa út í Brussel fyrir allt að 800 þús. kr. á mánuði en það dugir lítið fyrir atvinnulaust fólk sem er hér heima á Íslandi. Það þýðir nefnilega lítið að vera með svona blekkingar. Það er verið að samræma atvinnuleysið á Íslandi því atvinnuleysi sem er fast úti á Evrópsku efnahagssvæði. Það er sorglegt að hlusta á þennan ágæta ráðherra, hæstv. félmrh., sem iðulega er miklu nær raunveruleikanum en aðrir ráðherrar í ríkisstjórninni. Ríkisstjórnin hefur búið til þetta atvinnuleysi að verulegu leyti með mislukkuðum ráðstöfunum og aðgerðaleysi. Hún vegur að velferðarþjóðfélaginu hvar sem hún kemur því við og félagslegu öryggi í landinu og lækkaði skattleysismörkin í gærkvöldi. Það er hárrétt hjá Dagsbrún og undir það þarf öll þjóðin að taka að ríkisstjórnin verður að fara frá.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegur forseti. Þessi umræða sem hér hefur farið fram speglar þann mikla óróa sem kominn er af stað úti í þjóðfélaginu og þær þungu áhyggjur sem þingmenn hafa af þessu ástandi en það er reyndar ekki að heyra hér af stjórnarliðinu. Það er margt góðra gjalda vert af því sem ríkisstjórnin hyggst gera til að draga úr atvinnuleysi en þetta eru allt saman hugmyndir og áætlanir sem munu skila sér á löngum tíma. Út af fyrir sig gott að menn hugsi til lengri tíma og komi upp námskeiðum en það gefur auga leið að ríkisstjórnin reiknar með því að atvinnuleysið verði viðvarandi. Þessar hugmyndir spegla það að reiknað er með að atvinnuleysið verði viðvarandi. Það sem við okkur blasir er það hvað á að gera nú? Hvað er hægt að gera núna til að draga strax úr atvinnuleysinu? Ég held að ríkisstjórnin þurfi að hugleiða það í alvöru að skoða það gamla ráð sem gripið var til hér á kreppuárunum að koma á fót atvinnubótavinnu. Það eru næg verk-

efni, það þarf ekki að grípa til óarðbærra verkefna, það er af nógu að taka hér af ýmiss konar samfélagsþjónustu og öðru sem hægt er að gera þjóðfélaginu til hagsbóta. Ég skora á hæstv. félmrh. að hugleiða þetta mjög alvarlega og koma með tillögur af þessu tagi.

En það er rétt sem hér hefur komið fram og ég nefndi hér í upphafi þessarar umræðu að það er fyrst og fremst stjórnarstefnan og aðgerðir ríkisstjórnarinnar sem hafa komið þjóðinni í þennan vanda. Eina lausnin á þeim vanda er að hún segi af sér og að hér verði breytt um stefnu. Þessi samdráttar- og niðurskurðarstefna magnar kreppuna. Það er hlutverk ríkisins að halda uppi atvinnustiginu í landinu á slíkum samdráttartímum en ekki að bæta á með aðgerðum af því tagi sem við erum að horfa upp á þessa dagana.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hér fara vægast sagt mjög sérkennilegar umræður fram af hálfu stjórnarandstöðunnar. Hér er látið að því liggja að ríkisstjórnin vilji stefna í átök við aðila vinnumarkaðarins. Það er látið að því liggja að ríkisstjórnin sitji bara auðum höndum og geri ekkert þrátt fyrir það atvinnuástand sem við búum við. Hún vilji ekki samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Mér finnst að svona málflutningur dæmi sig sjálfur.

Í veigamiklum atriðum eru efnahagsaðgerðirnar byggðar á tillögum aðila vinnumarkaðarins. Að vísu förum við ekki eins langt eins og var í tillögum ASÍ varðandi t.d. skattaaðgerðir. Á þeim stutta tíma sem ég hafði til umráða greindi ég frá aðgerðum sem ríkisstjórnin er að vinna að einmitt líka til þess að flýta ýmsum aðgerðum í atvinnumálum. Ég nefndi vegamálin þar sem er verið að flýta aðgerðum. Ég nefndi aðgerðir varðandi atvinnumál á Suðurnesjum sérstaklega þar sem er verið að setja 500 millj. í átak til þess að spyrna gegn atvinnuleysinu þar. Þá hefur ríkisstjórnin gert samkomulag við sveitarfélögin um framlag til verkefna sem auka atvinnu. Svo er það talin ósvinna hér að nefna EES sem tækifæri til þess að auka hér atvinnu.

Mér finnst þetta vægast sagt mjög sérkennilegur málflutningur. Ég vil einnig segja af því að það er verið að tala um samdrátt í kjörum fólks að vissulega er samdráttur í kjörum fólks, enda er það kannski ekki sérkennilegt þegar þjóðartekjur dragast verulega saman og afli stórlega minnkar að það komi fram í kjörum fólks. Og ég vil minna á að við höfum áður gengið í gegnum erfiðleika vegna ytri aðstæðna eins við erum að ganga í gegnum núna. Ég nefni árin 1988–1989. Þá voru Framsfl. og Alþb. við völd. Þá var gripið til aðgerða t.d. í kjölfar (**Gripið fram í:** Alþfl. líka?) Já, Alþfl. líka, mikilla verðlækkana sjávarafurða. Það varð breyting á raungengi um 8%. Hvert var kaupmáttarhrapið eftir þær aðgerðir? Það var 7,8% en við erum að tala um kaupmáttarhrap á næsta ári upp á 4,4%. Þeirra aðgerðir voru ekki veigameiri en það á þessum tíma. Mér finnst því að Alþb. og Framsfl. hafi ekki efni á því að gagnrýna þessar aðgerðir.

Og að gera lítið úr starfsmenntun eins og fram kom t.d. hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur þykir mér mjög sérkennilegt. Ég held að starfsmenntunin sé einmitt tæki til þess að búa í haginn fyrir t.d. ófaglært fólk.

Mér finnst það líka mjög sérkennilegt þegar hv. þm. Guðrún Helgadóttir telur mig ekki þekkja neitt kjör fólks eða hafa skilning á þeim. Ég vísa því á bug. Hún talar um það að fólk geti ekki lifað af 40 þús. kr. atvinnuleysisbótum. Það er alveg satt. En voru ekki atvinnuleysisbæturnar á tíma þegar Alþb. stjórnaði þær sömu? (Forseti hringir.) Og ég spyr líka af því að hún nefnir barnaheimilisplássin, sem vissulega eru dýr, þau voru líka dýr í tíð Alþb. þegar það stjórnaði.

Mér finnst því allur þessi málflutningur dæma sig sjálfur og að það sé einhver úrlausn í þessu efni að ríkisstjórnin fari frá. Hverjar eru tillögur stjórnarandstöðunnar í atvinnumálum? Það væri rétt að fá þær upp á borðið. Það er bara verið að gagnrýna og gagnrýna og gagnrýna en aldrei komið fram með tillögur. (Forseti hringir.) Og ég vil nefna það líka varðandi aðgerðir í sambandi við velferðarmál að ég get þó í tíð þessarar ríkisstjórnar komið í veg fyrir það að samdráttur verði á byggingu félagslegra íbúða sem var erfitt þegar Alþb. stjórnaði. Það var líka komið í veg fyrir að kjör t.d. fatlaðra væru skert.

Halldór Ásgrímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Það er óvenjulegt að ríkisstjórnin skuli koma fram með skoðanir á Alþingi um þessar mundir um þessi erfiðu mál. Ég vil eindregið leggja það til, hæstv. forseti, að það fari fram sérstök umræða um þau utan dagskrár þannig að hæstv. félmrh. gefist kostur á að tjá sig um þetta mál í meira mæli. Það er af hinu góða.

Ég ætla ekki að tala efnislega um málið og var eingöngu að biðja hljóðs um þingsköp til þess að koma þessu á framfæri þannig að hæstv. ráðherra fengi eðlilegan tíma til að fjalla um málið á Alþingi.

Fjáraukalög 1992, frh. 2. umr.

Stjfrv., 140. mál. — Þskj. 161, nál. 402 og 407, brtt. 403.

Frsm. minni hluta fjárln. (Guðmundur Bjarnason) (frh.):

Hæstv. forseti. Ég var nokkuð langt kominn í ræðu minni þegar hlé var gert á umræðu um dagskrármálið áðan. Það sem ég átti einkum eftir að fjalla um var að hluta til skýrsla Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga til septemberloka 1992 sem kom út og var dreift til hv. þm. í nóvembermánuði sl.

Það að ég skuli vilja ræða örlítið um efni þeirrar skýrslu tengt umræðum um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1992 er vegna þess að í upphafi máls míns áðan gat ég þess að staða ríkissjóðs væri svo slæm sem raun ber vitni m.a. vegna þess að menn vildu ekki horfast í augu við staðreyndir mála í upphafi þessa árs eða við afgreiðslu fjárlaga fyrir ári síðan. Þá gerði stjórnarandstaðan grein fyrir því að það væru svo veigamiklir

þættir í frv. þá og fjárlögum þessa árs sem gætu vart staðist að það mundi blasa við að hallinn yrði verulegur þegar liði á árið.

Þá héldu hv. stjórnarliðar og hæstv. fjmrh. því að sjálfsögðu fram að þetta væri besta og traustasta fjárlagafrv. sem hefði nokkru sinni komið fram og nú yrði breyting á frá því sem áður hafði verið. Það væri ekki hætt við því að menn stæðu uppi með verulega miklu meiri halla á þessu ári en fjárlögin gerðu ráð fyrir en raunin er nú nokkuð önnur, m.a. vegna þess að þær tillögur og hugmyndir sem settar voru fram hafa ekki náðst.

Þá kem ég að skýrslu Ríkisendurskoðunar sem í einum kaflanum reynir að meta árangur af sparnaðaraðgerðum í ríkisfjármálum á þessu ári. Þar tel ég að m.a. sé rökstuðning að finna við það sem ég hef verið að halda fram nú og við stjórnarandstæðingar héldum mjög ákveðið fram fyrir ári síðan. Þar ræddum við um að þessar áætlanir mundu ekki standast. Í skýrslunni segir m.a., með leyfi forseta:

„Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1992 var að því stefnt að lækka útgjöld A-hluta ríkissjóðs um 5,5 milljarða kr. Það svarar til 5% raunlækkunar útgjalda miðað við rekstrarumfang ríkissjóðs á árinu 1991.

Miðað við rekstrarumfang A-hluta ríkissjóðs á árinu 1991 má áætla að lækkun útgjalda skiptist í grófum dráttum þannig á árinu 1992 eftir tegundum útgjalda:

Laun og rekstrarútgjöld 3 milljarðar, tilfærslur 2,5 milljarðar, fjárfesting 500 millj. Samtals til lækkunar 6 milljarðar kr.

Viðhaldskostnaður 500 millj. Samtals til hækkunar 500 millj. kr.

Nettóbreyting útgjalda 5,5 milljarðar."

Lauslegt mat Ríkisendurskoðunar á þeim sparnaði sem náðst hefur á fyrstu níu mánuðum ársins 1992 bendir til að útgjöld A-hluta ríkissjóðs til loka septembermánaðar ársins 1992 hafi dregist saman að raunvirði um 1.9 milljarða kr. miðað við sama tímabil ársins 1991. Samdrátturinn skiptist þannig:

Rekstrarútgjöld og tilfærslur hafa dregist saman um 1,2 milljarða, vaxtagjöld um 950 millj., eignakaup um 900 millj. Samtals til lækkunar eru þetta 3 milljarðar 50 millj. kr. Tilfærslur hafa hins vegar hækkað um 1 milljarð 150 millj. og samtals breyting er þá 1.9 milljarðar kr.

Hér lýkur tilvitnun í þennan kafla úr skýrslu Ríkisendurskoðunar sem ber yfirskriftina „Mat á árangri sparnaðaraðgerða í ríkisfjármálum árið 1992.

Nú ætla ég ekki að gera lítið út því að allnokkuð hefur tekist að lækka ríkisútgjöld. Hér segir: Rekstrarútgjöld og tilfærslur um 1,2 milljarða kr. Hins vegar hefur tapast út af því aftur í tilfellum ýmiss konar 1 milljarður 150 millj. Nettó er þá sparnaðurinn 50 millj. Það sem hefur sparast er hins vegar í megindráttum, þ.e. það sem byggir upp þessa tæpu 2 milljarða, eða 1.900 millj., sem Ríkisendurskoðun gerði grein fyrir er að fjárfestingar hafa dregist saman, eða eignakaup, um 900 millj. sem var ráðgert að spara 500 millj. kr. samkvæmt þessari úttekt Ríkisendurskoðunar og vaxtagjöldin hafa lækkað verulega, um 950 millj. Þar er í raun nettósparnaðurinn sem Ríkisendurskoðun kemst að niðurstöðu um að hafi náðst á árinu.

Þetta vildi ég aðeins nefna hér, hæstv. forseti, og láta koma fram til þess að rökstyðja þann málflutning sem við höfum haft uppi og ítreka aftur að ég geri ekki lítið úr því að ákveðnir áfangar hafa náðst í þessu aðhaldi. Menn hafa náð áföngum.

Ég vil hins vegar gera athugasemd við það, eins og ég gerði við 2. umr. um fjárlög fyrir árið 1993, að ég held að menn verði að meta það og velta því fyrir sér hvað gerist við þennan sparnað. Hvar hafa menn náð sparnaðinum og hverjar verða afleiðingar hans? Ef hægt er að spara í útgjöldum ríkisins á þann hátt að við veitum þrátt fyrir það nokkurn veginn sömu þjónustu og við ætluðum okkur áður og teljum nauðsynlegt eða viljum veita og teljum að sparnaðurinn leiði ekki til annarra og alvarlegri afleiðinga til lengri tíma litið, þá væri þetta í lagi. Ég leyfi mér hins vegar að fullyrða að við eigum eftir að horfast í augu við ýmis vandamál þessu samfara. Það er út af fyrir sig áhyggjuefni og segir okkur að það er ekki auðvelt verkefni sem hér er reynt að takast á við þó það sé að sjálfsögðu mikilvægt, en það verður að hafa heildaryfirsýn þegar lagt er í svona aðgerðir og það óttast ég að þessi hæstv. ríkisstjórn og ráðherrar hennar hafi ekki.

Hér var rétt að ljúka umræðum utan dagskrár um atvinnumál, atvinnuástandið og atvinnuleysið. Þar voru auðvitað dregnar fram m.a. afleiðingar af þeirri stjórnarstefnu sem ríkir á þessu ári og hefur leitt til þess að atvinnuleysi hefur stóraukist. Það hefur auðvitað kallað á bein útgjöld ríkissjóðs. Ég óttast líka að sparnaðurinn í menntakerfinu og heilbrigðisþjónustunni eigi eftir að hafa afleiðingar til lengri tíma litið sem erfitt er og kannski útilokað að meta í dag. Niðurskurður til menntamála mun leiða til þess að við veitum ekki sömu þjónustu á því sviði og við höfum gert. Það kemur í ljós að niðurskurður á fjárframlögum til Lánasjóðs ísl. námsmanna og breytingar á úthlutunarreglum hans hafa leitt til þess að ungu fólki í háskóla- eða langskólanámi hefur verulega fækkað. Ég hef einnig nýlega farið yfir það að sá niðurskurður sem hefur átt sér stað á fjárframlögum til heilbrigðismála hefur m.a. leitt til þess að biðlistar eftir ýmsum aðgerðum hafa lengst. Þá eru ótalin þau vandamál sem ekki eru á yfirborðinu en kunna að koma fram síðar.

Ég ætla að fara að láta hér staðar numið, hæstv. forseti en langar þó að koma að einu máli, óskyldu því sem ég hef verið að ræða nú síðast, sem tengist því að þegar við afgreiddum fjáraukalög fyrir árið 1991 2. des. á síðasta ári voru gerðar smávægilegar breytingar á framlögum til ýmissa orkumála. Þau voru hækkuð þannig að hægt væri fella niður skuld ákveðinnar hitaveitu við ríkissjóð. Þá var talið að sú hitaveita byggi við þær aðstæður að það væri eðlilegt að hennar mál væru tekin þannig út fyrir ramma, ef má orða það svo, og leyst á sérstakan hátt. Við þetta vildu sumir ekki una og töldu nauðsynlegt að skoða það hvort ekki væri svipað ástatt með fleiri veitur eða hvort sérstök rök væru fyrir því að afgreiða málefni þessarar

hitaveitu á þann hátt sem þá var gert.

Í bréfi sem hv. fjárln. hefur fengið frá Ríkisendurskoðun kemur fram að þarna muni vera svipað ástatt með nokkrar dreifbýlisveitur. Líklega búa einar 10 veitur eða svo við mjög svipaðar aðstæður og hafa gengið frá sínum málum gagnvart ríkissjóði á svipaðan hátt. Þessar skuldir við ríkissjóð hafa orðið til þannig að ríkissjóður hefur lánað hluta af aðflutningsgjöldum aðveituæða og dreifikerfis. Ef þessar 10 veitur eru teknar sérstaklega og skoðaðar, þá eru skuldirnar við ríkissjóð um 18 millj. kr. Við höfum hug á því nokkrir hv. þm. að kanna hvort ekki sé hægt að meðhöndla málefni þessara hitaveitna með svipuðum hætti og gert var í fyrra. Mér er kunnugt um að málið mun hafa verið til umræðu hjá þingflokkum stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar en ekki er enn þá ljóst um niðurstöðu málsins.

Ég vildi nefna þetta við 2. umr. því að það er ekki ólíklegt að ef við fáum ekki einhver viðbrögð við þessu verði flutt brtt. við 3. umr. um fjáraukalög varðandi þetta mál. Einnig mætti hugsa sér að það yrði tekið til skoðunar við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1993.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins staðfesta að það er rétt sem hv. þm. sagði að það eru horfur á því að útgjöld sjúkratrygginga vegna lyfjakostnaðar reynist á þessu ári um 400 millj. kr. meiri eða rúmlega það heldur en fjárlög gerðu ráð fyrir.

Ástæðan fyrir því er tvíþætt. Í fyrsta lagi var fjárlagaáætlunin gerð í nóvember og desembermánuði á sl. ári þar sem fyrir lá að sparnaður hins opinbera í lyfjakostnaði hafði orðið mjög mikill á því ári, um 550 millj. kr. á rúmlega sex mánaða tímabili, og menn gerðu ráð fyrir því að þau áhrif mundu halda áfram í svipuðum mæli út árið 1992. Svo hefur hins vegar ekki reynst vera þannig að þær aðgerðir sem gripið var til um mitt ár 1991 skiluðu ekki jafnmiklum varanlegum árangri og virtist vera í árslokin. Þær skiluðu mjög miklum árangri til að byrja með en síðan dró úr þeim.

Í öðru lagi er skýringin sú að hlutfallsgreiðslukerfið sem átti að koma 1. apríl tók ekki gildi fyrr en á síðustu mánuðum ársins. Við metum það í heilbrrn. að það hafi kostað okkur í kringum 150 millj. kr.

Hv. þm. spurði til hvaða ráða yrði gripið. Það verður m.a. gripið til þeirra ráða að í gær lauk fundi lyfjaverðlagsnefndar þar sem tekin var afstaða til tveggja tillagna um lækkun á álagningu í heildsöluverði. Um er að ræða tillögur um lækkun á heildsöluálagningu sem nema um það bil 4% eða rúmlega það sem er um 18% lækkun á heildsöluálagningu á lyfjum. Þessar tvær tillögur þar að lútandi voru afgreiddar á lyfjaverðlagsfundi. Um þær varð ágreiningur. Ágreiningi skal samkvæmt lögum skjóta til heilbrrh. Það mál liggur nú til úrskurðar á mínu borði og úrskurður verður gefinn í dag eða á morgun. Engu að síður er ljóst nú þegar að ákvörðun verður tekin í þá veru að álagning í lyfjaverslun, virðulegi forseti, verður lækkuð allverulega þannig að þar munu sparast verulegar fjárhæðir. Auk þess munum við grípa til þeirra ráðstafana sem frv. til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar og fleira gera ráð fyrir.

Frsm. minni hluta fjárln. (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þær upplýsingar sem hann gaf við þeim vangaveltum sem ég var áðan með um það hvernig ætti að ná þeim mörg hundruð milljónum króna, ég hygg að það muni vera um 600 millj. kr., sem fjárlagafrv. fyrir næsta ár, eins og það liggur nú fyrir, og þessi millifærsla yfir áramót knýr hæstv. ráðherra til að ná á næsta ári.

Að vísu vantaði það að hæstv. ráðherra gerði okkur frekari grein fyrir því hvaða upphæðir væri hér um að ræða. En eins og hann sagði er málið mjög nýtt, ef það má orða það þannig. Ef endanlegar ákvarðanir hafa kannski ekki verið teknar enn en unnið að málinu í gær og það í athugun þessa dagana þá geri ég mér auðvitað grein fyrir því að það tekur einhvern tíma að fá í þetta niðurstöðu og sjá til hvers það kann að leiða.

Ég lýsi ánægju minni með ef það tekst að lækka lyfjaverðið því mér finnst að það hafi nokkuð vantað í aðgerðir hæstv. ráðherra hingað til að knýja fram skipulagsbreytingar, að knýja fram breytingar hvað varðar skipulagsmálin, lækka verðið á lyfjunum og gera breytingar sem þannig hafa áhrif. Aðgerðirnar hafa meira miðast við að senda reikninginn til neytendanna, til þeirra sem hafa notað lyfin og þeirra sjúku sem hafa þurft á þeim að halda, gera breytingar í þá veru frekar en það að ráðast beinlínis að þessu skipulagi og m.a. að knýja niður verð. Ég fagna því þess vegna ef hér eru að gerast verulegar breytingar hvað það varðar þó við vitum ekki hvaða upphæðir þar kunna að vera á ferðinni.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til allrar hamingju eru það ekki um eða yfir 600 millj. kr. sem gert er ráð fyrir að lækka útgjöld vegna lyfjakostnaðar á næsta ári, heldur milli 430 og 450 millj. og eru þá reiknaðar með þær u.þ.b. 200 millj. kr. sem gert er ráð fyrir að þurfi að flytjast yfir frá árinu 1992 til ársins 1993. Þarna er því um að ræða útgjaldalækkunarvanda upp á 430–450 millj. kr. og það er svo sem alveg nóg.

Í öðru lagi reikna ég með að verði niðurstaðan sú að ég fallist á þær tvær tillögur sem til úrskurðar eru á mínu borði, þá verði lækkunaráhrif vegna álagningar eitthvað á annað hundrað milljónir kr.

Í þriðja lagi er það ekki heldur rétt að aðgerðirnar hafi einvörðungu beinst að því að hækka hlutdeild sjúklinga. Hlutdeild sjúklinga hefur þrátt fyrir allt ekki verið hækkuð nema úr 18% upp í 24–25% þannig að sparnaðurinn, sem orðið hefur á einu og hálfu ári upp á yfir 1.200 millj. kr., hefur ekki síður orðið vegna þess að áhrifin af þessum aðgerðum hafa orðið til þess að lyfjanotkun hefur verulega breyst. Menn hafa farið að nota ódýrari lyf þar sem þau gera sama gagn og þau dýrari. Kostnaðurinn hefur því lækkað bæði fyrir þjóð-

ina í heild, fyrir Tryggingastofnun ríkisins og fyrir þá einstaklinga sem hlut eiga að máli. Það er auðvitað einn mikilvægasti árangur þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til.

Frsm. minni hluta fjárln. (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að útskýra það hvernig mér taldist til að þarna gæti verið um að ræða 500–600 millj. kr. en ég gerði reyndar grein fyrir því áðan. Mér sýnist að fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir núna geri ráð fyrir milli 100–200 millj. kr. sparnaði. Síðan voru, ef ég man rétt, a.m.k. 30 millj. kr. í viðbótartillögum hæstv. ráðherra sem hann lagði fyrir fjárln. á dögunum. Svoleiðis upphæð er kannski bitamunur en ekki fjár í þeim potti sem lyfjakostnaðurinn í heildina er, líklega milli 4 og 5 milljarðar kr. ef allt er til talið. Síðan segir hæstv. ráðherra að það kunni að vera 200 millj. sem verið er að færa yfir núna, en samkvæmt þeim upplýsingum sem ég greindi frá áðan og tel mig hafa frá Tryggingastofnuninni muni það vera nær 300 millj. kr. Þá erum við aftur komnir upp í 500–600 millj. eins og ég nefndi áðan. En ég fagna því ef svo er ekki og ég veit það, eins og hæstv. ráðherra sagði áðan, að það mun verða honum nógu erfitt að leysa það að spara 400–450 millj. kr. þó það kunni að vera að ekki sé um hærri tölu að ræða. Þó sýnist mér að það kunni að vera eitthvað meira.

Varðandi lyfjareikninginn sem sendur hefur verið almenningi og kann að virðast að séu ekki mjög háar tölur að breyta hlutfallsþátttöku almennings úr 18% í 25%, þá gæti ég trúað að sá reikningur væri á bilinu 350–400 millj. kr. Það eru því engir smáaurar sem menn eru að tala um í þessum lyfjamálum. Ég þekki það vissulega af eigin raun að það er ekki auðvelt mál við að eiga en fagna því ef menn glíma við skipulagsbreytingar og stend við hitt sem ég sagði að reikningurinn hefur verið æðihár sem sendur hefur verið almenningi.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur farið allítarlega í gegnum nál. minni hluta fjárln. og ég skal ekki nota þann dýrmæta tíma sem við höfum hér eftir til þess að endurtaka það. Ég kemst hins vegar ekki hjá því að fara nokkrum orðum um störf hv. fjárln. almennt.

Það ætti ekki að vera ágreiningur um það í hv. fjárln. eða á hinu háa Alþingi að okkur ber að gera þjóðinni fjárlög árlega sem við trúum á að standist og sem við trúum að verði þjóðfélagsþegnunum í landinu til góðs. Þó er ekki endilega alltaf svo að sjá. Auðvitað hefur hver ríkisstjórn aðra stefnu í einhverjum atriðum en sú sem áður var við völd, en þó ætti það ekki að vera svo að ekki væri hægt að nýta sér reynslu þeirra sem setið hafa í ráðuneytum landsins. Ég hef ekki getað séð að sú reynsla sé í neinu nýtt og get ég tekið dæmi um það þar sem nú situr í hv. fjárln. fyrrv. hæstv. heilbrrh., sá sem hér talaði áðan, hv. 1. þm. Norðurl. e. Mér er ekki kunnugt um að farið hafi verið í smiðju til hans um hið minnsta eða smæsta atriði við gerð fjárlaga, hvorki í ár né fyrir næsta ár. Þar af leiðandi er ekkert samhengi í fjárlagagerð frá ári til árs.

Það er satt að segja þannig að þegar nýir ráðherrar setjast í ráðuneyti er eins og þeir hafi verið bitnir af óðum hundi. Þeir ætla að gera allt á nokkrum vikum. Það þarf ekki að taka tíma í að kynna sér hvað forveri inn var að gera, hvað heppnaðist og hvað heppnaðist ekki. Nei, það er fenginn her af reiknimeisturum sem eru settir í eftirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu við að finna út eitthvað sniðugt sem hinn nýi hæstv. ráðherra getur merkt sér.

Þetta eru auðvitað engin vinnubrögð. Þetta höfum við séð á satt að segja heldur átakanlegan máta þegar gert er upp fjárlagaárið 1992. Sá brussugangur — og ég bið hv. þingheim að forláta mér orðið — sem notaður var til að ráðast inn í heilbrigðiskerfi landsmanna, sem er flókið, að mörgu leyti merkilegt og vel upp byggt og þjónar landsmönnum vel, á nokkrum vikum án þess að tala við það fólk sem vinnur í þessu kerfi og dálkarnir skornir, auðvitað hefur það sýnt sig að þetta gekk ekki upp. Það er hægt að loka deildum fyrir gamalt fólk. Það er hægt að senda það heim. Það verður að hjúkra því eftir sem áður og þá kemur sá kostnaður einfaldlega fram annars staðar. Svo einfalt er það. Börn halda áfram að fæðast, sem betur fer, þó að fæðingarheimilum sé lokað. Við veikjumst í nokkuð sömu hlutföllum og við gerðum áður hversu mikill niðurskurðarmeistari er í heilbrrn. í það og það sinnið.

Þá er kannski komið að því að reyna að átta sig á einföldustu hugtökum. Menn eru að tala um sparnað. Sparnað í ríkiskerfinu. Hvað er það? Það er ekki að fækka námsmönnum af því það er minna til skiptanna fyrir þá. Það er ekki að draga úr þjónustu við sjúka, fatlaða, aldraða og börn. Það er ekki að fjölga börnum í bekkjum í grunnskóla. Sparnaður, svo það sé ljóst, hæstv. forseti, og bið ég forseta að skila því til ríkisstjórnarinnar og segja hæstv. fjmrh., er það ef tekst að draga úr ríkisútgjöldum án þess að skerða þjónustu við landsmenn. Svo einfalt er það. Ekkert annað getur verið sparnaður. Sparnaður er það að nota minna til sömu hluta og áður voru kostuðu meira fé. Ég held að hv. Alþingi hljóti að vera sammála um þetta.

Það er auðvitað enginn vandi að spara eins og núv. ríkisstjórn sparar. Við skulum skera niður skólakerfið og láta foreldra fara að borga sjálfa. Er það sparnaður? Nei, það er ekki sparnaður. Það er tilflutningur á fé. Það er enginn sparnaður á sjúkrahúsi að sjúklingar greiði meira fyrir þjónustuna en þeir gerðu áður. Sparnaður fyrir hvern? Það má kannski segja að það sé sparnaður í ríkiskassanum á kostnað þeirra sem eiga. Það er nefnilega ekki hæstv. ríkisstjórn sem á ríkiskassann. Það vill svo til að það erum við sjálf. Og það er orðið ærið þreytandi að heyra menn tala um almannafé sem því forvalta hverju sinni eins og þeir eigi það sjálfir. Þeir eru einfaldlega með féð okkar milli handanna og við viljum fá ákveðna þjónustu fyrir þetta fé. Við teljum ekki eftir okkur að borga í sameiginlega sjóði landsmanna en við höfum ákveðið og við höfum markað stefnu á hinu háa Alþingi í hvað við

viljum nota þetta mikla fé. Við viljum ekki hér í landi láta fara illa um börn, gamalmenni, fatlað fólk og sjúkt. Um það er eining í þjóðfélaginu og það hefur engin ríkisstjórn leyfi til að hrófla við þessum stefnumiðum nema það sé þá gert hátt og í hljóði að þeirri stefnu sé breytt sem hingað til hefur verið við lýði. En þá þarf að bera það fram sem sérstakt þingmál. Við erum sammála um þetta, hæstv. forseti og hæstv. fjmrh., svo við þurfum ekki að tala um þetta.

En ef við snúum okkur aftur að hv. fjárln. sem í öllum þjóðþingum er ein virðulegasta nefnd þingsins, valdamest og ábyrgust. Svo ætti auðvitað að vera hér líka. (**Gripið fram í:** Og er það.) Ég held að það vanti því miður dálítið á það án þess að ég sé þar með að lasta þá hv. þm. sem þar sitja. Það er einu sinni svo að Íslendingar virðast aldrei hafa almennilega skilið eða gert upp við sig þrískiptingu valdsins í þessu landi. Hv. fjárln. og stundum hið háa Alþingi gera sig sek um að taka við skilaboðum og tilskipunum frá framkvæmdarvaldinu. Það á hvorugur aðilinn að gera. Það er fjárln. Alþingis sem mótar stefnu og meðferð ríkisfjármála ef vel á að vera. Og það er kannski upplýsandi fyrir hv. þingheim að vita að t.d. í norska Stórþinginu er formaður fjárln. ævinlega, og það er lagaskylda, stjórnarandstæðingur vegna þess að þingið vill ekki afsala valdi sínu til fjmrh. og með því að hafa stjórnarandstæðing sem formann fjárln. telur þingið að það sé tryggt. Við erum nefnilega ekki eins lýðræðisleg og við höldum stundum hér á landi og á hinu háa Alþingi.

Þetta vildi ég sagt hafa við 2. umr. Ég sé ekki mikla ástæðu til þess að vera að fara í tölur. Þær liggja nokkuð í augum uppi. Það vantar yfir 5 milljarða til þess að hægt sé að loka fjárlagaárinu 1992. Ég held að það sé alveg hárrétt mat hjá hv. 1. þm. Norðurl. e. að þar á eftir að bæta við. Við sögðum reyndar í upphafi fjárlagagerðar að við teldum fjárlögin ekki raunhæf. En þá komum við aftur að þessu sem við vorum að tala um. Það hlustar enginn. Þetta er nefnd meiri hlutans og minni hlutinn hefur nánast engin áhrif á það sem verið er að gera vegna þess að meiri hluti hv. fjárln. er í vinnu hjá hæstv. ríkisstjórn.

Þetta á ekki að vera svona og þetta hefur aldrei átt að vera svona. Ég er ekki að segja að þetta sé neitt sérstakt fyrir þá hv. fjárln. sem nú situr. Á þeim árum sem ég var forseti þessa þings háði ég harða rimmu við þáv. hæstv. fjmrh. sem mér þótti gerast ansi nærgöngull stundum um völd á hinu háa Alþingi sem ég taldi honum ekki bera. Ég held við ættum einhvern tímann að taka okkur til þegar um hægist að gera okkur aðeins grein fyrir stöðu hv. fjárln. í okkar landi því ég held hún sé nokkuð önnur en hún er almennt og yfirleitt.

Mér er ljóst að við erum mjög aðkreppt með tíma og við vitum það auðvitað öll að hér eiga eftir að koma önnur fjáraukalög fyrir 1992. Ég mun að sjálfsögðu sitja hjá við afgreiðslu þessa frv. um leið og ég þakka hv. nefnd fyrir ágæta samvinnu við að reyna að berja þetta saman, það var ekki létt verk.

Ég vil að lokum spyrja hæstv. fjmrh. hvað hann hugsi sér í sambandi við þær einföldu staðreyndir að nú eru samningar þúsunda launþega í landinu lausir og mér heyrist ekki á hljóðinu í þeim að þar sé ætlast til þess að upp verði staðið frá sléttu borði. Jafnframt er gjörsamlega ljóst að atvinnuleysi er í hraðri aukningu og það er í lausu lofti hvernig Atvinnuleysistryggingasjóður ætlar að tryggja því fólki lágmarksframfærslu, sem hann raunar gerir ekki, með þeim upphæðum sem þar eru greiddar nú. Ef hæstv. fjmrh. vildi svara þessum spurningum mínum þá ætla ég að endurtaka þær vegna þess að ég heyrði að hann var að ræða við annan og skemmtilegri aðila. Ég spurði: Hvað hugsar hæstv. ráðherra sér um þá stöðu sem komin er upp í kjarasamningum landsmanna þar sem þúsundir launamanna eru nú með lausa samninga?

Ég sé ekki að það sé mikið inni á næstu fjárlögum til þess að bæta það, enda má benda á að í þessum fjáraukalögum er auðvitað ein stærsta upphæðin fé sem vantaði vegna verðlagsbreytinga og launabreytinga. Ég vil því spyrja hvort ekki verði reynt að sjá við þessu í þetta skipti þegar fjárlög fyrir árið 1993 verða afgreidd, því, hæstv. forseti, fjárlagagerð er alvarlegur hlutur. Á henni hvílir velferð landsmanna hverju sinni og þess vegna er ekki bara verið að horfa á tölur og reyna að skera niður tölur. Því aðeins er hægt að minnka ríkisútgjöld að það komi ekki niður á þeim sem síst skyldi, þ.e. þeim sem fóð eiga og fjárins hafa aflað.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Við 2. umr. um fjáraukalögin fyrir yfirstandandi ár er rétt að gera sér grein fyrir því hver markmiðin voru þegar fjárlögin voru samþykkt í fyrra. Þau voru, eins og hér hefur komið fram áður, afgreidd með rúmlega 4 milljarða halla. Nú er viðurkenndur halli upp á 9,5 milljarða og í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fyrstu níu mánuðina kemur fram að með fjárskuldbindingum, m.a. vegna Framleiðnisjóðs og lántökum ríkisins vegna búvörusamninga, muni vanta 2,6 milljarða. Með þessu öllu stefnir í 11,6–12,1 milljarðs halla á fjárlögum yfirstandandi árs. Því er alveg ljóst að markmiðin náðust ekki sem sett voru við fjárlagagerðina í fyrra. Hallinn rúmlega tvöfaldaðist á árinu, jafnvel þrefaldaðist.

Lántökur ríkissjóðs voru í fjárlögunum tæplega 13,5 milljarðar en verða núna með þessum fjáraukalögum, verði þau samþykkt, orðnir tæpir 20 milljarðar kr. Lántökurnar verða 19,8 milljarðar kr. Ég tel ekki að hér sé um tímamótafjárlög að ræða. Verðbólgan varð að vísu minni en áætlað hafði verið við gerð fjárlaganna, þ.e. ef miðað er við þá níu mánuði sem skýrsla Ríkisendurskoðunar tekur til af árinu. Hins vegar er of snemmt að spá alveg fyrir um það þar sem gengislækkunin hefur áhrif og ekki er búið að reikna með henni og var ekki reiknað með neinni gengislækkun í forsendum fjárlaga enda hafði ríkisstjórnin svo sem kunnugt er alveg aftekið það að gengislækkun kæmi til greina.

Eins og kom fram áðan í umræðum utan dagskrár þá hefur atvinnuleysi einnig orðið margfalt meira en fjárlögin gerðu ráð fyrir enda var það líka með öllu óraunhæf áætlun. Allt benti til þess að atvinnuleysi

mundi stóraukast sem hefur áhrif á tekjur ríkissjóðs í formi tekjuskatts og óbein áhrif í veltu og það hækkar líka að sjálfsögðu framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Ríkisstjórnin gerði ekkert í atvinnumálum á síðasta ári, ekki neitt. Það aðgerðaleysi er nú að skila sér í lækkuðum tekjum ríkissjóðs á þessu ári. Er þá ekki minnst á það böl sem atvinnuleysið er fyrir fjölda einstaklinga og heimila sem raunar kom þó nokkuð vel fram í þeirri umræðu sem hér fór fram áðan utan dagskrár. Atvinnuleysi er meira núna en nokkru sinni fyrr sem sögur fara af síðan mælingar á því hófust. Alls hækka útgjöldin í kringum 3 milljarða kr. og tekjurnar lækka um 2,4 milljarða. Það gerir því viðbótarhalla á greiðslugrunni upp á 5,4 milljarða. Einnig er athyglisvert það mat Ríkisendurskoðunar á þeim sparnaði, sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir lýsti skoðun sinni á áðan, á fyrstu níu mánuðum ársins er 1,9 milljarðar, segir skýrsla Ríkisendurskoðunar. En hver er þessi sparnaður? Hann er aðallega fólginn í því að vaxtagjöldin eru lægri vegna minni verðbólgu hingað til á árinu og upphæðin er 900 millj. kr. minni en áætlað hafði verið. Eignakaup eru 900 millj. kr. lægri og þá erum við komin með 1,8 milljarð kr. af þessum 1,9 milljarða kr. svokallaða sparnaði.

Hagræðingin og sparnaðurinn felst því einkum í lægri vaxtagreiðslum og minni eignakaupum, ekki í annarri hagræðingu eins og látið er í veðri vaka. Vera má að þegar upp verður staðið eftir árið hafi orðið nokkur samdráttur í rekstrargjöldum ríkisins og er það vel ef svo væri. Mér sýnist þó að það sé ekkert í samræmi við það sem að var stefnt og nægir að benda á halla fjárlaga til merkis um það. Mest er þó hækkunin umfram fjárlög hjá heilbr.- og trmrn. eða samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar þá er umfram greitt 1.643 millj. kr.

Sá sparnaður sem fyrirhugaður var í heilbrrn. er algjörlega óraunhæfur eins og reyndar hefur komið fram í umræðum á undan. Eins og áðan sagði er nú farið fram á 1.600 millj. kr. viðbótarframlag til þeirra mála, þ.e. í fjáraukalagafrv., en ekki eru öll kurl komin til grafar þar. Hér erum við með brtt. sem aðeins í heilbrrn. eru upp á 307 millj. kr. til hækkunar. Það gerir sem sagt viðbótarframlag til heilbrigðis- og tryggingamála upp á í kringum 1 milljarð 950 millj. kr. Á sama tíma muna hv. þm. e.t.v. eftir því að sparnaðurinn í heilbrigðis- og tryggingakerfinu á þessu ári átti að vera um 2 milljarðar kr. Það þýðir að enn þá er eftir 50 millj. kr., af þessum áætlaða 2 milljarða kr. sparnaði sem nást átti. Það hefur ekki náðst meiri sparnaður en það ef við getum kallað það sparnað.

Þessar brtt. sem meiri hluti fjárln. leggur fram eru að meiri hluta til vegna heilbrigðis- og tryggingamála. Þær eru allt í allt upp á 335 millj. 600 þús. og af því er til heilbrigðis- og tryggingamála 307 millj. kr., af 335 millj. sem tillögurnar hljóða upp á.

Ég tel að sá sparnaður sem fyrst og fremst átti að ná í heilbrrn. hafi sýnt sig að nást alls ekki. Þær 50 millj. sem ég gat um áðan verða örugglega farnar fyrir árslok. Þess ber að geta að enn er ekki kominn lyfjakostnaður, það er ekki enn búið að ganga frá því hvernig farið verður með a.m.k. 400 millj. kr. viðbótarkostnað vegna lyfja.

Því er alveg ljóst að þegar við erum að ræða um fjáraukalagafrv. fyrir yfirstandandi ár þá hefur halli fjárlaga þrefaldast. Auka þarf lántökur ríkissjóðs um líklega 6 milljarða kr., úr 13,4 sem fyrirhugað var í 19,8, og það stemmir í raun og veru við þann halla sem við erum að tala um að frá 4 milljörðum upp í 12 þá hækka lántökurnar líka frá 13 milljörðum upp í 19. Þetta eru staðreyndir málsins.

Eins og kom fram í nál. minni hlutans, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. fór yfir áðan, þá eru ekki öll kurl komin til grafar enn þá. T.d. vantar enn þá viðbótarfjárveitingu vegna Hafrannsóknastofnunar. Aðeins er gert ráð fyrir 83 millj. kr. viðbótarfjárveitingu til Hafrannsóknastofnunar í þessu frv. og brtt. en það er alveg ljóst að það muni vanta um 300 millj. kr. enn þá og ekki er gert ráð fyrir því hér.

Eins og ég gat um áðan í sambandi við atvinnuleysið og Atvinnuleysistryggingasjóð þá munum við standa frammi fyrir vanda þar þegar árið verður gert upp. Því miður er ein meginástæðan sú að ríkisstjórnin hélt ekki vöku sinni í sambandi við atvinnumál landsmanna eftir að hún settist að völdum. Hún svaf algjörlega á verðinum í því að halda uppi fullri atvinnu. Það er að koma í ljós í dag og mun halda áfram að koma í ljós. Staðreyndin er nefnilega sú að gangi ekki atvinnulífið nokkurn veginn eðlilega fyrir sig þá hefur það áhrif alls staðar inni í hagkerfinu og að sjálfsögðu líka í tekjuöflun ríkissjóðs.

Ég veit ekki hvað ég á að eyða tíma þingsins í að fara mikið yfir þessi fjáraukalög. Mér sýnist að hér sé komið fram aðalefnið í því sem þarf að draga fram og ég legg áherslu á að þær aðferðir sem beitt var til að ná fram aðalniðurskurðinum eða aðalsparnaðinum við fjárlög yfirstandandi árs, þ.e. í heilbrigðis- og tryggingakerfinu, hefur ekki náðst. Sá sparnaður er enginn, aðeins hefur náðst að vaða þar um eins og fíll í postulínsbúð eins og sumir þingmenn orða það og hræra og andskotast — afsakið, virðulegi forseti, — ef ég má orða það svo, þetta slapp bara óvart út úr mér. En árangurinn er því miður enginn þar.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Mér er ljóst að umræðan er ekki búin en í góðri sátt við þá sem þegar eru á mælendaskrá langar mig til þess að leggja orð í belg, fyrst og fremst til þess að svara þeim fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint.

Í fyrsta lagi vil ég minnast á sértekjur Hafrannsóknastofnunar. Það er rétt að 83 millj. kr. eru inni á fjáraukalögum. Þegar hefur verið gengið frá sölu á heimildum upp á 130 millj. Það á eftir að bjóða út talsverðan hluta heimildanna og miðað við það verð sem hefur fengist á markaði geri ég ráð fyrir að ná inn því sem á vantar.

Í öðru lagi er spurt um Atvinnuleysistryggingasjóð. Samkvæmt nýjustu heimildum okkar sýnist okkur að þeir fjármunir sem lagt er til að bætist við Atvinnu-

leysistryggingasjóð dugi út þetta ár. Það eru u.þ.b. 500 millj. kr. sem ganga til sjóðsins.

Í þriðja lagi varðandi sölu eigna þá vil ég bæta við þá upptalningu sem kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. e., en sú upptalning gaf niðurstöðutöluna 242 millj., að Þróunarfélagið var selt á 130 millj. og þær koma til greiðslu á þessu ári og til viðbótar hafa komið inn um 83 millj. fyrir Jarðboranir ríkisins þannig að niðurstöðutalan er 455 millj. Því miður hef ég ekki nákvæmar upplýsingar um sölu fasteigna en það hefur bæst við þá fúlgu eitthvað. En það er auðvitað eins og *allir vita ekki hægt að gera þennan reikning endanlega* upp fyrr en með seinni fjáraukalögum þegar þau koma fram en það mun aldrei skakka nema örfáum tugum millj. Ég gæti giskað á í kringum 20 millj. kr.

Ég minni á að 170 millj. bætast við tillögurnar vegna hæstaréttardóms sem féll vegna þess að fyrri ríkisstjórn hafði með bráðabirgðalögum gengið á rétt launamanna í BHMR samkvæmt stjórnarskránni eins og Hæstiréttur komst að. Ég ætla ekki að fjalla um stjórnlagabrot, mér finnst að þeir hafi verið sérfræðingar í stjórnlagagbrotum og talað mest um þau upp á síðkastið sem best þekkja af eigin raun en þessi niðurstaða breytir engu um það að við þurfum auðvitað að borga þessu fólki þá peninga sem það á inni hjá ríkinu og það er um 170 millj. kr. Ég vonast til þess að þeir peningar verði greiddir út á morgun þannig að þess vegna er ástæða til að afgreiða fjáraukalögin þótt auðvitað sé hægt að draga þessar heimildir og hefur stundum áður verið gert af því að allar tölur í fjárlögum eru auðvitað áætlaðar tölur.

Ég á von á því að fyrir 3. umr. þurfi að ræða þessi mál frekar, það er augljóst að allar áætlaðar tölur geta breyst frá einum degi til annars.

Nokkuð var spurt um hitaveitur. Um það vil ég aðeins segja að iðnrn. hefur forustu fyrir hitaveitumálum *og viðræður þurfa að fara fram á milli þessara ráðuneyta* áður en a.m.k. ríkisstjórnin aðhefst nokkuð um tillögugerð í þeim efnum. Það mál hefur ekki hlotið þá afgreiðslu sem þarf til að komast inn í frv., a.m.k. að svo stöddu, og engin ákvörðun verið tekin af hálfu ríkisstjórnarinnar um að slíkt gerist. Við vitum að það eru vandræði, ekki einungis hjá smærri veitunum sem minnst var á, heldur líka hjá veitu eins og Hitaveitu Suðureyrar þar sem greinilegt er að ríkisvaldið þarf að koma til skjalanna.

Varðandi sparnað skal ég vera stuttorður. Ég ætla ekki að ræða ítarlega um sparnað, ég ætla einungis að segja að það er einu sinni þannig að ef einhver ákveður að spara, við skulum til einföldunar taka bara heimili hjá einhverri húsfreyju í Vesturbænum eins og stundum er sagt og hún ákveður að spara og þarf á því að halda. Þá gerist það oft að sá sparnaður bitnar á þeirri þjónustu sem hún hefur keypt. Sú þjónusta kann að hafa verið veitt af einhverju fólki sem þá missir spón úr aski sínum. Það er nefnilega þannig að efnahagslíf okkar er ein heild og ef einhver sparar einhvers staðar þá bitnar það oftast á einhverjum öðrum. Það er eðli málsins. Það er alveg hárrétt sem fram hefur komið að þegar ríkið sparar þá bitnar það á öðrum en sem betur fer leiðir það oft og kannski oftast til þess að menn draga úr þjónustunni og þá kannski einkum og sér í lagi þeirri sem má bíða. Þetta eru auðvitað heimspekilegar hugmyndir sem við getum rætt fram og til baka um það hvað sé sparnaður og til hvers hann leiðir, en ég held að þegar mál eru skoðuð ofan í kjölinn þá sé það þannig að sparnaður lýsi sér oftast með þessum hætti. Þetta er reyndar alþekkt í allri hagfræði og kannski nýjasta dæmið um þá umræðu sem mest fór fram um þessi atriði var í forsetakjörinu í Bandaríkjunum þar sem ágreiningur var á milli annars vegar *Clintons, sem hefur verið kjörinn forseti* Bandaríkjanna, og Bush, sem er fráfarandi forseti Bandaríkjanna, einmitt um það hvernig ætti að standa að svona málum. Þetta er auðvitað gömul saga og ný.

Loks var ég spurður um kjarasamninga sem eru fram undan. Það liggur fyrir í fjárlagafrv. að við gerum ráð fyrir því að fylgja þeirri stefnu að ekki verði um launahækkanir að ræða á næsta ári. Við vitum að fjölmargir hafa sagt upp samningum sem eðlilegt er vegna þess að í kjarasamningum er ákvæði um það að gengisfelling leiði til þess að samningurinn sé uppsegjanlegur. Ríkisstjórnin hefur satt að segja talið að nú um stundir sé forgangsverkefni að styrkja atvinnulífið og koma í veg fyrir það að atvinnulausum fjölgi. Til þess að það sé hægt nú um stundir verða hinir, sem atvinnu hafa og tekjur af atvinnu sinni, að leggja meira á sig. Þetta er forgangsverkefnið sem ríkisstjórnin stendur frammi fyrir og ég minni á að ríkisstjórnin er að færa með lögum 4 milljarða af sköttum af atvinnufyrirtækjum yfir á einstaklinga til þess að freista þess að fyrirtækin ekki einungis lifi af, heldur eigi þess kost að efla atvinnulífið og þannig sé hægt að tryggja fleira fólki atvinnu.

Þetta teljum við vera brýnasta verkefnið af því að í smáu þjóðfélagi eins og því íslenska er óþolandi að það *verði frekari vöxtur í atvinnuleysi landsmanna*. Ég verð hins vegar að segja að það er uggur í brjósti mér og ég skal gjarnan láta það koma fram í lok þessarar ræðu.

Fyrir skömmu voru hér staddir menn á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, menn sem eru sérfræðingar í efnahagsmálum á Norðurlöndum, og í persónulegu viðtali við mig lýstu þeir því að við skyldum vara okkur einmitt á því að atvinnuleysistölur ættu það til að rjúka upp við þau skilyrði sem við höfum hér. Efnahagslífið hér á landi væri með mjög svipuðu móti og til að mynda í Svíþjóð og Finnlandi, jafnvel í Færeyjum, og þess vegna þyrftum við að gæta að okkur í þessum málum. Ég held að það sé óhætt að fullyrða að tilraunir ríkisstjórnarinnar í þessum málum miðast við að koma í veg fyrir að það gerist hér á landi að atvinnuleysi rjúki upp með sama hætti. Við skulum minnast þess að aðeins eru tvö ár síðan að atvinnuleysi í Svíþjóð var minna en á Íslandi á sama tíma. Og það eru einungis tvö ár síðan að atvinnuleysi í Finnlandi var minna en atvinnuleysi er á Íslandi í dag. Nú stefnir *atvinnuleysi í Finnlandi líklega í 15% á næsta ári* og atvinnuleysi í Svíþjóð líklega 7–8%. Þetta segi ég hér vegna þess að við hljótum að hafa áhyggjur af því að

þetta geti gerst hér á landi og verðum öll í sameiningu að freista þess að koma í veg fyrir að það geti gerst. Þess vegna hefur ríkisstjórnin lagt á það ofurkapp að efla atvinnulífið og koma í veg fyrir að atvinnuleysi aukist.

Frsm. minni hluta fjárln. (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin sem voru greinargóð, a.m.k. við þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann. Mig langar þó að ítreka það aðeins að varðandi Hafrannsóknastofnunina þá finnst mér að það vanti allmikið á að líklegt sé að þetta standist þær fyrirætlanir sem hæstv. ráðherra gerir hér grein fyrir. Eftir stendur náttúrlega það hvernig fjárreiðum stofnunarinnar er háttað á þessu ári þegar upp á vantar 300 millj. kr. Hvort það er þá lán frá ríkissjóði eða hvort stofnunin sjálf ... **(Fjmrh.:** Yfirfærsla milli ára.) yfirfærsla þar sem stofnunin sjálf hefur ekki heimild til að taka lán. Í öðru lagi varðandi Atvinnuleysistryggingasjóðinn, það sem spurning mín laut að var að samkvæmt grg. frv. er gert ráð fyrir að nú stefni í nálægt 4% atvinnuleysi og þær 500 millj. sem hér er bætt við hafa þá auðvitað tekið mið af því en nú vitum við, eins og kom fram í okkar nál., að atvinnuleysi er nú þegar meira og þessar tölur eru hærri í dag og þess vegna spurðum við um þann vanda sem kynni að skapast en auðvitað má sjálfsagt leysa það með því að sjóðurinn gangi á eignir.

Ég ætla ekki að taka þessi hitaveitumál neitt frekar til umræðu hér, hæstv. forseti. Það er að sjálfsögðu rétt, sem kom fram hjá hæstv. ráðherra, að þetta er mál iðnrn. Iðnrn. hefur því miður lítið viljað sinna þessu og svo var vissulega með þær veitur sem teknar voru til meðferðar hér á seinasta ári. En látum það mál liggja um sinn og sjáum hvort hægt er að vinna betur að því og skoða það nánar hvar skórinn kreppir mest.

Að lokum um sparnaðinn. Auðvitað kemur það einhvers staðar við, ef menn skera niður, við skulum segja rekstur sjúkrahúsanna, eins og hér hefur verið haldið fram, um kannski 700 millj. kr. á árinu. Það fækkar störfum og það þrengir að hjá því fólki sem ekki hefur vinnu eða ekki fær yfirvinnu eða hættir störfum, það kemur einhvers staðar niður. Það sem ég vildi fyrst og fremst benda á — og bara í einni eða tveimur setningum, hæstv. forseti, — var það að ég óttast að sparnaðurinn, sem þarna er boðaður eða umræddur, eigi eftir að bitna á okkur síðar með öðrum og verri hætti. Hvað er að gerast með það fólk sem er sjúkt og er á biðlistunum sem nú lengjast? Sumt af því er á örorkubótum af því að það fær ekki sína meðferð á sjúkrahúsinu. Er það sparnaður að borga því út í gegnum tryggingakerfið? Það eru svona aðstæður sem ég er að tala um og svo auðvitað langtímaafleiðingin af því að skera niður í skólakerfinu sem ég hef því miður ekki tíma til að ræða hér núna.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins til að minna hæstv. fjmrh. á tvær einfaldar staðreyndir. Það er alveg rétt að það eru tæp tvö ár síðan atvinnuleysið byrjaði að aukast bæði í Finnlandi og Svíþjóð og einnig á Íslandi. Það er ákveðin ástæða fyrir þessu þrennu. Það eru tæp tvö ár síðan íhaldsmenn tóku við sænska samfélaginu, íslenska samfélaginu og urðu stór og ráðandi flokkur í finnska samfélaginu.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held nú að hv. þm. sleppi ekki svona vel frá þessari umræðu um atvinnuleysið því ef við skoðum atvinnuleysi og ríkisstjórnir í Evrópu þá kemur náttúrlega fljótt í ljós að það er engin sérstök fylgni á milli þessa tvenns sem hv. þm. nefndi. Þvert á móti hafa ýmsir haldið því fram — og meira að segja innan alþýðuflokkanna á Norðurlöndum en þar eru ríkjandi vinstriflokkar — að það sem gerst hafi verið það að velferðarkerfið var orðið allt of dýrt, svo dýrt að atvinnulífið treysti sér ekki til að standa undir því lengur. Það má kannski segja að samningurinn, sem gerður var í lok september á milli stjórnar- og stjórnarandstöðuflokkanna í Svíþjóð, beri þess merki að einmitt sé skilningur á slíku. Ég held því að þó að hv. þm. vilji trúa því að það sé markmið íhaldsstjórna að hækka atvinnuleysistölur þá er það ekki svo. Það sem hins vegar einkennir stundum stjórnir, sem hún kallar íhaldsstjórnir og eru væntanlega hér á landi stjórnir sem Sjálfstfl. á aðild að, er að slíkar stjórnir hafa þá döngun í sér til að takast á við vandamálin á kostnað okkar sem njótum þess að vera hér í dag og njótum þjónustu ríkisins en reynum ekki eins og stundum hefur verið gert að koma kostnaðinum yfir á komandi kynslóðir.

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Þegar það fjáraukalagafrv., sem hér er til umræðu, fjáraukalagafrv. fyrir árið 1992, er komið til 2. umr. þá verður mér hugsað til fjárlagaafgreiðslunnar á síðasta ári. Þá voru það fyrstu fjárlög sem núv. ríkisstjórn átti aðild að og þá voru mikil áform um að skila nú hallalausum fjárlögum eða sem hallaminnstum. Og fjárlögin fyrir yfirstandandi ár voru með halla upp á 4,1 milljarð kr. eins og komið hefur fram í þessum umræðum. Við 2. umr. fjárlaga sl. haust sagði ég á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Því miður er það mín reynsla eftir að hafa starfað í minni hlutanum síðan í haust að ég tel mig ekki hafa nógu góða yfirsýn yfir marga liði, margar beiðnir sem hefur verið synjað. Ég tel mig ekki hafa nógu góða yfirsýn yfir það hvernig þeir aðilar ætla að sjá sínum störfum farboða á næsta ári. Hvort það verður ekki svo að menn koma og segja þegar fer að líða á næsta ár: Við þurfum að fá hér heimildir á fjáraukalögum. Ég er því miður hræddur um að svo verði."

Síðar, og það eru lok minnar ræðu, kem ég að því að formaður fjárln., hv. 6. þm. Reykn., minntist á ágætis sögupersónu sem hét Ásbjörn Jóakimsson sem neitaði að ferja mann yfir Skerjafjörð, hann ræddi nokkuð um hann í sinni framsöguræðu. Og ég segi svo, með leyfi forseta: „Og ég held að á það skorti mjög og

ég held að það verði svo að þessir aðilar komi aftur á fund fjárln. þegar fer að líða á árið og biðji um leiðréttingu vegna óhjákvæmilegra starfa eða þjónustu. Því miður þó að formaður fjárln., hv. 6. þm. Reykn., hafi verið skáldlegur í gær og ætli ekki að ferja „kóngsins mann yfir Skerjafjörð", eins og Ásbjörn Jóakimsson neitaði um forðum, þá býður mér í grun að einhverjar aukafjárveitingar verði ferjaðar yfir Skerjafjörð í óeiginlegri merkingu áður en næsta ári lýkur."

Nú erum við í því að ferja þessar aukafjárveitingar yfir Skerjafjörð. Og því miður höfum við hv. þm. ekki staðfestu Ásbjörns Jóakimssonar. En ég vil þó hafa okkur eilítið til afsökunar — ég efast ekki um góðan vilja fjárlaganefndarmanna og meiri hlutans til að standa í stykkinu og þessi orð hv. formanns fjárln. voru áreiðanlega sögð á sínum tíma í fullri meiningu og þeim ásetningi að standa í ístaðinu. En þrátt fyrir það er halli fjárlaga nú orðinn 9,4 milljarðar kr. samkvæmt fjáraukalagafrv. sem við erum með í höndunum á móti 4,1 milljarði. Þetta segir ekki alla söguna því að ef fjáraukalagafrv. er gert upp á þann hátt sem Ríkisendurskoðun vill og telur rétt, á rekstrargrunni, þá er þessi halli yfir 12 milljarðar kr. eða eins og hv. 6. þm. Vestf. sagði í sinni ræðu, orðinn þrefaldur. Ég tel — og það kemur reyndar fram í frv. hver er meginástæða fyrir þessu og þeir hv. ræðumenn, sem hafa talað hér á undan, hv. 1. þm. Norðurl. e., hv. 6. þm. Vestf. og 14. þm. Reykv., hafa öll komið inn á það — að það sem hefur fyrst og fremst brugðist eru tekjurnar í frv. Tekjurnar hafa dregist saman um 2,4 milljarða kr. eins og kemur fram í því frv. sem við erum með í höndunum. Og það er fyrir almennan samdrátt í þjóðfélaginu. Mér flaug ekki í hug á þeim tíma sem ég sagði þessi orð fyrir ári síðan og var verið að tala um aðkallandi efnahagsaðgerðir og aðgerðir í atvinnumálum að það mundi líða heilt ár þangað til ríkisstjórnin kæmi með efnahagsaðgerðir upp á borðið til að bregðast við þessum vanda og það væru svo ekki liðnar nema nokkrar vikur þangað til hún færi að hverfa frá þeim aftur. Ég hafði ekki hugmyndaflug þá til að ímynda mér hver framvindan yrði í þessum málum. En þessa sér rækilega stað í fjáraukalagafrv. og þess vegna er hallinn svo gífurlegur sem raun ber vitni. Ein meginástæðan er aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum. Mér dettur ekki í hug að með opinberum aðgerðum sé hægt að ráða bót á öllum vanda. Ég geri mér alveg fullkomlega ljósan þann vanda sem við er að etja vegna minnkunar fiskveiða á yfirstandandi ári. En það er þó alveg furðulegt að við þessar aðstæður skuli ríkisstjórnin sitja og hafast ekki að í heilt ár. Og aðgerðirnar séu svo með þeim endemum sem raun ber vitni þegar þær sjá dagsins ljós núna á þessum vetrardögum.

Efni frv., sem við erum með í höndunum, hefur verið rakið og einnig þær brtt. sem gerðar eru og viðbótarútgjöld. Ég hef í sjálfu sér ekkert við það að bæta. Hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur rakið þau mál og gert þeim skil í sinni ræðu. En mér býður svo í grun að ekki séu enn öll kurl komin til grafar. Ég hef ekki nokkra trú á að það takist svo dæmi séu nefnd að selja aflaheimildir Hagræðingarsjóðs á þeim fáu dögum sem eftir lifa ársins upp á 312 millj. kr. Það er ágætt að vera bjartsýnn og kannski veitir ekki af svolítilli bjartsýni á þessum dimmu dögum. En ég held að þetta gangi ekki eftir, því miður, og þessi vandi sé óleystur enda var allt þetta Hagræðingarsjóðsmál á sínum tíma ein hringavitleysa og var varað við því alveg sérstaklega fyrir ári síðan að fara þessa leið. Sannleikurinn er sá að svona er komið vegna þess að það voru stórmál, miklar aðgerðir, mikil áform varðandi lyfjakostnað, sölu ríkiseigna, sölu aflaheimildar Hagræðingarsjóðs sem allt reyndist vitleysa. Það gekk ekkert upp af þessu og þess vegna er komið sem komið er. Ég efast ekki um það að starfsmenn opinberra stofnana hafa reynt að standa í stykkinu. Og ég ætla að láta meiri hluta fjárlaganefdarmanna njóta sannmælis í því að þeir hafa áreiðanlega reynt að gera það líka. En það er ríkisstjórnarstefnan sem er ástæðan fyrir því að svona er komið. Það er sú stefna samdráttar og aðgerðaleysis sem þessi ríkisstjórn hefur staðið fyrir allt þetta ár sem er meginástæðan fyrir því að við sitjum uppi með þennan gífurlega halla.

Ýmsar leiðréttingar hafa verið gerðar við þetta frv. sem óhjákvæmilegar voru og ber að virða það. En það er brýnast að fá nýja stefnu sem eykur bjartsýni í þjóðfélaginu, örvar atvinnulíf og atvinnu því eins og málin standa nú erum við í vítahring.

Frsm. meiri hluta fjárln. (Karl Steinar Guðnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Aðeins nokkur orð. Mér finnst umræðan hér vera á þann veg að ekkert sé að í þjóðfélaginu annað en það að það sé önnur ríkisstjórn en stjórnarandstæðingar vilja hafa. Staðreyndin er sú að líklega þekkir fólkið það úti í sjávarplássunum betur en þingmenn hvert ástandið er í efnahagsmálum, hvert ástandið er hjá fiskstofnunum, hvernig staðan er í sjávarútveginum, þá staðreynd að fiskveiðar hafa minnkað um helming. Og a.m.k. skynjar atvinnulausa fólkið og fólkið sem enn hefur vinnu það hvað er að og hvers vegna er samdráttur. Það er ekki af manna völdum heldur vegna þess að við höfum minna úr að spila en áður. Ég vil líka segja það að ef stjórnarmeirihlutinn hefði látið undan öllum kröfum þá stæðum við frammi fyrir 25–30 milljarða kr. halla en ekki þó þeim halla sem nú er.

Ég gerði mér alltaf grein fyrir því að um aukafjárveitingar yrði að ræða og auðvitað er erfitt að kljást við það en hjá því verður ekki komist og ég á von á því að engum hafi dottið það í hug að allt stæðist. En það hefur staðist betur en áður. Árangur hefur náðst, vissulega mikill árangur. Það hefur verið snúið frá eyðslustefnunni í aðhaldsstefnu sem gerir okkur kleift þegar við höfum unnið okkar verk að halda áfram á beinni braut.

Við munum halda því áfram að fara með ríkisfjármálin á þann hátt að atvinnulífið verður treyst og því verður forðað að atvinnuleysið aukist frá því sem nú er. Það er forgangsverkefni og með aðgerðum okkar

erum við að gera það, því verður haldið áfram og við munum hvorki láta undan í þeim efnum né öðrum.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér er fullkunnugt um það að afli hefur dregist saman og ég hef hitt nógu margt fólk í sjávarplássum landsins og farið þar um til þess að heyra hvaða sýn það hefur til þessara mála. Hins vegar er gegnumgangandi í viðræðum þeirra við þingmenn og vonandi bæði við hv. stjórnarliða og stjórnarandstæðinga að þetta fólk vill aðgerðir til þess að styrkja stöðu sjávarútvegsins og halda honum gangandi, en það er ein höfuðsynd þessarar ríkisstjórnar að hún hefur látið það undir höfuð leggjast og ætlað þessum atvinnuvegi að búa við þennan samdrátt og slæmar ytri aðstæður í gengi í heilt ár án þess að bregðast við með viðhlítandi hætti. Þetta er ein ástæðan fyrir því hvernig komið er, auk þess sem ég nefndi áðan. Mér er alveg fullkunnugt um það að aflasamdráttur hefur verið og m.a. þess vegna erum við í þessum vanda enda nefndi ég það í minni ræðu þannig að það er alveg fullljóst hvaða álit ég hef á því.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Hv. 6. þm. Reykn. og formaður fjárln. gerði í ítarlegri ræðu grein fyrir brtt. sem fluttar eru við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1992 og ræddi í ítarlegu máli þau atriði sem koma fram í nál. og skýringum með brtt. sem fluttar eru við þessa umræðu. Ég mun því ekki fara í einstök atriði heldur ræða almennt um það sem hér er til umræðu en það er óhjákvæmilegt vegna þeirrar umræðu sem hefur farið fram og vegna þeirra sem hér hafa talað af hálfu stjórnarandstöðunnar að minna ögn á það og ekki síst hv. þm. sem tala fyrir hönd Framsfl. að ábyrgð þeirra er býsna mikil sem báru ábyrgð á þeirri stjórnarstefnu, sem hér var síðasta kjörtímabil og reyndar lengur, sem hefur m.a. valdið þeim vanda sem er í sjávarútvegi. Ég verð að viðurkenna það að mér finnst það mikil kokhreysti af þingmönnum Framsfl. að tala með þeim hætti sem hér hefur verið gert eins og ríkisstjórnin hafi verið í áratugi við völd.

Vissulega er mikið áhyggjuefni að svo mikill halli er á fjárlögum eins og raun ber vitni, en það er einmitt þess vegna sem við m.a. í störfum fjárln. þingsins höfum lagt svo mjög mikla áherslu á það að draga úr ríkisútgjöldum með öllum tiltækum ráðum. Það ber vissulega að taka þeim ábendingum, sem hér hafa komið fram um að það þurfi að taka á í ríkisfjármálunum, og ég tel að tillögur sem liggja fyrir í þinginu núna beri þess vott að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir leggja mikla áherslu á að draga úr halla ríkissjóðs.

En þegar litið er á það hvaða liðir það eru sem einkum er verið að fjalla um í frv. til fjáraukalaga þá eru auðvitað háar upphæðir, eins og greiðslur vegna búvöruframleiðslu upp á 615 millj., ríkisábyrgð á laun 76 millj., Atvinnuleysistryggingasjóður ríflega 700 millj. og niðurgreiðslur upp á 300 millj. Þetta eru viðfangsefni sem er óhjákvæmilegt að fást við og ekki séð að margar leiðir hafi verið frá því að taka þessa liði inn í frv. til fjáraukalaga.

En ég vil nefna í brtt. einkum og sér í lagi tvo liði. Annars vegar framlög til Búnaðarfélagsins upp á 24 millj. og 100 þús. Eins og kom fram í ræðu hv. formanns fjárln. er þar um að ræða greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga starfsmanna búnaðarfélaga. Þetta er fjárveiting, sem er vegna margra ára uppsafnaðs vanda, og var mjög mikilvægt að taka þetta inn og tryggja þessar lífeyrisgreiðslur. Á sama hátt var um að ræða 19 millj. kr. fjárhæð vegna jarðræktar- og búfjárframlaga og með sama hætti er þar um að ræða fjárhæð sem er afar mikilvægt, ekki síst þegar litið er til þeirrar stöðu sem íslenskur landbúnaður er í, að taka inn í fjáraukalög og ganga frá þessum greiðslum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna nú en vil ítreka það sem ég sagði fyrr að það er afskaplega mikilvægt að þingmenn leggi sig alla fram um það að vinna að því sem best að halli sé sem minnstur á fjárlögum ríkisins, með því tryggjum við og treystum framtíðina í landinu.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. sagði í ræðu sinni að það væri mikil kokhreysti af framsóknarmönnum að tala um þessi mál á þann hátt sem ég gerði og við ræðumenn Framsfl. við þessa umræðu. Ég vil minna hv. 1. þm. Vesturl. á það að þegar fyrrv. ríkisstjórn fór frá þá hafði eiginfjárstaða í fyrirtækjum í sjávarútvegi styrkst mjög. Sú eiginfjárstaða hrundi á síðasta ári. Sú ríkisstjórn, sem nú situr, talaði mikið um fortíðarvanda, hún sat næstum því auðum höndum í heilt ár og talaði um fortíðarvanda. En hún sat ekki alveg auðum höndum. Hún lengdi lán í Atvinnutryggingarsjóði sem var einn sjóðurinn af sjóðasukkinu sem hún sagði að væri frá fyrrv. ríkisstjórn. Ég skal láta hana njóta sannmælis. Hún gerði annað. Hún greiddi út úr Verðjöfnunarsjóði, sem hafði safnast upp í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, hún tæmdi sjóðinn en hún getur náttúrlega ekki tæmt hann aftur. En heilt ár sat þessi ríkisstjórn auðum höndum og lifði á fortíðarvandanum. Þetta eru staðreyndir málsins og ég vil minna hv. 1. þm. Vesturl. á þetta fyrst hann er að tala um að það sé kokhreysti í okkur framsóknarmönnum að tala um viðskilnað fyrri ríkisstjórnar. Núv. ríkisstjórn hefur lifað á þessum viðskilnaði fram að þessu.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki séð að nokkur lifi til langframa á fortíðarvandanum. Það kann vel að vera að hv. stjórnarandstæðingar geti fundið lausn til þess en ég vil minna hv. þm. á það að halli á fjárlögum ársins 1991, eins og kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar, var 11,5 milljarðar þannig að við ýmiss konar vanda hefur verið við að glíma hjá þeirri ríkisstjórn sem hér hefur verið til umfjöllunar að því er virðist. En ég trúi ekki öðru en að hv. 2. þm. Austurl. hafi tekið eftir þeim vanda sem sjávarbyggðirnar í landinu áttu við að stríða í árslok 1991 og langt fram á þetta ár og vænti ég þess að hann hafi kynnt sér það. Hafi hann

ekki gert það þá er afar mikilvægt að það gerist hið fyrsta.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef margsinnis tekið fram í þessari umræðu að mér er fullkunnugt um þann vanda sem við er að etja í sjávarútvegi. Hann hefur löngum verið fyrir hendi og við leysum ekki vandamálið í eitt skipti fyrir öll. En vandinn nú er ekki fortíðarvandi, hann er nútíðarvandi og framtíðarvandi en það hefur ríkisstjórnin ekki skilið. Það er gallinn. Hún virðist ekki hafa skilið vanda líðandi stundar.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af því að í ræðu hv. þm. Sturlu Böðvarssonar kom fram söguleg skýring á stöðunni í sjávarútveginum er óhjákvæmilegt að rifja það upp að meginorsök erfiðleika í sjávarútvegi á Íslandi hefur orðið í tíð Sjálfstfl. í ríkisstjórn og fyrir tilverknað hans byggðum á hugmyndafræðilegum kreddum sem leynast í þeim flokki og ráða ríkjum. Það var í tíð Sjálfstfl. sem menn þutu upp með vextina árið 1984 og þreföldu raunvextina á einu bretti og þar hafa þeir hangið *uppi síðan í meginatriðum*. Það var í tíð Sjálfstfl. sem menn héldu genginu föstu og skópu milljarða skuldir fyrir sjávarútveginn. Þetta er vandamálið í hnotskurn. Helsta vandamál sjávarútvegsins á Íslandi heitir Sjálfstfl. Nú hefur Sjálfstfl. fundið ráð til þess að skera sig sjálfan niður úr snörunni og það er að láta sjávarútveginn sjálfan borga sínar eigin skuldir og stofna sérstakan þróunarsjóð sem á að fara að úrelda byggðarlög hér á landi. Þetta er stefna Sjálfstfl.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ræðu hv. 5. þm. Vestf. vil ég segja það eitt að ég tel eðlilegt að sjávarútvegurinn greiði skuldir sínar.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að sá sem tekur lán borgi það til baka en hvað sjávarútveginn varðar þá var það gert í tíð Sjálfstfl. að halda tekjum sjávarútvegsins niðri með handafli. Þá veigruðu menn sér ekkert við því að beita handafli til að halda niðri tekjum sjávarútvegs til að flytja til fjármagn í þjóðfélaginu og ég spyr: Á sjávarútvegurinn að borga það?

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er aðeins vegna ummæla hv. þm. Sturlu Böðvarssonar þar sem hann vék að viðskilnaði Framsfl. í sjávarútvegsmálum. Þá vil ég hressa aðeins upp á minni hv. þm. og segja honum frá því að þegar Framsfl. lét af völdum var hagnaður í sjávarútvegi. Sjávarútvegurinn gerði meira en að borga af skuldum sínum. Sjávarútvegurinn stofnaði sjóði sem í voru komnir milljarðar kr. sem Sjálfstfl. hefur síðan eytt. Hann hefur eytt þeim upp til þess að borga sukkið hjá sjálfum sér. Svo er nú komið fyrir sjávarútveginum að það eru vonlaus rekstrarskilyrði eftir þennan tiltölulega þó skamma tíma sem Sjálfstfl. hefur setið í stjórn vegna þess, virðulegi forseti, að það er svo komið fyrir Sjálfstfl. í dag að sjávarútvegurinn á orðið fáa talsmenn á Alþingi. Það er orðið umhugsunarefni hvar þessi Sjálfstfl. er.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt athugað hjá hv. 4. þm. Norðurl. v. að það er afar mikilvægt að sjávarútvegurinn eigi öfluga talsmenn hjá Sjálfstfl. og ekki síst á Alþingi. Ekki skiptir máli hversu margir þeir eru, aðalatriðið er að þeir séu öflugir og ég get fullvissað hann um það að hann þarf ekki að hafa nokkrar áhyggjur af því að sjálfstæðismenn í þinginu leggja ríka áherslu á málefni sjávarútvegsins eins og hann þekkir. Hins vegar get ég ímyndað mér það að ef íbúar á Norðurl. v. hefðu tækifæri til þess að horfa á Sýn þá undruðust þeir mjög þá söguskýringu sem hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur uppi um sterka stöðu sjávarútvegsfyrirtækja í lok þess tíma sem Framsfl. fór með sjávarútvegsmál á Íslandi.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því miður geta íbúar Norðurl. v. ekki horft á Sýn. Ég þekki íbúa Norðurl. v. betur en hv. þm. og ég veit að þeir þekkja stöðu sjávarútvegsins og hvernig hún var þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar fór frá og þeir vita í dag hvernig hún er nú. Hv. þm. sagði að sjávarútvegurinn ætti sér á Alþingi góða talsmenn. Ef svo er, hvernig má það þá vera að svo illa er komið fyrir þessari atvinnugrein? Hvernig má það hafa gerst? Hvar eru þessir málsvarar og hverjir eru þeir?

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 1. þm. Vesturl. fyrir að taka upp þessi mikilvægu almennu efnahagsmál í umræðunni. Það getur kannski orðið til þess að menn noti tímann, sem er bersýnilega nægur að mati talsmanna ríkisstjórnarinnar, forustumanna þingflokka ríkisstjórnarflokkanna hér, til þess að fara aðeins yfir stöðuna í efnahags- og atvinnumálum og þá þróun sem hefur verið að ganga yfir að undanförnu. Hver ætli sé ástæðan fyrir þeim mikla vanda sem við er að glíma t.d. í sjávarútvegsmálum? Auðvitað er hún að nokkru leyti utanaðkomandi, auðvitað er hún að nokkru leyti óviðráðanleg. Enginn hefur haldið öðru fram og það er ómerkilegur barnaskapur að halda því fram, eins og t.d. hv. formaður fjárln. gerði, að við stjórnarandstæðingar tölum eins og enginn annar vandi sé til. Auðvitað vitum við það og við þekkjum það. Stjórnarliðið þekkir hins vegar ekki vanda atvinnuveganna, stjórnarliðið er bara upptekið af einu höfuðvandamáli. Það vandamál heitir, eins og hæstv. utanrrh. sagði, ríkisfjármál. Þegar talað er um sjávarútveginn þá segir utanrrh.: Ríkisfjármál. Þegar talað er um sjávarútveginn þá segir Sjálfstfl.: Ríkisfjármál. Hvernig er staðan í þeim efnum núna? Hvað eru þessir miklu leiðtogar sparnaðar hjá ríkinu að gera um þessar mundir? Velferðarþjónustan er skorin hrottalega niður. Það er verið að skera stórkostlega niður heilsugæslu, sjúkrahús

og skóla. En á sama tíma eru þessir menn að gera tillögur um að byggja monthús fyrir Hæstarétt fyrir 100 millj. kr. Hvar er niðurskurðarviljinn þegar kemur að slíkum hlutum af hálfu þessara aðila? Ég tel að áhugi þessara manna á að spara fyrir ríkissjóð sé enginn þegar þeir gera tillögu um það og pína í gegnum stjórnarflokkana að á samdráttartímum verði byggt monthús fyrir Hæstarétt upp á 100 millj. kr. (**Gripið fram í:** Þetta er ómerkilegt.) Þetta er nákvæmlega hárrétt, hv. þm., og ég sé það á hv. þm., með leyfi forseta, að þingmaðurinn blygðast sín að ég segi ekki skammast sín fyrir það að hann er að pína í gegnum stjórnarflokkana tillögu um að það verði byggt monthús fyrir Hæstarétt fyrir 100 millj. kr. Auðvitað ættu þessir miklu sparnaðarmeistarar ríkissjóðs að skammast til að gera tillögu um það núna að hætta við að byggja monthús fyrir Hæstarétt. En það er ekki svo.

Síðan koma menn eins og hv. 1. þm. Vesturl. og eru með kenningar um að allur vandinn í efnahagsmálum sé einhverjum tilteknum stjórnmálaflokki að kenna. Auðvitað ber t.d. Framsfl., sem hér var nefndur, mjög mikla ábyrgð í þessu efni. Ég tel að hann beri t.d. mjög mikla ábyrgð á þeim niðurstöðum sem urðu í vaxtamálum 1984, þegar vextirnir voru gefnir frjálsir í ágúst 1984, en það gerðist eins og kunnugt er í tengslum við ákveðnar ráðstafanir í sjávarútvegi. Ég tel að Framsfl. eigi þar mjög ljóta sögu. Það er ekki nokkur leið að neita því. Ég tel að vissulega sé hægt að halda því fram að enginn stjórnmálaflokkanna hafi ráð undir rifi hverju sem leysi hvern vanda í þessum málum. En að hv. formaður fjárln., sem kemur af versta atvinnuleysissvæði landsins, skuli leyfa sér eftir þær umræður sem fóru hér fram í þinginu í dag við hæstv. félmrh. að belgja sig út og ráðast á stjórnarandstöðuflokkana fyrir það ástand sem nú er um að ræða — hvað hafa þessir aðilar gert, Alþfl. og Sjálfstfl.? Staðreyndin er sú að við stöndum núna frammi fyrir mesta atvinnuleysi sem þekkist í sögunni. Eru þeir montnir af því? Eru þeir stoltir af því að fimm þúsund manns eru á atvinnuleysisskrá? Hvað hafa þeir reynt að gera? Þeir hafa eytt þeim sjóðum sem voru til og skildir eftir af fyrrv. ríkisstjórn. Það eru afrekin. (**Gripið fram í:** Voru þeir í menntmrn.?) Meðal annars í menntmrn. Já. Vegna þess að sjóðir eru ekki aðeins mældir í krónum og aurum heldur líka í þeim verðmætum sem felast í andlegu atgervi menntunarinnar, þess unga fólks sem er í skólakerfinu í landinu og það eruð að leika ykkur að að brjóta niður. Hér var í dag mælt fyrir frv. til laga um að eyðileggja grunnskólalögin. Halda því áfram á næsta og þarnæsta ári. Þetta eru þau afrek sem þið eruð að skilja eftir. Og að þið skulið síðan koma í þeirri stöðu þegar forustumenn ... (**Forseti:** Nota rétt ávarp, hv. þm.) Ég sagði þið. Að þessir hv. þm. skuli við þessar aðstæður koma og leyfa sér að setja hlutina upp með þessum hætti á sama tíma og forustumenn þingflokka stjórnarflokkanna hafa gert tilraunir til þess núna um nokkurt skeið að ná einhverri eðlilegri lendingu í meðferð mála það sem eftir er þingsins. Hvað nota menn þá? Umræður um fjáraukalög fyrir árið 1992 til að þenja sig um efnahagsmál almennt eins og hv. 1. þm. Vesturl. gerði hér áðan. Réðst að einstökum stjórnmálaflokkum með býsna sérkennilegum hætti. Þetta gengur auðvitað ekki. Þetta eru ekki heiðarleg vinnubrögð.

Staðreyndin er auðvitað sú, virðulegur forseti, að það sem hefur verið að fara úr böndunum í íslensku efnahagslífi stafar fyrst og fremst af frjálshyggjunni sem Sjálfstfl. og Alþfl. bera ábyrgð á. Frjálshyggjan gengur út á það að peningarnir eiga að ávaxta sig þar sem þeir gefa af sér arð sem skjótast, hvar sem það er. Það er auðvitað alveg augljóst mál að peningar skila ekki endilega mestum arði vestur í Stykkishólmi eða á Bíldudal eða í Búðardal eða á Skagaströnd. Þeir skila yfirleitt mestum arði í versluninni hér. Í innflutningnum og verðbréfaviðskiptunum hér. En það má ekki skerða hár á höfði þess frelsis því að það væri að brjóta reglurnar, grundvallarreglur frjálshyggjunnar sem þessir menn hafa leitt til öndvegis á öllum sviðum í íslenska þjóðfélaginu. Svo koma þeir hingað og ráðast að einstökum stjórnmálaflokkum í umræðum um fjáraukalög. Vitaskuld er þetta meginvandinn. Vitaskuld er þetta sá vandi sem er að ganga frá velferðarkerfinu vegna þess að herkostnaður frjálshyggjunnar er að brjóta velferðarkerfið á bak aftur. Peningarnir sem frjálshyggjan sogar til sín, sem vaxtaokrið sogar til sín, þeir peningar verða ekki notaðir aftur til að borga kaup. Þeir peningar verða ekki notaðir aftur til að borga fyrir kennslu í skólum. Þeir peningar verða ekki notaðir aftur til að halda uppi heilsugæslu og sjúkrahúsarekstri í þessu landi. Ónei, frjálshyggjan heldur fast utan um sitt.

Staðreyndin er sú að í öllum þeim umræðum sem fram hafa farið um efnahags- og atvinnumál hér á Íslandi núna á undanförnum vikum og mánuðum hefur það ævinlega verið svo að þegar kemur að því að skerða hár á höfði frjálshyggjunnar þá stökkva varðhundarnir fram fyrir dyrnar og segja: Nei, ónei, það má ekki, það má ekki, af því að það skerðir hin miklu og frjálsu lögmál. Af þeim ástæðum er það sem þessir miklu leiðtogar efnahags- og atvinnumála á Íslandi hafa ekki haft kjark til að sækja peninga með skatti á fjármagnstekjur. Þeir hafa ekki gert það. Þeir hafa ekki kjark til þess. Þeir hafa ekki haft kjark til að leggja skatta á hátekjur. Þeir hafa ekki haft kjark til að leggja skatt á stóreignir eins og var t.d. megintillaga Alþfl. fyrir nokkru. (Gripið fram í.) Það er út af fyrir sig rétt að það var ekki lagt á í tíð síðustu ríkisstjórnar ef hv. þm. á við það en ég bendi honum á ef hann hefur ekki skilið það að vandinn er alvarlegri nú en nokkru sinni fyrr. Þess vegna er réttlætanlegra nú en nokkru sinni fyrr að ganga hart fram í því að jafna að sækja peninga til stóreignamanna, hátekjumanna og þeirra sem eru að hirða fjármagnsgróðann. En það gerið þið ekki. Frekar horfið þið á fimm þúsund atvinnuleysingja sem hafa aldrei verið fleiri á Íslandi og eru á ykkar ábyrgð og þeirrar stefnu sem þið eruð að reka. Svo komið þið hér upp eftir þessi miklu afrek ykkar, hv. þm., og ráðist að einstökum stjórnmálaflokkum fyrir að þeir beri ábyrgð á öllu þessu sem núverandi stjórnarflokkar bera einir alla höfuðábyrgð á eins og staðan hefur verið að

þróast. Svo ganga þessir hv. þm. fram fyrir þjóðina og segja: Það þarf að spara hjá ríkissjóði en samt ætla þeir að byggja monthús yfir Hæstarétt upp á 100 millj. kr. Það er ekki vottur, ekki milligramm, hæstv. forseti, af heilindum í þessum málflutningi.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt sem kom fram í ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar að Framsfl. ber vissulega ábyrgð. Framsfl. hefur verið lengi við stjórn og Framsfl. þarf ekki að biðjast afsökunar á stjórnarþátttöku sinni. En Framsfl. hefur því miður aldrei haft það fylgi að geta verið einn við stjórnvölinn þannig að það hafa fleiri komið að.

Meginmálið er hins vegar það, eins og ég vék að hér áðan, að þegar Framsfl. fór frá völdum við síðustu kosningar og Sjálfstfl. og Alþfl. tóku við þá var kominn hagnaður í sjávarútveginn, þá undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar. Sjávarútvegurinn gerði meira en að borga að skuldum sínum, hv. þm. Karl Steinar Guðnason. Hann stóð einnig í skilum og borgaði laun starfsfólks síns sem hann getur því miður illa og kannski ekki gert í dag undir stjórn Alþfl. Hann borgaði milljarða. Hann gat borgað milljarða í sjóði sem átti að geyma til hagræðingar í greininni og til mögru áranna. En því miður höfðu þessir flokkar, Alþfl. og Sjálfstfl., ekki biðlund, þeir tóku þá og jusu úr þessum aumingjasjóðum sem þeir kölluðu svo.

Atvinnuleysi gengur líka yfir. Það er m.a. ástæða þessa og atvinnuleysi hefur aldrei verið meira en nú nema kannski hefur það verið svipað þegar þessir sömu flokkar fóru með völd, Sjálfstfl. og Alþfl. Það segir okkur býsna mikla sögu. Í bæði skiptin réðust þessir flokkar í sameiningu að velferðarkerfinu í landinu og launafólki. Þannig hafa þessir tveir flokkar ætíð brugðist við þegar þeir hafa náð saman. (**Forseti:** *Tíminn er búinn.*) Þeir hafa gert meira. Þegar þeim stóð það til boða að gangast fyrir og hafa samvinnu um það nú fyrir stuttu síðan að viðhalda þeirri þjóðarsátt sem fyrrv. ríkisstjórn kom á þá gengu þeir út og enga þjóðarsátt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umboðssöluviðskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 125. mál (EES-reglur). — Þskj. 145, nál. 409, brtt. 410 og 428.

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Mér skilst að um nokkurt skeið hafi átt að ræða málið Evrópskt efnahagssvæði. Mér skilst að hæstv. viðskrh. eigi að vera í fyrirsvari fyrir ríkisstjórnina í því máli. Mér hefur einnig skilist að hann hafi með þetta mál að gera sem hér er tekið á dagskrá. Mér finnst dálítið sérkennilegt að þegar umræða hefur átt að fara fram um Evrópskt efnahagssvæði nú um nokkurt skeið hafi þessi ráðherra, sem hefur verið í fyrirsvari, ekki látið sjá sig. Er það svo, virðulegur forseti, að það hafi bara verið blekking að halda því fram að til stæði að ræða Evrópskt efnahagssvæði á þessu síðdegi og að þetta mál eigi að taka fyrir að ráðherranum fjarstöddum? Ég hef ekkert um þetta mál að segja sem hér er um að ræða. Ég geri ráð fyrir að það sé samkomulagsmál en mér finnst nokkuð sérkennilega að þessum hlutum staðið af hálfu þess hæstv. ráðherra sem fer með málaflokkinn sem er hæstv. viðskrh. Þetta mikilvæga úrslitamál viðskrn., umboðssöluviðskipti, er gífurlega mikið hagsmuna- og kappsmál Alþfl. og hornsteinn jafnaðarstefnunnar. Mér finnst sérkennilegt að við þær aðstæður skuli hæstv. viðskrh. hvergi vera nálægur og bersýnilegt að þá menn, sem var sagt það eins og mér að til stæði að ræða fyrr í dag um Evrópskt efnahagssvæði, hafa einhverjir verið að plata vegna þess að hæstv. viðskrh., sem á að vera í fyrirsvari, hefur ekki látið sjá sig hér á þessum tíma.

Kristín Ástgeirsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því að nú er að hefjast nefndarfundur í hv. efh.- og viðskn. og því vil ég spyrja forseta hvert verði framhald hér eða hvort ekki sé meiningin að fresta fundi.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Vegna þeirra orða sem hv. þm. Svavar Gestsson viðhafði hér áðan þá tel ég rétt að skýra frá því að mér er kunnugt um að viðskrh. var fjarverandi framan af degi vegna þess að hann var við jarðarför. Síðan þurfti hann að sinna öðrum verkefnum og ég veit ekki betur en að svo hafi til talast að umræðan um Evrópskt efnahagssvæði ætti að hefjast hér kl. 21 í kvöld og að sjálfsögðu verður viðskrh. þá viðstaddur.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Hv. formaður þingflokks Alþfl. og hv. formaður þingflokks Sjálfstfl. skýrðu mér frá því fyrr í dag að ætlunin væri að ræða um Evrópskt efnahagssvæði síðdegis á milli kl. 5 og 6 ef nokkur kostur væri. Ég tók það trúanlegt og þar með að hæstv. viðskrh. yrði viðstaddur. Þess vegna er bersýnilegt að ekki hafa farið hrein skilaboð á milli manna og það harma ég þegar menn eru að leggja sig fram um að vanda sig við afgreiðslu mála.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem fram kom í máli síðasta ræðumanns að ætlunin var að reyna að hefja hér umræðu um Evrópskt efnahagssvæði eða halda henni áfram réttara sagt ef tími ynnist til að loknum umræðum um önnur mál sem hér eru á dagskrá. Nú er hins vegar þannig komið að hér eru að hefjast nefndafundir þannig að mér sýnist einboðið að fresta fundinum. Ég hygg reyndar að enginn sé á mælendaskrá í þessu umboðssölumáli þannig að mér finnst skynsamlegt að ljúka því, gera síðan hlé og fresta þessum fundi kannski til hálfníu eða svo þannig að hægt verði að

ganga til nefndastarfa eins og ráð hefur verið fyrir gert.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það kemur heim og saman við þær upplýsingar sem forseta höfðu verið veittar að rétt væri að taka á dagskrá 9. dagskrármálið þar sem ekki var búist við umræðu um það mál og ljúka afgreiðslu þess með því að fresta atkvæðagreiðslu. Síðan yrði hafin umræða um EES-málið ef tími ynnist til. Þetta voru þær upplýsingar sem forseti hafði. Síðan yrði fundi frestað ef nefndir óskuðu eftir því þangað til í kvöld.

Nú hefur forseti ekki fengið skilaboð frá formanni þeirrar nefndar, sem á að fara að hefja störf, en heyrir það á máli manna hér að gert sé ráð fyrir að fundi sé frestað vegna nefndastarfa. Forseti verður alltaf við því ef nefndir óska, því samkvæmt þingsköpum ber að leita samþykkis forseta. Og ef hann gerir ekki athugasemdir þá er fundum frestað. Forseti gerir ekki athugasemdir við það ef nefndin óskar eftir því að fresta þingfundi og þykir rétt og sjálfsagt að fresta nú fundi til kl. hálfníu í kvöld. (**Gripið fram í:** Þarf ekki að fresta málinu?) Umræðum um þetta mál var lokið og forseti var búinn að tilkynna það og atkvæðagreiðslu frestað. Fundinum verður frestað til kl. hálfníu í kvöld.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað. — [Fundarhlé.]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysistryggingar, 226. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 494.

Kjaradómur og kjaranefnd, 46. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 491; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. þskj. 492.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 47. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 493.

Skattamál, 286. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 489; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 490. — [Fundarhlé.]

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 372, 376, 411 og 470, brtt. 374.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér fer fram um Evrópskt efnahagssvæði hefur staðið um nokkurt skeið og fulltrúar allra flokka hafa talað, nokkrir trúi ég úr hverjum flokki. Í sjálfu sér skapar það möguleika á því að menn taki kannski aðeins skemmri tíma vegna þess að ég geri ráð fyrir því að menn hafi lagt einhverja vinnu í það að samræma sín sjónarmið eftir flokkum þó að hitt sé auðvitað alveg ljóst að það er eðlilegt, liggur mér við að segja, að allir þingmenn geri grein fyrir sínum sjónarmiðum úr þessum stól. Þetta er stærsta mál sem Alþingi hefur fjallað um á lýðveldistímanum. Það þýðir að hver einasti þingmaður hefur sérstakar skyldur gagnvart þessu máli, hver einasti þingmaður verður að vanda sig eins og nokkur kostur er og þess vegna taldi ég óhjákvæmilegt að gera fyrir mitt leyti nokkra grein fyrir þessu máli og afstöðu minni til þess en ég hef áður komið lítillega inn á það hér á Alþingi í ræðu sem ég flutti um stjórnarskrárþáttinn í ágústmánuði sl., auk þess sem ég hef auðvitað gert grein fyrir mínum sjónarmiðum á opinberum vettvangi í allmörgum blaðagreinum.

En önnur ástæða þess, virðulegi forseti, að unnt er að haga orðum sínum með þeim hætti að menn kannski tali skemur en ella væri er sú að málið kemur aftur inn. Það er óhjákvæmilegt eftir að þær ákvarðanir voru teknar í þjóðaratkvæðagreiðslunni í Sviss, sem mjög hafa verið ræddar hér, að það verði lagt fyrir þingmál á ný um þær breytingar sem gera verður á samningnum og fylgigögnum hans af ýmsum toga og þá gefst auðvitað þingmönnum, mér og öðrum, kostur á að ræða um málið. Staðreyndin er náttúrlega sú að fari svo að málið verði samþykkt nú eða á næstunni eða hvenær sem það nú yrði, jafnvel í byrjun næsta árs, þá yrði það engu að síður þannig að breytingarnar eða viðbótarbókunin verður að koma inn sem þingmál með einhverjum hætti líka. Ég vil byrja á því að spyrja hæstv. viðskrh. að því hvernig utanrrn. sér það fyrir sér. Ímynda menn sér að þetta nýja þingmál komi inn sem till. til þál. eða frv.? Mér sýnist í raun og veru að það sé óhjákvæmilegt að það sé frv. vegna þess að með þingmálinu er verið að opna þann lagagrunn sem hugsanlega yrði samþykktur og ég held að það sé mjög mikilvægt að vita þetta núna. Ætla menn að taka þetta fyrir sem frv. sem fer þá sína venjulegu leið, eða hugsa menn sér einhverja aðra afgreiðslu, þ.e. í till. til þál. sem ríkisstjórnin mundi þá væntanlega flytja?

Hvor leiðin sem farin verður, þó ég telji frumvarpsleiðina eðlilegri, þá skapar það auðvitað möguleika til þess fyrir mig og aðra þingmenn að koma að málinu á ný og vitaskuld er það þannig, virðulegi forseti, að þessi mikla umræða, sem staðið hefur yfir um nokkurra mánaða skeið um Evrópskt efnahagssvæði, er aðeins upphaf á langri umræðusögu. Ég spái því að Evrópumálin, sem svo eru kölluð, verði með einum eða öðrum hætti aðalmál þingsins. Ef við verðum aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu, þá verði Evrópumálin með einum eða öðrum hætti aðalmál þingsins á næstu árum.

Ég hef tekið eftir því að í öðrum þingum þar sem menn hafa t.d. ákveðið að verða aðilar að Evrópubandalaginu, sem eru auðvitað miklu nánari tengsl en hér er nokkurn tímann kveðið á um, þá hafa menn búið til sérstök ferli eins og í danska þjóðþinginu fyrir þessi mál og mér segir svo hugur um að það muni menn líka gera hér þegar fram í sækir ef menn ákveða að þjóðin verði aðili að Evrópsku efnahagssvæði. Þetta er fyrsta spurning mín til hæstv. ráðherra og e.t.v. hv. formanns utanrmn.: Hefur það verið hugleitt sérstaklega með hvaða hætti þetta þingmál verður lagt fyrir?

Í öðru lagi langar mig, virðulegi forseti, í upphafi ræðu minnar að koma dálítið að því sem ég kalla vanda þingmanna við að fjalla um mál af þessu tagi. Við þekkjum auðvitað öll okkar þingsköp þar sem hv. þm. fjalla um málin í sínum nefndum og síðan eru til-

teknir aðilar úr hverjum flokki sem taka málin fyrir og þegar um viðamikil mál er að ræða eins og þetta þá vill það verða alllangt mál sem menn flytja hér, menn *tala kannski í klukkutíma, tvo tíma eða tvo og hálfan* tíma eða eitthvað þvíumlíkt og áður en maður hefur snúið sér við er farið að tala um málþóf og ofbeldi og endemis ræður, svo ég vitni í nokkur málblóm stjórnarherranna og fjölmiðlanna um þessar umræður. Þetta er dálítið vont vegna þess að mér finnst að við höfum þá skyldu við okkar kjósendur að tala í málinu og gera grein fyrir viðhorfum okkar. Þessi aðferð, sem notuð er í fjölmiðlum með býsna ósanngjörnum hætti, m.a. af hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., gerir það að verkum að umræðan er öll sett í ósanngjarnt ljós. Auðvitað kann það að vera svo með okkur eins og allar aðrar mannlegar verur að við erum misjafnlega vandvirk og við förum misjafnlega vel í málin, en ég er sannfærður um að við reynum yfirleitt að fara í mál af þessu tagi eins vandlega og við höfum vit til, liggur mér við að segja. Ég held að menn þurfi að gæta sín mjög mikið á því áður en þeir fara að ýta undir þá umræðu í þjóðfélaginu að allt sem hér er rætt sé í raun og veru meira og minna kjaftæði, þetta sé eins og gagnfræðaskóli — sem eru ágætar stofnanir og ég skil svo sem ekki af hverju menn eru alltaf að tala niðrandi um. En það er mjög slæmt að þingmenn skuli taka þátt í þessu í stað þess að leita leiða til að losa um þá sjálfheldu sem þeir eru í að því er þetta mál varðar. Þeir eru það. Það á auðvitað við um þingmenn stjórnarandstöðunnar eins og gengur, en það á kannski ekki síst við um þingmenn stjórnarflokkanna. Það er mjög erfitt oft og tíðum fyrir þingmenn stjórnarflokkanna að komast að málum úr þessum ræðustól. Ég hef tekið eftir því t.d. að þingmenn Sjálfstfl. hafa verið mjög margir á mælendaskrá og ég hef tekið eftir því að þegar ég hélt að komið væri að þessum þingmönnum þá eru þeir allt í einu gufaðir upp af einhverjum ástæðum. Ég geri ráð fyrir því að það sé vegna þess að lögð hefur verið á þá ákveðin pressa um að færa sig aftar eða hætta við að tala eða eitthvað þvíumlíkt, m.a. af þeim hagsmunum sem ríkisstjórnarflokkar oft hafa um að reyna að flýta umræðum o.s.frv. af því taginu. Ég held sem sagt að það væri mikið nær fyrir þingmenn, bæði stjórnar og stjórnarandstöðu eins og í tilefni af þessu stóra máli að velta því fyrir sér hvort ekki er hægt að rjúfa þennan vítahring og þessa erfiðu sjálfheldu fyrir þingmenn, a.m.k. þá þingmenn sem nærri allir, liggur mér við að segja, fjalla um mál af þessu tagi með málefnalegum og vönduðum hætti eins vel og þeir hafa vit til, eins og ég orðaði það áðan og leyfi mér að endurtaka.

Það er hins vegar umhugsunarefni líka, virðulegi forseti, í þessu sambandi, af hverju við erum með þetta mál hér núna. Það eru 5.000 atvinnuleysingjar skráðir á Íslandi. Það er mikil svartsýni ríkjandi í íslenska þjóðfélaginu, hún er mikil og skammdegismyrkrið leggst alveg ótrúlega þungt yfir um þessar mundir. Ég held að í rauninni sé þessi EES-umræða að mörgu leyti til orðin á síðustu missirum og ekki síst núna að undanförnu vegna þess að þeir sem hafa kosið að veðja á EES sjá engan annan kost í tilverunni. EES er ljósið, EES er sólarupprásin, dagrenningin, dagsbrúnin, vonin eina, þá birtir á ný þegar kemur að þessu Evrópska efnahagssvæði og það er eiginlega alveg sama hvað *það er sem verið er að ræða um í sambandi við hin al*mennu vandamál í þjóðfélaginu, það er einlægt sagt já, en svo kemur EES. Þetta er rétt eins og menn segja: Já, svo kemur blessaður frelsarinn og leysir þetta. Eitt átakanlegasta dæmið um þetta að mínu mati var ræða hæstv. félmrh. í dag vegna þess að hún var ekki með neinum rökum, öðrum en þeim eins og hún sagði: Já, og svo verðum við náttúrlega aðilar að Evrópsku efnahagssvæði og þá verður þetta miklu betra. Þetta minnir orðið dálítið á trúarsöfnuð sem hefur tekið trú á þennan kaleik og þetta brauð sem heitir EES. Ef við meðtökum þetta brauð þá er okkur eiginlega borgið og þá leysir það öll vandamál. Þetta er orðið eins og allsherjarlykill að *öllu því almenna pólitíska fjölmúlavíli* sem við verðum að takast á við og fjalla um hér í þessari stofnun.

Ég tel að í þessu sé um það að ræða að menn geri allt of mikið úr möguleikunum. Ég tel að menn máli þessa þætti allt of björtum litum, miklu bjartari litum en efni standa til. Ég satt að segja hef ekki heyrt nein rök sem eru með þeim hætti að það sé afgerandi hægt að slá því föstu að þetta breyti svo og svo miklu fyrir okkar iðnað eða sjávarútveg eða þjónustugreinar eða bankakostnað alveg á næstunni. Ég sé það ekki. Mér liggur við að segja, virðulegi forseti, að í þessu máli hafi menn jafnvel gert sig seka um ákveðna blekkingastarfsemi og það er slæmt. Nú er það auðvitað svo, eins og gengur í málum af þessum toga, að menn vilja mála ýmist hliðarnar allt of bjartar eða allt of svartar og það er örugglega alveg rétt að meðal þeirra sem vilja vara við aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu ganga menn mjög langt í því að halda því fram að hér sé fólginn endir alls sem gott er. En ég held þó að þeir sem eru stjórnmálamenn, ráðherrar og alþingismenn og bera einhverja ábyrgð fyrir þessari þjóð verði að gæta sín á því að búa ekki til allt of miklar vonir í kringum hluti, vonir sem geta örugglega ekki ræst.

Ég held satt að segja að stuðningsmenn Evrópsks efnahagssvæðis séu þegar búnir að segja svo mikið um hina góðu hluti þessa máls að það muni verða mjög erfitt fyrir þá eftir nokkur ár að taka þátt í pólitískum umræðum í landinu vegna þess að þá muni það hafa komið í ljós að vonirnar rætast ekki með þeim hætti sem menn eru að gera sér hugmyndir um. Þær gera það ekki og þá er ég ekki síst að hugsa um ofboðslegar himnaríkislýsingar hæstv. utanrrh. í þessu máli.

Annað atriði sem kemur nokkuð fram í þessu máli og ég tel að sé að sumu leyti bakgrunnur þess, hinn huglægi bakgrunnur þessa máls, er almenn vantrú á stjórnvöld. Það er auðvitað svo að á síðari árum og áratugum og einkum á síðari árum hefur staða ríkisstjórna, staða þinganna verið að breytast, hún hefur breyst mjög mikið. Markaðurinn hefur tekið til sín meira og meira vald og meira er um að það birtist vantrú á kjörnum stjórnendum, hvort sem það eru alþingismenn eða sveitarstjórnarmenn og þetta er auðvitað mikið umhugsunarefni fyrir þá sem vilja hafa þetta

kerfi sem heitir lýðræði og þingræði af því það er ekkert betra til. Vandinn er sá að menn hafa viljað spenna sig svo upp í umræðum um það sem þeir geta eða ekki geta að það hefur valdið því að fólk hefur aftur og aftur orðið fyrir stórkostlegum vonbrigðum. Þannig búa stjórnmálamennirnir í raun og veru sjálfir til vantrú á það kerfi sem þeir vinna í og það er mjög alvarlegt og mjög slæmt. Það er svona svipað og ég var að nefna áðan í sambandi við umræðurnar um hið Evrópska efnahagssvæði, þetta sé ofbeldi, þetta séu endemis ræður, þarna reynir mest á þvagfærin og líkamlegt úthald og guð veit hvað. Allt rægir þetta okkur sjálf og gerir lítið úr því sem við eigum að vera að gera í þessari virðulegu stofnun.

Ég vil síðan, virðulegi forseti, að loknum þessum almenna inngangi sem mér fannst nauðsynlegt að koma á framfæri af þessu tilefni af því það er í raun og veru hvergi vettvangur til að ræða svona mál, aðeins víkja að frv. fyrst og síðan að aðdraganda málsins.

Ég vil fyrst segja varðandi frv. að ég vakti athygli á því á kvöldfundi í ágústmánuði, ég hygg það hafi verið 27. ágúst, að 4. gr. frv. gæti alls ekki staðist. Ég sagði í þeirri ræðu að í henni fælist meira valdaafsal frá Alþingi en nokkru sinni hefði átt sér stað, komst þannig að orði að í raun og veru gætu menn ákveðið að hafa þetta þannig að menn felldu bara niður íslenska lagasafnið nema stjórnarskrána og segðu svo í lok stjórnarskrárinnar: Ráðherra sem í hlut á getur, ef sérstök nauðsyn krefur, sett reglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd EES-samningsins.

Ég varð ekki var við að þetta mál fengi nein viðbrögð í umræðunum, því miður, en hins vegar sé ég það mér til mikillar ánægju að hv. utanrmn. hefur í raun og veru fallist á þetta sjónarmið og ákveðið að gera tillögu um að fella 4. gr. niður og ég tel það mjög til bóta. Ég tel að það sé skynsamlegt að gera hlutina með þessum hætti og ég tel einnig að í þessu felist auðvitað ákveðin stefnumótun í meðferð málsins í heild eða hvað? Er það ekki svo að í þessu felist stefnumótun, þetta sé ekki eitthvað sem aðeins á við þetta frv., staðfestingarfrumvarpið, heldur eigi þetta við fleiri þætti eins og t.d. frv. um starfsmenntun, próf og fleira sem fjallað var um í menntmn. þar sem ákveðið var að þrengja lögin og miða þau eingöngu við þá tilskipun eða reglu Evrópubandalagsins sem þegar hafði verið samþykkt og að opna ekki fyrir almenna túlkun og útfærslu ráðherrans á málinu.

Ég vil sem sagt leyfa mér að hrósa hv. utanrmn. í heild fyrir það að hafa fellt út þessa grein og fyrir þá stefnumótun upp á framtíðina sem ég tel að felist í þeirri tillögu hennar að fella niður 4. gr.

Ég vil þessu næst, virðulegi forseti, víkja aðeins að aðdraganda málsins á undanförnum árum og kannski fyrst víkja pínulítið að því sem hv. alþýðuflokksmenn hafa verið að segja nokkuð mikið — já, ég hygg að það hafi aðallega verið þeir, þó hefur hv. 3. þm. Reykv. sungið með — um það að búa til einhverja kenningu um það að í umfjöllun um utanríkismál séu tilteknir aðilar einangrunarsinnar og hafi alltaf verið það en aðrir hafi verið víðsýnir alþjóðahyggjusinnar. Ég held að menn verði að vara sig dálítið á þessu vegna þess að þetta styðst ekki við veruleikann. Veruleikinn er í raun og veru allt annar t.d. að því er Alþb. varðar. Það er út af fyrir sig rétt að Alþb. setti sig í raun og veru gegn þeirri utanríkismálastefnu sem ákveðið var að framkvæma hér af meiri hluta Alþingis um áratugaskeið. Og það er kannski rétt að rifja það upp að sú utanríkismálastefna sem framkvæmd var á Íslandi var umdeildari hér en í nokkru öðru NATO-ríki. Af hverju ætli það sé? Ætli það hafi bara verið vegna þess að Alþb. var og hefur verið tiltölulega sterkt? Nei, auðvitað var það ekki bara vegna þess heldur var það fyrst og fremst kannski vegna þess að sjálfstæðisbaráttan var þjóðinni í fersku minni, í æðar runnin svo að segja, og menn tók það sárt langt út fyrir raðir alþýðubandalagsmanna eða sósíalista eða vinstri manna þegar við bundumst Atlantshafsbandalaginu eða Ameríkananum eða hvað það nú var. Þannig að hér var um að ræða eðlilega tilfinningalega niðurstöður alls þorra Íslendinga og það var kannski fyrst og fremst þess vegna sem alltaf var sett spurningarmerki með skarpari hætti við utanríkispólitíkina hér á Íslandi en í nokkru öðru NATO-ríki. Hins vegar er það þannig að þegar kemur að málum eins og t.d. okkar viðskiptamálum, okkar lífshagsmunamálum fyrir utan svokölluð öryggis- og varnarmál, þá horfir málið dálítið öðruvísi við. Hvaða flokkur ætli það hafi verið, með fullri virðingu fyrir hinum flokkunum, sem lagði kannski ekki síst áherslu á að færa út landhelgina og vinna að lendingu í hafréttarmálum og að setningu hafréttarsáttmála? Ég er ekkert að gera lítið úr hlut manna eins og hv. 4. þm. Reykv. í þessu efni, en ég minni bara á sögu Lúðvíks Jósepssonar í þessu máli. Ég tel að þarna hafi Alþb. beitt sér fyrir tilteknu alþjóðlegu samkomulagi í þágu Íslendinga sem þjóðin öll var aðili að og tók þátt í að knýja fram, oft í mjög hörðum átökum. (**Gripið fram í:** Það er allt rétt sem þú segir um Lúðvík). Allt rétt. Ég þakka fyrir. Það kemur mér í sjálfu sér ekki á óvart, en það er gott að heyra þessa ábendingu.

Hið sama er auðvitað að segja t.d. um bókun 6. Hver fór með þau mál fyrir Alþingi á sínum tíma? Var það Sjálfstfl. og Alþfl. sem gerðu það í einhverri blóðugri andstöðu við Alþb. og Framsfl.? Nei, það var ekki þannig. Ég man ekki betur en Lúðvík Jósepsson hafi talað fyrir bókun 6 á Alþingi sem viðskiptaráðherra. Ég man ekki betur en það hafi verið þannig þó að Einar Ágústsson þáv. utanrrh. hafi að sjálfsögðu gert samninginn.

Þannig er auðvitað hægt að nefna ýmis dæmi fyrir utan þáttöku í norrænu samstarfi o.fl. þar sem það liggur fyrir að Alþb. hefur síður en svo verið með einhverja einangrunarstefnu að þessu leyti. Þetta er auðvitað barnaskapur. Þetta er kaldastríðsröfl, virðulegi forseti, og það er ekki sæmandi mönnum sem eru jafn vel að sér og hv. 3. þm. Reykv. að taka undir svona sjónarmið eins og hann gerir minna og minna eftir því sem hann eldist og vitkast eins og við gerum báðir. — Við eldumst alla vega báðir öllu heldur.

Ég held líka að lykillinn að eðlilegri umræðu um

utanríkismál og farsælli þróun þeirra sé að menn reyni ekki aðeins að skilja nútíð og spá í framtíð heldur reyni menn einnig að átta sig á fortíðinni og reyni að skilja hana með einhverjum hætti sameiginlegum skilningi.

Ef menn setja hlutina upp svona, eins og hér hefur verið gert varðandi einangrun þessa og alþjóðaviðhorf hins o.s.frv., þá geta menn auðvitað, eins og hv. þm. Eggert Haukdal gerði, sagt sem svo: Alþfl. hefur alltaf verið á móti öllu sem hefur lotið að því að styrkja og treysta sjálfstæði þjóðarinnar. Hv. þm. Eggert Haukdal sagði: Alþfl. var á móti sambandslagasamningunum 1918. Hann var seinastur til að fallast á lýðveldið. Hann vildi gjarnan keyra okkur inn í Evrópubandalagið o.s.frv. Út af fyrir sig geta menn reynt að setja hlutina svona upp, en ég held að það sé ekki að öllu leyti sanngjarnt. Það alla vega einfaldar ekki vitræna niðurstöðu og rökrétta að setja hlutina svona upp, því að við eigum auðvitað fyrst og fremst að taka afstöðu í málum af þessum toga út frá þeirri stöðu sem að þjóðin er í um þessar mundir. Ég segi þjóðin, ekki okkar flokkar, hverjir sem þeir eru, heldur þjóðin.

Það var þess vegna að mínu mati í mjög rökréttu framhaldi af umræðu um þessi mál á undanförnum árum og í rökréttu framhaldi af afstöðu Alþb. að við ákváðum að taka þátt í að kanna hvort að Ísland ætti að verða aðili að hinu evrópska efnahagssvæði. Við höfðum tekið þátt í því að samþykkja yfirlýsingar, m.a. á vegum Fríverslunarbandalagsins um að það þyrfti að koma á tilteknu samstarfi um viðskiptamál við Evrópubandalagið. Þetta höfðum við gert aftur og aftur á undanförnum árum, m.a. þann tíma sem ég fór með formennsku í EFTA-ráðinu árið 1979. Þá var þessi stefna undirstrikuð. Og það má segja að það sé fullkomlega eðlilegt að í framhaldi af því ákveðum við að kanna það hvort að Íslendingar eigi að verða aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Það var aldrei neitt hik á mér í þeim efnum nema þá fyrst og fremst vegna þess að jafngóðir menn og vinir mínir, eins og hv. 4. þm. Austurl., vöruðu við þessum skrefum allan tímann.

Þegar lagt var af stað í þetta mál í síðustu ríkisstjórn voru sett tiltekin skilyrði varðandi auðlindir, bæði landið, orkuna og sjávarútveginn og varðandi fullveldið og það var gerð grein fyrir þeim skilyrðum *á fundi í Ósló snemma árs 1989 af þáv. hæstv. forsrh.*, Steingrími Hermannssyni. Ég hef tekið eftir því, mér til sárra leiðinda, að ýmsir hv. þm. Framsfl. virðast eiga erfitt með það að lenda í þessu máli og það finnst mér sérkennilegt. Fyrst og fremst vegna þess hvað skilyrðin, sem sett voru 1989, voru með afgerandi hætti í raun og veru skilyrði Framsfl. Þess vegna finnst mér að málið liggi þannig að framsóknarmenn þurfi ekkert að rökstyðja það, nú er ég að segja það sem mér finnst, að þeir séu á móti þessum samningi, heldur þurfi þeir að rökstyðja það mjög ítarlega í gríðarlegum ræðum af hverju þeir sitja hjá þegar samningurinn er afgreiddur. Vegna þess að þá eru þeir í raun og veru að hafna mjög miklu af því sem að Framsfl. sagði um þetta mál m.a. á sínum miðstjórnarfundi 1989 og í yfirlýsingu fyrrv. hæstv. forsrh. á sama ári.

Sú stjórn sem fjallaði um málið undir forustu hæstv. forsrh., Steingríms Hermannssonar, lagði mikla vinnu í þetta mál og það var að mörgu leyti ekkert mjög einfalt. Áherslur voru mjög mismunandi, það er ekki nokkur leið að neita því, t.d. milli mín og hæstv. viðskrh. En í raun og veru tókst ótrúlega vel, vegna þess að það var var vanur maður við stýrið, að sigla þessu fleyi áfram meiri hlutann af tíma þeirrar ríkisstjórnar. Ég tel að þau skoðanaskipti, sem þá áttu sér stað við ríkisstjórnarborðið, sem voru oft erfið og kom fyrir að þau voru býsna hvöss, hafi verið mjög gagnleg.

Þegar það hins vegar gerðist í þeirri stjórn að páv. og núv. hæstv. utanrrh. óskaði eftir því að fá fullt samningsumboð til að sinna þessu máli án þess að gera sérstaka varanlega fyrirvara neituðum við því. Við vorum ekki tilbúnir til að gera það. Það gerðist ekki með þeim hætti að fluttar væru um það tilllögur og þær bornar undir atkvæði í ríkisstjórninni, sem var aldrei gert í þeirri stjórn. Ég man reyndar aðeins eftir einu dæmi á mínum ríkisstjórnarferli að mál væru borin undir atkvæði við ríkisstjórnarborðið og er brandari út af fyrir sig sem kemur ekki þessu máli við. (**Gripið fram í:** Það voru togarakaup.) Það voru togarakaup. Það er rétt. Það voru togarakaup, það var kostulegt. En látum það nú vera. Alla vega er það þannig að hæstv. utanrrh. fær aldrei þetta samningsumboð sem hann er að biðja um. Nú hafa ýmsir talað mikið um það að þegar síðustu kosningaúrslit lágu fyrir hafi menn sagt þetta og hagað orðum sínum svona o.s.frv. En aðalatriðið er þó að það varð niðurstaðan hjá Alþfl. að sækjast eftir samstarfi við Sjálfstfl. til þess að fá sem greiðasta uppáskrift á umboðið fyrir hæstv. utanrrh. Niðurstaðan varð svo sú, ég held það hafi verið 5. maí, sem það er samþykkt á fundi í ríkisstjórn Íslands í ráðherrabústaðnum, ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, að hæstv. utanrrh. fær það umboð sem hann hafði beðið eftir lengi og fagnaði mjög í viðtölum við fjölmiðla þegar þetta hafði gengið yfir.

Í framhaldi af því þróar hann síðan málið með þeim hætti sem það liggur núna fyrir. Málið hefur auðvitað verið að skýrast smátt og smátt, betur og betur og má segja að það skiptist í þrennt. Í fyrsta lagi fjallar þetta mál um svokallað fjórfrelsi á sviði viðskipta, vöru og þjónustu o.s.frv. Í umræðunum um fjórfrelsið kom *mjög fljótt í ljós að mjög fáir voru tilbúnir til að taka* inn á sig fjórfrelsið fyrirvaralaust. Ég hygg í rauninni að þegar málið er skoðað hafi enginn flokkur verið tilbúinn til þess í upphafi að slá því föstu að hann tæki inn á sig fjórfrelsið fyrirvaralaust. Allir flokkar vildu þegar lagt var af stað hafa tiltekna fyrirvara. Flokkarnir sem stóðu að síðustu ríkisstjórn sameinuðust um ákveðna fyrirvara í sjávarútvegi. Menn ræddu um fyrirvara í orkumálum og menn ræddu um girðingar í landbúnaði. Það má kannski segja að farið hafi vel á því að menn hafi sérstaklega fjallað um girðingar í landbúnaðinum. Núna liggur niðurstaðan af öllu þessu fjórfrelsis og girðingatali fyrir. Niðurstaðan er sú að það er ekki hægt að girða. Það er ekki hægt að koma fyrir neinum girðingum í þessu máli. Það vill þannig til vegna þess að það er alveg fortakslaust að ekki má

mismuna eftir þjóðerni á svæðinu. (**Gripið fram í:** Frost fer úr jörðu.) Og frost fer úr jörðu. Já, það má e.t.v. segja að það gerist einn góðan veðurdag. En girðingar sem mismuna eftir þjóðerni eru alveg óheimilar. Hins vegar hafa menn verið að basla við það að búa til þessar girðingar og það átakanlegasta sem ég hef frétt af í þeim efnum eru þessar girðingar í sambandi við jarðakaup, sem ganga aðallega út á það að banna okkur þéttbýlisbúum að eignast skika úti á landi á Íslandi. Þær ganga ekki út á neitt annað. Ég hélt að frekar væri ástæða til að stuðla að því að við þéttbýlisbúar hefðum sem bestan skilning á dreifbýlinu en ekki öfugt. Ég kann því ekki að meta þessar girðingatilraunir sem menn hafa verið að gera, enda standast þær ekki.

Þetta mál liggur ósköp einfaldlega þannig að annaðhvort eru menn almennt séð á þessu fjórfrelsi með einhverjum ákveðnum fyrirvörum eða menn eru það ekki. Og það er ekki hægt að finna þar eitthvert vegið meðaltal. Málið liggur ekki þannig, virðulegi forseti.

Ég segi fyrir mig að ef hægt væri að koma hlutunum þannig fyrir að menn gætu tekið inn á sig þetta fjórfrelsi og haft fyrirvara á þeim sviðum þar sem okkur sýnist að hafa þá væri þetta náttúrulega fínt. En málið er bara ekki þannig. Vegna þess að ef við erum í viðræðum um þetta erum við að taka þátt í fjölþjóðlegum samtölum og þá gengur það ekki þannig fyrir sig að menn hafi eina reglu hér og aðra þar. Það hljóta að vera almennar reglur og þar með gengur þetta girðingatal ekki neitt. Auðvitað vitum við sveitamenn að girðingar geta verið gagnlegar, en það er hægt að hafa oftrú á girðingum eins og öllu öðru og gaddavírstrú Íslendinga hefur satt að segja gengið óhugnanlega langt.

Þetta var varðandi fjórfrelsið. Annað atriðið — ég tel að þetta mál greinist í þrennt, eins og ég hef reyndar sagt áður — er stjórnarskráin. Þar liggur málið þannig að fjöldi manna telur að samningurinn brjóti í bága við stjórnarskrána. Mjög reyndir stjórnmálamenn halda því fram líka að svo sé. Ég segi sem niðurstöðu í málinu að það megi út af fyrir sig finna dæmi um að samningurinn gangi býsna nærri stjórnarskránni, að ekki sé meira sagt. En alla vega hljóta allir sanngjarnir menn að viðurkenna að það er vafi í þessum efnum. Það er vafi. Og ég tek eftir því að sumir hafa allt í einu farið að samþykkja ályktanir um að eitthvað eigi njóta vafans, sem er mjög sérkennilegt í íslensku tungutaki, að menn njóti vafa. En látum það vera. Ég er þeirrar skoðunar að þarna ríki ákveðinn vafi og þess vegna hefði verið skynsamlegra af stjórninni, ef hún vill fara í gegn með þetta mál sem hún vill, að reyna að búa betur um stjórnarskrárþáttinn.

Þriðji þátturinn í þessu máli er svo Evrópubandalagsþátturinn sem er í raun og veru aðalpunkturinn í mínum huga. Það sem kannski réð ekki minnstu um hina endanlegu lendingu hjá mér persónulega í þessu máli er að með því að samþykkja þetta móverk, eins og það liggur hér fyrir, eru menn að taka inn á sig mjög stóran hluta af Evrópu, Evrópuréttinum, Evrópulögunum, Evrópustefnunni og hugmyndafræðinni og geta í raun og veru mjög litlum vörnum við komið í þeim efnum. Eftir að menn eru á annað borð komnir upp í þessa lest liggur það mál einfaldlega þannig að það verður ekkert auðvelt að segja hér einn góðan veðurdag: Heyrðu, þetta frv. úr þessu EES-kerfi er tóm vitleysa. Við viljum ekkert með það hafa. Málið liggur ekkert þannig. Við verðum meira og minna eins og viljalaus verkfæri við flæðilínu frá EB og verðum að taka við þeim tittum sem þaðan koma. Þetta finnst mér niðurlægjandi fyrir sjálfstæða þjóð og er mál sem ég get ekki fellt mig við.

Alþb. hefur fyrir sitt leyti tekið afstöðu í þessu máli sem birtist í miðstjórnarsamþykkt flokksins frá júlí sl. Jafnframt því að gera samþykkt um að Alþb. gæti ekki sætt sig við samninginn eins og hann liggur fyrir og menn mundu greiða atkvæði gegn þeim drögum sem hér liggja fyrir að frv. var samþykkt að leggja verulega áherslu á tvíhliða samning við Evrópubandalagið. Menn hafa verið að hafa þennan tvíhliða samning dálítið í flimtingum eins og þetta séu einhverjir áróðursflugeldar. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég skil málið ekki þannig. Ég tek þetta tiltölulega grafalvarlega. Ég held að tvíhliða samningur í þessari stöðu og að leita eftir honum hefði verið það skynsamlegasta.

Þá kem ég að nokkru umhugsunarefni núna við lok þessa ferlis í bili. Það er þetta: Hefur okkur mistekist mjög illa við að fara með þetta mál almennt séð? Þá er ég ekki bara að tala um núv. ríkisstjórn. Ég er að tala um síðustu ríkisstjórn líka. Hefur það verið þannig að forusta núv. utanrrh. í málinu hafi kannski ekki verið eins heppilegur samnefnari fyrir þá hugsun sem Íslendingar þurfa að hafa í þessu máli og þjóðin þarf á að halda? Í tíð síðustu ríkisstjórnar settu flokkarnir sig allir í þær stellingar að þeir vildu ekki fallast á tvíhliða samninga. En á þeim tíma er það svo að Sjálfstfl. og Kvennalistinn eru á þeirri skoðun. Þegar kemur svo aftur að málinu á þessu kjörtímabili má segja að þetta snúist að nokkru leyti við. Utanrrh. velur sér nýjan förunaut sem hafnar þessum tvíhliða samningahugmyndum.

Ég held satt að segja að ef það hefði verið farið, mér liggur við að segja, af meiri hófsemi í þetta mál og það ekki rekið eins og heiðingjatrúboð, þá hefði mátt gera sér vonir um að náðst hefði miklu víðtækari þjóðarsamstaða um málið. Ég held að alþýðuflokksmennirnir hafi rekið þetta mál af allt of miklu offorsi og ég held að við sem höfum verið þeim samferða, hvort sem það er í síðustu ríkisstjórn eða í þessari, höfum verið þeim um of eftirlátir að því er þetta mál varðar.

Ég geri ég ráð fyrir því að þeir þingmenn Sjálfstfl. sem að hafa helst velt þessu máli fyrir sér finnist það kannski hin mesta fjarstæða að setja málið upp með þessum hætti. En mér finnst það þó til umhugsunar. Ekki síst vegna þess hvað er mikilvægt fyrir eina fámenna þjóð. Hvað er það? Það er samstaða um grundvallaratriði í málum af þessu tagi.

Ég geri ráð fyrir því að mjög margir muni halda því fram að það sé, mér liggur við að segja, barnaskapur eða sveitamennska ef ekki eitthvað þaðan af verra, að ímynda sér að hægt sé að ná gríðarlega víðtækri sam-

stöðu um mál af þessu tagi. Ég held að það sé samt ekki þannig. Ég held að það sé hægt að ná mjög víðtækri samstöðu. Og ég bendi í þessu sambandi á tillögu sem var samþykkt í utanrmn. Alþingis eitt vorið eftir að ýmsir flokkar höfðu lagt hana fram í utanrmn., sem þá var undir forustu hv. 4. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Austurl. var þá í nefndinni. Enginn sá það fyrir þann vetur að svo gæti farið að menn næðu einhverri sameiginlegri lendingu í því máli. Niðurstaðan varð sú að menn náðu sameiginlegri lendingu. Auðvitað varð það svo að hv. formaður utanrmn. túlkaði vissa hluti aðeins öðruvísi en aðrir. Mig minnir að við alþýðubandalagsmenn höfum verið þarna með tiltekna fyrirvara eins og gengur. En í meginatriðum tókst mönnum að ná þessu saman. Ég held að þessari alúð við samstöðu þjóðarinnar hafi aldrei verið sinnt af hálfu hæstv. utanrrh. í þessu máli. Ég held að hann sé svo mikill bardagamaður og Vestfirðingur að hann hafi eiginlega viljað stríð og taki gjarnan stríðið fremur en friðinn ef hann á völ á hvoru tveggja. Þetta nefni ég til umhugsunar. (**HG:** ... í líkingu við Þorgeir nokkurn?) Það má kannski nefna hér hann Þorgeir Hávarsson sem ýmsum hefur orðið hált á að nefna úr þessum ræðustól á síðari árum, m.a. hæstv. utanrrh., ef ég man rétt, þar sem hann nefndi Þorgeir Hávarsson einhverju allt öðru nafni, en ég er búinn að gleyma því í bili.

Þetta vildi ég nefna til umhugsunar, ekki til þess að endilega að menn skrifi upp á það með mér, heldur er ég að koma þessum hugusunum á framfæri því að þær hafa leitað mikið á mig á seinni missirum í þessu máli og reyndar ekki aðeins í tíð þessarar ríkisstjórnar, ég viðurkenni það, heldur líka í tíð síðustu ríkisstjórnar. Mér fannst það óþægilegt af því að mér fannst stundum að menn færu offari í málinu.

Þetta eru þau þrjú meginatriði sem þetta mál snýst um og niðurstaða mín og okkar flokks er sú sem hér hefur komið fram.

Til viðbótar þessu má auðvitað láta koma fram að ég óttast mjög að þessi ákvörðun um aðild að Evrópsku efnahagssvæði sé fyrsta skrefið inn í Evrópubandalagið. Ég held í rauninni að hægt sé að leiða að því mörg rök að svo sé. Ég geri ráð fyrir því að eftir kannski eitt eða tvö ár muni menn segja: Það er óþolandi að standa við þessa frumvarpaflæðilínu frá Evrópubandalaginu og hafa engin áhrif á það hvernig hlutirnir eru þar. Og þess vegna muni menn segja: Við skulum frekar fara inn í þetta heiðnaberg sem Evrópubandalagið er. Ég óttast að hlutirnir muni þróast með þessum hætti. Svo sé ég það og það er eðlilegur og má segja rökréttur hugmyndalegur þáttur í þessu máli að ýmsir eru farnir að tala mjög ákveðið um hugsanlega aðild Íslands að Evrópubandalaginu. Það ágæta unga fólk sem skipar sér í sveitina sem heitir Samband ungra jafnaðarmanna talar með skýrum hætti í þessu sambandi. Þetta eru ekki ómagar. Þetta eru áhrifamenn um þróun Alþfl. ef ekki nú þá væntanlega á morgun eða hinn daginn. (**ÓÞÞ:** Af hverju eru þeir ekki ómagar?) Þetta eru einstaklingar sem hafa áhrif og geta ráðið miklu og þurfa ekki að vera niðursetningar hjá nokkrum manni.

Ég held því að við verðum að gera okkur fulla grein fyrir því að menn eru að stíga upp á þá lest að ganga í Evrópubandalagið. Og ég segi fyrir mig að ég satt að segja heyri aldrei skýr rök fyrir því, m.a. frá ýmsum ágætum vinum mínum í stjórnarandstöðunni, að það að verða aðili að EES sé varnarlína gagnvart því að menn lendi svo síðar í EB. Málið liggur ekki þannig. Það er hægt að reiða fram ótal staðreyndir því til rökstuðnings að málið liggur ekki þannig. Þess vegna verð ég að segja að ég óttast það, virðulegi forseti, að áður en næsta ár er allt muni koma upp tillögur með mjög alvarlegum hætti um aðild Íslands að Evrópubandalaginu. Og ég óttast það að fyrir næstu kosningar, sem yrðu í síðasta lagi 1995, verði menn að takast á um þetta atriði. Þá verði menn ekki aðeins að takast um það sem almennan möguleika heldur verði menn að takast á um tillögu í þessu efni. Málið liggur þannig þegar hv. formaður fjárln., hv. 6. þm. Reykn., hefur talað með skýrum hætti í þessu efni. Ég segi þess vegna, virðulegi forseti, að ég tel nokkuð ljóst að svo geti farið að í næstu kosningum verði í raun og veru átökin um þetta mál. Það væri fróðlega að heyra eitthvað sem getur sannfært mann um að það sé öðruvísi. Ég sé það ekki.

Þess vegna held ég að við eigum að staldra hér alvarlega við og ekki gefa okkur á vald þeirri minnimáttarkennd sem kemur svo oft fram og er þessi: Við verðum þá bara á köldum klaka. Við verðum bara einangruð ef við ekki förum inn í Evrópska efnahagssvæðið. Ég get ekki tekið undir það.

Auðvitað geta menn haft mismunandi hugmyndir um það hvaða framtíðarsýn er eðlilegast að draga upp fyrir Íslendinga. Sjálfsagt höfum við öll velt því fyrir okkur með hvaða hætti við sjáum þá framtíðarsýn. Reynum að skyggnast aðeins inn í þessa framtíð. Reynum að velta því fyrir okkur hvernig veröldin, ef hún þróast í grófum dráttum svipað og nú virðist vera, hvernig þróun mála gæti litið út, segjum árið 2010 eða eitthvað því um líkt. Ég er þeirrar skoðunar að í þessari framtíð, hvort sem það er þá eða síðar eða fyrr, muni alþjóðleg samskipti einkennast af miklu nánari tengslum á milli þjóða á tilteknum sviðum en nú er, á milli allra þjóða en ekki bara sumra þjóða á tiltölulega innilokuðu svæði í þeim yfirstéttarlúxusklúbbi veraldarinnar sem við erum hluti af í þessum heimshluta.

Ég sé það þannig fyrir mér að á þessum tíma stefni menn að því að til verði í grófum dráttum þrír alþjóðlegir samningar. Það er samningur um friðar- og öryggismál, sem sprettur upp á grunni m.a. þeirra stofnana sem til hafa verið og þar sem reynt er að laða menn saman með tilteknum hætti til að taka á tilteknum vandamálum sem upp koma í heiminum og ómögulegt er að sjá fyrir. Í öðru lagi tel ég að að þessu leytinu til muni menn stefna að því að reyna að ná því sem ég ímynda mér að við getum kallað til hægari verka alþjóðlegan umhverfissáttmála. Þegar ég segi alþjóðlegur þá segi ég með aðild allra. Það gengur auðvitað ekki öðruvísi.

Í þriðja lagi mun á þessum tíma vaxa tilhneigingin í þá átt að ná víðtækari samstöðu um nýja skiptingu

þeirra gæða sem jörðin gefur af sér. Þetta er það sem menn hafa glímt við býsna lengi og ég get ómögulega sagt að ég sjái það fyrir mér í alveg fyrirsjáanlegri framtíð að menn nái þessu. En að því er allt þetta þrennt varðar, sem mönnum kann að virðast býsna fjarlægt, þá hljóta menn að leitast við af fremsta megni, eins og segir í fermingartextanum, að ná þarna tilteknum markmiðum. Mér finnst ekkert verra að við sem erum í stjórnmálum reynum að sjá fyrir framtíð, sjá fyrir sýn, gera þjóðinni grein fyrir henni, eða þjóðunum eftir atvikum, og segja: Þangað viljum við fara. Og ég held að leiðin til þess að ná samstöðu og sátt um leiðirnar sé sú að eiga markmiðin. Þegar menn eiga sér ekki markmið, reyna ekki að ímynda sér eða gera sér grein fyrir því hvað getur tekið við, þá verður ákvörðunin um leiðirnar hentistefnuákvörðun. Tilviljunarkennd hentistefnuákvörðun sem tekin er út frá pólitískum, oft þröngum flokkspólitískum skammtímahagsmunum.

Ég tel það að ganga inn í þetta Evrópusvæði með hliðsjón af þessari framtíðarmynd ekki ganga upp. Reyndar er ég alveg sammála hæstv. utanrrh. um það að Evrópubandalagið og þessi innri markaður og allt það byrjar að molna niður á sömu stundu og það verður til. Það eru einu sinni hin sögulegu lögmál, svo ég vitni í hv. 10. þm. Reykv. sem vildi taka okkur hv. þm. Hjörleif Guttormsson upp í því sem kallað var einu sinni söguleg efnishyggja og menn eru örugglega farnir að ryðga í en þó gæti verið að eitt og eitt leyndist í hausnum á mönnum í því sambandi.

Ég tel að þannig gangi hlutirnir fyrir sig að menn muni sjá að þeir múrar sem menn ætla sér að byggja upp í kringum lúxusliðið í Evrópu munu hrynja. Ég segi: er ekki miklu nær, ef menn vilja á annað borð nálgast Evrópuþróunina, að við reynum að velta því fyrir okkur hvað við eigum sameiginlegt með öllum Evrópuríkjunum. Ekki aðeins þessum hópi heldur öllum. Er ekki líklegra að það sé skynsamlegra að byrja þar frekar en að láta loka sig inni í hugmyndafræði sem í raun og veru varð til áður en múrarnir fóru að hrynja fyrir austan? Það er hugmyndafræði sem varð til áður. Veruleikinn í dag er hins vegar allt annar og kallar þess vegna á nýja nálgun og opnari en menn tömdu sér á hinum vansæla kaldastríðstíma.

Ég vildi láta þessi almennu atriði koma fram. Mér fannst, virðulegi forseti, mér skylt að gera það og ætlaði í sjálfu sér ekki að segja mikið meira annað en að ég ætlaði með örfáum orðum að víkja að fáeinum atriðum sem hafa komið fram í umræðunni um þetta mál, atriði sem sum hver valda manni umhugsun og áhyggjum eins og þau sem ég rakti um vanda þingmannsins. Vandinn að vera þingmaður. Það gæti verið að einhver maður setti saman þá bók einhvern tímann.

Það eru ýmis atriði sem hafa komið upp í þessum ferli málsins sem er vert að hafa í huga. Eitt er t.d. það að mér finnst eins og hæstv. utanrrh. hafi fjarlægst okkur og þingið og jafnvel Stjórnarráðið, ímynda ég mér, býsna mikið. Og ég sé að þetta er, mér liggur við að segja, alþjóðlegur utanríkisráðherrasjúkdómur. (**ÓÞÞ:** Hann er bara allt of stór fyrir þetta land). Þá er það eins með hann Uffe Ellemann-Jensen. Hann hefur sett á langar ræður um hvað það er óskaplega leiðinlegt að vera að vesenast í danskri innanríkispólitík. Hvað þeir séu gasalega þreytandi og smámunasamir þessir þingmenn sem sitja í Folketinget. Athygli mín var vakin á viðtali við Uffe Ellemann-Jensen sem birtist í dönsku blaði. Þar segir, með leyfi forseta: „Dansk indenrigspolitik tager jeg meget let. Dansk politik er jo en hønsegård hvor alle hakker på hinanden." Kannast menn eitthvað við þetta? „Ég er ekki að taka nærri mér dönsk innanríkisstjórnmál. Dönsk innanríkisstjórnmál eru eins og hænsnahús þar sem allir ráðast á alla."

Mér sýnist að þetta sé kannski nokkurt umhugsunarefni hvort menn gætu sagt, t.d. hv. 2. þm. Vestf., sem er orðhagur maður og hittinn, að þetta væri smitsjúkdómur utanríkisráðherra í Evrópu. Ekki skal ég um það segja, en mér finnst þetta leiða hugann að því hvort það getur verið þannig að þeir menn sem þessum störfum gegna hætti við að fjarlægjast dálítið hinn almenna vettvang og ég tel að það sé áhyggjuefni. Ég tel að það eigi að leita leiða til þess að koma í veg fyrir það og tryggja að menn séu áfram sem best tengdir þeim aðilum sem í upphafi senda þá til starfa.

Mig langar einnig, virðulegi forseti, í örfáum orðum að víkja að ræðu hv. þm. Eggerts Haukdals. Hún var stutt en hún var mjög athyglisverð. Og mér fannst hún kannski ekki síst athyglisverð fyrir það að hún var flutt af þingmanni Sjálfstfl. Og ekki síst athyglisverð fyrir það að hann er eini þingmaður Sjálfstfl. sem í dag flytur nákvæmlega svona ræðu, þó ég viti að hann eigi ýmsa skoðanafélaga í flokknum. En ef maður hugsar hins vegar um sögu Sjálfstfl., segjum um nokkurra áratuga skeið, þá er ég nokkurn veginn sannfærður um að hliðstæðar ræður hefðu getað heyrst úr þeim flokki allmargar fyrir ekki mjög mörgum árum. Það hafa lygilegar breytingar átt sér stað á þeim flokki og viðhorfum og nálgun stjórnmálamanna, liggur mér við að segja, gagnvart því sem kallað er sjálfstæði þjóðarinnar og tilfinning fyrir sjálfstæðinu.

Auðvitað fer þeim fækkandi í okkar hópi, eins og gengur, sem upplifðu t.d. stofnun lýðveldisins á Þingvöllum á sínum tíma. En staðreyndin er sú að þetta fólk sem þarna er um að ræða hafði náttúrlega mikil áhrif á þróun utanríkismála á fyrstu áratugum lýðveldisins, en sú tilfinning sem þetta fólk gaf af sér í hina pólitísku umræðu handa okkur sem yngri erum finnst sjaldnar og sjaldnar. Ég man satt að segja ekki hvað það er langt síðan að ég hef heyrt þingmann tala um 1918 og 1944. Ég man ekki hvað það er langt síðan að ég hef heyrt þingmann tala um sjálfstæðið og landhelgina með þeim hætti sem t.d. hv. 4. þm. Reykv. stundum gerir og hv. þm. Eggert Haukdal gerði. Mér finnst þetta umhugsunarefni líka, virðulegi forseti. Hvað eigum við sameiginlegt ef þessu sleppir, þ.e. tilfinningunni fyrir því að vera hluti af þessari þjóð, hennar menningu og hennar sögu?

Það er fjarska auðvelt að afgreiða mig núna t.d. með því að þetta sé þjóðernisrómantískt tal eða eitthvað þess háttar. Það getur vel verið. En mér finnst

það ekki ýta málinu út af borðinu. Og mér finnst það dálítið umhugsunarefni að þessi viðhorf, sem ég er að reyna að nálgast, eru eins og kæfð í umræðunni núna. Nú eiga hlutirnir að stjórnast af öðrum lögmálum og öðrum forsendum en þessari tilfinningu.

Ég get fúslega viðurkennt að það er hægt að ganga allt of langt í þessu efni. En hitt er mér nokkurt umhugsunarefni að ég er sannfærður um að í öllum stjórnmálaflokkunum eru þessi almennu þjóðlegu sjónarmið til, misjafnlega sterk eftir einstaklingum, liggur mér við að segja. Ég tek til dæmis eftir því með hæstv. umhvrh. Við erum eiginlega alltaf eins og hundur og köttur þegar við tölum um utanríkismál. Það eru ýmsir þættir í hans sýn til menningarmála sem mér gest mjög vel að, satt best að segja. En þau sjónarmið sem hér er um að ræða ná ekki saman í pólitískri sköpun á Íslandi. Flokkaveggirnir loka þau af. Það er slæmt.

Ég held að við eigum í sjálfu sér samt að eiga tiltölulega auðvelt með að sameinast um tiltekna samnefnara, ákveðin lykilatriði, ákveðin grundvallaratriði, sem Íslendingar og sem birtast í menningu og sjálfstæði þjóðarinnar. Ekki vegna þess að við séum betri en aðrir af því að við séum Íslendingar. Það er langt frá því að hlutirnir liggi þannig. Og menn verða auðvitað að gæta sín á því að breyta ekki almennum þjóðlegum eðlilegum menningarviðhorfum í eitthvað sem má kalla þjóðrembu af nokkru tagi, sem er leiðinlegt fyrirbæri. Staðreyndin er sú að sjálfstæði íslensku þjóðarinnar er stærsta auðlind Íslendinga. Það er besta auðlindin rétt eins og sjálfstæði einstaklingsins er dýrmætasta auðlind þjóðanna, þá er sjálfstæði Íslendinga dýrmætasta auðlind þeirra. Við eigum ekki að vera Íslendingar af því að við erum betri en Danir, Ameríkanar, Þjóðverjar eða eitthvað því um líkt heldur vegna þess að það er skynsamlegast, það er hagkvæmast líka, ekki aðeins fyrir okkur heldur líka fyrir heiminn, fyrir hið alþjóðlega umhverfi. Það er framlag okkar til hinnar alþjóðlegu verkaskiptingar í efnahags- og atvinnumálum og til hinnar alþjóðlegu menningarþróunar líka. Og ef maður á sér einhvern draum eða einhverja hugsjón eða einhverja von í stjórnmálum þá er hún kannski ekki síst sú að þessi viðhorf nái saman þvert á flokka þegar mikið liggur við vegna þess að okkur dugir ekki reiknivélapólitíkin ein þar sem allir hlutir eru t.d. mældir á kvarða hagvaxtarins.

Ég tók eftir því að hv. þm. Björn Bjarnason var að gagnrýna málflutning eins þingmanns í dag eða í gær eða fyrradag í sambandi við hagvöxt og mér fannst ekki alveg sanngjarnt hvernig hv. þm. Björn Bjarnason setti þessa hluti upp. Ég held að málin liggi þannig að miðað við það kerfi sem við höfum innréttað okkur þá er okkur knýjandi nauðsyn að halda uppi lífskjörum og ná fram hagvexti, það er ekki nein spurning. Hins vegar þurfum við kannski að huga að því að til þess að lifa af sem sjálfstæð þjóð í þessu landi þá þurfum við líka að eiga verðmæti sem verða ekki reiknuð út með sama hætti og hagvöxturinn. Auðvitað er það rétt sem sagt hefur verið að ef þjóðir norðurhvelsins hafa hagvöxt á næstu árum, þ.e. áratug eða svo, svipaðan og var fyrir tíu árum að jafnaði þá gengur það ekki upp. Við vitum það sem höfum lesið eina og eina grein um umhverfismál sem ég er þó ekki vel að mér um.

Ég vildi, virðulegi forseti, á þessum fundi deila með þessari stofnun nokkrum almennum hugleiðingum mínum um málið, segja það að ég endurtek þessa spurningu sem ég bar fram í upphafi um þinglega meðferð framhalds málsins og segja það svo að síðustu að alveg á sama hátt og ég hef áhyggjur af því að við höfum ekki vandað okkur sem skyldi í sambandi við það að halda á málinu á undanförnum árum og við höfum kannski haft utanrrh. fulllausbeislaðan í því máli sem er bæði gagnrýni á Sjálfstfl. og auðvitað á Alþfl. líka, þá held ég að við getum þó kannski lært eitt og dregið þann lærdóm af því ferli sem liðið er að þannig eigum við ekki að standa að málum. Við eigum að reyna að ná víðari samstöðu um úrslit mála af þessum toga.

Við höfðum einu sinni starfandi nefnd sem var kölluð Evrópustefnunefnd. Hún var þannig til komin að við vorum í umræðum um skýrslu þáv. utanrrh., ég og Kjartan Jóhannsson, og það talaðist svo til að upp úr þeim umræðum og skoðanaskiptum sem þá voru frammi yrði flutt tillaga og hv. þm. Kjartan Jóhannsson flutti þá tillögu. Við vorum þá báðir í stjórnarandstöðu, og þessi nefnd varð til. Ég er ekki að segja að hún hafi verið alfullkomin frekar en annað sem við gerum hér í þessari stofnun. En hún var tilraun til þess að vinna saman og finna lágmarkssamnefnara fyrir þessa stofnun og ég velti því fyrir mér hvort við gætum ekki lært það af málinu og því að utanrrh. hefur farið offari og menn hafa byggt múra í staðinn fyrir að leita samstarfs að við reynum að vinna betur saman að því í framtíðinni, hvernig sem fer, liggur mér við að segja.

Ég ímynda mér auðvitað að svo kunni að fara að þessi samningur um Evrópskt efnahagssvæði verði samþykktur á Alþingi, annaðhvort núna eða einhvern tíma síðar. Þegar þessari 2. umr. lýkur kemur 3. umr. einhvern tíma og síðan kemur þessi viðbótarsamningur ef niðurstaðan verður sú að menn samþykkja þetta og náttúrlega gefst góður tími til að ræða málið. Ég óttast það eins og ég sagði að Evrópubandalagsslestin sé farin af stað ef svo fer. Ég held hins vegar að það að við reynum að stuðla að samstöðu um úrvinnsluna á næstunni geri okkur hæfari til að nálgast þann vanda sem mun birtast þjóðinni þegar hún fer að velta fyrir sér spurningunni um næstu skref. Ég held að ekkert sé eins vont fyrir þessa litlu þjóð og stórfelldur varanlegur ágreiningur um mikilvæga þætti í þátttöku okkar í alþjóðlegu samstarfi.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir hans málefnalegu ræðu. Ég held að það hafi stuðlað mjög að þeirri samstöðu sem hann rakti hér og taldi nauðsynlega og ég er honum alveg hjartanlega sammála um að er nauðsynleg og mér þótti það nú eiginlega liggja í hans orðum að honum væri lítið að vanbúnaði að styðja þetta frv. sem er til umræðu hér og

það hefði stuðlað mjög að því að skapa þá samstöðu sem hvatt er til. Og ég heyrði ekki nokkurt atriði í hans ræðu sem í raun og veru kemur í veg fyrir að hann geti lagt þessu máli lið.

Hann spurði tveggja spurninga í upphafi varðandi framhald málsins þegar þetta frv. hefur orðið að lögum og við stöndum frammi fyrir nýrri bókun eða nýjum texta til þess að taka mið af þeim breytingum sem eru óhjákvæmilegar vegna brottfalls Sviss. Það hefur verið rætt í utanmrn. hvernig að því máli yrði staðið. Það liggur fyrir að það yrði í formi bókunar. Við lögfestum eina af þeim bókunum sem fylgja þessum samningi, bókun 1, eins og kemur fram í frv. sem við erum hér að ræða. Hvort þessi bókun verður í því formi að það þurfi að lögfesta hana eða unnt sé að veita heimild til fullgildingar á henni með þál. er óráðið og ræðst af efni bókunarinnar. En ég vil aðeins nefna það að þetta hefur verið rætt í utanrmn. án þess að komast að niðurstöðu, enda held ég að það verði ekki unnt að komast að niðurstöðu um þennan þátt málsins fyrr en við sjáum nákvæmlega hvernig þessi bókun verður. En í frv. sem við erum að ræða er gefið fordæmi um það að ein af þessum bókunum er lögfest en hinar eru fullgiltar með hefðbundnum hætti að því er varðar þjóðréttarlegar skuldbindingar.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi það fyrsta sem hv. þm. sagði þá hef ég oft gert grein fyrir sjónarmiðum í þessu máli almennt og ég veit að hann þekkir þau sjónarmið allt of vel til þess að draga þær ályktanir sem hann gerði í upphafi máls síns. En aðalatriðið er þó að ég skildi hv. þm. þannig að menn væru að velta því fyrir sér hvernig að þessum málum yrði staðið. Það væri ekki komin endanleg niðurstaða en hann byggist þó heldur við því að um yrði að ræða að lögfesta bókun og þar með auðvitað frv. Þar með þýðir það vitaskuld að allar forsendur eru til þess að ræða þessi mál frekar í vetur þannig að þó að 2. umr. ljúki áður en langur tími líður um þetta mál, þá verður málið bersýnilega á dagskrá áfram af því að það er eins og kunnugt er skoðun okkar stjórnarandstæðinga að lögfesting eða afgreiðsla á þessu plaggi segi í raun og veru afskaplega lítið eftir að Sviss hefur ákveðið að yfirgefa þetta félag.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi þetta atriði vil ég einnig vekja athygli hv. þm. og annarra þingmanna á því hvernig þetta stutta frv., sem við erum með hér til meðferðar í fimm greinum, er uppbyggt og ég þakka hv. þm. fyrir stuðning hans við það að fella brott 4. gr. sem við í meiri hluta utanrmn. gerum tillögu um, en ég vek athygli á því að í 5. gr. er fjallað um það annars vegar að ákvæði 1. gr. laga þessara öðlast þegar gildi, þ.e. fullgildingarþáttur laganna, en síðan segir í 2. mgr.: „Önnur ákvæði laganna öðlast gildi um leið og EES-samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar.“ Og það er alveg ljóst að 2. og 3. gr. þessa frv. öðlast ekki gildi fyrr en EES-samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar og til þess að EES-samningurinn öðlist gildi að því er Ísland varðar, þá þurfum við að taka afstöðu til þeirrar bókunar sem á eftir að koma fram þannig að það er alveg ljóst að lögfesting þessa samnings kemur ekki til sögunnar hér á landi fyrr en Alþingi hefur tekið afstöðu til þess máls sem hv. þm. spurði um, hvort sem það verður með þál. eða lagasetningu. Ég fullyrti ekkert um það hvort formið yrði, en hitt fullyrti ég að Alþingi þarf að koma að málinu aftur og 2. og 3. gr. þessa stutta frv. öðlast ekki gildi án þess að Alþingi komi að málinu aftur.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Reykv. fyrir þetta svar vegna þess að það var auglýst eftir því í umræðum hér í gær eða fyrradag af hv. 5. þm. Vestf. Því að gildistökuákvæðið er auðvitað með þeim hætti að nauðsynlegt er að allir þingmenn skilji hvað í því felst. Það er tvíþætt. Það er annars vegar 1. gr. sem kveðið er á um í fyrri málsgreininni en hins vegar, eins og hv. þm. gat um, kemur þarna fram að samningurinn tekur ekki gildi að því er Ísland varðar fyrr en þessu ferli, í framhaldi af því að Sviss er út úr þessu, er lokið sem staðfestir í raun og veru það sem við stjórnarandstæðingar höfum verið að segja að það er óþarfi að klára málið eins og það lítur út með skírskotun til efnisinnihaldsins. Innihald málsins krefst þess ekki þó að maður styðji EES. Jafnvel þótt maður gerði það, þá krefst innihaldið þess ekki að málið sé afgreitt. Hins vegar kann metnaður utanrrh. að krefjast þess en það er utan við mitt áhugasvið.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka hv. 9. þm. Reykv. fyrir yfirvegaða ræðu sem bar vott um sveigjanleika í hugsun og sáttfýsi og hvort tveggja ber að virða. Ég ætla að gera þrjár athugasemdir við ræðu hans.

Í fyrsta lagi get ég ekki fallist á þá skoðun hv. þm. að hugmyndafræði EB hafi orðið til vegna kalda stríðsins. Hugmyndirnar um Evrópubandalagið eru fyrst og fremst sprottnar af öryggisþörf Evrópu sjálfrar, vandamálum sem tengjast þar minnihlutahópum og landamærum og þessar hugmyndir urðu til strax eftir stríð, í raun og veru áður en járntjaldið lokaðist, áður en menn áttuðu sig á því hvað var að gerast í Evrópu eftir stríðið. Ég held að það sé nauðsynlegt að þetta komi fram vegna þess að þetta skiptir máli fyrir það hvernig Evrópubandalagið er hugsað upphaflega burt séð frá því hvernig það þróast svo nú.

Annað atriði sem mig langar til að taka fram er það að hv. þm. sagði að við værum að taka við hugmyndafræði Evrópubandalagsins. Það var alltaf meiningin með umræðunum um Evrópska efnahagssvæðið. Við værum varnarlausir gagnvart þessum hugmyndum án EES. Við erum þegar byrjaðir að heyra fyrirmæli Evrópubandalagsins. Þeir setja okkur ákveðin skilyrði um það hvernig þær vörur sem við flytjum til þeirra skuli vera og við reynum að laga okkur að þessum kröfum.

Japanir setja skilyrði um það hvernig þeir vilja hafa þá vöru sem við flytjum til þeirra og við reynum að laga okkur að þessum kröfum. Við erum viðskiptaþjóð, hv. þm., og við verðum að laga okkur að þessu. Og þá spyr ég þingmanninn: Er það niðurlægjandi að vera viðskiptaþjóð og laga sig að mörkuðum? (Forseti hringir.) Ég verð að geyma mér þriðju athugasemdina þangað til síðar.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Drottinn minn dýri, hæstv. forseti, það er ekki neitt *niðurlægjandi að vera viðskiptaþjóð* og það sem ég er með í huga er auðvitað fyrst og fremst það að við lögum okkur að hinum alþjóðlega markaði og þróun hans eftir því sem við ákveðum sjálf þá og þá. Þó að við séum að laga okkur að einhverju sem snertir viðskipti við Japan, þá erum við ekki þar með sagt að gera samning um eitthvert japanskt–íslenskt efnahagssvæði. *Ég held að hugsanavillan í þessu máli sé að sumu leyti* sú að í rauninni getum við á eigin forsendum og að eigin frumkvæði ákveðið hvaða þættir af hinu Evrópska efnahagssvæði og Evrópusvæðinu öllu það eru sem við tökum hér inn og ég held að það væri hentugra að við síum það sjálf heldur en að sitja við flæðilínuna og taka við því sem kemur frá Evrópubandalaginu.

Aðeins um það að það sé ekki rétt hjá mér að þetta sé hugmyndafræði kalda stríðsins. Út af fyrir sig er ég sammála því, hafi ég orðað það þannig þá er það misskilningur. Það sem ég átti við var einfaldlega það að þessi ákvörðun um þessa tegund af sameiningu Evrópu varð til á tímum kalda stríðsins og hún þróaðist um og eftir 1950 aðallega þegar járntjaldið var í raun og veru sokkið niður í svörðinn í gegnum þvera Evrópu. Og ég held að hugmynd um þróun Evrópu, sem hefði orðið til eftir að múrinn hrundi, hefði verið talsvert mikið öðruvísi. Ég hygg að svo sé.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að megininnihald samningsins um EES er viðskiptasamningur og samkeppnisreglur um viðskipti þannig að við erum að gerast aðilar að almennum reglum um viðskipti. Og það er í sjálfu sér betri réttarstaða fólgin í því heldur en þurfa að laga sig að kröfum sem þau lönd, sem við flytjum vörur til, setja okkur. Við verðum að laga okkur að þeim á þeirra forsendum, hv. þm. en ekki á okkar forsendum. Það er þannig sem þetta gerist, kaupin á eyrinni.

Hin athugasemd mín fjallar um þann kafla í ræðu hv. þm. þar sem hann taldi að tilfinning sjálfstæðismanna fyrir sjálfstæði landsins hefði minnkað og það hefði komið sérstaklega fram í umfjölluninni um þennan samning. Þetta mál, EES-samningurinn, snýst ekki frá bæjardyrum okkar sjálfstæðismanna um sjálfstæðismál, við erum ekki að afsala okkur sjálfstæði. En það er ekki nóg. Í augum stjórnarandstöðunnar er alveg ljóst að þessi samningur snýst heldur ekki um það að afsala sér sjálfstæði því að stjórnarandstöðuflokkarnir hafa gert tillögu um breytingu á stjórnarskránni. Ef þeirri tillögu hefði verið framfylgt með brtt., sem gerð var í meðferð þingsins, hefðu þeir verið sáttir við það að EES-samningurinn hefði verið gerður vegna þess að þeir komust að þeirri niðurstöðu að þessi samningur hefði fólgið í sér framsal sem væri á takmörkuðu sviði og vel afmarkaður. Og þeir hefðu að sjálfsögðu aldrei léð því máls að gera þessa breytingu á stjórnarskránni ef þeir hefðu haldið að það væri fólgið afsal á sjálfstæði í þessari breytingu. Ég er alveg sannfærður um það að þessir þingmenn hafa ekki ætlað sér það. Og það kom fram í ræðum hjá hv. þm. Ragnari Arnalds og hv. þm. Kristínu Einarsdóttur að þessi breyting á stjórnarskránni hefði heimilað okkur að taka inn EES. Breytingin var gerð með það fyrir augum og ég er alveg sannfærður um að það vakti ekki fyrir þessum þingmönnum að afsala sér sjálfstæði.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 9. þm. Reykv. beindi þeirri spurningu til mín auk hv. 3. þm. Reykv. hvert framhald þessa máls á þingi mundi líklega verða. Það er alveg ljóst að nauðsynlegt er að bæta stuttri bókun við EES-samninginn þess efnis að ákvæðin í honum sem varða Sviss verði óvirk vegna þess að Svisslendingar höfnuðu samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu þann 6. des. *Það er hins vegar ekki á þessari stundu hægt* að svara því hvort form þingmálsins, sem af þessu verður hér á Íslandi, verður till. til þál. sem ríkisstjórnin að sjálfsögðu mun flytja eða frv. til laga. Það fer eftir efni bókunarinnar. Verði efni bókunarinnar eingöngu þjóðréttarsamningseðlis nægir að sjálfsögðu að hér verði flutt þáltill. eins og hv. 3. þm. Reykv. nefndi og heimild *til að staðfesta þann samning veitt með þeim hætti.* Verði einhver fylgiákvæði í þessari bókun sem enn hefur ekki verið samin sem gerir það nauðsynlegt að þau verði lögfest hér, og eins og kom hér fram áðan þá hefur ein af bókununum með EES-samningnum verið sett í frv. sem hér er rætt með tillögu um lögfestingu á þeirri bókun þá þarf lagafrv.

Það hafa þegar verið samin drög að bókun um þetta mál. Þau verða væntanlega fullgerð í fyrri hluta janúar. Þá verður kölluð saman ráðstefna stjórnarerindreka til þess að afgreiða slíka tillögu. Það er einmitt vegna þessa undirbúnings sem það er afar mikilvægt að það þingmál sem við ræðum hér verði afgreitt og gert að lögum til þess að við stöndum jafnfætis okkar samstarfsaðilum í þessu máli þegar að því kemur að ráða því til lykta hvernig þessi bókun verður og framhald málsins.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að sjálfsögðu ekki tími til þess í umræðum um andsvör að ræða þá hluti sem hæstv. iðnrh. nefndi í lok síns andsvars áðan. Ég tel að aðalatriðið sem hefur komið fram og skiptir máli í þessu og er mikilvægt sé að það er ljóst að þó að menn kjósi að ljúka þessu máli núna að hluta til fyrir hátíðarnar og eftir hátíðarnar þá kemur málið inn áfram, en auðvitað geng ég út frá því að miðað við það hvernig menn hafa staðið að meðhöndlun frv. sjálfs í hv. ut-

anrmn. þá muni menn líka vanda sig við afgreiðslu á þessari viðbótarbókun ef til kemur. Það er ljóst að ef hún á að hafa sömu stöðu og aðrar bókanir, sem gert er ráð fyrir að lögfesta í frv., þá verður auðvitað að vera um að ræða frv. til breytinga á lögum eða um staðfestingu á þessari bókun. Þetta mál verður bersýnilega hér til meðferðar meira og minna fram eftir öllum vetri og ekkert skrýtið við það, en mér finnst að þessi andsvaralota staðfesti það sem við höfum verið að reyna að segja í stjórnarandstöðunni: Þessi afgreiðsla á málinu nú er hálfgert ómark vegna þess að það er ekki fullburða. Það verður fleira að koma til.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er vitaskuld fullkomlega sammála hv. 9. þm. Reykv. um það að Evrópumálin munu verða á dagskrá Alþingis á þessum vetri og væntanlega marga vetur fram undan. Hins vegar er ég honum öldungis ósammála um það að afgreiðsla þess þingmáls, sem nú er rætt, sé eitthvert ómark. Það er þvert á móti ákaflega mikilvægt til þess að tryggja íslenska hagsmuni og stöðu Íslendinga í því starfi sem nú verður að vinna vegna þeirrar stöðu sem upp er komin með því að Svisslendingar höfnuðu EES-samningnum, þar þurfum við að ná vopnum okkar til þess að tryggja sem best íslenska hagsmuni. Það gerum við best með því að afgreiða það frv. sem hér er nú til umræðu.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, taka undir með öðrum sem hér hafa talað að ég vil þakka hv. 9. þm. Reykv. fyrir hans fróðlegu ræðu. Ég vildi þó taka það fram að mér finnst það ekki makleg lýsing sem hann gefur á þátttökuríkjum Evrópubandalagsins að kalla það niðurlægjandi fyrir sjálfstæðar þjóðir að taka þátt í samstarfi eins og þar er og spyr um það hvort í raun og veru felist í þessum orðum þingmannsins að hann telji að Danir, Hollendingar, Bretar, svo ég taki nú dæmi af nokkrum þjóðum, séu ekki lengur sjálfstæðar þjóðir.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fer nú þannig fyrir skilningarvitunum í okkur þegar við erum búin að sitja á löngum fundum að þá vilja þau kannski missa þá skerpu sem menn kunna að hafa útsofnir að morgni dags. Það sem ég átti við var fjarri öllu lagi það sem hæstv. iðnrh. spurði um. Það sem ég átti við er ósköp einfaldlega það, og ég hef rökstutt það áður, að ef við erum aðilar að Evrópsku efnahagssvæði þá verðum við að taka við talsverðu af bókunum, samþykktum og lögum sem koma frá Evrópubandalaginu. Ég tel að það setji okkur í niðurlægjandi stöðu en ekki þá sem eru þarna innanvert í Evrópubandalaginu. Ég skal ekki taka afstöðu til þess. Þeir hafa samþykkt þessi mál á sínum forsendum. Og ég tel að það hafi verið staðfest í þessari lotu sem mjög mikilvægt atriði, í fyrsta lagi það að menn vilja kannski haga þessari umræðu aðeins öðruvísi en við höfum oft gert. Mér finnst að í þeim orðum sem hér hafa verið sögð í andsvörunum, og ég þakka fyrir, hafi komið fram vissar undirtektir m.a. við þau orð sem ég viðhafði um stöðu þingmanna til að taka þátt í umræðum. Mér finnst það mikilvægt. Og mér finnst að í þessum orðum, sem hér hafa komið fram í andsvaralotunni, felist það líka að menn vilji kannski halda aðeins öðruvísi á framhaldinu og vera þolinmóðari við að leita að samnefnurum heldur en menn hafa stundum verið í seinni tíð.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Sú fyrsta spurning sem íslensk þjóð hlýtur að velta fyrir sér varðandi þær umræður sem fara fram á Alþingi Íslendinga og hafa farið fram að undanförnu er það um hvað er deilt. Það er deilt um tvennt. Það er deilt um það hvort íslenska þingið hafi heimildir til að samþykkja þann samning sem lagður hefur verið hér fram í formi þingskjals til samþykktar og það er deilt um það hvort skynsamlegt sé að samþykkja samninginn.

Fyrra atriðið fjallar um það umboð sem þeir menn hafa sem hér eru. Þeir hafa ekki hlotið vald sitt frá guði. Það hefur ekki komið utan úr geimnum. Það vald er stundlegt, það fékkst í seinustu alþingiskosningum. Rammi þess er settur af stjórnarskránni og það á í lengsta falli að vera til fjögurra ára. Við heyrðum menn tala um það mjög ákveðið að samningar sem gerðir væru fram yfir þann tíma ættu ekki rétt á sér. Ég minnist þess að formaður Alþfl. talaði um búvörusamninga sem væru gerðir fram í tímann og ættu ekki rétt á sér. Það væri verið **að framlengja vald** manna sem væru með umboð til fjögurra **ára. Ég** minnist þess að núv. landbrh. taldi það óhæfu að kosið yrði á þeim tíma sem íslensk lög gera ráð fyrir vegna þess að þá væru menn búnir að hafa völd í þessu landi lengur en fjögur ár upp á dag.

Ég hef ekki setið á Alþingi Íslendinga lengi miðað við þá sem hafa hér mesta þingreynslu. En ég hef aldrei á þeim tíma, sem ég hef setið, fengið bréf frá lagaprófessor þar sem hann heldur því fram að Alþingi Íslendinga hafi ekki heimildir til að samþykkja frv. sem er til umræðu. Þetta er lagaprófessor við Háskóla Íslands. Alþingi hefur hugsað sér að verja miklu fé frá skattborgurunum til þess að þar sé haldið uppi kennslu, m.a. í lagadeild. Sá sem skrifar þetta bréf hefur farið í gegnum rannsóknarnefnd sem háskólinn stendur að þar sem lagt er mat á það hvort hann sé hæfur til að gegna þeirri stöðu sem hann gegnir í dag. Og Alþingi Íslendinga ætlar að veita fjármagni til þess að halda áfram kennslu í lagadeildinni. En Alþingi Íslendinga hefur ákveðið að lýsa því yfir að maðurinn sé óhæfur til að gefa þá lýsingu sem hann gaf á því hvað væri löglegt að samþykkja hér. Forseti hefur úrskurðað að það sem hann sendi hér skriflega til þingsins standist ekki.

Utanrrh. hefur afhent okkur skjal sem er vel prentað á góðan pappír. Okkur er sagt að þetta skjal sé lögfræðiálit en gallinn við skjalið er aftur á móti sá að ekki nokkur maður skrifar nafnið sitt undir það. Það kannast ekki nokkur maður við það að vera höfundur að þessu skjali. Þetta skjal er til utanrmn. frá utanrrh. og er gert vegna þess, eins og hér segir, með leyfi hæstv. forseta, að óskað var eftir því við utanrrn. að

það léti nefndinni í té lögfræðilegt álit er tæki mið af þessum tillögum og því frv. til tillagna um EES er liggur fyrir Alþingi. Greinargerðin var unnin í samráði við starfsmenn dómsmála- og viðskiptaráðuneyta. Ekkert nafn undir. Engin æra lögð að veði fyrir því að hér sé um lögfræðilegt álit að ræða. Við könnumst við það stundum þegar menn setja poka yfir höfuðið á sér og koma fram í fylkingum og vilja ekki að það sjáist hverjir þeir eru. Er það marktækt út frá vísindalegu sjónarmiði að hampa skjali sem enginn höfundur er að en halda því engu að síður fram að það sé unnið á vísindalegan hátt? (**EJK:** Nei, það er ekki marktækt.) Það er ekki marktækt, segir hér sá sem er nú löglærður í þeim hópi sem hér er inni.

Mig undrar það stórum að það skuli geta gerst að menn leggi fram skjal sem kallað er lögfræðilegt álit sem ekki er skrifað undir. Ég hef lesið þó nokkra dóma Hæstaréttar. Þar koma oft fram sérálit. Þeir sem skrifa þau sérálit hverju sinni setja nafnið sitt undir. Þeir sem kveða upp dóminn gera það líka. Þannig standa þeir að verki sem leggja sæmd sína í það verk sem þeir vinna. Og sá sem skrifar þetta bréf til forseta Alþingis hefur legið undir því ámæli að það hafi enginn beðið hann að skrifa bréfið. Það er nú skaði að hv. 5. þm. Norðurl. v. er ekki í salnum. Ég hef nefnilega fengið ógrynni af bréfum frá Verslunarráði Íslands. Ég hygg að þeir séu eiginlega í sérflokki með útgáfustarfsemina. Ég hef aldrei litið þeim það til lasts að ég hafi ekki beðið um þessi bréf, aldrei. Ég hef fengið þau. Ég hef aldrei staðið hér upp með reigingi í þessum stól og sagt: Hvað eru þessir menn að senda mér bréf óumbeðið? Það hefur eitt bréf borist óumbeðið í þessu máli, það er rétt, frá Háskóla Íslands sem við segjum að sé æðsta menntastofnun þessa lands. Þá rísa menn upp og telja af því að það sé óumbeðið sé það ekki marktækt. (**Gripið fram í:** En hann hefur þorað að skrifa undir það samt.) En hann setti nafnið sitt undir það. Hann lagði æru sína að veði fyrir því að það sem hann setti á þetta blað væri rétt, heiður sinn, starfsheiður. Svo lengi sem hann verður við Háskóla Íslands liggur það fyrir að sérhver nemenda hans getur skoðað þetta bréf, lesið það og metið hvort maðurinn sem skrifaði það hafi verið að segja einhverja vitleysu eða hvort það standist. Og ástæðan fyrir því að hann skrifar bréfið er sú að tveir aðilar hafa gert með sér samning sem var bundinn því fororði að hann yrði samþykktur af þeim löndum sem standa að þessum stofnunum og eitt landið, Sviss, fellir samninginn. Það er sá rökstuðningur sem hér kemur fram. Og með leyfi forseta, ætla ég að lesa hér:

„Lagatextinn samkvæmt því frv. sem nú liggur fyrir Alþingi er því ekki í samræmi við raunveruleikann. Af því leiðir að mínu viti að íslensk lög leyfa ekki að lagafrv. verði afgreitt frá Alþingi í óbreyttri mynd, hvorki með samþykki eða synjun."

Nú er það svo að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gerði samning við Efnahagsbandalagið eins og flestir muna. Gallinn var bara sá að Efnahagsbandalagið skrifaði ekki undir þann samning. Hvernig hefði nú mönnum orðið við hefði þingmanninum dottið í hug að leggja til að hann yrði samþykktur hér og sagt: Svo verður bara að koma í ljós hvort þeir fást til að skrifa undir þetta. Við samþykkjum þetta hér sem lagafrv. Ætli mönnum hefði ekki þótt það nokkuð skrýtið? Er hugsanlegt að einhverjir sjálfstæðismenn hefðu farið í málþóf út af slíku? Beðið um umræður um þingsköp? Nei, það er ekki hugsanlegt.

Þá komum við að hinum fáránleikanum í þessari athugun. Ef bókari í fyrirtæki vinnur sitt verk, gerir upp fyrirtækið á ársgrundvelli og skilar til stjórnar sínu verki, þá er það hefð í þessu landi að þessum blessuðum bókara er ekki treyst betur en svo en endurskoðandi verður að fara yfir verkið.

En hvernig snýr þetta að þinginu og utanrrh.? Jú. Utanrrh. sér í þessu tilfelli um framkvæmd verksins og endurskoðunina líka. Nafnlausir sérfræðingar utanrrn. eru endurskoðendurnir að verkinu. Eigum við nú ekki að spara þessari þjóð kostnað og leggja niður þessa fjandans endurskoðendur sem eru að fara yfir reikninga fyrirtækja út um allt og við erum borgandi stórfé og það er halli á mörgum fyrirtækjum í landinu? Hugsið ykkur sparnaðinn að leggja þetta allt niður. Kannski fengju þeir vinnu erlendis og gjaldeyristekjur rynnu heim til Íslendinga. En það getur ekki bæði verið rétt hvað vinnubrögð snertir að hafa endurskoðendur á bókarana, sem auðvitað eru ekki valdir af eigendum fyrirtækjanna nema þeir séu heiðarlegir menn, en þegar við látum endurskoða og meta það hvort það sé rétt að standa að verki eins og utanrrn. leggur til sér utanrrn. sjálft um endurskoðunina. Þetta er náttúrlega fáránleiki í vinnubrögðum og leiðir hugann að því að t.d. Finnar hafa komið sér upp lögfræðiaðstöðu sem leggur mat á það áður en frv. eru samþykkt á þeirra þingi hvort þau standast stjórnarskrána.

Um úrskurð forseta ætla ég ekki að hafa önnur orð en þau að hans er valdið til að hafa rangt fyrir sér. Það deili ég ekki um sem þingmaður. Hans er það vald að mega hafa rangt fyrir sér. En eru menn að taka sér meiri völd en þeir hafa? Hér er knattspyrnuþjálfari og ágætur þingmaður í okkar hópi. Hann hefur heimild til að stýra sínu liði samkvæmt vissum leikreglum. Hins vegar má hann ekki hlaupa inn á völlinn og skora mark þó að mikið liggi við og fyrirséð að tap gæti orðið ef hann léti þetta tækifæri fara fram hjá af því að þá er hann að brjóta þær leikreglur sem samið hefur verið um að fara eftir. Í knattspyrnu dugar ekki að setja höndina á boltann og koma honum í markið. Jafnvel þó að það sé eini möguleikinn á erfiðum stundum þá verður að nota aðrar aðferðir.

Hér hefur líka verið samið um leikreglur. Það hefur verið samið um þær leikreglur að Alþingi Íslendinga megi samþykkja lög sem eru innan ramma stjórnarskrárinnar. Ef Alþingi samþykkir lög sem ekki eru innan ramma stjórnarskrárinnar, þá ber Alþingi að hafa í heiti frv. upplýsingar um að þetta sé frv. til stjórnarskipunarlaga og um leið og frv. er samþykkt verður að rjúfa þing og efna til kosninga. Þetta eru leikreglurnar sem eru í gildi. Svo einfalt er það.

Þeir sem aftur á móti hugsa sem svo: Það er allt í lagi að brjóta þessar leikreglur. Það koma þá bara at-

hugasemdir seinna. Þeir eru í reynd að taka sér vald sem þeir hafa ekki. Það deilir enginn um það að núverandi stjórnarmeirihluti komst til valda á löglegan hátt. Hann gerði það. Það deilir enginn um það. En við höfum dæmi um það í hinni siðmenntuðu Evrópu að valdhafar komust til valda á löglegan hátt en tóku sér svo meira vald á eftir. Nú væri hugsanlegt að hv. þm. Tómas Ingi Olrich hugleiddi það í sínum þekkingarheimi á sögunni hvort ekki sé hægt að finna nokkuð örlagarík atvik úr evrópskri sögu þar sem menn komu til valda en tóku sér svo meiri völd.

Það er mjög skiljanlegt að núv. ríkisstjórn hafi ekki áhuga á því að breyta stjórnarskránni og fara í kosningar. Hún situr í erfiðri glímu í efnahagsmálum. Skoðanakannanir boða slæma útreið ef hún færi í kosningar og hún hefur tekið þá ákvörðun að mínu viti að taka sér meira vald en hún hefur. Hún hefur tekið þá ákvörðun að taka ekki mark á lagaprófessor við Háskóla Íslands. Hún hefur tekið þá ákvörðun að taka ekki mark á lærðasta þjóðréttarfræðingi Íslendinga og hún siglir áfram fullum seglum undir því merki að taka sér meira vald en hún hefur.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt af því að við hér erum margir sakaðir um að við sýnum ekki næga stillingu, það séu ekki nógu friðsamir menn á þingi og tali jafnvel á Alþingi Íslendinga þó að það sé komin nótt, að lesa örstutt upp úr bókinni „Dómsmálaráðherrann" til þess að það komi fram hvernig menn brugðust við þegar þeir töldu að sitjandi ríkisstjórn væri að taka sér meira vald en hún hefði. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa upp á bls. 215 úr bókinni „Dómsmálaráðherrann" sem er skrifuð af Guðjóni Friðrikssyni:

„Bernharð Stefánsson, einn af þingmönnum Framsfl., hefur skýrt frá því sem gerðist í þinginu þennan dag. Hann segir:

„Svo rann upp hinn eftirminnilegi 14. apríl 1931. Þingfundur var boðaður í sameinuðu þingi og á dagskrá var vantraust á ríkisstjórnina og skyldi umræðunni útvarpað. Þingmenn settust í sæti sín og Jón Þorláksson tók upp blöð, sem án efa var ræðan sem hann ætlaði að halda, og fór að blaða í þau. En eftir að fundur var settur kveður forsætisráðherra, Tryggvi Þórhallsson, sér hljóðs utan dagskrár. Ekki verður ræða hans rakin hér, enda stendur hún í Alþingistíðindunum, en auðsætt var að andstæðingarnir skildu ekki fyrst lengi vel hvert hann stefndi en héldu að hann ætlaði að segja af sér án vantrausts. Heyrðist t.d. Sigurður Eggerz tauta: „Þetta er alveg rétt af honum að segja bara af sér."

Ólafur Thors kom ekki inn á fundinn fyrr en nokkuð var liðið á ræðu Tryggva. Held ég að hann hafi orðið einna fyrstur til að skilja hvað Tryggvi var að fara. Leit hann í fyrstu allt í kringum sig, mjög undrandi á svip, svo fór andlit hans að roðna en að lokum sló á það fölva miklum. Magnús Jónsson prófessor sat við hlið mér. Sá ég að hann gaf mönnum nánar gætur, ekki síst Ólafi Thors og var nokkuð kíminn á svip. Engin ókyrrð var á meðan Tryggvi talaði heldur sátu allir eins og í kirkju. Að lokum lýsti hann í umboði konungs yfir því að Alþingi væri rofið.

Samstundis vék forsetinn, Ásgeir Ásgeirsson, úr forsetastólnum. Þá varð hið mesta uppþot. Fyrstur varð Héðinn Valdimarsson til, spratt upp, lamdi í borðið og hrópaði: „Niður með stjórnina og kónginn." Ólafur Thors varð næstur og hrópaði: „Já, niður með stjórnina." „Og kónginn," bætti Héðinn við.

Síðan óð Ólafur fram á gólfið og varpaði óþvegnum orðum á ráðherrana og þjófkenndi þá. Fleiri stjórnarandstæðingar fylgdu dæmi hans. Hákon Kristófersson, þingmaður Barðstrendinga, óð fram og sagði: „Eigum við ekki að kasta þessum helvítis mönnum út um gluggann," en Magnús Guðmundsson stöðvaði hann.

Ekki datt né draup af Jóni Þorlákssyni. Sat hann kyrr í sæti sínu og sagði ekkert. Ég býst við, þó að ég viti það ekki, að hann hafi orðið alveg lamaður af reiði því hann var víst þá farinn að kenna hjartabilunar.""

Ég hygg þegar menn lesa þetta að það hátterni sem hér er um að ræða verði að skoða í því ljósi að þessir menn trúðu því að sitjandi ríkisstjórn Íslands væri að taka sér vald sem hún hefði ekki. Og það er ekki skrýtið þó að þeir reiddust. Hins vegar fer það ekki á milli mála að slíkur hiti var í mönnum næstu viku, eins og kemur hér fram á eftir, að það er ekki hægt að líta svo á að ástandið hafi verið hættulaust. Það má þakka fyrir að það leiddi ekki til þeirra atburða að einhver félli.

Hér hefur einn af okkar reyndu þingmönnum orðað það svo að ef menn vaði áfram með þá hluti sem hér eru lagðir til geti það leitt til þess að bræður muni berjast. Það eru stór orð. En þeir sem haga þannig vinnubrögðum sínum að þeir virða ekki leikreglur, kalla á stóra hluti og stóra atburði.

Í þessari bók kemur það fram á öðrum stað að fræðimenn deildu um það eftir á hvort þetta hefði verið löglegt. En sá sem bókina ritar fullyrðir m.a. að Bjarni Benediktsson hafi komist að þeirri niðurstöðu að þingrofið hafi verið lögleg aðgerð á sínum tíma. Eitt er víst að þingrofi hefur verið beitt síðan og allir hafa litið á það sem löglega aðgerð.

Ég vek athygli á því að ekkert af þeim þjóðþingum sem hefur haft til umfjöllunar þann samning sem íslenska þjóðþingið hefur nú til umfjöllunar hefur talið að hægt væri að afgreiða hann með einföldum meiri hluta. Ekkert þjóðþing hefur talið að svo væri. Öll þjóðþing hafa viðurkennt, og það viðurkenndu líka þeir lögfræðingar utanrrh. Íslands sem skrifuðu undir nafni, að það væri um valdaafsal að ræða í þessum samningi en deilt hefur verið um hversu mikið.

Ég hygg þess vegna að það sé rétt að taka næst fyrir þann þátt hvernig utanrrh. hefur unnið að málinu. Það er verulegt umhugsunarefni. Hann fær það samþykkt á fjárlögum að varið sé þó nokkru fé til kynningarstarfa. Þetta fé fékk hann til ráðstöfunar. Þessu fé er ráðstafað af utanrrn. án þess að með nokkrum skipulegum hætti sé vitað um að það hafi verið notað til þess að fræða íslenska þjóð um þennan samning, heldur fyrst og fremst verið áróðursfjármagn fyrir Alþfl. til þess að misnota í þessari stöðu. Eftir að fræðslan hafði farið fram notaði hann hluta af þessum peningum til að kanna hvaða viðhorf væru nú hjá íslenskri þjóð gagn-

vart samningnum. Niðurstaðan bar ekki vitni um að mikil kennsla hefði átt sér stað. Það hafði ekkert tekist neitt betur að kenna alþýðuflokksmönnum en hinum. Þeir virtust meira að segja ruglaðastir í því hvar við stæðum yfir höfuð í þessu efnum. Sumir töldu að við værum þegar komnir inn í EB. Ýtir það náttúrlega mjög á þá skoðun að það sé búið að ræða það miklu meira á bak við í Alþfl. en menn almennt vita að markmiðið sé að fara inn í EB. (**Gripið fram í:** Í Sjálfstfl. líka.) Ég vil svara því strax, sem hér var gripið fram í, með Sjálfstfl. að mér létti — og lái mér það hver sem er — þegar hæstv. forsrh. lýsti því yfir að það kæmi ekki til greina að ganga í EB. Mér létti við að heyra þau tíðindi. Mér fannst þau skipta miklu máli. Og ég vil segja að þau orð voru sögð við þær aðstæður og í því andrúmslofti og á þann hátt að ég trúi því að þar hafi full meining legið að baki.

Það næsta sem hæstv. utanrrh. gerði í þessu máli, eftir að hann sá að málið var tapað ef það yrði lagt fyrir þjóðina, var að beita sér heiftarlega gegn því að þetta mál færi í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hann beitti sér heiftarlega. Hann beitti sér svo fast að hann bar við að þjóðin væri ófær um að dæma. Það er dálítið sérkennilegt að ráðherra skuli ganga eins langt og hann gerði í þeim efnum.

Næsta spurning hlýtur þá að vera: Getur íslenska þjóðþingið treyst ráðherranum? Erlendis er það svo að ef ráðherra er staðinn að því að segja ósatt vitandi vits hefur í þeim ríkjum þar sem þinghefð er sterk alltaf komið fram krafa um að maðurinn segi af sér. Þær þjóðir vilja ekki una því. — Mér þætti vænt um ef það yrði slökkt á tölvukerfinu í hliðarsalnum. Það er ekki gott að hafa tölvurnar í gangi þannig að þær valdi hávaða hér inni.

Ég ætla að gera örlitla athugun á því hvort við höfum það metið af fréttastofum Íslands hvort hæstv. utanrrh. segir satt eða ekki þegar hann vill koma sínu máli fram.

Það vill svo til að Ingimar Ingimarsson spyr ráðherrann mjög ákveðið varðandi þau vinnubrögð sem eigi að viðhafa ef samningurinn verði felldur af einu aðildarríkinu. Okkur berast svokölluð ljósvakahandrit og hér er ég með ljósvakahandrit sem er frétt 7. des. 1992. Fréttin ber nafnið: Sagði Jón Baldvin ósatt? Fréttamaður er Ingimar Ingimarsson, sá sem mests trúnaðar hefur notið allra fréttamanna hjá sjónvarpinu í þessu máli. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa fréttina:

„Í EES-samningnum er hvergi tekið fram að ríki sem eiga eftir að fullgilda samninginn fái ekki að taka þátt í ráðstefnu ríkja sem boðað yrði til ef eitthvert ríki hafnaði honum. Utanrrh. hélt öðru fram í fréttum Sjónvarpsins í gær eftir að ljóst var að Svisslendingar hefðu hafnað samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu."

Hvað er það kallað þegar menn halda öðru fram en satt er? Þá hefur það á íslensku máli verið orðað á þann veg að þeir segðu ósatt. (**EKJ:** Gæti verið misskilningur.) Ég ætla að lesa svolítið meira. Við hv. þm. Eyjólfur Konráð höfum ekki verið að tala um einhvern sem veit lítið um málið. Hér höfum við verið að tala um þann mann sem efar það ekki augnablik sjálfur að hann viti mest allra um málið. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa hér áfram:

„Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.: Við höfum ekki aðgang að því borði ef við erum ekki búnir að samþykkja núna fyrir jólin." Að hvað borði höfum við ekki aðgang? Það er að samningaborðinu þar sem ráðstefnan verður haldin um það hvernig beri að standa að framhaldi málsins.

„Ingimar Ingimarsson: Það er beinlínis kveðið á um það í bókun með samningnum.

Jón Baldvin: Já, já."

Það er þetta já, sem Ingimar Ingimarsson, fréttamaður Sjónvarpsins, kannar með þeim vitsmunum að sjálfsögðu sem honum eru gefnir, með þeirri nákvæmni sem fréttamanninum eru gefnir, eftir þeim gögnum sem hann hefur hvort sé rétt svar undir þessum kringumstæðum. Hann kemst að þeirri niðurstöðu sem nú skal lesin, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvorki í texta bókunarinnar né í samþykktum með þeirri grein sem um er að ræða er hægt að finna þessum orðum ráðherrans stað, aðeins að ráðstefna skuli haldin með öðrum samningsaðilum en þeim sem ekki hafi ákveðið að hafna samningnum. Og utanrrh. notaði annað orðalag í þinginu í dag."

Það er umhugsunarefni hvernig dómstólar taka á því ef einhver sem leiddur er fram sem vitni segir ósatt og það er hægt að sanna það að vitnið hefur sagt ósatt í umræddu máli. Þá komast dómstólarnir einfaldlega að þeirri niðurstöðu að um ónothæft vitni sé að ræða. Trúverðugleiki þess sé ekki meiri en svo að ekki sé hægt að nota það sem vitni. Frammi fyrir hvaða vanda stendur íslensk þjóð þegar þeir hlutir sem jafnauðvelt er að sannreyna og hérna voru til umræðu um formsatriði eru ósannir? Þá hlýtur íslensk þjóð að standa frammi fyrir þeirri spurningu: Getur hún trúað einu einasta orði sem þessi maður segir? Ef hún ætlar að vinsa það úr hvað sé satt og hvað sé e.t.v. ósatt, þá verður hún að hafa jafnmikla þekkingu og hæstv. ráðherra. Annars er vonlaust hjá henni að meta það hvenær hann sé að segja satt og hvenær ekki.

Ég verð að segja eins og er að þetta minnir mig á þá sögu sem mér var sögð einu sinni af manni sem þótti fara á kostum oft með sannleikann. Það var sagt að það hafi aldrei komið að sök í hans heimasveit því þar þekktu hann allir. Þar kom það aldrei að sök. Hitt er svo aftur á móti umhugsunarefni hvort þetta kemur að sök erlendis því að þó að sumir séu þekktir, þá er ekki víst að þeir séu svo þekktir alls staðar að það komi hvergi að sök. Og þegar það gerist að utanrrh. Íslands telur skynsamlegast hjá sér í stöðunni af því að Alþingi Íslendinga afgreiði mál ekki jafnhratt og hann vill að spotta þingið á erlendri grund, þá hljótum við að leiða hugann að því hvort svo sé komið að þessi maður, hæstv. utanrrh., sé svo grátt leikinn af Alþingi Íslendinga að innri þörf knýi hann til slíkra yfirlýsinga.

Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að taka örlítið dæmi úr mannkynssögunni.

Churchill mátti þola það á millistríðsárunum að

Bretar trúðu honum ekki þegar hann hélt sínar ræður í þinginu. Þeir trúðu honum ekki fyrr en stríðið brast á. Þá gerðu þeir hann að forsætisráðherra Bretlands. Þessi maður mátti þola það í kosningunum eftir að vera felldur. Hann hafði verið nógu góður til að vaka dag og nótt þegar stríðið stóð yfir og standa með sinni þjóð. Þegar stríðið er búið er hann felldur og annar ráðherra úr hans ríkisstjórn verður forsætisráðherra. Það var Attlee. Winston Churchill varð ævareiður og spottaði Attlee miskunnarlaust. Háðið var svo biturt að það var með ólíkindum. Hann byrjaði t.d. þingræðu með því að segja: „Tómur leigubíll kom niður að Downing-stræti 10. Út úr bílnum sté Attlee." Og eftir þessu voru hans athugasemdir. Svo fór þessi maður til Bandaríkjanna og fréttamennirnir hópuðust í kringum hann. Nú ætluðu þeir að hafa skemmtiefni. Nú átti að fá Winston Churchill til að segja eitthvað gott á kostnað breska Verkamannaflokksins. En svarið sem hann gaf lifir: „Heima er ég stjórnarandstæðingur en erlendis er ég stjórnarsinni."

Þannig hefja mikilmenni sig yfir daganna þras en sumir virðast ekki ná því að stækka í neinu samræmi við það sem þeir þyrftu að stækka miðað við það embætti sem þeir bera.

Þá ætla ég að koma að þeim þætti sem fjölmiðlar íslenskir hafa, sumir hverjir og það er misjafnt, leyft sér í sambandi við kynningu á þingstörfunum sem hér hafa farið fram varðandi þetta mál. Ég gat um virðingarvert atvik þegar Ingimar Ingimarsson kannar það og sannreynir hvort þær upplýsingar sem hann er að fá hjá ráðherra séu réttar eða ekki, en ég ætla að taka sýnishorn af öðrum vinnubrögðum. Hér hef ég ljósvakahandrit sem er dagsett 15. des 1992 og það er Bylgjan, hádegisfréttir. Ég ætla að hlífa fréttamanninum við því að nafngreina hann, en heiti fréttarinar er „Málþóf á Alþingi?" og hér stendur:

„Búast má við áframhaldandi hörku af hálfu stjórnarandstöðunnar á þingi í dag þegar EES-málið verður tekið aftur til umræðu. Samkvæmt þingskapalögum er hægt að takmarka ræðutíma en þingmenn stjórnarandstöðu héldu mjög langar ræður fram á nótt og töfðu þannig afgreiðslu málsins.

Klukkan var farin að ganga þrjú þegar Ragnar Arnalds, þingmaður Alþb., lagði til að þingfundi yrði frestað eftir að þingmenn stjórnarandstöðunnar töfðu umræðuna og afgreiðslu málsins með löngum ræðuhöldum, t.d. talaði Steingrímur Hermannsson Framsfl. sleitulaust í tvær og hálfa klukkustund."

Ég hef aldrei vitað það áður að þegar verið er að tala fyrir nál. manns sem er í þeirri nefnd sem málið kemur úr, þá sé maðurinn með málþóf. Ég verð að óska hv. 3. þm. Reykv., Birni Bjarnasyni, til hamingju með það að þeir skuli ekki taka það líka fram að hann hafi verið með málþóf því að hann flutti þó nokkuð skörulega ræðu um þetta mál og skildi engan undra. Málið er talið eitt það stærsta sem komið hefur og er örugglega það stærsta á seinni hluta þessarar aldar. Og um hvað deildu menn? Menn deildu um það hvort það væri sanngjarnt að eftir að klukkan var orðin 12 ættu fulltrúar minni hlutans að þurfa að tala fyrir sínum nál. Það er málþóf. Svartasta skammdegið eftir miðnætti var talinn sá tími sem boðlegur var fyrir fulltrúa minni hlutans.

Það er kannski engin furða þó að hátterni hæstv. utanrrh. og svona einföld fréttamennska þegar menn telja að það sé einfaldasta lausnin til að vinna fyrir kaupinu sínu að senda bara eina frétt: Málþóf, málþóf, málþóf. Það þarf hvorki mikla hæfni í réttritun né stíl til þess að koma slíku frá sér. En það er ekki mikil fræðsla sem þjóðin fær um það hvað er að gerast á Alþingi ef slík fréttamennska er viðhöfð. Og íslenskir fréttamenn verða að gera sér grein fyrir því að á þeim hvílir gífurleg ábyrgð.

Það er viðurkennt í hinum vestræna heimi að frjálsir fjölmiðlar og heiðarlegir eru undirstaðan fyrir því að lýðræðið haldi velli. Svo einfalt er það mál. Ef þeir telja að þeir hafi rétt til þess og eigi að skrumskæla allt sem gert er í þjóðþinginu eru þeir að vinna að falli lýðræðisins. Svo einfalt er það mál.

Þá er ég kominn að seinni spurningunni sem spurt er um: Er rétt að samþykkja þennan samning út frá hagsmunum lands og þjóðar?

Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa hér upp úr 1. gr. hina bókstafssettu liði sem stundum hafa verið taldir aðalatriði þessa samnings, þ.e. frelsin fjögur. Fyrsta atriðið þar eru frjálsir vöruflutningar. Við Íslendingar höfum verið að berjast fyrir því að fá viðskiptafrelsi og við vorum búnir að ná samningum um frjálsa sölu á iðnaðarvöru en í reynd getum við sagt: Við vorum búnir að kaupa aukið tollfrelsi með sjávarafurðir með því að samþykkja frjálsa sölu á iðnaðarvarningi til landsins frá ákveðnum svæðum. Því að svo mjög þrengdi þetta að íslenskum iðnaði að megnið af iðnaðinum sem var til þegar þetta var gert, húsgagnaiðnaði og mörgu fleiru, lagði upp laupana. Það er ömurlegt að horfa á það í dag hvílík fækkun hefur orðið í iðnaðarstörfum í ráðherratíð hæstv. iðnrh. Það eru daprir dagar fyrir íslenskan iðnað að horfa á það hve mörg störf hafa tapast.

En við viljum vissulega vinna að frjálsari vöruflutningum. Það eru alveg hreinar línur. Það vilja allir Íslendingar. Þar aftur á móti þurfum við, eins og fleiri, að gá að okkur út frá tveimur sjónarmiðum. Annars vegar út frá öryggissjónarmiði og hins vegar út frá því sjónarmiði að hafa vald á hámarksverði sem hugsanlega gæti orðið á ákveðnum vöruflokkum. Bretum var það ærið umhugsunarefni í stríðinu þegar þeir áttu eins mánaðar matarbirgðir hvort hægt væri að búa við það að þjóðin framleiddi ekki verulegan mat fyrir sig sjálfa. Og þeir tóku upp þó nokkra vernd fyrir sinn landbúnað á eftir til þess að tryggja það. Það hefur EB gert meira en nokkrir aðrir að vernda sinn landbúnað af öryggisástæðum. Nú segja menn: Það eru siglingar um allt. Það skellur ekki á stríð. En eitt kjarnorkuslys á meginlandi Evrópu gæti komið mönnum til að hugsa um öryggi í þessum efnum og það munaði nú ekki miklu.

Ég held þess vegna að út frá öryggissjónarmiðum sé óhjákvæmilegt annað en Íslendingar framleiði þó nokkuð mikið af sinni landbúnaðarvöru. Við flytjum inn

gífurlega mikið af landbúnaðarvörum, korn og sykur og margt, margt fleira að sjálfsögðu. En þetta hefur ekki verið deiluefni. Við höfum viljað auka frelsið í vöruinnflutningi.

Þá komum við að hinu atriðinu, þ.e. næsta frelsinu, sem eru frjálsir fólksflutningar. Ég held að menn séu svo rökheldir að það sé lítil von að skoðunum verði breytt hjá hv. þm. miðað við það hvað þeir eru búnir að tala sig fasta margir hverjir í þessu máli. En ég ætla að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp úr ræðu Bjarna Benediktssonar sem hann flutti á Þingvöllum í júní 1993. (**Gripið fram í:** Ekki getur það nú verið rétt ártal.) Hér er strax einn búinn að lýsa því yfir að rangt sé frá sagt. (**Gripið fram í:** Ekki 1993.) Ég vil nú leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa þetta sem hér er skrifað og treysta betur ártölum prentaðs máls en minni hæstv. umhvrh. og láta svo á það reyna hvort reynist rétt. Í þessari ræðu sem flutt var á Þingvöllum í júní 1943 þegar sjálfstæðismálið var að komast á lokastig er m.a. gerð grein fyrir ástæðum þess að sambandinu við Danmörku var ekki slitið á árunum 1941–1943. Reifuð rök Íslendinga fyrir algerum skilnaði landanna og svarað úrtölum þeirra sem lögðust gegn stofnun lýðveldis á Íslandi fyrir lok heimsstyrjaldarinnar. E.t.v. hefur hæstv. umhvrh. talið að hann hafi flutt þetta þegar Ísland varð lýðveldi. Það er kannski hugsanlegt að þarna hafi skotist til. Þá er skiljanlegt að hann hafi talið að það hafi átt að vera 1944, ég held að við deilum nú ekki um það. Með leyfi hæstv. forseta vil ég þá hefja lestur ræðunnar:

„Á síðustu tímum eru sumir menn farnir að kalla alla lífsbaráttu þjóðarinnar sjálfstæðisbaráttu hennar. Um þetta væri eigi nema allt gott að segja ef það væri gert til að efla skilning þjóðarinnar á mikilvægi þessarar baráttu en í þess stað sýnist það beinlínis gert til að villa þjóðinni sýn. Draga huga hennar frá hinni eiginlegu sjálfstæðisbaráttu, fá hana til að trúa að stjórnskipulegt sjálfstæði sé algert aukaatriði sjálfstæðismálsins heldur séu það allt önnur málefni sem þar hafi mesta þýðingu.

En hvert er þá hið rétta eðli sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar?

Hún er hliðstæð baráttu ánauðugs manns fyrir því að fá fullt frelsi og mannréttindi. Sá sem í ánauð er heldur lífi og limum þrátt fyrir ánauð sína. Hann getur haft nóg að bíta og brenna. Og vel má vera og honum líði allt eins vel eða betur en sumum frjálsum mönnum. Þrátt fyrir það unir enginn, sem einhver manndómur er í blóð borinn, því að vera í ánauð. Hann finnur og veit að ánauðin skerðir manngildi hans og er ósamboðin hverjum manni. Honum er og fullljóst að þótt vel sé séð fyrir efnahagslegum þörfum hans, þá eru samt alls staðar líkur til að hann beri meira úr býtum ef hann er sjálfur eigandi starfsorku sinnar en ef annar ráðstafar henni fyrst og fremst sjálfum sér til hags.

Aðstaða þjóðar, sem seld er undir yfirráð annarrar, er hin sama og þess sem í ánauð er. Slík var aðstaða íslensku þjóðarinnar allt til 1918 þrátt fyrir nokkra rýmkun á rétti hennar síðustu áratugina þar á undan.

En sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar að þessu leyti lauk með sigri 1918, segja sumir. Vissulega má til sanns vegar færa að þá hafi ánauð hennar verið lokið. En var fullt stjórnskipulegt frelsi hennar þar með fengið? Var verkefni hinnar eiginlegu sjálfstæðisbaráttu þar með úr sögunni?

Mundi sá bóndi telja sig að fullu frjálsan sem að vísu mætti ákveða sjálfum sér og heimafólki sínu reglur til að fara eftir en þyrfti þó að leita samþykkis óðalsbónda á fjarlægri jörð til þess að fyrirmælin hefðu nokkra þýðingu? Ef hann mætti ekki hafa skipti við nágranna sína nema fyrir milligöngu óðalsbóndans eða öllu heldur vinnumanna hans, yrði að hafa einhvern þessara vinnumanna með í förinni ef hann skryppi í kaupstað, og engin þessara viðskipta hefðu lögformlegt gildi nema óðalsbóndinn samþykkti? Ef hann að vísu mætti hafa eigin hund til að reka úr túninu en hefði þó, til þess að víst væri að fjárreksturinn færi fram eftir öllum listarinnar reglum, jafnframt sérstaklega vaninn hund frá óðalsbóndanum til túngæslunnar? Og mundi bóndi telja þann eignarrétt á jörð sinni mikils virði sem því skilyrði væri háður að 30 menn aðrir mættu hafa af henni öll hin sömu not og sjálfur hann?

Slíku frelsi mundi enginn íslenskur bóndi una til lengdar. Auðvitað þættu honum þessi kjör betri en alger ánauð. En honum mundi þykja það furðulegt ef honum væri sagt að nú væri frelsisbaráttu hans lokið. Og honum mundi þykja það óþörf spurning ef hann væri að því spurður hvort hann vildi nú ekki una þessum kjörum sínum enn um sinn þegar sá tími væri kominn að hann ætti rétt á algeru frelsi.

En aðstaða íslensku þjóðarinnar er eftir sambandslögunum einmitt hin sama og bónda þess sem nú var lýst.

Íslendingar mega að vísu setja sér lög en þau hafa ekki stjórnskipulegt gildi nema konungurinn í Kaupmannahöfn samþykki þau. Íslendingar fara ekki sjálfir með utanríkismál sín og mega enga samninga gera við önnur ríki nema í samráði við eða fyrir atbeina danska utanríkisráðuneytisins og konungurinn í Kaupmannahöfn verður að samþykkja þá til þess að þeir hafi nokkurt gildi. Íslendingum er að vísu heimilt að hafa eigin varðskip til gæslu landhelgi sinnar en þeim eru jafnframt til frekara öryggis fengin dönsk skip til gæslunnar. Íslendingar eiga að vísu sjálfir land sitt en þeir eru skyldir til að þola 30 sinnum mannfleiri þjóð, Dönum, öll hin sömu not af landinu og þeir sjálfir hafa.

Ætla mætti að ekki þyrfti að hvetja neinn Íslending til að una slíku frelsi eigi lengur en hann er skyldur til samkvæmt ströngustu lögum. En sjálfstæðisbarátta þjóðarinnar er orðin löng og í henni hefur margt furðulegt fyrir komið."

Hvað er það sem er inntakið í upphafsorðum þessarar ræðu? Það er sú staðreynd að 30 sinnum fjölmennari þjóð á að hafa sama rétt á Íslandi og íslenska þjóðin. Það er það atriði sem dr. Bjarni Benediktsson, seinna formaður Sjálfstfl. og fyrrv. forsrh., taldi gersamlega óaðgengilegan kost fyrir íslenska þjóð. En

hversu mjög hefði honum þá ekki fundist um það ef við hefðum nú verið að ákveða að veita milli 200–300 millj. manna sama rétt og Íslendingum í þessu landi? Honum þótti það vonlaus staða að 30 sinnum fjölmennari þjóð hefði sama rétt, hvað þá með þegar það eru fleiri hundruð milljónir sem eiga fá sama rétt.

Ég hygg að það sé ærið umhugsunarefni að átta sig á þessum orðum. Þau eru ekki sögð út í bláinn. Þau eru sögð af því tilefni að hann er að brýna það fyrir sínum tilheyrendum að það skipti höfuðmáli að vera húsbóndi á sinni landareign hvað það snertir að þar hafi ekki aðrir sama rétt. Og ef Íslendingar láta sér detta það í hug að hægt sé fyrir þjóðina að komast óskemmd frá því tiltæki að ætla öllum þeim hópi sem býr á þessu svæði frjálsra fólksflutninga til landsins eins og hverjum sýnist þá hefur stórt og mikið gerst og alvarlegt gerst.

Við erum með útlendingaeftirlit (**Gripið fram í:** Hvar er stjórnarandstaðan?) sem við höfum verið að greiða laun. Þeir hafa verið að vísa mönnum frá landinu, neita mönnum frá hinni mætu Evrópu um landvist, mönnum sem voru með sakaskrá fyrir eitt og annað. Eftirleiðis mun þetta lið allt hafa fulla heimild til að koma hingað til lands. Skjátlaðist fyrrv. forsrh. þessarar þjóðar? Var hann að tala um aukaatriði í upphafi sinnar ræðu? Ég viðurkenni það að ég hef mikið brotið um það heilann hvort sú kynslóð, sem nú er í landinu og hefur aldrei búið við það sem sá sem flutti þessa ræðu þekkti af eigin raun, sé dómbær að gera sér grein fyrir því hvað verið er að tala um.

Ég hef sagt úr þessum ræðustól: Vilja menn að mafían hafi frjálsa umferð um Ísland eins og henni sýnist? Ég veit að sumum finnst það alveg voðalegt að maður skuli segja svona lagað. Það vill nú samt svo til að mafían er á Ítalíu og Ítalía er hluti af þessu svæði. Við höfum verið að berjast við löggæslu í þessu landi. Við höfum verið að berjast við það að draga úr eiturlyfjainnflutningi. Hvernig halda menn að sú glíma standi eftir þetta? Ég held að það sé hollt að hugleiða þessi orð ræðunnar, það sé hollt að hugleiða það hvað af því getur hlotist ef við veitum þessum hóp sama rétt í okkar landi og við höfum sjálfir.

Ég get ekki stillt mig um það, herra forseti, að lesa hér örstutt um annað atriði sem heyrist svo oft í dag að það hefði getað verið sagt í gær:

„Hafa þá verið til Íslendingar sem eigi vildu algert stjórnskipulegt frelsi þjóðar sinnar? Vonandi ekki. En hinir hafa stundum verið allt of margir sem töldu þjóðina frekar hafa þörf fyrir eitthvað annað en þetta. Sögðu að fyrst bæri að tryggja efnahaginn eða þjóðernið sjálft eða eitthvað enn annað sem þeim þá sýndist á glötunar barmi."

Kannist þið við þessi orð úr daglegri umræðu? Kannist þið við þau? Þau glymja stöðugt. Fullveldið skiptir ekki máli, segja menn. Það sem skiptir máli er efnahagurinn. En þessi foringi Sjálfstfl. hikaði ekki við að fullyrða hvað skipti höfuðmáli. Það var stjórnskipulegt frelsi þjóðarinnar sem skipti öllu máli. Hitt er svo umhugsunarefni þegar maður hugsar um danska kónginn og EB að EB er að því leyti tæknilega skipulagðara fyrirbrigði að það setur ramma um það hvað Íslendingar mega gera. Og innan þess ramma mega þeir svo dansa ef þeir skrifa undir samninginn. En ef þeir brjóta þá verður það sjálfkrafa óvirkt.

Það er nú svo að stundum fellur maður í freistni og ég ætla að falla í þá freistni hér af því að hæstv. umhvrh. heiðrar salinn með nærveru sinni að lesa hér upp örlítið úr ræðunni sem var ætlað Alþýðublaðinu. Svo segir í bókinni „Land og lýðveldi" úr sömu ræðu:

„Í ályktun þessari er þeirri eindregnu áskorun beint til stjórnar og Alþingis að fresta úrslitum sambandsmálsins „þangað til báðir aðilar hafi talast við. Sambandsslit án þess að viðræður hafi farið fram eru líkleg til að vekja gremju gegn Íslandi annars staðar á Norðurlöndum og gera aðstöðu Íslendinga þar erfiðari þar sem einhliða ákvörðun Íslendinga í þessu máli yrði talin andstæð norrænum sambúðarvenjum".

Eftir að þessi skilaboð bárust frá Danmörku hefur svo við brugðið að Alþýðublaðið hefur birt hverja greinina á eftir annarri þar sem hvatt er til undanhalds. Er þetta framferði blaðsins í algerri andstöðu við skýlausar yfirlýsingar fulltrúa flokksins í stjórnarskrárnefndinni. En þar lögðu bæði formaður flokksins [Stefán Jóhann Stefánsson] og annar aðalmaður [Haraldur Guðmundsson] eindregið til að lýðveldi yrði eigi stofnað síðar en 17. júní 1944. Bendir þessi klofningur til að rétt sé það sem Þjóðviljinn hvað eftir annað hefur sagt að alger sundurþykkja sé með forráðamönnum Alþýðublaðsins og þingflokknum. Vonandi verða hin góðu öfl þingflokksins ráðandi í flokknum í heild um þetta mál áður en lýkur."

Það hefur nú verið svo og er enn vandamál að það eru ekki alltaf hin góðu öfl sem ráða í Alþfl.

Ég vil halda því fram sem staðreynd að Bjarni heitinn Benediktsson, fyrrv. forsrh., hafi haft mjög mótandi áhrif á marga sjálfstæðismenn sem enn eru uppi. Og ég vil vitna hér í grein eftir Tómas Inga Olrich sem hann kallar „Tvöfeldni framsóknarmanna." Þar segir svo, með leyfi forseta, á einum stað:

„Það breytir ekki þeirri staðreynd að ríkisstjórnin hefur hafið umræður um að hleypa útlendingum inn í auðlind þjóðarinnar. Á sama tíma auglýsir Framsókn forsrh. sem sérstakan riddara íslenskra hagsmuna sem berst með oddi og egg gegn því að útlendingar fái hér ítök með landakaupum eða með samningum um aðgang að fiskimiðum. Þessari tvöfeldni Framsfl. og ríkisstjórnarinnar skulum við hafna. Veitum þeim ekki tækifæri til að ganga þessi skref. Refsum þeim fyrir að sigla undir fölsku flaggi. — Tómas Ingi Olrich."

En hann gaf eina yfirlýsingu sem hann hefði nú kannski ekki átt að gefa miðað við þá afstöðu sem hann virðist hafa tekið í dag en þessi yfirlýsing, með leyfi forseta, er í sömu grein og er svohljóðandi:

„Ég tek það skýrt fram að ef ég verð kosinn til starfa á Alþingi Íslendinga mun ég aldrei samþykkja að útlendingar fái sama rétt til að kaupa land hér og við Íslendingar. Hér er um grundvallaratriði að ræða. (**Gripið fram í:** Hver sagði þetta?) Þetta sagði núv. hv. 5. þm. Norðurl. e., Tómas Ingi Olrich, áður en hann var kosinn.

Ég held að það sé rétt að kynna það örfáum orðum hvernig sú Evrópa hefur blasað við sem við erum nú að tala um að stór hluti eigi að fá frjálsa flutninga til Íslands. Heimild mín er Morgunblaðið, grein sem Ólafur Pálsson skrifaði 17. des.

„1908. Austurríska keisaradæmið leggur undir sig Bosníu og Hersegovínu.

1911. Ítalir fara í stríð við Tyrki. Leggja undir sig Trípolís og fleira.

1912. Búlgaría, Serbía, Grikkland og Montenegró ráðast á Tyrkland.

1913. Tyrkir eru þvingaðir til að láta af hendi til Grikklands eyjar í Miðjarðarhafi.

1914. Írland á barmi borgarastyrjaldar. Þessa óróa gætir enn í dag.

1914. Heimsstyrjöldin brýst út. Álfan einn blóðvöllur, grimmdin óskapleg.

Bylting í Rússlandi. Eitt atriði er fróðlegt að staldra hér við og það var í ársbyrjun 1918 að Rússland gafst upp fyrir Þjóðverjum. Vopnahlésskilmálarnir voru þeir hörðustu sem þá þekktust á síðari tímum og sýnir það hroka og græðgi Þjóðverjanna. Rússar urðu að láta af yfirráðum Úkraínu og Svartahafshafna, landsvæðis með 56 millj. manna eða 32% af íbúunum, þriðju hluta járnbrautakerfisins, 73% af járnnámunum, 89% af kolanámunum og annað eftir því. Það sama var uppi á teningnum rúmum þremur áratugum síðar og sýnir hve rík drottnunargræðgin er í blóð borin með Þjóðverjum. Alls mun styrjöldin hafa kostað 10 millj. manna lífið og 22 millj. urðu örkumla.

Þó friður hafi verið saminn 1918 hélt óróinn áfram með byltingum og blóðsúthellingum.

1919 hertóku Grikkir borg í Litlu-Asíu með vitund Breta og Frakka en fjölmargir menn af grísku bergi brotnir bjuggu þar víða við hafið. Tyrkir brugðust hart við og ráku Grikkina burt. Þ.e. þá sem eftir voru. Áætlað hefur verið að milljón manns hafi verið slátrað þarna í námunda við strönda, mörgum með sveðjum og hnífum.

1920. Pólland var ekki stórt land eftir friðarsamningana og það árið réðust þeir með aðstoð Frakka inn í Rússland og lögðu undir sig 200 km landsvæði meðfram endilöngum landamærunum í austri. Í Eystrasaltslöndum ríkti sannkölluð ógnaröld sem entist í áratugi. Mussolini hrifsar völdin á Ítalíu. Pyndingar og morð þar ekki úr sögunni.

1933. Hitler náði völdum í Þýskalandi og náði sömu ógnartökum á þjóðinni og á nágrönnum sínum.

1935. Mussolini ræðst á Abessiníu af mikilli grimmd.

1936. Spænska borgarastyrjöldin hófst. Þar komu Þjóðverjar og Ítalir mikið við sögu.

1938. Þýskaland hertók Austurríki án blóðsúthellinga.

1939. Þýskaland hernam Tékkóslóvakíu.

Sama ár réðist það á Pólland og síðari heimsstyrjöldin var hafin með þeirri ógnarskelfingu sem engin orð fá lýst. Hún kostaði alls um 50 millj. manna lífið. Alls enginn veit hve örkumla mennirnir voru margir. Eftir það ríkti ógnarjafnvægi þar til fyrir ári, en nú hefur aftur losnað um böndin og við getum þá séð af dæminu um Júgóslavíu hvað enn getur gerst. Í fleiri löndum er þung undiralda og þar eru minnihlutahópar sem bíða færis að rísa upp."

Hér stendur hver þingmaðurinn upp eftir annan og segir: Þessar þjóðir eru líkastar okkur. Við eigum að leggja kapp á að kynnast menningu þeirra, hátterni og siðum. Þetta eru nú afreksverkin.

Er þá ekkert að gerast í dag í þessum löndum? Er allt stillt? Er friðurinn kominn? Hefur það gerst að lömbin og ljónin leika sér saman? (**ÖS:** Í Alþfl.) Það má vel vera að það hafi gerst í Alþfl. Það er margt sem gerist í draumaheimum manna og margt gerist í Alþfl. og menn hafa meira að segja minnst á Lísu í Undralandi þegar þeir hafa viljað vera skáldlegir hér í þessum stól. En trúir því nokkur maður sem fylgist með þeim suðupotti þjóðernisátaka og illinda sem Evrópa er að blóðbaðinu mikla sé lokið á þessu svæði? Ég segi bara fyrir mig, mér fannst Danir sýna skynsemi þegar þeir höfnuðu því að verða þátttakendur í sameiginlegum her í Evrópu. Þeir höfnuðu því og þeir höfnuðu sameiginlegri mynt.

Hér tala menn um að það verði frjálsir fólksflutningar til landsins. Ef við mundum nú samþykkja bæði frjálsa fólksflutninga og frjálsa fjármagnsflutninga, þá værum við í reynd að afhenda þessum þjóðum jafna aðstöðu á við Íslendinga í að nota auðlindir þjóðarinnar. Þá er svo komið í minni ræðu að ég verð að vitna, og geri það með glöðu geði, í Eyjólf Konráð Jónsson sem hefur oftar en nokkur annar í þessum ræðustól vakið athygli á því hvílíkan gífurlegan auð Íslendingar eiga. Og með leyfi forseta ætla ég að lesa upp örlitla frétt í Morgunblaðinu þar sem fram kemur hvað Færeyingar eru að glíma við þessa dagana. Fréttin er frá Færeyjum:

„Vonir um olíuundur. Talsmaður British Petroleum, Jamie Jardine, hefur staðfest við Morgunblaðið að borað hafi verið eftir olíu milli Færeyja og Hjaltlands á bresku yfirráðasvæði, 22 km utan við færeysku lögsöguna. Talið er að olíulindin sé um 470 milljarða íslenskra króna virði en heildarskuldir Færeyinga nema 82 milljörðum. Danir undirrituðu á mánudag samning um afsal réttar yfir hafsbotni innan 200 mílna fiskveiðilögsögu Færeyinga. Þá er ein hindrun eftir á vegi olíurannsókna Færeyinga, deilur við Breta um miðlínu milli Færeyja og Hjaltlands. Næsti fundur um miðlínu er boðaður í mars. Thomas Arabo, ráðherra í landsstjórninni, vonast eftir að hægt verði að hefja mælingar innan lögsögunnar í sumar. Eyjólfur Konráð Jónsson alþingismaður segir að taka þurfi upp samninga um Rockall-svæðið í ljósi olíufundarins við Færeyjar. Bretar hafa að undanförnu mælt skjálftavikni á hafsbotni nær Rockall til að kanna möguleika á olíu. Niðurstöðum hefur verið haldið leyndum."

Allar skuldir Færeyinga gufa upp eins og náttfall við sólaruppkomu ef þeir finna olíuauð innan sinnar landhelgi. En hæstv. iðnrh. hefur ekki þurft að bíða eftir því að Danir undirrituðu neina heimild til þess að hefja rannsókn á því svæði sem Íslendingum tilheyrir. Framtakið hefur einfaldlega ekki verið til staðar.

Það er alvarlegt að þurfa að segja þetta, en þannig er staðan. Þannig er staðan. Hæstv. iðnrh. horfir á það að mönnum sem vinna við iðnað í landinu fækkar og telur hafsbotninn í kringum Ísland ekki það verkefni að það hafi forgang að athuga hvort þar finnist olía. Þetta er vissulega umhugsunarefni. En hitt er ekki minna umhugsunarefni að hugleiða það hvaða þjóð það er sem hefur tryggt þessari litlu þjóð sjálfstæði í reynd.

Það voru að sjálfsögðu stærstu tíðindin fyrir Íslendinga á sínum tíma þegar við lýstum yfir lýðveldisstofnuninni að Bandaríki Norður-Ameríku viðurkenndu okkur sem frjálsa og fullvalda þjóð. Og hvert getum við leitað eftir stuðningi til þess að þau réttindi sem hafréttarsáttmálinn veitir okkur tryggi okkur það að enginn hafi þau réttindi af okkur með ofbeldi? Við getum ekki treyst nema á eina þjóð í því sambandi að hún muni standa með Íslendingum og tryggja að við njótum þess auðs sem við eigum. Eftir að við urðum sjálfstæð þjóð höfum við nefnilega átt í deilum við Evrópu meira og minna allan tímann vegna þess að nýlenduveldin gömlu hafa engu gleymt. Þau hafa engu gleymt. En landhelgin sem Íslendingar hafa til að rannsaka og leita í er margföld að stærð miðað við Færeyjar. Hún er svo stór að það má undrum sæta að svo fámenn þjóð skuli sitja yfir öðrum eins auð.

Og hvers vegna skyldu þá fulltrúar EB leggja slíkt ofurkapp á að fá að veiða karfa við Íslandsstrendur? Er það eitthvað sem skiptir þá stóru máli í dag að fá að veiða þann karfa? Nei. Það sem skiptir þá stóru máli er að koma sínum skipum inn fyrir íslenska landhelgi og skapa hér veiðiréttarhefð á ný eins og þeir mundu orða það vegna þess að þeir sem eiga yfirborð og veiða þar munu fá botninn til yfirráða eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur sagt oftar en aðrir í þessum ræðustól. Halda menn að þeir séu í þessari glímu að eiga við þessa karfatitti? Þeir eru fyrst og fremst í glímunni um það hverjir fá að drottna yfir þessu hafsvæði í framtíðinni. Og þjóð eins og Íslendingar sem eiga meiri auðæfi á mann en nokkur önnur þjóð í Evrópu er aldeilis að breiða út faðminn þegar hún býður frjálsa fólksflutninga inn á sitt svæði.

Vitið þið hvað Hong Kong væri reiðubúið til að borga fyrir svo sem eina sýslu á Íslandi ef þeir mættu flytja þangað? Vita menn það? Þeir hafa leitað eftir því að fá að setjast að á Reykhólum og spurt hversu mikið fjármagn þeir þyrftu að setja þar í atvinnuuppbyggingu til þess að mega flytja áður en Kína tekur yfir. Við svörum ekki svoleiðis málaleitan. Við virðumst aftur á móti vera reiðubúnir að afhenda það sem dýrmætast er nokkurri þjóð og það er landið. Hafa menn ekki fylgst með því hvaða áhyggjur Sameinuðu þjóðirnar hafa af þeirri fólksmergð sem er að verða á jörðinni? Vita menn að í Kína er fólksmergðin svo mikil að af þeirri ástæðu einni saman gætu þeir ekki tekið upp bílaumferð vegna þess að það væri ekki pláss fyrir alla bílana? Það væri ekki pláss fyrir þá og þeir verða að nota reiðhjólin. Hafa menn hugleitt þessa stöðu? Hafa menn hugleitt hvílíkur auður liggur í þeirri aðstöðu sem Íslendingar eiga?

Í Newsweek er því haldið fram að það hráefni sem e.t.v. komi næstu heimsstyrjöld af stað á þessum hnetti sé vatnið. Skorturinn á vatni sé það sem muni leika mannkynið verst á næstu árum. Við höfum séð upphaf slíkra átaka þar sem þjóðir hafa stoppað fljót á landamærum, safnað vatninu úr ánni í stöðuvatn og ætlað að nýta það sjálfir á þurrkatímum, en hinir sem búa neðar í öðru landi fá ekki dropa. Skynja menn hvað er að gerast? Og þjóð sem hefur þessa mögu leika ætlar hún núna, þegar hún er búin að ná því eins og hún hafði náð í lok stjórnartíðar seinustu ríkisstjórnar að vera í 6.–7. sæti með þjóðarframleiðslu á mann og hefur hæst náð því að vera í 4. sæti með þjóðarframleiðslu, á mann að snúa við og jafna út sínum lífskjörum, sem hún hefur náð með því að vinna hörðum höndum, miðað við þá aðila sem Evrópa er búin að taka innan sinna vébanda og hafa náð miklu, miklu styttra? Er það þetta sem menn ætla að bjóða börnunum sínum á næstu árum?

Hvað tekur það langan tíma þangað til Íslendingar verða orðnir minnihlutaaðili í þessu landi ef við samþykkjum þetta? Hvað tekur það langan tíma þangað til það verða fleiri útlendingar í landinu en Íslendingar og hvaða afleiðingar á það eftir að hafa á viðhorf manna? Hvaða afleiðingar fylgja slíku yfirleitt þar sem það hefur gerst annars staðar? Vita menn það? Þar verða átök, þar verða kynþáttafordómar og þar verða deilur sem endar í blóðugum innbyrðis átökum. Ætla Þjóðverjar að bíða eftir því að Tyrkirnir verði fleiri í Þýskalandi en Þjóðverjr? Eru þeir að bíða eftir því? Ég held nú ekki. Þeir eru farnir af stað og byrjaðir að kveikja í flóttamannabúðunum og þeir hóta og hóta og hóta. Fólkið sem hefur leitað þar athvarfs getur ekki búið við öryggi stundinni lengur. Þeir vilja fá það út úr landinu vegna þeirra siða sem það hefur og þýska ríkið virðist ekki ráða við það að halda aga á þessu. Jú, jú. Þeir segja: Við setjum lög. Gott og vel. Þeir stoppa kannski Tyrkina með lögum. En þeir stoppa hvorki Spánverja, Portúgali eða Ítali með lögum.

Spurningin er einfaldlega þessi: Er það rétt sem bandarískir félagsfræðingar halda fram? Þetta ævintýri, sem sett hefur verið af stað um Bandaríki Evrópu, Rómarsáttmálinn og það ævintýri, gengur það upp? Þeir halda því fram að það muni ekki ganga upp.

Bandaríkin fóru í gegnum sinn hreinsunareld með borgarastyrjöld eins og allir vita. Þar er dreifing á fólkinu. Dreifingin er mikil. Þeldökkir menn dreifast um Bandaríkin, indíánar dreifast um Bandaríkin, Ítalir dreifast um Bandaríkin, Bretar dreifast um Bandaríkin og Frakkar. Vegna þessarar gífurlegu dreifingar hafa þeir náð þeim árangri að mynda þá þjóðernisvitund að þeir séu fyrst og fremst Bandaríkjamenn. Hvað á eftir að gerast í Evrópu áður en Frakkinn lítur á sig sem Evrópubúa nr. eitt en Frakka nr. tvö? Hvað á eftir að gerast í Þýskalandi áður en Þjóðverjinn lítur á sig sem Evrópubúa nr. eitt og Þjóðverja nr. tvö? Vitið þið það? Hvenær upplifum við það að knattspyrnuleikur á milli Þýskalands og Frakklands verði talinn á þann veg að það skipti engu máli hvor vinni af því að það sé Evrópa sem sigri? Búast menn við því að slíkur knattspyrnuleikur verði spilaður á þessari öld? Hvar er

skilningur manna á félagsfræði sem telja að hægt sé að sópa saman þjóðum með þessum hætti? (**Gripið fram í:** Það er ekki hægt.) Hvar hefur það gengið upp?

Ég segi eins og er að þennan lið, b-liðinn, frjálsa fólksflutninga, tel ég gersamlega vonlaust að Íslendingar geti samþykkt.

Liðirnir frjáls þjónustustarfsemi og frjáls flutningur fjármagns hafa nefnilega allt annað vægi ef frjálsir fólksflutningar fylgja með. Ef fjármagn kemur inn í landið án þess að fólk fylgi með, þá fylgir því fjármagni atvinna fyrir Íslendinga. En ef fjármagnið kemur inn í landið og jafnhliða þúsund Portúgalar til að vinna við að byggja álver og þúsund Spánverjar til að vinna við að virkja Fljótsdalsvirkjun, þá eru menn að tala um allt aðra hluti.

Ég veit ekki hvort menn telja að þó að öllum fyrirvörum sé rutt frá, sem settir voru fram þegar þessi mál voru rædd í Ósló á sínum tíma, sé endalaust hægt að berja á okkur óbreyttum liðsmönnum fyrri ríkisstjórnar og segja: Þið voruð búnir að samþykkja þetta. Ég hef aldrei samþykkt þetta. Það er staðreynd málsins. Tvisvar var það borið undir atkvæði í þingflokki Framsfl. hvort hæstv. utanrrh. ætti að fá ótakmarkað umboð til að semja um þessi mál og við sögðum nei.

Ég hef það eftir þingflokksformanni Alþfl. að stefnt hafi verið að því að þessari umræðu ætti að ljúka á miðnætti en jafnframt að það miðnætti kæmi þegar ég væri búinn að ljúka minni ræðu. Og af því að um lærðasta manninn í röðum Alþfl. á Alþingi Íslendinga er að ræða, þá lít ég svo á að ekki sé nauðsyn að segja allt sem hægt er að segja um þetta mál í þessari ræðu. Ég hef heimild til að tala aftur við þessa umræðu ef svo færi. En ég vil segja sem mín lokaorð — þeir vita mína afstöðu sem hafa fylgst með þannig að ég þarf ekki að uppljóstra neinu leyndarmáli — ég lýsti því yfir í vor að ég teldi að hér væri um óaðgengilegan hlut að ræða. Við gætum ekki samþykkt þetta. En ég vil jafnframt lýsa því yfir að ég lít á mína dvöl á Alþingi Íslendinga sem mjög tímabundið fyrirbrigði. Þjóð ein hafði það fyrir reglu þegar hún lét hylla sína leiðtoga til að taka við sem leiðtoga að hann var jafnframt minntur á það stöðugt að hann ætti eftir að deyja og hans vera við völdin væri stundleg. Það er aðalatriðið að skila því til þess næsta, geta afhent það og sagt: Þetta var það Ísland sem mér var falið að gæta. Þetta er það Ísland sem ég ætla ykkur að taka við. Og það má skamma mig fyrir alla hluti varðandi það að þessi þjóð hafi fjárfest í ýmsu sem ekki hafi skilað arði. Það fylgir öllum fjárfestingum að sumt heppnast og annað ekki. En ég ætla ekki að ganga frá leiknum á þann hátt að ég afhendi ekki þeim næsta það sem mér var falið að gæta. Og í ljósi þess kemur það aldrei til að ég geti treyst mér til þess að samþykkja þennan samning, hvort sem stjórnarskrá eða eitthvað annað leyfði að ég gerði það. Stjórnarskráin leyfir það ekki heldur að mínu viti en hin ástæðan ein er ærin.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjals:

Tekjustofnar sveitarfélaga, 284. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 496.

86. FUNDUR

föstudaginn 18. des.,
kl. 11 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 1992, stjfrv., 140. mál, þskj. 161, nál. 402 og 407, brtt. 403. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Umboðssöluviðskipti, stjfrv., 125. mál, þskj. 145, nál. 409, brtt. 410 og 428. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 222. mál, þskj. 487. — 3. umr.
4. Eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, stjfrv., 78. mál, þskj. 488. — 3. umr.
5. Skattamál, stjfrv., 286. mál, þskj. 417, nál. 489, brtt. 490. — 2. umr.
6. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 284. mál, þskj. 414, nál. 496. — 2. umr.
7. Kjaradómur og kjaranefnd, stjfrv., 46. mál, þskj. 47, nál. 491, brtt. 492. — 2. umr.
8. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, stjfrv., 47. mál, þskj. 48, nál. 493. — 2. umr.
9. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 226. mál, þskj. 283, nál. 494. — 2. umr.
10. Skuldbreytingar vegna loðdýraræktar, frv., 309. mál, þskj. 479. — 1. umr.
11. Heilbrigðisþjónusta, frv., 310. mál, þskj. 486. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
12. Grunnskóli, stjfrv., 296. mál, þskj. 452. — Frh. 1. umr.
13. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 372, 376, 411 og 470, brtt. 374. — Frh. 2. umr.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem Matthías Bjarnason, 1 þm. Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda leyfi ég mér með tilvísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Guðjón A. Kristjánsson skipstjóri, taki sæti á Alþingi í forföllum hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Geir H. Haarde, formaður þingflokks Sjálfstfl."

Guðjón A. Kristjánsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Útbýting þingskjala:

Skattamál, 286. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 495.

Veiðar Belga við Ísland, 291. mál, svar sjútvrh., þskj. 485.

Skattamál, 2. umr.

Stjfrv., 286. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 417, nál. 489 og 495, brtt. 490.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Um leið og forseti gefur frsm. nál. meiri hluta efh.- og viðskn., hv. 5. þm. Norðurl. v., orðið vill hún leyfa sér að óska honum til hamingju með fertugsafmælið.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir góðar óskir í minn garð. Ég mæli fyrir nál. og brtt. efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um breytingar á skattamálum. Ég vil áður en lengra er haldið þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir samvinnuna um málið og taka fram að nefndarmenn allir hafa verið einstaklega liprir og viljugir í því samstarfi að láta það ganga áfram. Það er rétt að taka þetta fram vegna þess að frv. var seint fram komið og málið er afar viðamikið mál og margt sem þurfti að skoða í þessu sambandi. Það þurfti að tala við marga umsagnaraðila og vil ég sérstaklega þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir góða samvinnu um að ganga frá vinnunni í þessu þó að tíminn hafi verið knappur.

Nefndin leitaði umsagna hjá allmörgum aðilum sem getið er á nál. 489 og kallaði einnig allmarga aðila til sem þar er sömuleiðis getið um.

Grundvallaratriði í sambandi við þær breytingar sem verið er að gera á skattlagningu með frv. er að verið er að fella niður aðstöðugjald. Þessi niðurfelling þýðir að hækka þarf aðra skatta í staðinn og meginbreytingarnar sem í því felast eru viðbrögð við þeirri nauðsyn. Í meginatriðum eru farnar tvær leiðir í þessu. Annars vegar er tekjuskattur einstaklinga hækkaður og hins vegar eru undanþágur í virðisaukaskatti þrengdar. Ég held að nauðsynlegt sé að þetta grundvallaratriði sé haft í huga vegna þess að að sjálfsögðu er óþægilegt og erfitt að hreyfa við viðkvæmum sköttum eins og tekjuskatti einstaklinga og eins að fækka undanþágum í virðisaukaskattskerfinu. Mat manna hefur verið að niðurfelling aðstöðugjaldsins væri svo mikilvæg að nauðsynlegt væri að grípa til þessara ráðstafana.

Niðurfelling aðstöðugjaldsins eykur samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Hún eykur samkeppnishæfni þeirra fyrirtækja starfa á innlendum markaði og leiðir til þess að vöruverð getur lækkað og kaupmáttur heimilanna þar með aukist. Niðurfelling aðstöðugjaldsins eykur líka samkeppnishæfni útflutningsgreinanna og leiðir þess vegna til þess að þær fá staðist hærra gengi íslensku krónunnar eða kemur með öðrum orðum í veg fyrir að lækka þurfi gengi krónunnar meira en orðið er. Þess vegna nýtur fólkið í landinu, almenningur, þess að sjálfsögðu í lægra vöruverði en ella væri.

Þegar verið er að hækka skatt eins og tekjuskattinn er spurning hvaða sjónarmið liggi þar til grundvallar. Það sem gert er í meginatriðum í frv. og þeim breytingum sem meiri hluti nefndarinnar leggur til er að hækkunin dreifist tiltölulega jafnt yfir prósentvís þangað til að komið er upp í hærri tekjuskalana. Þá hækkar hlutfallsleg byrði allmjög. Það er fyrst og fremst vegna þess að tekinn er upp sérstakur hátekjuskattur á tekjur yfir 200 þús. kr. hjá einstaklingum og yfir 400 þús. hjá hjónum. Í krónutölu er að sjálfsögðu afar mikill munur á því hvernig skattbyrðin vegna tekjuskattsins eykst.

Sú leið sem var farin samkvæmt þeim tillögum sem nefndin gerir var að lækka eilítið persónuafslátt, hækka skattprósentuna um 1,5% og síðan að taka upp hátekjuskattinn eins og áður getið. Í frv. var gert ráð fyrir því að persónuafslátturinn yrði ekki sérstaklega lækkaður en þess í stað yrðu barnabætur skertar. Nefndin breytti þessu og taldi þó skárra að lækka persónuafsláttinn eilítið og skerða ekki barnabæturnar. Þegar var farið að reikna nákvæmlega hversu mikið þyrfti að lækka persónuafsláttinn o.s.frv. var líka höfð hliðsjón af því hvað var að gerast í sambandi við hækkun á meðlagsgreiðslum og þeim breytingum sem var verið að gera á mæðralaunum.

Því má velta fyrir sér hvort önnur leið til þess að flytja þessa skattbyrði til hefði orðið réttlátari. M.a. geta menn velt því fyrir sér hvort það hefði verið eðlilegra að hækka skattprósentuna og taka í rauninni allan tilflutninginn út í því að hækka einfaldlega prósentuna í tekjuskattinum. Ef það hefði verið gert hefði mátt búast við því að prósentan hækkaði um á bilinu 2,2–2,5%. Þá hefðu skattleysismörkin að sjálfsögðu lækkað. En ef menn hefðu ætlað að halda óbreyttum skattleysismörkum og taka með því allt út í prósentunni á tekjuskattinu, eða eina prósentu, þá hefðum við verið að tala um hækkun á tekjuskattsprósentunni í kringum 4,5%.

Ég vil rekja þær breytingar sem nefndin leggur til að gerðar verði á frv. Í fyrsta lagi er lögð til breyting vegna persónuafsláttarins sem ég hef áður getið og þýðir að hann lækkar um 400 kr. á mánuði. Í öðru lagi eru gerðar breytingar sem felast í því að barnabótaauki einstæðra foreldra er hækkaður. Og í þriðja lagi eru gerðar breytingar sem felast í því að á þeim aðlögunartíma sem gefinn er, þ.e. einu ári, þangað til fyrirtæki fá lægri tekjuskattsprósentu er áfram heimilað að draga 15% arð frá. Í fjórða lagi er lenging á þeim tröppugangi niður á við í afsláttarheimildum vegna hlutabréfakaupa. Síðan er lagt til að tekjuskattsprósentan á fyrirtækjunum á þessum aðlögunartíma verði 39% í stað 38%. Í sjötta lagi er lagt til að í lögin komi ákvæði þar sem ríkisskattstjóri skal miða viðmiðunarreglur við laun fyrir sambærileg störf í venjulegum vinnutíma að viðbættu 15% álagi. Þetta er vegna svokallaðra reiknaðra launa við ákvörðun á staðgreiðslu.

Síðan er tæknileg breyting á 36. gr. frv. Sömuleið-

is 49. gr. og 46. gr. og í 53. gr.

11. brtt. felst í því að nýr kafli bætist við frv. þar sem þau áform sem voru í fjáröflunarskyni í frv. til laga um vörugjald á bensín á bíla er tekið inn í þetta frv., en það frv. er geymt til betri umfjöllunar í þinginu eftir áramótin. Og í tólfta lagi er lagður til nýr kafli þar sem tekin er inn lækkun á gjaldi af umboðsþóknun í gjaldeyrisviðskiptum sem hefur verið í lögum um gjald af umboðsþóknun og gengismun frá 1984. Þar er verið að fella þann skatt niður í áföngum á nokkrum árum og breyta honum reyndar. Það er nauðsynlegt að breyta formi þessa skatts og fella hann niður vegna markaðsskráningar á gengi krónunnar sem fyrirhugað er að taka upp vonandi í byrjun næsta árs.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. frá minni hluta efh.- og viðskn. á þskj. 495. Ég vil byrja á því að þakka gott samstarf í nefndinni og óska formanni nefndarinnar til hamingju með daginn. Það er í sjálfu sér ekki mjög skemmtilegt hlutskipti, hvorki fyrir okkur né hann, að þurfa að eyða þessum merkisdegi í þetta mál sem er ekki mjög skemmtilegt og hefur reynst formanni nefndarinnar illt viðureignar. Þetta mál er illa undirbúið. Það er búið að vera mikið hringl í kringum það fram og til baka, eitt í dag og annað á morgun, og hefur mætt mjög á meiri hluta nefndarinnar að þurfa að koma þessu máli áfram.

Það er einnig ljóst að helstu hagsmunasamtök í landinu hafa mótmælt þessu frv. með einum eða öðrum hætti og af því má vera ljóst að samstarfið við aðila vinnumarkaðarins um þetta mál hefur mistekist.

Mér er það alveg ljóst að það þurfti að hækka skatta vegna niðurfellingar aðstöðugjaldsins. Það lá í loftinu eftir þau samtöl sem höfðu átt sér stað milli aðila vinnumarkaðarins og fulltrúar Vinnuveitendasambandsins og Alþýðusambands Íslands voru með hugmyndir sem gengu í þá átt. Einhverra hluta vegna tókst ríkisstjórninni ekki að nýta sér þann góða samstarfsvilja sem var hjá aðilum vinnumarkaðarins í þessu máli og hygg ég að það sé nokkurt einsdæmi í sögu verkalýðsbaráttu hér á landi að Alþýðusamband Íslands komi fram á völlinn og leggi það beinlínis til að skattur á atvinnurekstur verði felldur niður og í stað þess verði tekinn upp skattur á launþega. Ég man ekki eftir því áður þann tíma sem ég hef starfað í stjórnmálum a.m.k. – og ég held að það sé enn fráleitara að það hafi gerst fyrr á áratugunum. Það hefði því mátt ætla að þessi góði vilji hefði getað nýst ríkisstjórninni betur. Þar að auki lágu fyrir yfirlýsingar frá stjórnarandstöðunni, ekki síst hv. 8. þm. Reykn., Ólafi Ragnari Grímssyni, sem vildi nánast vera með í þessu máli og lagði til að það yrði myndað hringborð til þess að komast að niðurstöðu um það.

Við fulltrúar Framsfl. lýstum því yfir að við gerðum okkur það ljóst að þetta væri nauðsynlegt og studdum það að fella niður aðstöðugjaldið en töldum að framkvæmd þess yrði að sjálfsögðu að vera undir forustu ríkisstjórnarinnar og á ábyrgð hennar. Stjórnarandstaðan hefur einfaldlega ekki þá stöðu að geta tekið þátt í slíku máli nema þá sem aðili að ríkisstjórn. Hins vegar er mjög mikilvægt að vilji stjórnarandstöðunnar liggi fyrir og það hefði hæstv. ríkisstjórn átt að geta notað sér betur.

En einhverra hluta vegna rann þetta allt úr höndum þeirra og þegar Alþýðusamband Íslands lýsti því yfir á þingi sínu að þeir væru mótfallnir þessum ráðstöfunum þá svaraði ríkisstjórnin því til að þeir hefðu lagt til miklu verri hlut en ríkisstjórnin sjálf. Skattatillögur Alþýðusambandsins og vinnuveitenda hefðu gengið miklu nær launþegum en ríkisstjórnin vildi setja fram. Það var skynsamleg yfirlýsing eða hitt þó heldur að svara stærstu verkalýðssamtökum landsins með þessum hætti. Og þar að auki lýsti hæstv. forsrh. því yfir að þarna væru ýmsir skattar sem hann væri andvígur en vildi leggja á samt sem áður, m.a. af sálfræðilegum ástæðum, sennilega til þess að hressa upp á samstarfið í ríkisstjórninni. Það er nú orðið slæmt þegar skattar eru lagðir á með þeim formerkjum.

En það er ekki nóg með að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar hafi sett fram mjög harkalega gagnrýni í þessu máli. Fulltrúar vinnuveitenda hafa jafnframt gagnrýnt þessar hugmyndir mjög harðlega og talið að þessar tillögur muni leiða til meira atvinnuleysis og minni umsvifa í samfélaginu.

Ég get vel skilið hæstv. ríkisstjórn í þeim tilraunum sínum að ná sem minnstum halla á ríkissjóð. En það er varhugavert hvað þeir eru tilbúnir að ganga langt í að ná þeim halla niður með því að leggja skatt á atvinnugreinar sem við sjáum hvað mesta von í. Ég nefni í þessu sambandi ferðaþjónustuna. Þar er um að ræða unga atvinnugrein sem er að vaxa, atvinnugrein sem skilar verulegum gjaldeyristekjum og skapar mörgu fólki vinnu. Er það t.d. skynsamlegt að setja peninga sérstaklega í atvinnusköpun, hvort sem það er viðhald bygginga eða annað, en á móti sé lagður skattur á atvinnugrein sem er í vexti og kyrkja þannig vöxt hennar?

Það er í reynd með eindæmum hvernig ríkisstjórnin hefur farið í það mál að stuðla að meiri atvinnu í landinu. Þeir gáfu út yfirlýsingu fyrr í haust um að tilteknu fjármagni yrði varið til opinberra framkvæmda sem var allt góðra gjalda vert. Síðan hafa þeir verið að skera þessar fyrirætlanir niður, sem sýnir að þær voru vanhugsaðar frá upphafi, og þar að auki að taka ákvarðanir um skattlagningu á atvinnurekstur sem hefur trúlega mun verri áhrif og fækkar mun fleiri störfum en hinar aðgerðirnar skapa.

Það er þessi skortur á heildarsýn sem gerir það að verkum að ekki nokkur aðili í samfélaginu mælir með þessu. Það er þessi hringlandaháttur frá einum degi til annars sem orsakar það að hvorki vinnuveitendur né launþegar treysta sér til að styðja þetta mál. Og það virðist vera að nánast enginn vilji leggja nafn sitt við þessar aðgerðir nema ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar af hollustu við ríkisstjórnina. (**Gripið fram í:** Er það nú alveg víst?) Er það nú alveg víst? Ég geri ekki ráð fyrir því að hæstv. ríkisstjórn leggi í 2. umr. um þetta mál nema hafa allmiklar vísbendingar um að

hér sé tryggur meiri hluti fyrir málinu. Ég á ekki von á því. Það væri þá til að kóróna allt saman ef það kæmi svo í ljós á Alþingi að enginn meiri hluti er fyrir þessu. Það er vonandi að svo sé en hitt er svo annað mál að það eru einhver takmörk fyrir því hvað er hægt að vera lengi með svona mál á milli handanna og það eru einhver takmörk fyrir því hvað er hægt að breyta þeim oft, og þar á meðal hvað er hægt að breyta þeim oft á dag.

Ég ætla þá að víkja að einstökum þáttum þessa máls. Fyrst vil ég fara nokkrum orðum um skattlagningu einstaklinga. Það sem liggur hér til grundvallar er að skattprósenta einstaklinga er hækkuð um 1,5%, eða hækkuð úr 32,8% í 34,3. Það er gert til þess að mæta niðurfellingu aðstöðugjaldsins. Minni hluti nefndarinnar gerir enga athugasemd við þessa breytingu en hins vegar eru ýmsar aðrar breytingar vanhugsaðar að okkar mati. Ég vil minna á að á síðasta ári var mikil umræða um þær skattabreytingar sem ríkisstjórnin stóð fyrir. Aðalatriði þeirra breytinga var að skattprósentan var ekki hækkuð. Fjmrh. sagði að það væri stefnuatriði ríkisstjórnarinnar að skattar væru ekki hækkaðir. Og hann varði það mjög fimlega á síðasta ári og hélt því fram að það væru engar hækkanir á sköttum. (**Fjrmh.:** Og eru ekki enn.) Og eru ekki enn, bætir fjmrh. við. Fjmrh. er því enn mjög hress, en ég vænti þess að hann hafi ekki enn lesið álit samtaka atvinnuveganna og launþega um þessi mál. Ég þykist viss um að ef hann færi nú vandlega í gegnum þetta þá kæmist hann að annarri niðurstöðu.

Auðvitað eru skattar hækkaðir, hæstv. fjrmh. Það kemur skýrt fram í umsögn Alþýðusambands Íslands að ráðstöfunartekjur heimilanna skerðast vegna þessara skattahækkana. Það er svo annað mál hvort það er ekki nauðsynlegt, hæstv. fjmrh., að skattar hækki eitthvað vegna þess efnahagsástands sem er. En það er fráleitt að halda því fram að engar breytingar eigi sér stað á sköttum. Á sl. ári lagði fjmrh. megináherslu á að lækka barnabætur og lækka frádrátt frá sköttum með ýmsum hætti. Það var hans leið til að hækka skatta. Hann hefur því ávallt verið að leita leiða til þess að hækka skattana án þess að breyta prósentunni. Það hefur verið heilagt í hans huga að prósentan mætti alls ekki breytast. Þetta hefur leitt til þess að skattahækkanir hafa komið við þá sem síst skyldi, við fjölskyldur með mörg börn, fjölskyldur sem eru nýlega búnar að koma sér upp húsnæði og þess vegna hefur byrðunum verið dreift á þá sem eiga hvað erfiðast í samfélaginu. Þetta veit hæstv. fjrmh. En hann er því miður fastur í kosningaloforðum sem hann og hans flokkur gaf um það að skattar yrðu alls ekki hækkaðir og því haldið fram að ef aðrir flokkar kæmust til valda á Íslandi væri það nánast trygging fyrir því að skattar yrðu hækkaðir en það væri trygging ef Sjálfstfl. væri við völd að þá myndu skattar ekkert hækka.

En fjmrh. getur ekki lengur fundið neina felustaði. Hann er búinn að vera að því lengi og það er svo að ef menn eru að reyna að fela í sig í ákveðnu húsi verða menn að lokum uppiskroppa með staði til að fela sig á. Og menn finna það smátt og smátt og það gerir almenningur líka. Almenningi er orðið ljóst að þessar skattahækkanir, sem sérstaklega hafa bitnað á barnafólki og á þeim sem eru að afla sér húsnæðis, ganga ekki lengur. Það kemur skýrt fram í þessum umsögnum sem ég ætla ekki að fara að rekja lið fyrir lið þó full ástæða væri til þess.

Það er einmitt þess vegna sem meiri hluti nefndarinnar tekur þá ákvörðun undir forustu hv. formanns nefndarinnar. að snúa aðeins af leið. Að það sé e.t.v. rétt að stöðva þennan feluleik fjmrh. og láta hann ekki komast upp með það endalaust að vera að finna felustaði fyrir skattahækkanirnar sem eru hvort eð er orðnir svo áberandi að það gengur ekki lengur. Þess vegna lagði nefndi það til að skerða ekki enn frekar barnabæturnar heldur fara beint í það að lækka persónuafsláttinn.

Ég á von á því að hæstv. fjmrh. komi hér á eftir og segi: Það er ekki skattahækkun að lækka persónuafsláttinn. Prósentan breyttist ekki neitt. (**ÓRG:** Þetta var lækkun.) Þar að auki er persónuafslátturinn lækkaður. Ég á ekki von á því, hæstv. fyrrv. fjmrh., þó að þú sért fimur í pólitík að jafnvel þú treystir þér til þess að halda því fram að með þessu væri verið að létta skattbyrði á einstaklinga í landinu. Og ég á ekki von á því að hæstv. fjmrh. haldi því fram heldur. En ég heyrði það á honum áðan að hann ætlar að halda áfram að halda því fram að hér sé alls ekki um skattahækkun að ræða með sama hætti og hann hélt því fram í fyrra að skerðing barnabóta og húsnæðisbóta væri engin breyting á sköttum.

Ég ætla að vitna í helstu hagsmunasamtök og álit þeirra á þessum breytingum í örfáum orðum. Ég vil byrja á því að vitna til samþykktar Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, 16. des. sl., sem er síðasta samþykkt eins stærsta verkalýðsfélags landsins um þetta mál. Þeir segja, með leyfi forseta:

„Þá kom fram á fundinum að stjórnarflokkarnir hefðu svikið öll þau loforð sem þeir gáfu fyrir síðustu kosningar. Skattar hefðu verið hækkaðir stórkostlega með álagningu þjónustugjalda og hækkun lyfjakostnaðar og heilbrigðisþjónusta skert. Í stað efnda á loforði um hækkun skattleysismarka væri nú lagt til að hækka álagningarprósentu og sveitarfélögum bent á að hækka útsvarsprósentu til að mæta niðurfellingu aðstöðugjaldsins."

Nú er mér alveg ljóst að á þessum fundi var mikið af reiðum launþegum. En það er mjög langt gengið í yfirlýsingu slíks félags að stjórnarflokkarnir hafi svikið öll loforð sem þeir gáfu fyrir síðustu kosningar. Nú veit ég ekki nákvæmlega hver öll þessi loforð voru. En það sýnir hvaða andi ríkir í þessum efnum. Menn eru ekki aðeins vonsviknir heldur reiðir og það er sá andi sem ríkisstjórnin hefur skapað þótt vissulega beri að viðurkenna það að við göngum í gegnum erfiðleika í efnahagsmálum sem hljóta að bitna á okkur öllum. Það er hins vegar nauðsynlegt að dreifa þeim byrðum með réttlátum hætti í bærilegu samstarfi við helstu hagsmunasamtök í landinu og þessi samþykkt lýsir því vel að ríkisstjórninni hefur ekki tekist það.

Í umsögn Alþýðusambands Íslands segir m.a., með

leyfi forseta: „Það er einnig umhugsunarefni hversu skammt er gengið í skattlagningu hærri tekna á sama tíma og verið er að draga úr barnabótum og vaxtabótum. Skerðing barnabóta og vaxtabóta er auðvitað ekkert annað en aukin skattlagning þar sem það er gert að skilyrði fyrir skattlagningunni að viðkomandi eigi börn eða standi undir erfiðri greiðslubyrði vegna öflunar íbúðarhúsnæðis."

Ég vil benda hæstv. fjmrh. á þessa skoðun Alþýðusambands Íslands, þannig að það eru fleiri en sá sem hér stendur sem hafa haldið því fram að hér hafi verið um skattahækkanir að ræða á síðasta ári. Það eru jafnframt hagsmunasamtök launafólks í landinu, sjálft Alþýðusamband Íslands sem heldur þessu fram. Og þeir halda áfram, með leyfi forseta:

„Í flestum tilfellum er hér um einn og sama hópinn að ræða. Þeir sem eru komnir yfir miðjan aldur og hafa þokkalegar tekjur sleppa hins vegar mun betur frá aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Þetta er í hæsta máta ósættanlegt og lýsir ASÍ sig mótfallið þeirri stefnu stjórnvalda að leggja stöðugt þyngri byrðar á láglaunafólk, barnafólk og það fólk sem er að koma sér upp húsnæði á sama tíma og og aðrir sleppa."

Með þessu er Alþýðusamband Íslands að mínu mati að lýsa því yfir að eðlilegt sé að lagðar séu auknar byrðar á fólkið í landinu. Og það er mikilvæg viðurkenning. Það er viðurkenning á því að hér sé erfitt efnahagsástand sem þurfi að takast á við. En þeir sætta sig ekki við hvernig þessum byrðum er dreift.

Og enn á ný er komin sönnun þess að ríkisstjórninni hefur mistekist þetta samstarf. Í umsögnum BHMR segir m.a., með leyfi forseta: „BHMR vill vegna fyrirliggjandi frv. mótmæla þeim áformum sem í því felast og leiða til lakari kjara almenns launafólks. Þar er sérstaklega mótmælt áformum um hærri tekjuskattsprósentu, óbreyttum persónuafslætti, skertum barnabótum og skertum vaxtabótum. Allir hljóta að sjá það óréttlæti sem felst í sérstöku hátekjuskattsþrepi barnafjölskyldna. BHMR varar við þeirri aðför að barnafjölskyldum í landinu sem felst í þessu frumvarpi." Í þessari umsögn BHMR kemur fram andstaða við það að breyta skattlagningu fyrirtækja, þ.e. að fella niður aðstöðugjald og færa þá skattbyrði að verulegu leyti yfir á launafólk. Að því leytinu til er þessi umsögn með allt öðrum hætti en umsögn Alþýðusambands Íslands.

Ég er þeirrar skoðunar að það hafi átt að færa skattbyrði til vegna niðurfellingar aðstöðugjaldsins. Þannig að ég er ekki sammála öllu því sem kemur fram í umsögn BHMR, þótt ég taki undir margt af því. Ég held að við verðum að viðurkenna það að erfiðleikar fyrirtækjanna koma fram í erfiðu atvinnuástandi og minni tryggingu fólks fyrir atvinnu. Þetta hefur verið almennt viðurkennt og þess vegna er ég þeirrar skoðunar að það eigi að leggja á það áherslu að gera atvinnurekstrinum það kleift að halda áfram starfsemi sinni til þess að sem flestir haldi vinnu.

Það er hins vegar ekki nóg að hafa þetta að leiðarljósi því að þeim byrðum sem af þessu leiða, ef byrðar má kalla, verður að skipta með réttlátum hætti. Hins vegar er það launafólki afar mikilvægt að sem flest störf séu sköpuð og sem flestir hafi möguleika til að afla sér tekna.

Ég vildi aðeins, að því er varðar skattlagningu einstaklinga, víkja að lokum í þeim þætti málsins að þeim sérstaka hátekjuskatti sem lagður er á.

Hér er um að ræða hátekjuskatt sem virðist hafa verið málamiðlun milli ríkisstjórnarflokkanna. Og ég vænti þess að hæstv. fjmrh. viðurkenni a.m.k. að þar sé um nýjan skatt að ræða. En þessi skattprósenta kemur sérstaklega ofan á tekjur og hér er um uppgjör eftir á að ræða. Við báðum um upplýsingar um það hvað það mundi kosta að leggja á slíkan skatt. Kostnaðurinn er í sjálfu sér minni en ég taldi að mundi koma fram, en ríkisskattstjóraembættið áætlar að kostnaður verði alls 11.248.000 kr., þar af aðkeypt þjónusta 6.630.000. Þar fyrir utan leggst að sjálfsögðu margvíslegur kostnaður á fyrirtækin. Ég er ekki að þessum orðum sögðum að mæla gegn því að þetta sé gert. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að fyrst farið var í málið með þessum hætti þá hefði verið einfaldara að hækka skattprósentuna og persónuafsláttinn á móti. Sannleikurinn er sá að skattlagningin á lægri tekjurnar er orðin allt of mikil. Því hefði þurft að dreifa skattbyrðinni mun betur. Og það er því miður ekki hægt nema að leggja meira á þá sem hærri tekjur hafa og minna á þá sem að minna hafa. Ég ætla mér ekki að flytja breytingartillögu um þetta við frv., enda er nánast ekki hægt að flytja breytingartillögu við þetta mál. Það hefur ekki gefist sá tími til athugunar að við höfum getað náð utan um heildaráhrif málsins. Og það er af þeim ástæðum sem við leggjum til að málinu verði hreinlega frestað, því vísað til ríkisstjórnarinnar og tekið fyrir á nýjan leik þegar það hefur verið almennilega undirbúið.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að fara fleiri orðum um skattlagningu einstaklinga en snúa mér í örstuttu máli að skattlagningu fyrirtækja.

Ég vil í fyrsta lagi taka undir það að mikilvægt er að samræma skattlagningu félaga, fyrirtækja, við það sem gengur og gerist í samkeppnislöndum okkar. Við segjum í nefndaráliti okkar að því miður hafi þessar breytingar verið sáralítið undirbúnar og við nefnum sem dæmi að ríkisstjórnin lagði til að tekjuskattur yrði lækkaður úr 45% í 33%. En síðan þegar frumvarpið var flutt var búið að hækka hann aftur í 38%. Við meðferð málsins í nefnd var tilkynnt á einu stigi að búið væri að ákveða að hann yrði óbreyttur frá síðasta ári eða 45%, en síðan við lokaafgreiðslu málsins var ákveðið að hækka prósentuna í 39%. Þetta er ekki sannfærandi meðferð á einu máli.

Það er ekki von að atvinnulífið sé mjög hamingjusamt með ríkisstjórn sem skiptir svona oft um skoðun, enda getur ríkisstjórnin ekki ætlast til þess. Í umsögn Vinnuveitendasambands Íslands koma m.a. fram þessi orð, með leyfi forseta: „Sú skyndilega óvænta frestun á nýlega boðaðri stefnu ríkisstjórnarinnar um að lækka skattaálögur fyrirtækja til samræmis við samkeppnislöndin er ekki til þess fallin að vekja traust á efnahagsstefnunni né til að auka mönnum áræði í krafti

loforða um að henni verði síðar hrundið í framkvæmd. Allt ber þetta vitni um slæm samskipti ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins og er vísbending um það að ríkisstjórninni er ekki treystandi til að varða veginn í því alvarlega efnahagsástandi sem nú ríkir." Þetta eru stór orð frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Og það má vel vera að þau séu sögð í hita leiksins en það kom fram hjá framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins að þeir hefðu orðið mjög undrandi á þessum breytingum.

Ég gat vel skilið hv. formann nefndarinnar þegar hann lagði til við vinnslu málsins að trúlega væri best að fresta þessu öllu saman og vinna það betur í eitt ár, m.a. í ljósi þessara viðbragða Vinnuveitendasambands Íslands. Það voru eðlileg viðbrögð. Því að auðvitað er hér um flókið mál að ræða og það er ekki alveg einfalt að gera sér grein fyrir því hvenær og hvernig við gætum samræmt skattkjör fyrirtækjanna við það sem gengur og gerist erlendis. Ég var þeirrar skoðunar þegar fjárlagafrumvarpið kom fram að yfirlýsingin um það að lækka tekjuskattsprósentuna úr 45% í 33% hafi verið ótímabær. Og ég býst við því að hæstv. fjmrh. muni þá skoðun mína. Með því var ég ekki að halda því fram að ekki ætti að lækka tekjuskattsprósentu fyrirtækjanna. Ég var þeirrar skoðunar þá að forgangsmál væri aðstöðugjaldið og skattar sem tengjast launum, en breytingin á tekjuskatti ætti ekki að vera forgangsmál, hana þyrfti að undirbúa betur að því er fyrirtækin varðaði.

Ég vil t.d. nefna eitt atriði sem er með öðrum hætti hér á landi en gengur og gerist í okkar nágrannalöndum. Það er svokölluð verðbreytingarfærsla. Þessi verðbreytingarfærsla var tekin upp 1978, ef ég man rétt, m.a. vegna þess verðbólguástands sem hér ríkti og þeirrar staðreyndar að fjármagn var verðtryggt og laun voru á þeim tíma verðtryggð og það gekk mjög illa að komast út úr þeirri víxlverkun. Það var gerð tilraun til þess í ársbyrjun 1978 en þeirri tilraun var hrundið m.a. með pólitískum aðgerðum.

Við núverandi aðstæður er staðan sem betur fer allt önnur. Verðbólgan hefur farið lækkandi og það er lagt á það kapp af öllum aðilum í landinu, bæði launþegum, vinnuveitendum, ríkisvaldi og Alþingi að halda verðbólgunni í skefjum. Þótt menn hafi mismunandi skoðanir á því hvernig það verður best gert þá er um það almenn samstaða í landinu.

Nú er það svo að verðbólga er yfirleitt alls staðar í löndunum í kringum okkur og þar af leiðandi hefur atvinnureksturinn af því nokkur útgjöld í sköttum að eigið fé rýrnar sem verðbólgunni nemur þó að þeim takist oftast að ná því upp með meiri hagnaði. En hagnaður fyrirtækjanna í löndunum hér í kringum okkur er reiknaður út frá þeim gjaldmiðli sem þar ríkir án verðleiðréttinga. Þær verðleiðréttingar sem eru í íslenskum skattuppgjörum og ársreikningum eru atvinnurekstrinum hagstæðar miðað við það sem gengur og gerist í samkeppnislöndunum í kring. Mér finnst fyllilega koma til greina að hverfa frá þessari verðleiðréttingu þó að í því sé nokkur eftirsjá sem tákn um að við ætlum okkur að taka út úr sem flestum lögum slíkar viðmiðanir. Þá þarf það einnig að gerast að því er varðar lánsfjármagn og á ýmsum öðrum sviðum. Sem væri þá staðfesting á þeim vilja þjóðarinnar að halda verðbólgunni sem mest í skefjum.

Nú má vel vera að ekki sé tímabært að gera þetta í dag, en ég tók eftir því að formaður Vinnuveitendasambands Íslands var tilbúinn til að fella verðbreytingarfærsluna niður gegn því að skattprósenta fyrirtækja lækkaði enn frekar. Það er breyting sem ekki þyrfti að kosta ríkissjóð nokkurn skapaðan hlut vegna þess að ef verðbreytingarfærslan yrði tekin í burtu í dag mundi það hækka tekjuskatt fyrirækjanna og þar með skapast svigrúm til að koma á lægri skattprósentu.

Auðvitað þarf að taka þessa staðreynd inn í matið á því hvort að tekjuskattur félaga á Íslandi er sambærilegur við það sem gengur og gerist erlendis. Þegar að Ísland er kynnt fyrir erlendum aðilum sem mögulegur staður til að koma af stað atvinnurekstri þá er að sjálfsögðu mikilvægt að það liggi sem best fyrir hvaða skattaleg skilyrði eru hér fyrir hendi og hvernig þau eru í samræmi við það sem gengur og gerist í nágrannalöndum okkar. Og þess vegna er það mikilvægt að þessu atriði sé haldið á lofti þegar það er gert því að þetta verður til þess að lækka þá skattprósentu, þá raunskattprósentu sem hér er. Þannig er 39% skattprósenta hér á landi ekki sambærileg við t.d. 33% skattprósentu í öðrum löndum.

Á þetta vildi ég benda í þessu sambandi og það er miður að ekki skyldi takast betur í þessu sambandi og það er nú ljóst orðið að það var ótímabært af ríkisstjórninni að tilkynna að nú ætti að lækka skattprósentuna niður í 33%. Í sjálfu sér þarf ekki að hafa fleiri orð um það. Ríkisstjórn sem tilkynnir að lækka eigi skattprósentuna í 33%, fer síðan í 38% og aftur í 45% og að lokum í 39% er ríkisstjórn sem heldur ekki vel utan um það sem hún er að gera enda hefur það verið staðfest af Vinnuveitendasambandi Íslands og þarf í sjálfu sér ekki frekari staðfestingar við. Enda er hringlandaháttur inn nægileg rök fyrir því.

Eitt af því sem skiptir miklu máli í sambandi við skattlagningu fyrirtækja um þessar mundir er að það sé hvati fyrir almenning til að fjárfesta í atvinnurekstri. Eiginfjárstaða atvinnurekstrarins er slök og það er eitt það mikilvægasta í þjóðfélagsmálum okkar að fá fólk til að leggja áhættufé í atvinnurekstur. Við þurfum á fleiri störfum að halda, við þurfum á fleiri atvinnufyrirtækjum að halda og því eigum við að vera sammála um að þetta sé eitt af þeim forgangsmálum sem við stöndum frammi fyrir í íslenskum þjóðmálum.

Á sl. ári ákvað ríkisstjórnin allt í einu upp úr þurru að arður væri ekki lengur frádráttarbær frá tekjum fyrirtækja heldur ætti að skattleggja hann hjá fyrirtækjum en ekki einstaklingum. En eins og menn vitað er arður skattfrjáls upp að ákveðnu marki hjá einstaklingum. Um þetta var nokkuð rætt hér á Alþingi og að lokum tókst sú pólitíska málamiðlun milli stjórnarflokkanna að fresta þessari ætlan. En nú skilst mér að það hafi verið fallið frá henni. (**Fjmrh.:** Sem betur fer.) Sem betur fer, segir hæstv. fjmrh. En ætli þetta hafi

verið mjög heppileg aðgerð, hæstv. fjmrh., fyrir hlutabréfamarkaðinn? Heldur hæstv. fjmrh. að þetta hafi verið góð skilaboð til þessa unga og viðkvæma markaðar sem hæstv. fjmrh. hefur e.t.v. manna mest barist fyrir að skapa nokkra tryggingu í kringum? A.m.k. á meðan hann var í stjórnarandstöðu. En þegar hann fær tækifæri til þess sem fjmrh. að halda utan um málið þá eru ákvarðanir út og suður og menn vita ekki hvað gildir í dag og hvað mun gilda á morgun. Mér er fullkomlega ljóst að hæstv. fjmrh. átti í nokkrum vanda á sl. ári með hæstv. félmrh. í þessu máli sem virtist ekki skilja eðli þess. En ég hélt satt að segja að hæstv. félmrh. væri farinn að skilja það núna þegar atvinnuleysið fer vaxandi og er orðið jafnmikið og raun ber vitni að þá þyrfti fjmrh. ekki að halda fleiri ræður yfir félmrh. En það virðist ekki vera því að enn á ný er ákveðið að breyta til. En nú hefur verið ákveðið að hafa þetta mál óbreytt. Hv. formaður nefndarinnar komst að þeirri niðurstöðu að best væri að taka fram fyrir hendurnar á ríkisstjórninni og reyna að koma á einhverri niðurstöðu í málið. Nú hefur verið ákveðið að þetta skuli vera óbreytt. Að vísu er tillaga um að fella niður í áföngum frádrátt til manna. Þegar ég tala um menn þá er ég jafnframt að tala um konur. Það virðist hafa verið nokkur misskilningur um það að því er varðar skattalögin því að skattalögin gera ráð fyrir því að skattleggja menn en fulltrúi Jafnréttisráðs gerði við það athugasemd að þetta væri röng hugmyndafræði og þess vegna þyrfti að taka skattalögin til endurskoðunar og lagfæra málfar á þeim. Ég er ekki sammála þessu mati því að ef við getum ekki talað um karlmenn og konur sem menn þá lendum við í miklum vandamálum í allri lagagerð okkar og öllum samskiptum okkar. Af þessu tilefni segi ég þetta.

En ég var að tala um arðinn og vildi leggja á það áherslu að reynt væri að skapa sem mesta vissu að því er varðar framtíðina. Ég tel það hins vegar mjög óhepplileg að marka þá stefnu nú að frádráttur manna, sem kaupa hlutabréf í atvinnurekstri, skuli felldur niður í áföngum. Vissulega hefur verið dregið úr þessu. Gert var ráð fyrir því að þessi frádráttur yrði 80% á árinu 1993. Síðan 60% á árinu 1994 og 40% á árinu 1995 og 20% á árinu 1996. Nú hafa verið fluttar brtt. við þetta frv. sem ég hef að vísu ekki séð enn þá því að þær voru ekki alveg tilbúnar í nefndinni þegar málinu lauk af eðlilegum ástæðum. Það er svo mikill hraði á öllu hér að ekki tekst ekki almennilega að halda í við þetta allt saman. En hv. formaður nefndarinnar er svo vinsamlegur að lána mér þessar brtt. sem ég þekki ágætlega en voru ekki komnar í endanlegt form þegar málið var tekið út úr nefndinni. Það sýnir að nokkru þann vanda sem menn standa frammi fyrir í umfjöllun mála á Alþingi. Þar er gert ráð fyrir að þetta verði 50% árið 1996 og 1997 en falli síðan niður.

Ég tel að a.m.k. ætti ekki að ganga lengra en að þetta breyttist í 50% á árinu 1996 og láta þá sem mynda meiri hluta á Alþingi þegar þar að kemur taka ákvarðanir um framhaldið. Hæstv. ríkisstjórn hefur tilhneigingu til þess að vilja taka ákvarðanir langt fram yfir umboð sitt. Nú ætlar hún að taka ákvörðun um að hvernig þessum frádrætti verður háttað á árinu 1996 og 1997. Fyndist hv. þm. eðlilegt að ríkisstjórnin tæki um það ákvörðun í þessum lögum hver yrði persónuafsláttur á árinu 1997 eða hverjar yrðu barnabætur á árinu 1997? Þetta mál á sér e.t.v. þá forsögu að ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja sérstakt gjald á sjávarútveginn að kröfu Alþfl. eftir því sem ég best man á árinu 1996. Ég hef enga sannfæringu fyrir því að Alþfl. verði í þeirri pólitísku aðstöðu árið 1996 að hann eigi rétt á að koma fram svo ósanngjarnri kröfu. Ég veit að hv. þm. Eggert Haukdal er mér sammála um það að hann hefur ekki mikinn áhuga fyrir því að Alþfl. verði þá í þeirri stöðu miðað við hvernig hann hefur talað hér og lýst yfir að Alþfl. ráði öllu í núv. ríkisstjórn. (**EH:** Of miklu eins og í síðustu ríkisstjórn.) Of miklu, já, eins og í þeirri síðustu. Ég þekki betur til í síðustu ríkisstjórn en hv. þm. Eggert Haukdal en ég efast ekki um það að hv. þm. Eggert Haukdal er gjörkunnugur málum í núv. ríksstjórn. (Gripið fram í.) Ekki efast ég um það að þingmaðurinn hefur ákveðna tilfinningu fyrir því. En mér finnst þetta vera ansi langt gengið, hv. þm., að þinn flokkur sé tilbúinn til að ganga til lagagerðar á Alþingi að kröfu Alþfl. og ákveða það hvað skuli gert eftir næstu kosningar. Ég get fullvissað hv. þm. um það að svo langt var aldrei gengið í síðustu ríkisstjórn að fallast á það að Alþfl. ætti að ráða öllu að því er varðar næsta kjörtímabil nema þá að það hafi verið ákveðið af Sjálfstfl. og Alþfl. að þeir ætli sér að halda saman í pólitíkinni framvegis og e.t.v. að sameinast. Ef annar flokkurinn verður í ríkisstjórn þá myndi þeir eins konar fóstbræðralag að þeir skuli vera þar báðir. (**Gripið fram í:** Kannski bíður Sjálfstfl. Jóni Baldvini forsætið ...) Það er ekki rétt, hv. þm., að Framsfl. hafi boðið — ég get aðeins talað fyrir hans hönd — að hann hafi boðið Jóni Baldvin Hannibalssyni það að hann yrði hér forsrh. Það kom aldrei til þess að við færum einu sinni út í stjórnarmyndunarviðræður við hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og núv. utanrrh. En mér finnst mér þetta vera allt of langt gengið.

Ég kannast við að hæstv. fjmrh. var með svipaðar hugmyndir og þær voru m.a. rökstuddar með því að Íslendingar gætu ekki haft slíkan afslátt, m.a. vegna þess að það væri okkar ætlan að verða aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði. Ég er ekki sammála því mati að það séu einhverjar skuldbindingar af hálfu Íslands í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði sem komi í veg fyrir það að við getum haldið þessum frádrætti. Íslenskt atvinnulíf og íslenskar þjóðfélagsaðstæður eru með allt öðrum hætti en í hinni stóru Evrópu. Hlutabréfamarkaður okkar er ungur og miklu viðkvæmari en gengur og gerist í nærliggjandi þjóðum. Því eigum við ekki að eltast við það að hafa alla hluti nákvæmlega eins og þeir eru á meginlandi Evrópu. Þessi frádráttur hefur reynst uppbyggingu atvinnulífsins mikilvægur. Almenningur er að byrja að treysta því að þessi frádráttur sé til staðar. Atvinnureksturinn er jafnframt farinn að bjóða hlutabréf til sölu í mun meira mæli vegna þessara ákvæða og það þarf að geta komist á nokkurt öryggi í þessu máli. En það að ákveða nú að þetta

skuli fellt niður eftir 1997 er út í hött að mínu mati. Ég vænti þess að hæstv. formaður nefndarinnar beiti sér a.m.k. fyrir því að ekki séu teknar ákvarðanir fram yfir 1997 þannig að þeir sem mynda næstu ríkisstjórn hafi ráðrúm til þess að fjalla um málið. Auðvitað geta þeir breytt því aftur. (**Gripið fram í:** Má ekki treysta því?) Það er nú það. Það er spurning hverju má treysta, hv. þm. Ekki vitum við hverjir muni mynda þá ríkisstjórn. (**Gripið fram í:** Ef þú verður í henni.) Ef ég verð í henni. Ég get sagt það sem mína skoðun að ég tel að það eigi ekki að fella þennan frádrátt niður. M.a. þess vegna tel ég að ekki eigi að taka ákvörðun um það núna. Ég get hins vegar fallist á að einhver lækkun eigi sér stað þó ég sé þeirrar skoðunar að ekki sé tímabært að taka þá ákvörðun. Samkvæmt þessari tillögu er gert ráð fyrir að frádrátturinn verði 100% miðað við næsta ár og það liggur ekkert á að taka ákvörðun fyrir árið 1994. Ég tel að það væri mikilvægt að hætta við þessa breytingu núna þannig að það myndaðist ráðrúm fyrir stjórnmálaflokkana til að mynda samstöðu í þessu máli og við gætum komið okkur saman um það hver þessi prósenta ætti að vera. Ef allir stjórnmálaflokkar treysta sér til að standa að því á Alþingi þá mundu menn taka það sem tryggingu fyrir því að ekki væri verið að hringla í þessu á hverju ári. Ég er þeirrar skoðunar að mögulegt sé að ná slíkri samstöðu. Þess vegna hvet ég til þess að þessu máli sé frestað.

Virðulegur forseti. Ég hef þá farið í gegnum þau atriði sem varða skattlagningu fyrirtækjanna og vil af þessu tilefni minna á það sem vinnuveitendur segja í sambandi við þetta mál og endurtaka það, með leyfi forseta, sem segir í þeirra umsögn: „Allt ber þetta vitni um slæm samskipti ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins og er vísbending um það að ríkisstjórninni er ekki treystandi til að varða veginn í því alvarlega efnahagsástandi sem nú ríkir.“ Ég er mjög sammála þessu mati Vinnuveitendasambands Íslands og tel að mikið hafi þurft að ganga á til að það samband skrifi slíkt bréf og láti slík orð falla. Ég trúi því ekki að Vinnuveitendasamband Íslands vilji koma þannig fram og senda frá sér bréf sem eigi ekki að taka alvarlega. Þannig að ég hef hingað til borið fulla virðingu fyrir því sem kemur frá Vinnuveitendasambandinu þótt ég sé ekki alltaf sammála þeim. Mér finnst með ólíkindum miðað við þau tengsl sem ég veit að eru á milli margra forustumanna í Vinnuveitendasambandi Íslands og ráðherra í hæstv. ríkisstjórn að þeir láti slík orð falla aðeins til áminningar og skrifi þau til þess að taka þau til baka daginn eftir eins og gengur hjá hæstv. ríkisstjórn því þeir eru vissulega mikið í því þessa dagana að segja eitt í dag og annað á morgun.

Ég tel þetta alvöruþrungin orð sem ríkisstjórninni beri að taka alvarlega og taka mark á, en því miður sýna þeir engin merki iðrunar hvað þá að batamerki komi fram í háttum þeirra. (**VE:** Þeir tóku mark á VSÍ og þeir sneru við blaðinu sjálfir.) Ég á von á því, hv. formaður efh.- og viðskn., að þessum orðum sé m.a. beint til hæstv. forsrh. sem hefur komið mjög klaufalega fram í samskiptum við aðila vinnumarkaðarins og verið með ýmsar fullyrðingar sem hafa verið óheppilegar að mínu mati og ég held að sé eitt helsta vandamálið í sambandi við samskipti ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins fyrir utan yfirlýsingagleði hæstv. utanrrh. Formenn þessara tveggja stjórnarflokka koma fram með þeim hætti að það vekur ekki traust innan lands. Ég er hræddur um að margt af því sem hæstv. utanrrh. segir veki heldur ekki nægilegt traust erlendis, t.d. ummæli hans um Alþingi Íslendinga.

Þá er komið að þeim lið sem varðar skattrannsóknir og embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins. Minni hlutinn styður þær skipulagsbreytingar sem þar eru fyrirhugaðar en vill hins vegar minna á að það er ekki nægilegt að breyta skipulagi og aðskilja skrifstofur að því er varðar skatteftirlit og framkvæmd skattamála. Það hefur verið nokkuð hvimleitt í sambandi við endurbætur á skattkerfinu að stjórnvöld hafa oft og tíðum komið með breytingar á skattalögum og talið að með þeim breytingum sé verið að tryggja framkvæmd skattalaganna mun betur. Þetta á ekki aðeins við um núv. fjmrh. heldur hefur þetta gengið mjög lengi og nánast frá því að ég man eftir. Við erum að breyta skattalögum á hverju einasta ári og þær skattalagabreytingar eru oft og tíðum gerðar nokkrum dögum fyrir jól. Hér er um að ræða breytingar á skattalögum sem eiga að taka gildi á næsta ári. Undirbúningurinn hefur oft verið slæmur en aldrei verri en núna og er þó samanburðurinn ekki góður. Það er að sjálfsögðu ekkert vit í svona framkomu að vera að breyta skattalögum í tímahraki rétt fyrir jól, enda er ég hræddur um að ýmislegt geti gerst í sambandi við þessar breytingar sem þurfi að breyta síðar og náttúrlega alveg ljóst að breytingar þurfa að eiga sér stað vegna samninga á vinnumarkaðinum. Það hefur komið ljóst fram í ummælum verkalýðshreyfingarinnar að undanförnu. En hvað um það. Við erum sammála því að þetta verði gert en bendum á að það er ekki nóg og nauðsynlegt sé að stórauka skatteftirlit. Við vitnum til þess sem segir í umsögn Vinnuveitendasambands Íslands um þetta mál, sem er að mínu mati mjög merkilegt, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Vaxandi óþols gætir meðal fyrirtækja í VSÍ gagnvart því ástandi sem ríkir að svört atvinnustarfsemi geti starfað og dafnað óáreitt. Vitanlega kemur það illa við heiðarleg fyrirtæki að missa viðskipti til aðila sem ekki gefa tekjur upp til skatts.

Fyrir liggur að þeir möguleikar til skilvirkara skatteftirlits sem virðisaukaskattskerfið býður upp á og vonir voru bundnar við hafa ekki ræst. Það liggur einnig fyrir að fjöldi þeirra mála sem rannsökuð hafa verið undanfarin missiri hefur farið fækkandi.“

Ég tel það mjög merkilegt að samtök atvinnurekenda skuli gefa frá sér slíka yfirlýsingu. Innan þessara samtaka eru væntanlega margir sem taka þátt í svokallaðri svartri atvinnustarfsemi. Hér er um að ræða aðila sem gjörþekkja ástandið og er greinilega nóg boðið og þolinmæði þeirra sem reka góð fyrirtæki á heiðarlegan hátt er algjörlega þrotin.

Þetta er slæmur vitnisburður um skatteftirlit í landinu og ætti að verða ríkisstjórninni og þeim stofnunum sem fara með þessi mál nægileg hvatning til þess

að taka til hendinni. Þegar ein sterkasta hvatning sem hefur komið um árabil í þessu máli kemur frá vinnuveitendum sjálfum, þá hljótum við að álykta sem svo að ástandið sé mjög alvarlegt.

Ég sá sérstaka ástæðu til að benda á þetta, hæstv. forseti, en játa að ég hef ekki nægilega þekkingu til að leggja dóm á það hvernig ástandið er í þessum málum. En öll vitum við að á ýmsum stöðum er pottur brotinn í þessum efnum.

Þá er ég kominn að breytingum á virðisaukaskatti. Nefndin hefur fjallað mjög ítarlega um breytingarnar á virðisaukaskattinum. Ég hef almennt verið þeirrar skoðunar að þessi skattur ætti að vera sem breiðastur og með sem fæstum undanþágum og hefði verið mikilvægt að ná samstöðu um það strax í upphafi. Ég tel hins vegar að þegar hugað er að breytingum núna í því erfiða ástandi í atvinnumálum sem ríkir þá verði að taka sérstakt tillit til þess. Við í minni hlutanum erum þeirrar skoðunar að þessi breyting muni ekki skila sér í þeim tekjuauka sem ætlað er, sérstaklega vegna þess að hún mun leiða af sér minni umsvif í atvinnulífinu. Sem dæmi má nefna að virðisaukaskattur á ferðaþjónustuna mun leiða til samdráttar í atvinnulífinu og þeirri atvinnugrein og fækka störfum á tímum vaxandi atvinnuleysis. Þetta leiðir aftur til minni skatttekna ríkissjóðs, minni veltu í þjóðfélaginu, lækkun þjóðartekna og þar af leiðandi ekki skila sér til ríkissjóðs eins og menn ætla. Við teljum þetta óskynsamleg ráðstöfun við þessar aðstæður.

Ég vil í þessu sambandi nefna að það hafa verið uppi umræður um það í Danmörku að breyta virðisaukaskattinum, sem lagður er þar á hótelgistingu, þannig að þeir sem greiða virðisaukaskatt geta dregið hann frá. Það er að vísu nokkuð annað mál en hér er verið að tala um en sem dæmi um það mat sem lagt er á þetta mál í Danmörku, þá er því haldið fram að ef farið væri út í þessa aðgerð í Danmörku kæmu þá þegar 2.000 ný störf en ef það er ekki gert muni 10.000 störf tapast í Danmörku. Ekkert slíkt mat hefur verið lagt á þetta mál hér á landi. Við höfum farið fram á það við Þjóðhagsstofnun að hún geri það. Þjóðhagsstofnun hefur ekki lokið því mati sínu en við áttum von á slíku áliti frá þeim í dag. (**Gripið fram í:** Það var að koma.) Það var að koma. Svona er þetta mál að gögnin eru smátt og smátt að berast í ræðustól og það er dæmi þess að málið er illa undirbúið og ekki tími til að gera sér grein fyrir afleiðingunum. Ég ætla ekki að lesa þetta álit hér, hæstv. forseti. Það mun ég fremur gera síðar í þessum umræðum sem ég reikna með að verði alllangar og sé ekki ástæðu til að gera grein fyrir því núna og síðan munu aðrir fulltrúar minni hlutans áreiðanlega koma að þessu.

En auðvitað er nauðsynlegt að komast að niðurstöðu um það hvaða afleiðingar slík ákvörðun hefur við núverandi aðstæður og til lengri tíma fyrir þjóðfélagið og fyrir ríkissjóð. Það er ekki nægilegt að minnka halla ríkissjóðs við þessar aðstæður. Ef það verður til þess að minnka þjóðartekjur og auka atvinnuleysi þá er það óskynsamlegt því eftir því sem fleira fólk hefur atvinnu þeim mun fleiri borga skatta og skyldur til ríkisins og þeim mun fleiri búa við þau mannréttindi að hafa atvinnu. En þetta er ekki haft í huga þegar þetta mál er skoðað.

Að vísu hefur áformunum verið frestað nokkuð og síðan er til athugunar hvort ekki sé rétt að heimila þessum aðilum að draga frá kostnað vegna þessa mála, en það er eins og annað ekki ljóst og ekki búið að ganga frá því. (**VE:** Það er nógur tími eftir áramót.) Það er nógur tími eftir áramót, segir okkar ágæta afmælisbarn og er það vel. En ég er nefnilega á því að það hafi líka verið nógur tími fyrr á árinu og það verði í sjálfu sér ekkert meiri tími á næsta ári en hefur verið á þessu ári. Ég hef ekki séð það að menn vinni að málum með því hugarfari og hef enga sannfæringu fyrir því að þetta mál komi betur undirbúið fyrir þingið síðar á næsta ári.

Í þessu sambandi er fróðlegt að gera sér grein fyrir umsögnum sem koma frá þeim aðilum sem starfa í þessari atvinnugrein. Hvað segir Vinnuveitendasamband Íslands um þetta mál? Ég ætla ekki að vitna í nema eina setningu eða tvær í þeirra áliti, með leyfi forseta:

„Það væri grátbroslegt framlag stjórnvalda til atvinnuuppbyggingar og í reynd sértæk skattheimta á það sem menn vona að nú geti orðið vaxtarbroddur í atvinnumálum framtíðarinnar. Þessi skattheimta má ekki ganga fram eins og boðað er því hækkun á borð við tveggja ára verðbólgu í OECD-ríkjunum hlýtur að leiða til kyrkings í atvinnugreininni."

Þetta eru stór orð. Það eru stór orð þegar því er haldið fram að ákveðin aðgerð muni leiða til kyrkings í atvinnugreininni. En það er ekki einu sinni gefinn tími til þess að gera sér grein fyrir afleiðingunum eða biðja um úttekt á þeim. Það er fyrst eftir að stjórnarandstaðan fer fram á það að Þjóðhagsstofnun gerir það. Ég á í sjálfu sér ekki von á að Þjóðhagsstofnun geti á þeim stutta tíma sem var til ráðrúms gert sér nægilega góða grein fyrir því og það þurfi lengri tíma í því sambandi. En vonandi er það rétt hjá hv. formanni nefndarinnar að menn muni gefa sér góðan tíma til þess að draga úr þessum kyrkingi og taka ákvarðanir sem koma í veg fyrir það og er það vel.

Í umsögn Félags íslenskra ferðaskrifstofa segir m.a.:

„Því harmar Félag íslenskra ferðaskrifstofa að um leið og áralöng barátta ferðaþjónustu á Íslandi fyrir jafnræði gagnvart öðrum gjaldeyrisskapandi atvinnugreinum hvað varðar aðstöðugjald og tryggingagjald er að bera árangur er sá ávinningur samtímis dreginn til baka og gott betur með álagningu virðisaukaskatts."

Og í umsögn Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda, segir m.a., með leyfi forseta:

„Á haustmánuðum fóru fram viðræður við fulltrúa stjórnvalda um það hvernig hægt væri að bæta rekstrarskilyrði ferðaþjónustu í síaukinni samkeppni á alþjóðlegum vettvangi. Það var því mikið áfall fyrir ferðaþjónustuna að svarið skyldi vera aukin skattheimta."

Hér er staðfest að það hafa átt sér stað viðræður milli stjórnvalda og atvinnugreinarinnar um þessi mál og væri fróðlegt að fá hæstv. samgrh. hingað til þess

að gera grein fyrir því hvernig þessar viðræður hafa farið fram og hvað hafi farið á milli hæstv. samgrh. og þessara aðila því þeir segja beinlínis hér að þeir séu að fá svar frá hæstv. samgrh. og ríkisstjórn við þessari málaleitan. Og svarið er: 14% virðisaukaskattur.

Hæstv. forseti. Þótt ég hafi léð samþykki mitt við því að hæstv. fjmrh. væri ekki viðstaddur um stund er erfitt að sætta sig við að hér skuli ekki vera einn einasti fulltrúi ríkisstjórnarinnar til að fylgjast með þessu máli. (**Forseti:** Hæstv. samgrh. virðist t.d. vera í húsinu. Óskar hv. þm. eftir að tala við hann?) Já, ég óska eftir nærveru hæstv. samgrh. þó ekki væri til annars en að hafa hér einn fulltrúa frá ríkisstjórninni. Ég get vel skilið að hæstv. ríkisstjórn hefur miklu að sinna. En ég tel lágmark að a.m.k. einn fulltrúi frá ríkisstjórninni sé viðstaddur umræðuna. (**Forseti:** Forseti tekur undir það með hv. þm. og gerir ráðstafanir til að hæstv. samgrh. komi á þingfundinn.)

Nú kemur hæstv. samgrh. í salinn. Ég var að segja það, hæstv. samgrh., að í því mikla og stóra máli sem þetta skattalagafrv. er og sem hefur margvísleg áhrif í samfélaginu sé lágmark að einn fulltrúi ríkisstjórnarinnar sé viðstaddur umræðuna. Ég veit að hæstv. samgrh. er sammála mér í því mati því miðað við hvað ríkar kröfur hann gerði til ríkisstjórnar á síðasta kjörtímabili átti ég von á að hann hefði talið að það væri lágmark að hafa mun fleiri ráðherra viðstadda.

Ég var að ræða um virðisaukaskatt á ferðaþjónustu, hæstv. samgrh., og vitnaði m.a. til umsagnar Vinnuveitendasambands Íslands í þessu máli en þeir segja m.a. í sinni umsögn:

„Það væri grátbroslegt framlag stjórnvalda til atvinnuuppbyggingar og í reynd sértæk skattheimta á það sem menn vona nú að geti orðið vaxtarborddur í atvinnumálum framtíðarinnar. Þessi skattheimta má ekki ganga fram eins og boðað er því hækkun á borð við tveggja ára verðbólgu í OECD-ríkjunum hlýtur að leiða til kyrkings í atvinnugreininni."

Nú er það upplýst að ýmsar aðrar þjóðir líta til þessara mála og það hefur farið fram mat á því m.a. í Danmörku hvað ákveðin aðgerð í skattamálum hótelanna geti skapað mörg störf. Jafnframt er vitað að Ísland er tiltölulega dýrt ferðamannaland og á í vaxandi samkeppni á alþjóðavettvangi. Það eru að opnast möguleikar til ferðalaga til landa sem ekki hefur verið hægt að fara til á undanförnum áratugum, eins og Austur-Evrópu. Því er um að ræða vaxandi samkeppni á þessu sviði.

En ástæðan fyrir því að ég vildi fá hæstv. samgrh. hingað er að fá álit hans á því hvaða viðræður hafi átt sér stað við þessa aðila því að í umsögn Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda segir m.a., hæstv. samgrh., með leyfi forseta. Ég ætla að endurtaka það:

„Á haustmánuðum fóru fram umræður við fulltrúa stjórnvalda um það hvernig hægt væri að bæta rekstrarskilyrði ferðaþjónustu í síaukinni samkeppni á alþjóðavettvangi. Það var því mikið áfall fyrir ferðaþjónustuna að svarið skyldi vera aukin skattheimta."

Ég skil þessi ummæli á þann hátt, hæstv. samgrh., að þeir líti á þetta frv. sem svar við þessari málaleitan. Er það merkilegt að svara svo alvarlegu máli sem þessu með beinu frv. á Alþingi en ræða ekki áfram við þessa aðila og reyna að gera sér einhverja grein fyrir afleiðingunum. Við fulltrúar í minni hlutanum spurðum um það hvaða áhrif þetta muni hafa á íslenska ferðaþjónustu í framtíðinni. Það hafði enginn slíkur útreikningur farið fram. Enda er það upplýst að menn vita ekki einu sinni nákvæmlega hvernig þessi skattur á að vera. Eina sem menn gera nú er að ákveða að hann skuli lagður á. Síðan er boðað að það eigi að taka til endurskoðunar á næsta ári og taka jafnvel inn frádráttarliði til að koma til móts við þessa skattheimtu. Hvers konar vinnubrögð eru þetta, hæstv. samgrh.? Af hverju er þetta mál ekki almennilega unnið og tekin ákvörðun um það hver skatturinn á að vera og hver frádrátturinn á að vera og menn reyni að gera sér grein fyrir því hvort hér verði um samdráttaráhrif að ræða í þjóðfélaginu eða ekki? Ef þessi aðgerð verður til að fækka störfum og leiðir til minni þjóðartekna þá er þessi ákvörðun mikill skaði fyrir íslenskt þjóðfélag. Og menn mega ekki vera svo blindir að líta alltaf eingöngu á útkomu ríkissjóðs í þessu sambandi.

Ég veit ekki betur en hæstv. samgrh. hafi m.a. beitt sér fyrir sérstökum atvinnuskapandi aðgerðum í vegagerð og í viðhaldi opinberra mannvirkja. En það er til lítils, hæstv. samgrh., að taka ákvörðun um atvinnuskapandi aðgerðir á einu sviði en taka síðan ákvörðun á öðrum sviðum sem dregur það allt til baka og miklu meira til. Það er ekki von að aðilar vinnumarkaðarins og fulltrúar launþega hafi mikið traust til ríkisstjórnar sem hagar sér með þeim hætti og tekur eina ákvörðun í dag og aðra á morgun og hefur enga heildarsýn í málinu. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að hæstv. samgrh. geri grein fyrir því hvaða afleiðingar þetta muni hafa og hvaða mat hann hefur lagt á það hvað íslensk ferðaþjónusta muni dragast saman af þessum sökum. Auðvitað á Alþingi ekki að láta ríkisstjórn komast upp með það að ganga frá málum með þessum hætti, ekki einu sinni stuðningsmenn ríkisstjórna.

Síðan er komið að því að ríkisstjórnin hefur tekið aðra ákvörðun sem er virðisaukaskattur á tímaritaútgáfu og bókaútgáfu. Er það í sjálfu sér ekki málefni hæstv. samgrh. og ég gæti vel sætt mig við að hæstv. samgrh. væri hér ekki lengur og hæstv. menntmrh. kæmi í hans stað en auðvitað væri betra að hafa þá báða. Einnig er nauðsynlegt að hæstv. iðnrh. komi til að gera grein fyrir virðisaukaskatti á húshitun og þeirri jöfnun sem á að ráðast í í framhaldi af því. (**Forseti:** Óskar hv. þm. eftir því að hæstv. menntmrh. komi á fundinn núna?) Já, ég óska eftir því. Er hann í húsinu? (**Forseti:** Nei, hann er ekki í húsinu eins og er.) Það er e.t.v. hægt að koma því við að hann komi hingað síðar. Ég vil hafa fullan skilning á annríki ráðherra og ætla mér ekki að stöðva mína ræðu af þeim sökum. En hugsanlega kemur hæstv. fjmrh. hingað fljótlega aftur. En ég vildi spyrja hæstv. forseta: Er meiningin að halda áfram alveg stöðugt eða er hugmyndin að gera hlé? Þá mundi ég geta tekið ákvörðun um það hvort ég geymdi þann hluta ræðu minnar sem varðar þessa hæstv. ráðherra. (**Forseti:** Forseti hafði gert grein fyr-

ir því í upphafi fundar að það er meiningin að gera hlé á fundinum um kl. eitt í klukkutíma. Ef hv. þm. lýkur ekki ræðu sinni um eittleytið væri óskað eftir því að hann gerði hlé á máli sínu í u.þ.b. klukkustund.) Já, virðulegur forseti. Ég mun þá geyma þetta mál og get snúið mér að öðrum þáttum fram til kl. eitt til að tíminn sé notaður til hins ýtrasta.

Ég skal þá snúa mér að atriði sem ég hefði að vísu þurft að ræða við hæstv. fjmrh. um en get alveg eins rætt við hæstv. samgrh. Það er sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Ég get að sjálfsögðu rætt það mál sérstaklega við hv. formann efh.- og viðskn. (Gripið fram í.) Já, hann þarf að bregða sér frá eins og aðrir. En það er alveg nóg að geta rætt það við hæstv. samgrh.

Þessi skattur er orðinn fimmtán ára gamall. Ekki veit ég nákvæmlega hvort hann á fimmtán ára afmæli í dag en það er búið að leggja hann á fimmtán sinnum. Ég var ekkert sérstaklega hrifinn af þessum skatti í upphafi. Mér er nær að halda að ég hafi ekki verið á Alþingi þegar hann var lagður á, þó má það vel vera og ber áreiðanlega fulla ábyrgð á honum því ég hef oft samþykkt hann. (Gripið fram í.) Það gæti verið að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafi verið einn af þeim sem hugsuðu þetta upp. Ég er helst á því að það hafi gerst um það leyti sem ný ríkisstjórn kom 1978 og er það þá rétt munað hjá mér að ég hafi ekki verið á Alþingi. En þessi skattur hefur verið lagður á fimmtán sinnum og jafnoft hefur Sjálfstfl. barist gegn honum. Er það orðin allmerkileg saga að hafa verið í fimmtán ára baráttu gegn ákveðnum skatti og að nú skuli það lagt til af fjmrh. Sjálfstfl. að framlengja þennan skatt eitt ár í viðbót. Alltaf hefur það verið með þeim hætti að skatturinn hefur verið lagður á til bráðabirgða (**Landbrh.:** Það er svo með suma baráttu að hún er eilíf.) Baráttan er oft eilíf, hæstv. samgrh. En menn ættu þá kannski að gera minna af því að lýsa því yfir fyrir kosningar að þessi skattur og hinn verði aflagður eða lýsa því yfir fyrir kosningar að menn muni aldrei hækka skatta og ganga svo langt fram í því að menn leggja nánast höfuðið að veði.

Ég lýsti því ekki yfir eða Framsfl. fyrir síðustu kosningar að skattar yrðu alls ekki hækkaðir. Ég man ekki betur en formaður okkar flokks, hv. þm. Steingrímur Hermannsson, hafi látið þau orð falla skömmu fyrir kosningar að hann gerði sér grein fyrir því að það gæti komið til þess að það yrði að hækka skatta eitthvað. Og ég man eftir viðbrögðum hv. þm. Sjálfstfl. Að þarna væri nú Framsfl. rétt lýst. Skattpíningarflokknum sem ætlaði að hækka skattana á fólki að kosningum loknum og voru svo hneykslaðir að þeir máttu varla mæla. Ég gæti trúað því að hæstv. samgrh. hafi verið í þessum hópi. En hvað gera þessir menn að kosningum loknum? Þeir hika ekki við að hækka skatta. Þeir hika ekki við að framlengja skatta sem þeir hafa barist á móti í fimmtán ár. Er þetta ekki nægileg vísbending þess, hæstv. samgrh., að það er rétt að hætta þessum leik og rétt að segja við fólk eins og hlutirnir eru: Að það verði að sjálfsögðu að taka mið af aðstæðum á hverjum tíma.

Ég get verið sammála hæstv. samgrh. og talsmönnum ríkisstjórnarinnar í þeim efnum að það er eitt mikilvægasta verkefnið að halda útgjöldum ríkissjóðs í skefjum. Ég veit að það er ekki létt verk. Og ég skil erfiðleika ríkisstjórnarinnar og samgrh. í þeim efnum. En þetta mál er besta sönnun þess og besta dæmið um það hvað er lítið að marka yfirlýsingar þessara manna. Ég vænti þess að þetta verði til þess, hæstv. samgrh., að þú og þinn flokkur fyllist ekki sömu vandlætingunni fyrir næstu kosningar ef einhver skyldi halda því fram að það gæti verið að það þyrfti að breyta einhverjum sköttum í framtíðinni. Eða vill hæstv. samgrh. gera eins og á sumum sviðum, bæði í þessu frv. og að því er varðar sérstakan skatt á sjávarútveginn, sem hann hefur samþykkt eftir því sem mér skilst að leggja á á árinu 1996, að ákveða hvernig skattarnir eigi að vera almennt á næsta kjörtímabili? Við höfum gert okkur vonir um það nokkrir á Alþingi að losna við þessa ríkisstjórn a.m.k. í næstu kosningum og helst fyrr og erum alveg mótfallnir því að Alþfl. geti ákveðið það í gegnum Sjálfstfl. hvernig skattheimtu skuli háttað á næsta kjörtímabili. Og ég heyrði það vel á hv. þm. Eggert Haukdal að hann var mér sammála í því mati.

Þetta er atriði sem ég vænti að Sjálfstfl. láti sér að kenningu verða og hagi málflutningi sínum þannig að hann verði traustvekjandi og að fólk hætti að trúa því að það sé einhver trygging fyrir óbreyttum sköttum að hafa þessa menn í valdastólum. Ég tel að þetta frv. sé besta yfirlýsingin sem hefur komið frá Sjálfstfl. um að það er að sjálfsögðu engin trygging fyrir því að skattar breytist ekki að hafa þessa menn í valdastólum. Og auðvitað er betra að þar séu aðilar sem tala um hlutina eins og þeir eru. Því það er ekki hægt að lýsa því yfir í eitt skipti fyrir öll að skattar eigi aldrei að breytast.

Einu atriði vildi ég koma að meðan hæstv. landbrh. er hér inni. Það er álagning svokallaðs landsútsvars. Skal ég hefja mál mitt á atriði sem ég hefði ekki viljað byrja á en geri það vegna nærveru hæstv. ráðherra. Það er landsútsvar á Áburðarverksmiðju ríkisins. Fylgifrv. þessa frv. gerir ráð fyrir því að landsútsvar verði lagt áfram á Áburðarverksmiðju ríkisins. Hæstv. landbrh. hefur lýst því yfir að hann geri ráð fyrir að það þurfi að loka þessari verksmiðju eftir, ég held, árið 1996. Það er margt sem á að gerast þá. Ég er ekki svo svartsýnn að ætla að það eigi að ganga út frá því að Áburðarverksmiðjan geti ekki starfað áfram. Ég er þeirrar skoðunar að það megi vel skapa henni þá stöðu að hún geti keppt við aðra aðila. Þetta er fyrirtæki sem skuldar sáralítið og á að hafa alla burði til að halda áfram að framleiða fyrir innlendan markað. En það mun að sjálfsögðu ekki hafa neina burði til þess, hæstv. samgrh., ef samkeppnisskilyrði þessarar starfsemi er allt önnur en gengur og gerist í nágrannalöndunum. Og hvernig í ósköpunum má það vera að hæstv. landbrh. er tilbúinn að mismuna þessu fyrirtæki og öðrum fyrirtækjum og öðrum atvinnurekstri í landinu og leggja gjöld á hana sem ekki verður lagt á annan atvinnurekstur?

Ég tel nauðsynlegt að hæstv. landbrh. upplýsi það hvort hann getur fellt sig við þetta. Kannski er með þetta eins og flest annað að hæstv. ráðherrar og stjórnarmeirihlutinn ætli sér að taka tíma í það á næsta ári að athuga þetta mál betur. Ég vænti að svo sé en þeir hefðu betur gefið sér betri tíma í það á því ári sem nú er senn á enda. Að því er varðar landsútsvarið að öðru leyti þá er það skattur sem má rekja til veltuútsvarsins á sínum tíma. Og þegar veltuútsvarið var lagt niður var tekið upp aðstöðugjald og landsútsvar. Þessir skattar báðir, landsútsvarið og aðstöðugjaldið, eiga sama uppruna og eru þar af leiðandi alveg sambærilegir skattar.

Það hefur hins vegar verið ákveðið af hæstv. ríkisstjórn að leggja aðeins niður annan skattinn. Margir lögfræðingar telja hæpið að það standist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Nú hefur komið fram hjá hæstv. forsrh. og hann lýst yfir mikilli hneykslan vegna þess dóms sem nýlega er fallinn í svokölluðu BHMR-máli. Þar hafi fyrrv. ráðherrar staðið að málum með þeim hætti að þeir fengju í dómi Hæstaréttar að þar hafi um stjórnarskrárbrot verið að ræða og hefur m.a. rætt það í samhengi við inngönguna í EES. En það er mikil hætta á því, hæstv. samgrh., að hér séu menn alveg á mörkum þess sem stjórnarskráin heimilar og mikil hætta er á því að þessi skattlagning standist ekki ákvæði stjórnarskrárinnar. (**Forseti:** Forseti vill ítreka það sem kom fram áðan að gert var ráð fyrir að gera hlé á fundinum um eitt leytið. Hentar það hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni nú?) Já, það getur hentað þingmanninum ágætlega og mun ég gera hlé á ræðu minni. — [Fundarhlé.]

Útbýting þingskjala:

Búnaðarfræðsla, 311. mál, stjfrv., þskj. 498.

Eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, 78. mál, þskj. 488.

Fjárlög 1993, 96. mál, brtt. HG o.fl., þskj. 497.

Málefni aldraðra, 97. mál, nál. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 499; brtt. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 500; nál. 1. minni hluta félmn., þskj. 503; brtt. 1. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 504.

Seðlabanki Íslands, 312. mál, stjfrv., þskj. 501.

Stjórnsýslulög, 313. mál, stjfrv., þskj. 505.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 284. mál, nál. minni hluta félmn., þskj. 502.

Veiting ríkisborgararéttar, 222. mál., þskj. 487.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess að það verður aðeins látið bíða að hér fari fram atkvæðagreiðslur eins og gert hafði verið ráð fyrir. Það getur dregist aðeins fram eftir degi og verður þá látið vita síðar.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) (frh.)**:**

Virðulegur forseti. Ég var að ræða um áhrif af þeim breytingum sem nú verða á virðisaukaskatti. Ég hafði lítillega gert því skil hvaða áhrif það mundi hafa á ferðaþjónustuna í landinu. Það er jafnframt ljóst að sú breyting sem verður á endurgreiðslu á virðisaukaskatti í byggingariðnaðinum mun hafa veruleg áhrif. Hæstv. fjmrh. er ekki hér staddur en kemur væntanlega fljótlega. Það er rétt að gera sér grein fyrir því að þessi breyting verður ein og sér til þess að byggingarvísitalan hækkar um 3% sem verður síðan til þess að lánskjaravítitalan hækkar um 1%. Og hvaða áhrif ætli það hafi á skuldbindingar ríkissjóðs? Ætli verðtryggðar skuldir ríkissjóðs séu ekki um þessar mundir a.m.k. 60 milljarðar, jafnvel 65 milljarðar? Þannig að þessi breyting ein og sér hækkar skuldir ríkissjóðs um einar 600 millj. Þetta sýnir e.t.v. betur en margt annað hversu erfitt er að binda hlutina ákveðinni vísitölu, hvort sem það eru laun, lánsfé eða skattar. Ég er viss um að allir geta samþykkt að við þessa aðgerð aukast ekki möguleikar þjóðfélagsins til að fá meiri tekjur, þannig að það sem stendur að baki skuldbindingum í samfélaginu er í reynd rýrara í dag vegna efnahagsáfallsins heldur en var fyrir einu eða tveimur árum síðan. En það er nú svo að hinar ýmsu aðgerðir og jafnvel reglugerðir geta haft mikil áhrif á skuldbindingar ríkisins. Þannig getur reglugerð um meiri kröfur um öryggi í byggingu íbúðarhúsnæðis orðið þess valdandi að skuldir ríkisins stórhækka og þeirra sem eru með skuldbindingar samkvæmt lánskjaravísitölu. En þetta er ekki eingöngu gagnvart ríkissjóði heldur gagnvart öllum einstaklingum og fyrirtækjum í landinu. Einstaklingarnir skulda samkvæmt lánskjaravísitölu, fyrirtækin skulda samkvæmt lánskjaravísitölu og þessi aðgerð verður til að hækka skuldir allra einstaklinga og fyrirtækja í landinu um 1%. Það er þetta flókna samspil ríkisfjármála, viðskiptakjara og þjóðartekna sem þarf að hafa meira í huga nú en nokkru sinni fyrr. Ég tel að við gerð þessa frv. hafi þetta ekki verið haft í huga eða í minna mæli en nokkru sinni fyrr. Það má vel vera að ég muni ekki alla hluti rétt eða sé ekki hlutlaus í þeim efnum, en ég man ekki eftir öðrum eins hringlandahætti í kringum afgreiðslu fjárlaga og nú er á Alþingi. Það má vel vera að ég sjái það eitthvað í öðru ljósi nú, en a.m.k. er ég fullviss um það að svona vinnubrögð ganga ekki. Og ef þau eiga sér eitthvert fordæmi hér áður fyrr þá er það heldur engin afsökun.

Mér finnst að oft og tíðum séu það sem við köllum „ákveðin prinsipp“ brotin og mér finnst eins og samspil embættismannakerfisins, ríkisstjórnar og stjórnmálamanna sé á margan hátt farið að gefa sig. Mér finnst eins og stjórnmálamennirnir séu hættir að virða þau prinsipp sem embættismannakerfið hefur þó reynt að halda uppi hér á landi. Yfirleitt hefur það verið þannig að ef eitthvað vanhugsað hefur komið frá ráðherrum, ríkisstjórnum eða stjórnmálamönnum þá hefur embættismannakerfið yfirleitt veitt visst viðnám. En ég hef það á tilfinningunni að þetta viðnám sé orðið mjög lítið og má vel vera að menn þoli ekki mikið lengur við því það er til siðs að taka menn fyrir og skamma þá jafnvel á almannafæri ef einhver leyfir sér að segja og draga í efa það sem ríkisstjórnin er að gera eins og t.d. þann prófessor sem leyfði sér að senda álit á ákveðnu efni. Það má vel vera að það álit hafi ekki verið nægilega vel unnið, en það er dæmigert ef menn

leyfa sér slíkt þá kemur hæstv. forsrh. ræðst á manninn persónulega með svívirðingum á opinberum vettvangi. Ég get út af fyrir sig ósköp vel skilið að ýmsir hiki við að láta í ljós álit í þjóðfélaginu þegar menn eiga von á svona gusum. Það má vel vera að embættismannakerfið sé að verða svo hrætt við ríkisstjórnina og stjórnmálamennina að það sé að meira eða minna leyti hætt að standa á ákveðnum prinsippum. Það má vel vera að hæstv. ríkisstjórn og ráðherrar séu ekki sammála mér í þessu mati en mér finnst þetta áhyggjuefni og í reynd á það ekki að vera svo að skattalagabreytingar í eins miklum mæli og hér eiga sér stað séu framkvæmdar á síðustu stundu meira að minna lítt undirbúnar og tekið fram í ýmsum atriðum að frekari athugunar þurfi við og að til standi að koma með frekari brtt. í upphafi næsta árs.

Það er kannski eðlilegt að ríkisstjórnin vilji flýta þessu hér í gegn og reyna að koma því þannig við að sem minnst umræða verði um þetta mál, en það er svo stórt að vöxtum að ekki er hægt að reikna með öðru en að hún verði allveruleg.

Þá er ég komin að því að það stendur til að leggja virðisaukaskatt á bækur, blöð og tímarit. Nú er það svo að auðvitað má færa rök fyrir því að þessi þáttur í neyslu manna beri skatt með svipuðum hætti og aðrar vörur sem fólk kaupir. Það er hins vegar ekki þannig að það standi til að leggja virðisaukaskatt á allt sem flokkast undir menningarstarf. Það er ekki ætlunin að gera það í sambandi við tónlistarflutning, leiklistarstarfsemi og margt annað. Það er ekki hugmyndin að leggja skatt á íþróttastarfsemi og ýmislegt fleira. En þetta eins og annað verður að skoðast í því ljósi sem er og í því umhverfi sem við búum við að því er varðar menningarstarfsemina. Bóka-, blaða- og tímaritaútgáfa er í mikilli vörn. Bóksala hefur dregist saman og gert er ráð fyrir að heildarvelta í bóka-, blaða- og tímaritaútgáfu dragist saman a.m.k. um 10–11% í kjölfar þessara breytinga að mati Þjóðhagsstofnunar. Bókaútgefendur sjálfir gera ráð fyrir að þessi samdráttur verði mun meiri. En ef mat Þjóðhagsstofnunar stenst þá er ljóst að þarna mun fækka um 100 störf. Því hefur verið haldið fram af útgefanda tímarita hér á landi að ríkissjóður tapi á þessari breytingu og að tímaritaútgáfa muni að meira eða minna leyti leggjast af. Ekki hefur farið fram neitt heildstætt mat á þeim staðhæfingum og þótt Þjóðhagsstofnun hafi framkvæmt þetta skyndimat þá er það í fyrsta skipti sem menn reyna að gera sér nokkra grein fyrir þessu á opinberum vettvangi. Þeir aðilar sem sömdu þetta frumvarp hafa í engu reynt að gera sér grein fyrir þessum áhrifum. Hér er því um mjög alvarlegar staðreyndir að ræða.

Að sjálfsögðu eru áhrifin á menningarstarf hér á landi og bókmenntir okkar alvarlegust. Við erum að komast æ lengra inn í alþjóðlega samvinnu og við erum að komast í meiri snertingu við hið alþjóðlega umhverfi en við höfum nokkru sinni staðið frammi fyrir. Af þessum sökum mun reyna meir á íslenska menningu og menningarstarf okkar en nokkru sinni fyrr. Við lesum önnur tungumál meira en áður, við horfum meira á erlendar sjónvarpsstöðvar og hlustum meira á hvers kyns boðskap erlendis frá. Við þessar aðstæður er afar mikilvægt að standa fast við bakið á íslensku menningarstarfi og íþyngja því ekki heldur veita því stuðning þannig að það fái staðist þessa samkeppni og menningarstarfið viðhaldist sem er að sjálfsögðu mikilvægasti þátturinn í sjálfstæði okkar og fullveldi að við höldum uppi íslenskri menningu, bókaútgáfu og tónlist og öðru sem því tilheyrir.

Nú dettur mér ekki til hugar að halda því fram að það sé ætlun hæstv. ríkisstjórnar að koma höggi á þetta starf. Hér er ríkisstjórn í leit að tekjum og er að reyna að koma saman vandasömu fjárlagaverki. Ég hef fullan skilning á því. En ég hef ekki skilning á því þegar ríkisstjórn gerir það án þess að gera minnstu tilraun til að gera sér grein fyrir afleiðingunum. Þetta er allt saman gert í fljótheitum og menn mega vart vera að því að lesa þetta enda á ég ekki von á því að nokkrum hv. þm. hafi í reynd gefist tími til að lesa þetta allt saman yfir í heilu lagi því að allt málið hefur verið að breytast fram á síðustu stundu. En ég vildi gjarnan heyra álit hæstv. menntmrh. á þessu en nú sé ég, hæstv. forseti, að enginn ráðherranna er viðstaddur í salnum en ég hef reynt að gera þá hógværu kröfu að a.m.k. einn þeirra væri hér. Ég hef skilning á því að hæstv. fjmrh. getur ekki verið hér sem stendur en auðvitað er það ekki nægilega gott. En mér finnst að það sé ekki mikil krafa að gera ráð fyrir því að a.m.k. einn fulltrúi ríkisstjórnarinnar sé viðstaddur umfjöllun þessa máls, en vænti þess að hæstv. forseti hafi fullan skilning á því og reyni að bæta þar úr. (**Forseti:** Hæstv. ráðherrar, sem hv. þm. nefndi, eru ekki í húsinu eins og er. Forseti heldur að það sé af gildum ástæðum, sem forseti veit að hv. þm. mun taka tillit til, en er að láta kanna hvenær þeir eru væntanlegir.) Já, ég þakka, virðulegi forseti, fyrir það. Ég hef fullan skilning á fjarveru ráðherranna en ég varð hins vegar var við að sumir þeirra komu í upphafi fundar og gerði ráð fyrir að a.m.k. einn þeirra hafi aðstæður til að vera hér.

En aðeins að lokum að því er varðar virðisaukaskattinn. Virðisaukaskatt á að leggja á húshitun og fólksflutninga. Rétt er að taka fram að jafnframt því að virðisaukaskattur er lagður á húshitun þá er gert ráð fyrir því að þær byrðar sem leggjast á fólk vegna þess séu að nokkru leyti jafnaðar út en þó munu verða meiri byrðar lagðar á það fólk sem býr við kostnaðarsömustu húshitunina. Það hefur verið kappsmál margra á Alþingi að draga úr því óréttlæti sem þar ríkir en með þessum aðgerðum mun það heldur vaxa en ekki úr því draga. Við könnuðum möguleika á því að framkvæma þessa skattlagningu með öðrum hætti og var það ágæt umfjöllun í nefndinni en ekki þótti fært að taka tillit til þeirrar vinnu og ganga til meiri jöfnunar á þessum álögum eins og hægt hefði verið að gera.

Að því er varðar skattlagninguna og fólksflutningana þá mun það leggjast í mjög þungum mæli á þá sem þurfa að sækja þjónustu langt að, þá sem þurfa yfirleitt að fljúga til að komast að helstu þjónustumiðstöðvum landsins. Það er að sjálfsögðu það fólk sem býr við mestu einangrunina eins og fólk á Austfjörð-

um, Vestfjörðum, ákveðnum svæðum á Norðurlandi, Vestmannaeyjum o.s.frv. Þeir sem geta notað ökutæki sín munu að vísu verða fyrir nokkurri hækkun á skattlagningu í formi bensíngjalds, það mun leggjast jafnt á alla landsmenn. En þeir sem búa við mestu einangrunina verða fyrir meiri byrðum en almennt gerist. Þetta er hugsun sem við í minni hlutanum eigum mjög erfitt með að fella okkur við og teljum að þetta sé mál sem hefði þurft að fá miklu meiri umfjöllun og leita leiða til að jafna þessi áhrif. Þetta er e.t.v. eitt af því sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að skoða betur á næsta ári og má segja að það sé nú með flest af því sem nú stendur til að fá samþykkt að það sé undirbúið með þeim hætti að það þurfi frekari athugunar við.

Ég hef þá lokið, hæstv. forseti, að fjalla um virðisaukaskattinn og ég hef farið lauslega yfir helstu atriði frumvarpsins. Upp úr stendur að hér er um að ræða verulega skattlagningu á einstaklingana í landinu. Sumt af þeirri skattlagningu kemur ekki á óvart. En kaupmáttarskerðingin er mun meiri en fram hefur komið að mínu mati. Fjmrn. telur að það sé milli 3 og 4% og Þjóðhagsstofnun telur að það sé svipað. Hins vegar hefur Alþýðusamband Íslands allt annað mat þar á og telur kaupmáttarskerðinguna mun meiri. Eftir því sem ég best veit stendur nú yfir miðstjórnarfundur Alþýðusambands Íslands til þess að fjalla um þetta mál, miðstjórnarfundur þeirra samtaka sem vildu ganga hvað lengst til þess að hafa samvinnu við ríkisstjórnina og vinnuveitendur um það alvarlega ástand sem nú ríkir í þjóðfélaginu. Það verður fróðlegt að sjá niðurstöðu þess fundar síðar í dag. Ég er þess fullviss að þeir munu lýsa yfir mikilli óánægju og vonbrigðum með framvindu mála. Þeir munu ekki geta sætt sig við það að skattar séu lagðir á með þeim hætti sem hér er gert, íþyngingu á þá sem minnstu tekjurnar hafa er of mikil og of lítil á þá sem betur mega sín. Það er þetta grundvallaratriði sem vekur alla þessa úlfúð. Það er af þessum ástæðum að verkalýðshreyfingin kemur nú fram og krefst þess hreinlega að ríkisstjórnin fari frá. Það er mjög óvenjulegt að verkalýðshreyfing standi upp og lýsi því yfir að rétt sé að fara í aðgerðir til að koma ríkisstjórn frá, verkalýðshreyfing sem nokkrum vikum áður lýsti yfir miklum samstarfsvilja við sömu ríkisstjórnina. Hvernig í ósköpunum stendur á þessu? Er ekki alveg ljóst að eitthvað hefur komið fyrir í þessum samskiptum? Eða hafa menn trú á því að slík stefnubreyting hafi orðið hjá aðilum vinnumarkaðarins að ástæðulausu?

Ég hefði talið nauðsynlegt að hæstv. forsrh. gerði þinginu grein fyrir skoðun sinni á því hvers vegna þessi stefnubreyting átti sér stað og vænti þess að hann komi til þessara umræðna einhvern tíma síðar í dag. Ég vil koma því á framfæri og bið menn að skila því til hans, því að hann getur ekki verið hér sem stendur, að ég vænti þess að við þessa umræðu geri hæstv. forsrh. þinginu grein fyrir því hvað hafi komið fyrir í samskiptum aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar sem veldur þessum ósköpum. Ekki er nóg að kenna öðrum um og hreyta í samtök og einstaklinga eins og ríkisstjórnin gerði gagnvart Alþýðusambandi Íslands og sagði einfaldlega að þeir vildu leggja miklu meiri álögur á landsmenn en ríkisstjórnin sjálf vildi. Það er ekki hægt að taka slíkar skýringar gildar enda eru þær til þess eins fallnar að vekja upp enn þá meiri úlfúð.

Aðalatriðið er líka það að viðbrögðin eru miklu harðari vegna þess að margt af þessu fólki batt ákveðnar vonir við þá stjórnarflokka sem nú fara með völd og veitti þeim mikið brautargengi í síðustu kosningum. Ég býst við því að Sjálfstfl. hafi fengið góða kosningu m.a. vegna þess hvað hann lofaði miklu í skattamálum í síðustu kosningum. Ég held að ég muni það rétt að flokkurinn hafi lofað að lækka tekjuskattsprósentuna í 35%. Það má vel vera að því hafi ekki verið lofað í Norðurl. v. (**Gripið fram í:** Landsfundurinn lofaði því.) en ég hygg að því hafi a.m.k. verið lofað á landsfundi og líklega víðast hvar hér í Reykjavík. Flokkur sem lofar því að leggja niður skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, sem nú er verið að framlengja í fimmtánda skipti — látum það nú vera — en lofar því líka að lækka tekjuskattinn í 35%, en nú er hann að komast í 45%, þ.e. þegar útsvarið er þar meðtalið. (**Gripið fram í:** Nei.) Það fer nú að nálgast það, hv. þm., ja ekki alveg, en það er mjög að nálgast það. Ef við leggjum lækkaðar barnabætur og lækkaðar húsnæðisbætur við og hækkum skattprósentuna sem ígildi þeirrar lækkunar þá er ég nú helst á því að það fari vel yfir 45%, hv. form. efh.- og viðskn. Og svo ef hinn nýi hátekjuskattur upp á 5% er þar lagður til viðbótar, sem á nú sennilega ekki að taka með, að þá er það nú örugglega komið vel yfir það, en það er að vísu sérstakt mál.

Þetta er að sjálfsögðu aðalástæðan fyrir viðbrögðunum nú. Sjálfstfl. hefur kynnt okkur, sem erum nú í stjórnarandstöðu, sem sérstakt skattpíningarfólk sem hefði unun af því að leggja skatta á fólk og vilja láta kjósa á milli þess. Annars vegar eru þeir ímynd mannanna sem vilja lækka skatta og gera allt fyrir menn í skattamálum, en hinir, þ.e. öll vinstri súpan eins og þeir segja, það er fólkið sem hefur ánægju af því að skattpína fólk. Þetta var málflutningurinn fyrir kosningar. Er það nema von að verkamenn í Dagsbrún, sem margir hverjir hafa stutt þennan flokk og verkafólk um land allt, sé vonsvikið? Og ekki bara vonsvikið, það fyllist reiði og krefst þess að svona menn fari frá og vill gjarnan athuga hvað þeir ætla sér að lofa í næstu kosningum. Ég held að þetta sé aðalástæðan fyrir þessum hörðu viðbrögðum og ætti engan að undra. Fróðlegt verður að heyra hæstv. fjmrh. koma einu sinni enn og lýsa því yfir að skattarnir hafi ekki verið hækkaðir nokkurn skapaðan hlut. Það gerði hann í allan fyrravetur og það gerir hann enn því að honum tókst með einu einföldu frammíkalli að halda því fram að þeir hafi ekkert hækkað. Það er óskynsamlegt af hæstv. fjmrh. að halda því fram. Hann á einfaldlega að viðurkenna það að hér eru miklir erfiðleikar og það er nauðsynlegt að mæta þeim með einum eða öðrum hætti, m.a. með endurskoðun á skattalögum en það verður að gera með réttlátari hætti. Það sem er alvarlegast er sá hringlandaháttur sem er í kringum málið.

Ég tel mig ekki þurfa að hafa fleiri orð um nefnd-

arálit okkar. Það er allítarlegt og við töldum nauðsynlegt að láta fylgja þau viðbrögð sem hafa komið frá hagsmunasamtökum í landinu þar sem eru útreikningar um þá miklu breytingu sem verður á skattbyrðinni. Vísa ég til þess sem Alþýðusamband Íslands hefur reiknað út og BSRB og fleiri og ætti það að gefa glögga mynd af þessu máli. Sjaldan hefur komið jafnstórt og umfangsmikið skattamál fyrir þingið og er vont til þess að vita að við skyldum ekki hafa meiri möguleika til að fjalla um það í nefndinni. Ég á von á því að enn eigi eftir að berast viðbrögð frá aðilum vinnumarkaðarins um þetta mál meðan það er hér til umfjöllunar. Í ljósi þessa alls erum við í minnihlutanum þeirrar skoðunar að óskynsamlegt sé að samþykkja frumvarpið og það sé í reynd óskynsamlegt að afgreiða það frá Alþingi í ljósi þess að viðbrögðin við því eru mjög hörð. Fram undan eru kjarasamningar þar sem þetta mál mun áreiðanlega verða efst á borðinu.

Við erum því þeirrar skoðunar að þessu máli eigi að vísa til ríkisstjórnarinnar og taka það til frekari umfjöllunar þar í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Við sem skipum minni hluta nefndarinnar fyrir hönd stjórnarandstöðunnar erum tilbúin að taka þátt í því verki með sama hætti og við höfum lýst yfir áður. Við lýstum því líka yfir í fyrra að við værum tilbúin að taka þátt í starfi að því er varðaði skatt á fjármagnstekjur sem ég hef ekki haft tíma til að koma inn á. Það boð var ekki þegið. En að leggja skatt á þær tekjur með samræmdum hætti er eitt af þeim málum sem nauðsynlegt er að hljóti úrlausn sem allra fyrst. Ekki verður við það unað að aðilar sem hafa miklar tekjur af fjármagni sleppi við skattlagningu en þeir sem hafa aðeins tekjur af launum sínum þurfi að greiða stöðugt hærri og hærri skatt. Sem dæmi um það munu þeir sem eiga verðtryggð verðbréf fá vegna skattaðgerða ríkisstjórnarinnar, endurgreiðslunnar á byggingarkostnaði, 1% hækkun á pappírum sínum en þrátt fyrir það munu skattar þeirra ekki breytast nokkurn skapaðan hlut. Jafnvel þótt ljóst sé að engin þau verðmæti standi að baki þessari hækkun í þjóðfélaginu sem geti staðið undir því.

Ég er ekki að kenna hæstv. ríkisstjórn um þessa skipan mála, þetta eru leifar af því kerfi sem að var komið á þegar verðtryggingin byrjaði. Ég held að þetta sanni það svo ekki verður um villst að við eigum að koma okkur út úr því verðtryggingarkerfi sem var komið hér á.

Ég vil svo að lokum þakka ágætt samstarf í þessu máli við fulltrúa meiri hlutans. Þeir hafa reynt eftir bestu getu að verða við öllum óskum okkar um upplýsingar og kallað fyrir þá aðila sem við höfum talið okkur þurfa að ræða við í sambandi við þetta mál þannig að ekki er yfir neinu að kvarta í því sambandi. Hitt er svo annað mál að hraðinn á þessu frv. var einfaldlega of mikill þannig að ekki vannst tími til að fara nægilega vel ofan í það. En það hefur verið orðið við okkar beiðnum um viðtöl við aðila og upplýsingaöflun og það ber að virða.

Ég vil að lokum ítreka það að við leggjum til að þessu máli sé vísað til ríkisstjórnarinnar jafnvel þótt við höfum afar lítið traust á henni með sama hætti og allir þeir mörgu umsagnaraðilar sem að hafa verið kallaðir til. Ég vænti þess að hæstv. ráðherrar gefi sér tíma til að lesa þær yfirlýsingar sem ekki er nú mikið traust fólgið í og lesa þær helst fyrir jólin því það verður ekki skemmtileg jólalesning, hæstv. fjmrh.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil bara segja það að ég er ekki sammála því að óskynsamlegt sé að afgreiða þetta mál nú fyrir jólin. Ég tel að það sé afar mikilvægt að ná fram þeirri aðstöðugjaldslækkun sem felst í þessum aðgerðum og það skipti afar miklu máli fyrir samkeppnisstöðu atvinnulífsins og atvinnu í landinu. Ég vil líka leyfa mér að efast um það að sú leið, sem að hv. síðasti ræðumaður, 1. þm. Austurl., nefndi, sé endilega sú skynsamlegasta, þ.e. þar sem hann talar um að hækka skattprósentuna og skattleysismörkin til þess að ná inn þeim tekjum sem tapast vegna aðstöðugjaldsins. Ég vil einfaldlega benda á ef slíkt er gert og allt tekjutapið vegna aðstöðugjaldsins tekið út í því að hækka skattprósentuna og skattleysismörkin og ef að menn ætla líka að halda þá skattleysismörkunun óbreyttum þá gætum við verið að tala um almenna tekjuskattsprósentu sem væri farin að nálgast 45%. Þegar prósentan er komin í slíkar hæðir þá er venjulegt fólk, láglaunafólk, einfaldlega komið í þá stöðu að það hefur minna upp úr eftirvinnu en dagvinnu og ég held að það þurfi að skoða þá leið líka betur. Ég er ekki viss um að það hafi verið skynsamlegra. Í raun inni held ég að þegar menn eru að gera svona hluti hafi sú leið, sem var farin, þessi blandaða leið að lækka aðeins persónuafsláttinn, hækka aðeins prósentuna og taka upp hátekjuskattinn, samhliða því að hækka aðeins virðisaukaskattinn, ekki verið óskynsamlegri en hver önnur og ekki síst sú leið sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson nefndi, þ.e. að fara eingöngu þá leið að hækka skattleysismörkin og prósentuna.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef ekki séð nákvæma útfærslu á því hvað það þýddi að hækka skattprósentuna lítillega og hækka persónuafsláttinn á móti. En það gefur auga leið að það hlífir miklu betur þeim sem minnstu tekjurnar hafa. Ég er sannfærður um að um það hefði verið meiri friður við launþegasamtökin. Ég geri mér alveg grein fyrir því að ekki er um einfalda hluti að ræða. En þetta er einfaldlega hluti af kjörum fólks og þetta mál verður tekið upp í kjarasamningum. Það veit hæstv. ríkisstjórn. Það er óskynsamlegt að hlusta ekki á þær raddir. Þess vegna gengur það ekki að hæstv. fjmrh. skuli alltaf vilja ganga frá skattbreytingum með þeim hætti að hreyfa aldrei prósentuna en allt annað megi hreyfa: persónuafsláttinn, barnabæturnar, vaxtabæturnar og það annað sem að skiptir máli í sambandi við skattlagningu. (Gripið fram í.) Já, og sjómannaafsláttinn. Ég þakka leiðréttinguna frá hæstv. fjmrh. Þessu öllu má breyta og það þýðir ekki skatta-

hækkun. Ástæðan er sú að þessi sami fjmrh. lofaði því í síðustu kosningum að lækka skattprósentuna í 35% á landsfundi Sjálfstæðisflokksins, einhver er með landsfundarsamþykktina hér. Það er kannski von að þessum mönnum líði illa og séu í stöðugum feluleik.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil fagna hingaðkomu hæstv. ráðherra, bæði fjmrh. og forsrh. Það vill einmitt svo vel til að ég hafði m.a. hugsað mér að vitna lítillega í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem að var, í ljósi reynslunnar, valið það kostulega heiti Velferð á varanlegum grunni. Mætti nú rifja upp titilinn eins og andinn er í garð hæstv. ríkisstjórnar, m.a. frá samtökum launamanna í landinu þessa dagana. Sömuleiðis vil ég geta þess að ég hyggst ræða síðar í ræðu minni um málefni ferðaþjónustunnar og m.a. álagningu virðisaukaskatts á flugfargjöld bæði innan lands og önnur fargjöld og væri þá ekki úr vegi að hæstv. samgrh. væri nærstaddur. Ég hef ítrekað reynt að eiga þess kost að eiga við hann orðastað um málefni þessarar greinar hér á undanförnum vikum. En svo hefur háttað til í hvert einasta skipti að hæstv. ráðherra hefur verið fjarstaddur þar sem færi hefur gefist á að ræða starfskjör ferðaþjónustunnar undir umræðum um skattamál, fjárlög eða önnur slík. En að þessu kem ég lítillega síðar, hæstv. forseti.

Hv. 1. þm. Austurl. hefur gert ítarlega grein fyrir vinnunni að þessu máli og viðhorfum stjórnarandstöðunnar sem er mjög samferða hvað viðbrögð snertir við þessu skattafrumvarpi, þessum mikla skattaormi hæstv. ríkisstjórnar sem er e.t.v. til þæginda að kalla svo til aðgreiningar frá bandorminum sem hér var til meðferðar í fyrra og var að því leyti ólíkur að hann tók ekki aðeins til mismunandi skattalaga heldur og alls óskyldra málaflokka. En hér er á ferðinni frv. sem breytir allmörgum ákvæðum mismunandi laga um skattlagningu.

En ég hlýt þó í byrjun að leyfa mér að fara fáeinum orðum um vinnubrögðin við þessar ákvarðanir og þeim aðstæðum, sem hv. þm. í efh.- og viðskn. eru skapaðar, hvað vinnu snertir að þessu máli. Auðvitað ekki bara þeim þingmönnum sem þar sátu heldur öllum þeim sem þessu starfi tengjast og þá ekki síður embættismönnum sem að eiga að vera þingmönnum til aðstoðar við þessa vinnu.

Það var með hreinum ólíkindum, og hefur maður þó ýmislegt upplifað í þessum efnum, hvernig þetta var að þessu sinni. Ef maður fer yfir það hvernig efnahagsstefnan og skattastefnan hefur verið mótuð sl. tvö ár þá hlýtur það að vera fleirum en ræðumanni umhugsunarefni að viðkvæm atriði, sem varða álagningu gjalda og geta haft afgerandi áhrif á afkomu einstaklinga og fjölskyldna og heimila, skuli ákvarðast í einhverjum skyndisamningum eða á næturfundum og síðan skellt inn í formi breytingatillagna eða frumvarpa þannig að nánast enginn tími gefst til þess að athuga og reikna áhrif og útkomu slíkra ákvarðana. Ég leyfi mér að taka dæmi af barnabótunum núna, sem hæstv. ríkisstjórn ákveður á einhverjum sparnaðarnæturfundi, ef ég man rétt í nágrenni við mánaðamótin nóvember/desember. Útfærslan lá ekki fyrir fyrr en að þetta birtist okkur hv. þm. í frumvarpsformi fyrir um viku eða svo. Þá er sest niður við að skoða þetta, hvernig þessi 500 milljón krónu skerðing á barnabótum til viðbótar meira en 500 milljón króna skerðingu í fyrra, komi nú út og snerti afkomu fjölskyldnanna í landinu. Við þetta sitjum við hv. þm. í nokkra daga að reyna að átta okkur á þessu. Við leggjum fyrir starfsfólk fjármálaráðuneytis og Þjóðhagstofnunar allmargar spurningar, við biðjum um upplýsingar, við óskum eftir því að keyrð séu út dæmi, hvernig tveggja, þriggja, fjögurra barna fjölskyldur komi út o.s.frv. Í allveglegu nefndaráliti okkar í minni hlutanum er að finna upplýsingarnar sem við létum draga saman. Hér er að finna línurit um það hvernig þetta hefur áhrif á ráðstöfunartekjur fjölskyldnanna. En hvað gerist svo? Um það bil sem við erum að fá þessi gögn í hendur og þar með loksins að verða — svo ég bregði á loft einu sýnishorni af vinnu af þessu tagi sem til varð vegna óska frá okkur. Um það bil sem við fáum þessi gögn í hendur og það kemur auðvitað í ljós, að t.d. ráðstöfunartekjur fjölskyldna á ákveðnu tekjubili skerðast harkalega, hvað þá? Þá er þessu allt í einu kippt í burtu. Með skyndiákvörðun fyrir nokkrum klukkustundum, liggur mér við að segja, er bara ákveðið að slá striki yfir þetta allt saman sem búið er að valda miklu umróti í þjóðfélaginu, búið er að kosta heilmikla vinnu og við hv. þm. erum búnir að reyna á fundum dögum og nóttum saman að átta okkur á. Þá er því bara hent og ekki er ég að gráta það út af fyrir sig. En ég rek þetta sem dæmi um þær vinnuaðstæður sem okkur voru skapaðar. Í staðinn kemur splunkuný ákvörðun úr allt annarri átt um að lækka persónufrádráttinn við álagningu tekjuskatts. Þá höfum við þangað til að málið er sett á dagskrá og tekið til umræðu innan við sólarhring til þess að átta okkur á því hvernig sú breyting komi út. Öll sú vinna sem lögð var í það að greina áhrif barnabótabreytinganna er ónýt. Og glæný ákvörðun af allt öðrum toga komin og ég er að fá í hendurnar núna 3–4 mínútum áður en ég fór í ræðustólinn fyrsta skriflega gagnið sem við höfum beðið um og tengist útkomu þessarar nýju ákvörðunar. Síðan þetta var kynnt hafði ég reyndar þrisvar óskað eftir því að fjármálaráðuneytið tæki saman fyrir mig framreikning á raungildi persónuafsláttarins sl. undanfarin ár. Ég fékk þetta blað í hendur núna þremur mínútum áður en ég kom í ræðustólinn. Ég er ekki að ráðast hér að starfsmönnum fjármálaráðuneytisins sem gert hafa sitt besta, illa sofnir eins og þeir eru þessa dagana, þetta er bara til marks um þær vinnuaðstæður sem okkur eru skapaðar, bæði þingmönnum og starfsmönnum sem að þessu máli koma. (Gripið fram í.) Ég held ég leyfi mér að segja já, hv. frammíkallandi. Ég held að þetta sé það versta sem ég hef upplifað. Bæði sem þátttakandi í þessu sjálfur og sem þingmaður bráðum í 10 ár. Ég man ekki eftir þeim ósköpum að ákvarðanir af þessu tagi hafi verið teknar með slíkri óskaplegri skyndingu eins og þetta ber vitni um.

Auðvitað er hárrétt að vinnubrögðin á undanförn-

um árum hafa ekki alltaf verið til fyrirmyndar. Heldur ekki í tíð annarra ríkisstjórna. En það er engin afsökun. Það er ekkert betra að þetta skuli gerast svona í dag þó að mönnum hafi áður verið mislagðar hendur í þessum efnum. Ég leyfi mér að segja það, ég leyfi mér að fullyrða það hér, að þetta sem við höfum verið að ganga í gegnum núna er með því allra versta sem ég hef nokkurn tíma tekið þátt í eða séð til. Ég held það sé þannig og það á að vera okkur öllum hv. þm. ærið umhugsunarefni.

Tökum líka sem dæmi hringlið með skattalega meðferð fyrirtækjanna: hlutabréfafrádráttinn, arðsprósentuna og tekjuskattsprósentu á fyrirtækjunum. Hvers konar er þetta eiginlega? Ef farið er yfir það hringl núna á þessu rúma ári síðan að ríkisstjórnin var að baksa með þetta í fyrra og það er auðvitað alveg með ólíkindum að menn sem á tyllidögum kalla sig sérstaka stuðningsmenn einkaframtaksins og einkarekstrar í atvinnumálum og forsvarsmenn fyrirtækja og atvinnulífs skuli sitja uppi með svona útkomu eins og hæstv. ríkisstjórn gerir og hæstv. núv. fjmrh. Að verið sé að hringla fram og til baka með hluti eins og þá hvernig eigi að haga skattlagningu á arðgreiðslum hlutafélaga, hversu mikinn frádrátt einstaklingar skuli fá ef þeir leggja fé í atvinnulífið. Þetta er verið að möndla með fram og til baka ár eftir ár.

Varðandi tekjuskatt fyrirtækjanna þá er þetta þannig, ekki satt, að ríkisstjórnin boðaði í fjárlagafrumvarpinu að hann skuli lækka um 33%. Þannig stendur það í eina tvo mánuði að fyrirtækin undirbúa sín mál og reikna með því að þau geti treyst því að skattprósenta þeirra lækki úr þessum 45, eða hvað það hefur verið, í 33%. Bíðum nú við. Svo kemur ein skyndiákvörðun ríkisstjórnarinnar enn. Allt í einu er þetta úrelt. Nú skal þetta vera 38% á næsta ári. Og það stendur í eina fjóra sólarhringa að þetta eigi að vera 38%. Svo hittast menn hérna niður í þingflokksfundarherbergi Sjálfstfl. og gefin er út tilkynning: Nei, þetta verða 39%. Og maður bíður bara spenntur, hver verður prósentan í dag og á morgun? Þetta er að verða eins og spennandi reyfari hvernig skattprósentan þróast dag frá degi hjá hæstv. ríkisstjórn. Þetta er myndarlegt eða hvað? (**Forsrh.:** Áhrif þingsins.) Áhrif þingsins, segir svo hæstv. forsrh. sem hefur þóst þess umkominn að kenna góð fordæmi í vinnubrögðum, verkstjórinn fyrir þessu öllu saman, eða hvað? Eða er það kannski einhver annar sem á að fá skellinn núna þegar allt er komið í óefni. Á kannski að skella skuldinni á hæstv. sjútvrh.? Það hefur stundum verið vinsælt í ríkisstjórninni að muna eftir honum þegar eitthvað hefur tekist illa.

Nei, hæstv. forseti, þetta er auðvitað þannig, að manni liggur við að segja að það sé þyngra en tárum taki hvernig þetta hefur gengið til. Og alveg eins má í raun og veru því miður fara yfir þetta gagnvart einstaklingunum. Og er það kannski að sínu leytinu til enn þá viðkvæmara þegar menn eru að frétta það allt í einu gegnum kvöldfréttirnar að það eigi að kippa undan þeim fótunum. Hvort það er í einu tilvikinu með hækkun meðlaga eða í öðru tilvikinu með stórkostlegri skerðingu barnabóta eða vaxtabóta. Núna með skerðingu persónufrádráttar lágtekjufólks. Það er auðvitað alveg ævintýralegt að hlutirnir skuli ganga svona fyrir sig. Og ég held að við verðum öll að horfast í augu við það að við þurfum að taka okkur á í þessum efnum. Þá á ég við stjórnmálamenn almennt. Og einhvern veginn verður að fara að taka upp þau vinnubrögð að þetta gangi ekki svona til.

Sú ágæta hugmynd kom fram hjá einum ónefndum hv. þm. í efh.- og viðskn., ef ég man rétt, að það ætti hreinlega að banna að breyta skattalögum á haustþingi. Það ætti að setja það í lög, helst í stjórnarskrá, að allar skattalegar ákvarðanir skyldu teknar á vorþingi gagnvart því skattári sem í hönd færi. Þannig að það lægi fyrir hálfu ári áður hverjar yrðu álagningarprósentur tekjuskatts, eignarskatts, virðisaukaskatts o.s.frv. (**Fjmrh.:** En útgjöldin, er ekki hægt að gera það sama líka þeim megin?) Ja, það væri líka til fyrirmyndar, hæstv. fjmrh., ef menn gætu reynt að vinna útgjaldaákvarðanir ríkissjóðs með það góðum fyrirvara að fjárlög lægju fyrir mörgum mánuðum áður en að þau tækju gildi. Eða t.d. að rammafjárlög, sem tekið væri mark á, lægju fyrir að jafnaði fjögur ár fram í tímann. Þetta er gert í öðrum löndum, hæstv. fjmrh. Og eins og hæstv. fjmrh. vafalaust veit þá hafa menn í því ráðuneyti, sem hann nú stýrir, á því ágæta búi, oft gert atrennur að því að reyna að koma einhverju slíku saman en menn hafa heykst á því. Og það er auðvitað mjög miður að við skulum vera á þessu frumstæða stigi enn þá.

Það vakti athygli mína þegar ég var í heimsókn einu sinni sem oftar hjá landstjórn eða heimastjórn Grænlendinga og heilsaði þar upp á fjármálaráðherrann. Hann dreif í mig tvær allmiklar gular bækur. Þar voru á ferðinni annars vegar fjárlög næsta árs, nokkrum mánuðum áður en þau áttu að taka gildi, og hins vegar rammafjárlög til þriggja næstu ára þar á eftir sem voru notuð og færð fram jafnan um eitt ár í senn og lágu fyrir. Og það er enginn vafi á því að með skipulögðum vinnubrögðum af þessu tagi gætu menn bætt sig. Það hefur reynslan sýnt þar sem menn hafa tekið upp skipulögð vinnubrögð af þessu tagi. Svo sem eins og í ýmsum framkvæmdamálum, vegagerð, flugvallagerð og víðar.

Hæstv. forseti, ég ætla að renna lauslega yfir nokkur efnisatriði þessa frumvarps. Ég þarf ekki að hafa um það mjög langt mál. Ég get í flestum greinum vísað til þess sem hv. 1. þm. Austurl. sagði og ætla mér aðallega að reyna að bæta þar einhverju við eða koma inn á atriði sem hann ekki gerði til þess að vera ekki með miklar endurtekningar, enda engin ástæða til, hv. 1. þm. Austurl. fór ítarlega yfir þetta mál og gerði það vel.

Ég fagna því þrátt fyrir allt að einstöku skynsemisglæta er þó á ferðinni í þessum breytingartillögum meiri hlutans og þar tel ég tvímælalaust, eins og ég lét koma fram við 1. umr., að það sé til bóta að sjá að sér og hætta við að lækka arðsprósentu fyrirtækjanna, þ.e. þá prósentu sem þeim er heimilt að draga frá tekjum vegna útborgunar arðs áður en til skattlagningar kem-

ur. Ég held að það hefði verið heimskuleg ákvörðun við núverandi aðstæður í íslensku viðskiptalífi að draga þannig úr þeim þó fáum hvötum sem eru til þess að nýtt fé komi inn í atvinnulífið. Eða eru menn búnir að gleyma því hvernig skuldsetningu íslenskra fyrirtækja er háttað, að sjávarútvegurinn á ekki fyrir skuldum sem atvinnugrein og meðaltal fyrirtækja í íslensku atvinnulífi er með skuldsetningu, að mér er sagt, um 70%. Einhvers staðar sá ég fljúga fyrir tölur um þetta atriði nýlega.

Og hvað er það þá sem við þurfum fyrir utan að lækka vexti og hafa þá hóflega næstu árin, mér liggur við að segja áratugina, ef menn eiga að geta unnið sig upp úr þessu, annað en hitt að ná nýju fé í þessi fyrirtæki. Það getur gerst með tvennum hætti. Annaðhvort að afkoman sé svo góð að það myndist hagnaður í fyrirtækjunum eða með því að fjármagn, sem er einhvers staðar á lausu, laðist að þessari starfsemi. Menn sjái sér hag í því frekar heldur en að leggja fé inn á bók, kaupa erlend skuldabréf sem menn geta farið að gera nú um áramótin eða sólunda því fé innan lands eða utan að leggja það frekar í einhverja uppbyggingu í atvinnumálum.

Þarna hafa verið á undanförnum árum, með þessa hugsun að baki, búnir út ákveðnir hvatar, fyrst og fremst tvenns konar, til þess að reyna að beina fé inn í atvinnulífið, inn í fyrirtækin. Annars vegar heimildir fyrir fyrirtækin til að greiða hluthöfum sínum arð og draga þær greiðslur frá skatti og hafa þær heimildir sæmilega ríflegar og þó eru þær það ekki þegar betur er að gáð vegna þess að 15% reiknast af nafnverði hlutabréfanna en ekki markaðsverði. Ef við hugsum okkur að einhver sé að kaupa hlutabréf í Eimskipum og hann kaupir það á fjórföldu nafnverði þá þarf í raun og veru að deila í prósentuna með fjórum til þess að finna þann arð sem fyrirtækið getur í reynd borgað miðað við markaðsverð hlutabréfanna og fengið það frádráttarbært. Og þá er þetta ekki orðin merkileg prósenta, satt best að segja. Hún nýtist nokkuð vel þeim fyrirtækjum sem eru með hlutabréf hverra markaðsverð er nálægt nafnverði en síður hinum, af skiljanlegum ástæðum. Þannig að ég held að ekki sé of í lagt þó að þetta sé haft 15% og úr því að það er 15% þá er ákaflega óskynsamlegt að breyta því niður á við vegna þess að menn horfa á breytinguna og sjá að verið er að fara í þá átt. Og það eru kannski áhrifin af breytingunni sem hafa þarna meira að segja en inntakið sjálft, efnisbreytingin sjálf.

Ég er ekki viss um að menn sitji almennt með vasatölvurnar og reikni nákvæmlega út hvað þessi breyting þýðir. Menn sjá bara að þarna eru stjórnvöld að fara í þá átt að minnka möguleika fyrirtækjanna til að greiða þeim arð sem leggja þar inn hlutafé og menn hugsa sem svo: Nú, það er þá væntanlega ekki mjög bjart yfir því í framtíðinni að reyna að ávaxta sitt fé svona úr því að stefnan er í þessa átt. Og sama er á ferðinni varðandi frádrætti einstaklinga sem lagt hafa hlutafé í fyrirtæki. Þeirri reglu hefur verið breytt á undanförnum árum, hún hefur verið lagfærð, sniðnir hafa verið af henni ágallar svo sem þeir að menn gætu keypt bréf fyrir áramót og selt það eftir áramót. Það er ekki hægt lengur. Misnotkun af því tagi er ekki fyrir hendi. Nú þurfa menn að eiga þessi bréf í lágmark tvö ár. Þetta eru samkvæmt skilgreiningu opin hlutafélög, lágmarksfjöldi hluthafa, ef ég man rétt, þarf að vera 25. Og reglurnar eru þannig að þetta eru ekki einhverjir lokaðir okurklúbbar sem þarna eru á ferðinni, það er séð fyrir því með takmarkandi reglum að þetta eiga að vera sæmilega opin hlutafélög sem lúta lögmálum sem slík, þannig að í raun og veru sé um að ræða tiltölulega hreina fjárfestingarákvörðun viðkomandi einstaklings eða fyrirtækis sem leggur þarna inn fé.

Ég held að þetta hringl hæstv. ríkisstjórnar með skattafrádrættina hafi verið afar óskynsamlegt. Það er auðvitað ekki bara mitt mat. Fyrir því liggja skjalfest álit fjölmargra aðila eins og Vinnuveitendasambandsins sem hefur í tvígang, bæði í ár og í fyrra, gagnrýnt þessar ráðstafanir og þessa framgöngu hæstv. ríkisstjórnar mjög harkalega. Og það er auðvitað eftir öðru að það skuli þurfa að koma í minn hlut að standa í vörninni fyrir þessi sjónarmið á meðan að ráðherrar Sjálfstfl. og þingmenn koma þessu í gegnum þingið. Finnst mönnum það ekki til fyrirmyndar og alveg snilldarlegt að þannig skuli það ganga fyrir sig?

Ég held svo að þetta hringl með skattprósentuna sjálfa sé auðvitað af sama toga óheppilegt. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að það hefði verið betra að hrófla ekki við frá byrjun þessum tveimur liðum, arðinum og hlutabréfakaupafrádrættinum, þó að menn hefðu þá náð minni árangri í því að lækka skattprósentu fyrirtækjanna í bili.

Það er nefnilega þannig að þau eru ekkert óskaplega mörg íslensku fyrirtækin sem borga fullan tekjuskatt, af tveimur ástæðum. Það hefur ekki verið svo góð afkoma hjá miklum þorra þeirra að þau hafi miklum hagnaði til að dreifa og t.d. eru sjávarútvegsfyrirtæki ekki upp til hópa í þeim flokki sem borgar tekjuskatt. Og í öðru lagi hafa fram undir það síðasta gilt svo rúmar heimildir til handa fyrirtækjum að kaupa yfirfæranlegt tap að mjög mörg þeirra fyrirtækja sem ella hefðu verið í umtalsverðum tekjuskattsgreiðslum hafa náð sér þannig í nægjanlega frádrætti sem þau búa nú að.

Fræg eru kaup gróðafyrirtækja á borð við Vífilfell sem keypti ekki ómerkara fyrirtæki en Nútímann og tap hans til þess að eiga í handraðanum þegar að því kæmi að þeir gætu þurft að fara að borga tekjuskatt. Þetta var hægt á þeim tíma og hefur ekki nema að litlu leyti verið stemmt við þessu stigu. Að vísu eru ákvæðin nú þannig að fyrirtækin, sem keypt eru, þurfa að vera í skyldum rekstri. En enn eru þær reglur í gildi að fyrirtækin geta keypt tapfyrirtæki, pappírsfyrirtæki sem eru komin á hausinn, eiga ekkert nema nafnið og eitthvert gamalt tap sem menn þá bara kaupa og eiga svo til að jafna á móti tekjuskatti sem á þau er lagður.

Að vísu er það þannig og það er nokkuð til í því að í orðaskiptum, sem ég átti við framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins á einum fundi í efh.- og

viðskn., sagði ég sem svo: Ja, miðað við stöðu í íslensku atvinnulífi, sjávarútveginum sérstaklega, þá hefði ekki gert mikið til þótt tekjuskattsprósentan á fyrirtækjunum hefði bara verið óbreytt vegna þess að við erum ekki að hugsa um og við erum í raun og veru ekki að reyna að halda á lífi þeim fyrirtækjum sem borga tekjuskatt. Það er bara eitthvað langt, langt fyrir ofan það sem við þurfum að glíma við með þessum efnahagsráðstöfunum, að reyna að halda sjávarútveginum gangandi og öðrum útflutningsgreinum. Þá sagði sá vísi maður, að vísu er kannski ekki sanngjarnt að hafa slík orð eftir, en í grófum dráttum var hugsunin sú, að menn yrðu auðvitað að horfast í augu við það, svo nöturlegt sem það væri, að nýsköpunar, sóknar og uppbyggingar í fyrirtækjum væri í sjálfu sér ekki fyrst og fremst að vænta frá þeim fyrirtækjum sem berðust í bökkum, eða berðust fyrir lífi sínu, eðli málsins samkvæmt. Þar hugsuðu menn fyrst og fremst um að reyna að lifa af, halda sjó. Heldur væri það frá hinum fyrirtækjunum sem hefðu þokkalega afkomu og ættu afgang, ættu peninga til að gera eitthvað.

Út af fyrir sig er þetta alveg rökrétt hugsun. Og af því leyti til má spyrja sig að því hvort að þarna verði ekki að reyna að gera hvort tveggja, að skapa þeim fyrirtækjum sem þokkalega afkomu hafa möguleika til að ráðast í einhverjar framkvæmdir og byggja eitthvað upp en jafnframt gera einhverjar ráðstafanir sem auðvelda hinum lífsbaráttuna.

Þetta ætla ég, hæstv. forseti, að láta nægja um skattlagningu fyrirtækja enda fór hv. næsti ræðumaður á undan mér ítarlega yfir það. Ég tel sem sagt að niðurstaða meiri hluta efh.- og viðskn. sé þrátt fyrir allt frekar til bóta, það litla sem það er. Það er verið að reyna að klóra í bakkann. Undir forustu hv. formanns er af mikilli þrautseigju verið að reyna að koma einhverri glóru í þetta. En aðstæður voru mjög þröngar svo ekki sé meira sagt sem hv. form. hafði og hann megnar ekki frekar en aðrir að breyta því að mikið tjón hefur þegar hlotist af hringlandahættinum í þessum málum. Mikið tjón og mikil vitleysa. Og maður hefur þegar orðið var við að fólk sem í raun og veru hefur ekki verið að setja sig nákvæmlega inn í breytingarnar hefur þó náð að skynja það að þarna ætti að hverfa til baka í átt frá þessum hvötum sem við lýði hafa verið til að laða fjármagn inn í atvinnulífið og það er þessu fólki nóg. Það snýr sér þá að því að skoða aðra möguleika til að ávaxta sitt pund, ef það á eitthvert pund.

Aðeins svo um skattlagningu einstaklinga, hæstv. forseti. Og þó, áður en ég sleppi alveg fyrirtækjunum leyfi ég mér að benda hv. þm. á umsögn Vinnuveitendasambandsins um þessi skattamál. Hún er býsna fróðleg, komandi úr þeirri átt sem hún kemur. Ég hygg að þeir textar muni nokkuð í minnum hafðir þeim sem yfir þá hafa farið. Það er nokkuð óvenjulegt svo ekki sé meira sagt að sjá þar setningar þar sem jafnfast er að orði kveðið af hálfu umsagnaraðila eins og Vinnuveitendasambandsins svo sem á bls. 2 í umsögninni þar sem segir: „Tilgangurinn með lækkun arðsfrádráttar er torskilinn því að ekki getur verið um nema óverulega fjárhagslega hagsmuni ríkissjóðs að ræða. Vandfundin er önnur skýring á þessu slysi en hér sé á ferðinni vanhugsuð pólitísk málamiðlun sem einungis getur grundvallast á skilningsleysi á aðstæðum á fjármagnsmarkaði.“ Þetta eru nú nokkuð mörg og nokkuð sterk lýsingarorð í einni og sömu setninguni. (**VE:** Svo er ...að afgreiða slysið.) Það er svo annað mál að stundum er það þannig að menn verða að velja milli vondra kosta, hv. formaður. Og það er vel þekkt að mönnum er ætlað að velja á milli þess að þeir séu skotnir eða hengdir og þá kannski velja menn annaðhvort því þeir telja annað illu skárra en hitt. (Gripið fram í.)

En ég er nú fyrst og fremst að vekja athygli á því hversu þetta hefur komið við menn, hv. formaður. Ég hygg að þeir hjá Vinnuveitendasambandinu mundu ekki taka svona djúpt í árinni nema þeim þætti ærin ástæða til.

Ég ætla ekkert að fara út í pólitíkina á bak við þetta. Ég sé að vísu að Vinnuveitendasambandið er ófeimið við að nefna til sögunnar pólitískar málamiðlanir sem einhverjar skýringar þeirra á þessu slysi og þessum vanhugsuðu aðgerðum. En mér finnst það ekki síður merkilegt, hafandi í huga pólitíkina sem stundum hefur nú loðað við, að það væru nú greiðir gangvegir milli Vinnuveitendasambandsins og Sjálfstfl., ekki satt? Að þeir menn skuli senda hæstv. fjmrh. eða stjórnarmeirihlutanum þessar keðjur.

Um persónuafslátt einstaklinga og skattamál einstaklinga — eða manna, eins og það heitir nú víst í þessum textum og á ég frekar erfitt með að sætta mig við það, hæstv. forseti. Mér finnst þessi notkun á orðinu maður þó að það sé gamalt og gilt og gott og taki að sjálfsögðu til allra manna, jafnt karla sem kvenna samkvæmt gamalli fornri íslenskri málvenju þá finnst mér, þegar það beinist að greiningu, annars vegar milli manna og hins vegar annarra fyrirbæra eins og fyrirtækja eða dýra, að þá sé eins og verið sé að vitna til tegundaheitisins homo sapiens og það finnst mér hálfasnalegt í skattafrv. Ég hefði frekar talið að þarna ætti að koma einstaklingar. Vandinn mun vera sá að hugtakið einstaklingur er fyrir hendi í skattafræðum og merkir annan hlut.

En hvað um það. Menn skilja hvað átt er við. Það er skattlagning á tekjur fólks. Þar hafa í raun og veru gerst ævintýralegir hlutir, hæstv. forseti, eins og ég er þegar búinn að fara yfir að nokkru leyti og rakti í sambandi við barnabæturnar. En því miður er þar fleira á ferðinni og þá verður auðvitað að staldra við persónufrádráttinn sjálfan og hvernig hann er nú leikinn af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Það er auðvitað með miklum ólíkindum að við skulum standa frammi fyrir því að verið sé að lækka persónufrádráttinn í reynd, eða skattleysismörkin um hátt á þriðja þúsund krónur. En það er niðurstaðan. Það er niðurstaðan með nýjustu ákvörðunum hæstv. ríkisstjórnar eða meiri hlutans í efn.- og viðskn. Ef það verður samþykkt í fyrsta lagi gegnum hækkun skattprósentunnar úr 32,8% í 34,3% án þess að persónuafsláttur sé hækkaður á móti, þá lækka skattleysismörk úr 60.258 kr. niður í 58.073 kr., eða um rúmar 2.000

kr., 2.185 kr. Þetta er óumdeilanlegt. Það er verið að lækka skattleysismörkin með þessari aðgerð um á þriðja þúsund kr. og hver hefði trúað því að við stæðum hér frammi fyrir því að skattleysismörk einstaklinga væru að lækka um á þriðja þús. kr. um áramótin 1992–1993 miðað við öll loforð og allt sem á undan er gengið?

Fyrir ári síðan, bæði í desember og í janúar, vorum við í þessum ræðustóli að gagnrýna það og harðlega sumir, þar á meðal ræðumaður, að skattleysismörkin væru ekki færð upp til verðlags um þau áramót. Þá vorum við þó eingöngu að gagnrýna að þau stóðu í stað í krónutölu. Nú eru þau að lækka um 2.185 kr. þangað til í fyrrinótt. Þá var enn bætt um betur og ákveðið að lækka þau um 400 kr. í viðbót með sérstakri ákvörðun í efh.- og viðskn. í staðinn fyrir að falla að vísu frá skerðingu barnabóta. Hver er þá staðan orðin? (Gripið fram í.) Ég hef miklar efasemdir um að það sé mjög gott. Það er þetta sem ég sagði áðan, hv. þm., hvort menn vilja heldur láta skjóta sig eða hengja, berja sig eða hýða. Ég geri ekki mikinn greinarmun á því. Það getur vel verið að af einhverjum ástæðum finnist öðrum mönnum þetta mismunandi kostir en ekki mér.

Niðurstaðan er sú, ef ég hef náð að reikna þetta rétt, að skattleysismörkin sem voru 60.258 kr. fara niður í 57.673 kr. og hafa þá lækkað um 2.585 kr. á mánuði. Þetta er auðvitað alveg ævintýraleg niðurstaða og mun leiða til þess ein og sér að ráðstöfunartekjur lágtekjufólks við skattleysismörkin lækka um 1,5% eða reyndar meira því þá á eftir að taka 400 kr. inn í dæmið og um sennilega milli 1,6 og 1,7% og um 2% hjá fjölskyldum með meðaltekjur.

Ég fékk svo, hæstv. forseti, þetta blað frá fjmrn. sem ég var að tala um áðan þar sem framkvæmdur er sá framreikningur persónuafsláttarins sem ég hafði beðið um. Fljótt á litið, þó að ég hafi eðli málsins samkvæmt ekki haft mikinn tíma til að athuga það blað, sýnist mér það býsna merkilegt. Það kemur t.d. í ljós, sem ég þóttist vita og er e.t.v. ástæðan fyrir því að þetta blað virtist vera nokkurt feimnismál og gekk mjög seint að ná því fram í dagsljósið, að í gegnum þá framkvæmd að persónufrádrátturinn var ekki færður upp um síðustu áramót og síðan hækkaði lánskjaravísitala um 3,4% á fyrra helmingi ársins 1992, átti sér stað veruleg raunskerðing á persónufrádrættinum. Persónufrádrátturinn á tímabilinu janúar til júní 1992 var 23.922 kr. á mánuði sem þýðir að þessi skattleysismörk um 60 þús. kr. sem ég var að nefna áðan. En hann hefði þurft að vera til að halda raungildi sínu miðað við hækkun lánskjaravísitölu 25.091 kr. Þar kemur það auðvitað fram, sem gagnrýnt var um síðustu áramót, að til þess að halda raungildi sínu hefði þurft að hækka persónufrádráttinn um áramótin um a.m.k. helming af áætlaðri hækkun lánskjaravísitölunnar yfir tímabilið til þess að hann héldi nokkurn veginn raungildi sínu gagnvart þeim launum sem greidd væru. Í grófum dráttum er það væntanlega þannig, hæstv. fjmrh.

Það sama verður á ferðinni nú. Að vísu byggja áætlanirnar að sjálfsögðu á engum launabreytingum, þar með talið minni verðlagshækkunum, minni hækkun lánskjaravísitölu, en ella verða ef launin hækka. Í raun og veru er því með þessu verið að tryggja það að persónufrádrátturinn skerðist um þær launahækkanir sem menn kynnu að ná í samningum á tímabilinu. Þetta er svo að vísu fært upp til verðlags miðað við lánskjaravísitölu í júlí ár hvert, eins og tilhögunin er nú, en þá hafa menn tapað hálfu árinu. Þá er helmingurinn af árinu búinn og persónufrádrátturinn hefur þá verið lægri sem verðlagshækkununum yfir tímabilið hefur numið.

Þó að þetta virki kannski ekki mjög stórt og sérstaklega ekki ef verðlagsbreytingarnar eru litlar, þá er þetta ekki mikið tiltökumál og alla vega ekki borið saman við þá árás á persónufrádráttinn sem felst í ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar nú, munar þó engu að síður um þetta og mundi sérstaklega gera ef einhverjar umtalsverðar launabreytingar yrðu á árinu.

Hæstv. forseti. Það er kannski ekki ástæða til þess að fara mikið fleiri orðum um þetta. Þetta mál liggur alveg kristaltært fyrir. Það er auðvitað alveg ljóst að hæstv. ríkisstjórn velur leið sem er hárbeitt gagnvart lífskjörum fólks með lágar tekjur. Það er engin ein aðferð eins virk til þess að skerða kjör yfir alla línuna hjá öllu venjulegu launafólki eins og sú að lækka persónufrádráttinn. Guð minn góður. Það er nánast sú beittasta aðferð sem til er í því sambandi ef menn vilja breyta skattstiganum neðan frá.

Ég ætla ekki út í miklar rökræður um það hvort af tvennu illu sé betra að hætta hina sértæku skattlagningu á barnafjölskyldurnar og fara út í þessa aðgerð. Í mínum huga eru þetta tveir nokkurn veginn jafnslæmir kostir. Það er ekki hægt að ætlast til þess og maður á ekki að láta það gerast að manni sé stillt upp við vegg og boðið að velja um slíkt. Ég er einfaldlega á móti þessu hvoru tveggja. Ég hefði talið að þessa fjár ætti að afla og væri auðvelt að afla með miklu sanngjarnari hætti en þessum. Og ég verð að segja alveg eins og er að ég er gersamlega hættur að skilja nokkurn skapaðan hlut hvað hæstv. ríkisstjórn er að fara því að ef ég reyni að horfa á þetta pólitískt eða taktískt, þá spyr ég mig að því, hvers vegna í ósköpunum gera mennirnir þetta svona? Af hverju taka þeir á sig allar þessar óvinsældir sem hljóta að verða af þessum aðgerðum, mér liggur við að segja fyrir svona lítið, hafandi ekki upp úr þessu nema í þessu tilviki 500 millj. kr.? Það hlýtur að verða aðgerð sem stingur alveg rosalega í augu almennings í landinu að færa niður persónufrádráttinn með þessum hætti. Ég get eiginlega ekkert annað gert, þó að þeir eigi hana ekki skilið, en að votta hæstv. ráðherrum samúð mína með þau ósköp að sitja uppi með þetta.

Áður en ég skil alveg við þetta, hæstv. forseti, vil ég láta þess getið að ég ætla svo í lokin þegar ég hef farið yfir þessi einstöku atriði frv. fara yfir í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar og reyna að koma þessu í eitthvert samhengi, ef ske kynni að hægt væri, við skattastefnu hæstv. ríkisstjórnar því að ég held að það sé að verða full þörf á því að lýsa eftir því hver stefna hæstv. ríkisstjórnar í þessum málum er. Eða er það

bara orðið þannig að ríkisstjórnin ætlist til þess að menn horfi á það grímulaust að stefnan sé búin til með þessum handabakavinnubrögðum og skyndiákvörðunum sem einkennt hafa störfin undanfarna daga? Er það sú vinna við stefnumótun í skattamálum sem hæstv. forsrh. telur vera væntanlega til eftirbreytni og vinnubrögð sem unnt sé að aðrir geti lært af? En eins og kunnugt er hefur hæstv. forsrh. gert talsvert af því að segja okkur hv. þm. til, hæstv. forseti, kenna okkur hvað væru rétt og hvað ekki rétt vinnubrögð á hinu háa Alþingi og við hljótum því að líta svo til að þegar hann segir okkur til, stjórnarliði í hæstv. ríkisstjórn og hv. stjórnarmeirihluta, þá sé það sýnikennsla í faglegum og fínum vinnubrögðum. Væntanlega á það að vera svo, hinn mikli skólastjóri, hæstv. forsrh.

Ég vísa, hæstv. forseti, til umsagnar Alþýðusambands Íslands um skattafrv. þetta þar sem hagdeild Alþýðusambandsins hefur farið nokkuð rækilega yfir áhrifin á einstaklinga og fjölskyldur og ég held að það sé ágætis úttekt. Það ber að vísu að taka fram að Alþýðusambandið hafði til umsagnar frv. sjálft, þ.e. þá útgáfu sem í frv. er, og hefur væntanlega ekki enn haft tóm til að skoða hvernig breytingarnar koma við þeirra umbjóðendur.

Ég ætla þá, hæstv. forseti, að fara aðeins út í virðisaukaskatt á ferðaþjónustu og nokkra aðra liði sem þar eru undir. (**Forseti:** Forseta dettur í hug hvort það séu kannski heppileg kaflaskipti hjá hv. þm. í ræðunni vegna þess að gert er ráð fyrir atkvæðagreiðslu kl. 3.30 (**Fjmrh.:** Búinn með formálann.) eða hvort hv. þm. er kominn að lokum sinnar ræðu. Nú er forseti ekki dómbær á það.) Mér heyrist hæstv. fjmrh. vera dómbær á það í frammíkalli sínu og telur að ég sé búinn með formálann og við getum þá vel haft það svo. Ef hæstv. fjmrh. vill líta á þetta sem formála eingöngu, þá skal ég reyna að gera honum það til geðs að fylla þá inn í aðalkaflann. (**Forseti:** Forseti biður hv. þm. að taka frekar til greina það sem forseti var að spyrja um heldur en frammíköll utan úr sal.) Ég er að sjálfsögðu, hæstv. forseti, fús til að gera hlé á máli mínu hvenær sem hæstv. forseti óskar ef það er til hægðarauka við störfin og mig rekur minni til þess að forseti hafði boðað atkvæðagreiðslu. Það væri hentugt að hún færi fram. Ég tek það þá svo að það hafi tekist að berja hingað nægilega marga stjórnarliða til að stjórnin leggi í atkvæðagreiðsluna og mun að sjálfsögðu gera hlé á máli mínu ef það er það sem forseti fer fram á til þess að atkvæðagreiðslan geti farið fram. (**Forseti:** Forseti þakkar hv. þm. fyrir lipurðina.)

Umræðu frestað.

Fjáraukalög 1992, frh. 2. umr.

Stjfrv., 140. mál. — Þskj. 161, nál. 402 og 407, brtt. 403.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (AÓB, AKS, GB, GHelg, HÁ, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, RA, SÞór, StH, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (EH, FI, GÁ, HBl, HG, JBH, ÓE, ÓÞÞ, PP, RG, StG, SvG) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (AÓB, AKS, GB, GHelg, HÁ, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, RA, SÞór, StH, SJS, VS) greiddu ekki atkvæði.

11 þm. (FI, GÁ, HBl, HG, JBH, ÓE, ÓÞÞ, PP, RG, StG, SvG) fjarstaddir.

Brtt. 403,1 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, JóhS, JGS, JónK, JónS, KSG, KÁ, LMR, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (AÓB, ISG, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KE, ÓRG, RA, SJS, VS) greiddu ekki atkvæði.

11 þm. (FI, GÁ, HBl, HG, JBH, ÓE, ÓÞÞ, PP, RG, StG, SvG) fjarstaddir.

Guðrún Helgadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Minni hluti hv. fjárln. kýs að sitja hjá við afgreiðslu liðar 02-872 sem varðar Lánasjóð ísl. námsmanna. Þar er tillaga um að lækka framlag til sjóðsins um 220 millj. kr. sem sjóðstjórnin telur sig ekki þurfa að nýta. Minni hlutinn telur ekki einungis raunalegt að harkaleg lagasetning skuli hafa skert kjör námsmanna að því marki að þeim hefur fækkað um 700 eða um 8% á einu ári heldur þykir minni hlutanum þetta beinlínis hættuleg þróun. Til viðbótar hinum nýju lögum hefur nýskipuð sjóðstjórn fengið nær óskorað vald til setningar reglna sem herða svo að námsmönnum að ástæða er til að óttast að þeim fækki enn, ekki síst þeim sem hafa fyrir fjölskyldum að sjá. Minni hluti hv. nefndar telur að hér sé vegið að þekkingu og rannsóknum í landinu og slíkt athæfi eigi eftir að koma niður á afkomu þessarar þjóðar í framtíðinni. Við eftirlátum því meiri hluta nefndarinnar að bera ábyrgð á þessum aðgerðum. Við höfum varað við þeim án þess að á okkur hafi verið hlýtt og kjósum því að sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

3. gr., liður 02-872, samþ. með 31:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, PJ, SalÞ, SigG,

SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: KHG, RA.
20 þm. (AÓB, AKS, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, ÓRG, PP, SÞór, StH, SJS, VS) greiddu ekki atkvæði.
10 þm. (FI, GunnS, HBl, HG, JBH, ÓE, ÓÞÞ, RG, StG, SvG) fjarstaddir.

3. gr., liður 03-310, samþ. með 33:9 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, AKS, GHelg, JVK, KHG, KE, PP, RA, SJS.
13 þm. (GB, GÁ, HÁ, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KÁ, ÓRG, SÞór, StH, VS) greiddu ekki atkvæði
8 þm. (FI, HBl, HG, JBH, ÓÞÞ, RG, StG, SvG) fjarstaddir.

Brtt. 403,2–11 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, IBA, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
7 þm. (GÁ, HÁ, JÁ, KHG, KE, StH, SJS) greiddu ekki atkvæði.
8 þm. (FI, HBl, HG, JBH, ÓÞÞ, RG, StG, SvG) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
22 þm. (AÓB, AKS, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SÞór, StH, SJS, VS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (FI, HBl, HG, JBH, ÓÞÞ, RG, StG, SvG) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GHelg, GunnS, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
21 þm. (AÓB, AKS, GB, GÁ, HÁ, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SÞór, StH, SJS, VS) greiddi ekki atkv.
8 þm. (FI, HBl, HG, JBH, ÓÞÞ, RG, StG, SvG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (PP, RA, StH) greiddu ekki atkv.
10 þm. (FI, GÁ, HBl, HG, JGS, JBH, ÓÞÞ, RG, StG, SvG) fjarstaddir.

Umboðssöluviðskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 125. mál (EES-reglur). — Þskj. 145, nál. 409, brtt. 410 og 428.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 410,1 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (AÓB, PP, RA) greiddu ekki atkv.
8 þm. (FI, HBl, HG, JBH, ÓÞÞ, RG, StG, SvG) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (AÓB, PP) greiddu ekki atkv.
8 þm. (FI, HBl, HG, JBH, ÓÞÞ, RG, StG, SvG) fjarstaddir.

2.–7. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 428 samþ. án atkvgr.
8. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
9. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 410,2 samþ. án atkvgr.
10. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 410,3 samþ. án atkvgr.
11. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
12. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 410,4 (ný 13. gr.) samþ. án atkvgr.
14.–15. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 410,5 samþ. án atkvgr.
16. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 410,6 samþ. án atkvgr.
17. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 410,7 samþ. án atkvgr.
18. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 410,8 samþ. án atkvgr.
19. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
20.–22. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (PP) greiddi ekki atkv.
7 þm. (HBl, HG, JBH, ÓÞÞ, RG, StG, SvG) fjarstaddir.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 222. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 487.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (HBl, HG, JBH, ÓÞÞ, PJ, RG, StG, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 509).

Eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, 3. umr.

Stjfrv., 78. mál (EES-reglur). — Þskj. 488.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (AÓB, JVK) greiddu ekki atkv.
7 þm. (HBl, HG, JBH, ÓÞÞ, RG, StG, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 510).

Skattamál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 286. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 417, nál. 489 og 495, brtt. 490.

Steingrímur J. Sigfússon (frh.):

Hæstv. forseti. Ég held þá áfram máli mínu. (**Forseti:** Forseti vill vekja athygli á því að fundinum er hreint ekki lokið. Það eru að hefjast hér umræður að nýju.) Það er rétt hjá forseta, fundinum er ekki lokið. Ég held þá áfram máli mínu, hæstv. forseti. Ég hafði rétt rúmlega lokið við formála ræðu minnar eins og hæstv. fjmrh. var svo vinsamlegur að vekja athygli á. Út af fyrir sig get ég boðið hæstv. fjmrh. upp á að endurtaka formálann ef hann hefur áhuga á að heyra hann aftur og væri mér það ljúft og skylt. En í öðru lagi ætlaði ég að snúa mér að því að ræða álagningu virðisaukaskatts á nokkrar greinar, ferðaþjónustu, bækur og húshitun og þætti nú vænt um að þeir hæstv. ráðherrar sem eiga eitthvað undir í þessum málum yrðu hér viðstaddir fyrir utan hæstv. fjmrh. ef forseti vildi vera svo vænn að gera hæstv. samgrh. aðvart um það að málefni ferðaþjónustunnar séu hér komin á dagskrá. E.t.v. væri einnig áhugavert fyrir einstaka hv. alþm. af landsbyggðinni að dvelja stundarkorn við að skoða hvaða áhrif upptaka virðisaukaskatts á fargjöld innan lands í innanlandssamgöngum hefur á verðlagningu þeirrar þjónustu. Svo vill til að ég útvegaði mér upplýsingar um það í morgun hvað kosti t.d. að ferðast með flugvélum á helstu flugleiðum innan lands og hvernig þeirri verðlagningu verði orðið háttað þegar hvorar tveggja verða komnar til framkvæmda, hækkanir sem boðaðar hafa verið nú um næstu áramót og ... (**Forseti:** Forseti vill fá hljóð í salnum.) Já, ræðumaður væri auðvitað feginn því líka ef það yrði hljóð í salnum, hæstv. forseti. En það standa margir litlir fundir úti í salnum og aðalatriðið er nú að þeir fari fram í hljóði.

En ef menn hafa t.d. áhuga á að vita hvað það kostar að fljúga frá Reykjavík til Þórshafnar í dag og þá er flugleiðin gjarnan þannig að flogið er til Akureyrar og skipt þar um vél og haldið áfram, þá er fargjald fram og til baka 17.350 kr. 17.350 kr. kostar það íbúa á Þórshöfn að fara suður, t.d. til lækninga eða í einhver önnur erindi, og til baka. Nú liggur fyrir samþykkt hækkun í innanlandsflugi upp á 4% um næstu áramót og kemur hún til framkvæmda. Þá verður fargjaldið á þessari flugleið orðið rúmar 18 þús. kr., 18.044 kr. nánar reiknað. Nú skulum við segja að virðisaukaskatturinn komi til framkvæmda að óbreyttu verði og samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið frá Flugleiðum, munnlega að vísu, en þar er unnið að því að taka saman greinargerð um þetta mál, þá mun þurfa

að hækka fargjöld í innanlandsfluginu um nálægt 8% við upptöku 14% virðisaukaskatts. Það var a.m.k. mat forstjóra Flugleiða þegar við ræddum um þessi mál nýlega. Þá skulum við reikna 8% hækkun í viðbót ofan á þetta rúmlega 18 þús. kr. fargjald frá Þórshöfn til Reykjavíkur og til baka og þá er það komið í tæpar 19.500 kr.

Ef við tökum aðra flugleið, með þeim lengri í landinu, Reykjavík–Egilsstaðir, þá er fullt fargjald þar í dag 15.390 kr., verður rúmar 16 þús. kr. eftir hækkunina um áramótin og fer í 17.280 kr. með 8% hækkun vegna virðisaukaskatts þegar þar að kemur. Nú skulum við taka eina flugleið enn sem er að vísu ekki mjög fjölfarin eða stór, en þarf þó einstöku sinum að leggja undir sig að mér skilst. Það er flugleiðin Reykjavík–Breiðdalsvík. Samkvæmt verðtöflum hjá einni söluskrifstofu í borginni í morgun kostar það í dag 18.350 kr. að fljúga Reykjavík–Breiðdalsvík með áætlun sem er þrisvar í viku. Nú hækkar þetta um 4% um áramótin og þá fer það í 19.084 kr. sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, eða Alþingi fyrir hans hönd, má reiða fram í hvert skipti sem hann flýgur fram og til baka flugleiðina Reykjavík–Breiðdalsvík. (**Gripið fram í:** Glasgow-verð.) Það er Glasgow-verð. Bætum svo 8% hækkun við vegna virðisaukaskattsins og þá mun flugfarið milli Reykjavíkur og Breiðdalsvíkur fram og til baka kosta 20.610 kr. (**Gripið fram í:** Það borgar sig að fara til Glasgow.) Halda menn virkilega að þetta sé þjónusta sem megi við verðhækkun af þessu tagi? Um 1.500 kr. hækkun eins og þetta er orðið ef 8% leggjast ofan á rúmar 19 þús. kr. sem flugfargjaldið þarna verður um áramótin. (**GunnS:** Hefurðu prófað að keyra?) Ég hef að vísu oft ekið þessa leið hv. þm., frammíkallandi og vígður maður, 5. þm. Austurl. En ég hef þó grun um það að menn neyðist til þess, ef svo má að orði komast, af og til að nota sér flugþjónustuna, m.a. þegar vetrarveður geisa eins og nú er og færð er vond eða aldrað fólk sem ekki leggur á sig langa bílferð, kannski við erfiðar aðstæður, þarf að leita sér lækninga og annað slíkt. Eða fólk sem á ekki bíl. Við skulum horfast í augu við það að þó svo þarna sé um litlar flugleiðir að ræða þá er mjög mikilvægt að unnt sé að halda þessari þjónustu uppi. Ég þykist hafa þá þekkingu á þessum málum að ég leyfi mér að fullyrða að þetta mun drepa innanlandsflugið á fjölmörgum flugleiðum ef svo heldur sem horfir. Það hefur ekki verðþol til að taka á sig þessa hækkun í viðbót. Það er þegar of dýrt og þegar hækkanirnar núna um áramótin bætast við og 8% hækkun ef hún verður svo vegna virðisaukaskatts, þá er þetta komið upp úr því sem nokkur von er til þess að ætla að þessi rekstur þoli. Hann er þegar mjög veikur fyrir.

Við getum tekið líka þá hækkun á annarri flugleið sem er sú stærsta innan lands, leiðin Reykjavík–Akureyri–Reykjavík. Einhverjir okkar muna það kannski að það kostar 11.610 kr. að fljúga þar á milli í dag. Eftir áramótin fer það væntanlega í rúmar 12 þús. kr. og í rúmar 13 þús. kr. eftir að virðisaukaskatturinn hefur verið lagður ofan á ef áhrif hans verða um það bil þau sem Flugleiðamenn meta nú í dag. Ég spyr ykkur að því, telja menn virkilega líklegt að það verði mikið flug á flugleiðinni Reykjavík–Breiðdalsvík þegar fargjaldið þar verður komið yfir 20 þús. kr.? Það er allmikið undir þeim tilboðsverðum sem ferðaskrifstofur og flugfélög hafa verið að bjóða til erlendra stórborga núna fyrir áramótin. Við getum líka velt því fyrir okkur hvað þetta þýðir fyrir ýmiss konar umsvif og samtengingu í viðskiptum hér innan lands að samgöngumátinn er orðinn svona dýr. Ekki styrkir það samkeppnisstöðu íslenskrar verslunar eða íslenskrar framleiðslu að það sé orðið svona okurdýrt að komast á milli staða í landinu.

Ef við lítum á vegina þá er það þannig, hv. 5. þm. Austurl., af því að kallað var fram í og spurt af hverju maður færi ekki á bíl, að það eiga nú ekki allir bíl. Allmargir eru að reyna að nota sér almenningssamgöngur annaðhvort í lofti eða á láði og þá skulum við líta á það hvað kostar að fara með rútum. Milli Reykjavíkur og Akureyrar er fullt fargjald aðra leiðina 3.300 kr., á þessari leið er víst eitthvert tilboð ef farið er fram og til baka. En ef útkoman hjá sérleyfishöfunum verður svipuð og hjá flugfélögunum, þ.e. að af þessum 14% þurfi um 8% að birtast í hækkun fargjalda þá mun fargjaldið fara á þessari leið í 6.480 kr. Ef við tökum lengri áætlunarleið sem er t.d. Reykjavík–Höfn, þá er fullt fargjald þar 3.500 kr., fram og til baka 7 þús., fer í 7.560 kr. Ef við tökum enn lengri leið sem er hægt að fara með áætlunarbílum á sumrin sem er leiðin Reykjavík–Höfn–Egilsstaðir þá er fargjaldið þannig samsett á þeirri leið að það eru 3.500 til Hafnar og 2.270 í viðbót til Egilsstaða, samtals 11.540 kr. báðar leiðir, Reykjavík–Höfn–Egilsstaðir, EgilsstaðirHöfn–Reykjavík, og þegar virðisaukaskatturinn kæmi ofan á er fargjaldið komið í 12.463 með rútu milli Reykjavíkur og Egilsstaða fram og til baka. Það er að verða næstum því jafndýrt að fara með rútu frá Reykjavík til Egilsstaða miðað við þetta og kostar að fljúga til erlendra stórborga miðað við tilboðsverðin þar í haust. Ef ferðalangur ætlar að nýta sér þessa þjónustu og fara með fjörðunum þá er það líka hægt samkvæmt áætlunarleiðum yfir sumartímann og þá er þetta þannig að Reykjavík–Höfn–Egilsstaðir með fjörðum er um 3.500 á Höfn, 2.940 áfram til Egilsstaða. Það gera 12.880 kr. báðar leiðir og með virðisaukaskatti 13.910 kr. eða tæpar 14 þús. kr. Ég segi það við ykkur að þetta er ekki verðlagning sem þolir 14% virðisaukaskatt. Ég hef ekki aflað mér upplýsinga og væri þó vel til fundið að ræða hvað kostar fara t.d. með Herjólfi fram og til baka en það mun að sjálfsögðu hafa sín áhrif þar eins og annars staðar að leggja þetta ofan á. Það er alveg ljóst að virðisaukaskatturinn kemur hlutfallslega þungt við flutningsaðilana. Það verður án efa nokkuð mismunandi hvernig hann kemur út fyrir hinar einstöku greinar ferðaþjónustunnar og það hefur reyndar komið fram í mati Þjóðhagsstofnunar sem unnið hefur verið fyrir efh.- og viðskn. Það er alveg ljóst að vegna samsetningar útgjalda í þessum rekstri leggst hann tiltölulega þungt á fargjöldin og ég vísa aftur í það mat Flugleiðamanna eins og það stendur um þessar mundir að það muni þurfa að hækka

flugfargjöldin í innanlandsfluginu um 8% við þessa breytingu.

Ég vil spyrja hv. þm. stjórnarliðsins sem koma af landsbyggðinni: Hafa þeir engar efasemdir um þessa aðgerð? Er það virkilega svo að menn séu tilbúnir til þess að skella þessari hækkun ofan á flugfargjöldin? Ég minni á það að á sínum tíma var tekinn upp flugvallarskattur þegar felldur var niður söluskattur af fargjöldum í innanlandssamgöngum og ef menn ætla nú að skella á þetta virðisaukaskatti án þess að gera neinar aðrar ráðstafanr, þá eru menn í raun og veru enn að þyngja skattlagninguna á þessa grein.

Það er líka ljóst að þau flugvallargjöld og þau gjöld sem til komu, t.d. vegna flugmálaáætlunar á sínum tíma og voru hér lögfest í tíð Matthíasar Bjarnasonar, hv. 1. þm. Vestf. sem samgrh., lögðust þungt á þessa grein og það vissu menn. En menn höfðu sér það til réttlætingar að það var mjög rík þörf fyrir uppbyggingu á þessu sviði og hún er nú í gangi. En hún hefur kostað álögur á greinina. Það vitum við öll og hefur gert það að verkum að flugið er dýrara en ella því að annars lendir þessi kostnaður á notendunum, hann getur endað annars staðar. Ég held að menn séu að fara í hreinar ógöngur og mér er til efs að þessi skattstofn ríkisins eða ríkisstjórnarinnar verði jafnbreiður og ætla má þegar áhrifin af þessu verða komin fram því að það hlýtur að verða stórkostlegur samdráttur ef ekki hrun í innanlandsfluginu og öðrum innanlandssamgöngum á fjölmörgum leiðum sem þegar standa mjög höllum fæti fyrir.

Ég tek eftir því að stjórnarliðar hverfa úr þingsalnum hver á fætur öðrum og það er þó ein hetja hér eftir, hv. 5. þm. Austurl., og ber að virða það. En þeir eru ekki að verða margir og tæmdumst úr salnum jafnóðum og þetta umtalsefni var tekið upp. Hvort það vitnar um sérlega vonda samvisku eða kæruleysi eða þeir séu roknir út til að kaupa sér flugfarseðla áður en þeir hækka skal ósagt látið, en mér finnst það dapurlegt ef menn geta a.m.k. ekki staldrað við þetta tiltekna atriði því að nú er það svo að tæknilega er ekkert því til fyrirstöðu að undanþiggja t.d. fargjöldin í fólksflutningum innan lands, ekki nokkur skapaður hlutur. Ég vek athygli á því að einni grein flutninga er ætlað að vera undanþegin og það er leiguakstur eða fargjöld með leigubifreiðum. Þar voru m.a. færð þau rök að erfitt væri að hafa eftirlit með því en ekki sanngirnis- eða réttlætisrök eða efnisrök af öðru tagi. Ég held að þau séu fyrir hendi a.m.k. hvað flugfargjöldin snertir og reyndar held ég einnig á flutningum á landi og sjó. Ég held að þetta sé bara einfaldlega ekki skynsamlegur skattstofn og langt frá því að leggja þetta ofan á fargjöldin.

Auðvitað er enginn vafi á því að þetta er eitt af því sem hefur mjög mikil áhrif og varðar aðstöðumun fólksins í landinu hvað lífskjör snertir. Það er óhemjukostnaður við samgöngur hjá því fólki sem afskekktast býr í landinu. Það væri auðvelt að setja hér upp dæmi t.d. fyrir fjölskyldu á norðausturhorni landsins sem þarf að koma börnum sínum til og frá skóla og í frí hér í Reykjavík og reikna það út að þessi hækkun ein og sér og hleypur það á mörgum, mörgum þúsundum kr. ef ekki tugum þúsunda, bara virðisaukaskatturinn ofan á þessi fargjöld. Við skulum nú hugsa okkur að fimm manna fjölskylda á Breiðdalsvík sé með þrjú börn í skóla hér á höfuðborgarsvæðinu og sendi þau með flugi vor og haust og jólaleyfi og jafnvel páska. Fargjaldið er komið í yfir 20 þús. kr. Hvernig eiga menn að kljúfa svona lagað?

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort það hefur nokkuð upp á sig að reyna að vekja athygli á þessu. Kannski talar maður algerlega fyrir daufum eyrum en það eru nokkur tíðindi fyrir mig ef þingmenn af landsbyggðinni eru svo heillum horfnir. Auðvitað verð ég að játa að ég er þá ekki síst að beina orðum mínum til þeirra sem koma úr stjórnarliðinu að þetta komi ekkert við þá og þeir verði ekkert hugsi yfir þessu. Hvað segir þá t.d. hv. þm. og formaður efh.- og viðskn., Vilhjálmur Egilsson? Nú veit e.t.v. hv. þm. að flug á Sauðárkrók á undir högg að sækja. Sumpart af eðlilegum ástæðum vegna þess að bættar samgöngur á landi veita fluginu harða samkeppni. En hv. þm. veit væntanlega líka að þessi samgöngumáti er eftir sem áður mjög mikilvægur fyrir viðkomandi byggðarlag. Það er geysilega mikilvægt fyrir Skagafjörð að hafa greiðar og góðar samgöngur við höfuðborgina þó að flutningarnir séu eitthvað minni en áður var á meðan vegirnir voru verri. (**Gripið fram í:** Okkur vantar millilandaflugvöll.) Ég tala nú ekki um ósköpin, en ekki hefðu menn meiri not fyrir hann ef enginn væri farinn að nota flugið. Þá stæði hann sem heldur háðulegt minnismerki um fjárfestingarmistök er ég hræddur um, hv. þm., ef aldrei kæmi þar nein flugvélin eða farþeginn. Ég held að líka sé ástæða til að horfa á það að flugið á í vörn á ýmsum svæðum. Og ég segi aftur, það er sumpart eðlileg þróun sem á ekki að reyna að snúa við þegar vegirnir batna en að hinu leytinu er mikilvægt að reyna að verja þessa þjónustu og tryggja að hún sé til þar sem er grundvöllur fyrir hana á annað borð, að aðgerðir af þessu tagi geta haft mikil áhrif á slíkt. En í öðrum tilvikum er um lífsnauðsynlegar og óumflýjanlegar samgöngur að ræða við afskekktustu byggðarlög landsins. Það er ósköp einfaldlega ekki kostur á öðru en að nota flugið stóran hluta ársins. Þar má taka sem dæmi Vestfirðina sem eru geysilega háðir flugi allan vetrartímann. Nánast einu mögulegar samgöngur fyrir almenning eru með fluginu mikinn hluta vetrartímans. Menn hafa kannski séð það í blöðunum að einstöku Vestfirðingar koma sér suður í jólafrí með því að húkka far með togurum sem eru á leið í slipp. En það leysir ekki vanda fjöldans. Byggðarlög eins og á norðausturhorni landsins, tökum Vopnafjörð sem dæmi, þar sem er svipað flugfargjald og á Breiðdalsvík. Ætli flugfargjald með virðisaukaskatti fari ekki í um 20.000 kr. á Vopnafjörð? Það byggðarlag er auðvitað mjög háð flugi. Það hefur að vísu þolanlegar samgöngur með sjó um Norðurland. En það er orðin geysilega löng leið, á níunda hundrað km með ströndinni fyrir Vopnfirðinga að koma sér til Reykjavíkur. Það er nokkurt ferðalag fram og til baka. Hátt í 1.800 km og menn leggja ekki upp í það bara svona að

gamni sínu á smábílum um hávetur.

Ég vona, hæstv. forseti, að útlistun mín á þessum þætti málsins hreyfi við einhverjum. Mér finnst dálítið merkilegt að ekki skuli hafa komið til umræðu fyrr hvað menn eru að hugsa sér með því að leggja virðisaukaskatt ofan á fargjöldin í innanlandssamgöngum. Ég held að það sé alveg óskaplegt glapræði og næstum því eins vitlaust og það sem ég ætla að koma að næst en það er að leggja virðisaukaskatt á húshitun. Ég held þó að ég verði að segja að af tveimur vitlausum skattstofnum þá sé húshitunin enn vitlausari en flugfargjöldin. Þó veit ég ekki hvort það má ekki færa nokkurn vegin sömu rök fyrir því með flugfargjöldin að þar sé um sértæka og mjög ósanngjarna skattlagningu að ræða því að talsverður hluti landsmanna er þannig í sveit settur að hann kemst algerlega af án þessa útgjaldaliðar, hann er algerlega laus við hann. En annar hluti landsmanna situr uppi með hann og á ekki annan kost en að greiða hann.

En hvernig er þetta með húshitunina? Virðisaukaskattur ofan á hana verkar í raun og veru eins og öfugur tekjuskattur. Ég segi: Hæstv. ríkisstjórn getur alveg eins tekið upp öfugan tekjuskatt sem er þannig úr garði gerður að menn borgi þeim mun meira sem tekjurnar eru lægri eins og að skattleggja húshitun. Vegna þess að þeim mun meira sem menn hafa þegar borgað í kostnað við að hita upp húsnæði sitt þeim mun meira eiga þeir að borga í skattinn. Hver er þá orðinn munurinn á því að menn borguðu bara hreinlega öfugan tekjuskatt, þeim mun meira sem menn hefðu minni tekjur? Ég sé ekki annað en að það komi mjög svipað út. Við í efh.- og viðskn. létum draga að nokkrar upplýsingar um þetta atriði, m.a. dæmi um það hvort ekki væri hægt að leggja þennan skatt á með einhverjum skynsamlegri hætti ef menn ætluðu út í það á annað borð. Ég tel í raun að við höfum fengið gögn sem sýna að ef menn ætla í þessa skattlagningu á annað borð þá er a.m.k. hægt að gera það með gáfulegri hætti en hæstv. ríkisstjórn leggur til. Þ.e. tryggja það að almenningur í landinu borgi þetta með jafnari hætti en ella. Skattstofninn eins og hann er í dag er auðvitað svo geysilega mismunandi að hann verður bersýnilega ósanngjarn. Þannig eiga t.d. samkvæmt tillögu ríkisstjórnarinnar íbúar á þeim svæðum sem lægstan hafa hitunarkostnaðinn, við getum tekið dæmi af Húsavík og Flúðum, að greiða tiltölulega lága upphæð í þennan skatt eða 2.800 kr. á Flúðum, 3.400 kr. á Húsavík á sama tíma og íbúar Hvammstanga eiga að greiða á sjöunda þúsund í skattlagningu til viðbótar kostnaði sem er á hverju ári upp á 50–60.000 kr. fyrir að hita húsnæðið. (**Gripið fram í:** Þetta er nú ekki sanngjarn samanburður.) Samkvæmt þeim töflum sem við höfum, hv. þm., og komu frá iðnrn. að beiðni efh.- og viðskn. eða einstakra nefndarmanna þar. Það er best að fara yfir þetta með hv. þm. Þá borga íbúar á Flúðum 20.000 kr. á ári fyrir að hita tiltekna samanburðaríbúð og eftir þessari fínu endurgreiðsluformúlu sem ríkisstjórnin kom sér væntanlega ofan á þá fá þeir að sjálfsögðu ekkert endurgreitt. 14% virðisaukaskatturinn ofan á gefur 2.809 kr. og það er það sem þeir borga. Greiðslur þeirra verða þá með virðisaukaskatti komnar í 22.873 kr. Á Húsavík er kostnaður rúmar 24.800 kr., virðisaukaskatturinn 3.476 kr., Húsvíkingar fá enga endurgreiðslu. Kostnaður þeirra með virðisaukaskatti er þá kominn í 28.302 kr. En á Hvammstanga borga menn 49.818 kr. fyrir að hita sambærilega íbúð. 14% virðisaukaskattur er 6.975 kr., þeir fá 10% endurgreidd eða 698 kr. og sitja því uppi með 6.277 kr. í skatt. (**Gripið fram í:** En Reykjavík—Breiðdalsvík?) Og útkoman verður 56.000 kr. á íbúð á Hvammstanga. Við getum auðvitað tekið enn svæsnari dæmi eins og Reykjahlíð sem reyndar var nú talað um að væri ekki marktæk í þessari töflu vegna hækkana sem þar hefðu komið inn. Nú hef ég ekki Breiðdalsvík hér undir en reyndar getum við séð að þar mun kostnaðurinn verða sá sami og á öðrum rafmagnsveitusvæðum. Það er vissulega rétt hjá hv. þm. að rafmagnssvæðin lenda þarna í milliflokki. Þau sleppa heldur betur en þær hitaveitur sem fara verst út úr þessu. En menn borga þó þar eftir sem áður talsvert miklu meira en hitaveiturnar sem eru ódýrastar. Það breytir ekki hinu að þessi skattur leggst ofan á kostnað sem er gífurlegur fyrir. Við skulum segja að Breiðdalsvík sé í þeirri stöðu að hún sé dæmigerð eins og meðaltalið fyrir Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins. Þá er kostnaðurinn á ári á þessari viðmiðunaríbúð 72.000 kr. Finnst hv. þm. það vera góður skattstofn til að leggja enn meira ofan á? Þó svo útkoman verði sú að hver íbúðareigandi þar borgi, ja, það er varla hægt að segja „ekki nema“ 4.459 kr. Þá þýðir það að kostnaðurinn fer í 76.000 kr. á sama tíma og hann er ekki nema 40.000 kr. í Reykjavík. Ég segi bara aftur, hv. þm., þetta er ekki gáfulegur skattstofn. Einhver sá allra vitlausasti sem ég hef nokkurn tímann séð. Þó að menn reyni með einhverju endurgreiðslukerfi að koma pínulitlu viti í hann, gera hann ekki alveg jafnóréttlátan og hann ella væri, þá er hann samt vitlaus. Ég held að það væri að *minnsta kosti þess virði að menn settust á nýjan leik* yfir aðrar mögulegar útfærslur á þessu. Ein er sú að þetta verði ósköp einfaldlega fast gjald á orkueiningu. Það kæmi miklu skár út. Því orkunotkunin er þó ekki mjög misjöfn. Hún er að vísu eitthvað misjöfn eftir landshlutum miðað við loftslag eða hitastig en með föstu gjaldi á orkueiningu væri þetta þó jafnað til mikilla muna frá því sem nú er. Annar möguleiki, sem við létum reikna út, var ósköp einfaldlega sá að hafa skattinn ekki 14% heldur 24,5% en endurgreiða allt sem innheimtist til viðbótar því að 14% væru lögð á til meiri jöfnunar. Hv. þm., með því fengi maður miklu meiri jöfnuð en að leggja bara á 14%. Það er ein aðferð ef menn vilja afla sér tekna með þessum sérkennilega hætti að skattleggja húshitun.

Hæstv. forseti. Að lokum ætla ég að fjalla undir þessum lið um virðisaukaskatt á bækur. Gleður mig nú að sjá hér hæstv. menntmrh. Við höfum fengið frá Þjóðhagsstofnun samkvæmt beiðni úttekt hennar á því hvernig þetta komi út gagnvart bókum, blöðum og tímaritum á umsvif í bókagerð í landinu og prentiðnaðinum. Það eru harla fróðlegar upplýsingar sem þar koma fram og ég hygg að hæstv. menntmrh. sem vænt-

anlega hefur ekki séð þetta frekar en við hin fyrr en þá í dag ætti nú að verða sér út um eintak og stúdera þetta vandlega. Hér er upplýst að 14% álagning virðisaukaskatts eins og henni verður hagað og með tilliti til þess að innlendar bækur, tímarit og dagblöð voru undanþegin virðisaukaskatti samkvæmt núgildandi kerfi en útgáfufyrirtækin fengu eftir sem áður endurgreiddan innskatt af öllum aðkeyptum rekstrarfjármunum, vörum, vinnu, þjónustu og öðrum aðföngum. Þetta var auðvitað mjög hagstætt fyrirkomulag og er alveg ljóst að í skattalegu tilliti bjó þessi starfsemi við verulegt hagræði, enda var það ætlunin. Það var ætlun manna að styrkja innlenda bókagerð og íslenskt mál með slíkum ráðstöfunum. En þetta leiðir til þess að 14% virðisaukaskatturinn lendir allur út í verðið af því að enginn frádráttarréttur myndast á móti sem ekki var þegar fyrir hendi. Það er þess vegna mat Þjóðhagsstofnunar að umsvif í bóka-, blaða- og tímaritaútgáfu muni dragast saman um 10–11% í heild við þessa breytingu. Veltan er upp á 6.400 millj. kr. á árinu 1991 og með framreikningi þýðir þetta þá tekjusamdrátt upp á 650–700 millj. kr. í greininni. Ef fyrirtækin í þessari grein mundu bregðast við, segir Þjóðhagsstofnun, með því að draga úr starfsmannahaldi sem því nemur gæti ársverkum fækkað um allt að eitt hundrað. Ekki er það falleg hliðarbúgrein við þessa breytingu hjá hæstv. ríkisstjórn að til viðbótar auðvitað því áfalli sem þetta er innlendri bókagerð, prentiðnaði og íslensku máli þá muni þetta þýða fækkun starfa um eitt hundrað. Er þá enn eftir að hugleiða áhrif þessa á prentiðnaðinn sem auðvitað er mjög háður umsvifum í þessari útgáfu. Ef þar bætast svo við e.t.v. einn til tveir tugir starfa í viðbót, sem tapast, er dæmið farið að verða harla svart.

Ég held, hæstv. forseti, að þetta sé með dapurlegri öngunum í þessu máli, það að hæstv. ríkisstjórn sé hér að taka upp bókaskatt eða lestrarskatt. Það er ekki lengra eða tvö eða þrjú ár síðan að menn ákváðu í mikilli hrifningu og einróma að fella niður virðisaukaskatt, sem áður hafði verið söluskattur á bókum, og styrkja með því alveg sérstaklega þá starfsemi og þar með íslenskt mál. Hvort sem það er að einhverju leyti eða að miklu leyti afleiðing af þeirri breytingu þá er alveg ljóst að að minnsta kosti hvað bókaútgáfu snertir hafa verið blómlegir tímar síðustu árin og menn hugsa til þess með hryllingi ef þar fer allt á niðurleið aftur.

Í efh.- og viðskn. var borin fram sú spurning hvort ekki væri unnt og hvað það mundi kosta að undanþiggja að minnsta kosti námsbækur. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. í því sambandi: Hefur sá kostur verið skoðaður? Hefur menntmrn. reynt að útfæra hugmyndir um hvernig væri hægt að undanþiggja að minnsta kosti námsbækur þessari virðisaukaskattlagningu? Auðvitað er það þannig að námsmenn eru eini hópurinn sem er beinlínis þvingaður til þess að borga þennan skatt, verður að gera það ef hann vill á annað borð vera í námi og kaupa námsbækur. Það eru vonandi til svo miklir bókamenn á Íslandi enn þann dag í dag að það megi segja að þeir verði þvingaðir til að borga þennan skatt af því að þeir geti ekki án bókanna verið en það er þó með öðrum hætti en námsmenn eru settir. Ég held að það hljóti að vera svo, þó svo að ríkisskattstjóri hafi skilað efh.- og viðskn. heldur nöldurslegu minnisblaði um þennan möguleika þar sem menn höfðu allt á hornum sér gagnvart því að undanskilja námsbækurnar. Það var þetta venjulega sem við höfum heyrt þúsund sinnum áður, það var svo erfitt. Það þurfti allt að vera svo einfalt og ekki mega vera undanþágur og það er svo miklu erfiðara að vera með svona mörg skattþrep, sagði ríkisskattstjóri. Einhvern tímann hef ég heyrt þetta áður. Samt eru menn hér að fara að leggja á virðisaukaskatt í tveimur þrepum. Er það ekki? Hafandi haldið þúsund ræður um að það væri ekki hægt, að mætti ekki.

Það væri gaman að rifja upp ræður hæstv. núv. utanrrh. sem stóð hér dögum oftar á árunum 1987–1988 og barðist gegn því að t.d. matvæli yrðu höfð á lægra skattþrepi með þeim einu rökum, ef rök skyldi kalla, að það mættu ekki vera tvö skattþrep, það yrði að vera eitt, hitt væri svo flókið. En hvað er að gerast í dag? Verið er að taka upp annað skattþrep á tiltekna hluti. Þannig verður það t.d. í rekstri í ferðaþjónustu að fyrirtækin borga umvörpum bæði skattþrepin í hinum daglega rekstri. Leggjandi á bæði skattþrepin, ekki satt? Er það þá orðið eitthvað öðruvísi en að hafa tvö skattþrep lýði, t.d. í búðum?

Ef við skilgreindum mjög þröngt hvað skuli teljast námsbækur þá væru það eingöngu þær bækur sem væru gefnar út sem námsbækur sem væru á námsskrám skólanna og jafnvel væri hægt að tengja þetta við starfsemi skólanna þannig að menn fengju niðurfellinguna í gegnum einhvers konar uppáskrift frá skólum sínum. Svo dæmi sé tekið þá mundu menn ekki fá felldan niður virðisaukaskatt af Njálu þó svo hún væri notuð til hliðsjónar við kennslu að einhverju leyti. En af því að hún var ekki gefin út sem slík — og þó veit maður það aldrei hvað vakti fyrir höfundinum á sínum tíma. Það getur vel verið að hann hafi einmitt verið að skrifa námsbók í ýmsum mannlegum samskiptum. Alla vega má margt af Njálu læra. Segjum sem svo að menn mundu afsala sér því að slíkar bækur yrðu teknar með til að einfalda málin og ekkert annað en námsbækur yrðu gefnar út slíkar og væru á námsskrám skólanna. Jafnvel væri hægt að hugsa sér að eingöngu tilteknar verslanir, sem uppfylltu ákveðin skilyrði, sem hefðu þessa niðurfellingarheimild. Það væri hægt að hafa það þannig, t.d. til að losna við söluturna og aðra slíka aðila sem eru kannski með einhverjar vasabrotsbækur. Þetta mundi þýða að kannski næðist ekki alveg utan um námsbókaflokkinn sem slíkan og þetta mundi girða fyrir misnotkun og mundi tryggja að hinar eiginlegu námsbækur væru undanþegnar.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. menntmrh.: Er hann ánægður með námsbækur sem skattstofn? Telur hann ekki eitthvað á sig leggjandi til að reyna að bjarga, þó í litlu sé, andlitinu í þessu máli og reyna að gangast fyrir vinnu sem hafi það að markmiði að finna færar leiðir, sem eru örugglega til, og ég þykist hafa að hluta til sýnt fram á til að hafa námsbækurnar undanþegnar? Að vísu er svo að það hefur læðst að mér efi

um að það væri að öllu leyti rétt að leggja það til að námsbækur yrðu undanþegnar. Ég skal segja hvers vegna. Ég held nefnilega að þetta sé skattur sem sé svo óvinsæll og vitlaus að hann muni verða afnuminn aftur. Þá gæti það þvælst frekar fyrir mönnum en hitt að hann væri þó ekki lagður á námsbækur. Mér liggur eiginlega við að segja að ég held að það væri eiginlega betra að þetta væri þá bara nógu vont til þess að örugglega yrði hægt að sópa þessu burtu aftur næst þegar hugsandi menn kæmust að stjórnveli. (**Gripið fram í:** Ef það verður ekki búið að leggja bókaútgáfu í rúst.) En þá getur vel verið að bókaútgáfan verði öll farin úr landi og meira og minna allt hrunið í þessu, það veit maður auðvitað ekki. Vonandi verður það ekki svo svart. En það er ekki nokkur minnsti vafi á því að þetta verður meiri háttar áfall fyrir þessa grein.

Að lokum um þessi virðisaukaskattsmál þá er þó eitt í þessu sem rétt er að komi fram og er sjálfsagt að hafa í huga og það er að þetta á ekki að taka allt saman gildi strax og reyndar minnst af þessu. Sumt tekur gildi á næsta ári eða við önnur áramót. Það er m.a. ástæða þess að ég geri að nokkru umtalsefni þætti eins og skattlagninguna á farseðlana í innanlandssamgöngunum að ég bind nokkrar vonir við það þrátt fyrir allt að menn noti þann tíma sem þá er fyrir hendi áður en þetta tekur gildi til að hugsa sinn gang. Ég geri það nú þrátt fyrir allt. Svona óforbetranlegur bjartsýnismaður er ég. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að menn séu komnir á það stig í þessum efnum að þeir skelli þessum virðisaukaskatti t.d. ofan á flugfarseðlana. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því. Ég vil þess vegna leyfa mér að ljúka umfjöllun um virðisaukaskattinn með þeim orðum að hvetja menn til að setjast yfir þetta á nýju ári. Ég er alveg viss um að efh.- og viðskn. — sem hefur unnið vel saman að skoðun þessara mála þó hún hafi því miður ekki haft, mér liggur við að segja aðstæður til að vera sammála um afgreiðslu þeirra að lokum, hendur sumra voru þar bundnar eins og við vitum — er örugglega tilbúin og verður örugglega tilbúin til að vinna á næsta ári að þáttum eins og skattlagningu bókanna, fargjaldanna og á fleiri hlutum, hvort ekki er unnt að fella þetta niður eða a.m.k. finna á þessu einhverja skynsamlegri útgáfu.

Hæstv. forseti. Ég ætlaði þá aðeins til þess að það falli ekki niður að nefna vaxtabæturnar sem hér eru á ferðinni og er auðvitað mikið áfall að hæstv. ríkisstjórn skuli ákveða að skerða vaxtabætur þess fólks sem lagt hefur í kostnað vegna öflunar íbúðarhúsnæðis á undanförnum árum. Það er eitt af þessu mjög svo dapurlega sem hér er á ferðinni í þessum pakka og ég hef þegar farið yfir það. Að mínu mati eru þar á ferðinni hin hreinustu brigð gagnvart því fólki sem hefur treyst því kerfi og fyrirkomulagi sem lögfest hefur verið á undanförnum árum. Hefur treyst margendurteknum yfirlýsingum um að það yrði ekki komið aftan að því í þessu sambandi, hefur hlustað á ráðamenn réttlæta hækkun vaxta í húsnæðislánakerfinu með því að á móti komi vaxtabæturnar sem geri það að verkum að lágtekjufólkið fái hina auknu vaxtabyrði endurgreidda í verulegum mæli eða alveg. Þetta á nú að svíkja, svo einfalt er það. Það hljóta að teljast veruleg tímamót á ferli hæstv. núv. félmrh. að láta það yfir sig ganga. Að vísu hefur heyrst að samstarfsráðherrar hæstv. ráðherra í ríkisstjórn séu orðnir leiðir á hótunum hæstv. ráðherra um að segja af sér sem mun vera orðið nokkuð slitin plata ef svo má að orði komast og þess vegna hafi það bitið óvenjulítið í þessari lotu. Kannski er það ástæða þess að hæstv. félmrh. virðist lítið hafa getað varið sig og situr uppi með þetta. Ég trúi ekki öðru en að hæstv. ráðherra hafi þótt ákaflega þungbært að verða að ganga á bak marggefinna loforða um að vaxtabætur verði ekki skertar.

Ég vek athygli í þessu sambandi á umsögn Húsnæðisstofnunar ríkisins sem má best til þekkja og gerst vita hvaða áhrif geta orðið af því að raska þannig greiðslugrundvelli fjölskyldnanna. Húsnæðisstofnun varar mjög sterklega við því í umsögn sinni að slík áhrif verði höfð á greiðslugetu fólks og bendir réttilega á að fjölmargir hafi á undanförnum missirum sloppið í gegnum lögbundið greiðslumat húsnæðislánakerfisins og fengið þá fyrirgreiðslu sem frekast mátti ætla að þeir gætu staðið undir. Nú er þeim grundvelli raskað og afleiðingarnar geta ekki orðið aðrar en þær að verulegir erfiðleikar steðja að hjá þessu fólki.

Hæstv. forseti. Ef maður reynir svo að draga þetta saman í lokin þá er það auðvitað í fyrsta lagi ljóst að vinnubrögðin í þessu máli eru ekki til eftirbreytni eða fyrirmyndar. Ég held að hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., sem hljóta að eiga að teljast bera nokkra ábyrgð á þeim þætti málsins, báðir og sameiginlega, væru nú menn að meiri að viðurkenna það. Þetta er búið að vera eitthvert mesta klúður sem maður hefur lengi séð, satt best að segja. Ef hægt er að vinna eitthvað með handarbökunum þá er það á þennan hátt.

Í öðru lagi er auðvitað ljóst að hér á sér stað umtalsverð skerðing á lífskjörum almennings í landinu. Hún er að stórum hluta til ákveðin með ráðstöfunum stjórnvalda. Þetta hefur leitt til mjög versnandi andrúmslofts í samskiptum ríkisvalds og launamannahreyfingarinnar. Þó það sé ekki mitt að spá í þá hluti þá verður ekki fram hjá því horft að mjög alvarlegar vísbendingar hafa komið fram um það á undanförnum dögum að það stefni í hörð átök á vinnumarkaði og miklu meiri óróleika almennt í þjóðfélaginu en við höfum séð um árabil. Hæstv. ríkisstjórn getur ekki hlaupið frá ábyrgð sinni í þeim efnum. Hún hefur sagt sundur friðinn. Slitið samstarfi við verkalýðshreyfinguna og valið að keyra sínar tillögur í þessum skattamálum fram án minnsta samráðs við þá aðila. Það er staðreynd og það er alveg sama hvað hæstv. forsrh. segir heilagur í framan niðri í kringlu. Þannig bar þetta til og afleiðingunum hlýtur hæstv. ríkisstjórn að taka.

Í fjórða lagi held ég að það sé því miður einnig staðreynd að ójöfnuðurinn vex í gegnum þessar aðgerðir. Hann minnkar að minnsta kosti ekki, hv. þm. Ég held að margs konar aðstöðumunur fólks aukist ef eitthvað er. Að vísu má kannski segja að með því að falla frá að skerða barnabæturnar og þeirri sértæku skattlagningu á tiltekna hópa sem þar var á ferðinni og

fara í staðinn yfir í hárbeittan niðurskurð með lækkun persónufrádráttar sé þetta gert að almennara áfalli fyrir menn. En hv. formaður efh.- og viðskn. veit þó vel að margar aðrar og miklu réttlátari aðferðir eru til að dreifa þessari skattbyrði en sú að lækka persónufrádráttinn. Það hefði að mínu mati verið miklu skárri aðferð að hækka þá skattprósentuna meira og endurgreiða svo einhvern hluta af þeim tekjum í gegnum hærri persónufrádrátt. Hefði t.d. hv. formaður efh.- og viðskn. haft tíma til þess þá er ég viss um að hann hefði verið tilbúinn til að reikna út það dæmi að í staðinn fyrir 1,5% hækkun hefði hún orðið 2,5% og síðan hefði verulegum hluta þeirra tekna sem þannig kom inn verið ráðstafað í gegnum hærri persónufrádrátt. Þar með verður breyting í skattstiganum. Skattbyrðin færist til og lendir meira upp á hærri tekjubilin. Þetta er augljóst mál. En í staðinn lendir hæstv. ríkisstjórn í þessum hroðalegu ógöngum að enda með því að lækka persónufrádráttinn. Það er varla að ég trúi því enn að þetta sé sama ríkisstjórnin og lofaði mönnum ekki bara gulli og grænum skógum heldur miklum skattalækkunum fyrir einu og hálfu ári.

Auðvitað eru býsna dökkar horfur í okkar þjóðfélagi, hæstv. forseti. Það liggur fyrir að það styttist í nýja þjóðhagsáætlun. Við í efh.- og viðskn. höfum fengið ákveðnar upplýsingar um breytingar sem Þjóðhagsstofnun þykist sjá og ég leyfi mér að upplýsa um það hér sem ég veit. Ég skyldi það svo að sú þjóðhagsáætlun væri þá í vændum á næstu dögum. En hvað sem því líður þá er alveg ljóst að Þjóðhagsstofnun segir nú: Það verður meiri samdráttur þjóðartekna, það verður meira atvinnuleysi og það var á flestan hátt þannig að þær breytingar sem stofnunin taldi upp horfðu til hins verra.

Að vísu var með varfærnum orðum sagt að atvinnuleysið yrði meira en 4%. Þegar gengið var á forstjóra Þjóðhagsstofnunar og spurt: Hvað þýðir meira? Þá varð fátt um svör, kannski ekki jafnmikið atvinnuleysi og VSÍ eða ASÍ nefndu fyrr í haust, 15 eða 25% en meira gæti þýtt eitthvað á bilinu 4–7%. Sex til sjö prósent atvinnuleysi hafa sumir talað um. Ég held að vaxandi atvinnuleysi, þar með vaxandi fjöldi fólks og heimila í landinu sem í raun og veru missir grundvöll sinn, fellur þannig í tekjum að stórkostlegir erfiðleikar hljóta að skapast. Þegar við höfum svo í huga að skuldir heimilanna í landinu hafa vaxið hroðalega á undanförnum árum og það er auðvitað ekki bara sök núv. ríkisstjórnar enda þótt núv. stjórnarflokkar hafi setið býsna drjúgum við stjórnvölinn á sl. tólf árum þá hafa fleiri komið þar við sögu. Mér er sagt að fyrir liggi tölur um að skuldir heimilanna hafi fjórfaldast á tíu til tólf árum. Það er alvarlegt umhugsunarefni. Mönnum er tamt að hugsa fyrst og fremst um erfiðleika atvinnulífsins og fyrirtækjanna og hafa miklar áhyggjur af því að nú geti fyrirtækin ekki staðið í skilum og ekki borgað af lánum og ekki gengið. En guð minn góður, hvað gerist ef þessi algengasta eining í þjóðfélaginu, fjölskyldan, heimilið, getur ekki klárað sitt dæmi? Hvers konar hrun verður þá ef greiðsluþrot verður almennt og upp til hópa hjá heimilunum í landinu? Þá fyrst munu menn sjá „infrastrúktúrinn“ í þjóðfélaginu hrynja ef svo má að orði komast. Ef heimilin almennt lenda í þessum erfiðleikum þá mun keðjuverkunin fyrst láta til sín taka í þjóðfélaginu ef menn geta ekki staðið í skilum með lán sín, ekki keypt eða borgað fyrir þá þjónustu sem þeir þurfa að njóta og það mun síðan segja til sín með margfalt öflugri hætti gegnum keðjuverkun í þjóðfélaginu en þó eitthvert fyrirtæki lendi í erfiðleikum. Þess vegna held ég að athygli manna hafi ekki því miður í nógu miklum mæli beinst að þessum þætti, skuldastöðu heimilanna og möguleikum þeirra til að bera greiðslubyrði af þeim skuldum.

Hæstv. forseti. Ég ætlaði að lokum að blaða aðeins í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar sem heitir þessu ótrúlega nafni miðað við núverandi aðstæður: „Velferð á varanlegum grunni.“ Ég held að öllu neyðarlegra nafn hefði hæstv. ríkisstjórn ekki getað valið sér þótt hún hefði legið undir feldi í hundrað ár og reynt að finna eitthvað sem væri virkilega neyðarlegt við núverandi aðstæður í landinu (**VE:** Hefur þú hringt í bókmennta ...) en þetta: „Velferð á varanlegum grunni.“ Í vaxandi atvinnuleysi, við skerðingu lífskjara, vaxandi skattpíningu, þá heitir stefnuskrá ríkisstjórnarinnar þetta. (Gripið fram í.) Það var verið að koma til mín gagnlegum upplýsingum um það sem ég var að ræða, þ.e. skuldastöðu heimilanna, sem ég þakka fyrir. Það staðfestir það sem ég var að segja að skuldastaðan hefur aukist hrikalega á tiltölulega skömmum tíma á innan við tíu árum. Á sama tíma hafa skuldir fyrirtækjanna reyndar nánast staðið í stað. Þær eru nú um 75% af landsframleiðslu eins og ég reyndar nefndi hér fyrr í ræðu minni. Ég mundi þá ekki töluna nákvæmlega en talaði um eitthvað í nágrenni við 70%, sem segir að þrátt fyrir nokkrar vökur er minni ræðumanns nokkurn veginn í lagi, og hér koma upplýsingar um að skuldir heimilanna hafa hins vegar á þessum tíma frá því á árinu 1984 aukist úr 26% af landsframleiðslu í yfir 60%.

En hæstv. forseti. Það er aðeins um stefnuskrá ríkisstjórnarinnar. Það er svo að þegar maður les yfir þetta núna í ljósi þess sem hefur gerst þá fer maður að velta því fyrir sér hvort þetta hafi átt að vera einhvers konar andsönnun eða öfugmælaframsetning á þessari stefnuskrá. Þ.e. menn hafi átt að lesa þetta með því hugarfari að ríkisstjórnin meinti ævinlega þveröfugt við það sem hún segði. (**Gripið fram í:** Eigum við ekki að senda stefnuskrána í keppni um menningarverðlaun?) Jú, því ekki það. En þar segir t.d. hér undir liðnum: Ríkisbúskapur, í hvítu bókinni, Velferð á varanlegum grunni. Það er mikil speki. Þar segir: „Skattheimtan verður umfram allt að vera hófleg þannig að hún dragi ekki úr framtakssemi og áræði einstaklinga við nýsköpun og atvinnuuppbyggingu.“

Var þetta hugsunin á bak við það að lækka arðsprósentuna og draga á hlutafjárfrádráttinn? Svo segir: „Skattstofnar eiga að vera skýrt afmarkaðir og með sem fæstum undanþágum svo að skatthlutföll verði sem lægst og hætta á undanskotum sem minnst.“ Sem lægst, hvað eru þau að gera í dag? Og hætta á undanskotum sem minnst. Það er líklegt að það dragi stórlega úr

hættu á henni núna hjá einstaklingunum. Svo kemur alveg dýrleg málsgrein á bls. 18. Þar segir: „Skatthlutfall einstaklinga hefur hækkað verulega frá því að staðgreiðsla tekjuskatts var tekin upp. Enn fremur hefur tekjutenging færst í vöxt, sem leiðir til þess að raunverulegur skattur hefur farið hækkandi." — Þetta er ljótt mál. — „Stefna verður að lækkun skatthlutfallsins í kjölfar minni ríkisumsvifa og með endurskoðun sérstakra skattaafslátta og annarra ívilnana." — Stefna verður að lækkun skatthlutfallsins. Ég vek athygli á því að það er verið að ræða um skatthlutfall einstaklinga sem ríkisstjórnin í sinni stefnuskrá telur að hafi hækkað ískyggilega á undanförnum árum og í tengslum við aukna tekjutengingu sé þetta orðið hið versta mál. Þetta er nú það sem gekk á prent hjá ríkisstjórninni í fyrrahaust.

Nú bið ég þá sem hér eru til svara fyrir hæstv. ríkisstjórn að útskýra fyrir mér hvernig skattahækkanirnar sem nú eru að ganga yfir séu liður í þessari stefnu ríkisstjórnarinnar. Ef maður á að taka eitthvert mark á þessari bók, eða er kannski búið að fella hana úr gildi? Það var að vísu upplýst að hún hefði aldrei verið samþykkt í þingflokkum stjórnarliðsins, aldrei verið sýnd þar. Ég leyfði mér því einhvern tímann að kalla þetta handbók ráðherranna.

Svo er meira fjallað um þetta, hæstv. forseti, á ýmsum stöðum og er það næsta kostuleg lesning. Ég vek t.d. athygli manna á kaflanum um ráðdeild í ríkisrekstri. Þar er fín setning. Þar segir: „Það er staðfastur ásetningur ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. að ná jafnvægi í ríkisfjármálum, draga úr ríkisútgjöldum og skapa skilyrði fyrir lækkun skatta", o.s.frv. — Staðfastur ásetningur ríkisstjórnarinnar að skapa skilyrði fyrir lækkun skatta. Þarna er aldeilis ekki verið að boða skattahækkanirnar, ónei. Enda mun það vera svo að í kosningabaráttu Sjálfstfl. í hita leiksins voru frambjóðendur Sjálfstfl. í Reykjavík látnir gangast undir krossapróf. Ef ég man þetta rétt var þetta nokkuð langur og mjór bæklingur og það voru reitir til að krossa í. Þetta var bæklingur sem Samband ungra sjálfstæðismanna eða Heimdallur eða eitthvert slíkt fyrirbæri gaf út og lagði fyrir frambjóðendur Sjálfstfl. í Reykjavík, vel að merkja. Það voru frambjóðendurnir í Reykjavík, segja þingmenn Sjálfstfl. af landsbyggðinni til þess að þeir verði frígjörðir af þessu og er þeim hér með veitt aflausn. Frambjóðendur Sjálfstfl. í Reykjavík svöruðu þessu krossaprófi. Um hvað var spurt? Ekki: Hyggst þú beita þér fyrir skattahækkunum? Nei. Og ekki: Hyggst þú beita þér fyrir óbreyttum sköttum? Nei. Þessi litla hógværa spurning sem var lögð fyrir frambjóðendur Sjálfstfl. var: Munt þú, þegar þú kemst til valda, hv. frambjóðandi Sjálfstfl. — þar á meðal hæstv. forsrh. — beita þér fyrir afnámi allra skatta vinstri stjórnarinnar eða bara sumra, strax eða í hvelli eða seinna? (**Forsrh.:** Spurningin hljóðaði ekki þannig.) Þetta er mjög nálægt því að vera orðrétt en hér er hæstv. forsrh. sem getur sagt hvernig þetta var orðrétt og jafnvel fært okkur bæklinginn. Væri mér mikil þökk í því ef hæstv. forsrh. vildi síma í þá uppi í Valhöll og senda undirrituðum eitt eintak af bæklingnum með krossunum því ég þykist muna það rétt að einn sá allra galvaskasti í krossaprófinu var hæstv. forsrh. Ég man ekki annað en hann hafi sett bara X við já, já, já, fella niður alla skatta ríkisstjórnarinnar strax. (**ÓRG:** Það var bara eitt já hjá honum.) Bara eitt já. Þá var nú ekki aldeilis kengurinn í mínum manni. Það er varla hægt að gera þá kröfu til ræðumanns að hann kunni orðrétt utanbókar alla texta Sjálfstfl. í síðustu kosningabaráttu og er með ósanngjarnari kröfum sem hér hafa komið fram en efnislega var þetta svona. Það var spurt hvort frambjóðendur Sjálfstfl. væru tilbúnir til þess að beita sér fyrir því að fella niður alla þessa vondu skatta sem ríkisstjórnin hefði komið á. Þessi skattaglaða vinstri stjórn. (**ÓRG:** Það var enginn sem hafði efasemdir nema Geir H. Haarde.) Já, það var víst einn maður sem hafði smáefasemdir og setti eitthvað í B-flokk eða C-flokk. Hann var ekki alveg viss um að hann gæti fírað þessu öllu út strax, en það var ekki efinn hjá hæstv. forsrh. (**IBA:** Hann var ekki sá eini.) Þetta er að verða mjög áhugavert. Hér koma fram ýmsar upplýsingar. Hv. 5. þm. Reykv. upplýsir að hann hafi haft efasemdir eða er væntanlega að tala fyrir sjálfs síns hönd. Ég tel að það gangi ekki að ljúka þessari umræðu nema bæklingurinn komi fram í dagsljósið, hæstv. forseti, og við getum fengið það alveg á hreint hvernig menn exuðu við í prófinu. En eitt er alla vega á hreinu og það er að hæstv. forsrh. stóð keikur og hafði engar efasemdir um að hann mundi fella niður alla skatta sem þessi vonda vinstri stjórn hafði komið á. Hvar stendur nú sá maður í dag eða situr? Í hverjum sporum er hann?

Reyndar er það rétt að t.d. í kosningayfirlýsingu Sjálfstfl., sem ég hef fengið í hendur fyrir góðra manna hjálp, er alveg afdráttarlaus yfirlýsing um þetta. Það stendur í 4. lið, III, eða stjórnmálaályktun fundarins: Fjármál ríkisins verði tekin nýjum tökum. Fyrsta skrefið verði að hverfa frá skattahækkunarstefnu ríkisstjórnarinnar og ná jafnvægi í fjármálum ríkisins. Þensla í umsvifum ríkiskerfisins verði stöðvuð og raunverulegum sparnaði náð. Í framhaldi af því verði unnið að því að lækka skatta. — Það dugar ekkert minna.

Svona er þetta, hæstv. forseti. Nú þjónar þessi málfundur kannski ekki í sjálfu sér þeim tilgangi að svara því fyrst og fremst hvort aðstæður á Íslandi í dag séu þær að þetta hafi verið mögulegt. Það geta menn auðvitað alltaf og endalaust rifist um. Lærdómurinn ætti þá auðvitað að vera að menn ættu ekki að vera að lofa öðru en því sem einhverjar líkur væru á að hægt væri að efna. Það er svo sem ekki málið. En hitt er rétt að það liggi fyrir hvað menn sögðu í þessum efnum.

Stjórnarliðar hafa reynt að réttlæta það að ljúka afgreiðslu samningsins um Evrópskt efnahagssvæði með einföldum naumum meiri hluta á þingi, hunsandi kröfur um þjóðaratkvæði og breytingar á stjórnarskrá — með hverju? Með hverju? Með því að þeir hafi fyrir síðustu kosningar gert afstöðu sína til málsins kunna. Þess vegna megi þeir gera það sem þeim sýnist í þessu máli og hunsa vilja þjóðarinnar og hunsa allar kröfur um breytingar á stjórnarskrá. En hvað sögðu þá stjórnarflokkarnir um skatta fyrir síðustu kosningar? Og ber

þeim ekki með sama hætti og þeir telja sig nú geta gert í EES-málinu að umgangast sín eigin loforð um skatta frá síðustu kosningum? Eru það bara sum loforð og bara sum mál sem menn tala um fyrir kosningar sem má taka mark á en önnur ekki? Ef Sjálfstfl. vill lýsa því yfir að allt sem hann segir um ríkisfjármál og skatta sé ekki í þeim hópi sem taka eigi mark á, þá eru það tíðindi út af fyrir sig og gagnlegar upplýsingar fyrir kjósendur komandi ára og áratuga jafnvel, ef Sjálfstfl. verður til svo lengi eins og nú stefnir.

Í öllu falli er það alveg á hreinu, hæstv. forseti, að þetta er einhver sú hroðalegasta magalending og útreið sem einn flokkur hefur í langan tíma fengið í íslenskum stjórnmálum hvað varðar annars vegar loforð og fyrirheit og hins vegar efndir í skattamálum. Það hlýtur að verða mikil velgja á ferðinni í mögum þeirra hv. þm. Sjálfstfl. þegar þeir greiða þessari skattasúpu atkvæði.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sú ræða sem við höfum nú hlustað á sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flutti okkur var sérkennileg í hæsta máta. Hér hefur hv. þm. talað hátt á þriðju klukkustund. Ég hlustaði á ræðuna alla og beið í ofvæni eftir því að hv. þm. mundi leggja fyrir okkur hvaða lausnir hann hefði á þeim vanda sem við blasti. Aldeilis ekki. Ekki eitt einasta orð um slíkt. Heldur talaði þessi hv. þm. eins og hann hefði ekki lifað í landinu sl. tvö ár frá því að síðustu kosningum lauk. Það má spyrja hvar hv. þm. hafi alið manninn sl. tvö ár. Er hv. þm. ekki kunnugt um það við hvers konar aðstæður núv. ríkisstjórn er að bjástra? Er hv. þm. ekki kunnugt um það við hvers konar aðstæður fólkið í landinu býr? (**ÓRG:** Spurðu Hrafnkel.) Er þá ekki kominn tími til að hv. þm. fari að átta sig á því að tími gagnrýninnar er liðinn. Tími samstöðunnar er runninn upp. Að menn reyni nú fremur að leita lausna en að koma dag eftir dag eftir dag til að grafa undan öllum tilraunum til þess að leysa fram úr þeim vanda sem við blasir, ekki einungis að leysa fram úr heldur til þess að reyna að finna einhverjar þær lausnir sem geta gert okkur kleift einmitt að ná fram þeim markmiðum sem Sjálfstfl. m.a. lofaði kjósendum í síðustu kosningum og Alþfl. og Framsfl. líka, Alþb. líka og Kvennalistinn líka. Til þess að það megi gerast verður að leggja ákveðinn grunn og grípa til ákveðinna ráðstafana gagnvart þeirri kreppu sem nú er skollin yfir okkur. (Gripið fram í.) Ef hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon veit það ekki þá ætti honum að vera kunnugt um það núna. (**Forseti:** Má ég biðja hv. 8. þm. Reykn. að leyfa mönnum að ljúka máli sínu.) (**ÓÞÞ:** Hann bannaði það alls ekki. Þetta er misskilningur hjá forseta.)

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er þakklátur hv. 5. þm. Austurl. að hafa hlustað með athygli á alla mína ræðu eins og hann vitnaði um að hann hefði gert og virði það við hann. Bara til ábendingar þá hef ég aldrei heyrt að menn leystu fram úr málum, yfirleitt leysa menn úr vandamálum eða leysa frá skjóðunni. Svo geta menn lent í því að leysa niður um sig. Ekki veit ég hvort það hefur verið í huga hv. þm. Það kann að vera að ég hafi ekki eytt miklu af ræðutíma mínum í að útlista úrræði okkar stjórnarandstæðinga. Þau liggja a.m.k. fyrir í tilviki okkar alþýðubandalagsmanna. Það ætti hv. þm. að vita. Við höfðum þó það við, meira en aðrir flokkar, að strax snemma á þessu hausti lýstum við okkar viðhorfum í formi bæði aðgerða í ríkisfjármálum, skattlagningu og úrræða í atvinnumálum sem er meira en Alþfl. getur sagt, sem hefur verið að taka þátt í þessu klúðri hverju á fætur öðru á næturfundum nú á síðustu dögum.

Hv. þm. skorar því ekki miklar keilur með því að ætla að snúa sig út úr vandanum, sem hann sannarlega er í sem stuðningsmaður stjórnarliðsins, með því að skammast út í það að aðrir hafa ekki eitthvað til málanna að leggja. Það gerir hlut ríkisstjórnarinnar hvorki betri né verri hvort stjórnarandstaðan hefur sett fram meiri eða minni tillögur. Hann er eins og hann er, hv. þm. Álögurnar á almenning eru eins og þær eru. Það sem ríkisstjórnin ætlaðist fyrir t.d. gagnvart barnafólkinu segir sína sögu um hugsunarhátt þann sem ræður ferðinni í ríkisstjórninni eða lækkun persónufrádráttarins nú.

En gæti e.t.v. verið að það sem gerði það að verkum að hv. 5. þm. Austurl. kom upp í þessu hugarástandi sem hann gerði hafi verið upplýsingarnar sem ég kom með um að það eigi að hækka flugfargjaldið á Breiðdalsvík í yfir 20.000 kr. með aðgerðum ríkisstjórnarinnar? Gæti það verið?

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sá er munurinn á hv. þm. og fólkinu á Breiðdalsvík að fólkið á Breiðdalsvík skilur gjörla við hvers konar erfiðleika er að etja í þjóðarbúinu núna. Það skilur það gjörla þó hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skilji það ekki. Fyrir utan það að bera fram rangar upplýsingar nema ef vera kynni að hv. þm. sé farinn að gæta sérstaklega núna hagsmuna Flugleiða og sé orðinn nokkurs konar kynningar- og blaðafulltrúi Flugleiða í þinginu. Það má vel vera að hann sé kominn á slíkan mála hjá þessu ágæta fyrirtæki sem hann hefur hingað til kennt við kolkrabbann, en er kannski búinn að skipta um ham og kominn í nýtt hlutverk. Það er auðvitað aldrei að vita við hverju maður getur búist frá mönnum sem tala eins og þeir hafi ekki lifað í landinu í tvö ár og þekkja ekki einu sinni fólkið í landinu. Það væri nær fyrir hv. þm. að spara sér orðin og fara að kynnast kjörum fólksins í landinu þannig að hann verði fær um það að leggja fram einhverjar tillögur, frekar en eyða dýrmætum starfstíma til að láta okkur hlusta á gagnrýni ofan á gagnrýni, nöldur ofan á nöldur. Tími sá er liðinn. Við höfum engan tíma til slíkra starfa núna að hlusta á gagnrýnisorðin aftur og aftur. Við verðum að stilla saman strengi til þess að ná fram samstöðu um aðgerðir til þess að bregðast við þeim vanda sem nú er við að etja. (Gripið fram í.) Hv. formaður Alþb., Ólafur Ragnar Grímsson, þú varst ófeiminn við að leggja sjálfur á skatta þegar þú varst ráðherra og með stuðningi hv. þm.

Steingríms J. Sigfússonar. Hvort hann gerði það með bros á vör veit ég ekki. Ég geri það ekki með bros á vör en hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon þolir ekki að leggja neina skatta á lengur vegna þess að hann á kannski ekki forustu um að móta þær aðgerðir sem nú er verið að standa að og þess vegna hefur hann ekki þrek til þess að taka þátt í að leysa vandamál þjóðarinnar eða alla vega hjálpa fólki að lifa með þeim.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var viðtal við einn af forustumönnum launamanna í gær í fjölmiðlunum og hann var spurður að því hvort launamannafélögin, samtökin sem hafa verið að álykta síðustu sólarhringa, væru að biðja um kauphækkanir. Talsmaðurinn taldi ekki svo vera. Menn gerðu sér grein fyrir því að það væri takmarkað svigrúm til beinna launahækkana, en — sagði hann — við erum að biðja um réttlæti. Við viljum réttlátar aðgerðir hvað varðar dreifingu þessara byrða á þjóðina. Það er það sem þetta mál snýst um, hv. 5. þm. Austurl., séra Gunnlaugur. Það snýst um réttlæti. Og ef hv. þm. ætlar með miklum hávaða að halda því fram að skattastefna hæstv. ríkisstjórnar sé réttlát og að við stjórnarandstæðingar, sem höfum leyft okkur að gagnrýna hana, skynjum ekki þjóðina, höfum ekki búið í landinu, séum úr takt við veruleikann, þá held ég að hv. þm. sé kominn á þunnan ís. Ég held hann sé kominn á mjög þunnan ís. Ég held að t.d. fundur Dagsbrúnarmanna í Reykjavík eða yfirlýsingar Hrafnkels A. Jónssonar í fjölmiðlum í gær séu miklu betri svör um það hvernig fólkið í landinu talar eða hugsar en orðræður okkar, mínar og hv. þm., um það efni. Við getum sjálfsagt lengi deilt um það hvor okkar finni betur hjartslátt þjóðarinnar án þess að komast að samkomulagi.

En þegar fólkið sjálft er að tala, eins og það gerir þessa daga, þá held ég að hv. þm. ætti að fara varlega í það, hvort sem það er úr þessum stóli eða einhverjum öðrum stólum, að tala eins og hann gerði áðan. Ég held að hæstv. ríkisstjórn ætti að átta sig á því að hún er ekki mjög vel liðin þessa dagana, fólkið í landinu hugsar henni þegjandi þörfina. Ég held að hv. þm. hafi ekki tekið mikið af leigubílum eða ferðast mikið um, farið í gegnum margar flugstöðvar, litið inn á vinnustaði, ef hann er virkilega þeirrar skoðunar að þetta sé allt í fína lagi, að fólkið telji þetta réttlátar og sanngjarnar ráðstafanir. Það gerir það ekki. Það að hækka lyfjakostnað aldraðs fólks, það að ráðast að barnafjölskyldum og húsbyggjendum, það að lækka skattleysismörkin — það er ekki réttlæti við núverandi aðstæður, á sama tíma og verið er að stórlækka skatta fyrirtækja. Fólkið upplifir þetta ekki sem réttlæti. Það er ekki þannig.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér gefst síðar tími til þess að fjalla nánar um efnisatriði í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, en það er þó eitt sem ég tel ástæðu til þess að leiðrétta strax þannig að það verði ekki aftur og aftur endurtekið í þessari umræðu. Það varðar skatta og þá ætla ég að minnast á heildarskatta.

Það er ljóst að á næsta ári verða heildarskatttekjur ríkissjóðs lægri en á undanförnum árum og á yfirstandandi ári verða skatttekjur lægri en á undanförnum árum. Það þarf að fara aftur til ársins 1988 til þess að finna samnefnið við því. Það verður því að vera alveg ljóst að heildarskatttekjur nú eru lægri en allar götur þegar hv. 8. þm. Reykn. var fjmrh. Þetta þarf að koma skýrt fram. Þetta gerist að sjálfsögðu vegna þess að þeir 4 milljarðar sem koma vegna aðstöðugjaldanna renna beint út aftur til baka í gegnum staðgreiðslukerfið og mynda ekki skatttekjur ríkissjóðs, frekar en útsvar sveitarfélaganna. Þetta verða menn að gera sér grein fyrir.

Það sem hins vegar skiptir kannski máli þegar rætt er um skatta er að stór hluti útgjalda ríkissjóðs fer í það að greiða vexti af gömlum hallarekstri ríkissjóðs, u.þ.b. 10% af útgjöldum ríkisins fer til þess. Ég ætla ekki hér, virðulegi forseti, að fjalla um réttlæti en auðvitað má um það deila hvort það sé réttlátt að taka 4 milljarða af fyrirtækjunum og setja yfir á einstaklinga og út í verð. En af hverju skyldi það vera gert? Það er gert til þess að verja þá sem enga atvinnu hafa. Það er gert til þess að fyrirtækin í landinu geti starfað. Það er gert til þess að útrýma atvinnuleysi hjá þjóðinni og þeir sem verða að borga brúsann erum við sem erum svo heppin að hafa atvinnu og tekjur af því. Þetta vona ég að hv. þm. skilji.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Gallinn er sá, hæstv. fjmrh., að það erum ekki við, það var óheppilegt orð sem hæstv. fjmrh. notaði, að það séum við sem borgum þetta sérstaklega. Því að hæstv. ráðherrar, þó laun þingmanna og ráðherra séu nú ekki merkileg, þá er það samt þannig að þeir borga sáralítið meira en aðrir. Það er það sem fólkið í landinu er að gagnrýna. Deilan snýst ekki um það hvort rétt hafi verið og óhjákvæmilegt eða skynsamlegt að færa þessa 4 milljarða til. Hún snýst fyrst og fremst um það hverjir áttu að bera þá. Hvernig átti að dreifa þeim byrðum. Ég held að það sé almenn pólitísk samstaða um að ákveðnar aðgerðir til að treysta grundvöll atvinnulífsins voru og eru óhjákvæmilegar. Það er ekki það sem deilt er um hér heldur það hvernig byrðunum var jafnað.

Varðandi það hvort hæstv. fjmrh. sé eða verði skattakóngur, sem þegar er reyndar búið að úrskurða, þá er nógur tími til að fara í gegnum þá umræðu. Við 1. umr. þessa máls leyfði ég mér að halda því fram að það lægi fyrir óhrekjandi að hæstv. fjmrh. mundi slá metið og verða skattakóngur allra tíma og hæstv. fjmrh. viðurkenndi það í svarræðu sinni að sú kóróna mundi eflaust fara sér vel, ef ég man rétt. Ég held því að það sé ekki nema gamanefni að ræða þá hlið málsins og skipti litlu máli og bókhaldsæfingar í raun og veru.

Aðalatriðið er að greiðslubyrði almennings vegna skatta verður augljóslega sú hæsta í sögunni á næsta ári. Það er augljóst. Það kann að vera að með ein-

hverjum reikningsæfingum megi reyna að finna því stað að heildarskatttekjur ríkisins, að minnsta kosti að raungildi, verði lægri en við vitum jú að sem hlutfall af verðmætasköpun eða framleiðslu í þjóðfélaginu eru þær hins vegar mjög háar. Þetta fer þá allt eftir því í hvaða samhengi það er sett, hæstv. fjmrh. Ég hef engan áhuga á að neyða upp á hæstv. fjmrh. einhverjum titlum, einhverjum fyrstu sætum í þessu sambandi sem hann á ekki rétt á. Sem íþróttamaður vil ég bara að hæstv. ráðherra sé á réttum palli hvort sem það er fyrsta, annað eða þriðja sæti. Mig grunar því miður að kórónan sé föst hjá hæstv. fjmrh.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sérstaklega ánægður yfir því hve hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er vel að sér í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar og byrjaður að skamma okkur stjórnarliða fyrir að standa ekki við hana og hann sjálfur eflaust orðinn sammála hverju orði sem þar stendur. Ég vil upplýsa hann um að fyrir síðustu kosningar taldi ég aðstæður í ríkisfjármálum vera slíkar að það væri ekki hægt að lækka skatta. Það hefur nú komið á daginn að því miður er það ekki hægt og var þá aðalverkefnið að draga úr ríkisútgjöldum til að minnka hallann.

Varðandi það sem við erum að gera núna. Við erum náttúrlega að horfast í augu við allt of mikið atvinnuleysi og þess vegna erum við að fella niður aðstöðugjaldið og þurfum þá á móti að hækka tekjuskatt einstaklinga. Ef, eins og mér fannst hv. þm. tala, allt sem gert var í virðisaukaskattinum væri ómögulegt og óalandi og óferjandi þýðir það að hækka þarf tekjuskatt enn þá meira til að geta staðið undir niðurfellingu aðstöðugjaldsins. Ef menn færu hans leið líka í sambandi við prósentuhækkun og skattleysismörkin mundi það kalla á mikla prósentuhækkun og ég held að við séum á gráu svæði hvað réttlæti og óréttlæti snertir og kannski ekki hægt að gerast sá hæstiréttur í réttlæti að segja að sú leið sem ríkisstjórnin fer sé alfarið óréttlát og sú leið sem hv. þm. mundi helst fara sé alfarið réttlát. Ég held að þetta sé ekki alveg svona svart og hvítt og sé kannski grátt svæði hjá okkur báðum.

Varðandi það sem hann talaði um virðisaukaskatt á fólksflutninga vil ég segja að samkeppnisstaða flutningaþjónustunnar rýrnar kannski ekki alveg jafnmikið og annars væri vegna þess að bensínið hækkar á sama tíma sem er nú kannski ekki mikil afsökun. En að sjálfsögðu munum við eftir áramótin fara í lögin um vörugjald á bíla og þar með hópferðabifreiðir og þá gefst tími til að skoða ýmislegt varðandi ferðaþjónustuna vegna þess að skatturinn á hana á ekki að taka gildi fyrr en frá og með áramótum 1994.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við eigum tækifæri til í efh.- og viðskn. að eiga orðaskipti um þetta ég og hv. formaður nefndarinnar enda ekki tími til mikilla umræðna um það í andsvörum.

Mér er það auðvitað vel ljóst að mönnum er þröngur stakkur skorinn að ýmsu leyti í þessum efnum. Og því eru sannarlega takmörk sett hvað t.d. almenna skattprósentan í tekjuskattinum má fara hátt, m.a. vegna þess sem stendur í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar og er rétt og enn réttara nú að tekjutenging af ýmsu tagi hefur stóraukist á undanförnum árum. Það gerir það að verkum að jaðarskattprósentan er orðin óheyrilega há á ákveðnu tekjubili hjá fjölskyldunum, á milli 60 og 70%. Þ.e. það er ekki nema fjórða hver króna sem verður eftir af þeirri sem aflað er á ákveðnu launabili.

Það sem ég gagnrýni hins vegar og við höfum gert mjög harðlega er að ákveðnum aðilum er algerlega sleppt í þessum sambandi. Þar nefni ég sérstaklega fjármagnseigendurna. Það er auðvitað alveg með ólíkindum að eina ferðina enn skuli menn gefast upp við að koma sanngjörnum skatti á þá. Á sama tíma og menn eru að ganga í svona aðgerðir gagnvart jafnvel láglaunafólki eins og skerðing persónufrádráttarins er.

Deilan er þess vegna fyrst og fremst um það hvað er réttlátast að gera. Hvað er skynsamlegast að gera? Það hefur enginn einkarétt á réttlætinu, hvorki ég né aðrir. Ég hef mína tilfinningu fyrir því hvað sé skynsamlegt og rétt og aðrir hafa sína. Og ég leyfi mér að halda því fram að það sé nokkuð erfitt að rökstyðja það að eina tiltæka leiðin í þessu sambandi hafi verið að lækka persónufrádráttinn núna þegar ekki er hróflað við fjármagnseigendum. Eða reyna að láta þá sem eru með langhæstu tekjurnar greiða meira. Það er mín skoðun að það hefði mátt afla að minnsta kosti með auðveldum hætti á milli 1 og 2 milljarða kr. með fjármagnstekjuskatti og meiri skatti á hæstu tekjur. Það hefði skilað verulega í þessu sambandi. Út á það hefði mátt að einhverju leyti sleppa því að leggja virðisaukaskatt á viðkvæma hluti eins og innlendar bækur og ferðaþjónustu og það hefði mátt hlífa tekjulægstu hópunum við tekjuskattshækkun.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er stórt og mikið mál sem við erum hér að ræða. Það hefur verið afar merkileg reynsla að fylgjast með fæðingu þess undanfarna daga og þeirri vinnu sem átt hefur sér stað í því samhengi. Við höfum orðið vör við það undanfarna daga að það er að skapast mikill órói í samfélaginu. Verkamannafélagið Dagsbrún hélt fund í fyrradag og samþykkti harðorð mótmæli gegn stefnu ríkisstjórnarinnar. Það sama gildir um stjórn Iðju. Einn af verkalýðsforingjum Austurlands, sem reyndar er félagi í Sjálfstfl. og bæjarfulltrúi fyrir hann á Eskifirði, fór hörðum orðum um stefnu ríkisstjórnarinnar í útvarpinu í gærkvöldi. Hann sagði að hún væri að níðast á láglaunafólki. Í dag hefur miðstjórn Alþýðusambands Íslands setið á miðstjórnarfundi og ég á ekki von á öðru en okkur berist mótmæli frá þeim fundi vegna þess að þær aðgerðir sem er verið að boða í þessu frv. bitna fyrst og fremst á launafólki og ekkert síður þeim sem verst standa en öðrum. Hér er verið að ráðast á allt launafólk, líka þá sem bera minnst úr býtum. Að mínum

dómi eru hér á ferð aðgerðir sem eru algjört siðleysi. Ég vil taka svo sterkt til orða, virðulegi forseti. Og það sem meira er að á meðan reynt er að byggja upp á einum stað samkvæmt áformum ríkisstjórnarinnar er verið að rífa niður á öðrum. Hér er hver höndin uppi á móti annarri eða eins og sagt var í gamalli bók: Vinstri höndin veit ekki hvað sú hægri gjörir. Ég mun koma síðar að því. Að mínum dómi verða þessar aðgerðir þegar allt er saman lagt til að magna þá kreppu og þann samdrátt sem nú er í þjóðfélaginu.

Í fréttum Morgunblaðsins í dag er sagt frá svari dómsmrn. við fyrispurn sem einn af varaþingmönnum Alþfl. lagði fram hér á þingi fyrir skömmu þar sem hann spurðist fyrir um gjaldþrot. Og í svari dómsmrn. kemur fram að á árinu 1991 og það sem af er ársins 1992, það kemur ekki fram hver er síðasti dagur í þeirri viðmiðun, hafa 540 fyrirtæki verið lýst gjaldþrota og eins og gefur að skilja eru flest þeirra í Reykjavík. 22 eru á Akureyri, 18 í Kópavogi, 12 í Keflavík, 9 í Ölfushreppi og 8 á Ísafirði. Þetta segir okkur mikla sögu um ástand fyrirtækjanna í landinu. Við horfum annars vegar upp á það að hagur launafólks þrengist og hins vegar mjög erfiða stöðu fyrirtækjanna í landinu.

Hinn 23. nóv. sl. boðaði ríkisstjórnin aðgerðir sem höfðu það að markmiði að bæta stöðu fyrirtækjanna. Eða eins og segir í plagginu, með leyfi forseta: „Yfirlýsing ríkisstjórnar Íslands um aðgerðir til að styrkja stöðu íslensks atvinnulífs og sporna gegn auknu atvinnuleysi.“ En það kemur fram í þeim plöggum sem við höfum undir höndum í efh.- og viðskn. að Þjóðhagsstofnun spáir því að hluti þessara aðgerða, sem meiri hlutinn ætlar sér væntanlega að samþykkja í lok þessarar umræðu, muni leiða af sér aukið atvinnuleysi. Hér er verið að leggja þungar álögur á greinar sem eiga í vök að verjast fyrir og það mun leiða af sér aukið atvinnuleysi. Hér er því hver höndin uppi á móti annarri og þetta eru mjög alvarleg tíðindi og alvarleg mál sem við er að fást. Þar við bætist að Þjóðhagsstofnun hefur verið að endurskoða sína þjóðhagsspá fyrir árið 1993 og forstjóri Þjóðhagsstofnunar upplýsti það á fundi í efh.- og viðskn. í gærkvöldi að sú spá væri töluvert dekkri en það sem áður hafði verið boðað. Allt eru þetta auðvitað mjög alvarleg tíðindi. En að mínum dómi er ríksstjórnin að magna þann samdrátt sem fyrir er. Hennar stefna leiðir til þess að samdrátturinn magnast.

Það mætti fara mörgum orðum um stefnu ríkisstjórnarinnar undanfarna mánuði. Við höfum horft þar upp á hverjar aðgerðirnar á fætur öðrum sem beinast að því að koma á ýmiss konar þjónustugjöldum og endalaus niðurskurður hjá ríkisstofnunum. Annars vegar tengist þetta yfirlýstri stefnu ríkisstjórnarinnar um að einkavæða ríkisþjónustu og draga úr umsvifum ríkisins. Hins vegar er um það að ræða að ríkisstjórnin er að reyna að bregðast við þeim samdrætti sem hér er orðinn og er fram undan. En allar þessar aðgerðir bera þess merki að það er vaðið áfram. Þær eru vanhugsaðar og illa undirbúnar. Þar er ég sérstaklega að hugsa um aðgerðir hæstv. heilbrrh. sem hafa meira og minna mistekist og menn sitja nú rétt fyrir jól við að hræra í þeim fram og aftur, reikna og reikna til að finna einhverjar leiðir til að ná þeim markmiðum sem heilbrrh. setti sér í bandorminum fyrir árið 1992 við upphaf þessa árs. Þetta hefur allt saman meira og minna mistekist. Það er enn þá verið að hringla í þessu fram og aftur og náttúrlega orðið alveg hrikalegt þegar fólk veit ekkert hvaðan á sig stendur veðrið. Hver árásin kemur á fætur annarri og það er höggvið í sama knérunn aftur og aftur.

Í þeirri spá sem Þjóðhagsstofnun gaf út í haust spáði hún því að kaupmáttur ráðstöfunartekna mundi rýrna um 2,7%. Spá þeirra er nú komin upp í 3,5% en Alþýðusamband Íslands spáir því að kaupmáttur muni rýrna um 7–8%. Þetta eru auðvitað mjög alvarleg tíðindi.

Þjóðhagsstofnun spáði því um mitt ár að atvinnuleysi yrði í kringum 3%. Við endurskoðun spárinnar hækkaði talan upp í 3,5% og í gærkvöldi sagði forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar að spáin væri nú komin vel yfir 4% og stefndi í töluvert hærri tölu. Allt boðar þetta mikil tíðindi. En ríkisstjórnin bregst við með því að leggja auknar álögur á almenning í landinu.

Ég ætla aðeins að renna yfir það, virðulegur forseti, hvaða aðgerðir það eru sem ríkisstjórnin er að grípa til og eru og verða til umræðu á næstu dögum. Þar er fyrst að nefna að ríkisstjórnin samþykkti að fella niður aðstöðugjaldið, sem er tekjustofn sveitarfélaganna í landinu. En í staðinn verður sveitarfélögunum bætt það tekjutap sem þau verða fyrir með hækkun tekjuskatts fyrst og fremst.

Í öðru lagi eru gerðar ýmsar breytingar á tekjuskatti einstaklinga og því sem snertir fólkið í landinu eins og ég hef áður nefnt. Þar er fyrst að nefna að tekjuskatturinn hækkar um 1,5%, úr 32,8% í 34,3%, þ.e. hlutur ríkisins. Þar bætist við sérstakur tímabundinn 5% hátekjuskattur 1993 og 1994 á tekjur einstaklinga sem eru yfir 200 þús. kr. og hjóna yfir 400 þús. kr. Þar að auki lækkar persónuafsláttur um 400 kr. á alla línuna, eða um 4.800 kr. yfir árið. Vaxtabætur verða lækkaðar en það kemur reyndar ekki fram fyrr en á árinu 1994. Reiknað endurgjald einstaklinga í atvinnurekstri verður endurskoðað og í brtt. meiri hlutans er að finna útfærsluna á því þar sem ríkisskattstjóri fær heimild til þess að áætla tekjurnar í hlutfalli við sambærileg störf og bæta 15% álagi þar ofan á.

Skattafsláttur vegna hlutabréfakaupa verður felldur niður í áföngum og skattafsláttur vegna húsnæðissparnaðarreikninga verður einnig felldur niður í áföngum. Allt kemur þetta við einstaklingana í landinu þó þetta tvennt sem ég nefndi síðast komi fyrst og fremst við hag þeirra sem betur standa. En ég kem síðar að því að þarna getur verið um býsna vafasamar aðgerðir að ræða.

Tekju- og eignarskattur lögaðila verður lækkaður. Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með því hringli sem þar hefur átt sér stað. Það er ljóst að ríkisstjórnin ákvað að lækka tekjuskatt fyrirtækjanna í landinu ekki eingöngu til að létta á þeim og bæta stöðu þeirra heldur ekki síst til að bæta samkeppnisstöðu íslenskra

fyrirtækja gagnvart evrópskum fyrirtækjum vegna hins Evrópska efnahagssvæðis sem menn reikna frekar með að verði að veruleika. Það urðu vinnuveitendum og öðrum mikil vonbrigði að sjá það í tillögum ríkisstjórnarinnar að þessi lækkun var ekki sett fram í einum áfanga heldur tveimur. Hún kemur þannig út núna að tekjuskatturinn verður lækkaður úr 45% í 39% á árinu 1993 og síðan í 33% 1994. Það verður fróðlegt að sjá hvað gerist á næsta ári þegar verður farið að hringla í þessum skatti. En þetta leiðir af sér að staða fyrirtækjanna batnar ekki eins mikið og þau höfðu gert sér vonir um.

Hér er einnig að finna ýmis önnur ákvæði sem snerta fyrirtækin og ég ætla ekki að tíunda nema það að þeirri aðgerð að frádráttur frá hagnaði vegna úthlutaðs arðs, sem átti að lækka, er frestað vegna eindreginna mótmæla fulltrúa atvinnulífsins. Og þá er það að nefna að skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, sem lagður hefur verið á til bráðabirgða í 15 ár, er enn einu sinni framlengdur. Við vitum að þetta þykir ýmsum þingmönnum stjórnarliðsins þyngra en tárum tekur og ég hef grun um að jafnvel muni það gerast að einhverjir þeirra greiði atkvæði gegn þessum skatti, en ég ætla ekki að eyða löngum tíma í hann. Reyndar ætla ég bara að nefna þessa skatta fyrst en fara svo betur út í þá síðar.

Þá er það virðisaukaskatturinn. 14% skattþrep í virðisaukaskatti á húshitun, afnotagjöld útvarps og sjónvarps, blaða og bóka sem er eitt alvarlegasta málið í þessum skattaormi að mínum dómi ef frá er talin hin aukna skattbyrði láglaunafólks. Þá bætist einnig við 14% virðisaukaskattur á ferðaþjónustu og fólksflutninga sem hér hefur töluvert verið rætt um í dag.

Þá er lækkun á tryggingagjaldi sem m.a. á að koma til móts við þá miklu skattlagningu sem ferðaþjónustan í landinu verður fyrir og er að mínum dómi til góðs.

Síðast er það að nefna að inn í þetta frv. voru teknar tillögur úr öðrum frv. sem ekki gefst tími til þess að afgreiða fyrir jól en þar er um að ræða sérstakt bensíngjald vegna fjáröflunar til vegagerðar, hvort sem það skilar sér í vegagerð eða ekki, og einnig er að finna í brtt. meiri hlutans tillögur vegna gjalds af umboðsþóknun í gjaldeyrisviðskiptum sem einnig þurfti að koma að.

Virðulegi forseti. Það eru sem sagt allmörg atriði sem hér eru til umfjöllunar og þau vega mismunandi þungt í þessu máli.

Þegar þetta frv. var lagt fram til 1. umr. þá vakti það að sjálfsögðu mikla athygli að enn á ný stóð til að skerða barnabætur. Barnabætur voru skertar um 500 millj. á þessu ári og nú stóð til að klípa aðrar 500 millj. af barnafólki í landinu. Sem betur fer hefur ríkisstjórnin fallið frá þessum áformum enda verður að segjast eins og er að aðgerð af þessu tagi hefði verið aldeilis forkastanleg. Að leggja álögur á barnafólk með þessum hætti er óafsakanlegt og ég ítreka enn þá spurningu sem ég vil beina til formanns efh.- og viðskn., sem er fjölskyldumaður og hefur fyrir börnum að sjá, að ég vildi gjarnan að hann skýrði út fyrir mér hver sé fjölskyldustefna þessarar ríkisstjórnar því eins og hún kemur mér fyrir sjónir þá er hún afskaplega fjandsamleg fjölskyldunum í landinu og þá fyrst og fremst barnafólki því að það bólar lítt á aðgerðum til þess að bæta stöðu barnafjölskyldna sem margar hverjar eiga erfitt. Hér er um það að ræða að verið er að leggja aukna skattbyrði á fjölskyldurnar í landinu og stendur til að ýra hag þeirra sem eru að festa kaup á húsnæði.

Sem betur fer var hætt við skerðinguna á barnabótunum í þetta sinn en í staðinn stendur til að lækka persónuafslátt einstaklinga, sem sagt allra, um 400 kr. Mér finnst sú aðgerð alveg hrikaleg, ég verð að segja það, virðulegi formaður efh.- og viðskn. (**VE:** Hvort er nú hrikalegra?) Þetta er kannski aðeins skömminni skárra af tveimur vondum kostum en ég verð að segja það að þetta gengur náttúrlega yfir alla línuna og þegar mér verður hugsað til þeirra kvenna sem t.d. vinna hjá Reykjavíkurborg, hjá ýmsum fyrirtækjum Reykjavíkurborgar og reyndar ríkisins líka og eru á lægstu launum og eiga að bæta fyrst á sig 1,5% hækkun á tekjuskatti og síðan lækkun á persónuafslætti, fyrir utan aðrar hækkanir og skerðingar sem fólk verður fyrir, að maður tali nú ekki um ef fólk verður svo óheppið að vera veikt, þá finnst mér þetta siðlaust. Mér finnst siðlaust að gera þetta. Ég er alveg undrandi á ríkisstjórninni að fara þessa leið. Við höfum reyndar ekki reiknað út hina leiðina sem hefur verið rædd sem er sú að hækka hreinlega prósentuna meira en hækka persónuafsláttinn líka til að verja þá lægstlaunuðu. Það sem mér finnst svo óafsakanlegt í þessu að ráðast svona á það fólk sem hefur lægstu launin. Það hefði átt að hlífa því því að fólk, sem hefur tekjur á bilinu í kringum 60 þús. kr., 60–70 þús. kr., er ekki aflögufært. Við erum að tala um aukningu þegar saman er talið svona upp á 2.000 kr. og þetta fólk, og nú er ég sérstaklega að hugsa um láglaunakonur, munar um hverjar 100 kr., það munar um hvern hundraðkallinn. Ég þekki dæmi um slíkt fólk. Og af því að ég er komin að persónuafslættinum og tekjuskattshækkuninni þá var mér að berast í hendur ályktun Alþýðusambands Íslands frá því í dag, af miðstjórnarfundi ASÍ, og ég ætla að leyfa mér að lesa hana, með leyfi forseta. Hún er svohljóðandi:

„Miðstjórn ASÍ mótmælir harðlega hugmyndum meiri hluta efh.- og viðskn. um að auka skattaálögur almennings með því að lækka persónuafsláttinn um 400 kr. á mánuði eða 4.800 kr. á ári. Slík skerðing lendir óhjákvæmilega af meiri þunga á því fólki sem hefur lægstu tekjurnar.

Miðstjórn fagnar þeirri ákvörðun að fallið verði frá því að skerða barnabætur um 500 millj. kr. á næsta ári en ítrekar að tekjuþörf ríkissjóðs ber að mæta með skattlagningu hærri tekna, fjármagnstekjuskatti og stórhertu skatteftirliti.

Miðstjórn lýsir furðu sinni á því að ríkisstjórnin skuli enn hafna því að láta þá sem betur mega sín bera meiri byrðar en velja þess í stað að auka skattálögur lágtekjufólks.

Miðstjórn ASÍ minnir Alþingi jafnframt á að þegar staðgreiðslukerfi skatta var tekið upp 1. jan. 1988 voru skattleysismörkin sem svarar rúmlega 72 þús. kr.

miðað við verðlag í dag. Skattleysismörk hafa þannig verið lækkuð um rúmar 15 þús. kr. á mánuði á núverandi verðlagi. Einstaklingur með 72 þús. kr. tekjur var skattlaus 1988 en er nú gert að greiða nærri 9% tekna sinna í tekjuskatt og útsvar. Í tíð núverandi ríkisstjórnar hafa skattleysismörkin verið lækkuð úr tæpum 63 þús. kr. í 57 þús. kr. eða um 6.000 kr. á mánuði og skattbyrði einstaklings með 63 þús. kr. tekjur aukin um 3,6%."

Þetta var ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands frá í dag. Ég tek heils hugar undir það sem hér segir og vil ég benda hæstv. félmrh. og öðrum, sem verið hafa að auglýsa eftir tillögum, á það sem fram kemur í ályktun ASÍ þar sem bent er á að þessari tekjuþörf ríkissjóðs beri að mæta með skattlagningu hærri tekna, fjármagnstekjuskatti og stórhertu skatteftirliti. Að vísu er í þessu frv. verið að leggja til lagabreytingar sem eiga að verða til þess að auka skatteftirlit en það var afar merkilegt að hlusta á þá sem komu á fund efh.- og viðskn., þar með talda fulltrúa ferðaþjónustunnar sem bentu á að hér í landi ætti sér stað mikil svört starfsemi í veitingahúsarekstri og ferðaþjónustu í skjóli ríkisins. (**VE:** Undir verndarvæng.) Já, undir verndarvæng ríkisins, eins og það var orðað. Það er auðvitað alveg makalaust að ríkið skuli láta það viðgangast á tímum eins og þessum þegar tekjuþörfin er jafnmikil og raun ber vitni. Það er þó skömminni skárra að skattleggja eyðsluna og drykkjuskapinn í okkur heldur en að vera að leggja skatta á það fólk sem hefur lægstu tekjurnar í landinu.

Ég bið nú hæstv. fjmrh. að íhuga þetta vandlega því enn einu sinni hefur ríkisstjórnin frestað því að taka upp fjármagnstekjuskattinn. Það er svo merkilegt að þessi fjármagnstekjuskattur er svo flókinn, hann er svo ofboðslega flókinn að það þarf að fresta því ár eftir ár að taka hann upp, en þegar menn eru að tekjutengja ellilífeyrinn eða hræra í lyfjakostnaðinum þá er það ekki flókið. (**Gripið fram í:** Og tekjutengja barnabætur.) Já, tekjutengja barnabætur, það er ekki flókið mál, það er gert á einu síðdegi eða á kvöld- og næturfundum í ríkisstjórninni. En fjármagnstekjuskatturinn, hann er svo flókinn að það þarf að fresta honum ár eftir ár. Ég vísa því á bug sem komið hefur fram í umræðunni að stjórnarandstaðan og t.d. Kvennalistinn hafi ekki fram að færa tillögur um það hvernig eigi að standa að tekjuöflun ríkisins og minni á að ég hef ítrekað bent hæstv. fjmrh. á leiðir til þess. Sumt af því kemur heim og saman við það sem ASÍ hefur sagt, eins og raunverulegur hátekjuskattur, ekki tímabundinn skattur af því tagi sem hér er um að ræða, 5%, heldur hefði átt að fara þá leið sem ég hef áður nefnt að hækka skattprósentuna, hækka persónuafsláttinn og jafnvel að taka upp enn hærra skattþrep sem skilaði þó einhverju því að þessi hátekjuskattur, sem hér um ræðir, skilar ekki nema 300 millj. á næsta ári og 100 millj. á þarnæsta ári. Ég bendi enn á fjármagnstekjuskatt, endurskipulagningu í ríkisfjármálum og rekstri ríkisins, því að ég held að þau handahófskenndu vinnubrögð, sem hér er verið að beita, þar sem er verið að krukka og klípa í einstakar upphæðir, skili engu til lengdar. Það er bara verið að þrýsta lokinu á suðupottinn og svo springur þetta einn góðan veðurdag.

Ég er alveg sannfærð um að árangur næst ekki til lengri tíma litið í ríkisfjármálum nema með verulegri endurskipulagningu og ég vil enn og aftur benda á að ég held að hæstv. heilbrrh. sé á mjög svo röngum brautum í sparnaðarleiðum sínum því að ég er alveg sannfærð um það að á nokkrum árum væri hægt að ná miklum árangri í heilbrigðiskerfinu með fyrirbyggjandi aðgerðum af ýmsu tagi og endurskipulagningu. Ég vil enn einu sinni tíunda það dæmi sem mér finnst svo sláandi að umferðarslys kosta þjóðfélagið 10 milljarða á hverju ári, samkvæmt upplýsingum yfirlæknis slysadeildar Borgarspítalans.

Það er augljóst að með fyrirbyggjandi aðgerðum er hægt að ná peningum. Ég beini því til hæstv. dómsmrh. að hugleiða það því að hluta til heyra þessi mál undir hann, sem snerta ökumenn og þær reglur. Ég ætla ekki að fara út í umræður um það núna, það liggur hér fyrir frv. til breytinga á lögum um Umferðarráð og slíkt, ég man ekki titilinn á frv., og þá getum við væntanlega rætt þetta. Ég er alveg sannfærð um að þarna er hægt að ná niður miklum kostnaði og víðar eins og t.d. í heilbrigðiskerfinu.

Ég var nú eiginlega komin út á aðrar brautir. Það flýgur margt í hugann þegar verið er að tala um tekjuöflun ríkisins en ég vil benda á það að ríkið á annarra kosta völ en að stinga hendinni dýpra og dýpra ofan í vasa launafólks.

Ég vil segja það hér, virðulegi forseti, að í sjálfu sér er ég ekki á móti þeirri 1,5% tekjuskattshækkun sem hér á sér stað ef á móti hefðu komið jöfnunaraðgerðir til hinna lægst launuðu. Það kemur reyndar fram í brtt. meiri hlutans að barnabótaauki til einstæðra foreldra verður hækkaður með fyrsta barni þannig að sá hópur verður fyrir aðeins minni skerðingu en ella hefði orðið en ég get ekki skrifað undir þessa tillögu eins og hún er hér. Ég get ekki skrifað undir það að láglaunafólk skuli verða að taka á sig skattahækkun af þessu tagi. Ég hefði heldur viljað sjá þessa hækkun færða örlítið upp stigann.

Aðeins meira um persónuafsláttinn. Ég verð að vekja athygli á því, sem reyndar kemur fram í ályktun ASÍ, að ASÍ hefur deilt nokkuð við fjmrn. um þessa útreikninga á persónuafslætti og vilja þeir meina að launafólk hafi verið verulega hlunnfarið í þessum útreikningum eins og fram kom í þeim tölum sem ég las áðan. En ég vil benda á það að í fyrra, þegar persónuafslátturinn var reiknaður út, var ekki reiknað með því að neinar launahækkanir yrðu á árinu. Síðar kom í ljós að samið var um örlitla launahækkun sem var síðan reiknuð inn í persónuafsláttinn um mitt ár, en í hálft ár var fólk án þess að tekið væri tillit til þeirra verðbreytinga sem urðu. Enn á ný á að leika þennan sama leik, það er ekki gert ráð fyrir neinum verðbreytingum fram á mitt næsta ár a.m.k. en það er alveg augljóst mál og það hlýtur öllum að vera ljóst að þeirri miklu kjaraskerðingu, sem Alþýðusambandið metur upp á 7–8% rýrnun kaupmáttar, verður ekki tekið þegjandi. Það hlýtur að vera alveg ljóst. Þar af leiðandi

hvað sem verður samið um þá hlýtur það að gerast að hinum lægst launuðu verði bætt þetta upp á einhvern hátt því það er alveg greinilegt að það er þegar kominn af stað mikill órói meðal verkafólks og annarra launþega vegna þessarar margföldu kjaraskerðingar og það er afar ótrúlegt að þessir útreikningar fjmrn. standist.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að vaxtabótunum. Það stendur til að skerða þær um 400 millj. kr. á árinu 1994. Ég vil aðeins ítreka það sem ég sagði í gær í umræðum um Húsnæðisstofnun ríkisins að þetta er að mínum dómi hið versta mál. Það er augljóst að vaxtabæturnar eru veruleg upphæð sem greidd er úr ríkissjóði. Ef ég man rétt eru þær 3,3 milljarðar í fjárlagafrv. Þetta eru auðvitað verulegar upphæðir, en það má ekki gleyma því að þetta er nokkuð sem fólk hefur gert ráð fyrir í sínum útreikningum og það er mjög slæmt að vera að hringla í bótunum með þessum hætti og skelfa fólk ár eftir ár með hótunum um að skerða þessar bætur. Ef það er vilji til þess að skerða þær þá verður það frekar að gerast með eignatengingu þannig að þetta færist upp skalann og bitni fremur á þeim sem betur standa að vígi og eiga miklar eignir.

Það er býsna merkilegt að í þeirri umsögn sem nefndinni barst frá Vinnuveitendasambandi Íslands benda þeir á að ekki sé viturlegt að ganga lengra á braut tekjutengingar í skattkerfinu, segir í áliti VSÍ, með leyfi forseta. Og þeir segja: „Því eru samanlögð áhrif tekjuskattshlutfalls, barnabótaauka og vaxtabóta hjá algengustu fjölskyldum með venjulegar tekjur um og yfir 60%, þ.e. þessar fjölskyldur bæta sinn hag um 40 kr. fyrir hverjar 100 sem bætast við. Ef slíkar fjölskyldur búa auk þess við námslánaskuldir samkvæmt núgildandi lögum fækkar krónunum í 35."

Þetta er í tengslum við þeirra umfjöllun um tekjuskatt einstaklinga, vaxtabætur og barnabætur.

Mér þykir merkilegt og umhugsunarvert að VSÍ skuli benda á þessa tekjutengingu. ASÍ hefur reyndar gert það líka en fyrst og fremst á þeim forsendum að þegar um tekjutengingu er að ræða, eins og mjög færist í vöxt og virðist vera gegnumgangandi stefna ríkisstjórnarinnar, þá gerist það aftur og aftur að viðmiðanirnar eru svo lágar. Þær eru svo lágar að þetta verður til þess að skerða kjör lágtekjufólks og meðaltekjufólks, þeirra sem ætti að hlífa.

Varðandi vaxtabæturnar þá kann það vel að vera að þarna hafi enn einu sinni verið búinn til snjóbolti sem hleður stöðugt utan á sig og þarf að skoða því það er auðvitað ekki hægt að horfa upp á slíkt. Það verður að skerða bæturnar þannig að það bitni á þeim sem best hafa kjörin, en ég set alla fyrirvara við þá skerðingu sem hér á sér stað.

Þá ætla ég að koma örstutt inn á skatta fyrirtækjanna í landinu. Ég kom aðeins inn á það áðan að þar voru stökkin tekin fram og aftur og tölurnar hækkuðu og lækkuðu til skiptis. Í tengslum við annað það sem stóð til að gera, en sumu af því hefur verið frestað, komst framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands þannig að orði að embættismennirnir í fjmrn. stunduðu bírókratíska leikaraskap, eins og hann sagði. Það væri bírókratískur leikaraskapur sem ætti sér stað í fjmrn.

Ég vil taka undir það að ég er sammála því að lækka skatta á fyrirtækjum og ég held reyndar að það sé óhjákvæmilegt í þeirri stöðu sem er í þjóðfélaginu. Ef Ísland verður aðili að hinu Evrópska efnahagssvæði, sem ég er reyndar andvíg, eins og fram hefur komið fram fyrr í þessari viku, er óhjákvæmilegt að sjá til þess að staða íslenskra fyrirtækja sé nokkuð sambærilegt við það sem gerist úti í Evrópu. Maður óttast reyndar að þegar fram í sækir verði þau það ekki.

Í frv. er langur kafli um skattrannsóknir sem að mínum dómi er gott mál og ég ætla ekki að eyða mörgum orðum í þær breytingar. Þær ganga út á það að skilja að skatteftirlitið og skattrannsóknirnar. Hér á að stofna nýtt embætti skattrannsóknarstjóra. Það er gert í þeim tilgangi að bæta skatteftirlitið og reyna að koma í veg fyrir skattsvik. Eins og við vitum er þarna töluverða peninga að sækja ef þessi stofnun eða deild, ég veit ekki hvernig maður á að flokka þetta. (**VE:** Nýtt embætti.) Nýtt embætti, já. Það er rétt hjá hv. formanni efh.- og viðskn. Ef þetta embætti fær það sem til þarf til að geta sinnt þessu eftirliti af einhverju viti. Það má minna á að það hefur verið ein af kröfum aðila vinnumarkaðarins, sérstaklega ASÍ, að skatteftirlit yrði hert verulega.

Þá ætla ég aðeins að nefna það að í þessum tillögum er að finna hert ákvæði varðandi tekjur einyrkja eða sjálfstæðra atvinnurekenda, en menn hafa ástæðu til að ætla að í þeirra hópi eigi sér stað nokkur undanskot frá skatti. Ég er sammála því að þetta sé gert en menn hafa nokkuð velt fyrir sér framkvæmdinni, hvernig þetta muni verða í reynd. — Virðulegur forseti, hér er hafinn annar fundur úti í horni. (**Forseti:** Forseti vill biðja hv. þm. að hafa hljóð í salnum. Ég bið hv. þm. afsökunar á athyglisleysinu.) Þeir geta brugðið sér frá ef þeir vilja.

Þá ætla ég aðeins að koma að hátekjuskattinum og aðallega í því samhengi, virðulegi forseti, að við í efh.- og viðskn. létum kalla á fulltrúa sjómanna. Það er ljóst að allnokkur hópur sjómanna mun lenda í þessum hátekjuskatti svo framarlega sem tekjur þeirra dragast ekki mikið saman en því miður hefur verið mikill aflasamdráttur og kjör sjómanna hafa rýrnað allverulega, enda var m.a. þeirra sérstaki skattafsláttur rýrður í fyrra. (**Gripið fram í:** Nei. Það er ekki rétt.) Er þetta rétt hjá þingmanninum? (**Gripið fram í:** Nei.) Nei, ég man ekki betur en hér hafi verið samþykkt skerðing á sjómannaafslætti, en það er hringlað svo mikið í þessu að stundum er erfitt að átta sig á því hver hin endanlega niðurstaða verður, en sjómannaafsláttur var skertur og kjör sjómanna hafa versnað. En það sem sjómenn beina einkum athyglinni að er sá þáttur sem lýtur að fyrirframgreiðslunni. Þeir benda á að það á að innheimta fyrirframgreiðsluna á haustmánuðum og fram til jóla sem er sá tími þegar sjómenn hafa hvað minnstar tekjur og leiðir það af eðli fiskveiða hér við land. Þá verður um eftirágreiðslu að ræða. Hluti af þessum hátekjuskatti verður tekinn inn með fyrirframgreiðslu en síðan er hann gerður upp eft-

ir á. Þeir telja þetta koma afar illa við sig en það verður auðvitað að koma í ljós hvernig framkvæmdin á þessu verður. Menn hafa líklega ekki séð aðra betri leið en þessa.

Ég tek þetta í þeirri röð sem þessar breytingar koma fyrir í frv. og ætla ég næst að víkja að húsnæðissparnaðarreikningunum. Það er merkilegt að skoða þá töflu sem við fengum frá fjmrn. sem sýnir að fólk hefur nýtt sér húsnæðissparnaðarreikninga í mjög auknum mæli. Hér kemur fram að á árinu 1990 var áætlaður skattafsláttur vegna húsnæðissparnaðarreikninga 19 millj. kr., en á árinu 1991 varð afslátturinn 118 millj. Hann óx frá 19 millj. upp í 118 millj. Það er greinilegt að margir hafa nýtt sér þetta sparnaðarform og hér gildir það sama og áður hefur verið sagt að það er mjög vont þegar verið er að hringla með hluti þennan hátt. Það kom reyndar fram hjá fulltrúum Húsnæðisstofnunar að þessir reikningar virðast vera lítið notaðir til þess að fjárfesta í húsnæði. Þarna er því í rauninni bara um eitt af þeim sparnaðarformum að ræða sem upp hefur verið komið og kannski ástæða til að beina frekar sjónum að því hvernig slíkur sparnaður eigi að vera. Ég hlýt að leggja til að það verði reynt að beina húsnæðissparnaði fyrst og fremst til húsbréfa og fólk safni sér húsbréfum en það verður auðvitað að sjá sér einhvern hag í því. Ég lýsi því ekki yfir mjög mikilli andstöðu við þessa aðgerð eina og sér en það er auðvitað alltaf vont að raska áformum fólks með þessum hætti. Fyrst er reynt að beina því inn á einhverjar ákveðnar brautir í sparnaði og áður en við er litið er öllu kippt til baka. Þetta eru auðvitað ekki góðir stjórnarhættir en reyndar á að afnema þennan skattafslátt í áföngum.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um skattinn á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Ef ég man rétt á hann að skila 435 millj. á þessu ári. Þegar við stöndum frammi fyrir aðgerðum af því tagi sem hér um ræðir verður maður að segja að þessi skattur er skömminni skárri en margt annað, þó ég viti að formaður efh.- og viðskn. er mikið á móti honum og reyndar fjmrh. líka. Þeim er tregt tungu að hræra vegna þess máls að verða að horfa upp á þennan skatt samþykktan 15 ár í röð þó það sé eitt af þeirra helstu baráttumálum að losna við hann. Ég þykist muna það rétt að í þeirri merku bók, hvítbókinni, sem nokkuð hefur verið vitnað til í dag, er að finna klausu sem er svo, með leyfi forseta:

„Sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verður felldur niður um leið og skattlagning eigna og fjármagnstekna verður samræmd.“ Samkvæmt þessu hefur ríkisstjórnin nokkurn tíma til stefnu til þess að ganga frá þessu máli því það er augljóst að meðan þessi samræming hefur ekki átt sér stað og skatti verið komið á fjármagnstekjur þá hefur ríkisstjórnin ástæðu til að innheimta þennan skatt. (**VE:** Við höfum því mikinn hvata til að taka upp fjármagnstekjuskattinn.) Já, það er vonandi að hvatinn reynist einhver. En þetta er sorgarsaga sem ekki er ástæða til að ítreka og endurtaka hér.

Þá er ég komin að virðisaukaskattinum, virðulegi forseti. (**Forseti:** Forseti biður velvirðingar á að grípa svona inn í ræðu hv. þm. en langar að upplýsa að það stendur til að fresta þessari umræðu kl. sex þangað til í kvöld og taka önnur mál sem eru á dagskrá og væntanlega til atkvæðagreiðslu líka áður en þessum fundi verður frestað klukkan hálfsjö. Forseti vildi því spyrja hv. þm. hvort hann á mikið eftir af sinni ræðu af því að forseta heyrðist vera komið að kaflaskiptum.) Ég hef grun um að það séu kannski tuttugu mínútur. (**Forseti:** Þá væri gott ef þingmaðurinn vildi fresta ræðunni núna.)

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1993, 96. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 482; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 483; brtt. meiri hluta fjárln.; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 484.

Atvinnuleysistryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 226. mál (verkefnastyrkir til sveitarfélaga 1993). — Þskj. 283, nál. 494.

Frsm. heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum.

Heilbr.- og trn. hefur hefur fjallað um frv. og fengið um það umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi atvinnulausra, bæjarstjórn Vestmannaeyja, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, bæjarstjórn Mosfellsbæjar, bæjarstjórn Keflavíkur og bæjarstjórn Seltjarnarness.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Undir þetta rita Sigbjörn Gunnarsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Sólveig Pétursdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Sigurður Þórólfsson, með fyrirvara, Finnur Ingólfsson, með fyrirvara, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, með fyrirvara og Svavar Gestsson, með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skuldbreytingar vegna loðdýraræktar, 1. umr.

Frv. landbn., 309. mál (afskrift á lánum). — Þskj. 479.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Frv. þetta er flutt að ósk landbrh. og byggist á áliti nefndar sem fjallað hefur um fjárhagsvanda loðdýrabænda. Frv. felur í sér að Stofnlánadeild landbúnaðarins eru veittar heimildir til að fella niður sem svarar helmingi af heildarskuldbindingum loðdýrabænda við Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Búist var við því að þessi nýja búgrein gæti að einhverju marki komið í stað þess óhjákvæmilega samdráttar sem orðið hefur í hefðbundnum greinum landbúnaðarins á síðustu árum og þannig treyst búsetu á landsbyggðinni. Verðfall á loðdýraafurðum hefur hins vegar leitt til mikils vanda í þessari grein. Þegar lög nr. 112 frá árinu 1989 voru sett hafði loðdýrarækt búið við mikinn rekstrarvanda um nokkurt skeið. Í greinargerð sem þessum lögum fylgdi segir að þau miði að aðgerðum í þágu loðdýraræktarinnar sem auðvelda skuli einstökum loðdýrabændum að taka ákvörðun um framtíðarbúrekstur sinn. Því miður hefur ekki tekist sem skyldi að létta fjárhagsstöðu greinarinnar. Þess er vænst að með þessu frv. sé fundin leið til að treysta grundvöll loðdýraræktarinnar þannig að sú þekking og reynsla sem fengist hefur varðveitist og nýtist þegar betur árar.

1. gr. gerir ráð fyrir að síðari málsl. 2. gr. laganna um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar falli niður en í staðinn fyrir komi sú áréttíng sem 1. gr. felur í sér.

Ég vil svo, virðulegur forseti, leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 310. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 486.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (GHelg, HBl, HG, JBH, ÓÞÞ, RG, StG, SvG) fjarstaddir.

Frsm. heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, sbr. lög nr. 86/1991. Frv. er að finna á þskj. 486 og er flutt af heilbr.- og trn.

Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, var gert ráð fyrir að frá og með 1. jan. 1991 yrði heilsugæslustarfi í Reykjavík og starfsemi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur þannig háttað að lög nr. 44/1955, heilsuverndarlög, sbr. lög nr. 28/1957, yrðu óþörf og féllu því úr gildi. Hins vegar vannst ekki tími til að ganga frá nauðsynlegum breytingum á heilbrigðisþjónustulögunum varðandi starfsemi Heilsuverndarstöðvarinnar fyrir árslok 1991 og var því með lögum nr. 86/1991 veittur eins árs frestur til viðbótar því sem upphaflega var ákveðið í lögunum.

Nýlega hefur heilbr.- og trmrh. látið semja frv. til breytinga á lögum um heilbrigðisþjónustu þar sem gerðar eru tillögur um hlutverk Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. Í frv. er lagt til að heilsuverndarstarf færist til Heilsuverndarstöðvarinnar og að stofnuninni verði skipuð sérstök stjórn. Ljóst er þó að ekki er nægur tími til að afgreiða það frv. fyrir áramót og er því með þessu frv. lagt til að bráðabirgðaákvæði laganna um heilbrigðisþjónustu verði breytt á þann veg að veittur verði eins árs frestur til viðbótar til að ganga frá lögum um framtíðarhlutverk Heilsuverndarstöðvarinnar.

Virðulegur forseti. Ég tel óþarft að vísa þessu máli til nefndarinnar þar sem nefndin flytur frv. og legg til að því verði vísað til 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónS, KSG, KHG, KÁ, LMR, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, VE, ÞorstP.

24 þm. (AKS, ÁRÁ, GB, HÁ, HBl, HG, ISG, JBH, JónK, JVK, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SÞór, StG, StH, SvG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Atvinnuleysistryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 226. mál (verkefnastyrkir til sveitarfélaga 1993). — Þskj. 283, nál. 494.

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnS, IBA, JóhS, JGS, JónS, KSG, KÁ, LMR, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, VE, ÞorstP.

6 þm. (AÓB, GHelg, JÁ, JHelg, JVK, KHG) greiddu ekki atkvæði.

23 þm. (AKS, ÁRÁ, GB, HÁ, HBl, HG, ISG, JBH, JónK, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SÞór, StG, StH, SvG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnS, IBA, JóhS, JGS, JónS, KSG, LMR, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, VE, ÞorstP.

6 þm. (GHelg, JÁ, JHelg, JVK, KHG, ÓÞÞ) greiddu ekki atkvæði.

23 þm. (AKS, ÁRÁ, GB, HÁ, HBl, HG, ISG, JBH, JónK, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, PP, RA, SighB, SÞór, StG, StH, SvG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, VE, ÞorstP.
23 þm. (AKS, ÁRÁ, GB, HÁ, HBl, HG, ISG, JBH, JónK, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SÞór, StG, StH, SvG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Skuldbreytingar vegna loðdýraræktar, frh. 1. umr.

Frv. landbn., 309. mál (afskrift á lánum). — Þskj. 479.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP.
23 þm. (AKS, ÁRÁ, GB, HÁ, HBl, HG, ISG, JBH, JónK, KE, ÓE, ÓRG, PP, RA, SighB, SÞór, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Forseti vill geta þess að það er ráðgert að fresta þessum fundi kl. hálfsjö og gera hlé til kl. hálfníu í kvöld. Þess vegna mun forseti gefa hv. 18. þm. Reykv. orðið á nýjan leik svo hún geti haldið áfram ræðu sinni þar sem frá var horfið.

Um þingsköp.
Kvöldfundur.

Ólafur Þ. Þórðarson:
Hæstv. forseti. Ég lít svo á að það hafi verið að tilkynna að hér ætti að vera kvöldfundur. Ég vil leita upplýsinga um hvort það sé með samkomulagi. Sé svo mun ég ekki gera athugasemdir við það. En mér kemur það mjög á óvart ef það hefur orðið samkomulag um að halda áfram störfum með þeim hætti að hér verði kvöldfundur í kvöld.
Það hefur verið mjög mikil umræða í þinginu og kvöldfundur á kvöldfund ofan. Það hljóta að vera einhver takmörk fyrir þeim vopnaburði og þingmenn eigi einhvern rétt á því að hér sé staðið með skipulegum hætti að þingstörfum hvað það snertir að sum mál hafi forgang vegna þess að það þarf að afgreiða þau en önnur mál séu ekki höfð á dagskránni sem ekki er nauðsyn að afgreiða. Ég tel óhjákvæmilegt annað en að koma þessum skoðunum á framfæri og óska eftir upplýsingum um þetta.

Geir H. Haarde:
Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan að það komi fram að formenn þingflokka eða fulltrúar þeirra hittust fyrr í dag og ræddu þessi mál. Hins vegar náðist ekki til fulltrúa úr stjórn þingflokks Framsfl. vegna þess að formaður þingflokksins var ekki í húsinu né heldur ritarinn, en varaformaðurinn er utan þings eins og kunnugt er. Við fulltrúar hinna flokkanna fjögurra, sem sátum á þessum fundi, náðum samkomulagi um hvernig haldið skyldi áfram í dag og þar á meðal að fundi skyldi fram haldið kl. hálfníu. Þetta samkomulag var síðan borið undir formann Framsfl. og hv. 2. þm. Suðurl., Jón Helgason, sem kváðust ekki gera athugasemdir við þetta fyrir hönd síns flokks.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Þá væntir forseti þess að hv. 2. þm. Vestf. hafi fengið þau svör sem hann leitaði eftir.

Ólafur Þ. Þórðarson:
Herra forseti. Við framsóknarmenn höfum falið hv. 7. þm. Reykn. mikil trúnaðarstörf í gegnum tíðina. En við höfum aftur á móti dreift valdinu svo að honum eru ekki ætluð einum öll trúnaðarstörf hjá flokknum. Þess vegna höfum við þingflokksstjórn þar sem hann er ekki með innan borðs. Svo höfum við það kerfi á að við höfum líka varamenn í þeirri þingflokksstjórn. (**ÖS:** Þetta er bara heilmikið lýðræði.) Ég tel að þetta sé lýðræði og það til fyrirmyndar. Mig undrar það ef hv. þm. Geir H. Haarde heldur að það sé hægt að standa þannig að málum að það sé samkomulag í þinginu um hluti án þess að Framsfl., þ.e. þingflokkurinn, taki afstöðu til málsins. Mig undrar það. Mér þykja það nokkur tíðindi. Ég hef vissulega heyrt hans erkibiskups boðskap í þessum efnum. En þá verður að sjálfsögðu látið reyna á það hvort slík vinnubrögð eru það sem dugar.

Geir H. Haarde:
Virðulegur forseti. Ekki veit ég hvor okkar er biskupslegri ég eða hv. síðasti ræðumaður. (**ÓÞÞ:** Það fer ekki á milli mála.) En honum láðist að geta þess hverjir sitja í varastjórn þingflokks framsóknarmanna þannig að unnt sé að ræða þetta mál við þá aðila. En ég tel að það hafi verið séð fyrir því að leita álits Framsfl. eins og sjálfsagt og eðlilegt er í máli sem þessu. (**Gripið fram í:** Það er Ólafur Þ. sem er fullmektugur fyrir okkur hérna.)

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:
Virðulegur forseti. Það er rétt og ég vil upplýsa það hér að ég mætti fyrir hönd míns þingflokks á þingflokksformannafundi í dag. Við gerðum athugasemd við það aðrir þingflokksformenn að það vantaði fulltrúa frá Framsfl. Það var rætt um það, eins og kom fram hjá hv. þm. Geir H. Haarde hér áðan, að taka þessi þrjú mál sem væru samkomulagsmál innan nefnda. Tvö af þeim eru mál sem nefndirnar sjálfar leggja fram. Þegar það hafði verið rætt var rætt um að

halda áfram fundi í kvöld, í kvöld ekki í nótt, og ekki rætt um nein tímatakmörk í því. En það síðasta sem við aðrir þingmenn stjórnarandstöðunnar sögðum þegar við fórum af þessum fundi var að skilyrðið væri að Framsfl. samþykkti þetta. Það er það eina sem ég get upplýst um það.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Þegar ég kom fyrst inn á þing 1987 urðu mikil mótmæli við þeim hugmyndum að halda kvöldfundi tvö kvöld í röð. Það var nánast ekki gert. Ég man alla vega ekki eftir því frá þeim tíma. Nú er þingmönnum boðið upp á það ekki einungis að halda kvöldfundi heldur næturfundi dag eftir dag eftir dag. Ég hlýt að mótmæla því. Við erum á síðustu dögum fyrir jól og þingmenn, þó sumir kunni að halda annað, eru jú mennskir. Þeir eiga sínar fjölskyldur og vilja fá að undirbúa jólin örlítið með þeim líka. Ég krefst þess að það verði tekið tillit til þess og að ekki verði haldinn kvöldfundur hér í kvöld.

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1993, 96. mál, brtt. JónK o.fl., þskj. 511; frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 513; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 515; brtt. SAÞ o.fl., þskj. 516.

Skattamál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 286. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 531, nál. 489 og 495, brtt. 490.

Kristín Ástgeirsdóttir (frh.)**:**

Virðulegur forseti. Áður en ég hef ræðu mína langar mig til að beina spurningu til hæstv. forseta um það hvaða reglur gildi um brúkun tóbaks í þingsalnum. (**Forseti:** Forseti getur upplýst það að reykingar eru ekki leyfðar á þessari hæð.) En önnur brúkun tóbaks leyfð? (**Forseti:** Það hefur ekki verið fjallað um annars konar brúkun tóbaks. Það er talað um reykingarnar því það er svo með reykingar að þær hafa áhrif á fleiri en þann sem reykir. En um notkun annars tóbaks hefur ekki verið fjallað sérstaklega.) Mig langaði bara að fá þetta upplýst, virðulegur forseti. Mér þykir fara fram nokkuð mikil notkun á neftóbaki í salnum.

Ég var þar komin í ræðu minni, virðulegi forseti, ...(**Forseti:** Nú væri gott að hafa hljóð í salnum.) (**Gripið fram í:** Má bjóða þér í nefið?) Kannski þó síðar verði. Ég hef fengið það upplýst að þetta er ekki óleyfilegt og þar með getur verið að viðhorf mitt til þess breytist nokkuð, en ég hef ítrekað neitað boðum um neftóbak hér í salnum.

Virðulegi forseti, ég var þar komin í ræðu minni að ég ætlaði að ræða um virðisaukaskatt sem er eitt af stóru málunum í því frv. sem hér er til umræðu en eins og þingmönnum mun kunnugt stendur til að taka upp 14% virðisaukaskattsþrep og leggja það á ferðaþjónustu og flutninga, bækur, blöð og tímarit, þau gjöld sem útvarpsstöðvar og sjónvarpsstöðvar innheimta, svo og húshitun. Hér tel ég vera um nokkur mjög alvarleg mál að ræða, mál sem vert er að velta rækilega fyrir sér og ég vil beina þeim eindregnu tilmælum til stjórnarmeirihlutans að athuga sérstaklega þennan lið og þá ekki síst það sem snýr að bókum, blöðum og tímaritum. Það stafar af því, virðulegi forseti, að samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum fengið þá telja þessar greinar að lífi þeirra sé ógnað með þessum skatti og veruleg ástæða er til að hafa áhyggjur af menningu þjóðarinnar ef 14% skattur verður lagður á bækur.

Við í efh.- og viðskn. fórum þess á leit við Þjóðhagsstofnun að hún reyndi að meta hvaða áhrif þessi skattlagning mundi hafa á þessar greinar, þ.e. ferðaþjónustu, bóka- og blaðaútgáfu og á vinnu manna við íbúðarhúsnæði. Ég reyndar nefndi það ekki áðan að það kemur líka skattur á þann lið. Í áliti Þjóðhagsstofnunar segir, með leyfi forseta:

„Álagning 14% virðisaukaskatts á gistingu, fólksflutninga og fleira nemur um 600 millj. kr. eða 2–2,5% af heildarveltu í viðkomandi greinum. Ef rekstraraðilar beina öllum þessum kostnaði út í verð á þjónustu *sinni þá dragast tekjur í greininni saman um rúmlega* 2% samkvæmt ofansögðu. Líklegra er þó að greinin taki skattlagninguna á sig að einhverju leyti þar sem mikill fastur kostnaður liggur oft á bak við reksturinn, t.d. rekstur gistihúsa og flug. Þetta gildir sérstaklega sé litið til skamms tíma, en til lengri tíma litið dregst framboð á þjónustu eitthvað saman og verðlag hækkar á móti kostnaðaraukanum, a.m.k. að hluta.

Ársverk í ferðaþjónustu samkvæmt skilgreiningu OECD voru um 3.600 árið 1990. Um það bil 70 ársverk væru því efri mörk á fjölda glataðra starfa vegna *álagningar virðisaukaskatts ef taka má mark á greiningunni* að framan en sennilega verða áhrifin minni, sérstaklega í bráð en einnig í lengd."

Ég vil vekja sérstaka athygli á þessu síðasta, að Þjóðhagsstofnun telur að störfum muni fækka allverulega í ferðaþjónustu eða um allt að 70 störf. Í ljósi þess atvinnuleysis og þeirrar framtíðar sem við okkur blasir þá er þetta mjög alvarlegt. Fækkun um allt að 70 störf. Þjóðhagsstofnun bendir reyndar á að afar erfitt er að meta einstakar greinar ferðaþjónustunnar en það er ljóst að áhrifin munu verða býsna mismunandi.

Þegar kemur að bókum, blöðum og tímaritum þá versnar málið heldur betur. Þar er fyrst vitnað til þess að könnun Þjóðhagsstofnunar á tímabilinu 1957–1987 og það hvernig bóka- og blaðakaup tengjast launakjörum bendir til þess að eftirspurnin minnki um 0,8% fyrir hvert prósentustig sem verð varanna hækkar um. Þá segir í áliti Þjóðhagsstofnunar, með leyfi forseta:

„Samkvæmt þessu má ætla að bóka-, blaða- og tímaritaútgáfa muni dragast saman um 10–11% í heild í kjölfar 14% verðhækkunar. Heildarvelta í bóka-, blaða- og tímaritaútgáfu nam 6.400 millj. kr. á árinu 1991, samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum. Samdráttur um 10–11% svarar þá til tekjusamdráttar í þessum greinum um 650–750 millj. kr. Ársverk í bóka-, blaða- og tímaritaútgáfu töldust 900 árið 1990. Ef fyrirtæki í þessum greinum bregðast við samdrættinum með því að draga úr starfsmannahaldi í hlutfalli við tekju-

minnkun mundi ársverkum fækka um allt að 100."

Þetta, virðulegi forseti, tel ég vera mjög alvarleg tíðindi. Þjóðhagsstofnun telur að 14% virðisaukaskattur gæti leitt af sér að störfum í blaðaútgáfu, bókaútgáfu og prentiðnaðinum öllum mundi fækka um allt að 100. Á þeim tímum sem við lifum nú á er þetta auðvitað hrikalegt mál. Hér er einmitt komið að því sem ég benti á fyrr í ræðu minni í dag að meðan ríkisstjórnin þykist vera að efla atvinnulífið, auka atvinnu og grípa til aðgerða í því skyni, þá heggur hún niður á öðrum stað með þessum hætti. Það er að mínum dómi mjög alvarlegt mál ef þessi breyting leiðir af sér fækkun starfa um allt að 170 störf til viðbótar við það atvinnuleysi sem því miður vex frá mánuði til mánaðar.

Á það er bent að hugsanlega geti greinin tekið á sig einhverja hagræðingu en ég verð að benda á að á því ári sem nú er að líða og á hinu síðasta varð töluverður samdráttur í bókasölu. Við höfum horft upp á það á undanförnum árum að fyrirtæki í bókaútgáfu hafa orðið gjaldþrota, fyrirtæki hafa verið sameinuð og verulegt fækkun fyrirtækja hefur orðið og samdráttur í þeim þó því hafi ekki verið mikill gaumur gefinn, þannig að ég vil draga það í efa að um verulega hagræðingu geti orðið að ræða. Á fundi efh.- og viðskn. benti fulltrúi blaðaútgáfu og tímaritaútgáfu í landinu okkur á að nokkur af stærstu bókaforlögunum römbuðu á barmi gjaldþrots. Ef hér verður enn meiri samdráttur í bókaútgáfu þá eru þessi fyrirtæki farin. Þau eru einfaldlega farin. Hér er því um mjög alvarleg tíðindi að ræða hvað varðar þessa atvinnugrein en þá á ég alveg eftir að koma að þeim hluta sem snýr að bókmenntunum og menningu þjóðarinnar. Ég vil benda á að það var nokkuð rætt í nefndinni hvort hugsanlegt væri að gera einhverja undanþágu varðandi námsbækur en það var sérkennilegt að fulltrúar skattyfirvalda sáu á því öll tormerki að einhvern veginn væri hægt að undanskilja þær. Í ljósi þess að við 2. umr. fjárlaga voru samþykkt skólagjöld upp á 3.000 kr. á nemanda og ef hér á að bætast við allt að 14% hækkun á verði námsbóka þá er verið að skerða kjör námsmanna býsna mikið til viðbótar við það sem svo gerðist hjá Lánasjóði ísl. námsmanna. Þannig að það verður æ skýrara að námsmenn eru auðvitað einn sá hópur sem hefur orðið hvað verst fyrir barðinu á ríkisstjórninni. Formaður þingflokks Alþfl., sem stendur hér, ætti að hugleiða þessar árásir á námsmenn og hans gamla stúdentaráðshjarta ætti að slá örar við slík tíðindi og hann að fyllast eldmóði til að verjast þessum aðgerðum og brjóta þær á bak aftur. — Er það virkilega svo að þingflokksformaður Alþfl. hafi samþykkt þetta? Ég vona að hann geri grein fyrir afstöðu sinni við umræðu þessa máls.

En eitt er sjálf skattlagningin og hvaða áhrif hún muni hafa á fyrirtækin sem vinna í þessum iðnaði, en þau eiga auðvitað nokkurra kosta völ. Einn kosturinn er sá að flytja vinnuna úr landi. Það kom fram hjá fulltrúa tímaritaútgáfunnar að þeir ættu þann kost en hann væri auðvitað illur því eins og hann sagði, hann hefur á annað hundrað starfsmanna í sínu fyrirtæki og það er sárt að horfa upp á störfin flytjast úr landi og þurfa að segja fólki upp á tímum eins og þessum. Auðvitað vilja menn halda uppi þessum iðnaði, þetta er hluti af okkar menningu, prentiðnaðurinn í landinu. Mörg hundruð ára starfsgrein hér á landi, þó að hún hafi reyndar átt erfitt uppdráttar á fyrstu öldunum. Menn óttast að prentun bæði bóka, blaða og tímarita muni flytjast úr landi vegna þess að tímarit í áskrift eru ekki virðisaukaskattskyld af þeirri einföldu ástæðu að afar erfitt er að hafa einhverja stjórn á því eða í rauninni að vita hvaða tímarit eru keypt erlendis frá og koma beint í gegnum póstinn. Þetta er auðvitað leið sem þeir geta farið en það þýðir að störfin flytjast út úr landinu og það er það sem við megum síst við. Manni verður hugsað til allra þeirra auglýsinga sem hafa dunið á okkur í sjónvarpi þar sem verið er að hvetja almenning í landinu til að kaupa íslenskt til að störfin flytjist ekki úr landi. Þá kemur ríkisstjórnin og gerir atlögu að þessum atvinnugreinum og neyðir þær hugsanlega út í að flytja störfin út úr landinu, ef þær verða ekki að gefast upp á sínum rekstri. Þetta, virðulegi formaður efh.- og viðskn., eru hörmuleg og alvarleg tíðindi. (**Gripið fram í:** Af hverju segir ræðumaðurinn „virðulegi"?) Við notum ýmis orð um þingmenn í gömlum anda, ég hefði getað sagt hæstvirtur en ég ávarpa forseta yfirleitt með orðunum virðulegi forseti og það vill svo til að þessi hv. þm., sem er formaður efh.- og viðskn. sem ég á sæti í, er býsna virðulegur formaður — eða hvað? Ég vil ekki taka það af honum, enda á hann afmæli í dag, stórafmæli. Það er annað mál, virðulegi forseti, en ég get ekki annað en lýst hér þungum áhyggjum yfir þessum skatti sem hér á að leggja á bækur og blöð og ég óttast að hér verði samdráttur í bókaútgáfu. Það vill nú svo til að við Íslendingar höfum skorið okkur úr um áratuga skeið fyrir mikinn lestur og mikla bókaútgáfu og ég er sjálf sannfærð um að ekkert hefur eins mikil áhrif á málþroska barna og það að viðhalda og vernda íslenska tungu eins og að lesa bækur og lesa bókmenntir, fyrir utan þann mikla auð sem í bókmenntunum felst.

Ég hef oft vitnað til þess og komið inn á það á margvíslegan hátt að við eigum mikinn auð í okkar gömlu bókmenntum. Þær eru okkar sérkenni, þær eru einstakar í veraldarsögunni og þær eru arfur sem við eigum að standa vörð um. Nýjar bókmenntir eru ekki síður mikilvægar því með þeim eru menn að tjá sig og efla umræðu og listsköpun í landinu og það er hörmulegt að þessi ríkisstjórn skuli vera að bregða fæti fyrir menninguna með þessum hætti. Það er hörmulegt. Ég efast ekki um að áhyggjur rithöfunda eru ekki ástæðulausar, ekki síst í ljósi þess samdráttar sem þegar er orðinn.

Ég hlýt líka að benda á það sem kom fram í máli formanns Blaðamannafélagsins þar sem hann benti á að í þessari skattlagningu felst líka ákveðin mismunun. Þó ég hafi aldrei verið sérstakur talsmaður frjálsra útvarpsstöðva sem mér finnst því miður hafa reynst vera heldur lítið spennandi og lítill menningarauki af þeim nema ef kannski Stöð 2 er undanskilin að hluta til, þá er það samt ekki boðlegt að aðilum skuli vera mismunað því það er alveg augljóst að á meðan Ríkisútvarpið, sem ég vil styðja og styrkja á allan hátt, hefur

auðvitað lögbundin afnotagjöld sem hvert einasta heimili í landinu borgar verða hinir frjálsu fjölmiðlar að velta þessu út í verðlagið hjá sér eða leggja á sína þjónustu, auglýsingar og afnotagjöld sem auðvitað munu svo sem koma fram hjá Ríkisútvarpinu líka, maður getur sagt sér það. En Ríkisútvarpið er þó öllu tryggara og menn verða auðvitað að skoða það að ekki sé verið að mismuna aðilum með þessum hætti, þó eins og ég segi ég sé mikill stuðningsmaður Ríkisútvarpsins og vilji því allt hið besta.

Þetta var um bækurnar, menninguna, blöð og tímarit, útvarp og sjónvarp. Ég ætla aðeins nánar að víkja að ferðaþjónustunni en ég hef gert. Að mínum dómi er rétt sem fram hefur komið í máli ræðumanna fyrr í dag að hér er um nýja skattlagningu að ræða á grein sem við teljum vera einn helsta vaxtarbrodd í íslensku atvinnulífi og eiga mikla möguleika í framtíðinni. Það er alveg ljóst að verðlagning ferðaþjónustu hér á landi er komin í hámark og okkur var sagt frá dæmi á fundi í efh.- og viðskn. sem kom frá fulltrúum ferðaskrifstofa þar sem í ljós hefur komið að menn eru að gefast upp á Íslandi. Þýskir aðilar eru að gefast upp á því að senda hópa til Íslands. Þeir eru farnir að semja við Alaska og fara með þá í ævintýraferðir þangað þar sem einnig er að finna hrikalega og fagra náttúru. Ef þessi skattlagning, sem hér er á ferð, kemst á er hætt við að við einfaldlega töpum í þessum leik, við töpum í þessari samkeppni um ferðamennina. Ég vil því vara eindregið við þessum áformum og benda á það sem kom fram í umsögn Vinnuveitendasambandsins um þetta mál en þar var bent á að þetta mundi valda kyrkingi í greininni, eins og þar var komist að orði, með leyfi forseta, en það er alveg augljóst að þetta mun auðvitað koma fram í verðlagi á þessari þjónustu. Ég hefði haldið að það væri miklu nær að reyna að bæta hag ferðaþjónustunnar, m.a. með því að afnema matarskattinn því ég held að þegar á allt er litið sé það verðlag á matvælum hér á landi sem stendur ferðaþjónustunni einna mest fyrir þrifum. Þá minnist ég dæmis sem okkur var sagt frá austur á landi í sumar þegar landbn. var þar á ferð, síðla sumars á Seyðisfirði. Háttsettur maður í ferðaþjónustu þar sagði okkur frá því að ferðamenn, sem komu með Norrænu og ætluðu sér u.þ.b. mánaðardvöl á Íslandi, voru mættir á hafnarbakkann eftir hálfan mánuð því gjaldeyrir þeirra var upp urinn. Þeir höfðu alls ekki gert ráð fyrir því háa matarverði sem hér var. Gistingin er auðvitað dýr líka og hún verður ekki ódýrari með þessari skattlagningu. En það er einu sinni svo í hagfræðinni, virðulegi fjmrh., að afnám skatta ... (**Forseti:** Nú verður forseti að trufla hv. þm. einu sinni enn. Eins og forseti hafði áður upplýst þá stóð til að fresta fundi hálfsjö, en ef hv. þm. er að ljúka ræðu sinni þá væri kannski óhætt að taka í það nokkrar mínútur enn en annars hefði forseti viljað biðja hv. þm. að fresta henni.) Ég á aðeins örlítið eftir og ég held ég kjósi að ljúka henni, ég skal gera það á skömmum tíma.

Ég vildi sem sagt beina því til hæstv. fjmrh. að það væri nær að kanna leiðir til þess að bæta hag ferðaþjónustunnar og athuga það í alvöru að lækka eða afnema matarskattinn og finna þá aðrar leiðir til þess að bæta ríkinu þær tekjur.

Ég ætla þá aðeins að draga saman í örfáum orðum, virðulegi forseti, það sem ég hef sagt, en að mínum dómi er hér um það að ræða að verið er að flytja skattbyrði af fyrirtækjunum yfir á almenning í landinu. Við þær aðstæður, sem ríkja í okkar samfélagi, hefði verið hægt að sætta sig við slíkt ef sú leið hefði verið farin að leggja byrðarnar á þá sem betur standa, á þá sem hafa breiðu bökin, hvernig sem við svo skilgreinum þau, með hærri hátekjuskatti og með því að hækka persónuafsláttinn þannig að hinir lægst launuðu væru varðir, en hér er ekki um það að ræða. Hér eru lagðar auknar byrðar á alla skattgreiðendur hvort sem þeir hafa 60 þús. kr. eða þaðan af meira og það er ekki hægt að sætta sig við þetta. Með þeim breytingum, sem hér er verið að leggja til, er að mínum dómi verið að magna samdráttinn og auka atvinnuleysið vegna þeirrar skattlagningar sem ákveðnar greinar verða fyrir, jafnframt því sem verið er að rýra kjör alls almennings í landinu. Þar að auki er vegið að menningu Íslendinga með 14% skattlagningu sem hér á sér stað á bókmenntirnar í landinu. Þetta eru að mínum dómi mjög alvarleg tíðindi sem við hljótum að berjast gegn og því mun ég greiða atkvæði gegn þessu frv., virðulegi forseti.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Síðasti ræðumaður spurði eftir fjölskyldustefnu ríkisstjórnarinnar. Hún felst m.a. í því að reyna að tryggja það að fyrirvinnur fjölskyldna hafi atvinnu og þess vegna er verið að fella niður aðstöðugjald sem lækkar vöruverð og treystir atvinnuna, sérstaklega í útflutnings- og samkeppnisgreinum. Það er líka alveg ljóst að aðstöðugjaldið lækkar vörur hvað mest í matvöru og þeim vörum sem lágtekjufólk þarf á að halda þannig að sú verðlækkun sem þar kemur fram gagnast láglaunafólki fyrst og fremst. Sú leið sem hv. þm. boðar að hafi verið betri en sú leið sem var valin, þ.e. að taka hækkunina á tekjuskattinum sem var nauðsynleg vegna niðurfellingar aðstöðugjaldsins út í hækkun á skattprósentunni, kemur alls ekki betur út þegar upp er staðið. Við verðum að átta okkur á því að skattprósentan er fyrst og fremst skattur á yfirvinnunni hjá lágtekjufólkinu. Ef við tökum t.d. þá leið sem hv. þm. var að tala um, sem hefði auðveldlega getað komið fram í hækkun á prósentunni um 4,5 í staðinn fyrir 1,5, þá getum við sagt okkur það að maður sem eykur tekjur sínar með yfirvinnu úr 60 þús. upp í 75 þús. er með hækkun á prósentunni búinn að borga meira í skatt með því að hækka prósentuna um 1,5% en að lækka persónuafsláttinn um 400 kr. Þess vegna er ekki þetta réttlæti sem þið eruð að boða, hv. stjórnarandstæðingar og ágætu félagar, það er ekki alveg svona svart og hvítt. Þið verðið að skoða þetta aðeins betur.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég rakti það í ræðu minni að ríkisstjórnin gefur með annarri hendinni og tekur með

hinni. Það rekur sig hvað á annað. Vissulega er verið að létta af aðstöðugjaldinu og ég styð það. Þessi skattur hefur komið afar mismunandi við fyrirtæki og í þeirri aðlögun sem þarf hugsanlega að eiga sér stað með breyttum aðstæðum er þetta nauðsynlegt. En ekki er sama hvað er gert og hvernig það er gert. Það er ekki réttlætanlegt að leggja auknar skattbyrðar á fólk sem hefur tekjur á bilinu 60, 70 eða 80 þús. kr. Það er ekki hægt að samþykkja slíkt. Þegar hv. þm. rökstyður mál sitt þá gleymir hann því að þessar auknu skattbyrðar munu verða til þess að fólk verður að draga saman seglin í lífsbaráttu sinni. Það leiðir svo af sér minni tekjur ríkisins þannig að hér bítur hvað í skottið á öðru. Ég verð að segja að þessi aðgerð sem hér er lögð til, 400 kr. lækkun á persónuafslættinum, er siðlaus. Hún er siðlaus.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sú aðferð að lækka persónuafsláttinn var samt ekki jafnsiðlaus og áformin um að fella niður barnabætur eða draga úr þeim um 500 millj. (**Gripið fram í:** Hún er það.) að mati hv. þm. eins og fram kom í ræðu hennar hér áðan. En ég vil segja að fyrst hv. þm. er núna að tala um það að hægt hefði verið að fara í gegnum þessar aðgerðir og hækka tekjuskattinn án þess að hækka jafnframt skatta á þeim sem eru með á milli 60 og 75 þús. kr. á mánuði þá er hv. þm. meiri galdramanneskja en ég hef kynnst, hef ég þó kynnst henni nokkuð vel af góðu einu í starfi okkar í efh.- og viðskn. Ég held að hún sé farin að lofa upp í ermina á sér.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vill þannig til að ég er af sunnlensku galdrakyni. Það eru galdramenn í minni föðurætt sem komist hafa á bækur. Ég hef reyndar ekki orðið vör við að ég beri slík gen í mér þannig að ég ætla nú ekki að reyna neinar galdrakúnstir í skattheimtu. En auðvitað er um það að ræða að það að hækka tekjuskattinn er eitt, það að ná inn fjármagnstekjuskatti er annað og ekkert segir að þessar 4.000 millj., sem meiningin er að létta af atvinnuvegunum, þurfi að koma inn í gegnum tekjuskattinn einvörðungu. Náttúrlega eru aðrar leiðir til þess.

Þótt ég hafi í raun ekki séð neina útreikninga á þeirri leið, sem við höfum verið að fara, dreg ég ekki í efa að sú leið er einfaldlega réttlátari við þær aðstæður sem við búum við. Launakjör á bilinu 60 til 70 þús. kr. eru einfaldlega þannig að fólk sem hefur slíkar tekjur, og ég tala nú ekki um barnafólk, er ekki aflögufært, því miður. En hjá ríkisstjórninni virðist vera svo að aldrei megi snerta við þeim sem ríkari eru. Fjármangstekjuskattinum er frestað ár eftir ár. Loksins þegar samþykkt er hátekjuskattþrep upp á 5% þá er það til tveggja ára. Þá vaknar auðvitað spurningin um hvort einhverjir hér muni standa eftir fimmtán ár og samþykkja hátekjuskattinn í fimmtánda sinn.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Samkomulag um kvöldfund.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna þess að hv. þm. Ingi Björn Albertsson minnti á staðreyndir áðan um stjórnun þingsins og meðferð á því fólki, sem hér vinnur, og fer allt fram á ábyrgð hæstv. forseta. Það er ljóst og það er gott þegar einn og einn maður hefur langtímaminni. Ég tek undir það með honum að mér finnst vinnubrögð hér hafa breyst mjög á hinn verri veg. Sjálfstfl. var í stjórnarandstöðu á árunum frá haustinu 1988 til vors 1991. Sjálfstfl. gerði á þeim tíma skýlausa kröfu um að ekki yrði keyrt kvöld eftir kvöld eða nótt eftir nótt í fundahöldum. Að mati Sjálfstfl. á þeim tíma var hámark einn kvöldfundur í viku. Þetta urðu vinnubrögð Alþingis og fór allþokkalega á því. Þingið var með öðrum svip hvað þetta varðaði þegar svona var unnið.

Þinghaldið er á ábyrgð hæstv. forseta. Nú hefur hæstv. forseti verið minntur á það að alþingismenn eiga fjölskyldur. Jólin eru fram undan og menn verða að virða þau mannréttindi sem hér er rætt um. Þess vegna skora ég á hæstv. forseta að hverfa frá kvöld- og næturfundi. Ríkisstjórnin er hvort sem er með öll vinnubrögð sín í molum. Henni væri farsælla að sitja heima við vinnu sína en láta þingið starfa í kvöld og nótt, fimmta kvöldið, fimmtu nóttina í röð. Síðan leyfa forustumenn ríkisstjórnarinnar sér að ganga í fjölmiðlum þjóðarinnar og svívirða Alþingi fyrir vinnubrögð. Þetta er látið óátalið af æðstu stjórn Alþingis um þessar mundir. Ég vil líka spyrja hæstv. forseta: Ekki er nóg að verið sé að keyra fimmta kvöldið og inn í fimmtu nóttina heldur stendur líka til að Alþingi starfi á morgun, laugardag. Stendur kannski einnig til að þingið starfi á sunnudaginn kemur? Það er eins gott að fá þetta upplýst. Ég álít að einhver hluti þingflokksformanna geti ekki ráðgast svo með vinnutíma þingsins. Það hlýtur að vera á ábyrgð æðstu stjórnar þingsins og ég treysti á að hæstv. forseti Alþingis taki af skarið og láti ekki níða þingið eins og ráðherrar hafa leyft sér.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. þm. hefur lýst því hvaða álit hann hefur á störfum forseta og hlítir hann því og hefur engu við það að bæta og hefur þess vegna ekki ástæðu til að svara öðru en því að forseti mun láta gera könnun á því með hvaða hætti kvöldfundir hafa farið fram á undanförnum árum til upplýsinga fyrir menn svo staðreyndirnar liggi fyrir. Forseti hefur átt sæti á þingi síðan í desember 1979 og þykist sjálfur þekkja þó nokkuð til nætur- og kvöldfunda.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður gat þess réttilega að jólin væru fram undan. Það er nú þannig að það skipulag mála, sem menn eru að reyna að ná saman um, byggir einmitt á því að taka tillit til þess að

menn geti komist hver til síns heima á skikkanlegum tíma fyrir jólin og verið þar með fjölskyldum sínum eins og venjulega undanfarin ár.

Ég get því miður ekki gert að því ef einstakir þingmenn Framsfl. vilja ekki fela forustumönnum sínum í þingflokk umboð til þess að semja um framgang mála. Það verður þá svo að vera.

En ég vil láta þess getið að það hefur verið afskaplega lítið um kvöldfundi á þessu hausti það sem af er þangað til í þessari lotu sem við erum í miðjum klíðum í. En ég minnist þess m.a. þegar ég og hv. þm. voru samherjar í stjórnarflokkum veturinn 1987–1988 að þá var setið kvöld og nætur fyrir jólin. Þá var setið milli jóla og nýárs og þá var byrjað í byrjun janúar. Ég man eftir hringingum kl. fimm að morgni þar sem maður var beðinn að koma niður í sali Alþingis til að greiða atkvæði. Við höfum ekki upplifað neitt slíkt að þessu sinni, sem betur fer. Tekist hefur að koma í veg fyrir að fundir þyrftu að standa fram á morgun. En auðvitað er það ekkert óvanalegt á þessum tíma árs að hér séu kvöldfundir kvöld eftir kvöld.

Ég vil líka minna hv. þm. á hvernig hér var ástatt fyrir jólin 1988, það ár sem hann nefndi þegar Sjálfstfl. var í stjórnarandstöðu. Þá voru mjög stífir kvöldfundir fyrir jólin. Vegna hvers? Vegna þess að páv. hv. ríkisstjórn kom afar seint fram með öll sín mál. Hún gjörbreytti skattkerfinu á þeim tíma og menn urðu að leggja á sig mikla vinnu þess vegna, m.a. þeir sem þá sátu í páv. fjárhags- og viðskn., sem ég þekki mæta vel, hafandi setið í nefndinni á þeim tíma. Þetta vildi ég að kæmi hérna fram, virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Ég tel eðlilegt að gera núna matarhlé og hafa það tvo tíma eins og um var talað. En ég fagna því ef forseti hyggst kanna það með hvaða hætti staðið hefur verið að kvöldfundum og næturfundum undanfarin ár þannig að menn þurfi ekki að deila um staðreyndir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill beina þeim vinsamlegu tilmælum til hv. þm. að forseti fái tækifæri til að gera hér kvöldmatarhlé og fresta þessum fundi ef nokkur kostur er eins og gert hafði verið ráð fyrir þó að reyndar hálftími sé nú liðinn umfram þann tíma sem ætlað var.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég gat þess í ræðu minni að ég teldi þau vinnubrögð sem hér væru stunduð óásættanleg. Og ég setti traust mitt á hæstv. forseta að hún mundi snúa þeirri þróun við. Ég gagnrýndi ekki störf forseta en ég minnti hæstv. forseta á það hvað virðingu Alþingis áhrærir þá ber hæstv. forseti mesta ábyrgð. Að halda fundi í friði og ró og stjórna þeim og að ná samstöðu við þingið um það. Ég ítreka það traust mitt til hæstv. forseta að horfið verði frá þeim vinnubrögðum sem hafa verið tekin upp núna síðasta hálfa mánuðinn. Ég minnti á það, hæstv. forseti, að það væri óásættanlegt þegar reynt er að keyra þingið svona áfram að horfa á það að forustumenn ríkisstjórnarinnar, ráðherrarnir sumir hverjir, gengju fram í fjölmiðlum til að svívirða þingið. En ég fagna því að hæstv. forseti ætlar að taka saman skýrslu um síðustu ár í þinghaldinu.

Við hv. 8. þm. Reykv. vil ég segja: Ég minnist áranna 1987 og 1988 alveg eins og hann. En ég minnti á að Sjálfstfl., sem var harður flokkur í stjórnarandstöðu, flutti fleiri þingskaparæður en fluttar hafa verið nokkru sinni og náði þeim tökum á störfum Alþingis að ekki var reynt að keyra nótt eftir nótt. Það var virðingarverð stjórnarandstaða að því leyti. Þess vegna er það svo að við, sem erum nú margir í stjórnarandstöðu og erum að verja hagsmuni fólksins í landinu því að ríkisstjórnin ógnar hagsmunum almennings á Íslandi í dag, við viljum hafa skipulag á þinginu og að þau störf, sem þarf að sinna, séu unnin með eðlilegum hætti við dagsbirtu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir:

Forseti hefur verið mjög ánægð með það hversu fulltrúar þingflokka, bæði stjórnar og stjórnarandstöðu, hafa lagt sig fram um að ná góðu samkomulagi um þinghaldið eins og það hefur verið daga og kvöld núna undanfarið.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég er ekki að kveinka mér undan því að koma aftur til þingfundar í kvöld eftir að nefndastarfi lýkur. Hins vegar var sú leið valin núna þegar menn gerðu þetta samkomulag að leita ekki eftir því hvaða menn væru í stjórn, varastjórn þingflokks Framsfl., og þess vegna var ekkert samstarf haft við þingflokkinn um þetta fyrirhugaða fundarhald í kvöld. Ég veit ekki hvort ég á að beina spurningu minni til hv. 8. þm. Reykv. eða virðulegs forseta þingsins um hvernig fundahaldi verður háttað í kvöld. Hvaða mál verða á dagskrá? Hvað eiga menn við með kvöldfundi? Er það eitthvað fram yfir miðnætti? Þessara spurninga spyr ég einfaldlega vegna þess að ekkert hefur verið rætt við þingmenn Framsfl. um þetta. Það er dálítið mikilvægt nú þegar á að fara að gera kvöldmatarhlé áður en menn ganga til funda í nefndum að þeir viti hvað kvöldið beri í skauti sér.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég útskýrði áðan hvernig stóð á þeim mistökum að því er varðar Framsfl. eða hvernig stóð á því að enginn af þeim bæ var með í ráðum þegar fundurinn var haldinn. Hins vegar var talað við tvo af þeirra þingmönnum, þar á meðal formann flokksins. Mér var ekkert kunnugt um það, og ég veit ekki hvort öðrum þingflokksformönnum var kunnugt um það, hverjir sitja í varastjórn þingflokks framsóknarmanna. Ég er bara ekki það kunnugur innviðum þess flokks. En mér þykir leitt og ég bið hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson velvirðingar á því ef hann á þar sæti án þess að við hinir höfum vitað af því. En ég vek athygli á því að þeir forustumenn úr stjórn þingflokksins, sem voru hér fyrr í dag, hafa ekki gert okkur boð um það hverjir ættu að mæta í þeirra stað á þessa fundi sem eru nú haldnir daglega.

Ég vil bæta því við vegna fyrirspurnar hv. síðasta

ræðumanns að gert hefur verið ráð fyrir því að ljúka umræðum um skattafrv. sem nú er til meðferðar og í umræðu og byrja síðan á umræðum um hið Evrópska efnahagssvæði þó þannig að þar verði aðeins fluttar tvær ræður, þ.e. fyrsti ræðumaður sem er á mælendaskrá sem mun vera hv. 6. þm. Vestf. og síðan hæstv. starfandi utanrrh., sem verður það ekki lengur á morgun, en hann hyggst svara nokkrum spurningum sem til hans hefur sérstaklega verið beint í þeirri umræðu. Þannig var frá þessu gengið.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki lengja þetta mjög mikið. Ég vil einungis segja að ég skil mjög vel þau viðhorf sem hafa komið fram í máli hv. þm. Guðna Ágústssonar. Ég skil mjög vel að menn gerist þreyttir á því að vera hér kvöld og langt fram á nætur. Ástæðan þess að formenn þingflokka hafa reynt að ná saman um þinghald, sem felur þetta því miður í sér, virðulegi þm. Guðni Ágústsson, er einfaldlega sú að menn eru að reyna að haga þingstörfum þannig að sér í lagi landsbyggðarþingmenn geti farið til síns heima og notið jóla. Við erum að reyna að koma því svo fyrir að hægt sé með bærilegum hætti að ljúka þingstörfum fyrir jól þannig að ekki þurfi til þess að koma að menn komi milli jóla og nýárs sem í sjálfu sér væri ekkert óeðlilegt miðað við það mikla vinnuálag og þau mikilvægu mál sem fyrir liggja. Það er þess vegna sem við þingflokksformenn höfum í samvinnu við forsetadæmið neyðst til að leggja til að stundum sé gengið á þennan sjálfsagða hvíldarrétt þingmanna. Mér þykir það miður en staðan er þannig að við leggjum þetta til við virðulegan forseta til að tryggja það að þingmenn komist til síns heima, þ.e. á milli jóla og nýárs og þurfi helst ekki að koma hér aftur fyrr en í lok janúar. Þetta vil ég biðja virðulegan þingheim um að reyna að skilja.

Varðandi það sem hefur komið fram varðandi þingflokk framsóknarmanna þá er auðvitað miður að við aðrir þingflokksformenn höfum ekki borið okkur rétt að. Ég segi það hreinskilnislega að mér var ekki kunnugt um að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson væri varamaður í þingflokksforustunni. Ef ég hefði vitað það hefðum við vitaskuld kallað hann til og munum gera það í framtíðinni ef svo ber undir að við náum ekki til forustu þingflokks framsóknarmanna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill beina því til formanna þingflokka stjórnarliðsins að þeir ræði við þá hv. þm. sem eru í varastjórn þingflokks Framsfl. ef ekki næst til stjórnar þingflokksins núna eftir að forseti hefur fengið tækifæri til að fresta þessum fundi sem forseti ítrekar og óskar eftir að geti orðið sem allra fyrst.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að lýsa því yfir og ég kom reyndar fyrr í dag og lýsti því sem hafði gerst á þessum fundi þingflokksformanna, þ.e. án þess að fulltrúi frá Framsfl. væri þar viðstaddur. Ég endurtek það sem ég sagði þá að það var skilyrði þegar við gengum út af þeim fundi að haft væri samráð við Framsfl. eða fulltrúa hans og þeir væru þessu sammála. (**FI:** Það var gert.) Hafi það ekki verið gert svo fullnægjandi væri þá er vitaskuld ekkert samkomulag um þetta þinghald í kvöld. Ég vil því taka undir þau orð hæstv. forseta áðan að þingflokksformenn stjórnarliða ræði við þá aðila sem eru réttir til að taka ákvörðun fyrir hönd Framsfl. En meðan ekki er á hreinu hvort Framsfl. stendur að þessu samkomulagi þá er vitaskuld ekkert samkomulag milli allra flokka hér á þingi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Hæstv. forseti. Ég leitaði á fund Jóns Helgasonar, hv. 2. þm. Suðurl., og spurði hann að því hvort hann hefði samþykkt kvöldfund í kvöld. Hann kvað nei við. Hann sagði að hann hefði svarað því til, þegar gengið hefði verið til hans og hann að þessu spurður, að það yrði að tala við þingflokksstjórnina. (Bankað í borð.) Hér er það einnig upplýst af Jónu Valgerði Kristjánsdóttur, 6. þm. Vestf., ef þetta heyrist fyrir hávaða í salnum, að það hafi verið þannig frá málum gengið að ekki væri samkomulag nema Framsfl. samþykkti það. Hv. þm. Geir H. Haarde veit mætavel af sinni reynslu að það hafa verið formenn þingflokkanna sem hafa mætt til þessara samninga. Hann veit það mætavel. Hér hefur því stríðshanskanum verið kastað, hann verður tekinn upp en ekki látinn liggja.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég get ekki setið undir svona ásökunum. Bara alls ekki. Það var að mínu frumkvæði — það var ég sem var upphafsmaður að því á þessum fundi þingflokksformanna að hafa orð á því að við yrðum að hafa Framsfl. með í ráðum. Ég get hins vegar ekki gert að því ef formaður þingflokksins er ekki húsinu. Ég veit mætavel að það er hann sem á að annast þessi mál fyrir hönd Framsfl. Hvað gerir maður ef hann er ekki í húsinu? Maður leitar að varaformanninum. Hvar var hann? Hann er utan þings. Hvað gerir maður þá? Maður leitar að ritaranum. Hann var ekki í húsinu því miður.

Við hinir fjórir komumst að ákveðinni niðurstöðu, eins og ég hef sagt frá. Ég leitaði síðan uppi tvo þingvana framsóknarmenn, annar þeirra er hvorki meira né minna en formaður flokksins, talaði við þá báða sameiginlega og þeir gerðu ekki athugasemd við þetta. Það var niðurstaðan. Þeir gerðu ekki athugasemd. Ég tek það ekki þannig og ég trúi því ekki að viðkomandi þingmenn hafi sagt við síðasta ræðumann að þeir hafi neitað því að halda hér kvöldfund. Þeir sögðu, það var niðurstaðan, við gerum ekki athugasemdir við þetta. En auðvitað má segja sem svo að það hafi átt að labba á milli allra þingmanna Framsfl. og spyrja þá um leyfi. Ég tek ekki að mér slík verk, en hér hefur engum stríðshanska verið kastað. Ég tel að það hafi í fullkomnum heiðarleika og sanngirni verið reynt að leita samkomulags við Framsfl. eða fulltrúa hans í þessu máli, og ég sit ekki undir því að vera borinn slíkum ásökunum sem hér hafa komið fram.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú vill forseti beina því til manna að það sé látið duga að menn tali utan ræðustóls um þessi mál og reyni að ná samkomulagi. Forseti hefur áður lýst því yfir að hún óskar eftir því að formenn þingflokka stjórnarliðsins ræði við fulltrúa Framsfl. eftir að forseti hefur frestað þessum fundi. Nú biður forseti um að menn biðji ekki oftar um orðið til þess að tala um gæslu þingskapa því við komumst ekki að niðurstöðu fyrr en menn ræða saman í rólegheitum utan ræðustólsins. Þar með ætlar forseti að leyfa sér, og vonar að því verði ekki mótmælt, að fresta fundinum. Fundinum er frestað til hálfníu og þá mun forseti mæta hér og fresta fundi aftur um hálftíma ef þá verður of snemmt að hefja fund. — [Fundarhlé.]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög, stjfrv., 96. mál, brtt. fjárln., þskj. 514.

Fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumrn. 295. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 517.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel að það hafi verið skv. 59. gr. sem forseti sleit fundi áðan. Það er heimilt að gera það og ekkert við því að gera. En það er aftur á móti alveg vonlaust að gera ráð fyrir því að boðið sé upp á það að menn í bræðiköstum rjúki í þennan stól til að halda því fram að viðtöl, sem menn eiga við samflokksþingmenn sína, standist ekki. Ég spurði hv. þm. Jón Helgason að því hvort hann hefði samþykkt kvöldfund. Svarið var nei. Hann sagðist ekki hafa samþykkt neinn kvöldfund. Þá er því haldið fram að formaður Framsfl. hafi samþykkt kvöldfund. Ég hef ekki sagt neitt um það hvort hann hafi gert það eða ekki, ég sé hann ekki í þingsalnum. Hafi verið samþykktur kvöldfundur á þann veg að hann hefur hugsað sér að samþykkja hann án þess að vera hér þá er það auðvitað hans mál. En ég mótmæli þeim vinnubrögðum sem hér eru viðhöfð að þessu þingi sé stjórnað frá Brussel. Ég mótmæli því. Ég mótmæli þeim skrípaleik að forseti þingsins starfi eins og honum komi stjórnarandstaðan ekkert við. Ég mótmæli þeim skrípaleik. Ég fer fram á það að hér verði stöðvaður kvöldfundur á þessu kvöldi. Það er eðlileg krafa. Hér hafa verið fundir, kvöld eftir kvöld og næturfundir. Þegar hv. þm. Geir H. Haarde er orðinn það vanstilltur á skapsmunum að hann er farinn að berja húsgögnin þá geta menn séð hvert ástandið er orðið á þingmönnum því það geta allir borið um það vitni að að eðlilsfari er hann dagfarsprúður. (**ÖS:** Og elskulegur.) Og elskulegur. Menn verða að átta sig á því að það hljóta að vera einhver takmörk fyrir því hvað hægt er að bjóða mönnum upp á í vinnubrögðum á Alþingi Íslendinga, það hljóta að vera einhver takmörk fyrir því. Ég hef ekki trú á því að það sé hægt að finna eitt einasta fordæmi fyrir þeim vinnubrögðum sem núv. forseti hefur innleitt á Alþingi Íslendinga, ekkert einasta fordæmi frá fyrri árum.

Hér virðist hugsunin vera sú að þjóna ráðherrunum, fara eftir öllum þeirra duttlungum, valtra yfir minni hlutann hvenær sem mönnum dettur í hug. Þetta kostar stríð hér í þinginu ef þessum vinnubrögðum verður fram haldið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vísar því á bug að hann stjórni þinginu eins og honum komi ekki stjórnarandstaðan við. Það er rangt.

Skattamál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 286. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 417, nál. 489 og 495, brtt. 490.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að harma það að enn skuli vera haldinn kvöldfundur. Ég fór fram á það fyrir kvöldmatarhlé og reyndar krafðist þess að svo yrði ekki en fékk engin viðbrögð við því úr forsetastóli. Ég tel að það sé ekki viðunandi ástand að vera hér kvöld eftir kvöld, langt fram á nætur og menn séu að mæta til vinnu ósofnir og illa sofnir og varla hæfir til þess að meta mál á réttum forsendum, einfaldlega vegna svefnleysis og þreytu. Ég tel að það verði að endurskoða það fyrirkomulag sem er hér.

Ég minntist líka á það að þingmenn eru eins og aðrir fjölskyldumenn og þeir vilja fá að sinna sinni fjölskyldu eins og kostur er á þeim tíma sem hátíðlegastur er á árinu, þ.e. um jólin, og ég tel að með því fyrirkomulagi, sem nú er viðhaft, sé þess enginn kostur, ekki nokkur.

Sem dæmi getur sá sem stendur hér sagt það með stóra fjölskyldu að hann hefur varla séð hana í heila viku. Hann hefur varla séð hana og það liggur við að það þurfi að kynna sig ef maður skyldi rekast á einhverja vakandi. Þetta er náttúrlega ekki hægt, þetta er ekki hægt. Ég er búinn að upplifa það undanfarna daga að menn sofna hér um húsið þvert og endilangt. Menn sofna inni á nefndarfundum. Hvers lags lög halda menn þá að við séum að samþykkja í framhaldi af slíku? Það eru einhver svefnlög — það eru til vökulög, þau eru þverbrotin, en það eru svefnlög sem samþykkt eru núna þessa síðustu og verstu daga. (**Gripið fram í:** Hver ber ábyrgð á þessu?) Það eru vafalaust ýmsir sem bera ábyrgð á því. Þessi vinnubrögð eru ekki til sóma en að vísu er það ekki í fyrsta sinn sem það hendir, það gerðist að vísu ekki jafnoft hér áður, alla vega ekki á fyrstu árum mínum hér á þingi. Mér þykir hálfsúrt að mæta hér, ég er búinn að mæta hér alla vikuna og sitja fram á rauða nótt, og að horfa nánast á alla stóla tóma vitandi það að þá sitja menn eða liggja heima hjá sér steinsofandi. Hér kom fram tillaga um daginn frá hv. þm. Ragnari Arnalds um að greiða atkvæði um það hvort halda ætti áfram fundi eða ekki. Því var auðvitað hafnað og fundinum var frestað eða slitið vegna þess að það mátti ekki vekja einstök stórmenni úr stjórnarliðinu, óbreytta þingmenn vafalaust, en ráðherra hefur örugglega ekki mátt vekja. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum, þó að ég heiti stjórnar-

liði þá mótmæli ég þeim engu að síður.

Það er auðvitað freistandi að spyrja núna: Hvar eru þeir þingmenn sem eiga að fylla alla þessa tómu stóla núna? Hafa allir fjarvistarleyfi? Hafa allir ráðherrarnir fjarvistarleyfi? Erum við ekki hér að leggja slíkar álögur á fólkið að allir ráðherrarnir eigi að vera hér og svara fyrir það? Ég hefði haldið það. Við erum að leggja slíkar álögur á fólkið að menn verða að svara fyrir þær og þá þýðir ekkert að segja að augu og eyru séu einhvers staðar annars staðar, þá geta alveg eins allir þingmenn setið heima og horft á Sýn.

Mig langar að spyrja hæstv. forseta, því að ég hugsa að hér séu ein 30–40 sæti tóm, hafa allir þessir menn fjarvistarleyfi? Ef þeir hafa það ekki þá óska ég eftir að kallað verði í þá. Þeir eiga að vinna hér alveg eins og við, alveg nákvæmlega eins. Ég fer formlega fram á það að það verði hringt út og mönnum gerð grein fyrir því að það er kvöldfundur, jafnt stjórnarliða sem stjórnarandstæðinga sem ráðherra. Ég vil bara að þeir sinni sínum þinglegu skyldum alveg eins og við hinir.

Mér þykir örlítið súrt að vera hér að ræða um breytingar í skattamálum og hafa ekki viðstaddan formann efh.- og viðskn. (Gripið fram í.) Það má vel vera að hann hafi fjarvist og þá virði ég það, en ég veit ekki hvernig því máli er háttað. En engu að síður þá vill þannig til að hv. formaður á stórafmæli í dag og merkan dag og má vel vera að það sé ástæðan fyrir því að hann er ekki viðstaddur og ef svo er þá virði ég það um leið og ég óska honum til hamingju með 40 ára afmælið. (**Gripið fram í:** Við frestum umræðunni.) Nei, ég tel mig ekki þurfa að fresta umræðu vegna fjarveru hans þótt það hefði auðvitað verið æskilegra að hafa hann viðstaddan.

Virðulegi forseti. Ég hef fyrirvara við þetta frv. en eins og ég sagði áðan er verið að leggja miklar álögur á fólkið í landinu, álögur sem ég tel að mjög margt fólk mun einfaldlega ekki rísa undir og því er hér um mjög alvarlegt mál að ræða. Í þessu plaggi er ýmislegt gott, það er ýmislegt sem er til bóta fyrir atvinnuvegina í landinu en það er yfirlýst stefna stjórnvalda að flytja byrðarnar af atvinnulífinu yfir á einstaklingana. Það er í sjálfu sér allt í lagi að gera slíkt en það á ekki að flytja það yfir á minnstu mennina í þjóðfélaginu — litla manninn, eins og það var einu sinni orðað. Það er í lagi að færa byrðarnar til en ekki á litla manninn og það er nákvæmlega því miður það sem verið er að gera nú. Við það er ekki hægt að una. Það er einfaldlega ekki hægt að una við það vegna þess að litli maðurinn rís ekki undir því og menn verða að opna augun fyrir því að það er ekki hægt að fara ofan í tóma vasa og ná í pening. Hann er ósköp einfaldlega ekki þar. En það eru til aðrir vasar og það eru til stærri vasar og þar er peningurinn. Þangað á að sækja hann.

Þetta frv. hér, eins og ég segi, leggur miklar byrðar á fólk og það er hlálegt, svo ég byrji á frv. aftan frá, að vera að leggja allar þessar byrðar á fólk sem er með 60–70 þús. kr., með börn á framfæri og þarf að borga af húsnæði og annað slíkt, að þá skuli VIII. kaflinn í frv. vera skattfríðindakafli fyrir einn mann — skattfríðindakafli fyrir einn mann. Á sama tíma og við erum að leggja álögur á fólk. Það er svo falskur tónn í þessu að það er með ólíkindum, enda lagði ég það til í nefndinni að við tækjum þennan kafla út, hann ætti alls ekki heima hérna, það væri hægt að flytja þetta sem sér frumvarp. En að í sama frv. og við erum að leggja miklar álögur á fólk skulum við hafa sér kafla um það að veita einstaklingi skattfríðindi er gjörsamlega út úr öllu korti. Og þegar við erum að skattleggja lágtekjufólkið með þessum þunga þá á enginn að hafa þessi skattfríðindi, enginn. Ef menn eru rithöfundar, tónskáld eða eitthvað annað, þá er það atvinna sem þeir velja sér og þeir geta haft sitt lifibrauð af en við hin eigum ekki að borga fyrir það. Þetta var einn af fyrirvörunum sem ég hafði við þetta frv., hæstv. forseti, að mér finnst það með ólíkindum að hafa þetta hér inni.

Annar fyrirvari sem ég hafði og kemur engum á óvart er við skattinn á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og um hann þarf að sjálfsögðu ekki að hafa mörg orð, það mál þekkja allir. Þeir sem hlustuðu á hæstv. félmrh. í gær hafa heyrt að atvinnuleysið í dag er hvað mest í verslun. Ætli það sé ekki tímabært að fara að aflétta þessum álögum af versluninni? Ætli það megi ekki aðeins létta undir með henni? Hér æpa menn: Mismunun, mismunun í skattlagningu. Menn hrópa hér um landsútsvar: Mismunun og aðrar mismunanir. En menn tala ekki um þessa mismunun. Þarna er ein ákveðin stétt tekin út úr. Það er eins og menn horfi alltaf á skrifstofu- og verslunarhúsnæði sem Kringluna. Ég kallaði það kringluaugun hér í fyrra. Það er skrifstofuhúsnæði úti um allt land. Það eru verslanir úti um allt land, byggðaverslun berst í bökkum. Ég hef ekki orðið var við að landsbyggðarþingmennirnir verji hana en þegar þeir koma út í kjördæmin þá stendur ekki á því, en þegar komið er hér inn á þing þá er skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði litinn kringluaugum. Ekkert annað en kringluaugu. Einhver „glamor". En það er bara ekki þannig. Það eru litlir kaupmenn úti um allt og það eru lítil skrifstofuhúsnæði úti um allt. Ef menn eru að tala um mismunun á annað borð þá skulu þeir tala um það alla leið. Þessari atvinnugrein einni sér er mismunað og það gróflega. Þessi skattur á stórafmæli í dag alveg eins og hv. formaður efh.- og viðskn. 15 ára afmæli á þessi tímabundni skattur. Ég harma það, ég harmaði það einnig í fyrra, alveg sérstaklega í ljósi þess að þetta er sérstakt baráttumál míns flokks. Af hverju í ósköpunum stígum við ekki skrefið eða alla vega skref í áttina? Sýnum að við stöndum við orðin. Það er það sem verið er að tala um allan tímann. Nei, það má ekki gera.

Virðulegi forseti. Þriðji fyrirvarinn, sem ég geri, er við 5. gr. eins og hún er í þskj. Meiningin var að skerða barnabætur verulega. Eftir mikla umfjöllun í efh.- og viðskn. þar sem ég ítrekað bað um útreikning á því hverjar væru heildarálögurnar sem lagðar væru á fólkið. Við höfðum fengið upplýsingar frá BSRB um að álögurnar væru 220 þús. kr. á ársgrundvelli fyrir fjögurra manna fjölskyldu. með 235 þús. kr. mánaðartekjur. Ég neitaði að trúa þessu. Ég bað um útreikning frá fjmrn. á alveg nákvæmlega sama dæmi þannig

að hægt væri að stilla þeim upp hlið við hlið og sjá út mat fjmrn. á þessu dæmi. Það leið og beið þangað til ég fékk að vita þær niðurstöður. Í millitíðinni tók nefndin á málinu á fimm tíma fundi og skipti um skoðun, breytti um stefnu og fór út í það að skera persónuafsláttinn og til þess að ná sömu tekjum og skerðing barnabóta átti að gefa ríkissjóði, þá þurfti að skerða persónuafsláttinn um 300 kr. Það átti að gefa þessar 500 millj. sem skerðing barnabótanna átti að skila í ríkissjóð. Til þess að auka enn frekar aðstoðina við einstætt foreldri með fyrsta barn var bætt við 20 kr., 320 kr. átti því að lækka persónuafsláttinn. 320 kr. sem áttu þá að gefa 535 millj. kr. Þetta var erfitt mál og mér mjög erfitt að kyngja. Þegar ég stóð upp af þeim fundi sagði ég að ekki yrði farið lengra. Hvað gerist? í framhjáhlaupi er ég spurður daginn eftir hvort ég hafi heyrt í fulltrúa ráðuneytisins. Nei, ég hafði ekki heyrt í honum. Hvað átti ég að heyra frá honum? Að skerðingin væri komin í 400 kr., sem sagt hækkað um 20–25% á nokkrum klukkutímum og ekki einu sinni rætt í nefndinni. Ekki rætt í nefndinni. (**ÓÞÞ:** En rætt í þingflokki Sjálfstfl.) Ekki rætt neins staðar, mér vitanlega, nema þá uppi í ráðuneyti.

Þessum vinnubrögðum get ég ekki unað. Ég hafði sagt í nefndinni að ef heilbrn. væri í vandræðum með mál sín þá skyldi hún moka sinn flór sjálf. Hún mokaði hann ekki yfir til okkar. Ef þetta ætti að standa þá félli ég frá öllum stuðningi við frv. Ég styð einstakar greinar en í meginatriðum mun ég vera á móti þessu. Ekki er hlustað á það. Ég gagnrýndi áðan vinnubrögðin í þinginu. Hvers lags vinnubrögð eru þetta? Ekki einn einasti útreikningur á bak við þetta. Getum við fullvissað okkur um að þetta séu 400 kr.? Eru það 410, 420 kr.? Hvar endar þetta? Valdið er farið út úr þinginu, það er komið upp í ráðuneyti, það er komið til embættismanna. Kannski strjúkumst við við ráðuneytismann á morgun og þá er það komið upp í 450 kr. Svona vinnubrögð ganga auðvitað ekki.

En það er einn möguleiki á því að ég styðji þetta frv. og allar þessar álögur. Ef ráðherra eða einhver hér inni getur sagt mér hvernig þetta fólk á að rísa undir þessu. Ef menn geta sýnt mér fram á það að þessi tekjuhópur fólks rísi undir þessu þá skal ég styðja þetta frv. En það liggur fyrir að þetta er á annað hundrað þús. kr. fyrir þetta fólk. (**Gripið fram í:** Þetta er skattþíningarstjórn.) Sýnið mér fram á hvernig það rís undir þessu og ég skal styðja þetta. Það er ekki til of mikils mælst ef við ætlum að ganga til atlögu við fólkið þá er ekki til of mikils mælst að menn opnuðu augun og væru klárir á því hvað þeir eru að gera. Við erum að rústa heimilum svo hundruðum skiptir. Við erum að fjölga gjaldþrotum heimila svo hundruðum skiptir. Ef menn sjá þetta og gera þetta með opin augun, gott og vel, þá er það þeirra mál. En svona sé ég þetta fyrir mér og svona get ég ekki stutt það. Það er engin leið.

Ég ætla að lesa texta úr ágætu plaggi sem ég er með. Það er stuttur texti, með leyfi forseta:

„Skattbyrði heimilanna er nú með þeim hætti að ekki verður við unað. Svo mikil er skattbyrðin orðin að alþýðufjölskyldan hefur vart fyrir brýnustu nauðsynjum." (**Gripið fram í:** Þetta er landsfundarsamþykkt Sjálfstfl.) Þetta er hárrétt, hv. þm., þetta er landsfundarsamþykkt míns flokks síðan 1991 og þetta er staðan þá. Hvernig haldið þið að staða heimilanna sé núna? Halda menn þá núna að heimilin þoli þetta? Bara alls ekki. (**ÓÞÞ:** Eru þetta kröfur frá Alþfl.?) Ég undra mig ekki á því að hér eigi að herða skatteftirlit. Vel getur verið að fólk hafi hingað til stundað það eða reynt að hagnast pínulítið á því að stinga undan skatti. Það má vel vera. En nú breytast hlutirnir. Ef fólk á að lifa og komast af þá verður það að stinga undan skatti. Þá verður það að gera það. Ég er ekkert hissa á því að það þurfi að herða eftirlitið. Það er alveg ljóst ef fólk ætlar að lifa á þessu tekjubili í þessu landi verður það að finna sér svona peninga. Er þetta þá skattsvikastefna? Ég spyr. En svarið kemur kannski á eftir þegar það verður útskýrt fyrir okkur hvernig í ósköpunum fólk á að rísa undir þessu.

Hins vegar er athyglisvert að kaupmáttarskerðingin virðist ekki vera á hreinu á milli ráðuneytanna. Fjmrn. segir að kaupmáttarskerðing sé 3,7%. Við hlustuðum á félmrh. í gær, þá var það komið upp í 4,4%. ASÍ reiknaði það 7,8% eða eitthvað slíkt. Þær tölur sem ég fór með hér áðan voru lágmarkstölur, miðað við 4%. Ég bið menn aðeins að staldra við. Það er komin gjá milli fólks í landinu en hún má ekki vera svo stór að menn sjá ekki yfir hana. Menn segja kannski: Hvar á þá að taka tekjurnar þegar ekki er hægt að kreista þetta af láglaunafólkinu? Hvar á að taka tekjurnar?

Ég hef verið andstæðingur hátekjuskatts, ekki vegna þess að ég vilji ekki skattleggja háar tekjur. Ég hef verið á móti því vegna þess að ég hef talið að það væri hálfgerð skemmd á staðgreiðslukerfinu. Fyrst og fremst á þeirri forsendu. En nú er búið að taka um það ákvörðun að hafa hátekjuskatt. Þess vegna segi ég: Af hverju mega þá ekki vera fleiri þrep? Af hverju má þá ekki fara hærra? Af hverju má ekki fara upp í 3 millj., 3,5 millj., og þrepa það upp og taka þá peninga? Þetta orðaði ég líka inni í nefnd, meiri hluta að vísu. Kom ekki til greina.

Ég hef stundum talað líka um ferða- og risnukostnað íslenska ríkisins. Ég nefndi um daginn varðandi þyrluna og menn blésu á það og vilja ekki nota peningana í hana. Allt í lagi, notum það þá núna. Ég er með svar við fyrirspurn frá hv. þm. Málmfríði Sigurðardóttur frá 112. löggjafarþingi. Þar kemur fram að árið 1989 er ferða- og risnukostnaður íslenska ríkisins 1 milljarður, árið 1989. Sýnist mönnum að ráðherrar hafi setið mikið heima síðan? Ætli hann hafi ekki aukist eitthvað? Ég reikna með því. Að sjálfsögðu má skera þetta niður. Það má þess vegna taka beina stefnu og segja bara um helming, niður með það. En eru menn tilbúnir í það? Nei, örugglega ekki, því þá er snert við nokkrum tindátum. Þá er snert við tindátum. Hvað með öll margföldu nefndastörfin inni í embættismannageiranum? Hvað er með menn sem eru í þremur, fjórum, fimm, sex eða sjö nefndum, öllum hátt launuðum ofan á dagvinnuna sína? Auðvitað á að þurrka þetta út. Menn eiga að líta inn á við áður en

þeir fara að líta út á við og skera niður og leggja álögur. Þegar menn eru búnir að gera það þá geta þeir snúið sér að öðrum og sagt: Ég byrjaði, ég tók sjálfan mig fyrst.

Svo koma menn og segja: Skera niður? Við skárum niður dagpeningana, segja ráðherrar. Hvað skáru þeir niður? Þeir skáru niður álagið, þeir fóru úr 120% niður í 100%. Það er einhver almesti niðurskurður sem ég hef vitað um sem kemst ekki einu sinni niður fyrir 100%. Þetta eru náttúrlega engin svör. En þegar við byrjum á okkur sjálfum þá getum við farið að snúa okkur að öðrum og krafist af þeim en ekki fyrr.

Ég vil því ráðleggja ráðherrunum og ríkisstjórninni allri að trappa sig aðeins niður. Komið niður til fólksins, talið við það, kynnist viðhorfunum hvernig það er að lifa þarna niðri. Það er allt annað þarna niðri heldur en uppi, það get ég fullvissað menn um.

Ég held að menn verði líka að átta sig á því að fólkið í landinu eru ekki einhverjar tölur á blaði. Þetta eru lifandi verur með tilfinningar. Það þýðir ekki að setja reglustiku á blað uppi í ráðuneyti og segja: Svona skal þetta vera. Svona er skattheimtan miðað við hitt eða þetta. Á bak við þetta er fólk, fólk með tilfinningar, fólk með heimili, fólk með börn.

Af hverju halda menn að ofbeldi fari vaxandi, unglingavandamál fari vaxandi, fíkniefnaneysla fari vaxandi, agaleysi vaxi? Það er vegna þess að það er enginn eftir til þess að ala börnin upp. Allir verða að vera úti á vinnumarkaðinum. Hjón, bæði í tvöfaldri vinnu, til þess að hafa þetta af. Hver elur þá börnin upp á meðan? Það er gatan. Það er hið harða líf á götunni. Þetta eru afleiðingar skattastefnu, ekkert endilega þessarar ríkisstjórnar, heldur síðustu ára og það er eins gott að menn fari að átta sig á því. Ég held að menn mættu kíkja yfir hafið til verðandi forseta Bandaríkjanna, hvað hann er að gera. Ég veit ekki annað en hann sé að lækka skatta og auka ríkisútgjöld og hann hefur ekki verið talinn beint vitlaus. A.m.k. ekki enn þá. Við skulum sjá hvernig honum reiðir af, en þetta er athyglisverð hugmynd, athyglisverð tilraun. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Það er hægt að hafa mörg orð um aðra þætti þessa frv. Þetta er það helsta sem ég vildi sagt hafa, a.m.k. í þessari atrennu. Vel má vera að ég hafi verið nokkuð stóryrtur en það eru vissulega tilefni til. Það er t.d. allur kaflinn eftir um virðisaukaskattinn og afleiðingar hans. Það er allur kaflinn eftir. Skólagjöld voru ákveðin fyrir nokkrum dögum. Íþyngjandi fyrir heimilin. Það er búið og gert. Bókaskatturinn kemur ofan á það. Í nefndinni var líka reynt að taka út virðisaukaskatt af námsbókum. Það var ekki við það komandi. Mönnum fannst það of flókið sem er að sjálfsögðu ekkert flókið. Það vantaði viljann eða kannski að hugmyndin kæmi frá réttum aðila, ég veit það ekki.

Menn líta á ferðaþjónustuna sem aðalvaxtarbroddinn í dag, auðvitað á að skattleggja hana. Auðvitað klípa á vaxtarbroddinn. Ég skil ekki svona stefnu. Ég skil hana ekki. Skattlagning á fólksflutninga. Þar er mismunun. Menn voru að tala um mismunun. Hvað segja Vestmanneyingar sem fá þetta af öllum þunga á sig? Þeir komast ekki upp á land öðruvísi en með ferju eða fljúgandi. Þetta er sérstakur Vestmannaeyjaskattur. Hvað segir íþróttahreyfingin? Hverjir ætlu séu stærstu kúnnar flugfélaganna innan lands? Það er sjálfsagt íþróttahreyfingin. Lítum til Vestmannaeyja. Vestmanneyingar þurfa að borga 12 millj. bara í ferðakostnað flugleiðis. Það kemur beint ofan á það, það er beinn skattur á íþróttahreyfinguna. Ofan í agaleysið í þjóðfélaginu, sem ég var að lýsa áðan, þegar við þurfum hvað helst á styrkri íþróttahreyfingu að halda.

Virðulegi forseti, ýmislegt mætti betur fara. Ég ætla ekki að eyða fleiri orðum í þetta en tel hins vegar alveg nauðsynlegt og ég tel það skynsamlegt að nefndin taki þetta mál aftur til sín og skoði það betur. Fari aftur yfir það, skoði nákvæmlega með opnum augum hvað við erum að gera. Hvað erum við að gera? Þegar menn eru algjörlega klárir á því og svara mér því hvernig fólk rís undir þessu þá skulum við taka afstöðu til málsins en ekki fyrr.

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að bera blak af formanni efh.- og viðskn. sem nú er fjarstaddur og ég tel að hann njóti skilnings flestra viðstaddra á því að hann er í burtu í kvöld enda hefur hann verið hér viðstaddur í þingsal í allan dag svo sem honum ber, en við vitum öll hvers vegna hann hefur skroppið frá í smátíma.

Það er e.t.v. spaugilegt að ég sé að blanda mér í þessi mismunandi sjónarmið þeirra félaganna í Sjálfstfl. því að þeir eru báðir nefndarmenn í efh.- og viðskn. en mér finnst mér skylt að koma upp sem varaformaður þeirrar nefndar. Við höfum fjallað um þetta frv. saman, öll nefndin, og formaðurinn verið einstaklega lipur að verða við öllum óskum allra um að fá á fund, hvern sem óskað hefur verið eftir og reyna að skoða sem flest sjónarmið þannig að hægt sé að koma sér saman, ekki síst fyrir okkur í meiri hlutanum.

Á vissan hátt mætti halda og þess vegna kem ég hér upp, að efh.- og viðskn. væri að flytja þetta mál, væri að flytja þetta skattafrv. og þess vegna þyrfi þingmaðurinn að ræða við formann sinn. Við tókum við frv., við unnum við það, og við erum með efnahagsaðgerðir á borðum okkar sem eru búnar að fara í þingflokka. Auðvitað er rétt að það er eitt og annað sem hver og einn þingmaður hefur athugasemdir við og oft er mjög sársaukafullt að fallast á aðgerðir. En einhvern veginn finnst mér að sú ræða sem hér var flutt hafi verið flutt á röngum stað. Við vorum ekki að umbylta þessu frv., við tókum á ákveðnum þáttum innbyrðis eftir ítarlega umfjöllun eftir hlustun á þá sem komu á fund nefndarinnar. Það er ekki gleðiefni fyrir neitt okkar að gera tillögur um lækkun persónuafsláttar en á sinn hátt voru það viðbrögð við því að okkur fannst að barnafjölskyldur bæru of mikinn þunga af því sem þarna var sett fram. Á sama hátt og við vorum með viðbrögð við því að þegar niðurstaða var að viðhalda arðsfrádrætti þá mundum við hækka tekjuskatt fyrirtækja frá því sem fyrirhugað var.

Ég ætla ekki að ræða efnislega þá þætti sem komu fram í ræðu þingmannsins en mér finnst alveg nauðsynlegt að það komi fram að verið var að reyna að taka á ákveðnum þáttum, reyna að lagfæra hluti sem við höfðum möguleika á og að við þá vinnu var reynt að sýna allan þann lipurleika sem hugsast gat.

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var algjör óþarfi af hv. þm. að koma upp og bera blak af formanni nefndarinnar. Ég sagði það alveg skýrt að ég hefði fullan skilning á því ef hann þyrfti að vera annars staðar í tilefni dagsins og í framhaldi af því óskaði ég honum sérstaklega til hamingju með daginn. (**ÖS:** Við gerum það öll.) Já, við gerum það öll hér inni þannig að ég skil ekki alveg af hverju þingmaðurinn var að eyða tíma þingsins í þetta. Það hefur eitthvað farið forgörðum.

Ég veit ekki hvar ég á að flytja svona ræðu ef ekki hér. (**Gripið fram í:** Það má ekki segja frá þessu.) Ég veit það ekki, en ég sé að þingmaðurinn hefur beðið um orðið aftur og upplýsir það kannski hvar það hefði átt að vera. Hins vegar er málið þannig vaxið að ég held að þetta sé rétti staðurinn og þetta sé rétta stundin. Ég tel að það sé enn þá von. Þess vegna lagði ég það til að nefndin taki þetta aftur til umfjöllunar og skoðaði málið.

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég býst við því að ég sé ekki sá þingmaður sem mest eyðir tíma þingsins í þingsölum svo ég hef engar áhyggjur af því þó ég hafi komið hér upp — það var nefnt að ég væri að eyða tíma þingsins með að koma upp. Þetta voru tvær mínútur. Ég kom upp vegna þeirra orða að því miður væri formaður efh.- og viðskn. ekki hér og þingmaðurinn óskaði að tala við hann um þessar aðgerðir. Það mátti skilja þær á annan hátt og þingmaðurinn hefur upplýst það. Ég held að það sé mjög mikilvægt að það hafi verið upplýst einmitt vegna þeirrar góðu vinnu sem hefur farið fram í nefndinni.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru örfá atriði sem komu fram í ræðu hv. þm. Fyrst vil ég víkja að skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Það er hárrétt sem hv. þm. sagði að það hefur lengi verið á stefnuskrá flokks okkar að losna við þennan skatt. Um það höfum við rætt árum saman reyndar. En ég vil benda á eitt sem ég held að sé mjög mikilvægt að komi fram í þessari umræðu. Það er verið að varpa aðstöðugjaldinu af fyrirtækjunum, hvorki meira né minna en 4.000 millj. kr. Þessi gjöld eru greidd að langmestu leyti af verslunar- og þjónustufyrirtækjum og þess vegna er það auðvitað léttbærara fyrir þau fyrirtæki að bera verslunar- og skrifstofuskatt en nokkurn tímann fyrr. Hann skilar reyndar áttfalt minna miðað við aðstöðugjaldið því hann skilar ekki nema 500 millj. í ríkissjóð. Þetta vildi ég að kæmi fram og eins hitt að þessi skattur fellur náttúrlega ekki eingöngu á eina stétt, heldur á þau fyrirtæki sem hafa húsnæði sem notað er undir skrifstofur.

Í öðru lagi vil ég nefna það hvaða leið var notuð, hvort það ætti að fara barnabótaleiðina sem ríkisstjórnin stakk upp á. Ég vil taka á mig alla ábyrgð á að hafa flutt þetta frv. Nefndin ber auðvitað ekki ábyrgð á því. Nefndarmeirihlutinn stóð hins vegar frammi fyrir vali og valdi frekar þá leið sem farin hefur verið og vildi dreifa vandanum á sem flesta.

Þá kem ég kannski að aðalatriði í málinu og það er að verið er að færa til skatta í þjóðfélaginu af fyrirtækjunum — af hverju? Jú, vegna þess að við viljum létta þeim byrðina þannig að atvinnulífið eflist. Hvers vegna er það? Jú, til þess að hægt sé að halda úti fleiri störfum og til þess að færri verði atvinnulausir því það eru einmitt þeir sem við eigum fyrst og fremst að hugsa um. Það er nefnilega þannig, hv. þm., að atvinnulausir eru líka fólk með tilfinningar og börn og það er sá hópur sem við eigum núna að hafa í fyrirrúmi að vernda í þeim erfiðleikum sem við öll stöndum í og ættum öll að sameinast um að leysa úr.

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti og hæstv. ráðherra líka. Við náum seint samstöðu um hrun heimilanna. Ég held við náum aldrei saman um það. Það er allt í lagi að velta byrðunum frá fyrirtækjunum en það má ekki velta byrðunum yfir á þá sem kikna undan þeim. Það er það sem við erum að tala um og ég vona að ráðherrann skilji það. Það er verið að velta byrðunum yfir á þá sem ekki standa undir þeim. Þetta er grundvallaratriði.

Varðandi aðstöðugjaldið kemur það auðvitað til góðs fyrir verslunina líka, en það breytir því ekki að sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði er áfram mismunun. Það breytir því ekki neitt. Það er enn verið að taka þessa sérstöku grein út úr og skattleggja hana. Þó við höfum linað þjáningarnar á einu sviði sem gekk yfir alla línuna þá er nákvæmlega sama mismunin enn til staðar. Ég vona að ráðherrann sé mér sammála um það. Ég er alveg sammála honum um að auðvitað á að dreifa vandanum á sem flesta og það er einmitt það sem ég er að tala um. Það á ekki að setja byrðar á þá sem ekki geta risið undir þeim. Málið er einfalt.

Ég ætla hins vegar að ítreka þá spurningu sem ég var með áðan sem er grundvallarspurningin: Hvernig á fólk að rísa undir því? Ég lýsi yfir fullum stuðningi við málið, ef það er hægt að sýna mér fram á það. Þetta er bara ein spurning og þá er komið já á takkann þarna.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt ekkert langt á milli skoðana okkar hv. þm. á þeim málum sem við erum hér að ræða. Ég vil benda hv. þm. á það sem hann reyndar veit að við erum að dreifa byrðunum með þeim hætti að þeir sem hæstar hafa tekjurnar greiða mest. Ég minni á að ýmislegt, sérstaklega bætur frá hinu opinbera, eru tekjutengdar þannig að þeir sem

hærri hafa tekjurnar fá minna. Meiri hluti nefndarinnar stóð frammi fyrir því hvort nú ætti að skerða hjá barnafólki sérstaklega en nefndarmeirihlutinn komst að því að það væri léttbærara að dreifa vandanum á sem flesta. Þetta eru 400 kr. á mánuði. Það er innan við helmingur af áskrift Morgunblaðsins svo ég taki dæmi. (**Gripið fram í:** Á að segja Mogganum upp?) Mín vegna. Það er sérkennilegt að heyra hv. þm. kalla fram í að þeir hafi sagt Morgunblaðinu upp af því það er ríkissjóður sem greiðir fyrir þá áskriftina. (**ISG:** Allir hinir.) Ég ætla bara að benda á það og það er furðulegt að hv. þm. Ingibjörg Sólrún skuli ekki vita að það er ríkissjóður sem greiðir fyrir hana áskriftina. (**ISG:** Allir hinir.) Það sem skiptir máli, ef ég fæ frið til þess að halda áfram, þá er þetta vandamálið sem við stöndum frammi fyrir. *Ég vænti þess, hv. þm., að við öll* reynum á þessum tímum þegar mestu varðar að koma til móts við þá sem erfiðast eiga, þá sem ekki einu sinni hafa atvinnu, og hugsum um það hvernig getum við dreift byrðunum réttlátlega á milli okkar hinna. Ég veit að ég og hv. þm. getum komið okkur saman um það og við skulum ræða það. Það get ég ekki gert á þessum örstutta tíma, en ég er sannfærður um það að við getum fundið lausn á því máli eins og mörgum öðrum ef við höfum viljann til þess og sýnum þann vilja í verki.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég held að síðustu klukkutímarnir ættu að færa okkur heim sanninn um að nú sé mál að við förum að hætta í kvöld og reynum að ná einhverri hvíld fyrir 3. umr. fjárlaga á morgun.

Mér sýnist allt benda til þess þegar nú síðast ráðherrar eru farnir að nota andsvaratíma til árása á þingmenn úti í sal sem ekki hafa tækifæri til þess að svara fyrir sig nema í formi þingskapaumræðu, virðulegi forseti, sem ráðherrar síðan lýsa úti í þjóðfélaginu sem ofbeldi og aðgerðum sem hér eigi ekki að líðast, þá sé kominn tími til þess að við tökum okkur hlé.

Virðulegi forseti. Ég vil einnig benda á það að nú er svo komið að við erum með aðgerðir í ríkisfjármálum, skattalagafrv., í höndunum sem meira að segja að mati stjórnarliða er svo illa unnið að ekki sé um annað að ræða en að senda yfir í nefnd aftur. Þá sé ég ekki betur en hv. 5. þm. Reykv. hefði frekar átt að skrifa undir minnihlutaálit efh.- og viðskn. sem segði það sem þingmaðurinn sagði áðan að málið sé svo illa unnið af hálfu ríkisstjórnarinnar og tímapressan svo mikil að það sé ekkert annað að gera en að senda það til föðurhúsanna aftur. Ég ítreka það við hv. 5. þm. Reykv. að mér sýnist samkvæmt þessu að það hefði verið miklu nær að hann hefði skrifað undir nál. með okkur í minni hlutanum. Því hvað þetta snertir fara skoðanir okkar algjörlega saman.

Ég bendi einnig á að ein höfuðástæðan fyrir því hvernig komið er er sú að skattafrumvörp ríkisstjórnarinnar komu ekki fram fyrr en komið var undir miðjan desember. Tíminn til að vinna þetta er enginn og hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh., sem á stól í þinginu, hefur varla sést hér meðan umræðan um efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar, skattafrumvörpin, hefur farið fram. Það getur vel verið að hæstv. forsrh. hafi skömm á þingskapaumræðum, ég ætla ekki að deila um það við hann, en að hann sýni þinginu þá lítilsvirðingu að láta nánast aldrei sjá sig í þingsölum er aftur hlutur sem hann verður að gera bæði Alþingi og þjóðinni grein fyrir.

Hér hefur farið fram málefnaleg umræða um skattahliðina á efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í allan dag og ég veit, virðulegi forseti, að hæstv. forsrh. hefur verið í þinghúsinu en hæstv. forsrh. telur sér skyldara að sitja í bakherbergjum og taka þátt í skákmótum sem þingflokkur Sjálfstfl. skipuleggur þar en hlusta á umræður. (**Forseti:** Þetta finnst forseta ekki viðeigandi.) (**ÖS:** Hvar er hægt að skrá sig í mótið?) *Virðulegi forseti. Ég frábið mér þessa viðvörun.* Ég benti virðulegum forseta á það að hann leið ráðherra áðan að ráðast að þingmanni úti í sal í andsvaratíma en ef það gerist hér að almennur þingmaður greinir frá staðreyndum gagnvart því hvernig vinnubrögð fara fram í þinginu, þá er hann víttur. Ég bendi á það að ég beindi þessum ummælum til hæstv. forsrh. sem iðulega hefur farið með staðlausa stafi og svívirðingar um þingmenn á opinberum vettvangi. Ég frábið mér, virðulegur forseti, vítur fyrir það. Ef virðulegur forseti veit það ekki þá hefur það ítrekað gerst meðan á þingfundi stendur að þingflokkur Sjálfstfl. er með skipulagt skákmót í stigaherberginu. Í því móti tekur þátt m.a. hæstv. forsrh. sem nennir ekki að sitja yfir almennum umræðum meðan þær standa og sendir okkur síðan tóninn í fjölmiðlum.

Nú getur það vel verið, virðulegi forseti, að það sé svo komið hjá mér eins og mörgum öðrum hér sem búnir eru að vaka hverja einustu nótt alla vikuna að það sé farið að setja svip á minn málflutning en við hvert einasta orð af því sem ég hef sagt get ég staðið. (**ÓPP:** Það eru næg vitni að því.) Það eru næg vitni að því. Nú sé ég að hæstv. forsrh. er kominn í hliðarherbergi og það þurfti þetta til til þess að hann léti sjá sig. (**Gripið fram í:** Búinn að vera nokkra stund.)

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu um þau skattafrumvörp sem hér liggja fyrir. Þau hafa vakið þann óróa úti í þjóðfélaginu að það er vandséð hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að komast frá þeim málum. Ég ætla þó að nefna hér örfáa efnisþætti. Ég vil nefna það að fulltrúar hæstv. ríkisstjórnar, ráðherrar og aðrir, hafa ítrekað nefnt það að þessar tillögur séu í meginatriðum samhljóða því sem aðilar vinnumarkaðarins höfðu lagt til. Þessu mótmæli ég harðlega og vil í því sambandi m.a. vitna til greinargerðar sem Alþýðusamband Íslands hefur látið frá sér fara þar sem tíundaðar eru þær aðgerðir sem þar var verið að vinna að og á hvern hátt menn vildu standa að málinu.

Ég vil einnig nefna sérstaklega annað atriði og það er hækkun á virðisaukaskatti. Það eru til ýmsar kenningar um hvernig beita á skattlagningu, m.a. sú kenning sem Ronald Reagan stýrði eftir, að með því að lækka skatta almennt gætu menn aukið það mikið veltu í þjóðfélaginu að það horfði til bata í efnahagslífinu og öllu þjóðlífinu. Þessi kenning var rækilega afsönnuð í

valdatíð Ronalds Reagans. Eins og þar var afsannað að slík kenning er algild, þá er það alveg jafnljóst að á jaðarsviðum í viðkvæmum greinum stenst hún á þann hátt að skattlagning dregur úr umsvifum og virkar í reynd öfugt og getur í einstökum tilfellum orðið til þess að minnka tekjur ríkissjóðs. Svo er að mínu mati nú. Það á við um útgáfu bóka og tímarita og ferðaþjónustuna. Við fulltrúar í efh.- og viðskn. höfum reyndar í dag, eftir að hafa ítrekað um það beðið, fengið staðfestingu á þessu frá Þjóðhagsstofnun. Þjóðhagsstofnun bendir á að skattlagningin á bækur og tímarit geti fækkað störfum um allt að 100 en treystir sér ekki til þess að meta hver samdráttaráhrifin yrðu í prentiðnaði. Sömuleiðis hefur Þjóðhagsstofnun reiknað út að í ferðaiðnaði getur verið um að ræða fækkun starfa allt að því 70.

Virðulegi forseti. Ég ætla að fara örfáum orðum um hvernig ég sé þessar aðgerðir almennt séð.

Það var alveg ljóst þegar ríkisstjórnin ætlaði að fara þá leið í haust að hafa samvinnu við aðila vinnumarkaðarins að sú leið var afar vandasöm. Þórarinn V. Þórarinsson, formaður Vinnuveitendasambands Íslands, sagði að það væri rammur grautur sem þar þyrfti að kokka og það var alveg ljóst að þetta var afar vandasamt. Ríkisstjórninni hefur mistekist þetta ætlunarverk sitt. Þær aðgerðir sem við sjáum nú eru í engu samræmi við það sem aðilar vinnumarkaðarins voru að ræða í vetur. Það eina sem þar stendur eftir er afnám aðstöðugjaldsins og skattahækkanir á einstaklinga. Við vissum allan tímann að það þyrfti að gera en því miður hefur tekist afar óhönduglega til við tilflutning á þeim sköttum.

Hæstv. forsrh. talaði um hátekjuskattinn sem sálfræðilegt trikk. Eflaust hafði hann sínar sálfræðilegu afleiðingar og róaði einhverja sem vildu láta þá sem hærri höfðu tekjurnar borga. En, virðulegur forseti, ég held að það sem hæstv. ríkisstjórn gerði á lokasprettinum, og knúði meiri hluta efh.- og viðskn. til að samþykkja, að lækka persónuafsláttinn sé ekki sálfræðilegt trikk. Ég held að það sé sálfræðilegt sprengjuefni. Ef ríkisstjórnin dregur þetta ekki til baka, ef hún gerir ekki tilraun til þess að ná frekari samstöðu um þetta mál, þá springur þetta mál framan í andlitið á ríkisstjórninni.

Við heyrum nú þegar viðbrögð aðila vinnumarkaðarins. Það sem snýr að almenningi í landinu eftir þessar fréttir er að það er búið að færa aðstöðugjaldið yfir á almenning en því var ekki jafnt dreift. Þeim var hlíft sem eiga miklar eignir og þeim sem hafa miklar tekjur. Það er kjarni málsins. Það er hægt að sýna fram á það með tölum að skerðingin sé meiri hjá hátekjufólki en lágtekjufólki en munurinn er sá að þeir sem hafa lægst kjörin hafa af engu að taka. Þar er ég algjörlega sammála hv. 5. þm. Reykv. Þeir hafa af engu að taka meðan þeir sem úr mestu hafa að spila vita ekki af þessu. Og það sem meira er, virðulegur forseti. Þeim sem hafa allar sínar tekjur af fjármagnseign, lifa af fjármagnstekjum, er algjörlega hlíft. Margítrekuð loforð um að leggja á hátekjuskatt hafa eina ferðina enn verið svikin.

Virðulegur forseti. Ég mun ekki hafa mína ræðu lengri en ég beini því aftur til virðulegs forseta hvort ekki sé mál að linni og við þingmenn leyfum okkur þann munað einu sinni, í það minnsta þeir sem hér hafa verið hvert einasta kvöld og nánast hverja einustu nótt og gegnt sinni þingskyldu, að eiga sæmilega hvíld eina nótt.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Eins og forseti hefur kynnt er ætlunin að halda þessari umræðu áfram nokkra hríð enn.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Sá sérstæði atburður gerðist hér í ræðustól að forseti ávarpaði greinilega ræðumann hvasst en þó það lágt að þingheimur mátti ekki heyra. En hæstv. forseti stöðvaðist svo við þegar þingmaðurinn mótmælti því að hann væri víttur hér í ræðustól. Hafi þingmaðurinn verið víttur þá var hann víttur fyrir að segja sannleikann. Og það er óhjákvæmilegt að því sé svarað úr forsetastól hvort þingmaðurinn var víttur fyrir að segja satt, að það væri skákmót hér í stigaherberginu og forsrh. sæti þar löngum að tafli.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi skýrt fram gagnvart mínum orðaskiptum við forseta áðan að væntanlega hef ég tekið meira upp í mig en efni stóðu til þegar ég sagði að forseti hefði vítt mig. Forseti áminnti mig. Og á því er að mínu mati munur. En ég stend við það sem hv. síðasti ræðumaður sagði að sú áminning var þá fyrir að segja sannleikann í ræðustól.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill taka það fram að honum er ókunnugt um þau orðaskipti sem fram fóru úr þessum forsetastóli fyrir fáum mínútum. En forseti getur staðfest að ekkert skákmót fer hér fram í hliðarherbergjum.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ef það er svo að hér fari fram skákmót í hliðarherbergi þá held ég að það væri ágætt að hæstv. forseti tilkynnti stöðuna í skákmótinu á milli þess sem menn halda hér ræður. (**JGS:** Eða tilkynnti skákmönnum að hér fari fram þingfundur.) Það væri ekki lakara, hv. þm. Jóhannes Geir.

Ég hygg, virðulegur forseti, að það sem menn muna einna skýrast frá kosningabaráttu stjórnmálaflokkanna frá árinu 1991 sé það að Sjálfstfl. lofaði miklum skattalækkunum kæmist hann til valda að afloknum þeim kosningum. Þessi skattalækkunarloforð Sjálfstfl. hljóma nú þannig í eyrum þeirra sem hlusta á hæstv. forsrh. Davíð Oddsson, formann Sjálfstfl., að það hafi staðið til að stöðva skattahækkunarskriðu þeirra flokka sem þá voru við völd. Eða öllu heldur að það hafi ekki staðið til að hækka skattana. Þegar hins vegar fréttamenn Stöðvar 2 ganga hart að því við forsrh. að nú séu skattar hækkaðir þá segir hann: Sko, skattahækkanir eru ekki skattahækkanir þó svo skattarnir séu hækk-

aðir. Þetta eru aldeilis trúverugar röksemdafærslur af hálfu hæstv. forsrh.

En hversu fáránlegar sem þessar röksemdafærslur allar eru og hversu aulaleg sem undanbrögð forsrh. eru í þessum efnum talar landsfundarályktun Sjálfstfl. frá því 10. mars 1991, sem ég er hér með í höndum, langskýrustu máli um það hverju Sjálfstfl. lofaði kjósendum sínum fyrir síðustu kosningar. Þeir kjósendur sem lásu þá landsfundarályktun og þeir frambjóðendur Sjálfstfl., sem fóru um allt land, hvort sem þeir voru í Reykvík eða Reykjanesi, hvort sem þeir gengust undir krossapróf af hálfu forsrh. eða ekki, þá lofuðu allir frambjóðendur Sjálfstfl. fyrir kosningarnar 1991 að skattar skyldu lækkaðir. Enda unnu þeir í samræmi við þá ályktun sem samþykkt var á landsfundi Sjálfstfl., að ég hygg, í lok 10. mars. Eftir að Davíð Oddsson, núv. hæstv. forsrh., hafði verið kosinn formaður Sjálfstfl. þá lofaði Sjálfstfl. íslenskum kjósendum því, og hér ætla ég, með leyfi forseta, að vitna í nokkur atriði úr 29. landsfundarsamþykkt Sjálfstfl. frá 1991. Þar segir í fyrstu setningu:

„Sjálfstæðisflokkurinn vill lækka skatta.“ Það er fyrsta setning landsfundarályktunarinnar um skattamál. Síðan segir: „Skattbyrði heimilanna“ — og við skulum gá að því að þetta er árið 1991 þegar Sjálfstfl. er í stjórnarandstöðu — „er nú með þeim hætti að ekki verður við unað. Svo mikil er skattbyrðin orðin að alþýðufjölskyldan hefur vart fyrir brýnustu nauðsynjum.“ Síðar í ályktuninni, af því að hæstv. fjmrh. situr hér í salnum, varaformaður Sjálfstfl., segir: „Til að einfalda skattheimtuna og gera hana skilvirkari þarf að lækka skatthlutföll og fækka skattþrepum.“ Síðar í ályktuninni segir, sem er öllu merkilegra: „Leita þarf leiða til að lækka núverandi skatthlutfall niður í 35% eða lægra hlutfall.“

Hvað hæstv. forsrh. segir nú um það hverju hann lofaði eða hvað hann sagði fyrir kosningarnar 1991 skiptir auðvitað engu máli. Hæstv. forsrh., eins og aðrir ráðherrar flokksins, hlýtur að vera að vinna eftir landsfundarsamþykkt flokksins. Landsfundurinn er æðsta vald í málefnum flokksins á hverjum tíma. Það sem eftir stendur í hugum Íslendinga núna fyrir jólin þegar þeir heyra hverjar skattahækkanirnar eru, hvað það er sem er verið að gera, er það eitt að loforðin sem voru gefin fyrir 20. apríl 1991 standa ekki lengur. Flokkurinn sem við kusum, flokkurinn sem sagðist ætla að lækka skattana og flokkurinn sem lofaði okkur skattalækununum hefur svikið okkur.

Og forsrh., sem hér er núna og stýrir ríkisstjórninni, maðurinn sem mest hefur talað um sjálfan sig í þeim efnum að hann standi við allt sem hann lofar, hefur nefnt fáránlegan lista yfir allt sem hann hefur gert hjá Reykjavíkurborg þegar hann var þar einráður. Allt sem ég hef sagt, hefur hæstv. forsrh. sagt, er staðið við, tímasetningarnar, dagsetningarnar og allt. Þjóðin fylgist hins vegar með því í dag að ekkert stenst af því sem hæstv. forsrh. segir. Það stenst ekkert af því sem Sjálfstfl. lofaði fyrir síðustu kosningar. Það er allt saman svikið.

Hér ætla ég að taka hæstv. fjmrh. af því að fjmrh. er ráðherra duglegastur við að sitja undir þessari umræðu og er hugmyndafræðingurinn að „Báknið burt“ og einn af fáum mönnum í þessari ríkisstjórn sem ég hygg að taki hlutverk sitt nokkuð alvarlega og vill gera vel. En hann kemst ekki upp með það bæði út af samstarfsmönnum og líka vegna þess því miður að hann ræður að mörgu leyti ekki við það hlutverk sem hann er að fást við. En það vill oft verða þannig með menn að þeir lenda einu þrepi of ofarlega og hafa ekki stuðning sinna manna til að gera það sem gera þarf. En hæstv. fjmrh. vill vel, ég er sannfærður um það.

Sjálfstfl. sagði fyrir síðustu kosningar, eins og ég vitnaði í úr hans landsfundarályktun, að hann vildi lækka skatthlutfallið, sem þá var 39,85%, niður í 35%. Hvað þýddi þetta fyrir fólkið í landinu sem alls ekki hafði gert sér grein fyrir því hvaða flokk það vildi kjósa? Það kom fram í skoðanakönnunum hvað eftir annað að 40–50% þjóðarinnar voru óákveðin. Hvað þýddi þetta fyrir þennan hóp, 50% þjóðarinnar, sem var óákveðinn? Auðvitað tók það fólk upp sína vasatölvu og reiknaði. Það þýddi skattalækkun upp á 9.150 millj., hæstv. fjmrh. Ef þú hefur reiknað rétt, hæstv. fjmrh., að 1,5% skattahækkun þýddi 2.850 millj. þá þýðir hér um bil 5% skattalækkun 9.150 millj. Þessu lofuðuð þið, hæstv. frambjóðendur Sjálfstfl., fyrir síðustu kosningar, ekki bara í Reykjavík heldur hvar sem þið fóruð um landið, fólkinu í landinu: skattalækkunum upp á 9.150 millj. kr.

Hvað er menn að gera í dag? Skatthlutfallið sem var 39,85% mun verða frá þessum áramótum 41,35%. 1,5% hækkun? Nei, skattalækkunarloforð ykkar upp á 9.100 millj. þýðir fyrir okkur öll hin skattahækkun upp á 2.850 millj. kr., tæpa 2,9 milljarða kr. Er þetta í einhverju samræmi, hæstv. fjmrh., við það sem þú og frambjóðendur þínir í Reykjavík og alls staðar annars staðar á landinu lofuðuð kjósendum fyrir kosningar? Auðvitað verjið þið ykkur með því að ástandið sé svo bölvanlegt. En ég segi: Þið sköpuðuð þetta ástand. Þið bjugguð þetta ástand til sjálfir í lok kosninga. Og það veist þú, hæstv. fjmrh., manna best. Vegna þess að þú sem hæstv. fjmrh. í þessari ríkisstjórn hafðir frumkvæði að því að hækka skatta, að hækka vexti.

Það kom einnig fram í þessari ágætu landsfundarályktun ykkar frá árinu 1991 að þið vilduð fækka skattþrepum. Hefur það gengið eftir? Nei, hæstv. fjmrh. Það hefur ekki gengið eftir. Þið eruð með þessum skattaormi sem hér er verið að leggja fyrir að fjölga skattþrepunum í virðisaukaskattinum um eitt, jafnvel tvö. Þið eruð að útbúa nýtt skattþrep sem sérstaklega námsmenn, sem þið þó eruð búnir að ganga harðast í skrokk á af öllum hópum í þjóðfélaginu, eiga núna að greiða ásamt öðrum þeim sem þurfa að greiða 14% virðisaukaskatt af því sem ekki þurfti að greiða virðisaukaskatt af áður. Þetta fólk kemur til með að borga 1.800 millj. kr. árið 1993. Eruð þið að framfylgja landsfundarályktun Sjálfstfl. með því að fjölga skattþrepum? Nei, hæstv. fjmrh., þið eruð ekki að því.

Vaxtabætur verða lækkaðar um 400 millj. kr. samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir. Og af því að þið vitnuðuð sérstaklega í það að skattbyrði heimilanna

væri nú með þeim hætti að ekki yrði við unað, var sagt í mars 1991: „Svo mikil er skattbyrðin orðin að alþýðufjölskyldan hefur vart fyrir brýnustu nauðsynjum.“ Hvar heldur hæstv. fjmrh. að skerðing vaxtabótanna komi niður? Það er hjá unga fólkinu sem hefur á undanförnum árum verið að fjárfesta í íbúðarhúsnæði og hefur trú á því að opinber stofnun eins og Húsnæðisstofnun ríkisins væri að gefa heilsteypta ráðgjöf um það hversu mikið menn mættu skulda, hversu háa upphæð menn mættu eyða í það að eignast eigið húsnæði af því að menn hefðu ákveðnar tekjur. Nú er öllum þessum grundvelli kippt í burtu og eftir stendur fólk sem trúði því að opinber stofnun eins og Húsnæðisstofnun ríkisins væri í raun og veru að gefa heilsteypta ráðgjöf og því mætti treysta sem sú stofnun segði. Þetta fólk lendir í miklum erfiðleikum við þessa breytingu. Það fer að skulda og verða vanskilafólk. Innan fárra ára mun sú staða skapast að þetta fólk þarf á aðstoð hins opinbera að halda, á greiðsluerfiðleikalánum.

Ég ætla að minnast á nokkur atriði enn áður en ég kem að því hversu alvarleg þessi skattastefna ríkisstjórnarinnar er. 5% hátekjuskattsþrep sem skilar í raun ekki nema 300 millj. kr. er að mínu viti sett við of lágar tekjur. Skattleysismörkin, hæstv. fjmrh., lækka við 1,5% tekjuskattshækkunina úr 60.258 kr. í 58.073 kr. Var þetta ekki nóg, hæstv. fjmrh., lækkun á skattleysismörkunum? Þurfti að stíga það skref að lækka þau um 400 kr. til viðbótar með sérstökum aðgerðum af hálfu ríkisstjórnarinnar? Var það sérstakt markmið hjá þeim flokkum sem sögðu í kosningabaráttunni hvar sem var á landinu, eins og Alþfl., við viljum hækka skattleysismörkin í 70.000 kr. ef við komumst til valda að afloknum kosningum.

Ég man ekki hvort hæstv. fjmrh. sagði það nokkurn tímann í kosningabaráttunni en ég heyrði það hjá mörgum hv. þm. Sjálfstfl. að menn sögðu að kjarabótin lægi í því að hækka skattleysismörkin. Og þá voru yfirboðin oft ekki 70 þús. kr. heldur 70–80 þús. kr.

Það kom fram í fréttum í kvöld í Ríkisútvarpinu frá miðstjórnarfundi Alþýðusambands Íslands að skattleysismörkin hefðu lækkað í raun um 15 þús. kr. síðan staðgreiðslan var tekin upp. Úr 72.000 raunskattleysismörkum í 57.000 kr.

En hvenær skyldi nú aðallækkunin hafa átt sér stað? Einn þriðji var sagt, ef ég tók rétt eftir, ég ætla ekki að fullyrða það, hæstv. fjmrh., í tíð núv. ríkisstjórnar sem þó hefur ekki starfað nema í tæp tvö ár. Hvað er með skatta? *Hvað er með kosningaloforðin hjá þessum* tveimur flokkum, Alþfl. og Sjálfstfl., sem lofuðu fólki fyrir síðustu kosningar. að skattleysismörkin skyldu hækka?

Þó held ég að því miður hafi enginn flokkur gengið jafnhart fram í kosningaloforðum fyrir síðustu kosningar og Alþfl. Hér er ég með, virðulegur forseti, kosningabækling Alþfl. frá síðustu kosningum. „Ég set X við A-listann af því að:“ Og síðan koma átján ástæður, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir. Og eftir að vera búin að hækka skattana, tekjuskattinn, skera niður persónuafsláttinn, skera niður vaxtabæturnar og allt þetta þá birtið þið mynd sem sýnilega er af opinberum starfsmanni sem þó, ef hann er í hópi þeirra manna að greiða meðlag því það kom fram á fundi í heilbr.- og trn. í dag að það eru opinberir starfsmenn sem greiða hverju einustu krónu í meðlag, þá segir þessi ágæti maður og lagði allt sitt traust á ykkur fyrir síðustu kosningar: Ég kýs Alþýðuflokkinn, sagði hann, af því ég treysti honum til þess að lækka tekjuskattinn á launafólkið.

Hvar skyldi þessi maður vera í dag? Það veit ég ekki, en *ég trúi því ekki að ef hann hefur bara kosið* Alþfl. út á þetta sé hann enn í þeim flokki.

En hvað skyldi hinn virðulegi tónlistarmaður Rögnvaldur Sigurjónsson segja í dag sem kaus Alþfl. fyrir síðustu kosningar vegna þess að Alþfl. leit á Ísland sem samfélag um menningu? Það er akkúrat í dag með þessum skattaormi, sem Alþfl. stendur heill og óskiptur að, verið að skattleggja menninguna á Íslandi í fyrsta skipti í langan tíma. Og á öðrum stað í þessum ágæta bæklingi — sem er að mörgu leyti mikið áróðursplagg og stórvel gerður og ég öfunda Alþfl. að mörgu leyti af því að hafa komið út slíkum bæklingi en ég öfunda hann ekki af því að hafa fengið þetta fólk til þess að tjá sig um það af hverju það kaus Alþfl. í dag.

Hér er landsþekktur íþróttamaður sem heitir Alfreð Gíslason, stjarna okkar Íslendinga í B-keppninni í Frakklandi, stóð sig manna best af öllum sem þar komu fram, ef ég man rétt. (**Gripið fram í:** Er það frá 1987?) *Mér er alveg sama hv. þm. hvort það er frá* 1987, þetta fólk var að lýsa yfir stuðningi við Alþfl. og ég trúi því ekki, hv. þm., að það geri það bara yfir eina nótt. Það er að koma fram opinberlega vegna þess að það treystir þessum flokki sem það ætlaði að kjósa þá og hefur sennilega líka gert 1991, en þessi hv. íþróttamaður sem var sómi Íslands á erlendri grund (**Gripið fram í:** Og er.) og er, er reyndar hættur að spila með landsliðinu í dag. Hann er sómi ungs fólks á Akureyri í dag, hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson, og reyndar um land allt. Hann sagði: Ég kýs Alþfl. af því þeir vilja efla íþróttirnar. — Á morgun horfum við hins vegar fram á það, hv. þm. Alþfl., og um það munu liggja fyrir tillögur að skera niður fjárveitingar til Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands, þessara fjöldasamtaka í landinu sem eru með nálægt 100 þús. manns innan borðs. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir af hálfu stjórnarandstöðu og velviljaðra þingmanna í stjórnarflokkunum þá hefur ekki tekist að fá sömu fjárveitingu *til þessara fjöldasamtaka íþróttafólksins sem* þessi sómi Íslands sagðist kjósa Alþfl. út á. Þið ætlið samt að skera þetta niður.

Það eina sem eftir stendur af öllu því sem menn lofuðu, hvort sem það var í kosningunum 1987 eða 1991, mér er alveg sama, það skiptir engu máli, eru svikin kosningaloforð. En af hverju? Af hverju skyldi ég ekki taka fleiri dæmi um fólk sem er hingað og þangað í þjóðfélaginu sem af þeim 18 ástæðum sem hér eru nefndar kaus Alþfl. og hefur orðið fyrir vonbrigðum? Það er einfaldlega vegna þess að ég veit ekki til þess að neinn af þessum 15 sem eftir eru séu enn í

Alþfl. Af hverju skyldi þetta fólk ekki vera þar? Flokkurinn hefur brugðist.

Það eru svikin kosningaloforð frá síðustu kosningum sem er megineinkennið á stefnu þessara tveggja flokka í ríkisstjórninni. En auðvitað trúi ég því og mér finnst það vera eðlilegt — það eru í raun og veru eðlileg og aulaleg viðbrögð að reyna að bera því við að erfiðleikarnir séu svo miklir að ekkert sé hægt að gera. En eins og ég sagði áðan er það heimatilbúinn vandi og menn geta ekki ætlast til þess ef þeir útbúa vandann sjálfir, hvort sem það er þjóðin eða einhverjir aðrir, eða stjórnarandstaðan, ég tala nú ekki um það, að þetta sé allt saman leyst fyrir þá. En það er sagt: Við verðum að setja peningana í annað. Við verðum að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir atvinnuleysið. Og hæstv. fjmrh. flutti hjartnæma ræðu fyrr undir þessari umræðu í andsvari og sagði hvers konar vá væri fyrir dyrum ef menn tækju ekki almennilega á. Í því tilfelli ætlaði hæstv. ríkisstjórn að setja peninga í vegagerð til þess að ýta undir atvinnuna í landinu. Það var haldinn sérstakur blaðamannafundur, hæstv. fjmrh., þar sem ég veit að virðulegur ráðherra var settur til hliðar og sjónvarpsvélarnar náðu mjög sjaldan að ná honum í fókus, — þar var ákveðið, hæstv. fjmrh., að setja hundruðir millj. kr. í vegagerð. Til hvers? Koma í veg fyrir atvinnuleysi. Koma dráttarvélunum, koma gröfunum, koma vörubílunum af stað. En var það til þess að setja fólkið af stað? Nei, fólkið skipti engu máli. Það voru vélarnar sem skiptu öllu máli.

Löngu síðar eru efnahagsaðgerðir tilkynntar og hvað gerist þá? Þá telur hæstv. forsrh. að þetta sé eitthvert það alstærsta skref sem stigið hefur verið til atvinnuaukningar á Íslandi. Á morgun stöndum við frammi fyrir því að búið er að skera þetta allt niður. Það var allt saman tómt rugl sem ríkisstjórnin var að tilkynna okkur. Það er búið að lækka allar þessar tölur. Blaðamannafundurinn, yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum, allt misskilningur. Búið að skera þetta allt saman niður. Vonin hjá fólkinu, sem trúði því að það ætti að gera eitthvað í atvinnumálunum, er ekki lengur til staðar. Síðan átti að setja peninga í viðhald á opinberum byggingum sem alltaf eru að hrynja. Ekki út af núverandi ríkisstjórn og það er alveg hárrétt, ástand opinberra bygginga er að mörgu leyti í miklu óstandi og það er ekki hæstv. núv. ríkisstjórn að kenna. Þar bera framsóknarmenn mikla ábyrgð. Menn hafa alltaf verið að bögglast við það að loka fjárlögunum með sem minnstum halla. Menn hafa verið að reyta hingað og þangað, tína af milljónir hér og milljónir þar til að geta lokað fjárlögunum með sem minnstum halla. Framsóknarmenn bera ábyrgð á þessu. Ríkisstjórnin vildi stíga nýtt skref og setja 500 millj. kr. í þetta. Blaðamannafundur um málið. Fjmrh. var ánægður með það sem átti að gera og hæstv. forsrh. enn þá ánægðari. Yfirlýsing frá hæstv. forsrh. um að þetta sé aldeilis í samræmi við það sem aðilar vinnumarkaðarins hefðu óskað eftir. Þetta skapaði vinnufúsum höndum atvinnu. Hver er niðurstaðan? Við sjáum hana á morgun. 500 millj. verða þá orðnar að 100 millj. kr. Ekkert mark takandi á blaðamannafundinum, ekkert mark takandi á yfirlýsingunni, allt tómt plat. Eftir stendur það sama að öllu sem var lofað er svikið eins og kosningaloforðin voru svikin fyrir kosningarnar 1991. Nákvæmlega eins, hæstv. fjrmh. Erfiðleikarnir eru miklir, það er að vísu alveg rétt. En þeir eru heimatilbúnir að langstærstum hluta.

Hins vegar hefur hæstv. ríkisstjórn óskað eftir samstarfi og samvinnu við aðila vinnumarkaðarins á mörgum sviðum. Við fylgdumst með því í fjölmiðlum, við fylgdumst með því í allri umræðunni í þjóðlífinu þar sem ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins voru allir að reyna að ná saman um aðgerðir til að tryggja atvinnuna, halda uppi atvinnustigi í landinu. Síðan slitnaði upp úr þessu öllu saman. Ríkisstjórnin hefur síðan alið á því að allt sem hún hafi gert sé nákvæmlega það sama og aðilar vinnumarkaðarins vildu gera, þó svo að þing Alþýðusambands Íslands og allir forustumenn launþegahreyfinganna í landinu hafi neitað þessu öllu saman þá leyfir hæstv. félmrh. sér það í umræðu um atvinnuleysi, sem er núna meira en við Íslendingar höfum nokkru sinni fyrr horft fram á, að segja, með leyfi forseta: „Í veigamiklum atriðum eru efnahagsaðgerðirnar byggðar á tillögum aðila vinnumarkaðarins. Að vísu förum við“ — segir hæstv. félmrh. — „ekki eins langt eins og var í tillögum ASÍ varðandi t.d. skattaaðgerðir.“

Það væri nú aldeilis fróðlegt fyrir Alþingi að fá viðbrögð Alþýðusambandsins við því sem hæstv. vinnumálaráðherrann lýsti yfir í gær við umræðu um atvinnuleysið. Það var aldeilis fróðlegt að fá álit þeirra samtaka á því sem hér er um að vera því í dag, ef það er rétt sem hermt var eftir frá miðstjórnarfundi Alþýðusambandsins, þá er þar sagt að álögurnar hafi aldrei verið jafnmiklar og þær eru í dag. Og ef eitthvað er að marka ályktun Dagsbrúnar, sem er kannski eitt af stærstu verkalýðsfélögum innan Alþýðusambandsins, þá kvartar sá hópur þúsund manna, við skulum bara segja að það hafi verið fundur um níu hundruð manna í verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík, yfir því hversu álögurnar eru miklar. Þeir kvarta. (**Gripið fram í:** Hvernig ætlar Framsókn að bregðast við?) Virðulegur þingmaður. Hér hafa komið upp á undan mér í þessari umræðu tveir hv. þm. Framsfl., Halldór Ásgrímsson og Jóhannes Geir Sigurgeirsson. (**Gripið fram í:** Það er ekkert annað.) Já, það er nú ekkert annað, hv. þm. (**Gripið fram í:** Ég hélt það hefði verið Ingi Björn.) Hv. þm. Ingi Björn Albertsson er ekki enn þá kominn í Framsfl. en þar var stutt á milli ef marka má þá ræðu sem hann flutti hér áðan. Þessir þingmenn báðir sem ég talaði um áðan, (Gripið fram í.) hv. þm. Halldór Ásgrímsson, (**Forseti:** Ekkert samtal á fundinum.) og hv. þm. Jóhannes Geir, lýstu því nákvæmlega hvernig við framsóknarmenn hefðum viljað standa að í skattamálum í tveggja og hálfs tíma langri framsöguræðu fyrir áliti minni hlutans sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson flutti áðan og hygg ég að ef hv. þm. hefði hlustað þá hefði hv. þm. orðið var við hvað framsóknarmenn vildu gera í þessum efnum. Það þarf engum að dyljast neitt í þeim efnum.

En félmrh. er kokhraustur. Á sama tíma og öllu, sem ríkisstjórnin er að gera, er hafnað þá segir hæstv. félmrh., vinnumálaráðherrann: Þetta er nákvæmlega eins og þeir vildu gera þetta, þeir vildu hins vegar ganga heldur lengra.

Er þetta trúverðugt á sama tíma og ályktanir koma frá þessum fjöldasamtökum um að allt sem búið er að gera sé tóm vitleysa? Það er það því miður alls ekki.

En hvað þýða þær aðgerðir sem verið er að grípa til nú rétt fyrir jólin ef við reynum að líta aðeins á þær hlutlægt út frá því sem er að gerast? Hér kemur ríkisstjórnin inn á síðustu dögum fyrir jól þegar fólkið í landinu má ekkert vera að því að hlusta á hvað það er í raun og veru sem er að gerast. Það er í jólaundirbúningnum. Þá kemur ríkisstjórnin með fleiri lagafrv. inn á Alþingi og segir: Það verður að taka ákvörðun, það verður að samþykkja þetta í hvelli. Við verðum að að fá þetta samþykkt svo fjárlögin standist.

Hvað er þarna verið að tala um? Það eru einkum tvö frv. sem leggja álögur á almenning. Það er þessi skattabandormur sem hér er til umræðu og frv. sem mun koma eftir 2. umr. á morgun eða á mánudaginn sem er breyting á almannatryggingalögunum. Þetta eru kannski þau tvö frv. sem ríkisstjórnin þarf að fá í gegn áður en þing fer heim. Hvað þýðir það í raun og veru sem þarna er um að vera? Fólkið í landinu gerir sér enga grein fyrir því fyrr en um mánaðamótin janúar–febrúar og allt árið 1993 hvað þarna hefur í raun og veru verið gert. Það er verið að leggja tekjuskatt á almenning upp á 2 milljarða 850 þús. millj. kr. (Gripið fram í.) — Mér er alveg sama, hæstv. umhvrh., hvort hann er frá 1987 eða þó hann hafi verið frá kosningunum 1991, ef það er ekkert að marka ykkur, ef það er ekkert að marka Alþfl. nema í fáa daga þá er auðvitað gott fyrir kjósendur að vita það alveg sérstaklega. Þá er sérstaklega gott að vita það að þið hafið ekkert meint með því sem þið sögðuð 1987 og enn þá minna 1991. Kannski er það svo að þið meinið enn þá minna með því sem þið eruð að gera í dag vegna þess að það er morgundagurinn sem skiptir öllu máli fyrir fólkið sem á að borga.

Hér er verið að leggja skattaálögur upp á 2.850 þús. millj. í beinum tekjuskatti. Í virðisaukaskatti upp á 1.800 millj. Vaxtabætur eru lækkaðar um 400 millj. kr. sem er bein skattahækkun á þá sem hafa verið að fjárfesta á undanförnum árum. Bensíngjald fyrir alla þá sem þurfa að nota bílana, keyra í vinnuna — 350 millj. Verið er að leggja skatta á foreldrana sem eiga börnin og þurfa að senda krakkana sína til skólatannlæknis eða til almenns tannlæknis í Reykjavík í skólaskoðun, eftirlit og meðferð, til tannlæknis almennt 200 millj.; sjúklingana sem þurfa fyrst að fara til heimilislæknis áður en þeir fara til sérfræðings til þess að fá reikninginn að fullu greiddan 270 millj.; og lyfjaskatt sem sjúklingarnir þurfa að borga til viðbótar við það sem þeir borga í dag 500 millj.

Þetta bætist, virðulegur forseti, á árinu 1993 við það sem lagt var á árið 1992, og hvað var það? 1.000 millj. kr. lyfjaskattur sem hæstv. heilbr.- og trmrh. Alþfl. lagði á fólkið í landinu. 700 millj. kr. skattur á þá sem þurfa að sækja læknishjálp sérfræðinganna. Hækkunin úr 900 kr. í 1.500 kr. þýðir fyrir þennan hóp 700 millj. kr. 370 millj. kr. fyrir fólkið sem þarf að sækja þjónustu heilsugæslustöðvanna þar sem það gat í tíð fyrrv. ríkisstjórnar gengið beint inn og fengið þjónustuna að kostnaðarlausu hjá sínum trúnaðarlækni. Nei, Alþfl. lagði á 600 kr. gjald. Það þýðir 370 millj. 260 millj. kr. skattur á elli- og örorkulífeyrisþegana sem var tekinn í tekjutengingu elli- og örorkulífeyrisins. 280 millj. kr. skattur á sjómennina. 220 millj. kr. skattur á námsmennina. Og nú á árinu 1993 sem ég skal viðurkenna, hæstv. fjmh., er ekki skattur en eru álögur sem menn eru að flytja frá ríkinu yfir á einstaklingana, 500 millj. kr. frá ríkinu yfir á þá sem eiga að sjá um framfærslu barnanna hvort sem það eru, virðulegur fjmrh., þeir sem sjá um meðlagsgreiðslurnar eða þeir sem hafa forræðið. Þetta er samtals fyrir báða þessa aðila 500 millj. kr. á árinu 1993.

Sjálfstfl. hefur á undanförnum árum sérstaklega kvartað undan því að þær aðgerðir sem fyrri ríkisstjórnir hefðu gripið til væru afskaplega sértækar aðgerðir, alltaf væri verið að bjarga einhverjum. Hafi það verið rétt þá er það svo nú að þegar ríkissjórnin grípur til aðgerða þá hefur hún alltaf verið að reyna að drepa einhvern. Þetta er auðvitað mjög alvarleg ásökun. En svo langt er gengið í þessum efnum, því miður, að það stendur í landsfundarályktun Sjálfstfl. frá árinu 1991 og er rétt að skattbyrði heimilanna sé með þeim hætti að ekki verði við unað. Svo mikil er skattbyrðin orðin að alþýðufjölskyldan hefur vart fyrir brýnustu nauðsynjum. Hafi hún ekki getað staðið undir þessu árið 1991 þá gerir hún það ekki í dag. Þá gerir hún það ekki eftir þessar breytingar sem nú er verið að gera á almannatryggingalöggjöfinni og skattalöggjöfinni. Hverjir bera ábyrgð á því? Það eru tveir flokkar, Alþfl. – Jafnaðarmannaflokkur Íslands, þvílíkt öfugnefni. (**Gripið fram í:** Ó.) Og Sjálfstfl., flokkurinn sem lofaði fólkinu í landinu skattalækkun ef það kysi flokkinn í kosningunum 1991. Ég hef ekki lagt það saman, ég hef ekki þorað það, hæstv. fjmrh. að leggja þær tölur saman sem ég hef verið hér með yfir skattaálögurnar, skattahækkanirnar sem þessi ríkisstjórn er að leggja á fólkið í landinu. Ég sagði í umræðunni að það væri 3,5 milljarðar, bara í almannatryggingunum. Það er miklu meira. Því miður hefur mér ekki unnist tími til að tína saman nema örlítið brot af öllu þessu. En það verður fróðlegt þegar mönnum gefst tækifæri til að fara heim í jólafrí að taka aðeins saman hve skattaálögurnar voru miklar árið 1992 sem hæstv. fjmrh. lagði á fólkið í landinu. Og hverjar verða þær árið 1993? Virðulegi fjmrh., auðvitað hlæja allir að því — og jafnvel þú sjálfur — hvort sem það er ég eða einhverjir aðrir að koma hér í þennan ræðustól og segja: „Það er ekki um neinar skattahækkanir að ræða." Þetta er svo broslegt að hafa hins vegar sagt við 1. umr. fjárlaga: „Jú, auðvitað er ég skattakóngur lýðveldisins." En núna: „Það er ekki um neinar skattahækkanir að ræða." Þetta er jafnbarnalegt og þegar hæstv. forsrh. segir það í viðtali við fréttamenn Stöðvar 2 að skattahækkanir séu ekki skattahækkanir þótt verið sé að hækka skatta.

Hvers konar rugl er þetta, virðulegi forseti? Er það svo að menn geti í raun og veru boðið þjóðinni upp á slíkt? Hvað eru menn að segja með því? Menn eru að segja svo ótrúlega hluti sem ég ætla ekki að segja hér. Það segir allt um álit þessara manna á því fólki sem þeir eru að tala við þegar þeir segja að skattahækkanir séu ekki skattahækkanir þó svo verið sé að hækka skattana. Hver trúir þessu? Það trúir þessu auðvitað enginn. En hér er um sértækar aðgerðir að ræða. Sértækar aðgerðir sem snúa að ákveðnum hópum í þjóðfélaginu. Hverjir eru þessir hópar? Það eru annars vegar ellilífeyrisþegarnir, það eru öryrkjarnir og það eru sjúklingarnir sem ég set á einn stað undir þennan hatt. Hins vegar er fólkið á aldrinum 25 til 45 ára, fólk á mínum aldri. Þetta eru þeir markhópar sem ríkisstjórninni finnst sérstök ástæða til að skattleggja. En veltum við því fyrir okkur hverjir það eru sem taka ákvarðanir um það hvað skuli gert, hverjir skyldu þetta vera? Ég sannfærðist um það í kvöld, virðulegi forseti, þegar ég hlustaði á hv. þm. Inga Björn Albertsson, þá sannfærðist ég um það að Sjálfstfl. hefur ekki talað um neitt af þessu við nokkurn af alþingismönnum sínum. Það er þess þröngi hópur, (**Gripið fram í:** Valhöll.) þessi þröngi hópur ríkisstjórnarliðsins sem þó eru ekki allir saman komnir í þeim hópi vegna þess að það er Valhallargengið og þar fá ekki allir inni, það vitum við, það sannaði landsfundurinn í mars 1991. Þar fá ekki allir inni og þar bera ekki allir sömu ábyrgð. En ábyrgð þeirra sem vilja bera ábyrgð á hæstv. forsrh., sem veit ekkert hvað hann er að gera, er auðvitað miklu meiri en sú ábyrgð sem virðulegur forsrh. á sjálfur að bera. Vegna þess að það er hættulegt að bera ábyrgð á ríkisstjórn sem gengur fram með þessum hætti. En hverjir taka ákvarðanirnar? Jú, það eru menn sem eru um eða yfir fimmtugt. Það eru karlmenn sem eru um eða yfir fimmtugt. Menn sem fjárfestu í íbúðarhúsnæði þegar peningarnir voru óverðtryggðir. Karlmenn sem hafa orðið í dag háar tekjur, hærri tekjur en hátekjuskatturinn er. Af því var honum haldið niðri — skilar bara 300 millj. Það eru menn sem greiða ekki námslánin sín til baka vegna þess að þeir fengu námslán og lifðu góðu lífi en þau voru óverðtryggð. Þegar maður talar við þessa menn þá segja þeir hiklaust: Að greiða af námslánunum? Það eru 100 til 200 kr. á ári. Á meðan ég fullyrði að fólk á mínum aldri, sem varð samferða mér í gegnum háskólann, er að greiða á bilinu 100–200 þús. kr. af námslánunum sínum á ári og margir miklu meira. Auðvitað skynja þessir menn ekkert hvað er að gerast. Þeir skynja ekki hvað er að gerast í þessu þjóðfélagi, ekki neitt. En það eru þeir sem taka ákvarðanirnar. Það eru þessir karlmenn sem taka allar ákvarðanirnar. Það er þessi hópur sem lendir fyrir barðinu á þessu. Af því að þessir menn, sem betur fer eru allir við góða heilsu, þurfa ekki að borga fyrir lyfin, þeir þurfa ekki að borga sjúklingaskattinn. Nei, sem betur fer sleppa þeir við það allt saman. (**RG:** Þeir veikjast ekki.) Þeir veikjast ekki. Ekki af því, hv. þm., að þeir eru svo efnaðir, þeir geta veikst þótt þeir séu efnaðir. Því er nú verr, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir alþingismaður Alþfl., að veikindin fara ekki eftir því hvort menn eiga peninga eða eignir eða ekki. (**RG:** Ég hélt að þingmaðurinn ætti einmitt við það þegar hann sagði þetta.) Það átti þingmaðurinn ekki við. En ef alþýðuflokksþingmenn halda það almennt að þetta fari eftir þessum línum þá er það mikill misskilningur og þá er málið auðvitað allt í heild sinni einn tómur misskilningur. Það eru sjúklingarnir, öryrkjarnir og ellilífeyrisþegarnir sem verða fyrir barðinu á þessum mönnum. Þessum mönnum sem eru komnir yfir fimmtugt, eru með allt sitt á þurru. En fólkið sem er 25–45 ára, sem er að koma yfir sig húsnæði með fullri verðtryggingu og fullum vöxtum, sem er að eignast börnin, sem er með meðaltekjurnar sem er að borga af námslánunum sínum, verður fyrir þeim árásum sem hérna er um að ræða. Ég segi árásum vegna þess að það eru árásir. En ég skal þó virða þessum mönnum það til vorkunnar að kannski vita þeir ekki hvað þeir eru að gera. En ekki mun líða á löngu ef haldið verður áfram á þessari braut þar til verður ákveðinn hópur í þjóðfélaginu, fólkið sem er úti í samfélaginu, sem mun rísa upp, fólkið á aldrinum 25–45 ára. Fólkið sem er að eignast börnin. Fólkið sem er að koma sér upp húsnæði, fólkið sem er með meðaltekjurnar, fólkið sem er að greiða af námslánunum. Þetta fólk mun rísa upp og segja: Hingað og ekki lengra, nú er kominn tími til að menn átti sig á hvað er að gerast. Það er nefnilega kominn tími til. Það sem er merkilegt að þetta skuli geta gengið yfir okkur á Alþingi núna rétt fyrir jólin eða það er sama hvenær það væri. Vegna þess að ég fór yfir það í dag þegar ég sat hér í sæti mínu og var að velta þessum hlutum fyrir mér að mikil breyting varð á aldurssamsetningu Alþingis í síðustu alþingiskosningum. Það eru 23–25 alþingismenn sem eru á þessum aldri. Nú verðum við, sem erum á þessum aldri, að bindast samtökum þvert á flokkslínur, og stöðva þá hluti sem hér eru að gerast. Af hverju? Vegna þess að þeir hlutir sem hér eru að gerast eru hlutir sem eru byggðir á misskilningi. Hlutir sem byggðir eru á vanþekkingu. Á vanþekkingu þeirra manna sem taka ákvarðanir og ætla að keyra þær í gegnum Alþingi á þekkingarleysinu. En einn og einn þingmaður, og þá á ég ekki við þingmenn stjórnarandstöðunnar, kemur auga á þetta og sér hvað er að gerast. Það er líka einn og einn þingmaður í stjórnarliðinu sem áttar sig á þessu og stendur upp og segir hiklaust: Þetta er ranglæti, þetta er ranglæti. Við urðum vitni að því í kvöld þegar einn af hv. alþm. Sjálfstfl. stóð upp og sagði: Hingað og ekki lengra. En það er auðvitað ekki nóg þó að einn og einn þingmaður stjórnarliðsins standi upp öðru hverju í þessum ræðustól og segi: Ég greiði ekki atkvæði með hinu og þessu. Við sem erum á aldrinum 25–45 ára þurfum að bindast samtökum, við sem erum í forsvari fyrir þennan hóp. Fólk sjúklingana, öryrkjanna — og nú sé ég að hæstv. forsrh. er í fríi frá skákinni, hann er kominn hér í hliðarherbergi og væri gaman að vita hjá hæstv. forseta hver staðan er í skákmóti Sjálfstfl. hér á eftir þegar ég hef lokið ræðu minni. En við hv. þm., sem erum á þessum aldri, verðum að átta okkur á því hvað er að gerast. Við verðum að stöðva þetta. Gerum við það

ekki, hverjir munu gera það? Það mun fólkið úti í þjóðfélaginu gera. Það er ranglæti sem gengur yfir á Alþingi þessa stundina og hefur verið að gerast og mun verða á næstu dögum, vikum og mánuðum.

Þetta er ekki bara krafa mín, þetta er krafa fólksins úti í þjóðfélaginu. Krafa fólksins sem er að fylgjast með hvað hér er að gerast. Gleggsta dæmið um það er auðvitað nýhaldinn fjöldafundur hjá Verkalýðsfélaginu Dagsbrún í Reykjavík þar sem segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Það er því krafa stjórnar Dagsbrúnar í krafti hins fjölmenna félagsfundar að árásum á lífskjör launafólks linni og ríkisstjórnin snúi sér að því af alvöru að útrýma vaxandi atvinnuleysi ella fari ríkisstjórnin frá og Alþingi verði sent heim og efnt til nýrra kosninga eins og kom fram á fundinum og tekið var undir með lófataki."

Hvað er hægt að hugsa sér ömurlega en að fá slíka ályktun yfir sig? Ekki bara fyrir ríkisstjórnina og ríkisstjórnarliðið heldur auðvitað líka fyrir stjórnarandstöðuna. Að senda þingmennina heim af því að þeim er ekki treystandi til að koma hér á breytingum, að tryggja atvinnuna, að koma á réttlæti. Þetta er svo langt gengið, virðulegur forseti, og það ætla ég að hafa mín síðustu orð í þessari umræðu. Í Ríkisútvarpinu í gærkvöldi er viðtal við varaþingmann Sjálfstfl., hv. varaþingmann Hrafnkel A. Jónsson, formann verkamannafélagsins Árvakurs. Virðulegi forseti. Ég vitna fyrst í það sem fréttamaðurinn hefur eftir hv. varaþingmanni Hrafnkeli A. Jónssyni, með leyfi forseta:

„Hrafnkell gefur ekki mikið fyrir þau orð formanns efh.- og viðskn. að ekki sé verið að hækka skatta. Hann segir þau ekki sæma Vilhjálmi Egilssyni, þetta sé orðhengilsháttur. Hann segir að verið sé að auka útgjöld fjölskyldunnar, m.a. þeirra sem hafa bara eina fyrirvinnu og jafnvel lægri tekjur en 60.000 kr. á mánuði." Nú ætla ég ekki að kalla á hv. þm. Vilhjálm Egilsson til vitnis vegna þess að ég veit að hann er að halda upp á afmælið sitt og ég samgleðst honum í þeim efnum. Enda held ég að sá hv. þm. hann hafi komið því viti í þetta frv. sem vit er í. Og það væri vitlausara og verra fyrir fólkið í landinu færi það hér í gegn án þess að hv. þm. hefði komið þar nærri. (**Gripið fram í:** Þeir fengu nú aðhald frá stjórnarandstöðunni.) Og auðvitað stjórnarandstaðan. Hins vegar fer það nú að verða umhugsunarefni hversu mjög stjórnarandstaðan á að koma viti í vitlaus frv. sem ríkisstjórnin er að flytja í þinginu. En síðan segir hv. varaþingmaður Sjálfstfl., Hrafnkell A. Jónsson, formaður verkalýðsfélagsins Árvakurs á Eskifirði orðrétt, með leyfi forseta:

„Enda er það nú þannig að ég, ásamt væntanlega velflestum frambjóðendum Sjálfstfl. í síðustu alþingiskosningum, fór hér um kjördæmið sem ég var í framboði fyrir, fór hér á milli launafólks og lofaði því að berjast fyrir lækkun skatta, hækkun skattleysismarka. Þetta var eitt af þeim kosningaloforðum, sem allir voru sammála um, og ég sé ekki hvernig ég á að koma fram fyrir þetta sama fólk ef ég held áfram í pólitík og biðja það um stuðning eftir að ríkisstjórnin, sem minn flokkur veitir forstöðu, hagar sér með þessum hætti."

Síðan spyr fréttamaðurinn, með leyfi forseta:

„Nú sagði Benedikt Davíðsson, nýkjörinn forseti Alþýðusambandsins, í viðtali í sjónvarpsþætti í gærkvöldi að það væri í rauninni rétt að verkalýðshreyfingin beitti sér í því að koma ríkisstjórninni frá ef stjórnarstefnan væri með þeim hætti að það bitnaði illa eða eða ranglátlega á launafólki. Ertu sammála þessu?" spyr fréttamaðurinn.

Hrafnkell svarar, með leyfi forseta:

„Já, ég er hjartanlega sammála Benedikt í þessu. Það breytir engu þó það hittist nú þannig á að ríkisstjórnin, sem er að níðast á láglaunafólki nú, er studd af Sjálfstfl."

Þá ætla ég að enda á því, virðulegur forseti, sem ég sagði hér í upphafi ræðu minnar. Hér er það staðfest af frambjóðanda Sjálfstfl. í síðustu alþingiskosningum, sem reið um héruð á Austurlandi, að Sjálfstfl. lofaði skattalækkunum fyrir kosningarnar. Hann hefur svikið það. Ég er búinn að færa rök fyrir því, enda segir einn núv. varaþingmaður flokksins, formaður verkalýðsfélagsins á Eskifirði: Sjálfstfl. hefur svikið kosningaloforðin.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill benda á vegna orða sem féllu í máli hv. þm. að það samræmist ekki þingsköpum né þinghefðum að segja „þú, hæstv. ráðherra". Sama gildir auðvitað um einstaka þingmenn. Þetta vil ég í fullri vinsemd benda á.

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Margt fróðlegt kom fram í orðum hv. 11. þm. Reykv. Það er tvennt sem mig langar að nefna við hann í sambandi við þetta fólk sem er liðlega fimmtugt og er mér málið skylt að því leyti sem snýr að aldrinum. Þetta fólk fór í nám, jafnvel til útlanda, í bjartsýni og trú með námslánafyrirgreiðslu upp á þrjá mánuði af tíu mánaða skólum. Þetta fólk er foreldrar barnanna, þess unga fólks sem hann talar um sem er 25–30 ára nú og er að reyna að byggja upp þjóðfélag fyrir sig að búa í.

Hv. þm. sagði líka: Þetta er allt heimatilbúinn vandi. Aflasamdráttur upp á 200 þús. tonn af þorski, heimatilbúinn. Verðlækkun á mörkuðum, heimatilbúinn vandi. Minnkandi sala afurða vegna samdráttar í nágrannalöndunum, heimatilbúinn vandi. Harðnandi samkeppni erlendis, heimatilbúinn vandi. En það er heimatilbúinn vandi til staðar, hv. þm., og hann er 11 milljarða vaxtakostnaður. Annar vandi verður heimatilbúinn og hann er ef þeim sem það vilja tekst að afstýra því að hér verði samþykktur samningur um Evrópska efnahagssvæðið.

Ég ætla líka að nefna það að þingmaðurinn las upp úr stefnuskrá Alþfl. frá árinu 1987. Það var góður bæklingur með góð markmið og við þau hefur verið staðið í störfum Alþfl. og hann mun standa við þau markmið sem og önnur sem hann hefur sett fram. En það vantaði mikilvægt atriði í þennan bækling vegna þess að þá óraði okkur ekki fyrir því hversu mikilvægt það

yrði síðar, núna við aðrar aðstæður í þjóðlífinu, nefnilega það sem yrði tillaga mín nú ef ég væri að búa til kosningabækling og það yrði eina meginátherslan ef ég gengi til kosninga, þ.e. að afstýra atvinnuleysi, að snúa vörn í sókn, að búa til ný störf. Svo í lokin, virðulegi forseti. Það skiptir ekki máli hvað stendur í bæklingum. Það skiptir máli hvaða verk eru unnin og með verkin höfum við alþýðuflokksmenn ávallt farið í kosningar.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hv. 11. þm. Reykn. að það er einmitt þetta fólk, sem er komið yfir fimmtugt, sem ætti að þekkja til aðstæðna þess unga fólks sem ég var að lýsa áðan. Ég skil ekki hvers vegna þessi hópur þekkir ekki til þessara aðstæðna. Ef hópurinn þekkti til kjara og aðstæðna þessa fólks þá hefði t.d. ekki verið samþykkt það frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna sem Alþfl. og Sjálfstfl. knúðu í gegnum Alþingi á sl. vori.

Varðandi erfiðleikana og heimatilbúninginn, þá má endalaust deila um þá hluti. Ég vil þó aðeins segja þetta, virðulegi þingmaður. Árið 1983 voru menn líka að fást við erfiðleika. Í dag eru 220 þús. tonn sem menn munu veiða af þorski. Árið 1983 máttu menn bara veiða 290 þús. tonn og gátu ekki veitt meira. Í dag veiða menn 40–50 þús. tonn af rækju. árið 1983 veiddu menn bara 3 þús. tonn af rækju. Árið 1983 máttu menn ekki veiða eitt einasta tonn af loðnu. Í dag veiða menn sennilega upp undir milljón tonn af loðnu. Árið 1983 varð verðfall á mörkuðum erlendis. Í dag er verðið þó mun hærra en það var 1983, hefur farið lækkandi en fyrir ári var það hæsta verð sem menn höfðu nokkurn tíma séð á mörkuðum erlendis fyrr. Árið 1983 bjuggust menn við 5.000 manna atvinnuleysi en þá tóku menn á og gripu til aðgerða til að tryggja að það yrði ekki viðvarandi. Í dag búa menn við 7.000 manna atvinnuleysi en gera ekkert. Þetta segir, virðulegi forseti, bara eitt. Þetta er munurinn á því hvort Framsfl. ber ábyrgð á ríkisstjórn eða hvort einhver annar flokkur ber ábyrgð á ríkisstjórn.

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt hjá þingmanninum, það er allt afstætt, líka fyrirgreiðsla úr lánasjóði. Það sem á einum tíma þykir skerðing og slæmt hefði þótt glæsileg fyrirgreiðsla á öðrum tíma miðað við þá viðmiðun og þá kröfu sem viðkomandi setur um fyrirgreiðslu og þátttöku. Húsnæðislánafyrirgreiðsla sem viðgengst í dag þekktist ekki á öðrum tíma og hefur verið byggð upp af því að það fólk sem á sínum tíma var við stjórnvölinn hafði skilning á því hvernig það var að byggja þak yfir höfuðið með enga eða litla fyrirgreiðslu. En allt snýst það sem við erum að gera hér nú um það sem ég sagði hér áður og það er að afstýra atvinnuleysi, snúa vörn í sókn og einmitt að taka á málum þannig að hér geti orðið blómlegur tími aftur og fyrirgreiðsla og það er það besta sem við gerum fyrir unga fólkið í dag.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nei. Árin 1983, 1984, 1985, 1986, þekktist ekki það húsnæðisfyrirkomulag sem menn eru með í dag. Í dag er auðvitað 25 ára endurgreiðslutími og tæplega 5% vextir. 1983 gátu menn greitt lánin sín til baka, á 40 árum eða 42 árum og með 3,5% vöxtum. Þá fengu menn ekki opinbera ráðgjöf um hvað þeir mættu skulda og síðan keyptu sér í samræmi við það og hvaða tekjur þeir hefðu. Nú fá menn þá ráðgjöf og síðan er allt sem þeim var sagt svikið. En auðvitað, virðulegi þingmaður, er eitt sem skiptir máli í þessu og það er að þessi maður, sem ég er hér með mynd af, og tjáði sig í kosningabæklingi Alþfl. fyrir kosningarnar 1987 og mér er alveg sama þó það hafi verið fyrir kosningarnar 1991, hann sagði: Ég styð Alþfl. af því að ég treysti þeim til þess að lækka tekjuskattinn á launafólkið. Ef þið eruð sátt við það, hv. þm. Alþfl., að þið hafið staðið við að að þessi maður hafi greitt ykkur atkvæði með góðri samvisku þá er þetta allt í fínu standi. (**RG:** Hann skilur okkur í dag.)

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyrði á ræðu hv. þm. að hann hefur ekki verið hér í dag og þess vegna misst af þeim upplýsingum sem fram komu. Ég vil benda hv. þm. á að ef litið er á útgjöld og tekjur íslenska ríkisins þá kemur í ljós að skatttekjur íslenska ríkisins á næsta ári og skatttekjur ríkisins í ár eru lægri en 1991, 1990, 1989 á sama verðlagi og það þarf að leita aftur til 1988 til að finna sambærilegt. Þetta er auðvitað vegna veltusamdráttarins í þjóðfélaginu þannig að heildarskatturinn er minni þegar tekið er tillit til alls. Við megum ekki gleyma því, hv. þm., að það hafa fallið brott skattar, þar á meðal jöfnunargjaldið sem gaf 1 milljarð í tíð síðustu ríkisstjórnar. Sá skattur er ekki fyrir hendi og nú er verið að taka 4.000 millj. af fyrirtækjunum í gegnum skattheimtuna og skila aftur til sveitarfélaganna. Þetta kom ekki fram hjá hv. þm.

Þá ætla ég að snúa mér að útgjöldunum. Af því að hv. þm. þekkir mjög vel til heilbrigðismála vil ég taka fram að til heilbrigðismála er niðurskurðurinn samkvæmt fjárlagafrv. ekki meiri en svo að útgjöld til heilbrigðismála á föstu verðlagi er meiri á næsta ári og reyndar á yfirstandandi ári líka en árið 1990. Að vísu eru áherslurnar aðrar vegna þess að atvinnuleysið hefur bæst við. Þetta eru að nokkru leyti atvinnuleysistryggingabætur. Nú eru útgjöldin meiri þrátt fyrir allan niðurskurðinn. Ég veit að hv. þm. vill vera sanngjarn. Hann talar mikið um sanngirni og réttlæti og ég tel að hv. þm. ætti að skoða staðreyndirnar með því hugarfari.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh., það er ágætt að bera svona hluti saman. Menn verða bara að spyrja sig, hæstv. ráðherra, einnar spurningar og það er ekki spurning um það hvort þetta yrði fært debet eða kredit í fjmrn. Fólki á Vestfjörðum, Norðurl. v., Austurlandi,

Norðurl. e., Suðurlandi, Vesturlandi, í Reykjavík kemur það ekkert við hvort þetta er fært hjá debet eða kredit í fjmrn. Það spyr sig þeirrar spurningar: Er ég að borga hærri tekjuskatt? Er ég að borga meiri lyfjaskatt? Er verið að skerða barnabæturnar? Er verið að hækka á mér skattleysismörkin? Er verið að skerða vaxtabæturnar? Er verið að kippa grundvellinum undan því sem Húsnæðisstofnun ríkisins sagði við mig að ég mætti skulda? Það er þetta sem fólkið spyr sig um. Svo skiptir það ofsalegu litlu máli hvort þetta er fært debet eða kredit í fjmrn. En ég skal vera sanngjarn, hæstv. ráðherra. Það er rétt að útgjöldin, segir hæstv. ráðherra, séu meiri nú en þau voru fyrir tveimur árum síðan í heilbrrn. Það kann vel að vera. Auðvitað þenst heilbrigðiskerfið út, það er ekki nokkur einasti vafi. Það er aukin eftirspurn eftir þjónustunni og eftirspurnin eftir þjónustunni í heilbrigðismálunum er óendanleg en framboðið er nóg og það er það sem skiptir máli. Meðan framboðið er nóg og menn gera enga tilraun til þess að taka á lyfsölunum, á skipulagi læknamálanna, á sjúkrahúsunum en setja bara skattinn á sjúklingana og segja: Þetta er allt saman opið bara ef við borgið, þá mun þetta auðvitað gerast, hæstv. fjmrh. Til þess að ná tökum á þessum hlutum er aðalatriðið auðvitað það að taka á kerfinu. Í fyrsta skipti sem ég sé tilburði til þess að taka á skipulagi heilbrigðiskerfisins frá því að fyrrv. ráðherra fór þaðan út er það þegar hæstv. heilbrrh. sker niður álagninguna á lyfsalana. En hann var búinn að leggja á 1.500 millj. kr. skatt á sjúklingana áður en hann gerði það.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir vænt um að hv. þm. viðurkennir vandann sem við stöndum frammi fyrir. Hann telur að fólk úti á landi skilji eingöngu það sem snýr að tekjuskattinum. Það vill svo til að ég þekki líka til fólks úti á landi, hef starfað lengi úti á landi við atvinnurekstur og ég veit að fólk úti á landsbyggðinni skilur það þegar verið er að færa skattinn af atvinnulífinu til einstaklinganna því að fólkið úti á landi og fólkið í Reykjavík er ekki eins vitlaust eins og sumir hv. þm. framsóknarþingmenn halda að það sé.

Hv. þm. gerði síðan mikið úr því að það væri verið að ráðast á fólk á vissum aldri. Ég vil nefna barnabætur, námslán sem eru niðurgreidd, vaxtabætur, sem eru tekjutengdar bætur, tekið er fullt tillit til þess hvað menn hafa í tekjur.

Loks er ekki úr vegi að fá svör við því sem hv. þm. svaraði ekki en áðan var komið að í öðru andsvari. Er það heimatilbúinn vandi þessarar ríkisstjórnar hvernig atvinnulífið er í stakk búið og var við upphaf þessa kjörtímabils? Er hallinn frá fyrri árum eingöngu þessari ríkisstjórn að kenna? Er það eingöngu þessari ríkisstjórn að kenna að sjóðirnir eru gjaldþrota þannig að bæta þarf 1.700 millj. í Framkvæmdasjóð, 1.200 millj. í Byggðasjóð, 1.800 millj. í Atvinnutryggingarsjóð og Hlutafjársjóð? Er það þessari ríkisstjórn að kenna? Eru ytri aðstæður þessari ríkisstjórn að kenna, viðskiptakjörin eða samdrátturinn í fiskveiðunum? Hv. þm. vék sér undan að svara þessum fyrirspurnum. Hann hefur tækifæri til þess nú.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að kenna hæstv. núv. ríkisstjórn um allt það sem hæstv. ráðherra spurði mig um en stór hluti af því sem ráðherrann spurði er núv. hæstv. ríkisstjórn að kenna. Auðvitað er um ákveðinn fortíðarvanda að ræða. Ég fer ekkert dult með það og viðurkenni það fúslega að Framsfl. eins og aðrir flokkar sem hafa verið í stjórn þessa lands og allir vildu gera vel á þeim tíma. (Gripið fram í.) Mikil skelfing, og gerðu náttúrlega margt miklu betra heldur en það að ná niður verðbólgunni og ég tala ekki um allt sem við gerðum á sviði félagsmála. En margt hefur mistekist og það eru allir stjórnmálaflokkar á Íslandi sem bera ábyrgð á mistökum. Menn eiga ekkert að segja: Þetta er ekki okkur að kenna, þetta er bara núv. ríkisstjórn að kenna. En það sem er núv. ríkisstjórn að kenna er atvinnulífið á Íslandi. Þegar menn fóru frá 1991 og síðari hluta árs 1990 var það þannig að atvinnulífið á Íslandi hafði rekstrargrundvöll. Það gat borgað skuldir sínar. Það hafði ágóða af því sem það var að gera. Það skiptir öllu máli. Það skiptir engu máli hve skuldirnar eru miklar eða til langs tíma. Hafirðu tekjur til að standa undir því sem þú skuldar, þá skiptir það máli og það er það sem atvinnulífið á Íslandi hafði þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar fór frá og það er höfuðatriði. En ég skildi hæstv. fjmrh. svo að hann væri að segja að hann liti á að fólkið á Íslandi væri svo vitlaust að það skildi ekki hvað hér væri um að ræða. Það voru ekki mín orð. En þeir sem segja það að skattahækkanir séu ekki skattahækkanir enda þótt verið sé að hækka skatta, þeir halda ýmislegt um fólkið á Íslandi.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er um við að ræða frv. um breytingar í skattamálum sem hlýtur að snerta alla þjóðina. Það hefur mikil áhrif, bæði á einstaklinga, heimili, fyrirtæki og sveitarfélög. Frá því í haust hefur mikið verið rætt í í þjóðfélaginu til hvaða aðgerða skyldi gripið í efnahagsmálum. Lengi voru umræður í gangi úti í þjóðfélaginu hjá aðilum vinnumarkaðarins, eins og það var kallað, hvernig bregðast skyldi við og menn biðu lengi og ræddu mikið saman. Allir vissu að fram undan væru erfiðleikar. En það var ekki beðið eftir því hvað kæmi út úr umræðunum. Ríkisstjórnin klippti á þær umræður 23. nóv. sl. með því að boða ýmsar aðgerðir í efnahagsmálum. Það er slæmt þegar ríkisstjórnin er að leika sér við að byggja loftkastala og keppist síðan við að rífa þá niður aftur. Það er slæmt fyrir atvinnulífið, fyrir þjóðlífið allt að geta ekki treyst á að þær tillögur sem koma fram séu varanlegar meira en örfáa daga. Það hefur sýnt sig að það sem átti að gera til bjargar fyrirtækjunum, þ.e. að lækka skattprósentuna úr 40% í 33% hefur tekið ýmsar æfingar, 33, 38, 39. Það endar núna í 39%. Sama máli gegnir um þær hugmyndir að leggja niður aðstöðugjaldið. Þó að það tilheyri ekki beinlínis þessu frv. þá kemur skatt-

prósentan þó inn á þær aðgerðir. Lengi vel var ekki vitað á hvern hátt það yrði gert og þegar þær tillögur eru fram komnar kemur í ljós að það á að bæta sveitarfélögunum aðstöðugjaldið 80% og það er aðeins ákvörðun til eins árs.

Yfirleitt bera ráðstafanir ríkisstjórnarinnar keim af því að það eru skammtímaráðstafanir. Ekki er horft til lengri tíma, ekki eru sett nein markmið um langtímaáætlun. Það er kastað fram hugmyndum, einni í dag og annarri á morgun.

Ýmislegt hefur gengið á í sambandi við það hvort ætti að hafa eitt eða tvö skattþrep í virðisaukaskatti, hvort það ætti að vera 14% eða 25% skattur eða hvort hann ætti að lækka allur, e.t.v. í 20–22%, hvort ætti að halda áfram að endurgreiða innskatt eða hætta því. Það liggur við að þau fyrirtæki sem þetta hefur snert hafi ekki haft undan að senda frá sér ályktanir eftir því hvað hefur verið ákveðið á hverjum degi. Út af fyrir sig er ég ekki ósammála því að hafa tvö skattþrep í virðisauka. Ég tel það ekki valda neinum sérstökum erfiðleikum. Í þeirri tölvubyltingu sem við búum við hér tel ég ekki nein vandkvæði að fylgja því eftir að reikna það út. Aftur á móti tel ég að það sé ekki rétt að þeim málum staðið með þeirri skattlagningu sem þar er sett á. Ef tvö skattþrep ættu að vera í virðisaukaskattinum þá ætti matur og menning að vera í lægra skattþrepinu.

Í aðgerðum ríkisstjórnarinnar er heldur ekki tekið á svartri atvinnustarfsemi. Það hefur oft komið til umræðu hér á hinu háa Alþingi að nauðsynlegt væri að gera átak í þeim málum, að þeir væru allt of margir sem tækju ekki þátt í því að halda uppi velferðarþjóðfélagi okkar. Það er því miður enn og það mun ekki lagast við þær aðgerðir sem fyrirhugaðar eru að lækka skattprósentuna við endurgreiðslu af vinnu iðnaðarmanna við íbúðarhúsnæði. Það er alveg öruggt mál að það verður ekki til þess að skattheimtan verði betri hjá ríkissjóði, heldur þveröfugt, enda segir í áliti minni hluta efh.- og viðskn., með leyfi hæstv. forseta, að ummæli samtaka atvinnurekenda í landinu eru m.a. þessi:

„Vaxandi óþols gætir meðal fyrirtækja í VSÍ gagnvart því ástandi sem ríkir að svört atvinnustarfsemi geti starfað og dafnað óáreitt". Þeir rekja það nokkuð frekar.

Ég er mjög ósátt við að það skuli eiga að setja virðisaukaskatt á ferðaþjónustu. Það er mjög óskynsamlegt að standa þannig að málum við þá starfsemi í íslensku atvinnulífi sem er helsti vaxtarbroddurinn og hefur átt mestan þátt í því að auka störf á undanförnum árum. Þá hefur Ferðamálaráð einnig gert áætlun til átta ára sem gerir ráð fyrir því að hægt sé að taka við allt að 2.200 nýjum störfum, þ.e. fimmti hver einstaklingur sem kemur út á vinnumarkaðinn geti fengið vinnu á næstu átta árum við ferðaþjónustu ef þannig væri staðið að málum. En hæstv. ríkisstjórn vinnur þvert á það markmið að efla ferðaþjónustu.

Þá verð ég að segja að mér finnst 14% virðisaukaskattur, sem nú á að fara að leggja á húshitun, á orkufyrirtæki í landinu, furðulegur. Ef nauðsyn bar til að skattleggja orkufyrirtækin, að skattleggja þann stofn, þá hefði verið miklu raunhæfara og eðlilegra á allan hátt og sanngjarnara að leggja það á notkunina, á kílóvattstundina. Það hlýtur að koma mjög misjafnt niður eins og líka er sýnt á töflu sem er fskj. með áliti hv. minni hluta efh.- og viðskn. þar sem svo mikill munur er á hitunarkostnaði, í þeirri töflu sem þar er sýnd með. Þar er t.d. hæstur hitunarkostnaður á ári miðað við 400 rúmmetra húsnæði 89.682 kr. á ári, þ.e. þegar búið verður að leggja virðisaukaskattinn á. Í dag er hann 84.926. Þetta er hæsti hitunarkostnaður hjá hitaveitunni. En í dag er lægstur hitunarkostnaður að mér sýnist á Húsavík. Hann er þar 24.826 kr. og hann verður 28.302 á ári á meðan á Akureyri er 89.682 kr. Vitanlega sér hver maður að þar sem hitunarkostnaðurinn er þrefaldur þar kemur virðisaukaskatturinn þrefalt til hækkunar og vel það. Það að skattleggja húshitunarkostnaðinn er því ein alvitlausasta aðgerð sem gerð hefur verið, a.m.k. ef á að halda einhverjum jöfnuði í þeim málum, að ég tali nú ekki um það markmið hæstv. ríkisstjórnar sem hún setti fram þegar hún settist að völdum, að jafna orkukostnaðinn í landinu. Þau markmið fara gersamlega fyrir bí með þessari skattlagningu.

Þá má nefna það að þessi 14% virðisaukaskattur kemur líka á skólaakstur, t.d. hjá sveitarfélögunum, hann kemur á akstur fyrir fatlaða og hann kemur á akstur almenningsvagna. Hann hlýtur því að verða til allmikils kostnaðarauka hjá sveitarfélögunum í landinu. Ef við ræðum aftur skattinn á orkuna þá leiðir hann einnig til hækkunar á rekstri dagvistarstofnana, rekstri íþróttamannvirkja, margs konar félagsmálastarfsemi og skólarekstri þannig að þessi nýi virðisaukaskattur mun verða til aukins kostnaðar á sveitarfélögin úti um landið og það mun koma harðast niður á dreifbýlinu.

Í fyrstu voru hugmyndir ríkisstjórnarinnar að ná 500 millj. í ríkissjóð með því að lækka barnabætur. Ég verð að viðurkenna að þó að ég sé ekki hrifin af því að það skuli hafa verið tekið til þess bragðs að lækka persónuafsláttinn um 400 kr., þá finnst mér það þó sanngjarnari lausn og ég get orðað það svo að af tveimur slæmum kostum er það þó skárra. Það kemur þó öllu jafnar niður.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta skattalagafrv. Mér sýnist það vera eins og ýmislegt sem kemur frá hæstv. ríkisstjórn þessa dagana, frekar illa unnið. Skattalagabreytingar eiga ekki að koma fram á síðustu dögum ársins og það á ekki sí og æ að breyta skattalögum. Það skapar óvissu hjá almenningi, hjá fyrirtækjum, sveitarfélögum, hjá öllum í landinu. Hér er óskað eftir stöðugleika. Ríkisstjórnin segist stefna að stöðugleika. En enginn sýnir meiri óstöðugleika en hún. Ríkisstjórnin kastar á milli sín hugmyndum um skattheimtu, eitt í dag og annað á morgun. Í dag — enn þá er 18. des., aðeins hálftími í 19. des. — vita þessir aðilar ekki hverjar verða ráðstöfunartekjur heimila eða fyrirtækja á næsta ári. Skattabreytingar á að vinna með meiri fyrirvara en hér er gert. Gera þarf fjárlög til lengri tíma en eins árs í senn, vinna með meiri langtímasjónarmið í huga. Ef menn setja sér

markmið, þá á að vinna þau og undirbúa af meiri fyrirhyggju en gert hefur verið við þessar skattalagabreytingar sem við erum að ræða þegar frumvörpum er kastað á borð þingmanna og þeim ætlað að vinna daga og nætur til að fara yfir þau. Er það boðlegt? Þeir eiga að leita umsagnar og koma með brtt. til að reyna að bæta illa unnin frumvörp á allt of skömmum tíma. Að mínu mati á ekki að vinna þannig á Alþingi Íslendinga.

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1993, 96. mál, brtt. SÞór, þskj. 512; brtt. JGS, þskj. 519.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja ræðu mína með því að minnast örfáum orðum á þinghaldið. Ég vil taka það fram að í ágreiningi við ríkisstjórnina biðst ég ekki vægðar þó að jól séu í nánd. Við eigum skyldum að gegna á þessu löggjafarþingi og mikil verkefni liggja fyrir þinginu. Við sjáum það núna, hverja stund, að hér eru að koma inn í þingið ný og ný gjalda- og skattafrumvörp af hálfu ríkisstjórnarinnar. Hér hefur ríkisstjórnin og forseti þingsins leyft sér það að keyra þinghaldið í umræðu um EES-málið í þrjá sólarhringa til þess að reyna að þreyta þingmennina og ræða mál sem allir eru sammála um að getur vel beðið næsta árs og er auki þannig gert að það ber að geyma fram yfir áramót. *Það þarf að fá úrslit í það mál og sjá þann samning* sem raunverulega verður gerður áður en það mál verður tekið fyrir. En þetta var tæknibrella af hálfu ríkisstjórnarflokkanna til þess að ná því fram að helgihald jólanna yrði til þess eins að hægt væri að smygla inn drápsklyfjum á íslenskan almenning og það yrði gert á kvöld- og næturfundum og næði ekki eyrum þjóðarinnar og hafa þeir gert kröfur á stjórnarandstöðuna um að þeir fengju frið við þessa iðju sína.

Ég er þakklátur fyrir það að þúsundir íbúa höfuðborgarsvæðisins munu nú fylgjast með umræðu frá Alþingi Íslendinga þar sem kosningaloforð Sjálfstfl. eru svikin, þar sem þeir eru að koma aftan að þjóðinni og fara allt öðruvísi að en þeir hétu í kosningunum. Ég mun rekja það í ræðu minni að nokkru og varpa á það ljósi. Því er það svo, hæstv. forseti, að ég er ósáttur við þá keyrslu sem nú ríkir og tel hana óeðlilega því að það er mikilvægt við þessar aðstæður að málefnaleg umræða fari fram af hálfu Alþingis og að hinir ýmsu aðilar þjóðfélagsins nái að koma inn í þá umræðu til þess að stöðva ríkisstjórnarflokkanna. Enginn vafi er að þessar miklu drápsklyfjar, sem nú er verið að leggja á fólkið og heimilin, munu leiða af sér gjaldþrot heimila og fyrirtækja. Nóg er að gert í þeim efnum. Þeir aðilar sem hafa komist til að veita þessum skattafrumvörpum umsögn sína eru allir sammála um það eitt að þessar drápsklyfjar munu gera það að verkum að gjaldþrotum heimilanna mun fjölga, hjónaskilnuðum mun fjölga og fyrirtækin munu í tugum eða hundruðum fara á hliðina.

Það gerðist hér fyrr á þessu þingi að varaþingmaður stjórnarliðsins var kallaður hér inn, hv. varaþm. Hermann Níelsson. Hann lagði fram örlitla fsp. sem hann hefur sjálfsagt ekki gert með vilja stjórnarflokkanna. Það var fsp. um hvernig gjaldþrotin hafa þróast. Við sjáum þá þróun sem verið hefur frá því að núv. ríkisstjórn tók við og stefna hennar komst í framkvæmd, þá hefur það því miður gerst að gjaldþrotunum hefur fjölgað til mikilla muna. T.d. hefur á fyrsta ári ríkisstjórnarinnar farið svo að 540 fyrirtæki á Íslandi hafa orðið gjaldþrota. Því miður spurði þingmaðurinn ekki um hversu margir einstaklingar hefðu orðið gjaldþrota á þessu tímabili, en ég hygg að þeir skipti þúsundum. Það er framferði ríkisstjórnarinnar í málefnum þjóðarinnar sem ræður þarna ferðinni. Af *þessum 540 fyrirtækjum varð t.d. 321 fyrirtæki gjaldþrota* í Reykjavík á þessu ári. Nú er það spá manna að gjaldþrotunum muni fjölga og að ráðstafanirnar muni gera það að verkum að hundruð manna ef ekki þúsundir muni missa atvinnu sína vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar. Þetta er sorgleg stefna sem ber að stöðva og almenningur er að byrja að vakna.

Hinn mikli fundur Dagsbrúnar, sem haldinn var í fyrradag eða svo, boðar tíðindi í þessu þjóðfélagi. Hann boðar að menn ætli ekki að sætta sig við þessa stefnu. Við skulum gera okkur grein fyrir því að þegar þúsund Dagsbrúnarmenn eru komnir saman til fundar þá er þar einhver stór hópur manna sem hefur kosið þessa ríkisstjórn í kosningunum. Með leyfi forseta ályktaði Dagsbrúnarfundurinn á þá leið og það var á þennan veg:

„Þá kom fram á fundinum að stjórnarflokkarnir hefðu svikið öll þau loforð sem þeir gáfu fyrir síðustu kosningar, skattar hefðu verið hækkaðir stórkostlega með álagningu þjónustugjalda og hækkun lyfjakostnaðar og heilbrigðisþjónustan skert.“ Það er nefnilega svo, hæstv. forseti, að Íslendingar eru ekki jafnvitlausir og menn halda eins og hæstv. fjmrh. orðaði það hér áðan. Þeir gera sér grein fyrir því að gjaldtaka er líka skattur. (**KSG:** Vextir.) Vextir, kallar hv. formaður fjárln. hér fram í. Auðvitað er það svo og í þeim efnum liggur dauðasök ríkisstjórnarinnar því að fyrsta verk hennar var að hækka vexti til stóreignamanna á Íslandi um ein 30%. Það var sú aðgerð sem gerði það kannski að verkum að 540 fyrirtæki fóru á hliðina á Íslandi árið 1992. Það gerði það að verkum að hagur heimilanna versnaði stórlega þannig að þetta frammíkall kom á réttum tíma. Og gerum okkur grein fyrir því líka að hópur einstaklinga í atvinnurekstri hefur sagt mér það að þessar fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafi gert það að verkum að menn seldu fyrirtæki sín, menn losuðu sig við atvinnurekstur sinn og hafa síðan verið með það fjármagn sem þeir fengu í sölu *fyrirtækisins á vöxtum, á gjaldeyrisreikningum*, í braski, í peningasöfnunarkerfi fjmrn. Hvaða vexti er nú ríkisstjórnin að borga þessum stóreignamönnum? Útlánsvexti bankanna á víxlum og verðbréfum. Verið er að borga stóreignamönnum 10 og 11% raunvexti á sparifé. Þeir lifa við þokkalega afkomu um þessar mundir því að ríkisstjórnin hefur neitað að skerða hár á höfði þessara stuðningsmanna sinna. Þeir skulu fríir fara frá borði mestu skattálagningar sem farið hef-

ur fram á Alþingi Íslendinga.

Ég var að lesa úr ályktun Dagsbrúnarfundarins þegar hv. þm. Karl Steinar Guðnason kallaði fram í ræðu mína. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í stað efnda á loforði um hækkun skattleysismarka væri nú lagt til að hækka álagningarprósentu og sveitarfélögum bent á að hækka útsvarsprósentu til að mæta niðurfellingu aðstöðugjalds." Síðan segir: „Það er því krafa stjórnar Dagsbrúnar í krafti hins fjölmenna félagsfundar að árásum á lífskjör launafólks linni og ríkisstjórnin snúi sér að því í alvöru að útrýma vaxandi atvinnuleysi, ella fari ríkisstjórnin frá og Alþingi verði sent heim og efnt til nýrra kosninga" eins og kom fram á fundinum og tekið var undir með lófaklappi þar sem þúsund baráttuglaðir Dagsbrúnarmenn sáu þann vænstan kost að halda ekki frið við ríkisstjórn sem hafði rofið friðinn, svikið kjarasamningana við alþýðuna á Íslandi og þá þjóðarsátt sem hér var samstaða um. Og síðan þetta gerðist verðum við varir við það að fleiri og fleiri verkalýðsfélög koma saman, segja upp kjarasamningum og boða stríð við fjandsamlegt ríkisvald. Þetta er sú staða sem nú blasir við enda var það svo að daginn áður en Alþýðusambandsþingið kom saman ákvað ríkisstjórnin með einu pennastriki að færa 10–12 milljarða yfir á launafólkið í landinu, taka byrðarnar af fyrirtækjunum. Þar notuðu þeir þá neyðaráætlun að mörg fyrirtæki eiga í erfiðleikum og vildu bæta stöðu þeirra en þar var ekkert skeytt um þó að vel gengi á einu sviði. Þar voru allir settir undir einn hatt. Stórgróðafyrirtækin voru meðhöndluð eins og þau væru á hausnum. Þetta er sú alvara sem nú blasir við.

En það sem gerir það að verkum að maður hikar ekki við þessa umræðu nú í desembermánuði er það að flótti er að koma í stjórnarliðið. Kjarkurinn er að bresta. Menn eru að vakna til vitundar. Ég hygg að þeir Reykvíkingar og höfuðborgarbúar sem fylgjast með þessari umræðu geri sér grein fyrir því að í þessu húsi er það nú að gerast að einhverjir stjórnarliðar eru tilbúnir að yfirgefa mörg af þeim fölskuverkum sem nú á að fremja í nýrri skattálagningu. Það hefur komið hér fram í umræðunni í kvöld. Það hefur komið fram og hér hefur verið lesið bréf frá varaþingmanni Sjálfstfl. á Austurlandi, Hrafnkatli A. Jónssyni, að hann hikar ekki við að reisa hönd sína gegn þessari ríkisstjórn. Það hefur komið fram að harðasti andstöðumaður við þessa ríkisstjórn á ASÍ-þinginu á Akureyri á dögunum var varaþingmaður Alþfl., Pétur Sigurðsson varaþingmaður á Vestfjörðum. Sem betur fer rámar ýmsa af þingmönnum og þingmannsefnum stjórnarliðsins í ýmsar þær ályktanir sem gerðar voru fyrir síðustu kosningar og sætta sig ekki við það sem hér er að gerast.

Ég ætla í ræðu minni að fara skjótt yfir sögu. Ég ætla að fletta kosningaloforðum stjórnarliðsins og sýna mönnum hverju Sjálfstfl. lofaði fyrir kosningar og einstakir þingmenn. En áður en ég geri það ætla ég að leggja áherslu á það sem ég var að segja að einstakir menn og einstök félög eru að rísa upp. Ég er t.d. með í höndunum fréttabréf frá Drífanda sem er fréttabréf sjómannafélagsins Jötuns, Verkakvennafélagsins Snótar og Verkalýðsfélags Vestmannaeyja. Hver er tónninn sem er sendur ríkisstjórninni í þessu síðasta fréttabréfi, hæstv. forseti?

Fyrir hæstv. forsrh., hæstv. ráðherra og stjórnarliða, svo og fyrir þá fjölmörgu sem fylgjast með þessari umræðu les ég úr þessu fréttabréfi en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Skattahækkun upp á 1,5%, skerðing barnabóta, hækkun hitakostnaðar er hrikalegt óréttlæti á þessum krepputímum. En það virðist ekkert lát vera á jólaglaðningum ríkisstjórnarinnar. Það nýjasta var að koma í ljós sl. mánudag, þar afnema Viðeyjarundrin mæðra- og feðralaun með fyrsta barni og hækka barnsmeðlög um 51%. Hvað verður næst?

En vel á minnst. Hvar eru herramennirnir sem heilsuðu upp á okkur fyrir síðustu kosningar og sögðust ætla að hækka persónufrádrátt fiskvinnslufólks. Það væri ekki nema sanngjarnt. Hvar eru sömu herrarnir sem sögðu að það kæmi ekki til greina að hækka skattana? „No more taxes" voru kosningaloforð Bush og herrarnir vildu auðvitað feta í fótspor hans. Það hafði gefist þjóðinni, sem kaus hann, svo vel þó að hann yrði síðan fljótur að svíkja það loforð og auðvitað þurftu herrarnir okkar að gera eins. Samningar eru til að brjóta þá, sagði Hitler sálugi. Loforð eru til að svíkja þau, segja stjórnmálamennirnir. En munið það, elskurnar, að Bush steinlá í næstu kosningum. Það kæmi mér ekkert á óvart þó að eins færi fyrir Davíð og co. fyrir öll svikin", segir í þessu bréfi frá þremur verkalýðsfélögum í Vestmannaeyjum þar sem ég sé að þeir eru ábyrgðarmenn sem eru mjög framarlega í liði stjórnarflokkanna. (**Gripið fram í:** Hvar er Árni Johnsen?) Ja, hvar er hv. þm. Árni Johnsen? er hér spurt. Annaðhvort hefur hann svikið fólkið, sem kaus hann út á loforðin, eða vill forðast þá umræðu sem hér fer fram.

Síðan segir í þessu sama blaði, með leyfi forseta: „Stóryrtar yfirlýsingar." Þar er fjallað um ASÍ-þingið á Akureyri og þar segir:

„Ástæðan fyrir reiði þingfulltrúa var sú að um það bil tveimur vikum áður hafði Morgunblaðið birt viðtal við forsrh. þar sem hann gaf þá stóryrtu yfirlýsingu að ríkisstjórnin mundi ekki hlaupast undan merkjum." Það væri nú fróðlegt, hæstv. forseti, að fá hæstv. forsrh. í salinn. Mér þætti vænt um ef hæstv. forseti vildi gera hæstv. forsrh. boð. (**Forseti:** Forseti skal kanna það þegar í stað.)

Ég sá í leiðara Alþýðublaðsins í fyrradag: „Öll él birtir um síðir." Mig minnir að Njáll heitinn á Bergþórshvoli hafi mælt þessi orð nokkrum klukkustundum áður en hann brann inni. Það kæmi mér ekki á óvart að alþýðuflokksmenn geri sér grein fyrir því að þeir verða að ljúka þessu frjálshyggjusamstarfi ef þeir eiga ekki að brenna inni, ef þeir tapa ekki öllu sínu fylgi í þeim kosningum sem geta orðið fyrr en varir? Þetta er eitt dæmið um það að ágreiningur stjórnarflokkanna er að vaxa. Dæmi um það að vökumenn, sem vilja berjast gegn þessum áformum ríkisstjórnarinnar, skulu ekki hika við að boða til fundar í pólitískum félögum stjórnarflokkanna og ræða við þessa for-

ustumenn. — Meðan ég bíð eftir hæstv. forsrh. þá sá ég að rennt var inn á borð mitt nýju skattafrv. Í hverju skyldi það skattafrv. hafa verið fólgið? (**Gripið fram í:** Standa við loforðin.) Það er frv. um það að leggja á Garðyrkjuskóla ríkisins og bændaskólana í landinu gjaldtöku. Ágætu áheyrendur, dæmið um hvernig þessi ríkisstjórn hefur gengið til hliðar við öll jöfnunaráform sem hér hefur ríkt. Þeir hafa farið eins og kettir í kringum heitan graut hvað tekjuskattinn varðar því að þá rámar annað veifið í kosningaloforðin og þess vegna ganga þeir á sveig í skatttökunni og fara í vasa foreldranna á Íslandi og skólafólksins. Það er nefnilega þetta sem er að gerast. — Þarna sé ég nú hæstv. forsrh. bregða fyrir til hér hliðar. (**Gripið fram í:** Undur og stórmerki.) Vænt þætti mér um að heyra hvort hæstv. forseti hefur kallað hann hér til þingstarfa. (**Forseti:** Forseti hefur látið kanna það að að hæstv. forsrh. er í húsinu og ég vænti þess að hann komi senn til að hlýða á hv. ræðumann.) Ég vil spyrja hæstv. forseta þingsins: Til hvers eru allir þessir ráðherrastólar? (**Gripið fram í:** Til skrauts.) (**Forseti:** Hv. ræðumaður spyr um það sem hann veit. Þeir eru til þess að sæti sé fyrir ráðherra í ríkisstjórn Íslands.) Þess vegna er það nú svo um þessar mundir að hér situr aðeins einn hæstv. ráðherra. Er það viðsk.- og iðnrh. (Gripið fram í.) Já, hæstv. félmrh. gengur í salinn og mun ég ræða við hann síðar. En mér þætti vænt um ef forsrh. gæti sest stutta stund í þann stól sem hann barðist fyrir að fá með afli og sigraði. Hæstv. forseti, er það möguleiki? (**Forseti:** Ég vil benda hv. ræðumanni á að það frv. sem hér er á dagskrá lýtur forræði hæstv. fjmrh. í ríkisstjórninni og hæstv. fjmrh. er í salnum.) Hæstv. forseti. Forsrh. er aðalmaður þessarar ríkisstjórnar og forráðamaður hennar. Hann fer með forræði ríkisstjórnarinnar. (**Gripið fram í:** Í efnahagsmálum.) Fer með efnahagsmálin og stjórnar að ég vænti áformum ríkisstjórnarinnar í meginatriðum. Ég vil þá spyrja hæstv. forseta hverju það sæti að forsrh. gengur ekki í salinn. (**Forseti:** Forseti álítur að hæstv. forsrh. sé á þýðingarmiklum fundum hér í húsinu en væntir þess að hv. ræðumaður geti haldið áfram máli sínu.) Hæstv. forseti. Ég minnist þess þegar Sjálfstfl. var í stjórnarandstöðu, þá voru oft og tíðum allir ráðherrar ríkisstjórnar kallaðir hér til þess að hlýða á þingmenn stjórnarandstöðunnar. Ég hef farið fram á það lítilræði að hæstv. forsrh. komi í salinn. (**IBA:** Hann er að tefla.) Við annað verður ekki unað. (**ÓÞÞ:** Við höfum biðlund. Ræðumaður verður bara að standa rólegur í stólnum.)

Hæstv. forseti. Við ætlumst til þess að þeir sem gegna forsetastörfum séu forsetar þingsins og hefði ég haldið að sá forseti sem nú situr virti þær leikreglur af gamalli reynslu eftir 25 ára starf að gæta hlutleysis og gera kröfu til ráðherranna að þeir hlýddu á mál örstutta stund. (**Forseti:** Forseti vill taka það fram sem hv. ræðumanni er kunnugt að hann hefur látið gera hæstv. forsrh. viðvart að hans sé óskað hér til að hlýða á mál hv. 5. þm. Suðurl. og vænti ég að hans sé von þegar minnst varir. Hv. ræðumanni er auðvitað frjálst að halda áfram ræðu sinni ellegar lúka henni og kveðja sér hljóðs síðar þegar hæstv. ráðherra er viðstaddur eða gera þá hlé á máli sínu.) Mun ég, hæstv. forseti, halda ræðu minni áfram og vænti þess að forseti gangi eftir því að forsrh. verði hér síðar á fundinum.

Ég sagði áðan að full ástæða væri til þess, þar sem þessi áform ríkisstjórnarinnar í tekjufrumvörpunum snúa að mjög mörgum atriðum og eru svik á kosningaloforðum, að renna yfir kosningabaráttuna sem fram fór fyrir 20 mánuðum eða svo, þremur mánuðum fyrir kosningar. Það er vert að byrja þar sem Morgunblaðið predikaði og lagði línur fyrir stjórnarflokkana sem áttu að taka við. Með leyfi hæstv. forseta stendur í leiðara Morgunblaðsins í febrúar 1991:

„Skattheimtustjórn ber dauðann í sér. Því eru sem betur fer takmörk sett, eins og hér hefur verið rakið, hve langt er unnt að ganga í skattheimtu. Þeir sem líta fyrst á útgjöld ríkissjóðs og segja að vandinn verði síðan leystur með því að hækka skattana lenda að lokum í ógöngum. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar er komin í þessar ógöngur þótt forsrh. og fjmrh. telji enn nauðsynlegt að hækka skattana."

Þetta segir í leiðara Morgunblaðsins og harðar hnútur eru settar fram á ríkisstjórn sem senn var að ljúka störfum. En nú vitum við og íbúar þessa lands að enn þá harðvítugri skattheimtustjórn hefur tekið við völdum. Í þessum sama leiðara segir:

„Árið 1987 voru heildartekjur ríkissjóðs 23,6% sem hlutfall af landsframleiðslu. Í ár er talið að þetta hlutfall verði 28,1%."

Við skulum líta á fleira sem Morgunblaðið hefur að segja í skattamálum: „Eyðslan í ríkisbúskapnum og skattheimtan er í raun tvær hliðar í sama fyrirbærinu. Þess vegna er mergurinn málsins við ríkjandi aðstæður að stöðva viðvarandi vöxt hinnar opinberu eyðslu, m.a. með auknu aðhaldi, hagræðingu og sparnaði. Samtímis verður að búa íslensku atvinnulífi rekstrarlegt umhverfi til að standast samkeppni við umheiminn, til að auka verðmætasköpun í þjóðarbúskapnum, til að stækka skiptahlutinn í samfélaginu."

Þetta var boðskapurinn. Og hvernig hafa þessir herrar sem út á þennan boðskap náðu völdum í landinu efnt þau loforð? Í ályktun Sjálfstfl. segir, með leyfi forseta: „Tekjuskattar verði lækkaðir í 30–35%."

Hvað er að gerast þessa stundina? Það er verið að hækka tekjuskatta í 41,5% og þar er er verið að sækja til almennings á Íslandi 2,8 milljarða í nýjum sköttum fyrir utan hitt að ríkisstjórnin lækkar viðmiðunarmörkin og sækir til viðbótar þær 640 millj. 3,5 milljarða er nú áformað að sækja í auknum tekjusköttum. Sjálfstfl. sem boðaði það hreint í stefnu sinni að tekjuskattar yrðu lækkaðir í 30–35%. Þó skal það viðurkennt að einn hv. þm. flokksins, sá sem situr nú í forsetastóli, talaði aðeins úr annarri átt og segir í kosningabaráttunni að ekkert svigrúm sé til skattalækkana í fyrstu lotu. En hann var ekki vinsæll í hópnum því það var talið að hann hefði með þessari yfirlýsingu sinni hrætt af flokknum eitthvert fylgi.

Hæstv. menntmrh. Ólafur G. Einarsson segir í kosningabaráttunni: „Stefna Sjálfstfl. er að lækka skatta." „Ekki annað verið samþykkt en að skattar lækki strax,"

segir hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. „Stefna Sjálfstfl. er að lækka skatta og hygg ég að það komi skýrt fram í ályktunum landsfundarins, sagði Ólafur G. Einarsson, formaður þingflokks Sjálfstfl., þegar borin voru undir hann þau ummæli Pálma Jónssonar alþingismanns í Morgunblaðinu í gær að ekkert svigrúm væri til skattahækkana á komandi árum vegna linnulauss hallareksturs sem núv. ríkisstjórn bæri ábyrgð á." Eyjólfur Konráð Jónsson alþingismaður sagði: „Mér vitanlega hefur engin af stofnunum flokksins samþykkt aðra stefnu en þá að skattar verði strax lækkaðir þegar Sjálfstfl. nær valdi til að knýja það fram." (**EKJ:** Þetta er rétt.) Þetta er rétt, kallar hv. þm. Eyjólfur Konráð.

Nú er það spurning með þá menn sem fastast gengu fram og dekkuðu stærstan hóp kjósenda. Styðja þeir þær skattahækkanir sem nú eru áformaðar? Það hefur komið hér fram í drengilegri ræðu hv. þm. Inga Björns Albertssonar að hann hefur sett fyrirvara um það hvort hann styðji þau áform sem nú eru á borðum ríkisstjórnarinnar.

Sjálfstfl. fjallaði mjög mikið um að skattleysismörk yrðu hækkuð. Og svo gerðist það einnig að Alþfl. talaði mjög mikið um það sama efni í kosningabaráttunni, að skattleysismörk yrðu hækkuð. Með leyfi forseta segir í ályktun sem samþykkt var á fulltrúafundi Alþfl., sem haldinn var um helgina, að eitt meginverkefni Alþfl. verði að auka jöfnunarhlutverk tekjuskattskerfisins með hækkun skattfrelsismarka og markvissari beitingu persónuafsláttar, barnabóta og húsaleigubóta. Þetta var boðorð Alþfl., hæstv. félmrh. Sýnist mér nú að öll þau stefnumál séu út af borðinu. Ég hygg að kjósendur þessa lands sætti sig ekki við slík áform.

Hér vantar til þessa fundar þann mann sem leiðir efh.- og viðskn., hv. 5. þm. Norðurl. e., Vilhjálm Egilsson. Ég ætla ekki að gera athugasemdir við það. Ég veit að þingmaðurinn er með leyfi en hann hefur haft þá einkennilegu stöðu að geta talað úr tveimur áttum. Hann hefur haft á bak við sig mikil samtök sem oft og tíðum hafa ráðið miklu um stjórnarstefnuna þegar Sjálfstfl. er við völd.

Það gerðist fyrir kosningarnar að Verslunarráð Íslands, sem hann veitir forustu, tók að tala eins og heill maður í kosningabaráttunni. Um hvað skyldi Verslunarráðið hafa talað? Það talaði um að virðisaukinn ætti að fara í 15%. (**KÁ:** Eins og stefnt er að hjá EB.) Eins og stefnt er að hjá EB, kallar hér fram í hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir. Það var akkúrat það sem Verslunarráðið predikaði. En hverjar hafa efndirnar orðið?

Jú. Það sem þessi ríkisstjórn hefur nú verið að gera með örlagaríkum hætti er að taka upp 14% skatt á það sem bar ekki virðisaukaskatt og mun hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér. Virðisaukaskatt á bækur og tímarit, virðisaukaskatt á ferðaþjónustu, virðisaukaskatt á fjölmiðla, virðisaukaskatt á húshitun, virðisaukaskatt á fólksflutninga o.s.frv. Þetta er allt í skattatillögum ríkisstjórnarinnar sem við ræðum á löngum fundum og ég mun koma að síðar að mun hafa alvarlegar afleiðingar.

Verslunarráðið lagði svo mikla áherslu á lækkun virðisaukaskattsins og hvað það væri mikilvægt að þeir sneru því upp í að það snerist um að elska konuna sína og þykja vænt um börnin sín. Þessi umræða snerist um að það væri mikilvægt að fá þessa lækkun fram til þess að rétta grunn heimilanna. Nú sjáum við, og ég kem að því síðar, að þetta mun hafa þær afleiðingar í för með sér að fleiri og fleiri fyrirtæki munu hætta rekstri í landinu.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð, sem ég hef minnst á fyrr, segir í stórri fyrirsögn í grein: „Fólkið fyrst, svo ríkissjóður." Þetta var stefna Sjálfstfl. fyrir kosningar. Fólkið fyrst svo ríkissjóður. Hv. þm. segir, með leyfi forseta:

„Það kostar fólkið of mikið að kaupa vöruna sem skattlögð er eins og menn væru óðir orðnir og það kostar fólkið of mikið að borga skattana sem verða til þess að það glatar heilsu sinni, eignum sínum og lífshamingju, fjölskyldum sínum og vinum." (**Gripið fram í:** Hver sagði þetta?) (**EKJ:** Þetta er líka rétt og mjög vel sagt.) Þetta er vel sagt og þetta er sannleikur. (**SJS:** Hvar stendur þetta?) Þetta stendur í ágætri grein sem einn virtasti þingmaður Alþingis í dag ritar í hita kosningabaráttunnar. Og þetta var megininntakið í stefnuskrá Sjálfstfl. Fólkið fyrst, svo ríkissjóður. (**Fjmrh.:** Þú verður að geta hver sagði þetta.) En ég hygg að þeir séu ekki allir þau karlmenni sem stjórnina styðja að þeir ætli að standa við þessi orð sín. Ég treysti hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni til þess að standa við orð sín og mér býður í grun að þessi hv. þm. hafi oftar en einu sinni á þessu hausti flutt þessa ræðu við litlar undirtektir í sínum flokki.

Hv. þingflokksformaður Sjálfstfl., Geir H. Haarde, leyfir sér það í hita kosningabardagans hinn 6. apríl 1991 að segja 16 milljarða minnisleysi og fjallar þar um skatta og ræðst að fyrri ríkisstjórn. En hér er þessi hv. þm. að leggja á fjölskyldurnar um allt land tugi milljarða í nýjum álögum frá því að ríkisstjórnin tók við, 10–12 milljarða eina nóttina um daginn og hér koma fram skattafrv. hvert á fætur öðru sem munu gera það að verkum. Ég hef því kosið í þessum stól að reyna að hressa upp á minni hv. þm. Sjálfstfl.

Hv. þm. Sturla Böðvarsson hefur verið einn vaskasti liðsmaður fjárln. við að færa nýjar álögur á fólkið í landinu. Hvað segir hann hinn 10. apríl, rétt fyrir kosningarnar og hvað skyldi hann hafa fengið mörg atkvæði á Vesturlandi? Hann fékk alla vega það mörg atkvæði út á þessa grein að þeir félagar komust tveir inn úr því kjördæmi. Skatta þarf að lækka. Þýddi þessi grein að skatta ætti að hækka? Hvar er minni þessa hv. þm. sem hefur verið ötulasti verkamaður frjálshyggjunnar við að færa gjöldin yfir á fólkið í landinu sem varaformaður fjárln.?

Hvernig hefur svo hæstv. ríkisstjórn hagað sér gagnvart skattsvikunum öllum? Við minnumst þess að þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var fjmrh. gerði hann iðulega harða hríð að hinum ýmsu fyrirtækjum hvað skattsvik varðar og náði þar verulegum árangri. Nú er þetta mest á pappírum hjá Sjálfstfl. og því miður hefur þessu ekki verið fylgt eftir. En þegar hæstv.

fjmrh. sneri sér að því ná í skattsvikarana hvar byrjaði hann? Hann réðist með offorsi á íþróttastarfsemina í landinu. Hann taldi að þar væru aðalþrjótarnir, í íþróttafélögunum og ungmennafélögunum, og meira að segja til þess að leggja áherslu á það, þá mun það vera svo í fjárlögum þessa hausts að framlög til ungmennafélaganna og íþróttafélaganna eru stórkostlega skert og ég spyr þingmenn Sjálfstfl.: Ætla þeir að standa að því að skera öll fjárframlög niður til íþróttahreyfingarinnar?

Hæstv. dóms- og kirkjumrh. Þorsteinn Pálsson heitir því í kosningabaráttunni: Fjármagnstekjuskattur í staðinn fyrir eignarskatt. Hvernig fór með fjármagnstekjuskattinn þegar álögurnar voru lagðar? Þá hopaði liðið undan og ákvað að láta þessa stóreignamenn sem eru með tugi milljóna, jafnvel hundruð milljóna á vaxtafóðri upp á 10–11% uppi í eignaumsýslu ríkissjóðs í friði, sem hafa þar tugi milljóna á slíkum kjörum og fleiri milljónir í tekjur á ári í gegnum það. Þetta fólk fékk ekki byrðar þessa hausts.

Hv. þm., tíminn er ekki floginn hjá. Það liggur ekkert á, hv. þm. stjórnarliðsins, að afgreiða þessi mál. Með þessari stórkostlegu skattaáætlun mun þyngja mjög á heimilunum, eins og ég hef rakið, þá mun þyngja á fyrirtækjum. Þess vegna hygg ég að það væri skynsamlegra fyrir þá þingmenn stjórnarliðsins, sem ég hef hér hrært upp í minninu á, að þeir komi því í gegnum þingflokka sína að þingið láti af störfum nú fyrir jól og ríkisstjórnin fái tíma til þess að semja um nýjan frið í þjóðfélaginu og nái að snúa af mörgum þeim vitlausu áformum sem hér eru uppi.

Ég ætla að fara út í nokkur áform sem standa til. Ég ætla að minnast á einn skattinn og spyrja ykkur um réttlæti þess skatts. Það er húshitunarskatturinn. Það var einn skatturinn að setja virðisaukaskatt á húshitunina. Hæstv. félmrh., eigum við kannski að fara smástund yfir þá áætlun og hvað hún mun þýða og hvert er réttlæti hennar? Við skulum taka 400 rúmmetra húsnæði um allt land og líta á réttlætið. Að hita slíkt húsnæði í Reykjavík kostar 36 þús. kr. á ári. Skatturinn, ef endurgreiðsla er sem yrði engin í Reykjavík, mundi þýða 5 þús. kr. hækkun í Reykjavík. En eigum við að líta á ýmsa sem hafa mjög háa skatta? Eigum við t.d. að skoða Hitaveitu Rangæinga þar sem kostar að hita samsvarandi húsnæði 88 þús. á ári? Skatturinn yrði svipaður þannig að Rangæingurinn yrði að borga 94 þús. á ári meðan Reykvíkingurinn yrði að borga 41 þús Það getur vel verið að þessar 5 þús. kr. sem koma þarna í viðbót geri það að verkum að eitthvert fólk gefst upp undan byrðinni. Það er nógu erfitt fyrir þannig að þetta getur verið dropinn sem fyllir mælinn. Og nú vil ég spyrja hv. þm. Sunnlendinga: Eru þeir tilbúnir að leggja þennan skatt á Hitaveitu Rangæinga sem er ein sú dýrasta á Íslandi?

Mig minnir að einn boðskapurinn í kosningabaráttu Sjálfstfl. hafi verið að jafna rafmagns- og húshitunarkostnað um allt land. Við getum litið líka á Vestmannaeyjar. Í Reykjavík var kostnaðurinn 36 þús. á ári, í Vestmannaeyjum 75 þús. Þetta fer upp í 80 þús. Það er glórulaust að leggja slíka skatta á húshitun á Íslandi. Það er engin jöfnun til í því. Þetta eru drápsklyfjar sem gera það að verkum að einhverjir munu gefast upp, hverfa frá eignum sínum og lífsstríði.

Ég get farið yfir margar fleiri hitaveitur en ætla ekki að þreyta þingmenn með því. En mér þykir hv. þm. Sjálfstfl. og Alþfl., sem á landsbyggðini búa og predikuðu ekki síst þetta atriði í kosningabaráttunni, hafa brugðist. Og því verður ekki trúað að þessir skattar verði lagðir á. Þetta mál hlýtur að standa í stjórnarflokkunum. Það hlýtur að gerast að þeir stoppi málið því í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Lífskjör verða jöfnuð, m.a. með lækkun húshitunarkostnaðar þar sem hann er hæstur.“ Jöfnuðurinn er fólginn í því að 5 þús. kr. til viðbótar eru lagðar á heimilin sem eru þegar að kikna undir þessum mikla kostnaði. Það segir líka í hvítbók: „Einnig mun ríkisstjórnin leita leiða til að jafna enn frekar húshitunarkostnað í landinu.“ (**Gripið fram í:** Hvað segir forsrh. um það?)

Ég ætla að hverfa frá hitaveitunum og líta aðeins á áform um skerðingu vaxtabótanna sem snýr að hæstv. félmrh., sem hlýtur að vera hér nærri. Mér þætti vænt um að hæstv. forseti gerði hæstv. félmrh. viðvart. Ég er með í höndunum ályktunum frá fundi húsnæðismálastjórnar, 10. des. 1992, sem segir allt í þessu máli. Ég les hluta af þessu bréfi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ljóst er að ráðstöfunartekjur almennings í landinu munu lækka verulega á næstunni frá því sem verið hefur um leið og atvinna dregst saman og atvinnuleysi eykst. Möguleikar húsbyggjenda og kaupenda til að standa í skilum vegna íbúða sinna versna því mjög af þeim sökum. Skerðing vaxtabóta til viðbótar breytir aðstæðum þeirra enn til hins verra. Þeir gengust undir greiðslumat og voru í góðri trú um fjárhagslega getu sína þegar ráðist var í framkvæmdir.

Hafa verður í huga í þessu sambandi hinn mikla áróður sem rekinn hefur verið í seinni tíð allt frá tilkomu húsbréfakerfisins um að fólk fari ekki út í byggingu eða kaup á húsnæði nema með fullu öryggi. Húsnæðismálastjórn varar sterklega við afleiðingum vaxtabótaskerðingar hjá eignalitlum fjölskyldum með lág eða miðlungslaun sem nú þegar eru á mörkum þess að ráða við greiðsluskuldbindingar sínar. Afleiðingar slíkra aðgerða munu koma fram í auknum vanskilum við byggingarsjóðina og afkoma þeirra og möguleikar til að standa við áætlanir sínar versna.“

Þetta er ályktun húsnæðismálastjórnar. Hverjir skyldu eiga meiri hlutann í þeirri stjórn? Ætli það sé ekki hæstv. ríkisstjórn sem á þar flesta stuðningsmenn? (Gripið fram í.) Nei, því miður, heyrist úr stjórnarliðinu. Eigi að síður er hér ábyrg stjórn sem hefur komist að sameiginlegu áliti og sendir viðvaranir sínar heim til ríkisstjórnarinnar í þessu máli.

Sjálfstfl. hefur haft það mjög á orði að hann standi vörð um lýðræði og málfrelsi og honum sé lýðræðið hugleikið. Ein aðgerð ríkisstjórnarinnar snýr mjög að því að skerða lýðræðið á Íslandi. Það er virðisaukaskatturinn upp á 14% sem á að leggja á tímaritaútgáfu, bókaútgáfu o.s.frv. Ég ætla að vitna örstutt í álit

sem Magnús Hreggviðsson, stjórnarformaður Fróða, sendi efh.- og viðskn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nokkur bókaforlög standa tæpt fjárhagslega. Álagning 14% virðisaukaskatts mun leiða af sér mjög alvarlegar afleiðingar í gjaldþrotum og fækkun starfa. Hækkun verðs á bókum mun leiða af sér val fólks í stórum stíl á öðrum hlutum en bókum í jólagjafir vegna hækkunar. Sá samdráttur einn gæti leitt af sér 25–30% samdrátt í bóksölu milli áranna 1992–1993. Ríkissjóður mun tapa miklum fjárhæðum vegna fækkunar starfa, minni veltu og minnkandi skatttekna."

Skyldi þessi aðvörun ekki hitta einhvern í hjartastað? Það er ekki bara að málfrelsið og íslensk menning muni líða fyrir þessar aðgerðir, heldur mun þetta valda því, hæstv. fjmrh., að velta mun minnka og skatttekjur munu tapast. Og í þessari ágætu grein Magnúsar Hreggviðssonar segir hann síðar, með leyfi forseta:

„Ef ofangreindar íþyngingaraðgerðir í virðisaukaskatti á tímarit verða framkvæmdar mun tvennt gerast að mínu viti. Í fyrsta lagi munu útgefendur neyðast til að flytja prentun íslenskra tímarita úr landi til að minnka skattlagningu. Í öðru lagi og samhliða mundi tímaritum fækka enn frá því sem komið er. Fróði mundi líklega neyðast til hvors tveggja. Að mínu áliti mundu afleiðingarnar líklega verða þessar:

Íslenskum tímaritum með íslensku efni og íslenskum texta mun fækka um þriðjung. Prent á íslenskum tímaritum mundi að verulegu leyti flytjast úr landi. 40 störf færu úr landi frá Fróða. Þeir sem misstu störfin fengju ekki önnur störf. Íslensk tímarit kæmu til Íslands erlendis frá með pósti. Erlend póstfyrirtæki fengju póstburðargjöldin. Störfum í íslenskum tímaritafyrirtækjum mundi fækka um þriðjung. Þeir sem misstu störfin fengju ekki önnur störf. Margumtöluð fimmföldunaráhrif í hagfræðinni vegna ofangreinds samdráttar mundi skapa samdrátt hjá einkaaðilum, ríki og sveitarfélögum."

Síðan kemst Magnús að þeirri niðurstöðu að samtals útgjöld ríkissjóðs umfram núverandi ástand yrðu 167 millj. kr. Ríkið tapar tekjum upp á 167 millj. Einhver hundruð manna munu missa atvinnu sína. Stór prentverk munu leggjast af. Útlendingar munu á þessu sviði, eins og svo mörgum öðrum, taka verkefnin af Íslendingum. Ætla hv. þm. Sjálfstfl. og Alþfl. að láta þetta níðingsverk ganga fram? Ætla menn að drepa bókaútgáfuna og hina lýðræðislegu umræðu í blöðum og bókum?

Eitt hefur hér mjög verið rætt um. Það er meðlagspabbaskatturinn, sem svo hefur verið kallaður. Hæstv. heilbr.- og trmrh. sagði í þinginu fullum rómi eitt kvöldið að það væri mikilvægt að koma þessari breytingu í framkvæmd og hann sagði að það væri svo mikilvægt til þess að kenna körlum að vera ekki að yfirgefa konur sínar og börn. Þeir mundu hugsa sig um áður, sagði hæstv. heilbr.- og trmrh. (**ÓÞÞ:** Sérstaklega ef þeir skildu nú.) Nú liggur það fyrir að þegar hjón skilja eru það ekki alltaf karlarnir sem þar eiga alla sök. (**ÓÞÞ:** Það má sortera þetta ...) Þar eiga báðir aðilar einhverja sök. Stundum eru það konur og stundum eru það karlar. Það er kannski sorglegt til þess að hugsa að um þessar mundir er þriðja hvert barn á grunnskólastigi í Reykjavík barn einstæðs foreldris. Slík er nú staðan. En það er enginn vafi að þessi áform ríkisstjórnarinnar, þó hún hafi að einhverju leyti snúið frá þeim, munu valda því að fjöldi manna verður gjaldþrota. Það liggur fyrir hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga að í dag eru þar mikil vanskil vegna þess að þeir einstæðu feður, sem hafa lent í þessum hremmingum, geta ekki staðið við skuldbindingar sínar. Og þessi áform munu auka á þennan harmleik. En ríkisstjórnin er sjálfri sér lík. Það er ekki bara hæstv. heilbr.- og trmrh. sem kastar hnútum að karlmönnum á Íslandi.

Morgunblaðið er oft notað til verkanna og einstaka blaðamenn þar. Hér er ég t.d. með grein sem birtist í blaðinu í dag. Þar er blaðamaðurinn Agnes Bragadóttir kölluð fram og skrifar hún um aumingja meðlagspabbana í bitrum tón og sendir þeim kaldar kveðjur. Hér er nefnilega ríkisstjórnin að ráðast á fólk sem á erfitt. Það eru ekki allir sem hafa lent í þeim harmleik við skilnað að horfa á eftir börnum sínum því að í 99% tilfella mun það vera svo hafi mál farið í hart að konur hafa unnið réttinn yfir börnunum. Og feður sem eiga þrjú, fjögur börn og verða að borga þungar meðlagsgreiðslur hafa ekki átt auðvelt með að komast í sambúð á nýjan leik. Ýmsir af þeim hafa að vísu gert það og eignast börn með nýjum konum. Ég hygg að stöðu þessara manna verði raskað í þessum áformum ríkisstjórnarinnar.

Svona mætti halda áfram lengi nætur ef vildi. En mín lokaorð eru þau að ríkisstjórnin hefur bæði svikið kosningaloforð sín og brugðist í þeirri vinnu sem fer fram á Alþingi Íslendinga.

Það er umhugsunarefni, hæstv. fjmrh., hvað ráðherraveikin leikur nú menn grátt. Mér sýnist að mein löggjafarstarfsins liggi í því að ráðherrarnir kalla flokksgæðinga sína inn í ráðuneytin til að vinna alls konar óþurftarverk, stefnuskráratriði flokka sinna, og skeyta engu. Þess vegna er hér verið að henda inn ófullbúnum og lítt grunduðum frv. sem koma öllum í koll. Traustið á milli stjórnmálamannanna, ráðherranna og embættismannanna í ráðuneytunum virðist á seinni árum hafa brugðist. Þarna þyrftu ráðherrar að endurskoða störf sín. Ég hygg að það væri heppilegt núna í jólamánuðinum að hvíla sig frá þeim störfum sem hér fara fram, eins og ég hef glöggt rakið í ræðu minni.

En ríkisstjórnin er, ég vil segja því miður, trausti rúin. Ég er ekki svo ranglátur að bera þá ósk í brjósti að ríkisstjórn eins lands sé trausti rúin. Ég held að það sé ekkert mikilvægara fyrir íslenska þjóð en að eiga ríkisstjórn sem hún treystir. En þessi ríkisstjórn hefur farið þannig að í störfum sínum, í stríði sínu við þjóðfélagsþegnana, að hún er trausti rúin og henni ber að fara frá. Ef hún ekki fer frá, þá verður hún að endurskoða vinnubrögð sín. Ég vil trúa því að í þessum tveimur ágætu þingflokkum, Sjálfstfl. og Alþfl., séu það margir rétt hugsandi einstaklingar að þeir sjái villu síns vegar og vilji fá tíma til að fara ofan í áform sín, kanna afleiðingar frv., sem liggja þegar fyrir og eru nú að koma inn í þingið, sem drápsklyfjar á alþýðu lands-

ins. Ég vil í lok ræðu minnar leggja áherslu á að þingið fái þann tíma sem það þarf til þess að endurskoða mörg þessara frv.

Hæstv. forseti. Ég treysti ekki síst á að forsætisnefnd þingsins átti sig á virðingu Alþingis í þessum efnum því hún má aldrei bresta. Ég hygg að fólkið skilji það að við erum ekki að beita málþófi bara af bölvun við þessa ríkisstjórn. Við erum hér að rökræða við einstaka ráðherra og þingmenn flokkanna til þess að fá þá til að hugsa um þau frv. sem þeir eru með hér í höndunum, um þá skatta í milljörðum sem þeir eru að leggja á fólkið, og snúa frá því.

Þessu erum við að berjast hér fyrir og það er hart undir þeim kringumstæðum að forsetar þingsins skuli því miður oftar en ekki virðast vera í vinnumennsku hjá ríkisstjórninni. Ég sætti mig ekki við það. Ég vil sterka forsætisnefnd sem treystir sér til þess að slá á fingur ríkisstjórnarinnar þegar hún gengur með of mikilli hörku að þinginu. Forsætisnefndin er nefnilega hér ekki bara í umboði þingsins. Þjóðin trúir sem betur fer á margt þetta fólk, veit að það er réttlátt í hjarta sínu og treystir því að í gegnum forsætisnefndina náist það fram að Alþingi vandi sín vinnubrögð í þeim erfiðu málum sem nú er unnið að á Alþingi Íslendinga.

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðni Ágústsson beindi til okkar stjórnarliða spurningu um það hvort við sættum okkur við það framlag sem ætlað er til íþróttahreyfingarinnar í landinu. Mér er ljúft að verða við ósk hans og svara spurningu hans. Það vill svo til að hv. þm. Jón Kristjánsson, Finnur Ingólfsson og Valgerður Sverrisdóttir hafa lagt fram brtt. við fjárlögin þar sem sett er fram mjög hógvær krafa, þ.e. sú að framlagið til Ungmennafélags Íslands og ÍSÍ verði það sama fyrir árið 1993 og það var fyrir árið 1992. Og mér er ljúft að gleðja þingmanninn með því að tilkynna honum það héðan úr ræðustól að þá tillögu hyggst ég styðja.

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. svar hans. Ég vissi að ýmsir af þingmönnum stjórnarliðsins sætta sig ekki við vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og áform gagnvart fólkinu og íþróttahreyfingunni. Ég vil spyrja hv. þm.: Hefur málið verið tekið fyrir í þingflokki Sjálfstfl. og hyggst þingmaðurinn láta á það reyna þar hvort fleiri þingmenn ganga til liðs við hann í þessu mikilvæga máli því, eins og hv. þm. Ingi Björn Albertsson gat um hér áðan, oft var þörf en nú er nauðsyn að styðja æskulýðs- og íþróttahreyfinguna í landinu, þegar atvinnuleysisvofan herjar á heimilin og því miður önnur vá, eiturlyf, sem því miður eru í of miklum mæli í okkar blessaða landi.

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skal enn á ný gleðja þingmanninn með því að tilkynna honum að ég er ekki einn um að styðja þessa tillögu.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég á að vísu ekkert orð yfir störf forsætisnefndarinnar hvernig hún stendur að málum. Ég mótmælti kvöldfundi. Það virðist hafa verið samið um næturfund og satt best að segja finnst mér stjórn þingsins orðin það ömurleg að ég nenni ekki að skamma þessa forsætisnefnd. Það var betra að hafa þá menn eina hér við stjórn á sínum tíma sem þorðu að skikka ráðherra til.

En það er tvennt sem ég vildi koma á framfæri af því að ég er á mælendaskrá og annað er það að leita upplýsinga um hvort það sé ekki réttur skilningur hjá mér að það sé aðeins einn dagur á ári sem hv. formaður efh.- og viðskn. eigi afmæli þannig að af því að nýr dagur er runninn, þá hafi hann vinnuskyldu eins og aðrir og mæti hér. Hér hafa komið fram upplýsingar um vinnubrögð í efh.- og viðskn. sem eru á þann veg að maður hlýtur að spyrja sig: Er aðalatriðið þar að menn brosi hver framan í annan og séu elskulegir eða fara þeir af þeirri samviskusemi yfir þessi mál að það sé hægt að treysta því að um eðlileg vinnubrögð sé að ræða? Ég hrökk við þegar sagt var að VIII. kafli frv. sé sniðinn að þörfum eins manns. Ég hef ekki vitað svoleiðis lagasetningu áður.

En ég vil einnig vekja athygli á því ræðumaður óskar eftir því að forsrh. mæti í salinn. Forsrh. sést í hliðarherbergi en hann mætir ekki í salinn. Hins vegar verð ég að segja að þó að hæstv. viðskrh. sé fjarverandi þessa stundina, og tek það fram að ég er ekki vanur að hæla hæstv. viðskrh., en hann hefur, og það verður hver að eiga það sem hann á, setið hér og hlustað í kvöld og hæstv. félmrh. hefur setið hér og hlustað og fjmrh. hefur vissulega setið hér. Hvort hann hlustar þori ég ekki að fullyrða um. Það er annað mál. En ég óska eftir því að forsrh. verði við hér í nótt og að formaður efh.- og viðskn. geri sér grein fyrir því að nýr dagur er runninn — afmælið er liðið, við óskuðum honum allir til hamingju með það en það er kominn nýr vinnudagur — og hann mæti hér og geri grein fyrir vinnubrögðum í nefndinni.

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Þetta hefur verið býsna ströng vinnuvika í þinginu en ekki er ég kominn hingað beint til þess að kvarta. En það hefur verið unnið frá morgni og til kvölds og vel það hvern einasta dag. Lengst höfum við vakað til kl. hálffimm, held ég, eina nóttina. Þannig hefur þetta gengið. Ég satt að segja áleit að um það hefði náðst samstaða í dag að kvöldfundur og næturfundur yrðu ekki haldnir og menn gætu þess vegna gengið til starfa á morgun eins og áformað var og samkomulag var um að halda hér fund á laugardegi.

Nú er klukkan að verða eitt og margir eru enn á mælendaskrá og því vildi ég spyrja hæstv. forseta hvort hann geti skýrt okkur, sem sitjum enn þá í salnum og hugsum okkur að vera hér áfram eins og við höfum verið, það er yfirleitt sami hópurinn sem situr hér alla tíð, frá því hver ætlan forseta er með framhald þingsins í nótt.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill taka fram að nú eru tveir hv. þm. á mælendaskrá í umræðum um þetta dagskrármál og ætlun forseta er að ljúka þeirri umræðu en taka eigi fyrir umræðu um fleiri dagskrármál sem hafði þó verið ætlunin. Forseti mun láta athuga það hvort unnt sé að verða við þeim óskum sem fram komu í máli hv. 2. þm. Vestf.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. 2. þm. Vestf. og ákúrur hans á forsætisnefnd þingsins hlýt ég að geta þess að ég vil ekki sitja undir þeim ákúrum. Vissulega á ég sæti í forsætisnefnd þingsins en enginn fundur hefur verið haldinn í þeirri nefnd um þinghaldið og ég vil því firra mig allri ábyrgð á því hvernig vinnu er háttað hér nú. Ég hlýt hins vegar að taka undir orð þingmannsins að þessi vinnubrögð ná auðvitað ekki nokkurri átt. Hér var unnið á mánudaginn til klukkan að verða tvö um nótt. Næstu nótt var klukkan hálfþrjú þegar fundi lauk. Á miðvikudagskvöldið var klukkan 4.13 þegar þingmenn fóru heim, í gærkvöldi fóru menn heim klukkan að ganga eitt og nú er klukkan að verða eitt. Öll höfum við nær undantekningarlaust verið komin á nefndafundi kl. 8.30 næsta morgunn.

Þetta sér auðvitað hver heilvita maður að er ekki hægt að bjóða nokkurri vinnandi manneskju, ekki einu sinni þingmönnum. Ég vil því ítreka þá spurningu til hæstv. forseta hvort hann sé nokkru nær um það en ég hvort á virkilega að halda hér áfram fram undir morgun. Nú hefur verið tilkynnt að þingfundir hefjist að nýju kl. 11 á laugardegi, (**Gripið fram í:** Klukkan hálfellefu). Hálfellefu, segja hv. þm. Ég bið nú menn að gæta skynsemi. Það hefði verið auðvelt að haga verkum dálítið öðruvísi í dag. Ég sé ekki annað en hér hefði verið ósköp auðvelt að afgreiða fimm lög frá þinginu í dag, mál sem eru ágreiningslítil og hefði flýtt fyrir þingstörfum ef hlutirnir hefðu verið skipulagðir.

Hæstv. forseti. Ég býst við að það sé eins með þann forseta sem situr nú og stjórnar fundi að fundir hafa ósköp einfaldlega ekki verið haldnir og engra samninga leitað eins og venja hefur verið um sæmilega skynsamleg verkalok áður en þingmenn halda heim til jólahalds.

Ingi Björn Albertsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fá að þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir þær upplýsingar sem hún flutti hér og fyrir að rifja upp fyrir okkur vikuna sem sýndi náttúrlega glögglega í hvers lags óefni er komið í þessum efnum.

En ég kom aðallega hér upp til þess að biðja forseta að bæta við svar hans um þinghaldið í nótt hvernig hugsunin er að standa að þinghaldinu á morgun. Ég vildi gjarnan fá það upplýst hvort það er ætlunin að halda hér áfram fram eftir degi og jafnvel fram á kvöld á laugardegi ofan í þessa mjög svo erfiðu vinnuviku.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Vegna þeirra athugasemda sem hér hafa komið fram um fundahaldið, þá vill forseti taka fram að ætlunin er að ljúka þeirri umræðu sem nú stendur og eins og upplýst hefur verið eru tveir hv. þm. á mælendaskrá og það er vandalaust að ljúka þeim ræðum.

Varðandi þinghaldið á morgun þá er ætlunin að taka fyrir í fyrsta lagi atkvæðagreiðslur og síðan 3. umr. um fjárlög en atkvæðagreiðslu um fjárlagafrv. verði síðan frestað. Þetta eru þær upplýsingar sem forseti hefur varðandi morgundaginn.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Stundum virðist svo sem það sem allir þingmenn vita sannast og réttast, að það sé forsætisnefnd sem sé yfir þessu þingi, vera á þann veg að hún sé í reynd geymd utan dyra hvað forsetaherbergið snertir. Mér er ljúft að draga það til baka ef ég hef ofsagt það að hún hafi komið nálægt þeim ákvörðunum sem hér hafa verið teknar. Því var aftur á móti þannig lýst af hv. þm. Geir Haarde, hv. 8. þm. Reykv., að ég gat ómögulega skilið það á annan veg en þann að aðeins þingflokksformaður Framsfl. hefði verið fjarverandi. En þetta er að verða þannig að það er eins og Alþingi Íslendinga sé stjórnað af einhverri næturdrottningu.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill taka fram að forseti þingsins ásamt formönnum þingflokka og á stundum formönnum stjórnmálaflokkanna hefur unnið að því að skipuleggja þingstörfin og leita samkomulags um hvernig þau mega fara fram. Það er á hinn bóginn rétt að síðustu dagana hefur forsætisnefndin ekki verið kvödd til fundar um þau efni.

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þær upplýsingar sem mér voru gefnar við fyrirspurn minni. Ég lít svo á að það sé þá ákveðið að ljúka umræðu þessa máls í kvöld en samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði verði ekki tekin á dagskrá. Ég veit ekki hvort ég á að segja að ég sé nokkuð hissa á því. Til þess að upplýsa hæstv. forseta, þá er þetta af þeim sem best þekkja til talið eitt af stærstu málum þingsins sem fyrir það hefur komið í tugi ára. Engu að síður er það nú svo að ⅓ af þeim tíma sem sú umræða hefur tekið, virðulegi forseti, hefur farið fram að kvöldlagi eða að nóttu til um það mál sem við sem hér erum erum þó sammála um að sé stærsta málið sem Alþingi hefur fengið að fjalla um. Er það ekki verðugt umhugsunarefni fyrir okkur? Alla vega ætti það að vera verðugt umhugsunarefni fyrir forsætisnefndina.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill gjarnan mælast til þess að hv. þm. hafi hóf á umræðum um þingsköp til þess að ganga megi að verki og ljúka dagskránni.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég tel mér skylt að upplýsa að í dag var rætt meðal þingflokksformanna hvernig fundi skyldi hagað hér í kvöld. Forsætisnefnd kom mér vit-

anlega ekki að því máli eins og hæstv. starfandi forseti hefur upplýst, en skv. 10. gr. þingskapa er það forsætisnefnd sem á að skipuleggja þinghaldið. Á fundi formanna þingflokka í dag var rætt um það að hafa kvöldfund, ég endurtek það, hafa kvöldfund, ekki næturfund, og ljúka ef hægt væri umræðu um skattafrv. Gengi það vel að taka þá til umræðu EES-málið og að tveir ræðumenn kæmust þar að. Nú hefur verið upplýst að það sé fallið frá því að taka EES-málið á dagskrá, enda hefur umræðan um skattafrv. dregist lengur en svo að hægt sé að kalla þetta kvöldfund. Ég hygg að enn séu tveir ræðumenn á mælendaskrá og ég mundi vilja beina því til hæstv. forseta að spyrja þá ræðumenn hvort þeir hefðu hug á að fresta sinni ræðu til 3. umr. eða hvort þeir mundu vilja ljúka henni í kvöld því að það var rætt í dag að ljúka þessari umræðu ef það drægist ekki mikið fram yfir miðnætti.

Guðni Ágústsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að það sé lítil sátt um það að ljúka þessari umræðu. Ég hygg að mörgum þingmönnum búi það frelsi í brjósti að berjast gegn þessum skattaálögum. Þess vegna segir það kannski ekki alla söguna þó að tveir þingmenn séu á mælendaskrá. Fyrir utan hitt þegar hæstv. forsrh. líðst slík óvirðing að ef þingmenn vilja eiga við hann orðastað, þá sitji hann í hliðarherbergi.

Ég lýsi því yfir, hæstv. forseti, að ég mun ekki sætta mig við það framferði af hálfu forseta að hæstv. forsrh. sýni þinginu þá fyrirlitningu að hann neiti að vera í sínu sæti. Hrokinn er nógu mikill. (**PP:** Hann skrópar bara úr skólanum.) Því að hann leyfir sér síðan að ganga út um borgina og tala um Alþingi Íslendinga eins og skóla og fara um það háðulegum orðum. Ef það er framferði forseta Alþingis Íslendinga að líða forsrh. þetta framferði, þá er friðurinn úti. Og ég vil fara fram á það að hæstv. forseti kanni við hvaða störf hæstv. forsrh. var í kvöld. Ég fer fram á skýringu á því.

Síðan bað ég hæstv. forseta — þá sat að vísu hæstv. forseti Salome Þorkelsdóttir í forsetastól — að kanna það hverjar hefðu verið vinnureglur á undanförnum þingum til þess að bera það saman því að Sjálfstfl. var gallharður á því atriði að kvöldfundir skyldu helst ekki vera fleiri en einn eða tveir í hverri viku þegar þeir voru í stjórnarandstöðu.

Sannleikurinn er sá að það verður ekki liðið hér af forsætisnefndinni að níðast með þessum hætti á þinginu. Hér var af ásettu ráði EES-málið haft á dagskrá í þrjá sólarhringa til þess að þreyta menn og til þess að hrópa á frið þegar skattafrv. kæmu fram. Þess vegna hefur nú friðurinn verið rofinn af forsætisnefndinni og stjórnendum þingsins. Við erum ekki til friðs um þær miklu skattálögur sem nú á að leggja á fólkið í landinu. Því við gerum okkur grein fyrir því að það raskar stöðu heimilanna og mun leiða af sér atvinnuleysi fleiri hundruð manna til viðbótar.

Jóhann Ársælsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Það er ástæða til að lýsa yfir áhyggjum yfir því sem er að gerast hér og vitanlega er það stjórnarliðið sem stendur fyrir þessu. Hér hefði verið þörf fyrir löngu síðan að menn hefðu horfst í augu við það sem er að gerast, menn hefðu sætt sig við að þeir yrðu að semja um málið með einhverjum hætti, hvernig það ætti að ganga fram. Það hefur ekki verið gert. Það hefur verið reynt að ná einhvers konar málamyndasamkomulagi sem hefur átt að ná til næstu klukkustunda og búið og þess vegna hefur svona gengið til. Það óformlega samkomulag, sem svo var kallað og var kynnt fyrir okkur þingmönnum í dag, var kynnt þannig að það væri samkomulag um að hafa kvöldfund og reyna að ljúka því máli sem var á dagskrá og taka síðan tvær ræður um EES-málið. Þetta er núna orðinn næturfundur en ekki kvöldfundur. En nú er búið að kynna það fyrir okkur að það eigi að hætta við EES-umræðuna.

Mig langar að spyrja hæstv. forseta vegna þess að hann nefndi það um morgundaginn að þá ætti að klára 3. umr. fjárlaga: Er það alveg sama hvað sú umræða á að vera löng? Eða geta þingmenn fengið einhverja vísbendingu um það hve vinnudagurinn verði langur á morgun? (**ÓÞP:** Ekki á morgun. Ekki ertu að tala um sunnudaginn?) Ég er að tala um morgundaginn. (**ÓÞP:** Er það ekki laugardagur?) Það var svo fast í mér samkomulagið frá í dag að við værum hér á kvöldfundi að ég tala enn um morgundaginn og er ekki búinn að skipta yfir. En ég óska eftir svari um þetta frá hæstv. forseta. Getum við áttað okkur á því hvenær við losnum úr þinginu á morgun?

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill taka það fram að hann hefur kynnt sér þær fyrirætlanir sem liggja fyrir eins og nú standa sakir varðandi morgundaginn. Forseti hefur ekki neina áætlun um það hversu lengi þinghaldið stendur á morgun og veltur kannski nokkuð á hv. alþm. sjálfum.

Ég bið hv. þm. að hafa nú hóf á umræðum um þingsköp og stjórn á þinghaldinu vegna þess að ég hef þau skilaboð að hér hafi verið gert samkomulag á milli þingflokksformanna og forseta fyrr í dag, sem að vísu var mótmælt af nokkrum hv. alþm. vegna þess að það samkomulag hafði ekki verið kynnt í þeirra flokki. Hvað sem um þetta er verður ekki betri svipur á þinghaldinu með því að halda áfram mjög löngum umræðum um gæslu þingskapa.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Varðandi það samkomulag sem forseti var að vitna til, þá átti ég ekki þátt í því. Einhvern veginn misfórst að ná í mig eða aðra úr stjórn þingflokks framsóknarmanna eða varastjórn. Þar af leiðandi var ekki Framsfl. sem slíkur með í því samkomulagi. Ég vil taka það fram varðandi þingstörfin sérstaklega í gær og dag að við höfum verið öll af vilja gerð í stjórnarandstöðunni til þess að greiða fyrir málum. Það er náttúrlega eðlilegur og sjálfsagður hlutur að menn fái að tjá sig og þetta skattamál er í mörgum liðum og eðlilegt að menn þurfi að fara um það allmörgum orðum og margir að tala. Þrátt fyrir það voru mörg

mál afgreidd í gær, eins og á færibandi, sögðu fréttamenn. Það var í gær gott samkomulag um þann dag. Lengst af í dag hefur líka verið gott samkomulag þó aðeins hafi hlaupið snurða á þráðinn undir kvöldið.

En ég tel aðfinnsluvert hjá forseta að hann skyldi ekki verða við eðlilegri bón frá einum þingmanni um að kalla hæstv. forsrh. í salinn. Hann er yfirmaður ríkisstjórnarinnar Undir hann heyra efnahagsmál þjóðarinnar í stórum dráttum. Þó að þetta tiltekna skattafrv. sé á forræði hæstv. fjmrh. þá eru efnahagsmálin staðsett í forsrn. og hann á að hafa yfirstjórn og umsjón með efnahagsmálum. Vitað er og alkunna að hæstv. forsrh. er í húsinu og ég skil ekki í tregðu hæstv. forseta við því að kveðja hæstv. forsrh. í salinn. Hvað dvelur orminn langa? Hvers vegna vill forseti ekki stuðla að því að hann komi í salinn svo ræðumenn geti átt orðastað við hann?

Ég tel að þessi fundur hafi nú þegar staðið nógu lengi. Við höfum sýnt mikla lipurð að klaga ekki fyrr og meira og óska ekki fyrr eftir fundaslitum en raun ber vitni. Ég hefði út af fyrir sig ekkert á móti því að þessari umræðu lyki og vona að menn geti verið stuttorðir, en þó kann að vera að menn eigi ýmislegt ósagt.

En ég árétta bón sem kom fram í ræðu hjá þingmanni að fá forsrh. í salinn og býð hann velkominn. Ég hygg að það muni greiða mjög fyrir umræðum ef hann er viðlátinn það sem eftir er fundarins ef herra forseti heldur því til streitu að halda fundi áfram.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill taka fram að þegar ósk kom fram um það að gera forsrh. viðvart að hans væri óskað í salinn, þá var það þegar gert. Forseti fékk þau skilaboð að forsrh. kæmi í salinn þegar hann hefði lokið þýðingarmiklum erindum. Hann hefur nú komið í sæti sitt og umræðan heldur áfram.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Fyrst örfá orð um þinghaldið. Ég verð að taka undir með þeim sem eru afskaplega ósáttir með gang mála og einkum þann skort á samráði sem verið hefur allt of oft. Mér þykir það allalvarlegur skortur á raunsæi af hálfu ríkisstjórnarinnar hvernig mál hafa gengið fram og mér heyrist að ekki vanti hér mikið upp á óraunsæið varðandi framhaldið en það verður að koma í ljós hvort mín trú er rétt eða einhverra annarra.

Ég held að því miður sé það sama vandamálið, sami skortur á raunsæi, sem við erum einnig að glíma við í frv. sem hér er til umfjöllunar og verðskuldar vissulega mikla og ítarlega umfjöllun en þar sem við höfum það verklag innan Kvennalistans að skipta einatt með okkur verkum, þá geri ég ekki ráð fyrir því að hafa hér langa tölu í kvöld og vísa til yfirgripsmikillar ræðu fulltrúa okkar í hv. efh.- og viðskn.

Það sem er ámælisvert varðandi vinnubrögðin við þetta frv. og ýmis fleiri er að það hefur ekki verið nógu auðvelt að gera sér grein fyrir hvernig mál stæðu þar sem þau hafa verið síbreytileg. Því miður er ástæða til að ætla að nokkuð sé hér flaustursleg unnið og það er áhyggjuefni. Það er aldrei eins mikilvægt að réttlæti og réttsýni ríki eins og þegar illa árar. Fyrr í kvöld urðu nokkrar orðahnippingar um það hvort efnahagsvandinn væri heimatilbúinn eða ekki. Mér þóttu svör forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar bera vott um misskilning. Það er nefnilega ekki aflabresturinn sem veldur mestum vanda heldur hvernig við honum er brugðist af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þegar það minnkar sem er til skiptanna er nauðsynlegt að jafna því réttlátlega og til þess þarf bæði réttsýni og raunsæi. Ég verð að segja að þetta frv. í öllum myndum þess hefur valdið mér vonbrigðum. Þó er þarna ljósa punkta að finna eins og kemur fram seinna í mínu máli og ég ætla ekki að víkjast undan því að benda bæði á kost og löst.

Okkur stjórnarandstæðingum er oft borið það á brýn ranglega að benda ekki á úrræði heldur kvarta bara og kveina. Ég vísa þessu á bug. Þetta er einfaldlega ekki rétt. En það sem veldur því að þessi rangfærsla hefur einhverra hluta vegna orðið mjög lífseig er kannski að það er ekki hlustað á úrræði okkar og þar af leiðandi eru þau hvorki talin nothæf né gild né yfirleitt í umræðunni. Við kvennalistakonur höfum bent á það að bæði einstaklingar og fyrirtæki geta verið aflögufær. Þetta er misjafnt. Á því byggist réttlætið að ekki sé verið að taka af þeim sem síst skyldi heldur taka frekar af þeim sem eru aflögufærir. Þeir eru sem betur fer til og það eru bæði, eins og ég sagði, einstaklingar og fyrirtæki. Þar af leiðandi eru aðgerðir eins og hátekjuskattur líklegar til tekjujöfnunar og ætti ekki að koma neinum á óvart. Nógu mikil hefur tregðan verið að fá viðurkennt að þetta væri jákvæð og réttlát aðgerð.

Jafnframt eru aðrar leiðir eins og hærra virðisaukaskattsþrep á munaðarvöru. Ég tek ekki undir með hæstv. fjmrh. að það sé svo óskaplega erfitt að skilgreina hvað er lúxus. Það hefur öðrum þjóðum tekist og það bara býsna vel, meira að segja þeim sem eru kenndar við alls konar fallegar skammstafanir eins og OECD og EB og eitthvað þaðan af meira, lengra eða styttra. Ég skal ekki vera að gefa einkunnir um miðjar nætur þegar svefngalsi gæti orðið til þess að frammíkallendur vöknuðu til lífsins. Það er háskalegt. En mér er alvara. Ég veit ósköp vel að þetta er hægt.

Það er líka hægt að skattleggja fjármagnstekjur eins og aðrar tekjur og hvers vegna í ósköpunum er ekki búið að gera það? Mikið vildi ég óska að áhrif Alþfl. innan ríkisstjórnarinnar væru meiri hvað þetta varðar og minni varðandi Evrópumálin. En því miður er það ekki svo heldur þveröfugt. (**Gripið fram í:** Þetta er allt Sjálfstfl. að kenna.) Ég heyri að hv. frammíkallandi er að vakna til lífsins. (**ÖS:** Hv. frammíhvíslandi.) Ég verð ekki vör við að hér sé neinn frammíhvíslandi. Hins vegar er þaulvanur frammíkallandi staddur í salnum og hefur ýmsa tilburði sem ég ætla ekki að fara að lýsa hér.

Ég veit að vegna þreytu og vöku reyna menn að gera sér eitthvað til dundurs til þess að halda sér vakandi. Vitrænast væri auðvitað að vera löngu hættur þessu streði og viðurkenna það, og þá kem ég aftur að þessum skorti á raunsæi, að það þarf að taka tíma í jafnmiklar aðgerðir í ríkisfjármálum og þetta frv. er og

það sem því hefur fylgt á öllum stigum málsins.

Ég lofaði því að ég mundi geta bæði kosta og galla. Vissulega fagna ég því að fallið skuli hafa verið frá því að ráðast á barnafólk gegnum barnabæturnar en ég hef alvarlegar áhyggjur af því að nú skuli vera farið út á þá braut að skerða persónuafslátt. Það hefur enginn efast um að frekar þyrfti að hækka persónufrádráttinn en lækka. Um leið og farið er út á þá braut að skerða persónuafslátt, þá tel ég að dæmin sýni okkur að meira geti fylgt á eftir og verra. Lágtekjumenn eru ekki of *sælir af sínu og við vitum alveg hvernig fór þegar byrj*að var að leggja á matarskatt. Það var eins og að rétta ónefndum íbúa neðri byggða litla fingur. Þetta bara versnaði og versnaði. Ég óttast líka að þessi aðgerð brjóti ísinn og það er ekki svo gleðilegt að hugsa þá hugsun til enda hverjir detta ofan í þá vök.

Ég mun ekki fara yfir alla efnisþætti þessa frv. en vil þó vekja athygli á að sumar af þeim leiðum sem hér eru farnar væru hugsanlega færar ef öðrum álögum væri létt af láglaunafólki. Ef t.d. virðisaukaskatti yrði létt af mat og drykk, sem teljast til nauðþurfta hjá ýmsum þjóðum og bera því núllskatt eða mjög lágt þrep í virðisaukaskatti, væru ráðstöfunartekjur fjölskyldna þó orðnar töluvert meiri. Þar af leiðandi má velta fyrir sér ýmsum aðgerðum og ég tel að með meira raunsæi og meiri réttsýni hefði verið hægt að gera frv. af því tagi sem við ræðum mun réttlátara heldur en það nú er. Ég veit það vel að ástæðan fyrir því að ráðist er á persónuafsláttinn og nauðþurftirnar er að það er tiltölulega auðvelt að ná þessu af fólki. Hins vegar eru til heilmiklar skýrslur um hvernig eigi að bera sig að því að ná af þeim sem hafa meira á milli handanna, t.d. þeim sem leggja fyrir sig skattsvik. Ég held að menn eigi ekki alltaf að einblína á einföldustu leiðirnar ef þær eru óréttlátar.

Þessa heildarsýn réttlætis væri áreiðanlega hægt að finna í góðu samstarfi við stjórnarandstöðuna. Ég verð að viðurkenna að ég hafði ekki mikla trú á því fyrr á þessu hausti þegar blásið var til samstöðu en það vakti þær einu vonir sem maður hafði og vissulega vonaði ég í lengstu lög að það yrði þjóðarsátt um réttlæti. Svo varð ekki. Þótt ég hafi ekki niðurstöðuna nákvæmlega reiknaða varð hún því miður sú að hér er verið að bæta verulegum álögum á lágtekjufólk og það er það alvarlegasta.

Ég sé ástæðu til að drepa á tvö önnur atriði þótt liðið sé á nótt. Ég setti mig ekki á mælendaskrá til þess að fara út í eitthvert málþóf eins og oft er verið að bera okkur á brýn og ég tel mjög óréttlátt. Ég hef hvorki áhuga á því að flytja né hlýða á innihaldslausar ræður og ég tel að fólk sem hefur enga sannfæringu ætti ekki að vera pólitík. Ég er í pólitík vegna þess að ég hef sannfæringu og eina ráðið til að koma henni á framfæri er að vinna að þeim málum sem ég tel til *heilla horfa og jafnframt reyna að koma í veg fyrir* þær alvarlegustu skyssur sem mér sýnast vera í uppsiglingu. Ein þessara skyssa er varðandi þann virðisaukaskatt sem til stendur að setja á íslenskar bókmenntir. Ég vil orða það þannig vegna þess að ég tengi þennan skatt í fyrsta lagi við framtíð íslenskrar menningar, sem mér er mjög annt um, og í öðru lagi við framtíð íslenskrar æsku, sem er í skólum og á ekki annarra kosta völ en nýta sér það að koma sér upp einhverjum bókakosti til þess að halda áfram í námi, en nám er án efa það veganesti sem við getum boðið börnum okkar og unglingum upp á til framtíðarinnar.

Einnig er hér um tjáningarfrelsi að ræða sem við tengjum við fjölmiðla og ég vil vekja athygli á því að stéttarfélag mitt, Blaðamannafélagið, hefur bent á hversu háskalegt þetta er lýðræðinu. Ekki má gleyma *því að það er hætt við að atvinna gæti flust úr landi* ef það verður mikill samdráttur á þessu sviði og ekki megum við við því núna. Það gleymist nefnilega að það er ekki bara íslensk menning sem nýtur góðs af öflugri bóka- og blaðaútgáfu heldur einnig íslenskt atvinnulíf. Ég gæti farið með töluvert tölfræðilegt efni og hafði raunar hugsað mér að gera það. Ég geri ráð fyrir að menn sem áhuga hafa á geti kynnt sér það og svo er 3. umr. eftir en mín ósk er sú að við sjáum þetta frv. í öðru formi þegar svo langt er komið.

Kem ég þá að því síðasta sem ég tel ástæðu til að nefna sérstaklega. Það er varðandi ferðamálin. Það skýtur nokkuð skökku við að grípa til þess á samdráttartímum að skattleggja sérstaklega þá atvinnugrein sem hefur verið í mestri framþróun að undanförnu og gengur næst sjávarútvegi sem okkar stærsta og öflugasta gjaldeyrisskapandi atvinnugrein. Þetta er jafnframt sú atvinnugrein sem getur tekið við flestum störfum til aldamóta. Nú munu um 6.000 manns starfa við ferðaþjónustu og margfeldiáhrif þá ekki reiknuð inn í. Það er talið raunhæft að 2.200 ný störf verði til í atvinnugreininni til aldamóta, þ.e. ef hún býr við viðunandi samkeppnisskilyrði. Að þessu er verið að höggva núna og það tel ég ekki bara stórháskalegt heldur enn og aftur dæmi um þann skort á raunsæi sem ég sé í þessu frv. og ýmsum fleiri aðgerðum ríkisstjórnarinnar, bæði hvað varðar samskipti um lögbundið og réttkjörið þing og eins í tillögum.

Ég verð að viðurkenna það að ég get ekki upplifað þessa aðför að ferðaþjónustu með öðrum hætti en þeim að mér sýnist að hér sé verið að taka eitt af fjöreggjum þjóðarinnar, spæla það og borða blómann. Ég tel þetta ekki hyggilega gert. Ég veit að gripið hefur verið til mildandi ráðstafana en það er einfaldlega ekki nóg. Samkvæmt þeim plöggum sem við höfum úr fjmrn. og ég geri ráð fyrir að séu gild eiga að koma inn vegna þessa virðisaukaskatts 550 millj. á einu ári, þ.e. hótelgisting og fólksflutningar, og lækkun á gjöldum á móti gerir alls ekki nóg til að koma þarna á móti, enda er það mat manna í þessari atvinnugrein að hér sé farið út á mjög háskalega braut. Ég var einhvers staðar með þetta nákvæmar útlistað en þar sem ég hef tekið tillit til þess að hér eru fleiri en ég sem hafa áhuga á því að ná einu sinni alla vega einhverjum næturSvefni sem er með eitthvað minni niðurskurði en lífskjörin eru eftir meðferð ríkisstjórnarinnar, þá ætla ég ekki að fara í gegnum tölfræðiefni og umsagnir núna.

Ég held að ég láti þá þetta duga í bili og vona að teikn séu á lofti um það að einn góðan veðurdag muni ríkisstjórnin og forsvarsmenn hennar, bæði ráðherrar

og aðrir, fá svolítið meira raunsæi í veganesti í samskiptum við almenning og fari kannski að hlusta betur á raddir þeirra sem gagnrýna þær aðgerðir sem í frv. eru. Ég ítreka það að þótt margoft hafi verið sagt að þær úrbætur sem við bendum á í staðinn dugi ekki nógu vel, þá fer það raunar eftir því hversu margt er gert og t.d. hversu hár hátekjuskattur er settur og hversu vel gengur með skattheimtu. Það er ýmislegt hægt að gera og þetta vonleysistal er algerlega óþarft.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það skal vera örstutt. Ég ætla ekki að gera athugasemdir við skoðanir hv. þm. á aðgerðunum og einstökum þáttum aðgerðanna sem hv. þm. nefndi í sinni ræðu. Þar greinir okkur á og það hefur þegar komið vel fram. Ég vil einungis geta þess af því að mér finnst nauðsynlegt að það komi fram í framhaldi af hennar máli að þegar litið er á heildina varðandi ferðaiðnaðinn og ferðamannaþjónustuna, þá bætir hluti hennar stöðu sína og það er veitingareksturinn. Með því að fella niður aðstöðugjald og tryggingagjald, þá verkar það til bóta fyrir veitingareksturinn upp á 200 millj. kr. Þegar allt er saman talið, eins og fram kemur frá Þjóðhagsstofnun, er einungis um 50 millj. skattaukningu að ræða og er þá ekki tekið tillit til áhrifa gengisfellingarinnar. En eins og allir sjá og vita þá er þetta útflutningsgrein á vissan hátt og þegar verð er auglýst á íslenskum vörum koma út færri einingar í erlendri mynt, einkum og sér í lagi þeirri sem ekki var felld jafnhliða íslensku myntinni. Þetta finnst mér rétt að komi fram til þess að fylla út þá mynd sem varðaði ferðamannaþjónustuna, en ég er sammála skoðun hv. þm. um það að ferðamannaþjónustan er mikilvægur vaxtarbroddur íslensks atvinnulífs.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vona það að síðustu orð hæstv. ráðherra séu meira en orðin tóm og það verði gengið í það með betri hætti að bæta stöðu þeirra greina innan ferðamannaþjónustunnar sem ekki bæta stöðu sína með þessum aðgerðum. Því það er alveg ljóst að við höfum afskaplega lítið við öflugan veitingarekstur að gera í landinu ef gisting og samgöngur búa við aðstæður sem verða þeim ekki til lífs.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég óskaði eftir því áðan í þingskapaumræðu að hæstv. forsrh. yrði við og vil þakka hæstv. forsrh. fyrir að vera kominn í salinn. Ég óskaði eftir því að hv. 5. þm. Norðurl. v. yrði hér við þar sem nú er kominn nýr dagur. Afmælisfriðhelgi virðum við að sjálfsögðu en eftir slíkan dag kemur nýr vinnudagur, að sjálfsögðu einnig hjá hv. 5. þm. Norðurl. v. En eins og allir vita er hann formaður efh.- og viðskn. Þessu vil ég koma á framfæri strax í upphafi ræðu minnar. (**Forseti:** Forseti trúir því að hv. 2. þm. Vestf. hafi skilning á því að hv. 5. þm. Norðurl. v. er ekki hér. Hins vegar er hér varaformaður efh.- og viðskn., hv. 11. þm. Reykn., sem er tilbúinn að vera við umræðuna og svara ef einhverjar spurningar koma frá hv. þm. sem hann vill bera til varaformanns nefndarinnar. Treystir forseti því að hv. þm. hafi skilning á þessu.)

Hæstv. forseti. Það er nú eins og að fara fram á að ég hengi bakara fyrir smið ef ætlast er til þess að ég fari að ráðast á hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, 11. þm. Reykn., þegar ég þarf að eiga orðastað við hv. þm. Vilhjálm Egilsson. Sé það upplýst af forsetastóli að hann verði fertugur tvo daga í röð á þessu ári, þá skal ég ekki eyða meiri tíma í það að ræða það mál. En það má með ólíkindum heita ef svo stendur á hjá manninum.

Ég hef hlustað á hæstv. fjmrh. standa hér upp í andsvörum. Hann er búinn að gera það af og til í allan dag. Það merkilega við þessi andsvör er að þau byrja á sama veg og enda á sama veg. Þetta minnir á það í gamla daga þegar ég var að glíma við grammófóninn heima og var að spila plöturnar. Sumar voru orðnar gamlar og nálin festist, fór sama hringinn aftur og aftur og það var náttúrlega tilviljun hvaða texti dundi á þar til ég hafði fært nálina úr stað. Í fáum orðum er boðskapur fjmrh. þessi: Við sem höfum vinnu eigum nú að taka á okkur skattbyrðar til þess að fjölga störfum í landinu til þess að þeir sem ekki hafa vinnu fái vinnu. Þetta er boðskapur hæstv. fjmrh. Þetta er góður boðskapur. Hann er drengilegur og sannkristinn. Það furðulega er hvers vegna Þjóðhagsstofnun hefur ekki frétt af þessu. Þjóðhagsstofnun hefur látið þau boð út ganga að gert sé ráð fyrir meira atvinnuleysi á næsta ári en árinu í ár. Getur hugsast að Þjóðhagsstofnun fylgist ekkert með góðum vilja hæstv. fjmrh.? Rengir Þjóðhagsstofnun orð hæstv. fjmrh.? Hvers vegna er Þjóðhagsstofnun núna í svartasta skammdeginu að halda því fram að atvinnuleysi á næsta ári verði meira en á þessu ári þegar alþjóð veit að hæstv. fjmrh. er að leggja á mestu skatta í sögu lýðveldisins til þess að bjarga málinu? Er ekki nóg sem hvílir á hæstv. fjmrh. þó að Þjóðhagsstofnun sé ekki farin að ráðast á hann opinberlega með þessum hætti? Eru engin takmörk fyrir því hvað embættismenn þessa lands láta sér detta í hug? Eða er kannski tilfellið að hæstv. fjmrh. hafi sagt Þjóðhagsstofnun í trúnaði að ekkert útlit væri fyrir það að þessir peningar færu í þessa hluti, þeir ættu að fara í annað?

Það hefur verið sagt úr þessum ræðustól að búið sé að ráða einn starfsmann til Brussel upp á 800 þús. kr. á mánuði. Það þarf nú að taka nokkuð marga fyrir með 70 þús. á mánuði og skattleggja þá til að á slíkri upphæð.

Ein af merkari bókum sem er í jólabókaflóðinu núna heitir „Mamma, ég var kosinn." Eigum við kannski von á því að fyrir næstu áramót birtist bók sem heitir „Mamma, ég var ráðinn" því að allir vita að það er greitt um 25% hærra kaup úti í Brussel en í stjórnarráðum aðildarríkjanna að Efnahagsbandalaginu? Það væri ekki dónalegt ef margir gætu sagt móður sinni fyrir næstu jól: Mamma, ég var ráðinn.

En alvaran á Íslandi virðist vera orðin mikil. Hér er ég með frétt úr Dagblaðinu frá föstudeginum 18. des.: „Héraðsdómur Reykjaness í máli byggingarverktaka

sem stefndi tæknifræðingi. Dæmdur til fébóta fyrir að leggja rangt saman.“ Það er ekkert sem heitir, með leyfi hæstv. forseta:

„Tæknifræðingur í Hafnarfirði hefur verið dæmdur til að greiða byggingarverktaka tæpa 1 millj. kr. í bætur vegna samlagningarskekkju í tilboði sem tæknifræðingurinn tók að sér að gera fyrir hinn á árinu 1988. Upphæðin sem hann var dæmdur til að greiða nam þó ekki nema litlum hluta af upphaflegri kröfu byggingarverktakans. Málið kom upp eftir að verktakinn tók að sér að byggja iðnaðarhús í Hafnarfirði. Dóminn kváðu upp Már Pétursson, héraðsdómari á Reykjanesi, og meðdómsmennirnir dr. Ragnar Ingimarsson og dr. Maggi Jónsson arkitekt.“

Ég veit ekki til — það er vafalaust þekkingarleysi mitt — að menn hafi áður verið dæmdir í sekt upp á 1 millj. fyrir að leggja rangt saman. En þetta hlýtur að vera nokkuð sem hæstv. fjmrh. er búinn að koma á framfæri til undirmanna sinna í ráðuneytinu, til starfsmanna í Þjóðhagsstofnun og efnahagssérfræðinga ríkisstjórnarinnar að svo geti farið að menn verði dæmdir fyrir margföldun, fyrir deilingu og fyrir frádrátt nema ráðherrann taki sig til og bjóði bara verkið út þannig að hann geti á einfaldan hátt saksótt þá aðila sem valda því ef nú verður vitlaust reiknað. — Ég sé að hæstv. fjmrh. er þegar farinn í símann til þess að tilkynna undirmönnum sínum að nú sé ákvörðun tekin um að þeir verði allir lögsóttir ef þeir hafa lagt vitlaust saman, margfaldað vitlaust eða deilt vitlaust. Hér duga engin vettlingatök.

En þá er það spurningin, verður þetta líka látið gilda um efh.- og viðskn. þingsins og væri nú ekki heiðarlegra ef hv. 5. þm. Norðurl. v. fengi að vita af þessu? Nei. Við köllum menn, sem gera mistök, til ábyrgðar fyrir dómstólakerfi þessa lands. En ráðherrar landsins eru svo vel varðir að það þarf meirihlutasamþykkt á Alþingi fyrir því að það megi stefna þeim fyrir landsdóm hvaða mistök sem þeir gera.

Hæstv. fjmrh. á merka sögu á Alþingi Íslendinga. Hann hefur barist gegn skatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði allan þann tíma sem hann hefur verið í stjórnarandstöðu, flutt gagnmerkar ræður um málið, hlotið óspillt lof út um alla Reykjavík, út um hinar dreifðu byggðir. Ég segi ekki að hann hafi verið borinn á höndum sér af ákveðnum hópum í þessu samfélagi. Nú segir hann aftur á móti: Ég er búinn að leggja niður aðstöðugjaldið. Nú er allt í lagi að hafa skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. En er þá málið svona einfalt? Frammi fyrir hvaða vanda stendur borgin Reykjavík í dag? Vita menn það eða gera þeir sér ekki grein fyrir því? Hún stendur frammi fyrir þeim vanda að hún er í samkeppni við aðrar verslunarborgir í Evrópu og ef hún stendur sig ekki í samkeppninni, ef hún verður undir, þá minnka tekjurnar sem hæstv. fjmrh. fær í kassann. Verslunarstétt Íslands er búin að vara hæstv. fjmrh. við. Hann fær engan skatt af skrifstofunum í Glasgow, Dublin eða á öðrum stöðum þar sem innkaupin fara fram. Ef við bíðum eftir hruni í þessum efnum, þá minnka tekjur ríkissjóðs enn. Því miður er það svo að hafi einhvern tíma verið nauðsyn í þessu landi að leggja skattinn af til þess að tapa ekki versluninni út úr landinu þá er það í dag vegna þess að munurinn á flugfari til Egilsstaða og á flugfari til meginlandsins hefur aldrei í sögunni verið minni og þetta veit hæstv. fjmrh. mætavel. Þetta veit formaður efh.- og viðskn., þetta veit varaformaður efh.- og viðskn. en engu að síður er horft á þá staðreynd að ganga þannig frá málum að íslenska verslunin hefur ekki samkeppnisstöðu við þá verslun sem hún þarf að keppa við. Er svo komið fyrir flokknum, sem barðist hvað harðast fyrir seinustu kosningar undir merkinu að þeir ætluðu að lækka skattana, að ég tel að aðeins þrír hv. þm. í Sjálfstfl. muni greiða atkvæði gegn þessum skatti.

Íslenska ríkisstjórnin stendur frammi fyrir því að umsvifin í samfélaginu eru að dragast saman. Ef umsvifin í samfélaginu dragast saman áfram á næsta ári þá verður ríkisstjórnin enn fjær því að ná endum saman í útgjöldunum. Í Bandaríkjunum er halli á ríkissjóði. Bandaríska þjóðin kaus mann til forustu sem er ákveðinn í því að auka veltuna í Bandaríkjunum og þegar hefur orðið milli 15–20% aukning í bílasölu í Bandaríkjunum. Vextirnir eru hafðir lágir í Bandaríkjunum. Það fyrsta sem hæstv. fjmrh. gerði þegar hann tók við, og það var hluti af efnahagsstefnu hæstv. núv. forsrh., var að keyra vextina upp og það var banabiti þeirrar efnahagsstefnu sem fór af stað. Þeir voru að koma í veg fyrir það að þeir fengju peninga í ríkiskassann. Þeir voru að draga saman umsvifin í íslensku samfélagi. Þeir voru að grafa sína eigin gröf vegna þess að íslenska ríkið lifir á veltunni, það lifir á umsvifum hins íslenska samfélags.

Hér kom inn á Alþingi Íslendinga varaþingmaður í haust, varaþingmaður að austan. Hann lagði eina skriflega fyrirspurn fyrir hæstv. dómsmrh. Með leyfi forseta vil ég lesa hér upp það merka svar sem kemur og kynna textann. Fyrirspurnin var frá Hermanni Níelssyni um gjaldþrot fyrirtækja. (Gripið fram í.) Ég heyri að sumir hafa heyrt þennan texta áður og sumir margoft. Í svarinu kemur fram að yfir 540 fyrirtæki hafi verið úrskurðuð gjaldþrota á því tímabili sem um var spurt en það athyglisverða við þetta er það að dómsmrn. íslenska treystir sér ekki til þess að svara fsp. Það svarar ekki skriflegri fyrirspurn um málið heldur segir aðeins:

„Upplýsingar um lýstar kröfur liggja ekki fyrir enda tíðkast ekki að málaskrár séu svo ítarlegar að rekja megi lýstar kröfur með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.“

En þar að auki kemur fram í svarinu að þeir vita ekki hvar 56 fyrirtæki af þessum 540 voru skráð. Það má með ólíkindum heita ef þau hafa verið skráð uppi á jöklum eða úti á sjó. Ég hélt að lægi nokkuð ljóst fyrir með hreppabörn og fleira á Íslandi. En liðirnir sem ekki fæst svar við eru:

Hve háar upphæðir var um að ræða í hverju sveitarfélagi og í heild yfir landið í lýstum kröfum?

Hvernig skiptust lýstar kröfur á milli opinberra sjóða, banka og fyrirtækja, hve mikið tapaðist og hvernig skiptust töpin á milli sveitarfélaga?

Ekkert svar. Hvernig samfélag erum við komnir inn

í? Eru menn hættir að halda skrár yfir það sem gerist í landinu? Einu sinni voru til annálaritarar sem vöktu við kertaljós til að skrá niður staðreyndir. Núna láta menn sig engu skipta hvað er að gerast. Vita menn ekki hvað gerist ef gjaldþrota fyrirtæki greiðir ekki skuldir sínar? Það sem gerist er einfaldlega það að menn sem áttu með réttu peninga hjá öðrum fá þá ekki greidda og verið er að hægja á öllum umsvifum í samfélaginu. Ekki einu sinni er skráð hvaða upphæðir er verið að taka af mönnum með þessum hætti. Hvað er að gerast? Það er ekki haldin skrá yfir þetta.

Einn af þeim mönnum sem ég vissi fyrir mörgum árum að hafði mikil áhrif á skoðanamyndun Íslendinga vegna umsvifamikillar útgáfustarfsemi var Magnús Hreggviðsson. Hann er nú stjórnarformaður Fróða og formaður Samtaka útgefenda tímarita, SÚT. Hann er einn af þeim sem hefur stutt Sjálfstfl. lengi. Hann er einn af þeim sem í prentuðu máli hefur trúlega komið meiri boðskap á framfæri fyrir því að heilbrigt einkaframtak eigi rétt á sér. Hann hefur verið metnaðarfullur í útgáfu þeirra tímarita sem hann hefur staðið að. Nú stendur hann frammi fyrir því að ef Íslendingur kaupir tímarit frá Bretlandi þá er ekki greiddur virðisaukaskattur ef tímaritið er keypt í áskrift, en ef tímarit er keypt af honum þá verður greiddur af því virðisaukaskattur. Þetta þýðir það að ef hann vill keppa þá verður hann að flytja útgáfustarfsemi sína úr landi. Svo einfalt er málið. Því ef rit hans eru í áskrift og koma gegnum póstinn frá Bretlandi, Danmörku eða Svíþjóð þá borgar hann ekki virðisaukaskattinn. Vandamálið hjá þessum manni er aftur á móti allt annað. Hann hefur starfsmenn í vinnu á Íslandi, stóran hóp manna og hann stendur frammi fyrir því að þurfa að segja við stóran hluta þessara starfsmanna ef þetta verður gert: Því miður verð ég að segja ykkur upp. Ef þið flytjið úr landi þá getur verið að ég geti látið ykkur hafa atvinnu.

Ég hélt einu sinni að í fremstu víglínu hjá Sjálfstfl. færu ekki aðrir menn en þeir sem væru bisnissmenn eða hefðu komið nálægt atvinnurekstri. Hæstv. fjmrh. segir hér í stólnum: Ég þekki til úti á landi, ég vann úti á landi. Það var nú svo. Ég er með tímaritsgrein sem heitir „Árangur eftir ríkisstjórnum" og þar er m.a. stutt verklýsing æviferils hvers og eins ráðherra. Með leyfi hæstv. forsrh. og leyfi hæstv. forseta ætla ég að fá að lesa upp verklýsingu á æviferli forsrh. og fjmrh. til þess að menn átti sig á því hvort þarna séu þeir bisnissmenn á ferðinni með reynslu í einkageiranum sem flestir trúa að sé til staðar.

„Davíð er fæddur 17. jan. 1948 í Reykjavík. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1970 og lauk lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1976. Á námsárum sínum í háskólanum má segja að hann hafi komist mest í tæri við einkageirann. Hann var skrifstofustjóri Leikfélags Reykjavíkur 1970–1972. Þingfréttaritari Morgunblaðsins 1973–1974. Starfsmaður Almenna bókafélagsins 1975.

Hann varð skrifstofustjóri Sjúkrasamlags Reykjavíkur á árunum 1976–1978 og framkvæmdastjóri þess frá 1978–1982. Frá 1982–1991 var hann borgarstjóri í Reykjavík. Síðan 30. apríl 1991 hefur hann verið forsrh.

Þess má geta að Davíð var fyrst kjörinn í borgarstjórn árið 1974 þegar hann var í lögfræðinámi við Háskóla Íslands.

Niðurstaðan er þessi: Davíð hefur unnið hjá hinu opinbera frá því hann lauk námi í lögfræði 1976, eða í 16 ár." (**ÖS:** Af hverju ertu að þreyta fólk með þessu?) Hér hefur aðeins einn maður látið í það skína að hann væri þreyttur og var nú að ganga í salinn. Mig undrar það ef komin er uppgjöf í hv. 17. þm. Reykv. sem er ekki vanur að kveinka sér. Þessar upplýsingar eru á þann veg að það er sagt að hann hafi mest komið í nágrenni við einkaframtakið þegar hann var í háskólanum.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt líka að fara yfir starfsferil hæstv. fjmrh., sérstaklega vegna þeirra ummæla að hann lýsti því yfir að hann hefði þekkt til úti á landi, unnið úti á landi ef ég heyrði þetta rétt.

„Friðrik Sophusson er fæddur í Reykjavík 18. okt. árið 1943. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1963. Hann lauk lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1972. Á námsárum sínum í háskólanum vann hann sem stundakennari í gagnfræðadeild Hlíðaskóla í Reykjavík.

Að loknu lögfræðinámi 1972 varð Friðrik framkvæmdastjóri Stjórnunarfélags Íslands og gegndi því starfi til ársins 1978 þegar hann varð þingmaður Reykvíkinga. Frá 1978 hefur Friðrik gegnt þingmennsku og þegið laun frá ríkinu. Hann var iðnrh. í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar 1987–1988. (**Gripið fram í:** Hvar hefur þú unnið?) Frá 30. apríl 1991 hefur hann verið fjmrh.

Niðurstaðan er sú að Friðrik hefur meiri hlutann af starfstíð sinni unnið hjá ríkinu, eða í 14 ár. Í einkageiranum, hjá Stjórnunarfélagi Íslands, hefur hann hins vegar unnið í 6 ár. Samtals á vinnumarkaði í um 20 ár."

Hvergi í þessum texti er getið um þessi miklu störf úti á landi. Hins vegar veit ég að hæstv. fjmrh. átti tengdir vestur á Firði og þar var vel rekið útvegsfyrirtæki sem þoldi það að hafa hann sem afleysingaraðila á sumrin af og til þannig að ég veit að hann hefur komið vestur á Firði.

En það er aftur á móti hæstv. félmrh. sem hefur unnið í einkageiranum. Það blasir við. Ég hygg að forvitnilegt væri að skoða að það er merkt með gulu sem bara hefur verið unnið í opinbera geiranum en með grænu sem hefur verið unnið í einkageiranum — og grænn er að sjálfsögðu litur Framsfl. En tveir af ráðherrum vors lands, af sjálfstæðismönnum, eru bara gulir, örlar ekki fyrir einni einustu grænu doppu. Og það er einn af ráðherrum Alþfl. sem er bara gulur. Aftur á móti verður að segjast eins og er að hæstv. félmrh. veit hvað hinn harði einkageiri er og það veit líka hæstv. sjútvrh. sem reyndar kynntist honum sem ritstjóri á dagblaði.

Ég held nefnilega að þetta sé dálítið umhugsunarefni vegna þess að menn hafa fengið þá mynd af Sjálfstfl. og efnahagsstefnunni að þetta væri flokkur-

inn sem væri að vinna fyrir einstaklingsframtakið í landinu, að ég tali nú ekki um það sem kom fram hjá hv. þm. Inga Birni Albertssyni, hv. 5. þm. Reykv., sem vissulega sópaði fylgi að flokknum í Reykjavík í seinustu alþingiskosningum. Honum var brugðið þegar hann flutti ræðu sína hér í stólnum. Hins vegar er hv. þm. karlmenni og þorði að segja það sem honum bjó í brjósti og það er ekkert vafaatriði að slíkir þingmenn munu hafa traust íslenskrar þjóðar.

Hann minnti flokksbræður sína á það hvað hafði verið sagt fyrir kosningar og hvað var sagt í dag. Hann bað hæstv. fjmrh. að svara aðeins einni spurningu. Hann bað hann að segja sér hvernig maðurinn með 70 þús. kr. mánaðarlaunin gæti risið undir þeim byrðum sem verið væri að leggja á hann. Og hann lofaði að styðja þetta frv. ef hæstv. fjmrh. svaraði þeirri spurningu. Það getur vel verið á þeim klukkutímum sem eftir lifa þar til þetta frv. verður borið undir atkvæði að hæstv. fjmrh. segi hv. 5. þm. Reykv. þetta. En úr þessum ræðustól kom svarið ekki. Þar var gamla platan, sem ég minntist á áðan, um aðgerðirnar til að koma í veg fyrir atvinnuleysið sem Þjóðhagsstofnun hefur ekki frétt af. Hins vegar fannst mér mjög undarlegt þegar hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn., taldi að þessi ræða væri flutt á röngum stað.

Ég hef hugsað mikið um þessi orð í kvöld. Hvar á stjórnmálamaður, sem á sæti í efh.- og viðskn. þingsins, skrifar undir álit með fyrirvara og þarf að gera grein fyrir því í hverju fyrirvari sá er fólginn, að flytja ræðu sína ef hann á ekki að flytja hana úr þessum stól? Ég tel að hv. 11. þm. Reykn. skuldi þinginu svar við því. Er svo komið fyrir Alþingi Íslendinga að menn telji að þar eigi ekki að segja frá því sem er að gerast? Eru menn virkilega að halda því fram að það eigi í áróðri út um borgina og landið að dreifa einhverju til að reyna að slæva dómgreind almennings í stað þess að segja sannleikann úr þessum stól um það sem verið er að gera? Hvað var það sem hv. 5. þm. Reykv. var í reynd að segja úr þessum stól? Hann var að segja það að hann vissi ekki hvernig menn gætu leyst eða borið þær byrðar sem verið væri að leggja á þá. Hvað gerist ef einstaklingur getur ekki borið þær byrðar sem verið er að leggja á hann af hinu opinbera? Það byrjar með því að Gjaldheimtan sendir honum bréf. Ef viðkomandi einstaklingur á einhverjar eignir er næsta stigið að þær eru auglýstar á nauðungaruppboði á síðum Morgunblaðsins og þriðja er að uppboðið fer fram. Það er það sem gerist ef byrðarnar, sem lagðar eru á fólkið í landinu, eru meiri en það fær risið undir. Svo einfalt er það mál. Það mega vera nokkuð góð markmið sem menn hafa ef þeir telja að þetta sé réttlætanlegt.

En svo kemur annað inn í dæmið. Húsnæðisstofnun ríkisins hefur ráðið í þjónustu sína leiðbeinendur sem hafa sagt fólki hve hátt lán það gæti tekið og greitt. Menn hafa verið að greiða 10–20% eða 25% af útborgunarverði í íbúðum og tekið hitt að láni. Það hefur verið reiknað út að þeir ættu að geta staðið við þessar greiðslur. Ef hægt er að dæma tæknifræðinginn til að borga 1 millj. kr. í bætur fyrir að leggja vitlaust saman hvað er þá hægt að dæma sérfræðinga Húsnæðismálastofnunar til þess að borga mikið ef þetta þýðir ekki aðeins að þeir tapi íbúðinni sem þeir voru búnir að kaupa heldur tapi líka 25% af útborgunarverðinu sem þeir áttu að greiða? Menn þurfa að vera doktorar í fleiru en fisksjúkdómum og slíku ef þeir eiga að geta svarað þessu. En kannski finnst mönnum þetta ekkert alvarlegt mál.

Ég trúi því að margt alþýðufólk í landinu trúi á sérfræðinga, veigri sér við að reikna, trúi á tölvurnar. Það settist fyrir framan þessa sérfræðinga. Það var búið að segja því að það ætti að fá leiðbeiningarnar þarna. Þetta væru menn sem kynnu að reikna. Og það fór að ráðleggingunum. Hvar er ábyrgðin? Er ekki tími til kominn að menn geri upp við sig að það verður að vera einhver ábyrgð í því sem verið er að gera?

Ég er búinn að vera hér á Alþingi Íslendinga frá 1979. Nánast á hverju einasta þingi koma ný og ný frumvörp um húsnæðismálin. Á skrifstofu minni er ég með bréf frá manni sem átti lánsloforð samkvæmt gamla kerfinu. Hann var settur út af sakramentinu þar vegna þess að ákveðið var að hætta við að standa við loforðið. Hann er gjaldþrota í dag vegna þess tiltækis. En það var ekki það sem honum fannst sárast heldur hitt að hann hafði beðið vin sinn að skrifa upp á persónulegar skuldbindingar, og hann vissi að þær skuldbindingar mundu falla á hann. Hann gerði þetta eftir að hann var búinn að fá loforð um það að fá lán frá Húsnæðisstofnun, að vísu með því fororði ef lögunum yrði ekki breytt. Ég veit ekki hvaða fororð sérfræðingarnir settu inn í textann varðandi leiðbeiningarnar um kaupin. Var sett það fororð inn að það væri byggt á því að það kæmu ekki verri ríkisstjórnir yfir Ísland en sætu þegar sérfræðingarnir leiðbeindu? Hver ber ábyrgð á þessu? Er nokkuð skrýtið þó að menn vilji að þessi umræða fari fram um svarta nótt?

Í Vikublaðinu, 17. des., með leyfi hæstv. forseta, greinir frá jólaskattinum. „Jólaskattarnir eru 7,6 milljarðar“ stendur í því blaði. Af því að menn hafa mest lesið upp úr Morgunblaðinu þá leyfi ég mér til tilbreytingar að lesa upp örstuttan pésa, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir síðustu kosningar sagði Davíð Oddsson, formaður Sjálfstfl.: „Við getum lækkað skattana en samt sem áður geta tekjur ríkisins vaxið alveg eins og gerst hefur hjá Reykjavíkurborg.““

Auðvitað vildu menn kjósa slíkan mann, mann sem ætlaði að láta tekjur ríkisins vaxa en skattana lækka. Hann sópaði að sér atkvæðum, myndarlegur maður, kom vel fyrir, glaðlegur og meira að segja gamansamur, átti til að segja skemmtilega hluti og koma mönnum á óvart. En þetta atriði að ætla að lækka skattana og auka tekjur ríkisins var slíkt undralyf að það væri ekkert skrýtið þó að menn væru reiðubúnir að kjósa þennan mann sem í dag er hæstv. forsrh. Jólagjöf ríkisstjórnarinnar lítur svona út, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú eru stjórnarflokkarnir, Sjálfstfl. og Alþfl., að hrinda í framkvæmd skattahækkunum sem nema alls 7,6 milljörðum kr. og hækka til að mynda beina skatta um 31%.“ — Hinir beinu skattar eru skattarnir sem koma mest við launafólk.

„Skattahækkanirnar koma mjög hart niður á barnafólki, húsnæðiskaupendum, sjúklingum, ellilífeyrisþegum og öryrkjum og tekjujöfnunaraðgerðum til þess að verja kaupmátt láglaunafólks er ekki beitt."

Jólagjöf ríkisstjórnarinnar í ár er svona:

„Beinir skattar 3,1 milljarður, virðisaukaskattur 1,8 milljarðar, bensíngjald 350 millj., barnaskattur 500 millj., vaxtaskattur (1994) 500 millj., meðlagshækkun 715 millj., hækkun tannlækna-, lyfja- og lækniskostnaðar 600 millj."

Er nokkuð skrýtið þó að menn spyrji: Var til einn einasti maður í hópi stuðningsmanna þessarar ríkisstjórnar sem kaus hana fyrir síðustu kosningar sem bjóst við þessum jólaglaðningi? Ég held að ekki hafi verið til einn einasti maður í þeirra liði sem bjóst við þessu. En það þarf vissulega árræði til að leggja þetta til.

Hér var sýndur kosningapési frá Alþfl. Þar lýsti vafalaust ágætur maður því yfir — það var mynd af honum í pésanum — að hann kysi Alþfl. af því að hann mundi ekki hækka tekjuskattinn. Og hv. 11. þm. Reykn. sagði í sæti sínu: Hann skilur okkur. En veit hv. 11. þm. Reykn. hvað þeir blekktu marga til þess að kjósa Alþfl. út á traustið sem þeir höfðu á þessum gamla manni? Það hefði ekki þýtt fyrir Alþfl. að setja mynd af Jóni Baldvini Hannibalssyni, hæstv. utanrrh., og láta hann lýsa þessu yfir. Því hefði enginn trúað. En þessum manni treysti hinn almenni maður og þess vegna var myndin höfð af honum. Er drengilegt að blekkja menn svona? Beita þessum blekkingum til að koma málunum áfram? Ná völdum með blekkingum? Hvernig skyldi þessum manni líða í dag? Það getur vel verið að það sé rétt hjá hv. 11. þm. Reykn. að hann skilji þá sem eru að gera þetta. En hvernig skyldi honum líða berandi ábyrgð á því hvað hann blekkti marga með þessu? Það er nefnilega svo merkilegur hlutur að í Sandkorni í Dagblaðinu 18. des. 1992 er mynd af formanni fjárln., hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni, hv. 6. þm. Reykn. Og með leyfi forseta, af því að ég tel að þar sé rétt frá sagt vil ég lesa upp það sem er aðalatriðið í þessu:

„Meiri hluti fjárln. Alþingis á í miklum erfiðleikum með að koma saman nýtilegu fjárlagafrv. Þeim hefur ekki öllum liðið vel, meirihlutamönnunum, við að skera niður velferðarkerfið og hækka skatta eins og þeir hafa þurft að standa í undanfarnar vikur. Formaður nefndarinnar er gamli verkalýðsforinginn Karl Steinar Guðnason. Honum líður afar illa yfir þessu og getur ekki leynt því í samtölum við menn. Hann stynur þungan yfir niðurskurðinum."

Hér kemur að vísu athugasemd á eftir sem skiptir ekki máli. Kjarni málsins er sá að þessum manni líður illa. Það stórsér á honum. Ég hygg að hann hafi elst jafnmikið á þessu hausti og seinustu 10 árum sem ég hef fylgst með honum. En það fer fyrir honum eins og fleirum. Hann vill ekki kosningar. Hann langar ekki að labba aftur til mannsins sem myndin var af í pésanum og segja við hann: Fáum við ekki að hafa mynd af þér aftur í næsta kosningapésa? Við veljum annað sem við látum þig segja.

Ég veit að hv. 17. þm. Reykv., sem er lærðasti þingmaður Alþfl., ég þori ekki að fullyrða hvort hann er lærðasti þingmaður þingsins, hefur aflað sér mjög mikillar þekkingar á sáralitlu sviði, pínulitlu sviði sem myndar spíss upp í loftið. En þar nær hann langt. Ég segi ekki að hann nái út að ósonlaginu, en það vantar ekki mikið á.

En svo eru aðrir sem vita mjög lítið um mjög mikið. Það eru þeir sem hafa hina svokölluðu breiðu alþýðumenntun. Þar er ekki um neina stóra fjallatoppa upp í loftið að ræða heldur samfellda þekkingu niður við grasrótina. Og það lygilega er að það er einmitt sá hópur sem virðist skynja miklu betur hvað er að gerast. Það getur vel verið að það sé hægt að spyrja hæstv. heilbrrh. og hæstv. iðnrh. hvað sé að gerast í háloftunum, í það minnsta hæstv. heilbrrh. En hv. 17. þm. er þar hátt fyrir ofan í sólskini því að sólin heldur sig fyrir ofan skýin á þessum tíma árs og hann heldur gleði sinni að sjálfsögðu þó að hérna niður við yfirborðið gangi yfir hin myrku él.

Ég verð að segja eins og er að það er merkilegt að upplifa það að Alþfl., sem var flokkur verkamanna, safnaði eignum, eignaðist Alþýðublaðið og gat gefið það út. Allt þetta gekk nokkuð vel á meðan venjulegir menn sem höfðu litla þekkingu á miklu sátu við stjórnvölinn, en þegar hinir tóku við sem gnæfðu hátt upp, þá fóru allar eigur flokksins út og suður. Og það er dálítið keimlíkt að þetta virtist líka hafa gerst hjá Framsfl. á svipaðan hátt. Þau tíðindi gerðust fyrir seinustu alþingiskosningar að einn af þessum stórsénium sem gnæfði hátt upp og hafði verið settur til þess trúnaðar af verkamönnum í Reykjavík að sjá um félagsskap sem þeir höfðu stofnað og komið upp, KRON, tók við félaginu með mjög góða eiginfjárstöðu, sigldi því með ævintýralegum hraða yfir landamæri lífs og dauða, fékk uppáskrift stórmenna hins íslenska samfélags um að þarna væri maður sem ætti að fara á þing (**ÖS:** Hvernig fóruð þið með SÍS?) og gerðist svo ráðgjafi hæstv. utanrrh. (**ÖS:** Hvernig fóruð þið með SÍS?) Og hér er spurt úr háloftunum af manni sem hefur ekki fylgst með í hinum jarðneska heimi niður við grasrótina: Hvernig fóruð þið með SÍS? Við fórum m.a., hv. þm., í samstarf við þennan fulltrúa og rákum mjög stóra verslun skilst okkur, félagshyggjumenn í landinu. En það þarf enginn að óttast SÍS í dag. (**ÖS:** Hvernig fóruð þið með NT? Hvernig fóruð þið með eigur Framsfl.?) En það gæti farið svo, hv. 17. þm. Reykv., að það þurfi að gera grein fyrir framlaginu sem kom frá norsku verkamönnunum til Alþfl. Peningunum sem komu frá Noregi og aldrei hefur verið gerð grein fyrir hvaðan komu og vonlaust að nokkur maður trúi því að það sé svo ómerkilegt bókhald hjá norsku verkalýðshreyfingunni að það sé hægt að skrifa framlag til Alþfl. á Íslandi og lesa slíkt upp á fundi. Nei, það er nefnilega með þá peninga eins og fleiri sem komið hafa að menn vilja hafa eitthvað fyrir snúð sinn og mér sýnist í dag að verið sé að heimta gjaldið til baka.

Herra forseti. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. þeirrar einu spurningar sem íslensk þjóð vill fá svar við á

þessari stundu: Telur hann að Þjóðhagsstofnun sé að segja satt þegar hún spáir meira atvinnuleysi á næsta ári, þegar hæstv. fjmrh. segir að þessar byrðar séu lagðar á til að tryggja að það verði ekki atvinnuleysi? Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Hvor hefur rétt fyrir sér í þessu?

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort það megi treysta því, ef hann verður í stjórnarandstöðu á næstunni, að hann greiði atkvæði gegn skattinum, að hann greiði atkvæði með kaupmannastéttinni gegn skattinum á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Þessar tvær spurningar vil ég leggja til þessara manna, hæstv. ráðherra vors lands.

Við hæstv. iðnrh., sem á hrós skilið fyrir það að hafa sýnt Alþingi þá virðingu sína að sitja hér betur en aðrir hæstv. ráðherrar, vil ég segja það eitt að þó að það hefði verið gaman að ná þeim árangri að koma hér upp stóru álveri og fjölga störfum, þá held ég að hæstv. iðnrh. verði líka að hafa þrek til að snúa sér að hinum smærri verkefnum, að verja íslenskan iðnað þannig að flóttinn verði ekki jafnhraður og undanfarið. Menn tala um 1.000–2.000 störf sem tapast hafi. Við verðum að heimta þessi störf til baka.

Hæstv. forseti. Ég tel að ef þeir þrír ráðherrar sem nú eru í salnum hefðu setið hér í allt kvöld væri lítið eftir af þessari umræðu. En því miður óttast ég að það geti farið svo að hún lengist ef svo fer sem horfir að ráðherrar telji að það sé ekki þess virði að staðaldri að hlusta á þingmenn af því að þeir séu í stjórnarandstöðu, af því að þeir séu leiðinlegir og uni illa því sem verið er að leggja til.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er afskaplega erfitt að spá fyrir af nokkurri nákvæmni um atvinnuleysi eins og menn vita og í sumum löndum varast menn að gera það. Til að mynda eru í Noregi ekki gefnar út slíkar tölur. Alþýðusambandið spáði fyrir ekki margt löngu síðan að atvinnuleysi kynni að verða 20–25% ef engar aðgerðir kæmu til. Eftir þessar aðgerðir er enginn að tala um þess háttar tölur. Það er auðvitað mergur máls. Menn eru að tala um að atvinnuleysi getið verið á bilinu 3–4,5%. Þetta er innan skekkjumarka. Menn eru að tala um að atvinnuleysi verði hér miklu, miklu minna en í nálægum löndum, sem betur fer, en engu að síður meira en við kjósum að það verði. En ég lít þannig á að þessar aðgerðir séu fyrsta skref til þess að sporna við slíkum þáttum.

Ég vek athygli á því að menn tala eins og hv. þm. gerði um skattahækkanir og las þar upp úr vikublaði sem komið er út um það efni. Þar var því miður forðast að draga frá skattalækkanir á móti sem auðvitað er nauðsynlegt að gera.

Við vitum hins vegar, og það er meginefnið sem kom fram hjá Alþýðusambandi Íslands, að meðan jafnmargir í landinu sleppa við að borga sinn hluta af skattheimtu landsins, þá verða skattar hærri. Það er auðvitað brýnasta verkefnið að ná til skattsvikara. Ef 10 þúsund manns stela undan skatti 1 millj. til að mynda, sem er að vísu gríðarlega há upphæð, þá eru það 10 milljarðar kr. Sumir giska á að slíkum upphæðum sé stolið undan skatti. Það eru þess vegna skattsvikararnir í landinu sem halda uppi skattstiginu og það er brýnasta verkefnið að ná til slíkra aðila.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að hafa staðið upp og haldið heiðarlega ræðu án nokkurrar sýndarmennsku um alvöru þessa máls sem hér er verið að ræða. Hins vegar vil ég bæta því einu við að því hefur oft verið haldið fram af fulltrúum Sjálfstfl. að ef skattheimta fari yfir visst stig, þá auki hún mjög á þá áráttu manna að stela undan. Það er alvaran stóra. Ég held að sá maður sem ekki fær að halda eftir nema 25% af kaupinu sínu í sínu launaumslagi muni e.t.v. freistast til þess að koma sér undan því að greiða skatta.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta sem hv. þm. sagði nú síðast er auðvitað hárrétt hjá honum. Ég vek athygli á því að ríkisstjórnin hefur einmitt verið gagnrýnd fyrir það að vilja ekki hækka hátekjuskattana enn þá meira og jafnvel hafa hærri prósentu á þeim sköttum og ekki launatengja ýmiss konar gjöld í enn þá ríkari mæli en gert hefur verið. Það er vegna þess að ríkisstjórnin óttast einmitt þetta sem hv. þm. nefndi réttilega að jaðarskattar geti orðið svo háir, og það hefur orðið reynslan erlendis, að þeir verði beinlínis vinnuletjandi. Þessu þurfa menn auðvitað að gæta vel að. En meginverkefnið hlýtur að vera það að koma böndum yfir þá aðila sem svíkja undan skatti, jafnvel stórar upphæðir, og stuðla þannig að því að skattstigið á Íslandi verði hærra. Það eru þessir aðilar sem eru verstu óvinir lágtekjufólksins og slíkum aðilum þurfa menn auðvitað að koma böndum yfir.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Til þess að það liggi alveg ljóst fyrir að það er ekki deila á milli mín og hæstv. forsrh. um það atriði að við þurfum að tryggja eðlileg skattskil í þessu landi vil ég taka undir það. Ég held að um það sé ekki deila í þessum þingsal. En hitt er alvörumál eins og fram kom hjá hv. 5. þm. Reykv. ef byrðarnar eru meiri en svo að menn geti borið þær. Þá eru það ægilegir hlutir.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er fyrst örstutt **athugasemd** við það sem hv. þm. sagði um vaxtahækkun þá sem varð eftir stjórnarskiptin á miðju ári 1991. Sú vaxtahækkun átti sér þá skýringu að vöxtum hafði verið haldið svo neðarlega um nokkurt skeið af skuldabréfum ríkisins að gífurlegt útstreymi átti sér stað úr ríkissjóði. Á sama tíma var ríkissjóður rekinn með afspyrnumiklum halla. Þessu varð auðvitað að snúa við. Annars hefði horft í voveiflega atburði í ríkisfjármál-

unum og þess vegna hlaut ríkisstjórnin að taka tillit til markaðarins og freista þess að ná inn þeim peningum sem á þarf að halda til að brúa bilið milli gjalda og tekna ríkissjóðs.

Í öðru lagi vil ég reyna að svara þeirri fyrirspurn sem til mín var beint. Ég vonast til þess að ég þurfi ekki að greiða atkvæði um skrifstofu- og verslunarhúsnæðisskattinn þegar ég fer í stjórnarandstöðu, ef að því kemur einhvern tíma, einfaldlega vegna þess að ég er að vonast til að sá skattur verði þá horfinn.

Og í þriðja lagi, ef hv. þm. skyldi taka til máls einu sinni enn í kvöld (**Gripið fram í:** Það gerir hann ekki.) þætti mér vænt um aðeins til gamans að vita hve lengi hann hefur starfað í einkageiranum.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. flutti hér í 155. skipti sínar skýringar á því hvers vegna hann gerði þær breytingar á vöxtum sem hann gerði, 155. skipti sinnum d, en d er óþekkt stærð og vegna þess að d er óþekkt stærð liggur ekki fyrir nákvæmlega hver talan er.

Aftur á móti tók ég eftir því að hæstv. fjmrh. gerir ekki ráð fyrir því að vera oftar í stjórnarandstöðu. Það þóttu mér dálítið merkileg tíðindi. Ég vil síst af öllu verða til þess núna rétt fyrir jólin að ræna hann gleðinni því að þetta er náttúrlega skýringin á því hvað hæstv. fjmrh. hefur verið glaður hér undanfarið þó að umræður hafi verið langar.

Það er áliðið kvölds og ég get ekki notið þeirra forréttinda að lesa upp úr blaði lýsingu á því hversu lengi ég hef verið í einkageiranum. Ég er ekki á blaði yfir slíka menn sem almennar rannsóknir fara fram um. (**Fjmrh.:** Kannski Össur bæti úr því.) Hitt vil ég segja að ég hef stóran hluta af minni ævi unnið á hverju ári bæði í einkageiranum og í opinbera geiranum. Það hefur verið sú lífsbarátta sem ég hef búið við.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins þakka hv. þm. fyrir þessar upplýsingar sem voru fróðlegar. Ég held að það sé til gamans að nóttu til að við skiptumst á skoðunum um það hvað á daga okkar hefur drifið á ævinni. Sjálfur get ég upplýst hv. þm. um það að ég hef einnig verið kennari eins og hann. (Gripið fram í.) Já, og líkaði það mjög vel og til viðbótar til að fylla út í það sem hv. þm. talaði um dvöl mína í hans kjördæmi, þá get ég upplýst hann um það að í níu sumur leysti ég af við þetta ágæta fyrirtæki sem ég starfaði hjá og hef starfað bæði til sjós og lands og vonast til þess að við getum báðir verið sammála um að það sé hollt fyrir alla, jafnt þingmenn sem aðra, að kynnast högum þjóðarinnar sem best. Ég sé á fallegu brosi hv. þm. að hann er sammála mér um þetta.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Miðað við það hversu bersöglir menn eru nú orðnir þykir mér nú rétt að taka það fram að hæstv. fjmrh. gerði fleira en hér kom fram því að á framboðsfundi fyrir vestan var minnst á það að hann hefði stundað netaveiðar með góðum árangri en talað um að það hefði verið fyrir utan kvóta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6., 7., 8., 12. og 13. dagskrármál.

87. FUNDUR

laugardaginn 19. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Skattamál, stjfrv., 286. mál, þskj. 417, nál. 489 og 495, brtt. 490. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Umboðssöluviðskipti, stjfrv., 125. mál, þskj. 508, — 3. umr.
3. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 226. mál, þskj. 283. — 3. umr.
4. Skuldbreytingar vegna loðdýraræktar, frv., 309. mál, þskj 479. — 2. umr.
5. Heilbrigðisþjónusta, frv., 310. mál, þskj. 486. — 2. umr.
6. Fjáraukalög 1992, stjfrv., 140. mál, þskj. 507. — 3. umr.
7. Fjárlög 1993, stjfrv., 96. mál, þskj. 465, frhnál. 513, brtt. 464, 468, 482, 483, 484, 497, 511, 512, 514, 515, 516, 519. — Frh. 3. umr.
8. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 372, 376, 411 og 470, brtt. 374. — Frh. 2. umr.

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1992, 140. mál, þskj. 507; brtt. fjárln., þskj. 521.

Fjárlög 1993, 96. mál, frhnál. minni hluta fjárln., þskj. 520.

Málefni aldraðra, 97. mál, nál 2. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 518.

Umboðssöluviðskipti, 125. mál, þskj. 508.

Atvinnuleysistryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 226. mál (verkefnastyrkir til sveitarfélaga 1993). — Þskj. 283.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skuldbreytingar vegna loðdýraræktar, 2. umr.

Frv. landbn., 309. mál (afskrift á lánum). — Þskj. 479.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heilbrigðisþjónusta, 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 310. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 486.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umboðssöluviðskipti, 3. umr.

Stjfrv., 125. mál (EES-reglur). — Þskj. 508.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 1992, 3. umr.

Stjfrv., 140. mál. — Þskj. 507, brtt. 521.

Frsm. fjárln. (Karl Steinar Guðnason):

Frú forseti. Við 2. umr. um fjáraukalög greindi ég frá því að fyrir lægi að taka afstöðu til tveggja tillagna sem yrðu fluttar við 3. umr. Þær liggja hér fyrir og mun ég skýra þær.

Fyrri tillagan er um endurgreiðslu á eldsneytisgjaldi sem var oftekið samkvæmt samningi við önnur ríki og hefur verið gerð krafa til þess að það verði greitt til baka og er nú ætlað að það þurfi 30 millj. í það verkefni. Gerð er tillaga um þessar 30 millj.

Þá er og nýr liður, þ.e. önnur tillagan og varðar embætti veiðistjóra. Það er vegna eyðingar á refum og minkum en þessu kvikindum hefur fjölgað allmikið þrátt fyrir tilraun til þess að eyða þeim. Tillaga er gerð um 8,5 millj. í þessu skyni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárlög 1993, frh. 3. umr.

Stjfrv., 96. mál. — Þskj. 465, frhnál. 513 og 520, brtt. 464, 468, 482, 483, 484, 497, 511, 512, 514, 515, 516 og 519.

Frsm. meiri hluta fjárln. (Karl Steinar Guðnason):

Frú forseti. Fjárln. hefur nú lokið störfum fyrir 3. umr. fjárlaga fyrir árið 1993. Nokkrar tillögur voru dregnar til baka við 2. umr. og fjallaði nefndin um þær að nýju ásamt hinum hefðbundnu verkefnum sem lúta að 3. umr. Vissulega hefur mikið vinnuálag fylgt störfum nefndarinnar en að þessu sinni er ekki ástæða til að kvarta yfir tímapressu því í raun lauk nefndin öllum helstu störfum fyrir 3. umr. í fyrradag. En ég vil geta þess að því fylgir ætíð mikil vinna að ganga frá ýmsum afgreiðslum, skýringum og undirbúningi að prentun þingskjala og fleiru.

Eins og tíðkast hefur mættu fulltrúar Þjóðhagsstofnunar til viðræðu við nefndina fyrir 3. umr. frv. og gerðu grein fyrir efnahagshorfum. Þar kom fram að horfur eru á að viðskiptakjör þjóðarbúsins á næsta ári verði nokkru lakari heldur en gert hefur verið ráð fyrir í fyrri áætlun Þjóðhagsstofnunar. Í fyrra við sama tækifæri hafði það sama gerst. Ástæðurnar fyrir þessu eru nú einkum tvær. Annars vegar er nú ljóst að gildistaka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið frestast. Í þessu felst að tollalækkanir á sjávarafurðum samkvæmt samningnum taka ekki gildi í byrjun árs 1993 eins og áður var gert ráð fyrir.

Í áætlun Þjóðhagsstofnunar var reiknað með að þessi lækkun tolla hefði hagstæð áhrif á verð sjávarafurða sem næmu á bilinu 1–1,5 milljörðum kr. miðað við heilt ár. Hins vegar hefur efnahagsbati erlendis látið á sér standa sem leitt hefur til þess að verð á útflutningsafurðum okkar er um þessar mundir almennt lægra en búist var við. Þetta á ekki síst við um ál og kísiljárn en snertir einnig annan útflutning í mismiklum mæli.

Þá vakti Þjóðhagsstofnun athygli á þremur atriðum er varða útflutningsframleiðslu. Í fyrsta lagi að ráðgert er að draga nokkuð úr álframleiðslu. Í öðru lagi ríkir mikil óvissa um framleiðslu á kísiljárni. Í þriðja lagi bendir flest til að tekjur af varnarliðinu verði töluvert minni en búist var við, einkum vegna minni framkvæmda. Á móti þessu vegur að hluta að gert er ráð fyrir meiri loðnuafla en reiknað var með áður.

Þjóðhagsstofnun hafði í greinargerð frá 23. nóv. sl. reiknað með því að verðbólga á milli áranna 1992 og 1993 yrði 4,5%. Telur stofnunin að sú spá hafi verið í hærri kantinum og reiknar nú með lægri verðbólgu eða um 4%, en bendir sem fyrr á að eðli málsins samkvæmt ríki óvissa um verðbólguspár af þessu tagi, ekki síst nú þegar saman fara viðamiklar breytingar á tekjuöflunarkerfi hins opinbera og um margt óvenjulegar aðstæður í þjóðarbúskapnum.

Fram kom að í janúar og eitthvað fram í febrúar muni verðhækkanir verða allnokkrar en síðan, þ.e. í mars, hjaðni verðhækkanirnar aftur. Rétt er að geta

þess að fjmrn. og Vinnuveitendasambandið spá lægri verðbólgu en Þjóðhagsstofnun eða rúmlega 3%.

Atvinnuleysi hefur aukist jafnt og þétt og er nú 3,4% af mannaflanum. Þjóðhagsstofnun telur í framhaldi af vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands að atvinnuleysi muni enn aukast og reiknar með því að atvinnuleysi verði 4% en tekur fram að líklega sé þessi spá í lægri kantinum. Þessar spár eru vissulega válegar og allt annað en uppörvandi. Þær bera þess vitni hve þjóðarbúskapurinn er allur erfiður. Heimilin í landinu horfa nú fram á erfiðari tíma en gerst hefur í áratugi. Minnkandi sjávarafli og öndvert ástand á öllum sviðum efnahagslífsins eru að segja til sín.

Það er og verður helsta viðfangsefni stjórnvalda að berjast gegn atvinnuleysisvofunni. Það gerir hins vegar erfiðara fyrir að við vorum gersamlega vanbúin því að takast á við þennan vanda því umframeyðsla og skuldasöfnun á liðnum árum — meira að segja í mestu góðærum hafa gert það að verkum að lengra verður ekki haldið.

Tekjuáætlun fjárlagafrv. hefur nú verið endurskoðuð í ljósi breyttra efnahagsforsendna og tekjuöflunaráforma ríkisstjórnarinnar. Niðurstaða þessarar endurskoðunar er að heildartekjur ríkissjóðs á næsta ári verði nánast þær sömu og gert var ráð fyrir í frv. en nú er áætlað að heildartekjur nemi 104 milljörðum 771 millj. kr., sem er 19 millj. kr. lægri fjárhæð en fram kemur í frv. Skatttekjur ríkissjóðs hækka um 215 millj. kr. en á móti lækkuðu aðrar tekjur ríkissjóðs um 234 millj. kr. Í frv. var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu næmu 26,19%, en samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun er hlutfallið áætlað 26,7%.

Meiri hluti fjárln. hefur reynst því hlutverki trúr að sýna aðhald og freista þess að koma í veg fyrir ónauðsynleg útgjöld. Vissulega hljóta verk fjárln. ætíð að vera umdeild. Auðvitað má alltaf betur gera, en ég vek athygli á því að það er harla óvenjulegt að fjárln., sem áður kallaðist fjárveitinganefnd, komi með sjálfstæðar niðurskurðartillögur. Það gerðist í fyrra og einnig nú.

Meiri hluti fjárln. gerir tillögur um samtals 900 millj. kr. niðurskurð á hinum ýmsu verkefnum. Ekki er þetta niðurskurður niðurskurðarins vegna. Það er öðru nær. Við erum að freista þess að ná tökum á útgjaldavanda ríkissjóðs. Við erum að freista þess að koma í veg fyrir enn meiri skuldasöfnun en þegar er orðin. Vissulega er langt í land. Aðstæðurnar, arfurinn frá fyrri ríkisstjórnum og minnkandi tekjur í þjóðfélaginu gera það að verkum að því fylgja ótrúlegar þrautir að loka fjárlögum með halla upp á kr. 6,2 milljarða kr., en heildarbreyting á framlögðu frv. er 44 millj. kr. Átak í vegamálum og öðrum verklegum framkvæmdum til atvinnuaukningar nemur í krónutölu rúmlega 2 milljörðum. Hefði ekki verið tekin ákvörðun um þær aðgerðir hefði fjárlagahallinn verið þeirri upphæð lægri. Þá hefði líka atvinnuleysisvofan farið víðar og hrellt fleiri en þó gerist í dag.

Áður en ég geri grein fyrir einstökum breytingartillögum meiri hluta fjárln. vil ég í örfáum orðum endurtaka þakkir mínar, sem ég viðhafði við 2. umr. í garð samnefndarmanna minna í fjárln., bæði meirihlutamanna og minnihlutamanna. Samstarfið í fjárln. hefur verið gott og fundarstörf gengið mjög greiðlega. Einnig vil ég þakka ritara nefndarinnar, starfsfólki fjmrn. og Ríkisendurskoðunar, starfsfólki í Austurstræti 14 og í Alþingishúsinu. Allt þetta fólk hefur lagt sig fram um að veita nefndarmönnum aðstoð og greiða götu þeirra.

Í ræðu minni við 2. umr. gerði ég athugun Ríkisendurskoðunar á aksturskostnaði ríkisins að umræðuefni og tók undir gagnrýni stofnunarinnar. Fjárln. hefur rætt skýrsluna og telur nefndin öll nauðsynlegt að lækka kostnað við akstur opinberra starfsmanna og jafnframt rekstur og viðhald bifreiða, sem alls er áætlað að kosti 1,8 milljarða kr. á árinu 1993.

Fjárln. tekur undir sjónarmið Ríkisendurskoðunar og einnig bílanefndar ríkisins, sem tekið hefur mjög ákveðið undir ábendingar Ríkisendurskoðunar um verulegan sparnað og hefur m.a. óskað eftir því að mótaðar verði reglur um það með hvaða hætti bílanefnd eigi að sinna eftirlitshlutverkinu, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 580/1991. Ljóst er að verulegar upphæðir má spara með hagræðingu og virkri stjórnun á þessum lið og ætlast fjárln. til þess að fjmrn. taki á þessu máli við framkvæmd fjárlaga 1993 og leggi fram á árinu skýrslu til fjárln. um árangur.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir framlagi til Sólheima í Grímsnesi að fjárhæð 86,8 millj. kr. Þar af eru um 5 millj. kr. vegna uppgjörs á uppsöfnuðum rekstrarhalla til ársloka 1990. Sérstakt samkomulag var gert við forsvarsmenn Sólheima um þetta uppgjör, sem greiðast átti á tveimur árum og er í fjárlagafrv. 1993 um lokagreiðslu á því samkomulagi að ræða.

Að undanförnu hafa farið fram viðræður af hálfu stjórnvalda við forsvarsmenn Sólheima um gerð sérstaks þjónustusamnings þar sem m.a. er gert ráð fyrir að ríkissjóður muni greiða ákveðið gjald fyrir hvern vistmann með tilliti til þeirrar þjónustu, sem látin er í té af heimilinu. Þar sem ekki hefur verið lokið við gerð þessa þjónustusamnings og ekki síður vegna þeirra breytinga sem nú eiga sér stað vegna ákvæða í lögum um málefni fatlaðra, þar sem vistmenn Sólheima munu í framtíðinni fá fjárhagslegan styrk frá lífeyristryggingum, liggja ekki fyrir endanlegar fjárþarfir heimilisins fyrir árið 1993. Þó er talið að sú fjárhæð sem er í fjárlagafrv. víki ekki í stóru frá fjárþörf Sólheima á næsta ári. Í samráði við félmrh. mun fjárln. taka málefni Sólheima til nánari skoðunar þegar fyrir liggur endanleg gerð þjónustusamnings á milli stjórnvalda og Sólheima í byrjun næsta árs og meta þá hver fjárþörf heimilisins þyrfti að vera á árinu 1993.

Eins og fram kemur í nýlegri skýrslu er unnin var á vegum menntmrn. er talið að þörf fyrir íslenskukennslu fyrir innflytjendur eða nýbúa aukist. Fram kemur í þessari skýrslu að árleg fjárþörf vegna þessa sé á bilinu 40–60 millj. kr. eigi að standa vel að málum.

Það fjármagn sem nú fer til kennslunnar á grunnskólastigi til viðbótar fjárframlögum til sérkennslu í einstökum fræðsluumdæmum er verulegur hluti 10

millj. kr. fjárveitingar til kennslu á fjárlagalið Grunnskólar, almennt.

Hvað snertir kennslu fullorðinna hafa verið veittir styrkir af fjárlagalið til fullorðinsfræðslu, almennt. Brýnustu verkefnin á þessu sviði eru að efla þjálfun kennara, námsefnisgerð og leiðsögn fyrir kennara. Í fjárln. hefur verið vakin athygli á nauðsyn þess að gera betur hvað varðar málefni nýbúa en til þessa. Af því tilefni hef ég rætt málið við menntmrh. og hann hefur tjáð mér að á næsta ári muni hann leggja sérstaka áherslu á þessa þætti til að styrkja þessa kennslu.

Eins og kunnugt er hefur í nærfellt heilan áratug verið unnið að þróun sjálfvirks tilkynningakerfis við Verkfræðistofnun Háskólans, nánar tiltekið á kerfisverkfræðistofu. Markmið þessa verkefnis hefur frá upphafi verið að beita nýjustu fjarskipta- og siglingatækni til að gera Tilkynningaskyldu íslenskra skipa eins fullkomna og nútímatækni leyfir. Mönnum var ljóst í upphafi þessa verkefnis að frá tæknilegu sjónarmiði væri ekkert því til fyrirstöðu að gera allan boðflutning tilkynningaskyldunnar sjálfvirkan. Kostir þessa voru augljósir þar sem með því væri komið í veg fyrir þá annmarka, sem fylgt hafa tilkynningaskyldunni frá upphafi, einkum tafir og langan tíma milli tilkynninga. Hins vegar var ekki eins ljóst hvort fýsilegt væri frá fjárhagslegu sjónarmiði að beita þessari tækni.

Fjárveitinganefndir fyrri ára hafa sýnt þessu verkefni verulegan áhuga og gert tillögur um fjárveitingar til þess. Gerði það kerfisverkfræðistofu kleift að vinna þróunarstarfið og er því nú lokið.

Mjög ítarleg kostnaðaráætlun hefur nú verið gerð fyrir uppbyggingu og rekstur landkerfisins. Kostnaðaráætlun fyrir fjarskiptanetið, sem er langstærsti þáttur landkerfisins, hefur verið unnin í náinni samvinnu kerfisverkfræðistofu og Pósts og síma. Samtals er þessi stofnkostnaður um 154 millj. kr. Ekkert er því til fyrirstöðu að hefja nú þegar uppbyggingu sjálfvirks tilkynningakerfis. Raunar var 10 millj. kr. fjárveiting á fjárlögum ársins 1991 til að hefjast handa. Þar sem engin ákvörðun hefur verið tekin um að hefjast handa hefur þessi fjárveiting verið ónotuð. Gert er ráð fyrir að uppbygging kerfisins taki þrjú til fjögur ár, þannig að það nái um alla ströndina. Á þessum tíma mætti búa stóran hluta flotans nauðsynlegum búnaði. Fyrir liggur grunnur að verkáætlun varðandi landstöðvar sem hefur verið gerð í samvinnu við Póst og síma.

Vert er að geta þess að áhugi á sjálfvirkri tilkynningatækni er nú mjög mikill erlendis. Spurningin er því aðeins hvort notuð verður íslensk tækni, sem hefur verið þróuð á kerfisverkfræðistofu á heilum áratug eða hvort þessi tækni verður flutt inn eins og tíðkast hefur til þessa. Ekki er vafi á því að takist að ljúka þessu verkefni gæti það flutt jafnvel milljarða inn í þjóðarbúið.

Eins og fyrr segir veittu fyrri fjárveitinganefndir fé til þróunar verkefnisins. Nú er hins vegar komið að því að taka ákvörðun um framhaldið. Fjárln. telur að samgrn. þurfi að taka ákvörðun um framhald þessa áhugaverða verkefnis og gera áætlun um fjármögnun þess í samvinnu við Póst og síma og Slysavarnafélag Íslands, sem nú sér um tilkynningaskyldu fiskiskipa.

Nú kem ég að skýringum við einstakar breytingatillögur. Hvað varðar Þjóðhagsstofnun þá hækka sértekjur um 25 millj. kr. en gert er ráð fyrir að fjmrn. semji við Seðlabanka Íslands um aukna hlutdeild bankans í rekstri stofnunarinnar.

Kem ég þá að menntmrn. Eins og ég greindi frá í ræðu minni við 2. umr. fjárlaga hefur menntmrh. kynnt í ríkisstjórn fyrirætlanir sínar um að stofnuð verði kennaradeild við Háskólann á Akureyri. Menntmrh. hefur lagt til að 5 millj. kr. verði varið til deildarinnar á fjárlögum 1993 og hefur fjárln. gert þá tillögu að sinni.

Kennaraháskóli Íslands. Í frv. til fjárlaga er inni fjárveiting til fjarkennslu kennaranáms og er þetta nýjung í starfi Kennaraháskólans. Nám þetta miðar að því að nemendur geti stundað meginhluta grunnnámsins í heimabyggð. Þetta gerir m.a. starfandi en réttindalausum kennurum kleift að stunda sitt starf en afla sér menntunar og réttinda um leið. Fjárveiting í frv. miðar að því að um 60 nemendur geti stundað þetta nám en fjöldi umsækjenda var um 200. Lagt er til að þessi fjárveiting hækki um 5 millj. kr. og með þeirri viðbót verður hægt að halda uppi kennslu fyrir um 80 nemendur eða 20 fleiri en fyrr.

Miðskólinn í Reykjavík. Skóli þessi tók til starfa 1. sept. sl. og er einkaskóli fyrir börn á aldrinum 9–12 ára. Í fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir framlagi til skólans en menntmrh. samþykkti skipulagsskrá skólans á miðju þessu ári. Tillaga fjárln. um fjárveitingu miðar að því að fjárveiting á nemanda verði hliðstæð fjárveitingu á nemanda sem Tjarnarskóli í Reykjavík fær.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækkar um 50 millj. kr. Gengisbreytingar að undanförnu og almennar verðlagsbreytingar innan lands af þeirra völdum hafa í för með sér 92 millj. kr. hækkun á fyrirhuguðum lánveitingum til námsmanna. Hækkun á fjárveitingu er ætlað að viðhalda eiginfjárstöðu sjóðsins til lengri tíma litið.

Þjóðminjasafn Íslands. Til skráningar á skrám Þjóðminjasafns eru ætlaðar 2 millj. kr. en samið hefur verið við fjarvinnslufyrirtæki á Bakkafirði um að taka þetta verk að sér. Framlag til endurbóta á húseign safnsins við Suðurgötu lækkar um 20 millj. kr. Af þeirri fjárhæð eru 10 millj. kr. tilfærsla yfir á verndun gamalla húsa en 10 millj. kr. eru hluti af lækkunartillögu meiri hluta fjárln.

Utanríkisráðuneyti. Lagt er til að utanrrn. hækki um 55,9 millj. kr. vegna verðlagsbreytinga. Þeir liðir sem eru háðir erlendum gjaldmiðlum verði hækkaðir upp í samræmi við skráningu gengis hjá Seðlabanka Íslands þann 14. des. 1993.

Landbúnaðarráðuneyti. Landgræðsla ríkisins, sérstök verkefni — landþurrkun. Framlag til sérstakra verkefna undir Landgræðslu ríkisins er lækkað um 0,5 millj. kr. en í staðinn stofnað nýtt viðfangsefni undir fjárlagaliðnum Búnaðarmál, ýmis verkefni. Liðurinn fær heitið Landþurrkun og er framlag 0,5 millj. kr.

Sérstakar greiðslur í landbúnaði. Lækkun framlags til niðurgreiðslu á nauta-, svína-, hrossa- og alifuglaafurðum um 50 millj. kr. er í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í ríkisfjármálum frá 23. nóv. sl.

Sjávarútvegsráðuneyti. Hafrannsóknastofnun. Sértekjur stofnunarinnar lækki um 235 millj. kr. vegna sölu á kvóta Hagræðingarsjóðs. Talið er í ljósi reynslunnar og þess að nokkuð er eftir af sölu á kvóta sjóðsins fyrir yfirstandandi fiskveiðiár að ekki sé ráðlegt að ætla meira en 300 millj. kr. í tekjur af sölu á kvóta sjóðsins fyrir næsta fiskveiðiár.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Húsnæði Hæstaréttar. Gerð er tillaga um að framlag til húsnæðis Hæstaréttar lækki um 27 millj. kr. Þetta er hluti af lækkunartillögum meiri hluta fjárln. en eftir stendur 100 millj. kr. stofnkostnaðarframlag.

Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta, hreppstjórar. Í fjárlagafrv. er felld niður fjárveiting sem ætluð er til að kosta laun hreppstjóra. Jafnframt var lagt fram frv. um að leggja niður störf hreppstjóra. Fjárln. átti viðræður við sýslumenn og aðra sem málinu tengjast og komst að þeirri niðurstöðu að sú aðgerð mundi ekki minnka kostnað við þau störf, sem hreppstjórar hafa innt af höndum, öðru nær. Þess vegna ákvað nefndin að hækka þá fjárveitingu sem fyrir var, þ.e. 2 millj., hækka hana um 16 millj., og verður því fjárveitingin alls 18 millj. í trausti þess að staða hreppstjóra verði óbreytt. Í lögum nr. 32/1965 segir að það sé í valdi sýslumanns hvar eða hvort hreppstjórar eru skipaðir. Vafalaust má því hagræða og fækka hreppstjórum, en fjárln. telur ekki tímabært að leggja störf þeirra allra niður.

Félagsmálaráðuneyti. Byggingarsjóður verkamanna. Framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna lækkar um 50 millj. kr. Í fjárlagafrv. voru lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins til dagvistarheimila fyrir börn og aldraða, uppgjörs vegna framkvæmdalána o.fl. áætlaðar 300 millj. kr. á árinu 1993. Þar með gefst svigrúm til að hækka lánveitingar Byggingarsjóðs verkamanna um 50 millj. kr. og á útlánageta sjóðsins að vera óbreytt frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Framlag til sjóðsins lækki um 110 millj. kr. sem liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í ríkisfjármálum frá 23. nóv. sl. Lagt hefur verið fram á Alþingi frv. til breytinga á lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að ná umræddri lækkun á framlagi.

Félagsmálaskóli alþýðu. Hér er um breytingu á framsetningu að ræða sem gerð er að beiðni skólans og hefur engin áhrif til hækkunar eða lækkunar á fjárveitingunni.

Heilbrigðisráðuneyti. Tryggingastofnun ríkisins. Næsta brtt. snertir bætur almannatrygginga og er hún þríþætt.

Í fyrsta lagi er lögð til 50 millj. kr. hækkun á framlagi til lífeyristrygginga vegna breyttrar útfærslu á lækkun mæðra- og feðralauna og hækkun barnalífeyris frá því sem kynnt er í frv. til breytinga á lögum um almannatryggingar. Hin breytta útfærsla felst einkum í því að mæðra- og feðralaun með fyrsta barni verða 1.000 kr. en falla ekki niður eins og áður var áformað og barnalífeyrir með hverju barni hækkar minna en áður var gert ráð fyrir sem nemur 1.000 kr.

Í öðru lagi er lögð til 90 millj. kr. hækkun á framlagi til lífeyristrygginga vegna endurskoðaðrar áætlunar og verðlagsbreytinga sem nýlegar gengisbreytingar eru taldar munu valda. Samtals hækkar framlag til lífeyristrygginga um 140 millj. kr.

Þriðji þáttur brtt. snertir sjúkratryggingar sem hækka um 50 millj. kr. vegna nýrra forsendna verðlagsbreytinga.

Atvinnuleysistryggingasjóður. Framlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs lækkar um 500 millj. kr. í kjölfar samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um að þau leggi sjóðnum til sömu fjárhæð á næsta ári. Nokkur óvissa ríkir um fjárhag sjóðsins hvað varðar atvinnustig og bótaréttinn, sem hefur verið til athugunar hjá sérstakri nefnd á vegum heilbrrn. Á þessu stigi er þó miðað við óbreytta áætlun frá frv.

Sjúkrahús. Breyting sértekna. Lagt er til að sértekjur ýmissa sjúkrahúsa verði hækkaðar um 60 millj. kr. Um er að ræða hækkun vegna greiðslu langlegusjúklinga af dvalarkostnaði sínum eða 45 millj. kr. Að auki er gert ráð fyrir 15 millj. kr. innheimtu tekna vegna svokallaðrar ferliþjónustu. Með reglugerð um ferliverkaþjónustu er hún skilgreind á þann hátt að samræmis gæti hvort heldur sama læknisverk er stundað á læknastofum eða sjúkrahúsum. Þetta hefur í för með sér að sjúkrahúsum er heimilt að innheimta göngudeildargjald af sjúklingum, jafnvel þó að til einnar nætur innlagnar komi í framhaldi af aðgerð. Hingað til hefur sjúklingur sem lagður er inn á sjúkrahús í einn sólarhring ekki þurft að greiða fyrir aðgerð. Sá sem fer hins vegar beint heim greiðir fyrir samkvæmt göngudeildartaxta, jafnvel þó um sams konar aðgerð sé að ræða. Hækkun sértekna er sýnd í brtt. nefndarinnar og nál.

Á móti þessari hækkun sértekna er lagt til að sértekjur undir fjárlagaliðnum 370, Sjúkrahús í Reykjavík, falli niður. Þar er um að ræða 95 millj. kr. þannig að heildarlækkun sértekna er 35 millj. kr. Í frv. til fjárlaga var gert ráð fyrir að lækka mætti framlög til sjúkrahúsa um 95 millj. kr. og skyldi haustið nýtt til þess að skipta þeirri fjárhæð niður á sjúkrahús. Hér var m.a. um að ræða áform um ferliverk sem rætt var um hér að framan. Við endurskoðun á þessum áformum og áformum um frekari niðurskurð í tengslum við efnahagstillögur ríkisstjórnar í lok nóvember náðist samkomulag við fjmrn. um að lækka þessa fjárhæð í 60 millj. kr.

Ríkisspítalar. Hækkun rekstrarframlags um 20 millj. kr. er vegna áfengismeðferðar. Stjórnendum Ríkisspítala var gert að spara 45 millj. kr. samkvæmt fjárlagafrv. Eftir þessa breytingu standa stjórnendur frammi fyrir 25 millj. kr. sparnaði eða hagræðingu sem snertir áfengismeðferð almennt, þ.e. deild 33A, Vífilsstaði eða Gunnarsholt.

Framkvæmdasjóður aldraðra, Hjúkrunarheimilið Eir.

Lagt er til að framlag til Framkvæmdasjóðs aldaðra hækki um 70 millj. kr. og er sú hækkun vegna væntanlegs rekstrar hjúkrunarheimilisins Eirar.

Heilsuhæli Náttúrulækningafélag Íslands. Í frv. til fjárlaga var gert ráð fyrir 50 millj. kr. lækkun á styrk til heilsuhælisins. Tillaga sem hér er gerð miðar að því að milda þessa aðgerð þannig að lækkunin verði 40 millj. kr. í stað 50 millj. kr.

Þá kem ég að fjmrn., Fasteignamati ríkisins. Lagt er til að framlag til Fasteignamats ríkisins hækki um 10 millj. kr. til undirbúnings á gerð landskrár fasteigna. Um skráningu fasteigna gilda ýmis lög og reglugerðir. Má þar nefna lög um fasteignaskráningu, lög um þinglýsingu, skipulagslög og lög um skráningu lögheimila. Í mörgum þessara laga og reglugerða er fjallað um skráningu sömu atriða. Á undanförnum missirum hefur nauðsyn á umbótum á þessu sviði komið berlega í ljós. Málaflokkurinn er afar flókinn, tvíverknaður of mikill og kostnaður eftir því. Unnið hefur verið að stefnumótun og endurnýjun upplýsingakerfa Fasteignamats ríkisins. Miðlægu upplýsingakerfi um fasteignir, sem aðilar gætu tengst hver eftir sínum þörfum, hefur smám saman verið að vaxa fiskur um hrygg. Ef vel tekst til mun það spara stórfé í reksturskostnaði á ári hverju miðað við óbreytta tilhögun. En miklu meira fé mun þó sparast verði komið í veg fyrir að smátt og smátt þróist fleiri meira eða minna sjálfstæðar skrár. Því hefur verið myndað samstarfsverkefni fjmrn., dómsmrn., félmrn., umhvrn., Hagstofu Íslands og Sambands ísl. sveitarfélaga um gerð landsskrár fasteigna. Verkefnið er á undirbúningsstigi. Fullvíst er að það mun kosta umtalsverða fjármuni. Stofnkostnaður mun í meginatriðum falla á opinbera aðila þó svo haga eigi rekstri skrárinnar líkt og um „þjóðskrá íbúa", þ.e. að notendur standi undir rekstrarkostnaði.

Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir 400 millj. kr. til útgjalda sem leiða af heimildarákvæðum skv. 6. gr. frv., svo og útgjöldum sem ríkissjóði kann að verða gert að inna af hendi samkvæmt sérlögum, sem ekki er hægt að sjá fyrir. Lagt er til að þessi fjárhæð verði lækkuð um 60 millj. kr. og verði 340 millj. kr.

Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir 470 millj. kr. til að mæta útgjöldum sem leiða af heimildum 6. gr. Það er því ljóst að verulega er þrengt að fjmrh. hvað varðar notkun heimilda í 6. gr. fjárlaga á næsta ári.

Ýmis lán ríkissjóðs, vextir. Í ljósi breytinga á gengi ýmissa gjaldmiðla frá því að fjárlagafrv. var lagt fram hefur áætlun um vaxtagreiðslur ríkissjóðs á árinu 1993 verið í endurskoðun. Talið er að þær verði 10,5 milljarðar kr. sem er 300 millj. kr. hækkun frá frv. Lagt er til að sú hækkun verði tekin inn í endanleg fjárlög.

Ýmsar fasteignir ríkissjóðs. Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir 10 millj. kr. framlagi til innréttinga á efstu hæð að Sölvhólsgötu 7. Lagt er til að sú fjárhæð lækki um 5 millj. kr. og áætluðum framkvæmdum seinkað sem því nemur.

Launa- og verðlagsmál, stofnkostnaður. Í fjárlagafrv. eru 35 millj. kr. til að mæta ófyrirséðum stofnkostnaðargreiðslum vegna verðbóta á verksamningum sem ríkissjóður er eða verður skuldbundinn af. Lagt er til að lækka þá fjárhæð um 15 millj. kr.

Markaðsátak í löndum EES. Lagt er til að framlag lækki um 50 millj. kr. og verði 50 millj. kr. en þetta er hluti af lækkunartillögum meiri hluta fjárln.

Hugbúnaðargerð vegna skattvinnslukerfa. Þá er lagt til að framlag til hugbúnaðargerðar fyrir skattkerfið verði lækkað um 8 millj. kr. og verði 38 millj. kr.

Ýmsar endurgreiðslur. Hér er gerð tillaga um 5 millj. kr. hækkun vegna tækja- og búnaðarkaupa björgunarsveita.

Þá kem ég að samgrn. Vegagerð ríkisins, framkvæmdaátak vegna atvinnumála. Lagt er til að framlag lækki um 250 millj. kr. og er það hluti af lækkunartillögum meiri hluta fjárln. Eftir standa 1.550 millj. kr. til framkvæmdaátaks vegna atvinnumála. Þrátt fyrir þessa lækkun er gert ráð fyrir því að þeir verkáfangar náist, sem samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 15. sept. sl. gerir ráð fyrir.

Hafnamál. Brtt. varðandi hafnamál sem dregin var til baka við 2. umr. er nú endurflutt. Lagt er til að framlag til ferjubryggja hækki um 12 millj. kr. og að tekinn verði inn nýr liður, Hafnarmannvirki Sandgerði, og er framlag 25,1 millj. kr. vegna fjármagnskostnaðar. Sundurliðun á fjárveitingum til hafnarmannvirkja, ferjubryggja og sjóvarnargarða er sýnd á sérstöku þingskjali.

Þá kem ég að iðnrn. Niðurgreiðsla á húshitun. Þá er lagt til að 80 millj. kr. framlag til niðurgreiðslna á húshitun falli niður þar sem fallið hefur verið frá áformum um að hætta endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna húshitunar. Þess í stað hefur verið ákveðið að leggja 14% virðisaukaskatt á sölu orku til hitunar húsa. Gert er ráð fyrir endurgreiðslu á hluta þess skatts á tekjuhlið fjárlaga.

Þá kem ég að umhvrn. Veiðistjóri. Lagt er til að framlag til embættis veiðistjóra vegna eyðingar á ref og mink hækki um 6 millj. kr. og verði 28,3 millj. kr. Í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 sem samþykkt voru í byrjun þessa árs voru sett ákvæði sem auka eiga skipulag veiðanna og draga úr sjálftöku á fé úr ríkissjóði. Þessi áform hafa tekist á yfirstandandi ári og er heildarkostnaður vegna veiðanna um 56 millj. kr., þar af nemur hlutur ríkisins um 30 millj. kr. Á næsta ári er fyrirhugað að bæta enn skipulag veiðanna og ná fram frekari lækkun á heildarkostnaði.

Verðlagsuppfærsla. Síðasta brtt. meiri hluta fjárln. við 4. gr. fjárlaga varðar verðlagsuppfærslu. Lagt er til að önnur gjöld hækki um 1% vegna gengisbreytinga. Áætluð hækkun er 146 millj. kr. Sú fjárhæð er miðuð við frv. eftir 2. umr. en getur breyst eftir því hvað verður samþykkt af brtt. við 3. umr.

Aðrar breytingar vegna verðlagsuppfærslu eru í sérstökum breytingartillögum og eru eftirfarandi: Utanrrn. hækkar um 55,9 millj. kr., vaxtagreiðslur ríkissjóðs hækka um 300 millj. kr. og nokkrir tilfærsluliðir hækka um 204 millj. kr. Alls er áætluð hækkun vegna verðlagsuppfærslu tæplega 706 millj. kr. miðað við frv. eftir 2. umr.

Annað sem ekki er í brtt. en ég vil geta: Friðlands að fjallabaki. Þá ákvað fjárln. að 400 þús. kr. verði veittar til að bæta aðstöðu fyrir ferðamenn við Eldgjá. Umsjón framkvæmda verði í höndum Skaftárhrepps. Upphæð þessi fellur undir lið 1.10 Þjóðgarðar og friðlýst svæði.

Ábyrgðasjóður launa. Á þessu ári voru samþykkt lög um Ábyrgðasjóð launa en hlutverk hans er að tryggja launagreiðslu til starfsmanna í gjaldþrota fyrirtækjum samkvæmt skilgreindum reglum. Til að standa undir starfseminni fær sjóðurinn tekjur með sérstöku ábyrgðargjaldi af greiddum launum sem nú er 0,2% af gjaldstofni. Sjóðurinn lýtur þriggja manna stjórn þar sem ASÍ og VSÍ tilnefna sinn aðila hvor en félmrh. skipar formann án tilnefningar. Fyrir gildistíma þessara laga voru laun í gjaldþrota fyrirtækjum greidd beint úr ríkissjóði. Framlag til sjóðsins er áætlað 374 millj. kr. á árinu 1993, þar af greiða ríkisstofnanir um 73 millj. kr. Rekstrarkostnaður sjóðsins er áætlaður um 12 millj. kr.

Hin nýja skipan vekur spurningar um það hvernig með skuli fara í fjárlögum og ríkisreikningi. Sjóðurinn hefur sjálfstæðan tekjustofn og efnahag og nýtur þannig nokkurs sjálfstæðis en á móti kemur að ríkið er í bakábyrgð fyrir sjóðinn. Eins og lýst er í athugasemdum með fjárlagafrv. er ríkisreikningsnefnd nú að vinna að skilgreiningu á því hvernig fara skuli með ýmsa lögþvingaða starfsemi eins og þessa í fjárlögum og ríkisreikningi.

Auk ábyrgða sjóðsins má nefna dæmi um ýmiss konar verðjöfnun. Miðað við þær umræður sem þegar hafa átt sér stað í ríkisreikningsnefnd má líklegt telja að Ábyrgðasjóður launa verði skilgreindur sem hluti af starfsemi ríkisins. Hins vegar munu tillögur nefndarinnar fela í sér umtalsverðar breytingar á framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings frá núverandi tillögum. Því er það tillaga fjárln. að þar til ríkisreikningsnefnd hefur lagt fram endanlegar skilgreiningar verði framsetning Ábyrgðasjóðs óbreytt frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv.

Þá kem ég að brtt. við 5. gr. frv. Forsendur B-hluta áætlana hafa verið í endurskoðun frá því fjárlagafrv. var lagt fram í október. Í fyrsta lagi hafa áætlanir verið endurmetnar með hliðsjón af breyttum forsendum um gengi og verðlag. Almennt hefur verið miðað við að rekstrargjöld önnur en laun taki verðlagshækkun í þeim tilvikum sem tekjuöflun hækkar í takt við aukna verðbólgu, en að öðrum kosti verði hagrætt í rekstri. Lánastarfsemi og rekstur sem tengist erlendum gjaldmiðlum hefur verið áætlaður að nýju miðað við breytt gengi eftir því sem við á.

Í öðru lagi hafa einstakar áætlanir verið endurskoðaðar með tilliti til efnahagsráðstafana ríkisstjórnarinnar, t.d. vegna upptöku 14% þreps í virðisaukaskatti, sem kemur í stað niðurfellingar á endurgreiddum innskatti.

Í þriðja lagi hefur verið haft samband við alla B-hluta aðila og tekin afstaða til nýrra upplýsinga um aðrar breytingar í einstökum atriðum.

Gerð er tillaga um breytingar á 16 af 48 áætlunum fyrirtækja og sjóða í B-hluta. Í flestum tilvikum er um að ræða óverulegar breytingar á verðlagi eða einstökum forsendum rekstrar- eða lánahreyfinga. Engar gjaldskrárhækkanir eru áformaðar umfram það sem fram kom í fjárlagafrv. Ég mun nú skýra þær breytingar á B-hluta sem gerð er tillaga um við 3. umr. frv.

Talið er að lánveitingar Lánasjóðs ísl. námsmanna muni aukast um 92 millj. kr. vegna gengis- og verðlagsbreytinga umfram forsendur fjárlagafrv. Lagt er til að framlag úr ríkissjóði hækki um 50 millj. kr. vegna þessa. Þá hafa afborganir og vextir hækkað um 321 millj. kr. frá fyrri áætlun, einkum vegna þess að sjóðnum láðist að telja með nokkur japönsk lán í sínum fjárlagatillögum. Að teknu tilliti til verðlagshækkana á innstreymi fjármuna í sjóðinn og annarra breytinga er gert ráð fyrir að auka þurfi lántökur um 360 millj. kr. til þess að standa undir fjárþörf hans á næsta ári.

Afkomuhorfur Ríkisútvarpsins, hljóðvarps, sjónvarps og framkvæmdasjóðs hefur batnað mikið síðan fjarlagafrv. var lagt fram. Fallið hefur verið frá áformum að hætta endurgreiðslu virðisaukaskatts hjá fyrirtækinu, en í staðinn kemur nýtt 14% skattþrep á afnotagjöldin. Önnur rekstrargjöld lækka um 120 millj. kr. við þessa breytingu. Endurskoðuð áætlun um laun og önnur gjöld felur í sér að dregið er úr þeim rekstrarsparnaði sem áformaður var í frv. Eftir þessar breytingar verður ekki þörf fyrir 10% hækkun afnotagjalds til að ná jafnvægi í rekstrinum, eins og áður var áætlað, heldur er lagt til að hækkunin verði eigi meiri en 4%. Tekjuafgangur fyrirtækisins verður þá um 50 millj. kr., sem er svipuð fjárhæð og í fjárlögum líðandi árs og í reikningi síðasta árs.

Þá er rétt að minna á að málum er svo háttað að Tryggingastofnun ríkisins gefur út vottorð um undanþágu bótaþega sem tekjutryggingar njóta frá afnotagjaldi útvarps og sjónvarps. Hér er um það að ræða að með þessum hætti njóta um 8.000 einstaklingar niðurfellingar afnotagjalds og nemur tekjutap Ríkisútvarpsins árlega af þessum sökum um 165 millj. kr. Þetta tekjutap skiptir Ríkisútvarpið að sjálfsögðu afar miklu máli, því þrátt fyrir það sem ég sagði hér áður um afkomu Ríkisútvarpsins er augljóst að auknar kröfur um útvarps- og sjónvarpsefni kosta mikið fé. Flestum landsmönnum er það mikið kappsmál að Ríkisútvarpið standi sig í sívaxandi samkeppni.

Niðurfelling þessara gjalda gerist með tilvísun Tryggingastofnunar og hefur Ríkisútvarpið engin tök á því að kanna eða meta hvort þessar reglur eru misnotaðar, til dæmis hvort þeir sjúklingar, sem fengið hafa niðurfellingar hafi hlotið bata eða ekki. Eðlilegra væri að niðurfelling afnotagjalda væri greidd af Tryggingastofnun ríkisins. Það fyrirkomulag sem nú gildir þýðir að ávísað er á þriðja aðila. Einstaklingar, stofnanir og fyrirtæki eru yfirleitt mjög örlát þegar vísað er á þriðja aðila. Svo er í þessu tilfelli. Þessu þarf að breyta til að ábyrgðin verði hjá réttum aðila.

Rekstrartekjur Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli eru að stærstum hluta í dollurum og hækka í takt við þær breytingar sem orðið hafa á gengi dollarans frá forsendum fjárlagafrv. Rekstrargjöld hækka minna, sem

skýrist að mestu af því að önnur gjöld tengjast meira öðrum myntum og innlendu verðlagi. Að samanlögðu er reiknað með að gengis- og verðlagsbreytingar leiði til þess að tekjuafgangur og skil í ríkissjóð aukist um 46 millj. kr.

Tekjur Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli af lendingargjöldum eru að stærstum hluta í dollurum og hækka sem nemur breytingu á gengi dollarans frá forsendum fjárlagafrv. Rekstrargjöld hækka minna frá fyrri áætlun, einkum vegna þess að miðað er við að laun hækki ekki umfram það sem áður hafði verið gert ráð fyrir. Fjárvöntun sem kom fram í frv. lækkar við þessar breytingar og verður 6 millj. kr. í stað 19,5 millj. kr. áður. Tekjuöflun stofnunarinnar er til skoðunar í nefnd sem starfar á vegum ríkisstjórnarinnar, en engar ákvarðanir hafa verið teknar um breytingar á lendingargjöldum að svo stöddu.

Rekstrarforsendur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar eru óbreyttar frá frv. að öðru leyti en því að tekið hefur verið tillit til gengis- og verðlagsbreytinga. Verðlagsáhrifin eru svipuð á tekju- og gjaldahlið og er fjárvöntunin sem fram kom í frv. því nánast óbreytt. Beðið er niðurstaðna nefndar á vegum ríkisstjórnarinnar sem hefur tekjuöflun flugstöðvarinnar til athugunar.

Fjárln. ræddi við forsvarsmenn Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Í fjárlagafrv. kemur fram að tap af rekstri flugstöðvarinnar er áætlað 114 millj. kr. Á þessu ári er flugstöðinni gert að reka sig án taps og er líklegt að það takist. Er það einkum hagstæðu gengi Bandaríkjadollars að þakka.

Þegar rætt er um jafnvægi tekna og gjalda hjá flugstöðinni eru dráttarvextir ekki reiknaðir inn í dæmið og hefur aldrei verið gert. Hafa þær skuldir fallið á Ríkisábyrgðasjóð og nema þær nú um 300 millj. kr. Geta má þess að fjárskuldbindingar ríkissjóðs vegna flugstöðvarinnar nema um 3.700 millj. kr. en eins og fyrr segir eru vanskil um 300 millj. Tekjuafgangur fyrir afskriftir og fjármagnskostnaður er um það bil 200 millj. kr. á ári. Miðað við skuldastöðu flugstöðvarinnar lætur því nærri að hún geti með óbreyttum tekjum staðið undir tæpum helmingi skulda sem á henni hvíla. Bilið sem þarf að brúa í framtíðinni er því enn um 2.000 millj. kr.

Reikna má með að flugstöðina vanti um 150 millj. kr. á ári í viðbótartekjur til að standa undir þessum skuldbindingum. Þá er ekki meðtalinn kostnaður við endurnýjun fjármuna. Í raun má segja þrátt fyrir allt að flugstöðin sé stórgróðafyrirtæki því tekjur sem verða til vegna hennar námu samtals 1.224,5 millj. kr. á sl. ári og hefur það hlutfall verið öll árin sem hún hefur starfað. Þegar ég tala um stórgróðafyrirtæki miða ég við þann mælikvarða, sem gerist um alla Evrópu og reyndar líka í Ameríku.

Flugstöðin hefur hins vegar aldrei fengið nema lítinn hluta tekna ríkisins af starfsemi er tengist henni. Til dæmis renna um 320 millj. kr. á ári af farþegagjaldi til uppbyggingar flugvallarmannvirkja á landsbyggðinni þótt vissulega megi færa rök fyrir því að eðlilegt væri að hluti þeirra tekna rynni til að greiða niður byggingarkostnað Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Geta má þess að skömmu eftir að dýrar flugstöðvar höfðu verið opnaðar í Stykkishólmi og á Blönduósi sem kostaðar voru af þessum fjármunum lagðist áætlunarflug þangað niður.

Þá fer allur hagnaður af Fríhöfninni beint til ríkissjóðs. Tekjur Fríhafnarinnar í fyrra voru 420 millj. kr. Hvarvetna annars staðar, t.d. í Evrópu, fer hagnaður fríhafna til viðkomandi flugstöðva. Má geta þess að á sínum tíma var það ætlun Evrópubandalagsins að afnema sérstöðu fríhafna. Fallið var frá því vegna þess að þá hefðu allar flugstöðvar í Evrópu farið á hausinn.

Þessi ferill, þessar hundakúnstir í bókhaldi sem gerast þannig að stærstur hluti tekna sem verður til í flugstöðinni er færður í ríkissjóð eða í sérstök önnur og jafnvel óskyld verkefni, er mjög ámælisverður. Síðan er fjárhagur flugstöðvarinnar skilinn eftir í uppnámi með tilheyrandi vaxtakostnaði og erfiðleikum. Ég endurtek að flugstöðin er stórgróðafyrirtæki og jafnframt tel ég að hún sé rekin af myndarskap. Vissulega þarf að gera allt sem unnt er til að markaðssetja flugvöllinn og flugstöðina og treysti ég því að það verði gert.

Í fjárlagafrv. kemur fram að á vegum ríkisstjórnarinnar er unnið að stefnumörkun um rekstur flugvallarins í framtíðinni. Mun sú athugun standa yfir eins og fyrr segir.

Gert er ráð fyrir að gjaldskrá Áburðarverksmiðju ríkisins haldist óbreytt en rekstrargjöld hækki um 9,2 millj. kr. af völdum gengis- og verðlagsbreytinga umfram forsendur fjárlagafrv. Tekjuafgangur af rekstrinum verður þá aðeins 1,7 millj. kr. í stað 14,1 millj. kr. áður. Afborganir skammtímaskulda minnka sem þessu nemur.

Rekstraráætlun Síldarverksmiðja ríkisins hefur verið endurskoðuð miðað við erfiðari rekstrarskilyrði. Breytingin frá fjárlagafrv. ber með sér að ekki er talið gerlegt að ná fram þeirri lækkun rekstrarkostnaðar sem að var stefnt án þess að tekjurnar lækki jafnframt verulega. Heildargjöld hækka um 121 millj. kr. og tekjur lækka um 8 millj. kr. samkvæmt þessu endurmati. Lagt er til að vandanum verði mætt með 130 millj. kr. lántöku.

Forsendur fyrir áætlanir Byggingarsjóðs ríkisins hafa tekið talsverðum breytingum frá því að fjárlagafrv. var lagt fram. Í fyrsta lagi hafa allar lánahreyfingar verið endurmetnar miðað við breyttar verðlagshorfur.

Í öðru lagi hefur verið lagt fram frv. um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, þar sem m.a. er stefnt að því að leggja niður skyldusparnað ungs fólks. Talið er að útstreymi af sparimerkjareikningum verði 1 milljarði hærri en í fyrri áætlun í kjölfar þessara breytinga.

Í þriðja lagi skuldar Byggingarsjóður ríkisins 1.500 millj. kr. til ríkissjóðs vegna skammtímafyrirgreiðslu sem gerð var á árinu 1990. Vegna minnkandi sölu skuldabréfa til lífeyrissjóðanna er nú talið fullvíst að ekki náist að greiða nema í mesta lagi 900 millj. kr. af skuldinni á þessu ári. Stefnt er að því að afgangurinn greiðist á næsta ári og hækka áætlaðar afborganir því um 600 millj. kr. vegna þessa.

Í fjórða lagi eru veitt lán skv. 11. gr. lækkuð um 50 millj. kr. og lántaka frá lífeyrissjóðum dregin saman sem því nemur. Lántaka Byggingarsjóðs verkamanna hækkar um sömu fjárhæð og verður þá unnt að lækka framlag ríkissjóðs um 50 millj. kr. þar. Til þess að standa undir þessum breytingum á fjárreiðum sjóðsins er nauðsynlegt að auka lántökur um 1.570 millj. kr. frá fjárlagafrv.

Í nýrri áætlun Byggingarsjóðs verkamanna er miðað við að fylgt verði þeirri lánastefnu sem fram kom í fjárlagafrv. og að lánveitingar haldist í hendur við verðlagsbreytingar. Aðrar lánahreyfingar hafa einnig verið endurmetnar með hliðsjón af breyttum verðlagshorfum. Framlag úr ríkissjóði lækkar um 50 millj. kr. að tillögu meiri hluta fjárln. Á móti kemur að framlagið hækkar um 14 millj. kr. vegna breyttra verðlagsforsendna þannig að nettólækkunin verður 36 millj. kr. Fjárþörf sjóðsins eykst um 178 millj. kr. við þessar breytingar og er gert ráð fyrir að lántökur verði auknar sem því nemur.

Framlag ríkissjóðs í Atvinnuleysistryggingasjóð lækkar um 500 millj. kr. í kjölfar samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um að þau leggi sjóðnum til sömu fjárhæð á næsta ári. Nokkur óvissa ríkir um fjárhag sjóðsins hvað varðar atvinnustig og bótaréttinn, sem hefur verið til athugunar hjá sérstakri nefnd á vegum heilbrrn. Á þessu stigi er þó miðað við óbreytta áætlun frá frv.

Rekstraráætlun Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins hefur verið endurmetin með hliðsjón af breyttum verðlagshorfum. Þá hafa söluforsendur tekjuáætlunar verið endurskoðaðar og er nú gert ráð fyrir að tekjurnar lækki um 150 millj. kr. frá fjárlagafrv. Skil í ríkissjóð lækka sem því nemur.

Fjárfesting hjá Lyfjaverslun ríkisins hækkar um tæpar 50 millj. kr. og verður því mætt bæði með framlögum frá rekstri og lántöku. Fyrirhugað er að fjárfesta í gagngerum endurbótum í framleiðsludeild fyrirtækisins. Að öðru leyti breytast fjárhæðir í samræmi við verðlagshækkanir umfram forsendur fjárlagafrv.

Nýr liður er nú tekinn inn í B-hluta fjárlaga, á fjárlaganúmer 29-972 undir heitinu Lánasýsla ríkisins, Framkvæmdasjóður Íslands. Lánasýslu ríkisins hefur verið falið að annast uppgjör Framkvæmdasjóðs Íslands, en þeirri starfsemi verður þó haldið aðgreindri í framsetningu fjárlaga.

Rifjað skal upp að í ársbyrjun var lögum um framkvæmdasjóðinn breytt þannig að Lánasýslu ríkisins var falin umsjón með fjárreiðum sjóðsins og hefðbundin starfsemi hans var lögð af. Jafnframt var létt af sjóðnum 1.700 millj. kr. Nú liggur ekki fyrir hvort eða í hvaða mæli afskrifa þarf eignir sjóðsins umfram það sem þegar hefur verið gert. Eignir sjóðsins eru annars vegar í formi endurlána til fjarfestingarlánasjóða og hins vegar í eignum fiskeldisfyrirtækja. Það mun skýrast af því hvernig tekst til að selja umræddar eignir. Rétt þykir að sýna fjárreiður sjóðsins í fjárlögum eins og ég hef greint hér frá og í ríkisreiningi þar sem fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs ber ábyrgð á sjóðnum og öllum ákvörðunum sem honum tengjast.

Áætlun Póst- og símamálastofnunar hefur verið endurmetin með hliðsjón af breyttum verðlags- og rekstrarforsendum. Heildarútgjöld eru áætluð 78 millj. kr. hærri en í fjárlagafrv. og tekjur 97 millj. kr. hærri. Skýrist það einkum af hærri verðlagsspá, auk kostnaðar og tekna við stefnubirtingar, en ákveðið hefur verið að póstburðarfólk geti eftirleiðis komið stefnum á framfæri við aðila. Fjárfesting vegna Cantat-ljósleiðara verður 180 millj. kr. hærri en í frv., en það var ekki búið að taka fjármagnskostnaðinn með í reikninginn. Lántökur aukast um sömu fjárhæð. Þá verður gerð breyting á bókhaldi fyrirtækisins á næsta ári sem leiðir til breyttrar framsetningar á áætluninni. Við þessa breytingu hækka önnur rekstrargjöld um 720 millj. kr. en á móti hækka tekjur af seldum vörum og þjónustu um sömu fjárhæð, þannig að nettóáhrifin á afkomuna verða engin.

Gert er ráð fyrir að tekjur B-hluta Vegagerðar ríkisins hækki í samræmi við breyttar verðlagshorfur, eða heldur meira en miðað var við í fjárlagafrv. Verðlagsbreytingin hefur minni áhrif á gjaldahliðina, enda er miðað við að laun verði óbreytt. Gert er ráð fyrir að svigrúmið sem þannig myndast verði nýtt til viðhalds á tækjakosti og húsnæði.

Framsetningu áætlunar fyrir B-hluta Vegagerðarinnar hefur verið nokkuð áfátt. Lagðar eru saman í einum reikningi nokkrar mismunandi rekstrareiningar, svo sem véladeild, birgðadeild og rekstur umdæmisstöðva, sem auk þess eiga í miklum innbyrðis viðskiptum, og geta fjárhæðir þannig verið margtaldar í veltutölum. Stefnt er að því að í næsta frv. verði framsetningu áætlunarinnar breytt þannig að hún gefi skýrari mynd af þeim rekstrareiningum sem henni er ætlað að lýsa.

Talsverður bati verður á afkomu Rafmagnsveitna ríkisins miðað við fyrri áætlun frv. Tekjuáætlun miðast við að gjaldskrár hækki um 4% í framhaldi af sömu hækkun taxta frá Landsvirkjun. Leiðir það til tekjuaukningar að fjárhæð 120 millj. kr. en gjöld hækka á móti um 75 millj. kr. Önnur rekstrargjöld lækka jafnframt um 200 millj. kr. frá fyrri áætlun þar sem ekki kemur til niðurfellingar á endurgreiðslum virðisaukaskatts eins og fyrirhugað hafði verið. Gert er ráð fyrir að þessar breytingar dugi til að eyða þeirri fjárvöntun hjá fyrirtækinu sem fram kom í fjárlagafrv.

Þá er rétt að víkja að tillögu sem fjárln. gerði við 7. gr. Sú tillaga er á þá lund að skattvísitala verði hækkuð úr 100 stigum miðað við árið 1992 í 100,38 stig. Ég vil taka það fram að sjálfsögðu að það er meiri hluti fjárln. sem gerir þessa tillögu.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir tillögum meiri hluta fjárln. Eins og fram kemur í nál. hafa meiri og minni hluti staðið saman að athugun allra erinda, en ábyrgð á meginstefnumiðum í frv. hvílir að sjálfsögðu á stjórnarþingmönnum. Minni hlutinn hefur skilað séráliti, en öll nefndin flytur sameiginlega fjölmargar breytingartillögur.

Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir brtt. meiri hluta fjárln. við 3. umr. Um leið og ég ítreka þakkir til samnefndarmanna minna vil ég ljúka máli mínu með því að leggja til að tillögurnar verði samþykktar og

fjárlög fyrir árið 1993 verði samþykkt sem lög frá Alþingi með þessum breytingum. — Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Fjárln. hefur nú lokið vinnu sinni fyrir 3. umr. fjárlaga og ég vil í upphafi máls míns þakka félögum mínum í nefndinni fyrir samstarfið sem eins og hefur komið fram hér áður hefur verið gott. Ég vil einnig á ný þakka bæði starfsfólki þingsins og embættismönnum úr hinum ýmsu ráðuneytum og stofnunum sem til okkar hafa komið og aflað fyrir okkur upplýsinga. Það hefur verið allt saman á hinn besta veg.

Við 3. umr. fjárlaga hefur fjárln. m.a. unnið að hinum hefðbundnu störfum við að fara yfir tekjuhlið fjárlaga, ræða við B-hluta stofnanir, skoða þær brtt. sem dregnar voru til baka við 2. umr. fjárlaga og fara yfir 6. gr. fjárlaga sem fjallar um ýmsar heimildir til fjmrh. að gera margs konar ráðstafanir, einkum við kaup eða sölu ríkiseigna.

Ég vil í upphafi gera nokkuð að umræðuefni þau vinnubrögð sem hafa tíðkast hér og eru ekki ný við tekjuhlið fjárlaga. Fjárln. byrjar sína vinnu á haustin þegar þing kemur saman, er reyndar byrjuð sína vinnu nokkuð fyrr hvað varðar gjaldahlið fjárlaganna, og strax í september er hún byrjuð að kalla til fundar við sig forsvarsmenn ýmissa sveitarfélaga og tala við þá um þeirra óskir varðandi gjaldahliðina.

Það er nú svo að einhvern veginn finnst mér að það sé erfitt að deila út gjöldum án þess að vita hverjar tekjurnar verða. Það er farið aftan að hlutunum að í síðustu vikunni sem þessi vinna stendur, þegar búið er að vinna að þessum málum í marga mánuði, þá koma einhverjar áætlanir um það á einum degi hverjar tekjur ríkisins koma til með að verða að lokum. En í því frhnál. sem ég mæli fyrir og er frá minni hluta fjárln. fjöllum við um tekjuhliðina, um breytingar á gjaldahlið, um viðræður við nokkrar stofnanir í B-hluta og höfum síðan nokkur lokaorð. Ég vil með nokkrum orðum fylgja þessu frhnál. úr hlaði.

Varðandi tekjuhliðina átti fjárln. við mikla örðugleika að etja í sínu starfi og þeir örðugleikar eru vegna þess að hér í desember hefur mikið uppnám verið í ríkisstjórnarflokkunum og það hafa birst síðbúnar og illa undirbúnar ríkisstjórnarákvarðanir sem stafa af deilum í þingflokkum stjórnarliða og milli þingflokka þeirra og þær hafa gert nefndinni erfitt fyrir í starfi sínu. Ákvarðanir sem hafa birst í yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar og verið kynntar nefndinni af einstökum ráðherrum hafa verið dregnar til baka, bæði vegna innbyrðis sundurlyndis í stjórnarflokkunum og ekki síður vegna snarpra viðbragða í þjóðfélaginu þannig að fjárln. hefur átt við mjög mikla erfiðleika og óvissu að etja í starfi sínu hvað varðar tekjuhliðina, og hvað varðar gjaldahliðina einnig því ekki síður hefur hringlandahátturinn verið mikill þar. En þó að ýmis atriði hafi verið dregin til baka, þá standa þó eftir ákvarðanir í frv. sem eiga enn eftir að auka á sundrungu og átök í þjóðfélaginu og auka óvissu um það að þetta fjárlagafrv. sem við erum með hér í höndunum sé raunhæft. Mun ég síðar í máli mínu víkja nokkuð að þeim atriðum nánar í umfjöllun um tekjuhliðina og í stuttri umfjöllun um gjaldahliðina eða þær breytingar sem þar hafa verið gerðar.

Efh.- og viðskn. á að fjalla um tekjuhlið fjárlaga samkvæmt þingsköpum og hún á að skila áliti til fjárln. um tekjuhliðina. Efh.- og viðskn. hefur ekki síður átt erfitt með að fóta sig á hlutunum en fjárln., en hún skilar áliti um tekjuhlið fjárlaga þar sem hún leggur til að allri tekjuhliðinni og skattafrv. sem eru undirstaða hennar verði vísað til ríkisstjórnarinnar þar sem þessi mál séu öll það óljós og það illa undirbúin að slíkt sé nauðsynlegt.

Ég vil vitna í álit minni hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingar í skattamálum sem er ein af undirstöðum tekjuöflunar ríkissjóðs og langveigamesta breytingin sem gerð er á tekjuhliðinni, en þar segir, með leyfi forseta, í lokasetningu þess ítarlega nál. sem nefndin sendi frá sér á þessum stutta tíma:

„Ýmis atriði frv. eru enn óljós þegar þetta nál. er ritað. Ekki hafa fengist upplýsingar um allar brtt. meiri hlutans og því er ekki mögulegt að gera grein fyrir þeim hér. Minni hlutinn telur með tilvísun til framangreinds rökstuðnings að frv. þetta sé á engan hátt hæft til afgreiðslu. Allt of lítið er vitað um afleiðingar þess. Ekki hefur reynst unnt að fara nægilega vel ofan í lögfræðileg álitamál.

Alvarlegust eru þó hin hörðu viðbrögð sem málið hefur fengið. Í öllum þeim umsögnum, sem fylgja nál. okkar, kemur fram hörð gagnrýni á frv. Þeir sem að þessu nál. standa muna ekki eftir jafnalvarlegum athugasemdum við nokkurt frumvarp sem ríkisstjórnir hafa flutt í skattamálum.

Með tilliti til ofanritaðs leggur minni hluti nefndarinnar til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Þær umsagnir sem hafa borist til nefndarinnar eru nú ekki neitt smáræði. Þær eru í þessari bók sem hér er og eru hörð gagnrýni á þetta frv. Það má nærri geta að minni hluti fjárln. átti úr vöndu að ráða þegar þessi umsögn minni hluta efh.- og viðskn. barst en eigi að síður varð niðurstaða minni hluta fjárln. að vegna þess að nefndin hefur unnið eftir bestu getu að skiptingu á gjaldahlið frv. þá leggur hún til að það verði setið hjá við afgreiðslu frv. og alls ekki borin ábyrgð á því en það væri auðvitað full ástæða til þess þó að þessi hafi orðið niðurstaðan að vísa þessu máli öllu saman frá og til ríkisstjórnarinnar. Slík er óvissan og slík er sundrungin sem þetta frv. á eftir að valda ef það verður samþykkt eins og það liggur fyrir nú. Þess vegna vill minni hluti fjárln. enga ábyrgð taka á þessu frv. eða lokaafgreiðslu og þess og það er niðurstaðan í þessu nál.

Ef vikið er síðan að tekjuhliðinni á ný, þá er það svo að hér hafa verið til umfjöllunar nú í desember fjöldamörg veigamikil frv. í skattamálum hvers konar og ég hef rakið það að slík vinnubrögð væru ekki til mikillar fyrirmyndar því að löggjöf um skattamál er einhver sú vandmeðfarnasta sem Alþingi stendur frammi fyrir. Löggjöf um skattamál er full af smáatriðum sem hafa gífurleg áhrif úti í þjóðfélaginu og

það eru alveg furðuleg vinnubrögð að leggja fram frv. um skattamál á lokadögum þingsins. Ef vel ætti að vera þyrftu þessi frumvörp að leggjast fram með fjárlagafrv. sjálfu og vinnast jafnframt þeim og auðvitað að liggja fyrir hverjar tekjurnar verða áður en endanlega er gengið frá því hver gjöldin verða.

Ég mun nú rekja nokkur atriði varðandi tekjuhliðina og byrja á skatthlutfalli fyrirtækja. Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir því að skatthlutfall í tekjuskatti fyrirtækja yrði lækkað úr 45% í 33%. Síðan hófust miklar kúvendingar fram og aftur eins og í flestöllum málum sem varða þetta frv. Undirbúningurinn virðist hafa verið með þeim hætti að með eindæmum er og ætíð var verið að breyta ákvörðunum frá degi til dags. Skatthlutfallið endaði í 39% og horfið var frá breytingum á reglum um útborgun arðs. Sannleikurinn er sá að þessi breyting í tekjuskatti fyrirtækja er ekki það bjargráð fyrir atvinnulífið sem látið er í veðri vaka. Hún kemur fyrst og fremst þeim fyrirtækjum til góða sem eru með tekjur og tekjuafgang í sínum rekstri fyrir, en hún kemur að engu leyti þeim til góða sem berjast í bökkum og það eru þau fyrirtæki sem efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar þurfa að létta róðurinn fyrir. Þetta ákvæði gerir það ekki.

Sömu sögu er að segja um álagningu virðisaukaskattsins. Í frv. er gert ráð fyrir að afla 1.800 millj. kr. viðbótartekna með breytingum á lögum um virðisaukaskatt sem voru í því fólgnar að draga úr skattfrelsi ýmissa neysluþátta sem nú eru án virðisaukaskatts og afnámi endurgreiðslna til sveitarfélaganna vegna ýmiss konar þjónustu. Þessar hugmyndir hafa breyst verulega.

Í fyrsta lagi var ákveðið að taka upp nýtt þrep í virðisaukaskatti, 14%, á ýmiss konar þjónustu. Jafnframt var fallið frá álögum á sveitarfélögin í þessu formi en ákveðið að þau leggi fram sérstakt framlag í Atvinnuleysistryggingasjóð. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum frá 23. nóv. sl. var gert ráð fyrir því að virðisaukaskatturinn skilaði 800 millj. kr. í auknum tekjum en með breytingum á gildistökuákvæði hins nýja skattþreps er tekjuaukinn áætlaður 300 millj. Þegar tekið hefur verið tillit til endurgreiðslu til sveitarfélaganna sem nemur 600 millj. kr. og samdráttar vegna minnkandi veltu í þjóðfélaginu um 100 millj. kr. er niðurstaðan sú að áætlaðar tekjur af virðisaukaskatti lækka um 400 millj. kr. frá frv. Þetta lítur ekki svo illa út, en í þessu sambandi er rétt að geta þess og minna á að heildarupphæð virðisaukaskatts hækkar frá árinu í ár úr 39,6 milljörðum kr. í 41 milljarð eða um 1.400 millj. kr. Það er niðurstaðan eftir alla þessa fimleika sem eru reyndar alveg með ólíkindum og hugmyndirnar sem hafa fæðst og dáið varðandi þennan virðisaukaskatt, það er fjölbreytileg flóra. (**Gripið fram í:** Það er sorgarsaga.) Það er sorgarsaga að mönnum skuli detta svona hlutir í hug. Hæstv. ráðherrum hefur dottið í hug að skattleggja sérstaklega snjómokstur. Það er mjög við hæfi þessa dagana þegar allt er á kafi í snjó víða um land og hefðu þær hugmyndir sjálfsagt virkað vel á þá sem núna eru með húsin á kafi í snjó og allt bráðófært. Húshitunun hefur ekki sloppið o.s.frv. og það er eingöngu vegna harðrar andstöðu og harðra viðbragða að horfið hefur verið frá sumum áformum en margt stórskaðlegt stendur eftir. Þau áform sem uppi eru um álagningu virðisaukaskatts þjóna ekki því markmiði að auka atvinnu. Þvert á móti setja þau atvinnu fjölmargra í stórhættu og vinna þvert gegn því markmiði sem menn segja þó í orði kveðnu að þetta fjárlagafrv. eigi að þjóna. Virðisaukaskattur á ferðaþjónustu, bækur og tímarit, svo einhver dæmi séu nefnd, sá skattur eykur ekki atvinnu. Hann getur minnkað atvinnu en hann eykur hana ekki.

Þá komum við að þeim kafla í tekjuhliðinni sem samdráttur í veltu í þjóðfélaginu skapar. Hann hefur áhrif á innflutning og vörugjöld og ýmsa aðra tekjuliði frv. Það er því atvinnustefnan og hvernig tekst að sjá atvinnulífinu farborða þannig að hjólin snúist og það sé velta í þjóðfélaginu sem ekki síst skiptir sköpum um afkomu ríkissjóðs á næsta ári. En um það atvinnustig sem verður, um þá veltu sem verður í þjóðfélaginu, er gífurleg óvissa eins og ég kem að síðar.

Samkvæmt fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að sérstakt bensíngjald hækki um 300 millj. kr. til að mæta niðurfellingu jöfnunargjalds sem verður að fella niður samkvæmt lögum. Í aðgerðum sem kynntar voru í nóvember var gert ráð fyrir að innheimta 300 millj. kr. með hækkun bensíngjalds til þess að standa straum af atvinnuskapandi aðgerðum í formi viðhaldsverkefna sem voru áætlaðar 500 millj. kr. Þessi viðhaldsverkefni voru áformuð í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. nóv. og áttu að fara til viðhalds opinberra bygginga til sérstaks átaks í atvinnumálum. Þetta voru góð áform sem okkur í minni hlutanum leist vel á. Þetta hefði skapað atvinnu, þetta hefði sparað fé þegar fram í sækir og verið á allan hátt góð aðgerð. En það kom því miður í ljós að þetta voru bara loftkastalar og meiri hluti fjárln. gekk í það verk að skera niður þessa loftkastala og nú er gert ráð fyrir að verja 100 millj. kr. til þessara verkefna samkvæmt tillögum meiri hlutans. Innheimta bensíngjaldsins hófst eigi að síður með breytingu á bensínverði þann 1. des. sl. og til að mæta því liggur nú fyrir Alþingi frv. um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar þar sem gert er ráð fyrir að innheimta sérstakt bensíngjald sem renni beint í ríkissjóð að upphæð 780 millj. kr. Eins og þingmönnum er kunnugt rennur bensíngjaldið að stórum hluta til vegagerðar en nú er verið að auka hlutann sem rennur beint í ríkissjóð og hafin var innheimta á þessu gjaldi 1. des. til þess að standa straum af verkefnum sem hvergi voru til nema í dagdraumum ríkisstjórnarinnar. Þetta eru náttúrlega fáheyrð vinnubrögð og það er alveg furðulegt hvað hringlandahátturinn er mikill, en það versta í þessu er að með þessum vinnubrögðum er verið að vekja væntingar um atvinnusköpun úti í þjóðfélaginu sem verður svo ekkert af. Það er hið versta við þetta mál.

Mestu breytingarnar á tekjuhliðinni eru þó í álagningu tekjuskatts þó það komi ekki fram í aukningu á tekjum ríkissjóðs vegna þess að það eru endurgreiddir 4 milljarðar kr. til sveitarfélaganna til að bæta þeim

tekjumissi vegna niðurfellingar aðstöðugjalds. Þessar breytingar fela þó í sér stórauknar skattaálögur á allan almenning. Ljóst er að ríkisstjórnin hefur gefist upp við að afla tekna frá þeim sem betur mega sín. Það hefur verið horfið frá áformum um fjármagnstekjuskatt og ákvarðanir um takmarkaðan hátekjuskatt eru tímabundnar.

Það hafa staðið yfir miklar umræður á Alþingi í allan gærdag um skattaálögur ríkisstjórnarinnar. Í áliti meiri hluta efh.- og viðskn. sem einnig fylgir nál. meiri hluta fjárln. eru raktar þessar breytingar, þessar skattaálögur í tekjuskattinum og allar þær álögur sem koma fram, þær skattbreytingar sem gerðar eru og hafa áhrif á tekjuáætlun fjárlaga. En þær eru eftirfarandi, með leyfi forseta:

Breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt upp á 3.800 millj. kr. Virðisaukaskattur um 1.300 millj. kr. Bensíngjald, sem ég minntist á áðan, 780 millj. kr. Tryggingagjald 50 millj. kr.

Af þessari tekjuöflun fara 4 milljarðar sem framlag til sveitarfélaga vegna niðurfellingar aðstöðugjalds. Auk þess er í frv. gert ráð fyrir framlengingu á gildandi lögum um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem skilar 435 millj. kr. á næsta ári. Þá er í frv. breyting á lögum um umboðsþóknun á gjaldeyrisviðskiptum sem felur í sér lækkun frá núgildandi lögum, eða um 200 millj. í tekjur í stað 315 millj. kr. tekna á árinu 1992. Þegar þetta hefur allt verið dregið saman koma út viðbótarálögur upp á 1.815 millj. kr.

Eins og fram kom borgar ríkissjóður 4 milljarða til sveitarfélaganna vegna niðurfellingar aðstöðugjaldsins en það er náttúrlega engin vissa fyrir því hver verða verðlagsáhrif til lækkunar á niðurfellingu aðstöðugjaldsins. Það er a.m.k. ósköp hætt við því að það komi ekki fram nema hluti af þeirri upphæð í verðlaginu, bæði vegna afkomu fyrirtækja og einnig vegna þess að verðlag er komið nokkuð á skrið um þessar mundir þannig að það er erfitt fyrir neytendur að átta sig á því hvað er hvers í verðhækkunum í verslunum eins og stendur. (**Forseti:** Má forseti grennslast um það hjá hv. þm. hvort hann á mikið mál eftir eða hvort hann getur lokið ræðu sinni á fimm mínútum eða svo, því það hefur verið óskað eftir því að gera hlé á fundinum vegna þingflokksfunda. Ef hann ætti stutt eftir þá mætti hann ljúka ræðu sinni.) Ég á nú töluvert eftir og er áreiðanlega ekki hálfnaður. (**Forseti:** Þá óskar forseti eftir því að hv. þm. geri hlé á sinni ræðu.) Ég er fús að fresta minni ræðu og mun þá halda áfram þegar forseti kallar til fundar á ný. — [Fundarhlé.]

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1993, 96. mál, brtt. RA o.fl., þskj. 506; brtt. SvG o.fl., þskj. 522; brtt. SvG og GB, þskj. 523; brtt. SvG o.fl., þskj. 524; brtt. SJS, þskj. 525.

Um þingsköp.

Þingfundir.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hér hljóðs um þingsköp til þess að vekja athygli hæstv. forseta og hv. þm. á því að sá vinnutími sem okkur þingmönnum hefur verið boðið upp á hér síðustu viku er með eindæmum. Við vorum flestöll, eða þau sem sátu hér næturfund, til klukkan hálffjögur í nótt og þingfundur hófst að nýju kl. hálfellefu í morgun. Þeim þingfundi var frestað kl. tólf til þess að halda þingflokksfundi. Þeim þingflokksfundi var að ljúka og nú á að halda áfram þingfundi ásamt því að eftir atkvæðagreiðslu verður klukkutíma hlé að mér er tjáð. En á sama tíma eiga tvær nefndir að funda í þinginu, sjútvn. og utanrmn. Ég vil því spyrja hæstv. forseta hvort ekki sé mál til komið að gefa þingmönnum annaðhvort a.m.k. matartíma eða svefntíma, svona rétt hæfilegan.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er nú einu sinni svo að við þingmenn erum vanir því að hafa takmarkaðan svefntíma á þessum árstíma og höfum oft þurft að leggja á okkur miklar vökur. Forseti er ekkert undanskilin því að finnast það slæmt en einhvern veginn lendum við alltaf í þessu á hv. Alþingi og reynum að leggja það á okkur að hafa langan vinnutíma til þess að geta, eins og annað fólk í þjóðfélaginu, haldið upp á jólahátíðina. En við höfum ýmis verk sem við þurfum að vinna og afgreiða áður en hátíðin gengur í garð og hver fer til síns heima. Það hefur verið reynt að fara eftir óskum hv. þm. eða þingflokka um hlé og það hefur einmitt verið gert nú. Það var óskað eftir hléi á milli tólf og hálfeitt þar sem þingflokkar vildu hittast fyrir atkvæðagreiðslu. Það var búið að tilkynna að hér yrði atkvæðagreiðsla kl. hálfeitt og það var einnig búið að óska eftir klukkutíma hléi til nefndafunda, milli eitt og tvö að vísu, en gert ráð fyrir því að það gæti breyst ef atkvæðagreiðslan tæki lengri tíma sem er alveg augljóst að hún mun gera. Ef það er eindregin ósk fundarins að hér verði gert matarhlé nú þá er ekkert því til fyrirstöðu af hálfu forseta því ekki vill forseti verða til þess að hv. þm. geti ekki fengið sína maganæringu þegar nauðsyn krefur. Þessi ósk hefur komið frá hv. 6. þm. Vestf. og ef það verða fleiri óskir um það þá er forseti til reiðu eins og venjulega að verða við slíkum óskum.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt hjá hv. 6. þm. Vestf. að hér hefur verið mikið að gera eins og venjulega á þessum árstíma. Ég vildi leggja til að gengið yrði til þeirrar atkvæðagreiðslu sem hér hefur verið boðuð og allir þingmenn greinilega átt von á. Síðan er hlé á milli eitt og tvö og þá geta þeir gengið til snæðings sem ekki sitja á nefndafundum. Þeir sem sitja í þessum nefndum geta væntanlega fengið nær-

ingu inn á nefndarfundinn og þar sem ég á sæti á þeim fundi vil ég beina þeim tilmælum til formanna þessara tveggja nefnda að þeir hafi forgöngu um að það verði hægt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta finnst þetta vera góð ábending og það þekkja allir hv. þm. að það hefur verið mjög auðvelt að fá næringu á nefndafundum þegar óskað er eftir því. Vonar forseti að málið leysist farsællega með þessum hætti og nú getum við öll gengið til dagskrár að nýju.

Umboðssöluviðskipti, frh. 3. umr.

Stjfrv., 125. mál (EES-reglur). — Þskj. 508.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 45:1 atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JóhS, JGS, JónS, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: GAK*.

2 þm. (AÓB, PP) greiddu ekki atkv.

15 þm. (EKJ, GHall, GÁ, HG, ISG, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, ÓÞÞ, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 528).

Atvinnuleysistryggingar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 226. mál (verkefnastyrkir til sveitarfélaga 1993). — Þskj. 283.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP.

12 þm. (AÓB, AKS, GHelg, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, RA, SÞór, StH) greiddu ekki atkv.

9 þm. (GÁ, HÁ, JBH, KE, ÓÞÞ, StG, SJS, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 529).

Skuldbreytingar vegna loðdýraræktar, frh. 2. umr.

Frv. landbn., 309. mál (afskrift á lánum). — Þskj. 479.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (HG*) greiddi ekki atkv.

6 þm. (GÁ, JGS, JBH, ÓÞÞ, SJS, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

2. gr. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (HG*) greiddi ekki atkv.

6 þm. (GÁ, JBH, ÓÞÞ, StH, SJS, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (EKG, GHH, GÁ, ISG, JBH, LMR, ÓÞÞ, RA, SJS, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Heilbrigðisþjónusta, frh. 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 310. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 486.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

3 þm. (AÓB, HG, StH) greiddu ekki atkv.
10 þm. (AKS, FrS, GÁ, GunnS, JónK, KE, ÓÞÞ, RA, StG, SJS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (AKS, HG) greiddu ekki atkv.
6 þm. (GÁ, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 59 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
4 þm. (GÁ, ÓÞÞ, StG, SJS) fjarstaddir.

Fjáraukalög 1992, frh. 3. umr.

Stjfrv., 140. mál. — Þskj. 507, brtt. 521.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 521 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HBl, IBA, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (AÓB, HÁ, HG, JÁ, KE) greiddu ekki atkv.
4 þm. (GÁ, ÓÞÞ, StG, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
19 þm. (AÓB, AKS, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, PP, StH, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (GÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 530).

Skattamál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 286. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 417, nál. 489 og 495, brtt. 490.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. í nál. 495 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 36:24 atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SÞór, StG, StH, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (GÁ, ÓÞÞ, SJS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Þeir sem standa að nál. minni hlutans muna ekki eftir jafnalvarlegum athugasemdum við nokkurt frv. sem ríkisstjórnir hafa flutt í skattamálum. Þessu til staðfestu má vitna til athugasemda frá Alþýðusambandi Íslands, en þar segir m.a.:

„ASÍ lýsir sig mótfallið þeirri stefnu stjórnvalda að leggja stöðugt þyngri byrðar á láglaunafólk, barnafólk og það fólk sem er að koma sér upp húsnæði á sama tíma og aðrir sleppa."

Í ályktun frá Verkamannafélaginu Dagsbrún, segir m.a.:

„Þá kom fram á fundinum að stjórnarflokkarnir hefðu svikið öll þau loforð sem þeir gáfu fyrir síðustu kosningar."

Og frá Vinnuveitendasambandi Íslands segir þetta m.a.:

„Allt er þetta vitni um slæm samskipti ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins og er vísbending um það að ríkisstjórninni er ekki treystandi til að varða veginn í því alvarlega efnahagsástandi sem nú ríkir."

Minni hluti efh.- og viðskn. er sammála þessu mati Vinnuveitendasambandsins. Við teljum að þetta mál þurfi miklu frekari vinnslu og undirbúning, það þurfi að vinna það í samráði við aðila vinnumarkaðarins til að komast hjá átökum þar á komandi vetri. Það verður að nást sátt í þessum málum og því er eina leiðin að taka þetta mál til baka, vinna það betur og þótt við höfum ekki mikið traust á núverandi ríkisstjórn þá sjáum við enga aðra leið betri en að vísa málinu þangað. Við lýsum okkur reiðubúin til samstarfs í málinu við núv. hæstv. ríkisstjórn og aðila vinnumarkaðarins og leggjum því til að málinu sé vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. gr. samþ. með 33:20 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, AKS, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, RA, SÞór, StG, StH, VS.

10 þm. (ÁJ, GHall, GÁ, ISG, JVK, ÓÞÞ, PP, SP, SJS, SvG) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 34:23 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, AKS, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, StG, StH, SvG, VS.

6 þm. (EH, GHall, GÁ, ÓÞÞ, SÞór, SJS) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 33:25 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, AKS, EKJ, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, SÞór, StG, StH, SvG, VS.

5 þm. (GHall, GÁ, ÓÞÞ, RA, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 490,1 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 31:24 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, AKS, EKJ, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SÞór, StG, StH, SvG, VS.

1 þm. (JVK) greiddi ekki atkv.

7 þm. (ÁMM, GHall, GÁ, JGS, KSG, ÓÞÞ, SJS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða að verið er að lækka persónufrádrátt um 400 kr. en það er 4.800 kr. lækkun á ári, upphæð sem kemur eins og flatur nefskattur á alla tekjuskattsgreiðendur og er því sannarlega þyngst högg fyrir þá sem lægstar hafa tekjurnar. Þetta bætist ofan á það sem var verið að enda við að afgreiða áðan, þ.e. að skatturinn er hækkaður um 1,5%.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur á það bent að í tíð núv. ríkisstjórnar hafi skattleysismörkin verið lækkuð úr tæpum 63.000 kr. í 57.000 kr. eða um 6.000 kr. á mánuði. Skattbyrði einstaklings með 63.000 kr. tekjur er aukin um 3,6%. Þetta eru miklar skattaálögur sem leggjast með alveg sérstökum þunga á þá sem minnst bera úr býtum í þjóðfélagi okkar. Við stjórnarandstæðingar erum þessu eindregið andvígir og segjum því nei.

Brtt. 490,2 (ný 5. gr., verður 6. gr.) samþ. með 32:25 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, AKS, EKJ, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, StG, StH, SvG, VS.

6 þm. (FrS, GHall, GÁ, ÓÞÞ, SÞór, SJS) fjarstaddir.

6. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 36:22 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JGS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, AKS, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SÞór, StG, StH, VS.

5 þm. (GHall, GÁ, ÓÞÞ, SJS, SvG) fjarstaddir.

7.–15. gr. (verða 8.–16. gr.) samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

4 þm. (GHall, GÁ, ÓÞÞ, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 490,3 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (AÓB, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, StG, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (GHall, GÁ, ÓÞÞ, StH, SJS) fjarstaddir.

16. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HBl, HG, IBA, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (AÓB, AKS, GHelg, HÁ, ISG, JÁ, JGS, JónK, JVK, KÁ, KE, RA, SÞór, StH) greiddu ekki atkv.
6 þm. (GHall, GÁ, ÓÞÞ, StG, SJS, SvG) fjarstaddir.

Brtt. 490,4 samþ. með 36:23 atkv. og sögðu
já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SÞór, StG, StH, SvG, VS.
4 þm. (GHall, GÁ, ÓÞÞ, SJS) fjarstaddir.

17. gr. (verður 18. gr.), ákv. til brb. I, svo breytt, samþ. með 34:23 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, AKS, FI, GB, GHelg, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SÞór, StG, StH, SvG, VS.
6 þm. (GAK, GHall, GÁ, HÁ, ÓÞÞ, SJS) fjarstaddir.

17. gr. (verður 18. gr.), ákv. til brb. II, samþ. með 35:2 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AKS, GHelg.
17 þm. (AÓB, FI, GB, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, ÓRG, RA, SÞór, StG) greiddu ekki atkv.
9 þm. (GHall, GÁ, KHG, ÓÞÞ, PP, StH, SJS, SvG, VS) fjarstaddir.

Brtt. 490,5 samþ. með 34:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AKS.
23 þm. (AÓB, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SÞór, StG, StH, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (EgJ, GHall, GÁ, ÓÞÞ, SJS) fjarstaddir.

17. gr. (verður 18. gr.), ákv. til brb. III, svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
22 þm. (AÓB, AKS, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, StH, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EKG, GHall, GÁ, ÓÞÞ, SÞór, StG, SJS) fjarstaddir.

17. gr. (verður 18. gr.), ákv. til brb. IV–VI, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
23 þm. (AÓB, AKS, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, RA, SÞór, StG, StH, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EgJ, GHall, GÁ, ÓÞÞ, PP, SJS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristín Ástgeirsdóttir:
Virðulegi forseti. Sérstakur tekjuskattur manna er 5% skattur sem leggst ofan á tekjur einstaklinga sem eru 200 þús. kr. og hærri hjá einstaklingum og 400 þús. kr. hjá hjónum. Þetta kallar ríkisstjórnin hátekjuskatt. Það er ljóst að Sjálfstfl. er á móti þessum skatti en telur hann nauðsynlegan af sálfræðilegum ástæðum. Tekjuöflun sem beinist að þeim sem betur mega sín er mun réttlátari en ýmislegt annað sem lagt er til í frv. þessu þótt tillagan skili reyndar litlu, en í framkvæmd er verið að hverfa til fyrri hátta í innheimtu skatta og mun það m.a. bitna á sjómönnum.
Stjórnarandstaðan telur rétt að ríkisstjórnin beri pólitíska og sálfræðilega ábyrgð á sinni skattastefnu og mun því sitja hjá við þennan kafla laganna.

17. gr. (verður 18. gr.), ákv. til brb. VII, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JHelg, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
21 þm. (AÓB, AKS, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, SÞór, StG, StH, SvG, VS) greiddi ekki atkv.
8 þm. (GHall, GÁ, JBH, JónS, ÓÞÞ, PP, RA, SJS) fjarstaddir.

17. gr. (verður 18. gr.), ákv. til brb. VIII–IX, samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (HG) greiddi ekki atkv.
6 þm. (GHall, GÁ, ÓÞÞ, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 490,6 (ný grein, verður 19. gr.) samþ. með 35:2 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: StG, StH.
21 þm. (AÓB, AKS, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, RA, SÞór, SvG, VS) greiddi ekki atkv.
5 þm. (GHall, GÁ, ÓÞÞ, PP, SJS) fjarstaddir.

18.–19. gr. (verða 20.–21. gr.) samþ. með 56:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: StG*.
6 þm. (GHall, GÁ, ÓÞÞ, PP, SJS, SvG) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

20.–22. gr. (verða 22.–24. gr.) samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (JGS) greiddi ekki atkv.
5 þm. (GHall, GÁ, ÓÞÞ, RG, SJS) fjarstaddir.

23.–25. gr. (verða 25.–27. gr.) samþ. með 35:9 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, HG, ISG, JVK, KHG, KÁ, KE, PP, SvG.
15 þm. (AKS, FI, GB, GHelg, HÁ, JÁ, JGS, JHelg, JónK, ÓRG, RA, SÞór, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (GHall, GÁ, ÓÞÞ, SJS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn H. Gunnarsson:
Virðulegi forseti. Það er að mínu viti ákaflega brýnt að með löggjöf sé stuðlað að því að fólk safni fé til þess að kaupa húsnæði síðar á æviskeiðinu. Að gera það samhliða að afnema skyldusparnað og allan skattalegan hvata til húsnæðissparnaðar tel ég vera ákaflega ranga aðgerð sem stuðli fremur að því að fólk eigi ekki nauðsynlegt fé þegar að því kemur að kaupa húsnæði og ég segi því nei við þessum greinum frv.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:
Virðulegur forseti. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að efla húsnæðissparnað, ekki síst hjá ungu fólki og mér finnst það vera mjög óráðleg ráðstöfun að afleggja nú skyldusparnað ungs fólks hjá Húsnæðisstofnun og þessa húsnæðissparnðarreikninga, að gera þetta tvennt á sama tíma. Húsnæðissparnaður dregur úr lánsfjárþörf ungs fólk þegar það kaupir sér húsnæði. Hann dregur þar af leiðandi úr vaxtagreiðslum og þar af leiðandi úr vaxtabótagreiðslum ríkissjóðs síðar meir. Því tel ég að hér sé mjög vafasamur sparnaður á ferðinni hjá ríkisvaldinu. Ég tel að það sé ekki síður ástæða til að veita skattafslátt út á húsnæðissparnað en húsnæðisskuldir.
Þá vil ég benda á það að í þeim ákvæðum sem hér liggja fyrir til afgreiðslu er ekki tekið á binditíma reikninganna en hann getur verið allt að 10 árum. Ef ríkisvaldið breytir þeim forsendum sem voru þegar fólk stofnaði þessa reikninga þá lít ég svo á að eigendur reikninganna eigi að vera lausir allra mála. Það er hins vegar ekki tekið á því í þessum ákvæðum. Ég er andvíg þessum breytingum og segi nei.

26.–35. gr. (verða 28.–37. gr.) samþ. með 55:3 atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: EKJ, IBA, StG.
1 þm. (FI) greiddi ekki atkv.
4 þm. (GHall, GÁ, ÓÞÞ, SJS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Ásgrímsson:
Virðulegur forseti. Þetta er í fimmtánda skipti sem þessi skattur er á lagður til bráðabirgða. Ég tel að það sé rétt að leggja þennan skatt á áfram, ekki síst í ljósi þess að þjónustuaðilar og verslunarrekstur verður fyrir allmikilli léttingu í sinni skattbyrði vegna niðurfellingar aðstöðugjaldsins og mun ég því styðja þetta ákvæði frv.
Ég vil hins vegar benda á þá staðreynd að í þessi fimmtán skipti sem skatturinn hefur verið framlengdur hefur Sjálfstfl. ávallt barist á móti framlengingunni. Ég vænti þess að svo sé einnig nú, en því hefur hins vegar verið lýst yfir að Sjálfstfl. muni greiða atkvæði með honum. Þetta lýsir best hversu lítið er að marka yfirlýsingar Sjálfstfl. í skattamálum.

Brtt. 490,7 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

23 þm. (AÓB, AKS, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, PP, RA, SÞór, StG, StH, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (GHall, GÁ, ÓRG, ÓÞÞ, SJS) fjarstaddir.

36. gr. (verður 38. gr.), svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

23 þm. (AKS, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SÞór, StG, StH, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (GHall, GÁ, ÓÞÞ, SJS) fjarstaddir.

37.–38. gr. (verða 39.–40. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (AÓB, AKS, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SÞór, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

2 þm. (GÁ, ÓÞÞ) fjarstaddir.

39. gr. (verður 41. gr.) samþ. með 33:27 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, AKS, EKJ, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SÞór, StG, StH, SJS, SvG, VS.

1 þm. (LMR) greiddi ekki atkv.

2 þm. (GÁ, ÓÞÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Við erum hér komnir að þeim kafla þar sem kveður á um hækkun á virðisaukaskatti eða að taka upp nýtt 14% skattstig, m.a. á ferðaþjónustu. Að mati okkar í minni hluta efh.- og viðskn. leiða þær breytingar á virðisaukaskatti sem fyrirhugaðar eru til aukinnar óvissu í atvinnumálum. Minni hlutinn er þeirrar skoðunar að breytingin muni ekki skila þeim tekjuauka sem ætlunin er, m.a. vegna minnkandi umsvifa í atvinnulífinu og við höfum reyndar fengið staðfestingu á þeirri skoðun okkar með úttekt Þjóðhagsstofnunar.

Virðisaukaskattur á ferðaþjónustu mun leiða til samdráttar í atvinnugreininni og fækka störfum á tímum vaxandi atvinnuleysis. Það er óskynsamleg ráðstöfun að stöðva þannig helsta vaxtarbrodd í íslensku atvinnulífi. Það er vaxandi samkeppni um ferðamenn í heiminum, en þessi unga atvinnugrein Íslendinga hefur átt við byrjunarörðugleika að stríða.

Í umsögnum um málið kemur eftirfarandi fram, m.a. frá VSÍ.

„Það væri grátbroslegt framlag stjórnvalda til atvinnuuppbyggingar og í reynd sértæk skattheimta á það sem menn vona nú að geti orðið vaxtarbroddur í atvinnumálum framtíðarinnar. Þessi skattheimta má ekki ganga fram eins og boðið er því hækkun á borð við tveggja ára verðbólgu í OECD hlýtur að leiða til kyrkings í atvinnugreininni."

Í umsögn Félags íslenskra ferðaskrifstofa segir m.a., með leyfi forseta:

„Því harmar Félag íslenskra ferðaskrifstofa að um leið og áralöng barátta ferðaþjónustu á Íslandi fyrir jafnræði gagnvart öðrum gjaldeyrisskapandi atvinnugreinum hvað varðar aðstöðugjöld og tryggingargjöld er að bera árangur er sá ávinningur samtímis dreginn til baka og gott betur með álagningu virðisaukaskatts."

Og áfram segir, með leyfi virðulegs forseta, í umsögn Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda:

„Á haustmánuðum fóru fram viðræður við fulltrúa stjórnvalda um það hvernig hægt væri að bæta rekstrarskilyrði ferðaþjónustu í síaukinni samkeppni á alþjóðavettvangi. Það er því mikið áfall fyrir ferðaþjónustuna að svarið skuli vera aukin skattheimta."

Með tilliti til þessa mun ég greiða atkvæði gegn þessari hækkun á virðisaukaskattinum.

40. gr. (verður 42. gr.) samþ. með 35:24 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, AKS, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SÞór, StG, StH, SJS, SvG, VS.

4 þm. (GÁ, JGS, LMR, ÓÞÞ) fjarstaddir.

41. gr. (verður 43. gr.), a–b-liðir, samþ. með 34:24 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AKS, EKJ, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, RA, SÞór, StG, StH, SvG, VS.

2 þm. (AÓB, SJS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (GÁ, ÓÞÞ, PP) fjarstaddir.

41. gr. (verður 43. gr.), c–d-liðir, samþ. með 32:27 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, AKS, EKJ, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SÞór, StG, StH, SvG, VS, ÖS.

1 þm. (LMR) greiddi ekki atkv.

3 þm. (GÁ, ÓÞÞ, SJS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ef þessi grein verður samþykkt blasir við samdráttur, ef ekki gjaldþrot, í bóka- og blaðaútgáfu. Með þeim 14% virðisaukaskatti sem ríkisstjórnin ætlar að leggja á má reikna með að allt að 100 störf muni leggjast niður eða flytjast úr landi að mati Þjóðhagsstofnunar. Í greinargerð Þjóðhagsstofnunar segir að samkvæmt þessu megi ætla að bóka-, blaða- og tímaritaútgáfa muni dragast saman um 10–11% í heild í kjölfar 14% verðhækkunar.

Í því vaxandi atvinnuleysi sem við okkur blasir er þetta óafsakanleg og óskynsamleg aðgerð enda magnar hún þann samdrátt sem þegar blasir við okkur. Jafnframt felur þessi tillögugrein í sér atlögu að bókmenntum og menningu þjóðarinnar.

Stjórnarandstaðan mótmælir þessari tillögu harðlega og mun greiða atkvæði gegn henni.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að sú ákvörðun síðustu ríkisstjórnar að fella niður virðisaukaskatt af bókaútgáfu hefur haft stórfelld jákvæð áhrif á bókaútgáfu og reyndar menningarstarfsemi almennt á Íslandi, ekki aðeins á sviði ritlistar og bókaútgáfu. Nú er gert ráð fyrir að taka upp virðisaukaskatt á bókum og tímaritum og taka inn af því mörg hundruð millj. kr. Mér telst svo til að sú innheimta í ríkissjóð á bókum og bókaútgáfu, sem hér er gert ráð fyrir, jafngildi því að strika út fjárveitingar úr ríkissjóði, sérstaklega til eftirfarandi liða:

Til Kvikmyndasjóðs. Allur liðurinn Listir, framlög er strikaður út. Listskreytingasjóður er strikaður út. Allt framlagið til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og allt fram lagið til Þjóðleikhússins.

Með öðrum orðum er gert ráð fyrir að menningarstarfsemin sjálf fjármagni framvegis alla þessa liði. Þetta jafngildir því að það sé verið að strika út framlög til þessara mikilvægu menningarþátta. Við hljótum að mótmæla þessu, virðulegi forseti, ekki síst á þeim tímum þegar gert er ráð fyrir því af núv. ríkisstjórn að stóraukin verði samskipti við erlenda aðila með ýmsum hætti og þá ríður á að menningarstarfsemin í landinu sé sem allra öflugust. Hér er með öðrum orðum uppi tillaga af hálfu ríkisstjórnarinnar um að veikja grundvallarforsendur íslenskrar menningar, vaxtarmöguleika hennar og getu. Þess vegna hljótum við að sameinast um að segja nei og áskiljum okkur rétt til þess að beita okkur fyrir því á síðari stigum að taka það upp á ný að þessi þáttur menningarstarfseminnar verði ekki látinn greiða óbeina skatta.

41. gr. (verður 43. gr.), e-liður, samþ. með 33:26 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, AKS, EKJ, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SÞór, StG, StH, SJS, SvG, VS.

1 þm. (EH) greiddi ekki atkv.

3 þm. (GÁ, JGS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Í rúma tvo áratugi hefur ekki verið lagður söluskattur og síðar virðisaukaskattur á orku til húshitunar. Fyrir því eru gild rök vegna þess hversu breytilegur þessi kostnaður er eftir landsvæðum. Með þessari tillögu er verið að leggja auknar byrðar á þá sem mestan kostnað bera fyrir og auk þess eru þær byrðar misjafnlega þungar. Með þessari tillögu hefur ríkisstjórnin sýnt þjóðinni hvað hún meinar með loforðunum um lækkun húshitunarkostnaðar. Stjórnarandstaðan mótmælir þessari tillögu og mun greiða atkvæði gegn henni.

42. gr. (verður 44. gr.) samþ. með 33:27 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, AKS, EKJ, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SÞór, StG, StH, SJS, SvG, VS.

3 þm. (GÁ, ÓÞÞ, RG) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá fer fram atkvæðagreiðsla um 43. gr. (**Gripið fram í:** Nafnakall.) Það er óskað eftir nafnakalli um 43. gr. frv. og verður orðið við því. Upp kemur talan 62. (Gripið fram í.)

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það sem er að gerast hér efnislega er það, eins og fram hefur komið í þessari atkvæðagreiðslu, að ríkisstjórnin er að leggja virðisaukaskatt á ýmsa þætti sem ekki hafa borið virðisaukaskatt áður. Það er auðvitað kjarni málsins. Nú er það hins vegar þannig að lögin um virðisaukaskatt eru nokkurt völundarhús og þess vegna sýnist mér fljótt á litið að það sé hugsanlegt, miðað við það hvernig at-

kvæði féllu áðan, að hægt sé túlka nei-atkvæði við einstaka af þessum liðum á þann veg að menn vilji þá láta standa eftir í frv. það sem búið er að samþykkja áður, þ.e. fullan virðisaukaskatt. Mér er þetta ekki alveg ljóst hins vegar vegna þess að ég hef ekki lögin hér við höndina hjá mér í salnum, (Gripið fram í.) en af því að mér finnst ekki við hæfi að vera að elta spíssfyndugheit fjmrh. eða annarra í þessum málum heldur taka á efnisatriðunum þá er spurningin hvort það ætti að gera aðeins hlé á atkvæðagreiðslunni til þess að menn geti áttað sig aðeins á þessum hluta málsins, sérstaklega í ljósi þess að það eru nokkrir stjórnarliðar sem ekki fylgdu ríkisstjórninni í fyrri atkvæðagreiðslunni. Formaður þingflokks Alþfl. fylgdi t.d. ekki ríkisstjórninni í fyrri atkvæðagreiðslunni um hækkun á virðisaukaskattinum. Nefndarmaður í efh.- og viðskn., Ingi Björn Albertsson, fylgdi heldur ekki ríkisstjórninni í þeirri atkvæðagreiðslu og tveir þingmenn aðrir, Eyjólfur Konráð Jónsson og Lára Margrét Ragnarsdóttir, gerðu það ekki heldur. Ég tel því skynsamlegt, forseti, að gert verði hlé í nokkrar mínútur þannig að menn geti borið saman bækur sínar.

Geir H. Haarde *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. hv. síðasti ræðumaður var ekki nema að litlu leyti að fjalla um þá atkvæðagreiðslu sem fram undan er varðandi 43. gr. Hann var í raun og veru að óska eftir fundarhléi í miðri atkvæðagreiðslu. Ég tel að það sé algjörlega ástæðulaust að gera það. Það er rétt sem hann sagði sjálfur, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, að með þeirri samþykkt sem hér var gerð fyrir stundu hefur verið ákveðið í þessu frv. að taka upp virðisaukaskatt á þá liði sem þar var um að ræða. Ef 43. gr. verður ekki samþykkt þá fellur fullur skattur, 24,5%, á þá liði. Það er því alveg skýrt að með því að afgreiða þessa grein, 43. grein, kemur til framkvæmda sú tillaga að skatturinn þarna verði 14%. Þeim sem er annt um þessar greinar, eins og okkur er væntanlega öllum, ætti því að vera það ljóst að þar er um að ræða stuðning við þessar greinar frá þeirri stöðu sem málið er í nú á þessu augnabliki. Ég held að það sé skynsamlegt að ljúka þeirri atkvæðagreiðslu sem fyrst og tryggja 14% skatt í staðinn fyrir 24,5%.

Halldór Ásgrímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Ég held það sé heppilegast að hver og einn þingmaður fái tækifæri til þess að gera grein fyrir sinni afstöðu og sínu atkvæði. Við í stjórnarandstöðunni og við sem skipuðum minni hluta þessarar nefndar erum á móti þessari skattlagningu. Við erum á móti 24,5% skatti, við erum á móti 14% skatti og með því að greiða atkvæði með þessari grein teljum við okkur vera að staðfesta þennan 14% skatt. Við erum því andvíg þessari 43. gr. og munum greiða atkvæði gegn henni. Það er okkar afstaða. Síðan getur hæstv. fjmrh. eða formaður þingflokks Sjálfstfl. litið þannig á eins og þeir hafa hér gert, en það er ekki okkar afstaða og ég vænti þess að þetta sé alveg skýrt. Við munum greiða atkvæði gegn 43. gr. og að mínu mati ætti ekkert að vera að vanbúnaði að ganga strax til þessarar atkvæðagreiðslu og á ekki að þurfa neitt fundarhlé til þess.

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. 8. þm. Reykn. að virðisaukaskattslögin eru flókin og snúin og ég er viss um það að margir viðstaddir þingmenn áttuðu sig ekki fyllilega á því hvernig þessi atkvæðagreiðsla gengur fyrir sig og hvernig þær breytingar sem hér er um að ræða rekja sig í gegnum virðisaukaskattslögin. Hins vegar er það svo að að fenginni þeirri skýringu sem fram hefur komið í þessum umræðum, m.a. af hálfu hv. 1. þm. Austurl., þá get ég tekið undir það fyrir mitt leyti að fram fari atkvæðagreiðsla um þessa tillögu núna með hliðsjón af þeirri skýringu sem hann gaf og með hliðsjón af þeirri tillögu um afstöðu sem fram kom hjá hv. 1. þm. Austurl.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að það getur verið nokkuð erfitt að átta sig á þessum skattalögum öllum, virðisaukaskattinum og fleiru. Það er rétt líka að í 14. gr. laganna segir að virðisaukaskattur skuli vera 24,5%. Við erum búin að samþykkja hér á undan, þ.e. þeir sem það samþykktu eru búnir að samþykkja að allar þessar greinar skuli falla undir 14. gr. Það sem hér gerist í 43. gr. er að það er verið að taka það út og segja að skatturinn skuli vera 14%. Út af fyrir sig gæti ég verið sammála því að það væri mildandi atriði en þar sem þetta er liður í því að skattleggja öll þessi atriði sem eru talin upp í tölul. 1–7 í þessari grein, þá kýs ég að láta ríkisstjórnina bera ábyrgð á allri þessari skattlagningu og greiði því ekki atkvæði.

Kristinn H. Gunnarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það má taka rök hv. 8. þm. Reykv. og snúa þeim á hinn veginn og segja að fyrst að stjórnarliðið er búið að samþykkja 24,5% skatt á þessa liði þá sé órökrétt að þeir styðji það að sömu liðir beri 14% skatt. Með öðrum orðum að þeir séu að færa sig frá fyrri afstöðu. Ég vil ekki skilja afstöðu þeirra þannig, því miður, en með sama hætti er jafnrökrétt hjá stjórnarandstæðingum eða þeim sem greiða atkvæði gegn því að þessir liðir beri virðisaukaskatt að greiða atkvæði gegn því að þeir beri þennan tiltekna skatt líka. Það er fullkomið samræmi í afstöðunni beggja megin frá.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég vek athygli á því að sú afstaða sem kom fram hjá hv. 1. þm. Austurl. byggir á trausti á ríkisstjórninni því ef hann er svo ólánsamur að fá meiri hluta í atkvæðagreiðslunni fyrir sinni afstöðu þá stendur 24,5% skatturinn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur ekki annað en glaðst yfir því að það er

létt yfir þingheimi þrátt fyrir alvöru augnabliksins en vill biðja hv. þm. að hafa hljóð í salnum. Þetta er farið að verða dálítið á víð og dreif og forseti gerir sér ekki alveg grein fyrir hvernig við munum standa að þessu að lokum. Það var beðið um nafnakall. Það er ýmist búið að gera athugasemdir við atkvæðagreiðslu eða gera grein fyrir atkvæði og nú ætlaði forseti að spyrja hvort hv. þm. hafi horfið frá ósk sinni um að greiða atkvæði um þessa grein í einstökum liðum, en þá yrðu atkvæði greidd um greinina í heild sinni. (**Gripið fram í:** Nei.) Þar kom nei og þá veit forseti það og þá stendur það sem áður var beðið um.

Halldór Ásgrímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Ég bið hæstv. forsrh. að hafa ekki áhyggjur af hugsanlegri ólánsemi minni, ég tel að hann ætti fremur að hafa áhyggjur af ólánsemi sinnar eigin ríkisstjórnar. Ég stend við þá afstöðu sem ég gaf áðan. Mér er það ljóst að ef svo færi að meiri hluti væri fyrir því að fella þessa grein þá stæði það svo að 24,5% skattur væri lagður á greinina. Ég geri mér grein fyrir því, hæstv. forsrh. Ég tel hins vegar að með því að greiða atkvæði með þessari grein séum við að staðfesta þennan skatt. Ef hins vegar fer svo illa þá vænti ég þess að við hæstv. forsrh. getum orðið þeir lánsmenn að standa saman að því milli 2. og 3. umr. að fella þann 24,5% skatt niður því þá veit ég að það er kominn meiri hluti fyrir því. Þannig hefur það ávallt verið á Alþingi, ef eitthvað slíkt gerist þá er ráðrúm að leiðrétta milli 2. og 3. umr. og það er þess vegna sem það hefur verið ákveðið í þingsköpum að það fari fram bæði 2. og 3. umr.

Ég vænti þess að þetta sé nægileg skýring á minni afstöðu og hvet allan þingheim að greiða atkvæði gegn þessari tillögu þrátt fyrir áhyggjur hæstv. forsrh. sem að mínu mati hefur nóg með sína ríkisstjórn að gera og ætti að hafa meiri áhyggjur af henni.

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það fara fram hér ákaflega strákslegir ef ekki ómerkilegir tilburðir til þess að drepa þessu máli á dreif. Afstaða manna liggur alveg ljós fyrir, stjórnarandstaðan er andvíg þessari skattlagningu, hún er andvíg 24,5% virðisaukaskatti á bækur og hún er líka andvíg 14% virðisaukaskatti á bækur og getur því sannfæringu sinni samkvæmt ekki greitt atkvæði öðruvísi en gegn greinum í þessu frv. sem fela í sér skattlagningu, hvort sem prósentan er þar lægri eða hærri. Þetta ættu þingreyndir menn að skilja. Við vitum að hæstv. forsrh. er reynslulaus og fyrirgefum honum þess vegna barnaskapinn og misskilninginn, en það er öllu lakara að reyndari menn eins og hæstv. fjmrh. skuli hafa þetta í flimtingum.

Ég bendi líka hv. formanni þingflokks Sjálfstfl. á það að hér er verið að vinna með málið á Alþingi. Það er ekki orðið að lögum og eftir er 3. umr. Færi svo að þessi grein félli en hin stæði sem áður var samþykkt þá væri enn tækifæri til að rétta málið af. Það mætti hugsa sér að skattlagningin gæti orðið einhver önnur prósenta eða félli alveg niður.

Hitt er svo mér nokkurt umhugsunarefni að það skuli vera svona létt yfir stjórnarliðinu og hæstv. ráðherrum við einmitt þessar atkvæðagreiðslur. Það skuli vera þeim slíkt gleðiefni, hæstv. ráðherrum, að vera að reisa sér þessa níðstöng í íslenskri menningarsögu að leggja nú á nýjan leik virðisaukaskatt á bækur að þeir hafi það í flimtingum og séu hér glottandi með strákslegar athugasemdir einmitt við þá atkvæðagreiðslu.

43. gr. (verður 45. gr.), 1. og 2. málsl. og 1.–3. tölul., samþ. með 34:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, GAK, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, SalÞ.

nei: AÓB, EKJ, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, SÞór, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, AKS, ÓRG, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS.

1 þm. (JVK) greiddi ekki atkv.
2 þm. (GÁ, ÓÞÞ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ef af þessari skattlagningu verður sem ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar á Alþingi áforma nú munu dýrustu fargjöld í innanlandsflugi miðað við núverandi verðlag og að álagðri þessari skattlagningu fara yfir 20.000 kr. Dýrasta rútufargjald á leið eins og Reykjavík um Höfn til Egilsstaða með fjörðum fer í 14.000 kr.

Ég held að það séu flestir sammála um að það sé hvorki réttlátt né skynsamlegt að skattleggja þessa þjónustu. Það eykur á aðstöðumun fólks í landinu og dregur úr og takmarkar möguleika þeirrar atvinnugreinar Íslendinga, ferðaþjónustunnar, sem mestar vonir hafa verið bundnar við á undanförnum árum til nýsköpunar. Þetta er því að flestra dómi, eins og fram kemur í umsögnum, afar óskynsamleg skattlagning. Óréttlátur skattstofn og vond fjárfesting fyrir framtíðina hjá okkur Íslendingum. Það eru auðvitað dapurleg örlög hæstv. samgrh. að þurfa að standa að þessari aðgerð, manni sem hér á Alþingi fyrir nokkrum árum síðan barðist fyrir því að létt yrði sköttum af ferðaþjónustunni og starfsskilyrði hennar bætt.

Ég segi því nei, hæstv. forseti, ég er sannfærður um að þessi skattlagning eru mikil mistök sem menn hljóta að reyna að leiðrétta á næstu árum ef af verður nú.

43. gr. (verður 45. gr.), 4. tölul., samþ. með 33:26 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, AKS, EKJ, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SÞór, StG, StH, SJS, SvG, VS.

1 þm. (EH) greiddi ekki atkv.
3 þm. (GÁ, JVK, ÓÞÞ) fjarstaddir.

43. gr. (verður 45. gr.), 5.–6. tölul., samþ. með 33:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, GAK, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, SalÞ.

nei: JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, AKS, ÓRG, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, EKJ, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, SÞór.

2 þm. (JVK, ÖS) greiddu ekki atkv.
2 þm. (ÓÞÞ, GÁ) fjarstaddir.
6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það eru rúm tvö ár síðan þingheimur sameinaðist um það einróma á Alþingi að fella niður virðisaukaskatt á íslenskri bókaútgáfu. Rökin voru einkum tvíþætt: Annars vegar að á tímum vaxandi alþjóðlegra samskipta væri nauðsynlegt að styrkja rætur íslenskrar menningar. Þjóðin ætti óhikað að taka þátt í fjölþættu alþjóðlegu samstarfi en hún yrði jafnframt að kappkosta að varðveita menningu sína og færa hana til nýrrar kynslóðar. Hins vegar voru rökin þau að nauðsynlegt væri að styrkja útgáfu ritverka, vísindarita, safnrita öndvegishöfunda okkar og menningarlegrar bókaútgáfu af hvaða tagi sem væri. Það var ljóst að skattbyrðin, ef virðisaukaskattur væri ekki felldur niður á þessari útgáfu, væri með þeim hætti að bókaforlög, sérstaklega þau sem væru rekin af einkaaðilum, gætu varla risið undir því að gefa út meiri háttar ritverk, safnverk íslenskra öndvegishöfunda, fræðirit og aðrar perlur íslenskrar menningar.

Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir því að leggja niður það forlag ríkisins sem annaðist útgáfu á verkum af þessu tagi m.a. Nú er gengið líka áfram á sömu braut með því að leggja virðisaukaskatt á bækur sem ljóst er að mun gera mjög erfiða ef ekki útlokaða útgáfu safnrita öndvegishöfunda íslenskra fræðirita og margvíslegra vísindaverka.

Mér finnst það satt að segja óskiljanlegt að ríkisstjórn í vandræðum með ríkisfjármálin skuli ákveða að rjúfa þá þjóðarsamstöðu sem skapaðist hér fyrir rúmum tveimur árum síðan um að stíga þetta skref til að styrkja íslenska menningu. Við erum andvíg þessari skattlagningu og munum beita okkur fyrir því þegar við fáum aðstöðu til að henni verði breytt. Ég segi nei.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það hefur ríkt um það nokkurs konar þjóðarsátt hér á landi að leggja rækt við íslenska menningu, m.a. með útgáfu bóka, blaða og tímarita á íslenskri tungu. Núverandi ríkisstjórn ætlar með því að leggja virðisaukaskatt á þessa mikilvægu starfsemi að stefna í hættu þessum mikilvæga þætti í okkar menningu og virðist í þessu máli sem og öðrum vera úr takt við þetta þjóðfélag. Ég segi nei.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Með samþykkt 41. gr. frv. hefur meiri hluti Alþingis tekið þá ákvörðun að leggja virðisaukaskatt á þá liði sem taldir eru upp í 43. gr. Hið almenna skatthlutfall er 24,5%. Nú er verið að taka ákvörðun um það að hverfa frá þessu skatthlutfalli varðandi þær greinar sem taldar eru upp í 43. gr. og lækka það í 14%. Þetta gerist þrátt fyrir það að þessar greinar fái frádreginn innskatt sem ber hlutfallið 24,5%. Vegna þess að hér er um viðkvæmar greinar að ræða tel ég eðlilegt að skatthlutfallið sé lægra og segi þess vegna já.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vil vekja athygli hæstv. fjmrh. á því að 24,5% virðisaukaskattur hefur ekki tekið gildi og þótt hæstv. fjmrh. sé mjög duglegur við það hér á Alþingi að halda því fram að hann sé annaðhvort ekki að hækka skatta eða jafnvel að lækka skatta, eins og ég skildi hann nú, þá tel ég að með þessari atkvæðagreiðslu sé verið að staðfesta 14% skatt á þessar atvinnugreinar og þar með að leggja 14% skatt á þessar atvinnugreinar. Því segi ég nei.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er tiltölulega létt verk fyrir ríkisstjórnina og stuðningslið hennar að vinna góðverkin á Alþingi samkvæmt röksemdafærslu hæstv. fjmrh. þegar hann gerði grein fyrir atkvæði sínu. Hér er hins vegar á ferð grófasta atlaga sem fram hefur farið, a.m.k. svo langt sem ég man, gagnvart íslenskri menningu, gagnvart íslenskri bókmennt og gagnvart frjálsri fjölmiðlun í landinu jafnframt. Ég segi nei.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég veit ekki hvernig öðrum þingmönnum hér inni er innan brjósts á þessu augnabliki og hefur verið innan brjósts núna í nokkrar mínútur, en það get ég sagt þingmönnum að mér finnst þetta mjög dapurlegt augnablik sem við erum að upplifa hérna og sem við höfum verið að upplifa undanfarið. Þess vegna fannst mér mjög sérkennileg sú hundakæti sem ég vil kalla það, sem greip um sig hér áðan með þingmönnunum yfir þeirri uppákomu sem hér varð. Mér finnst þetta vera alvarlegur atburður sem hér er að gerast og alvara augnabliksins vera mjög mikil. Ég hlýt að líta svo á að þessi kæti sem greip menn hafi verið taugaveiklunarhlátur manna sem vita að þeir eru að gera vondan hlut.

Það eru miklir erfiðleikar í bókaútgáfu í landinu, það eru miklir erfiðleikar í prentiðnaðinum, við sjáum hvert fyrirtækið af öðru fara á höfuðið og sú skattlagning, sem hér er verið að leggja til á bókaútgáfuna og prentverkið, gæti orðið smiðshöggið á það.

Ég ætla að biðja menn sem hér eru ábyrgir fyrir þessu og ekki síst ráðherrana í núv. ríkisstjórn, að hlífa okkur við öllu tali um íslenska menningu í áramótaávörpum sínum. Ég vil engan virðisaukaskatt á menningu, stjórnarliðarnir eru ábyrgir fyrir því að fella niður undanþáguna með samþykkt 41. gr. hér áðan, þeir

verða að vera ábyrgir fyrir því að leggja á þennan 14% virðisaukaskatt. Ég segi nei.

43. gr. (verður 45. gr.), 7. tölul., samþ. með 33:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GAK, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, SalÞ.

nei: ÓRG, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, EKJ, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, SÞór, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, AKS.

2 þm. (EH, JVK) greiddu ekki atkv.

2 þm. (ÓÞÞ, GÁ) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Með þessari skattlagningu er verið að gera húshitunarkostnað landsmanna að skattstofni. Flestir vita að húshitunarkostnaður er mjög misjafn eftir landsvæðum og byggðarlögum, allt frá því að vera niður undir 20.000 kr. á ári þar sem hagstæðastar hitaveitur eru og upp undir 100.000 kr. þar sem orkukostnaður er mestur, borið saman við sömu íbúðarstærð. Engu að síður er nú ætlunin að gera þennan ójafna kostnað landsmanna að skattstofni þannig að ofan á t.d. tæplega 90.000 kr. kostnað þeirra sem hita hús á svæði Hitaveitu Rangæinga leggist skattur, allt upp í 7.000 kr. á þær hitaveitur sem óhagstæðast koma út úr þessum samanburði.

Mér er til efs að menn hafi í annan tíma fundið jafnólánlegan skattstofn á síðari árum og það má til sanns vegar færa að menn gætu í raun og veru allt eins lagt á öfugan tekjuskatt og látið þá borga hæstan skattinn sem lægstar hefðu tekjurnar. Skattur á húshitunarkostnað kemur nákvæmlega eins út. Þeim er ætlað að greiða mest í skatt sem þegar hafa þurft að ráðstafa mestu af launum sínum fyrir í húshitunarkostnað. Að vísu hefur hæstv. ríkisstjórn reynt að setja upp endurgreiðslukerfi til að draga nokkuð úr ójöfnuðinum og óréttlætinu sem þessari skattlagningu er samfara og með því viðurkennt í reynd að þessi skattstofn sé afleitur og fráleitur. Þessi jöfnun nær þó engan veginn nógu langt, eins og kom fram þegar efh.- og viðskn. skoðaði það mál og fékk um það upplýsingar frá iðnrn. Ég mun því greiða atkvæði gegn þessari tillögu og ég bind enn vonir við það verandi bjartsýnismaður að menn fáist til að skoða þetta mál milli umræðna. Hér eru ekki þeir fjármunir á ferð að ekki sé með einhverjum öðrum og skynsamlegri hætti hægt að finna þeim stað í skattheimtu ríkisins. Ég segi nei.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það hefur margt komið á óvart í skattaálögum ríkisstjórnarinnar og stuðningsflokka hennar á Alþingi en þetta er sú tillaga sem tekur steininn úr. Miðað við yfirlýsingar landsbyggðarþingmanna í stjórnarflokkunum, bæði fyrir kosningar og allar götur síðan margendurteknar um það að vinna gegn mismunun á húshitunarkostnaði, þá gera þeir húshitunarkostnaðinn að skattstofni með flatri álagningarprósentu. Það er satt að segja furðulegt ef þessi skattlagning á eftir að ganga hér fram á Alþingi nú fyrir jólin og sannarlega kaldar kveðjur sem þar er verið að senda þeim sem þegar búa við mikið misrétti fyrir í þessum efnum. Jafnframt er auðvitað verið að binda þunga bagga fyrir fyrirtækin sem eiga að standa undir þessu og þau fyrirtæki sem hugmyndin er að rísi, eins og nýjar hitaveitur sem geta væntanlega bæst við og þurfa að taka við slíkum ókjörum. Ég segi nei.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég get ekki annað en komið hér og mótmælt þessari skattlagningu sem menn ætla að taka upp. Það hefur verið rökstutt í greinargerðum hér á undan með hvaða hætti þetta kemur við þá sem eiga hlut að máli, þ.e. menn eru auðvitað að hækka hjá öllum sem greiða fyrir þessa orku og það bætist jafnmikið ofan á hæstu reikningana eins og aðra reikninga. Það eru einungis þeir sem búa við lægstu taxtana sem fara betur út úr þessu, þeir sem búa við allægstu hitaveiturnar borga minnst í þennan skatt. En auðvitað er allur skatturinn fáránlegur og það er satt að segja alveg furðulegt að menn skuli hafa rökstutt það með því að það væri of flókið að hafa þetta ekki með í skattlagningunni. Er þá ekki flókið að búa til eitthvert endurgreiðslukerfi sem hér á að vera í gangi? Það hlýtur að kosta eitthvað líka. Auðvitað hefðu menn átt að láta vera að leggja þennan nýja skatt á og bæta ofan á allt of háa orkureikninga hjá mörgu fólki þegar það er líka rifjað upp að ríkisstjórnin hefur verið með yfirlýsingar um það að hún ætli sér að jafna orkukostnað landsmanna niður, að minnka hann, þá gengur hún fram í hækkunum af þessu tagi. Hún hefur gengið fram í hækkunum á annarri orku líka, en samt halda menn sömu ræðurnar aftur og aftur um það að þeir séu að standa í því að lækka orkuverð. Ég er mjög undrandi á að sjá það sem komið hefur fram við þessa atkvæðagreiðslu að þeir menn skuli standa að því að bæta þessum skatti ofan á allt of há gjöld sem hér hafa þegar greitt atkvæði með þessari tillögu. Ég mótmæli þessu og segi nei.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að mótmæla harðlega skatti sem lagður er á skattstofn sem er svo misjafn eftir búsetu manna eins og hér um ræðir. Ég vil, virðulegi forseti, nefna það að stjórnarliðar hafa sagt að skattinn eigi að jafna út. Samkvæmt þeim gögnum sem við höfum fengið varðandi 14% skattinn í efh.- og viðskn. þá er munurinn á því sem íbúar landsins þurfa að greiða frá því að vera 2.800 kr. á 400 rúmmetra hús upp í það að vera 7.800 kr. Sem sagt langt yfir 100% munur. Við höfum enga útreikninga séð sem sýna hvernig hægt er að jafna þetta út. Við höfum að vísu heyrt yfirlýsingar einstakra þingmanna þess efnis að hér sé verið að jafna hitunarkostnað. Það er að vísu eingöngu hægt að sjá það út með því að því hærri sem skatturinn verði því meiri verði jöfnuðurinn. Það er að

vísu hægt að finna rök í þeim málflutningi. Þess vegna hlýt ég að spyrja hv. stuðningsmenn þessarar ríkisstjórnar: Hvað þyrfti að hækka skattinn mikið til þess að mismunurinn jafnaðist svona nokkurn veginn út? Þessari spurningu varpa ég sérstaklega til hv. 3. þm. Suðurl. (**Forseti:** Það var nú verið að gera grein fyrir atkvæði sínu og væri gott að heyra hvað þingmaðurinn vill gera.) Ég segi nei.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Í 41. gr., e-lið, er ákvæði sem tekur út undanþágu til þess að greiða virðisaukaskatt sem er í dag 24,5% og þessi undanþága tók til orku til húshitunar. Meiri hluti Alþingis hefur rétt nýlega samþykkt að taka út þessa undanþágu. Þessi grein sem við erum hér að ræða núna, 43. gr., 7. liður, segir að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skuli virðisaukaskattur af sölu á þessari vöru og þjónustu vera 14%.

Ég lýsi aftur yfir ábyrgð á hendur ríkisstjórninni fyrir að standa að skattlagningu sem þessari á húshitunarkostnað landsmanna sem víða á landinu er þrefalt meiri en annars staðar. Þessi sama ríkisstjórn hefur sett sér það markmið að jafna húshitunarkostnað í landinu. Hún lagði 35 millj. á sl. vori í það verk en hvað er hún að taka í þessari skattlagningu? 900 millj. kr. Ég greiði ekki atkvæði.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Alþýðuflokkurinn – Jafnaðarmannaflokkur Íslands á iðnrh. í þessari ríkisstjórn og átti hann líka í þeirri fyrri. Flokkurinn með iðnrh. í broddi fylkingar stóð að því að leggja fram sérstaka þáltill. fyrir síðustu kosningar hér á Alþingi um lækkun húshitunarkostnaðar þar sem því var lýst yfir að það væri stefnan að stuðla að auknum jöfnuði í húshitun landsmanna þannig að kostnaðurinn yrði aldrei meiri en 5.000 kr. á mánuði miðað við verðlag í janúar 1991. Hér sjáum við jafnaðarstefnu Alþfl. Hún er sú að gera húshitunarkostnaðinn að skattstofni og auka þann mismun sem er á þessu fyrir. Þeir ganga til öfugrar áttar miðað við þeirra eigin tillögu. Ég segi nei.

44. gr. (verður 46. gr.) samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HBl, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (EgJ, GÁ, HÁ, HG, ÓÞÞ) fjarstaddir.

45. gr. (verður 47. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (AÓB, AKS, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SÞór, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (GÁ, JVK, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 490,8 samþ. með 61 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (GÁ, ÓÞÞ) fjarstaddir.

46. gr. (verður 48. gr.), svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GAK, GB, GHall, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

2 þm. (KE, SvG) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GuðjG, GÁ, GunnS, HÁ, JÁ, JVK, KSG, ÓÞÞ, SJS, ÖS) fjarstaddir.

47. gr. (verður 49. gr.) samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

4 þm. (GÁ, ÓÞÞ, RA, SJS) fjarstaddir.

48. gr. (verður 50. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

23 þm. (AÓB, AKS, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, RA, SÞór, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (GÁ, JVK, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 490,9 samþ. með 60 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP,

StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (EgJ, GÁ, ÓÞÞ) fjarstaddir.

49. gr. (verður 51. gr.), svo breytt, samþ. með 60 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (GÁ, ÓÞÞ, PP) fjarstaddir.

50.–51. gr. (verður 52.–53. gr.) samþ. með 61 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (GÁ, ÓÞÞ) fjarstaddir.

52. gr. (verður 54. gr.) samþ. með 33:26 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, AKS, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SÞór, StG, StH, SJS, SvG, VS.
1 þm. (EH) greiddi ekki atkv.
3 þm. (EgJ, GÁ, ÓÞÞ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hér er tillaga um það að lækka endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu manna við íbúðarhúsnæði á byggingarstað. Það er rétt fyrir hv. alþm. að gera sér grein fyrir afleiðingum þessarar samþykktar. Hún mun leiða til þess að mati Þjóðhagsstofnunar að byggingarvísitala mun hækka um 3% og lánskjaravísitala mun því hækka um 1%. Skuldir ríkisins munu við þessa ákvörðun hækka um 600 millj., verðtryggðar skuldir ríkisins. Íbúðarlánasjóðirnir hafa lánað út á annað hundrað milljarða. Það má því reikna með að skuldir við þessa sjóði hækki við þessa einu ákvörðun um rúman milljarð. Það hafa verið gefnir út níu flokkar af húsbréfum upp á tæpa 40 milljarða og þau húsbréf hækka við þessa ákvörðun um 400 millj. Síðan munu að sjálfsögðu eignir þeirra sem eiga peninga hækka að sama skapi. Þetta er ekki í neinu samræmi við ástand þjóðfélagsmála og lýsir best hversu röng verðtryggingin er við þessar aðstæður.

Ég vil jafnframt benda á umsögn Landssambands iðnaðarmanna en þar segir m.a.: „Ekki bætir úr skák að í þessu frv. er vegið að hag húsbyggjenda og byggðingariðnaðarins úr mörgum fleiri áttum, þ.e. með skerðingu vaxtabóta, skerðingu skattfrádráttar vegna húsnæðissparnaðarreikninga og sérstakri skattpíningu og órökréttum skattareglum varðandi atvinnurekstur í eigin nafni.“ Þetta er dæmi um viðbrögð sem eru í þjóðfélaginu vegna þessa máls og sýnir best hversu rétt athugasemd Vinnuveitendasambands Íslands er í þessu máli. Ég vildi gera grein fyrir þessari afstöðu minni hlutans og við munum greiða atkvæði gegn þessari grein frv.

Brtt. 490,10 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
20 þm. (AKS, GB, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, SÞór, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (FI, GÁ, GHelg, IBA, ÓÞÞ, RA, StG) fjarstaddir.

53. gr. (verður 55. gr.), svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
19 þm. (FI, GB, GHelg, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, SÞór, StG, StH, SJS, VS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (AKS, GÁ, HÁ, ÓÞÞ, PP, RA, SvG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Með þessari grein er viðleitni til að jafna út áhrif af álagningu virðisaukaskattsins og því munum við stjórnarandstæðingar ekki leggjast gegn þessari tillögu. Á hinn bóginn er jöfnunin afar ófullnægjandi eins og sjá má af yfirlitstöflu sem útbúin hefur verið sem leiðir m.a. í ljós að jöfnunin er þannig að t.d. á Seltjarnarnesi greiða menn 3.850 í virðisaukaskatt en á Austfjörðum og Vestfjörðum 4.460 kr.

Vegna þessarar ófullnægjandi jöfnunar getum við ekki stutt þessa grein heldur og munum því sitja hjá.

54. gr. (verður 56. gr.) samþ. með 57:2 atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ,

RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: JGS, JónK.
4 þm. (GÁ, ÓÞÞ, RA, SJS) fjarstaddir.

55. gr. (verður 57. gr.) samþ. með 36:24 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, AKS, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, SÞór, StG, StH, SJS, SvG, VS.
3 þm. (GÁ, ÓÞÞ, RA) fjarstaddir.

56. gr. (verður 58. gr.), ákv. til brb. I–II, samþ. með 36:22 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, AKS, FI, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, SÞór, StG, StH, SJS, SvG, VS.
1 þm. (GB*) greiddi ekki atkv.
4 þm. (GÁ, ÓÞÞ, PP, RA) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

56. gr. (verður 58. gr.), ákv. til brb. III, samþ. með 58:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: JónK.
1 þm. (JGS) greiddi ekki atkv.
3 þm. (GÁ, ÓÞÞ, RA) fjarstaddir.

56. gr. (verður 58. gr.), ákv. til brb. IV, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
23 þm. (AÓB, AKS, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, SÞór, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (GÁ, JGS, ÓÞÞ, PJ, RA) fjarstaddir.

57.–58. gr. (verða 59.–60. gr.) samþ. með 52:1 atkv. og sögðu
já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: IBA.
6 þm. (AÓB, FI, GuðjG, JVK, StG, SJS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (GAK, GÁ, ÓÞÞ, RA) fjarstaddir.

Brtt. 490,11 (nýr kafli, IX. kafli, með fjórum greinum er verða 61.–64. gr.) samþ. með 35:22 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, AKS, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, ÓRG, PP, SÞór, StG, StH, SJS, SvG, VS.
3 þm. (EH, JVK, KE) greiddu ekki atkv.
3 þm. (GÁ, ÓÞÞ, RA) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Það hefur verið samstaða um það með þjóðinni að skattlagning á umferð eigi að bera upp vegagerð í landinu. Ég taldi að um það væri víðtæk pólitísk samstaða. Hún er nú smám saman að verða minni og minni eftir því sem þessi ríkisstjórn gengur lengra í þeirri stefnu sinni að skerða fé til vegagerðar. Það er þannig að í fjárlagafrv. er 344 millj. kr. skerðing á mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar og núna er í viðbót sett á þessa tekjustofna sérstakt gjald, bensíngjald upp á 780 millj. kr. Samtals eru því af þessum stofni teknar 1.124 millj. kr. Á sama tíma boðar ríkisstjórnin sérstakt átak í vegamálum sem hún að vísu lækkaði úr 1.800 millj. núna í þessum fyrirætlunum niður í 1.550 millj. Þetta á að vera lán sem á síðar að greiða af mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar. Þetta eru fáránlegar hundakúnstir sem menn eru að gera hér, að nota ekki eðlilegar tekjur af fé til vegagerðar í vegagerð. Í staðinn eru tekin lán sem á að greiða síðar til baka. Ég mótmæli þessu og segi nei við þeirri skattlagningu sem hér er verið að ákveða og fer fram á það að menn taki til endurskoðunar þessi vinnubrögð því það gengur náttúrlega ekki að halda áfram á þessari braut. Það sem ríkisstjórnin var að hæla sér af hér í haust, um átak til vegagerðar, er orðið að hlægilegum brandara með þessum hætti.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja sérstaka athygli á því varðandi þessa brtt. sem hér er verið að greiða atkvæði um að með henni er verið að festa í sessi í lögum um fjáröflun til vegagerðar skattheimtu til ríkissjóðs beint. Það er hér talað um sérstakt bensíngjald og það er kveðið á um að það skuli renna í ríkissjóð og

síðan segir að vísu að það sé 1,70 kr. á hvern lítra af bensíni. Ég vil einnig benda mönnum á að hér er um að ræða tölu sem er bundin við það verðlag sem lögin eru á og þessi tala framreiknuð til verðlags í dag þýðir 4,50 kr. ekki 1,70 kr. Það eru 4,50 kr. sem verið er að leggja á hvern lítra af bensíni. Það þýðir hækkun á bensínverði um 7–8%. Við höfum stundum áður staðið frammi fyrir því að skerða tímabundið markaða tekjustofna Vegagerðarinnar að einhverju leyti og láta þá renna í ríkissjóð. Það er einnig gert núna, eins og kom fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni hér áðan, um 344 millj. kr. en þær 780 millj. sem hér er verið að innheimta að auki eiga framvegis að renna í ríkissjóð. Hér er verið að ganga á þennan tekjustofn sem hingað til hefur ávallt runnið beint til Vegagerðarinnar. Ég er algjörlega andvígur þessari hugmynd og tillögu sem hér er sett fram og mun því greiða atkvæði gegn tillögunni.

Brtt. 490,12 (nýr kafli, X. kafli, með fjórum greinum er verða 65.–68. gr.) samþ. með 55:2 atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: FI*, JónK.

2 þm. (PP, SvG) greiddu ekki atkv.

4 þm. (GÁ, JVK, ÓÞÞ, RA) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Fyrirsögn og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49:4 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: ISG, JHelg, PP, SvG.

3 þm. (AKS, JVK, StG) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EgJ, EKG, GÁ, HG, JGS, ÓÞÞ, RA) fjarstaddir.

Um þingsköp.

Frumvarp um skattamál.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil fara fram á það að það mál sem nú var verið að vísa til 3. umr. verði tekið til umfjöllunar í efh.- og viðskn. á milli umræðna. Fyrir þessu get ég fært ýmis rök ef þörf þykir. Bæði var það að málið var þannig unnið að ýmsar upplýsingar komu mjög seint eða alls ekki til efh.- og viðskn. áður en 2. umr. hófst. Meiri hlutinn ákvað að gera viðamiklar breytingar á síðustu klukkutímum áður en það var afgreitt úr nefnd. Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar og jafnvel stjórnarliðar einnig áttum þess ekki kost að skoða þær breytingar á grundvelli gagna í ýmsum tilvikum bæði frá fjmrn. og Þjóðhagsstofnun.

Ég tel einnig að í umræðum um málið í gærkvöldi hafi komið fram upplýsingar og sjónarmið sem geri það að verkum að eðlilegt sé að efh.- og viðskn. komi saman á nýjan leik og fari yfir þetta mál. Ég hygg að ég þurfi ekki að vísa þar til neins sérstaks sem fram kom í umræðunni. En þeir sem fylgdust með henni átta sig væntanlega á því hvað ég er að fara.

Enn fremur er það svo, hæstv. forseti, að ég lít svo til að sú venja hafi skapast og liggi í raun og veru í anda hinna nýju þingskapa, þar sem þingið starfar nú í einni málstofu, að ef óskað er eftir því að nefnd taki meiri háttar mál til umfjöllunar á nýjan leik á milli 2. og 3. umr. þá sé jafnan orðið við því. Þannig að ég kem þessari ósk hér með á framfæri, hæstv. forseti, bæði til hæstv. forseta og eins til formanns efh.- og viðskn.

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Í ljósi ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. vil ég taka fram að það var ætlunin að efh.- og viðskn. fundaði á mánudag að minnsta kosti. Það eru nokkur atriði sem eiga eftir að koma inn fyrir 3. umr. sem tengjast breytingum á skattvísitölu og slíku. Síðan fékk nefndin ágætis bréf í lok síðasta fundar sem þarf að skoða þannig að ég reikna með því að nefndin fundi á mánudaginn.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú vill forseti leita eftir því að hér fari fram atkvæðagreiðsla um að veita afbrigði til að fimm þingskjöl með brtt. við fjárlagafrv. megi koma á dagskrá og til umræðu. Þetta eru þingskjöl 506, 522, 523, 524 og 525.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (FI, GÁ, JÁ, JVK, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti ætlar að gera hlé á fundinum í 20 mín. Síð-

an heldur umræðan áfram. Það hafði verið óskað eftir að utanrmn. héldi fund nú á milli kl. eitt og tvö, sá tími er næstum liðinn en utanríkismálanefndarfundur verður síðar í dag. Honum hefur verið frestað með samkomulagi innan nefndarinnar. Fundi er frestað til kl. þrjú. — [Fundarhlé.]

Fjárlög 1993, frh. 3. umr.

Stjfrv., 96. mál. — Þskj. 465, frhnál. 513 og 520, brtt. 464, 468, 482, 483, 484, 497, 506, 511, 512, 514, 515, 516, 519, 522, 523, 524 og 525.

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) (frh.):

Herra forseti. Þegar ég gerði hlé á ræðu minni fyrir hádegið var ég staddur í þeim kafla álits minni hluta fjárln. sem fjallaði um tekjuhlið fjárlaga. Ég hafði lokið við að gera grein fyrir þeim skattaálögum sem öllum almenningi í landinu eru ætlaðar, jólagjöfum ríkisstjórnarinnar til allra þar sem enginn er undanskilinn en ég var kominn að þeim kafla í nál. sem fjallar um viðbótarjólagjafirnar sem eru ætlaðar þeim sem þurfa að fara til tannlæknis, þeim sem þurfa að kaupa lyf, greiða meðlag eða eiga börn, en þá á ég við þær breytingar sem liggja fyrir Alþingi í frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og fela í sér þessar viðbótarjólagjafir til þessara hópa í þjóðfélaginu. Það mun reyndar verða gerð nánar grein fyrir þessum jólapökkum síðar í umræðunni þannig að ég get stytt mál mitt um þetta hér í upphafi þegar ég tala fyrir áliti minni hluta fjárln. En auðvitað eru aðfarirnar við þetta mál kapítuli út af fyrir sig og væru reyndar efni í langa ræðu, sem ég ætla þó ekki að flytja að sinni. Því það er eins með þetta mál og svo mörg önnur sem varða þetta frv. að þar stendur engin ákvörðun lengur en daginn, kannski í mesta lagi svona tvo daga eða yfir eina helgi, þannig að eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar þá hefur þetta verið nefndinni mjög erfitt í hennar störfum.

Önnur atriði sem varða tekjuhlið fjárlaga vildi ég aðeins minnast á. Það er ætlað að hafa tekjur af arðgreiðslum frá orkufyrirtækjum. Þær breytingar sem voru gerðar milli 2. og 3. umr. í því máli voru þær að arðgreiðslur Landsvirkjunar sem voru áætlaðar 100 millj. kr. voru felldar niður, en arðgreiðslur Rafmagnsveitna ríkisins sem voru 30 millj. kr. halda sér. Ástæðan fyrir niðurfellingunni á Landsvirkjun var vafalaust slæm staða afkoma þess fyrirtækis en það er afar sérkennileg ákvörðun að gera Rafmagnsveitum ríkisins að greiða 30 millj. kr. í arð því auðvitað kemur það fram í verði á orku frá Rafmagnsveitum ríkisins og er þó ekki á bætandi. Eins og síðar verður að vikið eru Rafmagnsveiturnar með mjög mikil verkefni í höndunum vegna viðhalds dreifilína á því svæði.

Í tekjuhliðinni eru líka áætlanir um að afla 1.500 millj. kr. tekna með sölu ríkiseigna. Það skýrðist ekkert við þessa yfirferð fjárln. fyrir 3. umr. hvort þessar 1.500 millj. í tekjur af sölu ríkiseigna ganga eftir. Það voru sett áform um miklar tekjur af sölu ríkiseigna á yfirstandandi ári, um 500 millj. kr., það stóðst ekki. Nú er þessi upphæð þeföldud og skilyrði fyrir því að þessi upphæð gangi eftir er sú að það takist að selja lánastofnanir í eigu ríkisins. Það er skilyrði fyrir þessu að það takist að selja Búnaðarbankann. Nú væri fróðlegt að heyra það frá hv. stjórnarliðum í þessari umræðu og hæstv. fjmrh. hvort nú er komið samkomulag í ríkisstjórnarflokkunum um að selja lánastofnanir. Það væri fróðlegt að heyra frá hæstv. félmrh. einnig hvort nú er samkomulag um þetta atriði. Ég man ekki betur en að hæstv. félmrh. hafi lýst sig algjörlega andvígan þessari sölu og munar um minna, enda hefur sú sala ekki gengið eftir enn þá vegna andstöðu eins ráðherra í ríkisstjórninni. Þar er ekki um neinn óbreyttan þingmann að ræða þannig að það væri mikilvægt að fá það upplýst við þessa umræðu og mundi þá skýra hvort þessi upphæð stendur ef það fengist fram. Það skiptir líka miklu máli hvort þessi upphæð skilar sér vegna þess að í frv. eru sérstök ákvæði um það að 330 millj. kr. sem ætlunin er að verja til rannsóknaverkefna til Rannsóknasjóðs, Vísindasjóðs og Rannsóknaráðs skilyrt því að þessi sala gangi eftir.

Í fylgiskjali III með nál. fylgja ítarlegar upplýsingar um útgjöld til rannsókna- og þróunarverkefna og hvernig staða þeirra mála er. Þar fylgja upplýsingar í súluritum um framlög til Rannsóknasjóðs og fjárveitingar ríkisins til rannsóknastofnana. Það er mjög brýnt við þær aðstæður sem nú eru í atvinnumálum að efla þessa starfsemi og framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs og formaður þess komu til viðtals við nefndina þar sem ítarlega var farið í gegnum þau mál. Þeir bundu miklar vonir við þessa fjárveitingu sem er skilyrt, en er þó engin vissa um að komi til. Hún er algjörlega háð því hvort þessar 1.500 millj. kr. tekjur skila sér. Það er rétt að þetta komi mjög skýrt fram við þessa umræðu því þegar talað er um aukið fjármagn til rannsókna og þróunar þá er þessi fyrirvari fyrir hendi og hann er háður meiri óvissu heldur en liggur í augum uppi vegna þess ósamkomulags sem hefur verið í stjórnarliðinu um þessi mál. Þar að auki er engin samstaða um það í þjóðfélaginu að selja þessar bankastofnanir en það er önnur saga sem ég ætla ekki að rekja nánar núna.

Nefndin fékk greinargerð frá Þjóðhagsstofnun um helstu breytingar á efnahagshorfum frá því að greinargerð stofnunarinnar var gefin út þann 23. nóv. sl. í tengslum við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í atvinnumálum. Í greinargerðinni kemur fram að atvinnuleysi er meira en gert var ráð fyrir og fer sívaxandi. Af þessu leiðir tvennt: Í fyrsta lagi að útgjöld ríkissjóðs vaxa vegna aukinna atvinnuleysisbóta og tekjur dragast saman vegna minnkandi veltu.

Um önnur atriði varðandi tekjuhliðina vísast í álit minni hluta efh.- og viðskn. sem er afar ítarlegt og ekki síður þau fylgiskjöl sem fylgja því áliti, en það álit er samkvæmt þingsköpum birt sem fylgiskjal með áliti meiri hluta fjárln.

Ef ég vík svo að gjaldahlið frv. þá flytur nefndin sameiginlega nokkrar tillögur til hækkunar og lækk-

unar á gjaldahlið frv. Formaður fjárln., hv. 6. þm. Reykn., var nokkuð hreykinn af því áðan að fjárln., meiri hluta fjárln. sérstaklega, hefði gengið í það verk að skera niður útgjöld um 900 millj. kr. Það er ekki allt sem sýnist í þeim efnum því að 400 millj. kr. af þessum niðurskurði, sem hv. formaður fjárln. var svo hreykinn af, voru aldrei til nema í hugmyndum ríkisstjórnarinnar, það var aldrei komið inn í frv. Þetta var í því fólgið að byggja upp loftkastala, dreyma dagdrauma og skera þá svo niður einn góðan veðurdag. Hins vegar var svo farið í ýmsa liði aðra og nokkur atriði tínd til, þegar búið var að skera niður til viðbótar vegagerðaráformin sem ríkisstjórnin birti í haust og voru inni í fjárlagafrv., um 250 millj., þá eru komnar 650 millj. Þá voru 250 millj. eftir sem voru teknar hér og þar, lækkaðar heimildir 6. gr. og tekin nokkur atriði og tíndar 10–15 millj. af nokkrum þáttum. Við minnihlutamenn gátum vel verið sammála þeim þáttum því að við álítum að það þurfi vissulega að hafa aðhald eins og nú standa sakir þannig að við erum sammála þeim niðurskurði nema við tökum ekki þátt í þeim leikfléttum sem varða yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og áform hennar um atvinnuskapandi aðgerðir sem svo er horfið frá einn góðan veðurdag í einu vetfangi. Við tökum ekki þátt í þeim hringlandahætti.

Varðandi gjaldahliðina er ljóst að það er algjör óvissa um hve háa upphæð Jöfnunarsjóður sveitarfélaga þarf að greiða til Innheimtustofnunar sveitarfélaga vegna aukinna vanskila sem stafa af hækkun meðlagsgreiðslna sem fylgja frv. til laga um almannatryggingar. Samskipti ríkisins og sveitarfélaganna halda áfram að vera með miklum eindæmum og það mætti í rauninni tala langt mál um þann þátt en ég vil drepa á eitt eða tvö atriði. Einn þátturinn í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. nóv. var sá að framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs sveitarfélaga yrði skorinn niður og framlag til Jöfnunarsjóðsins yrði lækkað um 110 millj. Það kemur fram í ályktunum frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga frá 11. des. að það hefur ekki verið haft samráð með fullnægjandi hætti við sveitarfélögin um þetta mál og þetta brýtur algjörlega í bága við þann griðasáttmála sem formaður Sambands ísl. sveitarfélaga gerði við forsrh. og félmrh. þann 10. okt. sl. Hér segir í ályktun stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga frá 11. des., í samkomulagi ríkisstjórnarinnar og Sambands ísl. sveitarfélaga frá 10. okt. sl. segir m.a., með leyfi forseta:

„Aðilar eru sammála um að framvegis verði tillögur um meiri háttar breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem kveðið er á um í lögum eða gert hefur verið sérstakt samkomulag um, teknar til umfjöllunar í sérstakri samráðsnefnd þeirra.“ — Síðan segir: „Aðgerðir ríkisstjórnarinnar ganga þvert á nýgert samkomulag. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga krefst þess að ríkisstjórnin hverfi frá öllum áformum um að skerða Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Mikilvægt er að hann geti áfram og að óskertu gegnt sínu þýðingarmikla jöfnunarhlutverki. Nú er þegar óskað eftir formlegum viðræðum við ríkisstjórnina um þetta mál.“

Þannig standa sakir varðandi griðasáttmálann sem gerður var þann 10. okt. að þann 11. des. sjá forráðamenn Sambands ísl. sveitarfélaga sér þann eina kost vænstan að biðja aftur um viðræður við ríkisstjórnina um þessi samskipti. Og það er ekki nóg með þetta heldur er ljóst að hækkanir meðlagsgreiðslna munu auka mjög vanskil í Innheimtustofnun sveitarfélaga og auka greiðslur Jöfnunarsjóðs til Innheimtustofnunarinnar.

Við fengum af því fregnir í hv. félmn., sem ég á sæti í jafnframt fjárln., að einhverjar viðræður hefðu farið fram milli formanns Sambands ísl. sveitarfélaga og ríkisstjórnarinnar um að þak á greiðslum Jöfnunarsjóðsins til Innheimtustofnunar ætti að vera 300 millj. Við fengum af þessu óljósar fregnir í fjárln. en ekkert sem hönd má festa á og ljóst er þó að það gangi eftir að allt þar umfram verður að greiðast úr ríkissjóði. Um málefni Jöfnunarsjóðsins og fjárútlát ríkissjóðs í tengslum við Jöfnunarsjóðinn er því fullkomin óvissa. Þetta mál er allt saman eitt spurningarmerki á gjaldahliðinni og sannleikurinn er sá að samskiptin við sveitarfélögin eru að verða eitt allsherjarklúður vegna þess að það er alveg sama þó að gert sé samkomulag, undirritað af ráðherrum og forustumönnum sveitarfélaga, þá er hafist handa strax og blekið er þornað við að reyna að komast hjá því að uppfylla þær sjálfsögðu samskiptareglur sem eiga að vera þar á milli.

Það vakti nokkra undrun þegar við vorum í miðjum klíðum að vinna fjárlagafrv. að þá birtist viðtal við hæstv. fjmrh. í Morgunblaðinu, þann 13. des. þar sem hann segir að þessari fjárlagavinnu sé alls ekki lokið, það séu veigamiklar breytingar fram undan, og hann tekur til ýmsa þætti í heilbrigðismálum og húsnæðismálum sem þurfi að taka á, svona svipað og gert hafi verið í landbúnaðarmálum og er það vafalaust kveðja til hæstv. ráðherra Alþfl. sem fara með þessi mál.

Ég kem nánar að því síðar hvernig var tekið á húsnæðismálunum en áður ætla ég að minnast á nokkrar B-hluta stofnanir og kem þá fyrst að Lánasjóði ísl. námsmanna. Framkvæmdastjóri hans kom á fund nefndarinnar milli 2. og 3. umr. Það er nú svo að vegna gengisbreytinga og verðlags þurfa fjárveitingar til lánasjóðsins að hækka um 92 millj. kr. og er þessu mætt með aukinni fjárveitingu, um 50 millj. kr. auknum lántökum sjóðsins. Stjórn lánasjóðsins leggur til að rekstrarkostnaður hækki úr 73 millj. kr. í 87 millj. Þetta er í kjölfar breyttra laga og úthlutunarreglna sem hafa í för með sér sérstakt vinnuálag og hafa kallað á kerfisbreytingar í ár og á næsta ári. Það var ekki orðið við þessari hækkun en breytt lög og úthlutunarreglur lánasjóðsins hafa orðið til þess að gera námsmönnum með lítil efni ókleift að stunda nám þannig að margir hafa orðið að hverfa frá námi og margir hafa ekki byrjað. Það er sorgarsaga í sjálfu sér. Auk þess hefur þessi breyting kostað ómælda fjármuni. Og það eru ekki lagðir fram fjármunir til að standa straum af henni þannig að þó þetta sé ekki há upphæð miðað við allar þær milljónir sem eru í lánasjóðnum þá kemur það auðvitað á lánasjóðinn að standa straum af þessu með einhverjum hætti.

Það er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að gjaldskrá Ríkisútvarpsins verði hækkuð um 4%. Áætlanir forráðamanna stofnunarinnar gera ráð fyrir 10% hækkun. Og það verður að geta þess þrátt fyrir ræðu formanns fjárln. hér í morgun að aldrei kom til framkvæmda 4,5% galdskrárhækkun sem fjárlög þessa árs gerðu ráð fyrir og áætlanir voru miðaðar við. Í frv. er gert ráð fyrir samdrætti í rekstri stofnunarinnar sem nemur um 30 millj. kr. Það er mjög ámælisvert út af fyrir sig að neitað sé um að láta hækkanir, sem ákveðnar eru í fjárlögum og stofnanir miða sínar áætlanir við, koma til framkvæmda. Það segir sig náttúrlega sjálft að það er miklum erfiðleikum bundið svo ekki sé meira sagt að reka stofnanir með þeim hætti.

Þá kem ég að framlagi til Byggingarsjóðs verkamanna og að því hvernig húsnæðismálin eru leyst í þessu frv. Framlag til Byggingarsjóðs verkamanna var lækkað um 50 millj. kr. Og það er nú hin furðulegasta leikflétta hvernig er farið að því, eins og segir í nál., „að halda uppi óbreyttum framkvæmdum þrátt fyrir þennan niðurskurð". Það er farið þannig að því að útlán Byggingarsjóðs ríkisins til dagvistarheimila fyrir börn og aldraða eru lækkuð um 50 millj. kr. og lántökur Byggingarsjóðs ríkisins lækka um þessa upphæð. Á móti eru lántökur Byggingarsjóðs verkamanna hækkaðar um 50 millj. kr. og ríkisframlagið til sjóðsins lækkað um 50 millj. á móti. Þannig er farið að því að halda uppi fullum dampi eftir því sem menn segja. Jafnframt hafa hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. gefið félmrh. það loforð að á árinu 1994 verði framlag til Byggingarsjóðs verkamanna aukið á ný. Þetta eru sannarlega hinar furðulegustu leikfléttur og kúnstir. Það er greinilegt að þetta hefur verið kokkað á einhverjum næturfundum í Stjórnarráðinu. Það er áreiðanlegt að hæstv. fjmrh. hefur orðið dálítið örðugt að ná fram þessum 50 millj. Enda sendi fjmrn. minnisblað þann 14. des. þar sem gerð er grein fyrir þessum málum og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Við fjárlagagerð 1991 vegna 1992 var fallist á tillögu félmrh. og aðstoðarmanns fjmrh. varðandi úthlutun á fjölda félagslegra íbúða, framlag ríkissjóðs, lánskjör og leiðir til að draga úr vaxtamun inn- og útlána."

Þar kom m.a. fram að framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna verði 1.000 millj. kr. árið 1992 og við það miðast — og takið nú eftir — af hálfu ríkisstjórnarinnar að sú fjárhæð haldist sem árlegt framlag til frambúðar. Ég veit ekki hvernig hæstv. fjmrh., sem er ekki í salnum núna og vildi ég mælast til að hann yrði aðvaraður um að vera hér og hlusta á þessa umræðu. Ég veit ekki hvernig hæstv. fjmrh., þó ég viti að hann hafi átt í miklum örðugleikum í þessu efni, ætlar að efna það að þetta framlag haldi sér til frambúðar. Ég veit ekki til að hann hafi umboð nema fram að næstu kosningum og hann getur varla lofað að þetta fjárframlag haldist fyrir komandi kynslóðir. Og það er klikkt út með þeirri setningu að árið 1994 verði framlag Byggingarsjóðs verkamanna hins vegar aukið þannig að kleift verði að standa við samþykkt ríkisstjórnarinnar sem kynnt var húsnæðismálastjórn þann 26. maí sl.

Forsvarsmenn Rafmagnsveitna ríkisins komu á fund fjárln. en lakari afkomu Rafmagnsveitnanna er mætt með 4% gjaldskrárhækkun. Það er hins vegar ljóst að verulegur vandi blasir við vegna styrkingar flutningslína í sveitum á milli byggðarlaga á svæði Rafmagnsveitnanna. Forsvarsmenn Rafmagnsveitnanna lögðu fram ítarlegar tillögur sem birtast í fskj. IV með áliti minni hluta fjárln. þar sem settar eru fram ýmsar hugmyndir um fjáröflun vegna þessarar styrkingar og upplýsingar um fjárfestingu og fjárfestingarþörf. En þar kemur m.a. fram að ef mæta á þessari þörf með því að hækka eingöngu gjaldskrá hjá þeim aðilum sem eru notendur hjá umræddum dreifikerfum þá þyrftu taxtar Rafmagnsveitna ríkisins að hækka um 25–30%, en ef það ætti að vera flöt hækkun á alla gjaldskrárliði fyrirtækisins væri hækkunarþörfin 6%. Þar eru einnig hugmyndir um að fjármagna þetta með verðjöfnunargjaldi innan orkugeirans og dreifa þessum miklu verkefnum á rekstur orkugeirans allan. En auðvitað þarf að taka á í þessum efnum.

Það hefur komið fram í umræðum hér á Alþingi að þau fjárframlög sem eru til þessara verkefna á fjárlögum eru ekki nema hér um bil einn tíundi af þörfinni og við höfum á hverjum einasta degi fréttir af því að þessar dreifilínur fari niður og rafmagnstruflanir séu mjög miklar, síðast í gær þar sem rafmagnstruflanir voru og miklar bilanir um allt austanvert landið og Suðausturland. En það er í þessu efni ein ljósglæta að nýjustu línurnar milli byggðarlaga, eins og byggðalínan sem er byggð eftir strangari kröfum, standast og er sáralítið um bilanir á þeim.

Fjárlagafrv. fyrir árið árið 1993 kemur nú til lokaafgreiðslu. Sumar breytingar sem gerðar hafa verið á frv. einkum á tekjuhlið þess valda mikilli röskun á högum almennings í landinu. Metur Þjóðhagsstofnun kaupmáttarrýrnunina um 4,5% en í spám Alþýðusambands Íslands um sama efni er þetta mat miklu hærra og metur ASÍ kaupmáttarrýrnunina allt að 7%. Verðbólguspá Þjóðhagsstofnunar er um 4%, en ASÍ telur að verðbólgan verði nokkuð meiri. Spá Þjóðhagsstofnunar frá því í október gerir ráð fyrir 4% atvinnuleysi á árinu 1993. Nýjustu upplýsingar benda til að þetta hlutfall eigi eftir að hækka og vinnur Þjóðhagsstofnun nú að endurskoðun á spá sinni um atvinnuleysi í tengslum við heildarendurskoðun á þjóðhagsspá fyrir næsta ár. Af þessari heildarendurskoðun hafa verið nokkrar fréttir. Það hafa fengist nokkrar vísbendingar, m.a. hefur forstjóri Þjóðhagsstofnunar mætt á fund fjárln. til að gera grein fyrir horfunum, og þær eru ekki bjartar. Í minnisblaði frá Þjóðhagsstofnun til fjárln., dags. 17. des. sl., og er fskj. I með þessu nál., eru eftirfarandi lokaorð, með leyfi forseta:

„Af þessu má sjá að flest af því sem hefur breyst frá fyrri áætlunum er ekki til uppörvunar. Það má því reikna með því að sú endurskoðun þjóðhagsspár sem nú er unnið að leiði til þess að dregin verði upp heldur dekkri mynd af horfunum en gert var í síðustu spá."

Þetta getur varla gefið ástæðu til bjartsýni um að fjárlagafrv. sé raunhæft plagg. Allra síst vegna þess að þetta plagg er þannig í eðli sínu að samþykkt þess og

þeirra skattafrv. sem fylgja og var verið að afgreiða hér til 3. umr. núna rétt áðan mun auka deilur og sundurlyndi í þjóðfélaginu. Ríkisstjórnin hefur misst af gullvægu tækifæri sem hún hafði í haust til að ná víðtækri samstöðu í þjóðfélaginu. Það var það andrúmsloft um það leyti og rétt áður en Alþýðusambandsþing var haldið að það hefði verið möguleiki að ná víðtæku samkomulagi um nokkurs konar þjóðarsátt í þeim erfiðu málum sem fram undan eru. Ríkisstjórnin kaus ekki að fara þá leið, hún kaus að hlífa þeim sem hafa breiðu bökin, kaus að fresta því að leggja á fjármagnstekjuskatt. Í yfirlýsingunni frá 23. nóv. var skýrt tekið fram að hátekjuskattur væri takmarkaður og tímabundinn en það var einmitt þetta sem verkalýðshreyfingin lagði áherslu á að betur væri tekið á í þessu efni og frv. til laga um almannatryggingar hleypti auðvitað illu blóði í verkalýðshreyfinguna. Hér rignir inn harðorðum ályktunum, m.a. frá Verkamannafélaginu Dagsbrún sem oft hefur verið vitnað til hér og þar segir m.a. „...ella fari ríkisstjórnin frá og Alþingi verði sent heim og efnt til nýrra kosninga eins og fram kom á fundinum og tekið var undir með lófaklappi". Það rignir yfir okkur slíkum ályktunum þessa dagana. Og það sýnir að það er sprengiefni í þessum frv. sem við erum með í höndunum, fjárlagafrv., frv. til laga um breytingar á almannatryggingalögum og frv. um skattamál sem við vorum með hér rétt áðan. Ég hef einhvern veginn trú á því að ef ríkisstjórnin uggir ekki að sér þá springi þetta allt framan í hana einn góðan veðurdag. Við munum því í minni hlutanum sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þetta frv. Við sjáum ekki að þetta sé raunhæft plagg. Þetta er í rauninni stórhættulegt plagg sem við viljum ekki bera neina ábyrgð á.

Minni hluti efh.- og viðskn. þingsins gengur enn lengra í áliti sínu um tekjuhliðina, leggur til að henni verði vísað til ríkisstjórnarinnar vegna þess hve hún er illa unnin.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir áliti minni hluta fjárln. um frv. til fjárlaga fyrir árið 1993. Minni hlutinn mun sitja hjá, eins og ég hef áður sagt, við lokaafgreiðslu frv. en áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Undir álit minni hlutans skrifa Guðmundur Bjarnason, Jón Kristjánsson, Guðrún Helgadóttir, Anna Kristín Sigurðardóttir og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1993, 96. mál, brtt. RA o.fl., þskj. 526; brtt. JHelg o.fl., þskj. 527.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Til að þessi þskj. megi koma á dagskrá þarf að leita afbrigða og verður það nú gert.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 526 og 527. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, FI, GHH, GAK, GB, GHelg, IBA, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SÞór, SP, SJS, StB, SvG, VE, ÖS.

28 þm. (AKS, ÁRÁ, ÁJ, EH, EgJ, EKJ, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, JGS, JBH, ÓRG, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, StH, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 frá menntmn. á þskj. 516. Menntmn. Alþingis hefur fjallað um heiðurslaun listamanna fyrir næsta ár. Nefndin leggur til að úthlutun heiðurslauna fyrir árið 1993 sé óbreytt frá þessu ári og þeir sömu 18 listamenn og fengu heiðurslaun í ár njóti þeirra á árinu 1993.

Þeir listamenn er hlutu heiðurslaun samkvæmt ákvörðun Alþingis í ár eru þessir: Atli Heimir Sveinsson, Árni Kristjánsson, Finnur Jónsson, Guðbjörg Þorbjarnardóttir, Halldór Laxness, Hannes Pétursson, Indriði G. Þorsteinsson, Jakobína Sigurðardóttir, Jón Nordal, Jón úr Vör, Jórunn Viðar, Kristján Davíðsson, María Markan, Matthías Johannessen, Sigfús Halldórsson, Sigríður Hagalín, Stefán Íslandi og Thor Vilhjálmsson.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Á forsætisnefndarfundi sem haldinn var fyrir nokkrum mínútum varð samkomulag um að leita leiða til að þessari umræðu mætti ljúka kl. 5, enda hefur hún verið ítarleg, og ég skal gera mitt til að reyna að stuðla að því að svo verði.

Hv. 2. þm. Austurl. hefur flutt hér mjög ítarlega ræðu fyrir hönd minni hlutans í fjárln. og ég sé enga ástæðu til að endurtaka það sem hann sagði þar sem við höfðum haft gott samráð um samningu nál. minni hlutans. Afstaða okkar alþýðubandalagsmanna hefur verið mjög skýr varðandi það sem hér hefur verið að gerast í efnahagsmálum. Við erum á móti því að hert sé að almenningi í landinu á þann hátt sem gert hefur verið með niðurskurði í skólakerfinu, heilbrigðiskerfinu, almannatryggingakerfinu. Nú síðast fyrir nokkrum mínútum vorum við að auka enn álögur á fólk utan Reykjavíkur sérstaklega varðandi húshitun. Skattur hefur aftur verið settur á bækur og menningu og við erum auðvitað á móti því og þá ekki síður skatti á ferðaþjónustu og er satt að segja ekki séð fyrir endann á hver áhrif þetta hefur á ferðalög manna innan lands. Og eitt er víst, hæstv. forseti, að ég hygg að það væri ástæða til þess að líta á fjárhagsáætlun Alþingis. Ef fargjöld hér innan lands milli staða eiga að fara upp í 20 þús. kr., þá er ég hrædd um að við höfum vanáætlað fjárhagsáætlun fyrir Alþingi sjálft.

Við höfum séð hvernig hefur farið fyrir jafnt grunnskólanum, framhaldsskólanum, háskólanum og þá ekki síst Lánasjóði ísl. námsmanna og við teljum að þetta séu vondar lausnir, þetta sé óæskileg tilfærsla fjármuna frá þeim sem litla fjármuni hafa til þeirra sem meiri fjármuni hafa og það teljum við rangt.

Það er jafnframt ljóst að þó hér sé upp gefinn áætlaður halli á fjárlögum 6,1–6,4 milljarðar, þá er það

með öllu óraunhæft. Ég vil minna menn á að langflestir kjarasamningar eru lausir frá áramótum og það er alveg ljóst að það verður óróa á vinnumarkaðinum eftir það sem hér hefur gerst á þessu hausti, bæði vegna skattahækkana og niðurskurðar í velferðarkerfinu á öllum sviðum þannig að ég held að það sé alveg augljóst mál að um há fjáraukalög verði að ræða fljótlega eftir áramótin.

Starfið í nefndinni hefur verið afar erfitt vegna þess að allt hefur breyst frá degi til dags, jafnt verðlagshorfur, þjóðhagsspá og ákvarðanir ríkisstjórnarinnar sem hafa stundum verið tilkynning um niðurskurð sem síðan hefur verið hætt við og við höfum stundum orðið að bíða eftir því hverju við værum í raun og veru að skipta. Og ég get ekki annað en tekið undir ályktun eða bréf sem barst hér til þingsins frá frá hinum fjölmenna fundi í Verkamannafélaginu Dagsbrún þar sem því er haldið fram að stjórnarflokkarnir hafi svikið öll þau loforð sem þeir gáfu fyrir síðustu kosningar, skattar hefðu verið hækkaðir, eins og þar segir, stórkostlega með álagningu þjónustugjalda og hækkun lyfjakostnaðar og heilbrigðisþjónusta skert. Þetta er auðvitað allt saman rétt og satt og því miður er ég hrædd um að það verði óróa og óánægja í landinu fljótlega upp úr áramótum og er raunar þegar orðin. En ég skal ekki hafa þennan almenna inngang lengri. Ég talaði við 2. umr. málsins og sé ekki ástæðu til að endurtaka það sem ég sagði þá.

Auðvitað er hægt að skera niður ríkisútgjöld, það er engin spurning um það. Ég hef margsinnis boðið mig fram til þess og bent á leiðir — og ég sé að hv. þm. Einar Guðfinnsson hneigir höfuð sitt til samþykkis, enda sanngjarn maður. En það er eins og aldrei megi koma nálægt því sem ég kalla dauða peninga. Það þarf endilega að taka þá sem eru einhverjum til góðs. Og svo dæmi sé nefnt, þá liggur hér frammi tillaga frá okkur þremur alþýðubandalagsmönnum um að skera niður 100 millj. sem eiga að fara í nýtt hús Hæstaréttar og við leggjum til að það fari í grunnskólakerfið því að það er um það bil sú upphæð sem grunnskólakerfið vantar. Nú skal enginn halda að ég virði ekki Hæstarétt Íslendinga. En ég er sannfærð um að störf hans munu í engu skerðast þó að erfiðleikarnir í samfélaginu yrðu til þess að Hæstiréttur yrði að bíða eftir nýju húsnæði um sinn. Auðvitað ber okkur að byggja hús yfir Hæstarétt þegar við mögulega getum. En ég sé enga brýna ástæðu til að gera það endilega núna.

Svona má finna fé víða og oft er það nú einmitt svo að allar þessar kerfisbreytingar sem gerðar eru í miklu skyndi kosta ótrúlegt fé og það var kannski svolítið hráslagalegt að stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna og stjórn hans fór fram á tugi millj. hækkun á fjárlögum vegna útgjalda við kerfisbreytingu og álags á starfsfólk. Þessu var neitað því að hv. þm. Karl Steinar Guðnason, formaður fjárln., sá að þetta náði auðvitað ekki nokkurri átt á sama tíma og verið er að herða svo að námsmönnum að 700 námsmenn hafa hrökklast frá námi eða 8% námsmanna á einu ári. Þannig liggja þessir peningar víða og það er auðvelt að finna þá og ég fæ ekki betur séð með lauslegum útreikningi en að þær skattabreytingar og kerfisbreytingar sem liggja hérna fyrir framan okkur í frumvörpum muni kosta íslenska ríkið ekki undir 50–60 millj. í kerfiskostnað. Þetta þykir mér illa farið með peninga og það yrðu margir aðilar í þjóðfélaginu glaðir að fá þessar 60–70 millj. eða hvað það er til skiptanna til hinna ýmsu mála. Mér nægir að nefna alls kyns menningarstarfsemi eins og íþróttamál, alls kyns starfsemi sem er til uppeldismála og æskulýðsmála og alls þess sem við viljum helst halda gangandi til góðs fyrir börnin í landinu. En við verðum auðvitað á einhverjum tímapunkti að viðurkenna að meiri hlutinn á rétt á að fá sína stefnu fram og þess vegna held ég að það sé skynsamlegt að reyna að ljúka þessari umræðu nú kl. 5 svo að hv. þm. megi dveljast eins og eina nótt í þessari viku heima hjá sér.

Ég skal þess vegna ekki gera mikið mál úr hinni almennu niðurstöðu þessa fjárlagafrv. Við munum auðvitað sitja hjá eins og hv. 2. þm. Austurl. sagði vegna þess að við viljum ekki bera ábyrgð á mörgu af því sem þar er að sjá. Auðvitað er ein og ein tillaga sem við munum styðja sem við teljum til bóta og mér finnst engin ástæða til þess að vera að tíunda það.

Ég ætla að víkja hér aðeins að tveimur málum og ég skal lofa því að vera búin að ljúka ræðu minni eftir um 6 mínútur. Í dagblaðinu Tímanum í gær er forsíðufrétt sem ég tel ástæðu til að vekja athygli á, en það er hörmungarsaga húss sem byggt var fyrir þá sem kallaðir eru gjörfatlaðir, en fyrir þá sem ekki vita eru það sjúklingar sem hafa orðið svo hroðalega illa úti í slysum eða af öðrum ástæðum að það er bókstaflega engin leið að hafa þá hvorki í heimahúsum né á venjulegum sjúkrastofnunum. Það hafði verið baráttumál okkar hæstv. félmrh. um árabil að fá einhverja stofnun fyrir þetta fólk, það er sem betur fer ekki margt en við vissum um að a.m.k. 7–8 manns voru satt að segja í miklum hremmingum. Þá vildi svo til að Lions-menn söfnuðu fyrir fjórum árum hátt í 30 millj. til þess að koma húsi yfir sex til sjö einstaklinga af þessu tagi. Og við skyldum nú halda að það nægði fyrir litlu, notalegu húsi fyrir sjö sjúklinga eins og það var ætlað og starfsmenn sem þeir þurfa því slíkir sjúklingar þurfa manninn með sér hverja mínútu og ætla ég ekki að lýsa því frekar. Svo fór þó að þegar hið opinbera komst í málið og fór að nýta þessar 30 millj., þá urðu þær 70 áður en við var litið. Og nú stendur uppi í Mosfellssveit, uppi við Reykjalund, fallegt hús, það vantar ekki, það er meira að segja aðalstræti eftir því miðju með götuljósum og tilheyrandi. Allt er það nú gott og blessað ef menn vita ekkert hvað þeir eiga að gera við peningana. En látum það nú vera.

Auðvitað varð að sækja fé í Framkvæmdasjóð fatlaðra til að fylla upp í kostnað við þetta hús og það var sorglegt vegna þess að Lions-menn höfðu sannarlega safnað nægu fyrir þessu húsi. En þar með er ekki öll sagan sögð. Þetta hús er nú búið að standa, ég má segja í tvö ár autt og engum til gagns vegna þess að ekki hefur fengist fé fyrir rekstri þess. Þetta er auðvitað gjörsamlega fáránlegt og sparnaður getur það alla

vega ekki verið. Þetta hús er fullkomlega óarðbær fjárfesting og þetta vesalings fólk, sem er eiginlega ekki hægt að lýsa hvernig líður eða við hvaða aðstæður verður að búa, er jafnilla sett eftir að þetta glæsihús var fullbyggt.

Ég vil mælast til, ég er ekki að koma fram með brtt., en ég vil mælast til þess við hæstv. ríkisstjórn og hæstv. heilbrrh. að menn stetjist nú niður og reyni að finna fé því að einhvers staðar eru nú sameiginlegir sjóðir í heilbrrn. þar sem ég efast ekki um að mætti finna nægilegt fé til þess að unnt verði að ráða starfsfólk í þetta hús. Því að það er auðvitað gjörsamlega óviðunandi að halda þessu húsi, auðvitað kyntu, það þarf að hafa eftirlit með húsinu að sjálfsögðu eins og menn á Reykjalundi hafa margbent á. Þetta er eins illa farið með fé eins og hugsast getur. Ég legg kannski of mikla áherslu á fjármunina vegna þess að aðalatriðið er að það er mikil þörf fyrir að koma þessu vesalings fólki, sem getur ekki tjáð sig og getur ekki neitt og þarf að hafa manneksju með sér hverja mínútu sem það lifir, í aðstæður sem þessar og til þess ætluðust Lions-menn sem af miklum myndarskap söfnuðu stórfé til þessa húss. Ég skal ekki tíunda það meira en af því að hæstv. félmrh. er hér, sem hefur öðrum fremur unnið að málefnum fatlaðra og gjörþekkir þetta mál, þá vil ég mælast til að hún og hæstv. heilbrrh. í sameiningu reyni að finna lausn á þessu vandræðalega máli sem er okkur öllum til vanvirðu.

Aðeins eitt lítið mál sem ég átti í dálitlum þrætum með við hæstv. samgrh. á síðasta ári sem var sala Skipaútgerðar ríkisins. Ég hef óskað eftir því í fjárln. að fá skýrslu um hvað hefur gerst í uppgjöri á því fyrirtæki. Það væri freistandi að lesa þessa skýrslu en þeir sem áhuga hafa geta fengið hana ljósritaða hjá mér. Hún er alllöng og tekur nokkurn tíma að lesa hana en þær eignir sem hér var um að ræða voru Askja, Hekla og Esja, þ.e. skip Skipaútgerðarinnar, skemma við Grófarbakka í Reykjavík, lausafé sem var selt til Samskipa hf., starfsmanna Ríkisskipa og selt til annarra, eins og hér segir. Síðan voru hlutabréf seld, hlutabréf í Gagnamiðlun hf., Eimskipum, Íslenskri endurtryggingu og stofnsjóðseign í Samvinnutryggingum. Hér segir að af þessum eignum séu óseld skipin Hekla og Esja, hlutabréf í Gagnamiðlun hf. og stofnsjóðseign í Samvinnutryggingum. En eitt skip Ríkisskipa hefur verið selt. Það var m/s Askja sem var seld til Noregs. Söluverðið var 7,8 millj. norskra króna eða rúmar 70 millj. kr. og komu til frádráttar um 8 millj. íslenskar vegna viðgerðarkostnaðar og ég get ekki neitað því að mér þykir þetta lítið verð fyrir skipið. Mér finnst almennt lítið hafa komið inn fyrir þessar eignir. Hér er talað um að ekki hafi tekist að selja Heklu og Esju. Hins vegar er búið að selja skemmu Ríkisskipa á Grófarbakka. Hún var seld 2. des. sl. Fiskkaupum hf. sem greiddu 75 millj. kr. fyrir húsið og mér finnst það líka lítið. Við undirritun voru greiddar 5 millj. kr. og innan árs greiðast aðrar 5 millj. kr. Afgangurinn verður síðan greiddur með verðtryggðu skuldabréfi með 15 afborgunum og er sú fyrsta 1. nóv. 1994. Skuldabréfið verður gefið út við undirritun afsals og vextir eru 6%. Mér þykir ekki minna hagsmuna mjög vel gætt. Mér þykir það of lágir vextir. En það virðist ekki vera gengið jafnhart að kaupendum á eignum ríkisins eins og okkur sem erum að basla við að borga okkar eigin skuldir, við þættumst harla góð með 6% vexti.

Það sem vekur líka athygli mína og mér finnst óeðlilegt með öllu er að það er fenginn fasteignasali, Jón Guðmundsson, til að sjá um sölu skemmunnar fyrir ríkissjóð. Ég hélt að til þess væri Innkaupastofnun ríkisins að annast slíkt fyrir nú utan allan lögfræðingaherinn í ráðuneytunum. Og það er ekki ónýtt að fá starf á borð við þetta því að hlutur fasteignasalans — og nú athugaði ég það ekki en almennt er um að ræða 2% af söluverði, það er það a.m.k. þegar húseignir eru seldar — fyrir að skrifa undir þessa samninga tekur fasteignasalinn ekki minna en 1,5 millj. kr. Mér þykir þetta ekki vel farið með peninga heldur. Ég hefði ekki tímt þessu. Ég held að það hlyti að hafa verið hægt að finna einhverja löglærða menn til þess að ganga frá þessum samningum í vinnutímanum sínum. En því er ég að ragast í þessu að svona fara margar krónur í okkar þjóðfélagi. Og ef það kæmi allt saman, þá væri kannski ekki mikil ástæða til þess að skerða kjör barna, sjúklinga, einstæðra mæðra og ellilífeyrisþega. Það er ótrúlegt sukk með fé í okkar landi og eftirlitsleysi.

En ég ætla ekki að lesa lengra í þessu plaggi. Það er svo sem ýmislegt sem óneitanlega vekur athygli og ég skal viðurkenna að í önn þessara daga hef ég ekki haft tækifæri til að kynna mér það, en það kann að vera einhver skýring á setningu sem hér stendur, því að frá áramótum til 31. okt. sl. voru greidd laun vegna Skipaútgerðarinnar 95 millj. 366 þús. kr. Ég veit ekki hvort ég er svona saklaus í peningamálum en mér finnst þetta alveg óskapleg upphæð.

Síðan er sagt: „Til áramóta má ætla 11 millj. til viðbótar eða alls á þessu ári 106 millj. Á næsta ári falla til biðlaun“ — það er sjálfsagt ekkert við því að segja — „upp á 5 millj. og frá og með áramótum verða aðeins greidd vinnulaun eins manns á vegum Skipaútgerðarinnar.“ — Ég var að fá hér undarleg skilaboð. Ég er ekkert að flýta ræðu minni ef svo er, en ég vil spyrja hæstv. forseta, hér fæ ég upplýsingar um að ég hafi ekki verið að segja satt frá hér áðan, hér kemur fram að ekkert hafi enn verið talað við þingflokksformenn. Gæti forseti kannað það hvort það er engin fyrirætlun um að ljúka hér fundi kl. 5? Þá get ég haft ýmislegt að segja og er ekkert að ... (**Gripið fram í:** Ég held að það sé rétt að ræðumaður haldi áfram.) Ég var að reyna heldur að hraða máli mínu og sýna drengskap í því sem talað var um áðan og ég óska eftir að fá upplýsingar um hvort þessar viðræður séu ekki að fara í gang. Annars eru ekki hundrað í hættunni. Ég skal reyndar standa við mitt loforð því að ég uppgötva það nú að ég get þá beðið um orðið aftur ef hér á að vera sjöttu nóttina í röð að þinga.

Ég skal láta máli mínu lokið. Ég hef áður talað um að það megi víða finna peninga í þjóðfélaginu til að spara. Við getum verið án þess að hafa glænýtt og glæsilegt dómhús. Ég vil heldur að það gangi til þess

að vel sé búið að börnunum okkar í grunnskólanum og það væri ósköp auðvelt að finna víða allnokkrar upphæðir til þess að koma saman fjárlögum sem hefðu einhverja möguleika á að standast.

Virðulegi forseti. Í trausti þess að forsætisnefnd hafi ekki verið að engu höfð og verið sé að funda með þingflokksformönnum ætla ég að standa við mitt loforð en ég tek þá til máls síðar ef umræðan á að halda áfram.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar við nú stöndum hér frammi fyrir lokaumræðu um fjárlagafrv. fyrir árið 1993, þá er engin ástæða til þess að fara að rekja aftur þá liði sem við ræddum við 2. umr., þ.e. um gjaldahlið frv., 4. gr. Ég tel ekki neina nauðsyn bera til þess að fara yfir það aftur þó að lítils háttar breytingar séu núna sem unnar eru að miklum hluta í samráði allrar fjárln. En það er venjan að við 3. umr. sé verið að afgreiða B-hluta fjárlaganna, 6. gr. frv., og tekjuhliðina.

Hvað varðar B-hlutann þá eru þar ekki mjög mörg atriði sem breytast. Það koma að vísu til ýmsar verðlagsuppfærslur sem ekki þarf að fara nánar út í en þó verð ég að geta þess að á fund nefndarinnar komu m.a. bæði fulltrúar frá Rafmagnsveitu ríkisins og einnig fulltrúar frá Ríkisútvarpinu. Og fulltrúar Ríkisútvarpsins sérstaklega töldu að þeim væri mjög þröngur stakkur skorinn í sambandi við það að standa vel að sínum rekstri. Ég verð að segja það að ég tel að sú ákvörðun ráðherra að nýta ekki þá heimild á yfirstandandi fjárlögum sem Ríkisútvarpið hafði til hækkunar hafi verið misráðin því að það er alveg augljóst að stofnunin getur engan veginn staðið við eðlilegar framkvæmdir og eðlilegan rekstur með þeim auglýsingatekjum sem hafa farið minnkandi á undanförnum árum og þeim afnotagjöldum sem henni er leyft að innheimta.

Það skýtur nokkuð skökku við að á sama tíma og gefinn er frjáls útvarps- og sjónvarpsrekstur og mönnum ætlað að standa í samkeppni við frjálsa fjölmiðla skuli jafnframt vera lagðar þær hömlur á stofnunina að hún geti ekki starfað í þessari frjálsu samkeppni. Henni er haldið niðri með afnotagjöldum og að sjálfsögðu minnka auglýsingatekjurnar þegar fleiri eru orðnir um hituna. Þarna finnst mér því ekki vera samræmi í þeirri hugsun sem liggur á bak við það að hafa frjálsan rekstur á þessari starfsemi.

Þá er það einnig athyglisvert í sambandi við Rafmagnsveitur ríkisins og tekjuhlið fjárlagafrv. að þar er samkvæmt frv. áætlað að Rafmagnsveitur ríkisins greiði 30 millj. í arðgreiðslur úr sínum rekstri til ríkisins og þessari tölu er áfram haldið inni. Rafmagnsveitur ríkisins eiga áfram að greiða þessar 30 millj. í arð en á sama tíma er hætt við að láta Landsvirkjun greiða 100 millj kr. í arð. Mér er því spurn hvort Landsvirkjun sé orðin svo illa stödd að hún þurfi á því að halda að felldar séu niður arðgreiðslur sem hún eigi að greiða en Rafmagnsveitur ríkisins svo vel stæðar með allar sínar dreifilínur að þær geti greitt þessar 30 millj.

Hv. formaður fjárln. kom inn á það áðan þegar hann fór yfir B-hlutann að það væri nokkuð erfiður rekstur hjá Fríhöfninni og Keflavíkurflugvelli að Flugstöðin á Keflavíkurflugvelli væri í fjárhagserfiðeikum og gat jafnframt um það að hún skilaði þó það miklum tekjum inn í þjóðarbúið að hún ætti að geta staðið undir sínum rekstri. Flugstöðin hefur frá upphafi verið hálfgert vandræðabarn í kerfinu og er ekki enn séð fyrir endann á því hvernig eigi að leysa það því að upphaflega var byggt allt of stórt og mikið og dýrt sem að sjálfsögðu hlýtur að hefna sín þegar frá líður. Það er áætlað að 114 millj. kr. tap verði á flugstöðinni og skuldir eru þar samtals um 300 millj. kr. og talið að til þess að brúa bilið á langtímaskuldum þurfi að koma til móts við reksturinn með því að leggja henni til eitthvert fjármagn eða þá að breyta þeirri tekjuskiptingu sem hún hefur í dag.

Ég get tekið undir það hjá hv. formanni að það eru ýmsar hundakúnstir sem eru notaðar þegar verið er að útbúa fjárlög og hann nefndi það í sambandi við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Það eru ekki síður ýmsar hundakúnstir notaðar þegar verið er að setja upp veggáætlun. Ég ætla ekki að eyða meiri tíma í það að fara yfir B-hluta stofnanirnar Það er enn þá óleyst vandamál bæði hjá Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna. Byggingarsjóður ríkisins skuldar ríkissjóði 1.500 millj. kr. vegna skammtímafyrirgreiðslu á árinu 1990. Af því verður ekki hægt að greiða á næsta ári nema 900 millj. kr. þannig að þar stendur enn þá uppi vandamál og áætlað er að bjarga því fyrir horn með því að auka lántökur um 1.570 millj. frá frv. Svipaðir erfiðleikar eru hjá Byggingarsjóði verkamanna, þ.e. fjárþörf sjóðsins er meiri en gert er ráð fyrir í frv. og þar þarf einnig að auka lántökur.

Hvað varðar 6. gr. fjárlaganna hafa orðið lítils háttar breytingar á henni sem fjárln. hefur öll tekið þátt í að móta og niðurskurður á þeim lið, þ.e. úr 400 millj. sem heimildarákvæðin áttu að hafa niður í 340 millj. Það samþykktum við einnig í minni hluta fjárln. og er það í samræmi við það sem ég hef hér áður haldið fram að við ættum að vinna að því að hafa þær heimildir sem allra fæstar og reyna heldur að setja það á fjárlög sem þar kemur inn og mönnum er ætlað að reyna að standa við því að oft hefur verið farið fram úr þessum heimildum og misjafnlega með þær farið. Það er opinn víxill sem þar er um að ræða og við flestöll í hv. fjárln. erum ekki mjög hrifin af því að fjárlög ríkisins séu eins og opinn víxill.

Hvað tekjuhlið fjárlagafrv. varðar, þá er það nú bæði verkefni fjárln. og efh.- og viðskn. að fara yfir þá liði. E.t.v. má segja að það sé frekar verkefni efh.- og viðskn. þó að fjárln. geri það að sjálfsögðu líka, en það er verkefni sem algerlega er unnið á vegum meiri hluta nefndarinnar og hæstv. ríkisstjórnar. Minni hluti fjárln. hefur ekki komið nálægt því að leggja til hvernig tekjuhliðin liti út og alls ekki tekið þátt í þeim leikfimiæfingum sem þar hafa átt sér stað fram og aftur. Þetta er raunar ekki mitt orðalag heldur var það einn háttvirtur embættismaður fjmrn. sem orðaði þetta svo og ég get vel tekið undir það. Það hafa komið hug-

myndir kannski kl. 9 að morgni á fundi í fjárln. og þær hafa verið orðnar breyttar áður en fjárln. hefur lokið fundinum sem stendur venjulega í tvo tíma þannig að það hafa ýmsar breytingar átt sér stað á stuttum tíma í sambandi við áætlun á tekjum ríkisins.

Ég held að ég vísi því algerlega á ábyrgð ríkisstjórnarinnar hvernig sú tekjuhlið lítur út núna og við höfum rætt það mál ítarlega í hv. fjárln. Það er líka búið að ræða það mjög ítarlega hér í sambandi við það skattalagafrv. sem við vorum að afgreiða í morgun og ég tel ekki ástæðu til þess að fara út í það frekar. Ég ræddi það líka nokkuð hér í gærkvöldi og ég er aldrei mjög hrifin af því að vera sífellt að endurtaka mig, að endurtaka í dag það sem ég sagði í gær.

Ég vil að lokum nefna það atriði sem hv. formaður fjárln. kom inn á í sinni ræðu og snerti tillögu sem við kvennalistakonur höfðum lagt fram við 2. umr., þ.e. um aukið framlag til sérkennslu í grunnskólum, liðurinn heitir það, en við höfðum hugsað það sem aukið framlag til þess að kosta kennslu svokallaðra nýbúa, þ.e. innflytjenda frá öðrum löndum sem hingað koma og eru hvorki kunnungir menningu okkar né máli og þurfa því að leggja mjög hart að sér til þess að komast þar til skilnings. Það hefur oft verið mjög erfitt hjá því fólki, sérstaklega börnunum, að ná „kontakt", ef ég má orða það svo, við önnur börn og ná sér á strik innan skólakerfisins. Þetta var nokkuð rætt í hv. fjárln. en ekki talið mögulegt af meiri hluta nefndarinnar að bæta þarna inn viðbótarfjármagni. En hv. formaður gat um það í ræðu í morgun að það hefði komið fram nýleg skýrsla á vegum menntmrn. þar sem mikil þörf væri talin á því að íslenskukennsla fyrir innflytjendur eða nýbúa mundi aukast og hann gat um árlega fjárþörf vegna þessa sem væri á bilinu 40–60 millj. kr. sem þyrfti að koma til viðbótar fjárframlögum til sérkennslu í einstökum fræðsluumdæmum og einnig nefndi hann kennslu fullorðinna. Hann ræddi það jafnframt að innan fjárln. hefði verið vakin athygli á þessu og hann hefði í því tilefni rætt málið við menntmrh. og ráðherra hefði tjáð sér að hann mundi leggja sérstaka áherslu á þessa þætti til að styrkja þessa kennslu. Ég vil þakka hv. formanni fjárln. fyrir það að hafa tekið svona vel í þetta mál og einnig hæstv. menntmrh. fyrir hans þátt í því og í trausti þess höfum við kvennalistakonur ákveðið að leggja ekki þessa tillögu fram aftur en vonumst til að sjá árangur í þessum málum á næsta ári.

Við kvennalistakonur vorum einnig með aðra tillögu sem við drógum til baka við 2. umr. fjárlaga. Hún var um lánatryggingarsjóð kvenna þar sem við ætluðum fjármagn til þess að fara af stað með stofnun lánatryggingarsjóðs kvenna á Íslandi. Til þess að það sé mögulegt þarf sá áhugahópur sem hefur unnið að því verkefni að fá nokkurt fjármagn til kynningarstarfsemi, þýðingar á lögum og reglum þessa sjóðs sem þær ætla að gerast aðilar að og greiða kostnað við lögfræðiþjónustu, upplýsingabækling og fleira. Þær lögðu á fundi fjárln. fram upplýsingar um það hvað þær teldu sig þurfa mikið á næsta ári til að standa að þessu verkefni og kynntu það. Ekki náðist samstaða um það í fjárln. að leggja til að peningar yrðu veittir til þessa verkefnis en greinilegt var þó á nefndarmönnum að þeir sýndu þessu þó nokkurn áhuga.

Ég vildi nú spyrja hæstv. viðskrh. hvort hann hafi kynnt sér þetta mál eitthvað og hvort hann muni hugsanlega vera því velviljaður eða hafa hug á því að styðja við þessa starfsemi á einhvern hátt. Mér er kunnugt um það að ráðherrar hafa yfirleitt eitthvert fjármagn til sérstakra verkefna sem þeir telja að eigi rétt á því að fá styrki eða framlög og ég vil því spyrja ráðherra um það hvort eitthvað slíkt gæti hugsanlega komið til greina. Ég tel að þessi lánatryggingarsjóður kvenna sem hér er verið að ræða um, þetta nýja verkefni, sé mjög áhugavert, ekki hvað síst á þeim tímum sem við búum nú við þar sem við erum að ræða um að reyna að auka atvinnu, halda uppi atvinnu og bæta við hana og ég er alveg viss um það að einmitt þessi lánatryggingarsjóður kvenna gæti orðið mjög stórt spor í þá átt vegna þess að þegar konur hafa leitað til lánasjóða og bankastofnana, þá hefur oft verið nokkuð þungt fyrir fæti hjá þeim með að fá fjárframlög til þeirrar starfsemi sem þær eru að hugsa um í það og það skiptið. Það er staðreynd að þær hafa átt erfiðari innkomu í lánastofnanir heldur en karlmenn. Ég tel því að þarna sé mjög jákvætt verkefni á ferðinni og beini því þessari spurningu til hæstv. viðskrh.

Ég vil síðan að lokum lýsa því yfir eins og aðrir nefndarmenn að starfið í fjárln. hefur verið með ágætum. Það hefur byggst á því að menn hafa auðvitað haft misjafnar skoðanir en oft höfum við getað náð samstöðu um þær breytingar á gjaldahlið til eða frá, ýmist hefur verið tekið af eða bætt við eða nýir liðir settir inn og það er í raun og veru fyrst og fremst verkefni fjárln. að fara yfir gjaldahlið frv. Öll fjárln. fer ekki svo mjög mikið yfir tekjuhliðina, það eru hlutir sem eru pólitískar ákvarðanir um og kemur nánast tilbúið inn til fjárln. til umfjöllunar. Ég skal ekki segja um hvað gerist í meiri hlutanum, þeir ræða það trúlega með sinni ríkisstjórn, en það er a.m.k. verk sem við í minni hlutanum þekkjum ekki.

Ég mundi vilja koma því á framfæri héðan úr ræðustól hver hafi verið hugsunin með því að breyta nafni fjárlaganefndar. Svo sem kunnugt er þá hét þessi hv. nefnd fjárveitinganefnd og nafnið bendir til þess að hún eigi að standa að gjöldum, þ.e. að hún fjalli um gjaldahlið frv. og það er akkúrat það sem ég er að segja að nefndin geri fyrst og fremst. Hún fjallar um gjaldahlið frv. Þegar nafninu var breytt í fjárlaganefnd þá gæti ég trúað að meiningin með því hafi verið sú að nú skyldi nefndin fjalla um öll fjárlögin í heild sinni, ekki aðeins um gjaldahlið og vera fjárveitinganefnd, heldur setja fjárlögin öll frá a til ö og vera fjárlaga-nefnd.

Ég held að það væri til bóta ef það væri ekki bara breytt um nafn á nefndinni, heldur að hlutverk hennar væri endurskoðað í framhaldi af því. Og hún væri virkari í því að gera fjárlög, að vinna fjárlög íslenska ríkisins.

Síðan vil ég að lokum þakka fyrir það samstarf sem átt hefur sér stað í nefndinni. Ég þakka fyrir alla

nefndarfundina sem við höfum haldið saman og starfsfólkinu í Austurstræti fyrir sitt framlag og ekki síst ritara nefndarinnar fyrir hans framlag.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 6. þm. Vestf. beindi til mín spurningu um það hvort ég hefði kynnt mér áform um stofnun lánatryggingarsjóðs kvenna hér á landi. Ég hef átt þess kost að eiga orðastað við þá sem vinna að undirbúningi þessa máls, auk þess sem mér hafa verið send þau gögn sem fjárln. hafa verið kynnt. Ég vil láta það koma fram að ég er samþykkur þeirri afstöðu meiri hluta fjárln. að ætla ekki sérstaka fjárveitingu til þessa máls á fjárlögum 1993. Ég tel það rétta og skynsamlega afstöðu þar sem málið sé ekki þar á vegi statt að það sé tilefni fjárlagameðferðar. Hins vegar get ég tekið það fram að mér finnst málið í senn vera jafnréttis- og atvinnumál og vil fyrir mitt leyti láta það koma fram hér, eins og ég hef reyndar látið koma fram við aðstandendur málsins í samtölum, að viðskrn. er til þess reiðubúið að taka þátt í hluta af kostnaði við athugun á þessu máli. Ég vil leyfa mér að benda á að þar sem þetta er í senn jafnréttis- og atvinnumál mætti vel hugsa sér að fjárveitingar undir liðnum Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni kæmi þarna við sögu. Ég er sammála hv. 6. þm. Vestf. um að það sé ákaflega mikilvægt að virkja framtak, frumkvæði og fjármunavit kvenna til þess að treysta atvinnuástand og efnahag í landinu.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir þessi svör. Mér þykir vænt um það að hann hefur ákveðinn skilning á því að þetta verkefni muni geta verið arðbært fyrir okkur Íslendinga og skila sér inn í framtíðina í auknum störfum og auknum fjármunum hér á landi. En ég harma það að vísu að hann skuli ekki hafa tekið þá afstöðu að það væri þess virði að leggja til það fjármagn sem þarna er farið fram á. Það er ekki stór upphæð enda konur yfirleitt ekki mjög stórtækar þegar þær fara af stað með verkefni. Þær ætla sér ekki um of og ætla sér að standa að því þannig að þær taka ekki á sig svo stórar skuldbindingar að þær fari á hausinn með það á næstu dögum. Þessi upphæð hljóðar aðeins upp á 2,8 millj. og sem dæmi er ekki einu sinni talað um að það þurfi að ráða starfsmann í heilt ár heldur aðeins að það þurfi að ráða starfsmann í átta mánuði, þannig að þetta er mjög nákvæmlega útreiknað og kostnaðaráætlun hljóðar upp á 2 millj. 883 þús. og 200 kr.

Sigurður Þórólfsson:

Virðulegi forseti. Ég flyt á þskj. 512 brtt. við fjárlögin. Þessa tillögu flutti hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir við 2. umr. fjárlaga en hún var þá dregin til baka svo ég endurflyt hana nú við 3. umr. Þessi tillaga gerir ráð fyrir því að SÁÁ verði afhentar eignir ríkisins á Staðarfelli í Dölum, þ.e. gamla skólahúsið, kennaraíbúðirnar og kyndi- og rafstöðvarhús. Þetta er það húsnæði sem SÁÁ hefur notað til starfsemi sinnar á Staðarfelli undanfarin ár eða allt frá 1980 og þetta yrði óneitanlega til þess að tryggja starfsemi þessara samtaka á Staðarfelli.

Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir hafi mælt fyrir þessu og leitt fram þau rök sem fyrir þessu liggja við 2. umr. fjárlaga og ætla því ekki að fara langt út í þetta mál, en ég vænti þess að það geti orðið samstaða um þetta hér í þinginu, ekki síst vegna þess að í gær hafði ég samband við oddvita Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu, þess sveitarfélags sem Staðarfell er í, og hann tjáði mér að fyrir nokkru hefði verið gerð samþykkt í hreppsnefnd Fellsstrandarhrepps þess efnis að óska eftir því að þessar tilteknu eignir yrðu afhentar SÁÁ til umsjónar. Þetta bréf var sent í menntmrn. og ég hef það því miður ekki undir höndum, ég fékk upplýsingar fyrst í gærkvöldi um að þetta hefði gengið þannig fyrir sig, en ég vænti þess að þetta sé þangað komið. Ég reikna með að því verði vel tekið á þeim stað. Það má kannski geta þess að þetta er í anda ríkisstjórnarinnar eða stjórnarflokkanna að einkavæða og selja eignir ríkisins. Þetta yrði til þess að það væri hægt að slá tvær flugur í einu höggi, að styrkja þessi samtök til sinnar starfsemi á Staðarfelli og losa ríkið við rekstur á þeim eignum sem e.t.v. eru ekki arðbærar.

Ég tek það fram að inni í þessum eignum er ekki bújörðin á Staðarfelli, hún yrði áfram í eigu ríkisins.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram að forsvarsmenn SÁÁ hafa áhuga á því að fá jörðina að Staðarfelli keypta. Þeir eru reiðubúnir til þess að greiða fullt verð fyrir og treysta sér til þess. (**ÓÞÞ:** Hvaða verð er það?) Það verð sem um kynni að semjast á milli ríkisins og þeirra sem þeir nefna svo, að þeir séu reiðubúnir að greiða fullt verð fyrir. Finnst hv. þm. rétt og eðlilegt að ríkið ráðstafi eignum sínum án endurgjalds til aðila sem eru reiðubúnir að greiða fyrir þær fullt verð?

Sigurður Þórólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það að á þessu ári og á undanförnum árum hefur SÁÁ átt í erfiðleikum með sinn rekstur og það stóð til á sl. hausti, að því er ég best veit, að SÁÁ yrði jafnvel gert að hætta starfseminni á Staðarfelli. Ég vænti þess að hæstv. heilbrrh. kannist við þessi rök. Með því að afhenda SÁÁ þessar eignir á Staðarfelli, þ.e. húsnæði sem SÁÁ hefur notað að undanförnu, væri tryggður áframhaldandi rekstur á þessum stað án þess að jörðin þyrfti að fylgja með. Ég sé enga ástæðu til þess að SÁÁ kaupi bújörðina Staðarfell og það væri alveg nóg að þessar eignir væru afhentar SÁÁ. Þetta mundi styrkja starfsemina og tryggja það að þessi starfsemi yrði þarna áfram. Með þessu væri samtökunum veittur verulegur styrkur til sinnar starfsemi sem ég held að þeim veiti ekki af, því þessi starfsemi hefur verið í góðri sátt við

heimamenn, verið vel tekið af þeim og styrkir þá á allan hátt. Þannig að mér finnst þetta ákaflega eðlilegt.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má nú segja að þeir geta gefið sem eiga. Það hefur komið fram að það er búið að gera samning við SÁÁ um að þeir reki áfram starfsemi í öllum þeim stofnunum sem þeir hafa starfrækt. Eftir að sá samningur var gerður, og áður líka, hefur komið fram hjá forráðamönnum SÁÁ að þeir séu reiðubúnir til að kaupa umræddar eignir og staðgreiða þær. Síðan kemur hv. þm. og leggur til að einkaaðila séu færðar að gjöf slíkar eignir sem hann er sjálfur búinn að óska eftir að fá keyptar og treystir sér til að staðgreiða. Þetta kalla ég, virðulegi forseti, ekki ábyrgð í ríkisfjármálum, en eins og ég sagði áðan, þeir gefa sem eiga.

Útbýting þingskjala:

Lánsfjárlög 1993 o.fl., 145. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 532; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 533.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Við 3. umr. fjárlaga hefur formaður fjárln. flutt nál. meiri hluta fjárln. og gert grein fyrir brtt. nefndarinnar sem og þeim tillögum sem meiri hluti nefndarinnar hefur flutt ásamt þeim skýringum sem gefnar eru við einstaka liði brtt. Auk þess að vísa til þeirrar ræðu sem ég flutti við 2. umr. vil ég fara nokkrum orðum um frv. og þá stefnu sem það boðar eftir þær breytingar sem gerðar hafa verið á því í hv. fjárln.

Það ætti öllum að vera ljóst að við Íslendingar stöndum frammi fyrir meiri vanda í efnahags- og atvinnumálum en áður. Þjóðartekjur hafa verið að dragast saman og enn er því spáð að horfur þjóðarbúsins fari versnandi á næstu árum. Það skiptir því miklu máli að við leitumst við hér á Alþingi að móta leiðir til lengri tíma sem tryggi sem best hagsmuni þeirra sem verst eru settir og verjumst með öllum ráðum atvinnuleysi sem spáð er vaxandi ef ekkert verður að gert. Í minnisblaði sem forstjóri Þjóðhagsstofnunar lagði fyrir fjárln. Alþingis kemur fram mat Þjóðhagsstofnunar á þeim horfum sem blasa við í þjóðarbúskapnum en þar segir m.a., með leyfi forseta, um viðskiptakjör:

„Horfur eru á að viðskiptakjör þjóðarbúsins á árinu 1993 verði nokkru lakari en gert hefur verið ráð fyrir í fyrri áætlunum Þjóðhagsstofnunar. Ástæðurnar fyrir þessu eru einkum tvær. Annars vegar er nú ljóst að gildistaka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið frestast. Í þessu felst að tollalækkanir á sjávarafurðum samkvæmt samningnum taka ekki gildi í byrjun ársins 1993 eins og áður var gert ráð fyrir. Í áætlun Þjóðhagsstofnunar var reiknað með að þessi lækkun tolla hefði hagstæð áhrif á verð sjávarafurða sem næmu á bilinu 1–1,5 milljörðum kr. miðað við heilt ár. Hins vegar hefur efnahagsbati í heiminum látið á sér standa sem leitt hefur til þess að verð á útflutningsafurðum okkar er um þessar mundir almennt lægra en búist var við. Þetta á ekki síst við um ál og kísiljárn en snertir einnig annan útflutning í mismiklum mæli."

Þessi tilvitnun í minnisblað forstjóra Þjóðhagsstofnunar og það mat sem hér er lagt á ætti að verða m.a. andstæðingum samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði nokkur umhugsun og hlýtur að vekja athygli á því. Þar eru miklir hagsmunir í húfi og þess er að vænta að með aðgangi að þeim markaði gefist enn frekari tækifæri til sóknar fyrir útflutningsframleiðsluna en áður.

Í minnisblaði forstjóra Þjóðhagsstofnunar er einnig farið orðum um útflutningsframleiðsluna og þær horfur sem þar blasa við.

Þessar alvarlegu staðreyndir sem ég hef nú bent á með tilvitnun í minnisblað forstjóra Þjóðhagsstofnunar hafa verið okkur sem störfum í fjárln. kunnar og þess vegna hefur svo mjög verið leitast við að fara varlega í að auka ríkisútgjöld. En þegar bornar eru saman tekjur fjárlaga næsta árs eins og þær eru samkvæmt fyrirliggjandi brtt. við fjárlagafrv. kemur í ljós að tekjur ríkisins hafa ekki verið lægri síðan 1988 ef bornar eru saman tekjurnar á verðlagi ársins 1993. Þetta ætti að vera nokkurt umhugsunarefni fyrir stjórnarandstöðuna og þá sem gagnrýna frv. og efnahagsstefnu stjórnarinnar. (**ÓÞÞ:** Þurfa hinir ekki að hugsa líka?) Þeir hugsa mjög djúpt, hv. 2. þm. Vestf.

Tekjur árið 1993 eru áætlaðir 104 milljarðar 771 millj. kr. Árið 1989 voru tekjur ríkisins 104 milljarðar 547 millj. Þegar litið er hins vegar til gjalda þá er áætlað að 1993 verði útgjöld ríkisins 110 milljarðar 990 millj. En árið 1989 voru útgjöldin 112 milljarðar 324 millj.

Fjárln. hefur gert tillögur um nokkurn niðurskurð á frv. frá 2. umr. og það markmið hefur náðst að halda hallanum á ríkissjóði undir 6,5 milljörðum en hann mun verða á bilinu 6,2–6,3 milljarðar. Þeir þættir sem ráðist var til að lækka í fjárlagafrv. voru m.a. heimild á 6. gr. fjárlaga sem var lækkuð um 60 millj. kr. Það er gert ráð fyrir lækkun á markaðsátaki innan EES-landanna um 50 millj. og framkvæmdir við hæstaréttarhús, viðhald opinberra bygginga og fleira sem er lækkað og einnig framkvæmdir í vegagerð sem voru lækkaðar niður í 1.550 millj. miðað við fjárlagafrv. En tilgangurinn með þessum niðurskurði er að sjálfsögðu að reyna að leitast við að minnka hallann á ríkissjóði sem er mjög alvarleg meinsemd í efnahagskerfinu og eru aðvaranir gefnar frá virtum hagfræðingum um þá hættu sem fylgir langvarandi halla á ríkissjóði.

Þegar litið er til þeirra breytinga sem fjárln. hefur gert á frv. er afar mikilvægt að gera sér grein fyrir því hver þróunin hefur verið í útgjöldum ríkisins. Síðustu árin hefur verið stöðugur vöxtur í ríkisútgjöldum. Það hefur komið í hlut núv. stjórnvalda að stíga á bremsuna og það er auðvitað aldrei einfalt eða vinsælt verk. Það er þó ekki gert með harkalegri hætti en svo að rauntölur útgjalda eru lítið eitt hærri en þær voru síðasta heila árið sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var við völd. E.t.v. er mikilvægasti árangur okkar að stöðva þá hraðlest sem ríkisútgjöldin höfðu feng-

ið far með, e.t.v. á fyrsta farrými hjá ríkisstjórn sem hér var við völd síðasta kjörtímabil.

Ég gat þess við 2. umr. að vandi okkar fælist m.a. í því að fara þann gullna meðalveg að beita ríkisútgjöldunum þannig að ekki verði til spenna sem magni upp vexti en fjárlögin styrki samt sem áður atvinnulífið með fjárveitingum til atvinnuskapandi framkvæmda eins og glöggt kemur fram í brtt. reyndar og í fjárlagafrv. í heild.

Fjárlögin munu styrkja atvinnulífið vegna þess að aldrei hefur verið jafnmikið veitt til framkvæmda við vegagerð, eða 7,5 milljörðum kr. og til hafnargerðar er varið 970 millj., auk þess sem nokkuð er veitt til nýbygginga. Má þar nefna framkvæmdir við viðgerð Þjóðminjasafnsins, byggingu hæstaréttarhúss og tæplega 550 millj. til viðhalds og nýbygginga framhaldsskóla og um 270 millj. til bygginga sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, auk þess sem gert er upp við sveitarfélögin vegna uppgjörs frá því að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga var staðfest, en þar er um að ræða 405 millj. kr. sem að sjálfsögðu munu styrkja fjárhag sveitarfélaganna sem þar um ræðir.

Virðulegi forseti. Þær breytingar sem verið er að gera á skattamálum varða mjög ríkisfjármálin. Eins og jafnan þegar slíkar breytingar eru til meðferðar verða deilur um leiðir. Mikilvægast er þó við þær aðstæður sem við búum við núna að hugsað sé til framtíðar en ekki látið hrekjast undan vegna skammtímasjónarmiða. Mikilvægasta verkefni okkar er að auka hagvöxtinn með því að nýta okkur þau sóknartækifæri sem samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði gefur okkur, en jafnframt tryggja það að ríkisfjármálin styrki efnahagslífið og virki sem hvatning. Sá er tilgangur okkar í því fjárlagafrv. sem hér er til 3. umr. og með þeim breytingum sem hafa verið gerðar frá 2. umr. um fjárlagafrv.

Virðulegi forseti. Ég verð hér að láta máli mínu lokið svo takast megi að ljúka þessari umræðu. En auðvitað gæti ég haldið lengri ræðu um þá fjölmörgu mikilvægu þætti sem tekið er á í fjárlagafrv. og brtt. meiri hluta fjárln.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þremur brtt. þar sem ég er 1. flm. og flyt ásamt nokkrum öðrum hv. þm. Það er í fyrsta lagi brtt. á þskj. 522 sem flutt er af mér og hv. þm. Önnu Kristínu Sigurðardóttur og Guðrúnu Helgadóttur.

Tillagan gerir ráð fyrir því að varið verði 100 millj. kr. til þess að tryggja framkvæmd grunnskólalaga þannig að grunnskólalögin verði framkvæmd undanbragðalaust eins og þau munu hljóða frá og með 1. jan. nk. þegar þau skerðingarákvæði laganna, sem lúta að tímafjölda og fjölda nemenda í bekk, eru fallin úr gildi, en þau falla úr gildi 31. jan. nk. því gert var ráð fyrir því að þessi sérstöku skerðingarákvæði grunnskólalaganna giltu aðeins í eitt ár.

Nú er það svo með okkur þingmenn, þá sem stöndum að þessari tillögu, að við erum að sjálfsögðu ekki að dreifa þessari upphæð á grunnskólaumdæmi, fræðsluumdæmi, það er ekki hægt að gera það fyrir þingmenn sem ekki hafa aðgang að embættismannaliði því það eru flóknar reglur sem gilda um það hvernig fjármunum er dreift á fræðsluumdæmi. Þess vegna leggjum við til að þetta verði á einum lið og gerum ráð fyrir því að hæstv. menntmrh. dreifi þessu á fræðsluumdæmin eftir þeim reglum sem almennt gilda um þá hluti sem snúa að framkvæmd grunnskólalaganna í hinum einstöku fræðsluumdæmum.

Í samræmi við þessa útgjaldatillögu upp á 100 millj. kr. sem við fluttum ekki við 2. umr. þá flytjum við tillögu um sparnað á móti þar sem gert er ráð fyrir því að við 4. gr. frv., lið 06-291 601, Húsnæði Hæstaréttar, komi svofelld brtt.: Liðurinn fellur brott. Við gerum með öðrum orðum ráð fyrir því að framlag til þess að byggja hús fyrir Hæstarétt á þessum þrengingartímum falli niður og það er nákvæmlega sama upphæð og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. að gangi til hússins sem síðan er varið til að tryggja framkvæmd grunnskólalaganna. Það eru sem sagt samtals 100 millj. kr. Í fjárlagafrv. var upphaflega gert ráð fyrir því að verja í þessu skyni 127 millj. kr., síðan sýnist mér að meiri hluti nefndarinnar leggi til að sú tala verði lækkuð um 27 millj. niður í 100 millj. kr. og það er sú tala sem við miðum við. Það vill svo til að það er nokkurn veginn sama talan og þarf til þess að tryggja framkvæmd grunnskólalaganna og tryggja það að hún verði með eðlilegum hætti samkvæmt laganna hljóðan.

Eins og kunnugt er liggur hér fyrir frv. til laga um breytingu á grunnskólalögum sem er flutt af hæstv. ríkisstjórn og var lagt fram nú fyrir nokkrum dögum. Það frv. hefur enga meðferð fengið í þessari virðulegu stofnun og er ekki við því að búast að það verði nein breyting á því á þeim dögum sem eftir lifa af þessu ári, jafnvel þó að þingið stæði dagana milli jóla og nýárs. Þess vegna tel ég óhjákvæmilegt, til þess að tryggja að unnt verði að standa við ákvæði grunnskólalaganna þannig að ekki verði um að ræða lögbrot í skólum í stórum stíl, að fluttir verði til fjármunir með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

Ég tel líka að á þeim tímum sem nú er um að ræða þegar alls staðar er verið að skera niður og spara, það er verið að skera niður í lífskjörum fólks, kaupmáttur er að lækka, skattar eru að hækka, tannlæknakostnaður barna er að hækka, lyf eru að hækka, sérfræðikostnaður er að hækka, það er verið að skera niður framlög til skólamála almennt, til framkvæmda almennt frá því sem gert hafði verið ráð fyrir, m.a. í ákvörðunum hæstv. ríkisstjórnar, að á slíkum tímum eigi menn ekki að vera að byggja hús fyrir Hæstarétt. Hæstiréttur býr þröngt og hann býr illa, en Hæstiréttur verður bara að búa þröngt og illa eitthvað áfram. Ef menn hafa afgangsfjármuni í dóms- og kirkjumrn. þá mundi ég að vísu nota þá öðruvísi en að byggja yfir Hæstarétt. Ég mundi nota þá til þess að leysa úr brýnum og hneykslanlegum húsnæðisaðbúnaði fangelsanna á Íslandi. Ég tel að það sé miklu brýnna mál heldur en að byggja eitthvert hús yfir Hæstarétt fyrir fleiri hundruð milljónir kr.

Ég geri ráð fyrir því að margir muni segja að það sé

kominn tími til þess að Hæstiréttur fái húsnæði og ég geri ráð fyrir því að margir muni halda því fram að hér sé um að ræða einhvers konar samkomulag á milli stjórnarflokkanna og ráðuneytanna, þar sem þau hafi kannski fengið sitt lítið af hverju þegar verið var að útdeila skrautinu á tertuna um það leyti sem ríkisstjórnin fagnaði afmælum sínum fyrir nokkrum mánuðum, og að hæstv. dómsmrh. hafi fengið þá eitt stykki hæstaréttarhús. Ég hef tekið eftir því að einn og einn ráðherra þar fyrir utan hefur fengið svona eitthvað, eins og þeir kalla það sín á milli. Hins vegar verð ég að játa að það er einn hæstv. ráðherra sem hefur bersýnilega ekki fengið neitt og minna en ekki neitt og það er hæstv. viðskrh. Mér finnst hann hafa verið óþarflega hógvær í þessari veislu. (**ÓÞÞ:** Heldurðu að hann fari í jólaköttinn?) Ég óttast það mjög að hann fari í jólaköttinn vegna þess að hann fær ekki einu sinni afgreitt frv. um umboðssöluviðskipti sem er eitt af meginkeppikeflum Alþýðuflokksins – Jafnaðarmannaflokks Íslands núna á þessum dögum fyrir jólin, svo hæstv. viðskrh. fari ekki í jólaköttinn. (Gripið fram í.) En hann fær frv., hann fær lög. Ég tel því að það sé alveg út í hött að eyða fjármunum í það að byggja húsnæði fyrir Hæstarétt á þessum tímum og þess vegna leggjum við til að tillagan um húsnæði fyrir Hæstarétt verði felld og peningarnir í staðinn notaðir til þess að tryggja barnafræðsluna í landinu og okkur finnst vera gott jafnvægi í þessari ákvörðun.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, flyt ég brtt. ásamt hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni á þskj. 523, en það er endurflutningur á tillögu sem við lögðum fyrir við 2. umr. Þá gerðum við ráð fyrir því að þar yrði um að ræða nokkra viðbót, annars vegar vegna áfengismeðferðar á Vífilsstöðum og hins vegar vegna þess að tryggðir yrðu fjármunir til reksturs Kristnesspítala. Nú háttar svo til að það hefur verið gert samkomulag milli forstjóra Ríkisspítalanna og heilbrrn. um nokkra hækkun á framlögunum vegna áfengismeðferðar á Vífilsstöðum og þess vegna má segja að það hafi verið komið til móts við anda þeirrar tillögu á milli 2. og 3. umr. fjárlaganna og tel ég ástæðu til að þakka fyrir það. Eftir stendur sá veruleiki að miðað við rekstrarkostnað á árinu 1992 er ljóst að rekstur Kristness gengur ekki á sama hátt og á árinu 1993, þar vantar um 40 millj. kr. Við flytjum hér tillögu um að Ríkisspítalar fái til þessa rekstrar um 20 millj. kr. í viðbót eða um helminginn af þeirri upphæð sem þarna vantar, samtals um 20 millj. kr. og þar með yrði reynt að ná endum saman þannig að það yrði svipuð eða óbreytt starfsemi í Kristnesi.

Nú háttar svo til að það hefur verið gert eins konar samkomulag milli heilbrrn. og Ríkisspítalanna, Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri um það að rekstur Kristness flytjist einhvern tímann á næsta ári yfir á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, FSA. Og þó að við flytjum tillögu um að þessir fjármunir komi á rekstur Kristness og komi á Ríkisspítalana þá er það ekki vegna þess að við séum andvígir því að FSA yfirtaki rekstur Kristnesspítala heldur er það vegna þess að við gerum þá ráð fyrir að þessu máli yrði breytt með ráðherraákvörðunum einhvern tímann þegar kæmi á alm-anaksárið 1993 og teljum út af fyrir sig eðlilegt að halda okkur við þetta þannig að þessi fjárhæð yrði færð eftir sem áður á Ríkisspítalana, rekstur Kristness, eins og hér er lagt til á þskj. 523.

Í þriðja lagi, virðulegi forseti, mæli ég fyrir brtt. á þskj. 524 sem er flutt af þremur stjórnarandstöðuþingmönnum sem eiga sæti um þessar mundir í hv. heilbr.- og trn. en við erum jafnframt öll þingmenn Reykjavíkurkjördæmis. Auk mín eru flm. hv. þm. Finnur Ingólfsson og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Í tillögunni er gert ráð fyrir því að bætt verði við 4. gr. nýjum fjárlagalið, 08-410 Hjúkrunarheimilið Eir, 101 Almennur rekstur, 70 millj. kr.

Í fjárlagafrv. eða þeim drögum sem nú liggja fyrir og tillögum er gert ráð fyrir því að skerða Framkvæmdasjóð aldraðra og þá fjármuni er síðan ætlunin að sögn hæstv. heilbrrh. að nota til þess að nokkru leyti að tryggja það að Hjúkrunarheimilið Eir hefji starfsemi á næsta ári. Við sem stöndum að þessari tillögu erum hins vegar andvíg því að skerða með þessum hætti framlögin í Framkvæmdasjóð aldraðra og munum gera ítarlega grein fyrir því þegar það mál kemur til meðferðar, væntanlega á mánudag eða þriðjudag, þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra. Til þess hins vegar að bæta það upp sem tapaðist ef skerðingin í Framkvæmdasjóði aldraðra yrði felld niður, þá flytjum við þessa tillögu þannig að Hjúkrunarheimilið Eir fari örugglega af stað á næsta ári, jafnvel þótt menn ákveði að skerða ekki Framkvæmdasjóð aldraðra eins og hæstv. heilbrrh. leggur til.

Samkvæmt þessari tillögu okkar má gera ráð fyrir því að það yrði unnt að taka í notkun milli 40 og 50 rúm við Hjúkrunarheimilið Eir á árinu 1993 og það mundi létta mjög verulega á þeim mikla þunga hjúkrunarsjúklinga, aldraðra sem eru á heimilum um þessar mundir og fá hvergi inni á hjúkrunarheimilum.

Samkvæmt upplýsingum sem ég hef nýjastar frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar eru um 150 aldraðir Reykvíkingar sem búa við svokallaða mjög brýna þörf fyrir hjúkrunarrými, um 150 einstaklingar. Og það er ljóst að það mun verulega muna um það ef Hjúkrunarheimilið Eir kemst af stað á næsta ári og má þá búast við því að í þessum hópi geti fækkað um u.þ.b. ⅓ ef þessi brtt. sem við flytjum, þrír hv. þm. verður samþykkt.

Ég hef þá, virðulegi forseti, mælt fyrir þessum þremur tillögum okkar og tel út af fyrir sig ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þessar tillögur sem ég flyt hér en áskil mér rétt til þess að taka þátt í umræðunni síðar, ef þörf krefur.

Ég vil aðeins nefna það að hér liggur fyrir tillaga frá hv. 2. þm. Vesturl., sveitunga mínum Sigurði Þórólfssyni, um að gefa samtökunum SÁÁ Staðarfell í Dölum. Ég segi það alveg eins og er og vil láta það koma fram hér þannig að það fari ekkert á milli mála að ég mun reyna að hafa liðsafnað sem mest ég má til að fella þá tillögu. Ég tel að það sé algerlega fráleitt að fara að gefa almennum félagasamtökum stað eins og þennan, Staðarfell í Dölum (**Gripið fram í:** Það er

ekki tillaga um það.) miðað við þær aðstæður sem nú eru uppi, heldur að afhenda er það ekki? (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Heldur hvað? (**Gripið fram í:** Það er verið að tala um húseignir, húseignir á jörðinni.) Það breytir engu í þessu sambandi, hv. þm., vegna þess að það er verið að gefa með þessum hætti almennum félagasamtökum þær stofnanir, það húsnæði sem tilheyrir helst og minnir sterkast á sögu þessa svæðis og það er enn þá fáránlegra að gefa SÁÁ eða afhenda þessar húseignir heldur en það jafnvel væri að afhenda almennum félagastofnunum einhverjar menningarstofnanir sem við eigum hér á Reykjavíkursvæðinu og allir mundu skilja að væri fáránlegt að gefa einhverjum almannasamtökum. Þegar aftur kemur að menningarstöðum sem tilheyra dreifbýlinu af einhverju tagi þá geta menn rokið upp til handa og fóta og sagt, það er best að gefa einhverjum þetta. Þetta er alger fjarstæða að mínu mati og ég gæti talað um þetta mál lengi því ég þekki þar allvel til eins og hv. flm. þekkir mætavel.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds, Kristínu Ástgeirsdóttur og Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni við fjárlagafrv. Hún er á þá leið að undir liðnum Byggðastofnun komi nýr liður: Sérstök verkefni samkvæmt búvörusamningi, að upphæð 100 millj. kr.

Þetta er í samræmi við þann búvörusamning sem gerður var í mars 1991 og undirritaður var af páv. landbrh. og fjmrh. og kvað á um að Byggðastofnun skyldi á þessu ári og næsta fá 100 millj. kr. hvort árið. Síðan áfram nokkra upphæð í því skyni að stuðla að nýrri atvinnustarfsemi í sveitum í stað þess mikla samdráttar sem leiðir af því að búvöruframleiðslan er nú takmörkuð við innanlandsmarkað. Þessi tillaga var dregin til baka við 2. umr. vegna þess að þá flutti hv. formaður landbn., hv. 3. þm. Austurl. Egill Jónsson, ræðu og skoraði á fjárln. að taka til athugunar þessi mál sem snerta búvörusamninginn og brotin eru af núv. hæstv. ríkisstjórn og meiri hluta hennar hér á Alþingi eða ætlunin er að brjóta. Því miður hefur meiri hluti fjárln. ekki séð sér fært að verða við þessari áskorun formanns landbn. og því er þessi tillaga endurflutt.

Það þarf ekki að hafa mörg orð um það hversu brýnt þetta verkefni er. En því miður virðist allt stefna í öfuga átt hjá núv. hæstv. ríkisstjórn og stuðningsflokkum hennar og er þar skemmst að minnast atkvæðagreiðslunnar í dag þar sem samþykkt var að leggja nýjan skatt á ferðaþjónustu og flutningsgjöld út um land. Ferðaþjónustan hefur verið talin helsti vaxtarbroddur ekki aðeins dreifbýlis heldur íslensks þjóðfélags um þessar mundir. Það er því alveg ótrúlegt að ríkisstjórnin skuli reiða landsbyggðinni hvert höggið á fætur öðru og haga sinni fjáröflun á þann veg að hún leggist þyngst á þá sem versta hafa aðstöðuna. Það er það sem við í stjórnarandstöðunni gagnrýnum að sjálfsögðu fyrst og fremst, hvernig þessari skattlagningu er háttað.

Á þskj. 526 er ég einnig meðflutningsmaður að tillögu frá Ragnari Arnalds um að 100 millj. kr. verði varið til landgræðslu og skógræktarverkefna samkvæmt bókun búvörusamningsins sem ég nefndi áður. Samkvæmt þeirri bókun er gert ráð fyrir að á samningstímanum verði 2 milljörðum kr. varið til landgræðslu- og skógræktarstarfa. Hins vegar hefur það farið þannig að fjárveitingar til þessara verkefna eru nú lækkaðar í staðinn fyrir að verja til þeirra viðbótarfjármagni.

Ég skal, hæstv. forseti, ekki hafa mörg fleiri orð um þetta að sinni þar sem stefnt mun að því að ljúka þessari umræðu fljótlega. En ég endurtek að því miður eru dæmin allt of mörg um það hvernig að landsbyggðinni er vegið og þau dæmi tala að sjálfsögðu skýrustu máli sjálf.

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1993, 96. mál, brtt. RA o.fl., þskj. 539.

Fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytis, 295. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 535; brtt. minni hluta allshn., þskj. 536.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel rétt að taka það fram að ráðherrar verða stundum til að lengja hér umræður með athugasemdum sem eru dálítið sérstakar og koma mönnum oft til að hugsa.

Hér hefur verið flutt frekar meinleysisleg tillaga á þann veg að afhenda SÁÁ eignir sem þeir hafa fengið án hárrar húsaleigu að undanförnu, eftir því sem ég best veit, en fróðlegt væri að fá það uppgefið við þessa umræðu hve há sú húsaleiga hefur verið sem SÁÁ hefur greitt á Staðarfelli í Dölum.

Þegar það er lagt til af þingmanni Vesturl. að þessar húseignir sem þeir hafa haft þar til afnota verði afhentar þeim til eignar rís hæstv. heilbrrh. á fætur og boðar að þeir gefi sem eigi og talar um það í miklum vandlætingartón, þó ekki sé meira sagt, að menn séu að gefa eigur ríkisins. Við höfum horft á það víða úti um land að eigur ríkisins hafa verið látnar grotna niður samfélaginu á engan hátt til góðs. Og satt best að segja hafa kannski flestir þingmenn trúað því að SÁÁ hafi ekki safnað í digra sjóði, en það má vel vera að samtökin séu svo vel alin af núv. hæstv. heilbrrh. að þar verði til digrir sjóðir til að kaupa jarðir. Og hvað er það sem er verið að dylgja um? Jú, hæstv. heilbrrh. vill selja þeim Staðarfell í Dölum. Hann segir að þeir séu reiðubúnir að kaupa á því verði sem um semjist. Það er nú svo. Menn geta varla verið reiðubúnir að kaupa á því verði sem um semst nema þeir séu þá nokkuð sannfærðir um hvaða verð er verið að tala um. Ef hæstv. ráðherra er með ákveðnar tölur í því sambandi væri gott að þær kæmu fram.

Við höfum ástæðu til þess að vantreysta hæstv. ráðherrum þegar kemur að því að selja eigur ríkisins. Ég flutti hér einu sinni ræðu um sölu á Flatey á Mýrum. En ég tel óhjákvæmilegt vegna þessara orða ráðherrans að skoða hér eina jarðarsölu sem framkvæmd hefur verið af ráðherra þessarar ríkisstjórnar sem nú situr og má kannski segja sem svo að þeir gefi sem eiga.

Þessi kaupsamningur er á milli landbrh. fyrir hönd jarðadeildar landbrrn. við Garðabæ. Og, með leyfi forseta, hefði ég áhuga á að lesa hér upp örfá atriði úr þessum samningi sem skipta höfuðmáli.

Í fyrsta lagi kemur fram að verið er að selja mörg leigubýli, það er verið að selja lóðir sem einstaklingar hafa haft sem byggingarland og þessi jörð er kirkjustaður. Við skulum lesa, með leyfi hæstv. forseta, 3. gr. sem hljóðar svo:

„Námuréttindi og réttur til efnistöku, þar með talin sand- og malarnám og vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir ábúenda jarða ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta framangreind réttindi, eru undanskilin sölu þessari."

Mér er nú forvitni á að spyrja: Hver er ábúandi jarðanna eftir að búið er að byggja á þeim íbúðarhús? Er það Garðabær? Ég sé ekki að annar geti verið þar ábúandi. Og það kemur varla svo mikið vatn upp úr jörðinni að Garðabær sem ábúandi gæti ekki sagt að þeir þyrftu að nota það heita vatn. Þannig að ég sé ekki annað en að hér sé verið að selja heita vatnið án þess að á það sé minnst ef það skyldi nú vera þarna.

„Sé áformað að selja jarðirnar að hluta eða í heild á ríkissjóður og landbrn. forkaupsrétt fyrir hlutafallslega sama verð og jarðirnar eru nú seldar á að viðbættum verðmætisauka vegna framkvæmda eftir að ríkissjóður seldi jarðirnar.

Jörðin Garðar er kirkjustaður og skuldbindur kaupandi sig til að heimila sóknarnefnd og kirkjugestum óhindraða umferð að og frá kirkju" — takið nú eftir. Það er samið um óhindraða umferð að og frá kirkju og kirkjugarði — „og heimilar sóknarnefnd eftirlitslaust afnot af nauðsynlegu landi undir bílastæði fyrir kirkjugesti innan marka núgildandi aðalskipulags."

Hér er tryggilega frá því gengið að sóknarbörn muni bæði komast til kirkju og frá kirkju og jafnframt að þau komist á bílum sínum en þurfi ekki að fara gangandi eða ríðandi til kirkju og er það auðvitað vel að einhver fyrirvari sé hafður í samningnum.

„Þá skuldbindur kaupandi sig til að láta af hendi endurgjaldslaust land undir stækkun kirkjugarðs telji viðkomandi yfirvöld þörf á stækkun hans. Yfirlýsingu með efni framangreindrar málsgreinar skal þinglýst sem kvöð á jörðina Garða."

4. gr. hljóðar svo:

„Samningi þessum fylgir yfirlit yfir byggingarbréf og leigusamninga ásamt skrá yfir ábúendur og leigutaka, merkt fylgirit tvö. Kaupandi tekur við réttindum og skyldum seljanda samkvæmt samningi þessum.

Söluverð jarða og eigna ríkisins á þeim er umsamið 49 millj. 200 þús. kr. og sundurliðast þannig:

Byggingarland 102,3 hektarar — 46 millj. 200 þús. kr.

Útivistarsvæði 131,1 hektari — 5 millj. 900 þús. kr.

Náttúruverndarsvæði 176,6 hektarar — 1 millj. 200 þús. kr.

Lækkun vegna kvaða á byggingarlóðum — 1 millj. 200 þús. kr."

Þess vegna getum við strikað það út á móti þessum 176 hekturum sem eru útivistarsvæðið. Þeir eru látnir af hendi sem lækkun vegna kvaða á byggingarlóðum. Það er sama tala.

„Lækkun vegna stærðar lands 2,9 millj." þ.e. afsláttur út á stærðina. Og ef við drögum þetta frá útivistarsvæðinu þá kemur í ljós að þar eru ekki eftir nema 3 millj. kr. Það vekur spurningu um hvort ekki hefði verið ráð að selja örlítið minna og sleppa við þennan afslátt.

„Söluverð: Samkvæmt 1. mgr. lofar kaupandi að greiða svo sem hér segir:

Við undirskrift samnings 5,2 millj. kr.

Eftirstöðvar kaupverðs greiðir kaupandi á afsalsdegi með útgáfu skuldabréfs er greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á 10 árum, í fyrsta skipti 10. ágúst 1993. Skuldabréfið er verðtryggt samkvæmt lánskjaravísitölu með 3.230 stigum í júlímánuði 1992 og ber 2% vexti."

Nú er það skaði að úr þingdeildinni er horfinn sá þingmaður sem kvartaði sáran undan 6% ávöxtun við sölu á skemmu á hafnarkantinum í Reykjavík. Kvartaði sáran. Það er náttúrlega ekkert skrýtið þegar við vitum að ráðherrarnir eru að gera svona samninga að við spyrjum: Á hvaða verði selja þeir þá Staðarfell í Dölum? Er það náttúruverndarsvæði? Er það á útivistarsvæðisverðinu? Á hvaða verði ætla þeir að selja Staðarfell í Dölum?

Það eru ljótu hræsnararnir sem tala á þennan hátt. Ég segi fyrir mig að ég væri andvígur því að selja Staðarfell í Dölum. Ég væri andvígur því. En ég tel ekkert athugavert við það þó að hægt sé að líta á það sem framlag í peningum til SÁÁ að láta þá fá þar eignir í húsum. Það er allt annað mál. Með því móti er verið að vinna að því að sú starfsemi sem þeir hafa haft þar geti haldist. Ég hef hvergi lesið það í þeim tímaritum sem mér hafa borist á mína skrifstofu varðandi upplýsingar um meðferð á áfengissjúklingum að grasnytjar séu sérstaklega hentugar í því sambandi, hvorki fjallagrös né annað, eða sölvatekja. Þetta hefur ekki komið á mitt borð. Það má vel vera að hin nýju fræði telji að þetta byggi á einhverjum slíkum hlutum.

Ég verð að segja eins og er að mér finnst kirkjan nokkuð grátt leikin með svona vinnubrögðum. Það má vel vera að menn telji sumir að Garðabær hafi ekki fjárráð til að kaupa þetta á fullu verði. En hvers vegna er þá verið að selja alla jörðina? Nægir þá ekki að afhenda það land sem þeir geta hagnýtt sér? Hver er tilgangurinn með því að afhenda eigur ríkisins eða réttara sagt kirkjunnar á þennan hátt? Því að við skulum skilja á milli vegna þess að vissulega eru ekki allir Íslendingar í þjóðkirkjunni. En þetta er kannski alveg í takt við tímann þegar maður skoðar aðrar aðgerðir núv. ríkisstjórnar svo sem fjármálaráðstafanir á sviði kirkjumála sem eru í sérstöku frv. til laga um fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumrn.

En það hlýtur að vera spurning þegar ráðherra kemur hér upp og hellir sér yfir varaþingmann sem hefur sest hér inn og flytur tillögu sem áður var flutt af aðalþingmanni sama kjördæmis, hv. 2. þm. Vesturl., að þá skuli þeir láta sem svo að þeir viti ekki hvað þeir eru að gera í ríkisstjórn Íslands. En ég verð að segja

eins og er að mér finnst prestastéttin ekki halda vöku sinni ef hún telur að hægt sé að afhenda samning eins og þennan og una því. Það eru engin ákvæði í þessum samningi um það að ef útivistarsvæði sé tekið og því breytt í byggingarland þá breytist kaupverð. Það eru engin ákvæði um það ef náttúruverndarsvæðinu yrði breytt í byggingarsvæði að þá breytist kaupverðið. Það eru engin slík ákvæði. Það eru aftur á móti ákvæði um það að ef þeir láta sér detta í hug að selja landið, hreinlega fara að braska með það í ofanálag, þá eigi ríkið forkaupsrétt, en verði að kaupa dýrara verði ef það hefur hækkað vegna framkvæmda sem þeir hafi unnið á landinu, án þess að það komi nokkurn hlut fram hvaða takmörk eru þar á.

Hæstv. forseti. Auðvitað á það ekki við í önnum nú rétt fyrir jólin að hafa langt mál um þessa hluti. En ég verð að segja eins og er að þegar svona er haldið á málum og ráðherrar telja sér skylt að ráðast á hin smæstu atriði sem koma fram í brtt. þá hlýtur það að gerast að óbreyttir þingmenn standi upp og tali um þessa hluti. Við framsóknarmenn höfum haft það skipulag á að skipta nokkuð með okkur verkum og ég hef ekki farið í þessa fjárlagaumræðu og hugðist ekki gera það en þegar svona er vegið, eins og hér kom fram, þá taldi ég ekki annað fært en að upplýsa um þá hluti sem ég vissi um og hafði undir höndum. En ég verð líka að segja það varðandi 6. gr. fjárlagafrv. að mér finnst heimildirnar allt of rúmar. Ég vil spyrja, af því að ég sé að hér hefur kvatt sér hljóðs fulltrúi í fjárln., sem ætlar vafalaust að gera athugasemdir við það sem ég hef sagt, ég vil spyrja um lið 5.2, að kaupa húseignir og lóðir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráð Íslands og taka til þess nauðsynleg lán. Hvar endar nágrennið? Hvar endar nágrenni þessara húseigna? Eru það 100 m, 200 m eða kílómetri? Það er talað um nágrannabæi. Hvar endar þetta nágrenni? Hvaða heimildir er verið að gefa út með svona yfirlýsingum? Hvaða upphæðir er verið að heimila ríkisstjórninni að nota? Hvar er þakið á þessu fjárlagafrv. ef svona heimildir eru hafðar opnar inni?

Svo kemur liður, með leyfi hæstv. forseta, 5.3: Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofu ráðuneyta og taka til þess nauðsynleg lán. Hvar er þakið á þessari heimild? Er það fyrir öll ráðuneytin sem þarf að kaupa húsnæði? Og ef svo er, fyrir hvaða upphæð? Er ekki ráð að gá örlítið að sér, jafnvel þó það sé bara 6. gr. sem menn eru að tala um? Er ekki nauðsyn að gá að því hvaða heimildir menn eru að veita ríkisstjórninni? Það hefur ekki staðið á því að þenja út skrifstofuhúsnæði ráðuneytanna. Ég man eftir því fyrst þegar það var allt staðsett í Arnarhvoli utan skrifstofa menntmrn. Hér eru líka opnar heimildir til kaupa á húsnæði á erlendri grund. Það má vel vera að þetta verði allt undir kontról.

En liður 6.7 er ekki smáræðisheimild. Heimildin er á þann veg að þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1993, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar." — Hér stendur reyndar fjárlaganefndar, en ég hygg að það sé átt við að nefndin samþykki ef meiri hluti nefndarinnar samþykkir. Og þetta er opin heimild til að leggja niður hvaða ríkisstofnun á Íslandi sem er, ef ríkisstjórnin samþykkir og ef meiri hluti fjárlaganefndar samþykkir. Hvaða ríkisstofnun sem er.

Að mínu viti eru svona heimildir eins og ég hef verið að lesa upp út í hött. Það sæmir ekki mönnum sem sitja í fjárln. að afgreiða þær á þennan hátt. Ég hef barist gegn því alla tíð að afgreiða opnar heimildir út úr fjárln. Ég hef barist gegn því. Mér hefur ekki gengið of vel því þrýstingurinn frá ráðherrunum að ná svona heimildum út er alveg ótrúlegur og ég er sannfærður um það að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson gerir sér grein fyrir þessum mikla þrýstingi og hefur orðið var við hann.

Hæstv. forseti. Ég tjáði forseta að ég ætlaði ekki að tala langt mál og ég vona að ég hafi ekki brotið þá yfirlýsingu mína með því að geta um þessa hluti sem ég hef minnst á í ræðu minni. Ég hef ekki hugsað mér að lengja þessa umræðu nema þeir hlutir gerist að hér komi fram nýjar upplýsingar á þann veg að það sé óhjákvæmilegt að svara þeim í nokkru máli.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni fyrir það að vekja athygli á sölu kirkjujarðarinnar á Görðum. Það hlýtur að vera ástæða til að skoða betur sölumál kirkjujarða, ekki einvörðungu þessa sölu heldur jafnvel líta aftur í tímann og athuga hvernig með hefur verið farið.

Eins og kunnugt er er andvirði seldra kirkjujarða hluti af stofnfé Kristnisjóðs. Þessir peningar renna í Kristnisjóð sem undirstrikar eignarhald kirkjunnar á þessum kirkjujörðum þannig að hér eru mjög miklir hagsmunir í húfi fyrir starfsemi kirkjunnar í landinu. Ekki einvörðungu hagsmunir heldur spurningin um það að lögin gildi.

Ég vil varpa fram þeirri hugmynd að hún verði skoðuð, e.t.v. flyt ég um það frv. til laga, að þegar sala kirkjujarða eigi sér stað þá verði kvaddir til sérstakir matsmenn, óháðir aðilar er meti land og gögn og gæði og kveði upp úr um verð og skilmála. Þegar um tvo óskylda aðila er að ræða í viðskiptum eins og í þessu sambandi sem er mjög óvenjulegt, þ.e. landbrn. ber ábyrgð á sölunni, en andvirðið rennur ekki í ríkissjóð heldur rennur andvirðið í Kristnisjóð. Það sem í raun og veru er að gerast er það að landbrn. er að selja fyrir Kristnisjóð eða þjóðkirkju Íslands. Vegna þess að svona er í pottinn búið þá þarf langtum fremur að koma í veg fyrir allan vafa og koma í veg fyrir allar efasemdir og tryggja það að óháðir matsmenn kveði upp endanlegan úrskurð.

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kem hér upp til þess að taka undir málflutning hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar varðandi heimildir 6. gr. og 6. gr. eins og hún er upp sett. Ég er honum innilega sammála að þar verður að setja inn upphæðir. Heimildir mega ekki vera eins opnar og þær

eru núna settar upp og hafa verið í fjárlögum til þessa dags. Þetta er auðvitað nákvæmlega eins og að skrifa undir víxil eða ávísun og afhenda mönnum óútfyllt. Fyrir þetta á auðvitað að taka. Ég tel að þetta sé í raun-inni slæm heimild fyrir ráðherra. Það hlýtur að vera erfitt að hafa svona heimild og geta ávallt legið undir gagnrýni hvernig viðkomandi ráðherra notar slíka heimild. Ég held því að það væri eingöngu stuðning-ur fyrir þá sem með slíkar heimildir fara að þær séu skilyrtar með upphæðum.

Ég vil aðeins minna hv. þm. á það að á árinu 1987 eða 1988, ég man ekki á hvoru árinu það var, lagði sá sem hér stendur fram brtt. við fjárlög þar sem lagt var til að 6. gr. yrði felld út. Sú tillaga naut ekki mikils stuðnings á þeim tíma.

Aðeins varðandi Staðarfell. Ég tel alveg óþarft að vera að gefa SÁÁ Staðarfell. Hins vegar ættum við að fullvissa þá og tryggja þeim afnot af Staðarfelli um ókominn tíma. Það eru engin sérstök rök fyrir því hvorki að selja né gefa þeim það, en hins vegar að veita þeim fullvissu og tryggingu fyrir því að þar geti þeir starfað um aldur og ævi ef þeir svo kjósa.

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar og stofnun hlutafélags um Sam-ábyrgð Íslands á fiskiskipum, 285. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 537; brtt. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 538.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 539. — Af-brigði samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, Fl, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, JÁ, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SÞór, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.

22 þm. (ÁJ, DO, EH, EgJ, GHall, GÁ, GHelg, HG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KHG, RA, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í fjarveru hv. 3. þm. Norðurl. v. mæli ég fyrir brtt. sem flutt er af honum og hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur og hv. þm. Páli Péturssyni um breytingu á heimildargrein. Við 6. gr., 6.1, komi lið-ur sem orðist svo:

„Að kaupa dagblöð og aðalmálgögn þingflokka fyr-ir stofnanir ríkisins, allt að 150 eintök af hverju blaði."

Hér er um að ræða óbreyttan fjölda blaða en orða-lagi breytt þannig að það takmarkast ekki einungis við dagblöð eins og þetta hefur verið heldur einnig önnur málgögn sem kunna að vera gefin út á vegum eða í tengslum við þingflokka eða eftir tilvísun þeirra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 8. dagskrármál.

88. FUNDUR

mánudaginn 21. des.,
kl. 11.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Kosning fimm manna í stjórn Grænlandssjóðs til þriggja ára, frá 1. janúar 1993 til 31. desember 1995, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 102 31. desember 1980, um Grænlandssjóð.
2. Kosning eins fulltrúa hvers þingflokks og jafnmargra varafulltrúa úr hópi alþingismanna í Vestnorræna þingmannaráðið, skv. ályktun Alþingis 19. desember 1985. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.
3. Kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninga 1992, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.
4. Kosning aðalmanns í stað Kristjáns Torfasonar í yfirkjörstjórn Suðurlandskjördæmis til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.
5. Fjárlög 1993, stjfrv., 96. mál, þskj. 465, frhnál. 513 og 520, brtt. 464, 468, 482, 483, 484, 497, 506, 511, 512, 514, 515, 516, 519, 522, 523, 524, 525, 526, 527 og 539. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
6. Skuldbreytingar vegna loðdýraræktar, frv., 309. mál, þskj. 479. — 3. umr.
7. Heilbrigðisþjónusta, frv., 310. mál, þskj. 486. — 3. umr.
8. Fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytis, stjfrv., 295. mál, þskj. 427, nál. 517 og 535, brtt. 536. — 2. umr.
9. Málefni aldraðra, stjfrv., 97. mál, þskj. 113, nál. 499, 503 og 518, brtt. 500 og 504. — 2. umr.
10. Kjaradómur og kjaranefnd, stjfrv., 46. mál, þskj. 47, nál. 491, brtt. 492. — 2. umr.
11. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, stjfrv., 47. mál, þskj. 48, nál. 493. — 2. umr.
12. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 284. mál, þskj. 414, nál. 496 og 502. — 2. umr.
13. Lánsfjárlög 1993, stjfrv., 145. mál, þskj. 166, nál. 532 og 534, brtt. 533. — 2. umr.
14. Skattamál, stjfrv., 286. mál, þskj. 531. — 3. umr.
15. Almannatryggingar og stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, stjfrv., 285. mál, þskj. 415, nál. 537, brtt. 538. — 2. umr.
16. Búnaðarfræðsla, stjfrv., 311. mál, þskj. 498. — 1. umr.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill geta þess áður en gengið er til dagskrár að atkvæðagreiðslur verða síðar á fundinum. Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvenær það verður nákvæmlega en reikna má með að það geti orðið um tvöleytið.

Skuldbreytingar vegna loðdýraræktar, 3. umr.

Frv. landbn., 309. mál (afskrift á lánum). — Þskj. 479.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heilbrigðisþjónusta, 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 310. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 486.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytis, 2. umr.

Stjfrv., 295. mál. — Þskj. 427, nál. 517 og 535, brtt. 536.

Frsm. meiri hluta allshn. (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumrn. fyrir hönd meiri hluta allshn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Þorbjörn Hlyn Árnason biskupsritara, Óla H. Þórðarson, framkvæmdastjóra Umferðarráðs, Björn Matthíasson, hagfræðing í fjármálaráðuneyti, Ara Edwald, aðstoðarmann dóms- og kirkjumálaráðherra, og Dagnýju Leifsdóttur, deildarstjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Meiri hluti nefndarinnar telur ekki rétt að embætti hreppstjóra verði lagt niður og leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu: I. kafli frv., 1.–29. gr., falli brott.

Undir nál. skrifa Sólveig Pétursdóttir, Björn Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingi Björn Albertsson og Sigbjörn Gunnarsson.

Frsm. minni hluta allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Allsherjarnefnd hefur fjallaði um frumvarp til laga um fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. I. kafli frv., 1.–29. gr., fjallar um brottfall laga um hreppstjóra, nr. 32 26. apríl 1965, o.fl. Ákvörðun stjórnarflokkanna að leggja niður stöður hreppstjóra kom fram í frumvarpi til fjárlaga og var því til umræðu í allsherjarnefnd þegar hún ræddi þann kafla fjárlagafrv. sem er á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytis.

Í áliti minni hluta allshn. til fjárln. segir svo um þetta efni, með leyfi hæstv. forseta:

„Hjá fulltrúum dómsmálaráðuneytisins, sem komu á fund nefndarinnar, kom fram að samkvæmt fjárlagafrumvarpinu ætti að leggja niður störf hreppstjóra frá næstu áramótum. Þessi ákvörðun lækkar útgjaldatillögur í fjárlagafrumvarpinu um 18 millj. kr. en ekki hefur verið gerð nein athugun á því hver raunverulegur sparnaður verður. Við verkefnum hreppstjóra eiga lögregla, dýralæknar og sveitarstjórnir að taka. Því mun að sjálfsögðu fylgja aukinn kostnaður fyrir lögreglu, bæði vegna vinnu og aksturs, en ekki er gert ráð fyrir neinni hækkun fjárveitinga til hennar í því skyni. Ekkert kom fram um hver ætti að greiða dýralæknum fyrir þá aukavinnu sem þeir munu þurfa að taka að sér, en áreiðanlega er tímakaup þeirra ekki lægra en hreppstjóra. Ekkert samráð hefur verið haft við Samband íslenskra sveitarfélaga um þau verkefni sem þeim er ætlað að sinna og ekki heldur gert ráð fyrir neinum greiðslum til þeirra af þeim sökum. Það er því augljóst að hér er um mjög flausturslega ákvörðun að ræða sem enginn veit hvaða tilgangi þjónar því að þeir sem til þekkja eru sannfærðir um að miðað við launakjör hreppstjóra muni breytingin ekki leiða til sparnaðar. Ekki hefur enn verið lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um hreppstjóra og því liggur ekki fyrir hvort meiri hluti er fyrir því á Alþingi að leggja niður þessi gömlu embætti."

Þessar ábendingar voru ekki teknar til greina af meiri hluta fjárlaganefndar fyrir 2. umr. frumvarps til fjárlaga. Því fluttu fulltrúar úr minni hluta allsherjarnefndar breytingartillögu við þá umræðu um fjárveitingu til greiðslu á launum hreppstjóra. Þingmenn stjórnarflokkanna felldu þessa breytingartillögu og var hún því endurflutt nokkuð breytt fyrir 3. umr.

Við 1. umr. þessa frumvarps lýsti dóms- og kirkjumálaráðherra því svo yfir að nú mundi vera orðinn meiri hluti fyrir því á Alþingi að halda áfram greiðslu launa hreppstjóra og óskaði þess vegna eftir því við allsherjarnefnd að hún flytti breytingartillögu við frumvarpið um að fyrstu 29 greinar þess af 34 alls féllu niður. Það kom líka fram í ræðu formanns fjárlaganefndar við 3. umr. frumvarps til fjárlaga að hún hefur nú fallist á það sjónarmið minni hluta allsherjarnefndar að það er síður en svo sparnaður fyrir ríkið eða þjóðarbúið að þessari tillögu stjórnarflokkanna að leggja niður embætti hreppstjóra. Þvert á móti muni það leiða til stóraukinna útgjalda og tjóns eins og raunin er á um svo margar aðrar tillögur ríkisstjórnarinnar um þessar mundir.

En þetta mál er táknrænt dæmi um hringlandahátt og vitleysu ríkisstjórnarinnar í öllum málefnaundirbúningi.

Fyrsta grein frumvarpsins, sem stendur þá eftir, er núverandi 30. gr. þess. Samkvæmt henni skal leggja á umferðaröryggisgjald sem renni til Umferðarráðs. Hér er um að ræða nýjan skatt ríkisstjórnarinnar, en þeir eru að verða fleiri en tölu verður á komið. Hins vegar kom fram hjá Óla H. Þórðarsyni, framkvæmdastjóra Umferðarráðs, á nefndarfundi að meiri hluti tekna af gjaldinu á að renna til nýrra verkefna á sviði umferðaröryggismála hjá Umferðarráði. Minni hluti nefndarinnar getur því fallist á þessa gjaldtöku en leggur eindregið til að vísitöluákvæðin í greininni verði felld niður og hefur flutt um það sérstaka breytingartillögu.

Því miður gafst nefndinni ekki tími til að fá gesti á fundinn til að fjalla um þetta atriði eins og óskir höfðu komið fram um en til þess að greiða fyrir afgreiðslu málsins þá var fallið frá þeirri ósk. En hér er um að ræða grundvallaratriði, þ.e. hvort Alþingi á að halda áfram að vísitölutengja allar upphæðir í þeim lögum sem það setur þó að vísitölutenging launa sé brott fallin. Minni hluti allshn. telur að slíkt sé rangt og leggur því til að vísitöluákvæði greinarinnar, tvær setningar, verði felld niður.

Í III. kafla frumvarpsins, sem verður II. kafli, er um að ræða fjármálaráðstafanir á sviði kirkjumála. Tekjustofnar kirkjunnar hafa verið skertir í þrjú ár. Á yfirstandandi ári er kirkjugarðsgjald skert um 20%. Því mótmælti biskup Íslands í ræðu við setningu kirkjuþings 1991 með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Það urðu mér mikil vonbrigði þegar Þorsteinn Pálsson kirkjumálaráðherra og Friðrik Sophusson fjármálaráðherra stóðu ekki við yfirlýsingar sínar í fyrra. Þá á ég við blaðagrein Þorsteins og þingræðu Friðriks. Vonbrigðin eru ekki aðeins vegna þess að kirkjan fái ekki þessa peninga heldur einnig að fá framan í sig að það sé rétt sem almannarómur hefur lengi haldið fram að stjórnmálamenn hafi þrenns konar afstöðu til mála. Í fyrsta lagi hvernig þeir tala fyrir kosningar, í öðru lagi hvernig þeir tala á þingi sem óbreyttir þingmenn og í þriðja lagi hvað gerist þegar þeir verða ráðherrar."

Þessu svaraði Þorsteinn Pálsson, dóms- og kirkjumálaráðherra í ræðu síðar á kirkjuþinginu 1991 og segir Morgunblaðið frá henni 26. okt. 1991 með þessari fyrirsögn: „Kirkjan fær óskertar tekjur af sóknar- og kirkjugarðsgjöldum 1993." Fyrirsögnin er byggð á eftirfarandi kafla í ræðu hæstv. ráðherra, með leyfi hæstv. forseta:

„En við fjárlagagerð næsta árs verður þessi tekjustofn óskertur eins og ég skýrði biskupi fyrir nokkru frá að í undirbúningi væri. Kirkjunnar menn vita að það er ekki alltaf hlaupið að því að kveða niður drauga sem vaktir hafa verið upp, en það verður eigi að síður að því er þennan varðar gert við næstu fjárlagagerð sem verður sú fyrsta sem þessi ríkisstjórn vinnur að með fullum undirbúningstíma."

Þrátt fyrir þetta loforð, sem gefið var á kirkjuþingi

1991, er hér lagt til að ráðstöfunarfé kirkjugarða verði aftur skert um 20% á árinu 1993. En ekki er látið þar við sitja því að við er bætt ákvæði í 33. gr. frumvarpsins um að laun umsjónarmanns kirkjugarða skuli greiðast úr Kirkjugarðasjóði. Það er athyglisvert að ekki er ætlast til að hann sé greiddur af öllu innheimtu fé eins og fyrri skerðingin, 20%, heldur er þessi nýja skerðing á ráðstöfunarfé kirkjunnar látin bitna á Kirkjugarðasjóði þar sem í 27. gr. laga um kirkjugarða segir:

„Meginmarkmið Kirkjugarðasjóðs er að jafna aðstöðu kirkjugarða og veita aðstoð þar sem tekjur kirkjugarða hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum."

Stjórnarflokkarnir eru því trúir þeirri stefnu sinni að skerða fyrst og fremst framlög sem varið er til jöfnunar og nota skattstofna sem bitna þyngst á þeim sem versta hafa aðstöðu eins og t.d. virðisaukaskattinn á fargjöld út um land og upphitun eins og rætt var hér fyrir helgina. En ég skil ekki af hverju stjórnarflokkarnir telja nauðsynlegt að taka fé þannig af þeim sem verst eru staddir en láta gjaldið ekki bitna jafnt á öllum eins og Kirkjugörðum Reykjavíkur og öðrum slíkum sem gildasta hafa sjóðina.

Minni hluti allsherjarnefndar getur því ekki stutt ákvæði III. kafla frumvarpsins sem gengur þvert á fyrirheit dóms- og kirkjumálaráðherra við kirkjuna og eykur óréttlæti.

Minni hluti allshn. leggur því til að 31.–33. gr. frv. verði felldar.

Ég vildi beina þeirri eindregnu ósk til hv. frsm. meiri hluta allshn. að hann tæki þetta mál til athugunar aftur áður en þessari umræðu lýkur því að hér er ekki aðeins um það að ræða að þingmenn eigi að greiða atkvæði um það hvort skerða eigi tekjur kirkjunnar um 87 millj. kr. heldur að mínu mati fyrst og fremst hvort hv. þm. vilja að staðið sé við hátíðlegar yfirlýsingar og loforð ráðherra eins og hér var gert. En hér er ætlast til þess að Alþingi staðfesti að svo eigi ekki að gera.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég sé ástæðu til að vekja athygli hv. þm. og þjóðarinnar allrar á því að það er kannski ekki að ástæðulausu að hér hafa orðið allnokkrar umræður. Hæstv. ríkisstjórn hefur kosið að kalla það málþóf og þær raddir hafa einnig heyrst frá hv. þm. meiri hlutans. En ég vil vekja athygli á því hvernig undirbúningi mála er varið hjá þessari hv. ríkisstjórn. Hér er verið að skila úr nefnd frv., stjfrv. um fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumrn. þar sem lagt er til að 1.–29. gr. verði felldar úr. Síðar í dag verður líka skilað úr nefnd 285. máli sem varðar almannatryggingar og fleiri mál sem varða heilbr.- og trmrn. Þar er heill kafli felldur út. Það segir okkur að ekki veitir af að ræða þau mál sem lögð eru fyrir á hinu háa Alþingi.

Í frv. stóð til að fella niður embætti hreppstjóra án þess að í nokkru væri séð fyrir hverjir ættu að gegna störfum þeirra þegar þessi embætti höfðu verið felld niður. Nú hefur þessu verið bjargað sem betur fer og svo geta menn ráðið því hvort þeir kalla það málþóf. Við kjósum að kalla það nokkurn árangur í meðferð mála á hinu háa Alþingi.

Það væri ástæða til að minnast aðeins á málefni kirkjunnar en hv. 2. þm. Suðurl. hefur gert það og ástæðulaust að tefja tímann með því að endurtaka það. En við alþýðubandalagsmenn viljum ekki taka þátt í því einu sinni enn að skerða kirkjuna um 20% af sóknar- og kirkjugarðsgjöldum. — Nú sé ég að hv. 5. þm. Austurl., prestlærður maður, biður um orðið. Ég býst við að þetta hljóti að vera með hans samþykki og ekkert við því að segja. Við það bætist svo að enn á að taka úr sjóðum kirkjunnar laun umsjónarmanns kirkjugarða og þau skulu nú greidd úr Kirkjugarðasjóði.

Ég skal ekki fara frekar efnislega út í þessi mál en ég endurtek: Ég vil vekja athygli allra sem af sanngirni vilja fjalla um málefni hins háa Alþingis að við erum ekki að stunda málþóf, við erum að bjarga því sem bjargað verður til þess að óundirbúin og flumbruleg mál fjúki ekki í gegnum þingið öllum til skaða.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Komið er úr nefnd eitt af þessum stóru málum ríkisstjórnarinnar sem liggur fyrir þinginu fyrir jólin og mér skilst að áhersla sé lögð á að verði afgreitt. Eins og lá fyrir við 1. umr. málsins er þetta orðið dálítið gelt frv. þar sem búið er að fella niður úr því I. kafla, taka af því stærsta liðinn úr þeim bandormi sem hér er á ferðinni í sambandi við lög um hreppstjóra sem hugmyndin var að afnema frá næstu áramótum. Margt sérkennilegt ber fyrir okkur á Alþingi þessa daga en þessi málsmeðferð af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og stuðningsliðs hennar á Alþingi er eitt það sérkennilegasta þegar mál af þessum toga er flutt í þinginu. Við athugun á fjárlagafrv., að ég held, fékk það samhljóða fordæmingu allshn. sem leit á þetta frv. Það var reyndar minni hluti allshn. sem skilaði séráliti um málið eins og kemur fram í áliti minni hluta nefndarinnar sem hér skilar áliti eftir 2. umr. Stjórnarmeirihlutinn hefur neyðst til þess að sjá að sér í þessu máli þó í litlu sé með því að fallast á að fresta a.m.k. þessari aðgerð, þessari aðför að hreppstjóraembættunum í landinu. Ég segi aðför vegna þess hvernig að málinu var staðið, hversu hroðvirknislega og algjörlega óhugsað var staðið að þessu máli af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Hér er þó aðeins um að ræða frest um eitt ár og alveg óséð hvað verður í sambandi við málið á næsta þingi. Ekki kæmi á óvart þó það yrði vakið upp á nýjan leik nema hæstv. dómsmrh. hafi fengið það veganesti frá þinginu með því sem fram er komið að hann taki sig til og láti fara yfir þessi efni í heild sinni og reyni að meta málið út frá faglegum og efnislegum sjónarmiðum en láti ekki hæstv. fjmrh. segja sér fyrir verkum eins og gert er með þessu frv. Í allri meðferð málsins kemur ljóslega fram að það er fjmrh. sem hefur skipað hæstv. dómsmrh. fyrir verkum í þessu efni og knúið hann til að flytja það frumvarpsafstyrmi sem hér er komið úr nefnd með þeirri niðurfellingu á meginkafla frv. sem fyrir liggur.

Kannski er ekki ástæða til þess að staldra miklu

lengur við þennan þátt málsins en ég hlýt að taka undir það álit sem kom frá minni hluta allshn. til fjárln. þar sem er rökstutt hversu flaustursleg er staðið að málum og hversu ólíklegt er að jafnvel út frá fjárhagslegum sparnaðarsjónarmiðum skili það einhverju til ríkissjóðs að leggja niður störf hreppstjóra. Hins vegar tel ég að það sé engin goðgá að fara yfir málið efnislega með vönduðum undirbúningi og meta hvort ástæða er til breytinga í sambandi við þetta en það verður þá að gera með öðrum og meira sannfærandi hætti en fyrir lá þegar frv. var lagt fram.

Eftir standa tveir kaflar í frv., fjórar til fimm lagagreinar ásamt gildistökuákvæði og þar hefur einnig minni hluti allshn. séð ástæðu til að flytja brtt. og gagnrýni á þessa kafla. Ég tek undir það sem kom fram hjá frsm. minni hlutans um þessi efni að hér er einnig staðið þannig að verki að auðvitað hefði verið sæmst að vísa þessu öllu saman frá frv. sem heild. Þó er fallist á það í þeirri stöðu, sem Umferðarráð er sett í, miðað við málafylgju meiri hluta fjárln. að menn hika eðlilega við að leggja til að vísa þeim kafla frá sem og ákvæðum III. kafla frv. um fjármálaráðstafanir á sviði kirkjumála. Það er áreiðanlega ekki vegna þess að hér sé haldið eðlilega á máli heldur einvörðungu til þess að setja þessa starfsemi ekki í hreina neyðarstöðu eins og ríkisstjórnin gerir í raun með þessum málatilbúnaði.

Sannarlega er mikið komið af sköttum í því formi sem dæmi eru um í 30. gr. frv. með innheimtu umferðaröryggisgjalds sem þar er kveðið á um. Það er auðvitað kórónan á því sköpunarverki að það skuli eiga að vísitölubinda þessa skattheimtu. Því er mjög eðlilegt að flutt sé brtt. við það atriði og gerðar við það athugasemdir með þeim hætti að ætla að tryggja ríkissjóð þannig. En svo er háttað í sambandi við marga af þeim sköttum sem verið er að leggja á og eru hliðstæðir þessum að þar á að tryggja að ríkissjóður beri á engan hátt skarðan hlut þó að almenningur í landinu sem á að greiða skattana standi óvarinn gagnvart ríkisvaldinu og gagnvart verðhækkunum í þjóðfélaginu eins og við þekkjum þar sem ekki er um að ræða neinar tryggingar fyrir launafólk í sambandi við launagreiðslur.

Hv. frsm. minni hluta allshn. hefur rakið með skýrum hætti hvernig staðið er að fjármálaráðstöfunum á sviði kirkjumála og hvernig er farið með hæstv. dómsmrh. af hæstv. fjmrh. sem hefur knúið hann og neytt hann til þess að flytja þetta frv. sem hér liggur fyrir og gera hann í rauninni að meinsærismanni gagnvart kirkjuþingi og þeim sem hann sór að tryggja nú að ekki skuli öðru sinni vegið í þann knérunn sem gert var fyrir ári og hét því að kveða niður þá drauga sem þá komu fram frá hæstv. ríkisstjórn á byrjunarstarfsári hennar. En svo hefur nú farið með þessa niðurkvaðningu að draugurinn lifir góðu lífi áfram og hæstv. dómsmrh. virðist þurfa að ganga á bak orða sinna sem hann lýsti á kirkjuþingi í þessu efni. Það er líka mjög dæmigert eins og hér hefur komið fram af hálfu minni hluta allshn. hvernig staðið er að lagasetningunni að því er varðar Kirkjugarðasjóð sem á að vera jöfnunarsjóður. Þar er sannarlega ekki farið eftir laganna hljóðan og laganna ákvæðum um það að nýta sjóðinn til jöfnunar heldur þvert á móti dregið úr möguleikum hans í því skyni. Auðvitað er mjög gagnrýnivert hvernig að þessu er staðið og málinu öllu eins og fram kemur í því að það skuli vera til meðferðar hér í þeirri tímaþröng að ekki sé færi á að kalla fyrir þá sem eðlilegt er að viðkomandi nefnd ræði við til þess að lýsa inn í málið.

Mér finnst raunalegt að sjá hvernig hæstv. dóms- og kirkjumrh. lætur fara með sig af samráðherrum í ríkisstjórninni eins og gerist með þessu frv. og hann skuli standa uppi og vera gerður ábyrgur þó það séu auðvitað aðrir sem hafa knúið hæstv. ráðherra til þess að standa þannig að málum, að hann skuli vera gerður ábyrgur fyrir slíku afstyrmisfrumvarpi eins og hér er þótt þingið og jafnvel meiri hluti þess hafi þó leitast við að ganga í það að taka burt einn kaleikinn af þessum þremur sem er að finna í þessu frv. frá hæstv. ráðherra.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það verður að segja eins og er að það er sigur skynseminnar þegar það gerist að sópað er burtu úr þessu frv. stórum hluta af því sem þar átti upphaflega að vera. En það er óhjákvæmilegt að spyrja sjálfan sig þeirrar spurningar hvernig standi á því að mönnum dettur í hug að flytja svona mál. Hvernig stendur á því að það gerist að menn flytji svona vitlaus mál á Alþingi Íslendinga?

Ég held að það vefjist ekki fyrir neinum að þrískipting valdsins er ein undirstaða vestræns lýðræðis. Það er framkvæmdarvald, það er dómsvald og svo er það Alþingi sjálft, löggjafarvaldið.

Við höfum reynt að skýra þessa þrígreiningu. Við höfum reynt að undanförnu að aðgreina betur en áður dómsvaldið frá framkvæmdarvaldinu og að koma því skipulagi á að mönnum sé ljóst að hlutleysis eigi betur að vera gætt en menn töldu að áður hefði verið. Með því frv. sem hér er til umræðu átti í sumum tilvikum að taka vald, sem hreppstjórar höfðu, og færa það til sveitarstjórna og sveitarstjórnirnar áttu að taka ákvarðanir sem í sumum tilvikum hefðu getað orðið stórkostlega bótaskyldar ef rangt var að staðið. Hver átti þá að greiða bæturnar? Ríkið. Átti þetta þá að vera undir eftirliti sýslumanna? Ekki aldeilis. Sveitarstjórnirnar gátu farið sínu fram, sent reikninginn beint á ríkið. Það er út af fyrir sig alveg furðulegt að mönnum detti í hug að grauta saman valdinu á þann hátt sem hér var lagt til. Mér er til efs að þörf sé á því mannahaldi sem er í íslensku ráðuneytunum ef ungir strákar nýkomnir úr skóla fá það hlutverk að valsa í lagasafninu og setja upp einhverjar formúlur fyrir því hvernig eigi að spara 18 millj. og brjóta allar réttarheðir og venjur og koma með annað eins skrípi eins og lagt var til í þessu sambandi.

Ég ætla að vitna í örfáar greinar sem segja sitt um stöðu mála.

4. gr., sem fjallar um hreppstjórana, hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Í 3. gr. tilskipunar um skyldu manna að bjarga

mönnum, sem sýnast dauðir, 4. ágúst 1819, falla niður orðin „eða til sveita sóknarpresti eða hreppstjóra, ef skemmra er til þeirra, og skal það gert sumpart til þess, að embættismenn þessir eða sýslumenn geti, þangað til læknir kemur, séð um rétta meðferð á hinum sjúka, og sumpart til þess að þeir geti gert ráðstafanir þær, er þörf er á, ef einhver kynni að hafa til ábyrgðar unnið."

Gott og vel. Sé þetta látið falla burt þá eru til sveitarfélög á Íslandi þar sem ekki er sóknarprestur. Færi hreppstjóri líka þá er það náttúrlega orðin spurning á hvers ábyrgð þessi lík eiga þá að vera eða þeir sem sýnast dauðir.

Það varð einum sýslumanni að falli að fylgjast ekki nógu grannt með þeim skyldum sem eru í þessum lagatexta. Þegar mönnum dettur í hug að sópa svona lögum út þá spyr maður: Hvaða lífsreynslu hafa þeir menn að baki sem hafa setið við það að leggja svona lagað til?

Ég ætla að vísa í 11. gr. af því að það er eitt af þeim vinsælu málaferlaatriðum sem verið hafa í gegnum tíðina. Það eru landskiptalög sem þar eru til umræðu. Í skýringum við greinina er sagt svo:

„Í 16. gr. landskiptalaga, nr. 46 27. júní 1941, eru ákvæði um að landeigendum sé í sumum tilfellum frjálst að skipta sjálfir landi. Þegar skiptin eru sérstaklega vandasöm er þeim þó skylt að fá til aðstoðar hreppstjóra, úttektarmann eða trúnaðarmann Búnaðarfélags Íslands. Í greininni er lagt til að tilvísun til hreppstjóra verði felld niður."

Það er því verið að gefa undir fótinn að fjölga skuli möguleikum á deilumálum þar sem menn strika nýjar línur til að skipta landi og tilkynna engum með formlegum hætti hvaða ákvarðanir hafa verið teknar. Fjölmörg slík deilumál eru uppi og mörg óleysanleg með öllu en með því að losa um þessi formlegheit þá er skipulega unnið að því að skapa enn þá meira öngþveiti en þó er í þessum efnum.

Í skýringum við 12. gr. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt lögum um skógrækt, nr. 3 6. mars 1955, er hreppstjórum fyrst og fremst ætlað það hlutverk að hafa milligöngu milli umsjónarmanna skógræktarsvæða og fjáreigenda þegar sauðfé eða geitfé kemst inn á skógræktarsvæði sem er girt. Í greininni er lagt til að þetta hlutverk hreppstjóra verði fært til sveitarstjórna."

Þarna er um hreint löggæsluatriði að ræða. Rísi deila á milli landeigenda sem í þessu tilfelli er Skógræktin og þeirra sem eiga laust búfé er það í sjálfu sér lögreglumál. Það er mikil spurning hvernig það er hugsað að sveitarstjórnir eigi í sumum tilfellum allt í einu að gerast löggæsluaðilar. Ég ætla ekki að þreyta þingheim með löngum lestri en get nú ekki stillt mig um að taka hérna athugasemd við 14. gr. líka því hún segir dálítið um vinnubrögðin.

„Samkvæmt farsóttarlögum, nr. 10 19. mars 1958, er hlutverk hreppstjóra að aðstoða héraðslækna við framkvæmd farsóttavarna, taka við tilkynningum um smitbera og sem fulltrúar lögreglustjóra að taka þátt í aðgerðum sem ákveðnar eru vegna farsótta. Í þessari grein frv. er lagt til að ákvæðið um hreppstjóra verði felld brott og er ekki talin þörf á að fela öðrum aðila það hlutverk sem þeim er ætlað í lögunum."

Hér tekur fyrst steininn úr. Menn telja að þær breytingar hafi orðið frá árinu 1958 að engin ástæða sé til að óttast farsóttir. Þær komi trúlega bara ekki meir. En það er kannski einmitt farsóttarlögunum íslensku að þakka að tekist hefur að ná niður dauðsföllum í landinu þannig að meðalaldurinn hefur hækkað verulega. Mér finnst að þegar það gerist að fulltrúar í dómsmrn. eru farnir að semja lög á sviði heilbrigðismála þá hljóti maður að spyrja sig: Hver endar þessi vitleysa?

Ég get ekki stillt mig um það, herra forseti, að víkja örlítið að þeim greinum sem eftir standa því sá misskilningur gæti slæðst út að þær væru miklu skárri að efni til en þær sem búið er að fella niður. 30. gr. er að því leyti eðlilegust að þar er þó verið að tala um ákveðinn skatt sem menn ætla að leggja á til ákveðins verkefnis og skatturinn er upp á 100 kr. sem á að leggja á hvert ökutæki við skoðun og skráningu og einnig eigendaskiptisskráningu. Það verður að segjast eins og er að skattlagning til ákveðins verkefnis upp á 100 kr. eins og þarna er verið að leggja til segir okkur að nokkuð seinlegt yrði að standa í skattheimtunni í landinu og hætt við að mikið færi í almennan kostnað ef henni væri almennt skipt niður í hundraðkalla. Menn gætu þá sest niður og reiknað út hversu margir þeir þyrftu að vera og hver kostnaður yrði við heildarverkið. En jafnvel þó skatturinn sé aðeins upp á 100 kr. þá dettur mönnum í hug að tryggja það nú svo það gleymist ekki að vísitöluskrúfan skuli halda velli. Ef framfærsluvísitalan hækkar á ráðherra að hafa heimild til að hækka þetta líka.

Nú er það svo að bifreiðum heldur áfram að fjölga. Upplýst er að á seinasta ári hafi um 7.000 nýir bílar bæst við en 3.000 verið teknir úr umferð þannig að innbyggð hækkun er í liðnum hvort eð er. En ef við höldum áfram að byggja upp vísitölukerfið með þessum hætti, er þá ekki tímabært að menn fari að endurskoða hvort ekki sé rökrétt að launafólk fái þá vísitöluhækkun á laun ef vísitölukerfið almennt á að halda gildi? Hvaða rök eru fyrir því að bifreiðareigandinn sé frekar fær um að greiða meira en 100 kr. ef framfærsluvísitalan hækkar? Hvaða rök eru fyrir því? Ég hygg að stjórnarsinnum vefjist tunga um tönn að gera grein fyrir því. Ætli nokkur rök séu til fyrir slíku? Ætli þetta sé ekki bara dæmi um það að réttur fólksins á ekki að vera neinn en réttur stofnanna mikill.

Ég hlustaði á framkvæmdastjóra Umferðarráðs lýsa því yfir að til stæði að gera stóra áætlun sem mundi draga stórkostlega úr umferðarslysum. Það er auðvelt að segja svona lagað. Vegna virðingar fyrir því að viðleitnin í þeim efnum að gera gott er mikils virði og þótt ég sé kannski samt heldur vantrúaður á að árangurinn verði eftir þessari leið þá hef ég ákveðið að styðja þessa skattheimtu upp á 100 kr. en skattheimta er þetta. En ég er sannfærður um það að til að ná verulegum árangri í að fækka umferðarslysum þá verðum við að endurbæta umferðaræðar frá því sem nú er.

Löngum er hægt að finna þá staði þar sem mest er hætta á slysum og þar verðum við að endurbæta umferðaræðarnar. Það eitt skilar raunverulegum árangri í þessum efnum og svo löggæsla. Að halda mönnum við þann aga að þeir viti að lögreglan er til eftirlits á vegum landsins. En gott og vel, ég hef fallist á að samþykkja þennan skatt en mér er ómögulegt að henda einum blautum hanskanum enn framan í íslenska verkalýðshreyfingu og segja: Það á að vísitölubinda þetta en það á ekki að vísitölubinda kaupið. Þetta er vopnaburður sem gengur ekki upp. Það er alveg vonlaust að það sé hægt að hafa þjóðarsátt í landinu ef það er ekki einu sinni hægt að leggja á skatt upp á 100 kr. án þess að það sé vísitölubundið að hann eigi að hækka.

Herra forseti. Þá ætla ég að víkja að fjármálaráðstöfunum á sviði kirkjumála. Nú ber svo við að sú samþykkt sem hér er verið að leggja til er í eðli sínu brot á ákvæðum stjórnarskrárinnar um trúfrelsið í landinu því að samkvæmt þeim ákvæðum á ekki að vera hægt að skylda nokkurn mann til að greiða beint gjald til annars trúfélags en þess sem hann er meðlimur að og sé hann ekki meðlimur að neinu þá á að greiða gjaldið til háskólans. Svo einfalt er þetta. Aftur á móti er hvergi áskilið að íslenska ríkið megi ekki taka sig til og leggja fram peninga til einhvers trúfélags ef því sýndist svo. En beinan skatt til trúfélags má ekki þvinga neinn mann til að greiða nema að hann sé í því trúfélagi. Hér er viðurkennt að allir eigi að greiða til kirkjugarða á þeirri forsendu að hvað sem trúfélögum líði viljum við hafa um að reglur í landinu hvar menn séu grafnir ef þeir eru grafnir. Og ég er hlynntur þeirri reglu. En með þeirri ákvörðun að taka af þessum stofni og færa það í annað eins og hér er verið að gera þá eru menn í reynd að skattleggja þá sem tilheyra ekki íslensku þjóðkirkjunni. Með beinum hætti eru menn að skattleggja þá til þess að greiða fé til hennar. Þetta er önnur hlið málsins. Hin hlið málsins er þessi: Hæstv. fjmrh. hefur gefið út mjög ákveðnar yfirlýsingar um vilja sinn. Hann var reyndar óbreyttur þingmaður þá. Hæstv. dómsmrh. skrifaði magnaða grein um þessa hluti. Hæstv. dómsmrh. vitnaði aftur á kirkjuþingi. Kirkjuþing er ekki jafnmögnuð samkoma og þegar menn fóru í suðurgöngu til Rómar. En ég hygg að menn vilji helst að það standi sem þeir lýsa yfir við hið geistlega vald þegar hið veraldlega mætir á kirkjuþingum til þess að lýsa þar afstöðu sinni. Trúlega verður það ekki til að bæta sambúðina á milli kirkjunnar og hins veraldlega valds ef ekkert er að marka síkar yfirlýsingar. Hitt er þó hálfu verra og ekki hægt undir að búa að biskup landsins skuli leyfa sér að setja jafnaðarmerki á milli allra þingmanna í þessum efnum. Það er vopnaburður sem gengur ekki upp. Biskup landsins verður að greina á milli manna en standa ekki að því að dæma menn í kippum. Slíkar aðferðir við það að úrskurða um viðhorf manna eru löngu úreltar og ég hygg að séu hvergi liðnar.

Það hefur verið mér dálítið umhugsunarefni að á Alþingi Íslendinga situr ágætur drengur, fulltrúi Alþfl. og starfandi sóknarprestur, hv. 5. þm. Austurl. Og mér er spurn: Á það eftir að gerast að biskup landsins lýsi því yfir í ofanálag við meðferðina á þingmönnum að ekki skipti einu sinni máli þó prestar landsins séu mættir inn á Alþingi að þá hlaupi skoðanirnar á milli eftir því hvort þeir séu á kirkjuþingi eða hvort þeir séu komnir í þingsalinn, eða eftir því hvort þeir séu í pretikunarstólnum eða hvort þeir séu komnir í þann stól sem ég stend í nú? Eigum við eftir að heyra slíka yfirlýsingu? Hlýtur það ekki að gerast að ætlast verði til þess að menn séu nokkuð staðfastir í stefnumörkun hvað þetta snertir? Er ekki miklu heiðarlegra að leggja til almenna lagabreytingu þannig að menn geti unað við það nokkurn veginn ákveðið hvaða skattur eigi að fara til kirkjunnar og hvað skattur eigi ekki að fara til kirkjunnar og svo sé reynt að standa við það en ekki að ríkið taki að sér það hlutverk að það sé eins og ræningi á þeirri leið sem fjármagnið fer frá sóknarbörnunum til kirkjunnar, að ríkið ré staðsett eins og ræningi við veginn til að seilast í dálítið af þessum fjármunum? Horft til framtíðar þá held ég að fari svo að það hljóti að vera að hv. 5. þm. Austurl., sem er nú farinn að skrifa mikið niður hjá sér, geti verið sammála mér um að það sé eðlilegra að standa þannig að lögunum að menn minnki þá frekar tekjustofna kirkjunnar en standi ekki í því að reyna alltaf að hrifsa til sín eitthvað af því sem henni hefur verið ætlað.

Þetta hlýtur að vera sérstaklega skýrt í ljósi þess að á erfiðri stundu var einu sinni spurt hvort ætti að gjalda keisaranum skatt. Vafalaust hefði það verið til lýðhylli fyrir þann sem svaraði hefði hann sagt: Það á ekki að gjalda keisaranum skatt. En hann svaraði: Gjaldið keisaranum það sem keisarans er og guði það sem guðs er.

Herra forseti. Hægt væri að hafa hér langt mál um. Ég tel mig hafa farið yfir þetta frv. til að sýna fram á að það er e.t.v. fyrst og fremst 30. gr. sem hægt er að segja að hálfu að eigi rétt á sér. Allt hitt hefði verið betra að láta ógert, sé horft til sæmdar hæstv. dómsmrh., sé horft til sæmdar hæstv. fjmrh., sé horft til sæmdar hv. 5. þm. Austurl. og sé horft til sæmdar þingsins sem heildar. Ég tel að sá vopnaburður sem er tekinn upp í þessu frv. sé ekki til fyrirmyndar, síst af öllu eftir að menn hafa látið stór orð dynja á öðrum þegar þeir töldu að þeir lægju vel við höggi.

Útbýting þingskjals:
Skattamál, 286. mál, þskj. 531. — [Fundarhlé.]

Gunnlaugur Stefánsson:
Virðulegi forseti. Ég vil fagna þeirri niðurstöðu sem orðið hefur um að hverfa frá því að leggja niður embætti hreppstjóra. Ég er þeirrar skoðunar að hreppstjórar gegni mjög mikilvægu hlutverki í íslensku þjóðlífi, hafi gert það í gegnum aldirnar og hafi brýn verkefni með höndum nú eins og áður og þess vegna vil ég aftur ítreka gleði mína yfir því að nú hafi flestir sannfærst um að þessi skipan mála verði varin um næstu framtíð.

Einnig hefur verið til umræðu sú tillaga að halda áfram að skerða kirkjugarðsgjöld um 20% og nú til

þess að fjármagna nokkra starfsþætti þjóðkirkjunnar. Nokkrir hv. þm., m.a. hv. þm. Jón Helgason, hv. þm. Guðrún Helgadóttir, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hafa komið upp og haft af þessu mjög miklar áhyggjur. Rétt er að rifja upp að þetta er í þriðja sinn sem gerð er tillaga um að skerða kirkjugarðsgjöldin um 20%. Það var undir forustu þáv. fjmrh., hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, sem ákveðið var að skerða kirkjugarðsgjöldin við afgreiðslu lánsfjárlaga árið 1991 um 20%. Þá virtist vera mjög góð samstaða um þá nauðsynlegu aðgerð að því er þáv. ríkisstjórn taldi og ekki annað að sjá en flestir ef ekki allir stuðningsmenn þáv. ríkisstjórnar hafi stutt þessa niðurstöðu. Ég hafði ekki forustu um mótmæli á þeim tíma, sat ekki á Alþingi og ekki heldur á kirkjuþingi sem ég geri ekki heldur nú. Ég studdi þessa aðgerð sem alþýðuflokksmaður og ég bar líka þau orð á vettvangi kirkjunar þar sem þessi mál komu til umræðu. Afstaða mín þá var sú að kirkjunni bæri að taka þátt í þeirri þjóðarsátt sem nauðsynleg væri til þess að bregðast við erfiðum aðstæðum í þjóðarbúinu og ég hef ekki séð að þær efnahagslegu forsendur hafi breyst nema þá til hins verra og þá er spurning hvort það sé ástæða til þess að kirkjan hætti að axla ábyrgð og taka þátt í þeirri nauðsynlegu þjóðarsátt sem flestir eru að leggja sitt af mörkum til. En ef þeir hv. þm., sem ég taldi áðan upp, hafa skipt um skoðun í málinu eftir ítarlega athugun og telja núna ástæðu til að afnema þessa 20% skerðingu vegna þess að aðstæður í þjóðlífinu hafa á einhvern hátt breyst þá er gott að fá að vita um það. Það yrði kannski til eftirbreytni, vonandi ekki fyrir mig en einhverja aðra, að greiða atkvæði með ákveðinni ráðstöfun í stjórn en greiða svo atkvæði gegn sömu hugmynd og sömu ráðstöfun þegar komið er í stjórnarandstöðu. Má þá kannski dæma aðrar gerðir eftir sömu fótsporum. Trúi ég því ekki en það kann að vera að aðrir mundu gera slíkt. Auðvitað er ekki gott mál að þurfa að skerða lögbundna tekjustofna um jafnháa upphæð og hér er um að ræða. Þessu mótmælti núv. kirkjumálaráðherra *á sínum tíma og ég skil mótmæli* hans mjög vel. En hann skilur það líka mætavel að aðstæður hafa breyst í þjóðfélaginu og ekki síður hitt, og í því liggur meginbreytingin frá því er fyrst var gripið til þeirrar ráðstöfunar árið 1991, að hæstv. kirkjumálaráðherra hafði um þetta fullt samráð við kirkjustjórnina. Þar er um nýja starfshætti að ræða hvað þetta *mál varðar vegna þess að þegar fyrrv. ríksstjórn greip* til þessarar ráðstöfunar á sínum tíma þá hafði hún um þetta engin samráð. Þetta kom eins og þruma úr heiðskíru lofti. Þrátt fyrir þau vinnubrögð studdi ég þá aðgerð ríkisstjórnarinnar á þeim tíma og geri það því enn.

Frsm. minni hluta allshn. (Jón Helgason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sagði áðan í framsöguræðu minni fyrir nál. minni hlutans að vissulega væri um nokkra upphæð að ræða sem ætti að greiða atkvæði um en þó væri annað sem væri miklu stærra atriði í sambandi við þessa atkvæðagreiðslu og það væri að greiða ætti atkvæði um það hvort ætti að gera loforð hæstv. kirkjumálaráðherra á kirkjuþingi í fyrra ómerk þar sem hann sagði, með leyfi hæstv. forseta: „En við fjárlagagerð næsta árs verður þessi tekjustofn óskertur eins og ég skýrði biskupi frá fyrir nokkru að í undirbúning væri.“ Ég tel að óhæfa sé að setja alþingismenn í þá stöðu að verða að greiða atkvæði um það hvort þessi orð eiga að standa eða ekki. Það er alger misskilningur hjá hv. 5. þm. Austurl. að samráð hafi verið haft við kirkjuna. Þeim var sagt að það ætti að taka þetta af þeim eins og á þessu ári og þá var spurning um það hvaða leiðir ætti að fara. Á fundi allshn. og eins á fundi samstarfsnefndar kirkjunnar og Alþingis fyrir nokkru kom fram að auðvitað hefði kirkjan mótmælt þessu en hún legði bara ekki í þá orrustu aftur sem hún gerði í fyrra. Þetta kom líka fram í orðum hæstv. kirkjumálaráðherra í framsöguræðu hans fyrir frv. fyrir fáeinum dögum þar sem hann segir, með leyfi hæstv. forseta: „Kirkjuráð ...taldi skárri kost að búa óumflýjanlegum tilflutningi kostnaðar það tímabundið form sem frv. gerir. ráð fyrir.“ Það var skárri kostur en það er langt frá því að þarna væri um samþykki eða samráð að ræða.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt eins og ég mun koma að í ræðu minni á eftir að ég gerði tillögur um það þegar ég var fjmrh. að hluti af þessum tekjum væri notaður til þess að standa undir ýmiss konar kostnaði við kirkjuna. Þá sá biskup Íslans, herra Ólafur Skúlason, ástæðu til þess að fara í sjónvarpið og skora á þjóðina að kjósa ekki stjórnmálaflokka sem legðu slíkt til. Það var merkileg yfirlýsing hjá herra biskupi Íslands en engu að síður gerði hann það.

Forustumenn Sjálfstfl. *mótmæltu þessari skattlagningu* mjög rækilega og hæstv. núv. dómsmrh. fór á kirkjuþing, hvorki meira né minna, æðstu stofnun kirkjunnar í veraldlegum efnum hér á landi, til þess að gefa það fyrirheit að frá þessu yrði horfið á árinu 1993. Með þessu frv. er verið að ómerkja algerlega yfirlýsingu dómsmrh. á kirkjuþingi. Í síðustu ríkisstjórn var *engin slík yfirlýsing gefin á kirkjuþingi, hvorki af fjm*rh. né kirkjumálaráðherranum. Ég vil spyrja hv. þm. séra Gunnlaug Stefánsson, hv. 5. þm. Austurl., hvort það sé rétt skilið að hann hafi sagt það hér áðan að kirkjan væri fyrir sitt leyti búin að samþykkja þetta? Hvar hefur það komið fram? Mér þætti mjög fróðlegt að vita það vegna þess að ég bjó við það þegar ég var *fjmrh. að biskupinn yfir Íslandi skoraði á þjóðina* að kjósa ekki stjórnmálaflokka sem stæðu að löggjöf af þessu tagi og það er nokkuð sjaldgæft að biskupinn yfir Íslandi blandi sér inn í pólitík með þessum hætti.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson spurði mig um það hvort ég hefði sagt í ræðu minni að kirkjan hefði samþykkt þessa skerðingu. Það sagði ég aldrei. Það sem ég sagði var að hæstv. kirkjumálaráðherra hefði haft samráð við kirkjustjórnina er hann undirbjó þessa ráðstöfun í þriðja sinn. Rétt er að ítreka það af því að það hefur kannski ekki komið nógu greinlega fram í umræðunni að enn er einungis verið

að tala um ráðstöfun er mun vara í eitt ár. Það er skýrt og greinilega tekið fram í þessu frv. að þetta á einungis að gilda í eitt ár. En það er rétt að þannig hefur verið staðið að þessari skerðingu í þau tvö skipti áður. Vonandi má svo úr rætast í þjóðarbúinu að þetta verði bráðabirgðaaðgerð eins og til hennar var stofnað af hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni þegar hann gegndi embætti fjmrh. og ég veitti honum á þeim tíma sem jafnaðarmaður fullan stuðning í þessu máli hvort sem var á vettvangi Alþfl. eða vettvangi kirkjunnar. Ég taldi þá og tel enn að ekki einvörðungu kirkjan heldur allar stofnanir í þjóðfélaginu sem mega sín nokkurs verði að leggja sitt af mörkum til þjóðarsáttar svo komast megi út úr þeim efnahagserfiðleikum sem þjóðin býr við um þessar mundir. Þar á kirkjan ekki að láta sitt undir höfuð leggjast.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt að það hefur verið staðfest hér að kirkjan hefur ekki samþykkt þessa skattlagningu. Hins vegar orðaði þingmaðurinn það þannig að það hefði verið haft samráð við kirkjuna um það hvernig þetta væri framkvæmt ef ég skildi hann rétt. Það er dálítið hættuleg kenning, hv. þm. Með þeirri kenningu væri hægt að halda því fram að haft væri samráð við mann um að taka hann af lífi með því að gefa honum kost á því að segja álit sitt á því hvort hann vildi heldur vera skotinn eða hengdur. Ef hann veldi það að vera hengdur þá kæmi hv. þm. hér upp í ræðustól og gæti sagt: Það var haft samráð við manninn um að hann væri hengdur. Svona málflutningur nær auðvitað ekki nokkurri átt, hv. þm. Þótt aðili eins og kirkjan tjái sig um það að af tveimur vondum kostum velji hún frekar annan er ekki þar með hægt að túlka það sem samráð við kirkjuna því að hugtakið samráð hefur almennt haft þá merkingu hér í þingsölum að með jákvæðum hætti hafi aðilar tekið þátt í mótun mála. Ef farið er að túlka orðið samráð með þeim hætti sem þingmaðurinn gerði hér þá tel ég það mjög hættulega túlkun og vona að menn fari ekki að misnota þetta orð með þessum hætti.

Ég mun hins vegar í efnisræðu minni víkja nánar að þessu máli því að þetta er auðvitað mjög merkilegt mál og mjög dæmigert fyrir málflutning forustumanna Sjálfstfl. Ef forusta Sjálfstfl. getur leyft sér að spila með þjóðkirkjuna eins og forusta Sjálfstfl. hefur gert í þessu máli þá er alveg ljóst að þeim flokki er ekkert heilagt. Það sem stendur eftir er að stærsti stjórnmálaflokkur landsins hefur leyft sér að spila með biskupinn yfir Íslandi, spila með kirkjuþing og spila með þjóðkirkjuna með yfirlýsingum sínum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Andsvörum er lokið. Áður en lengra er haldið vill forseti tilkynna að sú utandagskrárumræða sem hv. 6. þm. Vestf. hafði óskað eftir sl. laugardag og gat þá ekki farið fram mun fara fram síðar í dag. Umræðan fer fram að ósk hv. 6. Vestf. og er um vinnubrögð heilbrrh. við afgreiðslu tilboða í fimmta áfanga Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði. Mun hún standa í hálftíma og fer fram að loknum atkvæðagreiðslum síðar í dag.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá yfirlýsingu sem forseti hefur komið með. Þessi umræða dróst á laugardaginn og ég er ánægð með að hún skuli vera tekin inn á dagskrá núna. En það sem ég vildi gera að umræðuefni undir heitinu þingsköp er það að þegar við þingmenn höfðum lokið störfum milli kl. 18 og 19 á laugardaginn þá fengum við eins og venjulega gusu frá hæstv. utanrrh. sem virðir okkur ekki þess núna að vera viðstaddur. Við fengum þessa gusu í fréttum í útvarpi og sjónvarpi það kvöld og reyndar líka daginn eftir. Ráðherra fannst ekki tiltökumál þó að þingmenn hefðu unnið daga og nætur sl. viku við að koma málum áfram. Honum fannst meiri ástæða til að kasta skætingi að því fólki sem var að ljúka erfiðri vinnuviku sem hann hafði ekki tekið þátt í sökum ferða erlendis. Hæstv. ráðherra sagði, með leyfi forseta, í kvöldfréttunum 19. des.:

„Ef málið snýst um það að þingmenn vilji fara heim í jólaleyfi eins og venjulegt fólk þá geta þeir fengið sitt jólaleyfi með því að ljúka fyrst sínum skyldustörfum.“ Hann sagði einnig í hádegisfréttum 20. des., í gær, um hagsmuni Íslands sem hann telur tengjast EES og sjávarútvegssamningnum: „Þessir hagsmunir vega þyngra en spurningin um það hvort þingmenn komist heim í jólaleyfi. Þeim er þó í lófa lagið að svara því sjálfir. Menn geta farið í jólaleyfi þegar þeir hafa lokið sínum skyldustörfum.“ Enn endurtók hann þetta í kvöldfréttum í gærkvöldi: „Nú er bara sá tími liðinn að það dugi að tala um málið. Spurningin er þessi: Getur Alþingi Íslendinga gert skyldu sína og afgreitt mál?“

Nú hlýtur hæstv. ráðherra að hafa eitthvað fyrir sér í því að þingmenn hafi ekki sinnt skyldum sínum þessa viku. Þó er tiltölulega auðvelt hjá honum að ganga úr skugga um það hvaða nefndafundir hafa verið haldnir, hvað þingfundir hafa staðið lengi o.s.frv. Þetta er allt skráð í þinginu. Við almennir þingmenn höfum hins vegar ekki tök á því að skoða hvort hæstv. ráðherra hefur sinnt skyldum sínum þar sem hann hefur verið síðustu daga og ég frábið mér slíkar athugasemdir og vísa þeim algerlega til föðurhúsanna.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 6. þm. Vestf. fyrir þennan lestur en mér finnst á það skorta að forseti láti fara frá sér yfirlýsingu eða svari því hvor það er sem stjórni þinghaldi hér, hæstv. utanrrh. eða forseti Alþingis.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti telur ekki ástæðu til þess að gefa slíka yfirlýsingu. Það liggur svo beint við samkvæmt þingsköpum hver það er sem stjórnar þinghaldi og þarf ekki að svara slíkri spurningu. Þegar menn taka til máls um gæslu þingskapa þá á að snúa athugasemdum að forseta og gerðum hans varðandi framvæmd þingskapa.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem er til umræðu fór hraða ferð í gegnum hv. allshn. Ég tel að það hafi greitt mjög fyrir störfum í nefndinni að fallið var frá I. kafla frv., þ.e. 1.–29. gr. um hreppstjóra og þetta er gert af töluvert meira raunsæi en margt af því sem gerist hér þessa dagana. Það var einfaldlega ljóst að enginn meiri hluti og enginn áhugi var á að fella niður þessi störf án þess að hugsa það til enda hvernig staðið yrði að því að deila þeim verkum á aðra. Auk þess lá það alls ekki fyrir að það yrði gert á ódýrari eða betri hátt. Í raun voru engin efnisleg rök fyrir því að taka þessa ákvörðun þannig að það kom augljóslega fram að þetta hefði verið frumhlaup og sá sparnaður sem átti að nást þarna fram mundi ekki nást fram. Hugsanlega yrði þarna um töluverðan kostnaðarauka að ræða eins og kemur fram í nál. okkar í minni hluta allshn. Ég fagna því auðvitað þegar skynsamlegar ákvarðanir eru teknar og vildi gjarnan að þær yrðu fleiri á næstunni.

Mér þykir mest ástæða til að gera 30. gr. að umræðuefni en hún er um sérstakan 100 kr. skatt sem lagður yrði á við skoðun ökutækja og á að renna til umferðaröryggismála. Ég lýsti því yfir við 1. umr. málsins að ég óttaðist að um væri að ræða raunverulega skattlagningu sem skilaði sér ekki til umferðaröryggismála og þar af leiðandi færi bara í þá hít sem við stjórnarandstæðingar erum mjög ósáttir með hvernig skipt er. Við erum mjög ósátt með þá forgangsröðun sem þar er. Hins vegar kom fram í nefndastörfum að Óli H. Þórðarson, framkvæmdastjóri Umferðarráðs, taldi nokkuð tryggt að þær tekjur, sem fyrirheit voru gefin um að mundu skila sér til Umferðarráðs og renna sérstaklega til umferðaröryggismála, mundu í fyrsta lagi skila sér til ráðsins og í öðru lagi nýtast þar vel. Um hið síðara var ég svo sem ekki með neinar efasemdir en hið fyrra þótti mér að fenginni reynslu full ástæða til að efast um. Ég get hins vegar ekki annað en fagnað því að verja eigi meira fé til umferðaröryggismála þar sem ég tel að þar sé ekki um eyðslu á fjármunum að ræða heldur hreinlega góða fjárfestingu í fyrirbyggjandi aðgerðum og að ekki sé hægt annað en styðja slíkt.

Nokkrar umræður urðu um þessa grein vegna þess að jafnframt átti að vísitölubinda þessar 100 kr. Alkunna er að mikið er um að gjöld séu vísitölutengd og hækki sjálfvirkt en þeir peningar sem fólk á að greiða þessa skatta með eru aftur á móti ekki vísitölutryggðir. Af þessu leiðir að þarna um misgengi að ræða sem tekur ekki nokkru tali. Því höfum við í minni hlutanum borið fram brtt. sem gerir ráð fyrir því að þetta sé fellt út, en við styðjum hins vegar efni greinarinnar, þennan 100 kr. skatt þótt um skattlagningu sé að ræða og eingöngu vegna þess að verið er að gera átak í umferðaröryggismálum. Ég held að engum blandist hugur um að slíkt átak er nauðsynlegt. Ég vil benda á það að í stærsta átaki sem gert hefur verið í umferðaröryggismálum þegar hægri umferðin var tekin upp árið 1968 dró mjög verulega úr umferðarslysum. Það er til vansa hér á landi hversu tíð umferðarslys eru á ungum börnum og því má ekki spara. Þarna er ekki síst um velferð og öryggi barna að ræða og við stöndum okkur mjög illa í umferðaröryggismálum á marga vegu. Ég tek undir það sem hv. 2. þm. Vestf. sagði fyrr í umræðunni að auðvitað þarf að gera meira en að verja fé til Umferðarráðs. Það þarf líka að gæta að því að umferðarmannvirki séu örugg og góð og séu hönnuð með öryggismál en ekki hraðakstur í huga. Ég held því að þessi fjárfesting sé af hinu góða.

Sú skerðing sem enn og aftur verður á kirkjugarðsgjöldum og þau svik sem hafa orðið við kirkjuna hafa nú þegar verið rakin mjög ítarlega af hálfu minni hlutans og ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka það. Hins vegar tek ég fyllilega undir þá umfjöllun og ég held að við getum einfaldlega ekki látið það eftir okkur að vera að gefa einhver fyrirheit og standa ekki við þau eða beinlínis að svíkja gefin loforð. Það á ekki að skipta máli hver á í hlut, allir eiga að geta treyst fyrirheitum. Því miður hefur oft komið fyrir að fyrirheit sem launþegasamtök hafa fengið verða að engu, lögbundnir tekjustofnar sem ætlaðir eru til ýmissa aðila, m.a. til kirkjunnar, eru skertir og þetta er gert meira og minna án samráðs og stundum í fullu trássi við þá aðila sem við er að eiga og þessu hljótum við alla tíð að verða að mótmæla. Undan því verður ekki vikist ef við þykjumst ætla að sinna störfum okkar. Því tek ég undir þetta.

Ég læt þessu lokið að sinni og vil þá sérstaklega minna á að allar líkur eru á því að 30. gr. um umferðaröryggismál njóti víðtæks stuðnings og ég hef ákveðnar efasemdir um að nokkuð hefði átt að standa eftir af þessu frv. nema 30. gr. án vísitöluákvæðisins. Það hefði verið langhyggilegast að fella frv. nánast algerlega út og skilja eftir þessa 30. gr. og þó ekki óskerta. Það hefði verið sátt um það hér. Við heyrum það að jafnvel þótt stjórnarsinnar muni nauðugir samþykkja eða fara út í hjásetu við 31.–33. gr. frv. hefði verið hyggilegra að skera þarna framan og aftan af frv. Raunar er lítið eftir framan til þegar 1.–29. gr. eru horfnar en hvers vegna þá ekki að taka 31.–33. gr. líka og þessa liði sem við minni hluti allshn. leggjum til að falli brott úr 30. gr.? Þá hefði verið hægt að greiða atkvæði um það sem eftir stóð sem voru slitur úr 30. gr. því það er það eina sem eitthvert vit er í í þessu frv.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla í upphafi máls míns að fara með texta, með leyfi virðulegs forseta, og biðja þingmenn að hugleiða það meðan ég flyt þennan texta hver sé höfundurinn. Tilvitnunin er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Opinber átök milli þjóðkirkjunnar og stjórnvalda eru fátíð. Það bar þó til tíðinda í þessari viku að kirkjunnar menn með biskupinn yfir Íslandi í fararbroddi fylkingar settu fram hvassa gagnrýni á ríkisstjórnina fyrir samskipti við þjóðkirkjuna. Deilan snýst um eins konar þjófnað ríkissjóðs á hluta af tekjum kirkjunnar." Hér kemur innskot frá mér. Ég vil vekja athygli þingmanna á því að höfundur þessara orða líkir málinu við

þjófnað á tekjum kirkjunnar. Nú lýkur innskoti mínu og ég byrja aftur að lesa textann:

„Þessi þjófnaður er þó ekki refsiverður samkvæmt hegningarlögum fyrir þá sök að ríkisstjórnin lét stjórnarmeirihlutann heimila hann með sérstöku lagaákvæði og nú eru uppi áform um að endurtaka leikinn á næsta ári.

Það er að vísu ekki nýtt af nálinni að lögbundin framlög til margvíslegra framkvæmda séu skert með sérstökum heimildarákvæðum til eins árs í senn. Allir stjórnmálaflokkar, sem tekið hafa þátt í ríkisstjórn, bera ábyrgð á slíkum aðhaldsaðgerðum. En á því er reginmunur að skerða lögbundin framlög til ákveðinna verkefna með þessum hætti og hinu að taka hluta af tekjustofni sjálfstæðra aðila eins og þjóðkirkjunnar og setja í ríkissjóð. Satt best að segja tekur slík framkoma út yfir allan þjófabálk.

Áður fyrr byggðust tekjur kirkjunnar á sjálfstæðum gjöldum sem sérstaklega voru lögð á og innheimt í hennar þágu. Þegar staðgreiðslukerfi skatta tók gildi varð um það samkomulag að fella gjöld til kirkjunnar inn í staðgreiðslukerfið með svipuðum hætti og til að mynda útsvar sveitarfélaga. Í því efni sýndu kirkjunnar menn skilning og samstarfsvilja þegar stjórnvöld töldu nauðsynlegt að einfalda skattheimtuna. Það er alveg forkastanlegt að þessi góði samstarfsvilji þjóðkirkjunnar á sínum tíma skuli nú vera látinn koma henni í koll." Hér kemur innskot frá mér. Ég vek athygli á að höfundur þessa texta talar um gjörninginn sem forkastanlegan. Lýkur hér innskoti mínu og held ég áfram með textann:

„Ríkisstjórnarmeirihlutanum hefur enn ekki komið til hugar að taka hluta af útsvari sveitarfélaganna og setja í ríkissjóð. Vera má að vísu að þeim hafi komið það til hugar en víst er að þeir hafa ekki þorað að leggja til atlögu við sveitarfélögin því að ráðherrarnir vita að þeir þyrftu ekki að kemba hærurnar eftir slíka atlögu. Ráðherrarnir virðast á hinn bóginn treysta því að þjóðkirkjan eigi ekki jafneinarða talsmenn og sveitarfélögin til að verja rétt sinn gagnvart löghelguðum þjófnaði af þessu tagi." Kemur hér aftur innskot frá mér að höfundur þessa texta kallar efnisatriðin löghelgaðan þjófnað. Lýkur hér innskoti mínu og held ég áfram með textann:

„Mikilvægt er því að allur almenningur sýni samstöðu með þjóðkirkjunni", og vek ég nú athygli hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar á þessari hvatningu og held áfram: „og knýr ríkisstjórnina til undanhalds. Tekjur kirkjunnar eru tengdar tekjum einstaklinganna. Þær dragast því saman þegar kaupmáttur rýrnar með sama hætti og tekjur heimila og ríkissjóðs. Kirkjan tekur þannig sjálfkrafa þátt í öllum þeim þrengingum sem að þjóðarbúinu geta steðjað. Starfsmenn þjóðkirkjunnar hafa tekið á sig sinn hluta þjóðarsáttar. Kirkjan á ekki að gjalda þess að ríkisstjórnin hefur engin tök á útgjöldum ríkissjóðs og hallinn er jafnmikill og raun ber vitni þrátt fyrir 13 milljarða í nýjum sköttum á einstaklinga og atvinnufyrirtæki. Kjarni málsins er sá að ríkisvaldinu ber að standa við það samkomulag og þá sátt sem gerð var við kirkjuna þegar staðgreiðslukerfi skatta var lögleitt. Sú deila sem nú stendur milli þjóðkirkjunnar og ríkisstjórnarinnar er ráðherrunum til háðungar og skammar." Kemur nú aftur innskot frá mér að höfundur þessa texta telur slíkan verknað vera ráðherrum til háðungar og skammar. (**Gripið fram í:** Voru það 13 milljarðar, Ólafur?) Heldur nú textinn áfram:

„Þær upphæðir sem hér er um að tefla skipta kirkjuna vitaskuld meira máli en ríkissjóð þó að þær ráði ekki úrslitum um fjárhagslegt sjálfstæði hennar. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar lýsa hins vegar siðferðisbresti sem almennt er ósæmilegur en ætti síst að koma í ljós í samskiptum ríkis og kirkju." Lýkur hér þessum texta.

Þetta, virðulegi forseti, er úr grein Þorsteins Pálssonar, þáv. formanns Sjálfstfl. og núv. dóms- og kirkjumálaráðherra um þær tillögur sem ég flutti sem fjmrh. að láta kirkjuna taka vissan þátt í greiðslu ýmissa útgjalda á vegum kirkjunnar (**Gripið fram í:** Og hins opinbera) og hins opinbera. Biskupinn yfir Íslandi tók mark á þessum orðum, hann gerði það. Margir kirkjunnar menn tóku mark a þessum orðum. Almenningur tók mark á þessum orðum að Sjálfstfl. ætlaði ekki að sýna þann siðferðisbrest gera slíkt og hið sama. Hann ætlaði ekki að taka þátt í löghelguðum þjófnaði, svo maður noti nú orðalag þáv. formanns Sjálfstfl. Þessi merki maður, núv. hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra, hefur gert meira. Hann hefur gengið á kirkjuþing, sem er löghelgaður samráðsvettvangur lærðra og leikra um veraldleg málefni kirkjunnar, og flutt orð sem allir á kirkjuþingi telja að eigi að standa. Hvað sagði dómsmrh. á kirkjuþingi? Hann sagði eins og hér hefur verið vitnað til: „En við fjárlagagerð næsta árs verður þessi tekjustofn óskertur eins og ég skýrði biskupi fyrir nokkru frá að í undirbúningi væri." Með öðrum orðum, dómsmrh. hefur ekki aðeins farið á kirkjuþing og lýst því yfir að horfið verði frá þessu. Hann hefur einnig átt einkafund með biskupnum yfir Íslandi til þess að fullvissa biskupinn yfir Íslandi um það að hann geti treyst því. Síðan segir áfram í ávarpi dómsmrh. á kirkjuþingi:

„Kirkjunnar menn vita að það er ekki alltaf hlaupið að því að kveða niður drauga sem vaktir hafa verið upp. En það verður eigi að síður að því er þennan varðar gert við næstu fjárlagagerð sem verður sú fyrsta sem þessi ríkisstjórn vinnur að með fullum undirbúningstíma."

Annar forustumaður Sjálfstfl. tók einnig til máls við umræðu um þetta efnisatriði á Alþingi og ég ætla einnig að láta menn geta hver það hafi verið. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Þessi hugmynd þeirra er ekki fædd í kirkjumálaráðuneytinu heldur í fjmrn. og dettur manni þá í hug það sem maður hefur lesið, að það á ekki að rétta skrattanum litla fingur því þá tekur hann alla höndina. Nú má segja að ekki megi rétta skrattanum litla fingur því þá tekur hann alla höndina og ætti hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra að læra af því."

Hver var það sem líkti þessari tillögu þáv. fjmrh. við það að skrattinn tæki alla höndina af kirkjunni? (Gripið fram í.) Jú, það er rétt sem einhverjum kemur hér í hug. Það er núv. hæstv. fjmrh. og varaformað-

ur Sjálfstfl. sem kemur nú og leggur til að ekki bara önnur höndin sé tekin heldur báðar og er þá komin í hlutverk þess skratta sem hann sagði þjóðinni að Sjálfstfl. mundi verja kirkjuna fyrir. (**Gripið fram í:** Hverjir styðja hann?) Núv. fjmrh.? (Gripið fram í.) Það er spurning hverjir styðja hann. Það kemur í ljós í atkvæðagreiðslunni. En ég nefni þetta hér, virðulegi forseti, vegna þess að ég er að velta því fyrir mér hvort engin takmörk séu fyrir pólitískri ósvífni og leikaraskap Sjálfstfl. Er það virkilega þannig að Sjálfstfl. sé ekkert heilagt í pólitísku spilverki sínu? Allt í lagi sé að ljúga að biskupnum, allt í lagi að ljúga að kirkjuþingi, allt í lagi að ljúga að þjóðkirkjunni, það skipti engu máli því að það sem er að gerast hér er að það hefur verið opinbert að formaður Sjálfstfl. laug að þjóðkirkjunni. Formaður Sjálfstfl. laug að biskupnum, dómsmrh. Sjálfstfl. laug að kirkjuþingi og fjmrh. Sjálfstfl. laug að íslensku þjóðkirkjunni og Alþingi. Á það svo að vera síðasta verk okkar hér fyrir jólin að lögfesta þessa framkomu Sjálfstfl. við biskupinn yfir Íslandi, þjóðkirkjuna og trúarstarfsemina í landinu? Ég skil vel að dómsmrh. þori ekki að vera hér lengur í salnum, virðulegi forseti. En ég ætla engu að síður að óska eftir því að hæstv. dómsmrh., hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. komi til umræðunnar því að þetta er ekki neitt venjulegt skattamál sem við erum að tala um. Þetta er spurningin um það hvernig menn haga sér í samskiptum við þjóðkirkjuna, biskupinn yfir Íslandi og kirkjuþing. Meðan verið er að ná í þessa virðulegu ráðherra, virðulegi forseti, þá ætla ég aðeins að rekja aðdraganda málsins til þess að tefja ekki tímann.

Það er alveg rétt sem hefur komið fram að ég var þeirrar skoðunar í tíð minni í fjmrn. að það væri eðlilegt við þær aðstæður sem voru í þjóðfélaginu að hluti af framlögum kirkjunnar gengju til ýmissa útgjalda á vegum ríkisins. Ég fór ekkert leynt með þá skoðun. (**Gripið fram í:** Hafðir forustu um það.) Já, já, hafði forustu um það og skammast mín ekkert fyrir, virðulegi þm. og er enn sömu skoðunar. (**Gripið fram í:** Og naust stuðnings.) Og naut stuðnings, alveg rétt, allra nema Sjálfstfl. Það var ekki bara að Sjálfstfl. léti þetta afskiptalaust og styddi það ekki. Hann hóf gerningahríð gegn málinu og taldi yfirmönnum kirkjunnar á Íslandi trú um það að þeir gætu treyst því að Sjálfstfl. mundi afnema þetta. Og hann gerir meira. Hann fer á kirkjuþing og í embættisnafni dóms- og kirkjumálaráðherra lýsir því yfir að þessu verði lokið á árinu 1993. Slíkt gerðist aldrei í tíð síðustu ríkisstjórnar. Aldrei hefur verið farið dult með það í tíð síðustu ríkisstjórnar að menn teldu að kirkjan ætti að taka þátt í þessu. En Sjálfstfl. tók þátt í því að blekkja biskupinn yfir Íslandi, kirkjuþing og þjóðkirkjuna. Stjórnmálaflokkur sem hikar ekki við að blekkja þjóðkirkjuna, kirkjuþing og biskupinn yfir Íslandi er auðvitað kominn inn á dálítið merkilega braut.

Það hefur verið rætt síðustu sólarhringa, m.a. af hv. þm. Inga Birni Albertsyni, með réttu, að Sjálfstfl. er að svíkja þau loforð sem gefin voru fólkinu í síðustu kosningum t.d. varðandi tekjuskattinn. Varaþingmaður Sjálfstfl., Hrafnkell A. Jónsson, sem hefur setið á þessu þingi, hefur lýst því yfir að hann treysti sér ekki til að ganga fyrir kjósendur á Austfjörðum aftur og segja: Kjósið þið Sjálfstfl., vegna þess að Sjálfstfl. sé að svíkja það sem helst var lofað launafólkinu á Austfjörðum fyrir síðustu kosningar, þ.e. að hækka skattleysismörkin. Ég er að ræða þetta hér vegna þess að flokkur sem hagar sér eins og Sjálfstfl. hefur hagað sér í þessu máli á undanförnum tveimur árum er auðvitað að svívirða svoleiðis öll lögmál lýðræðisins að það nær ekki nokkru tali. Nú eru hæstv. fjmrh., varaformaður Sjálfstfl. og hæstv. forsrh., formaður Sjálfstfl. komnir í áheyrnarfjarlægð og mig langar til þess að leggja fyrir þá þessa spurningu: Hver er skýring þessara manna á því að þjóðkirkjan og biskupinn yfir Íslandi geti ekki treyst yfirlýsingum forustumanna Sjálfstfl.? Og ég vil spyrja þá að því hvernig standi á því að Sjálfstfl. hefur með þessu frv. verið staðinn að því, hæstv. forsrh., að ljúga að biskupnum yfir Íslandi, ljúga að kirkjuþingi, (**Forsrh.:** Talaðu varlega.) Ég þarf ekkert að tala varlega, ég er búinn að segja þetta nokkrum sinnum og það hefurt enginn gert athugasemd við það, og ljúga að þjóðkirkjunni, vegna þess að þannig eru staðreyndir málsins, hæstv. forsrh., og ef forsrh. er það ekki kunnugt, (**Forsrh.:** Það er orðalagið.) já, orðalagið, þá ætla ég að rökstyðja það, hæstv. forsrh.

Fyrirrennari forsrh. í embætti, þáv. formaður Sjálfstfl., Þorsteinn Pálsson, skrifaði grein í Morgunblaðið 3. nóv. 1989 þar sem hann líkti þeim verknaði sem hér er í stjfrv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar við svo að ég vitni orðrétt í greinina, þjófnað ríkissjóðs á hluta af tekjum ríkissjóðs, og hann kallaði það löghelgaðan þjófnað og segir að það lýsi siðferðisbresti að standa að slíku hjá þeim ráðherrum. Það sé ósæmilegt og fleiri orð eru hér notuð af hálfu þáv. formanns Sjálfstfl. Biskupinn yfir Íslandi hefur lýst því yfir, hæstv. forsrh., að hann hafi treyst þessum orðum þáv. formanns Sjálfstfl. og biskupinn yfir Íslandi gerði meira, hæstv. forsrh. Hann kom í sjónvarp fyrir kosningar og hvatti íslensku þjóðina til þess að kjósa ekki þá stjórnmálaflokka sem stæðu að slíkri gjaldtöku. Af því að Sjálfstfl. var eini flokkurinn sem hafði sagst ekki mundu standa að slíkri gjaldtöku þá þýddu þessi orð biskupsins yfir Íslandi auðvitað að menn ættu að kjósa Sjálfstfl.

Síðan fer hæstv. dómsmrh. í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar á kirkjuþing, hvorki meira né minna, hæstv. forsrh., og lýsir því formlega yfir á kirkjuþingi fyrir hönd ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar að á árinu 1993 verði horfið frá þessu algerlega. Það er þess vegna sem ég nota þessi orð, hæstv. forsrh., að staðreyndirnar tala þessu máli og ekki er hægt að kalla hlutina öðrum nöfnum en hinum réttu. Ég gæti líka fyrir hæstv. forsrh. vitnað til orða núv. hæstv. fjmrh., varaformanns Sjálfstfl., sem sagði um þennan verknað á sínum tíma, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi hugmynd þeirra er ekki fædd í kirkjumálaráðuneytinu heldur í fjmrn. og dettur manni þá í hug það sem maður hefur lesið, að það á ekki að rétta skrattanum litla fingur því að þá tekur hann alla hönd-

ina. Nú má segja að ekki megi rétta skrattanum litla fingur því þá tekur hann alla höndina og ætti hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra að læra af því."

Hins vegar er alveg ljóst að núv. hæstv. fjmrh. og varaformaður Sjálfstfl., Friðrik Sophusson, er samkvæmt þessu frv. kominn samkvæmt eigin orðum í hlutverk skrattans og núv. hæstv. dómsmrh. hefur greinilega ekkert varað sig á því og verið búinn að gleyma þessari ræðu sem hv. þm. Friðrik Sophusson flutti á sínum tíma, að dómsmrh. ætti að læra af því að láta ekki skrattann taka alla höndina. (**Fjmrh.:** Hann dregur dám af forvera sínum.) Hann dregur dám af forvera sínum, segir hæstv. fjmrh. Að vísu rétt að hæstv. fjmrh. hefur dyggilega endurflutt á þingi öll þau skattafrv. sem ég flutti á sínum tíma (**Fjmrh.:** Þetta frv.) og bætt um betur. En vandinn er sá að Sjálfstfl. var á móti öllum þessum frv. á sínum tíma. Vegna þess að það er kannski ekki alveg sama hvernig menn haga sér í stjórnmálum þá hef ég viljað nota þetta tækifæri til að spyrja forustu Sjálfstfl., hæstv. forsrh., hæstv. fjmrh. og hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra: Eru engin takmörk fyrir því hvernig Sjálfstfl. leyfir sér að spila með þjóðkirkjuna? Ekki er hægt að skoða feril hennar öðruvísi en svo að Sjálfstfl. er bara að spila með þjóðkirkjuna því að málið er þannig að þegar það kemur fyrst upp samkvæmt minni tillögu þá ræðst Sjálfstfl. fram með formann sinn í broddi fylkingar og segir: Þetta er þjófnaður, þetta er siðleysi og við munum afnema þetta. Síðan fer sami maður þegar hann er orðinn dóms- og kirkjumálaráðherra á kirkjuþing og segir: Ég lofa ykkur því að þetta verður lagt niður 1993. Ég lofa ykkur því. Síðan kallar hæstv. dómsmrh. biskupinn á Íslandi á einkafund sinn, það kemur fram í þingskjali. Dómsmrh. kallar biskupinn yfir Íslandi á einkafund sinn og segir biskupnum að hann geti treyst því að þetta verði lagt niður á árinu 1993. Er furða þó maður spyrji hæstv. forsrh. að því, sem er formaður Sjálfstfl: Eru engin takmörk fyrir því hvernig Sjálfstfl. leyfir sér að spila með þjóðkirkjuna?

Hitt er svo annað mál að þau sjónarmið sem liggja að baki þessu frv. eiga alveg rétt á sér að hinar miklu tekjur kirkjunnar hljóti að koma til skoðunar þegar við eigum hér í erfiðleikum. Það hefur verið skoðun mín í mörg ár. En ég hef ekki farið leynt með hana og ég hef fengið á mig áskorun frá biskupnum yfir Íslandi í stærsta og öflugasta fjölmiðli landsins að þess vegna eigi menn ekki að kjósa flokk minn. (**Forsrh.:** Það voru margar aðrar ástæður til þess.) Það getur vel verið að hæstv. forsrh. finnist ýmsar aðrar ástæður vera til þess og ég efa það ekki því að annars væri hæstv. forsrh. sjálfsagt einn af kjósendum flokksins. En það breytir því ekki að þetta mál er af þeirri stærðargráðu að biskupinn yfir Íslandi sá ástæðu til þess að blanda sér inn í það hvernig fólk kysi á Íslandi vegna þessa máls. Ég held að það sé ekki hægt að finna mörg dæmi um það að biskupinn yfir Íslandi geri það.

Kirkjunnar menn eru síðan í góðri trú um það að orð Sjálfstfl. standi og af því að hæstv. forsrh. hefur stundum verið að reyna að koma því yfir á okkur að við værum með allt aðra skoðun í stjórnarandstöðu en við værum í ríkisstjórn þá langaði mig til þess að fá þessa ágætu forustumenn Sjálfstfl. til að tjá sig aðeins um þetta vegna þess að ef þeir gera það ekki og láta þetta frv. koma til atkvæða og láta samþykkja það á Alþingi þá er alveg ljóst að þjóðkirkjan getur ekki treyst orði af því sem forustumenn Sjálfstfl. segja. Og þjóðkirkjan getur ekki treyst orði af því sem núv. hæstv. kirkjumálaráðherra segir.

Vegna þess hvað hæstv. forsrh. er nú sæll á svipinn hér í þingsalnum yfir allri umræðunni þá kviknar hjá mér sú hugmynd að kannski liggi í þessu máli dálítið snyrtileg flétta af hálfu formanns Sjálfstfl. í þessum erfiðleikum sem hann á í í forustu Sjálfstfl. og hann tók til meðferðar í athyglisverðu tímaritsviðtali hér fyrir nokkru. Nú er það að vísu þannig að forsetadæmið á Alþingi hefur bannað að vitnað sé í tímarit, sem prentuð eru á glanspappír, þannig að ég ætla ekki að vitna mikið í þetta viðtal við hæstv. forsrh. Ég er þó þeirrar skoðunar að það megi vitna í hæstv. forsrh. hvort sem hann er prentaður á dagblaðapappír eða glanspappír. En í viðtalinu kom fram að hæstv. forsrh. átti í miklum erfiðleikum með fyrirrennara sinn á formannsstóli Sjálfstfl. innan ríkisstjórnar. Er það virkilega þannig, hæstv. forsrh., að forsrh. hafi lúmskt gaman af því að ómerkja kirkjumálaráðherrann svona gagnvart kirkjuþingi þannig að í hvert skipti sem dómsmrh. gengur til embættisathafna í kirkjunni, sem hann gerir oft í embættisnafni, þá horfi prestarnir og söfnuðurinn á hann og hugsi sem svo: Þarna er maðurinn sem sveik. Þarna er maðurinn sem sór rangan eið fyrir kirkjuþingi, þannig að það sé ekki bara LÍÚ sem hætti að styðja núv. hæstv. sjútvrh. heldur hætti líka þjóðkirkjan að styðja hæstv. kirkjumálaráðherra? Kannski er í þessu snyrtileg pólitísk leikflétta af þessu tagi. Þá fer maður kannski að skilja kæti hæstv. forsrh. yfir þessu máli að hann telji meira um vert að fórna í einhverju samskiptum við þjóðkikrjuna til þess að geta komið höggi á fyrirrennara sinn í formannsstóli í Sjálfstfl. vegna þess að þeirri orrustu er greinilega ekki lokið, samanber umrætt viðtal. En það veit ég auðvitað ekkert um. Ég hef enga möguleika til þess að vita hvað er satt í þeim efnum.

Hitt er ljóst að verði þetta samþykkt þá stendur það eftir sem lærdómur þessa máls að slík er pólitísk óskammfeilni Sjálfstfl. að þeir hika ekki við að blekkja biskupinn yfir Íslandi, hika ekki við að blekkja kirkjuþing og hika ekki við að blekkja þjóðkirkjuna. Satt að segja er það dálítið sérkennileg jólakveðja frá Sjálfstfl. til kirkjunnar á Íslandi á því herrans ári 1992.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlustaði með athygli á ræðu formanns Alþb., fyrrv. fjmrh., hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. Það kom mér kannski ekki á óvart að hann lét það vera að skýra frá því hver afstaða hans væri til þessa máls núna. Hann eyddi löngum tíma í það að skýra út fyrir okkur, hv. þm., hver hefði verið afstaða nokkurra sjálfstæðismanna og hver væri afstaða þeirra núna og hver væri afstaða Sjálfstfl. yfir höfuð í málinu. Ég beið eftir því að hann færi að fjalla

um það hvernig hann sjálfur ætlaði að greiða atkvæði á hinu háa Alþingi í þessu máli. E.t.v. á það ekki að koma á óvart að hv. þm. hafi ekki gert afstöðu sína að umræðuefni hér í þinginu vegna þess að hún hefur legið svo lengi ljós fyrir. Hann er arkitektinn að þessari ráðstöfun. Hann var sá sem ýtti þessari ráðstöfun fyrst á flot og aflaði til hennar fylgis, m.a. fékk hann mig til fylgis við þessa ráðstöfun í árdaga þegar hún fyrst kom til umræðu. Ekki trúi ég því nú að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafi skipt um skoðun eins og nokkrir aðrir fylgismenn stjórnarandstöðunnar sem segja eitt í gær og annað í dag og svo veit maður ekkert hvað þeir segja á morgun. Ég trúi því enn þá að hann sé svo samkvæmur sjálfum sér að hann fylgi enn þeirri sannfæringu að þetta hafi verið gott mál í upphafi og sé það enn að hans mati þó að við samþykkjum það e.t.v. með hryggð á vör.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég sagði það hvað eftir annað hér í ræðu minni að ég er enn sömu skoðunar og ég hefði verið fyrir nokkrum árum, þ.e. að á erfiðleikatímum væri eðlilegt að tekjustofnar kirkjunnar tækju þátt í lausn efnahagsmálanna eins og aðrir þættir í efnahagskerfi þjóðarinnar. Ég tel mig hafa sagt það nokkrum sinnum í ræðunni þannig að sú meginstefna mín liggur alveg ljós fyrir. Það er reyndar í samræmi við ýmislegt annað sem við alþýðubandalagsmenn höfum sagt og gert bæði í ríkisstjórn og hér í stjórnarandstöðu. Við höfum verið okkur samkvæmir í því. Við höfum stutt hér þau tekjuöflunarfrv. sem eru í samræmi við það sem við stóðum að þegar við vorum í ríkisstjórn en höfum ekki tekið þátt í þeim hringlandahætti að vera með eina skoðun í ríkisstjórn og aðra í stjórnarandstöðu. En vegna þess að Sjálfstfl. hefur ályktað um það í áratugi að hann sé helsta brjóstvörn þjóðkirkjunnar í íslenskum stjórnmálum, hv. þm., og hv. þm. veit það auðvitað að Alþfl. hefur ekki verið talinn vera það né aðrir stjórnmálaflokkar að dómi Sjálfstfl. heldur hefur Sjálfstfl. talið að hann einn allra flokka væri þessi brjóstvörn kirkjunnar. Þess vegna tel ég það vera nokkur tíðindi þegar það gerist eftir yfirlýsingar dómsmrh. á kirkjuþingi og yfirlýsingar forustumanna Sjálfstfl. að það afhjúpist svo rækilega í þingsölum að Sjálfstfl. er að spila með stofnanir kirkjunnar. Við hinir fulltrúar annarra flokka höfum hins vegar reynt að fylgja þeirri línu sem við höfum haft. Það verður svo að metast í einstökum atriðum hvaða afstöðu menn hafa til einstakra greina í þessu frv., það kemur í ljós í atkvæðagreiðslunni, en ég hef ekki farið dult með þá meginstefnu sem ég fylgi og hef fylgt í þessu máli.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér hafa mikil tíðindi gerst. Formaður Alþb. hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur lýst andstöðu við minnihlutaálit allshn. Hann er ekki sammála því áliti sem flokksbróðir hans skrifar undir, vonandi ekki sem einstaklingur heldur fyrir hönd þingflokks Alþb., að hann hafi rætt þetta í þingflokki Alþb. þar sem hann skrifar undir þetta „...minni hluti allshn. getur því ekki stutt ákvæði III. kafla frv. sem gengur þvert á fyrirheit dóms- og kirkjumrh. við kirkjuna og eykur óréttlæti.“ Hér var hv. þm. og formaður Alþb., Ólafur Ragnar Grímsson að lýsa því yfir að hann hafi sérstöðu í þessu máli eða að lýsa vantrausti á hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, fulltrúa Alþb. í allshn. Þetta eru sannarlega tíðindi sem hér hafa átt sér stað og það verður að spyrja á þessum tímamótum: Kann að vera að ágreiningur sem þessi sé víðar á kreiki í Alþb. og í þingsölum þessa dagana? Formaður Alþb. verður að gera hreint fyrir þeim dyrum.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn á ný þá bið ég hv. þm. að hlusta grannt á ræðu mína. Ég sagði að meginstefnan væri alveg skýr. Það myndi svo hins vegar koma í ljós við atkvæðagreiðslu hvað mönnum fyndist um einstakar greinar í þessu frv. og útfærslu þeirra. Það er algengt að menn geti verið með eða á móti útfærslu einstakra atriða í lagagreinum þótt menn séu sammála meginstefnunni. Þingmaðurinn ætti að meta þann stuðning við meginstefnuna sem hann hefur fengið hér.

Mér finnst hins vegar dálítið skorta á að þessi ágæti þingmaður og starfsmaður kirkjunnar sem er sá eini sem sameinar það á Alþingi að vera bæði þjónn kirkjunnar og þjóðþingsins ...(**ÓÞP:** Enginn getur þjónað tveimur herrum.) Jú, hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni tekst ágætlega að þjóna tveimur herrum en hann getur ekki...(Gripið fram í.) Ég hef hins vegar haft miklar efasemdir um það að hann gæti þjónað þremur herrum, þ.e. hæstv. forsrh. og það er þess vegna sem ég hef óskað eftir að hv. þm. segði nokkur orð um framgöngu Sjálfstfl. í þessu máli bæði nú og á undanförnum árum.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að gera athugasemdir við það hvernig hv. 8. þm. Reykn. hagar orðum sínum en ég get ekki látið hjá líða að segja það sem skoðun mína að honum hefði farist ræðan betur ef hann hefði sleppt aðdróttunum um að ég hefði svarið rangan eið í kirkju. (Gripið fram í.) Hv. þm. kom með aðdróttun um það að ég hefði svarið rangan eið og ég ætla ekki að gera aðra athugasemd en þá að honum hefði farist mál sitt betur ef hann hefði sleppt slíkri aðdróttun.

En vegna ræðu hv. þm. er rétt að gera nokkra grein fyrir málinu. Ég skil mætavel gleði hans yfir því að fá tækifæri til að vitna í gamlar greinar bæði eftir mig og núv. hæstv. fjmrh. og alveg ástæðulaust að taka þá gleðistund frá hv. þm. og full ástæða til að leyfa honum að njóta hennar í aðdraganda jólanna.

Rétt er að minna bæði hv. þm. og aðra hv. þm. á að tekjur kirkjunnar eru ekki kirkjugarðsgjaldið. Fyrst og fremst eru tekjur kirkjunnar sóknargjöld. Þegar umræður fóru fram um þetta á sínum tíma, sem hér hefur verið vitnað til, þá stóð fyrir dyrum að skerða ekki einasta kirkjugarðsgjaldið heldur einnig sóknargjöld kirkjunnar. Það eru þau gjöld sem fyrst og fremst eru

kirkjunni viðkvæm og leiðir það af eðli máls að fyrst og fremst þau snerta sjálfstæði kirkjunnar og einstakra sókna. Það er alveg rétt sem hv. þm. vitnaði til í ræðu minni að ég taldi á þeim tíma þegar þær tillögur komu fram nauðsynlegt að fólkið í landinu sneri bökum saman til að brjóta þær hugmyndir á bak aftur og sem betur fer tókst það. Það tókst að mynda það afl í þjóðfélaginu og hér inni á Alþingi að stuðningsmenn þáv. hæstv. ríkisstjórnar urðu sammála um að hverfa frá þessum áformum um að skerða sóknargjöldin og síðan hefur enginn að lögleiða skerðingu á þeim. Vitaskuld er alveg óhjákvæmilegt að draga þessa meginstaðreynd inn í umræðuna til að menn geri sér fulla grein fyrir efni þeirra ummæla sem er verið að vitna til og menn hafa vitaskuld gaman af að lesa upp úr.

Því verður heldur ekki haldið fram að á nokkurn hátt hafi verið farið á bak við kirkjuna í þessum efnum. Ég hef aldrei haldið því fram að hv. 8. þm. Reykn. hafi í veru sinni í fjmrn. reynt að fara á bak við kirkjuna. Því verður ekki haldið fram að neinar slíkar tilraunir hafi verið gerðar að þessu sinni. Það er alveg ljóst að dóms- og kirkjumrn. hafði uppi önnur áform um það hvernig taka ætti á þessu máli í samræmi við yfirlýsingu sem ég hafði gefið í ræðu á kirkjuþingi sem nokkuð hefur verið vitnað til. Þar lýsti ég þeirri skoðun minni að eðlilegt væri að huga að frekari breytingum á samskiptum ríkis og kirkju þannig að kirkjan gæti tekið á ýmsum verkefnum með meira fjárhagslegu sjálfstæði og meiri ábyrgð. Ég nefndi í því sambandi prestbústaði og viðhald þeirra sem eru eitt af þeim meginverkefnum sem verið er að fjalla um. Í þeirri ræðu sem hv. 8. þm. Reykn. vitnaði til og reyndar einnig hv. 2. þm. Suðurl. og flutt var á kirkjuþingi þá voru slík viðhorf reifuð af minni hálfu. Í fullu samræmi við það var það tillaga dóms- og kirkjumrn. sem rædd var við kirkjuráð á sl. hausti við undirbúning fjárlaga, þ.e. að kirkjan tæki sjálf yfir tiltekin verkefni og eins og fram kemur í athugasemdum við 30. gr. frv. að svigrúm yrði skapað til þess með því að stækka Jöfnunarsjóð sókna og á kostnað kirkjugarðsgjaldsins þannig að það yrði lækkað eftir því sem verkefnin krefjast. Þetta var lagt fyrir kirkjuráð sem tillaga dóms- og kirkjumrn. Ég tók þetta einnig fram við 1. umr. málsins vegna þess að í þeirri umræðu kom fram af hálfu hv. 2. þm. Vestf. að miklu nær væri að skoða heildarbreytingar á verkefnum en bráðabirgðalausn af því tagi sem hér er sannarlega verið að fjalla um. Ég ítrekaði þá þegar við 1. umr. málsins hvernig ráðuneytið hefði staðið að sínum tillögum gagnvart kirkjunni vegna þess að það voru áform ráðuneytisins að koma slíkum heildarbreytingum fram. Á hinn bóginn taldi kirkjuráð að það gæti ekki tekið afstöðu til svo veigamikilla kerfisbreytinga á þeim skamma tíma sem þá var til stefnu og taldi skárra að una við þá breytingu sem þetta frv. mælir fyrir um.

Ég hef aldrei haldið því fram að kirkjuráð hafi samþykkt þá breytingu. En ég tel að kirkjuráð og kirkjan hafi við þær erfiðu fjárhagslegu aðstæður sem við búum við í dag sýnt skilning á þeim aðstæðum sem eru fyrir hendi. Ég er þeirrar skoðunar hvað sem hv. 8. þm. Reykn. segir að kirkjan hafi einnig sýnt í raun þann skilning gagnvart þáv. stjórnvöldum eftir að fallið var frá áformum um að skerða sóknargjöldin á sínum tíma þó hún hafi ekki með formlegum hætti samþykkt eða fallist á þá skerðingu. Því er gert ráð fyrir slíkri bráðabirgðaskipan þessara mála á næsta fjárlagaári. En meginhugmyndir dóms- og kirkjumrn. um heildarbreytingar eins og hv. 2. þm. Vestf. orðaði það verða áfram til umfjöllunar og umræðu. Fullt samráð hefur verið haft við kirkjuna um þær ákvarðanir sem hér hafa verið teknar.

Það er athyglivert í umræðunni að þeir þingmenn sem standa upp og gera sig nokkuð breiða af því að þeir halda að þeir hafi þau tök á andstæðingum sínum hér að þeir séu að skipta um skoðun eftir því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, eins og hv. 2. þm. Suðurl. gerði, koma með tillögu um það að fella þennan kafla. Þeir hv. þm. sem tóku sjálfir þátt í því að skerða kirkjugarðsgjaldið og setja það inn í almenna eyðslu ríkissjóðs þykjast nú þess umkomnir að koma hér og dæma aðra fyrir hringlandahátt að breyta um skoðun eftir því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Um leið og þeir eru komnir í stjórnarandstöðu koma þeir og segja: Nú ætlum við að greiða atkvæði á móti þessu. Nú ætlum við ekki lengur að standa að verkum eins og þessum. En þeir dæma svo aðra í sama orðinu. Ég held að þessir hv. þm. ættu að líta í eigin barm áður en þeir fella stóru orðin. Það er líka athyglivert að hv. 8. þm. Reykn. kom hér upp og flutti þann boðskap þó og það má hann eiga og það ber að virða við hann að hann sagðist ekki ætla að skipta um skoðun og það væri eðlilegt að fylgja málum fram í samræmi við það sem hann hefði sjálfur gert í ríkisstjórn þó hann drægi fram hvað væri breyting á afstöðu andstæðinga sinna að hans mati. Hann varð ekki skilinn á annan veg en þann í ræðu sinni að hann ætlaði að styðja málið enda væri það í fullu samræmi við fyrri afstöðu hans. Þetta hefur hann sennilega sagt vegna þess að hann hefur ekki lesið nál. minni hlutans (**ÓRG:** Jú, jú.) þar sem kemur skýrt fram að minni hlutinn ætlar að vera á móti. Hv. 8. þm. Reykn. hefði ekki talað jafnskýrt um þetta efni ef ég þekki hann rétt nema vegna þess að hann hefur ekki lesið að að minni hlutinn ætlar núna að fella þessa ráðstöfun.

Ég vil líka rifja upp í þessu sambandi, það á ekki við um hv. þm. Framsfl. en það á við um hv. þm. Alþb., að ekki eru nema örfáar vikur síðan að þeir gengu fram fyrir skjöldu til að bjóðast til þess að leggja niður hefðbundna stjórnarandstöðu og taka þátt í því með stjórnarflokkunum, með verkalýðshreyfingu og atvinnurekendum að taka á í efnahagsmálum þjóðarinnar og standa að erfiðum ákvörðunum. Því miður náðist ekki samkomulag í þeim efnum milli Alþýðusambands og Vinnuveitendasambands. En ég geri ekki ráð fyrir því að Alþb. vilji hlaupa frá viljayfirlýsingu sinni um það að taka með ábyrgum hætti á þeim viðfangsefnum sem við blasa við afgreiðslu fjárlaga. Þeirri yfirlýsingu frá því aðeins fyrir örfáum vikum síðan að Alþb. ætli að taka upp algjörlega ný vinnubrögð í þeim efnum, ábyrg vinnubrögð, hverfa frá hefðbundinni

stjórnarandstöðu af því að vandinn í ríkisfjármálunum var svo mikill. Ég trúi því ekki að Alþb. ætli að hlaupa frá þessum yfirlýsingum aðeins eftir örfáar vikur. Og ég skildi ræðu hv. 8. þm. Reykn. á þann veg að hann ætlaði einmitt ekki að hlaupa frá þessum yfirlýsingum. Hann ætlaði að standa við yfirlýsinguna um að hverfa frá hinum hefðbundnu vinnubrögðum þegar hann allt í einu áttaði sig svo á því að fulltrúi Alþb. í hv. allshn. hafði skrifað undir álit með öðrum stjórnarandstæðingum um að fella þetta frv. þá reyndi hann að draga nokkuð í land í því efni. En ég minni á að Framsfl. og hv. þm. hans höfðu aldrei gefið neina yfirlýsingu um ábyrga afstöðu af því tagi sem hv. þm. Alþb. höfðu gert. Því er reginmunur á málflutningi Alþb. og Framsfl. að þessu leyti. Og þess vegna verða ekki gerðar sömu kröfur til hv. þm. Framsfl. í þessari umræðu eins og þingmanna Alþb. (**Gripið fram í:** Það er nú það eina sem er rétt í ræðunni.)

Forseti (Pálmi Jónsson):

Þrír hv. þm. hafa óskar eftir að veita andsvar og verður þá að haga tímamörkum á þann veg að í fyrri umferð leyfist að tala fullan tíma eða tvær mínútur en í síðari eina mínútu og gildir hið sama um hugsanleg svör hæstv. ráðherra.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra gagnrýndi mig fyrir að hafa sagt að hann hafi svarið rangan eið í kirkju þegar hann lýsti því yfir að þessi tekjustofn yrði óskertur við næstu fjárlagagerð. Ég held að ég fari rétt með að ég hafi sagt að hann hafi svarið rangan eið á kirkjuþingi. Það má vera að kirkjuþingið hafi verið haldið í kirkju. Mér er ekki kunnugt um það. En það er alveg ljóst að hæstv. fjmrh. lýsti því þar yfir orðrétt að við fjárlagagerð næsta árs verður þessi tekjustofn óskertur „...eins og ég skýrði biskupi fyrir nokkru frá að í undirbúningi væri." Þetta voru orð ráðherrans á kirkjuþingi og þau standa. Þannig að hæstv. ráðherra getur ekki verið að bera þau af sér. Það verður svo að koma í ljós hvort þetta kirkjuþing var haldið í kirkju eða ekki. Hafi það verið haldið í kirkju þá er þetta enn verra, hæstv. ráðherra, ég er sammála því.

Síðan fer hæstv. ráðherra að leggja út af því að verið sé að tala um kirkjugarðsgjald og það komi kirkjunni nánast ekkert við. Þetta er mjög furðuleg kenning. Það er leitt að hv. þm. Sigríður A. Þórðardóttir, prestsfrú í Mosfellsbæ, skuli vera gengin úr þingsalnum. Hún ætti að geta upplýst hæstv. dóms- og kirkjumrh. rækilega um það að slíkt er nú nábýli kirkjunnar í Mosfellsbæ og kirkjugarðsins. Að allur aðbúnaður og aðkoma að kirkjunni í Mosfellsbæ er auðvitað hluti af kirkjugarðinum. Þannig að endurbætur á því sviði tengjast kirkjunni beint. Ég held að ég fari rétt með að endurbyggingu Fossvogskapellu, sem gegnir mikilvægu hlutverki í starfsemi þjóðkirkjunnar, hafi verið fjármögnuð með kirkjugarðsgjöldum. Það verður þá leiðrétt a.m.k. að einhverju leyfi ef rangt er með farið. Þannig er auðvitað með fjölmörgum hætti hægt að tengja saman fjármuni kirkjugarðanna og kirknanna eins og bara þessi tvö dæmi um tvær kirkjur hér í nágrenninu sýna.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það ætti að vera óþarfi að minna hv. 8. þm. Reykn. á að Fossvogskirkja er ekki sóknarkirkja heldur útfararkirkja. Í annan stað þá veit hv. þm. að þær umræður sem fóru fram þegar hann ætlaði að skerða sóknargjöldin snerust fyrst og fremst um sóknargjöldin. Og andstaða kirkjunnar sem fram kom á þeim tíma var mest þeirra vegna. Hv. þm. veit að eftir að sú grein var skrifuð sem hann var að vitna til þá tókst samstaða, m.a. í þingliði þáv. stjórnarflokka, um að knýja hann og þáv. ríkisstjórn frá því að skerða sóknargjöldin. Það er bæði honum og öðrum ljóst að það voru þær ráðagerðir sem mestum deilum ollu. Hitt er líka ljóst og hefur aldrei verið dregin nein dul á að kirkjugarðsgjöldin voru kirkjunni viðkvæm. Og þess vegna hefur verið unnið að breytingum í samræmi við þá meginstefnu sem ég hef hér lýst. En hv. þm. getur ekki lokað augunum fyrir því að það voru sóknargjöldin sem hér var fyrst og fremst um að tefla þegar þær greinar voru skrifaðar sem hann vitnaði til. Og árangur þeirra greinaskrifa og annarrar umræðu bæði hér á Alþingi og úti í þjóðfélaginu leiddu til þess að hann varð að hverfa frá þeim áformum sínum og sá árangur vannst í þeirri umræðu.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vill svo til að ég get svarað hv. þm. Þorsteini Pálssyni með því að vitna í orð biskupsins yfir Íslandi og lesa fyrir ráðherrann það sem herra Ólafur Skúlason sagði um framgöngu dómsrh. í kirkjugarðsgjaldsmálinu. Biskupinn sagði, með leyfi virðulegs forseta: „Það urðu mér mikil vonbrigði þegar Þorsteinn Pálsson kirkjumrh. og Friðrik Sophusson fjmrh. stóðu ekki við yfirlýsingar sínar í fyrra. Þá á ég við blaðagrein Þorsteins og þingræðu Friðriks." Þannig að hæstv. dómsmrh. getur alveg sparað sér einhverjar yfirlýsingar um mig hérna. Biskupinn yfir Íslandi hefur dæmt hann. Ráðherrann er bara svo heppinn að lifa á síðasta áratug 20. aldarinnar. Hann hefði verið bannfærður hefði hann lifað hér fyrr á öldum. Því að það er auðvitað enginn dómsmrh. á síðari áratugum sem hefur fengið á sig aðrar eins yfirlýsingar frá biskupnum yfir Íslandi eins og núv. hæstv. dómsmrh.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Orð biskupsins í þessu efni sem hér var vitnað til breyta auðvitað engu um þá staðreynd að ágreiningurinn stóð fyrst og fremst um sóknargjöldin. Og eftir að þessi umræða fór fram og sú grein var skrifuð sem vitnað var til þá féll hv. þm. sem þá var fjmrh. frá þeirri ráðagerð að skerða sóknargjöldin. Og það fór mjög vel á því. En þessi umræða skilaði þeim árangri og hann getur ekkert vikið sér undan þeim veruleika.

Frsm. minni hluta allshn. (Jón Helgason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort hæstv. kirkjumrh. hefur hlustað á mig eða af hvaða ástæðum hann skilur ekki það sem ég var að segja. Það var tvennt sem ég lagði áherslu á að yrði skoðað betur og allshn. tæki til athugunar áður en frv. færi til atkvæðagreiðslu. Í fyrsta lagi að með samþykkt 31.–33. greina er verið að gera hæstv. kirkjumrh. ómerkan orða sinna sem hann sagði á kirkjuþingi í fyrra. Ég er að reyna að koma í veg fyrir að slíkt gerist. Ég er að styðja hæstv. dómsmrh. í því að hann þurfi ekki að standa frammi fyrir þeirri staðreynd að Alþingi geri með samþykkt sinni hæstv. ráðherra ómerkan orða sinna. Og það er þess vegna sem ég tel að ekki sé hægt að samþykkja þetta núna en eins og ég sagði áður: Þetta er ekki spurning um krónur og aura fyrst og fremst. Í öðru lagi hitt að með því að taka laun umsjónarmanns kirkjugarða af Kirkjugarðasjóði er verið að taka það af þeim sem verst eru settir en ekki af öllum eins og t.d. kirkjugörðunum hér í Reykjavík sem eru stærstir og öflugastir og það tel ég vera ranglæti. Og ég vil að því sé breytt. Ég tel að það væri út af fyrir sig ekkert óeðlilegt þó laun umsjónarmanns kirkjugarða væru tekin af kirkjugarðsgjöldum en ég vil að það sé látið bitna á öllum jafnt en ekki á þeim sem lakasta hafa aðstöðuna eins og stjórnarflokkarnir hafa valið hér.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseta. Umhyggja hv. 2. þm. Suðurl. fyrir velferð minni er mikil og hún er sannarlega metin. En hann getur alveg sparað sér þá umhyggju fyrir þá sök að dóms- og kirkjumrn. lagði fram alveg skýrar tillögur um heildarbreytingar í þessu efni, þ.e. verkefnabreytingar í fullu samræmi við þá stefnumörkun sem ég hafði lýst af minni hálfu á kirkjuþingi. En að ósk kirkjuráðs var þessi kostur valinn sem bráðabirgðaráðstöfun á næsta ári. Þannig að ef hv. 2. þm. Suðurl. ætlar að láta umhyggju fyrir mér ráða atkvæði sínu í þessu efni þá bendi ég honum á að hann getur mjög hæglega fyrir þær sakir greitt atkvæði með þessum tveimur greinum frv. enda í fullu samræmi við það sem ég hafði sagt í margnefndri ræðu á kirkjuþingi og þær tillögur sem ég hafði lagt fram. En að beiðni kirkjuráðs þá kaus ég að hafa þennan bráðabirgðahátt á á næsta ári. En ef hv. 2. þm. Suðurl. vill vera samkvæmur sjálfum sér og hafa þá samkvæmni frekar að leiðarljósi en umhyggju fyrir mér þá get ég ekki séð að hann komist að annarri skynsamlegri niðurstöðu en að styðja þessi ákvæði frv. jafnvel þó að hv. þm. Framsfl. hafi aldrei gefið jafnábyrga yfirlýsingu um afstöðu til fjárlagagerðar eins og Alþb. gerði fyrir skömmu.

Frsm. minni hluta allshn. (Jón Helgason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi orð hæstv. kirkjumrh. um afstöðu biskups og kirkjuráðs stangast algerlega á við þær upplýsingar sem biskup gaf á samráðsfundi Alþingis og þjóðkirkju fyrir nokkrum vikum síðan og einnig biskupsritara sem mætti á fund allshn. þar sem þeir tóku fram að það væri að sjálfsögðu ekki að vilja kirkjunnar sem stofninn væri skertur. Þeir létu það koma skýrt fram, þannig að segja að þetta sé gert eftir tillögum kirkjunnar, er algerlega í ósamræmi við það. (**ÓRG:** Atlaga ráðherrans að biskupnum heldur bara áfram.)

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir það leitt að hv. 2. þm. Suðurl. skuli ekki skilja svo einfalda framsetningu á máli eins og kom fram af minni hálfu hér áðan. Dóms- og kirkjumrn. lagði fram ákveðnar tillögur um heildarbreytingar á verkefnayfirfærslu til kirkjunnar sjálfrar. Kirkjunni þótti of skammur tími til að taka afstöðu til ýmissa grundvallarspurninga sem hlyti að þurfa að skoða áður en slíkar breytingar yrðu samþykktar. Og henni þætti það betri kostur að hafa slíka bráðabirgðaskipan á málum á næsta fjárlagaári en að gera kerfisbreytingu án frekari skoðunar. Ég hef aldrei haldið því fram að kirkjan hafi samþykkt að slík ráðstöfun yrði gerð en það kom fram af hennar hálfu að þessi leið væri skárri kostur. Og fulltrúar kirkjunnar hafa aldrei mótmælt því og þetta orðalag kemur fram í athugasemdum með frv. sjálfu ef hv. þm. sem eru nú að taka þátt í þessari umræðu hafa lesið það.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er dauðhræddur um að hæstv. dóms- og kirkjumrh. hafi misskilið kirkjuyfirvöldin. Hins vegar skildu kirkjuyfirvöldin hann í fyrra, það hefur verið vitnað til þeirra orðaskipta sem urðu á kirkjuþingi. Og mig langar til, herra forseti, að vitna til ummæla biskupsins yfir Íslandi sem birt eru í Morgunblaðinu laugardaginn 26. okt. í fyrra. „Biskup Íslands, herra Ólafur Skúlason, sagði heimsókn Þorsteins á kirkjuþing vera tímamótaheimsókn.“ Hann kemur á miðju kirkjuþingi því hann á erindi við okkur. Ekki aðeins til að bera hönd yfir höfuð sér heldur til að boða tvennt: Annars vegar að ekki verði lengur um skerðingu á sóknar- og kirkjugarðsgjöldum að ræða frá 1993 og hins vegar að tekið verði á þessu viðkvæma en þýðingarmikla máli sem er eignir kirkjunnar. Hann gerði það að tillögu sinni að nefnd yrði skipuð af beggja hálfu til að gera tillögur í eignamálum kirkjunnar. Þorsteinn sýnir mikinn velvilja og skilning á hlutverki kirkjunnar bæði í dag og þeim arfi sem gerir íslenska þjóð að því sem hún nú er,“ sagði biskup.“

Mér er í minni sjónvarpsviðtal við biskupinn yfir Íslandi þar sem hann veitti dóms- og kirkjumrh. syndakvittun í þessu tilefni fyrir þá atlögu sem ríkisstjórnin gerði í fyrra að kirkjunni. Nú er sú syndakvittun væntanlega fyrir bí þegar aftur er höggvið í sama knérunn. Og ég hef sannarlega áhyggjur af þessu með hæstv. dómsmrh. Ég vona að ekki verði úr bannfæringu. Það ætla ég sannarlega að vona. Og ég ætla að vona að sálarheill ráðherrans sé ekki stefnt í voða. Því til stað-

festingar hef ég gert vers undir þessari umræðu:

Það er betur hann finni ekki brennisteinsþef
er berst honum hinsta kallið.
Hann átti í fyrra aflátsbréf,
það er nú úr gildi fallið.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjala:

Framleiðsla og sala á búvörum, 299. mál, nál. landbn., þskj. 542; brtt. landbn. þskj. 543.

Lánsfjárlög 1993 o.fl., 145. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 534.

Vegalög, 314. mál, stjfrv., þskj. 540.

Skuldbreytingar vegna loðdýraræktar, frh. 3. umr.

Frv. landbn., 309. mál (afskrift á lánum). — Þskj. 479.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁRÁ, FrS, GAK, GÁ, HÁ, HBl, JGS, KÁ, ÓRG, RA, SighB, SÞór, StG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 544).

Heilbrigðisþjónusta, frh. 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 310. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 486.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

2 þm. (JÁ, ÓRG) greiddu ekki atkv.

4 þm. (GAK, SÞór, StG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 545).

Fjárlög 1993, frh. 3. umr.

Stjfrv., 96. mál. — Þskj. 465, frhnál. 513 og 520, brtt. 464, 468, 482, 483, 484, 497, 506, 511, 512, 514, 515, 516, 519, 522, 523, 524, 525, 526, 527 og 539.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 515,1 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JGS*, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (AÓB, AKS, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

4 þm. (GAK, PP, StG, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 506,1–2 felld með 34:16 atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, GHelg, HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR*, ÓRG, RA, StH, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (FI, GB, GÁ, HÁ, JGS, JHelg, JónK, ÓÞÞ, PP, SÞór, StG, VS) greiddu ekki atkv.

1 þm. (GAK) fjarstaddur.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Um þessi jól eru um 5–6 þús. manns án atvinnu. Flestir lifa þeir sem ekki hafa atvinnu á 45 þús. kr. mánaðartekjum en nokkur hluti þeirra hefur engar tekjur. Atvinnuleysið er mikið mein en hitt er ekki síður áhyggjuefni að hæstv. ríkisstjórn hefur sáralítið gert til að vinna á því bug og auka atvinnu hér á landi.

Tillaga okkar alþýðubandalagsmanna er sú að lagður sé á sérstakur hátekjuskattur að upphæð 1.600 millj. kr. og skattur á fjármagnstekjur 2 milljarðar kr. og þessu fé sé varið til eflingar atvinnu hér á landi. Þessi tillaga sem hér er til afgreiðslu er ekki eina leiðin til þess að draga verulega úr atvinnuleysi en hún gæti miklu breytt. Það má telja að með 3 þús. millj. kr. mætti skapa hér ný störf í eitt ár fyrir um 1.500 manns og þessi einfalda aðgerð til eflingar atvinnu mundi bæði spara atvinnuleysisbætur og auka verulega umsvif og veltu sem aftur yrði til að skapa enn fleiri störf í okkar þjóðfélagi. Íslenskt atvinnulíf þarfnast þess að ríkisstjórn og Alþingi hafi frumkvæði og forustu um að snúa við þessari öfugþróun vaxandi atvinnuleysis og kreppu sem er nú að heltaka samfélag okkar. Ég segi já.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Við fulltrúar Framsfl. erum þeirrar skoðunar að það eigi að leggja meiri skatt á hærri tekjur og fjármagnstekjur. Við erum hins vegar þeirrar skoðunar að slíkan skatt eigi að nota til þess að minnka byrðar á þeim sem minna mega sín og hafa lægri tekjur. Það má skilja þessa tillögu með þeim hætti að það eigi að auka skattlagninguna í þjóðfélaginu umfram það sem nú er. Við erum ekki þeirrar skoðunar og munum því sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

Brtt. 484 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ*, GunnS, HBl, JóhS, JGS*, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (AÓB, AKS, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, IBA, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, StG, StH, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (GAK, ISG, SvG) fjarstaddir.

[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu ekki að greiða atkvæði.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Í þessari grein eru við að greiða atkvæði um tekjuhlið fjárlaganna. Sú vinna hefur verið unnin innan ríkisstjórnarinnar ásamt meiri hluta fjárln. Minni hlutinn hefur ekki tekið þátt í þeirri vinnu og á þær tillögur sem við höfum komið með til að skera niður útgjöld fjárlaga eða tillögur um tekjuöflun hefur ekki verið hlustað. Við erum ósammála þeirri aðför að barnafólki og almennu launafólki í landinu sem hér er verið að gera. Það mun kalla á átök á vinnumarkaði. Það mun auka atvinnuleysið, það breikkar bilið á milli stétta. Ríkisstjórnin verður að taka ábyrgð á verkum sínum og ég er viss um að það verður henni allerfitt þegar fram í sækir. Við kvennalistakonur erum á móti þeim aðgerðum flestum sem tekjugrein fjárlaga byggist á og munum því sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

Brtt. 514,1 samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (HÁ, JGS) greiddu ekki atkv.

2 þm. (GAK, SvG) fjarstaddir.

Brtt. 527 felld með 35:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KHG, KÁ, KE, AKS, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, SÞór, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK.

nei: KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, SalÞ.

1 þm. (GAK) fjarstaddur.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Samkvæmt búvörusamningi sem gerður var í marsmánuði 1991 var ráð fyrir því gert að lagðar yrðu fram 100 millj. kr. til Byggðastofnunar til að auka atvinnu í sveitum vegna þess samdráttar sem fyrirsjáanlegur var vegna búvörusamnings. Það er líka alveg fullljóst fyrir alla þá sem skoða fjárlagatölur Byggðastofnunar að þar hefur verið dregið úr en ekki bætt við. Það er því verið að svíkja það sem lofað var við gerð búvörusamnings nema þetta framlag sé samþykkt. Þess vegna segi ég já.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Í viðauka nr. 2 við búvörusamning sem í gildi er segir orðrétt:

„Byggðastofnun verði útvegað fjármagn til að greiða fyrir annarri atvinnuuppbyggingu á þeim stöðum sem viðkvæmastir eru fyrir samdrætti í sauðfjárframleiðslu."

Þetta mál verður til skoðunar við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1993 þannig að með viðhlítandi hætti megi efna búvörusamning sem fyrrv. ríkisstjórn gerði við Stéttarsamband bænda. Ég segi nei.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Það er góðra gjalda vert að mál þetta verði til athugunar við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1993. Ég vil vekja á því athygli að það var lögð á það mikil áhersla af stjórnarmeirihlutanum að afgreiða það mál út úr nefnd, það bíður nú hér 2. umr. og okkur var tilkynnt að ekki stæði til að fara þar út í frekari breytingar. Við erum þeirrar skoðunar að margt annað þurfi frekari athugunar við og ég tel að með þessu sé hæstv. fjmrh. að fullyrða það, sem er út af fyrir sig ánægjulegt, að lánsfjárlög muni þá bíða afgreiðslu þar til á næsta ári. Ég tel ekki öruggt að þetta mál verði tekið til umfjöllunar þar og treysti því ekki og segi því já við þessa atkvæðagreiðslu.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er erfitt að átta sig á vinnubrögðum hæstv. ríkisstjórnar og stuðningsmanna hennar hér á þinginu. Hér er um að ræða tillögu sem hefur það að markmiði að staðið sé við ótvíræð ákvæði í búvörusamningi, viðauka 2 í búvörusamningi, undirskrifað og skuldbindandi af ríkisins hálfu. Svo er verið að vísa til þess að í sambandi við lánsfjáráætlun eigi að taka þetta mál upp, í frv. til lánsfjárlaga. Það hefur verið til umræðu í efh.- og viðskn. en þar hefur ekki verið orði á þetta mál minnst, er mér tjáð, og hefur þó ríkisstjórnin ætlað sér að koma því máli því fram fyrir jólin. Þetta eru slík vinnubrögð að það er alveg

dæmalaust að stjórnarliðar, ekki síst þeir sem telja sig bera hag dreifbýlisins fyrir brjósti, skuli taka þátt í þessu. Ég segi að sjálfsögðu já við þessari tillögu.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það er góðra gjalda vert að hæstv. fjmrh. skuli telja að þetta mál þurfi að skoða betur. Hins vegar held ég að það hrökkvi býsna skammt að auka lántökuheimildir vegna þess að það er allt annað sem þarna var haft í huga, þ.e. að veita framlög til þess að styðja við atvinnugreinar sem vænlegar þykja. En síðan hefur það líka gerst að hæstv. forsrh. hefur breytt reglugerð um Byggðastofnun þannig að henni eru mjög þröngar skorður settar um lánveitingar miðað við hennar eigið fé. Það kom fram hjá forstjóra Byggðastofnunar á nefndarfundi að búast mætti við að þegar liði á árið, þá yrði einnig að skrúfa fyrir lánveitingar. Ég segi því já.

Brtt. 519 felld með 35:25 atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, PP, RA, SÞór, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (KE) greiddi ekki atkv.

2 þm. (GAK, ÓÞÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri hefur staðið fyrir rannsóknum á lífríki sjávar í Eyjafirði. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1993 er ekki gert ráð fyrir fé til þessa verkefnis. Tillaga þessi um 4 millj. kr. hækkun á rekstrargjöldum skólans er flutt til þess að tryggja framhald þessara rannsókna. Ég vil einnig láta þess getið að það er eilítið afkáralegt ef svo á að fara að fyrsta verk stjórnvalda gagnvart nýsamþykktri þál. á Alþingi þess efnis að gera Eyjafjarðarsvæðið að miðstöð rannsókna og kennslu á sviði sjávarútvegs eigi að vera það að ekki verði veitt lágmarksfjármagn til að viðhalda mjög mikilvægu rannsóknaverkefni einmitt í því skyni sem tillagan beinist að.

Brtt. 514,2 samþ. með 62 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (GAK) fjarstaddur.

Brtt. 514,3 samþ. með 60 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

3 þm. (GAK, ÓE, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 514,4 samþ. með 44:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE, ÞorstP.

nei: KHG, SvG.

14 þm. (AÓB, AKS, GÁ, GHelg, ISG, JGS, JHelg, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, StH, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (GAK, SÞór, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 522,1 felld með 35:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KHG, KÁ, KE, AKS, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, SÞór, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK.

nei: KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, SalÞ.

1 þm. (GAK) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eins og tillagan er orðuð, þá kemur það fram að henni er ætlað að tryggja framkvæmd grunnskólalaga. Samkvæmt ákvæðum bandormsins um ráðstafanir í ríkisfjármálum snemma á þessu ári, var gert ráð fyrir því að skerða framlög til grunnskóla og minnka þann tímafjölda sem ætlaður er nemendum í grunnskólum og heimila fjölgun í bekkjum. Þessi ákvæði voru hins vegar tímabundin þannig að skerðingarlögin falla út núna um áramót og það er því óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til þess að tryggja að grunnskólinn fái aukna fjármuni og það er gert ráð fyrir því í þessari tillögu.

Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að á móti þessari tillögu flytjum við sömu flm., ég og hv. þm. Anna Kristín Sigurðardóttir og hv. þm. Guðrún Helgadóttir, tillögu um að fella niður stofnframlag til byggingar á sérstöku húsnæði fyrir Hæstarétt. Við teljum að það sé brýnna fyrir þjóðina að grunnskólalögin verði framkvæmd en að það verði byrjað á nýju húsi fyrir Hæstarétt. Ég segi því já, virðulegi forseti.

Brtt. 514,5 samþ. með 62 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (GAK) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Tillagan sem hér er flutt um 50 millj. kr. hækkun á fjárveitingu til Lánasjóðs ísl. námsmanna er vegna þess að stjórn sjóðsins telur að gengisbreytingar nýlega hafi haft í för með sér 4% eða 58 millj. kr. hækkun á lánveitingum til námsmanna erlendis og aukin verðbólga innan lands leiði til 2% eða 34 millj. kr. hækkunar á lánveitingum til námsmanna á Íslandi. Lánveitingar hækka því samtals um 92 millj. kr. frá frv. eins og það liggur fyrir vegna ársins 1993. Auk þess telur stjórn lánasjóðsins að allar þær breytingar sem átt hafa sér stað á þessu ári vegna breyttra úthlutunarreglna hjá sjóðnum, aukin vinna því samfara hafi leitt til þess að verulega þurfi að hækka framlag til rekstrar skrifstofu lánasjóðsins eða sem nemur 14 millj. kr. frá því sem frv. gerir ráð fyrir og til að fullnægja þörf stjórnar lánasjóðsins að hennar mati. Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjárln. teljum nauðsynlegt að verða við þessum hækkunum og samþykkjum því þá hækkunartillögu sem hér liggur fyrir en tökum að öðru leyti enga ábyrgð á þeim heildarfjárveitingum sem sjóðnum eru ætlaðar og miða við þær úthlutunarreglur sem núv. ríkisstjórn hefur fengið fram og leitt hafa til skerðingar á lánum til skólafólks í stórum stíl. Þær skerðingar hafa þegar leitt til þess að verulega hefur dregið úr möguleikum ungs fólks til náms sem sést best á því að umsóknum hefur fækkað mjög á þessu ári og miklu færri nemar stunda nú nám á háskólastigi. Sú ráðstöfun er því algjörlega á ábyrgð hæstv. ríkisstjórnar og stuðningsmanna hennar.

Brtt. 514,6 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (ISG, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (EgJ, GAK, HÁ) fjarstaddir.

Brtt. 516 samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.
3 þm. (EgJ, GAK, HÁ) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill vekja athygli á því að það er ekki rétt prentað atkvæðagreiðsluskjalið hvað varðar brtt. 511,1–2 en það kemur vonandi ekki að sök. (Gripið fram í.) — Leiðréttingu á þessari síðu atkvæðagreiðsluskjalsins hefur verið dreift á borð þingmanna.

Brtt. 511 felld með 34:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, SÞór, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, AKS, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GB.
nei: GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, SalÞ.
1 þm. (GAK) fjarstaddur.
7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hér er ekki verið að gera tillögu um að hækka sjálfa fjárveitingu heildarliðarins, þá verður að skerða aðrar íþróttahreyfingar sem tillaga hefur nú þegar verið gerð um og samþykkt af hálfu Alþingis, ef þessi tillaga verður samþykkt. Spurningin er sú hvort þá eigi að skerða framlög til íþróttamála fatlaðra, hvort skerða eigi framlög til íþróttafélaga annarra og þess vegna spyr ég hv. flm. um það hvar hann vilji leggja til að skera niður þegar hann mun gera grein fyrir atkvæði sínu hér á eftir sem ég er viss um að hann geri. Ég segi því nei.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Margt ber hér við á þingi. Nú óska fulltrúar stjórnarliðsins eftir því að umræður hefjist undir forminu atkvæðagreiðsla og hér kom fram alveg fáheyrður rökstuðningur fyrir því að segja nei við tillögu. Ég hef ekki séð öllu kynlegri kattarþvott hér úr ræðustóli og mætti verða öðrum til viðvörunar. Ég segi já við þessari góðu tillögu.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Með þessari tillögu er reynt að koma í veg fyrir tilefnislausa lækkun framlaga til Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands og að framlög til þessara samtaka verði þau sömu í krónutölu og á síðasta ári. Það er allt sem farið er fram á. Ég segi já.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Nokkur breyting er nú gerð á uppsetningu fjárlaga, þar á meðal liðum 02-988 og 02-989,

Æskulýðsmál og Íþróttamál. Hærri upphæð en áður er óskipt og kemur til umfjöllunar og afgreiðslu í menntmrn. A.m.k. sumum hv. þm. sem styðja þessa tillögu er kunnugt að af safnliðum menntmrn. hefur verið veittur beinn fjárhagslegur stuðningur við ýmis viðfangsefni íþróttahreyfingarinnar, m.a. á yfirstandandi ári. Menntmrn. mun framvegis sem hingað til reyna að styðja sérstök viðfangsefni sem upp kunna að koma, hvort heldur er á vegum Ungmennasambands Íslands eða Íþróttasambands Íslands umfram það sem getur í fjárlögum. Tillaga þessi er að mínu viti óþörf og ég segi nei.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Eftir að hafa hlustað á hv. 5. þm. Austurl. gera grein fyrir atkvæði sínu og hæstv. menntmrh. þykir mér einsýnt að segja já.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Nú þegar atvinnuleysið er hér að halda innreið sína á Íslandi og að mörgu leyti fyrir tilverknað núverandi ríkisstjórnar, þá hefur það sést hvernig slíkt ástand skapast erlendis, að ýmiss konar starfsemi íþrótta- og æskulýðsfélaga er besta vörnin til þess að glíma við þá fylgifiska sem atvinnuleysinu eru samfara, t.d. ýmiss konar neyslu vímuefna. Það sem þessi tillaga gerir ráð fyrir er að þessar tvær fjöldahreyfingar, Ungmennafélag Íslands og Íþróttasamband Íslands, fái á næsta ári sömu krónutöluupphæð á fjárlögum og þær höfðu á þessu ári. Mér finnst það koma úr hörðustu átt hjá stjórnarliðinu ef það beitir sér núna fyrir því á þessum viðsjárverðu tímum að lækka beina krónutölu framlaga til þessara samtaka. Ég segi því já.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Það verður ekki hjá því komist að gera athugasemd við ummæli hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar hér í atkvæðagreiðslunni áðan þar sem hann fullyrðir að tillaga þessi leiði til þess að framlög til annarra félagasamtaka muni lækka á móti. Það er rangt hjá honum og undarlegt af fjárlaganefndarmanni að bera svona á borð fyrir þingheim og þá aðra sem fylgjast með þessari atkvæðagreiðslu. Hér er gerð tillaga um hækkun á framlögum til þessara samtaka tveggja um 3,6 millj. kr. Vissulega mundi það að öðru óbreyttu leiða til þess að hallinn á ríkissjóði hækkaði um þessar 3,6 millj. kr. Það sem mér sýnist nú einsýnt að tillaga þessi sé því miður fallin — ég hygg að ég sé seinastur í atkvæðagreiðslunni fyrir utan hæstv. forseta — þá fagna ég yfirlýsingu hæstv. menntmrh. hér áðan um að hann muni skoða hugsanlegar viðbótarfjárveitingar til þessara tveggja samtaka en ég vil samt sem áður láta vilja minn koma í ljós við þessa atkvæðagreiðslu og segi því já.

Brtt. 464,1 felld með 33:18 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GÁ, GHelg, HG, ISG, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SÞór, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (AKS, EH, GB, HÁ, JGS, JónK, StH, VS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (GAK, KSG, PP, StG) fjarstaddir.

Brtt. 464,2 felld með 34:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StG, SJS, SvG, AÓB, GÁ, GHelg, HG, ISG, SÞór, JÁ, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, AKS, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA.

nei: SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SalÞ.

8 þm. (StH, VS, EH, FI, GB, HÁ, JónK, JVK) greiddu ekki atkv.

1 þm. (GAK) fjarstaddur.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þar sem hér er verulega komið til móts við óskir hæstv. ríkisstjórnar um niðurskurð í ríkisútgjöldum er einsýnt að segja já.

Kristín Ástgeirsdótir:

Virðulegi forseti. Í ljósi þess að verið er að lækka persónuafslátt einstaklinga og leggja skatta af ýmsu tagi á fjölskyldur í landinu, þá er sjálfsagt að leita leiða til að lækka útgjöld á öðrum stöðum og í ljósi þess hve friðvænlega horfir nú í heiminum, þá segi ég já.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Flest Vesturlönd fagna því að hægt er að verja lægri upphæðum til varnarmála. Á Íslandi eyddum við 35,9 millj. í seinustu fjárlögum til varnarmála. Frv. gerði ráð fyrir að verja 40,4 millj. til varnarmála á þessu ári. Þar sem ég hef ekki frétt af hinni nýju stríðshættu, getur varla verið annað en Efnahagsbandalag Evrópu, þá segi ég já.

Brtt. 483 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

26 þm. (AÓB, AKS, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (BBj, GAK, JVK, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 514,7 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, LMR, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (AÓB, AKS, GHelg, HG, ISG, JHelg, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SÞór, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

1 þm. (GAK) fjarstaddur.

Brtt. 526 felld með 35:27 atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (GAK) fjarstaddur.

Brtt. 514,8 samþ. með 53:3 atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: ISG, KÁ, KE.

2 þm. (AÓB, SvG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÁJ, ÁMM, GAK, GÁ, PP) fjarstaddir.

Brtt. 515,2 samþ. með 34:28 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, AKS, EH, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, StG, StH, SJS, SvG, VS.

1 þm. (GAK) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Með þessari brtt. meiri hluta hv. fjárln. á enn að draga úr endurgreiðslum ríkissjóðs til þeirra búgreina sem hér um ræðir vegna virðisaukaskatts og lækka hann um 50 millj. og hefur þó liðurinn þegar lækkað mikið á undanförnu ári. Verði þessi breyting að veruleika þá verður svo komið að nánast fullur virðisaukaskattur leggst á afurðir þessara greina, nauta, svína, hrossa og alifugla og með því er einnig raskað stórlega samkeppnisstöðu búgreina innbyrðis. Þetta er afar óskynsamleg ráðstöfun og ósanngjörn og næst á eftir því að svíkja búvörusamninginn sem hæstv. ríkisstjórn er að gera er þetta sennilega það ógæfulegasta sem hún hyggst beita sér fyrir í landbúnaðarmálum. Ég segi nei, hæstv. forseti, og skora á aðra að gera slíkt hið sama.

Brtt. 497 (aðaltillaga) felld með 33:28 atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, StG, StH, SJS, SvG, VS, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

1 þm. (IBA) greiddi ekki atkv.

1 þm. (GAK) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Tilefni þessarar tillögu er að á síðasta ári hóf Hafrannsóknastofnun í samvinnu við aðila í sjávarútvegi vinnu að verkefni sem varðar rannsóknir á hrygningu og klaki þorsks. Ég spurðist fyrir um mál þetta eftir að í ljós kom að í fjárlagafrv. var ekki gert ráð fyrir framhaldi á fjárveitingum til þessa verkefnis. Í svari hæstv. sjútvrh. við fsp. um stöðu málsins kom fram m.a., ef ég leyfi mér að vitna í svar ráðherrans:

„Í frv. til fjárlaga ársins 1993 er ekki gert ráð fyrir fjárveitingu til þessa verkefnis og var beiðnum um það hafnað. Ekki þarf þó að fara mörgum orðum um þjóðhagslegt mikilvægi þess að auka vísindalega þekkingu á því hvaða þættir það eru sem áhrif hafa á hvort klak heppnast. Er talið að að baki minnkandi stærðar þorskstofnsins liggi sú ástæða að klak hafi mistekist undanfarin ár þannig að 7–8 síðustu árgangar þorskstofnsins eru langt undir meðaltali. Ráðuneytið hefur af því vissar áhyggjur að verkefnið falli niður á næsta ári."

Þetta er tilvitnun í svar hæstv. sjútvrh. við fsp. sem varðar þetta mál sem hér eru greidd atkvæði um. Ég hafði gert mér vonir um að fjárln. í heild sinni tæki undir þessa tillögu á milli umræðna og dró hana því til baka við 2. umr. og vænti að menn sjái nú ástæðu til að styðja tillöguna.

Brtt. 497 (varatillaga) felld með 33:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, SÞór, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, AKS, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS, ÖS, AÓB.

nei: EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, SalÞ.

1 þm. (IBA) greiddi ekki atkv.
1 þm. (GAK) fjarstaddur.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er verið að biðja um 5 millj. kr. til að unnt sé að hrinda þessu verkefni af stað eða halda því áfram eins og hafið var á síðasta ári. Við umræður kom fram frá formanni þingflokks Alþfl. efnislegur stuðningur við þetta mál. Formaður þingflokksins er jú doktor í geldfiskum og hann hefur einnig skilning á því að það þurfi að styðja rannsóknir þótt tveir komi við sögu og ég hafði gert mér vonir um það að a.m.k. þingflokkur Alþfl. styddi þetta mál og fylgdi formanni sínum. Ég segi já.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það þing sem samþykkir hækkun til varnarmála upp á 5 millj. en hafnar að láta 5 millj. til rannsókna á hrygningu og klaki þorsks er að mínu viti á villigötum. Ég tel að við höfum meiri þörf fyrir doktor að störfum í frjóum fiskum en geldfiskum og segi því já.

Brtt. 515,3 samþ. með 30:15 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, JGS, JHelg, JónK, KÁ, ÓÞÞ, PP, SÞór, StG, StH, VS.

12 þm. (AÓB, AKS, HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, KE, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
6 þm. (ÁMM, EH, EgJ, GAK, JBH, KSG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hér er um að ræða að lækka þann skatt sem sérstaklega var lagður á sjávarútveginn og margir hafa skírt upphafið að auðlindaskatti. Þessi skattstofn hefur ekki reynst jafntraustur og menn ætluðu og því hefur ríkisstjórnin orðið að lækka hann. En ég vil vekja athygli á því að ríkisstjórnin lýsti því yfir í sumar að þessi skattur yrði endurgreiddur í einu eða öðru formi. Tilkynning um það heyrðist fyrst eftir fund á Flateyri á sl. sumri og mátti skilja á hæstv. forsrh. að það væri nánast framkvæmdaratriði hvenær og hvernig það yrði gert. Þremur ráðherrum var síðan falið að útfæra það með hvaða hætti þetta yrði endurgreitt, en ekkert hefur síðan spurst til málsins. Þar sem engin slík heimild er í fjárlögum, þá munum við fulltrúar Framsfl. greiða atkvæði gegn þessari brtt. en ég vænti þess að þetta mál komi til athugunar og umfjöllunar við afgreiðslu lánsfjárlaga eins og svo mörg önnur mál sem ekki hafa hlotið fullnaðarafgreiðslu. Við munum því greiða atkvæði á móti þessari breytingu.

Brtt. 522,2 felld með 35:18 atkv. og sögðu

já: AKS, FI, GB, GHelg, HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (AÓB, GÁ, HÁ, JGS, JHelg, JónK, SÞór, StH) greiddu ekki atkv.
2 þm. (GAK, JBH) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er gert ráð fyrir því að fella niður framlag til byggingar á nýju húsi fyrir Hæstarétt á árinu 1993. Við flm. erum þeirrar skoðunar að miðað við núverandi aðstæður í þjóðfélaginu og í ríkisfjármálum sé ekki ástæða til þess að eyða 100 millj. kr. til að byrja byggingu á sérstöku húsi fyrir Hæstarétt. Ég vek athygli á því að í fjárlagafrv. sem nú er verið að afgreiða er gert ráð fyrir því að skera niður framlög til Kistnesspítala um 20–30 millj. Það er gert ráð fyrir því að skera niður framlög til Vífilsstaðaspítala um 20 millj. Það er gert ráð fyrir því að skera niður framlög til grunnskóla um 100 millj. og það er ekki króna í þessu fjárlagafrv. til þeirrar uppbyggingar á Kópavogshæli sem þó hafði verið samþykkt og staðfest bæði af stjórnarnefnd Ríkisspítalanna og af hæstv. heilbrrh. og af hæstv. félmrh. Við þessar aðstæður, virðulegi forseti, er það auðvitað algjörlega fráleitt að fara að leggja peninga í monthús fyrir Hæstarétt, gjörsamlega fráleitt. Af þeirri ástæðu höldum við þessari tillögu til streitu til þess að styrkja hag og stöðu ríkissjóðs og ég segi já, virðulegi forseti.

Brtt. 514,9 samþ. með 54:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JóhS, JGS, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, LMR, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: JÁ.

4 þm. (KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.
4 þm. (GAK, JBH, JHelg, RA) fjarstaddir.

Jón Helgason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom m.a. í umræðum hér í dag, þá hafa stuðningsflokkar ríkisstjórnarinnar ákveðið að hætta við að fella fyrirvara- og undirbúningslaust niður embætti hreppstjóra og flytja nú brtt. við frv. til fjárlaga þar sem gert er ráð fyrir launum til þeirra nokkuð sambærilegri við þá tillögu sem hér er komin til atkvæðagreiðslu. Þar sem ég vænti þess að þeir muni frekar vilja greiða atkvæði með tillögu fjárln. þá dreg ég þessa brtt. 468 til baka þar sem ég tel að hún hafi þegar þjónað tilgangi sínum.

Brtt. 468 kölluð aftur.

Brtt. 514,10–11 samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (AKS, RA) greiddu ekki atkv.
2 þm. (GAK, GunnS) fjarstaddir.

Brtt. 515,4 samþ. með 34:24 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, AKS, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SÞór, StG, StH, SJS, SvG, VS.
5 þm. (EgJ, EKJ, GAK, ISG, KHG*) fjarstaddir.
[*Sjá þó greinargerð hans með atkvæði.]
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Í þessari tillögu er verið að leggja til að skerða framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna úr 961 millj. niður í 925 millj. kr. Ef sú tillaga verður samþykkt mun vanta um 150 millj. kr. upp á framlag ríkissjóðs eins og áætlað hafði verið á sínum tíma að það yrði árlega. Með þessu er ríkisstjórnin að stefna í hættu þeim áformum að á hverju ári verði hafin bygging á 500 félagslegum íbúðum. Ég segi því nei.

Brtt. 515,5 samþ. með 34:27 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, AKS, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, StG, StH, SJS, SvG, VS.
2 þm. (EgJ, GAK) fjarstaddir.

Brtt. 514,12 samþ. með 61 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (GAK, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 514,13 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (AÓB, FI, GÁ, GHelg, ISG, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, RA, SÞór, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
1 þm. (GAK) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Með brtt. er verið að hækka liðinn Lífeyristryggingar um 140 millj. kr. og sjúkratryggingar um 50 millj. kr. Með öðrum orðum er verið að draga heldur úr þeirri skerðingu sem áður var ráðgerð í fjárlagafrv. Tölurnar sem hér eru byggja engu að síður á því frv. til breytinga á almannatryggingalögunum sem er á dagskrá þessa fundar og á að vera eitt af málum þessa fundar. Minni hlutinn í heilbr.- og trn. er andvígur því frv. og mun þar af leiðandi ekki taka þátt í þessari atkvæðagreiðslu og sit ég hjá.

Brtt. 515,6 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG*, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
24 þm. (AÓB, AKS, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SÞór, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (GAK, HG, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 514,14–27 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HG, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG*, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (AÓB, GHelg, ISG, KÁ, ÓÞÞ, SvG) greiddu ekki atkv.
3 þm. (GAK, HÁ, RA) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 523 felld með 35:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, SÞór, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, AKS, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, SalÞ.

1 þm. (GAK) fjarstaddur.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Við 2. umr. um fjárlög fyrir 1993 gerði ég grein fyrir því að ég teldi nánast útilokað að reka Kristnesspítala miðað við þær fjárveitingar sem frv. til fjárlaga gerir ráð fyrir fyrir, fyrir um það bil 100 millj. kr. sem er niðurskurður um 40 millj. frá því sem er í ár. Það hlyti að kalla á verulegar breytingar á rekstri þessarar stofnunar og lama vissa rekstrarþætti ef svo yrði að málum staðið sem virtist blasa við. Ég vænti þess að milli umræðna yrðu mál spítalans skoðuð nánar og það kæmi þá fram ef það yrði niðurstaðan að flytja stofnunina frá Ríkisspítölum til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri hvað Fjórðungssjúkrahúsið teldi sig þurfa til þess að geta haldið þarna óbreyttum rekstri.

Nú fengum við engar upplýsingar í fjárln. um það milli umræðna hvaða tillögur eða hugmyndir væru uppi um það hvernig standa ætti að þessum rekstri fyrir 100 millj. en ég þykist hafa haft af því fréttir síðan, í gær og núna í morgun, að þrátt fyrir ýtrasta aðhald og breytingar sem mundu leiða til þess að dregið yrði úr kostnaði við yfirstjórn, það yrði dregið úr kostnaði við rekstur eldhúss og þvottahúss og ýmiss konar öðrum hagræðingaraðferðum beitt, þá mundu 100 millj. samt ekki duga, það þyrfti a.m.k. að hækka þetta um 15–20 millj. kr. til þess að ekki yrði þarna verulegur samdráttur í þeirri þjónustu sem Kristnesspítali hefur hingað til veitt. Því er þessi tillaga borin upp hér um að fjárveitingarnar hækki um 20 millj. og vænti ég þess að hv. alþm. séu sammála um það að hækka svo fjárveitingar.

Ég vil einnig taka það fram, hæstv. forseti, að í 6. gr. í brtt. fjárln. er gert ráð fyrir því að ráðherra sé heimilt að semja við stjórn Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri um rekstur Kristnesspítala og gera þá tilfærslu á fjármagni sem til þarf. Þó að þarna sé ekki getið um tölu eða neina upphæð, þá hefur verið rætt um það að tilfærslan frá Ríkisspítölum til FSA yrði ekki meiri en 100 millj. kr., enda teldi ég að það væri ekki lausn á málunum að flytja hærri upphæð frá Ríkisspítölunum og vona að það sé sameiginlegur skilningur þingmanna og hæstv. heilbr.- og trmrh. að þar séu menn þó þrátt fyrir allt aðeins að tala um 100 millj. frá Ríkisspítölunum og það verði að leysa málefni Kristnesspítala með öðrum hætti, með aukafjárveitingu á næsta ári ef ekki vill betur til og þessi tillaga fæst ekki samþykkt. Ég segi því já.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Sú tillaga sem hér er verið að greiða atkvæði um ásamt með heimildargrein sem jafnframt verður greitt atkvæði um nú á þessum fundi um að fjmrh. sé heimilt að semja við stjórn Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri um rekstur Kristnesspítala og gera þá tilfærslu á fjármagni sem til þarf á að tryggja að rekstur spítalans geti haldið áfram. Ég segi því já. (Gripið fram í.) — Hæstv. forseti. Ég biðst afsökunar. Ég hafði misséð tillöguna. Eins og tillögur frá meiri hluta fjárln. liggja fyrir er rekstur Kristnesspítala tryggður á næsta ári sem er það sem að var stefnt. Þessi tillaga sem hér liggur fyrir er því óþörf og ég segi nei.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að þær fjárveitingar sem ætlaðar eru til reksturs Kristnesspítala á næsta ári nægja ekki þrátt fyrir að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri yfirtaki rekstrinn og hafi lagt til ýtrustu tillögur til aðhalds og sparnaðar. Það liggur því ljóst fyrir að fjárveitingu til spítalans er haldið til streitu óbreyttri til þess að hægt sé að standa við ótímabæra og illa undirbyggða yfirlýsingu hæstv. heilbrrh. um hugsanlegan sparnað sem ráðherrann gaf á sl. sumri. Ég segi því já við þessari tillögu.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það liggur fyrir að það eru tveir aðilar reiðubúnir til þess að taka við rekstri Kristnesspítala og reka þá stofnun með sambærilegum fjárveitingum og í dag er greitt fyrir rekstur dýrustu endurhæfingarstofnana og dýrustu hjúkrunarstofnananna á Íslandi á hvert rúm. Þessir tveir aðilar eru stjórnarnefnd Ríkisspítala og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Að minni ákvörðun hefur verið rætt við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og stjórnendur þess um samninga í þessu efni. Uppkast að þeim samningi liggur nú fyrir og verður undirskrifaður á næstu sólarhringum þar sem fram kemur að stjórnendur FSA eru reiðubúnir að taka við rekstri Kristnesspítala fyrir þær fjárhæðir sem ráð er fyrir gert. Þessi tillaga er því þarflaus og ótímabær og ég segi nei.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Framkoma hæstv. heilbrrh. í þessu máli er með öllu óþolandi. Hér er á ferðinni mjög hliðstætt mál því þegar hæstv. heilbrrh. á síðasta ári fékk tilteknar heilbrigðisstofnanir á heilann og notaði embætti sitt og aðstöðu til að níðast á þeim. Söguna frá Landakoti þekkja menn og sömuleiðis fyrirhugaða meðferð á St. Jósefsspítala. Á þessu hausti voru það stofnanir sem annast áfengismeðferð og vímuefnameðferð ýmiss konar sem urðu fyrir barðinu á hæstv. heilbrrh. og svo aumingja Kristnesspítali. Hæstv. ráðherra hóf ásamt ráðuneyti sínu rógsherferð í fjölmiðlum gegn stofnuninni og síðan kom í ljós að hún var hugsuð til að undirbyggja harkalegan niðurskurð á fjárveitingum til stofnunarinnar.

Það liggur fyrir að engin fagleg rök standa til þess að draga úr endurhæfingu eða hjúkrunarrými á Kristnesspítala. Engin. Hér er á ferðinni eina endurhæfingaraðstaðan utan höfuðborgarsvæðisins og þyrftu rúm-

in eða aðstaðan að vera þrefalt stærri ef vel ætti að vera fyrir þeim málum séð á upptökusvæði Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Sömuleiðis ef lokað yrði þeim hjúkrunarrýmum sem á Kristnesspítala eru yrði ástand þeirra mála verra á Norðurlandi en það er í Reykjavík og er hér talað um neyðarástand. Ef taka á mark á þeim fjárveitingum sem hér eru á ferðinni til reksturs á Kristnesspítala, verður því ekki annað séð en það sé vilji hæstv. heilbrrh. og hæstv. ríkisstjórnar að skapa neyðarástand í þessum efnum norðan lands.

Sú tillaga sem hér er flutt mundi a.m.k. tryggja að Ríkisspítalar gætu fyrstu mánuði næsta árs rekið starfsemina á Kristnesi með eðlilegum hætti og þannig skapaðist tóm til að koma þeim málum á varanlegan grundvöll til frambúðar hvort sem það gerist með samningum við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri eða með einhverjum öðrum hætti. Það að neyða menn til samninga undir þeim þvingunarformerkjum sem hæstv. heilbrrh. hugsar sér eru ekki ásættanleg vinnubrögð af hálfu yfirvalda. Ég mótmæli því að yfirvald heilbrigðismála í landinu skuli misbeita svona aðstöðu sinni gagnvart einni stofnun. Ég hlýt að mótmæla mjög harðlega allri framgöngu hæstv. heilbrrh. í þessum efnum og þessu máli sérstaklega sem er eitt af því versta í hans embættistíð og er þá mikið sagt eins og kunnugt er. Ég segi já við þessari tillögu, hæstv. forseti.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Nefnd sú sem ráðherra skipaði til að leita leiða til að ná fram hagræðingu og sparnaði í rekstri Kristnesspítala hefur lagt til að rekstur spítalans verði lagður undir Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og telur það vænlegustu leiðina til þess að nálgast markmið fjárlagafrv. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri er reiðubúið til að taka við rekstri Kristnesspítala. Ef svo fer að sá sparnaður sem að er stefnt í fjárlagafrv. næst ekki allur treysti ég hæstv. heilbrrh. til þess að beita sér fyrir því að Fjórðungssjúkrahúsinu verði veitt fjárhagslegt svigrúm til að taka við rekstri Kristnesspítala með þeim hætti að ekki verði dregið úr þjónustu og starfsemi Kristnesspítala tryggð. Því greiði ég atkvæði gegn þessari tillögu.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem kom hér fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. að nefnd sú sem hæstv. heilbr.- og trmrh. skipaði til þess að gera tillögur um framhald á rekstri á Kristnesspítala taldi vænlegustu leiðina vera þá að leggja reksturinn undir FSA. En nefndin sagði ekki að það mundi ganga að hafa þann hátt á. Og tilfærsla frá Ríkisspítölunum til FSA vegna Kristness tryggir ekki rekstur spítalans. Tillaga sú sem hér er borin upp til atkvæða er því síður en svo óþörf, hún er nauðsynleg og verði hún felld, þá liggur það fyrir að það þarf að gjörbreyta rekstri spítalans hvað sem líður fögrum yfirlýsingum frá hæstv. heilbrrh. og hæstv. samgrh. úr þessari pontu. Það vantar fjármagn til reksturs ins. Ég segi því já við þessari tillögu.

Brtt. 514,28–35 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (AÓB, ISG, KHG, KÁ, SvG) greiddu ekki atkv.

4 þm. (GAK, HÁ, ÓE, RA) fjarstaddir.

Brtt. 524 felld með 34:20 atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, JÁ, JGS, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SÞór, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (JHelg, JVK, ÓÞÞ, StH, VS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (GAK, HÁ, JBH, StG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Milli 2. og 3. umr. fjárlaga fyrir árið 1993 hefur verið fjallað um málefni hjúkrunarheimilisins Eirar og þar er gert ráð fyrir því að verja á fjárlögum ársins 1993 nokkrum upphæðum til þessarar starfsemi, í raun og veru úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Við sem stöndum að þessari tillögu erum andvíg þeirri almennu skerðingu á Framkvæmdasjóði aldraðra sem þar er gert ráð fyrir og teljum því óhjákvæmilegt, þrátt fyrir þær hugmyndir sem uppi eru og liggja fyrir, að flutt verði og samþykkt sérstök tillaga af því tagi sem hér er um að ræða. Verði hún samþykkt má gera ráð fyrir því að hjúkrunarheimilið Eir verði að fullu tekið í notkun á árinu 1993. Þar með leysist verulegur vandi í hjúkrunarmálum aldraðra hér á þessu svæði, en það eru um 150 manns sem eru í svokallaðri brýnni þörf fyrir hjúkrunarvistun í Reykjavík um þessar mundir. Stofnunin er tilbúin og getur tekið á móti fólki. Rekstraráætlanir liggja fyrir, hafa verið afhentar heilbrrn. fyrir löngu þannig að það er ekkert að vanbúnaði að hefja á árinu 1993 fullan rekstur á þessari stofnun, enda verði þessi tillaga samþykkt auk annarra tillagna sem hér hafa verið til meðferðar. Ég segi því já við þessari tillögu, virðulegi forseti, og legg til að þingheimur geri það líka.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég tel að þessi tillaga sé óþörf og vek athygli á að það er nýverið búið að samþykkja í næstu tillögu þar á undan í tölul. 31 hækkun um nákvæmlega 70 millj. kr. til Framkvæmdasjóðs aldraðra sem er ætlaður til reksturs Eirar þannig að þar er búið að ráðstafa nákvæmlega því fé sem hv. þm. Svavar Gestsson og fleiri leggja til í brtt. á þskj. 524 við 4. gr.

og hér er til umræðu. Ég vil aðeins taka það fram að það er ekki rétt að það sé búið að leggja fyrir fjmrn. rekstraráætlun. Af þeirri ástæðu einni saman var tekin sú ákvörðun að fara frekar þá leið sem búið er að afgreiða en að efna til sérstaks fjárlagaliðar. Ég vek athygli hv. þm. á því að í tillögu hv. þm. Svavars Gestssonar og fleiri er ekki unnt að sundurliða framlagið til hjúkrunarheimilisins Eirar í laun og annan rekstur eins og ber að gera til slíkra stofnana. Ástæðan fyrir því er sú að tillögurnar liggja ekki fyrir. Það er gert ráð fyrir því í 31. tölul. að umræddum 70 millj. kr. verði varið til reksturs hjúkrunarheimilisins Eirar. Þessi tillaga er þarflaus.

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér áðan undir umræðum um atkvæðaskýringu kvaddi hæstv. heilbrrh. sér hljóðs og hóf almennar umræður um stöðu hjúkrunarheimilisins Eirar með mjög sérkennilegum hætti. Ég vil mótmæla orðum hans. Í fyrsta lagi liggur rekstraráætlun fyrir. Í öðru lagi er það rangt að í 31. tölul. rétt á undan í þessari atkvæðagreiðslu sé um að ræða sérmerkt framlag til þessa hjúkrunarheimilis. Þar er um að ræða tilfærslu úr Framkvæmdasjóði aldraðra í þetta verkefni og á því er reginmunur, virðulegi forseti, eins og unnt verður að rökstyðja rækilega þegar umræður um málefni aldraðra fara fram síðar á þessu ári.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill biðja hv. þm. að hefja ekki umræður í miðri atkvæðagreiðslu, enda er ekki ætlast til þess þegar þingmenn hafa gert grein fyrir atkvæði sínu að umræður hefjist á eftir. Hæstv. heilbrrh. óskar eftir að gera athugasemd við atkvæðagreiðslu.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að skýra frá því vegna þeirrar atkvæðagreiðslu sem hér hefur farið fram að í 31. tölul. við brtt. sem við vorum að samþykkja hér áðan er gert ráð fyrir 70 millj. kr. aukningu á framlagi til Framkvæmdasjóðs aldraðra. Það er ekki nóg að gera bara ráð fyrir framlagi til Framkvæmdasjóðsins. Það verður líka að gera ráð fyrir greiðsluheimild úr sjóðnum á því framlagi og það er sú greiðsluheimild sem var verið að veita þarna. En mergurinn málsins er sá að þarna er um að ræða 70 millj. kr. aukningu á framlagi úr ríkissjóði til Framvæmdasjóðs aldraðra sem er sérmerkt í þetta verkefni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta finnst ekki nógu gott ef hv. þm. eru farnir að hefja hér almennar umræður, efnislegar umræður. Það getur alltaf verið álitamál hver eigi að hafa síðasta orðið. (Gripið fram í.) Forseti getur ekki neitað hv. 9. þm. Reykv. um eitt orð en biður hv. þm. enn að taka tillit til óska forseta og hefja ekki almennar umræður meðan á atkvæðagreiðslu stendur.

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir það að hún skuli hleypa mér hér í pontuna til að gera athugasemd við orð hæstv. heilbrrh. Staðreyndin er sú að sú tillaga sem hann var að láta samþykkja hér fyrir skömmu gerir ráð fyrir því að skerða Framkvæmdasjóð aldraðra um 230 millj. kr. Þar af á að verja 70 millj. samkvæmt sérstökum ákvörðunum hans til hjúkrunarheimilisins Eirar. Þess vegna er brýnt að taka um það sjálfstæða ákvörðun að þessi mikilvæga stofnun komist á fjárlög íslenska ríkisins fyrir árið 1993.

Brtt. 514,36–37 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (AÓB) greiddi ekki atkv.

6 þm. (GAK, HG, ISG, JBH, JónK, PP) fjarstaddir.

Brtt. 464,3 felld með 33:20 atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, GÁ, GHelg, HG, ISG, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, StG, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (GB, HÁ, JGS, JónK, StH, VS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EH, FI, GAK, JBH) fjarstaddir.

Brtt. 514,38–39 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (AÓB, HG, ISG, KHG, KÁ, SvG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (FI, GAK, JBH, PP, RA) fjarstaddir.

Brtt. 515,7 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (AÓB, AKS, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SÞór, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (FI, GAK, JBH, JHelg) fjarstaddir.

Brtt. 514,40–41 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
4 þm. (AÓB, ISG, SÞór, SvG) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EKG, GAK, HÁ, HG, JBH, RA) fjarstaddir.

Brtt. 515,8.a samþ. með 35 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, SalÞ.
27 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, SÞór, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, AKS, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
1 þm. (GAK) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:
Virðulegur forseti. Þessi tillaga gerir ráð fyrir sérstöku markaðsátaki í löndum EES og er brtt. við lækkun á þessu framlagi úr 100 millj. kr. í 50 millj. Þessi tillaga er frá meiri hluta fjárln. Við hljótum að velta því fyrir okkur hver þessi lönd EES eru sem verið er að gera tillögu um að hafið verði sérstakt markaðsátak í. Síðustu fréttir af þessu fyrirbæri og sem varða slitrin af samningi, margrædd, um EES eru þær að Spánn hafi hafnað því að gerast aðili að þessum samningi. Þær fréttir voru að koma nú fyrir klukkustund eða svo og mat á því er það að þetta mál sé a.m.k. dautt til 1. febr. nk. þegar fyrst verði tekið á því af hálfu framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Þetta eru þær fréttir sem ég hef heyrt. Ég átta mig ekki á því af hverju er verið að íþyngja fjárlögunum hér með því að taka upp fjárveitingar í þessu skyni en ég ætla að láta þetta sem annað sem varðar mál þetta vera á ábyrgð ríkisstjórnar sem er hér að lækka þetta framlag, kannski strikar hún það út áður en lýkur. Ég greiði ekki atkvæði.

Brtt. 515,8.b samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, JóhS, JBH, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (GB, GÁ, HÁ, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KÁ, ÓÞÞ, PP, SÞór, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.
2 þm. (EKJ, GAK) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:
Virðulegi forseti. Í þessum lið, b-lið, við 8. brtt. 515 er í raun og veru komið það brot sem eftir er af loftköstulum ríkisstjórnarinnar í sambandi við aukið fjármagn til viðhaldsverkefna. Það var í upphafi tilkynnt að það yrðu 500 millj. en það sem eftir er eru 100 millj. kr. sem eiga að fara til þessara viðhaldsverkefna. Þar sem ég get ómögulega verið á móti því að það verði þó a.m.k. þessar 100 millj. kr. lagðar í það, þá segi ég já.

Jón Kristjánsson:
Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið er þessi tillaga til þess að innsigla það afrek meiri hlutans fjárln. að skera niður ríkisútgjöld um 400 millj. sem aldrei voru til í fjárlagafrv. og ekki nema í hugarheimi ríkisstjórnarinnar. Jafnframt er byrjað að leggja á gjöld til þess að standa straum af þessum 500 millj. Við framsóknarmenn viljum láta ríkisstjórnina bera ábyrgð sjálfa á þessum fáránlegu vinnubrögðum og munum ekki greiða atkvæði.

Brtt. 506,3 kom ekki til atkvæða.

Brtt. 514,42–43 samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (HG) greiddi ekki atkv.
4 þm. (GAK, ÓRG, ÓÞÞ, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 514,44 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (HÁ, HG) greiddu ekki atkv.
4 þm. (EH, FI, GAK, SJS) fjarstaddir.
6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:
Virðulegur forseti. Hér er verið að skipta fjárveitingum til vetrarsamgangna og mér sýnist að hér hafi orðið verulegar breytingar á frá því sem verið hefur og lækkaðir mjög verulega styrkir í þessu sambandi. Ég hef kynnt mér greinargerð samgn. Alþingis vegna skiptingar á fé til vetrarsamgangna og þar kemur fram að nefndin hyggst beita sér fyrir nýjum málstökum varðandi þennan fjárlagalið og hafi ákveðið að skrifa öllum forsvarsmönnum sveitarfélaga sem styrks njóta eða hafa notið og gera grein fyrir þeim vinnureglum sem ætlunin er að styðjast við í framtíðinni. Þær byggjast á því að þessi úthlutun sé ekki endanleg. Mér hef-

ur skilist að nefndin ætli að hlutast til um að síðan komi til skiptingar á óráðstöfuðu, væntanlega undir 54. tölul. sem er hærri heldur en tíðkast hefur. En þrátt fyrir þetta finnst mér ekki vel að verki verið. Vitneskju um þetta hafði ég sem þingmaður fyrst fyrir fáeinum dögum síðan, að þessi breyting væri hér upp tekin, hafði unnið að hliðstæðum málum á fyrri þingum og átt hlut að því að mál væru skýrð gagnvart aðilum í meðferð samgn., sameinaðra funda samgn. beggja deilda á sínum tíma, þannig að þá voru málin gerð upp í flestum tilvikum þó fáein atriði stæðu eftir óráðstöfuð. Ég hefði talið að til þessarar umþóttunar hefði þurft rýmri tíma og meiri fyrirvara heldur en hér er gert ráð fyrir.

Ég hef auðvitað ekkert við það að athuga að hér sé reynt að standa sem best að meðferð opinbers fjár en ég minni líka á að ekki eru það eingöngu sveitarfélög sem í hlut eiga heldur einnig einkaaðilar sem standa fyrir rekstri og sjá um vetrarsamgöngur og að þeim er ekki vikið í þessu nefndaráliti.

Ég vil ekki bera ábyrgð á þeirri úthlutun sem hér liggur fyrir, en treysti því þó jafnframt að samgn. taki á þessum málum og tryggi að það geti komið til sanngjarnrar úthlutunar fjár til aðila og ekki eingöngu sveitarfélaga sem í hlut eiga heldur einnig þeirra aðila annarra sem í hlut eiga og standa að vetrarsamgöngum.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Vegna þeirrar skerðingar á framlögum sem hér er gert ráð fyrir vil ég, með leyfi forseta, vitna í greinargerð samgn. Alþingis til fjárln. Þar stendur á einum stað:

„Nefndin hefur við umfjöllun um styrki haft hliðsjón af snjómokstursreglum Vegagerðar ríkisins. Vegagerðin ber í flestum tilfellum kostnað af snjómokstri að hálfu á móti heimamönnum. Verði snjómokstur í ákveðnum byggðarlögum þyngri í skauti en eðlilegt getur talist, t.d. vegna fámennis, hefur Vegagerðin hlaupið þar sérstaklega undir bagga. Varð það niðurstaða nefndarinnar að draga bæri nokkuð úr styrkjum til byggðarlaga sem sent höfðu óljósar umsóknir, einnig ef upplýsingar leiddu í ljós að snjómokstri væri að verulegu leyti sinnt af Vegagerð ríkisins. Þeir sem ekki höfðu sent umsókn fengu hálfu lægri styrk en á síðustu fjárlögum. Ákveðið var að skrifa öllum forsvarsmönnum sveitarfélaga sem styrks njóta eða hafa notið og gera grein fyrir þeim vinnureglum sem ætlunin er að styðjast við í framtíðinni. Þær byggjast á því í fyrsta lagi að þessi úthlutun sé ekki endanleg."

Í trausti þess að bréfin sem þarna er um getið verði send strax eftir áramót og að úthlutað verði úr liðnum óráðstafað, þá styð ég þessa tillögu.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Það er samgn. sem sér um úthlutun á þessum styrkjum og það er skoðun mín að það hafi verið staðið betur að verki nú en oft áður. Tilfellið er að sumir sem fengu styrk á síðasta ári sóttu þá ekki. Aðrir sóttu ekki um og það hlýtur að vera matsatriði hverju sinni hversu upphæðirnar eiga að vera háar. Það fer eftir árferði og öðru og þess vegna held ég að það sé mun betri leið að hafa meira óráðstafað og geta hlaupið þá til og gert betur ef sérstaklega á stendur.

Ég vil aðeins árétta að það er verið að taka upp ný og betri vinnubrögð og segi því já.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er um nokkuð breytt vinnubrögð að ræða og þar sem ég tók þátt í því að skipta upp þessum lið, þá vil ég gera nokkra grein fyrir því. Það var ákveðið að ræða þessi mál og ef samkomulag væri um það að breyta þá vinnubrögðum þannig að mönnum væri gert að skyldu að sækja formlega um þessa styrki sem nokkur misbrestur hefur verið á undanfarin ár. Ég er út af fyrir sig sammála því að koma betri skipan á þessi mál en ég tel þó að við þessa úthlutun hefði ekki átt að byrja á því án þess að gera mönnum viðvart, þannig að ég tel að við þessa úthlutun hefðu menn átt að taka mið af úthlutun sl. árs og gera mönnum síðan grein fyrir því að fyrirhugað væri að taka upp breytt vinnubrögð. Í þessu tilfelli var einstaklingum, samtökum eða sveitarfélögum ekki gefinn kostur á því að vita um þessi breyttu vinnubrögð. En þar sem hér er ekki um lækkun á liðnum í heild sinni að ræða, segi ég já.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég er vissulega einn í þeirra hópi sem verð fyrir vonbrigðum þegar ég sé niðurstöðu þessarar úthlutunar. Ég sé ekki rök fyrir ýmsum þeim ákvörðunum sem þar eru teknar og liggja þó öll málsskjöl í þeim tilvikum fyrir. Ég óttast að hér hafi verið nokkuð flaustурslega gengið fram til verka. Það urðu mistök við sams konar úthlutun fyrir einu ári síðan sem reyndar voru leiðrétt síðar og komu til skila. Ég gerði sérstakar ráðstafanir til þess að svo yrði ekki að þessu sinni en samt varð niðurstaðan sú hin sama.

Ég áskil mér rétt til þess að fara gaumgæfilega yfir þetta mál og í trausti þess að það verði gerð leiðrétting á eftir áramótin með tilliti til 2. umr. um þetta mál þótt utan þings verði, þá styð ég þessa afgreiðslu að þessu sinni.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég bendi á að þessi tillaga er unnin af samgn. og ég hafna því að unnið hafi verið með flaustурslegum hætti. Tillagan er síðan send til fjárln. og flutt af fjárln. í heild. Ég hygg að það sé ekki í mörgum tilvikum sem vandaðri vinnubrögð standa að baki tillögu og meira fylgi þingnefnda á Alþingi heldur en að þeirri tillögu sem hér liggur fyrir. Hitt liggur einnig fyrir sem má kallast mistök að greinargerð samgn. var eigi prentuð sem fskj. með frhnál. fjárln.

Brtt. 515,9 samþ. með 34:11 atkv. og sögðu

já: AÓB*, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AKS, EH, GÁ, GHelg, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SvG.

10 þm. (GB, HÁ, ISG, JGS, JHelg, JVK, KE, SÞór, StH, SJS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (FI, GAK, HBl, HG, JÁ, JónK, RA, VS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 514,45 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (AÓB, EH, FI, GAK, HBl, HG, JÁ, KE, PP) fjarstaddir.

Brtt. 525 felld með 35:11 atkv. og sögðu

já: AKS, GHelg, JÁ, JVK, KHG, ÓRG, RA, SÞór, StH, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (AÓB, GB, GÁ, HÁ, ISG, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, PP, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (FI, GAK, HG, ÓÞÞ*, StG) fjarstaddir.

[*Sjá þó greinargerð hans með atkvæði.]

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þessi brtt. gerir ráð fyrir því að 6 millj. kr. verði settar undir liðinn Hafnamál, hafnarmannvirki og merktar sérstaklega aðgerðum til að bæta aðstöðu smábáta í Árneshreppi. Verði undirliður svo merktur: Árneshreppur, hafnaraðstaða smábáta. Flutningur þessarar brtt. á sér þá skýringu að smábátaútgerð er afar mikilvæg þessu byggðarlagi sem um margt hefur mikla sérstöðu í hópi íslenskra byggða. Útgerð smábáta má heita eina umtalsverða búbótin eða eini umtalsverði tekjuaukinn sem íbúar þessa byggðarlags hafa fyrir utan hefðbundinn landbúnað, en aðstöðu fyrir þessa útgerð er í ýmsu ábótavant. Sérstaklega á það við nú eftir að nokkrar úrbætur hafa farið fram á Norðurfirði. Á það við um Gjögur og Djúpuvík. Fyrir þessa fjárveitingu ætti að vera unnt að gera þarna nokkrar úrbætur og því legg ég til að þessi viðbót verði þarna sett inn undir þennan framkvæmdalið.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Á Norðurfirði á Ströndum er komin aðstaða fyrir smábáta og það er rétt að það er mjög mikilvægt að þar er komin sú aðstaða. Það er og eina höfnin á svæðinu. Ef ég skil hafnalög rétt, þá er ekki hægt undir þessum lið sem hér er lagt til að veita fjárframlag nema þar sem höfn er. Af þeirri ástæðu tel ég að þó þetta væri samþykkt, þá mundi ekki vera heimilt að veita það til uppbyggingar, hvorki á Gjögri né í Djúpuvík. Af þeirri ástæðu sit ég hjá.

Brtt. 514,46 (liðurinn hafnarmannvirki á Blönduósi) samþ. með 46:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, SÞór, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ.

nei: GHelg.

14 þm. (RA, SJS, SvG, AÓB, HG, IBA, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, AKS, ÓRG) greiddu ekki atkv.

2 þm. (JBH, GAK) fjarstaddir.

8 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir að það yrði sérstök atkvæðagreiðsla um þetta framlag vegna þess að ég vil láta það koma hér fram að ég hef talið skynsamlegast að Blönduós og Skagaströnd hefðu með sér aukna samvinnu og þá ekki hvað síst í hafnamálum og að áhersla yrði lögð á að byggja upp eina stóra og vel útbúna höfn í austanverðum Húnaflóa. Ég óttast það að 50 millj. kr. fjárveiting í Blönduóshöfn geri þá von að engu. Ég tel að þessi hafnargerð á Blönduósi sé ekki arðsöm framkvæmd, hvorki fyrir heimamenn né fyrir þjóðarbúið og ég tel að þessu fé mætti verja skynsamlegar með ýmsum hætti, t.d. til hafnargerðar í nærliggjandi byggðum eða þá t.d. til þess að hraða uppbyggingu heilsugæslustöðvar á Blönduósi eða til annarra slíkra framkvæmda. Af þessari ástæðu greiði ég ekki atkvæði um þessa tillögu.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil taka fram að hér er verið að framfylgja stefnu sem mótuð var fyrir þremur árum. Sú stefna fólst í því að hætt var af hálfu heimamanna við fyrirhugaðar miklar hafnarframkvæmdir á Blönduósi. Þess í stað var óskað eftir því að Alþingi veitti fjárveitingu til þess að byggja brimvarnargarð til þess að verja þau mannvirki sem fyrir eru og lágu undir skemmdum, þ.e. þau hafnarmannvirki á Blönduósi sem þegar eru risin. Það er ekki verið að hverfa frá þeirri stefnu hér, það er ekki verið að leggja út í byggingu þeirrar stóru hafnar sem heimamenn á Blönduósi höfðu áform uppi um fyrir nokkrum árum síðan, heldur aðeins verið að verja þau hafnarmannvirki sem fyrir eru á staðnum. Þess vegna segi ég já.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er satt best að segja afar sérkennilegt að hlýða á hæstv. heilbrrh. blóðugan upp að öxlum úr niðurskurði í velferðarmálum koma hér í pontuna og réttlæta og mæla með þessari fjárveitingu til uppbyggingar á Blönduóski. Ég hygg að flestra manna mál sé það að þetta sé ekki í hópi brýnustu for-

gangsverkefna sem til útgjalda horfa hjá íslenska ríkinu eins og nú árar. Staðreyndin er auðvitað sú að hér er verið að leggja út í alldýra framkvæmd sem verður ekki innan við 200 millj. fullkláruð að mínu mati, mun veita Blönduósbúum afar takmarkaða úrlausn í sínum hafnarmálum, því miður, vegna þess að aðstæður eru einfaldlega þannig við Blönduós að þar er óhemjudýrt að byggja fullkomna höfn. Það er því veruleg hætta á því að menn muni sjá að þessi áfangi upp á 150–200 millj., kalli á enn frekari framkvæmdir ef hann eigi að gera fullboðlegan. Það er kannski það lakasta við það að halda af stað í þessari óvissu með þessa framkvæmd. Það er enn fremur mjög dapurlegt að ekki skuli takast þrátt fyrir allt umtal um samstarf sveitarfélaga og sameiningu þeirra jafnvel sem á nú að leysa allan vanda í dag að koma á þeirri samvinnu um nýtingu hafnarmannvirkja við austanverðan Húnaflóa sem þarna blasir við að er öllum aðilum hagstæð. Tilraunir til að koma slíkri samvinnu á með einhverjum skipulögðum hætti hafa því miður ekki borið árangur enn þá. Það er alveg ljóst að ákvörðun Alþingis um fjárveitingu af þessu tagi bindur enda á slíkar tilraunir a.m.k. í bráð. Ég held og er þeirrar skoðunar að enn sé ekki tímabært að dæma þann möguleika af að byggðarlögin við austanverðan Húnaflóa nái að leysa með samstarfi sín í milli þessi mál með hagfelldari hætti, bæði fyrir sjálf sig og svo ekki sé nú talað um þjóðarbúið. Ég greiði þessari tillögu því ekki atkvæði. Í raun og veru tel ég þessa fjárveitingu óskynsamlega en mér er það í sjálfu sér ljóst að Blönduósbúar hafa ekki fyrirgert rétti sínum frekar en önnur byggðarlög í landinu til að fá úrlausn sinna mála og hef því ekki skap í mér til þess að greiða atkvæði gegn þessu.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það eru allmörg ár síðan, ég hef nú ekki haft tíma til að leita það uppi í þingtíðindum, að ég varaði við þessari framkvæmd. Ég hef ekki skipt um skoðun og segi nei.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Við þessa afgreiðslu fjárlaga er verið að taka ákvarðanir um að skera niður fjárveitingar til fjölmargra nauðsynjaverkefna og það er jafnframt verið að taka ákvarðanir hér í skattamálum af ríkisstjórnarmeirihlutanum um að leggja gífurlegar byrðar á barnfólk, aldraða, öryrkja, sjúklinga og fjölmarga aðra í þjóðfélaginu. Það hefur verið eins konar prófsteinn á það hvort menn meintu eitthvað með þessu tali eða ekki, hvort menn frestuðu hafnarframkvæmdum á Blönduósi. Þeir menn sem telja að nú sé til fjármagn í ríkissjóðnum til þess að hefja um það bil 200 millj. kr. hafnarframkvæmdir á Blönduósi eru í reynd að segja við þjóðina að það sé lítið að marka allt annað sem þeir segja um aðhald í ríkisfjármálum.

Hæstv. heilbrrh. er greinilega með vonda samvisku út af þessu máli og var að reyna hér áðan að koma því inn að þetta væri þriggja ára gömul ákvörðun. Það er rangt hjá honum. Það sem gerðist fyrir þremur árum síðan var það að páv. hæstv. ríkisstjórn tók ákvörðun um að fara ekki í þessar hafnarframkvæmdir. Þá hittust þeir á sérstökum fundi, hv. þm. Pálmi Jónsson, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og hv. páv. þm. Alexander Stefánsson, og gerðu um það samning, eitt fyrir mig, eitt fyrir þig og það þriðja fyrir Alexander. Þannig varð hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sérstaklega til þess að reyna að koma þessu í gang með þriggja manna baktjaldasamningi, þriggja páv. nefndarmanna í fjárveitinganefnd. Páv. ríkisstjórn neitaði að standa að þessu máli með þessum hætti og þessi þriggja manna samningur var aldrei staðfestur í páv. ríkisstjórn. Þvert á móti var því lýst yfir af hálfu fjmrh. og páv. samgrh. að þeir frábyðu sér samkomulag af þessu tagi. Það er því alveg ljóst að þegar núv. ríkisstjórn tók við var ekki á borðinu neitt samkomulag af neinu tagi um það að hefja 200 millj. kr. hafnarframkvæmdir á Blönduósi.

Ef menn meina eitthvað með hagræðingu í þjóðfélaginu, hagræðingu í sjávarútvegvegi, hagræðingu í samgöngumálum og á öðrum sviðum, þá er auðvitað afar óskynsamlegt að fara í 200 millj. kr. hafnarframkvæmdir á Blönduósi þegar jafnstutt er til nærliggjandi hafnar og raun ber vitni. Og mér finnst satt að segja furðulegt að hæstv. utanrrh., sem ég veit nú ekki hvort hefur greitt atkvæði enn þá í þessari atkvæðagreiðslu og skil vel að hann vill vera fjarverandi, ætlar að fara að styðja það, maðurinn sem er að tala um nauðsyn hagræðingar. (**StG:** Hvað er langt á milli hafnanna í kjördæmi ræðumanns?) Það er þess vegna alveg nauðsynlegt að það sé ríkisstjórnarmeirihlutinn einn og þeir aðrir sem vilja ganga þessa götu með honum sem bera ábyrgð á þessari orkanvitlausu framkvæmd. Ég greiði því ekki atkvæði.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta finnst út af fyrir sig ánægjulegt að menn geta brosað og jafnvel hlegið, en nú fer fram atkvæðagreiðsla og við þurfum að hafa ró í salnum og beina huganum að atkvæðagreiðslunni en ekki efnislegum umræðum og það vill forseti ítreka einu sinni enn.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Á Sturlungaöld reyndi einn virtasti höfðingi þessa lands að sætta Húnvetninga og fór hrakfarir miklar. Það hefur ekki gengið betur nú. Ég tel að með þeirri ákvörðun sem tekin var á sínum tíma að fara í að verja hafnarmannvirkin á Blönduósi sé farinn ásættanlegur millivegur í þessu máli og segi því já.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hér er um framkvæmd að ræða sem er ákaflega mikilvæg fyrir framtíð byggðar og framtíð atvinnulífs á Blönduósi. Hér er um að ræða framkvæmd sem er mjög hófleg að vexti og kostnaði og þær kostnaðartölur sem hér hafa verið nefndar í atkvæðagreiðslunni eru rangar. Allar horfur eru á að góð eining takist um þessa framkvæmd. Ég er ákaflega ánægður með þá tillögu sem hv. fjárln. gerir í málinu og ég segi já.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Það er sérkennilegur málatilbúnaður hér hjá ýmsum þingmönnum Alþb. og þó ekki síst hjá formanni þess. Það er rangt sem hann hélt hér fram að þrír fjárveitinganefndarmenn á síðasta kjörtímabili hefðu hist og gert með sér eitthvert samkomulag. Það var meiri hluti í þeirri virðulegu nefnd og fyrrv. formaður hennar, sem nú er hæstv. heilbrrh., skýrði að sínu leyti niðurstöðu þess máls hér áðan. Ég vek athygli á því að tillaga þessi er flutt af fjárln. Samt hefur einn fjárlaganefndarmaður frá Alþb. væntanlega verið knúinn til þess af sínum flokki að greiða atkvæði gegn sinni eigin tillögu og er það sérkennilegt. Ég vil taka það fram til viðbótar við það sem hér hefur verið sagt að þessi framkvæmd spillir ekki samkomulagi við austanverðan Húnaflóa og hafnasamlag getur verið myndað þar án tillits til þessarar framkvæmdar. En framkvæmdin er nauðsynleg og mun styrkja atvinnulíf á þessu svæði og verða til þess að treysta þá búsetu sem er við austanverðan flóann.

Ég vil geta þess að nýlega voru opnuð tilboð í þetta verk og lægsta tilboðið var 58% af kostnaðaráætlun þannig að þær kostnaðartölur sem hér hafa verið nefndar eru gjörsamlega úr lausu lofti gripnar. Ég segi já.

Brtt. 514,46–48 samþ. með 51:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: ÓÞÞ.

2 þm. (JÁ, ÓRG) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, EH, EgJ, GAK, GÁ, JBH, KÁ, StH, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 464,4–5 felld með 32:19 atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, StG, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

4 þm. (EH, GB, JGS, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (FI, GAK, GÁ, JBH, KÁ, KE, SAÞ, StH) fjarstaddir.

Brtt. 515,10 samþ. með 34:19 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, AKS, FI, GHelg, HG, ISG, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, SJS, SvG.

9 þm. (EH, GB, GÁ, HÁ, JGS, JónK, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.

1 þm. (GAK) fjarstaddur.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Í ljósi þeirra áforma ríkisstjórnarinnar að leggja auknar álögur á húshitun, þá tel ég alveg fráleitt að fella þennan lið niður úr fjárlagafrv. og segi því nei.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér finnst alveg nóg að gert við að bæta álögum á þá landsmenn sem búa við hæsta orkuverð í landinu. Hér er verið að fella niður þær 80 millj. kr. sem áttu að fara til niðurgreiðslu á húshitun samkvæmt fjárlagafrv. Ég segi nei.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vildi vekja athygli þingheims á því að í tillögu um breytingar á virðisaukaskatti er gert ráð fyrir jöfnunaraðgerðum sem vega mun þyngra en þær 80 millj. kr. sem voru í upphaflegri tillögu í fjárlagafrv. Þess vegna segi ég já.

Brtt. 514,49 samþ. með 56:2 atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: ISG, KÁ.

1 þm. (KE) greiddi ekki atkv.

4 þm. (GAK, LMR, ÓÞÞ, StH) fjarstaddir.

Brtt. 515,11 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (AÓB, AKS, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SÞór, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EGuðn, GAK, JÁ, ÓE, StH) fjarstaddir.

Brtt. 482 samþ. með 36:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: PP.

24 þm. (AÓB, AKS, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, RA, SÞór, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

2 þm. (GAK, StH) fjarstaddir.

Brtt. 514,50–53 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
7 þm. (AÓB, ISG, JÁ, KÁ, SÞór, StG, SvG) greiddu ekki atkv.
3 þm. (EH, GAK, StH) fjarstaddir.

Sigurður Þórólfsson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Virðulegi forseti. Við umræður hér á Alþingi um brtt. 512 sl. laugardag kom fram hörð andstaða við hana frá hæstv. heilbrrh. og einnig frá hv. þm. Svavari Gestssyni. Hæstv. heilbrrh. staðhæfði að SÁÁ væri reiðubúið að kaupa Staðarfell og staðgreiða kaupverðið. Ég kannaði þetta mál hjá forstöðumönnum SÁÁ og eins og ég átti von á staðfesti framkvæmdastjóri SÁÁ að ráðherrann færi þarna með rangt mál. Í byrjun árs 1992 skrifaði SÁÁ heilbrrn. og óskaði eftir að taka upp viðræður um kaup á Staðarfelli og þá að greiða kaupverðið á nokkrum árum. Þetta var gert til að tryggja framtíðaraðstöðu SÁÁ á Staðarfelli. Í ljósi þess sem fram hefur komið má vænta þess að hæstv. ráðherra hafi vilja til að greiða fyrir því að tryggja SÁÁ framtíðaraðstöðu á Staðarfelli. Ef þeir samningar takast sem leitað hefur verið eftir um kaup á jörðinni, kaupverð og greiðslukjör er því takmarki náð sem stefnt var að með flutningi þessarar tillögu. En þar sem óvíst er um afdrif tillögunnar hér á hinu háa Alþingi vil ég ekki taka þá áhættu að hún verði felld þar sem það gæti e.t.v. spillt fyrir framgangi málsins. Ég óska því eftir að draga tillöguna til baka.

Brtt. 512 kölluð aftur.

Brtt. 514,54–56 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
3 þm. (AÓB, ISG, KÁ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (EH, FI, FrS, GAK, HG, IBA, JÁ, PP, SÞór, StH, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 539 felld með 30:30 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HÁ, HG, ISG, SÞór, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, AKS, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS, ÖS, AÓB, EKJ, FI, GB, GÁ, GHelg, GunnS.
nei: HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, SalÞ.
2 þm. (IBA, EH) greiddu ekki atkv.
1 þm. (GAK) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson:
Virðulegi forseti. Með þessari tillögu er verið að fara fram á það að þingflokkar sitji við sama borð hvað snertir kaup aðalstofnana stjórnkerfisins, ráðuneyta og annarra aðalstofnana á málgögnum flokka og dagblaða. Það hefur verið ákveðin jafnréttishugsjón í gangi varðandi þetta atriði að þingflokkum væri ekki mismunað og þeim blöðum sem flytja meginmálflutning þingflokkanna hér á Alþingi. Það er ekki verið að fara fram á það að einstakafjöldinn sé aukinn. Það er ósk okkar og von að menn sýni sanngirni í þessum efnum og fari ekki að beita skiptingu stjórnar og stjórnarandstöðu varðandi mál af þessu tagi. Ég segi því já.

Brtt. 514,57 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (JÁ, KÁ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (GAK, HÁ, PJ, StH, SJS, SvG) fjarstaddir.

Brtt. 515,12 samþ. með 31:2 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP.
nei: KHG, RA.
23 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SÞór, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (AKS, ÁMM, EH, GAK, HG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
26 þm. (AÓB, AKS, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
2 þm. (GAK, HG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 546).

Kosning fimm manna í stjórn Grænlandssjóðs til þriggja ára, frá 1. janúar 1993 til 31. desember 1995, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 102 31. desember 1980, um Grænlandssjóð.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Árni Johnsen alþingismaður (A),
Haraldur Ólafsson lektor (B),
María Ingvadóttir viðskiptafræðingur (A),
Danfríður Skarphéðinsdóttir kennari (B),
Margrét Heinreksdóttir lögfræðingur (A).

Kosning eins fulltrúa hvers þingflokks og jafnmargra varafulltrúa úr hópi alþingismanna í Vestnorræna þingmannaráðið, skv. ályktun Alþingis 19. desember 1985. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Árni Johnsen,
Jón Helgason,
Karl Steinar Guðnason,
Steingrímur J. Sigfússon,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Varamenn:
Guðmundur Hallvarðsson,
Valgerður Sverrisdóttir,
Sigbjörn Gunnarsson,
Margrét Frímannsdóttir,
Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninga 1992, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Pálmi Jónsson alþingismaður (A),
Svavar Gestsson alþingismaður (B),
Sveinn Hálfdánarson innheimtustjóri (A).

Kosning aðalmanns í stað Kristjáns Torfasonar í yfirkjörstjórn Suðurlandskjördæmis til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.

Fram kom einn listi með einu nafni og þar sem ekki voru fleiri menn tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Georg Lárusson sýslumaður, Vestmannaeyjum.

Um þingsköp.
Afstaða Spánar til EES-samningsins.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Alþingi er nú komið fram yfir þann tíma sem gert var ráð fyrir að þingmenn fengju jólahlé og störfum þingsins væri lokið fyrir jól. Því veldur dráttur hér á þingstörfum varðandi mál sem ríkisstjórnin hefur viljað knýja fram og ekki aðeins það mál sem við vorum að greiða atkvæði um, frv. til fjárlaga, heldur sú krafa af hálfu stjórnvalda að halda inni á dagskránni fram undir þetta samningi um Evrópskt efnahagssvæði og því frv. sem honum tengist sem og tvíhliða sjávarútvegssamningi milli Evrópubandalagsins og Íslands. Forusta þingflokka ásamt forsætisnefnd hefur fjallað um þessa stöðu og við höfum verið að fá fregnir af því núna í dag hvernig ríkisstjórnin hugsar sér framhaldið, þar á meðal að ræða þessa samninga sem ég nefndi varðandi Evrópskt efnahagssvæði og sjávarútvegsmál sitt hvorum megin áramóta milli jóla og nýárs og strax að loknu þessu ári.

Nú vorum við að fá fregnir um það að framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hefði ekki samningsumboð. Það var að gerast á utanríkisráðherrafundi Evrópubandalagslandanna í dag í Brussel að Spánn neitaði að vera með í að veita framkvæmdastjórninni umboð til samninga og frágangs eftir þeim hugmyndum sem fram höfðu komið og utanríkiskommissar EB hafði mælt með, þ.e. það sem hæstv. utanrrh. hefur nefnt tæknilegar breytingar á samningnum. Það liggur því fyrir að þarna er ekkert samningsumboð þess aðila sem EFTA-ríkin þyrftu þá að tala við, en hæstv. utanrrh. hefur tjáð þinginu og alþjóð það að hér væri aðeins um minni háttar mál að ræða sem hægt væri að kippa í liðinn mjög fljótlega. Í fréttatilkynningum sem fyrir liggja frá NTB-fréttastofunni, frétt sem þaðan er komin, er greint frá því að ekki séu líkur á því að framkvæmdastjórnin fái samningsumboð fyrr en í fyrsta lagi á utanríkisráðherrafundi Evrópubandalagsríkjanna 1. febr. nk. og þá fyrst reyni á það hvort Spánn geri alvöru úr því að krefjast samningaviðræðna um breytingar á efni EES-samningsins. Hið sama kemur fram í fréttatilkynningu sem framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hefur gefið út og þar er talað um samningaviðræður eða „negotiations" á enskunni en ekki aðeins tæknilegar breytingar.

Ég tel, virðulegur forseti, að þessar fréttir sem við vorum að fá hér undir atkvæðagreiðslu um fjárlög breyti þeirri stöðu sem fyrir hefur verið, að vísu ekki mati stjórnarandstæðinga á þessu máli heldur því sem hæstv. utanrrh. hefur fram haldið og samningamenn ríkisstjórnarflokkanna hér í sambandi við þinghaldið. Því tel ég nauðsynlegt og það er ósk mín til hæstv. forseta að þessi staða verði endurmetin í ljósi þeirra frétta sem fram hafa komið og menn reyni að ganga hér frá þinghaldi nú á næstu klukkustundum og þar til að þing aftur tekur til starfa samkvæmt starfsáætlun síðla í janúarmánuði. Það er ósk mín við hæstv. forseta að hann hlutist til um að svo verði.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég vil taka mönnum vara við því að hrapa að ályktunum um stöðu EES-málsins út frá þeirri túlkun á fréttaskeytum sem við heyrðum hér áðan. Ástæðan fyrir því að ég segi það er einfaldlega sú að ég hef hér fyrir framan mig fréttatilkynningu ráðherraráðs Evrópubandalagsins um afgreiðslu þess á málinu. Hún er þess eðlis að ráðið lýsir ánægju sinni með það starf sem nú fer fram milli EB- og EFTA-sérfræðinga um viðauka við samninginn og fer fram á það við framkvæmdastjórnina að hún komi á framfæri við ráðið svo fljótt sem auðið er tillögu að ákvörðun fyrir ráðið um að hefja slíka samninga og lagði fyrir nefnd fastafulltrúa að flýta meðferð sinni á málinu. Þetta eru aðalatriði þeirrar fréttatilkynningar sem borist hefur frá ráðinu sjálfu.

Að svo miklu leyti sem menn eru að láta í ljós undrun sína á því að fulltrúar Spánverja hafi á þessum fundi lýst því yfir að Spánn muni gera þá kröfu að hin EFTA-ríkin greiði hlut Sviss, þá þarf það að sjálfsögðu ekki að koma neinum á óvart. Það er kannski meira fréttnæmt að það skuli ekki liggja fyrir nú þegar að bandalagsríki Spánar, þau sem lengst hafa gengið fram í kröfum um fjárframlög, eins og Grikkland, Portúgal og Írland, skuli ekki hafa lýst yfir stuðningi við þessa tillögu. Loks vil ég benda á það að í samningnum eins og hann liggur fyrir, þá er framlagið í þróunarsjóð fyrir EFTA-ríkin skilgreint í einni tölu. Málið liggur því þannig fyrir að það yrðu að vera EFTA-ríkin sem krefðust þess að hún yrði lækkuð í ljósi þess að Sviss hefur helst úr lestinni þannig að kröfur Spánverja sem Evrópubandalagið er ekki búið að leggja blessun sína yfir, sem og hitt, spurningin um það hvort hér er eingöngu um tæknilegar breytingar að ræða eða efnisbreytingar, um hvorugt er hægt að fullyrða af texta fréttatilkynningar ráðherraráðsins að staðan hafi breyst. Ég hef hins vegar séð fréttaskeyti, aðallega frá norskum fréttastofum, þar sem menn vilja leggja í þetta aðra túlkun og tala um að ljóst sé nú að málið hafi orðið fyrir töfum o.s.frv. Um það segi ég það eitt að það hefur ævinlega legið ljóst fyrir að ríkjaráðstefnan gæti í fyrsta lagi orðið í janúar eins og reyndar kemur fram í fréttatilkynningu frá Uffe Ellemann-Jensen, utanríkisráðherra Dana, sem verður í forsæti fyrir Evrópubandalagið. Hann vill stefna að því að ríkjaráðstefnan verði í janúar, og að annar ráðsfundur Evrópubandalagsins verði ekki fyrr en í febrúar þar sem hægt væri að útkljá málið af þess hálfu.

Mín niðurstaða er því einfaldlega sú að ég ráðlegg að menn fari varlega í að að hrapa að einhverjum ályktunum í tilefni af þessum fréttaskeytum. Fundur utanrmn. er víst boðaður á næstunni þar sem menn geta rætt þetta betur en að því er varðar það að túlka út frá þessum fréttaskeytum einhverja nauðsynlega breytingu á þinghaldi hér þá væri hún helst sú, ef einhver væri, að okkur væri enn brýnni nauðsyn á að lúka þessu máli til þess að hafa það ekki opið fyrir útistandandi kröfum, við skulum segja Spánverja eða annarra slíkra þjóða.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill benda á að EES-málið er ekki á dagskrá þessa fundar. Hér hafa fjórir hv. þm. beðið um orðið um gæslu þingskapa og forseti óskar eftir því að ekki verði farið hér út í efnislegar umræður um EES-samninginn eða það mál, heldur ef menn vilja tala um gæslu þingskapa, þá sé það gert. Hins vegar vill forseti benda á að það er meiningin að fresta þessum fundi til kl. hálfníu í kvöld.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég skal reyna að virða hér öll mörk og hæversku en það eru mikil tíðindi að gerast. Ég skal ekki rekja þau sérstaklega í sambandi við samskipti okkar við önnur ríki og bandalög. Við höfum nú beðið æðilengi eftir fréttum þaðan og ljóst er að okkar þinghald hlýtur að markast með einhverjum hætti af því sem þar er að gerast, t.d. þannig að það getur varla verið þegar það liggur fyrir að það verða a.m.k. einn eða tveir mánuðir þangað til mál skýrast erlendis til þess að við getum tekið þau til skoðunar. Ég hef haldið því fram æðioft hér í þessum ræðustól að enn hefðum við ekkert nema drög eða slitur af svokölluðum EES-samningi. Það er enn þá ljósara nú en nokkru sinni áður og einnig ljóst að við mundum hætta stjórnarskrá okkar ef við ánetjuðumst þessum stofnunum sumum hverjum erlendum og það mundi ég ekki vilja óska neinum alþingismanni að gera óviljandi eða viljandi og gæti varla óskað mönnum gleðilegra jóla og því síður gleðilegs nýs árs og nýrra ára með því að eiga það á hættu.

Ég þakka forseta fyrir að leyfa mér að segja þessi orð sem eru um þingsköp. Vona ég að við fáum a.m.k. eins eða tveggja mánaða frið til þess að hugleiða þessi mál, framtíð Íslands, kannski um alla framtíð, einhver merkilegustu og mikilvægustu mál sem Alþingi hefur haft alla vega frá lýðveldisstofnun og kannski miklu, miklu, stærri og alvarlegri mál. En ég tek nú alla vega þá áhættu — og ekki áhættu, ég er þess fullviss að það er hægt að gera það — og óska því öllum hv. alþm. gleðilegra jóla og góðs árs og síðast en ekki síst forsetanum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill ítreka það að þetta mál hlýtur að koma til umræðu á fundi utanrmn. og vill því enn á ný beina

því til hv. þm. að þeir ræði ekki um EES-málið í umræðu um gæslu þingskapa.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Á fundi utanrmn. sem haldinn var hér á laugardagseftirmiðdag með sjútvn. lét ég í ljós þá skoðun að það væri skynsamlegt að bíða eftir niðurstöðu ráðherrafundar Evrópubandalagsins áður en menn tækju ákvarðanir um framhaldið. Mér sýnist að þeir atburðir sem gerst hafa í dag hafi sýnt það að þessi ábending hafi átt rétt á sér. Ég vil hins vegar eindregið taka undir með hæstv. utanrrh. þegar hann segir að menn eigi ekki að flýta sér að draga ályktanir. Ég vona að það eigi einnig við hæstv. ráðherra því það er auðvitað alveg ljóst að með þessari ákvörðun sinni hefur ráðherraráð Evrópubandalagsins ómerkt nánast allt það sem ráðherrann hefur sagt hér við þingið á undanförnum vikum. Ráðherrann hefur sagt það við þingið að það væri skilyrði fyrir aðgangi Íslands að framhaldinu að við staðfestum EES-samninginn. Það er nú alveg ljóst að það er ekki rétt. Nú er það komið í ljós að Evrópubandalagið ætlar ekkert að staðfesta EES-samninginn á næstunni, ekki einu sinni á næstu mánuðum. Og það kemur í ljós í fréttatilkynningu, sem ég vænti að sé einnig rétt, að utanríkisráðherrum Svíþjóðar, Finnlands og Austurríkis verður boðið á næsta ráðherrafund Evrópubandalagsins til þess að hefja viðræður við þessi lönd um aðild að EB. Með öðrum orðum á sama tíma og ráðherraráð Evrópubandalagsins setur EES-samninginn í frysti tekur það ákvörðun um að bjóða utanríkisráðherrum þeirra þriggja EFTA-landa sem sótt hafa um aðild á næsta ráðherrafund EB til að ræða framhaldið. Þar með eru aðildarumsóknir þessara þriggja landa teknar fram fyrir EES-samninginn af hálfu Evrópubandalagsins. Það er nú varla hægt að tala skýrar af hálfu Evrópubandalagsins í þessu máli heldur en hér hefur verið gert. Þess vegna er auðvitað nauðsynlegt að forustumenn allra flokka á Alþingi ræði saman í rólegheitum á næstu dögum og vikum um hagsmuni Íslands í þeirri stöðu sem nú er komin upp því að það er alveg ljóst að bæði Evrópubandalagið og frændþjóðir okkar á Norðurlöndum hafa núna ákveðið að hefja allt aðra göngu og hæstv. utanrrh. getur engu breytt um það. Þetta eru bara staðreyndir. Ég vona þess vegna að ráðherrann geri þessi orð sem hann mælti hér einnig að einkunnarorðum fyrir sitt atferli á næstunni og menn flýti sér nú ekki með neinar ályktanir og bíði bara í rólegheitum þangað til Evrópubandalagið talar næst í málinu og það verður ekki fyrr en í febrúar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Utanríkismálanefndarfundur er væntanlega hafinn. Hann átti að hefjast 18.30 eftir því sem forseti veit best og þar gefst mönnum væntanlega færi á að ræða þetta mál.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég ætla að tala um þingsköp. Ég tel að það sé viturlega mælt hjá hæstv. utanrrh. að forðast að draga ályktanir of hvatvíslega. Ég legg til að við snúum okkur að öðrum þingstörfum. Þessi EES-mál eru komin til hlés í bili og mín von er sú að menn átti sig á því að það sé skynsamlegt að fara að fitja upp á möguleikum á tvíhliða samningi við Evrópubandalagið.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Mín beiðni til forseta varðar einmitt störf þingsins og það mjög náið þar sem þetta mál sem við erum að ræða um hér snertir þinghaldið út frá sjónarhóli ríkisstjórnarinnar.

Ég vil vekja athygli á því að hæstv. ráðherra var að greina frá því hér áðan að í rauninni hefðu það verið EFTA-ríkin sem væru að krefjast endurupptöku máls með því að vilja ekki greiða þegjandi og hljóðalaust hlut Sviss í þróunarsjóð til Evrópubandalagsríkjanna. Þetta segir okkur að staðhæfingar ráðherrans hér að undanförnu, á þingi og utan þings, um það að aðeins væri um tæknilegar leiðréttingar að ræða en ekki efnisleg átök, hafa ekki byggt á neinu samkvæmt einmitt því sem hæstv. ráðherra er að láta liggja að hér. Þannig að hann er kominn gersamlega í hring í málflutningi sínum gagnvart þinginu að því er varðar stöðu málsins svo ekki sé nú talað um nauðsynina og áhersluna sem hann leggur á að Alþingi fari að leggja blessun sína yfir þetta mál eins og það er vaxið. Ég skora á hæstv. forseta að taka á þessu máli þannig að þingið geti fengið eðlilegar lyktir fyrir jólahlé og að menn komi hér eftir að hafa skoðað málin og íhugað rækilega samkvæmt starfsáætlun þingsins síðla í janúarmánuði.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Mér skilst að menn hafi kvatt sér hér hljóðs um gæslu þingskapa til þess að beina máli sínu til forseta og ályktunarorð þeirra eru þau að vegna fréttatilkynningar sem ráðherraráð Evrópubandalagsins hefur þegar birt og liggur hérna fyrir, þá sé þeim tilmælum beint til forseta að breyta áformum um þinghald. Fyrir því eru engin rök og það hafa engin rök verið nefnd því til staðfestu vegna þess að í þessari fréttatilkynningu frá fundi, sem reyndar er ekki lokið og var ekki lokið seinast þegar ég vissi, lá ekkert fyrir um það að málið sé komið í einhvern nýjan farveg, að málinu hafi verið hafnað. Þvert á móti, eins og ég hef þegar gert grein fyrir og menn geta sjálfir lesið af þessari fréttatilkynningu, þá lýsir ráðið vilja sínum til að hefja þessar samningaviðræður, að gera það sem allra fyrst og hraða afgreiðslu málsins. Það er engin forsenda fyrir því að beina einhverjum tilmælum til forseta Alþingis um að breyta þinghaldi af þessum sökum, hvað þá heldur að vera uppi með einhverja sleggjudóma eða fullyrðingar út í loftið um að upplýsingar sem gefnar hafi verið hafi ekki reynst réttar o.s.frv.

En ég endurtek það, og menn hafa tekið undir það, það er ástæðulaust að hrapa að einhverjum ályktunum. Það eru mjög margir hér sem hafa ekki einu sinni séð

þessa fréttatilkynningu ráðherraráðsins. Utanrmn. ætti að vera á fundi nú þegar, ef hún er það ekki, ef hún gæti fengið fundarfrið fyrir utandagskrárumræðum. Það sem ég hef fyrst og fremst um málið að segja er það að ég tek mönnum vara við því að taka þetta fyrir eitthvað annað en það er, ótímabært upphlaup.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur ákveðið að fresta fundi vegna beiðna um nefndafundi sem eiga að fara fram núna frá kl. 6 og er fyrirhugað að fresta fundi til kl. 8.30 í kvöld. Forseti sér ekki ástæðu til þess að menn haldi áfram að ræða um þetta mál. Forseti hefur hlustað á það sem menn hafa hér fram að færa og hlustað á þeirra skoðanir og meira er ekki hægt að gera í þessu máli á þessari stundu.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég skal hafa þetta bara fáeinar setningar. Vegna orða hæstv. utanrrh. er auðvitað nauðsynlegt að það komi fram að það sem hefur gerst er að ráðherraráð Evrópubandalagsins veitti framkvæmdastjórninni ekki umboð til áframhaldandi samninga. Með öðrum orðum: Ráðherraráð Evrópubandalagsins féllst ekki á að gera það sem utanrrh. er búinn að biðja Alþingi um að gera hér, að veita honum umboð til þess að halda áfram með málið. Þess vegna liggur það ljóst fyrir, virðulegi forseti, að sá mikli þrýstingur sem hér hefur verið á að afgreiða málið á næstu dögum vegna þessa samningsumboðs fyrir utanrrh. liggur bara alls ekki fyrir þegar hinn meginaðilinn, Evrópubandalagið, ætlar að fresta sinni ákvörðun þangað til í febrúar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hafði nú verið ætlun forseta að hafa hér utandagskrárumræðu að lokinni atkvæðagreiðslu sem tók lengri tíma en gert hafði verið ráð fyrir. Þess vegna sér forseti ekki fram á annað en það verði að fresta þessari utandagskrárumræðu. Forseti mun reyna að stefna að henni í kvöld þegar fundi verður fram haldið ef það hentar báðum aðilum, þ.e. ef hæstv. ráðherra og hv. þm. eru samþykkir því. Þá mun sú utandagskrárumræða hefjast hér í kvöld þegar fundur hefst að nýju kl. hálfníu. — [Fundarhlé.]

Umræður utan dagskrár.

Byggingarframkvæmdir við sjúkarhúsið á Ísafirði.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fundi er fram haldið og hefst nú utandagskrárumræða eins og áður hafði verið tilkynnt. Hún fer fram að beiðni hv. 6. þm. Vestf. og fjallar um vinnubrögð heilbrigðisráðherra við afgreiðslu á tilboðum í byggingarframkvæmdir við Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði. Þessi umræða fer fram eftir fyrri mgr. 50. gr. þingskapa sem þýðir hálftíma umræða.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Hæstv. forseti. Byggingarsaga Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði er orðin æðilöng og fer líklega á þriðja tuginn áður en lýkur. Tilboð í lokaáfanga sjúkrahússins voru opnuð 23. okt. sl. og höfðu fimm tilboð borist. Lægsta tilboð reyndist vera 57,9 millj. kr. en kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir 56 millj. kr. Næstlægsta tilboð var síðan 1 millj. kr. hærra en lægsta tilboð. Á fjárlögum 1992 voru fjárveitingar til verkefna við súkrahúsið 35 millj. kr. en af því áttu 9 millj. að fara til utanhússviðgerða. Það verk var boðið út á sl. sumri og bárust sextán tilboð. Þegar þau tilboð höfðu legið alllengi óafgreidd var ákveðið í ráðuneytinu að hafna öllum tilboðum og skoða hvort önnur viðgerð en áformuð var í útboðsskilmálum hentaði betur. Kostnaðaráætlun þar hljóðaði upp á 33 millj. en tilboðin sem bárust voru frá 29 millj. og upp úr. Ekkert hefur því enn verið unnið í viðgerðum utan húss við sjúkrahúsið. Nú eru rúmar sjö vikur síðan tilboðin í fimmta áfanga sjúkrahússins voru opnuð og enn hefur ráðherra ekki gengið til samninga við lægstbjóðanda um verkið. Allar athuganir á tilboðunum hafa verið gerðar hjá framkvæmdadeild Innkaupastofnunar og hefur hún metið það svo að taka beri lægsta tilboði.

Nú er það svo að ekki eru til lög um útboð. En staðallinn ÍST30 lýsir almennum reglum sem myndast hafa í samskiptum verkkaupa og verktaka. Hann er saminn og samþykktur af fulltrúum helstu hagsmunaaðila í byggingariðnaði og er ætlað að tryggja gagnkvæman rétt þeirra og stuðla að skipulegum og heiðarlegum vinnubrögðum af hálfu beggja aðila. Því er mikilvægt að menn geti treyst því að farið sé eftir ákvæðum ÍST30. Í áttunda kafla íslensks staðals er fjallað um frest til að taka tilboði. Fresturinn er ákveðinn þrjár vikur samkvæmt staðlinum frá því að tilboð voru opnuð. Bjóðandi er bundinn af tilboði sínu þann tíma. Í dag eru rúmar fjórar vikur frá því að fresturinn rann út og fer raunar að nálgast fimmtu vikuna. Og rétt fyrir hádegi í dag hafði ráðherra enn ekki tekið ákvörðun um að ganga til samninga um verkið.

Það er hverjum manni augljóst að þetta eru óeðlileg vinnubrögð sem hér eru viðhöfð. Þeim mönnum sem áttu lægstu tilboðin er haldið í óvissu um það hvor þeirra fái verkið. Á meðan svo er verða þeir að halda að sér höndum við útboð á öðrum verkum. Þeir verða að halda mönnum í vinnu í von um að þeir fái þetta verk þó ekkert sé fyrir þá að gera á þessari stundu.

Allir vita hvernig átvinnuástandið í þjóðfélaginu er úm þessar mundir. Framboð á atvinnu er lítið og menn reyna að tryggja afkomu sína með öllum ráðum. Því er óskiljanlegt að ráðherra heilbrigðismála skuli koma fram með þessum hætti. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Er hann búinn að ákveða hvaða tilboði verður tekið og hverjar eru ástæður þess að enn hefur ekki lægsta tilboði verið tekið í þetta verk?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. 6. þm. Vestf. að í sumar fór fram útboð á viðgerðum á múrskemmdum við sjúkrahúsið á Ísafirði. Fyrir lá þá úttekt á þessum skemmdum sem stafa af því að í fyrsta lagi virðist ekki hafa verið fylgt verklýsingu um magn loft-

blendis í steypu og rannsóknir leiða í ljós að loftblendi hefur ekki verið í steypunni með þeim afleiðingum að steypan er ekki frostþolin. Í öðru lagi hefur verk ekki verið vandað nægilega vel, járn liggja of utarlega í steypunni þannig að hún er það gegndræp að járnin ryðga og sprengja innan frá sér. Þarna er um að ræða mjög miklar skemmdir á svo til nýju mannvirki sem stafa annars vegar vegna verksvika og hins vegar vegna vinnusvika og í þriðja lagi vegna skorts á eftirliti.

Þetta viðgerðarverk var síðan boðið út og gert ráð fyrir því að við það yrði gert með tilteknum hætti. Þá bárust tilboð og munur á hæsta og lægsta tilboði var yfir 100%. Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins lagði það til við mig að engu tilboðanna yrði tekið vegna þess að framkvæmdadeildin leit svo á, og arkitektinn var henni sammála, að þau áform sem hefðu verið uppi um hvernig ætti að leysa þessi viðgerðarviðfangsefni væru ekki varanleg. Síðan hefur heilbrrn. og byggingardeild þess verið að leita annara lausna sem hillir nú undir.

Þá hefur einnig verið boðið út verk við innréttingu fimmta áfanga Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði. Borist hafa tilboð sem öll eru yfir kostnaðaráætlun. Ég hef fengið niðurstöðu framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar en minnugur fyrri reynslu sem ég lýsti hér áðan þá bað ég deildarstjóra byggingardeildar heilbrrn., sem fer með umsjón allra verka á vegum ráðuneytisins, að gera sínar tillögur, ræða þær við heimaaðila bæði bæjaryfirvöld, eftirlitsaðila og þá aðila sem verktakar hafa unnið fyrir og fá umsögn um þá og kanna fjárhagslega stöðu þeirra. Niðurstaðan af athugunum deildarstjórans tafðist einfaldlega vegna þess að hann hefur verið fjarverandi í rúmlega vikutíma til að leita að öðrum lausnum fyrir sjúkrahús Ísfirðinga, með öðrum orðum viðgerð á múrskemmdum með erlendum klæðningum. Ég fékk hins vegar nýlega minnispunkta hans og niðurstöður. Ég fékk þær í gær. Ég hef hins vegar ekki haft tíma til að líta yfir niðurstöðu hans eða röksemdir fyrir því þannig að ég hef ekki tekið ákvarðanir enn. En ég vænti þess að ég geti gert það mjög fljótlega öðru hvoru megin við jól eftir því hvernig vinnu miðar fram á þinginu og hvaða tíma ég hef til að setjast yfir þetta viðfangsefni í ráðuneytinu. Hins vegar er alveg ljóst eins og hv. þm. tók fram að framgangur mála við viðgerðina sérstaklega hefur ekki verið með sem æskilegustum hætti því að enn, nokkuð mörgum mánuðum eftir að verkið var boðið út, liggur ekki fyrir niðurstaða tæknimanna um það hvernig á skuli halda við viðgerð á húsinu. Ég tel koma fyllilega til athugunar að höfðað sé mál vegna þeirra verk- og vinnusvika og eftirlitságalla sem hafa verið á framkvæmd verksins þó að ég viti að sennilega mun slíkt mál ekki vinnast þó ekki væri til annars en að leiða það í ljós að það gengur ekki, virðulegi forseti, að hver stórbyggingin á fætur annarri, sem reist er við nýjustu tæknibekkingu og besta vélakost á Íslandi, sé svo stórskemmd að það þurfi tugi milljóna til að gera við byggingarnar eiginlega strax eftir að þær eru teknar í notkun.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér um ræðir lýtur að tilboðum sem opnuð voru fyrir alllöngu í framkvæmdir við lokafrágang lyflækninga- og hjúkrunardeildar við heilsugæslustöð og sjúkrahús á Ísafirði. Í þessu máli liggur fyrir að framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins hefur komist að þeirri niðurstöðu að það beri að taka lægsta tilboði í það verk. Sú tillaga framkvæmdadeildarinnar var kynnt í bréfi 13. nóv. sl. og síðan hefur ekki verið tekin ákvörðun um það af hálfu hæstv. heilbrrh.

Þetta mál snýst raunar eingöngu um að unnið sé faglega að málinu. Það liggur í augum uppi að löggjafinn ætlast til þess að framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins hafi yfir þessum málum að segja. Í lögum um opinberar framkvæmdir er einmitt talað um að það sé hlutverk framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins að hafa yfirumsjón með málum af þessu tagi. Þess vegna hlýtur maður að álykta sem svo að þegar framkvæmdadeildin hefur farið tæknilega og fjárhagslega yfir þetta mál þá verði að vera mjög þung rök sem gera það að verkum að ráðherra kjósi að hunsa álit stofnunar af þessu tagi.

Þess vegna tel ég að eðlilegast væri að hæstv. heilbrrh. hraðaði ákvörðun málsins til að eyða þeirri óvissu sem uppi er. Sá mikli seinagangur á málinu hefur gert það að verkum að þeir verktakar sem hér um ræðir, lægsti og næstlægsti, hafa ekki tekið eðlilegan þátt í útboðsmarkaðnum á Ísafirði og hafa þannig orðið fyrir miklu fjárhagslegu tjóni. Ég tel þess vegna að eðlilegast væri að hæstv. heilbrrh. hraðaði þessu máli, lyki þessari óvissu þannig að ljóst yrði að hægt væri að hefjast handa um að vinna þetta verk sem svo mikið liggur á við Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða ákaflega einfalt framkvæmdaatriði sem á í reynd ekki að vera í höndum ráðherra, þ.e. að velja verktaka samkvæmt þeirri aðferð sem ríkið notar og eru oftast kölluð útboð. Það er faglegt mat sem á að ráða og það mat á að fara eftir ákvæðum útboðsskilmála. Einn hluti af útboðsskilmálum verksins sem og annarra verka er íslenskur staðall og samkvæmt honum ber ráðherra að taka lægsta tilboði nema einhverjir þeir gallar eða vankantar séu á lægstbjóðanda sem dæma hann frá. Þar væri í fyrsta lagi um að ræða fjárhagsstöðu og í öðru lagi reynslu verkkaupa af honum ef hún væri slæm. Það liggur fyrir frá framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins, sem er hinn faglegi aðili fyrir hönd ríkisins, að verktakinn er hæfur, tilboðið er gott og gilt og þeir gera tillögu um að sá verði valinn sem lægstbjóðandi er. Hæstv. ráðherra kom ekki fram með neinar skýringar á því hvers vegna hann hefur dregið það í tæpa 40 daga að fara að faglegu áliti þess aðila í kerfinu sem falið er að taka slíka aðila út. Enga skýringu hefur hæstv. ráðherra komið með fram. Ekki er laust við að sá grunur læðist að manni að eitthvað annað sé í spilinu en eingöngu fagleg sjónarmið og sá grunur verður dálítið sterkari eftir því sem lengra líður þegar

við horfum yfir fyrri feril hæstv. ráðherra í þessum efnum en hann er vægast sagt orðinn æðiskrautlegur, virðulegi forseti.

Að lokum vil ég benda hæstv. ráðherra á að þau ummæli og sá drjúgi hluti ræðu hans sem fór í að fjalla um vinnusvik, steypuskemmdir og annað slíkt í þessu húsi getur ekki átt við þann sem er lægstbjóðandi því hann hefur ekki verið verktaki þar svo ég viti til í stóru verki.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ekki veit ég hvort hæstv. ráðherra telur að ekki sé á það hættandi að halda áfram með framkvæmdir inni í húsinu fyrr en hann veit hvort hann treystir sér til að láta gera við húsið að utan. En merkilegt er það hvað hann hefur tekið mikinn tíma í það að hugleiða þetta mál. Nú hef ég þá reynslu af hæstv. ráðherra að það skaðar yfirleitt ekki að leyfa honum að hugsa og ég get ekki lagst gegn því að hann noti jólin til þeirra hluta. En ég vona að hann villist ekki af réttum vegi í þessu máli.

Varðandi skemmdirnar, sem lýst er á sjúkrahúsinu, þá er ég sammála hæstv. ráðherra að ég tel að það eigi að stefna undir svona kringumstæðum. Ég tel að það eigi að vera alveg á hreinu að sá sem ber ábyrgð á slíkum mistökum sem þarna eru eigi ávallt að búa við það aðhald að hann viti að upp koma svik um síðir og þá á að taka á því máli. Ég held líka að ekki fari á milli mála að Innkaupastofnunin sjálf sé þar ábyrg því hún er eftirlitsaðilinn með verkinu og kannski ekki óeðlilegt að henni sé stefnt í leiðinni.

En burt séð frá því hafa verið miklar annir hjá ráðherranum og e.t.v. er það þess vegna sem hann hefur ekki komist yfir það að hugsa nóg um þetta mál. En eins og frummælandi gat um áðan þá liggur fyrir ákveðið álit og náttúrlega þurfa að vera mjög sterk rök ef að menn taka ákvarðanir um að taka ekki lægsta tilboði.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Heyrði ég það rétt að það væri unnið þannig í heilbrrn. að hæstv. ráðherra sæti yfir tilboðum í einstakar framkvæmdir á vegum ráðuneytisins? Heyrði ég það rétt að hæstv. ráðherra hefði ekki getað komist í það verk að meta tiltekin tilboð af því að það hafi verið svo miklar annir á Alþingi? Heyrði ég það rétt að þetta væri sami ráðherrann og leggur til að Alþingi afgreiði á einni viku tillögu um byltingarkenndar breytingar á almannatryggingalögunum? Um að spara 430 millj. kr. í tannlækningum. Um að spara 230 millj. kr. í lyfjakostnaði. Um að hækka sérfræðingagreiðslur og taka upp tilvísanakerfi. Um að gjörbylta kerfi mæðra- og feðralauna og meðlagsgreiðslna. Er þetta virkilega sami ráðherrann og er 40 daga að velta því fyrir sér með hvaða hætti á að fara með tilboð í eitt verk vestur á Ísafirði? Þetta er með ólíkindum, virðulegi forseti, þegar hlutirnir eru auk þess þannig, eins og fram kom hér fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að ráðherrann á tiltekinn faglegan grundvöll til að meta þessi mál á. Ráðherra á ekki að skipta sér af því hvaða tilboðum er tekið. Það er ekki hans hlutverk. Sé það svo að hæstv. ráðherra telji að Innkaupastofnun ríkisins hafi vanrækt verk á þessu sviði þá er málið stóralvarlegt. Það er ekki rétt aðferð að stefna í þeim efnum af hálfu ráðuneytisins. Það er rétt aðferð hjá ráðherranum að taka þetta upp við hæstv. fjmrh., sem er yfirmaður Innkaupastofnunar ríkisins, og ef hann lætur sér ekki segjast þá á hæstv. ráðherra að taka þetta mál upp á ríkisstjórnarfundi, það liggur þannig. En það liggur ekki þannig að hæstv. ráðherra heilbrigðismála eigi að kvotla með útboðspappíra undir jólatrénu hjá sér næstu daga til að finna út hvaða tilboði á að taka.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hér fer fram um tiltekið verk á Ísafirði vildi ég heyra það frá hæstv. ráðherra hver afstaða meðeigandans er. Sveitarfélögin eru væntanlega þátttakendur í þessu verki eins og gert er ráð fyrir lögum samkvæmt og væri fróðlegt að vita hvort að sveitarfélagið hefur tekið ákvörðun. Vegna orða ráðherrans um að verið væri að skoða málið sérstaklega í heilbrrn. vildi ég spyrja hvort þá megi líta svo á að framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins hafi verið sett til hliðar í málinu. Ef svo er þá tel ég það afskaplega alvarlegan hlut. Ég lít svo á að samkvæmt lögum um opinberar framkvæmdir hafi framkvæmdadeildin afskaplega mikilvægu hlutverki að gegna. Þar er nýlega búið að skipa nýjan forstöðumann og ég tel að það sé afar mikilvægt fyrir þann mann að fá fremur stuðning og styrk við það erfiða hlutverk sem hann hefur á hendi lögum samkvæmt því að opinberar framkvæmdir eru mikilvægar og ríkið hefur í mörg horn að líta. Þess vegna vildi ég heyra frá hæstv. ráðherra hvort svo megi líta á að framkvæmdadeildin hafi í þessu máli verið sett til hliðar.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér finnst þetta nokkuð furðuleg svör. Engu tilboði var tekið í sumar vegna þess að framkvæmdadeildin lagði til að engu tilboði yrði tekið. En núna er engu tilboði tekið af því að framkvæmdadeildin hefur ákveðið lagt til að einu tilboðinu, sem er lægst, verði tekið. Þarna fer ekki saman rökstuðningur í málinu hjá hæstv. ráðherra. Samkvæmt því sem hann segir er hann að hugsa um að liggja á þessu máli og láta sig dreyma vel um jólin og ákveða sig ekki fyrr en eftir áramót. En af því að áðan var spurt um hvort sveitarfélagið væri e.t.v. með aðra skoðun þá er ég ekki viss um að ráðherrann muni koma með réttar upplýsingar eftir því sem ég þekki til hans. Ég ætla því að koma með upplýsingar sem eru úr bréfi frá bæjarsjóði Ísafjarðar og byggingarnefnd heilsugæslustöðvar og Fjórðungssjúkrahúss á Ísafirði og er stílað á Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í bréfi yðar, dagsettu 13. nóv. sl., stílað á bæjarstjórann á Ísafirði kemur fram að tilboð í framkvæmdir við lokafrágang lyflækninga- og hjúkrunardeildar HSÍ og FSÍ hefði verið opnað 29. okt. sl. Lægsta til-

boð var 57.854.836 kr. og mælt er með að tilboði lægstbjóðanda verði tekið þar eð ekkert leiddi í ljós við athugun á fjárhagsstöðu tilboðsaðila sem mælir því gegn. Litið var á umrætt bréf sem tilkynningu en ekki sem beiðni um svörun sem þó kom í ljós með símtali. Og tilkynnist því að samkvæmt öllum umræðum, viðræðum og ályktunum sem fram hafa farið um þennan áfanga milli þeirra aðila sem hér um ræðir að mælt er með því að gengið verði til samninga nú þegar þannig að unnt verði að hefja framkvæmdir í síðasta lagi um næstkomandi mánaðamót." Undir þetta skrifa f.h. bæjarsjóðs Smári Haraldsson og fyrir hönd byggingarnefndar heilsugæslustöðvar og Fjórðungssjúkrahúss á Ísafirði Fylkir Ágústsson, formaður stjórnar. Það fer því ekki á milli mála að heimaaðilar hafa líka mælt með lægsta tilboði.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég nýt ekki þess vafasama heiðurs að hafa hvorki skrautlegan né óskrautlegan feril í þessum málum því ég hef bara engan feril í þessum málum sem hv. 6. þm. Vestf. var að tala um, hvorki skrautlegan né óskrautlegan.

Það sem að gerist er einfaldlega þetta: Lagt var til í sumar að farið yrði í ákveðið útboð um viðgerðir. Ég gerði það á grundvelli tillagna þar um. Tilöguaðilar snúa hins vegar við blaðinu þegar öll tilboð eru komin og óska eftir því að engu tilboði verði tekið heldur verði sest yfir verkið að nýju vegna þess að bæði kostnaðaráætlanir og verkáætlanir séu út í hött. Síðan er framkvæmt annað útboð samkvæmt ráðleggingum sömu aðila og í ljós kemur að öll tilboðin eru talsvert fyrir ofan kostnaðaráætlun og þá er mér sagt að kostnaðaráætlun sé sennilega röng. Ég taldi rétt að gera nákvæmlega það sem hér kom fram, þ.e. að óska eftir því við deildarstjóra byggingardeildar heilbrrn. að hann skoðaði málið með tilliti til fyrri reynslu, ræddi við heimaaðila, þ.e. bæjarstjóra, formann sjúkrahússtjórnar, eftirlitsaðila, kannaði fjárhagsstöðu, reynslu og möguleika aðila til þess að vinna það verk sem þeir höfðu boðið í. Þetta hefur deildarstjórinn gert og hann skilaði mér sl. föstudag skýrslu með tillögum og niðurstöðum. Ég hef því miður ekki haft tíma til þess að fara í gegnum það, en ég mun gera það því það er skylda mín. Það að ráðherra hefur heimild til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum eins og ég gerði í sumar. Það er er ekkert óeðlilegt miðað við fyrri reynslu að ég óski eftir því að deildarstjóri byggingardeildarinnar kanni málið, m.a. með viðtölum við heimamenn. Það hefur hann gert.

Það hefur ekki gerst í heilbr.- og trmrn. að byggingardeildin hafi tekið við hlutverki framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins um útboð og eftirlit með verkum. Hins vegar hefur byggingardeild heilbrrn. með fullu samþykki framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins tekið við öllum verkundirbúningi af framkvæmdadeildinni. Nákvæmlega það er verið að gera í þessu máli. Það er verið að vinna að verkundirbúningi. Auðvitað er það framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins sem býður út, en byggingardeild ráðuneytisins er með verkundirbúninginn samkvæmt samningi við framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins. Því hefur verið staðið að þessu máli með fyllilega eðlilegum hætti þó ég viðurkenni það, virðulegi forseti, að það hefur dregist úr hömlu að taka ákvörðunina, en ástæðan var sú að deildarstjóri byggingardeildar var heila viku fjarverandi að vinna að því að reyna að finna lausn á þeim málum varðandi viðhald sjúkrahússins á Ísafirði sem ég lýsti áðan.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir tvær ræður í nokkuð löngu máli hefur hæstv. heilbrrh. ekki komið fram með neina skýringu á því hvers vegna hann hefur dregið í tæpa 40 daga að fallast á þá tillögu þess faglega aðila sem með málið fer. Ég skora á hæstv. ráðherra og teldi það hyggilegra af hans hálfu að staðfesta þá tillögu sem fyrir liggur frá framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins. Það er ráðherranum til vansa að virða að vettugi fyrirliggjandi tillögu og ýta henni til hliðar. Ráðherann verður að hafa einhver rök í höndunum ef það á að vera niðurstaðan. Hann hefur þau ekki. Það liggur fyrir. Hæstv. ráðherra á þegar í stað að samþykkja þá tillögu sem fyrir honum liggur. Annað er fullkomlega óboðlegt. Ef hæstv. ráðherra lætur verða af hótun sinni um að liggja á þessu máli yfir hátíðirnar þá bætir hann enn einni fjöðrinni í sinn skrauthatt síðan hann varð ráðherra hvað varðar einstakar ákvarðanir sem snerta Vestfirði. Ég gæti rakið það upp fyrir ráðherranum ef hann vill endilega fá að vita það.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að þingmenn Vestfirðinga ræði þetta mál á Alþingi vegna þess að hér er um að ræða stærsta verk sinnar tegundar sem er væntanlegt á markaðinn á Vestfjörðum. Þess vegna er gríðarlega mikið í húfi fyrir vestfirska verktaka hvernig þau mál öll saman æxlast. Út af fyrir sig ber að fagna því sem hæstv. ráðherra sagði að það sé ekki rétt sem hefur verið haldið fram á Ísafirði, þ.e. að hæstv. ráðherra hafi í raun og veru tekið ákvörðun um það að ganga til samninga við næstlægsta tilboðsgjafann. Ég vek athygli á þessu sérstaklega vegna þess að hv. 1. þm. Vesturl. spurði um afstöðu sveitarfélaganna. Mér er kunnugt um að á bæjarráðsfundi á Ísafirði seinnipartinn í dag var rætt um hvort bæjarráðið ætti að ályktа sérstaklega um málið. Þá gerðist það á bæjarráðsfundinum að fulltrúi Alþfl. greindi frá því að á því væri ekki þörf þar sem hæstv. heilbrrh. mundi hafa tekið ákvörðun sína í málinu. Þess vegna mundi ályktun ekki neinu breyta auk þess sem málin væru til umræðu á Alþingi. Nú hefur það verið leitt í ljós í ræðu hæstv. ráðherra að hann mun ekki hafa tekið ákvörðun í málinu og muni hugsa sitt mál mjög vandlega. Út af fyrir sig er það ákveðin hreinsun í þeirri umræðu sem nú á sér stað mjög mikið á Ísafirði og víðar út af þessu máli. Ég held að málið sé þess eðlis að það muni skipta mjög miklu, ekki bara vegna þessarar tilteknu framkvæmdar, sem þó er mjög þýðingarmikil fyrir verktakastarfsemina á Ísafirði og á Vestfjörðum, held-

ur líka vegna þess að verktakar allt í kringum landið munu auðvitað horfa til þess með hvaða hætti hið opinbera, ríkisvaldið, meðhöndlar þessi mál og hvort ríkið kjósi að fara einhverjar aðrar leiðir en þær sem að gert er ráð fyrir í íslenskum staðli nr. 30 og hv. málshefjandi vakti athygli á. Þetta held ég að sé aðalatriði málsins, að menn fái á því staðfestingu á hvern hátt ríkisvaldið hyggst vinna, hvort menn hyggist vinna hér faglega eða hvort unnið verði með einhverjum öðrum hætti.

Málefni aldraðra, 2. umr.

Stjfrv., 97. mál (rekstrarframlög framkvæmdasjóðs). — Þskj. 113, nál. 499, 503 og 518, brtt. 500 og 504.

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82 1989, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um frv. þetta er lýtur að því að rýmka heimild til að nýta fé Framkvæmdasjóðs aldraðra til rekstrar. Nefndin fékk umsagnir um frv. frá Félagi eldri borgara, Landssambandi aldraðra, stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Öldrunarráði.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Tillagan felur í sér að b-lið 1. gr. frv. verði breytt á þann hátt að heimild til að nýta fé framkvæmdasjóðs til reksturs verði bundin við árin 1993–1995 og að upphæðin verði tilgreind í fjárlögum. Jafnframt er gert ráð fyrir að þetta framlag nemi ekki meira en 55% af heildarúthlutun sjóðsins á ári hverju. Áfram er þó í lögunum heimild til að veita tímabundið rekstrarfé til stofnana fyrir aldraða sem breyta eða hefja starfsemi eftir að fjárlagaár hefst.

Meiri hluti nefndarinnar vill leggja áherslu á að miðað við núverandi aðstæður er nauðsynlegt að Framkvæmdasjóður aldraðra fjármagni meira en hingað til rekstur stofnana aldraðra. Jafnframt er ljóst að enn er veruleg þörf á fjármagni til uppbyggingar í húsnæðismálum aldraðra og með hliðsjón af því hefur heilbr.- og trmrh. lýst því yfir að hann muni beita sér fyrir könnun á högum aldraðra á áðurgreindu tímabili (1993–1995) og enn fremur verði á sama tímabili gerð áætlun um í þjónustu- og byggingarþörf og að framkvæmdir í samvinnu við þá áætlun hefjist fyrir lok tímabilsins.

Undir þetta rita: Sigbjörn Gunnarsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Sólveig Pétursdóttir, Guðmundur Hallvarðsson.

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar og stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, 285. mál, nál. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 547.

Gjaldþrot einstaklinga, 315. mál, fsp. GÁ, þskj. 548.

Frsm. 1. minni hluta heilbr.- og trn. (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hluta heilbr.- og trn. Nál. er á þskj. 503 og brtt. sem að minni hlutinn flytur er á þskj. 504.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk umsagnir um það frá Félagi eldri borgara, Landssambandi aldraðra, stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Öldrunarráði.

Fyrsti minni hluti leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem hann flytur tillögu um á sérstöku þskj. Tillagan gerir ráð fyrir að b-lið 1. gr. frv. verði breytt þannig að heimilt verði að nýta allt að 160 millj. kr. af fé Framkvæmdasjóðs aldraðra á árinu 1993 til rekstrar stofnana fyrir aldraða. Tillaga meiri hluta nefndarinnar gerir hins vegar ráð fyrir því að heimilt verði að nota mjög stóran hluta Framkvæmdasjóðs aldraðra í rekstur framvegis. Fyrsti minni hluti er ekki reiðubúinn til að standa að þeirri takmörkun á framlögum í Framkvæmdasjóð aldraðra. Fyrsti minni hluti telur að heimild af þessu tagi verði að vera tímabundin og sæta reglulegri endurskoðun. Höfuðmarkmið Framkvæmdasjóðs aldraðra hlýtur hér eftir sem hingað til að vera uppbygging stofnana í þágu aldraðra.

Undir nál. skrifa: Finnur Ingólfsson, hv. þm. Svavar Gestsson og Sigurður Þórólfsson og eru þeir einnig flm. brtt.

Þessi brtt., sem hér er um getið, felur það í sér að b-lið 1. gr. sé breytt þannig að á árinu 1993 sé gert ráð fyrir því að ráðstafa megi allt að 160 milljónum kr. af þeim fjármunum sem framkvæmdasjóður hefur tekjur af og það eru fyrir árið 1993 áætlaðar 425 milljónir sem er hinn svokallaði nefskattur sem lagður er á til uppbyggingar á þjónustustofnunum fyrir aldraða og að þetta ákvæði sé einvörðungu bundið við árið 1993.

Segja má að þær breytingar sem lagðar voru til með upphaflegu frv. sem heilbr.- og trmrh. mælti fyrir á Alþingi séu af þrennum toga spunnar. Í fyrsta lagi að ráðstafa, eins og gert var ráð fyrir ótakmörkuðu fé af Framkvæmdasjóði aldraðra til reksturs stofnana. Hins vegar hefur meiri hluti heilbr.- og trn. flutt brtt. við þetta þannig að gert er ráð fyrir allt að 55% af þeim tekjum sem sjóðurinn hefur sé hægt að ráðstafa til rekstrar og þetta gildi í þrjú ár.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að breyta 3. tölul. 12. gr. laga nr. 82 frá 1989 sem gerir ráð fyrir því að sveitarfélög, einkum dreifbýlissveitarfélög, geti komið á fót heimaþjónustu fyrir aldraða, þ.e. þau verði aðstoðuð af hálfu framkvæmdasjóðs til þess. Í frv. er hins vegar gert ráð fyrir því að þessum tölulið verði breytt og hann hljóði svo: „Að styðja sveitarfélög og heilsugæslustöðvar til að koma á fót og reka heimaþjónustu fyrir aldraða.“ Undir þetta tekur 1. minni hluti og gerir ekki brtt. við.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að afnema 2. mgr.

12. gr. laga nr. 82/1989 þar sem að heimild var til að veita allt að þriðjungi af árlegu ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs aldraðra til verkefna samkvæmt 3., 4. og 5. tölul. 1. gr.

Þegar mælt var fyrir því á Alþingi þá lýsti ég því yfir að ég gæti stutt þá hugmynd sem fram kom í þessu frv. Það gerði ég vegna þess að ég tel að það sé vel réttlætanlegt við þær aðstæður sem við búum nú við að taka þá fjármuni tímabundið sem koma í Framkvæmdasjóð aldraðra með sérstökum skatti sem lagður er á alla og ráðstafa því í þágu aldraðra. Það er skoðun mín að það sé til lítils að halda áfram uppbyggingu á þjónustustofnunum, byggja þær upp og láta þær síðan standa auðar vegna þess að ekki séu til peningar til að reka viðkomandi stofnanir. Sérstaklega á þetta við í Reykjavík þar sem þörfin er langbrýnust bæði fyrir uppbyggingu og ekki síður fyrir peninga til reksturs stofnana. Dæmi um þetta er Hjúkrunarheimilið Eir í Grafarvogi þar sem reyndar í dag var ákveðið að ráðstafa 70 millj. kr. til reksturs þeirrar stofnunar á árinu 1993. Hins vegar er það aðeins brot af þeim fjármunum sem þarf til þess að reka þá stofnun á næsta ári eins og nú er búið að byggja þar upp þannig að þetta dugar alls ekki til þess að hægt sé að halda fullum afköstum eða hægt sé að nýta öll þau rúm að fullu sem þar eru þó til ráðstöfunar.

Hins vegar er frv. mjög opið eins og það var lagt fram upphaflega. Í raun og veru voru engar takmarkanir á því hvað það væri há upphæð sem mætti ráðstafa af nefskattinum til rekstrar og eins væri enginn tími tiltekinn í þessum efnum.

Ég lagði áherslu á það við 1. umr. að sett yrðu ákveðin tímamörk án þess þó að tiltaka nákvæmlega hver þau ættu að vera. Hins vegar hefur meiri hlutinn, að lokinni þeirri umræðu gert þá tillögu að þetta skuli vera þrjú ár og heimild allt að 55 prósentum.

Mér finnst þetta of langur tími og sú prósenta, sem þarna er verið að binda, ekki skynsamleg frekar en að veita allt að þriðjungi af árlegu framlagi til reksturs stofnana af ráðstöfunarfénu. Það var því niðurstaða 1. minni hluta nefndarinnar að binda þetta aðeins við árið 1993 af þeirri ástæðu að það er mjög mikilvægt, þegar fjármunir eru teknir og skattlagðir og það gert í ákveðnum tilgangi, að leggja þá í sjóð til uppbyggingar á þessum stofnunum og ekki sé hægt að ráðstafa þeim í framtíðinni með þeim hætti sem þarna er lagt til. En vegna þess hvernig ástandið er núna í augnablikinu og þörfin sérstaklega mikil í Reykjavík, og vel er búið að byggja upp á mörgum stöðum úti um land þá finnst mér réttlætanlegt að núna séu teknar 160 milljónir kr. til ráðstöfunar til reksturs til þess að hægt sé að tryggja að þeir sem hafa brýna þörf fyrir að komast inn á slíkar stofnanir komist þangað inn. Þetta eru fjármunir sem verið er að ráðstafa beinlínis í þágu aldraðra. En það er mikilvægt, og þess vegna er það lagt til af 1. minni hluta, að þetta ákvæði gildi aðeins í eitt ár. Umræðuna þarf að taka upp árlega, hvort þetta sé skynsamlegt jafnvel árið 1994 og ég tala nú ekki um árið 1995. Það er bæði þarft fyrir þingið og fyrir ríkisstjórnina að þessi umræða fari fram og ekki síst er það þarft fyrir málstaðinn sem slíkan.

Gert er ráð fyrir því að sjóðurinn hafi til ráðstöfunar á árinu 1993 425 millj. kr. Það er gert ráð fyrir því í fjárlögum að 160 millj. kr. séu teknar til reksturs af þeim fjármunum árið 1993 og þar af leiðandi 265 millj. kr. sem fara í stofnframlög.

Í þeim upplýsingum, sem nefndinni bárust frá heilbrrn. að ósk nefndarmanna, kom fram að sjóðurinn hefur skuldbundið sig nokkuð fram í tímann, það er ekki er hægt að sjá af þessu yfirliti hversu langur tími það er, en þær skuldbindingar eru upp á rúman 1,1 milljarð kr. Nefndarmenn í heilbr.- og trn. hafa hins vegar ekki fengið nákvæmar upplýsingar um það hversu há upphæð það er fyrir árið 1993 sem búið er að skuldbinda sjóðinn í stofnframlögum það árið. Það sýnir nú best traust nefndarmanna á heilbr.- og trmrh. að ekki hefur verið gengið eftir því af hálfu nefndarmanna að sundurliðun og heildarupphæð komi nákvæmlega á því hversu miklar skuldbindingarnar eru í stofnframlögum á árinu 1993. Í trausti þess að það séu ekki yfir 265 millj. kr. er sú brtt. af hálfu 1. minni hluta flutt hér að þessar 265 millj. kr. dugi fyrir þeim stofnframlögum sem búið var að lofa á árinu 1993.

Umsagnir um málið bárust frá mörgum aðilum og þá auðvitað um frv. eins og það lá fyrir strax í upphafi. Það var sent út til umsagnar og segja má að allar þær umsagnir séu nær samhljóða. Ég vitna fyrst í umsögn frá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem segir, með leyfi forseta:

„Stjórn sambandsins leggst gegn samþykkt frumvarpsins, enda er það í andstöðu við upphaflegan tilgang sjóðsins sem stofnaður var með nefsköttum til að vinna að brýnu verkefni, byggingu stofnana í þágu aldraðra, en mikið skortir á að því verkefni sé lokið."

Hér er umsögn frá Félagi eldri borgara:

„Stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni er mótfallin því að skerða upphafleg markmið Framkvæmdasjóðs aldraðra og getur ekki fallist á þau rök sem sett eru fram í greinargerð með frumvarpinu."

Ég ætla að vitna í greinargerð Landssambands aldraðra, með leyfi forseta:

„Stjórn Landssambands aldraðra hefur kynnt sér efni frumvarpsins og getur ekki fallist á réttmæti þess eða röksemdir þær sem fram eru settar í greinargerð með frumvarpinu. Leggur stjórnin því til að frumvarpinu verði vísað frá með eftirfarandi rökstuðningi" — sem ég ætla ekki að tíunda hver er.

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra kom með álit og niðurstaða þess hljóðar svo, með leyfi forseta: „Það er álit samstarfsnefndar um málefni aldraðra, stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra, að ekki eigi að ætla Framkvæmdasjóði aldraðra að styrkja rekstur öldrunarstofnana."

Þannig mætti auðvitað lengi halda áfram, en eins og ég segi eru flestöll þau álit sem nefndinni bárust samhljóða í þeim efnum að þau eru í andstöðu við það sem hér er verið að leggja til. Ég trúi því að álit þessi séu byggð á því hversu mjög frv. gerði ráð fyrir að sjóðurinn væri opnaður, það væri ótakmarkaður tími og sú upphæð ótakmörkuð, þ.e. hversu miklu mætti ráðstafa

og til hversu langs tíma. Ég hef þá trú að ef frv. hefði litið öðruvísi út, það hefði verið bundið við ákveðna upphæð til ákveðins tíma til að sinna þeim brýnu verkefnum sem hér er svo sannarlega þörf á og þá ekki síst í Reykjavík, þá hefðu þessar umsagnir litið öðruvísi út. Af þeirri ástæðu flytur 1. minni hluti þá brtt. sem hér liggur fyrir til þess að hægt sé að nýta þessa fjármuni í þágu aldraðra. — [Fundarhlé.]

Frsm. 2. minni hluta heilbr.- og trn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 518 er birt nál. mitt um frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82 1989, með síðari breytingum. Sú sem hér stendur telst vera 2. minni hluti heilbr.- og trn. og skilar séráliti vegna þessa máls.

Fyrsti minni hluti hefur þegar gert grein fyrir áliti sínu og þar kemur fram að þeir eru ekki andvígir þeirri breytingu sem fyrirhuguð er. Því er ekki svo háttað með mig því að ég er þvert á móti andvíg því að þessi breyting sé gerð sem tillaga er um í því frv. sem hér er til umfjöllunar.

En nál. mitt er svohljóðandi, með leyfi forseta: „Nefndin hefur fjallað um frv. á fundum sínum og fengið umsagnir frá Landssambandi aldraðra, stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra, Öldrunarráði Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagsmálaráði Reykjavíkur og Félagi eldri borgara.

Með frv. er verið að skerða Framkvæmdasjóð aldraðra með því að fela honum aukin verkefni án þess að auka tekjur sjóðsins. Er þetta nú gert öðru sinni, en árið 1991 var farið inn á þá braut að heimila að rekstrarframlög væru tekin úr sjóðnum. Sjóðurinn er fjármagnaður með 3.800 kr. nefskatti á alla skattgreiðendur 16–70 ára óháð tekjum. Forsenda þessarar skattlagningar var á sínum tíma að ástandið í húsnæðis- og vistunarmálum aldraðra væri svo bágborið að gera þyrfti sérstakt átak og nota til þess sérstakan tekjustofn. Ef það er núna skoðun stjórnarflokkanna að þessar forsendur séu ekki lengur fyrir hendi, verkefnum sem sjóðnum voru falin í upphafi sé lokið, eru forsendurnar fyrir sérstakri skattlagningu líka brostnar. Eðlilegast væri þá að leggja nefskattinn af, marka sjóðnum nýtt hlutverk og nýjan tekjustofn.

Annar minni hluti er þó ekki þessarar skoðunar. Enn er mikið verk óunnið í uppbyggingu þjónustu fyrir aldraða, ekki síst í Reykjavík, þar sem enn vantar 260 hjúkrunarrými til að sinna þeim öldrunarsjúklingum sem eru í brýnni þörf fyrir hjúkrun. Þá er ástæða til að benda á að sjóðurinn hefur tekið á sig miklar skuldbindingar sem hann ætti, ef allt væri með felldu, að greiða á næstu 3–5 árum. Þessar skuldbindingar nema nú 1.109 millj. kr. Til sambanburðar má geta þess að á árinu 1993 verða tekjur sjóðsins 425 millj. kr. Ef meira en helmingi af tekjum sjóðsins verður varið til reksturs stofnana aldraðra á næstu árum er borin von að sjóðurinn geti sinnt nýjum verkefnum í uppbyggingu í þágu aldraðra eða staðið við fyrri skuldbindingar. Jafnframt er ástæða til að benda á að verkefni sjóðsins munu án efa aukast á komandi árum, annars vegar vegna þess að mjög ört fjölgar í hópi aldraðra og eins vegna hins að þær stofnanir sem þegar hafa verið byggðar munu kalla á aukið viðhald og endurbætur á komandi árum.

Vegna alls þessa leggst 2. minni hluti gegn þeirri breytingu á Framkvæmdasjóði aldraðra sem fyrirhuguð er og vísar auk þess til umsagna um frv. sem allar voru á einn veg, andsnúnar frv.“

Þetta er mitt nál., virðulegi forseti, og fyrst ég er komin hér til að tala fyrir þessu áliti, sem sker sig nokkuð úr hvað varðar álit annarra nefndarmanna, þá vil ég ekki láta hjá líða að útskýra það aðeins í frekara máli. Mig langar m.a. til þess að gera aðeins að umtalsefni þá þörf sem vissulega er fyrir hjúkrunarrýmí í Reykjavík.

Engin ástæða til þess að lasta það að mikið hefur verið byggt upp af hvers kyns þjónustu við aldraða á undanförnum árum og þjónustuíbúðir og hjúkrunarheimili hafa m.a. verið byggð en þörfin í Reykjavík er engu að síður mjög brýn enn þá og hefur alls ekki verið fullnægt eins og kemur fram í nefndaráliti mínu þar sem minnst er á að það vanti enn um 260 hjúkrunarrými fyrir aldraða í borginni. Talan 260 hjúkrunarrými er fengin úr könnun sem Félag íslenskra öldrunarlækna gekkst fyrir á vistunarmálum aldraðra langdvalarsjúklinga á árinu 1991, en í þessari könnun kemur fram að hinn eiginlegi fjöldi hjúkrunarrýma í Reykjavík sé 5,2 rými á 100 íbúa 70 ára og eldri og þá eru hvíldarrými meðtalin. Í nágrannalöndum okkar, t.d. í Noregi, er talið þurfa 7,5 rými á 100 íbúa 70 ára og eldri og í Kanada 9 rými á 100 íbúa 70 ára og eldri. Við erum með öðrum orðum talsvert undir því sem gerist í nágrannalöndum okkar, þ.e. hér í Reykjavík.

Þær upplýsingar, sem hér voru tilteknar, koma fram í umsögn um þetta frv. sem sent var heilbr.- og trn. Alþingis frá félagsmálaráði Reykjavíkurborgar. En þar var samþykkt samhljóða umsögn um málið þar sem eindregið er lagst gegn þeirri breytingu sem hér er gerð tillaga um. Í félagsmálaráði eiga sæti fulltrúar bæði meiri hluta og minni hluta í borgarstjórn Reykjavíkur og ekki verður séð að þar hafi nokkur maður verið á móti því, burt séð frá því hvar í flokki þeir standa.

Þessi álitsgerð, sem félagsmálaráð gerði að sinni, var samin af Sigurbjörgu Sigurgeirsdóttur sem er yfirmaður öldrunarþjónustudeildar Reykjavíkurborgar. Umsögnin er um margt mjög fróðleg og þar kemur m.a. fram sú mikla þörf sem er í Reykjavík á hjúkrunarrýmí og þjónusturýmí og er ýmist flokkuð í brýna þörf eða mjög brýna þörf. Þar kemur fram að í brýnni þörf og mjög brýnni þörf fyrir hjúkrunarrýmí séu nú um 132 einstaklingar og í brýnni þörf eða mjög brýnni þörf fyrir þjónustuhúsnæði séu nú 127 einstaklingar í Reykjavík. Þarna eru því um 260 einstaklingar sem eru í brýnni eða mjög brýnni þörf fyrir einhver vistunarúrræði í Reykjavík. Á sama tíma hefur Reykjavíkurborg aðeins yfir að ráða, og þá er ég að hugsa um borgaryfirvöld sem slík, 102 rýmum í þjónustuhúsnæði og 79 hjúkrunarrýmum. Þessi brýna þörf sem er fyrir hendi er því allnokkuð meiri en sem nemur þeim rýmum sem eru til ráðstöfunar og það segir sig sjálft

að þau losna ekki öll á einu bretti heldur gerist það hægt og bítandi.

Í álitsgerðinni frá félagsmálaráði segir m.a. í lokaorðum, með leyfi forseta: „Með hliðsjón af ofangreindu“ — þ.e. þessari þörf sem er í borginni — „og einnig því að samkvæmt mannfjöldaspám mun fjöldi 70 ára og eldri í Reykjavík aukast um 23% fram til 2001, og 80 ára og eldri um 33% á sama tíma. Verður það að teljast vafasöm aðgerð að breyta Framkvæmdasjóði aldraðra í rekstrarsjóð. Hér er verið að leysa tímabundinn vanda á kostnað framtíðarinnar. Á undanförnum árum hefur verið lögð mikil áhersla á uppbyggingu stofnana fyrir aldraða á landsbyggðinni. Nú þegar athygli manna beinist að þörfinni, sem er mest í Reykjavík, í þeirri von að lögð verði áhersla á skipulega uppbyggingu hjúkrunarheimila þar, kemur fram tillaga um að breyta framkvæmdasjóði í rekstrarsjóð eins og fyrr segir. Telja má líklegt að verði það samþykkt verði það ákvörðun til frambúðar.

Ef túlkun laganna um hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra veitir svigrúm til slíkrar notkunar á sjóðnum hefur frekar verið haft í huga að sjóðurinn gæti komið inn í rekstur stofnana sem teknar eru í notkun á síðari hluta árs þar sem ekki hafi verið gert ráð fyrir fjárveitingu á fjárlögum yfirstandandi árs. Við gerð fjárlaga nú er því eðlilegra að reikna með fjárveitingu til reksturs stofnana fyrir aldraða á næsta ári á fjárlögum og ætla Framkvæmdasjóði aldraðra áfram það hlutverk að fjármagna byggingu stofnana þar sem þeirra er þörf.“

Virðulegi forseti. Í þessum orðum finnst mér vakin athygli á staðreynd sem sérstaklega er ástæða fyrir þingmenn Reykjavíkur að hafa í huga, þ.e. að þegar kemur að því að það þarf að sinna uppbyggingunni í Reykjavík í einhverjum mæli, þá fara menn og taka æ stærri hlut af þessum sjóði í rekstur og skilja þar af leiðandi mun minna eftir en áður í uppbygginguna. Mér finnst að Reykjavík hafi setið á hakanum bæði hvað varðar uppbyggingu hjúkrunarrýma fyrir aldraða og eins í heilsugæslumálum almennt og finnst mér það auðvitað mjög miður sem þingmanni Reykjavíkur.

Þá er í umsögninni frá félagsmálaráði bent á að hætta sé á því að verði þessi tillaga samþykkt þá verði það ákvörðun til frambúðar. Sú var hugmynd ráðherrans samkvæmt frumvarpinu sem hér lá fyrir. Meiri hluti heilbr.- og trn. hefur lagt til að þetta verði ákvörðun til þriggja ára og 1. minni hluti að þetta verði ákvörðun í eitt ár og þetta þurfi því að skoðast á ári hverju. En ég held að ástæðan fyrir því að félagsmálaráð Reykjavíkurborgar segir þetta sé kannski sú að einmitt árið 1991 var tekin ákvörðun hér á þingi um það að heimila að taka ákveðinn hlut úr sjóðnum í rekstur til stofnana fyrir aldraða og það var þá gert þannig að taka mætti rekstrarfé til stofnana sem breyta eða hefja starfsemi eftir að fjárlagaár hefst, þ.e. til að mæta uppákomum af því tagi. Þetta fór þá inn í lögin og hefur verið þar síðan þannig að þegar er búið að brjóta þennan ís. Með því að gera þetta var ísinn auðvitað brotinn og farið í sjóðinn og sótt þangað rekstrarframlög. Nú koma menn af enn meiri krafti og nú á ekki að taka bara til stofnana sem eru teknar í notkun um mitt ár heldur á beinlínis að sækja fé í sjóðinn sem nemur 55% af framlögum í hann til þess að reka almennt stofnanir aldraðra. Mér finnst dálítið sérkennilegt að sjá það að sjálfstæðismenn á þinginu skuli samþykkja þetta því að ég man rétt þá voru þeir andvígir breytingunum 1991, andvígir því að gengið væri í sjóðinn og rekstrarframlög tekin úr sjóðnum. Þetta kom þá mjög skýrt fram í umræðum á þinginu og þess vegna segi ég: Fljótt skipast nú veður í lofti ef þeir láta þetta nú ganga yfir sig án þess að æmta eða skræmta.

Þetta er náttúrlega mun stærra skref en var tekið árið 1991 því að það var í sjálfu sér saklaust miðað við þetta sem nú er verið að gera. Talað var um þetta mál í þinginu 19. febr. 1991 og þá var Guðmundur G. Þórarinsson framsögumaður meiri hluta heilbr.- og trn. en framsögumaður 2. minni hluta heilbr.- og trn. var þá Ragnhildur Helgadóttir. Virðulegi forseti, ég held að ástæða sé til þess að rifja aðeins upp orð Ragnhildar Helgadóttur af þessu tilefni, en þá sagði hún (**Gripið fram í:** Með leyfi forseta.) — með leyfi forseta, að sjálfsögðu. (**Gripið fram í:** Hæstvirts.) Hæstvirts, svo ekki sé nú minnst á það. En hún sagði:

„Herra forseti. Afstaða 2. minni hluta heilbr.- og trn. þessarar deildar er afar einföld. Við erum andvíg þessu frv. Ég heyrði að hv. síðasti ræðumaður talaði um hinn góða tilgang í því. Sá góði tilgangur er nú þegar í lögum sem ég sé enga ástæðu til að breyta vegna þess að það hlutverk sem sjóðnum er falið með gildandi lögum er svo stórt að því hefur engan veginn verið fullnægt. Þess vegna er alls ekki tímabært að bæta nýjum hlutverkum á þennan sjóð. Það þýðir í raun og veru það sama og að skerða fjármagnið til þeirra framkvæmda sem honum er ætlað að sinna. Þess vegna getum við ekki stutt þetta frv. á sama tíma og hundruð aldraðra borgara bíða eftir hjúkrunarplássum. Þess vegna greiðum við einfaldlega atkvæði gegn því.“

Það eru nú ekki nema tæp tvö ár síðan þetta var sagt og ekki hefur fjölgað plássum fyrir aldraðra um hundruð síðan þannig að rökin ættu að standa eftir sem áður.

En ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég sakna þess mjög að enginn sjálfstæðismaður skuli vera í salnum. Ég held að ástæða væri til þess að þeir hlýddu á þetta mál mitt og þessa upprifjun á afstöðu þeirra í málinu á undanförnum þingum. (**Forseti:** Eru það einhverjir sérstakir hv. þm. Sjálfstfl. sem hv. þm. óskar eftir að verði hér og hlýði á mál?) Ég vildi, virðulegi forseti, óska eftir því ef ekki er mjög mikið óhagræði að því að hv. þm. Geir Haarde yrði viðstaddur vegna þess að hann kom nokkuð við sögu málsins á þessum tíma. En það kann þó vel að vera að hann sé á þingflokksformannafundi eða einhverju slíku og ætla ég ekki að tefja ef menn eru að reyna að ná einhverjum sáttum þar. En ég held að það væri ráð að athuga hvort hann gæti verið viðstaddur. (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir strax til þess að athuga hvort hann getur verið viðstaddur umræðuna.)

Meðan forseti er að kanna það þá hef ég hugsað mér að lesa aðeins áfram úr ræðu Ragnhildar Helga-

dóttur sem er reyndar glettilega góð og sjálfsagt að halda henni til haga. Hún segir hér áfram, með leyfi forseta:

„Fram til þessa hefur ætlunin verið, og bæði rétt og skylt reyndar, að sjá fyrir því fjármagni sem þarf til að sinna þeim skyldum sem nefndar eru í þessu frv. til viðbótar þeim skyldum sem áður voru, þ.e. til þess að halda við og reka þær stofnanir sem reistar verða fyrir fé sjóðsins. Fyrir þessu hefur verið séð og á að sjá með öðrum hætti. Segjum nú að jafnvel væri hugsað fyrir nýju fjármagni vegna þessara nýju hlutverka, sem alls ekki er, í því felst hin mikla blekking. Það er ekki séð fyrir nýju fjármagni heldur einungis fyrir nýjum skyldum. Þetta er því einungis feluleikur sem reyndar kom í ljós með öðrum hætti þegar fjármagnið var skert á lánsfjárlögum."

Síðan fer Ragnhildur Helgadóttir nokkuð út í aðra sálma en kemur með dálítið skemmtilega útskýringu á því hvers vegna sé ekki unnt að nýta með viðhlítandi hætti þau hjúkruanrrými sem bætt verður við vegna þess að það fáist ekki fólk til að sinna umönnun og hjúkrun. Það var reyndar á þeim tíma og ég hygg að það hafi breyst nokkuð í því atvinnuástandi sem síðan hefur skapast. En hún segir hér og ég tel ástæðu til að leyfa því að fljóta með:

„Ég er þeirrar skoðunar að hvaða kenningar sem menn hafa um aðferðir til að mennta þessar stéttir þá leysi framkvæmd þeirra kenninga alls ekki úr þessu máli. Sá þröskuldur sem hæstur er og stendur þarna raunverulega í vegi er gamalt viðhorf — þið afsakið ég segi það, kæru þingsystkin, er gamalt viðhorf karlmanna í heilbrigðiskerfinu, ekki síst til hefðbundinna kvennastétta í þeim sömu greinum. Það er ósköp einfaldlega það að menn halda enn, þess verður enn þá vart, að konur hafi einhvern veginn í húðinni og fingrunum tilfinningu fyrir því hvernig á að hjúkra þeim sem verst eru haldnir af sjúkdómum og elli en vanmeta hins vegar allar þær miklu framfarir sem ýmsir þeir sem lagt hafa stund á nám í þessum greinum hafa svo eignast hlutdeild í." — Þetta sagði Ragnhildur Helgadóttir í febrúar 1991 og eru þetta vissulega orð að sönnu og eiga fyllilega við enn þann dag í dag.

Í þessari umræðu hefur líka tekið til máls, sé ég er, Guðrún Helgadóttir, hv. þm., og haft efasemdir um að rétt væri að ganga á þennan sjóð með þessum hætti og það skorti þarna ákveðna yfirsýn til þess að gera þetta og vænti ég þess að hún sé enn sama sinnis þar sem um svo mikla skerðingu er að ræða eins og hér er gerð tillaga um.

Getur forseti kannski upplýst mig eitthvað um ferðir Geirs Haarde og hvort að hann er væntanlegur í salinn eða einhver? (**Forseti:** Forseti skal spyrja eftir því hvað dvelur hv. þm. — Það mun vera þingflokksfundur hjá Sjálfstfl. — Honum er lokið, segir hæstv. sjútvrh., þannig að við vonumst til þess að hv. þm. Geir Haarde birtist innan tíðar. Hann er kominn.)

Hv. þm. Geir Haarde er kominn, þá er... (**GHH:** Er ég einhver málflytjandi hér?) Nei, ég ætlaði að lesa hér upp úr ræðum hv. þm. sem hann flutti á þinginu 20. febr. 1991 einmitt um það mál sem nú er til umfjöllunar þó að það væri örlítið annars eðlis en þá var verið að ganga á fé Framkvæmdasjóðs aldraðra og skerða það og taka hluta af því í reksturinn og þingmaðurinn skilaði þar nefndaráliti með minni hluta heilbr.- og trn. þar sem lagst var eindregið gegn þessu. Ég er búin að lesa aðeins upp úr ræðu Ragnhildar Helgadóttur, fyrrv. þingmanns og framsögumanns minni hluta í heilbr.- og trn. þar sem hún varaði mjög við þessu. Og ég er einmitt komin að því sem hv. þm. Geir H. Haarde sagði um þetta mál í þinginu en þá sagði hann m.a., með leyfi forseta:

„Hér er verið að samþykkja frv. um að skerða raunverulegt ráðstöfunarfé sjóðsins með því að bæta á hann nýjum verkefnum án þess að auka tekjurnar. En saga þessarar ríkisstjórnar í tengslum við þennan sjóð er orðin slík að ég held að hún ætti nú að skammast sín fyrir að taka þennan sjóð á dagskrá þingsins eins og búið er að fléttta hann og eins og búið er að fara með lagaákvæði sem að honum lúta." — Þetta sagði þingmaðurinn í þessari umræðu. (**GHH:** Þetta er allt saman rétt.) Þetta er allt saman rétt, segir hann, og þá stendur það enn þann dag í dag og ekki batnar sjóðurinn við það að vera féflettur núna þriðja sinni eins og hér eru uppi fyrirætlanir um.

Svo segir Geir Haarde í ræðu sinni:

„Ég bendi enn á það, eins og ég hef ítrekað gert hér í þingræðum, að skatturinn í þennan sjóð er innheimtur tvisvar sinnum." — Þetta er mjög athyglisvert atriði sem er ástæða til þess að gera aðeins að umtalsefni. — „Annars vegar sem sérstakt gjald og hins vegar sem hluti af hinni almennu staðgreiðslu sem allir greiða. Því hefur ekkert verið breytt þrátt fyrir ítrekaðar yfirlýsingar manna eins og hæstv. utanrrh.," — þáv. og núv. — „sem var að sjálfsögðu ekkert að marka, óþarft að taka það fram, og ýmissa annarra ráðherra um að hið sérstaka gjald í Framkvæmdasjóðinn ætti ekki rétt á sér."

Þarna er þingmaðurinn að koma inn á mjög athyglisverðan hlut sem er sá að upphaflega var gert ráð fyrir framlögum í Framkvæmdasjóð aldraðra, eins og ég kom inn á hér áðan, sérstakri skattheimtu sem átti að mæta þeirri brýnu þörf sem væri fyrir vistunarrými fyrir aldraða í landinu. Það væri sérstök þörf á því að auka þetta og því væri ástæða til að leggja á sérstakan nefskatt sem var lagður á alla skattgreiðendur óháð tekjum og sem víkur í rauninni í mjög veigamiklum atriðum frá almennum grundvallarprinsippum á bak við skattheimtu sem er sú að skattur skuli fara stighækkandi. Þetta var lagt jafnt á alla til þess að fjármagna þessi tilteknu atriði, þ.e. uppbyggingu þjónustu fyrir aldraða. Þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp voru allir slíkir skattar teknir inn í staðgreiðsluna og aflagðir, með öðrum orðum þessir skattar áttu að vera undir staðgreiðslunni.

Það gerðist hins vegar eftir að staðgreiðslan var tekin upp að fjárframlögin í Framkvæmdasjóð aldraðra skiluðu sér ekki og þá ákváðu menn að taka aftur upp nefskattinn. (**GHH:** Það er ekki ástæðan.) Það er ekki ástæðan — þingmaðurinn mun þá væntanlega útskýra hver rökin voru en hitt er rétt að nefskatturinn var tek-

inn upp aftur og er núna 3.800 kr. á alla skattgreiðendur. Hafi þetta verið tvísköttun 1991 þá er þetta væntanlega tvísköttunn enn þann dag í dag og ekki síður nú þar sem hann á ekki einu sinni að sinna þessum sérstöku verkefnum heldur á hann bara að fara í rekstrarhítina, 55% af sjóðnum. Búið er að samþykkja það á fjárlögum að taka 230 millj. kr. í reksturinn beint inn í hítina úr þessum sjóð sem er upp á 425 millj. kr. og það á ekki að nýtast í uppbyggingu þjónustu fyrir aldraða.

Hv. þm. Geir Haarde gerir að sérstöku umtalsefni hlut páv. og núv. utanrrh. í þessu máli vegna þess að hann var fjmrh. þegar staðgreiðslan var tekin upp. Og hann segir hér:

„Alþfl. er uppvís að því að ekki hefur reynst að marka eitt né neitt sem formaður flokksins hefur ítrekað látið frá sér fara um þetta mál. Það kemur náttúrlega fæstum hér á óvart en er engu að síður staðreynd." (**ÓRG:** Þetta er bara eins og EES ...) Þetta er kannski bara eins og verið væri að tala um það ástand sem við stjórnarandstæðingar erum stundum að reyna að lýsa og er kallað málþóf, þras og þingskapaleiðindi. (**GHH:** Það er allt rétt í þessu máli.) Það er allt rétt í þessu máli, segir hann, en það er ekki allt búið enn, hv. þm. Víða má bera niður þegar þessi mál eru annars vegar. Ég ætla nú að bera niður 1989 því þá var einmitt umræða um þetta þegar þessi nefskattur var tekinn upp aftur og þá talaði hv. þm. Geir H. Haarde heilmikið um þetta mál. Þá var hann framsögumaður minni hluta heilbr.- og trn. þingsins og gerir heilmikið mál út af því, sem var full ástæða til, að verið væri að taka upp þennan skatt aftur og þar af leiðandi væri um tvísköttun að ræða til sama verkefnisins. Og hann sagði þá, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn leggst hins vegar eindregið gegn þeirri viðbótarskattlagningu á almenning sem ríkisstjórnin hyggst knýja fram með frumvarpi þessu og reynt hefur verið að fara í felur með af hálfu ríkisstjórnarinnar. Hér er í raun verið að hækka tekjuskatta um 200 millj. kr. svo lítið beri á." — Ég minni á að við erum að tala um 230 milljónir núna sem teknar eru úr sjóðnum.

„Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hinn sérstaki skattur í Framkvæmdasjóð aldraðra verði tekinn upp að nýju og verði 2.500 kr. á mann. Skattur þessi var síðast lagður á með álagningu vegna tekna ársins 1986, en er staðgreiðsla skatta var tekin upp var innheimtu hans hætt og sjóðnum tryggðar samsvarandi tekjur af innheimtu staðgreiðslufé.

Rétt er að minna á að þegar staðgreiðslan var tekin upp féllu niður fjórir smáskattar og urðu hluti staðgreiðslunnar og hækkaði álagningarhlutfall hennar sem þeim nam." — Þarna er þetta sem ég var að lýsa áðan, það sem gerðist í þessu máli. Og hann segir síðar í sömu ræðu:

„Að auki er alveg skýrt að þeir peningar, sem hér á að innheimta, eru nú þegar teknir af almenningi. Það er hrein brigð gagnvart gjaldendum að taka þennan skatt upp að nýju og gengur þvert gegn þeim yfirlýsingum sem gefnar hafa verið af öllum þeim sem ábyrgð bera á staðgreiðslukerfinu, upptöku þess og framkvæmd. Eigi að leggja hinn sérstaka skatt á að nýju er að sjálfsögðu lágmarkskrafa að innheimtuhlutfall í staðgreiðslu lækki á móti."

Þetta er allt rétt hjá þingmanninum og hann ítrekar það hér úr salnum, og ég get tekið undir það, en þetta á þá líka við enn þann dag í dag. Það hefur í sjálfu sér ekkert breyst, hv. þm. En við munum væntanlega heyra um allar þær gífurlegu breytingar, sem orðið hafa, hér á eftir í máli þingmannsins.

Ég veit ekki hvort ég á að bera víðar niður í þessum umræðum. Þó var það eitt sem vakti sérstaka athygli mína í þessum ræðum og það eru einmitt orðahnippingar annars vegar á milli páv. framsögumanns minni hluta heilbr.- og trn. Geirs H. Haarde og páv. þm. Friðriks Sophussonar og hins vegar páv. og núv. utanrrh., Jóns Baldvins Hannibalssonar, vegna þess að þeir reyndu að brýna ráðherrann upp í pontuna til að ræða þessi mál við sig, þessa tvísköttun, sem hann bæri m.a. ábyrgð á þar sem hann hefði verið fjármálaráðherra þegar staðgreiðslan var tekin upp, og þar sem hann bæri sem formaður Alþfl. ábyrgð á þeirri tvísköttun sem þarna væri um að ræða. Þeir eggjuðu hann hér lögeggjan upp í pontuna og hvorki gekk né rak þar til að svo virðist sem hv. þm. Friðriki Sophussyni, núv. fjmrh., hafi verið nóg boðið. Og það má kannski segja að orð hans sem þá voru töluð — ja, við í stjórnarandstöðunni gætum kannski gert þau að okkar orðum við þær aðstæður sem nú eru ríkjandi hér í þinginu. En þá segir hann og vitnar til þess einmitt, Friðrik Sophusson, að Jón Baldvin Hannibalsson, formaður Alþfl. og páv. utanrrh., tali ætíð þannig að það sé eins og enginn vinni nokkur verk nema hann. Þannig hafi hann haldið því fram að þegar verið var að koma á staðgreiðslu skatta hafi ekki nokkur ráðherra í páv. ríkisstjórn unnið verkin sín nema hann einn. Og ég held að við könnumst svolítið við þetta núna vegna þess að nú fáum við að heyra það að hér vinni ekki nokkur maður verkin sín nema utanrrh. einn. Og hér segir Friðrik Sophusson, og vitna ég í ræðu hans frá 20. maí 1989, og hann er að tala um páv. og núv. utanrrh.:

„Hann hefur lagt sig svo mikið fram að hann hefur barið sífellt á heilum stjórnmálaflokkum og stjórnmálaforingjum fyrir það að þeir hafi ekkert gert annað en að vera í fríi í útlöndum á sama tíma og hann, einn manna í fyrrv. ríkisstjórn, hafi gert það sem gert var þar. Hann hefur sagt aftur og aftur þegar hann var spurður að því hvað þetta eina væri sem gert var: Það var frumvarp um skattamálin, það var staðgreiðslukerfið ..." Hann einn vann hér heima meðan aðrir voru að frílista sig í útlöndum, hann einn vann verkin. Núna er það öfugt, hann einn er að frílista sig í útlöndum og vinna verkin þar meðan við hér heima vinnum ekki neitt, þannig er nú útlistunin núna.

Og svo segir hér, og nú vitna ég áfram í Friðrik Sophusson:

„Nú er verið að rústa þetta kerfi" — þ.e. staðgreiðslukerfið — „og hæstv. ráðherra, sem hefur lagt pólitískt líf sitt undir og ríkisstjórna í þessu landi út af þessu og öðrum slíkum málum, er annaðhvort fárveik-

ur og hefur misst málið eða þá að það hefur verið sest svo rækilega á hann að það er full ástæða til þess hér í þessum þingskapaumræðum og umræðum í dag að undirstrika það rækilega að í lok þessa þings hafi þessi einn mesti kjaftaskur allra tíma í íslenskum stjórnmálum nánast litið út eins og tunguskorinn." (**Gripið fram í:** Hver segir þetta?) Þetta segir Friðrik Sophusson núv. fjmrh. um samráðherra sinn í þessari ríkisstjórn, hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson. Og það hefði kannski verið ástæða til þess að vita hvort að Friðrik Sophusson væri enn þessarar skoðunar á samráðherra sínum, að hann væri eins og hann segir, einn mesti kjaftaskur allra tíma í íslenskum stjórnmálum.

Ég veit ekki hvort ég á að rekja þetta neitt frekar. Það er ljóst að það er verið að ganga mjög á þennan sjóð sem var stofnað til af sérstöku tilefni vegna þess að það var talið mjög bágt ástand í uppbyggingu þjónustu fyrir aldraða og það þyrfti að leysa úr því ástandi með nefnskatti á alla borgara. Fólk greiddi þetta held ég með nokkuð glöðu geði vegna þess að það fann að þörfin var brýn. Ef þessum verkefnum er nú lokið, ef menn líta svo á að uppbygging sé næg, það hafi verið vel fyrir þessum málum séð, þá eiga menn að sjálfsögðu að koma hér og leggja til að þessi skattur verði aflagður. Þá eiga þeir bara að leggja til að hann verði aflagður, vegna þess að þetta er markaður tekjustofn í sérstakt verkefni og menn hafa ekkert leyfi til, siðferðilegt leyfi til, að taka hann til annarra hluta.

Ég er hins vegar ekki þeirrar skoðunar, eins og kemur fram í mínu nefndaráliti, ég held að það sé langur vegur frá því að þessari uppbyggingu hafi verið sinnt eins og þarf og ég vísa sérstaklega til ástandsins eins og það er í Reykjavík. Ég ætla líka að minna menn á að skuldbindingar þessa sjóðs eru mjög miklar á komandi árum og eins og kemur fram í mínu nál. þá eru þetta um 1.100 millj., sem ættu í rauninni að greiðast út úr sjóðnum á næstu 3–5 árum, og það segir sig sjálft að það verður ekki mikið greitt ef það á að taka meira en helming úr sjóðnum á ári hverju, þá eru 230 millj. eftir til ráðstöfunar.

Vegna þessa, virðulegi forseti, þá greiði ég atkvæði gegn þessu frv. Bæði meiri hlutinn og 1. minni hluti flytja hér breytingartillögur sem eru heldur mildandi, getum við sagt, vegna þess að í öðru tilvikinu er lagt til að þetta skuli aðeins gerast í þrjú ár, hinu tilvikinu að þetta skuli bara gilda í eitt ár. Ég ætla ekki að eiga hlut að því máli, ég mun sitja hjá við þær tillögur en síðan mun ég greiða atkvæði gegn frumvarpinu í heild sinni.

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir að rifja upp ágætar ræður mínar frá fyrri tíð. Það er nú þannig að maður stendur nú orðið sjaldan upp hér til þess að ræða um efnishliðar mála, eins og kunnugt er. Hún rifjaði þetta mál alveg ágætlega upp og ég heyri ekki betur en að allt sem þarna var rifjað upp hafi haft fullkomlega við rök að styðjast á þeim tíma.

Hitt er annað mál að ég tapaði þessu máli. Þetta mál tapaðist og nefskatturinn var aftur tekinn upp. Ég man eftir því, af því ég sé hér hv. 9. þm. Reykv., að þegar verið var að kynna staðgreiðslufrumvarpið fyrir stjórnarandstöðuflokkunum á þeim tíma þá komu fulltrúar þeirra í fjmrn. og það var greint frá því að það stæði til í staðgreiðslunni að fella niður þessa litlu skatta og taka þá með inn í staðgreiðsluna. Og ég man að hv. þm., Svavar Gestsson, sagði þá: Ég er á móti þessu því að ég tel að nefskatturinn fyrir málefni aldraðra sé vinsæll skattur og hann hefur alveg sinn tilgang. Og það var auðvitað alveg sjónarmið.

Það sjónarmið varð síðan ofan á tveimur árum síðar að þessi skattur var tekinn upp á nýjan leik en við nokkrir, sem höfðum tekið þátt í því að fella hann inn í staðgreiðsluna, vorum á móti því á þeim tíma. Það er rétt sem lesið var hér upp, skatturinn var felldur niður og staðgreiðslan hækkuð sem því nam. Síðan var hann tekinn upp að nýju en staðgreiðslan var ekki lækkuð á móti. Þetta er allt saman rétt. Ég var á móti þessu á þeim tíma en málið tapaðist. Síðan hefur þessi skattur verið við lýði og við höfum sætt okkur við það. Allir vita hvernig ástandið er nú í efnahagsmálum og hvaða þrengingar ganga hér yfir. Allir vita það líka að á þeim árum sem síðan eru liðin hefur verið byggt upp töluvert fyrir þennan sjóð sem betur fer, þannig að það eru svolítið önnur viðhorf. Og eins og staðan er núna þá höfum við fallist á að taka þennan hluta af þessum sjóð til að reka þessar sömu stofnanir. Það er nú málið. Ekki vegna þess að uppbyggingunni sé alveg lokið, henni er nú því miður ekki lokið, a.m.k. ekki hérna í Reykjavík, þannig að það þarf að halda áfram að byggja. En það þarf líka að kosta reksturinn á þessum stofnunum, hann er mjög dýr. Og þess vegna höfum við talið að það væri réttlætanlegt að taka þennan hluta til rekstursins eins og frv. gerir nú ráð fyrir.

Frsm. 2. minni hluta heilbr.- og trn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég las hér upp úr ræðum hv. þm. bæði árið 1989, þegar tvísköttunin átti sér stað, og eins árið 1991 þegar tekinn var ákveðinn hluti úr sjóðnum í rekstur. Það var reyndar takmarkaður hluti. Og þá mótmælti hv. þm. því að þetta væri gert og það væri með þeim hætti seilst í þennan sjóð. Það var 1991 og rökin hjá meiri hluta heilbr.- og trn. þá voru að það vantaði enn mikið upp á að nægilega væri séð fyrir þjónustu við aldraða. Það hafa ekki gerst nein straumhvörf á þeim tveim árum sem liðin eru, hv. þm., þannig að hafi þingmaðurinn mótmælt þessu í febrúar 1991 þá ættu þau rök að standa enn þann dag í dag.

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Ég verð nú bara, forseti, að vitna til þess sem ég sagði áðan. Það er auðvitað búið að byggja í tvö ár síðan þetta var og þar fyrir utan, náttúrlega, er ástandið þannig í efnahagsmálum að það hlýtur að koma alls staðar niður og þar á meðal á þessum sjóði, því miður. Við verðum að una því.

Hitt er annað mál að eins og ég sagði áðan, þá tapaði ég þessum slag og menn verða nú annað slagið í

stjórnmálum að sætta sig við það að hafa ekki sitt fram. Og þess vegna hefur þessum skatti verið viðhaldið í þessi ár, alveg frá 1989, og sl. þrjú ár eða frá árinu 1991 með þeirri skerðingu í reksturinn sem allir þekkja. Nú er sett á þetta ákveðið þak, 55% samkvæmt tillögu meiri hluta heilbr.- og trn. og við það miðað að þetta verði í þrjú ár. (**Gripið fram í:** Það er hækkað.) Já, já, það er hækkað upp í 55%. Allir vita hver ástæðan er fyrir því. Það er þetta almenna fjárhallæri hjá ríkissjóði sem því veldur. En ég tel, sem betur fer, að nú sé búið að byggja það vel upp á þessu sviði að þessar stofnanir eða þessi starfsemi megi við því að taka þessa peninga í rekstur eins og nú háttar til að öðru leyti í okkar þjóðfélagi.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig full ástæða til þess við umræðu um þetta frv. um málefni aldraðra að rifja upp sögu. Og kannski ekki aðeins þá sögu sem hér hefur verið rifjuð upp heldur að fara pínulítið lengra aftur í tímann og minna á það hvernig þessi sjóður varð til.

Þessi sjóður varð þannig til að þáv. hæstv. ríkisstjórn hafði hér mjög knappan meiri hluta á Alþingi. Hún hafði í raun og veru ekki starfhæfan meiri hluta um skeið. Niðurstaðan varð sú að ég flutti þá sem heilbrrh. frv. til laga um Framkvæmdasjóð aldraðra, sem var tekið út úr frv. um málefni aldraðra sem hafði þá legið fyrir í ráðuneytinu um skeið. Þarna var gert ráð fyrir sérstökum nefskatti í þessi verkefni, málefni aldraðra og uppbyggingu stofnana í þeirra þágu. Og mér er það enn í minni að það voru tveir þingmenn Sjálfstfl., sem þó voru í stjórnarandstöðu þá báðir, sem ákváðu að styðja þetta frv. og þessar tillögur sem þarna lágu fyrir. Það voru hv. þm. Albert Guðmundsson og hv. þm. Matthías Bjarnason. Og niðurstaðan varð sem sagt sú að þessi sjóður var myndaður. Hann var stofnaður og menn geta séð á þeim blöðum sem liggja fyrir, m.a. með nál. 2. minni hluta heilbr.- og trn., að þessi sjóður hefur auðvitað skilað stórfelldum árangri hér á undanförnum árum.

Ef menn velta fyrir sér ástandinu í málefnum aldraðra eins og það var þegar sjóðurinn varð til annars vegar og hins vegar núna þá sjá menn að það eru gríðarlegar breytingar á þessum tíma. Ef menn skoða t.d. það hvernig þetta hefur þróast, segjum í Reykjavíkurhéraði, þá var fjöldi rúma fyrir aldraða að mati heilbrrn. árið 1991 1.122 þegar allt er talið, bæði þjónusturými og hjúkrunarrými. En í ársbyrjun 1981 voru þessi rúm ekki 1.122 heldur um 850. Ef við tökum t.d. Vesturlandshérað þá voru rúm þar fyrir aldraða í upphafi Framkvæmdasjóðs aldraðra 137, 10 árum seinna 250. Ef við tökum Vestfirði þá voru rúm fyrir aldraða í upphafi laganna 57 en 10 árum seinna meira en tvisvar sinnum fleiri eða 115. Ef við tökum Norðurland vestra þá voru rúm fyrir aldraða þar í upphafi sjóðsins 26 en í lok áratugarins hvorki meira né minna en 200, hafði fjölgað úr 26 í 199 á tíu árum. Ef við tökum Norðurlandshérað eystra þá voru þar 303 rúm fyrir aldraða 1. jan. 1981, en 1. jan. 1991 voru þau orðin 433. Ef við tökum Austurland þá voru rúm fyrir aldraða 45 1. jan. 1981 og 1. jan. 1991 hins vegar 171. Ef við tökum Suðurland þá voru þar 315 rúm fyrir aldraða 1981 en 482 rúm 1. jan. 1991. Og ef við tökum Reykjaneshérað sérstaklega þá voru rúm fyrir aldraða 240 1. jan. 1981 en 460 tíu árum seinna. Þannig að það er augljóst að þessi sjóður hefur skilað stórfelldum árangri á tíu árum og það er nauðsynlegt að menn muni það líka að um hann var mjög góð sátt. Fólk var tilbúið til að borga þennan aukskatt.

Ég man eftir því, af því að ég fór þá með þann málaflokk, að ríkisstjórnin þáv. var gagnrýnd fyrir þennan skatt. Hún var gagnrýnd fyrir hann m.a. af verkalýðshreyfingunni á þessum tíma vegna þess að það væri verið að leggja á skatta umfram það sem samið hefði verið um við verkalýðshreyfinguna. Niðurstaðan varð engu að síður þessi og ég er sannfærður um að þegar þetta er allt skoðað þá viðurkenna menn að hér var um farsæla niðurstöðu að ræða og heildartölurnar segja allt sem segja þarf. 1981 voru í landinu öllu alls tæplega 2.000 rúm fyrir gamalt fólk. Tíu árum seinna voru þau 3.300. Þannig að það er hægt að halda því fram að í vistunarmálum aldraðra hefur átt sér stað á þessum áratug bylting fyrir tilverknað þessa sjóðs.

Menn skulu gera sér grein fyrir því líka að málefni aldraðra voru ekki mikið hér á dagskrá í þessari stofnun um áratuga skeið. Það var eftirlátið félagasamtökum og einkaaðilum að reisa elliheimili hér á Íslandi. Þessi mál voru aldrei tekin hér fyrir. Ég held að það sé óhætt að halda því fram að þegar lögin um Framkvæmdasjóð aldraðra voru samþykkt hafi það verið fyrstu almennu lögin um málefni aldraðra sem voru samþykkt hér á Alþingi, fyrstu almennu lögin. Og þegar lögin um málefni aldraðra voru svo samþykkt var brotið í blað í þessum málum hér á landi og ég held að menn þurfi að gera sér grein fyrir því að þarna var um að ræða gífurlega breytingu.

Þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar síðan ákvað, þegar ég hygg Albert Guðmundsson var fjármálaráðherra, að taka upp staðgreiðslukerfi skatta þá var ákveðið að taka Framkvæmdasjóð aldraðra og gjaldið sem átti að fara í hann, inn í staðgreiðsluna. Ég mótmælti því strax. Fyrst og fremst vegna þess að ég óttaðist að þá mundi þessi skattur hverfa inn í staðgreiðsluna og hann yrði í raun og veru að engu smátt og smátt vegna þeirra almennu þarfa sem ríkissjóður hefur alltaf til þess að bæta við sig tekjum. Því miður þá varð það niðurstaðan samt sem áður að taka þetta inn í staðgreiðsluna. Ég flutti svo frumvarp um þetta mál þegar það var til meðferðar í hv. efri deild Alþingis. Sú tillaga mín og það frv. var fellt, að halda framkvæmdasjóðnum áfram sem sérmerktum skatti.

Það varð síðan niðurstaða síðustu ríkisstjórnar að leggja á gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra á nýjan leik. Og það var vissulega skattahækkun, það er engin spurning, vegna þess að þeir peningar sem voru áfram teknir inn í staðgreiðsluna voru áfram á sínum stað. Þannig að það var alveg rétt sem hv. 8. þm. Reykv., Geir Haarde, hélt fram á sínum tíma að menn hefðu í

raun og veru skattlagt tvisvar í þágu þessa málefnis, það var út af fyrir sig alveg hárrétt. Ég taldi hins vegar að það væri réttlætanlegt að leggja á skattinn í Framkvæmdasjóð aldraðra aftur vegna þess að þá yrði auðveldara að verja hann. Það var mín skoðun þá og það er mín skoðun enn þá að það sé betra að verja skattinn í þágu málefna aldraðra ef hann er þannig sérmerktur með þessum hætti.

Niðurstaðan varð síðan sú að í síðustu ríkisstjórn var ákveðið að taka hluta af þessum framkvæmdasjóði í rekstur þegar um væri að ræða stofnanir sem yrðu tilbúnar á fjárlagaári og ekki hefði verið ætlað til á fjárlögum, sérstaklega. Ég taldi þetta varasamt vegna þess að ég óttaðist að þar með væru menn að stíga inn á þá braut að menn mundu taka þennan sjóð smátt og smátt í rekstur. Og niðurstaðan hefur í raun og veru orðið sú að menn eru að halda áfram á þessari braut. Og ég tel að það hafi líka verið rétt hjá hv. þm. Geir Haarde á sínum tíma að þarna hafi verið um að ræða vafasamt skref vegna þess að það er svo erfitt að stöðva sig, það sýnir reynslan, þegar menn eru á annað borð lagðir af stað með þessum hætti.

Ég held þess vegna, virðulegi forseti, að það sé nauðsynlegt þegar menn skoða þessi málefni aldraðra, Framkvæmdasjóð aldraðra, að setja þetta allt saman í heildarsamhengi og átta sig á því hvað hér er að gerast. Staðreyndin er auðvitað sú að þessi tillaga sem Sjálfstfl. og Alþfl. flytja hér núna er í fullkomnu ósamræmi við málflutning Sjálfstfl. hér á síðasta kjörtímabili, alveg í lóðréttu ósamræmi við þann málflutning. Það er alveg sama hvort þar er um að ræða hv. 8. þm. Reykv. nú eða einhverja aðra þingmenn Sjálfstfl., sá málflutningur sem þeir höfðu uppi þá er allur annar en hann er núna. Og þegar frumvarpið var lagt hér fyrir frá hæstv. ríkisstjórn í haust þá var gert ráð fyrir því að það mætti í raun og veru taka allan sjóðinn í rekstur, allan, því að þá stóð í frumvarpinu, með leyfi forseta, að það væri heimilt að veita rekstrarfé til stofnana fyrir aldraða án nokkurrar takmörkunar. Ég vakti á þessu athygli strax við 1. umr. um málið og ég sagði sem svo: Ég trúi því t.d. ekki að hv. 16. þm. Reykv., Guðmundur Hallvarðsson, hafi staðið að þessu. Og ég sagði: Ég trúi því heldur ekki að einstakir aðrir þingmenn Sjálfstfl. hafi staðið að þessu, miðað við þá stöðu eða afstöðu sem Sjálfstfl. tók í þessum málum á síðasta kjörtímabili.

Niðurstaðan verður svo sú að við meðferð málsins í nefnd tekst að fá þessu ákvæði breytt. Og ég skil það svo að nú sé þak á þessu þannig að það megi aldrei taka nema 55% eða 230 millj. kr., sýnist mér, af þeim 425 millj. sem sjóðurinn á að hafa. Og ég er þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að miðað við allar skuldbindingar þessa sjóðs þá sé hér allt of langt gengið. Skuldbindingar sjóðsins eru alveg feikilegar. Ef við tökum t.d. bara eitt kjördæmi, Reykjaneskjördæmi, þá er það þannig að eftirstöðvar vegna einstakra verkefna þar eru þannig að í Kópavogi eru þetta sýnist mér einar 60 millj. Í Hafnarfirði er um að ræða verulegar upphæðir, í Sandgerði einnig verulegar og í Garðvangi sömuleiðis verulegar upphæðir. Bara í Reykjaneskjördæmi eru eftirstöðvarnar 104 millj. sem þessi sjóður á eftir að standa undir. Í Reykjavíkurkjördæmi eru eftirstöðvarnar 620 millj. Og á Vesturlandi eru eftirstöðvarnar 48 millj. Á Vestfjörðum eru eftirstöðvarnar sýnist mér um 40 millj., Norðurlandi vestra mikið lægri tala eða innan við 6 millj., Norðurlandi eystra 86 millj., Austurlandi tæpar 100 millj., bara á Austurlandi, og þar er langhæsta talan sýnist mér Vopnafjörður og Búðahreppur og Eskifjörður. Búðarhreppur t.d. með tæplega 40 millj. Og síðan er Suðurland, eftirstöðvar á Suðurlandi eru 106 millj. Eftirstöðvarnar eru samtals 1,1 milljarður kr. Og miðað við þær upphæðir sem hér er gert ráð fyrir að veita í sjóðinn þá er hann fimm til sex ár að klára þessar eftirstöðvar og þá má ekki hleypa af stað neinum nýjum verkum. Ég tel þess vegna að hér séu menn á afar hættulegri braut. Og ég tel að það væri ómaksins vert fyrir þingheim að fá að hlýða á það hvernig maður eins og hv. 16. þm. Reykv. hugsar sér að verja það að sjóðurinn er að svona stórum hluta til tekinn í almennan rekstur við þær aðstæður sem þarna blasa við.

Það liggur líka fyrir, virðulegi forseti, að öldruðum, sem þurfa þjónustu, mun fara fjölgandi á næstu árum. Þessi vandi mun vaxa. Þegar menn nota ekki sjóð af þessu tagi, sem þjóðin er reiðubúin, er viljug til að borga í, þá er auðvitað mjög hætt við því að menn lendi í því að vandinn vaxi ár frá ári án þess að það sé í raun og veru hægt að sporna við að einu eða neinu leyti. Þess vegna verð ég að segja það fyrir mitt leyti að ég tel að það sé algjört svarta hámark að ganga það langt eins og við gerum þarna, ég og hv. þm. Finnur Ingólfsson, í brtt. sem við flytjum á þskj. 504. Sú tillaga gerir ráð fyrir því að það verði heimilt að nota 160 millj. kr. af þessum sjóði á árinu 1993 í þessu skyni. Ég vil í tilefni af þessu, virðulegi forseti, inna hæstv. heilbr.- og trmrh. eftir talnaflóðinu í kringum þessi mál sem ég átta mig ekki algjörlega á.

Samkvæmt frumvarpinu, brtt. meiri hluta heilbr.- og trn., er gert ráð fyrir því að taka 55% í þennan rekstur eða um 230 millj. kr. Samkvæmt minnisblaði um sparnað í heilbrrn., sem ég hef undir höndum frá hæstv. heilbrrh. eins og aðrir heilbrigðisnefndarmenn, þá er gert ráð fyrir því að niðurskurðurinn á Framkvæmdasjóði aldraðra verði ekki 160 millj. heldur 90 millj. Þarna ber á milli 70 millj. Síðan ber aftur 70 millj. á milli tölunnar 160 millj. og 230 millj. sem menn eru með í öðrum gögnum þessa máls. Ég held að það væri mjög æskilegt að hæstv. heilbrrh. skýrði hvernig þessar tölur ganga upp, hvaða rök eru á bak við þennan talnasamsetning eins og hann hér lítur út.

Hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson mælti hér áðan fyrir nál. meiri hlutans og ég vil aðeins víkja að því þessu næst, virðulegi forseti, en þar segir, með leyfi forseta:

„Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj. Tillagan felur í sér að b-lið 1. gr. frv. verði breytt á þann hátt að heimild til að nýta fé framkvæmdasjóðs til reksturs verði bundin við árin 1993–1995 og að upphæðin verði tilgreind í fjárlögum. Jafnframt er gert ráð fyrir að þetta framlag nemi

ekki meira en 55% af heildarúthlutun sjóðsins á ári hverju. Áfram er þó í lögunum heimild til að veita tímabundið rekstrarfé til stofnana fyrir aldraða sem breyta eða hefja starfsemi eftir að fjárlagaár hefst."

Samkvæmt þessu, og samkvæmt frv., ef það verður að lögum eins og meiri hlutinn gerir tillögu um, þá er í raun og veru áfram hægt að taka allan sjóðinn í rekstur innan árs. Það er hægt. Í fyrsta lagi er heimilt að taka 55% eða u.þ.b. 230 millj. kr. En í öðru lagi er hægt að taka verulegan hluta sjóðsins í rekstur til stofnana sem hefja starfsemi eftir að fjárlagaár hefst. Á því er ekkert þak. Og þess vegna spyr ég hæstv. heilbr.- og trrh.: Hvað gerir hann ráð fyrir að mikið fé verði til ráðstöfunar úr sjóðnum á árinu 1993, eins og þetta hér lítur út?

En í áliti meiri hluta heilbr.- og trn. segir einnig með leyfi forseta:

„Meiri hluti nefndarinnar vill leggja áherslu á að miðað við núverandi aðstæður er nauðsynlegt að Framkvæmdasjóður aldraðra fjármagni meira en hingað til rekstur stofnana aldraðra. Jafnframt er ljóst að enn er veruleg þörf á fjármagni til uppbyggingar í húsnæðismálum aldraðra og með hliðsjón af því hefur heilbr.- og trmrh. lýst yfir því að hann muni beita sér fyrir könnun á högum aldraðra á áðurgreindu tímabili (1993–1995) og enn fremur verði á sama tímabili gerð áætlun um þjónustu- og byggingarþörf og að framkvæmdir í samræmi við þá áætlun hefjist fyrir lok tímabilsins." Þetta er sérkennilegur texti, með leyfi forseta. Ætli þetta geti kallast kattarþvottur á íslensku máli, eða hvað?

Hér er gert ráð fyrir því að þessari skerðingu verði haldið áfram út kjörtímabilið, þ.e. út árið 1995. Og svo er gert ráð fyrir því að hæstv. heilbrrh. láti gera könnun á högum aldraðra. Hvaða könnun, hæstv. ráðherra? Hvernig verður staðið að þeirri könnun? Hver mun framkvæma þá könnun? Hæstv. ráðherra þarf ekki sérstaka yfirlýsingu í nál. til að þetta verði gert vegna þess að þetta er ákvæði í lögunum um málefni aldraðra. Það er gert ráð fyrir því að svona könnun verði gerð hvort eð er.

Síðan er gert ráð fyrir því að gerð verði áætlun um þjónustu- og byggingarþörf og framkvæmdir í samræmi við þá áætlun. Hver mun vinna þessa áætlun um þjónustu- og byggingarþörf og framkvæmdir í þágu aldraðra? Hver mun gera það? Verður það heilbrn.? Verður heilbr.- og trn. Alþingis kölluð til í þessum efnum? Hverjir munu koma að þessu verki?

Auðvitað er það svo, virðulegi forseti, að þegar menn eru að lenda málum pólitískt þá vill það oft verða erfitt í stjórnarsamstarfi eins og gengur, ekki síst á þeim tímum sem núna eru uppi, sem eru vissulega mjög erfiðir. Það er greinilegt að hluti af stjórnarliðinu hefur átt mjög erfitt með að sætta sig við tillöguna eins og hún lítur hér út. Þess vegna hefur verið gert svona pólitískt samkomulag. Pólitískt samkomulag sem gengur út á hvað? Það gengur út á það í fyrsta lagi að þetta verði 55%, að þetta verði bara árið 1993, 1994 og 1995, og að gerð verði könnun á högum aldraðra. Ég geri ráð fyrir því að meiri hlutinn ætli að reyna að fleyta sér eitthvað á þessu að það eigi að kanna hagi aldraðra. Þetta er satt að segja svo gagnsær plástur að það hefði verið betur gert að sleppa því að reyna að líma hann á sárið í þessu efni. Vegna þess að þetta segir ekki nokkurn skapaðan hlut. Hér eru menn að reyna að bjarga sér á hundasundi með mál sem þeir vita að er vont, og eiga í raun og veru mjög erfitt með að standa að og reyna þess vegna að búa til plástra af þessu tagi.

Nei, virðulegi forseti, ég held að þessar yfirlýsingar í nál. meiri hlutans séu fjarska ómerkilegar. Ég held að menn eigi ekki að vera að reyna að vinna sér það til hægari verka að blekkja þjóð og þing með yfirlýsingum af þessu tagi. En ég hef lagt til heilbrrh. nokkrar spurningar um þetta atriði, hvernig eigi að standa að þessari könnun o.s.frv. þannig að það megi sjá hvernig þeim hlutum er háttað.

Virðulegi forseti. Alveg frá því að lögin um Framkvæmdasjóð aldraðra voru sett á sínum tíma, 1981–1982, þá hefur það verið vitað að vandinn væri langsamlega mestur hér í Reykjavík. Það hefur verið vitað allan tímann. Það var gerð könnun á högum aldraðra árið 1981 og á ári aldraðra var hún birt. Það hefur legið fyrir allan tímann að vandinn hefur verið langsamlega stærstur hér í Reykjavík og nágrenni. Þess vegna var það t.d. að þann tíma sem ég var í heilbrrn. var lögð á það áhersla að veita talsverða fjármuni til framkvæmda í Reykjavík og á Reykjavíkursvæðinu. Þeir fjármunir fóru til Hrafnistu, þeir fóru til Sunnuhlíðar, þeir fóru til B-álmu Borgarspítalans og fleiri slíkra aðila. Verulegur hluti sjóðsins fór þá til Reykjavíkur og nágrennis og ég man eftir því að landsbyggðarþingmenn úr öllum flokkum gagnrýndu mig mjög mikið fyrir þessa einhliða Reykjavíkuráherslu sem menn töldu að væri þá á þessum sjóði. Enda má segja að það hafi nokkuð skipt um eftir að skipt var um ráðherra 1983. Þá fór áherslan frá Reykjavík annað, m.a. út á land.

Nú ætla ég út af fyrir sig ekki að segja að þær byggingar, sem þar hafi verið reistar á undanförnum árum eða áratug, hafi verið óþarfar, það er langt frá því. Ég viðurkenni það hins vegar, að ég hefði haft forgangsröðina öðruvísi. Og ég bendi á að sú ákvörðun að láta verulegan hluta sjóðsins fara til Reykjavíkur og nágrennis var samkvæmt tillögu stjórnar sjóðsins á þeim tíma. Ég breytti tillögum stjórnar sjóðsins aldrei heldur fór eftir tillögum stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra í öllum atriðum. Og af hverju var það? Jú, það var vegna þess að stjórnin hafði heildarupplýsingar um ástandið í málefnum aldraðra í landinu öllu. Þar lá fyrir að vandinn var langmestur hér og þess vegna gerði stjórnin tillögu um það að langmestir fjármunir færu hingað til Reykjavíkur og það var gert.

Síðan komu aðrir menn að þessum verkum og mér skilst að á síðustu árum hafi það gerst aftur og aftur að ráðherrarnir hafi breytt út frá tillögum Framkvæmdasjóðs aldraðra, sem þó voru teknar og ákveðnar á grundvelli vandaðra, faglegra upplýsinga. Og ég tel að það sé satt að segja mjög mikið umhugsunarefni að menn láti kjördæmaviðhorf en ekki fagleg heildarvið-

horf ráða úrslitum í málum af þessu tagi.

Ein sú stofnun sem við veittum fé til úr sjóðnum á þessum tíma var B-álma Borgarspítalans. Hún var byggð að talsverðu leyti fyrir fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Það var greinilega skoðun fjöldamargra aðila, m.a. á Borgarspítalanum, að það væri eiginlega hið versta mál vegna þess að Borgarspítalinn ætti ekkert að vera með þau mál með þeim hætti sem við gerðum tillögu um. Forustumenn Borgarspítalans töldu, að það væri miklu skynsamlegra að Borgarspítalinn sneri sér að öðrum almennum verkefnum í hinum ýmsu sérgreinum læknisfræðinnar. Niðurstaðan varð sú að ég fann þá að forustumenn Borgarspítalans vildu helst nota B-álmuna í annað. Og þess vegna ákvað ég að skrifa Borgarspítalanum og borgaryfirvöldum í Reykjavík bréf þar sem sagði að ég liti svo á að ef B-álman yrði tekin undir annað en aldrað fólk, þá ætti borgin, eigandi spítalans, að greiða þessa peninga til baka, upp á nokkur hundruð millj. kr.

Ég man ekki satt að segja, virðulegi forseti, hvort að þetta kemur hér fyrir í yfirlitinu, hversu mikið hefur farið í B-álmuna, en það eru umtalsverðir fjármunir. Ég geri ráð fyrir því að þar sé um nokkur hundruð millj. kr. að ræða. (**Gripið fram í:** Og miklu meira en leyfilegt er samkvæmt reglum sjóðsins.) og auk þess meira en leyfilegt er samkvæmt reglum sjóðsins eins og þær eru núna. Ég bendi á það reyndar að þeir fjármunir sem fóru til B-álmunnar fóru ekki eingöngu í minni tíð heldur var bætt við nokkurri upphæð sem var á mörkunum samkvæmt reglum sjóðsins, að mínu mati, í ráðherratíð Matthíasar Bjarnasonar. En niðurstaðan varð engu að síður þessi, og ég er þeirrar skoðunar og vil láta það koma fram: Borgaryfirvöld, borgarsjóður Reykjavíkur skuldar Framkvæmdasjóði aldraðra þessa peninga. Hann skuldar Framkvæmdasjóði aldraðra nokkur hundruð millj. kr. Ég vil inna hæstv. heilbrrh. eftir því hvort hann hyggist leggja í innheimtulotu á borgarsjóð Reykjavíkur fyrir þessum peningum til þess að bæta stöðu Framkvæmdasjóðs aldraðra. Það er auðvitað algjörlega fráleitt að láta borgina sitja með þessa peninga eins og hún líka fer með fé og hefur farið með fé á síðustu árum.

Ég heyrði það að hæstv. heilbr.- og trmrh. var að búa sig undir málaferli út af verksvikum, eftirlitssvikum og vinnusvikum vestur á Ísafirði. Það er spurning hvort að hæstv. ráðherra ætti ekki að íhuga það mjög alvarlega að búa sig undir málaferli gegn Reykjavíkurborg vegna þjónustusvika við gamalt fólk í þessu kjördæmi, í þessu byggðarlagi. Það væri talsvert mikið annað upplit á Framkvæmdasjóði aldraðra ef borgin borgaði aftur þá peninga sem lagðir voru í B-álmu Borgarspítalans en eru ekki að öllu leyti notaðir í þágu gamals fólks.

Þetta er auðvitað þeim mun brýnna og eðlilegra að mínu mati, virðulegi forseti, vegna þess að eins og margoft hefur verið sagt hér þá er ástandið í málefnum aldraðra langlakast hér í þessu byggðarlagi. Um það liggja fyrir tölur, ítarlegar tölur. Það er fróðlegt að bera saman stöðuna hér í Reykjavík annars vegar og í öðrum kjördæmum hins vegar. Hvernig er sú staða? Hjúkrunarrými á hverja 100 íbúa 70 ára og eldri á landinu öllu eru 10,4 að meðaltali. Í Reykjanesi eru þau 12,6, á Suðurlandi eru þau 14, í Austurlandshéraði 11,7, Norðurlandi eystra 10, Norðurlandi vestra 17, Vestfjörðum 14, Vesturlandi 10 en í Reykjavík eru þessi rými í raun milli 6 og 7 á hverja 100 íbúa 70 ára og eldri. Með öðrum orðum, þau eru helmingi færri en í öllum öðrum byggðarlögum og það er þess vegna líka, virðulegi forseti, sem við þingmenn Reykvíkinga hljótum að leggja meiri áherslu á þessi mál heldur en kannski flestir aðrir, m.a. líka á það og ég legg á það alveg sérstaka áherslu, að hæstv. heilbrrh. upplýsi hvort hann ætlar að fara í rukkunarherferð á hendur borgarsjóði Reykjavíkur fyrir hundruð millj. kr. sem liggja í B-álmu Borgarspítalans og eru ekki notuð í þágu aldraðra heldur í þágu almennrar sjúkrahússtarfsemi.

Virðulegi forseti. Ég stend hér ásamt hv. þm. Finni Ingólfssyni að brtt. um að takmarka þessa skerðingu við 160 millj. kr. á árinu 1993. Ég skora á aðra þingmenn að standa að þessari afgreiðslu með okkur ef það mætti verða til þess að skapa hér nýjan meiri hluta. Ég segi það hins vegar að fari það svo að þessi samkomulagstilraun okkar verði felld þá munum við, eða ég mun fyrir mitt leyti alla vega, standa gegn þeim breytingum á lögunum sem hér er verið að gera tillögu um. Ég tel að þörfin fyrir þjónustu við aldraða á þessu svæði sé svo brýn að við getum ekki leyft okkur að ganga eins langt og hæstv. ríkisstjórn ætlar að gera og þess vegna mun ég fyrir mitt leyti, verði tillaga okkar hv. þm. Finns Ingólfssonar felld, standa gegn því að lögunum verði breytt með þeim hætti sem hæstv. ríkisstjórn gerir hér ráð fyrir.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ljúft að upplýsa hv. þm. um eðli þeirra talna sem eru hér til meðferðar. Ég vil vitna í framhaldsnefndarálit meiri hluta fjárln. þar sem segir svo, orðrétt, með leyfi forseta, á bls. 1:

„Þá gerir meiri hlutinn tillögur um hækkun útgjalda hjá A-hluta stofnunum. Heildarniðurstaðan er sú að útgjöld hækka um 44 millj. kr. Þar er einkum um að ræða hækkun framlaga til sjúkratrygginga, lækkun sértekna Hafrannsóknastofnunar, hækkun framlaga við viðhalds opinberra bygginga og Framkvæmdasjóðs aldraðra, þ.e. Hjúkrunarheimilsins Eirar."

Á bls. 4 í tillögu 385 í frhnál. 513 segir svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Framkvæmdasjóður aldraðra: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 70 millj. kr. og verður 230 millj. kr. m.a. vegna væntanlegs reksturs Hjúkrunarheimilisins Eirar."

Með öðrum orðum: Hér er gert ráð fyrir og lagt til sérstakt framlag úr ríkissjóði, 70 millj. kr., til Framkvæmdasjóðs aldraðra til þess að verja í gegnum sjóðinn fjármagni til Hjúkrunarheimilisins Eirar vegna þess að ekki lá fyrir þegar þessi afgreiðsla var gerð sú rekstraráætlun sem við gætum notað til þess að efna til

hjúkrunarheimlilisins sem sérstaks viðfangsefnis á fjárlögum.

Það er alveg ljóst að hér er ekki verið að auka skerðingu Framkvæmdasjóðs aldraðra um svo mikið sem eina krónu, heldur er verið að leggja Framkvæmdasjóði aldraðra til nýtt viðbótarfé upp á 70 millj. kr. í þessu sérstaka skyni. Það er því alveg ljóst eins og segir í brtt. hv. meiri hluta heilbr.- og trn. að verið er að veita rekstrarfé á árinu 1993 í samræmi við ákvæði fjárlaga, ákvæði fjárlaga er um 160 millj. kr., punktur og basta, ekki krónu meira. Hins vegar segir í framhaldstexta að þessi fjárhæði megi aldrei nema hærri hlut en 55% af heildarúthlutun sjóðsins á árinu og á það að sjálfsögðu við árið 1994 og 1995 því árið 1993 var búið að afgreiða.

Í öðru lagi liggur það fyrir að úr Framkvæmdasjóði aldraðra var búið að veita B-álmu Borgarspítalans miklu meira fé heldur en sú framkvæmd átti rétt á vegna þess að menn tóku bara trúanlegar þær upplýsingar sem fyrir menn voru lagðar úr byggingarreikningum spítalans.

Ég hef ekki hugsað mér að rukka Reykjavíkurborg um það enda var enginn slíkur fyrirvari gerður þegar það fé var afhent. Hins vegar mun það nokkurn veginn standast á endum að þegar byggingunni verður lokið, hvenær svo sem það verður, þá mun framlagið úr Framkvæmdasjóði aldraðra sem þegar er búið að greiða, vera nokkurn veginn það sama og hámarksframlag, samkvæmt reglum sjóðsins, sem getur fallið til þeirrar byggingar.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mundi satt að segja í sporum hæstv. heilbrrh. ekki taka svona til orða eins og hann gerði áðan vegna þess að ég tel að hann sé þar að hafa af ríkinu gífurlegar fjárhæðir. Það var auðvitað gerður fyrirvari varðandi þessi mál af hálfu heilbrrn. á sínum tíma og borgin á að endurgreiða þann hluta byggingarkostnaðar B-álmunnar sem ekki er notaður fyrir gamalt fólk. Á þeim tíma sem menn eru að skerða Framkvæmdasjóðinn með þeim hrottalega hætti sem nú liggur fyrir þá á að rukka Reykjavíkurborg. Hæstv. heilbrrh. á að efna til innheimtuherferðar á hendur borgarstjóranum í Reykjavík upp á nokkur hundruð millj. kr. vegna þess að það er ekki verið að nota B-álmuna fyrir gamalt fólk, heldur fyrir almenna starfsemi spítalans. Það tel ég að sé mjög mikilvægt.

Í öðru lagi þá tel ég að það svar sem hæstv. heilbrrh. gaf varðandi Framkvæmdasjóðinn hafi ekki með öllu skýrt það mál og ég tel óhjákvæmilegt að glöggva sig betur á því en á því er ekki kostur við þær aðstæður sem skapast hér í andsvarsumræðum.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað út í hött að ætla að fara að rukka eitthvert sveitarfélag fyrir það fé sem hefur verið veitt með löglegum hætti úr Framkvæmdasjóði aldraðra, samþykkt af viðkomandi ráðherra og greitt að hans tilvísun. Það er gjörsamlega út í hött.

Ég vil aðeins, um hitt atriðið sem hann nefndi, segja það að hafi hann hlustað á framsögu formanns fjárln. til viðbótar við það sem stendur í þskj. þá hlýtur hann að geta sjálfur gert sér grein fyrir því að sú afgreiðsla sem þegar hefur farið fram í fjárlögum varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra felst í því að það er verið að leggja sjóðnum til 70 millj. kr. umfram áætlaðar tekjur hans á næsta ári. Það framlag kemur úr ríkissjóði og það framlag er ætlað að renni til dvalarheimilisins Eirar.

Þetta mál liggur alveg ljóst fyrir og ég trúi því ekki að jafntalnaglöggur maður og hv. þm. Svavar Gestsson er geti ekki skilið þetta því málið er svo einfalt.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að játa það að ég er sennilega eini þingmaðurinn sem ekki hefur hlustað á framsöguræðu hv. formanns fjárln., ég gerði það ekki. Ég vona að ég sé eini þingmaðurinn sem missti af þeirri merku ræðu, en þannig fór nú fyrir mér. Og hafi þar komið fram einhverjar upplýsingar í þessum efnum þá mun ég kynna mér þær. En málið er hins vegar þannig að þær 70 millj. sem hæstv. ráðherra er að tala um eru ekki beint úr ríkissjóði heldur er það þannig að mati hæstv. ráðherra í bréfum fyrir nokkrum vikum að þetta eru væntanlega þær 70 millj. sem hæstv. ráðherra telur að forveri hans hafi oft tekið úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Þess vegna er hæstv. núv. ráðherra bara að skila þessum peningum Framkvæmdasjóðsins til hans aftur samkvæmt þeim túlkunum sem hæstv. ráðherra hafði uppi aðeins fyrir örfáum vikum.

Ég bendi síðan á, virðulegi forseti, að hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur ekki svarað spurningu minni um það hvernig hann hyggst haga þeirri könnun á högum aldraðra sem kemur fram í nál. meiri hlutans að ætlunin sé að efna til, né heldur hvernig hann hyggst standa að áætlanagerð til úrbóta í málefnum aldraðra sem einnig kemur fram í nál. meiri hluta hv. heilbr.- og trn.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er erfitt að vita hvar maður á að taka til í máli sem þessu. Hvar maður á að byrja. Sannleikurinn er sá að allt frá því að þessi sjóður var stofnaður hefur smám saman verið ráðist í hann til annarra hluta en hann var upphaflega ætlaður. Eins og hér hefur þegar verið rakið þá var þessi nefskattur, sem eins og réttilega hefur komið fram, menn borguðu með óvenjulega glöðu geði, ætlaður til þess að stuðla að uppbyggingu þjónustu fyrir aldrað fólk sem þjónustu þarfnaðist. Síðan hefur það farið töluvert úr skorðum til hvers þetta fé hefur verið veitt, því smám saman var farið að byggja íbúðir, einkum og sér í lagi þegar kreppti að byggingariðnaðinum, fyrir aldraða út um allar sveitir, út um alla Reykjavíkurborg, í hverju þorpi og hverju kauptúni og hverjum bæ í þessu landi og þá mestan part söluíbúðir. Menn seldu eigur sínar til þess að kaupa íbúðir í þessum húsum vegna þess að ævinlega var talað um að þarna væri einhverja sérstaka þjónustu að hafa. Síðan notuðu bæjarfélögin sér að

sjálfsögðu Framkvæmdasjóð aldraðra á þann veg að sums staðar í þessum húsum og náttúrlega öllum er einhvers konar matsalur, þjónustan nákvæmlega engin, og það vitum við öll. En það má segja að það sé eitthvert sameiginlegt rými almennt í þessum húsum þar sem gamla fólkið borðar og þannig kræktu bæjarfélögin í peninga úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Hann var aldrei ætlaður til þess að hafa sali sem gamla fólkið gæti dansað í. Það var aldrei ætlast til þess. Sjóðurinn átti að vera til allt annarra hluta. Síðan var auðvitað farið að krækja í peninga til viðhalds þessara húsakynna. Næst var farið að tala um að ef mönnum skyldi skyndilega detta í hug að hefja rekstur í slíku húsi þá mætti fara í sjóðinn og nú á að taka góðan skilding úr honum til almenns rekstrar.

Það er auðvitað fyrir löngu kominn tími til að taka þennan sjóð til algjörrar endurskoðunar vegna þess að þetta er auðvitað allt saman ein allsherjarvitleysa. Við vitum öll að það verður að halda húsum við, að sjálfsögðu, og það væri ekkert við því að segja að nota einhvern hluta sjóðsins í að halda við byggingum sem eru til þeirra hluta sem sjóðurinn var ætlaður. En svo er alls ekki og þetta er orðin hrein skrípamynd fyrir lifandi löngu. Sannleikurinn er sá að það er búið að plata aldrað fólk til að selja ágætar húseignir sem dugðu svo ekki til kaupa á kannski tveggja og þriggja herbergja íbúðum vegna þess að gamla fólkið var platað til þess að kaupa bílskúra, bílageymslur, matsali. Þó að kannski eitthvað úr Framkvæmdasjóði aldraðra hafi farið í það, þá hefur hér auðvitað farið fram ljótur leikur. Ég hef margsinnis bent á þetta, en fengið heldur lítinn hljómgrunn fyrir mitt mál.

Sannleikurinn er sá að fjöldinn allur af fullorðnu fólki sem hefur ekki skuldað krónu í áratugi situr nú uppi með eins, tveggja milljóna króna skuldir til tíu, fimmtán, tuttugu ára. Það vill svo til að það borgar það sennilega aldrei, heldur einhverjir þeir sem við taka. En allt saman hefur þetta verið gert á fölskum, röngum forsendum. Þetta vil ég nú segja um það. Þannig að það kemur mér ekki á óvart að úr því að svona er komið þurfi að ásælast það fé sem í sjóðnum er til allt annarra hluta en hann var nokkru sinni ætlaður.

En af því að hæstv. heilbrrh. stendur hér fyrir framan mig þá vil ég enn einu sinni auglýsa eftir því að við höfum manndóm í okkur til að hugsa það mál til enda hvert við ætlum, hvernig líf ætlum við að búa öldruðu fólki? Hafa menn nokkuð hugsað út í það að með því að byggja hundruð íbúða fyrir aldrað fólk erum við búin að fjarlægja gamla fólkið, sem ekkert hefur gert fyrir sér annað en að verða gamalt eins og við verðum öll, enn lengra frá fjölskyldum sínum? Og hvað gerist svo eftir 10–15 ár? Ætlið þið að breyta öllum þessum húsum í sjúkrahús? Ætlið þið að hafa starfslið til að þjónusta þetta fólk? Haldið þið að það flytji heim aftur til fjölskyldna sinna? Nei. Hvernig ætla menn að leysa það þegar íbúar þessara húsa, sem nú gjósa upp eins og gorkúlur út um allt land, verða 85 ára, 90 ára, 95 ára, sumir 100 ára, sem betur fer? Það gæti farið að verða svo að þetta fólk þyrfti loksins þessa lofuðu þjónustu sem engin hefur verið en vissulega gerði gamla fólkið ráð fyrir henni á sínum tíma þegar ráðist var í þessa flutninga.

Mér þykir þetta ljótur leikur og það undrar mig að þetta skuli viðgangast og ekkert draga úr þessum framkvæmdum því sannleikurinn er sá að það var gripið til gamla fólksins þegar byggingarmenn höfðu ekkert að gera. Þeir urðu að finna upp eitthvað til að selja. Og hvað gerðu þeir? Þeir gripu til hinna öldruðu sem höfðu ekki skuldað neitt í löngu lífi. Það var ekki mikill vandi að gera samninga við gamla fólkið sem lofað var gulli og grænum skógum, samveru, þjónustu, öryggi ef fólk yrði lasið o.s.frv. Og ég get ekki stillt mig um að minnast á það, af því hér situr einnig fyrir framan mig hv. 16. þm. Reykv., og forstöðumaður Hrafnistu í Hafnarfirði, ágætrar stofnunar, að ég sá ekki alls fyrir löngu kaupsamning við gömul hjón sem keyptu íbúð í litlum húsum við Hrafnistu í Reykjavík. Í einni greininni stóð m.a. að í hverri íbúð væri öryggishnappur svo gamla fólkið þyrfti ekki annað en að ýta á hnapp ef eitthvað væri að, en það stóð ekkert um að gömul hjón eiga að borga 4.000 kr. á mánuði fyrir að hnappurinn er á veggnum, hvort sem þau nota hann nokkru sinni eða ekki og það eru hér um bil 50.000 kr. á ári, hæstv. forseti, 50.000 kr. fyrir að það er hnappur á veggnum sem hægt er að ýta á þegar og ef þjónustu er vant. Er nú fallegt að blekkja fullorðið fólk í kaup af þessu tagi? Ég segi nei. (**GHall:** Þingmaðurinn á að fara rétt með tölur.) 3.800 kr. á mánuði og ég bið hv. 16. þm. Reykv. afsökunar á ónákvæmni minni, 1.900 kr. fyrir hvort hjóna, sem mér skilst að geri 3.800 kr. sem er hér um bil 4.000 kr. á mánuði. Það er líka hægt að fá mat frá aðalhúsinu yfir í litlu húsin, það er góð þjónusta, en það kostar 100 kr. í hvert einasta skipti. Það er eins gott, frú forseti, að fólk hafi sæmileg eftirlaun sem leyfir sér þann munað að búa í þessum húsum. Það fólk, sem hér um ræðir, og það er ekkert einsdæmi, átti stórhýsi í Reykjavík, tvær hæðir, ris og kjallara, allt íbúðarhæft. Það lætur nærri að þetta litla hús við Hrafnistu sé jafnvirði allrar eignarinnar. (**GHall:** Þetta kemur bara Framkvæmdasjóði aldraðra ekki við.) Þetta kemur Framkvæmdasjóði aldraðra á þann hátt við að þetta sýnir hvernig farið er með gamalt fólk í landinu og öll þess málefni. Og þá er ég komin að meginefni míns máls því ekkert af því sem ég hef hér sagt er hægt að hrekja. Ég held að allt sem við erum að gera í þessum málum sé rangt. Ég held að við eigum að staldra við hér og setjast niður og hugsa hvernig við ætlum að búa að gömlu fólki í framtíðinni.

Við vitum öll að sem betur fer verður fólk sífellt eldra með góðri heilbrigðisþjónustu sem við höfum notið hingað til. Það kann að vera að málið leysist af því að hún fer nú síversnandi, en guð hjálpi mér, ég vona að svo fari ekki. Ég tel ekki rétta stefnu að gamalt fólk eigi endilega allt að vera á einhverjum stofnunum. Það er óeðlilegt og ónáttúrulegt á allan handa máta. Ég tel líka óeðlilegt að heimaþjónusta sé ekki rekin af hverju byggðarlagi eins og verið hefur. Auðvitað er það mikilvægt að góð heimaþjónusta sé í hverju byggðarlagi en það er hægt að styðja fjölskyld-

ur á margan hátt til að þær geti búið sínum foreldrum og gömlu fólki gott líf í námunda við sig. Hvers vegna á allt gamalt fólk endilega að búa saman? Af hverju má gamalt fólk ekki búa með ungu fólki? Af hverju má gamalt fólk ekki búa með börnum? Það er kannski af því að ég vildi ekki hafa misst af því fyrir nokkrun mun að alast upp með gömlu fólki. Það er svo sannarlega einn snar þáttur í öllu mínu lífi og svo er um fjölda Íslendinga sem betur fer, enda var ákveðin kynslóð fólks sæmilega talandi. Nú er enginn til að tala við blessuð börnin svo að íslensku máli hrakar náttúrlega ár frá ári sem eðlilegt er, vegna þess að það er enginn heima til að tala við börnin.

Það sem ég er að reyna að segja er það að ég held að okkur vanti einhverja heildarstefnu í þessum málum. Menn geta byggt alveg án enda, eins lengi og lítið er að gera í byggingariðnaðinum, íbúðir fyrir aldraða og lofað fólki gulli og grænum skógum. En það skyldi nú aldrei vera að það sé heldur að draga úr sókn í þessar íbúðir þegar fólk uppgötvar að þetta er allt saman eintóm blekking, það er engin þjónusta í þessum húsum. Það er engin þjónusta þó það sé hægt að dansa tvisvar í viku eða spila félagsvist. Það er allt í lagi meðan fólk er um sjötugt en það gæti verið að það yrði 75 ára og áttrætt og 85 ára og nírætt og ætli það fari þá ekki að linast í dansinum og þurfi einhvers annars með.

Hæstv. forseti. Ég vil nú enn einu sinni biðja hæstv. heilbrrh. að gera einhvers konar, ég þori varla að segja könnun, vegna þess að það er margsinnis búið að gera kannanir um þörf á hjúkrunarrými, könnun á þjónusturými. Við vitum alveg hvað margt fólk er á biðlistum eftir þjónusturými, en það er einfaldlega alltaf verið að gera eitthvað annað en að þjóna því fólki. Fjöldinn allur af fólki er á elliheimilum landsins sem ekkert hefur þar að gera og gæti allt eins verið heima hjá sér ef þar væri einhverja þjónustu að fá þannig að mín tillaga er einfaldlega sú að reynt verði að fá eitthvert sæmilega skynugt fólk til aðstoðar og þá held ég að væri nú ráð að snúa sér til þess fólks sem svo til eingöngu hjálpar þessu gamla fólki sem er sjúkraliðastéttin. Ætli hún gæti ekki sagt okkur ýmislegt, hæstv. forseti og virðulegur ráðherra, um hvar skórinn kreppir í þessum efnum. En það er eins og mönnum sé fyrirmunað að spyrja þá sem eitthvað vita, fólkið í heimilisþjónustunni, sjúkraliðastéttina, hjúkrunarstéttina. Ég held að fáir væru hæfari til að upplýsa menn um ástandið í þessum málum.

Varðandi frv. sem hér er til afgreiðslu tek ég auðvitað undir álit þess minni hluta sem hafnar þessu frv. Mér finnst það hins vegar ekki aðalatriði málsins. Auðvitað vitum við það að næsta ár verður sjóðurinn tekinn allur. Það er kannski alveg eins gott því að hann er ekkert nema nafnið eitt eins og nú er komið þannig að ég mun að sjálfsögðu greiða atkvæði á móti þessu en spái því að enn lengra verði gengið næst ef ekki verður unnið að því að koma einhverju skynsamlegu viti í þessi mál. Þeir sem hafa byggt þetta þjóðfélag sem við njótum góðs af eiga betra skilið en þá meðferð sem þeir verða fyrir nú.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get tekið undir flest af því sem hv. þm. sagði. Sá hængur hefur nefnilega verið á að eitt af meginefnum í lögum um málefni aldraðra hefur aldrei verið framkvæmt og það er það vistunarmat sem þarf að fara fram áður en ákvarðanir eru teknar um þjónustu og byggingar. Fyrstu tölur um slíkt vistunarmat hafa nú verið lagðar til heilbrrn. frá flestum héruðum á landinu. Þær benda ekki til þess að þegar Alþingi hefur tekið ákvarðanir um byggingar, þá hafi Alþingi tekið þær ákvarðanir í samræmi við vistunarþörfina eins og heimaaðilarnir meta hana sjálfir. Við höfum verið of uppteknir við það Íslendingar að leysa öll okkar vandamál með því að kaupa steinsteypu. Við höfum ekki hugað að því að það er einmitt þýðingarmeira en að kaupa steinsteypu að reyna að fara þær leiðir sem hv. þm. vék að. Vistunarmatið sem verið er að gera nú og var í fyrsta skipti framkvæmt yfir landið allt gerir einmitt grundvöllinn að því að menn reyni að marka slíka stefnu vegna þess einfaldlega að sú þjónusta sem hægt er að veita öldruðu fólki á sínum eigin heimilum er haganlegust, alveg sama hvaða mælistiku menn leggja á hana, hvort það er mælistika kostnaðarins eða mælistika þjónustunnar eða mælistikan að hlusta eftir röddum gamla fólksins sjálfs. Þetta er sú könnun og athugun sem þarf að gera og ég leyfi mér að fullyrða það, virðulegi forseti, að ákvarðanir hins háa Alþingis um byggingar mannvirkja í öldrunarþjónustu eru ekki í neinu samræmi við það vistunarmat sem fram hefur farið og er unnið af læknum, hjúkrunarfræðingum og starfsmönnum félagsmálastofnana sveitarfélaga í viðkomandi heilsugæsluumdæmum. Og hverjir ættu að vita betur um þörfina eins og hún er en einmitt þessir aðilar?

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það væri verðugt verkefni t.d. fyrir hæstv. heilbrrh. að taka saman hversu mörg eldhús í stofnunum fyrir aldraða sem byggð hafa verið fyrir Framkvæmdasjóð aldraðra eru í notkun. Áfram eru byggðar þjónustustofnanir fyrir gamalt fólk með stofu og litlu eldhúsi. Þar sem ég hef komið hefur ekki eitt einasta af þessum eldhúsum verið í notkun. Það er nefnilega einhvern veginn þannig að þegar fólk er komið inn á þessar stofnanir, þó að hugmyndin hafi upphaflega verið að hver hefði sína litlu íbúð, þá verður fólk einhvern veginn einungis eins og sjúklingar á stofnun. Fólk notar ekki þessi eldhús og það þýðir ekkert að neita því. Þegar hv. fjárln. fór kynnisferð um Reykjanes á síðasta ári og við skoðuðum hið nýja og glæsilega heimili í Grindavík, þá spurði ég forstöðukonu þar hvort engum hefði dottið í hug að sleppa öllum þessum eldhúsum, öllum þessum ísskápum og eldavélum — og sé ég nú að hv. 16. þm. Reykv. lítur til mín alvarlegur í bragði, en hann gæti kannski sagt okkur hvað margir nota eldhúsið sitt á Hrafnistu í Hafnarfirði. Svipurinn sagði meira en svarið.

Mér finnst þetta vera sóun á peningum. Annaðhvort er stjórnun stofnananna letjandi fyrir gamla fólkið,

reksturinn letjandi fyrir gamla fólkið að nýta þessi þægindi eða þessi þægindi eru út í hött og þá á heldur ekki að vera að eyða peningum í þau. Og ég þekki dæmi þar sem fólk hefur beðið um að eldhúsinnréttingin væri fjarlægð svo að stofan stækkaði. Það er auðveldara að fara niður og fá kaffi á könnu til að hafa með sér upp. Þetta er bara svona eitt dæmi um sóun sem þjónar ekki nokkrum einasta tilgangi.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins taka það fram að fæstar af þeim þjónustuíbúðum, sem nefndar eru svo, sem hv. þm. gerði að umræðuefni hér í fyrri ræðu sinni, eru fjármagnaðar úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Flestar þeirra eru fjármagnaðar með lánsfjárfyrirgreiðslu frá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Í öðru lagi er ég henni alveg sammála um það og vil ítreka það að sú reynsla sem við þekkjum úr heilbrrn. að byggð séu dvalarheimili fyrir aldraða sem síðan er verið að reyna að breyta í hjúkrunarheimili með ærnum tilkostnaði, enda stofnanirnar ekki reistar til þess að sinna slíkum þörfum, þetta er auðvitað ekki skynsamlega farið hvorki með fjármuni né viðfangsefni í þágu öldrunarþjónustu. Og hv. þm. svaraði í sínum tveimur ræðum þeirri spurningu sem kom fram frá hv. flokksbróður hennar, Svavari Gestssyni, um það hvaða könnun það væri sem þyrfti að gera á málefnum og högum aldraðra í ljósi þeirra upplýsinga sem nú eru að koma fram um vistunarmat. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir svaraði spurningu hv. þm. Svavars Gestssonar um það efni mjög vel og ítarlega og ég tek aðeins undir svar hennar og læt mér það nægja.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vona svo sannarlega að bókhaldið yfir þessar byggingar sé svo nákvæmt að það sé alveg dagljóst í hvað peningar Framkvæmdasjóðs fyrir aldraða fóru, en grun hef ég nú um að fé hafi einfaldlega verið notað í það sem þurfti og þá ekkert síður eldhúsinnréttingar heldur en nokkuð annað. Mér er nokkuð sama hvort það var notað í þær eða bílageymslurnar eða annað slíkt sem á að heita sameiginlegt í þessum húsum og umsókn og framlag úr Framkvæmdasjóði hefur verið byggt á.

Útbýting þingskjals:

Samningar við EB um fiskveiðimál, 275. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 549.

Frsm. 2. minni hluta heilbr.- og trn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Það sem fékk mig eiginlega til að fara upp í pontu voru andsvör ráðherra hér áðan við ræðu hv. 14. þm. Reykv., Guðrúnar Helgadóttur, þar sem ráðherra var í andsvari, þá gat ég víst ekki farið í andsvar við hann svo að ég varð að skrá mig hér aftur á mælendaskrána. En það var vegna þeirrar umræðu sem hér fór fram áðan um steinsteypuna og aðhlynninguna í heimahúsum. Menn töluðu dálítið um alla hluti þar í sömu andránni og það verður nú að segjast eins og er að það er margvísleg þjónusta við aldraða og byggingarframkvæmdir hafa verið með ýmsum hætti á undanförnum árum og fjármagnaðar líka með ýmsum hætti. Þær þjónustu- og söluíbúðir sem hafa verið byggðar víðs vegar hafa ekki verið fjármagnaðar úr Framkvæmdasjóði aldraðra heldur með lánum frá Húsnæðisstofnun og síðan hafa verið byggðir þjónustukjarnar þar, m.a. frá Reykjavíkurborg. Það er vissulega rétt sem þar kom fram hjá hv. 14. þm. Reykv. að margir aldraðir hafa keypt köttinn í sekknum og farið þarna inn í þeirri von, trú og vissu að þeir fengju þar þjónustu þegar hallaði undan fæti og öldrunarsjúkdómar færu að gera vart við sig. En síðan hefur komið á daginn að þeir hafa oft og tíðum ekkert verið betur settir í þessu húsnæði heldur en þeir væru í hverri annarri íbúð úti í bæ. Munurinn er sá að það er þjónustukjarni niðri sem er ágætt að nýta sér, sérstaklega meðan aldraðir eru rólfærir en þegar því sleppir er ósköp lítið þarna að hafa og þá kemur bara til kasta heimaþjónustu á vegum sveitarfélagsins og heimahjúkrunar og þessir íbúar eiga engan forgang að þeirri þjónustu umfram aðra.

En ráðherra sagði hér að það þyddi ekki bara að fjárfesta í steinsteypu og ég er alveg sammála ráðherranum um að það dugir ekki. Og ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að dýrasta heimaþjónusta væri ódýrari en ódýrasta stofnanaþjónusta (**Gripið fram í:** Og betri.) og betri að mörgu leyti en ekki í öllum tilvikum. Nú skulum við heldur ekki einfalda hlutina því að við erum líka að tala hér um hjúkrunarsjúklinga sem eru mjög veikir sjúklingar og sem þurfa umönnun fagfólks, hjúkrunarfólks og sjúkraliða og þeirra sem starfa á sjúkrahúsunum, og væri og er oft og tíðum mjög erfitt að hafa heima við þannig að við skulum ekki einfalda hlutina heldur um of. Þess vegna vil ég benda á það að í núgildandi lögum er heimild til þess að veita fjárframlög til sveitarfélaga og eins og segir hér, einkum dreifbýlissveitarfélaga til að koma á fót heimaþjónustu fyrir aldraða. Og það er reyndar verið að útvíkka það núna með því frv. sem hér liggur fyrir að þar komi heimahjúkrun inn líka þannig að þessi heimild er til staðar í lögunum og það er mjög mikilvægt að nota heimildina og byggja upp þessa þjónustu. En ein af ástæðunum fyrir því að ekki hefur tekist að byggja þessa þjónustu upp eins og þörf væri á eru m.a. léleg launakjör þeirra sem sinna þessum störfum. Það eru smánarleg laun sem greidd eru fyrir þessi erfiðu störf sem eru þau að fara í heimahús þar sem eru ekki þær aðstæður sem eru t.d. á vistheimilum. Það eru ekki sömu aðstæður til þess að hreyfa sjúkling til þess að baða hann o.s.frv. þannig að þetta eru erfiðari störf heldur en að vinna inni á stofnunum við umönnun aldraðra og ættu þess vegna að vera vel launuð. En það er með þetta eins og önnur umönnunarstörf sem konur sinna að launin eru slík að þau eru ekki bjóðandi og eins og ég sagði áðan, þá er það kannski helst núna að það muni eitthvað rætast úr vegna atvinnuleysis, vegna þess ástands sem er á vinnumarkaðinum. En um leið og það ástand lagast flýr fólk úr þessum störfum og

það hefur ekki fengist í þau á undangengnum árum.

Ráðherra talaði hér líka um vistunarmatið og mikilvægi þess og ég er alveg sammála ráðherranum í því að það er mjög mikilvægt að hafa slíkt vistunarmat og það hefði átt að vera komið fyrir löngu vegna þess að við höfum mörg dæmi um það hjá sjálfseignarstofnunum og líka hjá sveitarfélögunum að fólk hefur verið látið ganga fyrir rými vegna kunningsskapar eða einhvers slíks umfram þá sem eru kannski í brýnustu þörfinni. Það hefur ekki alltaf verið raðað inn í laus pláss í samræmi við þörfina. Þetta vitum við sem höfum komið nálægt þessu máli. Ég sat í Félagsmálaráði Reykjavíkurborgar og sá mörg dæmi og heyrði um það að fólk kæmist raunverulega ekki inn sem var í mjög brýnni þörf en aðrir gengu jafnvel fyrir. Og það var m.a. vegna þess að það var ekkert vistunarmat. Auðvitað þarf þetta vistunarmat að vera því að það er greitt með þessum plássum af opinberu fé.

En þær tölur sem ég las hér áðan upp frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar um þá sem teljast vera í brýnni þörf og mjög brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými og fyrir þjónustuhúsnæði, það eru tölur sem byggjast á vistunarmatinu sem ráðherra var að tala um. Það er búið að gera þetta vistunarmat. Þetta vistunarmat leiðir í ljós að svona er þörfin í Reykjavík þannig að hér er ekki verið að fara með einhverjar órökstuddar tölur heldur er þarna um að ræða tölur sem byggjast á því vistunarmati sem samþykkt var hér á þingi að ætti að fara fram. Þetta segir okkur það að þessir aðilar þurfa á verulegri þjónustu að halda, við skulum segja að sumir þeirra gætu kannski notast við góða heimaþjónustu en það þarf þá að vera hægt að veita hana. Það þarf þá að taka fjárframlög, væntanlega úr þessum Framkvæmdasjóði aldraðra, til þess að byggja hana upp í sumum tilvikum. Aðrir þurfa á stofnanaplássi að halda og það pláss er ekki fyrir hendi. Það þarf að byggja upp með fjárframlögum úr þessum sjóði þannig að ég tel að það hafi ekki verið nein rök hjá ráðherranum hér áðan um að það mætti nú ekki bara horfa á steinsteypuna, heldur yrði að horfa á þjónustuna sem hægt er að veita í heimahúsum því að lögin í sjálfu sér heimila það að veitt sé fé í uppbyggingu slíkrar þjónustu.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil biðja menn að hafa allan vara fyrir sér á þessum tölum um vistunarmat sem kynntar hafa verið því ég lít á að þær séu bráðabirgðatölur vegna þess að það liggur t.d. ekki fyrir hvort vistunarmat hafi líka farið fram á þeim hjúkrunarsjúklingum sem liggja inni á stofnunum sem ekki eru við þeirra hæfi. En ég tek fram að vistunarmatið sem fyrir liggur héðan úr Reykjavík virðist benda til þess að þörfin fyrir hjúkrunarrými í Reykjavík séu 157 og það er um það bil helmingi lægri tala heldur en menn hafa haldið fram í umræðunum til þessa. Ef það er rétt tala, og við skulum enn hafa allan fyrirvara um hana, þá ætti með því að taka Eir í notkun og með því að nýta þau hjúkrunarrúm sem hægt er að hafa í rekstri hér á Reykjavíkursvæðinu en ekki eru í rekstri, þar með að vera fullnægt allri þörf fyrir hjúkrunarvistun í Reykjavík. En ég bið menn enn að taka þessar tölur með fullri varúð vegna þess að við höfum ekki fengið endanleg svör frá matsaðilum um það t.d. hvort þeir hafi metið einnig þá hjúkrunarsjúklinga sem eru inni á stofnunum sem ekki eru við þeirra hæfi.

Í öðru lagi vil ég aðeins taka fram í þessu sambandi að það hefur þó tekist á þessu sumri í fyrsta skipti að sinna allri þörf fyrir heimahjúkrun í Reykjavík og allri þörf fyrir hvíldarinnlagnir. Það hefur ekki gerst áður um margra ára skeið. En við megum ekki gleyma hinni hliðinni á því máli að aðstoðar heimahjúkrunar njóta margir hjúkrunarsjúklingar sem eru svo þungir sjúklingar að þeir ættu ekki að vera í heimahúsum heldur annars staðar.

Frsm. 2. minni hlu heilbr.- og trn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er þeirrar skoðunar að sumt af því rými sem er notað í dag í Reykjavík sem vistunarrými fyrir aldraða, mætti í sjálfu sér breyta í hjúkrunarrými fyrir aldraða en til þess þarf líka fé, virðulegur ráðherra, vegna þess að umönnun hjúkrunarsjúklinga er önnur en hjá þeim sem dvelja í þjónustuíbúðum og það þarf ýmsu að breyta eins og dæmi eru kunn að þegar slíkt er gert. En við höfum fyrir framan okkur tölur um hjúkrunarrými í Reykjavík eins og það stendur í dag. Við getum borið það saman við hjúkrunarrýmið eins og það er úti á landi og við getum borið það saman við hjúkrunarrýmið eins og það er í nágrannalöndum okkar og við sjáum að það eru talsvert færri hjúkrunarrými í Reykjavík á 100 íbúa 70 ára og eldri heldur en víða í kringum okkur og úti á landi, ég er reyndar þeirrar skoðunar að sums staðar úti á landi sé offramboð á hjúkrunarrými miðað við það sem eðlilegt getur talist. Hjúkrunarrúm í Reykjavík eru líka færri heldur en er hér í löndunum í kringum okkur. Og ég ætla að lesa aðeins upp úr þessari álitsgerð frá félagsmálaráði Reykjavíkurborgar þar sem segir:

„Samantekt sem framkvæmd var í heilbr.- og trmrn. snemma á þessu ári og birtist í Morgunblaðinu 29. febr. sl. Á henni má sjá að á Norðurlandi vestra eru tæp 17 hjúkrunarrými pr. 100 íbúa 70 ára og eldri meðan sambærileg tala fyrir Reykjavíkurhérað er 8,1 rými pr. 100 íbúa 70 ára og eldri.“ Og svo segir: „Nokkur ágreiningur er um skilgreiningu hjúkrunarýma hér í Reykjavík. Þegar 144 pláss á öldrunarlækningadeildum Borgarspítalans og Landspítalans eru talin til hjúkrunarýma fæst hærri hjúkrunarrýmafjöldi pr. 100 íbúa 70 ára og eldri.“

Síðan kemur þá samanburðurinn við Norðurlöndin og þá er talað um 5,2 rými í Reykjavík og þar með eru hvíldarrými meðtalin og 7,5 er talið að þurfi í Noregi pr. 100 íbúa og 9 rými pr. 100 ára og eldri í Kanada. Reyndar eru tölur þarna eitthvað á reiki í þessu öllu saman en engu að síður virðist staðan vera sú að hér í Reykjavík sé minna um hjúkrunarrými heldur en gerist hér í kringum okkur.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki nokkur vafi á því að það er verulegur skortur á hjúkrunarrýmum og þjónusturýmum hér í Reykjavík og á Reykjavíkursvæðinu, þar með talið Reykjanes. Það eru auðvitað nokkur tíðindi fyrir okkur sem höfum talið — og það verið fullyrt hvað eftir annað af málsmetandi mönnum — að brýn þörf á hjúkrunarrýmum á Reykjavíkursvæðinu sé á milli 250 og 300. Ef niðurstaða vistunarmats sýnir að samanlögð þörf fyrir hjúkrunarrými í Reykjavík, ekki bara brýn þörf, ekki bara mjög brýn þörf heldur einnig brýn þörf sé 157 hjúkrunarrými eða um það bil helmingi minna heldur en fullyrt hefur verið að brýn þörf fyrir slík hjúkrunarrými hafi verið og sé í Reykjavík, þá eru það nokkur tíðindi og ég vona að menn forláti mér það þó að ég vilji hafa fullan fyrirvara um að sú niðurstaða sé rétt.

Það eru líka nokkur tíðindi að það skuli vera niðurstaða úr vistunarmati heimaaðila á ýmsum þeim stöðum þar sem við erum í fjárfrekum framkvæmdum við byggingu hjúkrunarheimila að þar skuli ekki vera þörf fyrir eitt einasta hjúkrunarrými. Og ég vona að menn skilji að það er ekki að ástæðulausu að heilbrrn. vill skoða þau mál.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Vegna ræðu hv. 10. þm. Reykv. vil ég aðeins fá að bæta við að eitt af því sem ég held að skorti mjög átakanlega í öllum þessum málum er skilgreiningin á hvað sé hjúkrunarrými, sjúkrahús, vistheimili.

Sannleikurinn er sá að mér finnst alltaf dálítið erfitt að sætta mig við að veikt fólk eigi ekki að vera á sjúkrahúsi. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. heilbrrh.: Hvað verð ég gömul þegar ég fæ ekki lengur að fara á sjúkrahús af því að ég á bara að fara á eitthvert hjúkrunarheimili fyrir aldraða? Ég hélt að það eðlilegasta væri að veikt fólk sem þyrfti á sjúkrahússvist að halda færi þangað. Ég þekki það mætavel frá árum mínum í Tryggingastofnun ríkisins að fjöldinn allur af vistmönnum á elliheimilum landsins voru settir í þann greiðsluflokkinn sem gaf til kynna að þeir væru hjúkrunarsjúklingar. Síðan voru þeir á almennri vist eins og ekkert væri en þannig lyfti stofnunin greiðslunni frá Tryggingastofnun því að það er dýrari vist fyrir hjúkrunarsjúklinga heldur en dvalarsjúklinga eða vistmenn eins og þeir eru kallaðir.

Ég held að það sé fyrir löngu mál til komið að gera sér grein fyrir hvers konar þjónustu við veitum landsmönnum og þá leyfi ég mér bara að setja alla landsmenn undir einn hatt. Ég geri mér alveg grein fyrir að fatlað fólk sem á litla von um bata er á sérstökum heimilum sem eru til þess gerð, við því er ekkert að segja. Sama má segja um gamla langlegusjúklinga sem kannski lítil von er til að verði færir um að bjarga sér sjálfir en þurfa ekki kannski beinlínis læknishjálp dagsdaglega. En ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir að þegar við erum að tala um þessar hjúkrunardeildir, þá eru til lög um heilbrigðisþjónustu sem setja stofnunum ákveðin skilyrði um starfsfólk, lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og aðra slíka. Og allt er þetta óskilgreint, frú forseti, enda einn endemis hrærigrautur allt saman.

Útbýting þingskjala:

Flutningar á járnbrautum, skipgengum vatnaleiðum o.fl. vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu, 316. mál, stjfrv., þskj. 554

Lánsfjárlög 1993 o.fl., 145. mál, brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 551.

Skattamál, 286. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 552; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 553.

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Út af þeim ummælum sem hér hafa fallið í sambandi við vistheimili aldraðra, þá þykir mér rétt að taka hér til máls og í fyrsta lagi kannski þar sem ráðherra kom inn á í sinni ræðu að samkvæmt vistunarmati væri talið að það biðu 127 Reykvíkingar sem þyrftu nauðsynlega á hjúkrunarrými að halda. En þá er þess til að geta að það eru um 120 Reykvíkingar sem búa á heimilum og eru í sjúkraplássum utan Reykjavíkur þannig að það dæmi er utan þessa sem hér var nefnt.

Varðandi það sem 14. þm. Reykv. kom hér inn á áðan í sambandi við þær íbúðir sem byggðar hafa verið við Hrafnistu í Reykjavík, þá er rétt að taka fram að því miður setur hún þær íbúðir undir einn og sama hatt annarra þjónustuíbúða sem hafa verið byggðar vítt og breitt um alla borg og ég get tekið undir að hluta með henni að menn hafa geyst þar heldur fram án þess að huga að því hvernig ætti að þjónusta það fólk sem kaupir þessar íbúðir. Munurinn á þjónustuíbúð við Hrafnistu í Reykjavík og öðrum þjónustuíbúðum úti í bæ er kannski sá að það er hjúkrunarfólk á vakt allan sólarhringinn fyrir þjónustuíbúðir við Hrafnistu í Reykjavík auk þess sem þetta fólk hefur aðgang að Hrafnistu í Reykjavík, allri þeirri þjónustu sem þar er veitt og ætla ég nú ekki að tiltaka það alla þá þjónustu sem þar er veitt en þar er nokkuð mikill munur á.

Um verðlagningu á þessum húsum er það nú svo að verð á fermetra á þessum húsum er ekki mjög mikið hærra en í sambærilegum íbúðum, vel að merkja þá í blokkum, ekki í raðhúsum. Ég veit að hv. 9. þm. Reykv. þekkir nokkuð vel til þessara þjónustuíbúða við Jökulgrunn og getur eflaust vitnað til þess sem ég hef sagt hér að það er a.m.k. slík ásókn í þessar íbúðir öryggisins vegna. Þó að fólk þurfi að greiða fyrir það þá byggist það m.a. á því eins og ég sagði áðan að það er hjúkrunarfólk á vakt allan sólarhringinn og er tilbúið og boðið og búið að koma þá strax þegar þessi öryggishnappur er notaður.

Varðandi það frv. sem hér hefur verið rætt um og er nú meginmálið, og kannski margir hverjir langt komnir frá því, þá þykir mér rétt að taka það fram að við í meiri hluta heilbr.- og trn. vorum sammála því að stuðla með öllum hætti að eins mikilli flýtingu á upp-

byggingu Hjúkrunarheimilisins Eirar og mögulegt er. Þar er hægt að vista, þegar það hjúkrunarheimili er upp byggt, um 120 manns og er vissulega mikil þörf á og brýn að það heimili komist í gagnið sem allra, allra fyrst.

Ég vildi benda á það sem hv. 9. þm. Reykv. kom hér inn á í sambandi við það fjármagn sem hefur á undanförnum árum verið veitt úr Framkvæmdasjóði aldraðra til reksturs að það hefur verið um 33% af þessum svokallaða nefskatti sem fer til Framkvæmdasjóðs aldraðra. Þarna er í sjálfu sér um nokkra hækkun að ræða en engu að síður, eins og hæstv. heilbrrh. kom hér inn á áðan, erum við að tala hér um tvö ár sem þetta er bundið, þessi 55% og vel að merkja er þá bundið þeim leikreglum að það er fjárln. sem mun fjalla um framkvæmdir fyrir þá peninga sem úr sjóðnum fara.

Ég held að allir þingmenn séu sammála því að það er mjög slæmt ástand hérna á Reykjavíkursvæðinu og það þarf verulega að taka hér á til þess að gera aðstæður fyrir það fólk sambærilegar við það sem orðið er víðast hvar úti á landi. Reykjavíkursvæðið hefur dregist verulega aftur úr hvað varðar vistunarrými fyrir aldraða miðað við það sem hefur gerst úti á landi og það er nauðsyn á að það verði bætt og það verður gert með því að flýta þeirri byggingu sem nú er langt á veg komin, þ.e hjúkrunarheimilið Eir.

Frsm. 1. minni hluta heilbr.- og trn. (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mjög mikið. Ég mælti hér fyrir nál. 1. minni hluta áðan og gerði nokkuð glögga grein fyrir afstöðu okkar sem hann mynda og eins hefur hv. þm. Svavar Gestsson gert það. Það væri dálítið mikilvægt, virðulegi forseti, ef hæstv. heilbrrh. væri tilbúinn til að hlusta eitt augnablik vegna þess og það er nú meginástæðan fyrir því að ég kem hér aftur upp við þessa umræðu að mér finnst í raun og veru ekki allt koma heim og saman í þeim efnum sem hæstv. ráðherra sagði hér áðan um hvernig hægt væri að sinna þeirri brýnu þörf sem er fyrir hjúkrunarþjónustu hér á höfuðborgarsvæðinu og þá sérstaklega í Reykjavík.

Það þarf ekkert að orðlengja það og það hefur komið fram við þessa umræðu að auðvitað er það hörmungarástand að þurfa að taka þær 160 millj. kr. sem Framkvæmdasjóður aldraðra hefur átt og á að hafa til uppbyggingar nú á næsta ári til reksturs. Og þau sjónarmið sem 1. minni hluti, sem við skipum hv. þm. Svavar Gestsson og Sigurður Þórólfsson, leggur til grundvallar, eru fyrst og fremst þau að það er til lítils að okkar mati að vera búinn að byggja hér upp glæsilegt húsnæði en hafa enga peninga til að reka viðkomandi stofnanir. Þær stofnanir nýtast auðvitað sáralítið og ekki neitt því fólki sem er í brýnni þörf og þarf að komast inn á þessar stofnanir. Því fannst okkur vera réttlætanlegt að standa að því núna tímabundið í eitt ár að þessar 160 millj. kr. væru teknar og þeim ráðstafað á árinu 1993 með þessum sérstaka hætti.

Nú veit ég ekki, virðulegur forseti, hvort hæstv. heilbrrh. er hér einhvers staðar í námunda við þingsalinn og hvort hann heyrir til mín. (**Forseti:** Forseti hefur gert ráðherranum viðvart og væntir þess að hann komi í salinn innan tíðar eða sé nærstaddur.) Þegar litið er yfir þennan lista sem hv. heilbr.- og trn. barst frá heilbrrn. og Framkvæmdasjóði aldraðra um það hvaða upphæðir það væru sem út af stæðu og hversu þeir aðilar, sem bíða eftir styrkveitingum á næstu 3–5 árum frá Framkvæmdasjóði, mega vænta, þá er það dálítið merkilegt að Reykjavík sker sig alveg úr í þessum efnum. Rúmlega helmingurinn af öllum þeim upphæðum sem gert er ráð fyrir að ráðstafa á næstu 3–5 árum eru upphæðir sem ætlað er að fara hingað til Reykjavíkur eða 620 millj. kr. af þeim 1.109 millj. sem gert er ráð fyrir að sjóðurinn þurfi á að halda á næstu 3–5 árum til þess að standa undir þeim loforðum sem gefin hafa verið um að hann muni fjármagna þessar byggingar.

Þessi umræða sem hérna hefur farið fram hefur farið nokkuð vítt um völl og það er í sjálfu sér ágætt. Hún hefur farið út fyrir það að einskorðast eingöngu við Framkvæmdasjóðinn og þá fjármuni sem þar eru til ráðstöfunar. Hún hefur almennt fjallað um þau vandamál sem uppi eru í öldrunarþjónustunni og þá kannski ekki síst hér á þessu svæði. Það er mat okkar sem skipa þennan 1. minni hluta heilbr.- og trn. að einmitt það atriði að gera þessa breytingu aðeins til eins árs í senn tryggi það að þessi umræða muni fara fram á ári hverju.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. sagði það hér áðan að með því að setja þessar 70 millj. kr. í Eir á næsta ári væri hægt að sinna verulega brýnni þörf fyrir hjúkrunarsjúklinga í Reykjavík. Þetta er auðvitað alrangt. Við gleðjumst yfir því ef svo er að vistunarmatið sýni að það sé ekki nema 157 manns sem eru í brýnni þörf að komast inn á hjúkrunarheimili. Þetta er auðvitað mikil fækkun á hjúkrunarsjúklingum vegna þess að fyrir einu ári síðan var það mat öldrunarlækna hér í höfuðborginni að það væru 260–300 einstaklingar sem væru í brýnni þörf fyrir að komast inn á stofnun. Við skulum vona að sá árangur hafi orðið á undanförnum fáum mánuðum í raun þó að þessi árangur hafi náðst.

Þessar 70 millj. kr. sem hefur verið ákveðið að ráðastafa í rekstur Hjúkrunarheimilisins Eirar í Grafarvogi, ef sú stofnun væri rekin allt árið fyrir þessar 70 millj. og ef mark má taka á þeim rekstraráætlunum sem frá heilbrrn. hafa komið um það hver kostnaður sé við hvert rúm á einu ári, þá er þarna ekki um að ræða nema 25 rúm vegna þess að það er gert ráð fyrir því í þeim áætlunum sem við sáum í heilbr.- og trn. frá heilbrrn. að hvert rúm á þessari stofnun muni á þessu ár kosta 2 millj. 750 þús. kr. þannig að þarna yrði ekki um nema 25 rúm að ræða. Og ef um 157 sjúklinga er að ræða sem eru í brýnni þörf að komast inn, þá vantar auðvitað mikið á að þörfinni sé að öllu fullnægt.

Hins vegar er það svo að það verða á árinu 1993 yfir 100 rúm á sjúkrahúsunum í Reykjavík sem ekki munu verða í notkun vegna þess að þar er sparnaðurinn það mikill að menn hafa ákveðið að loka heilu deildunum til þess að ná sparnaðarmarkmiðunum sem

viðkomandi stofnunum eru sett. Væru þessi rúm hins vegar tekin í notkun, þá snerist myndin auðvitað örlítið við. En það eru bara engir peningar á fjárlögum til að taka þessi rúm í notkun á árinu 1993 til að sinna þeirri þörf sem þarna er fyrir hendi. En þegar maður lítur hins vegar yfir þennan lista um það hver loforðin séu í raun og hvernig Framkvæmdasjóðurinn sé búinn að binda útlán sín eða ráðstöfunarfé sitt á næstu þremur til fimm árum — og það ber auðvitað að þakka fyrir það að fá þennan lista í hendur — þá kemur nú ýmislegt í ljós. Og það er dálítið merkilegt og ég fullyrði að mér finnst að þeim peningum sem á að ráðstafa á næstu þremur til fimm árum sé ekki nógu vel ráðstafað ef þeim verður ráðstafað í samræmi við það sem þarna er veitt fyrirheit um. Vegna þess að af þeim 620 millj. kr., sem gert er ráð fyrir og loforð hafa verið veitt um að til ráðstöfunar verði, fara á milli 160 og 170 millj. kr. til þess að byggja upp þjónustumiðstöðvar í kringum íbúðir fyrir aldraða sem hafa verið að rísa á vegum og í samvinnu við Reykjavíkurborg.

Hins vegar er rétt, sem fram kom hjá hæstv. ráðherra, að tekist hefur með skipulögðum hætti, og það er þakkarvert, að sinna mjög vel þjónustu við aldraða á árinu 1992 í gegnum heilsugæsluna í Reykjavík og kannski betur en oft áður. Hins vegar er það ekki einvörðungu heilsugæslan. Það er einnig sá samningur sem í gildi er milli Hjúkrunarfélags Íslands og Félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga um þá þjónustu sem sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðingar veita, vegna þess að stór hluti af þeim hjúkrunarfræðingum sem starfa samkvæmt þessum samningi veita einmitt þjónustu á sviði öldrunarþjónustu. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvort það sé rétt sem heyrst hefur að það standi til að gera grundvallarbreytingar á þessum samningi og binda hann einvörðungu við það að þarna sé um sérfræðiþjónustu af hálfu hjúkrunarfræðinganna að ræða.

Menn verða að hafa í huga að það er grundvallaratriði að byggja upp heilsugæslustöð til þess að hægt sé að sinna þjónustu við gamla fólkið frá viðkomandi stofnun og breyta því fyrirkomulagi sem hefur verið í gildi, fyrirkomulagi sjálfstætt starfandi heimilislækna, vegna þess að þeir sinna ekki þessari þjónustu. Það eru einvörðungu heilsugæslustöðvarnar sem það gera. Á undanförnum árum hafa margar heilsugæslustöðvar verið byggðar upp, sérstaklega í Reykjavík og stöðvar sem þjóna Reykvíkingum, t.d. heilsugæslustöðin í Garðastræti, á Seltjarnarnesi, í Grafarvogi og í Mjódd. Þegar hæstv. heilbrrh. var að vígja heilsugæslustöðina í Mjódd kom það fram í máli hans, sem mér fannst vera mjög athyglisvert, að ekki nema 2.000 Reykvíkingar hafa í dag ekki aðgang að heilsugæslu eða heimilislæknum. Þetta er mikil breyting frá árunum 1989 og 1990 þegar 13 til 15 þúsund Reykvíkingar höfðu ekki aðgang að heilsugæslu og heimilislæknum.

Hins vegar kom fram í grein eftir varaborgarfulltrúa Sjálfstfl. í Dagblaðinu í dag að þessar upplýsingar hæstv. heilbr.- og trmrh. sem komu fram við vígslu þessarar nýju heilsugæslustöðvar — ég tók þær upp í blaðagrein sem ég skrifaði í Dagblaðið fyrir nokkru síðan — væru rangar. Ég hef ekki gengið úr skugga um hvort svo sé með samtölum við starfsfólk sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins en ég treysti því auðvitað að það væri rétt sem hæstv. ráðherra sagði að þessi árangur hefði náðst og tekist hefði að fækka um 12 þúsund í hópi þeirra Reykvíkinga sem ekki hafa aðgang að heilsugæslu og heimilislæknum. Það er árangur og núv. hæstv. heilbrrh. á sinn þátt í honum.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég lét hv. þm. hafa þær upplýsingar sem ég fékk úr mínu ráðuneyti. Það voru skriflegar upplýsingar, samanteknar af einum skrifstofustjóranna þar sem gerst veit um þessi mál, þar sem þessar niðurstöður koma fram. Ég hef ekki séð grein umrædds varaborgarfulltrúa en mér finnst alveg ástæðulaust að draga í efa þær niðurstöður sem ég fékk hjá embættismönnum heilbrrn. sem fylgjast með þessari þróun mála og hv. þm. fékk afrit af.

Í öðru lagi er sá galli á fyrirkomulagi sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðinga í borginni að í störfum sínum hafa þær ekki haft samstarf við heilsugæslustöðvarnar, t.d. um heimahjúkrun. Í sumum tilvikum hefur því verið um tvíverknað eða jafnvel þríverknað að ræða. Nú er verið að semja við sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðinga upp á nýtt um að þau störf sem þeim verði falin í sambandi við heimahjúkrun verði þeim falin af Heilsuverndarstöð og heilsugæslustöðvunum í Reykjavík. Það verði því algjörlega í höndum Heilsuverndarstöðvarinnar og heilsugæslustöðvanna í Reykjavík hvaða þjónusta er veitt við heimahjúkrun, þær stjórni henni alfarið og feli þeim 20 hjúkrunarfræðingunum sem starfa með sjálfstæðum hætti verk í þeirra þjónustu til þess einmitt að koma í veg fyrir þann tvíverknað og jafnvel stundum þríverknað sem átt hefur sér stað þegar þrír aðilar, þ.e. heimahjúkrunin, heimilishjálpin og heimahlynning Krabbameinsfélagsins og síðan sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðingar, hafa mikið til verið að vinna á sama vettvangi. Ég held því að þessi nýi samningur sem fyrir dyrum stendur sé til þess að bæta og gera þjónustuna við aldrað fólk í Reykjavík skilvirkari.

Frsm. 1. minni hluta heilbr.- og trn. (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ekki ætlun mín áðan að draga eitthvað í efa það sem hæstv. ráðherra sagði um hversu margir Reykvíkingar hefðu ekki aðgang að heilsugæslu eða heimilislæknum. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að hann lét mig hafa þær upplýsingar og ég tek þær alveg trúanlegar.

Hins vegar var ég að benda á að læknir, varaborgarfulltrúi Sjálfstfl. sem titlar sig svo virðulega í þessu blaði í dag, segir, með leyfi hæstv. forseta, þar sem hann er að svara grein er ég hafði skrifað í Dagblaðið nokkru fyrr: „Í grein sinni fullyrðir Finnur Ingólfsson að nú vanti ekki nema 2.000 Reykvíkinga aðgang að heimilislækni. Finnur tilgreinir núv. heilbrrh. sem heimildarmann fyrir þessu. Þó heilbrrh. sé maður hugrakkur og óragur við að taka óvinsælar ákvarðanir er

hann ekki óskeikull fremur en Finnur Ingólfsson." Með þessu verið að draga í efa að það sé rétt sem hæstv. ráðherra hafi haldið fram. Það var ástæða minnar spurningar.

Hitt atriðið varðandi samninginn við sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðinga og það fyrirkomulag sem hæstv. ráðherra var að lýsa hvernig skyldi komið fyrir þá var það um margt athyglisvert. Mér finnst full ástæða til að skoða það. Hins vegar verður, hæstv. ráðherra, að líta á það í svolítið víðara samhengi held ég vegna þess að mjög stór hluti þeirra sjúklinga sem sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðingar eru að þjónusta kemur beint frá sjúkrahúsunum. Auðvitað er hægt að koma því öllu fyrir í gegnum Heilsuverndarstöðina og heilsugæslustöðvarnar. Það er ekki nokkur einasti vafi. Það felst ótrúlegur sparnaður í því að geta útskrifað sjúklinga fyrr af sjúkrahúsum ef hægt er að þjónusta þá með slíkri aðstoð sem boðið er upp á í heimahúsum.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar):*

Virðulegi forseti. Það er aðeins tvennt sem ég vildi minnast á. Í fyrsta lagi má alltaf búast við því að einhverjir íbúar í jafnfjölmennu sveitarfélagi og Reykjavík skrái sig ekki af einhverjum ástæðum á heilsuverndarstöð eða hjá heimilislækni. Jafnvel þó að búið væri að fullnægja allri þörf fyrir heimilislækna og heilsugæslulækna í Reykjavík eins og hún væri metin væri hætta á því að alltaf væru einhverjir sem ekki skráðu sig. Ég tel því að menn séu að nálgast mjög mikið það mark, miðað við að við hv. þm. höfum fengið réttar upplýsingar, að heimilislæknaþjónustunni og heilsugæslunni í Reykjavík sé vel sinnt.

Í öðru lagi vil ég líka draga í efa það sem hv. þm. sagði vegna þess að það hefur verið kvartað undan því við heilbrrn. að heilsugæslustöðvarnar og þeir sem stjórni heimahjúkruninni viti ekki af sjúklingum sem sjúkrahúsin eru að senda heim. Það er auðvitað nauðsynlegt að heilsuverndarstöðvarnar viti af þeim sjúklingum og fylgist með líðan þeirra. M.a. þess vegna fannst mönnum eðlilegt að reyna að fá hina sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðinga til að vinna störf sín í fullu samráði og samvinnu við heilsugæslustöðvarnar.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því að í máli hæstv. heilbrrh. áðan komu fram vissar tölur varðandi vistunarmat sem mér fannst bera með sér að honum hefði komið það á óvart sem kom út úr vistunarmatinu. Staðreyndin er sú að vistunarmatið er mjög nýlega farið í gang. Það er ótrúlega stutt síðan. Og það er fróðlegt að velta því fyrir sér á hverju það strandaði. Það strandaði að mínu mati á borgarstjórnarmeirihlutanum í Reykjavík og forstöðumönnum þeirra sjálfseignarstofnana aldraðra sem hafa verið starfræktar á þessu svæði. Það er fyrst á síðasta ári, hygg ég, sem vistunarmatið kemst af stað af einhverjum myndugleik og það er gríðarlega mikilvægt stjórntæki. Það er þannig að ef vistunarmatið ætti að ná tilgangi sínum þá þyrfti ekki einasta að meta þá sem eru að sækja um heldur líka stöðu þeirra sem eru á þeim stofnunum sem eru starfandi.

Samkvæmt upplýsingum félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar er talið að þörf fyrir hjúkrunarrými sé 141. En það er aðeins mat á þeim umsóknum sem hafa borist til Reykjavíkurborgar. En borgin rekur svo ótrúlega lítinn hluta af stofnunum fyrir aldraða í kjördæminu. Þannig er að Reykjavík er með hjúkrunarrými á vegum Félagsmálastofnunar fyrir 79 manns af samtals 712 hjúkrunarrýmum í Reykjavík. Hitt er elliheimilið Grund, Hrafnista og síðan koma aðilar eins og Borgarspítalinn og Landspítalinn. Ég geri ráð fyrir því að Landakot, að svo miklu leyti sem þar fer af stað einhver starfsemi fyrir aldraða, sé tæplega komið inn í þetta heldur. Mér sýnist með öðrum orðum að miðað við þessar upplýsingar frá Félagsmálastofnun Reykjavíkur sé læknaliðið, ef ég má orða það svo, enn þá að einoka innskrift á þær stofnanir sem þeir hafa með að gera þannig að vistunarmatið hafi ekki náð til þeirra sem skyldi, alla vega hefur talan ekki skilað sér. Ég hugsa að besta könnunin sem gerð hefur verið á þessu máli hafi verið gerð á vegum Læknafélags Reykjavíkur í hittiðfyrra. Þá var talan var 150, hún var kannski 148 eða 157, en hún var á þeim slóðum. Ég hygg þess vegna að það sé sú tala sem eðlilegt er að miða við í þessu sambandi og að brýn þörf sé fyrir 150 hjúkrunarrými í Reykjavík.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fara yfir þær almennu umræður um málefni aldraðra sem hér hafa verið í kvöld. Ég hef haldið mig við málefni framkvæmdasjóðsins og ætla mér að gera það. Ég get svo sem tekið undir margt af því sem hér hefur verið sagt með almennum hætti. Einn ljótasti kaflinn í málefnum aldraðra í Reykjavík, fyrir utan skortinn á hjúkrunarrými, eru þessar svokölluðu byggingar á þjónustuíbúðum fyrir aldraða. Það höfum við áður rætt hér. Þar er verið að blekkja fólk í stórum stíl að mínu mati. Þar hafa tiltölulega mjög sterkir byggingaraðilar, sem eiga innangengt í Sjálfstæðisflokkinn, fengið stórar lóðir og reist þar tugi eða hundruð íbúða og selt sem þjónustuíbúðir fyrir aldraða þar sem er svo engin sérstök þjónusta fyrir gamalt fólk.

Það er líka rétt að nefna það að lokum, virðulegi forseti, að það var mjög fróðlegt að heyra það sem hæstv. ráðherra sagði hér áðan að út úr vistunarmatinu hefði komið, ef ég skildi hann rétt, að á sumum svæðum væri í raun og veru engin þörf fyrir hjúkrunarrými eins og staðan er í dag. Og ég held að það væri gagnlegt ef hæstv. heilbr.- og trmrh. vildi koma þessum upplýsingum um vistunarmatið á landsvísu á framfæri við heilbr.- og trn. þingsins þannig að menn gætu glöggvað sig á þessum hlutum.

Staðreyndin er auðvitað sú að vistunarmatið er algjör forsenda ákvarðana um nýjar stofnanir, bæði um það hvernig á að segja já en líka um það hvernig á að segja nei. Ég hefði gjarnan viljað hafa þetta vistunarmat þegar menn lögðu áherslu á það að fá byggðar upp ýmsar stofnanir fyrir aldraða á vissum stöðum úti á

landi þann tíma sem ég var í heilbrrn. Það hefði auðveldað manni að segja nei. Ráðuneytið sagði stundum nei við tilteknum óskum, en fjárln., eða fjárveitinganefnd á þeim tíma, og Alþingi tók fram fyrir hendurnar á ráðuneytinu. Mín reynsla var því sú að það væri afar erfitt að ná faglegum ákvörðunum í heilbrrn. vegna þess að kjördæmahagsmunir réðu svo miklu um úthlutun fjár burt séð frá þörfinni, liggur mér við að segja, í einstökum tilvikum.

Ég ætla að nefna eitt dæmi. Ég neitaði því á minni tíð að byggt yrði elliheimili á Reykhólum. Mér er alveg ljóst að það er talsverð þörf fyrir slíka starfsemi á Reykhólum. En mér var jafnljóst á þeim tíma og er enn að möguleikar byggðarlagsins til að reka þessa stofnun með eðlilegum og myndugum hætti eru afar knappir. Hið sama get ég sagt um íbúðir fyrir aldraða eða elliheimili í öðrum byggðarlögum eins og t.d. í Dalasýslu þar sem reist var elliheimili fyrir allmörgum árum sem er fyrir löngu komið í hendurnar á Ríkisspítölunum með óbeinum hætti. Menn hafa aftur og aftur verið að byggja stofnanir fyrir gamalt fólk í þágu þess göfuga markmiðs að veita gömlu fólki góða þjónustu, en í rauninni hafa þarfirnar ekki verið með þeim hætti sem menn héldu að þær yrðu. Þess vegna hefur það iðulega gerst að menn hafa setið uppi með stofnanir sem þeir hafa ekkert ráðið við að reka. Vistunarmatið er með öðrum orðum nauðsynlegt tæki bæði til að segja já en líka til að segja nei á réttum stöðum.

Þetta er auðvitað gríðarlega mikilvægur þáttur. Sérstaklega held ég að þetta sé mikilvægt í Reykjavík þar sem Sjálfstfl. hefur farið mjög illa með vald sitt í málefnum aldraðra, bæði í einstökum stofnunum og í málaflokknum í heild.

Erindi mitt í ræðustólinn núna var að leiðrétta þær tölur sem fram hafa komið um hina brýnu þörf fyrir hjúkrunarheimili. Niðurstaða mín er sú, eftir að hafa lesið tölur bæði Félagsmálastofnunar og farið rækilega yfir Læknafélagstölurnar frá í fyrra, sem birtust í tímariti lækna, ég skrifaði um það nokkrar greinar í blöð, að rétt sé að miða við u.þ.b. 150 að því er varðar brýna þörf á plássi fyrir gamalt fólk í Reykjavík.

Að lokum, virðulegi forseti. Ég man ekki hvort hæstv. ráðherra var búinn að svara því — það hefur þá farið fram hjá mér og ég afla mér upplýsinga um það — hvernig hann hyggst koma fyrir könnun á högum aldraðra. Það er mjög mikilvægt að það liggi fyrir, einnig við þessa umræðu, hvernig á að haga þeirri könnun sem gert er ráð fyrir í áliti meiri hluta hv. heilbrn.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt að heilbr.- og trn. fái þessar upplýsingar. En ég ítreka enn viðvörunarorð mín. Ég tel að þessar frumupplýsingar um vistunarmat aldraðra séu alls ekki fullnægjandi vegna þess að ég tel að menn eigi eftir að samræma skoðanir. Menn hafi t.d. ekki metið vistunarþörf þeirra sem þegar eru á stofnunum, þ.e. þörfina á því að byggja vistunarstofnanir fyrir þá sem kunna að vera inni á stofnunum sem eru hjúkrunarheimili að nafninu til, meta hvernig aðstæðurnar eru þar, því að hjúkrunarheimili og hjúkrunarheimili geta verið sitt hvað. Sumar af þeim stofnunum sem notaðar eru sem hjúkrunarheimili á Íslandi eru einfaldlega þannig að þær eru ekki gömlu fólki bjóðandi. En með öllum þessum fyrirvörum skal ég fúslega veita heilbr.- og trn. þær upplýsingar sem um var beðið, en æski þess að menn fari þá með þær upplýsingar með þeim fyrirvörum sem ég hef hér sett.

Í annan stað vil ég aðeins geta þess að þær upplýsingar sem ég hef um vistunarmatið í Reykjavík eru frá vistunarmatsnefndinni sjálfri. Þar er því um meira að ræða heldur en beiðnir sem komið hafi til Reykjavíkurborgar. En ég tek fram að ef ég man rétt eru á milli 90 og 100 umsóknir enn ómetnar í þessum hópi þar sem niðurstaðan var að þörf væri fyrir alls 157 hjúkrunarrými.

Í þriðja lagi vil ég einnig taka fram að svo einkennilegt sem það er þá gengur rekstur vistheimilisins á Reykhólum mjög vel. Ástæðan er ekki sú að það hafi verið svona mikil þörf fyrir vistun í sveitinni eins og hún var byggð þá heldur virðist vera svo mikið af eldra fólki sem á uppruna sinn í Reykhólasveit sem vill koma þangað aftur til þess að eyða þar ellidögum sínum. Rekstur vistheimilisins á Reykhólum gengur því ágætlega og skal ég fúslega upplýsa að það kom mér á óvart.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þessi svör. Ég geri þá ráð fyrir því að heilbr.- og trn. fái aðgang að vistunarmatinu eins og það liggur núna fyrir, með öllum fyrirvörum auðvitað. Að sjálfsögðu verður að fara vel með það þar sem það er ekki fullbúið.

Varðandi Reykhóla þá er mér kunnugt um að rekstrurinn hefur gengið furðuvel, sem er aðallega vegna þess að það var ákveðið fyrir allmörgum árum að sameina heilsugæsluumdæmin í Barðastrandarsýslu og Dalasýslu. Þetta er orðið eitt upptökusvæði og það hjálpar til við að stuðla að því að rekstrurinn á Reykhólum sé traustur.

Loks tel ég ástæðu til þess, virðulegi forseti, að þakka fyrir þá ítarlegu umræðu um málefni aldraðra sem hér hefur farið fram. Það er ekki svo oft sem slík umræða fer fram. Ég vek athygli á því að þátttakendur í henni af hálfu stjórnarandstöðunnar og reyndar af hálfu stjórnarliðsins líka hafa ekki síst verið þingmenn Reykvíkinga. Það segir sína sögu um málaflokkinn, að hann er sérstaklega alvarlegur og erfiður hér, en það segir líka, gagnstætt því sem stundum er haldið fram t.d. í fjölmiðlum, að það kemur fyrir að rætt sé um málefni Reykvíkinga á Alþingi. Það hefur a.m.k. verið gert hér í kvöld.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 284. mál (aðstöðugjald). — Þskj. 414, nál. 496 og 502.

Frsm. meiri hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta félmn. á þskj. 496 um frv. til laga um breyting á lögum nr. 90 1990, um tekjustofna sveitarfélaga. Nefndin hefur fjallað um frv. þetta en með því er lagt til að innheimta álagðs aðstöðugjalds verði felld niður á árinu 1993 og að í kjölfar þess verði sveitarfélögum bætt tekjutapið til bráðabirgða á því ári með hlutdeild í tekjuskatti ríkisins árið 1993.

Á fund nefndarinnar komu frá Sambandi ísl. sveitarfélaga Þórður Skúlason og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson. Enn fremur komu á fund nefndarinnar Húnbogi Þorsteinsson frá félmrn. og Maríanna Jónasdóttir frá fjmrn.

Nefndin sendi frv. þetta til umsagnar efh.- og viðskn. sem fjallaði um málið annars vegar út frá ráðstöfunum í efnahags- og skattamálum og hins vegar með tilliti til landsútsvars. Nefndinni bárust þrjú álit frá efh.- og viðskn. Í umsögn Vilhjálms Egilssonar og fleiri er lagt til að frv. verði samþykkt óbreytt. Meiri hluti félmn. er samþykkur því áliti.

Nefndin telur ástæðu til að árétta að ákvæði 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, er varðar breytingar á framlagi ríkissjóðs sem yfirferð framtala og úrskurður á kærum kann að leiða til, gildir eingöngu um árið 1992.

Undir nál. rita Rannveig Guðmundsdóttir, Guðjón Guðmundsson, Einar K. Guðfinnsson, Gunnlaugur Stefánsson og Árni M. Mathiesen.

Ég vildi gjarnan geta þess að það ákvæði 5. mgr. frv., sem áréttað er í nál., hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Leiði breytingar skattstjóra, við yfirferð framtala og við úrskurð á kærum á aðstöðugjaldsstofni, til þess að sýnilegt er að framlag ríkissjóðs, sbr. 4. mgr., hafi verið of hátt eða of lágt í einstöku sveitarfélagi, skal ákvarða að nýju umrætt framlag. Félmrh. skal í samráði við fjmrh. og Samband ísl. sveitarfélaga setja í reglugerð nánari ákvæði um hvernig staðið skuli að þeirri ákvörðun."

Þetta ákvæði á við um árið 1992 og skoðun sem kæmi til á árinu 1993 en ekki síðar.

Nál. fylgja þrjú fylgiskjöl og eru það þau álit sem félmn. bárust frá efh.- og viðskn.

Ég vil geta þess að í efh.- og viðskn. var frv. fyrst og fremst rætt og um það fjallað frá skattalegu sjónarmiði en félmn., sem fjallar um tekjustofna sveitarfélaga sem og önnur málefni sveitarfélaganna, hefur fjallað um málið frá þeim sjónarhóli og ekki síst hvort breyting hefði áhrif á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Þá ber þess að geta að þetta frv. er eins árs aðgerð og á þeim tíma verður leitt til lykta hvernig tekjustofna sveitarfélögin skuli hafi í stað aðstöðugjaldsins. Það er eðlilegt að álykta að í þeirri vinnu sem fram undan er verði jafnframt fjallað um landsútsvar og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, þar sem um er að ræða hluta af tekjuöflunar- og tekjujöfnunarkefi sveitarfélaganna, og að í þeirri vinnu komi niðurstaða í umræðuna um framtíð landsútsvars.

Ég vil líka geta þess, virðulegi forseti, að það kom fram hjá fulltrúum Sambands ísl. sveitarfélaga að þetta væri samkomulagsmál nema það hefði mótmælt IV. lið frv., sem lýtur að skerðingu á Lánasjóði sveitarfélaga. Á heildina litið væri Samband ísl. sveitarfélaga sátt við þessa aðgerð.

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir áliti minni hluta félmn. um frv. til laga um breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Í meginefni frv. er kveðið á um að fella niður innheimtu á aðstöðugjaldi árið 1993 og greiða sérstakt 120 millj. kr. framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem draga á frá þeim greiðslum sem sveitarfélög eiga að fá frá ríkissjóði í stað aðstöðugjaldsins. Í þriðja lagi er í frv. kveðið á um að ákvæði laga um gjöld sem tengd eru aðstöðugjaldsstofni haldi gildi sínu óháð breytingum á aðstöðugjaldinu. Í fjórða lagi er lagt til í frv. að framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði skert um 110 millj. en það er sú fjárhæð sem samkvæmt lögum á að renna til Lánasjóðs sveitarfélaga. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir að lögin komi til framkvæmda á fyrsta degi nýs árs.

Það var ekki mikill tími til að fjalla um þetta en þó má segja að við fengum nokkuð góðar upplýsingar frá fulltrúum Sambands ísl. sveitarfélaga. Hvað sveitarfélögin varðar og aðstöðugjaldsþátt frv. má segja að við höfum eins góðar upplýsingar og hægt er að ætlast til að menn geti reitt af hendi miðað við þann tíma sem menn höfðu til að líta yfir málið. Hins vegar kom greinilega í ljós að hraðinn á málinu var meiri en svo að unnt væri að fá lögfræðilegt álit um álitaefni sem komu upp varðandi landsútsvar en gert er ráð fyrir því að landsútsvar verði lagt á og innheimt áfram þrátt fyrir að aðstöðugjald verði ekki innheimt.

Virðulegi forseti. Álit minni hluta félmn. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Um þrjátíu ára skeið hefur aðstöðugjald verið einn gildasti tekjustofn sveitarfélaga. Allt fram til ársins 1990 var lögbundið mismunandi hámark gjaldsins eftir atvinnugreinum. Þrátt fyrir lagabreytinguna hefur flokkun aðstöðugjaldsins haldist í meginatriðum. Ókostir aðstöðugjaldsins hafa verið mismunandi skattlagning milli atvinnugreina, mismunun milli sveitarfélaga og uppsöfnuð áhrif gjaldsins í verðlagi.

Minni hluti nefndarinnar er samþykkur því að fella niður aðstöðugjöld á öllum atvinnugreinum, enda muni nýr tekjustofn sveitarfélaga ekki fela í sér áðurgreinda ókosti.

Ekki liggur fyrir hvaða tekjustofna sveitarfélögin fá í stað aðstöðugjaldsins og er málið því ekki fullunnið. Tekið er fram að með stuðningi við afnám aðstöðugjaldsins er minni hluti nefndarinnar ekki að fallast á þá leið sem ríkisstjórnin hefur valið til bráðabirgða.

Að fengnum upplýsingum fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga gerir minni hlutinn ekki athugasemd við það hlutfall af álögðu aðstöðugjaldi sem sveitarfélögin skulu fá greitt með sérstöku framlagi úr ríkissjóði, en tekur fram að ekki liggja fyrir upplýsingar um innheimtu aðstöðugjalds á undanförnum árum sundurliðað eftir sveitarfélögum.

Hvað varðar landsútsvar bendir minni hlutinn á að vafi leikur á að það standist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að viðhalda því eftir að aðstöðugjald hefur verið fellt niður.

Ekki gafst tími til að afla lögfræðilegra álitsgerða um þetta efni og telur minni hlutinn óráðlegt að viðhalda landsútsvari í ljósi þess vafa. Þá tekur minni hlutinn undir gagnrýni Sambands íslenskra sveitarfélaga á ríkisstjórnina fyrir skerðingu á framlagi ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sbr. bráðabirgðaákvæði IV í frv. og telur það ámælisvert af stjórnvöldum að rjúfa þannig nýgert samkomulag við Samband íslenskra sveitarfélaga. Slíkt framferði eykur ekki traust sveitarfélaga á núverandi ríkisstjórn og var þó ekki á bætandi.

Niðurstaða minni hlutans er að hann mun styðja ákvæði til bráðabirgða I og II, sitja hjá við ákvæði III og leggjast gegn ákvæði IV í frv.

Birt eru sem fylgiskjöl með áliti þessu umsögn minni hluta efh.- og viðskn., ályktun Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 7. des. 1992 og bréf Vinnuveitendasambands Íslands frá 3. des. 1992."

Undir þetta álit skrifa auk mín Jón Kristjánsson, Sigurður Þórólfsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Ég vil aðeins víkja að þessu áliti okkar. Við nefnum þrjá ókosti sem hafa fylgt aðstöðugjaldi. Í fyrsta lagi að skattlagning hefur verið mismunandi milli atvinnugreina. Allt fram til þess að ný lög um tekjustofna sveitarfélaga tóku gildi á árinu 1990 var innheimtu aðstöðugjaldi skipt í fjóra flokka eftir atvinnugreinum. Fiskveiðar voru einn flokkurinn með lægsta hámarksprósentu innan þess flokks. Næsti flokkur var t.d. fiskiðnaður og annar iðnaður. Síðan kom þriðji flokkur sem var, ef ég man rétt, ýmis þjónustustarfsemi og í fjórða flokki var verslun og aðrar greinar sem báru hæst aðstöðugjald. Hæsta hámarkið var 1,3% af veltu fyrirtækja, en í lægsta flokknum var hámarkið, ef ég man rétt, eitthvað um 0,3–0,4%. Allan þennan tíma voru því mjög mismunandi álagningarflokkar.

Eftir að lögunum var breytt voru allar atvinnugreinar settar í einn flokk með 1,3% hámarki. Þrátt fyrir að sveitarfélögin hefðu þá frjálsræði um að ákvarða álagningarprósentuna innan þessa hámarks, 1,3%, án tillits til atvinnugreinar, hefur reyndin orðið sú að sú flokkaskipan sem áður var hefur í meginatriðum haldist þó bilið hafi kannski breyst og jafnvel minnkað á milli flokka. Í einstaka sveitarfélagi hafa menn stigið skrefið til fulls og samræmt álagningarprósentuna.

Þetta hefur þýtt að atvinnugreinarnar hafa um þrjátíu ára skeið borið misjafna skatta. Munurinn á lægsta álagningarflokknum og þeim hæsta var nálægt því að vera einn á móti fjórum. T.d. báru verslun og önnur slík viðskipti þannig nálægt því fjórum sinnum hærra aðstöðugjald en t.d. fiskveiðar. Þetta er auðvitað mismunur á milli atvinnugreina sem er sögulega séð að mörgu leyti skiljanlegur en ekki er eðlilegt að viðhalda til frambúðar. Atvinnugreinar verða að vera skattlagðar nokkurn veginn á jafnréttisgrundvelli og hefur ekki þótt í seinni tíð eðlilegt að hlífa einni grein umfram aðra hvað þetta snertir. Þetta er fyrsti punkturinn um ókosti aðstöðugjaldsins, þ.e. mismunur milli atvinnugreina. Áform um að hætta innheimtu aðstöðugjaldsins er kostur hvað þetta varðar ef sá skattur sem í staðinn kemur, hvort sem hann verður af fyrirtækjum eða öðru, vekur ekki upp sama ókostinn og menn eru að fara frá.

Í öðru lagi hefur ókostur aðstöðugjaldsins verið mismunun á milli sveitarfélaga sem er í fyrsta lagi leidd af mismunandi atvinnusamsetningu sveitarfélaga og því að aðstöðugjaldsprósentan hefur verið mismunandi eftir atvinnugreinum. Þannig hafa t.d. byggðarlög sem hafa byggt sína atvinnustarfsemi að mestu leyti á verslun og þjónustu haft miklu meiri tekjur af aðstöðugjaldi á íbúa en sjávarútvegspláss vegna þess að álagningarprósenta aðstöðugjaldsins á sjávarútveginn var miklu lægri en t.d. á verslunina. Þetta hefur skapað verulega mismunun á milli sveitarfélaga. Sú mismunun hefur fyrst og fremst komið fram milli Reykjavíkur annars vegar og annarra sveitarfélaga hins vegar. Þó ber dálítið á því að staðir á landsbyggðinni, sem eru nokkurs konar verslunarmiðstöðvar síns fjórðungs, eru í svipaðri stöðu gagnvart nágrannasveitarfélögum og Reykjavík hefur verið gagnvart landsbyggðinni hvað þetta varðar.

Sem dæmi má nefna að á þessu ári er álagt aðstöðugjald 5.350 milljónir, rúmir 5,3 milljarðar. Þar af rann til Reykjavíkur einnar rúmlega 2,8 milljarðar, sem gerir liðlega 50%, 52–53% ef ég reikna í huganum, þar sem búa um 40% þjóðarinnar. Það sem ég horfi til prívat og persónulega er að breytingarnar sem er verið að fara út í leiði til þess að tekjurnar dreifist jafnar eftir íbúafjölda en aðstöðugjaldið hefur gert. Það ætti að leiða til þess að tekjurnar hækkuðu í þeim sveitarfélögum þar sem menn hafa haft tekjur af aðstöðugjaldi undir landsmeðaltali, en lækka að sama skapi eitthvað þar sem menn hafa haft tekjur af þessum gjaldstofni vel yfir landsmeðaltali. Með því að fara frá aðstöðugjaldinu eru menn væntanlega að stuðla að því að eyða þessari mismunun sem aðstöðugjaldið hefur valdið milli sveitarfélaga.

Í þriðja lagi hefur aðstöðugjaldið sem veltuskattur auðvitað haft áhrif í verðlaginu, nokkurs konar uppsöfnunaráhrif. Þar sem aðstöðugjaldið hefur verið þó þetta hátt, allt upp í 1,3%, geta þessi uppsöfnunaráhrif orðið mikil þegar við erum að tala um veltu í gegnum hvert fyrirtæki á fætur öðru. Sjávarútvegsfyrirtæki sem kaupir vöru af verslun, sem aftur kaupir af innflytjanda eða eitthvað slíkt, á hverju stigi er aðstöðugjald lagt á og safnast upp og endar hjá þeim sem er hinn endanlegi kaupandi og notandi, hann ber í raun og veru ekki bara aðstöðugjald miðað við álagningarstofn þess fyrirtækis sem hann hefur verslað við heldur allra þeirra viðskipta sem hafa farið fram á undan. Þannig

að búast má við því að með því að leggja þennan skatt af þá eigi að vera hægt að lækka verðlag eitthvað, a.m.k. um jafnmikla fjárhæð og álagningunni hefur numið, og e.t.v. eitthvað eilítið meira vegna þessara uppsöfnunaráhrifa.

Það er hins vegar sá þáttur málsins sem er í hvað mestri óvissu að stjórnvöld geti tryggt að verðlag muni lækka til jafns á við þá skattalækkun sem er verið að veita atvinnurekstri. Ég minni t.d. á ummæli blaðafulltrúa Flugleiða í útvarpinu þegar rætt var við hann um þetta og mál sem tengdust gengisfellingunni, en hann tók þannig til orða að afnám aðstöðugjaldsins væri búhnykkur fyrir Flugleiðir. Það þýddi auðvitað, svo ég túlki nú hans ummæli eins og ég skildi þau, að hann hugsaði sér ekki að Flugleiðir mundu lækka verð á sinni vöru, flugfarmiðum, þannig að þeir tækju út aðstöðugjaldið, heldur að aðstöðugjaldið rynni raunverulega inn í fyrirtækið sem nýjar tekjur. Og ég er því miður nokkuð uggandi um það að atvinnureksturinn og forsvarsmenn hans muni ekki af nægjanlega miklum krafti snúa sér að því að lækka verð á sinni þjónustu og vöru til samræmis við þessa lækkun á sköttum eða aðstöðugjaldi. En þarna þurfa stjórnvöld að halda mönnum við efnið og fylgja því fast eftir að þetta nái fram að ganga.

Við tökum það sérstaklega fram að með því að styðja það að aðstöðugjaldið sé lagt af, þá erum við ekki að fallast á þá leið sem valin hefur verið til bráðabirgða í þessu máli, sem er að meginstofni til sú að hækka tekjuskatt um 1,5%. Það er leið sem er mjög umdeilanleg, að velta þessu frá atvinnurekstri yfir á einstaklinga með svona hætti, og við teljum að í heildarsamhengi þeirrar skattastefnu sem birst hefur í skattafrumvörpum ríkisstjórnarinnar sé þessi leið í raun og veru ekki mjög vænleg.

Eitt er það sem er auðvitað óvissuatriði og það er ákvæði í I. bráðabirgðaákvæði frumvarpsins um að það eigi að leggja á aðstöðugjald á árinu 1993, en í stað þess að innheimta það þá ætlar ríkið að borga hverju og einu sveitarfélagi sem nemur 80% af þeirri álagningu. Talan 80% er væntanlega tilkomin eftir viðræður milli Sambands ísl. sveitarfélaga og stjórnvalda en í raun og veru liggur ekkert fyrir að ígrundaðri athugun hvort að sú tala er einhver sannleikur um innheimtu sveitarfélaga eða tekjur af þessari álagningu. Og því miður liggja ekki fyrir upplýsingar um það, sundurliðaðar eftir sveitarfélögum, hvernig þeim hefur tekist á undanförnum árum að innheimta sitt aðstöðugjald, þannig að við erum í nokkurri óvissu um það hvort þessi tala, 80%, dugi í öllum tilvikum til að mæta þeim tekjum sem sveitarfélögin hafa haft. Það er eðli málsins samkvæmt mjög mismunandi eftir byggðarlögum hvað þeim hefur tekist að innheimta af sínu álagða aðstöðugjaldi, og eflaust eru sum sveitarfélög þannig sett að þau hafa innheimt minna og önnur innheimt meira, og með þessari leið hætta menn á það að sum sveitarfélög, þ.e. þau sem hafa náð betri innheimtu, fái minni tekjur en þau ella hefðu haft. En því miður er ekkert hægt að segja um þetta með neinni vissu þannig að það er ákveðin óvissa í þessu máli og þessar upplýsingar liggja ekki fyrir þannig að við erum í raun og veru að benda á þetta til þess að taka það fram að við teljum okkur ekki geta borið ábyrgð á þessari prósentutölu þó að við viljum styðja þetta bráðabirgðaákvæði I.

Það hafa komið fram mótmæli frá sveitarfélögum eins og Sauðárkróki og Vestmannaeyjum. Þau sveitarfélög telja sig hafa innheimt hærra hlutfall á undanförnum árum en 80% og eflaust fleiri sveitarfélög. En fleiri upplýsingar liggja ekki fyrir hjá nefndinni a.m.k. þannig að það er erfitt að fullyrða um þetta. Eitt er líka sem getur skekkt myndina og það eru þau sveitarfélög sem hafa á undanförnum árum verið að leggja fram fé í atvinnulífið. Það hefur verið tekið saman að á undanförnum fimm árum hafi sveitarfélög lagt fram að jafnaði sem svarar 700 millj. kr. á ári til atvinnurekstrar í formi hlutafjárkaupa eða lánsfjár eða ábyrgða, og auðvitað eru nokkur dæmi um það að í slíkum tilvikum hafi peningarnir eða lánin verið notuð til að gera upp gjöldin gagnvart viðkomandi sveitarfélagi þannig að það hefur náð hærra innheimtuhlutfalli með þessari aðgerð, og í slíkum tilvikum er það auðvitað dálítið súrt í broti fyrir þau sveitarfélög að þurfa að sætta sig við minni tekjur en ella hefði orðið, sérstaklega þar sem þau hafa sett sig í ábyrgð á undanförnum árum og þurfa þá enn frekar en áður að fá fullar tekjur af sínum tekjustofnum. Þarna eru sveitarfélögin í afar mismunandi stöðu, en einkum eru þetta sveitarfélög á landsbyggðinni sem hafa lagt fram fé, ábyrgðir og lán í útgerðar- og sjávarútvegsfyrirtæki á sínum stöðum.

Í þriðja lagi vekjum við athygli á því að það er talinn leika vafi á að það standist jafnræðisreglur stjórnarskrárinnar að viðhalda því sem eftir stendur af aðstöðugjaldinu. Þetta heitir landsútsvar. Þar hefur Vinnuveitendasamband Íslands gert mjög ákveðnar athugasemdir og eftir því sem mér skilst mun það samband ætla að höfða dómsmál við fyrsta tækifæri verði þetta að lögum, og einmitt á þessari forsendu, að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar sé ekki virt með þessari lagasetningu, sem afnemur aðstöðugjald en viðheldur landsútsvari, þannig að þau fyrirtæki sem bera landsútsvar njóti ekki jafnræðis á við annan atvinnurekstur sem hefur verið látinn greiða aðstöðugjald.

Ég vil, virðulegi forseti, vitna aðeins til bréfs Vinnuveitendasambands Íslands til fjmrh. sem dagsett er 3. des. sl., og fjallar einmitt um þetta efni, en mönnum til glöggvunar skal þess getið að á síðasta ári, 1991, var álagt landsútsvar um 580 millj. kr. og skiptist þannig að ÁTVR greiddi 303 millj., Áburðarverksmiðjan 15 millj. og Sementsverksmiðjan 10 millj., Sala varnarliðseigna 1,3 millj., Íslenska járnblendifélagið 13 millj. Olíufélögin lögðu til 128 millj. kr. og bankar og sparisjóðir 111 millj. Og í bréfi Vinnuveitendasambandsins segir svo, með leyfi forseta:

„Vinnuveitendasambandið hefur talið ótvírætt að niðurfelling veltuskattsins, aðstöðugjalds eða landsútsvars hlyti að gilda um öll fyrirtæki og telur fráleitt að til álita geti komið að halda uppi slíkri sértækri skattheimtu á rekstur fáeinna tiltekinna fyrirtækja. Álagning aðstöðugjalds/landsútsvars á þessi örfáu fyrirtæki

bryti svo gróflega í bága við viðurkenndar jafnræðisreglur að það fengi með engu móti staðist. Það hefði sömu óheppilegu áhrifin á atvinnustarfsemina, skerti samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja á umræddum sviðum og ylli hærri kostnaði við þá þjónustu og framleiðslu sem umrædd fyrirtæki stunda. Er í þessu sambandi sérstaklega minnt á brýna þörf á að styrkja samkeppnishæfni íslenska bankakerfisins með lækkun rekstrarkostnaðar og þar af leiðandi lækkun vaxtamunar. Afnám aðstöðugjalds/landsútsvars af starfsemi banka og sparisjóða er þannig ein af forsendum fyrir lækkun vaxta og styrkari stoðum innlendra fjármálafyrirtækja á opnum markaði EES.

Vinnuveitendasambandið væntir þess því fastlega að landsútsvar verði fellt niður frá næstu áramótum að telja eins og aðstöðugjaldið að öðru leyti."

Það voru af hálfu félmn. gerðar tilraunir til þess að fá lögfræðilegar álitsgerðir um þetta efni en af skiljanlegum ástæðum voru lögfræðingar ekki reiðubúnir að skila nefndinni skriflegum álitsgerðum um þetta efni með svona skömmum fyrirvara. Og sá tími sem við höfðum málið til meðferðar var ekki það mikill að við gætum beðið eftir því. Við teljum nauðsynlegt áður en farið er lengra í þessu og stutt bráðabirgðaákvæði III að nauðsynlegt sé að hafa fyllri upplýsingar um þetta efni og við viljum ekki bera ábyrgð á lagasetningu sem er ekki á traustari grunni en fram hefur komið, og munum því sitja hjá við þetta ákvæði.

Nú, að lokum, virðulegi forseti, er það bráðabirgðaákvæði IV í frv. sem fjallar um það að svipta Jöfnunarsjóð sveitarfélaga 110 millj. kr., að skerða framlag ríkissjóðs til jöfnunarsjóðsins sem því nemur, um 110 millj. kr. Þarna er í raun verið að fella niður árlegt framlag ríkissjóðs til jöfnunarsjóðsins, sem endar hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Það er sjóður sem vissulega er nokkuð öflugur og þarf að vera það því að hann hefur í vaxandi mæli á undanförnum árum lánað sveitarfélögum, ekki bara fyrir framkvæmdum heldur einnig til skuldbreytinga og fjárhagslegrar endurskipulagningar á fjárreiðum viðkomandi sveitarfélags. Og því miður er það svo að m.a. vegna vaxandi kröfu og nauðsynjar á því að sveitarfélög hafi afskipti af atvinulífinu í sínu byggðarlagi þá hefur fjárhagur margra sveitarfélaga versnað mjög á undanförnum fjórum, fimm árum, og lánasjóðurinn hefur verið mjög gagnlegur skuldugum sveitarfélögum, til þess að greiða fyrir þeirra lánveitingum og líka til þess að lána þeim til að skuldbreyta sínum skuldum og lengja afborgunartíma á þeim þannig að þau ráði við greiðslubyrði þeirra lána með skaplegum hætti. Það er því afar bagalegt að ráðast á þennan sjóð og verður að segjast að þessi hæstv. núv. ríkisstjórn má helst ekki vita af nokkrum sjóði sem fráfarandi ríkisstjórn hefur byggt upp í sinni tíð, án þess að seilast í hann með krumluna sína. Það eru þekkt dæmin um Verðjöfnunarsjóðinn sem ríkisstjórnin tæmdi til þess að létta sjávarútveginum tapið sem var fyrr á þessu ári og fleyta þeim fram á haustið, og það voru síðsumars uppi áform um það að seilast í Fiskveiðisjóð og núna er það Lánasjóður sveitarfélaga sem fær að vita af því að ríkissjóður rennir hýru auga til hans. Og því miður, miðað við reynsluna af þessari ríkisstjórn, er ekki ástæða til þess að trúa því mjög að það verði látið duga að skerða framlagið þetta árið heldur miklu fremur að óttast að þetta verði endurtekin aðgerð sem muni auðvitað höggva skarð í eiginfjárstöðu þessa sjóðs.

Þetta ákvæði kom líka sérstaklega á óvart þar sem sveitarfélögin voru nýlega búin að semja við ríkisstjórnina, með hæstv. félmrh. í broddi fylkingar sem ráðherra sveitarstjórnarmálefna, um samskipti á milli þessara tveggja aðila. Eins og menn muna greip ríkissjóður til þess ráðs að sækja fé til sveitarfélaga og gera sveitarfélögin að skattstofni fyrir ríkissjóð með beinum höfðatölugreiðslum á íbúa. Sveitarfélögin undu þessu illa, þessu gerræði ríkisstjórnarinnar, og eftir nokkuð harða rimmu nú í haust var það niðurstaðan að gert var samkomulag milli stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga og ríkisstjórnarinnar um að sveitarfélögin legðu fram 500 millj. í ríkissjóð gegn því að hin fyrri skattheimta, svonefndur lögguskattur, félli niður, og gegn sérstöku ákvæði um það að framvegis mundu samskipti milli ríkisins og sveitarfélaga vera með skaplegum hætti og samráð yrði haft við sveitarfélögin áður en lögð yrði til einhver breyting á fjárhagslegum högum sveitarfélaga. En það var ekki orðið ýkja gamalt þetta samkomulag þegar það var svikið. Það verður nú að segja að það er alveg með ólíkindum hvað núv. ríkisstjórn er ólánsöm í samskiptum við sveitarfélögin, eða öllu heldur má segja ófyrirleitin, og virðist ekki virða mikils eigin yfirlýsingar og undirskriftir undir samkomulag við Samband ísl. sveitarfélaga. Ég hefði nú seint trúað því, virðulegi forseti, að hæstv. félmrh. gengi svona langt í framkomu sinni gagnvart sveitarfélögum, en e.t.v. getur ráðherrann skýrt afstöðu sína frekar við þessa umræðu.

Virðulegi forseti. Ég hef stiklað á stóru í áliti minni hluta félmn. um þetta frv. um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Hér er um að ræða mál sem er mjög viðamikið og hægt að ræða út frá ýmsum sjónarhornum í ítarlegu máli. E.t.v. kem ég hér aftur síðar í umræðunni til þess að fjalla um aðra þætti í þessu máli en ég hef vikið að fram til þessa. En ég læt framsöguræðunni fyrir þessu nál. lokið, virðulegi forseti.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það mál sem er komið hér á dagskrá til 2. umr. er viðamikið og meginefni þess er að fella niður aðstöðugjald sem er einn af stærstu tekjustofnum sveitarfélaganna í landinu. Það er nú svo með þetta aðstöðugjald og niðurfellingu þess að það hefur verið á dagskrá mjög lengi að fella þetta gjald niður en það hefur verið mjög mikil fyrirstaða í því máli, m.a. frá Reykjavíkurborg sem hefur miklar tekjur af þessu aðstöðugjaldi og það miklar tekjur í gegnum tíðina þegar velta hefur verið mikil í þjóðfélaginu að borgin hefur getað sukkað með þetta fé og byggt fyrir það ráðhús sem stendur ofan í Tjörninni og perlur og ein þeirra stendur uppi á Öskjuhlíð. Það hefur verið ærin barátta að fella þetta niður en nú hefur hæstv. ríkis-

stjórn neyðst til að láta til skarar skríða og það er ekki af tómri göfugmennsku heldur er það náttúrlega staðreynd að ráðamenn stefna inn í Evrópskt efnahagssvæði, sem eftir síðustu fréttir er vafamál að verði nokkurn tímann til, og þá er náttúrlega ekki hægt að halda þessu aðstöðugjaldi. Það er ein aðalástæðan til þess að þetta frv. er komið. Sannleikurinn er sá að niðurfelling þessa aðstöðugjalds er það eina bitastæða sem stendur eftir af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. nóv. sl. en eins og hv. þm. vita var sú yfirlýsing gefin með mikilli pomp og prakt úr þessum ræðustól, af hæstv. forsrh., um alls konar góð áform sem ekkert hefur orðið af, flestum. En þetta stendur þó eftir og niðurfelling aðstöðugjaldsins er í sjálfu sér þarft mál vegna þess að þetta er óréttlátur skattur, miðað við veltu en ekki afkomu, og það hefur verið barist fyrir því lengi að fella hann niður. En þar með er ekki öll sagan sögð. Inn í þetta frv. þurfti að klessa ýmsum öðrum atriðum varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og landsútsvar og fleiri mál sem eru ekki eins rakin. Það verður ekki komist hjá því í þessari umræðu að fara nokkrum orðum um þau mál og samskipti ríkisins og sveitarfélaganna almennt sem eru að verða ansi skrautleg í gegnum tíðina.

Ég hef skýrt frá því áður í umræðum um viðlíka mál hér á Alþingi að þegar ég kynntist málum á Alþingi fyrst, þá var nokkur stirðleiki í samskiptum ríkis og sveitarfélaga og það var vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem er afar mikilvægur í rekstri þeirra, mikilvægt tæki til jöfnunar milli lítilla og stórra, milli efnaðra sveitarfélaga og fátækra, þannig að sveitarstjórnarmönnum í landinu var annt um þennan sjóð og vildu hafa hann sem sterkastan. Framlög voru hvað eftir annað skert í þennan jöfnunarsjóð við fjárlagagerð og þetta olli miklum stirðleika milli ríkisins og sveitarfélaganna í landinu. Það var gengið í það að laga þessi samskipti og það vannst nokkur áfangasigur í því efni. Það var gengið í það að breyta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, einfalda hana, gera hana skýrari og einnig var gengið í það að endurskoða lög um tekjustofna sveitarfélaganna sem höfðu í sér mikla réttarbót og kjarabót fyrir sveitarfélögin í landinu. Ég held að það sé óumdeilt. Þessi löggjöf var samþykkt á Alþingi vorið 1989 eftir mikla vinnu, bæði í nefndum sem undirbjuggu þessa löggjöf og eins í vinnu hv. félmn. á Alþingi. Enda var það svo að þessi löggjöf, þegar hún hafði verið samþykkt, gjörbreytti samskiptum ríkis og sveitarfélaga, styrkti sveitarfélögin í sessi sem stjórnvald, gerði þau færari um að sinna sínum verkefnum og það ríkti friður um sinn. En þegar núv. ríkisstjórn tók við völdum í maí á síðasta ári þá leið ekki á löngu áður en veðrabrigði urðu í þessum efnum. Sannleikurinn var sá að Adam var ekki lengi í paradís. Við síðustu fjárlagagerð var einhliða brotið upp það samkomulag sem hafði verið milli ríkis og sveitarfélaga síðustu tvö árin og lagður á einhliða skattur á sveitarfélögin til að standa undir löggæslukostnaði í landinu. Það voru mikil átök um þetta atriði á Alþingi á síðasta ári og það var varað sterklega við þessum aðgerðum og varað sterklega við því að þetta mundi brjóta upp það góða samkomulag sem var orðið milli þessara tveggja stjórnsýslustiga, en á það var ekki hlustað. Þessi löggjöf var knúin í gegn. En hins vegar lofuðu hæstv. ráðherrar að gera þetta aldrei aftur. Þeir lofuðu að þetta skyldi vera eina skiptið og lofuðu því upp á æru og trú að gera aldrei svona hluti aftur. Hætta við þetta allt saman við fjárlagagerðina í haust.

En hvernig skyldu nú efndirnar hafa verið? Þessi saga, við þessa fjárlagagerð í haust, er svo mikil skrípasaga að ég held að ef einhver góður rithöfundur væri á hv. Alþingi — og ég veit að það eru nokkrir — þá gætu þeir skrifað ágæta bók um þessi viðskipti. Þessi saga byrjaði á því að ríkisstjórnin áformaði það að finna nýja nýja skattstofna því, eins og kunnugt er, þá er þessi ríkisstjórn einhver sú skattaglaðasta sem hefur setið þrátt fyrir miklar heitstrengingar fyrir kosningar um að hækka ekki skatta. Þeir fundu jú skattstofnana, það var ýmist þjónusta sveitarfélaganna, húshitun, snjómokstur og fleira. Og þá hrukku nú forsvarsmenn sveitarfélaganna við og töldu að það væri illa staðið að því að efna loforðin um að skila lögguskattinum til baka. Það er ekki að furða þó að þeir hrykkju við varðandi þetta atriði.

Formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, sem er borgarfulltrúi í Reykjavík og var náinn samstarfsmaður og er vinnufélagi hæstv. forsrh. þegar hann bregður sér út í ráðhúsið góða til þess að sitja á borgarstjórnarfundum, taldi sig illa svikinn og mótmælti þessum gerningi harðlega. Hann fór í verkfall og hætti að starfa í nefnd sem hæstv. félmrh. hafði skipað hann í, hætti að starfa í henni og lét þau boð út ganga að hann mundi ekki mæta þar á fundi fyrr en þessi samskipti væru komin í lag aftur. Hann knúði hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. til að setjast niður og gera við sig skriflegt samkomulag um það að falla frá þessari skattheimtu í virðisaukaskattinum en sveitarfélögin borguðu 500 millj. í Atvinnuleysistryggingasjóð sem þau fengju síðan úthlutað til baka til atvinnuskapandi aðgerða. Undir þetta var skrifað með pomp og prakt, svona eins og hvert annað vopnahlé eða griðasáttmála og undu menn glaðir við sitt í nokkra daga.

En því rifja ég þetta upp? Vegna þess að í ákvæði til bráðabirgða IV í þessu frv. er skerðing á framlagi til Lánasjóðs sveitarfélaga og þar segir að framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samkvæmt a-lið 8. gr. skuli á árinu 1993 skerðast um 100 millj. kr. Upphæð þessi skal koma til lækkunar á framlagi til Lánasjóðs sveitarfélaga samkvæmt c-lið 12. gr.

Það kemur fram í ályktunum stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga og stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga að þetta er bara alls ekkert í samræmi við þetta undirskrifaða samkomulag, hvort sem það var samkomulag um vopnahlé eða varanlegur griðasáttmáli. Það var byrjað að brjóta þetta samkomulag eftir nokkra daga og reynt að komast hjá því að uppfylla það.

Ég vil vitna til þessa bréfs, með leyfi forseta, sem er dagsett þann 7. des. 1992, undir fyrirsögninni „Sameiginleg ályktun stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga og stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga vegna áforma rík-

isstjórnarinnar um skerðingu á framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga."

„Stjórnir Sambands ísl. sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga mótmæla harðlega áformum ríkisstjórnarinnar sem koma fram í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaganna, dagsett 5. des. 1992, en þar er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skerðist á næsta ári um 110 millj. kr. sem felur í sér að framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs sveitarfélaga fellur niður á árinu 1993."

Og svo segir, með leyfi forseta: „Í því felst afdrifarík breyting á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem ákveðin er einhliða af ríkisstjórninni og án alls samráðs við Samband ísl. sveitarfélaga þrátt fyrir nýundirritað samkomulag um að allar slíkar tillögur skuli teknar til umfjöllunar af aðilum sameiginlega."

Síðan segir áfram, með leyfi forseta: „Stjórnirnar geta ekki fallist á að lögbundið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sé skert með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Minnt er á að nýverið hafa sveitarfélögin gert samkomulag við ríkisvaldið um 500 millj. kr. greiðslu í Atvinnuleysistryggingasjóð á næsta ári og átt þátt í því að móta reglur um hvernig niðurfelling aðstöðugjalds yrði bætt sveitarfélögunum á árinu 1993. Í þeim viðræðum kom fram að vegna næsta fjárlagaárs yrði ekki gert ráð fyrir öðrum breytingum á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga." — Ég endurtek: „Í þeim viðræðum kom fram að vegna næsta fjárlagaárs yrði ekki gert ráð fyrir öðrum breytingum á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga."

Síðan segir að lokum: „Stjórnir Sambands ísl. sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga vara ríkisstjórnina alvarlega við að breyta einhliða reglum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga án formlegs samráðs við Samband ísl. sveitarfélaga og óskar nú þegar eftir viðræðum við fulltrúa ríkisstjórnarinnar um þetta mál."

Ég held það þurfi ekki fremur vitnanna við, þetta bréf er skýrt orðað og það skilja allir. Það er alveg furðulegt að hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. skuli gera samkomulag við forustumenn sveitarfélaganna og það samkomulag skuli ekki standa nema í nokkra daga áður en farið er að brjóta það. Þetta bréf og þessi ályktun tekur af öll tvímæli um það að þessum samningum er ekki treystandi.

Við í minni hluta félmn. getum alls ekki staðið að slíkum aðgerðum. Það gildir einu þó það séu færð fram sem rök í þessu máli að Lánasjóður sveitarfélaga sé sterk stofnun og sé sterk lánastofnun með mikið eigið fé. Lánasjóður sveitarfélaga hefur komið inn í ýmis mikilvæg verkefni sem sveitarfélögin hafa haft með höndum. Hann hefur skuldbreytt, eins og fram hefur komið hér, lánum sveitarfélaga sem hafa átt í erfiðleikum og þurft tímabundið t.d. að koma inn í atvinnumálin til þess að reyna að halda uppi fullri atvinnu, sem veitir ekki af um þessar mundir. Lánasjóður sveitarfélaga hefur vaxandi verkefni á sviði umhverfismála sem eru á verksviði hæstv. umhvrh. og það er einmitt verið að draga úr möguleikum sveitarfélaganna með þessum hætti til þess að taka á í þeim efnum. Að þessu getum við auðvitað ekki staðið.

En það er fleira í þessu frv. sem er vafasamt svo ekki sé meira sagt. Þessi gerningur á að standa í eitt ár og mér er óhætt að fullyrða að forsvarsmenn sveitarfélaganna stóðu í þeirri meiningu og það sé ég á fjölmörgum ályktunum sem m.a. mér og öðrum hv. þm. hafa borist að forsvarsmenn sveitarfélaga stóðu í þeirri trú að þeir ættu að koma út úr þessu sléttir á næsta ári. En fyrir því er engin trygging. Endurgreiðslurnar eru miðaðar við 80% innheimtuhlutfall og til viðbótar er sagt að sveitarfélögin muni njóta eftirstöðva innheimtu þessa árs og síðan verði greiddar 120 millj. til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til tekjujöfnunarframlaga til minni sveitarfélaga. Það liggur ekkert fyrir í félmn. og við fengum engar upplýsingar um það hvernig þetta kemur út fyrir einstök sveitarfélög en við höfum bunka af ályktunum og útreikningum frá sveitarfélögum sem sýna að það er engin trygging fyrir því að sveitarfélögin komi slétt út úr þessum viðskiptum meðan það bráðabirgðaástand varir sem frv. gerir ráð fyrir.

Í bráðabirgðaákvæði III er kveðið svo á að framkvæmd á ákvæðum laga kirkjugarðs- og útflutningsráðs-, Iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjalds svo og aðrar reglur, er kveða á um að aðstöðugjaldsstofn sé að einu eða öðru leyti grundvöllur gjaldaútreiknings og þess háttar, samanber ákvæði um landsútsvar, skuli þrátt fyrir niðurfellingu á innheimtu aðstöðugjalds standa óhögguð gjaldárið 1993. Þarna er gert ráð fyrir að landsútsvar sem er svipaður tekjustofn og aðstöðugjaldið skuli halda sér. En nú hefur það komið fram í umfjöllun um þetta mál að það er mjög vafasamt að þetta standist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og þegar beðið var um álit efh.- og viðskn. um þetta mál vegna þess að þetta varðar skattamál, þá klofnuðu hv. stjórnarliðar í afstöðu til málsins. Meiri hlutinn, þ.e. hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, Guðjón Guðmundsson, Ingi Björn Albertsson og Rannveig Guðmundsdóttir, skilar áliti þar sem segir m.a. með leyfi forseta:

„Jafnframt var fjallað um landsútsvar. Kom fram mikil gagnrýni frá mörgum umsagnaraðilum um að það skyldi ekki verða fellt niður með sama hætti og aðstöðugjald. Kom og fram það sjónarmið og lögfræðilegt álit að landsútsvar væri ígildi aðstöðugjalds og því væri andstætt jafnræðisreglu að fella það ekki niður jafnhliða. Fulltrúar fjmrn. töldu hins vegar að jafnræðisregla væri ekki brotin. Ljóst er að málið mun verða áfram til umfjöllunar."

En í fskj. II kemur fram álit hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur, sem því miður er ekki hér í salnum núna svo unnt sé að spyrja hana um afstöðu til þessa frv. (**Forseti:** Hv. þm. sem ræðumaður nefndi er ekki í húsinu.) Þeim virðist nú vera farið að fækka, hv. stjórnarliðum hér í húsinu, en ég geri ekki kröfu til þess að næturró þessa hv. þm. sé raskað en eigi að síður ætla ég að vitna hér í álit hans, með leyfi forseta, og þar segir:

„Undirritaður nefndarmaður efh.- og viðskn. vísar til umsagnar Vilhjálms Egilssonar o.fl. til félmn., dags. 17. des. 1992, um frv. til laga um breyting á lögum nr.

90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, og telur að það eigi að samþykkja óbreytt að undanskildu ákvæði um landsútsvar. Eins og fram kemur í fyrrgreindri umsögn kom fram veruleg gagnrýni á fundi efh.- og viðskn. á þennan þátt frv. og var talið að það væri andstætt jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að fella þetta gjald ekki niður jafnhliða aðstöðugjaldinu. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður í ríkisfjármálum telur undirrituð að finna hefði mátt lausn á þessu máli enda verða ekki séð nein rök sem réttlæti þessa mismunun í skattlagningu.“ Undir þetta ritar hv. þm. Sólveig Pétursdóttir.

Þetta finnst mér nú vera þó nokkuð mikið sagt og það fer að verða mikið vafamál hver samstaða er í stjórnarliðinu um þetta mál. Það er náttúrlega alveg ljóst að minni hluti efh.- og viðskn. getur ekki með nokkrum hætti fallist á að samþykkja þetta ákvæði frv. jafnvel þó að eigi að endurskoða tekjustofna sveitarfélaganna og hér sé aðeins um bráðabirgðaákvæði að ræða. Mér er kunnugt um það að einstakir aðilar hafa tekið upp í sig svo mikið að hóta málssókn í þessu efni og við viljum að sjálfsögðu ekki bera ábyrgð á slíkum samþykktum. Það er því með miklum eindæmum hvernig hægt er að klúðra frv. um annars þarft mál eins og að fella niður aðstöðugjaldið, að það skuli vera hægt að hrúga inn í þetta frv. ákvæðum sem ekki er nokkur leið að samþykkja fyrir hv. þm. sem þó eru hlynntir meginatriði málsins. Það er einnig alveg furðulegur kapítuli, þessar aðgerðir allar saman í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Það er óhjákvæmilegt að rifja það upp í þessu sambandi að hæstv. félmrh. hefur haft mjög mikil áform um breytingar í sveitarstjórnarstiginu. Hún hefur haft um það áform að efla sveitarstjórnarstigið, endurskoða mörk sveitarfélaga, endurskoða tekjustofna, endurskoða verkaskiptingu, fela sveitarfélögunum stórkostleg verkefni og hæstv. félmrh. hefur verið með geysilega vinnu í gangi í þessu. Þessi mál eru mjög viðkvæm, það er mér fullkunnugt um. Ég hef núna síðustu tvö árin unnið í þeim nefndum sem hafa verið að undirbúa þessa löggjöf. Væntanlegt er frv. líklega eftir áramótin um þessi efni og mér er fullkunnugt um það hve viðkvæm þessi mál eru.

Það er eitt aðalatriðið sem fram hefur komið í öllum viðræðum við sveitarfélögin um þessi mál að það verði að ríkja traust í samskiptum ríkis og sveitarfélaga, annars sé tómt mál að tala um nýja verkaskiptingu, sameiningu eða samruna sveitarfélaga. Ef ekki ríkir traust og ef ríkisvaldið er alltaf að breyta leikreglunum, þá sé tómt mál að tala um nýja verkaskiptingu og að flytja stór verkefni til sveitarfélaganna. Þess vegna finnst mér þessar síendurteknu aðfarir á síðasta ári og þessu ári alveg furðulegar og stórhættulegar í ljósi þeirra áforma sem hæstv. félmrh. hefur í hyggju. Ég er nú reyndar á því að þau áform séu dálítið stórkarlaleg á sumum sviðum en ég held þó að þessar hugmyndir hæstv. félmrh. eigi fyllilega rétt á sér þó að hæstv. ráðherra vilji kannski fara heldur hratt stundum. En ef það verður haldið svona áfram og hæstv. ríkisstjórn fer svona að í samskiptum sínum við sveitarfélögin eins og í sambandi við jöfnunarsjóðinn, eins og í sambandi við Innheimtustofnun sveitarfélaga sem er nú með óútfylltan tékka og enginn veit hvað jöfnunarsjóðurinn þarf að borga til Innheimtustofnunarinnar. Það er eitt mál sem ég hef ekki gert skil enn en get (**Gripið fram í:** Tekið nokkurn tíma í það.) tekið þó nokkurn tíma í það ef á þarf að halda að skýra þau mál. Það er alveg furðulegt hvernig hæstv. ríkisstjórn gengur fram í þessum efnum og mig furðar á því hvað hæstv. ráðherrar hafa komist langt með þessi mál vegna þess að ég trúi því ekki að hæstv. félmrh. sé ljúft að hafa þessi samskipti með þessum hætti. Og ég er hissa á því að hæstv. félmrh. skuli hafa gefið svo eftir fyrir ásælni annarra ráðherra í tekjur sveitarfélaganna og hæstv. félmrh. skuli hafa látið svo undan að breyta þessum leikreglum á viðkvæmum tímum. Það finnst mér alveg með ólíkindum.

Það er nú svo að stækkun sveitarfélaga, breytt verkaskipting, nýir tekjustofnar, þetta hefur verið kynnt út á við sem eitt helsta efnahagsúrræði ríkisstjórnarinnar. Og það hefur verið kynnt m.a. í Alþýðublaðinu, sem ég les með mikilli athygli, að þetta sé ný byggðastefna, nýtt úrræði í byggðamálum, bylting í byggðamálum, aðalefnahagsúrræði ríkisstjórnarinnar felist í því að sameina sveitarfélög, fá þeim stór verkefni og nýja tekjustofna. Ég sé ekki betur en þessar aðgerðir, bæði þessar og aðrar slíkar, stefni þessum áformum hæstv. félmrh. í stórhættu og geri að engu þær vonir ríkisstjórnarinnar að hér verði um að ræða gott efnahagsúrræði sem verði til bjargar ríkisstjórninni í vandræðum hennar. Auðvitað verða þau áform að engu. Þetta er með ólíkindum, þessi saga öll saman.

Hins vegar verð ég að segja það sem mína skoðun að auðvitað er það tóm vitleysa að sameining sveitarfélaga ein saman og ný verkefni til sveitarfélaganna sé einhver töfralausn, eitthvert efnahagsúrræði í aðsteðjandi vandræðum. Auðvitað er það ekki. En ég er þeirrar skoðunar að þarna sé um þróun að ræða sem menn eiga ekki að spilla fyrir með vanhugsuðum aðgerðum eins og felast í þessu frv. og öðrum aðgerðum sem hæstv. ríkisstjórn hefur haft í frammi gagnvart sveitarfélögunum. Það mætti rifja upp margt í þessu efni og ég get gert það síðar í þessari umræðu ef tilefni gefst til. Það mætti rifja upp hér fjölmargar skringilegar hugmyndir hæstv. ríkisstjórnar gagnvart sveitarfélögunum en ég ætla að láta það vera í bili.

Ég læt þetta nægja að sinni um þetta frv. um tekjustofna sveitarfélaga sem er að uppistöðu til um gott mál en eins og ég hef tekið fram áður er alveg stórfurðulegt hvernig ríkisstjórnin getur klúðrað og raðað einhverjum hortittum inn í annars góð mál sem er þó það eina sem stendur eftir af yfirlýsingunni frægu frá 23. nóv. sl.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. (**Gripið fram í:** Tala stutt. Góð ræða, stutt.) Já, það má segja það að það væri ástæða til þess að reyna að tala stutt um þetta mál þó að það sé allrar athygli vert og sé nauðsynlegt að gera því nokkuð góð skil. Ég vil taka það fram að ég er mjög ánægður með það að nú skuli loks hilla undir það að

aðstöðugjaldið verði fellt niður. Það eru mikil gleðitíðindi og er ástæða til þess að fagna því og þakka það að þessi niðurstaða skuli hafa fengist. Þetta er baráttumál sem margir hafa haft á sinni stefnuskrá um margra ára skeið. Stjórnmálaflokkar hafa ályktað um það, atvinnugreinar hafa ályktað um það og það voru mikil tíðindi þegar verkalýðshreyfingin lýsti sig reiðubúna til að standa að því að fella aðstöðugjaldið niður. Það er eins og fram kemur í áliti frá Alþýðusambandi Íslands þar sem segir, með leyfi forseta:

„Það var sameiginlegt álit í atvmn. að æskilegt væri að fella aðstöðugjald niður."

Í því sambandi var ekki aðeins vísað til þess að aðstöðugjöldin væru ekki aðeins mikilvægur kostnaðarliður heldur enn frekar til þess að þar sem aðstöðugjald leggst á heildarkostnað viðkomandi fyrirtækis safnast það upp ef um er að ræða viðskipti á milli fyrirtækja. Ég tel ekki ástæðu til að gera nánari grein fyrir þessu áliti Alþýðusabands Íslands en það eru mikil tíðindi að verkalýðshreyfingin skuli hafa tekið málinu með þessum hætti.

Það sem skyggir hins vegar á þetta mál er sú staðreynd að þrátt fyrir mjög góðan vilja aðila vinnumarkaðarins tókst ríkisstjórninni ekki að virkja þennan vilja til samstöðu heldur klúðraði málinu af einhverjum óskiljanlegum ástæðum, m.a með því að saka verkalýðshreyfinguna um að hún vildi leggja mun meiri álögur á landsmenn en ríkisstjórnin sjálf. Það voru skilaboðin sem menn sendu þingi Alþýðusambands Íslands á Akureyri.

Á fundi efh.- og viðskn. í dag þar sem farið var yfir þessar skattaálögur kom fram mat Alþýðusambands Íslands á því hvað hér væri á ferðinni. Í fyrsta lagi er hækkun tekjuskatts um 1,5% eða 2.900 millj. Það er hækkun sem að mínu mati er eðlileg í ljósi þess að aðstöðugjaldið er fellt niður og má segja að verkalýðshreyfingin hafi almennt ekki gert miklar athugasemdir við þetta atriði nema fulltrúar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og BHMR. Síðan er gert ráð fyrir lækkun persónuafsláttar upp á 700 millj., sem hefur valdið mjög miklum mótmælum, og hátekjuskatt, upp á 400 millj. eða samtals 4.000 millj. kr. aukningu tekjuskatts. Þar að auki hækkun vegna vaxtabóta 500 millj. og hækkun viðmiðunarmarka sjálfstæðra atvinnurekenda, þ.e. 4.800 millj. í tekjuskatti. Síðan kemur hækkun undanþágna í virðisaukaskatti 1.800 millj. og hækkun bensíngjalds 375 millj. Samtals eru þetta um 7 milljarðar, eða 6.975 millj., en á móti er fellt niður aðstöðugjald. Útgjöld ríkissjóðs vegna þess eru 4.250 millj. og útgjöld vegna lækkunar tryggingagjalds á ferðaþjónustu eru 250 millj. Af þessu má sjá að þær skattahækkanir sem nú eru lagðar á eru mun meiri en aðstöðugjaldinu nemur hvað svo sem hæstv. fjmrh. segir á Alþingi um þetta mál.

En eitt atriði er skilið eftir í mikilli óvissu í þessu máli og það er landsútsvarið. Hæstv. ríkisstjórn hefur ákveðið að skilja landsútsvarið eftir sem er ekkert annað en aðstöðugjald. Ég er þeirrar skoðunar að ekki sé verjanlegt að fella niður aðstöðugjaldið nema samræmi sé í þeim málum og landsútsvarið einnig fellt niður. Aðstöðugjald sveitarfélaganna á uppruna sinn að rekja til svokallaðs veltuútsvars. Aðstöðugjaldið var fyrst lagt á með lögum frá Alþingi 1962. Þau lög komu í stað laganna um tekjuútsvar frá árinu 1960. Forsendur laganna voru fyrst og fremst tvö grundvallartriði, þ.e. að sjá sveitarfélögunum fyrir tekjustofni, sem kæmi í stað veltuútsvars, og í öðru lagi þótti þá sanngjarnt að fyrirtækin greiddu fyrir þá aðstöðu og þjónustu sem þau fengu hjá sveitarfélögunum. Það kom það greinilega fram þegar lögum um veltuútsvar var breytt á Alþingi en í greinargerð með því frv. sagði m.a. að því er varðaði olíufélögin, með leyfi forseta:

„Lagt er til að auk ríkisfyrirtækjanna verði olíufélögunum (nú Olíuverslun Íslands hf., Olíufélagið hf. og Skeljungur hf.) gert að greiða landsútsvar, enda eru þau undanþegin aðstöðugjaldi, sbr. 8. gr. 2. mgr. Félög þessi hafa þá sérstöðu að þau greiða öll útsvar á fjölmörgum stöðum, eða ca. 60 stöðum í landinu, sem þá hafa verið veltuútsvar alls staðar utan Reykjavíkur.

Reynslan hefur sýnt að af þessum sökum hafa risið mörg ágreiningsefni svo að félögin hafa einatt kært þessa álagningu. Mun því mikið málavafstur sparast með því að leggja á félögin landsútsvar. Eigna- og tekjuútsvar greiða þessi félög að sjálfsögðu hér eftir sem hingað til."

Það er því alveg ljóst að landsútsvarið er ekkert annað en ígildi aðstöðugjalds og má rekja tilkomu þess til þeirrar staðreyndar að lagður var sambærilegur skattur á öll fyrirtæki en vegna sérstöðu ákveðinna fyrirtækja þótti rétt að viðhalda landsútsvarinu.

Í umsögnum sem við fengum í efh.- og viðskn. er álit Vinnuveitendasambands Íslands mjög skilmerkilegt. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Vinnuveitendasambandið hefur talið ótvírætt að niðurfelling veltuskattsins, aðstöðugjalds eða landsútsvars hlyti að gilda um öll fyrirtæki og telur fráleitt að til álita geti komið að halda uppi slíkri sértækri skattheimtu á rekstur fáeinna tiltekinna fyrirtækja. Álagning aðstöðugjalds/landsútsvars á þessi örfáu fyrirtæki bryti svo gróflega í bága við viðurkenndar jafnræðisreglur að það fengi með engu móti staðist. Það hefði sömu óheppilegu áhrifin á atvinnustarfsemina, skerti samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja á umræddum sviðum og ylli hærri kostnaði við þá þjónustu og framleiðslu sem umrædd fyrirtæki stunda.

Er í þessu sambandi sérstaklega minnt á brýna þörf til að styrkja samkeppnishæfni íslenska bankakerfisins með lækkun rekstrarkostnaðar og þar af leiðandi lækkun vaxtamunar. Afnám aðstöðugjalds/landsútsvars af starfsemi banka og sparisjóða er þannig ein af forsendum fyrir lækkun vaxta og styrkari stoðum innlendra fjármálafyrirtækja á opnum markaði EES.

Vinnuveitendasambandið væntir þess því fastlega að landsútsvar verði fellt niður frá næstu áramótum að telja eins og aðstöðugjaldið að öðru leyti."

Þegar talað er um jafnræðisreglu í þessu sambandi er að sjálfsögðu átt við 67., 70. og 71. gr. stjórnarskrárinnar, en ég ætla ekki að rekja þær reglur hér. Þær eru hv. alþm. kunnar. Til þeirra hefur oft verið vitnað á undanförnum dögum. Það er alveg ljóst að það stenst

ekki þessar greinar stjórnarskrárinnar að velja út einhver tiltekin fyrirtæki og leggja á þau skatt. Þar verður að vera jafnræði milli atvinnugreina og er hætt við því að sú skattlagning sem á að fara út í muni ekki standast þessi ákvæði stjórnarskrárinnar. Þrátt fyrir þá miklu hættu sem þarna er á ferðinni er ekki hikað við að leggja af stað í þessa ferð og hafa í þeim efnum, sem mörgum öðrum, bundið fyrir bæði augun og láta sig afleiðingarnar litlu skipta. Það er ekki nóg, virðulegur forseti, að setja lög um innheimtu skatta. Það verður að vera líklegt að sú löggjöf fái staðist jafnræðisreglur stjórnarskrár og almenna réttlætiskennd.

Að vísu er það svo að því er varðar stóran hluta veltuútsvarsins að þar er um að ræða fyrirtæki sem ríkið á. Hér er um að ræða samtals rúmar 580 millj. og þar af er gert ráð fyrir að ÁTVR greiði rúmar 300 millj. og fyrirtæki eins og Sala varnarliðseigna rúma milljón.

Það vekur nokkra undrun að gert skuli ráð fyrir því að fyrirtæki eins og Áburðarverksmiðjan skuli eiga að greiða landsútvar á næsta ári. Hæstv. landbrh. hefur haldið því fram að líklegt sé að Áburðarverksmiðjan geti ekki haldið áfram sinni framleiðslu ef Íslendingar gerast aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði. Þetta er þungur dómur hjá hæstv. landbrh. og vonandi kemur ekki til þess vegna þess að fyrirtækið er stór vinnustaður og mikill fjöldi fólks byggir afkomu sína á þessari starfsemi. Við megum að sjálfsögðu ekki við því að svo mikilvægt fyrirtæki leggist niður. Ég hef trú á því að Áburðarverksmiðjan geti staðist samkeppni ef hún fær eðlileg starfsskilyrði. Við hljótum að stefna að því að nýta þetta mikilvæga fyrirtæki sem ríkið hefur lagt mikla fjármuni í til uppbyggingar og má rekja langt aftur í tímann, en þessi verksmiðja var byggð upp úr síðari heimsstyrjöldinni og nutum við þar m.a. svokallaðrar Marshall-aðstoðar. Ef ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis hefur ekki skilning á því að skapa þessu fyrirtæki sambærileg starfsskilyrði við önnur þá mun að sjálfsögðu illa fara. Væri fróðlegt að heyra álit hæstv. landbrh. á þessu máli.

Annað fyrirtæki sem gert er ráð fyrir að landsútsvar verði lagt á er Íslenska járnblendifélagið. Í erindi til fjmrn., sem dags. er 30. nóv., segir m.a., með leyfi forseta:

„Í 12. gr., lið 3 undir lið d, í aðalsamningi ríkisstjórnar Íslands við Elkem AS og Sumitomo Corporation frá 13. sept. 1984 er ákvæði um að Íslenska járnblendifélagið skuli greiða veltuskatt af veltu sinni, ekki hærri en 0,5% af rekstrargjöldum eftir venjulegum reglum skattalaga.

Þetta ákvæði er óbreytt frá upphaflegum aðalsamningi frá 1976 og hefur sem slíkt hlotið lagagildi með lögum nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, og lögum nr. 95/1984, um breytingu á þeim lögum. Í téðum aðalsamningi er skýrt tekið fram að veltuskattur þessi sé álagður í staðinn fyrir aðstöðugjald skv. V. kafla laga nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Þegar aðstöðugjald, samkvæmt tilvitnuðum V. kafla tekjustofnalaganna, verður nú fellt niður er ljóst að innheimta veltuskatts af þessu tagi af Járnblendifélaginu fær ekki staðist samkvæmt greindum aðalsamningi."

Ég veit ekki til þess að nokkur maður dragi það í efa að það sé rétt hjá forsvarsmönnum Járnblendiverksmiðjunnar að álagning landsútsvarsins standist ekki þann samning sem ríkið sjálft hefur undirritað. Þrátt fyrir að þessi samningur liggi fyrir á að leggja aðstöðugjald á þetta sama íslenska járnblendifélag.

Nú er líka merkilegt í þessu sambandi að málefni þessa fyrirtækis hafa verið til sérstakrar skoðunar hjá ríkisstjórn Íslands af ástæðum sem flestum eru kunnar. Í bréfi, sem fjmrn. skrifaði efh.- og viðskn. þann 18. des. 1992, kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Málefni Íslenska járnblendifélagsins hf. hafa að undanförnu verið til sérstakrar athugunar í fjmrn. og iðnrn. og hjá meðeigendum ríkissjóðs í verksmiðjunni. Eins og kunnugt er er fjárhagsstaða fyrirtækisins afar erfið um þessar mundir. Ýmsar aðgerðir hafa verið ræddar í þessu sambandi, eins og kemur fram á hjálögðu minnisblaði iðn.- og viðskrh. til ríkisstjórnarinnar dagsett í dag.

Á meðan þessi mál eru til athugunar hefur ríkissjóður veitt fyrirtækinu bráðabirgðafyrirgreiðslu sem ráðuneytið telur rétt að kynna fyrir hv. efh.- og viðskn. Alþingis. Fjmrn. hefur veitt Íslenska járnblendifélaginu hf. bráðabirgðafyrirgreiðslu að fjárhæð samtals 100 millj. kr. á þessu ári og er líklegt að um frekari fyrirgreiðslu verði að ræða á næsta ári. Þessi fjárhæð hefur verið færð á viðskiptareikning ríkissjóðs, sbr. 1. gr. fjárlaga og lánsfjárlaga fyrir árið 1992, þar sem um skammtímahreyfingu er að ræða. Heildarstaða viðskiptareikninga ríkissjóðs er innan heimilda umræddra laga."

Og í minnisblaði sem hæstv. viðskrh. ritaði til ríkisstjórnarinnar kemur fram að mál fyrirtækisins eru þar til sérstakrar athugunar, m.a. með það í huga að auka hlutafé í fyrirtækinu til að tryggja áframhaldandi rekstur þess.

Ég get ekki skilið, hæstv. forseti, hvernig á því stendur, og væri fróðlegt að fá útskýringar hæstv. iðnrh. í því sambandi, að farið er út í það að leggja áfram landsútsvar á þetta fyrirtæki sem er í slíkum fjárhagslegum erfiðleikum, erfiðleikum sem ríkissjóður þarf sennilega að taka á með einum eða öðrum hætti. Það er í meira lagi óskynsamlegt að ganga þannig fram.

Þá er gert ráð fyrir því að Sementsverksmiðja ríkisins borgi landsútsvar upp á 10 millj. kr. Hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fyrir Alþingi frv. til laga um að breyta Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag. Ég veit ekki betur en það sé ætlan hæstv. ríkisstjórnar að þetta frv. verði að lögum á Alþingi. Í því er gert ráð fyrir að landsútsvar Sementsverksmiðju ríkisins, ef verksmiðjunni verður breytt í hlutafélag, verði að aðstöðugjaldi. Um leið og þetta frv. ríkisstjórnarinnar verður að lögum mun það því falla undir aðstöðugjald en þá hefur aðstöðugjaldið verið fellt niður. Við samþykkt frv. mun Sementsverksmiðja ríkisins þess vegna ekki greiða aðstöðugjald. Það má því teljast mjög furðulegt að það

skuli vera ákveðið að viðhalda þessari skattlagningu á fyrirtækinu þegar tillögur eru uppi um annað á hv. Alþingi.

Þá eru eftir tveir flokkar rekstraraðila, þ.e. olíufélögin annars vegar og bankar og sparisjóðir hins vegar. Samtals er gert ráð fyrir að innheimtar verði 230 millj. af olíufélögunum og bönkum og sparisjóðum. Má segja að það séu þeir fjármunir sem skipta máli fyrir ríkissjóð í þessu sambandi því hitt eru allt fyrirtæki sem ríkissjóður á eða ræður að öllu eða mestu leyti. Þannig háttar líka með bankana í landinu en það er mikilvægt á þessum tímum að styrkja samkeppnisstöðu þeirra. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að það sé afar þýðingarmikið nú þegar fjármagnsmarkaðurinn opnast og Íslendingar búa sig undir að taka þátt í alþjóðlegu samstafi í mun meira mæli en áður. Þá skiptir miklu máli fyrir okkar fjárhagslega sjálfstæði að við eigum sterkar peningastofnanir sem eru vel undir það búnar að takast á við alþjóðlega samkeppni.

Það væri fróðlegt að fá útskýringar hæstv. viðskrh. á því hvernig hann hugsar þetta mál, hvort hann telur ekki nauðsynlegt að bankar og sparisjóðir búi við sambærileg samkeppnisskilyrði og gengur og gerist meðal annarra þjóða. Það er óþekkt að slíkur skattur sé lagður á í öðrum löndum og því út í hött að halda honum á bönkum og sparisjóðum hér á landi. Ef ríkisstjórnin vill innheimta meiri tekjur af þessari tegund atvinnurekstrar verður að vera um almenna skattlagningu að ræða sem stenst jafnræðissjónarmið. Ég held að það sé jafnframt ljóst að eiginfjárstaða ríkisbankanna er ekki það góð og því óskynsamlegt af ríkinu að skattleggja með þessum hætti eigin fyrirtæki. Þessi skattur er að verulegu leyti af þeim bönkum sem ríkissjóður á, eða allmiklu meira en helmingur hans, og hefst fremur lítið upp úr því. Þá væri nær að gera kröfu um að viðkomandi bankar skiluðu einhverjum arði í ríkissjóð af sínum hagnaði. Ríkið á þessar stofnanir og getur að sjálfsögðu gert kröfu til þess að viðkomandi bankar skili arði.

Að mínu mati er því mjög óvarlegt að fara út í skattheimtu sem þessa sem líklegt er að verði hrundið í málaferlum á næstu árum. Það munu jafnframt geta orðið kostnaðarsöm málaferli og að endingu orðið til þess að ríkissjóður tapi mun meira fé en ætlunin er að innheimta nú.

Þá er að lokum að minnast á olíufélögin. Gert er ráð fyrir að olíufélögin greiði 127 millj. í þennan skatt á næsta ári. Nú er það vitað mál að þessi skattur fer inn í verðlag á olíuvörum. Það er alveg ljóst að landsútsvar á olíufélögin kemur fram í hærra verði á bensíni, svo dæmi sé nefnt. Ef það er ætlunin að innheimta meiri gjöld af þeim vörum sem olíufélögin selja er það miklu nær almennri skattlagningu og almennum reglum í sambandi við skattamál að leggja slíkan skatt beint á vöruna sem um er að ræða.

Ég hef í þessum orðum, virðulegur forseti, bent á það með rökum að hér er tekin óþarfa áhætta sem átti að sjálfsögðu ekki að taka því það hefði verið hægur vandi að leggja þessa skatta á með öðrum hætti og af meira réttarfarslegu öryggi.

Þrátt fyrir ótvíræð rök í þessa átt féllst meiri hluti efh.- og viðskn. ekki á að taka þau til greina. Það er í samræmi við önnur vinnubrögð í þessu máli. Þetta er allt saman unnið í miklum flýti og stjónarflokkarnir virðast hafa gert samkomulag sem engin heilbrigð skynsemi fær hrundið. Menn hafa fest sig í hluti af einhverjum ástæðum sem við í minni hlutanum fengum engan botn í. Jafnvel þótt margir nefndarmanna í efh.- og viðskn. kæmu auga á hversu augljóst það væri að þetta fengi ekki staðist til lengdar virtist það ekki skipta neinu máli. Það er að mínu mati slæmur svipur á annars góðu máli að ekki skyldi vera farið fram með það á þann hátt að fullt jafnræði væri milli fyrirtækja í landinu.

Þegar aðstöðugjaldið var fyrst lagt á hér á landi bjuggum við við allt aðrar aðstæður og allt annað samfélag en við búum í dag. Þá var mismunandi aðstöðugjald lagt á einstakar greinar og kom mjög skýrt fram í umræðum á Alþingi að það voru forsendur fyrir því af hverju skatturinn var mismunandi. Helstu ástæðurnar voru þær að sjávarútvegurinn var sú atvinnugrein sem skapaði nær allar gjaldeyristekjurnar en aðrar atvinnugreinar voru meira og minna verndaðar með háum tollum og aðflutningsgjöldum. Þessar atvinnugreinar bjuggu þess vegna við allt aðrar verðaðstæður en sjávarútvegurinn sem var í samkeppni á erlendum mörkuðum og þurfti að vera fær um að standast alþjóðlega samkeppni. Það var því tilhneiging til að leggja tiltölulega lágt gjald á sjávarútveginn en hærra gjald á aðrar greinar.

Við núverandi aðstæður er þetta allt öðruvísi. Iðnaðurinn er í beinni og opinni samkeppni við erlendan iðnað og þarf að geta staðið sig í alþjóðlegri samkeppni og því hafa aðstæður allar breyst. Aðstöðugjaldið hefur frá upphafi verið mjög ósanngjarn skattur. Hann er ekki mælikvarði á gjaldþol greiðenda og leiðir sjálfkrafa til hárrar álagningar á þá sem velta miklum fjármunum, án tillits til þess hvort hagnaður er af þeirri starfsemi eða ekki, og hefur því á margan hátt unnið gegn verkaskiptingu og sérhæfingu í íslensku samfélagi. Ég er því sannfærður um að aðstöðugjaldið hefur valdið því að þjóðartekjur okkar eru lægri en þær annars hefðu orðið. *Ég vil jafnframt nefna að* það hefur verið mikil tilhneiging til að reyna að lækka aðstöðugjaldið með því að stunda umboðssöluviðskipti til að koma í veg fyrir gjaldtöku.

Hins vegar má segja að aðstöðugjaldið er ósanngjarnari skattstofn í dag en hann hefur nokkru sinni verið. Hann fær ekki staðist neinar alþjóðlegar reglur og slíkur skattur hefur ekki verið upphugsaður í neinu öðru landi.

Ég vil því að lokum, virðulegur forseti, fagna því að nú hillir undir að þessi skattur verði lagður af. Ég harma hins vegar að það skyldi ekki gert í einu lagi og landsútsvarið lagt af jafnframt. Ég vænti þess að það verði gert þegar að hæstv. ríkisstjórn áttar sig á því að það stenst ekki að gera það með þeim hætti sem þar er stofnað til. Það hefði verið æskilegra að gera það strax. Ég tel að fullur vilji hafi verið fyrir því í efh.- og viðskn. En einhverra hluta vegna virðast ráðherrar hafa

bundist einhverju samkomulagi í málinu sem að enginn fær skilið. Þó væri verst af öllu ef ríkisstjórnin yrði hreinlega dæmd til að leggja skattinn af, sem er ekki ólíklegt, og fengi á sig þann dóm að hafa brotið þær greinar stjórnarskrárinnar sem ég vitnaði til áður, þ.e. sérstaklega 67. gr. en einnig 70. og 71. gr. stjórnarskrárinnar.

Það liggur fyrir að Vinnuveitendasamband Íslands mun höfða slíkt mál. Ég hef skilið hæstv. forsrh. þannig að slíka áhættu eigi menn ekki að taka og hefur hann m.a. vitnað til nýgengins dóms í svokölluðu BHMR-máli, sem var mikilvægt mál á sínum tíma. Menn verða að taka tillit til dóma Hæstaréttar í sambandi við undirbúning annarra mála sem koma á eftir. Það þýðir ekki að binda fyrir augun og láta sem ekkert hafi gerst. Því miður er það háttur hæstv. ríkisstjórnar um þessar mundir og vil ég spá því að það eigi eftir að koma henni í koll.

Ég sé ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir því áliti sem minni hluti efh.- og viðskn. sendi frá sér í þessu máli, það hefur verið fest við bæði álit meiri hluta og minni hluta félmn., en lokaorð þess eru eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir öll þessi rök sýndi ríkisstjórnin engan vilja til að leiðrétta þau mistök sem virðast hafa átt sér stað.“ — Það hefur nefnilega komið fram af hálfu ákveðinna aðila, ekki síst aðila vinnumarkaðarins, að það hafi verið mistök að fella ekki niður landsútsvarið. Síðan hafi þessi mistök orðið að þráhyggju sem ekki verði komist út úr.

Að lokum segir: „Það er ekki hægt að styðja slík vinnubrögð og því leggur minni hluti efh.- og viðskn. til að landsútsvarið verði jafnframt fellt niður.“

Ég vænti þess að þetta mál verði tekið til frekari umfjöllunar milli 2. og 3. umr. Þá hefur hæstv. ríkisstjórn tækifæri til að lagfæra þetta mál og m.a. koma í veg fyrir að hún verði ógæfusöm af þessum völdum. Hæstv. forsrh. hefur sýnt mikla umhyggju fyrir minni hlutanum á Alþingi, að hann væri ekki að styðja eða flytja tillögur sem hugsanlega gætu gert viðkomandi flutningsmenn eða þá sem greiða atkvæði með slíkum tillögum að ógæfumönnum. Hafði hann við atkvæðagreiðslu hér í gær eða fyrradag miklar áhyggjur af velferð þess sem hér stendur. Ég vænti þess að hæstv. forsrh. hafi ekki síður áhyggjur af eigin velferð og ríkisstjórnar sinnar. Ég vil eindregið ráðleggja honum og ríkisstjórn hans að breyta þessu máli, ekki síst til að koma í veg fyrir það að hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. verði dæmdir fyrir hönd ríkissjóðs til að endurgreiða þennan skatt til þeirra sem hann verður á lagður.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég þarf að óska eftir því að hæstv. fjmrh. verði viðstaddur þá stuttu ræðu sem ég hyggst flytja hér, enn fremur hæstv. viðskrh. og enn fremur hæstv. forsrh. Vildi ég spyrja virðulegan forseta hvort þessir ráðherrar séu hér í húsinu. (**Forseti:** Þessir ráðherrar eru í húsinu og forseti skal gera þeim viðvart að þeirra sé óskað í salinn.) — Aðeins meðan beðið er eftir þessum ráðherrum, sem ég vona að verði stutt stund, ég hafði ekki ætlað mér að flytja hér langt mál, — skal ég rekja það aðeins að það var á árinu 1990 sem ég lýsti því yfir að ég teldi brýnt að aðstöðugjaldið yrði afnumið. Fjmrn. lagði þá fram það sjónarmið að næsta veigamikla skref í því að færa skattkerfið á Íslandi að því sem tíðkaðist í helstu samkeppnislöndum okkar væri að leggja aðstöðugjaldið niður.

Úr því að hæstv. fjmrh. er nú kominn hér í salinn, þá ætla ég nú ekki að vera að verja löngum tíma í að rekja þessa sögu. Það er hægt að gera það við annað tækifæri. En ég vil þó segja það að ég er dálítið undrandi á því að sá tími sem liðinn er frá því að núv. ríkisstjórn tók við völdum skyldi ekki hafa verið notaður betur til þess að fjalla um hvaða tekjustofnar kæmu í staðinn hjá sveitarfélögunum því það mátti öllum vera ljóst að þótt innan Sjálfstfl. væri þó nokkur andstaða við að leggja aðstöðugjaldið niður, þá væru það sterk rök fyrir því efnahagslega og skattalega og það mikill stuðningur við málið víða í þjóðfélaginu að það hlyti fyrr en síðar að koma að því að aðstöðugjaldið yrði lagt niður. Þess vegna undrar mig dálítið að á þessum tíma sem liðinn er frá apríllokum 1991 skyldi ekki vera meiri árangur af samstarfi Sambands ísl. sveitarfélaga, fjmrn. og félmrn. að því að finna nýja tekjustofna í staðinn fyrir aðstöðugjaldið. Ég vildi þess vegna beina þeirri spurningu fyrst til hæstv. fjmrh. hvernig hann hyggst haga þessum störfum á næstu mánuðum. Það er þó nokkur hætta í því fólgin að sveitarfélögunum finnist þetta þó nokkuð þægilegt að láta ríkið innheimta fyrir sig tekjuskatt og fá það síðan sent frá ríkinu svona með nokkuð reglulegu millibili mánaðarlega. Það sé fyrirhafnarminna og öruggara en aðrir tekjustofnar sveitarfélaga. Og það er ekkert endilega sjálfgefið að sveitarfélögin verði mjög reiðubúin að taka upp aðra tekjustofna vegna þess m.a. eins og hæstv. fjmrh. er nú þegar farinn að kynnast að óvinsældirnar af þessari skattlagningu lenda á honum en ekki á fulltrúum sveitarfélaganna svo að það væri fróðlegt að fá að heyra þó ekki væri nema nokkur orð um það hvernig hæstv. fjmrh. einkum og sér í lagi — og út af fyrir sig hef ég ekkert á móti því að hæstv. félmrh. tjái sig um það líka — hyggst halda á þessu máli. Það er kannski sérstaklega nauðsynlegt að átta sig á því vegna þess að manni sýnist á þeim ályktunum sem hér eru birtar frá Sambandi ísl. sveitarfélaga að þau séu í nokkrum stríðsham enn þá þrátt fyrir sameiginlega yfirlýsingu þessara aðila og ríkisstjórnarinnar fyrr á þessum vetri og kemur það m.a. fram í þeirri ályktun frá 7. des. sem birt er sem fskj. með minnihlutaáliti félmn. þar sem sveitarfélögin mótmæla harðlega því sem fram kemur varðandi skerðingu á framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga svo að það eru allar líkur á því að sveitarfélögin verði með eitthvað annað í farangrinum í þessum viðræðum. Þær geta þess vegna dregist á langinn. Hins vegar sýnist manni að það sé nauðsynlegt að það sé komin niðurstaða í þau ekki síðar en í septembermánuði á næsta ári, hæfilega í aðdraganda nýs fjárlagafrv. þannig að þetta var nú fyrri spurningin sem ég vildi leggja fyrir hæstv. fjmrh.

Síðari spurningin snýr að því að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann hafi leitað formlega lögfræðiálits í ljósi þeirrar umsagnar sem komið hefur frá Vinnuveitendasambandi Íslands um að það muni höfða mál til að fá álagningu landsútsvars ógilda á grundvelli jafnræðisreglunnar. Hefur fjmrn. t.d. leitað álits ríkislögmannsembættisins á þessari skoðun Vinnuveitendasambandsins og hvert er þá það álit sem ríkislögmannsembættið hefur látið í ljós? Ef fjmrn. hefur ekki leitað álits ríkislögmannsembættisins, þá finnst mér það nokkuð miður og kannski nokkuð sérkennilegt þegar fjmrh. hefur á borðinu yfirlýsingu frá jafnmerkum samtökum og Vinnuveitendasambandinu um að þau hyggist fara formlega í mál og fjmrh. getur þá misst að mér skilst um 500 millj. út úr fjárlagafrv. ef það mál tapast. Þannig að áður en þessu máli lýkur hér á þinginu finnst mér nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. greini frá því hvort hann hefur leitað lögfræðiálits og hvers eðlis það er.

Ég vildi síðan spyrja hæstv. viðskrh. hver sé skoðun hans á því sjónarmiði sem fram kemur hjá Vinnuveitendasambandi Íslands að nauðsynlegt sé að styrkja samkeppnishæfni íslenska bankakerfisins með lækkun rekstrarkostnaðar og þar af leiðandi lækkun vaxtamunar eins og segir í bréfi Vinnuveitendasambands Íslands til fjmrh. frá 3. des. 1992 og enn fremur segir í því bréfi að „Afnám aðstöðugjalds/landsútvars af starfsemi banka og sparisjóða er þannig ein af forsendum fyrir lækkun vaxta og styrkari stoðum innlendra fjármálafyrirtækja á opnum markaði EES."

Ég hef hér eins og hæstv. viðskrh. man í tengslum við umræðuna um EES-samninginn vikið nokkuð að ótta mínum um það að íslenska bankakerfið muni ekki reynast nægilega sterkt á næstu missirum í ljósi þeirrar opnunar sem þá mun að öllum líkindum eiga sér stað og aukinnar samkeppni gagnvart erlendum fjármálastofnunum. Og hér segir Vinnuveitendasambandið beinlínis að við það að bankarnir og sparisjóðirnir verða áfram látnir bera landsútsvarið, þá sé verið að vinna gegn þeim markmiðum sem ég hélt að við hæstv. viðskrh. værum sammála um og ég hef aldrei heyrt neinn ráðherra tala jafnoft um það og hann að nauðsynlegt sé að íslenskar fjármálastofnanir búi við sambærileg samkeppnisskilyrði og erlendar fjármálastofnanir þannig að um nokkuð jafna stöðu á opnum fjármálamarkaði verði að ræða þegar íslenska fjármálakerfið tekur af fullum krafti þátt í opnun fjármálakerfisins. Þetta er auðvitað mjög viðkvæmt, sérstaklega vegna þess hve atvinnulífið er illa statt og hve mörg fyrirtæki eru skuldsett og hve staða íslenska bankakerfisins og margra sparisjóða getur verið erfið af þeim sökum. Þess vegna er það ekki léttvæg athugasemd finnst mér af hálfu Vinnuveitendasambandsins að með því að undanskilja landsútsvarið í niðurfellingu aðstöðugjaldsins sé beinlínis verið að vinna gegn þeim markmiðum sem ég hélt að við hæstv. viðskrh. værum sammála um.

Mér þætti vænt um það ef þessir tveir hæstv. ráðherrar gætu tjáð sig um þessi atriði hér þótt nokkuð sé liðið á nóttu því mér finnst satt að segja eiginlega ekki hægt að afgreiða þetta mál frá þinginu án þess að þeir tjái sig aðeins um þessi atriði.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla að koma að fáeinum ábendingum varðandi það frv. sem hér er til umræðu um tekjustofna sveitarfélaga. Ég vil almennt segja það að mér finnst sú stefna, sem ætti að vera meginstefna þessa máls, að breyta til um þennan gjaldstofn og finna annan nýjan og frambærilegan gjaldstofn, sé jákvæð og ég tel að það sé í rauninni löngu fram komin allgild rök fyrir því að leita að öðru formi varðandi tekjuöflun sveitarfélaga heldur en aðstöðugjaldið er.

Hér var af síðasta ræðumanni minnt á það að fram hefðu komið tillögur þegar á árinu 1989 eða 1990 varðandi aðstöðugjaldið en umræður um þetta hafa raunar staðið miklu lengur og ég minni á það að í tillögu um iðnaðarstefnu sem samþykkt var 1982 var það einn liðurinn í þeirri stefnumótun að breyta til og a.m.k. að jafna aðstöðugjaldið gagnvart atvinnugreinum í landinu þannig að ekki yrði um þá miklu mismunun að ræða sem í rauninni öll rök voru fallin niður fyrir frá því sem var þegar þetta var upphaflega upp tekið. Það sem er sérstaklega gagnrýnivert við þetta mál eins og það liggur fyrir hér er að það liggur ekkert fyrir um hvaða stefnu eigi að taka upp eftir næsta ár, hvaða gjaldstofnar það verði sem verði fundnir í staðinn fyrir aðstöðugjaldið og hér er um hreint bráðabirgðaúrræði að ræða eins og það liggur fyrir samkvæmt þessu frv. Það hefur komið fram gagnrýni frá sveitarfélögum um það að þetta komi mjög misjafnt niður. Ég hef fengið t.d. frá Austurlandi mörg erindi frá sveitarstjórnum að undanförnu þar sem þessi tilhögun sem hér er innleidd er gagnrýnd og síðan er það sú skerðing á framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem fram kemur á IV. lið þessa frv., skerðing upp á 110 millj. kr. sem fram kemur á síðasta stigi málsins án nokkurs fyrirvara og án nokkurs samráðs við sveitarstjórnir. Þar er vegið mjög óeðlilega að þessum helsta sjóði sveitarfélaganna, jöfnunarsjóðnum, og gerir honum að sjálfsögðu erfiðara að standa undir þeim markmiðum sem gert er ráð fyrir í lögum og reglum um sjóðinn.

Þetta eru þau atriði helst sem ég vildi nefna hér við þessa umræðu málsins. Ég tel að ríkisstjórninni hafi farnast heldur illa við undirbúning þessa máls og það hefði sannarlega þurft að hafa hér önnur tök uppi þó að stuðningur sé við það stefnumið sem boðað er með frv. sjálfu en það má segja að útfærslan valdi því að það er hik á mönnum að samþykkja þetta mál og ég hef fullan fyrirvara varðandi afstöðu til einstakra þátta málsins þegar til afgreiðslu þess kemur.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Hv. 8. þm. Reykn. beindi til mín spurningum sem ég mun leitast við að svara. Í fyrsta lagi var spurt um það hvort ríkisstjórnin hefði ákveðið ákveðnar leiðir til að fara sem gætu tekið við af því bráðabirgðaástandi sem hefst á nýju ári þegar aðstöðugjaldið er fellt niður en sveitarfélögin fá fjármuni í

staðinn úr ríkissjóði af þeim sköttum sem ríkið tekur á næsta ári. Það liggur ekkert fyrir um það hvaða stefnu málið tekur en það er samkomulag um það, þetta er auðvitað mál sem heyrir undir félmrn., að félmrn., fjmrn. og sveitarfélögin leiti leiða til þess að finna það kerfi sem hentar að taka upp í framhaldi af þessu millibilsástandi. Ekkert er hægt að segja um það á þessari stundu hver niðurstaðan verður eða að hve miklu leyti tekjustofnalögunum verður breytt þannig að tekjur sveitarfélaganna komi frá einstaklingum eða fyrirtækjum. Um það liggur ekkert fyrir, en það er skýr niðurstaða hvað það snertir að tíminn verði notaður og væntanlega mun liggja fyrir nýtt kerfi áður en þing kemur saman næsta haust. Um það er þó of snemmt að spá á þessari stundu en að því er stefnt.

Í öðru lagi var spurt um landsútsvarið, hvort lægi fyrir formlegt lögfræðiálit og þá frá ríkislögmanni eða öðrum lögmanni. Svo er ekki. Hins vegar er frv. samið af lögfræðingum ráðuneytisins og að sjálfsögðu hefur málið verið rætt á þess vegum. Það er niðurstaða lögfræðinga ráðuneytisins að frv. standist eins og það er í dag og hægt sé að leggja á landsútsvör á sum fyrirtæki, bæði opinber fyrirtæki og einkafyrirtæki, þótt aðstöðugjaldið sé fellt niður. Á það er bent í því sambandi að landsútsvarið sé fast, það sé ákveðið sérstaklega í lögum. Hins vegar séu einungis heimildir er varða aðstöðugjaldið og reyndar sé það svo að sveitarfélögin geti sjálf ákveðið hlutföll í því sambandi. Einnig er á það bent að tryggingagjaldið, sem ég veit að hv. 8. þm. Reykn. þekkir, er lagt á með þeim hætti að það mismunar í raun fyrirtækjum eftir því í hvaða grein fyrirtækin eru.

Varðandi landsútsvarið ber að taka það fram að landsútsvarið er einungis lagt á olíufélög, banka, innlánsstofnanir og auk þess opinber fyrirtæki og það má kannski geta þess til gamans að svo kann að fara að eitt af opinberu fyrirtækjunum verði notað til málaferla, þ.e. Áburðarverksmiðja ríkisins. Menn geta þá velt því fyrir sér hver niðurstaðan verður ef Vinnuveitendasambandið vinnur málið því að það mundi aflétta gjöldum af opinberum aðilum en opinberir aðilar borga bróðurpartinn af landsútsvarinu og það mundi að sjálfsögðu bitna á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Ég hygg nefnilega að þegar grannt er skoðað, þá standist löggjöfin, verði þetta frv. að lögum, en það breytir hins vegar ekki því að um millibilsástand verður að ræða og ég tel sjálfsagt að um leið og skoðað verður hvernig skattkerfið á að líta út, bæði tekjustofnalögin og tekju- og eignarskattslögin, þá verði að sjálfsögðu að takast á við landsútsvarið og taka ákvarðanir um framhald þess máls. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að um millibilsástand verður að ræða a.m.k. á næsta ári en að því er stefnt að á þarnæsta ári, árinu 1994, verði gengið í gildi nýtt kerfi sem unað verði við til einhverrar framtíðar.

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var eitt sem ég vildi gjarnan leiðrétta í máli hæstv. fjmrh. sem mér fannst nokkur ónákvæmni. Hann ræddi um þetta frv. þannig að það leiddi af sér millibilsástand. Frv. er þannig úr garði gert að árið 1993 gildi sérstök ákvæði um aðstöðugjaldið. Síðan munu lögin verða óvirk þegar árinu 1993 er lokið og þá vakna aftur upp gömlu lögin þannig að aðstöðugjaldið heldur þá áfram að vera til í þeirri mynd eins og það er í dag. Ef ný löggjöf kemur kemur ekki til, þá kemur í raun og veru aðstöðugjaldið upp aftur í óbreyttu formi þannig að það er kannski dálítið hæpið að mínu viti að nefna þetta tímabundið í þeim skilningi.

Ég vildi gjarnan fá svör við því frá hæstv. fjmrh. hvort hann sé reiðubúinn að lýsa því yfir fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að ekki verði gengið á framlög ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á nýjan leik, fá skýra yfirlýsingu ráðherrans um að það verði látið staðar numið með þeim ákvæðum sem eru fyrir árið 1993 en eftir það verði jöfnunarsjóðurinn látinn í friði af hæstv. ríkisstjórn.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að það að þessi lög verða tímabundin undirstriki enn frekar að um millibilsástand verður að ræða. Ég get hins vegar viðurkennt eins og hv. þm. þekkir vel sjálfur að slíkt tímabundið ástand hefur stundum reynst lengra en ætlunin var í upphafi. Með því að segja þetta er ég þó engan veginn að spá að svo verði um þetta mál.

Varðandi framlög í jöfnunarsjóð og afstöðu ríkisvaldsins til hans, þá get ég að sjálfsögðu enga yfirlýsingu gefið úr þessum ræðustól nú. En þá yfirlýsingu að gefa enga yfirlýsingu má þó ekki skilja á þann veg að það sé ásetningur ríkisstjórnarinnar að ganga á jöfnunarsjóðinn. Þvert á móti hefur ríkisstjórninn og Samband sveitarfélaga gert með sér samkomulag sem gengur út á það að ekki verði hreyft við tekjustofnum sveitarfélaga nema að undangengnu samráði og viðræðum þeirra á milli.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Hins vegar vil ég lýsa þeirri skoðun að mér finnst frekar óvarlegt af fjmrn. að hafa ekki leitað álits ríkislögmannsembættisins eða annarra lögfræðinga sem hafa sérþekkingu á þessum málum í ljósi þess hvað Vinnuveitendasambandið sækir það af miklu kappi að flytja þetta mál og vinna það fyrir dómstól. Þegar svo mikið er í húfi eins og hálfur milljarður í fjárlagafrv. er mjög mikilvægt að menn reyni að undirbyggja mál sitt nokkuð vel. Mér finnst það nokkurt veikleikamerki að ráðuneytið skuli ekki nú þegar hafa í höndum álit frá öðrum en embættismönnum tekjudeildar ráðuneytisins í þessum efnum þótt þeir séu út af fyrir sig alls góðs maklegir á þessu sviði.

Það hefur komið fram að slíkt álit liggur ekki fyrir og er í sjálfu sér ekkert við því að gera, en þar með er þessi afgreiðsla nokkuð óviss í fjárlagafrv.

Útbýting þingskjals:
Skattamál, 286. mál, frhnál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 555.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):
Frú forseti. Hv. 8. þm. Reykn. beindi til mín spurningum varðandi samkeppnisstöðu íslenska banka- og lánakerfisins og í því sambandi hvaða þýðingu landsútsvarið hefði fyrir samkeppnisstöðu okkar banka.

Það er með öllu ljóst að afnám aðstöðugjaldsins er mjög mikilvægt skref til þess að samræma okkar skattkerfi því sem gerist í löndunum í kring. Það er nú jafnan svo þegar skattalögum er breytt að þar kunna að vegast á sjónarmið fjáröflunar annars vegar og hagkvæmni og skipulags hins vegar. Í þessu tilfelli er það niðurstaðan af fjáröflunarástæðum að halda landsútsvarinu enn um sinn en ég vil benda á að það er ekki fyrr en á árinu 1995 að íslenska bankakerfið verður að fullu og öllu komið í opna samkeppni við banka á Evrópsku efnahagssvæði miðað við þau ákvæði sem í þeim samningum eru um banka- og gjaldeyrismál.

Hv. þm. rifjaði upp margvíslegar spurningar sem hann hefði lagt fram í umræðunum um EES-samninginn. Það mál allt verður að sjálfsögðu rætt þegar umræða um það mál hefst að nýju. Ég vil eiginlega vísa til þeirrar framtíðarumræðu ýmsu af því sem komið var inn á í fyrirspurn hv. þm. Ég vil eingöngu segja að við erum sammála um það heyrist mér, hv. 8. þm. Reykn. og sá sem hér stendur, að við þurfum að búa þannig um hnútana að íslenska bankakerfið búi við sömu samkeppnisskilyrði og starfskjör og sambærilegar stofnanir sem við förum senn að keppa við.

Ég held að sá ótti, sem hv. þm. nefndi áðan um að íslenska bankakerfið væri ekki nægilega sterkt, sé ekki á rökum reistur því að sannleikurinn er sá að efnahagsstaða íslenskra lánastofnana er fyllilega sambærileg við það sem gerist í löndunum í kring, kannski sterkari.

Að endingu vildi ég eingöngu ítreka það sem hefur komið fram við þessa umræðu, bæði hjá hv. 8. þm. Reykn., hv. 1. þm. Austurl. og reyndar hv. 4. þm. Austurl., að um stefnumið þessa máls sem við ræðum virðist vera mjög víðtæk samstaða og stuðningur. Þess vegna er ekki ástæða til að sýta það þótt enn hafi ekki verið framkvæmt til fulls það sem menn vildu kannski gera með því að samræma skattmeðferð lánastofnana og olíufélaga því sem gerist um aðrar atvinnugreinar.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:
Virðulegur forseti. Ég er þeirrar skoðunar að mjög mikilvægt sé að undirbúa íslenskt bankakerfi fyrir þessa auknu samkeppni. Ég held að það sé alveg ljóst að eiginfjárstaða okkar banka er með þeim hætti að ekki muni af veita. Það er nauðsynlegt að fella niður skatta af þessum stofnunum til jafnvægis við það sem gengur og gerist í löndunum í kringum okkur.

Í framhaldi af þessu, virðulegur forseti, vildi ég endurtaka spurningar mínar til hæstv. iðnrh.: Telur hann eðlilegt að leggja landsútsvar á Sementsverksmiðjuna á sama tíma og hér liggur fyrir frv. um að breyta því fyrirtæki í hlutafélag en við það mundi landsútsvarið falla niður? Og telur hæstv. ráðherra eðlilegt að á sama tíma og viðhalda á landsútsvari á Íslenska járnblendifélaginu liggja fyrir erindi, sem m.a. hafa verið kynnt efh.- og viðskn., um nauðsynlegar aðgerðir í sambandi við það félag?

Það er að mínu mati mjög furðulegt að hæstv. ríkisstjórn skuli leggja það til að viðhalda þessu gjaldi á félaginu en vera síðan með á sínu borði upplýsingar um nauðsyn þess að gera þar í verulegar ráðstafanir. Þannig stangast hvað á annars horn í þessu sambandi hjá hæstv. ríkisstjórn. Ég er þeirrar skoðunar að hægt hefði verið að komast hjá þessari gjaldtöku og ná tekjunum með öðrum hætti. Ég geri mér grein fyrir því að auðvitað þarf ríkissjóður á sínum tekjum að halda. Það var vilji til þess í hv. efh.- og viðskn. og ég tel að meiri hluti nefndarinnar hafi viljað það en af einhverjum óskiljanlegum ástæðum, hæstv. viðskrh., var engin leið að tala um það og virtist sem um væri að ræða samkomulag stjórnarflokkanna sem stæði í vegi fyrir þeim skynsamlegu ákvörðunum sem annars hefði verið hægt að taka.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:
Frú forseti. Mér þykir ánægjulegt að hv. 1. þm. Austurl. lýsir stuðningi við að undirbúa íslenska bankakerfið undir samkeppni. Ég fullvissa hann um að þeim skoðunum deili ég með honum. Ég bendi hins vegar á, eins og ég sagði áðan, að við höfum nokkurn tíma til þess að stilla skattkerfi okkar inn á það sem þarf að verða í framtíðinni.

Vegna spurninganna sem hv. 1. þm. Austurl. beindi til mín varðandi landsútvar á Sementsverksmiðjuna annars vegar og Járnblendiverksmiðjuna hins vegar vildi ég segja það fyrst um Sementsverksmiðjuna að það mál leysist af sjálfu sér þegar frv. um að breyta henni í hlutafélag verður samþykkt. Það er því engin ástæða til að hafa áhyggjur af því.

Um seinna málið vil ég segja það eitt að auðvitað væri æskilegt að taka þetta skref allt í einu en hins vegar kemur þar á móti einfaldlega fjáröflunarsjónarmiðið. Þar hafa stærri hagsmunir verið látnir víkja fyrir smærri. Það þýðir í þessu tilfelli að þær tekjur sem ríkissjóður hefur af landsútsvari af lánastofnunum, olíuverslun og nokkrum landsfyrirtækjum í opinberri eigu hafa verið taldar vega þyngra. Það er hins vegar tímabundið ástand, eins og kom fram hjá hæstv. fjmrh., og að því stefnt á næsta ári að undirbúa nýtt tekjuöflunarkerfi, nýja skattlagningu, í stað aðstöðugjaldsins. Þá er ég viss um að tekið verður tillit til þeirra sjónarmiða sem hv. 1. þm. Austurl. hreyfir hér réttilega.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:
Virðulegur forseti. Það er út af fyrir sig gagnleg umræða sem hér fer fram og mikilvæg skoðanaskipti í mikilvægum málum. Hæstv. viðskrh. sagði að þetta mál leystist af sjálfu sér, þ.e. tekjur ríkissjóðs af Sementsverkmsiðjunni falla niður. Það leysist af sjálfu sér. Ég skildi hann þannig að það mundi líka leysast af

sjálfu sér varðandi Íslenska járnblendifélagið. Það yrði einfaldlega fellt niður. (Gripið fram í.)

Þá standa eftir bankar og sparisjóðir. Stór hluti af því kemur frá ríkisbönkum sem auðvitað væri hægt að innheimta með öðrum hætti en þessum vafasama hætti. Að því er varðar olíufélögin væri að sjálfsögðu hægt að innheimta það með beinni álagningu á þær vörur sem olíufélögin selja. Með þeim hætti væri ekki tekin nein áhætta. En ríkisstjórnin kýs að taka áhættu að því er varðar jafnræðisreglur stjórnarskrárinnar, veit það að hún lendir í málaferlum, neitar því að taka skynsamlegar ákvarðanir og segir að hún sé jafnvel að hugsa um að taka skynsamlegar ákvarðanir á næsta ári. Ég er ekkert viss um að henni endist líf til þess að taka skynsamlegar ákvarðanir á næsta ári. Það eiga menn aldrei að gera, hæstv. viðskrh. Ef menn telja að þeir geti tekið skynsamlegar ákvarðanir á morgun þá eiga menn að gera það en bíða ekki með það fram á næsta ár. Þá mun það trúlega vera of seint. Ég hélt að hæstv. viðskrh. væri orðinn svo lífsreyndur maður og skynsamur í skattamálum að hann léti ekki slíkt henda sig.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég heyri það, sem mér kemur alls ekki á óvart, að hv. 1. þm. Austurl. hefur á hraðbergi margar góðar tillögur í þessu máli. Ég lýsi því hér með yfir að ég hygg gott til þess að eiga við hann samstarf og aðra nefndarmenn í efh.- og viðskn. til þess að ljúka því verki sem svo myndarlega er hafið með því að fella niður aðstöðugjaldið.

Það má vel vera að tiltölulega auðvelt sé að finna staðgengla fyrir landsútsvarið. Hins vegar var það niðurstaða þeirra sem samið hafa tillögurnar í skattamálum fyrir fjmrn. að hafa þetta með þessum hætti. Ég tel ekki að jafnræðisreglunni sé á nokkurn hátt í hættu stefnt og vitna til þeirra röksemda, sem hæstv. fjmrh. tefldi fram áðan, að það er þegar í aðstöðugjaldskerfinu eins og það hefur verið mismunur í meðferð og heimild til að mismuna. Það verður því ekki vitnað til þess að jafnræðisreglan sé brotin. Ég vildi líka vitna til þess sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. áðan að með því fyrirkomulagi sem m.a. hefur verið á tryggingagjaldtökunni eru ærin fordæmi fyrir slíkri misjafnri meðferð milli atvinnugreina án þess að jafnræðisreglan væri brotin.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki mjög traustvekjandi málflutningur, hæstv. viðskrh., að segja að mjög brýnt sé að fella niður aðstöðugjaldið sem tekjustofn hjá sveitarfélögum en það megi alls ekki fella niður jafngildi aðstöðugjaldsins sem tekjustofns hjá ríkinu. Þá eru tíndar til alls konar ástæður og ráðherra segir hér mjög virðulegur á svip kl. 3 um nótt að minni hagsmunir verði að víkja fyrir hinum stærri. Hjá sveitarfélögunum var þetta alveg sjálfsagt og um það vorum við allir sammála. Það gengur því ekki upp, hæstv. ráðherra, í alvarlegri og málefnalegri umræðu um þetta mál að reyna að verja þetta með þessum hætti.

Mér fannst hæstv. ráðherra viðurkenna að það væri auðvitað algert stílbrot að vera með þetta svona. Kannski treystir ráðherrann því að þetta verði fellt fyrir dómstólum og þess vegna þurfi hann ekki að standa í þessu stríði við fjmrn. Hann muni fá þessa jöfnun samkeppnisskilyrðanna í gegnum skattkerfið af því að Vinnuveitendasambandið muni vinna málið fyrir dómstólunum. Ég get út fyrir sig skilið það. Það eru takmörk fyrir því hvað menn geta tekið margar lotur við ríkisstjórnarborðið rétt fyrir jólin. Og af því að ég veit að hæstv. viðskrh. er klókur maður, þá hefur hann kannski séð þá leið að það væri betra að láta Vinnuveitendasambandið vinna þetta mál fyrir sig fyrir dómstólum.

En auðvitað er það veikleikamerki að fjmrn. hefur ekki treyst sér til þess að fá formlegt álit frá ríkislögmanni eða einhverjum öðrum utan ráðuneytisins til þess að styrkja málflutning sinn í málinu. Þar með verður að ályktа sem svo að þessir tekjustofnar í fjárlagafrv. séu mjög óvissir og þess vegna er óskiljanlegt að ríkisstjórnarmeirihlutinn skuli ekki hafa viljað skoða þær ábendingar sem hafa komið frá minni hlutanum undanfarna daga um örugga tekjustofna sem engin óvissa er um.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sú var tíðin að hv. 8. þm. Reykn. hafði ríkan skilning á fjáröflunarþörf ríkissjóðs og setti ekki fyrir sig smávægilega fegurðargalla í fjáröflunarleiðum. Ég var reyndar að vona að það eimdi eitthvað eftir af því þegar hann leiddi hugann að þessu máli.

Ég hef þegar sagt að ég tel að við hljótum að stefna að því að samræma þessa skattmeðferð þannig að hún sé eins fyrir allar atvinnugreinar. Það náðist ekki með þeim tillögum sem hér hafa verið til umræðu og samþykktar voru við 2. umr. og koma senn til hinnar þriðju. En ég tel þetta mjög mikilvægan áfanga í því að bæta skattkerfi okkar frá sjónarmiði atvinnuveganna og bíð þess þolinmóður að við náum enn betri árangri og þá vonandi með góðum tillöguflutningi frá þeim þingmönnum sem hafa treyst sér til að tala um þetta mikilvæga mál inn í morgun þessa dags.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. viðskrh. að ég var á sínum tíma tilbúinn til að fara í ýmsa leiðangra til að afla ríkissjóði tekna þó einhverjir fegurðargallar væru á því farartæki sem maður settist upp í. En ef stjórnarandstaðan hefði boðið mér öruggt farartæki, sem ég kæmist með vissu á leiðarenda með þann farangur sem ég ætlaði mér að ná í, 0,5 milljarð, ef ég hætti við það farartæki sem ég ætlaði upphaflega með, þá hefði ég örugglega tekið farartæki stjórnarandstöðunnar en því hefur einmitt verið neitað í þinginu. Það óvenjulega er að við höfum verið að benda á miklu skynsamlegri og öruggari leiðir, hæstv. viðskrh., sem mundu jafna samkeppnisstöðu bankakerfisins strax.

Hæstv. ráðherra gerði hins vegar lítið úr því að það yrði ekki fyrr en 1995 sem reyna mundi á samkeppnisstöðu íslenska bankakerfisins gagnvart opnun fjár-

málamarkaðarins en það er eins og mig minni, hæstv. ráðherra, að frá og með næstu áramótum muni verða stigin ákveðin skref í þeim efnum þar sem erlendir bankar hafa þá möguleika á að stofnsetja hér útibú o.s.frv. Það mun því væntanlega að einhverju leyti reyna á það strax á því ári sem við erum að tala um, 1993.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. 8. þm. Reykn. að þegar um næstu áramót verða nokkur tímamót í gjaldeyris- og bankamálum á Íslandi. Hins vegar stendur eftir sem áður að það er ekki fyrr en 1995 að frelsi til fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipta verður að öllu leyti innleitt. Þetta er í samræmi við stefnumótun sem þegar var ákveðin á árinu 1990, og reyndar á grundvelli nýsettra laga um gjaldeyrismál, sem mjög víðtæk samstaða náðist um í þinginu.

Það er hins vegar svo að bæði með vísun til þeirra samningsákvæða, sem eru í fyrirliggjandi EES-samningum og þeirra áforma sem við höfum sjálfir út frá okkar eigin sjónarmiðum um það í hvaða áföngum við ætlum að innleiða þetta frelsi, er það ekki fyrr en 1995 að við væntum þess að starfa hér á fullkomlega opnum markaði. Heimildin til þess að erlendir bankar starfræki hér útibú er að sjálfsögðu eldri ákvörðun, eins og hv. þm. vitnaði til. En þær stofnanir munu að sjálfsögðu starfa eftir íslenskum lögum, samkvæmt íslenskum skattareglum og samkvæmt íslenskum bankaeftirlitsreglum.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Aðeins örstutt. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svörin. En að því er varðar jafnræðisregluna þá tel ég ekki alveg sambærilegt að bera saman aðstöðugjald og tryggingagjald. Ég er ekki að fullyrða, hæstv. viðskrh., að þessi lagasmíð standist ekki 67., 70. og 71. gr. stjórnarskrárinnar. En ég tel að hér sé tekin veruleg og óþörf áhætta. Það er að sjálfsögðu dómstóla að kveða upp þann úrskurð.

Að því er varðar mismunandi tryggingagjöld er lægra tryggingagjald á samkeppnisgreinum og útflutningsgreinum en svipað tryggingagjald á flestum öðrum greinum, sérstaklega þjónustugreinum. Aðstöðugjaldið á sér ákveðinn uppruna og annan uppruna en tryggingagjaldið. Það var sama gjaldið á sínum tíma. Síðan breyttist það í áranna rás og nú standa menn uppi með aðstöðugjald og landsútsvar sem á sér alveg sambærilegan uppruna. Síðan er ákveðið að fella aðstöðugjaldið niður en landsútsvarið ekki vitandi það að hér er um tilviljanakenndar aðstæður að ræða. T.d. sagði hæstv. viðskrh. áðan að ef löggjöf um Sementsverksmiðju ríkisins yrði samþykkt þá leystist það mál sjálfkrafa. Ef Sementsverksmiðju ríkisins verður breytt í hlutafélag fellur landsútsvarið á Sementsverksmiðjuna niður. Ekkert mál. Ef Áburðarverksmiðju ríkisins verður breytt í hlutafélag þá fellur landsútsvarið á Áburðarverksmiðju ríkisins niður. Ekkert mál.

Eftir því sem mér skilst ætlar Áburðarverksmiðja ríkisins sér í málaferli við ríkissjóð til þess að fá þetta fellt niður. Í sjálfu sér væri miklu einfaldara fyrir Áburðarverksmiðju ríkisins að leita til ríkisstjórnarinnar og biðja um að fyrirtækinu yrði breytt í hlutafélag. Mér skilst að hæstv. ríkisstjórn sé mjög áköf í þeim efnum og vilji breyta sem flestum fyrirtækjum í hlutafélög. Það er stefna út af fyrir sig.

Þessi málflutningur er því ekki alveg rökheldur, hæstv. viðskrh. Ég tel því að þarna sé tekin veruleg áhætta og ekki skynsamlegt að leggja út á slíka braut og ég vara mjög við því.

Að því er varðar liðsinni stjórnarandstöðunnar í þessu máli þá erum við í sjálfu sér ekkert vanir því að mikið sé hlustað á okkar röksemdafærslur af hæstv. núv. ríkisstjórn. Ég heyri það að hæstv. viðskrh. hlustar grannt á þessar umræður klukkan rúmlega þrjú að nóttu og vonandi skilar þessi umræða einhverjum árangri. Það er mögulegt, hæstv. viðskrh., að breyta þessu máli milli 2. og 3. umr. eins og mikill vilji var til í hv. efh.- og viðskn. Ég veit að ef hæstv. viðskrh. talar við formann nefndarinnar þá er alveg ljóst að hann vildi breyta þessu. Ég held satt best að segja að það sé langbest að samráð um þetta mál fari fram á morgun eða næstu daga til þess að koma í veg fyrir þetta slys.

Að það skuli liggja fyrir að ríkisstjórnin ætli sér að fella niður landsútsvar af Sementsverksmiðju ríkisins með þeirri einföldu aðgerð að breyta fyrirtækinu í hlutafélag sýnir það ljóslega að hér er ekki jafnræði. Sú staðreynd mundi áreiðanlega verða til þess að færa þeim aukin rök sem hyggjast leggja í málaferli. Það verður síðan að koma í ljós hvernig þeim gengur.

Ég minni á í þessu sambandi að ekkert atvinnufyrirtæki hefur t.d. lagt í málaferli út af skattinum á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Þó er ljóst að sá skattur leggst eingöngu á tiltekið húsnæði, og hafa verið uppi efasemdir um hvort það stenst jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. En menn hafa einhverra hluta vegna ekki lagt í málaferli af þeim sökum. Þeir sem að þeim skatti hafa staðið 15 sinnum, þar á meðal sá sem hér stendur, hafa talið að þar væri ekki mjög mikil áhætta. Áhættan er samt nokkur. Ég geri mér grein fyrir því. En í öll þessi 15 skipti hafa menn ekki lagt í málaferli.

Ég hef ekki trú á því að Vinnuveitendasambandið ætli sér í málaferli út af þessu að ástæðulausu. Þeir hljóta að hafa einhverja von. Við báðum um lögfræðilegt álit og vildum fá sjálfstætt lögfræðilegt álit utanaðkomandi aðila en það var um það eins og margt annað að ekki var tími til þess. Það var ekki hægt að athuga það betur og enginn tími til að kalla á utanaðkomandi lögfræðing. Ef við náðum í einhverja var því borið við að þeir gætu ekki ráðið við málið á nokkrum klukkutímum, því það var eingöngu ráðrúm til að bíða eftir slíku áliti innan nokkurra klukkutíma.

Það var því með þetta eins og eiginlega flest annað í skattamálum að það var engin leið að fara ofan í þau með skipulegum hætti og reyna að gera sér grein fyrir afleiðingum hinna ýmsu tillagna í þessum málum, hvorki að því er varðar virðisaukaskattinn eða annað. Þetta eru ákveðnar staðreyndir, hæstv. viðskrh. Við

erum að sjálfsögðu tilbúin til að halda áfram að fjalla um þessi mál þótt ég geri mér ekki miklar vonir um að þá fremur en endranær verði hlustað á okkar rök.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að vísu aðdáunarvert að halda áfram umræðum um jafnræðisregluna í skattalögunum á þessum tíma sólarhrings. (Gripið fram í.) Já. Ég tek undir með þeim sem hér hafa talað og bent á að það séu á ýmsan hátt athyglisverðar umræður sem hér fara fram. Auðvitað söknum við hæstv. fjmrh. því að til hans vil ég að sjálfsögðu vísa sem flestum af þeim lögfræðilegu álitaefnum sem hér hafa verið nefnd.

Ég vildi þó segja um jafnræðisregluna og það að halda eftir landsútsvarinu þótt aðstöðugjaldið sé lagt niður að forsendur fyrir því og fordæmi er ekki eingöngu að sækja, að mínu áliti, í mishátt tryggingagjald heldur líka í ákaflega mishátt aðstöðugjald eftir sveitarfélögum, sem hv. 1. þm. Austurl. ekki nefndi. Hann var reyndar líka svo hjálplegur að nefna til sögunnar þá skattlagningu sem kannski helst væri að leggja að jöfnu við það að halda landsútsvarinu en það er einmitt hinn sérstaki tímabundni skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem lagður hefur verið á samfleytt í 15 ár og hv. 1. þm. Austurl. hefur samþykkt jafnmörgum sinnum að ég hygg.

Þetta finnst mér eiginlega nægja hvað þetta mál varðar. Þetta er um formhlið málsins. Um efnishlið málsins vil ég taka undir að ástæða sé til að reyna að láta sams konar reglur gilda um allar atvinnugreinar. En þegar verið er að afla tekna til ríkisins verða menn stundum að láta sig hafa það að fresta sumu af því sem þeir helst vildu koma í verk sem fyrst. Þetta er í raun og veru það sem segja þarf.

Að það sé eitthvað handahófskennt að breyting á einu fyrirtæki í hlutafélag geti valdið því að skattar á því breytist tel ég hins vegar alls ekki athugavert. Ég vildi í því sambandi leyfa mér, virðulegi forseti, að rifja upp það sem samþykkt var á 22. flokksþingi Framsfl. í lok nóvember. Í ályktun um ríkisfjármál segir einmitt að það sé mikilvægt að stefna að því að rekstrarskilyrði og rekstrarform opinberra fyrirtækja verði sem líkust því sem tíðkast um önnur fyrirtæki í landinu. Undir þetta sjónarmið tek ég heils hugar og tel að sú stefna sem hér var nokkuð að vikið af hv. 1. þm. Austurl., að breyta nokkrum atvinnufyrirtækjum ríkisins í hlutafélög, sé í fullkomnu samræmi við samþykkt 22. flokksþings Framsfl.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir að vitna hér í mjög svo skynsamlegar og tímabærar ályktanir flokksþings Framsfl. Að því er varðar aðstöðugjaldið, þá vildi ég benda á það, hæstv. viðskrh., að það er alveg rétt að það var misjafnlega hátt. En það má rekja til allt annarra aðstæðna í íslensku samfélagi þegar flestar atvinnugreinar voru verndaðar og sjávarútvegurinn var okkar aðalútflutningsatvinnugrein. Eftir að við erum komnir inn í svo mikla alþjóðlega samkeppni eru þau rök sem voru fyrir mismunandi aðstöðugjaldi ekki lengur til staðar. Það er ástæðan fyrir því að nú er verið að fella það niður. En þegar það er fellt niður á megninu af þjónustufyrirtækjum í landinu en nokkur skilin eftir, þá finnst mér það ekki standast, sérstaklega með tilliti til þess þegar um tilviljanakenndar ástæður er að ræða, t.d. að því er varðar Sementsverksmiðju ríkisins. Engar slíkar ástæður mundu vera fyrir hendi að því er varðar skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Það að fyrirtæki breytti um form gæti á engan hátt orðið til þess að skatturinn af skrifstofu- og verslunarhúsnæði félli niður. Mér finnst því vera afar veigamikil rök fyrir því að þessi skattlagning standist ekki jafnræðisreglurnar.

En það mun koma betur í ljós og má vera að eitthvað af þeim rökum sem hafa verið færð fram í þessu máli muni koma fram í málaferlum síðar á þessu ári. Ég held að við getum ekki kveðið upp neinn fullnaðarúrskurð á þessum fundi, en það verður spennandi að sjá hver hann verður.

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegur forseti. Aðeins örstutt. Ég bið hæstv. ráðherra að doka við. (**Gripið fram í:** Hann kemur aftur.) Það hefur komið fram í þessari umræðu að landsútsvar mun leggjast af þeim fyrirtækjum sem það er innheimt af nú ef þeim fyrirtækjum verður breytt í hlutafélag, t.d. Sementsverksmiðju ríkisins og Áburðarverksmiðju ríkisins. Við vitum að það eru uppi áform hjá hæstv. ríkisstjórn að breyta þeim tveimur fyrirtækjum sem ég nefndi í hlutafélög, þ.e. Áburðarverksmiðjunni og Sementsverksmiðjunni. Það þýðir samkvæmt lögum um landsútsvar að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga mun verða af tekjum því ¾ hlutar af landsútsvari rennur í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. hvort gert sé ráð fyrir því í þeim áformum ríkisstjórnarinnar að breyta þessum fyrirtækjum í hlutafélag að bæta Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þann tekjumissi sem verður við að fyrirtækjunum er breytt í hlutafélag, sem aftur leiðir af sér að landsútsvar verður ekki lengur lagt á þessi fyrirtæki, svo ég nefni þau sem sérstakt dæmi.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Vestf. spyr hvort áætlanir hafi verið uppi um að bæta Jöfnunarsjóði sveitarfélaga það sem hann kynni að missa við það að Áburðarverksmiðju og Sementsverksmiðju verði breytt í hlutafélög. Ég ætla ekki að fara um það mál neinum nákvæmum orðum en það er hluti af því máli sem við erum hér að ræða, þ.e. þá breytingu á skattlagningu sem áformuð er með afnámi aðstöðugjalds og þess að finna staðgengil fyrir það. Þar hefur verið talað um að finna leiðir til þess að jafna tekjur sveitarfélaga vegna þeirra breytinga í heild. Þetta er náttúrlega í eðli sínu ekki hlutur sem verður veginn á póstmannsvog. Það þarf að líta á málið í heildarstærðum þess og stóru lín-

um. En ég leyfi mér að fullyrða að ekki mundi verða áfall fyrir jöfnunarsjóðinn þótt af þessum breytingum yrði.

Ég leyfi mér líka að benda á það að ef ég hef skilið málflutning hv. stjórnarandstæðinga sem hér hafa talað, þá hafa þeir einkum mælt með því að ekki eingöngu aðstöðugjaldið yrði lagt niður heldur líka landsútsvarið í heild. Þar með er að sjálfsögðu kominn upp fjárhagsvandi hjá jöfnunarsjóði sem ég lít þó á sem algjört aukaatriði í þessu máli því það eru mannasetningar sem tiltölulega auðvelt er að breyta. Þangað liggja margir straumar, og þaðan reyndar líka margir, sem ríkið og sveitarfélögin sameiginlega hafa á sínu valdi. Þetta er því ekki raunverulegt vandamál, heldur fyrst og fremst tiltölulega einfalt fyrirkomulagsatriði.

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil ræðu hæstv. iðnrh. þannig að verði af því að breyta þessum tveimur tilteknu fyrirtækjum í hlutafélag þá verði fyrir því séð að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skaðist ekki vegna þeirra breytinga. Ég minni á að þó að tölur séu ekki háar, taldar í milljónum tuga í þessum tilvikum, er jöfnunarsjóðurinn ákaflega viðkvæmur fyrir breytingum og ég teldi það ekki rétt og hafa nokkuð slæm áhrif ef sjóðurinn fengi ekki bætur fyrir það sem hann missti af landsútsvari.

Hins vegar er það alveg rétt hjá hæstv. iðnrh. að sá málflutningur hefur verið settur fram af hálfu stjórnarandstæðinga að leggja landsútsvarið alveg af, en það hefur auðvitað verið með því hugarfari af okkar hálfu að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga yrði það þannig bætt að hann væri jafnsettur á eftir þrátt fyrir þá breytingu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég stíg hér í þennan ræðustól öðru sinni í þessum orðaskiptum eingöngu til þess að ítreka að þær breytingar, sem hér er um rætt á rekstrarformi tiltekinna opinberra fyrirtækja og um leið þær breytingar á skattlagningu, sem felast í afnámi aðstöðugjalds og framhaldi landsútsvars um sinn, þær breytingar samanteknar munu ekki skaða fjárhag sveitarfélaganna þegar á heildina er litið. Hvernig það svo jafnast milli reikninga eins og Jöfnunarsjóðs og einstakra sveitarsjóðsreiknigna, tel ég vera mál sem komi í annarri röð og ætla ekki að fjölyrða um hér frekar.

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú var svo að skilja á hæstv. iðnrh. að það væru ekki áform um það að móti breytingum á þessum fyrirtækjum í hlutafélag kæmu sérstakar bætur. Ég harma það og vil vekja athygli á þessu og mun gera það við umræðu um frv. þau sem væntanlega verða tekin til umræðu síðar á þessum vetri varðandi það að breyta Áburðarverksmiðjunni og Sementverksmiðjunni í hlutafélag og vekja þar einmitt sérstaklega athygli á að þær breytingar, ef fram ná að ganga, megi ekki á nokkurn hátt skerða fjárhag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 10., 11., 13., 14., 15. og 16. dagskrármál.

89. FUNDUR

þriðjudaginn 22. des.,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Málefni aldraðra, stjfrv., 97. mál, þskj. 113, nál. 499, 503 og 518, brtt. 500 og 504. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 284. mál, þskj. 414, nál. 496 og 502. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Almannatryggingar og stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, stjfrv., 285. mál, þskj. 415, nál. 537 og 547, brtt. 538. — 2. umr.
4. Skattamál, stjfrv., 286. mál, þskj. 531, frhnál. 555, brtt. 552 og 553. — 3. umr.
5. Fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytis, stjfrv., 295. mál, þskj. 427, nál. 517 og 535, brtt. 536. — Frh. 2. umr.
6. Kjaradómur og kjaranefnd, stjfrv., 46. mál, þskj. 47, nál. 491, brtt. 492. — 2. umr.
7. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, stjfrv., 47. mál, þskj. 48, nál. 493. — 2. umr.
8. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 299. mál, þskj. 466, nál. 542, brtt. 543. — 2. umr.
9. Grunnskóli, stjfrv., 296. mál, þskj. 452. — Frh. 1. umr.

Erindi lögð fram á lestrarsal:

Frá bæjarstjórn Kópavogs.

Frá hitaveitum Akraness, Akureyrar, Rangæinga og Vestmannaeyja.

Almannatryggingar og stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, 2. umr.

Stjfrv., 285. mál (mæðra- og feðralaun, slysatryggingar o.fl.). — Þskj. 415, nál. 537 og 547, brtt. 538.

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytinu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1991, með síðari breyt-

ingum, og um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Pál Sigurðsson, Þorkel Helgason, Jón Sæmund Sigurjónsson, Guðjón Magnússon, Dögg Pálsdóttur, Magnús R. Gíslason og Einar Magnússon frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands, Ögmund Jónasson og Ragnhildi Guðmundsdóttur frá BSRB, Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Árna Guðjónsson frá Innheimtustofnun sveitarfélaga, Birnu Hreiðarsdóttur frá Jafnréttisráði, Þuríði Jónsdóttur frá Neytendasamtökunum, Finnboga Rút Hálfdánarson frá Lyfjafræðingafélagi Íslands, Guðmund Reykjalín frá Apótekarafélagi Íslands, Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Önnu Ragnarsdóttur frá Félagi einstæðra foreldra, Andra Árnason og Runólf Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Ingólf Finnbjörnsson frá Samtökum landflutningamanna, Hilmar Björgvinsson og Kristján Guðjónsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Jón Ásgeir Eyjólfsson og Svend Richter frá Tannlæknafélagi Íslands, Skúla G. Johnsen frá héraðslæknisembætti Reykjavíkur, Ingimar Sigurðsson frá Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, Guðmund Eyjólfsson og Högna Óskarsson frá Læknafélagi Reykjavíkur, Kristján Erlendsson frá Læknafélagi Íslands, Unni Halldórsdóttur frá Heimili og skóla, Sigurbjörn Sveinsson frá Félagi heimilislækna, Ólaf F. Magnússon frá Félagi sjálfstætt starfandi heimilislækna og Tómas Jónsson og Víglund Þór Þorsteinsson frá Sérfræðingafélagi íslenskra lækna.

Þá fékk nefndin á fund sinn starfsstjórn úr Félagi forsjárlausra foreldra, en það félag var stofnað meðan á störfum nefndarinnar að þessu máli var unnið.

Þá bárust nefndinni gögn og erindi um málið frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Félagi einstæðra foreldra, stjórn Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, Félagi skólatannlækna, Öryrkjabandalagi Íslands, Landssamtökunum Heimili og skóli, Félagi sjálfstætt starfandi heimilislækna, Félagi íslenskra heimilislækna, héraðslækninum í Reykjavík, Skólatannlækningum Reykjavíkur, Tryggingastofnun Reykjavíkur, fimm félagsmönnum í Læknafélagi Reykjavíkur og Sérfræðingafélagi íslenskra lækna.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingar meiri hlutans eru eftirfarandi:

1. Við 1. gr. Lagt er til að árlegur barnalífeyrir verði 123.600 kr. í stað 135.600 kr. Meðlagsgreiðslur verða því 10.300 kr. á mánuði í stað 11.300 kr. sem gert var ráð fyrir í frv.

2. Við 2. gr. Lagt er til að mæðra- og feðralaun verði greidd með einu barni, en samkvæmt frv. átti að fella slíkar greiðslur niður. Þá er lagt til að árleg greiðsla með einu barni verði 12.000 kr., með tveimur börnum 60.000 kr. í stað 36.000 kr. samkvæmt frv. og með þremur börnum eða fleiri 129.600 kr. í stað 93.600. Þá er einnig kveðið á um að heimilt sé að skilyrða greiðslu mæðra- og feðralauna við að meðlagsúrskurður hafi verið kveðinn upp eða fyrir liggi staðfest samkomulag um greiðslu framfærslueyris.

3. Lagt er til að á eftir 4. gr. komi ný grein er feli í sér breytingu á c-lið 35. gr. laganna og er sú breyting gerð til samræmis við þær breytingar sem felast í 1. gr. frv.

4. Við 5. gr. Lögð er til breyting á 36. gr. laganna sem láðst hafði að gera þegar greininni var breytt í frv.

5. Við 6. gr. Lögð er til breyting á ákvæði greinarinnar um tilvísanir til lækna. Samkvæmt breytingunni er ráðherra veitt heimild til að ákveða með reglugerð að skilyrði fyrir greiðslu sjúkratrygginga skuli háð tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis. Í frv. hafði verið gert ráð fyrir að sjúkratryggingar greiddu ekki fyrir sérfræðingahjálp og rannsóknir nema sjúklingur hefði tilvísun frá heimilislækni eða heilsugæslulækni.

6. Við 7. gr. Lögð er til sú breyting að börn og unglingar, 15 ára og yngri, skuli eiga kost á einni skoðun á ári hjá tannlækni sér að kostnaðarlausu. Með þessari breytingu er verið að stuðla að ákveðnu forvarnastarfi til að bæta tannheilsu barna og unglinga. Skoðun þessi gæti farið fram hjá hvort sem væri skólatannlækni eða á einkastofu. Tannskoðunin felur í sér að aðstandendur barns eða unglings fengju upplýsingar um tannheilsu hlutaðeigandi en það væri síðan ákvörðun aðstandenda barns eða unglings að ákveða hvort þau vilji eða telji ástæðu til að tannlæknir fylgi tannskoðuninni eftir með tannviðgerð og færi þá um greiðslur fyrir slíka þjónustu samkvæmt 44. gr. laganna.

7. Við 10. gr. Breytingarnar á greininni leiða af ákvæðum frv. um að fella niður slysatryggingu ökumanns úr ákvæðum laga um almannatryggingar.

8. Lagt er til að II. kafli frv., er fjallar um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, falli brott. Ástæða þessa er sú að nefndinni hefur ekki gefist tími til að fjalla til fullnustu um þennan kafla frv. Af lagatæknilegum ástæðum er talið heppilegast að fella greinar kaflans brott en með þeirri tillögu er engin afstaða tekin til efnis kaflans. Meiri hluta nefndarinnar er jafnframt kunnugt um að ráðherra hyggst flytja sjálfstætt frv. síðar með þeim efnisatriðum sem fram koma í kaflanum.

9. Gerðar eru breytingar á gildistökuákvæði frv. með hliðsjón af því að II. kafli frv. er felldur brott. Þá er jafnframt kveðið á um að þær greinar er varða slysatryggingu ökumanns taki ekki gildi fyrr en 1. jan. 1994. Ástæða þess að ekki er heppilegt að fella niður slysatryggingu ökumanns 1. jan. 1993 er sú að meiri undirbúnings er þörf áður en breytingin getur tekið gildi. Þær greinar sem um er að ræða eru 3.–5. gr. og 10. gr., sem að tillögu meiri hlutans verður þrjár greinar, 10.–12. gr.

Meiri hluti nefndarinnar vill benda á að við umfjöllun málsins í nefndinni hefur komið fram að verulegur ágreiningur er um notkun tilvísana til sérfræðinga bæði meðal lækna og almennings. Meiri hlutinn leggur því á það áherslu að mikilvægt sé að ráðherra láti fara fram nákvæma athugun á því hvort heppilegt sé að gera notkun tilvísana til sérfræðinga að reglu

áður en hann beitir því heimildarákvæði sem kveðið er á um í breytingartillögu meiri hlutans. Lára Margrét Ragnarsdóttir skrifar undir álit meiri hlutans með fyrirvara þar sem hún er andvíg hugmyndum um að skilyrða greiðslu sjúkratrygginga fyrir sérfræðilæknishjálp og rannsóknir við að sjúklingar hafi tilvísun frá heimilislækni eða heilsugæslulækni."

Undir þetta rita Sigbjörn Gunnarsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Árni M. Mathiesen og Lára Margrét Ragnarsdóttir með fyrirvara.

Virðulegi forseti. Að lokum er mér ljúft og skylt að þakka samnefndarmönnum mínum í hv. heilbr.- og trn. fyrir gott samstarf að þessu máli sem og öðrum sem starfað hefur verið að á þessum vetri.

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hluta heilbr.- og trn. en þann minni hluta skipa ásamt mér hv. þm. Svavar Gestsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Sigurður Þórólfsson.

Áður en ég kem að efnislegri umfjöllun um nál. vil ég láta það koma fram að mér finnst að þær skattbreytingar og breytingar á almannatryggingalöggjöfinni, sem núna er verið að gera rétt fyrir þessi jól, hafi eitt sameiginlegt og það er að verið er að velta stórkostlegum álögum yfir á almenning. Þessar aðgerðir eru í raun mjög íþyngjandi og mjög sértækar aðgerðir. Þær snúa að alveg ákveðnum hópum í þjóðfélaginu. Þær aðgerðir sem verið er að grípa til á sviði skattamála snúa fyrst og fremst að ungu fólki, fólki á aldrinum 25–45 ára, fólki sem hefur verið að byggja, koma yfir sig húsi á undanförnum árum, fólki sem hefur tiltölulega nýlokið námi, er að byrja að endurgreiða námslánin sín og þeim hópi í þjóðfélaginu sem hefur meðaltekjur. Og í áliti því sem Vinnuveitendasamband Íslands hefur sent frá sér til efh.- og viðskn. koma fram fróðlegar upplýsingar, ekki síst fyrir það fólk sem fellur undir þennan hóp sem ég hef hér lýst. Með þessum auknum álögum er alveg öruggt að þessi hópur þarf að reyna að auka tekjur sínar, ef nokkur kostur er, til að geta staðið undir þeim auknu álögum sem þessum skattbreytingum eru samfara. En við hverjar 100 kr. sem þessi hópur eða sá einstaklingur, sem þarna um ræðir og fellur hér undir, bætir við sig í auknar tekjur greiðir hann fyrstu 70 kr. til fjmrn. en heldur eftir 30 kr. eða með öðrum orðum jaðarskatturinn er orðinn í kringum 70%. Þetta þýðir það að fyrstu þrjár vikur hvers mánaðar eru menn í raun og veru að vinna fyrir fjmrn. en síðari hluta mánaðarins eru menn farnir að afla tekna fyrir heimilið. Þetta er náttúrlega ömurleg staðreynd og ekki síst í ljósi þess að þetta skuli geta gerst undir forustu og stjórn þeirra stjórnmálaflokka sem fyrir síðustu alþingiskosningar lofuðu kjósendum að nú skyldi í raun, ef þeir kæmust að stjórn landsins, verða um skattalækkun að ræða. Það gildir nefnilega það sama um það frv. sem hér er til umfjöllunar, þ.e. breytingar á lögum um almannatryggingar, að það er raunverulega það sama að gerast. Það er verið að velta þeim sparnaðarhugmyndum, og þá segi ég „sparnaður" innan gæsalappa vegna þess að það er orðtak ríkisstjórnarinnar að það sé verið að spara, það er raunverulega ekkert verið að spara. Útgjöldin halda áfram, sóunin heldur áfram en það eru aðrir sem greiða. Það er verið að velta útgjaldavanda ríkissjóðs yfir á alveg ákveðna hópa. Og hvaða hópum skyldi þetta beinast gegn? Það eru sjúklingar, það eru öryrkjar, það eru barnamargar fjölskyldur eða þeir hópar sem þurfa með einum eða öðum hætti á aðstoð almannatrygginganna að halda. Það er í öllum tilfellum verið að auka kostnaðarþátttöku þessa fólks.

Kostnaðarþátttaka almennings í einstökum þáttum samfélagsþjónustunnar getur verið skynsamleg til þess að auka kostnaðarvitund, en það þarf ekki að auka kostnaðarvitund sjúklinga. Það þarf ekki að auka kostnaðarvitund öryrkjanna og það þarf í flestum tilfellum ekki að auka kostnaðarmeðvitund barnmargra fjölskyldna. Það eru fáar stéttir í samfélaginu sem eru jafnmeðvitaðar um hver kostnaðurinn er og einmitt þessar stéttir.

En í þessu nál., sem minni hluti heilbr.- og trn. hefur lagt fram og er nokkuð viðamikið, er farið yfir allar þær helstu breytingar sem stendur til að gera á almannatryggingalöggjöfinni með því frv. sem er til umfjöllunar þegar það verður lögfest. Það kom fram í máli hv. 7. þm. Norðurl. e. hverjir hefðu mætt til fundar við nefndina. Ég ætla ekki að fara að lesa allan þann lista upp aftur en í nál. minni hlutans er sú sama upptalning. Eins er í nál. minni hlutans gerð grein fyrir því hvaða erindi og hvaða gögn nefndinni hafa borist og þau eru frá sömu aðilum og um er getið í nál. meiri hlutans en flest þeirra gagna sem bárust hv. heilbr.- og trn. við umfjöllun málsins eru einmitt sem fskj. með nál. minni hlutans. En minni hluti heilbr.- og trn. getur hvorki fallist á þær breytingar sem frv. felur í sér á almannatryggingalöggjöfinni né þær breytingar sem meiri hluti heilbr.- og trmn. hefur lagt til.

Ég mun reyna að gera grein fyrir mikilvægustu atriðum frv. en einstakir nefndarmenn munu auðvitað gera á eftir í umræðu grein fyrir sinni afstöðu til málsins. Tillögurnar í þessu frv. eru handahófskenndar og frv. ber þess glögg merki og það kom skýrt fram í nefndarstarfinu að tillögurnar voru illa undirbúnar. Það má best sjá af því að í meðförum nefndarinnar var frv. að taka sífelldum breytingum og það er í raun og veru alveg óljóst þrátt fyrir að frv. sé til 2. umr. í þinginu hvað einstakir þættir frv. muni hafa í för með sér, svo sem tilvísanakerfið, breytingarnar á tannlæknakostnaðinum. Þegar farið var að fjalla um málið var ákveðið að fresta ákvæðum frv. um slysatryggingarnar um eitt ár vegna ónógs undirbúnings af hálfu ríkisstjórnarinnar við málið þegar það kom hér inn á Alþingi og öllum II. kafla frv., sem fjallar um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, var frestað, umræðu um það var frestað í nefndinni og þar af leiðandi var það klippt aftan af frv. og kemur ekki til umræðu þrátt fyrir að hæstv. heilbr.- og trmrh. hafi lýst því yfir á fundi fjárln. nokkru áður en frv. birtist hér í þinginu og mælt var fyrir því. Þá var málið til

kynningar og hæstv. ráðherra taldi nauðsynlegt að halda þessum tveimur þáttum saman, þ.e. breytingum á almannatryggingalöggjöfinni og stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Ég lýsti því hér yfir við 1. umr. málsins að ég skyldi styðja hæstv. heilbr.- og trmrh. í því. En það fór svo í nefndarstarfinu að við urðum báðir að láta í minni pokann fyrir meiri hluta nefndarinnar sem ákvað að fresta málinu. Það var ekki af skepnuskap að ég hygg við hæstv. heilbr.- og trmrh. heldur miklu fremur það að enginn stjórnarmeirihluti er fyrir þessum hluta málsins. Það mun nú auðvitað eiga eftir að koma í ljós ef og þegar málið kemur aftur hér inn. Komi það hins vegar aldrei aftur inn til umræðu þá er alveg ljóst, eins og margt annað sem felst í þessum breytingum og margt annað sem í fjárlagafrv. er, að það vantar 170 millj. kr. inn í fjárlögin til þess að þau geti á pappírnum, bara á pappírnum, reynst marktækt plagg.

Meðlag, barnalífeyrir og mæðra– og feðralaun — á þessum þáttum í almannatryggingunum eru gerðar viðamiklar breytingar. Meðlag og barnalífeyrir er hækkaður úr 7.551 kr. á mánuði í 10.300 kr. Þessi hækkun kemur þó ekki börnum til góða heldur er hér fyrst og fremst um tilflutning að ræða frá ríkissjóði til meðlagsgreiðenda þar sem mæðralaunin eru lækkuð á móti þessari upphæð. Það er gert ráð fyrir að þessi breytingi, þ.e. hækkun á barnalífeyri, þýði 130 millj. kr. viðbótarútgjöld fyrir ríkissjóð. En á móti kemur að mæðra- og feðralaun eru lækkuð. Þetta er einn af þeim þáttum sem breyttist í meðförum nefndarinnar. En mæðra- og feðralaun með einu barni eru lækkuð úr 4.732 kr. í 1.000 kr., með tveimur börnum úr 12.398 kr. í 5.600 kr. á mánuði og með þremur börnum eða fleiri úr 21.991 kr. í 10.800 kr. Samkvæmt gildandi lögum var meðlag eða barnalífeyrir 7.551 kr. á mánuði en mæðra- og feðralaun 4.732 kr. eða 12.283 kr. Eftir þessa breytingu, þegar frv. er orðið að lögum, lækkar þessi upphæð um 983 kr. á mánuði eða um 11.796 kr. á ári vegna þess að meðlag hækkar í 10.300 en mæðra- og feðralaunin lækka úr 4.732 í 1.000 kr. Í sjálfu sér eru 11.796 kr. á ári ekki óskaplega há upphæð en fyrir foreldra barna sem þarna um ræðir getur verulega munað um þessa upphæð af þeirri ástæðu að yfirleitt er þetta fólk í þeirri aðstöðu að hafa ekki mikla möguleika á að afla sér viðbótartekna, það þarf eingöngu að lifa af dagvinnulaununum. En ef þessir aðilar fara út í það reyna að afla sér viðbótartekna þá þýðir það oft og tíðum hærri viðbótarútgjöld heldur en tekjurnar í raun og veru eru vegna þess að kostnaður við barnagæslu og annað slíkt er það mikill að það borgar sig ekki fyrir þennan hóp að leita út á vinnumarkaðinn til að afla sér aukinna tekna. En þess má geta að mánaðargjald á dagheimili í Reykjavík með öllu meðtöldu, þ.e. ýmiss konar foreldragjöld og önnur gjöld sem því tengjast, er 9.750 kr. á mánuði. Með tveimur börnum lítur þetta þannig út að núgildandi lög gera ráð fyrr því að mánaðargreiðslan sé 27.500 kr., þ.e. meðlagið, mæðra- og feðralaun samtals séu 27.500 kr. Eftir breytinguna mun þetta gera 25.600 kr., skerðingin á mánuði mun verða 1.900 kr. eða 22.800 kr. á ári. Með þremur börnum eða fleiri mun þessi greiðsla samkvæmt núgildandi lögum vera 44.644 kr. en samkvæmt frv. 41.700 kr. Skerðingin á mánuði er 2.944 kr., á ári 35.328 kr.

Hins vegar verða menn svo að líta á þá staðreynd að framfærendur barns eru tveir. Þ.e. sá sem hefur forræði barnsins og sér um framfræsluna og svo hins vegar sá sem greiðir meðlagið. Því hlýtur að vera eðlilegt að líta á hver er í raun og veru skerðingin á ráðstöfunartekjum þessara aðila beggja og horfa á það í örlitlu samhengi til að gera sér grein fyrir hvað sú breyting þýðir í raun og veru sem hér er verið að fara út í gagnvart þeim aðilum sem sjá eiga um framfærslu barnanna. Þetta þýðir það, virðulegur forseti, að með einu barni verður skerðing forræðisaðila vegna lækkunar mæðra- og feðralauna 11.796 kr., skerðing meðlagsgreiðenda vegna hækkunar meðlags 32.988 kr., samtals skerðing framfærenda á ári er því samkvæmt þessu 44.784 kr. Þessi skerðing hefur lækkað frá því að frv. var upphaflega lagt fram vegna þess að það var gert ráð fyrir að þessi skerðing yrði 56.796 kr. en hefur lækkað niður í 44.784 kr. í meðförum hv. heilbr.- og trmrn. Með tveimur börnum er skerðing forræðisaðila 22.800 kr., skerðing meðlagsgreiðanda 65.976 kr. og skerðing framfærenda er því samtals 88.776 kr. Með þremur börnum eða fleiri lítur þessi mynd þannig út að skerðing forræðisaðila er 35.328 kr., skerðing meðlagsgreiðenda 98.964 kr., heildarskerðing framfærenda er því 134.292 kr.

Nú má gera ráð fyrir, og það komi fram hjá hagfræðingi Alþýðusambands Íslands, Gylfa Arnbjörnssyni, þegar hann mætti til fundar við heilbr.- og trmrn., að sú hækkun sem þarna væri gert ráð fyrir á meðlagsgreiðslum gæti í raun og veru þýtt meiri raunskerðingu fyrir forræðisaðila barnsins heldur en sú skerðing sem þó er gert ráð fyrir að verði við þessa breytingu. Raunskerðingin geti orðið meiri vegna þessa í mjög mörgum tilfellum. Það kom einmitt fram í gær á ágætum fundi sem hv. heilbr.- og trmrn. átti með félagi forsjárlausra foreldra en stjórnarmenn þess félags óskuðu eftir fundi með nefndinni eftir að búið var að taka málið út úr nefnd. Það kom fram hjá þeim á þessum fundi í gær og tóku þeir undir þá skoðun hagfræðings Alþýðusambandsins að svo gæti farið að þessi skerðing yrði meiri, raunskerðingin yrði meiri heldur en tölurnar sýna, vegna þess að oft og tíðum eru í gangi samningar milli foreldra barna en þetta þýði að þeir samningar sem í gangi hafa verið muni falla niður. Þetta hafa verið samningar um að meðlagsgreiðandinn taki þátt í ýmsum kostnaði svo sem fatakostnaði, kostnaði við skólagöngu, kostnaði við fermingar og þannig mætti lengi telja. En með þessari hækkun meðlagsins sem þarna er gert ráð fyrir þá geti þessir aðilar einfaldlega ekki tekið þátt í slíkum hlutum. Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga bjóst við því þegar gert var ráð fyrir að meðlagið mundi hækka um 50% að vanskil meðlagsgreiðanda við Innheimtustofnunina mundu aukast verulega eða greiðsluskylda stofnunarinnar umfram það sem meðlagsgreiðendur greiða mundi fara úr 265 millj. kr. í tæpar 600 millj. kr. á ári.

Þessar upplýsingar ollu hér nokkru fjaðrafoki á þingi vegna þess að þetta hefði þýtt að útgjöld Jöfnunarsjóðs hefðu aukist mjög mikið. Hann hefði orðið fyrir skerðingu sem hefði leitt til þess að minnstu sveitarfélögin hefðu orðið fyrir mestri skerðingunni vegna þessara breytinga.

Nú hefur framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga upplýst að gert hafi verið samkomulag milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar Innheimtustofnunar og stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga um það að greiðsluskylda Innheimtustofnunar skuli ekki fara yfir 300 millj. kr. á árinu 1993. Þetta þýðir það að gangi þetta eftir þá munu útgjöld Jöfnunarsjóðs aukast um 35 millj. eða úr 265 í 300 millj. kr. Hins vegar mundi það sem er umfram 300 millj. kr., sem hugsanlega gætu orðið 300 millj. kr. ef áætlun Innheimtustofnunar reynist rétt, falla á ríkissjóð. Það er nú hins vegar svo að hvergi gert ráð fyrir því í fjárlögum að ríkissjóður taki að sér að greiða þessar 300 millj. kr. Það er alls ekki gert ráð fyrir því þrátt fyrir samninginn sem ríkisstjórnin hefur gert við Samband ísl. sveitarfélaga og Innheimtustofnun sveitarfélaga að greiðsluskyldan skuli ekki fara umfram 300 millj. kr. Þá er ekki gert ráð fyrir því að ríkið taki þessar greiðslur að sér, a.m.k. ekki í fjárlögum.

Í lok október 1992 var meðlag greitt með 15.903 börnum og sú breyting sem nú er gerð á meðlagsgreiðslunum, sú hækkun, felur það í sér að það er verið að auka álögur á meðlagsgreiðendur um 525 millj. kr. á ári.

Þær breytingar sem hér um ræðir og boðaðar eru í þessu frv. um breytingar á almannatryggingalögunum má auðvitað ekki horfa á einangrað. Nefndin óskaði eftir að það yrði reiknað út hvaða áhrif þessi breyting á meðlögunum, mæðralaununum, barnabótunum, barnabótaaukanum og sköttum hefði á þennan hóp og þá yrði tekið tillit til aldurs barnanna og fjölda barna hjá hverju foreldri. Þessar upplýsingar voru lagðar fyrir nefndina og eru mjög gagnlegar og að mörgu leyti mjög fróðlegar og fyrir þær ber að þakka. Ég ætla ekki að fara að gera nákvæma grein fyrir því í hverju þessar breytingar felast. Þær eru settar fram hér á myndrænan hátt og fylgja með nál. minni hlutans sem fylgiskjal.

Þá kem ég að þeim þætti frv. sem fjallar um slysatrygginar. Upphaflega var gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. sem lagt var fyrir í október að sparnaður heilbrrn. með því að leggja niður slysatryggingarnar eða færa slysatryggingarnar frá Tryggingastofnun ríkisins yfir til vátryggingafélaganna yrði 100 millj. kr. Hugmyndir höfðu verið hjá fyrrv. heilbrrh. að færa þennan þátt tryggingana yfir og fyrir lá vilji vátryggingafélaganna til að taka við þessum þætti. Þegar frv. það sem hér er til umfjöllunar kom inn og mælt hafði verið fyrir því á Alþingi var gert ráð fyrir að þessi sparnaður yrði 50 millj. kr. Sá sparnaður var reiknaður út frá því að aðeins einn þáttur slysatryggingana yrði fluttur yfir sem fyrsta skref, þ.e. vátrygging ökumanns. Þegar hins vegar farið var að skoða málið í nefndinni og gera sér grein fyrir því hvernig þetta væri nú allt saman upp byggt — það virðist nú vera svo að menn hafi alls ekki gert sér grein fyrir því í heilbr.- og trmrn. áður en þeir lögðu frv. fram hvernig að þessum hlutum væri staðið — kom sú staðreyndin í ljós að það eru iðgjöld sem standa undir öllum útgjöldum slysatryggingana. Það er iðgjald sem stendur undir vátryggingu ökumanns, það iðgjald var í upphafi þessa árs 1.215 kr. og var greitt í upphafi árs með birfeiðagjöldunum og hefur staðið undir vátryggingu ökumanns. Það stóð til að flytja tryggingarnar yfir til tryggingafélaganna og láta vátryggingar eða iðgjaldið af vátryggingunni standa eftir fyrir bifreiðaeigendur til að greiða en eftir að tilflutningurinn hafði átt sér stað þá varð auðvitað ekki um neina tryggingarvernd af hálfu slysatryggingana að ræða og því var þetta iðgjald í raun og veru orðin skattstofn fyrir ríkið. Það gat hins vegar ekki gengið og þess vegna var ákveðið í meðförum nefndarinnar og meiri hlutinn leggur það til að þessu máli sé frestað um eitt ár. En um leið og sú frestun hefur verið ákveðin þá hefur auðvitað fallið niður sá sparnaður sem hæstv. heilbr.- og trmrh. gerði sér vonir um að ná með þessari breytingu, þær 50 millj. kr. Það er hins vegar gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að það sparist á þessu sviði 50 millj. kr. Það er ekki séð hvernig því verði náð. Því verður alls ekki náð með hagræðingu eða sparnaði í slysatryggingunum og því er það eins með slysatryggingarnar og Samábyrgð Íslands á fiskiskipum að það er reyndar allsendis óvíst hvor sá sparnaður mun nokkurn tímann nást sem þar er gert ráð fyrir. Það eru hátt í 300 millj. kr. sem þannig væru fallnar út úr fjárlagafrv. til viðbótar þeim 300 millj. kr. sem gætu hugsanlega fallið á ríkissjóð vegna þess samkomulags sem gert hefur verið milli stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga og ríkisstjórnarinnar um að greiðsluskylda jöfnunarsjóðs fari aldrei umfram 300 millj. kr. Þetta þýðir það í raun og veru að rúmar 500 millj. kr., hálfur milljarður króna, af því sem hæstv. heilbr.- og trmrn. á að spara og gert er ráð fyrir að sparist eða tengist hans málaflokkum munu alls ekki nást eða a.m.k. er mikil óvissa um að muni nást.

Það kemur fram í nál. meiri hluta heilbr.- og trn. að einn þingmaður stjórnarliðsins, hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir, er með fyrirvara. Mér skilst að sá fyrirvari snúi fyrst og fremst að tilvísanakerfinu. Er ég þá kominn að þeim þætti frv. sem fjallar um tilvísanakerfið. Frá 1. jan. 1972 og fram til 1. apríl 1985 var tilvísanakerfið svokallaða við lýði með einum eða öðrum hætti.

Tilvísun frá heilsugæslu eða heimilislækni til sérfræðings var forsenda fyrir því að sjúklingar fengju reikning sérfræðings endurgreiddan hjá Tryggingastofnun ríkisins. 1. apríl 1985 var tilvísanakerfið lagt af til bráðabirgða í eitt ár. Það átti með öðrum orðum að taka það aftur upp 1. apríl 1986. Það var hins vegar aldrei gert. Ég minnist þess frá þeim tíma að ekki var heldur leitað eftir áframhaldandi heimild í lögum til að taka ekki aftur upp tilvísanaskylduna. Á þeim tíma var í gildi lagaákvæði, allt frá 1986 og fram til ársins 1989, um að tilvísun skyldi fylgja reikningum sérfræðinga til Tryggingastofnunar. En það var ekki

gengið eftir því af þeirri ástæðu að það var samkomulagsatriði milli sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins og Læknafélags Reykjavíkur, sem er samningsaðili fyrir sérfræðinga, að tilvísanakerfið skyldi ekki aftur tekið upp. Hæstv. heilbr.- og trmrh. skýrir hugmyndir sínar um upptöku tilvísanakerfisins nú fyrst og fremst út frá því að með því eigi að ná fram sparnaði allt að 120 millj. kr. á árinu 1993.

Kostnaður við sérfræðilæknishjálp á föstu verðlagi, ef miðað er við verðlag í júlí árið 1990, hækkaði mjög mikið á árunum 1983 til 1990. Það hefur verið sett fram í fylgiskjali með nál. minni hlutans á myndrænan hátt þar sem þessi kostnaðarþróun er sýnd. Kostnaðarþróunin er á föstu verðlagi í júlí árið 1990. Árið 1983 voru útgjöld sjúkratrygginganna vegna sérfræðilæknishjálpar 466 millj. kr. en lækka árið 1984 niður í 455 millj. kr. Á því ári var breytingin á tilvísanakerfinu og líka mjög mikil breyting á þeim hluta sem sjúklingur greiðir af kostnaði við sérfræðilæknishjálpina. Síðan hafa útgjöldin farið stighækkandi allt til ársins 1988 en þá var kostnaðurinn kominn upp í 979 millj. Með samningi sem gerður var um áramótin 1988/1989 ákváðu þeir sérfræðingar, sem allra hæstir voru í reikningsviðskiptum sínum við Tryggingastofnun, að gefa afslátt af þeirri þjónustu sem þeir veittu þegar einingafjöldinn í læknisverkunum var kominn upp fyrir ákveðið mark. Þessi afsláttarsamningur ásamt breytingu á gjaldskránni varð til þess að kostnaður við sérfræðilæknishjálpina lækkaði á föstu verðlagi úr 979 millj. kr. 1988 í 831 millj. kr. 1989. Síðan var gert ráð fyrir að áfram yrði reynt að ná sparnaði og með reglugerð, sem gefin var út 15. febr. 1989, var stefnt að 100 millj. kr. sparnaði. Áætlað var að sparnaðurinn 1990 yrði 100 millj. og útgjöldin 731 millj. Það hins vegar tókst ekki. Enda kemur það fram á fylgiskjalinu að um áætlunartölur var að ræða samkvæmt fjárlögum árið 1990 en útgjöldin urðu nokkru meiri það ár. Við fengum hins vegar ekki upplýsingar í heilbr.- og trn. um hver útgjöldin hefðu orðið á föstu verðlagi árið 1990 og þær upplýsingar sem við fengum náðu einvörðungu aftur til ársins 1989.

Útgjaldaþróunina má skýra með ýmsum hætti. Eitt af því sem mjög hefur verið látið liggja að og ekki síst af hæstv. heilbr.- og trmrh. er að þetta kerfi sé mjög opið. Það er rétt. Þetta er einstakt fyrirbrigði í heiminum og sérfræðingar viðurkenna að svo sé. Þetta er hins vegar afskaplega þjónusturíkt kerfi og við megum þakka fyrir að búa við slíkt. Við verðum náttúrlega líka að huga að því hvað hlutirnir kosta. Staðreyndin er sú að læknar geta komið heim að afloknu sérfræðinámi með sitt sérfræðileyfi, opnað hér sínar eigin stofur og það næsta sem Tryggingastofnun ríkisins og heilbrrn. verður vart við er að það eru farnir að berast reikningar frá nýjum sérfræðingum sem eru aðilar að samningi Læknafélags Reykjavíkur og Tryggingastofnunar ríkisins. Við skattborgarar verðum við varir við að við þurfum að greiða hærri skatta eins og við verðum sérstaklega vör við nú.

Sérfræðingum hefur fjölgað mjög á undanförnum árum. Árið 1983 voru þeir 250, 1984 260, 1985 280, 1986 300, 1987 330, 1988 355 og 1989 370. Þessa þróun höfum við einnig sett fram á myndrænan hátt, þ.e. hvernig sérfræðingum á 1.000 íbúa hefur fjölgað á þessu tímabili. Kostnaðarþátttaka einstaklinganna hefur einnig gríðarlega mikil áhrif á þessa þróun. Kostnaðarþátttakan hefur verið mjög breytileg á árunum 1983–1989. Hún var komin í 10% af heildarútgjöldunum árið 1983 en 1984 verður mikil breyting á. Þá hækkar kostnaðarþátttakan upp í 30%. Árið 1985 er hún 20%, 1986 17,3%, 1987 14%, 1988 16,5% og 1989 18,6%. Komur til sérfræðinga á þessu sama tímabili ráðast mjög af því annars vegar hver kostnaðarþátttakan er og svo hinu hver fjöldi sérfræðinganna er. Það er því mikið til í því sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur sagt að þetta tvennt hangir dálítið mikið saman. Þær upplýsingar sem ég er með núna staðfesta það. Hins vegar er spurningin sú hvort menn ná þeim sparnaði sem ætlaður er með tilvísanakerfinu einu saman, hvort ekki þarf eitthvað meira til.

Ég er þeirrar skoðunar að ef taka á upp tilvísanakerfi þá sé forsendan fyrir því sú að aðgangur að heimilis- eða heilsugæslulæknum sé ókeypis. Ef svo er ekki er verið að auka útgjöld einstaklinganna með því að senda þá fyrst til heimilis- eða heilsugæslulæknis til að ná í tilvísun til að komast til sérfræðings. Gengi það eftir að komufjöldinn til sérfræðinga á árinu 1993 yrði svipaður og hann var árið 1991 og allir þeir sem færu til sérfræðinga árið 1993 færu fyrst til heilsugæslu- eða heimilislækna þá þýddi þessi breyting að útgjöld þessara einstaklinga mundu á einu ári aukast um 245 millj. kr. En það hangir saman að þegar það kostar lítið að heimsækja heilsugæslu- eða heimilislækni þá dregur úr komun til sérfræðinga. Þá kemur upp sú deila, sem stendur ekki bara milli þingmanna innan stjórnarliðsins heldur einnig milli sérfræðinga annars vegar og heilsugæslu- og heimilislækna hins vegar, hvort það sé ódýrara að heimsækja sérfræðing eða heimilislækni.

Í upplýsingum sem okkur bárust í heilbr.- og trn. frá Tryggingastofnun ríkisins er meðalkostnaður við hverja komu sjúklings til sjálfstætt starfandi heimilislæknis árið 1991 1.477 kr. Upplýsingar sem sem einnig bera st frá Tryggingastofnun um kostnað við hverja komu til sérfræðings, þegar saman eru teknar rannsóknir og hinir almennu klínísku sérfræðingar, sýna að kostnaður við komu til sérfræðings árið 1991 er 3.033 kr. Ef hins vegar eru bara teknir klínískir sérfræðingar þá er kostnaðurinn 2.757 kr. en hjá rannsóknarsérfræðingunum 4.932 kr. En deilan er auðvitað: Er hér um sambærilega hluti að ræða? Og er einhver tilgangur í því að bera þessa hluti saman?

Það var vitnað mjög í það af þeim sérfræðingum sem komu til fundar við hv. heilbr.- og trn. að borgarfulltrúi Sjálfstfl. í Reykjavík hefði í janúar 1989 skrifað merkilega grein þar sem hann bar saman þennan kostnað. Annars vegar kostnað hjá sérfræðingi, sjálfstætt starfandi heimilislækni og síðan kostnað við komu á heilsugæslustöð. Sérfræðingar notuðu þetta sem rök fyrir því að kostnaður við hverja komu til sérfræðings væri í raun ódýrustu samskiptin. Margir heimilislæknar risu upp eftir að þessar upplýsingar lágu fyr-

ir. Ég ætla ekki að fara að vitna í þá alla en t.d. skrifaði Ólafur Mixa ágæta grein í Morgunblaðið 8. febr. og fleiri heimilislæknar. Og í raun og veru hröktu þeir allir allt sem hafði verið haldið fram og bentu á að um algerlega ósambærilega hluti væri að ræða, þ.e. að bera saman þá þjónustu sem sérfræðingar veita og hins vegar þá þjónustu sem heimilislæknar og heilsugæslulæknar veita. Í raun er líka ósambærilegt að bera saman þá þjónustu sem heimilislæknar veita og þá þjónustu sem heilsugæslulæknar veita vegna þess að þjónusta heilsugæslustöðvanna er miklu meiri og hlutverk heilsugæslustöðvarnar víðtækara en sjálfstætt starfandi heimilislækna.

Það kom einnig fram að það er nokkur vafi á því að mati sérfræðinga að heilsugæslan í Reykjavík geti sinnt þeirri auknu þjónustu sem mun leiða af tilvísanakerfinu. Það kom hins vegar skýrt fram hjá Félagi ísl. heimilislækna að þeir eru þeirrar skoðunar að nú væri búið að byggja það vel upp og svo vel búið að heilsugæslunni í Reykjavík að hún gæti sinnt þessari þjónustu.

Ríkisstjórnin gerir ráð fyrir því í fjárlögum að spara 440 millj. kr. á árinu 1993 í lyfjakostnaði. Þessi sparnaðarþörf er tilkomin vegna þess að hallinn á árinu 1992 er 200 millj. kr. Síðan er gert ráð fyrir því að það verði um venjubundna aukningu á lyfjakostnaði að ræða um 240 millj. kr. Í nál. minni hlutans er því lýst nákvæmlega hvernig greiðsluþátttöku einstaklinganna er háttað í dag í þessu kerfi. Með nál. er fylgiskjal um þær breytingar sem fyrirhugaðar eru af hálfu heilbr.- og trmrn. á reglugerðinni um lyfjakostnað og hvaða afleiðingar það muni hafa fyrir þá sem þurfa á lyfjum að halda. *Það er gert ráð fyrir því að hækka kostnaðarhlutdeild sjúklinga úr 26% í 32% eða um 210 millj. kr.* Önnur sparnaðaráform í lyfjakostnaðinum eru að lækka álagningu í heildsölu og smásölu og auka afslátt apótekanna til Tryggingastofnunar um 120 millj. kr., draga úr kostnaðarþátttöku Tryggingastofnunar vegna nýrra lyfja og spara þannig 50 millj. kr., hætta greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar vegna innkaupa dvalarheimila á lyfjum og spara þannig 50 millj. kr. Það er í raun og veru ekki sparnaður. Það er bara tilflutningur vegna þess að ef sjúkratryggingarnar hætta að taka þátt í kostnaði dvalarheimilanna á lyfjum og velta því yfir á stofnanirnar sjálfar þá þurfa þessar stofnanir á hærri daggjöldum að halda til að geta staðið undir þessum viðbótarútgjöldum og þar af leiðandi munu peningarnir koma inn til dvalarheimilanna af öðrum lið sjúkratrygginganna en lyfjaliðnum. Sparnaðurinn felst hins vegar í því að með þessum hætti geta þessar stofnanir sparað sér mismunin á heildsölu- og smásöluálagningunni.

Það kom hins vegar fram hjá fulltrúum Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands sem mættu til fundar að um næstu áramót væri fyrirhuguð fimmta breytingin á reglugerð nr. 300 frá 1991, um þátttöku einstaklinga í lyfjakostnaði. Fimmta breytingin á rúmu einu ári. Fulltrúar þessara félaga sögðu: Í ekkert af þeim skiptum sem búið er að breyta reglugerðinni hefur raunverulega reynt á það hvort þær breytingar sem búið er að gera og allar hafa verið gerðar í sparnaðarskyni hafi skilað einhverjum sparnaði eða ekki. Menn hafa ekki mátt vera að að bíða eftir því að sjá hver áhrifin yrðu.

Tannlækningakostnaðurinn. Þar eru gerðar verulegar breytingar. Þær róttækustu eru að þátttaka foreldra í tannlæknaþjónustu barna er hækkuð úr 15% í 25%. En það alvarlegasta í þeim lagabreytingum sem þarna eru fyrirhugaðar er að gera alla forvarnaþjónustuna gjaldskylda nema eina skoðun, sem ég, hæstv. forseti, gef lítið fyrir. Það hefur orðið útgjaldaaukning í tannlæknakostnaði á þessu ári. Það var gert ráð fyrir að spara, ef ég man rétt, 280 millj. kr. en útgjöldin jukust um 100 millj. kr. Menn náðu því ekki þeim árangri á þessu sviði sem þeir ætluðust til. Ég er hins vegar sannfærður um að með þeirri breytingu sem hér er lögð til geta menn hugsanlega náð einhverjum sparnaði á árinu 1993 en það mun koma fram í auknum útgjöldum þegar fram líða stundir, í aukinni viðgerðarþjónustu vegna þess að það er verið að draga úr forvarnastarfinu. Það er verið að draga úr þeim mikilvæga þætti sem er núna að skapa okkur það að við greiðum minna fyrir tannlæknaþjónustu en við hefðum annars þurft að gera. Við höfum náð alveg ótrúlegum árangri í tannheilsu og sem fylgiskjal með nál. minni hlutans er mynd þar sem sýndur er á myndrænan hátt sá árangur sem við höfum náð í því. Nú svo komið að ekki eru nema 2,7 skemmdar tennur að meðaltali í hverju 12 ára barni en árið 1970 voru tæpar 9 tennur skemmdar. Það er því hart að þurfa að fórna þessum árangri sem ég er sannfærður um að mun verða fórnað með því að koma þessari breytingu á.

Í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir því að leitað verði eftir heimild til að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins geti gert samninga um einstaka þætti þeirrar þjónustu sem deildinni ber að veita t.d. með útboðum. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé skynsamlegt ákvæði. Ég tel skynsamlegt að láta fara fram slík útboð á vel skilgreindu sviði og innan ákveðins hluta heilbrigðisþjónustunnar. Þá er ég sérstaklega með í huga það, sem hæstv. heilbr.- og trmrh. lýsti yfir við 1. umr. þessa máls, að þetta kæmi einna helst til á sviði rannsóknalækninga, enda er þar samkvæmt því sem ég er búinn að fara yfir um verulega útgjaldaaukningu að ræða og ég er sannfærður um að þar er hægt að ná sparnaði.

Eins og ég sagði í upphafi ber frv. það með sér að ekki er verið að ná raunverulegum sparnaði. Það er verið að velta útgjaldavandanum yfir á einstaklingana, ellilífeyrisþega, sjúklinga, öryrkja og barnmargar fjölskyldur. Með tilliti til þess sem hér hefur verið lýst leggur minni hlutinn til — aðrir hv. alþm. sem skipa minni hlutann með þeim sem hér stendur munu gera grein fyrir sinni afstöðu til málsins á eftir — að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Þegar við ræddum þetta mál við 1. umr. í þinginu gerði ég vinnubrögðin almennt við

þetta mál nokkuð að umtalsefni. Í sjálfu sér er kannski ekki ástæða til að fara ofan í það aftur. Þó vil ég halda því til haga að vinnubrögðin öll í sambandi við þetta frv. hafa að mínu mati verið mjög slæm, ekki síst frá hendi heilbr.- og trmrn. Þetta mál var mjög illa undirbúið þegar það kom til þingsins og menn þurfa ekki lengi að fletta frv. til að sjá það. Hér er verið að gera nokkuð gagngerar breytingar á ýmsu því sem varðar tryggingamálin. Frv. er í 18 greinum og útskýringar með einstökum greinum mjög af skornum skammti. Það eru örfáar línur um hverja lagagrein og þar að auki fylgdu frv. engir útreikningar eins og ég hef áður bent á.

Þegar til átti að taka og farið var að fjalla um málið í heilbr.- og trn. kom fram að það var svo sem ekki af ástæðulausu að svona litlir útreikningar og svona litlar upplýsingar fylgdu frv. vegna þess að í rauninni höfðu menn mjög takmarkaðar hugmyndir um útfærsluna á frv. í ráðuneytinu. Þannig virtust engar hugmyndir vera uppi um það í ráðuneytinu hvernig framkvæma eigi tilvísanakerfið. Þær hugmyndir hafa enn ekki skýrst í þeirri umræðu sem verið hefur í nefndinni. Ekki var búið að ganga frá hugmyndum um lyfjareglugerð. Það gátu þingmenn heyrt þegar ráðherra var hér að tala um kostnaðarhlutdeild sjúklinga sem hann sagði að færi ekki yfir Evrópubandalagsmeðaltalið. Það var eina hugmyndin sem var þar á floti að fara ekki yfir þetta Evrópubandalagsmeðaltal. Að öðru leyti vantaði alla útfærslu á reglugerð. Auðvitað ætti reglugerð að liggja fyrir þegar verið er að fjalla um svona hluti.

Þá var mjög óljóst hvernig ætti að leggja af slysatryggingu ökumanns. Menn höfðu bara hugmyndir um að gera það og flytja þetta til tryggingafélaganna og spara 50–100 millj. kr. en útfærslan öll var óhugsuð.

Þá var ljóst að mikill ágreiningur var uppi um það milli stjórnarflokkanna hvernig eignarhaldi ríkisins á Samábyrgð fiskiskipa væri háttað og hvort ríkið ætti yfirleitt þetta fyrirtæki.

Það var því fátt í þessu frv. sem stóðst skoðun í raun og veru. Enda hefur komið á daginn að það er ýmist búið að frysta, fresta eða breyta því sem lagt var til með frv. Þetta lýsir ótrúlegum hringlandahætti í heilbrigðis- og tryggingamálum eins og hér hefur margsinnis verið bent á áður.

Nú ætla ég að taka það fram að ég er í sjálfu sér ekki andvíg því að gerðar séu gagngerðar breytingar á frv. í meðförum þingsins. Mér hefur stundum fundist brenna við að þingmönnum fyndist að þannig ætti ekki að vinna í þinginu. Það ætti ekki að gera miklar breytingar á frv. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Mér finnst ekki að frv. frá ráðherrum eigi að vera skotheld eða heilög. Þau eiga alls ekki að vera það. Og það er sjálfsagt að nefndir geri á þeim breytingar. Til þess er jú löggjafarsamkunda, að setja lög og semja lög og breyta því sem kemur úr ráðuneytunum. Hins vegar mega menn ekki henda hér inn hálfköruðum frv. sem þeir hafa í raun ekki hugsað til enda og láta síðan þingmenn liggja yfir ónothæfum texta. Maður hefur látið sig hafa það oftar en einu sinni og oftar en tvisvar að liggja yfir nánast ónothæfum texta. Þess vegna er það súrt í broti að fá það síðan framan í sig frá ráðherrum — nú er ég ekki að tala um hæstv. heilbr.- og trmrh. því hann hefur svo sem ekki verið að hreyta neinum ónotum í þingmenn — að við þingmenn vinnum ekki verkin okkar á meðan við sitjum og erum að reyna að klambra saman einhverju sem nothæft getur talist í frumvarpsformi. En þessi hrákasmíð er komin til 2. umr. og verður ekki undan því vikist að tala aðeins um hana.

Meiri hluti heilbr.- og trmrn. flytur brtt. við þetta frv. Ein þeirra brtt. er sú að heldur er dregið úr greiðslubyrði meðlagsgreiðanda. Meðlagið og þar með barnalífeyririnn er lækkaður um 1.000 kr. á mánuði og mæðra- og feðralaunin hækkuð til samræmis við það. Það kom fram í máli mínu við 1. umr. að ég er í sjálfu sér ekki andvíg meðlagshækkunum og þeirri grundvallarhugmynd sem þar býr að baki. En mér finnst súrt í broti þegar stjórnvöld stíga þetta skref og hækka meðlagið og viðurkenna þar með að ábyrgð meðlagsgreiðenda og framfærslukostnað barna skuli sú hækkun ekkert koma börnunum til góða. Það gerist ekki því þetta er einungis tilflutningur frá ríkinu yfir á meðlagsgreiðendur. Ef sú upphæð sem sparast í mæðra- og feðralaunum hefði verið flutt yfir í barnabótaaukann þá hefðu þessir peningar komið börnunum til góða og þá hefði þessi meðlagshækkun held ég ekki mætt jafnmikilli andstöðu úti í samfélaginu og raun ber vitni.

Það eru margir sem sjá ofsjónum samt yfir því að meðlagið skuli eiga að fara í 10.300 kr. Hugmyndin var þó sú í frv. að það færi í 11.300 kr. og þykir þetta mikill peningur. Ég get ekki tekið undir að þetta sé mikill peningur. Þetta er ekki mikill peningur að fá fyrir þann sem er með framfærslu barnsins. Við skulum hafa það í huga að þetta rétt nær því að dekka leikskólakostnað fyrir barnið sem er á bilinu 9.500–9.700 kr. Og mér finnst meðlagið ekki mega minna vera því þá er auðvitað allt annað eftir, fæði, klæði, tómstundir o.s.frv. — allt annað. Hins vegar er auðvitað hægt að fallast á það að þarna er um skyndilega hækkun að ræða. Það er yfir 30% hækkun sem verður mjög skyndilega á meðlaginu. Þessi hækkun getur reynst mörgum meðlagsgreiðendum í hópi láglaunamanna erfið, ég tala ekki um ef menn greiða með mörgum börnum. Ég veit að það eru margvíslegar aðferð hafðar við meðlagið í nágrannalöndum okkar. Mér skilst að í Noregi — ég ætla þó ekki að fullyrða það — sé þessu þannig háttað að meðlagið sé tekjutengt að vissu marki hjá meðlagsgreiðandanum. Ákveðin lágmarksupphæð er tryggð til forsjáraðila barnsins, við skulum segja að það sé 10.300 kr. Við skulum segja að meðlagsgreiðandinn greiði 10% af launum sínum með hverju barni. Ef meðlagsgreiðandi borgar með 3 börnum og er bara með atvinnuleysisbætur 50 þús. kr. greiðir hann með þessum börnum 30% af 50 þús. kr. sem eru þá 15 þús. kr. á mánuði. Það sem vantar upp á að þetta nái lágmarksframlaginu sem framfærandanum á að vera tryggt leggur ríkið til.

Þetta er ein leið sem væri hægt að fara og er vinsamlegri þeim sem eru mjög tekjulágir í hópi með-

lagsgreiðenda. Jafnframt þýddi það auðvitað að þeir sem eru tekjuháir í hópi meðlagsgreiðenda mundu greiða umtalsvert hærri upphæðir með börnum sínum en þeir gera í dag. Því tekjutengingin á að ná til þeirra líka og börn ættu að njóta þess að eiga efnaða foreldra hvort sem þeir halda heimili með þeim eða ekki.

Þetta er ein hugmynd sem mætti skoða. Hins vegar var enginn tími til að gera það núna í heilbr.- og trn. ekki síst vegna þess að ekki liggja fyrir upplýsingar um hvernig tekjudreifingu meðlagsgreiðenda er háttað. Með öðrum orðum er ekki hægt að sjá af þeim upplýsingum sem fyrir liggja hvaða tekjur meðlagsgreiðendur hafa, hvernig þær dreifast.

Það sem kom mér á óvart þegar farið var að fjalla um þessi mál í nefndinni voru ekki síst meðlagsskuldir sem mér finnst miklar samkvæmt upplýsingum frá Innheimtustofnun sveitarfélaga. Þar kemur fram að meðlagsskuldarar eru um 8.572 og samtals skulda þeir um 3 milljarða. Auðvitað eru sumir komnir í þessi vanskil vegna þess að þeir eiga að borga meðlag með mörgum börnum og eiga í erfiðleikum með það en það er samt ástæða til að skoða að um 810 meðlagsgreiðendur skulda meira en 500 þús. kr. með einu barni. Þetta eru meðlagsgreiðendur sem eiga einungis að borga með einu barni. Maður skyldi ætla að það væri engin goðgá að borga með einu barni, ekki síst þegar haft er í huga að þetta voru einungis 7.551 kr. á mánuði. Samt skulda 810 meira en 500 þús. kr. með einu barni. Þetta samsvarar því, ef við reiknum það út, að hver þeirra skuldi um 66 mánaða meðlag. Það eru auðvitað alveg gífurlegar skuldir. Hitt er rétt að hafa í huga þegar ég nefni þessar tölur að þetta eru uppsafnaðar skuldir í tæp 20 ár og vextir inni í þessum tölum. Þær segja því kannski ekki hver höfuðstóll skuldarinnar er. En það er greinilegt að meðlagsskuldir eru mjög miklar og þær eru miklar þó menn eigi bara að greiða með einu barni. Það er mjög illskiljanlegt að mínu mati að menn skuli safna upp svona miklum skuldum eigandi að greiða bara með einu barni. Þetta kemur auðvitað til af því að með einhverjum hætti er hægt að fresta þessu, að atvinnurekendur draga þetta ekki af launum eða menn eru sjálfstæðir atvinnurekendur og taka það ekki af sínum eigin launum. En þetta geta framfærendur barna auðvitað ekki gert. Þeir geta ekki frestað því að borga framfærslu barna sinna. Þeir verða auðvitað að gera það. Það eina sem þeir geta gert er að safna upp annars konar skuldum, vísaskuldum eða bankalánum eða einhverju slíku. En þeir geta ekki frestað framfærslunni. Það geta meðlagsgreiðendur hins vegar gert með því að safna upp skuld hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga. Og mér finnst sumir skulda allt of mikið miðað við það að eiga bara að greiða með einu barni. Mér finnst að það ætti að vera það minnsta sem menn gætu gert.

Það hefur komið fram í samtölum nefndarmanna við fulltrúa frá Innheimtustofnun sveitarfélaga að þeir hafi miklar áhyggjur af greiðsluskyldu sinni ef þessi hækkun verður að veruleika. Ég tala nú ekki um ef 50% hækkunin hefði orðið að veruleika eins og fyrirhugað var. Þá töldu þeir að vanskil mundu aukast úr, mig minnir, 245 millj. í 600 millj. á ári. Það hefði þýtt að Innheimtustofnunin hefði þurft að bera þau og sótt þau í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem hefði komið niður á *jöfnunarframlagi og þjónustuframlagi þess sjóðs og þar* af leiðandi niður á minnstu sveitarfélögunum. Nú skilst mér að komið sé eitthvert samkomulag milli Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og ríkisvaldsins um að Innheimtustofnunin beri aldrei nema 300 millj. Þá eru eftir getum við sagt 200 millj. ef þær hugmyndir um vanskil sem eru uppi í Innheimtustofnun standast. Og maður hlýtur að spyrja sig: Hvert á að sækja þessa peninga? Mér vitanlega er ekki í fjárlögum gert ráð fyrir fyrir útgjöldum vegna vanskila. Ef svo er væri sjálfsagt rétt að heilbr.- og trmrh. upplýsti okkur um það hvar gert er ráð fyrir þessum vanskilum á fjárlögum.

Þessi breyting sem verið er að gera á barnalífeyri og mæðra- og feðralaunum breytir litlu fyrir flestar einstæðar mæður. Greiðslurnar til þeirra hækka ekkert þó meðlagið hækki vegna þess að mæðralaunin falla niður á móti. Þetta er hins vegar til hagsbóta fyrir forsjáraðila barns sem kominn er í aðra sambúð. Þá er um hreina raunhækkun að ræða vegna þess að þessi forsjáraðili hefði, miðað við stöðuna eins og hún var, misst mæðralaunin við að fara í aðra sambúð en heldur meðlagshækkuninni sem væntanlega verður. Það er því um raunhækkun hjá þessum hóp að ræða. Það er ekkert nema gott um það að segja í sjálfu sér að þeirra hagur vænkist því framfærsla barnsins kostar það sama hvort sem verið er í sambúð eða ekki, a.m.k. lækkar framfærslan ekkert. En hagur hinna sem ekki fara í aðra sambúð hefði líka getað vænkast ef menn hefðu hækkað barnabótaaukann eins og ég drap á áðan.

Það liggja ekki fyrir miklir útreikningar á því hvernig sú breyting sem nú er verið að gera kemur út fyrir barnafólk, ekki síst einstæð foreldri. Þá er ég að hugsa um pakkann allan, þ.e. breytinguna, sem verður eftir að málið hefur verið til umfjöllunar í nefndum þingsins, á meðlaginu, barnabótunum, barnabótaaukaunum og síðan skattahækkunin. Við höfum að vísu fengið einhver línurit yfir þetta frá heilbr.- og trmrn. en það er erfitt að ráða í þau talnalega með einhverri nákvæmni. Þó sýnist mér að í *flestum tilvikum verði um skerð*ingu að ræða frá því sem nú gildir með þeim breytingum sem gerðar verða á þessu kerfi, þ.e. á sköttunum, barnabótaaukanum, barnabótunum, meðlaginu og mæðralaunum. Hvort það kemur beinlínis til vegna skattahækkunar og lækkunarinnar á persónuafslættinum eða hvort aðrir þættir spila þar inn í er ómögulegt að sjá á þessum línuritum. Það er reyndar ástæða til að gagnrýna að þetta skuli ekki liggja fyrir í aðgengilegra formi.

Um tilvísanakerfið og lyfjamálin er fjallað í 6. gr. frv. Meiri hluti heilbr.- og trn. gerir tillögu til breytinga á því og setur inn að tilvísanir séu heimildarákvæði *fyrir ráðherra en ekki að tilvísun sé skilyrði*, eins og kemur fram í 1. málsl. 6. gr. Það er í sjálfu sér ágætt enda liggur ekki fyrir á þessari stundu hvernig útfærslan á tilvísanakerfinu á að vera. Þess vegna er heilbrigðiskerfið algerlega vanbúið að taka þetta upp

og alveg ljóst að það gerst ekki fyrr en undir mitt næsta ár ef það þá gerist.

Það hefur komið fram í umræðum í nefndinni að það eru mjög skiptar skoðanir um ágæti tilvísanakerfisins meðal lækna og fer það nokkuð eftir því hvort um sérfræðinga er að ræða eða heimilislækna. Þannig virðast sérfræðingar líta svo á að tilvísanakerfið sé af hinu vonda í aðalatriðum, en heimilislæknar líta svo á að þetta sé kerfi sem geti nýst vel, bæði faglega og sem sparnaður.

Ég held að flestir séu samt þeirrar skoðunar, hvernig svo sem þeir vilja útfæra það, að frumheilsugæsla sé mjög mikilvæg og hún eigi að vera fyrsti viðkomustaður sjúklinga þegar þess er einhver kostur og síðan eigi menn að færa sig úr frumheilsugæslunni í sérfræðiþjónustuna þegar frumheilsugæslan dugir ekki lengur. Svo er það bara spurning hvort menn eiga að fá tilvísun úr frumheilsugæslunni í sérfræðiþjónustuna eða hvort hver sjúklingur á að taka um það sjálfstæða ákvörðun hvort hann vill leita sérfræðings eða ekki. Um þetta er kannski ágreiningurinn.

Þá er líka ágreiningur um það meðal lækna hver kostnaðurinn er hjá sérfræðingum og heimilis- og heilsugæslulæknum. Tölur sem við höfum fengið í nefndinni frá Tryggingastofnun ríkisins benda til þess að kostnaður við hverja komu hjá sérfræðingi sé að meðaltali um 3.000 kr., en kostnaður við hverja komu til heimilislæknis, og þá er ég ekki að tala um heilsugæslulækni heldur heimilislækni samkvæmt gamla númerakerfinu, sé 1.477 kr. og það sé talsvert ódýrara að nýta sér þjónustu heimilislækna heldur en sérfræðinga. Tölur um kostnað við hverja komu á heilsugæslustöð liggja ekki fyrir enda virðist vera um mjög flókið reikningshald að ræða þar sem heilsugæslustöðvarnar sinna margvíslegu forvarnastarfi sem kannski er erfitt að reikna út hver kostnaðurinn er við.

En af þessum tölum sér maður þó að það hlýtur að borga sig að nýta frumheilsugæsluna þar sem þess er nokkur kostur og takmarka með einhverjum hætti sjálfkrafa aðgang að dýrri sérfræðiþjónustu. Auðvitað vill maður sem neytandi gjarnan eiga þess kost að fara til sérfræðings þegar manni sýnist svo og velja sér hvern þann sérfræðing sem manni hentar. En það er þó ekkert sjálfgefið að maður eigi að eiga þennan rétt vegna þess að þetta er eitthvað sem er borgað úr sameiginlegum sjóðum okkar allra og það fé er ekki ótakmarkað í þessu fremur en öðru. Það verður með einhverjum hætti að búa þannig um hnútana að fjármagnið sé vel nýtt. Það er væntanlega eitt markmiðið með þessu tilvísanakerfi en annað markmið og ekki síður mikilvægt er faglegt markmið, þ.e. að það sé á einhverjum stað samsöfnuð þekking eða upplýsingar um þá læknisþjónustu og lyf sem hver og einn einstaklingur nýtir sér. Það ætti auðvitað að vera hjá heimilislækninum eða í heilsugæslustöðinni sem slíkar upplýsingar lægju fyrir, en það virðist vera að það vanti dálítið upp á að slíkar upplýsingar gangi frá sérfræðingum og yfir til heimilislæknanna eða heilsugæslustöðvanna.

Á þessu máli eru sem sagt tvær hliðar, annars vegar faglegs og hins vega fjárhagsleg og það er ekki víst að þær fari alltaf saman. Þess vegna finnst mér mjög mikilvægt þegar við erum að fjalla um mál eins og þessi að þá sé ekki fjallað um þau og þau afgreidd í hasti í tengslum við fjárlög heldur séu þau skoðuð þess á milli þannig að tími gefist til þess að fara aðeins betur ofan í málin, ræða við aðila, velta þessu fyrir sér og velta fyrir sér framkvæmd hlutanna.

Ég vil vekja athygli á því að í þeirri greinargerð sem minni hluti heilbr.- og trn. leggur fram eru mjög athyglisverðar tölur um kostnað við sérfræðiþjónustu á föstu verðlagi. Þar kemur m.a. fram að kostnaðurinn hefur lækkað mjög mikið á árunum 1988–1990 og maður hlýtur að spyrja sig hvað eigi þátt í þessari lækkun, hvort það sé hugsanlegt að þarna komi m.a. inn lækkunin á kostnaði við að heimsækja heilsugæslustöð, ef þeim kostnaði er haldið í algjöru lágmarki þá fari fólk frekar á heilsugæslustöð til heimilislæknis en til sérfræðings einungis ef brýna nauðsyn ber til vegna þess að verðmunurinn sé þar með orðinn talsvert mikill.

Um lyfjakostnaðinn er það að segja að markmiðið með þeirri breytingu sem gerð er á lögunum og eins reglugerð sem fylgja á í kjölfarið virðist vera að hækka hlut sjúklinga í lyfjakostnaði, úr 26% í 32%. Þetta er bæði gert með því að flytja lyf á milli flokka og með því að auka kostnaðarhlutdeild sjúklings í lyfjum almennt.

Eins og málum er háttað núna eru svokölluð stjörnumerkt lyf, það eru lyf sem eru greidd að fullu af almannatryggingum og sem fólk fær sér að kostnaðarlausu, sem sagt ef brýna nauðsyn ber til að það nýti lyfin.

Síðan er annar flokkur sem þannig háttar til um að lyf í þeim flokki eru greidd að fullu gegn lyfjaskírteini. Ef lyfjaskírteini er ekki fyrir hendi þá greiðir sjúklingur 25% af lyfinu upp að 3.000 kr. hámarki.

Svo virðist vera sem meiningin sé að færa lyf á milli þessara tveggja flokka, þ.e. úr flokknum þar sem greitt er fyrir lyfin að fullu og yfir í flokkinn þar sem sjúklingurinn á að greiða 25% upp að 3.000 kr. Það gerist með því að breyta þessum stjörnumerkta flokki þannig að hann sé ekki lengur fyrir lyf sem brýn nauðsyn er að nota heldur lífsnauðsynlegt er að nota.

Þá virðist það vera hugmynd manna að leggja niður lyfjaskírteini en lyfjaskírteinið hefur veitt sjúklingum aðgang að ódýrari lyfjum heldur en almennt gerist. Ef lyfjaskírteinin leggjast af eykst kostnaðarhlutdeild sjúklinga aftur.

Með þessum breytingum á að spara um 430 millj. kr. og eitt af því sem þarna kemur inn í, sem sagt ekki bara það að færa lyf á milli flokka og auka hlut sjúklings í lyfjagreiðslum, er líka sú hugmynd að taka upp 500 kr. gólf, þ.e. þó sjúklingur kaupi lyf sem á að vera ódýrara en 500 kr. þá borgi hann aldrei minna en 500 kr.

Það hefur komið fram í viðtölum nefndarmanna við apótekara og lyfjafræðinga að þeir óttast að þetta skekki samkeppnina, þ.e. nú skiptir ekki máli hvernig lyf er verðlagt, sem er undir 500 kr., eða hvort hlutdeild sjúklingsins á að vera undir 500 kr., vegna þess

að sjúklingur greiðir aldrei minna en 500 kr. og þar af leiðandi sé þessi mjög vinsæla kostnaðarvitund — sem alltaf er verið að virkja hér á þingi í hvert eitt sinn sem þessum lögum er breytt, þá er alltaf verið að virkja kostnaðarvitundina, að sögn ráðamanna, — að með þessari aðgerði yrði þessi svokallaða kostnaðarvitund tekin úr sambandi vegna þess að það skiptir engu máli hversu ódýrt lyf er vísað á, það eru alltaf 500 kr. sem greiddar eru.

Inn á fund heilbr.- og trn. komu bæði fulltrúar frá ASÍ og BSRB og þeim var þessi breyting í lyfjunum mikill þyrnir í augum og fulltrúi ASÍ hélt því fram, ef ég man rétt, að kostnaðarhlutdeild sjúklings mundi aukast um 65% við þessa breytingu, þ.e. lyfjakostnaður mundi aukast um 65% hjá almenningi við þessa breytingu. Mér fannst vera ansi þungt hljóðið í fulltrúum ASÍ í nefndinni og mikill urgur í þeim og þeir sögðu: Við gengumst inn á það fyrir fjórum mánuðum síðan að vinna með ráðherra að nýrri lyfjareglugerð, það eru ekki nema fjórir mánuðir síðan við gengumst inn á það og við höfum verið að taka þátt í þessu starfi. Núna kemur ráðherra og ætlar að gera á þessu gagngera breytingu og kippir öllum forsendum undan því samstarfi sem við höfum átt. Nú er þetta samstarf orðið einskis virði og til lítils fyrir ASÍ að vera að leggja einhverja vinnu í þessi mál.

Mér finnst, eftir að hafa hlustað á þennan fulltrúa ASÍ, og eftir að hafa fylgst með hvernig ríkisstjórnin hefur staðið að málum, eins og hún sé vísvitandi að storka verkalýðshreyfingunni í öllu sem hún gerir. Það eru lagðar fram einhverjar hugmyndir um aðgerðir í efnahagsmálum fyrir ASÍ-þing og menn eru að fjalla um þetta. Á síðustu stundu er þessum aðgerðum öllum breytt og gengið m.a. í það að lækka persónuafsláttinn sem er þó kannski eitt af því sem hefur verið heilög kýr hjá verkalýðshreyfingunni. Hún hefur staðið mjög mikinn vörð um hann og lagt mikla áherslu á að skattleysismörkin verði hækkuð vegna þess að það komi hinum tekjulægstu til góða. Því sýnist mér að það sé vísvitandi verið að storka verkalýðshreyfingunni með því að ganga alls staðar gegn því sem í rauninni hefur verið samið um við hana eða hefur verið þegjandi samkomulag við hana um að hrófla ekki við og það sé verið að sýna henni hver valdið hefur.

Um þessa lyfjareglugerð er annars það að segja að það kom mjög skýrt fram hjá lyfjafræðingum í nefndinni að þeim fyndist að þetta skapaði mikla óvissu. Þessar stöðugu breytingar á lyfjareglugerð gerðu það að verkum að menn færu út í það að hamstra þriggja mánaða lyfjaskammt í hvert eitt sinn sem gerði það aftur að verkum að það væru ýmis lyf sem alls ekki væru notuð en það gæti varla talist hagkvæmt fyrir samfélagið að menn væru að hamstra og kaupa lyf sjálfum sér og Tryggingastofnun til mikils kostnaðar án þess að síðan væri þörf fyrir það eða þau lyf notuð.

Það kemur fram í nál. okkar, sem mér finnst vera mjög athyglisvert og ég hafði einhvern veginn ekki gert mér grein fyrir eða haldið til haga, að það er búið að breyta lyfjareglugerðinni fimm sinnum á einu og hálfu ári eða frá því að þessi ráðherra sem nú situr á stól heilbr.- og trmrh. settist þar. Það er búið að breyta henni, þ.e. það er búið að setja reglugerð og gera á henni fjórar breytingar á einu og hálfu ári. Þetta er sem sagt fimmta breytingin sem við stöndum núna frammi fyrir á því hvernig fólk á að borga fyrir lyfin sín. Svo eru menn að tala um kostnaðarvitund, að virkja kostnaðarvitundina. Hvernig í ósköpunum á að vera hægt að halda einhverjum áttum í því hvað hlutirnir kosta þegar verðlaginu er breytt fimm sinnum á einu og hálfu ári? Það átti að vera einn helsti kosturinn að ná niður verðbólgunni að verðlag yrði stöðugt og menn gætu gert sér grein fyrir því hvað hlutirnir kostuðu. Það hefur að vissu marki tekist og menn tala mikið um stöðugleika og það sé mjög mikilvægt að stöðugleiki haldist en á sama tíma róta þeir sífellt í öllum forsendum í heilbrigðiskerfinu, æ ofan í æ. Maður veit ekkert hvað maður á að borga fyrir tannlæknaþjónustu frá einu ári til annars og maður veit ekkert hvað maður á að borga fyrir lyf frá einum mánuði til annars, vil ég segja, og maður veit ekkert hvað maður á að borga fyrir þjónustu lækna frá einu ári til annars. Þannig er sífellt verið að breyta forsendunum og svo er talað um kostnaðarvitund. Það er ekki nokkur leið að halda í þá vitund við þessar aðstæður.

Tannlækningar er hlutur sem ég gerði nokkuð að umtalsefni í 1. umr. Ég veit ekki hvort þingmenn hafa orðið varir við það að ég hef aðeins verið að hnotabítast við tannlækna og þeir við mig út af þeim ummælum sem ég lét þá falla. Ég get kannski sagt að það var ekki ætlun mín með þeim orðum, þó mér hafi hitnað í hamsi og kannski tekið stórt upp í mig, að gefa, svo maður segi það gróft, út eitthvert veiðileyfi á tannlækna, að öllum væri heimilt að ráðast á þann tiltekna hóp. Ég er í sjálfu sér andvíg því að vera að taka heilar stéttir eða hópa fyrir og vega og meta og dæma og mér finnst allt of mikið gert af því. Ég held að við þingmenn verðum einmitt ansi oft fyrir þeirri reynslu sem er kannski ekkert mjög skemmtileg. Það var ekki ætlun mín í sjálfu sér með þeim ummælum sem ég lét falla. Hins vegar hlýtur það að vekja athygli hversu mikil aukning hefur orðið í hinum svokölluðu skorufyllum hjá tannlæknum, eða um 43% hjá einkatannlæknum á einu ári. Þeir hafa útskýrt þetta með því að það hafi orðið fjölgun hjá þeim í skoðunum um 15%, þ.e. það hafi komið til þeirra fleiri börn en áður, og með því að skorufyllur séu notaðar meira en áður sem forvörn í tannlækningum — þeir tala um að það sé ekki óeðlilegt að það séu þrjár skorufyllur á nýjan sjúkling — og þar af leiðandi ef það er 15% aukning í sjúklingum þá sé ekki óeðlilegt að það sé 43% aukning í skorufyllum.

Þetta kann út af fyrir sig að vera eðlilegt og það sýnir sig að það er sama tilhneiging í gangi hjá skólatannlæknum, eða svo virðist vera. Þar hefur orðið lítils háttar aukning samkvæmt úttekt sem gerð var í þremur skólum á skoðunum, en það hefur orðið 36% aukning í skorufyllum í þessum þremur skólum. Reyndar átta ég mig ekki alveg á þessum tölum vegna þess að ég get ekki alveg skilið hvernig það getur bæði orðið fjölgun hjá skólatannlæknum í Reykjavík og

fjölgun hjá einkatannlæknum. En ég tek það fram að þessi úttekt varðar aðeins þrjá skóla og það getur verið að heildarmyndin líti öðruvísi út ef hún er öll skoðuð og það hafi orðið einhver fækkun í heildina. En a.m.k. er alveg óskiljanlegt ef fjölgar svona skoðunum bæði hjá skólatannlæknum og tannlæknum sem skoða skólabörn úti í bæ vegna þess að ekki hefur börnunum fjölgað, svo mikið er víst.

En það er greinilegt að það er miklu meira farið að nota þessar svokölluð skorufyllur en áður og þá hlýtur maður líka að spyrja sig þeirrar spurningar hvort þessar skorufyllur séu nauðsynlegar. Það virðist vera í læknisfræðinni, hvort sem það eru tannlækningarnar eða annars staðar, að um leið og einhver tækninýjung kemur til sögunnar þá verði sjálfkrafa að nota hana og þá er greinileg tilhneiging í þá átt að nota þessar aðgerðir allt of mikið. Mér sýnist það vera með skorufyllurnar vegna þess að við sjáum að það hefur orðið bylting í tannheilsu í landinu á undanförnum árum og það hefur ekki síst orðið fyrir tilstilli tannhirðu, fræðslu og flúornotkunar. En þessi gjörbylting gerist í raun áður en farið er að nota þessar svokölluðu skorufyllur í sama mæli og nú er.

Þetta kemur m.a. fram í bréfi frá borgarlækni í Reykjavík, Skúla Johnsen, en hann leggur þar mikla áherslu á að þessi gjörbylting sem hafi orðið í tannheilsu sé ekki síst þessum þáttum að þakka. Hann segir sem sagt að flúorlökkun og skorufyllur hafi ekki komið til notkunar hér á landi sem nokkru nemi fyrr en árin 1987 og 1988 og hann segir að það hafi ekki valdið þessum straumhvörfum í tannheilsu sem þegar hafi verið farið að gæta. Ég held að það skipti verulegu máli í þessu sambandi að ná niður tannskemmdum og það eru forvarnirnar og þess vegna finnst mér mjög mikilvægt að forvarnir séu ókeypis. Mér finnst það vera rétt pólitísk stefnumörkun að forvarnir séu ókeypis en það sé síðan greitt fyrir viðgerðarþáttinn.

Mér finnst mjög miður að það skuli nú vera komið hér og gerð breyting á lögum sem samþykkt voru á þingi fyrr á þessu ári um kostnaðarþátttöku foreldra í tannlækningum, vegna þess að það er ekkert farið að reyna á þessi lög. Það má segja að þau hafi varla komist til framkvæmda fyrr en sl. haust og þetta eru þá orðnir 3–4 mánuðir sem reynt hefur á þessi lög sem menn ætla nú að breyta öðru sinni. Og aftur kem ég að þessum hringlandahætti í heilbrigðis- og tryggingakerfinu. Hvernig á maður að skilja það sem foreldri barns í grunnskólum Reykjavíkur þegar barnið kemur heim með bréf í haust þar sem er nákvæmlega tíundað hvernig skólatannlækningum sé háttað, hvað maður eigi að borga, hvernig maður eigi að ákveða hvar barnið eigi að vera í tannlækningum, hvort það er hjá skólatannlækni eða á einkastofu úti í bæ og hver kostnaðarþátttakan sé þá í hvoru tilviki. Þetta gerðist í september í haust að barn kom heim með svona bréf. Núna aftur um áramótin þá á að breyta þessu og á að senda öll börn aftur heim með ný bréf. Eiga foreldrar allir aftur að ákveða hvernig þeir ætla að skrá börnin sín? Hvað ætla menn að gera við þá skráningu sem þegar hefur átt sér stað? Hún er þá væntanlega ónýt og það þarf að byrja allt upp á nýtt. Þetta verður auðvitað til þess að fólk hættir bara að treysta þessu kerfi. Hvaða þýðingu hefur að vera að senda inn einhver bréf um það hvar maður ætlar að hafa barnið sitt í tannlækningum? Það þjónar ekki nokkrum einasta tilgangi, það er alltaf verið að breyta þessu. En það hlýtur að vera mikið atriði, einmitt fyrir tryggingakerfið og heilbrigðiskerfið, að þessi skráning sé í lagi, að það sé alveg ljóst hvar barnið á að vera í tannlækningum. En það er sem sagt búið að kippa þessari skráningu úr sambandi og fólk þarf að ákveða upp á nýtt hvernig það ætlar að haga þessum hlutum.

Áður en ég vík hér úr ræðustól, virðulegi forseti, þá langar mig aðeins að nefna aldraða, vegna þess að mér finnst það hafi kannski ekki verið nægileg áhersla á það hér að það er líka verið að auka tannlæknakostnað á öldruðum. Áður fengu allir sem njóta tekjutryggingar greitt 75% af tannlæknakostnaði sínum við annað en brýr og gullfyllingar og annað slíkt. Aðrir fengu 50% greitt af þessu. Núna er gerð sú breyting að bara þeir sem njóta óskertrar tekjutryggingar fá 75% greitt niður, þeir sem njóta skertrar fá 50%, en aðrir verða að greiða sínar tannlækningar að fullu. Þá gildir þetta ekki um gullfyllingar eða brýr og það er í sjálfu sér ekkert nýtt við það í þessu máli. En mér finnst að þetta sé hlutur sem verður að fara að taka til endurskoðunar vegna þess að í rauninni nýtist þessi niðurgreiðsla mjög takmarkað því fólki sem hefur barist við og tekist að halda í sínar eigin tennur. Ef það lætur rífa úr sér og fær sér falskar tennur þá fær það niðurgreiðslu en ef það rembist við að halda í sínar tennur og lappa upp á þær með gullfyllingum og brúm og ýmsu slíku sem tilheyrir þá er engin niðurgreiðsla.

Það eru náttúrlega alltaf að koma fleiri og fleiri inn í hóp aldraðra sem eru með sínar upprunalegu tennur, sem betur fer, og þá hljóta menn að þurfa að fara að taka á þessum hlutum líka.

Almennt vil ég segja um þetta frv., forseti, að mér finnst að á bak við það búi engin göfug heilbrigðismarkmið heldur sé þarna fyrst og fremst um það að ræða að reyna að spara einhverja aura. Það þarf í sjálfu sér alls ekkert að vera vanheilagt að vilja að spara, síður en svo, en eins og ég sagði áðan þá sakna ég þess að aldrei skuli tekið uppbyggilega á þessum heilbrigðis- og tryggingamálum milli fjárlaga. Það er alltaf verið að gera breytingar í þessum málaflokki í einhverju hendingskasti rétt fyrir afgreiðslu fjárlaga, lítt hugsaðar og lítt unnar. Slíkar breytingar, eins og mér finnst ég hafa séð í þessum málaflokki undanfarin tvö ár, leiða ekki til sparnaðar fyrir samfélagið í heild heldur fyrst og fremst til sparnaðar fyrir ríkissjóð. Breytingarnar felast öðru fremur í því að flytja kostnaðinn frá ríkissjóði, í þessu tilviki yfir á fjölskyldurnar í landinu og þar af leiðandi er ekki um heildarsparnað að ræða.

Þær aðgerðir sem upphaflega voru lagðar til í frv. hafa nú verið mildaðar í nefnd en engu að síður finnst mér ekki hægt að fallast á þær breytingar sem meiri hlutinn leggur til vegna þess að þar með væri maður að gangast inn á þau vinnubrögð að fyrst geti ráðherrar

komið og gert verulegan usla í einhverjum málaflokki og hrætt alla upp úr skónum. Síðan koma einhverjir góðir menn í einhverri nefnd í þinginu og lappi aðeins upp á þetta og þá verða allir svo fegnir að eitthvað hafi verið gert til að lagfæra þessa vonsku ráðherrans að það sé um að gera að sætta sig við það sem út úr því kemur og una við þá niðurstöðu sem þó er ekki góð. Ég get ekki tekið þátt í slíkum vinnubrögðum og ég styð því hvorki breytingartillögurnar sem hér eru lagðar fram né frv. Ég hlýt að segja það að lokum, ég ætla að leyfa mér það, nú eru allir kjarasamningar lausir um áramót eða menn eru óðum að segja upp kjarasamningum og það kemur vonandi til samningaviðræðna fljótlega, að verkalýðshreyfingunni takist nú að hrinda einhverjum þeim árásum sem gerðar hafa verið á kjör almennings í landinu að undanförnu. Ekki bara með þessu frv., það er kannski ekki stóri þátturinn í þessu, heldur ekki síður og enn frekar með skattfrumvarpinu sem hér hefur verið samþykkt.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir ýmsar athyglisverðar ábendingar. Þó var einn þáttur í ræðu þingmannsins sem ég kemst ekki hjá að fara nokkrum orðum um en það var þegar hún ræddi um hina heilögu kú, persónuafsláttinn. Eins og kunnugt er þá var sú breyting gerð í meðförum mála hér á hinu háa Alþingi að fallið var frá hugmyndum um breytingu á barnabótum og barnabótaauka en þess í stað lækkaður persónuafslátturinn.

Ég hlustaði með athygli á hv. þm. þegar þingmaðurinn flutti ræðu sína þann 11. des. og ætla að leyfa mér að vitna til nokkurra orða sem hv. þm. sagði, með leyfi forseta:

„Það er útmetinn hópur sérstaklega sem verður fyrir þessari ríkisstjórn, það er barnafólkið. Það er markhópurinn sem nú á endilega að ná í. Ég held að enginn geti mótmælt því að það er verið að hækka skatta á barnafólki með þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin stendur núna fyrir."

Síðan segir þingmaðurinn: „Það er nákvæmlega sama hægt að færa upp á persónuafsláttinn eins og barnabæturnar, söm er gjörðin. En af hverju gera menn það ekki?" spyr þingmaðurinn. „Af því það er pólitískt svo erfitt" svarar þingmaðurinn. „Vildu menn standa hér og leggja það til að persónuafslátturinn væri lækkaður?" spyr þingmaðurinn og hann svarar sjálfum sér: „Ég held að menn hafi metið það þannig að það væri svo erfitt pólitískt og þess vegna er tekinn út svona hópur."

Síðan segir þingmaðurinn orðrétt: „Það er undarlega auðvelt í þessu samfélagi að hræra í framfærslukostnaði barna. En þegar ég segi þetta með persónuafsláttinn þá er ég að benda mönnum á að það er sama gjörðin sem er verið að gera, þ.e. hvort menn fara og ráðast á persónuafsláttinn eða barnabæturnar. Þar með er ég ekki að leggja til að sú leið verði farin. Það er ekki mín skoðun í þessu máli," segir þingmaðurinn að vísu en bætir svo við „heldur er ég að benda þeim á að það væri í rauninni miklu réttlátari aðgerð að láta þetta ganga yfir alla, barnafólk sem barnlausa."

Þetta sagði hv. þm. þann 11. des. og ég vek athygli á að þarna vekur hv. þm. athygli á því hvort það eigi ekki heldur að taka upp lækkun persónuafsláttar frekar en breytingu á barnabótum og barnabótaauka. Það hefur verið gert þannig að það var hlustað á rök hv. þm. í þessu efni.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta segir ráðherra annaðhvort af stráksskap eða þá hann les ræður mínar og hlustar á þær eins og andskotinn biblíuna. Ég sagði „söm er gjörðin", virðulegur ráðherra, „söm er gjörðin" og hún er söm. Það þýðir ekki að ég hafi lagt þetta til eins og kemur reyndar skýrt fram í ræðu minni og ég telji að það sé gott, en söm er gjörðin. Ég tel að ólíkt meiri manndómur felist í því þó að koma og leggja þetta yfir alla og ég er alveg sannfærð um að það vekur miklu harðari viðbrögð úti í samfélaginu, þetta snertir jú miklu fleiri og það er mun líklegra að við náum upp öflugri baráttu gegn þessu heldur en gegn skerðingu barnabótanna. Að því leytinu til finnst mér það ekki verri kostur pólitískt að þetta skuli hafa verið niðurstaðan í nefnd. En ég sagði, og það kom skýrt fram, að þetta væri ekki mín tillaga heldur væri ég að benda á að söm væri gjörðin. Þarna væri þá verið að sækja í persónuafslátt allra, hækka skatta allra með því móti. Hin leiðin sem fara átti, að krukka í barnabæturnar, hefði einungis lent á barnafólkinu og það er einhvern veginn svo undarlega létt að höggva alltaf í þann knérunn. Mér virðist sem mótmælin við því séu ekki mjög öflug.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það geti varla verið rétt skýring hjá hv. þingmanni að hann hafi vakið athygli á þessu af því að hann hafi haldið sig með því getað platað ríkisstjórnina til þess að geta valið óvinsælustu aðgerðina af þeim sem til boða stæðu. Hv. þm. spyr af hverju þetta var ekki gert og hv. þm. svarar að það sé vegna þess að það sé svo pólitískt erfitt. Hv. þm. tekur það að vísu fram að hann sé ekki að leggja þetta til, hann er bara að vekja athygli á þessu, en hann lýkur orðum sínum með því að segja: Ég er að benda á að það væri í rauninni miklu réttlátari aðgerð að láta þetta ganga yfir alla, barnafólk sem barnlausa.

Hv. þm. vekur athygli á þessu vegna þess að hv. þm. telur, að eigin sögn, að þetta sé miklu réttlátari aðgerð. Og kemur svo eftir á þegar hv. þm. verður var við það að á hann hefur verið hlustað og segja það að þarna hafi hv. þm. eingöngu verið að koma fram með hugmynd til þess að plata ríkisstjórnina til þess að velja verri kostinn af tveimur, kost sem hv. þm. lýsir sjálfur þannig að sé miklu réttlátari aðgerð heldur en sú aðgerð sem fólst í tillögum ríkisstjórnarinnar.

Ég vek bara athygli á því, virðulegi forseti, að í þessu efni hefur verið hlustað með fullri athygli á orð

hv. þm. og sú leið sem hv. þm. taldi að væri miklu réttlátari.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ja, mikið er vald mitt hér í þinginu ef ég get með því að setja slíkar tilvísanir í orð fengið heila ríkisstjórn og tvo stjórnarflokka til þess að breyta um afstöðu í svona stóru máli. Þá er mitt vald orðið mikið og eins gott að fara að hugsa sinn gang í þinginu.

Ef menn hlusta svona grannt eftir því sem ég segi þá vil ég spyrja hvers vegna í ósköpunum standi á því að þeir taki þá ekki allan pakkann. Af hverju fluttu þeir ekki þessar 500 millj. sem þeir spöruðu þarna, þær hafa að vísu minnkað eitthvað í meðförum, í mæðralaununum og feðralaununum og fluttu þær yfir í barnabótaaukann? Það þýðir náttúrlega ekkert að koma hér og segja: Við tókum þínar hugmyndir vegna þess að þær voru svona góðar og gerðum þær að okkar. Þetta er auðvitað eins og hver annar útúrsnúningur. Það veit ráðherrann vel enda stendur hann með stráksglott á vörum undir vegg. Hann hefði þá átt að taka fleira af því sem ég lagði til, taka allan pakkann, vegna þess að annars er auðvitað ekkert réttlæti í þessu, virðulegur ráðherra. Og ég legg á það áherslu, ég sagði „söm er gjörðin" og hún er söm og ég segi, það er þá meiri pólitískur manndómur í því fólginn að ganga á alla heldur en að taka einn útmetinn hóp eins og barnafólk og ráðast á hann ár eftir ár í þinginu. Það er þó meiri pólitískur manndómur. En mesti manndómurinn hefði verið sá að hækka persónuafsláttinn og hækka skattprósentuna. Það hefði verið sú aðgerð sem mesti manndómur hefði verið að og hefði verið sanngjörnust fyrir alla aðila.

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Ég veit ekki hvort það er við hæfi að dást að hæstv. heilbr.- og trmrh. Ég held það sé ekki við hæfi, en ég ætla hins vegar að leyfa mér að gera það, ég tel að hann hafi náð lengra í ósvífni en ég hef nokkurn tímann áður séð á Alþingi og gert það af mikilli snilld.

Hann komst að þeirri niðurstöðu að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefði flutt tillögu um lækkun persónuafsláttar. Það var alveg ótrúlegt afrek, alveg ótrúlegir loftfimleikar hjá hæstv. ráðherra í því efni, og það minnir á gamla aðferð í rökfræði sem menn þekkja kannski einhverjir hér inni, það er þessi gamla aðferð sem er með þessum hætti: A er ekki B. C er ekki B. Þess vegna er A C. Það er það sem hæstv. ráðherra er í raun að segja, að þar sem A er ekki B og C er ekki B þá hljóti A og C að vera það sama. (**Heilbrrh.:** Þetta stóð ekki í neinni flottri rökfræði, hv. þm.) Þetta stóð ekki í neinni bók um rökfræði en þetta var nefnt sem dæmi í rökfræði, í löngum rökfræðiútlistunum, þar sem sýnt var fram á fjarstæðunálganir af ýmsu tagi og það var þetta sem hæstv. ráðherra var að gera hér af alveg ótrúlegri kúnst áðan, verð ég að segja virðulegi forseti. (**ISG:** Það stendur ekki allt í bókum ....) Svo er það nú líka til að það standi bara eitt og annað, jafnvel í þingskjölum t.d.

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að rekja þetta mál og í fyrsta lagi að vísa til þess sem hv. þm. stjórnarandstöðunnar, Finnur Ingólfsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hafa hér rakið fyrir okkar hönd sem höfum starfað í heilbr.- og trn. en ég hef unnið þar fyrir Alþb. í þessari lotu þó ég eigi þar ekki sæti að öðru leyti.

Það sem ég vildi aðallega víkja að eru fjárhagsþættir þessa máls, hinir almennu fjárhagsþættir þessa máls, og velta því fyrir mér hvernig þeir koma hugsanlega út. En ég ætla áður að fara örlítið og örstutt yfir efnisatriði frv. sjálfs og þá fyrst varðandi meðlögin og barnalífeyrinn.

Það liggur auðvitað ljóst fyrir að verið er að minnka þær greiðslur sem fólk fær, hvort sem einstæðir foreldrar eru með eitt barn, tvö börn eða þrjú. Og það er ekki þannig að það sé verið að auka þá fjármuni sem einstæðir foreldrar hafa handa á milli samkvæmt þessu og í gegnum almannatryggingakerfið, það er ekki verið að því. Það er í raun og veru verið að taka meðlagakerfið og það er verið að nota meðlagakerfið til að rukka fyrir ríkissjóð. Ég geri ráð fyrir því að heilbrn. og heilbrrh. hafi sést yfir það verkefni hvernig í ósköpunum við getum náð þessum 600 millj. sem okkur var ætlað að spara eina nóttina fyrir fáeinum vikum. Og það er auðvitað ljóst mál að sá hópur, sú leið, sem felst í meðlagakerfi Innheimtustofnunar sveitarfélaga, er einhver harðasta innheimtuleiðin sem hugsast getur. Þess vegna er út af fyrir sig frá því sjónarmiði að menn ætli að ná sér í peninga, hvað sem tautar og raular, auðveldast að fara þessa leið. Það hefur verið orðað þannig að menn hafi ekki viljað gefa veiðileyfi á tannlækna. Ég vil segja í þessu sambandi, það hefur verið tekin um það ákvörðun að gefa út veiðileyfi á þá sem greiða meðlög. Það á að taka þá og láta þá borga og snúa upp á handlegginn á þeim hvað sem það kostar. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að ég tel ekki að sá málflutningur, sem uppi hefur verið um hækkun meðlaga almennt og almenn rök fyrir því, eigi við í þessu sambandi. Það er ekki verið að auka þá fjármuni sem móðirin í flestum tilvikum hefur handa á milli, það er ekki verið að auka þá fjármuni. En það er verið að nota skjólið af innheimtukerfi meðlaga og því að a.m.k. einn stjórnarandstöðuflokkur hefur flutt tillögur um hækkun meðlaga. Það er verið að nota skjólið af þessu tvennu til þess að hækka meðlög, til þess að auka tekjur ríkissjóðs. Það er ekkert annað hér á ferðinni. Það er verið að nota hið harkalega innheimtukerfi Innheimtustofnunar sveitarfélaga og þau lög sem þar eru, til þess að rukka fyrir ríkissjóð. Það er auðvitað ástæða til þess að mótmæla því mjög harðlega, virðulegi forseti, hvernig á því máli er haldið.

Ég held að menn þurfi að gera sér grein fyrir því að þarna eru menn komnir yfir öll mörk. Það er alveg augljóst mál að það verður ekki ráðið við að innheimta þessi meðlög með þeim hætti sem menn hafa gert á undanförnum árum eftir að þau eru orðin eins há

og hér er verið að gera tillögu um.

Ég tel með öðrum orðum að hér sé ekki það á ferðinni að menn geti rökstutt þetta með því að það sé verið að hækka hlut annars foreldris í kostnaði forræðisforeldris við framfærslu barns. Það er ekki hægt að nota þau rök hér, þau eiga ekki við, vegna þess að það sem er fyrst og fremst hér á ferðinni er að það er verið að láta Innheimtustofnun sveitarfélaga rukka meðlagsgreiðendur með sérstaklega harkalegum hætti.

Út úr þessu kemur það, að því er ríkisstjórnin heldur fram, að það eiga að nást, samkvæmt yfirliti frá heilbrrn., svo mikið sem 410 millj. kr. og þar af eiga svo þessir einstæðu feður að greiða, sýnist mér, u.þ.b. 250 millj. kr. eins og þetta er sett hér upp, 250–300 millj. kr.

Ég verð sem sagt að segja það, virðulegi forseti, ég tel að þessi leið sé í raun og veru ekki boðleg, það eru engin rök fyrir henni. Það er ekki verið að bæta hag þessara mæðra, *hann batnar ekki um eina einustu krónu*, hann versnar yfirleitt ef eitthvað er. Þannig að ég vísa því á bug þeirri röksemd að verið sé að bæta hag þessara barna sem hér um ræðir, það er ekki svo.

En síðan kemur að öðru atriði og þá kem ég að fyrstu spurningunni í ræðu minni til hæstv. heilbr.- og trmrh. sem er þessi. Það er gert ráð fyrir því, eða var, að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga yrði að borga, ef frv. yrði samþykkt eins og það var í upphafi, 350 millj. kr. til viðbótar því sem hann borgar í barnsmeðlög og þar með færi það upp í 600 millj. kr.

Núna fæ ég það út með einföldum líkindareikningi og eftir samtöl við forráðamenn Sambands ísl. sveitarfélaga eða Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að þessi tala í vanskil verði ekki 600 millj. kr., sem Jöfnunarsjóðurinn þurfi að borga, heldur 500 millj. kr. Þá vil ég spyrja hæstv. heilbrrh.: Hver á að borga mismuninn á þessu 500 millj. og 300 millj. kr. þaki? En þannig var að Sambandi ísl. sveitarfélaga var lofað því að það yrðu aldrei meira en 300 millj. kr. greiddar í þessu meðlagakerfi. Hver á að borga þessar 200 millj.? Þær eru ekki á fjárlögum ársins 1993. Hvar lenda þessar *200 millj. sem þarna er um að ræða? Ég sé ekki betur* en þetta sé upphæð sem er munaðarlaus og er í vanskilum, svo að segja, og eigi eftir að ganga frá því hvar hún lendir, á hverjum hún lendir.

Ég tel að staðan sé þannig varðandi fyrstu greinar frv. að það sé ekkert annað að gera fyrir stjórnarandstæðinga en að leggjast gegn þeim breytingum sem þar er verið að gera tillögur um.

Samkvæmt upplýsingum sem við höfum er talað um að það séu 15.903 börn sem nú er greitt með meðlag og hækkunin er 3.732 kr. Hækkunin er með öðrum *orðum um 600 millj. kr. á ári sem þarna á sér stað* og ég endurtek, hér tel ég að ekki sé um að ræða meðlagshækkun heldur eru valdir þeir einstaklingar sem eru í rosalegustu innheimtutaki í þjóðfélaginu yfirleitt. Enda orðaði hæstv. heilbrrh. það þannig, og mismælti sig sjálfsagt en það var dálítið lýsandi það mismæli, í fjölmiðlum fyrir nokkru: Já, en meðlög eru ekki innheimt hjá látnum mönnum. Ég hygg að þetta lýsi betur en flest annað innheimtukerfi Innheimtustofnunar sveitarfélaga, að þeir látnu sem hvíla í gröfinni eru ekki rukkaðir. Að öðru leyti eru menn hirtir hvar sem þeir eru. Þetta ýtir auðvitað undir svarta vinnu og alls konar vesen af því tagi, eins og forráðamenn Sambands íslenskra sveitarfélaga bentu okkur á í heilbr.- og trn.

Þetta er meginþáttur frv. sem hér liggur fyrir og á að skila um það bil einum þriðja af þeim niðurskurði sem að gert er hér ráð fyrir.

Annar þáttur þessa frv. lýtur að tilvísanakerfinu. Ég bendi á að í nál. minni hluta heilbr.- og trn. kemur fram að milli 1988 og 1990 hefur orðið lækkun á kostnaði af sérfræðingakerfinu um 33% á föstu verðlagi. Það er gríðarlega mikill árangur. Á sama tíma hefur veruleg fjölgun sérfræðinga átt sér stað. Hver gætu verið rökin fyrir því að taka upp tilvísanakerfið? Þau gætu í fyrsta lagi verið fjárhagsleg. Í sjálfu sér hef ég ekki enn þá séð að þar sé um að ræða verulegan sparnað í hendi fyrir heilbrigðisráðuneytið. Þó kann það að vera. En fyrir því að taka upp tilvísanakerfi eru hins vegar fagleg rök að mínu mati og þau eru tvíþætt. Í fyrsta lagi þau að það er skynsamlegt að sem stærstur hluti heilbrigðisþjónustunnar sé eins neðarlega á sérfræðiskalanum og mögulegt er. Það á ekki að stefna fólki inn í dýrar greinar læknisfræðinnar ef unnt er að leysa úr vandamálum þess neðar á þessum sérfræðiskala. Í öðru lagi eru það fagleg rök fyrir upptöku tilvísanakerfisins að mínu mati að með því er verið að skapa forsendur fyrir betra heildaryfirlit yfir heilsufar einstaklinganna en ella er kostur á þegar menn fara beint inn í þetta svokallað sérfræðingakerfi.

Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að það verði að láta það mál standa sem hér er gert ráð fyrir af heilbrrn. Ég mun ekki greiða atkvæði gegn þeim tillögum sem hér liggja fyrir af hálfu ráðuneytisins. Þó að ég telji að þær séu óljósar vil ég ekki leggjast gegn því að sú tilraun verði gerð að tilvísanakerfið verði lögleitt á nýjan leik. Með því móti telja menn hægt að spara 220 millj. króna eða svo. Ég segi hins vegar að ég dreg þá tölu mjög í efa sem er þriðjungur af þeim sparnaðarpakka sem hér er um að ræða.

Gert er ráð fyrir því að lyfin spari 440 millj. kr. Það er í fyrsta lagi með því að hækka hlutdeild sjúklinga úr 26% í 32%, sem mér sýnist að muni gefa um 210 millj. kr. Í öðru lagi með því að skera niður álagningu og knýja fram afslátt hjá apótekum sem menn telja að muni spara um 120 milljónir króna. Í þriðja lagi með því að spara í nýjum lyfjum, þ.e. að seinka því að ný lyf komi til greiðslu af hálfu tryggingakerfisins. Þó að lyfið hafi verið samþykkt sem lyf af lyfjayfirvöldum sé hægt að seinka því að tryggingakerfið borgi fyrir þetta lyf. Þar er um að ræða 50 millj. kr. Og í fjórða lagi er gert ráð fyrir því að spara um 50 millj. kr. á lyfjakostnaði dvalarheimila.

Ég vil aðeins staldra við þetta, virðulegi forseti, og segja að í fyrsta lagi er sennilega hægt að ná verulegum fjárhæðum með því einfaldlega að hækka hlut sjúklings. Mér sýnist það í sjálfu sér það einfaldasta í þessu. Ég tel líka líklegt að hægt sé að ná verulegum fjárhæðum með því að efna til ágreinings í lyfjaverð-

lagsnefnd, eins og hæstv. ráðherra hefur gert, og knýja þannig niður álagningu lyfja.

Ég tel hins vegar að það verði að staldra aðeins við þennan þátt sem lýtur að sparnaði í nýjum lyfjum. Ég tel að við séum komin út á mjög varasama braut ef fjárhagslegar ástæður eru látnar ráða því hvenær ný lyf eru tekin upp. Við erum komin þar að mjög viðkvæmum og flóknum, siðrænum, etískum spurningum: Hver á að ráða hvaða lyf er notað í hvaða tilviki? Ég nefni dæmi. Á síðasta ári var tekið upp á nýburadeild Landspítalans lyf fyrir fyrirburа sem notast þeim með þeim hætti að það styrkir getu lungnanna til þess að vinna súrefni fyrr en ella. Það er augljóst mál að þetta lyf eykur verulega líkur á því að fyrirburar lifi. Það dregur enn úr ungbarnadauða frá því sem er hér á landi, þar sem við erum þó betur stödd í þeim málum en, að ég hygg, nokkur önnur þjóð enn þá. Kostnaðurinn við þetta lyf, sem gjörbreytti lífslíkum fyrirburа, minnir mig að hafi verið um 20 millj. kr. Hvernig gengur það fyrir sig að það er ákveðið að taka upp í notkun nýtt lyf? Jú, það gengur þannig fyrir sig að yfirlæknarnir á nýburadeildinni ákveða að taka þetta lyf í notkun og stjórn Ríkisspítalanna fær reikninginn. Stjórn Ríkisspítalanna er aldrei spurð. Ég man að við ræddum það í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna hvort þetta væri eðlilegt fyrirkomulag eða ekki. Um það sýndist sitt hverjum.

Ég viðurkenni alveg að þarna er komið að ákvörðunum sem eru svo flóknar og erfiðar að það þarf að mínu mati að búa til ferli sem skapar möguleika til þess að halda okkur stjórnmálamönnum, ráðherrum eða öðrum slíkum, eins langt frá ákvörðuninni og nokkur kostur er. Það held ég eigi að vera sú almenna grundvallarregla, sem á að hafa í þessum efnum þannig að það komi helst aldrei til þess að spyrja þurfi ráðherra hvaða lyf á nota.

En það er alveg augljóst mál að sú hugmynd, sem hér er uppi um að spara við það að taka ekki inn ný lyf gengur út á það að fresta því að nýjungar verði teknar í notkun. Ég nefni þetta svo ítarlega, virðulegi forseti, vegna þess að ég vil brýna hæstv. heilbrrh. á því að þarna eru menn á mjög viðkvæmu sviði þar sem siðrænt, etískt mat verður að ráða úrslitum og þar geta hlutirnir auðvitað verið býsna flóknir og býsna erfiðir viðfangs fyrir stjórnmálamann, svo ekki sé meira sagt.

Þess vegna dreg ég í efa að sá sparnaður sem hér gert er ráð fyrir upp á 50 millj. náist á sama hátt og ég dreg í efa að sá sparnaður sem gert er ráð fyrir að ná í lyfjum upp á 50 millj. að því er varðar dvalarheimilin náist.

Samkvæmt útreikningum heilbrrn. er reiknað með því að í algengasta verðflokki lyfja frá sjónarmiði sjúklings fari hlutfallið upp í um það bil 34% þó að meðaltalið yfir línuna sé lægra vegna þess að fjöldinn allur af sjúklingum fær lyfin fyrir ekki neitt, eins og eðlilegt er. Það sem snýr að þeim sem borga er hins vegar hækkun úr um það bil 25,8% í um það bil 34,4% samkvæmt þeim drögum að reglugerð sem lágu fyrir í heilbrrn. fyrir nokkrum dögum.

Ef við tökum dæmið sem liggur fyrir frá heilbrrn. þar sem gert var ráð fyrir því að sjúklingarnir borguðu með tilteknum hætti í tilteknum pakka af lyfjainnkaupum 46,6 millj. kr. þá er núna verið að tala um það að upphæðin fari í 62,1 millj. kr. Þetta er veruleg hækkun, virðulegi forseti, frá því sem gert er ráð fyrir núna og í sumum tilvikum, eins og hagfræðingur Alþýðusambandsins hefur bent á, getur verið um að ræða hækkun hjá þeim sem sjaldan nota lyf um um það bil 60% ef þetta er reiknað með þeim hætti sem hagfræðingur Alþýðusambandsins gerði á þeim fundi sem hann mætti á með hv. heilbr.- og trn.

Eins og fram hefur komið hjá hv. þm. Finni Ingólfssyni er gert ráð fyrir að breyta verði á lyfjum í fimmta sinn í tíð núv. ráðherra. Það er fróðlegt að skoða sögu lyfjaverðsbreytinga, sem Dögg Pálsdóttir kom með, og er gaman fyrir okkur sem höfum undarlega ánægju af annálaritun að renna yfir það. Saga lyfjaverðsbreytinga er eitthvað um fjögur A-4 blöð og ekki rakin öðruvísi en það er stiklað á stóru og aðalatriðin nefnd. Þetta er um 20 ára saga. Fyrstu þrjár síðurnar eru 18–19 ár eða svo. Síðasta síðan, eða 25% af sögunni, er tími núv. hæstv. heilbrrh. Það hafa verið alveg gríðarlegar sviptingar í lyfjaverðsmálum í hans tíð og það er alveg augljóst mál að þær tilraunir sem hann hefur gert oft og tíðum í þessum efnum hafa mistekist. Þess vegna hafa menn reynt nýjar og nýjar og nýjar aðferðir. Ég hef ekkert meiri trú á þeirri aðferð sem hér er gerð tillaga um en á hinum aðferðunum. Ég óttast að hér sé verið að ganga inn á braut sem er ekki viðunandi og ég treysti mér ekki til þess að styðja þær hugmyndir sem hér eru uppi varðandi lyfin.

Í 7. gr. frv. er fjallað um tannlæknakostnaðinn sérstaklega. Þar hefur líka gengið á ýmsu. Í fjárlögum þessa árs var gert ráð fyrir því að tannlækningarnar ættu að kosta 804 millj. kr. En samkvæmt niðurstöðum stefnir allt í að þær kosti í kringum 1.000 millj. kr., fari um það bil 25% fram úr áætlun. Það þætti a.m.k. ekki góð áætlanagerð annars staðar í ríkiskerfinu, alla vega ekki hjá Ríkisspítölunum, svo ég nefni dæmi, þar sem menn eru að slást við 0,5–1% yfirleitt.

Nú er gert ráð fyrir breytingu á tannlækningunum einu sinni enn um 200 millj. kr., króna, eða um 190 millj. kr. Það var farið mjög rækilega yfir þessi mál í hv. heilbr.- og trn. Það voru fengnar upplýsingar frá sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins og farið yfir þetta alveg lið fyrir lið í Reykjavík og Kópavogi frá ágúst til október 1991 og frá ágúst til október 1992. Síðan fengum við upplýsingar um hvernig þetta er í skólunum. Ég ætla að koma aðeins að því. Það kom í ljós samkvæmt úttekt í þremur skólum, ef ég man rétt, að það var veruleg aukning í einum skóla, en engin í tveimur. Að jafnaði var þetta hverfandi aukning. Mér sýnist því allt benda til þess að það kerfi sem var ákveðið með lögunum í fyrra hafi gjörsamlega haldið í skólunum. Það kann að hafa farið úr böndunum annars staðar. Og ég segi kann, vegna þess að mér finnst nauðsynlegt að halda því til haga, að frá því að bandormurinn var samþykktur í janúar og þangað til núna hafa verið gerðar stórfelldar gjaldskrár-

breytingar sem enginn veit hvaða áhrif hafa haft. Þannig hafa stórir flokkar tannviðgerða og forvarnastarfs verið fluttir á milli gjaldskrárflokka og enginn veit hvaða áhrif það hefur í sjálfu sér. Það kemur t.d. fram, að það sem kallað er áfangaeftirlit eykst mjög verulega. En á sama tíma kemur það fram að það sem kallað er „bite-wing", hver mynd, minnkar mjög verulega. Síðan eru tilfærslur á milli skoðunarflokka í flúor-lakki, flúor-penslun, skorufyllingum og eftirliti o.s.frv.

Niðurstaða *mín af þessari merkilegu lesningu, sem* er satt að segja alveg bráðgóð, ef ég má skjóta því inn í, virðulegi forseti, sérstaklega vegna þess að sum heiti eru á undarlega fallegri íslensku. Hér er mjúkfóðrun, sjöttungsauki, fjórðungsaðgerð. Þetta eru ilmandi falleg íslensk orð yfir þennan, mér liggur við að segja, hrylling hvernig tannviðgerðir eru flokkaðar í gjaldskrá. Þetta eru beinlínis ljóðrænir textar frá Tryggingastofnun ríkisins „og hefði þá enginn spáð því um Álftanes fyrr að ættjörðin frelsaðist þar", svo mikið er víst.

Niðurstaða mín er sú eftir að hafa skoðað þessa gjaldskrárflokka til og frá að það er ekki komin nein reynsla á þessi mál. Það er ekki hægt að styðja þessa brtt. eins og hún liggur hér fyrir. Auk þess er gert ráð fyrir því að hækka greiðslurnar fyrir börnin. Það er gert ráð fyrir því að breyta í grundvallaratriðum greiðslum hjá öldruðum og öryrkjum og ég mun greiða atkvæði gegn því. Ég tel ekki viðunandi að fara í þessa hluti með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Ég tel að við séum hér að stíga 20 ár aftur í tímann.

Það er kannski vert að geta þess að af þeirri tannverndarstefnu sem rekin hefur verið af heilbrigðisyfirvöldum síðustu 20 ár er niðurstaðan alveg ótrúlega góð. Tannskemmdum hefur fækkað stórkostlega á þessum tíma. Það er því greinilegt að hér hefur orðið stórfelldur árangur sem við erum að stofna í hættu með því að fara þessa kollsteypu með hæstv. ráðherra og þess vegna mun ég leggjast gegn henni.

Ég vil þessu næst, virðulegi forseti, rekja í örstuttu máli, hvernig mér sýnist að þetta frv. líti út í heild fjárhagslega. Það er í fyrsta lagi þannig úr frv., sem var í upphafi einar 18 greinar, er búið að henda einum tíu. (**Gripið fram í:** Niðurskurður.) Það er jákvæður niðurskurður. Eftir standa fáeinar greinar og sparnaður á nokkrum sviðum. Ég ætla aðeins að renna yfir það hvernig ég tel þetta standa.

Tillögur heilbrrh. gera ráð fyrir sparnaði upp á 1.540 millj. kr. Og ég verð að segja okkur stjórnarandstæðingum til hróss að það er ótrúlegt hvað okkur tókst að giska rétt á þessa tölu við 1. umr. málsins því talan sem ég var með þá var 1.544 millj. kr. og mér sýnist að skakki á því að hæstv. heilbrrh. metur sölu Samábyrgðarinnar núna á 170 millj. en áður á 174. (**ÖS:** Það sýnir hvað þú ert snjall.) Það sýnir hvað menn eru með góðar reiknitölvur í stjórnarandstöðunni. Það sem mér sýnist liggja hér fyrir er hugmynd um að skera 1.540 millj. kr. En slysatryggingarnar fara út. Það eru 50 millj. Meðlögin standa þannig að mínu mati að 200 millj. eru í óvissu umfram þakið hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Ég tel að sparnaðurinn í nýju lyfjum sé óviss. Ég tel að sparnaðurinn á dvalarheimilum sé óviss. Og Samábyrgðinni hefur verið hent út í bili. Af þessum 1.540 millj. sýnist mér að eftir standi 1.000 millj. Þá reikna ég með því þegar ég segi standi eftir að lyfjakostnaðarreglugerðirnar allar gangi upp. Ég dreg það stórlega í efa en við skulum segja að það gerist. Þá geng ég út frá því að það standi eftir með sérfræðilækningar og rannsóknir og það gefi þær 220 millj. sem menn eru að tala um. Og að útboðin gefi 60 *millj. sem enginn veit.* Ég held reyndar að það geti gefið mikið meira, satt best að segja. En það veit enginn nákvæmlega hvað þetta gefur. Menn eru að róa alveg gjörsamlega út í náttmyrkrið með þessar tölur.

Ég skil það út af fyrir sig vel að hæstv. heilbr.- og trmrh. vilji reyna að setja fram tölur með skýrum hætti og ég þakka honum fyrir það. Ég tel ástæðu til að þakka honum fyrir það. Ég hef ekki séð að aðrir fagráðherrar setji sína málaflokka upp með þessum hætti fyrir þingið. En ég verð að játa það, virðulegi forseti, að ég hef hæstv. heilbrrh. grunaðan um eitt. Og jafnvel þó það fari í þingtíðindi verð ég að láta það flakka. Ég hef hann grunaðan um að útmála þetta nokkuð bjartari litum séð frá sjónarhóli fjmrh. en efni standa til. Ég held að hæstv. heilbrrh. sé að plata fjmrn. upp á hálfan milljarð. Honum er auðvitað vorkunn þó hann reyni að plata fjmrn. upp á hálfan milljarð. Hann hefði kannski mátt vera minna viljugur að taka að sér að skera og spara en hann hefur verið og hefði átt að verjast fimlega. Eins og ég hef sagt áður finnst mér tíu fjmrh. sitja í ríkisstjórninni en fagráðherra vanti. M.a. finnst mér að vanti heilbrrh. sem ver þetta kerfi með kjafti og klóm hvað sem tautar og raular eins og kostur er.

En ég tel mjög auðvelt að sýna fram á að af þessum *1.540 millj. séu 510 gjörsamlega í loftinu.* Ég hef sýnt fram á það hér. Þá eru 1.000 eftir í meiri og minni óvissu. Ég tel með öðrum orðum að hér séu menn að leggja af stað með sparnað í heilbrigðiskerfinu sem er reiknaður 1.540 millj. en muni í besta falli skila um 1.000 millj. kr.

Samkvæmt almanakinu er það svo, virðulegi forseti, að frá og með þessum sólarhring mun daginn fara að lengja. Dagurinn í dag mun vera um tveimur mínútum lengri en dagurinn í gær. Ég geri út af fyrir sig ráð fyrir því að það birti í þessu áður en langur tími líður og menn sjái til þess að taka á þessum verkum ríkisstjórnarinnar. Ég er viss um að menn munu líka eftir því sem birtir á árinu sjá að margt af því sem hæstv. heilbrrh. er með hér í sparnaðartölum er haganleg blekkingarstarfsemi gagnvart fjmrn.

Aðalatriðið er þó, virðulegi forseti, að í heild er hér um að ræða háskalega atlögu að velferðarkerfinu. Á undanförnum árum höfum við mörg sem hér eigum sæti átt hlut í því að semja um það við verkalýðshreyfinguna að tiltekin félagslegur ávinningur yrði tryggður með lögum á móti kauphækkunum. Og verkalýðshreyfingin hefur aftur og aftur fallist á það að draga við sig kauphækkanir vegna þess að hún fengi félagslegan ávinning í formi lagasetninga af ýmsu tagi.

Menn hafa kallað þetta félagsmálapakka. Í þessum ávinningi birtast t.d. lög eins og lögin um Atvinnuleysistryggingasjóð, lögin um málefni aldraðra, lögin um málefni fatlaðra og almannatryggingalögin að verulegu leyti líka, t.d. fæðingarorlofið, svo nefnt sé dæmi.

Nú er hvort tveggja að gerast í senn að það er bæði verið að taka niður kaupið og þessa félagslegu ávinninga. Það er bæði verið að rífa niður velferðarkerfið og að taka niður kaupið. Þess vegna held ég að við stöndum núna frammi fyrir þeirri örlagaríku spurningu: Tekst verkalýðshreyfingunni í landinu að hrinda þeim ólögum sem hér eru flutt frv. um?

Samkvæmt því sem ég hef heyrt í fjölmiðlum, virðulegi forseti, þá stendur til að afgreiða hér í dag þetta frv. upp á 1.500 milljónir króna. Það stendur til að afgreiða hér í dag frv. um skattamál upp á fleiri milljarða. Það stendur til að afgreiða hér frv. um aðstöðugjald upp á fleiri milljarða. Það er verið að færa til í þjóðfélaginu um það bil 8 til 10 milljarða kr. Verulegur hluti af þessu eru álögur á launafólk. Og ég spái því að allt árið 1993 muni fyrst og fremst snúast um það að reka þessar álögur til baka. Að reka ríkisstjórnina til baka með þær álögur sem gert er hér ráð fyrir, hvort sem það eru lyf, tannlæknakostnaður, sérfræðikostnaður, skerðing á barnalífeyri, eða hvað það nú er. Vegna þess að þetta eru líka kjör. Þetta er líka kaup. Þess vegna hlýtur verkalýðshreyfingin í landinu að leggja á það ofuráherslu á komandi mánuðum að reka ríkisstjórnina til baka með þær hugmyndir og tillögur sem hér liggja fyrir upp á milljarða króna í álögur á launafólk og skerðingar og niðurbrot á hinu almenna velferðarkerfi.

Virðulegi forseti. Í þessum tillögum sem hér liggja fyrir eru engar tillögur sem byggjast á faglegum sjónarmiðum í heilbrigðismálum nema ef vera skyldi tillagan um tilvísananirnar. Að öðru leyti eru þetta almennar tillögur fjmrn. og fjármálaráðstafanatillögur. Ég tel að tillögurnar um hækkanir á meðlögum séu ekki settar upp sérstaklega þannig að það sé af umhyggju fyrir þeim sem meðlögin fá. Enda njóta þeir sem hafa með börnin að gera ekki hækkana þegar upp er staðið í þessu efni. Hér er auðvitað verið að nota, eins og ég sagði áðan, innheimtukerfi Innheimtustofnunar sveitarfélaga til þess að ráðast á þá sem síst sleppa við að borga í þessu hrottalega innheimtukerfi Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Þessi hækkun kemur börnum ekki til góða.

Að lokum ætla ég að nefna fjögur atriði. Í fyrsta lagi eru eru engar tillögur um lagfæringar í heilbrigðismálum í frv. nema ef vera skyldi tillagan um tilvísanir. Í öðru lagi koma hækkanirnar skv. 1. og 2. gr. ekki börnunum til góða nema síður sé. Í þriðja lagi er sparnaðurinn óviss. Og í fjórða lagi, er samkvæmt frv. gert ráð fyrir óheyrilegu reglugerðarvaldi sem hæstv. heilbrrh. geti farið með eins og honum sýnist.

Útbýting þingskjals:

Samþykktir um stjórn sveitarfélaga, 282. mál, svar félmrh., þskj. 541.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa verið fluttar nokkuð ítarlegar ræður af hálfu talsmanna stjórnarandstæðinga og ekki nauðsynlegt að bæta þar miklu við. Ég vildi aðeins koma að fáeinum atriðum sem ég vildi leggja sérstaka áherslu á.

Fyrst er lagasetningin sjálf sem ég tel vera á nokkrum villigötum með þessu frv. Ég leyni því ekki að ég er afar ósáttur við lagasetningu af því tagi, sem víða í frv. er lagt til, að heimila ráðherra mjög víðtækt reglugerðarvald án þess að það reglugerðarvald sé afmarkað með skýrum hætti, annaðhvort með hámarki á þeim kostnaði sem velta á yfir á sjúklinga og aðra notendur eða með skilmerkilegum skilyrðum sem gera það ásættanlegt að ráðherra geti gefið út reglugerð innan þess ramma.

Við 1. umr. málsins gerði ég þetta að umtalsefni og benti á það víðtæka reglugerðarvald sem er í 2. gr. frv. Þar er bæði opið vald til ráðherra til að setja reglugerð um nánara ákvæði um greiðslu mæðra- og feðralauna. Og í öðru lagi er heimilt að tengja greiðslu bótanna við tekjur án þess að með nokkru móti sé skýrt hvernig sú tenging á að vera. Hér er um að ræða þvílíkt framsal á löggjafarvaldi til ráðherra að engu tali tekur. Ef menn ætla að ganga frá lagasetningu á þann veg að ljúka henni ekki til fullnustu og ætla ráðherra að reka smiðshöggið þar á verða menn að afmarka skilyrðin í lagasetningunni þannig að það sé ljóst í hvaða átt reglugerðin á að beinast.

Þá benti ég einnig á að í 6. gr. frv. er sams konar reglugerðarvald sem er opið. Þar er kveðið á um að fyrir hverja komu til sérfræðings samkvæmt tilvísun á að ákvarða gjald með reglugerð og ekki kveðið neitt á um það hversu hátt það gjald á að vera eða má vera, sem hlutfall af kostnaði. Enn fremur er kveðið á um að setja nánari reglur um notkun tilvísana með reglugerð. Þar tel ég það reglugerðarákvæði líka vera um of opið. Lagatextinn sem ætlast er til að Alþingi gangi frá að sinni er þannig langt frá því að vera fullmótaður og segja með skýrum hætti hvað löggjafarvaldið vill í þessum efnum.

Í þriðja lagi er í 6. gr. reglugerðarákvæði um kostnað sjúklinga vegna lyfja og þar er enn um allt of opna reglugerðarheimild að ræða að mínu mati þar sem ekki er kveðið á um það með skýrum hætti. hvernig afmarka eigi kostnaðarþátttöku.

Þá er í 7. gr. ráðherra veitt heimild til að setja gjaldskrá fyrir tannlæknaþjónustu aðra en tannréttingar. Sú gjaldskrárheimild sem ráðherra er veitt er of opin að mínu mati samkvæmt greininni, sérstaklega í 3. tölul. Þar er kveðið á um tannlækningar 16 ára unglinga og yngri og heimilt sé að greiða allt að 50% kostnaðar við gullfyllingar, krónur og brúargerð, samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Hér hefði ég viljað hafa fyrirmælin mun nákvæmari en gert er ráð fyrir í þessum lagatexta.

Ég tel að Alþingi eigi með því að því er ætlað að setja lög að láta koma skýrt fram hvaða stefnu menn vilja taka í þessum efnum, en ekki ganga frá þessu eins og hér er lagt til, bæði í 7. gr. og öðrum sem ég hef

upp talið, að fela ráðherra að fara með málið eins og honum þóknast. Má segja að verið sé að haga sér í lagasetningu eins og afhenda manni óútfyllta en undirritaða ávísun. Það gengur ekki að mínu mati og vil minna á að ég hef áður haft þessi sjónarmið uppi. T.d. um þetta leyti á síðasta ári, ég hygg nánar tiltekið nákvæmlega þennan dag, 22. des., þegar gengið var frá nýjum lögum um vatnsgjald sem sveitarfélög mega innheimta til að standa undir rekstri vatnsveitna. Þá deildi ég nokkuð á frv. eins og það lá fyrir eftir 2. umr. um gjaldtökuákvæðin og opna heimild ráðherra. Málið endaði þannig að það var tekið til nefndar aftur milli 2. og 3. umr. og á því gerðar breytingar sem komu til móts við mitt sjónarmið. Ég vildi, virðulegi forseti, aðeins rifja upp hvaða breytingar voru þá gerðar á þessum lögum. Það var einkum í 7. gr. laganna. Þar var í fyrsta lagi sett inn ákvæði sem afmarkaði gjaldtökuna, skilgreindi hvaða kostnaði gjaldið átti að standa undir og í öðru lagi setti hámark á álagningarstofninn, á hundraðshluta þess gjalds sem leggja átti á fasteignir. Þarna komu því tvær veigamiklar lagfæringar inn í löggjöfina. Í fyrsta lagi var afmarkað í hvaða skyni átti að leggja gjaldið á og hvaða kostnaði það átti að mæta og í öðru lagi var sett hámark á gjaldtökuna, þannig að löggjafarvaldið framseldi ekki gjaldtökuna til ráðherra óðruvísi en með tilteknu hámarki. Þessar breytingar gerðu það að verkum að mínu mati að það var ásættanlegt að standa að því.

Ég tel að svipaðar breytingar ætti að gera á þessu frv. sem hér liggur fyrir hvað varðar reglugerðarheimildir. Þó að mér sé ljóst að það hafi í gegnum árin verið tilhneiging til þess, a.m.k. af hálfu ráðherra, sumra hverra, að ætlast til þess af löggjafarþinginu að það samþykkti lög sem framseldu löggjafarvaldið til ráðherra í sem ríkustum mæli, þá tel ég að það sjónarmið sé á undanhaldi í löggjafarstarfi hér á landi og bind nokkrar vonir við að þessi sjónarmið endurspeglist í nokkuð ríkara mæli á Alþingi hjá því þingi sem kosið var eftir síðustu alþingiskosningar. Ég mun að minnsta kosti gera mitt til þess að halda þessu fram og hafa þau áhrif á lagasetningu að Alþingi geri það sem því er ætlað að gera, að setja lögin en feli framkvæmdarvaldinu að framkvæma þau og dragi úr því sem verið hefur að framkvæmdarvaldið hafi í raun framlengingu á löggjafarvaldinu í sínum höndum.

Um efni frv. er ekki þörf á að bæta miklu við það sem fram hefur komið til þessa. Ég vildi þó láta tvennt koma fram. Það er í fyrsta lagi áhrif af hækkuðum meðlögum á fjárhag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Það hefur komið fram hjá stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga að miðað við að atvinnustig verði svipað á næsta ári og það er á þessu ári og þessar greiðslur verði jafnháar þá og nú þurfi að sækja 250–260 millj. kr. á næsta ári í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það hefur einnig komið fram að ef þau ákvæði í frv. ná fram að ganga sem þessu lúta mætti búast við því að allt að 600 millj. kr. þurfi að reiða fram úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Innheimtustofnunar vegna þess að innheimta muni ekki batna til samræmis við hækkandi meðlag. Þetta myndi skerða fjárhag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á næsta ári sem því nemur um liðlega 330 millj. kr. og bitna nær eingöngu á þeim þætti sjóðsins sem lýtur að jöfnunarhlutverki.

Það er nauðsynlegt að fá fram skýrar yfirlýsingar frá hæstv. ríkisstjórn um það hvort áform séu uppi og samið hafi verið um það milli Sambands ísl. sveitarfélaga og hæstv. ríkisstjórnar að ekki yrðu sóttar meira en 300 millj. kr. úr jöfnunarsjóðnum til þess að greiða Innheimtustofnun sveitarfélaga og það sem umfram yrði yrði greitt af ríkissjóði.

Ég hef ekki heyrt í þessari umræðu í dag neina yfirlýsingu frá ráðherrum hæstv. ríkisstjórnar um að slíkt samkomulag hafi verið gert. Og ég fer fram á það, virðulegi forseti, að annaðhvort hæstv. heilbrrh. eða oddviti ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh., gefi yfirlýsingar um það að ríkissjóður taki að sér að greiða þá fjárhæð sem er umfram 300 millj., eins og ég gat um fyrr. Það verður að liggja alveg skýrt fyrir af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að þessi mál séu frágengin og umsamin. Það nægir mér ekki að vitna til þess að úti í bæ hafi menn í samtali samið um ákveðna hluti. Samskipti ríkis og sveitarfélaga hafa í tíð núv. ríkisstjórnar ekki verið með þeim hætti að sveitarfélög geti treyst hæstv. ríkisstjórn mjög lengi í senn. Síðasta reynsla er ekki burðugri en svo að ríkisstjórnin stóð ekki við sitt samkomulag nema í fáeina daga.

Ég vil því ítreka það, virðulegi forseti, að hæstv. ríkisstjórn, annaðhvort hæstv. heilbrrh. eða hæstv. forsrh., svari spurningu minni um það hvort ríkisstjórnin hafi gefið út þau fyrirheit til Sambands ísl. sveitarfélaga að hún muni taka á sig þann kostnað sem er umfram 300 millj.

Í öðru lagi og að lokum, virðulegi forseti, vil ég aðeins víkja að tilvísanakerfinu. Það hefur komið fram að skoðanir eru nokkuð skiptar um það mál. Ég vil setja fram mína skoðun í þessu efni. Ég hef verulegar efasemdir um að unnt sé að stýra læknisþjónustu eftir einhverjum fyrir fram uppteiknuðum brautum sem hefjast í einum punkti og síðan er öllum vísað út eftir einhverjum rásum í hinar ýmsu áttir. Ég er ekki að gera lítið úr þeirri uppbyggingu á sviði heilsugæsluþjónustu sem verið hefur á landinu. Hún þjónar miklu hlutverki bæði hér og á landsbyggðinni, en ég hef verulegar efasaemdir um að hægt sé með neinum umtalsverðum árangri að skipuleggja læknisþjónustuna þannig að það sé eins og í skóla að fyrst fari menn í fyrsta bekk og síðan í annan bekk, byrji á því að fara á neðsta stigið hjá heimilislæknum og heilsugæslulæknum og þaðan verði þeim vísað áfram frá einum sérfræðingi til annars.

Ég er ekki tilbúinn að styðja lagasetningu af þessu tagi og mér sýnist á þeim upplýsingum sem liggja fyrir í áliti minni hluta nefndarinnar að breytingar í þessa veru muni leiða af sér verulegan kostnaðarauka fyrir þá sem leita sér lækninga, jafnvel allt upp í 245 millj. kr. Ég tel ekki hægt að skipuleggja þessi mál þannig að einhver ein leið sé sú rétta og aðrar rangar. Við erum með þjónustu sem er annars vegar á sviði heimilislækna og heilsugæslulækna og hins vegar hjá sérfræðingum. Í þriðja lagi getum við svo bætt við sjúkrahús-

um og auðvitað verður þetta að spila saman. Menn verða í hverju tilviki að velja þá leið sem skynsamlegust er. Við getum ekki mælt fyrir með afgerandi hætti að mínu mati að menn skuli allir fara sömu leiðina. Það hafa í þessari umræðu komið fram ákveðin rök fyrir því að menn snúi sér beint til sérfræðinga og ég tek undir þau rök. Ég tel ekki mikinn ávinning af því að vísa mönnum fyrst eingöngu í gegnum grunnstigið í læknisþjónustunni. Ég hef því verulegar efasemdir um ákvæði af þessu tagi og áskil mér allan rétt til þess að greiða atkvæði gegn lagasetningu eins og hún lítur út í frv. með fram komnum brtt.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, enn og aftur ítreka óskir mína til hæstv. ríkisstjórnar, annaðhvort hæstv. heilbrrh. eða hæstv. forsrh., um að þeir skýri frá því að ríkisstjórnin hafi gert samkomulag við Samband ísl. sveitarfélaga, eins og ég rakti áðan og hefur verið m.a. greint frá í nál. minni hluta. Það hefur ekki komið fram á Alþingi að ríkisstjórnin hafi gert þetta samkomulag og ég tel nauðsynlegt að fá það staðfest í þingsölum að ríkissjóður muni greiða þær fjárhæðir sem eru umfram 300 millj. í vanskilum og sóttar eru til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Að öðrum kosti eiga menn á hættu að þetta frv. muni kollvarpa veigamiklum þætti í starfsemi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem er sjálfur jöfnunarþátturinn á milli sveitarfélaganna.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Frá því að hv. 5. þm. Vestf. tók sæti á Alþingi hefur ekkert mál hlotið afgreiðslu öðruvísi en hann hafi tjáð sig um það prívat og persónulega og helst tvisvar. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég var farinn að hafa nokkrar áhyggjur af því máli sem er til umræðu en þeim áhyggjum er nú af mér létt. Hv. þm. hefur tjáð sig um málið og ætti því að vera hægt að ganga til atkvæðagreiðslu og afgreiðslu á því eins og öðrum málum sem afgreiðslu hafa hlotið eftir að hv. þm. kom á þing,

Ég vil jafnframt þakka honum og öðrum hv. þm. sem til máls hafa tekið um þetta mál fyrir málefnalegar og góðar umræður. Vitaskuld gagnrýna þeir ýmislegt sem í frv. er og er það eðlilegt. En sú gagnrýni hefur öll verið efnisleg og málefnaleg og verið rökstudd þó svo ég sé ekki sammála þeim um niðurstöðuna.

Ég vil í örfáum orðum svara hv. þm. Svavari Gestssyni og raunar fleirum sem hér hafa komið með spurningar til mín. Í fyrsta lagi vil ég leiðrétta það sem ég tel að sé mismæli hans þegar hann lét orð falla um það að hækkun á meðlagi væru 3.449 kr. Það er nú ekki allsendis rétt. Hækkunin er 2.749, eða úr 7.551 kr. í 10.300. Þarna hefur honum án efa orðið á mismæli. Einnig tel ég að honum hafi orðið á mismæli ef hann orðar tillögurnar í 1. og 2. mgr. að þar sé verið að gefa út veiðileyfi á meðlagsgreiðendur. Auðvitað er ekki verið að því. Það sem verið er að gera hér er að það er verið að leggja á meðlagsgreiðendur meiri greiðslubyrði vegna framfærslu barna þeirra. Það bætir að sjálfsögðu kjör þeirra barna sem meðlag er greitt með og eiga framfæranda sem kominn er í sambúð með öðrum maka. Hins vegar er ekki stillt svo til að einstæðir foreldrar sem fá meðlag njóti hækkaðra meðlagsgreiðslna heldur eru feðra- og mæðralaun sem til þeirra eru greidd lækkuð þannig að þeir eru nokkurn veginn jafnsettir eftir. Þar með er dregið úr þeim mismun sem hefur verið á milli afkomumöguleika annars vegar einstæðra foreldra með börn á sínu framfæri og hins vegar foreldris sem hefur barn á sínu framfæri en er komið í sambúð með öðrum aðila en barnsfaðirinn eða barnsmóðirin eftir því hvor þeirra hefur umönnunarskylduna.

Hv. þm. spurði um það reikniverk sem lægi á bak við varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Nú bið ég hv. þm. að hugleiða það að ef þær tölur væru réttar sem Innheimtustofnun sveitarfélaga lagði fram og áætlanir fjmrn. um tekjuskattaleg áhrif á hækkuðu meðlagi þá myndi standa nokkurn veginn á endum að í raun réttri greiddu opinberar stofnanar allar meðlagsgreiðslur. Vegna þess að Innheimtustofnun sveitarfélaga gerði ráð fyrir því að ef meðlag yrði hækkað um 50% myndu útgjöld Innheimtustofnunar aukast um 350 millj. Þar til viðbótar kæmi síðan útsvarstap sveitarfélaga upp á 50 millj. og síðan reiknaði fjmrn. svo til að tekjuskattaleg áhrif þessara breytinga væru í kringum 200 millj. Við værum því þarna komin með 600 millj. kr. áhrif á opinbera aðila ef barnalífeyrir yrði hækkaður um 50% sem lætur þá nærri um að þessar opinberu stofnanir kostuðu allar meðlagsgreiðslur eða því sem næst vegna þess að ekki væri gert ráð fyrir því að sparnaðarleg áhrif af þessum aðgerðum yrðu nema í kringum 500 millj. kr. eins og aðgerðirnar voru upphaflega hugsaðar.

Auðvitað er þetta fjarri lagi. Það er fjarri lagi að áhrifin af hækkun meðlagsgreiðslna, eins og þær voru upphaflega ráðgerðar, geti verið með þessum hætti. Ef svo væri væru menn að segja að opinberar stofnanir tækju á sig alla greiðslubyrðina af hækkun meðlags og það er auðvitað ekki rétt.

Félmrn. hefur farið ofan í þær tölur sem Innheimtustofnun sveitarfélaga lagði fram í þessu sambandi. Þar kemur í ljós að skuldasöfnun Innheimtustofnunar sveitarfélaga á árinu sem er að líða eru ekki 260 millj. eins og talið var því að þar eru inni í önnur atriði, þ.e. áhrif af útgjöldum vegna húsnæðismála, heldur í kringum 220 millj. kr. Nú er verið að hækka barnsmeðlög og barnalífeyri um nálægt 30% og miðað við greiðslur Innheimtustofnunar sveitarfélaga á þessu ári, sem eru í kringum 220 millj. kr. að mati félmrn., má gera ráð fyrir því að greiðslubyrðin á næsta ári vegna þessarar hækkunar fari ekki yfir 300 millj. kr. Um það hefur síðan náðst samkomulag milli ráðuneytanna, ríkisstjórnarinnar annars vegar og stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga og stjórnar Innheimtustofnunar sveitarfélaga hins vegar að það verði sest yfir þessi mál strax í upphafi nýs árs og ekki aðeins skoðuð hugsanleg viðbótargreiðslubyrði Innheimtustofnunar heldur ýmis önnur framkvæmdamál. Í því sambandi hefur ríkisstjórnin gert samkomulag um það við sveitarfélögin og Innheimtustofnunina að ekki muni koma til þess að jöfnunarsjóður muni þurfa að bera á næsta ári meira en

300 millj. kr. vegna þessarar hækkunar komi í ljós að þróunin verði önnur. (**Gripið fram í:** Vegna hækkunarinnar alls.) Alls, já. Það verður ekkert beðið eftir því að einhverjar viðvörunarbjöllur hringi heldur verður sest yfir málið strax í upphafi nýs árs. Komi í ljós að þróunin ætli að verða önnur mun ríkisstjórnin í samráði við sveitarfélögin og stjórn Innheimtustofnunarinnar grípa til þeirra ráða sem grípa þarf til til þess að tryggja það að greiðslubyrði jöfnunarsjóðsins samtals fari ekki yfir 300 millj. kr.

En miklu meira mun verða gert vegna þess að líka er nauðsynlegt að ræða við Innheimtustofnun sveitarfélaga til hvaða aðgerða hægt er að grípa til þess m.a. að gera meðlagsgreiðendum fært að standa undir greiðslu þeirra meðlaga sem þeir þurfa að inna af hendi. Það er að sjálfsögðu frumskylda foreldra að sjá fyrir framfærslu barna sinna. Það er þeirra frumskylda. Sá aðili sem stendur næst þeim, ef þeirra framfærslugeta leyfir ekki framfærslu barnanna, eru sveitarfélögin. Svona hefur það verið frá upphafi sveitarfélagamyndunar á Íslandi og svona er það enn. Það er auðvitað alveg ljóst og menn eru ekkert ósammála um það að það er ekkert of í lagt að gera ráð fyrir því að framfærslukostnaður barns sé í kringum 20–24 þús. Í reglum Lánasjóðs ísl. námsmanna er framfærslukostnaðurinn metinn 24 þús. Mönnum finnst það heldur ekkert óeðlilegt að þessi framfærslukostnaður skiptist á milli foreldranna. Ef þeir eru í sambúð þá er svo því þá sjá foreldrarnir fyrir börnunum. Það kostar ekkert minna að ala upp barn þó að foreldrar séu í sambúð en þó að foreldrar hafi skilið að skiptum. Mönnum finnst því heldur ekkert óeðlilegt þó gert sé ráð fyrir því að sá sem greiðir meðlag greiði í kringum helminginn af raunverulegum framfærslukostnaði sem að flestra mati er ekki undir 20 þús. Það er ekki ágreiningur um þetta.

Hins vegar er mönnum ljóst að sumir meðlagsgreiðendur eiga í erfiðleikum með að standa undir slíkum útgjöldum en það á einfaldlega við um foreldra án tillits til þess hvort þeir eru í sambúð eða utan sambúðar ef um lágtekjufólk er að ræða. Lágtekjufólk á ekkert auðveldara með að framfleyta börnum sínum í sambúð fremur en það á auðvelt með að gera að utan sambúðar. Hins vegar er það auðvitað ljóst að þetta getur verið mjög þungt og erfitt fyrir meðlagsgreiðendur og eitt af því sem samkomulag náðist um á fundi þriggja ráðuneyta með forustumönnum Sambands ísl. sveitarfélaga og Innheimtustofnunar sveitarfélaga var einmitt að setjast einnig strax í upphafi næsta árs yfir það viðfangefni hvernig mætti veita meðlagsgreiðendum úrlausn. Kannski þarf að breyta lögum um Innheimtustofnun, t.d. í þá veru að gera Innheimtustofnun kleift að afskrifa höfuðstól skuldar vegna meðlagsgreiðslna ef það er sá kostur sem menn telja skynsamlegastan til þess að létta framfærslubyrði af fólki sem ekki getur undir neinum kringumstæðum ráðið við hana og komið meðlagsgreiðendum á réttan kjöl.

Um lyfin spurði hv. þm. einnig. Ég ítreka að þar er um að ræða þá breytingu, ef frv. verður samþykkt, að það er algjörlega sjálfstæð ákvörðun að hve miklu leyti lyf sem skráð er og er nýtt er niðurgreitt af Tryggingastofnun ríkisins. Það tengist þeirri ákvörðun að vel getur komið til greina ef nýtt lyf er tekið til skráningar og ákveðið að Tryggingastofnun greiði það niður annaðhvort að fullu eða að hluta að greiðsluhlutdeild Tryggingastofnunar ríkisins í samheitalyfi, sem notað hefur verið en er ekki talið eins gott og nýja lyfið sem á markaðinn kemur, verði felld niður eða lækkuð mjög verulega. Eins og er á Landspítalanum og hv. þm. ræddi um er það sjálfstæð ákvörðun þar hvaða nýtt lyf er tekið í notkun. Það er ákvörðun sem, eftir því sem ég best veit, er búið að setja ákveðnar reglum um hjá Landspítalanum. Sú ákvörðun er tekin bæði á faglegum grunni og með vitund og afskiptum þeirra sem spítalanum stjórna. Hér er rætt um að gera nákvæmlega það sama á landsvísu þannig að tekin sé fagleg ákvörðun um það í hvert sinn þegar nýtt lyf er skráð á markaðinn hvort það skuli greitt niður og hvort sú niðurgreiðsla hafi þá áhrif á einhver önnur samheitalyf.

Það er mjög eðlilegt að menn geri þetta. Ég tek dæmi af lyfi sem hefur nýlega verið skráð á markaðinn, Imigran sem er lyf við mígreni. Það er talið að taflan af því lyfi kosti á átjánda hundrað krónur og í heilbr.- og trmrn. hefur verið tekin sú ákvörðun að miða greiðsluþátttöku ríkisins við tiltekið hámark af útgefnum lyfjum.

Virðulegi forseti. Ég held ég hafi svarað þeim spurningum sem til mín hefur verið beint og læt máli mínu lokið.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin við spurningum sem fram voru bornar. Hann svaraði a.m.k. þeirri spurningu sem ég beindi til hans. Ég skil svar hans þannig að ekki séu áform um að ríkissjóður leggi fram fé til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fari vanskil við Innheimtustofnun sveitarfélaga fram úr 300 millj. heldur sé meiningin að grípa til aðgerða sem auka innheimtu eftirstöðva og gætu jafnvel þýtt lagabreytingar eins og hæstv. ráðherra kom inn á. Meiningin sé þá að ná inn því sem vantar upp á umfram 300 millj. með innheimtu á vanskilaskuldum með samningum og eftirgjöf skulda að einhverju leyti. Þannig skildi ég svar hæstv. ráðherra og er það alveg skýrt.

Ég vil hins vegar segja við hæstv. ráðherra að hann þarf ekki að hafa áhyggjur af því þó að ég taki til máls um hans mál. Þau eru yfirleitt það áhugaverð og illa unnin að það er nauðsynlegt að ræða þau nokkuð til þess að snúa þeim til betri vegar ef þess er nokkur kostur. Ég hygg að hæstv. ráðherra ætti frekar að hafa áhyggjur af þingmönnum í sínum eigin flokki sem virðast ekki hafa mikið til málanna að leggja.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að ég hef dálítið gaman af því að það er bersýnilegt að hv. 5. þm. Vestf. hefur tekist að haga málflutningi sínum með þeim hætti að hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur neyðst til að taka eftir honum og taka tillit til hans í vetur. Það

er auðvitað ekkert nýtt, eins og hæstv. heilbr.- og trmrh. veit, að tekið sé eftir þingmönnum Vestfjarða og það væri satt að segja nokkur nýlunda ef hitt gerðist. Maður hefur að vísu séð það gegnum söguna að einn og einn þingmaður Vestfjarða hefur verið heldur daufur í dálkinn hér en það er sem betur fer undantekning en ekki regla.

Ég vil fyrst víkja að þessu samkomulagi við Samband ísl. sveitarfélaga og þaki upp á 300 millj. og segja það að ég tel að kalla eigi til Samband sveitarfélaga, fjmrn., dómsmrn., heilbrrn. og félmrn. til þess að taka á þessum meðlagsmálum heildstætt. Ég legg áherslu á að það sem kallað er Félag forræðislausra foreldra verði líka kallað til samráðs. Heilbr.- og trn. ræddi við þann hóp í gær og það voru ágætar umræður.

Varðandi málið að öðru leyti, sem snýr að meðlögunum, er það þannig að ríkisstjórnin hefur verið að leita að heppilegum skattstofni. Það er búið að hengja mikla skatta á tekjurnar. Það er búið að ákveða að skattleggja lyfin meira, tannlæknaþjónustuna, sérfræðiþjónustuna o.s.frv. Þegar allt þetta er búið er farið með kastljós út um allt þjóðfélagið. Og hverjir finnast þar? Meðlagsgreiðendur. Staða þeirra hefur langbest komið fram í þessari frægu tilvitnun í hæstv. heilbrrh.: Meðlag er ekki tekið af látnum mönnum.

Staðan er þannig að þeir sem greiða meðlög eru látnir borga hvað sem tautar og raular, hvar sem þeir eru staddir í þjóðfélaginu, og þess vegna eru þeir tiltölulega heppilegur skattstofn. Það var þess vegna sem meðlögin voru hækkuð en ekki vegna sérstakrar umhyggju fyrir börnum eða þeim sem fyrir þeim sjá.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað. — [Fundarhlé.]

Fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytis, frh. 2. umr.

Stjfrv., 295. mál. — Þskj. 427, nál. 517 og 535, brtt. 536.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel að það hafi orðið mjög gagnleg skoðanaskipti í umræðu um málefni kirkjunnar þessu tengd. Mér er ljóst að ég mun ekki sannfæra hv. þm. Gunnlaug Stefánsson eða hæstv. dómsmrh. í þeim málflutningi mínum að um aðför að sjóðum kirkjunnar sé að ræða þegar rætt er um þá stöðu að taka kirkjugarðsgjaldið. Það sem þessu veldur er náttúrlega fyrst og fremst að það er eins og þeir mætu menn séu rökheldir þegar kemur að því að leiða fram vitni í þessu máli jafnvel þótt vitnið sé biskupinn yfir Íslandi.

Ég held aftur á móti að sú yfirlýsing hæstv. dómsmrh. að hann muni beita sér fyrir breytingum á lögunum um þessa tekjustofna og menn láti af því að gera áhlaup á tekjustofna kirkjunnar þegar kemur að því að innheimta þá eins og gert hefur verið — það hlýtur að vera miklu skynsamlegra að ná sátt um það hvað sé eðlilegt fjármagn sem til kirkjunnar fari og þeir peningar fái svo að fara þangað en að liggja fyrir þessu fé eins og ræningi og hafa af því hlut í hvert skipti sem verið er að afhenda það.

Varðandi þann punkt í minni ræðu þar sem ég minntist á að samkvæmt reglum um trúfrelsi mætti ekki skylda neinn mann til að greiða til annars trúarsamfélags en þess sem hann tilheyrði og vakti á því athygli að með þeirri aðferð sem hér er viðhöfð væri í reynd verið að brjóta það þá fór svo að sá punktur komst ekki neitt inn í umræðuna. Menn lokuðu eyrunum þegar það var rætt.

Ég hef á því fullan skilning að það er ekki staður eða stund að þessu sinni til að fara í langar umræður um þetta. Ég vil þó fagna því að það hafa náðst fram slíkar breytingar á þessu frv. til laga um fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumrn. að ég efa það að mörg frv. hafi verið tekin jafnrækilega fyrir og bylt þótt mér sé ljóst að ég hefði viljað ganga miklu lengra og eigi af þeirri ástæðu ekki annarra kosta völ en að leggja til að þetta mál verði fellt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kjaradómur og kjaranefnd, 2. umr.

Stjfrv., 46. mál (heildarlög). — Þskj. 47, nál. 491 og 556, brtt. 492.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. og brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um Kjaradóm og kjaranefnd. Meiri hluta nefndarinnar skipa auk mín allir nefndarmenn nema hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir. Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Halldór Ásgrímsson og Steingrímur J. Sigfússon skrifa undir álitið með fyrirvara.

Frv. var sent nánast öllum þeim aðilum til umsagnar sem málið heyrir undir.

Nefndin hefur gert allmargar brtt. við frv. sem felast fyrst og fremst í því að kjaranefnd verður nú óháð framkvæmdarvaldinu og mun tengdari Kjaradómi en áður þar sem gert er ráð fyrir því að Kjaradómur skipi tvo af kjaranefndarmönnum auk þess sem Kjaradómur leggi kjaranefnd til meginlínur við úrskurði nefndarinnar.

Ég ætla að rekja í stórum dráttum brtt. á þskj. 492.

Í fyrsta lagi er lagt til að fimm embætti sem í frv. áttu að heyra undir kjaranefnd falli undir Kjaradóm. Það eru embætti biskups, ríkisendurskoðanda, ríkissáttasemjara, ríkissaksóknara og umboðsmanns Alþingis. Að því er varðar fjóra síðasttöldu aðilana er þetta gert vegna þess að í lögum um laun þessara aðila er kveðið á um tengingu við Kjaradóm eða aðila sem beint falla undir Kjaradóm.

Lögð er til sú breyting við 6. gr. að Kjaradómur hafi hliðsjón af ráðningarkjörum, þ.e. hvort viðkom-

andi hefur æviráðningu eða tímabundna ráðningu. Í 3. tölulið er lagt til, eins og ég gat um áðan, að Kjaradómur skuli setja kjaranefnd meginreglur um úrskurði nefndarinnar.

Fjórða brtt. er um skipan kjaranefndar, þ.e. að Kjaradómur tilnefndi tvo nefndarmenn en fjmrh. aðeins einn.

Í fimmta lagi er lagt til að embætti ríkisbókara, ríkisféhirðis og veiðimálastjóra bætist við þau embætti sem heyra undir kjaranefnd, en út falli tvö embætti sem færast undir úrskurð Kjaradóms, þ.e. embætti biskups Íslands, ríkisendurskoðanda og ríkissáttasemjara. Enn fremur er lagt til að embætti skrifstofustjóra Alþingis falli brott og um hans kjör verði samið milli hans og forseta.

Síðan er smá orðalagsbreyting við 4. mgr. 8. gr. sem orðist svo, með leyfi forseta:

„Teljist starf stjórnanda í stofnun eða embættismanns vera þannig að því megi að umfangi og ábyrgð öldungis jafna til starfa þeirra sem taldir eru upp í 1. mgr. og hafi viðkomandi starfsmaður óskað eftir því að vera utan samningsumboðs stéttarfélaga, sbr. 5. tölul. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eða er ekki í slíku félagi skal fjmrh. vísa ákvörðun um launakjör hans til kjaranefndar."

Þetta þýðir að ef stjórnandi eða maður í stjórnunarstöðu óskar eftir því að fá ráðherraröðun þá er skylt að vísa því máli til kjaranefndar. Sem dæmi um aðila sem þetta á við má nefna aðstoðarpóst- og símamálastjóra og æðstu framkvæmdastjóra Póst- og símamálastofnunar.

Síðan er lögð til smá orðalagsbreyting varðandi 9. gr. og sambærileg breyting á 11. gr. og gerð var við 6. gr.

Þá er lagt til að við ákvæði til bráðabirgða bætist tvær nýjar málsgreinar. Þær hljóða svo, með leyfi forseta:

„Ákvæði laga þessara breyta ekki efni skriflegra kjarasamninga sem gerðir hafa verið við einstaklinga sem undir lögin falla fyrir gildistöku þeirra nema þeim sé sagt upp með löglegum fyrirvara.

Leiði úrskurður samkvæmt lögum þessum vegna ákvæða 1. mgr. 6. gr. eða 1. mgr. 11. gr. til þess að þegar áunninn eftirlaunaréttur einstaklings í starfi, eða þess sem tekur eftirlaun sem miðast við slíkt starf, breytist til lækkunar skal viðkomandi halda þeim rétti sem hann hefur þegar áunnið sér. Lífeyrir, eins og hann er samkvæmt þeim rétti, skal taka breytingum í hlutfalli við breytingar á meðaldagvinnulaunum sem ákveðin eru samkvæmt lögum þessum frá fyrsta úrskurði samkvæmt þeim."

Meginatriðið í seinni málsgreininni er að lífeyrisréttur sem þegar er áunninn helst að raungildi sínu. Það er því ekki verið að koma aftan að einum né neinum með þessum hætti en lífeyrisréttur sem áunninn er í framtíðinni fer eftir þeim reglum sem um það gilda.

Í nefndinni var það rætt hvort og hvernig áhrif frv. hefði á kjör alþingismanna. Um laun alþingismanna gilda lög nr. 75/1980, um þingfararkaup, og um lífeyrisréttindi þeirra gilda lög nr. 46/1965, um eftirlaun alþingismanna. Af þingfararkaupslögum er ljóst að þingfararkaup er ein tala, heildarlaun. Við ákvörðun þingfararkaups getur Kjaradómur haft hliðsjón af öllum þáttum sem máli skipta, svo sem yfirvinnuskyldu og álagi. Þetta breytir því ekki að þingfararkaup er ein tala. Eftirlaun þingmanna er hlutfall af þingfararkaupi samkvæmt lögum um eftirlaun. Því er ljóst að þetta frv. þótt að lögum verði breytir engu um fyrirkomulag eftirlauna alþingismanna sem áfram miðast við þingfararkaup.

Sama gildir að þessu leyti um kjör forseta Íslands, sbr. lög nr. 10/1990, og um launakjör ráðherra, sbr. lög nr. 75/1980 og nr. 47/1965. Hafa verður í huga að ráðherralaun virka í reynd sem álag á þingfararkaup.

Í nefndinni var enn fremur rætt um nauðsyn þess að endurskoða lög um þingfararkaup og eftirlaun alþingismanna. Komu fram ábendingar um að eðlilegt væri að forseti Alþingis og forsætisnefnd tækju þetta mál til umfjöllunar og hefðu frumkvæði í því. Efh.- og viðskn. telur ekki sitt hlutverk að hafa frumkvæði að þessu máli en skorast að sjálfsögðu ekki undan þátttöku í umfjöllun um málið verði því til hennar vísað.

Útbýting þingskjals:

Kjaradómur og kjaranefnd, 46. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj 556.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 556 en ég er eini flm. þess. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á undanförnum mánuðum hefur komið æ betur í ljós hve launamál ríkisins eru í miklum ólestri. Dómurinn í BHMR-málinu, kjaradómurinn frá í sumar, kjaradeilur sjúkraliða og uppsagnir á sjúkrahúsunum sýna að þörf er endurskoðunar á samskiptum ríkisins við starfsmenn sína. Launakerfi ríkisins þarfnast gagngerrar endurskoðunar, enda er það óréttlátt og einkennist af miklum feluleik. Launakjör kvenna, sem starfa hjá ríkinu, eru óviðunandi eins og reyndar margra þeirra sérmenntuðu hópa sem hjá ríkinu vinna.

Það frv. til laga um Kjaradóm og kjaranefnd, sem hér er til umræðu, er að vissu marki upphafið á endurskoðun á launakerfi ríkisins. Byrjað er á æðstu embættismönnunum, sem auðvitað er að byrja á öfugum enda, en það skýrist af því mikla moldviðri sem þyrlað var upp í kjölfar kjaradómsins sl. sumar.

Hér er farin sú leið að setja forseta Íslands, ráðherra, biskup Íslands, alþingismenn, hæstaréttardómara og héraðsdómara undir Kjaradóm eins og áður, en síðan er sett upp önnur nefnd sem fjallar um laun og starfskjör fjölda yfirmanna ríkisstofnana. Laun presta verða ákveðin af kjaranefnd en þeir eru eina stéttin sem heyrir undir hana.

Fulltrúi Kvennalistans í efh.- og viðskn. hefur ýmislegt við þá leið að athuga sem hér er farin.

Í fyrsta lagi er ég þeirrar skoðunar að semja eigi um kjör starfsmanna ríkisins í kjarasamningum, annarra en þeirra sem setja lög og dæma eftir lögum og verða að

vera óháðir ytri hagsmunum svo framarlega sem það er hægt.

Í öðru lagi er hér haldið áfram á þeirri vafasömu braut sem viðheldur hinu tvöfalda launakerfi æðstu embættismanna með ýmiss konar sporslum, álagi og tilleggi meðan grunnlaun eru lág.

Í þriðja lagi kom í ljós við meðferð málsins að þörf er á endurskoðun og samræmingu laga sem snerta launakjör ríkisstarfsmanna og kjörinna fulltrúa, þar með talin lög um þingfararkaup.

Á móti kemur að t.d. prestar, sem hafa átt undir högg að sækja í launamálum, sætta sig vel við þá leið sem hér er farin og þrýsta mjög á um að málið komist í höfn fyrir jólahátíðina.

Þetta frv. býður upp á ákveðna lausn á þeim vanda sem uppi er hjá hluta ríkisstarfsmanna en hætt er við að fast verði sótt að komast í þennan útvalda hóp af ýmsum þeim sem telja sig eiga þar heima. Þótt ég sé ekki sátt við þessa aðferð er ljóst að embættismenn vilja viðhafa þetta form á launaákvörðunum.

Nauðsynlegt er og sjálfsagt að hefja endurskoðun og samræmingu þeirra laga sem snerta launakjör m.a. þingmanna strax á næsta ári sem þá verða skoðuð í samhengi við það frv. sem hér er til meðferðar ef að lögum verður. Þingkonur Kvennalistans beina þeim eindregnu tilmælum til forsætisnefndar Alþingis að hún eigi frumkvæði að því starfi.

Í ljósi alls þessa munu þingkonur Kvennalistans sitja hjá við afgreiðslu þessa máls."

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e., og hv. 6. þm. Norðurl. e., Jóhannes Geir Sigurgeirsson undirrituðum nál. með fyrirvara. Við stöndum að máli þessu eins og það er flutt hér og hv. frsm. hefur gert grein fyrir og styðjum þær brtt. sem hann hefur gert grein fyrir. Fyrirvari okkar varðar málsmeðferð þessa máls á sl. sumri. Ég sé ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir því en vísa til umræðna og þeirra yfirlýsinga sem liggja fyrir af okkar hálfu varðandi það mál.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði að fyrirvari minn, eins og hv. síðasta ræðumanns, tengist fyrst og fremst því að gera hrein skil á milli þess máls sem hér er á ferðinni og þeirra atburða sem tengdust sama vettvangi á sl. sumri. Að öðru leyti vil ég láta það koma hér fram að þær breytingar sem lagðar eru til á frv. eru að mínu mati til bóta og ég held að með þeim sé komið skipulag sem eigi að geta þjónað vel sínum tilgangi og verið vel brúklegt til þeirra verka sem það er ætlað, þ.e. ákvarða um laun og starfskjör þessara æðstu embættismanna ríkisins. Það þýðir auðvitað ekki að ekki væri hægt að hugsa sér ýmsa aðra tilhögun þessara mála og á það hefur verið bent að þessu er skipað nokkuð með öðrum hætti víða í nágrannalöndum, ýmist með beinni lagasetningu eða með öðrum hætti. En kjaradómur er nú einu sinni það fyrirkomulag sem við höfum valið og ég hef ekki séð að það gefist neitt verr en það annað sem menn hafa brúkað til þess að ákvarða kaup og kjör þessara embættismanna og æðstu yfirmanna í ríkinu sem eðli málsins samkvæmt er ekki heppilegt að standi í samningum um sín kaup og kjör með einhverju reglubundnu eða árvissu millibili. Og í því ljósi að með þessum breytingum er verið að reyna að laga þessi lög að breyttum aðstæðum og samræma meðferð launamála þeirra sem á þessu stigi eru í stjórnsýslunni þá er ég samþykkur þessu frv. og styð þær brtt. sem meiri hluti nefndarinnar leggur til á þskj. 492.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 2. umr.

Stjfrv., 47. mál (Kjaradómur og kjaranefnd). — Þskj. 48, nál. 493.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Þetta er nú lítið frumvarp, auk gildistökuákvæðis aðeins ein grein, sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„1. tölul. 2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo: Þeirra opinberu starfsmanna, sem heyra undir lög um Kjaradóm og kjaranefnd."

Þetta er nú ekki lengra og tengist algjörlega því frumvarpi sem var rætt um hér fyrr, um Kjaradóm og kjaranefnd, og það eru sömu hv. þm. sem skrifa undir nál. Þeir hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Halldór Ásgímsson og Steingímur J. Sigfússon skrifa undir þetta með fyrirvara með nákvæmlega sama hætti og áðan. En nefndin fjallaði um frumvarpið og meiri hlutinn mælir með samþykkt þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, 2. umr.

Stjfrv., 299. mál (stjórn mjólkurframleiðslu). — Þskj. 466, nál. 542, brtt. 543.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. landbn. um frv. til laga um framleiðslu og verðlagningu á landbúnaðarvörum. Undir þetta nál. skrifa, eins og venjur standa til, allir nefndarmenn í landbn., en þeir sem skipa stjórnarandstöðuna eru með fyrirvara um sína afstöðu og gera væntanlega grein fyrir henni hér í umræðunum.

Ég vísa til þess að nefndarálitið er ítarlegt og skýrir öll málsatvik sem hér er um að ræða, ekki einvörðungu tillögurnar sjálfar sem landbn. flytur, heldur

einnig ýmsa þætti er snerta frumvarpið sjálft. Ég ætla hins vegar að fara hér í örfáum atriðum yfir meginþætti þeirra brtt. sem hér eru lagðar fram.

Það er vert að geta þess að aðstoðarmaður landbrh. starfaði lengst af með nefndinni og einnig leitaði nefndin til Tryggva Gunnarssonar lögmanns. Um afgreiðslu málsins var líka fjallað við formann Stéttarsambands bænda. En eins og gefur að skilja þá stóðu ekki efni til víðtækara samráðs þar sem tíminn var naumur.

Fyrsta meginbreytingin sem nefndin leggur til er að 6. gr. frv. falli niður. Hún er, eins og fram kemur í frv., viðauki við 19. gr. búvörulaganna en sú grein fjallar um ýmsa þætti verðmiðlunar. Við nánari athugun kom í ljós að efnislega falla undir 19. gr. laganna þau ákvæði sem 6. gr. frv. kveður á um og þar af leiðandi var óþarft talið að fella hana inn í lögin. Ég vil hins vegar taka það sérstaklega fram, eins og reyndar kemur skýrlega fram í nál., að við þessar breytingar á grundvelli búvörusamningsins fellur niður eða verður hætt verðmiðlun með sama hætti og áður var og heimildir standa nú einungis til þess að leggja á 1% verðjöfnunargjald til flutningsjöfnunar og til þess að styðja mjólkursamlög sem hafa takmarkaðan markað að baki sér en eru hins vegar nauðsynleg fyrir þær byggðir sem þau eru staðsett í. Þannig á að vera tryggt að mjólkursamlög, sem hafa þessu mikilvæga hlutverki að gegna, geti haldið rekstri sínum áfram.

Eins og samkomulagið gefur til kynna og samningurinn sem staðfestur var í ágúst sl. þá hefur hins vegar Verðmiðlunarsjóðnum verið fengið ákveðið hlutverk, sem fram kemur í b-, c- og d-liðum, en þeir eru allir til bráðabirgða meðan verið er að fella saman þá nýju hætti sem nú eru upp teknir í búvörusölunni. Heimildir eru enn fyrir hendi, ef á þarf að halda, að innkalla verðmiðlunargjöld til þess að ljúka þeim verkefnum.

Annað atriði, sem ég vildi minnast á og hefur valdið dálítilli umræðu í umfjöllun málsins, varðar heimildir til verðskerðingar á framleiðsluvörum nautgripa og sauðfjár. Eins og margkunnugt er þá eru nú ekki lengur heimildir til þess að flytja út umframframleiðsluna sem áður var verðtryggð eins og kunnugt er og ríkissjóður styrkti. Nú er allur slíkur útflutningur, ef af verður, og birgðasöfnun á ábyrgð bændanna sjálfra. Af því leiðir að það þurfa að vera fyrir hendi tiltæk ráð til þess að afsetja þá birgðasöfnun ef af verður. Raunar er þessi heimild inni í lögunum frá því í fyrra eins og þá var kveðið á um í samningnum um sauðfjárframleiðsluna og í samningnum um mjólkurframleiðsluna er líka kveðið á um þetta sama.

Í samningnum um mjólkurframleiðsluna segir, með leyfi forseta, í 6. gr.:

„Verði um óæskilega birgðasöfnun að ræða eða að markaðsaðstæður krefjast getur landbrh., að fenginni *tillögu Framleiðsluráðs landbúnaðarins, ákveðið töku* verðjöfnunargjalds af afurðaverði til bænda, til að standa straum af kostnaði við sölustarfsemi og afhendingu birgða. Gjald þetta má ekki koma til hækkunar á útsöluverði mjólkurvara."

Þetta er um mjólkurframleiðsluna, en um sauðfjárframleiðsluna segir í 6. gr.:

„Leiði markaðssamdráttur til þess að sala nái ekki heildargreiðslumarki og birgðir kindakjöts verða umfram þriggja vikna sölu 1. sept. skulu þær birgðir seldar á innlendum markaði með markaðsstuðningi sem fjármagnaðar skal með lækkun á greiðslum afurðastöðva vegna innleggs á því hausti."

Hér er sem sagt um samningsbundin ákvæði að ræða og það sem hér er verið að gera er einungis að játa þá staðreynd. Mér er það fullkomlega ljóst og hef reyndar orðið þess víða var í samræðum mínum við bændur landsins að þeir hafa af þessu nokkurn beyg, þótt þeim séu hins vegar væntanlega fullkomlega ljós þessi samningsákvæði. Ég er einn í þeirra hópi sem tel að hér þurfi að fara með afar mikilli gát því að það er náttúrlega kannski auðleystast að koma vörunni út með því að lækka hana í verði og afhenda hana þannig til sölu. Ég er í hópi þeirra sem tel að það beri að leggja á það grundvallaráherslu að reyna svo sem framast er kostur að treysta markaðinn og þannig að stuðla að því að ekki verði birgðasöfnun.

Í tillögum nefndarinnar er hins vegar kveðið skýrar á um þessa þætti og það tel ég afar mikilvægt. Það er gert með því móti að treysta áhrif bændanna sjálfra sem allra best í þessari umfjöllun. Þannig er núna samkvæmt tillögunum kveðið á um að því aðeins sé heimilt að beita þessum verðskerðingarákvæðum að um það hafi verið fjallað á aðalfundi eða á fulltrúafundum Stéttarsambandsins, aðalfundi eða aukafundi, eftir því sem kann að reynast þörf á, og tillögur hér að lútandi verði sendar í fundarboði svo að fulltrúum gefist kostur á að ræða þessi mál í héraði áður en lagt er til Stéttarsambandsfunda. Hér eru því tryggð með skýrum hætti forræði bændanna sjálfra að þessum ákvörðunum og það tel ég vera mikið til bóta.

Þá vil ég í þriðja lagi geta þess að í frv. er lagt til að Stéttarsambandi bænda verði heimilt að semja við afurðastöðvar um umsýsluviðskipti. Á þessa heimild er ekki fallist og greinin verður væntanlega felld brott við afgreiðslu málsins. Ég tel það afar mikilvægt að þessi grein skyldi koma inn í frumvarpið því að með því hefur Alþingi gefist kostur á því að taka afstöðu til þessa máls. Það var hvergi hægt að finna stuðning við þessa tillögu, formaður Stéttarsambands bænda t.d. lýsti því yfir að hann teldi að það væri æskilegur kostur að þessi heimild væri ekki fyrir hendi.

Þetta eru þær grundvallarbreytingar sem hér eru lagðar til. Reyndar ýmsar fleiri, en ég sé ekki ástæðu til þess að rekja það nánar. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla um nefndarálitið eða flytja hér þann texta sem þar er skráður því að hann skýrir sig að sjálfsögðu fullkomlega og er því ástæðulaust að endurtaka hann hér.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 3. umr.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Landbn. hefur farið ítarlega yfir það frv. sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum um

framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og fengið m.a. til liðs við sig Tryggva Gunnarsson lögfræðing til þess að líta þar á ýmis álitamál og bæta frv. sem mest í meðförum nefndarinnar.

Fulltrúar Framsfl. í landbn. skrifa undir nál. með fyrirvara og sá fyrirvari beinist fyrst og fremst að D-lið í ákvæðum til bráðabirgða þess efnis að heimilt sé á árinu 1993 að verja allt að 175 millj. kr. úr Verðmiðlunarsjóði mjólkur til að standa straum af kostnaði við niðurgreiðslur á birgðum mjólkurvara sem til staðar verða í árslok 1992. Við teljum að það sé ekki rétt að staðið við meðferð fjár úr Verðmiðlunarsjóði með þessum hætti en málið hefur þó batnað hvað það snertir í meðferð nefndarinnar að nú er komin brtt. um nýjan lið, D-lið, inn í ákv. til brb., þess efnis að þessi fjárhæð verði endurgreidd úr ríkissjóði á árinu 1994. Þannig að það er þó þingfest hér, hvernig sem tekst síðan að ná því til baka.

Að öðru leyti vil ég segja það um frumvarpið að það er nauðsynlegt að það sé samþykkt nú fyrir áramót til þess að hægt sé að fullnusta búvörusamninginn frá 1991 hvað snertir mjólkurframleiðsluna. Þá eru einnig í því ýmsar smærri breytingar, margar hverjar nánast tæknilegs eðlis eða þess efnis að samræma lögin við þá framkvæmd sem verið hefur og ýmis praktísk atriði.

Annað atriði sem kannski snertir ekki beint fullnustu búvörusamningsins varðandi mjólkina og verulegar umræður urðu um er það sem stendur í 7. og 8. gr. Þar er heimild til að taka allt að 5% gjald af verði framleiðenda og samsvarandi í 8. gr. af verði afurðastöðva til þess að mæta birgðasöfnun og standa straum af sölukostnaði. Ég vil taka það skýrt fram að gagnvart sauðfjárafurðunum er einungis um að ræða afurðastöðvaverðið, ekki af beingreiðslunum, þannig að þetta getur að hámarki orðið 2,5% af heildarverði til bænda.

Ég tek undir þau orð formanns nefndarinnar að mjög mikilvægt er að það verði farið varlega með þessa heimild. Ég hef reyndar enga ástæðu til að ætla annað en að svo muni verða. En að mínu mati er jafnnauðsynlegt að þessi heimild sé til staðar ef hægt á að vera að halda utan um sölustarfið í þessum greinum. Í raun bíða nautakjötsframleiðendur eftir því að fá þessa heimild til þess að glíma við offramboð sem er í greininni.

Þetta vildi ég að kæmi fram gagnvart þessari grein. Það væri hægt að fletta því upp í þingtíðindum að það er samstaða um það í nefndinni að þessari grein verði beitt af mikilli varúð.

Síðan hef ég fyrirvara við c-lið í 20. gr. þar sem stendur: „Heimilt er þar að kveða á um að sala greiðslumarks sem framleiðandi hefur leigt Framleiðnisjóði eða öðrum framleiðanda sé háð því að það hafi verið nýtt til innleggs á lögbýli leigusala í allt að tvö ár fyrir sölu."

Þarna er um að ræða atriði sem er óljóst. Réttarstaða þessara bænda hefur ekki verið ljós. Hér eru miklir hagsmunir í húfi og nokkuð ljóst að menn munu láta á það reyna fyrir dómstólum hvaða stöðu menn höfðu þegar þessir samningar voru gerðir. Ég hef því haft fyrirvara gagnvart þessum lið.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki um þetta fleiri orð en undirstrika mikilvægi þess gagnvart bændastéttinni í landinu og búvöruframleiðslunni að þessi lög verði afgreidd fyrir áramót. Bændur hafa tekið á sig miklar tekjuskerðingar á síðustu árum og það er afar nauðsynlegt að við höfum allar lagaheimildir skýrar til að framfylgja þeim búvörusamningi sem nú er við lýði og verður um nokkur næstu ár.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Svo sem fram kom í máli síðasta ræðumanns skrifaði ég undir nál. landbn. með fyrirvara. Ég ætla ekki að endurtaka það sem fram kom hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. en ég vil aðeins minna á að ég hef oft gert athugasemdir við skipulag landbúnaðarmála úr þessum ræðustól og hef margt við það að athuga. Starf mitt í landbn. hefur einmitt sannfært mig um það hve landbúnaðurinn er reyrður niður í lagabálka sem ná til nánast allra sviða sem hann snerta. Ég er þeirrar skoðunar að bændur eigi að taka málin meira í sínar hendur en þeir hafa gert hingað til. Reyndar stefnir þróunin í þá átt og þær ákvarðanir og þeir samningar sem gerðir hafa verið á undanförnum árum eru heldur til bóta að mínum dómi þó að margt megi þar betur fara og áfram þurfi að halda til þess að aðlaga landbúnaðinn breyttum aðstæðum, bæði vaxandi ytri samkeppni, sem greinilega er fram undan, og þeim breytingum á innanlandsmarkaði sem við höfum séð á undanförnum árum. Ég vil sjá bændur búa við þær aðstæður að þeir geti lifað sómasamlega af vinnu sinni og sinni framleiðslu.

Þessi lagabálkur er fram settur í samræmi við búvörusamninginn og að mínum dómi er það skylda ríkisvaldsins að standa við gerða samninga, hvort sem þeir samningar eru við launþega eða af því tagi sem hér um ræðir. Því styð ég þetta mál þó að ég hafi svo sem áður segir ýmsa fyrirvara varðandi þann jarðveg sem málið er sprottið upp úr.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Aðeins örfá orð. Ég hef ákveðnar efasemdir um sum ákvæði frv. Með því er veitt heimild til að leggja verulegar byrðar á bændur vegna markaðsaðgerða. Ég geri mér að sjálfsögðu grein fyrir því að það þýðir lítið að framleiða ef varan selst ekki. En hér er um talsvert fé að ræða og væri betra að það væri skynsamlega og hóflega notað. Jafnframt vil ég minna á að hagur sauðfjárbænda er yfirleitt með þeim hætti að ekki er fýsilegt að leggja verulegar viðbótarskerðingar á launalið þeirra. Tekjur bænda hafa hrapað á undanförnum árum, búin hafa minnkað og mjög mikið og vaxandi dulið atvinnuleysi er í mörgum sveitum landsins. Ég ætla ekki að orðlengja um hvað rætur eru að þessu en sauðfjárframleiðslan býr við framleiðslustjórnun meðan aðrar kjötframleiðslugreinar búa ekki við hliðstæða stjórn. Reynslan hefur orðið sú að stöðugt hefur hallað á sauðfjárframleiðsluna. Sauðfjár-

bændur fá tilkynningu árlega um verulega skerðingu frá því magni sem þeir máttu framleiða árið áður. Þetta hefur jafnvel komið óvænt og ofan í viðbótarskerðingar og fyrri ákvarðanir. Staða þeirra er orðin ákaflega veik.

Nú gætu menn kannski sagt sem svo: Því hætta ekki mennirnir og reyna að fá sér eitthvað annað að gera. Ástandið á vinnumarkaðnum er þannig að menn hafa ekki að miklu að hverfa og hlaupa ekki lengur í sæmilega launuð störf fyrirvaralítið auk þess sem þeir þyrftu þá að ganga frá eignum sínum og koma sér upp heimili á nýjum stað. Ég held að framleiðslustjórnunin í landbúnaðinum sé á villigötum. Ég er ekki með neitt lausnarorð um hvernig hægt væri að bæta ástandið til muna, en ég vil láta það koma fram hér og nú að ég er engan veginn ánægður með stöðu mála. Ég held að þessi stjórnun hafi tekist hörmulega á undanförnum árum þó ég dragi ekki efa að flestallir sem að henni hafa komið hafi viljað vel og reynt að gera sitt besta.

Ég vildi láta það koma fram í umræðunni að ég er ekki ánægður með stöðu mála. Það er ekki tími til þess í dag í miklu annríki að setja á langar ræður um landbúnaðarmál en ég tel ástæðu til þess fyrir Alþingi að gefa sér tíma þegar við komum saman að loknu jólahléi að taka til gaumgæfilegrar umræðu stöðu þessarar atvinnugreinar og framtíð hennar. Við höfum ekki talað mikið um landbúnaðarmál á þinginu. Þau eiga ekki að vera neitt feimnismál og við eigum að vera menn til að ræða saman um þau og leita lausna sem gætu verið bærilegar fyrir þjóðfélagið og fyrir bændastéttina.

Þetta vildi ég, frú forseti, að kæmi fram hér við þessa umræðu þrátt fyrir að ég viðurkenni að margt í þessu frv. er nauðsynlegt með tilliti til þess sem áður hefur verið gert en ég vildi láta koma fram efasemdir um einstök atriði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Grunnskóli, frh. 1. umr.

Stjfrv., 296. mál (nemendafjöldi í bekkjum o.fl.). — Þskj. 452.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Sá bunki sem ég hef í höndum sýnir það hve stórt þetta mál er sem er til umræðu og ég hafði svo sannarlega hugsað mér að halda langa og ítarleg ræðu um þetta mál. En í ljósi þess samkomulags sem hefur verið gert um þinglok ætla ég mjög að stytta mál mitt, enda sit ég í þeirri nefnd sem mun fjalla um þetta mál og þar getum við farið mjög rækilega ofan í stöðu grunnskólans eftir þær breytingar sem samþykktar voru fyrr á þessu ári. Eins boða ég hér með að ég mun ræða þetta mál mjög ítarlega við 2. umr. málsins.

Hér er um það að ræða, virðulegi forseti, að verið er að framlengja þær ákvarðanir sem teknar voru í upphafi ársins og samþykktar í svokölluðum bandormi. Þar er um að að ræða að frestað var ýmsum ákvæðum grunnskólalaga. Í fyrsta lagi var því frestað að nemendur eigi kost á málsverði á skólatíma. Í öðru lagi var því frestað að lengja kennslutíma nemenda eins og gert var ráð fyrir. Ef ég man rétt var það misjafnlega mikið eftir bekkjardeildum. Í þriðja lagi er því frestað að fækka nemendum í bekkjum í samræmi við ákvæði grunnskólalaga.

Ég heyrði það á stjórnarliðum þegar verið var að ræða þetta mál að þeim fannst þetta lítilvægt, þetta væri bara framlenging og hvað ætluðu menn að fara að æsa sig yfir þessu. En staðreyndin er sú, virðulegi forseti, að að mínu dómi er það eitt brýnasta mál þings og þjóðar hvernig búið er að grunnskólabörnum í okkar landi. Ég hef undir höndum skýrslu um málefni barna og ungmenna þar sem er að finna margar athyglisverðar staðreyndir um stöðu barna og ungmenna, bæði hvað varðar félagslegan aðbúnað, næringu og fleira sem að þeim snýr. Í sumar var haldin hér norræn ráðstefna sem m.a. fjallaði um slæma stöðu barna á Norðurlöndum. Þar var verið að skoða ýmislegt sem að er og snertir börn og ungmenni og ekki voru upplýsingarnar um Ísland glæsilegar, því miður.

Því meira sem rannsakað er þeim mun betur koma í ljós þær miklu breytingar sem hér hafa orðið á heimilishögum sem því miður bitna í allt of ríkum mæli á börnum. Þetta kemur m.a. fram í því að mjög mörg börn eru vegalaus og fá enga umhyggju. Fjöldi barna verður að sjá um sig sjálfur meira og minna og gæta yngri systkina sinna vegna vinnutíma foreldra og ýmiss konar félagsleg vandamál steðja að börnum og unglingum. Því miður hefur skólakerfið og ríkisvaldið ekki brugðist við breyttum aðstæðum og komið til móts við breyttan veruleika með því að sjá til þess að börn fái þá næringu sem þau þurfa, þau eigi kost á gæslu meðan á vinnutíma foreldra stendur og að þau fái félagslega og sálfræðilega þjónustu í þeim mæli sem þau þurfa á að halda.

Að mínum dómi er sú staða sem við stöndum frammi fyrir í málefnum barna og unglinga eitthvað það alvarlegasta sem upp er komið í okkar samfélagi. Því hlýt ég enn á ný að ítreka það sem við sögðum í umræðunni í upphafi ársins að þær aðgerðir sem hér er verið að leggja til og eiga að spara einhverja tugi milljóna, eða spara ríkissjóði a.m.k. 100 millj. á árinu 1993 eins og segir í frv., er dýrkeyptur sparnaður að mínum dómi og hörmulegt upp á að horfa að ríkisstjórnin skuli leita í þann vasa sem síst skyldi. Ekki aðeins vegna barnanna sjálfra og þeirra vellíðunar heldur ekki síður vegna framtíðar íslensku þjóðarinnar. Það er samdóma álit allra þeirra sem huga að framtíðinni, hvort sem það er í Evrópu eða Bandaríkjunum, að góð menntun sé undirstaða bættrar framtíðar, betri framtíðar og þess að við getum tekið á þeim vandamálum sem við okkur blasa í veröldinni, hvort sem þau snerta umhverfið eða félagsleg vandamál, eiturlyfjaneyslu eða hvað sem þar er um að ræða. Menn trúa því að menntakerfið geti bætt þar úr og að leiðin til þess að leysa vandamál framtíðarinnar sé í gegnum menntun,

rannsóknir, vísindi og bættan aðbúnað barna og ungmenna og stuðning við þau.

Hér er valin þveröfug leið. Hér á að endurtaka það sem ákveðið var í upphafi þessa árs. Ég er algerlega andvíg því og í ljósi þess að menn voru að hækka framlög til varnarmálaskrifstofu utanrrn., svo dæmi sé nefnt, get ég ekki annað en mótmælt sparnaði sem hér á að framlengja, en ég mun kanna þetta mál rækilega í hv. menntmn. þegar þar að kemur og fylgja því eftir við 2. umr.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þegar fjárlagafrv. var lagt fram í haust var gert ráð fyrir því að skera niður framlög til grunnskóla allt skólaárið 1992–1993 með sama hætti og ákveðið var í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem voru samþykkt í janúar sl., lögum nr. 1/1992, svokölluðum bandormi. Þess vegna er það þannig að í fylgiskjölum fjárlagafrv. var m.a. nefnt að grunnskólafrv. þyrfti að leggjast fram til að fullnægja forsendum fjárlagafrv. og síðar fjárlaga.

Nú hafa fjárlögin verið samþykkt og þar er gert ráð fyrir þessum niðurskurði. Við alþýðubandalagsmenn fluttum tillögu við meðferð fjárlaganna í gær um að grunnskólinn fengi til ráðstöfunar 100 millj. kr. til að koma í veg fyrir þennan niðurskurð á starfsemi skólanna. Á móti fluttum við tillögu um að sparað yrði fjárframlag til húsbyggingar í þágu Hæstaréttar upp á 100 millj. kr. Þessar tillögur okkar voru því miður felldar og eftir stendur að fjárlögin fyrir árið 1993 gera ráð fyrir að um verði að ræða sams konar niðurskurð til skóla á þessu skólaári öllu eins og verið hefur á þessu almanaksári.

Þetta frv. er lagt ótrúlega seint fyrir miðað við að það hefur legið fyrir mjög lengi að það væri ætlun ríkisstjórnarinnar að flytja þetta frv. Ekki þannig að við höfum saknað þess. Frv. gerir ráð fyrir þrennu. Í fyrsta lagi er frestað framkvæmd ákvæðis um að nemendur skuli eiga kost á málsverði á skólatíma. Þetta er mjög sérkennilegt ákvæði í frv. um ríkisfjármál vegna þess að samkvæmt lögum um grunnskóla er það á ábyrgð sveitarfélaga að tryggja málsverði í skólum. Þess vegna er að mínu mati fullkomlega óeðlilegt þó ekki sé nema af þessum ástæðum að hafa þetta ákvæði inni í lagabreytingum um grunnskóla eins og þær eru fluttar hér.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að fresta að lengja kennslutíma nemenda í grunnskólum að því marki sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. 46. gr. og verður miðað við þann kennslutíma, segir í greinargerð, sem gert er ráð fyrir í fjárlögum 1992 og frv. til fjárlaga fyrir 1993. Enn fremur er frestað framkvæmd á 6. mgr. 46. gr. þar sem kveðið er á um að komið skuli á skólaathvörfum fyrir hvern grunnskóla.

Loks er frestað til loka skólaársins 1993–1994, þ.e. til vorsins 1994, að fækka nemendum í bekkjum í samræmi við ákvæði 75. gr grunnskólalaga, en sú grein var mikið rædd vorið 1991 þegar grunnskólalögin voru sett. M.a. var það fyrir mjög eindregnar kröfur fulltrúa Sjálfstfl. í menntmn. efri deildar, einkum hæstv. forseta Alþingis, þeim sem skipar það embætti nú, að tekin voru inn mjög skýr ákvæði í grunnskólalög um fjölda nemenda í bekkjum. Niðurstaðan varð sú að grunnskólafrv. var breytt frá þeim tillögum sem komu frá þáv. hæstv. ríkisstjórn til samræmis við þær óskir sem Sjálfstfl. lagði fram. Hins vegar hefur það síðan orðið hlutverk Sjálfstfl., örlög hans, að skerða þessi ákvæði, sem hann sjálfur flutti tillögur um fyrir kosningarnar. Kemur þá að því í þessu máli eins og öllum öðrum, hvort sem það eru skattamál, gjöld til kirkjunnar eða hvað það nú er, að það er ekki orð að marka af því sem Sjálfstfl. segir fyrir kosningar. Það er alveg sama hvaða málaflokkur það er, hvort það eru kirkjumál, skólamál skattamál, EES-mál eða hvað það nú er. Sjálfstfl. snýr öllu á haus um leið og hann er kominn í stjórnarstóla.

Með hliðsjón af því, virðulegi forseti, að það mun hafa verið gert samkomulag um að greiða fyrir þingstörfum eins og kostur er og því að þetta mál kemur til menntmn. þar sem ég á sæti, hef ég ekki í hyggju að hefja langar ræður um þetta mál núna þó að full ástæða væri til þess í sjálfu sér því hér er um að ræða stórt og þýðingarmikið mál.

Ég tók eftir því hér við umræðuna og atkvæðagreiðsluna við fjárlögin í gær að hv. þm., mér liggur við að segja, ruku upp til handa og fóta þegar kom að ýmsum málum í fjárlagaafgreiðslu sem eru auðvitað mikilvæg mál, ég dreg ekkert úr því. Ég tel mikilvægt t.d. hvernig háttað er framlögum til vetrarsamgangna svo eitthvað sé nefnt. Hins vegar tók ég líka eftir því að áhuginn í atkvæðagreiðslunni, í kringum þá staðreynd að verið var að skera niður framlög til grunnskóla, til barnafræðslunnar í landinu um 100 millj., var ótrúlega lítill í salnum á sama tíma. Þarna komum við að þeim mikla vanda sem við stöndum frammi fyrir og gjöldum sem þjóð aftur og aftur, að það er erfitt að halda hér uppi málstað þess fólks sem er í skólum, barna og unglinga. Það er stundum þannig þegar kemur að úrslitastundum að það er eins og þetta fólk eigi sér ótrúlega fáa málsvara í landinu og í þessum sal. Má þar kannski helst nefna til viðmiðunar og umhugsunar frv. um umboðsmann barna sem hefur verið flutt eins lengi og ég man eftir mér á Alþingi, aftur og aftur og aftur og það er loforð og loforð og enn loforð um að það verði einhvern tíma afgreitt og svo gerist ekkert.

Þessum veruleika mætti ég oft t.d. í sambandi við grunnskólann og barnafræðsluna í landinu. Það var mjög erfitt að halda uppi málstað barna. Það þykir mjög sérkennilegt að setja hér á ræður í þágu barna og barnauppeldis í landinu og uppeldismála yfirleitt. Þegar aftur kemur að hinum hörðu gildum hinna beinhörðu peningahagsmuna sem menn sjá birtast í fjárlögum eða fjárlagafrv. eða efnahagsráðstöfunum geta menn þanið sig hér daglangt og náttlangt. En þegar um það er að ræða hvort haldið er uppi eðlilegri barnafræðslu í landinu eða ekki eru menn furðu daufir í dálkinn hér í salnum.

Þetta er ekki síst alvarlegt vegna þess líka, hæstv. forseti, að barnafræðsla hér á landi og grunnskóli er lakar á sig kominn en í grannlöndum okkar. Það ligg-

ur fyrir að sú þjónusta sem skólarnir veita hér er lakari en í grannlöndum okkar.

Að lokum, virðulegi forseti. Þetta er sérstaklega alvarlegt vegna þess að vanræksla við börn er vanræksla á forsendum framtíðarinnar. Ef við vanrækjum skólana og uppeldi barnanna með einhverjum hætti erum við í raun og veru að ákveða að sú framtíð sem blasir við verði ekki eins góð og hún ella yrði. Þess vegna er hér um að ræða stórkostlegt alvörumál þó menn í þessari virðulegu stofnun kjósi iðulega að afgreiða grunnskólamál og barnafræðslu með léttúð. Það verður hins vegar ekki gert þegar þetta mál kemur til nefndar þar sem það mun verða skoðað rækilega og vonandi rætt mjög rækilega þegar það kemur til 2. og 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattamál, 3. umr.

Stjfrv., 286. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 531, frhnál. 555, brtt. 552 og 553.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir tveimur brtt. um frv. til laga í skattamálum. Önnur tillagan er frá efh.- og viðskn. á þskj. 552. Þær breytingar sem þar er verið að gera snerta heimildir til gjaldfærslu á keyptum framleiðslurétti í landbúnaði. Ágreiningur hefur verið um skattalega meðferð slíkra kaupa en með þessu frv. er verið að skilgreina réttarstöðu þeirra viðskipta.

Í meginatriðum snýst málið um það að sá kostnaður sem lagt er í við kaup á framleiðslurétti má niðurskrifast á fimm árum. Það hefur verið mjög bagalegt fyrir þá sem hafa staðið í þessum kaupum að vita ekki hvar þeir standa og því er tekið á þessu af hálfu nefndarinnar. Hún hefur orðið sammála um þetta mál og ég þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir það.

Í öðru lagi mæli ég fyrir brtt. sem er á þskj. 553 frá meiri hluta efh.- og viðskn. um breytingar í skattamálum. Þar er fyrst og fremst um það að ræða að hækka fjárhæðir sem tengjast skerðingarákvæðum sem eru tengd eignarskatti. Ástæðan fyrir þessu er sú að fasteignamat hefur hækkað um 3% meðan skattvísitalan hefur hækkað um 0,38%. Ef þessar fjárhæðir væru ekki hækkaðar með þeim hætti sem hér eru mundi eignarskattsbyrði þyngjast sjálfkrafa og líka þær skerðingar sem taka mið af þessari breytingu.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Þá er komið að 3. umr. um skattaorminn langa sem enn lengist við þessa umræðu Minni hluti efh.- og viðskn. fannst ástæða til að skila frhnál. til þess að gera grein fyrir því sem gerðist milli 2. og 3. umr., til að lýsa skoðun sinni á þeim viðbótartillögum sem fram komu og einnig því að okkur hafa verið að berast ályktanir og viðbrögð af ýmsu tagi við því sem samþykkt var við 2. umr. Því mæli ég fyrir frhnál. minni hluta efh.- og viðskn. á þskj. 555. Það er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ekki er ein báran stök í fálmkenndri glímu ríkisstjórnarinnar við ríkisfjármálin. Eftir 2. umr. um skattafrumvarpið kom í ljós svo sem vænta mátti að sitthvað vantaði upp á til að hægt væri að loka skattadæminu. Eftir var að uppreikna skattvísitölu eignatengdra skatta svo og að svara erindi bænda varðandi skattalega meðferð á kostnaði þeim sem fylgir kaupum á framleiðslurétti í landbúnaði. Nefndin tók þessi atriði til umfjöllunar milli umræðna og afgreiddi frá sér breytingartillögur sem ræddar verða við 3. umr.

Nefndin fékk á sinn fund Gylfa Arnbjörnsson, hagfræðing ASÍ, og Halldór Björnsson, varaformann verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Þeir greindu nefndinni frá harðorðri ályktun miðstjórnar ASÍ frá 16. des. og fjölmennum fundi Dagsbrúnarmanna sem mótmæltu aðgerðum ríkisstjórnarinnar og kröfðust þess að ríkisstjórnin færi frá linnti ekki árásum hennar á launafólk. Þeir sögðu tillögur ríkisstjórnarinnar ýta undir vaxandi atvinnuleysi og nefndu sem dæmi um það hve alvarlegt ástandið væri að sl. föstudag bættust 100 nýir Dagsbrúnarmenn við á atvinnuleysisskrá. Dagsbrún ákvað nýlega að greiða atvinnulausum félögum sínum sérstaka jólauppbót úr eigin sjóðum til marks um þá alvarlegu stöðu sem þeir standa frammi fyrir.

Þessar lýsingar árétta þá niðurstöðu sem minni hluti efh.- og viðskn. komst að í fyrra nefndaráliti. Ríkisstjórnin er að efna til ófriðar á vinnumarkaði og ljóst er að verkalýðshreyfingin mun ekki láta óréttlátar skattaálögur hennar yfir sig ganga án þess að snúast til varnar.

Efh.- og viðskn. flytur sameiginlega breytingartillögur varðandi skattalega meðferð á framleiðslurétti í landbúnaði, enda um nauðsynjamál að ræða. Minni hluta efh.- og viðskn. þykir rétt að ríkisstjórnarflokkarnir beri ábyrgð á útreikningi skattvísitölunnar, en þess ber að geta að ASÍ heldur því fram að núverandi ríkisstjórn hafi í raun lækkað skattleysismörkin um 6.000 kr. á mánuði. Um þetta atriði deila fjmrn. og ASÍ.

Samkvæmt útreikningum ASÍ voru skattleysismörkin rúmar 72 þús. kr. á mánuði samkvæmt núverandi verðlagi þegar staðgreiðslukerfi skatta var tekið upp 1988. Eftir þær breytingar sem samþykktar voru við 2. umr. um skattafrumvarp ríkisstjórnarinnar eru þau komin niður í rúmar 57 þús. kr. og voru nú síðast lækkuð um 400 kr. á mánuði. Þessu mótmælti stjórnarandstaðan harðlega og ítrekar þau mótmæli hér, enda er það álit hennar að heldur beri að skattleggja þá sem meira bera úr býtum, en að að rýra kjör þeirra sem lægst hafa launin.

Minni hluti efh.- og viðskn. ítrekar það álit sitt (sjá þskj. 495) að skattafrumvarpið hafi komið allt of seint fram. Það tók sífelldum breytingum dag frá degi og allt of lítill tími gafst til að fara ofan í einstök atriði þess. Þó er ljóst að áhrif þessa frv., ef að lögum verður, geta orðið afdrifarík bæði fyrir afkomu fjölda heimila í

landinu og ekki síður fyrir ferðaþjónustu, prentiðnað, bóka- og blaðaútgáfu. Að mati Þjóðhagsstofnunar geta tapast allt að 170 störf vegna 14% virðisaukaskattsins sem stendur til að leggja á þessar greinar.

Með tilliti til þeirra efasemda sem uppi eru varðandi útreikninga á skattvísitölunni og þeirra margvíslegu óréttlátu skatta sem lagðir verða á almenning og einstaka atvinnugreinar, nái frv. fram að ganga, leggur minni hluti efh.- og viðskn. til að það verði fellt."

Undir nál. rita Halldór Ásgrímsson, Steingrímur J. Sigfússon, Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Kristín Ástgeirsdóttir.

Við 1. umr. þessa máls gerðum við stjórnarandstæðingar nokkra grein fyrir þeim mótmælum sem fram hafa komið við skattafrv. ríkisstjórnarinnar. M.a. barst mér í hendur nýsamþykkt ályktun ASÍ í þann mund sem ég stóð hér í ræðustóli. Þar komu einmitt fram útreikningar ASÍ varðandi persónuafsláttinn. Eins og fram kemur í frhnál. álítur ASÍ að persónuafsláttur hafi lækkað um 6 þús. kr. á valdatíma þessarar ríkisstjórnar og þó nokkuð á tíma þeirrar síðustu. Þetta er afar athyglisvert en fjmrn. er, eins og fram kom í máli mínu, ekki sammála þessum útreikningum. En það er alla vega ljóst að með þessu frv. er verið að skerða persónuafsláttinn um 400 kr. á mánuði auk þess sem tekjuskattur hækkar um 1,5%.

Þegar fulltrúar Alþýðusambandsins komu á fund efh.- og viðskn. lögðu þeir fram minnisblað um skattheimtu ríkisstjórnarinnar. Það er mjög fróðlegt að sjá það svart á hvítu saman tekið hvað þarna er á ferðinni því sannleikurinn er sá að þó að maður hafi gert sér grein fyrir því um hvað málið snýst í einstökum liðum, þá er dæmið mjög svart þegar búið er að leggja allt saman. Það er full þörf á að rifja þessar staðreyndir upp fyrir þingmönnum áður en endanlega verður gengið til atkvæða um þetta mál í þeirri von að einhverjum snúist hugur og að þeir sem eru fullir efasemda vegna þessara aðgerða geri upp hug sinn og standi með okkur í stjórnarandstöðunni að því að stöðva þau slæmu verk sem hér er verið að vinna.

Ég ætla að rifja það upp hér, virðulegi forseti, að hækkun tekjuskatts um 1,5% skilar 2.900 millj. kr. Lækkun persónuafsláttarins skilar 700 millj. en við minnumst þess að það var meiningin að skerða barnabætur um 500 millj. Hér er því krækt í nokkuð meira. Hátekjuskatturinn skilar 400 millj. kr. sem er harla lítið miðað við það sem verið er að ná í af öllum almenningi í landinu, þar með talið þeim sem lægst hafa launin, en samtals skilar þessi aukni tekjuskattur 4.000 millj. kr., 4 milljörðum. Það var einmitt upphæðin sem ríkisstjórnin ætlaði að létta af atvinnuvegunum og færa yfir á almenna skattgreiðendur.

Þar með er ekki öll sagan sögð því að fækkun undanþága í virðisaukaskatti skilar 1.800 millj. og þegar vaxtabæturnar verða skornar niður eiga þær að skila 500 millj. Hækkun viðmiðunarmarka sjálfstæðra atvinnurekenda á að skila 300 millj., hækkun bensíngjalds um 1,50 kr. ofan á aðrar hækkanir vegna gengisfalls og sérstaks bensíngjalds, á að skila 375 millj. Þetta gerir samtals 2 milljarða 975 millj. kr. Þá erum við komin samtals upp í 6 milljarða 975 millj. kr. Ég minni á að það var talað um að létta 4 milljörðum af atvinnulífinu. Þar af er almenn skattheimta 6 milljarðar 275 millj. en það sem ASÍ kallar sértæka skattheimtu er upp á 700 millj. Útgjöld ríkissjóðs vegna afnáms aðstöðugjalds eru 4 milljarðar 250 millj. og útgjöld vegna lækkunar tryggingagjalds í ferðaþjónustu 250 millj.

Þegar þessar tölur eru bornar saman kemur í ljós að þarna munar býsna miklu. Nokkur hluti rennur í ríkissjóð og er til þess ætlaður að lækka hallann. En því miður er verið að taka þessa peninga að hluta til frá þeim sem lægst hafa launin og eins og margoft hefur verið bent á í þessari umræðu þá hefði verið nær að sækja meira í vasa þeirra sem hærri hafa launin. Ég endurtek það að mér finnst þessi lækkun á persónuafslætti vera algjört siðleysi af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Í gær bárust okkur mótmæli frá fundi Verkamannafélagsins Árvakurs á Eskifirði en í þessari ályktun segir, með leyfi forseta:

„Almennur fundur Verkamannafélagsins Árvakurs á Eskifirði mótmælir harðlega tillögum meiri hluta efh.- og viðskn. Alþingis um lækkun skattleysismarka. Með því eru svikin loforð allra þeirra sem buðu fram í síðustu alþingiskosningum. Þessi atlaga gegn láglaunafólki í landinu er sú síðasta af fjölmörgum sem á launafólki hafa dunið síðustu mánuði. Fundurinn hefur fullan skilning á því að mikil efnahagsleg áföll, sem dunið hafa á Íslendingum á síðustu missirum, gera það að verkum að lífskjör hljóta að versna. Það á hins vegar að vera skýlaus krafa til ríkisstjórna á hverjum tíma að þær séu þeim vanda vaxnar að jafna slíkum áföllum af réttlæti á þegnana. Þessari skyldu hefur núv. ríkisstjórn brugðist. Hún hefur m.a. þverbrotið öll loforð sem gefin voru í síðustu kosningum um réttlátari skattlagningu. Verði ekki þegar snúið af þessari braut sem leiðir beint til aukinnar fátæktar í landinu og tekin upp samvinna við verkalýðshreyfinguna um úrlausnir, sem taka mið af hagsmunum hinna verst settu, þá ber þessari ríkisstjórn að fara frá og gefa öðrum tækifæri til að leysa aðsteðjandi vandamál."

Þetta var samþykkt Verkamannafélagsins Árvakurs á Eskifirði en eins og menn muna þá er formaður þess félags varaþingmaður Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi. (**EgJ:** Sem betur fer.) Þannig að það er farið að hitna undir ríkisstjórninni heldur betur. (**Gripið fram í:** Og Agli.)

Þessi mótmæli sýna betur en flest annað hvert andrúmsloftið er orðið úti í þjóðfélaginu og ég get heils hugar tekið undir hvert orð í þessari ályktun.

Önnur ályktun hefur borist frá Starfsmannafélaginu Sókn og ég ætla að lesa hans líka, með leyfi forseta, og í þessari ályktun segir:

„Stjórn Starfsmannafélagsins Sóknar mótmælir harðlega fyrirhugaðri lækkun á persónuafslætti og hækkun skatta og auknum álögum á lágtekjufólk. Hin breiðu bök þjóðfélagsins finnast ekki meðal fólks með 50–60 þús. kr. mánaðarlaun, heldur meðal fjármagnseigenda og hátekjufólks.

Stjórn Starfsmannafélagsins Sóknar krefst þess að

ríkisstjórnin hætti við fyrirhugaðar skattabreytingar sem leiða eingöngu til frekari gjaldþrota alþýðuheimila landsins en beini þess í stað atlögum sínum að þeim sem meira mega sín, fjármagnseigendum og hátekjufólki, sem hér eftir sem hingað til eiga að sleppa frá vandanum.

Með versnandi atvinnuástandi fjölgar því fólki dag frá degi sem býr við kjör langt undir fátæktarmörkum. Stjórn Starfsmannafélagsins Sóknar krefst þess að ríkisvaldið og aðrir ráðamenn þjóðfélagsins komi til móts við verkalýðshreyfinguna og leiti allra leiða til að vinna bug á ógnvænlegu atvinnuleysi sem þjóðfélagið er í engu tilbúið til að halda úti eða búa við og auka jöfnuð í þjóðfélaginu í stað þess að ráðast alltaf á garðinn þar sem hann er lægstur."

Þetta sagði stjórn Starfsmannafélagsins Sóknar og ég gæti haldið áfram að lesa ályktanir sem allar fjalla um það sama að þessum álögum ríkisstjórnarinnar á láglaunafólk í landinu er harðlega mótmælt.

Ég get ekki yfirgefið þennan ræðustól án þess að minnast aðeins á 14% virðisaukaskattinn sem leggst á ferðaþjónustu, húshitun, bækur, blöð, tímarit, útvarp og sjónvarp og fólksflutninga. Þessi virðisaukaskattur er að mínum dómi mjög alvarlegt mál. Þau eru mörg alvarlegu málin í þessu frv. og afleiðingarnar eiga eftir að koma í ljós, og því miður mjög til hins verra, í okkar samfélagi. En ég hlýt að minna á að það var yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að létta sköttum af atvinnulífinu eins og reyndar er gert að hluta til með afnámi aðstöðugjaldsins og lækkun tryggingagjaldsins en jafnframt eru lagðir nýir skattar á ákveðnar atvinnugreinar í formi þessa 14% virðisaukaskatts. Ef við rifjum enn á ný upp mat Þjóðhagsstofnunar þá þýðir þetta samdrátt, hugsanlega gjaldþrot, hugsanlega flutninga á verkefnum úr landi og fækkun starfa um allt að 170. Sumir halda því fram að þau munu verða fleiri.

Þetta er mjög alvarlegt í ljósi þeirra aðstæðna sem við búum við og í ljósi þess að atvinnuleysi vex því miður með hverjum mánuðinum sem líður og þessar aðgerðir ganga auðvitað þvert á yfirlýst markmið um að draga úr atvinnuleysi og efla nýsköpun í atvinnulífinu. Hér gildir það að það sem er gefið með annarri hendinni er tekið með hinni. Þessu mótmæli ég harðlega. Ég tel að hér sé verið að vinna mikið tjón og ég minni enn og aftur á þá atlögu sem hér er gerð að menningarstarfsemi í landinu og getur orðið til þess að valda óbætanlegu tjóni. Hér getur orðið um óbætanlegt tjón að ræða. Þetta er hörmung á að horfa.

Það var frá upphafi ljóst þegar umræða hófst um efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar að sköttum yrði velt yfir á almenning í landinu en við höfum alltaf sagt að það væri ekki sama hvað væri gert eða hvernig það væri gert. Hér er einmitt um það að ræða að það er skattlagt á alla línuna, engum hlíft, og þetta mun verða til þess, það er algjörlega augljóst, að kjör alls þorra almennings munu versna og bætist ofan á atvinnuleysi og félagsleg vandamál sem þegar er við að glíma. Eins og ég rakti í tölunum frá Alþýðusambandinu er hér um það að ræða að ríkisstjórnin er að stórauka skattaálögur, langt umfram það sem þurfti til að létta sköttum af atvinnulífinu. (**Fjmrh.**: Rangt.) Rangt, kallar hæstv. fjmrh. hér fram í. Það má vera að það vanti eitthvað í útreikninga Alþýðusambandsins en hér er auðvitað um það að ræða að það er verið að auka mjög skattaálögurnar. Ég skil ekki hvernig fjmrh. getur hrist hausinn yfir þessu, hann getur bara komið í ræðustólinn á eftir og svarað þessu. (**Fjmrh.**: Ég er búinn að biðja um orðið og mun svara þessu.) Þá kemur hann hér og svarar þessu. Ég skil ekki hvernig hann getur hafnað því að það sé verið að auka skattheimtu, það er svo augljóst mál. (**GÁ**: Atvinnulausum fjölgar og tekjur minnka.) Það sem af þessu mun leiða er auðvitað eins og ég nefndi áður verri kjör alls almennings í landinu, vaxandi atvinnuleysi og það er enn og aftur verið að ýta undir samdráttinn í þjóðfélaginu. Ég vil minna á það sem fram kom á fundi efh.- og viðskn. í gær þegar þeir mættu þar fulltrúar Alþýðusambandsins og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, að það væri verið að stefna í bullandi átök á vinnumarkaði. Þessar aðgerðir munu leiða af sér botnlaus átök á vinnumarkaði, sagði varformaður Dagsbrúnar.

Við eigum þegar við mikil og alvarleg efnahagsvandamál að glíma, því neitar enginn, en aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru ekki til þess að leysa þann vanda, þær auka hann.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í tilefni af ræðu síðasta ræðumanns, hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur, vil ég aðeins fjalla um þetta minnisblað sem kom frá Alþýðusambandinu um aukna skattheimtu. Það er gert upp á grundvelli þess að þessir skattar mundu gilda í heilt ár en eins og hv. þm. veit, vegna þess að hún hefur fjallað um þetta mál og væntanlega lesið það frv. sem við vorum að fjalla um, þá byrjar ekki virðisaukaskattur á bækur og afnotagjöld og þess háttar fyrr en um mitt ár. Virðisaukaskattur af ferðaþjónustu byrjar ekki fyrr en 1. jan. 1994. Síðan hefur líka Alþýðusambandinu láðst að geta þess að það er verið að lækka tekjuskatt fyrirtækja. Eins er verið að lækka skatt af gengismun eða umboðsþóknun bankanna sem hækkar það verð sem þeir geta greitt fyrir gjaldeyri frá útflytjendum. Eins var fellt niður jöfnunargjald á síðasta ári. Þannig að það minnisblað sem þeir drógu fram og sýndi það að ríkissjóður væri að stórgræða á þessu öllu saman, það er stórkostlega orðum aukið og hreint og beint villandi vegna skatttekna ríkissjóðs fyrir næsta ár.

Ég held að ef að menn færu bara yfir þetta og læsu þetta mundu menn sjá þetta.

Í annan stað mundi ég vilja spyrja hv. þm. að því þegar hann leggur til að frv. sé fellt hvort hann sé þá líka að leggja til að það sé hætt við að fella niður aðstöðugjaldið og bara öllu málinu gleymt yfirleitt þangað til einhvern tímann eftir dúk og disk.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það stendur á minnisblaði Alþýðusambandsins, Minnisblað um aukna skattheimtu

ríkissjóðs vegna efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar. Hér er fyrst og fremst verið að tíunda hina nýju skatta. Þetta er aukin skattheimta á almenning í landinu, þið getið ekki neitað því. En síðan er létt af fyrirtækjunum á móti og það kom fram í máli hagfræðings ASÍ að t.d. vaxtabæturnar koma ekki inn í dæmið fyrr en á árinu 1994 og eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram þá skilar virðisaukaskatturinn sér hægt og hægt. En þetta er allt ný skattheimta engu að síður. Þetta er viðbótarskattheimta. Það breytir því ekki að við erum að ræða skattastefnu ríkisstjórnarinnar, hvernig hún er í framkvæmd, og í raun er þetta aukin skattheimta á almenning í landinu og hún er umfram það sem að var stefnt og átti fyrst og fremst að mæta og var boðað í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í nóvember, að það ætti fyrst og fremst að mæta um það bil 4 milljarða kr. skattayfirfærslu af atvinnulífinu yfir á almenning. Hér er um miklu, miklu stærri tölur að ræða, hér er um miklu meiri tilflutning að ræða og hæstv. fjmrh. verður að rökstyðja það á eftir að það sé ekki ef hann ætlar að leyfa sér að halda því fram.

Það er alveg ljóst að stjórnarandstaðan er andvíg þessu frv. eins og það lítur út og ætlar að gera sitt til að fella það. Takist það þá verðum við auðvitað að setjast niður við að endurskoða skattastefnuna eins og við viljum með nýjum meiri hluta sem þá kynni að myndast á Alþingi.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil bara vekja athygli hv. þm. á því til viðbótar að samkvæmt tillögum sem hér voru reyndar felldar í gær var reiknað með því að leggja til viðbótar á 1.600 millj. í hátekjuskatt og 2.000 millj. í vaxtatekjuskatt og ef menn hefðu farið í þetta samkvæmt þeim tillögum sem hagfræðingur Alþýðusambandsins var með, að taka upp vaxtatekjuskatt í framhaldi af niðurfellingu aðstöðugjaldsins, þá hefði slíkur skattur á vaxtatekjur, brúttóvaxtatekjur, þurft að fara upp í 35% og ég held að það hefði ekki verið sérstaklega gæfulegt.

Ég held að ef menn fara að skoða þetta í rólegheitunum og bera saman þessar stærðir hvað hefði í raun þurft að hækka hina almennu prósentu í tekjuskattinum ef menn hefðu viljað fara aðra leið eða hvað menn hefðu þurft að fara með hátekjuskattinn í, sem hefði kannski verið 10–15% til viðbótar af þeirri prósentu sem nú gildir, þá held ég að menn kæmust fljótt að raun um að það mundi vera algjör ófæra.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað rétt hjá hv. þm. og formanni efh.- og viðskn. að menn eru að skoða ýmsar leiðir og hér voru til umfjöllunar í gær tillögur um m.a. hátekjuskatt og fjármagnstekjuskatt sem voru settar fram í tölum en án nokkurrar útfærslu. En það eru ýmsar aðrar leiðir til tekjuöflunar og ég minni enn á það, sem ég hef rætt við fjmrh. og hann er ekki ýkja hrifinn af, sem ég kalla lúxusskatta því ég tel að í rauninni sé það ein besta leiðin að ná inn tekjum af neyslunni og við verðum þá að horfast í augu við þær aðstæður sem ríkja í okkar samfélagi, að það sé skárra að skattleggja neysluna frekar en ýmislegt annað. Ég get miklu betur fellt mig við hækkun bensíngjalds heldur en t.d. það að lækka persónuafslátt og ná inn peningum af láglaunafólkinu á þann hátt þó að skattar af þessu tagi, hvort sem það eru lúxusskattar eða bensíngjald, valdi auðvitað ákveðinni mismunun. Fólk stendur misjafnlega að vígi. En við þær aðstæður sem nú ríkja verðum við að leita leiða til tekjuöflunar og að fara þær leiðir sem valda minnstri mismunun og mestu réttlæti.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. (Gripið fram í.) Ég vil reyna að fara að ráðum hv. frammíkallanda og lengja ekki þessar umræður, en vegna þess að hér eru nefndar tölur frá Alþýðusambandi Íslands og menn eru nokkuð að velta fyrir sér skattbyrði og kaupmætti á næsta ári, þá held ég að það sé gagnlegt fyrir umræðuna að nú þegar komi fram mín viðhorf þannig að þeir ræðumenn sem eiga eftir að tala geti tekið tillit til þeirra upplýsinga sem ég mun fara með í minni ræðu.

Í fyrsta lagi harma ég það að Alþýðusambandið skuli senda frá sér þann pappír sem er dagsettur 21. des. 1992. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur reyndar sýnt fram á hvernig sá pappír er uppbyggður. Hann byggist á því að telja saman alla hugsanlega skatta, ekki einungis á næsta ári heldur líka á árinu 1994, en tekur ekkert tillit til þess hvaða skattar hafa verið felldir niður á yfirstandandi ári, né heldur að það er ætlunin að breyta aftur skattheimtunni á árinu 1994 því allir vita að það er aðeins millibilsástand sem myndast vegna aðstöðugjaldsins.

Þá er einnig blandað saman betri skattskilum og ekki tekið tillit til hluta sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson minntist á. Ég vil bæta því við að jöfnunargjaldið féll niður á þessu ári, í haust, og minna á að jöfnunargjaldið skilaði hvorki meira né minna en einum milljarði á sl. ári.

Þá minntist hv. þm. auðvitað á gjaldeyrisskattinn og tryggingagjaldið sem hefur lækkað.

Það sem mér finnst vera alvarlegt í þessu það er að Alþýðusambandið, sem eru samtök launamanna á almennum vinnumarkaði, skuli senda þetta frá sér og jafnframt vil ég að það komi skýrt fram að upplýsingar þess efnis að kaupmáttur ráðstöfunartekna lækki um 7,5% á næsta ári er auðvitað gjörsamlega út í loftið. Ég get giskað á að talan sé að minnsta kosti helmingi lægri, jafnvel innan við helmingi lægri.

Við þurfum að rifja það upp að gildistökudagarnir á sköttunum eru misjafnir. Við þurfum að rifja það upp að árið 1994 er reiknað með að tekjuskatturinn lækki á fyrirtækjum, það er reyndar lögbundið ef þetta verður að lögum, þetta frv. sem hér er til umræðu, og það auðvitað rýrir tekjur ríkissjóðs og enginn veit á þessari stundu um aðstöðugjaldið. Það sem er kannski alvarlegast við þetta — því auðvitað er það svo að við erum að fara í gegnum mjög erfiða hluti í okkar efna-

hagsmálum, við erum að skófla til sköttum í stórum stíl og ástæðan fyrir því að til þess er gripið er að Alþýðusambandið og Vinnuveitendasamband Íslands hófu viðræður við ríkisstjórnina um þetta mál. Ég er með undir höndum blað sem er merkt Alþýðusambandi Íslands og var lagt fram við þær viðræður og þar kemur fram, því það er ekkert leyndarmál lengur, hvað Alþýðusambandið lagði til að gert yrði. Þar er að finna til að mynda stórfellda lækkun á tryggingagjaldi, á hafnagjöldum, en síðan átti að hækka bifreiðagjöld um hvorki meira né minna en 50% til að fá peninga í ríkissjóð. Það átti að hækka bensíngjald um 3 kr., það skilaði 750, það átti að hækka virðisaukaskattprósentuna almennt, líka á matvælum. Það var ekki verið að tala um lúxus heldur matvæli þar á meðal. Það átti að skila 850 millj. Það átti að setja skatt á nafnvexti, það átti að skila 1.500 millj. Það var ekkert farið í mannamun, sá sem átti 10 kr. hann átti að borga líka og hinn sem átti milljón átti að borga líka af sínum fjármunum. Það átti að hækka skatt af viðmiðunartekjum sjálfstæðra atvinnurekenda upp á tæplega 1.700 millj. kr. Að vísu kom í ljós að það var ekki hægt og síðan var hert skattaeftirlit og fleira og fleira. Með öðrum orðum: Hefði Alþýðusambandið ráðið ferðinni þá hefði verið um storkostlegar skattahækkanir að ræða ef dæma má af þeirra eigin orðum sem þeir viðhafa nú um það sem gerst hefur í frv. ríkisstjórnarinnar.

Það sem gerist og menn verða að átta sig á er að gengisfellingin hefur sín áhrif og við höfum tekið tillit til þess í okkar útreikningum. Það sem skiptir einnig máli er að veltusamdrátturinn í þjóðfélaginu gerir það að verkum að það dregur úr innflutningi sem hefur þau áhrif að skatttekjur ríkissjóðs rýrna. En er þá eitthvert gagn að þessu að draga svona úr innflutningi? Jú, gagnið lýsir sér í því að þegar innflutningurinn minnkar þá dregst viðskiptahallinn saman, en eitt stærsta böl hér á landi hefur verið uppsöfnun á erlendum skuldum. Það er það sem við erum að koma í veg fyrir og hlýtur öðrum þræði að bitna á ríkissjóði. Samt sem áður er talið að hallinn á ríkissjóði á Íslandi sé með því minnsta sem nú þekkist í Vestur-Evrópu, fyrst og fremst vegna þess að ríkisstjórnin brást við þessum vandamálum svo snemma. Síðan koma menn og segja að skatttekjur ríkissjóðs séu að hækka. Þeir sem lesa fjárlagafrv. og bera saman niðurstöðutölur fjárlagafrv., sem eru auðvitað ekkert annað en uppsöfnun þeirra talna sem koma fram í tekjuöflunarfrv. ríkisins, sjá það strax að skatttekjurnar á næsta ári verða svipaðar og á yfirstandandi ári en á yfirstandandi ári eru skatttekjurnar talsvert lægri heldur en 1991, lægri en 1990, lægri en 1989 þannig að það verður að fara allt aftur til ársins 1988 til að finna skatttekjur sem eru jafnlágar — heildarskatttekjur ríkisins — og verða á næsta ári og eru á yfirstandandi ári. Ég bið hv. þm. um að taka tillit til þessa þegar verið er að ræða um skatta. Það er hins vegar alveg hárrétt, og það hefur enginn reynt að draga fjöður yfir það, að skattbyrði einstaklinganna verður mun meiri. En þá bið ég hv. þm. um að sýna þá lágmarkssanngirni að segja að hún hækki vegna þess að það er verið að flytja til skattbyrðina í landinu. Og til hvers er það gert? Það er gert til að létta sköttum af atvinnufyrirtækjunum til að tryggja stöðu þeirra og tryggja að atvinnulífið geti starfað með eðlilegum hætti og til að hamla gegn atvinnuleysi í landinu.

Þetta vildi ég, virðulegur forseti, að kæmist rækilega til skila í þessari umræðu. Því þó vissulega sé það gott að menn geri sér grein fyrir því hve alvarlegt ástand er um að ræða hér á landi og hve róttækar efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar eru í raun, þá megum við ekki grípa til þess ráðs að taka upplýsingar sem við vitum þegar þær eru lesnar hér upp í ræðustól að eru ekki réttar, ekki réttar í þeim skilningi að þar er ekki tekið tillit til þátta sem augljóslega hafa áhrif á niðurstöðutölurnar. Þær tölur sem ég hef farið hér með höfum við reiknað út, þær koma fram í fjárlagafrv., og ég efast um að það sé hægt að hrekja þær. En það er hins vegar alvarlegt þegar samtök út í bæ, sem senda inn upplýsingar, gera ekki reikninginn upp með réttum hætti og taka ekki tillit til þeirra skatta sem hafa fallið niður á þessu ári né heldur þeirra skatta sem munu falla niður á árinu 1994 samkvæmt frv. en leyfa sér í staðinn að taka inn tekjurnar á því ári.

Ég get ekki komist hjá því hér í lokin, hæstv. forseti, að leiðrétta eina missögn sem var sögð hér í ræðustól um daginn og hefur aftur og aftur verið farið með í sjónvarpi og útvarpi og það er um virðisaukaskatt á húshitun. Þar var sagt að það mundu nást 900 millj. kr. af þessum skatti. Sannleikurinn er að það er á milli 560–570 millj. kr. sem nást inn, þar af mun Hitaveita Reykjavíkur borga yfir 60%.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. fjmrh. biður alþingismenn og aðila í þjóðfélaginu að sýna sanngirni í útreikningum. Ég minni hæstv. fjmrh. á það að þegar verið var að skerða barnabætur á sl. ári og þegar var verið að skerða vaxtabætur þá taldi hæstv. fjmrh. ekki rétt að tala um það sem skattlagningu. Við töldum að það væri rétt. Var það sanngirni af hæstv. fjmrh. að neita því? Við minntum hæstv. fjmrh. á að það væri fjöldinn allur af gjöldum sem kom inn í fjárlagafrv. sem væri jafnframt skattheimta. Hæstv. fjmrh. neitaði því og sýndi ekki sanngirni þá.

Auðvitað er hægt að viðurkenna að það er viss ósanngirni í því að stilla þessu þannig upp að það sé verið að hækka skatta á næsta ári sem þessu nemur. Þannig ber ekki að skilja þetta skjal Alþýðusambands Íslands. Það ber að skilja það hvað skattarnir koma til með að hækka á ársgrundvelli ef engin önnur lækkun kemur á móti. Hæstv. fjmrh. hefur ekki tilkynnt um það hvaða lækkanir eigi að koma á árinu 1994. En hæstv. ríkisstjórn ætlar að hafa samskipti við aðila vinnumarkaðarins með þessum hætti, eins og hæstv. fjmrh. gerði hér áðan, að halda því fram að verkalýðshreyfingin hafi í reynd viljað leggja á miklu hærri skatta en ríkisstjórnin. Verkalýðshreyfingin sé miklu skattaglaðari en ríkisstjórnin og ríkisstjórnin ætli að ná sér í vörn með því að kenna verkalýðshreyfingunni í landinu um alla þessa hluti.

Hvernig væri nú, hæstv. fjmrh., að fjmrn. og hag-

fræðingar Alþýðusambandsins töluðu saman og reyndu að komast að sameiginlegri niðurstöðu í stað þess að hæstv. fjmrh. sendi hreyfingunni tóninn með þessum hætti hér á Alþingi. Heldur hæstv. fjmrh. að það skapist einhver friður hér í þjóðfélaginu með þessu háttalagi ríkisstjórnarinnar?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi voru vaxtabætur ekki skertar á yfirstandandi ári þannig að það er rangt hjá hv. ræðumanni að svo hafi verið gert. Varðandi barnabætur er það auðvitað augljóst mál að skerðing barnabóta á yfirstandandi ári framkallaðist í hærri tekjuskatti á yfirstandandi ári og það sést í fjárlögum yfirstandandi árs og í innheimtu tekna. Það er ekki hægt að blekkja neinn með því, tölurnar tala þar sínu skýrasta máli.

Í öðru lagi er ég ekki sömu skoðunar og hv. þm. um þjónustugjöldin. Ég tel til að mynda að það séu ekki skattar þegar einstaklingur sem nýtur tiltekinnar opinberrar þjónustu greiðir hærra hlutfall en hann gerði áður fyrir þá þjónustu. Um það getum við deilt. En í mínum huga og langflestra annarra sem um þessi mál fjalla, þar á meðal t.d. starfsbræðra minna á Norðurlöndum, er þetta ekki skattheimta heldur aukin þjónustugjöld og á því er gerður heilmikill munur.

Í þriðja lagi vil ég segja að í frv. ríkisstjórnarinnar er lækkun á sköttum 1994, þar á meðal lækkun á sköttum fyrirtækja sem ekki er tekið tillit til í Alþýðusambandsplagginu. Og loks vil ég segja það að auðvitað tala hagfræðingar Alþýðusambandsins, Vinnuveitendasambandsins og fjmrn. saman og það er þeim mun hörmulegra að þetta skyldi gerast þegar ljóst er að það liggja fyrir beinharðar staðreyndir sem eru aðrar en þær sem koma fram á þessu blaði vegna þess að það er völdum staðreyndum raðað upp á blaðinu. Og vegna þess að hv. þm. var að segja að það væri bara verið að tala um þetta á einhverjum ársgrundvelli þá segir á þessu minnisblaði: „aukna skattheimtu ríkissjóðs vegna efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar“ og punktum og basta. Það er ekkert annað sem stendur á þessu blaði og sá sem les blaðið getur þess vegna haldið að hér sé verið að taka tillit til allra staðreynda en því miður þá er það ekki gert.

Ég er með mínu máli, herra forseti, síður en svo að ráðast á einn eða neinn. Ég er að benda á að okkur er nauðsyn í þessum umræðum að hafa það sem sannara reynist, nógu miklir eru erfiðleikarnir samt.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ávallt rétt, hæstv. fjmrh., að hafa það sem sannara reynist. Ég man nú ekki eftir að hæstv. fjmrh. hafi viðurkennt það fyrr að breyting á barnabótum sé skattahækkun. Ég man ekki eftir að hann gerði það hér á sl. vetri. Hvað svo sem menn kalla þjónustugjöld þá getum við væntanlega orðið sammála um það, hæstv. fjmrh., að það skerðir kaupmátt ráðstöfunartekna. Og það sem skiptir máli nú er að sjálfsögðu hver er kaupmáttur ráðstöfunartekna fólks. Hvort ákveðin gjöld eru kallaðir skattar eða þjónustugjöld, ég ætla ekki að fara út í deilur um það. Sjálfsagt má fara mörgum orðum um það en hér er um að ræða skerðingu á ráðstöfunartekjum fólks. Ég verð að segja það, hæstv. fjmrh., að það kemur mér svo sannarlega á óvart líka að fjmrh. landsins skuli leyfa sér að halda því fram að verkalýðshreyfingin hafi viljað skattleggja almenning í landinu með miklu harðskeyttari hætti en núv. ríkisstjórn. Það var það sem hæstv. fjmrh. var að segja hér áðan. Það var sá tónn sem forsrh. sendi þingi ASÍ á Akureyri. Er nema von, hæstv. fjmrh., að þessi samskipti séu komin í hnút. Er nema von að t.d. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands skuli hafa lýst því yfir að ríkisstjórnin sé að stefna í harkaleg kjaraátök. Og ef hæstv. fjmrh. trúir ekki okkur í stjórnarandstöðunni eftir að hafa hlustað á talsmenn þessara samtaka þá trúir hann væntanlega formanni Farmanna- og fiskimannasambands Íslands sem situr í hans eigin þingflokki og hefur væntanlega staðið fyrir þeirri samþykkt sem gerð var í gær og birt var í fjölmiðlum í dag eftir því sem ég best veit.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt, hæstv. fjmrh., að það komist á betra samband milli ríkisstjórnarinnar og þessara samtaka því það getur ekki verið að menn tali mikið saman þegar hæstv. fjmrh. talar í þessum tón hér á Alþingi.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi varðandi þjónustugjöld og ráðstöfunartekjur. Það er nú spurningin hvað við köllum ráðstöfunartekjur. En í skilningi fjárlaga og skilningi sem venjulega er viðhafður þegar rætt er um ráðstöfunartekjur þá er verið að tala um atvinnutekjur mínus skatta. Þannig að þjónustugjöld a.m.k. í „teoríunni“ hafa ekki áhrif á ráðstöfunartekjur af því að þjónustugjöld eru ekki skattar í þessum skilningi. Um það m.a. snýst þetta mál því fólk getur oft valið um það hvort það grípur til þessarar persónulegu þjónustu eða ekki.

Í öðru lagi minntist ég aldrei á harðskeyttari hátt hjá Alþýðusambandinu. Ég hins vegar benti á að í fyrirliggjandi plöggum frá Alþýðusambandinu væri gert ráð fyrir því að skófla til sköttum í meiri mæli heldur en ríkisstjórnin hefði gert. Og ég get nefnt niðurstöðutölurnar. (**HÁ:** Þá var engin gengisbreyting.) Alveg hárrétt, ég kem að því. Niðurstöðutalan varð sú að tæpir 8,8 milljarðar áttu að flytjast yfir á einstaklingana. En það er hárrétt hjá hv. ræðumanni Halldóri Ásgrímssyni, hv. 1. þm. Austurl., að þá var gengisfellingin ekki inni í myndinni. En ég vona að við séum þó sammála um það að eins og sakir stóðu hinn 23. nóv. var gengisfellingin óhjákvæmileg. Um það hljótum við þó að vera sammála þó við séum ekki sammála um allt alltaf. Sem betur fer er það nú oftar en ekki sem við erum það þó.

En vegna sambandsins við verkalýðshreyfinguna vil ég segja það að lokum, hæstv. forseti, að ríkisstjórnin er nú sem endranær tilbúin til að eiga viðræður og vill eiga gott samband við bæði verkalýðssamtökin í land-

inu og atvinnurekendur því við vitum að við komumst ekki út úr okkar kröggum, okkar vandræðum, nema það samband sé byggt á gagnkvæmu trausti og að því vill ríkisstjórnin vinna.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við viljum stefna að góðu samstarfi, segir hæstv. fjmrh. En varaformaður Dagsbrúnar komst svo að orði, eins og ég tók fram hér áðan, að það stefndi í botnlaus átök á vinnumarkaði. Þannig að það er nú vandséð hvar þessi góðu samskipti eiga að fara fram eða hvernig þau koma í ljós.

En vegna orða fjmrh. hæstv. hér áðan þá er það ríkisstjónin sem ber ábyrgð á sínum tillögum og því sem hér er verið að samþykkja. Og það bætir ekkert hennar stöðu þó að ASÍ hafi komið fram með einhverjar tillögur sem hugsanlega voru verri. Það bætir ekki stöðu ríkisstjórnarinnar, hennar er ábyrgðin. Ég get tekið undir það að mér leist nú ekki á allt sem var til umræðu hjá hinni svokölluðu atvinnunefnd. En ég spyr: Voru engar jöfnunaraðgerðir inni í því dæmi? Voru engar jöfnunaraðgerðir sem ASÍ lagði til? Þær er ekki að finna í tillögum ríkisstjórnarinnar. Hér er bara skattlagt beint og aukin sakttbyrði en það eru engar jöfnunartillögur þar á móti. Og ég vil líka spyrja hæstv. fjmrh.: Hvað er rangt í þessum tölum Alþýðusambandsins? Það er ekki verið að fullyrða hér eitt eða neitt. Hér eru bara upplýsingar um þessa auknu skattheimtu, hverju er verið að bæta við og greint hér í almenna skattheimtu og sértæka skattheimtu og síðan er þess getið hver hlutur afnáms aðstöðugjalds er og útgjöld vegna lækkunar tryggingagjalds. Þarna er ekki verið að fullyrða eitt eða neitt annað en það að niðurstöðutalan er 6.975.000 kr. í þessa skattheimtu. Hvað er rangt í þessu, fjmrh.? Hvað er rangt? Er hér eitthvað sem fer á milli mála? Þetta verður hæstv. fjmrh. að skýra. Og hann þarf líka að skýra fyrir okkur þá fullyrðingu sína að tölur ASÍ um samdrátt í kaupmætti upp á allt að 7% séu rangar. Hann verður að gjöra svo vel og skýra það. Þetta er auðvitað sú niðurstaða sem Alþýðusambandið hefur komist að. Og mín niðurstaða er sú, virðulegur forseti, að hér tala menn með vonda samvisku.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að segja við hv. þm. að ég hef ekki verri samvisku en svo að ég trúi því að hæstv. ríkisstjórn sé að gera það besta sem sé hægt að gera við þær aðstæður sem við lifum núna við. Mér er fullkunnugt um að þetta eru ekki vinsælar ráðstafanir en ég er fullviss um það að þegar tímar líða þá munu menn sjá að til þessara ráðstafana var nauðsynlegt að grípa.

Ég svaraði því áðan hvað væri rangt í tölunum og það gerði reyndar hv. þm. Vilhjálmur Egilsson líka. Í fyrsta lagi er blandað saman skattheimtu ríkissjóðs vegna efnahagsaðgerða annars vegar og fjárlaganna hins vegar. Á það vil ég benda. Í öðru lagi er ekki tekið tillit til frádráttarliða sem ég hef bent á fyrr í mínum ræðum. Í þriðja lagi er blandað saman tveimur árum án þess að taka tillit til þess að um lækkun er að ræða á seinna árinu. Í fjórða lagi vil ég benda á að niðurfelling aðstöðugjaldsins á aðeins að gilda á næsta ári, þá tekur breyting við, þetta er bráðabirgðaástand. Og loks þegar talað er um heildarskattheimtuna þá er ekki tekið tillit til veltuáhrifanna sem ég hef minnst á fyrr í mínu máli.

Það má vel vera að varaformaður Dagsbrúnar hafi komið á fund nefndarinnar og sagt að það stefndi í botnlaus átök. Og ég skal fyrstur manna taka undir það með hv. þm. að ríkisstjórnin ber að sjálfsögðu ábyrgð á þessum aðgerðum. En ég vonast til þess að jafnt Alþýðusambandið, verkalýðssamtökin og vinnuveitendur ásamt ríkisstjórninni og stjórnarandstöðunni, sem stundum í vetur hefur verið að reyna að sýnast ábyrg, standi þó saman um það að reyna að sigla okkur út úr þessum erfiðleikum og sýna að minnsta kosti þá sanngirni gagnvart ríkisstjórninni að fara rétt með tölur því það er undirstöðuatriði. Því ef röngum tölum er komið á framfæri eins og ég minntist á áðan þá trúir fólk því og það tekur langan tíma að leiðrétta þegar rangar tölur fara af stað.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er greinilega ástæða til að fara nánar ofan í þetta talnadæmi. Við verðum greinilega að gera það í efh.- og viðskn. En hæstv. fjmrh. sagði að ríkisstjórnin væri að gera það besta sem hægt væri að gera í stöðunni. En hæstv. fjmrh. sagði að ríkisstjórnin væri að gera það besta sem hægt væri að gera í stöðunni. Þessu er ég algerlega ósammála. Bent hefur verið á ýmsar aðrar leiðir í umræðunni um það hvernig hægt er að skattleggja og létta byrðum af atvinnulífinu og færa yfir á það sem við köllum stundum breiðu bökin í þjóðfélaginu. En það er ekki gert hér. Hér er verið að skattleggja á alla línuna og þar með talið lægst launaða fólkið. Þetta eru óréttlátar aðgerðir. Kjör hinna lægst launuðu og þá erum við að tala um fólk sem hefur 50–60 þús kr. eða um og yfir 60 þús. kr. í laun. Skattbyrði þeirra eykst og þetta er auðvitað ekki verjanlegt, hæstv. fjmrh., það er ekki boðlegt að gera slíka hluti. Það eru til leiðir til þess að ná inn peningum frá þeim sem hafa meiri tekjur. Við höfum að vísu aldrei komist í þá vinnu eða séð útfærslu á því sem kallaðir eru hátekjuskattar en það er sú leið sem á að fara. Það á að færa til skattbyrðina og ég minni enn á þá tillögu sem kom fram fyrr í umræðunni um að hækka persónuafsláttinn og hækka þá skattprósentuna almennt. Þá tillögu þarf að útfæra og gera það þannig að hún komi réttlátt niður, en þessar árásir á láglaunafólk í landinu eru óþolandi.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Senn líður að lokum umræðunnar um skattastefnu ríkisstjórnarinnar. A.m.k. leit út fyrir að henni lyki fljótlega þar til hæstv. fjmrh. kom í ræðustól og hélt afar sérkennilega og ég vil leyfa mér

að segja óskynsamlega ræðu við þessar aðstæður. Ég held að ekki hafi verið mjög skynsamlegt af hæstv. fjmrh. að fara fram með árásir á Alþýðusamband Íslands eins og hann gerði hér áðan. Hæstv. fjmrh. kann að finna sér eitthvert grand í því að þenja sig út af minnisblaði frá einum hagfræðingi Alþýðusambandsins og reyna að gera það tortryggilegt. En það breytir ekki hinu að hann hafði uppi stór orð um viðhorf Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar og fór fram með svo ósanngjörnum og óskynsamlegum hætti í samanburði á hugmyndum aðila vinnumarkaðarins frá því í haust og síðan skattatillögum ríkisstjórnarinnar að hann sló kollega sína út, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., sem höfðu áður gengið jafnlangt þannig að það hallaðist þá ekki á klyfjunum. En ef eitthvað var þá var þetta sýnu óskynsamlegra hjá hæstv. fjmrh., m.a. vegna þess að hæstv. fjmrh. er sá ráðherra hæstv. ríkisstjórnar sem þarf að eiga samskipti við launafólk og hann er einn stærsti viðsemjandi launafólks á Íslandi. Er hæstv. fjmrh. e.t.v. búinn að gleyma því verkefni sem hann á væntanlega fram undan, þ.e. að reyna að ná samningum við opinbera starfsmenn um kaup og kjör?

Auðvitað er ekki nokkur leið, hæstv. forseti, að umræðunni ljúki án þess að okkur gefist a.m.k. eitthvert tóm til þess að svara þeim árásum sem haldið var uppi á fjarstadda aðila sem geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér á Alþingi og þá í fyrsta lagi um þetta minnisblað frá hagfræðingi Alþýðusambands Íslands. Hæstv. fjmrh. lætur eins og á því hafi verið gefin einhver heildarúttekt á ríkisfjármálum bæði í bráð og lengd, bæði því sem var, því sem er og því sem verður. Það er ekkert gefið í skyn á þessu minnisblaði. Þetta er einfaldlega minnisblað, samantekt um íþyngjandi aðgerðir í fjárlögum og skattastefnu ríkisstjórnarinnar. Hvergi er gefið annað í skyn. Hvergi er gefið í skyn að það sé einhver debet og kredit reikningur og ég skil því ekki hvað hæstv. fjmrh. gengur til. Að sjálfsögðu er rétt að menn geri grein fyrir því hvað felst í þessu minnisblaði en það er þetta, hæstv. fjmrh., og hvergi er neitt annað gefið í skyn. Því er fullkomlega ómaklegt af hæstv. fjmrh. að fara með þessum árásum út af þessu eina blaði. Á fundi efh.- og viðskn. kom fram að þetta væri minnisblað sem gestur nefndarinnar hafði tekið saman á hlaupum rétt áður en hann kom til nefndarinnar, eingöngu til þess að glöggva sig á og hafa á einu blaði yfirlit yfir íþyngjandi aðgerðir í skattapakka og fjárlögum ríkisstjórnarinnar. Og það er það sem stendur á þessu blaði og þær tölur eru réttar fyrir utan eina sem mér sýnist að hafi skolast til, þ.e. að vaxtabæturnar á að skerða ef ég man rétt um 400 millj. en ekki 500 á árinu 1994. Menn geta svo deilt um ...(Gripið fram í.) Já, en þar er hagfræðingurinn eins og hann tók skýrt fram á fundi nefndarinnar. Formaður nefndarinnar hefði átt að hafa manndóm í sér til þess að koma upp og verja gesti nefndarinnar þegar ráðist er á þá með þeim hætti sem hæstv. fjmrh. gerði ómaklega vegna þess að hagfræðingurinn tók það skýrt fram að þarna væru ráðstafanirnar færðar yfir á ársgrundvöll og þá gefur hátekjuskatturinn 400 millj., þ.e. 300 á árinu og 100 millj. í eftiráuppgjör á árinu 1994 þannig að þessar tölur eru réttar, hæstv. fjmrh., allar nema þessi eina þar sem skolast hafa til 100 millj. kr. Ég mótmæli þessum árásum á fjarstadda menn sem geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér og fjmrh. skal þá a.m.k. forða sér út fyrir þinghelgina og fara þar fram með þessar árásir á Alþýðusambandið.

Að öðru leyti verður auðvitað að segjast eins og er að það er með ólíkindum hversu ósvífin hæstv. ríkisstjórn er í því að bera saman tillögur aðila vinnumarkaðarins frá sl. hausti sem aldrei voru í sjálfu sér annað en hugmyndir á vinnustigi og síðan niðurstöðu sína í skattamálum. — Hæstv. forseti, er hægt að fá hæstv. fjmrh. í salinn þannig að hann haldist hérna við? Hann kemst ekki út úr þinghelginni með því að forða sér úr salnum og auk þess væri allt í lagi að hæstv. forsrh. léti sjá sína göfugu ásjónu í þingsalnum svona augnablik í dag. — En auðvitað er alveg óþolandi að hæstv. ríkisstjórn skuli fara fram með þessum samanburði á þeim hugmyndum aðila vinnumarkaðarins sem voru þar á borðum manna og síðan eigin skattastefnu.

Hæstv. fjmrh. gleymdi að geta um ýmislegt þegar hann bar þessa hluti saman og telji hann að framsetning hagfræðings ASÍ og meðferð á staðreyndum sé ósanngjörn, hvað má þá segja um samanburð hæstv. fjmrh. við hugmyndir aðila vinnumarkaðarins? Hæstv. fjmrh. gleymdi að geta um það þangað til hann var minntur á það í andsvörum að hugmyndir aðila vinnumarkaðarins gengu út á það að gengið yrði ekki fellt og það munar að sjálfsögðu miklu í kjörum launafólks. Hæstv. fjmrh. gleymdi að geta þess að tillögur aðila vinnumarkaðarins gengu út á það að vextir lækkuðu. Það skiptir miklu máli fyrir skuldsett heimili í landinu. Hæstv. fjmrh. gleymdi að gera grein fyrir því að tekjuöflunin gerði ráð fyrir allt öðruvísi álagningu. Aðrir aðilar áttu að bera þungann af byrðunum en í skattastefnu ríkisstjórnarinnar, þ.e. fjármagnseigendur og hátekjufólk. Þessu gleymdi hæstv. fjmrh.

Hæstv. fjmrh., ætlunin var sú að verja kaupmátt launafólks en ekki skerða hann um 5–7% sem er borðleggjandi ef þessar ráðstafanir eru gerðar. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á að hæstv. forsrh. er kominn í salinn.) Já, það er okkur stórfelldur heiður, hæstv. forseti, að fá hæstv. forsrh. til okkar og við gleðjumst saman rétt fyrir jólin yfir því. Ég verð að segja alveg eins og er að þessar rangfærslur og þessi ósanngjarni og ómaklegi málflutningur hæstv. fjmrh. m.a. í garð hagfræðings Alþýðusambands Íslands er kannski ekki það versta. Það versta var tónninn í ræðu hans ef maður á að leggja einhverja merkingu í það sem þarna virðist vera í samskiptum ríkisstjórnarinnar og verkalýðshreyfingarinnar. Ég ber kvíðboga fyrir framhaldinu ef þetta verður svona. Rétt fyrir jólin þegar ríkisstjórnin er að afgreiða skattamál sín og fjárlög og maður hefði haldið að þeir reyndu að sýna á sér mjúku hliðina ræðst hæstv. fjmrh. á verkalýðshreyfinguna annars vegar með því að segja: Þeir vildu vera miklu verri við launafólk en við í haust. Þeir voru með tillögur um enn þá meiri skattpíningu sem er auðvitað rangt, en hæstv. fjmrh. hélt því samt fram og í raun og veru sakar þannig verkalýðshreyfinguna um það að

vera upphafsmenn að þeirri óhæfu sem ríkisstjórnin er svo að framkvæma nú í skattamálum.

Þegar það andrúmsloft liggur svo fyrir sem þegar er orðið og hefur skapast bæði af stefnu ríkisstjórnarinnar og aðstæðum öllum eins og atvinnuleysinu og öðru slíku þá er varla hægt að hugsa sér vitlausari ræður en þá sem hæstv. fjmrh. hélt hér. Ég held að hann væri maður að meiri ef hann bæðist afsökunar á þessum orðum og færi fram með blíðmælum í stað þeirra skeytasendinga sem hann fór hér með. Ég held að hæstv. forsrh. mætti blanda sér í þann kór og reyna eftir því sem hægt er að skapa gott veður.

Ég held að hæstv. ráðherrar og hæstv. ríkisstjórn verði að gera sér grein fyrir því hvernig ástandið í þjóðfélaginu er. Það virðist ekki hafa komist til skila. Skilaboðin virðast ekki hafa dugað. 900 manna fundur Dagsbrúnar, ályktanir verkalýðsfélaganna, það að 100 manns bættust á atvinnuleysisskrá Dagsbrúnar sl. föstudag. Hæstv. ráðherrar virðast ekki hafa frétt af þessu. Hvernig halda menn að ástandið sé þegar m.a. Dagsbrún er farin að taka um það ákvörðun að greiða atvinnulausum félagsmönnum jólauppbót úr eigin sjóðum í desember? Hvers vegna? Vegna þess að ástandið er þannig hjá þessum mönnum að þeir eru að reyna að jafna kjörin. Dagsbrúnarmenn hafa hugsun á því öfugt við hæstv. ríkisstjórn. En þetta er til marks um ástandið að þetta verkalýðsfélag gengur í eigin sjóði til að borga atvinnulausum félagsmönnum sínum desemberuppbót. Það mætti hæstv. ríkisstjórn hafa í huga. Er svo verið að biðja um traust? Hæstv. fjmrh. sagði heilagur í framan, mælandi fyrir þeim hlutum sem hér eru á ferðinni, að samskipti aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar þurfi að byggjast á gagnkvæmu trausti og velvilja. Er mikið traust í því fyrir verkalýðshreyfingu, sem samdi um það fyrir tæpu ári að barnabætur yrðu ekki lækkaðar, að ekki yrði hróflað við þeim nema í samráði við verkalýðshreyfinguna, að fá í andlitið frv. sem gerir ráð fyrir 500 millj. skerðingu í viðbót? Að vísu féll svo meiri hluti efh.- og viðskn. frá því, og gott og vel, en datt þá ofan á það ólánsama ráð í staðinn að lækka persónufrádrátt. En þetta var að sem birtist þrátt fyrir bókun með kjarasamningum á síðasta ári um að ekki verði hróflað frekar við barnabótum. Svo er verið að biðja um traust. Ríkisstjórn, sem hefur margsvikið öll sín loforð eins og þessi hefur gert í skattamálum og margsannað er, á að fara varlega í það að biðja aðra um að sýna sér traust og sanngirni eins og hér var gert. Menn geta rifist um skattleysismörkin og prósenturnar í þeim efnum.

Ég tel að það sé ekki aðalatriði þessa máls hvort kjaraskerðingin er nákvæmlega 5%, 5,5%, 6%, 6,5% eða 7%. Reynslan mun leiða það í ljós og hún ein getur svarað því nákvæmlega hvernig kjörin þróast á næsta ári. Það fer m.a. eftir því hver verðlagsáhrif þessara aðgerða verða o.s.frv., hlutir sem við vitum ekki alveg fyrir. En stærðargráðan liggur fyrir og sömuleiðis nokkurn veginn stærðargráðan í því hversu mikið ríkisstjórnin er að þyngja skattbyrðina á einstaklinga. Það er óumdeilt, hæstv. forsrh. Ekki er hægt að neita því að raungildi persónufrádráttarins hefur lækkað um 15 þús. kr. síðan 1988 og þar af 6 þús. kr. í tíð þessarar ríkisstjórnar, því verður ekki mótmælt. Og það er ríkisstjórnin sem lofaði mönnum hækkun persónufrádráttar, ekki satt, hæstv. frammíkallandi, hæstv. forsrh.? (**Forsrh.:** 10%.) Ég held að ríkisstjórnin ætti að hafa áhyggjur af eigin frammistöðu og eigin loforðum áður en hún fer að hafa miklar áhyggjur af öðrum. Það væri hyggilegt, hæstv. forsrh.

Þessi staðreynd blasir við og þessi eina aðgerð er að færa persónufrádráttinn niður úr rúmlega 60 þús. kr. niður í skattleysismörkin, úr rúmlega 60 þús. kr. niður í 57 þús. Því er ómótmælt. Ekki er hægt að neita því. Það eru staðreyndir, hæstv. fjmrh., sem þú varst að lýsa áðan eftir.

Ég verð líka að segja að málflutningur hv. formanns efh.- og viðskn. sem í raun og veru gekk út á það, ef ég má leyfa mér að túlka orð hans, að af því að þetta væri svo erfitt með fjármagnstekjuskattinn, prósentan þyrfti að vera svo há til þess að skila einhverjum umtalsverðum fjárhæðum og af því að þetta væri svo strembið með hátekjuskattinn, þá væri best að skella þessu bara á láglaunafólkið. Í grófum dráttum var þetta það sem hv. formaður efh.- og viðskn. sagði. Ég held að almenningur í landinu hefði gert mikinn greinarmun á því hvort ríkisstjórnin hefði að einhverjum hluta til verið með almennar álögur á ferðinni og enginn neitar því að til slíks hefði getað þurft að koma ef hinum væri ætlað að taka á sig byrðar sérstaklega. Það sem stingur mest í augu, það sem ég held að sé að gera landsmenn meira og minna vitlausa, er það að enn einu sinni skuli fjármagnseigendunum algerlega sleppt. Ef ríkisstjórnin hefði sýnt einhvern heiðarlegan lit gagnvart fjármagnseigendunum og hátekjufólkinu þá hefði almenningur fremur umborið þessar álögur. Það er þannig. Það vantar í þetta réttlætið og sanngirnina sem er að gera það að verkum að fólk er að rísa upp til að mótmæla þessu og boða átök. Þetta er nú svona.

Síðan er nauðsynlegt, hæstv. forseti, að vekja athygli ráðherranna á einu atriði enn sem mér finnst hafa skort á að menn taki inn í umræðuna um efnahagsmálin á Íslandi og það er fjárhagur heimilanna. Það er staða fjölskyldnanna í landinu, þessara mikilvægustu grunneininga í öllum þjóðfélögum. Við alþingismenn höfum í höndunum glænýjar upplýsingar mjög alvarlegs eðlis um það hvernig skuldastaða heimilanna í landinu hefur þróast á síðustu árum. Menn hafa talað mikið um skuldir í atvinnulífinu, skuldsetningu sjávarútvegsins og það er margt rétt sem sagt er um það. Sjávarútvegurinn er illa staddur. En það merkilega kemur samt í ljós að skuldsetning atvinnulífsins á Íslandi hefur sáralítið breyst sl. átta ár, nánast staðið í stað sem hlutfall af landsframleiðslu. Skuldir ríkissjóðs hafa aukist nokkuð samkvæmt sömu viðmiðun, en það eru skuldir heimilanna sem hafa margfaldast og þær aukast um 15 milljarða á ári núna milli ára síðustu þrjú eða fjögur árin. Það á að verða okkur öllum áhyggjuefni, hv. alþingismönnum, fleirum en þeim sem standa að núv. ríkisstjórn. Það að skuldir heimilanna, þ.e. skuldir þeirra umfram sparnað, aukast um 15 milljarða á ári ár eftir ár eru alvarleg tíðindi. Það þýðir að

það kemur senn að miklum og almennum erfiðleikum hjá þessari mikilvægustu grunneiningu þjóðfélagsins, fjölskyldunni og heimilunum. Þessar upplýsingar er að finna í skýrslu Seðlabankans sem ég hef kallað skammdegisskýrsluna í umræðum undanfarin ár vegna þess að það vill svo til að hún kemur alltaf út í svartasta skammdeginu og því miður hefur það verið svört skýrsla a.m.k. sl. tvö ár og þó sennilega aldrei ljótari en núna. Sennilega er þetta mesta skammdegisskýrslan af þeim öllum sem Seðlabankinn sendir frá sér og þar á ég sérstaklega við upplýsingarnar sem koma fram um auknar skuldir heimilanna. Þetta ættu hæstv. ráðherrar að hafa í huga, m.a. þegar þeir eru að velta fyrir sér samskiptum sínum við fulltrúa launafólks í landinu í verkalýðshreyfingunni. Það væri óskynsamlegt af hæstv. ráðherrum að fara í þær viðræður ef þær verða þá einhverjar án þess að hafa kynnt sér slíkar staðreyndir.

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að hafa þetta langa ræðu með tilliti til aðstæðna hér, en eftir ræðu hæstv. fjmrh. gat ég ekki annað en farið yfir þetta nokkrum orðum. Ég hefði talið að ég væri að bregðast skyldu minni sem nefndarmaður í efh.- og viðskn. ef ég reyndi ekki að verja fyrir ómaklegum ásökum fjarstaddan aðila sem ekki hefur tök á að bera hönd fyrir höfuð sér hér á Alþingi. Ég hef nú gert það. Ég mótmæli þessum ásökum á Alþýðusambandið. Ég harma framkomu hæstv. ríkisstjórnar í garð verkalýðshreyfingarinnar og ég spái því að illa fari ef ríkisstjórnin sér ekki að sér í þessum efnum. Dugar þeim ekki sá tónn, sú fundarsókn, sá andi sem berst þeim utan úr þjóðfélaginu þessa dagana í gegnum fjölmiðlana? Þeir fara ekki mikið út úr húsi sjálfir, hæstv. ráðherrar, og það gerum við reyndir ekki fleiri, sumir hv. þm. þessa sólarhringana.

Hæstv. forseti. Um brtt. er gott að segja, a.m.k. þann hlutann sem við stöndum að allir í efh.- og viðskn. og samkomulag varð um. Við látum meiri hlutann bera ábyrgð á uppfærslu liða eins og öðrum útreikningum sem þessu frv. tengjast og þeir eru því miður ekki nógu vel grundaðir í mörgum tilvikum. T.d. rakst nefndin á hreinar villur þegar þetta kom inn til nefndarinnar eða a.m.k. atriði sem rökréttara var að hafa með öðrum hætti eins og ég veit að hv. formaður efh.- og viðskn. getur staðfest. Það þegar nefndin tók málið til skoðunar milli 2. og 3. umr. sýnir okkur að auðvitað var ekki nógu vandlega að þessu unnið eins og því miður svo mörgum öðrum málum hæstv. ríkisstjórnar.

Hæstv. forseti. Engin sátt getur orðið um þessa skattastefnu. Það er alveg ljóst. Ég spái því því að við séum ekki að sjá fyrir endann á þessu máli nú. Ég er alveg sannfærður um það að ef grundvöllur á að verða undir einhverju samkomulagi, einhverri sátt um kjör og kaup og lífskjör í landinu á komandi ári þá þarf m.a. að taka þessa hluti upp og ekki síst þessa hluti. Verkalýðshreyfingin gerir sér grein fyrir því að hún er ekki í færum um að sækja miklar kauphækkanir í viðræðum við viðsemjendur sína eins og aðstæður eru nú í þjóðfélaginu. Þar snúast málin e.t.v. frekar um að reyna að verja þann hlut sem menn hafa og tryggja atvinnuna í landinu. En það sem verkalýðshreyfingin getur ekki þolað er að á sama tíma skuli ríkisvaldið ráðast að henni með þessum hætti. Það gerir stöðu hennar óþolandi gagnvart umbjóðendum sínum, launamönnum í landinu. Þess vegna hlýtur verkalýðshreyfingin að þurfa að sækja leiðréttingu á þessum hlutum í komandi kjarasamningum. Það er óumflýjanlegt og það er þegar boðað. Það eru skilaboðin sem við í efh.- og viðskn. fengum frá gestum okkar úr verkalýðshreyfingunni. Í grófum dráttum þessi: Við vitum að það eru ekki færi til að gera miklar kaupkröfur um hærri laun við núverandi aðstæður í íslenska þjóðfélaginu en við viljum réttlæti og við þolum ekki þessar árásir ríkisvaldsins. Ef hæstv. ríkisstjórn á að hafa einhverja von um það að ná samkomulagi um málefni þjóðfélagsins mun hún þurfa meira og minna að draga þessa hluti til baka strax á nýju ári. Og við munum að sjálfsögðu leggja okkar lið í þeirri baráttu.

Að lokum þetta, hæstv. forseti, þó margt meira hefði mátt um þetta segja eins og hugur minn stendur reyndar til. Stjórnarandstaðan á þinginu gerir sér auðvitað grein fyrir því að ríkisstjórnin verður að lokum að fá skattastefnu sína og það verður ekki í okkar valdi né okkar vilji að reyna að koma í veg fyrir það eða tefja það að hún komist til framkvæmda sem venja er um áramót. En ég segi: Verði þeim að góðu, hæstv. ríkisstjórn, að fá þessa skattastefnu. Skyldi það ekki vera svo að það verði ríkisstjórnin sjálf og þeir aðilar sem að henni standa sem harma það mest að hún verði samþykkt hér ef það verður.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. talaði heilmikið um réttlætismál og ég skal ekkert um það efast að réttlætiskennd hans sé mikil og merkileg og til staðar á þessum lokadögum aðventu fyrir jólin. Ég hef reyndar ekki enn þá fengið fullnægjandi skýringu á því hvernig á því stendur að þingmanninum, sem er svo fullur réttlætiskenndar, og félaga hans, hv. formanni Alþb., sem sátu í ríkisstjórn í tvö og hálft ár með flokkum sem vildu koma á fjármagnstekjuskatti tókst ekki að gera það á þeim tíma. Þessi ríkisstjórn hefur ekki setið jafnlengi, munar nokkru enn þá og samt er það talinn vera verulegur skortur á réttlætiskennd að setja ekki skatt á fjármagnstekjur en það lá ekki einu sinni fyrir fullmótað frv. um það efni eftir tvö og hálft ár. Ég hef ekki fengið fullnægjandi skýringar á því. Fyrst réttlætiskenndin var til staðar og allir þessir flokkar í ríkisstjórn, af hverju komu þeir þessu ekki fram á tveimur og hálfu ári? Ég hugsa að almenningur eigi bágt að skilja það fyrst þetta er gríðarlegt réttlætismál og fulltrúar réttlætisins voru allir saman komnir í síðustu ríkisstjórn.

Í annan stað vil ég nefna þegar þingmaðurinn vekur athygli á því, og ég geri ekki lítið úr því að skuldir heimilanna eru vaxandi, að þingmaðurinn hlýtur að átta sig á að stóraukin húsnæðislán og húsbréfaútgáfa, sem var einmitt tekinn upp í síðustu ríkisstjórn, eykur stórkostlega skuldir heimilanna. Við gefum út húsbréf fyrir 12–15 milljarða á ári. Eru menn að mótmæla

slíku? Vilja menn ekki að slíkt eigi sér stað? Tóku menn ekki þátt í slíku? Stóðu menn ekki að slíku? Menn hljóta að ræða þessa hluti í samhengi.

Ég hef ekki fengið skýringar á því fyrst réttlætið átti meira og minna aðild að ríkisstjórn í tvö og hálft ár að þeir skyldu ekki koma fram þessum atriðum um fjármagnstekjuskattinn, ekki einu sinni undirbúa hann þannig að það væri nothæft.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. fer jafnan eins. Þegar hann kemst í kastþröng þá flýr hann á vit fortíðarinnar og byggir málsvörn sína á því að hlutirnir hafi verið svona eða hinsegin, menn hafi verið vondir eða verri í gamla daga og víkur sér auðvitað undan því að svara fyrir stefnu sinnar eigin ríkisstjórnar og nútíðina. Þetta er auðvitað ekki merkilegur málflutningur. Ef hæstv. forsrh. hefur kynnt sér málið veit hann væntanlega og getur þá fengið um það upplýsingar hjá vini sínum hæstv. fjmrh. að þetta mál, skattlagning fjármagnstekna, var komið mjög langt. Fjmrn. hafði í raun og veru unnið alla þá tæknivinnu sem til þurfti og kom út í hvítri bók haustið 1990. Hitt hefur ekki verið neitt leyndarmál að í ríkisstjórn voru að nokkru leyti skiptar skoðanir um það mál og flokkur er nefnist Alþfl. stóð fyrst og fremst gegn þessari breytingu þá og hafði að vísu kannski til þess stuðning víðar að þannig að Alþb. fékk því miður ekki eitt ráðið. En það er alveg ljóst að undir forustu fyrrv. fjmrh. var þetta mál mjög langt á veg komið, tæknilega unnið og ríkisstjórnin þarf að fá þessa hvítbók til þess að nýta sér þann árangur sem þá lá fyrir. Enginn vafi er á því að það hefði átt að vera auðvelt verk á grundvelli þeirra vinnu að koma á skattlagningu fjármagnstekna veturinn 1991–1992.

Um skuldir heimilanna og húsbréfin og húsnæðismálin þá er það auðvitað ljóst að stóraukið fjármagn í húsnæðiskerfinu frá og með 1986 á þarna hlut að máli. Ég er sammála hæstv. forsrh. um það. En Seðlabankann segir líka á bls. 4 í skýrslu sinni að aðgerðir ríkisins á sviði skattamála spili þarna stórt hlutverk. Það er sú hliðin sem ekki síst snýr að ríkisstjórninni núna og menn eiga að hafa í huga. Hvar enda þessir auknu skattar annars staðar en í auknum skuldum heimilanna? Ég spái því miður að að stærstum hluta lendi þessar nýju álögur í aukinni skuldasöfnun heimilanna vegna þess að kaupið er lækkandi, atvinnan er minnkandi, og hvar á þá fólkið að taka peningana til þess að borga þessa auknu skatta? Þetta mun því miður lenda í auknum skuldum og talan næsta ár verður e.t.v. 20 milljarðar í staðinn fyrir 15.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins fjalla um nokkur atriði sem minn ágæti félagi í efh.- og viðskn. hefur rætt hér um. Í fyrsta lagi ef á að ná rúmlega 4 milljörðum inn í tekjuskatt með óbreyttum skattleysismörkum en aðeins með því að hækka prósentun þá slæ ég svo á að það er verið að hækka hana um 4,5% upp í 44–45%. Við getum skoðað þetta betur eftir áramótin.

Í öðru lagi vil ég benda á það að þær tillögur sem Alþb. lagði fram við fjárlagaumræðuna um hátekjuskatt upp á 1.600 millj. mundu þýða hátekjuskatt upp á 20% þar til viðbótar fyrir tekjur yfir 200 þús. á einstaklinga og 400 þús. á hjón þannig að þá erum við komin í 64–65% með skattprósentuna. Þetta er nú allt og sumt.

Í þriðja lagi vil ég benda á að verið er að fella niður aðstöðugjald eins og virðist hafa farið fram hjá sumum og það þýðir að ríkið er að taka það á sig núna, en mun væntanlega lækka skatta um næstu áramót þegar sveitarfélögin taka þetta á sig með öðrum hætti og þá verður sjálfsagt skemmtilegra að vera í efh.- og viðskn. en núna.

Í fjórða lagi vil ég benda á það að tekjur ríkissjóðs í heild verða nánast óbreyttar milli 1992–1993.

Í fimmta lagi vil ég benda á það að Alþb. lagði líka fram tillögu um sérstakan fjármagnstekjuskatt sem hefði þýtt 20% skatt á brúttótekjur sem hefði hækkað vexti og eytt atvinnu.

Í sjötta lagi vil ég benda á það að skuldsetning fyrirtækja var 50% af landsframleiðslunni 1980 en er 75% núna.

Í sjöunda lagi vil ég benda á það að á ferðinni eru tölur um 7% lækkun á kaupmætti ráðstöfunartekna sem er algerlega út í hött vegna þess að það þýddi að tekjur þyrftu að lækka um 16 milljarða eða kaupmáttur lækkaði sem svaraði 16 milljörðum. Hvernig menn geta galdrað upp slíkar tölur er mér alger ráðgáta enda er það alls ekki hægt. Aðalverkefnið sem við stöndum frammi fyrir er að treysta atvinnuna. Það höfum við verið að reyna að gera, m.a. með gengisfellingunni og það er láglaunafólkinu mest í hag að hafa vinnu.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. formaður efh.- og viðskn. á nú að vita betur en svo að leggja sjálfstæðar tillögur sem við fluttum og komu reyndar fyrst fram í okkar tillögum í efnahags- og atvinnumálum á sl. hausti ofan á skattatillögur ríkisstjórnarinnar. Við lítum að sjálfsögðu svo á að þær séu sjálfstæðar tillögur og fluttar við gildandi lög og gildandi reglur um skattlagningu. Mér er alveg ljóst að við seilumst þarna nokkuð langt enda teljum við að það þurfi að leggja miklar byrðar á þetta hátekjufólk og fjármagnseigendurnar og við gerum okkur fullkomlega grein fyrir því að við erum þarna við efri mörk. Ég segi alveg í fullri hreinskilni, við mundum að sjálfsögðu sætta okkur við eitthvað minna ef það reyndist ekki tæknilega greiðfært að koma þessari álagningu á. Ég segi auðvitað að minna mætti gagn gera. Þótt við næðum ekki nema 1.000–1.200 millj. í hátekjuskatt væri það verulegur árangur og við hefðum talið að það ætti að vera hægt að ná þar 1.500 millj. Sama má segja um fjármagnstekjuskattinn. Þó við næðum ekki nema milljarði til 1.500 millj. væri það mikill árangur þó við næðum kannski ekki þessum tveimur sem við vorum að horfa á. Ég held að það sé einmitt þessi skortur á viðleitni sem fari verst með hæstv. ríkisstjórn.

Í sambandi við skuldir fyrirtækjanna þá nefndi ég átta ár, hv. formaður efh.- og viðskn., og það var ástæðulaust og þarflaust að leiðrétta mig því það sem ég sagði er nákvæmlega rétt um það mál. Það stendur í skýrslu Seðlabankans — og ég hef ekki traustari heimild — að í árslok 1984 hafi skuldir fyrirtækjanna verið 74% af landsframleiðslu. Þær eru 75% í dag. Á þessu átta ára tímabili hafa þær þarna hækkað um 1% og ég kalla það nánast að standa í stað. Er ekki hv. formaður efh. og viðskn. mér sammála um það? (**VE:** Finnst þér þær nógu miklar?) Svona aulafyndni svara ég ekki, hv. þm. Þetta er svo vitlaust. Við höfum átt orðaskipti um það og rætt t.d. skuldastöðu sjávarútvegsins og ég tók það sérstaklega fram að hún væri mikil og alvarleg en breytingin sem við vorum að ræða voru skuldir heimilanna og það er greinilegt að hv. formanni efh.- og viðskn. fer eins og hæstv. forsrh. að hann vill sem minnst um þau mál tala, snýr sér að fortíðinni.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Allar þær aðgerðir sem verið er að gera núna, bæði að fella gengið og eins að fella niður aðstöðugjaldið og breyta þessum sköttum, eru fyrst og fremst til þess fólgnar að hjálpa heimilunum til þess að tryggja atvinnuna. Ég hygg út af þeim orðum sem hafa fallið hjá hv. þm. um næstu kjarasamninga að það væri verðugt verkefni aðila vinumarkaðarins í þeim að gera einhverjar þær aðgerðir sem duga til þess að snúa hlutunum við og ég held að það sé á færi þeirra. Ég bendi sérstaklega á það að þeir stjórna saman lífeyrissjóðum landsmanna og mér finnst að það sé allt of metnaðarlítið markmið sem kom fram þar að setja aðeins 5% af ráðstöfunartekjum lífeyrissjóðanna í hlutabréf.

Ég bendi líka á það að lækkun tekjuskattsfyrirtækjanna hvetur mjög til sparnaðar í fyrirtækjum. Ég bendi líka á það að við ætluðum að hafa hlutabréfaafsláttinn áfram við lýði. Ég bendi líka á það að gengisfellingin eykur samkeppnishæfni atvinnulífsins, bæði útflutningsatvinnuveganna og heimamarkaðsgreinanna og ég segi að með þessu öllu saman erum við að reyna að halda uppi atvinnu eins mikið og við getum. Ég held að það sé hægt að gera það enn þá betur og ég tel að það sé verðugt verkefni aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar í komandi kjarasamningum að reyna að gera eitthvað af viti í því að auka eigið fé atvinnulífsins, fá nýtt eigið fé inn í fyrirtækin þannig að þeir sem stjórna fyrirtækjunum í dag séu ekki alltaf að skera niður og spara heldur fari að horfa út á við, fjárfesta og sækja fram.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég virði það við hv. þm. Vilhjálm Egilsson að reyna að bera sig mannalega og halda hvatningarræðu eins og hann væri staddur á ungmennafélagsfundi. En það voru ekki heppileg ummæli af hans hálfu að nú væri verðugt verkefni fyrir aðila vinnumarkaðarins að grípa til ráðstafana til að treysta atvinnuna. Voru það ekki aðilar vinnumarkaðrins sem voru í vinnu og buðu hæstv. ríkisstjórn upp á samstarf sem hæstv. ríkisstjórn hafnaði, því miður? Það er upphaf ógæfunnar. Gæfuleysi ríkisstjórnarinnar var svo algert á sl. hausti að það leit út fyrir að innan fárra sólarhringa mætti nánast innsigla þjóðarsátt um ráðstafanir til að reyna að treysta atvinnu, til að dreifa þessum byrðum. En hvar var það sem hafnaði þeirri sáttahönd? Það var ríkisstjórnin sem rauf það samstarf og keyrði fram með stefnu sína í ríkisfjármálum og skattamálum. Það liggur alveg fyrir hvernig slitnaði upp úr þeim viðræðum. Og koma nú og segja: „Svo væri fínt að aðilar vinnumarkaðarins kæmu svo og leystu atvinnuleysisvandann fyrir okkur eftir áramótin." Það er dálítið sérkennilegt af talsmönnum sömu ríkisstjórnar og sleit samstarfi eða viðræðum um slíka þjóðarsátt sem voru í gangi og leit út fyrir að gæti tekist. Og nota sér svo upplýsingar úr þeirri vinnu með þeim svívirðilega hætti, liggur mér við að segja, hæstv. forseti, sem ráðherrarnir gera nú, að reyna að kenna verkalýðshreyfingunni um að hún hafi jafnvel viljað ganga enn lengra í skattpíningu, það segir allt sem segja þarf um það hvernig ríkisstjórnin hegðaði sér í þessu sambandi.

Nú ætla ég væntanlega í síðustu ræðu um þessi skattamál væntanlega fyrir jólin að koma með eitt hollráð til hv. formanns efh.- og viðskn. svipað og hann er að gefa aðilum út í bæ, ég fer ekki lengra en hérna í næstu sætisröð. Ég held að það væri hollt og þarft verkefni fyrir hv. þm. að gera upp við sig hvort hann getur stutt þessa ríkisstjórn.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki lengja umræðuna mikið. Hún er komin rækilega til skila út í þjóðfélagið og hún hleypur ekkert frá okkur. Hún verður þar til staðar og við munum mæta henni aftur þegar við komum til þings að loknu jólaleyfi. Ég vil leyfa mér að segja, því miður. Því miður munum við mæta umræðunni aftur af enn meiri þunga þegar við komum aftur til starfa á nýju ári. Ég segi því miður því að staðan er þannig núna að við þurfum sjálfsagt að leita langt til baka til að finna þann tíma sem eins margir geta ekki horft fram á gleðileg jól af fjárhagslegum og efnahagslegum ástæðum og gerist nú í vetur.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði áðan að þessar aðgerðir miðuðu allar að því að treysta atvinnuna og stöðu heimilanna. Nú vil ég ekki draga í efa að það hafi verið meining hæstv. ríkisstjórnar og stjórnarmeirihlutans að svo yrði en því miður hefur það mistekist í öllum meginþáttum. Við stöndum frammi fyrir aðgerðum sem líta þannig út að hátekjufólki og fjármagnseigendum hefur verið hlíft við að taka eðlilegan skerf á sig í þessum aðgerðum. Hlutur þeirra lægst launuðu hefur verið aukinn með lækkun persónuafsláttar. Flöt skerðing á ráðstöfunartekjum blasir við yfir allan launaskalann, í raun allt sviðið því að þeir sem eru á atvinnuleysisbótum sleppa ekki einu sinni við afleiðingar gengisfellingarinnar.

Einnig blasir við að ýmislegt í því sem snýr að atvinnulífinu er svo óhönduglegt að allt bendir til þess að það muni draga úr atvinnu. Verið er að leggja nýja skatta á jaðargreinar varðandi hvað þær þola í skattlagningu sem m.a. Þjóðhagsstofnun hefur sýnt okkur fram á að muni væntanlega þýða samdrátt í atvinnu. Þar nefni ég fyrst og fremst ferðamálin og beini þeim orðum til hæstv. samgrh. sem barðist á síðasta kjörtímabili hatrammri baráttu fyrir því að lækka skatta á ferðamál. Það er síðan hlutverk þess sama manns, nú sem hæstv. ráðherra, að auka skattlagningu á ferðamál með ófyrirséðum afleiðingum.

Hvað er síðan fram undan? Hvað tekur við þegar við mætum hér aftur eftir áramótin? Það sem blasir við ef ekkert verður að gert eru stórfelld átök á vinnumarkaði og merkilegt nokk, þá beina samtök launþega spjótum sínum ekki að atvinnurekendum, meðal atvinnurekenda og launafólks hefur í raun myndast breið samstaða á síðustu árum, spjót aðila vinnumarkaðarins og þá sérstaklega launþegahreyfingarinnar beinast númer 1, 2 og 3 að ríkisstjórninni. Ég veit að hæstv. ríkisstjórn tekur ekki mark á ASÍ. Það kom fram í máli hæstv. fjmrh. auk þess sem hæstv. ráðherra fór á mjög ósmekklegan hátt með tilvitnanir í skýrslu ASÍ um aðgerðir í atvinnumálum frá því í haust. Ég mun ekki lengja ræðu mína með því að tíunda á hvern hátt það var gert. Ég veit líka að hæstv. ríkisstjórn tekur ekki mark á stjórnarandstöðunni. Það höfum við fundið og heyrt nú á síðustu dögum en ég bið hæstv. ríkisstjórn að hugleiða orð tveggja varaþingmanna Sjálfstfl., Hrafnkels A. Jónssonar á Austurlandi og þess sem hér situr nú sem 1. þm. Vestf., Guðjóns A. Kristjánssonar, formanns Farmanna- og fiskimannasambandsins. Það verður tekið eftir því í atkvæðagreiðslu á eftir hvernig sá forustumaður launþega fylgir eftir þeirri ályktun sem birtist frá samtökum hans í Ríkisútvarpinu í dag.

Virðulegi forseti. Ég minni á það hér að það var fráfarandi ríkisstjórn, sem með góðri samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, kom á þjóðarsáttinni 1990 þar sem verðbólgan var kveðin niður og lagður nýr grunnur til framfara. Það verða að mínu mati eftirmæli hæstv. núv. ríkisstjórnar að vera sú ríkisstjórn sem glutraði þessu niður aftur. Hún fékk tækifærið upp í hendurnar til að fylgja þessu starfi eftir en dómurinn í dag er sá að henni mistókst.

Við í stjórnarandstöðunni lýstum því yfir í nefndaráliti okkar við 2. umr. að við værum tilbúnir til samstarfs við ríkisstjórnina og aðila vinnumarkaðarins til að vinna okkur út úr þeim ógöngum sem núv. hæstv. ríkisstjórn er búin að koma okkur í. Það tilboð stendur enn. Það er í raun að mínu mati sú eina færa leið sem nú er fram undan. Ríkisstjórnin hefur ekkert traust úti í þjóðfélaginu, ekki þarf annað en að labba út í banka eða á bensínstöð til að heyra það. Það verður að koma til ný þjóðarsátt og væntanlega þá því miður undir forustu — ég á kannski ekki að segja því miður — hún verður að vera undir forustu væntanlega nýrrar ríkisstjórnar.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. mun kannski hafa forustu um að formaður Alþfl. fái að verða forsrh. eins og formaður hans bauð eftir síðustu kosningar.

Hv. þm. talaði um að stjórninni hefði mistekist að treysta atvinnu. Við skulum aðeins skoða nokkrar staðreyndir. Við höfum heyrt tillögur um að leggja skatta á vexti. 20% skatt frá Alþb., síðan voru á floti tillögur í sumar að vegna aðstöðugjaldsins ætti að leggja 15% skatt á, samtals 35% skattur. Hvað hefði þetta þýtt fyrir atvinnuna? Þetta hefði eytt atvinnu, þetta hefði hækkað vexti og haft stórkostlega skaðvænleg áhrif á atvinnulífið í landinu. Ég vil benda á það að gengisfellingin var 6%. Þar af voru 3% vegna breytingar á myntum innbyrðis en síðan raunveruleg gengisfelling upp á 3%. Þetta styrkir að sjálfsögðu atvinnu. Þetta styrkir fyrirtækin. Síðan er aðstöðugjaldið fellt niður. Það hjálpar fyrirtækjunum, það hjálpar atvinnulífinu. Þá er verið að jafna virðisaukaskattinn en hann á ekki að koma á ferðaþjónustuna fyrr en í ársbyrjun 1994. Það gefst nægur tími þegar allt aðstöðugjaldsdæmið verður gert upp í heild til að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að þetta bitni svo mikið á ferðaþjónustunni sem útflutningsgrein. Síðan er verið að setja inn hvata til eiginfjármyndunar í atvinnulífinu bæði innan fyrirtækjanna og eins er verið að viðhalda hlutabréfaafslættinum. Lífeyrissjóðirnir ætla að kaupa hlutabréf fyrir 1.800 millj. kr., þeir þyrftu þó að leggja fram miklu meira. En það sem fyrst og fremst mun tryggja atvinnuna á næsta ári er líka sá stöðugleiki sem ég veit að allir eru sammála um og enginn mun fara að kasta frá sér í einhverri vitleysu.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það gleður mig að hv. 5. þm. Norðurl. v. er farinn að hugleiða hver verði næsti forsrh. Það segir mér að hann ætli þessari ríkisstjórn ekki langa lífdaga. Annað „komment" gef ég ekki á þá yfirlýsingu hans. En við þurfum ekki, hv. þm., annað en skoða það litla sem við höfum séð frá Þjóðhagsstofnun um áhrif þeirra aðgerða sem nú er verið að grípa til þar sem kemur fram að þetta dregur saman þjóðarframleiðslu um 8–10 milljarða með samsvarandi samdrætti. Sú hámarksspá sem Þjóðhagsstofnun var með fyrir nokkrum vikum um atvinnuleysi er nú orðin lágmarksspá. Það segir okkur allt sem segja þarf um stöðuna í atvinnulífinu. Ég hef alla tíð stutt það að aðstöðugjaldið væri lagt niður. Ég hef ítrekað, bæði í blaðagreinum og í umræðu sem ég hóf í haust, lagt það til að við yrðum að færa kostnað af atvinnulífinu yfir á almenning. En ég er algerlega mótfallinn því hvernig það er framkvæmt og annað það að við vissum það allan tímann að sú leið væri ekki fær nema í nánu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, bæði launþega og atvinnurekenda. Það hefur mistekist og þess vegna blasir ekkert annað við en stórfelld átök ef ekki tekst að ná aftur samstöðu með stærstu hagsmunaaðilunum í þjóðfélaginu en hún er engin eins og er.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil benda á að aðilar vinnumarkaðarins voru ekki endilega sammála um það til hvaða aðgerða ætti að grípa til að koma í stað aðstöðugjaldsins. Ég held að allir hafi t.d. verið sammála um það að sú tillaga sem gerð var um vaxtaskatt upp á 5% mundi hækka vexti, mundi íþyngja fyrirtækjunum og mundi eyða atvinnu. Síðan vil ég líka vekja athygli hv. þm. á því að hann talaði um 8–10 milljarða samdrátt í þjóðartekjum á næsta ári samkvæmt Þjóðhagsstofnun. Ég vil biðja hann líka um að bera þá tölu saman við þær tölur sem hafa verið nefndar hér um 7% lækkun á kaupmætti ráðstöfunartekna sem þýðir um 16 milljarða kr. Hvernig hann getur komið því heim og saman skil ég ekki.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil benda hv. 5. þm. Norðurl. v. á það að ég hef hvorki í þessum ræðustól né annars staðar tekið mér í munn þá tölu að kaupmáttur hafi lækkað um 7% heilt yfir. Það bið ég hann að hafa í heiðri. Í öðru lagi lá það allan tímann ljóst fyrir að aldrei yrði alger samstaða milli aðila vinnumarkaðarins um þær erfiðu aðgerðir sem þurfti að grípa til, þann ramma graut eins og formaður Vinnuveitendasambands Íslands orðaði það. Hv. þm., þar kom til kasta hæstv. ríkisstjórnar og þar var stóri bresturinn. Hæstv. ríkisstjórn hafði ekki þá forustu sem þurfti til að leiða málið til lykta. Þjóðin stendur frammi fyrir því í dag og fleiri og fleiri átta sig á því.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sá var tónninn í ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e., Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, að þær aðgerðir sem ríkisstjórnin væri nú að beita sér fyrir væru ekki komnar til af brýnni nauðsyn heldur væru í einhvers konar leikaraskap hjá ríkisstjórninni og einstökum ráðherrum. Þetta sýnir auðvitað mikið alvöruleysi. Við vitum öll að þjóðin stendur nú frammi fyrir meiri erfiðleikum en hún hefur staðið frammi fyrir svo áratugum skiptir. Ef við tölum einungis um þann mikla samdrátt sem hefur orðið í veltuumsvifum í þjóðfélaginu þá munar þar um marga milljarða í fjárlögum. Við sjáum að þorskstofninn er veikari en við vitum áður dæmi til. Við sjáum að Járnblendiverksmiðjan stendur frammi fyrir miklum erfiðleikum og það er óvissa um ýmsa aðra þætti í stóriðju og þar fram eftir götunum. Tekjur vegna varnarliðsins dragast saman o.s.frv. Á sama tíma og við sjáum að ytri aðstæður í þjóðfélaginu eru versnandi verða ýmsir til þess nú þessa síðustu daga fyrir jólin að reyna að slá ryki í augu fólks með því að halda því fram að allt þetta yrði miklu betra en ella ef fyrrv. forsrh. væri hér áfram. Þá mundi þorskum fjölga í sjónum, þá mundi verð á áli erlendis fara hækkandi og þar fram eftir götunum. Auðvitað sjá allir í gegn um ummæli af þessu tagi svo barnalegur sem þessi áróður er. Staðreyndin er vitaskuld sú að þessi ríkisstjórn tók við mjög erfiðu búi. Við verðum nú að leggja ýmsar álögur á þjóðina sem við vildum vera lausir við að gera vegna þess að skuldasöfnun hefur verið geigvænleg á síðustu árum og vegna þess að undirstöður atvinnulífsins eru mun veikari en áður var látið í veðri vaka.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil vekja sérstaka athygli á því að hæstv. samgrh. kaus að minnast ekki einu orði á það sem ég beindi sérstaklega að honum en það voru aðgerðirnar í ferðamálum. Það segir sína sögu um samvisku þessa hæstv. ráðherra og að hann vill ekki bera saman þessar aðgerðir við málflutning hans sem almenns þingmanns á síðasta kjörtímabili.

Í öðru lagi vil ég minna hæstv. ráðherra á það þegar hann segir að sá sem hér stendur tali eins og engir erfiðleikar séu að ég hóf umræðu um atvinnumál strax á haustþingi og fór yfir þá erfiðleika sem við stóðum frammi fyrir og meira um það getur hæstv. ráðherra lesið í þingtíðindum. Ég nefndi reyndar líka í grófum dráttum þær aðgerðir sem þyrfti að grípa til. Ég get vitnað í fleiri ræður sem hv. þm. hefur haldið hér úr þessum stól og sömuleiðis í blaðaskrif. Þessum áróðri hæstv. ráðherra vísa ég því algerlega á bug. Hins vegar er ég algerlega ósammála því hvernig ríkisstjórnin vinnur úr þessum málum. Hæstv. ráðherra sagði að þorskstofninn væri veikari, hann sagði að atvinnulífið væri veikara. Þetta er hvort tveggja rétt, því mótmæli ég ekki. En það sem er verst, hæstv. ráðherra, er það að við höfum veikari ríkisstjórn við völd á Íslandi í dag en verið hefur um langt árabil. (**Gripið fram í:** Það er nú ekki það versta við hana.)

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kvað við annan tón í ræðu hv. þm. í síðustu ræðu hans og hann viðurkenndi þá hina miklu erfiðleika sem við stöndum nú frammi fyrir. Varðandi ferðaþjónustu vil ég að það komi fram að með efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar hafa ýmis útgjöld vegna ferðaþjónustu verið lækkuð. Ég nefni sérstaklega bæði aðstöðugjald og tryggingagjald sem lækkar um 3,5% á öllum liðum ferðaþjónustu. Jafnframt er áfram í athugun með hvaða sértæku ráðstöfunum við getum reynt að draga úr kostnaði við ýmsa þá þætti sem viðkvæmir eru. Hitt er öldungis rétt hjá hv. þm. að einkum hátt matarverð og ýmislegt annað hér á landi hefur orðið okkur til trafala í ferðaþjónustunni. Auðvitað er erfiðara um vik núna þegar almennir erfiðleikar eru í þjóðfélaginu að grípa til ýmissa sértækra ráðstafana, lækka matarverð og þar fram eftir götunum en áður þegar veltuaukning var mikil, þegar verð á mörkuðum erlendis fór vaxandi og nógur þorskur var í sjónum.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri en vil aðeins láta í ljós ánægju mína yfir því að þingmaðurinn talaði nokkuð á öðrum nótum og er hættur að hamra á því einu sem auðvitað ber ekki vott um vandaðan málflutning að ríkisstjórnin kjósi að efna til vandræða. Staðreyndin er sú að við stöndum frammi fyrir erfiðleikum sem þetta þjóðfélag hefur ekki staðið frammi fyrir svo áratugum skiptir og af þeim toga eru þær

efnahagsráðstafanir sem við erum nú að beita okkur fyrir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Óvönduðum málflutningi mínum gagnvart ráðstöfunum í atvinnulífinu á þessu þingi vísa ég algerlega á bug og vísa eins og áður í ræður mína þar um. Hins vegar mun ég, hæstv. ráðherra, berjast á móti því óréttlæti sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að framfylgja í aðgerðum sínum eins og hún útfærir þær.

Varðandi ferðamálin vil ég segja þetta, hæstv. samgrh.: Aðstöðugjaldið er almenn aðgerð sem kemur öllu atvinnulífi til góða og er ekki sérstök aðgerð gagnvart ferðamálum. Eins og formaður Vinnuveitendasambandsins orðaði það, það væri afspyrnuvitlaust að nota þessa niðurfellingu skatta til að rýma til fyrir öðrum sköttum. Það er síðan í takt við aðrar aðgerðir núv. hæstv. ríkisstjórnar að ætla sér að nota síðan það ár sem er fram undan þar til þessar aðgerðir koma fram af fullum þunga til þess að finna einhverjar mótaðgerðir. Þetta hefur verið gangur mála hjá núv. hæstv. ríkisstjórn. Það hefur ekki verið ár sem hefur verið um að ræða oft og tíðum, það hefur verið dagurinn sem þurfti til að vinda ofan af því sem gert var í gær. Því miður eru vinnubrögðin þau og ekkert, sem við höfum fengið í efh.- og viðskn. í vetur, bendir til þess að núv. hæstv. ríkisstjórn sé að vinna að einhverju sem heitir heildstæð skattastefna. Þetta byggist allt á skyndiákvörðunum sem eru ákveðnar á næturfundum, breytt daginn eftir og í þriðja sinn aftur næsta dag. Því miður er gangur vinnubragðanna á þennan hátt.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Það er kannski í upphafi ræðu minnar rétt að vitna í dagblað, með leyfi hæstv. forseta, Dagblaðið í dag vegna þess að þar er fjallað um stjórnarandstöðuna og haft eftir hæstv. utanrrh. eftirfarandi fáeinar línur í lok umfjöllunarinnar:

„Ríkisstjórnin náði því fram sem henni var nauðsynlegt, fjárlögum, tekjuöflunarfrv. og öðru sem fylgir. Trúlega hefur mörgum stjórnarliðanum verið ósárt um þó mas stjórnarandstöðunnar um skattamál dyndi ekki í eyrum fólks milli hátíða, sagði Jón Baldvin." (**Gripið fram í:** Hvar er Jón Baldvin?) Ég veit ekki hvar Jón Baldvin, hæstv. utanrrh., er og ætla ekki að óska eftir að hann mæti í salinn, (**Gripið fram í:** Það mundi greiða fyrir þingstörfum.) þó svo það væri kannski fóðlegt að sjá ásjónu hans þennan daginn. Ég hef ekki séð hann í dag. En auðvitað hefði stjórnarandstaðan um nóg að tala milli hátíða og vitanlega hefðu verið full efni til þess að halda umræðunni um skattamál lengur áfram en hér er gert. Það væru ansi undarlegar samlíkingar að taka ef menn ætluðu að fara að halda því fram að það væri um málþóf að ræða þó að teknir væru tveir eða þrír dagar til að ræða þær álögur sem eru á ferðinni og hvernig þeim dreift á fólkið í landinu.

Ýmis orð hafa fallið um réttlæti og sanngirni en eitt er ég sannfærður um að það er útilokað að finna nokkru réttlæti eða sanngirni stað í þeim ákvörðunum sem liggja hér til grundvallar því að fella niður aðstöðugjald og setja þær álögur á launafólk í landinu. Ég verð að segja alveg eins og er að mér þykir það mikið slys einfaldlega vegna þess að menn voru sammála um að það þyrfti að losna við aðstöðugjaldið og að það þyrfti að fá einhverja aðra tekjustofna í staðinn fyrir sveitarfélögin að ganga það mál ekki til enda. Halda menn virkilega eftir reynslu fyrri ára að það verði auðvelt verk á því ári sem er að koma að finna tekjustofna í staðinn fyrir aðstöðugjaldið? Ég spái því að það verði kannski um þetta leyti næsta ár svipuð staða í málinu og núna og að það verði eingöngu um að ræða einhverjar málamyndatillögur um hækkanir á gjöldum eða nýjum sköttum til sveitarfélaganna af bílum eða einhverju því um líku sem muni ekki draga nema hluta af því sem þarf upp í aðstöðugjaldið. Ég held því miður að það að menn báru ekki gæfu til þess að ganga málið til enda muni þýða í framtíðinni hærri skatta á láglaunafólk í landinu. Þannig held ég að það verði.

Annars var merkilegt að heyra í hv. 5. þm. Norðurl. v. og formanni hv. efh.- og viðskn., Vilhjálmi Egilssyni, þegar hann var að tala um að það mætti ekki setja skatta á fjármagnstekjur einfaldlega vegna þess að það þýddi aðeins hærri skatta og hærri vaxtagjöld. Það kæmi strax fram í vaxtagjöldum. Er hann svo bláeygður að hann haldi það að hækkaðir skattar á almenning muni ekki koma einhvers staðar fram? Að verkalýðshreyfingin í landinu verði ekki að ná því til baka sem þarna er tekið? Hvers vegna dettur manninum í hug að fjármagnseigendur muni fá þetta allt til baka í hækkuðum vöxtum en fólkið í landinu sem fær á sig hækkaða skatta muni ekki bregðast við á nokkurn hátt? Hvað kemur mönnum til að halda slíkt? Það er ástæða til að halda annað eftir yfirlýsingar aðila vinnumarkaðarins.

Þar kem ég að því sem mér finnst sárast og erfiðast í þessu máli öllu saman og það er að horfa upp á hvernig hæstv. ríkisstjórn hljóp frá samningum við aðila vinnumarkaðarins. Hún lagði bókstaflega á flótta frá þessum samningum. Það er ekki nema ein skýring á því. Ríkisstjórnin óttaðist að henni yrði spilað út í horn, það yrðu teknar ákvarðanir, það mundi liggja fyrir þannig hlutir í þeim samningum að það væri óhjákvæmilegt að taka ákvarðanir um samninga til lengri tíma um þessi mál öll og að ríkisstjórnin hefði þá hreinlega verið svipt völdum. Þetta hlýtur að vera ástæðan. Því ef menn hefðu haft fulla ábyrgð í þessu máli öllu saman þá hefðu menn auðvitað sest niður ákveðnir í því að ganga þetta til enda með aðilum vinnumarkaðarins og auðvitað hefði þurft að vera samkomulag til lengri tíma en undanfarandi þjóðarsáttir hafa verið. Það hefði þurft að gera samkomulag til tveggja ára þar sem allt hefði verið tekið inn í. Auðvitað hefði orðið að taka inn í komandi kjarasamninga og leysa þau mál. Í staðinn stöndum við frammi fyrir því að hér verður óróa á vinnumarkaði og allt mun verða upp í loft í sambandi við kjarasamninga. Ríkisstjórnin hefur kastað þeim möguleikum frá sér að ná

sátt í þjóðfélaginu. Ég efast um að nokkur ríkisstjórn hafi verið í viðlíka sporum og þessi að aðilar vinnumarkaðarins væru tilbúnir að teygja sig eins langt og greinilegt var.

Það var furðulegt að hlusta á það sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan. Mér fannst hann tala með óvirðingu um aðila vinnumarkaðarins. Talaði um samtök út í bæ og í þingsalnum um falsaða útreikninga. Ég tel að það sé ekki gott til afspurnar þegar ráðamenn þjóðarinnar tala í slíkum tón til aðila vinnumarkaðarins, allra síst þegar fram undan eru samningaviðræður eins og núna. Ég held að ríkisstjórninni væri nær að hugsa sig vel um yfir áramótin og nota allan þann tíma til að velta því fyrir sér hvernig hún eigi að rétta fram höndina aftur til aðila vinnumarkaðarins til þess að reyna að koma einhverju viti í þau samskipti því að þar stefnir í óefni.

Ég ætla ekki að taka langan tíma í umræðunum. Hér hefur verið gerð grein fyrir afstöðu minni hlutans til þeirra frv. sem liggja fyrir og þeirra efnahagsráðstafana sem ríkisstjórnin hefur staðið að. Þó get ég ekki setið á mér að nefna tvö eða þrjú atriði. Í fyrsta lagi er það skatturinn á húshitun sem er einhver fáránlegasti skattur sem hefur verið tekinn upp og rökstuddur á alveg sérkennilega furðulegan máta. Því er haldið fram að það þurfi að leggja þessa skatta á til að samræmi sé í skattlagningu. Hvað þarf svo að gera í framhaldinu? Það sem þarf að gera í framhaldinu er að búa til endurgreiðslukerfi. Ein af röksemdunum fyrir því að skattarnir yrðu að vera svona var að það væri til einföldunar. Halda menn að það verði til einföldunar að búa til endurgreiðslukerfi á húshitun í landinu með þessum hætti sem þarna er þar sem engu er jafnað nema einmitt skattinum? Úr virðisaukaskattinum er verið að búa nefskatt á húseigendur í landinu sem þurfa að kynda hús. Nefskatt upp á ákveðna upphæð og allir eiga að borga sömu upphæð ef þeir eru með kostnað yfir eitthvað visst af húshituninni. Þannig lítur þetta út. Þeir einu sem sleppa betur eru þeir sem hafa lægri húshitunarkostnað og borga lægri skatt. Því lægri húshitun sem menn greiða þeim mun lægri skatt eftir að þeir eru komnir niður fyrir mörkin. Þarna er á ferðinni ótrúlega vitlaus aðgerð og mjög ósanngjörn vegna þess að nóg eru þyngslin af húsakyndingu fólks þar sem hún er dýr þó ekki sé verið að bæta þar ofan á. Bjargráð eins og þessi hefðu ekki átt að koma frá ríkisstjórninni sem hefur lýst því yfir að hún vilji draga úr orkukostnaði heimilanna.

Ég nefni líka lækkun endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vinnu iðnaðarmanna. Ég held að það sé mjög heimskuleg ráðstöfun. Út af fyrir sig er ekkert rangt við það að hafa virðisaukaskatt á vinnu iðnaðarmanna en menn verða bara að horfast í augu við þær staðreyndir sem eru. Mjög erfitt er að passa upp á að þessi svokallaða svarta atvinnustarfsemi aukist ekki í landinu. Hættan er hvað mest í sambandi við viðgerðir og húsbyggingar þar sem verið er að vinna fyrir einstaklinga. Þar liggja þessir gífurlegu hagsmunir saman. Annars vegar er um að ræða staðgreiðsluskatt þess manns sem vinnur verkið. Hins vegar er um að ræða virðisaukaskatt á verkið. Freistingin að láta bæði þessi gjöld falla niður og gefa ekki nótu fyrir vinnunni er óskaplega mikil og með þessu er hún aukin. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég held að það þurfi að ráða býsna marga — og ekki ætla ég að draga úr því að bætt verði við fólki í vinnu hjá því opinbera við skatteftirlit — ef menn ætla að ná árangri í því að koma í veg fyrir undandrátt af þessum ástæðum, sérstaklega eftir að menn eru búnir að breyta þessu.

Ég get ekki stillt mig um að nefna bensíngjaldið vegna þess að út af fyrir sig hef ég ekki á móti því að það lögð séu gjöld á eldsneyti vegna umferðarinnar en ég tel að það sé alfarið rangt staðið að þessum málum. Ég tel að þessi gjöld eigi að nýta til vegagerðar. Nú hefur ríkisstjórnin ákveðið annars vegar að setja verulega hærri gjöld á bensín, nýta sér síðan þennan markaða tekjustofn af bensíni og þungaskatti í ríkissjóð en setja sérstakt bensíngjald upp á 780 millj. kr. í ríkissjóð líka þannig að það er komið yfir milljarð sem rennur til ríkissjóðs af orkunni til umferðarinnar. Á sama tíma er Vegasjóði ætlað að taka lán upp á 1.550 millj. kr. Þetta finnst mér mjög heimskuleg aðferð. Ég tel að bíleigendur hefðu verið miklu ánægðari og þeim hefði fundist miklu eðlilegra að þetta bensíngjald hefði verið sett á til að gera þetta umrædda átak í vegamálum og þeir peningar verið notaðir í það en lánsfé hefði þá verið notað til annarra þarfa.

En mig langar, virðulegi forseti, til að óska eftir því áður en ég lýk ræðu minni að hæstv. forsrh. verði beðinn að mæta í þingsalinn og gjarnan hefði ég viljað að hæstv. fjmrh. væri hér líka vegna þess að í þeim plöggum sem ég hef séð bæði tilheyrandi fjárlögunum og skattamálum hef ég hvergi séð að það væri gert ráð fyrir peningum sem ríkisstjórnin eða ráðherrar úr ríkisstjórninni hafa lofað þeim sem hafa orðið fyrir mestum skerðingum vegna samdráttar í þorskveiðum. Mig langar að vitna í nokkrar blaðaúrklippur um það mál en ég vil gjarnan að hæstv. forsrh. verði hér við því að ég óska eftir að hann svari því með hvaða hætti og hvenær þessar bætur verða reiddar fram. Ég hef orðið mjög var við það að útgerðarmenn allt í kringum landið eru að spyrja eftir þessu. Einmitt þessir menn sem hafa orðið fyrir mestum skerðingum eru í miklum erfiðleikum, hafa verið að bíða eftir því að ríkisstjórnin og ráðherrar hennar standi við loforðin. Það mun hafa verið á fundi á Flateyri sem var haldinn fyrri hluta ágústmánaðar sem hæstv. forsrh. kynnti fyrir fundarmönnum hugmyndir sínar um það hvernig ætti að bæta mönnum þessa skerðingu á þorskveiðiheimildum sínum. Virðulegi forseti. (**Forseti:** Þegar hafa verið gerðar ráðstafanir. Hæstv. fjmrh. er kominn í salinn og óskað hefur verið eftir hæstv. forsrh.)

Já, virðulegur forseti. Ég óska sérstaklega eftir því að hæstv. forsrh. sé hér vegna þess að hæstv. sjútvrh. sagði það mjög skýrt og ákveðið að þetta mál væri á forræði forsrh. Annars hefði ég kannski getað óskað eftir skýringum sjútvrh. á þessu máli hvernig það stendur. En mig langar til þess að vitna í fáeinar blaðaúrklippur, með leyfi forseta. Þessi fundur á Flateyri var fyrri part ágústmánaðar eins og ég sagði áðan. Á hon-

um kom fyrst fram þessi hugmynd um það hvernig ætti að bæta skerðinguna vegna þorskveiðiheimildanna. Forsrh. gerði grein fyrir þeim hugmyndum. Í framhaldi af því var fjallað mikið um þetta mál í blöðum og til þess að gera langa sögu stutta vil ég vitna hér, með leyfi forseta, í Morgunblaðið þann 11. ágúst, en þar kemur fram eftirfarandi:

„Heimildir Morgunblaðsins herma að starfsmenn Byggðastofnunar hafi lagt til við forsrh. að styrkirnir verði fjármagnaðir að þriðjungi með 150 millj. kr. úr Fiskveiðasjóði með vísan til þess að eiginfjárstaða sjóðsins sé góð og hann eigi mikið undir því að sjávarútvegsfyrirtæki þau, sem verði styrkt, verði áfram í rekstri. Að þriðjungi verði fjárframlagið greitt með 150 millj. úr Atvinnutryggingarsjóði Byggðastofnunar en þeir peningar komu inn er sjóðurinn setti það skilyrði fyrir framlengingu lána sinna til útgerðarfélaga að þau gerðu upp eldri vanskil. Í þriðja lagi á ríkissjóður sjálfur að leggja til 150 millj. kr. samkvæmt tillögunum." Ég hef ekki orðið var við að neins staðar kæmi fram hvernig ríkissjóður eigi að leggja þessa peninga til og hvar eigi að afla þess fjár.

Þá langar mig til að vitna í Tímann 12. ágúst. Þar segir, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin fjallaði á fundi sínum í gær um skýrslu Byggðastofnunar. Eftir fundinn sagði Davíð Oddsson forsrh. að gengið væri út frá að 450 millj. kr. yrði varið til styrktar illa stöddum fyrirtækum í sjávarútvegi. Þessar krónur væru alls ekki ætlaðar til að kaupa kvóta Hagræðingarsjóðs og að enn væri ekki vitað hvaðan þessir peningar ættu að koma.

Nánar tiltekið miðast tillögurnar við að skerðing hvers skips í þorskígildum umfram 5% sé umreiknuð í krónur miðað við 40 kr. á kíló. Viðkomandi útgerð fái þá upphæð bætta svo hún geti leigt sér aflaheimildir þannig að ekkert skip og þar með ekkert byggðarlag þurfi að þola meira en u.þ.b. 5% skerðingu í aflaheimildum."

Að síðustu, virðulegur forseti, langar mig að vitna hér til Morgunblaðsins þann 12. ágúst. Þar segir Friðrik Sophusson fjmrh. að „tillögur Byggðastofnunar um að jafna áfall vegna þorskskerðingar, sem voru til umfjöllunar á ríkisstjórnarfundi í gær, séu ekki bundnar skilyrðum um kaup á kvóta Hagræðingarsjóðs. Aðgerðirnar geti hjálpað einstökum fyrirtækjum til að neyta forkaupsréttar síns hjá sjóðnum en þau geti jafnframt keypt kvóta á almennum markaði. Þorsteinn Pálsson sjútvrh. segist vera ánægður með að samstaða sé orðin um að koma fram með jöfnunaraðgerðir vegna niðurskurðar á þorskveiðiheimildum en engar tillögur hafi verið settar fram á fundinum um hvernig eigi að standa að fjármögnun aðgerðanna."

Virðulegur forseti. Ég er ekki að gera það að gamni mínu að koma í ræðustól á þessum tíma til þess að taka þetta mál upp. Hringt hefur verið í mig og ég hef hitt marga menn undanfarna daga og undanfarnar vikur og mánuði sem hafa spurt eftir þessu. Spurt hvenær þeir fái þessa peninga sem búið er að lofa þeim með opinberum hætti eins og hér hefur verið gert og ég hef vitnað í. Ríkisstjórnin talaði um það eins og hún væri búin að taka fullnaðarákvörðun um þetta, þ.e. ráðherrarnir sem ég nefndi hér. A.m.k. þrír töluðu um að þeir væru búnir að taka um þetta ákvarðanir og þetta væri aðeins handavinna. Eftir því sem oftar var spurt kom oftar svarið: Þetta kemur í ljós næsta föstudag. Nú eru liðnir nokkuð margir föstudagar síðan þetta mál kom fyrst til umræðu. En ég hef ekki orðið var við að niðurstaða væri komin. Ég tel að þeir aðilar sem eiga hlut að máli eigi rétt á því að fá að vita það fyrir áramót hverju þeir eiga von á. Hvort það sé kannski ávísun í jólapóstinum eða með hvaða hætti eigi að ganga þetta til enda sem ráðherrarnir lofuðu. Mér er vel kunnugt um að margir af þessum útgerðarmönnum og útgerðaraðilum og þeim sem tengjast þeim eru í miklum erfiðleikum. Þessir aðilar hafa sumir hverjir tapað einum þriðja, 33% af veiðiheimildum sínum á sl. tveimur árum. Það er högg sem ekki er gott að bæta og verður auðvitað ekki bætt með þessum 5%. En það mundi hjálpa þeim að fá þá peninga sem talað var um.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég þó segja það að mér finnst að þessar ákvarðanir ráðherranna um hvernig hafi átt að standa að málinu hafi frá upphafi verið kolvitlausar. Auðvitað átti ekki að fara með Hagræðingarsjóðinn eins og gert var. En ekki er tími til að fara yfir það mál hérna. En það er tími til að fá svör við því hvort þeir aðilar sem búið er að lofa þessum fjármunum eigi að fá þá og það hlýtur að vera hægt að gera það skýrt.

Ég óska eftir því, vegna þess að hæstv. forsrh. hefur ekki komið í salinn, að hæstv. fjmrh. svari þessu, ég geri ráð fyrir að hann viti allt um málið. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. er því miður upptekinn hér í húsinu og gat ekki komið því við að koma. Ég vildi að hv. þm. vissi af því.) Já, virðulegi forseti. Ég ætla ekki að gera mál úr því þó mér þyki það auðvitað slæmt að forsrh. skuli ekki vera hér, sérstaklega vegna þess að hæstv. sjútvrh. var hafði sérstaklega búinn lýst því yfir að málið væri á forræði forsrh. og þess vegna taldi ég eðlilegast að hann svaraði fyrir málið en úr því að hann er ekki hér til staðar þá mun fjmrh. auðvitað gera grein fyrir hvernig á að standa að þessu máli. Ég hef lokið máli mínu.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er aðeins eitt örlítið atriði sem kom fram í máli hv. ræðumanns sem mig langar til að reyna að skýra en það varðar kaup á kvóta sem ætlunin var að ákveðnir aðilar gætu átt kost á í þeim hugmyndum sem hv. ræðumaður lýsti í ræðu sinni. Af því tilefni vil ég að þetta komi fram: Þriggja manna nefnd hefur starfað að þessu máli undir forustu Magnúsar Péturssonar ráðuneytisstjóra. Aðrir í nefndinni eru Björgvin Vilmundarson bankastjóri og Þorkell Helgason, prófessor og aðstoðarmaður heilbrrh. Nefndin hefur ekki skilað sínum tillögum en mér er kunnugt um að hún hefur rætt nokkuð um það hvort og hvernig Fiskveiðasjóður geti komið að málinu.

Frá því að nefndin hóf störf hefur ýmislegt breyst. Aðstöðugjald hefur verið fellt niður af atvinnulífinu og atvinnufyrirtækjum, þar á meðal sjávarútveginum,

þannig að kostnaðarlækkun sjávarútvegsins er nokkur hundruð millj. kr. Í öðru lagi hefur gengið verið fellt þannig að það eru breyttar forsendur fyrir þeirri tillögu, þeirri ákvörðun sem tekin var á sínum tíma. Án þess að ríkisstjórnin hafi tekið aftur þá ákvörðun sem samþykkt var á sínum tíma, þá er mitt sjónarmið það að þessar breyttu forsendur leiði til þess að fallið verði frá þeim hugmyndum sem uppi voru um þetta tiltekna atriði.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þykja þetta vera tíðindi. Hæstv. fjmrh. lýsir því yfir að hann vilji að fallið verði frá þessum hugmyndum. Ég taldi að þarna væri um að ræða loforð um að jafna þessa skerðingu og það breytir auðvitað engu um þá jöfnun hvort menn hafa fellt gengið eða fellt niður aðstöðugjaldið. Það er jafnmikill mismunur á milli þeirra sem fóru best út úr þessu og græddu á öllu saman og hinna sem urðu fyrir mestri skerðingu og fengu ekki neitt. Ég held að þarna sé ekki á ferðinni sú réttlætistilfinning sem menn hafa verið að reyna að lýsa í ræðuhöldum hér í dag og ætti að svífa yfir þegar menn eru að fást við mál eins og þetta. Ég verð nú að segja það alveg eins og er að mikið óskaplega hlýtur það að vera þreytandi að vera ráðherra í ríkisstjórn og skipa nefnd og að hún skuli sitja yfir málum eins og þessi nefnd hefur gert. Hvað í ósköpunum er að? Hefur nefndin kannski verið beðin um að skila málinu ekki af sér eða taka sér langan tíma? Eða fékk hún kannski engin fyrirmæli um það hvenær hún þyrfti að vera búin að ljúka við málið? Upphaflega töluðu menn um það að menn gætu valið um það til hvers þeir notuðu þessa peninga, hvort þeir mundu nota þá til þess að kaupa kvóta Hagræðingarsjóðs eða kaupa kvóta á almennum markaði. Til hvers benti það? Það benti auðvitað til þess að menn ætluðu sér að afgreiða málið fyrr en þetta. Ég held að ef menn eru með þá hugmynd að hvarfla frá þessu og ákveða það að standa ekki við þetta, þá eigi menn auðvitað að lýsa því skýrt yfir og mér þykir það ekki nóg þó að hæstv. fjmrh. lýsi því yfir að að hans mati eigi ekki að standa við þetta. Það hlýtur að þurfa skýrar yfirlýsingar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 284. mál (aðstöðugjald). — Þskj. 414, nál. 496 og 502.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Ákv. til brb. I samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, StH, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (HG, JÁ, KÁ, PP, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

10 þm. (AKS, EH, GAK, JVK, PJ, RA, SP, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Ákv. til brb. II samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (HG, JÁ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (AKS, GAK, JVK, PJ, RA, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Ákv. til brb. III samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SÞór, StH, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

8 þm. (AKS, GAK, JVK, PJ, RA, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Þar sem bráðabirgðaákvæði III varðar landsútsvar sem vafi leikur á að standist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, þá vill minni hluti félmn. ekki bera ábyrgð á þessu máli og mun sitja hjá.

Ákv. til brb. IV samþ. með 33:19 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SÞór, StH, SJS, SvG.

2 þm. (HG, JÁ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (AKS, EH, GAK, JVK, PJ, RA, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Ákv. til brb. V samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (AÓB, GÁ, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JónK, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SÞór, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

9 þm. (AKS, GAK, GB, JVK, PJ, RA, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (AKS, GAK, JVK, PJ, RA, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Málefni aldraðra, frh. 2. umr.

Stjfrv., 97. mál (rekstrarframlög framkvæmdasjóðs). — Þskj. 113, nál. 499, 503 og 518, brtt. 500 og 504.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Finnur Ingólfsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Í ljósi þeirrar umræðu sem fram fór í gær við 2. umr. þessa máls er nú ljóst að þeir fjármunir sem gert var ráð fyrir að yrðu í Framkvæmdasjóði aldraðra og yrði ráðstafað til reksturs hafa nú verið hækkaðir um 70 millj. kr. Því höfum við, sem stöndum að brtt. á þskj. 504, en hún er frá þeim sem hér stendur og hv. þm. Svavari Gestssyni og Sigurði Þórólfssyni, ákveðið að draga þessa brtt. til baka til 3. umr. En þegar gengið verður til atkvæða um brtt. meiri hlutans þá munum við greiða atkvæði gegn þeirri tillögu.

Brtt. 504 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 500 samþ. með 33:20 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SÞór, StH, SvG.

2 þm. (JÁ, SJS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (AKS, GAK, JVK, PJ, RA, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 33:8 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, FI, GÁ, HÁ, ISG, KÁ, KE, ÓÞÞ.

14 þm. (GB, GHelg, HG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, ÓRG, PP, SÞór, StH, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

8 þm. (AKS, GAK, JVK, PJ, RA, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 34:4 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, ISG, KÁ, KE.

16 þm. (GB, GHelg, HÁ, HG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

9 þm. (AKS, GAK, GÁ, JVK, PJ, StG, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (AKS, GAK, JVK, KE, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Almannatryggingar og stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 285. mál (mæðra- og feðralaun, slysatryggingar o.fl.). — Þskj. 415, nál. 537 og 547, brtt. 538.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 547 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 33:23 atkv. og sögðu
já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, StH, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (AKS, GAK, JVK, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér er komið til atkvæða leiðir ekki til sparnaðar, það leiðir ekki til hagræðingar. Það mun fyrst og fremst auka álögur á sjúklinga, á öryrkja og barnmargar fjölskyldur. Þessar álögur bætast við miklar viðbótarskattaálögur sem þessa dagana er einnig verið að samþykkja á Alþingi. Þó svo

að brtt. meiri hlutans mildi að nokkru leyti þær tillögur sem fram komu í upphaflegu frv., þá eru þær verulega íþyngjandi fyrir þá sem þessar álögur þurfa að þola og þess vegna munum við í minni hluta heilbr.- og trn. greiða atkvæði gegn þeim brtt. Tillögur þær sem felast í þessu frv. eru handahófskenndar, þær eru illa undirbúnar. Það er allsendis óvíst með hvaða hætti og hvar þær munu verst koma niður. Gleggsta dæmið um það er tilvísanakerfið og þær breytingar sem verið er að framkvæma á þátttöku foreldra í tannlæknakostnaði skólabarna og því leggjum við til að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Brtt. 538,1 samþ. með 34:14 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, JGS, JHelg, JónK, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SÞór, StH.

8 þm. (AÓB, ISG, JÁ, KÁ, KE, PP, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AKS, GAK, JVK, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 33:19 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, StH, SJS, SvG.

4 þm. (AÓB, ISG, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AKS, GAK, JVK, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í nál. minni hlutans teljum við að rétt hefði verið að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar. Að þeirri tillögu felldri legg ég til að greitt verði atkvæði gegn þeim brtt. sem hér liggja fyrir, m.a. þeirri tillögu sem hér er á dagskrá varðandi hækkun meðlags og niðurfellingu mæðralauna. Við teljum að þar sé um að ræða óeðlilegar aðgerðir. Hér er ekki verið að hækka meðlag eða bæta kjör einstæðra foreldra heldur er verið að leita að hentugum skattstofni fyrir ríkisstjórnina sem eru meðlagsgreiðendur. Við erum andvíg þessu fyrirkomulagi og ég tel rétt að þessi tillaga verði felld sem og aðrar þær tillögur sem næst á eftir koma í þeim tillögum sem upphaflega eru í frv. og í brtt. ríkisstjórnarinnar.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Það er skoðun okkar kvennalistakvenna að meðlag sé almennt of lágt og hafi verið svo nokkuð lengi og það sé í rauninni í engu samræmi við framfærslukostnað barns. Við erum því ekki í grundvallaratriðum andvígar hækkun meðlags. Hins vegar leggjum við áherslu á og bendum á að sú hækkun sem er gerð á meðlaginu í þessu frv. bætir í engu aðstæður barna. Hún kemur ekki börnunum til góða heldur ríkissjóði. Það er með öðrum orðum um tilflutning að ræða frá ríkissjóði til meðlagsgreiðenda. Við munum því ekki greiða þessari tillögu atkvæði okkar, þessari meðlagshækkun, heldur sitja hjá.

Brtt. 538,2 samþ. með 31:22 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, StH, SJS, SvG.

10 þm. (AÓB, AKS, EH, EgJ, GAK, JVK, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 31:23 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, StH, SJS, SvG.

9 þm. (AKS, EH, GAK, IBA, JVK, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

3.–4. gr. samþ. með 32:4 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP.

nei: HG, JÁ, JónK, SJS.

19 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, StH, SvG) greiddu ekki atkv.

8 þm. (AKS, GAK, JVK, PJ, StG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 538,3 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 33:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GB, JÁ.

21 þm. (AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, StH, SJS, SvG) greiddi ekki atkv.

7 þm. (AKS, GAK, JVK, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 538,4 (ný 5. gr., verður 6. gr.) samþ. með 33:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: JÁ.

22 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, StH, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AKS, GAK, JVK, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 538,5 samþ. með 31:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: IBA, LMR.

23 þm. (AÓB, EH, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, StH, SvG) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AKS, GAK, JVK, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

6. gr., 1. málsl. og 1. tölul., (verður 7. gr., 1. málsl. og 1. tölul.), svo breytt, samþ. með 32:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhS, JBH, JónS, KSG, ÓE, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, HG, SalÞ.

nei: KHG, LMR, ÓÞÞ, EH, EKJ, IBA.

18 þm. (ISG, SÞór, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, StH, SvG, AÓB, FI, GuðjG, GÁ, GHelg) greiddu ekki atkv.

7 þm. (JVK, AKS, GAK, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í umræðum um þetta frv. *telur minni hluti heilbr.- og trn.* mikla óvissu fylgja þeirri breytingu sem hér er verið að gera á læknisþjónustu. Það liggur engin útfærsla fyrir á framkvæmd þessa kerfis, þ.e. hvernig fyrirhugað er að þetta verði í framkvæmd. Fyrir því eru vissulega fagleg rök að taka upp tilvísanakerfi, en í því frv. sem hér liggur fyrir, er fyrst og fremst gert út á sparnað og rökin snúa fyrst og fremst að sparnaði sem er sýnd veiði en ekki gefin því að enn hefur ekki tekist að sýna fram á það hvernig honum skuli náð. Tilvísanakerfinu eins og það liggur hér fyrir fylgir ákveðið óhagræði fyrir notendur og það er aðeins hægt að réttlæta slíkt óhagræði ef hægt er að sýna fram á bæði sparnað og góða framkvæmd kerfisins og að það standist faglega. Þess vegna sitjum við hjá, virðulegur forseti.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég hef í fyrsta lagi miklar efasemdir um tilvísanakerfið og í öðru lagi bendi ég á að í þessari grein er ráðherra í tvígang veitt reglugerðarheimild til að útfæra lögin. Lögin veita ráðherranum ekki það aðhald og ekki þann efnislega ramma sem lög þurfa samkvæmt mínu mati að innihalda til þess að löggjafarvaldið sé ekki framselt til ráðherra með hætti eins og þessum. Ég segi nei.

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel að tilvísanakerfið muni ekki spara. Ég vil líka geta þess að þótt innleiðing tilvísanakerfis fækki heimsóknum til sérfræðinga, þá muni slíkt fremur leiða til útgjaldaauka en sparnaðar. Hlutur sjúklings í greiðslum til sérfræðinga nemur nú um 50% af meðalgreiðslu til þeirra en hlutur sjúklinga til heimilislækna er mun minni þannig að sá hluti ríkisins í tilvísanakerfi verður endanlega meiri. Ég vil auk þess benda á fyrri gagnrýni mína við 1. umr. þar sem ég nefndi ýmiss konar óhagræði og tímasóun af tvöföldun heimsókna, skriffinnsku, auknu álagi á heimilislækna sem nemur tugþúsundum heimsókna og ómarkvissari heimsóknir sjúklinga til lækna. Ég vil einnig trúa því að Íslendingar hafi þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að dæma sjálfir um það hvort þeir þurfi á sérfræðiaðstoð að halda og hvers konar sérfræðingur er nauðsynlegur í hverju tilviki. Lögleiðing tilvísanakerfisins er pólitísk frá sjónarmiði heilbrigðisþjónustupólitíkur og ef lögleiða á tilvísanakerfi þá á sú lögleiðing á hinu háa Alþingi ekki að fara fram við umræðu um fjárlög heldur við umræðu um pólitíska stefnu í heilbrigðisþjónustu. Ég segi því nei.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að það væri skynsamlegt að byggja heilbrigðisþjónustuna þannig upp að sem allra flest vandamál væru leyst á frumstigi heilsugæslu. Ég tel þess vegna að eitthvert fyrirkomulag af því tagi sem fólst í gamla tilvísanakerfinu eða ætlunin er að taka upp hér, fyrir því séu ýmis fagleg rök. Ég tek það skýrt fram að ég er ekki þar með að styðja í sjálfu sér áform hæstv. ríkisstjórnar *um sparnað með þessari aðgerð sem slíkri* og ég hef auðvitað fyrirvara á um það að útfærslan að þessu leyti verði skynsamleg. En þar sem ég er og hef lengi verið þeirrar skoðunar að kerfi af þessu tagi sé faglega skynsamlegt, að beina fólki sem mest inn á frumstig heilsugæslunnar og reyna að leysa þar sem flest vandamál áður en þau fara upp í gegnum dýrara ferli í heilbrigðisþjónustunni, þá væri ég ekki sjálfum mér samkvæmur ef ég styddi ekki þetta ákvæði. Ég geri það því og mun greiða því atkvæði mitt, en ég tek það skýrt fram að á því eru þessir tveir fyrirvarar, þ.e. að útfærslan takist skynsamlega og ég geri það ekki í því skyni að með því eigi að spara ríkissjóði peninga heldur vegna þess að ég tel þetta skynsamlega ráðstöfun af faglegum ástæðum. Ég segi já.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegur forseti. Það er skynsamlegt út frá faglegum sjónarmiðum séð að taka upp tilvísanakerfi. Það getur sparað ríkissjóði peninga. Það getur líka sparað fólkinu peninga. Það byggist hins vegar mjög á framkvæmdinni hvernig til tekst. Með því að fella niður gjald til heimilislækna sem er reglugerðarákvæði fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. er hægt að spara fólkinu peninga með því að koma á tilvísanakerfi. Það er hægt að spara ríkissjóði peninga með því að koma á tilvísanakerfi vegna þess að það dregur úr heimsóknum til sérfræðinga. En þetta byggist allt saman á framkvæmdinni og framkvæmdinni treysti ég ekki í höndum núv. ríkisstjórnar og því greiði ekki atkvæði.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég hef verið fylgjandi því og talið skynsamlegt að taka upp tilvísanakerfi í heilbrigðisþjónustu. Ég tel að það sé faglega rétt ef vel er að því staðið og ég tel líka að það geti sparað bæði í heilbrigðisþjónustunni fyrir okkur almennt og fyrir einstaklingana sjálfa. Ég treysti því að hæstv. ráðherra heilbrigðismála njóti aðstoðar góðra manna við að byggja upp skynsamlegt tilvísanakerfi og segi já við þessari tillögu.

6. gr., 2. tölul., (verður 7. gr., 2. tölul.), samþ. með 31:24 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, StH, SJS, SvG.

1 þm. (EH) greiddi ekki atkv.

7 þm. (AKS, GAK, JVK, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í rauninni er það þannig að jafnvel þó að sæmilega sé stofnað til þeirra tillagna faglega eins og B-liðarins sem við vorum að greiða atkvæði um hér á undan, þá er útilokað að sleppa því reglugerðarvaldi í hendurnar á hæstv. ráðherra sem gert er ráð fyrir bæði í B-liðnum og C-liðnum í sambandi við lyfin þar sem gert er ráð fyrir því að heilbrrh. ákveði hvað lyf kosta gjörsamlega án þess að hann hafi neinar lögfestar viðmiðanir. Ég bendi á að ef þessi breyting verður samþykkt, þá er það í fimmta sinn í tíð núv. hæstv. heilbrrh. sem gerð er grundvallarbreyting á verðlagningu lyfja. Ég bendi líka á það að að mati hagfræðings Alþýðusambands Íslands mun þessi tillaga hafa það í för með sér eins og reglugerðardrög liggja fyrir og benda til að lyfjaverð til almennings hækki um u.þ.b. 60%. Ég bendi líka á að á bak við þessa tillögu er veruleg fagleg og fjárhagsleg óvissa samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir. Ég tel því að það sé langskást miðað við allar aðstæður að reyna enn um sinn það kerfi sem hér hefur verið og hafna þessari tillögu og legg til að hún verði felld.

Brtt. 538,6 samþ. með 32:17 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, FI, GB, HÁ, HG, ISG, JÁ, JHelg, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SÞór, StH, SJS.

3 þm. (JónK, PP, SvG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (AKS, GAK, GÁ, GHelg, IBA, JGS, JVK, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

7. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 31:24 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, StH, SJS, SvG.

1 þm. (EH) greiddi ekki atkv.

7 þm. (AKS, GAK, JVK, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Minni hlutinn í heilbr.- og trn. hefur lýst andstöðu sinni við þá breytingu sem hér er verið að gera á 44. gr. almannatryggingalaganna. Andstaða minni hlutans hefur aðallega verið tvíþætt. Í fyrsta lagi er með þessari breytingu verið að velta auknum kostnaði á barnafólk og aldraða. Í þessari tillögu felst enginn samfélagslegur sparnaður nema síður sé og það má segja að það sé verið að setja þann ávinning sem náðst hefur í betri tannheilsu landsmanna í hættu með þessari aðgerð.

Í öðru lagi byggist andstaðan á því að þarna sé um ranga stefnumörkun að ræða í tannlækningum, það sé með öðrum orðum rangt að taka upp greiðslur fyrir forvarnir eins og viðgerðir heldur beri að halda forvörnum fólki að kostnaðarlausu en láta greiða fyrir viðgerðarþáttinn.

Þá viljum við minna á að það er engin reynsla komin á þá breytingu sem gerð var á lögunum í fyrra og segja má að aðeins hafi fengist þriggja mánaða reynslutími þar sem skólatannlækningar í breyttu formi voru ekki teknar upp fyrr en í haust. Við munum því greiða atkvæði gegn þessari grein.

8.–9. gr. (verða 9.–10. gr.) samþ. með 32:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: ÓÞÞ, SÞór.

22 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, PP, RA, StH, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AKS, GAK, JVK, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 538,7 (þrjár nýjar greinar, verða 11.–13. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

23 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, StH, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AKS, GAK, JVK, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 538,8 (11.–17. gr. falli brott) samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (RA, SÞór) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AKS, GAK, JVK, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég styð þessa brtt. vegna þess að hér er gert ráð fyrir því að fella út úr frv. kaflann um sölu Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Það hefur verið mjög umdeilt mál hér í umræðum alveg frá upphafi og hv. þm. Pálmi Jónsson mótmælti því sérstaklega. Við umræður hefur það komið fram að hæstv. ríkisstjórn ætlar að hafa upp úr krafsinu með sölu Samábyrgðarinnar um 170 millj. kr. og í fjárlögunum árið 1993 er gert ráð fyrir þessum 170 millj. kr. Það er bersýnilega þegar búið að bora gat á fjárlögin sem voru samþykkt í gær með þessari skynsamlegu tillögu meiri hluta heilbr.- og trn. sem, eins og ég sagði áðan, ég styð eindregið.

Brtt. 538,9 (ný 18. gr., verður 14. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SÞór, StH, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AKS, GAK, JVK, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 538,10 (ný fyrirsögn frv.) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (AÓB, GÁ, HÁ, JÁ, JHelg, KHG, KÁ, KE, RA) greiddu ekki atkv.

8 þm. (AKS, EH, GAK, JVK, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til 3. umr. með 53:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: PP.

9 þm. (AKS, GAK, JVK, PJ, StG, StH, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

Skattamál, frh. 3. umr.

Stjfrv., 286. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 531, frhnál. 555, brtt. 552 og 553.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 552 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (FI) greiddi ekki atkv.

7 þm. (AKS, GAK, JVK, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Á þskj. 552 eru brtt. sem fjalla um það að tryggja tilteknum aðilum að geta dregið frá rekstrarkostnað í atvinnurekstri sem ekki hefur verið tekið á í skattalögum fram til þessa og munum við í minni hluta nefndarinnar að sjálfsögðu styðja þá brtt. Á þskj. 553 eru brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. á fjárhæðum að því er varðar skattvísitölu og fleira. Við viljum á engan hátt bera ábyrgð á þessum tillögum og munum sitja hjá við þá atkvæðagreiðslu.

Við lögðum til við 2. umr. að þessu máli yrði vísað til ríkisstjórnarinnar í þeim tilgangi að ná fram lagfæringum á frv. í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Við höfum vakið athygli á því við umræðuna hvers konar ófriðaralda er hér í uppsiglingu vegna þessa máls. Því miður var ekki hlustað á það og munum við að sjálfsögðu greiða atkvæði gegn frv. í heild.

Brtt. 553,1–2 samþ. með 34:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GHelg, JÁ.

19 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HG, ISG, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SÞór, StH, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

8 þm. (AKS, GAK, JVK, ÓÞÞ, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 553,3 samþ. með 36:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, ISG, JóhS, JBH, JónS, KSG, KE, LMR, ÓE, PP, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GHelg*, JÁ.

16 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, ÓRG, RA, SÞór, StH, SJS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (AKS, GAK, JVK, ÓÞÞ, PJ, RG, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Frv., svo breytt, samþ. með 30:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, SalÞ.

nei: JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, SÞór, JÁ, StG.

3 þm. (EH, EKJ, IBA) greiddu ekki atkv.

6 þm. (JVK, AKS, GAK, PJ, TIO, VS) fjarstaddir.

14 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þvert á yfirlýsta stefnu stjórnarflokkanna er verið að stórhækka skatta í landinu á almennu launafólki. Það er sýnd ótrúleg hugkvæmni við að afla nýrra tekna í ríkissjóð. Það er hækkaður tekjuskattur, það er lækkaður persónuafsláttur, það er breytt reglum um vaxtabætur og settur virðisaukaskattur á ýmsar nauðsynjar, svo sem húshitun. Með þessum miklu skattbreytingum er Sjálfstfl. að skattleggja sig út af markaðnum. Það er vandamál Sjálfstfl. en frv. er vandamál þjóðarinnar og ég segi nei við frv.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Með þessu frv., ef að lögum verður, er verið að stórauka skattaálögur á almenning án þess að jöfnunaraðgerðir fylgi. Með 14% virðisaukaskatti á bækur, blöð, tímarit og ferðaþjónustu er atvinnu fjölda fólks stefnt í voða og aukið á þann samdrátt sem fyrir er í samfélaginu. Þótt sköttum sé létt af atvinnulífinu í þeim tilgangi að tryggja erfiða stöðu þeirra réttlætir það ekki árásir á láglaunafólk í landinu, en eins og við vitum eru konur stærsti hluti þess hóps. Þessar aðgerðir get ég ekki samþykkt. Ég segi nei.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Í októbermánuði lagði Alþb. fram víðtækar tillögur um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum og lýsti yfir vilja sínum til þess að taka þátt í víðtæku samstarfi í þjóðfélaginu með ríkisstjórninni, með öðrum flokkum hér á Alþingi og með aðilum vinnumarkaðarins. Það kom síðan í ljós að Alþýðusamband Íslands, BSRB, Kennarasambandið og fleiri samtök launafólks og Vinnuveitendasambandið voru reiðubúin að taka þátt í þessu samstarfi. Aðrir stjórnarandstöðuflokkar hér á Alþingi lýstu líka vilja sínum til að taka þátt í þessu samstarfi. Ríkisstjórnin átti þess vegna einstakt tækifæri til þess að skapa hér víðtæka, pólitíska samstöðu í landinu um nauðsynlegar aðgerðir í efnahagsmálum. Því miður kaus ríkisstjórnin á einni helgi að hafna þeirri leið og hélt í staðinn inn á þá braut sem m.a. er mörkuð með því frv. sem hér er verið að greiða atkvæði um. Við 3. umr. er verið að lögfesta fyrsta frumvarpið sem ríkisstjórnin sendir frá sér sem einhvers konar stríðsyfirlýsingu gagnvart launafólkinu í landinu. Það hefur þegar haft í för með sér að kjarasamningum hefur verið sagt upp og strax í janúarmánuði stefnir í stórfellda átök í þjóðfélaginu í fyrsta skipti um ára*raðir*.

Ég vona að ríkisstjórnin noti þinghléið og fyrstu vikur janúarmánaðar til þess að endurskoða þessa stefnu. Hún er ekki farsæl fyrir þjóðina og hún er reyndar heldur ekki farsæl fyrir ríkisstjórnina. Við munum greiða atkvæði gegn þessu frv. en við látum líka í ljósi þá von að á næstu vikum sjái menn að sér og séu reiðubúnir til að taka þátt í víðtæku, pólitísku samstarfi á nýju ári um nauðsynlegar og réttlátar aðgerðir. Ég segi nei.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þess var sérstaklega getið í íslenska sjónvarpinu að ég hefði verið fjarverandi þegar þessu máli var vísað á milli umræðna. Ég vil að það sé alveg á hreinu að sú skattastefna sem hér er verið að leggja til að framkvæma af Alþfl. og Sjálfstfl. nýtur ekki míns stuðnings. Og ég er sannfærður um það að ef þessir flokkar hefðu sagt frá því fyrir kosningar hvað þeir ætluðu að gera, þá færu þeir ekki með völd í þessu landi. Þetta er stríðsyfirlýsing. Ég segi nei.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hér er um að ræða afleitt frv. með mörgum skaðlegum og vanhugsuðum ákvæðum. Þetta er í stíl við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að gera þá fátæku fátækari og þá ríku ríkari. Ég segi nei við þessu frv.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er lítill vafi á því að þjóðinni væri mikill greiði gerður með því að taka frá henni þennan jólaglaðning hæstv. ríkisstjórnar í skattamálum. Ég hygg þó að hæstv. ríkisstjórn sjálfri væri í raun enn þá meiri greiði gerður ef þetta frv. væri fellt nú og annað og betra afgreitt á fyrstu mánuðum komandi árs.

Sú skattastefna hæstv. ríkisstjórnar sem hér birtist í þessum bandormi er í raun og veru ævintýralegur samsetningur ef frv. er skoðað í heild. Hér er slengt saman í einu frv. hækkun tekjuskattsprósentu og lækkun persónufrádráttar á móti. Venjan hefur verið hið gagnstæða, að hærri tekjuskattsprósentu hafi jafnframt fylgt hækkun persónufrádráttar. Hér eru mikil nýmæli á ferð í þessum efnum, að sameina þetta tvennt, hækkun skattprósentu og lækkun persónufrádráttar. Maður hlýtur að óska hæstv. ríkisstjórn til hamingju með þetta afrek, þessa hugkvæmni í skattlagningu.

Í öðru lagi er hér á ferðinni skerðing vaxtabóta, þar með svikin margítrekuð loforð núv. hæstv. félmrh. um að á móti hækkun vaxta á húsnæðislánum á undanförnum árum stæðu vaxtabætur.

Í þriðja lagi er hér lagður virðisaukaskattur á ferðaþjónustu, á bækur og húshitun sem er einhver fráleitasti skattstofn fyrir Íslendinga sem hægt er að hugsa sér vegna þess hversu misjafn sá kostnaður er fyrir.

Við þetta rangláta frv. er ekki nema eitt að gera, þ.e. að fella það hér og nú og semja annað betra og afgreiða það á fyrstu mánuðum næsta árs. Slíkt frv. yrði ívilnandi launamönnum og þar af leiðandi ekkert því til fyrirstöðu að það öðlist gildi einhvern tímann á nýbyrjuðu ári. Ég segi nei.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í atkvæðaskýringum hefur almennum ákvæðum þessa frv. verið mótmælt en ég vil sérstaklega staldra við eitt atriði sem er ákvæðið um að leggja á ný virðisaukaskatt á bækur. Á síðasta kjörtímabili var tekin um það ákvörðun að fella niður virðisaukaskatt á bókum og á menningarstarfsemi yfirleitt. Ástæðan til þess var fyrst og fremst sú að menn sáu það fyrir að íslensk menning mundi með afgerandi hætti verða að taka á sig þátttöku í alþjóðlegu menningarsamstarfi á komandi árum. Það er alveg ljóst að með þeirri ákvörðun að leggja virðisaukaskatt á bækur er verið að veikja samkeppnismöguleika íslenskrar menningar á alþjóðlegum vettvangi og það er verið að veikja menningarlegan grundvöll þjóðarinnar. Menningin er undirstaða íslensks þjóðlífs umfram allt annað. Þess vegna tel ég, virðulegi forseti, að þessi tillaga um að leggja á bókaskatt sé ein ljótasta tillagan í þessu frv., í henni felist atlaga að íslenskri menningu og ég óttast að þessi skammsýna ákvörðun eigi eftir að koma niður á okkur í framtíðinni, ekki aðeins í lakari menningarstarfsemi heldur einnig almennt í verri lífskjörum. Ég segi nei af öllu afli við þessu frv., virðulegi forseti.

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Lykilatriðið í þessum skattalagabreytingum er að ná inn tekjum til þess að bæta upp tekjumissi sveitarfélaganna vegna þess að það er verið að fella niður aðstöðugjald. Þær hugmyndir sem hafa komið fram frá stjórnarandstæðingum í staðinn fyrir þá leið sem valin hefur verið hefur í fyrsta lagi verið svona u.þ.b. 4,5% hækkun á almennri tekjuskattsprósentu, 20% hækkun á hátekjuskatti, sem kom hér fram í gær í tillögum Alþb., 20% vaxtaskattur. Menn tala um að það frv. sem hér er verið að greiða atkvæði um sé stríðsyfirlýsing. Ég vil segja það að þær tillögur sem hafa komið til þess að bæta frv. eru heimsstyrjaldaryfirlýsing. Ég segi já.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið hafnað leiðum sem eru færar og valdar þær leiðir sem eru ófærar. Það er verið að leggja auknar álögur á fólk sem ekki er aflögufært en það eru aðeins sýndartillögur sem eru í gangi þar sem hægt er að sækja fé. Það eru sýndartillögur varðandi hátekjuskatt og það eru engar tillögur varðandi fjármagnstekjuskatt. Það er bara sótt til láglaunafólks því það er láglaunafólk sem greiðir hér háa skatta og þetta get ég ekki stutt. Það er verið að íþyngja menningu okkar og það er líka verið að íþyngja atvinnulífi okkar, sem ekki má við því, með því að leggja auknar álögur á ferðaþjónustu sem er atvinnugrein sem nú ætti að hlúa að. Ég segi því nei.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Í þessu frv. er gert ráð fyrir verulegum breytingum þar sem tilfærsla verður á sköttum frá fyrirtækjum til einstaklinga og á neyslu. Þetta er gert til þess að styrkja stöðu íslenskra fyrirtækja og hamla gegn atvinnuleysi. Skattbyrðinni verður dreift þannig að hún verður mest á þeim sem hæst hafa launin. En þrátt fyrir allt þetta breytast heildarskatttekjur íslenska ríkisins ekkert að ráði miðað við yfirstandandi ár og verða að raungildi minni en árin 1989, 1990 og 1991. Ég segi já.

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Með niðurfellingu aðstöðugjalds og jöfnunargjalds er létt milljarðagjöldum af atvinnulífinu í þeim tilgangi að styrkja stöðu þess og draga úr atvinnuleysi í landinu. Til að þetta sé mögulegt verður að afla aukinna tekna. Út á það gengur þetta frv. Stjórnarandstaðan hefur lagst gegn öllum þeim tekjuöflunarleiðum sem kveðið er á um í frv. Á sama tíma svigna borð þingmanna hér í salnum undan brtt. stjórnarandstöðunnar við útgjaldahlið fjárlagafrv. sem flestar gera ráð fyrir auknum útgjöldum ríkisins. Þar er

ekki bara um að ræða milljónir eða tugi milljóna heldur hundruð milljóna í auknum ríkisútgjöldum á sama tíma og þjóðartekjur minnka og verið er að létta milljarðagjöldum af atvinnulífinu til að draga úr atvinnuleysi. Þetta kalla ég lýðskrum. Ég segi já.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér er skattahækkunarríkisstjórn Davíðs Oddssonar að leggja drápsklyfjar á heimilin í landinu. Launafólkið skal greiða skattana fyrir stórgróðafyrirtækin, Dagsbrúnarmenn fyrir Eimskip o.s.frv. Persónuafsláttur er lækkaður til að sækja 700 millj. til láglaunafólksins. Á húshitunina er settur skattur, á bækurnar, ferðaþjónustuna, feðurna einstæðu. Ríkissjóður mun bíða tjón vegna þessa frv. Atvinnulausum mun fjölga vegna aðgerðanna, atvinna mun flytjast í hendurnar á erlendum mönnum vegna þessara aðgerða. Ríkisstjórn sem hvorki skilur atvinnulífið né fólkið er trausti rúin og þessi langavitleysa í skattaformi kallar á vantraust þings og þjóðar. Ég segi að sjálfsögðu nei.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Þótt formaður efh.- og viðskn. telji Alþb. vera áhrifamikinn flokk, þá er ég ekki þeirrar skoðunar að tillöguflutningur þeirra geti komið af stað heimsstyrjöld. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þær tillögur sem ríkisstjórnin er hér að fá samþykktar muni leiða til átaka á vinnumarkaði og átaka í þjóðfélaginu. Við framsóknarmenn leggjum ekki til að leggja á meiri skatta. Við teljum hins vegar að það þurfi að jafna skattbyrðina mun betur. Það er verið að þyngja skattbyrðina hjá þeim sem minnstar tekjur hafa. Því hefur hæstv. fjmrh. ekki mótmælt og það er þessi staðreynd sem kallar á þau miklu mótmæli sem nú eru í þjóðfélaginu.

Það er einnig svo með marga þá skatta sem eru lagðir á, t.d. hækkun virðisaukaskatts, að þeir munu draga úr umsvifum í samfélaginu og virka lamandi á þjóðartekjur. Þeir munu þess vegna auka atvinnuleysi og verða til þess að minnka tekjur ríkissjóðs og tekjur samfélagsins. Við megum ekki við þessu og ég segi nei við þessu frv.

Stefán Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. sagði hér í dag og endurtók það nú áðan að þessar aðgerðir séu gerðar í þeirri vissu að ástandið í landinu muni batna. Því miður er það ekki svo og samkvæmt þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir frá Þjóðhagsstofnun er því spáð — þveröfugt við fullyrðingar hæstv. fjmrh. hér rétt áðan — því er spáð af Þjóðhagsstofnun sjálfri að atvinnuleysi muni því miður aukast á næsta ári. Þess vegna eru þær aðgerðir sem hér eru lagðar til fyrir fram dæmar til að mistakast og ég segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 563).

Fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytis, frh. 2. umr.

Stjfrv., 295. mál. — Þskj. 427, nál. 517 og 535, brtt. 536.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. í nál. 517 (1.–29. gr. falli brott) samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.

8 þm. (AKS, FI, GAK, JVK, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 536 felld með 31:23 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GuðjG*, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, StH, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (ÓRG) greiddi ekki atkv.

8 þm. (AKS, ÁMM, GAK, JVK, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

30. gr. (verður 1. gr.) samþ. með 41:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HBl, IBA, ISG, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KSG, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: JÁ.

11 þm. (FI, GB, GÁ, HG, JGS, KHG, KÁ, KE, RA, StH, SJS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (AKS, GAK, HÁ, JónK, JVK, PP, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

31.–33. gr. (verða 2.–4. gr.) samþ. með 33:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓE, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, SalÞ.

nei: ÓÞÞ, StH, SvG, AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, ISG, SÞór, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE.

5 þm. (ÓRG, PP, RA, SJS, GHelg) greiddu ekki atkv.
7 þm. (AKS, GAK, PJ, StG, TIO, VS, JVK) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:
Herra forseti. Ég vil ekki verða til þess að minnka trú biskupsins yfir Íslandi á hæstv. dómsmrh. og segi því nei.

34. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 33:2 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GHelg, GunnS, HBl, IBA, JBH, KSG, LMR, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: JÁ, ÓÞÞ.
18 þm. (AÓB, GB, GÁ, HÁ, HG, ISG, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, StH, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
10 þm. (AKS, JóhS, JónS, JVK, ÓE, PJ, SÞór, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (SvG) greiddi ekki atkv.
11 þm. (AKS, GÁ, JóhS, JVK, ÓE, PP, PJ, SÞór, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Kjaradómur og kjaranefnd, frh. 2. umr.

Stjfrv., 46. mál (heildarlög). — Þskj. 47, nál. 491, brtt. 492.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, LMR, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (AÓB, ISG, JÁ, KÁ, KE, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (AKS, JóhS, JVK, ÓE, ÓRG, PJ, SÞór, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 492,1 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, LMR, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.
7 þm. (AÓB, ISG, JÁ, KÁ, KE, ÓÞÞ, SÞór) greiddu ekki atkv.
9 þm. (AKS, JóhS, JVK, ÓE, ÓRG, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, LMR, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (AÓB, ISG, JÁ, KÁ, KE, SÞór) greiddu ekki atkv.
9 þm. (AKS, JVK, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

3.–5. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 492,2 samþ. án atkvgr.

6. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, LMR, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (AÓB, ISG, JÁ, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, SÞór) greiddu ekki atkv.
9 þm. (AKS, FrS, JVK, ÓE, PJ, SighB, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 492,3 (ný grein, verður 7. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, LMR, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (AÓB, GHall, ISG, JÁ, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (AKS, EH, FrS, HÁ, IBA, JVK, ÓE, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 492,4 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, LMR, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (AÓB, ISG, JÁ, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, SÞór) greiddu ekki atkv.

10 þm. (AKS, FrS, GÁ, HÁ, JVK, ÓE, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

7. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, LMR, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP.
7 þm. (AÓB, ISG, JÁ, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (AKS, EH, FrS, HÁ, JVK, ÓE, PJ, SÞór, StG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 492,5 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, LMR, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (AÓB, ISG, JÁ, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, SÞór) greiddu ekki atkv.
8 þm. (AKS, FrS, JVK, ÓE, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

8. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KHG, LMR, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (AÓB, ISG, JÁ, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, SÞór) greiddu ekki atkv.
10 þm. (AKS, FI, FrS, JónK, JVK, ÓE, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 492,6 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, LMR, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (AÓB, ISG, JÁ, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, SÞór) greiddu ekki atkv.
8 þm. (AKS, FrS, JVK, ÓE, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

9. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, LMR, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE.
8 þm. (AÓB, ISG, JÁ, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, SÞór) greiddu ekki atkv.
11 þm. (AKS, FrS, GuðjG, JVK, ÓE, PJ, StG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

10. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, LMR, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (AÓB, ISG, JÁ, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, SÞór) greiddu ekki atkv.
8 þm. (AKS, FrS, JVK, ÓE, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 492,7 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, LMR, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (AÓB, ISG, JÁ, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, SÞór) greiddu ekki atkv.
8 þm. (AKS, FrS, JVK, ÓE, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

11. gr. (verður 12. gr.), svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, LMR, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (AÓB, ISG, JÁ, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, SÞór) greiddu ekki atkv.
8 þm. (AKS, FrS, JVK, ÓE, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

12.–14. gr. (verða 13.–15. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, LMR, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (AÓB, ISG, JÁ, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, SÞór) greiddu ekki atkv.
9 þm. (AKS, FrS, HÁ, JVK, ÓE, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 492,8 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall,

GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, LMR, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (AÓB, ISG, JÁ, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, SÞór) greiddu ekki atkv.

8 þm. (AKS, FrS, JVK, ÓE, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, LMR, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (AÓB, ISG, JÁ, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, SÞór) greiddu ekki atkv.

8 þm. (AKS, FrS, JVK, ÓE, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (AKS, FrS, JVK, ÓE, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 47. mál (Kjaradómur og kjaranefnd). — Þskj. 48, nál. 493.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, LMR, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (AÓB, ISG, JÁ, KÁ, KE, ÓRG, SÞór) greiddu ekki atkv.

9 þm. (AKS, DO, JVK, ÓE, ÓÞÞ, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, LMR, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (AÓB, ISG, JÁ, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, SÞór) greiddu ekki atkv.

8 þm. (AKS, GHelg, JVK, ÓE, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

3 þm. (AÓB, JÁ, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (AKS, GÁ, HÁ, JGS, JVK, ÓE, ÓRG, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 299. mál (stjórn mjólkurframleiðslu). — Þskj. 466, nál. 542, brtt. 543.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (PP) greiddi ekki atkv.

11 þm. (AKS, ÁJ, HÁ, JóhS, JVK, KHG, ÓE, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (PP) greiddi ekki atkv.

12 þm. (AKS, EKG, GunnS, JVK, KHG, KÁ, ÓE, PJ, RG, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 543,1 (6. gr. falli brott) samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK,

JónS, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (AKS, JVK, KHG, ÓE, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 543,2 samþ. án atkvgr.
7. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
8. gr. (verður 7. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 543,3 (ný grein, verður 8. gr.) samþ. án atkvgr.
9.–10. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 543,4 (11. gr. falli brott) samþ. án atkvgr.
12. gr. (verður 11. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 543,5 samþ. án atkvgr.
13. gr. (verður 12. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
14.–16. gr. (verða 13.–15. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 543,6 samþ. án atkvgr.
17. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 543,7 (ný 18. gr., verður 17. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 543,8 samþ. án atkvgr.
19. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 543,9–11 samþ. án atkvgr.
20. gr., a–b-liðir (verður 19. gr., a–b-liðir), svo breytt, samþ. án atkvgr.

20. gr., c-liður (verður 19. gr., c-liður), svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.
7 þm. (AÓB, GB, GÁ, ISG, JGS, KÁ, PP) greiddu ekki atkv.
7 þm. (AKS, JVK, ÓE, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

20. gr., d–f-liðir (verður 19. gr., d–f-liðir) samþ. án atkvgr.
21. gr. (verður 20. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 543,12 samþ. án atkvgr.
22. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 543,13 samþ. án atkvgr.
23. gr. (verður 22. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (PP) greiddi ekki atkv.
12 þm. (AKS, ÁRÁ, BBj, GuðjG, JónK, JVK, ÓE, PJ, StG, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

Grunnskóli, frh. 1. umr.

Stjfrv., 296. mál (nemendafjöldi í bekkjum o.fl.). — Þskj. 452.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 51:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB.
2 þm. (HG, ISG) greiddu ekki atkv.
9 þm. (AKS, GuðjG, JVK, ÓE, PJ, StG, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (AKS, FI, GuðjG, IBA, JGS, JVK, ÓE, PJ, StG, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

90. FUNDUR

þriðjudaginn 22. des.,
að loknum 89. fundi.

Dagskrá:

1. Málefni aldraðra, stjfrv., 97. mál, þskj. 558. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 284. mál, þskj. 414. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Almannatryggingar, stjfrv., 285. mál, þskj. 561. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytis, stjfrv., 295. mál, þskj. 562. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Kjaradómur og kjaranefnd, stjfrv., 46. mál, þskj. 564. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, stjfrv., 47. mál, þskj. 48. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

7. Samningur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands, stjtill., 247. mál, þskj. 321. — Fyrri umr.

8. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 299. mál, þskj. 565. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Útbýting þingskjala:

Frestun á fundum Alþingis, 317. mál, þáltill. forsrh., þskj. 557.

Málefni aldraðra, 97. mál, brtt. FI o.fl., þskj. 559.

Sala hlutabréfa ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands hf., 112. mál, skýrsla viðskrh., þskj. 560.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þar sem of skammt er liðið frá 2. umr. um 1. til og með 6. sem og 8. dagskrármálsins og útbýtingu brtt. sem er á þskj. 559 og varðar 1. mál á dagskrá þarf að leita afbrigða um að þessi mál megi koma á dagskrá og til umræðu og verður nú þeirra afbrigða leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GAK, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (AKS, ÁJ, ÁMM, GHH, GB, GÁ, JÁ, JVK, ÓE, PJ, StG, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 284. mál (aðstöðugjald). — Þskj. 414.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GHelg, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JHelg, JónK*, JónS, KSG, LMR, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (AÓB, GÁ, HÁ, HG, ISG, JGS, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SÞór, StH, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

9 þm. (AKS, GB, JÁ, JVK, ÓE, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil láta þess getið að ég styð þetta frv. í heild sinni þrátt fyrir þær athugasemdir sem ég hef gert í fskj. II til félmn. við það atriði að landsútsvar var ekki fellt niður jafnhliða aðstöðugjaldinu. Ég tel þetta ákveðna mismunun í skattlagningu en vegna þeirrar yfirlýsingar sem hæstv. fjmrh. gaf við 2. umr. þessa máls og í trausti þess að tekið verði á þessu atriði og það lagfært, þá styð ég frv. og segi já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 566).

Almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 285. mál (mæðra- og feðralaun, slysatryggingar o.fl.). — Þskj. 561.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 31:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, GAK, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, SalÞ.

nei: AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, SÞór, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG.

2 þm. (EKJ, IBA) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GB, JVK, AKS, ÓE, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Þetta frv. felur í sér skerðingu á kjörum einstæðra foreldra, það leggur auknar álögur á meðlagsgreiðendur, það hækkar lyfjaskattinn á sjúklingunum og á öryrkjunum, það íþyngir sjúklingum, það eykur álögur á barnafjölskyldur. Því segi ég nei.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er liður í því að auka álögur á fjölskyldur í landinu og það svo nemur hundruðum milljóna í þessu eina frv. Þetta frv. felur í sér að meðlag verður hækkað og mæðralaun lækkuð. Það er með öðrum orðum verið að flytja kostnaðinn af ríkissjóði án þess að það komi börnum á nokkurn máta til hagsbóta. Þessu fylgja hærri lyfjareikningar fyrir almenning í landinu svo nemur um 65%. Tannlæknakostnaður barna og aldraðra hækkar

við þetta frv. og því segi ég nei.

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef þegar gert grein fyrir afstöðu minni gagnvart 6. gr. frv. þar sem ég er andsnúin fyrsta lið þeirrar greinar og ég hef við 1. umr. einnig gert fyrirvara um nánari skilgreiningu 8. gr. En ég tel að að öðru leyti sé ég nokkurn veginn samþykk þessu frv. og mun því styðja það í heild sinni. Ég segi já.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í þessu frv. felst mjög alvarleg atlaga að almannatryggingakerfinu og undirstöðu velferðarkerfisins hér í landinu. Það er gert ráð fyrir því samkvæmt þessu frv. að skera niður velferðarþjónustuna á Íslandi um 1.400 millj. kr. Á undanförnum árum og áratugum hefur það verið þannig að verkalýðshreyfingin hefur aftur og aftur samið um tilteknar félagslegar umbætur gegn því að falla frá tilteknum kröfum í launum. Hér er að hluta til verið að rífa niður félagslegar umbætur sem verkalýðshreyfingin hefur samið um á undanförnum árum og áratugum. Af þeim ástæðum er það þannig, virðulegi forseti, að þó að þetta frv. verði að lögum, þá hljóta átök næsta árs að snúast um það m.a. að reka þau ólög til baka sem menn eru hér að gera tillögu um. Ég segi nei, virðulegi forseti.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 567).

Fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytis, 3. umr.

Stjfrv., 295. mál. — Þskj. 562.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 33:4 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GHelg, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP.

nei: HÁ, JÁ, SÞór, StH.

15 þm. (AÓB, FI, GÁ, HG, ISG, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (AKS, GB, JGS, JVK, ÓE, ÓÞÞ, PJ, StG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 568).

Kjaradómur og kjaranefnd, 3. umr.

Stjfrv., 46. mál (heildarlög). — Þskj. 564.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, LMR, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (AÓB, GHelg, ISG, JÁ, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, SÞór) greiddu ekki atkv.

9 þm. (AKS, GB, JGS, JVK, ÓE, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 569).

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 3. umr.

Stjfrv., 47. mál (Kjaradómur og kjaranefnd). — Þskj. 48.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, LMR, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (AÓB, GHelg, ISG, JÁ, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, SÞór) greiddu ekki atkv.

8 þm. (AKS, GB, JVK, ÓE, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 570).

Framleiðsla og sala á búvörum, 3. umr.

Stjfrv., 299. mál (stjórn mjólkurframleiðslu). — Þskj. 565.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (AKS, GB, JVK, ÓE, PP, PJ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 571).

Samningur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands, fyrri umr.

Stjtill., 247. mál. — Þskj. 321.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samning milli Íslands, Noregs og Grænlands/Danmerkur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands.

Með þessari þáltill. fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu samningsins um skiptingu á loðnustofninum á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands. Samningurinn er birtur sem fskj. með till.

Ofangreindur samningur var undirritaður 25. júní 1992 og öðlaðist gildi til bráðabirgða 1. júlí 1992. Hinum samningsaðilanum var tilkynnt að endanleg gildistaka af Íslands hálfu væri háð samþykki Alþingis. Samningurinn gildir fyrir vertíðirnar frá og með 1. júlí 1992 til og með 30. apríl 1994.

Sjútvrh. kynnti samninginn efnislega í hv. utanrmn. þann 19. júní 1992.

Í febrúarmánuði sl. var boðað til fundar samningsaðila í Ósló þar sem rætt var um hvort framlengja bæri fyrri samning sem gerður var í Ósló í janúar 1989. Af Íslands hálfu var lögð fram hugmynd sem gerði ráð fyrir takmörkun á heimildum erlendra skipa til veiða innan lögsögu Íslands. Ekki náðist samkomulag á þessum fundi en aðrir aðilar héldu áfram að ræða óformlega um möguleika á samkomulagi. Þessar viðræður leiddu síðan til þess að fundur var haldinn í Kaupmannahöfn í maímánuði sl. og náðist þar samkomulag um að framlengja samninginn um tvær vertíðir með þeirri breytingu að aðilar skyldu semja sérstaklega um takmarkanir á veiðum innan lögsögu Íslands og Jan Mayen. Með þessari breytingu var komið til móts við óskir Íslendinga um takmarkanir á veiðum innan íslenskrar lögsögu. Að öðru leyti er efni samningsins óbreytt frá þeim samningi sem gerður var 1989.

Jafnhliða þessu komust aðilar að samkomulagi um sameiginlega yfirlýsingu varðandi framkvæmd samningsins, og fylgir hún sem fskj. 2. Í yfirlýsingunni er kveðið á um að aðilar skuli kappkosta að veiða sinn hlut í heildaraflanum innan eigin lögsögu. Jafnframt komust Ísland og Noregur að samkomulagi um frekari takmarkanir á veiðum. Í yfirlýsingunni segir að norskum skipum sé aðeins heimilt að veiða 35% af bráðabirgðakvótum Noregs innan lögsögu Íslands. Með sama hætti eru veiðar íslenskra skipa í lögsögu Jan Mayen takmarkaðar við 35% af bráðabirgðakvóta Íslands.

Fulltrúar hagsmunaaðila í sjávarútvegi tóku þátt í samningaviðræðunum um gerð samningsins og hafa mælt með staðfestingu hans.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að till. þessari verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og utanrmn.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég fagna því að hæstv. utanrrh. skyldi ranka við sér, að vísu ekki fyrr en hv. 7. þm. Reykn. hafði spurt eftir þessu þingmáli í hv. utanrmn. Þetta er mál sem ekki má gleymast að afgreiða þótt hugur hæstv. utanrrh. sé nú kominn til Brussel. Við lifum norður í höfum og höfum okkar lífsviðurværi hér og ég held að hér sé um mikilvægan samning að ræða sem liggi á að taka til meðferðar á Alþingi. Ég vil greiða fyrir þessari þáltill. og gera mitt til þess að hún geti náð afgreiðslu áður en þingi verður frestað.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Þegar þingmenn voru að kanna gögn vegna sjávarútvegssamningsins sem gerður hefur verið við Efnahagsbandalagið kom í ljós að þessi samningur hafði ekki verið staðfestur af þinginu. Það er að mínu mati nauðsynlegt að staðfesta hann og ég vil lýsa því yfir að ég styð ákvæði hans og get staðið að honum.

Hér er um að ræða framlengingu á samningi frá 1989 en samningaviðræður út af þeim samningi hófust í kringum 1980 og tók næstum því tíu ár að komast að því samkomulagi. Þær breytingar sem hér eru gerðar eru fyrst og fremst að því er varðar þrengingu á veiðum erlendra aðila í okkar lögsögu, þ.e. að norsk skip hafa aðeins heimild til þess að veiða 35% af kvóta sínum innan íslenskrar lögsögu en að öðru leyti er ákvæðið óbreytt að því er varðar veiðisvæði og veiðitíma en þessi skip geta aðeins veitt til 15. febr. á því ári sem nú fer í hönd.

Ég vil hins vegar taka fram að ég er ekki sammála túlkunum á þessum samningi sem koma fram á nál. meiri hluta sjútvn. á þskj. 549. Ég ætla, hæstv. forseti, ekki að fara út í þau atriði hér en treysti því að þau verði tekin til endurskoðunar og yfirfarin vandlega þannig að enginn misskilningur eigi sér þar stað. Ég bendi sérstaklega á ákvæði 6. gr. þar sem kemur fram, með leyfi forseta: „Að fengnum tilmælum grænlenskra stjórnvalda getur Ísland veitt fiskiskipum af öðru þjóðerni, sem fengið hafa grænlensk fiskveiðileyfi, sömu réttindi, enda sé gerður um það samningur við Ísland sem gildi fyrir eina vertíð í senn.“

Í grg. tillögunnar kemur fram, með leyfi forseta, eftirfarandi:

„Fái skip annarra þjóða hins vegar leyfi hjá grænlenskum stjórnvöldum til þess að stunda veiðar úr hlutdeild Grænlands hafa þau ekki heimild til þess að veiða innan lögsögu Íslands nema að fengnu sérstöku samþykki íslenskra stjórnvalda."

Á þetta hefur reynt að því er varðar Færeyjar sem ekki eru aðilar að þessum samningi en því var heitið á sínum tíma að litið yrði sérstaklega til Færeyinga í sambandi við þetta mál að því er varðar framsal frá Grænlandi. Ég tel að það beri að túlka þessa grein þannig að ef Grænlendingar framselja sín veiðiréttindi til annarrar þjóðar, þar með talið Efnahagsbandalagsins, þá þurfi t.d. Norðmenn sérstakt leyfi íslenskra stjórnvalda til þess að veiða það magn í íslenskri lögsögu.

Ég vil jafnframt minna á túlkun að því er varðar 5. gr. samningsins, en eins og fram hefur komið geta Norðmenn og Grænlendingar — það eru Norðmenn sem eru sérstaklega teknir fram í þessum samningi — aðeins veitt 35% af sínum heimildum innan íslenskrar lögsögu en ekki þótti ástæða til þess að taka að fram að því er varðar Grænlendinga vegna þess að þeir eiga engin skip sem stunda loðnuveiðar. Ef þeir hefðu átt slík skip, þá hefðu áreiðanlega verið sams konar ákvæði sem sneru að þeim. Þetta þýðir það að ef Norðmenn ná ekki 65% sínum utan okkar lögsögu, þá falla þessi réttindi einfaldlega niður.

Ef hins vegar er gefinn út viðbótarkvóti, til viðbótar því magni sem ákveðið er til bráðabirgða, þá reynir á 5. gr. og flókin ákvæði í sameiginlegri yfirlýsingu varðandi framkvæmd samningsins sem varðar hugsanlegar bætur vegna þessa. Hér er um mjög takmarkaðar bætur að ræða og ég skil það svo að á móti því að veiðar erlendra aðila voru takmarkaðar innan okkar lögsögu hafi verið fallist á það að breyta ákvæðum um bótaréttinn.

Þetta eru, virðulegi forseti, viðkvæm atriði sem skipta máli varðandi túlkun þessa samnings. Varðandi túlkun ákvæða sjávarútvegssamnings milli Íslands og Evrópubandalagsins og í trausti þess að vandlega verði farið yfir þetta mál í meðferð hv. utanrmn., þá mun ég standa að samþykkt þessa samnings. Ég tel nauðsynlegt að samin verði sérstök greinargerð um þetta mál og hún lögð fyrir utanrmn. og ég tel að þær ábendingar sem við vorum með í minni hlutanum að því er varðaði sjávarútvegssamninginn hafi nú komið fram. Við töldum að það bæri að flýta sér hægt við afgreiðslu þess máls. Það væri nauðsynlegt að fara vel yfir það, semja vandaðar greinargerðir því þær mundu verða til hliðsjónar varðandi túlkun þessa máls í framtíðinni. Við höfum ekki skilað áliti í minni hluta sjútvn. enn þá, en munum gera það í upphafi næsta árs og munum þá lýsa skilningi okkar á þessu máli, en aðalatriðið er það að á þessu sé sameiginlegur skilningur ráðuneyta og Íslendinga í heild þannig að það fari ekkert á milli mála þegar menn standa í samningum um þetta mál, hver réttur okkar er.

Ég vildi, virðulegi forseti, taka þetta fram hér við umfjöllun þessa máls en ég legg áherslu á að það hljóti hér afgreiðslu.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka það fram að ég styð það að Alþingi veiti ríkisstjórninni heimild til þess að staðfesta þennan samning sem var gerður í Kaupmannahöfn í maí í vor og hefði e.t.v. verið eðlilegra að koma fyrr með þetta mál til þingsins og mæla fyrir því alla vega fyrir einhverjum dögum þegar það kom fyrst fram. Það er mjög skrýtið að gera þetta svona á síðustu stundu en betra er seint en aldrei.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þáltill. en má þó til að gera athugasemd hér. Eins og fram kemur í athugasemdum við frv. á bls. 2 er ekki talin ástæða til þess að setja takmarkanir á veiðar grænlenskra skipa í íslenskri lögsögu þar sem Grænlendingar eiga engin skip sem stunda loðnuveiðar. Ég vil í því sambandi benda á að Grænland hefur selt Evrópubandalaginu hluta af sínum veiðiheimildum, loðnukvóta, en Evrópubandalagið hefur ekki getað veitt þessa loðnu undanfarin ár. Þess vegna hefur það fallið í hlut Íslendinga að veiða þessa loðnu að hluta eða öllu leyti sbr. 5. gr. þessa samnings en þar segir, með leyfi forseta:

„Ef Noregur eða Grænland veiða ekki sína hlutdeild á tiltekinni vertíð skal Ísland leitast við að veiða það magn sem á vantar."

Það er því greinilegt að samkvæmt þessum samningi er Íslandi heimilt að veiða það magn sem á vantar en samkvæmt þeim fiskveiðisamningi sem hæstv. utanrrh., fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, hefur gert við Evrópubandalagið er talað um að Ísland eigi að fá þessa loðnu í sinn hlut sem greiðslu fyrir 3.000 tonn af karfa og það er greinilegt af þessari þáltill. og allir þingmenn hljóta að sjá að þarna er um að ræða svokallaða pappírsloðnu þar sem Íslendingar geta samkvæmt þessum samningi hvort sem er veitt alla þá loðnu sem Evrópubandalagið hefur ekki getað veitt í grænlenskri lögsögu og hefur ekki gert undanfarin ár. Að öðru leyti styð ég þessa þáltill. og vænti þess að hún fái skjóta afgreiðslu hér á Alþingi.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Aðeins fáein orð af minni hálfu. Ég get vísað í margt af því sem hv. 1. þm. Austurl. sagði um þennan samning. Ég vil láta það koma fram að ég tel að hann sé Íslendingum hagstæður og það hafi verið gæfuspor í samstarfi þessara þjóða þegar samningar náðust, fyrst milli Norðmanna og Íslendinga um sameiginlega nýtingu loðnustofnsins og síðan þegar Grænlendingar komu inn í þann samning á árinu 1989. Það var að mínu mati ekki síður mikilvægt að ná fyrsta samningnum við þá um nýtingu á sameiginlegum stofnum þó því miður hafi ekki orðið það framhald á slíku sem þá voru bundnar vonir við, þ.e. að í kjölfarið mundu sigla samningar við Grænlendinga um fleiri sameiginlega stofna, svo sem karfa og rækju.

Það er enginn vafi á því að ákvæði samningsins eru

Íslendingum hagstæð. Í raun og veru er nær að segja að þau séu skynsamlega úr garði gerð hvað það snertir að ef hegðun loðnunnar veldur því að hún veiðist lítt eða ekki í lögsögu hinna ríkjanna, þá kemur það í okkar hlut að reyna að nýta þann hlut sem eftir er. Og eins og reynslan sýnir hefur útkoman á grundvelli þessa samnings sl. ár verið Íslendingum sérlega hagstæð en frá og með vertíðinni 1987–1988 hafa Íslendingar á hverju einasta ári fengið yfir 80% af loðnuveiðinni í sinn hlut, frá 81% á þeirri vertíð sem ég nefndi, 1987–1988, og upp í yfir 90% nú á tveimur síðustu loðnuvertíðum. Reynslan er auðvitað ólygnust um það að þessi ákvæði samningsins eru svona og þetta hefur skilað Íslendingum þessum hlut.

Ég vil taka það fram að ég er sammála túlkun hv. 1. þm. Austurl. á 6. gr. samningsins. Það er afar mikilsvert atriði að enginn vafi leiki á þeirri túlkun, með öðrum orðum að veiðiréttur grannþjóðanna í íslenskri lögsögu sé ekki framseljanlegur og þá á það fyrst og fremst við um Grænlendinga sem selt hafa sinn kvóta undanfarin ár. Reynslan sýnir svo ekki verður um það villst og það er þegar komin á það reynsla í framkvæmd að við höfum það í hendi okkar að viðurkenna ekki veiðirétt á grundvelli heimilda sem Grænlendingar hafa selt ef um er að ræða aðra þjóð. Á síðustu vertíð var Færeyingum sem keypt höfðu kvóta af Grænlendingum snúið frá veiðum í íslenskri lögsögu. Ég er sem sagt sammála þeirri túlkun sem hv. 1. þm. Austurl. lýsti hér að þetta eigi við um hvaða þjóð sem er, þar með talið Norðmenn. Þó að þeir séu aðilar að samningnum, þá teldust þeir önnur þjóð í skilningi samningsins í viðkomandi grein. Þetta er auðvitað mikilvægt að liggi alveg ljóst fyrir þegar kemur að því síðar á þinginu í vetur að ræða frekar málefni tvíhliða samnings við Evrópubandalagið um fiskveiðar.

Varðandi áhyggjur manna af því að í samningnum er ekki í sjálfu sér ákvæði eða yfirlýsing sem gerir ráð fyrir sérstökum takmörkunum á veiðum grænlenskra skipa í íslenskri lögsögu, þá hefur það ekki verið efni til að hafa áhyggjur af. Komi til þess að Grænlendingar eignist loðnuflota sem ég gæti sannarlega unnt þeim, þá hef ég engar áhyggjur af því að ekki muni reynast unnt að ná sambærilegum ákvæðum um takmarkanir á veiðum þeirra hér í landhelginni og reyndar stendur svo á þessa dagana að Grænlendingar munu vera að eignast sitt fyrsta loðnuskip.

En það er enginn efi í mínum huga að þessi samningur er okkur Íslendingum hagstæður og það var gæfuspor í samskiptum þessara þjóða um mikilsverð sameiginleg hagsmunamál að gera hann og að hann hefur verið síðan framlengdur og ég styð því að afgreiðslu hans verði lokið. Það er nauðsynlegt vegna framgangs málsins að ekki ríki nein óvissa þegar loðnuvertíð hefst á nýjan leik í upphafi næsta árs.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég er hlynntur þeim samningi sem hér er til umræðu en tel óhjákvæmilegt að segja örfá orð um vinnubrögð hæstv. utanrrh.

Á sama tíma og hæstv. utanrrh. hefur spillt stórlega fyrir þinghaldi með ótímabærum yfirlýsingum í fjölmiðlum er vinnulag hæstv. ráðherra á þann veg að það er eins og sumt af því sem þarf að gera hreinlega týnist og gleymist og núna á síðasta vinnudegi fyrir jól þarf að hafa tvær umræður um mál sem vegna þessara vinnubragða er svona seint á ferðinni og athyglisvert að það er sami ráðherrann sem skammar þingið fyrir skipulagsleysi og skort á hefðbundnum vinnubrögðum sem stendur þannig að verki. (**Gripið fram í:** Og eyða tímanum í kjaftæði.) Og núna blasir það við að þingheimur, allur sá sem ekki er í utanrmn., má bíða til að þóknast hæstv. utanrrh. meðan utanrmn. er að vinna sitt verk. Ég vil ekki fara að nota hér þung orð um hæstv. ráðherra, en ég held að ráðherrann sé í sérflokki hvað vinnubrögð snertir.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það var mikilvægt skref sem stigið var með samningi þriggja þjóða um skiptingu loðnustofnsins 1989. Hér er verið að endurnýja þann samning og læra eitthvað af reynslunni og ég styð það eindregið að hann verði staðfestur af þinginu. En jafnframt tek ég undir að það er áríðandi að Alþingi festi skilning sinn á samningsákvæðum sem nauðsynlegt kann að vera að skýra nánar af okkar hálfu og tek undir það sem sagt hefur verið þar að lútandi. Ég tel einkar mikilvægt að við göngum frá þessu máli hið fyrsta með þessum hætti, ekki síst í ljósi þess samnings sem stjórnvöld hafa gert við Evrópubandalagið og lagt fyrir þingið um tvíhliða samskipti varðandi fiskveiðimálefni milli Íslands og Evrópubandalagsins.

Ég hef bent á það frá því að sá samningur var gerður fyrst af stjórnvalda hálfu í október 1991 að sú uppsetning, sem þar er að finna varðandi svonefndar gagnkvæmar veiðiheimildir eða sem kynntar voru á þeim tíma, stenst engan veginn efnislega. Þar er verið að semja um veiðar úr tveimur íslenskum stofnum, karfa og loðnu, og ekki er um gagnkvæmar veiðiheimildir að ræða svo sem ljóst má vera, m.a. af reynslu undanfarinna ára þar sem ekki hefur verið veidd nein loðna frá árinu 1986 að telja úr hlut Evrópubandalagsins sem þeir hafa keypt af Grænlendingum. Einnig var árin þar á undan um mjög óverulegar veiðar að ræða og í raun inni gefist upp af hálfu þeirra sem reyndu að nýta sér þennan hlut.

Ég tek undir það sem sagt hefur verið varðandi spurninguna um það ef Grænlendingar færu að gera út skip til loðnuveiða eða að reynt væri að skrásetja þar skip og telja grænlensk, að um það gildi skýr ákvæði að hliðstætt því sem gildir þá gagnvart Norðmönnum að leyfa þyrfti til ef ætti að veiða innan íslensku lögsögunnar í skilningi þessa samnings. Ég vænti þess að frá þessu máli verði gengið mjög fljótlega og tel það dýrmætt að þessi samningur liggur hér fyrir nú.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GAK, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (AKS, ÁJ, EH, EKJ, FrS, GuðjG, GB, GÁ, GunnS, IBA, JóhS, JVK, ÓE, PJ, RA, RG, StG, StB, TIO, VS) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (AKS, ÁJ, ÁMM, EKJ, GB, GÁ, GunnS, IBA, JóhS, JVK, ÓE, PJ, RA, RG, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Málefni aldraðra, 3. umr.

Stjfrv., 97. mál (rekstrarframlög framkvæmdasjóðs). — Þskj. 558, brtt. 559.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Finni Ingólfssyni og hv. þm. Sigurði Þórólfssyni, en tillagan gengur út á það að sú skerðing á Framkvæmdasjóði aldraðra, sem gert er ráð fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar, gildi aðeins fyrir árið 1993. Það verði ekki um skerðingu að ræða á árunum 1994 og 1995 heldur verði þá tekin um það sjálfstæð ákvörðun ef meiri hluti Alþingis svo kýs að skerða fé Framkvæmdasjóðsins í þágu rekstrar stofnana aldraðra. Ég tel víst að einhverjir þingmenn jafnvel úr stjórnarliðinu gætu hugsað sér að styðja þessa tillögu. Þetta er sanngirnismál sem hér er hreyft og ég hygg að allir þeir sem setja sig inn í þessi mál átti sig á því að það er sjálfsagt að samþykkja þessa tillögu, m.a. með hliðsjón af því að hún snertir á engan hátt forsendur fjárlaga 1993. Fjárlögin 1993 hafa þegar verið afgreidd og í tillögunni er á engan hátt hróflað við þeim.

Hér er verið að afgreiða eitt af þeim málum sem eru forsendur fjárlaganna fyrir árið 1993. Það hafa verið lögð fyrir þingið fjöldamörg slík mál síðustu daga af hæstv. ríkisstjórn, frv. um skattamál, frv. um almannatryggingar, frv. um málefni aldraðra og frv. um fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Flestöll þessi mál eru nú orðin að lögum, hafa þó aðeins verið hér til meðferðar á hv. Alþingi í 2–3 vikur eða svo.

Ástæðan til þess að ég vek athygli á þessu, virðulegi forseti, er sú staðreynd að þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir það að þingmenn hafi unnið, mér liggur við að segja dag og nótt, í nefndum þingsins, þrátt fyrir það að þingmenn hafi verið hér á fundum lengur en nokkru sinni fyrr á síðustu dögum fyrir jól, það voru kvöldfundir alla síðustu viku og fram á nótt, þrátt fyrir það situr Alþingi Íslendinga undir látlausri stórskotahríð af hálfu stjórnarliðsins, einkum hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. núna síðustu daga. Steininn tekur þó úr þegar blað úti í bæ sem heitir Morgunblaðið ræðst að Alþingi Íslendinga með býsna ómaklegum hætti í forustugrein í dag. Þar segir t.d., með leyfi forseta:

„Framkoma stjórnarandstæðinga í þinginu hefur verið með endemum.“ Og í öðru lagi, með leyfi forseta: „Afgreiðsla fylgifrumvarpa fjárlagafrv. hefur einnig tafist. Þingmönnum ætti ekki að vera vorkunn frekar en öðrum að vinna milli hátíðanna.“ Og síðan segir: „Þingmenn ættu ekki að fá leyfi til þess að tefja helstu hagsmunamál þjóðarinnar með innihaldslausu blaðri.“ Og að lokum, virðulegi forseti: „En því miður“, stendur hér, „sýna þingmenn þingsköpunum slíka lítilsvirðingu að þau eru í raun og veru marklaus.“

Ég tek þetta hér upp núna á síðustu mínútum þinghaldsins fyrir jól, virðulegi forseti, vegna þess að hér er verið að veitast að Alþingi í heild og vinnubrögðum þess. Ég tel að það sé veist að vinnubrögðum Alþingis og stjórnarandstöðunnar með svo ómaklegum hætti að m.a. fulltrúar stjórnarliðsins ættu auðvitað að sjá sóma sinn í því að rísa upp hér við þessar umræður og mótmæla þessum árásum líka. Það er auðvitað rangt og fullkomlega ósanngjarnt að halda því fram af stjórnarliðinu að stjórnarandstaðan hafi legið á liði sínu við að afgreiða þau frumvörp sem eru forsenda fjárlaganna. Það er fullkomlega ósanngjarnt að halda því fram. Það er fullkomlega ósanngjarnt að setja hlutina upp með þeim hætti sem hér er gert í leiðara Morgunblaðsins og er auðvitað bara endurómur af þeim svívirðingum í garð Alþingis sem einkum hafa komið frá hæstv. utanrrh., formanni Alþfl. Í leiðaranum segir svo, virðulegi forseti:

„Framkoma stjórnarandstæðinga í þinginu hefur verið með endemum.“ Ég nota þetta tækifæri, virðulegi forseti, til að mótmæla þessum endemisleiðara, með leyfi forseta, og skora á þingheim allan að láta til sín taka og mótmæla þessu hvar sem menn hafa tækifæri til.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir orð hv. 9. þm. Reykv. Ég vil benda hv. þingheimi á og þjóðinni allri hvað við höfum verið að gera, hvers vegna við höfum þurft að halda svo langar ræður. Við vorum að afgreiða hér fyrir nokkrum mínútum ný lög um breytingu á almannatryggingalögum sem skerða stórlega kjör allrar alþýðu manna í landinu. Hér á meðan við biðum milli funda voru að hefjast fréttir á Stöð 2 og hver var fyrsta frétt? Tala þeirra skjólstæðinga sem leita þurfa til mæðrastyrksnefndar hefur tvöfaldast á sl. tveimur árum.

Nú stendur til að Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík hefji ókeypis matargjafir, hefji matargjafir í Reykjavík okkar daga. Ég minnist ekki að hafa heyrt um það síð-

an frostaveturinn 1918 þegar Reykvíkingar hrundu niður úr spönsku veikinni og Thor Jensen gaf Reykvíkingum heita súpu. Ég spyr, hæstv. forseti: Hvert erum við að fara? Er virkilega svo komið að fjöldi Reykvíkinga *á ekki fyrir fötum á börnin sín fyrir jólin, á ekki* fyrir mat til að seðja hungur sitt? Svo geta menn sagt: Stjórnarandstaðan hefur staðið fyrir málþófi. Það málþóf ætti auðvitað að standa alla jólahátíðina því það er ekki sæmandi, engu okkar, að fara heim og setjast að okkar eigin steikum vitandi að það er til fólk í höfuðborg landsins sem verður að leita eftir ókeypis mat hjá söfnuði hér í borg.

Ekki veit ég hvað hefur orðið um hæstv. forsrh., frú forseti. En ég held að hann hefði gott af því að setjast niður á hinni heilögu hátíð, t.d. undir guðsþjónustu ef hann sækir þær, og gera upp við sig hvort við ætlum að halda áfram á þessari braut. Ég held að það sé ekki úr vegi að á þetta sé minnst þessar síðustu mínútur áður en jólaleyfi þingmanna hefst. Þetta er til skammar. Við hljótum að fyrirverða okkur öll fyrir að geta ekki hindrað að svona lagað gerist. Og ég vona að þetta sé í síðasta sinn sem við förum í jólaleyfi með þessa ábyrgð á bakinu. — [Fundarhlé.]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 559 felld með 26:21 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS JHelg, JónK, KHG, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, StH, SJS, SvG, VE.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, JBH, JónS, KSG, LMR, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (AKS, EKJ, GB, GHall, GÁ, GunnS, IBA, JóhS, JVK, KÁ, ÓE, PJ, RG, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 27:12 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, JBH, JónS, KSG, LMR, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, GHelg, HÁ, ISG, JGS, KHG, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SÞór, StH.

8 þm. (FI, HG, JÁ, JHelg, JónK, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

16 þm. (AKS, EKJ, GB, GHall, GÁ, GunnS, IBA, JóhS, JVK, KÁ, ÓE, PJ, RG, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 572).

91. FUNDUR

þriðjudaginn 22. des.,
að loknum 90. fundi.

Dagskrá:

1. Samningur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands, stjtill., 247. mál, þskj. 321, nál. 573. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

2. Frestun á fundum Alþingis, þáltill., 317. mál, þskj. 557. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

Útbýting þingskjals:

Rafmagnseftirlit ríkisins, 280. mál, svar iðnrh., þskj. 550.

Samningur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands, 247. mál, nál. utanrmn., þskj. 573.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Til þess að þau tvö mál, sem á dagskrá þessa fundar eru, megi koma á dagskrá og til umræðu þarf að leita afbrigða þar sem of skammt er liðið frá útbýtingu *þingskjala og fyrri umr. Hafði forseti hugsað sér* að leita afbrigða um bæði dagskrármálin í einu ef ekki koma athugasemdir þar um. (**ÓÞÞ:** Ég fer fram á að það verði borið upp hvort í sínu lagi.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá fyrri umr. og útbýtingu nál. 573. — Afbrigði samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, GHH, GuðjG, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP.

21 þm. (AKS, EKG, EKJ, FI, FrS, GAK, GB, GHall, GÁ, GunnS, IBA, JóhS, JVK, ÓE, ÓRG, PJ, RG, StG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddur.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 557. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, PP, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StB, SvG, VE, ÞorstP.

2 þm. (ÓÞÞ, SJS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (AKS, EgJ, EKJ, FI, FrS, GB, GHall, GÁ, GunnS, IBA, JóhS, JVK, ÓE, ÓRG, PJ, RG, StG, StH, TIO, VS, ÖS) fjarstaddur.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Þáltill. forsrh., 317. mál. — Þskj. 557.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis skv. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 22. des. 1992, enda komi það saman á ný eigi síðar en 4. jan. 1993."

Tillagan skýrir sig sjálf og ég mæli með því að hún verði samþykkt.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil spyrja hvaða rök eru fyrir því að fresta fundi Alþingis með þál. þegar gert er ráð fyrir því að fundir Alþingis hefjist að nýju fljótlega upp úr áramótunum, 4. eða 5. jan. Eru einhver rök fyrir því, virðulegi forseti, að það þurfi að samþykkja sérstaka þál. í þessu skyni, eða hvað? Ég spyr. Ég hefði haldið að samkvæmt þingsköpum væri nægilegt að hæstv. forseti ákvæði að fresta fundum Alþingis og boðaði þá að nýju með dagskrá. Það líður ekki svo langur tími á milli þessa fundar hér og þess fundar sem á að halda 4. eða 5. jan.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að hvor tveggja aðferðin gæti gengið í tilviki eins og þessu. Venja hefur þó oftar staðið til að þessari aðferð væri beitt. Ég tek það fram að það stendur ekki til af hálfu ríkisstjórnarinnar að notfæra sér neitt með stjórnskipulegum hætti þá þætti sem þessu mundu fylgja.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel út af fyrir sig mikilvægt að hæstv. forsrh. hefur hér gefið yfirlýsingu um að það verði ekki gefin út bráðabirgðalög þrátt fyrir það að tillagan yrði samþykkt, en ég vil engu að síður láta það koma fram að ég tel að það sé óeðlilegt þegar um svona stuttan tíma er að ræða að það sé verið að fresta fundum Alþingis með sérstakri samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, JÁ, JGS, JBH, JónS, KSG, LMR, PP, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP.

12 þm. (HÁ, ISG, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, SÞór, StH, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

21 þm. (AKS, EH, EKJ, FI, FrS, GB, GHall, GÁ, GunnS, HG, IBA, JóhS, JVK, ÓE, ÓRG, PJ, RG, StG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddur.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 574).

Samningur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands, síðari umr.

Stjtill., 247. mál. — Þskj. 321, nál. 573.

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Utanrmn. kom saman til fundar í hléi hér áðan og hefur nú gefið álit sitt á þskj. 573 um till. til þál. um samning milli Íslands, Noregs og Grænlands/Danmerkur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands. Vil ég lesa þetta álit, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um þingsályktunartillöguna sem felur í sér heimild til handa ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Noregs og Grænlands/Danmerkur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 25. júní 1992. Nefndin fékk á sinn fund um málið Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh., Þorstein Pálsson sjútvrh. og Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra í sjútvrn.

Nefndin ákvað að ræða málið frekar á næsta fundi sínum og fá þá greinargerð um túlkun á einstökum atriðum þess.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með eftirfarandi breytingu:

Í stað orðanna „18. maí 1992" í lok tillgr. komi: 25. júní 1992."

Undir nál. rita Björn Bjarnason, Össur Skarphéðinsson, Steingrímur Hermannsson, Geir H. Haarde, Páll Pétursson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ólafur Ragnar Grímsson og Árni R. Árnason.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Þótt ég ásamt stjórnarandstöðunni standi að því nál. sem hér hefur verið flutt af hv. formanni utanrmn., þá þykir mér rétt að gera grein fyrir því að við leggjum afar mikla áherslu á og fögnum því að nefndin hefur ákveðið að taka málið til nánari athugunar og fá þá greinargerð um framkvæmd samningsins og mér þykir nauðsynlegt að fara örfáum orðum um það. Það eru atriði í þessum samningi sem eru ekki fullkomlega ljós og vísa ég þá sérstaklega til þess sem kemur hvað gleggst fram í yfirlýsingum með samningnum og svo 5. og 6. gr. samningsins sjálfs þar sem fram er tekið að Norðmenn skuli hafa rétt til þess að veiða innan íslenskrar fiskveiðilögsögu allt að 35% af þeim loðnukvóta sem þeim er ætlaður, síðan með takmörkunum í tíma og breiddargráðu. Þarna er ekki fullkomlega ljóst t.d. hvort Norðmenn mundu hafa einnig rétt til að veiða kvóta sem þeir fengju frá Grænlendingum, annaðhvort beint eða í gegnum þriðja aðila. Þetta er að sjálfsögðu afar mikilvægt, ekki síst þegar metið er hvaða kvóti eða hvaða afgangskvóti kemur til okkar veiða að lokum og þá ekki síst þegar samningur er gerður við aðila eins og Evrópubandalagið um skipti á loðnu og karfa.

Ég ætla ekki að fara að lengja þetta með því að

ræða þetta mál. Þetta er margslungið mál og ég vil bara lýsa því að ég fagna því að í utanrmn. var fullkomin samstaða um að gæta þyrfti mikillar varúðar í túlkun á þessu ákvæði og ég treysti því að það verði gert strax þegar þing kemur saman ný.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. í nál. 573 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP.

19 þm. (AKS, EH, EKJ, FI, GB, GHall, GÁ, GunnS, IBA, JóhS, JVK, ÓE, ÓRG, PJ, RG, StG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP.

19 þm. (AKS, EH, EKJ, FI, GB, GHall, GÁ, GunnS, IBA, JóhS, JVK, ÓE, ÓRG, PJ, RG, StG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP.

19 þm. (AKS, EH, EKJ, FI, GB, GHall, GÁ, GunnS, IBA, JóhS, JVK, ÓE, ÓRG, PJ, RG, StG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 575).

Jólakveðjur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er komið að lokum síðasta fundar Alþingis á þessu ári eftir miklar annir undanfarna sólarhringa og fram undan er kærkomið hlé. Hv. alþm. og starfsfólki Alþingis gefst nú tækifæri til að vera samvistum við sína nánustu um hátíðirnar og njóta með þeim fagnaðarboðskapar og friðsemdar jólanna. Ég hygg að við séum öll vel að jólaleyfi komin eftir langar og strangar setur undanfarna daga.

Ég færi skrifstofustjóra Alþingis og öllu starfsfólki hugheilar óskir um gleðilega jólahátíð og þakkir fyrir vel unnin störf undir miklu álagi, ekki síst undanfarin dægur. Þingmönnum öllum færi ég bestu óskir um friðsæla jólahátíð og bið fyrir kveðjur til fjölskyldna þeirra. Þeim sem eiga um langan veg heim að fara óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og ég bið þess að við megum öll hittast heil á nýju ári.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þingmanna þakka frú forseta fyrir þau hlýju orð og þær góðu óskir sem hún fór hér með okkur til handa. Jafnframt vil ég þakka henni fyrir okkar hönd samveruna hér á haustþinginu. Embætti forseta Alþingis er eitt virðulegasta embætti þessarar þjóðar og vandi fylgir vegsemd hverri. Við óskum frú forseta og fjölskyldu hennar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs og vonumst eftir að hitta hana heila og hressa hér á nýju ári. Jafnframt vil ég þakka starfsfólki Alþingis gott samstarf á haustþinginu og óska því gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári.

Ég vil biðja alþingismenn að árétta þessa ósk mína með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. v. fyrir hlý orð í minn garð og minnar fjölskyldu og öllum þingmönnum fyrir að taka undir þau orð. Ég endurtek óskir mínar um gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár.

Þingfrestun.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Frú forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 116. löggjafarþings, frá 22. des. 1992 og standi sú frestun til 4. jan. 1993, nema kveðja þurfi Alþingi saman samkvæmt síðari mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 116. löggjafarþings, er frestað.

Ég leyfi mér að óska hv. alþm. og starfsmönnum þingsins svo og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs.

92. FUNDUR

mánudaginn 4. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:
Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 372, 376, 411 og 470, brtt. 374. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.

Útbýting þingskjala:
Almannatryggingar, 285. mál, þskj. 561.
Fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytis, 295. mál, þskj. 562.
Framleiðsla og sala á búvörum, 299. mál, þskj. 565.
Kjaradómur og kjaranefnd, 46. mál, þskj. 564.
Málefni aldraðra, 97. mál, þskj. 558.

Framhaldsfundir Alþingis.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):
Í dag hefur verið gefið út svohljóðandi forsetabréf:
„Forseti Íslands gjörir kunnugt:
Ég hefi ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 4. janúar 1993 kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 4. janúar 1993.
Vigdís Finnbogadóttir.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Framhaldsfundir Alþingis hefjast því nú á ný. Hæstv. forseta, hv. alþm., svo og starfsmönnum Alþingis óska ég gleðilegs árs og þakka liðna árið, býð menn velkomna til þingstarfa og læt í ljós þá ósk og von að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir í garð okkar þingmanna og óska honum og alþm. öllum, svo og starfsfólki, gleðilegs nýs árs og þakka samstarf á liðnu ári. Jafnframt býð ég þingmenn velkomna til starfa á nýju ári. Samkvæmt forsetabréfi sem hæstv. forsrh. hefur lesið hefjast nú fundastörf á Alþingi að nýju.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 31. des. 1992, stílað til forseta Alþingis:
„Þar sem ég er á förum til Egyptalands og Jórdaníu í opinberum erindagerðum óska ég eftir því að varamaður minn, Svanhildur Árnadóttir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst, Halldór Blöndal."

Svanhildur Árnadóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 372, 376, 411 og 470, brtt. 374.

Steingrímur J. Sigfússon:
Hæstv. forseti. Ég leyfi mér nú að nota tækifærið með vísan til þess að ég er fyrsti ræðumaður hér í umræðum á nýbyrjuðu ári að óska forseta vorum gleðilegs árs, starfsfólki Alþingis og okkur öllum. Við mætum hér á nýjan leik til að ræða frv. til laga um Evrópskt efnahagssvæði, þetta EES sem staðið hefur nú í stöku manni að útskýra hvað væri. Manni verður nokkuð hugsað um aðdragandann allan að þessu máli á svona tímamótum, nýbyrjuðu ári. Það má segja að þetta mál sé að hefja enn eitt árið og enn er óvissa nokkur um afdrif þess. Það minnir mann á hið fornkveðna að allt er í heiminum hverfult og breytingum undirorpið og einnig þetta mál.

Það er eins og einhver furðuleg álög hafi fylgt því gegnum tíðina. Þegar menn hafa talið niðurstöðu í sjónmáli, þá hafa nýir atburðir orðið sem sett hafa það í nýjan farveg. Slíkir gerðust enn í síðasta mánuði nýliðins árs þegar ein þátttökuþjóðin, þ.e. almenningur, hafnaði því að vera aðili að þessu svæði.

Ég vil áður en ég ræði þá efnisþætti sérstaklega, sem ég ætlaði að koma hér inn á nú við 2. umr. málsins, gera þessar breyttu aðstæður í málinu lítillega að umræðuefni. Ég held að það muni verða niðurstaða sögunnar að árið 1992 hafi um margt verið merkt ár í sögu Evrópu og evrópskra stjórnmála. Það urðu að ýmsu leyti straumhvörf, leyfi ég mér að segja, í viðhorfum fólks til samvinnu Evrópuríkja. Það var skipt um gír ef svo má að orði komast. Menn áttuðu sig á því, að það sem af ýmsum var talin bein braut beinnar þróunar í átt til aukins stjórnmálalegs og efnahags-

legs samruna Evrópuríkja, að þessi þróun rofnaði. Það var sem Evrópubúar hefðu almennt verið leystir úr álögum þegar frændur vorir Danir höfðu kjark til þess að hafa sjálfstæða skoðun á þessu máli og láta hana í ljós í kosningum. Fleiri stóratburðir á árinu 1992 munu óumdeilanlega hafa áhrif á bæði innihald þessa samstarfs og líka þróun þess eða þann hraða sem þeirri þróun verður samfara. Þá á ég auðvitað sérstaklega við niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Sviss og ég á líka við þá miklu andstöðu sem kom fram í þeim fjölmörgu Evrópuríkjum, svo sem í þjóðaratkvæðagreiðslu í Frakklandi, á breska þinginu og víðar, þar sem þessi mál voru til umfjöllunar. Það er enginn vafi á því að niðurstöður þessara kosninga og þessara atburða á árinu 1992 sýna svo að ekki verður á móti mælt að evrópskir stjórnmálamenn og embættismenn voru upp til hópa komnir úr takt við sína umbjóðendur. Sumir mundu segja að þeir hafi verið komnir á undan þeim. Aðrir hafa tilhneigingu til að segja að þeir hafi einfaldlega farið í öfuga átt.

Spurningin er hins vegar sú hvort menn draga af þessu einhverja lærdóma og bregðast við samkvæmt því eða ekki. Því miður gætir þess að menn berji höfðinu við steininn, neiti að horfast í augu við þau skilaboð sem komið hafa frá þjóðunum í gegnum atkvæðagreiðslur eða aðra atburði og það endurspeglast í orðanotkun af því tagi sem stjórnmálamenn, bæði íslenskir og erlendir, hafa viðhaft í kjölfar atkvæðagreiðslnanna í Danmörku og Sviss að þar séu á ferðinni sérstök vandamál. Með öðrum orðum, lýðræðislegur vilji fólksins í löndunum er orðinn sérstakt vandamál þeirra sem hafa ætlað sér og hugsað sér að hafa vit fyrir fólkinu.

Ég tók eftir því að bæði hæstv. utanrrh. og einnig hæstv. forsrh. hafa viðhaft orðbragð af þessum toga um atburðina í Sviss og í Danmörku svo ekki sé nú minnst á það mikla vandamál sem það væri að leyfa íslensku þjóðinni að hafa skoðun á þessum málum.

Það vekur einnig athygli að á þessu nýbyrjaða ári tala margir eins og það sé þegar orðinn hlutur að hin Norðurlöndin muni ganga í Evrópubandalagið þrátt fyrir að það liggi fyrir að í öllum skoðanakönnunum sem fram fóru á árinu 1992 reyndist meiri hluti Norðmanna andvígur aðild. Þarna er á ferðinni sami hugsunarhátturinn, að hafa að engu þau skilaboð sem koma með marktækum hætti, annaðhvort í gegnum kosningar eða vandaðar kannanir, frá íbúum landanna. Það er þessi mikla nauðhyggja að niðurstaðan geti samt sem áður, hvað sem líður vilja fólksins, aðeins orðið ein, að menn keyri áfram þessa braut stjórnmálalegs og efnahagslegs samruna í Evrópu hvað sem almenningi líður. En ég er bjartsýnismaður og leyfi mér með hækkandi sól á nýbyrjuðu ári að hafa þá skoðun, hvað sem þessu líður, að það sé ekki séð fyrir endann á þeim breytingum, þeim vatnaskilum, sem merkjanleg urðu á árinu 1992 í þessum efnum og við getum átt eftir að upplifa fleiri slíka atburði á þessu nýbyrjaða ári sem hafi varanleg áhrif á þróunina á þessu sviði.

Það er ekki orðin staðreynd að frændþjóðir okkar á hinum Norðurlöndunum, t.d. í Noregi og jafnvel Svíþjóð, gerist aðilar að Evrópubandalaginu, að meiri hluti almennings í þeim löndum einfaldlega samþykki það. Það er dálítið merkilegt að menn skuli tala eins og raun ber vitni þrátt fyrir þá staðreynd að yfirleitt er meiri hluti eða a.m.k. helmingur þeirra sem spurðir eru í könnunum í þessum löndum andvígur aðild. Meira að segja í Finnlandi, þar sem stuðningsmenn aðildar voru á þeim tíma sem Finnar ákváðu að senda inn umsókn í yfirgnæfandi meiri hluta, hafa hlutföll breyst verulega og nú skilur sáralítið að þá sem eru andvígir aðildarumsókn og hina sem hana styðja. Í þessu ljósi er augljóslega, að slepptum þeim augljósu eða tæknilegu vandkvæðum sem uppi eru í samningagerðinni um Evrópskt efnahagssvæði vegna brotthvarfs Sviss, óvissa mikil um framhaldið á nýbyrjuðu ári.

Ég vil í því sambandi einnig bera fram eina spurningu til hæstv. forsrh. ef hann vildi vera svo góður, hæstv. forseti, að vera hér nálægur umræðuna. Hæstv. forsrh. sótti fund forsætisráðherra Norðurlanda milli hátíðanna og í framhaldi af þeim fundi viðhafði hann oftar en einu sinni í fjölmiðlum nokkuð breytta framsetningu á sínum orðum þegar hann fjallaði um Evrópubandalagið og stöðu Íslands í því sambandi. Það vakti sérstaka athygli mína að ummæli hæstv. forsrh. voru nú ekki með þeim afdráttarlausa hætti sem áður hafði stundum verið, blessunarlega, að aðild Íslendinga að Evrópubandalaginu kæmi ekki til greina, væri ekki á dagskrá eins og oft hefur verið sagt. Nú ræddi hæstv. forsrh. nokkuð um það að við yrðum að átta okkur á því, Íslendingar, eins og það lægi bara fyrir eins og óhrekjanleg staðreynd að við værum að afsala okkur besta tækifærinu og jafnvel eina tækifærinu til þess að slást í för með þeim þjóðum sem ætla að gerast fullir aðilar að Evrópubandalaginu.

Ég vil leggja tvær spurningar fyrir hæstv. forsrh. af þessu tilefni og ég tel nauðsynlegt að þær komi hér fram við umræðuna. Er hæstv. forsrh. í fyrsta lagi að boða breytingar á afstöðu ríkisstjórnar sinnar til meintrar eða hugsanlegrar aðildar Íslendinga að Evrópubandalaginu með þessu breytta orðavali? Og í öðru lagi vil ég biðja hæstv. forsrh. að rökstyðja þá fullyrðingu að það sé endilega svo að Ísland sé þarna að missa af einhverju eina tækifærinu eða augljóslega hagstæðasta tækifærinu nú. Hvaðan kemur hæstv. forsrh. sá vísdómur, sú framsýni, að sjá það fyrir að það sé endilega núna sem það væri Íslendingum hagstæðast að skipta við eða nálgast þetta bandalag? Ég held að hæstv. forsrh. verði að gera betur en bara slá því fram sem sannaðri fullyrðingu að við séum með einhverjum hætti að missa af einhverju tækifæri eða einhverri lest. Við erum orðin vön að því sé haldið fram og það hefur ærið oft reynst haldlítill málflutningur. En hitt er þó mikilvægara sem ég spurði um í fyrra lagi að hæstv. forsrh. geri hreint fyrir sínum dyrum í þeim efnum. Er einhver breyting að verða á afstöðu hæstv. ríkisstjórnar? Er það komið á dagskrá í ríkisstjórninni að við Íslendingar sækjum um aðild að Evrópubandalaginu?

Um ummæli hæstv. utanrrh. af ýmsum toga sem fallið hafa aðallega utan þings nú á síðustu dögum og

vikum ætla ég ekki að hafa mörg orð, enda heiðrar hæstv. utanrrh. okkur ekki með nærveru sinni hér í salnum. E.t.v. neyðist þingið til að taka upp sömu samskiptahætti við utanrrh. og hann hefur tamið sér á undanförnum dögum og vikum, þ.e. að ræða við hann í gegnum fjölmiðla þar sem hæstv. utanrrh. sýnir þessari stofnun ekki þá virðingu að gera hana að vettvangi umræðunnar og koma sínum sjónarmiðum hér á framfæri, jafnvel ekki um svo skyld málefni þessari stofnun sem vinnubrögð á Alþingi eru. Jafnvel um slíka hluti kýs hæstv. utanrrh. að tjá sig í fjölmiðlum en ekki hér á Alþingi. Hæstv. utanrrh. hefur haft ýmis óviðurkvæmileg ummæli uppi um vinnubrögð hér, um afstöðu manna og jafnvel fært það fram sem sérstök rök máli sínu til stuðnings að viðhorf í öðrum löndum til Íslendinga geri það að verkum að menn eigi að breyta hegðun sinni hér á Alþingi.

Ég ætla mér ekki að setjast í neitt kennarasæti gagnvart hæstv. utanrrh. Hann verður tæplega siðaður úr þessu, og verður manni hugsað til ákveðins máltækis í því sambandi, en ég vil leyfa mér að beina þeirri spurningu til hæstv. forseta þingsins hvort hæstv. forseti þingsins hafi fylgst með því sem sagt hefur verið um Alþingi og vinnubrögð á Alþingi í fjölmiðlum undanfarna daga af hæstv. ráðherrum í ríkisstjórn. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forseta, ég bið ekki um svar nú. Vænst þætti mér um að fá svarið í formi aðgerða af hálfu hæstv. forseta en ég vil leyfa mér að spyrja a.m.k. fyrir mitt leyti. Hefur hæstv. forseti ekki velt því fyrir sér að halda uppi einhverjum vörnum fyrir Alþingi? Hefur hæstv. forseti ekkert hugleitt að bregðast við með einhverjum hætti fyrir hönd okkar þingmanna og fyrir hönd þessarar stofnunar vegna þeirra ásakana af ýmsu tagi og þeirra hörðu ummæla sem höfð hafa verið um Alþingi Íslendinga, bæði innan lands og utan á undanförnum dögum og vikum?

Og þá að dagskrárefninu beint, hæstv. forseti, og einstökum efnisatriðum þess sem ég ætla að gera hér að umtalsefni og þá aðallega þeim sem með einhverjum hætti hafa tekið breytingum eða eru nú í öðru samhengi en þau voru þegar málið var til 1. umr. í haust. En meginniðurstaða mín er óbreytt og get ég í þeim efnum vísað til þegar framkomins rökstuðnings. Ég er þeirrar skoðunar að þessi samningur sem slíkur sé okkur Íslendingum ekki nógu hagstæður, með honum séu of miklar fórnir færðar og of mikil áhætta tekin í samanburði við þá ávinninga sem þar er að finna og okkur kæmu til góða við gildistöku samningsins.

Það er nú dálítið merkilegt varðandi þá hliðina, ávinningana, að enn stöndum við að mestu leyti í sömu sporum og við höfum gert allt frá því að samningarnir voru undirritaðir fyrir meira en hálfu ári síðan. Ósköp lítið liggur fyrir um það annað en fullyrðingar, órökstuddar fullyrðingar í fyrirsagnastíl í hverju þessi ávinningur eigi að vera fólginn. Jú, það er bent á og jafnvel reynt að tölusetja ávinninga sem við höfum vegna tollaniðurfellingar á sjávarafurðum en að öðru leyti fer næsta lítið fyrir rökstuðningi eða útreikningum á því í hverju ávinningarnir munu birtast okkur Íslendingum. Það er t.d. athyglisvert að þrátt fyrir það atvinnuleysi sem nú er og vaxandi, þá hafa næsta litlar tilraunir verið gerðar til þess að reyna að kryfja áhrif EES-samningsins á atvinnuástandið á Íslandi, á atvinnustigið. Á því eru mjög skiptar skoðanir. Þeir eru margir sem óttast að ýmsar greinar íslensks atvinnulífs sem standa veikt muni láta undan síga í samkeppni á hinum opna markaði og þar með geti tapast störf, jafnvel fleiri en þau sem hugsanlega kunna að vinnast vegna ávinninga á öðrum sviðum. Reynsla okkar af þátttöku í samstarfi EFTA-ríkjanna og fríverslun með iðnaðarvörur á grundvelli þeirrar þátttöku bendir nú satt best að segja til þess að það sé ástæða til að hafa áhyggjur af ýmsum þeim greinum íslensks atvinnulífs sem standa höllum fæti í samkeppninni við innfluttar vörur. Við höfum horft á þúsundir starfa tapast í almennum iðnaði á undanförnum missirum. Hvað kemur okkur þá til að halda að enn opnari samkeppni og óheftari breyti þeirri þróun sem þar hefur verið í gangi? Einhver hundruð störf sem e.t.v. kynnu að skapast við aukna úrvinnslu sjávarafurða, sem þó er ýmsum til efs að mundu yfirleitt falla til, eru fljót að tapast ef mörg hundruð störf á ári hverju hverfa út úr iðnaði og þjónustu.

Ég get nefnt eina atvinnugrein þar sem ég held að áhættan sé tvímælalaust nánast öll á okkar hlið og það er ferðaþjónustan. Það er nú svo, þrátt fyrir allt, að að yfirgnæfandi meiri hluta eru öll störf í rekstri ferðaþjónustunnar innan lands í höndum Íslendinga í dag. Því er það bara ósköp einfaldlega eðli málsins samkvæmt þannig að áhættan er á okkar hlið. Við búum t.d. við þá einstöku aðstöðu að allt millilandaflug til og frá landinu, jafnt með Íslendinga sem útlendinga, er í okkar höndum. Það er hverfandi sem er í höndum annarra aðila enn sem komið er. Þar hlýtur auðvitað áhættan að vera á okkar hlið, á þá hliðina að störfin færist yfir í hendur erlendra aðila. Ég er algerlega sannfærður um að tapast munu störf úr íslensku ferðaþjónustunni yfir í hendur erlendra aðila, sérstaklega í rekstri ferðaskrifstofa og ýmiss konar ferðaheildsölu og þjónustu við hópa. Það er enginn vafi á því að erlendar ferðaskrifstofur sem á undanförnum árum hafa haft tilburði til þess að sjá um meira af þjónustunni við sína farþega, eins mikið af henni og þeim hefur verið kleift samkvæmt íslenskum lögum og reglum, munu reyna að ganga áfram og lengra á þeirri braut og sjá eins mikið og þær geta um sína viðskiptavini. Engin sérstök úttekt hefur mér vitanlega farið fram á því hvernig samkeppnisstaðan er þarna og hvaða líkur eru á því að við næðum að halda okkar hlut á komandi árum. Auðvitað gæti einhver vöxtur fylgt aukinni starfsemi og aukinni innkomu útlendinga á þessu sviði og það væri náttúrlega vel því að einhverju skilar það þá hér upp á skerið, en það væri mikill barnaskapur að gera ekki ráð fyrir hinu að þetta gæti líka þýtt töpuð störf og útstreymi fjármagns úr landi sem áður hefur dreifst til innlendra aðila.

Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum hvað stjórnvöld hafa svo á sama tíma verið að gera til undirbúnings þessari auknu samkeppni. Því verður tæplega haldið fram að það bendi til þess að menn séu að

öllu leyti með réttu ráði ef við tökum ferðaþjónustuna sem dæmi. Einmitt um sömu tímamót og hún er að mæta þessari samkeppni þá sé henni íþyngt með nýjum sköttum, alveg sérstökum, sérmerktum sköttum á ferðaþjónustuna. En það er það sem er að gerast eða gerðist hér fyrir áramótin við afgreiðslu skattafrv. ríkisstjórnarinnar og á að ganga í gildi á þessu ári eða í árslok. Þetta er mér nokkurt umhugsunarefni, hæstv. forseti, að þrátt fyrir allt eru af hálfu stjórnvalda a.m.k. ekki meiri undirbúningsráðstafanir á ferðinni. Ég benti á það í umræðum hér fyrr í haust að ekkert hafði verið gert til þess að kortleggja möguleika íslensks sjávarútvegs, þaðan af síður auðvitað að styðja við bakið á þeim aðilum sem vildu nýta sér þá möguleika sem eiga að opnast á grundvelli samningsins. Stjórnin brá nú við og einhvern tíma var talað um að setja einhverjar 50 eða 100 millj. kr. í ný tækifæri sem gætu skapast um EES. Nú man ég ekki lengur hvað varð um þær. Ætli þær hafi ekki ... (**Forsrh:** Helmingaðar.) Þær hafa verið helmingaðar, upplýsir hér hæstv. forsrh. Það var mikið happ þó að þær skyldu ekki hverfa út með öllu en það var eins og fleira hjá hæstv. ríkisstjórn að það var lagt fram með annarri hendinni og tekið með hinni ýmist allt eða hálft eins og á víst við í þessu tilviki. Mér datt í hug að þessir peningar hafi farið sömu leið og 500 millj. góðu sem sjávarútvegurinn átti að fá og var lofað á Flateyri á fundi, að sjómenn fengju eða útgerðarmenn fengju sendar í ávísunarformi innan skamms og hafa nú nokkuð látið á sér standa. Þannig hefur stefnufestan verið í þessu hjá hæstv. ríkisstjórn.

Eitt atriði var það, hæstv. forseti, sem mikið var til umræðu hér á haustþinginu og það voru réttindi útlendinga á móti landsmönnum sjálfum til landakaupa eða jarðakaupa hér í tengslum við eða á grundvelli samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Af því varð heilmikil umræða sem óþarft er að endurtaka hér alla en nú liggur þó eitt nýtt gagn fyrir í málinu sem ekki gerði þá og það er frv. hæstv. landbrh. um aðgerðir í þessu sambandi, frv. til laga um breytingu á jarðalögunum, lögum nr. 65/1976, með síðari breytingum. Það frv. er *dálítið merkilegur pappír*, ekki síst í ljósi sögunnar. Það verða örugglega skrifaðar prófritgerðir í Háskólanum um þetta merka mál, einhverjir áhugasamir námsmenn á komandi árum munu örugglega gera það því að þetta er orðið hið merkasta viðfangsefni, þ.e. bæði umræðan og þróunin í sambandi við þetta jarðakaupamál og EES-samninginn. Og kórónan á sköpunarverkinu er svo auðvitað frv. landbrh. í sinni endnalegu gerð eins og það birtist. Það er margs að gæta í sambandi við það frv. Það fyrsta sem mér er náttúrlega hvað mest umhugað er að frv. staðfestir að lokum algerlega það sem ég og margir fleiri höfðum haldið fram að allt tal manna um beinar girðingar gagnvart útlendingum sem mundu gera það að verkum að Íslendingar nytu áfram með einhverjum hætti sérstöðu eða forréttinda í eigin landi afsannaðist vegna þess að frv. hæstv. landbrh. viðurkennir þá staðreynd að engar slíkar girðingar er hægt að reisa. Þær eru óheimilar samkvæmt samningnum og þeir sem muna að hæstv. landbrh. hélt ræðu á aðalfundi Stéttasambandsins, þar sem hann var enn að boða ýmsar ráðstafanir af því tagi sem gagngert mismunuðu útlendingum á móti Íslendingum í þessu sambandi, sjá að þarna hafa orðið sinnaskipti og útkoman er sú að lagt er til að engar ráðstafanir af neinu tagi séu gerðar gagnvart réttarstöðu erlendra manna við kaup á jarðnæði, engar. Hins vegar er því snjallræði samkvæmt frv. bætt inn í lögin að heimilt sé að leggja kvaðir á menn um búsetu á jörðunum í svo og svo langan tíma eftir jarðakaup. Og þetta segir auðvitað allt sem segja þarf um það að girðingar af því tagi sem menn ræddu mikið um að setja og tækju t.d. til þess að menn hefðu búið á Íslandi í svo og svo langan tíma áður en þeir gætu öðlast rétt til þess að kaupa jarðir, þeir hefðu með einhverjum öðrum hætti skapað sér slíka réttarstöðu, eru slegnar af og því hafði verið haldið fram og það stutt rökum að allt slíkt væri í reynd brot á staðfesturéttarákvæðum Rómarsamningsins og þar með samningsins um Evrópskt efnahagssvæði og stæðist ekki þegar betur væri að gáð. Frv. hæstv. landbrh. staðfestir þetta. Svo geta menn velt því heilmikið fyrir sér hversu skynsamleg þessi aðferð síðan er, hvaða hald er í henni sem frv. gengur út frá. Og ég vek athygli á því að þetta er lagt upp sem heimildarákvæði í lögunum sem engin skylda hvílir á um að beita.

Hér er líka skilgreiningaratriði á ferð sem þyrfti að útfæra. Talað er um „innan eðlilegrar fjarlægðar frá viðkomandi fasteign". Spurningin er sú hver ætlar að skilgreina þá hina eðlilegu fjarlægð o.s.frv. Ég er ekki í þeim hópi sem telur að lögfesting þessa ákvæðis mundi hafa í för með sér neinar óskaplegar breytingar. Í fyrsta lagi vegna þess að þarna eru þá heimildarákvæði á ferð og í öðru lagi vegna þess að ef einhvers samræmis á að gæta milli þess ástands sem er og hins sem við á að taka munu menn komast að raun um að það virðist ærið vandasamt að útfæra þessa nýju lagasetningu í framkvæmd og í reynd. Ætli mönnum þyki þá ekki nokkuð harðir kostir settir þeim sem kaupa sér jarðnæði eftir þessa breytingu borið saman við hina sem jarðnæðið fengu áður en hún gekk í gildi?

Svo kemur að því sem menn hafa gjarnan gleymt í þessu sambandi og það er að það er ekki bara lagabókstafurinn sjálfur sem þarf að standast ákvæði samninganna, hvort heldur er sérákvæða EES-samningsins eða Rómarsamningsins eða Evrópuréttarins þar sem hann gildir, framkvæmdin þarf líka að vera í sama dúr. Það er alveg jafnmikið brot á EES-samningnum að framkvæma jarðalög þannig að þau mismuni eins og það væri beinlínis að setja slík mismunandi ákvæði í lög. Skylda stjórnvalda er að sjálfsögðu sú að virða ákvæði samningsins í reynd í framkvæmd. Menn hafa kannski hugsað sér að þessi 3. gr. yrði vörn því hægt væri að framkvæma hana á þann hátt að ef útlendingar keyptu jarðnæði, þá yrðu menn stífir á þeirri kröfu að þeir byggju á jörðinni næstu fimm árin. En menn sæju í gegnum fingur ef það væru Íslendingar, þá mun það aldrei ganga lengi því að sjálfsögðu munu menn kæra þá mismunun sem þar með er í reynd í framkvæmd og fá ákvæðinu hnekkt. Og þá er auðvitað

kominn sá kjarni málsins með eins skýrum hætti fram í dagsljósið og yfirleitt getur orðið að þessi samningur afnemur hvers kyns sérstöðu eða forréttindi Íslendinga sjálfra gagnvart eigin landi. Það er sú óhrekjanlega niðurstaða sem frv. hæstv. landbrh., svo kostulegt sem það er að ýmsu leyti, staðfestir þannig að vonandi þarf ekki frekar um það að deila og verður vonandi ekki gert.

Þetta er nú hins vegar það sem mönnum hefur gengið mjög illa að kyngja. Menn hafa svona platað sjálfa sig og farið í ýmsar skógarferðir til þess að reyna að halda því fram að eftir sem áður yrði með einhverjum hætti, annaðhvort í lögum eða í framkvæmd, unnt að tryggja Íslendingum sjálfum einhver forréttindi eða einhverja sérstöðu í þessum efnum. Það er ekki, frv. hæstv. landbrh. sýnir að það gengur ekki. Þá er auðvitað sömuleiðis komið að þeirri niðurstöðu í þessu máli að það eina sem með fullnægjandi hætti gat nokkurn tíma verið okkur Íslendingum sú vörn sem við þurftum í þessum efnum var varanlegur fyrirvari. Allt tal um lagasetningu fyrr eða síðar sem tryggði Íslendingun sérstöðu umfram útlendinga í þessu sambandi var á misskilningi byggt vegna þess að menn hafa þá ekki sett sig nægilega vel inn í málið eða ekki áttað sig nægilega vel á þessum grundvallarforsendum. Þá verða nú í sagnfræðiritgerðum eða lögfræðiritgerðum framtíðarinnar enn broslegri öll þau skoðanaskipti og þær deilur sem uppi hafa verið um það hvort menn hafi misst af einhverjum tækifærum á undangengum árum með því að hafa þá ekki breytt ákvæðum laga til að undirbúa hugsanlega gildistöku þessa samnings. Niðurstaðan í raun liggur fyrir jafnskýrt og hún getur gert með þessu frv. hæstv. landbrh. Það hefði að sjálfsögðu engu breytt. Það hefði verið jafnóheimilt þá eins og það er í dag eða væri jafnóheimilt í dag eins og það verður á komandi tímum að hafa nokkur þau ákvæði í gildi í lögum sem brjóta í bága við jafnræðisreglur samningsins við staðfestuákvæðin o.s.frv. Gildistaka þeirra frumvarpa, hvort hún hefði orðið á árinu 1991, 1992 eða 1993, breytir engu í því sambandi.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa öllu fleiri orð um þennan þátt málsins. Hann er á ýmsan hátt merkilegur. Það er ljóst að þarna er komið inn á svið sem er nokkuð tilfinningabundið. Mönnum er þrátt fyrir allt kannski ekki alveg sama um landið og réttindin í landinu og mönnum finnst ýmsum að þjóðin hafi ekki hokrað í 1100 ár til þess eins að gefa svo 360 eða 380 milljónum manna fullan borgarrétt með sér í landinu bara si svona með einum samningi sem ekki fæst einu sinni borinn undir þjóðina. En það er það sem í reynd gerist.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, ætlaði ég að nefna aðeins sjávarútvegssamninginn, fylgifisk, það fer vel á því að orða það svo, fylgifisk þessa samnings um Evrópska efnahagssvæðið, er till. til þál. um staðfestingu á samningi við Efnahagsbandalag Evrópu um fiskveiðimál og líffríki hafsins og síðan aðrar gerðir sem því fylgja og tengjast skiptum á veiðiheimildum o.s.frv. Nú er það svo að það mál er hér á dagskrá þingsins og er hjá hv. utanrmn. og kemur eflaust hér til umræðu þannig að ég mun ekki ræða það efnislega í einstökum greinum en það er auðvitað óhjákvæmilegt að það komi hér til umræðu þegar heildarsamhengi þessa máls er rætt og tengist þessu frv. um staðfestingu á samningnum sjálfum. Ég er í hópi þeirra sem telja að þessi samningagjörð við Evrópubandalagið um samskipti á sviði sjávarútvegsmála hafi tekist afspyrnuilla. Þar hafi menn samið hrikalega af sér og í raun og veru svo illa að manni er það til efs að menn hafi nokkurn tíma ætlað sér að semja þar á neinum jafnréttisgrundvelli. Auðvitað hlýtur maður að velta því fyrir sér hvort þarna hafi ekki bara opnum augum eða vísvitandi og viljandi verið færðar fórnir sem hafi verið gagngert hugsaðar sem framlag af okkar hálfu inn í heildarsamhengi málsins. Svo afspyrnuilla hefur á málunum verið haldið þegar um samningana um fiskveiðimálin er að ræða.

Það mun koma fram í nál. minni hluta sjútvn., sem sent hefur verið utanrmn., ítarlegur rökstuðningur fyrir afstöðu okkar í minni hlutanum til þessa samnings sem við teljum með öllu óásættanlegan fyrir Íslands hönd og er þar þó ekkert smámál á ferð þar sem eru samningsbundin samskipti Íslendinga og Evrópubandalagsins á þessu sviði. Menn hafa vissa tilhneigingu til að segja að þarna sé nú ekki það magn eða þær stærðir um að tefla sem skipti sköpum, en menn verða að hafa það hugfast að hér er um að ræða upphaf samningsbundinna samskipta þessara aðila á sviði sjávarútvegs og að þau skuli hefjast með jafnógæfulegum hætti og raun ber vitni þar sem öll gagnkvæmni er látin lönd og leið boðar ekki gott vegna þess að þarna er fitjað upp á framtíðarsamstarfi sem á að endurnýjast með reglubundnum hætti. Þar með er auðvitað boðið upp á það að af hálfu samningsaðilanna verði knúið á um breytingar eða útfærslu þessara samskipta með einum eða öðrum hætti, allt eins í auknu magni eins og að öðru leyti. Og það er að því leyti til sem ég held að þessi samningur eigi eftir að reynast mönnum dýrkeyptastur, ekki í sjálfu sér vegna beinna efnisáhrifa á fyrsta ári eða e.t.v. fyrstu árum heldur vegna hins að þarna er ýtt úr vör þessum samningsbundnu samskiptum Íslendinga og Evrópubandalagsins sem engin hafa verið allt frá dögum útfærslu landhelginnar og gerðar bókunar 6 þrátt fyrir umræður þar um af þeirri einföldu ástæðu að það gekk ekki saman. Íslendingar neituðu þeim kröfum Evrópubandalagsins sem uppi voru og það leiddi til þess að engir samningar voru gerðir. Og hér er auðvitað farið inn í nýjan kafla, nýja öld í þessum samskiptum með því að gera slíkan samskiptasamning og hrinda honum í framkvæmd. Ég er í engum vafa um það að væru menn spurðir að því, þeir sem hagsmuna eiga að gæta, hvort þeir vildu gera þennan samning sem sjálfstæðan gjörning ef nú svo færi, eins og ég leyfði mér nú reyndar að spyrja hæstv. utanrrh. fyrir áramót, að enginn yrði EES-samningurinn. Hann yrði sjálfdauður með einhverjum hætti að lokum sem væri nú verðugur dauðdagi eftir allt sem á undan er gengið. Hann félli ekki fyrir vopnum heldur yrði sjálfdauður að lokum, ja, hvað yrði þá með þennan samning á sviði sjávarútvegs? Vildu menn gera hann eftir sem áður? Mér liggur nú við að spyrja: Er

einhver hér inni sem treystir sér til að koma í þennan ræðustól og mæla með því að þessi samningur um samskipti Íslands og Evrópubandalagsins á sviði sjávarútvegsmála yrði gerður ef okkur ræki ekki nauður til? Ég hefði gaman af að heyra þann málflutning og þann rökstuðning sem ætti að færa fyrir því að þessi samningur væri af sjálfu sér þess eðlis að við ættum að gera hann. Það er auðvitað fjarri öllu lagi og ég er alveg sannfærður um að t.d. í hópi hagsmunaaðila í sjávarútvegi fyrirfinnst ekki nokkur maður sem vill að þessi samningur verði að veruleika ef ekki verður af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Það er svo annað mál og sjálfstætt matsatriði hvort menn líta svo á að hann geti verið réttlætanlegur fórnarkostnaður vegna ávinninga sem felist í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði á öðrum sviðum að öðru leyti. Ég er ekki þeirrar skoðunar að sjálfsögðu. Mín afstaða liggur skýrt fyrir í þeim efnum. Ég tel að ásamt með ókostum þessa sjávarútvegssamnings og öllu hinu sem mælir gegn afgreiðslu EES-samningsins fyrir Íslands hönd þá sé það engin spurning að þessi fórnarkostnaður er of mikill.

Það er auðvitað nokkuð vandasamt, hæstv. forseti, að ræða um þetta að sumu leyti því að hér er um að ræða býsna viðkvæma hagsmuni og samningagerð fyrir hönd Íslands í samskiptum við erlenda aðila. Það er auðvitað mjög bagalegt að um þessi mál skuli þurfa að vera sá ágreiningur sem raun ber vitni sem m.a. gerir það að verkum að ekki verður undan því vikist að ræða þá hluti opinberlega. Ef menn hefðu með einhverjum hætti getað lent þessum stóru hagsmunamálum sameiginlega og í nefndum þingsins eða annars staðar náð samstöðu, þá hefðu menn að sjálfsögðu jafnframt getað komist hjá því að umræðan opnaðist upp um viðkvæm hagsmunamál eins og þessir milliríkjasamningar eru. En ég held að það sé því miður komið fram yfir það stig og réttinum til þess að hafa skoðun á málinu og styðja hana rökum geti menn ekki afsalað sér og þess vegna verður ekki undan því vikist að þessi samningur með öllum sínum göllum, og þá er ég að tala um samninginn um fiskveiðimál, verði ræddur hér ofan í kjölinn þegar hann kemur sem dagskrármál á dagskrá þingsins væntanlega innan skamms. Ég læt þá nægja að vísa til þeirrar umræðu en vil að það komi hér fram við þetta tækifæri af því að það lá ekki fyrir með jafnskýrum hætti og það gerir nú þegar málið var til 1. umr. að þær áhyggjur sem menn höfðu af þessum þætti málsins, þ.e. samningnum um sjávarútvegsmál, reyndust því miður síður en svo of miklar. Niðurstaðan er á margan hátt verri en maður gerði sér þá vonir um að yrði.

Að lokum, hæstv. forseti, ætlaði ég að ræða lítillega meðferð þessa máls sem meiri hluti á Alþingi eða a.m.k. hæstv. ríkisstjórn hyggst knýja fram til afgreiðslu á næstu dögum ef marka má yfirlýsingar og að sjálfsögðu hefur það sinn gang. Vilji meiri hlutans ræður hér ferðinni og endurspeglast væntanlega að lokum í atkvæðagreiðslum um málið. Enn eru þó tækifæri til þess, ef menn hafa yfir höfuð áhuga á því að reyna að ná að einhverju leyti saman eða a.m.k. draga úr átökunum um þetta mál, þá eru auðvitað enn færar leiðir í þeim efnum. Og sú leið sem ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um að væri farsælust, skynsamlegust og stórmannlegust á allan hátt væri sú að Alþingi Íslendinga sameinaðist um það við afgreiðslu frv. um gildistöku samningsins að setja þar inn gildistökuákvæði sem væri skilyrt þannig að samningurinn öðlaðist þó ekki gildi fyrr en hann hefði verið samþykktur í almennri þjóðaratkvæðagreiðslu. Fyrir því eru auðvitað fordæmi að ganga þannig frá málum. Það er á ýmsan hátt ekkert síður rökrétt að form þjóðaratkvæðagreiðslunnar sé með beinum hætti þannig úr garði gert að það sé kosning um hvort gildistökuákvæði viðkomandi máls hefjist eða ekki. Það er auðvitað líka hægt að ganga frá því með sjálfstæðri ályktunartillögu að málið sé borið undir dóm þjóðarinnar, og er ekkert óvenjulegt að gildistökuákvæði séu skilyrt með einum eða öðrum hætti. Ein skilyrðing af því tagi væri einfaldlega meiri hluti í almennri atkvæðagreiðslu meðal þjóðarinnar.

Nú liggur það fyrir eins vel og yfirleitt getur orðið að skoðanir eru ákaflega skiptar með þjóðinni um þetta mál, ekki bara hér á Alþingi og ekki bara meðal hagsmunasamtaka og fjölmargra slíkra aðila, heldur meðal almennings sjálfs. Það liggur fyrir bæði samkvæmt skoðanakönnunum og væntanlega eru menn það dómbærir á það í gegnum ósköp einfaldlega samtöl sín við fólk úti í þjóðfélaginu að þeir fallast þó a.m.k. á það og geta samþykkt það að um málið eru ákaflega skiptar skoðanir. Og ég held að það liggi nú þannig að þegar svo ber við og á ferðinni eru jafngeysilega afdrifarík mál eins og hér er, þá sé reynslan sú að langfarsælasta leiðin fyrir eina þjóð til þess að ganga frá slíkum málum séu kosningar. Ég er alveg viss um að þær kosningar yrðu tvísýnar og ætla enga spádóma að hafa uppi um það á hvorn veginn þær færu. Mér hefur virst að það lægi frekar á þá hliðina að meiri hluti þjóðarinnar væri andvígur þessu máli, að meiri hluti þjóðarinnar vildi fara varlegar í þessum efnum heldur en hér er gert ráð fyrir. Og ég væri tiltölulega bjartsýnn á það að mín sjónarmið eða sambærileg þeim sem ég hef talað fyrir yrðu þar í meiri hluta. En það er ekki aðalatriði málsins. Ég held að við séum að komast á það stig með þetta mál, ef það þá einhvern tíma verður, að það sé ekki seinna vænna en að spyrja sig þeirrar spurningar hvernig við getum best farið með þann ágreining sem uppi er með þjóðinni um þetta mál, hvernig getum við leitt hann til lykta. Það er enginn vafi í mínum huga að skynsamlegasta ráðstöfunin væri þjóðaratkvæði. Við ætlum okkur væntanlega að búa áfram við niðurstöðuna á hvorn veginn sem hún verður. Við þurfum að reyna að ná saman á nýjan leik um okkar hagsmunamál og það mun að sjálfsögðu verða léttara ef allir hafa það á hreinu að gripið var til þeirrar lýðræðislegustu aðferðar sem til er til þess að ráða hinni endanlegu niðurstöðu í málinu. Nú hafa aðstæðurnar sömuleiðis skapast til þess að framkvæma slíka kosningu. Nú liggur það fyrir að samningurinn tekur ekki gildi fyrr en um mitt þetta ár í fyrsta lagi. Þar af leiðandi er ekkert tæknilega eða efnislega því til fyr-

irstöðu að taka sér þann tíma sem þarf til að undirbúa og framkvæma þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Niðurstaða úr slíkri atkvæðagreiðslu getur legið fyrir löngu fyrir þann tíma að aðrar þjóðir þurfa að ganga frá málinu hjá sér og hvort Ísland yrði þarna með eða ekki með mundi þá engin áhrif þurfa að hafa á það að samningurinn gæti tekið gildi gagnvart öðrum. Þetta hefur niðurstaða atkvæðagreiðslunnar í Sviss gert að verkum að nú eru ekki þau rök gegn kosningum um málið að það gæti tafið gildistöku þess eða orðið öðrum sem í samningaferlinu standa með okkur til trafala á nokkurn hátt. Og það er auðvitað mjög merkilegt ef það er virkilega þannig að í röðum stjórnarmeirihlutans hér á Alþingi, ég ætla nú að hafa hæstv. ríkisstjórn svona utan við sviga í þeim efnum, en ég segi nú í röðum stjórnarmeirihlutans, þingmannastjórnarliðsins hér á Alþingi, eru engar efasemdir í þessum efnum eftir að þeir hlutir hafa gerst sem raun ber vitni á sl. ári, bæði í Danmörku, Sviss og voru næstum orðnir í Frakklandi af öllum löndum þar sem Evrópusamruninn hefur líklega átt mestan hljómgrunn allra ríkja og var Maastricht–samkomulagið nærri fallið. Er mönnum það ekkert umhugsunarefni gagnvart því spori sem þeir eru á að keyra svo svona hluti jafnumdeildir og þeir eru hér í gegn með mjög tæpum meiri hluta á Alþingi ef hann verður fyrir hendi og án þess að bera þetta í dóm þjóðarinnar sem vill fá að kjósa um þetta og hefur ályktað um það? Ég held að allar þessar aðstæður í málinu mæli fyrir því að þjóðaratkvæðagreiðslan færi fram. Ég er alveg sannfærður um að það mundi verða farsælast fyrir Íslendinga að ráða málinu þannig til lykta, það mundi veitast þeim málsaðilanum sem undir yrði ef svo má að orði komast miklu auðveldara að sætta sig við þá niðurstöðu og jafna sig á henni ef það lægi fyrir að hún hefði orðið, hún hefði ráðist í lýðræðislegri atkvæðagreiðslu allrar þjóðarinnar.

Efasemdirnar um stjórnarskrána verka auðvitað á menn í þessu sambandi. Þó að þeim efasemdum verði ekki eytt í sjálfu sér með kosningum til eða frá, þá er það nú þó þannig að þá bæri meiri hluti þjóðarinnar ábyrgð á því með tilteknum hætti hvernig málið hefði verið afgreitt og sá stuðningur lægi þó a.m.k. fyrir. Ég held að menn hljóti auðvitað í ljósi breyttra aðstæðna og nú þegar málið verður rætt á komandi dögum hér á þinginu fyrir endanlega afgreiðslu þess að fara enn á ný yfir þennan möguleika. Ég er alveg viss um það að ef maður ætti að ráða hæstv. ríkisstjórn og hæstv. forsrh. heilt og það væri eitthvað sem maður gæti bent á sem gæti nú e.t.v. virkilega blásið lífsanda í nasir stjórnartetursins, þá væri það auðvitað það að hafa manndóm í sér til að leggja þetta mál að lokum í þjóðaratkvæði og ef stjórnin ynni, þá mundi hún auðvitað stórkostlega styrkja sína stöðu með því. Ég get að vísu ekki flutt þetta sem hollráð af minni hálfu vegna þess að ég tel það miklar líkur á því að stjórnin mundi tapa, að í þeim skilningi sagt get ég ekki sagt við hæstv. forsrh.: Þarna átt þú stóran leik. En þá er maður líka kominn að hinni hlið málsins og hún er: Vill hæstv. forsrh. leiða ríkisstjórn og stjórnarmeirihluta hér sem með naumum meiri hluta knýr í gegn svona mál, hafandi það á samviskunni e.t.v. að meiri hluti þjóðarinnar sé andvígur því? Er hægt að óska nokkrum manni slíks hlutskiptis? Ég vil það a.m.k. ekki þannig að ég tel að það sé í raun og veru holl ráð í öllum skilningi að leyfa þjóðinni að lokum að ráða niðurstöðu málsins.

En það hlýtur svo að hafa sinn gang. Við getum ekki annað gert hér af okkar hálfu en að flytja okkar rök í málinu. Hæstv. ríkisstjórn og stjórnarmeirihlutinn hér á Alþingi verður svo að lokum að taka sína ákvörðun.

Hæstv. forseti. Ég held að ég geymi mér það sem ég hafði ætlað að öðru leyti að ræða um sérstaklega þangað til samningurinn um sjávarútvegsmál kemur á dagskrá. Ég tel að þá sé að mörgu leyti eðlilegra að ræða við það tækifæri ýmis önnur atriði þessa máls sem tengjast sjávarútveginum sérstaklega og mér er nokkuð umhugað um. Ég held að þrátt fyrir að hagsmunir sjávarútvegsins séu nú gjarnan tíndir til og nefndir sem helsta röksemdin fyrir því að við eigum að ganga inn í þetta samstarf, þá hafi sorglega lítið farið fyrir beinum rökstuðningi, tillöguflutningi eða aðgerðum í því sambandi og ég hef sjálfur miklar efasemdir um að það mál sé jafneinfalt og einhliða í þágu íslensks sjávarútvegs eins og stundum er látið. En ég held að ég geymi mér að ræða um þá þætti málsins þangað til sjávarútvegssamningurinn liggur fyrir. Ég vil einnig gjarnan heyra svör hæstv. forsrh. fyrr en seinna í umræðunni varðandi það sem ég spurði hann um og áskil mér þá rétt til þess að taka þátt í umræðunni á nýjan leik ef þau kynnu að gefa tilefni til slíks.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom út af fyrir sig ekki mjög margt nýtt fram í ræðu hv. þm. sem kannski er ekki von. Þetta er mál sem mikið hefur verið rætt. Ég ætla ekki að fjalla hér um spurninguna um þjóðaratkvæðagreiðslu eða um stjórnarskrárþáttinn. Alþingi hefur tekið afstöðu til þessara þátta eins og þeir hafa verið lagðir fyrir þingið. En vegna spurninga hans sérstaklega um það hvort orð sem eftir mér voru höfð og jafnvel beint flutt eftir því sem mér skilst, hvort afstaða ríkisstjórnarinnar varðandi beiðni um inngöngu í Evrópubandalagið hafi breyst, þá er það ekki svo. Sú afstaða er algerlega óbreytt. Þrátt fyrir að ég vekti athygli á þeim þáttum, sem reyndar hafa komið fram annars staðar og áður, að það hefur verið vilji þeirra talsmanna Evrópubandalagsins, sem eru í forsæti á hverjum tíma, að þegar frekari útvíkkun bandalagsins ætti sér stað og reyndi á að hinar smærri þjóðir leituðu þar eftir inngöngu, eins og þjóðir á borð við Möltu og Kýpur hafa gert, væri ljóst að viljinn stendur ekki til þess innan Evrópubandalagsins að þau ríki fái inngöngu með sama hætti og á jafnréttisgrundvelli miðað við þau ríki sem þar eru fyrir. Það hefur verið vakin athygli á þessu gagnvart Íslandi og hefur komið í fréttum líka. Á það hefur þá verið bent að Ísland hefur fengið tilboð um slíkan aðgang með öðrum EFTA-ríkjum. Þess er ekki að vænta að slíkt muni gerast í framtíðinni. Spurning-

in um hvort við erum að missa þar tækifæri, eins og hv. þm. spurði um, er þá aftur spurning um það hvort menn líti svo á að það sé fengur yfirleitt í því að ganga í bandalagið. Það er ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar. Það hefur ekki breyst.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Ég tek þau góð og gild og ég tel mikilsvert að þá sé eytt allri óvissu um að einhver stefnubreyting hafi þarna orðið. Ég vona að hér sé talað fyrir ríkisstjórnina alla og stjórnarflokkana báða. Annað hefur stundum mátt ráða af ýmsum ummælum, m.a. úrræðum flokks hæstv. utanrrh. en hæstv. forsrh. svarar hér fyrir ríkisstjórnina og það gildir vonandi fyrir hana alla. Þó svo einhverjir einstakir angar hennar kunni að hafa aðra skoðun þá er hæstv. forsrh. væntanlega myndugur þegar hann gefur þetta svar.

Um rökstuðninginn fyrir því hvort Ísland sé á einhvern hátt að missa af tækifæri sem því bjóðist ekki aftur, ef tækifæri skyldi kalla, verður það tæplega rökrætt innan tímamarka andsvara. Ég held ég geymi mér það til betri tíðar. Ég er ekki þeirrar skoðunar að þarna sé farið tækifæri yfirleitt sem okkur sé hagstætt og það er þess vegna röng orðanotkun að mínu mati að líta svo á. Ég er þvert á móti þeirrar skoðunar að það væri jafnóhagstætt Íslandi og ekkert síður nú en á næstu árum að þurfa yfir höfuð að ganga inn í þetta samstarf með því afsali og þeim kvöðum sem því fylgja. Staða annarra ríkja þó smá séu suður í Evrópu er gjörólík og ekki sambærileg við okkar.

En ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Ég tel mikilvægt út af fyrir sig að það liggi alveg ljóst fyrir að eitthvað sem heitir umsókn um aðild að Evrópubandalaginu af hálfu Íslands er ekki á dagskrá í ríkisstjórnartíð hæstv. forsrh. og breytir þá væntanlega engu hver afdrif samningsins um Evrópskt efnahagssvæði verða.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í máli mjög margra hv. alþm. bæði við 1. umr. og 2. umr. að það sé mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að horfa til fleiri heimshluta en til Evrópu einnar. Undir það get ég því það hlýtur að vera markmið okkar Íslendinga í samskiptum við aðrar þjóðir, þ.e. í utanríkismálum, að tryggja hag íslensku þjóðarinnar sem mest við megum í öllu tilliti þannig að hún geti lifað í landinu frjáls og fullvalda þjóð við góðan hag, öryggi og menningu. Á líðandi stundu og í næstu framtíð getum við gert ráð fyrir því að Evrópa og Norður-Ameríka séu þau heimssvæði sem mestu máli skipta fyrir Ísland en að þeim frátöldum komi þjóðir Asíu, austurhluti Sovétríkjanna, Kína og Japan, og þar á eftir lönd í suðurálfu, Afríku og Suður-Ameríku. Það sem hlýtur hins vegar að vera ráðandi þáttur í utanríkismálum okkar á næstu árum er að tryggja samstarfið við Norður-Ameríku og Evrópuþjóðirnar.

Að okkar dómi eru þessar þjóðir, Bandaríki Norður-Ameríku og Evrópa, langöflugustu þjóðirnar í heimsbyggðinni í dag, bæði hvað varðar efnahag, menningu og hernaðarlegt öryggi. Það gefur því auga leið að lega Íslands í miðju Atlantshafinu milli þessara tveggja sterku heilda gefur okkur óhjákvæmilega afar sterka stöðu í samskiptum við báðar þjóðarheildirnar. Við hljótum því þegar við erum að taka afstöðu og ákvarðanir með hverjum og hvar við viljum vinna að meta stöðu okkar út frá því hvar við liggjum. En það verður ekki fram hjá því horft að sjávarútvegurinn er það sem við Íslendingar lifum á og munum lifa á um ófyrirsjáanlega framtíð. Það er því óhjákvæmilegt annað en að hafa hagsmuni íslensks sjávarútvegs að leiðarljósi þegar gerðir eru viðskiptasamningar við aðrar þjóðir hvort sem þær eru fyrir austan okkur eða vestan. Samstarf og samvinna við Evrópuþjóðirnar útilokar ekki samstarf og samvinnu við Bandaríkin og öfugt. Þvert á móti getur nánara samstarf okkar Íslendinga við aðra þjóðarheildina styrkt samningsstöðu okkar gagnvart hinni vegna þess hver lega landsins er.

Á undanförnum árum hafa orðið miklar breytingar á útflutningi sjávarafurða okkar. Útflutningur freðfisks til Bandaríkjanna hefur dregist saman en að sama skapi hefur hlutfallslegt vægi útflutnings til Evrópu stóraukist. Evrópumarkaðurinn er því langmikilvægasti útflutningsmarkaður okkar Íslendinga í dag því rúmlega 70% útflutningsverðmætanna fara þangað nú, en fyrir áratug var þetta hlutfall 30%. Evrópubandalagið hefur því tekið við hlutverki Bandaríkjanna sem stærsti markaður heims fyrir botnfiskafurðir. Þetta getur hins vegar breyst á örskömmum tíma. Þar ræður auðvitað mestu gengi gjaldmiðlanna, verð afurða á mörkuðum og eftirspurn eftir fiskafurðum á þessum mörkuðum.

Evrópubandalagið verður í auknum mæli að reiða sig á innflutning sjávarafurða til að fullnægja sífellt aukinni fiskneyslu íbúa Evrópubandalagsins. Talið er að fiskafli Evrópubandalagsríkjanna muni ekki aukast sem neinu nemur á næstu árum og jafnvel dragast saman. Á sama tíma er búist við því að í Evrópubandalaginu geti fiskneysla aukist á bilinu 5–10%. Þetta mun hins vegar vera mjög breytilegt innan þessa stóra markaðar, einfaldlega vegna þess að Evrópubandalagið er saman sett af tólf þjóðríkjum með fjölda tungumála og gjaldmiðla og þessir gjaldmiðlar geta auðvitað þróast í mismunandi áttir. Hitt er svo aftur annað mál að sjálfsagt eigum við mikla möguleika á að afla okkur nýrra markaða í fjarlægum heimshlutum sem vafalítið geta orðið okkur mikilvægir í framtíðinni en það mun kosta tíma og fjármuni. Þeirra markaða verður ekki leitað af opinberum aðilum. Íslensk fyrirtæki verða að vinna þá markaði. Það mun verða mat þeirra hvort þau eigi að vinna að því að ná markaðshlutdeild á slíkum mörkuðum eftir því hver arðsvon er þar, hvort þau leggi í þann kostnað sem því er samfara og hvort þau hafa áhuga fyrir markaðinum.

Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa á undanförnum árum haft mestan arð af því að flytja íslenskar sjávarafurðir á Evrópumarkaðinn. Ekki er fyrirsjáanleg breyting þar á þótt um tímabundnar gengissveiflur sé þar að ræða um þessar mundir. Það er því mikilvægt að við höfum sem greiðastan aðgang að þeim markaði og getum notið þar bestukjaraviðskipta á hverjum tíma.

Allt frá árinu 1972 höfum við Íslendingar notið svokallaðrar bókunar 6 í samskiptum okkar við Evrópubandalagið. Með henni náðist m.a. að afnema tolla á frystum fiskflökum, tollalækkun á ísuðum og heilfrystum þorski, ýsu, ufsa og karfa, en margar sjávarafurðir féllu utan samningsins. Til að byrja með höfðu Íslendingar nánast tollfrjálsan aðgang að markaði EB fyrir sjávarafurðir sínar en á þessum 20 árum hafa orðið ýmsar breytingar sem valdið hafa hækkandi tollgreiðslum. Ástæður fyrir því eru m.a. innganga Grikkja, Spánverja og Portúgala í Evrópubandalagið, auk fjölbreytni í framleiðslu sjávarafurða, breytt flutningatækni og aukin eftirspurn eftir sjávarafurðum á markaði Evrópubandalagsins.

Talið er að á síðustu árum hafi verið greiddir árlega um 2 milljarðar kr. í tolla vegna innfluttra íslenskra sjávarafurða til Evrópubandalagsins. Að því hefur verið látið liggja af mörgum, ekki síst hæstv. utanrrh., að með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði séu þessir 2 milljarðar kr. í hendi okkar Íslendinga.

Það er óábyrgt að halda slíku fram þar sem slíkt getur vakið falskar vonir hjá þeim sem flytja afurðir á þennan markað. Staðreyndin er hins vegar sú að það er ekkert vitað hvar ávinningurinn af tollfrelsinu mun lenda, hvort hann lendir hjá íslenskum framleiðendum eða neytendum á Evrópumarkaði þó auðvitað sé margt sem bendir til þess að ávinningurinn muni verða mikill fyrir íslenskan sjávarútveg. Því má einnig halda fram að kostnaður okkar Íslendinga vegna innflutningstolla inn á Evrópumarkaðinn hafi verið mun meiri en þeir 2 milljarðar sem áður eru nefndir því í mörgum tilfellum hefur verið komið í veg fyrir innflutning á ýmsum afurðum til bandalagsríkjanna. Þau hafa þannig staðið í vegi fyrir eðlilegri vöruþróun og útflutningi frá Íslandi.

Norðmenn, sem eru okkar aðalsamkeppnisaðilar á Evrópumarkaði, hafa staðfest samninginn um Evrópskt efnahagssvæði og jafnframt sótt um aðild að Evrópubandalaginu. Bókun 6 hefur skapað okkur Íslendingum betri stöðu á evrópska markaðinum með sjávarafurðir en Norðmenn hafa haft. Norðmenn með EES-samninginn en við ekki hafa skyndilega öðlast betri samkeppnisstöðu á evrópska markaðinum en við. Það mun að mínu viti setja íslenskan fiskiðnað í mikinn vanda og er ekki bætandi á þá erfiðleika sem íslenska ríkisstjórnin hefur skapað sjávarútveginum.

Því er stundum haldið fram að ef Norðmenn ganga í Evrópubandalagið þá verði Íslendingar að gera það einnig því sjávarútvegur Norðmanna fengi við það tollfrjálsan aðgang að markaði bandalagsins og samkeppnisstaða sjávarútvegsins hér á landi yrði óviðunandi. Þetta er rangt. Ef við höfum samninginn með Evrópska efnahagssvæðið er staða Íslendinga trygg því við það verður tollaleg staða Norðmanna og Íslendinga sambærileg á markaðinum.

Ég tel því að viðskiptahlið samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði sé okkar sterkasta vopn í vörn okkar gegn því að sogast inn í Evrópubandalagið. Það á að vera eitt mikilvægasta verkefni stjórnmálamanna og íslensku þjóðarinnar að berjast gegn því að við Íslendingar sogumst inn í hið miðstýrða og ólýðræðislega skrifræðisbákn sem Evrópubandalagið er. Njótum við hins vegar ekki þess sem viðskiptahlið samningsins gefur okkur Íslendingum er ég hræddur um að á næstu árum aukist þrýstingurinn frá sterkum hagsmunasamtökum atvinnulífsins hér á landi á það að við tengjumst Evrópubandalaginu sterkari og nánari böndum en samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði þó gerir. Jafnvel komi upp sú krafa að við Íslendingar gengjum í Evrópubandalagið. Með viðskiptahlið samningsins um EES tel ég að við Íslendingar höfum tryggt okkur verulegt tollfrelsi inn á markað Evrópubandalagsins og þess vegna eigi aldrei að þurfa að kvikna sú umræða hér á landi að Ísland gangi inn í Evrópubandalagið. Tollalækkunina inn á Evrópumarkaðinn höfum við Íslendingar því miður þurft að kaupa dýru verði.

Lengst af í samningaviðræðunum við Evrópubandalagið var því haldið fram að það væri ófrávíkjanleg krafa okkar Íslendinga að skipta ekki á aðgangi að markaði og veiðiheimildum á Íslandsmiðum. En upp á það var hins vegar boðið að til greina kæmi að skipta á takmörkuðum veiðiheimildum enda væri það báðum aðilum hagstætt og veiðiheimildirnar jafngildar. Nú þegar sjávarútvegssamningurinn liggur fyrir og hann er veginn og metinn er alveg ljóst að ekki er um jafngildar veiðiheimildir að ræða og við Íslendingar höfum þurft að greiða fyrir tolllækkunina.

Um það atriði að viðskiptahlið EES-samningsins geri það að verkum að við getum staðið fyrir utan Evrópubandalagið veit ég að mönnum sýnist sitt hvað. Ég trúi því að EES-samningurinn geti ef vel er á haldið tryggt íslenska hagsmuni þannig að um ókomna framtíð getum við staðið utan Evrópubandalagsins. Aðrir vilja líta svo á að samningurinn sé fyrsta skrefið inn í Evrópubandalagið. Um þetta atriði eru skiptar skoðanir. Skoðanir manna í þessum efnum ganga ekki endilega eftir pólitískum flokkslínum. En EES-samningurinn er auðvitað miklu meira en viðskiptasamningur. Hann yrði umfangsmesti milliríkjasamningur sem Íslendingar hafa gerst aðilar að. Verði hann lögfestur opnar hann okkur aðgang að stærsta sameiginlega viðskiptasvæði veraldar. Pólitísk samstaða hefur ekki myndast um það með hvaða hætti væri hagfelldast fyrir okkur Íslendinga að tengjast þessu stóra viðskiptasvæði.

Á sínum tíma varð niðurstaða ríkisstjórnar Íslands, sem þá var undir forustu Framsfl., að semja með hinum EFTA-ríkjunum við Evrópubandalagið um fjórfrelsið svokallaða. En þáv. ríkisstjórn setti strax í upphafi fram ákveðin skilyrði fyrir slíkum samningi. Á þeim tíma taldi Sjálfstfl. að gera ætti tvíhliða samning milli Íslands og Evrópubandalagsins. Svo langt var gengið af hálfu Sjálfstfl. á þeim tíma að flutt var vantraust á þáv. ríkisstjórn vegna þessarar samningsgerðar. Nú leiðir hins vegar sá flokkur ríkisstjórn og hefur haldið áfram samningunum á svipuðum grunni og fyrri ríkisstjórn lagði. Þetta staðfestir auðvitað það að samningurinn hefur tekið breytingum á samningsferl-

inu. Miklu skiptir fyrir stjórnmálaflokkana hverjir standa hverju sinni að samningsgerðinni vegna þess að þeir sem fara með samningsumboðið eru í návígi við samningsgerðina og eiga hægast með að koma sínum sjónarmiðum þar að og þá um leið afstöðu sinna flokka. Það er því útilokað fyrir stjórnarandstöðuþingmann eða stjórnarandstöðuflokk að eiga að axla pólitíska ábyrgð á málinu í höndum þessarar ríkisstjórnar sem hefur haldið illa á ýmsum þáttum þess.

Ég tel að það hafi verið rétt ákvörðun fyrri ríkisstjórnar að eiga samflot með hinum EFTA-ríkjunum um samninga við Evrópubandalagið um fjórfrelsið svokallaða. Því er ég viss um að á meðan samningstímabilið milli EFTA og EB um EES stóð yfir og málin voru á hreyfingu hafi okkur Íslendingum opnast leiðir til samninga sem alla jafnan eru lokaðar og hefðu verið lokaðar hefðum við staðið utan samninganna um EES. Auk þess er ég sannfærður um ef við leituðum eftir að gerður yrði viðskiptasamningur við Bandaríkin yrðu þau viljugri til samninga við Ísland ef hægt væri að ná til markaða Evrópu í gegnum Ísland og við komnir inn á hið Evrópska efnahagssvæði. Við Íslendingar eigum því strax og með skipulögðum hætti að leita eftir víðtækum samningum við Bandaríkin um viðskipti, um félagsmál, menningarmál, öryggismál og fleira og það á grundvelli gagnkvæmra hagsmuna. Þar á meðal þeirra sérstöku hagsmuna sem leiða af legu Íslands. Nú veit ég að oft hefur verið að því ýjað við Bandaríkjamenn að gerður verði slíkur viðskiptasamningur en aðallega á hátíðarstundum og í skálarræðum. Ekkert hefur frést að eitthvað hafi miðað í þá átt, a.m.k. hefur engum fjármunum verið varið til þeirra hluta í líkingu við það sem varið hefur verið til samningsgerðarinnar um hið Evrópska efnahagssvæði.

Við Íslendingar, með viðskiptahliðina af samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði, og viðskiptasamning við Bandaríkin, hefðum gríðarlega sterka stöðu í samskiptum þjóðanna ef slík staða myndaðist hér. Fjórfrelsið sem er grundvöllur EES-samningsins gerir ráð fyrir frjálsu flæði vöru, þjónustu, fjármagns og vinnuafls milli hinna 19 ríkja Evrópu sem í dag eru orðin 18 eftir að Sviss hefur fellt samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu. Með frjálsu flæði vöruviðskipta innan Evrópska efnahagssvæðisins gef ég mér að um ávinning sé að ræða fyrir íslenskt atvinnulíf. Viðskipti með iðnaðarvörur milli ríkja EB og EFTA hafa verið tollfrjáls undanfarin ár. Ég hef áður lýst því hvaða áhrif ég tel að þetta hafi fyrir íslenska fiskvinnslu. Staðreyndin er sú að í milliríkjaviðskiptum með sjávarafurðir eru meiri viðskiptahindranir en í viðskiptum með flestar aðrar vörur en sú krafa verður sífellt háværari og þykir sjálfsagðari að úr viðskiptahömlum verði dregið. Að það ríki alþjóðlegt samstarf á þessu sviði hefur meiri þýðingu fyrir litlar þjóðir en stórar því þær eru að jafnaði háðari utanríkisverslun og er Ísland síður en svo undantekning frá því.

Við Íslendingar höfum þá trú að sjávarútvegur okkar standist vel alþjóðlega samkeppni á matvælamörkuðum. Við höfum barist gegn innflutningshöftum, tollmúrum, ríkisstyrkjum og tæknilegum viðskiptahindrunum. Sjávarútvegurinn er óvíða undirstaða efnahagslífs líkt og hér á landi. Með samningnum verða töluverðar breytingar á þessu sviði sem felast í mun ákveðnari reglum um samkeppni, eftirlit, staðla, prófanir, viðurkenningar, uppruna og gæði vöru. Þessar reglur verða sameiginlegar á öllu svæðinu. Með þessu má ætla að verslun innan lands gæti aukist og vöruverð til neytenda lækkað. Hertar samkeppnisreglur og kröfur um vörumerkingar koma neytendum líka til góða. Umfangsmikla löggjöf EB-ríkjanna á sviði matvælavinnslu verðum við Íslendingar að taka upp sem hluta af EES-reglunum. Þegar til lengri tíma er litið er ég sannfærður um að slíkt mun koma íslenskum neytendum til góða.

Íslenskt atvinnulíf er veikburða um þessar mundir vegna þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin rekur í efnahags- og atvinnumálum. Það er skortur á eigin fé inn í atvinnulífið. Við Íslendingar höfum lengi leitað fyrir okkur eftir samstarfi við erlenda aðila um fjárfestingu í orkufrekum iðnaði. Samstarf við erlenda aðila á því sviði sem og öðrum er að mörgu leyti fýsilegur kostur fyrir okkur. Þó megum við aldrei ljá máls á því að erlendir aðilar fjárfesti í auðlindum okkar. Ég er þeirrar skoðunar að EES-samningurinn skapi okkur viss tækifæri til samstarfs við erlenda fjárfesta umfram það sem við höfum í dag vegna þess að með samningnum eru settar ákveðnar reglur um samkeppni og eftirlit og þannig mætti lengi telja. Með þeim hætti er hér skapað alþjóðlegt rekstrarumhverfi, umhverfi sem erlendir aðilar þekkja og eru vanir að fjárfesta í við slíkar kringumstæður. Slíkt skapar þeim meira öryggi og festu en annars væri.

Ef einhver erlendur aðili eða erlent stórfyrirtæki væri nú að hugsa sér til samstarfs við okkur Íslendinga og fylgdist með vinnubrögðum ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar um þessar mundir, þó ekki væri nema í kringum fjárlagagerðina og því rugli sem þar viðgekkst, stefnuleysinu, hringlandahættinum og þeim flausturslegu vinnubrögðum sem viðhöfð voru, yfirlýsingagleði ráðherranna og þannig mætti lengi halda áfram, þá dytti engum erlendum fjárfesta til hugar að koma og fjárfesta á Íslandi.

Með frjálsu flæði fjármagns innan Evrópska svæðisins opnast ýmsir möguleikar fyrir einstaklinga jafnt sem fyrirtæki. Má þar helst nefna að nú geta Íslendingar að fullu nýtt sér möguleika alþjóðlegs fjármagnsmarkaðar. Það má ekki leggja hömlur á fjárfestingar þannig að mismunað sé eftir þjóðerni. Þessi regla gildir þó ekki á sviðum sem eru mikilvæg vegna þjóðaröryggis eða þar sem ríkisvaldið hefur lögbundinn einkarétt. Íslendingar hafa fengið undanþágur sem mjög mikilvægar eru og þær tryggja óbreyttar reglur um fjárfestingar í íslenskum sjávarútvegi. Einnig munu lög standast um byggingu orkuvera og nýtingu orkuauðlinda á Íslandi ef slíkir eignarhlutir eru í höndum ríkisins. Ákveði hins vegar ríkisstjórnin, sem nú er starfandi, í sínu fumi og fáti að einkavæða orkuverin er ljóst að vá getur verið fyrir dyrum því þá geta útlendingar náð eignarhaldi á nýtingu orkuauðlindanna.

Því miður náðist ekki fram samsvarandi fyrirvari

varðandi fjárfestingu í virkjun vatnsorku og jarðhita sem náðist í sjávarútvegi. Ég er sannfærður um að íslensk stjórnvöld hafa ekki haldið nógu fast á þeim málum í samningaviðræðunum við Evrópubandalagið. Samsvarandi fyrirvari á þessu sviði og í sjávarútveginum hefur skapað ákveðið öryggisnet og ekki síst gagnvart ríkisstjórn eins og þeirri sem nú situr. Með frjálsræði í þjónustu munu íslensk þjónustufyrirtæki öðlast sama rétt um allt svæðið og fyrirtæki í viðkomandi ríkjum. Það sama á við um starfsemi erlendra þjónustufyrirtækja sem opnar þann möguleika að bankastofnanir, verðbréfafyrirtæki og tryggingafélög hasli sér völl á íslenskum markaði. Á ákveðnum sviðum náðist fram þó aðlögunartími að þessu leyti, eða til ársloka 1994.

Þetta atriði mun vafalítið leiða til aukinnar samkeppni sem vonandi mun skila sér til íslenskra neytenda í lægri vöxtum og lægri iðgjöldum. Ég trúi því að á þessu sviði séu íslensk þjónustufyrirtæki vel í stakk búin til að mæta þessari samkeppni. En þessum þætti fylgja einnig mjög miklar hættur er snerta eignarhald og yfirráð erlendra aðila í þessum þjónustustofnunum. Það sem ekki síður ber að óttast er að ef ekki verða skapaðar aðstæður hér á fjármagnsmarkaði þá geti orðið verulegt fjárstreymi úr landi þar sem erlendar lánastofnanir geta laðað til sín sterkustu viðskiptavinina.

Með frjálsri för launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins geta einstaklingar farið hvert sem er innan EES og dvalið þar í þrjá mánuði meðan þeir leita sér að atvinnu. Sé leitin árangursrík fá menn sjálfkrafa atvinnuleyfi og búsetuleyfi. Finni menn ekki vinnu verða þeir að hverfa á brott úr landinu að þremur mánuðum liðnum. Þegar menn hefja störf fá þeir aðgang að tryggingakerfi viðkomandi lands og ríkisborgararétti þess. Áunnin réttindi, t.d. lífeyrisréttindi, má flytja með sér milli landa. Ekki fer á milli mála að atvinnuréttur og búseturétturinn eru órjúfanlega tengdir hvor öðrum. Með þessum hluta fjórfrelsisins gerast þær raddir nú æ háværari að við Íslendingar séum að leiða yfir okkur meðaltalsatvinnuleysi Evrópubandalagsríkjanna. Þessar áhyggjur Íslendinga eru ekki síst miklar einmitt nú þegar atvinnuleysi er að festa hér rætur.

Í stað fjölda fyrirvara um ýmis atriði sem EFTA-ríkin vildu setja í EES-samninginn var samkomulag um að þess í stað yrði eitt almennt öryggisákvæði sem hvert EFTA-ríki getur beitt einhliða eða framkvæmdastjórn EB ef á þarf að halda. Öryggisráðstöfunum má beita ef alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar koma upp, hvort sem er innan einstakra atvinnugreina eða á afmörkuðum landsvæðum. Ísland gæti þannig gripið til þessa ráðs ef alvarleg röskun yrði fyrirsjáanleg á vinnumarkaði vegna flutninga starfsfólks.

Um málaflokka sem almennt voru ekki á samningssviðinu milli EFTA og Evrópubandalagsins eins og rannsóknir og þróunarstarfsemi, menntamál og umhverfismál, var þó samið að EFTA-ríkin fengju rétt til þátttöku í ýmsum samstarfsverkefnum Evrópubandalagsins.

Á þessari stundu er óljóst hvort og þá hvenær samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði tekur gildi. Öll EFTA-ríkin sem staðfest hafa samninginn hafa leitað eftir inngöngu í Evrópubandalagið og á nýafstöðnum fundi ráðherra Evrópubandalagsins í Edinborg kom fram að ekki yrði dráttur á að viðræður hæfust við sum þeirra EFTA-ríkja sem sótt hafa um inngöngu í Evrópubandalagið. Þessi afstaða hefur nú verið ítrekuð að danska forsætisráðherranum sem er í forsæti EB næsta hálfa árið. Það gæti því farið svo þó ótrúlegt sé og mikla bjartsýni þurfi til að þegar samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði loks tekur gildi verði flest EFTA-ríkin komin inn í Evrópubandalagið. Og að fáum árum liðnum má fastlega búast við því að öll EFTA-ríkin nema Ísland verði orðin aðilar að Evrópubandalaginu. Þess vegna hlýtur sá samningur sem nú liggur fyrir Alþingi að taka miklum breytingum og þá ekki síst stofnanahluti samningsins sem að mínu viti getur þá að langstærstum hluta horfið. En það er einmitt sá hluti samningsins sem vafi leikur á hvort standist ákvæði stjórnarskrárinnar.

Það er ekki síst í ljósi þess sem hv. alþm., Steingrímur Hermannsson og Halldór Ásgrímsson, hafa flutt till. til þál. um að teknar verði upp viðræður við Evrópubandalagið um tvíhliða samning sem byggist á viðskiptahlið samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði.

Í tengslum við umræður um samninginn og hið Evrópska efnahagssvæði hefur umræðan um það hvort samningurinn og þá ekki síst stofnanahluti samningsins brjóti á einhvern hátt í bága við íslensk stjórnskipunarlög ekki orðið síður fyrirferðarmikil en hin efnislega umræða um samninginn. Um þennan hluta samningsins hafa verið ritaðar margar greinargerðir upp á síðkastið. Lögfræðingar eru ekki á einu máli um það hvort samningurinn standist stjórnarskrána eða ekki.

Virðulegur forseti. Hv. 7. þm. Reykn., Steingrímur Hermannsson, formaður Framsfl. fór yfir þennan þátt málsins mjög ítarlega er hann mælti hér fyrir áliti 1. minni hluta utanrmn. við upphaf þessarar umræðu. Ég ætla því ekki að endurtaka það sem hv. þm. sagði. En um þennan þátt málsins mætti hafa langt mál. Þegar upp er staðið og til atkvæða gengið um málið á Alþingi verður það að vera mat hvers og eins þingmanns hvort samningurinn standist gagnvart íslensku stjórnarskránni eða ekki. Til að taka af allan vafa í þeim efnum fluttu fulltrúar stjórnarandstöðunnar á Alþingi frv. til breytinga á stjórnskipunarlögum sem tryggði að þessi hluti samningsins stæðist stjórnarskrána en meiri hlutinn á Alþingis kaus að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar þar sem það mun daga uppi. Núv. meiri hluti á Alþingi verður því einn að bera pólitíska ábyrgð á þeirri gerð sinni.

Viðskiptahlið samningsins er hagfelld okkur Íslendingum og treystir stöðu okkar utan Evrópubandalagsins. Sú staðreynd að allar EFTA-þjóðirnar nema Ísland munu innan fárra ára verða komnar inn í Evrópubandalagið mun kalla á gjörbreytingu á samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði þar sem stofnanahluti samningsins mun vafalítið eða að langmestum hluta hverfa. Þó samningurinn sé til 2. umr. er enn margt af

því sem samningnum tengist óljóst. Ýmsar tilskipanir Evrópubandalagsins sem hafa munu mikil áhrif hér á landi hafa enn ekki komið fyrir Alþingi í lagafrv. Ríkisstjórnin og þeir flokkar sem að henni standa munu því einir verða að bera alla pólitíska ábyrgð á málinu.

Að framansögðu hef ég ákveðið að sitja hjá við afgreiðslu samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði á Alþingi.

Frsm. 3. minni hluta utanrmn. (Ólafur Ragnar Grímsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. þm. Finns Ingólfssonar, sérstaklega í ljósi þess að hann komst að allt annarri niðurstöðu í sinni ræðu en formaður Framsfl., Steingrímur Hermannsson, gerði þegar hann mælti fyrir áliti framsóknarmanna í utanrmn. um samninginn. Það er þess vegna óhjákvæmilegt að maður hlusti með þó nokkuð mikilli athygli á þá þingmenn Framsfl. sem hafa hafnað þeirri niðurstöðu sem fulltrúar flokksins í utanrmn. hafa lagt til við þingið.

Satt að segja fannst mér kjarninn í því sem hv. þm. var að segja vera á þann veg að ef það væri bara önnur ríkisstjórn, þá væri hann tilbúinn til að greiða atkvæði *með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði*. Af því að hér sætu svo vondir menn í ríkisstjórn, hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh., þá vildi þingmaðurinn ekki bera pólitíska ábyrgð á því sem hann ella væri sammála efnislega. Ég vil spyrja þingmanninn: Er það virkilega þannig að ef það *væri önnur ríkisstjórn*, þá væri hann tilbúinn til að greiða atkvæði með EES-samningnum en hann ætli að skjóta sér á bak við einhverja persónulega og pólitíska vankanta á hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. og sitja þess vegna hjá? Mér finnst það satt að segja alveg furðuleg afstaða í því stórmáli sem hér er til umræðu.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 8. þm. Reykn., Ólafi Ragnari Grímssyni, ætti ekki að koma það á óvart þó að stjórnarandstæðingar í þinginu gætu ekki stutt allt sem hæstv. ríkisstjórn hefur fram að færa. Það ætti hv. þm. að muna að þegar hann sat í ríkisstjórn með framsóknarmönnum fyrir tæpum tveimur árum var verið að vinna að þessari samningsgerð. Þá var ekki annað vitað heldur en hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, páv. fjmrh., styddi samningsgerðina.

Nú er staðan hins vegar sú að hv. þm. er kominn með Alþb. í stjórnarandstöðu og þá er eins og engu máli skipti hvað hafi gerst í fortíðinni. Þetta er munurinn á því hvernig framsóknarmenn vinna og Alþb. að menn hafa svolitla ábyrgðartilfinning fyrir því sem menn hafa verið að gera áður fyrr.

Varðandi það hvort ég ætli að greiða atkvæði gegn formanni Framsfl., þá þarf hv. þm. ekki að koma það heldur á óvart. Það var niðurstaða flokksþings framsóknarmanna að enginn þingmaður Framsfl. mundi greiða atkvæði með þessum samningi. Hins vegar var það rætt í þingflokki framsóknarmanna að einstakir þingmenn Framsfl. greiddu atkvæði gegn samningnum en aðrir sætu hjá við þá atkvæðagreiðslu. Það hefur komið fram í máli fjölmargra annarra hv. þm. Framsfl. að þeir munu einnig sitja hjá við afgreiðslu málsins á þingi.

Frsm. 3. minni hluta utanrmn. (Ólafur Ragnar Grímsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög athyglisvert ef hv. þm. Finnur Ingólfsson treystir sér ekki til þess að svara spurningu minni. Hann kaus í staðinn að ásaka mig fyrir það að ég væri nú með aðra afstöðu en ég hefði haft þegar ég var í ríkisstjórn. Það skeyti hittir ekki fyrst og fremst mig. Það skeyti hittir fyrst og fremst formann Framsfl., hv. þm. Steingrím Hermannsson, vegna þess að það vill nú svo til að við ætlum að greiða atkvæði eins í þessari atkvæðagreiðslu, ég og hv. þm. Steingrímur Hermannsson. Ef hv. þm. Finnur Ingólfsson vill velja mér þessi orð þá fara þau beint fram hjá mér og í það sæti í þingsalnum þar sem hv. þm. Steingrímur Hermannson situr og ég læt hann um að svara fyrir það.

Fyrst að þingmaðurinn kaus að endurtaka hvað eftir annað í sinni ræðu að þar eð hér sæti ríkisstjórn undir forustu utanrrh. og forsrh. gæti hann ekki stutt samninginn spurði ég hann einfaldlega hvort hann væri reiðubúinn að styðja samninginn ef hér sæti önnur ríkisstjórn undir forustu manna sem honum væru geðþekkari. Hvort það væri virkilega þannig að persónurnar í ríkisstjórninni og þeirra afstaða réði því að *þingmaðurinn kysi að sitja hjá og greiddi ekki atkvæði* með samningnum. Þessu svaraði þingmaðurinn engu. Mér finnst það satt að segja alveg furðuleg afstaða og er ég þá ekki að bera neitt blak af hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Þeir eru alveg einfærir um það. En það er satt að segja alveg furðuleg afstaða í *þessu stórmáli* að ætla að skjóta sér á bak við pólitískan persónuleika þeirra manna sem nú sitja í ráðherrastól í atkvæðagreiðslu um þetta mál. Menn verða að hafa dug til þess að vera með og á móti þessum samningi á efnisforsendum hans.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg það sé af tveimur mismunandi ástæðum sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson ætla að greiða atkvæði gegn þessum samningi við atkvæðagreiðsluna.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson hefur í sinni ræðu fyrr við umræðuna lýst afstöðu sinni til samningsins. Hann treystir sér ekki til að greiða atkvæði með samningnum vegna þess að hann telur að samningurinn brjóti í bága við stjórnarskrána. En ég heyrði ekki betur í ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar en hann væri efnislega í andstöðu við samninginn. Þarna er mikill mismunur á vegna þess að efnislega hefur samningurinn sáralítið breyst frá því er fyrri ríkisstjórn var að vinna að honum en stjórnarskrárþáttur málsins var þá ekki kominn eins inn í umræðuna og hann er nú.

Varðandi það hver afstaða mín er til þessa samn-

ings og til þessarar ríkisstjórnar, þá hygg ég að ég og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson höfum sömu afstöðu til ríkisstjórnarinnar. Ég viðurkenni það fúslega að ég treysti ríkisstjórn undir forustu Framsfl., sem færi með þetta samningsumboð nú, miklu betur til þess að fara með samningsumboðið. Ég er líka sannfærður um að ýmislegt af því sem ég tel að miður hafi farið við samningsgerðina, eins og ég kom inn á áðan, hefði ekki farið með þeim hætti undir forustu Framsfl.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Finnur Ingólfsson er annar þingmaður Framsfl. sem opinberar það við 2. umr. málsins hvernig hann hyggist ráðstafa atkvæði sínu, þ.e. hann ætli sér að sitja hjá við afgreiðslu þess. Ég hef a.m.k. tekið svo eftir. Hv. þm. var hins vegar að boða það að margir þingmenn flokksins mundu hafa svipaða afstöðu. Það kemur þá í ljós ef það er rétt. Ég lýsi vonbrigðum mínum yfir því að það skuli vera að fjölga í hópi þeirra sem lýsa yfir efnislegum stuðningi við þetta mál og hjásetu við afgreiðslu þess af hálfu þingmanna. Framsfl.

Ég vil spyrja hv. þm. Finn Ingólfsson sérstaklega í sambandi við þetta mál hvernig hann getur réttlætt það fyrir sinni samvisku ef hann er sammála þeirri niðurstöðu sem flokksþing Framsfl. komst að varðandi stjórnarskrárþátt málsins að stjórnarskráin ætti að eiga vafann sem væri tengdur þessu máli að því er stjórnarskrána varðar. Hvernig getur hann réttlætt það fyrir samvisku sinni að sitja hjá við afgreiðslu máls sem sterkar líkur eru á að brjóti gegn stjórnarskrá landsins?

Í öðru lagi vildi ég heyra eitthvað nánar um það frá hv. þm. hvernig hann sjái þá leið fyrir sér að ef EFTA-ríkjunum sem gerast aðilar að Evrópubandalaginu fjölgar og eftir yrðu kannski Ísland og Liechtenstein eða Ísland eitt þá gengi þetta í rauninni sjálfkrafa upp sem tvíhliða samningur. Ég tel mikla skammsýni að ímynda sér að málin gangi þannig fyrir sig. Stofnanaþáttur samningsins er auðvitað samofinn samningnum í heild sinni og það gerist ekki með einföldum hætti að samningurinn breytist í tvíhliða samning með þeim hætti sem þarna er gefin í skyn og ætli staða Evrópubandalagsins verði ekki býsna sterk þegar þar væri komið máli gagnvart Íslandi? Það held ég að menn ættu að hafa í huga og ekki síst þeir sem hafa haft hvað hæst um það að Ísland skuli aldrei ganga í EB sem ég tek auðvitað undir og við eigum að sjá til að aldrei verði. En Framsfl. fjallaði sérstaklega um það mál í sambandi við síðustu kosningar eins og við munum.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að ég sé þriðji þingmaður Framsfl. sem lýsir því yfir við 2. umr. að ég muni sitja hjá við afgreiðslu málsins. Hins vegar skiptir það ekki máli og aðrir þingmenn flokksins munu auðvitað gera grein fyrir afstöðu sinni í málinu.

Varðandi það að flokksþing framsóknarmanna hafi komist að þeirri niðurstöðu að samningurinn bryti í bága við stjórnarskrána þá var það ekki eindregin niðurstaða heldur að vafi væri á og það er einnig vafi í mínum huga. Ég tel að það séu mikilvægir hlutir í þessum samningi sem snerta íslenskt atvinnulíf, sérstaklega sjávarútveginn. Að ég hygg gerði ég nákvæma grein fyrir því í ræðu minni að þeir hagsmunir eru mjög miklir. Þar að auki var reynt af hálfu stjórnarandstöðunnar að fá fram breytingar á stjórnarskránni í þinginu sem stjórnarmeirihlutinn ákvað að vísa til ríkisstjórnarinnar og því verður meiri hlutinn á Alþingi, sem tók þá ákvörðun, auðvitað að bera þá pólitísku ábyrgð sem því er samfara.

Varðandi það hvernig ég sjái að þessi stofnanahluti samningsins falli brott get ég ekki hugsað mér það og sé ekki þó það sé margt einkennilegt hjá Evrópubandalaginu að Evrópubandalagið muni gera tilraun til þess að halda öllum stofnanaþætti þessa samnings úti þegar við Íslendingar erum eini aðilinn eftir hjá EFTA. Því lít ég svo á að það verði í raun og veru ekki samningur milli EFTA og Evrópubandalagsins heldur milli Íslands og Evrópubandalagsins og því tel ég að það sé sterkara fyrir okkur að mörgu leyti að hafa staðfest samninginn og þá hafi sá vilji okkar komið fram að við séum hlynntir viðskiptahluta samningsins. Ég tel að það muni gerast þannig að stofnanahlutinn falli frá en engum dettur í hug að reyna að halda því batterí öllu úti.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það má vera að þeir séu þrír framsóknarmennirnir sem hafa boðað þessa afstöðu. Eitthvað mun það hafa verið erfið fæðing hjá þeim þriðja sem hér var nefndur til sögunnar, en látum það gilda fyrst framsóknarmenn vilja túlka það svo. Varðandi stjórnarskrárþátt málsins hafði ég litið svo á að spurningin væri ekki um afdrif tillögu á Alþingi sem varðaði endurskoðun stjórnarskrárinnar sem vísað hefur verið til ríkisstjórnarinnar hvernig menn réðu atkvæði sínu með tilliti til þess flokksvilja sem ég las út úr flokksþingi Framsfl., að stjórnarskráin ætti að eiga inni vafann. Ég sé ekki að hægt sé að útfæra slíkt með öðrum hætti en að greiða atkvæði gegn ef menn eru þeirrar skoðunar að líkurnar á stjórnarskrárbroti séu miklar í sambandi við samninginn.

Varðandi hinn málsþáttinn tel ég að stofnanaþáttur samningsins, sem við ræðum hér, sé svo samofinn efni samningsins að öðru leyti að ekki verði klippt á hann með einum hætti. Evrópubandalagið segir: Við skulum bara klippa þetta af og þið hafið hitt. Samningurinn gerir ráð fyrir ferli og þetta mál er ekki búið með samþykkt samningsins heldur verður hér gangandi færiband með löggjöf frá Evrópubandalaginu. Menn eru að stíga inn á vagn sem heldur áfram að rúlla og hann verður ekki stöðvaður í einu vetfangi og menn segja: Ég ætla að búa við það sem komið er af löggjöf Evrópubandalagsins og sjáum svo til með afganginn. Það held ég að verði erfitt og ég minni líka á það að Evrópubandalagið er að tryggja sig með þessum samningi og tvíhliða sjávarútvegssamningnum að geta tekið árlega upp sjávarútvegsmálin gagnvart Íslendingum.

Ætli þumalskrúfurnar verði ekki hertar varðandi veiðiheimildirnar sérstaklega sem menn hafa tekið inn í þetta mál til þess að fá niður tollaafléttingu að hleypa útlendingum inn í auðlindina eins og er hluti af þessu máli?

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Umræða er hafin að nýju að loknum áramótum um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að staðfesta samning um Evrópskt efnahagssvæði. Við áramótin hafa margir reynt að meta stöðuna í þjóðfélagi okkar og tjáð sig um það í fjölmiðlum eins og oft áður. Hjá flestum kemur fram að horfur séu því miður lakari en verið hefur um langt skeið og æskilegt væri. Nokkuð eru skiptar skoðanir um hverjar eru orsakir þess enda eru þær að sjálfsögðu fleiri en ein. Öllum er þó ljóst að við myndun núv. ríkisstjórnar fyrir 20 mánuðum var tekin upp ný stjórnarstefna og mörgum finnst augljóst að sú stefna eigi drjúgan þátt í því hvernig nú er komið í þjóðarbúskap okkar. Meginatriðið í boðskap ríkisstjórnarinnar var að hún ætti ekki að skipta sér af atvinnulífinu, þar ættu svokölluð lögmál fjármagnsins og markaðarins að stjórna.

Í uppbyggingar- og framfarasókn þjóðarinnar á þessari öld hefur fjármagnið vissulega verið afl þeirra hluta sem gjörðir hafa verið, en nýtingu þess hefur verið stjórnað til að byggja upp atvinnuvegi og velferðarkerfi. En nú er það krafa stjórnarstefnunnar að fjármagnið eigi að stjórna og fólkið að verða þjónar þess eða þrælar.

Í meginatriðum stangast slík kenning um drottinvald fjármagnsins á við þær menningar- og siðgæðishugsjónir sem þjóðin hefur alist upp við. En við það má svo bæta að á síðasta ári, að lokinni umhverfisráðstefnunni í Ríó, hafa þær raddir orðið háværari sem segja að hin sívaxandi framleiðnikrafa markaðs- og frjálshyggjubúskaparins hljóti að leiða til óbætanlegs tjóns á umhverfi og að lokum jafnvel tortímingar mannkyns.

Á fundi um umhverfismál sem haldinn var í Stokkhólmi í síðasta mánuði sagði Sten Ebbersten, prófessor við Uppsalaháskóla, svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Umhverfismál snerta ekki eingöngu náttúrulíf, skóga, hreint loft eða ósoneyðingu. Þau eru fyrst og fremst hagfræðilíkan sem virkar innan náttúrutakmarkana. Við erum öll að byrja að gera okkur grein fyrir því að umhverfisvandamálið á rætur sínar að rekja til þjóðhagfræðilíkansins. Tímabil er að hefjast þar sem hinn takmarkandi þáttur verður þær náttúruauðlindir sem eftir eru. Náttúran kemst af án mannsins en maðurinn kemst ekki af án náttúrunnar."

Á sömu ráðstefnu sagði dr. Mahler, einn af aðstoðarframkvæmdastjórum FAO, matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna: „Sjálfbær landbúnaður og dreifbýlisþróun eru forsendur varanlegrar þróunar og umhverfisverndar á jörðunni. Þetta felur í sér breytingar á samskiptum og viðskiptaskilyrðum milli landbúnaðar og náttúrunnar, milli landbúnaðarframleiðenda og neytenda, milli fólks úr dreifbýli og þéttbýli og fyrst og fremst milli landbúnaðar og matvælageirans annars vegar og annarra geira hagkerfisins hins vegar, milli norðurs og suðurs, austurs og vesturs."

Stefna ríkisstjórnarinnar að sinna ekki mikilvægum málefnum atvinnuveganna fyrr en í algjörar nauðir er komið hefur leitt til samdráttar í framleiðslu, minnkandi þjóðartekna og aukins atvinnuleysis. Það kemur m.a. fram í minnkandi tekjum ríkissjóðs. Til að mæta þeim samdrætti hefur ríkisstjórnin lagt á nýja skatta sem flestum finnst að leggist í of ríkum mæli á þá sem síst skyldi.

Þegar þannig er komið högum okkar undir núverandi stjórnarstefnu þá segja þeir sem henni ráða að við höfum eitt gott bjargráð til úrræða, það er samningur um Evrópska efnahagssvæðið sem þetta frv. sem hér er til umræðu fjallar um. Því eigum við alþingismenn að samþykkja þetta frv. orðalaust. Sú spurning hlýtur reyndar að vakna hvort í utanríkismálum sé það leið til farsældar að fylgja í blindni leiðsögn þeirra sem hafa mótað stefnu á innlendum vettvangi með þeim afleiðingum sem ég var að lýsa. En það hefur nú komið fram að samningur um Evrópska efnahagssvæðið, sem þetta frv. fjallar um, mun aldrei verða að raunveruleika eftir að Svisslendingar felldu aðild að því. Því verður enginn samningur fullgiltur á grundvelli þessa frv. þó það verði gert að lögum. Mörgum finnst það því fráleit vinnubrögð að Alþingi sé að samþykkja slík lög. Hæstv. utanrrh. segist hins vegar þurfa að fá þau sem viljayfirlýsingu Alþingis til þess að standa betur í viðræðum um nýjan samning sem fram muni fara á næstunni eftir að Sviss hefur helst úr lestinni.

Hins vegar eru það nýstárleg vinnubrögð á Alþingi að samþykkja viljayfirlýsingar í formi laga sem aldrei geta komið til framkvæmda. Telji hæstv. utanrrh. að hann þurfi að fá betri bakhjarl en ríkisstjórnarsamþykkt og yfirlýsingar stuðningsflokka hennar þá er leiðin vanalega sú að ríkisstjórnin leggi fram þáltill. á Alþingi sem heimili utanrrh. að ganga til nýrra samninga á grundvelli þeirra hugmynda sem byggt er á í þessum samningi sem hér liggur fyrir. Þannig gæti utanrrh. fengið traust og umboð þeirra þingmanna sem vildu veita honum það. Að vísu er dálítið mótsagnakennt hversu mikið kapp hæstv. utanrrh. leggur á að fá samþykkt frá Alþingi áður en hann gengur til frekari samningaviðræðna miðað við þau ummæli hans sem hann hefur haft að undanförnu um Alþingi og störf þess, en ég mun ekki frekar fjalla um það mál hér enda virðist hæstv. utanrrh. ekki telja ástæðu til að vera viðstaddur þessa umræðu.

En utanrrh. telur sig ekki geta skýrt störf Alþingis á erlendum vettvangi. Því miður er ekki heldur hægt að finna rök í orðum og athöfnum hæstv. utanrrh. síðustu mánuði fyrir því að veita honum sérstakt umboð til þess að ganga til nýrra samninga fyrir íslensku þjóðina og mun ég nefna nokkur dæmi um það gagnstæða síðar í máli mínu.

Í ræðu framsögumanns meiri hluta utanrmn. kom fram ranghermi sem ég held að hljóti að vera á misskilningi byggt og því tel ég nauðsynlegt að leiðrétta það hér en hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Raunar má einnig láta þess getið að aðeins einn aðili af öllum þeim sem veittu skriflegar umsagnir til nefndarinnar, BHMR, var neikvætt í afstöðu sinni til aðildar Íslands að þessu samstarfi. Hinir vísuðu annaðhvort til hugmynda um þjóðaratkvæði eða einhvers annars en tóku ekki neikvæða afstöðu til málsins."

Í bréfi dagsettu 21. júlí sl. sendi Stéttarsamband bænda umsögn til utanrmn. og segir í upphafi þess, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi samningagerð er án efa langstærsti og viðamesti samningur sem Ísland hefur tekið þátt í á lýðveldistímanum. Hann snertir fjölmarga þætti þjóðlífsins á einhvern hátt. Erfitt er á þessari stundu að fá yfirsýn yfir öll þau atriði sem gætu snert landbúnaðinn á einhvern hátt með tilkomu samningsins, bæði þar sem útfærsla einstakra atriða liggur ekki fyrir og þau frumvörp til lagabreytinga sem leggja á fram í sambandi við gildistöku samningsins hafa fæst verið kynnt enn þá. Því verður einungis stiklað á stóru varðandi afstöðu gagnvart einstökum atriðum samningsins en Stéttarsamband bænda áskilur sér allan rétt til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi einstök atriði á seinni stigum umræðunnar."

Síðan eru í þessu bréfi rakin nokkur atriði sem sérstaklega þarf að gjalda varhug við.

En hinn 9. sept. sendi Stéttarsamband bænda annað bréf í samræmi við niðurlag þess sem ég var að lesa sem að vísu er stílað beint á Björn Bjarnason, formann utanrmn., en það bréf hljóðar svo:

„Reykjavík, 9. september 1992.

Herra Björn Bjarnason, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, Alþingi, Reykjavík.

Hér með fylgir ályktun um EES-samninginn sem samþykkt var á aðalfundi Stéttarsambands bænda sem haldinn var á Laugum í Reykjadal dagana 27.–29. ágúst sl.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Stéttarsambands bænda, Gunnlaugur Júlíusson.

Samrit sent til þingflokksformanna á Alþingi og herra utanríkisráðherra Jóns Baldvins Hannibalssonar."

Vegna þess sem ég hef rakið tel ég nauðsynlegt að lesa ályktunina sem fylgir bréfinu til þess að það rétta komi þar fram, en hún hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1992 ályktar:

Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1992 hefur fjallað um landbúnaðarhluta samnings um Evrópskt efnahagssvæði sem nú er fullfrágenginn og liggur fyrir Alþingi Íslendinga. Hér er á ferðinni viðamesti og afdrifaríkasti samningur sem Ísland hefur átt aðild að allt frá stofnun lýðveldisins. Almennt mun hann hafa víðtæk áhrif á íslenskt þjóðlíf, bæði beint og óbeint, og ætla má að honum fylgi valdaafsal og veruleg frelsisskerðing. Fundurinn telur að íslenskt atvinnulíf sé á margan hátt vanbúið til að takast á við þær breyttu aðstæður sem samningurinn felur í sér og er ávinningur fyrir landbúnaðinn afar óljós. Því telur fundurinn að hafna beri samningi um Evrópskt efnahagssvæði og krefst þess að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um hann áður en Alþingi tekur hann til endanlegrar afgreiðslu."

Ályktuninni fylgir eftirfarandi greinargerð:

„Í upphafi EES-viðræðnanna var því lýst yfir að málefni landbúnaðarins stæðu þar utan við. Vegna afstöðu utanrrh. sátu Íslendingar ekki í þeim umræðuhópi sem fjölluðu um málefni landbúnaðarins þegar mest á reyndi. Því hafa ýmis atriði ekki skýrst fyrr en eftir að samningurinn hefur verið lagður fram fullfrágenginn.

1. Í samningnum er ákvæði um að endurskoða eigi viðskiptareglur með búvörur á tveggja ára fresti og stefna að auknu frjálsræði í þeim. Skal fyrstu endurskoðun vera lokið fyrir árslok 1993. Ekki liggur fyrir hver afstaða íslenskra stjórnvalda eða markmið er í þessu efni og er gerð um það ákveðin krafa að það liggi fyrir hið fyrsta.

2. Í samningnum er opnað fyrir innflutning sýrðra mjólkurafurða til landsins. Í honum eru mjög loðin og óskýr ákvæði um hvort leggja megi breytileg jöfnunargjöld á þær búvörur, mjólkurafurðir, sem innflutningur verður heimilaður á. Líkur benda til þess að vísa þurfi ágreiningi þess efnis til sameiginlegu EES-nefndarinnar og eru því framleiðendur í óvissu um framgang þessa efnis enda þótt stjórnvöld hafi sent frá sér ákveðna viljayfirlýsingu í þessu efni.

3. Með frjálsum fjármagnsflutningum opnast fyrir möguleika erlendra aðila að kaupa jarðir, jarðahluta og hlunnindi. Fyrirvari gagnvart þessu atriði var eitt af því sem sett var fram í upphafi sem skilyrði af Íslands hálfu. Því hefur verið haldið fram af hálfu utanrrh. að auðvelt væri að reisa alls kyns girðingar eftir undirskrift samningsins til að tryggja íslensk yfirráð yfir landi og hlunnindum. Með nýlegu lögfræðiáliti um þetta efni eru settir fram miklir fyrirvarar um að þetta sé mögulegt vegna þess að mismunun sé bönnuð innan EES. Sveitarstjórnir eru vanmegnar til að nýta sér forkaupsrétt sinn. Niðurstaðan virðist því vera á þann veg að mikill vafi ríkir um hvort hægt sé að stemma stigu við eignarhaldi útlendinga yfir landi hérlendis að því marki sem talið er nauðsynlegt.

4. Staða garðyrkjunnar og þá sérstaklega blómaræktarinnar er talin verða mjög erfið vegna óhefts innflutnings á ákveðnum tegundum blóma. Einnig mun frjáls og tollalaus innflutningur hafa veruleg áhrif á verðlag á öðrum árstímum og jafnvel draga úr getu bænda til framþróunar.

Að svo viðamikinn og afdrifaríkan samning sem þennan eigi að afgreiða með einfaldri atkvæðagreiðslu á Alþingi er óásættanlegt í huga mikils hluta landsmanna. Ef efnt yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu um hann, þá ynnist tvennt: Í fyrsta lagi gæti þjóðin sagt skoðun sína á samningnum sem slíkum og í öðru lagi yrði efnt til upplýsandi umræðu um kosti og galla hans sem skýra mundi út mörg atriði fyrir almenningi sem nú eru óljós."

Í ræðu frsm. meiri hluta utanrmn. kom fram að landbn. Alþingis hefur fjallað um nokkur atriði frv. og vænti ég þess að formaður hennar, hv. 3. þm. Austurl., Egill Jónsson, geri nánari grein fyrir þeim í þess-

ari umræðu og mun því ekki ræða þau frekar að sinni. Ég vil hins vegar geta þess að allshn. tók þetta frv. einnig til meðferðar á þann hátt að óska umsagnar Byggðastofnunar um áhrif samningsins á byggðaþróun. Í framhaldi af því kom forstjóri Byggðastofnunar, Guðmundur Malmquist, á fund nefndarinnar. Hann skýrði þar frá því að stofnunin hefði ekki gert nýja úttekt á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið síðan í desember 1990 eftir að þáv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, óskaði eftir því. Við þá úttekt var það lagt til grundvallar að samningurinn snerti landbúnaðinn ekkert en á því hefur þegar orðið gerbreyting eins og fram hefur komið í því sem ég hef lesið á undan. Í úttekt Byggðastofnunar var því eingöngu fjallað um sjávarútveg og fiskiðnað. Ég mun ekki lengja umræðuna með lestri úr greinargerð Byggðastofnunar og láta nægja að lesa aðeins eina setningu sem talar skýru máli, með leyfi hæstv. forseta:

„Líklegasta framvindan er sú að stöðugt aukinn hluti hráefnis á Íslandsmiðum verði fluttur óunninn úr landi til frekari vinnslu innan Evrópubandalagsins."

Þegar forstjóri Byggðastofnunar var spurður að því á nefndarfundinum hvort horfurnar hefðu breyst um þetta atriði síðan í desember 1990 taldi hann að fremur mundi hafa sigið á ógæfuhliðina hvað varðaði samkeppnisaðstöðu íslensks fiskiðnaðar vegna þess að styrkir Evrópubandalagsins til sinna fyrirtækja færu sívaxandi. En athyglisverðast finnst mér þó að núv. hæstv. forsrh. skuli enga ástæðu hafa séð til að óska eftir því að Byggðastofnun héldi áfram að fylgjast með þessu mikilvæga máli og gera grein fyrir því með nýrri úttekt eftir að forsendur hafa breyst og nú síðast með sjávarútvegssamningnum.

Hæstv. utanrrh. hefur haldið því mjög á lofti hversu hagstæður sjávarútvegssamningurinn væri okkur Íslendingum vegna þess að þar fengjum við miklu meira í okkar hlut en við létum af hendi. Öllum sem til þekkja er þó ljóst, eins og sýnt hefur verið fram á, bæði utan Alþingis og innan að jafnvel þó við næðum ýtrasta ávinningi yrði hlutur okkar alltaf lakari og miðað við reynslu síðustu ára yrði ávinningur okkar oft enginn. Þarna hefur því verið lagt rangt mat á staðreyndir. Það er augljóst að þegar svo rangt mat er lagt á hagsmuni okkar, þá er þess ekki að vænta að árangur af samningaviðræðum við harða viðsemjendur verði góður.

Fyrirvörunum sem Íslendingar settu fram þegar gengið var til viðræðna um Evrópska efnahagssvæðið hefur líka lítt verið haldið til skila. Skýrasta dæmið um það er forræði Íslendinga á eignarhaldi á landi. Í frv. til laga um breytingu á jarðalögum kemur fram að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar telur einu leiðina til að koma í veg fyrir kaup útlendinga á landi að setja bændum svo ströng skilyrði við sölu á jörðum sínum að jarðasölur munu verða mjög erfiðar víðast hvar, verð lágt og sums staðar jafnvel jarðir óseljanlegar.

Viðhorfið til landbúnaðarins kemur reyndar fram á fleiri sviðum við þessa samningsgerð. Áður hefur verið rætt á Alþingi um ákvæði í viðbæti I við bókun 3 sem bætt var inn í að kröfu Evrópubandalagsins eftir að frá samningnum var gengið. Það ákvæði takmarkar rétt okkar til að leggja á jöfnunargjöld, eins og fram kom í ályktun Stéttarsambands bænda.

Viðræður halda áfram um fjölmörg önnur atriði sem snerta viðskipti með landbúnaðarvörur og eiga að vera í viðbótum II–VII við bókun 3. Í þeim viðræðum hefur Evrópubandalagið krafist þess að ákvæðin þar verði í samræmi við reglur Evrópubandalagsins, enda verði EFTA-löndin orðin aðilar að Evrópubandalaginu innan skamms. Svisslendingar og Norðmenn reyna hins vegar að berjast á móti þeim og hugsa um hagsmuni sinna landa. Hagsmunir Norðmanna og Íslendinga fara saman í ýmsum greinum og eru Norðmenn mjög undrandi á því að þeir skuli ekki fá eindreginn stuðning íslensku samninganefndarinnar við sínar kröfur. Stefnan sem íslensku sendinefndinni er hins vegar ætlað að fylgja kemur fram í bókun frá einum þessum viðræðufundi. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„En Ísland taldi erfitt að samþykkja stuðul í kjöti nema upp að 1,3% og 1% de minimis í kjöti, þó með þeim fyrirvara að Ísland mundi sýna sveigjanleika í málinu þannig að ná mætti málamiðlun og lausn."

Þó að niðurstaðan yrði Íslandi erfið er með öðrum orðum aðalatriði að ná samkomulagi. Samningurinn er aðalatriðið en ekki hvað í honum stendur að því er varðaði hagsmuni Íslands í landbúnaðarmálum. Þetta er reyndar í samræmi við yfirlýsingu utanrrh. í útvarpsviðtali nýlega þar sem hann sagðist oftar en einu sinni vænta þess að ná fram stefnu sinni í landbúnaðarmálum sem honum hefur ekki tekist á innlendum vettvangi og á Alþingi með erlendri samningagerð. Sérstaklega með GATT-samningnum þar sem eru enn þá meiri möguleikar en jafnvel í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið þó þar eigi að vera áfram opnir möguleikar til samninga og frekari eftirgjafar.

Í greinargerð garðyrkjubænda um áhrif samninganna um Evrópska efnahagssvæðið segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárfestingar í garðyrkju er ekki unnt að nýta til annars. Aukinn innflutningur getur því ef til skamms tíma er litið sett skuldugustu stöðvarnar á hausinn og ef til langs tíma er litið gert eldri garðyrkjustöðvar og stöðvar af jaðarsvæðum verðlausar. Árið 1990 var framleiðsluverðmæti grænmetis og blóma tæpur 1 milljarður kr. Heilsársstörf voru um 350 auk 200 sumarstarfsmanna. Ætla má að hverju starfi í framleiðslu tengist tvö ársstörf í þjónustu eða um 700 störf. Blómaframleiðendur eru sammála um að áhrifin geti orðið veruleg."

Það liggur fyrir að víðar munu störf glatast og framleiðsla leggjast niður. Hæstv. landbrh. hefur sagt að samningur um Evrópskt efnahagssvæði muni hafa í för með sér að Áburðarverksmiðju ríkisins verði lokað innan tveggja ára. Þar starfa nú á annað hundrað manns og 800 millj. kr. verðmætamyndun er hjá verksmiðjunni sem kemur þjóðarbúinu til góða þó að heildarframleiðslukostnaður áburðar sé nú eitthvað hærri en verð á innfluttum áburði, sérstaklega eftir það mikla umrót sem orðið hefur á markaði með tilbúinn áburð eins og fleiru í Evrópu eftir að viðskipti jukust við

Austur-Evrópu. Talið er að stóraukinn innflutningur áburðar þaðan hafi valdið a.m.k. 20% verðlækkun á áburði í Vestur-Evrópu þannig að verksmiðjur þar eru nú reknar með stórkostlegum halla. En að sjálfsögðu er ekki að vita hversu lengi það stendur og til lengdar verða auðvitað engar verksmiðjur reknar með miklum halla, hvorki í Austur-Evrópu né annars staðar. Í ofangreindri 800 millj. kr. verðmætamyndun er m.a. sá hluti sem ríkið gerir kröfu til að fá sem arð af eigin fjármagni í verskmiðjunni, sem er um 32 millj. kr. á ári, og einnig landsútsvar sem ekki fékkst niðurfellt eins og aðstöðugjaldið. Það er 1,3%. Þessir liðir munu að sjálfsögðu falla niður þegar verksmiðjan lokar og ríkissjóður mun einnig þurfa að greiða þeim atvinnuleysisbætur sem missa vinnuna fyrir utan það að ríkissjóður fær að sjálfsögðu ekki tekjur af launum þeirra sem þar hafa unnið. Verður þá úrræðið til þess að mæta þessari niðurfellingu á framleiðslu áburðar og bæta ríkissjóði þann halla að hækka skatta láglaunafólksins eins og grípa varð til hjá ríkisstjórninni fyrir síðustu áramót? Spurningin er þó kannski fyrst og fremst sú hvaða áætlanir ríkisstjórnin hefur gert um að bregðast við slíkum samdrætti í þjóðarframleiðslu og auknu atvinnuleysi eins og óhjákvæmilega verður afleiðingin af þeim atriðum sem ég hef nefnt.

Þannig væri hægt að halda áfram að benda á fjölmörg atriði sem gætu haft alvarlegar afleiðingar fyrir okkur ef þessi samningur kemur einhvern tíma komið til framkvæmda. En ég skal ekki tefja tímann með því að ræða það lengur að sinni. Til þess munu gefast tækifæri síðar ef nýr samningur verður gerður og hann lagður fram til meðferðar og afgreiðslu á Alþingi.

Hins vegar er nú orðið ljóst að einungis yrði tjaldað til einnar nætur og varla það með nýjum samningi þar sem samningaviðræður Evrópubandalagsins við hin EFTA-ríkin um inngöngu eru nú að hefjast af fullum þunga. Því er brýnna nú en nokkru sinni fyrr að spyrja hvað slík samningagerð þýðir. — Ég vildi spyrja hæstv. forseta hvort hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. eru einhvers staðar nærstaddir og mundu vilja svara örfáum atriðum sem mig langar að bera fram í lokin.

Forseti: Hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. eru báðir í þinghúsinu. Forseti mun því gera ráðstafanir til þess að þeir komi í þingsalinn. Óskir ekki hv. þm. eftir að þeir komi báðir?) Jú, það væri æskilegt.

Ég þakka hæstv. ráðherrum fyrir að koma hingað. Mig langaði í lok máls míns að spyrja hæstv. ráðherra að því hvaða framtíðarsýn þeir hafa um framgang þessa máls ef það tekst að gera nýjan samning á grundvelli þess sem hér er til umræðu milli EFTA-ríkjanna sem það vilja og Evrópubandalagsins.

Það liggur fyrir að önnur EFTA-ríki ætla sér að ganga í Evrópubandalagið eins fljótt og þau geta. Hvernig fer þá fyrir okkur? Eigum við þá að standa undir þeim stofnunum sem gert er ráð fyrir að koma á fót á grundvelli þessa samnings? Er líklegt að þessum stofnunum verði nokkurn tíma komið á fót þegar hin EFTA-ríkin eru kannski langt komin með samninga við Evrópubandalagið um inngöngu áður en frá þessum samningi verður endanlega gengið og hann fullgiltur? Er líklegt að EFTA-ríkin vilji leggja í kostnað við að byggja upp það stofnanakerfi og er líklegt að Evrópubandalagið vilji gera það? Hver er þá ávinningurinn af þessum samningi fyrir önnur EFTA-ríki en þau sem telja að hann sé áfangi til inngöngu? Hver yrði ávinningur okkar af slíkum samningi ef hann kæmist aldrei til raunverulegra framkvæmda vegna þess að ekki yrði lagt í að gera þetta stofnanakerfi?

Þetta finnst mér brýnna en nokkru sinni fyrr að fá einhverjar ábendingar um. Hæstv. ráðherrar hafa nýlega báðir verið á fundum erlendis þar sem þessi atriði hljóta að hafa borið á góma. Ég vænti þess því að þeir geti gefið einhverjar upplýsingar um það.

Ég ætla svo að láta máli mínu senn lokið. Ég hef minnst hér á nokkur atriði sem valda því að ég mun greiða atkvæði gegn frv. en þau væri að sjálfsögðu hægt að tíunda fleiri þó að vissulega sé líka hægt að benda á atriði sem jákvæð eru en hin vega þyngra í mínum huga. Það er óháð atriðinu um stjórnarskrárbrot sem mér sýnast mjög þung rök benda til að leitt hefði af fullgildingu þessa samnings. Þar sem að á grundvelli þessa frv. verður aldrei fullgiltur samningur má kannski segja í sjálfu sér að það að samþykkja það sé ekki brot á stjórnarskránni heldur viljayfirlýsing um að ganga þannig til verks.

Fyrir þá sem voru andvígir þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál og þá sérstaklega þingmenn og formann Alþfl., þá tel ég athyglisverð ummæli fyrrv. þm. Alþfl. og síðar forseta Íslands, Ásgeirs Ásgeirssonar, sem birtust í nýútkominni ævisögu hans. Þau eru þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„En trúin á þjóðina, traustið á almenningi er grundvöllur stjórnskipulags vors. Trú og traust á fólkið sem áður safnaðist í Almannagjá en nú í kosningum um land allt að undangengnum frjálsum umræðum. Þetta er eina stjórnskipulagið sem leysir þjóðirnar undan oki ofbeldisins. Kosningar eru aldrei hættulegar í lýðfrjálsu landi. Það væri áfellisdómur um lýðræðið sjálft."

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. vakti máls á nokkrum spurningum um stöðu okkar Íslendinga í þessu samstarfi í ljósi þess að fyrir liggja aðildarumsóknir annarra EFTA-ríkja að Evrópubandalaginu. Þetta er mál sem hefur þegar verið ítarlega rætt og skoðað. Það er hægt draga upp af þessu þá mynd að ef langvarandi dráttur verður á því að Evrópska efnahagssvæðið komi til framkvæmda, að samningurinn um það nái gildistöku, þá gerist það einhvern tíma á þeirri vegferð að hagur hinna EFTA-ríkjanna af samkomulaginu um EES minnkar og gæti jafnvel horfið ef þau sjá fram á að aðildarsamningarnir gangi það greiðlega að þeir geti komið í staðinn. Það er ástæðan fyrir því að við erum nú komin á seinasta snúning með þetta mál sem eina EFTA-ríkið sem ekki hefur þegar staðfest þennan samning þrátt fyrir ítarlegri umræður en dæmi eru um annars staðar.

Staða málsins er núna þessi: Það er stefnt að því að ná samkomulagi um viðbótarbókun sem tekur á þeim málum sem varða brottfall Sviss. Ákvörðun um þessa bókun þarf að taka í þessum mánuði. Stefnt er síðan að því að halda ríkjaráðstefnu aðildarríkjanna til þess að ganga formlega frá henni. Þessa viðbótarbókun þarf að leggja fyrir öll þjóðþingin og Evrópuþingið til staðfestingar. Áhætta hinna ríkjanna af því að ganga frá þessari viðbótarbókun án þess að Ísland hafi staðfest samninginn er út frá þeirra bæjardyrum, eins og þau hafa gert grein fyrir, mjög veruleg. Þ.e. að fara í það að endurtaka þetta ferli og þurfa hugsanlega að endurtaka það aftur. Það er ástæðan fyrir því að tíminn er nú útrunninn.

Ef þetta gengur hins vegar þannig að samningurinn nái gildistöku við fyrsta mögulegt tækifæri að lokinni slíkri viðbótarbókun, þá er ekki ástæða til að óttast að hagsmunir hinna ríkjanna séu ekki slíkir að þau vilji ekki ná EES-samningnum. Kostnaður þeirra við þessar stofnanir er þrátt fyrir allt það lítill í samanburði við þann kostnað sem þau hefðu af aðild.

Málið er því einfaldlega það að samningurinn liggur fyrir og ef hann verður staðfestur verður þessum stofnunum komið á fót. Ég er ekki í nokkrum vafa um að kostnaðurinn mun ekki koma í veg fyrir að það verði. Ávinningur annarra EFTA-ríkja er þrátt fyrir allt mikill af því að ná þessum samningi ef það stenst að aðildarumsóknarferlið taki þá um það bil tvö ár hið skemmsta. Um ávinning okkar af því að ná þessum samningi þarf ég ekki að orðlengja, en hið alvarlegasta í stöðunni er það að við einir EFTA-ríkjanna eigum ekki annarra kosta völ. Eins og fram kom í svörum hæstv. forsrh. áðan þá höfum við ekki í hyggju að sækja um aðild. Ef þessi samningur nær ekki gildistöku, þá erum við án samningsgrundvallar um brýnustu hagsmuni okkar við Evrópubandalagið.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. utanrrh. ítrekaði hér einu sinni enn að mikill og slæmur dráttur væri orðinn á samþykkt Alþingis. En ég held þó að öllum sé ljóst að afgreiðsla Alþingis eða afgreiðsluleysi hefur hingað til ekki tafið neitt framgang þessa máls. Það hafa önnur atriði gert. Mér finnst því að hann þurfi ekki að vera með þessar sífelldu ásakanir um það.

En ég vildi ítreka spurningar til hæstv. utanrrh. hvort hann hafi yfirlýsingar hinna EFTA-þjóðanna um að þær ætli sér að standa að því að koma upp þessum stofnunum þó að þær verði þegar fer að líða á þetta ár eftir forustu Dana innan EB komnar langt inn í það. Þegar þessar þjóðir eru komnar inn hverfur ekki sá kostnaður allt í einu. Þarna verða ráðnir menn til starfa og því verður ekki breytt fyrr en búið er að leggja þau störf niður aftur og einhvern tíma þar á eftir. Hverjir standa undir þeim kostnaði? Verða þær þjóðir sem að samningnum standa skuldbundnar lengi á eftir að standa undir kostnaðinum eða losna þær við hann um leið og þær ganga inn í EB? Hvernig verður þessu háttað?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. gefur sér þá forsendu að önnur aðildarríki EFTA en Ísland nái samningum við Evrópubandalagið og verði þar fullgildir meðlimir í náinni framtíð. Það er út af fyrir sig afar líkleg niðurstaða. Spurningin er: Hvenær ná þeir þessari niðurstöðu? Verður það á árinu 1995 eða verður á því frekari dráttur? Eða er jafnvel hugsanlegt að samningum verði hraðað enn frekar, eins og yfirlýsingar hafa heyrst um af hálfu formennskulands EB núna, Danmerkur, að þeirri pólitíski vilji standi til? Hvenær sem það verður, og við því er ekkert svar, þá gerum við ráð fyrir því að eftir að hin EFTA-ríkin eru orðnir fullgildir aðilar, þá breytist samningurinn að því er Ísland varðar í það að vera í reynd tvíhliða samningur. Í stað ákvæða samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól komi annað fyrirkomulag, einhvers konar eftirlit í líkingu við það sem við þegar þekkjum við framkvæmd fríverslunarsamnings við Evrópubandalagið. Um leið og þessar þjóðir væru orðnir fullgildir aðilar væri með öðrum orðum þeirra kostnaður við rekstur þessara stofnana lagður af og stofnanirnar reyndar sjálfar líka og miklu viðaminna kerfi tæki við svo sem eðli málsins segir sjálft.

Þetta hefur verið rætt bæði við fyrrv. utanríkisráðherra framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, Andriessen, og þetta hefur verið rætt við fyrrv. forseta ráðherraráðs Evrópubandalagsins, Douglas Hurd. Þeir hafa gefið þau svör að þetta sé skilningur þeirra á því hvernig líklegast er að verði á þessum málum tekið í framtíðinni að gefnum forsendum um þessar breytingar.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég lýsti afstöðu minni til þessa máls við 1. umr. um það þann 3. sept. sl. og þarf því ekki að eyða mjög löngum tíma í að gera grein fyrir þeim atriðum sem ég tel þó óhjákvæmilegt að láta koma fram til viðbótar. Ýmislegt hefur breyst frá því að málið var lagt fram á hv. Alþingi og tekið til 1. umr. Flest af því hefur aukið á óvissu um að EES-samningurinn verði nokkurn tíma að veruleika, a.m.k. í því formi sem fylgjendur hans hafa hugsað sér hann í framkvæmd og lýst ávinningum af honum fyrir landsmönnum.

Mig langar einmitt að koma að því að litlu leyti hvað menn hafa verið að segja við fólkið í landinu um hvað það muni hafa út úr því að Íslendingar verði aðilar að EES-samningnum. Fyrst kannski örfá orð um iðnaðinn. Mig langar, með leyfi forseta, að grípa niður sem dæmi um hvað sagt hefur verið við landsmenn og vitna í forustugrein Alþýðublaðsins, sem er annað málgagn ríkisstjórnarinnar í EES-málunum og má kannski gefa því heitið höfuðmálgagn. Í forustugrein í ágúst segir m.a.:

„Með EES-samningnum munu skapast gífurleg tækifæri fyrir íslenskar útflutningsgreinar. Það er ótrúlegt að hlusta á bölmóð stjórnarandstöðunnar og annarra málsvara þess að samningnum verði hafnað. Það

hlýtur að vera mikil skammsýni að vilja varpa frá sér helsta aflgjafa atvinnulífs til framtíðar á sama tíma og meiri samdráttur ríkir í íslensku atvinnu- og efnahagslífi en í langan tíma.

Lítið hefur verið rætt um möguleika íslensks iðnaðar í þessu sambandi. Eftir gjaldþrot ullariðnaðarins og frestun álversins á Keilisnesi er engu líkara en framtíð iðnaðar á Íslandi hafi verið afskrifuð í eitt skipti fyrir öll. Það er fjarri sanni. Sérhæfð íslensk framleiðsla og þjónusta mun í auknum mæli finna markað erlendis, ekki síst með EES-samningnum. Samningurinn tryggir íslenskum iðnfyrirtækjum, svo og öðrum fyrirtækjum meiri umsvif á stærsta og auðugasta markaði á jörðinni. Íslenskur fiskiðnaður mun þróast í átt til aukinnar verðmætasköpunar og útflutnings á fullunnum fiskafurðum, samkeppni mun aukast og skilvirkni í atvinnulífinu. Ekki síst mun iðnaður taka miklum framförum." Lokaorð þessarar forustugreinar eru þessi: „Ísland býður því upp á mikil tækifæri til útflutnings í framtíðinni, sérstaklega ef EES-samningurinn nær fram að ganga. Á þessi atriði eiga ábyrgir forustumenn í atvinnulífi og stjórnmálum að einblína í stað þess að stilla sér upp fyrir framan grátmúrinn mikla."

Þarna er ekki verið að skafa utan af því en ég vil sérstaklega vara við því sem menn hafa verið að koma á framfæri undanfarið vegna iðnaðarútflutningsins. Ótrúlega mikið er um það að fólk taki þetta alvarlega. En sannleikurinn er sá að menn hafa nákvæmlega ekki neitt í hendi sem gefur ástæðu til þess að vera bjartsýnir á það að íslenskur iðnaður muni fá ný tækifæri vegna EES-samningsins á næstunni. Hvers vegna segi ég þetta? Ég segi þetta vegna þess að sá markaður sem hér er verið að tala um eins og hann sé galopinn fyrir íslenskum iðnaðarvörum og bíði nánast eftir því að Íslendingar láti nú eitthvað frá sér fara inn á hann, er markaður fyrir risafyrirtæki á okkar mælikvarða. Hann er ekki markaður fyrir smáfyrirtæki eins og við eigum. Hann er markaður sem risafyrirtækin keppa um. Við eigum ekki eitt einasta slíkt risafyrirtæki í landinu sem getur keppt í þessum iðnaði. Einu fyrirtækin sem hægt er að tala um í þessu samhengi eru stóriðjuverin og framleiðsla í sjávarútvegi. Það er ekki um önnur fyrirtæki að ræða. Eina fyrirtækið sem mér dettur í hug að nefna í þessu sambandi úr iðnaði er fyrirtækið Sól hf. sem ýmsir þekkja hér á landi af þeim afrekum sem það hefur unnið á sl. árum. En það er kannski svolítið upplýsandi fyrir menn að velta því fyrir sér hvað það kostar að ná árangri á markaði eins og það fyrirtæki er að ná. Mig langar til þess, með leyfi forseta, að grípa niður í lítils háttar frásögn af markaðsátaki þessa fyrirtækis sem kom fram í blaði iðnrekenda sem heitir Á döfinni. Þar stendur m.a. þetta:

„Eftir tæplega sjö ár, 167 flugferðir, heimsókn í 252 fyrirtæki í 116 borgum og bæjum í 97 löndum, 74 fundi og tíu faxsýningar í fjórum heimsálfum var dósin okkar gersamlega misheppnuð þegar framleiðsla hennar hófst."

Þannig hljóðaði upphaf frásagnar Davíðs Schevings Thorsteinssonar, forstjóra Sólar hf., af ævintýrinu um Seltzerdrykkinn og vatnsútflutninginn. Það eru ekki mörg fyrirtæki í þessu landi sem hafa möguleika á því að leggja það á sig sem Sól hf. er búin að leggja á sig í sambandi við útflutning á Seltzer og vatni. Það síðasta sem ég heyrði forstjóra þess fyrirtækis segja var að þeir reiknuðu með því að fara að fá arð af þessum fjárfestingum sínum á árinu 1994.

Hvað mörg fyrirtæki skyldum við Íslendingar eiga sem eiga möguleika á því átaki sem þarna var á ferðinni? Og þó er talið að þær hugmyndir sem eru á bak við það sem þarna er verið að gera hafi verið sérstaklega góðar og í raun og veru vel heppnaðar og gefa góðar vonir. Við eigum því miður ekki mörg slík fyrirtæki og ég sé ekki fyrir mér að verið sé að skapa nýja möguleika af þessu tagi. Ég held að eitthvað stórkostlegt þurfi að gerast hér á landi ef iðnaðurinn á að skila okkur þeim væntingum sem verið er að vekja með þjóðinni vegna þessa samnings. Ég er sannfærður um það að eigi þjóðin á að hafa arð af þessum samningi á sviði iðnaðarframleiðslu verða stjórnvöld að ganga fram með einhverjum sérstökum hætti. Hér verður að stofna risafyrirtæki sem geta keppt á markaðnum. Því miður er viðleitni í þá átt ekki sjáanleg.

Ég reyndi í þeirri ræðu sem ég nefndi hér áðan við 1. umr. að rekja dálítið hvernig sjávarútvegurinn mundi standa sig í þeirri samkepni sem er fram undan á EES-svæðinu og þar sagði ég og segi það enn að ég tel að sjávarútvegurinn muni hafa einhverja ávinninga af þessum samningi ef hann verður að veruleika. En það er afskaplega erfitt að halda því fram að það muni verða góðæri í sjávarútvegi vegna samningsins. Í raun og veru er enginn rökstuðningur fyrir því. Hins vegar er búið að kasta upp peningnum og kann vel að vera að sjávarútvegurinn muni þurfa að leita sér annarra markaða að einhverju leyti ef ekki verður af samningnum. Ef verði af samningnum sjálfum eins og hann liggur fyrir gagnvart sjávarútveginum uggir mig að það jafnvægi, sem verið hefur á framboði á fiski á erlendum mörkuðum þar sem við höfum selt afurðir okkar, raskist mikið og að við munum ekki hafa til lengdar neinn verulegan ávinning af því sem flestir hafa bundið vonir við og er það t.d. útflutningur á ferskum flökum.

Svo virðist sem hugmyndirnar um nýjan útflutning séu ekki mjög fjölbreyttar og flestir þeir aðilar sem ég hef spurt um þessa hluti og sem hafa verið að hugsa sér að bregðast við vegna EES-samningsins hafa svarað því ef þeir hafa verið spurðir hvað þeir ætli sér nú að gera að þeir vilji flytja út fersk flök. Ég heyrði í fréttaþætti í Noregi fyrir nokkrum vikum að það er alveg það sama sem Norðmenn ætla að gera. Þeir ætla að græða á því að flytja fersk flök á markaðinn og hvernig verður þetta þá? Verður ekki framboðið allt of mikið? Getur það ekki farið eins og í sumar þegar Færeyingar fóru að flytja karfaflökin á þýska markaðinn? Það þurfti ekki meira til. Sá markaður hrundi. Ég er sannfærður um að þau ákvæði sem eru í EES-samningnum um frelsi í viðskiptum og hömlur á því að setja skorður við útflutningi muni hitta okkur fyrir að lokum. Við munum ekkert komast upp með það að stjórna

útflutningi með þeim hætti sem við höfum gert. Það eru það skýr ákvæði í EES-samningnum um þá hluti og ég vil vitna í þau ákvæði, með leyfi forseta. Samkvæmt 53. gr. samningsins er bannað að skammta vörur inn á markaðinn.

„Eftirfarandi skal bannað og talið ósamrýmanlegt framkvæmd samnings þessa: allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem geta haft áhrif á viðskipti milli samningsaðila og hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað á því svæði sem samningur þessi tekur til, einkum samningar, ákvarðanir og aðgerðir sem:

a) ákveða kaup- eða söluverð eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti;

b) takmarka eða stýra framleiðslu, mörkuðum, tækniþróun eða fjárfestingu;

c) skipta mörkuðum eða birgðalindum;

d) mismuna öðrum viðskiptaailum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og veikja þannig samkeppnisaðstöðu þeirra; ...“

Ég er ekki í vafa um að magntakmarkanir á útflutningi og allar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif munu verða stöðvaðar þegar til lengdar lætur og þá lendum við í því að verð mun lækka á mörkuðum okkar. Ég ætla ekki að spá um það hver sú lækkun getur orðið. Þjóðhagsstofnun hefur reynt að spá í þessi spil og ég er með skýrslu sem hún gaf út á árinu 1991 og þar koma fram mjög athyglisverðar hugmyndir um það hvað það sé mikið sem við höfum grætt á því á undanförnum árum að stjórna útflutningnum hjá okkur. Þá geta menn velt því fyrir sér hverjir tapi eftir að við hættum að geta stjórnað útflutningnum.

Ég vil ræða nokkuð um þann fyrirvara sem mikið hefur verið haldið á lofti um fjárfestingu í sjávarútvegi. Ég ræddi það nokkuð við 1. umr. en ég vil bæta við örfáum atriðum í sambandi við það. Ég tel að það sé að sýna sig enn betur eftir að umræðurnar um þennan samning urðu meiri að þessi fyrirvari um fjárfestingu í sjávarútvegi, sérstaklega í fiskiðnaði mun ekki standast. Hann mun falla mjög fljótlega, ég er ekki í vafa um það. Það er af mjög einföldum ástæðum. Það kann að vera að hægt verði að halda þessum fyrirvara um einhvern tíma a.m.k. gagnvart útgerðinni sjálfri en ekki gagnvart fiskvinnslunni af einfaldri ástæðu og hún er sú að það verður viðurkennt að erlendir aðilar geti komið inn í viðskipti með fisk. Um leið og honum er landað á fyrsta stigi, þ.e. á markað, þá hafa útlendir aðilar leyfi til þess að kaupa fiskinn. Dettur mönnum virkilega í hug að Íslendingar geti staðið á því til lengdar að banna útlendingi, sem hefur keypt fisk á íslenskum markaði, að vinna hann á Íslandi og væri það yfirleitt talið skynsamlegt? Ég tel það ekki vera. Ég tel að þessi fyrirvari sé ónýtur og hann muni sýna sig fyrr en varir ef samningurinn verður að veruleika.

Kannski ætti maður fyrst og fremst við þessi kaflaskil í EES-umræðunni að ræða um það hversu samningurinn er orðinn ótrúverðugur. Í upphafi umræðunnar var þó hægt að halda því fram að þetta yrði samningur sem mundi duga í einhvern tíma. En smám saman hefur verið að koma í ljós að enginn trúir á þennan samning nema Íslendingar. Hann er ekki frambúðarlausn fyrir neinn nema Íslendinga. EB hefur lofað því að fara í samningaviðræður við alla samningsaðilana um það að hætta í félaginu. Hvað væri eðlilegra en að Íslendingar segðu við EB í dag: Nú viljum við fá tryggingu fyrir því að við eigum samninga við ykkur um öll þessi mál sem hafa verið til umræðu og búið er að semja um í sambandi við EES-samninginn. Við erum búnir að samþykkja það að setja á viðræður við alla aðilana sem áttu að vera með okkur í félaginu. Ætlið þið að skilja okkur eftir? Mundu menn yfirleitt láta sér detta í hug að gera svona samninga sem enginn botn sést fram undan í til lengri tíma litið? Eru menn yfirleitt að gera viðamikla samninga af þessu tagi milli ríkja sem eiga ekki sjáanlegan meiri gildistíma fram undan en þann sem við sjáum fyrir okkur núna? Eða eigum við ekki að trúa því að meining sé í því bæði í umsóknunum hjá þeim ríkjum sem hafa sótt um aðild að EB og því að EB hefur samþykkt að hefja þessar viðræður? Ef við gefum okkur að þar sé full meining á bak við, en ég tel enga ástæðu til annars, þá hljótum við að verða að líta á þennan samning sem algera bráðabirgðalausn og sem bráðabirgðalausn er hann auðvitað fáránlegur. Þess vegna hlýtur að vera eðlilegt að þingið kanni það nákvæmlega hvort ekki er kominn flötur upp þar sem langflestir þingmenn hljóta að geta orðið sammála um það að fara að vinna að þeirri lausn sem eigi að taka við af EES-samningnum þrátt fyrir þann ágreining sem er um það hvort hann eigi að verða að veruleika eða ekki.

Ég er ekki viss um að það sé svo langt á milli skoðana margra hverra í þinginu um það hvað eigi að taka við ef marka má a.m.k. þær yfirlýsingar sem menn hafa gefið um það að þeir hafi engan áhuga á því og telji það ekki þjóna hagsmunum Íslendinga að ganga í EB. Meiri hluti virðist vera fyrir einhvers konar tvíhliða samningum við EB og það virðist nú vera það stutt í þá samningagerð að full ástæða sé til þess að fara að huga að henni í alvöru jafnvel þó svo að menn greini á um þann samning sem hér liggur fyrir eins og ég sagði áðan.

Margt í þessum samningi, sem hefur komið fram, væri auðvitað gaman að ræða og athyglisvert að taka til umræðu í þinginu. Það hefur verið mikið gagnrýnt að menn taki sér of langan tíma til að ræða málin. Út af fyrir sig held ég að það sé nú ekki gagnrýni sem menn eigi að láta á sig fá, en ég mun ekki eyða tíma þingsins mjög lengi vegna þessarar umræðu. Ég get þó ekki að mér gert að nefna örfá atriði í viðbót.

T.d. fannst mér undir þeirri ræðu sem hv. 11. þm. Reykv. hélt áðan þegar hann rökstuddi fyrir okkur af hverju hann ætlaði að sitja hjá í þessu EES-máli bera mikið á því sem ég vil kalla nauðhyggju. Menn telja að Íslendingar hafi ekki átt neinna kosta völ annarra en ganga til þessara samninga. Aðalrökstuðningurinn liggur í því að við fáum svo mikil tollfríðindi vegna sjávarútvegsins. Er ástæða til þess að taka þetta svona alvarlega? Eða hvers konar viðsemjendur erum við að tala hér um? Af hverju eigum við að óttast að við

EB-ríkin ein sé nánast ekki hægt að gera eðlilega samninga um viðskipti með fisk? Við höfum verið að gera viðskiptasamninga við önnur ríki um fríverslun með fisk. Hver segir að að hafi ekki verið hægt að gera slíka samninga við EB? Úr því að menn voru komnir í þau spor að vera tilbúnir til þess að gera samninga eins og þann sem við eigum eftir að ræða í þinginu, þennan tvíhliða samning um aðgang að landhelginni og „skipti á veiðiheimildum", þá tel ég alveg víst að við hefðum getað fengið samning um niðurfellingu tolla með svipuðum hætti og hann liggur fyrir í dag. Ég held því að í raun og veru hefðum við ekki þurft að leggja okkur eftir þessum EES-samningi til að fá þessar tollaniðurfellingar sem liggja nú fyrir handa okkur Íslendingum. Að óreyndu tel ég a.m.k. ótrúlegt að þær stóru viðskiptaþjóðir okkar sem þarna eiga hlut að máli séu miklu erfiðari og neikvæðari viðsemjendur en aðrar þjóðir sem við erum að semja um slíka hluti við. Ég tel þess vegna að það sé ekki viðbára sem hægt sé að taka gilda að hér hafi ekki verið hægt að semja um betri kjör við EB. Ég tel ekki rétt og mjög óeðlilegt að bera núgildandi fyrirkomulag á tollum saman við það sem á að taka við ef EES-samningurinn verður að veruleika og segja: Ef við skrifum ekki undir EES-samninginn, þá fáum við ekki neitt af þessu. Það er fráleitt og í raun og veru í ósamræmi við það sem við höfum samið um áður við þessi ríki. Aðallínan í tollasamningnum, svokallaðri bókun 6, eru ekki háir tollar. Þeir eru 3,7%. Það er aðaltollaprósentan þar. Svo eru fáar undantekningar með hærri tollum sem hefur ekki tekist að semja um fram að þessu vegna þess að við höfum ekki viljað hleypa skipum frá EB inn í íslensku landhelgina. Ég tel að þegar komið var að þeim straumhvörfum að menn voru tilbúnir til að ræða um það hafi í raun og veru verið möguleiki á að semja við EB um niðurfellingu tolla og jafnvel án þess að ganga svo langt sem gert hefur verið.

En fljótlega fer fram 2. umr. um sjávarútvegssamninginn og þá er hægt að fara yfir hann. Ég tel að hann sé með ólíkindum lélegur og geti reyndar ekki verið annar rökstuðningur fyrir honum en sá að þeir sem hann gerðu hafi talið sig vera að kaupa eitthvað annað en það sem í honum stendur.

Það er annars furðulegt að velta fyrir sér í sambandi við þessi mál afstöðu EB til sjávarútvegsmála hjá okkur Íslendingum, ef hún hefur þá verið eins hörð eins og okkur hefur verið gerð grein fyrir, eins örsmá og sjávarútvegsmálin eru í efnahagskerfi EB þar sem um er að ræða 0,14% af þjóðarframleiðslu þeirra þegar 16% af okkar þjóðarframleiðslu er í sjávarútvegi. Ég sé ekki fyrir mér að það hafi verið forsenda fyrir því að EB héldi út þessari hörku í samningaviðræðum við okkur um niðurfellingu á tollum nema vegna þess að menn vildu ekki að Íslendingar ynnu þennan slag. Svo langminnugt er kerfið. Að þessi litla þjóð skyldi berjast með þeim hætti sem gert var í landhelgismálinu og vinna þann sigur sem þar vannst, er ekki enn gleymt. Menn vilja þó í litlu sé hefna sín eða ná einhverju af því til baka og þess vegna erum við nú að fá hluta af flota EB inn í íslensku landhelgina ef sú ríkisstjórn sem nú situr fær vilja sínum framgengt.

Ég vil gera það að mínum lokaorðum, virðulegi forseti, að segja: Vaxandi líkur eru á því að þau ríki sem hafa undirbúið samninginn um EES með okkur gangi í EB og þar með þurfa þau að ganga strax í það verk að leysa það mál með öðrum hætti. Það er með ólíkindum að samningur sem er slíkur að stærð og umfangi og þessi sé til alvöruumræðu þegar allir aðilar sem eiga hlut að honum nema tvö örsmá ríki eru ákveðin í að finna aðra lausn sinna mála. Raunverulegur gildistími samningsins sem lausn á málum Íslendinga er því í algerri óvissu. Fylgjendur hans sem hafa haldið því fram að samningurinn muni færa okkur mikinn ávinning hljóta að verða að viðurkenna að við verðum að leita annarrar lausnar nú. Sú lausn þarf að vera tiltæk um leið og þörf verður á.

Það er hreint ekki víst að menn muni greina eins mikið á um leiðir til lausnar á málum okkar og nú mætti halda vegna umræðunnar um EES. Flestir virðast sammála um að aðild að EB komi ekki til greina. Það virðist þess vegna vera möguleiki á víðtækri samstöðu um að leita eftir tvíhliða samningi við EB sem kæmi í stað EES-samningsins. Það virðist augljóst að EB-ríkin muni viðurkenna að Íslendingar geti ekki gert ráð fyrir að EES-samningurinn dugi þar sem þau hafa samþykkt að hefja samningaviðræður við öll stærstu EFTA-ríkin um aðild að EB. Við þurfum þess vegna ekki að óttast að EB-ríkin taki ekki vel beiðni okkar um viðræður um tvíhliða samning.

Ég hvet sem sagt til þess að menn fari að íhuga næsta skref. Það kann vel að vera að það verði engin önnur leið en að hætta að rífast um þennan EES-samning og útkljá hann að lokum með atkvæðagreiðslu í þinginu sem ég tel í raun og veru hið mesta óráð. Það ætti að leggja þennan samning nú þegar til hliðar og vinna að víðtækri samstöðu um framhaldið vegna þess að það ætti að vera orðið hverjum manni augljóst að það er engin framtíð í EES-samningnum.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. lýsti miklum efasemdum um ágæti þess samnings sem hér er til umræðu og kom það út af fyrir sig ekki á óvart. Hann lýsti því m.a. að það væri ekki fyrirhafnarinnar virði að fá möguleika til þess að fara inn á markaðinn sem samningurinn gerir ráð fyrir og það væri einungis á færi risafyrirtækja að berjast á þeim markaði. Auðvitað er þetta fjarri lagi.

Það sem vakti hins vegar athygli mína voru vangaveltur hv. þm. um það hvort ástæður væru til að hafa uppi fyrirvara um fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegi. Ég gat ekki heyrt að hann væri á móti því að erlendir fjárfestar kæmu inn í sjávarútveginn. Hann velti þessu mjög fyrir sér en það kom ekki fram.

Ég hefði mikinn áhuga á að heyra hvort það sé virkilega svo að hv. 3. þm. Vesturl. telji æskilegt og af hinu góða að erlendir aðilar hefji fjárfestingu í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum og þeir fái heimild til þess að koma inn í útgerð og fiskvinnslu. Það vakti a.m.k. sérstaka athygli mína og væri mjög fróðlegt að

heyra afstöðu þingmannsin varðandi það atriði.

Það hljóta að vakna mjög margar spurningar þegar við þingmenn hlustum á allar þær efasemdaraddir sem koma fram hjá hv. stjórnarandstæðingum. Ef þingmenn telja að e.t.v. hefði í tvíhliða samningum mátt ná betri árangri með því að fórna einhverju af meginhagsmunum okkar í sjávarútvegi, þá tel ég að vörnin sé orðin afar hæpin hjá hv. þm.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég endurtek bara það sem ég sagði um risafyrirtækin. Ég tel að ekki þurfi að velkjast lengi með mönnum ef þeir horfa á hvernig útflutningur er saman settur frá þeim löndum sem hér er um að ræða. Til þess að keppa á þessum markaði þurfa fyrirtækin að vera gífurlega stór á okkar mælikvarða. Svoleiðis fyrirtæki eigum við ekki nema í sjávarútvegi. Ég endurtek það.

Hv. þm. spurði mig hvort ég væri að gefa það til kynna að ég vildi hleypa erlendum fjárfestingum í íslenska sjávarútveginn. Nei, ég er ekki tilbúinn til þess að gera það. En ég tek líka sérstaklega fram að ég er á móti þessum samningi eins og hann liggur fyrir og þar með á móti málinu í heild. Ég var einfaldlega að segja frá því að ég tel það víst og finnst augljóst að um leið og þessi samningur er orðinn að veruleika, ef hann verður það, muni þessi fyrirvari hvað varðar sjálfa fiskvinnsluna í landinu falla af mjög einföldum ástæðum sem ég lýsti hér áðan, þ.e. að á fyrsta stigi munu erlendir aðilar fá möguleika til að kaupa fiskinn. Það verður mjög erfitt að rökstyðja það í framhaldinu að þeir megi ekki vinna fiskinn hér í landinu heldur verði að flytja hann beint út til þess að vinna hann þar. Þannig held ég að sá fyrirvari muni falla mjög fljótt.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er athyglisvert við þessa umræðu í dag að fyrri hluti hennar hefur snúist um það að þingmenn Alþb. hafa verið að ráðast á þá þingmenn Framsfl. sem ætla að sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu. En nú ber svo við að einn af hv. þingmönnum Alþb. er farinn að ráðast á samþingmenn í Alþb. og forustumenn þess flokks fyrir fjárfestingarfyrirvara. Hv. 3. þm. Vesturl. lýsir því hér yfir að fjárfestingarfyrirvarinn sé að hans mati gagnslaus. En hver er þessi fjárfestingarfyrirvari? Hann er í lögum sem forustumenn Alþb. í fyrrv. ríkisstjórn beittu sér fyrir og var lögfestur hér á síðasta kjörtímabili. Þá átti hv. 3. þm. Vesturl. að vísu ekki sæti á Alþingi en nú kemur hann upp og segir að þetta sé gagnslaus fyrirvari. Þeim skeytum er auðvitað beint í garð eigin flokksmanna og fyrst og fremst í garð hv. 8. þm. Reykn. sem hér hlustar því að engir aðrir eiga þau skeyti.

Það er athygli vert einnig að hv. þm. viðurkenndi það hér að ef við gerumst ekki aðilar að þessum samningi sé líklegt að sjávarútvegsfyrirtækin þurfi að leita annarra markaða.

En hann byrjaði ræðu sína á því að lýsa því hvers konar gífurlegur kostnaður fylgdi því að afla nýrra markaða og las tölur um það hvernig fyrirtækið Sól hf. hefur þurft að verja fjármunum til þess að markaðssetja plastdós. En það er einmitt þessum kostnað sem hv. þm. vill varpa yfir á sjávarútvegsfyrirtækin í landinu, m.a. í sínu eigin kjördæmi, með því að ganga gegn þeim samningi sem hér liggur fyrir. Hann vill varpa þessum nýja markaðskostnaði yfir á sjávarútvegsfyrirtækin í landinu. Annað verður ekki lesið út úr afstöðu hans þegar hann lýsir því yfir að hann ætli að verða á móti þessum samningi.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tek það ekkert aftur, þó að hæstv. sjútvrh. sé að eigna mínum flokksmönnum þennan fjárfestingarfyrirvara, að ég tel að hann muni ekki halda. Mér finnst ekki skynsamlegt að halda því fram. Menn verða auðvitað að haga sinni afstöðu eftir eigin skynsemi en ekki eftir því hverjir settu einhver lög sem eru í gildi.

Eins og ég sagði fyrr er ég er á móti þessum samningi og ég tel að til þessa fyrirvara þyrfti ekki að koma. Það þyrfti ekki að reyna á hann með þeim hætti sem mun gerast ef EES-samningurinn verður að lögum.

Þegar ég lýsti því hvernig það væri að komast inn á markaðina sem hér er verið að bjóða fólki upp á og er lýst með mörgum, fögrum orðum, var ég að lýsa því hvernig iðnaðurinn stæði að vígi til þess að komast inn á þessa markaði. Ég tek það ekki heldur aftur að ég tel að aðeins örfá mjög stór fyrirtæki geti gert þá hluti. Sjávarútvegurinn hefur getað gert svona lagað einfaldlega vegna þess að hann hefur út á við fram að þessu virkað sem mjög stór aðili. Hann hefur með samstarfi fyrirtækja í sjávarútvegi tekist að komast inn á markaði með mjög öflugum hætti. Vonandi mun takast að gera það áfram.

Ég held ekki að það sé hægt að alhæfa um hlutina með þeim hætti sem hæstv. sjútvrh. var að gera að sjávarútvegurinn muni hrökklast af þessum mörkuðum ef þessi samningur verður ekki að veruleika. Ég tel að markaðirnir þurfi á okkar sjávarafurðum að halda og muni þess vegna halda áfram að kaupa íslenskar sjávarafurðir. Hins vegar má búast við því að samkeppnin verði erfiðari.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. er nú að komast í hring í málatilbúnaði sínum. Í fyrri ræðunni lýsti hann því yfir að hann reiknaði með því að fyrirtæki í sjávarútvegi þyrftu að flytja sig yfir á aðra markaði ef við gerðumst ekki aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Nú í andsvarinu telur hann að það séu nú ekki miklar líkur á því. Hér er því hv. þm. kominn á býsna mikið undanhald. En eftir stendur að hann viðurkennir þann mikla kostnað sem af því hlýtur að hljótast að fyrirtækin þurfi að hasla sér völl á nýjum mörkuðum. Afstaða hans gegn þessum samningi felur í sér að hann vill að sjávarútvegsfyrirtækin í landinu þurfi að takast á við þann kostnað. Að öðru leyti viðurkenndi hv. þm.

að umræðan hér í dag hefði fyrst og fremst snúist um innbyrðis átök milli stjórnarandstöðuflokkanna og nú eftir ræðu hans innbyrðis átök milli þingmanna Alþb. sjálfs vegna fyrri ákvarðana Alþb. í þessum efnum.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er bara gaman að því hvernig hæstv. sjútvrh. tekur á þessum málum. Hann segir að ég hafi farið í hring. Ég sagði það og endurtek það — ég tel að hann hafi ekki hlustað nægilega vel á það sem ég var að segja — að að hluta til gætu íslensk sjávarútvegsfyrirtæki þurft að flytja sig yfir á aðra markaði. Þau verða þá að taka því ef þannig fer vegna þess sem búið er að gera. Menn geta ekki barið höfðinu við steininn. Ég tel aftur á móti að það þjóni litlum tilgangi að rífast við hæstv. ráðherra um það sem honum finnst um þær umræður sem hafa farið hér fram. Ég hef ekki tekið þátt í því að vera neitt sérstaklega að reyna að hengja upp á eyrunum þá sem ætla að sitja hjá í þessari atkvæðagreiðslu, taldi satt að segja að varla væri tími til þess og nenni því ekki mikið. En það er auðvitað mjög merkilegt hvaða afstöðu menn hafa tekið í Framsfl. og erfitt fyrir þann flokk að standa í þeim umræðum sem hér eru.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 4.48 síðdegis.

93. FUNDUR

þriðjudaginn 5. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 372, 376, 411 og 470, brtt. 374. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem fjmrh., Friðrik Sophusson, 2. þm. Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi, er erlendis og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi, Þuríður Pálsdóttir yfirkennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta ritar Geir H. Haarde, formaður þingflokks Sjálfstfl.

Þuríður Pálsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa.

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 372, 376, 411 og 470, brtt. 374.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hér hljóðs um þingsköp vegna þess máls sem er á dagskrá þingsins í dag, frv. til laga um Evrópskt efnahagssvæði. Tilefnið er það sem ég vil beina til hæstv. forseta að krafan um það að ræða þetta mál í þinginu nú að loknu jólahléi er byggð á því af hálfu ríkisstjórnar ekki síst að fram undan sé í þessum mánuði ríkjaráðstefna eða ráðstefna diplómata milli Evrópubandalagsins og EFTA um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Hæstv. utanrrh. sagði við umræðu 21. des., um það leyti sem frestað var umræðu um þetta mál eða í aðdraganda þess, þar sem ræddar voru fréttir af fundi utanríkisráðherra Evrópubandalagsins að líkur væru á því að boðað yrði til ríkjaráðstefnu þegar í janúarmánuði og vitnaði í því sambandi til danska utanríkisráðherrans sem fer með formennsku í ráðherraráði Evrópubandalagsins frá áramótum.

Nú hef ég um það upplýsingar frá Brussel á þessum morgni að það sé ekkert á dagskrá hjá framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins sem hefur málið með höndum í framhaldi af fundi utanríkisráðherranna og átti að þreifa á möguleikum til samkomulags, að það sé ekkert á dagskrá að halda slíka ráðstefnu í þessum mánuði og það geti ekki verið á dagskrá hjá Evrópubandalaginu vegna þess að framkvæmdastjórnin hefur ekki umboð til þess að fjalla um málið, til þess að semja um málið, og það getur fyrst verið að loknum næsta fundi utanríkisráðherra Evrópubandalagsins 1. febr. nk. að slíkt umboð fengist og er þó í algjörri óvissu.

Ég tel, virðulegur forseti, að það sé mjög einkennilegt að við séum hér að ræða þetta mál og það sé sett á dagskrá þingsins þegar þær upplýsingar sem frá hæstv. utanrrh. og ríkisstjórn koma um þetta mál reynast ekki traustari en þetta ber vitni sem ég hef rakið hér. Ég vil skora á hæstv. forseta og forsætisnefnd þingsins að fara yfir þetta mál í ljósi þessa, rangra upplýsinga af hálfu ríkisstjórnarinnar um stöðu málsins hjá Evrópubandalaginu, og yfir það verði farið.

Ég tel líka, virðulegur forseti, og vil nefna það hér áður en ég lýk máli mínu að það sé einkennilegt, svo ekki sé dýpra í árinni tekið, að ætla að afgreiða hér frá Alþingi lög sem hafa ekkert gildi í reynd. En það er ljóst að það frv., sem hér er rætt og er á dagskrá þings-

ins, hefur í raun ekkert gildi og er það hugmynd þeirra sem bera þetta frv. fram við þingið, að leggja það fram við forseta Íslands, eins og stjórnarskrá kveður á um hálfum mánuði eftir að atkvæðagreiðsla færi fram að lokinni 3. umr., að staðfesta lög sem í rauninni hafa ekkert gildi í reynd. Ég tel óhjákvæmilegt að yfir þessi efni verði farið og skora á hæstv. forseta að gera það hið allra fyrsta og að hafa samráð og funda um það í forsætisnefnd þingsins.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hefur hlýtt á ábendingar hv. 4. þm. Austurl.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það var vissulega tímabært að benda á þetta sem hv. 4. þm. Austurl. benti hér á, að við erum í raun og veru að ræða hér mál sem þyrfti ekkert að vera á dagskrá. Það er orðið svo úr takt við raunveruleikann að það er nánast algerlega tilgangslaust að ræða það þó við séum að ræða að sjálfsögðu mjög mikið og stórt mál sem er þessi samningur, að margra dómi það viðamesta sem Alþingi hefur staðið frammi fyrir frá stofnun lýðveldis. Það er því mjög eðlilegt að margir þurfi að tjá sig um það mál. Annað væri óeðlilegt. Það er misjafnt hve mikið mönnum er niðri fyrir og fer þá ræðutími nokkuð eftir því.

Staðan í málinu er þessi: Í allt haust höfum við verið að vinna að ýmsum málum í nefndum sem tengjast þessu frv. um Evrópskt efnahagssvæði beint eða óbeint. Um frv. sjálft hefur verið fjallað á ótal fundum. Mig minnir að einhver hafi nefnt töluna 90 fundi í utanrmn. Ekki efast ég um það að vel hafi verið farið í málið af hálfu þeirrar nefndar þó að ég sé nú ekki endilega sannfærð um það eins og hæstv. utanrrh. að þeir sem þar sitja viti mest um EB og EES. Það minnir mig raunar á það að hæstv. utanrrh. er ekki hér viðstaddur þessar umræður og ég vildi nú biðja um það að hann sæti fundinn, virðulegi forseti. (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess að koma boðum til hæstv. utanrrh.)

Ég held hins vegar að þingmenn, þó að hæstv. utanrrh. telji það ekki, hafi sett sig mjög vel inn í þetta allir sem einn en hafi þeir ekki gert það, þá tel ég það ámælisvert. En nú við 2. umr. erum við hins vegar í þeirri sérkennilegu stöðu að þetta frv. sem við erum að ræða stenst ekki lengur. Við getum ekki greitt atkvæði um það vegna þess að það er ekki í takt við raunveruleikann. Í 1. gr. frv. um Evrópskt efnahagssvæði er rætt um aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu sem samningsaðila. Í þeim samtökum er Sviss eitt af sjö ríkjum en Sviss hefur fellt samninginn svo sem kunnugt er. Þar af leiðandi er þessi setning ekki lengur gild. Það eru ekki Fríverslunarsamtök Evrópu sem standa að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði.

Í öðru lagi er samningur milli EFTA-ríkja um stofnun öryggisstofnunar og dómstóls sem einnig var undirritaður í Óportó 2. maí 1992 og samkvæmt þeim samningi sitja í eftirlitsstofnun EFTA sjö eftirlitsfulltrúar skipaðir af EFTA-ríkjum og í EFTA-dómstólnum eiga að sitja sjö dómarar, einn frá hverju EFTA-ríki. EFTA-ríkin eru sjö. En nú á þessari stundu eru það aðeins sex ríki EFTA sem standa enn að þessum samningi. Eigum við þá að samþykkja að Sviss eigi þarna einn dómara af sjö og gera seinna einhverja bókun í þá átt að þetta eigi ekki lengur við af því að Sviss hafi fellt samninginn? Sama eða svipað má segja um fastanefnd EFTA. Þar er gert ráð fyrir samstarfi EFTA-ríkja um ákvarðanatöku, stjórnun, framkvæmd og samráð vegna samningsins. EFTA-ráðið á hins vegar að starfa áfram samkvæmt stofnsamningi um Fríverslunarsamtök Evrópu og reka skrifstofu sem á einnig að starfa fyrir fastanefndina. Þarna er verið að setja í einn allsherjarhrærigraut nefndastarf allra EFTA-ríkja og svo þeirra EFTA-ríkja sem standa að Evrópsku efnahagssvæði enn þá. Sjá menn virkilega ekki hvílíkur óskapnaður er að verða úr þessu öllu saman? Hann hefur að vísu alltaf verið óskapnaður að *mínu áliti* þessi samningur um Evrópskt efnahagssvæði en ekki skánar hann við það sem kemur í ljós þegar eitt ríkjanna í EFTA hefur fellt hann.

Í greinargerð lagaprófessorsins Björns Þ. Guðmundssonar um málsmeðferð þessa frv. segir m.a. að texti 1. gr. frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðissamninginn eins og ætlunin er að samþykkja hann sé meiningarleysa. Hann færir skýr rök fyrir þeirri staðhæfingu í sinni grg. til utanrmn. þann 22. des. sl. og hef ég að nokkru stuðst við þær röksemdir. Ég verð að segja að sú óbilgirni sem hæstv. utanrrh. sýnir í þessu máli er með ólíkindum — og nú sakna ég aftur hæstv. utanrrh. virðulegi forseti. — Að halda því fram að ekkert sé því til fyrirstöðu að afgreiða samninginn eins og hann liggur fyrir. Eftir atkvæðagreiðsluna í Sviss er komin upp ný staða í málinu. Svisslendingar áttu að greiða um þriðjung af kostnaði við Evrópskt efnahagssvæði og nú hefur Spánn neitað að fullgilda samninginn fyrr en það er komið á hreint hvernig með þær skuldbindingar verður farið og vill auðvitað að hin EFTA-ríkin taki á sig þær fjárskuldbindingar sem Sviss var áður ætlað að greiða.

Samningagerðin um Evrópskt efnahagssvæði er í mikilli óvissu og við ættum að þakka fyrir að vera ekki komin lengra í afgreiðslu hans en raun ber vitni. Það gæti orðið okkur til mikils tjóns að ljúka þessum samningi nú. Fiskveiðisamningurinn sem honum tengist er ónýtt plagg, ekki pappírsins virði, og það er til merkis um flaustursleg vinnubrögð hæstv. utanrrh. að tillögu til þál. um samning milli Íslands, Grænlands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu hér í kring hafði gleymst að leggja fram þar til á síðasta degi þingsins fyrir jól. Á heimildum Grænlendinga samkvæmt þessum samningi byggist þó sú túlkun að þeir geti selt EB veiðiheimildir til loðnuveiða sem EB ætlar síðan að nota sem skiptimynt í staðinn fyrir veiðiheimildir á karfa hjá okkur. Það er ekkert sem rekur á eftir þessu máli nú nema hroki og ráðríki í hæstv. utanrrh. Ég verð reyndar að segja að ég kannast við þá eiginleika hans af kynnum okkar á Ísafirði forðum og hann hefur ekki borið gæfu til að lagfæra þá með árunum. Hann virðist hafa tileinkað sér í pólitísku starfi að fara sínu fram og vaða yfir skoðanir annarra eins og

engispretta á akri. Ég hef heyrt margan manninn hafa svipaðar skoðanir á framferði hæstv. utanrrh. í þessu máli og ummæli hans í fjölmiðlum undanfarnar vikur um vinnubrögð Alþingis eru dæmi um hrokagikkshátt. Og í greinargerð Björns Þ. Guðmundssonar sem ég nefndi hér áðan segir hann m.a. í niðurlagsorðum, með leyfi forseta:

„Ég óttast ekki dóm réttarsögunnar um þær lögfræðilegu skoðanir sem ég hef leyft mér að hafa á stjórnarskrárþætti þessa máls, annars vegar og þeirri lögfræðilegu málsmeðferð sem nú er höfð uppi við afgreiðslu margnefnds frv. Ég óttast hins vegar þann valdahroka sem ýmsir embættismenn þjóðarinnar hafa tamið sér í samskiptum við samborgara sína og er engu líkara en sumir ráðherrar telji lýðræði og þingræði beinlínis vera til trafala í þjóðfélagi okkar."

Þetta eru niðurlagsorð lagaprófessorsins Björns Þ. Guðmundssonar í þessari greinargerð sem hann sendi utanrmn. Alþingis hinn 22. des. sl. Ég tek undir það að þegar valdamestu menn þjóðarinnar eru farnir að haga sér með þessum hætti, þá er lýðræðinu hætta búin. Og að halda því fram að þetta sé eina málið sem skiptir nokkru fyrir okkur Íslendinga nú á þessari stundu er með eindæmum. Ég hefði haldið að þau væru talsvert fleiri. Ég tel að á næstunni verði það kjaramálin sem verði hér í brennidepli. Ríkisstjórnin hefur rofið þjóðarsáttina og launþegar flestir eru með lausa samninga. Það er ekki víst að þær skattalagabreytingar, sem keyrðar voru í gegnum þingið fyrir jól og tekjuöflun ríkisins byggist á, verði langlífar. Þær lagabreytingar hefðu þurft mun meiri umfjöllun og kannski hefði þá verið hægt að breyta þeim til betri vegar. Svo er því haldið fram, m.a. af hæstv. utanrrh., að stjórnarandstaðan sé að tefja málið, halda langar ræður og tefja fyrir ríkisstjórninni á allan hátt. En það er nefnilega þannig að það hefur verið nægur tími til þess í haust að ræða og afgreiða frv. um Evrópskt efnahagssvæði. Það sem vantaði var að sjávarútvegssamningurinn lægi fyrir. Það var alltaf vitað að frv. yrði ekki afgreitt nema svo væri. Sjávarútvegssamningurinn kom hins vegar ekki á dagskrá fyrr en 3. des. sl. og er aðeins búin þar 1. umr. og nú hefur staðan breyst vegna Sviss. EFTA-ríkin eru ekki lengur sem heild aðili að samningnum. Forsendurnar hafa breyst. En hæstv. ráðherra utanríkismála neitar að viðurkenna það.

Evrópskt efnahagssvæði getur ekki orðið að veruleika fyrr en í fyrsta lagi líklega í júlí á þessu ári og mörg EB-ríki eiga enn eftir að samþykkja samninginn. Oft hefur staðan í pólitík breyst á styttri tíma en 6 mánuðum. Það getur því margt breyst enn þá. En ég hef grun um að hæstv. ráðherra vilji ekki eiga slíkt á hættu. Hann verður að geta sagt vinum sínum í Evrópu að málið sé í höfn á Íslandi.

Ég ætla raunar ekki að eyða tíma í að rekja þetta mál í sögulegu samhengi. Það hafa margir gert á undan mér og ég þarf engu sérstöku við að bæta. En ég ætla hér að lokum að skoða þetta mál út frá sjónarmiði jaðarbyggða.

Ísland er oft sagt vera á mörkum hins byggilega heims. Í Evrópu er og verður Ísland í jaðarbyggð. Um það eru menn sammála. Og ef við ætlum að reyna að sjá fyrir okkur þróun mála hér í framtíðinni í tengslum við þetta Evrópska efnahagssvæði er best að byrja í smærri einingum og skoða hvernig málin hafa þróast á þessari öld á okkar litla Íslandi. Ef við förum eins og 60 ár aftur í tímann og skoðum byggðina eins og hún var, þá komumst við að raun um að þá var búið í hverjum firði, í hverri vík í landinu eða svo til. En svo hófst tæknivæðingin. Fólkið leitaði til þorpanna, þjappaði sér saman og komst að raun um að hreyfing fjármagnsins var meiri þar sem fólkið var fleira. Margir nýttu sér tækifærin sem buðust og urðu vel efnaðir á því að nota vinnukrafta hinna fátækari sér í hag. Og bæir urðu til og höfuðborg reis úr ösku og varð að stórborg. Sú stórborg sogaði til sín fjármagnið sem var til í frumvinnslunni úti um landið og eftir fjármagninu kom fólkið alveg eins og gerðist í þorpunum áður. En í sameinaðri Evrópu verður höfuðborgin okkar eins og lítið þorp úti á landi. Og þegar frelsi fjármagnsins, þjónustunnar og vinnuaflsins er orðið algert, þá leitar það inn að miðju. Það kemur ekki hingað innlent fjármagn til að rétta við okkar smáu og illa stöddu fyrirtæki. Til hvers ætti það að gera það? Það er ekkert á því að græða. Arðsemissjónarmiðið ræður, markaðurinn ræður og markaðurinn er Evrópa en ekki Ísland. Eru ekki lífeyrissjóðirnir að leita sér ávöxtunar erlendis nú þegar?

Í Morgunblaðinu föstudaginn 18. des. sl. segir, með leyfi forseta: „Lífeyrissjóðir byrjaðir að fjárfesta erlendis. Fjórir íslenskir lífeyrissjóðir hafa fjárfest í erlendum verðbréfum á þessu ári fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækisins Handsals hf. Nemur fjárfesting þeirra um 15 millj. kr. Að sögn Pálma Sigmarssonar, framkvæmdastjóra hjá Handsali, var settur á stofn deildaskiptur verðbréfasjóður í þessu skyni, Handval hf., og hefur hann fjárfest fyrir 70 millj. kr. í erlendum hlutabréfasjóðum." Þetta er aðeins byrjunin og jafnvel talað um að lífeyrissjóðirnir muni fara sér hægt til að byrja með, varlega, en þeir eru byrjaðir og fleiri fylgja á eftir.

Þegar hringiða fjármagnsins er komin til Evrópu þá mun fólkið ekki lengur telja eftirsóknarvert að búa á Íslandi. Það leitar inn að miðju, miðju Evrópu alveg eins og gerðist í landinu áður. Það sem verður eftir er frumvinnslan. Nokkrir stórir verksmiðjutogarar sem sópa upp þeim fisktegundum sem enn verða veiðanlegar. Landbúnaður leggst af því hann borgar sig ekki, farandverkafólk frá fátækum löndum kemur e.t.v. hingað, en hér verður ekki það gósenland viðskiptanna sem forsvarsmenn Evrópsks efnahagssvæðis halda fram. Evrópskt efnahagssvæði byggist á hagkvæmni stærðarinnar, ekki á kostum smæðarinnar, vegna þess að það skilar sér ekki í beinhörðu gulli. Kostir smæðarinnar eru fólgnir í öðru. Þeir eru fólgnir í því að vera hluti af landinu, hluti af íslenskri náttúru, vera frjáls Íslendingur í fullvalda ríki, en það skilja þeir ekki sem eru blindaðir af Evrópuhyggjunni, sem selja aðgang að fiskimiðunum fyrir pappírsfisk og tollaívilnanir, sem stendur á sama þó þeir samþykki lög sem að áliti hinna mætustu manna brjóta í bága við stjórnarskrána. Og

sem senda síðan hluta af löggjafar- og dómsvaldinu í hraðpósti til Brussel.

Ég held því þó ekki fram að það finnist ekki einhverjir kostir í samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Þeir eru til, en í mínum huga vega þeir aðeins 25% á móti göllunum sem eru 75%. Ég er engan veginn tilbúinn til að borga þrefalt verð fyrir þá kosti.

Virðulegi forseti. Ég hef hér málað e.t.v. í nokkuð dökkum litum framtíðarmyndina innan Evrópsks efnahagssvæðis. Það þarf stundum sterka liti til að ná athygli. Það þarf kannski heldur ekki Evrópskt efnahagssvæði til þess að þróunin verði á þennan veg sem ég hef lýst en samningurinn stefnir að þeirri þróun. Ég óttast það að menn haldi ekki skarpri sjón og horfi til allra átta vegna þess að þeir hafa blindast af Evrópuhyggjunni. Við Íslendingar eigum að móta viðskipti okkar við aðrar þjóðir með tvíhliða samningum en ekki með pólitískum bandalögum. Við höfum líka góða viðskiptamöguleika á grundvelli nýrra GATT-samninga og samstarf okkar við aðrar þjóðir eigum við að rækta á öðrum sviðum, í Norðurlandaráði, í Evrópuráðinu og hjá Sameinuðu þjóðunum sem sjálfstæð þjóð.

Ég mæli eindregið á móti því að við samþykkjum frv. um Evrópskt efnahagssvæði, m.a. af þessum ástæðum sem ég hef hér rakið. — Nú sé ég, virðulegi forseti, að hæstv. utanrrh. er mættur hér og les blaðið sitt. Ég vænti þess þó að hann hafi hlustað á eitthvað af því sem ég hafði hér að segja.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Hér í morgunsárið höfum við fengið nýjar upplýsingar frá hinni stóru Brussel um að ráðstefna eða fundur sem fyrirhugað var að halda í kommissaríatinu hafi ekki verið boðaður og verði ekki boðaður á næstunni. Þetta sýnir auðvitað það sem ég hef í æðimörg ár haldið fram, að lítið er að marka það sem kemur frá þessu merkilega kompaníi, svo ég noti orðalag hv. þm. Páls Pétursson ar sem hér er mættur að venju og mun vafalaust eitthvað láta frá sér heyra. Ég veit ekki hvort hæstv. utanrrh. veit þessi síðustu tíðindi, ef svo væri þá væri náttúrlega mjög gott að fá vitneskju af hans hálfu um hvaða ný ákvörðun það sé um að fresta þessum málum. Veit ráðherrann um þetta, sem ég er að tala um? — Hann veit ekki um það, gefur það til kynna með höfuðhreyfingu. En ég efast ekki um að það sé rétt hermt af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að þarna sé enn einn brestur kominn og að málið sé í upplausn, ekki af okkar völdum heldur annarra. Allt á það væntanlega eftir að skýrast.

Þó mér sýnist að varla geti svo farið að ekki verði talsverður dráttur á því að einhverjar nýjar hræringar komi að utan, þá skal ég tala í litla stund meðan mál eru að skýrast og við fáum nýjar upplýsingar. Ég mundi þá fá að tala síðar ef því væri að skipta.

En kannski ég fari svolítið aftur í tímann og taki til við að benda á það að við Íslendingar vorum ekkert illa undir það búnir að taka þátt í þessum umræðum sem verið hafa ofarlega á baugi í æðimörg ár. Við settum á stofn nefnd samkvæmt þingsályktun hinn 11. maí 1988. Ég ætla að rekja þessa sögu nokkuð vegna þess að það er allavega gott fyrir þá sem ekki voru þingmenn þá að gera sér grein fyrir því hvað starfað hefur verið í málinu og hvernig að því hefur verið staðið af hálfu stjórnvalda þegar menn voru yfirleitt sammála vegna þess að um hagsmunamál Íslands var að ræða, þá var persónulegur metnaður látinn víkja fyrir þjóðarheill. Það er öðru nær um þessar mundir.

En það er sem sagt með þingsályktun 11. maí 1988 að Alþingi ályktar að kjósa nefnd um stefnu Íslands gagnvart Evrópubandalaginu. Þessi nefnd gekk undir nafninu Evrópustefnunefnd. Samkvæmt þingsályktuninni var efni hennar og tillagan á þennan veg, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa hlutbundinni kosningu nefnd níu alþingismanna til þess að taka til sérstakrar athugunar þá þróun sem fyrir dyrum stendur í Evrópu, einkanlega með tilliti til ákvörðunar Evrópubandalagsins um sameiginlegan innri markað. Nefndin skal kanna áhrif þessara ákvarðana og líklegrar þróunar í Evrópu á íslenskt efnahagslíf og meta þær leiðir sem álitlegastar eru til þess að laga íslenskt efnahags- og atvinnulíf að þeim breytingum sem fram undan eru. Í starfi sínu skal nefndin hafa samráð við samtök atvinnulífs. Nefndin skili skýrslu um athuganir sínar og tillögur fyrir 1. apríl 1989."

Nefndin var síðan kosin og í henni áttu sæti Eyjólfur Konráð Jónsson og hv. þingmenn Páll Pétursson, Kjartan Jóhannsson, Ragnhildur Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson, Júlíus Sólnes, Guðmundur G. Þórarinsson, Kristín Einarsdóttir og Guðmundur H. Garðarsson.

Á fyrsta fundi nefndarinnar sem haldinn var 30. maí 1988 kaus nefndin Kjartan Jóhannsson formann, Eyjólf Konráð Jónsson varaformann og Kristínu Einarsdóttur ritara.

Síðan fór Kjartan Jóhannsson af landi brott til að sinna störfum fyrir okkar þjóð erlendis og þá varð Eyjólfur Konráð Jónsson formaður í þessari Evrópustefnunefnd.

Ég undirrita sem sagt lýsingar á störfum nefndarinnar sem voru orðin æðimikil og fundirnir voru æðimargir tugir ef það nálgaðist ekki 100 fundi.

7. des. 1990 undirrita ég skýrslu nefndarinnar og geri grein fyrir miklum störfum hennar.

Þessi nefnd var raunar aldrei lögð niður og gæti þess vegna verið kölluð saman enn á ný, en mönnum þótti að það væri kannski tvíverknaður og samstaða var svo mikil að menn gerðu ekki ráð fyrir því að það þyrfti beinlínis að hafa einhverja varðhunda yfir helstu ráðamönnum til þess að verk væru unnin og okkar heiðri lands og þjóðar haldið til haga.

En niðurstaða í þessari nefnd var samt mikilvæg og hún stendur enn og hefur verið leiðarljós og stefna íslensku þjóðarinnar allt frá þessum tíma. Í þessari merku bók sem Alþingi eða nefndin gaf út, mikil að vöxtum og með fjölbreytilegu og góðu efni sem helstu sérfræðingar okkar skrifuðu í samráði við nefndarmenn, þar er komist að sameiginlegum niðurstöðum. Síðan eru nokkur sératriði sem einstakir nefndarmenn vildu geta um. En á blaðsíðu 253 í þessari bók er vik-

ið fyrst að hinum sameiginlegu ályktunum og niðurstöðum nefndarinnar og þar segir, merkt tölulið 1 undir fyrirsögninni: Aðild að Evrópubandalaginu er ekki á dagskrá. „Enginn íslensku stjórnmálaflokkanna hefur á stefnuskrá sinni aðild að Evrópubandalaginu. Sumir flokkanna orða það svo í stefnuyfirlýsingum sínum og samþykktum að umsókn um aðild sé ekki á dagskrá. Aðrir kveða svo að orði að aðild komi ekki til greina."

Síðan koma sérálitin og raunar enn þá meira um það sem sameiginlegt var, t.d. í tölulið 2 að tryggja þurfi betri markaðskjör fyrir íslenskar afurðir. Þar segir:

„Nefndin er sammála um að Ísland skuli áfram taka þátt í samstarfi um fríverslun innan EFTA-ríkjanna og að fríverslun taki einnig til Evrópubandalagsins eins og EFTA-ríkin hafa hvert um sig leitast við að tryggja með tvíhliða samningum."

Við vorum þarna í tvíhliða samningum við Evrópubandalagið en þeim var ekki sinnt sem skyldi. Og áfram heldur:

„Ekki er samstaða um það í nefndinni að taka eigi þátt í samningum um myndun sameiginlegs evrópsks efnahagssvæðis EFTA og EB á þeim grundvelli sem fyrir liggur eftir könnunar- og undirbúningsviðræður. Meiri hluti nefndarinnar," þar á meðal var ég, „telur rétt að ganga til formlegra samningaviðræðna með öðrum EFTA-ríkjum, en minni hluti nefndarinnar telur fyrirliggjandi samningsgrundvöll um evrópskt efnahagssvæði óaðgengilegan. Gera nefndarmenn grein fyrir afstöðu sinni til þessa í sérálitum."

Strax frá þessum degi hef ég verið stuðningsmaður þess að við fylgdumst náið með allri þróun í viðskiptamálefnum Evrópu og menningarmálum og samskiptamálum yfirleitt og er enn þann dag í dag, hvað sem hver vill segja. Ég tel að sú stefna varúðar sem ég hef reynt að túlka innan þessara veggja hafi verið rétt og sé enn rétt. Við getum ekki flasað að neinu, hljótum að byggja okkar afstöðu á því hver þróunin verður úti í hinum stóra heimi eins og sagt var í gamla daga og vera ekkert feimin við það að tala það mál sem menn þarna úti skilja og vera með uppreistan hrygginn þegar við tölum við þá en ekki krjúpandi fyrir einhverju ofurvaldi þótt erlent sé. Það hefur aldrei þótt góð latína á Íslandi.

Þetta er sem sagt aðdragandi þess sem síðan hefur gerst og er að gerast. Það er kannski ekkert við því að segja að einhvern tímann komi að uppgjöri á milli þessara óskyldu hagsmuna að vissu marki, þ.e. íslenskra hagsmuna og hagsmuna allra hinna. Nú er það ljóst að í hópi allra hinna er auðvitað klofningur og hann kemur fram í dagsljósið hvern einasta dag, síðast í þessari frétt sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var að greina okkur frá áðan sem ég hafði ekki heyrt áður. Það var nýtt fyrir mér og það er nýtt fyrir ráðherranum. Það er nýtt fyrir öllum. Samt er látið að því liggja að það eigi núna, jafnvel á morgun eða hinn daginn, að húrra þessu stærsta máli í þjóðarsögunni, fyrir utan kannski lýðveldisstofnunina, í gegn á nokkrum dögum, jafnvel núna í þessari viku með því að beita handafli. Ég skil ekki slíkan hugsunarhátt og ég veit raunar að stjórnarherrarnir hljóta núna þegar þessar síðustu og nýjustu og ágætu fréttir eru að berast að hugsa sitt ráð og alla vega hugsa ég mitt ráð og get alveg sagt það hér umbúðalaust að ég mun ekki greiða atkvæði með samþykkt þessa samnings eða þessara draga að samningi, þessara slitra sem við höfum í höndum sem enginn maður, ég fullyrði að það er ekki nokkur maður til sem getur skilið það allt saman eða púslað saman öllum þeim brotum sem eru á þessum 40.000 blaðsíðum, það væri ofurmenni sem það gæti. Ég get alveg lýst því yfir og er hreykinn af að gera það: Ég mun ekki greiða þessu atkvæði, ég mun greiða atkvæði gegn því. Ef engar undantekningar, fyrirvarar og slíkt nást fram áður en málið kemur til lokaafgreiðslu tel ég mér skylt vegna minna eiða og heitstrenginga gagnvart Alþingi og íslensku þjóðinni að greiða atkvæði á móti, reyna að fella það. En ég vil í lengstu lög komast hjá því. Ég vil enn að við reynum að semja, líklega er best að semja við Evrópubandalagið beint. Ég held að það væri hyggilegast að gefa okkur til þess tíma að undirbúa það og ræða í öllum þingflokkum og ræða í trúnaði og reyna að finna leið sem er íslensk leið, séríslensk leið. Í öllum okkar samskiptum við önnur lönd höfum við verið með sérákvæði. Alltaf. Hvort sem það var í hernaðarmálefnum eða viðskiptamálefnum, af þeirri einföldu ástæðu að við höfum algjöra sérstöðu vegna fólksfæðar landsins og legu. En núna má ekki ganga eftir því að við fáum séríslenska afgreiðslu. Ég trúi því ekki að það verði reynt að viðhafa slík vinnubrögð. Það væri með ólíkindum. Ég trúi því raunar ekki heldur að til sé neinn þingmaður á Íslandi sem muni samþykkja eitthvað sem augljóslega er stjórnarskrárbrot. Menn geta deilt um hvort staðfesting, þ.e. lokaafgreiðsla þessarar tillögu, er stjórnarskrárbrot eða ekki. Menn geta deilt um það. Ég er ekki í nokkrum vafa. Það er brot á stjórnarskránni í bak og fyrir. Það verður ekkert hjá því komist. Það þarf ekkert annað en láta skólabarn lesa 2. gr. stjórnarskrárinnar. Þar liggur það alveg ljóst fyrir hvar dómsvaldið er, hvar framkvæmdarvaldið er og löggjafarvaldið auðvitað. Það liggur alveg ljóst fyrir. Það er ekki í Brussel. Það er á Íslandi.

Í þessari umræðu hef ég ekki mikið talað. Menn hafa tekið eftir því. Það eru þrír, fjórir smástubbar, mínar litlu ræður. Í þeim hef ég kannski sagt það sem ég þarf að segja og þeim orðum sem ég var að fara með núna. Nú bið ég, ef t.d. ráðherrarnir mundu hlusta, þeir gera það ekki, — jú, ég bið utanrrh. afsökunar. Hann er kominn og ég fagna því mjög. — Er ekki hyggilegt að við tökum okkur öll nokkurra daga frí eftir þessa umræðu, klárum hana og gjarnan að málið gangi til 3. umr., síðan tökum við okkur nokkurra daga frí og einstaklingar og flokkar ræða saman? Það eru komnar nýjar upplýsingar um að það verður nýr drátt-ur á afgreiðslu mála hjá Evrópubandalaginu eins og alltaf. Það er ekkert nýtt. Það mátti vita og þurfti engan spámann. Ég er ekki spámannlegur þó ég hafi sagt í nokkuð mörg ár að allt væru þetta slitrur.

Ég ætla því að bera þá ósk fram við hæstv. forsrh. hvort hann muni ekki vilja beita sér fyrir þessu þannig að við gætum jafnvel haft stutta umræðu nú og geng-

ið að störfum fyrir luktum dyrum. Ef slík ákvörðun er ekki tekin á þessum fundi ræða menn áfram vonandi þannig að reynt verði að sneiða hjá meiðingum sem gætu vakið upp deilur sem aftur yrðu hindrun á þeim vegi að við Íslendingar einu sinni enn stæðum saman úti á við og næðum sameiginlegri niðurstöðu. Ég er til í að skoða allar vendingar sem á því gætu verið.

Í því sambandi er kannski gott að rifja hér aðeins upp störfin vegna tvíhliða viðræðna. Ég sé á þessu plaggi sem ég er með að fundirnir í Evrópustefnunefndinni hafa líklega verið fleiri en 100, vegna þess að ég er hér með 86. fundargerðina. Skal ég aðeins geta um hana til þess að skýra hvað ég á við þegar ég tel að við gætum alveg náð öllu sem við þurfum með heilbrigðum eðlilegum samræðum við gagnaðilann, þ.e. Evrópubandalagið. Þetta er fundargerð Evrópustefnunefndar nr. 86 og hún er dags. 18. sept. 1990 kl. 15.00. Mættir eru Eyjólfur Konráð Jónsson, Ásgeir Hannes Eiríksson, Guðmundur H. Garðarsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Hjörleifur Guttormsson, Kristín Einarsdóttir og Ragnhildur Helgadóttir. Einnig sátu fundinn Gunnar Snorri Gunnarsson, sendifulltrúi í íslensku sendnefndinni í Brussel og Solveig K. Jónsdóttir frá skrifstofu Alþingis. Fundargerðin er nokkuð löng. Ég skal, herra forseti, ekki lesa hana alla heldur það sem beint snertir það sem um er að ræða.

Það er kannski byrjunin að Henning Christophersen, sem var varaforseti framkvæmdastjórnar EB eins og menn vita, var í upphafi fundar spurður um mat á afstöðu Svía til inngöngu í EB. Hann kvaðst auðvitað ekki svara fyrir Svía en það væri ljóst að þeir færðu sig nær ákvörðun um inngöngu. Christophersen sagði: „Brýnast er nú að líta á framvindu EES-samninga. Hægt væri í stórum dráttum að sætta sig við inntak samningsins sem mundi þó hugsanlega skerðast ef EFTA vildi t.d. ekki láta hann ná til landbúnaðarvara." Síðan áfram um bókun Christophersens segir: „Hann kvaðst telja að lausnin á málum Íslendinga yrði trúlega ekki að allra skapi. Vissulega hafa Íslendingar opnað markaði sína fyrir iðnvarning frá EB og án þess að fá fríverslun með fisk og fiskafurðir. Jafnvægi þyrfti að nást á þessu sviði."

Ég bið þingmenn og helst landsmenn alla að taka eftir. Varaforseti framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins segir þetta við fullskipaða nefnd þingmanna okkar úti í Brussel 18. sept. 1990 og nú endurtek ég þessa setningu:

„Vissulega hafa Íslendingar opnað markaði sína fyrir innflutningi frá EB og án þess að fá fríverslun með fisk og fiskafurðir. Jafnvægi þyrfti að nást á þessu sviði."

Þetta er auðvitað fundargerð okkar ritara en mjög nákvæm og í einu og öllu rétt.

„Christophersen sagði að heimsókn Steingríms Hermannssonar forsrh. til framkvæmdastjórnarinnar hefði verið mikilvæg. Þá hefðu heimsóknir Andriessens og Bangemans til Íslands haft mikla þýðingu. Frans Andriessen hefur sagt að sérstökum aðstæðum Íslands yrði að veita athygli." Þetta segja þeir sjálfir sem við erum að semja við — eða ekki að semja við, viljum ekki semja við, höfum ekki virst vilja gera það.

„Kvaðst Christophersen telja að spurningar um fisk og fiskveiðiréttindi yrðu ekki þær erfiðustu í EES-viðræðunum." Það er sem sagt nánast búið að útiloka að ræða við þá. Ég túlka það þannig.

Síðar í fundargerðinni segir: „Spurt var um álit á ummælum Mitterands í Reykjavík." Hann hafði verið hér nokkrum vikum áður og flutt geysilega magnaða yfirlýsingu um fullan stuðning Frakka við baráttu okkar og lífsafkomu — sem þarf að rifja upp. Ég man hana ekki nákvæmlega. „Christophersen kvaðst þekkja ummælin og telja að Mitterand hefði átt við að hann legði til að Íslendingar tækju upp tvíhliða viðræður við EB en ekki að þær kæmu í stað EES-samningaviðræðnanna." Þetta tókum við til athugunar. „Christophersen sagðist telja að allir vildu ná árangri í EES-viðræðunum og klókara væri fyrir Íslendinga að setja sín sérmál í víðara samhengi innan þeirra en fara í sérstakar samningaviðræður. Þá væri léttara að láta annað en fiskveiðiréttindi í staðinn fyrir fríverslun með fisk og fiskafurðir." Að láta annað í staðinn fyrir fisk heldur en veiðiréttindi.

„Spurt var um fríverslun með fisk og fiskafurðir gegn veiðiheimildum og um styrki í sjávarútvegi. Christophersen sagði að nauðsynlegt væri að komast út úr þeim þrönga farvegi sem þessi umræða væri komin í." Hann var að leiðbeina okkur allan tímann. Framkvæmdastjórninni væri nauðsynlegt að geta gefið svör við gagnrýni heima fyrir og það væri t.d. gott að geta bent á að í skiptum fyrir fiskafurðir kæmi annað en veiðiheimildir

Þessar veiðiheimildir voru sem sagt aldrei í myndinni. Það er seinni tíma tilbúningur eða undansláttur eða hvað menn vilja kalla það.

Eins og þingmenn sjá er ég vopnaður æðimiklum birgðum af pappírum en ég hyggst ekki nota þá núna. Mig langar að varpa þessari spurningu á ný til hæstv. forsrh. hvort hann muni ekki annaðhvort á þessum degi taka forustu í því að reyna að leiða okkur til samninga um okkar eigin lífshagsmuni, að við semjum um þá fyrst áður en við förum að deila um þá við aðra. Hvort þessi tilraun sé ekki gerandi og hvort hæstv. forsrh. mundi ekki vilja reyna gera hana og við mundum öll reyna að stilla okkar máli og fullyrðingum í hóf. Ég fyrir mína parta er að sjálfsögðu meira en reiðubúinn til að gera það.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég tek eftir því þegar ég hlusta á fjölmiðla um þessi áramót að rætt er um að á Alþingi sé málþóf. Í fjölmiðlum kemur hver fullyrðingin af annarri um að stjórnarandstæðingar hafi skipulagt málþóf á Alþingi um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Einkum og sér í lagi halda oddvitar ríkisstjórnarinnar þessu fram. Hæstv. forsrh. hefur margítrekað þetta í fjölmiðlum og hæstv. utanrrh. hefur ekki látið sinn hlut eftir liggja. Því miður trúir stór hluti þjóðarinnar þessu.

Ég hlustaði á tvo umræðuþætti í Ríkisútvarpinu sl. laugardag þar sem kallaðir höfðu verið til skrafs og

ráðagerða nokkrir einstaklingar úr þjóðlífinu. Í báðum þáttunum var því haldið stíft fram af fleirum en einum þátttakanda í hvorum þætti, án þess að því væri á nokkurn hátt mótmælt, að stjórnarandstaðan væri að skipuleggja málþóf um Evrópska efnahagssvæðið og hefði tafið sérstaklega afgreiðslu þess máls.

Ég vildi byrja á því að fjalla um þá spurningu hvort þetta sé virkilega rétt. Ég byrja á því að rifja upp að hæstv. utanrrh. kom fram á blaðamannafundi erlendis hinn 11. des. sl. Hann var þá spurður hvernig á því stæði að ekki væri búið að afgreiða samninginn um Evrópskt efnahagssvæði á Íslandi. Þá kom í fyrsta skipti fram þessi fullyrðing um málþófið á Alþingi Íslendinga því að hæstv. utanrrh. kaus að svara spurningu blaðamanna á þann veg að á Íslandi væru í gildi svo sérstæð þingsköp á þjóðþingi landsins að þingið hefði ekki haft ráðrúm þess vegna til að afgreiða málið. Hvernig stóð á afgreiðslu málsins í þinginu á þessum tíma? Málið hafði alls ekki verið tekið til 2. umr. 1. umr. málsins lauk á tilsettum tíma upp úr miðjum septembermánuði en síðan hafði málið alls ekkert komist á dagskrá. Þegar hæstv. utanrrh. er beðinn um að svara þessari spurningu um afgreiðslu Alþingis á þessu máli á erlendum vettvangi kýs hæstv. ráðherra að segja vísvitandi ósatt um stöðu málsins. Hann kýs að halda því fram að eitthvert málþóf á Alþingi Íslendinga valdi því að afgreiðsla málsins hafi tafist þó að hann viti sjálfur að málið er ekki enn komið til 2. umr., hvað þá meira, og hefur alls ekki verið þar til umræðu mánuðum saman. Hvers vegna hafði málið ekki verið til umræðu hér mánuðum saman? Var það vegna þess að stjórnarandstaðan hindraði að málið væri tekið hér fyrir? Nei.

Auðvitað vita allir hv. þm. hvers vegna það dróst fram í desember að taka málið fyrir á Alþingi til 2. umr. Það var samkomulag um það milli stjórnar og stjórnarandstöðu að málið skyldi ekki koma til 2. umr., aðalefnisumræðu málsins, fyrr en sjávarútvegssamningurinn lægi fyrir og hefði verið kynntur á Alþingi. Um þetta voru engar deilur. Það stóð ekkert á stjórnarandstöðunni hvað þetta varðaði heldur stóð á að ríkisstjórnin kæmi málinu frá sér í samningaviðræðum við Evrópubandalagið. Þessi samningur varð ekki til fyrr en í byrjun desembermánaðar og var ekki kynntur hér fyrr en 3. des. sl. Þrem dögum síðar var þjóðaratkvæðagreiðslan í Sviss sem breytti töluvert viðhorfum í þessu máli. Upp komu ýmis lagatæknileg álitaefni þannig að ekki var hægt að hefja 2. umr. málsins, m.a. líka vegna fjarveru utanrrh. sem var erlendis dagana eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna í Sviss.

Umræðan hófst því 14. des. sl. og stóð í þrjá til fjóra daga. Um 18 þingmenn munu hafa tekið þá til máls. Síðan var umræðu frestað, ekki vegna þess að neitt málþóf væri hér í gangi, t.d. hafði enginn þingmaður talað oftar en einu sinni þó hver þingmaður hafi rétt til að tala tvisvar við hverja umræðu. Það voru einfaldlega það margir þingmenn sem óskuðu eftir því að taka til máls og síðan átti eftir að afgreiða fjöldamörg frv. um efnahagsmál, þar á meðal sjálft fjárlagafrv. og tíminn til jóla var tekinn til þess. Það vannst því ekki tími til að fjalla frekar um Evrópska efnahagssvæðið.

Þjóðsagan um það að í þinginu hafi verið eða sé málþóf um Evrópskt efnahagssvæði byggir á beinum blekkingum og ósannindum. Hún var vakin upp af hæstv. utanrrh. áður en umræðan hófst sem sýnir sannleiksgildi þjóðsögunnar. Vissulega var enn frekar reynt að koma fótum undir þessa þjóðsögu af hæstv. forsrh. daginn eftir að umræðan hófst vegna þess að þann dag, 15. des., byrjaði hæstv. forsrh. að tala um að skera þyrfti niður ræðutíma þingmanna. Þá hafði einn stjórnarandstæðingur, hv. þm. Steingrímur Hermannsson, fengið orðið í þinginu um Evrópska efnahagssvæðið við 2. umr. Aðeins einn þingmaður stjórnarandstæðinga hafði talað þegar hæstv. forsrh. byrjar að tala um það í fjölmiðlum að nú sé þörf á því að skera niður ræðutíma alþingismanna. Var nema von nema þjóðin héldi að hér væri í gangi eitthvert stórkostlegt málþóf?

Því miður er áróðursaðstaðan í landinu á þann veg að ekki hefur enn tekist að leiðrétta þennan misskilning og því eyði ég nokkru máli í þennan þátt í upphafi að auðvitað er nauðsynlegt að þjóðin átti sig á því að þetta er þjóðsaga sem hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. bjuggu til og það meira að segja áður en umræðan hófst.

Við vitum öll að þetta er gríðarlega margþætt mál. Þetta er langviðamesta mál sem komið hefur til umfjöllunar á Alþingi áratugum saman. Það er svo viðamikið að því má halda fram með fullum rétti að þetta mál sé hundraðfalt að umfangi á við venjulegt þingmál á hv. Alþingi. Það þarf því engum að koma á óvart að ekki sé hægt að afgreiða mál af þessu tagi í einhverri skyndingu. Fyrir utan að vera svona umfangsmikið mál er þetta þar að auki eitt stærsta og örlagaríkasta mál sem Alþingi hefur fjallað um að dómi allra sem nálægt því hafa komið. 2. umr. málsins er aðalefnisumræða og ég mundi telja það hreina hneisu ef Alþingi Íslendinga teldi sig ekki hafa efni á nokkurra daga umræðu um þetta mál áður en 2. umr. er lokið. Ég tel það beina ögrun við þingræðið hér í landinu hvernig hæstv. forsrh. hefur tekið til máls um Alþingi og um rétt þingmanna í þessu efni með því að draga í efa rétt þeirra til þess að fjalla um þetta langviðamesta og örlagaríkasta mál sem við höfum fjallað um hér með eðlilegum hætti og tala um að hér sé í gangi málþóf þegar einn stjórnarandstæðingur hefur fengið tækifæri til þess að fjalla efnislega um málið við 2. umr. Ég tel það hreinan dónaskap við alþingismenn að draga í efa rétt þeirra til þess að fjalla um þetta mál með eðlilegum og venjulegum hætti og ítreka það sem ég sagði áðan að enn hefur enginn alþingismaður talað nema einu sinni við 2. umr. málsins og margir þeirra eru að tala í fyrsta skipti um þetta mál nú.

Einn af þeim er t.d. sá sem hér stendur. Ég hef aldrei tekið til máls undir dagskrárliðnum Evrópskt efnahagssvæði í þinginu. Ég hef vissulega skrifað margar greinar um þetta mál í blöð og ég hef komið fram í sjónvarpi og verið á fundum þar sem um þetta hefur verið fjallað. En það stóð þannig á í haust að ég átti þess ekki kost að taka þátt í umræðunni vegna fjarveru og hef ekki komist að enn. Mér finnst mjög

ódrengilega að mér vegið þegar því er haldið fram að ég taki þátt í málþófi þegar ég óska eftir því að tala hér um þetta stærsta og örlagaríkasta mál þjóðarinnar með venjulegum hætti.

Hæstv. utanrrh. hefur komið með þá athugasemd í fjölmiðlum að erlend þjóðþing hafi verið svo fljót að afgreiða þetta mál að það hljóti að vera eitthvað meira en óeðlilegt við okkur alþingismenn að við skulum vera svona lengi að afgreiða málið. Alþingi Íslendinga er að hans dómi „abnormalt", langt á eftir tímanum og þarf að taka því alveg sérstat tak að það skuli gefa sér lengri tíma til að fjalla um þetta mál en verið hefur í þjóðþingum annarra landa. En ég spyr: Er það í raun og veru nokkuð merkilegt að Alþingi Íslendinga skuli taka sér lengri tíma en önnur þjóðing til að fjalla um þetta mál? Ég tel að svo sé ekki. Ég tel aðstæður á Íslandi algerlega ósambærilegar við það sem er í öðrum löndum hvað þetta mál varðar.

Í fyrsta lagi er alveg ljóst að andstaðan við aðild að Evrópsku efnahagssvæði er miklu meiri, rótgrónari og útbreiddari á Íslandi en í öðrum þeim löndum sem hafa fjallað um þetta mál að Svisslandi einu undanskildu. Því er eðlilegt úr því að andstaðan er svona miklu útbreiddari og rótgrónari meðal þjóðarinnar að það þurfi lengri tíma til að fjalla um málið. Í skoðanakönnunum hefur hvað eftir annað komið fram að meiri hluti þjóðarinnar sé andvígur aðild að Evrópsku efnahagssvæði. Reyndar var seinasta skoðanakönnun á annan veg. Þá virtist vera að meiri hlutinn hefði snúist við og aðeins fleiri væru með en á móti. Það skiptir ekki miklu máli hvað þetta varðar. Andstaðan er mjög mikil meðal þjóðarinnar og greinilegt að þjóðin klofnar í tvo helminga. Það er því fullkomlega eðlilegt að bæði þing og þjóð taki sér góðan tíma til að fjalla um málið og átta sig á öllum hliðum þess.

Önnur veigamikil ástæða til þess að það tekur okkur tíma að fjalla um málið er sú að allar ríkisstjórnir annarra ríkja sem hér koma að máli hafa boðað að þær hyggist leiða viðkomandi ríki inn í Evrópubandalagið. Frá þeirra sjónarhóli séð er Evrópska efnahagssvæðið eingöngu millilending á leið inn í Evrópubandalagið. Þær vita að þær verða að gleypa þennan mikla lagabálk Evrópubandalagsins hvort eð er ef til þess á að koma að þær gangi í Evrópubandalagið. Þess vegna finnst þeim ekki að aðildin að Evrópsku efnahagssvæði skipti svo miklu máli. Þær séu á þessari leið hvort sem er og þá sé eins gott að gleypa þennan bita hratt. En ég veit að fleiri geta vitnað um það en ég sem rætt hafa við þingmenn á þjóðþingum Svía, Finna eða Norðmanna að vanþekking þeirra á þessum samningi er mjög áberandi. Ég get sagt hér sögur um viðræður mínar t.d. við þingmenn þessara landa þar sem einstök atriði hafa borið á góma og ég verð var við það að þingmenn sem ég hef rætt við hafa sáralítið vitað um þennan samning og hvað hann fæli í sér. Það stafar auðvitað af því að þessi samningur hefur farið nokkuð hratt í gegnum þing annarra landa. En ég spyr: Er víst að það sé þeim til sóma? Ég dreg það í efa. Ég held að það sé engum til sóma að afgreiða svona stórt og viðamikið mál meira og minna blindandi og það sé Alþingi Íslendinga til sóma að hafa tekið sér góðan tíma.

Hæstv. utanrrh. hefur haldið því fram að okkur bráðliggi á að afgreiða þennan samning og það sé nánast þjóðarslys að Alþingi Íslendinga hafi ekki verið búið að afgreiða þetta mál fyrir jól vegna þess að íslenskir hagsmunir séu í hættu. Fyrst hélt hann því reyndar fram að við fengjum ekki aðgang að ráðstefnu um hugsanlegar breytingar á samningnum vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Sviss ef við værum ekki búnir að samþykkja málið á Íslandi. Þessu hélt hann fram í sjónvarpi alveg blákalt og varð svo að éta allt ofan í sig daginn eftir þegar honum var sýnt fram á að þetta stæðist ekki út frá sjálfum samningsákvæðunum. Seinna hefur hann haldið því fram, m.a. í viðtölum við stjórnarandstæðinga, að bráðnauðsynlegt sé að við látum hin ríkin, sem hyggjast eiga aðild að Evrópsku efnahagssvæði, vita nú þegar fyrstu dagana í janúar hvað Ísland hyggist fyrir í þessum efnum vegna fundahalda erlendis um þessi mál. En því betur sem þau spil á hendi hæstv. utanrrh. eru skoðuð þeim mun betur kemur í ljós að fyrir þessu eru engin rök. Þetta eru ekkert annað en bláberar fullyrðingar út í bláinn eins og margt annað sem hefur komið frá hæstv. utanrrh. í þessu máli.

Það er alveg ljóst að það stendur fyrst og fremst á Evrópubandalaginu að ganga frá sínum málum áður en fjallað er frekar um þetta mál á sérstakri alþjóðlegri ráðstefnu. Það er alveg ljóst að það gerist ekkert í þessu máli í þessum mánuði á neinni alþjóðlegri ráðstefnu. Málið er til áframhaldandi undirbúnings og athugunar og það verður ekki fyrr en í næsta mánuði sem það þarf að liggja fyrir hver sé afstaða Íslands í málinu.

Það hafa borist af því fréttir að þegar sé búið að ráða svo og svo marga starfsmenn Evrópska efnahagssvæðisins. Ég spurði hæstv. utanrrh. að því ekki alls fyrir löngu í umræðum utan dagskrár hvort þetta væri rétt, hver greiddi þessum starfsmönnum laun og hvar heimildir væru til að greiða þeim laun. Ég fékk engin svör við þeirri spurningu og ég vildi leyfa mér að ítreka hana hér og nú. Ég tel að við eigum öll heimtingu á að vita hvort hrokinn og yfirlætið í þeim sem eru að undirbúa Evrópskt efnahagssvæði er virklega svo mikið að menn bíða ekki eftir því að viðkomandi þjóðþing hafa staðfest samninginn, hvort menn ganga að því sem gefnu að þeirra vilji ráði áður en starfsmenn eru ráðnir til starfa. Þessari spurningu var ekki svarað og væri æskilegt að fá henni svarað.

Ég vék áðan að áróðursaðstöðu talsmanna Evrópska efnahagssvæðisins. Ég viðurkenni að hún er ákaflega sterk en það hefur samt ekki dugað til að sannfæra mikinn meiri hluta þjóðarinnar. Staðreyndin er sú að þjóðinni er áfram skipt til helminga í þessu máli og ekki ljóst hvoru meginn meiri hlutinn liggur þrátt fyrir það að ríkisstjórnin hefur leyft sér að ausa hundruðum milljóna af almannafé, bæði af fé fylgismanna Evrópska efnahagssvæðisins og andstæðinga Evrópska efnahagssvæðisins, til þess að sannfæra þjóðina um kosti þessa samnings. Ég sé að einn hv. þm.

ríkisstjórnarinnar hristir höfuðið en þetta er staðreynd. Það hefur verið ausið af almannafé af hálfu ríkisstjórnarinnar m.a. í útgáfu bæklinga. Ef þessir bæklingar eru skoðaðir, þá einkennir þá einmitt að þar er einungis að finna greinargerð fyrir kostunum við það að við eigum aðild að Evrópsku efnahagssvæði. En þar er að sjálfsögðu ekki minnst einu einasta orði á nokkurn þann ágalla sem á hefur verið bent. Þetta einkennir t.d. bæklinginn sem utanrrn. gaf út á sl. sumri og sendi inn á hvert einasta heimili í landinu.

Það hafa fleiri komið þar við sögu að reyna að sannfæra þjóðina um kosti þessa samnings. Vinnuveitendur hafa á skipulegan hátt með miklu auglýsingastríði í blöðum ausið fé til þess að reyna að sannfæra þjóðina um ágæti samningsins. Og sjónvarpið hefur ekki látið sinn hlut eftir liggja. Það hefur skipulagt fjölmarga þætti og þeir einkennast allir af því að þar er einungis vikið að kostunum við það að við gerumst aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. En það hefur greinilega verið bannorð að nefna mætti eitt einasta gagnrýnisatriði eða einn einasta ágalla við þennan samning.

Ég játa það alveg hispurslaust að við stjórnarandstæðingar höfum átt nokkuð undir högg að sækja áróðurslega séð. Þjóðinni er neitað um að fjalla um þetta mál í almennri þjóðaratkvæðagreiðslu og samtökum sem einbeita sér að því að vekja á því athygli að á þessu máli eru bæði kostir og gallar er algerlega neitað um allan fjárstuðning til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Ég held að ítarlegar umræður á Alþingi séu óhjákvæmilegar, m.a. til þess að okkur, sem sjáum ýmislegt athugavert við þennan samning, gefist betri kostur á að koma sjónarmiðum okkar á framfæri. Umræðum á Alþingi er sjónvarpað og menn verða að sjálfsögðu að skoða það af fyllstu sanngirni að þegar við stjórnarandstæðingar tökum til máls, þá er það ekki vegna þess að við viljum tefja málið. Við höfum engan akk í því í sjálfu sér heldur vegna þess að okkur finnst brýn nauðsyn að dregnar séu fram fleiri hliðar á þessu máli en þær einar sem lúta að kostunum.

Það eru býsna margir ágallar á samningnum. Ég ætla að nefna nokkra ágalla. Fyrst ætla ég að flytja stutt yfirlit yfir það sem ég tel að séu helstu ágallar þessa samnings.

1. Það er verulegur ágalli á samningnum að meginmarkmið okkar Íslendinga náðist ekki fram. Við fengum ekki fríverslun með fisk. En þegar samningaviðræður hófust var þetta meginmarkmið okkar Íslendinga og við náðum því ekki fram.

2. Það er verulegur ágalli á þessum samningi að ekki skuli vera beinlínis óheimilt að þjóðríki styrki sjávarútveg sinn. Það var annað aðalmarkmið okkar þegar við gengum til þessara samninga að slík ákvæði yrðu sett í alþjóðlegan samning. Það náðist hins vegar ekki fram og það er mikill ágalli.

3. Það er ágalli við þennan samning að við skulum verða að veita Evrópubandalaginu verulegar veiðiheimildir í íslenskri landhelgi og að það skuli beint eða óbeint tengjast tollalækkunum á fiski, að við skulum þurfa að kaupa tollalækkanir á sjávarafurðum með veiðiheimildum í íslenskri landhelgi.

4. Það er verulegur ágalli, fyrir utan það að veiðiheimildir skulu samþykktar, að opnað er fyrir átök við Evrópubandalagið um áframhaldandi veiðar í íslenskri landhelgi. Því það á að endurskoða fiskveiðisamninginn við Evrópubandalagið með stuttu millibili og það er nokkurn veginn gefið að þeir munu halda sókn sinni áfram á hendur okkur og leitast við á komandi árum að fá nýjar og nýjar veiðiheimildir í trausti þess að við treystum okkur ekki til annars en að gefa eftir.

5. Það er ljóst að gífurlegur kostnaður fylgir þessum samningi og mestar líkur til að hugsanlegur hagnaður okkar Íslendinga af tollalækkunum á fiski étist upp vegna hins gífurlega kostnaðar sem fylgir því að vera þátttakendur í þessu samstarfi.

6. Það er ágalli að við erum að reisa tollmúra gagnvart öðrum ríkjum um leið og við erum að fara í þetta samstarf. Það er alls ekki sjálfgefið að það henti okkur og íslensku efnahagslífi að afnema viðskiptahindranir gagnvart Evrópulöndum en auka þær gagnvart ríkjum sem eru utan Evrópu. Það getur í mörgum tilvikum leitt til öfugþróunar og ég tel því að það sé hreinn ágalli að slíkt skuli fylgja þessum samningi. Þó að það sé ekki lögfest í þessum samningi verður ekki á móti mælt að það er partur af þeim hliðarráðstöfunum sem gerðar eru af hálfu ríkisstjórnarinnar í tengslum við þennan samning.

7. Verið er að veita með þessum samningi 350 milljónum manna réttindi sem við Íslendingar höfum áður einir átt og það lýsir sér með margvíslegum hætti.

8. Ég vil nefna sérstaklega sem áttunda punkt atvinnuréttindi vegna þess að ég tel að sá þáttur málsins muni leiða til þess að hér muni atvinnuleysi aukast. Það er hætt við því að ásókn ófaglærðs verkafólks á íslenskan vinnumarkað muni verulega aukast en aftur á móti muni mjög margir menntamenn leita sér atvinnu erlendis. Sú verður þróunin að við skiptum annars vegar á ófaglærðu fólki frá Evrópu en látum af hendi í staðinn menntamenn sem leita sér vinnu í Evrópu.

9. Ég vil nefna að það er fylgifiskur þessa samnings að öryggisgirðingar sem settar voru upp í lögum um erlenda fjárfestingu eru rifnar niður. Margt af því sem stjórnmálaflokkar komu sér saman um fyrir tveimur árum að ættu að vera lágmarkskröfur gagnvart fjárfestingu erlendra fyrirtækja þeirra á Íslandi er nú hent út í buskann og nokkur meginákvæði þeirra laga að engu gerð. Þetta er stór ágalli.

10. Það er alveg ljóst að íslensk fyrirtæki í þjónustu, einkum og sér í lagi bankastarfsemi, tryggingum, hvers konar verslun og viðskiptum, svo og flutningastarfsemi, verða í sérstakri hættu eftir gerð þessa samnings og allt í óvissu um hvernig þeim reiðir af.

11. Það er alveg ljóst að verði orkufyrirtækin í landinu einkavædd er gífurleg hætta á því að þessar auðlindir hverfi úr eigu Íslendinga í hendur erlendra auðfélaga.

12. Sá ágalli er á þessum samningi, og kannski er það stærsti og örlagaríkasti ókosturinn, að þeir aðilar í EFTA sem eru að gera með okkur þennan samning eru flestir á leið út úr Evrópska efnahagssvæðinu að

nokkrum árum liðnum og við kunnum að sitja ein eftir EFTA-þjóðanna í Evrópska efnahagssvæðinu þótt þessi sami samningur henti okkur bersýnilega verr en öllum hinum.

Þetta eru þeir 12 meginágallar sem ég tel að séu á þessum samningi og ég ætla að fara um þá nokkrum frekari orðum.

Ég vil fyrst víkja að spurningunni um fríverslun með fisk. Ég vek athygli á því ef það hefur farið fram hjá einhverjum að við njótum ekki almennra tollalækkana á sjávarafurðum eftir gerð þessa samnings. Þar verða mjög margar undantekningar og það mikilvægar undantekningar. Ég minni á að þegar um er að ræða niðurlagðan og niðursoðinn ufsa, ferskan karfa og skarkolaflök, lifandi fisk að laxi undanskildum, heilan, ferskan og frosinn fisk, þá er þorskur, ýsa, ufsi, lax, síld og grálúða undanskilin, reyktan urriða, regnbogasilung, þurrkaðan saltfisk, flattan saltfisk, heilan, ferskan og frystan urriða, regnbogasilung, tilreykt, niðurlagt eða niðursoðið fiskmeti, ferska bleikju, íslenskan hörpudisk, heilan ferskan og frystan karfa er tollurinn einungis lækkaður. En það á áfram að vera nokkur tollur á þessum vörutegundum, allt upp í 6% eins og verður á niðurlögðum og niðursoðnum ufsa.

Svo eru aftur aðrar sjávarafurðir þar sem tollurinn lækkar alls ekki. Ég tel ágætt að fá það fram í umræðunni hvaða sjávarafurðir eiga þar í hlut. Það verða áfram óbreyttir tollar á ferskum síldarflökum, 18%. Það verða áfram 13% tollar á reyktum laxi. Það verða áfram 12%, tollar á heilum íslenskum humar og humarhölum, 12% tollur á heilsaltaðri og hausskorinni síld, á niðurlagðri síld 10%, á niðurlögðum laxi 5,5%, á ferskum laxaflökum 2%, af heilum ferskum og frystum laxi 2%. Á öllum þessum afurðum eru tollarnir óbreyttir. Við verðum sem sagt að sætta okkur við það að við höfum afnumið alla tolla á vörum sem Evrópuþjóðirnar flytja til Íslands, og það eru meira að segja tíu ár síðan við gerðum það, en við eigum að þola það að allar þær sjávarafurðir sem ég hef nú nefnt verði áfram tollaðar og á sumum þeirra lækkar tollurinn alls ekki.

Þetta er ekki jafnræði í viðskiptum. Þetta eru svik við þær hugsjónir sem við bundum vonir við þegar við hófum þessa samningsgerð. Og það sem verra er er að í ýmsum tilvikum er um að ræða afurðir sem binda má töluverðar vonir við að geti orðið aukning í í útflutningi okkar Íslendinga. T.d. er okkur ljóst að allar sjávarafurðir sem veiði er ekki hafin á í dag en kann að verða veiði á á næstu árum vegna áforma um meiri fjölbreytni í íslensku sjávarfangi verða með fullum tolli. Ýmsir vaxtarmöguleikar í íslenskum þjóðarbúskap lenda því einmitt í því að fullur tollur verði þar á.

Þetta er ákaflega mikill galli á þessum samningi og bara þetta eina atriði hefði kannski nægt til þess að við stöldruðum og spyrðum okkur sjálf: Eigum við að halda áfram í þessari samningsgerð? Er ekki rétt að setja hnefann í borðið og krefjast þess að útflutningur sjávarafurða njóti nákvæmlega sömu réttinda og útflutningur iðnaðarvara?

Við settum okkur það markmið að sjávarfurðir yrðu tollfrjálsar og ríkisstyrkir yrðu bannaðir. Á þeim grundvelli ákváðum við alþýðubandalagsmenn að láta gera þá tilraun hvort hægt væri að ná samningi sem hefði svo hagstæð ákvæði. En við verðum að játa eftir á að þessi tilraun mistókst einfaldlega. Þetta náðist ekki fram.

Og ekki er það atriði síður mikilvægt sem lýtur að ríkisstyrkjunum. Við megum ekki vernda veikan iðnað okkar gagnvart harðri samkeppni frá Evrópu. Við megum t.d. ekki vernda okkar skipasmíðaiðnað — ég ætla nú að koma að skipasmíðaiðnaðinum sérstaklega á eftir — en við megum ekki vernda ýmiss konar iðnað sem við höfum verið að byggja upp á liðnum áratugum, heldur höfum við orðið að láta hann í samkeppnina og talsvert af honum hefur einmitt mátt þola það að molast niður og verða að engu vegna þessarar samkeppni. En þegar kemur að því að við eigum að flytja til þeirra vörurnar sem við bindum mestar vonir við mega þeir vernda sínar sjávarafurðir. Þetta er auðvitað bein kjaraskerðing fyrir okkur Íslendinga. Þeir eru beinlínis að halda niðri fiskverðinu erlendis með þessum hætti og því var þjóðarnauðsyn að með þessum samningi yrði komið í veg fyrir að Evrópuþjóðirnar héldu áfram að ausa styrktarfé í sjávarútveg og halda þannig lífskjörum Íslendinga niðri.

Það er dálítið kaldhæðnislegt að ein grein iðnaðar sleppur. Það er sem sagt leyfilegt á einu sviði iðnaðar að halda styrkjakerfinu áfram og það er einmitt sú iðngrein sem ég nefndi áðan, þ.e. skipasmíðar. Þær má áfram ríkisstyrkja. Við höfðum nefnilega gert okkur vonir um að geta byggt upp mikinn skipasmíðaiðnað í tengslum við okkar sjávarútveg. En auðvitað er það eftir öðru að þá er því komið þannig fyrir að einmitt þennan iðnað áskilja þeir sér allan rétt til þess að halda áfram að ríkisstyrkja og koma þannig í veg fyrir að við Íslendingar getum byggt upp okkar skipasmíðaiðnað.

Tímans vegna vil ég ekki fjalla um hvert og eitt af þeim atriðum sem ég nefndi áðan sem meginágalla þessa samnings en ég ætla næst að víkja að kostnaðinum við gerð hans. Það er alveg ljóst að allar upplýsingar sem hæstv. utanrrh. hefur látið frá sér fara um fjárhagslegt gildi samningsins eru ákaflega lítils virði. Í útreikningum hæstv. ráðherra tíðkar hann t.d. að meta tollalækkanir á saltfiski okkur Íslendingum að fullu til tekna, 100%. Hið rétta í málinu er að tollalækkanir á saltfiski koma mörgum aðilum til góða, ekki bara okkur Íslendingum. Í fyrsta lagi koma þeir til góða neytendum á viðkomandi markaðssvæði í lækkun vöruverðs og þær geta líka orðið til að auka hagnað milliliða erlendis. Ég tók eftir því að einn ágætur forustumaður Sambands ísl. fiskframleiðenda var spurður að því í sjónvarpi fyrir skemmstu hvort við Íslendingar fengjum ekki meginpartinn af tollalækkunum á saltfiski sem í vændum væru. Hann taldi það af og frá og var auðvitað með þeim orðum að gera lítið úr fullyrðingum hæstv. utanrrh. um þetta efni. Hann taldi kannski hugsanlegt að við fengjum helminginn af þessum lækkunum í okkar hlut.

Síðan komum við að kostnaðarhliðinni. Það er ljóst að við Íslendingar verðum að taka þátt í tugum ef ekki

hundruðum nefnda sem tengjast þessu samstarfi. Öllu þessu nefndastarfi fylgja mjög margar utanlandsferðir, dagpeningar og annar ferðakostnaður. Ég held að það sé ekki ofreiknað að þar séu nokkur hundruð milljónir í auknum kostnaði fyrir okkur Íslendinga vegna þessa samstarfs. (**ÖS:** Þetta er atvinnubótavinna.) Það er rétt hjá hv. þingflokksformanni Alþfl. að vissulega má líta á það sem atvinnubótavinnu, eins og hann benti á, fyrir sérstaka tegund manna á vinnumarkaði. Ég vil ekki gera lítið úr þeim mönnum sem þar yrðu ráðnir til starfa. Þar fengju sjálfsagt margir ágætis menn störf við sitt hæfi, prýðilegir menn margir hverjir. En þeir verða ekki ódýrir. Ég er hræddur um að við útreikning á þeirri viðmiðunartölu sem við alþýðubandalagsmenn höfum verið með í þinginu þegar við höfum gert tillögu um að auka atvinnu og áætlað að það mundi kosta 2 millj. kr. á starf — við höfum gert tillögu um að auka atvinnu fyrir 1.500 manns og höfum áætlað að það mundi kosta í auknum útgjöldum ríkissjóðs 3.000 millj. — höfum við ekki beinlínis haft erindreka hæstv. utanrrh. í huga því að þar þyrfti áreiðanlega að fimmfalda kostnaðinn við hvert starf í það minnsta.

Þar við bætist að sjálfsögðu að fjölga þarf verulega í föstu starfsliði sendiráða erlendis. Sá kostnaður hefur enn ekki verið áætlaður en ég hygg að hann telji nokkur hundruð millj. þegar allt er talið saman. Það verður á fleiri en einum stað og býsna margir ráðnir til starfa ef að líkum lætur. Síðan kemur til viðbótar beinn tilkostnaður af okkar hálfu, framlög í sjóði og annað þess háttar. Þegar allt er talið er því ekki ósennilegt að sá kostnaðarauki sem hér yrði á ferðinni yrði einhvers staðar á bilinu 500–1.000 millj. kr. Það er alveg ljóst að þessi kostnaður hefur verið mjög vantalinn en aftur á móti hagnaðurinn af samstarfinu mjög ofáætlaður.

Ég nefndi hér áðan sem meginágalla á þessum samningi að við værum að veita 350 milljónum manna réttindi á Íslandi sem Íslendingar hefðu einir áður haft. Við erum í raun og veru að veita 350 milljónum manna nokkurs konar aukaríkisborgararétt hér á landi með þeim réttindum sem því geta fylgt. Nánast flest af réttindum sem felast í ríkisborgararétti fylgja með í kaupunum nema helst almennur kosningarréttur. Það er einmitt kjarnapunktur og kemur fram í samningnum aftur og aftur að það er bannað að veita Íslendingum nein sérréttindi umfram aðra þegna á samningssvæðinu. Þeir fá því m.a. sömu réttindi til að kaupa bújarðir eða laxveiðihlunnindi eða eignast útivistarsvæði á Íslandi eins og þegnar þessa lands njóta.

Frá því að fyrst var farið að tala um Evrópskt efnahagssvæði hefur verið um það rætt að við yrðum að setja skýra fyrirvara í samninginn sem gerði okkur kleift að koma í veg fyrir að 350 milljónir manna fengju sama rétt til íslenskra bújarða og íslensks lands og við Íslendingar núna njótum. Því miður hunsaði hæstv. utanrrh. þessa ósk og engin slíkur fyrirvari var settur. Ráðherrann hélt því hins vegar löngum fram að hægt væri að ákveða slíkt með lögum. Það væri hægt að koma slíkum girðingum að í lögum sem tryggðu okkur Íslendingum þennan rétt. Hins vegar hefur komið á daginn að þetta stenst ekki. Það verður aldrei hægt að setja neinar girðingar í lög sem hindra sérréttindi Íslendinga hvað varðar eignarhald á bújörðum.

Í þinginu hefur verið flutt frv. þar sem leitast var við að setja upp girðingar af þessu tagi. Gallinn á frv. er hins vegar augljóslega sá að um leið og þar eru sett afar ströng skilyrði um kaup á jörðum gagnvart útlendingum neyðumst við að sjálfsögðu til að setja nákvæmlega jafnströng skilyrði gagnvart Íslendingum sjálfum. Ég er nokkuð sannfærður um að ákvæði af því tagi sem hér hefur verið gerð tillaga um mun aldrei standast einfaldlega vegna þess að þéttbýlisbúar munu aldrei una við að svo ströng skilyrði séu sett. En á sama tíma munu bændur óttast að eignir þeirra verði gerðar verðlausar vegna þess að engin leið sé að selja þær. Það er afar hætt við því að þegar girðingar af þessu tagi eru settar upp, sem verða að vera þannig að þær gildi jafnt um Evrópubúa eins og þéttbýlisbúa á Íslandi og alla Íslendinga, verði afleiðingin sú að jarðirnar falla í verði og hvorki þéttbýlisbúar né bændur vilji við það una. Þess vegna er eins víst að jafnvel þótt slík lög yrðu sett mundu menn gefast upp á öllu saman að fáum árum liðnum og neyðast til þess að opna allar gáttir. Og þá erum við í nákvæmlega sömu sporum og áður. Þá höfum við opnað 350 milljónum manna leið til að kaupa upp íslenskar bújarðir, íslensk útvistarsvæði og íslensk laxveiðihlunnindi.

Ég nefndi áðan þann ágalla að öryggisgirðingar í lögum um erlenda fjárfestingu hefðu verið rifnar niður og ætla að víkja nokkrum orðum að þeim punkti. Í lögum sem sett voru á árinu 1991 með atfylgi allra stjórnmálaflokka var m.a. kveðið á um að eignarhluti erlendra aðila í flugfélögum á hverjum tíma skyldi ekki fara fram yfir 49% ef um væri að ræða flugfélag sem stundaði flugrekstur hér á landi. Þetta ákvæði var að sjálfsögðu sett til þess að reyna að tryggja það á öruggan hátt til frambúðar að Íslendingar hefðu forræði yfir íslenskum flugmálum, flugfélögum sem störfuðu hér á Íslandi. Þetta var öryggisgirðing sem hafði það hlutverk að vernda íslenskan flugrekstur. Ein af afleiðingunum af samþykkt samnings um Evrópskt efnhagssvæði er einmitt sú að þessa öryggisgirðingu er verið að rífa niður og allt er opnað hvað varðar samkeppni erlendra flugfélaga á íslenskum flugmálamarkaði.

Ég nefni annað dæmi. Í þessum lögum var ákveðið að heildarfjárfesting erlends aðila eða samanlögð fjárfesting fjárhagslega tengdra erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi á einu almanaksári mætti ekki fara fram úr 250 millj. kr. án sérstaks leyfis. Þetta var öryggisgirðing sem við settum upp fyrir tveimur árum og átti að tryggja að ekki yrði um gífurlegar fjárfestingar erlendra aðila í íslensku atvinnulífi að ræða, t.d. uppkaup á íslenskum fyrirtækjum án þess að stjórnvöld hefðu auga með því og gætu gripið í taumana ef þau teldu ástæðu til og þörf á. En þessi öryggisgirðing er ein þeirra sem núna er verið að rífa niður.

Ég nefni enn eitt dæmi. Í lögunum um erlenda fjárfestingu stóð, með leyfi forseta: „Heildarfjárfesting erlendra aðila í hverri atvinnugrein fyrir sig má ekki fara yfir 25% nema til komi leyfi viðskrh."

Hér var sett upp öryggisgirðing sem átti að tryggja það að ekki gæti á hljóðlátan hátt og án nokkurs eftirlits opinberra aðila gerst sú veigamikla breyting á íslensku atvinnulífi að erlendir aðilar keyptu sig skyndilega inn í heilan atvinnuveg og næðu þar undirtökum með því að eignast meira en 25% af eigin fé í ákveðinni atvinnugrein. En þetta er ein af mörgum öryggisgirðingum sem verið er að rífa niður með gerð þessa samnings. Það er grátlegt til þess að vita að lög sem voru sett fyrir aðeins tveimur árum síðan með atfylgi allra stjórnmálaflokka, góðri samstöðu í þinginu, skuli vera tætt í sundur með þeim hætti sem raun ber vitni aðeins tveimur árum síðar.

Ég vék að því áðan að það væri ágalli á þessum samningi hvernig atvinnumálum yrði háttað og að útlendingar fengju atvinnuréttindi á Íslandi til jafns við Íslendinga með tiltölulega einföldum hætti í svo ríkum mæli sem samningurinn gerir ráð fyrir. Við Íslendingar höfum verið svo hamingjusamir á undanförnum áratugum að hér hefur verið hlutfallslega lítið atvinnuleysi miðað við það sem gerst hefur í nálægum löndum. Í mörgum Evrópulöndum er atvinnuleysið 5–10%. Í sumum Evrópulöndum er atvinnuleysið 10–20% og í einstaka Evrópulöndum er atvinnuleysið þaðan af meira. Þá er ég að tala um löndin sem hugsanlega eiga aðild að væntanlegu Evrópsku efnahagssvæði. Þetta er vissulega að breytast á Íslandi í tíð þessarar ríkisstjórnar og atvinnuleysi hefur þrefaldast á skömmum tíma. En auðvitað er það ljóst að ef inn á íslenskan vinnumarkað flæðir vinnuafl á komandi missirum og árum í einhverjum mæli verða þessar tölur býsna fljótar að breytast og atvinnuleysi, sem er í dag þrisvar sinnum meira en áður var eða eitthvað í kringum 4%, getur verið komið upp í 14%, jafnvel 24% áður en nokkur veit af. Í Evrópubandalaginu eru nefnilega 13 milljónir manna án atvinnu og þarf ekki nema örlítið brot af þeim fjölda að leita til Íslands til þess að atvinnuleysi hér fari upp úr öllu valdi.

Ég veit að ýmsir háskólamenntaðir menn renna hýru auga til þessa samnings út frá því sjónarmiði að þeir eigi aukna möguleika á atvinnuréttindum í Vestur-Evrópu eftir gerð samningsins. Þetta hefur verið talið fram sem kostur við samninginn. Þetta er einn af þeim kostum sem hæstv. utanrrh. hefur fjölyrt um og ég ætla ekkert að gera lítið úr að þetta er kostur við samninginn. En það fylgir um leið ágalli og sá ágalli er fólginn í því að ófaglært fólk kann að streyma til Íslands þar á móti í talsvert ríkum mæli. Og það verða vond skipti, ekki vegna þess að fólkið sem þarna á hlut að máli sé neitt verra en við Íslendingar í sjálfu sér, auðvitað ágætisfólk. En við höfum lagt í mikinn kostnað við að mennta okkar háskólafólk og mundum hugsanlega sjá af nokkrum þúsundum þeirra til annarra landa með auknu atvinnuleysi á Íslandi á meðan til okkar streymdi fólk sem hefði enga þekkingu á íslenskri tungu, þekkti ekkert til íslenskrar sögu og væri auðvitað ekki eins hæft að takast á við íslenskan veruleika og þeir sem hér eru bornir og barnfæddir.

Það er líka ljóst að samningsstaða verkalýðshreyfingarinnar mun verulega versna við gerð þessa samnings. Forgangsréttur heimamanna til vinnu verður ekki tryggður til lengdar eftir gerð samningsins.

Hæstv. utanrrh. hefur gjarnan minnt á að í þessum samningi felist mikil tækifæri fyrir íslenskan sjávarútveg og má stundum skilja af talsmönnum ríkisstjórnarinnar þegar menn láta í ljós viðhorf sín til mála um áramót að þau tækifæri gætu kannski breytt einhverju verulegu varðandi atvinnuástand hér á landi. Auðvitað er þetta ekkert annað en blekking, hin hörmulegasta blekking sem haldið er að landslýð. Því þótt það kunni að vera ákveðin tækifæri fólgin í að tollar lækki á útfluttum sjávarafurðum á vissum sviðum, þá munu fiskarnir sem dregnir eru á land ekki verða neitt fleiri eftir en áður. Þeir verða nákvæmlega jafnmargir og vinnan við sjávarútveginn mun ekkert aukast við það að tollarnir lækki. Hún gæti kannski aukist í vissum tilvikum en hún minnkar sennilega í öðrum tilvikum. T.d. er alveg ljóst að öll þau tækifæri sem verið er að tala um í sambandi við útflutning á ferskum fiski muni hafa í för með sér minni vinnu við sjávaraflann innan lands en áður var.

Þess vegna er það ekkert annað en blekking að reyna að halda því fram að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði muni einhverju breyta hvað varðar atvinnuástand hér á landi. Svo er ekki. Það er viðurkennt, bæði af mér og öllum öðrum, að hann getur falið í sér bætta rekstrarafkomu fyrirtækja í sjávarútvegi vegna þess að einstaka fyrirtæki fær eitthvað meira í sinn hlut ef tollar eru lækkaðir en það mun því miður ekki hafa í för með sér aukna atvinnu vegna þess einfaldlega að útfluttur sjávarafli mun ekki aukast að magni til.

Ég nefndi áðan sem einn verulegan ágalla á þessum samningi að ýmiss konar þjónusta og verslun yrði í verulegri hættu og ætla að fara um það örfáum orðum frekar. Ég held að erlend fyrirtæki muni hasla sér völl í bankastarfsemi, fjármagnsþjónustu og á sviði tryggingamála. Ég er sannfærður um að erlend fyrirtæki munu ryðjast inn í verslunargeirann af talsverðu afli þegar fram líða stundir. Ég er ekki að segja að það gerist í einni svipan en ég er alveg sannfærður um að sterkir erlendir verslunaraðilar munu ná undirtökum í vissum geirum viðskipta og verslunar á Íslandi að fáum árum liðnum ef þessi samningur verður gerður. Ég er sannfærður um að erlendir aðilar munu komast inn í flutninga á sjó og í lofti í stórauknum mæli frá því sem hefur verið.

Ég spyr: Hvaða áhrif mun þetta hafa á þjóðartekjur Íslendinga? Ég minni á að sérfræðingar Verslunarráðsins spáðu því fyrir nokkrum árum að svo kynni að fara að erlend stórfyrirtæki næðu hér undirtökum í verslun og þjónustu allt að 30% á nokkrum árum ef þessi samningur yrði gerður. Ég spyr: Hvaða áhrif hefði það á þjóðarframleiðsluna ef t.d. 30% af viðskiptum og verslun hvers konar í landinu, þar með talin ýmis þjónusta í fjármagnsstarfsemi, bankastarfsemi, tryggingum og í flutningum yrði komin í hendur erlendra aðila? Ég get ekki svarað þessari spurningu, en ég hefði talið að þeir sem hafa undirbúið þennan samning og eru að bera hann fram á Alþingi hefðu átt að

gera einhverja grein fyrir þessari hlið málanna. En ég get leyft mér að fullyrða að hæstv. utanrrh., sem á að teljast aðaltalsmaður samningsins á Alþingi, hefur aldrei svo mikið sem vikið að þessari hlið málsins einu einasta orði. Hann hefur ekki haft hugrekki til þess að horfast í augu við þá staðreynd að þarna verða verulegar breytingar á með tíð og tíma og að þetta felur auðvitað í sér ekki bara beint tap Íslendinga hvað þjóðartekjur og landframleiðslu varðar heldur líka eitthvert atvinnuleysi á viðkomandi sviðum vegna þess einfaldlega að störfin flytjast til meginlandsins. Einkum á það við um stöður yfirmanna á viðkomandi sviðum vegna þess að rekstrinum verður í auknum mæli stjórnað frá heimalandinu, frá einhverju Evrópulandinu, en ekki eins og nú er að honum sé stjórnað á Íslandi.

Ég er alveg sannfærður um að á þennan hátt muni meira tapast bæði í vinnuafli og í gjaldeyri en vinnst með tollalækkunum á sviði sjávarútvegs. Þetta hefði kannski ekki litið alveg eins illa út ef íslenski sjávarútvegurinn hefði notið jafnréttis á við iðnaðarvörurnar þannig að við Íslendingar hefðum haft aukna möguleika til að sækja fram á sviði sjávaútvegs og fullvinnslu sjávarafurða og verið sterkari aðilar í hvers konar þjónustustarfsemi við sjávarútveg. Því miður fór það svo að slíkt jafnrétti er ekki fyrir hendi. Sóknarmöguleikar okkar á sviði sjávarútvegs eru bundnir svo takmörkuðum tegundum að sóknarfærið á sviði sjávarútvegs mun skila okkur sennilega minna en því sem við látum af hendi þar sem útlendingarnir sækja inn á okkar markað.

Ég nefndi það hér sem meginókost við þennan samning að í raun og veru er engin trygging í samningnum hvað varðar orkulindir Íslendinga, þessa mestu auðlind okkar þegar sjávarútvegurinn er frá talinn. Ég viðurkenni það að vísu að meðan sú stefna er í heiðri höfð að opinberir aðilar hafi orkuvinnsluna á hendi má verja sig og ekki bein hætta á ferðum. En ef þeir menn fá að ráða ferðinni sem einkavæða orkugeirann og gefa allt frjálst hvað varðar eignarhald á orkulindum, þá er veruleg hætta á ferð. Þá er sú hætta á ferð að erlendir aðilar komist yfir þessar auðlindir að fáum árum liðnum. Þá geta þeir keypt sig inn í hlutafélög sem stofnuð yrðu til orkuvinnslu ef hlutabréfin yrðu seld á almennum markaði og þá yrði þróunin sú á skömmum tíma að allt þetta svið yrði gefið frjálst og við Íslendingar hefðum þar ekki neina stjórn á.

Þetta er veruleg hætta sem ekki er ástæða til að gera lítið úr og lýsir því einmitt í hnotskurn hver aðalágallinn á þessum samningi er. Það sem við hefðum helst viljað vernda alveg örugglega og tryggilega til frambúðar, þ.e. jarðirnar og eignarhald á landi og á auðlindum, er allt í uppnámi ef illa er á haldið.

Ég nefndi það líka að kannski væri stærsti og örlagaríkasti ókosturinn við þennan samning sá að við erum að fara inn í bandalag sem mestar líkur eru á að leysist upp að fáum árum liðnum vegna þess að við verðum ein eftir í því af hálfu EFTA-ríkjanna.

Þegar farið var út í þessa samninga var rætt um að um tveggja stoða lausn yrði að ræða. Annars vegar yrðu EFTA-ríkin og svo hins vegar Evrópubandalagsríkin. Þessir tveir aðilar ættu að reyna að koma sér saman um reglur sem tryggðu aukin viðskipti milli þeirra og afnám viðskiptahindrana og að þessar tvær stoðir sem samningurinn byggðist á ætti að verða grundvöllur að samstarfi sem byggt væri á jafnrétti. En það fór á annan veg. Samningurinn felur í sér að við erum að lögtaka stóran hluta af lögbók Evrópubandalagsins og gerum það á einu bretti með því að lögtaka þúsundir síðna úr lagakveri Evrópubandalagsins.

Það er ekkert ofmælt þegar sagt er að slík lögtaka eigi sér ekkert fordæmi í íslenskri sögu síðan Jónsbók og Járnsíða voru lögteknar á Íslandi fyrir 800 árum. Og það sem meira er. Við eigum síðan á hverju ári að taka við nýjum og nýjum lögum frá Evrópubandalaginu án þess að okkur sé ætlað að breyta þar einu eða neinu. Evrópubandalagið setur lögin, ekki EFTA. Evrópubandalagið tekur hinar endanlegu ákvarðanir og það er EFTA-ríkjanna að taka við því sem að þeim er rétt. Þeim er vissulega ætlaður einhver samráðsréttur á undirbúningsstigi en Evrópuríkin eru ekki skuldbundin til að taka tillit til ábendinga sem frá okkur koma um það hvernig þessi löggjöf eigi að vera. Evrópubandalagsríkin taka hina endanlegu ákvörðun. Þetta samstarf byggist því ekki á tveimur stoðum eins og talað var um í upphafi. Hér er einfaldlega um að ræða höfuðbólið annars vegar og hjáleiguna hins vegar. Á hjáleigunni mun síðan fækka ár frá ári á næstu árum þannig að kannski verðum við Íslendingar ein eftir á hjáleigunni þegar komið er eitthvað fram á þennan áratug.

Auðvitað er það þannig að ráðamenn Íslendinga eru einu ráðamenn EFTA-ríkja sem ekki vilja viðurkenna það að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði er fyrst og fremst millilending á leið þjóðanna inn í Evrópubandalagið. Þeir eru að reyna að telja fólki trú um að hér eigi að stansa og stíga ekki lengra skref. Alls staðar annars staðar er það viðurkennt að Evrópskt efnahagssvæði er ekkert annað en biðstöð á leið inn í Evrópubandalagið, undirbúningur að fullri aðild. Svo er að sjálfsögðu á Íslandi eins og í hinum löndunum. Ég efast ekki eitt andartak um það að hljóðið í núverandi ráðamönnum verður orðið töluvert annað einu ári eftir að þessi samningur verður gerður hvað varðar fulla aðild að Evrópubandalaginu en það er núna.

Ég læt ekki hæstv. forsrh. blekkja mig neitt þegar hann er að gefa það í skyn og reyna að telja þjóðinni trú um að það verði staldrað við og stungið við fótum eftir að þessi samningur verður gerður og ekki haldið áfram yfir í fulla aðild. Ég hef merkt það mjög greinilega af ýmsum athugasemdum sem fram hafa komið hjá ráðamönnum Alþfl., samþykktum sem sjá má að gerðar eru innan Alþfl., m.a. innan ungliðahreyfingarinnar í þeim flokki, og ýmsu sem til fellur innan Sjálfstfl. Ég hef séð nógu mikið frá þessum aðilum til að vita að núna er ekki talið henta að boða fulla aðild að Evrópubandalaginu. Núna er það látið liggja í þagnargildi að sú umræða mun hefjast af fullum krafti strax eftir að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði er kominn í höfn. Og áreiðanlega hafið þið fleiri en ég tekið eftir saknaðartóninum í hæstv. forsrh. þegar hann hefur verið að ræða um það í fjölmiðlum seinustu dag-

ana að nú séu Íslendingar í raun og veru að missa af strætisvagninum að sækja um fulla aðild að Evrópubandalaginu ásamt öðrum Norðurlandaþjóðum. Maður heyrir það alveg á því hvernig hann tekur til orða að hann hefði heldur kosið að Íslendingar hefðu orðið samferða hinum Norðurlandaþjóðunum í umsókn um fulla aðild að Evrópubandalaginu. En hann telur það ekki pólitískt raunsætt að tala um það nú eða bera fram neina ósk í þá átt. Ég bið ykkur að minnast þessara orða minna eftir eitt ár, minnast þess sem ég segi nú að það verður talað um fulla aðild Íslands að Evrópubandalaginu á allt annan og ákveðnari hátt af hálfu forustumanna í Alþfl. og Sjálfstfl. að nokkrum mánuðum liðnum, ég tala ekki um eftir svo sem eitt ár, en nú er gert, en nú er talið pólitískt raunsætt eða heppilegt.

Við alþýðubandalagsmenn erum þeirrar skoðunar að Íslandi eigi ekki að verða aðili að Evrópubandalaginu. Við teljum hins vegar að með aðild að Evrópsku efnahagssvæði sé sporið stigið meira en hálfa leið inn í Evrópubandalagið og því sé brýn nauðsyn að stinga þegar við fótum og stíga ekki þetta skref því ella er verið að flækja okkur í netinu. Við getum nefnilega náð nákvæmlega sama árangri og næst í þessum samningi hvað varðar viðskiptamál með tvíhliða samningi við Evrópubandalagið. Við alþýðubandalagsmenn vorum því eindregið hlynntir að gerður væri samningur við Evrópubandalagið um viðskipti fyrir 20 árum og tókum þátt í því af fullum krafti, enda áttum við þá viðskrh. Þá var samningurinn um sjávarútvegsmál, sem allir þekkja, gerður við Evrópubandalagið gerður og í kjölfar þess bókun 6. Sá samningur, sem er bráðum 20 ára gamall, þarfnast endurskoðunar. Það þarf að taka hann upp og gera hann miklu viðameiri og fjölbreyttari eins og við reyndar höfum gert tillögu um. Út úr slíkum tvíhliða samningi náum við nokkurn veginn alveg því sama og Evrópska efnahagssvæðið gefur okkur. En við sleppum við flesta þá galla, þá ókosti sem ég hef hér verið að rekja og það er auðvitað mergurinn málsins.

Virðulegi forseti. Nú fer ég að ljúka máli mínu en vil að endingu varpa fram spurningunni: Fyrir hverja er samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði? Fyrir hverja er hann góður? Er hann góður fyrir sjávarútveg? Jú. Ég neita því ekki að með þessum samningi fást mikilvægar tollalækkanir sem ég er ekki á nokkurn hátt að vanmeta. En ég vek á því athygli að áfram verða tollar á mjög mörgum mikilvægum útflutningsvörum okkar á sviði sjávarútvegs, bæði þeim sem við flytjum nú út og þeim sem ekki eru á skrá en gætu kannski falið í sér ýmsa möguleika. Jafnhliða er það staðreynd að samkeppnisaðstaða Íslendinga gagnvart Norðmönnum versnar beinlínis við gerð samningsins. Að því leyti væri hann betur ógerður og betur kominn á ruslahaugana og reyndar aldrei að vita nema hann lendi þar á endanum. En það er ekkert verra fyrir Íslendinga að átta sig á því að hvað varðar samkeppnisstöðuna við Norðmenn væri samningurinn betur ógerður en gerður.

Ég hef nefnt veiðiheimildirnar sem við látum fyrir tollalækkanir. Ég hef nefnt það að við eigum nú fyrir höndum stanslausan slag við Evrópubandalagið um veiðar þeirra í íslenskri landhelgi, sennilega á hverju einasta ári. Því má draga þessa niðurstöðu saman í tvær setningar og segja: Þessi samningur er góður fyrir nokkurn hluta fiskverkenda en hann er vondur fyrir aðra, þar á meðal íslenska sjómenn, enda hygg ég að flestir íslenskir sjómenn séu eindregið andvígir þessum samningi eins og fram hefur komið í ályktunum samtaka þeirra.

Menn spyrja sig þá að því: Er þessi samningur ekki góður fyrir iðnaðinn? Það er erfitt að sjá að þessi samningur breyti miklu til hins betra fyrir íslenskan iðnað vegna þess að íslenskur iðnaður fékk tollalækkanir vegna útflutnings íslenskra iðnaðarvara fyrir meira en áratug síðan. Þegar maður fer að rýna í gögn frá talsmönnum iðnrekenda og átta sig á því hvað þeir sjá í þessum samningi rekur maður augun í það að þeir telja helst von í því að þeir hagnist á þessum samningi með því að erlendir aðilar komi inn í myndina og bjóði niður þjónustu- og fjármagnsgreinar á Íslandi og við það að þjónustan, fjármagnsiðnaðurinn, bankastarfsemin og flutningastarfsemin lendi í aukinni samkeppni innan lands muni staða þeirra batna. Það er út af fyrir sig ekkert fráleitur hugsunarháttur. Það er ákaflega líklegt að erlendir aðilar kynnu í ýmsum tilvikum að reyna að undirbjóða íslenska þjónustu- og verslunaraðila til að ná fótfestu í íslensku atvinnulífi. Þá mundu íslenskir iðnrekendur hagnast á því. En við skulum þá horfast í augu við bara allt dæmið. Þá er málið þannig að ef erlend stórfyrirtæki ryðja burtu íslenskum fyrirtækjum í þjónustu og verslun og drepa þau með aukinni samkeppni, þá hagnast íslenskur iðnaður. Þannig er rökfræðin í þessu máli. Þá hlýtur maður að spyrja sig: Er þá endilega víst að hin endanlega niðurstaða sé hagstæð fyrir heildina? Er endanlega víst að það sem er gott fyrir iðnaðinn sé gott fyrir þjóðarheildina? Ég dreg það mjög í efa. Ég óttast að það sem iðnaðurinn græði muni tapast vegna þess að aðrir þættir íslensks atvinnulífs veikist.

Ég held að það sé nokkuð ljóst að þessi samningur er hvorki hagstæður fyrir sjómenn né bændur. Það þarf reyndar ekki að eyða frekari orðum að þeim þætti málsins. En hann er heldur ekki hagstæður fyrir íslenskt launafólk að því leyti að hann getur vel átt eftir að hafa í för með sér aukið atvinnuleysi, bæði vegna þess að það er verið að drepa niður íslenska starfsemi á sviði verslunar og viðskipta og líka vegna innflutnings á erlendu vinnuafli. Aftur á móti skal ég vera fyrstur til að viðurkenna að þessi samningur getur verið hagstæður fyrir fjármagnseigendur sem eiga kost á því að flytja fjármagn sitt til annarra landa og ávaxta það þar. En er endilega víst að það sé mjög hagstætt fyrir þjóðarheildina að fjármagnið flytjist úr landi? Það er svo aftur önnur spurning.

Ég held að þessi samningur sé mjög hagstæður fyrir þá sem vilja flytja úr landi. En er það endilega víst að það sé hagstætt fyrir þjóðarheildina að horfa á eftir menntamönnum flytja af landi brott, háskólafólki sem við höfum kostað miklu til að mennta? Ég held að það sé mjög vafasamt. Og ég held að það geti verið

hagstætt fyrir iðnaðinn að erlent fyrirtæki undirbjóði íslensk fyrirtæki á sviði verslunar og viðskipta. En ég óttast að það sé ekki góð niðurstaða fyrir þjóðarheildina.

Það læt ég vera mín lokaorð að þetta mál verður að sjálfsögðu að skoða frá tveimur hliðum en ekki bara frá einni hlið eins og hæstv. utanrrh. hefur leyft sér að gera og sjónvarpið tekið upp eftir honum með mörgum löngum þáttum um málið án þess að víkja nokkurn tíma að einu einasta gagnrýnisatriði, einum einasta ágalla á þessum samningi en telja eingöngu fram kostina. Það eru bæði kostir og gallar á þessum samningi eins og ég hef verið að rekja. Þegar allt er vegið kemur maður vissulega auga á mikilvæga kosti en ágallarnir eru bara miklu fleiri. Og þegar allt er talið saman, þá er niðurstaða mín: Þetta er óhagstætt fyrir þjóðina. Þetta er óhagstætt fyrir þjóðarheildina.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. sem hér talaði áðan komst þannig að orði að utanrrn. hefði varið hundruðum millj. í kostnað og kynningu vegna þessa máls. Hann fór fleiri orðum um kostnaðarþáttinn. Hann taldi að kostnaður vegna þátttöku í nefndastarfi mundi þýða hundruð millj. aukinn kostnað og að fjölgun starfsmanna í sendiráðum mundi nema hundruðum millj. í aukinn kostnað og lagði síðan saman þessi hundruð millj. og sagði að kostnaðaraukinn mundi vera á bilinu 500–1.000 millj. Nú veit ég ekki, virðulegi forseti, hvaða tilgangi svona málflutningur þjónar, en ef hv. þm. lítur í fjárlagafrv. fyrir síðasta ár getur hann fengið það staðfest að utanrrn. varði til kynningar á málinu alls 13 millj. kr. Þar af þremur millj. í framlög til aðila vinnumarkaðarins, þar á meðal til BSRB, sem hefur væntanlega notað það framlag til þess að auglýsa sína afstöðu til málsins. Að öðru leyti var því varið til þess að gefa út í verulegu magni upplýsingaefni um málið á algerlega óhlutdrægan hátt af sérfræðingum. Þeir menn sem hafa hæst um kröfu um þjóðaratkvæði um málið geta varla andmælt því.

Þá gagnrýndi hv. þm. að Samtökin um óháð Ísland, sem eru andstæð þessum samningi, hafi ekki fengið framlög frá utanrrn. til sinnar starfsemi. Því er til að svara að ekki er ráð fyrir því gert í fjárlögum utanrrn. Ef það hefði verið talið æskilegt er auðvitað eðlilegast að Alþingi hefði tekið ákvörðun um það frekar en því hefði verið varið af fjárveitingu eins ráðuneytis.

Ég staldra við þessa þætti í málflutningi hv. þm. og segi það eitt að ef annað í málflutningi hans var byggt á svipuðum talnagrundvelli og byggt á svipaðri gerhygli og skoðun á staðreyndum, þá gef ég ekki mikið fyrir hann.

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er dálítið erfitt í þeim stutta tíma sem ætlaður er til andsvara að fjalla um jafnflókið og ítarlegt mál og kostnaðarhlið þessa samnings og þá síst af öllu að fara að rekja í smáatriðum hverju hefur nú þegar verið kostað til. Eða dettur einhverjum í hug að hæstv. utanrrh. hafi sagt allan sannleikann í þeim efnum hér áðan og ekkert undan skilið?

Ég er hræddur um að sá listi yrði býsna miklu lengri en var rakið hér áðan sem hæstv. utanrrh. hefur kostað til við gerð og kynningu þessa samnings. Ég stend við það að hæstv. utanrrh. hefur mjög vantalið kostnaðarhliðina. Ég nefndi engar tilteknar tölur. Ég sló á það að þarna væri um hundruð millj. að ræða og ætla mér að standa við það. Ég er t.d. alveg sannfærður um að um verður að ræða talsverða fjölgun í sendiráðum erlendis. Ég get ekki nefnt það neitt nákvæmlega hver kostnaðurinn verður en hann verður talsvert mikill. Og ég er sannfærður um að þær tölur sem hæstv. utanrrh. hefur nú þegar sýnt og sýndi við undirbúning fjárlaga eru ekki nema örlítið brot af hinum raunverulega kostnaði sem hann á eftir að kosta til í sambandi við framkvæmd á þessum samningi. Ég held að hann hefði frekar átt að svara því hér áðan, af því að hann var spurður um það, og ég ítreka því spurninguna: Hefur hann ráðið menn til starfa vegna Evrópska efnahagssvæðisins? Ef svo er, með hvaða heimildum var það gert?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fór auðvitað ekki fram hjá neinum að hv. þm. gat ekki staðið við þær órökstuddu fullyrðingar sem hann fór með í ræðu sinni áðan um þennan kostnað. Tölur hafa verið birtar hvað eftir annað, bæði á hv. Alþingi sem svar við fyrirspurnum sem og í nefndum um það hver þessi kostnaður hefur verið og áætlanir birtar um það hver hann muni vera, svo að nefnt sé eitt dæmi.

Um fjölgun í sendiráðum Íslands vegna þessa sem nemi 100 millj. kr. er þetta að segja: Fjölgun í sendiráðum Íslands vegna þessa mikla starfs á undanförnum þremur árum, sem hefur auðvitað verið í hámarki, er einn starfsmaður sem var fulltrúi fjmrn., tollasérfræðingur, sem hafði aðstöðu í sendiráðinu í Brussel. Reyndar hefur engin ákvörðun verið tekin um hvort það verður með varanlegum hætti. Áform eru uppi af hálfu menntmrn., iðnrn. og viðskrn. um að koma upp einum fulltrúa, annaðhvort sitt í hvoru lagi eða sameiginlega. Þetta eru þau áform sem uppi hafa verið um það efni.

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Er ekki eftirtektarvert að hæstv. ráðherra skuli í þriðja sinn víkja sér undan að svara spurningunni um það hvort hann hafi ráðið starfsmenn sérstaklega vegna Evrópska efnahagssvæðisins og með hvaða heimildum það er gert? Ég hef spurt hann þrisvar að þessu og hann hefur þrisvar haft tækifæri til að svara en vikið sér undan því.

Ég vil svo ítreka að auðvitað er það mergurinn málsins, sem ég vék að í ræðu minni, að upplýsingar frá hæstv. utanrrh. og ráðuneyti hans um þetta mál hafa verið mjög einhliða. Einungis kostirnir við aðild að bandalaginu hafa verið raktir en ókostunum hefur verið sleppt. Sömu sögu er að segja um framsetningu

sjónvarpsins. Ég tel þetta hneyksli. Ég tel ekki sanngjarnt að utanrrn. verji mörgum milljónum til að kynna ákveðinn málstað á mjög einhliða hátt og verji til þess fé skattborgaranna en það megi aldrei eyða einni einustu krónu til þess að útskýra ágallana við þennan samning. Ég tel það reyndar líka hneyksli hvernig sjónvarpið hefur haldið á þessu máli, að koma með fjöldamarga þætti um málið án þess að nokkurn tíma sé vikið að einum einasta ágalla málsins.

Frsm. 3. minni hluta utanrmn. (Ólafur Ragnar Grímsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að mega koma hér áður en fundarhlé er gert en það er sérstaklega vegna þess að nauðsynlegt er þegar umræður halda áfram að hæstv. utanrrh. skýri það fyrir þinginu hvers vegna hann hefur farið með rangt mál varðandi ríkjaráðstefnu EFTA og Evrópubandalagsins um framhald samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Það kom fram í morgun, en þá var utanrrh. víst fjarverandi, að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson rakti að nú hefur það verið staðfest af hálfu Evrópubandalagsins að engin slík ríkjaráðstefna er fyrirhuguð í janúarmánuði. Hæstv. utanrrh. er hins vegar búinn að segja það hvað eftir annað á Alþingi og á opinberum vettvangi að Alþingi verði að afgreiða þennan samning nú vegna þess að slík ríkjaráðstefna sé fyrirhuguð í janúarmánuði og gott ef hann hefur ekki meira að segja dagsett hana á sínum tíma og nefnt dagsetninguna 9. eða 10. jan. í því sambandi. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál þegar hæstv. utanrrh. fer með rangfærslur af þessu tagi og sér ekki sóma sinn í því að leiðrétta þær á Alþingi.

Ég vildi óska eftir því að það hlé sem skapast í umræðunni í kringum hádegisbilið verði notað til þess að forráðamenn ríkisstjórnarinnar gangi í það að hæstv. utanrrh. skýri frá hinu rétta þegar umræður hefjast á ný. Það er auðvitað ekki líðandi að utanrrh. lýðveldisins segi þjóðþinginu og þjóðinni rangt frá hvað eftir annað. Það kom fram í morgun að í fréttabréfi Evrópubandalagsins, sem kemur út daglega, frá 19. des. kemur fram að stefnt sé að því að halda þessa ríkjaráðstefnu í mars á næsta ári. Starfsmenn Evrópubandalagsins staðfestu það við hv. þm. Hjörleif Guttormsson í morgun eins og hann greindi frá að engin eru áform uppi um það að halda slíka ríkjaráðstefnu í janúar. Og þá fyrst verður hægt að ræða um dagsetningu hennar þegar utanríkisráðherrar Evrópubandalagsins hafa á ný komið saman til fundar í febrúarmánuði.

Allt það sem utanrrh. hefur sagt á þjóðþinginu um málið, í fjölmiðlum, í viðræðum við forustumenn þingflokkanna þegar menn hafa verið að reyna að koma sér saman um vinnubrögð á þinginu, kemur í ljós að eru ósannindi, svo að maður noti rétta orðið yfir það. Eru bara hrein og klár ósannindi. Ég vil þess vegna mælast til þess að þetta mál verði tekið til skoðunar og hæstv. utanrrh. í framhaldi af því sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson óskaði eftir í morgun, en þá var utanrrh. ekki mættur, geri þinginu grein fyrir því hvers vegna hann greindi rangt frá, dragi fyrri orð sín til baka, biðjist afsökunar á framgöngu sinni og skýri frá hinu rétta í málinu. Því ef það er staðreynd, sem fram kemur í gögnum Evrópubandalagsins, að enginn slíkur fundur verður í janúar og líklegast ekki fyrr en í mars, þá er auðvitað allur málatilbúnaður ráðherrans í þessu á undanförnum vikum með ólíkindum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. utanrrh. óskar að bera af sér sakir.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. sá sem hér talaði, hafði stór orð. Ég vísa þeim algjörlega á bug sem ósönnum, ómaklegum og órökstuddum. Ég hef engar fullyrðingar látið frá mér fara um það hvenær ríkjaráðstefna yrði haldin. Hitt er rétt að ég vitnaði í staðfest fréttaskeyti í ummæli Uffe Ellemann-Jensens sem var þá að taka við formennsku í Evrópubandalaginu um það að af hálfu Dana væri að því stefnt að hafa ríkjaráðstefnu hið fyrsta, jafnvel í janúar, eins og hann orðaði það. Staða málsins er hins vegar þessi og það verður að koma fram af þessu tilefni.

Núna þann 8. jan. munu lagasérfræðingar EFTA koma saman út af málinu, þ.e. frágangi á viðbótarbókuninni sem málið snýst um. Þann 12. jan. mun formennskuland EFTA, utanríkis- og viðskiptaráðherra Svíþjóðar, eiga fund með Delors. Þann 14. jan. eru ráðgerðir fundir, í fyrsta lagi samningamanna beggja aðila til þess að freista þess að undirbúa endanlegan texta til framkvæmdastjórnarinnar, en ráðherraráðið á sínum tíma fól framkvæmdastjórninni að undirbúa málið. Aðrir fundir sem áformaðir hafa verið síðan, eru þann 15. jan. þegar Svíar hitta aftur formennskulandið í Kaupmannahöfn og því næst svokallaður COREPER-fundur eða fundur fastafulltrúa bandalagsins sem á að reyna að ganga endanlega frá niðurstöðu málsins fyrir ráðherraráðsfund í febrúar.

Ef menn vilja leggja eitthvað út af þessum upplýsingum þá er þetta að segja:

Sú fullyrðing hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að staða málsins að því er Ísland varðaði stæði eða félli með einhverri dagsetningu á ríkjaráðstefnu er alröng. Spurningin er einfaldlega þessi: Hvenær þurfa Íslendingar, þ.e. Alþingi Íslendinga, að hafa afgreitt málið til þess að unnt sé að ganga með tryggum og öruggum hætti frá efni og formi þessarar viðbótarbókunar? Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef bestar þá þurfa þau svör að liggja ljós fyrir, ekki seinna en fyrir þennan fund þann 14. janúar.

Þetta eru þær upplýsingar sem ég hef bestar samkvæmt samráði sem við höfum nú haft við formennskuland EFTA, Svíþjóð, og samráði við báða aðila.

Frsm. 3. minni hluta utanrmn. (Ólafur Ragnar Grímsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst þakka fyrir það að hæstv. utanrrh. skyldi koma hér upp og fara með þessar dagsetningar. Það ber að þakka það sem hægt er að þakka. Það er þá mikilvægt að það er komið alveg skýrt fram að hæstv. utanrrh. getur ekki flutt þjóð-

þinginu neina frásögn af því hvenær þessi ríkjaráðstefna er fyrirhuguð. Það eina sem hefur verið ákveðið eru venjubundnir fundir embættismanna, annars vegar EFTA og hins vegar EB og svo hins vegar fundur fulltrúa formennskulandsins með fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar. En eins og hæstv. utanrrh. veit manna best hafa slíkir fundir verið fjölmargir og tíðir, m.a. þegar hann gegndi formennsku hjá EFTA. En hin formlega ríkjaráðstefna samkvæmt ákvæðum EES-samningsins, sem á að fjalla um hvað gerist ef eitthvert samningslandið hverfur frá eins og gerðist við úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu í Sviss, hefur ekki verið ákveðin og það veit enginn hvenær hún verður haldin.

Ég ætla hins vegar ekki að ergja hæstv. utanrrh. með því að fara með fyrir hann hve oft og hve mörgum sinnum hann hefur sagt það beinum orðum eða gefið í skyn að forsenda þess að Íslendingar geti tekið þátt í þessari ríkjaráðstefnu sé afgreiðsla EES-samningins hér á Alþingi og slík ríkjaráðstefna verði í janúarmánuði. Það nægir að minna á viðtalið við utanrrh. kvöldið sem úrslitin í Sviss voru kunn, þegar hann hóf þann boðskap að nú yrði Alþingi að afgreiða EES-samninginn hið snarasta, þá sagði hann nú fyrir jól, vegna þess að ella fengi Ísland ekki aðgang að ríkjaráðstefnunni sem yrði í janúar.

Það eru auðvitað fjölmörg slík tilvik af yfirlýsingum ráðherrans sem hægt er að rekja, enda er það í fersku minni manna hér fyrir jólin þegar mikið gekk á í þingstörfum, þá var utanrrh. að segja að það yrði fundur 9. og 10. janúar sem hann yrði að mæta á með fullu umboði og Alþingi yrði þá að vera búið að samþykkja EES-samninginn. Hann nefndi engan slíkan fund nú en við þekkjum auðvitað öll sem vorum í þinginu síðustu dagana fyrir jól hve títt hann nefndi dagsetninguna 9. og 10. janúar.

Kjarni málsins er sá, eins og ráðherrann staðfesti hér, að hvorki Evrópubandalagið né EFTA hafa fyrir sitt leyti ákveðið, hvað þá heldur komið sér saman um það hvenær þessi ríkjaráðstefna verður haldin. Hún verður alla vega ekki í janúar, það er alveg ljóst.

Utanrrh. fann einhvern fund 14. jan., einhvern embættismannafund sem nauðsynlegt væri að taka mið af við afgreiðsluna hér. Það er auðvitað hreinn tilbúningur vegna þess að þetta mál hefur allt snúist um þau formlegu ákvæði EES-samningsins að vera búinn að ganga frá málum þegar hin formlega ríkjaráðstefna yrði haldin. En það hefur komið hér fram að utanrrh. Íslands, Jón Baldvin Hannibalsson, hefur ekki hugmynd um það hvenær ríkjaráðstefnan verður haldin.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það þjónar satt að segja ákaflega litlum tilgangi að birta upplýsingar á Alþingi Íslendinga ef þær eru aðeins tilefni til þess að snúa út úr þeim og leggja þær út á allt annan veg heldur en tilefni er til. Það hefur legið fyrir frá upphafi að ríkjaráðstefnan sem slík með vísan til samningsins sjálfs verður ekki boðuð fyrr en fyrir liggur að undirbúningi hennar er lokið með samkomulagi um tillögur til þess að leggja fyrir hana. Hún er staðfesting á niðurstöðu á ferli.

Ég endurtek að það hefur aldrei af minni hálfu verið neitt fullyrt um það hvenær þessi ríkjaráðstefna yrði haldin, en því var lýst yfir af hálfu formennskulands EB að það stefndi að því að halda hana eins fljótt og unnt væri og jafnvel í janúar.

Að því er varðar stöðu málsins og stöðu Íslands hér heima þá er það líka alrangt að þeir fundir sem ég var að vísa til væru einhverjir reglubundnir, venjubundnir embættismannafundir sem kæmu þessu máli nánast ekkert við. Það sem ég var að segja var einfaldlega það að það er stefnt að því á þessum fundi sem boðaður er 14. jan. að aðalsamningamenn geti þá gengið frá samkomulagi að texta viðbótarbókunar sem fær síðan framhaldsumfjöllun á fundi fastafulltrúa og þarf síðan að leggja fyrir ráðherraráð Evrópubandalagsins. Það þarf verulegan undirbúning áður en það er gert.

Þannig að ég endurtek, virðulegi forseti, það er lítil ástæða til þess að birta upplýsingar um áformaða fundaröð ef það er hv. þm. einungis tilefni til þess að snúa út úr, rangfæra og mistúlka.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Aðalforseti þingsins var ekki í forsetastóli í morgun þegar ég kvaddi mér hljóðs um þingsköp til þess að vekja athygli á því sem ég læt síðan koma fram í minnisblaði til þingmanna sem ég vænti að hafi komið á borð þingmanna. Ég tel rétt að lesa upp efni þessa minnisblaðs um ráðstefnu stjórnarerindreka EB og EFTA, sbr. 129. gr. EES-samnings, með leyfi forseta:

„Samkvæmt upplýsingum sem undirritaður aflaði sér frá framkvæmdastjórn EB í Brussel í morgun, er ekki til umræðu að haldin verði ráðstefna stjórnarerindreka (ríkjaráðstefna, diplomatic conference) um nýjan EES-samning í janúarmánuði. Spurningin um slíka ráðstefnu getur fyrst verið til umræðu EB megin á fundi utanríkisráðherra EB 1. febr. 1993 enda fái framkvæmdastjórn EB þar umboð aðildarríkjanna til að ganga til samningaviðræðna. Fyrst þá og að þessu skilyrði uppfylltu geta menn farið að ræða einhverja dagsetningu fyrir ráðstefnu stjórnarerindreka samkvæmt 129. gr. EES-samnings.

Það er því rangt sem utanrrh. hefur haldið fram á Alþingi að nauðsynlegt sé að þingið afgreiði nú frv. til staðfestingar á EES-samningi vegna væntanlegrar ráðstefnu stjórnarerindreka í janúarmánuði. Þar fyrir utan er svo augljóst að EES-samningurinn frá 2. maí 1992 er ekki lengur marktækur og lög sem staðfestu aðild Íslands að slíkum samningi væru hrein markleysa."

Þetta er efni þessa minnisblaðs og það var efnislega það sem ég rakti og beindi orðum mínum til forseta í morgun að það væri nauðsynlegt að mínu mati að forusta þingsins, forseti og forsætisnefnd tækju þessi mál til athugunar í ljósi þess að staðan er verulega önnur en hæstv. utanrrh. hefur hér ítrekað látið að liggja við þingið í umræðum í desembermánuði og ég gæti fundið ýmsar tilvitnanir því til sönnunar.

Ég hef ekki farið hér með neitt rangt mál í sambandi við þetta efni eins og hæstv. utanrrh. sem var ekki heldur hér kominn til þingfundar í morgun þegar ég kvaddi mér hljóðs um þingsköp. Ég fullyrti ekki neitt varðandi þetta annað en það að upplýsingar og staðhæfingar ráðherrans að þessu leyti eru rangar. Ég held að það sé nauðsynlegt — ekki að munnhöggvast endilega við ráðherrann, það er ekki meginmálið — að forusta þingsins skoði málið í ljósi þessara staðreynda og fari yfir málið í ljósi þess. Það er greinilega ekkert að marka það sem hæstv. utanrrh. ber hér ítrekað fram sem rök fyrir sinni málafylgju og auðvitað á þingið að skoða þetta sjálfstætt og eins og málin liggja.

Sannleikurinn er sá að hvað sem líður embættismannafundum í Brussel eða annars staðar á vegum EB og EFTA þá eru það ekki þeir sem ráða úrslitum um það hvenær menn í raun geta farið að ræða dagsetningu fyrir þessa ríkjaráðstefnu, heldur er spurningin sú hvort framkvæmdastjórn EB fái yfirleitt umboð til samningaviðræðna sem þessari ráðstefnu stjórnarerindreka, eins og hún heitir samkvæmt þýðingu í 129. gr., er ætlað að reka smiðshöggið á að því er ráðherra utanríkismála staðhæfir hér nú. Þannig að þannig liggja málin og það er alveg dæmalaust, virðulegur forseti, að mönnum skuli vera haldið við þingstörf á þessum tíma til að ræða frv. til staðfestingar á lögum sem verða hrein markleysa ef samþykkt verða. Það er dæmalaust og ég skora á forustu þingsins að taka sig til og bera sig saman um þessi efni, hvað þá að ætla forseta lýðveldisins að staðfesta lög í stórmáli, lög sem aðeins væru hrein markleysa, ljóslega.

Frsm. 3. minni hluta utanrmn. (Ólafur Ragnar Grímsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þetta hér vegna þess að kjarni málsins hefur alveg komið fram. Ég hef ekki rangtúlkað hæstv. utanrrh. Málið hefur snúist um það hvort það væri einhver ákveðin dagsetning sem væri þess eðlis að fyrir þá dagsetningu yrði Alþingi Íslendinga að hafa lokið staðfestingu EES-samningsins ef fulltrúar Íslands ættu að hafa fullt umboð á viðkomandi fundi. Utanrrh. byrjaði fyrst að segja að þetta yrði að gerast fyrir jól, síðan sagði hann fyrir áramót, svo sagði hann fyrir 9. eða 10. janúar.

Nú er það komið fram að það er engin slík dagsetning. Það er enginn slíkur fundur ákveðinn. Það er kjarni málsins, hæstv. utanrrh. Það sem ég sagði um vinnuferlið var það að þeir fundir sem hæstv. utanrrh. lýsti eru eðlilegir vinnufundir embættismanna í aðdraganda þess að einhver slíkur formlegur fundur verði haldinn á næstu vikum eða mánuðum. Það liggur fyrir.

Þess vegna er það auðvitað mjög mikilvægt varðandi störf þingsins að menn átti sig á því að þessi eilífi dagsetningaleikur utanrrh. er bara sjónarspil. Hann hefur verið að „terrorisera" þingið, svo ég noti það orðalag, frá miðjum desember, heimtað hér afgreiðslu mála fyrir jól fyrst, svo fyrir áramót, núna fyrstu dagana í janúarmánuði, í skjóli einhverra slíkra dagsetninga. Nú er það komið fram að það eru engar slíkar dagsetningar. Nú heldur hann sig við dagsetninguna 14. jan.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Getur hann sagt það hér skilyrðislaust að sendiherra Íslands, samningamaður, Hannes Hafstein, fái ekki aðgang að þessum fundi 14. jan. nema Alþingi sé búið að staðfesta EES-samninginn? Hefur einhver sagt það af hálfu EFTA eða EB? Nei, það hefur enginn sagt það af hálfu EFTA eða EB.

Þannig að þessi nýjasta dagsetning í leikritinu, 14. jan., hún er auðvitað jafnmarklaus og allt hitt.

En hvað segir Evrópubandalagið? Það kemur fram 19. des. í fréttablaðinu Europe. Þar stendur undir dálknum „Evrópubandalagið, EFTA og Evrópska efnahagssvæðið" að ríkjaráðstefnan til þess að ræða hvað gerist varðandi EES-samninginn í framhaldi af þjóðaratkvæðagreiðslunni í Sviss verður haldin í mars, virðulegi þingheimur. Það hefðu þótt tíðindi á Íslandi þegar menn voru búnir að hlusta á utanrrh. á undanförnum vikum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli hæstv. forseta á því að þessi umræða fer fram undir dagskrárliðnum gæsla þingskapa og væntanlega er tilgangurinn sá af hálfu hv. þingmanna Alþb. að beina því til forseta að þinghald sé óþarft af þeirri einföldu ástæðu að ekki sé búið að negla niður dagsetningu á ríkjaráðstefnu.

Ég endurtek að það er til lítils að flytja úr ræðustóli upplýsingar um áformaða röð funda til þess að leysa það mál sem við öll vitum að bíður lausnar ef jafnframt er sagt: Það er bara ekkert að marka, það er bara ekkert að marka.

En það eina sem ég get sagt af því tilefni er þetta: Í gær fól ég embættismönnum mínum að hafa samband við utanríkisviðskiptaráðuneyti hinna EFTA-ríkjanna og sérstaklega forustulands EFTA, Svíþjóðar, sem og við fulltrúa okkar gagnvart framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins. Ég hef þegar nefnt hvaða fundir eru áformaðir. Meginverkefni þess fundar sem haldinn verður um miðjan mánuðinn er, samkvæmt þeim upplýsingum, að staðfesta að framkvæmdastjórn stefnir að því að staðfesta og leggja formlega fram tillögur sínar um lausn fyrir aðildarríki Evrópubandalagsins. Ef það á að takast þá verður það að liggja fyrir að EFTA-ríkin séu öll á sama báti, þ.e. að þau hafi staðfest þetta mál, ella getur þetta ekki gengið fyrir sig. Það sem þeir hv. stjórnarandstæðingar vilja þess vegna reyna að sanna, þ.e. að ekki er búið að finna dagsetningu fyrir ríkjaráðstefnu, sannar nákvæmlega ekki neitt. Það verður ekki boðað til neinnar ríkjaráðstefnu til þess að staðfesta formlega orðið samkomulag fyrr en samkomulagið er orðið á undirbúningsfundum og að því er stefnt um miðjan mánuðinn. Ef Íslendingar eru þá enn í sömu sporum í framhaldi af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram, þannig að Alþingi hafi ekki náð því að afgreiða þetta mál fyrir þann fund, þá endurtek ég að þá hefur það auðvitað keðju afleiðinga. Auðvitað er öllum ljóst að þessum hv. málþófsmönnum er mjög í mun að koma í veg fyrir það að Ísland

geti notið þeirra kosta sem fylgja aðild Evrópsks efnahagssvæðis. En menn eiga að gera greinarmun á einu, þ.e. þeirri pólitísku afstöðu hv. þm. sem liggur fyrir, að þeir eru andvígir þessu samkomulagi, og hins vegar spurningunni um viti borin vinnubrögð á Alþingi Íslendinga, og spurningin um hvort meiri hluti á Alþingi Íslendinga fær yfirleitt fram komið því að mál verði afgreidd leiði til niðurstöðu. Ég tala nú ekki um þegar um er að ræða mál sem varðar einhverja mestu þjóðarhagsmuni Íslendinga í samstarfi við aðrar þjóðir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti er ítrekað búin að minna á að gert var ráð fyrir að gera hlé — og nú ætlar forseti að gera hlé. Það er þá hægt að halda áfram með að ræða gæslu þingskapa ef menn sjá tilefni til þess eftir að hlé hefur verið gert í hálftíma. — [Fundarhlé.]

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég hafði óskað eftir að fá orðið um þingsköp áður en matarhlé var gert. Ég hélt að ég væri á skránni hjá hæstv. forseta. Ég hef í máli mínu á þessum fundi beint orðum mínum til hæstv. forseta varðandi þetta efni, en af því að hæstv. utanrrh. hefur tengst því máli og kom hér inn í umræðuna áðan, þá fyndist mér nú nokkur rök fyrir því að hæstv. utanrrh. væri við til þess að hlýða á mál mitt ef forseti telur það ekki óeðlilega ósk af minni hálfu. (**Forseti:** Samkvæmt þingsköpum mundi hv. þm. eiga að beina orðum sínum til forseta um gæslu þingskapa, það sem snýr að forseta, en forseti getur svo sannarlega látið hæstv. utanrrh. vita að hv. þm. vilji gjarnan að hann sé hér staddur og meira getur forseti ekki gert í þeim efnum.) Ég þakka virðulegum forseta. Má ræðumaður doka við hér í stólnum þangað til sést hvort utanrrh. er væntanlegur í þingsal? (**Forseti:** Hæstv. utanrrh. veit af þessu máli.) Er hæstv. ráðherra væntanlegur í þingsalinn? (**Forseti:** Forseti fékk þau skilaboð að hæstv. utanrrh. viti af því að hv. þm. vilji gjarnan að hann sé hér í salnum. — Forseta sýnist nú allt útlit fyrir að hæstv. utanrrh. komi ekki í salinn og vildi því biðja hv. þm. að fara nú að hefja sína ræðu um gæslu þingskapa svo forseti geti farið að setja tímaklukkuna af stað og við getum nýtt betur tímann.)

Virðulegur forseti. Ég skal fúslega verða við þeirri ósk forseta. Ég hef dokað hér við með samþykki forseta að ég tel og er að sjá hvort hæstv. ráðherra sem ber ábyrgð á því máli sem er hér á dagskrá, eina dagskrármáli fundarins, láti sjá sig. Ég á frekar von á því að það verði óskað nærveru hans af þeim ræðumönnum sem eru hér næstir á mælendaskrá þannig að við tefjum ekki tímann mikið, en ég lýsi nokkurri undrun yfir því að hæstv. ráðherra skuli ekki vera hér við framhaldsumræðu málsins.

En það sem ég vildi ræða við hæstv. forseta varðar þær staðhæfingar sem fram hafa verið bornar af hæstv. ráðherra við þingið og við forustu þingsins að það sé nauðsyn á því að ljúka staðfestingu þessa samnings af hálfu Alþingis vegna væntanlegrar ríkjaráðstefnu. Ég vísaði til ummæla ráðherrans 21. des. sl. í morgun þegar ég vakti athygli á þessari stöðu málsins en nú hef ég litið í ræðu ráðherrans frá 15. des. við 2. umr. þar sem ráðherrann talaði alllangt mál og ég vil beina því til hæstv. forseta að forseti kynni sér það sem þá var sagt af hálfu hæstv. ráðherra um hina brýnu nauðsyn að lögfesta málið fyrir jól og fyrir áramót í öllu falli vegna væntanlegrar ríkjaráðstefnu í byrjun janúarmánaðar eða snemma í janúarmánuði. Það liggja hér fyrir ummæli ráðherrans og áherðingar og brýningar gagnvart þinginu að ljúka þessu máli vegna þessarar ríkjaráðstefnu. Ég ætla ekki að taka hér tíma til þess að rekja öll þau ummæli. Þau er víða að finna í ræðu ráðherrans. Hann talar þar um að hér séu eingöngu tæknilegar breytingar á ferðinni og hann segir um ráðstefnuna og ég leyfi mér að vitna í það.

„Það er efni þeirrar ríkjaráðstefnu sem væntanlega verður kölluð saman í janúar. Fjöldi þeirra ríkja verður að liggja fyrir á þeirri ráðstefnu stjórnarerindreka sem fyrirhuguð er til þess að unnt sé að ganga frá þessari bókun. Svo einfalt er nú það. Það er ástæðan fyrir því að það er nauðsyn að við höfum lokið þinglegri afgreiðslu þessa máls fyrir áramót til þess að vera við því búin ef þessi ríkjaráðstefna verður haldin snemma í janúar."

Og síðan er þetta áfram í ræðu ráðherrans staðhæfingar af þessu tagi um hina brýnu nauðsyn. Ég taldi nauðsynlegt að vekja athygli hæstv. forseta á þessu um leið og ég minni á að þetta frv. yrði ekki marktækt sem lög frá þinginu vegna þess að samningurinn er markleysa á meðan hann hefur ekki verið endurskoðaður og lagður fyrir að nýju. Og í 26. gr. stjórnarskrárinnar segir, ég leyfi mér að vitna í hana að lokum, virðulegur forseti:

„Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrv., skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrv. staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sín."

Ég vek, virðulegur forseti, athygli á þessari grein stjórnarskrárinnar og þar með í rauninni alvöru þess að hugmyndin er að knýja hér fram og lögfesta frv. sem ekki er marktækt og síðan ber samkvæmt stjórnarskránni að leita staðfestingar forseta lýðveldisins á lögunum innan hálfs mánaðar frá samþykkt þess á Alþingi.

Ég treysti því, virðulegur forseti, að forseti og forusta þingsins, forsætisnefnd, taki þetta mál til gaumgæfilegrar yfirvegunar nú þegar.

Frsm. 3. minni hluta utanrmn. (Ólafur Ragnar Grímsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að það beri að sýna því samúð að hæstv. utanrrh. þorir ekki upp í þingsalinn eftir þetta hlé. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur sýnt fram á það mjög rækilega að yfirlýsingar ráðherr-

ans hér áðan um eigin orð ráðherrans sjálfs voru rangar. Hæstv. utanrrh. fullyrti það í framhaldi af ræðu minni að hann hefði aldrei sagt að það yrði að afgreiða þetta mál fyrir ríkjaráðstefnu í janúarmánuði. Nú hefur Hjörleifur Guttormsson, sem enn þá hefur aðdáunarvert úthald til að lesa ræður ráðherrans, líklegast eini þingmaðurinn hér í salnum sem nennir því og ber að þakka það í sjálfu sér, nefnt eitt dæmi af mörgum um það að hæstv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, hefur sagt það hvað eftir annað hér í ræðustólnum að þessi ríkjaráðstefna yrði í janúar, meira að segja fyrri partinn í janúar, og þess vegna yrði þjóðþingið að afgreiða það frv. sem hér er til umræðu.

En ég vil, virðulegi forseti, láta það koma fram til viðbótar að ég óskaði eftir því fyrir áramót við nefndadeild Alþingis, starfsmenn forseta þingsins, að þeir öfluðu upplýsinga um það frá spænska þjóðþinginu hvernig hefði verið farið með staðfestingarfrv. á EES-samningnum í spænska þjóðþinginu. Og á fundi utanrmn. í gærmorgun var lagt fram svar frá spænska þjóðþinginu, virðulegi forseti, sem barst starfsmönnum Alþingis Íslendinga nú eftir áramótin. Og ég vil nú beina því til virðulegs forseta að hann kynni sér það svar sem borist hefur til Alþingis Íslendinga frá spænska þjóðþinginu vegna þess að í því svari kemur fram að spænska ríkisstjórnin ákvað eftir úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Sviss að draga staðfestingarfrv. um EES-samninginn til baka frá þjóðþingi Spánar. Málið var þannig statt á Spáni að fulltrúadeildin hafði fjallað um samninginn, öldungadeildin var með staðfestingarfrv. um EES-samninginn til meðferðar og spænska ríkisstjórnin tók þá ákvörðun að draga það frv. til baka þannig að það hefur gerst í a.m.k. þessu aðildarríki Evrópubandalagsins að staðfestingarfrv. á Spáni um EES-samninginn liggur ekki lengur fyrir þjóðþingi Spánar, það hefur verið dregið til baka. Og svo kemur utanrrh. hér áðan og segir: Fulltrúar ríkjanna fá ekki aðgang að einhverjum fundi 14. jan. ef öll ríkin hafa ekki staðfest EES. Á þá Spánn ekki að fá aðgang að þessum fundi 14. jan. vegna þess að þar liggur ekkert frv. einu sinni lengur fyrir þinginu af því að ríkisstjórnin þar tók það burtu?

Það er aðvitað alveg fullkomlega fáránlegt að standa í því, virðulegi forseti, að ræða þetta mál á grundvelli yfirlýsinga utanrrh. sem standast ekki dag frá degi, heldur ekki frá klukkutíma til klukkutíma. Og ég vil nú beina því til forsetans að hann kynni sér það erindi sem borist hefur hingað frá þjóðþingi Spánar um að staðfestingarfrv. um EES-samninginn hefur nú verið dregið til baka í spænska þjóðþinginu og nýtt frv. verður ekki lagt fyrir það fyrr en einhvern tíma með vorinu.

Stefán Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Mikil umræða hefur farið fram um þann þátt samningsins um Evrópskt efnahagssvæði sem lýtur að því hvort samningurinn brjóti í bága við stjórnarskrá lýðveldisins sem við alþingismenn höfum lagt eið að að halda og virða. Eins og komið hefur fram í umræðunni skipaði utanrrh. fjóra lögfræðinga, þá Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómara, Gunnar G. Schram prófessor, Stefán Má Stefánsson prófessor og Ólaf Walther Stefánsson skrifstofustjóra til að gefa álit á þessum þætti málsins. Þeir skiluðu ítarlegu áliti, á margan hátt mjög merkilegu. Þessir sérfræðingar staðfesta að um framsal á valdi sé að ræða en telja stjórnarskrána ekki koma í veg fyrir það, enda sé umrætt vald vel afmarkað á takmörkuðu sviði og ekki verulega íþyngjandi fyrir íslenska aðila. Þetta er merkileg niðurstaða, sett fram af lögfræðingum, og það að maður hefði álitið virtum lögfræðingum.

Þeir segja einnig: „Þá bendum við á að síðar megi eða beri að gera stjórnarskrárbreytingu ef fram kemur að forsendur okkar standist ekki.“ Hér er vægast sagt mjög einkennilega tekið til orða og niðurstaðan dálítið sérstæð.

Dr. Guðmundur Alfreðsson þjóðréttarfræðingur og Björn Þ. Guðmundsson, prófessor í stjórnsýslurétti, skiluðu inn stórgóðri greinargerð þar sem þeir komust að þeirri niðurstöðu að stjórnarskráin heimilaði ekki það framsal valds sem um er að ræða í samningi um hið Evrópska efnahagssvæði. Það er mjög fróðlegt að kynna sér betur niðurstöður og athuganir prófessors Björns Þ. Guðmundssonar og ætla ég aðeins að víkja að þeim nokkrum orðum, virðulegi forseti, en þar kemur m.a. þetta fram í áliti Björns Þ. Guðmundssonar:

„Lögfræðilegt mat í þessum efnum er erfiðara fyrir þá sök að um er að ræða lögfestingu þjóðréttarsamnings en ekki venjulegs lagatexta. Það leiðir af eðli máls að ákvæði þjóðréttarsamninga byggjast að lokum á flóknu samkomulagi um orðalag og merkingu. Afleiðing þess verður að textinn er oft svo loðinn að erfiðara er að gefa honum nákvæmlega lögfræðilega merkingu en þegar um venjulegan lagatexta er að ræða. Þess vegna gerir t.d. fjórmenninganefndin marghátta að fyrirvara af sinni hálfu þrátt fyrir þá lokaniðurstöðu sem hún lætur frá sér fara.

Ef litið er á stjórnarskrárviljann einan, þ.e. það sem vakti fyrir Íslendingum þegar þeir settu sér stjórnarskrá, þykir mér alveg ljóst að hann teldi valdaframsalið samkvæmt EES-samningnum óheimilt. Því til stuðnings nægir að nefna þær aðstæður sem Íslendingar bjuggu við þegar stjórnarskráin var sett. Það hefur varla hvarflað að nokkrum Íslendingi þá að við mundum framselja ríkisvald til erlendra aðila eða þjóðréttarlegra stofnana.

Þjóðréttarlegar stofnanir eins og hér um ræðir eru ekki stjórnvöld í skilningi 2. gr. stjórnarskrárinnar samkvæmt gildandi stjórnskipunarrétti. Mat á EES-samningnum og ákvæði 2. gr. stjórnarskrárinnar um framkvæmdarvald verður því ekki á því byggt.

Stjórnsýsluhafar í landinu vinna verk sitt að viðlagðri ábyrgð á ákveðnum sviðum sem þeim ber bæði réttur og skylda til að rækja og mega ekki fela það öðrum. Í ráðuneytum viðgengst þó svonefnt innra framsal, þ.e. ráðherra felur öðrum starfsmönnum í ráðuneytinu framkvæmd valds síns. Sú ákvarðanataka er hins vegar ætíð á ábyrgð viðkomandi ráðherra rétt eins og hann hafi staðið sjálfur að verki. Framsal framkvæmdarvalds samkvæmt stjórnsýslurétti til utanað-

komandi aðila þegar lögbær aðili er til í landinu á því sviði er mjög sjaldgæft innan lands. Óþekkt er að slíkt framsal eigi sér stað til útlanda.

Fjórmenninganefnd utanrrh. telur að þrátt fyrir ákvæði 2. gr. stjórnarskrárinnar sé valdaframsal heimilt á vel afmörkuðum og takmörkuðum sviðum. Kemst hún að þeirri niðurstöðu að í þessu tilviki sé þeim skilyrðum fullnægt. En hver á að draga mörkin?" spyr dr. Björn. „Hvenær er svið ekki svo nægilega vel afmarkað eða ekki nógu takmarkað til þess að um óleyfilegt valdaframsal sé að ræða? Mat í þessu efni tel ég svo vandasamt og afdrifaríkt að varhugavert sé að láta hinn almenna löggjafa um það.

Með EES-samningnum er íslenskt refsivald framselt að hluta. Slíkt vald er svo mikilsvert að óverjandi er að það verði fengið öðrum en dómstólum og stjórnvöldum þeim sem getur nú í stjórnarskránni nema þá að breyta henni.

Með því framsali ríkisvalds sem hér er til umræðu er ekki einasta þjóðréttarlegum stofnunum falið bindandi ákvörðunarvald á tilteknum sviðum gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum á Íslandi heldur afsala sömu aðilar sér þeirri réttarvernd sem þeir njóta samkvæmt íslenskum lögum og m.a. er fólgin í því að mega bera athafnir stjórnvalda undir umboðsmann Alþingis, undir æðra stjórnvald og að lokum dómstóla.

Hér er um að ræða hluta ríkisvalds sem framselt er í hendur fyrirbrigðis sem er nýtt á alþjóðavettvangi og engin reynsla er fengin af. Stjórnskipun þess byggir á réttarhugmyndum og réttarhefðum sem eru í veigamiklum atriðum frábrugðnar þeim forsendum sem stjórnskipun okkar byggist á.

Að lokum er rétt að ítreka að það sem nú hefur verið sagt um framsal framkvæmdarvalds á í veigamiklum atriðum við um framsal dómsvalds samkvæmt EES-samningnum.

Varðandi dómsvaldið sérstaklega verður hér aðeins vikið að tveimur atriðum.

Ég hef miklar efasemdir um að það sé rétt hjá fjórmenninganefndinni að túlka megi EES-samninginn þannig að dómar EB-dómstólsins séu einungis leiðbeinandi en ekki bindandi fyrir dómstóla og stjórnvöld hér á landi. Þrátt fyrir þá takmörkun sem gerð er í samningnum, þ.e. að dómarnir skipti máli og séu efnislega samhljóða, tel ég miklu líklegra að reynslan muni leiða í ljós að líta beri svo á að hér sé um bindandi fordæmi að ræða, enda segir skýrum stöfum að það beri að fara eftir þeim þegar svo stendur á sem í EES- og ESE-samningunum segir. Þessa skoðun byggi ég ekki síst á víðtækri túlkun EB-dómstólsins sjálfs og hlutverki sínu og valdsviði.

Hitt atriðið sem ég vil vekja athygli á varðar 60. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að dómendur skeri úr öllum ágreiningi og embættistakmörk yfirvalda. Um þetta segir fjórmenninganefndin einungis: „Þessi regla varðar valdskiptingu milli hinna þriggja þátta ríkisvaldsins, en ekki lögverkanir þjóðréttarsamninga. Ef það sem segir í 2. gr. stjórnarskrárinnar heimilar gerð þeirra samninga sem hér er fjallað um hefur ákvæðið í 60. gr. ekki sjálfstæða þýðingu með þeim hætti að það geti leitt til annarrar niðurstöðu."

Það er rétt sem hér segir að ákvæðið hefur ekki sjálfstæða þýðingu varðandi þá spurningu hvort nú megi lögfesta EES-samninginn að óbreyttri stjórnarskrá, en þar með er ekki öll sagan sögð. Það er að mínu viti villandi að segja einungis að 60. gr. varði valdskiptinguna milli hinna þriggja þátta ríkisvaldsins.

Það sem ég nefni dómstólaeftirlitið nær til þess aðhalds sem fólgið er í úrskurðarvaldi dómstóla annars vegar um stjórnskipulegt gildi laga og hins vegar um lögmæti stjórnsýslu. Þegar sagt er að dómstólar eigi úrskurðarvald um stjórnskipulegt gildi laga er átt við þá grundvallarreglu íslensks réttar að dómstólar skeri úr um það hvort lög séu í samræmi við stjórnarskrána og að ekki skuli farið eftir þeim lögum sem að efni til eru andstæð henni. Það er einnig meginregla í íslenskum rétti að dómstólar eigi úrlausn um allar ákvarðanir og athafnir stjórnvalda nema þær séu sérstaklega teknar undan dómsvaldi þeirra, annaðhvort samkvæmt settum lögum eða eðli máls, sbr. 2. gr. og 60. gr. stjórnarskrárinnar. Í þessari meginreglu felst að dómstólar eigi úrskurðarvald um það hvort stjórnvöld hafi verið bær eða hæf til þess að taka ákvörðun og hvort þau hafi gætt réttra lagareglna við meðferð máls, hvort heldur um er að ræða ákvarðanir almenns eðlis, eins og t.d. setningu reglugerða, eða ákvarðanir í einstöku máli. Almennt er þó viðurkennt að framangreind meginregla um úrskurðarvald dómstóla geti sætt takmörkunum. Réttarþróunin hefur hins vegar verið sú að dómstólar telja sig bæra til þess að dæma um athafnir framkvæmdarvaldsins í mjög ríkum mæli.

Túlkun 60. gr. stjórnarskrárinnar er mikilsvert og vandasamt fræðilegt úrlausnarefni. Bæði ég og fjórmenninganefndin," segir Björn „hafa komist að þeirri niðurstöðu að með EES-samningnum sé dómsvald framselt að hluta til dómstóla EFTA og EB. Þegar af þeirri ástæðu hefði verið nauðsynlegt að víkja nánar að inntaki 60. gr. stjórnarskrárinnar vegna hinna bindandi réttaráhrifa ákvarðana þessara dómstóla.

Varðandi þessi síðastnefndu álitaefni ber að leggja áherslu á að rannsóknum mínum á þeim er hvergi nærri lokið fremur en á hugsanlegu framsali íslensks löggjafarvalds með lögfestingu EES-samningsins."

Niðurstaða Björns Þ. Guðmundssonar er því þessi samandregin, virðulegi forseti:

„Á grundvelli viðurkenndra lögskýringaraðferða stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar tel ég vafa leika á að framsal það á framkvæmdar- og dómsvaldi sem felst í EES-samningnum og hér um ræðir standist gagnvart gildandi réttarreglu 2. gr. stjórnarskrárinnar. Þennan vafa tel ég svo mikinn að ekki megi taka áhættu af að lögfesta EES-samninginn að óbreyttri stjórnarskrá."

Þetta er niðurstaða hins virta fræðimanns, Björns Þ. Guðmundssonar, prófessors í stjórnsýslurétti.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson fór mjög ítarlega yfir stjórnlagaþátt þessa máls er hann mælti fyrir áliti 1. minni hluta utanrmn. Hv. þm. gerði ítarlega grein fyrir stórgóðu áliti dr. Guðmundar Alfreðssonar þjóðréttarfræðings. Ég vil aðeins víkja að örfáum at-

riðum í hans greinargerð. Þar segir svo, virðulegi forseti:

„Sérfræðinganefnd utanrrh. heldur því fram að það megi hugsanlega skýra fyrirmæli í 2. gr. stjórnarskrárinnar um framkvæmdarvaldið þannig að það geti verið í höndum alþjóðastofnana á vel afmörkuðum og takmörkuðum sviðum: „Ekki er tekið fram að þetta skuli vera alíslensk stjórnvöld.“ Þessi skoðun þeirra er algjörlega úr lausu lofti gripin og á sér enga stoð í íslenskum stjórnskipunarrétti. Þetta er ævintýramennska í lögfræði og það breytir engu hvort framsalið nær til milliríkjaviðskipta eingöngu eða til annarra málaflokka.“

Hér er mikið sagt en ég dreg ekki í efa að dr. Guðmundur Alfreðsson hefur alla burði til að standa við það sem hann segir hér. Hann segir einnig:

„Það er mín niðurstaða um framkvæmdarvaldsþátt EES-samningsins að yfirþjóðlegt framsal af þessu tagi fái ekki staðist skv. 2. gr. stjórnarskrárinnar sem felur tilteknum íslenskum aðilum þetta vald. Framsalið stangast líka á við 14. gr. stjórnarskrárinnar um ráðherraábyrgð því að hvorki ráðherrar né önnur innlend stjórnvöld mundu geta borið ábyrgð á ákvörðunum stofnana EFTA og EB þar sem þær heyra alls ekki undir innlenda aðila og enginn slíkur mundi því bera ábyrgð á athöfnunum. Hér vaknar því greinilega spurning um stjórnarskrárbrot.“

Og dr. Guðmundur Alfreðsson segir einnig:

„Að mínu mati stangast valdaframsal til EB greinilega á við 1. og 2. gr. stjórnarskrárinnar. Við stofnun lýðveldisins skipti stjórnarskrárgjafinn verkum milli íslenskra valdhafa. Ég held því fram í meginmáli þessarar greinargerðar að valdaframsal til yfirþjóðlegra stofnana sé óheimilt að óbreyttri stjórnarskrá en ég fullyrði að stjórnarskrárgjafinn hafi útilokað valdaframsal til yfirþjóðlegra stofnana sem við erum ekki aðilar að. Engu máli skiptir þótt framsalið sé afmarkað og takmarkað við ákveðna málaflokka á viðskiptasviðinu. Þetta er einfaldlega ekki hægt að óbreyttri stjórnarskrá.“

Og að lokum segir dr. Guðmundur Alfreðsson: „Það er mín niðurstaða eftir nákvæma skoðun á þessum atriðum og dæmum öllum að breyta þurfi stjórnarskránni og beita til þess 79. gr. hennar þegar frv. til laga um EES kemur til afgreiðslu Alþingis og forseta.“

Hér er skýrt talað.

Eftir að hafa íhugað þessi mál og kynnt mér þau eftir bestu samvisku liggur það fyrir að niðurstaða mín er sú að samningurinn standist ekki stjórnarskrá lýðveldisins Íslands sem ég hef svarið eið að. Til viðbótar er svo að endanleg gerð þessa samnings verður ekki í því formi sem Alþingi er ætlað að samþykkja nú. Það liggur alveg ljóst fyrir eftir að Sviss hafnaði samningnum. Það er því vægt til orða tekið og fáránlegt að gera þá kröfu til alþingismanna að þeir verði við þeirri ósk og reyndar kröfu hæstv. utanrrh., Jóns Baldvins Hannibalssonar, að afgreiða slíkan samning nú.

Markmiðið með hinu Evrópska efnahagssvæði er að efla ríkjasamsteypur og treysta frelsi fjármagnseigenda og auðhringa. Möguleikar þeirra skulu auknir á kostnað hins frjálsa framtaks einstaklingsins. Það blandaða kerfi velferðarþjóðfélaga sem við þekkjum skal nú ýtt til hliðar. Það er þetta umhverfi sem hin nýja sveit sem nú hefur tekið völdin í Sjálfstfl. hefur því miður villst inn á. Morgunblaðið — málgagn Jóns Baldvins Hannibalssonar — hefur hamrað á því að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði muni rífa íslenskt atvinnulíf upp úr þeim öldudal sem það er nú komið í og auka hagvöxt á næstu árum. Hér er vægast sagt allt of sterkt til orða tekið. Ég viðurkenni samt að það eru atriði í þessum samningi sem okkur er ávinningur að. Því neita ég ekki, en sá ávinningur er hvergi nærri því sem af okkur er krafist. Ýmsar leikfléttur til að fegra þennan samning í augum fólks eru hafðar uppi og fullyrt að um verulegan ávinning verði um að ræða. Ef grannt er skoðað er atvinnu- og efnahagsávinningur okkar af þessum EES-samningi falskur og tálsýn ein.

Í Evrópu er atvinnuleysi að verða eitt alvarlegasta vandamál þjóðríkjanna. Þar er nú að vaxa upp ótrúlega stór hópur fólks sem aldrei hefur og mun aldrei hafa atvinnu sér og sínum til framfærslu. Þetta er það umhverfi sem Evrópa í dag býður upp á. Þetta er sú lífssýn sem blasir við.

Ríkisstjórnin hefur talað mikið um sölu ríkisfyrirtækja frá því að hún kom til valda og er með ýmis áform uppi í þeim efnum, misjafnlega skynsamleg svo ekki sé sterkara að orði kveðið. Eitt áformið er það að breyta ríkisbönkunum í einkabanka. Það er einn liður Evrópukrata til að opna þá möguleika að erlendir bankar eða fjármálastofnanir geti aukið hér umsvif sín og eignast þessar stofnanir og rekið þær sem sín útibú á Íslandi. Nú er hæstv. viðskrh. svo sem ekki reynslulaus í að afhenda banka en þó við vægast sagt vafasaman ávinning. Hér og nú horfir þetta öðruvísi við. Nú skulu dyr Evrópu opnaðar og erlendum aðilum opnuð leiðin til umráða yfir peningastofnunum okkar. Nú passar þetta vel samhliða samningnum um Evrópskt efnahagssvæði.

Ríkisstjórnin ætlar sér meira en að selja ríkisbankana. Hún hefur einnig ákveðið að einkavæða orkufyrirtækin í landinu. Hún hefur einnig áform um það. Þær dyr verða því einnig rifnar upp á gátt fyrir útlendinga til að hasla sér þar völl. Hæstv. iðnrh. hefur vegna glataðra tækifæra í stóriðju talað mjög mikið um þann möguleika okkar að flytja út raforku í gegnum sæstreng. Ég er sammála því að hér er um mjög mikið mál að ræða en mikið verk er samt enn óunnið hvernig að skuli staðið hvað varðar eignarhald og framkvæmd alla. Það væri fróðlegt að spyrja hæstv. iðnrh., sem ekki er hér staddur að vísu og ekki nýtt. Ef við gæfum okkur að þetta gengi nú fram þannig að arðsemisútreikningar yrðu mjög jákvæðir á því að selja raforku út eftir sæstreng yrði þá ekki fyrsta verkefni væntanlegra kaupenda þeirrar orku að tryggja sér sjálfum virkjunar- og framleiðslurétt orkunnar á Íslandi og losna þannig við óþarfa millilið sem héti Ísland til framleiðslu og sölu orkunnar eftir að möguleikar erlendra aðila til orkuöflunar hafa verið opnaðir eins og áform ríkisstjórnar eru um. Það væri fróðlegt að fá skoðun hæstv. iðnrh. á þessu sjónarmiði. Af hverju

skyldu þessir erlendu aðilar, sem eru tilbúnir til að kaupa orkuna hvort sem er við strönd Englands, ekki byrja á að fjárfesta og tryggja sér orkuréttinn á Íslandi þegar búið væri að opna fyrir slíkt? Af hverju ætti að hafa milliliðinn hér uppi á Íslandi? Auðvitað er verið að rífa hér allar dyr upp á gátt. En er kannski engin hætta á ferðum, ágætu þingmenn?

Í dag nýtum við Íslendingar aðeins um 10% af virkjanlegri orku. Það er alveg ljóst að í orku landsins felast alveg gífurlegir möguleikar. Því þarf að ganga hér um með mikilli gát. Í virkjanlegum möguleikum eigum við trúlega um 30–40 milljarða í árstekjur í orkusölu. Það er ekkert lítið sem hér er í húfi. Það er því alveg ljóst að viðsemjendur okkar í EES-samningnum munu gera allt til að koma í veg fyrir að hömlur verði settar á erlenda aðila til að geta komið að þessum auðlindum okkar. Þeir vita nákvæmlega hvað hér er um að tefla.

Í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið vantar því skýr ákvæði sem tryggja Íslendingum sjálfum fullt forræði til orkuvinnslu. Verði það ekki gert verður hér óbætanlegt slys. Ég trúi ekki öðru en hv. alþm. átti sig á þeirri hættu eða gildru sem í þessum samningi felst. Það er algert grundvallarmál og sjálfsögð krafa að engir endar verði hafðir lausir við þessa samningasmíð þannig að öllum megi ljóst vera að það sé Íslendinga einna að eiga og reka orkuöflunar- og dreifingarfyrirtæki.

Nákvæmlega sömu kröfu verður að setja fram hvað viðkemur landinu sjálfu. Það verður að stöðva þau áform að auðlindir lands og hafs verði notuð sem skiptimynt í viðskipum milli þjóðríkja.

Óhjákvæmilega mun EES-samningurinn snerta íslenskan iðnað eins og aðra þætti þjóðlífs okkar. Því miður er það svo að iðnaður okkar á í miklum erfiðleikum. Og ég leyfi mér að draga stórlega í efa að hann sé nægilega vel í stakk búinn til að mæta þeim breytingum sem verða með samþykkt EES-samningsins. Þrátt fyrir fríverslunarsamninginn við EFTA og EB frá árinu 1972, þar sem samið var um að koma á fullri fríverslun með iðnaðarvörur, hefur honum ekki tekist að ná þeirri markaðshlutdeild sem vonir stóðu til. Það vill nefnilega furðuoft gleymast að fríverslun verkar í báðar áttir. Þar er um gagnkvæmni að ræða. Það fer ekki á milli mála að á liðnum árum höfum við mátt horfa upp á hlutdeild erlends iðnvarnings vaxa ótrúlega mikið á íslenskum markaði samfara miklum samdrætti í okkar eigin framleiðslu. Heilu greinarnar hafa nánast horfið og aðrar hafa dregist stórlega saman. Stórkostleg fækkun í mannafla hefur átt sér stað í þessum greinum. Allt þetta hlýtur að valda okkur áhyggjum.

Síðan núv. ríkisstjórn komst til valda fyrir rúmu einu og hálfu ári hafa meira en 1.500 störf tapast úr íslenskum iðnaði. Frá því að þessi ríkisstjórn komst til valda hefur hún klúðrað 1.500 störfum í íslenskum iðnaði. Það sýnir okkur betur en flest annað þá uppgjöf sem orðið hefur um íslenska atvinnustefnu.

Það sem hefur gerst m.a. er að erlendir framleiðendur iðnvarnings hafa nýtt sér út í æsar þá möguleika sem fríverslunin gaf þeim en íslenskum iðnaði hefur ekki tekist nægilega að fóta sig á hinum evrópska markaði. Sá markaður sem hefur gefið íslenskum iðnaði hvað mest nú um sinn er ekki í þeim hluta Evrópu sem nú er leitað lags við. Sá markaður liggur miklu fremur í Bandaríkjunum, Kanada, Rússlandi, Japan og jafnvel í Asíu.

Það var mjög athyglisvert að lesa grein eftir Jóhann J. Ólafsson sem birtist í Morgunblaðinu ekki fyrir löngu síðan. Þar var mjög ítarlega fjallað um risamarkaðinn í vestri, sem hann nefndi svo, og þá möguleika sem þar eru. Það er alveg ótrúlegt að lesa slíkt og hugleiða hversu mikla möguleika við Íslendingar eigum á þessum mörkuðum. Það er tálsýn að með samþykkt samningsins um Evrópskt efnahagssvæði leysist vandamál íslensks iðnaðar. Það er mikil blekking af ráðamönnum að halda slíku fram.

Forsvarsmenn íslensks iðnaðar hafa jafnan öðrum fremur hvatt okkur þingmenn til þess að samninguirnn um Evrópskt efnahagssvæði verði samþykktur. Ég hef spurt sjálfan mig oftsinnis þegar ég hef lesið bréf þessara samtaka hver hugsunin raunverulega væri. Ég hef satt að segja ekki komist að niðurstöðu. En ég veit að það getur vissulega verið notalegt að láta sig dreyma. En reyndin er sú að það kemur að því að menn hrökkva upp af draumum sínum og veruleikinn blákaldur blasir þá við. Og ég held að það eigi íslenskur iðnaður því miður eftir að reka sig á.

Nú þarf öðru fremur hvað viðkemur iðnaðinum okkar að koma upp ákveðinni og skilvirkri iðnaðarstefnu sem eitthvað stendur á bak við og menn meina eitthvað með. Það getur ekki orðið sátt um að möguleikar íslensks iðnaðar nýtist ekki betur en raun ber vitni. Um það getur ekki orðið sátt. Ríkisstjórnin verður að átta sig á því áður en lengra er gengið hverjir og hvar séu bestu möguleikar íslensks iðnaðar.

Útspil ríkisstjórnarinnar nú að hækka tolla á vörum frá Bandaríkjunum og Japan er ekkert annað en tollvernd til ríkja EB. Ekkert annað. Þetta sýnir okkur hvað er mikið að marka útreikninga um fjárhagslegan ávinning þessa samnings. Mikil og sterk villuljós hafa leitt menn til þessarar samningsgerðar. Íslenskur iðnaður átti svo sannarlega annað og betra skilið.

Fróðlegt hefði verið að fjalla um atvinnu- og réttindamál þeirra er hingað kunna að koma í atvinnuleit. Sá þáttur samningsins hefur allt of lítið verið ræddur á Alþingi og reyndar víðar og á örugglega eftir að valda hér ýmsum erfiðleikum svo ekki sé fastar að orði kveðið. En það er eins og svo margt annað sem órætt er. Ef menn vilja tala ítarlega um þessi mál þá kveður við úr stólum hæstv. ráðherra: Málþóf, málþóf, málþóf. Og það er hart að þurfa að búa við slíkt. Auðvitað eiga þingmenn þann rétt að taka sér allan þann tíma sem þarf til að ræða jafnyfirgripsmikið mál og hér um ræðir. Ég trúi því að margt eigi enn eftir að ræða í þessum málum þó síðar verði.

Eitt af því alvarlegasta við þennan samning eru svik við þau áform að heimila ekki veiðar skipa frá Evrópuríkjum innan íslenskrar lögsögu. Ríkisstjórnin hefur gefið eftir í þessu máli og samþykkt að gefa veiði-

heimildir fyrir tollaívilnanir. Hver hefði trúað því að Sjálfstfl. mundi einhvern tímann geta fallist á slíkt? Trúir virkilega einhver hér inni því að Sjálfstfl. hefði getað fallist á slíkt? Örugglega eru margir hér inni sem hefðu trúað því að Alþfl. hefði getað gert það. En ég held að það geti ekki verið margir hér inni sem hefðu trúað því að Sjálfstfl. gæti slíkt. Og því verður fróðlegt að fylgjast með atkvæðagreiðslu í þessu máli. Er nema von að við þessar aðstæður spyrji sjálfstæðismenn vítt og breitt um landið: Hvar er gamli flokkurinn okkar? Hvað hefur komið fyrir forustu Sjálfstfl.?

Íslenskur sjávarútvegur á í erfiðleikum í dag. Núv. ríkisstjórn hefur engan skilning á málefnum þessarar undirstöðuatvinnugreinar. Því er nú svo illa komið að hriktir í sjálfri undirstöðunni. Miklar vaxtahækkanir og margvíslegar nýjar skattaálögur ásamt miklum kostnaðarhækkunum eru hreint og beint að sliga þessa undirstöðuatvinnugrein.

Það er akkúrat við þessi starfsskilyrði sem sjávarútvegurinn er ákaflega illa í stakk búinn til að verjast þeim boðaföllum sem fylgja munu samþykkt þessa samnings. Sjávarútvegurinn er á engan hátt nægilega búinn til að mæta þeim margvíslegu hættum sem að honum steðja við gerð þessa samnings. Það þarf kjark til að halda því fram að með samþykkt EES-samningsins muni sjávarútvegurinn komast á réttan kjöl að nýju eins og talsmenn ríkisstjórnarinnar halda fram. *Málflutningur sumra forustumanna sjávarútvegsins* í þessu máli er vægast sagt torskilinn, a.m.k. fyrir mig. Hvaða hagsmunaaðilar, ef við skoðum það, í íslenskum sjávarútvegi kalla svo hátt eftir afgreiðslu samningsins? Skyldu það vera þeir sem eru að byggja upp fiskvinnslufyrirtæki í þessum Evrópulöndum til að flytja út og vinna hráefni af Íslandsmiðum sem fremur ættu að vinnast af íslenskum höndum hér heima þannig að íslenska þjóðin gæti sem best notið margfeldisáhrifa vinnslunnar hér heima? Skyldu það vera þeir? Skyldi það geta verið að þarna væru hagsmunatengsl á milli? Skyldi það svo vera, hæstv. ráðherra utanríkismála, að íslenskum sjávarútvegi sé ætlað að keppa á jafnréttisgrundvelli að þessum samningi gerðum?

Auðvitað var hopað líka af þessum vígstöðvum samningsins. Auðvitað hopuðu kratarnir af þessum vígstöðvum líka. Er nema von að spurt sé hvort ríkisstyrkir til sjávarútvegs í Evrópulöndum verði lagðir af. Nei, aldeilis ekki. Styrkir sem Evrópubandalagið greiðir til útgerðar og fiskvinnslu koma til með að skekkja mjög samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs. Árið 1990 námu beinir styrkir um 65 milljörðum kr. Til að bæta samkeppnishæfni þessara sjávarútvegsfyrirtækja vegna ýmissa aðgerða, svo sem vegna hollustuhátta, bætir EB við um 85 milljörðum. Til viðbótar þessum 150 milljörðum kr. í ríkisstyrki koma til mjög há framlög sem þeir kalla byggðastyrki. Þarna er verið að búa samkeppnisaðila okkur betur í stakk í vaxandi samkeppni.

Styrkur EB jafngildir því að íslenskum sjávarútvegi væri veittur styrkur sem næmi trúlega um 20 milljörðum ísl. kr. Auðvitað dettur engum í hug að slíkt verði gert fyrir íslenskan sjávarútveg. Það þarf mikið að gera til að standast þá samkeppni sem hér um ræðir. Þetta er rekstrarumhverfið og gagnkvæmnin sem íslenskum sjávarútvegi er ætlað að keppa við í draumalandi Evrópukratanna. Við þessar aðstæður mun hráefni fara í vaxandi mæli úr landi og atvinnan vissulega með. Það er heillandi verkefni eða hitt þó heldur sem hér er unnið að af núv. ríkisstjórn á sama tíma og atvinnuleysi hefur aldrei verið meira á Íslandi. Það er heillandi verk. Með þessari þróun er mikil hætta á að við munum í vaxandi mæli verða hráefnisútflytjendur og það er vissulega uggvænleg þróun fyrir okkur Íslendinga.

Ég sá það í Morgunblaðinu ekki fyrir löngu að greint var frá ráðstefnu um EES og ný tækifæri í útflutningi. Mig minnir að ráðstefnan hafi verið haldin úti í Viðey. Það kom fram hjá tveimur fyrirlesurum á ráðstefnunni að samkeppnisstaða okkar gagnvart Norðmönnum muni — batna eins og menn hafa verið að segja? Nei, samkeppnisstaða okkar gagnvart Norðmönnum að gerðum þessum samningi, segja þessir fyrirlesarar, mun versna. Annar fyrirlesarinn sagðist einnig binda miklar vonir við ávinninginn af sölu sjávarafurða — hvert? Til Evrópu? Ávinningurinn var glæstastur hjá honum til Bandaríkjanna. Þar voru mestu möguleikarnir að hans áliti.

Utanrrh. hefur látið reikna út fyrir sig það sem hann kallar fjárhagslegan ávinning vegna tollalækkana sem kæmu til framkvæmda árin 1993 og 1997 miðað við útflutning 1990. Lækkunin átti samkvæmt þessu að vera, ef ég man rétt, um 1,9 milljarðar. Það er villandi og trúlega ekki tilviljun að taka árið 1990 sem viðmiðunarár þar sem samdráttur í útflutningi á ferskum fiski var um 40% á árinu 1991 og samdrátturinn er mikill á þessu ári. Því gefur þetta alranga mynd af þeim ávinningi sem hér er talað um. Hér er margt fleira sem þarf að taka tillit til en látið hefur verið ógert af hæstv. ráðherra.

Ég veit ekki nákvæmlega hversu mikið hefur verið flutt út til Bretlands af ferskum fiski á sl. ári. En síðast þegar ég skoðaði þessi mál stefndi það í að verða um 30 þús. tonn sem við áttum að flytja út til Englands. Það er innan við helmingur þess útflutnings sem var fyrir fjórum árum síðan. Menn sjá því hver þróunin hefur orðið. Vissulega grípur hér mikið inn sú ákvörðun sem menn hafa tekið með stjórnun fiskveiða. En þetta sýnir okkur hvað sú tala er fölsk sem menn eru að tala um með þennan mikla ávinning.

Eitt enn ber að athuga sem hefur gleymst í þessum útreikningum. Það er það, sem kennt er í öllu venjulegu bókhaldi, að færa þarf í tvo dálka. Það þarf að færa í báða dálkana. En í öllum þessum útreikningum hefur það gleymst og aðeins verið fært í annan dálkinn og hann lagður saman. Ávinningurinn af þessum samningi í krónum talið er því ekki ljós og langt frá að hann sé sá sem talsmenn samningsins halda fram. Það er augljóslega um lægri fjárhæð að ræða sem nemur hvorki meira né minna en hundruðum milljóna króna.

Í samningnum er einnig kveðið á um að fyrirtæki megi ekki vera það sem kallað er markaðsráðandi. Það væri mjög fróðlegt — en því miður eru engir ráðherrar við enn þá og víst vonlaust að biðja um slíkt — ef

ráðherrar heyrðu mál mitt að þeir gæfu okkur aðeins stikkorð um það sem hér er verið að tala um. Hvernig víkur þessum þætti við t.d. hvað viðkemur Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna? Telst Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna markaðsráðandi fyrirtæki? Telst Hagkaup eftir að hafa keypt sig inn í Bónus markaðsráðandi fyrirtæki? Það væri fróðlegt að fá svör við því. Og einnig hverjir það eru sem munu úrskurða í slíkum tilvikum. Munu íslenskir aðilar kveða upp þann dóm eða einhverjir aðrir? Þá væri fróðlegt að fá að vita hverjir þessir aðrir eru.

Evrópubandalagið setti í upphafi samningsviðræðnanna fram þá kröfu að Íslendingar heimiluðu veiðar innan fiskveiðilsögu okkar gegn tollalækkun sjávarafurða okkar á EB-markaði. Þessi krafa á ekki að koma Íslendingum á óvart. Þetta hefur okkur ætíð staðið til boða að semja um frá því að við færðum út landhelgi okkar en ætíð hefur því verið hafnað. Um það hefur verið full samstaða þar til nú.

Íslendingar börðust við þessi ríki um réttinn til hafsins með málstaðinn einan sem hið beittasta vopn. Sigurinn var okkar og nú viðurkenna allar þjóðir 200 mílna, eða hvorki meira né minna en 758 þús. ferkílómetra efnahagslögsögu okkar nema EB sem enn hefur ekki staðfest Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þetta eru þjóðirnar sem að sögn talsmanna EES-samningsins eru fullar af samstarfsvilja í garð okkar Íslendinga þrátt fyrir að nú tíu árum eftir samþykkt Hafréttarsáttmálans sé Ísland eina ríki EFTA sem samþykkt hefur þennan sáttmála. Segir það okkur ekki heilmikla sögu? Ætti þetta ekki að verða til þess að við gætum dregið einhvern lærdóm af?

Því er óskiljanlegt að nú árið 1992, eða réttum 18 árum eftir að sigur var unninn í landhelgismálinu, skuli vera þeir menn á Alþingi og utan þess sem falla að fótum þessarar ríkjasamsteypu og leggja til að ıjúfa þau heit sem íslenska þjóðin stóð sameinuð að að setja.

Með þeim samningum sem ríkisstjórnin ætlar að ná fram og lúta að sjávarútvegi er vikið frá grundvallarsjónarmiðum Íslendinga í landhelgismálum. Að samningnum samþykktum munu fiskiskip Evrópubandalagsins geta fiskað innan íslenskrar fiskveiðilögsögu og ásóknin í auknar heimildir mun vissulega vaxa. Með þessu hefur verið fallist á að gefa eftir veiðiheimildir gegn tollaívilnunum, þ.e. auðlindir hafsins fyrir markaðsgengi. Það er hörmuleg staðreynd í dag. Og að hæstv. utanrrh. skuli hæla sér af góðum árangri ætti eitt og sér að nægja til að svipta hann því umboði sem hann hefur fengið frá stjórnarflokkunum til að semja í þessum málum.

Hæstv. sjútvrh. sagði dapur í bragði að með þessum samningi hefðu Íslendingar náð fram ýmsum ýtrustu kröfum nema þeirri kröfu að jafnræði verði að vera varðandi veiddan afla. Hæstv. utanrrh. greip auðvitað orðið og sagði hins vegar hnakkakerrtur að vanda að það hafi verið eins og alltaf hafði verið búist við. Það ætti ekki að koma neinum á óvart. Það sést hver hefur beitt línuna í þessu máli.

Það er áhyggjuefni að hér er hopað frá grundvallarstefnu hvað varðar gagnkvæmni í veiðiheimildum. Með þessum samningi ríkisstjórnarinnar er mikið óhappaverk unnið. Fiskveiðilögsagan verður opnuð fyrir skipum Evrópubandalagsins sem valda munu íslenskri þjóð óbætanlegu tjóni. Því verður að lýsa ábyrgð á hendur ríkisstjórninni í þessum málum.

Síðar á Alþingi munum við svo ræða þau áform ríkisstjórnarinnar sem nú eru uppi að opna fyrir það að erlendir aðilar geti farið að fjárfesta hér í veiðum og vinnslu og eignast og reka sína eigin fiskmarkaði. Við eigum eftir að ræða þann þátt málsins. Hvað hefur eiginlega gerst? Hvernig má það vera að fulltrúar sjávarútvegsins skuli hvetja til að slíkir samningar skuli samþykktir? Annaðhvort eru siglingatækin vitlaus eða þeir sem í brúnni standa þekkja alls ekki á þau því hér er svo augljóslega um glæfrasiglingu að ræða og menn eru óðfluga að nálgast brimgarðinn í þessum málum.

Menn velta því nú fyrir sér hvert þessari ferð er heitið sem hér er lagt upp í. Sumir stuðningsmenn þessa samnings halda því fram að ekki sé ætlan að lengra verði gengið en að fordyri Evrópubandalagsins með samningsgerðina. Ef það er rétt, því þá ekki fremur að velja þann kost að taka þegar upp viðræður við Evrópubandalagið með tvíhliða samningum þar sem þegar er ljóst að öll EFTA-ríkin hafa nú lokið upp dyrum að biðsal EB og ætla sér þangað beinustu leið? Með tvíhliða viðræðum okkar nú við Evrópubandalagið tryggðum við hagsmuni okkar betur án þess að fórna sjálfstæði þjóðarinnar í eigin málum, áunnum rétti til hafsins, landi og auðlindum þess. Því fagna ég vissulega fram kominni till. til þál. frá þeim Steingrími Hermannssyni og Halldóri Ásgrímssyni að taka nú upp tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið sem fyrst og fremst væru byggðar á viðskiptahluta þessa samnings sem fyrir liggur um Evrópska efnahagssvæðið. Ef menn vilja ekki taka upp tvíhliða viðræður nú miðað við hvert aðrar þjóðir EFTA stefna gef ég mér þá vísbendingu að stefna ríkisstjórnarinnar sé sú sama og hinna þjóðanna að ná alla leið til EB.

Mjög margir telja sig sjá að ekki verði staðar numið við gerð þessa samnings og það verði ekki aftur snúið á þeirri leið sem liggur til Evrópubandalagsins. Ég viðurkenni hér að ég er einn þeirra sem hef áhyggjur af að svo verði. Ummæli ýmissa ráðamanna og samþykktir stjórnmálahreyfinga gefa það svo sterklega til kynna að leiðin sé hafin til hins fyrirheitna lands sem þeir kalla svo og er Evrópubandalagið. Það er fróðlegt að lesa ritstjórnargrein í Alþýðublaðinu sl. haust þar sem fjallað var um ummæli Thorvalds Stoltenbergs, utanríkisráðherra Noregs og hugleiðingar málgagns utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar í framhaldi af þessu. Í Alþýðublaðinu segir:

„Norðurlandaþjóðirnar nema Ísland virðast nú á hraðleið inn í Evrópubandalagið. Þróun Evrópubandalagsins og innlimun EFTA-landanna í EB hefur rutt stórfelldu og heillandi samstarfi evrópskra þjóða braut."

Þetta er málgagn utanrrh. sem talar. Eru menn virkilega enn að velkjast í vafa? Hér hefur úlfurinn svo sannarlega leyft sér að líta undan sauðargærunni. Það getur enginn velkst í vafa um hvað Alþfl. er að kynna og hvert þeir ætla að stefna. Það sem þeir segja nú, að

stefnan sé ekki á Evrópubandalagið, er vísvitandi sett fram til að blekkja nægjanlega marga á Alþingi til að ná þessu máli í höfn.

Í hef áður vitnað til viðtals við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, hv. þm. Kvennalistans, sem birtist i Morgunblaðinu þar sem hún segir frá niðurstöðum sínum eftir að hafa farið mjög gaumgæfilega yfir samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. En Ingibjörg Sólrún hefur látið svo ummælt að Evrópubandalagið sé skömminni skárra en Evrópska efnahagssvæðið — þótt hvorugur kosturinn sé góður, bætti hún við. Aðspurð hvort hún hefði nú tekið EES fram yfir EB svaraði hún neitandi. Mér er alveg ljóst, hélt Ingibjörg Sólrún áfram, að ef við förum í Evrópska efnahagssvæðið, þá er EB inni í þeirri mynd. Mér dettur ekki í hug að halda því fram að þetta sé bara EES og síðan ekki söguna meir. Ég held að þeir stjórnmálamenn sem það fullyrða séu annaðhvort að blekkja sjálfan sig eða aðra. Ingibjörg Sólrún svaraði því játandi er hún var spurð hvort hún teldi að leiðin til EB lægi um EES. — Hv. þm. svaraði því játandi.

Hér er vissulega alveg skýrt og tæpitungulaust talað eins og hv. þm. er lagið. Það er Evrópubandalagið sem stefnan hefur verið tekin á með öllu því framsali fullveldis og afsali valds sem því mun fylgja. Það mætti kalla mjög marga fram við þessa umræðu sem mundu tjá sig á svipaðan hátt. Málin hafa verið að skýrast og æ fleiri átta sig nú á því hvert sé áform núv. ríkisstjórnar í þessu máli.

Í kosningastefnuskrá Alþfl. 1991 sagði m.a. að Alþfl. útilokaði ekki aðild að Evrópubandalaginu. Ungkratar hafa lýst vilja sínum til inngöngu í Evrópubandalagið. Skoðanir ungra sjálfstæðismanna eru augljósar og öllum kunnar í þessum málum. Vitað er um mjög mikinn og vaxandi þrýsting í Sjálfstfl. til þess sama og ákveðinna afla sem tengjast honum og þekkt eru að öðru fremur en að gefast upp. Þessi hópur leggur áherslu á að eftir að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði hefur verið samþykktur verði frekari umræður teknar upp um aðild að Evrópubandalaginu. Þetta er öllum ljóst hverju svo sem ráðherrar Sjálfstfl. neita í þessum málum.

Það var líka merkilegt og fróðlegt að lesa ítarlegt viðtal sem birtist í Morgunblaðinu fyrir ekki mjög löngu. Viðtal var við forstjóra dönsku sjónvarpsstöðvarinnar TV 2 þar sem hann var spurður m.a.: Óttí Norðurlandabúa gagnvart Evrópubandalaginu og jafnvel samkomulaginu um Evrópskt efnahagssvæði er ekki síst tengdur spurningunni um sjálfstæði. Menn óttast það að missa hluta sjálfstæðis úr landi. Það er augljóst hvað EB varðar en það varðar að afhenda völd til yfirþjóðlegrar stofnunar. En er ótti af þessu tagi einnig á rökum reistur hvað EES varðar? spyr fréttamaðurinn. Svarið var skýrt frá forstjóranum. Hann sagði, með leyfi virðulegi forseti: „Ég er meðvitaður um að forsrh. Íslands er nýbúinn að segja að EES sé lokaskrefið hvað Íslendinga varðar og síðan ekki meira. Þetta er aftur á móti nákvæmlega það sama sem danskir stjórnmálamenn hafa sagt og síðan þurft að éta ofan í sig á ný. Poul Schlüter sagði fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna um einingasáttmálann 1986 að ef menn greiddu honum atkvæði þá væri hugmyndin um Evrópubandalagið *úr sögunni. Það liðu ekki nema sex ár þangað til* hann þurfti að biðja kjósendur um stuðning við sáttmála um pólitíska samruna. „Því fyrr", heldur forstjórinn áfram, „sem hér er rætt um hvað felst í sjálfstæðishugtakinu í hinum raunverulega heimi, því betur verðum við undir næsta skref Evrópuþróunarinnar búin því að það get ég fullvissað ykkur um, sama hvað á dynur, EES-umræðan nú er ekki síðasta umræðan sem mun eiga sér stað á Íslandi. Það væri líka bjánaskapur af hálfu Íslendinga að senda ekki rétt boð til Brussel þannig að þið verðið a.m.k. á réttum stað í biðröðinni, þ.e. með hinum Norðurlandaþjóðunum en ekki Austur-Evrópuþjóðunum. Þið ættuð því ekki að bíða meira en ár í viðbót."

Hér er alveg ótrúlega skýrt talað af manni sem fylgst hefur mjög nákvæmlega með þróun þessara mála, ekki hvað síst á Norðurlöndunum. (**Gripið fram í:** Hver talaði svona?) Það var forstjóri TV 2 stöðvarinnar. Það er alveg á kristaltæru hvaða álit hann hefur á framþróun þessara mála. Hann veit að Ísland er með gerð þessa samnings á leið inn í Evrópubandalagið.

Ríkisstjórnin hefur tekið sína ákvörðun í kyrrþey. Vegagerðarmenn hennar og brúasmiðir eru víða að verki að leggja brautina. Það veldur áhyggjum ef stefnan hefur verið tekin á Evrópubandalagið með öllum þeim fórnarkostnaði sem það mun hafa fyrir íslenska þjóð. Sá samningur sem hér er fjallað um er aðeins áningarstaður á fyrir fram ákveðnu ferli. Og það er alvarlegast að farþegarnir hafa ekki verið spurðir. Þeir verða bara einfaldlega fluttir.

Einn af öflugustu forstjórum landsins var í umræðuþætti í Ríkisútvarpinu fyrir fáum dögum. Hann spurði hvort við ætluðum að einangrast hér uppi á köldum klaka. Undir þessum orðum forstjórans var mér hugsað til þess að sem barn var manni sagt að Ísland lægi á mörkum hins byggilega hluta jarðar. En nú árið 1993 hélt ég að við ættum að vita miklu betur. Nú er svo komið í breyttum heimi að Ísland liggur á krossgötum nýrra leiða og tækifæra. Það er því vissulega orðið meira en tímabært að við áttum okkur á því hvar og hverjir möguleikar okkar eru.

Virðulegi forseti. Ég ítreka þá skoðun mína að með framsali á valdi til yfirþjóðlegrar stofnunar sem samningurinn kveður á um er brotið á stjórnarskrá Íslands. Því geta alþingismenn ekki samþykkt þann samning sem hér er til umræðu.

Ég vék einnig að því hér fyrr í máli mínu, virðulegi forseti, að enn nýttum við aðeins um 10% af virkjanlegum orkumöguleikum landsins. Í þessum möguleikum eigum við um 30–40 milljarða kr. í árstekjur í orkusölu. Þau áform að gefa erlendum aðilum rétt til orkuöflunar og sölu verður að stöðva áður en lengra er gengið. Sá auður og ráðstöfun hans verður án alls vafa að vera okkar Íslendinga sjálfra.

Þó svo að þjóðin þurfi nú um sinn að búa við minni afla en áður vitum við nú betur en fyrr að hafið er ekki óendanleg uppspretta auðs. Gæfa okkar er sú og nú er

það okkar sjálfra að sjá til þess að stofninn vaxi að nýju. Við getum ráðið því sjálfir. Gífurleg verðmæti liggja enn vannýtt eða ónýtt í hafinu umhverfis landið. Forðabúr fiskveiðilögsögu okkar er sá auður sem aldrei má framselja. Slík áform verður að koma í veg fyrir að nái fram. Landið með gögnum þess og gæðum getur enn um langa framtíð búið þessari þjóð betri lífsskilyrði en flestar aðrar þjóðir geta boðið þegnum sínum. Það hefur ekkert komið fram sem bendir til að svo geti ekki orðið áfram. Það sem á hefur skort er fremur hvernig á málum lands og þjóðar hefur verið haldið. Þjóð með þennan auð er ekki á flæðiskeri stödd og þaðan af síður upp á einhverjum köldum klaka eins og forstjórinn sagði.

Þótt hæstv. utanrrh. endurtaki í sífellu að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði færi okkur allt fyrir ekkert þá vitum við það nú að það er fals eða fávísi nema hvort tveggja sé. Efnahags- og atvinnulegur ávinningur þessa samnings er tálsýn ein.

Virðulegur forseti. Í dag undir þessum umræðum er stjórnmálamönnum og reyndar allri þjóðinni nauðsynlegt að átta sig á því að til eru þau verðmæti sem ekki verða metin og mæld á vog peningahyggjunnar. Fullveldi lands og þjóðar og réttur til að ráða sjálf gæðum hafs og lands get ég aldrei fallist á að verði sett á þá vog. Því mun ég, virðulegi forseti, greiða atkvæði gegn þessum samningi.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í athyglisverðri ræðu sem hv. 4. þm. Norðurl. v. flutti um hið Evrópska efnahagssvæði las hann langa kafla úr álitsgerð prófessors Björns Þ. Guðmundssonar sem í sjálfu sér er ekki athugavert ef menn tengja það á einhvern hátt efnislegri umfjöllun um afmarkaða þætti í máli sínu. Það fannst mér hins vegar hv. þm. Stefán Guðmundsson ekki gera og er þá í raun og veru ekki tilgangsríkt að lesa upp úr slíkum álitsgerðum vegna þess að þetta er hluti af þingskjölum og öllum aðgengilegt og allir vita að hv. þm. er læs og svo er einnig um aðra þingmenn á þessari samkundu.

Þetta vekur líka athygli vegna þess að í þeim kafla í greinargerð prófessors Björns, sem hv. þm. vitnaði í, er að finna atriði sem ég held að megi leggja áherslu á að þingmaðurinn sjálfur og allir helstu þingmenn stjórnarandstöðunnar eru ekki á sama máli og prófessor Björn Þ. Guðmundsson. Þá á ég einkum og sér í lagi við það er hv. þm. undraðist að fjórmenninganefndin svokallaða skuli hafa komist að þeirri niðurstöðu að hægt sé að framselja vald sem er á takmörkuðu sviði og vel afmarkað. En prófessor Björn hefur einmitt dregið í efa að slíkt væri hægt og hann hefur spurt sjálfur og spurði einmitt í þessum kafla sem hv. þm. vitnaði í: Hver á að draga mörkin? Þess vegna vil ég nú spyrja hv. þm.: Telur hann að Alþingi geti dregið slík mörk? Er hann sammála eða ósammála Birni Þ. Guðmundssyni í þessu afmarkaða atriði sem hann vitnaði sérstaklega í?

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað hefði ég getað lesið upp allt álit Björns Þ. Guðmundssonar en gerði það ekki. Ástæðan fyrir því var kannski sú að ég áleit að menn hefðu lesið það. En það eru fleiri sem fylgjast með þessum umræðum en þeir sem hafa þessi þingskjöl undir höndum. Meginniðurstaðan í áliti Björns Þ. Guðmundssonar er dregin saman á lokasíðunni og ég skal lesa það aftur fyrir hv. þm. og aðra sem Björn Þ. Guðmundsson segir:

„Á grundvelli viðurkenndra lögskýringaraðferða stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar tel ég vafa leika á að framsal það á framkvæmdar- og dómsvaldi sem felst í EES-samningnum og hér um ræðir standist gagnvart gildandi réttarreglu 2. gr. stjórnarskrárinnar. Þennan vafa tel ég svo mikinn að ekki megi taka áhættu af að lögfesta EES-samninginn að óbreyttri stjórnarskrá."

Sem óbreyttur þingmaður hef ég lagt vinnu í það í sumar og frá því við skildum í vor að reyna að lesa mér til og kynna mér sem best þessi mál. Eftir að hafa skoðað þau grannt hef ég komist að þeirri niðurstöðu að með því að samþykkja þennan samning þá er ég að brjóta það heit sem ég gaf þegar ég sór eið að stjórnarskrá lýðveldisins og við það stend ég.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ágætt svar hans. En það kom samt ekki fram í máli hans hvort hann er efnislega sammála prófessor Birni um þetta afmarkaða atriði sem ég spurði hann um. Ég vil aðeins geta þess að í þinggögnum um frv. til stjórnskipunarlaga og brtt. sem minni hluti stjórnarskrárnefndar, þ.e. fulltrúar stjórnarandstöðunnar, stóðu að, er beinlínis lagt til að stjórnarskránni verði breytt með þeim hætti að heimilað verði auknum meiri hluta Alþingis að samþykkja milliríkjasamninga sem fela í sér framsal á valdi sé það vel afmarkað og á takmörkuðu sviði. Í þessu efni eru þeir því á mjög öndverum meiði við Björn Þ. Guðmundsson sem telur að Alþingi geti ekki afmarkað þetta vald eða dregið mörkin. Mér finnst stundum eins og í ræðum manna á Alþingi hafi menn ekki tekið nægilegt og eðlilegt tillit til þess hvernig þetta mál hefur þróast í meðförum þingsins því það hefur þróast verulega. Nú eru ekki lengur af hálfu stjórnarandstöðunnar sem heildar þær skoðanir uppi að þetta samkomulag sem slíkt vegi á nokkurn hátt að sjálfstæði íslensku þjóðarinnar eða fullveldi. Þeim fullyrðingum er lokið og lauk í raun og veru með þeirri breytingu sem varð á frv. til laga um breytingu á stjórnskipunarlögunum og þeirri brtt. sem minni hluti stjórnarskrárnefndar lagði fram.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins til að bæta við og lesa meira þar sem ég vék einnig að þessum þætti í sambandi við álit dr. Guðmundar Alfreðssonar þjóðréttarfræðings. Mér finnst ástæða til fyrir okkur þingmenn að taka mark á slíkum mönnum og hér er vitnað til. Það eru engir aukvisar sem um þessi mál hafa fjallað og skrif-

að og við erum að reyna að móta okkur skoðun eftir að hafa lesið þeirra niðurstöður.

Guðmundur Alfreðsson segir á einum stað:

„Sérfræðinganefnd utanrrh. heldur því fram að það megi hugsanlega skýra fyrirmæli í 2. gr. stjórnarskrárinnar um framkvæmdarvaldið þannig að það geti verið í höndum alþjóðastofnana á vel afmörkuðum og takmörkuðum sviðum: „Ekki er tekið fram að þetta skuli vera alíslensk stjórnvöld." Þessi skoðun þeirra er algjörlega úr lausu lofti gripin og á sér enga stoð í íslenskum stjórnskipunarrétti. Þetta er ævintýramennska í lögfræði og það breytir engu hvort framsalið nær til milliríkjaviðskipta eingöngu eða til annarra málaflokka."

Hér hélt ég að væri nægilega sterkt að orði kveðið.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich fór að kenna okkur ný þingsköp að mér virtist vera og gagnrýna málflutning hv. þm. Stefáns Guðmundssonar algerlega að ósekju. Hann gerði ekkert það sem við gerum ekki öll, að reyna að skýra mál sitt sem gleggst og best einmitt með tilvitnunum í helstu fræðimenn. Ég tel ekki að það hafi verið neitt athugavert við þau vinnubrögð. Það er sagt að þetta sé eitt viðkvæmasta og mikilvægasta mál þjóðarinnar og það er rétt. Þess vegna er sjálfsagt að reyna að skiptast á skoðunum öfgalaust og nota þau gögn til þess sem handhægust eru og nærtækust. Það er algerlega úr lausu lofti gripið að gagnrýna hvort heldur forseta eða við gagnrýnum hvert annað á þeim forsendum að við notum ekki eðlileg gögn til þess að greina frá okkar sjónarmiðum.

Ég skal ekki tala mikið lengur um það. Þessi þingsköp tel ég eðlileg. Hitt er alveg sjálfsagt að þingmenn hafi verulegar áhyggjur. Það hef ég svo sannarlega og við ábyggilega öll sem hér erum inni. Sumir mæta nú lítið og sjaldan og kannski þeir sem síst skyldu og hefðu mesta þörf fyrir að læra eitthvað en eru fyrir fram búnir að ákveða hvernig þeir ætla að nota sitt atkvæði þegar að þeirri örlagastund líður við 3. umr. málsins, ef það kemst til hennar, að menn verða að gera upp við sig hvort þeir skilja jafneinfaldan hlut og 2. gr. stjórnarskrárinnar. Hver einasti maður sem tekur hana upp og les hana hann veit að það er verið að fremja stórkostlegt brot á stjórnarskránni. Hann veit það í hjarta sínu. Ætlar hann engu að síður að styðja málið?

Útbýting þingskjals:

Úrskurðir og samningar um aukið meðlag, 252. mál, svar dómsmrh., þskj. 576.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Eins og oft fyrri daginn er ráðherrabekkurinn ekki vel setinn. Að vísu er hæstv. viðsk.- og iðnrh. hér. Ekki veit ég hvort hann er í hlutverki staðgengils hæstv. utanrrh. Utanrrh. hæstv. hefur ekki sést á þessum fundi eftir hádegi. Ég sakna hans við umræðuna enda ætla ég í minni stuttu ræðu að fara yfir mörg atriði sem snerta samninginn, ekki síst á fjórfrelsið og ýmis ummæli fyrrum leiðtoga stjórnmálaflokkanna á Íslandi á síðustu áratugum þar sem ég kemst að þeirri niðurstöðu eftir þann lestur að t.d. Gylfi Þ. Gíslason og Bjarni heitinn Benediktsson fluttu svipuð varnaðarorð og andstæðingar þessa samnings gera á Alþingi í dag. Þeir töluðu á mörgum sviðum t.d. ekkert ólíkt og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson þótt ótrúlegt sé. Yfir þetta vil ég fara. Mér hefði enn fremur þótt vænt um ef hæstv. félmrh. gæti verið við þessa umræðu því ég er sannfærður um að enginn af hæstv. ráðherrum situr í jafnmiklum vanda og hæstv. félmrh. verði samningurinn að veruleika. Ég bið því hæstv. forseta að kanna hvort þessir hæstv. ráðherrar geti verið hér við umræðuna.

Með leyfi forseta vil ég í upphafi máls míns vitna til merkra ummæla margra af merkustu stjórnmálamönnum Íslands fyrr og síðar. Ummæli sem eru í fullu gildi enn í dag: „Farsæld þjóðanna er ekki komin undir því að þær séu mjög fjölmennar eða hafi mjög mikið um sig. Sérhverri þjóð vegnar vel sem hefur lag á að sjá kosti landsins og nota þá eins og þeir eiga að vera notaðir." — Þarna talaði Jón Sigurðsson forseti. Mynd hans hangir yfir ráðherrabekkjunum til áminningar um þá frelsisbaráttu sem þessi þjóð háði í gegnum langa sögu.

„Frelsis- og sjálfstæðistilfinningin er enn í dag næmasta og viðkvæmasta tilfinningin í brjósti Íslendinga. Það verða allir að vita sem vilja skilja rétt orð þeirra og gerðir. Íslendingar unna frelsi sínu og lögmætu sjálfstæði um alla hluti fram. Þeir vilja leggja jafnvel mikla fjárhagslega hagsmuni í sölurnar fyrir það að fá að ráða sínum sérstöku málum sjálfir." — Hér talaði fyrsti íslenski ráðherrann, Hannes Hafstein.

Benedikt Sveinsson alþingisforseti sagði fyrir rúmri öld í þingræðu í þessu húsi, með leyfi forseta: „Gætið þess að lög og réttur er hið sterkasta einkenni þjóðernis sem þjóðin lifir og deyr með og það fremur sjálfu móðurmálinu. Vér þurfum eigi að fara til annarra þjóða eða vestur um haf til að sjá þetta. Að vér erum bæði fátæk og fámenn er einmitt hin sterkasta ástæða með frv. mínu því að því meiri háski er oss og þjóðerni voru búin að vér hverfum sem dropi í hafinu inn í önnur sterkari og aflmeiri þjóðerni á móti tilætlan forsjónarinnar sem gaf oss sérstakt þjóðerni og því meira verðum vér að leggja í sölurnar til að svo verði ekki." — Tilvísun lýkur í þessa merku ræðu mælskumannsins Bendikts Sveinssonar.

En sú spurning vaknar: Eiga slík ummæli genginna forustumanna eitthvert erindi til Íslendinga í dag? Ég hygg að íslenska þjóðin hafi fram að þessu verið einróma í því að Íslendingar ráði sínum eigin málum sjálfir og njóti einir gæða landsins og landhelginnar. Enn erum við Íslendingar fámennir en ekki fátækir. Hér við ysta haf býr auðug þjóð sem á ærinn auð í landi sínu. Á mörgum sviðum er Ísland ónumið land, heillandi og dýrmætt. Ef menn leiða hugann að þverrandi auðlindum heimsins, t.d. olíunni, kolunum, landrýminu, ósnortinni náttúru og fersku köldu vatni, hlýtur þeirri leiftrandi hugsun að slá niður í hugum viðkomandi að

innan áratuga er öll okkar óbeislaða orka í fossum og fallvötnum, allur okkar auður í heitu og köldu vatni, allt okkar víðáttumikla ónumda land orðið að heillandi auðlegð sem gefur af sér ekki minni auðæfi en hið dýrmæta hafsvæði umhverfis landið.

En hvers vegna þarf á Alþingi í upphafi árs 1993 að velta vöngum yfir svona málefnum sem ættu að vera hverjum Íslendingi augljós? Er einhver hætta á að landinu verði svo illa stjórnað að við glötum eða gefum öðrum þjóðum eða ríkjasamsteypum frumburðarréttinn og lykilinn að auðæfum og auðlindum þessa lands? Um hvað snýst samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið? Er hann hefðbundinn viðskiptasamningur sem má líkja við fríverslun og aðra viðskiptasamninga sem íslenska þjóðin hefur gert á síðustu árum? Eða er samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið af allt öðrum toga þar sem er vísun á samninga um tollaívilnanir og viðskipti en jafnframt er fórnað ýmsu af því sem setur sjálfsákvörðunarrétt og yfirráð íslensku þjóðarinnar yfir auðlindum og ákvörðunarrétti í verulega hættu? Er verið að skerða íslenskt lýðræði og setja málefni okkar undir miðstýrt stofnanaveldi úti í Evrópu? Er verið að auka líkurnar á því að við verðum leiddir beint inn í Evrópubandalagið og vegna samrunans á mörgum sviðum eigum kannski enga aðra kosti?

Um leið og við metum ágóðann af þeim viðskiptahagsmunum sem að einhverju leyti eru fólgnir í EES-samningnum á ýmsum sviðum verðum við enn frekar af kaldri rökhyggju að meta hverju er fórnað. Er verið að stíga skref sem kostar þjóðina sjálfstæðið? Verðum við kot eða hreppur í nýjum bandaríkjum í Evrópu?

Ég hef notað jólahátíðina til þess að lesa talsvert af þingræðum íslenskra forustumanna í áratugi. Niðurstaðan af þeim lestri er sú að Íslendingar megi aldrei semja um neitt annað en viðskipti og tolla. Það er niðurstaðan hvar sem menn voru í flokki að við megum í raun aldrei semja um neitt annað en viðskipti og tolla.

Umræðan um aðild okkar að bandalögum er ekki ný af nálinni. Fyrir liðlega 30 árum stóð á Alþingi hörð umræða um hvort Íslendingar ættu að sækja um aðild eða aukaaðild að Efnahagsbandalagi Evrópu. Sú umræða kom í kjölfarið á ályktun um það efni á landsfundi Sjálfstfl. og reis hæst eftir að viðreisnarstjórnin stefndi saman fjórtán helstu félagasamtökum atvinnuveganna og krafðist umsagnar þeirra á því hvort ekki bæri þegar í stað að sækja um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu. Þrettán þessara samtaka sögðu já, en Alþýðusamband Íslands hafnaði öllu tali um aðild með kempuna Hannibal Valdimarsson í broddi fylkingar. Síðan gerðust auðvitað þeir sögulegu atburðir úti í Evrópu sem drápu sambandsríkishugmyndina á þeim tíma. En það var stjórnarandstaðan á Alþingi sem sótti þá eins og nú að ríkisstjórnarflokkunum.

Ég hef tilhneigingu til þess að vitna hér í nokkrar ræður leiðandi manna í stjórnmálaflokkum sem fluttar voru í nóvember 1962 um Efnahagsbandalagsmálið á hinu háa Alþingi. Við skulum hafa það í huga að þar eru á ferðinni stjórnmálamenn sem áttu stærstan hlut að máli í lokabaráttunni þegar lýðveldið var stofnað 1944. Stjórnmálamenn sem komu til framkvæmda útfærslu landhelginnar, fyrst í 12 mílur, síðan í 50 mílur og síðast í 200 mílur. Stjórnmálamenn sem margir hverjir leiddu til lykta mikilvæga samninga í viðskiptum við erlend ríki. Stjórnmálamenn sem nutu og njóta enn mikillar virðingar með þjóð sinni fyrir störf sín, hvort sem þeir eru liðnir eða lifandi. Stjórnmálamenn sem stóðu við svipaðar aðstæður og við nú en voru í raun allir sammála um eitt atriði: Að undir ákvæði Rómarsáttmálans mættum við aldrei ganga. Stjórnmálamenn sem í ræðum höfnuðu fjórfrelsinu sem þá eins og nú var rauði þráðurinn í ferli Efnahagsbandalagsins. Það var að sjálfsögðu alþýðuflokksmaðurinn Gylfi Þ. Gíslason sem var í forsvari ríkisstjórnarinnar í Efnahagsbandalagsmálinu á þessum tíma.

Hvað sem sagt hefur verið um afstöðu Gylfa í þessari umræðu, svo sem fullyrðingar um að hann hafi viljað ganga í Efnahagsbandalagið, þá kemur í ljós að við lok málsins árið 1962 er afstaða hans ekkert ósvipuð afstöðu margra andstæðinga Evrópska efnahagssvæðisins í dag. Gylfi afneitar mörgum þáttum frelsanna sem menn lofsyngja hér bæði úr Sjálfstfl. og Alþfl. Gylfi Þ. Gíslason sagði eftirfarandi orð í stórræðu sem hann flutti í þinginu 12. nóv. 1962, með leyfi hæstv. forseta:

„En þótt Íslandi sé brýn nauðsyn á tengslum við Efnahagsbandalagið telur ríkisstjórnin á hinn bóginn þau tengsl ekki mega vera með þeim hætti að umráðum okkar yfir atvinnulífi landsins og auðlindum þess sé á neinn hátt stefnt í nokkra hættu né heldur menningu okkar og þjóðerni. Rómarsamningurinn er mótaður af því meginsjónarmiði að fullt jafnrétti skuli ríkja milli borgara aðildarríkjanna að því er snertir rétt til atvinnurekstrar, atvinnu og fjárfestingar hvar sem er á bandalagssvæðinu. Markmið þessarar grundvallarreglu er að sjálfsögðu að sem mestur efnahagsárangur hljótist af því að koma sameiginlega markaðinum á fót. En skilyrðislaust jafnrétti hlýtur að fela í sér mikla hættu fyrir litla þjóð sem á sér gamla arfleifð og býr við sérstæða menningu en er að ýmsu leyti skammt á veg komin í þróun atvinnuvega sinna og byggir auk þess afkomu sínar að verulegu leyti á forgengilegum náttúruauðlindum. Í raun og sannleika er aldrei um að ræða fullt jafnrétti milli hins veika og sterka. Það er einmitt einn af hornsteinum þroskaðra þjóðfélagshátta á Vesturlöndum að hin veiki er varinn fyrir misbeitingu valds er leitt gæti af óskoruðu jafnrétti hins sterka og veika. Á hliðstæðan hátt hlýtur smáþjóð eins og Íslendingar að telja sér nauðsyn á að vernda sig ef hún tekur upp náin efnahagstengsl við miklu stærri og sterkari þjóðir. Rómarsamningurinn gerir ekki beinlínis ráð fyrir slíkum vandamálum enda bar þau ekki verulega á góma meðal þeirra ríkja sem stofnuðu Efnahagsbandalagið í upphafi. Þó var sérstaða minnsta ríkisins, Lúxemborgar, viðurkennd á tveim mikilvægum sviðum með sérstökum bókunum eða fyrirvörum við undirskrift Rómarsamningsins. Vandamál okkar Íslendinga er fólgið í því að við þurfum annars vegar að ná þeim viðskiptatengslum við Efnahagsbandalagið sem eru okkur nauðsynleg en hins vegar að fá trygg-

ingu fyrir því að jafnréttisákvæði Rómarsamningsins geti ekki orðið okkur að fjörtjóni."

Geti ekki orðið okkur að fjörtjóni, segir þessi merki stjórnmálamaður í þessari ræðu sinni. Svo mörg voru þau orð. Við hverju er dr. Gylfi að vara og hvað hefur í raun breyst sem gerir varnaðarorð þess manns sem frjálslyndastur þótti í viðskiptamálum hér dauð og ómerk? Við skulum bera saman aðstæðurnar hér og í Evrópu fyrir 30 árum hvað frjálsa för launafólks um svæðið þyddi þá og nú. Dr. Gylfi segir í sömu ræðu, með leyfi forseta:

„Sannleikurinn er sá að mikill skortur er á vinnuafli í Evrópu og verður í fyrirsjáanlegri framtíð og mikil tregða er á flutningi verkafólks á milli landa."

Hver er staðan í dag? Atvinnuleysi er þjóðfélagsböl í flestum ríkjum Evrópu. Síðast í sjónvarpsfréttum Ríkissjónvarpsins í gærkvöldi var greint frá því að nýjustu athuganir á stofnun innri markaðarins sýndu að það mundi herða mjög samkeppni, fækka atvinnutækifærum og valda því að í Evrópu yrði 15% atvinnuleysi fram á næstu öld. Þetta eru daprar atvinnuhorfur. Við sem þátttakendur í þessu atvinnusvæði munum og hljótum að uppskera eitthvert meðaltal af þessu atvinnuleysi. Það er kannski ekki síst þess vegna sem ég óska eftir að hæstv. félmrh. sé við þessa umræðu. Því ég hygg að þó við kvökum yfir 5–10% atvinnuleysi þegar hinn frjálsa för launafólks verður komin í framkvæmd verði lítið hlustað á þær raddir ef sú staða verður í Evrópuríkjunum að 15% atvinnuleysi verður meðaltal.

Dr. Gylfi ræddi mjög um í ræðu sinni að við mættum ekki hafna erlendri sérþekkingu og ekki heldur hafna erlendu fjármagni. Ég hygg í sjálfu sér að flestir hv. þm. séu sammála þessum atriðum enn í dag. Það hvarflaði ekki að þessum fyrrum leiðtoga Alþfl. að undirrita fjórfrelsið. Dr. Gylfi segir, með leyfi forseta:

„Ástæður þess að Íslendingar geta ekki gengist undir reglur Rómarsáttmálans um þessi atriði, liggja ekki í skipan efnahagsmála okkar heldur í smæð þjóðarinnar og einhæfni þeirra náttúruauðlinda sem hún byggir afkomu sína á. Við getum því ekki gert okkur kleift að gangast undir þessar reglur með neins konar breytingum á skipan efnahagsmála okkar og orsakir vanda okkar í þessum efnum geta ekki horfið úr sögunni á ákveðnum tíma, heldur eru varanlegs eðlis. Í hugsanlegum aukaaðildarsamningi yrði þess vegna að viðurkenna sérstöðu Íslendinga að þessu leyti og heimila okkur að setja þær takmarkanir á rétt til atvinnurekstrar og frjálsrar hreyfingar fjármagns og vinnuafls sem við teldum nauðsynlegar til verndar brýnum hagsmunum okkar."

Þetta er í rauninni ólíkt viðhorfi því sem fulltrúar Alþfl. hafa hér í þingsölum túlkað nú til hins Evrópska efnahagssvæðis. Eða hvað segir núv. leiðtogi Alþfl. í ræðu sinni í þinginu í sumar um fjórfrelsið sem dr. Gylfi hafnaði, eins og ég hef hér rakið, í sinni ræðu fyrir 30 árum við miklu skaplegri aðstæður í Evrópu þar sem ríkti á þeim tíma eftirspurn eftir vinnu? Hæstv. utanrrh. Jón Baldvin segir í ræðu sinni, með leyfi forseta:

„Meginfyrirvarar Íslands við meginreglum fjórfrelsisins í samningaviðræðunum snerust um fjárfestingar í sjávarútvegi, orkulindum og fasteignum, röskun á vinnumarkaði og innflutningi landbúnaðarvara. Aðrir fyrirvarar skipta ekki máli," segir þessi hæstv. utanrrh.

Það er líka fróðlegt við þessa umræðu að líta aðeins á fleiri stórræður sem fluttar voru á þessu sama þingi. Þar eiga í hlut menn sem allir voru taldir mjög merkir og stóðu mjög fast á ákveðnum „prinsippum" í frelsisbaráttu Íslands og vörnum gegn því að Íslendingar afsöluðu nokkru af réttindum sínum. Ég ætla, með leyfi forseta, að víkja hér að ræðu Eysteins Jónssonar. Hann sagði við þessa sömu umræðu:

„Ekki verður betur séð en stefnt sé að því að Efnahagsbandalagið verði bandaríki á meginlandi Evrópu. Rómarsáttmálinn sjálfur er á því byggður að þjóðir bandalagsins gangi undir sameiginlega stjórn sem nær í raun réttri til meginþátta efnahagsmála, atvinnumála og viðskiptamála. Enn fremur á því að þjóðirnar opni auðlindir sínar til lands og sjávar hver fyrir annarri og allir hafi sama rétt í öllum löndunum til að notfæra sér þær. Atvinnurekstur megi allir þegnar þessara landa setja upp að vild í hverju landanna sem er og hafi einnig jafnrétti alls staðar til að leita sér atvinnu. Það er því ljóst og ekki um deilt að þær þjóðir sem í bandalagið ganga afsala sér sjálfstjórn á ýmsum veigamestu þáttum í þjóðarbúskap sínum."

Enn fremur segir Eysteinn Jónsson:

„Síðan Íslendingar fengu aðstöðu á ný til að ráða málum sínum sjálfir hefur þjóðin rifið sig upp efnalega og menningarlega. Rétt er að gera sér þess fulla grein að velmegun og uppbygging Íslendinga byggist fyrst og fremst, að öllu öðru ólöstuðu, á auðugustu fiskimiðum heimsins umhverfis landið, í landhelginni og utan hennar og ekki síður á aðstöðunni í landi til að verka sjávaraflann. Þjóðarbúskapur okkar hefur mikið grundvallast á því að þessa aðstöðu höfum við notað fyrir okkur eina. ...

Það á ekki að koma til mála að örsmá þjóð eins og við Íslendingar gangi undir samstjórn á veigamiklum þáttum efnahags-, atvinnu- og viðskiptamála með háþróuðum iðnaðarstórveldum Evrópu. Það jafngilti því að afsala sér alveg yfirráðum í þeim málum sem samstjórnin fjallaði um því augljóst er að Íslendingar gætu alls engin áhrif haft í stjórnun þessa tröllaukna bandalags. Öðru máli gegnir með stórveldin sem í bandalagið ganga því að sum ganga þau í bandalagið beinlínis með það fyrir augum að geta ráðið í bandalaginu.

Jafnrétti útlendinga við okkur hér í atvinnurekstrar- og atvinnumálum gæti hæglega leitt til þess og mundi vafalaust leiða til þess að Íslendingar misstu áður en nokkur vissi hvaðan á sig stæði veðrið gersamlega tökin á atvinnu-, viðskipta- og félagsmálalífi landsins. Í þessu sambandi nægir að minna á að í þeim löndum sem mynda Efnahagsbandalagið úir og grúir af fyrirtækjum sem hvert um sig hefur miklu meiri veltu en nemur allri þjóðarframleiðslu Íslendinga. Þar fyrir utan koma svo margvísleg tengsl á milli slíkra fyrirtækja svo að úr verða hrein stórveldi."

Ekkert hefur breyst í Evrópu hvað þetta varðar. Enn

þá eru þar risafyrirtæki sem mundu ná að taka forustuna á mjög mörgum sviðum og sækjast eftir því að komast yfir auðlindirnar.

Ég ætla hér fyrir leiðtoga Sjálfstfl. aðeins að rýna ofan í ræðu Ólafs heitins Thors sem mun vera ein af síðustu ræðum hans í þinginu. En þar segir hann, með leyfi forseta:

„Við ráðherrar Sjálfstfl. í ríkisstjórn erum, eins og ég raunar er þegar búinn að taka fram, sammála þeim sjónarmiðum sem fram komu í ræðu hæstv. viðskrh. Við teljum Íslendingum brýna nauðsyn að ná hagkvæmum tengslum við Efnahagsbandalagið en gerum okkur eins og öll ríkisstjórnin fulla grein fyrir því að geta okkar til að greiða inngangseyrinn er mjög takmörkuð. Verður í þeim efnum fyrst og fremst að treysta á samúð ráðamanna Efnahagsbandalagsins og skilninginn á því að mörg þau höfuðskilyrði sem bandalagið setur meðlimum sínum færa margfalt meiri hættu yfir Íslendinga en þjóðir bandalagsins og það svo að sumt sem öðrum er léttbært getur reynst banvænt íslenskum hagsmunum og jafnvel þjóðfrelsinu sjálfu. Verðum við að byggja vonir okkar á því að vinaþjóðir okkar skilji sérstöðu okkar og geri sér einnig grein fyrir því hvaða áhrif það hefur ef Ísland verður skilið eftir utan dyra."

Þarna er Ólafur Thors heitinn að rekja það sem margir hafa gert og segir að margir leiðtogar Evrópuríkjanna muni hafa skilning á því að Ísland eigi við þær aðstæður sem hér eru lítið erindi inn í þennan risa, Evrópu. Hugsar maður þá til þess að margir merkir leiðtogar þessara ríkja hafa komið til Íslands og sagt það við forustumenn ríkisstjórna að þeir væru þegar tilbúnir að setjast yfir sérstöðu landsins og að Ísland þyrfti að ná sérstökum samningum. Þeir hefðu skilning á því að við ættum auðlindir sem við mættum aldrei fórna yfirráðum yfir því þá værum við um leið að fórna þjóðinni.

Ég rifja þessar ræður upp hér því að ég hygg að öllum sé að verða ljóst að EES-málið hefur þróast með þeim hætti að það er verið að takast á um sama málið og tekist var á um fyrir 30 árum. Að vísu í dálítið öðrum búningi. Ég hef viljað vitna í ræður þessara merku manna til þess að menn átti sig á því að þeir voru annarrar skoðunar, jafnvel við betri aðstæður en eru í dag, að við mættum aldrei fórna ákveðnum hlutum í hendur útlendinga. Þar var rætt um fjórfrelsið. En þeir voru gallharðir á því að við mættum heldur ekki afsala okkur dómsvaldi eða löggjafarvaldi. Það kom aldrei upp í huga þessara manna.

Ég ætla að lokum að vitna í ræðu sem Þórarinn Þórarinsson hélt við þessa umræðu. Hann segir, með leyfi forseta:

„Frá mínu sjónarmiði líta þessi mál þannig út í dag að það er engin ástæða fyrir Íslendinga að taka upp samninga við Efnahagsbandalagið um önnur mál en tolla- og viðskiptamál. Ég sé enga ástæðu til þess að það séu teknar upp við það samningar um gagnkvæm atvinnurekstrarréttindi, um samræmda efnahagsstefnu, um frjálsan vinnumarkað o.s.frv. Ég get ekki með bestu vitund séð að Ísland hafi neina hagsmuni í sambandi við það að slíkar viðræður séu teknar upp."

Þetta er í rauninni niðurstaðan í öllum þessum merku ræðum sem ég hef vitnað til að þessir leiðtogar íslensku þjóðarinnar eru í rauninni allir á því að það eina sem menn megi ræða um sé um tolla og viðskipti við útlendinga.

Ég sakna þess nú hæstv. forseti að hæstv. félmrh. skuli ekki enn vera við umræðuna. (**Forseti:** Forseti hefur látið kanna það að hæstv. félmrh. er ekki í húsinu. En starfsmenn hafa hringt og leitað ráðherrans og fæ ég væntanlega svör skjótt við því hvort ráðherrann getur komið hér. Hv. ræðumaður óskaði einnig nærveru hæstv. forsrh. og hann hefur setið hér í hliðarsal og hlýtt á ræðuna. Enn fremur situr hér við umræðuna hæstv. viðskrh. En forseti skal ganga eftir svörum varðandi hugsanlega möguleika félmrh. til að vera hér viðstaddur.) Kærar þakkir, ég held áfram ræðu minni.

Ég vil segja að það er í raun óafsakanlegt að íslensk verkalýðshreyfing skuli ekki hafa skoðað betur þær hættur sem stafa af ákvæðinu um frjálsa för launafólks. Við gefum Evrópuauðvaldinu kost á að eiga og reka hér fyrirtæki jafnt sem fjármálastofnanir. Er þessi frjálsa för launamanna bæði svipa og handjárn á íslenska launamenn? Ég vil spyrja við þessa umræðu hvort þessi frjálsa för verði bæði svipa og handjárn á íslenska launamenn? Verður íslenskt verkafólk smátt og smátt að gefa eftir þau mikilvægu réttindi í launum, tryggingum og veikindum sem áunnist hafa á liðnum árum? Ég spyr þessarar spurningar ekki að ástæðulausu.

Við verðum t.d. vör við óeirðir og átök í Straumsvík. Og við getum velt vöngum yfir þeim átökum og spurt okkur sjálf að því, er þar biðtími sem er háður til þess að ná fram handjárnunum og svipunni til að ráða yfir þeim óþægu Íslendingum sem þýska forstjóranum finnst hann glíma við daglega? Verða verkefnin í Straumsvík boðin út? Bíður sá þýski átekta til að hirta íslenska launamenn með EES-samningnum?

Fyrir stuttu heyrðist enn sunnar af Reykjanesinu um svívirðilega árás á íslenskt verkafólk. Þar komu íslenskir atvinnurekendur til. Þeir komu í fjölmiðla staddir mitt í 10% atvinnuleysi og sögðust miklu fremur vilja útlendinga í vinnu. Þeir væru bæði duglegri og kröfuminni en þetta íslenska verkafólk. Var þetta kall, lofsöngur, um handjárnin og svipuna sem ég minnti á, sem ýmsir atvinnurekendur hér á landi sjá í EES-svæðinu til að hirta þessa Íslendinga og klípa af áunnum réttindum þeirra sem hafa áunnist með verkalýðsbráttu á liðnum áratugum? Hvernig verður stórverkefnum framtíðarinnar háttað, t.d. virkjanaframkvæmdum hér á landi? Verða Íslendingar settir til hliðar þegar til þeirra kemur eða ef til þeirra kemur? Það er ekkert líklegra en að svo muni fara ef fram fer sem hér horfir. Nei, okkar stærsta hætta er sú að við verðum að hverfa inn í 400 milljóna manna bandalag eða ríki þar sem við verðum eins og mús hjá fíl. Við verðum ekki stórir Íslendingar í jafnréttinu í Evrópu ef EES-samningurinn verður að veruleika. 250 þús. manns í 400 milljóna manna bandalagi. Við hljótum að þjóða þeirri hættu heim að hér verði hreinlega skipt um þjóð á Ís-

landi. Það er ekki vandi að skipta um fámennar þjóðir. Sagan vitnar um það jafnvel hér í Evrópu að það hafi verið skipt um þjóðir til að aga þær til. Við eigum margar auðlindir sem gróðaþyrstir auðjöfrar Evrópu munu ásælast. Þar á ég ekki bara við hafsvæðið í kringum landið heldur afl í fossum og jörðu og landið sjálft, lítt numið, sem er heillandi land, hreint og tært í augum og huga þess umhverfisvæna manns sem daglega sortnar fyrir augum undan kolaryki og mengun úti í Evrópu.

Ég veit að hæstv. utanrrh. mun segja að öryggisákvæðið í 112. gr. geri Íslandi kleift að grípa til öryggisráðstafana ef alvarleg röskun jafnvægis verður á vinnumarkaði. En þá segi ég aftur á móti, þegar það liggur fyrir að í því bandalagi sem við erum að ganga til samninga við og ganga inn í verður atvinnuleysi að meðaltali 15%, þá mun ekki þykja ástæða til að grípa inn í þó menn séu að kvarta undan 5 eða 10% atvinnuleysi á einhverju svæði á Íslandi. EES-samningurinn er ekki kominn til framkvæmda með svipuna og handjárnin en þrátt fyrir það rísa atvinnurekendur upp á mesta atvinnuleysissvæði landsins og segjast ekkert vilja með þessa Íslendinga hafa. Erlent vinnuafl sé miklu betra. Ég fagna því að verkalýðsleiðtoginn úr Keflavík er mættur hér til fundarins. Því svo vel barðist hann nú fyrir verkafólkið á Suðurnesjum að enn hefur hann flotið á þeim atkvæðum hér inn á Alþingi Íslendinga. En nú gerist það í fjölmiðlum þessa lands að mitt í því atvinnuleysi sem þar ríkir og er 10–12% þá koma atvinnurekendur í fjölmiðla og segja að þeir vilji bara útlendinga í vinnu, íslenskt fólk sé óagað og óhæft til vinnu. Það sé kröfuhart og krefjist réttinda og hárra launa. Þetta er staðan. Og ég var að spyrja, hv. þm.: Eru þessir atvinnurekendur að bíða eftir handjárnunum og svipunni sem þeir sjá í samningunum um Evrópska efnahagssvæðið þegar hin frjálsa för launafólks fer að ráða ríkjum í atvinnulífi Íslendinga ekki síður en úti í Evrópu?

Hvers vegna halda íslenskir ráðamenn að erlent fólk muni ekki vilja setjast hér að í okkar landi sem hefur fram að þessu boðið þeim bestu lífskjör í víðri veröld? Hingað hafa þegar flust fjölskyldur frá heimssvæðum af allt öðru bergi heldur en Evrópubúar og vegnar hér vel. Ég heyrði um það í fjölmiðlum eitt kvöldið að hér í Reykjavík væru risnir upp austurlenskir veitingastaðir þar sem heilu fjölskyldurnar væru að koma sér fyrir til að sjá sér og sínum farborða, hafa atvinnu og nægan mat og eiga aðstöðu til að mennta sín börn. Og við þekkjum það auðvitað úr sögunni að brot af okkar íslensku þjóð flutti vestur um haf fyrir öld síðan vegna neyðar á Íslandi. Í því landi eigum við 150 þús. Íslendinga sem standa sig vel.

Atvinnuleysi er neyð og í mörgum löndum er farið með alþýðumenn eins og hunda og það hér í Evrópu. Og ég hygg að það séu margir íbúar Evrópu sem ekkert hafi við það að athuga að skipta um land til þess að hafa aðgang að atvinnu og lífskjörum. Hver segir að þetta fólk vilji ekki tugum og þúsundum saman koma og freista gæfunnar á Íslandi við þær aðstæður sem nú eru í heiminum í ferðalögum og öðru? Þess vegna gæti það nú gerst á skömmum tíma að við sæjum hér fljótlega svipuð átök og í Svíþjóð og víðar. Átök milli innflytjenda og innfæddra. Átök á milli hvítra og þeldökkra, átök á milli trúarfylkinga o.s.frv. Ég ber ekki í brjósti hatur til þeldökkra en ég tel að Ísland eigi að vera fyrir Íslendinga og best fari á því að í landinu ríki ein þjóð og einn siður. Ein trú eins og menn ákváðu á Þingvöllum fyrir fast að 1000 árum. Ég hef ekkert á móti því að einhverjir erlendir menn setjist að á Íslandi og að Íslendingar eignist erlenda maka. En ég sé ekki að við getum sætt okkur við það að landið verði opnað hér fyrir þeim vandamálum sem vissulega eru fyrir hendi nú í okkar nágrannalöndum. Og ég hygg að flestir sem hér eru í þessum sal þekki þá harmsögu sem nágrannar okkar glíma við vegna mismunandi þjóðarbrota sem takast á um trúmál, um atvinnumál, um réttindi.

Ég vil þá í örfáum orðum víkja að fyrirvararæðu Steingríms Hermannssonar frá því í Ósló 1989 við upphaf þess að EFTA-ríkin ákváðu að ganga til þessara samninga við EB. Ég hef oft velt þeirri ræðu fyrir mér hvort hún hafi verið góð ræða eða slæm ræða. Ég veit að efnislega var hún góð og höfðaði mjög til íslensku þjóðarinnar. En gerði þessi ræða það að verkum að Íslendingar sváfu þyrnirósarsvefni þessi þrjú ár sem samningsgerðin hefur staðið yfir? Ræða Steingríms Hermannssonar gaf það til kynna að Íslendingar mundu engum réttindum afsala sér og vera nánast að ganga til þess að semja um niðurfellingu tolla og viðskipta. Hér er búið úr þessum ræðustól að margyfirfara þessa ræðu. Þannig að ég tel ástæðulaust að ég sé að ítreka það. En ég veit það að þessum stjórnmálamanni treysti íslenska þjóðin á þessari stundu og trúði því að fyrirvararæðan yrði höfð til leiðsagnar í málinu. En hvað gerðist? Þessi ræða forsrh. Íslands bar það mjög með sér að Íslendingar væru staðráðnir í að halda gömul og ný „prinsipp“ og afsala engum mikilvægum réttindum og var flutt þarna í Ósló. Hvað gerist svo næstu missiri og ár? Fyrirvörunum var ekki haldið til haga, þeir gengu alls ekki upp ef Íslendingar ætluðu að vera með í samningsgerðinni. Hæstv. utanrrh. og hans samningamenn héldu þessum fyrirvörum því miður ekki til haga. Því er það svo að hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson sem ekki hirti um að halda fyrirvörunum til haga og þeirri ríkisstjórnarsamþykkt sem hér var gerð árið 1989 hefur vikið þeim flestum til hliðar. Ég segi ekki öllum því að frjáls réttur í landhelginni var þó ekki leyfður.

En það er enginn vafi að við erum að framselja löggjarfarvald til Brussel. Samkvæmt samningunum eiga útlend lög, lög Evrópubandalagsins að gilda á Íslandi og verða hluti af íslenskum rétti. Við eigum hér á Alþingi að kokgleypa mikla lagabálka án þess að mega þar neinu breyta né hafna á raunhæfan hátt. Með þessu eru erlend lög lögtekin og Alþingi afsalar sér umtalsverðum hluta af valdi sínu um aldur og ævi.

Í bókun eru öll tvímæli tekin af í þessu efni í samningunum. En þar segir, með leyfi forseta: „Fyrir tilvik hugsanlegra árekstra milli staðfestra EES-reglna og annarra lagalegra ákvæða fallast EFTA-ríkin á að inn-

leiða ef nauðsyn krefur lagaleg ákvæði sem fela í sér að EES-reglur hafi forgang í þessu tilviki." Það er skýrt tekið fram að EES-reglurnar skuli hafa forgang fram yfir íslensk lög og þar er settur varnagli til að tryggja að lög sem yfir sést að breyta verði að víkja við gildistöku EES. Samningurinn stangast á við stjórnarskrána og er bæði framsal á löggjafar- og framkvæmdarvaldi. Sama er að segja um dómsvaldið. Íslenskir menn skulu á ný sæta dómum erlendra manna. EFTA-dómstólnum og eftirlitsnefndinni verður heimilt að ákveða sektir og févíti á íslenska ríkisborgara. Íslendingur sem fær á sig dóm EFTA-dómstólsins eða neikvæða niðurstöðu EFTA-eftirlitsnefndarinnar getur ekki skotið málinu undir íslenskan dómstól. Þarna er verið að framselja hluta af íslensku refsivaldi til þjóðréttarlegra stofnana. Valdi sem nú er í höndum innlendra stofnana. Hvað auðlindirnar varðar þá er fiskveiðilögsagan opnuð á ný. Hér skulu erlendir togarar frá Evrópubandalaginu fara að skrapa í íslenskri landhelgi. Þetta ákvæði eitt hefði átt að nægja til þess að menn spyrðu hina íslensku þjóð álits því að hvar sem menn standa í þessu máli þá hygg ég að flestir séu sammála um það að landhelgina bæri að verja. Það er í rauninni óafsakanlegt að hleypa útlendingum hér inn á nýjan leik. Enda fögnuðu Spánverjar þessari niðurstöðu og töldu hana góða byrjun á fiskveiðum í fiskveiðilögsögu Íslands. Já, byrjun því bókunin segir að árlega skuli setjast við samningaborð og semja upp á nýtt um veiðimagnið. Hurðinni hefur verið hrundið upp. Við erum undir hælnum árlega við samningaborð þar sem krafan verður meiri, meiri fisk úr íslenskri lögsögu eða þá önnur réttindi. Þarna hafa EB-ríkin náð undirtökum og munu þröngva okkur til að gefa eftir á mörgum sviðum. Ef ekki fást auknar veiðiheimildir þá spyrja þeir bara eftir einhverju öðru. Sama er að segja um bókun um landbúnaðarmál. Þar hafa EB-ríkin ekki sagt sitt síðasta orð og ætla sér aukinn rétt og greiðari viðskipti með landbúnaðarafurðir.

Ég hef nú fylgst mjög grannt með því sem einn af nefndarmönnum í landbn. hvernig við höfum kannað það sem að landbúnaði snýr og afurðum landbúnaðarins. Þó að það skuli viðurkennt að í fyrstu atrennu hefur tekist að koma í veg fyrir stórslys í samningagerðinni þá eru þó vissulega þar holur og göt sem ber að varast, sem eru hættulegar fyrir framtíðina. Auðvitað mun það verða svo að með EES-samningunum þá mun ekki síst garðyrkjunni og gróðurhúsabændum verða hætt hvað suðræna ávexti af ýmsum toga varðar. En það er svo með landbúnaðarmálin að þar hafa þeir ekki sagt sitt síðasta orð. Þeir munu vilja koma sínum afurðum hér á okkar markað. Þegar á þessu ári verður sest við það borð. Og við sjáum ekki fyrir endann á því hvernig þar getur farið. Það er nú svo að við Íslendingar lifum hvert á öðru og veitum hvert öðru vinnu við framleiðslu eða þjónustu. Ég hygg að verðum við kaffærðir í offramleiðslu og styrkja- og niðurgreiðsluvörum Evrópuríkjanna þá mundi margur Íslendingurinn sem vinnur úr landbúnaðarafurðunum missa vinnu sína. Og ég er sannfærður um að þegar frá líður munu menn á Íslandi ekki sjá hér lægra verð á matvælum þó þessi leið yrði farin. En það væri harmsaga fyrir íslenska þjóð ef svo væri.

Hvað sölu á bújörðum varðar verður engin leið að fallast á girðingar sem í raun takmarka svo sölu bújarða að um eignaupptöku verður að ræða á bændastéttinni og bann við því að aðrir en bændur megi eignast land á Íslandi. Ég get aldrei fallist á þá niðurstöðu. Að það verði settar svo strangar girðingar að bændur verði gerðir eignalausir og að íslenskum ríkisborgurum verði með lögum bannað að eignast land. Það frelsi sem við höfum búið við í þessum efnum hefur reynst vel en þarna sjáum við best hættuna sem í EES býr að 400 milljónir manna skuli eiga að fá sama rétt og við í okkar landi til þessara hluta eins og svo margra annarra sem ég hef rakið.

Ég tel að þessi samningur eigi ekkert skylt við EFTA-samninga okkar og aðildina að EFTA. Það var samið um tollfrjálsan aðgang að markaði. EFTA-ríkin gerðu svo fríverslunarsamninga við Evrópubandalagið og við náðum í gegnum bókun 6 merkum tollafríðindum með sjávarafurðir. Þess vegna er það blekking og því miður hefur hún gengið í íslenska þjóð að hér sé eitthvað svipað á ferðinni og þegar við gerðumst aðilar að EFTA. Hér er ekkert svipað á ferðinni eins og ég hef greinilega rakið í ræðu minni og fleiri þingmenn hafa gert. Hér er verið að njörva okkur inn í fjórfrelsi Evrópubandalagsins sem íslenskir stjórnmálamenn höfnuðu í gegnum alla áratugi, þar á meðal dr. Gylfi og dr. Bjarni Benediktsson, fyrrum forsrh. Ég ætla að vitna í örstuttan kafla úr ræðu dr. Bjarna Benediktssonar til að sýna hvaða hug hann bar við svipaðar aðstæður þegar Efnahagsbandalagsmálið var til umræðu fyrir 30 árum. Hann sagði, með leyfi forseta:

„... þá vil ég biðja þingheim að hlusta á það sem ég sagði um þessi efni í ræðu er ég hélt snemma í október 1961, með leyfi hæstv. forseta. Þá sagði ég m.a.:

„Í Rómarsamningnum, stofnskrá bandalagsins, eru ýmis ákvæði sem eru skynsamleg frá sjónarmiði þeirra þjóða sem búa í þéttbýlum, fullnýttum löndum en skapa mikinn vanda fyrir fámenna þjóð sem lifir í stóru, lítt nýttu landi. Af þeim sökum getur skilyrðislaus aðild Íslands að þessu bandalagi ekki komið til mála og hætt er við að skilyrðin verði svo mörg og skapi slíkt fordæmi að aðrir aðilar eigi erfitt með að una þeim. ...

Hér ríður mjög á að rétt sé á haldið og aflað sé skilnings á sérstöðu okkar þannig að ef við komumst í eitthvert það samstarf eða samband við þetta bandalag að hagsmunir okkar verði ekki fyrir borð bornir. Enn er of snemmt að segja með hverjum hætti þetta verður best gert, meira að segja hvort það er yfirleitt framkvæmanlegt. Til þess að það verði kannað verður vafalaust fyrr eða síðar, þegar tímabært þykir, að taka upp samninga við bandalagið. Vil ég um það segja það eitt að jafnfráleitt væri að hafna umleitunum fyrir fram eins og að fullyrða að það mundi leiða til aðgengilegrar lausnar. Hyggilegast verður að fylgjast náið með athugunum og samningum annarra og meta eftir

framvindu þeirra hvenær tímabært sé að kanna til úrslita hvort við getum fengið aðgengileg kjör.““

Þarna kemur fram í ræðu þessa merka stjórnmálaleiðtoga að hann er einnig þeirrar skoðunar að Íslendingar eigi fyrst og fremst að ná samningum um tolla og viðskipti, að þeir verði að gæta sín á Rómarsáttmálanum og þeir megi ekki framselja réttindi sín eða vald.

Hér er verið að stofna nýtt þjóðríki með sameiginlegum markaði án landamæra þar sem viðskipti með vörur og þjónustu eru algerlega frjáls og óhindruð, þar sem fjármagn getur streymt óhindrað milli landa og þar sem fólki er frjálst að ferðast um án skilríkja og búa og starfa þar sem það vill. Þetta er það sem við erum að gera í dag. Þetta ætluðu Evrópuríkin að gera fyrir 30 árum. Þessu höfnuðu stjórnmálamenn fyrir 30 árum. Þessu þurfa stjórnmálamenn í dag að átta sig á til þess að ganga ekki í gin ljónsins.

Við skulum velta fyrir okkur hvað er að gerast í veröldinni á sama tíma og við erum að loka okkur af í henni Evrópu. Er ekkert nýtt að gerast í veröldinni? Er ekkert nýtt undir sólinni sem okkur ber að huga að við þessar aðstæður? Nýr Bandaríkjaforseti, Clinton, hefur sent Evrópu tóninn og fordæmt það sem hann kallar einangrunarstefnu Evrópu. Hann hefur enn fremur fordæmt einangrunarstefnu Japans. Hann vann kosningabaráttu sína út á það að við þessar aðstæður í heiminum ættu Bandaríkjamenn að hugsa um sitt land og sitt fólk. Hann boðaði í raun óbeint stríð við þá sem eru að girða sig af með viðskiptamúrum. Þetta ítrekaði hann þegar hann tilnefndi utanríkisráðherra sinn á dögunum. Þarna eiga menn eftir að sjá ýmsar breytingar á næstu mánuðum.

Nú segja íslenskir seljendur á fiski: Það er Ameríkumarkaðurinn sem er framtíðin. Þar rís verðið. Þar verður hagsveifla næstu árin. Hvað hefur gerst frá því í haust í þeim efnum? Hafa menn áttað sig á þeirri breytingu sem er að verða? Dollarinn hefur farið upp um 25% meðan pundið hefur lækkað um 7%. Dollarinn hefur náð 30% forskoti á sterlingspundið og 14% forskoti á þýska markið. Á síðasta ári var vöxtur landsframleiðslu í Bandaríkjunum 3,9% meðan Þýskaland var í mínus upp á 1,9%. Segja þessar tölur sem liggja fyrir ekki eitthvað um það hvar íslenskir gróðamenn sem eru að selja fyrir gjaldeyri afurðir þessa lands hvert þeir munu beina huga sínum og sjónum á næstu mánuðum? Menn skulu ekkert loka augunum fyrir því að EES-samningurinn lokar okkur af. Við sjáum það þegar undir handleiðslu hæstv. viðskrh. Hann hefur sett tolla á ýmsa varahluti úr bifreiðum. Stríðið er að byrja á milli stórveldanna Evrópu og Bandaríkjanna. (**ÓÞÞ:** Tekur þátt í stríðinu fyrir hönd Evrópu.) Evrópuleiðtogarnir hafa eignast á Íslandi þann fyrsta sem sá sér fært að kasta stríðshanska og hækka verð á vörum sem eru mikilvægar fyrir íslenska neytendur eða varahlutunum í Toyota.

EES-samningurinn er gamla Efnahagsbandalagsmálið komið í nýjan búning. Þar er auðvaldið í Evrópu að ná tangarhaldi á auðlindum og lítt numdu landi og orkulindum. Nú er enginn de Gaulle til að stöðva þessa vitleysu og því miður trúa allt of margir því í málflutningi hæstv. utanrrh., Jóns Baldvins Hannibalssonar, að hér sé viðskiptasamningur á ferð. En hér er verið að gangast undir fjórfrelsið, eins og ég hef rakið, og miskunnarlausa samkeppni auðjöfranna í Evrópu sem einskis svífast. Til þess að heyja slíka samkeppni erum við Íslendingar einfaldlega of fámennir og of litlir. Við hljótum að verða undir í baráttu risanna og við hljótum að fá yfir okkur ýmis þau málefni sem við ráðum ekki við.

Þess vegna er það skýr afstaða mín að hvort sem við vorum blekktir inn á þessa leið eða núv. ríkisstjórn sleppti of lausum halanum á hæstv. utanrrh. án þess að skoða hvað í þeim kössum var, þá erum við Íslendingar í hættu staddir. Ég veit ekki hvort hæstv. félmrh., sem er mætt í salinn, hlustaði á ræðu mína um fjórfrelsið en mér þætti vert að spyrja hæstv. félmrh. hvort hún hafi ekki einhverjar áhyggjur af ákvæðinu um frjálsa för launafólks og hvort hún sé sátt við þann tón sem ríkir í álverinu í Straumsvík og hefur komið frá atvinnurekendum á Suðurnesjum um að þeir telji íslenskt verkafólk ekki samkeppnisfært við erlenda verkamenn.

Útbýting þingskjals:
Þilplötuverksmiðja, 318. mál, fsp. GÁ, þskj. 578.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:
Herra forseti. Þau tíðindi gerðust fyrir jól að samkomulag varð um að það mætti líta á það að menn gætu tekið tvo daga í að verða fertugir. En ég vil spyrja að því, þar sem hæstv. utanrrh. mætir ekki í salinn, hvort enn séu áramót hjá þeim manni.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):
Hæstv. utanrrh. er í þinghúsinu.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:
Það væri hollt, herra forseti, fyrir forseta þingsins að lesa þær ræður sem núv. hæstv. landbrh. hélt um þingsköp þegar Sjálfstfl. var í stjórnarandstöðu og þegar menn gerðu kröfu til þess að ráðherrar sinntu sinni skyldu og væru í salnum en litu ekki á þingmenn eins og hunda og þyrftu ekki að vera nálægt. Er forseta ljóst að þessi ósvífni hæstv. utanrrh. er slík að hún verður ekki liðin? Hæstv. utanrrh. á að sitja hér undir ræðum og hlusta. Það er ósvífni af forseta að svara því út úr að maðurinn sé í húsinu. Við erum ekki að spyrja um hvort hann hafi þurft að bregða sér frá 1–2 mínútur vegna þess að hann hafi þurft að sinna einhverjum erindum. Við erum að spyrja um það hvort hann ætli að gegna sinni þingskyldu og sitja í salnum eins og honum ber. Ég skil ekki hvað hefur komið yfir forseta þessa þings ef þeir telja ekki að það sé rétt að verða við slíkum óskum þingmanna. Hvað dvelur utanrrh.? Eru enn þá áramót hjá hæstv. utanrrh.?

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):
Sú spurning sem hv. þm. beindi til forseta var þess efnis að forseti taldi ekki ástæðu til að svara henni.

Hefði hv. þm. spurt eftir því hvort hægt væri að fá hæstv. utanrrh. á fundinn hefði forseti að sjálfsögðu brugðist við því.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að beygja sig undir þann aga forseta að orða þetta nákvæmlega á þann veg sem forseti telur svaravert og verður það nú gert. Telur hæstv. forseti að hægt sé að fá hæstv. utanrrh. til þess að vera við á fundinum og mun forseti beita sér fyrir því að hæstv. utanrrh. komi í salinn?

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti mun gera það og hefur þegar gert ráðstafanir til þess að svo verði gert.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Í ítarlegri ræðu hinn 15. des. á fyrra ári fjallaði hæstv. utanrrh. um helstu spurningar og athugasemdir sem fram höfðu komið í máli þeirra sem þá höfðu talað í umræðunum um leið og hann tók á ýmsum grundvallaratriðum þessa mikilvæga máls. Ég vil leyfa mér að vísa til þessarar ræðu um margt af því sem síðan hefur komið fram í máli hv. þm. Ég mun því fyrst og fremst við 2. umr. um málið og undir lok hennar fjalla um beinar spurningar og athugasemdir sem til mín hefur verið beint, einkum á sviði fjármagnsmarkaðar og tengslanna við Evrópskt efnahagssvæði á þeim vettvangi. En áður en ég kem að þessum atriðum vil ég láta það koma fram að nefndir þingsins með utanrmn. í broddi fylkingar hafa starfað afar vel að því mikla verki að laga íslenska löggjöf að meginreglum Evrópska efnahagssvæðisins. Ég vil því nota þetta tækifæri til þess að þakka sérstaklega fyrir það góða samstarf sem tekist hefur milli efh.- og viðskn. þingsins og viðskrn. en um hendur þeirrar nefndar hafa farið mörg og mikilvæg mál sem tengjast Evrósku efnahagssvæði.

Mér finnst það alveg sérstaklega athyglisvert að þingmenn allra flokka hafa í mjög mörgum greinum reynst sammála um mikilvæg efnisatriði þeirra leikreglna sem í reynd mynda Evrópskt efnahagssvæði. Þetta á ekki síst við um leikreglurnar á fjármagnsmarkaði og gjaldeyrismarkaði en hv. 8. þm. Reykn. beindi einmitt til mín þremur spurningum um banka og gjaldeyrismál. Hv. 7. þm. Reykn. og hv. 1. þm. Austurl. komu einnig nokkuð að þessum málum í sínum ræðum fyrr í umræðunni.

Í fyrsta lagi spurði hv. 8. þm. Reykn. hvort EES-samningurinn fæli ekki í sér hættur fyrir íslenska bankakerfið og gjaldeyrissjóði landsmanna. Að mínu áliti verður svo ekki. Ef íslensku bankarnir bregðast rétt við samkeppninni og gæta þess að rekstrarkostnaður þeirra fari ekki úr hófi. Reyndar hefur íslenska bankakerfið á síðustu árum verið að búa sig undir þessa fyrirsjáanlegu auknu samkeppni. Viðskiptabankarnir eru núna stærri en áður eftir fækkun þeirra úr sjö í þrjá. Það hefur verið unnið að hagræðingu í bankakerfinu. Ég nefni t.d. árangur Íslandsbanka sem hefur markvisst skorið niður sinn rekstrarkostnað. Bankinn hefur líka getað nýtt sér hlutafélagsformið á rekstrinum með því að bjóða út nýtt hlutafé og styrkja þannig eiginfjárstöðu sína. Innan ríkisbankanna hefur einnig á síðustu árum verið unnið að skipulagsumbótum og hagræðingu í rekstri. Það er mála sannast að vaxtamunur íslensku bankanna hefur verið tiltölulega mikill á síðustu árum en hann hlýtur að lækka með samkeppni erlendis frá. Af því munu bæði fólk og fyrirtæki hagnast þegar aðhald eykst að íslensku bönkunum vegna meiri samkeppni sem knýr þá til þess að bæta sinn rekstur.

Hv. 8. þm. Reykn. nefndi það að hætta kynni að vera á því að stór íslensk fyrirtæki, kannski þau sem best gengju, leituðu frekar utan um lána- og fjármagnsfyrirgreiðslu en önnur fyrirtæki. Um það mál má fyrst og fremst segja að stærstu íslensku fyrirtækin hafa ávallt haft afar mikil viðskipti við erlenda banka. Ég tel líkur á því að með afnámi hafta í gjaldeyrisviðskiptum og með lægri rekstrarkostnaði íslensku bankanna, sem er markmið bankastefnunnar sem nú er fylgt, verði þeir einmitt samkeppnishæfari en áður um þessi viðskipti. Ég tel alls ekki ástæðu til að óttast að þeir muni eingöngu sitja uppi með þau fyrirtæki sem hafa slakari fjárhagsstöðu sem virtist vaka í máli hv. 8. þm. Reykn. Ég vil benda á það sem augljóst kann að vera að innlendu stofnanirnar hafa mikilvægt forskot einfaldlega með nærveru sinni hér. Þær gerþekkja markaðinn og njóta örugglega mikillar viðskiptavildar umfram erlendar stofnanir.

Ég bendi á reynslu Dana í bankamálum síðustu 20 árin. Þeir hafa síðan 1972 verið aðilar að Evrópubandalaginu og þar hefur verið fullt starfsfrelsi fyrir erlendar lánastofnanir. Reynslan hefur hins vegar verið sú að dönsku bankarnir hafa haldið velli og erlend bankastarfsemi á danskri grund hefur ekki blómstrað á þessum tíma. Hv. 8. þm. Reykn. nefndi líka hvort breytingin á ríkisbönkunum í hlutafélagsbanka sem áformuð er kynni að veikja bankakerfið. Mín skoðun er sú að slík breyting sé fyrst og fremst mikilvæg til þess að styrkja bankana og bæta samkeppnisstöðu þeirra og þar með atvinnuöryggi þess fólks sem þar starfar. Þá geta þeir aflað sér aukins eigin fjár með hlutafjárútboði. Það er enginn vafi á því að eignaraðild einstaklinga, fyrirtækja og lífeyrissjóða mun færa með sér aukið aðhald að stjórnendum bankanna og um leið bættan rekstrarárangur. Þar á ég fyrst og fremst við aðhald að kostnaði í rekstri þar sem aukin samkeppni mun setja verðlagningu þjónustunnar ákveðin mörk. Að mínu áliti er enginn vafi á því að hægt er að reka íslensku bankana á hagkvæmari hátt en nú er gert og þrátt fyrir þokkalegan rekstrarárangur sumra þeirra megi gera enn betur. Áður var bönkunum auðvelt að bæta afkomuna í rekstrinum með því að auka vaxtamuninn. Framvegis verður áherslan að vera á að ná fram aukinni framleiðni og hagkvæmari rekstri.

Ég minni á að Alþingi samþykkti í mars á liðnu ári, reyndar samhljóða, nýjar alþjóðlegar reglur um lágmarkseiginfjárhlutfall banka. Í upphafi ársins 1992 stóðust bankarnir þessar kröfur. Þær gengu í gildi um

síðustu áramót og munu gilda um ársreikningana fyrir liðið ár. Ég vil benda á í því sambandi að eiginfjárhlutfall íslenskra banka og stærstu sparisjóðanna er reyndar tiltölulega gott ef við miðum við samsvarandi stofnanir í nágrannaríkjum okkar. Ég bendi á að staða íslensku bankanna er slík að þeir verðskulda fyllsta traust sinna viðskiptavina þótt Landsbankinn hafi í varúðarskyni tekið víkjandi lán hjá Seðlabankanum til þess að vera með eiginfjárhlutfall sitt örugglega réttu megin þegar áramótauppgjörið verður gert. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að þessi stærsta lánastofnun landsins sé yfir allan vafa hafinn hvað þetta varðar. Það er rétt hjá hv. 8. þm. Reykn., eins og hann vék að fyrr í umræðunni, að í skýrslu þeirri sem hann vitnaði til og fjallar um hugsanlega breytingu ríkisbankanna í hlutafélagsbanka var lagt til að ríkissjóður yfirtæki lífeyrisskuldbindingar ríkisbankanna í því skyni að styrkja stöðu hlutafélaga sem um þá kynnu að verða stofnuð. Enn hefur engin afstaða verið tekin til þessarar tillögu en um það var spurt. En við mat á þessari tillögu þarf að líta til margra annarra atriða sem varða myndun hlutafélaga um ríkisbanka.

Ég vil líka benda á að þótt ríkisbönkunum verði breytt í hlutafélög er ekki þar með sagt að þegar í stað verði hafin sala hlutabréfa í báðum bönkunum á opnum markaði. Um það hefur vissulega verið rætt að hefja sölu hlutabréfa í Búnaðarbankanum fyrr en sölu hlutabréfa í Landsbanka Íslands. Fjárfesting í slíkum hlutabréfum er vafalaust traust og arðbær fjárfesting þegar horft er til langs tíma. Bankarnir hafa, eins og ég hef þegar nefnt, yfirburðaaðstöðu á íslenskum markaði og hafa öll skilyrði til þess að ná góðum árangri þrátt fyrir aukna samkeppni. Því skyldi heldur ekki gleymt að einmitt vegna gagnkvæmniákvæðanna í EES-samningnum fá íslenskir bankar tækifæri til þess að hasla sér völl erlendis. Þótt sjálfsagt sé að sýna varfærni í þeim efnum, þá munu þeir í framtíðinni vafalaust finna sér þar ýmis verkefni á afmörkuðum sviðum.

Í öðru lagi spurði hv. 8. þm. Reykn. hvort þau ákvæði um frelsi í fjármagnshreyfingum milli landa sem finna má í EES-samningnum mundu ekki fela í sér hættu á fjárstreymi úr landi. Reyndar hafa ýmsir aðrir þingmenn nokkuð vikið að þessu í sínu máli. Því vil ég fyrst til svara að samningurinn leggur Íslendingum í rauninni engar skyldur á herðar í gjaldeyrismálum aðrar en þær sem þegar hafa verið teknar ákvarðanir um hér á landi. Ég vil líka leyfa mér að benda á að *það er í raun og veru viss tvískinnungur í því að halda* því annars vegar fram að á Íslandi séu vextirnir svo háir að fyrirtækin muni leita úr landi eftir lánafyrirgreiðslu og hins vegar sé svo hætta á fjárstreymi úr landi. *Menn geta haft aðra skoðunina en ekki báðar í* senn.

Vegna spurninga sem hér var hreyft um það hvort nýjar reglur breyti fjárstreymi milli Íslands og annarra landa langar mig að rifja það upp að ný stefnumótun í gjaldeyrismálum var sett fram haustið 1990 í tíð fyrri ríkisstjórnar, þar sem hv. 8. þm. Reykn. átti sæti ásamt hv. 7. þm. Reykn. auk ýmissa annarra hv. þm. sem tekið hafa þátt í þessari umræðu. Það var einmitt haustið 1990 sem ákveðið var að aflétta hömlum á langtímahreyfingum fjármagns í fyrir fram tilgreindum áföngum fram til loka þessa árs. Þessari stefnu hefur verið fylgt með góðum árangri en sökum dráttarins sem orðið hefur á gildistöku EES-samningsins hefur þó verið ákveðið, einmitt samkvæmt heimild í nýsettum gjaldeyrislögum, að viðhalda a.m.k. fyrst um sinn hömlum á verðbréfakaupum Íslendinga erlendis. Þetta verður að sjálfsögðu að styðjast við það ákvæði í lögunum sem hv. þm. þekkja frá því þetta mál var samþykkt hér í nóvember.

Þá hefur legið fyrir að þegar hömlunum hefur verið létt af langtímahreyfingum fjármagns verði tekið til við að létta af hömlum á skammtímahreyfingum fjármagns í skynsamlegum áföngum fram til ársins 1995. Ég tel að stefnumótun af þessu tagi sé bæði hyggileg og eðlileg og til þess fallin að draga úr líkum á áföllum og hættu á því að menn þurfi að taka skref til baka eftir að hafa stigið eitt fram. Um þetta atriði er einmitt alveg sérstaklega fjallað í nýútkominni greinargerð Seðlabankans um þróun og horfur í peningamálum, gjaldeyrismálum og gengismálum sem ég hygg að þingmönnum muni kunnug.

Ég minni á að það var reyndar 11. nóv. sl. sem Alþingi samþykkti þessi nýju gjaldeyrislög. Sú samþykkt var gerð samhljóða. Þar var löggjöfin færð til nútímalegra horfs í ljósi frjálsræðisþróunar síðustu ára. Þar með var einmitt lögleidd meginreglan um frjálsar langtímahreyfingar fjármagns. Um þá lagasetningu var full samstaða innan efh.- og viðskn., í atkvæðagreiðslunum í þingsalnum og meðal þeirra hagsmunaaðila sem gáfu umsagnir um frv. Ég nefni þar sérstaklega Samband ísl. viðskiptabanka af því að hagur bankanna var hér nefndur. Reyndar komu fram ýmsar ábendingar frá hagsmunaaðilum þess efnis að kannski væri farið of hægt. Of hægt væri stefnt að fullu frelsi í gjaldeyrismálum. Að mínu áliti skapast þær aðstæður með auknu frelsi í gjaldeyrisviðskiptum að fjármagn getur leitað úr landi með fjölbreyttari hætti en áður. Mig langar hins vegar til að benda á að allar götur frá árinu 1960 hefur fjármagn átt tiltölulega greiða leið frá landinu sem greiðsla fyrir innflutning eða sem tafir í uppgjöri fyrir útflutning og iðulega hefur það komið fyrir að fjármagn hafi streymt úr landi þegar upp hefur komið kvittur um að gengisfelling væri yfirvofandi. Ekkert slíkt hefur gert vart við sig á liðnu ári eða á þeim tíma sem rýmkað hefur um fjármagnshreyfingar frá haustinu 1990. *Í reynd kemur ekkert í staðinn fyrir eðlilegt jafnvægi* í þjóðarbúskapnum til að tryggja gjaldeyrisjöfnuð.

Áður en frelsið í gjaldeyrismálum var aukið árið 1990 *urðu ýmsir til að halda því fram að það mundi* leiða til þess sama og getum var að leitt fyrr í þessari umræðu, að fjármagn mundi af þeim sökum streyma úr landi. Þetta hefur alls ekki gerst. Ástæðan er fyrst og fremst sú að raunvextir hafa verið tiltölulega háir, raunhæfir, og því ekki eftir miklu að slægjast erlendis fyrir íslenska sparifjáreigendur. Þá hefur að sjálfsögðu óróinn á erlendum gjaldeyrismörkuðum síðustu

vikur og mánuði örugglega sannfært marga um að það væri áhættusamt að festa sitt sparifé erlendis þar sem gengisbreytingar geta þurrkað út nokkurra ára vaxtatekjur í einni svipan. Þess vegna sé betra að halda sig við þann gjaldeyri og þær aðstæður sem menn þekkja best. Sömu sögu er auðvitað að segja af sveiflum í gengi verðbréfa á erlendum hlutabréfamörkuðum sem hafa verið afar miklar síðustu missirin.

Hv. þm. nefndi til sögunnar lífeyrissjóðina sem að sjálfsögðu eru fjársterkustu aðilarnir á innlendum fjármagnsmarkaði og helsta uppspretta peningalegs sparnaðar í landinu. Þeir munu væntanlega verða umsvifamestir íslenskra aðila á erlendum fjármagnsmarkaði þegar fram líða stundir og leitast við að ná sem jafnastri áhættudreifingu í ávöxtun þeirra fjármuna sem þeim er trúað fyrir. Ég tel þetta af hinu góða en ekki hinu illa. Það hefur glöggt komið fram í samtölum við forsvarsmenn lífeyrissjóðasambandanna tveggja þegar rætt hefur verið við þá um breytingarnar á gjaldeyrisreglunum að þeir ætla að fara mjög varlega í þessu. Þar kemur einkum tvennt til. Annars vegar er hér alveg nýtt svið á ferðinni sem stjórnendur sjóðanna þekkja ekki mikið til. Hins vegar er að áliti forsvarsmanna sjóðanna andstætt hagsmunum sjóðfélaganna þessi missirin að allt of mikið fjármagn fari úr landi, bæði vegna vaxtakjaranna hér heima og svo vegna fjárfestingarmöguleika og atvinnuþarfa tengdum þeim. Á hinn bóginn er líka hægt að benda á það að fari svo þegar frelsi til langtímafjármagnshreyfinga er fengið að íslenskir aðilar kaupi í verulegum mæli erlend verðbréf gefur það aukið svigrúm til erlendrar lántöku, t.d. af hálfu ríkisins, án þess að það hafi í för með sér hættu á ofþenslu í hagkerfinu.

Í þriðja lagi spurði hv. 8. þm. Reykn. um það hvort óskað hefði verið eftir skýrslu frá Seðlabankanum um það hvort gjaldeyrisvarasjóðurinn nægði við hin nýju skilyrði sem EES-samningurinn kveður á um. Auðvitað hefði þar verið réttara að vitna til hinna nýju laga um gjaldeyrisviðskipti sem Alþingi sjálft hefur sett. Því er til að svara að auðvitað hefur sú breyting verið ítarlega rædd við Seðlabankann. Seðlabankinn gefur ráðuneytinu reglulega upplýsingar og skýrslur um gjaldeyrisvarasjóðinn. Tölur Seðlabankans sýna að fyrstu 11 mánuði ársins 1992 batnaði gjaldeyrisstaða bankans um 6,1 milljarð kr. Samanborið við mörg fyrri ár er gjaldeyrisstaðan frekar góð. Með þeim aðlögunartíma sem við fáum samkvæmt EES-samningnum til þess að gefa skammtímahreyfingar fjármagns frjálsar tel ég að breytingin frá höftum til fulls frelsis muni alls ekki valda verulegri röskun á gjaldeyrisjöfnuði landsmanna, enda verði hún framkvæmd í skynsamlegum áföngum sem taki mið af aðstæðum.

Ég hef þá lokið, virðulegi forseti, að svara beinum spurningum hv. 8. þm. Reykn. sem reyndar höfðu í sér fólgnar ýmsar ábendingar og spurningar frá öðrum þingmönnum sem tekið hafa þátt í umræðunni.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. vék sérstaklega að hugmyndum um beinan útflutning á raforku til Evrópu um sæstreng og hver áhrif samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði hefði á það mál. Ég vil fyrst segja um það mál að í iðnrn. er nú unnið að gerð yfirlitsskýrslu um sæstrengsmálið á grundvelli þeirra allmörgu hagkvæmniathugana, bæði tæknilegra og fjárhagslegra, sem ýmist eru í bígerð, er verið að framkvæma eða þegar hefur verið lokið. Í þeirri skýrslu vonast ég til að geta kynnt málið rækilega fyrir þinginu á þessu ári og með þeirri skýrslu megi leggja grundvöll að stefnumótun um þetta mikilvæga mál. Að því má að sjálfsögðu ekki hrapa. Það þarf að huga afar vel að stofnanauppbyggingunni í sambandi við slíkt fyrirtæki og lagahlið málsins, ekki síst um auðlindaaðganginn sem í þessu felst. En þegar litið er á EES-samninginn, þá breytir hann engu um það að Alþingi hefur það í sinni hendi að veita fyrst og fremst — og eingöngu ef það svo kýs — opinberum aðilum rétt til þess að virkja orkulindir Íslands. Á það mál hefur EES-samningurinn engin áhrif.

Hæstv. forseti. Að lokum nokkur orð um almenna stöðu þessa máls. Ýmsir ræðumenn hafa í þessari umræðu talið að það að EES-samningurinn var felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu í Sviss 6. des. sl. hafi á einhvern hátt gerbreytt málinu. Þetta nefndu m.a. hv. 7. þm. Reykn. en einnig hv. 18. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Norðurl. v. og reyndar allra síðast hv. 3. þm. Norðurl. v. Auðvitað er rétt að það að Svisslendingar höfnuðu EES-samningnum var áfall í því samningaferli sem við höfum nú unnið að í tæplega fjögur ár. Svisslendingar hafa tekið virkan þátt í þessum samningum og þeir eiga mikilvægan hlut að því að gera EES-samninginn jafnhagfelldan EFTA-þjóðunum og raun ber vitni. Hins vegar er ástæða til þess að ítreka það, ekki síst vegna orða hv. 1. þm. Norðurl. v. að EES-samningurinn er samningur milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar og Evrópubandalagsins í heild hins vegar. Að þessu leyti er hann samningatæknilega og lögformlega alveg sama eðlis og fríverslunarsamningar EFTA-ríkjanna hvers um sig við EB. EFTA er ekki samningsaðili að EES-samningnum. EES-samningurinn bindur ekki hendur okkar í viðskiptum við önnur lönd, lönd utan EES-svæðisins og vík ég þar með örfáum orðum að því sem kom fram í ræðu hv. 5. þm. Suðurl. Þetta vildi ég segja um Sviss og samninginn.

Reyndar er rétt að rifja það upp að svissneskir kjósendur eru þekktir fyrir að sýna ákaflega mikla íhaldssemi í þjóðaratkvæðagreiðslum. Það tók t.d. margar kosningar og margra áratuga baráttu að koma á kosningarétti kvenna í Sviss, einkum vegna þess að kantónurnar sem nú felldu þennan samning voru alla tíð á móti kosningarétti kvenna. Fyrir aðeins tveimur árum var aðild Sviss að Sameinuðu þjóðunum felld í þjóðaratkvæðagreiðslu þrátt fyrir að í Genf sé umfangsmikil starfsemi á vegum Sameinuðu þjóðanna og aðeins New York borg sé mikilvægari hvað þetta varðar. Þetta sýnir auðvitað að þarna er um rótgróna íhaldssemi að ræða sem oftast nær hefur þó breyst við endurteknar þjóðaratkvæðagreiðslur. Þarna er að sjálfsögðu um að ræða einkenni á svissnesku þjóðlífi sem hefur lítið með Íslendinga að gera. En auðvitað vakti það athygli að næstu nágrannar Svisslendinga, íbúarn-

ir í Liechtenstein, skyldu samþykkja EES-samninginn óbreyttan í þjóðaratkvæðagreiðslu aðeins fáum dögum eftir svissnesku atkvæðagreiðsluna. Mér finnst líklegt að þar hafi einhverju ráðið það sem kalla mætti eftirköst þessarar niðurstöðu í Sviss hjá þeim sjálfum og umræðan sem þar fór í kjölfarið. En það hvarflaði greinilega ekki að þinginu eða stjórninni í Liechtenstein að fresta atkvæðagreiðslunni um EES þótt þeirra helsta viðskiptaland og nágranni hefði fellt þennan samning.

Úrslitin í Sviss eru auðvitað ákveðið áfall en þau eru alls ekki óbætanlegt slys og EES-samningurinn mun engu að síður komast á. Það hefur ítrekað komið hér fram að það nægir að bæta stuttri bókun við EES-samninginn þess efnis að ákvæðin í honum sem varða Sviss og aðild Sviss að samningnum séu óvirk. Það liggja reyndar fyrir drög að slíkri bókun og miðað við þau verður hún fyrst og fremst þjóðréttarlegs eðlis og hefur því ekki bein réttaráhrif á Íslandi. Það mun því væntanlega nægja að flytja þáltill. til þess að staðfesta slíka viðbótarbókun.

Það er líka ástæða til að rifja það upp að EES-samningurinn sjálfur gerir ráð fyrir ákveðnum verklagsreglum ef eitthvert þeirra ríkja sem undirritað hefur samninginn getur ekki staðfest hann. Þeim reglum verðum við að sjálfsögðu að fylgja. Þá kem ég að því hvers vegna það er mikilvægt að Alþingi afgreiði samninginn enda þótt ljóst sé að á næstunni þurfi að gera á honum fáeinar tæknilegar breytingar sem að sjálfsögðu verða bornar upp til staðfestingar á þingi svo fljótt sem kostur er. Meginástæðan fyrir þessu er að sjálfsögðu sú að okkar viðsemjendur og samstarfsaðilar verða að hafa fulla vissu fyrir því að okkur sé alvara með aðildina að EES. Þeir munu varla fást til þess að undirbúa og efna til ráðstefnu stjórnarerindreka, eins og hér hefur nokkuð verið rætt, hvenær sem hún nú nákvæmlega fer fram, og setja þar með af stað ákveðið ferli um nauðsynlegar breytingar á EES-samningnum ef þeir eiga á hættu að Íslendingar hafni samningnum síðar og þannig þurfi þeirra vegna að endurtaka allt ferlið. En einmitt til þess að tryggja það að okkar sjónarmið, okkar hagsmunamál, komist að þegar frá upphafi þurfum við sjálfra okkar vegna að hafa sömu réttarstöðu og Austurríki, Finnland, Noregur og Sviss gagnvart EES á þessari væntanlegu ráðstefnu og í aðdraganda hennar.

Virðulegi forseti. Það er einmitt af þessum ástæðum sem það er afar brýnt að við samþykkjum það frv. sem hér er til umræðu. Það er nú á dagskrá af þeim ástæðum og á þeim tíma sem er sjálfum okkur hagfelldastur og sjálfra okkar vegna þurfum að taka þessa ákvörðun sem allra fyrst.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Nú hafa fjórir hv. þm. óskað eftir að veita andsvar þannig að ræðutími í hvert sinn verður aðeins ein mínúta. (Gripið fram í.) Það verði þá tvær mínútur í fyrra skiptið sem hv. þm. óska eftir að taka til máls. Óski þeir eftir að veita andsvar öðru sinni hafa þeir eina mínútu til umráða. Þetta verða kannski ekki nákvæmlega 15 mínútur alls en forseti hefur ákveðið að hafa þetta svona.

Frsm. 3. minni hluta utanrmn. (Ólafur Ragnar Grímsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir að veita þau svör sem hann flutti hér áðan. Ég tel það satt að segja ágætt dæmi um það hvernig hægt er að eiga málefnalegar viðræður í þinginu um þennan samning og ber að virða það og meta við ráðherrann að taka þátt í umræðum hér með þeim hætti sem hann gerði. Án þess að ég ætli mikið í samanburð milli þeirra nafnanna, hæstv. utanrrh. og viðskrh., þá gæti hæstv. utanrrh. lært ýmislegt af hæstv. viðskrh. í þessum efnum. Það er kannski vænlegra að ræða málin á eðlilegan hátt eins og hæstv. viðskrh. gerði en vera í þessum sífelldu skylmingum við þingið eins og hæstv. utanrrh.

Ég hlustaði með athygli á mat hæstv. viðskrh. á því hvaða áhrif þessar breytingar kynnu að hafa á stöðu íslenska bankakerfisins og gjaldeyrisvarasjóðinn. Það er út af fyrir sig rétt hjá honum að sumar af þessum breytingum tengjast sjálfstæðum lögum sem afgreidd voru í tíð síðustu ríkisstjórnar og hafa ekki að forminu til með EES-samninginn að gera. Þó er munurinn sá að þegar EES-samningurinn tekur gildi ber okkur skylda til þess að vera með skipan sem leyfir þetta allt saman en það er í sjálfu sér ekki skylda þegar EES-samningurinn er ekki í gildi.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að frá því að ég bar upp spurningar mínar hefur það gerst í fyrsta lagi að hæstv. viðskrh hefur viðurkennt vissar hættur í þessum efnum með því að láta ekki koma að fullu til framkvæmda þær breytingar sem áður hafði verið talað um. Hann heimilar ekki frá og með nýliðnum áramótum jafnmikil kaup á verðbréfum erlendis og ætlunin var. Það finnst mér sýna viðleitni í þá átt að hamla hér gegn. Enn fremur er komið í ljós að stærsti viðskiptabanki landsins, Landsbankinn, stenst ekki þær kröfur sem gerðar eru til alþjóðlegrar bankastarfsemi og verður að óska eftir fjármagni frá ríkissjóði Íslands á nýbyrjuðu ári til þess að geta staði erlendum bönkum jafnfætis í samkeppninni. Þetta tvennt finnst mér vera viðurkenning í veruleikanum á því að hér þurfum við að fara mjög varlega.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi er meginreglan um fullt fjármagnshreyfingafrelsi hvað varðar langtímafjármagnshreyfingar bundin í íslensk lög, nánar tiltekið þau sem samþykkt voru 11. nóv. 1992. Í þeim lögum er heimild til þess að fresta þessu þar til samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur gengið í gildi eða til loka ársins 1993. Það er rétt hjá hv. þm. að það var ákveðið að nota þetta heimildarákvæði laganna nú um áramótin með vísun til þess að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði hefur ekki tekið gildi. Það er að sjálfsögðu líka gert í varúðarskyni og ég get sannarlega ítrekað að mikil ástæða er til að fara hér fram af fyllstu varúð. Það verður líka gert, bæði í gjaldeyris-

málum og í málefnum ríkisbankanna sem og hv. þm. vitnaði til.

Í öðru lagi kom það fram í máli mínu áðan að til þess að fullnægja þeim kröfum um eiginfjárhlutfall sem Alþingi hefur í lög fest fyrr á þessu ári, reyndar samhljóða eins og gjaldeyrislögin, var vissara að haga málum svo að Landsbankinn tæki víkjandi lán. Það kann að vera að við þurfum að huga betur að því hvernig hægt er að ganga enn betur frá því máli. Að því vinna stjórnendur Landsbankans, bankaráð hans og bankastjórn og munu leggja fyrir ríkisstjórnina skipulega áætlun um umbætur og hagræðingu í rekstri bankans, bæði hvað varðar rekstur og efnahag þannig að hann fullnægi öllum slíkum kröfum.

Frsm. 3. minni hluta utanrmn. (Ólafur Ragnar Grímsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þótt það sé alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að þessi ákvæði um fjármagnsstreymi milli Íslands og annarra landa og um eiginfjárhlutfall bankanna sé í íslenskum lögum, þá hafa þau lög eðli málsins samkvæmt verið sett í tengslum við þær breytingar sem með einum eða öðrum hætti tengjast hinu almenna markaðskerfi Evrópu sem hér gengur undir heitinu EES. Það er vissulega tilefni til umhugsunar í þingsalnum að frestun á gildistöku EES gerir okkur kleift að fresta framkvæmd á frjálsu fjármagnsstreymi hvað snertir verðbréfakaup milli Íslands og annarra landa. Hvers vegna eru menn að fresta því núna um áramótin? Það er vegna þess að menn óttuðust áhrifin á gjaldeyrisvarasjóðinn og peningalega stöðu milli Íslands og annarra landa. Ef allt hefði gengið samkvæmt áætlun hefðu íslensk stjórnvöld varla haft þennan möguleika. Sama gildir reyndar um Landsbankann að þær alþjóðlegu reglur sem hér er verið að festa í lög gera það hugsanlega nauðsynlegt fyrir Alþingi að flytja peninga úr ríkissjóði inn í Landsbankann á þessu ári í stað þess að reikna með peningum inn í ríkissjóðinn við sölu hlutabréfa viðskiptabankanna eins og gert er í núverandi fjárlagafrv.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi vil ég láta það koma alveg skýrt fram að engin ástæða er til að ætla að fjármagnshreyfingar úr landi hefðu valdið Íslendingum skaða þótt fullkomið frjálsræði hefði verið innleitt um sl. áramót. En vegna þess að hugmyndir af því tagi sem hv. þm. lýsir hér eru á sveimi, þá þótti mönnum rétt að nýta til fulls þau varúðarákvæði laganna sem nýsett voru. Það er eina ástæðan en ekki neitt sérstakt tilefni.

Í öðru lagi hvað Landsbankann varðar vil ég láta það koma fram að ég hef í hyggju að kynna efh.- og viðskn. þingsins sérstaklega þau áform sem þar eru uppi um skipulagsbreytingar í bankanum og aðgerðir til þess að treysta hag hans því hann er mikilvægasti banki okkar bankakerfis. Hann er um leið undirstaða fyrir fjármögnun atvinnuvega okkar og þess vegna verður hann að standa traustum fótum.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get undir það tekið sem fram kom hér að það er nokkur munur á því hver rósemi hugarfarsins er annars vegar hjá hæstv. utanrrh. og hins vegar hæstv. viðskrh. Þó fannst mér að ekki bæri mikið á milli ráðherranna í mati á samningsstöðunni og stöðu þessa máls. Hæstv. viðskrh. túlkaði það svo að í rauninni væri einvörðungu um tæknilegar breytingar að ræða sem gera þyrfti á þessum samningi og síðan þyrfti að staðfesta þær. Ég veit ekki hvort ég tók rétt eftir að það yrði hugsanlega með þáltill. Mér fyndist gott ef hæstv. ráðherra útlistaði það nánar því að ég hef satt að segja ekki heyrt það fyrr frá ráðherrum að staðfesting á breyttum samningi kæmi til greina í þinginu með þáltill. heldur hafði ég haldið að þeir sem með þetta mál fara af stjórnvalda hálfu ætluðu sér að fara fram með svipuðum hætti, þ.e. í formi lagafrv.

Hitt er annað mál að ég átta mig ekki á því hvernig hæstv. viðskrh. kemst að þeirri niðurstöðu að hér geti einvörðungu orðið um tæknilegar breytingar að ræða í ljósi þeirra krafna sem uppi eru, m.a. frá spænsku ríkisstjórninni í þessu máli, með kröfum um endursamning að því er varðar þróunarsjóðinn og þá upphæð sem EFTA-ríkjunum er ætlað að greiða til þessara — ég man ekki hvaða orð hæstv. utanrrh. notaði, það var betlilið held ég. (**Gripið fram í:** Betliríkja). Betliríkja innan Evrópubandalagsins, sem hæstv. utanrrh. kallaði svo og sem þyrfti að greiða til í formi þessa þróunarsjóðs. (**Viðskrh.:** Hvaða ríki?) Hann nafngreindi þau, hæstv. ráðherra. Það liggur fyrir í ræðum, Spánn, Írland og Grikkland voru þessi betliríki. Það væri ágætt ef hæstv. viðskrh. greindi nánar frá mati sínu á þessari stöðu því að mér sýnist mjög tvísýnt um það hvort Spánn ætlar að una þessu og hvort ekki þarf að koma til endursamnings af þeim sökum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Hæstv forseti. Það sem ég sagði í ræðu minni hér áðan var að verði þessi viðbótarbókun við EES-samninginn eingöngu þjóðréttarlegs eðlis, þ.e. feli hún ekki í sér nein bein réttaráhrif hér á landi sem festa þurfi í íslensk lög líkt og gildir um mjög marga alþjóðasamninga, þá ber enga nauðsyn til að bera slíkt mál upp á Alþingi í formi lagafrv. heldur eingöngu í formi þáltill. um staðfestingu alþjóðasamnings eins og venja er um slíkar samningagerðir. Fari hins vegar svo að einhver þau efnisatriði breytist sem segja megi að hafi hér bein réttaráhrif yrði form þingmálsins að sjálfsögðu að vera með öðrum hætti, þ.e. í formi lagafrv.

Um það hvernig fer með skoðanamun milli Spánverja og hugsanlega einhverra annarra Evrópuríkja innan bandalagsins og meiri hlutans þar innan dyra þá ætla ég engu um þau viðskipti að spá, spyr þar eingöngu að leikslokum og segir reyndar hugur um að margt í því máli geti einfaldast og skýrst ef það er ljóst að EFTA-ríkin, þau sem standa eftir þegar Sviss hefur sagt sig úr félagi við þau um sinn, ná saman um afstöðu sína gagnvart bandalaginu. Þá mun málið allt einfaldast frekar.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst það dálítið sérkennilegt og merkilegt að það skuli vera hæstv. viðskrh. sem greinir þinginu frá þessu mati á því hvernig hugsanlega yrði farið með viðbótarbókun við EES-samninginn. Ekki ætla ég að hafa á móti því að hann viðri sínar skoðanir um það við þingið.

Í sambandi við stöðuna að því er varðar sjónarmið einstakra EB-ríkja til þessa máls, þá er það ekki meiri hlutinn sem þar ræður heldur hvert og eitt ríki af því, að hæstv. ráðherra nefndi meiri hluta EB-ríkjanna. Hvert eitt ríki hefur neitunarvald og það algert neitunarvald.

Við heyrðum það hjá hæstv. utanrrh. í desember eftir atkvæðagreiðsluna í Sviss að þetta væri allt saman lítið mál en Alþingi Íslendinga yrði að afgreiða þennan samning eftir það til þess að við fengjum samningsstöðu. Það er satt að segja afar sérkennilegur málflutningur ef íslensk stjórnvöld ætla sér ekki meira en það að þurfa að vera með fullfrágengið mál af hálfu Alþingis til þess að telja sig vera marktæk gagnvart Evrópubandalaginu sem viðræðuaðila.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst taka það skýrt fram að þegar ég talaði um meiri hluta Evrópubandalagsríkja var ég á engan hátt að vísa til þeirra ákvörðunartökuaðferða sem við kunna að eiga hverju sinni innan þeirrar stofnunar. Ég var þar fyrst og fremst að tala um það sem kalla mætti ákvörðunarmótun í pólitísku ferli sem þar er að sjálfsögðu í gangi eins og í öllum slíkum stofnunum.

Um hitt málið, það hvernig farið verður með viðbótina við EES þegar hún kemur inn á þing að nýju, þá vitna ég til þess að umræður um þetta efni fóru fram í þinginu fyrr í 2. umr. og ætti þess vegna ekki að hafa komið neinum þingmanni á óvart sem fylgst hefur með umræðunni.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er að sjálfsögðu ánægður með það þó að það komi mér ekki á óvart að hæstv. viðskrh. er í meira jafnvægi en hæstv. utanrrh. Það er hægt að eiga við hann orðastað með eðlilegum hætti án þess að hann skýli sér á bak við hálfsannindi eða þaðan af verra.

Hæstv. viðskrh. talaði um árangur Íslandsbanka. Íslandsbanki, eða Útvegsbankinn, var einkavæddur fyrir tilverknað hæstv. viðskrh. með gífurlegum fórnarkostnaði af almannafé. Árangurinn erum við að sjá þessa dagana þar sem Íslandsbanki hækkar vexti framar öðrum og hefur þar forustu um.

Hæstv. ráðherra svaraði ekki þeirri spurningu sem hv. 4. þm. Norðurl. v., Stefán Guðmundsson, bar fram varðandi útflutning á raforku. Mergurinn málsins er sá að verði orkuver einkavædd, eins og hæstv. ríkisstjórn hefur á stefnuskrá sinni, þá er engin leið eftir að við erum orðnir aðilar að Evrópsku efnahagssvæði að halda þeim orkuverum alfarið í eigu Íslendinga.

Auðvitað felur brotthvarf Sviss frá Evrópsku efnahagssvæði í sér gerbreytingu á öllu málinu. Sviss er öflugasta EFTA-ríkið og samningurinn hlýtur að breytast bæði að formi og efni í grundvallaratriðum. Nú veit ég að hæstv. viðskrh. telur sig hafa gott vit á efnahagsmálum, en ég held að hann ætti að hlífa sér við því að kenna Svisslendingum hvernig þeir eigi að sjá fyrir sínum hag.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst um Íslandsbanka. Þótt hann sé laustengdur þessari umræðu vil ég leyfa mér að vísa til skýrslu, sem lögð var fram í þinginu á síðasta fundi fyrir jól, um sölu hlutabréfa ríkisins í Útvegsbanka Íslands hf. sem var undirstaðan undir myndun Íslandsbanka. Þar er m.a. svarað þeirri staðhæfingu hv. 1. þm. Norðurl. v. að bréfin í bankanum hafi verið seld þannig að ríkið hafi haft skaða af. Þvert á móti voru þetta skynsamleg og hagfelld viðskipti þótt jafnan megi um það deila hvort menn hefðu getað fengið eitthvað meira fyrir bréfin.

En þarna var líka um annað að tefla, að ná fram skipulagsumbótum í okkar íslenska bankakerfi sem beðið hafði áratugum saman en loksins tókst, ekki eingöngu fyrir tilverknað þess sem hér stendur heldur tilverknað þeirrar ríkisstjórnar sem við báðir studdum, hv. 1. þm. Norðurl. v. og sá sem hér talar.

Um virkjunarrétt fallvatna vil ég endurtaka það sem ég sagði hér áðan. Ég tel að ég hafi svarað spurningu hv. 4. þm. Norðurl. v. svo sem unnt er á þessu stigi máls. Ég ítreka að það er ákaflega mikilvægt að búa svo um hnúta að almenningur fái endurgjald fyrir virkjunarrétt fallvatna, að fallvötnin og virkjunarréttur á þeim séu, allt sem ekki eru skýlaust í einkaeigu, almenningseign. Um þá hnúta ætlum við að búa vel. Ég endurtek að það er ekkert í EES-samningnum sem hindrar að Alþingi haldi áfram þeirri reglu að veita ekki meiri háttar virkjunarrétt til annarra en íslenskra ríkisaðila eða opinberra fyrirtækja.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Í andsvörum er ekki tækifæri til að fara nákvæmlega út í hvort þetta voru skynsamleg viðskipti með Útvegsbankann en ég tel að svo hafi ekki verið. Erfiðleikar Landsbankans, sem hér hefur líka borið á góma, skapast náttúrlega af þeim bága fjárhag sem Reykjavíkurborg býr við. Ef Reykjavíkurborg væri ekki með svona mikinn yfirdrátt í Landsbankanum þyrfti Landsbankinn ekkert á því láni að halda sem hann fær frá Seðlabanka.

Öll þessi málsmeðferð sem við höfum verið að vinna hér undanfarna daga fyrir tilverknað ríkisstjórnarinnar er markleysa. Það var ekki rétt hjá hæstv. viðskrh. að okkur ræki nein nauður til að afgreiða þetta lagafrv. hér og nú. Endanleg lög verða að vera öðruvísi. Við vitum að í þingskjölunum stendur ekki hinn endanlegi samningur sem við þurfum að lögtaka. Ef hæstv. utanrrh. taldi sig þurfa meira umboð en hann hefur frá ríkisstjórninni og vildi láta reyna á það á Alþingi hvort meiri hluti væri fyrir þessari samningagerð, þá átti auðvitað að gera það með þáltill. en vera

ekki að samþykkja einhver lög út í loftið sem ekki standast og eru hrein markleysa.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þykir furðu sæta ef hv. 1. þm. Norðurl. v. heldur því fram að það lagafrv. sem við erum að fjalla um sé markleysa þegar til þess er horft að Finnlandsforseti lét sér vel sæma eftir að Svisslendingar höfðu fellt samninginn að fullgilda og staðfesta lög sem eru nákvæmlega þess efnis og þess eðlis sem við ræðum í dag. Á sama hátt má að sjálfsögðu benda á ákvörðun liechtensteinsku þjóðarinnar að tillögu stjórnar og þings í því landi að samþykkja samninginn óbreyttan, eftir að hann var felldur í Sviss, einmitt til þess að tryggja stöðu sína gagnvart framhaldinu. Það gerðu Finnar. Það gerðu Liechtensteinar. Íslendingar verða ekki menn að minni að samþykkja slíkt lagafrv. Því fer fjarri að hér sé um markleysu að ræða. Hér er einmitt um markvissa aðgerð að ræða til þess að tryggja íslenska hagsmuni í lengd og bráð. Þetta vil ég segja skýrt.

Um orð þingmannsins um Landsbanka Íslands er ekki ástæða til að fjölyrða hér, en ég vil leyfa mér að halda því fram að sú skýring sem hann gaf á erfiðri stöðu bankans um sinn sé ekki rétt.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Nú hefur forseti óskað eftir því að utanrrh. komi í salinn og er það vel. Ég get aftur á móti ekki látið hjá líða að spyrja hvort utanrrh. hafi formlega tilkynnt forseta að hann hyggist ekki verða við þeim tilmælum. Ég minnist þess að stundum átti Alþingi Íslendinga hér áður forseta sem kunnu lag á ráðherrum sem sýndu þrjósku og ekki hlýddu. Þeir tilkynntu þeim einfaldlega að gert yrði fundarhlé og mönnum var leyft að kólna svo að þeir áttuðu sig á því að þeir hefðu þingskyldur og kæmu í salinn. Ég óska eftir því að hæstv. forseti upplýsi hvort utanrrh. hefur með formlegum hætti tilkynnt forseta að hann hyggist ekki vera við þessa umræðu.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseta hafa ekki borist nein skilaboð en hæstv. utanrrh. er kominn í salinn.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Meiri hluti utanrmn. hefur lagt fram ítarlegt nál. þar sem tekið er skipulega á öllum þáttum sem snerta það frv. sem hér er til umræðu og svo samninginn sjálfan um Evrópska efnahagssvæðið og löggildingu hans. Þar sem sá sem hér talar er einn af þeim þingmönnum sem ritar undir nál. meiri hlutans verður ekki hér fjallað um málið í heild, heldur hefur hv. 3. þm. Reykv., formaður nefndarinnar, reifað málið á mjög afgerandi hátt. Ég kýs hins vegar að fjalla hér nokkuð um ákveðna þætti þessa máls sem ég tel mikilsverða, einkum vegna þess að þeir snerta viðhorf Íslendinga til fullveldis þjóðarinnar.

Það er ljóst að þessir samningar reyna nokkuð á innri samstöðu okkar í mikilvægu máli sem snertir í senn utanríkismál, efnahagsmál og sjálfstæðismál. Ég á fyrst og fremst við þær deilur sem hafa komið upp á Alþingi og meðal þjóðarinnar svo og með fræðimönnum um það hvort Íslendingar séu að afsala sér fullveldi með EES-samningnum og þar með að brjóta stjórnarskrá lýðveldisins. Þrátt fyrir þann ágreining sem hefur verið hér innan löggjafarsamkundunnar um það hvort í EES-samningnum felist afsal fullveldis eða ekki og ef svo er, hvort stjórnarskráin heimili það eða ekki, þá er rétt að geta þess að hér á Alþingi hefur mikið starf verið unnið innan þingsins og á vegum þess til að skýra sem best eðli þessa máls. Og ég er þeirrar skoðunar að verulegur árangur hafi náðst á mörgum sviðum. Það er rétt að viðurkenna þennan árangur, þakka það starf sem til hans hefur leitt, þakka fyrir það að sjónarmið manna hafa færst nær hvort öðru því að það leiðir þá til þess að hægt verði að undirbúa jarðveginn fyrir það að menn nái betur saman í mikilvægu utanríkismáli í framhaldi málsins.

Nú er ágreiningslaust að stjórnarskráin heimilar ekki sérstaklega framsal ríkisvalds en jafnframt er í henni ekki tekið fram að slíkt framsal sé óheimilt. Virðist mér ljóst að fræðimenn séu flestir sammála um að í stjórnarskránni sé að finna þá meginreglu að valdaframsal sé óheimilt. Hvort sú meginregla er og hefur verið fortakslaus er hins vegar ágreiningsefni. Skoðanir skiptast nokkuð eftir því hvort menn telja rétt að halda sig við bókstaf stjórnarskrárinnar eða ekki.

Á Íslandi hefur gætt mikillar íhaldssemi að því er varðar stjórnlagabreytingar. Það hafa engar grundvallarbreytingar verið gerðar á stjórnarskrá lýðveldisins frá 1944 ef frá eru taldar breytingar á þeim ákvæðum sem snerta kosningar og kjördæmaskipan. Endurspeglar þetta tvö mikilvæg atriði í stjórnmálasögu Íslands. Í fyrsta lagi sýnist mér að það hafi verið litið á stjórnarskrána sem grundvallarreglur sem túlka ber sem ramma um lýðræðið en ekki í ljósi bókstafsins. Hvarflar því naumast að nokkrum manni að 72. gr. stjórnarskrárinnar tryggi ekki fullkomlega tjáningarfrelsi sem nær til nútímafjölmiðla allra þó að þar sé einungis getið um prentfrelsi svo að tekið sé dæmi.

Í öðru lagi hefur tiltölulega mikið jafnvægi ríkt í stjórnmálalífi þessarar þjóðar og mikil samstaða um flest grundvallarmál lýðræðisins. Af þessum sökum hafa Íslendingar að mestu komist hjá því að tengja umræður um stjórnarskrárbreytingar pólitískri valdabaráttu en slík tengsl eru hins vegar mjög algeng í ýmsum ríkjum þriðja heimsins þar sem ójafnvægi í stjórnmálum og umbyltingar eru daglegt brauð.

Í áliti svonefndrar fjórmenninganefndar sem utanrrh. skipaði í aprílmánuði 1992 kemur fram sú skoðun að í 2. gr. stjórnarskrárinnar felist meginregla sem margar og mikilvægar undantekningar eru frá að því er varðar valdamörk innlendra aðila. Nokkrar undantekningar frá henni eru einnig að mati fjórmenninganefndarinnar í gildandi íslenskum lögum að því er varðar erlenda valdhafa. Í áliti nefndarinnar eru rakin dæmi þess að ákvarðanir erlendra stjórnvalda og úrskurðir erlendra dómstóla séu aðfararhæf hér á landi samkvæmt þjóðréttarsamningum sem Íslendingar eru aðilar að og

þá í samræmi við löggjöf sem slíkir samningar hafa orðið tilefni af. Er í þessum efnum m.a. vitnað til Norðurlandasamninga um gagnkvæmt aðfarar- eða fullnustuhæfi stjórnsýsluathafna og dóma frá þessum löndum. Dr. Guðmundur Alfreðsson hafnar öllum fordæmum og þar á meðal með fordæmi Norðurlandasamninganna með eftirfarandi röksemdum sem mig langar til að vitna í beint, með leyfi forseta. Þar segir:

„Loks vitnar sérfræðinganefndin í Norðurlandasamninga um gagnkvæmt aðfarar- eða fullnustuhæfi stjórnsýsluathafna og dóma frá þessum löndum. Nánari athugun leiðir í ljós að þarna er tvennt ólíkt á ferðinni. Útlend stjórnvöld eða dómstólar fá samkvæmt Norðurlandasamningum aldrei lögsögu yfir íslenskum einstaklingum eða fyrirtækjum nema þeir hafi sjálfir með gerðum sínum komist undir vald erlendrar lögsögu. Það var engin lögsaga flutt úr landinu því að erlend stjórnvöld og dómstólar höfðu þegar vald til að fara með viðkomandi mál. Við tökum aðeins að okkur fullnustuna á gagnkvæmnisgrundvelli. Á EES-svæðinu mundu hins vegar EFTA-eftirlitsstofnunin og dómstóllinn fá lögsögu, svo og stofnanir EB, án þess að íslenskir aðilar aðhafist nokkuð til að kalla lögsöguna yfir sig. Tilvitnunin í þessa Norðurlandasamninga og samanburðurinn eiga því ekki rétt á sér." Þetta segir dr. Guðmundur Alfreðsson.

Hér víkur dr. Guðmundur að því að Íslendingar hafi ekki haft lögsögu yfir öðrum Norðurlöndum og sé því engin lögsaga flutt úr landi þótt ákvæði erlendra stjórnvalda og úrskurðir dóma snerti íslenska ríkisborgara vegna þess sem þeir hafa aðhafst á erlendri grundu. Þetta er rétt svo langt sem það nær. Hinar erlendu ákvarðanir að því er varðar Norðurlandasamningana eru þó endanlegar og aðfararhæfar hér á landi. Geta þessar ákvarðanir því snert hagsmuni íslenskra ríkisborgara, svo sem eignir þeirra á Íslandi án þess að Íslendingar eigi þess kost að njóta þeirrar verndar sem þeim er áskilin í íslenskum lögum og væntanlega í stjórnarskránni líka.

Prófessor Björn Þ. Guðmundsson fjallar einnig um fordæmi í sinni álitsgerð og segir hann þar m.a., með leyfi forseta:

„Þess eru hins vegar engin dæmi að íslenskt framkvæmdarvald hafi í þessum skilningi verið framselt til erlends stjórnvalds. Þau þrjú dæmi sem fjórmenninganefndin tekur úr samningnum á sviði norrænnar samvinnu til styrktar niðurstöðum sínum falla ekki undir slíkt valdaframsal í skilningi stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar."

Ég tek það fram að þessi fullyrðing í áliti prófessor Björns er ekki rökstudd frekar. Prófessor Björn fjallar í sínu áliti um þau réttindi þegnanna sem hann telur að Ísland afsali sér með aðild að EES. Hann tíundar þar sérstaklega réttaröryggi sem þegnarnir njóta samkvæmt stjórnarskrá og beinist að stjórnsýslunni. Segir hann þar í sinni álitsgerð, með leyfi forseta:

„Samkvæmt íslenskum rétti er heimild til að ákvarða mönnum að greiða fésektir í höndum dómstóla fyrst og fremst en einnig stjórnvalda á vissum sviðum, t.d. sýslumanna og lögreglustjóra. Ef við höldum okkur við stjórnsýsluna, þá er þess fyrst að geta að stjórnsýsluhafar inna störf sín af höndum „að viðlagðri ábyrgð". Til þess að mega hafa hana með höndum verða þeir að fullnægja margvíslegum skilyrðum, t.d. um menntun. Ákvarðanataka þeirra er samkvæmt íslenskum lögum bundin af ýmsum form- og efnisreglum. Gerist stjórnsýsluhafarnir sekir um brot í þessum efnum getur það bæði varðað þá ábyrgð svo og hið opinbera. Aðgerðir þeirra geta enn fremur leitt til þess að ákvarðanir þeirra verði metnar ógildar. Til þess að staðreyna það höfum við ýmis réttaröryggistæki sem eru fólgin í því sem ég nefni stjórnsýslueftirlit. Þar skiptir mestu máli að telji maður rétt á sér brotinn í stjórnsýslunni getur hann borið fram kvörtun við umboðsmann Alþingis, hann getur leitað til æðra stjórnvalds og síðast en ekki síst getur hann borið mál sitt undir dómstóla. Með EES-samningnum hefur íslenskur þegn afsalað sér þessu öllu til stofnana EFTA og EB. Þetta skiptir verulegu máli við mat á álitaefninu því að stjórnarskráin er ekki eingöngu til þess að kveða á um stjórnskipun okkar heldur og ekki síður til þess að vernda réttindi þegnanna."

Nú er það svo að Íslendingar hafa skuldbundið sig til þess að líta á ákvarðanir stjórnvalda á Norðurlöndum í skattamálum sem endanlegar en aðfararhæfar hér á landi. Var þetta gert annars vegar með staðfestingu á samningi milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum og með lögum nr. 46 frá því í maí 1909. Samkvæmt þeim lögum er það svo að ef kveðnir eru upp úrskurðir t.d. í Noregi um skattskyldu íslensks þegns, þá er sá úrskurður endanlegur og aðfararhæfur hér á landi með fulltingi íslenskra stjórnvalda. Þannig geta íslensk stjórnvöld komist í þá stöðu að þeim er skylt samkvæmt þjóðréttarsamningum og samkvæmt íslenskum lögum að aðstoða erlend stjórnvöld í því að gera fjárnám í eignum íslensks þegns hér á landi án þess að sá hinn sami eigi þess nokkurn kost að leita sér varna í þeim réttaröryggistækjum sem prófessor Björn Þ. Guðmundsson tíundar. Íslenskur þegn getur í því tilfelli ekki leitað til íslensks stjórnvalds til þess að hnekkja úrskurðinum. Ég geri ráð fyrir því að þeir sem settu þessi lög hafi ekki talið sig vera að brjóta stjórnarskrána þó að þetta hafi verið gert.

Nú er það ljóst að enginn íslenskur þegn verður að þola slíka úrskurði erlends stjórnvalds nema hann hafi aðhafst eitthvað innan lögsögu viðkomandi ríkis. Engu að síður veita þau lög sem að framan greinir erlendum stjórnvaldsákvæðum aðgang að íslenskum þegnum og eignum þeirra og upphefja þessi eignarréttaröryggisákvæði sem íslensk lög og væntanlega stjórnarskrá*in veitir okkur.*

Samanburður við þá lögsögu sem EES-samningurinn markar tel ég að sé leyfilegur þó að ekki sé um nákvæmlega sambærileg tilvik að ræða eins og prófessor Björn Þ. Guðmundsson gerir kröfu um. Ef um nákvæmlega sambærileg tilvik væri að ræða væri naumast þörf á túlkun né umræðu um málið. Til þess að íslenskir lögaðilar komist undir lögsögu eftirlitsstofnunar EFTA eða EFTA-dómstólsins þurfa þeir að stunda

milliríkjaviðskipti ellegar hafa áhrif á milliríkjaviðskipti. Er ljóst að Íslendingar hafa ekki, alla vega hingað til, náð með sinni löggjöf til þess að kveða á um reglur í milliríkjaviðskiptum og verður því ekki framselt íslenskt ríkisvald sem ekki hefur verið til. Erfitt er að ímynda sér aðstæður þar sem íslenskt fyrirtæki sem einungis stundar innanlandsviðskipti gæti komist undir lögsögu EFTA-dómstólsins eða eftirlitsstofnunar án þess að það hafi þá þegar verið búið að brjóta íslensk lög og hafi komist upp með það. Ég hallast að þeirri skoðun að þau fordæmi sem getið er um í áliti fjórmenninganefndarinnar séu nothæf sem leiðbeiningar um túlkun á 2. gr. stjórnarskrárinnar þó að þau séu alls ekki nákvæmlega sambærileg tilvik við það réttarsvið sem EES-samningurinn býr til. Má af því leiða að meginregla stjórnarskrárinnar sé sú að framsal ríkisvalds sé óheimilt en að sú meginregla sé alls ekki fortakslaus, í vissum afmörkuðum tilfellum sé það heimilt.

Rétt er að geta þess að í meðförum Alþingis á stjórnarskrárþætti EES-málsins hefur að mínu mati komið fram víðtækari samstaða um þennan skilning en upphaflega virtist hægt að búast við miðað við ræður nokkurra þingmanna Í nál. minni hluta stjórnarskrárnefndar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er mat minni hluta nefndarinnar að ekki sé heimilt að óbreyttri stjórnarskrá að framselja íslenskt ríkisvald í þeim mæli sem gert er ráð fyrir í EES-samningnum.“

Naumast verður þessi texti skilinn á annan veg en þann að stjórnarskráin heimili framsal valds. Það er ekki spurning hvort slíkt er heimilt heldur hve mikið valdaframsalið geti orðið. Er rétt að minna á að undir nál. rita hv. þm. Steingrímur Hermannsson, Ragnar Arnalds, Kristín Einarsdóttir og Páll Pétursson. Þessir aðilar fallast á þá túlkun stjórnarskrárinnar að ekki sé fortakslaust bannað að framselja íslenskt ríkisvald. Sem rökrétt framhald af þeirri niðurstöðu hafa þessir þingmenn gert það að tillögu sinni að breyta stjórnarskránni með þeim hætti að heimila í 21. gr. hennar framsal á ríkisvaldi að tilskildu samþykki aukins meiri hluta Alþingis. Og að því tilskildu einnig, ber að geta, að það vald sem framselja skal sé vel afmarkað og á takmörkuðu sviði.

Í umræðum um 29. mál þingsins og brtt. á þskj. 306 kom það berlega í ljós hjá talsmönnum Kvennalista og Alþb. að þeir líta svo á að hefði stjórnarskrárbreytingin farið fram að tillögu þeirra hefði sú breyting verið fullnægjandi til að EES-samningurinn rúmaðist innan heimilda stjórnarskrárinnar. Ég lít svo á að forustumenn innan stjórnarandstöðunnar hafi hér horfið frá þeirri skoðun að um verulegt framsal á ríkisvaldi sé að ræða í EES-samningnum og nú líti þeir hins vegar þannig á að EES-samningurinn feli í sér framsal ríkisvalds sem sé vel afmarkað og á takmörkuðu sviði. Ég tel fulla ástæðu til þess að undirstrika það hér að á hinu háa Alþingi hafa að því er mér virðist stjórnarflokkar og stjórnarandstaðan nálgast í þessum skilningi sínum á eðli málsins. Ég tel það vera gott mál og til bóta í þessu viðkvæma máli sem reynir talsvert á margar eðlilegar og ásættanlegar tilfinningar.

Þessi þróun mála innan stjórnarandstöðuflokkanna er með þeim hætti ef marka má brtt. á þskj. 306 að flm. hennar vex það ekki í augum að Alþingi taki sjálft ákvörðun um það hverju sinni hvaða samningar feli í sér vel afmarkað framsal á valdi og takmarka svið slíks framsal og víkja því mjög greinilega frá mati prófessors Björns Þ. Guðmundssonar sem treystir ekki hinum almenna löggjafa til þess að ákvarða þau mörk en í áliti sínu segir hann, með leyfi forseta:

„Fjórmenninganefnd utanrrh. telur að þrátt fyrir ákvæði 2. gr. stjórnarskrárinnar sé valdframsal heimilt á vel afmörkuðum og takmörkuðum sviðum. Kemst hún að þeirri niðustöðu að í þessu tilviki sé þeim skilyrðum fullnægt. En hvar á að draga mörkin? Hvenær er svið ekki svo nægilega vel afmarkað eða ekki nógu takmarkað til þess að um óleyfilegt valdframsal sé að ræða? Mat í þessu efni tel ég svo vandasamt og afdrifaríkt að varhugavert sé að láta hinn almenna löggjafa um það.“

Ég hef í máli mínu bent á tvö undirstöðuatriði sem þróast hafa innan stjórnarandstöðuflokkanna við umfjöllun málsins á Alþingi, þ.e. að mér finnst annars vegar liggja ljóst fyrir af hálfu forustumanna stjórnarandstöðunnar að stjórnarskrá lýðveldisins eins og hún er nú hindrar ekki fortakslaust framsal valds og hins vegar að EES-samningurinn felur ekki í sér verulegt valdaframsal heldur framsal sem er vel afmarkað og á takmörkuðu sviði. Ég held að það sé að mörgu leyti nauðsynlegt að leggja áherslu á að ég tel að forustumenn stjórnarandstöðunnar hafi sameinast í þeim skilningi að það framsal valds sem í EES-samningnum sé fólgið sé vel afmarkað og á takmörkuðu sviði. Þessir forustumenn stjórnarandstöðunnar hafa viljað gangast fyrir breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins sem hefði það að tilgangi að rýmka heimildir stjórnarskrárinnar til valdaframsals. Ljóst er með öllu að sú breyting á stjórnarskránni sem þannig var gerð tillaga um hefði að mati flm. veitt stjórnarfarslegt svigrúm til að samþykkja EES-samninginn þó að þeir séu ósammála samningnum. Þess vegna þykir mér fullljóst að þessir flm. litu ekki svo á að það svigrúm sem þeir voru þannig að gera tillögu um væri skapað til þess að hægt væri að afsala fullveldi eða vega að sjálfstæði íslensku þjóðarinnar. Það dettur mér ekki í hug að halda fram að menn hafi verið að skapa þetta svigrúm til þess. Þeir voru efnislega á móti samningnum. Það hefur komið fram í máli margra þeirra að þeir eru efnislega á móti samningnum en þeir hins vegar líta svo á að að því er varðar valdaframsalið þá séu það fyrst og fremst formsatriðin, þ.e. stjórnarskráin, sem stendur í vegi fyrir þessu en ekki efnislegu atriðin.

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið það hjá líða að leiðrétta rangfærslur sem ég tel hafa komið hér fram á áliti fjórmenninganefndarinnar. En þessar rangfærslur hafa verið ítrekaðar héðan úr þessum ræðustól.

Sú skoðun hefur komið fram að með orðalaginu „önnur stjórnvöld“ í 2. gr. stjórnarskrárinnar sé ekki tekið fram að þau stjórnvöld skuli vera alíslensk stjórnvöld og hefur því verið haldið fram að álit fjórmenn-

inganna byggist á þeirri forsendu að í þessu orðalagi 2. gr. stjórnarskrárinnar felist heimild til að ákveða með lögum að þættir framkvæmdarvaldsins skuli vera í höndum alþjóðastofnana. Þessi meinta skoðun fjórmenninganefndarinnar hefur óneitanlega orðið tilefni nokkurrar hneykslunar í máli nokkurra þingmanna stjórnarandstöðunnar. Ég vil af þessu tilefni vitna beint í álit fjórmenninganna máli mínu til skýringar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í 2. gr. stjórnarskrárinnar er talað um forseta lýðveldisins og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskránni og öðrum landslögum. Ekki er tekið fram að þetta skuli vera alíslensk stjórnvöld og hugsanlegt er að alþjóðastofnanir séu stjórnvöld eftir 2. gr. Það er með öðrum orðum til skoðunar hvort í 2. gr. stjórnarskrárinnar felist heimild til þess að ákveða með lögum að þættir framkvæmdarvaldsins skuli vera í höndum alþjóðastofnana."

Hér er sem sagt fleytt fram skoðun en ef menn lesa þessa álitsgerð og þennan kafla álitsgerðarinnar til enda þá kemur í ljós að höfundar álitsgerðarinnar telja sér ekki fært að nota þessa skoðun. Ég ætla, með leyfi forseta, að halda áfram þessari tilvitnun:

„Þegar haft er í huga hve mikilvægt alþjóðasamstarf er á okkar dögum fyrir Íslendinga sem aðra er þessi hugmynd ekki fráleit. Þar við bætist að unnt er að færa rök fyrir því að skilja beri íslensk stjórnskipunarlög í samræmi við gildandi þjóðarétt á hverjum tíma. Það er hins vegar óvíst miðað við forsendur stjórnarskrárinnar að hve miklu leyti þetta er gildandi íslenskur réttur. Við lögskýringar verður oft að taka þann kost sem er öruggur og af þeim sökum teljum við ekki unnt að byggja niðurstöðu okkar varðandi framkvæmdarvaldið og 2. gr. stjórnarskrárinnar á því að á grundvelli hennar megi fela alþjóðastofnunum framkvæmdarvald í ótilteknum mæli."

Heildarniðurstaða þeirra er sem sagt sú að þetta sé ekki nothæf hugsun. Þeir bæta síðan við: „Síðar verður rætt hvort þetta sé unnt á vel afmörkuðum og takmörkuðum sviðum."

Og ég bendi hv. þm. á það að hér er komið það orðalag sem síðar varð með brtt. sett inn í frv. til stjórnskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Þannig að með þeirri breytingu þá hafa menn nálgast á vissan hátt þann skilning sem fram kemur í áliti fjórmenninganna á því að EES-samningurinn feli ekki í sér fullveldisafsal heldur framsal á valdi á vel afmörkuðu og takmörkuðu sviði. Mér hefur fundist að tilvitnunin sem ég hef hér lokið við hafi verið nokkuð mistúlkuð í máli allmargra þingmanna og tek eftir því að í áramótahugleiðingu hv. 1. þm. Norðurl. e., Guðmundar Bjarnasonar, heldur hann upptekn um hætti að vitna í þetta á ófullkominn hátt og draga af því niðurstöður sem ég tel að séu hæpnar.

Umræðan hér á hinu háa Alþingi svo og á öðrum vettvangi hefur vakið upp margar spurningar og mikilvægar um fullveldishugtakið og skilning okkar á stjórnarskránni í síbreytilegum heimi. Sú skilgreining á ríkishugtakinu sem Ólafur Jóhannesson notar í stjórnskipun Íslands varpar nokkru ljósi á þau skilyrði sem sett eru til þess að ríki geti talist fullvalda. Þar eru ríki skilgreind á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Ríki er mannlegt samfélag, er hefur varanleg yfirráð yfir tilteknu landsvæði, býr við lögbundið skipulag og lýtur stjórn, er sækir vald sitt til samfélagsins sjálfs en eigi til annarra ríkja, enda fari sú stjórn með æðsta vald í landinu óháð valdhöfum annarra ríkja, að öðru leyti en því, er leiðir af reglum þjóðaréttar."

Við þessa skilgreiningu ber þó að gera nokkra athugasemd að því er varðar það hve óháð ríki verða að vera öðrum ríkjum til að geta talist fullvalda. Hér er ekki átt við samningsbundið framsal á valdi eins og t.d. þegar Íslendingar fólu Dönum að fara með utanríkis- og öryggismál sín en hafa þó litið svo á að þjóðin hafi með sambandslögunum frá 1918 tryggt fullveldi og haldið upp á þann atburð æ síðan án þess að á þau hátíðarhöld hafi nokkurn tímann fallið skuggi efasemda um að við höfum öðlast fullveldi árið 1918. Hér er á hinn bóginn átt við þá þróun mála í alþjóðlegum viðskiptum sem er ein traustasta stoðin undir velferð þeirra ríkja sem fremst standa í heiminum í dag og Ísland er hluti af. Ljóst er að þessi viðskipti, þessi alþjóðlegu viðskipti, sem standa undir velferð flestra þeirra ríkja sem fremst standa í heiminum í dag, gera ríkin mjög háð hvert öðru efnahagslega. Efnahagsleg undirstaða fullveldis er að sjálfsögðu ein af forsendum þess að fullveldi geti talist marktækt. Þau ríki sem mest eiga undir milliríkjaviðskiptum eru háð ákvörðunum sem eru teknar utan þeirra lögsögu. Vil ég í þessu dæmi geta þess að olíukreppur áttunda áratugarins sem voru tvær talsins reyndu mjög á efnahag margra vestrænna ríkja sem höfðu byggt samfélag sitt á þeirri staðreynd að olía hafði verið ódýr og næg á markaði lengi. Þrotlaus barátta Frakka til að draga úr pólitískum áhrifum olíuframleiðsluríkjanna á utanríkisstefnu Frakka leiddi til þess að þeir eru nú í dag stórum minna háðir olíu en áður var. Samt sem áður mundi ný olíukreppa þrengja stöðu þeirra bæði innan ríkisins og út á við í samskiptum þeirra við önnur lönd og hafa áhrif á utanríkismál þeirra.

Íslendingar hafa alla tíð frá því að landið byggðist verið háðir milliríkjaviðskiptum. Og þó sennilega aldrei eins og nú. Við höfum reist efnahag okkar á feikilega mikilli sérhæfingu. Þjóð sem á fáar en stórar auðlindir og býr við fremur svalt loftslag sem takmarkar matvælaframleiðslu á ekki annan kost en að reiða sig á að selja og kaupa á alþjóðlegum markaði. Við erum því öllu öðru fremur kaupmenn hér á Íslandi. Og fjöregg okkar er að þessu leyti í höndum þeirra sem kaupa og selja, selja okkur vörur og kaupa af okkur framleiðsluvörur. Höfum við Íslendingar með sérhæfingu okkar þá byggt velferð okkar á hæpnum forsendum að því er fullveldi okkar varðar? Ef einræðisherra í Persaflóa fer í stríð kann rekstrarforsendum að vera kippt undan útgerð á Íslandi. Reglur sem settar eru í Evrópubandalaginu geta neytt okkur til kostnaðarsamra fjárfestinga alveg burt séð frá því hvort við erum með EES eða ekki. Hrun Sovétríkjanna kann að grafa undan ál- og járnblendiframleiðslu hér á landi og gera skuldsetningu þjóðarinnar hlutfallslega svo þunga að hún stefni

efnahagslegu sjálfstæði okkar í voða. Höfum við með því að sérhæfa okkur komið okkur í þá stöðu að stórveldi í viðskiptaheiminum kasti á milli sín fjöreggi þjóðarinnar án þess að við fáum mikið við þann leik ráðið? Höfum við með þessum hætti grafið undan sjálfstæði þjóðarinnar með því að byggja velsæld hennar á þeim fáu en stóru gjöfum sem náttúran hefur fengið okkur? Hver er þá valkosturinn í stöðunni? Ber okkur að snúa af braut sérhæfingar og styrkja með þessari þjóð sjálfsþurftarbúskap í þeim tilgangi að efla efnahagslegt sjálfstæði okkar og draga úr yfirþyrmandi viðskiptaáhrifum erlendra ríkja?

Þeir sem leggja þrengsta merkingu í fullveldishugtakið hljóta að velta því fyrir sér hvort við getum talist fullvalda þjóð svo háðir sem við erum alþjóðlegum viðskiptum. En sannleikurinn er nú samt sá í mínum augum að þróun nútímaviðskipta á alþjóðlegum markaði hefur gert hina þrengstu skilgreiningu á efnahagslega fullvalda ríki, sem er óháð valdhöfum annarra ríkja, merkingarlitla og ónothæfa í nútímanum.

Það er meginstaðreynd að flest iðnríki nútímans eru efnahagslega og þar með stjórnmálalega háð hvert öðru og eiga því ekki annan kost til að tryggja fullveldi sitt en þann að leita leiða til að tryggja að sanngjarnar reglur verði settar um milliríkjaviðskipti. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er slík viðleitni. Ljóst er að utan hins Evrópska efnahagssvæðis verða Íslendingar jafnháðir EB viðskiptalega séð og áður. Ákvarðanir sem varða lífskjör þjóðarinnar verða eftir sem áður teknar á vettvangi EB. Innan EES öðlast Íslendingar hins vegar stöðu til þess að geta haft áhrif á gang mála. Í hluta samningsins er lýst því ferli sem ákvarðanir um nýjar reglur skulu fylgja. Með EES-samningnum hafa Íslendingar ásamt öðrum EFTA-þjóðum samið um að leggja reglur EB til grundvallar í viðskiptum sínum. EB heldur þeim rétti að hafa frumkvæði að lagabreytingum. Ákvarðanir mótast hins vegar í viðamiklu ferli sem réttara er að líkja við smíðisgrip en atburð. Framkvæmdastjórn EB mótar tillögur að breytingum og reglum. En áður en undirbúningsvinna hefst ber henni að leita óformlega ráða hjá sérfræðingum EFTA-ríkjanna og EB-ríkjanna. Fulltrúar EFTA-ríkjanna eru því aðilar að málinu áður en tillögur framkvæmdastjórnar EB eru mótaðar. Fullmótaðar ganga tillögur framkvæmdastjórnarinnar til ráðherraráðs EB og sameiginlegu EES-nefndarinnar. Til þess að tillagan nái samþykki í EES-nefndinni verða öll ríkin að vera sammála. Hafa því Íslendingar sem og aðrar EFTA-þjóðir neitunarvald í þessu löggjafarferli fyrir utan áhrif á ákvarðanaferlið frá upphafi. Breytingartillagan hefur þó ekki öðlast gildi að landsrétti þegar hér er komið sögu heldur er litið svo á að hún sé þjóðréttarsamningur sem verði að lögleiða hér á landi með stjórnskipulegum hætti. Leggja ber áherslu á að hér er um að ræða samning 18 ríkja um viðskiptareglur og reynt hefur verið að gera aðild EFTA-ríkjanna og þjóðþinga þeirra að samningaferlinu tortryggileg. Í áliti dr. Guðmundar Alfreðssonar segir á þessa leið ... (**Gripið fram í:** Það hefur verið lesið.) Mér þykir leitt hvað hv. þm. er viðkvæmur fyrir því að ég skuli vitna hér í álitsgerðir eftir því sem efni standa til. (**Gripið fram í:** Þetta stafar af áróðrinum um málþóf.) Ég les upp úr álitsgerð dr. Guðmundar, með leyfi forseta:

„„Setning nýrra EES-reglna fer ekki eftir reglum landsréttar þar sem hér er um að ræða breytingar á þjóðréttarsamningi. Þar eiga því ekki við stjórnarskrárákvæði um frumkvæðisrétt ríkisstjórnar eða þingmanna að lagafrv. eða rétt til flutnings brtt. ...“ Þessi atriði telur nefndin að ráði úrslitum um það að umrædd ákvæði EES-samningsins séu samrýmanleg 2. gr. stjórnarskrárinnar. Röksemdafærsla nefndarmanna fær staðist og niðurstaðan er formlega rétt. Hún er hins vegar efnislega röng því að frumkvæðisréttur þingmanna að lagafrumvörpum og flutningi breytingartillagna skerðist að sjálfsögðu þegar löggjafarstarfið um sjálfar efnisreglurnar, eins og áður segir, er flutt frá Alþingi til alþjóðastofnana.“

Nú er það svo að allir þjóðréttarsamningar eru þess eðlis að þeir skerða sjálfsákvörðunarrétt þeirra þjóða sem að þeim standa að svo miklu leyti sem skuldbindingum slíkra samninga nemur. Skerðist að sjálfsögðu að sama skapi frumkvæðisréttur hvers þjóðþings og þingmanna sem þar sitja. Er EES-samningurinn að þessu leyti ekki frábrugðinn öðrum þjóðréttarsamningum þó hann sé að sjálfsögðu mjög yfirgripsmikill.

Virðulegur forseti. Við lifum í heimi þar sem milliríkjaviðskipti gegna mjög mikilvægu hlutverki, svo mikilvægu í raun að efnahagslegt sjálfstæði fjölmargra ríkja er undir því komið að þessi viðskipti séu stöðug og um þau ríki eining þjóða í milli. Tryggð með þjóðréttarlegum skuldbindingum og fjölþjóðlegu eftirliti. Ísland er eitt þeirra ríkja sem mest er háð því að tryggja alþjóðlega viðskiptahagsmuni sína. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er áfangi á þeirri braut. Hann treystir stöðu okkar í alþjóðlegum viðskiptum og styrkir efnahagsforsendur okkar sem fullvalda þjóðar. Samningurinn verður að teljast mjög viðunandi þótt vissulega sé hann ekki gallalaus. Helstu annmarka hans tel ég vera að með samningnum næst ekki fullt jafnræði með fríverslun þar eð hún nær ekki til allra fiskafurða auk þess sem viðhaldið er styrkjakerfi í ákveðnum greinum atvinnulífsins innan EB sem keppa við íslenskan atvinnurekstur. Það er einnig í mínum augum annmarki á þessum samningi hve fjárfestingarfrelsið sem þar er áskilið gengur nærri eignarrétti á auðlindum. Hefði ég kosið að Íslendingar héldu fast við fyrirvara um landakaup erlendra manna á Íslandi. Fyrst fallið var frá þeim fyrirvara í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur verið leitað leiða til að tryggja hagsmuni Íslendinga í þessu máli með endurskoðun á jarðalögum. Sú leið virðist mér fær þótt hún sé afar flókin og sýnu óþægilegri fyrir okkur en almennur fyrirvari. Ég vil að lokum leggja áherslu á að stjórnarandstaðan hefur nálgast stjórnarflokkana mjög verulega í afstöðu sinni til stjórnarskrárþáttar EES-málsins og ég tel fulla ástæðu til að þakka það starf sem þar liggur að baki.

Ég endurtek að það er ekki sýnilegur ágreiningur um það af hálfu stjórnarandstöðunnar, að því er mér

virðist, að stjórnarskráin heimili takmarkað framsal á valdi þótt meginregla hennar sé tvímælalaust sú að framsal valds sé óheimilt. Það hefur einnig komið fram af hálfu talsmanna stjórnarandstöðunnar að það valdaframsal sem að þeirra áliti felst í EES-samningnum er vel afmarkað og á takmörkuðu sviði og fallast þeir að því leyti til á grundvallarsjónarmið fjórmenningananefndarinnar.

Sú deila sem eftir stendur að því er stjórnarskrárþáttinn varðar stendur um það hvort í EES-samningnum sé fólgið valdaframsal eða ekki og í annan stað ef um vel afmarkað valdaframsal er að ræða hvort stjórnarskráin óbreytt heimilar slíkt framsal. Sú deila verður væntanlega ekki leyst á annan hátt en þann að þingmenn taki afstöðu til málsins í krafti sannfæringar sinnar.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Nú hafa fjórir hv. þm. óskað eftir að veita andsvar við ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. Verður því að takmarka ræðutíma við eina mínútu.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ein mínúta, ég verð þá að takmarka mjög það sem ég hef að segja um þessa ræðu en það voru mjög margar athugasemdir sem ég hefði viljað gera. Ég hjó eftir að hv. þm. sagði að stjórnarandstaðan og stjórnin hefðu nálgast í málinu að því er varðaði stjórnarskrárþátt málsins. Þetta þótti mér óskiljanleg og alveg stórfurðuleg fullyrðing þar sem ljóst er að mikill vafi er á því að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði standist íslenska stjórnarskrá. Þess vegna var flutt hér frv. um það að ef um slíkt valdaframsal yrði að ræða eins og í honum felst þá þyrfti meiri hluta hér á Alþingi. Og túlkun þingmannsins var sú að þar með værum við að segja að ákveðið framsal væri heimilt samkvæmt núgildandi stjórnarskrá. Það er alveg ljóst að allt alþjóðasamstarf felur í sér eitthvert mjög takmarkað valdaframsal, t.d. bara aðild Íslands að Sameinuðu þjóðunum. Það hlýtur hv. þm. að vita. Og þess vegna hlýtur að vera alveg óskiljanleg hans fullyrðing að stjórn og stjórnarandstaða hafi nálgast í þessu máli. Það skil ég alls ekki. Auk þess sem mjög margir stjórnarliðar hafa lýst efasemdum með stjórnarskrárþátt málsins. Þannig að það er ekki um það að ræða að allir sem styðja ríkisstjórnina telji að samningurinn standist stjórnarskrá.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá síðasta ræðumanni og kom raunar skýrt fram í ræðu minni að það er enn ágreiningur um stjórnarskrármálið. En ég tel engu að síður að aðilar hafi nálgast hver annan. Alla vega ákveðnir talsmenn stjórnarandstöðunnar. Ég ætla ekki að vitna hér í sérstök ummæli en þau ummæli eru til vegna þess að ég hef kallað þessa afstöðu fram hér í umræðum á þingi.

Það sem skiptir mestu máli er það að fullyrðingar um að verulegt valdaframsal sé fólgið í EES-samningnum, að það sé verið að framselja fullveldi íslenska lýðveldisins og það sé vegið að sjálfstæði þjóðarinnar, slíkar fullyrðingar tel ég ekki samræmast því sem fram kemur í brtt. við frv. til stjórnskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands þar sem tekið er fram að það sé heimilt að gera alþjóðlega samninga svo fremi sem það sé meiri hluti Alþingis sem samþykkir þá og að vald það sem framselt er sé vel afmarkað og á takmörkuðu sviði. Og það liggur einnig fyrir að menn telja að EES-samningurinn sé innan þessara marka. Auðvitað hefðu menn ekki farið að gera tillögu um þessa stjórnarskrárbreytingu ef þeir hefðu talið að þar með væri verið að framselja íslenskt fullveldi og vega að sjálfstæði þjóðarinnar.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg greinilegt að hv. þm. vill skilja málið með ákveðnum hætti og hann verður þá að hafa það fyrir sig. En það er alveg ljóst að í EES-samningnum er fólgið valdaframsal. Það eru allir sammála því. En að það sé svo mikið valdaframsal að sjálfstæði íslensku þjóðarinnar sé búið með samþykkt samningsins, það hef ég t.d. aldrei sagt. Það getur vel verið að einhverjir hafi þá skoðun. Það er greinilegt að þingmaðurinn telur að það geti meira að segja svo verið úr því að hann heldur þessu svo stíft á lofti.

Ég ætlaði hins vegar að nota seinni mínútu mína í það að benda hv. þm. á að það er að mínu mati mjög ýkt, sem hann heldur, að við getum haft einhver áhrif á ákvarðanaferli innan EB. Lýsingu hans hér tel ég vera langt frá raunveruleikanum. Íslendingar munu hafa óveruleg ef nokkur áhrif á ákvarðanaferlið innan EB ef EES-samningurinn verður staðfestur á Alþingi.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ber að sjálfsögðu fulla virðingu fyrir þeim skoðunum sem hv. síðasti ræðumaður lýsti sem sínum skoðunum. En ég hlýt þá að líta svo á að þær skoðanir brjóti nokkuð í bága við orðalagið á brtt. á frv. til stjórnskipunarlaga því þar er verið að opna möguleika á því að lögtaka samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Það er verið að opna möguleika til þess og tekið sérstaklega fram að þeir möguleikar séu með þeim hætti að ekki sé verið að framselja vald nema með þeim hætti að það sé á vel afmörkuðu sviði og á takmörkuðu sviði. Ég held að enginn hefði farið að opna þessa leið ef svo hefði verið litið á að þarna væri um valdaafsal að ræða.

Ég vil hins vegar geta þess í sambandi við seinni athugasemd hv. þm. að auðvitað koma Íslendingar til með að hafa mjög takmörkuð áhrif innan EES. Smáþjóðir hafa takmörkuð áhrif en þau áhrif eru þó mikils virði og betri en engin.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil hæla hv. þm. Tómasi Inga Olrich fyrir að hafa flutt þá ræðu sem hann svo margsinnis hefur beðið um orðið til að fá að flytja og svo margsinnis strikað sig út af mælendaskrá. Ég hefði gjarnan viljað sjá þá ræðu í upphaflegum búningi og þær breytingar sem á hafa orðið.

En af því að þetta er að mestu leyti lögfræðilegt álit og að því leyti til sérstætt að það fer í að gagnrýna lögfræði tveggja virtra prófessora, sem almennir lögfræðingar þessa lands hafa ekki þorað að gera, þá tel ég einsýnt að senda beri þennan hluta ræðunnar til lagadeildar háskólans til þess að fá prófessorinn til að leggja mat á það hvað gefið sé fyrir svona lögfræði í skóla, ef um ritgerð væri að ræða.

Herra forseti. Ég ætla ekki að leggja dóm á niðurstöðuna en fróðlegt væri að fá að heyra það álit.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi athugasemd kallar ekki á stórkostleg svör. Ég þakka hv. þm. fyrir hlýleg orð í minn garð. Ef hann hlutast til um að þau orð sem ég hef látið hér falla í dag verði send hv. prófessor til athugunar þá legg ég líka til að þau atriði sem ég hef bent á hér í ræðu minni, að þingmenn stjórnarandstöðunnar leyfa sér að víkja frá áliti þessa virta fræðimanns — verði líka borin undir hann.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil líka þakka fyrir það að hann hefur fullyrt að sjónarmið stjórnarandstöðu og stjórnarsinna hafi farist saman varðandi þann þátt sem snýr að stjórnarskránni. Ég veit það eitt um afstöðu stjórnarandstæðinga að þeir hafa staðið í stað með sitt álit og ekki haggast. Þetta verður því ekki skilið á annan veg en þann að hann upplýsi það hér að stjórnarsinnar hafi fært sig mjög nær okkur í skoðunum. Það sýnir þá árangurinn af því að hafa haldið uppi umræðum um þetta mál.

Varðandi þær ábendingar sem fram komu að öðru leyti hjá hv. ræðumanni vil ég vissulega taka það til athugunar, en teldi rétt að hann tíndi það saman til þess að á mig kæmi þá aðeins það hlutverk að sjá um sendinguna.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við hv. síðasti ræðumaður getum verið sammála um það sé afskaplega mikilvægt fyrir Íslendinga að gera góða viðskiptasamninga. Ein ástæða þess að ég er andvíg EES er einmitt sú að ég tel að þar séum við að leggja okkar sjálfstæði, þar á meðal efnahagslegt sjálfstæði okkar, í hættu. Í fyrsta lagi vegna þess að við erum að veita aðgang að fiskveiðilögsögu okkar með ónothæfum fiskveiðisamningi, leggja orkufyrirtæki í hættu ef þau verða einkavædd, og enn fremur er ákvæði um landakaup torskilið og hugsanlega enn óleyst mál. Í öðru lagi vegna þess að við erum að opna fyrir mikil ítök erlendra stórfyrirtækja hér vegna þeirrar samkeppnisstöðu sem við sköpum þeim. Og í þriðja lagi vegna þess að við erum að framselja ákveðið fullveldi. Um það er ekki ágreiningur.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef veitt því athygli að hv. þm. Tómas Ingi Olrich hefur haft allnokkrar áhyggjur af þessu máli. Ég deili sannarlega þeim áhyggjum með honum. Það hefur birst m.a. í því, sem vakin hefur verið athygli á, að hv. þm. hefur haft þörf til að tala um þetta mál en af hálfu stjórnarforustunnar hefur verið lagst á hann. Það er nú fyrst þegar hæstv. utanrrh. er fjarri sem hann fær að koma í stólinn, geri ég ráð fyrir.

Hv. þm. gengur í kringum þetta mál hins vegar á dálítið sérkennilegan hátt, einhver mundi segja eins og köttur í kringum heitan graut, þegar kemur að stjórnarfarsþætti málsins og því valdaafsali sem felst í þessum samningi. Auðvitað nagar það samvisku hv. þm. sem við blasir í þessum samningi. Hann er hér með mjög sérkennilega leikfimi í þá átt að skýra hvers vegna hann treystir sér til að greiða þessum samningi atkvæði og er að hugga sig við það að fyrir liggi hugmyndir af hálfu stjórnarandstöðunnar um að fullveldisskerðing í þessum samningi sé vel afmörkuð og takmörkuð.

Auðvitað eru allir sammála um að ekki er verið að leggja af Ísland sem sjálfstætt ríki í eitt skipti fyrir öll. Þetta er auðvitað á takmörkuðu sviði sem hér er um að ræða. Hvort þau eru vel afmörkuð hef ég ekki metið út af fyrir sig, en mér finnst það ekki auðvelda hv. þm. á nokkurn hátt að ganga gegn íslensku stjórnarskránni.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hélt því fram úr ræðustól að það hefði verið lagst á mig og ég hefði ekki fengið að tala í málinu. Það var að vísu þannig að ég strikaði mig út af mælendaskrá til að rýma fyrir stjórnarandstöðunni þannig að hún gæti komið sínum ágætu sjónarmiðum á framfæri. Ég hafði alltaf hugsað mér að tala í málinu og gerði það hér og nú. Það er því mesti misskilningur að það hafi verið lagst á þingmanninn og allra síst má kenna hæstv. utanrrh. um það því að hann er alsaklaus af öllu slíku.

Hv. þm. segir að ég gangi í kringum málið eins og köttur í kringum heitan graut. Ég býst við að þetta sé hans háttur á að orða það að ég hef ekki í þessu máli þá einföldu hugmyndafræði sem hv. þm. virðist hafa gripið sig í. Hann sér þessum samningi allt til foráttu. Ég sé hins vegar marga kosti við þennan samning og ég sé ýmsa galla á honum, einkum galla sem hafa komið fram í samningaferlinu og ég hefði viljað sjá öðruvísi. Engu að síður er niðurstaðan sú að ég held að það sé alveg ljóst að við eigum að samþykkja þennan samning þrátt fyrir ágallana sem á honum eru.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að áhyggjur hv. þm. liggi nokkuð langt til baka. Ég dreg það ekkert í efa að hv. þm. Tómas Olrich ber þau hagsmunamál fyrir brjósti sem gengið er gegn í margri grein í þessum samningi. Það var ungur og að margra mati efnilegur frambjóðandi í Norðurlandskjördæmi eystra sem ritaði hugleiðingar fyrir kosningarnar 1991. Ég ætla að leyfa mér að hafa hér yfir eina málsgrein úr því safni, með leyfi forseta:

„Ég tek það skýrt fram að ef ég verð kosinn til starfa á Alþingi Íslendinga mun ég aldrei samþykkja að

útlendingar fái sama rétt til að kaupa land hér og við Íslendingar. Hér er um grundvallaratriði að ræða." Ég eftirlæt mönnum geta sér til hvaða frambjóðandi þarna hélt á penna.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það gekk svo í þessu samningaferli að þegar búið var að ná ákveðnum áföngum var ekki hægt að ganga þá leið til baka. Ég var þeirrar skoðunar að það væri mjög brýnt að halda inni fyrirvara um landakaupin. Það voru deilur um það hvort þeim fyrirvara hefði verið haldið inni eða ekki.

Það er hins vegar alveg ljóst að þessi almenni fyrirvari, þessi möguleiki til að tryggja hagsmuni Íslendinga, fór út í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og olli ekki miklu moldviðri innan ríkisstjórnarinnar. Ég skal ekki segja hvað sjálfur þingmaðurinn hefur hugsað um þetta mál en í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar olli það ekki miklu moldviðri.

Nú eigum við þess ekki kost að gera annað í þessu máli til þess að tryggja sérréttindi Íslendinga en setja lög sem þrengja að okkur sjálfum en munu í raun leiða til þess að útlendingar munu ekki hafa sama rétt til þess og Íslendingar að kaupa land. Ég ætla að benda þingmanninum á það að samkvæmt samningnum sjálfum hafa þeir það ekki því það tengist fyrst og fremst atvinnustarfsemi þeirra hér.

Sigurður Pórólfsson:

Herra forseti. Mig langar að koma aðeins inn í þessa umræðu um EES-málið þótt margt sé búið að ræða um það á undanförnum dögum og vikum og að sumra dómi sé nú mál að linni. Ég vil þó láta afstöðu mína til málsins koma fram því að það er óvíst að mér endist þingseta til þess að vera við endanlega afgreiðslu málsins þar sem ég sit hér sem varamaður hv. 2. þm. Vesturl., Ingibjargar Pálmadóttur.

Það hefur margt verið rætt um þetta stóra mál á undanförnum vikum og mánuðum, mál sem réttilega hefur verið kynnt sem eitt afdrifaríkasta mál íslenska lýðveldisins frá upphafi og ég hygg að svo muni rétt vera. En mér finnst að því miður hafi mjög skort á hlutlausa kynningu allt frá því að hæstv. utanrrh. sagði okkur frá því með nokkru stolti að við hefðum fengið allt fyrir ekkert með þessum samningi. Í framhaldi af því voru okkur óspart kynntir kostir samningsins en minna gert úr þeim ágöllum sem honum e.t.v. fylgdu.

Það hefur verið gagnrýnt hve langur tími hefur farið í þessa umræðu á Alþingi en það staðfestir einungis það sem vitað var að mikill ágreiningur er um þetta mál, ekki einungis hér á þingi heldur meðal þjóðarinnar sjálfrar. Menn eru eðlilega uggandi um afleiðingar af aðild að EES. Við Íslendingar erum engan veginn einir um að efast um ágæti þeirrar stórveldisstefnu sem í þessu felst. Með öðrum þjóðum er mikil andstaða gegn EES-samningnum og ég tala nú ekki um Maastricht-samkomulaginu. Víða hefur þetta verið barið í gegn með litlum meiri hluta þannig að það er ljóst að það eru víðar uppi miklar efasemdir um nauðsyn og ágæti þessa fyrirkomulags en hér á landi. Samkvæmt fréttum má ætla að sú andstaða fari vaxandi í sumum löndum.

Ég ætla ekki að ræða hérna alla þætti samningsins, það væri kannski nokkuð tímafrekt, en ég vil aðeins koma inn á örfá atriði sem mér finnst mestu skipta þegar tekin er afstaða til samningsins í heild. Ég vil þá víkja aðeins að einu atriði í áliti meiri hluta utanrmn. í sambandi við þetta mál. Á bls. 2 og 3 segir um afstöðu ríkjanna í Mið- og Austur-Evrópu að það sé ljóst af málflutningi forustumanna þessara ríkja að þeir átti sig á því hve nauðsynlegt er að efla samstarf milli þjóða og ríkja í því skyni að tryggja frið, uppræta tortryggni, ríg og drottnunarhneigð sem er undirrót spennu og blóðugra átaka.

Já. Víst er nauðsyn að efla gott samstarf milli þjóða og það eykur skilning. En að slíkt samstarf uppræti ríg og drottnunarhneigð held ég því miður að sé draumsýn sem eigi langt í land með að rætast. Ég tel einmitt að ein aðalhvötin að stofnun svona samtaka sé drottnunarhneigð. Það sé viðleitni þjóða til að ná meiri völdum en þau hafa innan ákveðins svæðis og kannski ekki síður sterkra fyrirtækja, viðskiptarisa, til að skapa sér öryggi og fótfestu á þessum stóra markaði. Það er peningavaldið sem er að ná þarna tökum. Og hvað sem líður fögrum fyrirheitum um jafnan rétt þjóða, stórra sem smárra, bókunum um þetta og hitt, vilja til að stefna að þessu eða hinu svo fremi sem það er hægt, held ég að lítil þjóð eins og Íslendingar eigi eftir að sjá að ráð okkar og tillögur verða lítils metnar í hinum stóra faðmi samsteypunnar. Þegar um er að ræða heild sem 1.400 sinnum stærri, 1.400 sinnum fjölmennari en við, gæti hugsanlega komið til þess ef til ágreinings kæmi að minni hagsmunir yrðu látnir víkja fyrir meiri. Mér finnst eins og ég hafi heyrt þessu einhvern tíma fleygt jafnvel hér á Alþingi að minni hagsmunir yrðu að víkja fyrir meiri.

Erum við þá ekki komin kannski í spor Þorgils skarða, ef ég má vitna svo langt aftur í tímann, þegar hann var á valdi Sturlu og Kolbeins í Stafaholti forðum og þeir vildu þröngva honum til eiða. Hann vildi ekki sverja þeim eiða og geta í knefa þeim til launanna. Ég held að við ættum að huga að þessu nú, því að eftirkaupin geta oft orðið erfið ef ekki er hugað að þeim í tíma.

Þegar við gerðumst aðilar að EFTA um eða upp úr 1970 átti það að styrkja stöðu okkar á mörkuðum Evrópuþjóða og vissulega gerðist það á vissum sviðum. En sumar greinar íslensks iðnaðar stóðust ekki þá hörðu samkeppni sem þar mætti þeim og nægir að nefna skipaiðnaðinn og húsgagnaiðnaðinn. Sannleikurinn er því miður sá að uppbyggingu iðnaðar á Íslandi hefur alls ekki verið sinnt sem skyldi. Ég er þar ekki að ásaka einn ákveðinn flokk en þetta er bara sú staðreynd sem við stöndum frammi fyrir núna. Mér finnst það satt að segja óraunhæft, svo ekki sé meira sagt, að ætla að okkar vanþróaði iðnaður hafi möguleika til jafns við iðnað annarra þjóða Evrópu á þessum sameiginlega markaði a.m.k. næstu árin. Ég held að við verðum að gera okkur þetta ljóst þegar um þetta er verið að ræða.

Annað atriði sem mig langar að víkja að snertir landbúnaðinn og innflutning á landbúnaðarvörum og stöðu innlendu framleiðslunnar gagnvart innflutningi. Ég vildi víkja að örfáum atriðum. Í fyrsta lagi er það staða garðyrkjunnar en ég óttast mjög að staða hennar versni verulega verði samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið samþykktur.

Árið 1990 var framleiðsluverðmæti grænmetis og blóma tæplega 1 milljarður kr. Heilsársstörf voru 350, sumarstörf voru 200 og auk þess voru fjölmörg störf í þjónustu sem tengdust þessari atvinnu. Það er því um verulega atvinnustarfsemi þarna að ræða og enginn vafi að atvinna mundi dragast stórlega saman ef til innflutnings á þessum búvörum kæmi.

Garðyrkjubændur hafa á síðustu árum gert stórátak til að auka lýsingu í gróðurhúsum og lengja með því ræktunartíma blóma og grænmetis þannig að t.d. rósir eru nú ræktaðar allt árið. Fyrir þessa þróun mundi eflaust taka ef innflutningur á blómum og grænmeti yrði óheftur til landsins eins og gert er ráð fyrir á vissum tímum ársins. Garðyrkjubændum er líka áhyggjuefni hvernig staðið verður að heilbrigðiseftirliti og vöruskoðun og ekki síður hvernig fylgst verður með upprunavottorðum grænmetis og blóma. Allt eru þetta atriði sem þarf nánari útfærslu á.

Annað atriði sem ég vil nefna er taka jöfnunargjalda skv. 9. gr. í bókun 3. Þar kom inn í textann ákvæði um að ekki skyldi leggja hærra jöfnunargjald á innfluttar vörur en sem nam tolli eða fastagjaldi 1. jan. 1992. Þann 4. des. 1991 var þessu þó breytt og gengið var frá undanþágu við greinina svohljóðandi: „Gjöld sem lögð eru á innflutning til landsins skulu þó aldrei vera hærri en það sem Ísland leggur á innflutning á samningsaðilann árið 1991.“ Með þessu átti að setja undir þann leka sem kominn var í 9. gr. samningstextans en orðalagið er óljóst og ófullnægjandi og þar sem texti samningsins er undirritaður er ekki hægt að breyta honum héðan af. Hugsanlegur ágreiningur um þetta atriði verður því að bíða úrlausnar sameiginlegrar nefndar EFTA og EB þegar og ef hún tekur til starfa.

Þriðja atriðið varðandi landbúnaðinn, sem snertir reyndar fleiri aðila er varðandi jarðakaup og lóðir. Þar held ég að muni reynast erfitt að standa gegn ásókn erlendra aðila um að kaupa eignir hér á landi, jafnvel þótt stjórnvöld hafi til þess vilja. Það mun reynast erfitt að setja girðingar, eins og rætt hefur verið um, til að hamla gegn því.

Atvinnumálin hafa verið mjög til umræðu að undanförnu og það er að vonum þar sem langt er síðan við höfum búið við svo mikið atvinnuleysi sem nú er. Því hefur verið haldið fram að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið mundi efla hér atvinnu og bæta lífskjör. Gott ef rétt væri. Sjálfsagt mun það geta gerst á einhverjum afmörkuðum sviðum. En ég hef mínar efasemdir um réttmæti þessa og það gefur auga leið að þó að við, sem búum við mikið atvinnuleysi núna, tengjumst atvinnusvæði sem er með tvisvar eða þrisvar sinnum meira atvinnuleysi en hér er eykur það ekki atvinnu hér fyrir alla þá sem nú ganga um án atvinnu. Fjölskyldufólk fer ekki til útlanda til að leita sér að vinnu sem er þá kannski torfengin. Og eftir fréttum í útvarpi eða sjónvarpi í gærkvöldi að dæma er ekki neinn morgunroði fram undan í Evrópu á þessu sviði því við tilkomu hins innra markaðar EB, sem gekk í gildi núna 1. jan., er talið að atvinnuleysi fari vaxandi og nái jafnvel 15%. Mér telst til að þetta samsvari því einn þingflokkur með svo sem 9–10 menn þurrkaðist út ef sama hlutfall yrði atvinnulaust á þinginu, svo maður taki sér nærtækt dæmi. Þá geta menn reiknað út hverjir það yrðu sem færu þar fyrstir frá borði. (Gripið fram í.)

Þetta er nú alvörumál og ekki rétt að vera með flimtingar um það því að atvinnumálin eru eitt stærsta mál sem við er að fást og ég óttast því miður að vonir ýmissa stjórnmálamanna um að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið leysi úr þeim vanda eigi langt í land með að rætast. Ég óttast að við séum sífellt að fara lengra og lengra út á braut misréttis og misskiptingar þeirra lífsgæða sem þjóðin hefur til skiptanna fyrir þegnana. Þessi þáttur mála á kannski betur heima við aðrar umræður og önnur mál en þetta, en ég get ekki látið hjá líða að víkja aðeins að þessu því að þetta er eitt stærsta mál sem við stöndum frammi fyrir núna.

Mikið hefur verið rætt um það hvort þessi samningur stæðist stjórnarskrána og hefur þar sýnst sitt hverjum. Sumir lögfræðingar segja að samningurinn standist stjórnarskrána og aðrir lögfræðingar segja að hún standist hana ekki. Mér sýnist því að á þeim velli sé staðan einn á móti einum. Ég er ekki lögfræðingur og mér skilst á lögskýringum hv. 5. þm. Norðurl. e., sem talaði hér áðan, að hann sé ekki lögfræðingur heldur. Ég vil láta það koma fram að ég er algjörlega ósammála því sem hann kom þar með því að ég tel að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið feli í sér verulegt valdaafsal hjá íslensku þjóðinni, bæði með löggjafarvaldið og eins hitt að við erum settir undir alþjóðlegt vald á ýmsum sviðum sem við höfum engin tök á að hafa þar áhrif á. Ég er sannfærður um að löggjafarvaldið færist óbeint til annarra þegar við erum komin í þá stöðu að verða að samþykkja lög og reglur sem aðrar þjóðir hafa sett sér og höfum nánast engan tillögurétt þar um.

Nýlegt dæmi er frv. sem var lagt fram á Alþingi fyrir jólin um flutninga á járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum o.fl. Hver trúir því að íslenskt löggjafarþing hefði ótilneytt farið að setja lög um járnbrautir og skipgengar vatnaleiðir? Ég trúi því ekki. Við höfum til skamms tíma lög um friðun á snæhéra. Þau voru sett á sínum tíma. Ég man ekki hvort það var 1847 eða 1797. Það voru þó rök fyrir þeirri lagasetningu því að það stóð til að flytja þá skepnu til landsins þó að hún kæmi aldrei. Snæhérinn kom aldrei en lögin stóðu áfram. En þessa lagasetningu skil ég ekki, því miður.

Virðulegi forseti. Mér er ljóst að margir þættir í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eru jákvæðir okkur Íslendingum. Vissulega veit ég það og því ber ekki að neita. Sérstaklega þó á afmörkuðum viðskiptasviðum. En mörg ákvæði þessa samnings eru

óljós og neikvæð fyrir okkur, m.a. í sambandi við fiskveiðar í íslenskri landhelgi, landbúnaðarþáttinn, löggjafarvaldið og margt fleira. Neikvæðu atriðin vega þyngra í mínum huga þegar ég geri upp afstöðuna til þessa samnings og þess vegna mun ég, ef ég kem til með að vera hér við endanlega afgreiðslu þessa máls, greiða atkvæði gegn EES-samningnum.

Ég vildi aðeins í stuttu máli láta afstöðu mína koma hér fram. Ég ætla ekki að lengja umræðuna og hef lokið máli mínu.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég gerði grein fyrir sjónarmiðum mínum varðandi efnisþætti samningsins og málsmeðferð við 1. umr. og mun því ekki hafa um það langt mál hér. Ég vil þó byrja mitt mál á því að minna á að allt er breytingum háð. Við sjáum það m.a. af því að það Evrópusamfélag sem við sáum fyrir okkur þegar við hófum þessa umræðu á nýjan leik á sl. vori var í raun allt annað en það sem við sjáum í dag. Við erum í raun að fjalla um síbreytilegt ferli sem á þessum tíma breytist frá einni viku til annarrar.

Ég vil einnig láta það koma fram sem skýra skoðun mína að ég tel að allir stjórnmálamenn sem hafa fjallað um þetta mál á innlendum vettvangi hafi gert það á þeim grundvelli að þeir hafi verið að vinna að því að tryggja fullveldi okkar Íslendinga í bráð og til lengri tíma litið. Ég vísa þess vegna á bug sem öfgafullum og ómarktækum málflutningi öllum fullyrðingum um að hafi menn ekki hina einu sönnu skoðun á þessu máli séu menn landsölumenn ef ekki landráðamenn. Það er einu sinni svo að alþingismenn telja það að mínu mati sína fyrstu og stærstu skyldu að varðveita það fjöregg sem fullveldi þjóðarinnar er. En það er alveg jafnljóst að við verðum að gera það á hverjum tíma í takt við það sem er að gerast. Þess vegna ítreka ég það sem ég sagði áðan að það er mín skoðun að þetta sjónarmið hafi allir haldið í raun í heiðri.

Það ferli sem við lifum, hvort sem það er þetta samningaferli, lífið sjálft eða þróun þjóðar, breytist stöðugt. Það væri óskhyggja að ætla að við getum stöðvað tímann og lifað við það ástand sem er, hvað þá að okkur geti orðið að þeirri ósk okkar að upplifa aftur þá óskatíma sem við kannski sjáum sem þá bestu á okkar þjóðríkistíma. Að mínu mati er það sá tími sem við lifðum á sjötta og sjöunda áratug aldarinnar, nýlega búnir að fá okkar fullveldi, efnahagurinn að blómgast, en ekki enn þá ánetjuð því lífsgæðakapphlaupi sem manni finnst á stundum að hafi sett um of mark sitt á okkar þjóðfélag á síðustu árum.

Varðandi efnisþætti samningsins vil ég einungis nefna hér sjávarútveginn til viðbótar við það sem ég nefndi í 1. umr. Ég held að það sé alveg ljóst að það væri afar erfitt fyrir íslenskan sjávarútveg ef við nytum ekki þeirra kosta sem honum býðst á grundvelli hins Evrópska efnahagssvæðis ef það gerðist á sama tíma að okkar helstu keppinautar nytu þess ávinnings. Það mundi þýða að samkeppnisstaða okkar við Norðmenn mundi breytast frá því að við höfum í dag betri stöðu en þeir inn á þennan markað yfir í það að við hefðum lakari stöðu. Gagnvart samningnum væri hins vegar um jafnstöðu að ræða.

Það er líka að mínu mati nánast út í hött að nefna ákveðnar tölur varðandi ávinning sjávarútvegsins af samningnum. Talan 1–2 milljarðar, sem hefur verið nefnd, byggist á því að reikna einfaldlega þann toll niður, sem við höfum greitt, eins og hann lækkar af þeim útflutningi sem við höfum í dag. Og sá útflutningur hefur að sjálfsögðu markast af þeim tollaskilyrðum sem við höfum haft á Evrópusvæðinu á þessum tíma. Ef menn ætla að fara í einhvern marktækan reikning þá verða menn einnig að taka tillit til þess hvaða ávinning við getum haft af þessu ef okkur ber gæfa til þess að nýta okkur þau tækifæri sem gefast. En ég undirstrika það, ef okkur ber gæfa. Því að þetta eru einungis tækifæri. Þetta er ekkert fast í hendi. Þá verðum við einnig að meta það til fjár hvað það þýddi ef við þyrftum að fara að keppa við Norðmenn, sem nú ráða yfir mun meiri fiski en þeir hafa gert um árabil og mun betri fiskigengd en við, á lakari samkeppnisgrunni.

Einungis með því að taka alla þessa þætti inn í gætum við fengið einhvern raunhæfan samanburð út. En ég ítreka að sá reikningur er það erfiður að ég sé ekki að það þjóni miklum tilgangi að reikna það út. Það er svo erfitt að reikna ávinninginn af tækifærum. Sá ávinningur byggist á okkur sjálfum, hvaða kraft og dug við höfum til þess að nýta þau tækifæri sem uppi eru á hverjum tíma.

Ég vil einnig nefna varðandi sjávarútveginn sem oft hefur verið haldið fram að útflutningur okkar sé sveigjanlegur. Við getum fært okkur milli markaða á skömmum tíma ef þannig árar. Og það er bent á að við höfum áður fært okkur, á til þess að gera skömmum tíma, af Bandaríkjamarkaði og á Evrópumarkað. Þetta er rétt ef við erum að flytja út hráefni, óunna vöru. Ég þekki það hins vegar af eigin reynslu að ef við ætlum að hasla okkur völl sem útflytjendur á fullunninni sjávarútvegsvöru þá er um að ræða langtímaferil. Undirbúningsvinnan, að afla markaða, afla viðskiptasambanda og þróa framleiðsluna, er ekki talin í mánuðum heldur árum. Þetta er það sem á að geta gefið okkur mesta framlegð í sjávarútvegi á næstu árum til hliðar við fullvinnslu um borð í frystitogurum. Við stökkvum ekkert á milli markaða á augabragði með þessar vörur.

Síðan ætla ég að nefna landbúnaðinn. Þar horfir að mínu mati öðruvísi við. Ég vil nefna það hér sem öllum er ljóst, alla vega í þessum sal, að samningurinn um EES tekur ekki til landbúnaðar nema að takmörkuðu leyti. Þeir samningar sem hafa verið gerðir um verslun með landbúnaðvörur eru hliðarsamningar, ýmist milli einstakra ríkja eða milli EFTA-ríkjanna sem heild og EB-ríkjanna. Ég rökstuddi það við 1. umr. að þar tel ég að Íslendingar hafi ekki staðið á verðinum sem skyldi. Við hefðum átt að geta varið okkar sérstöðu betur en gert var. M.a. er sorglegt til þess að vita að á vissu tímaskeiði dró íslenska ríkisstjórnin samningamenn sína út úr umræðunum um landbúnaðarmál-

in sem átti að vera ákveðinn þrýstingur á lausn á sjávarútvegsmálunum.

Hv. landbn. hefur fjallað nokkuð ítarlega um þessi mál og fengið til þess virtan lögfræðing. Honum varð m.a. spurn: Af hverju var staðið svona að málum? Það hlaut að vera þannig að menn vissu betur sem voru að vinna að málinu en fram kemur í hinni endanlegu gerð. Þetta er einn af þeim þáttum sem mér finnst að hafi mjög miður tekist með í lokafrágangi þessara samninga.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði að koma eilítið að ummælum utanrrh. um vinnubrögð Alþingis að þessu máli. Ég spyr forseta hvort hæstv. utanrrh. sé ekki í salnum eða hvort það sé þannig að hann heyri til okkar og hvort við verðum að fara að beita gömlu þulunni úr þjóðsögunni: Baulaðu nú Búkolla mín, hvar sem þú ert á landi hér, og þá í það minsta heyri hæstv. ráðherra þó hann kannski láti ekki svo mikið að koma í salinn. (**Forseti:** Forseti getur upplýst að hæstv. utanrrh. er í þinghúsinu — og gengur í salinn á þessari stundu.) Já, þar gekk hæstv. utanrrh. í salinn.

Ég var kominn að því að fara örfáum orðum um ummæli utanrrh. um vinnubrögð Alþingis að þessu máli. Ég ætla ekki að fara um það mörgum orðum en ítreka þá skoðun mína, sem hefur komið fram áður, að þau ummæli hafa ekki alltaf verið viðeigandi og ætla ég ekkert að taka dýpra í árinni í þetta skipti. Ég vil minna hæstv. ráðherra á að nefndir Alþingis og stjórnarandstaðan voru tilbúin til vinnu á sl. sumri. Efh.- og viðskn., sem horfði fram á feikimikla vinnu, var kölluð saman tvisvar í sumar til dagsfunda. Ég hafði reiknað með miklu meiri vinnu. Ástæðan fyrir þessu var einföld: Gögn málsins, frv. sem við áttum að fjalla um, voru ekki tilbúin. Þau voru ekki komin frá hæstv. ríkisstjórn. Síðan notaði hv. nefnd allt haustið fram að jólum og fundaði nánast á hverri stundu sem fannst laus, og um það var full samstaða meðal allra nefndarmanna, stjórnar og stjórnarandstöðu, til þess að vinna frv. sem komu til nefndarinnar, misvel unnin, sum því miður mjög illa unnin.

Ég er ekki að sakast við einn né neinn í þessu. Ég held að málið sé einfaldlega það að okkar litla embættismannakerfi réð ekki við verkefnið sem því var ætlað. En þeim mun ósanngjarnari finnast mér ummæli hæstv. ráðherra eftir að hafa setið í þeirri nefnd, sem ég nefndi, allt haustið og veturinn fram að jólum til að færa þessi frv. í það horf að þau yrðu til heilla fyrir íslenska þjóð, hvort sem yrði af samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði eða ekki. Ég minni hæstv. ráðherra á það að meiri hluta þessara frv. hefur hæstv. utanrmn. skrifað undir samhljóða, eftir að hafa að vísu tekið út gildistökuákvæði og reynt að búa þau þannig úr garði að þau yrðu til bóta fyrir íslenskt viðskiptalíf hvað sem framtíðin bæri í skauti sér.

Varðandi vinnubrögð Alþingis vitna ég til ræðu minnar fyrr í vetur þegar rætt var um Kjaradóm og var til komin vegna ummæla hæstv. fjmrh. um það að ekki hefði verið hægt að kalla saman Alþingi í sumar vegna þess að það hefði tekið svo langan tíma. Ég ítreka þó hér, sem ég sagði þá, að ég er tilbúinn til umræðu um breytingu á þingsköpum og vinnubrögðum Alþingis, en það verður þá líka að byggjast á því að ríkisstjórn á hverjum tíma umgangist Alþingi með meiri virðingu. Ríkisstjórn líti ekki á Alþingi sem afgreiðslustofnun stjórnarfrv. og skilji ekki þingræðið á þann hátt að það þýði að ríkjandi meiri hluti á hverjum tíma geti farið öllu sínu fram.

Virðulegi forseti. Þá væri kannski við hæfi að hæstv. utanrrh. stigi nú fyrstu skrefin til nýrra vinnubragða ef hæstv. ráðherra meinar eitthvað með sínum stórorðu yfirlýsingum um starfsemi Alþingis. Væri ekki við hæfi að hæstv. ráðherra gengi í það verk að leita eftir þeirri stefnu sem hægt væri að framfylgja varðandi samninga við Evrópu sem mest samstaða væri um á hinu háa Alþingi Íslendinga? Ég hef þá trú — ef hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn legðu sig fram um það og hugsuðu um það í þessu mikla og stóra máli hvernig hægt væri að ná um það sem mestri sátt í stað þess að vinna samkvæmt þeirri reglu að koma málinu í gegn í því formi sem það var þegar undirritað var í Óportó, hvað sem hefur breyst í ytri aðstæðum og hvað sem raular og tautar varðandi skoðanir almennings á Íslandi.

Þetta ferli er, eins og ég sagði áðan, síbreytilegt og það hafa orðið miklar breytingar á síðustu mánuðum. Ég leit strax á það þannig þegar það kom í ljós á síðasta vetri að flestar EFTA-þjóðirnar aðrar en við ætluðu að sækja um aðild að EB að þar með væri kominn algjörlega nýr flötur á málið fyrir okkur. Okkur bæri þá að líta á samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði ekki sem fordyri að Evrópubandalaginu heldur sem fordyri að tvíhliða samningi okkar Íslendinga við EB, eins og hann kemur til með að verða eftir að hinar EFTA-þjóðirnar hafa gengið þar inn. Það er mín skoðun að það gæti orðið mikil sátt um það í þjóðfélaginu ef Alþingi lýsti yfir þeirri skoðun sinni að það teldi að við fullgildingu samningsins um EES leituðu Íslendingar eftir því að samhliða viðræðum hinna þjóðanna um aðild að EB færu fram viðræður um það að breyta samningnum fyrir okkar hönd í tvíhliða samning. Ég er þess fullviss að um þetta gæti orðið mikil samstaða og sátt í okkar þjóðfélagi. Að vísu gæti verið að ákveðnir hópar mundu einangrast í umræðunni. En þetta er hins vegar bjargföst skoðun og trúa mín.

Ég ætla að fara örfáum orðum um alþjóðasamninga, bæði alþjóðasamninga og fjölþjóðasamninga. Það er skoðun mín að Íslendingum sé afar mikilvægt að í heiminum á hverjum tíma séu í gildi reglur um frjáls vöruviðskipti. Við erum einfaldlega það stór útflytjandi að það er okkur afar mikilvægt að eiga aðgang að flestum mörkuðum heims með okkar útflutningsvörur. Samningar okkar þar að lútandi hafa verið tvenns konar. Annars vegar er þátttaka okkar í GATT, Alþjóðatollamálastofnuninni, og á þeim samningum byggist m.a. tollfrelsi okkar með fisk og ullarvörur til Bandaríkjanna og Japans. Til hliðar við slíka alþjóðasamninga hafa verið í gangi viðræður um þrengri markaði. Við vitum af fríverslunarsamningi Norður-Ameríkuríkjanna, sem nú er genginn í gildi, og sama þróun hef-

ur verið við lýði í Evrópu. Það hlýtur einnig að vera nauðsynlegt fyrir hvert ríki að eiga greiðan aðgang að sínum næsta markaði.

Þetta höfum við Íslendingar reynt að gera með því að ganga til samninga við EFTA-þjóðirnar á sínum tíma, ganga í EFTA, síðan með bókun 6, sem tryggði okkur á þeim tíma mjög góðan aðgang að markaði Evrópubandalagsins. Ég vil sérstaklega minna hæstv. forsrh. á, þó hann sé ekki hér, vegna ummæla hans áður í þessari umræðu um hlut framsóknarmanna í alþjóðasamningum, að bókun 6 var unnin undir forustu framsóknarmanna á sínum tíma í andstöðu við ýmsa þá sem í dag hampa bókun 6 sem okkar haldreipi. Þetta vil ég minna á í þessari umræðu.

Það er því rökrétt framhald af þessu að við leitum enn á ný samninga til þess að fylgja þeirri þróun sem nú á sér stað í Evrópu. Ég tek það fram að margt af því sem þar hefur verið að gerast og sérstaklega innan EB er mér ekki alls kostar að skapi. Það er hins vegar jafnljóst að þessi þróun hefur átt sér stað og við verðum að ná hagstæðum viðskiptasamningum við Evrópu. Það er held ég hlutur sem nánast allir sem um málið hafa fjallað eru sammála um. Það er einu sinni staðreynd að 75% af útflutningi okkar fer inn á Evrópu í dag og ekkert bendir til að það muni breytast í stórum dráttum, enda er Evrópa okkar heimamarkaður og sá heimshluti sem menningarlega og stjórnmálalega er okkur langsamlega skyldastur.

Ég hef litið þannig á að það að eiga greiðan aðgang að helstu mörkuðum heims, bæði okkar næstu mörkuðum og fjær, sé eitt mikilvægasta atriðið í þeirri viðleitni að tryggja okkar fullveldi til lengri tíma litið. Því að ef okkur tekst ekki að viðhalda okkar efnahagslífi, ef við höfum ekki tök á því, verður erfitt að viðhalda fullveldinu. Og við lifum orðið í svo nánu samhengi og með svo mikil samskipti við okkar nágrannaþjóðir, sérstaklega Norðurlandaþjóðirnar og fleiri í Evrópu, að Íslendingar munu gera kröfu til hliðstæðra lífskjara og þar eru á hverjum tíma. Því mun verða fylgt eftir af fullri hörku.

Ég hef stundum í þessari umræðu nefnt það til þess að undirstrika hvað breytingarnar hafi orðið miklar á til þess að gera skömmum tíma að í dag er það algengara að sveitungar mínir norður í Eyjafirði fari í kaupstað til Glasgow eða Dublinar en það var að menn færu til Reykjavíkur þegar ég var að alast þar upp sem ungur drengur og tel ég mig þó kornungan mann enn þá. Þetta er einfaldlega sá heimshluti sem við eigum svo mikil samskipti við. Við verjum þar að hluta til okkar sumarleyfum og samskiptin verða stöðugt meiri. Menn væru þess vegna algjörlega að berja höfðinu við steininn ef mönnum dytti það í hug að við getum algjörlega litið fram hjá þessari þróun.

Ég ætla síðan aðeins að koma að málsmeðferð samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Ég hef rætt við stóran hóp fólks á síðustu dögum norður í landi í mínu kjördæmi. Þetta mál hefur gjarnan borið á góma. Fólk hefur spurt, það hefur viljað fræðast og hefur að mínu mati verið með opinn huga. En eitt hefur staðið upp úr: Við treystum ekki núverandi stjórnvöldum í málinu. Fólk hefur talað um glannalegan málflutning hæstv. utanrrh. og ég hef alla vega eftir þessar viðræður mínar sannfærst um að sú skoðun á við mikil rök að styðjast, sem kom hér fram einhvern tíma fyrr í vetur, að ef einhver aðili hér á landi sé virkilegur óvinur þess að samstaða náist um samningana við Evrópu þá sé það hæstv. utanrrh.

Ég geri mér grein fyrir að þetta eru nokkuð stór orð, en ég get ekki annað en látið þau falla hér vegna þess að þetta hefur staðið upp úr í viðræðum mínum við fólk um þetta mál. Nú hef ég fyrir því heimildir að hæstv. ráðherra hafi á margan hátt staðið sig vel þegar hann fór með forustu EFTA-ríkjanna í samningunum við Evrópubandalagið og auðvitað hlýtur maður að fagna því. En því miður hefur þáttur hans inn á við, kynningin, framkoman við Alþingi og hina íslensku þjóð ekki verið á sömu nótum. Og eins og ég sagði áðan stendur kannski ekkert eitt atriði eins mikið í vegi fyrir því að hægt sé að ná samstöðu um málið.

Ég ítreka því við hæstv. ráðherra: Vill ekki hæstv. ráðherra snúa við blaðinu og leita samstöðu um þá leið, sem á sér meirihlutafylgi á þingi og væntanlega meðal íslensku þjóðarinnar, að marka ákveðið þá stefnu Alþingis að við förum fram á viðræður um að breyta samningnum í tvíhliða samning milli okkar og þess Evrópubandalags sem þá verður þegar að fullgildingu samningsins lokinni.

Virðulegi forseti. Ég mun að lokum gera í örfáum orðum grein fyrir því hvernig ég muni greiða atkvæði þegar kemur að lokaafgreiðslu málsins. Það kom fram í umræðum í gær af hálfu hv. 8. þm. Reykv. að það væri kjarkleysi að sitja hjá við afgreiðslu þessa máls. Ég er hv. þm. ekki sammála. Ég hef tekið þá ákvörðun að sitja hjá við afgreiðslu málsins. Mín afstaða byggist á því, sem væntanlega allir hafa getað skilið af mínu máli fram að þessu, að ég tel að við náum ekki að tryggja viðskiptalega hagsmuni okkar gagnvart Evrópumarkaðnum á komandi árum á annan hátt en á grundvelli viðskiptaþáttar samningsins um EES. Ég tel að sá grunnur hljóti að vera það sem við leggjum til grundvallar þegar við förum fram á að breyta honum í tvíhliða samning. Það gæti verið erfitt fyrir okkur að fitja upp á því á nýjan hátt að samningnum um EES föllnum. En ég vil hins vegar alls ekki taka pólitíska ábyrgð á þeim vinnubrögðum sem hafa verið viðhöfð við lokafrágang á samningnum.

Ég tel þess vegna að sú afstaða að sitja hjá við afgreiðslu þessa máls sé fullkomlega ábyrg afstaða og byggð á fullum rökum.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar):*

Virðulegur forseti. Mér er nú fyrst að verða það ljóst þegar líður á þessa umræðu hversu gjörsamlega hefur mistekist hjá forustu Framsfl. að stilla saman í þessu stóra máli. Hér koma þingmenn flokksins einn af öðrum og tala úr tveimur heimum. Þeir tala í sína áttina hver. Margir mjög einarðlega gegn þessu máli, og þar finn ég í rauninni fullan samhljóm með þeim málflutningi. Hins vegar koma nokkrir hv. þm., og þeim fer fjölgandi, sem túlka mál með þeim hætti sem mátti

heyra hjá hv. síðasta ræðumanni. Það munar í rauninni engu að hv. þm. kynni hér að hann ætli að greiða þessum samningi atkvæði sitt. (Gripið fram í.) Já, það þyrfti kannski ekki mikið annað en að hæstv. utanrrh. víki úr stólnum að þá væri hægt að styðja þetta mál, því efnislega var ræðan ein samfelld blessun með þessum áformum um þennan samning.

Ég er satt að segja afar undrandi á því að þetta geti orðið niðurstaða þingmanna í flokki sem nýbúinn er að halda flokksþing, ganga þar samhljóða frá ályktun eins og flokksþing Framsfl. gerði með mjög skýrum fyrirvörum, rifjar upp fyrirvara miðstjórnar flokksins frá því í maíbyrjun og setur síðan viðbótarskilyrði vegna stjórnarskrárstöðu málsins, árekstur þessa samnings við stjórnarskrána, og orða það svo að flokksþingið beri virðingu, virðulegur forseti, ég er að vitna örstutt í ályktun flokksþings Framsfl.: „Flokksþingið ber virðingu fyrir íslensku stjórnarskránni og telur að túlka beri allan vafa henni í hag."

Síðan er hnykkt á því að það verði að fara fram breyting á íslensku stjórnarskránni áður en svona mál geti yfirleitt komið til afgreiðslu hér á þingi. Hvar eru þeir þingmenn staddir fáeinum vikum eftir þetta flokksþing sem samhljóða stóð þannig að máli og ganga hér þvert gegn þeim meginályktunum sem þar voru gerðar?

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn einu sinni stendur hv. 4. þm. Austurl. upp og talar út frá þeim hugarheimi sem honum er væntanlega frá fyrri tíð hugleikinn, að það sé bara til ein skoðun. Það sé hin rétta skoðun og allir sem kunna að hafa einhver, þó ekki sé nema blæbrigði við hana, eigi ekki rétt á sér.

Umhyggju hv. þm. fyrir Framsfl., sem hér hefur margsinnis komið fram í ræðustól, hlýt ég að þakka sérstaklega, þó ég efist reyndar um að þar sé mælt af heilum hug. Það er hins vegar, hv. þm., alveg ljóst að innan Framsfl. hafa verið og eru deildar meiningar um þetta mál. Yfir það hefur aldrei verið dregin fjöður. Það var hins vegar gert í Alþb. því það er jafnljóst að þar eru ekki allir á einu og sama máli eða einni skoðun. Mér þætti til að mynda gaman að vita það hvar skoðanir hv. þm. og formanns Alþb. falla saman í þessu máli.

Virðulegi forseti. Ég tel að öflugum stjórnmálaflokki, eins og Framsfl., sé það frekar til framdráttar að þar geti fleiri en ein skoðun á þessu máli átt heima. Ég bendi einnig hv. þm. á það að frá því að fyrirvararnir voru settir á miðstjórnarfundi sl. vor hefur ýmislegt breytst í málinu þótt að hv. þm. virðist vera fyrirmunað að horfa á þetta mál öðruvísi en sem fasta og óbreytanlega staðreynd. Mín afstaða byggist á því að við eigum að vinna að því að ná samstöðu um það að snúa EES-samningnum upp í tvíhliða samning okkar við það Evrópubandalag sem verður þegar þar að kemur. Hún byggist líka á þeirri trú minni að um þetta sé í raun veruleg samstaða meðal þingmanna og reyndar meðal íslensku þjóðarinnar.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Sá munur er á afstöðu Alþb. og Framsfl., eins og hún birtist okkur í þingsölum þessa dagana, að Alþb. mælir einum rómi í afstöðu til þessa samnings, þessa stóra máls sem er hér til meðferðar og er samstiga í því efni. En hér koma þingmenn Framsfl., hluti þeirra, og tala þvert gegn þeirri stefnu sem flokkurinn hefur sameiginlega túlkað á flokksþingi sínu fyrir skemmstu. Hv. þm. túlkaði það svo í sínu máli að við yrðum ætíð að verja fullveldi okkar í takt við það sem er að gerast og hann telur að takturinn sem sleginn er sé þannig að við Íslendingar eigum að ganga til samninga sem skerða okkar fullveldi með þeim hætti sem þessi samningur gerir, til þess sérstaklega, ef ég met efnisatriði ræðunnar, að lenda í eitthvað lakari stöðu markaðslega með fiskafurðir gagnvart Norðmönnum. Ja, er það nú stórhugur. Fyrir utan það að ég er ekki sammála þessu mati efnislega. Hvar hefði þessi hv. þm. verið staddur árið 1970 þegar tekist var á um það á Alþingi Íslendinga hvort við ættum að ganga gegn nauðungarsamningnum við Breta og Vestur-Þjóðverja og færa út landhelgi okkar með langtímahagsmuni þjóðarinnar í huga? Ætli þeir sem hefðu viljað vera í takt og láta hræða sig með markaðsstöðu okkar útflutningsafurða og annað þess háttar, hefðu allir þeir sömu verið þá þeim megin sem þjóðin tók undir í alþingiskosningum 1971? Nei, það er satt að segja hörmulegt að horfa upp á það að menn á besta skeiði, nýlega komnir inn á Alþingi sem fulltrúar Framsfl., skuli tala með þeim hætti sem þessi hv. þm. gerir. Ég er satt að segja aldeilis undrandi á því vegna þess að ég tel mig þekkja til hugarheims þess fólks sem stutt hefur Framsfl. til áhrifa í þessu þjóðfélagi. Það er það sem máli skiptir, hvort menn hlusta á þann slátt eða ekki eða hlaupa yfir allt aðra stöðu og túlka mál með allt öðrum hætti.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú féll hv. þm. í þá gryfju að staðfesta orð mín í svari mínu við andsvari hans áðan. Hans djúpu hryggð, svo ég hafi nú ekki stærri orð, yfir því að einhver skuli leyfa sér að hafa aðra skoðun en þá einu og sönnu sem hv. þm. hefur tileinkað sér.

Ég vil benda hv. þm. á það að hann þarf ekkert að óttast um það hver afstaða mín var til landhelgismálsins á sínum tíma og í því máli getur Framsfl. borið höfuðið hátt í öllum þáttum. Að bera það síðan saman við að það sé mín skoðun að okkur sé nauðsynlegt að eiga góða viðskiptasamninga við Evrópu í dag og ganga til þeirra með fullri reisn, þó mér finnist á stundum að hæstv. núv. utanrrh. hafi ekki fylgt því eftir eins og ég vildi, að bera það síðan saman við landhelgismálið og hugsanlegar viðskiptaþvinganir þar, það er vægast sagt ekki stórmannlegur málflutningur. Svo ég taki mér í munn læriföðurtón þingmannsins: Það er ekki sæmandi þingmanni sem hefur setið á þingi svo lengi sem hann hefur gert.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst það ekki sanngjörn árás á

hæstv. utanrrh. að bera það á hann að hann sé aðalóvinur þess samnings sem hér er að ná landi. Ungir jafnaðarmenn fagna sigri í Alþýðublaðinu í dag og segja, með leyfi hæstv. forseta:

„Við ungir jafnaðarmenn teljum nú sem fyrr inngöngu Íslands í EB óumflýjanlega ýmissa hluta vegna. Hins vegar er EES góður millileikur í stöðunni því þar mundi Íslendingum gefast kærkomið tækifæri til að aðlagast verunni í EB.“ (**Gripið fram í:** Hver skrifar þetta?)

Svo einföld eru þau orð og vissulega verður að óska hæstv. utanrrh. til hamingju með það hversu langt hann hefur komist með lítinn flokk jafnaðarmanna að ná árangri til að koma hugsjónamálum þeirra í framkvæmd. (**ÖS:** Hann hefur náð inn í raðir Framsfl.) Hann hefur náð það miklum árangri að mig undrar það vissulega hve langt hann hefur náð.

Varðandi annað atriði sem kom fram í ræðu hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, að Íslendingar mundu gera sömu kröfu til lífskjara og Evrópubúar. Það stendur nú þannig að ef við tökum meðallífskjör í Evrópu í þessu 350 milljóna samfélagi, þá má reikna það út samkvæmt öllum leikreglum að lífskjör á Íslandi eru betri en þar. Þannig standa málin.

Hitt er einfaldlega draumóramynd manns sem vill bera sig saman við bestu löndin á þessu svæði. Þau standa betur en Ísland, það er rétt, en við höfum aðeins haft fullveldi um skamma hríð.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan að almenningur á Íslandi mun gera kröfu til sömu lífskjara, ég sagði ekki eins og er í Evrópubandalaginu, ég sagði eins og væri í okkar nágrannalöndum, tiltók Norðurlöndin og nokkur önnur lönd sem okkur er tamast að bera okkur saman við og við höfum mest samskipti við. Við þessi ummæli stend ég.

Varðandi það annað, þegar hann vitnar í ummæli sem höfð eru eftir forustumönnum ungra jafnaðarmanna í Alþýðublaðinu í dag, þá var þar rétt í vitnað. Það var rétt tilvitnun. Það staðfestir mína skoðun sem ég lét koma fram við 1. umr. að það verður ekkert hlé á umræðunni um samninga við Evrópubandalagið eftir að búið er að staðfesta samninginn um EES. Umræðan mun byrja strax aftur af fullum þunga og hún mun snúast um það á þeim tíma hvert framhaldið eigi að vera. Þess vegna skiptir það öllu máli, og það skiptir að mínu mati ekki minna máli en samningurinn sjálfur, að Alþingi marki það ákveðið hvaða stefnu á að fylgja í framhaldinu. Að við látum ekki unga jafnaðarmenn ráða, við látum þann vilja sem ég er sannfærður um að meiri hluti sé fyrir í hinu íslenska þjóðfélagi, við látum þann vilja ráða sem vill að við förum í viðræður um að snúa samningnum um EES í tvíhliða samning okkar við Evrópusamfélagið.

Ég vil taka þátt í þeim leik, ég vil taka þátt í þeim umræðum. Ég vil ekki eftirláta ungum jafnaðarmönnum og utanrrh. það alfarið.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að dæma um niðurstöðuna, leikslok munu liggja fyrir síðar. En hitt liggur ljóst fyrir að sá sem vill sitja hjá um borð í skipi sem í dag er róið í áttina inn í EB og ákveður að hafa sigur síðar, sem sagt uppreisn um borð og hafa sigur síðar, hann á vissulega mikið sjálfstraust og fyrir því ber ég virðingu.

En ég vil vekja á því athygli að þjóðin fékk ekki að ráða nú, hún var svipt þeim rétti sínum á þann einfalda hátt að Alþingi Íslendinga felldi það að vísa þessu máli í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég er ekkert búinn að sjá það að þjóðin verði spurð um leikslokin frekar ef þeir ráða sem nú taka þessa stefnu.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál núna, en ef hv. þm. óttast það sem ég virkilega óttast einnig að hluti af íslenskum stjórnmálamönnum vilji róa inn í EB þá bið ég hv. þm. að hugleiða það í nokkrar mínútur hvort hættan á því að höfnin yrði EB fyrir hið íslenska þjóðfélag væri meiri að samningnum um EES samþykktum eða að honum höfnuðum. Það er mín skoðun að ef Íslendingar mundu á þessu stigi hafna viðskiptaþætti samningsins um EES þá mundi þrýstingurinn um aðild aukast um allan helming.

Þetta voru m.a. þau rök sem ég hygg að við hv. þingmenn höfum verið sammála um þegar við vörðum ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar falli á haustdögum 1989 gegn því vantrausti sem var byggt á því að við ættum frekar að fara strax í tvíhliða samninga, en ekki í samninginn um EES, ekki í þá vinnu. Það var mín skoðun þá að það væri ákveðin vörn gegn því að við yrðum leiddir inn í EB og ég er þeirrar skoðunar enn þann dag í dag.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjals:

Samningar við EB um fiskveiðimál, 275. mál, nál. minni hluta utanrmn., þskj. 579.

Fundi slitið kl. 7.20 síðdegis.

94. FUNDUR

miðvikudaginn 6. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 372, 376, 411 og 470, brtt. 374. — Frh. 2. umr.

2. Samningar við EB um fiskveiðimál, stjtill., 275. mál, þskj. 375, nál. 549 og 579. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 372, 376, 411 og 470, brtt. 374.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er komið að lokum þessarar umræðu um frv. til laga um Evrópskt efnahagssvæði. Ég hafði vonað í lengstu lög að ekki yrði af aðild Íslands að þessu Evrópska efnahagssvæði en það er auðvitað ekki öll von úti enn.

Ég tek eftir því að hæstv. utanrrh. er ekki til staðar frekar en svo oft áður, þegar þessi mál eru rædd, og ætlar sjálfsagt ekki að verða við lok þessarar umræðu, en í gær tóku menn eftir að hann var nánast ekkert við umræðuna þó að menn reyndu að kalla til hans. Ég tók eftir því um leið og ég gekk inn að hann var ekki staddur í húsinu en hafði þó vonað að hann mundi koma þar sem ekki voru margir á mælendaskrá þegar fundi var slitið í gær og þetta mál var augljóslega að lokum komið. Ég vildi því spyrja frú forseta hvort hæstv. utanrrh. er fjarri eða hvort hann hefur e.t.v. fjarvistarleyfi í dag. (**Forseti:** Hæstv. utanrrh. er ekki kominn í húsið en forseti er að láta spyrjast fyrir hvort hann sé ekki væntanlegur í húsið fljótlega.) Það er e.t.v. ekki hægt að ætlast til þess að hann komi hingað í húsið eða raunverulega hægt að ætlast til þess en mér hefur fundist að það sé ákaflega lítið sem hæstv. ráðherra tekur mark á því sem hér er sagt í þessu húsi og það sem honum er frekar lagið er að úthúða Alþingi, bæði hér heima og erlendis, og er alveg ótrúlegt að hann skuli komast upp með það með þeim hætti sem hann hefur gert.

Segja má að frá upphafi hafi þetta mál verið einn allsherjarblekkingarleikur af hálfu utanrrh. Í upphafi þessa máls, þegar hæstv. núv. utanrrh. og þáv. forsrh. fóru til Óslóar til viðræðna við EFTA-ráðherra, var þáv. forsrh. með ákveðna fyrirvara sem gerðir voru við þátttöku Íslands í þessum viðræðum og þessu ferli öllu saman en utanrrh. gerði ekki nokkurn skapaðan hlut með þá fyrirvara. Þeim sem þá voru með hæstv. utanrrh. í ríkisstjórn var margoft bent á það úr þessum ræðustól, og reyndar víða annars staðar, hvernig utanrrh. fór með þetta mál, þ.e. það var ekki gert neitt með það sem ráðherrar í ríkisstjórninni gerðu. Verð ég eiginlega að líta svo á að þeir hafi gert sér grein fyrir hvað þarna var á ferðinni en hafi ekkert gert með það.

Eitt af því sem talað var mikið um var yfirráð yfir auðlindunum. Ekki bara auðlindum hafsins heldur einnig yfir landi. Það var talað um landakaup og yfirráð yfir t.d. auðlindinni vatn. Það var eitt sem talað var mikið um.

Ég tók eftir því í umræðunni í gær að hv. 5. þm. Norðurl. e. talaði m.a. um þetta atriði og var lesið upp úr grein sem hann hafði skrifað fyrir síðustu kosningar þar sem hann lýsti því yfir að hann mundi aldrei samþykkja það að erlendir aðilar fengju sama rétt og Íslendingar að því er varðaði landakaup. Ég er honum algjörlega sammála að þessu leyti og talaði um það allt síðasta kjörtímabil þegar ég fékk tækifæri til að ég teldi ekki vera hægt að samþykkja neitt sem væri í þessa veru, þ.e. að Íslendingar töpuðu yfirráðarétti yfir auðlindum lands og sjávar.

Það var fallið frá þeim fyrirvörum, ekki man ég nákvæmlega hvenær sú dagsetning var, en það var líka sagt: Það kemur annað miklu betra í staðinn, miklu betra. Hæstv. utanrrh. talaði oft og mörgum sinnum um það hvað þetta væri auðvelt og taldi mig og aðra sem efuðust um að þetta væri allt í lagi, vera fávísa og vildum ekki trúa því sem hann sagði. Ég verð að viðurkenna það að ég trúði þessu ekki vegna þess að ég hafði kynnt mér málið og ég gat ekki séð hvernig í ósköpunum hægt væri að mismuna að því er varðaði t.d. landakaup ef fara ætti eftir þeim reglum og lögum sem giltu innan Evrópubandalagsins og talað var um að ættu að gilda á Íslandi líka.

Jú, það átti að setja girðingar í lög og það yrði mjög auðvelt. Mér eru sérstaklega minnisstæðar deilur mínar við hæstv. utanrrh. í þætti á Stöð 2 þar sem þetta var rætt. Þá var einmitt verið að ræða um vatn og mikilvægi þess t.d. að Íslendingar héldu yfirráðum yfir landi og vatnið var sérstaklega nefnt, en auðvitað er það ekki eingöngu það heldur er það bæði ferskt vatn, kalt vatn, heitt vatn og fleira og fleira. Þá olli þetta nokkrum deilum og hæstv. utanrrh. hélt því fram eins og venjulega að ég færi með fleipur, það væri ekkert mál að setja ákvæði um rétt Íslendinga inn í lög og það væri raunverulega miklu betra heldur en að vera með varanlegan fyrirvara. Það væri enginn vandi að gera þetta þannig vegna þess að bæði Írar og Grikkir, hann tók t.d. Grikkland sérstaklega sem dæmi, væru með þannig ákvæði inni í sínum lögum að allar grísku eyjarnar væru í eigu Grikkja og enginn annar mætti eiga þær, öll landamærahéruðin og það væri nánast allt grískt land í eigu Grikkja og það væri hægt að gera það sama hér, það væri ekkert mál. Ég sagði að þetta væri ekki rétt hjá honum vegna þess að það væri víst mikið mál og það væri erfitt og það virtist ekki vera hægt. Hann hélt því þá fram að það hefði fallið dómur í þessu máli og það væri ekkert mál. Ég sagði að það væri ekki rétt. Þá einmitt segir ráðherrann, það er ekki rétt hjá Kristínu, heldur veit ég þetta nákvæmlega vegna þess að ég er með dóminn í töskunni minni. Ég var nú ekki nógu fljót að segja: Allt í lagi, við skulum þá bara skoða dóminn. Ég hringdi upp í ráðuneyti daginn eftir og það var auðvitað enginn dómur og það hefur auðvitað komið í ljós að það er ekkert hægt að setja girðingar, eins og hv. þm. veit og væntanlega allir þingmenn hér inni. Það verður að vera varanlegur fyrirvari ef það á að vera hægt að mismuna eftir þjóð-

erni, það er bara þannig. Þess vegna erum við stödd hér núna með þannig samning sem engir varanlegir fyrirvarar eru í. Og ekki bara það, það er búið að leggja fram frv. sem reyndar er ekki búið að mæla fyrir, sem að mínu mati er allsendis ófullnægjandi. Það er ekki nokkur lifandi leið að fallast á það vegna þess að það mismunar auðvitað ekki eftir þjóðerni en það er ómögulegt fyrir Íslendinga að mínu mati að fallast á það frv. óbreytt þó það kannski endi með því að maður neyðist til þess að samþykkja það frekar heldur en ekki nokkurn skapaðan hlut, það þori ég ekki að segja um hér og nú.

Þetta vildi ég taka fram vegna þess að hv. 5. þm. Norðurl. e., Tómas Ingi Olrich, hefur margoft talað um þetta og ég hef talað um þetta einnig og gerði þetta margoft að umtalsefni á síðasta kjörtímabili þannig að það er ekki rétt að það hafi verið fallið frá fyrirvörunum og ekkert átt að koma í staðinn. Menn gerðu sér bara ekki nokkra grein fyrir því að það er ekki hægt að setja þær girðingar sem þarf, sem koma í staðinn fyrir varanlegan fyrirvara. En þessu var haldið fram og það hafa greinilega mjög margir trúað því. Ég man ekki betur en að flest allir sem studdu síðustu ríkisstjórn hafi ekki mótmælt þessu harðlega, ekki varð ég vör við það og ekki gera það margir enn. Þeir segja enn þá að þetta sé víst hægt, þó það sé ekki hægt.

Það er alveg greinilegt að menn hafa ekki hlustað, ekki viljað hlusta, og ég heyri það hér og nú að það eru ekki eingöngu þeir sem styðja núv. ríkisstjórn sem gera enga athugasemd við þetta, ég sé ekki betur en það séu t.d. fjölmargir framsóknarmenn sem telja þetta allt í lagi líka og gerðu það líka á síðasta kjörtímabili. Það var greinilegt að það er ekki bara hæstv. utanrrh. sem ekki hlustar á það sem sagt er, það eru miklu fleiri, nema þeim mönnum sé alveg sama og það er auðvitað þeirra mál, en þeir verða þá að segja það. Þeir eiga ekki að segja að þeim finnist þetta skipta einhverju máli og finnist þetta vera höfuðmál eins og hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði fyrir síðustu kosningar í blaðagrein. Hann mundi ekki samþykkja þetta. Hann hefur þá skipt um skoðun og það er allt í lagi, ég geri engar athugasemdir við það. Hann kemur þá a.m.k. beint til dyranna og segir það, en aðrir þykjast enn þá vera að tala um að þarna sé um einhverjar girðingar að ræða sem eru auðvitað engar girðingar.

En ég verð að segja, virðulegur forseti, að síðasti þáttur utanrrh. er honum ekki til sóma og er kannski *sínu verstur þegar hann lítilsvirðir þingið og virðist* ekki skammast sín nokkurn skapaðan hlut fyrir það þó hann bæði hér á landi sem og annars staðar gerir grín að Alþingi Íslendinga. Þar þykir mér þáttur fjölmiðla vera mjög sérkennilegur því það virðist vera að þeim sem gera nógu mikið grín að Alþingi sé hampað. Meira að segja eitt víðlesnasta blað landsins tekur upp í leiðara, apar eftir það sem hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. segja Alþingi til lítilsvirðingar og hampa síðan þeim sem tala verst um Alþingi að öllu leyti. Og eins og allir vita, allir fjölmiðlar, eru ýmsir sem ekki eru fylgjandi þessum EES-samningi, það birtast nokkrar greinar í blöðum þar sem reynt er að koma með einhverjar ábendingar um að þetta sé ekki algóður samningur. Auðvitað eru kostir við hann en gallarnir eru yfirgnæfandi og það er ekki verið að hampa þeim eða talað um þá. Þess vegna er enn þá merkilegra þegar maður hugsar um þátt fjölmiðla í þessu máli, alla tíð, alveg frá upphafi málsins, eiginlega alveg stórmerkilegt að þjóðin skuli samt vera andvíg, að svo margir Íslendingar skuli vera andvígir þessum samningi eins og raun ber vitni. En það er kannski ekki nema um helmingur sem styður það að ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis samþykki þennan samning.

Ég ætla ekki að hafa mjög mörg orð um þennan samning, svo oft hef ég rætt hann hér, en mér fannst þessi atriði verða að koma fram, sérstaklega í ljósi þess sem kom fram í gær. Mig langar þó, virðulegur forseti, áður en ég lýk mínum þætti í 2. umr. þessa máls að minnast á þetta frv. sem við erum að ræða, sem stenst engan veginn óbreytt og tel ég fráleitt að samþykkja eins og það lítur út og ætlast til þess að forseti Íslands staðfesti það.

Ég hefði talið nægjanlegt fyrir metnað hæstv. utanrrh. að klára 2. umr. málsins, hann getur farið og veifað því framan í þá sem þurfa að fá þann stimpil frá Alþingi og að beðið hafi verið með 3. umr. málsins til lokaafgreiðslunnar þannig að frv. yrði þá a.m.k. frá Alþingi eins og það verður í endanlegri mynd til þess að við séum ekki að afgreiða frv. og ætlast til staðfestingar forseta á frv. sem er augljóst að ekki stenst.

Ég vil í því sambandi vitna til lögfræðiálits sem utanrrh. sendi utanrmn. þann 13. des. 1992, en þar segir, með leyfi forseta:

„Sökum þess að Sviss er horfið úr hópi EES-ríkja verður samningurinn aldrei fullgiltur í þeirri merkingu að hann gildi óbreyttur.“ — Síðan kemur aðeins síðar: „Í frumvarpinu felst heimild til þess að fullgilda EES-samninginn. Þótt fullgilding fari fram er ljóst að hann tekur aldrei gildi í óbreyttri mynd.“

Ég ætla ekki að lesa fleiri atriði úr þessu áliti en það er alveg greinilegt að þarna er það álit þeirra sérfræðinga sem utanrrh. hefur kallað sér til fulltingis að þetta frv. getur ekki staðist. Ég hefði talið eðlilegra að eftir 2. umr. málsins verði það látið bíða og utanrrh. geti þar með farið með þá niðurstöðu.

Að öðrum kosti hefði ég talið eðlilegast að borin hefði verið fram þáltill. á Alþingi til þess að afla umboðs fyrir hæstv. utanrrh. eða ríkisstjórn til að semja áfram um málið þar sem greinilegt er að málið er ekk*ert komið í lokastöðu og það þarf að semja um það* áfram. Hefði það þá verið í fyrsta skipti sem hæstv. utanrrh. fær umboð frá Alþingi til að semja í þessu máli. Það hefði ég talið vera eðlilegri hátt heldur en að samþykkja þetta frv. eins og það lítur út núna þar sem það er greinilega ekki í endanlegri mynd.

Því var haldið fram af hálfu utanrrh. í desember að það þyrftu aðeins að fara fram tæknilegar breytingar á þessu máli og þetta væri svo sem ekki neitt neitt sem þyrfti að gera. Það hefur komið í ljós að mjög trúlega þarf að gera einhverjar breytingar, ekki bara tæknilegar breytingar, heldur þurfi að gera ákveðnar breytingar á samningnum. Það hefur verið rakið áður af öðr-

um og ætla ég svo sem ekki að fara nákvæmlega út í það hvað talið er að þurfi að gera. Það er ljóst að Spánverjar gera fyrirvara, bæði að því er varðar þróunarsjóðinn og þeir telja einnig að það þurfi að endurskoða ákvæði að því er varðar innflutning á vörum til Sviss frá Spáni og einnig eru einhver atriði sem varða aðgang að vinnumarkaðinum og réttindi fyrir þeirra verkamenn frá Spáni. Því er ljóst að það verður að gera einhverjar breytingar á þessum samningi og að hann þarf að koma fyrir Alþingi aftur.

En það var eitt atriði sem ég hefði sérstaklega viljað beina til hæstv. utanrrh. og vonast til þess að hann geti upplýst hér en það voru orð hæstv. viðskrh. í gær þar sem hann sagði að að hans mati mundi nægja stutt bókun við samninginn sem væri hægt að samþykkja með þingsályktun á Alþingi. Þetta þótti mér mjög merkileg tíðindi og raunar taldi það vera í ósamræmi við það sem hæstv. utanrrh. hafði sagt hér, en það má vel vera að ég hafi eitthvað misskilið eða misminni og hefði viljað spyrja hæstv. utanrrh. að því hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér að það þurfi að leggja fram breytingar á þessu lagafrv. og taka það fyrir þingið í formi lagafrv. en ekki eingöngu þáltill. Það kemur greinilega fram í lögfræðiáliti sem ég vitnaði hér til áðan að þessi samningur verður ekki fullgiltur í óbreyttri mynd, það er alveg ljóst. Þetta finnst mér þurfa að koma hér fram áður en þessari umræðu lýkur. Ég er algjörlega ósammála því að það sé nægilegt að samþykkja með þál. og hefði haldið að það þyrfti að flytja frv. til laga um breytingar þá á þessum lögum, en ég er auðvitað ekki alveg viss um þetta, en tel að þarna hafi hæstv. viðskrh. ekki metið málið rétt og vildi þess vegna spyrja utanrrh. sérstaklega um þetta atriði.

Ég átti einnig mjög erfitt með að skilja það sem kom fram hjá viðskrh. í gær og hefur reyndar margoft komið áður fram hjá utanrrh., það var með þátt Finnlandsforseta í þessu máli. Hvers vegna í ósköpunum hann er dreginn hér inn í umræðuna, að Finnlandsforseti hafi staðfest lögin sem Finnlandsþing samþykkti og þess vegna bæri okkur að samþykkja það líka. Ég skildi eiginlega ekki þessa röksemdafærslu og hefði gjarnan viljað fá skýringar á því hvernig hann kemur inn í þetta mál, því að eins og þingheimur veit er í íslensku stjórnarskránni, 26. gr., ákvæði um það að forseti þurfi að staðfesta lög innan tveggja vikna frá samþykki Alþingis ef þau eiga að hljóta staðfestingu. Ég velti því fyrir mér hvort það geti verið að það séu svipuð ákvæði sem menn eru að vitna til varðandi Finnlandsforseta eða hvort það er eitthvað annað sem menn hafa í huga varðandi þetta atriði. Ég skildi ekki almennilega þessa fullyrðingu en úr því hún kom fyrir í gær, reyndar hefur hæstv. utanrrh. margoft vitnað til Finnlandsforseta í þessu sambandi, vildi ég spyrja um það.

En í umræðunni í gær talaði hér hv. 5. þm. Norðurl. e. nokkuð mikið um stjórnarskrárþátt málsins og ég tel mig knúna til að ræða það mál örlítið þar sem hann talaði að mínu mati með þeim hætti sem ég vildi gjarnan útskýra fyrir honum, alla vega minn þátt í því máli, og hafði ég ekki tækifæri til þess innan þeirra marka sem ég hafði í andsvörum í gær til að ræða þau mál, svo ég verð þess vegna að koma aðeins að því máli aftur.

En ég hef í gegnum árin — ekki alveg frá upphafi reyndar en frá því að mér varð ljóst hvað í þessum EES-samningi fólst — verið andvíg því að Ísland gerðist aðili að Evrópsku efnahagssvæði. Og ég tek það aftur fram að ég var það ekki frá upphafi vegna þess að ég taldi að með þeim fyrirvörum sem í samningnum áttu að felast væri ekki ástæða til þess að hafa neinar verulegar áhyggjur. Ég taldi og er þeirrar skoðunar enn þá að við eigum að hafa auðvitað mjög góð samskipti við Evrópubandalagið, eins og við höfum reyndar gert um langan tíma og sérstaklega eftir 1985, eftir Lúxemborgaryfirlýsinguna, þá höfum við verið í samstarfi við Evrópubandalagið á mörgum sviðum. Ég held það sé á um 20 sviðum sem við höfum haft samstarf við Evrópubandalagið, í menntamálum, í umhverfismálum, fyrir utan viðskipti o.fl., staðla og allt mögulegt.

En það varð ekki fyrr en í lok síðasta kjörtímabils sem farið var að ræða um að ef samningurinn yrði með þeim hætti sem þá leit út fyrir, og reyndar hefur komið í ljós að er, að þá væru yfirgnæfandi líkur á því að hann stæðist ekki stjórnarskrána. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál að mínu mati. Það breytti hins vegar ekki skoðun minni á samningnum í sjálfu sér. Ég ræddi þá við marga lögfræðinga og það voru mjög margir á þeirri skoðun að þarna væri um brot á stjórnarskránni að ræða, eða gæti verið, þeir voru svona kannski varkárir margir hverjir.

Ég tel að ef eitthvert frv. standist ekki stjórnarskrána eða það séu líkur á að það geri það ekki þá eigi ekki að samþykkja það á Alþingi. Jafnvel þó að ég væri samþykk frumvarpinu þá tel ég að Alþingi eigi ekki að samþykkja frumvörp sem yfirgnæfandi líkur eru á að standist ekki stjórnarskrá. Það má ekki leika nokkur vafi á því að farið sé að stjórnarskrá lýðveldisins. Það má ekki bara beygja hana og sveigja eins og hvert annað pappírsgagn eftir því sem manni dettur í hug. Og þess vegna taldi ég ásamt mörgum öðrum eðlilegt að leggja fram frv. til stjórnskipunarlaga þar sem að mati færustu sérfræðinga væri hægt að samþykkja samninginn um Evrópskt efnahagssvæði án þess að hann bryti stjórnarskrána. Það breytir ekki því að ég hefði ekki skipt um skoðun á samningnum um Evrópskt efnahagssvæði þótt frv. hefði verið samþykkt, vegna þess að ég var fyrir fram búin að segja hvaða afstöðu ég hefði til hans, og sú afstaða breyttist auðvitað ekkert, ég var jafnmikið á móti aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði og hefði verið það hvort sem einhverjir hefðu komist að þeirri niðurstöðu að samningurinn stæðist stjórnarskrá.

Ég hef ekki verið mjög áköf að ræða það atriði sérstaklega þar sem ég tel að það séu svo miklar líkur að samþykkt samningsins standist ekki stjórnarskrá að ég tel bara af þeirri ástæðu ekki hægt að samþykkja þetta frv. og eigi að hafna því þess vegna. En þó að færustu sérfræðingar hefðu komist að annarri niðurstöðu hefði ég ekki getað samþykkt þetta frv. Það sagði ég, ég man

ekki nákvæmlega við hvaða umræðu, en ég hef sagt þetta áður þegar við höfum verið að ræða stjórnarskrárþátt málsins, að það breytir ekki afstöðu minni til málsins. Og þetta vildi ég skýra vegna þess að mér hefur fundist að nokkrir aðilar hafi haldið að þetta væri ástæðan fyrir því að ég væri á móti þessu frv., sem er auðvitað af og frá, og það ættu fleiri að vita sem hefðu hlustað og lesið eitthvað af því sem ég hef skrifað.

En þrátt fyrir það að menn telji að þetta standist nú allt saman stjórnarskrá þá eru það þeir sömu menn sem telja samt að það sé um mjög víðtækt valdaframsal að ræða — nú er ég bara að vitna í aðra. Ég hef vitnað að vísu áður í Gunnar G. Schram prófessor, en af því að hv. þm., 5. þm. Norðurl. e., Tómas Ingi Olrich, talaði mjög mikið um þann mann í gær ... (**Gripið fram í:** Líttu á dagsetningarnar í þessu.) Það skal ég gera sérstaklega. Mig langar að vitna aðeins í annan mann líka. En sá maður var einn af þeim fjórum sem hv. þm. talaði mikið um hér í gær, sem komst að þeirri niðurstöðu eftir mikla yfirlegu að það valdaframsal sem í samningnum fælist stæðist stjórnarskrá. Bæði hef ég lesið þetta álit og það var mikið lesið upp úr því hér í gær og hlustaði ég grannt á.

En mig langar, með leyfi forseta, að fá að vitna til viðtals sem birtist í sjónvarpinu 8. jan. 1991, og ég hef vitnað aðeins í það áður og hef ég lesið það í heild, en ég ætla að taka bara nokkur atriði. En þar segir Gunnar G. Schram:

„Það verður um að ræða mjög víðtækt framsal ríkisvalds. Og raunar hvort sem við gerumst aðilar að efnahagssvæðinu evrópska, sem nú er helst talað um, eða ef við gerumst aðilar, fullgildir aðilar að EB, Evrópubandalaginu. Í báðum tilvikum verður þá að fylgja veruleg takmörkun — eða framsal, það er kannski betra eða skiljanlegra að kalla þetta takmörkun — á fullveldi landsins og á sjálfsforræði. Og ég held að Íslendingar almennt hafi ekki áttað sig á því að það er svo, hvað hér hangir raunverulega mikið á spýtunni að þessu leyti.

Ef við tökum dæmi um lögin, að jafnvel þótt við gerumst bara aðilar að þessu Evrópska efnahagssvæði, þá verðum við að lögtaka rétt eða lagasafn Evrópubandalagsins."

Og svo lýsir hann því eitthvað meira hvað það er mikið að vöxtum o.s.frv. Síðan segir hann seinna:

„Evrópudómstóllinn í Lúxemborg verður í öllum þessum málaflokkum æðsti dómstóll Íslands, ekki lengur Hæstiréttur eða aðrir íslenskir dómstólar."

Ég held að ég lesi ekkert meira úr þessu. Ég get afhent hv. þm. afrit af þessu viðtali til þess að hann átti sig á hvað ég er að tala um, að þrátt fyrir það að að mati þessa manns standist þetta algjörlega stjórnarskrá, þá tel ég ekki réttlætanlegt að framselja svo mikið vald því að ég tel ekki réttlætanlegt að framselja eins mikið vald og þarna er talað um.

Það eru margir sem efast um að það valdaframsal sem þarna er talað um standist stjórnarskrá. Það hefur líka verið rætt um þetta heilmikið á Norðurlöndum. Það eru t.d. prófessorar við Stokkhólmsháskóla sem eru sérfræðingar í Evrópubandalagsrétti. Í sænsku stjórnarskránni er heimilt að framselja meira vald heldur en talið er að íslenska stjórnarskráin heimili, þó ég kunni ekki nægilega mikið í þessum rétti til þess að geta dæmt um það, en þessir prófessorar gagnrýna það sem kveðið er á um lög EFTA-ríkjanna, ef þau greini á við EES-lögin, þá eigi að velja EES-lögin.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. er nú — að því er mér heyrðist í gær — búinn að taka sérstaklega og stúdera þetta atriði, en ég hef ekki lagt mig svo mikið fram eins og hann um það. Ég hef þó lesið nokkuð mikið um einmitt þetta mál og er t.d. búin að lesa nokkuð grannt ritgerð Gunnars G. Schram prófessors um framsals ríkisvalds til Evrópubandalagsins, það er reyndar ekki það sem við erum að tala um hér. Ég gæti lánað hv. þm. þessa ritgerð sem ég er búin að lesa, sem er nokkuð fróðleg og fjallar um þetta mál. En að mínu mati þá er mjög margt í henni sem væri hægt að heimfæra upp á Evrópska efnahagssvæðið, það sem er nákvæmlega sama og við erum að taka á okkur með aðild að Evrópsku efnahagssvæði eins og talað er um með aðild að Evrópubandalaginu. Ég ætla ekki að lesa neitt upp úr þessu núna, ég tel hvorki vera stað né stund til þess, en ég hefði gjarnan viljað lána hv. þm. þetta til þess að hann átti sig á því hvers vegna ég er sammála þeirri túlkun að um brot á stjórnarskránni sé að ræða. En hins vegar þá veit ég að það eru ekkert allir nákvæmlega sammála þeirri túlkun.

Ég vildi í sambandi við það atriði sem kom hérna einnig fram í gær um að Íslendingar hefðu einhver áhrif innan EES. Reyndar dró þingmaðurinn nokkuð úr — þessi sami þingmaður, hv. 5. þm. Norðurl. e., en ég hef nokkuð gert mál hans að umtalsefni, kannski ekki síst vegna þess að hann að mínu mati mistúlkaði mjög ýmislegt sem varðaði flutning á frumvarpi um breytingar á stjórnarskránni. En þar sem ég ræddi það nú aðeins í gær þá þarf ég ekki að endurtaka það sem ég þar sagði, en ég vona að þetta hafi að einhverju leyti skýrt það sem ég tel að hann hafi mistúlkað, en það verður þá bara að liggja á milli hluta ef hann skilur ekki enn það sem fyrir mér vakti varðandi flutning þessa frv. um breytingar á stjórnarskránni.

En ég vil benda honum á eitt, varðandi það að innan EES þá öðlist Ísland stöðu til að hafa áhrif á ákvarðanaferlið, að þá er þetta ákaflega veikt ákvæði. Og það hefur verið túlkað af hálfu Evrópubandalagsins að þeir hafi þar tögl og hagldir, þeir hafa sagt það sjálfir og þannig túlka þeir sinn þátt í þessu. Og þegar þeir eru að selja, sem ég vil kalla svo, þetta mál að þá gera þeir það með þeim hætti að þeir ráði þarna öllu. Og ég vil benda hv. þm. á að á þskj. 300, sem er 166. mál, er svar við fsp. sem ég beindi til utanrrh., og það hefur reyndar komið fram á þskj. síðar í skýrslu frá utanrrn. eða utanrrh., samþykktir Evrópubandalagsins frá því að gengið var frá EES-samningnum. Og þá kemur í ljós að frá því um mitt ár 1991 og þangað til að þessi fsp. var lögð fram, þá eru 176 gerðir sem samþykktar hafa verið innan EB frá 1. ágúst 1991 og til þessa dags sem þetta er dagsett. Þá eru 176 samþykktir sem við þurfum að taka bara í einum bunka án þess að hafa nokkur áhrif á — ekki einu sinni mögu-

leika. Og þó að við hefðum haft einhver áhrif þá hefði það verið ákaflega veikt, því að við hefðum kannski getað sagt eitthvað á byrjunarstigi sem þeir hefðu getað svo algjörlega ráðið sjálfir hvort þeir tækju nokkurt mark á eða ekki.

Við höfum auðvitað formlegt vald hérna til þess að segja nei við þessum 176 samþykktum. En það er eingöngu formlegt, því ef við færum að segja nei við þeim, þá erum við í raun að segja okkur frá samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Þó að Alþingi hafi formlega séð þarna eitthvert vald þá er það í raun ekki neins virði vegna þess að samkvæmt samningnum værum við að brjóta hann vegna þess að í honum stendur að það sé stefnt að samræmingu á lögum og reglum á þessu sviði innan svæðisins og það er raunverulega grundvöllurinn.

Og ekki bara það heldur eru fyrir utan þessar 176, sem er búið að samþykkja, 200 textar, eins og þeir orða það hér í svarinu, sem ekki er búið að ljúka endanlega en verið að vinna að. Það er ekki ljóst hversu margir enda í samþykktum sem við þurfum að taka á okkur, sem gætu — hluti af þeim eða allir, það er ekki tekin afstaða til þess í þessu svari — fallið innan ramma EES-samningsins. Þarna er dæmi um það hversu mikið við þurfum að taka á okkur. Og bara núna er ljóst að við þurfum að taka kannski eitthvað á þriðja hundrað lög og samþykktir sem við höfum ekki haft nokkurn einasta möguleika á að hafa áhrif á, auk þess sem ég tel að um óveruleg áhrif verði að ræða. Þannig að það er mjög ýkt að við getum haft þarna áhrif.

Ég varð hins vegar mjög ánægð að heyra það frá hv. þm. Tómasi Inga Olrich, 5. þm. Norðurl. e., í gær að hann væri algjörlega sammála því sem ég hef haldið fram hér lengi, og reyndar ekki bara ég heldur margir fleiri, að milliríkjaviðskipti væru þjóðinni lífsnauðsynleg. Íslendingar hafa alla tíð verið háðir milliríkjaviðskiptum, ekki bara núna heldur alla tíð, og hafa verið miklir verslunarmenn. Og meðan það hefur allt verið í okkar höndum þá hefur okkur alltaf vegnað vel. Um leið og við höfum afsalað okkur einhverju þá hefur okkur hins vegar farið að ganga illa. Ég ætla ekki að fara neitt sérstaklega út í það, en það sem ég átta mig ekki á í máli þingmannsins var að hann fór allt í einu að tala um sjálfsþurftarbúskap. Ég veit ekki hvaðan hann fékk það, ég átta mig ekki alveg á því hvers vegna hann talaði um EES-samninginn og milliríkjaviðskipti og svo í hinu orðinu um sjálfsþurftarbúskap. Ég man ekki eftir að nokkur annar hafi verið að tala um það hér og skildi ég ekki almennilega hvort að hann teldi að ef EES-samningnum væri hafnað þyrftu Íslendingar að fara að taka upp sjálfsþurftarbúskap og hætta milliríkjaviðskiptum. Ég vona að ég hafi bara misskilið þetta hjá þingmanninum, en þetta kom mér mjög á óvart, ég skildi þetta ekki almennilega því þetta hef ég ekki heyrt hér áður að menn teldu að það væri ekki nema um þetta tvennt að velja. Og þá fer ég að skilja, ef það er rétt hjá mér — sem ég vona að sé ekki rétt — að hann haldi að ekki sé neitt millistig þarna þá skil ég af hverju hann styður þennan samning, ef það er bara þetta tvennt sem hann heldur að Íslendingar hafi um að velja. En eins og ég hef margoft sagt áður þá höfum við mikla möguleika og ætla ég ekki að taka það neitt sérstaklega fyrir.

En það var annar þingmaður frá Norðurl. e. sem talaði líka í gær, sem kom mér mjög á óvart í umræðunni, 6. þm. Norðurl. e., Jóhannes Geir Sigurgeirsson. Hann taldi að þetta væri svo mikill ávinningur fyrir sjávarútveginn að það yrði auðvitað ekki hægt annað en að samþykkja málið. Ég held að það eigi nú eftir að koma í ljós að þetta er ákaflega lítill ávinningur fyrir sjávarútveginn og því miður að þegar til lengri tíma er litið þá held ég að þetta verði honum til mikils ógagns og alls ekki til framdráttar. Hann tók sérstaklega til Noreg, taldi að af því að Noregur yrði aðili að EES þá yrðum við að vera aðilar þar líka því að annars mundum við fara svo illa út úr samkeppninni. Þetta fannst mér sérkennileg rök, sérstaklega í ljósi þess að þingmaðurinn virtist vera algjörlega andvígur því að við gengjum í Evrópubandalagið. En eins og hann vænt anlega veit og þingmenn vita þá eru Norðmenn búnir að sækja um inngöngu í Evrópubandalagið. Er það þá meiningin að mati þessa þingmanns Framsfl. að við skulum þar fylgja á eftir? Það gat ég eiginlega ekki annað en lesið út úr því sem hann sagði, úr því að Norðmenn eru í EES þá verðum við að fara þangað líka, og ef Norðmenn fara í EB þá hlýtur með sömu rökum að mega segja að við verðum auðvitað að fylgja þar á eftir. En af því að hv. þm. er ekki hér í salnum og getur ekki hlustað á mál mitt þá get ég ekki spurt hann sérstaklega að þessu. En þetta var eiginlega ekki hægt að lesa annað en þetta í hans máli.

Einnig minntist hann á það að Íslendingar vildu búa við bestu lífskjör og lífskjör á Íslandi mættu ekki versna. Ég vissi ekki hvort hann var að bera sig við meðaltal í Evrópubandalaginu en Íslendingar lifa við miklu betri kjör heldur en meðaltalið þar. Hins vegar þá er það að mínu mati, og reyndar margra annarra, alls ekki líklegt að lífskjör á Íslandi batni nokkuð við þennan samning um Evrópskt efnahagssvæði, hvað þá heldur það sem fylgir á eftir, þ.e. innganga í Evrópubandalagið, sem auðvitað fylgir á eftir því það er þangað sem menn stefna. Það er nú eitt af því sem hér hefur verið haldið fram, að það sé ekki ætlunin að ganga alla leiðina og fara í Evrópubandalagið, en það vita auðvitað allir sem fylgst hafa með þessu máli að Alþfl. stefnir þangað, alla vega formaður hans og e.t.v. nokkrir fleiri þar hafa beinlínis lýst því yfir að þangað sé förinni heitið, þar er fyrirheitna landið og kemur kannski ekkert á óvart. Hæstv. forsrh. hefur einnig gefið það í skyn á árum áður og mátti skilja það einnig á hans ummælum eftir fund núna fyrir skömmu þar sem hann sagði, að það væri auðvitað hagkvæmast fyrir Íslendinga að fylgja hinum Norðurlöndunum inn í EB. Þar er ég honum algerlega ósammála. Hann taldi að það væri samt yfirlýst stefna að þangað færum við ekki. Ég veit ekki hversu lengi sú stefna helst, hvort það er allt þetta kjörtímabil eða hvort að það er þangað til að þessi samningur hefur verið samþykktur og síðan breytist stefnan, annað eins hefur nú gerst.

Ég vil í því sambandi rifja það upp að hæstv. fjmrh. talaði á Norðurlandaráðsþingi núna í haust og hann var spurður hvort að Ísland ætlaði sér að fara eftir því sem Thorvald Stoltenberg segði, þ.e. ganga inn í Evrópubandalagið með hinum löndunum. Þá svaraði hæstv. fjmrh., sem talaði þar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, að það væri ekki á dagskrá að vera aðili að Evrópubandalaginu. Og ef ég þýði þetta rétt: Ikke nu, ekki núna. En ekki tilgreindi hann hversu lengi þetta „ekki núna" dygði. Og síðan sagði hann að þeir telji, hann sagði vi, við, að það sé eðlilegt að við göngum í Evrópskt efnahagssvæði, gerumst aðilar þar, og það mundi duga okkur a.m.k. næsta ár, sagði ráðherrann. Að minnsta kosti næsta ár, það er sem sagt 1993, því að þetta var talað 1992. (**Gripið fram í:** Hann er varaformaður Sjálfstæðisflokksins). Já, það vita menn að hann er varaformaður Sjálfsfl. Þannig að þetta er ekkert nýtt, það er auðvitað komið upp á borðið að það *eigi núna að fara að taka næsta skref, enda er það* alveg augljóst að þangað stefna menn. Það verður ekkert stöðvast í hinu Evrópska efnahagssvæði, það vita allir sem vilja vita. Þannig að þetta er hið mesta óráð ef af aðild Íslands verður að hinu Evrópska efnahagssvæði. Þar er auðvitað fyrst og fremst miðað við stórfyrirtækin og öll efnahagsstefnan miðast við allt annað heldur en smáiðnað og þjónustu og fiskveiðar, ég tala nú ekki um í jaðarríkjum eins og Íslandi.

Ég hef líka verulegar áhyggjur af því að ekki verði gerðar nægilegar kröfur í umhverfismálum og neytendavernd innan EES. *Reglurnar á því sviði mega ekki* hindra samkeppni. Langar mig í því sambandi að vitna til greinar sem skrifuð er í Mbl. 4. nóv. en þar vitnar Auður Sveinsdóttir til hagfræðings Trygve Haavelmo, sem er nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, og ég ætla að vitna til orða hans þar sem hann segir, með leyfi forseta: „áframhaldandi hagvöxtur meðal ríku þjóðanna er skelfileg hugsun, því ef fylgja á EB-sinnum um hagvöxt, sem talinn er þurfa vera 4% á ári þá munum við á 100 árum margfalda neyslu okkar 50 sinnum." Ef markaðsöflin ráða, eins og þarna er gert ráð fyrir, og hagvöxturinn verður með þeim hætti hjá ríku þjóðunum, þá er það auðvitað á kostnað auðlindanna, kostnað umhverfisins og kostnað hinna fátæku. Þannig yrðu félagsleg réttindi og umhverfismál í verulegri hættu ef að haldið er þeirri stefnu sem að Evrópubandalagið fylgir í þessum málum. Þ.e. að ríku þjóðirnar í Evrópubandalaginu og hérna á þessu svæði mynda blokk utanum sig, tollmúra í kring, og hindra öll viðskipti við aðrar þjóðir, fátækari þjóðir, t.d. þjóðir Afríku og innflutning þaðan. Og auðvitað eru þær að mynda múr líka gagnvart Austur-Evrópu.

Ég tel einnig að það sé mjög hæpið fyrir Ísland að tengjast hinu Evrópska efnahagssvæði, svæði sem hefur þrátt fyrir stefnu og þrátt fyrir það að þar hafi verið að fella niður landamæri milli þjóða, þá hefur þar verið stöðug hnignun í efnahagslífinu, atvinnuleysið hefur farið þar vaxandi og lífskjör almennings hafa versnað. Hvað er svona eftirsóknarvert fyrir Íslendinga að tengjast þessu svæði?

Ég ætla ekki að endurtaka allt sem ég hef sagt um þetta mál fyrr í þessari umræðu, þar sem ég hef gert mjög rækilega grein fyrir afstöðu minni og meiri hluta þingflokks Kvennalistans og það hafa aðrar þingkonur gert betur grein fyrir sínum sjónarmiðum sérstaklega. Ég tel að það sé hið mesta óráð að gerast aðilar að þessu Evrópska efnahagssvæði og það hefði verið betra frá upphafi að fara þá leið sem að við stungum upp á, þ.e. að fara í tvíhliða samninga strax við Evrópubandalagið um okkar hagsmunamál, eins og reyndar Sjálfstfl. vildi líka á sínum tíma, án þess að við gerumst aðilar að EES og raunverulega afsölum okkur þeim möguleika að vera með sjálfstæða efnahagsstefnu hér á Íslandi.

Ég geri mér hins vegar fulkomnlega grein fyrir því að við getum ekki verið einangruð frá umheiminum, en við getum með miklu betri hætti, með því að standa utan við, mótað okkar stefnu og haft áhrif á það hvaða leið menn fara í þessum efnum.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður beindi orðum sínum nokkuð til mín og er ekki nema gott eitt um það að segja. Ég ætla ekki að fara út í þá sálma að leiðrétta misskilning þingmannsins á orðum mínum um sjálfsþurftarbúskap. Ég ætla benda honum bara á að lesa ræðu mína í Alþingistíðindum betur. Ég vil líka taka það fram að það er að bera í bakkafullan lækinn að skýra út viðhorf mín til landakaupanna í þessu máli, það hef ég gert hér þegar. Ég vil hins vegar taka það skýrt fram, að hv. þm. *virðist hafa misskilið* megininntak ræðu minnar hér í gær. Ég hef ekkert haldið því fram að Kristín Einarsdóttir væri ekki andvíg aðild að EES. Hún hefur gert þá afstöðu sína mjög skýra og greinargóða. Hún hefur einnig gert grein fyrir því að hún telji að EES-samningurinn standist ekki stjórnarskrána. Þetta er allt saman ljóst og um þetta greinir okkur á og við því er ekkert að gera.

En það sem ég vildi að kæmi fram hér í ræðu minni í gær, og taldi hafa sagt mjög skýrt, er að afstaða stjórnarandstöðunnar til valdaframsals hefur breyst í meðförum þingsins. Áður var talað um að með þessum samningi værum við að afsala okkur sjálfstæði og vega að fullveldi þjóðarinnar en það er ekki lengur sagt. Í ræðu sinni áðan skýrði hv. þm. ekki afstöðu sína til valdaframsalsins. Mér finnst það nokkuð undarlegt að þingmaðurinn sem er andsnúinn því meinta valdaframsali sem í EES er fólgið, skuli beita sér fyrir því að skapa svigrúm til þess sama valdaafsals með því að gera tillögu um breytingu á stjórnarskránni. Og það kom alveg skýrt fram í umræðum hér í þinginu áður að hún hefur sagt í þingræðu og ég vitna í þetta, með leyfi forseta: „Ég tel að ef frumvarpið", það er verið að tala um stjórnlagafrumvarpið, „yrði samþykkt væri hægt að samþykkja samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með meirihlutasamþykkt á Alþingi, þ.e. með ¾ hlutum atkvæða." Og síðan bætti hv. þm. við: „En með því að beita 21. gr. stjórnarskrárinnar væri hægt að framselja vald á mjög takmörkuðu og afmörkuðu sviði til stofnana eða samtaka sem Ísland væri aðili að." Þetta er það sem þingmaðurinn sagði og

ég tel að þarna hafi komið fram að hann er ekki formlega séð andsnúinn þessu valdaframsali.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég taldi mig nú svara þessu áðan. Ég sagði að ég væri andsnúin þessu valdaframsali. Ég sagði það mjög skýrt, að ég væri andsnúin því og ég sagði það líka áðan, ég las upp það sem Gunnar G. Schram sagði. Hann lýsti því hvað þetta væri mikið valdaframsal. Hann taldi að þetta stæðist stjórnarskrána. Ég er ósammála þessu valdaframsali og þó að þetta hafi staðist stjórnarskrá, þó að stjórnlagafrv. sem að við fluttum hefði hlotið samþykki þá hefði ég greitt atkvæði gegn samningnum. En ég tel að í öllu alþjóðasamstarfi sé fólgið ákveðið valdaframsal og að mati flestra sérfræðinga er ekki hægt að samþykkja EES-samninginn eins og hann er núna, að óbreyttri stjórnarskrá, en með því að breyta henni í þá veru sem við lögðum til væri hægt að gera það. Og ég sagði það hér. En það breytir ekki því að ég er ósammála því valdaframsali. Ég er ósammála því valdaframsali. Endurtek. Og ég sagði það líka í ræðu minni áðan. Ég tel ekki að það eigi að gera það. En þó að ég sé á móti því þá vil ég ekki að nokkurt lagafrumvarp stríði gegn stjórnarskránni. Þannig að ég vil standa að því að leggja fram frv. á Alþingi — ef að það er ljóst að meiri hluti Alþingis ætlar sér að samþykkja eitthvert lagafrumvarp, þá vil ég að það standist stjórnarskrána — um breytingu á henni eins og þarna var lagt til til þess að það verði hægt. Auk þess hefur komið fram hjá sérfræðingum að ef hægt á að vera að lögfesta t.d. Mannréttindasáttmála Evrópu hér á landi, þá þurfum við að breyta stjórnarskránni. Það er skoðun margra. Ég tel það mjög mikilvægt að breyta stjórnarskránni í þá veru að mannréttindaþáttur hennar verði betri og skýrari.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að eftir standi sú yfirlýsing þingmannsins að með því að breyta 21. gr. stjórnarskrárinnar væri hægt að framselja vald á mjög takmörkuðu og afmörkuðu sviði. Þetta stendur eftir. Og það stendur jafnframt eftir að með þessari breytingu hefði verið hægt að samþykkja Evrópska efnahagssvæðið. Með öðrum orðum, að Evrópska efnahagssvæðið hefur í sér fólgið framsal á valdi að mati hv. þm., á mjög takmörkuðu og afmörkuðu sviði, þetta stendur eftir. Og þetta tel ég að hafi leitt til þess að við erum þó að nálgast hvort annað í skilningi okkar á þessum samningi.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég heyri að hv. þm. er mikið í mun að nálgast okkur, þannig að hann langar mikið til þess að vera á sama máli og við og ég bara býð hann velkominn og tel að hann eigi bara að koma alla leið og vera ekkert að þessu. Og það (**Gripið fram í:** Það er samviskan.) er greinilegt, að já, honum er mjög órótt út af þessu máli. (**TIO:** Ég er þakklátur hv. þm. fyrir það hvað hann stígur stórt skref.) Þingmaðurinn hefur stigið það stórt skref og það er langt síðan hann steig það skref að vera andvígur samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Ég heyrði líka að hv. 5. þm. Norðurl. e. var andvígur samningnum hér fyrir síðustu kosningar að mjög verulegu leyti, þar sem hann taldi að í honum fælust atriði sem ekki væri hægt að samþykkja. Ég er honum líka algjörlega sammála í því. En eftir stendur, og það er alveg rétt, ég sagði það hér áðan, og ég sagði það hérna einhvern tímann fyrr í vetur, að ég teldi að með samþykkt stjórnlagafrv. væri hægt að samþykkja samninginn og það er líka mat færustu sérfræðinga. Hins vegar telur hv. þm. að samningurinn eins og hann er núna standist stjórnarskrána. Því er ég hins vegar ekki sammála. Og það tók hann reyndar fram líka. Samningurinn felur í sér valdaframsal í efnahags- og atvinnumálum, sérstaklega efnahagsmálum. Mjög mikilvægt. Mér finnst það vera mikilvægast að við höfum yfirráðarétt á þessu sviði. Ég er ósammála því að við afsölum okkur þessu valdi, eins og gerist með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Það vil ég endurtaka. En ég er líka ósammála því að Alþingi samþykki lagafrumvarp sem eru miklar líkur á að standist ekki stjórnarskrá.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 15. þm. Reykv. beindi tvennu til mín í máli sínu. Hið fyrra var að hún undraðist hvers vegna til hefði verið nefndur Finnlandsforseti í sambandi við umræðu um það hvort þetta mál væri dautt eða þingtækt, eins og stjórnarandstæðingar hafa orðað það. Skýringarnar eru þessar. Eftir að Sviss hrökk úr skaftinu gerðist tvennt á vettvangi EFTA-ríkja. Hið fyrra var að Finnlandsforseti staðfesti óbreytt staðfestingarlög, sem gild lög, ekki aðeins þingtæk, heldur gild lög, fyrir hönd Finnlands. Hið annað var, að Liechtenstein gekk til þjóðaratkvæðagreiðslu um óbreytt lög. Samkvæmt mati stjórnarandstæðinga var hvort tveggja þá óþingtækt eða dautt mál. Að vísu eru þeir ekki sjálfum sér samkvæmir í því efni, vegna þess að þeir hafa nú farið hamförum dag og nótt gegn dauðum málum, og þá lítt skiljanlegt hvernig frelsisbaráttan á að snúast um baráttu við dauð hross.

Seinna atriðið var um það, hvort nauðsynlegt væri eða hvort heimilt væri að flytja viðbótarbókunina inn á Alþingi í formi þáltill. Svarið við því að það fer eftir því hvert er inntak bókunarinnar. Ef hún er einungis tæknileg atriði, eins og að hefur verið vikið, þá munu þau atriði ekki hafa nein réttaráhrif hér á landi og þá væri sjálfsagður hlutur að flytja þetta í formi þáltill. Ef um væri að ræða efnislega breytingar sem gætu varðað réttaráhrif hér á landi þyrfti það að vera í formi frv. Það á eftir að koma á daginn.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég átta mig ekki enn þá á því hvernig Finnlandsforseti kom inn í þetta mál. Ég hef ekki séð reyndar það lagafrv. sem lagt hefur verið fyrir þingið í Finnlandi en ég sé ekki að þetta séu rök í málinu hér á landi. Það breytir hins vegar ekki neinu. Ég vil

minna hæstv. ráðherra á lögfræðiálit sem hann fékk einhvers staðar, mér er ekki alveg kunnugt um hvar, og lét utanrmn. í té og ég hef undir höndum. Þar kemur greinilega fram að ljóst er að frv. er ekki í endanlegri mynd eins og það er núna þar sem 1. gr. frv. segir mjög greinilega að um ákveðinn samning sé að ræða sem undirritaður var í Óportó, en sá samningur er ekki endanlegi samningurinn þar sem gerðar verða ákveðnar breytingar á honum. Ég þakka hins vegar ráðherranum fyrir að svara þessu því það er nú ekki alltaf sem hann ómakar sig að svara þingmönnum. En ég vildi bara lýsa því yfir að ég tel að gera þurfi breytingar á frv., og á lögunum ef það verður að lögum, ef um breytingar verður að ræða á samningnum sem er nokkuð ljóst þar sem Sviss er ekki lengur aðili að þessum samningi.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Kannski fer nú mælendaskráin að styttast við 2. umr. þessa máls sem hefur verið rætt hér frá því um miðjan desembermánuð. Ég sá ástæðu til að biðja um orðið aftur vegna þess að þegar ég ræddi málið var hæstv. utanrrh. erlendis og ekki í kallfæri og ég nefndi þá að ég myndi taka tillit til þess. En áskil mér rétt til þess sem þingsköp heimila að taka aftur til máls í umræðunni til þess að fjalla um vissa þætti þar sem ég vildi að hæstv. ráðherra væri nærstaddur.

Ég mun víkja að einhverjum atriðum hér sem eðlilegt væri að hæstv. ráðherra brygðist við og lýsa ánægju minni yfir því að hann skuli vera viðstaddur umræðuna. Ég saknaði hans m.a. í gær að hluta til þegar þegar þessari umræðu var fram haldið, en úr því má þó bæta nú.

Ég ætla í upphafi að víkja svolítið að stöðu málsins, eins og hún kemur mér fyrir sjónir á þessum degi. Því að það er svo að þetta mál er að taka breytingum hvað snertir form og stöðu samningsins, sem hér er ræddur, og frv. um lögfestingu hans. Það er nánast eins og með veðrið, breytingarnar og sviftingarnar sem þar verða og hafa orðið á því ferli sem gengið hefur yfir frá því í mars 1989 að lagt var upp í þessa ferð.

Það sem síðast gerðist til þess að setja þetta mál úr farvegi þeirra sem að því vinna er atkvæðagreiðslan í Sviss, 6. des. sl., sem varð til þess að setja samninginn enn á ný í uppnám og óvissu. Það er ekki harmsefni fyrir þann sem hér talar eða aðra þá sem varað hafa við þessum samningi og mæla gegn honum. Þvert á móti er enn von til þess að þetta mál leiði ekki til þeirrar niðurstöðu sem hæstv. utanrrh. ber hér fram. Þó vil ég ekki fullyrða neitt í því efni því að það er allt saman í óvissu. Hins vegar er ljóst að viðbrögð hæstv. utanrrh. við atkvæðagreiðslunni í Sviss, eins og þau birtust alþjóð, þar sem hann sagði að aðeins væri um að ræða tæknileg atriði sem þyrfti að leiðrétta, strika út Sviss og strika út EFTA hér og þar úr texta og stimpla þetta síðan, hefur ekki gengið eftir fram til þessa og samningurinn er í óvissu. Annar aðilinn að þessum samningi, Evrópubandalagið og framkvæmdastjórn þess, er án samningsumboðs þessa stundina og getur því ekki staðið að neinum ráðstefnum sem leiði til niðurstöðu í málinu á meðan að svo er.

Það er satt að segja dæmalaust að hæstv. ráðherrar, hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh., skuli hér vera með vöndinn uppi gagnvart Alþingi Íslendinga, saka það um tafir í málinu, ásaka það fyrir að þessi viðamikli samningur skuli ræddur hér á sama tíma og staðan er raunverulega þannig að það frv. sem fyrir liggur og samningurinn að baki þess er í uppnámi. Það er eiginlega mál til komið að það berist til almennings í landinu gegnum fjölmiðla að sú er staðan og þannig ber að líta á þau högg sem þessir hæstv. ráðherrar láta ríða yfir Alþingi sem vindhögg. Því þau eru auðvitað ekkert annað og þeim sjálfum til minnkunar að standa að slíku gagnvart þinginu og auðvitað ekki til þess að stuðla að því að málin séu rædd hér með eðlilegum og efnislegum hætti. Það virðist í raun ekki ósk þessara manna. Þeir vilja minnst af Alþingi Íslendinga vita í rauninni. Það á að rétta upp hendur þegar þessum heiðursmönnum hentar og stimpla gerningana. Það er kannski eðlileg æfing sem þeir vilja fá á þinginu vegna þess að það verður hlutskipti Alþingis, ef þessi samningur verður lögfestur, í stórum hluta þeirra mála sem ber fyrir þingið í framhaldi af þessum samningi að stimpla lögin sem framkvæmdastjórnin í Brussel ein hefur rétt til þess að móta og leggja fram.

Ég held að það sé rétt að rifja það upp fyrir hv. þm. enn og aftur að staðan verður sú að löggjafarstarfið á samningssviðinu, sem tekur yfir meiri hluta af þeim málum sem Alþingi Íslendinga hefur verið að fjalla um til þessa og talið sig bært að fjalla um og móta löggjöf um, verður í höndum 17 manna framkvæmdastjórnar í Brussel. Síðan er fjallað um það í ráðherraráði bandalagsins sem tekur afstöðu með samhljóða atkvæðum eða í vaxandi mæli með meiri hluta atkvæða. Hlutur EFTA-ríkjanna sem mega hanga aftan í þessum vagni er ekki annar en sá að segja já eða nei og ef þeir segja nei að sæta þá afarkostum. Að þurfa að grípa til öryggisákvæða samningsins og fá þá á sig gagnaðgerðir frá hinum aðilanum er staðan sem blasir við löggjafarþingi Íslendinga ef frv. sem staðfestir EES-samning, — því að þetta frv. auðvitað nægir ekki til þess að leiða málið til lyktar — verður að lögum. Í rauninni er þetta kjarni máls að því er snertir aðstöðu Alþingis að þessum samningi gerðum.

En framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hefur enn ekki umboð til þess að gera breytingar á samningnum. Og það er því fjarstæða sem hæstv. utanrrh. hefur verið að hafa yfir í desembermánuði í ræðum sínum og í fjölmiðlum að það sé hægt að koma á ráðstefnu stjórnarerindreka, sem hann kallar ríkjaráðstefnu, til þess að leiða þetta mál til lykta í þessum mánuði. Það er ekki neitt slíkt á dagskrá. Og þeir eru báðir jafnilla að sér hæstv. utanrrh. Íslands og danski utanríkisráðherrann, sérstakur kunningi þess íslenska, Uffe Ellemann-Jensen, svo ég segi ekki vinur, sem falla í þá gryfju að láta að þessu liggja. Hæstv. utanrrh. okkar Íslendinga vísar í þann danska máli sínu til stuðnings nú upp á síðkastið.

Hvort það verður á dagskrá hugsanlega í febrúar-

mánuði að halda ráðstefnu stjórnarerindreka, um það veit enginn hvort tilefni gæti orðið til þess, er því háð að framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins fái umboð frá aðildarríkjum bandalagsins til þess að ganga til samninga og undirbúa tillögu til að leggja fyrir ráðherraráð Evrópubandalagsins. Það báðu utanríkisráðherrar EB um á fundi sínum 21. des. sl. Þeir báðu framkvæmdastjórnina um að undirbúa slíkt. En auðvitað getur framkvæmdastjórnin ekki gert það nema að hún fái samningsumboð. Það hefur hún ekki.

Og á hverju stendur? Eins og staðan var 21. des. voru það Spánverjar sem neituðu að standa að slíku umboði til framkvæmdastjórnarinnar og spænska ríkisstjórnin hafði þremur dögum áður formlega dregið staðfestingarfrumvarp til baka úr höndum spænska þingsins til þess að undirstrika skýrt sína afstöðu. Þannig lá það fyrir. Hvað bera spænsk stjórnvöld fyrir sig í þessu máli sérstaklega? Ég vil ekki fullyrða að ekki séu uppi efasemdir hjá öðrum ríkjum Evrópubandalagsins þó þær hafi skýrast komið fram hjá Spánverjum. Það er þróunarsjóðurinn þar sem krafa er um það af þeirra hálfu að við honum verði ekki hróflað, þ.e. upphæðinni sem EFTA-ríkjunum er ætlað að greiða í þróunarsjóð til beltikerfisins og betliríkjanna innan Evrópubandalagsins, sem hæstv. utanrrh. kallar svo. Það eru ríkin Spánn, Portúgal, Írland og Grikkland, sem hæstv. utanrrh. Íslands hefur sæmt því heiðursheiti að vera fulltrúar betlikerfisins hjá Evrópubandalaginu. En svo kallaði hann þessa gagnaðila í desembermánuði. Þessi ríki með betlistafinn vilja fá þá upphæð sem EFTA-ríkin lofuðu en skiptu ekki með sér byrðunum með formlegum hætti. Þegar eitt ríkjanna stekkur af vagninum, þ.e. Sviss, vantar því gilda upphæð eða nærri því þriðjunginn í sjóðinn. EFTA-ríkin eru skuldbundin samkvæmt samningnum að standa skil á þessari upphæð. Og má segja að það séu EFTA-ríkin kannski engu síður en EB-ríkin sem eru að krefjast endursamninga. En þau hafa af einhverjum ástæðum ekki sett það fram með formlegum hætti, mér vitanlega, af sinni hálfu og eru að reyna að hengja það á Evrópubandalagið að kveða upp úr um að það verði þar sem málið strandar.

Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. að því hvert mat hans er á þessari stöðu og með hvaða hætti þessi mál hafa formlega komið fram af hálfu EFTA-ríkjanna, þ.e. sú afstaða að vilja ekki standa skil á upphæðinni í þróunarsjóð að Sviss frágengnu. Hvernig var það lagt fyrir Evrópubandalagið af hálfu EFTA-ríkjanna? Hvernig liggur það fyrir framkvæmdastjórn og öðrum stofnunum Evrópubandalagsins af hálfu EFTA-ríkjanna? Það væri fróðlegt að heyra það. Hver verða viðbrögð EFTA að þessu leyti ef Evrópubandalagið segir fast og ákveðið: Það verður ekkert samið um það að lækka þessa upphæð. Við fáum ekki umboð til þess. Hver verða viðbrögð Íslands, því hæstv. ráðherra talar fyrir Ísland? Hvernig metur hann stöðu EFTA-hópsins sem eftir er að þessu leyti?

Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra upplýsi okkur um það á þinginu. Því að það er kannski sá fleinn sem dýpst stendur í holdi þessa samnings að vitað er, þótt nefndir séu fleiri þættir af hálfu spænskra stjórnvalda. Eins og það að missa af Sviss sem aðila að samningnum og aðgangi vara frá Spáni, innflutnings til Sviss sem markaðar, sem þeir sjá eftir í þessu sambandi, og einnig að því er snertir erlent vinnuafl í Sviss sem þeir töldu sig vera að opna fyrir og vildu hafa opið fyrir samkvæmt samningnum af sinni hálfu. Þarna eru því nokkur atriði sem sérstaklega standa út af.

Það er fyrst 1. febr. n.k. á fundi utanríkisráðherra Evrópubandalagsins, ráðsfundi, „counsil" heitir það á enskunni, að það skýrist kannski hvort framkvæmdastjórnin fær umboð frá ráðherraráðinu. Fyrr verður það víst ekki að því er þeir upplýsa. Fái þeir umboð þá fara menn að taka á málum og undirbúa það ferli sem þar að lýtur. Hæstv. utanrrh. upplýsti það hins vegar í gær að í þessum mánuði, núna næstu dagana fram til 15. jan., væru nokkrir fundir embættismanna, bæði á vettvangi Evrópubandalagsins og á vettvangi EFTA og sameiginlegir fundir þessara aðila, til þess að kanna málin til undirbúnings fundinum 1. febr. sérstaklega. Það eru auðvitað engin tíðindi að slíkt sé í gangi.

Ég hef af því spurnir að því er varðar afstöðu Finna til þróunarsjóðsins að þar hafi komið fram alveg sérstök andstaða við að axla byrðarnar fyrir Sviss í sambandi við greiðslur til þróunarsjóðsins. Hvort það eru staðfestar fréttir veit ég ekki, en nefni það hér. Málin eru því í óvissu að þessu leyti, ekki bara EB megin heldur líka í hópi þeirra sex EFTA-ríkja sem eftir standa sem aðilar að þessum samningi.

Á Alþingi ræðum við frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið. Það er yfirskriftin á frv. sem er í fimm greinum. Hæstv. utanrrh. staðhæfir að það sé allt í lagi að staðfesta þetta frv. vegna þess að það gangi ekki í gildi fyrr en fullgildingarskjöl hafi gengið á milli. Vissulega er það rétt að auðvitað verður þessi samningur ekki til sem slíkur nema Evrópska efnahagssvæðið komi á því að væntanlega fara menn ekki á vettvangi EFTA að efna til eftirlitsstofnunar og dómstóls utan um ekki neitt eða gera þátt um fastanefnd EFTA-ríkjanna, sem er þriðji þáttur málsins og gert er ráð fyrir í 1. gr. frv., nema samningurinn gangi fram í reynd.

En ég held að við hljótum að spyrja að því hvaða vit sé í því að afgreiða frv. sem þetta sem lög frá þinginu með þeirri óvissu sem varðar samninginn og ákvæðin þar sem hvort eð er þarf að koma til lögfesting á þeim breytingum sem hugsanlega verðar gerðar og samið kann að verða um. Ég segi lögfesting vegna þess að ég tel að ekkert annað geti komið til greina í sambandi við þennan samning og það segi ég að því tilefni að hæstv. viðskrh. var í gær að ýja að því að hugsanlega væri hægt með þáltill. að afgreiða afstöðu Alþingis í því formi í sambandi við samninginn. Hæstv. ráðherra hefur verið spurður um þetta atriði þegar í umræðunni. Ég tel nauðsynlegt að það liggi nokkuð skýrt fyrir hvert er viðhorf ráðherrans að þessu leyti að því er varðar afgreiðslu af hálfu Alþingis á viðbót við samninginn í hvaða formi sem svo kann að verða.

Þessu máli tengist síðan staðfesting laganna af hálfu

forseta Íslands. Í gær voru hér rifjuð upp ákvæði 26. gr. stjórnarskrárinnar að því er þetta varðar. Ekki mega líða nema 2 vikur, eins og kunnugt er, samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar eftir að frv. er samþykkt á Alþingi þangað til leitað er staðfestingar forseta lýðveldisins á slíkum lögum. Í þessari sömu grein er að finna ákvæðin sem lýsa stöðunni ef forseti Íslands synjar lagafrv. staðfestingar. Þá fer málið í þjóðaratkvæðagreiðslu sem verður þá bindandi varðandi úrslit málsins. Mér finnst það meira en lítið einkennilegt gagnvart forseta lýðveldisins að ætla að fara að knýja fram á Alþingi Íslendinga staðfestingu með lögum á samningi sem ekki er til í raun og er í uppnámi og þar sem ljóst er að þarf að leita til þingsins á nýjan leik eftir afstöðu. Ég tel það í raun ósæmilegt gagnvart ákvæðum stjórnarskrárinnar að ætla að halda þannig á máli.

Ég ég spyr hæstv. utanrrh. að því hvort hann hafi ekki einhvern bakþanka varðandi slíka framgöngu að ætla að bera uppi í ríkisráði við forseta lýðveldisins lög frá þinginu hálfum mánuði eftir að þau yrðu samþykkt til staðfestingar. Lög sem eru þannig að innihaldi að þau eru ekki gild í raun. Þau eru meiningarleysa. Eins og þau liggja fyrir þegar þau hefðu verið samþykkt eru þau meiningarleysa, markleysa. Og ætla í svona stóru og viðkvæmu máli að leita til forseta lýðveldisins um staðfestingu á slíkum lögum. Er það virkilega ásetningur hæstv. utanrrh. að standa þannig að máli, því það er hann sem ber þetta frv. fram og það er hann sem kemur til með að bera þetta frv. upp í ríkisráði ef til kemur?

Annar þáttur þessa máls hefur komið hér inn í umræðuna af hálfu ýmissa ræðumanna. Það er sú staða sem blasir við ef þessi samningur yrði gerður að meiri hluti aðila að samningnum í hópi EFTA-ríkja er að leita eftir inngöngu í Evrópubandalagið. Talsmenn ríkisstjórna á Norðurlöndum, og ég hygg að það sé eins með Austurríki, leggja á það mikla áherslu og mikið kapp að samningum við Evrópubandalagið um inngöngu þessara ríkja í það ljúki sem fyrst og eru jafnvel að gera sér vonir um að það geti orðið frá byrjun árs 1995. Þá er staðan þannig að því er snertir þennan samning með þessari gildu stoð sem átti að bera uppi húsið öðrum megin, EFTA-stoð, að aðeins er tjaldað til einnar nætur. Aðeins er tjaldað til eins árs eða svo, ef að óskir þessara ríkisstjórna EFTA-ríkjanna ganga fram um hraðferð inn í Evrópubandalagið. Halda menn að staðið verði að undirbúningi undir þetta Evrópska efnahagssvæði af mikilli alvöru af hálfu ríkisstjórna þessara landa sem eru að búa sig í það að ganga inn í hópinn hinum megin og ætla að hafa rétt næturdvöl undir þessu þaki áður en húsið hrynur yfir þá sem eftir eru? Í þeim hópi eru, ef að marka má orð forsrrh. landsins nú upp á síðkastið, Ísland og menn segja kannski Liechtenstein.

Því er hins vegar við að bæta í sambandi við þessa mynd og það ýtir kannski á eftir ríkisstjórnum Norðurlandanna þriggja, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands, sem hafa lagt inn umsókn um aðild að Evrópubandalaginu og eru auðvitað langt frá því að vera öruggar um að þær fái stuðning þjóða sinna þótt þær fengju samninga sem þær teldu aðgengilega að EB, því að allar hafa þær lofað þjóðaratkvæðagreiðslu um málið áður en það verður til lykta leitt. Og staðan í þessum löndum þremur að því er snertir almenningsálitið er neikvæð fyrir þá sem strekkja inn í Evrópubandalagið, í Noregi alveg sérstaklega og búið að vera um langa hríð. Þeir sem eru að leita eftir aðild að Evrópubandalaginu eru því í bullandi minni hluta. Í Svíþjóð hefur upp á síðkastið andstaðan verið mjög vaxandi og sýnir meiri hluta almennings gegn og meira að segja stuðningsliðs sænska Verkamannaflokksins, sem áður var í stjórnarforustu og bar fram tillöguna um að sækja um aðild á þingi, þá í stjórnarforustu, meiri hluti af stuðningsmenn þess flokks lýsir sig andvíga hugmyndinni um inngöngu nú. Og Finnar eru einnig að vakna. Í vaxandi mæli eru menn að rumska þar í landi og herma fregnir nú upp á síðkastið frá finnska þinginu að ekki nema fjórðungur þingmanna sé öruggur um að vilja greiða aðild að Evrópubandalaginu atkvæði sitt. Og hefðu þótt tíðindi fyrir einu ári þegar hlutirnir lágu með allt öðrum hætti í finnska Ríkisdeginum. Það er þessi staða sem auðvitað er bakþankinn hjá ríkisstjórnum þessara landa sem strekkja inn og vilja þá a.m.k. ná því stóra skrefi inn í Evrópubandalagið sem felst í þessum samningi. En þessi samningur hefur að geyma um ¾ af gerðum, þ.e. lögum, reglugerðum og samþykktum, Evrópubandalagsins. Hann nær yfir ekkert minna.

Svo eru sumir hverjir sem styðja þetta mál að tala um það hér á Alþingi að hér sé um bara um ósköp venjulegan viðskiptasamning að ræða og þetta sé svo sem ekkert mikið meira en þegar við gengum inn í EFTA á sínum tíma. Slíkar eru blekkingarnar sem fram eru bornar í umræðum í þinginu um þetta mál af hálfu stuðningsaðila samningsins.

Það er svo merkilegt að ríkisstjórnin hefur komist undan því, og þar getum við kannski öll kennt okkur um, að standa í rauninni reikningsskil varðandi sína afstöðu og mat á því hver staðan verður eftir að húsið hrynur yfir þá sem eftir eru EFTA megin innan Evrópska efnahagssvæðisins. Hæstv. utanrrh. er svona að tjá sín viðhorf eftir því sem menn toga upp úr honum álit í umræðum hér hvernig þessi staða verði. Nokkrir þingmenn Framsfl. í þeim hópi sem hefur verið að fjölga í undanfarna daga og ætlar að styðja þetta mál efnislega með því að sitja hjá við afgreiðslu þess en er í rauninni samþykkur málinu ef marka má málflutning þeirra. (Gripið fram í.) Þingflokksformaður Alþfl. segir hér að það séu einhver sprek sem hann eigi eftir að safna í púkkið úr þingflokksherbergi Framsfl. Væri ágætt ef hv. þingflokksformaður upplýsti þingheim um það hvaða sprek það eru sem ekki eru komin til grafar, hvað kurl þarna vantar á. Hv. þm. hefur verið mjög ötull að spá í þetta og safna í þessa kolagryfju. Og Alþýðublaðið tekið svona fjórðunginn af sínu litla rúmi síðustu vikurnar til þess að lýsa niður í þessa gryfju og segja hvað upp úr henni muni koma að lokum. Því miður hefur þetta málgang Alþfl. verið helst til sannspátt í þessum efnum. Því miður. Það er ekkert óeðli-

legt þó að formaður þingflokks Alþfl. sé nokkuð kampakátur í sambandi við þá stöðu mála. Ég lái honum það ekkert.

En hæstv. utanrrh. hann hefur komið sér hjá því að leggja fyrir þingið greinargerð um það hvernig hann metur stöðu mála eftir að Ísland stæði eitt, eða svo gott sem, í hópi þeirra sem ættu að bera uppi Evrópska efnahagssvæðið. Kem ég þá aðeins að því, virðulegur forseti, sem ég óska eftir að hæstv. ráðherra svari, og ef hann treystir sér ekki til þess einn að kalla þá til forsrh. til þess að svara því sem varðar eitt atriði þessa máls, þ.e. um stöðuna í framtíðinni ef svo færi að vaxandi fjöldi EFTA-ríkja gengi inn í Evrópubandalagið.

Um það atriði er fjallað í áliti meiri hluta utanrmn. á bls. 6. Ég leyfi mér að vitna til þess örstutt, virðulegur forseti. Þar segir: „Forsrh. hefur lýst yfir vilja ríkisstjórnarinnar til að kanna með bréfi og formlega hjá framkvæmdastjórn EB hver staða Íslands yrði á grundvelli EES kæmi til þess að önnur EES-ríki gengju í EB."

Þetta er að finna í meirihlutaáliti utanrmn. og ég hef skilið það svo að þetta tengist þeim þræði sem já-liðið í þingflokki Framsfl., þessir sem fara út um þann endann í afstöðu til málsins með því að sitja hjá við afgreiðslu þess, ætlar m.a. að hanga á. Mér sýnist þetta nú vera bláþráður a.m.k. enn sem komið er því að engar spurnir eru um að bréfið sé farið. Hvort sem það er nú vegna þess að þeir hjá ríkissjóði eigi ekki fyrir póstburðargjaldinu eða af hvaða ástæðum það er. Að minnsta kosti hefur það ekki verið kynnt í tengslum við þessa umræðu svo ég hafi tekið eftir.

Ég spyr hæstv. utanrrh. að því: Hvar er þetta mál statt að koma þeim stórbrotna vilja ríkisstjórnarinnar fram að forsrh. Íslands kanni með bréfi og formlega hjá framkvæmdastjórn EB hver staða Íslands yrði á grundvelli EES kæmi til þess að önnur EES-ríki gengju í EB? Er búið að gera uppkast af bréfinu, hæstv. utanrrh.? Er búið að senda bréfið? Eru jafnvel komið fram viðbrögð við þessu bréfi? Og síðan hitt: Hver eru viðhorf ríkisstjórnar Íslands til málsins? Það er kannski ekki eðlilegt að varpa þessari spurningu yfir til Evrópubandalagsins í þessari stöðu mála. Satt að segja er þetta nokkuð kynlegt tiltæki og ég hef skilið það svo að þetta sé huggunarbréf sem eigi að létta þeim atkvæðagreiðsluna sem ætla að skila sér út um þann endann hjá Framsókn að styðja málið efnislega. En það skýrist væntanlega í framhaldinu.

Ef hæstv. forsrh. er í þinghúsi væri ágætt að hann vissi einnig af því að að þessu hefur verið vikið og ég er reiðubúinn að endurtaka það ef að hæstv. forsrh. kemur í þingsal. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa hv. þm. um að forsrh. mun vera í húsinu og ég óska eftir að hann verði beðinn að koma til þingsalar). Já, takk fyrir.

Þetta tengist auðvitað stöðu landsins í framtíðinni gagnvart Evrópubandalaginu. Í því samhengi verður ekki komist hjá því að minna á bók sem lögð var fram af hæstv. utanrrh. í þinginu í marsmánuði sl. sem er í raun, litið til baka, hæstv. utanrrh., kannski ein stærstu tíðindi ársins 1992 þó ég haldi að gleymst hafi að geta þeirra í flestum yfirlitsþáttum um árið, jafnt á síðum Alþýðublaðsins sem í ríkisfjölmiðlum. Það er hin gilda skýrsla utanrrh. Íslands til Alþingis í marsmánuði 1992 sem hefur að gleyma heljarstökk í viðhorfi eins ráðherra sem staddur er í miðri á að reyna að koma á samningi um Evrópskt efnahagssvæði en boðar það í skýrslu sinni til þingsins fyrir tæpu ári síðan að þetta sé líklega allt saman tóm vitleysa og geti verið stefna sem þurfi að endurmeta á stundinni hvort að eitthvað eigi að vera að þessu. Og í staðinn beri að taka það til alvarlegrar athugunar og fara að vinna að því með formlegum hætti að meta það hvort Ísland eigi ekki að slást í hóp EFTA-ríkjanna sem hafa verið að sækja um aðild að Evrópubandalaginu.

Hæstv. utanrrh. varði í blóð þetta viðhorf sitt við umræðu um skýrslu sína í mars sl. En það sem á skorti að hæstv. ráðherra sneri við í ánni í stríðum streng í þessu máli var það að forsrh. Ísland veitti honum ekki stuðning til þess á þeim tíma. Ég skildi það svo að það hefði komið í veg fyrir að þær óskir utanríkisráðherrans gengju fram að fara strax í það fyrir tæpu ári síðan að sækja um aðild að Evrópubandalaginu og láta á það reyna.

Ég held að það hafi verið hygginna manna ráð út frá stöðu þeirra sem hafa verið að sækja um aðild að Evrópsku efnahagssvæði að draga það við sig að taka þarna undir. Og í þeim hópi var hæstv. forsrh. Ég er smeykur um að erfitt hefði reynst fyrir ríkisstjórn landsins að fá fyrir því fylgi á þessari samkomu, Alþingi Íslendinga, að sækja um aðild að Evrópubandalaginu á því ári sem liðið er. Ég er hræddur um að hefði verið ansi snúið og jafnvel innan þingflokka ríkisstjórnarinnar. Þó efast ég ekkert um það að hæstv. utanrrh. hefði haft gott taumhald á sínum flokki í þessu máli, enda hefur Alþfl. í vaxandi mæli sótt í þessa áttina, strekkt í þessa áttina, og þingmenn úr hans röðum talað fyrir þessu með skýrum hætti í þingsölum og þarf ekki að fjölyrða um það.

Ég held hins vegar að hvað sem líður þessari stöðu verðum við að horfa á það opnum augum að annar stjórnarflokkanna er þeirrar skoðunar að þarna eigi að sækja um aðild. Sjálfstfl. er tvíátta í málinu. Forsrh. var þeirrar skoðunar fyrr á árum að þetta ætti að gerast en hann hefur sem formaður flokksins ekki kveðið upp úr um það heldur þvert á móti borið á móti því að þetta geti verið á dagskrá í tíð sinnar ríkisstjórnar.

En vegna þess að hæstv. forsrh. hefur orðið við beiðni minni að koma hér aðeins í þingsal vegna umræðunnar vil ég rifja það upp sem kemur fram í meirihlutaáliti utanrmn. á bls. 6, þar sem segir:

„Forsrh. hefur lýst yfir vilja ríkisstjórnarinnar til að kanna með bréfi og formlega hjá framkvæmdastjórn EB hver staða Íslands yrði á grundvelli EES kæmi til þess að önnur EES-ríki gengju í EB."

Ég var að inna hæstv. utanrrh. eftir því hvar þetta mál væri statt og tel eðlilegt að beina því beint til hæstv. forsrh. sem er viðstaddur umræðuna. Þetta var erindið sem ég átti við forsrh. og ég vil ekki binda ráðherrann við önnur atriði nema eitthvað sérstakt beri við sem ástæða sé til, en þykir auðvitað betra að vita af

nærveru hans hér í þessu máli sem svo mjög varðar stöðu ríkisstjórnar hans.

Það er kannski ekki síst ástæða til að staldra við þessar horfur í sambandi við aðildina að Evrópubandalaginu og þær raddir sem mæla með slíkri aðild hér í þinginu og hefur þeim því miður heldur farið fjölgandi þar sem sumir, sem hafa lent upp á girðingu, hafa dottið niður í þann pyttinn, niður í EB pyttinn, þegar að þeir hafa hugleitt sína stöðu um hríð á girðingunni. Vegna Framsóknarflokksins, sem að byggði kosningabaráttu sína í síðustu alþingiskosningum alveg sérstaklega upp á því að það mætti aldrei verða að Ísland gengi í Evrópubandalagið, hlýtur það að vera ekkert lítið umhugsunarefni þegar leitað er eftir staðfestingu á samningi sem hefur að geyma um þrjá fjórðu hluta af samanlögðum gerðum Evrópubandalagsins, lögum, reglugerðum og tilskipunum Evrópubandalagsins. Og þar sem verið er að binda okkur við þennan vagn og það eru náttúrlega kannski langstærstu pólitísku tíðindin í sambandi við þetta mál að það sé að koma í ljós að hátt í helmingur af þingmönnum Framsfl. ætla að greiða götu þessa samnings í gegnum þingið tæpum tveimur árum eftir að flokkurinn reyndi að byggja upp kosningaáróður sinn á því að hann væri bakfiskurinn í andstöðunni við inngöngu í Evrópubandalagið. Það er satt að segja alveg með ólíkindum að hver þingmaðurinn eftir annan úr þessum flokki skuli ganga hér upp, mæla efnislega með samningnum og segja: Ég ætla ekki að beita mínu atkvæði gegn honum, ég ætla að sitja hjá í atkvæðagreiðslunni. Það er ótrúlegt hvað menn eru fljótir að gleyma og reyndar þarf ekki að fara aftur til kosninganna 1991 um vorið, því að mönnum er í fersku minni samþykktir flokksþings Framsóknarflokksins varðandi þetta mál, þar sem að formaður flokksins hafði ötullega unnið að því að reyna að skapa samstöðu um málið og eðlilega byggt brú þar sem hann taldi að flestir og helst allir gætu gengið yfir vegna stjórnarskrárþáttar málsins. En meira að segja það sund virðist vera lokað fyrir þá sem hafa fengið trúna á því að framtíð Íslands eigi að liggja eftir þessari götu sem að hér er verið að varða með þessum samningi.

Einn er sá þáttur þessa máls, virðulegur forseti, sem hefur lítið komið til umræðu um þetta mál og í raun allt of lítið til skoðunar en tengist því ekkert lítið. Það er afstaða okkar til lögsögu dómstóls Evrópubandalagsins að því er varðar túlkun og dóma á samningssviðinu. Þá er ég ekki að tala um það sem að mikið hefur verið rætt og eðlilega undirstrikað, það stjórnarskrárbrot sem felst í því afsali dómsvalds sem er í samningnum sjálfum, heldur tengsl 6. gr. samningsins við stöðu þeirra sem að gerast aðilar að samningnum í EFTA-ríkjunum og verða bundnir nánast með sama hætti og um Evrópubandalagsríki væri að ræða.

Og til þess að koma aðeins að þessu máli með skipulegum hætti, virðulegur forseti, þá leyfi ég mér að vitna til 6. gr. samningsins. Þar segir, með leyfi forseta:

„Með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni ber við framkvæmd og beitingu ákvæða samnings þessa að túlka þau í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp fyrir undirritunardag samnings þessa, þó að því tilskyldu að þau séu efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Efnhagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna beitingar þessa tveggja sáttmála.“ Það er nú ekkert minna sem í þessu felst. Og við erum að lögtaka þennan samning í heild og 119. gr. þessa samnings njörvar það niður. Það var gengið eftir því á síðasta þingi, af minni hálfu, að fá fram afstöðu hæstv. utanrrh. að því er þetta varðar. Hæstv. ráðherra hefur vikið úr þingsal og ég vona að það verði ekki lengi því að ég inni hann eftir afstöðu til þessa þáttar málsins, virðulegur forseti. Bið forseta að láta þingmanninn vita um það, ef hann ekki birtist fljótlega. Í svari hæstv. utanrrh. við fyrirspurn minni á síðasta þingi um úrskurði dómstóls EB um EES-samninginn segir, það eru tveir þættir. Ég leyfi mér að vitna í svarið, virðurlegur forseti. Fyrri liður fyrirspurnarinnar var: „Hvaða athuganir og úttektir hafa verið gerðar á vegum íslenskra stjórnvalda eða EFTA á úrskurðum EB-dómstólsins frá upphafi, sbr. 6. gr. EES-samningsins?“ Og svar ráðherrans var:

„Hátt í eitt hundrað sérfræðingar Stjórnarráðsins og undirstofnana hafa tekið þátt í samningagerð við EES-samninginn á undanförnum árum. Þegar ákvörðun var tekin hverju sinni um að taka inn í EES-samninginn samhljóða ákvæði og er í stofnsáttmála Evrópubandalagsins var það kannað hverju sinni hvaða þýðingu ákvæðið hefði með hliðsjón af dómaframkvæmd EB-dómstólsins. Var það gert með því að kanna eitt eða fleiri hinna fjölmörgu fræðirita eða handbóka sem eru til um þetta efni, með munnlegum samtölum við aðra sérfræðinga, bæði innan og utan samningafunda, eða með því að skoða einstaka dóma eftir atvikum.“

Annar liður fyrirspurnarinnar var: „Með hvaða hætti verða þessir dómsúrskurðir kynntir Alþingi og almenningi áður en umræða hefst á þingi um EES-samninginn?“ Og svarið var:

„Þeir dómar, sem skipta máli, eru þeir sem fjalla um ákvæði stofnsáttmála Evrópubandalagsins sem eru efnislega samhljóða í EES-samningnum. Í viðbæti við frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið verður yfirlit yfir þessi ákvæði. Þessu yfirliti er ætlað að auðvelda lesendum að kynna sér þá dóma, sem hér um ræðir, í þeim ritum sem til eru um Evrópurétt, t.d. Evrópurétti Stefáns Más Stefánssonar (392 bls., Reykjavík 1991), svo eitt dæmi sé tekið. Að auki er ætlunin að gera grein fyrir helstu dómum í athugasemdum við einstakar greinar við samninginn í fyrrgreindu frumvarpi. Þetta er sú leið sem hefur verið valin annars staðar á Norðurlöndum.

Rétt er að taka fram í þessu sambandi að framangreindir dómar eru ekki hluti af EES-samningnum, heldur aðeins lögskýringargögn til þess að samræma túlkun. Það breytir því ekki að æskilegt er að allir þessir dómar séu bæði aðgengilegir og þýddir. Finnar ráðgera að taka ákvörðun í því efni eftir að EES-samn-

ingurinn tekur gildi. Fellur það í hlut Alþingis að ákveða fjárveitingar í þetta verkefni hvað Ísland varðar, en vert er að hafa í huga að aðildarlöndin í Evrópubandalaginu, Danmörk, Grikkland og Portúgal, hafa ekki látið þýða dóma EB-dómstólsins sem féllu fyrir inngöngu þeirra í bandalagið."

Þetta er svar utanríkisráðherra við fyrirspurn minni á síðasta þingi um þetta mál. Nú síðan gerðist það á ráðstefnu sem haldin var á vegum Lögfræðingafélags Íslands í júnímánuði sl. að þetta mál kom nokkuð til umræðu. Það var haldið á vegum Lögfræðingafélagsins og Ríkisútvarpsins 20. júní 1992. Þar var þetta mál nokkuð til umræðu og ég vil vitna hér til ummæla eins þeirra lögfræðinga sem tóku þátt í pallborðsumræðu um málið. Það er Ragnar Aðalsteinsson. Hann tjáði sig um þetta efni með svofelldum hætti, og nú fer ég að sakna hæstv. utanrrh. dálítið, virðulegur forseti. (**Forseti:** Forseti skal sjá til þess að hann verði beðinn að koma í sal). Það er orðrétt tilvitnun í ummæli Ragnars Aðalsteinssonar hrl.: „Ef ég mætti bæta við þetta því sem áður hefur komið fram að meðal réttarheimilda íslenskra eftir 1. janúar 1993, ef fram fer sem horfir, eru dómar dómsstóls Efnahagsbandalagsins. Og strax á næsta ári þá þurfa þeir sem flytja mál fyrir íslenskum dómstólum að geta vitnað til þeirra réttarheimilda. Samkvæmt alveg ljósum fyrirmælum íslenskra laga er dómsorð íslenska og það verður að vitna til þessara réttarheimilda á íslensku og dómstólarnir munu ekki taka við lélegum þýðingum og óljósum okkar lögmannanna, heldur krefjast þess að við vitnum í réttarheimildirnar á dómsmálinu og þess vegna eru þessar réttarheimildir ekki fram komnar og það er óhjákvæmilegt að þær verði lagðar fyrir Alþingi áður en afstaða verður tekin til samningsins, því annars er þetta allt saman unnið fyrir gýg því það stæðist ekki okkar lagafyrirmæli, bæði í stjórnarskrá og í almennum lögum um lagasetningu, þannig að þetta er bara verk sem þarf að vinna sem fyrst."

Sem betur fer hefur hæstv. forsrh. hlýtt á mál mitt að því er þetta varðar. Ég var, hæstv. utanrrh., að þér fjarstöddum að rekja stöðuna að því er varðar 6. gr. samningsins, þ.e. úrskurði dómstóls Evrópubandalagsins fram að þessu sem verður í rauninni hluti af íslenskri löggjöf að samþykktum þessum samningi að því er alla túlkun varðar, samkvæmt efni 6. gr. samningsins og enn frekar vegna ákvæða 119. gr. Og ég vitnaði til ummæla Ragnars Aðalsteinssonar á fundi 20. júní 1992 að þessu leyti, þar sem hann með skýlausum hætti segir það sitt álit að þessir úrskurðir verði að liggja fyrir í vandaðri íslenskri þýðingu áður en að samningurinn verði lögfestur og áður en á það reyni að taka þurfi afstöðu til eða fjalla um mál sem að tengjast samningssviðinu fyrir íslenskum dómstólum. Og því spyr ég hæstv. utanrrh.: Hver er staða þessa máls, hvað er komið því verki að þýða þetta dómasafn til þess að uppfylla ákvæði íslenskra laga og íslensku stjórnarskrárinnar? Svo að ég noti tilvitnun í ummæli hæstaréttarlögmannsins sem ég vitnaði til hér áðan. Í svari hæstv. utanrrh. við fyrirspurn minni á síðasta vetri er vísað til fjárveitinga sem þurfa að liggja fyrir. Ég vænti að að því hafi verið hugað af hálfu ráðherrans að tryggja að ekki strandaði á því, annað væri mikil ósamkvæmni. Og ég spyr því hæstv. ráðherra og bið um skýrt svar, helst nákvæmt svar hér eftir því sem ráðherrann getur gefið. Hvar er það verk statt sem að þarf að vinna til að íslenskt réttarkerfi geti gengið fyrir sig að samþykktum samningi um Evrópskt efnahagssvæði?

Hæstv. ráðherra hefur, til þess að standa við loforð gefið á síðasta þingi, skilað til þingsins í formi handrits frá utanrrn. kveri sem heitir Dómareifanir vegna EES-samningsins. Það er merkt sem handrit og ber undirfyrirsögnina: Dómaframkvæmd EB-dómstólsins vegna ákvæða Rómarsamningsins sem eru „efnislega samhljóða" ákvæðum EES-samningsins. Ég veit ekki að hve miklu leyti utanrmn. þingsins hefur farið í gegnum þetta plagg í meðferð sinni yfir samninginn en vek athygli á því að þetta er auðvitað jafngilt og hefur nákvæmlega sömu þýðingu og hvað annað sem að snertir þetta mál sem alveg ákvarðandi atriði. Alveg ákvarðandi fyrir stöðu þeirra sem gerast aðilar að þessum samningi. Ég teldi út af fyrir sig þörf á því að vísa til dæma úr þessu handritasafni utanrrn. um þessar dómareifanir, en ég skal hafa það í styttra lagi. En rétt til að gefa mönnum forsmekk að því ef mönnum er það ekki ofarlega í huga og skal fara yfir fáein dæmi af fyrstu blaðsíðum þessa handrits til að varpa svolitlu ljósi á þetta. Á bls. 2 í þessu kveri er vitnað í fyrsta lagi, undir fyrirsögninni: Meginreglan um bann við mismunun, til máls 167 frá 1973 sem heitir: Framkvæmdastjórnin gegn aðildarríkinu Frakklandi. Það er varðandi frjálsan flutning fólks milli landa samkvæmt ákvæðum Rómarsamningsins og niðurstaðan er hjá Evrópudómstólnum með orðum handritsins, með leyfi forseta: „Óheimilt er að halda í gildi í landsréttinum ákvæðum um mismunun á grundvelli þjóðernis. Engu skiptir þó sönnuð séu munnleg fyrirmæli til stjórnvalds frá æðra stjórnvaldi um að beita ekki ákvæðunum. Á meðan að ákvæðin eru ekki numin úr gildi þurfa borgararnir að búa við óviðunandi réttaróvissu. Því er hvers konar hindrun á jöfnum aðgangi að vinnu talin brjóta í bága við 7. gr. sbr. 48. gr. Rómarsamningsins, jafnvel þótt hún teljist minni háttar eins og í þessu tilviki."

Ég nefni þetta vegna þess að þetta varðar auðvitað eitt af þessum fjórum frelsum og stöðu þeirra sem hugsanlega eru t.d. að verja sinn rétt hér, þ.e. íslenskra borgara. Og menn hafa látið að liggja að í ákveðnum tilvikum þá njóti Íslendingar þar forgangs. En hér liggur fyrir dómur sem að þrengir undanþágurnar og er eitt dæmið um slíkt.

Nú hér er dómur sem er nr. 61 frá 1977, Framkvæmdastjórnin gegn aðildarríkinu Írlandi. Málvextir eru reifaðir þannig: Samkvæmt ákvæðum írskra laga var skipum af ákveðinni lengd og vélastærð óheimilt að veiða í írskri lögsögu. Bannið snerti afar fá írsk skip en verulegan hluta erlendra skipa sem voru að veiðum í írskri landhelgi. Og niðurstaða Evrópudómstólsins varðandi málið: „EB löggjöfin bannar ekki einungis beina mismunun á grundvelli þjóðernis heldur einnig

óbeina mismunun, sem leiðir til sömu niðurstöðu. Landsrétturinn brýtur í bága við 7. gr. Rómarsamningsins þegar forsendur þær sem liggja að baki landsréttinum leiða í framkvæmd til þess að erlendum skipum er haldið utan lögsögu ríkisins." Ég vil ekki staðhæfa að þetta ákvæði gildi eða komi mikið inn í mál, eins og staðan er núna, en gæti þó gert það vegna tvíhliða samnings, sem er annað mál á dagskrá þessa þings, milli Íslands og Evrópubandalagsins. Ég tala nú ekki um hugsanlega frekari samskipti á sjávarútvegssviði.

Þá nefni ég hér annað efni sem að vakti mjög mikla athygli og snertir okkur hugsanlega í framtíðinni einmitt vegna samskipta á sjávarútvegssviði sem er mál 221 frá 1989 og heitir „Factortame". Málavextir, sem eru væntanlega nokkuð í fersku minni þegar lesið er: „Með breskum lögum frá 1988 var það gert að skilyrði þess að unnt væri að nýta breskan fiskveiðikvóta að eigendur skipa ættu lögheimili í Bretlandi og væru breskir ríkisborgarar. Lögaðilum í útgerð var gert að *hafa heimilisfesti í Bretlandi og 75% af hlutafé varð að* vera í eigu breskra ríkisborgara. Fyrirtækið Factortame, sem er í eigu Spánverja, sætti sig ekki við löggjöfina."

Niðurstöður dómsins sem var Spánn gegn Bretlandi eru reifaðar hér þannig: „Samkvæmt núverandi löggjöf EB á hvert aðildarríki að ákveða nauðsynleg skilyrði fyrir skráningu í skipaskrá viðkomandi ríkis. Ríkið verður þó að gæta þess að skilyrðin séu í samræmi við meginreglu EB-réttar.

Ákvæði bresku laganna eru andstæð reglum EB og þá sérstaklega 52. gr. Rómarsamningsins um staðfesturétt. Það er hins vegar ekki andstætt EB-rétti að aðildarríki bindi skráningu fiskiskips í skipaskrá þeim skilyrðum að úthaldi þess og útgerð sé stjórnað frá viðkomandi ríki."

Þarna tapaði Bretland fyrir dómnum að þessu leyti og þarna er miklu meiri opnun á veiðum útlendinga í breskri landhelgi en bresk lög gerðu ráð fyrir. Ég held að við Íslendingar eigum að gera okkur ljósa grein fyrir stöðu okkar, einmitt gagnvart dómstólnum að því er varðar öll mál er undir samninginn heyra en einnig á sjávarútvegssviði vegna frekari samskipta.

Ég vil nefna dæmi sem er mál 132 frá 1980 og mál 46 frá 1976 sem heita United Foods og Bauhuis og varða svokölluð þjónustugjöld vegna heilbrigðisrannsókna á fiski, það fyrra, og hið síðara varðandi heilbrigðisrannsóknir á nauta- og svínakjöti. Þarna dæmir dómurinn það ólöglegt að innheimta sérstök þjónustugjöld vegna slíkra skoðana. Ég held að það sé svolítið umhugsunarefni fyrir íslensk stjórnvöld sem eru í vaxandi mæli að fara inn á braut þjónustugjalda í sambandi við ýmis efni að Evrópudómstóllinn hefur oftar en einu sinni og oftar en tvisvar kveðið upp dóma sem í rauninni telja að um viðskiptahindranir sé ræða sem eru óheimilar og telur að slík gjaldtaka geti leitt til viðbótahindrana á viðskipum innan bandalagsins sem þetta varðar.

Þá er hinn frægi dómur sem er genginn inn í orðasafnið sem tengist Evrópsku efnahagssvæði og umræðunni um það og þrengir kosti okkar Íslendinga að ræða málin í raun, ég tala nú ekki um almenning sem hefur ekki aðstöðu til að setja sig inn í þessi efni í hólf og gólf, en það er málið 120 frá 1978 sem gengur undir heitinu „Cassis de Dijon" og hv. 5. þm. Norðurl. e. mundi bera fram betur en ég. Þetta er kennt við franska víntegund, að ég hygg, og er orðið eitt af þeim meginhugtökum í EB-rétti sem gengur yfir Ísland að samþykktum þessum samningi, þ.e. „Cassis de Dijon prinsippið" sem svo er kallað og byggir einmitt á niðurstöðu dómsins. Málavextirnir voru þeir að stefnendur hugðust flytja til Þýskalands franska drykkinn Cassis de Dijon og af því spratt málið. Niðurstöður málsins, svo ég hraði för minni yfir þetta, eru reifaðar þannig:

„Þegar ekki eru fyrir hendi EB-reglur um framleiðslu og markaðssetningu á áfengi þá setja aðildarríki hvert fyrir sig reglur um þessa hluti. Viðskiptahindranir sem rætur sínar eiga að rekja til ólíkra reglna aðildarríkja verða að teljast leyfilegar ef þær eru nauðsynlegar til að framfylgja lögmætum markmiðum. Þau markmið geta verið virkt skattaeftirlit, opinberar heilbrigðiskröfur, sanngjarnir viðskiptahættir og neytendavernd.

Hafnað var að heilsuverndarsjónarmið gætu réttlætt þessa löggjöf um lágmark vínandainnihalds, enda stæði neytendum þegar til boða mikið úrval veikra og meðalsterkra drykkja. Ekki var heldur talið að neytendavernd gæti réttlætt löggjöfina, þar sem krafa um lágmark vínandainnihalds gæti ekki talist nauðsynleg trygging fyrir sanngjörnum viðskiptaháttum. Einfaldara væri að krefjast þess að upplýsingar um uppruna vörunnar og vínandainnihald drykkjarins kæmu skýrt fram á umbúðum.

Umræddar kröfur um lágmark vínandainnihalds byggja ekki á lögmætum markmiðum og geta því ekki gengið framar meginreglunni um frjálsa vöruflutninga. Í tilviki sem þessu er því um að ræða brot á 30. gr. Rómarsamningsins."

Þessi dómsniðurstaða hefur síðan orðið mjög víðfræg því á henni er byggð þrenging á rétti stjórnvalda hvers ríkis til þess að koma við sérkröfum á grunni innlendrar löggjafar, í þessu tilviki um heilsuverndarsjónarmið, en getur gilt um fjölmörg önnur svið og teygir sig yfir þau. Þetta má víða finna í undirgögnum þessa máls og vitnað í Cassis de Dijon dómsúrskurðinn, sem er frekari rýmkun á hinu frjálsa streymi á vöru óhindrað af sjónarmiðum eins og deilt var um í Cassis de Dijon málinu.

Það er líka fróðlegt að líta á mál 249 frá 1981 sem er framkvæmdastjórnin gegn aðildarríkinu Írlandi. Ekki síst í ljósi þess sem hefur borið við eyru okkar talsvert að undanförnu þar sem reynt er að bæta ögn úr hraklegri markaðsstöðu íslensks iðnvarnings með auglýsingum og áskorun til almennings um að kaupa íslenskar vörur umfram erlendar. Þetta mál er reifað þannig í upphafi varðandi málavexti, virðulegur forseti:

„Írsk stjórnvöld skipulögðu þriggja ára kynningarherferð þar sem landsmenn voru hvattir til kaupa á

írskum vörum. Einkafyrirtæki var fengið til að stjórna herferðinni og fékk það umtalsverðan opinberan stuðning. Írsk stjórnvöld skipuðu menn í framkvæmdastjórn fyrirtækisins, greiddu stóran hluta herferðarinnar með almannafé og skilgreindu í grófum dráttum markmið hennar."

Það þarf kannski ekki að fara mörgum orðum um niðurstöðuna. Allt var þetta slegið niður af Evrópudómstólnum sem ólögmætt samkvæmt 30. gr. Rómarsamningsins.

„Herferð af þessum toga fellur undir bannákvæði 30. gr. þótt um sé að ræða hvatningu en ekki bindandi ráðstafanir svo sem löggjöf. Herferðin getur haft áhrif á samskipti seljenda og neytenda og brotið gegn þeim markmiðum bandalagsins sem lýst er í 2. gr. sbr. 3. gr. Rómarsamningsins."

Þannig mætti lengi telja. Þessir dómar eru auðvitað af misjöfnu vægi en þeir eru margir og snerta með beinum hætti það mál sem hér er verið að leita lögfestingar á.

Eitt sem talið væri af spaugilegra taginu en er auðvitað tengt alvöru málsins er mál 12 frá 1985 og heitir „Conegate". „Málavextir: Conegate flutti inn til Bretlands — nú kemur innan gæsalappa — „hjálpartæki ástarlífsins". Bresk yfirvöld töldu vörur af þessu tagi vera ósiðlegar eða klámfengnar og falla undir löggjöf sem bannar innflutning þess kyns varnings." (**ÓPP:** Hvar er heilbrrh.?) Hvar er heilbrrh.? Það er kannski ekki bara hann sem þyrfti að skoða þetta.

„Niðurstöður: Dómurinn vitnar til Henn og Darby-málsins (reifun nr. 3.3.7) og endurtekur meginregluna um að hverju aðildarríki sé í sjálfsvald sett að ákvarða hvaða reglum er fylgt um almennt siðferði innan lögsögu sinnar. Hins vegar teljist það eitt að tilteknar vörur valda hneykslun ekki nægilega alvarlegt til að réttlæta takmarkanir á frjálsum vöruflutningum. Engin viðurlög eða takmarkanir séu í gildi til að sporna við framleiðslu eða sölu sömu vöru í Bretlandi. Því geti yfirvöld ekki bannað innflutning varnings frá öðrum aðildarríkjum á grundvelli almenns siðferðis þegar í löggjöf innflutningsríkis eru engin ákvæði um bann við framleiðslu eða sölu sama varnings á eigin landsvæði."

Þetta mál, 121 frá 1985, sýnist mér ærið umhugsunarefni fyrir hæstv. ráðherra.

Ég nefni þetta til að gefa til kynna að það kennir margra grasa í þessu kveri og segir þetta kver þó ekki hálfa sögu, því bæði er það takmarkað sem valið er af málum og það er utanrrn. sem velur úr. Ég skal engan dóm leggja á það úrval út af fyrir sig. En ákvæði 6. gr. EES-samningsins er mjög ákvarðandi að því er snertir stöðu samningsaðila að Evrópsku efnahagssvæði gagnvart dómsuppkvaðningum Evrópudómstólsins fram á þennan dag og verður það auðvitað áframhaldandi því dómar sem falla á samningssviðinu verða ekki síður ákvarðandi fyrir þátttökuríkin þó þau kunni að geta reynt að verja sig með öryggisákvæðum í einhverjum tilvikum. Á það skal ég ekki leggja mat hér og nú.

En spurning mín til hæstv. utanrrh. var: Hver er staða á þýðingum þessa mikla dómasafns Evrópudómstólsins fram til þessa dags? Hvar er því verki komið á vegum utanrrn.?

Ég gat þess, virðulegur forseti, að ég teldi að þessi þáttur málsins hefði fram til þessa ekki fengið þá athygli sem hann verðskuldar vegna þess hversu gífurlega gildur hann er í þessu máli og hversu sterk staða Evrópudómstólsins er í sambandi við þessi efni. Hér er auðvitað heil fræðigrein á ferðinni og gífurlega stórt málasvið og ég efast um að íslensk stjórnvöld hafi gefið þessu þann gaum sem vert er. Það er verið að vinna í svona málum í norrænu samhengi og ég veit ekki hvort hæstv. utanrrh. hefur nýtt sér þann vettvang sem vert væri miðað við ætlan hans um að Ísland gerist aðili að EES. T.d. var 2.–3. nóv. sl. haldið sérstakt „seminar" á vegum „Nordic Council for Research on European Integration Law", eins og það heitir á enskunni, í Svíþjóð um þetta. Þar er ýmsan fróðleik að finna og væri út af fyrir sig vert að reifa sumt af því sem kom fram á þessu „seminari" hjá sérfræðingum einmitt varðandi réttarstöðuna. Tímans vegna ætla ég að spara mér það en minni á að fyrir liggja marghátt uð gögn um þetta efni þar sem menn hafa verið að reyna að lýsa inn í þetta. Ég er hér með svolítinn útdrátt úr þessu. Ég hafði áhuga á því að sækja þetta „seminar" en ég lagði ekki í að fara það á eigin vegum, jafnlítið og ég tengist lögfræðisviði. Hins vegar er þetta auðvitað afar gilt efni í samhengi og gildir þá einu hvort menn verða aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu eða ekki því auðvitað þurfum við að fylgjast með réttarþróun í Evrópu á sem flestum sviðum. Ég held það hafi verið mjög fátt um Íslendinga á þessum vettvangi í Svíþjóð, því miður.

Þá skal ég, virðulegur forseti, fara að huga að því að ljúka minni ræðu við þessa umræðu þó mjög langt sé frá því að það sé tæmt sem ég hefði viljað ræða um. Ég vil aðeins koma að því undir lok míns máls að það er hörmulegt til þess að vita að við Íslendingar skulum vera í þeirri stöðu að knúið er á um aðild landsins að Evrópsku efnahagssvæði og búið að gera það um árabil en sáralítil vinna hefur verið lögð í að kanna stöðu okkar utan þessa svæðis. Þá á ég við sáralitla vinnu af stjórnvalda hálfu. Ég tel það einn mestan ljóð á í sambandi við þetta mál og málsmeðferð alla hversu lítið hefur verið sinnt því sjálfsagða verki að huga að stöðu Íslands meðal þjóðanna utan þessa svæðis og viðskiptahagsmunum okkar og öðrum tengslum óháð því hvort EES verður að veruleika eða ekki.

Hver væri staða stjórnvalda hér á landi ef þetta mál færi á þann veg sem æskilegast væri, að það sigldi í strand? Þá hefðu menn að baki þrjú ár, bráðum fjögur, frá því að farið var að leggja meginkraft í þetta eina efni og það er búið að taka upp krafta Stjórnarráðsins og að verulegu leyti Alþingis Íslendinga á sama tíma án þess að menn hafi verið að hyggja að hinu. Hvað ef þetta gengur ekki upp? Ef þetta verður ekki að veruleika? Þessi vanræksla er auðvitað stórkostlega alvarlegt efni og það þrönga sjónarhorn sem tengsl okkar út á við eru lögð undir.

Ég nefni í þessu samhengi, virðulegi forseti, að á

fundi í utanrmn. Alþingis, þar sem ég átti sæti árið 1989 og reyndar um margra ára skeið, daginn sem hæstv. forsrh. og utanrrh. héldu til fundarins í Ósló, gerði ég bókun sem ég hef vitnað til áður í þessum umræðum þar sem ég réði hæstv. forsrh. frá því að leggja nafn sitt undir þessa yfirlýsingu og leggja upp í þessa ferð. Þar flutti ég tillögu um víðtæka athugun á viðskiptalegum hagsmunum Íslands. Hún hlaut ekki byr í utanrmn. en er þar í málsgögnum og má kannski rifja hana upp, með leyfi forseta:

„Utanrmn. telur miklu skipta að sem best samstarf geti haldist innan EFTA sem fríverslunarsamtaka og í samskiptum EFTA-ríkjanna og Íslands við Evrópubandalagið. Nefndin telur hins vegar að margt af því sem nú er á döfinni í samskiptum EFTA og EB þurfi mun nánari athugunar við áður en Ísland geti tekið til þess afstöðu. Það er álit nefndarinnar að jafnhliða eigi að kanna alla möguleika á viðskiptum Íslands við önnur svæði og ríki þar sem um gagnkvæma hagsmuni getur verið að ræða. Í því sambandi bendir nefndin sérstaklega á hugsanlega fríverslunarsamninga við Bandaríkin og Kanada, aukin viðskiptaleg tengsl við Austur-Evrópu og lönd í Austur-Asíu og Suður-Ameríku.

Utanrmn. skorar á ríkisstjórn og Alþingi að tryggja að þegar í stað verði hafin markvissari vinna en verið hefur til að leiða í ljós þá kosti sem þjóðin á besta í utanríkisviðskiptum. Með öflugu starfi að þessum málum á að vera unnt á næstu missirum að draga upp skýra mynd af viðskiptalegum hagsmunum landsins í víðu samhengi og opna nýjar leiðir í þeim efnum."

Þetta var tillagan sem ég flutti í utanrmn. 13. mars 1989. Efni hennar tel ég vera í fullu gildi. Ég hef síðan reynt að líta á einstök atriði þessa máls og minnt á þörfina á því að skoða sviðið undir allt öðru og víðara sjónarhorni en gert er með þessum samningi. Ég get í því sambandi vísað til sérálit míns sem fulltrúa Alþb. í Evrópustefnunefnd vorið 1990, þar sem ég gerði grein fyrir öðrum kostum og sýn minni til þessara mála, hvernig ætti að halda á þessum málum og hver væri hinn kosturinn. Það er oft verið að spyrja: Hvað ef ekki EES? og segja: Það eru engar tillögur um það. Ég bið menn um að kynna sér það sem í álitinu stendur varðandi möguleika Íslands utan slíkra efnahagsheilda og bindandi bandalaga eins og hér er um að ræða.

Ég er alveg sannfærður um að sú tillaga sem hér liggur fyrir og það frv. til lögfestingar á samningi, sem raunar er enginn samningur enn sem komið er til fullgildingar, er ekki hin farsæla leið fyrir Ísland, hvorki í pólitískum skilningi máls né í efnahagslegu samhengi þó að látið sé að því liggja að í gegnum þennan samning verði okkur best séð farborða í efnahagslegu tilliti. Svo er því miður ekki. Aðild Íslands að þessum samningi mun leiða til þess að staða þjóðarinnar í samfélagi annarra þjóða fer stórlega versnandi hvað snertir pólitíska stöðu landsins, sjálfstæði landsins og möguleika okkar á því að halda utan um hagsmuni okkar í víðtæku samhengi og auðlindir landsins og einnig að því er snertir efnahag okkar og möguleika á að halda fólki í landinu til lengri tíma litið. Eftir mun standa fátækara og fámennara Ísland að nokkrum tíma liðnum.

Þessi samningur mun ekki breyta öllu í vetfangi. Hann mun ekki breyta því að Íslendingar munu að sjálfsögðu takast á um þessi efni nú og í framtíðinni því að við tekur, ef samningur þessi gengur fram á Alþingi og Íslendingar verða aðilar að Evrópsku efnahagssvæði, samfellt samningaþóf við Evrópubandalagið undir hatti þessa samnings. Það verða því nóg tilefni á Alþingi til að takast á um þetta mál svo ekki þurfi að minna á hitt sem er við sjóndeildarhringinn í höfði þeirra manna sem bera þennan samning fram, þ.e. hugmyndirnar um aðild Íslands að Evrópubandalaginu. Það mun skemmra undan að þær tillögur líti dagsins ljós en marga grunar og látið er að liggja. Ég hef nefnt hér að það kæmi ekki á óvart þó það yrði eitt aðalmál komandi alþingiskosninga, hvort sem þær verða við lok kjörtímabilsins eða fyrr.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Austurl. spurði mig um hugmynd að bréfi sem vitnað er til í meirihlutaáliti utanrmn. Það er rétt að það hefur verið rætt í ríkisstjórn að nú þegar ákveðin tímamót hafa orðið varðandi afstöðu annars vegar EFTA-ríkja til EES-samningsins og hins vegar þau tímamót að fjölmörg EFTA-ríki hafa ákveðið að sækja um og hafa þegar afhent umsögn að Evrópubandalaginu væri eðlilegt að Ísland óskaði eftir beinum viðræðum við Evópubandalagið um hvernig stöðu Íslands skyldi hagað í framtíðinni þegar og ef slíkar aðildarumsóknir þorra EFTA-ríkja hefðu verið samþykktar af þeim löndum og af Evópubandalaginu. Ég geri þá ráð fyrir að slíkt bréf verði sent fljótlega eftir að afgreiðslu þessa máls verður lokið í þinginu.

Vegna þess sem þingmaðurinn vitnaði í lögmanninn Ragnar Aðalsteinsson áðan þá tel ég að sumt af því sem þar kom fram hafi kannski ekki verið mjög vel grundað og a.m.k. oftúlkað af hálfu hv. þm. Þegar það er nefnt að dómstólar mundu ekki taka hráa þýðingu lögmanna er auðvitað gert ráð fyrir því að ef lögmenn vitna til sérstakra atriða þá leggi þeir fram þýðingar af hálfu löggiltra dómtúlka um þau atriði. Ég tel að ályktanirnar sem dregnar voru af þessum efnum hafi verið allt of víðtækar.

Hv. þm. hefur höfðað til samvisku manna, ekki síst samvisku ákveðinna hv. framsóknarmanna sem hér hafa tjáð sig fyrr. En ég velti fyrir mér: Gætirðu ekki hugsað til þinnar eigin samvisku, hv. þm.? Vegna þess að þegar þessi för var farin, sem hv. þm. segist hafa varað við með bókun, studdi hann þá ríkisstjórn. Hún stóð tæpt að meiri hluta til og hefði þessi þingmaður þá hætt stuðningi við stjórnina vegna þessa mikla máls, sem hann telur og félagar hans í Alþb. sem nú virðast vera sammála honum, er ekki víst að það mál hefði haft þann tveggja ára aðdraganda í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem það hafði. Hv. þm. getur því horft til sinnar eigin samvisku hvað það varðar.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er fróðlegt að heyra svar hæstv. forsrh. Ég þakka honum fyrir að bregðast við. Það liggur fyrir að bréfið hefur ekki verið sent. Bréfið liggur ekki efnislega fyrir skilst mér enn sem komið er. Ráðgert er hins vegar, ef samningur um EES verður afgreiddur frá Alþingi einhvern tímann, að senda þetta bréf. Ég hafði skilið það öðruvísi í áliti meiri hluta utanrmn. að slík ætti að verða málsmeðferðin og þvert á móti hafi verið hugur þeirra sem voru að kalla eftir þessu bréfi, því ég hygg að hugmyndin sé ekki komin frá forsrh. sjálfum heldur utan að, að reyna að fá lýst inn í þetta samhengi áður en til afgreiðslu kæmi á samningnum. Vegna þess að menn væru að velta fyrir sér hver staðan yrði ef þessi yrði þróunin. Mér sýnist að úr þessu verði ekki það huggunarbréf sem ég var að láta liggja að að sumir hv. þm. hefðu ætlað að fá með þessu erindi og hafa verið að gera því skóna að þetta geti runnið bærilega saman við að EES yrði slegið af vegna þess að Ísland stæði eitt eftir og við tæki tvíhliða samningur við Evópubandalagið. Um það hef ég þegar fjallað og tel það ekki þróun sem sé líkleg til að ganga upp í einu vetfangi eða eftir óskum okkar Íslendinga eina saman.

Hæstv. forsrh. nefndi 6. gr. og dóma Evópubandalagsins og spurninguna hvort þeir eigi og verði að liggja fyrir þýddir. Ég vitnaði beint í ummæli viðkomandi hæstaréttarlögmanns í því sambandi og túlkaði málið ekkert umfram það. Ég studdi mitt mál við þá tilvitnun og skal ekki leggja á hana mat.

Síðan að lokum, virðulegur forseti, varðandi mína afstöðu til ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og þessa máls skal á það minnt að umræður um EES-samninginn voru ekki komnar af stað þegar sú ríkisstjórn var mynduð. Það lá ekkert fyrir um það að fall þeirrar ríkisstjórnar mundi stöðva þetta mál nema síður væri því m.a. höfðu talsmenn Sjálfstfl. og þáverandi formaður flokksins lýst því yfir að hann stæði heill að baki þeirra samningaviðræðna sem þá voru í gangi.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég var ekki að gera því skóna að sú ríkisstjórn hefði endilega fallið þó hv. þm. hefði lýst því yfir að hann mundi ekki styðja hana gengi málið fram. Ég tel að innan þeirrar ríkisstjórnar, eins og til hennar var stofnað, hefði verið gríðarlegur þrýstingur innan stjórnarflokkana sem þá sátu að sitja áfram og menn hefðu frekar fallið frá málinu en að ríkisstjórnin félli. Ég tel því hv. þm. hefði kannski haft þetta í hendi sinni. Og þar sem hann hefur túlkað þetta mál sem eitt af allra stærstu málum þjóðarinnar þá tel ég að hann og hans félagar hefðu á þessum tveimur árum átt að láta á þetta reyna. En hann sat sem sagt og studdi nær allar gerðir þeirrar ríkisstjórnar meðan allur þessi undirbúningur fór fram. Það hefur komið hér fram í ræðum til að mynda allmargra hv. þm. Framsfl. að nánast öllum meginþáttum málsins hafi verið lokið þegar núv. hæstv. ríkisstjórn tók við stjórnartaumum í landinu.

Ég er í sjálfu sér ekki að efast um heilindi hv. þm. en ég tel að þarna hafi hann glatað því besta tækifæri sem hann hafði til að stöðva þetta mál ef vilji hans hefði verið ríkur og staðið til þess.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. forsrh. ætlar mér allnokkurn hlut. Það er rétt hjá hæstv. forsrh. að ég lýsti andstöðu minni við þetta mál og hvernig það var rekið í tíð fyrri ríkisstjórnar og dró ekkert af mér í þeim efnum. Það liggur fyrir skjalfest í mörgum greinum og þingræðum hvernig mín afstaða var þá. Á Alþingi var flutt tillaga að vantrausti á ríkisstjórnina, líklega í desember 1990, borin fram af Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu þá. Það var m.a. verið að kalla eftir mínu áliti í því efni. Ég er sannfærður um að þó ég hefði lagst gegn ríkisstjórninni í atkvæðagreiðsu um vantrauststillöguna, sem ég gerði ekki, ég hélt áfram stuðningi við ríkisstjórnina þrátt fyrir þessa málsmeðferð, hefði það ekki breytt því að málið hefði haldið áfram. Ég skal ekkert segja um ríkisstjórnina og hvað hefði gerst í sambandi við hennar stöðu. En það lá fyrir m.a. í þingræðum, sem ég hef þegar vitnað til, í þinginu á árinu 1989 að Sjálfstfl. studdi málsmeðferð hæstv. utanrrh. með ráðum og dáð. Og þó hluti þingmanna flokksins væri mjög hikandi og með heitingar um að taka upp tvíhliða viðræður við Evópubandalagið og hv. 4. þm. Reykv. bæri fram tillögu ásamt fleiri þingmönnum, þar á meðal úr Kvennalista, um að taka upp tvíhliða viðræður á afmörkuðu sviði þá var hitt alveg jafnljóst að Sjálfstfl. studdi með ráðum og dáð þessa samningsgerð og yfirlýsingar Þorsteins Pálssonar, m.a. í þingræðu 27. nóv. 1989, bera þessu glöggt vitni.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Austurl. beindi tveimur spurningum til mín. Í fyrsta lagi hvar væri komið þýðingum á eldri dómsúrskurðum Evópubandalagsins. En hv. þm. skemmti okkur um hríð með því að lesa upp úr dómareifunarbók sem honum hefur verið afhent ásamt öðrum hv. þm. af hálfu utanrrn. sem varðar þá skilgreiningu að væru hinir helstu af þessum fyrrverandi dómum.

Svarið er einfalt: Þessir dómar hafa ekkert lagagildi. Þeir eru ekki partur af EES-samningnum. Þeir eru ekkert annað en lögskýringargögn. Engin önnur EFTA-þjóð hefur látið þýða þá né hugsað sér að gera það eftir því sem mér er tjáð og þess eru dæmi að aðildarþjóðir Evópubandalagsins sjálfs hafi ekki gert það heldur. Þannig er því haldið fram að hvorki Grikkir né Danir hafi látið þýða þessa dóma aftur í tímann. Það að taka þessa elstu dóma saman og gera þá aðgengilega, eins og þar er víðast hvar gert með vísan til fræðirita, í þessu efni höfum við gert meira en jafnvel ýmsar aðildarþjóðir Evópubandalagsins.

Í annan stað varpaði hv. þm. fram þeirri spurningu hver væri staða málsins núna. Það liggur ljóst fyrir hvert er mat hv. þm. og annarra talsmanna stjórnarandstöðunnar. Þeir hafa haldið því fram að eftir að

Sviss heltist úr lestinni sé málið dautt. Þeir hafa haldið því fram að það staðfestingarfrumvarp sem fyrir liggur sé ekki þingtækt og þeir hafa haldið því fram að það séu engin áform uppi um ríkjaráðstefnu og ekkert liggi á að afgreiða málið.

Kjarni málsins er þessi: Hvenær mun takast samstaða um efni og form þeirrar viðbótarbókunar sem þarf til að bregðast við brottfalli Sviss? Lagasérfræðingar beggja aðila hafa komið saman til að setja það saman. Áformað er að aðalsamningamenn beggja aðila hittist þann 14. og að framkvæmdastjórn hittist þann 15. jan. þar sem hún hefur í hyggju að skila tillögum sínum til Evópubandalagsins um innihald þeirrar bókunar. Af því leiðir að fyrir þann tíma þarf að liggja ljóst fyrir hvaða EFTA-ríki verða með. Það er annað mál en með Evópubandalagið af þeirri einföldu ástæðu að það er framkvæmdastjórnin og Evrópuþingið sem staðfesta af hálfu Evópubandalagsins en EFTA megin verður það einfaldlega að liggja fyrir hvort fleiri EFTA-þjóðir fyrir utan Sviss munu heltast úr lestinni.

Það er staða málsins eins og hún blasir við okkur nú. Það er þess vegna sem nauðsyn ber til að Alþingi Íslendinga taki af skarið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hlýtur að ítreka að menn reyni að halda sig við þær tvær leyfilegu mínútur sem andsvar er byggt á. Þar gerir forseti engan mannamun hvort í hlut eiga hæstv. ráðherrar eða hv. þm.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég bar fram fleiri fyrirspurnir til hæstv. ráðherra en hann vék að hér. Ég spurði hann hvort það væri hans ásetingur að keyra þetta mál til staðfestingar á þessum samningi sem leiðir það af sér að forseti lýðveldisins fær í hendur til staðfestingar innan 14 daga frá samþykkt slíkra laga frv. til staðfestingar, lög sem eru í raun efnisleg markleysa.

Ætlar hæstv. utanrrh. að ganga þannig fram gagnvart stjórnarskrá landsins og því sem um er fjallað í 26. gr. stjórnarskrárinnar? Ég vara við að svo sé gert.

Í öðru lagi spurði ég hæstv. ráðherra varðandi þróunarsjóðinn og hvernig EFTA-ríkin — ég spurði nákvæmlega að því hvernig EFTA-ríkin stæðu þar að máli gagnvart framkvæmdastjórninni, hverjar tillögur þeirra væru og hvernig lægju þær tillögur um endurskoðun á sjóðnum fyrir. Því það hefur verið greint frá því að EFTA-ríkin vilja fá endurskoðun á þessu atriði. Því var ekki svarað.

Varðandi svörin þá segir hæstv. utanrrh. að það sé sitt sjónarmið að það þurfi ekki að þýða niðurstöður dóma Evrópudómstólsins, sbr. 6. gr. samningsins. Ég er honum ósammála að þessu leyti. Ég tel að það gangi ekki að þessir dómar liggi ekki fyrir í opinberri viðurkenndri þýðingu. Ég vitna til þeirra ummæla Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns enn og aftur þar sem hann segir, svo ég grípi niður í það sem ég hef áður vitnað til:

„Samkvæmt alveg ljósum fyrirmælum íslenskra laga er dómsorð íslenska og það verður að vitna til þessarar réttarheimildar á íslensku og dómstólarnir munu ekki taka við lélegum þýðingum og óljósum okkar lögmanna heldur krefjast þess að við vitnum í réttarheimildir á dómsmálinu. Þess vegna eru þessar réttarheimildir ekki fram komnar og það er óhjákvæmilegt að þær verði lagðar fyrir Alþingi áður en afstaða verður tekin til samningsins."

Þetta er tilvitnun í hæstaréttarlögmanninn. Og varðandi stöðu málsins mætti kannski einhverju síðar bæta.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Svarið við fyrstu spurningu hv. þm. er einfalt. Það er já. Þetta staðfestingarfrv. ef að lögum verður er engin markleysa. Það hefur verið leitað álits lagasérfræðinga á því. Forseti Alþingis hefur kveðið upp sinn úrskurð í því efni og við höfum hliðstæður sem ég hef vísað til áður varðandi staðfestingu forseta Finnlands á óbreyttu staðfestingarfrv. og þjóðaratkvæðagreiðslunni í Liechtenstein.

Önnur spurning var um afstöðu EFTA-ríkjanna varðandi þróunarsjóðinn. Hún liggur fyrir. Af hálfu EFTA-ríkjanna hefur verið sett fram sú krafa að heildarframlagið verði lækkað um sem svarar framlagi Sviss. Af hálfu framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins hefur verið tekið undir það sjónarmið. Það er ein ástæða þess að mikilvægt er að lúka málinu og hafa það ekki opið að það auðveldar þessa niðurstöðu því ella bjóðum við þeirri hættu heim að kröfugerðarþjóðir, eins og t.d. Spánn, geti með þeim rökum að málið sé enn opið haldið kröfum sínum til streitu.

Af því að hv. þm. nefndi dómareifanirnar er rétt að bæta því við að það er með öðrum orðum ekki okkar áform að þýða þessar dómareifanir með vísan til þeirra raka sem ég flutti áðan. Hins vegar er unnið að því að gera það dómareifunarrit sem hv. þm. vitnaði til sjálfur fyllra og gefa það út í endanlegri útgáfu á næstu vikum þannig að það geti verið lögmönnum, dómurum og laganemum bæði til gagns og skemmtunar.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna afstöðu hæstv. utanrrh. til staðfestingar á lögum ef þetta mál verður að lögum og vísunar hans til staðfestingar af Finna hálfu og þjóðaratkvæðagreiðslu í Liechtenstein þá tel ég að það varði málið harla lítið og að hæstv. ráðherra ætti að hafa burði til að meta það mál sjálfstætt með tilliti til íslensku stjórnarskrárinnar og stöðu málsins. Þó Finnlandsforseti staðfesti lög sem höfðu verið samþykkt af hálfu finnska þingsins fyrir atkvæðagreiðsluna í Sviss þá kann að vera, ég hef ekki kannað það, að hann hafi þar verið að framfylgja lögbundnum stjórnarskrárbundnum ákvæðum. Ég held því að ekki þurfi að leggja neina djúpa merkingu í staðfestingu Finnlandsforseta á lögum sem finnski Ríkisdagurinn hafði afgreitt fyrir 6. des. 1992.

Í öðru lagi varðandi kröfuna um lækkun á fjármagni til þróunarsjóðsins þá hefur Spánn getað haldið við sjónarmið sitt alveg burt séð frá því hvort Ísland hefur einhvern vilja í því efni eða ekki. Ég sé

ekki að það breyti miklu um þá stöðu. Það hlýtur að vera opið eftir sem áður hjá ríkjum Evrópubandalagsins að standa á sínu. En ég sé ekki betur en að EFTA-ríkin séu í rauninni búin að fara fram á endurskoðun samningsins þó það liggi ekki formlega fyrir. Það breytir auðvitað engu hvort framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins tekur undir það. Það er ekki hún sem er ákvarðandi aðili hinum megin, það eru hin einstöku ríki sem hafa það mál í hendi sinni og því er þetta allt í vindinum hjá hæstv. ráðherra. Í sambandi við stöðu málsins að það sé nauðsynlegt, virðulegur forseti, að hafa afstöðu til samnings sem er ekki frágenginn þá eru það náttúrlega rök sem hefðu stundum verið kennd við hunda, þ.e. að halda slíku fram að það breyti málinu gagnvart samningsstöðunni í þeim samningum sem þurfa að fara fram hvort Alþingi Íslendinga hefði afgreitt málið. Ég minni bara á að aðeins þrjú ríki Evrópubandalagsins hafa afgreitt gamla samninginn sem hér er verið að ræða. Sum hafa dregið málið með formlegum hætti til baka eins og Spánn og önnur bíða.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. 2. umr. mun nú vera um það bil að ljúka. Hún er orðin nokkuð löng, það skal svo sannarlega játað. Ég held að ég hafi hlustað á svo til hvert einasta orð sem hér hefur verið sagt og ég tel þetta síður en svo ómerkilega umræðu. Það hefur að minnsta kosti farið þannig fyrir mér að ég hef verið með hugann við þetta mál og helst ekki annað mánuðum saman. Þetta hefur komið upp nokkrum sinnum með hléum og við höfum öll verið dæmd til þess að reyna að læra okkar lexíu og voru þó sumir náttúrlega búnir að vera í þessum skóla í æðimörg ár og þá kannski ekki síst ég. Ég held að ekki sé ástæða til þess að harma að þetta mál hafi verið talsvert mikið rætt. Enda er það satt og sagt af öllum eða flestum talið að þetta sé langstærsta mál sem við Íslendingar höfum þurft að kljást við í áratugi. Ég held að ég hafi ekki heyrt neinn segja annað. Hvort sem menn eru sammála einu eða öðru í þessum málum þá eru þeir sammála um að málið sé veigamikið og gífurlega mikilvægt fyrir alla framtíð þjóðarinnar og ekki aðeins næstu árin heldur miklu lengur. Það er alveg ljóst í mínum huga.

Stundum hefur gengið dálítið erfiðlega að fá skýr svör hjá hæstv. utanrrh. eins og raunar núna þegar erfitt er að svara því hvenær raunverulega þurfi að taka einhverjar nýjar ákvarðanir í þessum málum. Ég get ekki séð að hann hafi svarað einu eða neinu í því skilmerkilega. Það eru a.m.k. mánuðir þangað til nokkra ákvörðun þarf að taka og það er af hinu góða. Ráðherrann ætti auðvitað að fagna því með okkur hinum að við fáum svigrúm til að reyna sættir í þessu máli og reyna að skoða stöðu okkar og annarra þannig að vel farnist. Þess vegna fagna ég því auðvitað mjög að alveg ljóst er að það getur ekki orðið um neina nauðsyn að ræða að við segjum nokkurn skapaðan hlut um málið a.m.k. þennan mánuðinn og ekki næsta eða þarnæsta. Ráðherra hefur líka haft ágæta menn í störfum fyrir sig og utanrmn. tilnefndi svo aðra fagmenn. Allt hefur þetta verið margrætt. Ég vil sérstaklega spyrja hæstv. ráðherra hvort Gunnar G. Schram sem var og er í fjórmenninganefndinni sé enn þá ráðgjafi ráðherrans og þeir þrír aðrir í fjórmenninganefndinni sem voru skipaðir á sínum tíma. Er Gunnar G. Schram ekki enn þá starfandi að þessum málum í umboði ráðherra? — Er hann hættur? Hann var í þessari nefnd. (**Utanrrh.:** Hann var í nefnd.)

Gunnar G. Schram hefur í sjónvarpsþætti 8. jan. 1991 sent frá sér sjónarmið, sem ég ætla að sjálfsögðu ekki að láta ráðherrann bera ábyrgð á en þau eru þess eðlis að maður getur kannski skilið vilja annarra manna að hugsa eitthvað á annan veg en þessi fræðimaður gerir en ég held að það sé alveg nauðsynlegt, með leyfi forseta, að lesa örlítið úr þessu útvarpsviðtali. Útskriftin er komin frá Ríkisútvarpinu og er eins og ég sagði upptaka úr sjónvarpi 8. jan. 1991. Það er Gunnar G. Schram sem talar. Umræðan er að sjálfsögðu um Evrópumálin: „Það verður um að ræða mjög víðtækt framsal ríkisvalds.“ — ef við ánetjumst Evrópska efnahagssvæðinu — „það verður um að ræða mjög víðtækt framsal ríkisvalds og raunar hvort sem við gerumst aðilar að efnahagssvæðinu evrópska, sem nú er helst talað um, eða ef við gerumst aðilar, fullgildir aðilar að EB, Evrópubandalaginu.“ Það verður framsal ríkisvalds, hve mikið er ekki rætt enn þá.

„Í báðum tilfellunum verður þá að fylgja veruleg takmörkun eða framsal, það er kannski betra eða skiljanlegra að kalla þetta takmörkun, á fullveldi landsins og þá sjálfsforræði. Og ég held að Íslendingar almennt hafi ekkert áttað sig á því að það er svo, hvað hér hangi raunverulega mikið á spýtunni að þessu leyti. Ef við tökum sem dæmi lögin, að jafnvel þó við gerumst bara aðilar að þessu Evrópska efnahagssvæði þá verðum við að lögtaka rétt eða lagasafn Evrópubandalagsins. Og það er nú engin smáræðis lagatexti. Hann er upp á 11.000 síður eða fjórum sinnum meiri að vöxtum heldur en allt íslenska lagasafnið.“ Þetta segir Gunnar G. Schram prófessor og einn af þremur aðaltrúnaðarmönnum hæstv. utanrrh. í þessum málum. Gunnar heldur áfram:

„Nú, það er unnið hér dag og nótt við að þýða þessi lög Evrópubandalagsins vegna þess að við verðum að samþykkja þau. Og það verður þá að gerast væntanlega á næstu einu eða tveimur missirum. Þannig að það sýnir að þarna tökum við erlend lög og gerum þau á einu bretti, mjög umfangsmikil, að íslenskum lögum. Annað dæmi er það að íslenska dómsvaldið verður náttúrlega miklum mun takmarkaðra á þeim sviðum sem Evrópubandalagið tekur til, þ.e. á sviði efnahags- og viðskiptamála, verslunar, tolla, umhverfis- og félagsmála o.s.frv. Evrópudómstóllinn í Lúxemborg verður í öllum þessum málaflokkum æðsti dómstóll Íslands.“ Ég endurtek því ég held að menn þurfi að heyra þetta tvisvar eða þrisvar: Evrópudómstóllinn í Evrópu verður í öllum þessum málaflokkum æðsti dómstóll Íslands, ekki lengur Hæstiréttur eða aðrir íslenskir dómstólar. Þó kemur hér: „Hæstiréttur er náttúrlega æðsti dómstóllinn. Íslendingar geta skotið máli sínu til þessa Evrópudómstóls og lög Evrópubandalagsins ganga fyr-

ir íslenskum lögum, þau eru rétthærri ef þarna er ósamræmi á milli. Meira að segja geta lög Evrópubandalagsins vikið til hliðar stjórnarskrá Íslands eins og annarra ríkja. Um það dæmir þessi dómstóll bandalagsins sem situr í Lúxemborg en ekki Hæstiréttur."

Þetta er ekki búið þó nóg sé nú komið til þess að allir alþingismenn ættu að vakna og sjá að þeir geta ekki greitt atkvæði með því að brjóta stjórnarskrána á bak aftur þannig að ekkert standi eftir af henni. Það er það sem verið er að boða og þetta er árið 1991 í janúarmánuði, fyrir tveimur árum. „Aðild að efnahagssvæðinu, þ.e. það sem talað er um nú sem næsta skref fyrir Norðurlöndin, fyrir EFTA-ríkin, er að mörgu leyti áþekk aðild að Evrópubandalaginu sjálfu. Á því er ekki neinn eðlismunur heldur aðeins stigsmunur. Munurinn er hins vegar fyrst og fremst sá að EFTA-ríkin og aðildarríkin að þessu svæði koma ekki til með að geta haft nein áhrif á ákvörðunartöku Evrópubandalagsins. En þau verða að undirgangast þessar takmarkanir á fullveldinu engu að síður. Og að því leyti til er hagur þeirra verri sem þátttakendur í efnahagssvæðinu en ef þeir væru fullgildir meðlimir bandalagsins vegna þess að það eiga þau þó, hvert ríki, eitt atkvæði af — ja, í dag af tólf, eða eitt atkvæði af sextán þegar fram í sækir. Enda hafa menn nú litið á efnahagssvæðið sem eins konar biðsal eða millispil í þessari stóru sinfóníu."

Ég held að þetta sé nærri nóg fyrir þingmenn og helst þyrfti öll þjóðin að heyra þetta. Undir þessum formerkjum hefur verið starfað í tvö ár. Vitandi vits að það eigi að vera að brjóta niður öll ákvæði stjórnarskrárinnar íslensku í bókstaflegri merkingu, allt saman í bak og fyrir. Undir þessum formerkjum og þessu leiðarljósi starfar hæstv. ráðherra og hefur gert. Ég ætla ekki að ræða þetta öllu lengur. Þetta skilur hver einasti Íslendingur, hvert mannsbarn. Og um brot á stjórnarskránni, inntak 2. gr. stjórarskrárinnar, að það sé einhver maður hér inni sem ekki viti hvað það þýðir? Það þýðir að ekki einu sinni sé hægt að flytja tíunda part af því sem boðað er að sé þegar að koma til útlandanna stóru, mundu krakkarnir syngja. Það er kominn tími til þess að við hættum þessari vitleysu. Við getum lokið umræðunni og síðan eigum við að setjast niður, hægja á okkur og hugsa hvert við erum að fara. Við þurfum að minnsta kosti að fá gleggri svör og gleggri ráð en þessi eru. Þau eru að vísu tveggja ára gömul en ég held nú frekar að vald þessa „batterís" hafi vaxið á þessum tveimur árum en hið gagnstæða þannig að þetta verður kannski enn þá svartara ef svart getur orðið svartara.

En mergurinn málsins er sá að ég fyrir mína parta hef ekkert við það að athuga að málið geti gengið til 3. umr. Það væri eðlilegast og ég athuga það kannski fram eftir deginum hvort það ætti hreinlega að greiða atkvæði með því að hafna því að málið fari yfirleitt nokkuð lengra. En ég held að það geti verið að meinalausu að menn láti það liggja á milli hluta því að þá getur málið allt við 3. umr. verið tekið upp og vonandi með góðu samstarfi við a.m.k. hæstv. utanrrh. Ég orðaði reyndar það í gær, ég held að það hafi verið við hæstv. forsrh., að hann tæki beinlínis að sér forustu um það að allir flokkar reyndu að ræða saman og reyndu að koma einhverri vitglóru í þennan óskapnað sem er á ferðinni. A.m.k. er ég fús til að leggja mitt litla lóð á þá vogaskál að menn geti sett niður deilur og náð efnislegri niðurstöðu á einhvern annan veg en þann að allt fullveldi Íslands meira og minna sé fyrir bí. Það má nú ekki segja þetta í lok ræðunnar með þessum hætti. En að því sé hætt fullveldi landsins og þá auðvitað til frambúðar en ekki tímabundið. Það getum við sem höfum svarið eið að stjórnarskránni ekki gert og það gerir vonandi enginn.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Reykv. vitnaði í tveggja ára gömul ummæli sem Gunnar G. Schram stjórnlagaprófessor mun hafa látið falla í frægum sjónvarpsþætti hjá Ingimar Ingimarssyni. Í framhaldi af því spurði hv. þm. hvort umræddur lagaprófessor væri eða hefði verið ráðgjafi minn og hvort þessi ummæli væru á mína ábyrgð.

Svörin eru þessi: Hv. stjórnlagaprófessor var ekki ráðgjafi minn á þessum tíma. Í þessum sjónvarpsþætti voru þrjár reginfirrurnar sem þar komu fram bornar til baka sameiginlega af þremur mönnum. Þáv. hæstv. forsrh., Steingrími Hermannssyni og þáv. hæstv. fjmrh. Ólafi Ragnari Grímssyni auk þess sem hér stendur. En allir þrír andmæltum við mjög harkalega rangtúlkunum sem fram komu í þessum ummælum og bárum þær til baka.

Í annan stað. Umræddur prófessor var ekki ráðgjafi minn á þessum tíma og var það út af fyrir sig heldur ekki síðar. Hins vegar er þess að geta að hann er einn þeirra fjögurra manna, sjálfstæðu fræðimanna, sem tilnefndir voru í nefnd til þess að svara mjög einfaldri spurningu: Hvort EES-samningurinn samræmdist íslensku stjórnarskránni. Þessir fjórir lagasérfræðingar voru allir sammála í svörum sínum við því. Þeir komust að þeirri niðurstöðu að EES-samningurinn stæðist fullkomlega stjórnarskrána. Þannig að það fer þá ekki milli mála að umræddur prófessor hefur dregið til baka þau sjónarmið sem hann reifaði í þesum þætti.

Þriðja atriðið, hv. þm., var þetta: Þingmaðurinn sagði eitthvað á þá leið að hann skyldi ekki hvaða nauður ræki til að hraða málinu. Ég mun nú vera búinn að svara því einum þrisvar sinnum hér að undanförnu og svarið er ákaflega einfalt. Við stöndum frammi fyrir því að eiga aðild að viðbótarbókun sem tekur á því hvert verði framhald samningsins eftir brottfall Sviss. Að því er stefnt að efni og form þessarar viðbótarbókunar liggi fyrir nú um miðjan mánuðinn. Hafi Alþingi Íslendinga ekki afgreitt málið þá vekur það upp spurningu um hvort Alþingi Íslendinga eða hvort Ísland ætli sér nokkra aðild að eiga að þessum samningi. Það er eins skýrt eins og verið getur. Að sjálfsögðu getur sá sem hér stendur ekkert fullyrt að það samkomulag takist á þessum fundi. En það verður látið reyna. Og að því er varðar EFTA-hliðina þá er

ein spurning sem er ósvarað: Verður Ísland með eða ekki?

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggur í augum uppi að ummæli hæstv. utanrrh. hafa mjög glatt mig. Ég var að vona einmitt að hann tæki þó af skarið um það að ekki væru nú allar bjargir bannaðar, það væri bókstaflega búið að fara með okkur austur fyrir tjaldið, núverandi tjaldið, þetta Brussel-tjald. Það telur hann ekki vera. Þess vegna muni þetta plagg ekki gilda héðan í frá alla vega hvað sem innihald þess hefur nú áhrifað þegar þessi orð voru sögð og af trúnaðarmanni sem við vitum um. Ég þarf þess vegna ekki að segja meira um þetta. Hitt er alveg ljóst að burt séð frá þessu skjali sem nú fyrst sér dagsins ljós þá var það alveg ljóst og er ljóst að það er ekki hægt að staðfesta EES-samninginn nema þverbrjóta stjórnarskrá landsins, það er ekki nokkur leið. Það getur þess vegna enginn alþingismaður ef hann vill ekki brjóta sín heit greitt atkvæði með þessu frv. eins og það nú er. Hann getur ekki lögfest það. Það er hægt að vísa því til 3. umr., það er ekki lögbrot, það hef ég kynnt mér rækilega, það geta menn gert, og þá ræðst það hverjir vilja taka þátt í því og hverjir vilja fella málið strax. En að greiða atkvæði með því í lokaafgreiðslu er að taka þátt í stjórnarskrárbroti, það er ljóst. Svo alvarlegt er nú málið.

Við Íslendingar erum aðvitað umburðarlyndir hver við annan og mundum sjálfsagt geta fyrirgefið alla slíka hluti en það er ekki til gæfu að stefna málinu í slíkt óefni. Og þess vegna endurtek ég: Gefum okkur nokkra daga eða nokkurra vikna hlé og reynum að komast að samkomulagi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Það hefur borist beiðni um utandagskrárumræðu kl. 15.30 í dag. Það er hv. 4. þm. Norðurl. e. sem hefur óskað eftir umræðunni. Hann óskar að ræða um brottvísun Palestínumanna af hernumdu svæðunum í Ísrael. Þessi umræða fer fram samkvæmt fyrri málsgr. 50. gr. þingskapa og stendur því í hálfa klukkustund.

Samningar við EB um fiskveiðimál, síðari umr.

Stjtill., 275. mál. — Þskj. 375, nál. 549 og 579.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hluta utanrmn. sem birt er á þskj. 549 og fjallar um till. til þál. um staðfestingu samninga við Efnahagsbandalag Evrópu um fiskveiðimál og lífríki hafsins.

Till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd:

1. Samning í formi erindaskipta milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um fiskveiðimál sem gerður var í Óportó 2. maí 1992.

2. Samning um fiskveiðimál og lífríki hafsins milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu sem gerður var í Brussel 27. nóvember 1992."

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um samninga þessa og leggur meiri hluti nefndarinnar til að þeir verði staðfestir af Alþingi eins og færð eru rök fyrir í nefndarálitinu sem ég les nú, með leyfi forseta:

„Allt frá því að viðræður hófust 1976 milli Íslands og Evrópubandalagsins (EB) um samstarfssamning um fiskveiðimál hefur utanríkismálanefnd fylgst með þessum viðræðum á ýmsum stigum málsins. Umfjöllun nefndarinnar um hugsanleg samskipti Íslands og EB á sviði fiskveiðimála hefur þó verið mest á sl. tveimur árum og tengist því að í samningaviðræðum EFTA og EB um Evrópska efnahagssvæðið lagði Evrópubandalagið mikla áherslu á að Ísland og EB gengju frá tvíhliða fiskveiðisamningi og leystu þannig jafnframt gamalt ágreiningsmál sitt.

Á fundi utanríkismálanefndar 20. júní 1991 kynntu utanríkis- og sjávarútvegsráðherra tillögur sem ræddar höfðu verið af fulltrúum Íslands og EB í tengslum við ráðherrafund EFTA og EB í Lúxemborg og fólu í sér gerð almenns rammasamnings um fiskveiðimál og samnings um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum. Á fundi nefndarinnar 22. október skýrðu utanríkis- og sjávarútvegsráðherra frá því að samkomulag hefði náðst við EB um að auk EES-samningsins yrðu gerðir tvíhliða samningar milli Íslands og EB um fiskveiðimál og gagnkvæm skipti á veiðiheimildum. Utanríkisráðherra skýrði nefndinni frá því 14. febrúar 1992 að fyrr þann sama dag hefðu fulltrúar Íslands og EB skipst á yfirlýsingum (erindaskiptum) um gerð samnings um fiskveiðimál er m.a. fæli í sér skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum. Á fundi nefndarinnar 16. nóvember 1992 kynnti utanríkisráðherra drög að samningum um fiskveiðimál milli Íslands og EB. Annars vegar var um að ræða samning í formi erindaskipta um fiskveiðimál (gagnkvæm skipti á veiðiheimildum) og hins vegar rammasamning um fiskveiðimál og lífríki hafsins. Þingsályktunartillaga um staðfestingu þessara samninga var síðan lögð fyrir Alþingi 30. nóvember 1992 og vísað formlega til utanríkismálanefndar 4. desember 1992. Á fundi sínum 7. desember 1992 ákvað utanríkismálanefnd að óska eftir umsögn sjávarútvegsnefndar þingsins um samningana. Í umsögn meiri hluta sjávarútvegsnefndar er mælt með því að fiskveiðisamningarnir taki gildi sem fyrst. Umsögn meiri hluta sjávarútvegsnefndar er birt sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti."

Í álitinu segir enn fremur, virðulegur forseti:

„Auk þeirra funda utanríkismálanefndar, sem nefndir hafa verið hér á undan, hefur gerð fiskveiðisamninga milli Íslands og EB oft komið til umfjöllunar á fundum nefndarinnar síðustu mánuði og enn fremur

hefur nefndin átt tvo sameiginlega fundi um málið með sjávarútvegsnefnd þingsins, þann fyrri 24. nóvember sl. og þann síðari 19. desember sl. Þá hefur nefndin einnig fengið á sinn fund til viðræðna um málið Jakob Jakobsson, forstjóra Hafrannsóknastofnunar, Magnús Gunnarsson, forstjóra SÍF, Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóra LÍÚ, Guðjón A. Kristjánsson, formann FFSÍ, Benedikt Valsson, hagfræðing FFSÍ, Þórð Friðjónsson, forstjóra Þjóðhagsstofnunar, Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra sjávarútvegsráðuneytisins, Þorstein Ingólfsson, ráðuneytisisstjóra utanríkisráðuneytisins, og Gunnar Snorra Gunnarsson, skrifstofustjóra *viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.*

Sögu samningaviðræðna Íslands við Evrópubandalagið um fiskveiðimál má rekja allt aftur til ársins 1972 þegar Íslendingar gerðu fríverslunarsamning við bandalagið. Þáverandi viðskiptaráðherra, Lúðvík Jósepsson, kynnti fríverslunarsamninginn á Alþingi 13. febrúar 1973, m.a með þessum orðum:

„Annað meginvandamálið, sem við var að glíma í *samningagerðinni, var krafa bandalagsins um að binda* saman fiskveiðiréttindi bandalagslandanna hér á Íslandsmiðum og almenn viðskiptaréttindi á milli samningsaðila. Lengst af var það bein krafa bandalagsins að ekki yrðu skert fiskveiðiréttindi bandalagslandanna við Ísland frá því sem þau voru fyrir útfærslu fiskveiðilandhelginnar 1. september 1972 ef tollfríðindi ætti að veita fyrir íslenskar sjávarafurðir í löndum bandalagsins. Þessum kröfum bandalagsins tókst þó að fá breytt í verulegum atriðum þó að því miður tækist ekki að hnekkja þeim kröfum að fullu. Eins og gengið var frá samningunum að lokum getur bandalagið ákveðið að Ísland njóti ekki þeirra tollfríðinda fyrir útfluttar sjávarafurðir, sem ráðgerð eru í samningunum, telji bandalagið að lönd þess hafi ekki fengið viðunandi lausn á efnahagserfiðleikum sínum vegna ráðstafana Íslands í fiskveiðiréttarmálum. Þessi fyrirvari bandalagsins er auðvitað mjög andstæður hagsmunum okkar þar sem meginhluti okkar útflutnings til bandalagsins er sjávarafurðir. Við undirskrift samningsins í Brussel 22. júlí sl. var það skýrt tekið fram af Íslands hálfu að ef þessi fyrirvari yrði látinn koma til framkvæmda væri framtíð samningsins í hættu."" Lýkur hér tilvitnun í áliti meiri hlutans í ræðu Lúðvíks Jósepssonar frá 13. febr. 1973. Enn heldur álitið áfram:

„Svo sem rakið er í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um staðfestingu samningsins við EB hófust samningaviðræður Íslands og EB um samstarfssamning um sjávarútvegsmál eftir lausn landhelgisdeilnanna við Bretland og Þýskaland og gildistöku bókunar 6 við fríverslunarsamning Íslands og EB árið 1976. Þær stóðu yfir með hléum fram til 1981 og lágu þá fyrir drög að svonefndum rammasamningi. Hins vegar var ágreiningur um skiptingarhlutföll sameiginlegra fiskstofna. Í skýrslu Ólafs Jóhannessonar utanríkisráðherra til Alþingis 1982 um utanríkismál er sagt frá samningnum við EB í júlí 1981 með þessum hætti: „Þar náðist bráðabirgðasamkomulag um efnisatriði rammasamnings um samstarf, en endanlegt samþykki var háð samkomulagi um kvóta á helstu fisktegundum, loðnu, karfa, og rækju, og skiptingu kvótans. Svo mikið bar í milli í þeim málum að frekari viðræðum var frestað um óákveðinn tíma."

Á fundi utanríkismálanefndar 2. desember 1991 var lögð fram frásögn þar sem segir að 7. mars 1989 hafi hugmyndinni um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum verið hreyft á fundi sjávarútvegsráðherra Íslands með framkvæmdastjóra EB sem fer með sjávarútvegsmál. Sama hugmynd var síðan reifuð við framkvæmdastjórn EB á fundum sem forsætisráðherra og utanríkisráðherra Íslands áttu með framkvæmdastjórnarmönnum EB í Brussel 18. apríl 1990.

Allt frá 1972 hafa Íslendingar lagt áherslu á að þeir geti ekki samþykkt kröfu EB um aðgang að fiskveiðilögsögu Íslands í skiptum fyrir tollaívilnanir fyrir sjávarafurðir á EB-markaðinum. Málið tók nýja stefnu með hugmyndinni um gagnkvæmar veiðiheimildir og nú hefur verið samið um þá lausn að Íslendingar fái hlutdeild í þeirri loðnu sem EB kaupir af Grænlendingum.

Áhersla skal á það lögð að veiðiheimildum ber að *úthluta árlega.* Í 4. gr. *samningsins um fiskveiðimál og* lífríki hafsins segir í 1. tölul.: „Aðilar skulu árlega hafa samráð um úthlutanir á veiðiheimildum til hvors aðila með það í huga að ná ásættanlegu jafnvægi í samskiptum sínum á sviði fiskveiða." Einnig er vakin athygli á því ákvæði í viðauka A við niðurstöður fiskimálaviðræðna milli Íslands og EB frá 27. nóvember 1992 þar sem segir að beri svo undir að lækka verði aflaheimild annars samningsaðilans, vegna ófyrirsjáanlegra líffræðilegra ástæðna, skuli samningsaðilar tafarlaust ræðast við í þeim tilgangi að koma aftur á jafnvægi. Er mikilvægt að halda þessu tvennu á loft til að minna á þá staðreynd að með þeim samningi, sem hér liggur fyrir, er hvorki verið að rígbinda aflategundir til langs tíma né útiloka viðræður vegna ófyrirsjáanlegra líffræðilegra ástæðna.

Minnt er á hugmyndir sem fram hafa komið í umræðum um þetta mál á Alþingi varðandi þann hátt á framkvæmd samkomulags Íslands og EB að unnt verði að nota veiðiheimildirnar til skipta við ríki sem standa utan samningsins. Hljóta slík skipti að koma til álita eins og allt er stuðlar að sanngjarnri og hagkvæmri lausn á þessu langvinna ágreiningsmáli.

Eins og áður segir vísaði utanríkismálanefnd þingsályktunartillögunni um staðfestingu fiskveiðisamninganna við EB til umsagnar sjávarútvegsnefndar Alþingis og fór hún yfir faglega þætti málsins. Það er hlutverk utanríkismálanefndar að meta hinn stjórnmálalega þátt. Að mati meiri hluta nefndarinnar er hag Íslands best borgið með því að Alþingi veiti ríkisstjórninni tafarlaust heimild til að staðfesta þá samninga sem getið er í tillögunni. Ástæðulaust er nú á lokastigi málsins að tengja ákvörðun Alþingis í málinu við gildistöku EES-samningsins. Með því væri í raun brotið gegn þeirri 20 ára gömlu meginstefnu Íslendinga að ekki skuli blandað saman tollaívilnunum og fiskveiðiheimildum í samskiptum EB og Íslands um viðskiptamál. Niðurstaðan, sem liggur fyrir í samningaviðræðum Íslands og EB um fiskveiðimál og lífríki hafsins, er í samræmi við íslenska hagsmuni.

Meiri hluti utanríkismálanefndar leggur til við Alþingi að án tafar verði samþykkt heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta þessa samninga fyrir Íslands hönd.

Undir þetta álit skrifa auk mín, Össur Skarphéðinsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Árni Á. Árnason og Geir H. Haarde.

Síðan fylgir áliti meiri hluta utanrmn. álit meiri hluta sjútvn. sem ég ætla ekki að reifa sérstaklega að þessu sinni. Það mun verða gert síðar væntanlega af talsmanni meiri hlutans. En ég get þó ekki látið hjá líða, virðulegi forseti, að lesa það sem segir hér, með leyfi forseta, á bls. 10 í þessu áliti. Þar er vikið að því sem snertir deilur sem orðið hafa varðandi svokallað jafngildi því menn hafa deilt um það hvort í samningnum um gagnkvæmar veiðiheimildir sé um jafngildi í veiðiheimildum að ræða. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi virðulegs forseta, að lesa það sem hér segir:

„Í upphafi fiskveiðiárs gefur sjávarútvegsráðuneytið út reglugerð um verðmætastuðla sem notaðir eru til að umreikna aflamagn veiddra tegunda yfir í þorskígildi. Stuðlarnir byggjast á innlendu markaðsverði síðustu 12 mánuðina á undan. Á yfirstandandi ári er verðmætastuðull þorsks 1,00, loðnu 0,05 og karfa 0,41. Samkvæmt því eru því 30 þús. tonn af loðnu ígildi 1.500 tonna af þorski, en 3 þús. tonn af karfa ígildi 1.230 tonna af þorski.

Evrópubandalagið styðst við svipaðar umreiknireglur. Samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjórnar þess í Brussel er verðmætastuðull þorsks 1,00, loðnu 0,10 og karfa 0,87. Á þeim grunni eru 30 þús. tonn af loðnu ígildi 3 þús. tonna af þorski og 3 þús. tonn af karfa jafngilda 2.610 tonnum af þorski.

Það er athyglisvert að í báðum tilvikum reiknast hlutur Íslendinga ívið betri en EB, snúið í ígildi þorska. Aftur á móti er varhugavert að staðhæfa að annar aðilinn fari betur út úr skiptunum en hinn því erfitt er að meta með óyggjandi vissu raunverulegt innbyrðis vægi tegundanna tveggja."

Ég vil einnig, virðulegi forseti, vekja athygli á eftirfarandi málsgrein úr áliti meiri hluta sjútvn. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Staðhæfingar um að samningurinn [þ.e. samningurinn um skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum] stefni yfirráðum Íslendinga yfir eigin lögsögu í hættu þarf að skoða í ljósi eftirfarandi: Skiptin á veiðiheimildum eru afar takmörkuð. Magnið, sem EB má taka, er samkvæmt verðmætastuðlum sjávarútvegsráðuneytisins ígildi 1.230 tonna af þorski. Samkvæmt upplýsingum sjávarútvegsráðuneytisins nam heildarafli Íslendinga ígildi 473 þúsunda tonna af þorski á síðasta ári. Veiðiheimildirnar, sem Íslendingar láta í skiptum við EB, eru því aðeins um fjórðungur prósents, eða 0,26% af heildarafla síðasta árs."

Ég tel, virðulegi forseti, að þessi dæmi, sem ég hef hér tekið um þau verðmæti sem hér eru í húfi, sýni að það sé rétt mat hjá meiri hluta utanrmn. að þessir samningar séu þess eðlis að það sé eðlilegt að Alþingi samþykki að heimila ríkisstjórninni að staðfesta þá fyrir Íslands hönd. Ég tel einnig að með þessum samningum hafi tekist samkomulag um langvinnt deilumál á þeim grundvelli að Íslendingar geti vel við unað. Þessar viðræður hafa staðið yfir lengi og þar vísa ég til þeirra pólitísku þátta sem þetta mál snertir sérstaklega. Þessar deilur hafa staðið yfir eins og ég las úr áliti meiri hlutans allt frá árinu 1972 og viðræður með hléum allt frá 1976. Og það sem við okkur hefur blasað sem hér erum nýir á Alþingi og sitjum nú okkar fyrsta kjörtímabil er að við komum raunverulega að þessu máli þegar það var komið í mjög fastar skorður. Það liggur fyrir að efni hins svokallaða rammasamnings, þ.e. samningsins um fiskveiðimál og lífríki hafsins, er sambærilegt við efni samnings sem fyrir lá þegar á árinu 1981 og eins og segir í skýrslu utanrrh. Ólafs Jóhannessonar frá árinu 1982 þá hafði náðst bráðabirgðasamkomulag um efnisatriði rammasamnings um samstarf en hið endanlega samþykki hafi síðan verið háð samkomulagi um kvóta. Þessi efnisatriði lágu fyrir þegar á árinu 1981. Og ef menn bera textann í þessum samningi um fiskveiðimál og lífríki hafsins saman við þann texta sem lá fyrir árið 1981 þá sjá menn að það hefur raunverulega ekki verið gert annað en að dusta rykið af þeim samningi.

Varðandi síðan hitt atriðið, hinn samninginn sem hér um ræðir, þ.e. samninginn um gagnkvæmar veiðiheimildir sem gilda til eins árs og byggjast á þessum grundvallarforsendum, annars vegar 30.000 lestum af loðnu og hins vegar 3.000 lestum af karfa, þar komum við einnig, sem erum hér nýir og sitjum okkar fyrsta kjörtímabil á Alþingi, að máli sem hafði verið opnað og lagður grunnur að áður. Eins og ég greindi frá þá var þegar í mars árið 1989 tekið til við að hreyfa því við Evrópubandalagið að til þess að samkomulag mætti við það takast þá kæmi til álita að skiptast á gagnkvæmum veiðiheimildum. Þetta mál hefur verið mjög viðkvæmt og eins og rakið hefur verið hér í ræðum manna sem að þessu máli stóðu í tíð fyrrv. ríkisstjórnar þá hafa sjónarmið varðandi þetta valdið miklum deilum og ágreiningi. En hitt er ekki umdeilt að þetta gerðist á fundi 7. mars 1989. Í áliti minni hluta utanrmn. kemur hins vegar fram að þá hafi menn rætt við Evrópubandalagið um skipti á kolmunna en kolmunni er sameiginlegur stofn og á honum er tekið í hinum tvíhliða samningi um fiskveiðimál og lífríki hafsins. Ég hef því aldrei getað áttað mig á því hvernig menn hafa getað talað um skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum og ætlað að benda á kolmunnan sem fisk frá Íslands hálfu þar sem þar er um sameiginlegan stofn að ræða sem gengur á milli svæða og Evrópubandalagið gæti í því efni vísað sérstaklega til Hafréttarsáttmálans eins og kemur raunar fram í minnihlutaáliti utanrmn. Þannig að ég leyfi mér að draga í efa að menn hafi gengið svo blindir, ef ég má orða það svo, til þeirra viðræðna við Evrópubandalagið á árinu 1989 að halda að með því að taka upp viðræður um skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum þá hafi þeir verið að taka upp viðræður um skipti á veiðiheimildum er tengjast kolmunna. Ég held að það hafi alltaf legið ljóst fyrir að Evrópubandalagið mundi ekki sætta sig

við kolmunna í skiptum fyrir afla á Íslandsmiðum og menn hafi fljótlega rekið sig á að það gengi ekki upp. Þess vegna vík ég nú að þessu að það kemur hér fram í minnihlutaálitinu að það sé kolmunninn sem menn hafi rætt um þegar viðræðurnar hófust um þessa hugmynd að skiptast á gagnkvæmum veiðiheimildum.

Ég vil einnig láta þá skoðun koma í ljós, virðulegi forseti, að hér er um lausn á þessu gamla deilumáli að ræða. Lausn sem að sjálfsögðu er þess eðlis að í hvert sinn sem sá hluti þessa samnings sem kemur til árlegrar endurskoðunar verður að skoða hana. Að sjálfsögðu verður að skoða það ár hvert hvernig framkvæmd hins árlega samkomulags hefur verið háttað, hvernig skiptin á þessum veiðiheimildum hafa reynst í raun og taka mið af því við framhald málsins. Og það er alveg ljóst að þessi samningur byggist á þeirri grunndvallarhugsun að um sé að ræða veiði á loðnu við Ísland og karfa innan Evrópubandalagsins en um það atriði sé samið árlega og jafnframt einnig hugsanlega um aðra skipan á þessum gagnkvæmu skiptum. Og að því er einmitt vikið hér í meirihlutaálitinu þar sem er vakin athygli á hugmyndum um að menn geti skipst á veiðiheimildum með öðrum hætti en þeim að skip frá Evrópubandalaginu komi og veiði í okkar lögsögu. Mér finnast þær hugmyndir allar hinar athyglisverðustu og hljóta að koma til skoðunar þegar fram líða stundir.

En meginatriðið málsins í þessu þegar menn líta á hina pólitísku hlið er það að í ræðum allra sem hér hafa talað í hinum gífurlega löngu umræðum um Evrópska efnahagssvæðið — ég segi allra, að vísu kannski með tveimur eða þremur undantekningum — hefur komið fram vilji hjá hv. þm. til þess að ná samkomulagi við Evrópubandalagið um greiðari aðgang fyrir íslenskar afurðir inn á markað bandalagsins. Og þó að við Íslendingar viljum ekki tengja saman tollaívilnanir og fiskveiðiheimildir, og gerum það ekki nú og höfum ekki gert það, þá er alveg ljóst að þessari gömlu deilu við Evrópubandalagið frá 1972 verðum við að ýta til hliðar. Við verðum að ýta þessari gömlu deilu til hliðar til þess að eðlileg samskipti verði á milli okkar og Evrópubandalagsins. Þessi samningur á þess vegna ekki beint rætur að rekja til þátttöku okkar í Evrópska efnahagssvæðinu en hann er leifar af gömlum ágreiningi okkar við Evrópubandalagið og það höfum við viðurkennt með þátttöku í viðræðum við bandalagið allt frá árinu 1976 og við erum að leysa það mál með þessu. Það greiðir síðan fyrir því að við tökum þátt í Evrópska efnahagssvæðinu, sama hvort yrði farin sú leið sem Alþb. hefur talað um hér að Ísland geri tvíhliða samning við Evrópubandalagið og ýmsir aðrir þingmenn hafa tekið undir. Engu að síður þyrfti að leysa þetta gamla deilumál og greiða úr þeim vanda sem var óleystur frá því að fríverslunarsamningurinn var gerður árið 1972. Þannig að við þingmenn komumst ekki fram hjá þessu og mikill meiri hluti manna hér er þeirrar skoðunar að við eigum að treysta tengsl okkar við Evrópubandalagið þótt okkur greini kannski á um leiðir. Þess vegna held ég að það sé mjög mikilvægt að við lítum á þennan samning í þessu pólitíska ljósi og áttum okkur á því að það er verið að gera rammasamning um sameiginlega veiðistofna til langs tíma, samning sem raunverulega hafði verið sæst á af okkar hálfu árið 1981. Síðan er til eins árs samið um skipti veiðiheimildum og unnt að taka það mál upp á nýjum forsendum ef þessar forsendur sem við leggjum nú til grundvallar reynast ekki haldgóðar. Þetta vildi ég, virðulegi forseti, segja hér við upphaf þessara umræðna þannig að mín sjónarmið lægju ljós fyrir um leið og ég hef kynnt hér sjónarmarmið meiri hluta utanrmn.

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Það voru stoltir Íslendingar sem færðu út fiskveiðilögsöguna á sjötta og áttunda áratug og buðu þá byrginn stórþjóðum og létu ekki ginnast af gylliboðum. En nú aðeins 20 árum síðar, og reyndar ekki það eftir fullnaðarsigur í landhelgisdeilunni, telur hæstv. ríkisstjórn að hún sé að gera góðan samning með því að hleypa á ný fiskiskipum Evrópubandalagsins inn í íslenska fiskveiðilögsögu til að veiða þar í samkeppni við íslensk fiskiskip að fiskstofnum sem eru fullnýttir. Og ég legg mikla áherslu á það: sem eru fullnýttir.

Það kemur í minn hlut að mæla fyrir áliti minni hluta utanrmn. sem leggst gegn þessum samningi og leggur til að hann verði felldur. Hv. formaður utanrmn. gerði allítarlega grein fyrir sögu þessa máls og skal ég því ekki endurtaka það en vil þó draga fram fáein atriði. Það er rétt sem hv. þm. sagði að í bókun 6 frá 1972 setti Evrópubandalagið fram það skilyrði af sinni hálfu, við getum sagt þá yfirlýsingu, að það áskildi sér rétt til þess að fresta framkvæmd bókunar 6 ef ekki næðist viðunandi lausn, eins og þeir sögðu, á þeim efnahagsvanda sem Íslendingar hefðu valdið nokkrum ríkjum bandalagsins með útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Það var síðan alloft reynt á næstu árum að ná samkomulagi um einhverja lausn á þessu máli, tókst ekki, lengst komst það, eins og kom fram hjá hv. þm. árið 1981 þegar drög voru gerð að rammasamningi. Hv. þm. gerði töluvert úr þessum rammasamningi en ég tel það mjög á misskilningi byggt. Aðstæður voru þá allt aðrar en þær eru nú. Grænlendingar voru þá aðilar að Evrópubandalaginu þannig að fiskveiðilögsaga Íslands og Evrópubandalagsins, þ.e. Grænlands, Evrópubandalagsins fyrir hönd Grænlands, lágu saman eins og allir vita á mjög stóru svæði. Og það var því afar mikill samgangur bæði fiskstofna og fiskiskipa á milli þessara samliggjandi fiskveiðilögsagna og afar eðlilegt að gerð væri tilraun til þess að ná tökum á því sem við Íslendingar töldum vera ofveiði á sumum sameiginlegum fiskstofnum í lögsögu Grænlands eða Evrópubandalagsins.

Ég get þó upplýst það að eftir að þessi drög lágu fyrir, ég sat þá í ríkisstjórn sem sjávarútvegsráðherra, kom fram hjá ýmsum allmikil óánægja um sum ákvæði þessara samningsdraga, einkum það að veruleg skylda var lögð á herðar Íslendingum að tilkynna Evrópubandalaginu um breytingar á reglum sem við kynnum

að ákveða í sambandi við veiðar innan íslenskrar lögsögu. Það er hins vegar hárrétt sem fram kom hjá hv. þm. að formlega strandaði þetta samkomulag á því að ekki náðist saman um veiðiheimildir Evrópubandalagsins í íslenskri fiskveiðilögsögu. Lögð var áhersla á af Íslendinga hálfu að eingöngu væri unnt að benda á fiskstofna sem væru vannýttir og á þeirri stundu þegar þessi drög lágu fyrir var eingöngu, að því að við töldum, unnt að benda á kolmunnann. Hv. þm. taldi það undarlegt að benda á kolmunnann sem er sameiginlegur fiskstofn. Það er alls ekki undarlegt því að það getur verið mikið hagræði í því fyrir þau fiskiskip sem sérhæfa sig t.d. í veiðum á kolmunna að geta elt stofninn á milli fiskveiðilögsagna hinna ýmsu ríkja, þ.e. frá Norðursjónum, gegnum fiskveiðilögsögu Færeyja og inn í íslenska fiskveiðilögsögu. Það er hins vegar rétt að Evrópubandalagið taldi þetta ekki nægjanlegt og á því strandaði formlega að gengið var frá samkomulaginu. Hv. þm. gerði nokkuð úr því að 1989 og m.a. 18. apríl 1990 þegar ég ásamt hæstv. utanrrh. átti fund í Brussel með framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins, átti reyndar einnig viðræður við þann meðlim framkvæmdastjórnarinnar sem fór með sjávarútvegsmál, Marin minnir mig að hann heiti. Það er rétt að þá tjáðum við okkur fúsa til þess að reyna enn að ná samkomulagi og meira að segja gekk ég svo langt að bjóða formalega framkvæmdastjóra sjávarútvegssviðsins að koma til Íslands. En hvers vegna halda menn að hann hafi ekki þáð það? Hann þáði ekki að koma til Íslands vegna þess að í viðræðum við hann tók ég skýrt fram að við gætum ekki með nokkru móti samþykkt veiðar á öðrum fiskstofnum en þeim sem vannýttir væru. Það hefur alltaf verið grundvallaratriði hjá okkur Íslendingum að eingöngu gæti orðið um að ræða fiskstofna sem vannýttir væru. Þá var það reyndar talið vera kolmunninn. Síðan hefur komið í ljós að hér eru fleiri fiskstofnar eins og t.d. langhali og búri sem þá kæmi til greina að skoða veiðar á. En hvers vegna töldum við ekki annað fært en að samþykkja veiðar á vannýttum fiskstofnum? Eins og kemur fram í nál. minni hlutans og eins og reyndar kom fram í framsögu formanns utanrmn. þá erum við að vissu leyti skuldbundnir hafréttarsáttmálanum að heimila nýtingu fiskstofna í þágu mannkyns, minnir mig að það sé orðað, eða með öðrum orðum að þeir fiskstofnar sem við veiðum ekki geta aðrir gert kröfu til að veiða í þágu mannkyns eins og þar er orðað. Því töldum við okkur ekki stætt á öðru en að samþykkja veiðar á slíkum fiskstofnum. Hér er því um mjög mikinn mun að ræða á þessu tvennu. Með þessum samningi er verið að samþykkja veiðar á karfa sem er tvímælalaust fullnýttur og að margra mati ofnýttur fiskstofn á Íslandsmiðum. Ég hygg að það sé ekki nokkur vafi á því að með því að leyfa veiðar á karfa hlýtur að þurfa að draga úr veiðum íslenskra fiskiskipa á þessum sama stofni. Hér er því um svo gjörólíkan gjörning að ræða að mér sýnist það varla sambærilegt.

Í sambandi við þessi drög sem lágu fyrir 1981, og ég hef þegar vakið athygli á þeim reginmun sem var þá og nú, vil ég aðeins við það bæta að við leggjumst einnig gegn þessum rammasamningi. Eins og kom fram hjá hv. frsm. meiri hlutans er hann nánast að bursta rykið, eins og hann orðaði það ef ég man rétt, af þessum gamla samningi en þá voru hins vegar eins og ég hef þegar rakið aðstæður allt aðrar og því enn óeðlilegra að við Íslendingar séum bundnir af því nú að gera Evrópubandalaginu grein fyrir ýmsum þeim reglum við kunnum að setja innan fiskveiðilögsögu okkar í sambandi við veiðar. Það getur út af fyrir sig enginn haft á móti því að hafa samráð við hvaða þjóð sem er um fiskveiðar á heimsins höfum o.s.frv. en þarna er burstað ryk af samningi sem gerður var við allt aðrar aðstæður en nú eru. Að mínu mati hefði átt að byrja alveg frá grunni og taka fullt tillit til þess í slíkum drögum eða slíkum samningi að nú liggja fiskveiðilögsögur Íslands og Evrópubandalagsins hvergi saman. Á því er vitanlega mikill munur. Eins og kom reyndar fram í ræðu hv. frsm. meiri hlutans þá mun kolmunninn vera sú eina fisktegund sem vitað er um að gangi á milli fiskveiðilögsagna þessara ríkja og við getum að sjálfsögðu ekkert haft á móti því að hafa samráð við Evrópubandalagið um hvernig kolmunninn er nýttur en það ætti þá að takmarka þann samning við það.

Ég vil geta þess að í áliti minni hlutans fylgir álit minni hluta sjútvn. sem við erum að öllu leyti sammála og ég geri ráð fyrir því að fyrir því verði gerð nánari grein hér á eftir. Ég skal ekki lengja mál mitt mjög um það. En nokkur atriði vil ég þó draga fram.

Fyrst þegar rætt var um þennan samning var talað um að skipt yrði á 30.000 lestum af loðnu fyrir 3.000 karfaígildi og fullyrt þá að þessi ígildi yrðu að tveimur þriðju hlutum langhali og einum þriðja hluta karfi. Við þetta sættu aðilar í sjávarútvegi sig. Það kom fram nokkur stuðningur við þetta. Ég lýsti þeirri persónulegu skoðun minni að ég taldi þarna vera um hugmynd að ræða sem mætti skoða því að ég hygg að það sé almennt viðurkennt að langhalinn sé vannýttur enn þá þótt svo verði vonandi ekki á næstu árum þá hefur hann verið talinn vannýttur. Þarna kæmi til greina að skipta á slíkum heimildum þótt mér þætti reyndar of mikið af karfa lagt í púkkið. En þetta breyttist og furðufljótt. Nú er eru það orðnar 3.000 lestir af karfa fyrir 30.000 lestir af loðnu.

Hv. frsm. meiri hlutans taldi að þetta væri sambærilegt og vísaði þá í tölur. Nú er reyndar oft sagt að vísa megi í tölur flestu máli til stuðnings en ég held að í þessu tilfelli sé afar auðvelt að hrekja þær tölur sem hv. framsögumaður rakti hér áðan. Ég hygg að það sé á allra vitorði að hin erlendu skip munu ekki landa sínum karfa á íslenskum mörkuðum. Þeim er jafnvel leyft að frysta hann og geta líka flutt hann ferskan á markaði í Evrópu svo það virðist eðlilegra að bera þetta magn annars vegar af loðnu og hins vegar af karfa saman á grundvelli þess verðs sem fæst fyrir fiskinn á þeim mörkuðum þar sem hann verður seldur. Þetta kemur einnig greinilega fram í töflum sem fylgja áliti minni hluta sjútvn. M.a. er þar tafla sem sýnir meðalverð eða heildarverð, eins og þar er nefnt, þegar aflinn er reiknaður þar sem hann er seldur eða

með öðrum orðum karfinn erlendis sá sem er seldur erlendis og innan lands sá sem þar er seldur. Og þar kemur fram að miðað við verðgildið 1991 0,7 á karfa er verðgildið á loðnu 0,04 eða með öðrum orðum svona einhvers staðar á bilinu 1.500–2.000 lestir af karfa. Það nær reyndar ekki 2.000 lestum, er um 1.700 lestir. Þannig að ég held að það fari ekkert á milli mála að hér er mjög vel gert og ríflega boðið Evrópubandalaginu og alls ekki jafngildi. Einnig kemur greinilega fram í áliti minni hluta sjútvn. að vafasamt er að reikna loðnuna á þessu verðgildi því að hún kemur varla til veiða hjá okkur fyrr en í lok veiðitímabilsins og þá er hún að sjálfsögðu verðminni.

Ekki þótti mér síður athyglisvert það sem kom fram hjá Jakobi Jakobssyni, forstöðumanni Hafrannsóknastofnunar, sem vakti athygli á því að lítið sem ekkert hefur veiðst af loðnu á Grænlandsmiðum undanfarin ár og eins og skýrt er tekið fram í þeim samningi sem við höfum nýlega staðfest hér á Alþingi við Norðmenn og Dani fyrir hönd Grænlendinga um skipti á loðnukvóta þá höfum við heimild til að veiða þá loðnu sem út af gengur eftir að þessir aðilar hafa fullnýtt þær heimildir sem þeir fá samkvæmt samningnum. Og á síðasta ári fengu Íslendingar í sinn hlut til viðbótar eða það sem út af gekk 114 þús. lestir. Og reyndar síðan 50.000 enn til viðbótar vegna mælinga sem sýndu meiri loðnu en áður hafði verið talið. Okkur tókst ekki að ná þessu magni og munaði töluverðu. Þannig að það er æðimargt sem bendir til þess að við mundum hvort eð er fá það magn sem hér er um að ræða til veiða.

Um það hefur nokkuð verið rætt hvort umræddur 30.000 tonna loðnukvóti Evrópubandalagsins sem það fær frá Grænlendingum mætti framseljast t.d. til Norðmanna og þeir síðan nota sín réttindi til að veiða hann innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Þetta var rætt í utanrmn. og nefndin er fullkomlega sammála um það að þannig sé alls ekki unnt að túlka samninginn heldur séu veiðar Norðmanna eingöngu bundnar við þann hluta loðnukvótans sem þeir fá samkvæmt samningnum eða sem þeir fá beint frá öðrum aðila að samningnum, þ.e. t.d. frá Grænlendingum. Þetta er vitanlega ákaflega mikilvægt atriði og styður það enn mjög svo að umrædd 30.000 tonn sem Evrópubandalagið hefur keypt og ekki getað nýtt kæmu í hlut okkar Íslendinga og þess vegna sé eftir heldur litlu að seilast, þetta kæmi í hlut okkar Íslendinga hvort eð er. Þetta rýrir vitanlega mjög allt það hlutfall milli 30.000 tonna af loðnu og karfa sem menn hafa verið að reyna að meta hér samkvæmt tölum svo þetta er tvímælalaust langt þarna fyrir neðan.

Á þessum fundi, sem haldinn var sameiginlega með sjútvn. og á mættu Jakob Jakobsson forstjóri og Árni Kolbeinsson ráðuneytisstjóri, þá vakti það athygli að því var ekki mótmælt að líklega væri þetta eini gagnkvæmi samningurinn um veiðiheimildir sem hefur verið gerður sem að öllu leyti fer fram innan fiskveiðilögsögu annars aðilans. Að minnsta kosti var um þetta spurt og fræðimenn sem þar voru gátu ekki bent á nein slík tilfelli. Þannig hnígur allt að því sama að hér er um mjög lélegan samning fyrir okkur Íslendinga að ræða, hér er ekki sá góði samningur sem ráðherrar hafa viljað telja hann.

Ég sagði áðan að að verulegu leyti vil ég vísa í álit minni hluta sjútvn. og verður mælt fyrir því áliti hér á eftir.

Eitt er það atriði sem ég vil taka undir með framsögumanni meiri hlutans að við lítum svo á eða viljum líta svo á að ekki séu bein tengsl á milli slíks samnings sem hér er lagt til að gera og tollaívilnana fyrir okkar útflutning til landa Evrópubandalagsins. Þetta hefur alltaf verið okkar stefna. Hins vegar er fullkomlega ljóst að Evrópubandalagið lítur allt öðruvísi á þessi mál. Það kemur náttúrlega fram með yfirlýsingu þess sem er liður af bókun 6 frá 1972 þar sem þeir beinlínis segja að þetta hangi saman og áskilja sér rétt til að fresta tollalækkunum ef ekki verði leyst úr þessu máli. Og það kemur því miður einnig mjög greinilega fram í yfirlýsingu Evrópubandalagsins sem fylgir með drögum að samningi um hið Evrópska efnahagssvæði þar sem Evrópubandalagið áskilur sér rétt til að staðfesta ekki samninginn við Ísland án þess að þetta deilumál verði leyst „á viðunandi máta“ eins og þeir segja. Og það sem mér þykir illt er að það er engin gagnyfirlýsing frá íslensku ríkisstjórninni. Það hefði styrkt okkur að sjálfsögðu mjög í þessu máli ef íslenska ríkisstjórnin hefði gagnlýst því yfir að hún liti alls ekki svo á. Einnig hlýtur það nú að stinga nokkuð í augu að báðir samningarnir, þ.e. samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði og samningurinn sem kallaður er hér grundvöllurinn að skiptingu á veiðiheimildum eru undirritaðir í Óportó sama daginn, 2. maí sl. Þannig að ég held að menn hljóti nú í hjarta sínu að gera sér grein fyrir því að hér er um þvingunaraðgerð af hálfu Evrópubandalagsins að ræða og þá er spurning: Eigum við að láta þvinga okkur þannig? Væri Evrópubandalaginu stætt á því að halda því til streitu að þeir fái hér veiðiheimildir á fullnýttum fiskstofni og neita að skrifa undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eða hvað annað sem þeir kjósa að gera? Ég held satt að segja ekki. Ég held satt að segja að þörfin fyrir fisk í Evrópubandalaginu sé svo mikil að við mundum fljótlega njóta þar allra þeirra fríðinda sem unnt er að veita til að þeir fái íslenskan fisk. Ég held að það hafi átt að reyna á þetta miklu ákveðnar og tel reyndar að enn þá beri að vísa þessum samningi frá og láta reyna á þetta meira heldur en gert hefur verið. Því er það þannig að þótt við í minni hlutanum séum því sammála að þetta eigi ekki að tengja saman þá þykir okkur afar óvarlega hafa verið haldið á þessum málum að þessu leyti.

Við leggjumst þá jafnframt gegn því að sá samningur sem undirritaður var í Óportó verði samþykktur hér á hinu háa Alþingi.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég held að ég hafi komið flestu því að sem við viljum leggja áherslu á en aðrir nefndarmenn munu að sjálfsögðu bæta hér við. Og sömuleiðis mun minni hluti sjútvn. að sjálfsögðu ræða um þetta mál. Ég vil taka undir það sem hefur komið fram hjá ýmsum að hér er um afar stórt og mikið mál að ræða. Og raunar

sorglegt það undanhald sem felst í þessum samningi frá því að við náðum fullum yfirráðum yfir íslenskri fiskveiðilögsögu og höfum talið okkur fullkomlega sjálfráða um það hvernig hún verður nýtt. Ég vil leyfa mér að vona að þetta sé ekki byrjun á einhverju jafnvel enn meira og verra. Það er nú staðreyndin sú að þegar skrattanum er réttur litli fingur, eins og ég hef stundum sagt, þá grípur hann gjarnan alla höndina. Ég er ekki í nokkrum vafa um að eftir að hafa fengið þennan litla fingur þá mun Evrópubandalagið sækja stíft um að fá meiri fiskveiðiheimildir. Ég lýsi eindregið þeirri von minni og ég vona að allir geti tekið undir það að þá verði hvergi nokkurs staðar hvikað ef þessi slæmi samningur verður þá staðfestur.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kann því afskaplega illa þegar hv. þm. stjórnarandstöðunnar, þar á meðal sá þingmaður sem hér talaði áðan, hv. þm. Steingrímur Hermannsson, halda því fram að með þessum tvíhliða samningi sé verið að hleypa á ný togurum Evrópubandalagsins inn í íslenska fiskveiðilögsögu. (**Gripið fram í:** Er það ekki rétt?) Getur það verið að menn séu búnir að gleyma því að frá 1975 er í gildi samningur við tiltekna þjóð Evrópubandalagsins, þ.e. Belgíu, sem hefur veitt tólf togurum Belga og þar með tólf togurum úr flota Evrópubandalagsins tækifæri til að koma hingað og veiða til að nýta einhliða veiðiheimildir? Þetta er samningur sem hefur verið í gildi frá 28. nóv. 1975. Hann er enn í gildi. Tólf nafngreindum belgískum togurum voru veittar þessar heimildir. Enn eru þrír þeirra við lýði og stunda þessar veiðar. Hvað erum við að tala um með þessum samningi sem við erum að ræða hér? Við erum að ræða um leyfi að vísu ekki til tólf heldur til átján skipa, þar af einungis fimm sem mega veiða í einu. Þannig að þarna er alveg ljóst að það er ekki hægt að segja að þessi samningur sé að hleypa á ný togurum Evrópubandalagsins hingað. Þeir eru hér þegar.

Jafnframt vil ég gera ákveðnar athugasemdir við vissa *ónákvæmni í málflutningi hv. þm. Steingríms* Hermannssonar þegar hann talar um kolmunna og hafréttarsáttmálann. Hann segir að vegna þess að hafréttarsáttmálinn geri ráð fyrir því að aðrar þjóðir geti í nafni mannkyns átt rétt á því að nýta ónýtta stofna eins og kolmunna þá hafi ríkisstjórn Íslands á sínum tíma ekki talið sér stætt á því að standa gegn slíkum kröfum. Þetta er afskaplega hættulegur málflutningur. Hvaða fisk erum við að tala um að láta Evrópubandalagið fá í skiptum fyrir loðnu? Það er karfi sem segir í samningnum að sé „redfish". Hvaða karfi er það? Það eru tvær karfategundir. Það er annars vegar gullkarfi, sebastes marinus, og hins vegar djúpkarfi, sebastes mentella. Það vill svo til að mentella er vannýttur stofn. Það er alveg ljóst miðað við nýjustu upplýsingar frá Hafrannsóknastofnun þá er þar um að ræða vannýttan stofn. Það er alveg ljóst miðað við nýjustu upplýsingar frá Hafrannsóknastofnun þá er þar um að ræða vannýttan stofn. Og ég tel þess vegna að það sé afskaplega óvarlegt og íslenskir stjórnmálamenn eigi ekki að nota röksemdir sem þessar vegna þess að þær veita Evrópubandalaginu færi á því að krefjast aukinna veiðiheimilda m.a. í þeim tveimur karfastofnum sem er að finna innan íslenskrar fiskveiðilögsögu, þ.e. mentella og síðan mentella oceanic sem er úthafskarfi. Ég vil nú biðja menn um að athuga hvað þeir segja.

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég geri stórkostlega mikinn greinarmun á þeim togurum sem Belgar fengu að hafa hér innan fiskveiðilögsögunnar. Þeir studdu okkur mjög eindregið í útfærslu fiskveiðilögsögunnar og við töldum það réttmætt að bjóða þeim þessar veiðar. Eins og kom fram hjá hv. þm. þá eru nú aðeins þrír togarar af tólf eftir og hv. þm. reyndar sagði ekki alls fyrir löngu að líklega væri rétt að segja upp þeim samningi en hvers vegna hefur það ekki verið gert? Hvers vegna hefur þingmaðurinn ekki sótt það? En ég geri þarna mjög mikinn mun á og hinu að hleypa nú inn togurum Evrópubandalagsins án þess að það sé nokkuð bundið við nokkra þjóð, þar með líklega Spánverjum sem eru nú ekki vinsælir í fiskveiðilögsögum annarra ríkja. Það er rétt hjá hv. þm. að þrír belgískir togarar hafa leyfi til að veiða hér sem þakkarvott við eindræga stuðning þeirra við okkur og ég er á móti því að segja upp þeim samningi.

Hv. þm. taldi að hér væri um vannýttan fiskstofn að ræða. Það kemur hvergi fram að það eigi eingöngu að veiða af djúpkarfa. Djúpkarfinn er mjög útbreiddur. Hann gengur hér utan fiskveiðilögsögu og til Færeyinga t.d. og er veiddur á mjög stóru svæði. Út af fyrir sig getur Evrópubandalagið eflaust nálgast þann stofn fyrir utan íslenska fiskveiðilögsögu og þyrfti ekki að sækja inn fyrir til að ná þeim fiskstofni. Það er ekkert sem segir í samningnum að veiðar þeirra skuli bundnar við þann fiskstofn. Og eftir því sem mér hefur verið tjáð er það svæði sem veiðarnar eru takmarkaðar við alls ekki þannig að eingöngu megi ná þeim karfa sem ekki er að fullu nýttur.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég var einungis að benda á að þessi röksemdafærsla er hættuleg. Vegna þess að eins og hún var lögð hér fram af hv. þm. Steingrími Hermannssyni þá gefur hún Evrópubandalaginu færi á að krefjast aukinna heimilda til einmitt að veiða djúpkarfa ef þessari röksemdafærslu er fylgt. En ég lýsi ánægju minni með það að hann hefur með nokkrum hætti dregið úr henni. Hvað varðar síðan munin á togurum Belga og hins vegar togurum Evrópubandalagsins, gott og vel ég get fallist á að það megi gera þarna greinarmun á. Hitt liggur eftir að Belgar og togarar Belga tilheyra auðvitað flota Evrópubandalagsins þannig að það er alls ekki hægt að segja eins og þingmaðurinn gerði í sínu nál. og sinni ræðu hérna áðan að það væri verið að hleypa togurum Evrópubandalagsins inn á ný. Með því að segja „á ný" þá er hann að

halda því fram að þeir séu ekki nú þegar að veiðum hér. Það er bara rangt.

Að öðru leyti hvað varðar Belga þá er það athyglisvert að þingmaðurinn hefur lýst því hér yfir að hann er á móti því að segja upp þessum samningi. Ég minnist þess að hv. þm. Halldór Ásgrímsson ræddi nákvæmlega þetta mál hér um daginn. Ég man ekki betur en að hann hafi verið þveröfugrar skoðunar. Þannig að það ekki bara í afstöðunni til samningsins um EES sem þessir tveir hv. formaður og varformaður Framsfl. eru á öndverðum meiði heldur líka í þessu tiltekna litla máli. **(Gripið fram í:** Litla máli?)

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hnaut líka um það sem hann sagði í lokaorðum sínum hv. ræðumaður „þessu litla máli". Það getur vel verið að hv. ræðumaður líti á það sem lítið mál að hleypa togurum Evrópubandalagsins óskilorðsbundið hverjir þeir eru hér inn til að veiða 3.000 lestir af karfa. Og hv. þm. ferst nú ekki að tala um að breyta um skoðun. Ég hef engan mann séð og hitt hér á þingi sem hefur svo gjörsamlega breytt um skoðun í flestöllum málum eins og hv. þingmaður. Og sem hefur talað hér þvert um það sem hann svo gerir. Og ég gæti rakið hér fjölmörg dæmi þess eðlis, fjölmörg dæmi. Tíminn leyfir það ekki. En kannski við getum tekið það upp síðar. Það tæki æðilangan tíma.

Svo út af þessum karfastofnum sem hann talar um þá vakti ég athygli á því síðar að þennan djúpkarfa, ef við erum að tala um það sama því það munu vera þrír karfastofnar sem taldir eru veiðanlegir hér á Íslandsmiðum eða í kringum Ísland, þá er hann líka veiðanlegur utan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Og ég sagði áðan: Þeir þurfa ekki að leita veiðiheimilda hér til að veiða þann karfastofn. Þeir geta veitt hann. Þeir hafa samninga við Færeyinga, ég veit ekki hvort þeir ná til karfans en jafnvel utan þeirra fiskveiðilögsögu geta þeir náð til djúpkarfans. Það er alveg ljóst að Evrópubandalagið er að sækjast eftir þeim karfastofni sem er hér fullveiddur. Annars væru þeir ekki að sækjast eftir að komast hér inn í íslenska fiskveiðilögsögu.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég átti von á að hv. þm. Össur Skarphéðinsson, 17. þm. Reykv., mundi tala hér fyrst fyrir áliti meiri hluta sjútvn. og nýta tíma sinn frekar til þess en að fara hér í andsvör og ræða þá málið efnislega út frá því en ég sætti mig við það að tala nú fyrir þessu máli. En ég vil fyrst segja við hv. þm. Össur Skarphéðinsson að það er alveg rétt munað hjá honum að ég hef verið þeirrar skoðunar að það eigi að segja fiskveiðisamningnum við Belga upp. Ég er ekki með neina tiltekna fyrirframskoðun með hvaða fyrirvara það skuli gert. Ég tel að svo langt sé liðið síðan að eðlilegt sé að við tökum það til endurskoðunar ekki síst í ljósi þeirrar niðurstöðu sem hér er fengin. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að það er einhver blæbrigðamunur á skoðunum manna í þessu erfiða máli. En ég býst nú samt við því að við gætum náð saman í því. Vegna þeirra orða hans að við værum algerlega ósammála um þetta mál, ég og hv. þm. Steingrímur Hermannsson, þá vil ég minna á ummæli utanrrh. landsins sem mun vera í sama flokki og hv. þm. Össur Skarphéðinsson er og er þingflokksformaður þess flokks, þ.e. að utanrrh. landsins sagði 30. nóv. 1990 — held ég að það hafi verið frekar en 1991 — að það væru fráleit svik að segja upp fiskveiðisamningi við Belga. Það var mjög sterkt tekið til orða af utanrrh. landsins í þeirri umræðu hvort ekki væri rétt að taka þetta mál til endurskoðunar m.a. í ljósi þess að sjútvrh. landsins hafi sagt um svipað leyti vegna fsp. hv. þm. Össurs Skarphéðinssonar að vel væri hugsanlegt að fiskveiðisamningi við Belga verði sagt upp. Á sama tíma og sjútvrh. í sömu ríkisstjórn segir að það sé vel hugsanlegt að segja þessum samningi upp þá segir utanrrh., sem fer formlega með samskipti við erlend ríki, að slíkt séu fráleit svik. **(Gripið fram í:** Ætli hann sé á þessari skoðun enn?) Ég tel að það sé mjög alvarlegt, hv. þingflokksformaður Össur Skarphéðinsson, þegar ráðherrar í ríkisstjórn tala með, ekki blæbrigðamun, heldur slíkum andhverfum hætti í utanríkispólitísku máli. Ég vænti þess að hv. þingmaður sé mér sammála í því mati.

Vel má vera að hv. þingflokksformanni líki það vel að einhver skoðanamunur geti verið innan Framsfl. í tilteknum málum. Af því að hann hefur meiri reynslu en ég þá spyr ég hann um það hvort hann hafi einhvern tímann verið í flokki þar sem enginn skoðanamunur er. Var einhver bekkjardeild í þeim flokki sem hann hefur verið í, Reykjavíkurdeild eða Vesturbæjardeild, eftir því sem hann vill tilgreina? Voru þar ávallt halelújasamkomur þar sem allir hafi verið sömu skoðunar og að ekki hafi einu sinni verið hægt að ræða mál og reyna að brjóta þau til mergjar? Eða eru leifarnar af stalínismanum svo miklar í þeim sósíalísku flokkum sem starfa á Íslandi, sem þingmaðurinn hefur verið meðlimur í báðum, að þar ríki slíkt hugarfar að þar megi menn helst ekki hafa nema eina skoðun? **(Utanrrh.:** Er hv. þm. að halda því fram að Alþfl. hafi verið stalínískur flokkur?) Ég hélt því ekki fram að Alþfl. hefði verið stalínískur flokkur, hæstv. utanrrh. **(Utanrrh.:** Þakka þér fyrir.) En hitt er svo annað mál að Alþfl. á nokkurn uppruna í þau tengsl sem eru til Kommúnistaflokksins og Sósíalistaflokksins og það er eins og mig minni að hv. formaður Alþfl. eigi jafnvel þar meiri tengsl en aðrir flokksmenn Alþfl. í dag þannig að hann sé þeim betur kunnugur. Annars skal ég játa, hæstv. utanrrh., að ég er heldur illa að mér í stalínisma, hef aldrei haft fyrir því að lesa þau fræði en ég er helst á því að hæstv. utanrrh. hafi eytt meiri tíma í það á ævi sinni og hafi því af því bitra reynslu og þess vegna skil ég viðkvæmni hans í þessu máli.

Virðulegur forseti. Aðaltilgangurinn var ekki að ræða þetta þótt það sé vissulega atriði í þessu stóra og vandasama máli. Ég viðurkenni það að sjálfsögðu eins og hv. þm. Björn Bjarnason sagði að hér er um viðkvæmt pólitískt mál að ræða sem á sér langa sögu. Það

er alveg rétt sem hann tók fram að strax á árinu 1972 voru þessi mál til umræðu. Á árinu 1976 þegar bókun 6 tók gildi voru þessi mál rifjuð upp af Evrópubandalaginu og það varð að samkomulagi að tekið yrði fram í fréttatilkynningu sem gefin var út af utanrrn. á þeim tíma. En þar sagði, með leyfi forseta:

„Í samræmi við ákvörðun ráðsins hinn 25. júní 1973, sem yður var skýrt frá í bréfi dags. 27. júní 1973, hefur ráð Evrópubandalaganna að tillögu framkvæmdastjórnar nú endurskoðað stöðuna varðandi framkvæmd ákvæða bókunar nr. 6 er fylgir samningi milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands. Með athugun sinni hefur ráðið staðreynt að viðundi lausn á þeim efnahagsvanda sem leiðir af aðgerðum Íslands varðandi fiskveiðiréttindi er alger forsenda fyrir því að bókun nr. 6 komi til framkvæmda. Er þetta álit bandalagsins og í samræmi við 2. gr. bókunarinnar grundvöllur þess að unnt sé að standa við skuldbindingar þær sem bókunin hefur í för með sér. Þar eð aðildarríki bandalagsins og Íslands hafa fundið viðunandi lausn á málinu eins og á stendur hefur bandalagið með þá lausn í huga“ — segir í næstu málsgrein hér á undan — „ákveðið að láta ákvæði bókunar nr. 6 með samningnum milli Efnahagsbandalagsins og lýðveldisins Íslands öðlast gildi frá 1. júlí 1976 að telja. Bandalagið vill nota þetta tækifæri til að láta í ljós þá von að samningaviðræður geti hafist í náinni framtíð og jafnframt að varanlegir samningar takist sem báðir aðilar geti sætt sig við.“

Það er því alveg ljóst að þetta var tekið fram af hálfu bandalagsins á þeim tíma en aldrei hefur verið viðurkennt af Íslands hálfu að hér væri um að ræða skuldbindingu sem Íslendingar hefðu gengist undir. Því hefur ávallt verið mótmælt en það mun hafa verið á árinu 1986 að fallist var á það af hálfu Íslendinga að teknar yrðu upp viðræður, eða eins og það var nefnt „dialog“, um þetta mál og málið tekið fyrir á nýjan leik. Það er alveg rétt sem hv. þm. Björn Bjarnason sagði að ég átti fund á sínum tíma með Manuel Marin í Brussel 7. mars 1989 þar sem m.a. kom fram í fundargerð. Af því að vitnað hefur verið til þessa fundar var eftirfarandi tekið fram, með leyfi forseta: „Ræða mætti gagnkvæmni í veiðiheimildum enda þýddi það ekki það að verkefni íslenskra fiskiskipa minnki.“

Það er hins vegar rangt eins og fram hefur komið að þetta hafi verið í fyrsta skipti sem það hafi verið rætt að til gagnkvæmra veiðiheimilda gæti komið. Ég hygg að hv. þm. muni það vel að einmitt í drögunum sem liggja fyrir að því er varðar samning árið 1981 er ákvæði um hugsanlegar gagnkvæmar veiðiheimildir. Það hefur því alltaf legið í loftinu öll þessi ár að slík gagnkvæmni gæti komið fram. Því miður hefur þessa skilnings m.a. gætt hjá hæstv. utanrrh. því að hann var í reynd að brjóta trúnað í þessu erfiða máli þegar hann skrifaði 17. apríl 1991 í Morgunblaðið eftirfarandi, með leyfi forseta, það var spurning nr. 13 sem hann varpaði fram: „Veist þú að sjútvrh. Framsfl. er eini stjórnmálamaðurinn á Íslandi svo kunnugt sé sem í formlegum viðræðum við sjávarútvegskommissar EB hefur sagt að ræða mætti gagnkvæmni í veiðiheimildum og að hugsanleg skipti á veiðiréttum milli Íslands og Evrópubandalagsríkjanna kæmu til greina?“ Að sjálfsögðu var rangt hjá hæstv. utanrrh. og mjög óvenjulegt af honum að fara fram á völlinn með þeim hætti sem hann gerði þá og að hann skyldi kjósa að rjúfa trúnað í þessu erfiða máli á þessum tíma. En segja má að síðan hafi í reynd verið erfitt og nánast útilokað að hafa samstarf við hæstv. utanrrh. um málið. Ég hygg að það hafi líka verið erfitt fyrir núv. sjútvrh. í þeirri ríkisstjórn, sem nú situr, þegar menn ganga fram með þeim hætti sem hæstv. utanrrh. hefur leyft sér að gera bæði á þessu augnabliki og reyndar síðar í þessu máli.

Það er líka rétt að 29. mars 1990 var fundur embættismanna um þetta mál. Þar var hreyft þeirri hugmynd, eins og segir í fundargerð, af Íslands hálfu að hugsanlega mætti gera fiskveiðisamning milli Íslands og EB er byggði m.a. á möguleika á skiptum á jafngildum veiðiheimildum í litlum mæli. Það var heldur ekki í fyrsta skipti sem slíkt hafði komið fram. Auðvitað er það rétt að það er á grundvelli allrar þessarar sögu sem gengur allt til ársins 1972 sem þetta mál hefur verið til viðræðu milli aðila en ávallt hefur verið um það samstaða af hálfu íslenskra stjórnmálamanna að hér yrði að vera um jafnvægi að ræða þannig að þau réttindi sem við fengjum væru jafngild þeim sem við létum í staðinn og það yrði á engan hátt til þess að minnka umsvif og veiðar okkar fiskiskipa og síst á þessum tíma þegar samdráttur er jafnmikill í íslenskum sjávarútvegi að það geti komið til greina að gangast inn á slík sjónarmið og má kannski segja að það komi því máli ekki beint við. Auðvitað hefur aldrei komið til greina að gera það en að sjálfsögðu er það enn þá ósanngjarnari krafa af hálfu mótaðilans að fara fram á það þegar ástand í íslenskum sjávarútvegi er eins og nú er og veiðiheimildir okkar jafnlitlar.

En með framhald þessa máls er það fyrst vorið 1990 sem það tekur að skýrast hvað þarna er um að ræða og skriður fer að komast á málið. Á fundi í Lúxemborg vorið 1991 seint í júnímánuði komu upp hugmyndir um það hvað hér gæti verið í húfi. Svo vitnað sé til hæstv. utanrrh. í viðtali við Þjóðviljann 29. júní 1991 þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Það sem gerðist í Lúxemborg er einfaldlega það að gegn því að fá jafngildar veiðiheimildir á loðnu fyrir Ísland í grænlenskri landhelgi bjóðum við EB sem svarar 2.600 tonnum af þorskígildum eða 3.000 tonnum í karfaígildum af vannýttum tegundum sem yrðu að tveimur þriðju hlutum langhali og einum þriðja hluta karfi. Þetta samsvarar afla tveggja góðra vertíðarbáta. Við látum ekkert af hendi annað en það sem við fáum í staðinn.“

Það var með þessum hætti sem málið tók á sig nýja mynd. Það verður að segjast eins og er að flestir þeir sem að því höfðu komið í gegnum tíðina töldu að þarna gæti verið um ásættanlega lausn að ræða, m.a. út frá því mati manna að nauðsynlegt væri að ganga frá þessu langa og erfiða máli með einhverri lendingu þar sem jafnvægi ríkti milli aðila.

Nú er það svo að langhali hefur ekki verið nýttur í

teljandi mæli hér við land í langan tíma og veruleg óvissa hefur ríkt um veiðar á honum. Þetta hefur alveg legið fyrir og ég á ekki von á því að samningamenn Íslands hafi á þeirri stundu getað fullvissað talsmenn EB um að það væri örugg veiði að fara á langhalaveiðar hér við land. En hvernig svo sem það var þá var þetta kynnt sem niðurstaða. Við sem vorum spurðir um þetta mál tókum það að sjálfsögðu svo að hérna væri um pólitíska niðurstöðu að ræða þar sem báðir aðilar hefðu gefið eftir og hér væri komið samkomulag. Með tilliti til þess að það er líka mikil óvissa um loðnuveiðarnar og alls ekki víst að við getum nýtt okkur þau loðnuréttindi sem EB hefur keypt af Grænlendingum til margra ára þá fannst mönnum að þarna væri jafnvægi og m.a. á þeim grundvelli studdu talsmenn sjávarútvegsins þá niðurstöðu sem fékkst í júní 1991. Þeir tala með þeim hætti alveg fram eftir hausti og líka eftir að samkomulag um hið Evrópska efnahagssvæði tókst í Lúxemborg 22. okt. 1991. Þá er enn af hálfu ríkisstjórnar og ráðherra, sérstaklega hæstv. utanrrh., talað með þeim hætti að hægt sé að ganga út frá því að þetta verði að veruleika. Þó mun um þetta leyti hafa legið fyrir greinargerð frá sjútvrn. sem hafði ekki verið birt þar sem fram kom að niðurstaðan væri alls ekki komin.

Síðan kom í ljós í nóvember 1991 að það var langt því frá að niðurstaðan væri fengin. Hæstv. utanrrh. viðurkenndi þá að við mundum trúlega þurfa að sætta okkur við það að ekki væri um annað að ræða. Hann hafði hins vegar ekki viðurkennt það fyrr. Eftir að niðurstaðan fékkst í Lúxemborg og nokkur draugagangur kom upp í málinu þá sagði hæstv. utanrrh. m.a. í viðtali við DV 22. júní, undir yfirskriftinni, með leyfi forseta: „Mér er fjandans sama hvað þessir menn röfla.“ Þannig að það er nú ekki nóg með að hæstv. utanrrh. hafi verið fjandans sama um hvað menn væru að röfla á Alþingi og hefur talað um það í fjölmiðlum að það hafi verið gert í of miklum mæli og líka á fréttamannafundum erlendis heldur hefur hann jafnframt gefið út yfirlýsingar um að honum sé fjandans sama hvað þessir menn séu að röfla í Brussel. Í því endemisviðtali sagði hann, með leyfi forseta: „Sjávarútvegsdeildin, svo ég taki dæmi um hana, er lítilfjörlegasta deildin í öllu apparatinu. Forstöðumaður hennar er spænskur og fulltrúi spænskra sjávarútvegshagsmuna sem auðvitað er í uppreisnarham. Lausnin í Lúxemborg þýðir einfaldlega að Spánverjar gjörtöpuðu málinu.“ Ég er nú helst á því að þeim í sjávarútvegsdeildinni í Brussel hafi ekki líkað þessi ummæli því auðvitað hafa þau gengið til þeirra að þeim væri lýst af utanrrh. Íslands að þeir væru lítilfjörlegasta deildin í öllu apparatinu. Að vísu hefur hæstv. utanrrh. ekki kallað Alþingi Íslendinga *lítilfjörlegustu deildina* í íslenska þjóðfélaginu en stundum hefur mátt túlka ummæli hans þannig að honum þyki lítið til starfs þess koma. Hann leyfði sér að segja að þeir hefðu gjörtapað málinu. Það *eru ekki mjög góð skilaboð í samningum sem ekki er* lokið að senda mönnum tóninn með þeim hætti. Ég býst við að það hafi heldur hert á mönnum í þessu sambandi þegar menn sjá það stöðumat sem er uppi af Íslands hálfu í þessu vandasama máli og hafi þá e.t.v. orðið til þess að þeir hafi séð ástæðu til að halda áfram að röfla í málinu. Hvort svo sem utanrrh. Íslands hafi verið fjandans sama um það eður ei.

Það er staðreynd, sem kom fram seint á árinu 1991, að málið var komið í vissa sjálfheldu og nú stöndum við frammi fyrir því eins og gerðum hlut að við þurfum að láta 3.000 tonn af karfa og fá 30.000 tonn af loðnu í staðinn. Þegar búið var að ganga í gegnum alla lotuna og margir sigrar höfðu verið í höfn og alltaf voru Íslendingar að vinna þá var það mat utanrrh. í lok alls þessa ferlis að Ísland fær á móti 30.000 tonn af loðnu sem væru 20% verðmætari en hlutur EB. Það er hið endanlega mat utanrrh. og væntanlega ríkisstjórnar Íslands þegar þessu máli er lokið að við höfum fengið 20% verðmætari afla en EB fékk í sinn hlut. Þrátt fyrir að langhalinn væri floginn, þrátt fyrir að það væri flogið að við gætum veitt loðnuna fyrst og síðan yrði metið hvort hún væri okkur þess virði að það jafngilti 3.000 tonnum af karfa, það var líka farið, þá var þetta matið um samningsniðurstöðuna. Ég geri mér fulla grein fyrir því að ekki er um létt mál að ræða. En ég tel að það verði að tala um það eins og það er að nær sé fyrir menn að viðurkenna það að hér er um vonda samningsniðurstöðu fyrir Ísland að ræða. Samningsniðurstöðu sem er óásættanleg og getur ekki orðið til nokkurrar frambúðar. En að koma og segja að menn séu bara nokkuð ánægðir með þetta.

Ég vil í fyrsta lagi í þessu sambandi gera að umtalsefni verðgildi þessara heimilda og ganga út frá því að aflinn náist að öllu leyti af beggja hálfu. Þ.e. að EB veiði 3.000 tonn af karfa sem hægt er að ganga út frá sem nokkuð vissri veiði miðað við ástand fiskstofna því að karfastofninn er tiltölulega öruggur og það hefur verið hægt að ganga í hann áratugum saman enda er hér um fisk að ræða sem verður mjög langlífur.

Að því er varðar loðnuna er hins vegar allt annað mál en við skulum láta það liggja á milli hluta til að byrja með. Í þessu sambandi hafa verið notaðir stuðlar af hálfu utanrrn. og gengið úr frá því í þessari fréttatilkynningu að þeir stuðlar sem hafa verið notaðir í kvótakerfinu væru þeir sem ætti að nota til að meta samninginn og því jafnframt haldið fram að sá sem hér stendur, fyrrv. sjútvrh., hafi verið sá sem lögleiddi og fann upp þessa stuðla. Það er nokkuð ofsagt að þeir hafi verið fundnir upp af einhverjum ráðherra vegna þess að þessir stuðlar eru einfaldlega reiknaðir út af Þjóðhagsstofnun og mæla verðgildi fiskafla á innanlandsmarkaði. Þeir hafa almennt verið notaðir nokkurn veginn óbreyttir frá því sem komið hefur frá Þjóðhagsstofnun og þessi stuðull er á árinu 1991 0,41. Útreikningur Þjóðhagsstofnunar sýndi á árinu 1990 0,43 en *þá var stuðlinum að vísu breytt, eftir því sem ég* best man og hann var hækkaður í 0,5 vegna þess að karfinn þótti þar óeðlilega lágur. En að stuðull Þjóðhagsstofnunar, sem notaður er í lögum um fiskveiðar, *hafi sérstaklega verið hugsaður til að nota í samninga*viðræðum við erlend ríki er alveg út í hött. Að líta á þann verðmætastuðul sem einhvern heilagan sannleika sérstaklega vegna þess að hann hafi verið hluti af fisk-

veiðistjórnunarkerfi er enn þá fráleitara.

Þegar menn standa í erfiðum samningum hljóta menn að nota ýmsa aðra mælikvarða. Það er alveg nýtt fyrir mér að einhver einn mælikvarði sé alger sannindi í viðskiptum milli aðila. Ég bendi á að allan þennan tíma hefur líka verið reiknaður út stuðull fyrir heildarverðmæti afla á Íslandsmiðum. Þar kemur allt annað fram. Þar er þorskurinn 1, karfi 0,7 og loðnan 0,04. Þetta ætti ekki að koma neinum á óvart vegna þess að karfinn hefur alltaf verið hlutfallslega verðmætari ef siglt er með hann á erlenda grund. Karfinn hefur líka verið í vaxandi verðmætum vegna frystingar úti á sjó.

E.t.v. halda sumir því fram að það sé sérstaklega frystingin úti á sjó sem hefur gert það að verkum að karfinn hafi fengið aukið gildi. Á árinu 1987 var hlutfall karfa í heildarverðmætum 0,7 á móti 1 jafnvel þótt aðeins 4.000 tonn væru fryst út á sjó. Rétt að taka líka mið af því að fleira er fryst út á sjó en karfi því að þorskurinn er jafnframt frystur þar. Þetta eru staðreyndir sem verður að halda til skila í málinu. Því verður líka að halda til skila að karfinn er ein eftirsóttasta fisktegundin um þessar mundir. Vegna hvers? Vegna þess að aflinn er tregur en öruggasta veiðin sem nú fer fram er trúlega úr karfastofninum. Ég tel því að það sé á engan hátt rétt að meta þessar veiðiheimildir að jöfnu í verðmætum. Hins vegar ætla ég ekki að leggja á það einhvern algildan dóm hver þessi verðmæti eru þó ég sé þeirrar skoðunar að eðlilegra sé að taka sem mest mið af heildarverðmæti afla okkar sem kemur á land. En auðvitað gætu menn líka haft þá tilfinningu að miða fyrst og fremst við sjófrystingu, miða við siglingar o.s.frv. Það hljóta menn að gera í samningaviðræðum um málið.

Minni hluti sjútvn. nefnir þá stuðla sem Efnahagsbandalagið notar í þessu sambandi og ekki kemur á óvart að karfinn er metinn næstum því jafnverðmætur og þorskurinn af þeim. Þeir eru hins vegar með stuðul eftir því sem þeir hafa fengið upplýsingar um þar sem loðnan er metin á 0,10. Ég verð að játa að ég gef ekki mikið fyrir þann stuðul Evrópubandalagsins að meta loðnu á 0,10 því að mér er ekki kunnugt um að Evrópubandalagið hafi stundað loðnuveiðar á undanförnum árum. Satt best að segja veit ég ekki síðan hvenær þetta verðmætamat er. Ég er helst á því að þetta verðmætamat sé mjög gamalt og þeir hafi ekki endurnýjað það með nýjum upplýsingum um verðmæti loðnuafurða þó að ég sé ekki að halda því fram að það sé svona eins og var í gömlu Sovétríkjunum þar sem loðnan var metin verðmætari en þorskurinn af þeirri ástæðu að verðið á þorskinum var frá því rétt eftir síðari heimsstyrjöld. En loðnuveiðarnar höfðu verið tiltölulega nýuppteknar og þar af leiðandi var hægt að setja nýtt verð á loðnuna. En eins og menn vissu þá var engin verðbólga í Sovétríkjunum sálugu. Ég tel því að verðmætamat EB á loðnu sé ekki marktækt. Væntanlega hefði Evrópubandalagið lagt meiri áherslu á það að ná þessari loðnu og lagt í meiri kostnað við það ef verðmæti hennar væri jafnmikið og þarna kemur fram.

En þetta er ekki það eina sem skipti máli í sambandi við mat á þessu máli. Líka verður að taka tillit til þess að loðna er miklu óvissari fiskstofn en karfinn og kemur engum Íslendingi á óvart.

Það var í ársbyrjun 1989 eða trúlega hefur það nú ekki verið fyrr en um vorið að það tókust samningar um nýtingu þessa loðnustofns. Viðræður höfðu átt sér stað í heilan áratug og þar var samþykkt að við fengjum 78% af heildaraflanum en Norðmenn og Grænlendingar 11% hvorir. Það er því ekki alls kostar rétt sem segir í áliti meiri hluta sjávarútvegsnefndar, en þar segir, með leyfi forseta: „Á grundvelli 20 ára reynslu, og með hliðsjón af lífsháttum loðnunnar, hafa þjóðirnar skipt með sér nýtingu stofnsins þannig að Íslendingar veiða 78% heildaraflans, en Norðmenn og Grænlendingar sín 11% hvorir."

Hér er um allmikla ónákvæmni að ræða því að það var ekki samkomulag um þessa skiptingu lengst af og miklir árekstrar áttu sér stað, ekki kannski síst við frændur okkar Færeyinga sem gátu veitt óheft á tímabili á svæðinu við Jan Mayen og Grænland og við reyndum að hafa áhrif á þær veiðar með beinum samskiptum við Færeyinga. Það var hins vegar samningur milli Noregs og Íslands sem er mun eldri og á rætur sínar að rekja til þess fræga samkomulags sem gert var um Jan Mayen svæðið og er mönnum í fersku minni sem var mikilvægt samkomulag sem tókst á þeim tíma. Um það urðu verulegar deilur hér á Alþingi en það samkomulag hefur reynst okkur Íslendingum mikilvægt og það var í framhaldi af því samkomulagi sem þessi samningur tókst 1989.

Það er alveg ljóst að frá því að þetta samkomulag var gert að það hefur verið okkur Íslendingum mjög hagstætt. Og það þarf ekki annað en að líta á þær tölur sem koma fram í fskj. IV með áliti minni hluta sjútvn. um veiðarnar. Þar kemur fram að okkar hlutur í veiðunum 1989–1990 var 82,4% og á næsta tímabili 91,2% og á því þriðja 93%. Þannig að við höfum veitt úr þessum stofni mun meira magn en okkar hlutdeild gefur til kynna. Og ástæðan fyrir því er að sjálfsögðu önnur ákvæði þessara samninga svo sem veiðar í íslenskri landhelgi og ákvæði um bætur o.s.frv. Ég tel að það orðalag sem hv. þm. úr meiri hlutanum nota í sambandi við möguleika Grænlendinga og Norðmanna til að nýta sinn kvóta sé ekki fullnægjandi. Og mér finnst það vera ansi mikið sagt hjá þeim, með leyfi forseta, það sem þeir segja: „Gagnrýnendur tvíhliða samningsins virðast því annaðhvort ekki þekkja þríhliða samninginn um loðnuveiðar eða ganga að því sem vísu að Grænlendingar muni ekki nýta sér réttindin sem hann veitir þeim."

Og án þess að ég ætli að fara að rekja það nákvæmlega — og bíð nú eftir frsm. meiri hlutans — þá tel ég að meiri hlutinn geri allt of mikið úr möguleikum þessara þjóða til að nýta sér sinn veiðirétt að fullu og geri líka of mikið úr því að þeir geti fengið bætur í öllum tilvikum. Það er enginn sjálfkrafa bótaréttur ef þeir ná ekki sínu magni. Þar þarf ekki aðeins að líta til þess hvernig kvótarnir hafa verið gefnir út, þeir eiga rétt til að veiða úr kvótum sem eru gefnir út síðla vertíðar þótt þeir eigi ekki rétt að því er varðar bráðabirgðakvótann. En ég vil jafnframt benda á að þar hef-

ur líka reynt á sanngirnissjónarmið. Ég man eftir því, áður en að þessi samningur tók gildi, að þá áttu Norðmenn samkvæmt beinum ákvæðum samningsins og útreikningum rétt á bótum sem þeir síðan féllu frá að hálfu vegna þess að það var talið beinlínis ósanngjarnt. Og af hverju var það ósanngjarnt? Það var ósanngjarnt vegna þess að Íslendingar hafa haldið úti sínum flota við mjög erfið skilyrði oft á tíðum, sent rannsóknarleiðangur eftir rannsóknarleiðangur, kostað allar þessar rannsóknir, þurft að kosta tilraunaveiðar og mikið úthald flotans. Og þessu hefur verið haldið til skila þegar samið er um endanlegar bætur og á það hefur verið fallist af Norðmönnum. Og ég vil benda á að á árinu 1990–91 var endanleg endanleg ráðgjöf frá Hafrannsóknastofnun 250 þús. tonn. En við ákváðum að veiða umfram þetta magn og taka nokkra áhættu þannig að heildaraflamarkið varð 312 þús. tonn. Og þessi ákvörðun var tekin eftir að Grænlendingar gátu nýtt sér sína loðnu.

Hins vegar var það svo að bráðabirgðakvótinn var upphaflega 600 þús. tonn og Norðmenn höfu alla möguleika til þess að reyna við loðnuna um sumarið en sættu sig hins vegar við loðnuveiðibann þegar það var sett á á þeim tíma. Þeir fóru fram á bætur í viðræðum um þessi mál en á það var ekki fallist. Niðurstaðan varð sú að engar bætur féllu Norðmönnum til handa. Þannig að ég vil biðja menn um að túlka af fullri varúð þennan rétt því að hann er ekki sjálfkrafa. Hér er um mjög flókinn samning að ræða og ég tel að meiri hluti sjávarútvegsnefndar oftúlki ýmis ákvæði hans hinum aðilanum í hag. Og mér þykir miður að svo skuli vera en ég get ekki látið hjá líða að þetta sjónarmið mitt komi fram því að hér er um viðkvæmt samningamál að ræða og það er alvarlegur hlutur ef ákvæði samninga eru túlkuð af hálfu Íslands með þeim hætti að þar sé um oftúlkun að ræða fyrir hönd hins samningsaðilans.

Það er staðreynd að á síðustu vertíð náðum við ekki öllu magninu. Heildaraflamark var 740 þús. tonn en heildarafli 682 þús. tonn. Það liggur því alveg ljóst fyrir að hefði slíkur samningur sem þessi gilt fyrir síðasta ár þá hefði hann í engu nýst okkur Íslendingum. En jafnvel þótt að þetta magn hefði náðst þá er það heldur ekki víst að það hefði nýst okkur vegna báta-ákvæðanna og þeirrar staðreyndar að það eru takmarkaðar heimildir fyrir hinar þjóðirnar að veiða innan okkar lögsögu.

Mér sýnist, virðulegur forseti, að þessum sjónarmiðum hafi ekki verið nægilega vel til skila haldið og ég tel að enn þann dag í dag sé þeim ekki nægilega vel fram haldið af þeim sem fjalla um þetta mál hér á Alþingi. Hitt er svo annað mál að við getum að sjálfsögðu ekki gengið út frá því að þær aðstæður, sem hafa verið á undanförnum árum, muni ríkja um alla framtíð. Auðvitað getur það tímabil komið aftur þegar Norðmenn og Grænlendingar eða þjóðir fyrir þeirra hönd áttu mjög auðvelt með að ná sínu magni á hafsvæðinu við Jan Mayen og Grænland. Og það má geta þess að okkar hlutfall hefur farið niður fyrir 78% eitt árið eða 1986 þegar skilyrði voru mjög hagstæð á þessu hafsvæði. Auðvitað ber að viðurkenna það og halda öllu því sem rétt er í þessu máli til skila. En staðreyndin er hins vegar sú að þær aðstæður ríkja ekki í dag. Þessar aðstæður hafa ríkt á undanförnum árum og ríkja enn.

Það sem er verið að gera með þessum samningi hér er að það er verið að samþykkja þessi 30 þús. tonn til eins árs og 3 þús. tonn af karfa þar á móti. Þannig að ég tel að það sé rétt fyrir menn að búa sig undir það að við fáum lítið og jafnvel ekki neitt í okkar hlut á árinu 1993. En það er ekki þar með sagt að það muni verða svo um árið 1994 ef ætti að semja fyrir það ár. Það mun að sjálfsögðu fara eftir þeim aðstæðum sem ríkja varðandi loðnustofninn á því ári. Og því miður er mjög erfitt að spá fyrir um það langt fram í tímann hvernig það muni verða.

Og þess vegna er í reynd eina leiðin ef sanngirni á að gæta í þessu máli að fyrst reyni á það að hvaða notum slíkar veiðiheimildir komi okkur Íslendingum áður en gengið er endanlega frá því sem Evrópubandalagið á að fá á móti, þ.e. ef Evrópubandalagið á að fá svo öruggan stofn sem karfann. Þetta eru einfaldlega staðreyndir sem menn eiga að viðurkenna og er þá nær að segja að staðan í málinu hafi verið sú að það hafi ekki verið neinn annar kostur en að gera þennan slæma samning. Menn hafi einfaldlega verið komnir í þá stöðu m.a. vegna framgöngu utanrrh. Íslands — sem ég hef getið um í mínu máli og get m.a. vitnað, eins og við gerum í okkar nál., til ummæla hæstv. sjútvrh. í því sambandi sem gefa það til kynna að hann hafi ekki getað sætt sig við yfirlýsingar utanrrh. á öllum stigum þessa máls. Hef ég kosið að vitna beint til hans ummæla og ekki hætt mér út í það að reyna að lesa á milli línanna um það sem fer á milli ráðherranna á ríkisstjórnarfundum, hvað þá í Þjóðarsálinni, en hæstv. sjútvrh. hefur m.a. vitnað að því er varðar þetta mál til ummæla utanrrh. í Þjóðarsálinni og er þar þá a.m.k. kominn vettvangur fyrir ráðherrana til að tala saman sem er nú mikilvægt að sé fyrir hendi. — Nei, það er ekki gert. Menn halda því bara blákalt fram: Þetta er bara nokkuð góður samningur, hagstæður fyrir Íslendinga. Og utanrrh. hefur ekki einu sinni haft fyrir því að draga til baka að við græðum 20% á honum. En ég ætla nú að vonast eftir því að það bókhald verði nú rifjað upp svona þegar kemur fram á næsta ár, hvort að það reynist rétt hjá utanrrh. að Íslendingar muni fara með 20% gróða í þessu máli þegar upp er staðið. Ég er a.m.k. sannfærður um að það er fráleit spá. Og ef allar áætlanir þjóðarbúsins væru með þeim hætti þá er ég hræddur um að margt færi nú öðruvísi en við ætlum í íslenskum þjóðarbúskap. Og það er beinlínis mjög hættulegt og hlýtur að teljast mikið slys að slíkt hafi verið gefið út af Íslands hálfu, og margt af því sem sagt er veikir því miður samningsstöðu Íslands í þessu máli til frambúðar. (**Forseti:** Forseti vill gera ræðumanni viðvart, það hefur veirð tekin ákvörðun um það að það færi hér fram utandagskrárumræða klukkan hálffjögur. Og það hefur reyndar einn hv. þm. óskað eftir að veita andsvar við ræðu hv. þm. Ef hann getur lokið henni mjög fljótlega þá er honum það heimilt en

annars óskar forseti eftir þingmaðurinn fresti ræðu sinni.) Virðulegur forseti. Ég á nokkuð eftir af minni ræðu þannig að ég held ég verði að fresta henni.

Umræðu frestað.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem menntamrh. Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með tilvísan til 2. mgr. 3. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, María E. Ingvadóttir viðskiptafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans. Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti."

Undir þetta bréf ritar Geir H. Haarde, formaður þingflokks Sjálfstfl.

María E. Ingvadóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa.

Umræður utan dagskrár.

Brottvísun 400 Palestínumanna frá Ísrael.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Þá fer fram utandagskrárumræða samkvæmt fyrri málsgrein 50. gr. þingskapalaga að beiðni hv. 4. þm. Norðul. e. og er umræðuefnið brottvísun Palestínumanna af hernumdu svæðunum. Tímamörk eru þau, eins og hv. þm. er eflaust kunnugt, að málshefjandi hefur fimm mínútur í fyrra skiptið sem hann tekur til máls og óski hann eftir að taka til máls öðru sinni hefur hann tvær mínútur til umráða. Viðkomandi ráðherra hefur fimm mínútur í fyrra skiptið og tvær mínútur í síðari skiptið og aðrir þingmenn og ráðherrar tvær mínútur.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Mér þætti vænt um að hæstv. forsrh. yrði einnig gert aðvart um að þessi umræða sé að hefjast.

Ég kveð mér hér hljóðs utan dagskrár vegna þeirrar dæmalausu uppákomu, þeirra dæmalausu atburða sem heimsbyggðin mátti horfa upp á rétt fyrir jólin, að ísraelsk stjórnvöld tóku þá rúmlega 400 Palestínumenn af svæðum í Palestínu sem þau hafa hernumið og fluttu nauðuga yfir á einskismannsland við landamæri Ísraels og Líbanons, reyndar yfir á svonefnt hernumið öryggissvæði við landamærin sem Ísraelsher bannar umferð á. Þar hírast nú þessir menn, eins og við höfum nú fengið að sjá af myndum í fjölmiðlum, við hörmulegan aðbúnað, matarlitlir eða matarlausir í óupphituðum tjöldum eða jafnvel algjörlega á berangri. Það er mat hjálparstofnana að verði engin breyting á högum þeirra á næstu dögum sé eins víst að einhverjir þessara manna muni láta lífið á næstunni úr hungri og kulda. Með þessu framferði þverbrýtur Ísraelsstjórn margar grundvallarreglur um mannréttindi og réttaröryggi og sanngjarna málsmeðferð og skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða óbreytta borgara eða sakamenn, né hvort um væri að ræða stríðstíma eða friðar. Þessi framkoma þverbrýtur einfaldlega ýmsar grundvallarmannréttindareglur sem taka til allra manna hvort sem um óbreytta borgara, sakamenn, stríðsfanga eða aðra er að ræða.

Þetta kemur m.a. skýrt fram í ályktun öryggisráðsins frá 18. des., ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 799. Þar eru þessar aðgerðir harðlega fordæmdar. Í bréfi sem ríkisstjórn Íslands sendi 30. des., og mér hefur ekki tekist að fá afrit af en í fréttatilkynningu utanrrn. er vísað í, lýsir ríkisstjórnin áhyggjum sínum yfir þessari framgöngu ísraelskra stjórnvalda. Ég tel að til þurfi að koma mikið afdráttarlausara orðalag af hálfu íslenskra stjórnvalda. Það vekur athygli mína þegar borin er saman ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna annars vegar, sem samþykkt var einróma, og hins vegar bréf íslenska utanrrh., ef marka má fréttatilkynningu utanrrn., að þar er um allt annað og mikið vægara orðalag að ræða.

Íslensk stjórnvöld lýsa áhyggjum sínum, íslensk stjórnvöld hvetja til og íslensk stjórnvöld láta í ljósi von um — að ákvörðun um brottvísum Palestínumannanna verði afturkölluð. En í ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 799 er með óvenju afdráttarlausu orðalagi þessari framkomu ísraelskra stjórnvalda mótmælt. Þar segir öryggisráðið einfaldlega, með leyfi forseta: „The Security Council strongly condemns the action taken by Israel the occupying power to deport hundreds of Palestinean citizens" o.s.frv. Með öðrum orðum, öryggisráð Sameinuðu þjóðanna einróma fordæmir harðlega framgöngu ísraelskra stjórnvalda. Og tekur svo fram að ráðið muni halda áfram að fylgjast með framgangi mála og krefst þess að ísraelsk stjórnvöld leyfi mönnunum þegar í stað að snúa til baka.

Ég vil því í fyrsta lagi eindregið skora á hæstv. ríkisstjórn að fordæma afdráttarlaust meðferð ísraelskra stjórnvalda á Palestínumönnunum 415 og einnig framgöngu hers og stjórnvalda á hernumdu svæðunum en þar hefur orðið mikið mannfall síðan mótmæli hófust gegn þessum brottvísunum. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. hvort ríkisstjórnin sé tilbúin til slíkrar algerrar fordæmingar og afdráttarlausrar fordæmingar á framferði Ísraelsstjórnar og ég fullyrði að til þess hefði ríkisstjórnin stuðning þings og þjóðar.

Ég vil í öðru lagi spyrja hvort því megi ekki treysta að Íslendingar muni styðja að gripið verði til aðgerða gagnvart Ísrael ef þeir, þ.e. Ísraelsmenn, ekki leyfa hinum brottvísuðu mönnum að snúa til baka og Ísraelsmenn beittir þrýstingi eða refsiaðgerðum sem dugi til þess að ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nái fram að ganga. Í ályktuninni sjálfri er vísað til þess

að öryggisráðið muni halda áfram að sinna þessu máli. Ég spyr því í öðru lagi: Má treysta því að íslensk stjórnvöld muni styðja að gripið verði til aðgerða gagnvart Ísrael til að knýja þá til að framfylgja ályktun öryggisráðsins?

Og í þriðja lagi vil ég spyrja hvort íslensk stjórnvöld hyggist á næstunni millilíðalaust reyna að hafa áhrif á stjórnvöld í Ísrael. Innan ríkisstjórnarinnar eru menn sem farið hafa í sérstakar kurteisisheimsóknir til Ísraels, bæði hæstv. forsrh. og núv. formaður Sjálfstfl. og einnig fyrrv. formaður Sjálfstfl. og núv. hæstv. sjútvrh., hafa á undanförnum árum farið í sérstakar kurteisisheimsóknir til Ísraels og ættu því að hafa þar sæmileg sambönd. Þessi framkoma er með öllu óþolandi og hvergi á að líða slíkt á byggðu bóli í heiminum að menn séu gerðir útlægir og landlausir með þessum hætti og jafnvel látnir deyja Drottni sínum úr hungri og kulda. Þjóðir heimsins verða að taka höndum saman til þess að stöðva þetta framferði Ísraels. Ég vona að Íslendingar láti sitt ekki eftir liggja í þeim efnum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda gripu stjórnvöld í Ísrael til þeirra aðgerða að vísa brott um 400 manns, flytja þá nauðungarflutningum yfir á landsvæði Líbanons nokkrum dögum fyrir jól. Málið var tekið fyrir, eins og fram kom einnig í ræðu hv. ræðumanns, af öryggisráðinu þann 18. des. og í ályktun þess, sem samþykkt var samhljóða, kom fram m.a. að þessar aðgerðir ísraelskra stjórnvalda væru ótvírætt brot á 4. Genfarsáttmálanum um skyldur stjórnvalda á hernumdum svæðum um að framfylgja þar settum reglum. Í annan stað var aðgerðin fordæmd og þess krafist að þessu fólki væri tryggt öryggi við heimkomu, og loks að sérstakur fulltrúi aðalritara Sameinuðu þjóðanna yrði sendur á vettvang til þess að reyna að fá fram lausn á þessu máli.

Að því er varðar ísraelsk stjórnvöld þá hafa þau tíundað sér til málsbóta einna helst eftirfarandi. Þeir segja að umrætt fólk séu í forustu tveggja hryðjuverkasamtaka, annars vegar svokallaðra Hamas-samtaka, sem þau halda fram að sé stýrt af stjórnvöldum í Íran, og hins vegar hryðjuverkasamtaka sem kenna sig við Islamic Jihad. Því er haldið fram að þessi samtök hafi á samviskunni margvísleg hryðjuverk, m.a. morð á mörgum hundruðum Palestínumanna sem og hryðjuverk innan Ísraels og á hernumdu svæðunum, aftökur án dóms og laga, árásir á skóla o.s.frv. Því var yfirlýst að Hamas lýsti á hendur sér vígi á löggæslumanni, Toli Danof, þann 13. des., sem ísraelsk stjórnvöld gefa sem beina átyllu fyrir þessum aðgerðum.

Af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur þetta mál verið tekið fyrir og skoðað, í fyrsta lagi ákveðið að styðja fordæmingu á þessum aðgerum ísraelskra stjórnvalda á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Og það er einkum tvennt, þrátt fyrir málsbætur fram bornar af stjórnvöldum í Ísrael, sem veldur því. Og það er í fyrsta lagi að hér er um að ræða brot á Genfarsáttmálanum svo óyggjandi er talið, og í annan stað er þá krafa um það að þetta fólk eigi rétt á opnum réttarhöldum og það eru þær kröfur sem settar hafa verið fram af hálfu íslenskra stjórnvalda, fyrir utan það að taka þátt í stuðningi við þá ályktun sem þarna er vísað til á vettvangi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Mér barst síðan bréf frá forsrh. Ísraels um þetta mál og svaraði því samstundis. Í bréfi mínu er sett fram af hálfu íslenskra stjórnvalda í fyrsta lagi sú krafa að ísraelsk stjórnvöld geri allt sem í þeirra valdi stendur til þess að tryggja að umræddum Palestínumönnum verði séð fyrir nauðþurftum. Og einnig áskorun á hendur stjórnvalda í Ísrael að afturkalla þessa ákvörðun og að tryggja að mál þeirra fái eðlilega meðferð fyrir opnum dómstólum.

Þessu til viðbótar hefur mér nýlega borist bréf frá utanríkisráðherra Ísraels, sem er út af fyrir sig svipaðs efnis, en þar er lögð á það áhersla að þessi samtök sem hér eiga hlut að máli séu bæði yfirlýstir andstæðingar friðarferilsins, hafi á stefnuskrá sinni að viðurkenna ekki tilverurétt Ísraels, en sér í lagi er lögð á það áhersla að þau hafi með aðgerðum sínum reynt að koma í veg fyrir stuðning við friðarferilinn, bæði innan Ísraels og á hernumdu svæðunum, og það borið fram sem sérstök réttlæting á aðgerðum Ísraels.

Af minni hálfu er það ljóst að ég stend við það sem við höfum sagt fyrir hönd íslenskra stjórnvalda, að þessar málsbætur duga ekki og kröfurnar eru á hendur Ísraels um hvort tveggja, annars vegar það mannúðarsjónarmið að tryggja, meðan þetta fólk er ekki aftur komið til heimkynna sinna, að það njóti öryggis og því sé séð fyrir nauðþurftum, og hins vegar að ákvörðunin verði afturkölluð og að þessu fólki verði gefinn kostur á opinni meðferð sinna mála fyrir dómstólum.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur verið hörmulegt að fylgjast með þeirri meðferð sem 415 Palestínumenn hafa orðið að sæta af hálfu stjórnvalda í Ísrael undanfarnar vikur. Ég held að fáar fréttir hafi vakið jafnsterk viðbrögð almennings og þessi grimmilegi útlegðardómur sem við höfum orðið vitni að. Frá lokum heimsstyrjaldarinnar fyrri, er verndarsvæði gyðinga var sett á fót í Palestínu, hefur gengið á ýmsu í samskiptum gyðinga og araba á svæðinu og styrjaldir geisað. Þó hygg ég að nú hafi keyrt um þverbak eftir uppreisn Palestínumanna, Intifada, eftir að hún hófst á herteknu svæðunum og einkum hefur það komið fram í mjög harðneskjulegri framgöngu Ísraelshers sem m.a. hefur beint byssum sínum að börnum og unglingum á svæðinu.

Sú aðgerð að vísa 415 karlmönnum úr landi og gera þeim að hírast við rýran kost á einskismannslandi í Suður-Líbanon hefur verið fordæmd um allan heim enda um manréttindabrot að ræða af því tagi sem minnir helst á ofsækjendur gyðinga sjálfra. Því er það furðulegt að þeir skuli grípa til aðgerða af þessu tagi. Viðbrögð íslenskra stjórnvalda voru þó af allra aumustu gerð. Mjög vægt orðað bréf til stjórnvalda í Ísrael þar sem — samkvæmt fréttatilkynningu utanrrn. — ísraelsk stjórnvöld voru hvött til að gera allt sem í

þeirra valdi stendur til að tryggja að umræddum Palestínumönnum verði séð fyrir nauðþurftum og látin í ljós von um að sú ákvörðun að vísa Palestínumönnunum úr landi verði afturkölluð og mál þeirra fái eðlilega meðferð fyrir dómstólum.

Virðulegi forseti. Þessi mannréttindabrot Ísraelsmanna ber að fordæma harðlega að mínum dómi og þess ber að krefjast að Palestínumennirnir fái að snúa heim þegar í stað. Hafi þeir brotið af sér, eins og Ísraelsmenn halda fram, þá á að sjálfsögðu að draga þá fyrir lög og dóm. En útlegð af því tagi sem hér um ræðir sýnir ekkert annað en grimmd.

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég tek undir það með hæstv. utanrrh. að það eigi ekki að refsa mönnum með því að vísa þeim úr landi eða svipta þá búseturétti. Hafi þeir rúmlega 400 karlmenn, sem nú eru landlausir í Suður-Líbanon, gerst sekir um hryðjuverk á að sækja þá fyrir réttum dómstólum og láta þá sæta refsingu samkvæmt lögum síns lands. Ég held að þetta séu þau grundvallaratriði varðandi mannréttindi sem við Íslendingar aðhyllumst, við erum réttarríki og viljum að aðrar þjóðir hafi lög og rétt í hávegum. Þessar kröfur eigum við að setja fram af einurð og sjá til þess að þær nái fram að ganga því að það er ekki aðeins í þágu þessara manna sem þarna er um að ræða heldur þess alþjóðlega samfélags sem við viljum að upp sé byggt í heiminum.

Ég tel að ríkisstjórnin eigi að halda þessu máli til streitu með þeim hætti sem gert hefur verið. Sem betur fer eru lýðræðislega kjörin stjórnvöld í Ísrael og þau hljóta að taka tillit til þess sem fram kemur á alþjóðavettvangi, og þar finnst mér að sumu leyti þessir menn betur settir heldur en þeir sem nú búa við ennþá þrengri kost og verri, t.d. í Júgóslavíu fyrrverandi þar sem menn geta enga björg sér veitt og erfitt er halda að nokkrum lögmætum stjórnvöldum kröfum um að því fólki sé þyrmt eða því séu einhverjar bjargir veittar. Þess vegna er það sú von í þessu máli að hin löglega kjörnu stjórnvöld í Ísrael láti undan réttmætum þrýstingi og sjái til þess að þessir menn, ef þeir hafi gerst brotlegir við lögin, verði látnir sæta refsingu og mál þeirra skoðað af réttum yfirvöldum en þeim ekki vísað úr landi og þeir gerðir landlausir eins og raun ber vitni um nú.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni að okkur Íslendingum ber að leggja ríka áherslu og alla áherslu á það að mannréttindi séu haldin hvar og hvenær sem er. Þar út af fyrir sig þýðir enginn samanburður, það á að halda mannréttindi og brot á mannréttindum eru óafsakanleg þar sem þau eru framin.

Við höfum ætíð verið stoltir af því, Íslendingar, að virða mannréttindi og við höfum jafnframt sagt, a.m.k. í hátíðaræðum, að við teldum að sérhver þjóð ætti að hafa sjálfsákvörðunarrétt. Til þess að geta dæmt í slíkum málum þá þurfum við að sjálfsögðu að kynna okkur þá atburði sem um er að ræða. Ég verð því miður að segja að mér hefur stundum þótt skorta á hjá okkur Íslendingum að kynna okkur báðar hliðar á slíku máli. Ég minni á það þegar ég var utanrrh. vildi ég kynna mér málstaða Palestínumanna og fékk bágt fyrir hjá þáv. forsrh. og alveg sérstaklega í Morgunblaðinu. Ég ræddi þá við sendiherra Palestínumanna í Stokkhólmi og hugðist ræða við Arafat en það varð nú ekki úr því. Hins vegar gerði ég það síðar. Og ég tel að þær viðræður hafi verið afar gagnlegar.

Því nefni ég þetta hér að mér þykir stundum sem hugur fylgi ekki máli. Ég hefði talið að í heimsóknum til Ísraels hefðu einmitt forustumenn núv. ríkisstjórnar átt að nota tækifærið og ræða einnig við forustumenn Palestínumanna og kynna sér þeirra málstað. Mér sýnist satt að segja ástandið orðið svo alvarlegt að þarna dugi ekki bréf, eins og hæstv. utanrrh. hefur skrifað. Ég vona að því verði fylgt eftir með miklu harðara bréfi og ekki bara lýst von að Ísraelsmenn lagfæri það sem þarna hefur farið úrskeiðis — það er út af fyrir sig ágæt bending að þeir hafa það á sínu valdi, þeir hafa það algjörlega á sínu valdi — heldur verði því fylgt eftir með aðgerðum og orðum okkar Íslendinga hjá Sameinuðu þjóðunum.

Og ég tel að satt að segja sé kominn tími til þess að krefjast þess að eftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna setjist að í Palestínu.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það var nöturlegt að á sama tíma og við héldum jólahátíð, sem byggist á hinu fræga barni sem úthýst var en komst þó a.m.k. í fjárhús, þá urðum við að hlusta á meðferðina á þessum 415 einstaklingum. Og það vakti nokkra undrun mína að allir þeir prestar landsins sem ég hlýddi á þessi jól virtust gjörsamlega búnir að gleyma meðferðinni á þessum umræddu einstaklingum og héldu sig við barnið sem komst þó í hús forðum í þessu landi.

Það er auðvitað óþarfi að endurtaka það sem hér hefur verið sagt. Þetta er slík aðgerð, að menn skuli reknir úr landi og beinlínis dæmdir til að veslast upp án dóms og laga og er auðvitað þverbrot á öllum mannréttindasáttmálum sem þjóðir heims hafa undirritað, og ber auðvitað að fordæma það harðlega. Við skulum ekki gleyma því að saga þessa ríkis, Ísraelsríkis, er á ábyrgð okkar vestrænna þjóða. Það vorum við sem stofnuðum þetta ríki illa undirbúið og allir vita hversu miklar hörmungar það hefur leitt af sér. En á sínum tíma var það kannski skiljanlegt, Ísraelsmenn áttu auðvitað samúð heimsins. En ég verð að segja það alveg eins og er að mér hefur oft fundist nokkuð skorta á að þeir hafi verðskuldað þá miklu samúð eftir það sem síðan hefur gerst, sem er satt best að segja hvorki þeim né öðrum til sóma – og undravert hversu Ísraelsríki hefur liðist að koma fram eins og þeir hafa gert á þessu svæði. Ég held að hér dugi ekkert minna til en að setja Ísraelsríki nú einu sinni stólinn fyrir dyrnar. Það eru ýmsar leiðir til, það er hægt að slíta stjórnmálasambandi við þá, það er hægt að vinna að viðskiptabanni, þetta gengur ekki. Og það er tilgangslaust og þýðingarlaust að vera að undirrita mannréttindasátt-

mála á ári hverju ef enginn tekur síðan minnsta mark á slíkum undirskriftum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu er mjög þarft og hefði í rauninni átt að ræðast fyrr hér á þinginu, strax að loknu jólaleyfi. En ég ætla að byrja á því að lýsa yfir ánægju minni með þau svör eða þau orð sem fram komu hjá hv. 3. þm. Reykv., formanni utanríkismálanefndar, og fannst mér þar kveðið mun skýrar að orði heldur en gerir í bréfum ríkisstjórnarinnar vegna þess að ríkisstjórnin hefur jú bara lýst áhyggjum sínum og sett fram von um að ákvörðun Ísraelsmanna verði tekin aftur, en formaður utanríkismálanefndar talaði þó um að við ættum að setja fram kröfuna af einurð, kröfuna um réttarríkið og um að þessir menn fái að snúa aftur, og halda henni til streitu. Fannst mér þar mun skýrar að orði kveðið heldur en hjá ríkisstjórninni.

Vandamálið sem þarna er um að ræða er kannski ekki síst það að Ísraelsmenn viðurkenna ekki að þetta séu hertekin svæði heldur séu þetta svæði sem þeir hafi innlimað í Ísraelsríki. Vandamálið er vissulega líka það að Ísraelsríki er ekki venjulegt þjóðríki heldur ríki gyðinga. En mig langar, forseti, til þess að lesa hérna bréf sem Kvennalistinn sendi ríkisstjórn Íslands þann 30. des. sl. en þar segir, með leyfi forseta:

„Sífellt berast heimsbyggðinni fréttir af hatrömmum átökum Ísraels og Palestínumanna. Engum er hlíft, saklausir þjást og mannréttindi eru lítils virt. Átökin erfast milli kynslóða þar sem börnin alast upp við ofbeldi og hatur. Það er ofvaxið skilningi flestra að þjóð sem á rætur sínar í mikilli þjáningu skuli geta lagt þvílíkar þjáningar á aðra.

Enn einu sinni hefur Ísrarelsstjórn ofboðið réttlætiskennd manna með hraklegri meðferð á 415 Palestínumönnum, sem hún hefur rekið frá herteknu svæðunum og hírast nú á berangri í Suður-Líbanon. Að áliti kvennalistakvenna bera Ísraelar fulla ábyrgð á hörmulegu ástandi þessara manna sem þurfa að þola kulda, hungur og vosbúð og ekki síst nagandi óvissu um örlög sín. Það er svo skelfileg og óskiljanleg ráðstöfun að neita Alþjóða Rauða krossinum um leyfi til að hlynna að þessum nauðstöddu mönnum.

Íslendingar hafa undirritað mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna þar sem sú skylda er lögð á herðar þjóða sem hafa undirritað (Forseti hringir.) — ég er að verða búin, forseti — að standa vörð um mannréttindi hvar sem er í heiminum. Því skorar Kvennalistinn á íslensk stjórnvöld að fordæma aðgerðir Ísraela og beita sér með öllum tiltækum ráðum fyrir því að Palestínumennirnir fái þegar í stað að snúa aftur til heimkynna sinna."

Af þessu tilefni sendi Kvennalistinn ríkisstjórn Ísraels bréf um þetta sama efni og afrit sendist ríkisstjórninni.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það hefur komið hér alveg skýrt fram að Ísraelsstjórn hefur framkvæmt fáheyrt mannréttindabrot með því að taka saklausa borgara, og ég segi saklausa borgara, í ábyrgðarstöðum í sínu samfélagi og reka þá úr landi eins og sauðfé. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur mótmælt þessum verknaði harðlega. Ríkisstjórn Íslands gerði það ekki, hún mótmælti þessu ekki harðlega. Hún valdi veikara orðalag á sínu bréfi en öryggisráðið hafði samþykkt. Auðvitað mun ríkisstjórn Ísraels skilja það á þann veg að ríkisstjórn Íslands líti þetta mildum augum.

Ég ætla síðan að vona að ríkisstjórn Ísraels frétti það ekki að þegar utanrrh. Íslands var spurður um afstöðu ríkisstjórnar Ísalnds til þessa máls hér á Alþingi þá varði hann rúmum helmingi af sínum stutta ræðutíma til að endursegja það sem hann sjálfur kallaði málsbætur Ísraelsstjórnar í málinu. Rakti í tvígang þau furðulegu og fáheyrðu rök sem Ísraelsstjórn hefur flutt fram. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh.: Hefði hann talið við hæfi á tímum síðari heimsstyrjaldarinnar, þegar vitað var að stjórn nasista í Þýskalandi var að taka saklausa gyðinga og reka þá eins og sauðfé í fangabúðir, að þá stæði upp utanrrh. Íslands á Alþingi og færi að rekja málsbætur nasistastjórnarinnar í Þýskalandi, Hitlersstjórnarinnar, fyrir ákvörðun sinni? Hvers konar er þetta eiginlega? Er það verkefni utanrrh. Íslands að flytja málsbætur Ísraelsstjórnar hér á Alþingi? Nei. Það er verkefni utanrrh. Íslands að taka undir með veröldinni að mótmæla harðlega.

Nú hefur það komið fram, virðulegi forseti, að utanrrh. hefur fengið tvö bréf, frá forsætisráðherra Ísraels og utanríkisráðherra Ísraels. Og nú vil ég spyrja hann: Er hann nú ekki reiðubúinn að svara þessum bréfum og mótmæla harðlega fyrir hönd Íslands þessari framgöngu?

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það hefur ekki dulist neinum að af hálfu þeirra sem nú fara með völdin á Íslandi hefur Ísraelsstjórn — með þeirri afstöðu sem hún hefur sýnt fyrr og síðar gegn palestínsku þjóðinni — átt ákveðna hauka í horni. Og það er það sem er að koma hér fram við þessa umræðu með mjög skýrum og nöturlegum hætti. Það gildir jafnt um hæstv. utanrrh. og formann utanrmn. því að ég les nú ekki mikinn mun úr þeirra málflutningi. Það er ekki tekið undir fordæmingu *heimsbyggðarinnar á þeim verkum* sem verið er að vinna gegn fólki sem verður að líta á sem saklaust á meðan sekt þeirra er ekki sönnuð. Það liggur fyrir og er auðvitað búið að koma nóg fram um það að Ísrael getur ekki talist í hópi réttarríkja í heiminum. Framferði þeirra gegn palestínsku þjóðinni er með þeim hætti að það er fjarstæða að líta á Ísraelsríki, sem fótumtreðar rétt palestínsku þjóðarinnar og hunsar margítrekaðar ályktanir Sameinuðu þjóðanna gegn framferði þeirra, í hópi réttarríkja heimsins og væri hægt að rekja um það mörg dæmi.

Alþingi Íslendinga reyndi að reka slyðruorðið af stjórnvöldum með samþykkt á þingsályktun um deilur Ísraels og Palstínumanna 18. maí 1989. Tillögumenn ásamt mér að þeirri tillögu, sem leiddi til þessarar samþykktar, voru hv. þm. Kristín Einarsdóttir og

Páll Pétursson. Þetta er tiltölulega einörð samþykkt þó að þáv. utanrrh. reyndi að veikja orðalag hennar. Ég tel að það sé tími til kominn fyrir Íslendinga að sýna annan lit heldur en stjórnvöld landsins hafa gert að undanförnu í þessu efni og taka á máli, t.d. með svipuðum hætti og lagt var til í ályktun útifundar — sem hefði mátt vera fjölmennari — hér fyrir jólin þar sem fjallað var um þessi efni og skorað m.a. á stjórnvöld að Íslendingar beiti sér fyrir refsiaðgerðum gegn Ísraelsstjórn, fordæmdi voðverkin og krefðist alþjóðlegrar verndar á vegum Sameinuðu þjóðanna fyrir Palestínumenn á herteknu svæðunum. Það væru viðbrögð af því tagi sem ættu að koma fram af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er tvímælalaust að framferði Ísraelsmanna er fordæmanlegt. Og það er sorglegt til þess að vita að það skuli ekki vera skoðun ríkisstjórnar Íslands.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna starfar hópur þjóða, Vestur-Evrópuríki og önnur, minnir mig að þau séu kölluð. Ríkin hafa forustu fyrir þessum hópi til skiptis. Ísraelsmenn hafa hvað eftir annað sótt hart að fá að komast í þennan hóp en því hefur verið þunglega tekið af flestum ríkjunum í hópnum, þar á meðal Íslandi. Og við höfum greitt atkvæði gegn því að þeir væru teknir í hópinn.

En nú í haust komu hins vegar til sendinefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum fyrirmæli frá utanrrh. um það að greiða atkvæði með inngöngu Ísraels í þennan hóp. Og þar með jafnframt að stuðla að því að Ísrael yrði í vissum tilfellum sérstakur talsmaður, sérstakur málsvari, sérstakur formælandi fyrir Ísland á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þetta tel ég að sé mjög misráðið hjá ríkisstjórninni og tel að utanrrh. ætti að breyta þessari ákvörðun hið fyrsta. Ég geri mér hins vegar engar vonir um að núv. ríkisstjórn fáist til þess að beita Ísraelsmenn eðlilegum þrýstingi til þess að sýna mannúð og eðlilega og siðlega framkomu við þá menntamenn, palestínska menntamenn, sem hún er nú að ofsækja og drepa úr kulda úti í eyðimörkinni.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu hér og sérstaklega undirtektir hv. þm. En að sama skapi verð ég að lýsa mikilli óánægju minni með svör og viðbrögð hæstv. utanrrh. Ég tel það hneyksli að hæstv. utanrrh. skuli í stað þess að svara spurningum sem bornar eru fram nota ræðutíma sinn hér í málsbætur og málsvörn fyrir Ísrael. Það varð ekki öðruvísi tekið en skilaboð um slíkt, að hæstv. utanrrh. teldi Ísraelsstjórn hafa sér ýmislegt til málsbóta, að hann fór að tíunda þau rök. Og þó svo væri að einhverjir af þessum mönnum væru félagsmenn í Hamas eða Jihad eru það engar málsbætur, hæstv. utanrrh. Með eigin rökum hæstv. ráðherra eiga þessir menn eftir sem áður, án tillits til þess hvaða stöðu þeir gegna í sínu heimalandi, hvaða réttarstöðu þeir hafa þar sem borgarar, þá eiga þeir að fá þar sanngjarna málsmeðferð.

Það vekur einnig undrun að hæstv. utanrrh. var ekki að bregðast við með sjálfstæðum hætti fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands heldur að svara bréfi sem borist hafði frá ríkisstjórn Ísraels. Og ber þá að skilja það svo að ef ekki hefði þurft að svara bréfinu og búið hefði verið að opna póstinn þá hefði ríkisstjórn Íslands alls ekkert aðhafst í málinu? Enn verri er þá hlutur hæstv. ríkisstjórnar ef svo er.

Ég minni aftur á að orðalag bréfsins samkvæmt fréttatilkynningu utanrrn. — ég hef ekki fengið bréfið í hendur og er þó sólarhringur síðan að ég ósakði eftir því í utanrrn. að fá afrit af bréfinu. Og mér var reyndar ekki heldur send ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og varð sjálfur að láta senda mér hana frá New York. Þannig var nú þjónustan sem ég fékk frá utanrrn. á þessum sólarhring til að undirbúa þessa umræðu. En ég vek athygli á því að orðalag bréfsins er þarna allt annað og mikið linara heldur en ályktunar Sameinuðu þjóðanna. Ég spurði um hvort ríkisstjórn Íslands væri tilbúin til að fordæma afdráttarlaust þetta framferði og ég spurði um í öðru lagi hvort ríkisstjórn Íslands vildi taka þátt í refsiaðgerðum gegn Ísrael. Ég bið um svör en ekki málsvörn fyrir fasistana í Ísrael.

Og svo að lokum verð ég að segja það að ég sé ekki annað ráð, hæstv. forseti, en að Alþingi Íslendinga taki þetta mál sjálft til eigin meðhöndlunar og ég mun skoða það í framhaldi af þessari umræðu og í ljósi linkulegra viðbragða hæstv. ríkisstjórnar að leggja fram tillögu um afdráttarlausa fordæmingu á þessum aðgerðum sem Alþingi taki þá til sjálfstæðrar skoðunar.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingímur Hermannsson komst að orði á þá leið að stundum vildi það við brenna að því er varðar afstöðu íslenskra stjórnvalda á alþjóðavettvangi að menn vildu ekki kynna sér tvær hliðar erfiðra og djúpstæðra deilumála. Vera kann að svo sé. Af Íslendinga hálfu ber okkur að líta á tvennt. Í fyrsta lagi kröfuna um það að grundvallarmannréttindi séu virt. Í annan stað þá grundvallarreglu í alþjóðasamstarfi að fordæma skilyrðislaust hryðjuverkasamtök og ódæðisverk.

Ég taldi mér skylt að láta koma hér fram hverju hefur verið fram haldið til málsbóta af hálfu ísraelskra stjórnvalda og biðst ekkert velvirðingar á því og vísa á bug þeim fráleita samanburði sem fram kom hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að líkja því við það að hlusta á málsbætur nasista. (Gripið fram í.) Það sem um málið er að segja er einfaldlega þetta, virðulegi forseti, að þessi samtök, það er óumdeilt, það liggja fyrir yfirlýsingar um það, þessi samtök sem hér um ræðir, samtökin sem slík, Jihad og Hamas, eru hryðjuverkasamtök, eru ábyrg fyrir hverju ódæðisverkinu á fætur öðru, hafa lýst sig sem algjöra andstæðinga friðarviðræðna sem vonir um einhverjar pólitískar viti bornar lausnir í þessum heimshluta eru bundnar við, og það ber að láta það koma fram.

Hitt stendur eftir (Gripið fram í.), virðulegi forseti, ef ég má ljúka máli mínu, (**Forseti:** Þögn á fundinum.) að á grundvelli þeirrar staðreyndar að ísraelsk

stjórnvöld hafa brotið grundvallarreglur Genfarsáttmálans þá hafa íslensk stjórnvöld sagt við þau eftirfarandi: Afturkallið þessa ákvörðun, það er nú það fyrsta. Í öðru lagi, ef um er að ræða að sekt einhverra einstaklinga í þessum hópi liggi fyrir eða sé rökstuddur grunur um það, þá ber að leiða þá fyrir dómstóla í opnum réttarhöldum að hætti réttarríkja. Og þeim kröfum hefur verið komið á framfæri. Þessu til viðbótar þá hafa ísraelsk stjórnvöld auðvitað siðferðilega ábyrgð á velferð þess fólks sem þessari meðhöndlun hefur sætt og þeirri kröfur hefur líka verið komið á framfæri.

Í framhaldi af þessum umræðum mun ég að sjálfsögðu svara bréfi utanríkisráðherra Ísraels og árétta þessi grundvallarsjónarmið.

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 372, 376, 411 og 470, brtt. 374.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 32:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, ÞurP, GHH, GuðjG, GHall, SvÁ, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, GAK, MI, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, SalÞ.

nei: AÓB, EH, EKJ, GB, GÁ, GHelg, HG, SÞór, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG.

6 þm. (FI, HÁ, ISG, JGS, JónK, VS) greiddu ekki atkv.

2 þm. (GunnS, IBA) fjarstaddir.

25 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði sé afar mikið hagsmunamál fyrir íslenskt atvinnulíf og íslensku þjóðina í heild. Ég tel að þessi samningur færi okkur réttindi á erlendri grund langt umfram það sem við þurfum að láta af hendi og styrki þess vegna fullveldi okkar og treysti okkar sjálfstæði. Ég segi því já.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er tímaskekkja að vera að greiða atkvæði um þessi samningsdrög nú. Það er tímaskekkja að sækjast eftir aðild að miðstýrðu stofnanaveldi á meðan lýðræðisstraumar blása um Evrópu. Það er tímaskekkja að vera yfir höfuð að fjalla um þetta mál áður en þjóðinni hefur verið leyft að segja álit sitt á því. Það verður aldrei sátt um afgreiðslu þessa máls fyrr en þjóðaratkvæðagreiðsla hefur farið fram. Ég segi nei.

Árni M. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Ég tel að þessi samningur muni í framtíðinni veita okkur Íslendingum mikla möguleika til að bæta okkar kjör. Ég tel að aðild að Evrópska efnahagssvæðinu veiti okkur sóknarfæri til þess að bæta kjör okkar á tímum þegar okkur veitir einna helst af. Ég er sannfærður um það að þessi samningur brýtur á engan hátt gegn stjórnarskrá lýðveldisins. Því segi ég já.

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Í kvæðinu „Gamalt lag" spyr skáldið Einar Benediktsson sig þessarar spurningar:

> Því braust ég frá sókn þeirra vinnandi vega
> á vonlausu klifin um hrapandi fell?

Skáldið svarar þessari spurningu ekki síðar í kvæðinu þótt hann sæi miklu lengra fram á við en við hin. Það hendir okkur mannanna börn stundum á lífsleiðinni, skáld ekki síður en aðra, að villast af vegi og þá þurfum við oft að spyrja ýmissa spurninga. Spurning skáldsins er áleitin við mig og okkur alla hv. alþm. þegar við nú göngum til örlagaríkrar atkvæðagreiðslu þar sem um er að ræða visst afsal á sjálfstæði okkar og opnun landhelginnar fyrir EB, einnig að lögleiða fjórfrelsið milljónum í Evrópu jafnt og okkar í eigin landi og úrskurðarvald flutt út til Brussel. Eigum við að halda á vonlausu klifin um hrapandi fell?

Ég beini máli mínu til ýmissa flokksbræðra minna. Ég beini máli mínu til hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar og fleiri framsóknarmanna. Ég beini máli mínu til hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Þótt ýmsir, það eru nú raunar fáir enn, séu þegar búnir að greiða atkvæði um 1. gr., þá er enn eftir atkvæðagreiðsla við 3. umr. málsins. Enn er tími til að taka sig á. Síðar í kvæðinu, er ég vitnaði fyrr til, standa þessar ljóðlínur:

> *Og bliki þér sjónir af bjartari degi*
> að bera þær varlega á annarra vegi.

Stór hluti íslensku þjóðarinnar sér ekki blika af bjartari degi við inngöngu í EES og þessi hópur krefst þess að þau rök sem utanrrh. beitir í þessu máli fari fram eftir ljóðlínum skáldsins að bera þær varlega á annarra vegi.

Við þurfum vissulega viðskiptasamning við Evrópu en við þurfum að gá að víðar og minnast þess sem skáldið segir og þá er enn að ég vitna í Einar Ben., þar sem hann segir um land og þjóð:

> *Áttvís á tvennar álfu strendur*
> einbýl jafnvíg á báðar hendur
> situr hún hafsins höfuðmið.

Virðulegi forseti. Ég neita að hverfa frá sókn þeirra vinnandi vega og halda út á vonlausu klifin um hrapandi fell. Ég segi nei við Evrópsku efnahagssvæði.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég er andvígur málinu. Ég tel að samþykkt þess væri stjórnarskrárbrot. Verði málið ekki fellt nú mun ég ekki greiða atkvæði gegn því að það

gangi til 3. umr. Þá kynni að takast að forða frá stórslysi sem nú virðist stefna í. Komi málið hins vegar óbreytt til lokaafgreiðslu mun ég í samræmi við framansagt greiða atkvæði gegn því. Ég segi nei.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Í þessu máli er tekist á um það hvers konar framtíð við viljum búa komandi kynslóðum vinnufúsra Íslendinga. Viljum við geta boðið ungum Íslendingum sambærileg lífskjör, menntunartækifæri og félagsleg réttindi eins og nágrannar þeirra í Evrópu búa við eða viljum taka áhættuna af því að missa allt okkar besta fólk úr landi? Viljum við að íslenskir atvinnuvegir verði samkeppnisfærir við það sem best gerist með öðrum þjóðum til að þeir geti staðið undir óskum landsmanna um bættan þjóðarhag? Viljum við skipa okkur í sveit með þeim þjóðum sem hraðast vilja sækja fram á við á grundvelli frjálsræðis, lýðræðis og markaðsbúskapar eða viljum við taka áhættuna af að einangrast fjarri helstu straumum samtímans? Um þessi atriði snýst þetta mál í hnotskurn. Og um þetta snýst spurningin um aðild Íslands að hinu Evrópska efnahagssvæði.

Ég er sannfærður um að hér er ekki um neitt stjórnarskrárbrot að ræða. Það mál hefur verið rannsakað til þrautar í nefnd hér í þinginu. Ég er sannfærður um að aðild að hinu Evrópska efnahagssvæði gefur Íslendingum tækifæri til að skipa sér áfram á bekk með þeim þjóðum sem við best lífskjör búa. Hún mun gera okkur kleift að skapa tækifæri fyrir börn okkar og barnabörn þannig að þau geti búið við bætt og batnandi lífskjör sambærileg við það sem best gerist annars staðar. Ég segi já, virðulegi forseti.

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði treystir samstarf okkar við þær þjóðir sem við eigum mest samskipti við. Í bréfi sem alþingismönnum barst 15. des. sl. frá 16 samtökum í hinum ýmsu greinum atvinnulífsins var hvatt til þess að samningurinn yrði samþykktur á Alþingi fyrir jól. Í þessu bréfi segir m.a.:

„Íslensku atvinnulífi er brýn þörf á sköpun sóknarfæra og skýrri stefnumörkun um að starfsskilyrði atvinnufyrirtækja hér á landi verði ekki lakari en gerist á meginlandi Evrópu. Það er eðlileg niðurstaða af aðild að EES."

Undir þessi orð vil ég taka. Ég segi já.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hér er verið að fullgilda samning sem Alþingi Íslendinga hefur engin áhrif haft á og engan rétt til að breyta í einu eða neinu. Slíkt er auðvitað skilyrðislaust brot á stjórnarskrá þar sem lagagerð hefur verið færð út fyrir veggi Alþingis.

Í öðru lagi er hér verið að fullgilda samning sem gerður var milli tveggja aðila sem ekki eru þeir sömu lengur og þeir voru þar sem eitt aðildarríki að samningnum hefur fellt hann. Einnig það tel ég brot á stjórnarskránni. Ég vil ekki bera ábyrgð á að færa forseta lýðveldisins slíkan samsetning til undirskriftar sem lög frá hinu háa Alþingi. Ég segi að sjálfsögðu nei.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Ef samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði verður lögfestur á Alþingi Íslendinga er verið að stíga stórt skref til þess að taka frumkvæði í löggjafarmálum frá þessari stofnun, stærsta skref sem nokkurn tíma hefur verið stigið frá því að Íslendingar öðluðust fullveldi. Það er verið að færa frumkvæði í löggjafarmálum á flestum sviðum þjóðmála til fámennisveldis 17 manna framkvæmdastjórnar í Brussel. Það er verið að taka stórt skref í áttina að fullri aðild að Evrópubandalaginu. Það er verið að lögfesta hér reglur Evrópubandalagsins að ¾ hlutum og gera það að íslenskum lögum ef samningur þessi verður lögfestur.

Þeir sem stuðla að þessu máli hvort sem er með að greiða atkvæði með samningnum eða sitja hjá bera ábyrgð á því að það er verið að stíga stórt skref til baka frá þeim áföngum sem Íslendingar hafa náð í sjálfstæðisbaráttu sinni, heimastjórn 1904, fullveldi 1918 og stofnun lýðveldis 1944. Það er fásinna að ætla að njörva Ísland innan múra efnahagsbandalags í Evrópu. Heimurinn er stærri en Evrópa. Möguleikar Íslands byggja á því að halda utan um íslenskar náttúruauðlindir og um sjálfsstjórn Íslendinga. Ég segi nei.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Hæstv. forseti. Ég er sannfærð um það að bæði þingi og þjóð er ljóst að við Íslendingar komumst ekki hjá því að aðlaga okkur þeim breytingum sem nú eiga sér stað bæði í stjórnmálum og viðskiptum í okkar helstu viðskiptalöndum. Í þeim efnum eigum við tæpast nokkurt val. Við eigum hins vegar val um leiðir sem allar fela í sér ákveðna kosti og líka galla. Það er skoðun mín að miðað við þá stöðu sem nú er uppi í samskiptum þjóða sé eðlilegt að Ísland reyni að tryggja hagsmuni sína til frambúðar með samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Umræðan hér á þingi á undanförnum dögum og vikum og reyndar mánuðum hefur stundum risið ansi hátt, en ég held að þegar frá líður og menn geta metið þennan samning af raunsæi, þá sjái þeir að í honum felst hvorki það allsherjarhjálpræði né sá framtíðarskelfir sem menn vilja vera láta.

Hitt er svo annað mál að enn er margt óljóst eða orkar tvímælis varðandi það frv. sem hér er til afgreiðslu. Ekki er enn komið lagaform á allar þær tilskipanir sem fylgja samningnum. Enn er vafi á því hvort frv., eins og það liggur hér fyrir, stenst gagnvart stjórnarskrá og þjóðinni var meinað að láta álit sitt í ljós í allsherjaratkvæðagreiðslu um þennan samning. Við þessar aðstæður verða stjórnarflokkarnir og stjórnarþingmennirnir að bera hina pólitísku á málinu einir. Ég mun því ekki greiða atkvæði.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til afgreiðslu eftir 2. umr. er eitt það mikilvægasta sem Alþingi Íslendinga hefur haft til umfjöllunar. Málið snýst um það

á hvern hátt Íslendingar tengist þeirri viðskiptaheild sem nú er að myndast í Evrópu. Inn á Evrópumarkað fara í dag 70–80% af okkar útflutningi og samskipti okkar við Evrópu á öðrum sviðum fara vaxandi með hverju ári. Á þessum forsendum eru nánast allir sammála um að við verðum að ná hagstæðum viðskiptasamningum við Evrópusamfélagið.

Í dag bendir flest til þess að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði verði einungis stuttur kafli í viðskiptasögu Evrópu. Önnur EFTA-ríki hafa ákveðið að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Það er skoðun mín að þar með skilji leiðir með Íslendingum og þeim. Inn í EB eigum við ekkert erindi.

Í dag snýst málið um það á hvern hátt við getum tryggt viðskiptahagsmuni okkar við Evrópu sem best. Ég tel að það verði best gert með því að fara nú þegar fram á að teknar verði upp viðræður um að breyta viðskiptaþætti EES-samningsins hvað okkur Íslendinga varðar í tvíhliða samning við EB. Fyrir því getum við fært full rök og um slíka málsmeðferð gæti að mínu mati náðst pólitísk sátt í þjóðfélaginu. Og ég skora á hæstv. forsrh. að beita sér fyrir slíkri málmsmeðferð.

Virðulegi forseti. Það er skoðun mín að það að fella samninginn á Alþingi á þessu stigi geti skaðað hagsmuni okkar í þeim viðræðum sem fram undan eru auk þess sem það mundi gefa þeim öflum sem vilja sækja um aðild að EB byr undir báða vængi. Ég vil hins vegar ekki bera pólitíska ábyrgð á vinnubrögðum núv. ríkisstjórnar og þá sérstaklega hæstv. utanrrh. við lokafrágang samningsins. Ég sit því hjá við atkvæðagreiðslu um málið og greiði ekki atkvæði.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi er það frv. sem við erum að greiða atkvæði um ekki lengur í takt við raunveruleikann. Í því er vitnað til staðreynda sem gerðust á fundi í Óportó hinn 2. maí 1992 eins og þær séu enn í gildi. Svo er ekki og því strangt tiltekið ekki hægt að greiða atkvæði um það sem ekki stenst lengur.

Í öðru lagi brýtur samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði í bága við stjórnarskrána. Það valdaframsal sem þar er um að ræða er ekki heimilt samkvæmt óbreyttri stjórnarskrá.

Í þriðja lagi var ekki leitað álits þjóðarinnar um þennan samning eins og aðrar þjóðir hafa talið sér skylt að gera.

Í fjórða lagi opna samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði og fiskveiðisamningar þeir sem honum tengjast fiskveiðilögsögu okkar fyrir skipum Evrópubandalagsins. Það hefur þó verið stefna okkar til þessa að láta ekki fiskveiðiheimildir fyrir tollaívilnanir. Það er hins vegar gert með þessum samningi og því er ég algerlega mótfallin.

Í fimmta lagi er í víðtækum málaflokkum ekki hugað að hagsmunum Íslands svo sem í landakaupum útlendinga og hugsanlegum viðskiptum með aðrar auðlindir okkar eins og jarðhita og vatnsorku. Þar eru ekki settir þeir fyrirvarar sem eðlilegt hefði verið að Ísland setti til að tryggja sinn rétt.

Í sjötta lagi tel ég að þátttaka okkar í Evrópsku efnahagssvæði verði okkur allt of kostnaðarsöm og sá hagnaður sem við eigum að hafa af því sé sáralítill eða enginn þegar upp er staðið. Þar að auki erum við jaðarbyggð í Evrópu og velta fjármagnsins mun ekki leita til okkar heldur frá okkur.

Að öllu samanlögðu sé ég svo mikla og stóra galla á þessu frv. og þeim samningum sem því tengjast að ég tel það í heild algerlega óviðunandi. Það hefur verið haldið illa á okkar málum í þessum samningaviðræðum en EB hefur fengið það sem það sóttist eftir, þ.e. fiskveiðiheimildir úr okkar fiskveiðistofnum og frjálsan aðgang að landi og öðrum auðlindum. Ég segi nei.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það leikur vafi á því að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið standist íslensku stjórnarskrána og þjóðinni var neitað um að fá að segja álit sitt á þessu mikilvæga máli. Verði það frv. sem hér er til afgreiðslu samþykkt er að mínum dómi verið að tengja og aðlaga íslenskt samfélag reglugerðar- og tilskipunarveldinu mikla, EB, á mjög óæskilegan hátt. Verði samningurinn um EES að veruleika þýðir það valdaafsal af okkar hálfu til stofnana EES og Íslendingar munu ekki lengur geta mótað eigin stefnu í veigamiklum málaflokkum.

Þá dreg ég mjög í efa að samningurinn um EES færi Íslendingum þá björg í bú sem stjórnvöld láta í veðri vaka og hef ástæðu til að halda að honum fylgi verulegur kostnaður fyrir íslenskt samfélag.

Einnig er það mín skoðun að samningurinn verði baráttu kvenna fyrir frelsi og aðstæðum til að velja sér eigin lífsfarveg ekki til framdráttar. Miklu fremur verði hann konum til trafala á leiðinni til betra þjóðfélags. Ég er þess fullviss að við getum skapað okkur góða framtíð utan EES. Ég segi nei.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Með því að samþykkja aðild að Evrópsku efnahagssvæði væri Alþingi í raun að afsala sér löggjafarvaldi í mikilvægum málaflokkum til stofnana Evrópubandalagsins í Brussel. Með myndun Evrópsks efnahagssvæðis eru sjálfstæðar þjóðir ekki að gera viðskiptasamning sín á milli heldur er verið, með sama hætti og innan EB, að mynda pólitísk samtök með yfirþjóðlegum stofnunum sem fara eiga með hluta þess valds sem nú er í höndum ríkisstjórna, þjóðþinga og dómstóla.

Aðild að Evrópsku efnahagssvæði samrýmist ekki íslensku stjórnarskránni að mati færustu sérfræðinga og þjóðin fékk ekki að segja álit sitt á málinu. Með aðild að Evrópsku efnahagssvæði væri Ísland að tengjast efnahagssvæði þar sem stöðug hnignun hefur verið í efnahagslífi að undanförnu, atvinnuleysi hefur farið vaxandi og lífskjör almennings hafa versnað. Aðild að Evrópsku efnahagssvæði þjónar alls ekki hagsmunum kvenna.

Með aðild að Evrópsku efnahagssvæði væri tekið mikið óheillaspor. Í stefnuskrá Kvennalistans segir:

„Kvennalistinn vill að Ísland standi utan Evrópu-

bandalagsins og Evrópska efnahagssvæðisins." Ég segi nei.

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði mun að mínu mati stuðla að bættum ytri skilyrðum fyrir atvinnuvegina og jafna út þann aðstöðumun sem við búum við í dag. Því fagna ég þessu samkomulagi og segi já.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Í upphafi var það ætlunin að Evrópska efnahagssvæðið yrði varanleg skipan í viðskiptakerfi í Evrópu og það var markmið Íslendinga að ná fram grundvallarhagsmunum okkar í efnahagsmálum og sjávarútvegi og gera samning sem á engan hátt bryti gegn stjórnskipun lýðveldisins eða grundvallarlýðræðisreglum á Íslandi.

Nú blasir við sú niðurstaða að það ríki í EFTA sem er tvímælalaust sterkast efnahagslega séð, Sviss, hefur hafnað að gerast þátttakandi í Evrópska efnahagssvæðinu. Meiri hluti svissnesku þjóðarinnar ákvað að ganga ekki þá braut. Önnur ríki EFTA en við hafa síðan ákveðið að yfirgefa Evrópska efnahagssvæðið og sækja beint um inngöngu í Evrópubandalagið. Færustu lögfræðingar þessa lands hafa lýst því með skýrum hætti að samningurinn brjóti grundvallarákvæði íslensku stjórnarskrárinnar. Síðan þeir settu það sjónarmið fram hefur enginn málsmetandi íslenskur lögfræðingur treyst sér til þess að setja fram greinargerð sem hrekur þær röksemdir.

Með EES er Ísland að tengjast innri markaði Evrópubandalagsins. Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins lýsti því sjálf fyrir nokkrum dögum síðan að með innri markaðnum, sem Ísland er að tengjast með þessu frv., mundi atvinnuleysi í Evrópu aukast um milljónir manna á næstu árum. Þessi tenging felur þess vegna í sér aukið atvinnuleysi.

Ég vil við þessa atkvæðagreiðslu á Alþingi lýsa niðurstöðu Alþb. í samræmi við samþykkt þingflokksins, framkvæmdastjórnarinnar og miðstjórnar flokksins. Þar kemur fram sú skýra afstaða að Alþb. hefur lagt til að gerður verði sjálfstæður tvíhliða viðskiptasamningur milli Íslands og Evrópubandalagsins í stað samningsins um EES. Það var líka tillaga þessar stofnana Alþb. að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla um samninginn og tryggt yrði að hann bryti ekki stjórnarskrána. Það er einróma afstaða þingflokks Alþb. í samræmi við þessar samþykktir flokksins að greiða atkvæði gegn því frv. sem hér kemur til atkvæða. Ég segi nei.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Íslenska þjóðin hefur haft af því bitra reynslu að blanda saman viðskiptasamningi og samningi um réttindi á erlendri grund og afsal í sjálfstæðismálum. Yfir því tafli sat á sínum tíma mikilhæfasti, greindasti og harðdrægasti stjórnmálamaður sem Ísland átti og hann var ekki landráðamaður. Hann unni þessari þjóð. Það efa ég ekki. Hann náði engu að síður í þeim samningi ekki þeim árangri sem hann vonaðist til því að við bárum ekki gæfu til að halda þeim styrkleika sem við þóttumst hafa gagnvart þeim samningsaðila sem þá var samið við.

Ég el með mér enga draumóra um að Ísland leggi undir sig Evrópu. Ég óttast það ekki að mikilhæfasti hluti þjóðarinnar fari af landi brott þó þetta verði fellt. Ég vil ekki standa að því að reynsla sögunnar verði svo forsmáð að nú blöndum við saman viðskiptasamningi og hagsmunasamningi á öðrum sviðum. Ég vil ekki standa að því, hvorki lítið né mikið, að fullveldi Íslands verði afhent sem útflutningsbætur með íslenskri framleiðslu.

Ég vil undirstrika það að ég tel að þetta sé dapur dagur í sögu þjóðarinnar. Einn sjálfstæðismaður sagði við mig að hann ætlaði að flagga í hálfa stöng þegar þessi samningur yrði staðfestur á Alþingi Íslendinga. Ég segi nei.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Lögfesting þessa samnings í því formi sem hann er nú er markleysa. Endanlegur búningur málsins verður óhjákvæmilega annar en hér er á þingskjölum og því er þessi afgreiðsla í sjálfu sér gildislaus. Þar að auki er þetta samningur sem er efnislega óhagstæður Íslendingum. Við afsölum okkur með samningnum frumburðarrétti Íslendinga til landsins og auðlinda þess. Með samningsgerðinni leiðum við mikla erfiðleika yfir margar greinar okkar atvinnulífs. Í samningnum felst mjög mikið fullveldisafsal. Íslendingum hefur reynst fullveldið heilladrjúgt. Fullveldi er kannski mikilvægara smáþjóðum en stærri þjóðum og því er það óheillaspor að skerða það. Ég er andvígur aðild Íslands að Evrópubandalaginu og þessi samningsgerð leiðir okkur innan skamms inn í Evrópubandalagið.

Síðast en ekki síst samrýmist þessi samningur ekki hinni íslensku stjórnarskrá. Ég hef unnið drengskaparheit að því að halda stjórnarskrána og því hlýt ég að segja nei.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Það var meginmarkmið okkar Íslendinga þegar viðræður hófust um Evrópskt efnahagssvæði að tryggja okkur fríverslun með fisk. Það náðist ekki. Við gerðum okkur vonir um að ríkisstyrkir til sjávarútvegs á Evrópska efnahagssvæðinu yrðu bannaðir eins og bannað er að styrkja iðnað. Það fékkst ekki. Evrópubandalagið mun áfram halda niðri lífskjörum Íslendinga með því að greiða niður verð á sínum sjávarafurðum. Evrópska efnahagssvæðið varð ekki, eins og til stóð, bandalag sjálfstæðra aðila, EFTA og Evrópubandalagsins, heldur millilending EFTA-ríkja á leið til fullrar aðildar í Evrópubandalaginu. Í þeim hópi eigum við Íslendingar ekki heima.

Takmarkaðar tollalækkanir á sjávarafurðum samkvæmt þessum samningi eru of dýru verði keyptar. Við eigum ekki að hleypa togurum EB-ríkja inn í íslenska landhelgi. Það er óhagstætt og tvísýnt fyrir okkur að veita 350 milljónum manna þegnrétt á Íslandi, rétt til atvinnu, rétt til að kaupa jarðir og útivistarsvæði til

jafns við Íslendinga. Evrópska efnahagssvæðið er því tilraun sem mistókst. Við eigum frekar að gera raunverulegan samning um viðskipti við Evrópubandalagið, tvíhliða samning á jafnréttisgrundvelli. Þingflokkur Alþb. hafnar því þessum samningi einróma. Ég segi nei.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Alþfl. hefur frá öndverðu stutt og unnið að framgangi þessa mikilvæga máls sem að mínu mati felur ekki í sér brot á stjórnarskrá né rýrir sjálfstæði okkar Íslendinga. Í utanrmn. hefur farið fram gaumgæfileg athugun á EES-samningnum og þeim skyldum og réttindum sem honum fylgja fyrir okkur Íslendinga. Málið kom fyrir á yfir 80 fundum nefndarinnar frá því að könnunarviðræður hófust í apríl 1989. Eftir þessa ítarlegu umfjöllun var það eindregin niðurstaða meiri hluta utanrmn., sem ég er aðili að, að það sé íslenskum hagsmunum ótvírætt til framdráttar að Ísland gerist aðili að samningnum. Ég tel það afar mikilvægt, ekki síst með tilliti til stöðunnar í efnahags- og atvinnulífi okkar að við fáum aðild að þeim 380 milljón manna markaði sem EFTA-ríkin og Evrópubandalagið mynda með samningi sínum um Evrópska efnahagssvæðið.

Ég lít á aðild okkar að EES sem varanlegan valkost við Evrópubandalagið, sem góðan kost, og segi já.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ávallt þegar íslenska þjóðin hefur stigið umtalsverð skref í átt til aukins frjálsræðis og nýsköpunar, m.a. með auknu samstarfi við umheiminn, hefur það sætt ákafri andstöðu afturhalds- og kyrrstöðuafla í þjóðfélaginu. Þannig var það á 6. áratugnum þegar horfið var frá haftabúskap og pólitísku ráðstjórnarríki yfir til frjálsari viðskiptahátta og frjálsari verslunar. Þannig var það á 7. áratugnum þegar Ísland gerðist aðili að viðskiptasamstarfi EFTA-þjóðanna. Þannig var það einnig nokkrum árum síðar þegar Íslendingar efndu til samstarfs við erlenda aðila um nýtingu íslenskra auðlinda til nýsköpunar í atvinnulífi. Þannig er það einnig nú þegar þjóðin þarf á því að halda að skipa sér í samstarfshóp Evrópuþjóða til að auka atvinnu- og menntunartækifæri Íslendinga.

Það er gæfa okkar Íslendinga að þessi afturhalds- og kyrrstöðuöfl hafa ávallt orðið undir í þessari baráttu. Það er gæfa Alþfl. að hann hefur ávallt heill og óskiptur stutt slíkar ákvarðanir sem reynst hafa gæfuspor. Með sama hætti stendur Alþfl. heill og óskiptur að þeirri þýðingarmiklu ákvörðun sem hér er verið að taka. Ég segi já.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa yfir stuðningi mínum við frv. til laga um hið Evrópska efnahagssvæði. Ég tel að samningurinn verði íslenskri þjóð til farsældar og það sé enn fremur pólitísk nauðsyn að Íslendingar einangrist ekki á alþjóðavettvangi en leggi áherslu á aukið samstarf Evrópuríkja.

Ég vil enn fremur nota þetta tækifæri til þess að minna á það að hið háa Alþingi hefur þegar afgreitt tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu og hafnað henni þar sem íslensk stjórnskipun gerir ráð fyrir fulltrúalýðræði þannig að kjörnir fulltrúar þjóðarinnar, alþingismenn, verða að axla ábyrgð í þessu mikilvæga máli. Undan þeirri pólitísku ábyrgð verður ekki vikist.

Þá hefur verið rætt um stjórnarskrána í þessu sambandi en tveimur frv. frá stjórnarandstöðunni sem fram komu í vetur var vísað til ríkisstjórnarinnar og verða væntanlega athuguð í sérstakri stjórnarskrárnefnd. Ég tel að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið feli ekki í sér brot á hinni íslensku stjórnarskrá, enda hefur sú hlið málsins verið vandlega athuguð og rædd hér á hinu háa Alþingi og fjöldi sérfræðinga sem staðfestir það álit.

Hæstv. forseti. Við sjálfstæðismenn viljum líta til framtíðar. Ég ítreka stuðning minn og segi já.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Mín afstaða er sú að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði sé langt í frá að vera nógu hagstæður okkur Íslendingum. Gallarnir og áhættan vega að mínu mati mun þyngri á metunum en hugsanlegir ávinningar af samningnum sem í flestum tilvikum eru sýnd veiði en ekki gefin. Meginkrafa Íslands í samningaviðræðunum um fríverslun með fisk náði ekki fram að ganga, ekki heldur algert tollfrelsi með fiskafurðir. Við munum því áfram þurfa að keppa við ríkisstyrktan sjávarútveg Evrópubandalagsríkjanna.

Með sjávarútvegssamningnum á að opna landhelgi Íslands fyrir flota Evrópubandalagsríkjanna. Þannig er í fyrsta skipti í marga áratugi tekið skref aftur á bak í réttindabaráttu okkar á sviði landhelgismála.

Hvers kyns forgangur Íslendinga sjálfra gagnvart jarðnæði og réttindum í eigin landi verður með samningnum afnumið og hátt í 400 milljónum manna verður færður sami réttur og okkur.

Í Evrópubandalaginu ganga nú hátt á annan tug milljóna manna atvinnulausir og samkvæmt nýjum spám mun atvinnuleysi halda áfram að aukast í Evrópubandalaginu fram á næstu öld. Með samningnum opnast hinn viðkvæmi og agnarsmái íslenski vinnumarkaður upp fyrir þessum milljónum.

Í samningnum felst verulegt afsal á fullveldi þjóðarinnar og lögtaka hans nú samrýmist því ekki ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þjóðin hefur ekki fengið að segja sitt álit og því er veruleg hætta á því að naumur meiri hluti á Alþingi Íslendinga knýi þetta mál í gegn í andstöðu við meiri hluta íslensku þjóðarinnar. Það er ógæfuverk.

Þátttaka í miðstýrðu og ólýðræðislegu stjórnmálabákni milljónaþjóðanna á meginlandi Evrópu er ekki hagstæð Íslendingum. Evrópska efnahagssvæðið er tímabundið fyrirbæri ef það verður þá nokkurn tíma að veruleika. Við Íslendingar eigum að velja aðra leið. Ég segi nei.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þjóðin ætlast til þess af Alþingi að það leysi vandamál og einmitt á þessum myrku janúardögum er horft til Alþingis hvarvetna af landinu öllu af allri þjóðinni. Þá er Alþingi að fjalla um samning um EES. Hann leysir engan vanda fyrir Íslendinga. Hann leysir ekki vanda sjávarútvegsins. Hann eykur vanda sjávarútvegsins þegar til lengri tíma er litið, ekki síst vegna þess að gert er ráð fyrir því að hleypa útlendingum inn í fiskveiðilögsöguna. Samningurinn um EES leysir ekki vandann í atvinnulífinu almennt. Þvert á móti bendir allt til þess að atvinnuleysi fari vaxandi á þessu ári á Íslandi og á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.

Samningurinn um EES opnar fyrir kaup útlendinga á íslenskum jörðum. Samningurinn um EES opnar fyrir hömlulaust erlent fjármagn til að nýta orkulindir okkar þegar afurðir þeirra hafa hækkað í verði á ný. Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði veikir stöðu verkalýðshreyfingarinnar og samtaka launafólks en styrkir hana ekki. Samningurinn um EES styrkir ekki stöðu íslensks iðnaðar heldur veikir stöðu íslensks iðnaðar til lengri tíma litið. Samningurinn um EES breytir Alþingi Íslendinga í færibandastofnun fyrir Evrópubandalagið. Samningurinn um EES gerir EB-réttinn að forsendu íslenskra dómstóla.

Samningurinn um EES er talinn stjórnarskrárbrot að mati fremsta þjóðréttarsérfræðings Íslendinga. Og samningurinn um EES opnar leiðina fyrir þá sem vilja troða Íslandi inn í Evrópubandalagið. Verði þessi samningur samþykktur munu EB-sinnar stíga fram fyrir lok þessa árs með beinar tillögur um aðild Íslands að Evrópubandalaginu. Þeir sem vilja ekki EB, eins og sagt var í síðustu kosningum, eiga því að hafna EES en hvorki samþykkja EES né heldur sitja hjá. Svona samningi á Alþingi að hafna. Alþingismenn Íslendinga eiga að hafa manndóm til þess að verja heiður Íslands mót tryllri öld. Ég segi nei, virðulegi forseti.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Alþingi tekur nú brátt til lokaafgreiðslu stórt mál sem mun hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir okkar þjóð. Íslenskt þjóðfélag er mjög sérstakt á margan hátt, bæði hvað snertir menningu og atvinnulíf. Við Íslendingar höfum lagt áherslu á að eiga gott samstarf við aðrar lýðræðisþjóðir. Á menningarsviðinu höfum við átt mjög gott samstarf við önnur Norðurlönd og er mikilvægt að svo geti orðið áfram.

Við byggjum okkar velferð í ríkara mæli á viðskiptum við aðrar þjóðir en gengur og gerist. Allt að ¾ hlutar af okkar útflutningstekjum koma frá þjóðum sem innan örfárra mánaða munu tilheyra hinu Evrópska efnahagssvæði. Þegar önnur EFTA-lönd en Ísland gerast aðilar að Evrópubandalaginu er mikilvægt að okkar samningi verði breytt í tvíhliða samning. Ísland má ekki gerast aðili að Evrópubandalaginu.

Ég mun sitja hjá við afgreiðslu samningsins um Evrópskt efnahagssvæði á Alþingi. Ástæður þess að ég treysti mér ekki til að styðja málið eru m.a. þær að ég er þeirrar skoðunar að málið hefði átt að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu en því var hafnað af meiri hlutanum á Alþingi. Auk þess er sjávarútvegssamningurinn óhagstæður fyrir Íslendinga og í þriðja lagi tel ég að ekki hafi verið haldið nægilega vel á málum hvað snertir íslenskan landbúnað. Þar hefði verið hægt að koma betri vörnum við ef vilji hefði verið fyrir hendi af hálfu stjórnvalda.

Síðast en ekki síst leikur mjög mikill vafi á því að samningurinn standist ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar. Hæstv. forseti. Ég greiði ekki atkvæði.

2. gr. samþ. með 32:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LMR, GAK, MI, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, ÞurP, GHH, GuðjG, GHall, SvÁ, JóhS, JBH, JónS, KSG, SalÞ.

nei: MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, AÓB, EH, EKJ, GB, GÁ, GHelg, HG, SÞór, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE.

6 þm. (VS, FI, HÁ, ISG, JGS, JónK) greiddu ekki atkv.

2 þm. (GunnS, IBA) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. 2. gr. frv. sem hér eru greidd atkvæði um kveður á um að meginmál EES-samningsins skuli hafa lagagildi á Íslandi, svo og tiltekin bókun og ákvæði viðauka. Í 119. gr. þessa samnings sem á að lögfesta samkvæmt frv. segir:

„Viðaukar, svo og gerðir sem vísað er til í þeim og aðlagaðar eru vegna samnings þessa, skulu auk bókana vera óaðskiljanlegur hluti samningsins."

Þetta efni sem hér er vísað til fyllir um 10 þúsund þéttskrifaðar blaðsíður í lagasafni Evrópubandalagsins. Til frekari áherðingar og njörvunar íslenskra laga og íslensks réttar í þessu máli er stök grein með bókun 35 með þessum samningi sem hljóðar þannig:

„Vegna tilvika þar sem getur komið til árekstra á milli EES-reglna sem komnar eru til framkvæmda og annarra settra laga skuldbinda EFTA-ríkin sig til að setja, ef þörf krefur, lagaákvæði þess efnis að EES-reglur gildi í þeim tilvikum."

Þetta sýnir ásamt fleiru í hvaða stöðu Alþingi Íslendinga og íslenska þjóðin yrði sett ef þetta frv. verður lögfest á Alþingi. Ég segi nei.

3. gr. samþ. með 32:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHall, SvÁ, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, GAK, MI, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, ÞurP, GHH, GuðjG, SalÞ.

nei: GÁ, GHelg, HG, SÞór, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, AÓB, EH, EKJ, GB.

6 þm. (HÁ, ISG, JGS, JónK, VS, FI) greiddu ekki atkv.

2 þm. (GunnS, IBA) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Í 3. gr. þessa frv. er verið að setja Alþingi þær skyldur á herðar að aðlaga lög til samræmis við samning sem ekki er í gildi lengur og getur ekki gengur í gildi án þess að honum verði breytt. Ég segi að sjálfsögðu nei.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Sú grein frv. sem við greiðum hér atkvæði um kveður á um að það beri að skýra lög og reglur að svo miklu leyti sem við á til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja. Á bak við þessi ákvæði felst m.a. 6. gr. samningsins sem kveður á um það að með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni ber við framkvæmd og beitingu ákvæða samnings þessa að túlka þau í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta. Það er verið að binda Íslendinga við að að túlka dómsúrlausnir í framtíðinni við úrskurði Evrópudómstólsins til þessa dags og auðvitað úrlausnir hans í framtíðinni ef við verðum aðilar að Evrópsku efnahagssvæði.

Það er mikið safn dóma sem liggur þarna að baki. Ég tel að Alþingi hafi alls ekki með fullnægjandi hætti farið yfir þetta efni, enda liggur það ekki fyrir Alþingi í íslenskri þýðingu. Það hafa verið gefnir út úrdrættir, valdir af utanrrn., á einstökum dómum, svokallaðar reifanir. Við erum hér að fela ekki aðeins framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins frumkvæði í lagasetningu heldur jafnframt að fela dómstóli Evrópubandalagsins forræði. Dómstóll Evrópubandalagsins kveður upp úrskurði sem varða Rómarsamninginn og það eru þeir úrskurðir sem við eigum að lúta.

Ég tel þetta kannski eitt af alvarlegri ákvæðum þessa annars dapurlega máls og segi nei.

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Einn af aðalkostum samningsins fyrir íslenskt atvinnulíf er að fá að njóta sambærilegra leikreglna í viðskiptum og gilda hjá helstu keppinautum þess. Það er afar mikilvægt að þessar leikreglur séu skýrar og menn viti hver réttarstaða þeirra er. Það er afar nauðsynlegt að vita hver dómspraxís er í slíkum málum.

Það er einnig afar mikilvægt við þennan samning og gerir hann einmitt svo hagstæðan fyrir íslenskt atvinnulíf að í honum er ákveðinn úrskurðarfarvegur í deilumálum. Venjulegir tvíhliða samningar byggja fyrst og fremst á því að ríki geta gripið til hefndarráðstafana hvort gegn öðru ef menn telja samning brotinn. Hér er farin önnur leið sem er miklu hagfelldari Íslandi og íslensku atvinnulífi og íslensku þjóðinni. Ég segi því já.

Brtt. 374 (4. gr. falli brott) samþ. með 43:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, HÁ, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, LMR, MI, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

nei: PP*.

16 þm. (AÓB, EH, EKJ, GHelg, HG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, RA, SÞór, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

3 þm. (GunnS, IBA, MF) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

5. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 33:22 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, JóhS, JBH, JónS, KSG, KÁ*, LMR, MI, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvÁ, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

nei: AÓB, EH, EKJ, GB, GÁ, GHelg, HG, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, StG, StH, SJS, SvG.

6 þm. (FI, HÁ, ISG, JGS, JónK, VS) greiddu ekki atkv.

2 þm. (GunnS, IBA) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 38:19 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, HÁ, ISG, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, KSG, LMR, MI, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

nei: AÓB, GÁ, GHelg, HG, JÁ, JHelg, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SÞór, StG, StH, SJS, SvG.

3 þm. (EH, FI, JVK) greiddu ekki atkv.

3 þm. (EKJ, GunnS, IBA) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram að það orkar tvímælis að ekki sé meira sagt að frv. þetta standist ákvæði stjórnarskrárinnar. Ég tel að þeir sem eru þeirrar skoðunar að svo sé hljóti að leggjast gegn því að þetta mál verði frekar til meðferðar í þinginu og því mun ég greiða atkvæði gegn því að málið gangi til 3. umr.

Fundi slitið kl. 6.06 síðdegis.

95. FUNDUR

fimmtudaginn 7. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Samningar við EB um fiskveiðimál, stjtill., 275. mál, þskj. 375, nál. 549 og 579. — Frh. síðari umr.

Fjarvistarleyfi:

Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.

Útbýting þingskjala:

Evrópskt efnahagssvæði, 1. mál, þskj. 580.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 227. mál, svar félmrh., þskj. 577.

Kaup á björgunarþyrlu, 110. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 581.

Samningar við EB um fiskveiðimál, frh. síðari umr.

Stjtill., 275. mál. — Þskj. 375, nál. 549 og 579.

Halldór Ásgrímsson (frh.):

Herra forseti. Þegar ég lauk máli mínu í gær var ég að ræða þá óvissu sem fylgir loðnuveiðunum og ákvæði þess samnings sem gildir um þær veiðar milli Íslands, Noregs og Grænlands.

Ákvæði þessa samnings og sú reynsla sem af honum hefur fengist er að sjálfsögðu hluti af mati af þessu máli. Evrópubandalagið er að framselja okkur réttindi sem það hefur keypt af Grænlendingum og verður að sjálfsögðu að meta það hvers virði þessi réttindi eru bæði í ljósi reynslunnar og líka að því er varðar framtíðina sem er mjög erfitt að leggja mat á. En verðmæti þessara réttinda helgast að verulegu leyti af því hvernig ástand loðnustofnsins kemur til með að verða og hvar hann verður veiðanlegur.

Það er rétt að taka fram að á þeirri vertíð sem nú er hafin hafa samningsþjóðir okkar veitt utan lögsögu Íslands og hygg ég að það sé rétt að Norðmenn hafi veitt um 67 þús. lestir og Færeyingar veitt um 19 þús. lestir. Það voru bærilegar veiðar í örstuttan tíma á þessu svæði. En eins og vitað er hafa Norðmenn mjög öflugan flota sem þeir senda til þessara veiða og þeim tókst að ná þarna nokkru magni, en síðan var það ekki söguna meir. Og því miður hafa veiðar Íslendinga gengið mjög erfiðlega. Þrátt fyrir það er nokkur bjartsýni um að þetta muni allt breytast þegar loðnan kemur upp að landinu. Og við skulum vona að svo verði því ekki veitir af í okkar þjóðarbúskap. En það er eins og fyrri daginn að um það er mjög mikil óvissa og við vitum í raun aldrei fyrr en upp er staðið hvernig þessar veiðar fara.

Það eru þessar staðreyndir sem gera það að sjálfsögðu mjög erfitt að leggja mat á virði þessara réttinda fyrir Ísland. Ég held að það sé hins vegar ekki hægt að draga í efa að á sl. ári hefðu þau ekki komið að gagni fyrir okkur og í reynd ekki á allra síðustu árum og mjög ólíklegt að það verði gagn að þeim á því ári sem nú er nýlega gengið í garð. Aftur á móti, eins og ég sagði hér í gær, látum við af hendi örugg fiskveiðiréttindi eins og best verður séð og er engin ástæða til að draga í efa að það muni breytast í náinni framtíð af þeirri einföldu ástæðu að karfinn er mjög langlífur fiskur en loðnan sveiflukenndur stofn.

Þetta eru atriði sem að mínu mati er ekki hægt að deila um og hljóta að koma til mats þegar þessi samningur er metin af okkur. Jafnframt hljóta þessi atriði að verða til umræðu við hugsanlegar viðræður í framtíðinni hvort sem það varðar endurmat á samningi innan ársins eða hugsanlega framlengingu hans síðar meir.

Ég hafði áður farið yfir verðhlutföll í þessu samhengi. Það hefur verið ríkt í málflutningi þeirra sem hafa mælt fyrir þessum samningi að vilja leggja á það megináherslu að nota þann verðsamanburð sem hefur verið hafður til hliðsjónar að því er varðar innbyrðis hlutföll í kvótakerfinu og vitna til laga í því sambandi. Það er alveg rétt að í 10. gr. laga um stjórn fiskveiða segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er að veiða umframúthlutað aflamark af tiltekinni botnfisktegund, allt að 5% af heidarverðmæti botnfiskaflamarks, enda skerðist aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega miðað við verðmæti samkvæmt ákvörðun ráðuneytis í upphafi árs."

Það sem hefur verið miðað við frá upphafi í þessu sambandi hefur verið verðlag á innanlandsmarkaði samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar þó þar hafi orðið frávik, t.d. á árinu 1990 þegar þótti ástæða til að breyta því. Það var hins vegar ekki gert síðast þegar þessi stuðull var reiknaður 0,41 og ég held að það fari ekkert á milli mála að um þá lækkun sem varð þar á karfa og þessu hlutfalli má deila. Það er mjög auðvelt að halda því fram að þar hafi raskast nokkuð innbyrðis hlutföll í kerfinu.

Það hefði að sjálfsögðu allt eins verið hægt að nýta stuðla samkvæmt heildarverðmæti í þessu sambandi. Aðalatriðið er að þetta raskist ekki innbyrðis frá ári til árs. Ef það hefði verið gert á undanförnum árum hefði það ekki skipt neinu meginmáli að því er varðar þessi innbyrðis hlutföll. En það er nauðsynlegt að nota þar sömu stuðla frá ári til árs og ekki að hringla með það fram og til baka. Á það get ég alveg fallist.

Ég minni á það að alveg frá því árið 1987 hafa þessi hlutföll miðað við innanlandsmarkað verið nokkurn veginn 1 á móti 0,5, nokkru yfir 0,5, og milli áranna 1989 og 1990 lækkaði þetta úr 0,51 í 0,43 og þótti ástæða til þess að þar yrði ekki breyting því það var ekki í samræmi við það sem gengur og gerist í skiptum á veiðiheimildum á markaði. Þá var ákveðið að það skyldi vera sambærilegt áfram eða 0,5. En síðan lækkar þetta í 0,41. En ég hefði talið ástæðu til að

það hefði verið það sama áfram. Ef hins vegar hefði frá upphafi verið miðað við heildarverðmæti er það í kringum 1 á móti 0,7 allan tímann, en fer að vísu árin 1989 og 1988 og 1990 upp í rúmlega og tæplega 0,8.

Það er hins vegar alveg út í hött að mínu mati að þessir stuðlar, sem hafa verið notaðir af sjútvrh. að því er varðar innbyrðis skiptingu í kvótakerfinu, séu lagðir út á þann veg að þar sé um það mat á verðmætum okkar afla sem gildir í samningum við erlenda aðila að ræða. Ætli nokkrum dytti í hug að halda því fram að það ætti að nota flutningstaxta milli Reykjavíkur og Vestfjarða í samningum um flutninga milli Íslands og Evrópu? Þó þessi taxti hafi verið notaður innbyrðis í kvótakerfinu endurspeglar hann ekki þjóðhagslegt mat þessara veiðiheimilda. Og ég get ekki fallist á að hann fái slíkt vægi eins og virðist hafa verið í þessum samningi og í áliti meiri hluta sjútvn. Ég tel það ekki þjóna íslenskum hagsmunum að gefa þessu verðmætamati slíkt vægi. Og ég tel jafnframt að mat Evrópubandalagsins á hugsanlegum loðnuveiðiheimildum sé ekki til að taka mikið mark á einfaldlega af þeirri ástæðu að Efnahagsbandalagið hefur ekki veitt loðnu og eina loðnan sem þeir hugsanlega geta lagt mat á eru þau loðnuréttindi sem þeir hafa keypt af Grænlendingum. Það er e.t.v. eðlilegt að það sé nokkuð hátt mat á því því sannleikurinn er sá að Evrópubandalagið hefur borgað fyrir fyrir veiðiheimildir þær sem þeir fá frá Grænlendingum langt umfram það sem raunverulegt verðmæti þeirra er miðað við reynslu. Þetta er vitað mál. Það er hins vegar okkur algerlega óviðkomandi hvað Evrópubandalagið hefur greitt til Grænlendinga í þessu sambandi og er alveg óskylt þessu máli, enda hef ég í sjálfu sér ekki heyrt neinn blanda því inn í þetta.

Að því er varðar önnur atriði þess sem nú er verið að leita eftir staðfestingu að af hálfu ríkisstjórnarinnar og biðja Alþingi að staðfesta, þá eru mörg atriði þess rammasamnings sem hér hefur verið gerður fullnægjandi að mínu mati. Ég tel t.d. að atriði að því er varðar eftirlit séu á margan hátt viðsættanleg og við verðum að láta á það reyna hvernig það kemur út. Ég held að það geti allir verið sammála um það, eins og við tökum fram í okkar áliti og líka kemur fram hjá minni hlutanum, að það eru heldur mörg skip sem þarna fá heimildir. Það er ótrúlegt að menn ætli sér að 18 skip stundi þessar veiðar. Þó að ég eigi ekki von á að það verði nýtt gæti svo farið. Það er líka bagalegt að það skuli vera þó þetta mörg, fimm, samtímis. En það er eins og gengur og gerist í samningum að það verður ekki á allt kosið og ég ætla ekki að fara að gera úr þessu atriði eitthvert stórmál þó ég búist við að allir geti verið sammála um að hér sé um of mörg skip að ræða.

Að því er varðar eftirlitið er hér um samkomulag að ræða sem gerir ráð fyrir mjög mörgum löndunarhöfnum. Það er í sjálfu sér í samræmi við þennan fjölda skipa, en jafnframt er bagalegt að þær þurfi að vera svo margar og mun torvelda eitthvað eftirlit þó ég sé á engan hátt að halda því fram að það sé óyfirstíganlegt.

Við segjum í okkar áliti að það þurfi að ganga vel frá verkaskiptingu milli Landhelgisgæslunnar og veiðieftirlitsmanna. Ég ætla ekki á þessu stigi að taka afstöðu til þess hvernig á að skipuleggja veiðieftirlitið. Það vill þannig til að hæstv. sjútvrh. er jafnframt dómsmrh. þannig að ég á ekki von á að það sé neinum erfiðleikum bundið að finna það skipulag þar á sem hentar best okkar hagsmunum. Þar þarf að koma til gott samstarf Landhelgisgæslunnar og veiðieftirlitsins. Þótt það komi vissulega til greina að Landhelgisgæslan annist þetta að öllu leyti ætla ég ekki að setja fram þá skoðun mína hér persónulega. Ég geri mér alveg grein fyrir því að það þarf að nýta þá sérþekkingu sem er fyrir hendi í veiðieftirlitinu og það þarf líka að nýta þá sérþekkingu sem er fyrir hendi hjá Landhelgisgæslunni. Og það er mjög mikilvægt að samstarf þessara aðila sé sem best. Það hefur því miður borið við að það hafi orðið einstaka sinnum lítils háttar árekstrar þar á milli. Ég lít svo á að það sé gott tækifæri til þess nú, þegar hæstv. sjútvrh. er jafnframt dómsrh., að reyna að bæta það eftir því sem kostur er. Ég reyndi það líka þann stutta tíma sem ég var jafnframt sjútvrh. og dómsmrh., en tel að þar megi betur gera eins og alltaf er. — En á þetta bendum við. Ég vil ekki taka jafndjúpt í árinni að því er varðar þetta atriði og meiri hlutinn, að þetta beri að öllu leyti að vera í höndum Landhelgisgæslunnar. Það er byggt á samtali við fulltrúa frá Landhelgisgæslunni, en það vannst ekki tími til að ræða það við yfirmenn veiðieftirlitsins sem nú er í höndum Fiskistofu þannig að ég vil á þessu stigi ekki hafa uppi fullyrðingar um það.

Það kom jafnframt fram að það væri mikilvægt að nýta það kerfi sem nú er að ryðja sér til rúms og ég hygg að svo sé líka innan Efnahagsbandalagsins, þ.e. kerfi sem hægt er að nýta til að fylgjast nákvæmlega með ferðum allra skipa á miðum. Þessi fullkomnu staðsetningartæki hljóta að ryðja sér til rúms um alla Evrópu að því er varðar eftirlit með fiskveiðum. Það er stefna Evrópubandalagsins að nýta slíka staðsetningartækni í sambandi við eftirlit því að satt best að segja hefur það verið í molum og þeir lítið ráðið við að hafa gott eftirlit með þeim stóra flota sem er að berja á evrópskum miðum. Þetta er atriði sem sjálfsagt er að benda á og enginn ágreiningur er um í áliti því sem kemur fram bæði af hálfu meiri hluta og minni hluta sjútvn.

Síðan er hér ákvæði um viðræður þar sem segir að það sé gert ráð fyrir að tafarlaust sé brugðist við til að koma á jafnvægi vegna ófyrirsjáanlegra líffræðilegra ástæðna. Það er vissulega eitthvað teygjanlegt hvað eru líffræðilegar ástæður en ég lít svo á að öll hegðan loðnunnar sé líffræðilegar ástæður og því beri að líta þannig á að ef hegðan hennar er með þeim hætti að það minnki gildi á nýtingu úr þessum stofni, þá hljóti íslenskir aðilar að fara fram á viðræður. Ef svo fer að þessi samningur verði staðfestur af Alþingi, sem ég tel að eigi ekki að gera, vænti ég þess að það verði farið fram á viðræður vegna líffræðilegra ástæðna sem upp kunna að koma og ég tel að megi óttast að verulegu leyti. Þótt ég sé á engan hátt ánægður með þessi ákvæði og telji þau ófullnægjandi og tryggi ekki að

það jafnvægi náist sem er viðunandi, þá ber að sjálfsögðu að fara fram á slíkar viðræður og halda þar fram rétti Íslands af fullum krafti því að það verður ekki við unað fyrr en kemst á jafnvægi í sambandi við þessar veiðar. Það hefur ávallt verið okkar stefna og hlýtur að verða það til frambúðar.

Þá vil ég jafnframt koma að því að það eru ekki ákvæði í þessum samningi að Ísland geti látið EB í té hugsanlegar veiðiheimildir sem við gætum samið um í lögsögu annarra ríkja. Nú er það svo að við höfum engar slíkar veiðiheimildir á hendi í dag, en ég minni á að við höfum samning um fiskveiðisamstarf við Færeyinga og reyndar líka við Norðmenn og þess vegna er ekki ólíklegt að það gæti hugsast hægt væri að skipta á veiðiheimildum í Barentshafi við Norðmenn og þeir fengju loðnu á móti og það væri jafnframt hægt að semja þannig við Færeyinga að við fengjum einhverjar veiðiheimildir í þeirra lögsögu. Það er staðreynd að floti EB er bæði inni í norsku lögsögunni og þeirri færeysku og að mínu mati hefði átt að láta á það reyna hvort við gætum losnað við að fá þessa togara inn í okkar landhelgi en reynt að skipta út við aðrar þjóðir.

Um þetta höfum við talað í stjórnarandstöðunni fyrir daufum eyrum mjög lengi og hæstv. utanrrh. annaðhvort ekki svarað því eða gert heldur lítið úr því. En ég fagna því að hv. þm. Björn Bjarnason, formaður utanrmn. og frsm. meiri hluta, hefur tekið undir þessi sjónarmið og ég vænti þess að þeim verði haldið til skila í framhaldi málsins.

Það er út af fyrir sig rétt að það er ekkert sem bannar slíka niðurstöðu á milli aðila í samningnum og þótt það sé ekki tekið fram með jákvæðum hætti, sem ég teldi eðlilegt, útilokar þessi samningur ekki slíka niðurstöðu.

Að þessu sögðu er það okkar niðurstaða að það beri að hafna þessum samningi. Því hefur verið haldið fram að ef það væri gert væri samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði settur í verulega hættu. Ég ætla ekki að leggja endanlegt mat á það. Það hefur ávallt verið ljóst í þessum samningum eins og öllum öðrum að það þarf að taka áhættu og ef einhvers staðar á að taka áhættu, þá er það í þessu máli því að hér er um óréttmætar kröfur að ræða á okkur. Þótt þessum samningi væri hafnað er ég ekki farinn að sjá það að Evrópubandalagið mundi beita því að útiloka okkur frá hinu Evrópska efnahagssvæði. Það yrði að sjálfsögðu að reyna á pólitískt samkomulag um það einn ganginn enn. Miðað við þau ummæli sem hafa verið höfð í gegnum tíðina tel ég að það sé út í hött að ganga út frá því sem vísu að það mundi leiða til þess að sá samningur tæki ekki gildi. Það er eðlilegt að þessi samningur sé lagður fyrir Alþingi og hann metinn og ef það er mat Alþingis að í honum sé ekki jafnræði er ekkert athugavert við það þó að utanrrh. landsins sé sendur með þau skilaboð til nýrra samninga. Það er ekki komin niðurstaða um Evrópskt efnahagssvæði og ég tel ekkert athugavert við það þótt utanrrh. landsins þurfi að fara með þetta mál á ný samkvæmt því mati sem hér hefur verið lagt á málið. Þetta samkomulag er undirritað með fyrirvara um samþykki Alþingis og ég tel það vera svo augljóst að það er ekki jafnræði í þessum samningi að það beri að hafna því.

Í ljósi þessa alls getur minni hluti sjútvn. ekki mælt með samþykki hans og leggur til að hann verði felldur. Ég vil í því sambandi vísa til þess sem ég hef sagt. Hér er ekki um jafngildar veiðiheimildir að ræða, alveg sama hvernig það er metið, hvort sem það er metið út frá verðmæti eða leigu á innlendum markaði að því er varðar aflaréttindi, og ég tel mig hafa sýnt fram á það með fullgildum rökum.

Það er jafnframt alveg ljóst að hér er um ójafnræði að ræða að því er varðar öryggi í veiðunum. Við látum af hendi öruggar veiðiheimildir en fáum í staðinn veiðiheimildir sem ekki er hægt að reiða sig á með sama hætti og að því er varðar karfann. Ég vil jafnframt ítreka þær athugasemdir sem ég hef lýst hér að því er varðar önnur atriði þessa samnings.

Undir nál. minni hluta sjútvn. rita sá sem hér talar, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, Stefán Guðmundsson og Jóhann Ársælsson. Fulltrúi Samtaka um Kvennalista hv. þm. Anna Ólafsdóttir sat fundi sjútvn. sem áheyrnarfulltrúi og hún er jafnframt sammála þessu áliti. Það er alveg ljóst að stjórnarandstaðan á Alþingi stendur sameinuð um þetta álit og leggur til að þessum samningi verði hafnað og viðræður verði teknar upp að nýju í ljósi þess um þetta mál.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get verið sammála mörgu af því sem fram kom í ræðu síðasta hv. þm. þótt ég sé ósammála þeirri niðurstöðu hans að hafna beri þeim samningum sem hér liggja fyrir. Ég vil aðeins spyrja hv. þm. vegna þeirrar niðurstöðu sem kemur fram í áliti minni hluta utanrmn. þar sem gefið er til kynna að það hafi komið til greina á sínum tíma að semja um gagnkvæmar veiðiheimildir við Evrópubandalagið á þeirri forsendu að um væri að ræða kolmunna í slíkum samningum. Ég get ekki lesið álit minni hluta utanrmn. með öðrum hætti en þeim að þar sé gefið til kynna að það hafi einhvern tímann staðið til að semja um skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum varðandi kolmunna. En í ágætri grein sem hv. síðasti ræðumaður ritaði í DV 20. júní 1991 ræðir hann um nauðsyn þess að samið sé við Evrópubandalagið um samvinnu á vísindasviðinu, að semja um skiptingu sameiginlegra stofna. Þar á hann einkum við kolmunna eftir að Grænland gekk úr Evrópubandalaginu. Og síðan segir: „Þá hefur sá möguleiki verið ræddur hvort skipta megi á jafngildum veiðiheimildum ef gagnkvæmur áhugi og hagur væri fyrir hendi."

Ég get ekki skilið þetta á annan veg en þann að hann líti þannig á að það þurfi að skipta sameiginlegum stofnum eins og kolmunna, og áform eru uppi um það samkvæmt þessum samningum, og síðan þurfi að semja um gagnkvæmar veiðiheimildir. „Jafngildar" stendur og það er það sem hv. ræðumaður setur fyrir sig í andstöðu sinni við þá samninga sem nú liggja fyrir að ekki sé um jafngildar veiðiheimildir að ræða. Það er mjög umdeilanlegt atriði eins og fram hefur kom-

ið. En ég sé ekki annað en að í þeim samningum sem fyrir liggja sé í einu og öllu farið að því sem hv. ræðumaður lagði til að gert yrði í grein sinni í DV 20. júní 1991.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skal ítreka það og ég get líka vitnað til þess hv. þm. til upplýsingar að ég fjallaði um þetta mál í ræðu sem ég flutti hjá Landssambandi íslenskra útvegsmanna nóvember 1989, en ég ætla ekki að fara að endurtaka það hér. Þar er í fyrsta lagi fjallað um nauðsyn þess að semja um sameiginlega stofna. Kolmunninn er sameiginlegur stofn Íslands og Evrópubandalagsins. Þar mundu koma til gagnkvæm réttindi úr þeim stofni. En þegar við stunduðum kolmunnaveiðar síðast þurftum við að hætta þeim vegna þess að við höfðum ekki rétt til að fylgja kolmunnanum inn í bresku lögsöguna. Það var fiskiskipið Eldborg sem þurfti að hætta þeim veiðum sem trúlega hefðu getað haldið áfram á þeim tíma ef samningar hefðu verið um málið eins og eru t.d. milli Efnahagsbandalagsins og Færeyinga.

Það er hins vegar alveg rétt hjá hv. þm. að ég hef gert ráð fyrir því að þar að auki þyrfti að semja um gagnkvæmar veiðiheimildir sem væru báðum aðilum hagstæðar. Ég hef hins vegar haft þá trú að það væri mjög erfitt að finna leið til að koma á gagnkvæmum veiðiheimildum sem yrðu hagstæðar báðum aðilum, enda hefur það komið í ljós. Og það er mín niðurstaða þótt hv. þm. sé því ekki sammála að hér sé ekki um neitt jafnræði að ræða og að hér sé ekki um jafngildar veiðiheimildir að ræða og því vil ég hafna þessu. En það er rétt hjá honum að það má ekki líta með sama hætti á kolmunnan því að þar er um sameiginlegan stofn að ræða og það ber að sjálfsögðu að staðfesta.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þetta svar. Það staðfestir þá skoðun mína, sem ég setti fram í ræðu minni í gær um þetta mál, að það sé ekki rökrétt að álykta sem svo, eins og gert er af minni hluta utanrmn., að kolmunninn gæti uppfyllt þær kröfur sem menn gera þegar rætt er um gagnkvæmar veiðiheimildir. Það hefur aldrei verið litið þannig á. Það hefur verið litið á kolmunnan sem sameiginlegan stofn sem um þyrfti að semja sérstaklega og skipta á milli okkar og Evrópubandalagsins. Með þeim rammasamningi sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að það verði gert. Þar með er það mál úr sögunni og vonandi nást samningar um skiptingu á þeim stofni. Hitt er annað mál að það þarf einnig að semja um gagnkvæmar veiðiheimidir. Það hefur legið fyrir, eins og fram kom hjá hv. ræðumanni, og um það er ágreiningurinn nú hvort þetta séu jafngildar veiðiheimildir eða ekki. Um það getum við deilt og mismunandi hugmyndir eru uppi um það efni. En mér finnst að menn geri í þeim umræðum ákaflega lítið úr þeim þætti sem vikið var að í ræðu hv. ræðumanns varðandi eftirlitið og hinar ströngu kröfur sem við gerum til skipa Evrópubandalagsins og menn hafi ekki reiknað inn í það dæmi allt saman líkurnar á því að menn muni sækjast eftir því að koma hingað á þessum forsendum og leitast eftir því að veiða þennan karfa. Mér finnst að útreikningar á því og mat á því liggi alls ekki fyrir og hafi ekki verið nægilega reifað, hvorki af hv. síðasta ræðumanni eða öðrum sem gagnrýna þessa samningagerð á þeim grundvelli að ekki sé um jafngildar heimildir að ræða.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef litið svo á að Evrópubandalaginu muni reynast kleift að veiða þennan karfa þrátt fyrir eftirlit. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það beri að nýta öll ákvæði eftirlitsins til aðhalds, þar með talið að senda skip þess á önnur veiðisvæði ef einhver meðafli er með karfanum, t.d. eins og þorskur. Ég viðurkenni fúslega að það er mikilvægt ákvæði og ber að nota það til hins ýtrasta. En hins vegar háttar þannig til að karfinn er djúpsjávarfiskur og það er yfirleitt ekki mikið um að þorskur komi með í vörpuna vegna þess að hann er veiddur á slíku dýpi og á annarri slóð. Það er hægt að veið karfann án þess að mikill meðafli sér þar með. Og miðað við þá reynslu sem er þar tel ég að ströng eftirlitsskilyrði muni ekki standa í vegi fyrir því að þessi afli náist. Það er mitt mat. Ég get ekki lagt neitt annað mat á það, hv. þm., og tel að það muni á engan hátt geta komið í veg fyrir að Evrópubandalagið nái þessum afla og því miður séu litlar og nánast engar líkur til að þarna verði um eitthvert jafnræði að ræða.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það hefur komið fram við fyrstu umræðu og einnig í þessari umræðu að hv. þm. Halldór Ásgrímsson telur það ljóð á ráði þessa samnings að ekki sé gert ráð fyrir því í honum að Íslendingar geti látið EB í té heimildir sem við kynnum að afla okkur í lögsögu annarra ríkja. Ég get tekið undir þetta sjónarmið og gerði það raunar á sameiginlegum fundi sjútvn. og utanrmn. skömmu fyrir jól. En með tilliti til þess að viðræður við EB hófust í tíð fyrrv. ríkisstjórnar væri fróðlegt að fá það upplýst, þó ekki væri nema af sögulegum ástæðum, hvort þetta atriði hafi þá verið ámálgað af hálfu fyrrv. sjútvrh. eða þess ráðuneytis sem hann stýrði þá.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er nauðsynlegt að hv. þm. Össur Skarphéðinsson geri sér grein fyrir því að þetta mál var ekki komið á það stig að hafnar væru formlegar samningaviðræður um málið. Það hafði átt sér stað einn fundur í Reykjavík þar sem var um óformlegan fund að ræða milli aðila til að kanna möguleika á því hvort það væru aðstæður til þess að einn af framkvæmdastjórum Evrópubandalagsins, Manuel Marin, sem utanrrh. hefur upplýst þingheim um að er spánskur, gæti komið hingað eða hvort það væru einhverjir möguleikar á því að hann kæmi hingað. Niðurstaðan varð sú að af því varð ekki. Þar af leiðandi var þetta mál ekki tekið upp. Ég vil hins vegar upplýsa hv. þm.

um að þegar Lúxemborgarfundinum lauk vorið 1991 tók ég þetta mál strax upp, m.a. við hæstv. utanrrh. í samtalsþætti sem við áttum saman á Stöð 2. Þá var hins vegar allt annað uppi, hv. þm., eins og hv. þm. man og má í því sambandi rifja upp mat þingmannsins á þeirri niðurstöðu í umræðum á Alþingi þegar langhalinn var uppi á borðinu og þingmaðurinn gat vart ráðið við gleði sína því hann taldi þá, það var hans mat þá, að við hefðum fengið eitthvað fyrir ekkert. Það var sem sagt mat Alþfl. á þeim samningi að þá hefðum við fengið eitthvað, loðnuna, og hefðum í reynd ekki látið neitt í staðinn sem var að sjálfsögðu rangt mat því langhalinn er þrátt fyrir allt nokkurs virði.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Eftir því sem tíminn líður kemur betur í ljós hversu rétt við, sem myndum minni hluta sjútvn. og utanrmn., höfum fyrir okkur er við höldum því fram að ekki sé um gagnkvæmni í veiðiheimildum að ræða í þessum samningi. Það kemur jafnvel stundum upp sú staða að maður hefur ekki við því að trúa. Það hefur vissulega lengi verið ljóst að pappírsloðnan sem okkur er ætluð samkvæmt þessum samningi og karfinn sem við látum í staðinn, þessi veiðanlegi karfi, eru ekki jafngildar veiðiheimildir. En þið ykkar sem hafið horft á kvöldfréttir á annarri sjónvarpsstöðinni í gær hafið væntanlega heyrt eins og ég að forsvarsmaður LÍÚ á þessu sviði heldur því blákalt fram að verðmæti loðnunnar sé ekki nema þriðjungur verðmætis karfans sem við látum í staðinn. Það staðfestir ekki einasta viðvörunarorð okkar, sem höfum varað við þeim skrípaleik sem hér virðist vera settur upp, heldur hlýtur það líka að vekja spurningar um það hve lengi LÍÚ getur staðið í því að mæla slíkum óskapnaði bót. Ég veit að þeirra aðstaða er vissulega hvorki auðveld né komin til af góðu. Hjá öllum hagsmunaaðilum í sjávarútvegi og fiskvinnslu hefur verið mikið átakamál afstaðan til Evrópsks efnahagssvæðis og þar á bæ víla menn ekki fyrir sér að tengja samninginn um Evrópskt efnahagssvæði þeim samningi sem við erum hér að ræða þótt allir hafi gætt þess að formlega séð væri þar ekki um nokkra tengingu að ræða. Þetta er einfaldlega staðreynd og þar af leiðandi, þegar áður hefur verið mjótt á mununum hjá þessum aðilum um hvort stuðningur við Evrópskt efnahagssvæði hefur verið í raun eða ekki, þá hljóta að vakna spurningar.

Ég vitna í nokkur þau atriði sem fram hafa komið hjá forsvarsmönnum útgerðar og fiskvinnslu á fundum með sjútvn. og utanrmn., a.m.k. með sjútvn. Þar hefur í fyrsta lagi komið fram að til þess samnings hafði á þeim tíma sem við hittum forsvarsmenn LÍÚ ekki verið tekin formlega afstaða. Hins vegar hafði honum ekki verið mótmælt og við vitum að þarna eru menn í mjög erfiðri stöðu að reyna að vinna við mjög þröngar aðstæður og það er fátt um svör þegar spurt er um hvort þessi samningur, eins og hann lítur nú út af hálfu Íslendinga og Evrópubandalagsins, standi sem slíkur. Ég vil líka benda á að í ályktun sem ég hef áður vitnað til frá Sambandi fiskvinnslustöðva í haust kemur fram að það er ekki talið ásættanlegt að semja um neinar veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu, ekki um neinar veiðiheimildir, og hjá Fiskifélaginu er staðan sú að þar var mjög naumlega, með 17 atkvæðum gegn 15, samþykkt að mæla með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Þar er ég að tala um þann samning, aðildina að Evrópska efnahagssvæðinu með öllum tollaívilnunum sem vissulega er óumdeilanlega langskástur hluti þessa samnings, ekki sá hagnaður sem gert hefur verið ráð fyrir, en samt sem áður sá mesti ávinningur sem fortakslaust fæst með þessum samningi.

Nú erum við hér að ræða þennan fiskveiðisamning og er vissulega hryggilegt að sá texti sem við okkur blasir skuli vera til umfjöllunar sem sjálfstæður óháður samningur því hann er gjörsamlega óviðunandi og það er líka hryggilegt að við skulum hafa látið teyma okkur svona langt.

Ég hef ákveðnar áhyggjur af samningsstöðu okkar Íslendinga sem eigum nú að fara að standa í árlegu samningabrölti við Evrópubandalagið. Fulltrúar Evrópubandalagsins hafa sýnt okkur hörku og óbilgirni í þessum samningum og af þeim sökum og þeim sökum einum stöndum við nú uppi með þennan ótrúlega vonda samning. Ég kenni ekki samningamönnum okkar um, þeim var ætlað hið ómögulega, að koma saman góðum samningi við Evrópubandalagið sem fjallaði um það sem Evrópubandalagsþjóðirnar ágirnast mest af því sem við höfum fram að færa, fiskinn innan fiskveiðilögsögu okkar. Kostirnir af hálfu Evrópubandalagsins eru skýrir. Engar tollaívilnanir nema á móti veiðiheimildum. Það er útlátalaust af hálfu Evrópubandalagsins að semja um gagnkvæmar veiðiheimildir ef gagnkvæmnin felst í því að láta okkur fá fisk sem þeir hvort eð er ætla ekki að veiða og hefur raunar ekki gengið að ná. Þennan fisk megum við veiða innan okkar eigin lögsögu þar sem við hefðum hvort sem er mátt veiða hann. Og ef hann fæst — ég segi ef hann fæst — er verðmæti hans ⅔ hlutum minna en af er látið. Fyrr má nú vera gagnkvæmnin. Þessu er samningamönnum okkar í þokkabót gert að hespa af hvað sem það kostar og við höfum nú lesið verðmiðann.

Ég held að það sé rétt að virða fyrir sér það sem fram kemur í nál. minni hluta hv. utanrmn. varðandi þetta á bls. 2 þar sem rifjuð er upp afstaða Evrópubandalagins, en þar segir, með leyfi forseta:

„...tvíhliða samningar um fiskveiðar milli Efnahagsbandalags Evrópu og Svíþjóðar, Efnahagsbandalags Evrópu og Noregs og Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands, séu hluti af heildarniðurstöðu samningaviðræðnanna og grundvallarþáttur í samþykki þess á EES-samningnum, enda þótt þessir samningar séu aðgreindir lagalegir gerningar.

Bandalagið áskilur sér rétt til að fresta gerð EES-samningsins uns hlutaðeigandi EFTA-ríki hafa tilkynnt bandalaginu um fullgildingu ofantalinna tvíhliða samninga. Bandalagið áskilur sér enn fremur rétt til að taka afstöðu gagnvart afleiðingunum séu samningar þessir ekki fullgiltir."

Það kemur fram í þessu nál. að okkur ber að sjálf-

sögðu að harma að ríkisstjórn Íslands hefur ekki í yfirlýsingu með EES-samningnum lýst öndverðri skoðun. Við þessar samningaaðstæður er ekki nema von að við sitjum uppi með þennan samning. Það er alveg ljóst að það var annar aðilinn, Evrópubandalagið, sem tvímælalaust hafði miklu betri samningsstöðu og það er von að samningamönnum okkar þyki að þeim hafi orðið nokkuð ágengt þar sem þeir voru að vinna vonlaust verk. En við sem komum að þessu og verðum að dæma út frá útkomunni einni saman erum ekki bundin af því hvernig stappið hefur staðið og hvernig framtíðarhorfurnar eru í augum samningamanna okkar. Við verðum að líta á það hvaða samning við erum að ræða og hvernig hann lítur út. Það erum við að gera og það er ekki falleg sjón.

Ég tek undir þá gagnrýni sem hefur komið fram á samninginn sjálfan og það sem kannski veldur mér enn meiri áhyggjum er að ég sé ekki hvernig það verður að setjast að samningaborðinu á næsta ári með þessar staðreyndir fyrir framan sig. Þetta er staða sem ég vona að við munum aldrei þurfa að setja okkar samningamenn í. Ég dreg mjög í efa að í raun sé þingmeirihluti fyrir þessum samningi. Þetta byggi ég einfaldlega á því að það er mjög skýrt, það er mjög auðsætt hversu slæmur hann er. Það er hægt að fela ýmislegt í hinum flóknu EES-samningi og verðmætamat fólks er óneitanlega mjög misjafnt, sumum er t.d. ekki eins annt um orð eins og lýðræði og fullveldi og það sem bak við þau stendur og ýmsum öðrum og þetta er alltaf ákveðið matsatriði. En þessi samningur er skýr, hann er skilmerkilegur og það er alveg augljóst hvað hann færir okkur ekki. Hann færir okkur ekki gagnkvæmar veiðiheimildir.

Það er líka nokkuð augljóst að með því einu að hleypa skipum inn í okkar landhelgi erum við að taka áhættu. Þar með tel ég að það verði mjög erfitt að mæla honum bót þótt vissulega hafi ákveðin atriði tekist býsna vel hjá okkar samningamönnum eins og ég kem að á eftir því mér dettur ekki í hug að fara að tíunda einungis gallana, ég sé kostina líka og mér þykir fullljóst að við þurfum að meta þá. Þeir munu hins vegar gefa okkur betri samningsstöðu í framtíðinni, þeir kostir sem við samninginn eru, og því hefði verið mjög æskilegt, en kannski ekki hægt, að fá betri samning.

Ég verð að viðurkenna að mér sýnist að við stjórnarandstæðingar höfum verið alveg sérlega hófsöm í öllu mati okkar á gagnkvæmninni því jafnvel sá maður sem opnaði þá umræðu um gagnkvæmnina sem hörðust hefur verið, hv. 1. þm. Austurl. Halldór Ásgrímsson, hefur ekki gengið lengra en það að fullyrða að loðnan væri varla nema helmingur af verðmætis karfans sem Evrópubandalagið fær innan okkar lögsögu og þetta ítrekaði hann seinast í grein í Morgunblaðinu í gær. En hann hefur samt þurft að sæta því að fá á sig ósmekklegar glósur hæstv. utanrrh.

Ég treysti því raunar að hæstv. ráðherra reyni ekki áfram að telja okkur trú um að við höfum 20% ávinning af fiskveiðisamningnum í verðmæti veiðiheimilda talið, ég trúi því að því máli muni alla vega linna, en ég býst við að eftir því sem fleiri blanda sér í umræðuna muni staðreyndir málsins verða ljósari. Ég ítreka enn að mat þess forsvarsmanns LÍÚ sem fer með þessi mál er að verðgildi loðnunnar sé varla meira en um þriðjungur af verðgildi karfans. Auðvitað hlýtur maður að spyrja hvaða athugasemdir muni falla um hans mat fyrst hann hefur enn síður en við Halldór Ásgrímsson skoðun sem er sumum valdhöfum þessa lands þóknanleg.

Ég leyfi mér að benda á nokkrar staðreyndir um samninga næstu ára við Evrópubandalagið. Ekki er langt í að samningur Evrópubandalagsins við Grænlendinga renni út og ef sá samningur verður ekki endurnýjaður getur Evrópubandalagið ekki einu sinni boðið okkur að veiða á útsölu loðnu í okkar eigin landhelgi. Það kann að fara svo að það gerist eða um einhverjar breytingar verði að ræða. Það hefur verið bent á að Grænlendingar voru að koma sér upp fyrsta loðnubátnum nýverið og okkur er það vel kunnugt, enda höfum við komið þar nálægt máli.

Það vefst fyrir mönnum og það er skiljanlegt að geta í það hvað Evrópubandalagið muni vilja láta í staðinn. Fram til þessa hefur glöggt komið fram að það er í rauninni helst ekki neitt og t.d. hefur ekkert gengið að fá verðmætari tegundir sem við höfum þó sóst eftir. Það mál hefur einfaldlega ekki gengið lengra og ég efa að með samning af því tagi sem við erum með stöndum við vel að vígi í þessum samningum, en auðvitað vona ég það. Ég á hins vegar þá von heitasta að við höfnum þessum samningi einfaldlega. Þannig er hagsmunum okkar vissulega best borgið.

Ég ætla ekki að geta mikið í hvað næst kemur upp á borðið hjá okkur, ég heyrði einn mann í hálfkæringi benda mér á að það geti vel verið að næst yrði okkur boðin 30.000 tonn af fjörfiski og sel ég það ekki dýrara en ég keypti. En fyrst búið er að bjóða okkur verðlitla pappírsloðnu gegn veiðanlegum karfa og kalla það gagnkvæmar veiðiheimildir er það auðvitað ákveðin hugmynd.

Ég vil einnig benda á í þessu sambandi að enginn þeirra sem komu á fund þeirrar nefndar sem um þetta mál fjölluðu gat bent á fordæmi fyrir því að gerðir væru milliríkjasamningar sem byðu þjóðum upp á að þær veiddu í eigin lögsögu. Það er alveg furðulegt að vera að tíunda þetta hér. Þetta er engu að síður staðreynd því verði sú loðna sem okkur er boðið upp á veiðanleg er allt eins víst og raunar líklegast að hún náist þar og bendi ég þar á margtíunduð gögn fiskifræðinga og upplýsingar sem komu fram á fundi utanrmn. og sjútvn. með Jakobi Jakobssyni og fleiri.

Við sem tengjumst minni hluta sjútvn. höfum varað við afleiðingum þess að gera svona málamyndasamning sem færir okkur í versta falli ekki neitt. Þetta er einfaldlega hættulegt fordæmi í samningagerð við Evrópubandalagið um fleiri atriði og það gerir ekki annað en benda okkur á hversu langt leidd við erum undir svipu EB. Þetta segi ég sérstaklega vegna þeirrar umræðu sem varð fyrir jól um það hvað mundi gerast ef við drifum ekki í því að samþykkja þennan fiskveiðisamning. Nú er ljóst að allar fullyrðingar um

tímasetningar eru meira og minna út í loftið og kom okkur svo sem ekki á óvart, en það er alveg ljóst að Evrópubandalagið hefur stöðu sem minnir mest á hótanir. Og það er alveg klárt að það eru ýmsir samningamenn sem hafa áhyggjur af þessum hótunum og hafa áhyggjur af því að fara ekki alveg að því sem talið er að Evrópubandalagið vilji. Nú er hvergi sagt afdráttarlaust að það þurfi að ganga frá þessum fiskveiðisamningi á ákveðnum tíma heldur bara að það verði látið vita þegar búið er að fullgilda hann. Sú tenging sem ég rakti úr nál. er í rauninni sú tenging sem við erum að fjalla um.

Við fyrri umr. málsins var talsvert rætt um hvernig bregðast skyldi við ef nú kæmi klárlega í ljós að við fengjum litla eða enga loðnu í okkar hlut. M.a. lýsti ég eftir því hvernig það sjálfvirka ferli yrði til að koma á réttlæti sem getið var um í fréttatilkynningu sem gefin var út í utanrrn. í tilefni þessa samnings er hann var gerður um mánaðamótin nóvember/desember. Það er ekkert slíkt sjálfvirkt ferli til. Auðvitað kom það á daginn og það lá alltaf ljóst fyrir. Það er ekki einu sinni trygging fyrir því að neitt sé skylt að gera annað en taka upp viðræður í þeim tilgangi að leitast við að koma á jafnvægi. Ef sömu orðskýringasnillingar komast í það mál og þeir sem hafa túlkað gagnkvæmar veiðiheimildir í verki býð ég ekki í það jafnvægi. Við eru berskjölduð fyrir slíkum túlkunum meðan orðalag er óljóst. Það er alveg ljóst hvers menn vænta af þessu, en við höfum ekki annað í hendi en þann texta sem gengið er frá og sá texti gefur okkur enga tryggingu. Hann gefur okkur möguleika, en hann gefur okkur enga tryggingu. Þetta hefur út af fyrir sig ekki verið hrakið. Ég hélt kannski miðað við þær fullyrðingar sem voru í þessari fréttatilkynningu að það væru einhverjir baksamningar fyrir hendi, eitthvað sem ekki hefði verið ljóst af okkar hálfu, en það kom í ljós að slíkt er ekki. Það er bara það orðalag sem þarna er, það er það sem við höfum og við höfum ekki annað.

Í dag blasir sú staðreynd við að það er ekki sjálfgefið að EES-samningurinn verði að veruleika hvað sem þingmeirihlutanum líður hér á landi. Því miður er borin á borð fyrir okkur sú firra að sá samningur sem hér er í umfjöllun sé svo ágætur að hann geti staðið sjálfur. Ég verð að viðurkenna að það eru ekki margir sem hafa hætt sér í að halda þessu fram, en þeir eru til og það er miður. Við vitum alveg að það hentar að mörgu leyti vel vegna þess að menn kappkosta að tengja ekki fiskveiðiheimildirnar við EES-samninginn að tala svona, en þetta er tvíeggjað og þetta gæti allt eins vel orðið til að spilla fyrir okkur. Við getum illa gagnrýnt með sanni galla þessa samnings ef við ætlum jafnframt að halda því fram að hann standist sem slíkur og sé góður, enda hefur það auðvitað aldrei hvarflað að hagsmunaaðilum í sjávarútvegi að þessi samningur út af fyrir sig standi einn og sér sökum eigin ágætis. Þetta hefur verið staðfest rækilega á fundum og þetta hefur komið fram í mörgum ummælum. Samt sem áður er verið að halda í þessa hugsun og þessa skýringu og fyrir því eru auðvitað gildar ástæður. En hvar stöndum við ef við sitjum nú uppi með að knúið er á um að samþykkja þennan samning án þess að við vitum hvernig EES-samningurinn er eða hvort hann verður gerður yfir höfuð? Ég er ein þeirra sem hafa ekki sóst eftir því að hann verði samþykktur. Hins vegar veit ég það ósköp vel að í honum felast bæði kostir og gallar og það vill svo til að þarna eru þær tollaívilnanir sem menn horfa til er þeir eru að fjalla um nákvæmlega þetta. Þarna er í rauninni hugsanlega verið í tvígang að kokgleypa ýmislegt sem okkur er ekki beint geðfellt út á það sama, þ.e. tollaívilnanir, bæði þennan samning og þá galla sem eru á EES-samningnum sjálfum. Þetta finnst mér ekki klókt.

Ég er ein þeirra sem hafa lýst áður áhyggjum af fleiri atriðum þessa samnings. Eins og fram kemur í nál. minni hluta sjútvn., sem birt er með nál. minni hluta hv. utanrmn., teljum við að fiskiskipin sem hleypt er inn í landhelgina séu allt of mörg og einnig að löndunarhafnirnar séu svo margar að vandkvæði geti verið á því að hafa fullnægjandi eftirlit með þeim. Við skulum minnast þess að jafnvel landanir okkar eigin skipa erlendis sæta stundum gagnrýni og henni rökstuddri og við skulum ekki blekkja okkur á því að við séum að eiga við neina sérstaka engla í fiskveiðiflota Evrópubandalagsins. Það eru fordæmi fyrir því að alls konar brögðum sé beitt til að fiska meira en leyft er og við þurfum ekkert að halda að miðin við Ísland verði þar einhver undantekning. Með sífellt meiri skerðingu kvóta skipa innan Evrópubandalagsins eykst þrýstingurinn á okkur í tvennum skilningi. Það mun án efa verða knúið á um meira magn veiðiheimilda í framtíðinni og jafnframt verði þrýstingurinn af landhelgi okkar vaxandi eftir því sem þrengist að annars staðar. Um leið og við erum búin að hleypa Evrópubandalagsskipunum inn í lögsögu okkar verðum við að taka ákveðna áhættu. Hins vegar vil ég taka skýrt fram að ákvæði um eftirlit um borð má vel telja viðunandi eins og við höfum getið.

Við höfum hins vegar, sem höfum komið nálægt minni hluta sjútvn., bent á að það vekur furðu og eykur manni ekki trú á þessari samningagerð að ekki var leitað álits Landhelgisgæslunnar. Það kom fram á fundi sjútvn. með fulltrúum Landhelgisgæslunnar að þeir höfðu ekki verið spurðir hvernig þeir vildu sjá þetta eftirlit. Þetta er ekki bara óheppilegt og gáleysislegt heldur er þetta hreinlega praktískt bagalegt því að þar á bæ þekkja menn málið vel og vita betur en nokkrir aðrir hvaða tæknibúnaðar menn hefðu frá upphafi átt að krefjast um borð í þeim skipum sem fá veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu. Þarna hefur m.a. komið fram að frá upphafi hefði verið nauðsynlegt að Íslendingar krefðust þess að hafa INMARSAT-staðsetningarkerfi í þeim erlendu fiskiskipum sem koma á Íslandsmið. Það hefur verið bent á að þessi tækni sé að ryðja sér til rúms núna, en það er alveg klárt að hversu mikið sem hún mun ryðja sér til rúms hefur ekki verið sett fram krafa af hálfu Íslands, sem hefði þurft að liggja fyrir frá upphafi og með fullum þunga, um það að krafist sé nákvæmlega þessara staðsetningartækja.

Eftirlitsmenn og hlutverk þeirra er mál sem hefur verið svolítið vandræðagangur í kringum. Menn hafa

annars vegar verið að tala um að eftirlitsmenn þurfi að hafa staðgóða þekkingu á fiskveiðum og það er vissulega fullgilt sjónarmið. Hins vegar að þarna þyrftu að vera menn með hálfgert löggæsluhlutverk. Það er í rauninni mat ýmissa að það sé alveg nauðsynlegt og ég er ekki farin að sjá að þetta muni sameinast í þeim eftirlitsmönnum sem gert er ráð fyrir. Það hefði óneitanlega verið betra að hafa frá upphafi gert réttar kröfur. Til þess þarf að afla sér réttra upplýsinga og tala við rétta aðila. Allt þetta er til. Upplýsingarnar eru til. Það er ljóst hvert þær var að sækja og það er ljóst að það var ekki gert. Þetta gefur manni enn og aftur dálítið slæma tilfinningu fyrir þessari samningagerð allri saman.

Ég verð að segja að Evrópubandalagsþjóðirnar, sem telja að Íslendingar hafi skuldað sér fiskveiðisamning í 20 ár eins og einn ágætur samningamaður okkar komst að orði, hljóti að vera dálítið kampakátar núna og mér þykir slæmt að það skuli vera á okkar kostnað vegna þess að það er alveg klárt að ef við samþykkjum þennan fiskveiðisamning gefum við þeim fulla ástæðu til að kætast. Hins vegar eigum við auðvitað fleiri kosta völ. Við getum hafnað þessum samningi og það er ekki hægt að ásaka einn eða neinn, hvorki samningamenn né íslenska ráðherra, ef svo verður. Sú ákvörðun mun liggja hjá Alþingi og engum öðrum og það er á ábyrgð Alþingis að taka þá ákvörðun sem er í samræmi við hagsmuni Íslendinga.

Þessi fiskveiðisamningur þjónar ekki hagsmunum Íslendinga og þar af leiðandi er brýnt að við öxlum þá ábyrgð að taka afstöðu til hans eins og hann lítur út, eins og hann er settur fram, taka tillit til þeirra gagnrýniradda sem eru, taka tillit til þeirra sem segja að þessi samningur sé í raun marklaus eins og hann stendur en hugsanlega nauðsynlegur fylgifiskur þeirra EES-samninga sem við vitum ekki einu sinni hvert framhald verður á. Við verðum einfaldlega að horfast í augu við að þetta er samningur til tíu ára. Í honum eru klárlega ákvæði um að það er ætlast til þess að samið sé á hverju ári. Það er ætlast til að samið verði um fiskveiði og fordæmi sem við höfum sett nú þegar með því að samþykkja að fá einhverjar sýndarheimildir gegn klárlega öruggri veiði Evrópubandalagsins hafa gefið tóninn og sá tónn er bæði falskur og getur jafnvel orðið skaðlegur. Við vitum að sumir tónar eru með þeim hætti að þeir geta brotið gler. Ég vona að þessi tónn þurfi ekki að hljóma því að ég veit ekki hvað hann mundi brjóta.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Þá þáltill. sem við erum að ræða ber að með nokkuð sérkennilegum hætti, þ.e. málatilbúnaðurinn í kringum hana er allsérkennilegur. Það má segja að hérna sé á ferðinni hvort heldur sem er tvíþættur samningur eða þá tveir samningar sem eru órjúfanlega tengdir saman.

Í fyrsta lagi er um að ræða gagnkvæm skipti á veiðiheimildum til eins árs sem felast í 3.000 karfaígildistonnum annars vegar og 30 þús. tonnum af loðnu hins vegar og síðan er í öðru lagi gerður tíu ára samningur, rammasamningur um fiskveiðimál og lífríki hafsins, en þessi tíu ára samningur er í rauninni forsenda þess að hægt sé að vera með gagnkvæm skipti á veiðiheimildum til árs í senn. Hér er þá um annaðhvort það sem við getum kallað tvíþættan samning að ræða eða tvo órjúfanlega tengda samninga.

En ég sagði að málið hefði borið að með sérkennilegum hætti hér í þinginu og það sem ég á við með því er að báðir þessir samningar eru gerðir í tilefni af og í tengslum við EES-samninginn. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og fiskveiðisamningurinn, bæði rammasamningurinn og árssamningurinn um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum, eru órjúfanlega tengdir af hálfu Efnahagsbandalagsins sem sést best á yfirlýsingum bandalagsins í þá veru og þessum yfirlýsingum var ekki mótmælt af hálfu íslensku samningamannanna með sérstakri yfirlýsingu og bókfærðri.

Þessir tveir samningar, fiskveiðisamningurinn og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, hafa líka verið órjúfanlega tengdir í allri umræðu hér á landi á undanförnum mánuðum og við getum sagt árum því að það má nú fara að telja þessa umræðu í árum eða þetta samningaferli. Þessir tveir samningar, þ.e. samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði og fiskveiðisamningurinn, hafa líka verið tengdir saman af hálfu ríkisstjórnar Íslands sem sést best á erindaskiptum sem áttu sér stað milli ríkisstjórnar Íslands og Evrópubandalagsins, en þar segir, með leyfi forseta, þ.e. í fskj. 1 með þáltill.:

„Samningur í formi bréfaskipta milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands um sjávarútvegsmál."

Í þessum samningi segir, og þetta er bréf frá Íslandi undirritað fyrir hönd ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands:

„Undirritun samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hefur gefið Íslandi og bandalaginu tækifæri til að kanna viðeigandi leiðir til að styrkja samvinnu sín á milli á sviði sjávarútvegs.

Í þessu samhengi hafa aðilar ákveðið að gera með sér samning um sjávarútvegsmál og lífríki hafsins."

Með öðrum orðum, það er talað um að tilefnið er auðvitað samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði og í því samhengi hafa menn ákveðið að gera slíka samninga.

Þetta er sem sagt önnur hliðin á málinu. Hins vegar er því líka mjög sterklega haldið á loft í allri umræðu hérna að engin formleg tengsl séu á milli viðskiptasamningsins um hið Evrópska efnahagssvæði og fiskveiðisamningsins. Þar sé um það að ræða eingöngu að binda endahnút á deilur sem staðið hafi yfir við Efnahagsbandalagið frá 1972 þegar fríverslunarsamningurinn var gerður og þegar bókun 6 var gerð. Íslendingar séu með öðrum orðum að uppfylla gamalt loforð sem þeir hafi þá gefið um að gera slíkan samning. Þessi samningur um fiskveiðimál sé síðan í innbyrðis jafnvægi og verði að metast á forsendum hans sjálfs, ekki þá í tengslum við samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði.

Þetta kemur m.a. fram í niðurstöðu meiri hluta ut-

anrmn. í nál. þeirrar nefndar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ástæðulaust er nú á lokastigi málsins að tengja ákvörðun Alþingis í málinu við gildistöku EES-samningsins. Með því væri í raun brotið gegn þeirri 20 ára gömlu meginstefnu Íslendinga að ekki skuli blanda saman tollaívilnunum og fiskveiðiheimildum í samskiptum EB og Íslands um viðskiptamál." Og síðan segir: „Niðurstaðan, sem liggur fyrir í samningaviðræðum milli Íslands og EB um fiskveiðimál og lífríki hafsins, er í samræmi við íslenska hagsmuni."

Það er sem sagt verið að fara fram á að menn tengi ekki gildistöku EES-samningsins og hins tvíhliða fiskveiðisamnings nú á lokastigi málsins.

Þetta kemur líka fram í áliti meiri hluta sjútvn. oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Um það hefur verið fullkomin samstaða á millum allra stjórnmálaflokkanna og jafnframt að tengja aldrei saman tollfríðindi og veiðiheimildir. Það er hins vegar afar mikilvægt að rugla ekki saman skiptum á veiðiheimildum og viðskiptafríðindum annars vegar og hins vegar skiptum á takmörkuðum, jafngildum veiðiheimildum."

Og svo segir hér síðar: „EB hefur frá upphafi reynt að tengja tvíhliða samninginn um sjávarútveg við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. M.a. lagði bandalagið fram sérstaka einhliða bókun í tengslum við samninginn um EES þar sem þess var freistað að hnýta saman gildistöku samningana. Íslendingar hafa hins vegar alla tíð lagt gríðarlega áherslu á að ekkert samband sé þar á milli. Engum blandast hugur um að samskipti Íslands og EB munu fara vaxandi á næstu árum og samningar um margvísleg málefni, sem varða hag beggja, eiga eftir að fara fram. Af þeim sökum er ekki hægt að undirstrika nógsamlega mikilvægi þess að hafna öllum tengingum á milli viðskiptafríðinda EB annars vegar og samningum sem varða samstarf á sviði sjávarútvegs hins vegar."

Hér er mjög rík áhersla lögð á að þetta sé ekki tengt, þ.e. samningur um hið Evrópska efnahagssvæði og fiskveiðisamningurinn.

Ég verð að segja að mér finnst um ákveðinn tvískinnung að ræða í þessum málflutningi öllum, en ég segi jafnframt: Gott og vel. Við erum beðin um að meta tvíhliða fiskveiðisamninginn á forsendum hans sjálfs og það er gert með tilvísun til framtíðarhagsmuna Íslendinga, það þjóni best framtíðarhagsmunum Íslendinga að skoða þennan samning sjálfstætt og einangrað og á forsendum hans sjálfs. Ég hef ekki hugsað mér að ganga gegn áratuga hefð í þessum efnum þó að mér finnist hún orka tvímælis og ekki vil ég stuðla að því að skerða hagsmuni Íslands í framtíðinni. Ég ætla þess vegna að verða við þessari bón og skoða þennan samning alveg sjálfstætt og á forsendum sín sjálfs, líta svo á að hann sé hér lagður fram vegna þess að menn telji að hann sé í ákveðnu jafnvægi.

Að þessu sögðu þarf ég út af fyrir sig ekki að hafa mörg orð um samninginn séðan í þessu ljósi því að mér finnst einfaldlega ekki eftir neinu að slægjast í honum. Mér finnst þessi samningur ekki vera í jafnvægi. Mér sýnist sem við látum meira af hendi við þessa samningsgerð en við fáum. Við látum af hendi raunverulegan fisk, þ.e. veiðiheimildir sem allar líkur eru á að menn nái að veiða upp í, en við fáum pappírsfisk í staðinn, a.m.k. ef miðað er við stöðuna eins og hún er í dag í loðnumálunum. Ég viðurkenni fúslega að þessar forsendur kunna að breytast ef Grænlendingar ákveða sjálfir að nýta sinn loðnukvóta, en ýmsir telja blikur á lofti um það og að þeir séu farnir að fá sér skip til þeirra veiða, eða ef þeir ákveða að selja hann t.d. Norðmönnum þegar samningurinn við EB rennur út árið 1994. Þá er staðan einfaldlega sú að við fáum enga loðnu í stað pappírsloðnu. Ef Grænlendingar selja annaðhvort Norðmönnum þennan kvóta eða nýta hann sjálfir hefur EB einfaldlega enga loðnu til ráðstöfunar. Það er því eftir litlu sem engu að slægjast fyrir okkur þegar loðnan er annars vegar.

Þá er rétt að hafa í huga að EB getur ekki gert sér neinn pening úr loðnunni miðað við núverandi aðstæður, þ.e. þá loðnu sem þeir hafa keypt af Grænlandi. Þeir fá ekki að veiða hana í íslenskri lögsögu eins og þeir þyrftu í rauninni ef þeir ætluðu að ná henni. Norðmenn fengju væntanlega heldur ekki að veiða hana í íslenskri lögsögu ef þeir keyptu hana af EB vegna þess að þó að Norðmenn séu aðilar að þessum samningi um nýtingu loðnustofnsins geta þeir einungis veitt innan íslenskrar lögsögu hluta af því sem þeir fá úthlutað í samræmi við þann samning eða framselt af hálfu samningsaðila, en EB er ekki aðili að þessum samningi þannig að loðnukvóta sem EB mundi láta Norðmönnum í té væri ekki hægt að veiða innan íslenskrar lögsögu miðað við þá túlkun sem við Íslendingar höfum haft á þessum samningi. EB er því að láta Íslendinga fá veiðiheimildir sem eru þeim verðlausar miðað við aðstæðurnar í sjónum eins og þær eru í dag. Okkar 3 þús. tonn af karfa hafa hins vegar fullt verðgildi hér á landi.

Af nál. meiri hluta sjútvn. má líka sjá að nefndin á í rauninni í mestu brösum með þetta mál og ég fæ ekki betur séð en hún lendi stundum í mótsögn við sjálfa sig. Það kemur fram í nál., með leyfi forseta:

„Þegar staðhæft er að Íslendingar geti veitt óveidd-an kvóta Grænlendinga án endurgjalds, eftir að loðnan gengur yfir íslenska lögsögu, er um misskilning að ræða. Í 5. gr. þríhliða samningsins um veiðar á loðnu er skýrt mælt fyrir um að veiði Grænlendingar eða Norðmenn ekki hlutdeild sína á tiltekinni vertíð skuli Íslendingar leitast við að veiða magnið sem á vantar." — Þar er hins vegar tekið afdráttarlaust fram að Íslendingar bæti viðkomandi þjóð þegar á næstu vertíð með sama magni af loðnu svo fremi þjóðin hafi ekki getað notfært sér veiðiheimildina af óviðráðanlegum orsökum.

„Í þessu ljósi", segir meiri hluti sjútvn., „er fráleitt að halda því fram að sú loðna sem Íslendingar veiða af kvóta Grænlendinga sé ókeypis."

Engu að síður segir nefndin svo: „Þegar Grænlendingar framseldu veiðiheimildir sínar til EB með 10 ára samningi gátu þeir ekki samhliða framselt þeim rétt

sinn til að veiða innan lögsögu Íslendinga ef breyting á göngu loðnunnar leiddi til þess að hún yrði óveiðanleg við Grænland. Þá áhættu varð EB að bera sjálft. Síðustu árin hefur sú óskastaða komið upp fyrir Íslendinga að loðnan hefur aðeins verið veiðanleg við Ísland. Íslendingar gátu því veitt loðnuna án þess að þurfa að greiða bætur skv. 5. gr. tvíhliða samningsins því ástæður Grænlendinga fyrir að hafa ekki veitt hana sjálfir voru augljóslega viðráðanlegar."

Í fyrri málsgreininni kemur fram að það sé fráleitt að halda því fram að sú loðna sem Íslendingar veiða af kvóta Grænlendinga sé ókeypis. Í síðari málsgreininni kemur fram að ekki þurfi að bæta þessa loðnu vegna þess hvernig þessir samningar eru. Ég fæ ekki betur séð en nefndin sé hér í mótsögn við sjálfa sig.

Þá má eins halda því til haga að í nál. meiri hluta sjútvn. er bent á að það séu ýmsir gallar á þessum tvíhliða samningi um skipti á veiðiheimildum og nefndin telur að það þurfi að fá frekari endurskoðun á þessum samningum að ári og það er ýmislegt nefnt í því sambandi. Það segir m.a. að það sé skoðum meiri hluta sjútvn. að við árlega endurskoðun megi undir engum kringumstæðum ljá máls á að fjölga skipum sem heimilt er að verði við veiðar í einu. Fremur væri æskilegt að fækka þeim, segir meiri hluta sjútvn., og telur þau ekki ættu að vera fleiri en fjögur í hvert sinn í stað fimm eins og nú er. Þetta telja þeir að þurfi að endurskoðast. Svo segir hér líka, með leyfi forseta:

„Hins vegar er nauðsynlegt að samningurinn kveði á um aðgerðir af hálfu Íslendinga ef í ljós kemur að upplýsingar annaðhvort reynast rangar eða óhófleg töf verður á að þær berist", þ.e. upplýsingar um aflabrögð togara EB. „Að því þarf að hyggja við árlega endurskoðun samningsins." — Þetta er einn galli sem nefndin sér á samningnum.

Þá segir líka hér, með leyfi forseta: „Rétt þykir að við árlega endurskoðun verði freistað að ná því fram að einungis skip sem búin eru þessum tækjum [þ.e. sérstökum staðsetningartækjum], fái að nýta veiðiheimildir EB innan lögsögunnar."

Þetta er þriðja atriðið sem þeir nefna að þurfi endurskoðunar við í sambandi við þennan samning. Og þeir segja líka að samningurinn sé ekki nægilega skýr um það atriði, þ.e. ef Íslendingar ná ekki að veiða kvótann sé samningurinn ekki nægilega skýr um það atriði, enda vitað, eins og segir hér, „að kröfur Íslendinga um að kvóti EB skerðist þá að sama marki náðu ekki fram að ganga. Málamiðlun tókst sem fólgin er í 1. mgr. 2. gr. Viðauka A. Þar er kveðið á um að komi upp ófyrirséðar aðstæður geti annar aðili óskað viðræðna."

Og þeir segja að þetta sé ekki nógu skýrt. Þetta er fjórða atriðið sem þeir gera athugasemdir við í samningnum. Þannig er ljóst að meiri hluti sjútvn., þó hann leggi til að samningurinn verði samþykktur, hefur ýmislegt við hann að athuga. Þegar það bætist við að það má líta svo á að hann sé ekki í jafnvægi hvað varðar fiskveiðiheimildir, *þá er fátt um fína drætti í þessum* samningi.

Mönnum hefur orðið tíðrætt um það á þinginu hvort bráðliggi á því að veita ríkisstjórninni heimild til að staðfesta þessa tvo samninga. Meiri hluti sjútvn. telur svo vera, það sé mjög brýnt að ríkisstjórnin fái þessa heimild, og rökin sem meiri hlutinn færir fyrir því eru í fyrsta lagi þau að með því bjóðist tækifæri til, eins og ég segi, að klippa á milli EES-samningins og tvíhliða samningsins um fiskveiðimál. Það sé alveg rakið tækifæri til þess og það tækifæri beri að nýta.

Í öðru lagi segja þeir að ef ríkisstjórnin fái ekki heimild til að staðfesta þessa samninga sé hætta á því að EB geti veitt karfann en við fáum enga loðnu vegna þess að við getum ekki tekið loðnuna fyrri hluta ársins en EB geti tekið karfann síðari hluta ársins. Mér finnst að þessi rök vegi ekki mjög þungt og það sé ekki mikil hætta á ferðum fyrir okkur. Það eru afskaplega litlir hagsmunir í húfi ef litið er á þennan samning sjálfstætt. Ef við tökum samninginn eins og hann liggur hér fyrir eru mjög litlir hagsmunir í húfi. Ef EB nær ekki að veiða þessi 30 þús. tonn af loðnu sem þeir hafa keypt af Grænlendingums, sem ekkert bendir til, þá fellur hún í hlut Íslendinga og við þurfum ekki að bæta það á næsta ári þar sem EB er ekki aðili að samningnum um nýtingu loðnustofnsins. Í því tilviki tel ég að hagsmunir séu afskaplega litlir og lítil hætta á ferðum.

Þessi rök um að nauðsynlegt sé og þarna sé rakið tækifæri til að klippa á milli gildistökudags EES-samningsins og fiskveiðisamningsins eru að mínu mati síðari tíma tilbúningur. Og mér finnst það bera vott um að í þessu máli sé krafsað eftir rökum og allt hirt sem hönd á festir. Það er því miður ekki nýtt í umræðum um Evrópska efnahagssvæðið á þinginu að þannig málflutningur sé hafður uppi.

Eina hættan sem ég get séð mögulega í þessu er sú að EES-samningurinn fari í uppnám. Þetta er teórískur möguleiki. Ég held að það sé afskaplega fátt sem bendir til þess að hann fari í uppnám þó að við mundum fresta þessum fiskveiðisamningi eitthvað fram eftir árinu vegna þess að ef samningurinn verður samþykktur við 3. umr. í næstu viku eins og flest bendir til er engin ástæða til þess að ætla að þó að fiskveiðisamningurinn dragist eitthvað fari EES-viðræðurnar í uppnám.

Eftir að hafa velt þessu máli fyrir mér og skoðað þennan samning á forsendum hans sjálfs fæ ég ekki séð að það séu nein fagleg eða pólitísk rök fyrir því að styðja þennan samning og eiginlega vil ég segja þvert á móti. Þar af leiðandi er ég að því nál. sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson hefur kynnt og legg til að samningurinn sé felldur.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir Alþingi að fullgilda samninga við Efnahagsbandalag Evrópu um fiskveiðimál og lífríki hafsins. Það hefur verið rakið áður í þessari umræðu nokkuð ítarlega fyrst og fremst af hálfu frsm. fyrir áliti minni hluta sjútvn., hvernig þessi *samningur snýr að Íslendingum* og hversu óhagkvæmur hann er. Með tilliti til þess vildi ég aðeins láta í ljós undrun mína á því að nú skuli eiga að keyra þessa

þáltill. hér í gegn á þinginu til að samþykkja þessa samninga og á erfitt með að skilja rök ríkisstjórnarinnar fyrir því.

Í þessum samningum er gert ráð fyrir að opna íslensku fiskveiðilögsöguna fyrir togurum Evrópubandalagsins. Sennilega verða það fyrst og fremst togarar Spánverja því að þeir munu hafa sótt það einna fastast að fá þessar veiðiheimildir hjá okkur. Við höfum heyrt frá Evrópubandalaginu sjálfu að það sér erfitt að hafa taumhald á Spánverjum þegar þeir eru komnir til veiða, það sé reynsla þeirra sjálfra gagnvart samningum. Hér hefur verið reynt að ganga nokkuð tryggilega frá eftirliti með því hvernig veiðum verður háttað og verður að vona að það takist. En hitt er annað mál að hér er verið að opna fyrir þá inn í landhelgina og við vitum að það er nokkuð sama hvort lykill er stór eða lítill. Ef hann gengur að hurð, þá er hægt að opna hana með honum. Þó að hér sé um lítið magn að ræða í upphafi getur það falið í sér sömu hættu fyrir okkur.

Það er ekki svo að hér sé um endanlegan samning að ræða því að gert er ráð fyrir að þetta verði endurskoðað árlega á ýmsan hátt og við höfum nú þegar kynnst því beinlínis í sambandi við þennan samning hvernig Evrópubandalagið vinnur. Þegar þessi samningur var fyrst kynntur hér var sagt að ⅓ hlutar þess magns, sem Evrópubandalagið ætti að veiða hér, ættu að vera langhali. En hvort sem það hefur verið þegar í upphafi um misskiling hjá hæstv. utanrrh. að ræða eða að þarna hafi verið látið undan kröfu frá Evrópubandalaginu sem síðar kom fram, þá segir það sína sögu og gefur fyrirheit um hvernig verður að eiga við þessi mál í framtíðinni.

Mér finnst líka fróðlegt að rifja aðeins upp lokasetningar úr greinargerð Van der Pas til viðskiptanefndar Evrópubandalagsins þegar hann var að kynna EES-samninginn þar, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil nefna eitt atriði að því er varðar mögulegan skoðanaágreining og þá í nokkuð víðara samhengi. T.d. er mögulegt að EFTA-ríkin eigi í vandkvæðum með að afnema höft svo sem varðandi fólks- og fjármagnsflutninga. Allan tímann sem samningaviðræðurnar stóðu yfir lýstu EFTA-ríkin yfir miklum áhyggjum af alls konar innrásartilburðum af hálfu bandalagsins. Þið munið eflaust eftir umræðum af þessu tagi í sjálfu bandalaginu forðum þegar aðildarríkin höfðu svipaðar áhyggjur og EFTA-ríkin nú. Af þessum sökum hafa verið sett öryggisákvæði í samninginn. Þau eru fremur almenns eðlis og tilefni skírskotunar EFTA-ríkis til öryggisákvæðanna er í raun mál viðkomandi EFTA-ríkis sjálfs og erfitt er að setja nákvæm skilyrði um það hvenær EFTA-ríki getur skírskotað til þessara ákvæða. En frelsi bandalagsins í þessum efnum er til jafns við frelsi EFTA. Í hvert sinn sem öryggisákvæðin valda misvægi höfum við rétt til að fá það misvægi leiðrétt með því að grípa til gagnráðstafana. Slíkt demóklesarsverð mun án efa fá EFTA-ríkin til að gerhugsa þær ráðstafanir sem þau hyggjast grípa til."

Það er þessi síðasta setning sem mér finnst sérstaklega athyglisverð. Hún lýsir því hvernig Evrópubandalagið ætlar að halda á samskiptum sínum við EFTA-þjóðirnar, þær sem minni máttar eru. Þar á að hafa á lofti demóklesarsverð til að ógna ef þær gera ekki það sem Evrópubandalagið vill. Það er kannski eitthvert slíkt sverð sem hefur þegar verið haft á lofti og þess vegna hafi þessum langhalaveiðirétti verið breytt strax í karfa.

En af hverju liggur svo á að afgreiða þann samning sem hér er til umræðu? Hvað er það sem rekur svo á eftir? Það kemur fram í áliti meiri hluta sjútvn. um sambandið á milli þessa samnings og EES-samningsins og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er hins vegar afar mikilvægt að rugla ekki saman skiptum á veiðiheimildum og viðskiptafríðindum annars vegar og hins vegar skiptum á takmörkuðum jafngildum veiðiheimildum."

En í viðtali sem hæstv. sjútvrh. átti við Morgunblaðið 29. nóv. 1991 kemur hins vegar fram allt annað viðhorf um að þarna sé ekki nein tenging á milli því hæstv. ráðherra segir þar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„...að EB fengi sinn karfakvóta, enda væri utanríkisráðherra búinn að gefa það út hver niðurstaðan yrði og þá væri samningsstaðan ekki sterk. Menn yrðu að vega og meta meiri hagsmuni og minni og vissulega væri sjálfur EES-samningurinn miklu stærra hagsmunamál en 3.000 tonn af karfa."

Hér fer ekkert á milli mála að hæstv. sjútvrh. tengir þessa tvo samninga beint saman í sínum málflutningi og það, eins og ég segi, stangast algjörlega á við það sem segir í áliti meiri hluta sjútvn.

En í þessari tilvitnun kvartar hæstv. sjútvrh. reyndar líka undan því að hæstv. utanrrh. sé búinn að gefa út hver niðurstaðan eigi að verða áður en samningum er endanlega lokið eins og hv. 1. þm. Austurl. rakti ítarlega í sinni ræðu.

En þá vildi ég vekja athygli á því sem hv. síðasti ræðumaður gerði reyndar líka, sem kemur fram í áliti meiri hluta sjútvn., að það séu ýmsir annmarkar á þessum samningi. Viðkvæðið í því áliti er að þetta þurfi að lagfæra síðar. En hvernig í ósköpunum dettur mönnum í hug að það sé betra að samþykkja fyrst samninginn eins og hann liggur fyrir og koma síðan og biðja hinn samningsaðilann góðfúslega að lagfæra þá hluti sem séu slæmir, en gera það ekki strax, áður en menn eru búnir að binda sig? Er betra að setja sig í snöruna fyrst og ætla svo að fara að reyna að sprikla og lagfæra en ganga hreint til verks og segja strax: Þetta er ekki nógu gott, við getum ekki fallist á þetta og því verður að lagfæra þetta áður en Alþingi fullgildir það? Ég get ekki séð af hverju menn hugsa sér að hafa önnur vinnubrögð og láta sér detta í hug að þeir nái einhverjum árangri til lagfæringar síðar með hið stóra sverð Evrópubandalagsins hangandi yfir höfði sér.

Það er vissulega rétt að við getum ekki girt af okkar fiskveiðilandhelgi þannig að fiskurinn haldist örugglega innan hennar og þeir fiskstofnar sem á annað borð eru á hreyfingu milli fjarlægra svæða. Af þeim sökum höfum við gert samninga m.a. um loðnuna sem

hreyfir sig þar á milli. En hér er ekki verið að gera slíkan samning. Karfinn er staðbundinn hjá okkur og við fáum engan rétt til veiða í fiskveiðilögsögu Evrópubandalagsins. Þetta er svo fjarstætt og svo furðuleg vinnubrögð að það er óskiljanlegt að alþingismenn ætli nú að ganga að þeim slæmu kostum sem meiri hluti sjútvn. segir að séu vissulega og frsm. hennar mun vafalaust gera grein fyrir því á eftir.

En ég ítreka þessa spurningu: Er ekki betra að fá þessar leiðréttingar áður en Alþingi samþykkir samninginn? Hvað liggur á að gera þennan samning? Er þarna ekki miklu meira í húfi en þau loðnutonn sem sagt er að hugsanlega gætu glatast fyrri hluta þessa árs ef samningurinn verður ekki genginn í gildi en sem búið er að sýna fram á að falla í okkar hlut hvort sem er? Af hverju ekki að bíða með fullgildinguna (**ÖS:** Hve lengi?) þangað til búið er að fá þær lagfæringar sem hv. 17. þm. Reykv. segir í sínu nál. að æskilegt sé að fá, að við göngum til þeirra samninga sem frjálsir menn en ekki bundnir af þessum samningi? Eins og hv. 10. þm. Reykv. las upp áðan er á allmörgum stöðum vitnað til þess að við endurskoðun þurfi að fá lagfæringar. Ég get ekki skilið þennan málflutning og þessi vinnubrögð.

Ég vil því að lokum undirstrika að ég tel að hér sé um ákaflega óskynsamleg vinnubrögð að ræða og alveg furðulegt ef meiri hluti Alþingis ætlar að hrapa að því að samþykkja þetta án þess að það séu neinar nauður sem reka okkur til að gera það. Segjum svo, sem kannski er ólíklegt, að ekki gangi saman um nýjan samning um Evrópskt efnahagssvæði þannig að Íslendingar yrðu að ganga beint til samninga um tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið. Stæðum við þar betur að vígi ef við værum búnir að ganga frá þessum samningi, sem er Evrópubandalaginu svo hagstæður, stæðum við þá betur að vígi í þeim viðræðum ef við værum búin að afsala okkur möguleikanum af því að hafa þennan samning ógerðan? Hvað sem meiri hluti sjútvn. segir tengir Evrópubandalagið þessa samninga saman, viðskiptasamninga og fiskveiðisamninga. Það kemur greinilega fram í þeirra bókunum og undan því getum við ekki sloppið, hvaða yfirlýsingar sem við reynum að gefa sjálfir. En eins og ég sagði áður stangast það á við það sem hæstv. sjútvrh. hefur látið eftir sér að hafa.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Þeir samningar tveir um fiskveiðimál sem liggja fyrir eiga sér langan aðdraganda. Þeir eru í raun lyktir viðræðna sem hafa staðið yfir með alllöngum hléum allar götur síðan árið 1972 þegar fríverslunarsamningarnir voru gerðir. Þessar viðræður hafa verið slitróttar og tafsamar og engum dylst að erfiðleikarnir við að ná sameiginlegu landi hafa verið til trafala og óþæginda í öllum samskiptum okkar við EB um hartnær tveggja áratuga skeið. Samræðurnar hafa ýmsum hætti verið teknar upp, en jafnóðum hefur upp úr slitnað. Ástæðan hefur ævinlega verið sú hin sama: Óbilgirni EB sem hefur gert stríðar kröfur um veiðiheimildir í efnahagslögsögunni í stað viðskiptafríðinda. Gegn því hafa Íslendingar ævinlega borið gæfu til þess að standa sameinaðir.

Fyrir röskum áratug lágu fyrir drög að rammasamningi þegar upp úr slitnaði vegna fráleitrar kröfu EB um að bandalagið fengi í sinn hlut helming loðnustofnsins milli Grænlands og Íslands. Slitróttar viðræður áttu sér stað eftir það, allt fram til ársins 1990. Þegar skriður komst á samningana um EES um mitt árið 1991 var afráðið að hefja að nýju viðræður um rammasamning sem varðaði fiskveiðar og lífríki hafsins. Grunnur þeirra var sá rammi sem lá fyrir 1981 þegar upp úr slitnaði vegna ásælni EB í loðnustofninn á norðurslóðum.

Í október 1991 náðist svo samkomulag um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum. Sá samningur var síðan útfærður nánar milli samninganefnda aðilanna veturinn 1991–1992 og formlegar lyktir af samningaferlinu urðu loks með erindaskiptum milli Íslands og Evrópubandalagsins á Óportó-fundinum 2. maí 1992. Í erindaskiptunum var mælt fyrir um gerð sérstaks rammasamnings um samstarf á sviði fiskveiðimála og jafnframt nefndir til sérstakir þættir sem þyrfti að útfæra og skilgreina í honum. Rammasamningurinn var síðan undirritaður í Brussel 27. nóv. 1992.

Til að draga saman meginþætti samninganna tveggja má segja að þeir tengist með þeim hætti að samningurinn sem var undirritaður í Óportó tilgreinir það magn veiðiheimilda sem skipst verður á að hámarki, en samningurinn frá Brussel um fiskveiðimál og lífríki hafsins skilgreinir rammann um þau skipti. Árlegt samkomulag er síðan gert um framkvæmdina og það samkomulag sem náðist fyrir 1993 fylgir þeim tveimur samningum sem hér liggja fyrir til umræðu.

Það er rétt að ítreka að samningarnir um fiskveiðimál eiga sér sjálfstæða tilveru frá EES-samningnum. Hér er um aðskilda lagalega gerninga. Samningamenn Íslands hafa ævinlega haldið sjávarútvegssamningunum stranglega aðskildum frá EES og af hálfu Íslendinga hefur þess verið gætt að gildistaka og rekstur fiskveiðisamninganna tengist með engu móti EES þó samningarnir hafi vissulega tekist í því jákvæða andrúmslofti sem skapaðist milli EFTA-ríkjanna og EB í tilefni af því samstarfi sem aðilar áttu að undirbúningi og vinnslu Evrópska efnahagssvæðisins. Í bréfaskiptum í tengslum við fiskveiðisamningana er þessa raunar getið sérstaklega og vísað til þess að samskipti Íslands og EB hafi verið treyst enn frekar við gerð EES-samningsins.

EB hefur hins vegar fyrir sitt leyti kosið að líta svo á að þó fiskveiðisamningarnir standi lagalega á eigin fótum og séu aðgreindir frá samningum um EES séu þeir eigi að síður hluti af heildarniðurstöðu og grundvallarþáttur í samþykki bandalagsins á EES-samningnum. Þetta kemur fram í sérstakri einhliða yfirlýsingu bandalagsins sem hefur nokkuð verið rætt í þessum umræðum og fjallar um tvíhliða samninga bandalagsins og einstakra EFTA-ríkja. Þar kemur fram að tvíhliða samningurinn um fiskveiðimál við Ísland sé á meðal þeirra samninga sem bandalagið telur að séu, svo vitnað sé orðrétt í hina einhliða bókun, með leyfi

forseta: „hluti af heildarniðurstöðu samningaviðræðnanna og grundvallarþáttur í samþykki þess á EES-samningnum, enda þótt þessir samningar séu aðgreindir lagalegir gerningar."

Í einhliða yfirlýsingunni segir bandalagið síðan, með leyfi forseta:

„Bandalagið áskilur sér því rétt til að fresta gerð EES-samningsins uns hlutaðeigandi EFTA-ríki hafa tilkynnt bandalaginu um fullgildingu ofantalinna tvíhliða samninga."

Það er því ljóst, virðulegi forseti, að kjósi Alþingi að fresta staðfestingu þeirra samninga sem hér liggja fyrir vofir sú hætta yfir að EB fresti gildistöku alls EES-samningsins með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir Ísland og önnur EFTA-ríki sem hafa þegar staðfest EES-samninginn fyrir sitt leyti. Þetta svarar að nokkru leyti þeirri spurningu, sem hér hefur komið fram, hvers vegna nokkuð liggur við að samþykkja fiskveiðisamninginn nú.

Þessi einhliða bókun bandalagsins undirstrikar mikilvægi þess að málið sé afgreitt til fullnustu af hálfu Íslands, en hún sýnir líka að þrátt fyrir að bandalagið viðurkenni í bókun sinni að samningarnir um fiskveiðimál séu lagalega aðgreindir frá EES-samningnum er þar tilhneiging af hálfu bandalagsins til að tengja þessa gerninga. Eins og fyrr segir hafa Íslendingar ævinlega lagst gegn slíkri tengingu. Hún er andstæð hagsmunum Íslands, ekki síst með tilliti til þess að við munum um langa framtíð eiga í miklum viðskiptum við EB-löndin og væntanlega þurfa einhvern tímann að standa í einhvers konar samningum sem þeim tengjast. Í því ljósi er það óæskilegt að mínu viti, svo ekki sé meira sagt, að tengja gildistöku samninganna um fiskveiðimál annars vegar og hins vegar um EES. Af þeim sökum er rétt að bíða ekki með gildistöku þessa samnings þó EES-samningurinn tefjist.

Sá samningur sem hér liggur fyrir í útfærðu formi er í fjölmörgum þáttum. Einn sá mikilvægasti, sem varðar samninginn sérstaklega um gagnkvæmar veiðar Íslands og EB, er sá þáttur sem varðar framkvæmd og eftirlit. Hann hefur ekki sætt teljandi gagnrýni, enda virðist sem helstu kröfur Íslendinga í þeim efnum hafi náðst fram, þó ævinlega megi gera betur. Það er eðli samninga, þó þeir geti verið ásættanlegir og viðunandi, að samningamenn hljóta við endurskoðun ævinlega að reyna að ná fram betri kjörum. Ekki síst þess vegna bendir meiri hluti sjútvn. á það í áliti sínu að það eru ýmis mál sem við þyrftum að berjast fyrir og ná betri kjörum, þó að samningurinn í heild sé að okkar að mati ásættanlegur.

Ein af höfuðkröfum Íslendinga var að mjög strangt eftirlit yrði haft með veiðum hinna erlendu skipa. Það er mjög nauðsynlegt að traustar upplýsingar liggi fyrir um hvaða afli næst innan þeirra svæða sem skipin mega veiða á innan lögsögunnar. Í tengslum við þetta náðu Íslendingar fram þeirri kröfu að veiðiferðir hinna erlendu skipa yrðu hreinar, þ.e. að hafi skipin verið að veiðum utan lögsögunnar áður en þau halda inn á veiðisvæðin, þá ber þeim skylda til að halda til íslenskrar hafnar og láta landa og vigta aflann. Sömuleiðis verða upplýsingar um aflamagn sem vigtað er upp úr skipunum erlendis að vera trúverðugar. Að því marki er eftirlit með aflabrögðum einnig fullnægjandi því fiskveiðisamningnum fyrir árið 1993 fylgir listi með nafngreindum höfnum í löndum EB sem veiðiskip bandalagsins mega landa í.

Nú er það hins vegar svo að íslenskir aðilar í sjávarútvegi hafa ekki alltaf borið fullt traust til þeirra upplýsinga sem koma frá höfnum í ríkjum Evrópubandalagsins. Þess vegna er rétt að það komi fram, virðulegi forseti, að á fundi í sjútvn., þar sem forsvarsmenn hagsmunasamtaka í sjávarútvegi komu til viðræðu, voru þeir sérstaklega spurðir um traust þeirra í ljósi reynslu þeirra af umræddum höfnum. Svör þeirra voru á þá lund að við sem myndum meiri hluta sjútvn. teljum engar ástæður til að vefengja upplýsingar sem munu koma frá yfirvöldum þessara hafna. Eftirliti með aflabrögðum virðist því fullnægt með samningnum eins og hann endanlega varð.

Þá náðist einnig fram krafa Íslendinga um að íslenskur eftirlitsmaður verður um borð í skipunum þegar þau eru að veiðum innan lögsögunnar. Hann mun annaðhvort fljúga út til heimahafnar skipsins eða annars staðar sem samkomulag verður um og honum verður skilað aftur að veiðiferð lokinni. Það kemur líka til greina, ef svo ber undir, að þá verði viðkomandi eftirlitsmaður sóttur til hafnar á Íslandi áður en veiðiferð hefst. Það er mikilvægt í þessu sambandi að allur kostnaður við ferðir, laun og uppihald er greiddur af útgerð skipsins. Hér er um að ræða atriði sem menn gera sér ekki nægilega grein fyrir þegar verið er að ræða, eins og gert var hér í morgun, líkurnar á því að EB-skipin muni nýta sér þessar veiðiheimildir. Ég tel að þetta torveldi allverulega möguleika þeirra á því.

Evrópubandalagið lagði líka mikla áherslu á, eins og mönnum er kunnugt um, að fá sem flest veiðileyfi og geta dreift þeim sem víðast. Endirinn varð hins vegar sá að einungis tvö afmörkuð veiðisvæði eru heimil fyrir skip EB og hvað áhrærir fjölda veiðileyfa varð niðurstaðan sú að alls mega 18 skip veiða við Ísland en þó aldrei fleiri en fimm í einu, tvö á öðru svæðinu og þrjú á hinu. Þá féllst EB líka á að skipin verða að tilkynna sig þegar þau koma inn á veiðisvæðin og fara út úr lögsögunni. Það er að sjálfsögðu í þágu íslenskra hagsmuna að Landhelgisgæslan, sem fylgist með þessu, geti í senn sannreynt upplýsingar skipanna með sem minnstu erfiði og tilkostnaði og helst fylgst með því líka hvort skipin eru að veiðum eða hvort þau eru á siglingu. Nú vill svo til að hraðfleyg tækniþróun veldur því að hægt er að nýta saman alþjóðlegt staðsetningarkerfi sem er um borð í flestum nútímafiskiskipum og alþjóðalega fjarskiptakerfið INMARSAT sem Íslendingar eiga aðild að.

Við sem skipum meiri hluta sjútvn. teljum að við þær endurskoðanir sem munu fara fram millum aðilanna á hinum árlega fiskveiðisamningi sé það rétt, sé það ákjósanlegt að Íslendingar athugi gaumgæfilega hvort ekki sé rétt að gera kröfu um að þau skip sem koma hingað til veiða verði búin tækjakosti sem geti nýtt þessa alþjóðlegu fjarskiptatækni þannig að í stjórn-

stöð gæslunnar verði hægt að fylgjast með ferðum skipanna og m.a. því hvort þau eru á siglingu eða að veiðum. Við teljum þetta ákjósanlegt, en sú staðreynd að það er ekki inni í samningnum núna þýðir alls ekki og gefur okkur alls ekki tilefni til að ætla að samningurinn sé ekki nógu góður. Við bendum þarna á bætur sem við eigum að stefna að í komandi endurskoðunum sem eiga að fara fram.

Samningurinn hefur verið gagnrýndur m.a. á þeim grunni að með honum sé verið að opna togurum Evrópubandalagsins leið inn í íslenska lögsögu og því jafnframt haldið fram að þar með sé yfirráðum Íslendinga yfir fiskveiðilögsögunni stefnt í hættu. Þetta kom m.a. *fram í máli hv. þm.* Önnu Ólafsdóttur Björnsson fyrr á þessum morgni. Þetta viðhorf skýtur líka upp kolli í nál. minni hluta utanrmn., en þar segir, með leyfi forseta:

„Með þessum samningi, sem hér er til umræðu, er því brotið í blað og fiskiskipum, m.a. togurum Evrópubandalagsins, hleypt á ný inn í íslenska fiskveiðilögsögu til að keppa í veiðum við íslensk fiskiskip úr fiskstofnum sem eru fullnýttir."

Þetta, virðulegi forseti, verð ég að dæma sem furðuleg ummæli. Ég tel af þessu tilefni rétt að rifja það upp að nú þegar eru í gildi fiskveiðisamningar við erlendar þjóðir þannig að erlend fiskiskip hafa verið árum saman að veiðum innan lögsögunnar. Norðmenn og Grænlendingar hafa til að mynda samkvæmt millirík*jasamningum rétt til loðnuveiða í íslenskri lögsögu.* Færeyingar hafa jafnframt samning um fiskveiðar sem jafngildir einhliða veiðiheimildum við Ísland og það er ekki óalgengt að við Ísland séu í einu 15–20 færeysk skip og stundum á þriðja tug. Sömuleiðis er það líka furðulegt ef menn hafa ekki gert sér grein fyrir því að nú þegar eru tilteknir togarar frá Evrópubandalaginu sem hafa haft um árabil einhliða veiðiheimildir — ég undirstrika einhliða veiðiheimildir — innan íslensku lögsögunnar og hafa haft allar götur frá því árið 1975. En í áliti minni hluta utanrmn. er því haldið fram fullum fetum að með tvíhliða samningnum sé í fyrsta skipti verið að hleypa togurum Evrópubandalagsins á ný inn í íslenska fiskveiðilögsögu.

Þetta er furðulegur málflutningur. Menn hljóta að vita að árið 1975 var tólf nafngreindum belgískum togurum veitt leyfi til að veiða við Ísland. Þeim var jafnframt úthlutað aflakvóta og á þeim árum sem síðan eru liðin hafa hinir belgísku togarar sem tilheyra flota Evrópubandalagsins veitt hér hartnær 50 þús. tonn af tegundum sem allar teljast til fullnýttra stofna af Íslands hálfu. Þessi samningur er enn í fullu gildi. Af þessum upphaflegu tólf togurum eru þrír starfandi enn þá og hafa einhliða veiðiheimildir við Ísland. Með öðrum orðum, það er búinn að vera við lýði samningur frá 1975 sem heimilar togurum frá landi innan Evrópubandalagsins að veiða hér við land.

Í því ljósi er furðulegt, virðulegi forseti, að halda því fram að þessi samningur brjóti í blað að þessu leyti.

Það er enn fremur rétt að benda á að þrátt fyrir að Belgum hafi með þessum samningi verið hleypt inn í lögsöguna allt frá því 1975 hefur það alls ekki leitt til þess að EB hafi náð stærri samningum um veiðar við Ísland og það er sömuleiðis afar hæpið að leiða getum að því að þær mjög svo takmörkuðu veiðiheimildir sem togarar EB fá hér við Ísland muni stefna yfirráðum Íslendinga yfir eigin lögsögu í einhvers konar hættu.

Þetta tel ég rétt að skoða sérstaklega í samhengi við það magn sem EB má taka hér við land. En samkvæmt margræddum verðmætastuðlum sjútvrn. er það magn sem þeir mega veiða hér einungis ígildi 1.230 tonna af þorski.

Samkvæmt upplýsingum sjútvrn. var heildarafli Íslendinga á síðasta ári í ígildum þorsktonna talið 473 þús. þorsktonna þannig að veiðiheimildirnar sem Íslendingar eru að láta í skiptum við Evrópubandalagið eru því aðeins um fjórðungur úr prósenti eða 0,26% af heildarafla síðasta árs. Þessi afar takmörkuðu skipti gefa því ekki nokkurt tilefni til þess að draga þá ályktun að í kjölfar þessa muni hingað stefnt stórum flota evrópskra togara. Slík ályktun er einungis fráleit. (Gripið fram í.)

Ég vil líka, hv. þm. Eggert Haukdal, geta þess í þessu samhengi að það hefur legið fyrir allar götur síðan 1981, eins og ég veit að þingmanninum er kunnugt en sennilega ekki ljúft, að íslensk stjórnvöld hafa verið til viðræðu um skipti á takmörkuðum gagnkvæmum veiðiheimildum. Það var t.d. síðasta ríkisstjórn *undir forustu þáv. forsrh. Steingríms Hermannssonar,* þar sem núv. hv. þm. Halldór Ásgrímsson var sjútvrh., sem hóf viðræður um skipti á veiðiheimildum við EB. Af þeim fimm stjórnmálaflokkum sem nú sitja á Alþingi hafa því fjórir setið í ríkisstjórnum sem hafa átt viðræður við EB sem varða skipti á gagnkvæmum veiðheimildum. Ég hef hvergi fundið merki þess að fimmti stjórnmálaflokkurinn sem hér situr en á því miður engan fulltrúa í þessum salarkynnum í dag, Samtök um kvennalista, hafi tekið afstöðu gegn slíkum skiptum á gagnkvæmum veiðiheimildum. Ég hlýt því að draga þá ályktun að þeir flokkar sem nú eiga fulltrúa á þinginu séu ekki í grundvallaratriðum andsnúnir slíkum skiptum. Hvaða ályktun má draga af því, virðulegi forseti? (Gripið fram í.) Það þýðir að þessir flokkar eru *sjálfir tilbúnir í að leyfa skipum EB* að koma inn í íslenska lögsögu. Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hljóta nefnilega að vera mér sammála um að gagnkvæmar veiðiheimildir er á hvorugan bóginn hægt að nýta nema með skipum og séu menn ekki í grundvallaratriðum á móti gagnkvæmum veiðiheimildum eru þeir ekki heldur í grundvallaratriðum á móti því að hleypa skipum EB inn í íslenska lögsögu. Röksemdafærsla stjórnarandstöðunnar um þessi mál fellur því einfaldlega um sjálfa sig og fráleitt af henni tel ég að reka upp ramakvein og berja bumbur og halda því fram að núv. ríkisstjórn hafi hleypt hingað skipum EB þegar stjórnarandstaðan sjálf er ekki í grundvallaratriðum á móti þessu.

Ég tel, virðulegi forseti, rétt að benda á að þessi röksemdafærsla stenst einfaldlega ekki.

Þau viðhorf hafa komið fram að í ljósi þess sem

kallað er breyttar aðstæður, þ.e. vegna niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Sviss um aðild landsins að EES, sé rétt að fresta gildistöku tvíhliða samningsins. Það tel ég alveg fráleitt. Í fyrsta lagi gerir samningurinn ráð fyrir að loðnuveiðar Íslendinga standi frá janúar og fram í apríl, en veiðar EB á karfa eiga hins vegar að fara fram milli júlí og desember. Þess vegna liggur í augum uppi að taki Íslendingar ákvörðun um að fresta gildistöku tvíhliða samningsins fram á árið 1993 stórminnka líkurnar á að Íslendingar nái að nýta loðnuheimildirnar. Frestun gildistökunnar getur þess vegna leitt til þeirrar niðurstöðu að meðan EB hefur tök á að veiða sinn karfa hér við land töpum við af okkar tækifærum til að veiða loðnukvótann fyrir árið 1993. Sú staða er að mínu mati algjörlega óásættanleg og er ærin ástæða til að fresta ekki gildistöku þessa samnings.

Þess ber að geta til þess að halda öllu til haga að gegn þessum rökum hafa andstæðingar samningsins teflt því að við getum þá alténT frestað gildistöku tvíhliða samningsins um heilt ár. Það tel ég ekki aðgengilega lausn af þeirri ástæðu sem kemur fram í þeirri einhliða bókun sem ég las áðan, en þar birtist skýrt að bandalagið áskilur sér rétt til að fresta gildistöku alls EES-samningsins ef tilteknir tvíhliða samningar, þar á meðal sjávarútvegssamningur bandalagsins við Ísland, hafi ekki öðlast fullgildingu þegar EES-samningurinn tekur loks gildi. Af þeim sökum gæti frestun á fullgildingu tvíhliða samningsins um heilt ár stefnt öllum EES-samningnum í mikla hættu. Það væri ekki einungis fráleitt í ljósi íslenskra hagsmuna heldur væri það einnig andstætt hagsmunum og vilja samstarfsþjóða okkar í EFTA.

Í öðru lagi tel ég afar nauðsynlegt með tilliti til framtíðarhagsmuna Íslands í samningum við Evrópubandalagið að hafna öllum tengingum tvíhliða samningsins um fiskveiðimál við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Ég tel að það sé mjög hættulegt þegar ýjað er að því að það eigi að láta þessa tvo samninga fylgjast að. En þó virðist mér einmitt að sumir hv. þm. séu þeirrar skoðunar.

Íslendingar hafa alltaf lagt gríðarlega áherslu á að það sé ekkert samband á milli samninganna. Menn geta deilt um það, en við höfum eigi að síður lagt mikla áherslu á þetta og engum sem hér er blandast hugur um að samskipti Íslands og Evrópubandalagsins munu aukast á næstu árum. Samningar um margvísleg málefni sem varða hag beggja eiga eftir að fara fram og ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að treysta þær undirstöður sem Íslendingar munu standa á í þeim samningum. Af þeim sökum tel ég að það sé erfitt að undirstrika nógsamlega mikilvægi þess að hafna öllum tengingum á milli viðskiptafríðinda innan bandalagsins annars vegar og samningum sem varða samstarf á sviði fiskveiða og sjávarútvegs hins vegar.

Þeir sem vilja festa saman gildistöku samninganna eru að aðstoða EB við að tengja þetta tvennt og ég tel að það sé andstætt hagsmunum Íslendinga.

Það er ljóst núna að gildistaka EES mun tefjast fram á þetta ár. Með því hins vegar að staðfesta tvíhliða samninginn núna eins og upphaflega var ætlað gefst að minni hyggju mikilvægt tækifæri til að skilja enn rækilegar en áður á milli EES og sjávarútvegssamningsins. Ég tel einboðið að þetta tækifæri sé nýtt. Ég tel að það þjóni margvíslegum hagsmunum Íslendinga og ég er þeirrar skoðunar að allar vangaveltur um að fresta gildistökunni þangað til EES tekur gildi séu byggðar á hrapallegum misskilningi á því sem Íslandi er fyrir bestu.

Því hefur verið haldið fram að loðnan sem Íslendingar fá samkvæmt tvíhliða samningnum sé einskis virði því Íslendingarnir fái hana hvort eð er í lok vertíðar. Þessar staðhæfingar þarfnast nánari skoðunar, enda ærið hæpnar. Loðnustofninn sem Íslendingar veiða úr er sameiginlegur með okkur Norðmönnum og Grænlendingum. Á grundvelli 20 ára reynslu og með hliðsjón af lífsháttum loðnunnar hafa þessar þrjár þjóðir skipt með sér nýtingu stofnsins þannig að Íslendingar veiða 78% heildaraflans en Norðmenn og Grænlendingar 11% hvorir. Loðnan veiddist áður við Grænland m.a., hún var líka um tíma í talsverðum mæli við Jan Mayen og á yfirráðasvæði Norðmanna. Á þessum svæðum, sérstaklega úti fyrir Grænlandi, var hún fituríK og væn og því hlutfallslega verðmæt þegar hún veiddist þar. Eðli loðnunnar er hins vegar eðli farandfisks, hegðun hennar er breytileg og hún er næm fyrir breytingum á umhverfi sjávarins. Síðustu árin hafa aðstæður á hinum hefðbundnu veiðisvæðum loðnunnar breyst þannig að síðustu vertíðir hefur hún einkum fundist í veiðanlegu ástandi við Ísland. Sú var hins vegar ekki reyndin áður.

Þeir sem halda því fram að loðnukvóti okkar frá EB sé lítils virði byggja það á tveimur forsendum. Í fyrsta lagi að ástandið í sjónum og göngur loðnunnar haldist óbreytt. Í öðru lagi að Grænlendingar geri ekki alvarlega tilraun til að ná sínum kvóta. Ég tel að þessar forsendur standist ekki skoðun, ég tel að á þeim séu brotalamir.

Það er afskaplega vel þekkt að aðstæður í sjónum geta breyst tiltölulega hratt með litlum fyrirvara, ekki síst þess vegna er það fiskifræðileg staðreynd að ferðir loðnunnar og hegðun almennt er afar breytileg. Fyrr en varir getur hún veiðst aftur við Grænland og Grænlendingar hafa þá fullan rétt til þess að selja allan sinn hluta úr stofninum til hvers sem er án nokkurs sérstaks samráðs við Íslendinga. Þeir þurfa þá aðeins að tilkynna það samkvæmt 4. gr. loðnuveiðisamningsins. Menn hljóta því að vera sammála um að falli hegðun og göngur loðnunnar aftur í hið fyrra far sé hagur Íslendinga af tvíhliða samningnum óvefengjanlegur.

Það er jafnframt óeðlilegt að ætla að Grænlendingar muni ekki í allra nánustu framtíð gera mjög alvarlegar tilraunir til að ná sínum kvóta. Við vitum að þeir hafa í hyggju að styrkja mjög sína útgerð, þeir hafa nú þegar fest kaup á fyrsta hringnótaskipinu og þeir hyggja á frekari uppbyggingu loðnuveiða. Í því sambandi má minna sérstaklega á að þríhliða samningurinn um loðnuveiðarnar heimilar Grænlendingum að landa afla sínum í íslenskum höfnum til vinnslu, en það atriði skiptir talsvert miklu máli.

Það er líka vitað að hrunið í Færeyjum hefur leitt til

þess að bæði Færeyingar og Grænlendingar hafa mikinn hug á að efla sitt samstarf í útgerð og nota verkefnalausa hringnótabáta frá Færeyjum til að veiða loðnu Grænlendinga. Það er líklegt að þróun af þessu tagi verði hröð á næstu missirum.

Því hefur líka verið haldið fram að meðan loðnan veiðist lítt utan íslenskrar lögsögu séu heimildir okkar frá EB sérstaklega lítils virði. Um þetta atriði verður að skoða hvað þríhliða samningur okkar, Grænlendinga og Norðmanna segir um framsal veiðiheimilda. Samningurinn er ótvíræður að því leyti að aðilum er heimilt að framselja aflahlutdeild sína úr stofnunum að fullu eða hluta og þurfa aðeins að tilkynna það hinum aðilunum. Það er enginn ágreiningur um að ef einhver þeirra fær framseldar heimildir beint frá öðrum hinna aðilanna getur hann veitt það með sama hætti og eigin kvóta.

Það hefur hins vegar ekki reynt á samninginn í því tilviki að þriðji aðili framselji einhverjum samningsaðilanna loðnuheimildir sem hann hefur til ráðstöfunar. Á því tekur samningurinn ekki með beinum hætti. Grænlensk og færeysk stjórnvöld sóttu á sínum tíma um heimildir fyrir færeysk veiðiskip til að veiða loðnu innan íslensku lögsögunnar, en íslensk stjórnvöld höfnuðu á þeirri forsendu að kvótinn sem færeysku skipin áttu að nýta væri kvóti sem Evrópubandalagið hefði fengið framseldan frá Grænlandi. EB gæti hins vegar framselt sinn kvóta til Norðmanna eða endurframselt til Grænlendinga. Eins og fyrr segir hefur ekki á það reynt og því vandmeðfarið að reifa þann möguleika í þessari umræðu þar sem allar túlkanir sem hér eru gerðar á samningnum gætu haft áhrif á niðurstöðu samningaviðræðna um þetta tiltekna atriði síðar. Um þetta segjum við í meiri hluta sjútvn. í áliti okkar:

„EB er í lófa lagið að framselja loðnuheimildir sínar Norðmönnum. Kynni þá að rísa deila um rétt Norðmanna til að veiða þá loðnu innan íslenskrar lögsögu, en Íslendingar hafa ávallt andmælt þeim rétti að þriðji aðili gæti ráðstafað loðnu innan íslenskrar lögsögu."

Af þeim ástæðum sem ég drap á áðan vil ég síður fara út í í umræðunum hvernig túlka megi samninginn þar sem þetta tilvik hefur ekki enn komið upp, en kynni að koma upp og þá á eftir að túlka samninginn. Ég tel það fyllilega eðlilegt að samningamenn Íslands gangi til slíkra viðræðna með það viðhorf sem látið er uppi í áliti meiri hlutans að veganesti. Þar er hins vegar um túlkun að ræða sem á eftir að reyna á og Íslendingar eiga eftir að finna stað í samningnum. Í þessu efni er alls ekki hægt að vísa til ofangreinds dæmis af Færeyingum vegna þess að munurinn á þeim annars vegar og Norðmönnum og Grænlendingum hins vegar er sá að hinir síðarnefndu hafa sjálfstæðan rétt.

Virðulegi forseti. Viðræður okkar og Evrópubandalagsins snerust lengi dags um hvernig eðlilegast væri að tryggja að kvótar breyttust með gagnkvæmum hætti ef nauðsynlegt reyndist að skerða kvóta annars aðilans vegna ófyrirsjáanlegra líffræðilegra ástæðna. Af Íslands hálfu náðust fram ákvæði sem tryggja að nægi útgefinn kvóti ekki til að EB geti keypt af Grænlendingum tilskildar heimildir fyrir Íslendinga minnki karfakvóti þeirra hér við land samsvarandi. Sömuleiðis er tryggt að leiði nýtt stofnmat til þess að loðnukvóti Íslendinga skerðist að ráði fiskifræðinga skerðist karfakvótinn handa EB með sama hætti. Af þessu leiðir t.d. að framlengi Grænlendingar ekki samning sinn við EB um kaup þeirra á loðnukvóta er samningurinn að mínu viti um gagnkvæmar veiðiheimildir sjálffallinn nema því aðeins að EB geti komið með einhverjar aðrar veiðiheimildir annars staðar sem Íslendingar fella sig við, telja jafngildar.

Stóra álitamálið varðandi þennan þátt samningsins er, ef upp kæmi, að EB framseldi Íslendingum kvóta sem þeir gætu ekki nýtt sér, þ.e. Íslendingar næðu ekki að veiða upp í kvótann. Sú staða er að vísu afar sjaldgæf og hefur ekki skapast nema örsjaldan síðustu áratugi. Mat Kristjáns Ragnarssonar formanns LÍÚ í viðtali við Ríkissjónvarpið 28. nóvember sl. var að líkur á slíku væru hverfandi litlar. Ég tek þetta viðhorf Kristjáns til þess að sýna fram á viðhorf forvígismanna í sjávarútvegi gagnvart þessu tiltekna atriði.

Það má hins vegar segja að samningurinn er ekki nægilega skýr um þetta atriði, enda vitað og viðurkennt að kröfur Íslendinga um að kvóti EB skertist þá að sama marki náðu ekki fram að ganga. Það tókst málamiðlun sem fólgin er í 1. málsgr. 2. gr. viðauka A þar sem kveðið er á um að komi upp ófyrirséðar aðstæður geti annar aðili óskað viðræðna. Það hlýtur að vera ótvíræður skilningur Íslendinga að þetta beri að tengja 1. tölul. 4. gr. rammasamningsins frá 27. nóv. þar sem mælt er fyrir um samráð um úthlutanir á veiðiheimildum með það í huga að ná ásættanlegu jafnvægi. Við þær aðstæður tel ég að það hlyti að vera tvímælalaus krafa Íslendinga á grunni þessara greina að kvóti EB yrði þá skertur í sama mæli.

Ég vil hins vegar segja í tilefni af þeim spurningum sem hér hafa komið fram frá hv. þm. Jóni Helgasyni, sem hefur drepið á að meiri hluti sjútvn. hefur bent á ýmis atriði sem hann telur að eigi að leggja áherslu á í komandi samningum, að ég tel og við teljum að það beri að leggja sérstaka áherslu á umrædd atriði. Við teljum hins vegar alls ekki að sú staðreynd að Íslendingar náðu ekki fram ýtrustu kröfum sínum í þessu efni gefi tilefni til að hafna þessum samningi. Og ég ítreka að á þeirri skoðun eru forustumenn í sjávarútvegi einnig.

Virðulegur forseti. Ein harkalegasta gagnrýnin á tvíhliða samninginn felst í því að hinar gagnkvæmu veiðiheimildir samningsaðilanna, Íslands og Evrópubandalagsins, séu ekki jafngildar. Staðhæft er að verðmæti þeirrar loðnu sem fellur í hlut Íslendinga með samningnum sé minna en verðmæti karfans sem EB fær að veiða. Um þetta er það að segja að við samningsgerðina studdist utanrrn. vitanlega við þá verðmætastuðla sem gefnir eru á ári hverju út af sjútvrn. og eru notaðir til að umreikna aflamagn veiddra tegunda yfir í þorskígildi. Um þetta atriði var talsvert deilt við 1. umr. málsins þann 3. des. á sl. ári. Í orðaskiptum hæstv. sjútvrh. Þorsteins Pálssonar og hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar fórust Þorsteini Pálssyni sjútvrh. svofelld orð:

„Ég lít svo á að okkur sé rétt og skylt að miða við þá verðmætastuðla sem út eru gefnir á grundvelli laga sem hv. þm. beitti sér fyrir að yrðu sett og gaf mörgum sinnum út á meðan hann gegndi embætti sjútvrh. Það eru engin rök til að hafa aðrar viðmiðanir í þessu efni."

Ég er þessari skoðun hæstv. sjútvrh., sem lögð var til grundvallar í samningunum við EB, fyllilega sammála. Verðmætastuðlarnir byggjast á innlendu markaðsverði síðustu tólf mánuðina á undan. Á því fiskveiðiári sem nú stendur yfir er verðmætastuðull þorsks 1,00, loðnu 0,05 og karfa 0,41. Samkvæmt því eru 30.000 tonn af loðnu ígildi 1.500 tonna af þorski en hin 3.000 karfatonn sem EB fær í sinn hlut ígildi 1.230 tonna af þorski. Evrópubandalagið styðst við svipaðar umreikningreglur. Samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjórnar þess í Brussel er verðmætastuðull þeirra þannig að þorskur hefur 1,00, loðnan hins vegar 0,10 og karfinn 0,87. Á þeim grunni eru 30.000 tonn af loðnu ígildi 3.000 tonna af þorski og 3.000 tonn af karfa ígildi 2.610 tonna af þorski. Ég tel að það sé varhugavert að staðhæfa á grundvelli samanburðar sem þessa að annar aðilinn fari mun betur út úr skiptunum en hinn. Það er einfaldlega svo að það er erfitt að meta með óyggjandi vissu hvert er raunverulegt innbyrðis vægi tegundanna tveggja. Það er hins vegar athyglisvert að bæði samkvæmt þeim reglum sem lagðar voru til af sjútvrn. og þeim sem EB beitir sjálft er hlutur Íslendinga ívið betri.

Ég vil ekki, virðulegur forseti, setja mikla þrætubók á um þetta mál við stjórnarandstöðuna. Mér finnst hún samt seilast helst til langt um rök og fyrst menn eru farnir að teygja sig svona langt langar mig líka til að teygja mig líka svolítið langt og bæta örlitlu við.

Í enska frumtextanum er sá fiskur sem EB á að fá í sinn hlut nefndur „redfish". Það er þýtt í íslenska textanum sem karfi. Það er ekki getið neitt sérstaklega um um hvers konar karfa er að ræða. En það er á allra vitorði að Íslendingar veiða þrjá stofna af karfa, hinn hefðbundna gullkarfa sem ber latneska heitið sebastes marinus og tvö afbrigði af sebastes mentella, djúpkarfa og úthafskarfa. Af þessum þremur stofnum er djúpkarfinn stærstur, þ.e. fiskarnir sem eru í stofninum eru stærstir, og mér er tjáð að þeir séu líka eftirsóttastir á mörkuðum t.d. í Þýskalandi.

Karfinn sem íslensk skip mega veiða er blanda af gullkarfa og djúpkarfa og kvótinn sem sjútvrn. hefur gefið út til að mynda 1991 er blanda af þessum tveimur tegundum. Það kom í ljós í umræðum í gær að allir voru ekki fyllilega meðvitaðir um þetta. Fyrir síðasta fiskveiðiár gaf ráðuneytið út heildarkvóta upp á 90.000 tonn af karfa, þ.e. sumarið 1991, sem skiptist þannig að veiða mátti 65.000 tonn af gullkarfanum en 25.000 tonn af djúpkarfa. Síðan hafa rannsóknarleiðangrar leitt í ljós að það er til miklu meira af djúpkarfa í sjónum umhverfis Ísland en menn höfðu áður haft hugmynd um. Engum þarf því að blandast hugur um að djúpkarfinn er í dag vannýttur stofn sem Íslendingar gætu veitt talsvert meira af og ættu löngu að vera byrjaðir á.

Í nál. minni hluta utanrmn. kemur fram sú skoðun að loðnan sem Íslendingar fá í sinn hlut sé í raun ekki jafngildi nema 1.500–2.000 tonnum af karfa. Gott og vel. Þar kemur líka fram sú afstaða að það hefði verið miklu nær að láta EB í té stofn sem er vannýttur og hv. þm. Steingrímur Hermannsson ítrekaði það viðhorf nokkrum sinnum í sinni ræðu í gær. Djúpkarfinn er í dag vannýttur stofn. Og af því að menn hafa verið að fleygja upp dæmum ætla ég að leyfa mér að hugsa upphátt og fleygja upp dæmi líka.

Sá hluti karfaafla EB-skipanna hér við land sem samanstendur af djúpkarfa er okkur því eins og mál standa í dag heldur ódýr á meðan við fullnýtum hann ekki sjálfir. Ef við hugsum upphátt og gefum okkur að veiðar EB-skipanna á karfa skiptist í sömu hlutföllum og voru á milli kvótanna á þessar tvær tegundir í karfakvóta ráðuneytisins sem var gefinn út árið 1991, þá má draga þá ályktun að 38% af karfaafla EB-skipanna kunni að verða djúpkarfi sem Íslendingar í dag hvort eð er vannýta. Samkvæmt því er stærsti hluti þess raunverulega kostnaðar sem við berum í skiptunum gullkarfahlutinn, þ.e. þau 62% af þeim 3.000 tonnum sem þeir fá í sinn hlut. Það jafngildir því 1.860 tonnum af gullkarfa. Með öðrum orðum: á þessum grundvelli og samkvæmt þeim verðmiða sem stjórnarandstaðan hefur sjálf kosið að setja á loðnuna er afskaplega erfitt með tilliti til þeirra staðreynda sem nú liggja fyrir að halda því fram að loðnan sé miklu minna virði en karfinn sem við tökum úr fullnýtta stofninum og látum EB í té.

Virðulegur forseti. Ég hef rakið þau rök sem fram hafa komið með og á móti þessum samningi. Ég hef verið fullkomlega ærlegur og við í meiri hluta sjútvn. Við höfum bent á að þessi samningur er alls ekki fullkominn. Við höfum bent á að það eru ýmis atriði sem ber að leggja áherslu á í þeim árlegu endurskoðunum sem fram undan eru á næstu árum. En við teljum að það sé rétt, virðulegur forseti, að leggja til að þessi samningur verði staðfestur.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sýnir hvernig rökin eru hjá hv. stjórnarliði þegar hv. 17. þm. Reykv. ber saman heimildir fyrir belgísku togarana og þann samning sem núna er verið að gera. Eins og allir vita og reyndar kom fram óbeint í máli hv. þm. var samningurinn við Belgíu með sjálfvirku sólarlagsákvæði, þ.e. þetta var bundið við ákveðna togara og heimildirnar féllu niður með þeim. Nú eru aðeins eftir þrír af tólf. Það er því verið að loka hurðinni. Hún er hér um bil komin alveg aftur. Hins vegar er með þessum samningi verið að opna nýja hurð upp á gátt. Í henni er ekkert sólarlagsákvæði. Og meira en það. Það á að halda uppi árlegu stríði við Evrópubandalagið um þessi mál og þá undir því stóra sverði sem það ætlar alltaf að sveifla yfir höfðum okkar í þessum samskiptum.

Í öðru lagi vil ég benda á að hv. þm. vill ekki tengja saman þennan samning við EES-samninginn þó Evrópubandalagið virðist ekki þurfa neina hjálp til þess. En ég held að það ætti ekki að fresta gildistöku

EES-samningsins þar sem hann tekur ekki gildi hvort sem er á næstu mánuðum þó að þessum samningi yrði nú vísað aftur til ríkisstjórnarinnar og henni sagt að gera betur á meðan við erum frjálsir menn, á meðan við erum ekki komnir í samningssnöruna. Það er það sem ég vil leggja áherslu á að gert sé svo að það verði hrundið einhverju af þeim óbilgjörnu kröfum Evrópubandalagsins, eins og þingmaðurinn orðaði það, sem varð að verða við.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Rétt skal vera rétt. Það er alls ekki rétt að ég hafi lagt að jöfnu eða verið að bera saman EB-togarana og hina belgísku togara. Það er alrangt. Ég var einungis að benda á að það væri bábilja hjá minni hluta utanrmn. að halda því fram að það sé brotið í blað með þessum samningi vegna þess að hann hleypi á ný togurum frá Evrópubandalaginu inn í íslenska fiskveiðilögsögu. Það er rangt, hv. þm. Það er ekki verið að hleypa togurum Evrópubandalagsins á ný inn í lögsöguna, þeir voru þar fyrir. Það er staðreynd sem ekki er hægt að mótmæla.

Hv. þm. Jón Helgason taldi janframt að við ættum vegna þess að EES frestast fram á þetta ár að fresta sjávarútvegssamningnum og reyna að gera betur. Auðvitað er það svo að það er alltaf hægt að gera betur og það var það viðhorf, hv. þm., sem liggur til grundvallar þeim ábendingum sem meiri hluti sjútvn. kemur fram með í sínu áliti.

En skoðum aðeins hvað gerðist ef við færum að ráði þessa hv. ágæta þingmanns. Við mundum fresta gildistöku sjávarútvegssamningsins. Hvenær megum við veiða loðnuna? Fram í apríl. Þá værum við að taka þá áhættu að við næðum ekki loðnunni á meðan EB nær sínum karfa. Ég rakti það mjög ítarlega og færði fyrir því gild rök að þá áhættu fyrir sitt leyti telur meiri hluti sjútvn. ekki ásættanlegt að taka. Það kann vel að vera að Framsfl. sé til í að taka þá áhættu að tapa þessari loðnu, en það er stjórnarliðið ekki. Það tekur fullkomlega ábyrga afstöðu í þessu máli.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, það hefur verið sýnt fram á að við veiðum og getum veitt þessa loðnu hvort sem er, hvort sem við fáum leyfi frá EB til þess eða ekki, því hún fellur í okkar hlut. En um það að þarna sé ekki verið að hleypa á ný inn togurum frá Evrópubandalaginu, þá finnast mér það alveg fráleit rök sem hv. 17. þm. Reykv. reyndi að halda uppi. Togarar Belga eru á leiðinni út. Það eru aðeins þrjú skip til sem mega veiða þetta enn þá. Um leið og þau eru ekki lengur fær til veiða er þetta burtu. Hér er hins vegar verið að opna eins og ég sagði nýjar dyr, það er alvarlegi hluturinn, með engu sólarlagsákvæði og sífelldu „ströggli" síðan við Evrópubandalagið um auknar heimildir.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki orða bundist. Hvernig í ósköpunum stendur á því að fulltrúar stjórnarliðsins festa sig algerlega í þennan verðmætastuðul og hlusta ekki á nein rök í því sambandi? Og koma með þau rök að þetta sé vegna þess að það séu lagaákvæði um ákveðna stuðla í lögum um stjórn fiskveiða. Og vilja svo koma því á þann sem hér stendur að þessi lög hafi verið sett í hans tíð. Hvernig stendur á að menn eru ekki tilbúnir að hlusta einu sinni á markaðinn? Eru það ekki slík lögmál sem gilda? Og hver er tilbúinn að skipta á þessu? Heyrði þingmaðurinn forustumann einn frá LÍÚ lýsa markaðnum í þessu sambandi í gærkvöldi? Geta menn ekki tekið rökum í þessu sambandi?

Svo kemur hv. þm. og fer að tala um karfann. Það eru þrjár tegundir sem er verið að tala um í sambandi við karfa, þ.e. litli karfi, gullkarfi og djúpkarfi. Hverjar eru tillögurnar að því er varðar 1992 og 1993? Það eru tillögur um að hámarksafli verði 90.000 tonn af þessum tegundum. Fiskveiðinefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins hefur lagt til að í varúðarskyni verði hámarksafli af gullkarfa og djúpkarfa 120 þús. tonn á öllu veiðisvæðinu við Austur-Grænland, Ísland og Færeyjar. Ég veit ekki hvenær rannsóknir sýndu að það væri nóg af annarri tegundinni. Það kemur að minnsta kosti ekki fram í skýrslu Hafrannsóknastofnunar. Hann er þá að blanda saman við úthafskarfann sem er allt annað mál. Ef eitthvað er höfum við gengið heldur nærri þessum stofnum á undanförnum árum og okkur ber að fara þar varlega vegna þess að þessi fiskur verður svo gamall. Ef við lítum á samsetningu þessa stofns, þá er ekkert sem mælir með stóraukinni sókn. Ég bið hv. þm. að lesa skýrslur Hafrannsóknastofnunar áður en hann fer að fara með svona fullyrðingar og byrja á slíkum flótttaútreikningum eins og hann var byrjaður á hér áðan.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir afskaplega miður ef það hefur komið svona hastarlega við tilfinningalíf hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar að menn hafa bent á að hann var sjútvrh. sem m.a. gaf út þessa verðmætastuðla. Ef hann telur að þeir séu ekki réttir og taki ekki rétt mið af markaðnum hvers vegna í ósköpunum beitti hann sér þá ekki fyrir því að þeim væri breytt á meðan maðurinn var ráðherra? Mér finnst það afskaplega skrýtið.

Að því er varðar karfategundirnar er það hárrétt hjá hv. þm. að það eru þrjár karfategundir, litli karfi, gullkarfi og síðan er sebastes mentella, en af honum eru tvö afbrigði svo að ég bæti því við, úthafskarfi (Gripið fram í.) og djúpkarfi. Hv. þm. þarf ekkert að leiðbeina mér um þessar skýrslur, ég kann þær jafn vel og hann. En af því hann er að spyrja um djúpkarfa og spyr mig hvaðan í ósköpunum mér berist vitneskja um að það sé til nóg af djúpkarfa, þá vil ég leyfa mér að lesa upp úr viðtali við fyrrverandi starfsmann þingmannsins, Jakob Magnússon, frá 16. júlí 1992:

„„Niðurstaðan var mjög jákvæð", segir Jakob Magnússon, „því við fundum djúpkarfa alls staðar þar sem við settum niður troll á stórum svæðum á sunnanverðu Grænlandshafi", sagði Jakob Magnússon sérfræðingur um karfa og starfandi forstjóri Hafrannsóknastofnun-

ar en rannsóknaskip hennar Bjarni Sæmundsson er nýkomið úr leiðangri."

Ég gæti haldið áfram að lesa ef þingmaðurinn vill. Það vill svo til að þetta eru staðreyndir. Mig dreymir að vísu fallega, virðulegur þingmaður, en ég spinn ekki svona upp. Þetta eru staðreyndir. Þetta birtist í því ágæta blaði, sem Framsfl. hefur nú verið talsvert tíðrætt um síðustu dægrin, Alþýðublaðinu, 16. júlí 1992.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég endurtek það enn einu sinni vegna þess að það virðist vera að hv. þm. skilji það alls ekki að þessir stuðlar voru ekki ætlaðir sérstaklega til samninga í alþjóðaviðskiptum. Þeir eru ekki gefnir út í því augnamiði. Það er alveg með eindæmum að menn skuli ekki skilja þetta, festa sig í þetta og hlusta ekki á nokkur rök sem koma fram.

Að því er varðar karfann eru það góð tíðindi og ég kannast við þau að þessi rannsóknaleiðangur tókst vel. En það sem upp úr stendur er tillaga Hafrannsóknastofnunar og þeir kvótar sem eru gefnir út af sjútvrn. og við erum að nýta þá kvóta í þessum tegundum að fullu. Það má vel vera að þessar jákvæðu rannsóknir geti orðið til þess að kvótarnir verði auknir enn þá meira á næstu árum. Ég býst við því að núv. ríkisstjórn hefði notfært sér það í því slæma ástandi sem nú er ef það hefðu verið aðstæður til þess, en þær voru ekki uppi, hv. þm. Þess vegna er út í hött að vera að tala um þennan stofn þannig að þarna sé nóg af fiski.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég endurtek að mér þykir leitt ef ég hef komið svona illilega við einhverjar taugar í hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni. Ég vil taka það fram svo öllu sé til haga haldið að í ræðu minni áðan orðaði ég það svo að mér fyndist stjórnarandstaðan seilast um hurð til lokunnar þegar hún er að koma fram með útreikninga sína á innbyrðis verðmætavægi karfa og loðnu. Ég orðaði það svo að ég vildi leyfa mér að hugsa upphátt líka. Þess vegna kom ég með þetta dæmi. Það kann vel að vera að það sé ágreiningur á milli mín annars vegar og hins vegar hv. þm. og Hafrannsóknastofnunar um hvort nóg sé af djúpkarfa. Ég er þeirrar skoðunar að það sé miklu meira af djúpkarfa en við erum að nýta. Ég veit að það eru einstakir starfsmenn Hafrannsóknastofnunar sömu skoðunar, e.t.v. ekki allir, ég veit það ekki.

Að því er varðar þá verðmætastuðla sem hafa mjög komið hv. þm. úr jafnvægi finnst mér málflutningur hans vægast sagt skrýtinn. Hann segir að ég og aðrir hefðum að sjálfsögðu átt að gera okkur grein fyrir því að þeir verðmætastuðlar sem hann gaf út ár eftir ár væru ekki gefnir út með hliðsjón af alþjóðaviðskiptum. Ég hefði talið, virðulegi forseti, að það væri skylda þeirra manna sem eru að puðra út þessum verðmætastuðlum á annað borð að sjá svo um að þeir endurspegli rétt markaðsverð. (**HÁ:** Svo að Jón Baldvin þurfi ekki að hugsa?) Það vill svo til, hv. þm. Halldór Ásgrímsson, að Jón Baldvin ræður ekki enn þá sjútvrn., en kannski erum við sammála um að það verði hægt að gera einhverja bragarbót á því.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér fannst ræða hv. 17. þm. Reykv. vera alveg með endemum og það er augljóst mál að þingmaðurinn er í miklum erfiðleikum að verja þann gjörning sem hér liggur fyrir og grípur m.a. til rangra fullyrðinga. Þingmaðurinn hélt því fram að fjórir flokkar á Alþingi væru ekki í grundvallaratriðum andsnúnir gagnkvæmum veiðiheimildum. Af því að það liggur fyrir að þingmaðurinn var einu sinni í Alþb. og nokkuð lengi vil ég minna hann á að það liggur ekki fyrir nein samþykkt innan Alþb. í þessa veru. Þetta er rangt. Þetta eru hrein ósannindi og hv. þm. ætti ekki að fara að taka formann síns flokks til fyrirmyndar í frásögnum af staðreyndum. Það er ekki til afbötunar.

Ég vil segja þingmanninum að ég er gjörsamlega andvígur því að veita útlendingum heimildir innan íslenskrar fiskveiðilögsögu og ég tel að það sama eigi við um aðra þingmenn Alþb. Ég tel að hv. 17. þm. Reykv. eigi ekki að vera að fara með fleipur af þessu tagi. Fyrir utan þá dæmalausu vörn að fara að grípa til samningsins við Belga sem Sjálfstfl. ber ábyrgð á og gerður var 1975. Það er ekki vörn í málinu að minna á vonda samninga til að verja þennan. Þessi samningur verður ekki betri þó menn geti bent á að Sjálfstfl. hafi þá eins og oft áður verið aumingi í samskiptum við útlendinga. Miklu fremur er ástæða til að óttast að í framtíðinni, á grundvelli þessa samkomulags, rammasamnings, muni menn semja áfram af sér og til verri vegar en verið hefur.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð einungis í mínu máli að draga ályktanir af þeim staðreyndum sem liggja fyrir. Því verður ekki á móti mælt að í síðustu ríkisstjórn átti Alþb. sæti. Sú ríkisstjórn hóf viðræður við Evrópubandalagið um gagnkvæmar veiðiheimildir. Ég dreg þá ályktun af þessu að fyrst Alþb. sat í þeirri ríkisstjórn geti ekki verið að það sé í grundvallaratriðum á móti því að skipta á gagnkvæmum veiðiheimildum.

Þá held ég áfram rökleiðslunni og hún er svona: Ef menn eru ekki á móti því að skipta á gagnkvæmum veiðiheimildum geta þeir heldur ekki verið á móti því að hleypa mótaðilanum sem á að nýta hinar gagnkvæmu heimildir inn í lögsöguna vegna þess að án skipa er ekki hægt að nýta heimildirnar. Svo einfalt er það.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil minna þingmanninn á að Alþb. fór ekki með sjútvrn. í síðustu ríkisstjórn og ég vil minna þingmanninn á það líka að þingflokkur Alþb. neitaði að veita hæstv. utanrrh. heimild til að fá samningsumboð. Hann fékk aldrei samningsumboð í tíð síðustu ríkisstjórnar. Það hafa verið rök núv. utanrrh. og formanns Alþfl. fyrir því að hann þyrfti að fara til

íhaldsins að hann fékk ekki umboð til að ljúka EES-samningnum hjá Alþb. og Framsfl. Það segir allt sem segja þarf um afstöðu Alþb. í þessu máli og allar ályktanir þingmannsins í þessa veru eru rökleysa ein og hæfir eingöngu að birtist á forsíðu Alþýðublaðsins, hvergi annars staðar.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 1.16 miðdegis.

96. FUNDUR

fimmtudaginn 7. jan.,
kl. 8.30 síðdegis.

Dagskrá:

Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 580. — 3. umr. (útvarpsumræða).

Fjarvistarleyfi:

Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.

Evrópskt efnahagssvæði, 3. umr. (útvarpsumr.).

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 580.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Útvarpsumræðan skiptist í þrjár umferðir og fær hver flokkur 30 mínútur til umráða. Í fyrstu umferð er ræðutími hvers flokks allt að 15 mínútur, en 15 mínútur skiptast á tvær þær síðari. Dregið var um röð flokkanna og verður hún þessi: Alþb., Alþfl., Framsfl., Sjálfstfl. og Kvennalisti. Ræðumenn verða: Fyrir Alþb. í fyrstu umferð Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e., og Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl. Í annarri umferð Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl., en í þriðju umferð Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv. Fyrir Alþfl. í fyrstu og þriðju umferð Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh., en Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn., í annarri umferð. Fyrir Framsfl. Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn., í öllum umferðum. Fyrir Sjálfstfl. í fyrstu umferð Davíð Oddsson forsrh. og Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn., í annarri umferð Þorsteinn Pálsson sjútvrh., en í þriðju umferð Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv. Fyrir Samtök um kvennalista í fyrstu umferð Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv., og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf. Í annarri umferð Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv., og Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn., en í þriðju umferð Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv.

Hefst nú umræðan og til máls tekur Steingrímur J. Sigfússon, hv. 4. þm. Norðurl. e., og talar af hálfu Alþb.

Steingrímur J. Sigfússon:

Forseti. Góðir áheyrendur. Frv. til laga um staðfestingu samnings um Evrópskt efnahagssvæði kemur nú til 3. og síðustu umræðu hér á Alþingi. Saga þessa máls er orðin löng og sér þó ekki fyrir endann því mikil óvissa ríkir um hvort eða þá hvenær svæðið verði yfirleitt að veruleika. Síst er ofsagt að dæmalaus vandræðagangur og uppákomur af ýmsu tagi hafi verið fylgifiskur þessa máls frá upphafi. Sá þáttur verður ekki rakinn hér, enda efni í heila bók fremur en viðfangsefni til að glíma við í stuttri ræðu, en augljóst er að þessi hrakfallagangur hefur ekki aukið traust manna á málinu frekar en margendurteknar rangfærslur og hrokagikkshátturinn utanrrh. sem með það fer.

Ég mun hér í stuttri ræðu gera grein fyrir meginsjónarmiðum míns flokks, Alþb., til þessa máls og lýsa niðurstöðum flokksins sem mjög víðtæk samstaða er um í stofnunum hans, bæði í framkvæmdastjórn og miðstjórn, og þingflokkur Alþb. stendur heill og óskiptur að. Nauðsynlegt er í upphafi að gera sér grein fyrir því að sú samningsniðurstaða sem hér er á ferðinni er allt önnur en þær áherslur sem af Íslands hálfu var lagt upp með þegar ákveðið var að slást í hóp annarra EFTA-ríkja snemma árs 1989. Á fundi forustumanna EFTA-ríkjanna í Ósló 1989 gerði þáv. forsrh. grein fyrir viðhorfum Íslendinga og setti fram þá fyrirvara sem af Íslands hálfu væru forsenda þess að taka þátt í samningagerðinni. Í þeim áherslum kemur fram að Íslendingar höfðu fyrst og fremst áhuga á að taka þátt í samningum um frjálsa verslun og viðskipti með varning, gera viðskiptasamning. Hins vegar hefðum við fyrirvara á varðandi fjármagnshreyfingar, þjónustu og fólksflutninga og af okkar hálfu kæmi ekki til greina að við gætum nokkurn tíma gefið okkur á vald yfirþjóðlegum stofnunum og framselt íslenskt fullveldi úr landi.

Í upphafi könnunarviðræðna voru einnig settir fram fyrirvarar um forræði Íslendinga sjálfra yfir auðlindum lands og sjávar. Þessir fyrirvarar eru nú allir fyrir utan einn, sem varðar fjárfestingar í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða, horfnir út úr hinni endanlegu samningsniðurstöðu.

Þegar lagt var af stað í samningaviðræðurnar var hugmyndin sú að gerður yrði samningur tveggja jafnréttháa aðila, svonefnd tveggja stoða lausn, þar sem EFTA-ríkin væru annar samningsaðilinn og Evrópubandalagsríkin hinn. Niðurstaðan er allt önnur. Í reynd byggir samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði á eins konar aukaaðild EFTA-ríkjanna að Evrópubandalaginu, enda er lagastoð samningagerðarinnar af hálfu Evrópubandalagsins sú grein Rómarsáttmálans sem fjallar um aukaaðild ríkja. Það er Evrópubandalagið sem ræður ferðinni. Það er Evrópubandalagið sem set-

ur lögin. Það er Evrópudómstóllinn sem túlkar lögin og gefur fordæmi með dómum sínum.

Meðan á samningagerðinni hefur staðið hefur það einnig gerst að öll EFTA-ríkin utan eitt, Ísland, hafa ákveðið að sækja um fulla aðild að Evrópubandalaginu. Þau líta því á samninginn um Evrópskt efnahagssvæði eingöngu sem aðlögunartímabil á leið sinni inn í Evrópubandalagið, eins konar millibilsástand. Og nú síðast hefur ein EFTA-þjóðin, reyndar sú stærsta þeirra, Sviss, ákveðið að hafna samningnum, en þar fékk þjóðin að segja sitt álit. Síðast en ekki síst er það svo samningsniðurstaðan sjálf hvað hagsmuni Íslands áhrærir sem er allt önnur og óhagstæðari en menn bundu vonir við að gæti orðið snemma árs 1989.

Meginkrafa okkar um fríverslun með fisk náðist ekki fram, ekki heldur tollfrelsi með fiskafurðir sem almenn regla. Það sem átti í upphafi að verða viðskiptasamningur tveggja jafnréttháa aðila á jafnréttisgrundvelli hefur nú snúist upp í samning um að EFTA-ríkin, þau sem það vilja, gerist aukaaðilar að nýju stórríki Evrópubandalagsins.

Þegar þessar aðstæður lágu í megindráttum fyrir á sl. vori eftir undirskrift samningsins í Portúgal í maí mótaði Alþb. endanlega afstöðu sína til málsins. Þingflokkur og framkvæmdastjórn flokksins unnu greinargerð og tillögur um afstöðu Alþb. sem síðan voru lagðar fyrir miðstjórn og afgreiddar þar með afgerandi stuðningi í júlímánuði sl.

Alþb. er trútt þeirri stefnu að hagsmunum Íslendinga sé best borgið með sjálfstæðum viðskiptasamningi við Evrópubandalagið. Þátttaka í stjórnmálasamruna Evrópuríkja inn í miðstýrt stórríki sé hins vegar ekki í okkar þágu. Alþb. hafnar algerlega aukaaðild jafnt sem aðild að Evrópubandalaginu og telur hana ekki þjóna hagsmunum lands og þjóðar.

Þó að í samningum um Evrópskt efnahagssvæði geti falist vissir efnahagslegir ávinningar er það eindregin niðurstaða Alþb. að þegar á heildina sé litið sé samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði tilraun sem mistókst og þess vegna óhjákvæmilegt að hafna niðurstöðu EES-samninganna. Í stað fyrirliggjandi niðurstöðu þarf að koma til sjálfstæður tvíhliða samningur Íslands og Evrópubandalagsins um viðskipti og samvinnu. Viðræður um slíkan samning þurfa að hefjast sem fyrst. Í tvíhliða samningi Íslands og Evrópubandalagsins verði byggt á fríverslun með vörur og auknu frjálsræði í samskiptum almennt, en þar verði á hinn bóginn tekið mið af smæð og sérstöðu Íslands varðandi vinnumarkað og búseturétt og afdráttarlaus réttur Íslendinga til að skipa forræði og eignarhaldi á auðlindum til lands og sjávar verði tryggður með sérstökum lögum. Í slíkum samningi á einnig að fjalla um samvinnu Íslands og Evrópubandalagsins á öðrum sviðum, svo sem varðandi rannsóknir, þróun, umhverfismál, menntun og menningu. Með þessum hætti má varðveita fullveldi, sjálfstæði og sérstöðu Íslands. Með þessum hætti lokum við engum dyrum til samvinnu og viðskipta við önnur markaðssvæði en Evrópu. Í slíkri stöðu tökum við ekki áhættu á að lokast innan tollmúra Evrópubandalagsins. Sjálfstæði og óskert fullveldi Íslendinga ásamt með legu landsins og auðlindum skapa okkur mikla möguleika í framtíðinni ef rétt er á málum haldið.

Meginsamningskröfur Íslands um að undirgangast ekkert yfirþjóðlegt vald og um að fá fríverslun með fisk voru því miður fyrir borð bornar. Með samningi um samskipti á sviði sjávarútvegsmála á að opna íslensku landhelgina á nýjan leik fyrir togaraflota Evrópubandalagsins og þannig í fyrsta skipti um margra áratuga skeið að stíga skref aftur á bak í réttindabaráttu okkar Íslendinga á sviði landhelgismála. Með samningnum verður hvers kyns forgangur Íslendinga sjálfra gagnvart jarðnæði og réttindum í eigin landi afnuminn og hátt í 400 millj. manna á hinu Evrópska efnahagssvæði veittur hér allur hinn sami réttur og okkur Íslendingum sjálfum. Á hinum viðkvæma og afar smáa íslenska vinnumarkaði mundu allir íbúar Evrópska efnahagssvæðisins hafa sama rétt þrátt fyrir þá staðreynd að í Evrópubandalaginu ganga nú tugir milljóna manna án atvinnu og samkvæmt nýjum spám mun atvinnuleysi halda áfram að aukast þar langt fram á næstu öld.

Forseti. Góðir Íslendingar. Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði og það sem honum fylgir er Íslendingum ekki til framdráttar. Evrópska efnahagssvæðið er engin frambúðarlausn á samskiptum Íslendinga við nágrannaríki í Evrópu. Þvert á móti liggur fyrir að innan fárra ára, jafnvel aðeins tveggja ára, gæti Ísland staðið eitt eftir eins og illa gerður hlutur, en önnur EFTA-ríki væru þá horfin inn í Evrópubandalagið. Þess vegna ber að hafna þessum samningi og leita annarra leiða til að tryggja okkur hagstæð viðskiptakjör og farsælan farveg fyrir samvinnu og viðskipti við aðrar Evrópuþjóðir.

Þegar Íslendingar stóðu í baráttu fyrir réttindum sínum til auðlinda hafsins umhverfis landið og voru að færa út landhelgina var það ekki síst gæfa þjóðarinnar að menn stóðu saman í þeirri baráttu. Því miður erum við ekki jafnlánsöm um þessar mundir. Þar ber ríkisstjórnin mikla ábyrgð. Hún hefur ekkert reynt til að skapa samstöðu með þjóðinni í þessu örlagaríka máli. Réttmætum kröfum tugþúsunda Íslendinga og heildarsamtaka launafólks um að þjóðin fái að segja sitt álit hefur verið hafnað. Samskiptin við stjórnarandstöðuna hafa einkennst af harðdrægni og lítilsvirðingu fyrir málfrelsi og lýðræðislegum rétti stjórnarandstöðunnar til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Enn er tækifæri. Ytri aðstæður hafa gert það að verkum að enn er tækifæri til að hverfa af þessari braut. Ég er sannfærður um að fátt væri betri nýársgjöf íslensku þjóðinni en það að menn sæju nú að sér og legðu í það vinnu á næstu vikum og mánuðum að leita samstöðu um nýja leið til að sjá hagsmunum Íslands borgið í breyttum heimi. Það verða mín síðustu orð. Alþb. er reiðubúið til slíkrar vinnu. — Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Málflutningur fylgjenda samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði hefur ein-

kennst af fögrum lýsingum á þeim möguleikum og tækifærum sem samningurinn gefi fyrir atvinnulífið. Þar hefur mest verið talað um sjávarútveginn og bent á þær tollalækkanir sem tókst að semja um við þessa samninga. Sjálfur EES-samningurinn snýst ekki um fisk. Því var hafnað af hálfu EB að aðalatvinnuvegur Íslendinga yrði metinn gildur til jafns við aðalatvinnuvegi viðsemjendanna sem er iðnaður. EB mun því halda áfram að moka styrkjum í sinn sjávarútveg og til að standa jafnfætis í samkeppninni við þann sjávarútveg þyrfti íslenskur sjávarútvegur að fá yfir 20 milljarða á ári í beinum fjárframlögum. Samningurinn um tollaniðurfellingar, sem er raunverulega utan EES-samningsins, snerist um að EB lækkaði sína tolla af sjávarafurðum gegn því að fá aðgang að fiskimiðum við Noreg og Ísland.

Hæstv. utanrrh. fullyrðir að Norðmenn hafi borið hluta af fórnarkostnaði sem annars hafi átt að falla í okkar hlut. Það getur verið að það sé hans skoðun, en ég hef hvergi séð að Norðmenn séu á sömu skoðun. Við komumst ekki fram hjá þeirri staðreynd að við værum að færa verulegar fórnir ef við staðfestum EES-samninginn og sjávarútvegssamninginn sem EB gerir kröfu um að við staðfestum áður en EES-samningurinn taki gildi. Þar telja þeir að þeir fái nokkuð fyrir sinn snúð og það fá þeir sannarlega.

Þeir eru að hafa það í gegn að EB-flotinn fái að fara á ný inn í íslenska landhelgi sem við ætluðum aldrei að láta gerast. Þeir fá skuldbindingu okkar um að semja á hverju ári við þá við aðgang að fiskimiðunum hér. Þeir fá samning um skipti á veiðiheimildum, fá karfa hjá okkur en við fáum loðnu frá þeim sem er af stjórnarsinnum talið vera í jafnvægi og þeir verja hér með oddi og egg, en það er í raunveruleikanum þannig að ef íslenskum útgerðarmönnum yrði boðið að kaupa þessar heimildir og nýta þær á sömu forsendum og Grænlendingar hafa, þá mundu þeir ekki treysta sér til þess að borga nema örfáa aura fyrir. Það hefur enginn fengist til þess að reyna að veiða þessa grænlensku loðnu allt frá árinu 1986. Við höfum þess vegna fengið hana ókeypis og værum með þessum samningi að gera þeim stofninn nýtilegan á okkar kostnað.

Við erum að gefa þeim 3 þús. tonn af karfa, hleypa þeim inn í landhelgina og lofa því að semja upp á nýtt við þá á hverju ári um aðgang þeirra að landhelginni næstu tíu árin. Forsmekkurinn liggur fyrir í fyrsta samningnum sem ég hef verið hér að lýsa. Það er reisn eða hitt þó heldur yfir þeirri ríkisstjórn og þeim sjútvrh. sem ganga fram hér á hv. Alþingi og segja að sjávarútvegssamningurinn sé í jafnvægi, standi undir sér, sé góður fyrir Íslendinga. Ef þessi fyrsti samningur er góður, hvernig verða þá hinir níu? Sjávarútvegurinn mun líklega njóta einhvers arðs af niðurfellingu tolla sem samið var um til hliðar við EES-samninginn, en á móti kemur að stjórn á útflutningnum mun tapast og verð fyrir afurðir mun lækka af þeim ástæðum. Og það er áhyggjuefni að flest sjávarútvegsfyrirtæki sem segjast vera að undirbúa sig undir EES-markaðinn ætla að fara að flytja út fersk flök. Sams konar fréttir berast frá Noregi.

Um iðnaðinn er það að segja að við vitum af eigin reynslu hvaða árangri hann hefur náð á frjálsum markaði. Síðan 1970 höfum við haft aðgang að EFTA-markaðnum. Þar höfum við litlum árangri náð. Við höfum raunar hjakkað í sama farinu allan tímann. Það mun ekki skipta öllu fyrir hina örsmáu iðnaðarhlutdeild Íslendinga hvort markaðurinn er 80 eða 400 millj. manna. Þetta er markaður risafyrirtækja og við eigum einfaldlega engin slík fyrirtæki. Það er ábyrgðarlaus blekkingaleikur að mikla möguleika íslensks iðnaðar fyrir fólki. Það er ekkert sem bendir til þess að hér séu að rísa upp fyrirtæki sem geti keppt þar með árangri.

Hitt sjáum við aftur á móti strax að einhver atvinnutækifæri glatast úr okkar framleiðslu og þjónustu fyrir innanlandsmarkað. Það má benda á áburðarframleiðslu sem mun leggjast af, hjólbarðasólun, tengivagnaframleiðslu og bílayfirbyggingar sem fá á sig 15% vörugjald. Það er líka ástæða til að benda mönnum á að atvinnuleysið vex stöðugt á EB-svæðinu og nýjustu tölur gefa þá vísbendingu að þar séu 12–15 millj. manna atvinnulausar. Og ekki nóg með það. Því er spáð að atvinnuleysið muni aukast áfram vegna tilkomu innri markaðarins í þessu fyrirheitna landi og halda áfram að aukast fram yfir aldamót.

Sannleikurinn um þessar samningaviðræður í heild er sá að forsvarsmenn EB sömdu ekki um að gera eina einustu breytingu á sínum lögum eða reglugerðum eða stefnu sinni í sjávarútvegs- eða landbúnaðarmálum. Eingöngu var samið um undanþágur til skamms tíma og örfáar varanlegar undanþágur handa EFTA-ríkjunum. Þannig má raunar segja að ekki hafi verið um eiginlegar samningaviðræður að ræða af hálfu EB heldur námskeið handa EFTA-þjóðunum til að kenna þeim hvaða reglur gildi á EES-svæðinu. Tilgangur EFTA-þjóðanna var að tryggja sérhagsmuni sína hvert og eitt og að fá aðgang að mörkuðum EB án þess að láta reyra sig í þær viðjar sem EB-þjóðirnar hafa játast undir. EES-samningurinn er tilraun sem mistókst. Hvert ríkið af öðru hefur viðurkennt það með umsókn að aðild að EB.

Ég hef lokið máli mínu, virðulegi forseti.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Eftir fjögurra mánaða málþóf gegn þessum EES-samningi er dapurlegt um að litast á stjórnarandstöðubekkjunum. Formaður Alþb. heldur sig fjarri og lætur vígvöllinn eftir þeim manni, Hjörleifi Guttormssyni, sem hann lýsti sem fulltrúa fortíðarinnar í sínum eigin flokki og sagðist mundu hlekkja auðveldlega ef það kynni að takast að mynda ríkisstjórn með Alþfl. og þyrfti þá ekki að hafa áhyggjur af því að EES-málið kæmist fram. Steingrímur Hermannsson, formaður Framsfl., boðar það að hann tali hér einn vegna þess að hann treystir orðið engum og allra síst varaformanni sínum. Fulltrúar Kvennalistans tala allar vegna þess að það er ekki hægt að láta sérfræðing flokksins í EES, hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, tala máli skynseminnar í þessu máli. Og skoðanakannanir sýna að þeim mun meira sem þeir tala, þeim

mun ráðvilltari og ruglaðri verður almenningur sem er hættur að botna upp eða niður í því hvað þetta fólk er að fara.

Þetta er alvörumál. Við skulum spyrja einnar spurningar í upphafi. Hverjar yrðu afleiðingarnar fyrir Íslendinga ef við, einir EFTA-þjóða, höfnuðum Evrópska efnahagssvæðinu en hinar EFTA-þjóðirnar, þar á meðal keppinautar okkar, samþykktu, sem þær hafa reyndar þegar gert? Við erum öll sameiginlega þeirrar skoðunar að það er eitt mál öðru fremur sem veldur okkur áhyggjum. Það er vaxandi atvinnuleysi og erfiðleikar í okkar efnahagslífi. Flestir eru sammála um að ástæðurnar eru þrjár. Aflabrestur sem hefur keðjuverkandi áhrif; lægð í heimshagkerfinu, sem hefur m.a. þýtt frestun á álverssamningum og virkjanaframkvæmdum og þar með frestun á 2.500 hálaunastörfum, sem við ella hefðum gert okkur vonir um. Þriðja ástæðan er skuldabyrði vegna skulda frá fyrri tíð, m.a. frá 20 ára valdatíð Framsfl. Þessi skuldabyrði hvílir svo þungt á okkur að hún er helmingi meiri en allar greiðslur allra einstaklinga til allra sveitarfélaga á landinu. Við þurfum að tvöfalda þá upphæð svo hún samsvari afborgunum og vöxtum af skuldum okkar á ári.

Við ráðum ekki við heimshagkerfið og skuldabyrðin er orðinn hlutur. En ef við hugsum til fólksins úti á landi, ef við hugsum til kreppu sjávarútvegsins, þá getum við a.m.k. velt einni spurningu fyrir okkur. Hvað getum við gert til þess að skapa okkur meiri verðmæti úr minni afla? Um það snýst von þessa fólks úti á landi sem starfar við sjó, sem starfar í fiskvinnslunni. Á því byggjast vonir þeirra um atvinnu á komandi mánuðum og missirum.

Um hvað er þetta EES? Við lifum á fiski. Lítum á það út frá hagsmunum sjávarútvegsins. 80%, ⅘ hlutar af okkar sjávarvöruafla fara á þennan markað. Ef við ætlum að gera meiri verðmæti úr minni afla, þá er okkur lífsnauðsyn að njóta a.m.k. sömu viðskiptakjara og keppinautar, að þurfa ekki að borga hærri tolla vegna þess að það lækkar okkar verð, að fá tækifæri til nýsköpunar, fá tækifæri til þess að skapa hér háþróaðan matvælaiðnað, að komast inn á neytendamarkaðina. Og það eru tugir íslenskra fyrirtækja sem hafa notað sl. ár til þess að búa sig undir þetta og hafa meira að segja orðið fyrir skaða vegna þeirra tafa sem þegar hafa orðið á gildistökunni.

Hver er árangurinn fyrir sjávarútveginn af EES? 96% tollfrjáls markaðsaðgangur, er það eitthvað til að forsmá? Lækkun tolla til jafns við keppinautana, er það eitthvað til að forsmá? Ný tækifæri til vöruþróunar, dýrari framleiðslu til þess að færa vinnu sem áður var flutt út úr landinu inn í landið, er það eitthvað til forsmá á tímum atvinnuleysis þegar það er meginkvíðaefni fólks: Höldum við atvinnunni? Að ná þessum árangri, án þess að þurfa að semja um einhliða veiðiheimildir fyrir Evrópubandalagið, án þess að samþykkja fjárfestingarheimildir Evrópubandalagsins í íslenskum sjávarútvegi, er það eitthvað til að forsmá? Það er þess vegna sem 16 samtök atvinnuveganna á Íslandi skora á hið háa Alþingi að hætta þessu þófi, að láta hendur standa fram úr ermum, að afgreiða málið, vegna þess að fólk hér utan dyra hefur annað við sinn tíma að gera. Án samningsins um Evrópska efnahagssvæðið mundi fólkið úti á landi í fiskvinnslunni þurfa að sæta þeim kostum að eftirlitsmenn frá EB kvæðu upp úrskurði um það hvort viðkomandi fiskvinnslustöð fengi heimild til þess að flytja út á þennan markað, sem tekur við fjórum fiskum af fimm, rétt eins og gerðist fyrir nokkrum árum. Þá værum við aldeilis búnir að ofurselja framtíð okkar kommissörum í Brussel.

Það er lengi hægt að tíunda kosti EES-samningsins. En við skulum vitna til opinberrar stofnunar eins og Þjóðhagsstofnunar. Hún hefur lagt fram varfærnislega útreikninga um það að EES-samningurinn muni færa okkur á einu ári um það bil 1,5% viðauka við okkar landsframleiðslu, þ.e. upp á um 7 þús. millj. kr.; að það gæti þýtt kaupmáttaraukningu á Íslandi á ári um 3%. Að afkoma sjávarútvegs gæti batnað um u.þ.b. 3,3% sem er nokkurn veginn það sem á vantar til þess að endar nái saman. Ég endurtek að þetta er samkvæmt varlegum útreikningum. Ég gæti að vísu vitnað í Ólaf Ragnar Grímsson, fyrrv. fjmrh., sem var sýnu bjartsýnni þegar hann gaf út skýrslu fyrir hönd fjmrn. fyrir seinustu kosningar. En þetta er sá fórnarkostnaður sem við yrðum að færa ef við höfnuðum þessum samningi. Ég segi fyrir mig: Launþegaforingjar sem berjast gegn þessum samningi, ég segi við þá: Guð fyrirgefi ykkur því þið vitið ekki hvað þið gerið, á sama tíma og atvinnuástand á Íslandi er eins og það er. Sannleikurinn er sá að þetta er ábyrgðarlaus málflutningur og stjórnarandstaðan sem ræðst að ríkisstjórn einkum fyrir það að hún sé aðgerðalaus í efnahagsmálum, en vakir svo dag og nótt vikum og mánuðum saman við að koma í veg fyrir að þetta tækifæri nýtist okkur, ég spyr: Á hvaða leið er slík stjórnarandstaða?

Eigum við annan kost? Þeir segja: Ja, við viðurkennum sum að það sé nú efnahagslegur ávinningur í þessu en við viljum bara frekar ná þessu með tvíhliða samningum. Sviss felldi EES-samninginn og hefur fengið þau svör frá Evrópubandalaginu að sá sem fellir þennan samning og viðskiptaþátt hans þar með þarf ekki að eiga von á því að fá einhverja sérstaka meðhöndlun í tvíhliða samningum. Heldur einhver hér því fram að ef við yrðum neydd í tvíhliða samninga næðum við sama samningsárangri eins og í þessum samningi þar sem fórnarkostnaðurinn var m.a. greiddur af Norðmönnum, Svisslendingum og Austurríkismönnum? Hafið þið litið á tvíhliða samning Færeyinga, þið sem gagnrýnið samninginn um skipti á veiðiheimildum okkar? Hafið þið litið á hann? Með á annað hundrað skipa í færeyskri lögsögu og skipti á veiðiheimildum sem nemur um 15% af heildarafla Færeyinga? Hafið þið litið á hvaða kjör Austur-Evrópa hefur fengið í tvíhliða samningum við Evrópubandalagið?

Þá segja menn: EFTA er hvort eð er að leysast upp og Ísland getur að lokum orðið eina landið sem eftir er. Já. Og breytist þá ekki samningurinn í það sem þið eruð að óska eftir, í tvíhliða samning um viðskiptaþáttinn? Hætta þá ekki þessar stofnanir sem margir hafa dregið upp þá mynd af að þýði framsal á valdi,

EFTA-dómstóll og eftirlitsstofnun? Þær falla niður. Þá er væntanlega létt áhyggjum af ykkur, þótt rangar séu, um framsal á valdi. Þá mundi þessi tvíhliða samningur sem verið er að biðja um verða orðinn hlutur. Sumir segja hins vegar í hinu orðinu: Það er ekki hægt að treysta þessu vegna þess að skoðanakannanir slá því ekki beinlínis föstu að Noregur eða Svíþjóð muni samþykkja inngöngu í Evrópubandalagið.

Þriðju röksemdirnar sem menn nota gegn þessu eru þær að sá árangur, sem náðst hefur, sé of dýru verði keyptur. Að við höfum fallist á einhliða veiðiheimildir. Það er rangt. Það er sannanlega fleipur. Við höfum gert samning um skipti á loðnu og karfa. Það er 0,26% af okkar heildarafla. Þeir segja: Fyrirvörunum var sleppt sem Steingrímur lagði upp með. Fyrsti fyrirvarinn var sá að heimila ekki fjárfestingar útlendinga í útgerð og fiskvinnslu. Sá fyrirvari stendur og er varanlegur og það getur enginn neitað því. Þeir segja: Það er búið að framselja orkulindirnar okkar. Það er rangt. Einokun ríkis og sveitarfélaga við nýtingu á orkulindum stendur og það þarf engan fyrirvara um það. Ef við viljum einkavæða orkufyrirtækin, þá eru hér á leiðinni frv. á Alþingi Íslendinga og Alþingi er í lófa lagið með því að samþykkja þau að lýsa þjóðareign á þessum orkulindum. Þá er það vandamál leyst.

Þeir segja: Útlendingar munu kaupa upp jarðirnar okkar.

Fyrrverandi samstarfsaðili minn, hæstv. fyrrv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, fól Steingrími Sigfússyni, þessum sem þarna situr, að skila girðingafrv. um jarðakaupin í tíð fyrri ríkisstjórnar. Hann sveikst um það. Nú hefur hæstv. landbrh. lagt það hér fram. Þá koma menn og segja: Ja, þetta eru bara allt of miklar kvaðir. Það er varla hægt að selja hér jarðir. Þetta var beðið um, þetta fengu menn. (**Gripið fram í:** Styður þú þetta frv.?) Já, ég styð það. Menn segja: Landið fyllist af útlendu fólki. Þetta er rangt. Það eru öryggisákvæði í þessum samningi sem tryggja það að íslensk stjórnvöld hafa fullt vald á því máli. En menn geta síðan litið til reynslunnar. Hvað eru margir Íslendingar sem búa í útlöndum? Tæplega 20 þúsund. Hvað eru margir Skandínavar sem búa á Íslandi? 1.800. Það er mikið atvinnuleysi í Finnlandi, 20%. Hér er það 3%. Hafa Finnar flykkst hingað? Það eru rækilegar skorður við þessu þannig að það er tryggt að öllum fyrirvörunum sem Steingrímur Hermannsson lagði upp með í samfylgd með mér var til skila haldið. Verður fjárflótti úr landi? Eru menn ekki að tala um það að á Íslandi séu hæstu vextir í heimi? Er mikil hætta á því? Leitar ekki fjármagnið þangað sem það fær bestu ávöxtunina?

Er verið að leggja íslenskan landbúnað í rúst? Það er rugl. Þessi samningur er ekkert um landbúnaðarmál. Útilokar þetta okkur frá því að byggja upp markaði annars staðar? Alls ekki vegna þess að þetta er ekki tollabandalag. Við erum jafnfrjáls að því að gera viðskiptasamninga við aðrar þjóðir eins og við höfum alltaf verið og erum að því um alla Austur-Evrópu. Við lýsum því yfir að við viljum ná fríverslunarsamningum við Bandaríkin og Kanada. Er kostnaðurinn af þessu að sliga okkur? 200–250 millj. í samanburði við vinningsvon upp á 7 milljarða? Nei. Þessi málflutningur dugar ekki. Hann einfaldlega dugar ekki.

Er verið að selja landið?

Góðir hlustendur. Hvenær minnist þið þess þegar Ísland hefur stigið virkilegt framfaraspor í samstarfi við aðrar þjóðir að ekki hafi verið gripið til slíkra svikabrigsla? Inngangan í Atlantshafsbandalagið sem enginn deilir um að var rétt. (Gripið fram í.) Inngangan í EFTA sem enginn deilir um að var rétt. Sú bylting sem varð á viðreisnarárunum þegar haftakerfinu var aflétt og við stigum fyrstu skrefin í átt til opins markaðskerfis. Hverjir voru á móti þessu? Hverjir brugðust alltaf við með landráðabrigslyrðum? Það var fortíðarliðið í Alþb., það var landbúnaðaríhaldið í Framsókn. Og nú er kominn hér nýr flokkur, fylgikonur allaballa í þessari afturhaldssemi í Kvennalistanum. Þetta eru sömu öflin sem hafa haft rangt fyrir sér í hverju einasta stórmáli lýðveldisins allan tímann. Þeir menn, sem eru arftakar gamla Kommúnistaflokksins og Sósíalistaflokksins, undir forustu Hjörleifs Guttormssonar, mannsins frá Dresden, fjölfætlufræðingsins frá Leipzig, eins og Garðar Sigurðsson, fyrrv. þm. Alþb., kallaði hann, — þessir menn sem trúðu á sínum tíma á framtíðardrauminn um Sovétríkin, og höfðu auðvitað rangt fyrir sér, þessir menn sem hafa barist, lagt dag við nótt með aðdáunarverðum dugnaði og aðdáunarverðri stefnufestu gegn öllum helstu framfaramálum, en hafa alltaf haft rangt fyrir sér — hver trúir því nú að þeir hafi rétt fyrir sér? Hver trúir nú á ómagaorðin sem þeir notuðu við inngönguna í EFTA um að það mundi binda endi á íslenskt sjálfstæði, það mundi verða framsal fullveldis eða eitthvað þess háttar? Þetta eru allt saman staðlausir stafir, ýkjuáróður, hræðsluáróður, en ómerkilegur áróður.

Það er fjarstæða að þessi samningur sé um framsal á fullveldi. Í honum felst ekkert afsal á löggjafarvaldi. Þessi samningur fer ekki í gegn og verður ekki partur af íslenskum lögum nema Alþingi samþykki. Sama máli gegnir um breytingar á honum.

Lausn deilumála. Er verið að framselja vald í hendur erlendum dómstólum eða erlendri stofnun eins og eftirlitsstofnuninni? Ég spyr. Ef við ætlum að eiga viðskipti við aðrar þjóðir og upp koma deilumál, halda menn að Ísland hafi lögsögu eða dómsögu í þeim málum? Ef við ætlum að spila fótbolta við Dani, haldið þið að við förum eftir sérislenskum reglum á íslenska vallarhelmingnum? Haldið þið að við höfum íslenskan dómara til að dæma? Nei. Þessi líking er nákvæmlega rétt. Þegar íslensk fyrirtæki eiga í milliríkjaviðskiptum, sem heyra undir samkeppnisreglur EES, þ.e. á takmörkuðu sviði, þá þurfum við eins og í landsleik í knattspyrnu hlutlausan dómara. Og er það bannað í stjórnarskránni? Nei. Er það afsal á valdi? Nei. Vegna þess að það er á valdi Alþingis að gera slíka samninga. Það er á valdi Alþingis að samþykkja slík lög. Alþingi hefur samþykkt marga slíka lagabálka, þar á meðal allir þeir sem hér eru í stjórnarandstöðu, þ.e. þingmenn Framsóknar og Alþb. í tíð fyrri ríkisstjórnar.

Og þegar þessar staðreyndir eru settar fram af sérfræðingum sem kvaddir eru til, þeir sem íslenskt þjóðfélag hefur valið til að gegna þeim störfum að vera prófessorar við Háskóla Íslands í stjórnskipunarrétti og Evrópurétti, þá er sagt: Nei, nei, þessir menn eru allir saman handbendi Jóns Baldvins. Það er ekkert mark takandi á þeim. En ef pöntuð er álitsgerð frá ungum manni, sem reyndar er sérfræðingur í frumbyggjarétti, þá er hann allt í einu orðinn fremsti þjóðréttarfræðingur Íslands fyrr og síðar. Á svona nótum er umræðan, virðulegi forseti.

Ég vék að því í upphafi að nú væri svo komið eftir fjögurra mánaða málþóf stjórnarandstöðunnar að formaður Framsfl. treystir orðið engum í sínum flokki nema sjálfum sér, hann talar einn, „Ein Volk – Ein Führer". Formaður Alþb. er horfinn á braut til þess að þurfa ekki að hrista hér framan í fólk fortíðarhlekki Hjörleifs Guttormssonar á hans úlnliðum. Og Kvennalistinn talar hér í einum kór en tveimur röddum. Það ætlar að koma á daginn að það hafi verið nokkurn veginn rétt sem ég spáði fyrir löngu síðan hvernig þetta mundi fara. En leiknum er ekki lokið. Þjóðin bíður eftir því að Alþingi Íslendinga geri skyldu sína og afgreiði þetta mál. Fólk er kvíðið um atvinnu sína. Það hefur ekki tíma til þess að hlusta á meira málþóf.

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Þingflokkur framsóknarmanna fór eindregið fram á það að ég talaði hér einn fyrir hönd flokksins. Ég taldi sjálfsagt að verða við þeirri ósk, enda hef ég átt langstærstan hlut í því að móta afstöðu flokksins til þessa máls, bæði í upphafi þegar við ákváðum að taka þátt í þessum viðræðum og þeim samþykktum sem gerðar hafa verið, bæði á miðstjórnarfundum og flokksþingi. Ég taldi einnig rétt að verða við þessu af þeirri ástæðu að flokkurinn hefur nokkuð verið gagnrýndur fyrir það að þingmenn flokksins hafa sumir setið hjá og aðrir greitt atkvæði á móti við 2. umr. Einkum hafa fjölmiðlar blásið það mjög upp og talið það bera vott um klofning í Framsfl. sem er alrangt og ég mun einnig færa rök að.

Ég ætla ekki að nota tíma minn hér til að flytja ræðu eins og hæstv. utanrrh. Jón Baldvin gerði áðan og ég læt fúkyrði hans sem vind um eyru þjóta. Ég verð þó að leiðrétta það að EFTA-ríkin hafa ekki öll samþykkt þennan samning, Sviss felldi hann, og ef ég veit rétt þá hafa aðeins þrjú eða fjögur ríki Evrópubandalagsins samþykkt hann á þessari stundu. Ég lít svo á að til þessarar umræðu sé stofnað til þess að við getum gert ykkur, sem sitjið heima, grein fyrir okkar stefnu í þessum málum en við eigum ekki að standa hér og karpa hver við annan.

Mér er að vísu nokkur vandi á höndum því að umferðirnar verða þrjár og ef ég tala í þeim öllum get ég ekki aftur tekið til máls við 3. umr. þessa máls því þingsköp leyfa frsm. aðeins að tala þrisvar. Ég hef því ákveðið að skipta tíma Framsfl. nokkurn veginn í tvennt og tala í fyrstu og þriðju umferð og get því einnig síðar tekið þátt í henni og þá getur vel verið að ég beini einhverjum orðum til t.d. hæstv. utanrrh.

Ég var að hugsa um að reyna að svara nokkrum þeim spurningum sem ég hef iðulega verið spurður að. M.a. spurði ungur maður mig að því í gær hvort við framsóknarmenn værum mótfallnir samstarfinu í Evrópu, þ.e. hinu Evrópska efnahagssvæði. Ég svaraði honum að sjálfsögðu að það væri alrangt. Við erum alls ekki mótfallnir því og satt að segja teljum við framsóknarmenn afar nauðsynlegt að Evrópuþjóðirnar styrki sitt samstarf og leysi þannig sín ágreiningsmál en ekki með heimsstyrjöldum. Við teljum hins vegar að slíkt samstarf geti gengið of langt og við teljum að slíkt samstarf megi aldrei leiða til þess að þar myndist herraþjóð og svo þjónar.

Ég hef einnig verið að því spurður og reyndar af þessum sama unga manni hvernig þá stæði á því að við framsóknarmenn styddum ekki þátttöku Íslendinga í hinu Evrópska efnahagssvæði. Staðreyndin er sú að við styðjum þátttöku Íslendinga í samstarfi Evrópuþjóðanna og reyndar í samstarfi þjóða um allan heim. En við höfum gert okkur grein fyrir því að slíkt samstarf er aldrei á jafnréttisgrundvelli gert nema smáþjóðin fái samþykkta fjölmarga fyrirvara. Hæstv. utanrrh. hefur hvað eftir annað sagt að þetta væri mjög góður samningur því að í honum ríkti fullkomið jafnræði á milli þjóða. Haldið þið virkilega, góðir áheyrendur, að jafnræði sé á milli þjóða þar sem annar aðilinn er aðeins 260 þús. manns en hinn 300 millj. og þessar 300 millj. eiga að fá sama rétt til afnota af okkar landi eins og við höfum? Kannski skýri ég þetta einna best, a.m.k. fyrir hv. sjálfstæðismönnum, með því að lesa örlítið úr ræðu sem Bjarni Benediktsson, fyrrv. forsrh. og formaður Sjálfstfl., flutti á Þingvöllum 1943 þegar menn voru að heimta sjálfstæði þessarar þjóðar. Þá sagði sá merki maður:

„Íslendingar eiga að vísu sjálfir land sitt, en þeir eru skyldir til að þola þrjátíu sinnum mannfleiri þjóð, Dönum, öll hin sömu not af landinu og þeir sjálfir hafa. Ætla mætti, að ekki þyrfti að hvetja neinn Íslending til að una slíku frelsi eigi lengur en hann er skyldur til samkvæmt ströngustu lögum."

Ég tek undir þessi orð og get gert þau að mínum. Og menn verða að gera sér grein fyrir þessu að þó að standi á pappírnum að jafnrétti sé, þá er það ekki nema á pappírnum.

Ég hef stundum skýrt það með dæmi. Samkvæmt þessum samningi, þegar ríkisstjórninni hefur tekist að gera bankana okkar að einkabönkum og selur hlutabréfin, þá er fyrirtækjum og einstaklingum í Evrópu jafnfrjálst að kaupa banka hér og okkur að kaupa banka þar. Þetta er jafnræðið. En ég hef stundum spurt: Hvort halda menn að líklegra sé að Landsbanki Íslands kaupi t.d. Deutsche Bank í Þýskalandi eða Deutsche Bank Landsbanka Íslands? Ég held að ég þurfi satt að segja ekki að svara þeirri spurningu. Þýski bankinn gæti gert þetta án þess að depla auga. Og það er þess vegna að þegar við framsóknarmenn samþykktum að ganga til þessa verks, þá fór ég til Óslóar í mars 1989 með mjög ákveðin skilyrði og það er

rangt hjá hæstv. utanrrh. að þeim hafi öllum verið fullnægt. Þar setti ég með fullri samþykkt allra í ríkisstjórninni skilyrði sem í fáum orðum voru þessi: Ég sagði: Við Íslendingar verðum ætíð að ráða okkar náttúruauðlindum og það er vitanlega bæði til lands og sjávar. Það er sjávarútvegurinn, það eru orkulindirnar og það er landið okkar sjálft. Og við verðum að hafa möguleika til þess að takmarka fjárflutninga til landsins. Við verðum að hafa möguleika til þess að takmarka flutning fólks til landsins. Og ég sagði, eins og kom fram reyndar áðan hjá einum ræðumanni, að við gætum ekki samþykt yfirþjóðlegar stofnanir því að það brýtur að sjálfsögðu í bág við stjórnarskrána.

Nú er fullyrt að þetta hafi allt náðst í samningunum. Það er rangt. Eitt atriði hefur náðst og það er að erlendum aðilum er ekki heimilt að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi. Þó brá mér þegar ég sá að það er tekið fram í þessari yfirlýsingu að þó skuli það ekki hindra að erlend fyrirtæki geti eignast hlut eða fyrirtæki í heild sinni, að sjálfsögðu á Íslandi, sem kunni aftur að eiga íslenskum sjávarútvegi. Þetta er breyting á þeim lögum sem við settum sameiginlega í fyrri ríkisstjórn í lok hennar starfstíma. Þarna er verið að opna dyrnar og hvert getur það leitt?

Hæstv. utanrrh. segir: Þetta er tryggt með orkulindirnar. En hefur ekki hæstv. ríkisstjórn boðað það í sinni hvítu bók að hún ætlar að einkavæða orkufyrirtækin og hún ætlar síðan að sjálfsögðu að selja þau. A.m.k. getur hún ekki bannað Reykjavíkurborg eða Akureyrarbæ að selja sinn hlut í Landsvirkjun. Og samkvæmt jafnréttisgrundvelli samningsins er erlendum aðilum eins frjálst og okkur að kaupa orkufyrirtækin í okkar eigin landi.

Ég hef ekki enn þá séð frv. sem á að tryggja yfirráðarétt okkar yfir jarðhitanum. Ég hef ekki séð það. Það mun hafa verið lagt fram á sumarmánuðum og dregið til baka. Og hæstv. utanrrh. segir: Þetta er allt í lagi með landakaupin af því að hæstv. landbrh., sem var bent á að er í Egyptalandi, hefur lagt hér fram frv. sem er ekkert annað en ófreskja. Ég minni á að í októbermánuði 1990 lagði aðalsamningamaður ríkisstjórnarinnar eða utanrrh. fram greinargerð um þetta mál og sagði þar að eins og íslensk jarðalög eru, þá á að vera mjög auðvelt að tryggja í raun forgang Íslendinga að landi. Það var hvergi getið um að það þyrfti á sama tíma að verðfella allar íslenskar jarðir. Það er því alrangt að þessum skilyrðum hafi verið náð og þess hafi verið gætt sem ég sagði áðan að við Íslendingar hefðum einhvern forgang og raunar vil ég segja algeran forgang í okkar eigin landi að nýta þær náttúruauðlindir sem við eigum.

Ég hef einnig oft verið spurður að því: Hvað hefur þá breyst frá því að þið voruð í ríkisstjórn? Meira að segja hæstv. forsrh. hefur haldið því fram að ekkert hafi breyst. Það er líka rangt. Það hefur afar mikið breyst. Ég þarf út af fyrir sig ekki að nefna það, sem allir vita, að EFTA er í raun hrunið og sá boðskapur sem okkur var sagður þegar við gengum til þessa leiks, að þetta ætti að vera samstarf tveggja jafnréttháhrra stoða er ekki lengur til. EFTA-ríkin hafa öll nema við ákveðið að sækja um aðild að EB og ég vil lýsa því yfir hér að ég hefði aldrei tekið í mál að ganga til þessa verks ef ég hefði vitað og við framsóknarmenn að þetta samkomulag ætti aðeins að standa í 2–3 ár.

En það er líka fleira sem hefur breyst. Ég hef ekki tíma til að rekja þau fjölmörgu atriði í þessum samningum sem koma mér a.m.k., sem þekkti þennan samning mjög vel, afar mikið á óvart. Ég hef nefnt í langri framsöguræðu minni, sem forsrh. bar sig dálítið undan út af í Morgunblaðinu daginn eftir, ýmis dæmi, t.d. þau að við erum skyldaðir til að nota ákveðna hjólbarða eða nota ákveðin ljós á bílana okkar. Þetta eru vitanlega smáatriði. En þetta eru dæmi um það bákn sem við erum þarna að gangast undir. Ég skildi þetta a.m.k. svo að það væri jafnræði á milli ríkjanna og ýmislegt yrði tekið upp frá EFTA-ríkjunum og annað frá EB-ríkjunum þó að það yrði þó fyrst og fremst það. Það var okkur ljóst.

En það er fleira sem hefur breyst. Mætur maður, Einar Oddur Kristjánsson, sagði á fundi hjá Verslunarráði að svona samningur við erlent ríki gæti verið stórkostlega hættulegur ef íslenskur atvinnuvegur væri ekki sterkur þegar hann gengi til þess leiks. Undir þetta vil ég taka. Árin 1989 og 1990 var íslenskur atvinnuvegur á batavegi og það hafa tölur Þjóðhagsstofnunar rækilega sýnt. T.d. árið 1990 er eigið fé í íslenskum sjávarútvegi orðið eitt það besta sem það hefur verið þann áratug og hafði batnað um um það bil 50% og sjávarútvegurinn var kominn úr taprekstri í um það bil núllið. Enn þá meiri var batinn í íslenskum iðnaði. Þar jókst bæði eigið fé og sagði formaður Félags ísl. iðnrekenda við mig á þeim tíma að það ár hefði verið besta árið í afkomu íslensks iðnaðar.

Við töldum að þá væri íslenskt atvinnulíf að komast í þá stöðu að það gæti keppt á svona opnum markaði. En hvernig er það nú? Þessi ríkisstjórn hefur ekki lyft hendi til að styðja við bakið á íslensku atvinnulífi og jafnvel ekki þrátt fyrir það sem hún boðar að fram undan sé, opin samkeppni. Það vita það allir að íslenskur sjávarútvegur er rekinn með tapi. Nú segir hæstv. utanrrh.: Þetta tap hverfur þegar við komum í EES. Trúir hann þessu virkilega sjálfur? Trúir hann því virkilega sjálfur að skuldsettur íslenskur sjávarútvegur sem er með rekstur sinn að mörgu leyti þegar í mjög miklum vandræðum geti nýtt sér þau tækifæri sem þarna kunna að vera? Er hann nógu sterkur til þess? Því miður held ég ekki. Og þetta er að mínu mati einhver sú alvarlegasta breyting sem hefur orðið frá því að við gengum til þessa verks. Allar ríkisstjórnir í EB og í EFTA styðja opinberlega eða reyndar mætti heldur segja bæði leynt og ljóst við bakið á sínu atvinnulífi til að styrkja það í sinni samkeppni. Það var rakið fyrir mér fyrir nokkrum dögum af kunnugum manni að Danir t.d. verja óhemju miklu fé til að endurmennta fólk í atvinnulífinu danska þannig að þeir geti keppt á þeim opna markaði sem þeir hafa gengið til.

Eitt er það atriði sem ég nefndi áðan og hæstv. utanrrh. heldur fram að hafi verið fullnægt og það er um fólksflutninga til landsins. Í samningnum er ein grein,

mig minnir 118. gr., sem segir að heimilt skuli að grípa til ráðstafana ef ákvæði samningsins leiða til röskunar á efnahagsmálum viðkomandi þjóðar. En hvað má þá gera á móti? Þá má Evrópubandalagið beita gagnráðstöfunum og þær deilur sem frá þessu kunna að hefjast verða að fara fyrir gerðardóm. Hve snemma getum við Íslendingar sýnt fram á að flutningar atvinnulausra til Íslands hafi skaðleg, efnahagsleg áhrif? Það getur liðið töluvert langur tími og þetta er alls ekki það ákvæði sem við lögðum áherslu á að fá inn í samninginn þegar við fórum af stað. Við óskuðum eftir því að við hefðum sama ákvæði og við höfum í samningnum við Norðurlöndin. Við gætum stöðvað fólksflutninga án nokkurra skilyrða. Það er því víðs fjarri að þessi samningur sé sá sami og til var ætlaðst í upphafi.

Við framsóknarmenn höfum rætt mjög mikið um þennan samning að sjálfsögðu á okkar fundum, enda við verið virkir þátttakendur í allri gerð hans fyrstu tvö árin nánast. Og við ræddum hann á okkar miðstjórnarfundi t.d. 2. maí og gerðum þá mjög ákveðna ályktun um samninginn. Við sögðum: Það er útilokað að styðja þennan samning nema nokkrum skilyrðum sé fullnægt, öllum þeim skilyrðum sem við settum í upphafi, og sömuleiðis að samningurinn standist hina íslensku stjórnarskrá. Á flokksþinginu gerðum við svipaða samþykkt og lögðum áherslu á að það væri útilokað að styðja þennan samning ef hann gengi í bág við stjórnarskrána og þar ætti stjórnarskráin að njóta vafans. Þetta hefur markað okkar stefnu í þessu máli og ég ætla að nota seinni hluta míns tíma til að ræða það nánar og ræða þá einnig um þá framtíð sem við sjáum fyrir okkur og mikilvægi þess að ganga þegar til að ákveða að þessum samningi verði breytt í tvíhliða samning.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Senn líður að lokum umræðna um hið Evrópska efnahagssvæði. Það hefur vakið nokkra athygli að Alþingi Íslendinga hefur tekið meiri tíma í slíkar umræður en öll þjóðþing hinna EFTA-ríkjanna til samans og vissulega hefur þessi umræða verið löng en því miður hefur hún iðulega eingöngu verið á lengdina en ekki að sama skapi markviss og efnisrík. Þeir sem vel þekkja til samningsins sem hér hefur verið rætt um hafa stundum ekkert vitað hvaðan á þá hefur staðið veðrið undir þeim fullyrðingum sumum sem fram hafa komið um efni hans.

Auðvitað er það svo að samningur sem margar þjóðir koma að verður aldrei klæðskerasniðinn eftir þörfum einnar þjóðar. Það hefur auðvitað heldur ekki verið gert í þessu tilviki. En þær ógnir og skelfingar sem samningurinn á að hafa í för með sér fyrir Íslendinga að mati þeirra andstæðinga hans hér í þinginu sem lengst hafa seilst eru ekki bara fráleitar fjarstæður heldur fremur hugarburður og skáldskapur en raunveruleiki.

Því hefur jafnan verið haldið fram að gervöll stjórnskipun landsins mundi riðlast og komast á hverfandi hvel ef af samningnum yrði. Alþingi Íslendinga og dómstólar landsins yrðu sett til hliðar og önnur og óskyld erlend öfl tækju við hlutverkum þeirra. Og því hefur verið haldið á loft að jarðir, fossar og fjöll og fyrirtæki landsmanna mundu færast á erlendar hendur og hingað mundu flykkjast milljónir af atvinnuleysingjum og hirða vinnuna af heimamönnum.

Það hafa ekki virst nein takmörk vera fyrir því hversu langt menn vilja ganga í hræðsluáróðri sínum. Og stundum hafa þeir gengið lengst, eins og menn heyrðu rétt áðan úr þessum ræðustól, sem í tæp tvö ár voru í forustu fyrir því að koma þessum samningi á.

Ég segi fyrir mig og minn flokk að væri fótur fyrir slíkum dómadags hrakspám kæmi ég ekki nálægt slíkri samningsgerð. En það er einmitt mergurinn málsins að það er ekki fótur fyrir þessu skelfingartali. Og fólkið í landinu spyr og það er von að það spyrji: Hvers vegna í ólsköpunum gerðu forustumenn Framsfl. og Alþb. allt sem þeir máttu í tvö ár til að koma þessum samningi á ef hann er slíkur háskaleikur með fjöregg þjóðarinnar? Það hefur margoft verið sagt að þessir menn skuldi þjóðinni skýringar, en þær hafa ekki komið. Formaður Framsfl. hefur reyndar reynt að klóra hér í bakkann eins og kom fram hér áðan og sagt að samningurinn hafi snarbreyst til hins verra frá því sem hann var þegar hann barðist fyrir því að þessi samningur yrði samþykktur. Hér talar hv. þm. Steingrímur Hermannsson gegn betri vitund. Engar meginefnis- né eðlisbreytingar hafa orðið á þessum samningi frá því að hann var að berjast fyrir því að samningurinn kæmist á.

Já, vissulega hefur umræðan verið mikil, en spyrja má hvort hún hafi náð út út þessu húsi og til þjóðarinnar og hverju hún hafi þá skilað. Í upphafi umræðna bentu kannanir til þess að verulegur meiri hluti þjóðarinnar væri málinu andvígur. Við erum öll eðlislega andvíg og jafnvel hrædd við flókna og óþekkta hluti. Þegar slík mál skýrast gerist oftast annað tveggja: menn herðast í andstöðu sinni eða að þekkingin og upplýsingarnar kalla menn til fylgis við það mál sem þannig er kynnt. Það er einmitt það síðara sem hefur gerst núna. Eftir því sem menn fá meiri fróðleik um málið því meir eflist stuðningur við það.

Formenn Framsfl. og Alþb. ákváðu eftir síðustu kosningar að hafa pólitík fataskipti. Hætta að styðja samninginn um EES og leggjast nú gegn honum. Þetta gerðu þessir forustumenn ekki vegna þess að samningurinn hefði breyst til hins verra heldur vegna þess að staða þeirra tveggja hafði breyst til hins verra. Þetta er ekki sannfærandi framkoma og hún er ekki rishá. En vegna þessarar sérkennilegu kúvendingar hv. þm. Steingríms Hermannssonar og Ólafs Ragnars Grímssonar vissi þjóðin ekki annað þegar EES-umræðan hófst í þinginu í ágúst í sumar en að samningsgerðin hefði stuðning 34 stjórnarsinna en á móti væru 27 stjórnarandstæðingar og tveir stjórnarsinnar. En í sögulegri atkvæðagreiðslu sl. þriðjudag kom endanlega í ljós að andstæðingum samningsins hafði fækkað um sex frá því að umræður hófust. Þetta voru auðvitað

mikil tíðindi og þessi afstöðubreyting var augljóslega ekki tekin út með sældinni. Þannig hefur það vakið athygli að formaður Framsfl., hv. þm. Steingrímur Hermannsson, hefur aldrei verið í þingsalnum þegar framsóknarmennirnir kynntu þá afstöðu sína að þeir vildu ekki leggja steina í götu EES-samningsins. Hann getur því kannski ekki vitað að sú ræða sem hann flutti áðan var ekki í neinu samræmi við þær ræður sem þeir hv. þm. fluttu, mjög málefnalegar ræður. Hann getur þó hugsanlega í seinni umferð flutt ræðu sem er sammála þeim ræðum. Að vísu verður hann þá ósammála sjálfum sér í fyrri ræðunni, en hann getur þá notað ræðu sem hann flutti þegar hann var að berjast fyrir aðild okkar að EES-samningnum á síðasta kjörtímabili og fer létt með það. En þó hv. þm. væri ekki í salnum gættu forustumenn Alþb. sín vel á því að mæta vel við þessi tækifæri og þeir hirtu og spottuðu viðkomandi þingmenn framsóknar og kvennalista rétt eins og þeir hefðu áskilið sér húsbónda- og agavald yfir þeim.

En hvað sem þessu líður er ljóst að umræðan hefur þrátt fyrir allt orðið til góðs. Þeim sem styðja samninginn efnislega hefur fjölgað jafnt hjá þingi og þjóð. Þjóðin hefur hafnað þeim ámátlega hræðsluáróðri sem helst virðist byggjast á mikilli minnimáttarkennd fyrir þjóðarinnar hönd, minnimáttarkennd sem þjóðin er ekki haldin. Það eru góð meðmæli með máli að því meiri umræða sem það fær því fleiri fylgjendur fær málið. Það eru bestu meðmæli sem mál getur fengið sem tekist er á um.

Mér hefur þótt undarlegt hvað álit manna hér á Alþingi hefur í mörgu verið ólíkt því sem gerist með öðrum þjóðum. Þegar samningurinn um EES var naumlega felldur í Sviss spratt á fætur hver andstæðingur samningsins eftir annan og hélt því fram að nú væri EES úr sögunni, Sviss hefði afgreitt málið fyrir Íslendinga. Slíkar raddir heyrðust ekki annars staðar á Norðurlöndum eða í Austurríki. Þar töldu menn auðvitað að þjóðirnar tækju slíkar ákvarðanir sjálfar og engin þeirra taldi úrslitin í Sviss neina efnisbreytingu hafa í för með sér fyrir þær þjóðir og þá auðvitað ekki heldur fyrir okkur.

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Megininntak samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði er að tryggja að þjóðirnar, þær stóru og þær smáu, fái að eiga viðskipti sín á milli á jafnréttisgrundvelli. Á slíkum grundvelli höfum við Íslendingar einmitt viljað eiga okkar viðskipti. Með samningnum eru okkur tryggð þau viðskiptakjör sem við megum ekki vera án á okkar langmikilvægustu mörkuðum. EES er fyrst og fremst tæki til að tryggja okkur hagstæðustu viðskiptaskilyrði og réttaröryggi á þessum stóru mörkuðum. En það er margt annað sem mikilvægt er. Við skulum ekki gleyma því að í EES-samningnum er rík áhersla lögð á að auka rétt einstaklinga og fyrirtækja en setja skorður við ofríki stjórnvalda gagnvart þessum aðilum.

Samningnum er einnig beint gegn hömlum af margvíslegu tagi. Í honum felst því aukið frelsi fyrir einstaklinga og fyrirtæki, meiri hagkvæmni, lægra vöruverð og betri lífskjör. Það er einmitt af þessum ástæðum sem íslenskt atvinnulíf hvetur til samþykktar samningsins. Það er af þessum ástæðum sem íslenskir neytendur hvetja til samþykktar samningsins. Og það væri af þessum ástæðum og mörgum öðrum veigamiklum ástæðum ekki aðeins ástæðulaust að hafna EES-samningnum, það væri glapræði að hafna honum. Þeir menn sem hvetja til þess að svo verði gert hafa ekki í huga hagsmuni þessarar þjóðar, hvorki í bráð né lengd. — Ég þakka áheyrnina.

Árni R. Árnason:

Virðulegur forseti. Góðir áheyrendur. Samningurinn um EES er viðamikill og margbrotinn. Hann snertir athafnalíf, allt frá viðskiptum til rannsókna- og þróunarstarfs, umhverfismála, og málefna smáfyrirtækja, svo fátt eitt sé nefnt.

Einn helsti kostur hans er að tryggja okkur greiðan aðgang að mörkuðum og vildarkjör í tollum á langmikilvægasta útflutningsmarkaði okkar án þess að ógilda fyrri fríverslunarsamning og án þess að skerða rétt okkar til beinna samninga og viðskipta við ríki utan hans, svo sem Bandaríkin og Japan.

Ákvæði samningsins um frelsin fjögur og um virka samkeppni snerta alla atvinnuvegi okkar og flestar starfsgreinar. Misjafnlega þó.

Verslun og iðnaður hafa átt í óheftri samkeppni við Vestur-Evrópu allt frá inngöngu okkar í EFTA 1970 og síðar með fríverslunarsamningi okkar við EB. Það er því stórfurðulegt að heyra hér undanfarnar vikur og mánuði fullorðið fólk tala eins og verslun okkar og iðnaður hafi allt til þessa dags búið við algjöra vernd gegn erlendri samkeppni — en með aðild okkar að EES muni skella á gjörningaveður fjórfrelsisins, gjörningaveður frelsis og samkeppni.

Forsvarsmenn iðnaðar hafa ítrekað bent á að samningurinn bætir stöðu hans í samkeppninni með lækkun á kostnaði við hráefni, aðföng og þjónustu, nokkuð sem hans erlendu keppinautar hafa notið lengi.

Forsvarsmenn verslunar hafa enn fremur sýnt fram á að með aðlögun að innri markaði EB, og um það snýst samningurinn, muni innflutnings- og útflutningsverslun væntanlega spara um 2,8 milljarða króna á ári og ríkissjóður hálfan til 1 milljarð að auki.

Hv. landbn. Alþingis hefur gaumgæfilega kynnt sér áhrif samningsins. Ágreiningslaus niðurstaða hennar var að innlendar landbúnaðarafurðir fái með honum betri möguleika en áður vegna hagfelldari ákvæða hans um jöfnunargjöld, en nú gilda.

Sjávarútvegur hefur ævinlega átt í harðri samkeppni, en er verulega frábrugðinn hinum erlendu keppinautum. Þeir eru mjög lítill hluti efnhagsstarfseminnar hver í sínu landi, helst á jaðarbyggðum, strandsvæðum án iðnaðar og njóta mikilla ríkisstyrkja.

Hér er sjávarútvegurinn undirstaða atvinnulífs og afkomu heils þjóðarbús, vel búinn og beitir nýjustu tækni, stendur á eigin fótum án styrkja frá ríki eða öðrum atvinnuvegum. Hann er grundvöllur auðsældar þjóðar sem hefur á fáum áratugum brotist frá fátækt til velmegunar.

Miðað við útflutning ársins 1990 veitir samningur-

inn tollalækkanir af sjávarafurðum sem nema um 1,9 milljörðum kr. Bókun 6 heldur fullu gildi sínu þar sem hún gengur lengra og í öðrum greinum fæst lækkun til viðbótar. Mikilvægust er umtalsverð tollalækkun á saltfiski og ferskum unnum fiski sem gjörbreytir samkeppnisstöðu okkar og opnar að auki möguleika á nýrri vinnslu. Ávinningur sjávarútvegs er ávinningur hinna dreifðu byggða um alla sjávarsíðuna.

Gagnvart upplýsingum samtaka og forystumanna atvinnuveganna um góð áhrif samningsins á starfskjör þeirra og möguleika verða ótrúverðugar ræður andmælenda hans sem tala eins og við búum í óbreytanlegum heimi, getum einangrað okkur frá kostnaði og áhættum vegna breytinga og framfara í viðskiptum og atvinnuháttum en samt sem áður uppskorið afrakstur þeirra.

Í heimi alþjóðlegra viðskipta erum við smáþjóð og ekki aðeins úti á jaðri Evrópu heldur á hjara veraldar. Samt sem áður er hér talað digurbarkalega eins og við getum einfaldlega krafist alls ellegar staðið ein. Það álít ég reginmisskilning á möguleikum okkar og á þeirri staðreynd að breytingar á viðskiptum og atvinnuháttum grannþjóða okkar munu einnig hafa sömu áhrif á lífskjör og afkomu okkar.

Aðild að EES fylgja vissulega nokkrar áhættur og mörg álitaefni. En synjun aðildar fylgja miklu meiri hættur fyrir atvinnulíf og afkomu uppvaxandi kynslóða í landinu. Greiður aðgangur og góð tollakjör á erlendum mörkuðum eru okkur algjör lífsnauðsyn. Nær allir flokkar á Alþingi hafa flutt tillögur um aukin samskipti og gerð nýrra viðskiptasamninga við EB sem undirstrika skilning þeirra á þessari nauðsyn. En fyrir liggja yfirlýsingar um að þeim þjóðum sem hafna EES munu ekki bjóðast jafngóð kjör í tvíhliða samningum við EB. Því er það að ef við gerumst ekki aðilar að EES, þá munum við búa við lakari viðskiptakjör en keppinautarnir. Ekki þarf að spyrja um afleiðingar þess á lífskjör, velferð né efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar eða lífsmöguleika. Því segi ég fyrir mitt leyti og margra annarra að því aðeins búum við þjóð okkar kost á sambærilegum lífskjörum við aðrar og möguleika á að halda hér ungu og framgjörnu fólki að við berum nú gæfu til að taka frá upphafi þátt í því víðtæka samstarfi grannþjóða okkar í Evrópu sem samningurinn leggur grundvöll að.

Þess vegna, virðulegur forseti, þess vegna, góðir áheyrendur, greiði ég þessum samningi atkvæði mitt.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Góðir áheyrendur. Á undanförnum árum hefur verið að birta til í samskiptum risaveldanna og í afvopnunarmálum. Allt frá stríðslokum hefur heiminum verið skipt upp í tvö svæði sem að meira eða minna leyti hafa verið undir áhrifum risaveldanna tveggja. Nú hafa þau stórmerki gerst að Sovétríkin hafa liðið undir lok og með þeim hrundi miðstýrt og ólýðræðislegt stjórnkerfi. Það er hins vegar kaldhæðnislegt að á sama tíma og það kerfi hrynur til grunna er í uppsiglingu annað og ekki síður miðstýrt kerfi í Vestur-Evrópu. En þar á ég við EB. Verið er að skipta heiminum í viðskiptablokkir sem vilja einangra sig að meira eða minna leyti frá öðrum og fátækari hlutum heimsins. Þetta er óheillavænleg stefna sem Íslendingar eiga að vinna gegn.

Aðild að Evrópsku efnahagssvæði mun ekki verða konum til framdráttar heldur fremur hið gagnstæða. Þar sem hámarksgróði og aukinn hagvöxtur er höfuðmarkmiðið lúta jafnréttissjónarmið í lægra haldi og lítið tillit er tekið til barna og þeirra sem eldri eru og veikburða. Afleiðing slíkrar stefnu bitnar frekar á konum en körlum. Sú hagvaxtarstefna sem lögð er til grundvallar í Evrópubandalaginu og þar með á hinu Evrópska efnahagssvæði er stefna sem Kvennalistinn hefur barist gegn. Með aðild að EES og EB værum við að ýta undir mengun og sóun sem er afleiðing hagvaxtarstefnu sem er úrelt og ófullnægjandi þar eð aðallega er tekið mið af skammtímahagsmunum en sniðgengin er ný sýn til umhverfismála.

Með myndun Evrópska efnahagssvæðisins eru sjálfstæðar þjóðir ekki að gera viðskiptasamninga sín á milli heldur er verið með sama hætti og innan EB að mynda pólitísk samtök með yfirþjóðlegum stofnunum sem fara eiga með hluta þess valds sem nú er í höndum ríkisstjórna, þjóðþinga og dómstóla. Allt frumkvæði að lagasetningu á gildissviði samningsins yrði í höndum EB en ekki Alþingis. Þetta er ekki síst ógnvekjandi miðað við þá efnahagsstefnu sem Evrópubandalagið grundvallast á og mótuð er af fjármálarisum og fjölþjóðafyrirtækum. Þar er fyrst og fremst miðað við hag stórfyrirtækja og leiðir það til þess að staða smáiðnaðar og þjónustu versnar, sérstaklega í jaðarríkjum. Hvers vegna ætti það að vera eftirsóknarvert að tengjast svæði þar sem stöðug hnignun hefur verið í efnahagslífi að undanförnu, atvinnuleysi hefur farið vaxandi og lífskjör almennings versnað?

Íslendingar eiga meira undir utanríkisviðskiptum en flestar aðrar þjóðir. Frjáls vöruviðskipti eru þjóðinni hagkvæm og mikilvægt að geta stundað tollfrjálsa verslun með útflutningsafurðir. Sérstaða Íslands sem fiskveiðiþjóðar veldur því að afar óskynsamlegt er að binda þjóðina einum markaði eða efnahagssvæði sem þrengt gæti svigrúm hennar. Þvert á móti þjónar það hagsmunum okkar að vera óháð út á við og leita sem bestra samskipta með beinum samningum við einstök ríki og markaðsheildir. Þannig styrkjum við stöðu okkar út á við og treystum efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Við höfum góða vöru að bjóða og ef rétt er á málum haldið höfum við sterka samningsstöðu.

Aðild að Evrópsku efnahagssvæði þjónar ekki langtímahagsmunum Íslendinga. Við eigum að móta framtíðina utan hins Evrópska efnahagssvæðis og Evrópubandalagsins. Með því móti getum við aðlagað og mótað okkar innanlandslöggjöf með tilliti til okkar eigin hagsmuna og samkvæmt eigin ákvörðunum. Þannig gætu Íslendingar haft nokkur áhrif á þá efnahagsstefnu sem við viljum fylgja hér á landi og hægt er að fara aðrar leiðir en Evrópubandalagið ákveði.

Í stað þess að gerast aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu og Evrópubandalaginu í kjölfarið væri eðlilegra að halda áfram samstarfi við EB á sama grunni

og hingað til hefur verið gert og leita eftir tvíhliða samningum um hagsmunamál Íslendinga. Jafnframt því eigum við að efla samstarf við lönd utan Evrópubandalagsins og nýta okkur sem best þá stöðu sem við höfum mitt á milli stærstu markaðssvæða heimsins.

Mikil áhersla hefur verið lögð á það hve ávinningur sjávarútvegsins sé stór af samningnum. Það er auðvitað mikilsvert að fá lækkun tolla á okkar vörum á markaði Evrópubandalagsins og til hagsbóta fyrir íslenskan sjávarútveg. En svo góð sem niðurfelling tolla er verður einnig að halda því til haga hvaða verði slík tollalækkun er keypt. Aðgangur fiskiskipa EB að fiskimiðum Íslendinga er aðgöngumiðinn að mörkuðum þeirra þrátt fyrir yfirlýsta stefnu Íslendinga að slíkt kæmi aldrei til greina.

Evrópskt efnahagssvæði felur í sér að Ísland verður hluti af 380 millj. manna markaði með óheftu flæði fyrir fjármagn, þjónustu og vöru og að fólk hafi sama rétt á svæðinu öllu til atvinnu, til að stofna fyrirtæki, til að kaupa fasteignir, þar með talið land o.fl. Allan tímann sem samningaviðræður stóðu var látið að því liggja að auðvelt væri að koma í veg fyrir að erlendir aðilar gætu fjárfest í landi og öðrum auðlindum. Nú hefur komið í ljós að það er ekki hægt að hindra þetta nema skerða um leið verulega rétt Íslendinga sjálfra.

Aðild að Evrópsku efnahagssvæði er eitt stærsta mál sem Íslendingar hafa staðið frammi fyrir frá stofnun lýðveldisins. Það var og er enn sjálfsögð og eðlileg krafa að þjóðin sé spurð álits á því hvort rétt sé að taka þetta afdrifaríka skref. Aðild að EES samrýmist ekki íslensku stjórnarskránni að mati færustu sérfræðinga. Alþingi ætti aldrei að samþykkja lagafrv. sem líklegt er að samrýmist ekki stjórnarskrá lýðveldisins. Í þessu máli megum við ekki hugsa í árum eða láta hugmyndir um hugsanlegan skammtímaávinning ráða niðurstöðu. Í máli sem varðar grundvallaratriði í stöðu þjóðarinnar um langa framtíð má ekki rasa um ráð fram. Það hefur því miður verið gert. En það er ekki um seinan að spyrna við fótum og enn er ekki öll nótt úti. — Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Utanrrh. sagði áðan að Kvennalistinn talaði í kvöld í einum kór en tveimur röddum. Líklega hefur ráðherrann aldrei sungið í kór, en ég get upplýst hann um að kvennakór er aldrei færri en tvær raddir og blandaður kór er jafnvel fjórar. Það er talið að söngurinn verði samfelldari, samstilltari og hljómi betur því fleiri raddir sem í kórnum eru. (**Utanrrh.:** En tveir stjórnendur.)

En það er nokkuð ljóst eftir þá atkvæðagreiðslu sem fór fram á Alþingi í gær að þetta frv. um Evrópskt efnahagssvæði verður samþykkt. Það mun gerast þrátt fyrir það, sem er staðreynd í málinu, að samningurinn hlýtur að breytast verulega við það að Sviss hefur fellt hann. Raunar stenst það ekki lengur, sem í frv. segir, að þetta sé samningur milli EB og EFTA-ríkja. Það er því alveg furðulegt að íslenskir ráðamenn skuli enn halda því fram að ekkert sé því til fyrirstöðu að samþykkja EES-samninginn óbreyttan. Seinna megi svo samþykkja þingsályktun eða frumvarp þar sem breytingarnar séu tilteknar. Hvað finnst þjóðinni um þau vinnubrögð á Alþingi að samþykkja frv. sem nú þegar er vitað að verður að breyta? Það eru léleg vinnubrögð að mínu áliti.

Síðan er það atriði sem hefur verið mikið deilt um, það er hvort samningurinn standist stjórnarskrána og þá sérstaklega 2. gr. hennar. Allir viðurkenna raunar að þarna sé mikill vafi á ferðinni. Deilt er um hve mikill sá vafi er, en allur vafi ætti að túlkast stjórnarskránni í vil og Alþingi ætti ekki að samþykkja lög þar sem slíkur vafi er fyrir hendi.

Þá er það einnig viðurkennt að hér sé um eitt stærsta mál að ræða sem við höfum staðið frammi fyrir frá stofnun lýðveldisins og því eðlilegt að þjóðin væri spurð álits, en tillaga um þjóðaratkvæði var felld á Alþingi með naumum meiri hluta eins og kunnugt er.

Öll þessi atriði eru nægilega sterk rök fyrir því að fella þetta frv. til laga um Evrópskt efnahagssvæði.

Síðan eru það efnisatriði EES-samningsins og þeirra samninga sem honum tengjast. Þar tel ég að stærsta málið sé að EB hefur sett það skilyrði fyrir samþykkt EES-samningsins að gengið sé frá tvíhliða sjávarútvegssamningi um gagnkvæmar veiðiheimildir í lögsögu ríkjanna, eins og það heitir. Hér er verið að hliðra til sannleikanum því í þeim sjávarútvegssamningi sem hér liggur fyrir er alls ekki um gagnkvæmar veiðiheimildir að ræða. Við erum að opna fiskveiðilögsögu okkar fyrir skipum frá EB, t.d. Spánverjum eða Portúgölum. Við fáum ekkert í staðinn, nákvæmlega ekkert. Þau 30.000 tonn af loðnu sem við eigum að fá í staðinn fyrir 3.000 tonn af karfa eru í fyrsta lagi ekki í fiskveiðilögsögu hins aðilans, þ.e. EB-ríkjanna, og í öðru lagi er hér um íslenska loðnustofninn að ræða. Í þriðja lagi er þetta loðna sem við getum fengið að veiða hvort sem er. Loðnan veiðist yfirleitt ekki fyrr en hún er komin inn í okkar lögsögu og þá veiðum við hana ef stofninn er nógu stór til þess.

Svo eru stjórnarsinnar að reyna af veikum mætti að telja þjóðinni trú um að nauðsynlegt sé fyrir okkur að gera þennan sjávarútvegssamning til þess að við fáum að veiða þessa loðnu og það sé fjarstæða að tengja samþykkt hans við EES-samninginn. Samt er í meginmáli EES-samningsins, sem hafa mun lagagildi hér á landi, skýr yfirlýsing frá Evrópubandalaginu þess efnis að bandalagið telji að tvíhliða samningur um fiskveiðar milli EB og Íslands sé hluti af heildarniðurstöðu samningaviðræðnanna og grundvallarþáttur í samþykki þess á EES-samningnum.

Þá áskilur bandalagið sér rétt til að fresta gerð EES-samningsins uns tilkynnt hefur verið um fullgildingu tvíhliða fiskveiðisamnings. Bandalagið áskilur sér enn fremur rétt til að taka afstöðu gagnvart afleiðingunum sé sá samningur ekki fullgiltur.

Í þessari yfirlýsingu EB er ekki nokkur vafi á því að þetta hangir allt á sömu spýtunni. Fram að þessu hafa íslensk stjórnvöld staðið fast á þeirri skoðun að það kæmi ekki til greina að selja aðgang að fiskimiðum fyrir tollalækkanir erlendis. Hér er því brotið í blað

því núverandi íslensk stjórnvöld hafa ekki gert athugasemd við þessa yfirlýsingu EB.

Þegar farið var af stað í samningaviðræður um Evrópskt efnahagssvæði á sínum tíma var það gert til að fá tollfrjálsan aðgang með sjávarafurðir að mörkuðum Evrópu á móti tollfrjálsum aðgangi iðnaðarvara frá EB. Bandalagið hefur fengið sínu framgengt, en við verðum að láta fiskveiðiheimildir í staðinn fyrir tollalækkanir. Ekki einu sinni niðurfellingu allra tolla. Og það er nokkuð ljóst að sá hagnaður sem þessar tollalækkanir eiga að skila okkur vega ekki upp á móti þeim kostnaði sem við höfum af þessum EES-samningi.

Í þessum samningaviðræðum hefur EB alltaf haft sitt fram. Þeir fá aðgang að auðlindum okkar, bæði til lands og sjávar. Þeir fá hindrunarlausan aðgang hjá okkur fyrir iðnaðarvörur sínar.

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Ég tel svo stóra og mikla galla á þessu lagafrv. og þeim sjávarútvegssamningi sem því tengist að það komi ekki til greina að samþykkja það. — Ég þakka áheyrnina.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Góðir áheyrendur.

Það er langur gangur
fyrir hann svanga Manga
að bera þang í fangi
fram á langa tanga.

Eitthvað á þessa leið hljóðar vestfirskur húsgangur sem ég heyrði í æsku og var beitt á okkur nemendur í skóla í sambandi við stafsetningarkennslu. Mér hefur oft komið hann í hug þegar ég hef hlýtt á hæstv. utanrrh. halda hér sínar eldmessur yfir okkur þingmönnum undanfarin fjögur ár um aðalhugðarefni sitt, Evrópskt efnahagssvæði.

Það hefur verið „langur gangur" sem ráðherrann hefur lagt í í sambandi við þennan samning og hann hefur ekkert dregið af sér, en hann hefur ekki lagt leið sína út á íslensk annes heldur til útlanda og að því er best er vitað verði bærilega haldinn. Í staðinn fyrir ilmandi þang hefur fyrrverandi skólameistari sáldrað á borð okkar þingmanna blöðum úr reglugerðarfrumskógi Evrópubandalagsins sem safnast hafa upp á skrifstofum okkar nú að undanförnu. Þó var ekki betur að verki staðið en svo að við upphaf 2. umr. þessa máls um miðjan desember fengum við meira en hálfs metra stafla á þykkt í fyrsta sinn úr þessum reglugerðarfrumskógi. Þannig er staðið að málum af hæstv. ráðherra, þannig hefur verið haldið á þessu máli af ríkisstjórninni að við höfum verið að fá málskjölin alveg fram undir þetta og sum eru ekki enn þá komin á íslenskt mál. Og það er von að talað sé um að það hafi verið haldið uppi málþófi í fjóra mánuði, eins og talað er um, þegar sum málskjölin liggja í raun ekki fyrir Alþingi Íslendinga við lokaafgreiðslu þessa máls.

Hæstv. forsrh. orðaði það á þá leið að sá samningur sem hér er stefnt að að lögfesta sé ekki klæðskerasaumaður fyrir einstakar þjóðir og einstök ríki. Það var vægt til orða tekið. Hver er kjarninn í þessum samningi? Við erum með honum að lögfesta reglugerðir, lög og reglur Evrópubandalagsins alla götu frá 1957 á einu bretti, að ¾ hlutum, og við á Alþingi Íslendinga eigum þess einan kost að segja já eða nei við þessum bunka. Það kæmi mér ekki á óvart þó að samviskan væri ekki allt of góð hjá sumum þeirra 32 þingmanna sem greiddu atkvæði með þessum samningi við 2. umr. málsins.

Kraftar Alþingis og íslenska stjórnkerfisins hafa um árabil farið í það að glíma við þennan frumskóg og reyna að vinna sig fram úr honum, en þetta er þó aðeins forsmekkurinn að því sem koma skal því áfram munu berast inn á borð okkar alþingismanna lög sem ákvörðuð hafa verið af Evrópubandalaginu og það bíða í pípunum um 200 slíkar gerðir sem við eigum von á að fá ef þessi samningur verður samþykktur og það mun halda áfram að berast hingað og verkefni Alþingis verður að segja já eða nei og ef við leyfum okkur að andæfa eigum við von á refsingu í staðinn.

Þetta er staðan sem okkur er búin, en það eru ekki aðeins þessar gerðir Evrópubandalagsins heldur samanlagðir dómar Evrópudómstólsins sem okkur er gert að nota við framkvæmd þessa samnings ef hann yrði hér lögtekinn. Þessir dómar eru ekki komnir á íslenskt mál þrátt fyrir að íslensk lög kveði svo á um að það skuli gert. Og hvert er svo baksvið þessa máls? Það er stórveldapólitíkin, það er samkeppni iðnaðarstórveldanna í heiminum sem eru að reyna að þjappa í kringum sig í blokkir einstökum ríkjum og draga þar einnig inn smáþjóðir til að bæta sína samkeppnisstöðu, til að bæta vörum á ofmettaðan markað hins ríka hluta heimsins á kostnað hinna fátæku. Hér er verið að ganga gegn þeim sjónarmiðum, sem flestir viti bornir og hugsandi menn viðurkenna að sé málefni dagsins, að líta á umhverfismálin og þann voða sem samfélagshættir iðnaðarríkjanna eru að leiða mannkynið í — hinn ríka hluta mannkyns á kostnað hins fátæka. Ætlum við Íslendingar að skipa okkur í þessa sveit? Er það sú framtíð sem við teljum að okkur sæmi? Hvað segir umhvrh. sem sat ráðstefnuna í Ríó? Hann hafði vafalaust eyrun þar opin. Það var ekki slíkur boðskapur sem þar hljómaði hjá langflestum fulltrúum á þeim vettvangi.

Nei, góðir Íslendingar, við eigum annarra kosta völ, þvert á móti því sem hæstv. utanrrh. sagði í ræðu sinni áðan. Hann sér ekkert nema Evrópskt efnahagssvæði og síðan inngöngu í Evrópubandalagið. En Ísland á góðra kosta völ, m.a. vegna landfræðilegrar legu sinnar, miðlægt á Norður-Atlantshafi, með ríkustu fiskimið allt í kringum landið og nágrannaþjóðir sem við þurfum að bindast samtökum við til þess að vernda þessar auðlindir, gætum þess að þær verði ekki ofnýttar eða þeim spillt af mengun, en ekki að opna þær fyrir því stórveldi í Evrópu sem hefur þegar spillt fiskimiðum, ekki aðeins á heimaslóð heldur víða um álfur. Það er það sem er m.a. að gerast vegna þessa samnings. Erum við með því að gjalda þakkarskuldina því fólki og þeim forustumönnum sem færðu út íslensku landhelgina á áttunda áratugnum og brutu á bak aftur ofríki þeirra ríkja sem ætluðu að setja viðskiptabann á Íslendinga ef við hreyfðum okkur í landhelgismálum?

Nei, við eigum góðra kosta völ ef við kunnum að halda á því, en við nýtum ekki okkar stöðu ef við ætlum að halla okkur að öðrum aðilanum, að öðru stórveldinu austan Atlantshafsins og gætum þess ekki að við þurfum að rækta samskipti sem smáþjóð til allra átta. Það gerum við ekki með því að binda okkur inn í Evrópska efnahagssvæðið og enn síður með því að gerast aðilar að Evrópubandalaginu.

Við þurfum að gæta okkar nú, við megum ekki láta skammsýna hagsmuni ráða. Þó að einhverjir sjái einhverja gróðavon, þá má það ekki vera falt fyrir sjálfstæði þessarar þjóðar, fyrir möguleika hennar í langri framtíð. Það eru slík siglingaljós sem við Íslendingar þurfum á að halda en ekki upphrópanir hrokafullra ráðherra sem segja þjóðinni að það komi lausnir á þá vanrækslu sem núverandi ríkisstjórn stendur fyrir í atvinnumálum þessarar þjóðar og á flestum sviðum þjóðlífsins og ætlar nú að fá leyst með því að vísa inn í Evrópskt efnahagssvæði. Þar væri atvinnuna að hafa, fólkið bíður fyrir utan, segir utanrrh. Ja, svei! Í Evrópubandalaginu eru 16 milljónir atvinnuleysingja og 2 milljónir munu bætast í hópinn að mati efnahagskommissarsins Hennings Christophersens á næsta ári einu saman, a.m.k. Þetta er nú sá garður, þetta er nú sú blómabrekka, svo ég noti orð varaformanns Framsfl. sem styður í reynd þennan samning með því að sitja hjá á Alþingi Íslendinga við afgreiðslu hans.

Já, það er því miður ekki afl hér á Alþingi til að stöðva þetta mál, það þarf að koma til utan að, hugsanlega að það steyti á skeri. Þau hafa verið mörg á leið þessa samnings eða að sú von og krafa yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar rætist að henni gefist kostur á að greiða í almennri atkvæðagreiðslu, þjóðaratkvæðagreiðslu, atkvæði um samninginn og segja þannig álit sitt. Það er því miður fólk á Alþingi Íslendinga sem hefur valdið vonbrigðum með hjásetu sinni í þessu máli, fimm þingmenn Framsfl., og það er til að skýla yfir klofninginn hjá þessum flokki sem formaður Framsfl. velur þann kost að hafa einræðu uppi við þessa umræðu og útiloka að sjónarmiðin heyrist. Ég þakka þeim framsóknarmönnum sem standa í ístaðinu í þessu máli, en ég verð að lýsa yfir hryggð og vonbrigðum með þann hóp sem hefur skipað sér í aðra sveit. Hið sama gildir um þingmann Kvennalistans sem lýsti því í áheyrn alþjóðar ekki alls fyrir löngu hvernig hún hefði lent upp á girðingu, setið þar klofvega um hríð en valt síðan ofan í skurðinn handan við girðinguna, EB megin við girðinguna, á meðan hinn hluti þingflokksins hélt sig hinum megin með heilli há og hélt við sína stefnu.

Nei, góðir Íslendingar, það er nauðsyn að við hugsum okkar gang, þetta eru alvarlegir tímar. Það bjarmar fyrir nýrri öld, uppvaxandi kynslóðir Íslendinga, tugþúsundir eiga undir því komið að við tökum réttar ákvarðanir á Alþingi Íslendinga, að við glutrum ekki niður því sjálfstæði og þeim ávinningum til verndar auðlindar landsins sem feður okkar og afar börðust fyrir fyrr á öldinni. Nordal Grieg, norska skáldið, kvað þann 17. maí 1940, þegar hvað dekkst var yfir í málefnum Noregs vegna innrásar framandi herliðs:

Sú fullvissa er fædd í oss öllum
að frelsið sé líf hvers manns,
jafneinfalt og eðlisbundið
og andardráttur hans.

Fram til sóknar, Íslendingar, fyrir sjálfstæði þessarar þjóðar. Oft var þörf, nú er nauðsyn.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Góðir áheyrendur. Þegar ég lít til baka til upphafs þessa kjörtímabils finnst mér alveg ótrúlegt hve mikil neikvæðni hefur einkennt umfjöllunina um þetta mikilvæga hagsmunamál af hálfu þeirra er þá tóku ákvörðun um að leggjast gegn samningnum. Því má nefnilega ekki gleyma að við höfum undirbúningsstarfið með dyggum stuðningi Alþb. og Framsfl. og það er sorglegt að þetta mál hafi orðið að pólitískum leiksoppi.

Það er ljóst að hafi sá möguleiki verið fyrir hendi í upphafi að Ísland gerði sjálfstæðan samning við Evrópubandalagið er sá möguleiki vart lengur fyrir hendi. Það er hins vegar jafnljóst að ef önnur EFTA-ríki, sem gerst hafa aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu, ganga síðar í Evrópubandalagið, sem Ísland hyggst ekki gera, þá stöndum við einmitt uppi með slíkan beinan samning með þeim réttindum og skyldum sem samið er um nú.

Hvað er svo Evrópska efnahagssvæðið?

Enn þykir mörgum erfitt að átta sig á muninum á Evrópubandalaginu annars vegar og fyrirhuguðu Evrópsku efnhagssvæði hins vegar.

Ríkin tólf sem mynda Evrópubandalagið komu sínum sameiginlega innri markaði á þann 1. jan. sl. Ísland ásamt Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Austurríki og Liechtenstein eru EFTA-ríkin sem ætla að gera samning um aðgang að þessum markaði og mynda þar með Evrópskt efnahagssvæði sem nær til 380 millj. íbúa. Það er skoðun allra þeirra sem styðja þennan samning, þar á meðal forustumanna atvinnulífsins, að hann sé mjög mikilvægur fyrir okkar atvinnu- og efnahagslíf því nú eftir fimm ára samdrátt þörfnumst við þess meira en nokkru sinni að auka fjölbreytni í okkar atvinnulífi og nýta svo sem kostur er þá möguleika sem í samningnum felast.

Erlendir hagfræðingar telja að þjóðartekjur EFTA-ríkjanna, sem við erum hluti af, aukist um allt að 5% án þess að til komi þær fjárhagslegu skuldbindingar sem felast í aðild að Evrópubandalaginu sjálfu.

En hvað er þá Evrópska efnahagssvæði ekki? Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði hefur til dæmis ekki í för með sér sameiginlega landbúnaðarstefnu, ekki sameiginlega sjávarútvegsstefnu, ekki sameiginlega utanríkisstefnu. Hann felur ekki í sér samræmda skattastefnu eða gjaldmiðla og hann er ekki tollabandalag gagnvart öðrum ríkjum. Því höfum við fullt svigrúm til að gera viðskiptasamninga við öll þau lönd er við kjósum í vestri og austri.

Það eru margir sem óttast að hingað flykkist fólk í atvinnuleit og taki atvinnu frá Íslendingum á erfiðum tímum. Það öryggisákvæði, sem Ísland fékk sett í samninginn og beita má ef vinnumarkaður hér raskast,

skiptir því miklu máli og hlýtur að slá á þann ótta. Það er nefnilega okkar að skilgreina hvað er þjóðfélagsleg röskun og það þarf ekki að fara saman við efnahagslega röskun en getur allt eins byggst á pólitísku mati á því hvað þjóðfélagið geti borið.

Útlendingur getur komið hingað til lands og dvalið í allt að þrjá mánuði til að leita sér að vinnu. Fái hann starf á hann rétt á dvalarleyfi. Ef hann fær ekki starf verður hann að fara úr landi. Á þessu tímabili á hann aðeins rétt á aðstoð vinnumiðlunar en t.d. ekki félagslegri aðstoð.

Þessi réttindi eru að sjálfsögðu gagnkvæm og margir meta mikils þau réttindi sem Íslendingar munu öðlast á erlendri grund, og ekki síður gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina.

Þar sem mál stéttarfélaga hefur nokkuð borið á góma hér á Alþingi er rétt að það komi fram að forgangsréttarákvæði meðlima í stéttarfélögum varðandi vinnu á félagssvæðinu eru innanlandsmál og er samningamál aðila vinnumarkaðarins. Sömuleiðis hefur komið fram að svokölluð skylduaðild að stéttarfélögum brýtur ekki í bága við EES-samninginn og bæði þessi mál voru áréttuð í viðræðunum.

Það eru þrefalt fleiri Íslendingar við nám eða störf erlendis en útlendingar búsettir hér. Í áratug höfum við verið aðilar að sameiginlegum norrænum vinnumarkaði sem telur 23 millj. manna, en samt ekki verið ásókn í vinnu hér. Það getur enginn sagt það fyrir hvort þessi samningur veldur ásókn hingað. En því má ekki gleyma að auk þess sem ég hef þegar getið er atvinnurekanda heimilt að gera kröfu um íslenskukunnáttu vegna starfs. Eftir 20 ára aðild að Evrópubandalaginu er aðeins 0,5% íbúa Danmerkur ríkisborgarar annarra EB-ríkja.

Ég hafna því sjónarmiði Kvennalistans að þessi samningur sé fjandsamlegur konum. Reglur Evrópubandalagsins um jafnréttismál eru um margt afdráttarlausari en okkar jafnréttislög. Ég nefni ákvæði um að hægt sé að lýsa dauð og ómerk ákvæði í kjarasamningum sem brjóta í bága við grundvallarregluna um jöfn laun. Og ég nefni ákvæði um vernd gegn því að vera sagt upp starfi fyrir þann sem höfðar mál á sama grundvelli.

Niðurstaðan í þjóðaratkvæðagreiðslunni í Sviss hefur verið dregin fram sem áhrifavaldur á stöðu EES-samningsins. Reyndar er það þekkt að svissneskir kjósendur hafa löngum sýnt mikla íhaldssemi í þjóðaratkvæðagreiðslum. Þannig tók það margra áratuga baráttu og margar kosningar að fá samþykktan kosningarrétt kvenna í Sviss. Kantónurnar, sem nú felldu þennan samning, voru alla tíð á móti því að konur fengju kosningarrétt.

Góðir áheyrendur. Við erum hér að ákveða okkar aðild. Ef við höfnum þátttöku í Evrópska efnahagssvæðinu nú fáum við varla sjálfstæðan samning við Evrópubandalagið, hvað þá inngöngu á okkar forsendum.

Það er því ekki að undra að stjórnamálaflokkarnir riðlist í neikvæðri afstöðu sinni til samningsins eins og gerðist í atkvæðagreiðslunni í gær. Þingmenn vita líka að ef verstu hrakspár ganga eftir erum við með samning sem segja má upp hvenær sem er með eins árs fyrirvara.

Margt fólk sem fylgst hefur með umræðunni hér á Alþingi úr fjarlægð heldur að ef við höfnum þessum samningi verði hér bara óbreytt staða. Svo er ekki. Staða okkar verður gjörbreytt. Samkeppnisstaða okkar versnar þar sem fiskafurðir okkar bera tolla á okkar stærsta útflutningsmarkaði meðan keppinautar okkar, t.d. Norðmenn, njóta þar tollfríðinda með sinn fisk.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er mikilvægur fyrir okkur og hann er góður kostur fyrir Ísland. Fyrir mig er hann það ákjósanlega samstarf við Evrópuþjóðir sem aðild að Evrópubandalaginu er ekki. Þess vegna hef ég unnið að framgangi hans og þess vegna styð ég hann. Ég trúi að ákvörðun um aðild okkar að þessum samningi verði enn eitt gæfuspor í samvinnu okkar við aðrar þjóðir.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Sá samningur sem hér er til umræðu í kvöld snýst um miklar breytingar í Evrópu, nýja tíma í efnahags- og viðskiptasamvinnu Evrópuþjóðanna. Við þurfum að svara þeirri spurningu, Íslendingar, hvort við ætlum að taka þátt í þessari þróun með einum eða öðrum hætti eða standa utan garðs og það eru miklir hagsmunir sem eru í húfi. Við stöndum djúpum, sögulegum og menningarlegum rótum í Evrópu, en eigi að síður snúast þessir samningar hvað okkur varðar fyrst og fremst um efnahagsleg atriði. Við erum háðir útflutningi, fáar þjóðir eru háðari útflutningi en við Íslendingar. Við flytjum um ¾ hluta af sjávarafurðaframleiðslu okkar inn á markað Evrópubandalagsins og af sjálfu leiðir að þau kjör sem við njótum á þeim markaði hljóta á hverjum tíma að ráða mjög miklu um það hver lífskjör alls almennings í landinu eru á hverjum tíma. Það var þess vegna eðlilegt að við settum fram miklar kröfur í samningunum um Evrópska efnahagssvæðið að því er varðaði íslenskar sjávarafurðir.

Við fengum þeim ekki öllum framgengt, til að mynda ekki kröfunni um fríverslun með fisk, en við náðum þeim umtalsverða árangri að tryggja 96% tollfrelsi fyrir íslenskar sjávarafurðir inn á þennan mikilvægasta markað okkar og það er umtalsverður árangur og hann bætir stöðu íslenskra atvinnufyrirtækja, sérstaklega í sjávarútvegi, og hann skapar þeim nýja möguleika til markaðssetningar og vöruþróunar. Ég er ekki að halda því fram að hann muni skila milljörðum króna í einu vetfangi inn í íslenskt þjóðarbú. Að einhverju leyti hljótum við að deila tollalækkunum með neytendum í Evrópu. En hann styrkir stöðu okkar og gefur okkur ný tækifæri.

Ef við horfum einungis á með hvaða hætti við styrkjum samkeppnisstöðu okkar liggur þetta mál í augum uppi. Ef Norðmenn ganga inn en við ekki njóta þeir lægri tolla, en við þurfum að greiða hærri tolla sem þýðir að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki þurfa að selja afurðir sínar til Evrópu á lægra verði, eða leggja í mikinn herkostnað til þess að ná nýjum mörkuðum annars staðar. Er rétt við þessar aðstæður eins og mál-

um er komið í íslenskum sjávarútvegi að leggja þær byrðar á sjávarútvegsfyrirtækin í landinu, sjávarútvegsplássin, sjómennina og fiskverkafólkið? Ég segi nei. Mér finnst það svar liggja í augum uppi. En þeir sem greiða atkvæði gegn þessum samningi eru reiðubúnir til að leggja þessar nýju byrðar á sjávarútveginn við þær erfiðu aðstæður sem hann býr við í dag. Ég tel það vera rangt. Við eigum að grípa hvert það tækifæri sem gefst til að bæta samkeppnisstöðuna, treysta stöðu útflutningsfyrirtækjanna og bæta þar með afkomu fólksins í landinu.

Þeir stjórnarandstæðingar sem greiða atkvæði gegn þessum samningi en viðurkenna að í honum felist efnahagslegur ávinningur spyrja einfaldlega hvort hann sé ekki of dýru verði keyptur af því að við séum að gerast aðilar að miklu stofnanabákni og víðfeðmu laga- og reglugerðarbákni. Vissulega er það svo að þessu fylgja stofnanir og nýir lagabálkar, en þessir lagabálkar eru þó í öllum meginatriðum um þau efni sem ekki standa miklar deilur um hér á landi, þó um sumt sé deilt, eins og löggjöf sem við sjálfir höfum frumkvæði að.

Stofnanir eins og eftirlitsstofnunin gera það að verkum að við sem smáþjóð getum frekar treyst þessum samningi vegna þess að hún tryggir að stórþjóðirnar geti ekki neytt aflsmunar til að víkja settum leikreglum til hliðar.

Þegar málið er skoðað í þessu ljósi er það mín sannfæring að það sé ekki spurning um að hér sé verið að kaupa efnahagslegan ávinning of dýru verði. Hitt er spurning og það áleitin spurning hvort það yrði ekki of dýru verði keypt í búð reynslunnar að láta þennan ávinning úr greipum okkar ganga.

Þá er því haldið fram í umræðunni að við eigum að hrökkva frá þessum samningi af því að nú ætli aðrar EFTA-þjóðir að gerast aðilar að Evrópubandalaginu. Það lá að vísu nokkuð ljóst fyrir þegar þessir samningar hófust fyrir mörgum árum að að öllum líkindum stefndi í þetta. Það er ekkert nýtt.

En kjarni þessa máls er sá að þegar þar að kemur breytist þessi samningur í tvíhliða samning, okkar og Evrópubandalagsins, það er ákjósanleg staða og sennilega sú ákjósanlegasta fyrir okkur. En það væri fásinna að hlaupa nú frá þessari samningsniðurstöðu, sleppa þeim efnahagslega ávinningi sem við höfum af samningnum og gefa öðrum þjóðum, eins og Norðmönnum, tækifæri á meðan til þess að hasla sér völl og ýta okkar fyrirtækjum til hliðar á markaðnum. Við höfum ekki efni á að gefa samkeppnisaðilum okkar, eins og Norðmönnum, slíkt forskot. Þess vegna eru þetta ekki gild rök gegn samningnum sem við erum að fjalla um.

Samhliða þessum samningi höfum við gert tvíhliða samning við Evrópubandalagið um gagnkvæm skipti á jafngildum veiðiheimildum og erum þar með að ljúka margra ára deilumáli, áratuga deilumáli, við Evrópubandalagið.

Það hefur verið látið að því liggja í þessum umræðum af nokkrum þingmönnum, þar á meðal hv. þm. Steingrími Hermannssyni, að við séum með þessum samningi að glutra niður þeim mikla ávinningi sem þjóðin vann í áratuga baráttu fyrir útfærslu landhelginnar. Þessi hv. þm., Steingrímur Hermannsson, fór sem forsrh. Íslands í aprílmánuði árið 1990 á fund formanns framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins til að ræða stöðu EES-samninganna og greindi honum þar frá því að Ísland væri reiðubúið að ljúka tveggja áratuga viðræðum um samskiptasamning og gera samning um skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum. Nú kemur þessi hv. þm. nokkrum missirum síðar og dróttar því að öðrum að þeir séu að glutra niður ávinningnum af áratuga baráttu fyrir útfærslu landhelginnar. Þetta er ekki stórmannlegur málflutningur. En málið snýst auðvitað ekki um stórmennsku hv. þm. Steingríms Hermannssonar, það snýst um það að málflutningur af þessu tagi sýnir að það er ekki verið að færa fram gild rök gegn þessum samningi.

Þá hafa nokkrir andstæðingar þessa samnings haldið því fram að í raun og veru feli hann ekki í sér skipti á jafngildum veiðiheimildum. En hvernig höfum við komist að þeirri niðurstöðu að veiðiheimildirnar sem við fáum og þeir fá séu jafngildar? Jú, við höfum beitt mælistiku sem hefur verið í gildi allt frá 1986, verðstuðlum sjútvrn. sem gefnir eru út í reglugerð einu sinni á ári á grundvelli laga og byggjast á markaðskönnun á næstliðnu tímabili áður en þetta er gefið út. Það hefur enginn haldið því fram, fram til þessa, að þessir verðstuðlar hafi mismunað Íslendingum, aukið ágóða sumra útgerðarmanna í viðskiptum en hlunnfarið aðra. En hvers vegna skyldum við allt í einu halda þessum rökum fram nú um þá verðstuðla sem notaðir hafa verið frá 1986 þegar við erum að gera samninga við Evrópubandalagið? Það er auðvitað fjarstæða. Og það er einnig á það að líta í þessu sambandi að við höfum nýlega selt á uppboði Hagræðingarsjóðs aflaheimildir þar sem íslenskir útvegsmenn hafa keypt karfa við verði sem er fyllilega sambærilegt við þessa verðmætastuðla. Hér er því ekki um gild rök gegn þessum samningi að ræða. Við höfum auk heldur tryggt fullkomið eftirlit í þessum samningum, þeir eru þess vegna ásættanlegir fyrir okkur.

Þessi samningur og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið í heild sinni munu styrkja íslenskt atvinnulíf, gefa okkur ný tækifæri og við eigum ekki að láta þau úr greipum okkar ganga. Þeir sem greiða atkvæði gegn þessum samningum eru að leggja nýjar byrðar, auknar byrðar á íslenskan sjávarútveg við einhverjar erfiðustu aðstæður sem fyrirtæki í íslenskum sjávarútvegi hafa þurft að glíma við. Það er ekki skynsamleg afstaða, það er ekki afstaða í samræmi við íslenska hagsmuni. Þess vegna eigum við að greiða þessum samningum atkvæði að við erum að skapa ný sóknarfæri.

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Þegar hæstv. utanrrh. flutti mál sitt áðan fékk ég að reyna að það er ekki alltaf tekið út með sældinni að eiga tilfallandi málefnalega samstöðu með pólitískum villimönnum. Svo smekklaus er málflutningurinn stundum, ekki síst

í garð kvenna. Ef það þjónar ekki bara stundarhagsmunum hæstv. utanrrh. að ljá mér rödd skynseminnar ætti hann að hlusta grannt eftir þegar ég frábið mér það, og ég veit að það sama gera aðrar konur hér á þingi, að þurfa að sitja undir því að alið sé á þeim fordómum í garð kvenna að þær séu taglhnýtingar karla en ekki fullmyndugir talsmenn eigin skoðana.

En ég hlýt að velta upp fleiri spurningum sem varða konur og ég hlýt að beina máli mínu til hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og spyrja hann: Hvar voru mæður okkar og ömmur þegar karlarnir frelsuðu þessa þjóð? Hvar er rúm fyrir konur í söguskoðun hv. þm.? Og ég hlýt að spyrja þessa þingmenn tvo, ráðherrann og þingmanninn, og aðra hér sem eru kannski svipaðrar skoðunar sumir hverjir: Á hvaða tímum lifið þið, ágætu samþingmenn? Hvert er mat ykkar á konum og hver er virðing ykkar fyrir konum? Svarið ykkar eigin flokkssystrum. En ekki meira um þetta.

Það hefur verið sagt hér að fáar þjóðir eigi jafnmikið undir milliríkjaviðskiptum og góðum alþjóðatengslum og Íslendingar. Því veldur lega landsins, smæð samfélagsins og einhæfni atvinnulífsins. Menntun okkar og menning byggir á öflugum samskiptum við aðrar þjóðir og við erum háðari inn- og útflutningi en flestar aðrar þjóðir. Það þarf því varla að fjölyrða um að góð tengsl og mikill samgangur við önnur ríki hefur ævinlega verið íslensku samfélagi mikil lyftistöng og uppspretta nýsköpunar, ögrunar og framsýni.

Á þessari öld hafa orðið miklar breytingar á framleiðsluháttum og viðskiptum í heiminum, svo miklar að nær væri að tala um byltingu. Smáir markaðir hafa runnið saman í stærri heildir, aukin viðskipti eiga sér stað þvert á landamæri og fyrirtæki og fjármagn verður sífellt fjölþjóðlegra. Viðbrögð einstakra ríkja hafa verið þau að gera fjöldann allan af milliríkjasamningum, m.a. til að koma í veg fyrir að einstök ríki eða fjölþjóðafyrirtæki deili og drottni í krafti yfirburðastöðu sinnar. Í slíkum samningum felast gjarnan ný tækifæri, en þeir setja líka fullveldi þjóða æ meiri skorður. Án efa á enn eftir að herða á þessari þróun, enda verða fjölmörg vandamál samtímans ekki að fullu leyst innan vébanda þjóðríkisins. Ber þar auðvitað hæst mál eins og afvopnun, umhverfi, mengun og mannréttindi.

Samningarnir um Evrópubandalagið, EFTA og nú síðast um Evrópska efnahagssvæðið eru dæmi um samninga sem fela í sér yfirþjóðlegt vald sem snýr öðru fremur að viðskiptum og efnahagsmálum.

Þó að breytingar í atvinnuháttum og viðskiptum hafi verið hraðstígar er eins og pólitískar hugmyndir hafi haltrað á eftir. Ástæðan er ekki síst sú að nær alla þessa öld hefur heiminum verið skipt upp í áhrifasvæði tveggja hugmyndakerfa sem hvort um sig þóttist bjóða upp á lausn á hvers manns vanda. Hugmyndaleg nýsköpun átti ekki auðvelt uppdráttar í þessum pólitísku frosthörkum og heimsmynd Vesturlandabúa stóð í stað.

En nú sjást loksins merki um leysingar. Fall Berlínarmúrsins, hrun sovétkerfisins og endalok kalda stríðsins mörkuðu tímamót, bundu enda á þann stöðugleika sem ríkti í Evrópu þó að vondur væri. Þetta skapar ótal möguleika en um leið miklar hættur og erfiðleika sem blasa þegar við okkur.

Þessar breytingar munu án efa setja svip sinn á þá samrunaþróun sem nú á sér stað í Evrópu og sem birtist okkur í dag í Evrópubandalaginu og myndun hins Evrópska efnahagssvæðis. Sú þróun verður auðvitað með eða án okkar, en við stöndum engu að síður andspænis þeirri spurningu hvort við viljum og treystum okkur til að standa algjörlega utan við hana.

Á næstu árum ræðst hvernig innbyrðis tengslum Evrópuríkja verður háttað og hvert verður innihaldið í samstarfi þeirra. Þegar um þau mál verður samið verður samningaborðið EB og EES. Að mínu mati skiptir það verulegu máli að við Íslendingar sitjum við það borð ef við viljum tryggja stöðu okkar í Evrópu í framtíðinni. Að því leytinu til snýst EES ekki aðeins um viðskipti heldur líka um pólitík, enda verður þetta tvennt aldrei alveg aðskilið.

Ýmsir hafa haldið því fram að óvissan sem fylgir EES sé svo mikil að það sé ekki hægt að verja stuðning við samninginn. En hvaða vissa fylgir því að taka ekki þátt í EES? Við lifum einfaldlega á tímum mikilla breytinga og staðan í heiminum er þannig að það gefst engin vissa fyrir neinu. Þó við svo gjarnan vildum getur þjóð eins og Íslendingar ekki hlaupið í neitt skjól undan þeim vindum sem blása í alþjóðaviðskiptum né heldur viðhaft aðrar leikreglur en þar gilda.

En meðal hverrar þjóðar búa margar þjóðir við mismunandi kjör og það sem er gott fyrir heildina þarf ekki endilega að vera gott fyrir einstaka hópa hennar og öfugt. Það er eðlilegt að fólk sem hefur lítil völd í samfélaginu, svo sem konur og láglaunafólk, óttist að aðild að Evrópska efnahagssvæðinu nýtist öðru fremur þeim sem völdin hafa, að völd og auður safnist þangað sem hann er fyrir. Þessi hætta er vissulega fyrir hendi, en hún er sígild og stöðvast ekki við landamæri þjóðríkjanna fremur en margt annað.

Góðir áheyrendur. Það er sannfæring mín að ef við Íslendingar gerumst aðilar að Evrópsku efnahagssvæði, þá muni hvorki „fljúga okkur steiktar krásir í munn sofandi" né heldur muni þjóðin missa fótanna, áttanna og fullveldisins. Miklu lengra nær sannfæring mín ekki og það verður að vera mitt hlutskipti í þessu máli. Við erum að feta okkur inn á braut sem helstu viðskiptavinir okkar hafa ákveðið að fara. Það er auðvitað full ástæða til að gera það með gát því að enginn getur vitað hvar brautin endar. Það eina sem við vitum er að þarna munu þeir hlutir gerast sem koma til með að hafa áhrif á flest svið íslensks samfélags á komandi árum.

Tímans þungi niður verður ekki stöðvaður. Þróuninni verður ekki snúið við. En það er á valdi okkar að hafa áhrif á hvort tveggja.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Áramót eru nýliðin. Við stöndum á krossgötum um þessi áramót. Við getum fylgt straumnum sem liggur til Evrópusamrunans eða valið okkur aðra leið. Það er mikilvægt að

muna að við eigum enn val. Leiðin inn í Evrópusamrunann mun mjög líklega leiða okkur inn í Evrópubandalagið. Það er óraunsæi að ætla annað. Við höfum fengið smjörþefinn af því hvað bíður okkar innan EES. Ef við viljum fá tollaívilnanir verðum við að hleypa skipum Evrópubandalagsins inn í lögsögu okkar. Um annað er ekki hægt að semja. Allt tal um að fiskveiðisamningurinn færi okkar gagnkvæmar veiðiheimildir er þvaður. Það gerir hann ekki. Við tökum áhættu sem ég tel óverjandi.

Ef við verðum aðilar að EES mun lagasetning í gríðarlega stórum málaflokkum færast úr höndum Íslendinga til fámennisstjórnar í Brussel, dómsvald að nokkrum hluta úr landi og þar munum við kynnast því tilskipana- og stofnanaveldi sem Evrópubandalagið er. Fáir mæla á móti því að þetta bákn er í hæsta máta ólýðræðislegt og áhrif Jóns og Gunnu engin á þær ákvarðanir sem þar eru teknar. Miðstýring og ópersónulegt skrifræði mun ekki tryggja konum aukin áhrif í samfélaginu. Það er þekkt staðreynd að því nær sem fólkið er valdinu, þeim mun líklegra er að konur hafi áhrif. Og hætt er við því að innan EES mundu raunar flestir Íslendingar verða næsta áhrifalausir. Um þetta fékk þjóðin ekki að kjósa. Við hvað eru þeir hræddir sem ekki þorðu að leyfa þjóðinni að kjósa? Og það var rangt hjá hæstv. forsrh. að vilji þingsins og þjóðarinnar væri samur. Andstaða þjóðarinnar er miklu meiri.

Innan Evrópubandalagsins yrði ófrelsið þó sýnu meira en innan EES, en alvarlegast er þó það að ef við sogumst inn í það verðum við að taka upp fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins og missum þar með forræði okkar fiskimiða endanlega. Þessi leið stendur okkur til boða, en við þurfum ekki að velja hana.

Nú er ráðrúm að hugsa sig um. EES-samningurinn er í uppnámi eftir að Svisslendingar höfnuðu honum. Við vitum ekki hvað ný samningsdrög færa okkur. Við vitum heldur ekki hvort okkur verður boðið með í Evrópuklúbbinn ef við berum gæfu til að hafna fiskveiðisamningnum. Það er alls ekki útilokað því að andstaða við hann er mun öflugri en við EES-samninginn sjálfan.

En eru þá aðrar leiðir færar? Já, auðvitað. Mér finnst allt of mikil uppgjöf og svartsýni að telja að við eigum ekki annarra kosta völ en að fylgja straumnum. Við eigum að taka okkur tak og ákveða sjálf hvaða framtíð við viljum búa börnum okkar hér á Íslandi. Vaxandi alþjóðasamstarf og alþjóðaviðskipti eru óhjákvæmileg og af hinu góða. Við verðum hins vegar að taka fullt tillit til takmarkaðra auðlinda jarðar, misskiptingar jarðargæða norðurs og suðurs og hafa í huga hvernig samfélag við viljum í framtíðinni. Ætlum við að múra okkur inni með Evrópuþjóðum í miðstýrðum heimi þar sem atvinnuleysingjum fjölgar sífellt og framfarir eru mældar í aukinni neyslu eða ætlum við að freista þess að fá eðlilegan viðskiptasamning við Evrópu, bæði í austri og vestri, án þess að verða hluti af stofnanaveldi?

Ég held að sú leið sé varasöm að beina of miklum viðskiptum til Evrópu þótt þar hafi hæsta verðið fengist fyrir fiskafurðir okkar að undanförnu. Við getum orðið of háð kaupendum vöru okkar ef við gerum það. Því miður höfum við vanrækt Bandaríkjamarkað að undanförnu og það getur reynst okkur dýrkeypt ef við höfum glatað samböndum þar. Nú er dollarinn á uppleið en Evrópumyntin ótryggari en fyrr. Hvað ætla menn nú að gera? Jafnframt held ég að við ættum að reyna að þreyja þorrann og góuna í Rússlandsviðskiptum. Annars glötum við mikilvægum færum í framtíðinni.

Ýmis fyrirtæki, m.a. í grennd við Moskvu, eru reiðubúin til að semja við okkur um vöruviðskipti nú þegar. Þetta er hið nýja Rússland. Og við eigum að líta í allar áttir. Ég held að við verðum að halda þessum viðskiptum gangandi. Þau gætu reynst okkur hagkvæm, jafnvel strax og áreiðanlega þegar til lengri tíma er litið. Gleymum því ekki að upphaf viðskiptanna við Sovétríkin sálugu má einmitt rekja til þess að vinir okkar í Evrópu, þ.e. Bretar, lokuðu á viðskipti við okkur og þá snerum við okkur til Bandaríkjanna í auknum mæli. Þessi skipti reyndust okkur góð.

Nýrra kosta er völ í viðskiptum við Asíu og Suður-Ameríku. Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess að mér finnst það uppgjöf og úrræðaleysi að halda að lækkun tolla á fiskafurðum okkar í Evrópu sé það eina sem muni bæta afkomu okkar í framtíðinni.

Ferðaþjónustan er framtíðaratvinnugrein ef við leyfum henni að dafna, en hún er í ákveðinni hættu ef við förum í EES. Orkulindirnar eru okkar helstu auðæfi. Ef við veljum EES og einkavæðingu samtíma galopnum við dyrnar að þessum auðlindum okkar. Og þetta er stefna ríkisstjórnarinnar.

Víða í Evrópu eru hópar fólks sem deila þessum skoðunum okkar andstæðinga Evrópusamrunans. Þetta fólk vill aukið samstarf innan Evrópu sem utan og það er innan Evrópubandalags sem utan, en samstarf sem byggir á lýðræði og einstaklingsfrelsi en ekki stofnanaveldi og valdi stórfyrirtækja. Glötum ekki sjálfsákvörðunarréttinum í hendur skrifræðisins heldur tökum höndum saman með þessu fólki og fólki úti um allan heim og sköpum nýjan og betri heim, nýja og betri Evrópu í sátt við alla heimshluta, í sátt við vistkerfið þar sem framtak einstaklinga og fullveldi þjóða er virt. — Góða nótt.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. Það mál sem hér er verið að ræða er stærsta mál lýðveldissögunnar. Aldrei hefur verið fjallað um jafnvíðtækt mál á Alþingi Íslendinga frá því að lýðveldi var stofnað í þessu landi. Aldrei hefur verið fjallað um mál sem snertir eins marga, aldrei hefur verið fjallað mál sem snertir með jafnafgerandi hætti öll svið þjóðlífsins. Aldrei hefur verið fjallað um mál sem með sama hætti mun snerta þjóðlífið um langan tíma, langa ófyrirsjáanlega framtíð ef svo fer fram sem horfir og þessi samningur verður samþykktur.

Þetta er alvörumál. Þetta er mál sem snýst um þrjú meginatriði að mínu mati. Í fyrsta lagi að það liggur fyrir að taka eigi upp svokallað fjórfrelsi en án varanlegra fyrirvara. Í öðru lagi að það eigi í rauninni að

breyta grundvallarvinnubrögðum á Alþingi Íslendinga, í raun og veru að halda þannig á málum að stjórnarskráin sé í tvísýnu. Það er verið að breyta Alþingi Íslendinga í flæðilínu, sjálfvirka flæðilínu fyrir Evrópubandalagið án þess að við getum neinum vörnum við komið. Og í þriðja lagi gerist það með þessum samningi, ef hann verður lögfestur, að Íslendingar stíga ekki aðeins hálft skref heldur munu þeir kveðja dyra í Evrópubandalaginu og kalla á aðild að því ef við verðum aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði. Aðild að Evrópsku efnahagssvæði er því ekki vörn gagnvart Evrópubandalaginu heldur viðspyrna fyrir þá sem vilja knýja Íslendinga inn í Evrópubandalagið. Þetta höfum við stjórnarandstæðingar verið að reyna að segja. Þetta höfum við verið að reyna að segja í mörgum ræðum hér á Alþingi Íslendinga og hverju mætum við af núv. hæstv. ríkisstjórn? Hroka og yfirlýsingum um málþóf. Lengst gengur í þeim efnum hæstv. utanrrh.

Hæstv. forsrh. sagði að vísu áðan að umræðurnar hefðu verið mestar á lengdina en minni á dýptina. Hann vill sjálfsagt hafa mál af þessu tagi og meðferð þeirra með sama hætti og hann vill hafa það í þingflokki Sjálfstfl. þar sem eru enn þá ellefu þingmenn sem hafa ekki stigið í ræðustól til að gera þjóðinni grein fyrir sjónarmiðum sínum þrátt fyrir umræðuna svo lengi sem hún hefur staðið. Hæstv. forsrh. vill sjálfsagt hafa sama fyrirkomulag á þessu máli hér og hann hafði í borgarstjórn Reykjavíkur á sínum tíma.

Og svo þegar við ávörpum utanrrh. og ríkisstjórnina með rökum og segjum: Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði leysir engan vanda fyrir atvinnuleysingjana á Íslandi, hvað segir utanrrh. þá? Þá segir hann: Fjölfætlufræðingar. Þegar við segjum: Það er verið að vega að stjórnarskránni, hvað segir utanrrh. þá? Hann segir: Fylgikonur allaballa. Þegar við segjum: Þessi samningur styrkir ekki stöðu verkalýðshreyfingarinnar heldur veikir hana, hvað gerir utanrrh. þá? Þá hefur hann árás á launþegahreyfinguna í landinu og foringja verkalýðshreyfingarinnar eins og hann gerði með venjulegum húsbóndahroka sínum hér áðan. Og þegar við segjum: Þessi samningur leiðir Ísland inn í Evrópubandalagið ef svo fer fram sem horfir, þá segir hann: Málþóf, málþóf! Og erlendis er hann svo smekklegur að kvarta yfir vinnubrögðum Alþingis Íslendinga, talar um ótrúlegt þol og þrek sem þurfi til að sitja undir umræðum hér þar sem hæfni manna ráðist af því hversu góð eða vond þvagfæri þeir hafa.

Þetta eru rök utanrrh. Og í þessum rökum utanrrh. eða rakaleysu er fólginn vandi þessa máls frá upphafi. Það hvernig Jón Baldvin Hannibalsson hefur haldið á þessu máli frá upphafi er ógæfa málsins. Þar er skýringin á þeim veruleika að það hefur ekki verið unnt sem skyldi að ná þjóðinni saman um úrslitamál af þessu tagi. Hann hefur kosið hroka og ofstæki í stað þess að fara yfir málin með yfirveguðum og skynsamlegum hætti.

Ég fagna því, virðulegi forseti, þrátt fyrir allt, að utanrrh. skuli einmitt hafa talað svona hér í kvöld um fjölfætlufræðinga og fylgikonur. Það er nákvæmlega táknrænt fyrir allan hans málflutning, hroka og vinnubrögð frá upphafi þessa máls, alveg frá því að lagt var af stað. Við alþýðubandalagsmenn vísum þessum málflutningi á bug. Við höfum þegar í þessum umræðum gert ítarlega grein fyrir okkar sjónarmiðum, bæði varðandi fjórfrelsið, stjórnarskrána, sjávarútveginn, Evrópubandalagið og aðra þætti, og ég ætla ekki að endurtaka það hér.

En ég ætla að segja það, virðulegi forseti og góðir tilheyrendur, að reynsla síðustu áratuga sýnir svo að ekki verður um villst hvað það getur verið hættulegt fyrir smáþjóð að njörva sig inn í stórríkjabandalögum. Eftirstöðvar slíkra ákvarðana birtast nú í átökum víðs vegar í heiminum. Okkur væri því hentast, Íslendingum, við þessar aðstæður í ljósi reynslunnar að standa utan ríkjablokkanna því að í sjálfstæðinu er fólgin besta auðlind þjóðarinnar. Í sjálfstæðinu er styrkur okkar til sköpunar auðæfa í þágu okkar og í þágu heimsins alls. Þess vegna eigum við að hafna gömlum afturhaldssjónarmiðum ríkjaflokkanna en styðja í staðinn viðleitni smáríkja til jafnari skiptingar auðæfanna á grundvelli jafnaðarstefnu og sjálfstæðis þjóðanna. Þess vegna eigum við nú, góðir hlustendur, að sameinast um það þar sem kostur er á því að henda samningsdrögunum um EES á ruslahauga sögunnar eins og öðrum fánýtum pappírum. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson): Virðulegi forseti. Við skulum fara að ráðum hv. þm. Svavars Gestssonar og ræða af yfirvegun þá gagnrýni sem fram hefur komið á þennan samning í þessum umræðum hér í kvöld. Leyfist mér að byrja á hv. þm. Steingrími Hermannssyni. Hann sagði að það væri rangt að þeim fyrirvörum sem lagt var upp með hefði verið haldið til haga. Staðreyndirnar tala sínu máli, hv. þm. Fyrirvari nr. 1 var: Engar einhliða veiðiheimildir. Það stendur. Fyrirvari nr. 2 var: Engan fjárfestingarrétt í íslenskri útgerð til þess að nýta íslenska lögsögu. Sá fyrirvari stendur. Fyrirvari nr. 3: Ótvírætt forræði Íslendinga yfir okkar eigin fiskveiðilögsögu. Sá fyrirvari stendur. Fyrirvari 4: Orkulindirnar. Sú staðreynd að núverandi fyrirkomulag, einkarekstur opinberra aðila á orkulindunum, brýtur ekki í bága við samninginn þýðir það að sá fyrirvari stendur. Að reistar verði skorður við ótakmörkuðum innflutningi fólks. Öryggisákvæði samningsins tryggir það. Hv. þm. Fyrirvararnir sem lagt var upp með standa allir.

Hv. þm. sagði: Samningarnir hafa breyst svo mikið frá því að við vorum saman í stjórn. Hvað hefur breyst, hv. þm.? Það sem hefur breyst er að kaflinn um lausn deilumála er breyttur að okkar eigin frumkvæði. Áður var sameiginlegur dómstóll sem gat vakið mönnum efasemdir um framsal á dómsvaldi. Núna er sjálfstæður EFTA-dómstóll sem tekur af öll tvímæli um að svo er ekki. Það er það sem hefur breyst, hv. þm.

Hv. þm. sagði: Íslenskt atvinnulíf er veikt. Inngangan í EFTA t.d. dugði ekki iðnaðinum. Hv. þm. er formaður í flokki sem var í 20 ár við völd á Íslandi frá 1970 og átti þess vegna að efna þau fyrirheit sem

voru gefin. Hver voru þau? Þau voru m.a. að afnema aðstöðugjald á íslenskan iðnað. Við gerðum það nú. Þau voru m.a. að koma á virðisaukaskatti í staðinn fyrir söluskatt. Við höfum komið honum á og breytt honum nú. Skattar á fyrirtæki skyldu lækkaðir til samræmis við það sem gerist hjá samkeppnisaðilum. Það hefur nú verið gert.

Ég skil það vel þegar ég heyri málflutning þeirra fóstbræðra, hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og Svavars Gestssonar, hvers vegna þeir minna svo á lærifeður sína, Einar Olgeirsson og Brynjólf Bjarnason. Meira að segja klökkvinn í röddinni þegar þeir fara með landráðabrigslin og slá sig til riddara sem sjálfstæðishetjurnar góðu minnir mig á þegar þeir fóru krossfarirnar gegn Atlantshafsbandalaginu, vafalaust sömu brigslyrðin. Og allir vita að þetta voru ómagaorð, dauð og ómerk. (**SvG:** Ég var nú bara þriggja ára þá.) Þegar við gengum í EFTA? Hv. þm. getur ekki borið við bernsku sinni.

Ég skil líka af hverju þeir hv. þm. í allaballaríinu vilja nú fela formann sinn. Hann gaf nefnilega út heila bók í fjármálaráðherratíð sinni þar sem hann sagði: „Heildaráhrifin af aðildinni að EES verða afar jákvæð. Þessi áhrif gætu mælst á bilinu milli 4–6 milljarðar kr. eða sem svarar 1–1,5% af landsframleiðslu." Munar um það, hv. þm., á ári hverju? Formaður Alþb. vildi nefnilega telja mönnum trú um það í fyrri ríkisstjórn að það væri komin ný forusta í Alþb. sem gæti dregið þetta fortíðarlið inn í 20. öldina, ef ekki inn í 21. öldina. En nú er hann falinn og þeir sem tala máli flokksins eru fóstbræðurnir tveir, lærisveinar Einars og Brynjólfs. Það var ömurlegur leiðangur inn í fortíðina, verð ég að segja.

Hvað eru hv. þm. að segja? Þeir segja: Sviss felldi samninginn. Þar af leiðandi er EES dautt. Hvers vegna fara þeir þá hamförum dag og nótt til þess að drepa það sem dautt er? Það væri þokkalegur læknir sem væri búinn að kveða upp dauðadóm jafnoft, spurning hvort ekki ætti að svipta hann læknisréttindunum. Þeir segja: EFTA verður ekki til í framtíðinni. Öll EFTA-ríkin verða komin inn í EB. Þetta er þess vegna ekki varanleg lausn. Er þetta ekki það sem hv. þm. eru að biðja um? Að þetta breytist í tvíhliða samning, að stofnanirnar falli niður og að öllum áhyggjum af því að um sé að ræða framsal á dómsvaldi verði af létt? Á sama tíma eru þeir að segja: Það er alls ekki víst að öll ríkin komist inn í EB. Sjáið þið skoðanakannanirnar. Hver getur treyst því að Norðmönnum takist það eða Svíum eða Finnum? Þá eru þeir að segja að þetta sé varanleg lausn og vissulega er hún varanleg fyrir okkur vegna þess að hún leysir okkar vanda í samskiptum við það markaðssvæði sem tekur við ⅘ hlutum af okkar útflutningsvörum. Og ef við fylgjum því eftir með fríverslunarsamningi við Bandaríkin og Kanada, þá má heita að það geti verið varanleg lausn.

Þeir segja: Þið náðuð ekki fríverslun með fisk. Heyr á endemi. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, sem í tíð fyrri ríkisstjórnar varaði sérstaklega við því að full fríverslun væri vafasöm. Hvað er fríverslun með fisk? Það er ekki bara 100% markaðsaðgangur. Það eru líka samræmdar samkeppnisreglur. Það hefði t.d. þýtt að við hefðum ekki getað beitt magntakmörkunum í útflutningi. Markaðsráðandi sölusamtök hefðu ekki verið leyfð og þróunarsjóður í sjávarútvegi til þess t.d. að létta af honum skuldabyrði hefði vafalaust ekki samrýmst slíkum reglum.

Þeir segja: Það náðist ekki 100% markaðsaðgangur. Nei, nei. Bara 96%. Nemandi sem gengur upp til prófs en fær 96%, hvað er það kallað? Fyrsta ágætiseinkunn. Það hafa ekki margir náð því.

Þeir segja: Þetta er fyrsta skrefið inn í Evrópubandalagið. Leyfist mér að vitna, virðulegi forseti, í einn af liðsmönnum Halldórs Ásgrímssonar. Hann nýtur þeirrar virðingar að hafa þá ábyrgðartilfinningu frammi fyrir sinni þjóð að segja ekki við hana og þora ekki að segja við hana: Fellum þennan samning. Það er nefnilega maður sem hefur svolítið inngrip inn í atvinnumál þjóðarinnar og þeir eru fimm eða sex í Framsókn sem fylgja honum að málum. Einn þeirra er hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson. Hann sagði þegar hann gerði grein fyrir hjásetu sinni, virðulegi forseti: „Það er skoðun mín að það að fella samninginn á Alþingi á þessu stigi geti skaðað hagsmuni okkar í þeim viðræðum sem fram undan eru auk þess sem það mundi gefa þeim öflum sem vilja sækja um aðild að EB byr undir báða vængi." Þetta er framtíðarforingi Framsfl. sem hér talar. (**Gripið fram í:** Aumingja Jóhannes.) Jóhannesi skal ég segja það strax að hann þarf ekki að óttast það að utanrrh. og ríkisstjórnin sé ekki fullfær um það að bera ábyrgð á þessum samningi. Við skulum ekki varpa þeirri ábyrgð á hann. Við tökum það þó til marks um raunsæi að þeir sitja hjá. Það er að vísu ekki ekki stórmannlegt en það er skárra en það fullkomna ábyrgðarleysi að ætla að fella samninginn. Enginn þeirra sem greiðir atkvæði gegn þessum samningi rís undir því að réttlæta það frammi fyrir þjóðinni, sem kvíðir atvinnuleysi í framtíðinni, ef þeim hefði orðið að þeirri ósk sinni.

Virðulegi forseti. Ég á þá ósk minni þjóð til handa að hún sitji ekki hnípin með vanmetakenndina í andlitinu þegar hún á stórkostlegt tækifæri til þess að tryggja hagsmuni sína til frambúðar. Ég hef þann metnað fyrir hönd minnar þjóðar að hér búi fullvalda þjóð með framtíðarsýn og kjark til þess að mæta framtíðinni sem jafnrétthár aðili í samfélagi þjóðanna.

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Ég sagði í lok minnar ræðu áðan að ég ætlaði að nota þennan tíma til að fjalla um samþykktir Framsfl. í þessu máli, afstöðu einstakra þingmanna, og um þann tvíhliða samning sem við viljum að lögð verði áhersla á að ná. Ég kemst þó ekki hjá því að fara örfáum orðum um það sem kom fram hjá hæstv. ráðherrum. Ég get ómögulega gefið hæstv. utanrrh. 9,6 í einkunn. Er nokkur hér inni eða nokkur sem hefur á þetta horft sem gæti gert það?

Ég held hins vegar að það sé til lítils að vera að þrátta við hæstv. ráðherra um það hvort fyrirvörunum

hafi verið náð. Ég mótmæli því sem hann sagði áðan og ég tók eftir því að hann nefndi t.d. ekki einu orði að nú á að leyfa erlendum fyrirtækjum að eiga hlut í íslenskum fyrirtækjum sem aftur mega eiga hlut í íslenskri útgerð, en við vorum sammála um það, hæstv. utanrrh., að það kæmi ekki til greina á sinni tíð. Og hæstv. ráðherra minntist ekkert á það, sem ég hef þó hvað eftir annað spurt um, hvort ríkisstjórnin væri tilbúin að draga til baka yfirlýsinguna í hvítu bókinni þar sem segir að það eigi að einkavæða orkufyrirtækin. Það var rétt hjá hæstv. ráðherra, við komumst að þeirri niðurstöðu að með því að halda einkarétti ríkisins til virkjana mætti halda yfirráðum yfir orkulindum þjóðarinnar, en nú á að einkavæða þau og ég rakti það líka áðan. Þetta var ekkert nefnt og svona gæti ég fleira rakið og kem kannski að því eitthvað í minni ræðu.

Ég verð einnig aðeins að koma inn á það sem hæstv. sjútvrh., Þorsteinn Pálsson, sagði áðan um fund þann sem ég og utanrrh. áttum í Brussel 18. apríl 1990. Við fórum þangað til að kynna sérstöðu okkar Íslendinga, gera framkvæmdastjórinni, og þá alveg sérstaklega Delors, grein fyrir því að þessi smáþjóð yrði að njóta vissra réttinda, e.t.v. umfram aðrar, eða hafa vissa fyrirvara. Þar var lögð áhersla á það að tekinn yrði upp þráðurinn við þennan tvíhliða samning og það er rétt að ég sagði: Þið eruð velkomnir til Íslands til að ræða samninginn.

En veit hæstv. ráðherra hvers vegna þeir komu aldrei til Íslands? Nei, hann veit það kannski ekki, en ég skal þá upplýsa það. Það er vegna þess að við tókum skýrt fram að í gagnkvæmum veiðiheimildum gætum við eingöngu samið um vannýtta fiskstofna og það vildu þeir ekki ræða við okkur því eini vannýtti fiskstofninn sem þá var þekktur var kolmunninn.

Ég ætla alls ekki að fara að ræða fiskveiðisamninginn hér því ég tel að það eigi ekki að blanda þessum tveimur samningum saman og mér þykir leitt að það skuli gert svo ítarlega af hæstv. ráðherrum. Hann hefur verið mjög ítarlega ræddur, alveg sérstaklega af hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, og m.a. hefur mat það sem hann hefur látið koma fram á jafngildi þessara veiðiheimilda verið svo ítarlega stutt af talsmanni LÍÚ, þeim sem fer með þessi mál, að það verður varla hrakið.

Ég sé ekki ástæðu til að svara miklu af því sem hæstv. forsrh. sagði, en hann spurði að vísu hvers vegna við hefðum stutt þátttöku í EES. Ég hélt ég hefði skýrt það. Ég get ekki endurtekið það, en ég skal þó segja það, sem ég sagði áðan líka að vísu, að við framsóknarmenn teljum alveg nauðsynlegt fyrir þessa þjóð að einangrast ekki og taka þátt í viðskiptasamningum, ekki reyndar bara í Evrópu þó þeir séu hvað mikilvægastir á þessari stundu heldur um allan heim. Við viljum jafnframt taka þátt í víðtækara samstarfi þjóðanna og þess vegna gengum við til þessa samstarfs með þeim miklu fyrirvörum sem áttu að tryggja það að smáþjóð væri fært að taka þátt í svona samstarfi.

Ég sagði áðan að við höfum með okkar miðstjórnarfundum og flokksþingi rætt mjög ítarlega þennan samning að sjálfsögðu og gert um hann ítarlegar samþykktir. Á miðstjórnarfundi sem haldinn var 2. maí samþykkti miðstjórn Framsfl. að flokkurinn gæti ekki stutt — ég legg áherslu á stutt — þennan samning, nema ákveðnum skilyrðum væri uppfyllt, öllum þeim sem sett voru fram í Ósló og jafnframt því að hann bryti ekki stjórnarskrána. Sömuleiðis lagði miðstjórnin áherslu á að þegar yrði mörkuð sú stefna að ganga til tvíhliða samninga eða breyta þessum samningi í tvíhliða samning strax og fært væri.

Á flokksþingi framsóknarmanna sem haldið var í lok nóvember var þetta ítrekað og aftur sagt svo ekki varð um villst að flokksþingið gæti ekki stutt þennan samning nema tryggt væri að hann bryti ekki í bága við stjórnarskrána og þar ætti stjórnarskráin að njóta vafans og jafnframt fullnægt þeim skilyrðum sem ég hef áður nefnt og m.a. að gengið yrði til tvíhliða samninga. Ég legg áherslu á þetta og mótmæli því að þó að sumir þingmenn flokksins hafi ákveðið að sitja hjá við afgreiðsluna er það ekki stuðningur við þennan samning, að sjálfsögðu ekki. Það eru ýmis atriði í þessum samningi vitanlega sem við framsóknarmenn teljum allgóð og gætum stutt ef annað gengi upp og alveg sérstaklega, eins og ég mun rekja hér á eftir, þá höfum við rætt mjög ítarlega um það hvert framhaldið geti orðið ef þessi samningur, sem allt virðist benda til, verði samþykktur og þetta Evrópska efnahagssvæði verður myndað og veltur síðan eða dettur um sjálft sig innan tveggja eða þriggja ára. Og það kemur fram í þeirri tillögu sem við þingmenn, Halldór Ásgrímsson og ég, flytjum á þinginu um að móta þá stefnu hér á Alþingi að þegar verði undirbúið að ganga til viðræðna við Evrópubandalagið um að breyta viðskiptaþætti þessa samnings í tvíhliða samning.

Það er dálítið undarlegt að heyra það hjá hæstv. forsrh. að ég hefði ekki hlustað á ræður þingmanna Framsfl., ég hef varla séð hann hér í salnum, en ég þekki þær allar mjög vel og mér er vel kunnugt um það og það kom mjög vel fram í skýringum sem þingmenn gáfu við sína afstöðu að þeir telja ýmsir að það kunni að vera erfitt að ná tvíhliða samningi ef þessi samningur er felldur. Ég skal fúslega viðurkenna að ég hef líka áhyggjur af því. Þess vegna hefði ég talið vera afar mikilvægt að þegar yrði samþykkt hér að breyta þessum samningi í tvíhliða samning.

Ég vil hins vegar segja að ég tel ekki þann mikla ávinning sem hér hefur verið rakinn eins mikinn og menn hafa sagt. Ég hef aldrei heyrt þessa tölu, 7 milljarða, fyrr en núna hjá hæstv. utanrrh. Ég hef miklu frekar heyrt eitthvað á bilinu 1,5–2 milljarðar, og reyndar er athyglisvert sem segir í fréttabréfi frá SÍF, sem sú stofnun sendi sínum meðlimum sl. haust, að menn skuli varast að telja tollalækkunina til tekna því reynslan sé sú að tollalækkun komi oftar í hlut neytandans.

En eins og ég sagði áðan hafa stofnanir flokksins lagt mikla áherslu á það að samningurinn yrði að standast stjórnarskrána og ég hef talið mér skylt og við sem höfum setið í utanrmn., við hv. þm. Páll Pétursson, að leggja mikla áherslu á að skoða þessi mál. Ég

vil fagna því líka hvernig það mál hefur verið tekið í nefndinni. Það hefur verið tekið mjög skipulega fyrir, bæði af fyrrv. formanni nefndarinnar, Eyjólfi Konráð, og líka núv. formanni nefndarinnar.

Hér hefur verið nefnt að álit lögfræðinga liggja fyrir. Álit fjórmenninga sem hæstv. utanrrh. skipaði liggur fyrir og sömuleiðis álit prófessors Björns Þ. Guðmundssonar og dr. Guðmundar Alfreðssonar. Mér þykir það leitt að hlusta á hæstv. utanrrh. falla í þann forarpytt sem hann gerði áðan þegar hann lýsti þeim ágæta manni. Ég vil vekja athygli á því að Lögmannafélag Íslands fékk dr. Guðmund Alfreðsson sérstaklega hingað til lands til að ræða á opnum fundi sínum um nákvæmlega þetta mál. Það er alrangt sem hér hefur verið fullyrt af hæstv. ráðherra að það sé ekki um neitt framsal á valdi að ræða. Meira að segja fjórmenningarnir sem hæstv. utanrrh. skipaði segja: Það er um að ræða framsal á valdi en það er svo takmarkað að það brýtur ekki í bága við stjórnarskrána. Þeir segja með öðrum orðum að 2. gr. stjórnarskrárinnar, sem skiptir valdinu á milli löggjafarvaldsins, dómsvaldsins og framkvæmdarvaldsins, banni ekki að framselja eitthvað takmarkað vald úr landi. Í örfáum orðum, af því ég hef ekki tíma til að fara ítarlega út í þetta mál, það hef ég gert áður í framsögu, segja hins vegar dr. Guðmundur Alfreðsson og prófessor Björn Þ. Guðmundsson: Stjórnarskráin heimilar hvergi framsal á valdi og því er það ekki leyfilegt.

Þeir rekja þetta mjög nákvæmlega og það er enginn vafi á því, hvað sem hæstv. utanrrh. segir, að það er framsal á valdi til eftirlitsstofnunarinnar og dómstólsins, það er ekki hægt að áfrýja þeim úrskurðum til íslenskra dómstóla. Dómstóll EFTA verður hæstiréttur í þessum málum. Á því er ekki nokkur minnsti vafi.

Ég vek athygli á því, af því að menn eru að tala um Mannréttindadómstólinn, að Mannréttindadómstóllinn bindur ekki Íslendinga af því að Mannréttindasáttmálinn hefur ekki verið gerður að landslögum. Það er hægt fyrir einstaklinga hér í landi að hafna því að fara eftir honum. Menn gera það að sjálfsögðu ekki sóma síns vegna, vona ég.

En þarna er á reginmunur og ég hef ekki tíma til að nefna fjölmörg önnur atriði sem dr. Guðmundur Alfreðsson rekur. Ég vil þó aðeins geta þess að hann færir að mínu mati mjög gild rök fyrir því að löggjafarvaldið sé einnig fært úr landi. Þau frv. sem við yfirleitt fjöllum um hér eru undirbúin af ríkisstjórninni eða einhverjum þingmönnum. Þau frv. sem hingað koma síðar frá EES eru ekki undirbúin af neinum þeim aðilum sem eiga sæti á löggjafarþinginu eða sem við eða meiri hluti þingsins hefur treyst til þess að fara með framkvæmdarvaldið. Þau koma frá stofnun úti í Brussel sem við höfum engan aðgang að í raun þó að sagt sé að við getum verið þar sem einhvers konar áheyrnarfulltrúar. Okkur er eingöngu heimilað að segja annaðhvort já eða nei, við getum engu breytt, og ef við segjum nei eigum við á hættu að fá eins konar — hvað eigum við að segja — mót- eða hegningaraðgerðir. Eftir að hafa skoðað þau mál mjög ítarlega held ég að í mjög mörgum tilfellum sé afar erfitt að segja nei.

Ég vil lýsa því hér yfir að það er ekki nokkur minnsti vafi á því, það hefur komið greinilega fram hjá öllum þingmönnum Framsfl., að þingmenn telja að þessi samningur standist ekki stjórnarskrána. Þingmenn Framsfl. stóðu allir að baki því frv. sem við tveir þingmenn fluttum ásamt þingmönnum annarra stjórnarandstöðuflokka um að breyta stjórnarskránni. Og af því að stundum hefur verið sagt, sem er rétt, að kannski væri einna skást að hafa einhvern dómstól fyrir lítil ríki, og ég get tekið undir að það getur verið betra, þá kom slíkt aldrei til greina nema að breyta stjórnarskránni. Það varð að breyta stjórnarskránni til að heimila jafnvel takmarkaðan flutning á valdi til erlendra stofnana.

Það er einhver allra besta sönnunin í þessu tilfelli að t.d. Norðmenn fjalla ítarlega um þetta í greinargerð með sínu frv. og komast að þeirri skýlausu niðurstöðu að þetta framsal á valdi verði að heimila með auknum meiri hluta á norska þinginu. Það gerðu líka Finnar, það gerðu líka Austurríkismenn.

Mér finnst afar einkennilegt þegar íslenskir ráðamenn berja höfðinu við steininn og segja: Þetta er ekkert framsal á valdi. Og ég verð að viðurkenna að hjá mér er þetta svo afgerandi atriði í þessu máli að ég treysti mér jafnvel ekki til að sitja hjá við samninginn. Ég treysti mér ekki til annars en að greiða atkvæði á móti honum.

Ég vil líka láta það koma fram að þegar þetta var rætt í þingflokki framsóknarmanna og menn skiptust þar á skoðunum um þessa hluti eins og ég hef gert hér mjög opinskátt var það að minni tillögu að það væri afskiptalaust af þingflokknum hvort menn sætu hjá eða greiddu atkvæði á móti því að að sitja hjá er alls ekki stuðningur við samninginn, að sitja hjá undirstrikar að vissir þættir þessa samnings geta, ef rétt er á málum haldið, verið gagnlegir fyrir okkur Íslendinga í framtíðinni.

Ég hygg að tíma mínum sé að verða lokið og ég hef ekki getað komið inn á efnishliðar þessa samnings, aðeins getað sagt að það eru vissir hlutir sem eru gagnlegir, en það fer allt eftir því hvernig á málunum er haldið og þess vegna höfum við framsóknarmenn, tveir, lagt fram tillögu um að hefja þegar viðræður um að breyta viðskiptahlið þessa samnings í tvíhliða samning. Það er mjög nauðsynlegt að Alþingi taki þetta fyrir strax og það kemur saman á ný. Það er ekki nóg að segja að þessi samningur breytist „átómatískt" í tvíhliða samning, hann gerir það ekki. Þegar við erum orðin ein smáþjóð eftir í þessu bandalagi verðum við vitanlega að fá breytt líka ýmsum þeim atriðum sem núna eru í viðskiptahlið samningsins sem henta stórþjóðunum en ekki okkur.

Ég vil taka undir það sem hér hefur verið sagt um framtíð íslensku þjóðarinnar og mikilvægi þessa samnings. Ég get tekið undir það, sem hæstv. utanrrh. hefur sagt, að þetta er eflaust mikilvægasti samningur sem við höfum gert. Þess vegna á mjög til hans að vanda og þess vegna þarf mjög til framkvæmdarinnar að vanda ef hann á ekki að verða að stórslysi.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Góðir áheyrendur. Aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu er eðlilegt framhald þátttökunnar í fríverslunarsamtökum Evrópu, EFTA, árið 1970 og fríverslunarsamningsins við Evrópubandalagið frá 1972. Fjórir af fimm stjórnmálaflokkunum, eða allir flokkar sem átt hafa sæti í ríkisstjórn frá því að samningagerðin um EES hófst árið 1989, hafa lagt sinn skerf af mörkum til þess árangurs sem náðist fyrir Íslands hönd. Atkvæðagreiðslan um samninginn hér á Alþingi í gær sýndi einnig að í öllum flokkum, nema Alþb. sem stjórnast enn af gamla ráðherrasósíalismanum, eru þingmenn sem vilja veita aðildinni að EES brautargengi.

Sú staðreynd að Steingrímur Hermannsson, formaður Framsfl., flytur tvær ræður í kvöld segir meira um ágreininginn innan flokks hans en báðar ræðurnar og ég vek athygli á því að þá greinir á, formanninn og varaformanninn, t.d. um það núna hvort kolmunni sé skiptimynt í samningum við Evrópubandalagið þegar rætt er um gagnkvæmar veiðiheimildir eða ekki. Varaformaðurinn telur að kolmunninn sé sameiginlegur stofn sem við þurfum að semja um við Evrópubandalagið til skiptingar, en formaðurinn virðist telja kolmunnann stofn sem unnt sé að semja við Evrópubandalagið um þegar rætt er um gagnkvæmar veiðiheimildir. Þannig greinir þá ekki aðeins á varðandi aðildina að EES heldur einnig um það hvað felst í samningum við Evrópubandalagið um gagnkvæmar veiðiheimildir.

Hvarvetna í þjóðfélaginu hafa einstaklingar og fyrirtæki verið að búa sig með eftirvæntingu undir þátttöku Íslands í Evrópska efnahagssvæðinu. Einmitt þess vegna hefur Alþingi legið undir ámæli fyrir að geta ekki fyrr tekið af skarið. Á Alþingi hefur málið verið grandskoðað, í utanrmn. á tæplega 90 fundum, frá 1989. Og eftir ítarlega skoðun á stjórnarskrárþætti málsins varð það eindregin niðurstaða meiri hluta nefndarinnar að aðild að Evrópska efnahagssvæðinu bryti ekki í bága við stjórnarskrána.

Frá 17. ágúst sl. hafa umræður um það frv. sem hér er komið á lokastig staðið í um 80 klukkustundir og sérstaklega hefur verið rætt um tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu og henni hafnað og tveimur tillögum um breytingu á stjórnarskránni var vísað til ríkisstjórnarinnar.

Mér segir svo hugur að þegar fram líða stundir verði ekki litið til hinna miklu umræðna á Alþingi um þetta mál í leit að ávirðingum vegna brota gegn hagsmunum þjóðarinnar eða gegn íslensku stjórnarskránni. Menn munu lesa þingtíðindin til að reyna að átta sig á því hvers vegna í ósköpunum einstakir þingmenn lögðu jafnmikið á sig og raun ber vitni um til að hindra framgang málsins. Athyglin mun ekki síst beinast að þeim sem höfðu forustu í ríkisstjórn 1988–1991 og sömdu um meginefni samningsins en snerust síðan gegn aðildinni að EES eftir að kjósendur höfðu ýtt þeim úr ráðherraembættum. Þar verður hlutur formanna Framsfl. og Alþb. talinn furðulegastur.

Á það skal minnt að andstæðingar Evrópska efnahagssvæðisins hér á Alþingi og annars staðar hafa ekki boðið neinn annan kost. Þeir hafa ekki bent á neina aðra trúverðuga leið til að tryggja framhald á sem bestum aðgangi að helsta markaðssvæði okkar án þess að útiloka okkur frá öðrum. Allir þingmenn ættu þó að vera sammála um nauðsyn þess að þessi aðgangur sé greiður. Enginn efast um hve mikið við Íslendingar eigum undir frjálsum alþjóðaviðskiptum. Um þau viðskipti snýst aðildin að EES en hvorki gjörbyltingu á íslensku þjóðfélagi, stjórnarskrárbrot, fullveldisafsal né takmarkalausan aðgang útlendinga að landinu. Að bera þátttökuna í Evrópska efnahagssvæðinu saman við stöðu Íslands samkvæmt sambandslögunum við Dani frá 1918, eins og hv. þm. Steingrímur Hermannsson gerði í fyrri ræðu sinni, er út í hött.

Eftir að Svisslendingar sögðu nei í þjóðaratkvæðagreiðslu 6. des. vöknuðu þeir í tómarúmi. Talsmenn hinna neikvæðu viðhorfa höfðu ekki neitt annað að bjóða en hina neikvæðu afstöðu. Ekkert þjóðfélag þroskast á slíkum forsendum, enda er líklegt að Svisslendingar taki fljótlega ákvörðun um að tengjast Evrópska efnahagssvæðinu.

Fráleitustu rökin gegn aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu eða gegn því að Alþingi taki tafarlaust ákvörðun í málinu finnast mér þau að nei-sigurinn í Sviss eigi að fipa okkur eða tefja. Þá fyrst værum við að afsala valdi til annarra.

Aðildin að EES nýtist okkur ekki að fullu nema við færum okkur allt það í nyt sem hún býður. Athygli vekur hve víðtæk samstaða hefur skapast hér á Alþingi um ýmsar lagabætur er fylgja EES-aðildinni. Samstaðan er víðtækari en stuðningur þingmanna við aðildina sjálfa. Hvers vegna? Svarið er einfalt: Vegna þess að þátttakan í Evrópska efnahagssvæðinu kallar á ný vinnubrögð, meiri aga og virðingu fyrir almennum reglum. Geðþóttaákvarðanir stjórnvalda verða að víkja fyrir almennum skilyrðum sem öllum eru sett. Á svæðinu eiga stórir og smáir að sitja við sama borð. Komið er á fót sameiginlegum stofnunum til að tryggja það. Það hljómar því eins og argasta öfugmæli að heyra íslenska þingmenn hallmæla þessum stofnunum eða telja þátttöku í þeim brjóta í bága við íslenska stjórnskipun.

Frú forseti. Aðild Íslands að Evrópska efnhagssvæðinu hefur svo yfirgnæfandi kosti í för með sér að það er fráleitt að hafna henni, ekki síst þegar andstæðingarnir hafa ekki neinn annan kost að bjóða. Í upphafi árs ganga menn sókndjarfari á vit nýrra tækifæra en ella. Þess vegna fer vel á því að Alþingi Íslendinga samþykki í upphafi ársins 1993 að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið skuli lögfestur og íslenska þjóðin hefji þannig bjartsýn og full eftirvæntingar nýjan áfanga á vegferð sinni með nágrönnum og vinum í Evrópu. — Ég þakka áheyrnina.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Þegar sagnfræðingar framtíðarinnar taka að kynna sér íslenskar stjórnmálaumræður á síðustu áratugum 20. aldar munu

þeir eflaust komast að þeirri niðurstöðu að þær hafi snúist um efnahagsmál og aftur efnahagsmál þar sem tölur, útreikningar, línurit og súlur fylla blaðsíðu eftir blaðsíðu meðal þeirra heimilda sem við skiljum eftir okkur. Menn gætu haldið að við hefðum lifað í heimi þar sem allt væri útreiknanlegt og mælanlegt, jafnt lífshamingjan sem kaupmáttur, verðbólga og vextir.

En stjórnmál snúast ekki eingöngu um efnahagsmál og útreikninga. Efnahagsleg rök eru ekki einu rökin sem okkur ber að skoða, hvort sem við erum að fást við fjárlög íslenska ríkisins eða mat á samningi eins og þeim sem hér er til umræðu í kvöld. Þegar allt kemur til alls snúast stjórnmál um fólk, um líf og lífskjör, og ekki síst um hugmyndir, hugmyndir um það hvers konar lífi við viljum lifa í þessu landi og hvers konar framtíð við viljum skapa komandi kynslóðum.

Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði fjallar ekki eingöngu um tollalækkanir fyrir íslenskan fisk, fjórfrelsið og hugsanlega möguleika íslenskra fyrirtækja eins og halda mætti af málflutningi sumra hér í kvöld. Hann felur einnig í sér ákveðna hugmyndafræði, markmið, framtíðarsýn og stefnumörkun, kosti og galla sem við verðum að taka afstöðu til. Hann felur í sér ákveðna aðlögun að skipulagi sem að hluta til er rótgróið, að hluta til í mótun. Verði samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði að veruleika verður kúrsinn tekinn í átt til miðstýringarinnar miklu í Brussel þar sem tilskipanir og reglugerðir um allt milli himins og jarðar streyma frá embættismannaveldinu sem situr svo óralangt frá því fólki sem á að fara eftir settum reglum. Við verðum að lögfesta þær tilskipanir sem snerta svið samningsins og laga okkur að því kerfi sem samningurinn leiðir af sér.

Það er vissulega skiljanlegt að ríki Evrópu sem öldum saman háðu grimmileg stríð hvert við annað skuli nú hafa valið braut samvinnu og viðskiptafrelsis, en að *mínum dómi eru þessi sömu ríki á villigötum hvað* varðar skipulag og framtíðarsýn. Miðstýring, karlveldi, hagvaxtardýrkun og skortur á lýðræði er það sem blasir við öllum þeim sem kynna sér Evrópubandalagið og skipulag þess. Það kom mjög greinilega fram á nýliðnu ári að djúp gjá er á milli hugmynda ráðandi stjórnmálamanna um framtíð Evrópu og allt að helmings kjósenda sem höfnuðu fyrirhuguðum samruna þar sem kosið var. En ekki er nú lýðræðisvitundin dýpri meðal ráðamanna en það að allt hefur verið gert til að finna leiðir til að hunsa þann danska meiri hluta sem hafnaði Maastricht-samkomulaginu í lýðræðislegum kosningum. Samrunaþróunin sem stefnt er að í Evrópu er ekki óhjákvæmileg. Hún er einfaldlega stefna sem mörkuð hefur verið af stjórnmálamönnum. Evrópska efnahagssvæðið er hluti af þeirri stefnu og ég hafna því að það sé eini kosturinn sem Íslendingar eigi um að velja. Heimurinn er stór og möguleikarnir miklir. Sagan kennir okkur að stórveldi, efnahags- og tollabandalög hafa komið og farið í tímans rás. EB verður ekki eilíft og það er þegar ljóst að Evrópska efnahagssvæðið er millispil í tónverki sem enginn veit hvernig endar og getur vart þjónað framtíðarhagsmunum Íslendinga. Því eiga Íslendingar að leita annarra leiða, tvíhliða viðræðna við EB og nýrra markaða. Við þurfum vissulega að tryggja viðskiptahagsmuni okkar og það getum við gert án þess að loka okkur inni á bak við múra hins Evrópska efnahagssvæðis þar sem atvinnuleysið er yfirþyrmandi og hagræðing, einsleitni, hagsmunir stórfyrirtækja og blind markaðshyggja ráða för.

Virðulegi forseti. Það neitar því enginn að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði felur í sér bæði kosti og galla fyrir íslenska þjóð. Að vandlega athuguðu máli hef ég komist að þeirri niðurstöðu að gallarnir vegi þyngra en kostirnir og því mun ég greiða atkvæði gegn samningnum. Ástæðurnar eru margar. Hér er um slíkt stórmál að ræða að það hefði átt að leggja í dóm þjóðarinnar, en því var hafnað af meiri hlutanum á Alþingi. Vafi leikur á því að samningurinn standist íslensku stjórnarskrána. Ég get sem alþingismaður ekki sætt mig við þá stöðu sem samningurinn markar Alþingi Íslendinga er okkur verður gert að segja já eða nei þegar tilskipanir EB koma til kasta þingsins en fáum litlu sem engu ráðið um innihald þeirra laga sem okkur er ætlað að setja. Að mínum dómi er þar um að ræða ótvírætt framsal á löggjafarvaldi.

Samningurinn um EES felur einnig í sér valdaafsal á þeim sviðum sem hann nær til sem þýðir að við getum ekki lengur mótað okkar eigin stefnu í stórum málaflokkum. Með samningnum um EES verður okkur gert með einum eða öðrum hætti að aðlagast þeirri samfélagsþróun sem mun eiga sér stað á Evrópska efnahagssvæðinu og ég spyr: Hvað þýðir það fyrir íslenska kvennabaráttu? Hvað þýðir það fyrir félagsleg réttindi karla og kvenna? Hvað þýðir það fyrir kjarabaráttu framtíðarinnar? Verður því ekki borið við að hér sé ekki hægt að bjóða betur en úti í Evrópu vegna samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og vegna einsleitninnar sem er eitt af aðalmarkmiðum samningsins um EES.

Evrópska efnahagssvæðið felur í sér áframhald þeirrar hagvaxtar- og iðnaðardýrkunar sem sl. 200 ár hefur valdið jörðinni miklum skaða og gengur þvert á hugmyndir Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Það er ljóst að stefnubreyting verður að eiga sér stað. Evrópska efnahagssvæðinu er ætlað að vera mótvægi við Bandaríkin og Japan í baráttunni um heimsviðskiptin en felur um leið í sér ákveðna einangrunarstefnu þar sem varnarmúrar eru hlaðnir í kringum svæðið og öðrum haldið tryggilega utan við.

Ég endurtek að það kerfi sem við verðum að aðlagast er ólýðræðislegt reglugerðarveldi af þeirri gerð sem ég vil ekki sjá Ísland sem hluta af.

Þá er því við að bæta að enginn veit hvað það kostar okkur að stíga það skref sem hér er lofað og prísað af stjórnarflokkunum í þeim karlrembu-, trúboða- og mannkynsfrelsarastíl sem við höfum heyrt hér í kvöld. Það er talað eins og um sjálft himnaríki sé að ræða, en utan við í myrkri og kulda bíður sá vondi sjálfur verði samningnum hafnað.

Því er mjög haldið á loft að samningurinn um EES bjóði íslenskum fyrirtækjum upp á nýja möguleika og vonandi verður það raunin ef samningurinn verður að

veruleika. En ég spyr: Hvernig eru þau búin undir aukna samkeppni og nýja markaðssókn?

Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar er samdráttur í öllum útflutningsgreinum og við vitum að fjöldi fyrirtækja er rekinn með halla. Ég efast því stórlega um þann mikla efnahagslega ávinning sem spáð er og hin miklu sóknarfæri sem sögð eru fram undan, m.a. í samkeppni við stórlega ríkisstyrktan sjávarútveg Norðmanna.

Virðulegi forseti, ég er alveg að ljúka máli mínu. Ég tel að við Íslendingar getum skapað okkur góða framtíð utan EES og að allt það mikla alþjóðasamstarf sem við tökum nú þegar þátt í tryggi okkur nauðsynlega menningarstrauma, vísindasamvinnu og möguleika til að þróa okkar samfélag í þá átt sem við viljum. Við Íslendingar erum smáþjóð, en við getum verið málsvarar friðar, mannréttinda, náttúruverndar og smæðarinnar. Styrkur okkar felst í því að vera lítil menningarþjóð með merka sögu og gamalt flókið tungumál sem á hafa verið ritaðar bókmenntir sem ekki eiga sinn líka í veröldinni.

Við erum þjóð sem á mikil auðæfi í hafi og landi og höfum með mikilli vinnu skapað hér góð lífskjör þótt á ýmsu hafi gengið. Það sem skiptir okkur mestu er að við ráðum sjálf okkar för og við glötum ekki þeim möguleikum sem við höfum til að skapa hér gott samfélag réttlætis, jöfnuðar og kvenfrelsis. Ég tel að samningurinn um EES verði til trafala á þeirri braut sem ég vil sjá íslenskt samfélag feta. Hann boðar þjóðfélagsþróun sem ég tel óskynsamlega og því hafna ég þessum samningi. — Góða nótt.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 11.25 síðdegis.

97. FUNDUR

föstudaginn 8. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Evrópskt efnahagssvæði, stjvfrv., 1. mál, þskj. 580. — Frh. 3. umr.

2. Samningar við EB um fiskveiðimál, stjtill., 275. mál, þskj. 375, nál. 549 og 579. — Frh. síðari umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 580.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Þó að ég hafi tekið áður til máls í þessu efni þá ætla ég að leyfa mér að segja nokkur orð enn og tíunda fleiri atriði en mér hefur gefist tækifæri til að koma inn á áður og er ekkert að biðjast afsökunar á því. Ég vil að það liggi fyrir í framtíðinni þegar sagnfræðingar fara að kanna það hvernig þeir atburðir hafa gerst sem nú eru að verða hver afstaða mín til þessa máls hefur verið. Út af fyrir sig er mér ánægjuefni að í öðru átakamáli sem hér var á þingi fyrir áratug, þá er ég að tala um hvenær skyldi farið í virkjun Blöndu og hvernig skyldi að því staðið, liggur það fyrir í Alþingistíðindum hver var afstaða mín þá til þessa máls. Því miður hefur það sannast að ég hafði rétt fyrir mér sem út af fyrir sig er slæmt en persónulega er mér það þó ákveðin ánægja að ég hafði rétt fyrir mér og viðvaranir mínar og andmæli í því máli voru ekki sett fram að tilefnislausu.

Fyrst ætla ég að fara nokkrum orðum um formlega hlið málsins þó að ég hafi að vísu gert það áður og margir fleiri. Í fyrsta lagi er markleysa að setja þessi lög hér og nú. Sá lagatexti sem við erum að fjalla um kemur ekki til með að standast og það vita allir hér inni. Þá þegar af þeirri ástæðu er tímasóun að ræða þetta frv. undir þeim formerkjum sem nú er verið að gera. Það er fásinna að afgreiða málið í þeirri mynd sem það er nú frá Alþingi. Það er raunar móðgun við Alþingi að bjóða því upp á að gera það og það er óvirðing við forseta Íslands að bera fram fyrir hann til undirskriftar lög í svo haldlausum búningi sem þessi eru eða koma til með að verða. Ég vil fara fram á það til að reyna að afstýra enn frekari vandræðum að umræðunni verði frestað áður en henni er lokið og Alþingi fái með því ráðrúm til að afgreiða málið með formlegum hætti, fái eðlilegan og fullnægjandi lagatexta á sínum tíma þegar hann kemur til með að liggja fyrir. Afgreiðslan nú er einungis skoðanakönnun um það hvort ríkisstjórnin hafi meiri hluta fyrir þeim verkum sem hún vill vinna, hvort á bak við það umboð sem ríkisstjórnin veitti hæstv. utanrrh. til þess að fara með málið fyrir hönd ríkisstjórnarinnar sé nægilegur þingmeirihluti. Við 2. umr. málsins kom í ljós að svo er. 32 þingmenn guldu jáyrði sitt við frv. og ríkisstjórnin þarf út af fyrir sig ekki frekari vitnanna við að hún hefur meiri hluta fyrir málinu. Þá þegar af þeirri ástæðu er ástæðulaust að halda áfram með þeim hætti sem hér hefur verið gert.

Ég kemst ekki hjá því að vitna til greinargerðar sem utanrmn. Alþingis hefur borist frá Birni Þ. Guðmundssyni prófessor um málsmeðferð frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið sem lagt er fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992. Ég ætla að lesa, með leyfi forseta, hluta af þeirri greinargerð sem Björn Þ. Guðmundsson vann og lagði fram eða sendi utanríkismálanefndarmönnum. Ég þarf ekki að rekja þá sögu. Þingmönnum kunnugt um hvernig þeir atburðir urðu þeg-

ar Björn Þ. Guðmundsson sendi forseta Alþingis bréf þar sem hann lýsti skoðun sinni á haldleysi þess að taka þetta mál til umfjöllunar á þessu stigi og síðan mætti hann fyrir utanrmn. og í kjölfarið sendi hann skriflega greinargerð um málið. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa kafla úr þessari greinargerð. Þar segir, frú forseti:

„Umbreyting þjóðréttarsamninga í landsrétt getur átt sér stað með ýmsum hætti. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leita eftir lögfestingu samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði (EES). Í samræmi við það hefur verið lagt fram á Alþingi „Frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið", og er lagatexti þess svohljóðandi:

1. gr. Heimilt er að fullgilda fyrir Íslands hönd:

1. Samning um hið Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn), þ.e. meginmál samningsins, bókanir við hann og viðauka, ásamt gerðum sem í viðaukunum er getið, milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þessara bandalaga annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sem undirritaður var í Óportó 2. maí 1992;

2. samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem undirritaður var í Óportó 2. maí 1992.;

3. samning um fastanefnd EFTA-ríkjanna sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992.

2. gr. Meginmál EES-samningsins skal hafa lagagildi hér á landi. Sama gildir um ákvæði bókunar 1 við samninginn og ákvæði 9. tölul. VIII. viðauka og g-liðar 1. tölul. XII. viðauka við samninginn.

Ákvæði EES-samningsins, bókunarinnar og viðaukanna, sem vísað er til í 1. mgr., eru prentuð sem fskj. 1–4 með lögum þessum.

3. gr. Skýra skal lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja.

4. gr. Ráðherra, sem í hlut á, getur, ef sérstök nauðsyn krefur, sett reglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd EES-samningsins.

5. gr. Ákvæði 1. gr. laga þessara öðlast þegar gildi. Önnur ákvæði laganna öðlast gildi um leið og EES-samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar."

Síðan segir dr. Björn: „4. gr. frv. hefur réttilega verið felld niður því í henni hefði falist allt of víðtækt valdaframsal til handhafa framkvæmdarvalds."

Síðan segir dr. Björn prófessor: „EES-samningurinn og EFTA-samningarnir tveir fylgja frv. Með því er einnig prentaður samningur milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um sérstakt fyrirkomulag í landbúnaði. Með „samningi um Evrópska efnahagssvæðið" er átt við meginmál samningsins og fylgiskjöl með honum, þ.e. bókanir og viðauka, svo og „gerðir" sem vitnað er til í viðaukum. Meginmál samningsins er 129 greinar ásamt inngangsorðum. Samningnum fylgja sameiginlegar yfirlýsingar, yfirlýsingar allra samningsaðila og yfirlýsingar eins eða fleiri samningsaðila, en þær geta haft áhrif á túlkun samnings. Þá fylgja samþykktir um túlkun einstakra ákvæða samningsins sem eru bindandi fyrir samningsaðila. Samningarnir í heild verða birtir með auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því að önnur ákvæði laganna en 1. gr. taki gildi um leið og EES-samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar, þ.e. þegar allir samningsaðilar hafa fullgilt hann eða staðfest, skv. 129. gr. samningsins. Í þeirri grein segir m.a. að samningurinn öðlist gildi 1. jan. 1993 að því tilskildu að allir samningsaðilar hafi afhent fullgildingarskjöl til aðalskrifstofu EB-ráðsins fyrir þann dag. Hafi einhver samningsaðila ekki afhent fullgildingarskjöl tímanlega frestast gildistakan til fyrsta dags annars mánaðar eftir síðustu tilkynninguna. Dragist fullgildingin fram yfir 30. júní 1993 ber að kalla saman ráðstefnu stjórnarerindreka til að meta stöðuna aftur. Í samþykkt vegna þessarar greinar samningsins er gert ráð fyrir að um leið og ljóst er að einhver samningsaðili er ekki tilbúinn að fullgilda samninginn geti undirritunaraðilar metið aðstæðurnar. Ef einhver aðili fullgildir ekki samninginn innan tímamarka, þ.e. ef ekki er komin tilkynning um fullgildingar frá öllum samningsaðilum fyrir 30. júní 1993, skulu hinir samningsaðilarnir boða til ráðstefnu stjórnarerindreka til að skoða möguleika á að samþykkja bókun með nauðsynlegum breytingum til þess að samningurinn geti öðlast gildi á milli þessara samningsaðila. Slíka bókun þarf að fullgilda á sama hátt og samninginn sjálfan.

Ákvæði 129. gr. samningsins varðar einungis þjóðréttarsamninginn sjálfan og reynir á það nú vegna þess að Sviss felldi samninginn. Í þessu sambandi má minna á að EB-ríkin sjálf hafa ekki öll enn fullgilt samninginn af sinni hálfu.

Í frv. því sem nú liggur fyrir Alþingi er hins vegar gert ráð fyrir því að 1. gr. laganna öðlist þegar gildi, þ.e. þegar lögmæt birting þeirra í Stjórnartíðindum hefur fram. Þá hefur fengist lögformleg heimild til að fullgilda fyrir hönd Íslands þann samning „sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992" og ekkert annað hvorki meira né minna.

Samkvæmt 2. gr. samningsins merkir hugtakið „EFTA-ríki" í samningnum „þau ríki sem eru aðilar að þessum samningi sem einnig eru aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA)."

Þessi samningsaðili undirritaði samninginn í Óportó. Aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu eru sjö og nefnast sameiginlega „EFTA-ríki". Aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu eru því áfram sjö en „EFTA-ríki" í skilningi samningsins eru ekki lengur hin sömu, þ.e. einungis orðin sex. Í 1. gr. frv. er aðeins talað um „EFTA-ríki" og um samninginn eins og hann var undirritaður í Óportó hinn 2. maí 1992.

Samkvæmt 1. gr. frv. er einnig veitt heimild til að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli „EFTA-ríkjanna" um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem undirritaður var í Óportó 2. hinn maí 1992 (svonefndan EES-samning). Samkvæmt honum sitja í eftirlitsstofnun EFTA sjö eftirlitsfulltrúar, skipaðir af „EFTA-ríkjunum" með samhljóða ákvörðun. Samkvæmt sama samningi eiga sjö dómarar að sitja í

EFTA-dómstólnum, einn frá hverju „EFTA-ríki" og eru þeir skipaðir með samhljóða samþykki allra „EFTA-ríkjanna".

Loks er í 1. gr. lagafrv. gert ráð fyrir að heimilt verði að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um fastanefnd „EFTA-ríkjanna" sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992. Í athugasemdum við þann samning segir að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið geri ráð fyrir samstarfi „EFTA-ríkjanna" um ákvörðunartöku, stjórnun, framkvæmd og samráð vegna samningsins. Með samningnum er tekið fram að sett sé á fót ný nefnd „EFTA-ríkjanna" sem skuli sinna samstarfi vegna aðildar að EES. EFTA-ráðið muni hins vegar starfa áfram samkvæmt stofnsamningi um Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA). Skrifstofa EFTA, sem starfi fyrir EFTA-ráðið, muni einnig sinna skrifstofuþjónustu fyrir fastanefnd EFTA. Starfsmenn fastanefndarinnar verði því formlega ráðnir af EFTA-ráðinu. Þá segir að hlutverk fastanefndarinnar verði í meginatriðum tvíþætt. Í fyrsta lagi eigi „EFTA-ríkin" að hafa samráð í nefndinni varðandi ákvarðanatöku í EES-ráðinu og sameiginlegu EES-nefndinni í þeim tilvikum þar sem gert sé ráð fyrir að „EFTA-ríkin" tali með einni röddu, sbr. 2. mgr. 90. gr. og 2. mgr. 93. gr. EES-samningsins. Önnur störf fastanefndarinnar varði hins vegar framkvæmd og stjórnun á EES-reglum í „EFTA-ríkjunum" samkvæmt nánari tilgreiningu í samningnum. Samkvæmt samningnum um fastanefndina er gert ráð fyrir að hvert „EFTA-ríki" hafi fulltrúa í fastanefndinni og hafi hver fulltrúi eitt atkvæði. Fulltrúar „EFTA-ríkjanna" geti á sama hátt og í EFTA-ráðinu verið embættismenn eða ráðherrar. Þá segir að almennt séu ákvarðanir fastanefndarinnar teknar samhjóða. Loks segir í athugasemdum um fastanefndina að aðild að samningnum um hana falli sjálfkrafa úr gildi ef samningsaðili afturkalli aðild að EES-samningnum.

Hægt væri að tína til miklu fleiri atriði sem sýna að 1. gr. frv., ef lögfest verður óbreytt, stenst ekki eins og hún liggur fyrir. Þetta á ég við þegar ég segi í bréfi mínu til forseta Alþingis að óbreyttur lagatexti frv. standist ekki raunveruleikann. Verði þessi lagatexti 1. gr. frv. samþykktur óbreyttur fer hann þannig inn í Stjórnartíðindi og er gildandi lög á Íslandi.

Í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, er ræki lega fjallað um lagasetningu á Alþingi. Þar er að vísu ekki sérstaklega kveðið á um efni lagafrumvarpa en að sjálfsögðu þýðir það ekki að lagatexti geti verið hvers efnis sem er, enda fleira réttarheimildir en svonefnd sett lög frá Alþingi. Meðal slíkra réttarheimilda er eðli máls sem er líka lögskýringarsjónarmið og verður nánar vikið að því síðar.

Til þess að sýna fram á að samkvæmt stjórnskipunarrétti eru gerðar miklar kröfur bæði til forms og efnis við lagasetningu ætla ég að geta hér eins hæstaréttardóms. Hann varðar að vísu mistök við meðferð lagafrv. en kveður þó upp úr um það að ekki sé til þess ætlast að dómstólar fari eftir lagaákvæði sem er meiningarleysa. Hér er um að ræða hæstaréttardóm 1950, bls. 175. Málavextir voru í stuttu máli þeir að í lögum nr. 61/1932, um lax- og silungsveiði var orðið „kvísl" ekki skilgreint sérstaklega. Í frv. til laga um breytingu á þessum lögum, sem borið var fram á þinginu 1936, var tekin upp skýrgreining á orðinu. Neðri deild Alþingis fékk frv. fyrst til meðferðar. Var frv. afgreitt þaðan til efri deildar með svohljóðandi skýrgreiningu á „kvísl": „Þar sem á fellur ekki í einu lagi, heldur skiptist um kletta, hólma eða sandeyrar, sem eru upp úr, þegar vatnsborð er lægst." Efri deild samþykkti ákvæði þetta með þeirri breytingu að í stað orðanna „þegar vatnsborð er lægst" skyldi koma „að staðaldri". Þegar frv. var lagt fyrir neðri deild að nýju hafði láðst að fella út úr því orðin „þegar vatnsborð er lægst" en orðin „að staðaldri" voru felld inn í það. Er málið kom til afgreiðslu í deildinni var lýsing frv. á „kvísl" orðuð svo: „Þar sem á fellur ekki í einu lagi, heldur skiptist um kletta, hólma eða sandeyrar, sem eru upp úr, þegar vatnsborð er lægst að staðaldri." Þannig var frv. samþykkt í neðri deild og síðan staðfest og birt sem lög nr. 79/1936. Skilgreining orðins „kvísl" var síðan tekin upp í lög nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði. Hér var sem sagt aðstaðan sú að vegna mistaka er frv. að lögum (hér l. 79/1936) var sent milli deilda hafði skilgreining síðari deildarinnar orðið öðruvísi en frá henni var gengið í fyrri deildinni. Um þetta segir Ólafur Jóhannesson í riti sínu Stjórnskipun Íslands, Reykjavík 1978, bls. 405, orðrétt: „Skýrgreiningin var því í rauninni aðeins samþykkt af annarri þingdeildinni, og var auk þess hálfgerð meiningarleysa."

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að ákvæðið hefði ekki orðið til á stjórnskipulegan hátt og hefði því ekki lagagildi. Var því ekki hægt að byggja úrlausn í dómsmálinu á ákvæðinu.

Það má alveg eins orða það þannig að texti 1. gr. frv. til laga um EES-samninginn, eins og ætlunin er að samþykkja hann nú, sé meiningarleysa, rétt eins og ákvæðið sem Hæstiréttur dæmdi ógilt í nefndum dómi.

Í þessu dómsmáli var lagatexti ekki talinn hafa verið settur á stjórnskipulegan hátt og hefði því ekki lagagildi einungis vegna þess að hann bar ekki með sér nægilega skýra skilgreiningu á einu einasta orði.

Varðandi lögfestingu á 1. gr. frv. til laga um EES er því hins vegar haldið fram að hægt sé að veita utanrrh. heimild til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd þjóðréttarsamning sem fyrir liggur að aldrei verður sá sem lagaákvæðið, samkvæmt orðum sínum, veitir heimild til að fullgilda en lagaákvæði þetta tekur gildi sem íslensk lög þegar í stað. Með öðrum orðum liggur það fyrir að samningurinn um EES „sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992" mun aldrei verða lögfestur á Íslandi heldur einhver annar samningur í breyttri mynd eftir samningviðræður milli aðila sem nú er ekki einu sinni ljóst hverjir verða. Hér er rétt að geta þess að af hálfu Spánar, sem á aðild að EB og er því samningsaðili um EES-samninginn, hefur því nú verið lýst yfir að samningurinn standist ekki óbreyttur eftir að Sviss felldi hann."

Hér vil ég skjóta því inn í þennan upplestur að fram hefur komið í utanrmn. og hér á Alþingi að frv. til staðfestingar EES-samningsins hefur að tilhlutan rík-

isstjórnar Spánar verið dregið til baka og meðferð þess þar með lokið í þeirri mynd sem það er nú í spánska þinginu. Ég held áfram að vitna til greinargerðar dr. Björns prófessors:

„Í þessu sambandi skiptir engu máli það ákvæði 29. gr. EES-samningsins, og áður er vikið að, þess efnis að ef einhver aðili fullgildi ekki samninginn innan tímamarka skuli boða til ráðstefnu stjórnarerindreka til að skoða möguleika á að samþykkja bókun með nauðsynlegum breytingum til þess að samningurinn geti öðlast gildi á milli þessara samningsaðila eins og þar segir. Slíka bókun þarf að fullgilda á sama hátt og samninginn sjálfan eins og áður getur. Hér er einungis um það að ræða hvernig samningsaðilarnir skulu bera sig að ef svo stendur á sem þarna segir en hefur ekkert með að gera þær fullgildingaraðferðir einstakra ríkja (hvort sem þau t.d. heita Noregur eða Liechtenstein) sem farið er eftir samkvæmt gildandi lögum hvers lands, í þessu tilfelli með venjulegri lagasetningu á Alþingi Íslendinga.

Að lokum vek ég athygli á viðbæti 8 í frv. sem sýnir hverjum augum samningsaðilar sjálfir líta á nauðsyn nákvæmni við lögfestingu samningsins. Viðbætirinn varðar leiðréttingar á íslenskum texta EES-samningsins og þar segir orðrétt í upphafi: „Eftirfarandi lagfæringar hafa verið gerðar á íslensku meginmáli EES-samningsins frá því að hann var undirritaður í Óportó 2. maí sl. Verið er að leita staðfestingar annarra samningsaðila á þessum lagfæringum." Síðan eru þessar lagfæringar taldar upp á einni og hálfri blaðsíðu og yrðu margar þeirra væntanlega taldar heldur lítilfjörlegar eins og t.d. það að breyta þurfi orðinu „Oporto" í „Óportó" með samningaviðræðum og sérstakri „staðfestingu" samningsaðila."

Lýk ég hér að vitna til greinargerðar prófessors Björns Þ. Guðmundssonar sem ég taldi nauðsynlegt að færð yrði í Alþingistíðindi, eða þessi kafli hennar, þar sem hún er innlegg í málið og staðfestir gersamlega þann málflutning sem ég hef haft uppi. Subbuskapur af þeirri gráðu sem hér er boðið upp á á Alþingi tíðkast ekki annars staðar og skiptir engu þó að forseti Finnlands hafi, eftir að ljóst varð að Sviss yrði ekki aðili að þessum samningi, undirritað lög þar um. Væntanlega hefur hann verið að gegna þar kröfu finnska þingsins sem hafði, áður en Sviss felldi samninginn í atkvæðagreiðslu, í góðri trú afgreitt samninginn. Nú getum við ekki eins og finnska þingið afgreitt samninginn í góðri trú vegna þess að við vitum að endanleg gerð hans verður önnur en sú sem við erum að fjalla um.

Það skiptir heldur engu máli þó að íbúar í Liechtenstein hafi samþykkt þennan samning í þjóðaratkvæðagreiðslu eftir að atkvæðagreiðslan í Sviss fór fram. Íbúar Liechtenstein voru einungis að segja að þeir vildu verða aðilar að Evrópsku efnahagssvæði og það er væntanlega þeirra stjórnvalda að koma því máli í formlegan búning.

Þetta var um hina formlegu hlið málsins, þ.e. Alþingi er komið í ógöngur með hina formlegu hlið. Ríkisstjórnin er komin í ógöngur með hana vegna þess að hér er verið að ræða lagafrv. sem vitanlega verður ekki með þeim hætti í endanlegri gerð sem nú er verið að fjalla um á Alþingi. Ef ríkisstjórnin taldi sig nauðbeygða til að fá endurnýjað umboð eða fá staðfest umboð frá Alþingi til þess að utanrrh. mætti halda áfram viðræðum um aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði þá hefði ríkisstjórn Íslands eftir atkvæðagreiðsluna í Sviss að sjálfsögðu verið í lófa lagið að fá þetta umboð ef hún vildi láta sanna það að þingmeirihluti væri fyrir málinu á Alþingi. Það var einfalt að bera fram þáltill. í þá veru að ríkisstjórninni væri falið að halda áfram samningum og þá hefði ekki þurft að lenda í þessu dæmalausa klúðri að afgreiða lagafrv. sem ekki stenst.

Því hefur verið haldið fram og m.a. af lögfróðum manni hér í þinginu, þ.e. lögfróðum ráðherra í ríkisstjórn Íslands, að Alþingi gæti sett lög um hvað svo sem væri. Alþingi hefði vald til að setja lög um hvers konar vitleysu sem því dytti í hug og þingmeirihluti væri fyrir. Þetta tel ég að röksemdir Björns Þ. Guðmundssonar prófessors hreki ítarlega, enda væri það mjög óeðlilegt og óskynsamlegt. Ég tel nefnilega að í þennan málatilbúnað vanti heilbrigða skynsemi og ég sakna hennar sárlega úr verkum ríkisstjórnarinnar síðustu vikurnar. Ég hef hins vegar ekkert á móti því að ræða samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, þ.e. hugmyndina að samningi um Evrópskt efnahagssvæði, efnislega þar sem Evrópubandalagið annars vegar og ríkisstjórnir Noregs, Svíþjóðar, Finnlands, Íslands, Austurríkis og Liechtenstein hins vegar hafa áform um að mynda. Þær umræður geta í sjálfu sér verið gagnlegar og tímanum að því leyti ekki varið til einskis að ræða málið.

Þetta mál liggur æ ljósar fyrir eftir því sem lengur er fjallað um það hér á Alþingi. Nefndastörf og umræður á Alþingi hafa skýrt þetta mál mjög. Alþingismenn og þeir sem málið vilja kanna hafa nú aðgang að miklu haldbetri upplýsingum í Alþingistíðindum og þingskjölum og þá hafa þeir aðgang að haldgóðum upplýsingum svo og persónulegu mati einstakra þingmanna á ýmsum þáttum málsins á þeim samningi, þ.e. þeim samningi sem undirritaður var í Óportó.

Menn hafa verið að býsnast yfir ræðufjölda og þeim tíma sem hefur farið í að ræða þetta mál. Menn hafa verið að gera samanburð við önnur þjóðþing sem um málið hafa fjallað. Það er mikil fásinna að vera að tala um málþóf í þessu máli vegna þess að umræðurnar hafa verið efnislegar og málefnalegar allan tímann en málið er stórt og þar af leiðandi tekur það nokkurn tíma að fjalla um það og það er eðlilegt að alþingismenn vilji ræða það ítarlega þegar það er til umfjöllunar hér á Alþingi.

Ég verð að játa að ég sakna þess mjög að hafa ekki heyrt skoðanir hinna vitrari sjálfstæðismanna og alþýðuflokksmanna í þessu máli. Það eru allmargir þeirra sem eiga eftir að tjá sig um málið. Ég sá samantekt í gær sem gerð hafði verið af starfsmanni Alþingis um þátttöku í þessum umræðum, þ.e. merkt var við þá þingmenn sem annaðhvort höfðu talað í málinu, þ.e. frv. um Evrópskt efnahagssvæði, um stjórnarskrárfrumvörpin, um þjóðaratkvæðagreiðslumálið eða gert

grein fyrir atkvæðum sínum, þ.e. þeir sem höfðu opnað munninn um þetta mál hér á Alþingi til annars heldur en segja já eða nei. Og það kom í ljós ef ég man rétt, ég er nú ekki með þessa útskrift hjá mér, að það hafi verið 12 þingmenn Sjálfstfl. sem ekki höfðu stunið upp neinni skoðun um málið eða gefið í skyn hvar þeir stæðu í málinu eða hverja skoðun þeir hefðu á því né heldur gert grein fyrir atkvæðum sínum né heldur tjáð sig um stjórnarskrárþátt málsins eða hugmyndina um þjóðaratkvæðagreiðslu.

Einn hv. sjálfstæðismaður, hv. 5. þm. Norðurl. e., Tómas Ingi Olrich, hefur þó sýnt ákveðna viðleitni til þess að taka þátt í þessum umræðum en hann mun nú vera einn af minni spámönnunum í sínum flokki þó að þetta sé mjög ágætur og hæfur maður og ég beið þess í ofvæni að heyra skoðanir hans í málinu. Hann hefur nefnilega þráfaldlega sett sig á mælendaskrá en síðan strikað sig út þegar að því kom að hann fengi að halda ræðuna. Meðgöngutími þessi er orðinn mjög langur og ég beið í ofvæni eftir að heyra í ræðumanni. Hann fékk að halda ræðu sína undir lok 2. umr. og ég verð nú að játa það að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með þessa ræðu því að ég væntí mér staðbetri ályktana heldur en þar komu fram. Hún var fyrst og fremst full af hártogunum og haldlausum gagnályktunum. Þar af leiðir að ég beið svona að vissu leyti til einskis eftir þeirri ræðu og ætla ég þó ekki að fara að fjalla um hana meira, enda hv. þm. fjarstaddur. En ég vildi gjarnan heyra það hvernig einstakir stjórnarþingmenn hugsa sér að réttlæta afstöðu sína fyrir kjósendum sínum þegar þeir koma og eiga orðastað við þá. Við höfðum e.t.v. getað fengið mynd af því með því að hlusta á málflutning þeirra á Alþingi. Það er enginn stikkfrí í þessu máli. Þetta er það stærsta mál sem við höfum fjallað um á Alþingi Íslendinga á lýðveldistímanum, alveg tvímælalaust afdrifaríkasta mál sem í hendur okkar hefur komið og kemur til með að koma á okkar þingtíð og þjóðin á kröfu á að vita hver afstaða einstakra þingmanna er.

Þetta er eins og ég sagði áðan mjög umfangsmikið mál og ákaflega fjölþætt. Þetta kemur til með að hafa í framtíðinni áhrif á líf hvers einasta Íslendings. Þetta grípur inn á flest svið þjóðlífsins og úrslit þessa máls koma til með að marka framtíð þjóðarinnar um ókomin ár og áratugi.

Menn hafa verið að velta því fyrir sér hér í ræðustólnum hvað gerðist í nánustu framtíð. Að sjálfsögðu er erfitt að spá langt fram í tímann. Reynum að hugsa okkur hvernig hér yrði umhorfs eftir svo sem 30 ár. Ef samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði gengur í gildi og við sem afleiðing af því verðum aðilar að Evrópubandalaginu, sem ég tel að sé tvímælalaus afleiðing þess að gera þennan samning, þá verðum við ekki einir eftir á einhverju óskilgreindu Evrópsku efnahagssvæði. Ég hef sannfæringu fyrir því að þeir menn sem enn eru ekki komnir út úr skápnum nema kannski að hálfu leyti komi til með að krefjast inngöngu Íslendinga í Evrópubandalagið þegar aðrir aðilar að Evrópsku efnahagssvæði, þ.e. frá fyrrv. EFTA-hlið, eru gengnir inn.

Við skulum reyna að gera okkur grein fyrir því hvernig hér yrði umhorfs eftir um 30 ár ef svo fer sem horfir. A.m.k. einhver hluti, kannski verulegur hluti, auðlinda okkar Íslendinga til lands og sjávar verður kominn í erlenda eigu og nýtt af útlendum fyrirtækjum. Eftirsóttar landareignir verða komnar að einhverju eða e.t.v. verulegu leyti í erlenda eigu. Fiskimiðin verða nýtt af fyrirtækjum sem eru í erlendri eigu beint eða óbeint að einhverju leyti. Við komum til með að búa hér við svipað atvinnuleysi og fast er í Evrópubandalaginu, þ.e. svipað atvinnustig og í öðrum Evrópubandalagslöndum. Mörg undirstöðufyrirtæki og peningastofnanir verða að einhverju leyti í erlendri eigu, e.t.v. að verulegu leyti. Við munum að sjálfsögðu horfa á eftir mörgum Íslendingum til búsetu erlendis. Það verður fyrst og fremst það fólk sem á kost á störfum á atvinnuleysissvæðum Evrópu sem notar sinn rétt til að setjast þar að og vinna. Það verður fyrst og fremst menntaðasti hluti þjóðarinnar. Þeir sem standa sig best í samkeppninni við heimamenn á hverjum stað. Ég óttast að hér heima verði eftir hnípin þjóð í vanda sem vinni láglaunastörf og hér verði hagvöxtur lítill.

Evrópa er nefnilega í afturför og stöðnun og að binda trúss sitt við þvílíkt efnahagssvæði er sannarlega ekki fýsilegur kostur um áramótin 1992/1993. Það er alveg ljóst að önnur svæði í heiminum koma til með að búa þegnum sínum betri lífskjör en Vestur-Evrópa í náinni framtíð. Ég spái því að Ísland verði orðið aðili að Evrópubandalaginu árið 2000. Sumir eru að spá því að áður en árið er liðið muni ríkisstjórn Íslands vera farin að tala opinskátt um umsókn um aðild Íslands að Evrópubandalaginu. Ég á ekki von á því en ég er alveg sannfærður um það að ef núv. ríkisstjórn, mót von minni, situr á næsta kjörtímabil, eða þeir flokkar sem hana styðja og ekki verða þar meiri háttar stjórnarbyltingar, þá verður á næsta kjörtímabili lögð fram beiðni frá Íslandi um aðild að Evrópubandalaginu og þá undirgöngumst við Brussel-valdið. Við erum reyndar komnir langleiðina ef við gerumst aðilar að Evrópsku efnahagssvæði.

Ég ætla ekki, frú forseti, að fjölyrða um Evrópubandalagið sem slíkt. Þar fara embættismenn með völd. Kjörnir fulltrúar eru valdalitlir. Þessu apparati er að nafninu til stjórnað af stjórnmálamönnum, þ.e. ráðherrum, en þeir eru fyrst og fremst verkfæri embættismanna sinna sem semja fyrir þá ræðurnar og vinna hin daglegu störf. Þeir lesa ræðurnar sem embættismenn þeirra hafa samið fyrir þá, setjast eins og kría á stein og lesa þessar ræður upphátt og reyna að láta líta svo út sem þeir ráði einhverju en þeir ráða ekki. Evrópubandalagið er ólýðræðislegt bákn. Kjörnir fulltrúar hafa þar ákaflega lítið að segja. Það er bandalag fyrirtækja í hrörnun. Bandalag sem sett er upp til að reyna að verja hagsmuni hinna einstöku stórfyrirtækja á meginlandinu í baráttu þeirra og samkeppni við fyrirtæki sem eru blómlegri úr öðrum heimshornum.

Ég held sem sagt að Evrópubandalagið sé ekkert þúsund ára ríki, Evrópu-Þýskaland ekkert þúsund ára ríki fremur en það Þýskaland reyndist sem Hitler

stjórnaði á sínum tíma. Ég held að þjóðirnar láti ekki bjóða sér þetta til langframa. Við höfum þegar fengið forsmekkinn að því. Ég minni á frelsisbaráttu Dana sem þeir heyja nú og danska þjóðin að meiri hluta sýndi fram á að er þjóðarvilji í Danmörku í þjóðaratkvæðagreiðslu í sumar. Niðurstaðan í þjóðaratkvæðagreiðslunni í Danmörku er ekkert annað en frelsisbarátta þeirrar þjóðar. Þeir eru komnir í svipuð spor og við vorum fyrst á öldinni. Þeir eru að reyna að slaka á hlekkjunum. Þeir eru að reyna að losa um þá fjötra sem þeir eru komnir í illu heilli. Svo er um fleiri þjóðir Evrópubandalagsins. Andstaða gegn þessu bákni, andstaða gegn ofurveldi Þjóðverja, fer vaxandi víða um Evrópubandalagið.

Nú veit ég ekki hvort andstaðan er orðin sérstaklega mikil enn þá hjá þeim þjóðum sem hæstv. utanrrh. nefnir svo smekkleg betliþjóðir og hefur þráfaldlega talað um í viðtölum sínum og jafnvel úr ræðustól á Alþingi. Það er rétt, til að allir eigi ekki óskilið mál, að rifja það upp hvaða þjóðir hæstv. utanrrh. nefnir þessu nafni. Hann hefur tíundað að það væru Portúgal, Spánn, Grikkland og Írland. Það skyldi þó aldrei fara svo að innan 30 ára værum við farnir að fylla flokk þessara svokölluðu betliþjóða utanrrh. Ég óttast að svo verði, a.m.k. ef núv. stjórnvöld fá að ráða þessu þjóðfélagi til frambúðar. Þá kemur Ísland til með að verða láglaunasvæði sem verður upp á náð herranna í Brussel komið efnahagslega.

Þetta eru dökkar framtíðarhorfur en ég held að það sé alveg nauðsynlegt fyrir menn, áður en þeir sleppa hendinni af þessu máli, að gera sér grein fyrir því hvað þetta skref kemur til með að kosta okkur.

Það er rétt að reyna að glöggva sig á hvaða kosti Íslendingar eiga aðra en þennan. Skiptir það okkur einhverju máli að varðveita fullveldið? Skiptir það okkur einhverju máli að reyna að varðveita stjórnarfarslegt sjálfstæði Íslands? Ég tel að svo sé. Það töldu reyndar svo til allir Íslendingar fyrir 50 árum þegar við stofnuðum lýðveldi á Íslandi. Ég tel að stjórnarfarslegt fullveldi sé Íslendingum ákaflega mikilvægt. Okkur hefur vegnað miklu betur eftir að við fengum fullveldið en áður. Þjóðin byrjaði fyrst að rísa eftir að við fórum að ráða málum okkar sjálfir. Þó að við höfum þráfaldlega haft ákaflega mislukkuð stjórnvöld í landinu — þó að engin ríkisstjórn sem farið hefur með völd hér hafi verið neitt viðlíka mislukkuð eins og sú sem nú situr — hefur það þó verið skárra en láta alókunnuga menn utan frá skipa hér kostum og ráða fyrir þjóðinni. Við höfum á þessum tíma brotist úr fátækt til velmegunar og við höfum byggt upp velferðarþjóðfélag sem við getum varðveitt og búið í áfram bara ef við viljum. Ef við erum samtaka um það og ef stjórnvöld hafa til þess dáð að reyna að verja velferðarþjóðfélagið í staðinn fyrir að rífa það niður.

Við höfum fært út landhelgina. Þegar við stofnuðum lýðveldi var landhelgin þrjár mílur frá ströndum. Nú hefur hún fyrir þrotlausa baráttu margra mætra stjórnmálamanna og með órofa stuðningi og samstöðu þjóðarinnar verið færð út í 200 mílur og nú er það óumdeilt að við höfum 200 mílna landhelgi. Og við höfum fram að þessu ráðið henni sjálf. Ég bið þingmenn að hugleiða það hvaða möguleika Íslendingar hafi til frekari útfærslu landhelginnar eftir að við erum orðnir aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Gjörsamlega enga möguleika þrátt fyrir að það hafi verið undirbúið að framsýnum mönnum við gerð hafréttarsáttmálans að við eigum möguleika og stórkostlega möguleika á því að helga okkur hafsvæði utan 200 mílnanna. Þeirra starf er að sjálfsögðu unnið fyrir gýg ef við gerumst aðilar að Evrópsku efnahagssvæði.

Ég tel að við eigum möguleika á hagkvæmum viðskiptasamböndum bæði í vestur og austur. Við þurfum að sjálfsögðu að eiga viðskipti við Evrópubandalagið og þau viðskipti eru okkur mjög mikilvæg. Þau hafa gengið ágætlega. Þau hafa gengið svo vel að við flytjum út líklega um 70% af útflutningi okkar til þessa viðskiptasvæðis. Það gerum við samkvæmt samningi sem heitir bókun 6 og gerður var af fyrirhyggju og þjóðhollustu á sínum tíma. Við breyttar aðstæður væri okkur hagfelldara að fá breytingar á þessari bókun.

Viðskiptahlið EES-samningsins felur í sér nokkrar endurbætur á bókun 6, þ.e. frekari tollalækkanir en þar eru tíundaðar. Menn hafa verið að leika sér hérna með prósentureikning og í umræðum í gærkvöldi sneri hæstv. utanrrh. þessum prósentureikningi upp í einkunnagjöf á sjálfan sig í lítillæti sínu og taldi sig hafa fengið 9,6. (**ÓÞÞ:** Þá þarf að hækka það upp í 10. Það er gefið í heilum tölum.) Það mundi vera gert svoleiðis í sumum skólum en það má þakka fyrir meðan hæstv. utanrrh. í öllu sínu veldi fer ekki að gefa sjálfum sér yfir 10 því svona maður sprengir náttúrlega skalann af snilld sinni. Það er svo sem gott að hann sé ánægður með sjálfan sig. En ég er ekkert ánægður með hann. Og þar af leiðir að ég tel þetta kannski ekki vera árangur sem sé ástæða til að guma stórkostlega af. Hann byrjaði einhvers staðar í kringum 7. Við höfðum 70% niðurfellingu tolla. Við fáum viðbótarniðurfellingu samkvæmt EES-samningnum og ég er ekki að gera lítið úr henni. En tollalækkunin kemur ekki okkur til góða nema að einhverjum litlum hluta. Og það skiptir engu máli þó í skrumi sínu sé hæstv. utanrrh. að veifa einhverju sem hann kallar niðurstöður Þjóðhagsstofnunar, og síðar verða hraktar í umræðunum í dag, og segi að Þjóðhagsstofnun meti svo að Íslendingar hafi 7 milljarða hag á ári. Sannleikurinn er sá, og það gera sér held ég allir grein fyrir sem viðskipti hafa stundað eða hafa eitthvert inngrip í viðskipti, að tollalækkun kemur ekki seljandanum einum að gangi. Tollalækkun skiptist á milli. Kaupandinn vill fá hluta af tollalækkuninni. Ef Ísland fellir niður tolla af erlendri vöru, þá gera auðvitað íslenskir neytendur kröfu til þess að tollalækkunin komi þeim til góða. Þessi tollalækkun á sjávarafurðir sem menn hafa verið að kasta á milli sín að gæti á heilu ári numið 1,5–2 milljörðum gengur ekki öll til Íslendinga.

Þegar ég heyrði mat ráðherrans í gærkvöldi um 7 milljarðana datt mér í hug bóndi norður í Skagafirði. Ágætur maður eins og Skagfirðingar eru upp til hópa en ákaflega heittrúaður sjálfstæðismaður. Sjálfstæðismenn í Skagafirði hafa baslað við að halda úti slátur-

húsi um allmörg ár og hafa ekki orðið búskap í Skagafirði neitt sérstaklega til góða. — Nú sé ég að hv. 4. þm. Reykv., sem einu sinni var tengdur Slátursamlagi Skagfirðinga, er farinn að sperra eyrun. Hann langar líklega að fara að vígbúast og skjóta hrúta. En héðan af skaltu menn veiða, eins og frelsarinn sagði við Pétur postula og ég ætla að biðja hrútum vægðar, hv. 4. þm. Reykv.

Málið var það að bóndi í Skagafirði, heittrúaður sjálfstæðismaður, fullyrti að það væri miklu hagfelldara að leggja inn hjá Slátursamlagi Skagfirðinga en Kaupfélagi Skagfirðinga. Það var borgað mjög svipað verð fyrir afurðirnar í báðum þessum félögum en hann mat það upp á eitthvað á annað hundrað krónur hvað það væri hagkvæmara að leggja inn hjá slátursamlaginu og mat það upp á krónur og aura. Þá var farið að hlýða honum yfir þessa útreikninga og hann komst að því að það var enginn fjárhagslegur hagur af því að leggja inn hjá slátursamlaginu. En hann tók einn lið inn í útreikningana. Það væri skömmin af því að leggja inn hjá kaupfélaginu. Það er einhvern veginn svona sem utanrrh. reiknar og vitnar þá til Þjóðhagsstofnunar, sem ég veit ekkert um hvort er óhætt að trúa, um hagsmunina af því að gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði.

Ég var að tala um bókun 6 og samkvæmt EES-samningnum yfirtekur hann aðra viðskiptasamninga sem aðrar þjóðir hafa gert við Evrópubandalagið. Þar með gengur bókun 6 inn í EES-samninginn. Setjum nú svo að Íslendingar ákveði einhvern tíma á næstu árum að ganga úr Evrópsku efnahagssvæði. Þá tel ég, og tel ég mig hafa rök fyrir því, að Íslendingar eigi ekki bókun 6 lengur. Við höfum hana ekki sem fallhlíf eða öryggisnet ef við stökkvum út úr Evrópsku efnahagssvæði. Þá verðum við að byrja á sléttu. Þá verðum við að byrja upp á nýtt.

Ég var að tala um viðskiptahlið þessa samnings og í henni felast ákveðnir kostir sem ég ætla ekki að neita þó að þeir hafi verið stórkostlega ofmetnir af gráðugum talsmönnum þessa samnings. En hér um bil allt annað í samningnum, sem er miklu víðtækari en viðskiptasamningur, skapar okkur ekkert annað heldur en vandamál og óþægindi og sumt er beinlínis stórhættulegt. Kostirnir fyrir sjávarútveginn hafa verið stórlega ofmetnir af talsmönnum Evrópska efnahagssvæðisins. Ég vil vitna til ágætrar ræðu sem hv. 4. þm. Norðurl. v., Stefán Guðmundsson, flutti fyrir fáum dögum. Þá rakti hann af þekkingu og skilmerkilegar en aðrir þingmenn hafa gert hina raunverulegu stöðu málsins, þ.e. með hverjum hætti þróun sjávaútvegsmála mundi verða. Ég vil gera hans orð að mínum og taka undir það sem hann sagði. Hér er ekki um að ræða fríverslun með fisk. Evrópubandalagið getur haldið áfram að styrkja sinn sjávarútveg miskunnarlaust, halda sjávarútvegi sínum á ríkisframfæri, og við ráðum ekkert fiskverði á meginlandinu. Okkar aðstaða versnar að því leyti til að við fáum ekki að halda þeirri útflutningsstýringu sem við höfum þó komist upp með að hafa fram að þessu og hefur komið okkur vel.

Ég hef bæði við 1. og 2. umr. þessa máls gert grein fyrir mörgum ókostum sem ég hef séð á þessum samningi jafnframt þeim kostum sem ég hef séð í honum. Ég ætla ekki að endurtaka það. Ég vil bara láta þess getið, frú forseti, að upptalning mín á ókostum þessa samnings og hættum þeim sem í honum felast er engan veginn tæmandi. Eftir því sem hann er athugaður betur eftir því sér maður sífellt nýja og nýja ókosti í lesningunni.

Við þurfum að sjálfsögðu endurbætur á bókun 6 og hefðum betur snúið okkur að því verki í tíð síðustu ríkisstjórnar. Eins og haldið hefur verið á málinu, þá liggur það ljóst fyrir að ákvörðunin um að taka þátt í samningaviðræðum um Evrópskt efnahagssvæði hefur verið röng á sínum tíma. Það er auðvelt að vera vitur eftir á og hlutirnir hafa þróast með allt öðrum hætti en við sem stóðum að þeirri ákvörðun vonuðum og treystum.

Við þurfum að fá endurbætur á bókun 6. Hvað hefur hindrað það undanfarið að við fengjum endurbætur á bólkun 6? Við höfum allan tímann, ég leyfi mér að fullyrða það, sem bókun 6 hefur verið í gildi átt kost á frekari verulegum tollalækkunum, jafnvel upp á 9,7 hjá Evrópubandalaginu, ef við hefðum verið tilbúnir að láta í skiptum veiðiheimildir á Íslandsmiðum fyrir flota Evrópubandalagsins. En það hefur verið, sem betur fer, þjóðarsamstaða um að það kæmi ekki til greina. Það kæmi ekki til greina að hleypa flota Evrópubandalagsins til veiða á Íslandsmiðum á fiskitegundum og fiskstofnum sem væru fullnýttir. Þeim hefur verið haldið upp á snakki um kolmunna, sem við höfum ekki komist upp á lag með að veiða. Það eru að vísu fleiri fisktegundir, sem betur fer, sem hugsanlegt væri að gefa heimildir í, en það hefur verið þjóðarsamstaða um að hleypa þeim ekki í þá fiskstofna sem okkur eru verðmætastir og sem eru fullnýttir og sem við þurfum endilega á að halda sjálfir.

Samhliða því sem við ræðum samning um Evrópskt efnahagssvæði erum við að ræða fiskveiðisamning við Evrópubandalagið. Ég kem til með að taka til máls undir þeim dagskrárlið síðar og ræða þann samning í ítarlegu máli, frú forseti, svo ég ætla ekki að fjölyrða um hann hér, en verð þó að láta þess getið, því miður, að þetta er óaðskiljanlegur hluti EES-málsins. Hann er gerður að kröfu Evrópubandalagsins, hann er skilyrði frá Evrópubandalaginu fyrir gildistöku EES-samningsins og ríkisstjórnin hefur haldið þannig á þessu máli að hún hefur fjötrað þetta saman. Það hefur verið varað við því af skynsömum aðilum á Alþingi að tengja þetta saman. Ríkisstjórnin hefur gert það sjálf. Evrópubandalagið hefur gert það sjálft og þar af leiðandi þýðir ekkert að reyna að loka augunum og blekkja sjálfan sig og neita staðreyndum málsins. Þessi samningur var undirritaður í Óportó 2. maí samhliða samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, enda var skilyrði fyrir fullgildingu samningsins um Evrópskt efnahagssvæði að þessi samningur yrði gerður. Það hefur komið í ljós að hann er ekki í neinu jafnvægi. Hann er ekki með neinu móti jafnhagstæður Íslendingum og Evrópubandalaginu. Það hefur verið ítarlega sannað, m.a. af hv. 1. þm. Austurl., Halldóri Ásgríms-

syni. Hér er verið með fiskveiðiheimildum að kaupa tollalækkanir. Ég ætla ekki að heimska mig á að halda öðru fram. Betur væri að hægt væri að halda þessum málum aðskildum en svo er ekki og það er heldur ekki vilji ríkisstjórnarinnar.

Ég tel að það sé ekki nokkur vafi á því að við höfum getað keypt þær tollalækkanir á sjávarafurðum sem í EES-samningnum felast í tvíhliða samningi ef við hefðum veitt þann aðgang að fiskimiðum okkar sem gert er með þeirri samningsgerð sem ríkisstjórnin er að reyna að knýja fram á Alþingi, þ.e. að hleypa hingað á þessu ári 18 skipum og fyrirheit til veiða á karfa, að vísu ekki nema 3 þús. tonnum í ár, en magnið verður endurskoðað. Þessi samningur mælir svo fyrir um að endurskoða skuli árlega. Ég er ekki að mæla með þeirri leið að gera tvíhliða samning á þeim kostum en hún hefði verið fær. Ég er andvígur þeirri verslun. En fyrst ríkisstjórnin var tilbúin opna landhelgina fyrir flota Evrópubandalagsins og það meira að segja 18 verksmiðjuskipum samkvæmt skilgreiningu Evrópubandalagsins á þeirri skipagerð, þá hefði verið miklu skárra fyrir ríkisstjórnina að snúa sér að tvíhliða samningi. Enda var það einu sinni baráttumál Sjálfstfl. og þáv. formaður Sjálfstfl., Þorsteinn Pálsson, flutti vantraust á ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar á sínum tíma fyrir það að fara ekki þá leið og lagði til að farin yrði sú leið.

Mig langar til að fara nokkrum orðum um þessa samningagerð. Það var farið af stað í hana með tiltölulega eðlilegum hætti. Það voru settir fram fyrirvarar um málið og ef þeir hefðu verið inni í lokagerð málsins þá væri það allt öðruvísi en það er nú. Það kom strax í ljós að *ráðherrann var, eins og sagði í fornu* kvæði, óðfús í jötunheima. Þess vegna var sett ráðherranefnd til þess að halda í höndina á honum í síðustu ríkisstjórn og reyna að afstýra vandræðum. Það tókst að verulegu leyti í tíð þeirrar ríkisstjórnar þó að heldur sigi nú á ógæfuhlið. En ríkisstjórn Davíðs Oddssonar gaf hæstv. utanrrh. lausan tauminn strax fyrst í maí 1991 og þá gjörsamlega skipti um vinnubrögð við þessa samningagerð. Og út úr þessu kemur allt annar *samningur en við vorum að vona í upphafi að gerður* yrði.

Ég tel að hæstv. utanrrh. og hans menn hafi í mörgum tilfellum ekki reynt að halda til haga hagsmunum Íslands við þessi samningagerð. Þegar maður skoðar þá fyrirvara og sérákvæði sem önnur ríki hafa komið inn í samninginn fyrir sitt leyti, þá sannast þetta. Hæstv. utanrrh., Jón B. Hannibalsson, upplýsti það 3. jan. í útvarpsviðtali við Ævar Kjartansson að í gegnum samninginn um Evrópskt efnahagssvæði og þó sérstaklega í gegnum GATT-samninginn hefði tekist að koma landbúnaðarstefnu Alþfl. að verulegu leyti í framkvæmd. Landbúnaðarstefna Alþfl. er ekki þjóðhagslega hagkvæm og hún er tilræði við íslenskan landbúnað, þ.e. frjáls innfutningur búvara. Það kemur ekki neytendum til góða heldur þegar til lengdar lætur vegna þess að þjóðinni er það mikilvægt að hér séu framleiddar þær búvörur sem við höfum möguleika á að framleiða með skynsamlegum hætti. Tilgangur og markmið við samningagerðina hjá hæstv. utanrrh. kemur í ljós að hefur ekki verið sá að standa að hinni opinberu landbúnaðarstefnu á Íslandi. Nei, heldur að koma í framkvæmd landbúnaðarstefnu síns eigin flokks og þar hefur honum sannarlega orðið nokkuð ágengt og kannski gefur hann sér 9,6 fyrir þá frammistöðu. En tilræðið við landbúnaðinn og það tjón sem hann vinnur honum er hið sama.

Það hefur verið fallið frá þeim fyrirvörum sem upphaflega voru settir af Steingrími Hermannssyni í Ósló. Og það skiptir engu máli þó að ráðherrann „gestikúleri" hér fyrir framan sjónvarpsvélarnar, enda er maðurinn linsuglaður, með sjónhverfingar og loddaraskap þar sem hann er að reyna að sanna það fyrir þjóðinni að upphaflegir fyrirvarar séu inni. Það þarf ekki nema skoða málið til þess að sjá að svo er ekki. Þeir eru ekki inni, ekki einn einasti þeirra, í því formi sem þeir voru settir fram. Það eru að vísu ákvæði um að lög sem eru á Íslandi um frumvinnslu í sjávarútvegi og eignarhald á útvegsfyrirtækjum megi standa en það er búið að læða því inn að óbein eignaraðild útlendinga er heimil og að sjálfsögðu frekari vinnsla sjávarafurða og viðskipti með sjávarafurðir.

Almenni fyrirvarinn sem er í *samningnum gæti* fræðilega séð stefnt stigu við skaðlegum fólksflutningum til landsins sem sköpuðu hér stórfellt atvinnuleysi. Fræðilega séð gæti hann það en það gerir hann ekki í raunveruleikanum vegna þess að ef við beitum þessum fyrirvara, þá sköpum við okkur þá hættu að gripið verði til gagnaðgerða sem beinlínis er tekið fram í samningnum að heimilt sé fyrir Evrópubandalagið. Þess vegna er það ekkert annað en loddaraskapur að *halda því fram að þessir fyrirvarar séu inni.*

Þegar umræður hófust vorum við að tala um fríverslun með fisk en niðurstaðan er sú að við fáum tollalækkanir. Við fáum ekki fríverslun með fisk heldur fáum við tollalækkanir á hluta af fiskafurðum okkar, kannski af 20% af fiskafurðum okkar, í staðinn fyrir það að hleypa flota Evrópubandalagsins til veiða á Íslandsmiðum. Það er ekkert smá mál. Þarna er horfið frá prinsippafstöðu og þarna er gengið lengra en nokkur möguleiki er að verja.

Þar fyrir utan, og ég ætla ekkert að kenna hæstv. utanrrh. um það, hefur veröldin breyst og það liggur ljóst fyrir að EFTA-ríkin hin eru á leiðinni í Evrópubandalagið. Þá þegar af þeirri ástæðu er samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði bara tjald sem reist er til einnar nætur.

Kynning þessa máls af hendi ríkisstjórnarinnar er einnig stórlega ámælisverð. Nú vil ég taka það fram að að mörgu leyti hef ég miklar mætur á hæstv. utanrrh. sem persónu. Mér finnst hann að mörgu leyti skemmtilegur náungi og athyglisverður stjórnmálamaður. Hann er frískur og baráttuglaður en í þessu tilfelli hefur baráttugleði hæstv. utanrrh. leitt hann í ákaflega miklar ógöngur. Hann hefur hvað eftir annað í þessu máli orðið uppvís að rangfærslum, beinum rangfærslum sem hann hefur sett fram því miður í blekkingarskyni til þess að reyna að afla sínum málstað fylgis bæði hér á Alþingi og annars staðar. Ég ætla ekki að fara að tí-

unda þær allar. Það væri efni í langa ræðu og e.t.v. flyt ég hana síðar hér í þessum umræðum.

Utanrrh. hefur staðið í því að kaupa af auglýsingastofum hér í bænum skrumauglýsingar til að gylla samninginn um Evrópskt efnahagssvæði og kalla þetta kynningu á samningnum. Til þessa hefur verið varið ómældu fé. Hann kom nú heldur betur upp um vinnubrögð sín við 1. umr. þessa máls þegar hann var að lesa texta sem var lofgerðaróður settur saman og keyptur af auglýsingastofu hér í bænum. Hann var saminn gegn gjaldi af einum starfsmanni auglýsingastofunnar. Hæstv. utanrrh. lagði þetta svo út í framsöguræðu sinni að hér væri um að ræða mat viðkomandi starfsmanns sem hefði fengið forskrift frá ráðherranum um hvernig textinn ætti að hljóða, komið honum á íslensku og sett hann upp með glæsilegum hætti og hefur sjálfsagt fengið vel borgað fyrir og hans auglýsingastofa. Þannig vildi til að þessi tiltekni starfsmaður, Einar Karl Haraldsson, er alþýðubandalagsmaður og nú orðinn starfsmaður þingflokks Alþb. Hæstv. utanrrh. vildi meina að þessi skrumauglýsing sem Einar Karl Haraldsson samdi fyrir peninga fyrir utanrrn. væri skoðun hans á málinu og innlegg í málið. Þetta tel ég ákaflega langt seilst um hurð til lokunnar.

Ég ætla ekki að fara að rifja upp langhalamálið. Svo að ég stikli á nokkrum atriðum þar sem hæstv. ráðherra hefur ekki farið með rétt mál, hefur ýmist leynt staðreyndum, reynt að veifa héðni um höfuð þings og þjóðar og verið með villandi málflutning. Löngu eftir að Evrópubandalagið var búið formlega að neita að taka við langhala sem hluta af endurgjaldinu fyrir tollalækkanirnar talaði ráðherrann um langhala. Hann lét þess að vísu getið í framhjáhlaupi í utanrmn. að það væri nú einhver tregða með langhalann en það var haldið áfram að ræða langhalann sem endurgjald löngu eftir að Evrópbandalagið var búið að lýsa því yfir að það tæki ekki við neinu nema karfa.

Nú fyrir jólin og reyndar eftir jólin hamraði ráðherrann á því að við yrðum að afgreiða þetta mál fljótt og vel, enda þyrfti að fara að halda ríkjaráðstefnu og lét það í veðri vaka að hana ætti að halda um miðjan janúar og yrðu alveg síðustu forvöð fyrir Alþingi að afgreiða þetta mál fyrir þann tíma. Hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, ómakaði sig að hringja út til Brussel til þess að kanna nú frá fyrstu hendi hvenær þessi ríkjaráðstefna yrði haldin sem hæstv. utanrrh. lét okkur standa í þeirri trú að ætti að halda í miðjum janúar. Það kom auðvitað í ljós að ráðherrann hafði verið að leiða okkur á villigötur. Það stóð ekki til að halda neina ríkjaráðstefnu í janúar. Ég ætla ekki að rifja þessa sögu upp lengra. Ég bendi á skrumræðu ráðherrans í gærkvöldi þegar hann var að reyna að halda því fram við þjóðina að atvinnulausa fólkið hér fyrir utan, eins og hann sagði og pataði út í loftið, benti út og suður og meira að segja alla leið til Egyptalands þegar hann var að benda á hæstv. samgrh., að atvinnulausa fólkið hérna í landinu mundi fá vinnu út á þennan samning. Tekjur þeirra mundu aukast og aðstaða þeirra til að fá vinnu væri undir því komin hvort Alþingi samþykkti þennan samning eða ekki. Hann lét það í veðri vaka fyrir framan myndavélarnar í gærkvöldi að þetta mundi nú allt saman lagast við atkvæðagreiðslu í kvöld eða á morgun. Það væri alveg að koma vinnan handa fólkinu. Þvílík dæmalaus fjarstæða. Þetta er ekkert annað en að segja fólkinu ósatt. Ráðherrann veit miklu betur. Það rætist ekkert úr atvinnuástandi á Íslandi þó að þessi samningur verði að lögum. Jafnvel þótt Evrópskt efnahagssvæði verði stofnað þá rætist ekkert úr atvinnuleysi á Íslandi. Það er ekkert nema blekkingar að halda öðru fram.

Ég gæti haft þennan kafla ræðu minnar lengri en ég er kurteis maður og ég ætla að láta þetta duga í bili. Málflutningur ráðherrans í þessu máli hefur verið með endemum. Hann gerir sjálfan sig ótrúverðugan stjórnmálamann með málflutningi eins og hann hefur haft uppi í þessu máli undanfarnar vikur og það er skaði og það er mér harmsefni vegna þess að ég tel að við eigum að reyna að vanda okkur og ef ráðherrar okkar verða sér til vansæmdar þá sé það okkur öllum til vansæmdar því að þrátt fyrir allt eru þeir okkar trúnaðarmenn og við verðum að búa við þá.

Mig langar að fara nokkrum orðum að gefnu tilefni um árásir hæstv. utanrrh. á Alþingi. Ég hefði gert það í ræðu minni við 2. umr. málsins ef hæstv. utanrrh. hefði ekki verið fjarstaddur þegar sú ræða var haldin. Ég vil taka fram að ég gerði ekki athugasemdir við að ráðherrann hyrfi af vettvangi við 2. umr. og flutti ræðu mína þá þó að hann væri ekki viðlátinn og tók það fram að það sem ég þyrfti við hann að tala gæti ég gert síðar í umræðunni. Ég tel að langlundargeð forseta Alþingis og forsetadæmisins keyri nú alveg úr hófi að hafa ekki gripið fram fyrir hendurnar á hæstv. utanrrh. þegar hann hefur verið að ráðast á Alþingi.

Hann hefur haldið því fram t.d. á erlendum vettvangi, á blaðamannafundi í Sviss og reyndar ítrekað hér heima, að á Alþingi séu engin þingsköp. Hann hefur farið óvirðingarorðum um þessa stofnun, Alþingi Íslendinga, hvar sem hann hefur komið því við. Hann hefur varla opnað svo á sér munninn undanfarna daga að hann hafi ekki þurft að hreyta einhverjum illyrðum í Alþingi og ráðast á það. Þetta er nú sú stofnun þar sem við vinnum og okkur ber öllum skylda til að vaka yfir sóma Alþingis eftir því sem við höfum vit og getu til. Og mér koma í hug orð draumkonu Jóreiðar í Miðjumdal sem hún hafði um annan ofsamann, þ.e. Eyjólf ofsa. Draumkonan sagði við Jóreiði í Miðjumdal: „Illir þykja mér allir þeir fuglar er í sjálfs hreiður skíta". Þetta hefur hent hæstv. utanrrh. í ofsa hans. Hann hefur ráðist á Alþingi sem stofnun og reynt að lítillækka hana og rógbera hana, bæði fyrir þjóð sinni og öðrum þjóðum. Ég er ekki að kippa mér upp við það þó hann skammi okkur stjórnarandstæðinga. Það má hann gera eins og hann vill. Við höfum tækifæri til þess að svara því og ég tek það ekki nærri mér. Og jafnvel má hann svona sér til léttis þegar honum er mikið í hug á erlendum vettvangi rógbera okkur stjórnarandstæðinga eins og hann vill ef hann — **(Gripið fram í:** Á suma virkar það sem lof.) Já, á suma virkar það sem lof, skjallyrði hans og hól taka menn hins vegar í stjórnarandstöðunni yfirleitt nærri sér. En ef honum er létt-

ir að má hann gera það hvar sem er í heiminum þó að við komum engum vörnum við þar. Við stöndum jafnréttir eftir eða hér um bil jafnréttir og jafnvel þó hann gæti unnið okkur eitthvert tjón þá verður að hafa það. En það er alvörumál þegar ráðherra í íslensku ríkisstjórninni níðir Alþingi sem stofnun bæði innan lands og utan. Alþingi þarf á því að halda að njóta trausts og virðingar með þjóðinni og það er illvirki að reyna að rýra það traust og það meira að segja af þeim sem síst skyldi, einum af handhöfum framkvæmdarvaldsins.

Ég gæti tekið í það allan daginn að tíunda hrokafull og heimskuleg ummæli hæstv. utanrrh. í sambandi við þetta mál. Þau eru legio og ég gæti byrjað á að fletta frá undanförnum mánuðum dagblöðunum, útskriftum úr fréttum, viðtölum hvers konar. Það þjónar út af fyrir sig engum tilgangi og ég ætla ekki að gera það nú. Þetta segir allt meira um ráðherrann sjálfan en um Alþingi.

Ég ætla ekki að fara að fjölyrða um þau vottorð sem hæstv. utanrrh. hefur verið að útvega sér í þessu máli. Hann veifaði hér í gær einhverju vottorði sem hann segist hafa fengið frá Þjóðhagsstofnun upp á það að hagurinn væri 7 milljarðar, ég vona á ári fremur en það hafi verið á 100 árum. Það kom að vísu ekki fram í æðibunugangi ráðherrans hvað hér væri átt við langan tíma. Það verður nú farið betur ofan í þetta vottorð í dag eins og ég sagði fyrr í ræðu minni. Hann hefur verið að veifa vottorðum frá sérvöldum lögfræðingum úr stjórnarliðinu sem hann hefur talið að gætu styrkt málstað sinn. Hann hefur verið að veifa vottorðum frá atvinnurekendum þar sem þeir hafa verið að brýna Alþingi og hvetja. Ég tek nú öllum þessum vottorðum með fyrirvara. Gaman hefði ég af að hafa getað trúað þeim því að ég verð að taka þeim með fyrirvara af biturri reynslu. Sum þessara vottorða eru a.m.k. fengin með pólitískum þrýstingi. Ég er ekki einungis að tala til hæstv. utanrrh. þegar ég er að tala um pólitískan þrýsting. Það eru fleiri stjórnarliðar sem hafa komið að því að beita pólitískum þrýstingi og menn sem ekki veigra sér við að setja fram ódulbúnar hótanir við sjálfan forseta Íslands ef hann geri ekki svo og svo þeir veigra sér áreiðanlega ekki við að krefjast svardaga frá litlum körlum í sínum eigin stjórnmálaflokkum sem éta úr lófa þeirra.

Hæstv. forsrh. er ekki viðstaddur en hans andlegur leiðtogi, hv. 3. þm. Reykv., er hér staddur svo að ég treysti mér til að nefna nafn hans, þ.e. forsrh., því hann er sannarlega ekki varnarlaus hér í salnum. Hann hefur tekið undir þennan endemis málflutning utanrrh. því miður og það þykir mér slæmt því að mér líkar persónulega ákaflega vel við hæstv. forsrh. og ég tek það nærri mér þegar hann er að kasta rýrð á Alþingi. Og það reitir mig til reiði þegar hann er að hóta þingi og þjóð að ef Alþingi afgreiði ekki nú í hvelli aðild að Evrópsku efnahagssvæði þá skulum við sko bara inn í Evrópubandalagið. Það er að vísu galli á hæstv. forsrh. og reyndar mikill galli, þessi hótanaárátta sem mér finnst sérstaklega heimskuleg. Það er miklu skynsamlegra að beita fortölum heldur en hótunum. En því miður hendir það einstöku sinnum þennan ágæta mann, forsrh. — ég tek það fram að mér finnst hann ekki ágætur forsrh. þó mér líki vel við hann sem persónu — þá hendir það hann þráfaldlega að beita hótunum.

Frú forseti. Þetta mál er komið í ógöngur. Það virðist ómögulegt að koma vitinu fyrir foringja þessa stjórnarliðs. Það er efnislegur ágreiningur um málið. Það hefur komið í ljós að meiri hluti er fyrir því hér á Alþingi að gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Það hefur verið staðfest m.a. við atkvæðagreiðslu við 2. umr. málsins að þrátt fyrir allt er meiri hluti fyrir þessu og fyrir því ber okkur að beygja okkur. Einn af vitrustu mönnum, sem hér hefur setið á Alþingi, fyrrv. forsrh. Bjarni Benediktsson, orðaði það svo, ef ég man rétt, að það væri eðli þingræðisins að meiri hlutinn hefði rétt til þess að hafa rangt fyrir sér. Ég er þessu algerlega sammála og finnst þetta snilldarlega sagt. Það er nefnilega eðli þingræðisins. Það er réttur meiri hlutans að ráða niðurstöðu og þá niðurstöðu getur meiri hlutinn knúið fram. Það má að vísu ekki beita þeim rétti með offorsi. En mér hefur verið það ljóst alla þessa umræðu að að sjálfsögðu mundi meiri hlutinn ráða niðurstöðu þingsins. Og það hefði verið okkur sem málinu erum andvígir til skammar ef við hefðum fallið í þá freistni að reyna að tefja málið með óeðlilegum hætti eða beita málþófi eins og stundum hefur verið gert hér á Alþingi. Ég minnist þess að í efri deild var í umræðum fyrir fáum þingum um stofnun umhverfisráðuneytis á Íslandi lesinn mikill hluti bókar sem heitir Raddir vorsins þagna. Það hefur ekki verið gert í þessari umræðu (**Gripið fram í:** Fallegur texti.) Það var fallegur texti en hann átti lítið erindi í það að reyna að hindra stofnun umhvrn. á Íslandi og hann hefur áreiðanlega verið vel lesinn líka þannig að það hefur verið upplyfting fyrir hv. efrideildarmenn að hlýða á textann. En ég tel að við eigum ekki og megum ekki undir nokkrum kringumstæðum beita málþófi og meiri hlutinn hlýtur að ráða niðurstöðunni hvort sem nún er rétt eða röng og mér sýnist hún ætla að verða röng í þessu tilfelli. Þetta mál er ekki formlega þinglegt en ég vil nú í allri góðfýsi benda hæstv. ráðherrum og fyrirsvarsmönnum stjórnarflokkanna á það að þeir gætu bjargað sér frá enn meiri skömm með því að ljúka ekki þessari 3. umr. og fresta henni og þar með atkvæðagreiðslu þangað til málið er komið í endanlegan þinglegan búning.

Frú forseti. Mig langar til að segja margt fleira í þessu máli. En ég er nú búinn að halda lengri ræðu heldur en ég ætlaði og ég vildi vonast til að ég þyrfti ekki að fjölyrða svo um nokkurt mál framar. Ég tel það skyldu mína og tel það skyldu okkar sem sjáum betur en stjórnarliðið að reyna að benda á þær afleiðingar sem þetta mál kemur til með að hafa. Ég á rétt til þess að tala aftur við 3. umr. og vera kann að ég noti mér hann og komi þá inn á atriði sem mér hefur ekki unnist tími til að fjalla um fram að þessu, en í bili læt ég máli mínu lokið.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þótti einkennilegt af síðasta hv.

ræðumanni að gagnrýna að ekki hefðu allir þingmenn talað í málinu. Ef menn hefðu talað jafnlengi og hann nú þá þyrftum við að sitja ákaflega lengi enn yfir málinu. Ég held að allir séu sammála um, eins og ræðumaður vék einnig að, að ástæðulaust sé að lengja umræðuna mikið og sérstaklega í ljósi þess hvernig þingflokkur hans stóð að umræðum í gærkvöldi finnst mér öfugmæli úr munni hans að hvetja þá til þess að tala sem flestir í málinu.

En ástæðan þess að ég kom upp eru þau orð sem hann lét falla um það hvort það mál sem er til meðferðar væri hæft til afgreiðslu. Um það hefur forseti Alþingis úrskurðað. Ég minnist þess að fyrir jólahátíðina greindi okkur hv. ræðumann á um þetta atriði sérstaklega og hann skýrði frá því að þingflokkur framsóknarmanna hefði ákveðið að senda bréf til Lagastofnunar til að fá upplýsingar um málið. Mig langaði til þess að spyrja hann hvort svar hafi komið við því. Í öðru lagi það sem hann las úr greinargerð Björns Þ. Guðmundssonar sýndi mér enn betur að það vakir nú ekki beinlínis fyrir prófessornum að leggja lögfræðilegt mat á þessa hluti eins og hann rökstyður mál sitt, t.d. þegar hann ræðir um orðið kvísl og það gamla mál. Þar var ekkert um það að ræða hvort mál væri þinglegt eða ekki heldur það að málið fékk ekki stjórnskipulega meðferð hér í þinginu. Það var ólík afgreiðsla á milli deilda og um það snerist það mál.

Varðandi það hvaða frumvörp eru samþykkt á Alþingi þá vil ég minna hv. ræðumann á það að fyrir nokkrum árum var samþykkt frv. um ríkisábyrgð vegna skips sem hét Het Wapen van Amsterdam og menn töldu að væri að finna í sandi undan ströndum landsins en kom í ljós að var hvergi finnanlegt. Ég veit ekki hvort þingmaðurinn samþykkti það lagafrv. sem var flutt um þetta skip sem ekki hefur fundist.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að játa það að ég var óánægður með úrskurð forseta Alþingis í viðkomandi máli um þinglegheitin og í sjálfu sér held ég að hann hafi ekki framtíðargildi. Hann breytir ekki skoðun minni þó að málið sigli að sjálfsögðu áfram í gegnum þingið og sé þráfaldlega á dagskrá, enda er það skipulega í valdi forseta sem nýtur meirihlutastuðnings á þinginu að hafa rangt fyrir sér. En það hnekkir ekki því að ég tel að úrskurðurinn hafi verið mislukkaður og gerður í fljótræði vegna þess að heilbrigða skynsemi vantaði í hann.

Varðandi það bréf sem ég sendi Lagastofnun fyrir hönd þingflokks framsóknarmanna þá hefur mér borist svar við því. Lagastofnun veikst ekki undan því að gera þetta en hún gæti ekki komið því við fyrr en í febrúar vegna annríkis að sinna því verkefni. Það sannar fyrir mér í fyrsta lagi að öflugra hefði verið að utanrmn. í heild hefði óskað eftir þessu, þá á ég von á því að Lagastofnun hefði brugðist skjótar við. Í öðru lagi að okkur er nauðsynlegt að koma upp einhverju óháðu apparati sem gæti lagt mat á lögfræðileg úrlausnarefni og um það mun ég bera fram þingmál eins og ég hef þegar boðað.

Varðandi greinargerð þá sem ég vitnaði til frá prófessor Birni Þ. Guðmundssyni þá er hún alveg pottþétt. Hún sannar mál mitt og þess vegna flutti ég hana og taldi eðlilegt að hún kæmi í þingtíðindi. Hún sannaði það að ég fór með rétt mál í upphafi og geri enn.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Greinargerð sú sem hv. þm. telur alveg rétt mál er náttúrlega kannski rétt frá hans pólitíska sjónarhorni er ekki lögfræðileg greinargerð. Greinargerðin snýst ekki um lögfræði. Þegar fjallað er um mál eins og það sem á var drepið og hv. þm. las upp varðandi spurningu um orðið kvísl og það notað til þess að rökstyðja það að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og það frv. sem hér er til umræðu standist ekki og sé ekki unnt að lögfesta hér á landi er það ekki lögfræði. Það er pólitík og það eru pólitískar vangaveltur sem hv. þm. getur talið falla að sínum skoðunum og vera hárréttar á þeim forsendum.

En hann svaraði ekki spurningu minni sem var um það hvort hann hefði stutt frv. sem snerti skipið Het Wapen van Amsterdam og hvort hann hefði talið að það væri eðlilegt að samþykkja á Alþingi frv. um þingmál sem enginn vissi í raun og veru um hvað snýst og aldrei fannst svo, hvað honum finnst um það fordæmi. Einnig vil ég benda þingmanninum á það að álit meiri hluta allshn. liggur fyrir á borðum okkar varðandi frv. til laga um kaup á þyrlu sem úrskurðað hefur verið algerlega í andstöðu við þær starfsaðferðir sem menn eiga að beita á Alþingi við meðferð lagafrv. eins og fram mun koma í greinargerð frá minni hluta allshn. um það mál. Þar með get ég því nefnt þingmanninum tvö dæmi um frv. til laga á Alþingi sem snúast um mál sem algerlega er ástæðulaust að bera upp á Alþingi og snerta frekar það umdeilda mál sem hann vill vekja hér máls á með því að vísa í prófessor Björn Þ. Guðmundsson.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Greinargerð prófessors Björns Þ. Guðmundssonar er lögfræðileg greinargerð og hún sannar að dómsúrlausnir í framtíðinni verða ekki byggðar á þessum lagatexta og sú tilvitnun sem hann notaði í lax- og silungsveiðilög tekur af öll tvímæli um það. Þetta mál er illa unnið.

Leitin að gullskipinu er einmitt ágæt samlíking. Auðvitað var ekkert nema vitleysa að verja fjármunum til að leita að gullskipinu. En það er nákvæmlega hliðstætt sem verið er að gera. Að vísu var samþykkt þingmál um það, mig minnir að það hafi reyndar verið brtt. við fjárlög, að verja ákveðinni upphæð til að styrkja ákveðna áhugamenn og bjartsýnismenn til þess að fara að leita að gullskipi. Raunverulega var verið að ákvarða það að fá í hendur fjármuni til þess að æða út í óvissuna og leita að gullskipi. Hæstv. ríkisstjórn er suður í Brussel að leita að sínu gullskipi og ég óttast að það verði sama niðurstaðan, að gullskipið sé ekki til. Ég hafði aldrei neina trú á þessu gullskipi og vitnaði til þess að í 100 ár höfðu Skaftfellingar silki í

gjörðum og reiðingum á hestum sínum. Þeir hefðu verið hreinir aumingjar ef þeir hefðu ekki verið búnir að hirða gullið líka úr því að þeir náðu silkinu þannig að ekki var til neins að leita þarna.

Nú man ég ekkert um það hver endanleg niðurstaða var í atkvæðagreiðslunni en málið var jafnvitlaust. Ég hef tekið átt í mörgum vitlausum atkvæðagreiðslum hér. Ég skal fletta upp á þessu ef hv. 3. þm. Reykv. er ekki búinn að því. Mér kemur ekkert á óvart þó að hv. 3. þm. Reykv. reyni að beita einhverjum bolabrögðum við að stöðva þyrlukaupamálið og koma í veg fyrir að vilji Alþingis í málinu komi fram. En hann og utanrrh. eru að leita suður í Brussel gullskipi sem ekki er til.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar ég hlustaði á hv. þm. Pál Pétursson flytja sína löngu ræðu sem var næstum því sjö stundarfjórðungar, ein klukkustund og 45 mínútur, þá rifjaðist upp fyrir mér hvenær ég sá hv. þm. fyrst. Það var á mínum gamla vinnustað hjá sjónvarpinu líklega árið 1976. Hann kom þangað til að taka þátt í umræðuþætti, og til hvers? Til þess að mæla gegn litsjónvarpi. Nú eru þetta auðvitað algerlega ósambærileg mál nema að því leytinu að þau fjalla bæði um það að fylgjast með tímanum og að Íslendingar eigi sömu kosti í öllum efnum og grannþjóðirnar. Ég heyri það að hjá hv. þm. hefur nákvæmlega ekkert breyst, hann er enn við sama heygarðshornið.

Í langri ræðu hans kom ekkert nýtt fram. Hann vitnaði í heldur hæpna greinargerð eftir prófessor Björn Þ. Guðmundsson sem margir þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa gert. Í einnar klukkustundar og 45 mínútna langri ræðu kom ekkert nýtt fram. Hann hafði um það orð og nefndi þar sérstaklega til sögunnar hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. sem væru að kasta rýrð á Alþingi með ýmsum ummælum sínum. Ræða hv. þm. áðan var hvað sem hver segir dæmigerð málþófsræða þó ekki læsi hann upp úr bókum. Þetta var auðvitað dæmigerð málþófsræða og ef einhver eða einhverjir hafa varpað rýrð á þessa virðulegu stofnun, þá eru það þeir hv. þm. stjórnarandstöðunnar sem hafa staðið fyrir þeirri uppákomu sem meðferð þessa máls er orðin. Hv. þm. Páll Pétursson þekkir nokkuð vel til í þingum hjá grönnum okkar á Norðurlöndum. Hann veit jafn vel og ég að slík uppákoma eins og hér hefur orðið er gersamlega óhugsandi á þjóðþingum Norðurlandanna annars staðar en hér vegna þess að því miður höfum við ekki nægilega góð þingsköp. Okkar þingsköp eru gölluð að þessu leytinu og því þarf að breyta.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Eitt var rétt í því sem hæstv. umhvrh. sagði. Hann hafði tekið tímann rétt. Ég mun hafa talað í kringum sjö korter. Hann minntist á sjónvarpsþátt sem ég tók þátt í fyrir voðalega mörgum árum. Ég mælti þar ekki gegn litasjónvarpi heldur mælti ég fyrir því að sjónvarpinu yrði dreift um allt land. Það var inntak og erindi mitt í sjónvarpið á þeim tíma að ég vildi koma sjónvarpinu um allt land áður en hætt yrði við að dreifa sjónvarpinu víðar en þá var orðið og snúið að litvæðingu. Ég vildi sem sagt að fyrst hefðu allir þegnar sama rétt til þess að horfa á sjónvarp jafnvel þó í svart/hvítu væri fremur en hluti landsmanna horfði á litasjónvarp, sem ég í sjálfu sér er mjög hlynntur, og aðrir hefðu ekkert.

Að ræða mín hafi verið málþófsræða þá ætla ég nú bara biðja hæstv. ráðherra að lesa hana þegar hún kemur í Alþingistíðindunum og þá kemst hann á aðra skoðun ef hann verður þá kominn í gott skap. Því miður var hann í ergelsi sem sjaldan hendir þennan hæstv. ráðherra.

Varðandi starfshætti Alþingis þá áttum við ef ég man rétt báðir hlut að þeim þingsköpum sem við störfum eftir og vorum ágætlega sammála um þau á sínum tíma og ég þakka honum fyrir þá liðveislu sem hann veitti mér á þeim tíma við að koma því frv. fram.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einhver misskilningur hjá hv. þm. Páli Péturssyni, ég er í ljómandi góðu skapi og liggur ákaflega vel á mér. Hins vegar eru slíkar ræður eins og hann flutti áðan ekki beinlínis til þess fallnar að létta skap manna þegar það er haft í huga að hægt er að segja það sem hann sagði í miklu styttra og miklu skýrara máli og það getur hv. þm. því honum er nú einkar lagið að vera stuttorður og gagnorður ef hann vill það við hafa, en hann vildi það ekki í þessu tilviki.

Hér er um að ræða eitt mikilvægasta hagsmunamál íslensku þjóðarinnar í áratugi og þegar málið verður skoðað í ljósi sögunnar þá hygg ég að þeir sem halda hafa hinar löngu og efnislitlu ræður um þetta mál muni auðvitað hljóta sinn dóm þegar sagnfræðingar skoða ræður þeirra. En málið skiptir þjóðina miklu og það er ábyrgðarhluti sem stjórnarandstaðan hefur tekið að sér að tefja fyrir og þvæla málið með öllum þeim hætti sem hugsast getur og fyrir það mun stjórnarandstaðan á sínum tíma auðvitað hljóta sinn dóm á spjöldum sögunnar.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er gott með vin minn umhvrh. að það er fljótt úr honum og ég vona að það endist honum dálitla stund og það verði langt þangað til hann reiðist næst. Hann er gáfaður maður og sjálfsagt miklu skýrari en ég og getur komið máli sínu fyrir í styttra máli en mér var unnt, en ég stytti mál mitt eins og ég mögulega gat. (Gripið fram í.) Ég hef mikla reynslu af vitsmunum ráðherrans og mannkostum öllum, bæði skapsmunalegum og öðrum.

Ég er honum ekki sammála um niðurstöður málsins, þ.e. ég tel að þessi samningur sé ekki hagstæður Íslendingum og þar af leiðir að við getum ekki orðið sammála um málið. Ég flutti nokkuð ítarlega ræðu en ég reyndi að forðast málalengingar eins og ég mögulega gat. Niðurstaðan af ræðu minni var sú að meiri hlutinn hefði þingræðislegan rétt til þess að hafa rangt fyrir sér og ég ætla ekki að koma í veg fyrir það. Ég tel að það sé til skammar að beita málþófi en ég tel

jafnframt að mér beri skylda til að benda á það eðli sem í þessu máli er. Ég hef unnið að þessu máli í mörg ár. Ég er fulltrúi í utanrmn. og ég tel mig hafa fullan rétt til þess að tala um svo viðamikið mál í sjö korter jafnvel þó að það reyni eitthvað á hina miklu þolinmæði hæstv. umhvrh.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Vegna þeirra ummæla sem hafa fallið um það að hv. þm. Steingrímur Hermannsson talaði einn í útvarpsumræðum og sjónvarpsumræðum um þetta mál held ég að það sé nauðsynlegt til þess að ákveðnir menn verði sér ekki frekar til skammar en orðið er að það sé upplýst að Bjarni Benediktsson talaði eitt sinn einn fyrir hönd flokks síns í slíkum umræðum. Það er nefnilega gott að skoða söguna. Þá var sjálfstæðismönnum mikill vandi á höndum að koma til íslenskrar þjóðar á stuttum tíma því sem þurfti að segja í skýru máli. Það var engin tilviljun að Sjálfstfl. treysti Bjarna Benediktssyni til þess að gera þetta á þann hátt sem þurfti.

Nú er það aftur á móti sett fram á þann veg að það sé komið svo að menn treysti engum nema sjálfum sér. Þó að þeir menn sem nú eru ungir og vilji veg sinn stóran vilji vissulega leiðbeina þeim sem hafi meiri reynslu og stærri veg að baki enn sem komið er, hvað sem verður, þá mættu þeir gjarnan vanda sig í þeim efnum að haga ekki grjótkastinu á þann veg að þeir séu að grýta eigin leiðtoga löngu eftir að þeir eru horfnir af sjónarsviðinu.

Hér var varpað fram þeirri spurningu hvernig ákveðinn þingmaður hefði greitt atkvæði í svokölluðu gullskipsmáli. Ég tel það rétt af því að tími er nú naumur þegar að andsvörum kemur að taka það fyrir strax og gera grein fyrir því hvernig ég greiddi atkvæði í því máli. Ég taldi þá ákaflega hæpið að taka veð í sokknum og týndum skipum og átti ekki bjartsýni til að veita því máli stuðning. Ég talaði gegn því og ég greiddi atkvæði gegn því. Það var mín sannfæring. Aðrir trúðu því að skipið væri fundið, aðeins væri eftir að ná því upp. Þeir greiddu atkvæði á annan veg en auðvitað var þessu skeyti sérstaklega beint að Eyjólfi Konráð Jónssyni í gegnum Pál Pétursson. En þeir hafa þá verið jafnir að framsýni í þessu máli, hv. 1. þm. Austurl. og Eyjólfur Konráð Jónsson. (**EKJ:** Ég greiddi ekki atkvæði í málinu.) Hv. þm. greiddi ekki atkvæði í málinu en vissulega var það vitað að hann var hlynntur þessu máli en af ákveðnum ástæðum greiddi hann ekki atkvæði í málinu. Ég segi þetta hér og nú vegna þess að það er náttúrlega billegt svo ekki sé meira sagt hjá mönnum sem ekki þurftu þá að taka afstöðu að ætla eftir þessi ár að fara að leggja það sem mælistiku á framsýni manna hvort þeir hafi ekki séð það fyrir hvort skipið fyndist eða ekki og tekið afstöðu eftir sinni sannfæringu sem menn gerðu. Ég verð að segja eins og er að það hefði verið mjög gaman ef þetta skip hefði fundist. Og vissulega vitum við að einhvers staðar þarna niðri er skipið eða leifarnar af því en það er hægara sagt en gert að finna það. (**EKJ:** Hver var það sem dró þetta inn í umræðurnar?) Það er rétt að svara því beint að þessi athugasemd kom frá hv. 3. þm. Reykv. og ég leit svo á að hann teldi þetta brýnt mál inn í umræðuna svo mjög sem forustumenn um framgang þessa máls sem hér er á dagskrá hafa lagt á það kapp að ekki mætti tefja umræðuna.

Þá er vikið að öðru máli sem ekki er komið á dagskrá, herra forseti, en var látið vítalaust að hér væri tekið á dagskrá með þeim hætti að minnast á það af sama þingmanni, hv. 3. þm. Reykv. Birni Bjarnasyni. Það er svokallað þyrlumál. Þetta mál var tekið út úr nefnd fyrir stuttu síðan. Ég hélt að menn hefðu ró til að bíða eftir því að málið kæmi hér á dagskrá, svo er ekki. Enginn nefndarmaður lagðist gegn því að málið færi út úr nefnd. Það voru uppi tvenns konar skoðanir, annars vegar hvort vísa bæri málinu til ríkisstjórnarinnar eða hvort samþykkja bæri málið. Þetta mál er ekki að koma til okkar í fyrsta sinn. Þeir eru margir sem hafa áhyggjur af því að við eigum erfitt með að gæta hagsmuna þegna okkar vítt og breitt á láði og á legi á erfiðum stundum og áhugi fyrir að ná því máli fram hefur verið mikill. Mikill undirbúningur hefur átt sér stað, m.a. í dómsmrn. Öll málskjöl þessa máls eru til staðar.

Ég verð nú að segja eins og er að mér finnst nokkuð langt seilst í vopnaburði jafnvel þó að innan Sjálfstfl. andi nú nokkuð kalt á milli vegna þeirrar ástæðu að menn hafa ekki fylkt einu liði í því máli sem hér er á dagskrá. (**Gripið fram í:** Það er nú víða.) Það er rétt, það er víðar. En vegna þessarar athugasemdar ætla ég að leyfa mér að geta þess hér og nú hvenær mér fannst Ólafur Thors gnæfa hæst sem stjórnmálamaður. Mér fannst hann sýna mestu viðsýnina sem stjórnmálamaður þegar hann bar gæfu til þess sem foringi síns flokks að reyna ekki á nokkurn hátt að einangra þá menn eða ráðast á þá sem neituðu að styðja samstarf Sjálfstfl. við sósíalista. Svo stór var hann á þeirri stundu að honum datt það ekki í hug að ráðast að þeim persónulega eða að veita þeim aðför í kjördæmum þeirra seinna þegar kæmi að framboði. Þó var Sjálfstfl. með því að taka upp samstarf á þeim tíma að brjóta gegn öllum grundvallarlögmálum sem flokkurinn hafði notað í sínum boðskap fyrir kosningar. Þetta vita vona ég allir hinir ungu sjálfstæðismenn sem hér eru á Alþingi í dag. Þetta vita þeir. Það má vel vera að menn hafi annan skilning á því hvert sé hlutverk foringja en ég. Ég ætla ekki að deila um það. En þessu vildi ég koma á framfæri að gefnu tilefni.

Ég yfirgaf þennan þingsal eins og fleiri í gærkvöldi með óminn af þeim ræðum sem hér voru fluttar í eyrunum og hélt áfram að horfa á suma ræðumenn í sjónvarpinu eftir að ég var kominn heim. Það ómuðu fyrst og fremst tvær setningar í mínum eyrum en kannski til að rjúfa ekki samhengið vil ég áður en ég kem að því víkja örfáum orðum að hæstv. umhvrh. sem kom hér og ræddi um litasjónvarp og dreifingu sjónvarpsins um landið. Þegar umræðan fór fram um það hvort hér ætti að koma á litasjónvarpi eða ekki lét ég þau orð falla að svart og hvítt væru líka litir. Og ég efaði það að aldrei að það væri rétt að koma hér á litasjónvarpi. Hins vegar hafði ég og hef enn áhyggjur af því hversu litlu máli

mönnum finnst það skipta hvort allir Íslendingar fái að horfa á þetta sjónvarp. Þannig standa t.d. málin í dag að í Húnavatnssýslu er svo lélegur sendir á einum stað, ég held að það heiti á Hnjúki, að sjónvarpsskilyrði eru ekki þau sömu á nokkrum bæjum í Strandasýslu og voru áður en þessi ríkisstjórn tók við völdum, hversu mörgum veit ég ekki. Það segir kannski sitt um stöðuna. Landið er að minnka. Það skiptir ekki máli hvert menn dreifa þessu, finnst sumum. Það skiptir ekki máli þó að viss svæði séu höfð út undan. En ég minnist þess aftur á móti að þegar hæstv. umhvrh. var fréttamaður við sjónvarpið þá fór hann vestur á firði, þá fór hann í Súðavík og sem kynningartexta við það sem hann þurfti að leiða hugann að á staðnum var inngangurinn sá að Súðavík hafði fengið vissulega sinn skerf af opinberum stuðningi. Það var inngangurinn. Ég verð nú að segja eins og er að mér hefur stundum fundist að þeir sem valist hafa til þingsetu í gegnum fjölmiðlana hafi e.t.v. flotið dálítið billega inn á Alþingi Íslendinga. Kannski var það þess vegna sem ég greip fram í fyrir hv. 1. þm. Norðurl. v. hér í ræðustól áðan, en ég heyrði ekki rök hans. Það má vel vera að hann viti betur en kom fram í hans máli í þeim efnum.

Foringjar núv. stjórnmálaflokka sem töluðu í gær, hæstv. utanrrh. lét hér eina setningu falla sem vafalaust verður minnst meðan hann fæst við stjórnmál. Setningin er ekki ný. Setningin er einhver sú elsta sem lifir: Faðir fyrirgef þeim, því þeir vita ekki hvað þeir gjöra. Þessi setning ómaði í mínum eyrum þegar ég yfirgaf þinghúsið. Hæstv. utanrrh. gerði það hér úr þessum ræðustól að biðja fyrir verkalýðsleiðtogum í þessu landi. Bænin var stutt: Faðir, fyrirgef þeim, því þeir vita ekki hvað þeir gjöra. Það er sonur verkalýðsleiðtoga sem þannig talar. Þessi orð eru trúlega þau frægustu sem Kristur lét falla og nánast óskiljanlegt venjulegum mönnum að maðurinn sem kominn var á krossinn fyrir tilverknað andstæðinga sinna skyldi á þeirri stundu biðja fyrir þeim.

Ég hef vissulega heyrt getið þeirrar kenningar að Kristur muni aftur birtast okkur hér á jörðu og hef óttast það mest að við mundum ekki síður nú en þá þurfa að horfa upp á það að hann verði krossfestur. En það er sami hæstv. utanrrh. sem vill biðja fyrir verkalýðsleiðtogunum með þessu móti og elur með sér von en biður ekki fyrir stjórnendum Ísraelsríkis sem hefur ákveðið og framkvæmt að reka út á eyðisand hóp manna og lætur sig litlu skipta hvort þeir verða þar hungurmorða eða frjósa í hel. Ég vil engin áhrif á það hafa hvernig skaparinn bregst við á efsta degi þegar hæstv. utanrrh. þarf á fyrirgefningu að halda. Að sjálfsögðu liggur ljóst fyrir að ég get engin áhrif á það haft. En það getur ekki verið auðvelt að eiga orðastað við þann mann með rökum og í rólegri yfirvegun sem telur sig svífa í þeirri himinhæð yfir þá sem sitja á Alþingi Íslendinga að honum finnist fyrst og fremst þegar hann vitnar í þessi orð Krists að þá sé hann kominn á þann stað í veraldlegum og andlegum skilningi sem henti honum. Hann sneri sér að vísu ekki að forsrh. til þess að bæta við: Sannlega, sannlega segi ég yður, í dag muntu vera með mér í Paradís. Það kom ekki fram. Það var eitt af því sem við áttum að ráða í að mundi nú gerast fljótlega. En ég hugsaði með mér: Er það e.t.v. svo að hæstv. utanrrh. viti eitthvað meira í þessum fræðum? Ég held að ég viti það rétt að hann hafi ekki verið fermdur en það má vel vera að þrátt fyrir það hafi hann kynnt sér að einhverju leyti þessi fræði og muni líka eftir setningunni: Það sem þið gjörið einum af mínum smæstu börnum það gjörið þið mér.

Það vill svo til að nú er ætlunin að veita útlendingum frá samfélagi sem hefur um 380 millj. fullt ferðafrelsi til Íslands. Það samfélag býr við mikið atvinnuleysi, svo mikið atvinnuleysi sums staðar að það er ekki ólíklegt að fjölskyldufeður með konu og börn hugsi með sér hvort e.t.v. sé hægt að fá vinnu á Íslandi, setjast þar að og búa börnunum sínum betri heim. Og þá komum við að þeirri spurningu: Hvaða veröld ætlar hæstv. utanrrh. að búa þessum börnum? Við skulum taka eitt dæmi.

Við skulum segja að til Ísafjarðar flytjist tvær fjölskyldur frá Portúgal, þrjár frá Spáni, ein frá Ítalíu, ein frá Belgíu og ein frá Írlandi. Hæstv. utanrrh. þarf að láta kenna þessum börnum í barnaskólanum. Á hvaða tungumáli ætlar hann að láta kenna börnunum? Hann á valið á milli þess að kenna þeim á þeirra eigin tungumáli eða bíða eftir því að þau læri íslenska tungu eða í reynd að reyna að flýta fyrir því. Við höfum þetta vandamál í dag. Við höfum í þessu landi nokkur hundruð börn í íslenska skólakerfinu sem eru ótalandi á íslenska tungu. Við erum að taka af sérkennslukvóta skólanna fjármuni til þess að sinna þessu verkefni á sama tíma og þeir fjármunir sem fara til sérkennslunnar eru minni en svo að það sé hægt að ráða við markmið grunnskólalaganna með þeim fjárveitingum. Hann lítur ekkert illilega út, hv. 6. þm. Reykn., Karl Steinar Guðnason. Hann er mildur í yfirbragði, hann er verkalýðsleiðtogi, það þarf enginn að ætla að af einhverjum sérstökum illvilja hafi hann gengið þannig frá fjárlögunum sem formaður fjárln. að leggja það til að þessi nokkur hundruð börn sem eru hér á landi, fái kennslu af sérkennslukvótanum. Er trúlegt, ef þessi börn verða nú ekki nokkur hundruð eins og þau eru í dag heldur nokkur þúsund, að við ráðum við þetta verkefni með vitsmunalegum hætti? Hvaða framtíð er verið að búa þessum börnum? Er verið að taka ákvörðun um það að þau verði einu eða tveimur árum á eftir í skóla? Sjá til þess að þau nái ekki í reynd þeim árangri sem þarf til að hefja framhaldsnám af neinu tagi. Hvar eru svörin við þessu? Ætli hæstv. utanrrh. kannist líka við setninguna: Það sem þér gjörið einum af mínum smæstu bræðrum, það gjörið þér mér. Eða er það tilfellið að hann setji svoleiðis undir sig hausinn í þessu máli að hann hirði ekkert um afleiðingarnar af því að veita 380 millj. frjálsan aðgang til flutninga til Íslands ef þeir geta fengið sér vinnu? Ég veit ekki svarið.

Þá ætlaði ég að víkja að hinni setningunni sem mér þótti eftirtektarverð. (**Forseti:** Forseti vill aðeins ónáða hv. þm. Ætlunin er að gera hérna hádegisverðarhlé milli kl. 1 og 1.30 og forseta dettur í hug að gera það

hlé núna áður en hann hefur umræðu um þetta málefni, svo að ekki þurfi að stoppa hv. þm. í miðju kafi nema hann geti lokið því af á 5 mínútum. Hv. þm. getur metið það sjálfur hvort hann vill ljúka máli sínu núna eða eftir 5 eða 10 mínútur.) Ég vil engin áhrif á það hafa hvenær hæstv. forseti telur rétt að hafa hádegisverðarhlé og er reiðubúinn að fresta máli mínu núna áður en ég vík að hinni setningunni. — [Fundarhlé.]

Hæstv. forseti. Ég var í ræðu minni kominn að hinni setningunni sem ómaði í mínum eyrum þegar ég yfirgaf þinghúsið í gær og voru ummæli hæstv. forsrh. þar sem hann valdi sér þann kost í vörn og sókn fyrir þessu máli að geta þess að þessi samningur væri ekki klæðskerasaumaður eða klæðskerasniðinn að þörfum einstakra landa. Með þessu móti var hann vissulega að lýsa því yfir að honum væri ljóst að það væru verulegir ágallar á samningnum þó að hann teldi kosti hans meiri og því bæri að samþykkja hann. Ólíkt er þetta nú þrátt fyrir allt skynsamlegri málflutningur heldur en sá sem hæstv. utanrrh. hefur viðhaft.

Svo sæll og glaður er hæstv. utanrrh. yfir þeim árangri að leyfa erlendum togurum á ný að veiða í íslenskri landhelgi og að íslensk skip veiði í staðinn innan eigin landhelgi loðnu sem ég hefði nú talið að ella yrði okkur og engum öðrum til góðs því ekki færum við að leyfa útlendingum að veiða loðnu innan okkar landhelgi, svo sæll og glaður er hann yfir þessu að þegar upp er staðið og hann er að meta afrek sín í tollamálum og með hliðsjón af því hvað þurfti að greiða fyrir, þá gefur hann sér einkunnina 9,6. Leiðir þetta óneitanlega hugann að því, hæstv. forseti, að trúlega kæmu nemendur miklu betur út ef þeir sæju sjálfir ekki aðeins um að taka prófið heldur líka um fyrirgjöfina. Ég hygg að það sé mjög vænleg leið ef menn vilja ná þeim árangri að geta sýnt háar einkunnir. Ég held nefnilega að hæstv. utanrrh. sé ekki sjálfrátt. Ég held að staða málsins sé orðin sú að hann dvelji í einhverjum undarlegum draumaheimi, þar sem hann er kominn til þeirra himinhæða að því hljóta að fylgja ýmis önnur áhrif sem birtast í því að honum finnst m.a. að það hafi gersamlega gleymst að flytja honum þakkarávarp héðan úr þingsalnum fyrir þessi verk. Ég gerði það til þess að reyna að glöggva mig betur á afstöðu einstakra manna sem töldu að það væri stórt mál að þessi samningur yrði samþykktur að fara yfir hvernig þeir hafa í atkvæðaskýringum um þessi mál orðað hugsun sína þar sem er sameiginlegt að þeir telja mikil sóknarfæri inn á evrópskan markað. Nú er það svo að þessi markaður hefur ekki aldeilis verið okkur lokaður því að við höfum flutt út á hann meira en á nokkurn annan markað vegna samninga sem við höfum áður gert. Þeir samningar hafa fært okkur þá stöðu að við flytjum út um ¾ af okkar útflutningsvörum inn á þennan markað með þokkalegum árangri. Það sem við bætum við er þess vegna keypt fyrir það sem hér er verið að leggja til. Satt best að segja fannst mér nú mest koma fram hjá tveimur hv. ræðumönnum, annars vegar hjá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni. Hann orðar þetta svo:

„Ég tel að þessi samningur færi okkur réttindi á erlendri grund langt umfram það sem við þurfum að láta af hendi og þess vegna styrki okkar fullveldi og treysti okkar sjálfstæði og segi því já."

Nú er það svo að það eru engin ákvæði í þessum samningi á þann veg að það megi skilja þau sem hér er verið að tala um. Á bak við yfirlýsingu sem þessa getur ekki búið annað en sú trú að Íslendingar muni í reynd leggja undir sig Efnahagsbandalagið hvað áhrif snertir og minnir það nú enn á söguna því að Vilhjálmur bastarður eða Vilhálmur sigursæli lagði undir sig Bretland að mig minnir 1066 og hvort hér er nú sama Vilhjálmsnafnið á ferðinni eða ekki, þá er sóknarhugrekkið til staðar. Ég tel þetta slíka draumsýn að mig undrar það mjög að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson telji það betra fyrir sig að koma þessu á framfæri við atkvæðaskýringu.

Sé skoðuð atkvæðaskýring Geirs H. Haarde þá vekur það athygli að það er ekki af óskiptri trú á sigur okkar á erlendri grundu sem hann styður þetta mál, heldur líka af ótta. Hv. þm. óttast það hreinlega að eins og segir hér, með leyfi forseta: „Viljum við geta boðið ungum Íslendingum sambærileg lífskjör, menntunartækifæri og félagsleg réttindi eins og nágrannar þeirra í Evrópu eða viljum taka áhættuna af því að missa allt okkar besta fólk úr landi?"

Hér er stórt sagt. Það er landflótti af öllu okkar besta fólki sem blasir við verði þetta ekki samþykkt. Ég verð nú að segja eins og er að þegar menn hafa slíka sýn fyrir sér, þá undrar mig náttúrlega ekki þó þeir styðji ef þeir telja að það sé bara hreinn landflótti atgervisfólks Íslands, besta fólksins, fyrir stafni verði þetta ekki samþykkt.

Mér finnst að menn gleymi því að Íslendingar hafa hæst komist í það að vera fjórðu í röðinni með þjóðartekjur á mann, Svisslendingar eru í fyrsta sæti. Hæst höfum við farið í fjórða sæti. Hvaða kröfur eru þessir ungu menn að byggja upp? Vita þeir hver meðallífskjörin eru í Evrópu? Þeir ætla sko ekki að búa við það. Þeir ætla að búa við þau bestu sem til eru og þá er það Þýskaland trúlega eitt eða Svíþjóð sem geta boðið það sem þeir eru að tala um.

Og hvað segir meira í þessari yfirlýsingu formanns þingflokks Sjálfstfl. sem vert er að vekja athygli á? Hann vill að við höldum okkur með þeim þjóðum sem hafa lýðræði, markaðsbúskap og frjálsræði í hvað mestum hávegum. Ég er hlynntur því að við eigum sem mest samstarf með lýðræðisþjóðum og ég veit ekki til að nokkur maður hafi lagt til að við hyrfum frá markaðsbúskap, ég veit ekki til þess sem meginreglu þó að menn hiki við að samþykkja að það eigi að fara að selja ömmurnar.

En hvað með lýðræðið? Er lýðræðið í Evrópu í uppsiglingu? Er það að batna? Er Efnahagsbandalag Evrópu dæmið um það lýðræði sem við viljum hafa? Svari nú hver fyrir sig. Þegar búið var að greiða atkvæði í Evrópu um Efnahagsbandalagið og Maastricht-samkomulagið, þá var það framkvæmdastjóri bandalagsins sem taldi að það væri aðalatriðið núna að reyna að koma manneskjulegra andliti á þetta bandalag vegna

þess að ef þetta bandalag er borið saman við Bandaríkin, þá er þetta lýðræðislegur óskapnaður, hvorki meira né minna. Bandaríkjamenn kjósa sinn forseta vissulega í gegnum fulltrúalýðræði, kjörmenn. En engu að síður er það svo að það hefur verið samræmi á milli þess hverjir hafa náð meiri hluta með kjörmannatölu og hverjir hafa náð meiri hluta í atkvæðum.

Forseti bandarísku þjóðarinnar er kosinn af þegnum sínum. Halda menn að Delors næði kosningu sem forseti fyrir Efnahagsbandalagið ef hann byði sig fram? Eru menn trúaðir á það? Hann á kannski stuðningsmenn hér í salnum, ég efa það ekki, sem mundu kjósa hann ef þeir hefðu tök á því, því þetta er bara venjulegur Evrópukrati sem náði þeim árangri að pota sér ávallt lengra og lengra. Nei, menn ættu aldrei að vitna til lýðræðis þegar þeir tala um uppbyggingu Efnahagsbandalagsins. Efnahagsbandalagið er ekki þannig uppbyggt að nokkur vilji kenna það við lýðræði.

Ég ætla líka að víkja að öðru. Hér er talað um menntun barnanna okkar og þessir menn telja sig bera sérstaka umhyggju fyrir menntun barnanna okkar. Núv. formaður stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna heldur því fram að íslenski lánasjóðurinn eins og hann er gefi íslenskum ungmennum betri möguleika til menntunar en nokkurs staðar sé að finna í Evrópu. Hafið þið frétt af því að það eigi að loka öllum skólum í Evrópu fyrir þeim sem sækja þangað eftir skólavist? Hefur það verið kynnt hér í sölum þingsins? Á hvaða forsendum eru menn að taka afstöðu þegar þeir búa sér til grýlur eins og þessa? Hafa íslenskir unglingar ekki verið að stunda nám í Bandaríkjunum og Evrópu? Er það virkilega svo að Evrópubandalagið hafi sagt við Íslendinga: Ef þið ekki skrifið undir þetta, þá fær enginn Íslendingur að stunda nám í Evrópu. Ef slíkar yfirlýsingar liggja fyrir, er þá ekki rétt að þær séu dregnar upp og þær séu kynntar áður en menn fari að lýsa því yfir að þeir greiði þessu atkvæði vegna menntunar barna sinna? Það þýðir ekki að búa sér til alls konar draumsýn sem forsendur fyrir stuðningi.

Ég held að það veki líka nokkra umhugsun að hv. þm. Guðjón Guðmundsson, sem er með prúðustu þingmönnum á Alþingi Íslendinga, hefur ekki tafið fyrir umræðum með löngu máli. Hann vitnar í það að 16 samtök í ýmsum greinum atvinnulífsins hafa hvatt til þess að samningurinn verði samþykktur fyrir jól. Þá eru það starfsskilyrði atvinnufyrirtækja. Vissulega viljum við búa okkar atvinnufyrirtækjum sambærileg starfsskilyrði eftir því sem við getum innan ramma fullveldisins. En það er nú svo. Er eitthvað sem segir að ef menn hefðu verið ákveðnir í því að færa skattana yfir á almenning eins og gert var núna fyrir jólin, af fyrirtækjunum, að það hefði verið bannað að gera það vegna þess að við vorum ekki á þessu EES-svæði? Það hefur verið heimilt að gera það sl. 20 ár og lengur með lagasetningu hér á Alþingi ef það var það sem menn vildu. Það var auðvelt mál að gera slíka hluti með lagasetningu. Menn hafa aftur á móti talið að það væri ekki óeðlilegt þó að einhver dreifing yrði á skattabyrði milli fyrirtækja og fólksins.

Ég ætla að víkja frá þessum atriðum sem komið hafa fram í máli manna þegar þeir gerðu grein fyrir atkvæði sínu, víkja að hinu atriðinu sem mér þykir þeim mun meir sem ég hugsa þetta mál, þeim mun kvíðvænlegra. Þegar menn tala um auð þessa lands, þá tala menn gjarnan um orkuna. Menn tala um fiskimiðin og menn tala um landið. En auður þessarar þjóðar, mesti auður þessarar þjóðar, er fólkið sjálft. Japanskur hagfræðingur hefur mjög haldið þeirri kenningu á lofti að auðurinn sem býr í fólkinu sjálfu, mannauðurinn, sé það sem skiptir öllu máli, það séu ekki náttúruauðlindirnar, það sé auðurinn sem býr í fólkinu sjálfu. Ég get ekki tekið undir það að í Sviss séu miklar náttúruauðlindir. Þeir hafa náð því að vera á toppnum hvað lífskjör snertir. Er Japan með svona mikil náttúruauðæfi? Í hverju eru þau fólgin ef svo er? Það er nú öðru nær. Japan státar ekki af neinum náttúruauðlindum svo að orð séu á gerandi. En þeir státa af því að eiga samhenta þjóð í sínu landi, svo samhenta að það vekur undrun og öfund margra. Þeir hafa mjög strangar reglur um innflutning á fólki til Japans, mjög strangar reglur. Viljum við skipta um þjóð í þessu landi og hvað tekur það langan tíma ef við ætlum að skipta um þjóð í þessu landi?

Mér verður hugsað til þess sem komið hefur fram í fréttum núna nýlega að 1/12 af íbúum Þýskalands í dag eru útlendingar. Ég hefði talið að Þjóðverjar væru um 70 millj. þó að ég þori ekki að segja það nákvæmlega, 70–80 millj. Útlendingar eru orðnir 1/12. Berlínarmúrinn er vissulega fallinn. En á landamærunum við Pólland, við Tékkóslóvakíu, þar á að koma fyrir sjónvarpsvélum sem geta séð það að næturlagi með innrauðum geislum hvort menn eru að fara yfir landamærin til þess að stöðva það að menn fari inn til Þýskalands. Og Þjóðverjar voru að stórherða sína innflytjendalöggjöf. Efnahagsbandalagið var búið að taka ákvörðun um það að allir passar ættu að verða óþarfir á landamærum Evrópu núna um áramótin. En þegar á hólminn kom leist þeim ekki á blikuna vegna hættunnar á því að það auðveldaði eiturlyfjasmyglurum að koma varningi sínum áfram og þeir myndu ekki ráða við flóttamannastrauminn inn til Evrópu. Mér stendur slík ógn af því tiltæki að láta sér detta það í hug að leyfa 380 millj. sama rétt og Íslendingum í þessu landi að ég tel að það sé ákvörðun um að skipta um þjóð í landinu. Það er ákvörðun að mínu viti um það að skipta um þjóð í landinu. Það er aðeins spurning um það á hve mörgum árum það gerist að útlendingarnir verða fleiri en Íslendingarnir í landinu.

Ég hef heyrt þá skoðun, hún heyrist gjarnan. Þeir fara að vinna eitthvað sem við nennum ekki að vinna. Þeir fara í vinnu einhvers staðar úti á landi þar sem við nennum ekki að vera. Við horfum á þetta út frá þeim leikreglum sem í gildi hafa verið að hingað hafa komið til starfa ungmenni um tvítugt eða milli tvítugs og þrítugs til að vinna vítt og breitt um landið störf sem við höfum ekki haft fólk í. En það er ekki þetta sem er á dagskrá í dag. Það sem er á dagskrá í dag er það að verði t.d. byggt álver á Suðurnesjum, þá verða þar ekki stuðningsmenn Karls Steinars Guðnasonar, hv. þm. sem hafa neinn forgang að vinnu í því álveri, engan

forgang. Það verður byggt af verktökum þetta álver. Það verður byggt af verktökum sem bjóða í verkið. Þeir sem bjóða lægst fá verkið. Þeir munu skipta verkinu niður í verkefni fyrir undirverktaka. Undirverktakarnir munu svo ráða menn til starfa.

Það eru allar líkur til þess að það verði nægilegt framboð af blokkarhúsnæði við Keflavíkurflugvöll á næstu árum. Bandaríkjamenn munu trúlega minnka sín umsvif og fækka í sínum her á Keflavíkurflugvelli vegna þeirrar jákvæðu staðreyndar að það er orðið friðvænlegra í heiminum. Þetta húsnæði verður notað fyrir erlenda verkamenn til að búa í því, verkamennina sem munu byggja álverið, verkamennina sem munu bjóðast til þess í útboðum að vinna verkin fyrir lægra verð heldur en Íslendingarnir eru reiðubúnir að gera. Og hvers vegna segi ég þetta? Vegna þess að þetta er það sem alls staðar hefur verið gert þar sem hinir öflugu aðilar stórfyrirtækjanna hafa fengið að valsa um og flytja fólk á milli eins og þeir hafa viljað. Það er vitað mál að í umræðunum um byggingu álversins á Keilisnesi hafa komið fram óskir um það að mega flytja inn erlenda verkamenn. Það þótti ekki gott að samþykkja slíkar óskir. Þessu var haldið undir borðinu. Með því að gera þetta á þennan hátt að leyfa frjálst innstreymi fólks frá þessu samfélagi, 380 millj. manna samfélagi, þá þarf engar sérreglur í þessum efnum, þá er þetta einfaldlega heimilt. Ef sá sem fær verkið er frá Spáni, Þýskalandi, Portúgal, þá getur hann komið með þessa menn til landsins og hann getur haft þá sem undirverktaka til að vinna öll verkin.

Um hvað er tekist á í álverinu í Straumsvík þessa dagana? Hvert er deiluefnið? Vinnuveitendasamband Íslands felldi kjarasamninginn um að þeir sem þar starfi fái kauphækkun um 1,7% vegna þess að núv. forstjóri hefur sett fram á kröfu að mikið af þeim störfum sem í dag eru unnin samkvæmt tímakaupi eða þá eftir vissum ákvæðis- eða bónusreglum verði í framtíðinni heimilt að bjóða út innan verksmiðjunnar. Og hann telur að það séu raunverulega átök um það hverjir fái að stjórna verksmiðjunni, hvort það séu eigendurnir eða hinir íslensku starfsmenn sem stjórni verksmiðjunni. Svo mikil ósvífni finnst honum það vera að Íslendingar vilji hafa með samningum áhrif á þetta.

Ég er ekki í neinum vafa um það að ef svona stimpingar halda áfram mjög lengi, þá eiga hinir erlendu aðilar út af fyrir sig þá leið að leigja starfsemina. Það er aðferðin sem notuð hefur verið ef ekki semst við verkalýðsfélög af þessum aðilum. Svo eru verkþættirnir boðnir út.

Ég veit að hv. þm. Karl Steinar Guðnason meinar vel í sinni umhyggju fyrir því að efla atvinnulíf á Suðurnesjum. Ég veit að hann hefur flutt hér tillögu og viljað að þar yrði reist fríiðnaðarsvæði til að efla þar atvinnu. En mér er jafnljóst að það sem við erum að gera með því að samþykkja að 380 milljón manna samfélag fái fulla aðstöðu til þess að flytja til Íslands verkamenn, þá erum við að samþykkja það að hér á Íslandi verður viðvarandi verulega mikið atvinnuleysi á næstu árum. Það er það sem við erum að samþykkja. Það er mikið atvinnuleysi í Evrópu. Það er viðurkennt að það atvinnuleysi mun fara vaxandi, ekki aðeins á næsta ári eða þar næsta, nei, nei, nei. Atvinnuleysið er talið fara vaxandi fram á næstu öld og mér er spurn, treystir einhver sér til að segja að það séu einhver endalok á því atvinnuleysi? Hvað halda menn að þeir sjái langt fram í tímann? Ég gef nú lítið fyrir það að menn telji að það verði endir á því atvinnuleysi árið 2005 eða 2010. Sá sem er atvinnulaus í dag vill fá úrræði fyrr. Skiptir það engu máli fyrir rökræna hugsun í þessum sal að þeir sem studdu það að íslenskt verkafólk tæki að sér að greiða aðstöðugjaldið fyrir fyrirtækin í landinu svo að hér yrði meiri atvinna í landinu, það verði þá íslenskt verkafólk sem hafi forgang að þeim störfum sem skapast skapist störf vegna þessarar ákvörðunar? Eða er mönnum alveg sama þó að verkamaðurinn sem um næstu mánaðamót fær minna greitt út úr sínu launaumslagi en hann fékk á seinasta ári, þó að peningarnir sem sagt er að verði eftir með þessu móti eins og fjmrh. segir eigi að fara í það að skapa atvinnu í landinu, skiptir menn engu máli hvort sú atvinna verður fyrir Íslendinga eða útlendinga?

Hæstv. utanrrh. sagði hér í gær: Gerum við ráð fyrir því, sagði hann, ef við spilum knattspyrnu á móti annarri þjóð að við megum hafa íslenskan dómara? Og ég sá að hann horfði á okkur hér hina í salnum eins og þar væri safn fáráðlinga sem þar sætu. Ef við höfum spilað knattspyrnu, t.d. við Dani, þá er dómarinn hvorki danskur eða íslenskur. En hver verður dómarinn ef við spilum efnahagslega knattspyrnu við Evrópubandalagið? Hver verður dómarinn? Verður hann þá kínverskur, japanskur eða bandarískur? Það skyldi þó ekki vera að það væri fulltrúi Efnahagsbandalagsins sem væri dómarinn í knattspyrnunni? Ætli hæstv. utanrrh. hefði ekki mátt hugsa sína samlíkingu örlítið betur til enda áður en hann lét þetta fara?

Eitt af þeim sígildu verkum heimsbókmenntanna sem hverjum manni ætti að vera skyldulesning er bókin „Þrúgur reiðinnar" eftir John Steinbeck. Þegar plantekrueigendurnir í Kaliforníu settu auglýsinguna í blöðin um það að þá vantaði menn í vinnu, þá kom hvergi fram hversu marga þá vantaði. En frá mörgum svæðum í Ameríku streymdu menn til Kaliforníu út á auglýsinguna og ætluðu að fá þar vinnu. En þegar þeir komu á staðinn með sína búslóð og sína fjölskyldu blasti sá veruleiki við að það voru miklu fleiri mættir en þeir sem gátu fengið vinnu. Biðraðirnar voru til staðar og Vegbúinn hefur verið sunginn á Íslandi í tengslum við ágætan flutning á þessu verki í Borgarleikhúsinu. Ætli það reynist ekki svo að þeir verði ansi margir vegbúarnir innan hins Evrópska efnahagssvæðis þegar menn telja að það sé lausn á allsherjarvanda að jafna út atvinnuleysið með því að hafa atvinnuleysið alls staðar svipað á svæðinu? Ætli niðurstaðan verði ekki sú ef menn vilja vera sanngjarnir og fara að hugsa að við búum við það að auðvitað fá einhverjir Íslendingar vinnu erlendis sem þangað fara og útlendingar sem hingað koma. En ef Ísland á að halda sér á sviðuðum stalli og það hefur gert hvað lífskjör snertir, þá hlýtur það að vera staðreynd að fólk sunnan til úr Evrópu mun koma til Íslands eins og það mun koma til

hinna svæðanna sem hafa haft bestu lífskjörin. Það er sú staðreynd sem blasir við.

Ég vakti á því athygli hvernig við tækjum á móti erlendum börnum í dag sem koma í íslenska skóla. Við setjum þau í sérkennslu, tökum það af sérkennslukvóta skólanna. Staðreyndin er sú að við ráðum illa við það verkefni sem þar er við að glíma. Svíar eru farnir að draga í land með það hvað þeir ætla að gera fyrir erlend börn sem koma til Svíþjóðar af sparnaðarástæðum. Ætli það verði ekki harla lítið sem við gerum fyrir erlendu börnin sem hér verða?

Ég ætla að víkja að því að bandarískir félagsfræðingar hafa eins og fleiri glímt við það að meta hvort sennilegt sé að takist að búa til Bandaríkin Evrópu eins og sumir hafa verið að ala með sér draum um. Og þeir hafa vissulega horft á að í Evrópu eru töluð mörg tungumál. Þar eru í reynd margar þjóðir og þeir brjóta um það heilann, er það til blessunar fyrir álfuna að í staðinn fyrir að hver tungumálahópur sé nú á sínum stað og skilji hvern annan innbyrðis, þá dreifist tungumálahóparnir út um alla álfuna þannig að menn skilji takmarkað hverjir aðra. Og niðurstaðan er sú að þetta ætlunarverk muni ekki skila þeim árangri sem menn ætla. Hæstv. utanrrh. hefur líka gefið út sína skoðun á því að þetta muni ekki blessast með stórríkið í Evrópu. Ég ætla ekki að biðja því stórríki neinna bölbæna. Ég vona að þeir komist hjá sem mestum kynþáttavandamálum, ég vona það svo sannarlega. Og ég vona það líka að Íslendingar komist fram hjá slíku. En ég hef ekki séð það áður í spádómi hjá völvu vikunnar að það sé von á kynþáttaátökum á Íslandi. Það þarf reyndar ekki mikið við til að sjá það fyrir að við erum að stefna inn í það umhverfi sem kallar á slíkt.

Við höfum séð það í blöðum þegar hæstv. félmrh. hefur átt undir högg að sækja með það að fá samþykki íbúðareigenda í næsta nágrenni fyrir því að ýmsir hópar í samfélaginu mættu búa á ákveðnum stöðum í Reykjavíkurborg og það á ekki frekar við Reykjavíkurborg heldur en aðra staði. Mér er ljóst að þeir munu margir trúa því að þessi vandamál munu fylgja blokkaríbúðunum, það verði þar sem þessir aðilar setjist að. Það verði hvorki úti á Arnarnesi eða í dýrustu hverfum þessarar borgar. Ég er nú ekki alveg viss um að þeim verði að ósk sinni í þeim efnum. En hitt er umhugsunarefni ef menn telja það lausn á vandamálum íslensks efnhagslífs að veita frelsi til þess að menn megi hafa hér búsetu án þess að við getum stuggað við þeim eins og við vissulega getum í dag gagnvart þeim sem ekki hafa íslenskt ríkisfang að hleypa inn í landið ákveðnum hópum múhameðstrúarmanna m.a. til þess að skapa hér enn meiri glundroða. Meðan íslenska samfélagið er svo yfirgnæfandi að styrkleika að þeir sem koma hér inn verða að beygja sig undir þær samfélagsvenjur og þau lífsviðhorf mestu leyti sem við höfum mótað þá erum við í reynd að færa þá inn í okkar samfélag til þess að þeir verði hluti af íslensku samfélagi. Ef þessi blanda er aftur á móti það sterk að hún tekur yfir, þá verða það þeirra siðvenjur sem fara í vaxandi mæli að setja svip sinn á samfélagið.

Ekki veit ég hvort hæstv. umhvrh. gegnir hlutverki fyrir utanrrh. hér í umræðunum um að vera við svo að Alþfl. hafi hér einn ráðherra sem hlusti á mál manna. Það má vel vera að svo sé og ég hef nú ekkert á móti því. En ég sé að hann skrifar eitt og annað niður. Mér kæmi ekkert á óvart þó að það sem maður fengi á sig eftir að segja svona lagað væri það að maður væri á móti útlendingum. Þar væri sko Framsfl. rétt lýst, þeir væru á móti útlendingum, alfarið á móti útlendingum.

Ég ræddi núna um jólin við Íslending sem býr með danskri konu í Danmörku og leigir hús af Pakstiana. Hann sagði mér ýmsar skrýtnar sögur af því hvernig það væri að halda Pakistanum til danskra laga til þess að hann uppfyllti þær skyldur sem honum er ætlað að gera. Og mig undrar það mjög hvers vegna menn vilja kalla það yfir sig að hingað til lands geti menn flutt í atvinnuleit í stórum hópum, brotamenn sem búnir eru að taka út sína refsingu, góðkunningjar lögreglunnar í Frakklandi, Þýskalandi, Bretlandi eða hvar sem er og við eigum ekki að hafa neina aðstöðu til þess að ráða því hvort þeir setjast hér að. Er það af umhyggju fyrir börnunum okkar sem við leggjum þetta til? Hér hafa menn lýst því yfir að þeir væru að styðja þetta af umhyggju fyrir börnunum. Að mínu viti er hér um svo alvarlegan hugsanafeil að ræða að láta sér þetta það í hug að þetta gangi upp án illinda, án blóðsúthellinga, án dauðsfalla að ég á ekkert einasta orð yfir það þekkingarleysi á því sem er að gerast á þessum hnetti þegar menn trúa því, ekkert einasta orð.

Það vantaði ekki að við Íslendingar höfum viljað skipta okkur af utanríkismálum til þess að hvetja til þess að þessi eða hin þjóðin fengi sjálfstæði. Við börðumst hart fyrir Ísraelsmenn á þingi Sameinuðu þjóðanna. Virða þeir mannréttindi? Þar er nýjasta tegund af þrælahaldi í framkvæmd á herteknu svæðunum, nýjasta tegund af þrælahaldi. Hvað með Eystrasaltslöndin sem núna flokka íbúa sína í sundur eftir því hvort þeir eiga rússneska foreldra eða hvort þeir eru innfæddir? Hvað með Balkanskagann þar sem blóðug átök eiga sér stað og hryllingurinn og viðbjóðurinn er slíkur að maður leyfir sér það að trúa því og vona að það sé ekki allt satt sem sagt er. Samt sem áður teljum við að það sé allt í lagi að hafa hömlulausan innflutning á útlendingum inn í landið þó að við vitum að þessi þjóð er það fámenn að hún hlýtur að geta lent í sömu vandræðum og aðrir ef þetta er gert.

Ég hlustaði á hv. þm. Björn Bjarnason minnast á ýmis atriði eins og m.a. gullskip til að prófa það hvernig menn hefðu nú staðið sig hér í þinginu. Hv. þm. má gjarnan fletta upp á mínum afskiptum í þeim efnum. Það hefur verið gert í íslenskum blöðum. Ég kvíði því ekki eftir 10 ár þó að flett verði upp á þessum umræðum og þær skoðaðar. Afleiðingarnar verða þá farnar að koma í ljós. Þær koma ekki í ljós á einum eða tveimur dögum. Kauphækkunin sem hæstv. utanrrh. boðaði og hugsanlega gæti orðið upp á 3%, 3% strax í ræðunni hér í gær og mikið meira seinna vegna hagnaðar upp á 7 milljarða sem blöstu við, sú kauphækkun kemur þó trúlega til framkvæmda 1. mars. Hún kemur þó trúlega til framkvæmda. En það er merkilegt hversu mikið ofurkapp menn leggja á það að

blanda því saman að hér sé gerður viðskiptasamningur og hér sé gerður samningur sem fjalli um margt, margt annað en viðskipti. Auðvitað þurfa Íslendingar að vinna að gerð sinna viðskiptasamninga. Stundum tekst vel og stundum miður. Mér er ljóst að það er margt í þeim viðskiptasamningi sem nú hefur verið gerður sem er jákvætt. Ég tel aftur á móti af og frá að hægt sé að kaupa hann því verði sem menn eru að tala um.

Í lokin vil ég víkja að einum punkti. Evrópubandalagið hefur eftir gerð þessa samnings, sem trúlega verður nú senn lögfestur hér, hefur fulla aðstöðu til þess að styrkja sinn sjávarútveg mjög verulega. Það er hægt að styrkja samkvæmt þeirra leikreglum t.d. uppbyggingu á fiskvinnsluhúsi sem ætti að framlengja rétti fyrir neytendur um hvorki meira né minna en 75% af stofnkostnaði. Ef húsið er byggt á svæðum þar sem mikið atvinnuleysi er og heimaaðili hefur möguleika til að veita þar líka stuðning.

Mér er það ljóst að lækkun tollanna mun vissulega færa okkur einhvern ávinning og líka neytendum, mér er það ljóst. En ég er sannfærður um það að sá sem á 100 millj. og vill leggja þær í það að byggja fyrirtæki sem ætlar að fullvinna vörur fyrir neytendur mun fremur fjárfesta í Evrópu til að gera það heldur en hér á landi.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson lét svo ummælt að nú mundu áreiðanlega einhverjir talsmenn stjórnarliðsins koma hér upp og segja: Framsfl. er á móti útlendingum. Ég hygg að það hvarfli ekki að nokkrum manni. Hins vegar verður því ekki neitað að í ræðu hv. þm. komu fram kynþáttafordómar og trúarbragðafordómar sem eru sem betur fer nær einsdæmi að heyra hér á hinu háa Alþingi og það hvarflar ekki að mér að hv. þm. tali hér fyrir hönd Framsfl. Þvert á móti er ég alveg sannfærður um að margir flokksbræður hans fyrirverða sig fyrir þann málflutning sem hann hefur hér haft uppi. Það er ég alveg sannfærður um og vonandi er hann einn um það á Alþingi Íslendinga að vera talsmaður þeirra skoðana sem hann flutti hér áðan.

Raunar talaði hann hér mjög langt mál eins og hann hefur áður gert í þessu máli og í ræðu hans kom ekkert nýtt fram. Hann hefur áður látið svipaðar skoðanir uppi, kynþáttafordóma eins og hann gerði í þessari ræðu sinni hér áðan svo að það kemur kannski ekkert sérstaklega á óvart. Hins vegar var þessi ræða hans enn ein málþófsræða stjórnarandstöðunnar í þessari umræðu eins og þeir sem hér í þingsalnum eru geta vitnað og allir þeir fjölmörgu sem fylgjast með þessum umræðum í sjónvarpi heima hjá sér. Þessi ræðuhöld eiga ekkert skylt við málfrelsi. Þau eru miklu frekar málæði og þau eru málþóf. Orðið málþóf þýðir þjark eða málalengingar til að tefja umræður og það er nákvæmlega það sem þessi ræða og margar aðrar sem hér hafa að undanförnu verið fluttar eru.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nú þakka skaparanum alveg sérstaklega fyrir það að mat á íslensku máli heyrir ekki undir umhvrn.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af því að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson heldur að það sem ég sagði um orðið málþóf sé eitthvert sérstakt mat mitt eða míns ráðuneytis á þessu ágæta íslenska orði, þá vil ég nefna honum hér til sögunnar að í íslenskri samheitaorðabók sem gefin er út í Reykjavík 1985 af Styrktarsjóði Þorbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónssonar segir: „Málþóf: þvergirðingur; stagl."

Í Íslenskri orðsifjabók segir: „Þóf: það að þæfa; það sem þæft er; þauf; þjark; þref, ..." Í orðabók Blöndals sem jafnan er nú mest vitnað til, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, segir um orðið málþóf: „Væven frem og tilbage om noget, Obstruktion" sem þýðir hindrun eða þvergirðingsháttur í þessu tilviki. Hér er ekki um að ræða mitt mat. Hér er bara um að ræða hvað orðið málþóf þýðir og enginn þeirra fjölmörgu sem fylgist með þessum umræðum heima hjá sér úti í bæ og þar sem þessar sendingar sjást velkist í nokkrum minnsta vafa um það hvað hér er á ferð. Hér er hreint málþóf á ferð og það er alveg skýrt og menn eiga að viðurkenna hvað þeir eru að gera þegar þeir halda uppi málþófi eins og hv. þm. hefur hér gert.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef nú reynt að halda mig við það mál sem hér er á dagskrá. Mér vitanlega er það hið Evrópska efnahagssvæði. Sé búið að taka hér fyrir mál sem heitir Málþóf, þá legg ég til að það sé upplýst af forseta að hitt málið sé þá tekið út af dagskrá og hér verði tekin umræða um orðið málþóf.

Ég hef engin orð látið falla um skilgreiningu á því en sá sem les upp úr orðabókum án þess að biðja leyfis undir umræðu um Evrópskt efnahagssvæði um orðið málþóf, á hvaða braut er hann? Er hann ekki með málþóf? Og þó að hinn bráðmyndarlegi formaður Alþfl., þ.e. þingflokksins, labbi hér fyrir ræðustólinn, þá leysir það ekkert í þessum efnum. (**ÖS:** Það er samt betra.) En hins vegar vona ég að það birti í sálarlífi hæstv. umhvrh., það birti með hækkandi sól. Það gerir það nú oft hjá mörgum. Skammdegisþunglyndið fer í marga, þá vona ég að hann átti sig á því að það eru þeir sem eru að tala hér um gullskip, þyrlur og málþóf sem ekki er á dagskrá sem eru að tefja þessa umræðu og reyna að espa menn hér upp til að tala lengur um málið.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Í löngum umræðum sem átt hafa sér stað hér í sölum Alþingis hefur að mínu mati því miður lítið verið rætt um ástæðuna fyrir Evrópuferlinu, tilganginn með auknu samstarfi Evrópuþjóðanna, hugsjónina á bak við myndun Evrópubandalagsins. Hér hefur umræðan öll snúist um formsatriði og oft smáatriði. Hér hefur umræðan einkennst af ættjarðar-

skrumi og einangrunartilhneigingum, án nokkurra tengsla við þá hugsun, sem bærist með öðru fólki hjá Evrópuþjóðunum.

Vissulega má til sanns vegar færa að við Íslendingar búum við annan reynsluheim en bræður okkar í Evrópu. Við Íslendingar höfum blessunarlega verið lausir við þau átök, þær ógnir, sem sífellt hafa hrjáð alþýðufólk í Evrópu, hvar styrjaldir, skærur og ofbeldi morðóðra einræðisherra hefur verið fylgifiskur álfunnar.

Lífskjör okkar Íslendinga og tilvera hefur hins vegar ætíð verið mjög tengd þróuninni í Evrópu. Auðvitað geta menn rifist um það, svo er hægt að gera í öllum málum. Það er hins vegar handhægast að fletta í sögubókum, mannkynssögunni, og sjá staðreyndirnar til að sannfærast um það hve íslenska þjóðin hefur ávallt verið háð þeim lífsstraumum, sem farið hafa um Evrópu. Við höfum nærst á menningararfleifð Evrópuþjóðanna, við höfum líka skapað og aukið við menningarverðmæti Evrópu. Við höfum sótt og gefið.

Það er sjálfsagt öllum ljóst, sem vilja vita, að Evrópa hefur í aldanna rás verið einn samfelldur blóðvöllur, hvar þjóðir, þjóðabrot og stórveldi hafa att kappi hvert við annað. Hvar furstar, kóngar og keisarar hafa metið það mest að skara eld að sinni köku án tillits til fólksins, án tillits til alþýðunnar sem byggt hefur löndin.

Á þessari öld hefur Evrópa verið upphafsstaður tveggja heimsstyrjalda. Annars vegar hafa ráðvilltir og spilltir stjórnmálamenn hrundið þjóðum sínum í styrjaldarátök og hins vegar hafa óbilgjarnir, valdasjúkir einræðisherrar vaðið yfir aðrar þjóðir, sem framkallað hefur varnir þeirra, sem ekki hafa viljað láta undan ofbeldinu.

Hugmyndin um sameinaða Evrópu kemur víða fram. Strax í hildarleik fyrri heimsstyrjaldar og reyndar fyrr komu fram sterkar raddir um samstarf, samvinnu og sameiningu Evrópu.

Þá má í þessu sambandi minnast á nóbelsverðlaunahafann Stefán Zweig, sem á sínum tíma var víðlesnasti rithöfundur Evrópu. Hann var Austurríkismaður sem ferðaðist mikið, hann var gyðingur sem nasistarnir þýsku flæmdu frá Þýskalandi. Hann mátti þola ofsóknir og bókabrennur þessara ofbeldismanna sem í krafti ættjarðarskvaldurs óðu yfir allt og alla. Stefán Zweig var óþreytandi í að boða sameiningu Evrópu. *Hann benti á að eina leiðin til að útrýma tortryggni*, úlfúð og nágrannakryt væri sú að þjóðir Evrópu sameinuðust.

Í skrifum Stefáns Zweig kemur fram að það var fyrst eftir hina villimannlegu styrjöld, sem við köllum heimsstyrjöldina fyrri að þjóðir Evrópu tóku upp vegabréfaskyldu. Það var árið 1918, sem sú landamæragirðing milli fólks í Evrópu var sett upp. Þá var tekið upp á því að umgangast ferðamenn líkt og glæpamenn með hvers konar skriffinnsku og tortryggni.

Það er alkunna að hreyfingar þær er upp úr aldamótunum kenndu sig við jafnaðarstefnu ásamt ört vaxandi verkalýðshreyfingu boðuðu alþjóðahyggju, samstarf yfir landamæri, samstarf um að breyta ríkjandi þjóðfélagsskipan, samstarf um að færa þungamiðju valdsins frá kóngum, keisurum og spilltu valdakerfi yfir til almennings.

Þessar hugmyndir hafa allt frá þeirri tíð átt verulegan grundvöll meðal þessara hreyfinga og hefur verkalýðshreyfingin í Evrópu verið mjög virk í þeim efnum.

Samstarf verkalýðshreyfinga í Evrópulöndum hefur í áranna rás sífellt orðið viðameira. Samstarf sem ekki hefur spurt um landamæri, miklu fremur um hugsjónina um samvinnu, samstarf og afl til að breyta og bæta, til að vernda friðinn og efla hag fólksins.

En hugmyndin um sameinaða Evrópu var engin einkahugmynd jafnaðarmanna og verkalýðshreyfingar. Stórbrotnir frjálslyndir hægri menn áttu þessa hugsjón líka. Í frægri ræðu sem Winston Churchill hélt í Zürich í septembermánuði árið 1946 setti hann fram tillögu um bandaríki Evrópu, eins konar sameiningu ríkja álfunnar, sem gera mundi þeim kleift að búa í friði, öryggi og frelsi um ókomin ár.

Fyrsta skrefið átti að vera að hans dómi, bandalag hinna fornu fjandríkja Þýskalands og Frakklands. Jafnframt lagði hann til að stofnuð yrðu samtök ríkja í Evrópu, Evrópuráðið, sem síðar varð að veruleika. Þessar tillögur hins mikilhæfa breska þjóðarleiðtoga vöktu mikla athygli og urðu kveikjan að nýskipan álfunnar, sem m.a. leiddi síðar til stofnunar Evrópubandalagsins.

Hugmyndagrundvöllur Evrópubandalagsins er hugsjónin um sameinaða Evrópu. Hugmyndir sem spruttu fram að loknum hildarleik síðari heimsstyrjaldarinnar hvar milljónir og aftur milljónir barna og gamalmenna, ásamt unga fólkinu var brytjað niður á altari haturs, tortryggni og ættjarðarskrums. Það fólk sem eftir lifði í rústum Evrópu, fátækt, allslaust, harmi slegið, þráði frið. Evrópubúar þráðu frið, réttlæti og mannréttindi. Fólkið gerði sér grein fyrir því að eyðileggjandi hatur og mannfyrirlitning gæti ekki og mætti ekki verða framtíðarsýn Evrópu Það var við þessar aðstæður að hafist var handa.

Árið 1951 höfðu Frakkar og Vestur-Þjóðverjar, fyrrum höfuðféndur, forgöngu um stofnun Kola- og stálbandalags Evrópu. Nokkru síðar eða árið 1957 stofnuðu þessi tvö ríki og fjögur önnur Efnahagsbandalag Evrópu og Kjarnorkubandalag Evrópu. Stofnanir þessara bandalaga voru síðar sameinaðar árið 1967 og mynda nú Evrópubandalagið. Nú telur Evrópubandalagið 12 þjóðir.

Höfuðmarkmið þess er að koma á markaðsbandalagi, einum og óskiptum heimsmarkaði þessara þjóða með afnámi allra hindrana í viðskiptum, þjónustu og flutningi fólks og fjármagns þeirra á milli. Þannig var stefnt að efnahagslegri heild þessara tólf ríkja. Nú um áramótin gerðist sá merki áfangi að landamæri ríkjanna voru í reynd afnumin, landamæragæslan var afnumin. Þau eru nú líkt og eitt ríki væri þótt hvert þeirra haldi sjálfstæði sínu á öðrum sviðum. Hugsunin sem að baki liggur er sú að í slíkri samvinnu geti þjóðirnar aukið hagsæld sína, hagvöxt og almennar framfarir í þágu þegnanna.

En þótt meginaflið í störfum og stefnu bandalagsins beinist að efnahagslegri samvinnu þátttökuríkjanna, myndun eins 340 milljóna manna markaðar á sér önnur markmið.

Ríkin hafa með sér náið pólitískt samráð og samhæfa utanríkisstefnu sína eftir föngum. Markmiðið er að tryggja frið í álfunni og náin tengsl og vinsamleg samskipti aðildarríkjanna, en meðal þeirra eru hinar fornu fjandþjóðir Frakkar og Þjóðverjar.

Á mörgum fleiri sviðum stefnir Evrópubandalagið að náinni samvinnu og samhæfingu ríkja sinna. Má í þeim efnum minnast á Maastricht-samkomulagið sem hefur reyndar mátt þola smávægilegar fæðingarhríðir. Þær hríðir munu enda með fæðingu á velhraustu afkvæmi.

Í umræðum hér á hv. Alþingi hefur margur leyft sér að tala um Evrópubandalagið sem einhvers konar risa eða jötun sem væri tákn þess illa. Þaðan mætti einskis góðs vænta, öðru nær. Hér er um skelfilegan misskilning að ræða eða öfugmæli. Þá hefur hvað eftir annað verið rætt um meint skrifræði og fjölda embættismanna hjá Evrópubandalaginu. Staðreyndin er hins vegar sú að Evrópubandalagið hefur markvisst unnið gegn skrifræði og orðið mjög ágengt í því.

Þá er rétt að fram komi að þetta bandalag 340 milljóna manna telur 16.300 starfsmenn. Það er allsherjarfjöldi þeirra, sem starfa fyrir framkvæmdastjórnina. Til samanburðar er rétt að geta þess að á meðan Evrópubandalagið og það hræðilega skrifræði sem menn tala um að þar sé fyrir hendi, er ástæða til að líta okkur nær. Opinberir starfsmenn hér á Íslandi eru í ársverkum talið 17.165 á sama tíma og starfsmenn framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins eru 16.300 talsins.

Í þessari umræðu hafa hv. þm. rætt Evrópumál á breiðum grundvelli þótt dagskrárefnið sé samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið. Það er eins konar viðskiptasamningur Íslendinga og annarra EFTA-ríkja við Evrópubandalagið.

Eftir þá samrunaþróun Evrópu sem ég hef hér að framan rakið er svo komið að hugsjónin um sameiningu Evrópu kemst sífellt nær því að verða að veruleika. Með samstarfi og samvinnu hefur tekist að gera bandalagið sífellt sterkara og myndugra.

Í styrjaldarlok stóðu þjóðir Evrópu frammi fyrir þeirri staðreynd að þungamiðja heimsins var ekki lengur þar. Þá höfðu tvö ný risaveldi, Sovétríkin og Bandaríkin, tekið það rúm, þá forustu, sem hvíldi áður á Þjóðverjum og Frökkum.

Nú í dag með hruni Sovétríkjanna, hruni kommúnismans er þungamiðjan að færast á ný til Vestur-Evrópu, Evrópubandalagsins. Það er athyglisvert að helstu talsmenn samrunaferilsins hafa verið verkalýðshreyfingar viðkomandi landa, ásamt jafnaðarmönnum og frjálslyndum hægri mönnum. Helstu andstæðingar hafa verið flokkar yst til vinstri og yst til hægri, t.d. þýskir hægri menn, sem eru svo langt til hægri við Kohl kanslara að oft vill hvorugur af öðrum vita.

Margrét Thatcher var einnig svarinn andstæðingur samrunaferilsins. Hún sagði í lok ferils síns að hún hefði ekki tekið fyrir kverkarnar á sósíalismanum í Bretlandi til þess að fá hann í gegnum bakdyrnar í Evrópubandalaginu.

Auðvitað hefur samrunaferlið oft verið erfitt. En það er að takast og það mun takast. Einn stærsti þátturinn hefur verið í því fólginn að afnema viðskiptahindranir innbyrðis. Jafnframt því hafa tollar á varningi þjóða utan bandalagsins verið háir. Það þekkjum við Íslendingar sem þrátt fyrir bókun 6 höfum þurft að sæta býsna miklum viðskiptahindrunum.

EFTA var á sínum tíma stofnað í framhaldi af stofnun Efnahagsbandalagsins. EFTA-þjóðirnar mynduðu þær þjóðir sem ekki treystu sér til að ganga sömu götu og Efnahagsbandalagsþjóðirnar. Það er laustengdara bandalag sem náð hefur árangri á ýmsum sviðum. Það er hins vegar flestum EFTA-þjóðum ljóst í dag að stakkur þess bandalags er of þröngur. Það er m.a. þess vegna sem flestar EFTA-þjóðirnar hafa sótt um inngöngu í Evrópubandalagið.

Það er engin tilviljun að bæði Noregur, Finnland og Svíþjóð hafa sótt um aðild. Þessar þjóðir telja hagsmunum sínum betur komið inni í bandalaginu en utan þess. Með aðild eru þessar þjóðir að tryggja hagsmuni sína, vaxtarmöguleika atvinnuveganna, kjör launþega og að forðast þá einangrun sem annars bíður þeirra. Þessar þjóðir hafa ásamt Íslendingum gert samning um hið Evrópska efnahagssvæði. Það samkomulag er í raun eins og ég sagði áðan eins konar viðskiptasamningur, þar sem EFTA-ríkjunum eru tryggð ýmis réttindi innan bandalagsins, sérstaklega á viðskiptasviðinu, en skuldbindingar fáar.

Það er ekki enn ljóst hvenær eða með hvaða kjörum áðurgreind ríki fá aðild að Evrópubandalaginu. Því verður það að teljast skynsamlegt að mynda hið Evrópska efnahagssvæði. Ég tel það mjög misráðið af Íslendingum að sækja ekki um aðild að Evrópubandalaginu samhliða hinum Norðurlandaþjóðunum. Ég tel að það sé nauðsynlegt að við könnum með aðildarumsókn kosti og galla aðildar til hlítar.

Við skulum ekki gleyma því að Evrópa er helsti vettvangur viðskipta okkar og verður það án nokkurs efa í náinni framtíð. Við erum viðskiptalega og menningarlega mjög háðir Evrópubandalaginu. Einmitt það hvað við erum viðskiptalega háðir bandalaginu og tengdir því á annan hátt gerir það að verkum að við verðum að lúta þeim reglum, þeim ákvörðunum, sem Evrópubandalagið tekur. Það að vera einangraðir án tengsla við bandalagið, það að vera áhrifalausir getur reynst sjálfstæði þjóðarinnar hættulegra en nokkuð annað. Ég tel sjálfur skynsamlegra að vera þátttakandi í mótun stefnunnar fremur en að vera áhorfandi. Það er sterkari staða að sitja við borðið með atkvæðisrétt og áhrif fremur en vera utan gátta. Það skilja allir sem tekið hafa þátt í gerð kjarasamninga eða verið trúnaðarmenn á vinnustað.

Það eru ótvíræðir kostir sem fylgja því að vera samstiga Norðurlandaþjóðunum með aðildarumsókn. Í fyrsta lagi er líklegt að þegar þau verða komin í Evrópubandalagið minnki eða hverfi að mestu áhugi þessara ríkja á sérstakri Norðurlandasamvinnu utan Evr-

ópubandalagsins. Þau munu hins vegar efla Norðurlandasamvinnu sín á milli innan bandalagsins, mynda þar afl sem tekið verður eftir. Norðurlandasamstarfið hefur vissulega gefið okkur Íslendingum mikið. Þar höfum við verið í samstarfi á jafnréttisgrundvelli og notið mikillar velvildar frænda okkar.

Í dag má sjá merki þess að áhugi Norðurlanda á heföbundnu samstarfi hefur minnkað. Þeir frændur okkar horfa og tala meira í suður. Þar eru framtíðarhagsmunir þeirra. Ég tel að í samvinnu við hin Norðurlöndin með náinni samvinnu við samninga um aðild muni þeir hins vegar leggja sig fram um að fylgja eftir og sækja hagsmuni með okkar. Í samfylgd munu þeir jafnvel taka á sig byrðar til að fá okkur með. Sú góðvild mun breytast þegar við höfum einangrast, þá er vægi okkar lokið. Eins og ég sagði áðan tel ég skynsamlegt sem næstbesta kost að Ísland gerist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu.

Í þingflokki Alþýðuflokksins er ég einn um þá skoðun að okkur beri að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Ég er hins vegar þakklátur ungum jafnaðarmönnum að hafa gert ályktun um þetta efni. Unga fólkið er greinilega fordómalausara en hinir eldri, skynjar greinilega vel hvar hagsmunir okkar Íslendinga liggja. Unga fólkið sem hefur ferðast, kynnst því að útlendingar eru fólk með sömu langanir og þrár og við sjálf, skilur æ betur hve styrkur samstöðunnar er mikill fyrir friðinn, fyrir efnahagslegar framfarir, fyrir nýja framsækna og betri Evrópu, hvar þeir smæstu sitja við sama borð og þeir stærstu. Ég trúi því að sá tími komi, að Íslendingar sjái að það hafi verið röng ákvörðun að sækja ekki um aðild nú. Líklega á það fyrir okkur að liggja enn einu sinni að vera 10 árum of seinir að taka réttar ákvarðanir, bregðast rétt við aðstæðum.

Með viðreisnarstjórninni árið 1960 ákváðum við Íslendingar að afnema höft og skammtanir á öllum sköpuðum hlutum. Það var 10 árum seinna en stríðshrjáðar Evrópuþjóðir gerðu. EFTA var stofnað 1960. Við Íslendingar gengum í EFTA 10 árum seinna, 10 árum of seint. Olíukreppan skall á um 1973. Það var ekki fyrr en 10 árum seinna að við brugðumst við þeim vanda. Vonandi líða ekki 10 ár þar til Íslendingar átta sig á hvers virði Evrópubandalagið er hagsmunum okkar.

Hér hafa ræðumenn rætt um sjálfstæði þjóðarinnar og lýst áhyggjum sínum af því að með því að tengjast öðrum þjóðum skerði það sjálfstæði og fullveldi þjóðarinnar. Það er eðlilegt að velta þessum þáttum fyrir sér. Það er hins vegar að mínu mati mikill misskilningur sem fram kemur hjá mörgum að sjálfstæðið sé einhver afmörkuð og ákveðin stærð. Sjálfstæði þjóðarinnar hlýtur að markast af mörgum þáttum og vera viðfangsefni íbúanna að sækja og verja það, hvar og hvenær sem er. Það er hins vegar ótækt að háttvirtir þingmenn verði svo pirraðir í hugsunarhætti að ekkert geti breyst. Allt verði að vera sem fyrr, án nokkurrar hreyfingar, í kyrrstöðu. Orð og yfirlýsingar tryggja ekki sjálfstæðið. Stóryrði og bægslagangur enn síður. Sjálfstæði þjóðarinnar byggist á innri styrk íbúanna, að ég tali ekki um vopnlausrar þjóðar.

Það hefur verið óskemmtilegt að hlusta á og lesa sumar ræður hv. þm. sem hafa barið sér á brjóst eins og faríseinn forðum og hrópað: „Guð minn. Guð minn. Ég þakka þér fyrir að vera ekki eins og aðrir menn.“ Er það greinilega gert í því skyni að ætla öðrum hv. þm. að þeir vilji fórna sjálfstæði þjóðarinnar, bera mönnum á brýn óþjóðhollustu og jafnframt að upphefja sjálfan sig. Slíkur málflutningur er auðvitað í hæsta máta ómerkilegur. Slíkan málflutning leyfi ég mér að nefna ættjarðarskrum.

Sjálfstæði þjóðarinnar hlýtur jafnframt að fylgja sjálfsákvörðunarréttur. Hvernig hefur sá þáttur breyst á liðnum árum? Á örfáum árum hafa t.d peninga- og gengismál þjóðanna þróast mjög hratt. Í síminnkandi heimi eru þjóðirnar sífellt háðari hver annarri. Tökum sem dæmi hvað sjálfsákvörðunarrétturinn dugði Svíum og fleiri þjóðum lengi eftir að þýski seðlabankinn hafði ákveðið að hækka vexti. Sjálfsákvörðunarrétturinn dugði Svíum aðeins í 17 sekúndur, þ.e þann tíma, sem tekur að senda fax á milli staða. Í þessu tilfelli riðlaðist allt peningakerfi Svía og sænska krónan féll.

Tökum annað dæmi. Albanía er ríki sem um áraraðir lokaði á samskipti við erlendar þjóðir. Það var svo lokað að þegnarnir voru sem fangar í búri. Vissulega gátu Albanir haldið því fram að þeir væru sjálfstæðir en íbúarnir voru ekki frjálsir. Þeir voru fangar í eigin landi. Fátækt og kúgun afturhaldsseminnar réði ríkjum. *Þeir gátu þó alltaf sagt að þeir væru sjálfstæð þjóð.* Án afskipta erlendra manna, án samskipta við önnur ríki. Einangruð þjóð. Einangrunarsinnar eru mjög gjarnir á að hafa uppi ómengað ættjarðarskvaldur.

Þegar Keflavíkursamningurinn var gerður fullyrtu andstæðingar hans að tilkoma hans mundi útrýma íslenskri tungu, eyðileggja menninguna, rústa sjálfstæði þjóðarinnar. Þegar EFTA-samningurinn var gerður fullyrtu fulltrúar afturhaldsins og vanmetakenndarinnar að Ísland yrði fyrst og fremst útibú erlendra auðhringa og veiðistöð fyrir samevrópskan markað.

Allt hefur þetta reynst rangt. Þessi hugsunarháttur ber fyrst og fremst vitni um vanmetakennd og ótrú á íslensku þjóðinni. Aldrei hefur íslensk tunga verið jafnsterk og nú. Aldrei hefur íslensk menningin blómstrað eins og einmitt nú. Það er athyglisvert að þeir sem mest slá um sig með ættjarðarskrumi láta sér í léttu rúmi liggja hvernig efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar reiðir af. Í þeim efnum viðurkenni ég að við erum í hættu. Þeir sömu og tala hæst um sjálfstæði þjóðarinnar og fullveldi láta sér skuldastöðu hennar í léttu rúmi liggja. Bera jafnvel fram tillögur um aukna eyðslu, auknar lántökur. Hættan af að missa efnahagslegt sjálfstæði er eina hættan sem við þurfum að óttast. Við höfum sjálf án nokkurrar aðstoðar útlendinga komið okkur í þann vanda, reyndar einkum þeir sem nú taka sér orðið sjálfstæði og fullveldi í munn.

Samstarf og samvinna við erlendar þjóðir styrkir sjálfstæðið og reisn þjóðarinnar miklu fremur en nokkuð annað. Traust og gott samstarf við skyldar þjóðir mun einmitt reynast okkur betur en nokkuð annað til að tryggja sjálfstæði og fullveldi þjóðarinnar. Svo hef-

ur reynst hjá öðrum þjóðum. Hverjum dettur í hug að efast um að Danir séu sjálfstæð þjóð? Þeir hafa þó verið meðlimir Evrópubandalagsins um áraraðir.

Minnast má á annað smáríki, Lúxemborg. Fyrir um 30 árum var Lúxemborg sem eins konar sveitahérað, þar sem kyrrlát íhaldssemi réði ríkjum. Lífskjör voru fremur kröpp. Þeir Lúxemborgarmenn ákváðu að taka fullan þátt í sameiningu Evrópu. Þeir töldu sig best geta verndað og sótt sjálfstæði sitt og fullveldi með því að sitja við borð með öðrum sjálfstæðum þjóðum, hafa áhrif, vera þátttakendur í mótun eigin örlaga. Og hvað hefur gerst? Lúxemborg hefur eflst og vaxið að þrótti. Þar er allt iðandi af lífi í dag. Þeir njóta þess trúnaðar að fara með forustu Evrópubandalagsins öðru hverju. Til þeirra er tekið tillit. Sjálfstæði þeirra er traustara og sterkara en nokkru sinni fyrr.

Evrópubandalagsþjóðirnar hafa að sönnu tekið á sig ýmsar skyldur hver við aðra. Það liggur í hlutarins eðli. Það á hins vegar ekki vel við að tala um fullveldisafsal í þessu viðfangi. Evrópuþjóðirnar hafa ekki afsalað sér fullveldi sínu í eiginlegum skilningi heldur hafa þær kosið að deila því hver með annarri til að efla hag almennings. Þeim er ljóst að mörg brýn verkefni á vettvangi efnahagsmála og stjórnmála eru þannig vaxin á okkar tímum að þjóðirnar eru betur í stakk búnar að leysa þau í sameiningu en hver í sínu lagi. Það má því segja að Evrópubandalagið sé samvinnuhreyfing í besta skilningi þess orðs.

Hæstv. forseti. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er sá kostur sem við nú stöndum frammi fyrir. Samningurinn snýst í aðalatriðum um að draga úr viðskiptahindrunum og tryggja aukið frjálsræði í viðskiptum með vörur, þjónustu, fjármagn og frjálsa för vinnuafls þótt í honum séu jafnframt ákvæði um aukið samstarf á sviði mennta, umhverfismála auk fleiri svokallaðra jaðarmálefna.

Að því er okkur Íslendinga varðar beint mun ávinningurinn einkum koma fram strax í sjávarútvegi þar sem um umtalsverðar tollalækkanir er að ræða á Evrópumarkaði. Þegar á þessu ári og einnig síðar þegar atvinnulífið hefur til fulls fært sér í nyt þá möguleika sem þau tækifæri til aukins útflutnings sem í samningnum felast.

Reyndar er svo komið að mér er kunnugt um fjölda fyrirtækja sem þegar hafa hafið undirbúning að breyttri og aukinni starfsemi með tilkomu hinna nýju tækifæra. Þar sem ég þekki best til, á Suðurnesjum, er mér kunnugt um að uppi eru væntingar um að geta flutt atvinnuna í auknum mæli inn í landið. Það hefur t.d. verið mikið áhyggjuefni Verkamannasambandsins hve útflutningur á hráefni, óunnum fiski, hefur verið mikill. Helstu hafnarbæir eins og Hull, Grimsby og Bremerhaven hafa hagnast gífurlega á þessum útflutningi. Ísland hefur verið eins konar nýlenda þessara hafnarbæja sem útvegað hefur ódýrt hráefni. Fjöldi verkamanna og verkakvenna í þessum hafnarbæjum hafa fengið atvinnu við vinnslu á íslenskum fiski. Hundruð, líklega nálægt 2 þúsund, störf hafa tapast frá Íslandi vegna þessa útflutnings.

Nú hafa fjölmörg fyrirtæki, smá og stór, möguleika á að flytja þessa atvinnu heim til Íslands á ný. Fyrirtæki í sjávarútvegi, hvar ég þekki til, eru á fullu í undirbúningi og aðlögun að breyttum tíma. Nefna má líka fyrirtæki t.d. í Grindavík, sem höfðu búið sig undir gildistöku EES-samningsins um áramót og eiga nú í miklum erfiðleikum vegna frestunar gildistöku.

Útreikningar á beinum hagnaði okkar Íslendinga vegna tollalækkana segja lítið um hvað fram undan er. Þær tölur segja þó að hagnaðurinn nemi um 2 milljörðum kr. miðað við óbreytta markaðsvöru. Það er aðeins brot af þeim margfeldisáhrifum sem skapast við að flytja atvinnuna heim. Nú verður það nefnilega hagkvæmt að vinna fiskinn heima.

Þeir sem eru á móti þessum samningi eru að greiða því atkvæði að Ísland verði áfram eins konar nýlenda áðurnefndra hafnarbæja íslensku verkafólki til tjóns. Ég nefni einkum þrennt sem kemur fyrirtækjum í sjávarútvegi vel:

1. Sömu samkeppnisreglur á öllu svæðinu.
2. Samræmdir staðlar á öllu svæðinu.
3. Komið er í veg fyrir tæknilegar viðskiptahindranir.

Allt skiptir þetta gífurlega miklu máli fyrir smáþjóð sem lifir á útflutningi. Sameiginlegar og samræmdar reglur koma í veg fyrir að stórir aðilar geti mismunað smærri aðilum, t.d. hvað varðar ýmsar sérreglur sem kalla má tæknilegar viðskiptahindranir. Upp úr standa lægri tollar á þeim afurðum okkar sem ættu að geta gefið okkur auknar tekjur og bætta markaðsmöguleika. Bættir markaðsmöguleikar skipta þarna kannski mestu máli því að í sumum mikilvægum vöruflokkum, eins og saltfiskflökum og ferskum flökum, höfum við alls ekki verið samkeppnishæfir. En auðvitað kemur þetta ekki af sjálfu sér. Evrópska efnahagssvæðið hefur ákveðna möguleika sem vinna þarf ötullega að til þess að fá út úr þeim ávinning.

Þarna skiptir staða Norðmanna líka miklu máli. Nú njótum við betri kjara en þeir á Evrópumarkaði vegna bókunar 6. Fari þeir inn á Evrópska efnahagssvæðið ásamt okkur standa þjóðirnar jafnar. En fari Norðmenn inn og ekki við, þá njóta þeir mun betri kjara en við.

Því hefur verið haldið fram að bókun 6 og tvíhliða samningur okkar við EB falli niður ef við förum inn á EES og síðan út aftur. Það er ekki rétt. Frá því var tryggilega gengið að allir fyrri samningar við EB stæðu ef einhverjar EFTA-þjóðir færu út úr EES vegna eigin óska. Eins og kunnugt er er samningurinn uppsegjanlegur með eins árs fyrirvara. Fullyrðingar um erfiðleika við að framkvæma slíkt eru gersamlega úr lausu lofti gripnar.

Það eru fullyrðingar stjórnarandstöðuleiðtoganna, sem vita að þegar við höfum gerst aðilar að EES muni þeir, ef svo ógæfulega skyldi fara að þeir kæmust einhverju sinni aftur í ráðherrastólana, aldrei láta sér detta í hug að hlaupa aftur inn í forneskjuna og segja samningnum upp. Dæmigert er að þeir, sem töluðu um landráð, svik og landsölu við inngöngu í EFTA minntust aldrei á að segja þeim samningi upp eftir að þeir komust í valdaaðstöðu.

Mikil gagnrýni hefur komið fram hér á hv. Alþingi á tvíhliða fiskveiðisamning Íslands og EB og hann talinn óhagstæður Íslendingum. Athyglisvert er að það eru einkum stjórnmálamenn sem eru þessarar skoðunar. Hagsmunaaðilar í sjávarútvegi eru annarrar skoðunar. Má þar t.d. nefna ummæli formanns samtaka fiskvinnslustöðva í Morgunblaðinu á gamlársdag.

Rétt er að fram komi að Norðmenn borga mun meira fyrir markaðsaðgang en við vegna EES-samningsins og eru í raun að borga fyrir okkur líka. Hvernig væri staða okkar að þessu leyti í tvíhliða samningaviðræðum? Karfinn sem EB fær að veiða hér við land verður eflaust einhver dýrasti fiskur sem veiddur verður á jarðkringlunni.

Félagi minn ræddi við nokkra aðila úr samninganefnd EB í sumar og voru þeir allir á þessari skoðun. Þeir töluðu m.a. um heimsmet í eftirliti með þessum veiðum og sögðu að þeir hefðu aldrei kynnst annarri eins þvermóðsku og hjá samninganefnd Íslands í þessum samningum. Þessi fiskveiðisamningur er eflaust EB einhver sá óhagstæðasti sem þeir hafa gert.

EES er fyrst og fremst viðskiptasamningur. Það er verið að koma á efnahagssvæði með sameiginlegum reglum og eftirliti. Slíkt kemur auðvitað minnstu aðilunum mest til góða. Svo virðist sem atvinnulífið skilji um hvað málið snýst fyrst og fremst. Gagnrýni ASÍ snýst heldur ekki lengur um það mikilvægasta að þeirra dómi, þ.e. opnun vinnumarkaðarins. Svo virðist sem fólk sé nokkuð sátt við lausn þeirra mála ef marka má ályktanir síðasta ASÍ-þings, þar sem m.a. segir að með starfi sambandsins að Evrópumálum hafi verkalýðshreyfingin náð verulegum árangri. Gagnrýni innan raða ASÍ á EES-málið snýst mikið um önnur atriði, fyrst og fremst um þjóðaratkvæðagreiðsluna, en einnig er um mikla hræðslu að ræða gagnvart öllu erlendu sem stjórnmálamenn hafa mjög spilað á. Ég vil sérstaklega geta þess að á þingi ASÍ á Akureyri kom ekki fram tillaga um að leggjast gegn samningnum um EES.

Mér finnst margir hv. alþm. hafa tekið nokkuð létt á málinu. Þeir þykjast vita meira um afleiðingar fiskveiðisamningsins en útgerðarmenn og sjómenn. Þeir láta sér í léttu rúmi liggja hvort og hvenær málið nær fram að ganga.

Þingmenn Reykjaneskjördæmis hafa ekki sýnilegar áhyggjur af vandamálum sumra fyrirtækja á Suðurnesjum vegna þess að gildistaka samningsins hefur tafist og þeim atvinnutækifærum sem kunna að vera í hættu vegna þess.

Hv. alþm. spá mikið í ýmis smáatriði og útúrsnúninga og hafa í rauninni lítið rætt um kjarna málsins, sem eru viðskiptahagsmunir. Alla vega hefur það ekki komið neins staðar fram að þeim hafi tekist að greina kjarnann frá hisminu.

Sumar yfirlýsingar eru hreint út í hött eins og t.d. ummæli Steingríms Hermannssonar á gamlársdag í Ríkisútvarpinu um veðhæfi fiskiskipa og eiginfjárkröfu bankanna. Þar talaði hann um eftiröpunarhátt okkar hvað varðar reglur frá EB og tók reglur um veðhæfi sem dæmi. En hvernig á að vera hægt að hafa sérstakar reglur hér á landi um þessi mál þegar fjármagnsmarkaðurinn er orðinn opinn í allar áttir?

Stærsta skrefið í þá átt var reyndar tekið í mars 1991 af ríkisstjórn hans sjálfs. Það gefur auga leið að ef við ætlum að tengjast öðrum þjóðum viðskiptalega séð, t.d. með opnum fjármagnsmarkaði, þá getum við ekki haft allt aðrar reglur á því sviði en aðrar þjóðir sem við eigum í samvinnu við. Hvaða stöðu hefðu t.d. íslenskar lánastofnanir á erlendum fjármagnsmörkuðum ef hér giltu einhverjar allt aðrar reglur en þar? Í þessu sambandi skiptir líka miklu máli að stærstu skrefin varðandi opnun fjármagnsmarkaðarins voru stigin vorið 1991, af fyrrverandi ríkisstjórn, með lögunum um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi. Þau lög breytast ekki með aðild Íslands að EES en margir virðast hafa gleymt því eða kjósa að horfa fram hjá því í dag.

Hæstv. forseti. Ég ræddi um það fyrr í ræðu minni að hugsjónir verkalýðshreyfingarinnar og jafnaðarmanna í upphafi aldar voru mjög markaðar þrá hins vinnandi manns eftir friði, mannréttindum og réttlátara þjóðfélagi. Verkalýðshreyfingin, verkafólk um alla álfuna, hóf samstarf og samvinnu. Í þeim efnum voru engin landamæri. Verkalýðshreyfing Evrópulanda hefur aldrei látið sig landamæri miklu skipta heldur unnið saman.

Helgreipar kommúnista og leppa þeirra á Vesturlöndum klufu verkalýðshreyfinguna að vísu í herðar niður en meðal frjálsra þjóða í Evrópu var hugsjónin meira virði en landamæri.

Við upphaf Evrópusamrunans heyrðust raddir innan Evrópskrar verkalýðshreyfingar um að Efnahagsbandalagið væri bandalag kapítalistanna fremur en annað. Sú tortryggni eyddist fljótt því helstu stjórnmálaforingjar jafnaðarmanna og aðrir frjálslyndir menn í samvinnu við verkalýðshreyfinguna ákváðu að breyta myndinni, láta til sín taka og móta framtíðina. Síðan hefur verkalýðshreyfingin verið mjög sterkur stuðningsaðili Evrópusamrunans.

Evrópubandalagið er ekki lengur bandalag stórfyrirtækja hafi það nokkurn tíma verið það. Bandalagið er nú lifandi afl sem er meira og minna mótað af nútíma velferðarhugsun og ber félagsmálasáttmáli Evrópu þess glöggt vitni. Því til staðfestingar er rétt að hafa í huga að verkalýðshreyfingin á Norðurlöndum hefur verið mjög virk í baráttunni fyrir stækkun Evrópubandalagsins og þátttöku Norðurlandanna. Andstæðingar Evrópusamningsins hafa hins vegar birst í gervi þýskra heittrúarmanna til hægri og Margréti Thatcher.

Hér í umræðunni um Evrópska efnahagssvæðið hefur það fallið í hlut hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, Hjörleifs Guttormssonar, Steingríms Hermannssonar og fleiri að vera lagsbræður Thatcher og þýskra hægri manna. Látum vera þótt menn með kommúníska fortíð spili þá rullu. Kommúnistar í Evrópu gegndu því hlutverki á sínum tíma.

Þáttur hv. þm. Steingríms Hermannssonar og Ólafs Ragnars er sýnu verri. Þegar þeir gegndu ráðherraembættum voru þeir miklir stuðningsmenn Evrópska efnahagssvæðisins. Þeir skipta hins vegar um skoðun líkt og þeir skipta um stóla. Hringekjumenn. Það er

mér hins vegar ráðgáta hvers vegna þeir leggjast gegn ótvíræðum þjóðarhagsmunum í því skyni að koma höggi á ríkisstjórnina. Mér er það líka ráðgáta hvers vegna þessir þingmenn Reykjaneskjördæmis leggjast gegn þessum samningi sem mun skapa fjölda nýrra atvinnutækifæra og veita vinnufúsu atvinnulausu fólki nýja von, ný tækifæri og bjartari framtíð. Verkafólk á Suðurnesjum sem er atvinnulaust í hundraðatali á þessa tvöfeldni, þessa köldu kveðju, ekki skilið. Atvinnulaust fólk hrópar á skýringar.

Hæstv. forseti. Sjálfstæði og fullveldi íslensku þjóðarinnar verður ekki varið með því að einangra hana og forðast skynsamlegt samstarf og samninga við aðrar þjóðir.

Bók hins virta stjórnmálamanns, Knuts Frydenlund, fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs, ber nafnið „En bedre oragnisert verden" eða Betri skipan heimsins. Titillinn lætur ekki mikið yfir sér en í bókinni eru margar dýrmætar perlur.

Hver er boðskapurinn? Lítil og fátæk lönd eru því vön að teknar séu ákvarðanir þvert ofan í vilja þeirra. Þess vegna hafa þau alltaf unnið að alþjóðlegum samningum og reglugerðum og barist fyrir traustum og sterkum alþjóðastofnunum. Stór lönd hafa ekki þessar þarfir. Þau geta tekið sínar eigin ákvarðanir án þess að spyrja okkur.

Evrópska efnahagssvæðið er einmitt samningur sem tryggir stöðu þeirra smáu gagnvart þeim stóru. Fátt tryggir betur stöðu smáþjóðar sem okkar Íslendinga betur í dag.

Margir hafa lesið Íslandsklukkuna eftir Halldór Laxness. Þar segir frá tugthúsvist þeirra Jóns Hreggviðssonar og Ásbjörns Jóakimssonar. Þar var líka Hólmfastur Guðmundsson frá Vatnsleysuströnd, sem var dæmdur til húðláts fyrir að hafa selt fjóra fiska fyrir snærisspotta í Hafnarfirði í stað þess að leggja fiska þessa inn hjá Keflavíkurkaupmanni, en því verslunarumdæmi var bær hans talinn heyra samkvæmt nýskipan konungs að skipta versluninni í umdæmi.

Þeir sem leggjast gegn þessum samningi eru að andmæla frelsi í viðskiptum, frelsi til athafna. Þeir eru í raun fulltrúar kaupmannavaldsins sem fangelsaði Hólmfast Guðmundsson. Hugsunarhátturinn er sá sami. Viljinn til að hindra framfarir og frelsi.

Á dögum Hólmfasts Guðmundssonar voru meira að segja snærisspottar mikils virði. Stjórnarandstaðan hefur í málflutningi sínum vikið þjóðarhagsmunum frá. Þeir telja flokkspólitískan ávinning, rangfærslur og þjóðhverfu meira virði en nokkur snærisspotti var Hólmfasti á sínum tíma. Þeir félagar héldu uppi samræðum í tugthúsinu á Bessastöðum og að því kom að Hólmfastur sagði: „Já. Og þetta átti að koma fyrir mig, Hólmfast Guðmundsson." „Þú hefðir betur hengt þig í spottanum", sagði Jón Hreggviðsson. Það verður líka dómur sögunnar um stjórnarandstöðuna.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Sjö hv. þm. hafa óskað eftir að veita andsvar. Ef enginn fellur frá þeirri beiðni verður forseti að setja ströng tímamörk. Þau verða þau að hv. þm. hafa eina mínútu til umráða í fyrra andsvari, en óski þeir eftir að veita andsvar öðru sinni hafa þeir 10 sekúndur. Hv. 9. þm. Reykv. tekur fyrst til máls og veita andsvar.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki veit ég hvort það er verra að hafa ættjarðarskrum eða Evrópuskrum. Varðandi Suðurnesin blasir það við að enn einu sinni er verið að reyna að finna einhverjar patentlausnir í stað þess að leysa vandann. Einu sinni var það herinn, álverið og nú er það EES en á meðan gera stjórnvöld ekkert til að leysa vandann og sveitarstjórnir á Suðurnesjum eru orðnar langþreyttar á að vera bara vísað á EES.

Samlíkingin um Sambandið var alveg endemis seinheppin því það var einmitt báknið og kerfið sem varð Sambandinu að falli rétt eins og mun verða í því sambandi sem maður sér draumsýnina í Evrópu.

Varðandi rangfærslu vil ég segja það að þessir 17 þúsund opinberu starfsmenn á Íslandi eru að meðtöldum kennurum og lögregluþjónum og ýmsum fleirum og ég er hrædd um að 16 þúsund manna starfsliðið í Evrópubandalaginu væri orðið dálítið fjölmennara ef við teldum alla kennara og lögregluþjóna Evrópubandalagsins með.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við höfum heyrt þann krata og e.t.v. þann mann íslenskan tala sem lengst hefur gengið í Evrópudýrkun allra sem hér hafa flutt mál sitt. Þessi maður á sér hugsjón og trúarbrögð og þau eru að renna inn í hið nýja stórríki Evrópu og áhyggjur annarra hv. þm. af sjálfstæði og fullveldi þjóðarinnar við þær aðstæður kallar hann ættjarðarskrum.

Ég ætla að þakka hv. þm. Evrópubandalagsins, Karli Steinari Guðnasyni, fyrir eitt og það er að koma til dyranna eins og hann er klæddur.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Svo mæla börnin sem fyrir þeim er haft, segir máltækið. Ég vil líka þakka hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni ræðu sína. Ég saknaði þess að hafa ekki heyrt í hinum þögla meiri hluta sem hér hefur þagað þunnu hljóði í þessu máli og ég er ánægður að hv. þm. tók til máls. Hann kom út úr skápnum og upplýsti hvaða hræringar eru innan Alþfl. Hann sýndi okkur inn í hugarheim sinn, langanir sínar og þrár, svo að ég noti hans skáldlega orðalag. Ég og minn flokkur erum gersamlega andvígir aðild Íslands að Evrópubandalaginu. Það kann að vera að hann flokki það undir ættjarðarskvaldur eða okkur sem ættjarðarskrumara en það verður þá að hafa það. En öll hans ræða frá upphafi til enda var alvarleg aðvörun til okkar um á hvaða leið Alþfl. er og sterk áréttíng á þeim varnaðarorðum sem ég lét falla hér fyrr í dag.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 6. þm. Reykn. hefur áður lýst því yfir að það sé rétta leiðin fyrir Íslendinga að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Það kemur í sjálfu sér ekki á óvart. Hins vegar er það ítrekað við þessa um-

ræðu og ég vil spyrja af því tilefni: Telur hv. þm. að sá sjávarútvegssamningur sem við erum með í höndunum núna og erum að fjalla um á Alþingi þessa dagana gefi tilefni til að halda að mál Íslendinga fái þá meðhöndlun, sjávarútvegsmálin, sem Íslendingum hentar við aðild að Evrópubandalaginu eða er hann þeirrar skoðunar að við eigum að setja sjávarútveginn og auðlindirnar undir sameiginlega stjórn Evrópubandalagsins? Telur hann að þessi samningur gefi tilefni til bjartsýni um að við fáum okkar sérstöðu viðurkennda?

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Ég býst við að hv. þm. viti að honum er heimilt að svara andsvörum og hefur til þess eina mínútu hverju sinni. (**KSG:** Nei, ég vissi það ekki.) Þá svarar hv. 6. þm. Reykn.

Karl Steinar Guðnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þótti mjög athyglisvert að heyra í hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson hér áðan sem kom á sínum tíma glottandi af feginleik yfir því að álver skyldi ekki vera byggt á Suðurnesjum og gat varla lýst hrifningu sinni yfir því að Suðurnesjamenn misstu þau atvinnutækifæri sem kannski voru í boði.

En ég minni á varðandi þær athugasemdir sem hér hafa komið fram varðandi orðræðu mína um ættjarðarskrum og skvaldur að ég var að líkja saman ættjarðarskrumi því sem reið yfir Evrópu á sínum tíma í krafti haturs og fyrirlitningar og ól af sér styrjaldir.

Fleira hef ég ekki um þetta að segja nema hvað varðar hv. þm. Jón Kristjánsson. Ég er alveg sannfærður um að ef við göngum af fullri reisn til samninga, þá munum við áfram ná hagstæðum samningum við Evrópubandalagið.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér fannst líka nokkuð furðuleg samlíking hv. ræðumanns Karls Steinars Guðnasonar hér áðan um samvinnuhreyfinguna, þegar hann líkti Evrópubandalaginu við samvinnuhreyfinguna. Hingað til hef ég alltaf heyrt krata hallmæla samvinnuhreyfingunni sem allra mest.

En mig langar til að spyrja hann hvort hann trúi á það að Evrópubandalagið sé komið til að vera á sama tíma og önnur bandalög eru að leysast upp. Vill hann að við lokum okkur inni í þessari efnahagsblokk sem stefnir að pólitískri sameiningu? Hefur hann svo litla trú á okkur sjálfum og fullveldi okkar að við séum betur komin inni í þessu miðstýrða apparati sem færir valdið enn lengra frá fólkinu en það er nú? Hvað hefur hann fyrir sér í því að hagur okkar batni? Atvinnuleysi í löndum EB hefur ekki minnkað og mun ekki minnka til aldamóta samkvæmt síðustu spám. Ef við fáum aukin atvinnutækifæri með EES hvers vegna hefur þá EB ekki sjálft getað bætt sitt atvinnustig?

Karl Steinar Guðnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var að lýsa því áðan hvaða tækifæri biðu okkar Íslendinga í sambandi við sjávarfang okkar og læt þá lýsingu alveg nægja.

Ég sagði að Evrópubandalagið væri eins konar samvinnuhreyfing. Þar var ég ekki með SÍS í huga. Það er mikill misskilningur. En það væri hollt fyrir framsóknarmennina sem hafa tapað sínu SÍS að geta fengið nýja samvinnuhreyfingu, lifandi afl sem mun móta framtíð Evrópu.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var nokkuð athyglisvert að það ætti að fara að stofna hér nýja samvinnuhreyfingu. Ég held að framsóknarmenn ættu bara að skoða það.

En hvað varðar atvinnuuppbygginguna á Suðurnesjum, þá tel ég að þau atvinnufyrirtæki sem þar eru þyrftu að vera miklu betur í stakk búin og betur stæð til að geta tekist á við það að auka atvinnu og auka útflutning. Þau eru bara ekki þannig stæð að þau geti tekist á við þessa samkeppni.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst það sérkennilegt að mér finnst eins og menn upplifi ekki alveg nákvæmlega þýðingu þess augnabliks sem við erum núna að upplifa. Það hefur gerst að fyrsti þingmaðurinn stígur fram, kemur úr felum eða út úr skápnum, og segir: Ég vil ganga í Evrópubandalagið.

Ég sagði hér í sumar í umræðum um stjórnarskrárþátt þessa máls, sennilega í september, að ég teldi áður en þetta ár væri allt mundu koma upp tillögur hér á Alþingi um það að Ísland gengi í Evrópubandalagið. Og ég man eftir að hv. þm. Ragnar Arnalds var með svipaðar spár fyrir nokkrum sólarhringum. Ég tók eftir því að margir töldu þá hér í salnum að þetta væri fráleitt og ég hef tekið eftir því m.a. í umræðum í gærkvöldi í ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að hún taldi að Evrópskt efnahagssvæði væri vörn gegn aðild að Evrópubandalaginu.

En þá gerist það að hér rís upp maður, málsmetandi leiðtogi Alþfl., formaður fjárln. Alþingis Íslendinga, og segir: Við eigum að ganga í Evrópubandalagið. Þetta eru vissulega kaflaskipti þessa máls sem vonandi svipta hulunni frá augum þeirra sem hafa verið blindir, m.a. þeirra sem hafa talið ástæðu til að láta sér nægja það dapurlega hlutskipti að sitja hjá í þessu máli.

Hv. þm. vitnaði til þeirra manna sem sátu í dýflissunni á Bessastöðum. Hann nefndi lítið Ásgrím Jóakimsson sem neitaði að róa yfir Skerjafjörð með kóngsins mann. Mér heyrðist að hér í ræðustólnum áðan væri sá maður á Alþingi Íslendinga sem gjarnan gæti hugsað sér að vera kóngsins maður.

Karl Steinar Guðnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil að það sé alveg á hreinu sem ég sagði reyndar í ræðu minni að ég er einn um þessa skoðun í þingflokki Alþfl. en ég þakkaði hins vegar ungum jafnaðarmönnum sérstaklega fyrir framsýni þeirra í ályktunum og það hve hugsjónir þeirra eru mér að skapi í þessum efnum.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Aðalatriðið, virðulegi forseti, í þessu máli er að hér hafa orðið kaflaskil í meðferð málsins á Alþingi. Hér hefur stigið fram maður sem hefur sagt: Við eigum að ganga í Evrópubandalagið, og það er ljóst að miðað við þann málflutning sem uppi hefur verið í þessu máli, þá talar hann fyrir fleiri menn í stjórnarflokkunum. Hér er í raun og veru um að ræða forspá um það sem koma skal ef menn hafa ekki döngun í sér til að fella samninginn um Evrópskt efnahagssvæði og henda honum á ruslahauga sögunnar eins og mörgum öðrum ónýtum pappírum.

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hjó eftir því að í ræðu sinni áðan talaði hv. þm. um inngöngu Íslands í EFTA og át þar upp eftir utanrrh., sem hann hefur reyndar áður sagt, að menn hafi talað um landráð og verið með landráðabrigsl þegar umræðan um EFTA stóð sem hæst árið 1968. Það vill nú svo til að ég átti sæti á Alþingi þá og minnist umræðunnar en minnist þess ekki að nokkur þingmaður hafi haft í frammi slíkar orðræður en kannski er það misminni. Ég veit að hv. þm. mundi ekki segja þetta ef hann hefði ekki eitthvað fyrir sér í þessu og þess vegna verð ég að óska eftir því að hann komi hér upp og svari því hvaða þingmaður það var sem nefndi landráð eða var með landráðabrigsl þegar rætt var á Alþingi um inngöngu Íslands í EFTA.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Mig langar að inna forseta eftir hvort heimilt sé að koma hér upp og svara andsvörum eftir andsvörum annarra löngu eftir að þau hafa farið fram og þegar það er alveg tryggt að sá sem kom með andsvarið hefur ekki möguleika á að svara fyrir sig. Hæstv. forseti getur kannski upplýst það því þetta kom fyrir mig núna áðan og mér þykir það nokkuð lúalegt ef menn eru að koma upp í andsvörum og bera menn ósönnum brigslum þegar ekki er mögulegt að svara fyrir sig. Kannski er það til hagræðingar að ég fái að bera af mér sakir í leiðinni. Ég skal víkja úr stóli og bera af mér sakir sérstaklega sé það er betra eftir forminu því að ég virði það. (**Forseti:** Forseti metur það svo að svör eigi að berast frá viðkomandi ræðumanni eftir andsvar þingmannsins en ekki síðar þar sem þá hefur þingmaðurinn ekki tækifæri til að bregðast við því svari frá viðkomandi þingmanni.) Ber forseta þá ekki að benda hv. þm. á þetta að gefnu tilefni? (**Forseti:** Forseti vildi kannski nota einhver tækifæri þegar væri þægilegra að tala við hv. þm. en einmitt þessa stundina vegna hávaðans úti. Forseti getur ekki haft nein áhrif á það hvað hv. þm. segja eftir að þeir eru komnir í stólinn eins og hv. þm. er kunnugt.) Virðulegi forseti. Ég tek þessi svör gild en það hefði verið heppilegt að eftir að þingmaður hafði lokið máli sínu hefði komið athugasemd en ég tel að hún hafi nú komið fram og er það þakkarvert.

Ég þarf að bera af mér sakir og ég held að það sé best að ég víki úr ræðustól og geri það sérstaklega. Ég hafði beðið um það og mun gera það þegar að því kemur því það sem ég á eftir tekur meira en 20 sekúndur.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Hv. 9. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Í því andsvari sem ég gat hér um í þingskapaumræðu áðan var ég borin þeim sökum að ég hefði glottandi fagnað atvinnuleysi á Suðurnesjum — ég gat ekki skilið meiningu hv. þm. á annan hátt — þegar álverið (Gripið fram í.) var til umræðu og hætt var við það. Þetta er minn skilningur og ég er að bera þær sakir af mér að ég hafi fagnað því að það er atvinnuleysi á Suðurnesjum. Ég held að það að hætt var við, alla vega að sinni, að byggja álver á Keilisnesi hafi engin úrslitaáhrif á atvinnustig á Suðurnesjum. Það sem hefur áhrif er stefna ríkisstjórnarinnar. Suðurnesjamönnum er því miður boðið upp á patentlausnir eins og her, álver og EES og það stendur í mínu máli og ég vil ekki að mér sé brigslað um það nokkurn tíma að mér sé ekki annt um atvinnuástand á Suðurnesjum. Það vita þeir sem hér hafa hlustað að er ekki rétt.

Ragnar Arnalds *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég bar fram ákveðna spurningu til hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar og vildi fá að vita hvaða þingmenn það voru sem töluðu um landráð eða voru með landráðabrigsl þegar umræður voru hér um inngöngu Íslands í EFTA. Hv. þm. svaraði þá úr ræðustól að hann sæi ekki ástæðu til þess að svara þessu. (**Gripið fram í:** Úr stól sínum.) Já, ég segi það. Hann svaraði því úr stól sínum. Og þá spyr ég virðulegan forseta: Á ég þá ekki rétt á að svara af minni hálfu úr því að hann hefur svarað? (**Forseti:** Meinar hv. þm. hvort hann fær að veita andsvar öðru sinni?) Já, akkúrat, af því að hann svarar úr sínum ræðustól með vissum hætti.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti getur ekki tekið það gilt þó að hv. þm. hafi svarað þessu úr ræðustól. (Gripið fram í.) Nei, forseti metur þetta svona. Andsvörum er lokið.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Mér þykir það með ólíkindum, frú forseti, hvað stendur í hv. þm. núna, svo flugskýr og fljótur að hugsa sem hann er, að svara þeim andsvörum sem að honum hefur verið beint. Ég tek það svo að landráðabrigsl hans um menn sem héðan eru farnir eða hér voru 1968 séu dauð og ómerk. Hann getur ekki fundið þeim stað.

Úr því að ég er kominn hér vil ég gjarnan koma á framfæri svari við spurningu hv. 3. þm. Reykv. sem ég vona að heyri mál mitt. Hann beindi til mín spurningu í andsvörum fyrr í dag þar sem hann spurði um afstöðu mína til gullskipsins.

Það þingmál sem um er að ræða er frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán vegna björgunar skipsins Het Wapen van Amsterdam. Flm.

þess voru Birgir Ísl. Gunnarsson, Þórarinn Sigurjónsson, Sverrir Hermannsson og Magnús H. Magnússon. 1. gr. hljóðaði svo:

„Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán, sem tekið yrði vegna björgunar skipsins Het Wapen frá Amsterdam, allt að 50 millj. kr., gegn þeim tryggingum sem fjmrn. telur fullnægjandi, svo sem í verðmæti hins bjargaða og söluandvirði skipsins úr landi, enda liggi fyrir samþykki fjárveitinganefndar."

Svona hljóðaði lagatextinn. Við atkvæðagreiðslu 2. mars 1983 í Nd. féllu atkvæði þannig: Já sögðu Alexander Stefánsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Friðrik Sophusson, Geir Hallgrímsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Halldór Ásgrímsson, Halldór Blöndal, Magnús H. Magnússon, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Pétur Sigurðsson, Ragnar Arnalds, Skúli Alexandersson Steinþór Gestsson, Þórarinn Sigurjónsson og Sverrir Hermannsson.

Nei sögðu: Garðar Sigurðsson, Guðrún Helgadóttir, Ólafur Þ. Þórðarson, Páll Pétursson, Stefán Valgeirsson og Vilmundur Gylfason.

Þá liggur það ljóst fyrir hvernig ég greiddi atkvæði. Ég ætla að lesa greinargerð Ólafs Þ. Þórðarsonar með atkvæði sínu:

„Herra forseti. Týnd og sokkin skip hafa ekki verið talin veðhæf. Ég tel ekki rétt að breyta þeirri hefð og segi því nei."

Í Ed., svo að öllu sé til skila haldið, gengu atkvæði um brtt., nokkurs konar frávísunartillögu um málið. Þar sögðu já, þ.e. voru andvígir þessari heimild: Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason, Kjartan Jóhannsson og Helgi Seljan.

Nei sögðu, þ.e. voru meðmæltir að veita ábyrgðina: Þorv. Garðar Kristjánsson, Davíð Aðalsteinsson, Egill Jónsson, Guðmundur Bjarnason, Jón Helgason, Lárus Jónsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Salome Þorkelsdóttir, Stefán Guðmundsson og ég vil taka fram að Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Karlsson og Tómas Árnason greiddu ekki atkvæði um þetta mál.

Þessu er þá komið á framfæri og tel ég mig hafa svarað hinni mikilvægu fyrispurn hv. 3. þm. Reykv. Það var ekki að ófyrirsynju að hann spyrði þar sem þetta mál, samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði, er leit að svipuðu gullskipi og væntanlega með svipuðum árangri og menn fjölluðu um 1983.

Útbýting þingskjala:

Ár aldraðra, 319. mál, fsp. SvG, þskj. 583.

Kaup á björgunarþyrlu, 110. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 582.

Vistfræðileg þróun landbúnaðar á Íslandi, 320. mál, fsp. JHelg, þskj. 584.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er tímanna tákn að þessi umræða sem hér á sér stað fer fram undir háværum mótmælum utan dyra sem minnir okkur á að ýmislegt er að gerast úti í þjóðfélaginu sem eru afleiðingar af því sem ákveðið var á þingi fyrir jól. Okkur er hollt að minnast þess að okkar bíða líka mjög mikilvægar umræður í næstu viku sem snerta ríkisfjármálin en það breytir ekki því að við erum að ræða eitt allra mikilvægasta mál sem rætt hefur verið á Alþingi Íslendinga á lýðveldistímanum eins og margoft hefur komið fram.

Sannleikurinn er sá, virðulegi forseti, að ég hafði alls ekki hugsað mér að taka til máls við framhald 3. umr. Ég taldi mig vera búna að koma því á framfæri sem ég hef að segja um þennan samning. En síðan hefur það gerst að hæstv. utanrrh. og síðast hv. þm. Karl Steinar Guðnason hafa komið með þvílíkar fullyrðingar og dembur yfir þing og þjóð að það er ekki hægt annað en svara ýmsu því sem þar hefur komið fram.

Hv. þm. Karl Steinar Guðnason flutti hér ræðu sem ég hygg að muni vekja allmikla athygli, ekki vegna þess að það sé að koma í ljós í fyrsta sinn að hv. þm. er því hlynntur að Íslendingar sæki um aðild að Evrópubandalaginu, heldur ekki síður vegna þess í hvaða samhengi þessi yfirlýsing hans kemur fram. Það var auðvitað eins og mann grunaði að þess yrði ekki langt að bíða að umræðan hæfist um það hvort Íslendingar ættu að sækja um aðild að Evrópubandalaginu.

Í áliti meiri hluta utanrmn. kemur fram að ekki sé á dagskrá að sækja um aðild að Evrópubandalaginu og er þar m.a. vitnað til orða Davíðs Oddssonar sem hann lét falla í stefnuræðu sinni 12. okt. árið 1992. En við minnumst þess að hæstv. forsrh. var á fundi forsætisráðherra Norðurlanda fyrir skömmu og kominn af þeim fundi lét hann þau orð falla að það gæti verið hyggilegt að fylgja straumnum og athuga hvað kæmi út úr samningaviðræðum því að varla gæfist annað eins tækifæri.

Ég verð að segja það að þegar ég tók sæti á þingi fyrir rúmlega einu og hálfu ári reyndi ég að nálgast þessi mál með opnum huga án þess að mynda mér einhverja fyrirframskoðun. Ég vildi skoða þessi mál opið og athuga kosti og galla bæði hins Evrópska efnahagssvæðis og Evrópubandalagsins, en eftir því sem ég hef kynnt mér þessi mál betur þeim mun sannfærðari verð ég um að við eigum að standa utan hins Evrópska efnahagssvæðis og í mínum huga kemur aðild að Evrópubandalaginu, eins og málum er þar háttað, alls ekki til greina. Þar verða að eiga sér stað mjög miklar breytingar og nánast alger bylting til þess að aðild Íslands að Evrópubandalaginu sé yfirleitt hugsanleg. Ég ætla ekki að fara mjög langt út í þá umræðu en eins og ég segi grunaði mig að þetta yrði næsta skrefið þrátt fyrir ýmsar yfirlýsingar í aðrar áttir.

Ég er í sjálfu sér ekki hissa á því að hv. þm. Karl Steinar Guðnason skuli vera þessarar skoðunar. Hans sjónarmið minna mjög á það sem fram hefur komið hjá Evrópukrötunum, eins og ég kalla þá, þ.e. hjá þeim sem eru leiðandi í Evrópubandalaginu, en eins og menn vita er staða sósíaldemókrata mjög sterk í mörgum löndum Evrópu.

Á þingi Evrópuráðsins í október vildi svo til að það sat fyrir framan mig krati. Ég held ég muni það rétt að hann sé belgískur, ég þori þó ekki alveg að fara með það því ég gat ekki alveg áttað mig á því eftir nafninu en svo mikið er víst að hann talaði frönsku. Hann lét þau orð falla að Evrópuhugsjónin væri eina hug-

sjónin sem eftir væri í pólitík. Hann vildi sem sagt meina að allar þær hugsjónir sem menn hafa fylgt undanfarin 200 ár væru meira og minna úr sögunni og væntanlega þá allar hugmyndir um ýmiss konar ríkisform en sameining Evrópu og þær hugsjónir sem þar búa að baki væru einar eftir. Mér fannst maðurinn taka býsna stórt upp í sig og gleyma því að það eru ýmsir hugmyndastraumar á ferð jafnt í Evrópu sem annars staðar. Ég nefni þar kvennahreyfinguna og umhverfishreyfinguna sem fætt hafa af sér margs konar pólitískar hugmyndir. Ég fæ ekki betur séð en með þeim breytingum sem nú eru fram undan í Bandaríkjunum kunni þar að vera fram undan miklar áherslubreytingar í rekstri bandarísks samfélags, nýir hugmyndastraumar og aðrar áherslur. En allt á það eftir að koma í ljós.

En þar sem hv. þm., sem flutti ræðu á undan mér, Karl Steinar Guðnason, er krati af Evrópugerðinni, þá kemur það auðvitað ekki á óvart að alþjóðahyggja kratanna skuli skína svo sterkt í gegnum hans orð. En þá er þess vert að minnast að það hafa verið miklar sveiflur í alþjóðahyggjunni og reyndar litu menn svo á að hún hefði beðið mikið skipbrot árið 1914 þegar m.a. þýskir sósíaldemókratar ákváðu að styðja stríðsrekstur Þjóðverja. Fannst þá mörgum að þeir væru að bregðast hinum sönnu hugsjónum þegar verkamenn ættu að fara að berjast við verkamenn annarra landa. Það hefur því gengið á ýmsu í þeim efnum.

Það kom fram mikil trú á að við sameiningu Evrópu væri að fæðast hið nýja fyrirmyndarríki, að því er mér skildist. En við hljótum að spyrja okkur: Sameining til hvers? Hvernig á hún að eiga sér stað? Hver er tilgangurinn? Þó að kratar hafi mikil áhrif innan Evrópubandalagsins — sem betur fer hefur það þýtt að menn hafi haldið þar til haga ýmsum félagslegum réttindum og félagslegum áherslum — þá sitja hagsmunir stórfyrirtækjanna í fyrirrúmi og tilgangurinn er sá að mynda mótvægi við Bandaríkin og Japan. Það kemur kannski ekki síst fram í Maastricht-samkomulaginu og Vestur-Evrópusambandinu, hinu nýja hernaðarbandalagi sem þeir eru að byggja upp í Evrópu, að þeir ætla sér mikið hlutverk sem ríki. Ég get tekið undir það með þingmanninum og endurtekið það sem ég sagði í ræðu minni í gærkvöldi að það er mjög skiljanlegt og auðvitað gott að það sé mikið og náið samstarf á milli ríkja Evrópu í ljósi þeirra miklu átaka sem einkennt hafa það svæði öldum saman, en það er ekki sama hvernig það samstarf fer fram og hvernig það er skipulagt. Og þar er ég svo gersamlega ósammála þingmanninum því þó að hann segi að markvisst sé unnið gegn skrifræði, þá er það staðreyndin að Evrópubandalagið er ákaflega miðstýrt. Þar sitja karlar í nánast öllum stöðum. Þar er mikið embættismannaveldi. Það er einfaldlega skipulagt þannig þetta bandalag. Evrópuþingið hefur sáralítil áhrif, enda reyna þingmenn þess mjög að auka áhrif þingsins.

Ég get nefnt það hér að norskir og sænskir þingmenn sem ég hef rætt við, fyrst og fremst kratar sem eru fylgjandi aðild sinna þjóða að Evrópubandalaginu, hafa mjög miklar áhyggjur af því hvað Evrópubandalagið er ólýðræðislega skipulagt, hvað áhrif almennings eru lítil, hversu sterk áhrif stórfyrirtækjanna eru o.s.frv. Þetta mál er því engan veginn einfalt. Ég vara við því að menn stari svona blint á Evrópubandalagið og finnist það hafa um sig mikinn geislabaug því að við megum ekki gleyma því að við erum býsna langt frá ströndum Evrópu. Við erum úti í miðju Atlantshafi, mitt á milli Evrópu og Ameríku, og þó að menning okkar sé af evrópskum rótum, sem menning Ameríku er reyndar að hluta til líka, þá erum við mitt á milli og það markar okkur aðra stöðu en Evrópuríkjunum sem tengjast fastalandinu.

Við gætum farið út í langa umræðu um þjóðríki, sjálfstæði, fullveldi og annað slíkt. Það sem er mikilvægast í mínum huga er það að við ráðum sjálf okkar för, að við getum tekið þær ákvarðanir sem við teljum vera réttastar en þurfum ekki að sveigja okkur undir vald annarra. Það getur verið rétlætanlegt í einstaka tilvikum, m.a. þegar um er að ræða alþjóðasamninga sem eru réttlætanlegir og við erum auðvitað alltaf að vega það og meta hvað eru kostir og hvað eru gallar, hvað er réttlætanlegt fyrir okkar þjóðfélag, en skipulag af því tagi sem er á ferð úti í Evrópu tel ég ekki vera æskilegt fyrir okkur.

Ekki er ég sammála þeirri kenningu hv. þm. að Evrópubandalagið sé eins konar samvinnuhreyfing í besta skilningi þess orðs. Það er það nefnilega ekki vegna þess að hver einstakur félagi, hver einstaklingur í Evrópu, hefur sáralítil áhrif á þróun þessa bandalags og skipulag. Það eru stjórnmálamenn og embættismenn á æðstu toppum sem ráða þar för og það er flókið fyrir einstaklingana og nánast ómögulegt að hafa þar nokkur áhrif.

Það skein út úr ræðu þingmannsins, eins og reyndar allra hans félaga og mjög margra þeirra sem tekið hafa þátt í umræðunni um Evrópska efnahagssvæðið, að það séu bara viðskiptahagsmunir. Kjarninn sem málið snýst um eru viðskiptahagsmunir, sagði hv. þm. Karl Steinar Guðnason í sinni ræðu. En það eru svo mörg önnur rök sem tengjast þessu máli og við megum ekki festast í því að skoða mál eins og þetta eingöngu út frá viðskiptasjónarmiðum. Mér þykir þessi málflutningur fela í sér miklar einfaldanir á þessum stóru, stóru spurningum sem hann var að reifa hér og væntanlega munu koma frekar til umræðu síðar.

Ég get ekki sleppt að nefna það af því að þingmaðurinn vitnaði í Íslandsklukkuna að það má margt finna í þeirri merku bók og ég vil benda honum á — hann brá sér reyndar út úr salnum en ég reyni að koma því til hans síðar — að hann ætti að lesa þann kafla þar sem þeir ræðast við Arnas Arnæus og Úffelen hinn þýski þegar til stóð að selja Ísland í hendur þýskra kaupmanna og Arnas Arnæus spurði þeirrar spurningar hvor væri betur staddur, feitur þjónn eða barður þræll. Og hann spurði líka hver yrðu áhrif Íslendinga þegar þýskar hallir tækju að rísa.

Ég vil taka það skýrt fram vegna þess að það er stöðugt verið að halda því fram að andstæðingar EES séu að bera mönnum á brýn landráð, óþjóðhollustu og annað slíkt, að með því að vitna í þennan kafla Ís-

landsklukkunnar er ég að sjálfsögðu ekki að bera neitt slíkt upp á þingmanninn. Ég tel að við eigum að ræða þessi mál málefnalega og reyna að komast að kjarna málsins. En það eru margar hliðar á þessu mikla máli eins og ég hef nefnt.

Hitt er svo annað að það getur auðvitað ekki annað en vakið athygli okkar í hvaða stöðu þetta mál er komið við 3. umr. Ég stóð í þeirri meiningu, og ég held við kvennalistakonur, áður en umræðan hófst í gærkvöldi að það væri að líða að lokum og ekki harla mikið eftir. En bæði í gærkvöldi og í dag hafa alþýðuflokksmenn unnið að því hörðum höndum að hleypa miklu fjöri í umræðuna með makalausum yfirlýsingum sem menn komast auðvitað ekki hjá að svara. Þessir ágætu ráðherrar og þingmenn kvarta mjög mikið yfir málþófi en síðan koma þeir sjálfir og flytja hér öfgakenndar trúboðsræður sem eru af þeirri tegund að maður hefur varla heyrt annað eins. Maður heyrir þá ganga út á ystu nöf í sínum málflutningi og ég verð að segja það að mér finnst þetta vera afar ómálefnalegur málflutningur og furðu sæta að þeir menn sem eiga kannski mest undir og þrá það mest að sjá þennan samning samþykktan á Alþing skuli ganga fram með þessum hætti. Það er ekki beinlínis til að greiða fyrir gangi mála að menn skuli tugum saman sjá sig knúna til þess að standa upp til þess að svara makalausum árásum utanrrh. Þetta er vægast sagt allt með ólíkindum, virðulegi forseti.

Ég ætla að ræða nokkur atriði í framhaldi af máli utanrrh. í gærkvöldi. Þá verður auðvitað ekki komist hjá því að nefna fyrst þessar endalausu ásakanir um málþóf stjórnarandstöðunnar. Hér var vitnað í orðabækur fyrr í dag og ég fletti upp í einni slíkri til að athuga hvernig menn skilgreina málþóf. Í orðabók Menningarsjóðs segir, með leyfi forseta: „Málþóf: þjark, málalengingar sem tefja umræður um mál.“ Ég hef skilið orðið málþóf þannig að það séu einmitt málalengingar þegar menn fara að draga inn alls konar atriði sem koma málinu lítið við.

Ég mótmæli því harðlega fyrir hönd Kvennalistans að við höfum haldið uppi einhverju málþófi hér. Við höfum allar talið okkur skylt að taka til máls í umræðunum vegna þess að hér er um mikið stórmál að ræða, framtíðarmál, þar sem m.a. hagsmunir kvenna koma mjög við sögu og auðvitað framtíð barna landsins. Og ég ítreka það að ég mótmæli þessum síendurteknu fullyrðingum um málþóf og tel að hæstv. utanrrh. væri hollara að halda þannig á spöðunum að menn þyrftu ekki að vera að rjúka hér upp hvað eftir annað til þess að verja sig.

Það var margt makalaust í málflutningi ráðherrans í gærkvöldi. Það vakti ekki síst athygli mína að hann ásakaði Framsfl. fyrir það að tefla fram einum ræðumanni en síðan gat ég ekki skilið orð hans öðruvísi en svo að hann væri alveg furðu lostinn yfir því að Kvennalistinn skyldi ekki tefla fram bara einum ræðumanni, sérfræðingi flokksins í EES, eins og hann kallaði það. En það vill nú þannig til að við erum kannski öll orðin sérfræðingar í þessu máli því að þingmenn hafa legið yfir þessu mánuðum saman jafnt í nefndum sem í umræðum á Alþingi og þetta er þannig mál að nánast allir þingmenn hljóta að þurfa að tjá sig um það.

Ég ætla enn að nefna það sem dæmi um þann makalausa málflutning að ég minnist þess að nokkrum vikum fyrir jól brást hæstv. utanrrh. mjög hart við þegar honum var líkt við Þórð kakala og þar vitnað til ákveðins kvæðis, en hann leyfir sér sjálfur að líkja þingmanni við Adolf Hitler, „ein Volk, ein Führer“, sagði hann um ákveðinn þingmann í gær. Þótt sá ágæti þingmaður sé fullfær um að verja sig sjálfur, þá get ég ekki annað en minnst á þetta. Auðvitað er engum sama þegar verið er að líkja fólki við nasista í Þýskalandi. Þetta er einfaldlega fyrir neðan beltisstað og menn ættu að forðast svona samlíkingar í umræðum sem eiga að vera málefnalegar.

Mig langar að beina tveimur spurningum til hæstv. utanrrh. Ég held að hann sé í hliðarherbergi. Ég endurtek þær þá ef hann heyrir ekki mál mitt. Þetta eru ekki stór atriði en ég vildi gjarnan fá skýringar á þeim. Fyrri spurningin varðar niðurfellingu á tollum. Tölum í nál. meiri hlutans ber ekki saman við tölur ráðherrans, en ég geng út frá því að menn hafi vandað nokkuð til nál. og ég vona að það megi nokkuð treysta þeim upplýsingum sem þar koma fram. Spurningin er: Hver er hin raunverulega tollalækkun? Hæstv. utanrrh. gerði mikið úr því að það næðist 96% lækkun á tollum sem gæfi honum einkunnina 9,6, eða fyrstu ágætiseinkunn á EES-prófinu, en samkvæmt nál. meiri hluta utanrmn. er þetta 93% lækkun. Þarna skeikar kannski ekki neinum ósköpum en þegar horft er á heildardæmið skiptir þetta auðvitað miklu máli og það skiptir máli hvað rétt er í þessu sambandi. Hver er tollalækkunin í raun þegar maður reynir að meta allt dæmið?

Síðara atriðið sem ég vil spyrja ráðherrann beint um varðar þá fullyrðingu sem fram kom í ræðu hans þess efnis að Þjóðhagsstofnun meti ávinninginn af EES upp á 7 milljarða kr. Ég heyrði í Ríkisútvarpinu í hádeginu viðtal við Þórð Friðjónsson þar sem hann bar þetta að nokkru leyti til baka og vildi meina að þetta mundi skila sér á fleiri árum. Það hefur verið talað um það að tollalækkunin ein og sér skili eitthvað á bilinu 1–2 milljörðum kr. Þær tölur rokka nokkuð eftir því hvernig er metið. En ég vil gjarnan að hæstv. utanrrh. rökstyðji þessa tölu fyrir okkur. Hann sagði í ræðu sinni að á einu ári mundi samningurinn skila okkur 7 milljörðum kr. Hvernig er þessi tala fundin og hvernig stendur á því að henni ber ekki heim og saman við það sem Þjóðhagsstofnun hefur haldið fram?

Þetta eru þær tvær skýringar sem ég vildi fá á fullyrðingum ráðherrans í gærkvöldi.

Ráðherrann eyddi nokkuð miklu máli í að skamma stjórnarandstæðinga og var m.a. að vitna í það að menn hefðu á sínum tíma mótmælt inngöngunni í EFTA. Það var löngu fyrir mína tíð en ég get ekki stillt mig um að nefna það þegar menn eru að tala um að enginn deili um það að EFTA hafi skilað okkur miklu að ég kannast ekki við að hafa séð neitt mat á því. Er til eitthvert mat á því hverju aðildin að EFTA hefur skilað íslenskri þjóð? Við getum að vísu ekki svarað því hvað

hefði gerst ef við hefðum ekki gengið í EFTA en ég man ekki annað en ýmsar iðngreinar, svo sem húsgagnaiðnaður, hafi lent í miklum erfiðleikum og nánast lognast út af í samkeppninni við innflutning frá EFTA-þjóðunum. Það kann að vera að það hafi skilað neytendum einhverju. Það hefði verið afar fróðlegt, og ég hefði í rauninni talið það sjálfsagt, að áður en menn færu að meta samninginn um EES hefði verið gerð úttekt á því hverju EFTA hefur skilað, ef við reynum að meta það hverju svona samningar skila, í stað þess að þurfa að hlusta á endalausar órökstuddar fullyrðingar um að þessir samningar og samningurinn um EES skili svo og svo miklu. Hann skilar tækifærum í atvinnulífinu, hann skilar 96% tollalækkun, segir utanrrh., hann skilar 7 milljarða gróða og ég veit ekki hvað og hvað. (Gripið fram í.) Já, skuldirnar hverfa.

Þetta er málflutningur af því tagi sem mér finnst ekki hæfa svona stóru máli og því er það sem ég segi að þessir menn og einkum og sér í lagi utanrrh. tali eins og trúboði. Það gildir reyndar um viðskrh. líka. Þeir eru svo innilega sannfærðir og þeir tilheyra svo sterkt þeim hópi sem betur þykist vita en allir aðrir að þeir telja sig færa um að slá fram endalausum fullyrðingum. Eins og ég hef margoft tekið fram í umræðum um þetta mál, þá er alveg ljóst að þessum samningi fylgja bæði kostir og gallar. Við erum stöðugt að reyna að meta bæði kosti og galla, en þessir menn tala eins og það sé ekki nokkur einasti galli eða nokkurt spurningarmerki sem þarf að setja við þetta mál. Ef maður færi út í fullyrðingar um að hér sé ekkert afsal á fullveldi, ekkert afsal á valdi, hvorki löggjafarvaldi, framkvæmdarvaldi né dómsvaldi, eins og kemur fram, þá er það náttúrlega í hött miðað við það sem sérfræðingar hafa haldið fram þar sem menn eru að velta málunum fyrir sér.

Ég endurtek það enn einu sinni að ég virði þá skoðun ef menn eru sannfærðir um að þessi samningur færi Íslendingum ávinninga og þeir rökstyðji þá afstöðu sína, en þessar rakalausu fullyrðingar og hroki sem menn leyfa sér í þessari umræðu eru ekki sæmandi svona stóru og alvarlegu máli.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um fullyrðingar utanrrh. um Kvennalistann, sem hann lét falla hér í gær. Þær eru a.m.k. ekki svara verðar en sýna náttúrlega viðhorf ráðherrans sjálfs og hvað hann leggst lágt í umræðunni.

Ráðherrann gerði mikið mál úr því að þjóðin biði viðþolslaus, hinir atvinnulausu og aðrir biðu eftir því að þessi samningur yrði samþykktur á Alþingi Íslendinga. En ég vil minna á það að býsna margir hafa enn þá von í brjósti að þessi samningur verði ekki að veruleika og telja að gallar hans séu svo miklir að hann beri að fella eða reyna að finna einhverjar leiðir til þess að reyna að koma í veg fyrir að hann verði samþykktur. Menn skulu því fara svolítið varlega í öllum þessum fullyrðingum.

Eitt atriði til viðbótar verð ég að nefna, virðulegi forseti, og fram kom í umræðunni í gærkvöldi. Það varðar það sem fram kom í ræðu hv. þm. Árna R. Árnasonar þar sem hann fjallaði um landbúnaðarmálin. Mér sem fulltrúa í landbn. kom nokkuð á óvart sú fullyrðing hans að niðurstaða landbn. hefði verið ágreiningslaus varðandi innlendar landbúnaðarafurðir. Ég átta mig ekki á því hvert hann er að fara með þessari fullyrðingu. Það er rétt sem fram hefur komið hér í umræðunni að landbn. fór afar vel ofan í þetta mál og kallaði til fjölda sérfræðinga og fékk álitsgerðir en ég kannast ekki við það að nefndin sjálf hafi gefið frá sér einhverja niðurstöðu. Það hefur þá algerlega farið fram hjá mér ef slíkt hefur átt sér stað. Það var skrifað bréf, og reyndar fleiri en eitt bréf til utanrmn., m.a. til að biðja nefndina að kanna þetta mál rækilega. Síðar var sent bréf eftir að sú rannsókn, sem landbn. stóð fyrir, hafði farið fram. Í þessum bréfum, sem undirrituð er af Agli Jónssyni, formanni landbn., kemur ekki fram neitt álit landbn.

Það má kannski segja að nefndin hafi komist að niðurstöðu um það hvernig landið lá. Það er einfaldlega þannig að ríkisstjórnin hefur samþykkt ákveðna túlkun á bókun 3 og það verður að koma í ljós hvernig hún verður túlkuð í framtíðinni. Eftir því sem ég best veit liggur ekkert fyrir um túlkun Evrópubandalagsins á þessum málum og það mun koma í ljós, eins og ég sagði, hvert þetta leiðir. Ég er í rauninni að gera athugasemd við þessa fullyrðingu hans en ég hef sjálf ekki haft miklar áhyggjur af því sem snertir landbúnaðinn heldur fyrst og fremst því atriði að það vakti auðvitað áhyggjur að sjá hversu illa hafði verið gengið frá bókuninni. Það voru hreinlega samningaglöp hvernig bókunin var orðuð og síðan er ríkisstjórnin að reyna að bjarga því með því að samþykkja ákveðna túlkun á málinu. Fulltrúar ráðuneytanna, sérstaklega utanrrn., töldu ekki ástæðu til þess að hafa neinar áhyggjur af þessari umdeilanlegu bókun. Reyndar var landbrn. ekki alveg sammála en þetta er í raun og veru nokkuð opið.

Að mínum dómi komst nefndin að niðurstöðu um það hvernig málið væri statt en gaf ekki frá sér neitt álit eða ágreiningslausa niðurstöðu, eins og þingmaðurinn sagði. Ég vildi gjarnan að hann rökstyddi þessa fullyrðingu. Hann virðist túlka það þannig að fyrst ekki komi einhvers konar tvískipt álit eða einhverjar skýrar skoðanir hafi verið alger samstaða í nefndinni en ég veit reyndar að svo er ekki.

Virðulegi forseti. Það væri hægt að hafa hér langt og mikið mál um mörg fleiri atriði. Við 2. umr. hafði ég ætlað mér að taka fyrir nál. meiri hluta utanrmn. vegna þess að það álit er yfirfullt af alls konar fullyrðingum sem er vert að ræða, en ég veit ekki hvort ástæða er til að vera mikið að fara út í þá umræðu hér. Það hefur þegar farið fram atkvæðagreiðsla um þetta mál í þinginu og ég held að okkur sé öllum ljóst hvernig staðan er. En það breytir því auðvitað ekki að enn hafa menn ýmislegt að segja.

Ég ætla aðeins að nefna það sem kom m.a. fram í máli forsrh. í gærkvöldi að forustumenn stjórnarflokkanna eru alltaf að býsnast yfir því að hér hafi umræðan verið löng og meiri en hjá öðrum EFTA-ríkjum. Ég velti því fyrir mér hvernig þeir sjá fyrir sér stöðu Ís-

lands. Mér finnst það svo augljóst að við erum í allt annarri stöðu en önnur ríki EFTA. Við erum ekki tengd við fastalandið. Við erum örlítil smáþjóð sem ætíð hlýtur að velta fyrir sér hverju skrefi sem stigið er í samvinnu við aðrar þjóðir. Eins og öllum má ljóst vera, þá er einfaldlega miklu meiri andstaða við þetta mál hér en í öðrum EFTA-ríkjum. Það rifjar upp fyrir mér það sem fram kom í ræðu hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar áðan um það að þjóðir Norðurlandanna ætluðu sér inn í EB. Það eru reyndar fyrst og fremst stjórnmálamennirnir sem ætla þangað og svo virðist samkvæmt skoðanakönnunum sem þar sé nú meiri hluti á móti aðild að EB. Þannig að jafnvel þar sem kratarnir eru svona sterkir eru uppi miklar efasemdir um hvaða skref er rétt að stíga í samvinnu við aðrar þjóðir. Menn hljóta að skilja að það er ekkert undarlegt við það að Alþingi Íslendinga og íslenska þjóðin liggi vel og lengi yfir þessu máli og vilji vita vel hvað hún er að gera.

Virðulegi forseti. Þetta er mín síðasta ræða í þessu máli. Ég held að ég hafi það sem mín lokaorð að ég tel að hagsmunum Íslendinga væri betur borgið utan EES en innan og tel að við eigum aðra möguleika í stöðunni en að ganga inn á hið Evrópska efnahagssvæði. Ég hef miklar efasemdir um þá hugmyndafræði sem býr þar að baki og ég get ekki leynt þeim ótta mínum að með þessu skrefi sé verið að tengja okkur Evrópubandalaginu og að það verði hugsanlega ekki aftur snúið.

Við erum mikið spurð að því hvaða möguleikar það eru sem við eigum og ég viðurkenni það fúslega að það er ekkert eitt sem hægt er að benda á sem einhverja lausn. Lausnin felst fyrst og fremst í því að leita í margar áttir, leita allra leiða, í austur, vestur, austur til Asíu og út um allan heim og að horfa á okkur í miklu stærra samhengi en þessu Evrópusamhengi. Það er mín skoðun að viðskipti okkar við Evrópubandalagið séu orðin hættulega mikil, að við séum farin að treysta alltof mikið á einn ákveðinn markað og að það verði affarasælast fyrir okkur að leita til fleiri átta.

Síðast en ekki síst, virðulegi forseti, tel ég að með þessum samningi, ef af honum verður, það er nú reyndar óljóst enn þá hvað um samninginn verður og kann að vera að ýmislegt eigi eftir að gerast — nú hristir hv. 17. þm. Reykv. höfuðið, hann er mjög sannfærður um það að af þessum samningi verði eins og fleiri kratar hér í þinginu, en það getur ýmislegt átt eftir að gerast á þeim mánuðum sem fram undan eru. Maður veltir því auðvitað fyrir sér hvort Evrópubandalaginu þyki taka því að ganga í gegnum þennan millileik eða þennan hálfleik sem EES hugsanlega er. Úr því verður nú framtíðin að skera. En allra síðast, virðulegi forseti, er það nú svo að við kvennalistakonur erum hingað komnar á Alþingi Íslendinga til þess að reyna að gera allt það sem í okkar valdi stendur til þess að bæta stöðu kvenna og barna í okkar þjóðfélagi og ég tel að þessi samningur um Evrópskt efnahagssvæði, ef hann verður að veruleika, verði kvennabaráttu fremur til trafala en til hins betra. Ég tel að við séum með honum að stefna að aðlögun að þjóðfélagsþróun sem mér er ekki að skapi. Ég tel að sú þróun gangi þvert á það sem æskilegt er og þá er ég að tala um þjóðfélög sem bjóða þegnum sínum upp á meira jafnrétti, meira öryggi og meiri jöfnuð en við sjáum nú. Ég held að því miður séum við að stefna að aðlögun sem muni draga úr þeim réttindum sem við höfum hér og að fram undan sé þróun sem því miður muni ekki færa okkur börg í bú.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir orðaði það svo að viðskipti okkar við Evrópubandalagið væru orðin hættulega mikil og við ættum að leita til annarra átta.

Nú er það einungis svo að það er eðli markaðarins að við sækjum á þá markaði sem gefa okkur best verð fyrir þær vörur sem við höfum að selja. Það er ástæðan fyrir því að við leitum svo mikið á markaði Evrópubandalagsins. Hún orðaði það líka svo að við ættum að freista þess að sækja fremur í ríkari mæli inn á aðra markaði. Þarna er komið að miklum misskilningi sem gætir oft í málflutningi stjórnarandstöðuþingmanna gagnvart EES. Það er nefnilega ekkert í samningnum um EES sem kemur í veg fyrir að við gerum það líka, að við sækjum líka á markaði í Asíu og í öðrum fjarlægum áttum. Það er hárrétt hjá hv. þm. að við eigum að reyna að festa rætur á sem margvíslegustum og fjölbreyttustum mörkuðum og þetta er ein leiðin til þess. Við erum að treysta okkar markaðsstöðu í Evrópu en það dregur alls ekki úr því að við höldum áfram að gera strandhögg annars staðar.

Þingmaðurinn orðaði það líka svo að hún virti skoðanir þeirra sem fylgdu samningnum um EES að málum, en sagðist vera orðin þreytt á því að heyra menn tala um að af því væri mikill ávinningur og spurði: Hver er þessi ávinningur? Ég verð nú að segja það eftir allar þær umræður sem hér hafa átt sér stað, þá er ég afskaplega hissa ef hv. þm. hefur tekist að komast hjá því að heyra það tuggið upp hér mörgum, mörgum sinnum og ég spyr hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, tekur hún ekkert mark á því sem forvígsmenn allra helstu samtaka í atvinnulífi landsmanna hafa verið að segja? Þau samtök eru öll á bandi EES. Telur hún að hún eða stjórnarandstaðan sé betur í stakk búin heldur en forvígismenn atvinnulífsins til þess að dæma þetta?

Mig langar síðan líka aðeins, af því að hún er að spyrja um hver er ávinningurinn af EES, að líta aðeins á sjávarútveginn. Það vill svo til að þær tollalækkanir sem samningurinn færir okkur er geysilega mikilvægar fyrir okkar útflutning á sjávarafurðum. Ég nefni bara tolla af saltfiski sem eru núna í kringum 13% og fara niður í 3,9%. Halda menn virkilega að þessar tollalækkanir munu ekki gerbreyta stöðu okkar á markaðnum? Hvað með saltfiskflök sem er sú vara sem er í hvað bestri sókn á mörkuðum í Evrópu? 20% tollur í dag sem fer niður í 0%. Hvað með fersku flökin sem eru líka í 18% í dag? Tollurinn af þeim fer líka niður í 0%. Þessi vara er líka í geysilegri sókn einmitt á þessum mörkuðum. Það er ekki einungis það að þetta

muni færa inn í þjóðarbúið aukinn arð vegna tollalækkananna sjálfra, heldur gera lækkanirnar það að verkum að þessar vörur verða miklu samkeppnishæfari og þar af leiðandi verður auðveldar að ryðja þeim brautina. Þarna er um að ræða nýjar afurðir og þess vegna skapar þetta nýrri og betri sóknarfæri inn á Evrópumarkaðinn, gefur okkur möguleika á að færa inn í þjóðarbúið meiri gjaldeyri fyrir sama afla eða jafnvel minni afla.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef margoft tekið það fram í mínum ræðum að ávinningurinn er fyrst og fremst þessar tollalækkanir, þær eru auðvitað stærsti kosturinn við þennan samning. En við hljótum að spyrja á móti, hvaða kostnaður fylgir samningnum? Kemur þetta inn um einar dyr og fer út um aðrar? Það er ein af þeim spurningum sem mér finnst ég aldrei hafa fengið svör við. Hver er kostnaðurinn við Evrópska efnahagssvæðið? Og þar er maður ekki bara að tala um beinan kostnað ríkisins, það sem ríkið þarf að leggja út, heldur líka fyrirtækin. Hvað kostar markaðssóknin? Hvað kostar það íslenskt fyrirtæki að uppfylla þau skilyrði sem samningurinn setur? Og ég get nefnt það aftur að einn af starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins benti mér á það að þeir þurfa að kalla til evrópska sérfræðinga til þess að hægt sé að faggilda það sem þeir þurfa að faggilda hjá sér. Við þurfum að efla samkeppnisstofnunina og það er eitt og annað sem fylgir þessum samningi fyrir utan ferðakostnað og nefndalaun og guð veit hvað mun fylgja. Mér finnst það galli þegar svona stórt mál er til meðferðar að menn skuli ekki reyna að vega og meta kostnaðinn og ég hef miklar efasemdir um að hinn fjárhagslegi ávinningur, sem er ein helsta röksemdin fyrir því að við eigum að ganga inn á hið Evrópska efnahagssvæði, ég hef miklar efasemdir um að hann standist.

Ég ætla ekki að setja mig á háan hest gagnvart forvígismönnum atvinnulífsins. En mér hefur nú fundist íslenskir athafnamenn og ekki síður íslenskir stjórnmálamenn ansi gleymnir í sínum ákvörðunum og ég nefni þar áform um álver og atvinnu af ýmsu tagi sem alltaf á að skila hér stórgróða á stundinni en hefur fært okkur miklar skuldir og mikla erfiðleika. Ég er ekki viss um að þessir menn sjáist alltaf fyrir í því sem þeir eru að gera.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir telur sig ekki hátt söðlaða í samanburði við forvígismenn íslensks athafnalífs þegar kemur að því að meta ávinninga Evrópska efnahagssvæðisins. Ég er henni sammála. Ég tel að þeir hafi mun meira vit á því heldur en hv. þm. og flestir aðrir sem hér eru inni. Ég tel að við eigum auðvitað að fara að ráðum sérfræðinga eins og þeirra.

Hún sagði í sinni fyrri ræðu að hún gerði sér ekki fyllilega grein fyrir ávinningum Evrópska efnahagssvæðisins. Í svari sínu hér áðan við spurningum mínum kom eigi að síður fram að hún fellst á að það er verulegur ávinningur fólginn í tollalækkunum. Gera menn sér ekki grein fyrir því hvernig veröldin er að þróast í kringum okkur? Við hverja erum við helst að keppa? Við erum helst að keppa við Norðmenn. Hvað er að gerast í Noregi? Þeirra sjávarútvegur og þeirra fiskveiðar eru að stóreflast. Þeir hafa aðgang að fiskstofnum í Barentshafi sem eru á ótrúlegri uppleið. Það er talið að áður en þessi áratugur er úti muni þeir draga úr Barentshafi, ásamt Rússum, 800 þús. tonn af þorski. Getur hv. þm. ekki gert sér í hugarlund hvernig samkeppnisstaða okkar væri gagnvart þessari þjóð ef þeir væru innan Evrópska efnahagssvæðisins en við ekki? Ef þeir ættu kost á að hella inn á þessa markaði miklu magni af þorski meðan við með okkar tiltölulega veikburða stofna núna en ætlum að keppa við mikið magn þeirra og þar að auki við tollfrelsi þeirra, ef við ættum að búa við þessa tolla. Hvaða afleiðingar hefði það til að mynda fyrir ýmsa staði sem byggja á útgerð eins og Suðurnesin. Ég nefni þau sérstaklega vegna þess að Samtökum um kvennalista er tíðrætt um atvinnuástand á Suðurnesjum. Evrópskt efnahagssvæði mun taka við þeim fullunnu sjávarafurðum sem einmitt eru unnar þar, sem einmitt hafa verið þróaðar þar. Ég tek þetta sérstaklega sem dæmi vegna þess að það er ekkert svæði á Íslandi sem mun fara jafnilla út úr því ef stjórnarandstöðunni og hv. þm. tekst að koma því svo fyrir að við ferðumst utan Evrópska efnahagssvæðisins, en einmitt þessu kjördæmi þar sem atvinnuleysið er mest og sem Samtök um kvennalista hafa ítrekað gert að umræðuefni einmitt hér. (**Gripið fram í:** Hver er með málþóf núna?)

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég hef margoft nefnt, þá erum við í þessu máli að meta og vega kosti og galla. Og eins og ég sagði áðan, þá er stærsti og langstærsti kosturinn við samninginn tollalækkanir. En hv. 17. þm. Reykv. talar eins og við værum svipt öllu viðskiptafrelsi og þeim samningum sem við þegar höfum. Ég minni á að það stendur í áliti meiri hluta utanrmn. að þeir samningar sem við höfum þar á meðal bókun 6, stendur áfram og hún er mjög mikilvæg.

Við erum líka að benda á að það eru viðskiptaleg rök sem eru yfirþyrmandi í málflutningi stjórnarþingmanna en menn horfa alveg fram hjá öðrum rökum, stöðu íslensku þjóðarinnar, framtíð íslensku þjóðarinnar í þessum alþjóðatengslum. Það sem við höfum verið að benda á er að við eigum aðra möguleika, við höfum vanrækt Bandaríkjamarkað og þar eru ýmsir möguleikar og þeir möguleikar eru til annars staðar í heiminum. Innan örfárra ára fer Austur-Evrópa vonandi að rísa úr rústum og þá opnast þar markaðir þannig að það er ekki svo að við séum að læsa okkur inni — eða við verðum hér ein og yfirgefin norður í Ballarhafi. Menn mega ekki horfa svona þröngt og loka augunum fyrir því að ýmsir aðrir möguleikar eru til í stöðunni. Við erum að vega þetta og meta og mér finnst þessi rök, þessar tollalækkanir, ekki duga til þess að

sannfæra mig um það að við eigum að samþykkja þennan samning. Þar vega önnur rök þyngra. (**Gripið fram í:** Þetta hefur þjóðinni skilist nú þegar.)

Umræðu frestað.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseta Alþingis hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 8. jan. 1993:

„Þar sem Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl., er veikur og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis samkvæmt beiðni hans að óska eftir því að 1. varaþingmaður Alþfl. í Austurl., Hermann Níelsson íþróttakennari, Egilsstöðum, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta tilkynnist yður hér með, virðulegi forseti.

Formaður þingflokks Alþfl.,
Össur Skarphéðinsson."

Þar sem Hermann Níelsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og kjörbréf hans verið tekið fyrir, er hann boðinn velkominn til þings að nýju.

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 580.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það var mjög sérstakt framm íkall hjá hv. samþingmanni mínum í Norðurl. e. en ég get hins vegar upplýst hann um það að ég mun lesa seinna í ræðu minni upp úr stefnuskrá Alþfl. greinargerð sem var afgreidd og staðfest á fundi miðstjórnar Alþb. 28. júní 1992 og færa þar nokkur rök fyrir því að líklega ef hv. þm. hefur staðið að þessari samþykkt hér, þá er nú ekki breitt bil á milli skoðana minna og hv. þm. og honum væri sæmra að spara sér hortugheitin. (**Gripið fram í:** Það var nú Jón Baldvin.)

Það vill þannig til að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var nú reyndar einn af þeim sem sat í fyrrv. ríkisstjórn og sömuleiðis annar hv. þm., Svavar Gestsson, sem líður hér illa undir umræðunni (**SvG:** Ég er næstur.) og sem leiddu þetta mál þangað til fyrir þrem missirum síðan.

Virðulegi forseti. Ég hefði hins vegar gjarnan viljað sjá hæstv. utanrrh. í salnum meðan ég flyt þá ræðu sem annars á ekki að vera löng. Ég er ekki vanur að gera mjög stífar kröfur til þess að ráðherrar sitji undir ræðum mínum, en eftir makalausa ræðu hæstv. utanrrh. í gær mun ég, virðulegi forseti, gera ákveðið þá kröfu að hæstv. utanrrh. komi hér til salar. (**Forseti:** Forseti vill geta þess að hann hefur gert ráðstafanir til þess að hæstv. utanrrh. verði hér í þingsalnum.) Ég met það og hlýt að reikna með því að hæstv. ráðherra birtist hér innan skamms.

Meðan ég bíð eftir því að hæstv. ráðherra komi ætla ég að fara örfáum orðum um annars vegar fjölþjóðasamninga og hins vegar alþjóðasamninga. Mér finnst nefnilega oft og tíðum gæta verulegs tvískinnungs í málflutningi manna sem segja að alþjóðaviðskiptasamningar eru af því góða, en segja í næstu setningu að fjölþjóðasamningar, sem þá eru hugsaðir utan um viðskipti á þrengri svæðum, séu alfarið af því illa. Þetta er ekki svona einfalt. Ef menn eru þeirrar skoðunar að við sem mikil viðskiptaþjóð eigum mikið undir því að það takist góðar verklagsreglur um viðskipti í heiminum, þá hljótum við að skoða bæði alþjóðasamningana, svo sem GATT-samningana og ekki síður þrengri samninga. Og það er líka svolítið sérstakt að heyra menn tala mjög jákvæðum rómi um Bandaríkin sem eru nú kannski stærsta viðskiptaheild sem við þekkjum í heiminum í dag, tala mjög jákvæðum rómi um Bandaríkin í sama orðinu og menn ausa sér aftur yfir viðskiptasamstarf í Evrópu.

Nú tek ég það skýrt fram að það er margt í uppbyggingu Evrópubandalagsins sem er mér mjög ógeðfellt og ég hef talið það skyldu mína sem þingmanns að beita mér eins og ég get gagnvart því að við sogumst ekki inn í Evrópubandalagið. Á því byggði ég m.a. fyrirvara minn þegar ég gerði grein fyrir mínu atkvæði við atkvæðagreiðslu hér fyrir tveim dögum síðan. En ég held að um leið og menn ræða hina jákvæðu þætti Bandaríkjanna, þá ættu menn aðeins að skoða félagslegu innviðina þar, þar sem hefur verið hent fyrir róða þeim félagslegu grundvallarþáttum sem þó Evrópuríki almennt, Íslendingar og nánast allar Vestur-Evrópuþjóðirnar, vilja halda í heiðri.

Virðulegi forseti. Ég sé að hæstv. utanrrh. er kominn í salinn. Ég vil í fyrsta lagi lesa aftur upp fyrir hæstv. ráðherra tilvitnun sem ráðherra hafði í ræðu mína þegar ég gerði grein fyrir mínu atkvæði hér fyrir tveim dögum síðan. Virðulegi forseti. Það sem ég sagði þar var:

„Það er skoðun mín að það að fella samninginn á Alþingi á þessu stigi geti skaðað hagsmuni okkar í þeim viðræðum sem fram undan eru auk þess sem það muni gefa þeim öflum sem vilja sækja um aðild að EB byr undir báða vængi."

Hér lauk hæstv. ráðherra tilvitnun sinni en áfram sagði ég: „Ég vil hins vegar ekki bera pólitíska ábyrgð á vinnubrögðum núv. ríkisstjórnar og þá sérstaklega hæstv. utanrrh. við lokafrágang samningsins og sit því hjá."

Ég vil einnig undirstrika það að núv. hæstv. ríkisstjórn hefur traustan meiri hluta til þess að bera þetta mál fram þannig að hún þarf engan stuðning annarra til þess.

Virðulegi forseti. Ég tel að það tækifæri sem hæstv. utanrrh. hafði í gær í opnum sjónvarpsumræðum við 3. umr. samningsins hafi verið eitt stærsta tækifæri sem stjórnmálamaður hefur fengið lengi. Ég mundi kannski orða það sem tækifæri aldarinnar. En því miður, hæstv.

ráðherra reis ekki undir því og hann klúðraði því algjörlega. Það sá maður m.a. með því að horfa á svip hv. þingmanna Sjálfstfl. undir ræðu hæstv. utanrrh. í gærkvöldi. Hæstv. ráðherra hafði það tækifæri eftir að atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. var lokið að byggja brú milli hinna pólitísku afla sem að mínu mati liggja ekki svo langt hvert frá öðru í þessu máli. Í stað þess þá kaus hæstv. ráðherra að nota þetta tækifæri til þess að ausa alþingismenn og Alþingi auri. Ég ætla ekki að ræða frekar um ummæli hans um Alþingi, margítrekuð síðustu vikur, en virðulegi forseti, það er mín skoðun að hæstv. ráðherra hafi með makalausri ræðu sinni í gærkvöldi gert öll fyrri ummæli sín þar að lútandi dauð og ómerk, því við vorum svo lánsöm að þessi ræða var flutt í beinni útsendingu og vegna áhuga fólks á málinu þá horfði stór hluti þjóðarinnar á þennan málflutning.

Það væri langur lestur að lesa þau ónefni og niðrandi ummæli sem hæstv. ráðherra hafði um einstaka þingmenn, fyrrv. ráðherra, þjóðréttarfræðinga, prófessora og fleiri þar sem hann kom við í sínu máli. Ég endurtek það sem ég sagði áður að þessi ræða hans, að mínu mati, dæmir dauð og ómerk öll fyrri ummæli hans varðandi sömu þætti og ég þarf ekki að hafa um það frekari orð.

Hæstv. ráðherra hafði nefnilega það tækifæri þarna að móta og leggja línurnar fyrir framtíðina því það er það sem skiptir öllu máli í dag hvernig við stöndum að samningum okkar við Evrópu á næstu mánuðum og missirum. Um það hygg ég að nánast allir þingmenn séu sammála og ég mun m.a. til staðfestingar á máli mínu vitna seinna í yfirlýsingu þingflokks Alþb. og alls ekki á nokkurn niðrandi hátt. Þetta er það sem skiptir máli í dag og ég sagði við 2. umr. í ræðu minni að ég teldi að það væri grundvöllur fyrir verulegri pólitískri sátt í málinu sem byggðist á því að samningnum um EES — það liggur fyrir að hann á hér traustan pólitískan meiri hluta — yrði breytt í tvíhliða samning við Evrópubandalagið og Alþingi lýsti samhliða yfir þeim vilja sínum að þannig yrði unnið að málum, að samhliða aðildarviðræðum hinna þjóðanna í EFTA færu fram viðræður okkar Íslendinga um að breyta EES hvað okkur snertir í tvíhliða samning við Evrópubandalagið.

Ég tel að með einfaldri þál. frá Alþingi Íslendinga þar sem þessi stefna kæmi fram, og ég er þess fullviss að hún á mikinn meiri hluta, væri hægt að færa málið í þennan farveg. Ég beini þeirri spurningu beint til hæstv. ráðherra, hann hefur enn tækifæri, hvort hann sé tilbúinn til þess að beita sér fyrir slíku.

Ég vitna einnig í ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur í gær, að mínu mati einhvers samviskusamasta og duglegasta þingmanns Alþingis, þar sem hún kom einmitt fram með þessa stefnu, að samningurinn um EES, ef hann yrði mótaður í þá veru að breytast í tvíhliða samning við EB, væri það sem þjóðinni væri ásættanlegast. Ég vil nú biðja hæstv. ráðherra að taka verulegt mark á orðum þessa samþingmanns síns.

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að ég mundi rökstyðja það frekar að ég teldi að fyrir leið sem þessari væri mikill pólitískur vilji. Alþb. ályktaði um samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði á sl. sumri. Þeirra ályktun fólst í því að það bæri að hafna samningnum, hann væri ekki lengur í takt við tímann og við ættum að leita eftir tvíhliða samningum við EB. Þessa skoðun Alþb. virði ég fullkomlega, ég held að hún hafi verið sett fram á heiðarlegan hátt. Það vantar hins vegar verulega á það að allir hv. þingmenn Alþb. hafi það umburðarlyndi að geta virt skoðanir annarra. Það hefur kannski lýst sér best í ummælum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar þegar hann hefur komið upp með andsvör.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, sem ég sakna að er ekki hér í salnum, hefur sagt réttilega að í þessu máli tali þingflokkur Alþb. einum rómi og það er alveg hárrétt. En hver er þá þessi eini rómur þingflokks Alþb.? Ég hafði ekki áttað mig á því að fullu, ég vissi um það að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson skrifaði í Morgunblaðið í sumar og birti þar drög að tvíhliða samningi. Ég hafði hins vegar heyrt að nokkrir hv. þm. flokksins vildu ekki fullkomlega kannast við þann gjörning, þannig að ég var eilítið ráðvilltur gagnvart því hver væri sú stefna sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur margítrekað vitnað í sem sameiginlega stefnu þingflokks Alþb. Það var ekki fyrr en í morgun að ég lét senda mér ofan frá skrifstofu Alþb. þennan bækling sem heitir „Sjálfstæður samningur Íslands og EB, framtíðarskipan samskipta Íslands og Evrópubandalagsins, greinargerð þingflokks og framkvæmdastjórnar". Hér stendur undir: Afgreitt og staðfest á fundi miðstjórnar Alþb. 28. júní 1992.

Í lok bæklingsins segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Í tvíhliða samningi Íslands og EB verður m.a. byggt á hugmyndum um frjálsa vöruflutninga, fólksflutninga, þjónustustarfsemi, fjármagnsflutninga og almenna samkeppni." — Þarna er fjórfrelsið komið eins og það leggur sig. Ég vil gera þetta á fullkomlega heiðarlegan hátt og til þess að þeir njóti fulls sannmælis þá stendur hér áfram:

„Auk þess sem hafðar verða til hliðsjónar reglur Norðurlanda um vinnumarkað og búseturétt og afdráttarlaus réttur Íslendinga til að skipa forræði og eignarhald á auðlindum til lands og sjávar verði tryggður með sérstökum lögum." En eftir stendur að samningurinn á að byggjast í grundvallaratriðum á fjórfrelsinu sem veitir þann rétt m.a. til annarra íbúa á svæði Evrópubandalagsins, rétt til vinnu og starfsemi hér á landi.

Auk þess segir hér um það, og þar er ég þeim alveg sammála, að ef við gætum komið málum í þetta horf þá mundi það auðvelda mikið framkvæmdina. Þar segir um framkvæmdina:

„Framkvæmd tvíhliða samnings milli Íslands og Evrópubandalagsins verði einfaldari í sniðum heldur en samkvæmt EES-samningnum. Eingöngu verði sett á fót samstarfsnefnd um eftirlit og gerðardómi beitt verði deilumál um framkvæmd samningsins ekki útkljáð." Síðan segir: „Pólitísk vandamál verði leyst í ráðherraviðræðum." — Það er ekkert nefnt að þegar kæmi að

pólitískum ágreiningsmálum þá ætti að vera að blanda Alþingi Íslendinga í það, það á að leysast á ráðherragrunni.

Þetta dreg ég hér fram, virðulegi forseti, ekki til þess að hleypa hér nokkurri hörku í umræður heldur fyrst og fremst til þess að sýna fram á það hvað í raun ber lítið á milli aðila varðandi þetta mál. Því miður hefur hæstv. utanrrh. ekki fengist til þess að taka undir sjónarmið í þessa veru. Ég segi hins vegar að það sem ber á milli mín og þeirrar stefnu sem kemur fram í þessu plaggi Alþb. frá síðasta sumri er ekki annað en það að ég hef talið að það væri ekki raunhæft að ná slíkum tvíhliða samningi öðruvísi en í gegnum viðskiptaþátt samningsins um EES. Það er það eina sem ber á milli. (**Gripið fram í:** Stjórnarskráin.) Stjórnarskráin, segir hv. þm, ég hef með vilja, hv. þm., ekki nefnt stjórnarskrána í þessu, ég er að nálgast það sem menn geta verið sammála um. Ég er hins vegar sammála því að það er vafi varðandi stjórnarskrána í þessu máli og auðvitað hefðu menn átt að ganga í það verk að leysa það eins og annað. Það er einu sinni svo að það eru næg ágreiningsefni í okkar þjóðfélagi til að takast á um þó að við settumst niður og leituðum þeirrar lausnar sem sameiginleg niðurstaða gæti verið um varðandi Evrópusamningana. Ég er þess fullviss að hv. þm. Svavar Gestsson er mér sammála í þessu efni og þetta nefni ég vegna þess að hann hefur verið iðinn við að hjálpa mér áfram með framgang minnar ræðu með jákvæðum framíköllum. (**SvG:** Ég er næstur.) (**Gripið fram í:** Það er óþreyja í honum.) Já, virðulegi forseti, það er komin óþreyja, þetta er eins og með gæðinginn sem bíður eftir að verða hleypt.

Virðulegi forseti. Ég hef komið á framfæri þeim sjónarmiðum sem mér lágu á hjarta varðandi 3. umr. Ég lýsti þeirri skoðun minni fyrir 2. umr. að ég mundi sitja hjá við atkvæðagreiðsluna. Sú skoðun mín byggist á því sem ég hef verið að lýsa hér áður í minni ræðu að leiðin til tvíhliða samnings okkar við EB lægi í gegnum samninginn um EES. Eftir að við höfum farið fram á það að fara í tvíhliða viðræður samhliða aðildarviðræðum hinna ríkjanna að Atlantshafsbandalaginu, þá gætum við á þeim vettvangi unnið að því að festa í sessi þá fyrirvara sem við viljum hafa en sem var mjög erfitt meðan við vorum í samfloti við hinar EFTA-þjóðirnar. Það vita örugglega allir ráðherrar hæstv. fyrrv. ríkisstjórnar.

Virðulegi forseti. Ég ítreka svo að lokum spurningu mína til hæstv. utanrrh., hvort hann sé tilbúinn til þess, þrátt fyrir það sem hér gekk á í gærkvöldi, að vinna að því að sá vilji, sem ég tel fullvíst að sé vilji mikils meiri hluta Alþingis að ganga til samninga um að breyta samningnum í tvíhliða samning okkar við EB, hvort hann vill beita sér fyrir því að sá vilji Alþingis komi fram. Það getur vel verið að það tækifæri sem ég nefndi að hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn hafi fleygt frá sér í gærkvöldi sé ekki að fullu liðið hjá.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talaði um það að það væri mjög sérkennilegt að heyra það frá andstæðingum þessa samnings að þeir teldu að það ætti að auka viðskiptin við Bandaríkin. Ég er ein af þeim sem hafa sagt það að við ættum að efla og halda tengslum við Bandaríkin, sem og reyndar önnur svæði. En síðan sagði hann — ég man ekki nákvæmlega orðalagið — að ausa sér yfir EB og vilja ekki gera viðkiptasamning við Evrópubandalagið. Það á alla vega ekki við mig né aðrar kvennalistakonur, við höfum aldrei nokkurn tímann sagt að við værum á móti því að gera viðskiptasamning við Evrópubandalagið. Við hvern átti þingmaðurinn þegar hann segir að einhverjir — ég hef ekki heyrt það hér að neinn sé á móti því að gera viðskiptasamning við Evrópubandalagið, hvorki ég né aðrir sem ég hef hlustað á. Við höfum alltaf lagt áherslu á að eiga viðskipti við allar þjóðir, ekki aðeins við EB heldur einnig við Bandaríkin og önnur svæði. Ég hef aldrei heyrt neinn annan halda neinu öðru hér fram í þessum þingsal. En Evrópska efnahagssvæðið og aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu er allt annað en viðskiptasamningur. Það er miklu meira heldur en það. Með Evrópska efnahagssvæðinu eru sjálfstæðar þjóðir ekki að gera með sér venjulegan viðskiptasamning heldur eru þær að gera miklu meira, þær eru að afsala sér ákveðnum völdum sem eru miklu víðtækari heldur en bara á viðskiptasviðinu og þær eru að láta í hendur yfirþjóðlegra stofnana vald sem annars er falið þingi, ríkisstjórn og dómstólum. Þannig að mér þykir þingmaðurinn skulda okkar ákveðna skýringu á þessum orðum sínum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skulda e.t.v. þá skýringu að hafa ekki tekið það nógu skýrt fram að ég var að ræða um almenn viðhorf til þessara mála og ég var í sjálfu sér ekki að tala beint til þingmanna í salnum. Ég var að tala um þau viðhorf sem eru í gangi í þjóðfélaginu. Þar eru vissulega til og ég hef heyrt uppi þau sjónarmið að við ættum meira að segja að ganga svo langt að loka sendiráðum okkar í Evrópu og snúa okkur helst nánast alfarið að öðrum hlutum heimsins. Nú er það einu sinni svo að við erum á hverjum tíma að leita fyrir okkur með viðskipti hvar sem við komum því við og við höfum notað til þess þær tollaívilnanir sem við höfum fengið m.a. hjá GATT. Á því byggjast samningar okkar um tollfrelsi sjávarafurða og ullarvarnings, bæði við Bandaríkin og Japan. Við höfum gert samninga inn á við við Evrópu og þannig er það einu sinni enn þann dag í okkar heimi, hvernig sem það verður í framtíðinni, að annars vegar er um að ræða alþjóðaviðskipti sem byggjast á reglum sem þar að lúta og síðan þrengri viðskiptaheildir. Bandaríkin hafa verið að mynda sína viðskiptaheild og ég get fullyrt það að ég deili þeirri skoðun, sem ég tel vera skoðun hv. þm. sem hér var með andsvar, þess efnis að það æskilega form er að þetta færist sem mest yfir í almennar reglur á alþjóðasviðinu. En hitt er engu að síður staðreynd að ríkjahópar hafa tekið sig saman, næstu ríki, og myndað nánari reglur um sín viðskipti. Það er væntanlega á þeim forsendum sem hv. þm. telur, eins og

ég, að það sé nauðsynlegt að ná hagstæðum viðskiptasamningi við Evrópubandalagið.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi einungis þakka hv. þm. fyrir að skýra nánar hvað hann átti við með þeim orðum sínum sem hann viðhafði hér áðan því það mátti skilja að hann væri að tala um okkur sem vildum alls ekki ganga til samninga við Evrópubandalagið um Evrópska efnahagssvæðið og það kemur mér satt að segja á óvart að hann hafi heyrt þetta og það sé algengt í þjóðfélaginu. Ég hef aldrei heyrt þetta. Mér þykir það mjög merkilegt og það eru einhverjir aðilar aðrir en þeir sem ég hef talað við sem vilja loka sendiráðum í Evrópu, ganga svo langt að útiloka sig frá löndum Evrópu. En það má vel vera að þeir séu til og það hlýtur að vera ef þingmaðurinn hefur heyrt það en algengt getur það varla verið.

Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan og við erum þá sammála um það að við eigum að hafa sem best samskipti og viðskipti við allar þjóðir, bæði Evrópuþjóðirnar sem og aðrar þjóðir og er ég ánægð að við erum sammála á því sviði.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér varð það á við upphaf umræðu í gær að fara viðurkenningarorðum um hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, hv. 6. þm. Norðurl. e. Nú heyri ég að hann hefur tekið það mjög nærri sér og mér þykir alveg sjálfsagt að sýna honum þá nærgætni í framtíðinni að láta vera að hæla honum jafnvel þótt hann kynni að gefa tilefni til.

Hv. þm. beindi til mín spurningum um afstöðu til þess að íslensk stjórnvöld leituðu eftir því að breyta EES-samningnum að formi til í tvíhliða samning. Þessa spurningu höfum við rætt nokkuð oft áður. Það fyrsta sem um hana er að segja er að ef EES-samningnum verður hafnað á Alþingi Íslendinga þá verður honum náttúrlega ekki breytt í eitt eða neitt. Til þess að verða við þessum tilmælum hv. þm. þarf með öðrum orðum að samþykkja samninginn. Og liðveisla hans í því efni væri að sjálfsögðu vel þegin þar af leiðandi. Síðan er þess að geta að þótt þetta sé þjóðréttarsamningur milli Íslands og Evrópubandalagsins að formi til eru samningarnir tilkomnir sem fjölþjóðasamningar. Nú er spurningin sú: hin ríkin hafa sótt um aðild að Evrópubandalaginu. Við vitum ekki á þessari stundu hvort það verður niðurstaðan, hvort sú afstaða stjórnvalda í þessum löndum hlýtur stuðning í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þaðan af síður vitum við hvenær það yrði. Við vitum með öðrum orðum ekki hvort Ísland að lokum verður eitt EFTA-ríkjanna gagnvart Evrópubandalaginu. Þá spurningu höfum við hins vegar rætt í tvígang með formlegum hætti við forsvarsmenn Evrópubandalagsins, þ.e. við utanríkisráðherra þess, Andriessen, og við þann utanríkisráðherra sem gegndi síðast formennsku, Douglas Hurd. Í báðum þessum samtölum varð sameiginleg niðurstaða milli okkar, þ.e. að ef svo færi að Ísland yrði eitt eftir þá myndum við taka upp samninga sem þýddu eftirfarandi: Brott féllu stofnanir til eftirlits og dómstólsstofnun og við tæki sameiginleg nefnd til þess að stýra framkvæmd samningsins. Þá hefði hann í reynd breyst í tvíhliða samning. Ég segi fyrir mitt leyti og segi það að höfðu samráði við forsrh. að við erum báðir reiðubúnir til þess að taka þetta mál upp formlega þá í þriðja sinn í formi bréfs til framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins og óska eftir formlegum umræðum við bandalagið. En það verður hins vegar að ráðast af atburðarásinni hvenær tímabært væri að fara í slíka samninga. Forsendan í því öllu saman er náttúrlega sú að þessi samningur verði samþykktur.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu þykir mér hólið gott, nánast hvaðan sem það kemur. En það kom fram í samhengi við ræðu sem hæstv. ráðherra flutti í gærkvöldi sem var þess efnis að einhverjir hafa sjálfsagt haft efasemdir um það. En ég fagna því hins vegar að hæstv. ráðherra talar hér á allt öðrum nótum. Og ég hef ekki heyrt hann lýsa hér fyrr yfir úr ræðustól varðandi bréfaskriftir hæstv. ríkisstjórnar. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort það væri ekki mikið skynsamlegra að stíga skrefið stærra og bréf hæstv. ríkisstjórnar varðandi tvíhliða viðræður væri byggt á samþykki Alþingis. Það held ég að mundi styrkja ríkisstjórnina og ekki síður verða til þess að milda á allan hátt þá hörðu umræðu sem er um þetta mál í þjóðfélaginu í dag. Og hæstv. ráðherra á vissulega nokkra sök á í hvern hnút er komið.

Ég vil því ítreka þá spurningu til hæstv. ráðherra hvort það væri ekki stuðningur fyrir ríkisstjórnina að hafa á bak við slíkt bréf vilja Alþingis sem ég er fullviss að hér er fyrir hendi til að breyta samningnum í tvíhliða samning.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er sem kunnugt er sósíaldemókrat eða jafnaðarmaður að lífsskoðun og trúaður á hinar hægfara umbætur. Svar mitt við spurningu hæstv. þingmanns er því þetta: Við skulum stíga eitt skerf í einu. Fyrst skulum við samþykkja þennan samning. Fyrr en það er gert er ekkert um að tala að breyta honum sem ekki er í eitthvað annað.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að víkja hér að talnaleikfimi hæstv. utanrrh. frá í gærkvöld. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að leggja það á hann enn einu sinni að þurfa að hlusta á það sem stjórnarandstæðingar eru að segja. Þó að hann hafi borið það á torg með erlendum þjóðum, þar sem hann er borðnautur greifanna, að það væri erfitt að hlusta á okkur hér, þá verð ég því miður að óska eftir því að hæstv. ráðherra verði kallaður í salinn. (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess að hæstv. utanrrh. komi.) Meðan hinkrað er lítillega eftir hæstv. utanrrh. þá vil ég kannski aðeins drepa á nokkur orð úr ræðu hv. þm. Jóhannesar

Geirs Sigurgeirssonar. Hann komst þannig að orði: Ríkisstjórnin hefur traustan meiri hluta í þessu máli og þarf því ekki hjálp. Og ég skil þessi orð þannig að af þeirri ástæðu sitji hann hjá. Ef það ylti á hans atkvæði hvort samningurinn færi í gegn eða ekki þá mundi hann greiða honum atkvæði. Ég skil þingmanninn svona og auðvitað getur hann út af fyrir sig leiðrétt þetta hjá mér, ég vona að þetta sé misskilningur hjá mér, en ég skildi þessa uppsetningu svona. Hann orðaði þetta nákvæmlega svona: Ríkisstjórnin hefur traustan meiri hluta og þarf því ekki hjálp. Þetta segi ég hér vegna þess, virðulegur forseti, að það gerðis í umræðunum í gærkvöld að utanrrh. og forsrh. hældust um yfir því að þeim hefðu áskotnast liðsmenn nýir úr hópi stjórnarandstæðinga. Hæstv. forsrh. vitnaði að mig minnir til atkvæðagreiðslu sem fram fór í upphafi þessa máls og sagði frá þessari atkvæðagreiðslu og til atkvæðagreiðslunnar nú á dögunum hefur það gerst að sex stjórnarandstæðingar hafa skipt um skoðun. Það er auðvitað bersýnilegt að þessir stjórnarherrar, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., eru að hælast um yfir liðsauka sem þeim hafi tekist að krækja í. Ég hef auðvitað fulla samúð með þeim þingmönnum sem sátu hjá við atkvæðagreiðsluna nú á dögunum í þessu efni að hæstv. ráðherra skuli haga orðum sínum með þeim hætti sem hér hefur verið gert. Ég tala nú ekki um þegar hæstv. utanrrh. er svo smekklegur að nudda viðkomandi sexmenningum upp úr manndómsleysi í leiðinni. Ég held að það sé nauðsynlegt að þetta komi fram og þessi afstaða hv. 6. þm. Norðurl. e. verði skýrð aðeins nánar vegna þess að hjásetan hefur verið túlkuð af ríkisstjórninni sem stuðningur við samninginn og við ríkisstjórnina og þá stefnu sem utanrrh. og forsrh. eru að knýja hér fram.

Það er út af fyrir sig alveg rétt hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. og það hef ég látið koma mjög rækilega fram í ræðum mínum hér, m.a. í ítarlegri ræðu sem ég flutti um þetta mál 17. des. sl., að ég tel að hæstv. utanrrh. hafi farið mjög offari í þessu máli. Hann hafi vísvitandi, ég segi vísvitandi, keyrt flokkana í sundur. Hann hafi ekki viljað samfylgd allra í þessu máli. Hann hafi viljað koma hlutum þannig fyrir að um þetta mál yrði stríð vegna þess að hann kýs jafnan frekar stríð en frið ef kostur er á hvoru tveggja.

Ég tók mjög grannt eftir því sem fram kom í ræðu hæstv. 6. þm. Norðurl. e. og fyrirvörum hans og ég mun koma að því nánar hér síðar og öðrum fyrirvörum sem fluttir hafa verið af því fólki sem sat hjá hér á dögunum. Og ég segi: Mér fannst öll rök, t.d. hv. 3. þm. Norðurl. e., nægja hver um sig til þess að ráðast gegn málinu og greiða atkvæði gegn því. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst að útkoma málsins sé sú að ég geti ekki skoðað hana öðruvísi en þannig að það sé skortur á vilja til samheldni innan Framsfl. í þessu máli. Ég skil það svo. Ég hef ekki heyrt þau rök eða þær víglínur sem skilja menn að með þeim hætti sem ætla mætti af þeirri afstöðu sem hér kemur fram af því að ég tel t.d. að hv. 3. þm. Norðurl. e., sem hér gengur í salinn og út aftur, hafi í raun og veru flutt rök gegn málinu þó hún hafi kosið að sitja hjá. Þetta mun ég aðeins ræða síðar og sömuleiðis sérstaklega um afstöðu Alþb. En af því að ég vildi varpa hér orði á hæstv. utanrrh. þá ætla ég að segja það að í gærkvöld, í fyrri ræðu sinni, fór hann með margföld ósannindi og margfaldar blekkingar í sambandi við það sem kemur út úr þessum samningi. Og það er alvarlegur hlutur að blekkja atvinnulausa þjóð með gylliboðum sem ekki standast og eiga engin rök af neinu tagi.

Hæstv. utanrrh. nefndi í ræðu sinni í þessu sambandi fimm atriði sem öll voru blekking eins og þau voru sett fram. Í fyrsta lagi sagði hann að samkvæmt varfærnislegum útreikningum Þjóðhagsstofnunar væru hlutirnir svona og svona. Í öðru lagi að samningurinn þýddi 1,5% viðauka við okkar landsframleiðslu á einu ári. Í þriðja lagi að það væru 7.000 millj. kr. Í fjórða lagi að það þýddi 3% kaupmáttaraukningu sjálfkrafa og í fimmta lagi að það þýddi 3,3% bata fyrir sjávarútveginn sem dygði honum í þeim erfiðleikum sem sjávarútvegurinn stendur frammi fyrir í dag. Hvað er rangt við þetta? Allt, allt. Vegna þess að í fyrsta lagi er það ekki þannig að ráðherrann hafi vitnað hér í varfærnislega útreikninga Þjóðhagsstofnunar. Hann vitnaði í töluna 1,5% sem er hærra en hæsta tala Þjóðhagsstofnunar í því gagni sem hann hélt á í höndunum. Hæsta tala Þjóðhagsstofnunar er ekki 1,5% heldur 1,4%. Þjóðhagsstofnun segir í sínu áliti að besta útkoma úr þessu, árangrinum af þessum samningi sé 0,6–1,4% og ekki strax heldur eftir átta ár. Eftir átta ár. Með öðrum orðum, rétt um eða eftir aldamótin.

Hæstv. ráðherra nefndi aldrei þessi átta ár. Og hann nefndi heldur ekki lægri töluna í spá Þjóðhagsstofnunar, gaf þvert á móti í skyn að hann væri með lægstu töluna. Til hvers? Til að blekkja þjóðina. Til að reyna að telja mönnum trú um að í EES-samningnum sé ákveðnara og sterkara ljós inn í myrkur efnahagsvandans í þjóðfélaginu núna heldur en er í þessum samningi. Hann gat þess heldur ekki að Þjóðhagsstofun hefur sýnt fram á að batinn sem af þessum samningi geti leitt sé í besta falli 0,4–0,6% eftir fjögur ár. En ráðherrann gaf það í skyn að um leið og samningurinn hefði verið staðfestur, þ.e. segjum að það gerist einhvern tímann á þessu ári, að þá svo að segja samstundis sé þjóðarhagur okkar betri um 1,5%. Það er hrein blekking. Og hæstv. ráðherra segir líka að þetta þýði 7 milljarða. Staðreyndin er sú, virðulegi forseti, að þessi bati sem menn eru hér að tala um upp á segjum í mesta lagi 1,4% getur í mesta lagi þýtt 5,5 milljarða eftir átta ár, eftir aldamóti. Og staðreyndin er sú að eftir fjögur ár þá getur hér að mati Þjóðhagsstofnunar verið um að ræða í mesta lagi 0,5%; eða hversu háa tölu? Eins og 1,9 milljarða kr. eða svo. En hann segir við þjóðina: Þú skalt fá bæði gull og gersemar ef þessi samningur verður samþykktur og stjórnarandstaðan hættir að þvælast fyrir.

Og í hverju liggur þessi hugsanlegi bati? Ég hef farið mjög rækilega yfir það m.a. með því að lesa þessi skjöl frá Þjóðhagsstofnun. Hann liggur í fyrsta lagi í því að það verði bati í hagvexti upp á 0,2% í sjávarútveginum í heild. Að hagvaxtaráhrifin á batanum í

sjávarútvegi séu um 0,2% af landsframleiðslu.

Í öðru lagi verði þessi bati vegna þess að vextir munu lækka. Það er verulegur hluti af þeim bata sem Þjóðhagsstofnun gefur sér. Eru þeir að lækka? Er það þannig að þeir muni snarlækka ef hv. þm. samþykkja samninginn um Evrópskt efnahagssvæði? Svarið er nei. Nafnvextir í Íslandsbanka um þessar mundir eru um 21% á viðskiptavíxlum. Vextir á viðskiptavíxlum eru um 21%, raunvextir sennilega 17% eða svo. 17% raunvextir á viðskiptavíxlum Íslandsbanka, hærri en dráttarvextir eru leyfðir hæstir í þjóðfélaginu í dag. Það eru auðvitað engar horfur á því að vextir lækki sjálfkrafa af því að Ísland verði aðili að Evrópsku efnahagssvæði. Það er algerlega fráleitt að setja hlutina þannig upp eins og m.a. fjölmargir sérfræðingar hafa bent á, m.a. erlendir aðilar sem draga í efa þær kenningar, þau gylliboð sem Cecchini telur að felist í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði.

Í þriðja lagi er talið að þessi bati birtist í aukinni framleiðni sem samningurinn hljóti að hafa í för með sér vegna aukinnar samkeppni. Það er alveg augljóst mál að afleiðingin af þessu getur verið aukið atvinnuleysi nema samningnum fylgi sjálfkrafa stóraukinn hagvöxtur. Það liggur ekkert fyrir um það þannig að ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að ég tel það ekki heiðarlegt af hæstv. utanrrh. að setja hlutina upp eins og hann gerði í gær vegna þess að hann er að blekkja. Hann er að reyna að plata menn til þess að segja sem svo: Já, þetta er góður samningur. Við skulum samþykkja hann af því að þá hækkar kaupið okkar um leið. Þá batnar staða sjávarútgvegsins um leið. Þá batnar hagur þjóðarinnar um leið. — Það er ekki þannig og liggur ekkert fyrir af því tagi.

Eins og allir þekkja til sem hafa verið að lesa þessi fræði nú og á síðustu árum og jafnvel áratugum, þá er það almenn skoðun að svokölluð samræming markaða geti þýtt hagvöxt. Hins vegar er ljóst að það er bullandi ágreiningur um það hvaða aðferðir á að nota til að mæla þann hagvöxt sem samræming markaða getur hugsanlega skilað. Cecchini-skýrslan spáði því að langtímaáhrif af Evrópsku efnahagssvæði væru í besta lagi 4,5% en þar segir líka: Hugsanlegt er að verulegur hluti af þessum áhrifum sé kominn fram áður en ákveðið er að stofna þetta svæði, m.a. vegna þess að menn búi sig undir það með tilteknum hætti í fyrirtækjum og í þjóðríkjum. Þess vegna er það mat allra sérfræðinga að í rauninni verði aldrei hægt að sanna að kerfi af þessu tagi þýði sjálfkrafa hagvöxt fyrir þjóðina og hagvöxtur er ekki sama og hagsæld. Það sér maður á atvinnuleysingjatölunum í seinni tíð.

Bandarískur hagfræðingur, Paul Krugman, hefur m.a. bent á það að þessar spár Cecchini-skýrslunnar séu afar vafasamar. Þessi hagfræðingur, Paul Krugman, nýtur mikillar virðingar í heimalandi sínu og hann telur að í besta falli sé skynsamlegt að gera ráð fyrir því að samræmingin á þessu efnahagssvæði öllu skili hagvexti sem er eins og 2,5% eða svo í mesta lagi. En þá er auðvitað eftir að velta fyrir sér: Hagvöxtur hverra og hvar á svæðinu? Skilar hann sér örugglega til allra á þessu svæði, m.a. til jaðranna, til dreifbýlisins, til sveitanna, til sjávarútvegsins, til fátæklinganna í borgunum, til atvinnuleysingjanna, til velferðarkerfisins, til heilbrigðismála, til skólamála eða skilar hann sér fyrst og fremst til þeirra sem eiga mikla peninga fyrir og munu eiga miklu meiri peninga eftir að þessi hringiða markaðskerfisins er komin á fulla ferð? Með öðrum orðum, það er ekki jafnaðarstefna sem hér er verið að framkvæma vegna þess að þessi hagvöxtur, sem verið er að tala um, skilar sér fyrst og fremst til þeirra sem eru ríkir fyrir og þeir verða enn þá ríkari og efnahagslega sterkari eftir sameininguna og breytinguna en áður.

Þetta held ég að sé nauðsynlegt, virðulegi forseti, að komi fram í framhaldi af þessari annars makalausu ræðu hæstv. utanrrh. í gærkvöldi sem var satt að segja algerlega ótrúleg og er útilokað að skilja öðruvísi en hæstv. utanrrh., formaður Alþfl., upplifi sig í bullandi vörn í þessu máli, að hæstv. utanrrh. skynji og skilji að hann sé úti í horni með vissum hætti og hann þurfi að berja frá sér. Ræður eins og þær sem hæstv. utanrrh. flutti í gær eru ekki fluttar af öðrum mönnum en þeim sem eru í vörn, mönnum sem eru hræddir um málstað sinn og vita reyndar að þeir þurfa að bregða ýmsu fyrir sig, jafnvel miður sönnu til þess að fá fólk til fylgilags við þennan málstað.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, nefna í fyrsta lagi í sambandi við þá ræðu sem hæstv. utanrrh. flutti hér í gærkvöld. Ég hef í sjálfu sér ýmis önnur atriði úr þessari ræðu sem ég vil ræða sérstaklega við þennan hæstv. ráðherra en áður en ég vík að þeim er það eitt atriði, endurtekið atriði úr ræðum hans, sem ég vil mótmæla mjög harðlega. Hæstv. utanrrh. var svo smekklegur í máli sínu eða hitt þó heldur að í tvígang í báðum ræðum sínum réðst hann mjög harkalega að formanni Alþb. fyrir það að vera fjarverandi í þeim umræðum sem fram fóru hér í gær. Þvílík lágkúra. Ég efast satt að segja um að það hafi nokkurn tíma gerst á Alþingi í samskiptum leiðtoga flokkanna að einstakir forustumenn hagi sér með þeim hætti sem hæstv. utanrrh. gerði hér í gær í garð formanns Alþb. vitandi það að formaður Alþb., hv. 8. þm. Reykn., er staddur erlendis að sinna tilteknum skyldustörfum sínum og hann hafði látið vita af því. En hæstv. ráðherra er svo smekklaus, hann leggst svo lágt, hann hefur svo vondan málstað að hann telur að það sé nauðsynlegt fyrir sig að ráðast sérstakega að fjarstöddum manni með dylgjum um að hann hafi ekki viljað taka þátt í þeim umræðum sem fram fóru hér í gærkvöldi. Ég verð að segja alveg eins og er að ég hygg að þess séu fá dæmi að stjórnmálaforingjar hagi sér með jafnlítilsigldum hætti gagnvart fjarstöddum þingmönnum, forustumönnum annarra flokka, eins og hæstv. utanrrh. gerði hér í gær. Það er til marks um að hann hefur vondan málstað.

Ég vil líka leyfa mér, virðulegi forseti, að mótmæla sérstaklega lítilsvirðandi ummælum hæstv. utanrrh. um einstaka þingmenn sem voru hér staddir í gærkvöldi, bæði ýmsa þingmenn Kvennalistans og t.d. hv. þm. Hjörleif Guttormsson en ég vil einnig sérstaklega benda á ákveðin ummæli hans um Guðmund Alfreðs-

son þjóðréttarfræðing en í ræðu sinni telur hæstv. utanrrh. ástæðu til að gefa honum þá sérstöku einkunn að hann sé nú ekki mjög merkilegur pappír, hann sé bara sérfræðingur í frumbyggjarétti. Og það er sagt með þeim svip og í þeim tón að það er auðvitað bersýnilegt að menn eiga að skilja að þeir sem eru sérfræðingar í frumbyggjarétti eru með þeim hætti að það á ekki að taka mikið mark á þeim.

Hver er málstaður og hver er staða manna sem þurfa að bregða í kringum sig árásum á fjarstatt fólk með þessum hætti? Og það ljótasta er svo auðvitað það að byggja hér upp himnaríkiskastala fyrir þjóðina, reyna að telja mönnum trú um að ef þú fellur fram og tilbiður mig, þá skal allt þetta gefast þér, kaupmáttur, hagvöxtur, velferð, gleði, hamingja.

„Fólkið er kvíðið um atvinnu sína. Það hefur ekki tíma til þess að hlusta á meira málþóf" voru lokaorð hæstv. utanrrh. sem enn þá einu sinni með smekklegum hætti ræðst að málfrelsi Alþingis Íslendinga. Það var ljót tilraun til að blekkja sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. með þessum hætti hér í gær. Ég tel mig hafa svarað þeirri blekkingu varðandi tölurnar frá Þjóðhagsstofnun með alveg skýrum hætti að það sem ráðherrann sagði er allt saman í raun og veru blekking, allt saman stórkarlalegar ýkjur í hverju einasta tilviki og þegar það leggst saman þá heita það ósannindi og er auðvitað ekki fallegt að reyna á þeim tímum þegar samdráttur og erfiðleikar læsa sig um allt þjóðfélagið að setja hlutina upp með þeim hætti sem hæstv. utanrrh. gerði.

Í ræðu hæstv. forsrh. hér í gærkvöldi var það í raun og veru athyglisverðast, eins og ég gat um áðan, hvernig hann hældist um vegna þeirra sem hafa setið hjá í atkvæðagreiðslu og að þeir hafi í raun og veru skipt um skoðun. Það var einnig mjög athyglisvert að hlýða á það hvernig hæstv. utanrrh. hélt áfram uppteknum hætti í síðari ræðu sinni og hélt því fram að í rauninni hefði allt það náðst sem sett var fram af fyrri ríkisstjórn í þessum málum. Ég vil aðeins víkja að því.

Það sem fyrri ríkisstjórn setti fram í þessum málum voru nokkur meginatriði. Númer eitt má segja það að Íslendingar hefðu forræði yfir auðlindum sínum og Íslendingar hefðu varanlegan fyrirvara, m.a. varðandi land, varðandi orkulindir og varðandi sjávarútveginn. *Staðan er sú að það er enginn varanlegur fyrirvari* varðandi landakaup. Hv. formaður landbn. þyrfti t.d. að kynna sér það að útlendingar, hverjir sem eru, geta gersamlega hindrunarlaust keypt jarðir á Íslandi og hv. formaður landbn., sem hefur því miður ekki tekið til máls enn þá í þessari umræðu er einn af 11 þingmönnum Sjálfstfl. sem hafa ekki kvatt sér hljóðs enn þá og er nú nóg nóttin enn til að ræða málin, skuldar þinginu skýringu á því af hverju hann fellst á það að engir varanlegir fyrirvarar eru varðandi landakaup. Af hverju fellst formaður landbn. á það? Af hverju fellst bóndinn á Akri, hv. 2. þm. Norðurl. v., á það? Hvað eru þeir að hugsa þessir landbúnaðar- og bændaleiðtogar hér í þinginu? Hvorugur þeirra hefur tjáð sig og hafa þeir aftur og aftur stigið hér í ræðustólinn, vil ég leyfa mér að segja, með fullri virðingu fyrir þeim, af minna tilefni en því að það þurfi að ræða mál af þessu tagi.

Staðreyndin er sú að öll þessi mál eru í uppnámi í samningsdrögunum eins og þau liggja fyrir núna, þau eru öll í uppnámi. Auk þess er það þannig að stjórnarskrárþátturinn er í uppnámi og í þriðja lagi er það þannig að með því að samþykkja aðildina að Evrópsku efnahagssvæði eru menn að stíga fyrsta skrefið inn í Evrópubandalagið eins og var staðfest hér í dag þegar hv. þm. Karl Steinar Guðnason, þingmaður Alþfl. og formaður fjárln., lagði það til að Íslendingar gengju í Evrópubandalagið. Það var ekki einu sinni hægt að ljúka umræðunni um EES áður en kæmi fram tillaga um það frá alþýðuflokksmanni, forustumanni og leiðtoga í Alþfl., að Ísland gengi í Evrópubandalagið.

Ég vil þessu næst, virðulegi forseti, víkja örfáum orðum að ræðu Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar hér áðan áður en ég kem að greinargerðum með atkvæðaskýringum. Ég hef rakið afstöðu mína til Evrópsks efnahagssvæðis mjög rækilega og ég geri ekki ráð fyrir að ég þurfi að endurtaka það. Ég býst við að einhverjir af þeim þingmönnum sem hér eru inni kannist við það hvernig ég hef sett það mál fram. Ég hef talið að Evrópskt efnahagssvæði og þessi umræða snúist um þrennt. Hún snúist í fyrsta lagi um spurninguna um fjórfrelsið og ég hef sagt sem svo fyrir mitt leyti, eins og kemur reyndar fram í samþykkt Alþfl., fjórfrelsið er hlutur sem ég tel að liggi í raun og veru í eðli málsins og þessu efnahags- og atvinnuumhverfi sem við höfum kosið okkur að búa í og ég vil búa í. Ég kæri mig ekki um neitt annað. Til þess hins vegar að það sé viðunandi fyrir Ísland, af því að hagkerfið er svo lítið, þá þurfi að vera tilteknir mjög sterkir auðlindafyrirvarar að því er varðar orku, sjó og land. Að því er þetta varðar þá liggja tilteknar samningsniðurstöður fyrir og ég tel að þar hafi ekki náðst allt það sem fráfarandi ríkisstjórn setti sér í þeim efnum.

Í öðru lagi tel ég að þetta mál snúist um stjórnarskrárþáttinn sem slíkan og ég tel að það sé a.m.k. hægt að segja að það sé stórkostlegur vafi að ákvæði samningsins standist gagnvart stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og ákvæðum hennar.

Í þriðja lagi er það svo — og það er í raun og veru það sem hefur alltaf ráðið úrslitum um mína afstöðu *eftir að ég gerði upp hug minn í þessu efni.* Ég gerði það ekki áður en lagt var af stað eða í upphafi — að með samningnum, eins og hann er núna, eru menn í raun og veru að taka inn á sig svo stóran hluta Evrópubandalagsvaldsins, EB-valdsins, að menn eru í raun og veru að setja sig í hraðlest í áttina til Evrópu og inn í Evrópubandalagið. Menn eru að kveðja þar dyra með því að samþykkja þennan samning og það er þess vegna sem ég segi: Ég er á móti samningnum út af þessu síðastnefnda. Í fyrsta lagi sem alveg meginatriði í mínum huga. Auðvitað geta menn eins og hæstv. utanrrh. og kannski einhverjir fleiri hent gaman að því að menn í mínum flokki hafa kannski tekið afstöðu til þessa máls að einhverju leyti út frá mismunandi forsendum. Það er alveg rétt. Það er þannig og það er auðvitað þannig í öllum flokkum að þegar lagt er af

stað með flókið mál þá koma menn að því með mismunandi hætti. Ég geri ráð fyrir því að ég hafi komið að þessu með talsvert öðrum hætti en ýmsir aðrir af mínum samþingmönnum í Alþb. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að niðurstaða okkar er að því er þetta mál varðar sameiginleg, m.a. vegna þess auðvitað að við leggjum á það mjög mikla áherslu í flokknum í þessu stóra máli að ná samstöðu. Við leggjum mjög mikla vinnu í það innan flokksins. Við eyðum í að löngum fundum og skrifum um það langar greinargerðir, höldum um það marga fundi úti um allt land og ég verð að segja að ég rökstyð það sem ég sagði áðan um Framsfl. með þessari reynslu. Mér finnst — en það getur vel verið að ég þekki ekki nóg til í þeim flokki sem heitir Framsfl., enda var ég skamma stund þar, 15 ára gamall. (**Gripið fram í:** Allt of langt síðan.) Það er orðið langt síðan, já, en þó ekkert svo voðalega. Ég man það alla vega vel. En ég þekki ekki nægilega vel til, það getur vel verið, til þess að segja: Mér finnst eins og það geti varla verið að menn hafi lagt sig nægilega vel eftir því að ná saman nema það sé um að ræða djúpa gjá á milli manna sem mér sést yfir í þessum efnum. Þá liggur það bara þannig. En ég verð að segja alveg eins og er að eftir að hafa hlustað á greinargerðir einstakra framsóknarmanna með atkvæðaskýringum fyrir nokkrum dögum finnst mér að í rauninni liggi málið þannig að þeir hefðu flestir, sem gerðu grein fyrir atkvæði sínu, getað greitt atkvæði gegn samningnum miðað við þau rök sem þeir fluttu. Mér finnst að þegar þeir sitja hjá séu þeir með vissum hætti að forsmá eða a.m.k. að setja spurningarmerki við þá afstöðu sem Framsfl. hefur haft áður, t.d. þá afstöðu sem Framsfl. hafði 1989, þá afstöðu sem Framsfl. hafði á miðstjórnarfundi sínum 1992 og jafnvel þá eindregnu afstöðu í stjórnarskrármálinu sem Framsfl. hafði á flokksþingi sínu 1992.

Í þessu sambandi get ég vitnað til ræðu hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar og hv. 3. þm. Norðurl. e. líka. Hv. 3. þm. Norðurl. e. segir, með leyfi forseta:

„Ástæður þess að ég treysti mér ekki til að styðja málið eru m.a. þær að ég er þeirrar skoðunar að málið hefði átt að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu en því var hafnað af meiri hlutanum hér á Alþingi. Auk þess er sjávarútvegssamningurinn óhagstæður fyrir Íslendinga og í þriðja lagi tel ég að ekki hafi verið haldið nægilega vel á málum hvað snertir íslenskan landbúnað. Þar hefði verið hægt að koma betri vörnum við ef vilji hefði verið fyrir hendi af hálfu stjórnvalda.

Síðast en ekki síst leikur mjög mikill vafi á því að samningurinn standist ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar."

Þetta er fróðleg greinargerð sem fram kemur hjá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, sem því miður er fjarri, en margir aðrir þingmenn Framsóknar voru með svipaða greinargerð. (**Gripið fram í:** Þau voru bara tvö.) Nei, það voru reyndar a.m.k. þrír og ég mun víkja að því hér á eftir. Mér þykir leitt að hv. þm. skuli gleyma hv. þm. Páli Péturssyni. (Gripið fram í.) Já, já. En það sem kemur fram hjá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur er að þjóðaratkvæðagreiðslunni hefur verið hafnað. Ég segi: Þingmaður sem af sannfæringu telur að málið eigi að ganga til þjóðaratkvæðis og því er hafnað getur í raun og veru vel greitt atkvæði gegn málinu ef hann vill verða samferða flokki sínum á úrslitastundu.

Sjávarútvegssamningurinn er, segir hún fullum fetum, óhagstæður fyrir Íslendinga. Framsóknarmenn, eins og hv. 1. þm. Austurl., hafa ráðist mjög hart að þessum sjávarútvegssamningi. Ég segi alveg eins og er að ef menn hefðu viljað þá hefði það eitt út af fyrir sig átt að geta verið nægileg rök til þess að menn hefðu snúist gegn þessum samningi um EES eins og hann lítur út.

Í þriðja lagi segir þingmaðurinn að ákvæðin séu slæm að því er varðar íslenskan landbúnað.

Og síðast en ekki síst leikur mjög mikill vafi á því að samningurinn standist ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar. Þetta hafa allir — ég endurtek — allir hjásetumenn Framsfl. sagt. Þeir hafa allir sagt þetta. Ég segi: Ef þingmaður er þeirrar skoðunar að það sé mjög mikill vafi á því að eitthvað standist ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar þá á hann ekki að láta það fara hér í gegn. Ég kem því ekki rökrænt saman í hausnum á mér að menn hleypi því fram hjá sér með stuðningi eða hjásetu sem þeir telja að standist ekki ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar.

Það er af þessum ástæðum, virðulegi forseti, sem ég tel að ég geti dregið þá ályktun að menn hafi kannski ekki lagt sig eins fram um það að vinna menn til samstöðu í þessu máli í þeim flokki sem hér um ræðir og ég hefði talið að venja væri í þeim flokki þar sem menn hafa sýnt samstöðu í hinum erfiðustu málum á undanförnum áratugum og reyndar öllum málum sem stærri eru og ég þekki til um áratuga skeið. (**Gripið fram í:** Hvað með NATO og EFTA?) Í EFTA-málinu var í mjög grófum dráttum, ef ég man rétt, samstaða í Framsfl. að öðru leyti en því að líklega einn þingmaður greiddi atkvæði á móti. Það var varaþingmaðurinn Magnús H. Gíslason á Frostastöðum sem seinna gekk í Alþb. Í þeirri afstöðu var reyndar kveðin um Framsfl. vísa sem kannski er ástæða til að hafa hér eftir af því það er langt liðið á daginn. Hún var eftir einn af ágætum ritstjórum Tímans og er svona, með leyfi forseta:

... situr hjá og segir nei og síðan já við öllu — ég rifja hana upp seinna í umræðunni. Þetta var ágæt vísa og ort í þessari stúku af prýðilega hagmæltum Þingeyingi.

Úr því að ég er að tala um þessi mál ætla ég einnig að víkja að atkvæðagreinargerð hv. 10. þm. Reykv., Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur.

Ein rökin sem hún flytur mjög oft og ég hef mikinn skilning á eru þau að við komumst, eins og hv. þm. segir, ekki hjá því að aðlaga okkur þeim breytingum sem nú eiga sér stað bæði í stjórnmálum og viðskiptum í okkar helstu viðskiptalöndum. Þetta er alveg rétt. Þetta er alveg óhjákvæmilegt að við gerum. En við þurfum hins vegar að gera það með þeim leikreglum sem við ákveðum sjálf. Þegar um er að ræða stóra og mikla viðskiptasamninga og samninga af því tagi sem hér er um að ræða þurfum við auðvitað að leggja á það áherslu að þær leikreglur séu ákveðnar af

sem stærstum meiri hluta þjóðarinnar. Það sé sem mest samstaða um málið.

Ég tel t.d. að síðasta ríkisstjórn hafi ákveðið að stíga mjög veigamikil skref til að aðlaga okkur að þeim breytingum sem eiga sér stað bæði í viðskiptum og efnahagsmálum í okkar helstu viðskiptalöndum. Þar á ég við lögin sem voru samþykkt, ég hygg, 1991. Ég bendi í þessu sambandi á umdeilda reglugerð viðskrh. frá haustinu 1990 um gjaldeyrisviðskipti. Það er því er augljóst mál að um þetta hefur ekki verið ágreiningur í sjálfu sér.

Hv. þm. segir síðan í ræðu sinni: „Ekki er enn komið lagaform á allar þær tilskipanir sem fylgja samningnum." — Og í öðru lagi segir hún: „Enn er vafi á því hvort frv. eins og það liggur hér fyrir stenst gagnvart stjórnarskrá." — Og í þriðja lagi: „Þjóðinni hefur verið meinað að láta í ljós álit sitt í atkvæðagreiðslu um þennan samning."

Ég verð að segja alveg það sama um þessa greinargerð og ég sagði um nokkra hv. þm. Framsfl. áðan að þetta dugir mér ekki sem rök fyrir því að sitja hjá í þessu máli. Ég þarf skarpari rök. Ég vona að þetta tal mitt sé skilið áreitnislaust eða a.m.k. áreitnislítið. Ég ætlast alla vega ekki til að það sé skilið þannig að við séum í einhverju hanaati. En mér finnst mikilvægt að skilja og að þingmennirnir komi því nægilega skýrt á framfæri úr þessum ræðustól hver rökin eru fyrir því að þeir treysta sér ekki til þess að greiða atkvæði gegn samningnum.

Eitt af því sem mikið er nefnt og ég hef heyrt í máli hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar og ég hef einnig heyrt það í máli margra annarra og sérstaklega stuðningsmanna samningsins og er ég þá ekki að nefna þá og þetta fólk í sömu andránni, ég tek það fram. En það hefur komið fram — mér liggur við að segja barnaleg trú á það sums staðar að þetta leysi ekki aðeins allt efnahagslíf á Íslandi úr dróma, eins og hæstv. utanrrh. segir en þetta fólk sem ég var að ræða um hefur aldrei sagt, heldur muni þetta líka færa Ísland inn í einhverja tiltölulega óskilgreinda „Evrópuhamingju". (Gripið fram í.) Orðum ykkar? Nei, nei, ég sagði það ekki. Ég tók það beinlínis fram að það væru ekki orð ykkar. Ég vona að ég megi aðeins ræða um þessi mál. Ég veit að málið er snúið. Mér þykir hundleiðinlegt að vera að pirra þessa þingmenn, ef ég er að því, en ég ætlaði mér ekki að gera það heldur er ég að ræða um málið við þá. Það hefur komið fram hjá öðrum þingmönnum en þeim að EES-samningurinn sé að leiða okkur inn í einhverja unaðslega Evrópuhamingju, himnaríki á jörð.

Mér fannst þetta átakanlega satt að segja í atkvæðaskýringunum í ræðu þess annars ágæta manns, hv. 8. þm. Reykv. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Í þessu máli er tekist á um það hvers konar framtíð við viljum búa komandi kynslóðum vinnufúsra Íslendinga. Viljum við geta boðið ungum Íslendingum sambærileg kjör, menntunartækifæri og félagsleg réttindi eins og nágrannar þeirra í Evrópu búa við eða vilju við taka áhættuna af því að missa allt okkar besta fólk úr landi? Viljum við að íslenskir atvinnuvegir verði samkeppnisfærir ...?

[Þessi aðild] mun gera okkur kleift að skapa tækifæri fyrir börn okkar og barnabörn þannig að þau geti búið við bætt og batnandi lífskjör, sambærileg við það sem best gerist annars staðar." — Sagði hv. 8. þm. Reykv. Geir Haarde.

Þetta er væntanlega blómabrekkan sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson var að lýsa að væri ekki þarna þó menn létu í það skína.

Þessi málflutningur er auðvitað með þeim hætti að hann fær mann aðeins til að staldra við og velta því fyrir sér hvort það er rétt sem hv. 18. þm. Reykv. hafði eftir einhverjum í ræðu sinni áðan að eina hugsjónin sem eftir væri væri Evrópuhugsjón. Vegna þess að það er eins og menn fyllist einhverjum trúarglampa þegar að þessu máli kemur. Ég tel ekki að við séum þannig stödd að við getum ekki búið börnum okkar menntunartækifæri þó við séum ekki þarna inni. Ég tel ekki að það sé þannig að við getum ekki tryggt félagsleg réttindi þó við séum ekki þarna inni. Það höfum við gert. Ég tel ekki að við getum ekki byggt upp velferðarkerfi þó við séum ekki þarna inni. Ég tel að málið liggi ekki svona.

Ég tek eftir því að þeir hv. þm. sem ég var aðeins að ræða um áðan hafa engan veginn, svo það sé alveg skýrt, hagað máli sínu með þessum hætti. Það er mjög langt frá því. Ég hef skilið það svo að þeir vilji vega og meta bæði kosti og galla og hafi komist að niðurstöðu og ég játa það að ég átta mig ekki á því enn þá á hvaða rökum hún er nákvæmlega byggð. Ég sé þau ekki alveg nógu vel. Þar kann að vera að mér hafi yfirsést og ég hafi ekki heyrt eitthvað af því sem hv. þm. hafa sagt og þá biðst ég afsökunar á því.

Í umræðunni um þetta mál höfum við alþýðubandalagsmenn haldið því fram að með því að gerast aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði eins og þetta mál stendur þá værum við að stíga fyrsta skrefið í áttina til Evrópubandalagsins. Ég vil endurtaka þá skoðun mína að ég óttast að svo sé. Ég held að það væri hins vegar mjög æskilegt að menn tækju dálitla rispu um það mál í framhaldi af ræðu hv. 6. þm. Reykn. Vilja menn að við göngum í Evrópubandalagið eða ekki? Ég hef heyrt í mönnum, eins og hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur og fleirum, sem segja: Þetta er varnarlína gegn Evrópubandalaginu. Og ég trúi því alveg að hún skilji það svo og ég ber fulla virðingu fyrir þeim sjónarmiðum út af fyrir sig þó ég nái því ekki alveg hvernig það má vera að þetta sé varnarlína gegn Evrópubandalaginu þegar við erum búin að taka inn á okkur yfirgnæfandi meiri hluta af þeim lögum og reglum sem gilda í Evrópubandalaginu á samningssviðinu. Ég næ því ekki að þetta geti verið varnarlína. Ég held þvert á móti að það að samningurinn yrði felldur núna yrði varnarlína og nægði okkur til þess að fara í tvíhliða viðræður um þessi mál, eins og Alþb. gerði tillögu um, og m.a. hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson vék að í máli sínu áðan.

Virðulegi forseti. Eitt af því sem hefur verið rætt mjög mikið af ríkisstjórninni og aðallega hæstv. utan-

rrh. þegar hann er í útlöndum og við náum ekki til hans er það hvað við séum leiðinleg á Alþingi og hvað það sé ofboðslega mikil pína að þurfa sitja undir þessu liði. Ég er þeirrar skoðunar að umræðan um þetta mál hafi ekki verið óhæfilega mikil miðað við fjöldamörg önnur mál sem hér hafa verið rædd. Ef við tökum EES-málið, alla þætti þess, 1. og 2. umr. um málið, þingskapaumræður, andsvör og fleira, er heildarumræðan þegar allt er lagt saman orðin 80 klukkustundir. Það er mikið. Ég viðurkenni það. Þegar fiskveiðilögunum var breytt 1987–1988, það var ekki þegar kvótinn var settur á heldur var breytt — hvað voru umræðurnar þá miklar á Alþingi? Tæpar 50 klukkustundir. Ég tel tvímælalaust að kvótinn sé stórmál, fiskveiðistefnan sé stórmál, og ég tel að af þessum stærðum geti menn séð að miðað við þær venjur sem hér tíðkast, hvað sem menn segja um þær, sé ekki hægt að kvarta undan því að menn hafi verið með mikið lengri tíma í umræður en algengt er á Alþingi.

Ég ætla að nefna eitt dæmi frá 1969–1970. Ég viðurkenni það og veit að umræður um mál á Alþingi hafa orðið lengri í seinni tíð, á síðustu áratugum, 20 árum, en þær voru áður. Það er rétt. T.d. tók umræðan um EFTA ekki nema um það bil 20 klukkustundir. En ég bendi líka á það að umræðurnar um grunnskólafrv., sem rætt var á þinginu tvisvar 1989–1990 og aftur 1991, einkum af hálfu Sjálfstfl. þegar hann var að reyna að eyðileggja það og stöðva, voru um 15 klukkustundir.

Það er því nokkuð skýrt, virðulegi forseti, að við höfum þessi þingsköp þar sem menn gera grein fyrir máli sínu og þá verð ég að segja: Ég sakna þess að ýmsir stjórnarliðar geri grein fyrir sjónarmiðum sínum í þessu máli.

Þegar umræðurnar hófust í gærkvöld höfðu t.d. fjórir þingmenn Alþfl. aldrei talað í þessu máli. Þegar ég segi aldrei talað, þá er ég með allt undir, bæði andsvör, þingsköp og umræðurnar sjálfar. Fjórir þingmenn Alþfl. höfðu þá aldrei talað í þessu máli. Ekki hæstv. umhvrh., sem talaði aðeins áðan, ekki hv. 5. þm. Austurl., ekki hv. 12. þm. Reykv., hæstv. félmrh., og ekki hv. 6. þm. Reykn., sem flutti áðan munnlega tillögu um að við gengjum í Evrópubandalagið rétt si svona.

Og af þingmönnum Sjálfstfl. eru 11 þingmenn sem aldrei hafa látið svo lítið að gera þjóðinni grein fyrir sínum sjónarmiðum hér í stólnum. Hv. 3. þm. Suðurl., Árni Johnsen, hefur aldrei séð ástæðu til að tala í þessu máli. Hv. þm. Egill Jónsson, formaður landbn., hefur aldrei rætt þennan samning hér. Það er alvarlegur hlutur að formaður landbn. skuli ekki standa betur vaktina fyrir landbúnaðinn, verð ég að segja. Hv. varaformaður landbn. hefur að vísu talað, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, en það er ekkert að marka hann í landbúnaðinum eins og alþjóð veit. Þannig að eini maðurinn sem er með vigt í þessu máli er auðvitað hv. þm. Egill Jónsson og hann hefur ekki sagt orð, ekki tíst. Hæstv. utanrrh. á því eftir að sitja undir þeirri ræðu ætla ég rétt að vona.

Hæstv. fjmrh. hefur aldrei kvatt sér hljóðs um þetta mál á Alþingi, hv. 2. þm. Reykv. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur aldrei talað í þessu máli. Hæstv. samgrh. hefur aldrei kvatt sér hljóðs í EES-málinu frá því að umræður hófust sl. sumar. Hæstv. menntmrh. ekki heldur. Það er býsna athyglisvert þegar það eru meginrökin fyrir aðild okkar að þessu öllu saman að það sé svo gott fyrir mennt og menningu að við verðum aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Hæstv. menntmrh. hefur ekki séð ástæðu til að segja eitt einasta orð um þetta mál. Hv. þm. Pálmi Jónsson hefur ekki kvatt sér hljóðs til að ræða um þetta mál. Hv. þm. Salome Þorkelsdóttir og hv. þm. Sigríður A. Þórðardóttir, formaður menntmn., hafa aldrei sagt orð um þetta mál. Og hæstv. forseti Sturla Böðvarsson, sem var hér fyrir skömmu, hefur ekki kvatt sér hljóðs um þetta mál.

Það er því bersýnilega af nógu að taka enn, hæstv. utanrrh., því ég trúi ekki öðru en að þessir fulltrúar Sjálfstfl. og þingmenn skynji þá skyldu sína að gera þjóðinni grein fyrir því af hverju þeir standa að því að afgreiða þetta mál með þeim hætti sem gert er.

Virðulegi forseti. Ég hef í máli mínu í fyrsta lagi hrakið nokkur talnaleg atriði úr ræðu hæstv. utanrrh. frá í gærkvöld. Ég hef mótmælt málflutningi hans um einstaka þingmenn, bæði þá sem voru hér í gærkvöldi og þá sem fjarstaddir voru, og árásum hans á dr. Guðmund Alfreðsson sem ég tel að séu einkar ósmekklegar. Ég hef farið yfir það að ég tel ekki hægt að halda því fram miðað við þær reglur sem gilda á Alþingi að um málþóf af neinu tagi hafi verið að ræða og enn hljóti menn að ræða þetta nokkurn tíma í viðbót, m.a. þeir 11 þingmenn Sjálfstfl. sem hafa ekki enn þá kvatt sér hljóðs í þessu máli.

Ég tel óhjákvæmilegt að ræða það enn frekar líka vegna þess að hér hefur verið flutt munnleg tillaga um það að Íslandi gangi í Evrópubandalagið af formanni fjárln. Ég hef einnig rætt nokkuð um það hvernig mér kemur fyrir sjónir sú afstaða sem birst hefur hjá þeim þingmönnum sem setið hafa hjá í þessu máli og óskað eftir því að fá það aðeins skýrar fram í hverju það liggur að þeir kjósa sér þá stöðu sem raun ber vitni um, með hliðsjón m.a. af því að leiðtogar stjórnarflokkanna hafa hælst um yfir afstöðu þeirra eins og þeir gerðu hér í gærkvöld.

Ég óttast það, virðulegi forseti, að niðurstaða þessa máls verði sú að meiri hluti Alþingis samþykki það. Ég segi það alveg eins og er að ég óttast það. Ég held að við séum á hraðri ferð inn í Evrópubandalagið. Ég held að þetta sé fyrsta skrefið. Ég spái því að umræður hér um stjórnmál muni á næstu fimm til tíu árum snúast fyrst og fremst um það með hvaða hætti aðlögun okkar að þessu kerfi öllu okkar verði háttað. Ég óttast að það verði erfitt fyrir marga að finna stöðu í þeim átökum sem eru í stjórnmálum að þessu leytinu til.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. gerði grein fyrir atkvæði sínu við lok 2. umr. og sagði þá sem svo:

Alþfl. er svo gæfusamur að hafa alltaf getað verið á móti afturhaldsöflum. Alþfl. er svo gæfusamur að hafa alltaf getað staðið að mestu framfarasporum Íslandssögunnar. Alþfl. er svo gæfusamur að hafa getað sett Ísland inn í NATO, getað lokið haftabúskapar-

tímabilinu, getað farið inn í EFTA og verið núna að fara inn í EES.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. orðaði það líka þannig í þessari sömu atkvæðaskýringu að í rauninni hefði það verið gæfa Alþfl. um leið að vera að yfirgefa tiltekið kerfi sem þessi sami Alþfl. hafði staðið að með vinstri flokkunum. Hann taldi það sérstakt fagnaðarefni t.d. samkvæmt þessu að ríkisstjórnin 1956–1958 fór frá. Hann telur það bersýnilega sérstakt fagnaðarefni að ríkisstjórnin 1988–1991 fór frá. Niðurstaða mín af þessu er sú að í sögulegu samhengi séð hefur Alþfl. aldrei gert neitt sem hann er stoltur af nema með íhaldinu. Hinir glæsilegu kaflar í sögu Alþfl. að mati krataleiðtoganna eru kaflarnir með íhaldinu, ekki hinir. Alþfl. og leiðtogar hans telja að þeir hafi í raun og veru aldrei gert neitt sem máli skiptir nema sem viðhengi við Sjálfstfl. Til hvers er þá Alþfl. ef saga hans er svona?

Forseti (Pálmi Jónsson):

Fjórir hv. alþm. hafa óskað eftir því að veita andsvar við ræðu hv. síðasta ræðumanns. Hv. 6. þm. Norðurl. e. tekur fyrstur til máls og veitir andsvar. Haga verður ræðutíma þannig að í fyrri umferð leyfist fullur tími, tvær mínútur, en ein mínúta í seinni umferð.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Svavari Gestssyni var tíðrætt um afstöðu þeirra aðila sem sitja hjá og vildu fá nánari skýringu. Ég get ekki skýrt mína afstöðu betur en að lesa, með leyfi forseta, upp hluta af skýringu minni þegar ég gerði gerð fyrir atkvæði mínu fyrir tveim dögum síðan:

„Í dag snýst málið um það á hvern hátt við getum tryggt viðskiptahagsmuni okkar við Evrópu sem best. Ég tel að það verði best gert með því að fara nú þegar fram á að teknar verði upp viðræður um að breyta viðskiptaþætti EES-samningsins hvað okkur Íslendinga varðar í tvíhliða samning við EB. Fyrir því getum við fært full rök og um slíka málsmeðferð gæti að mínu mati náðst pólitísk sátt í þjóðfélaginu. Ég skora á hæstv. forsrh. að beita sér fyrir slíkri málsmeðferð."

Síðan held ég áfram: „Það er skoðun mín að það að fella samninginn á Alþingi á þessu stigi geti skaðað hagsmuni okkar í þeim viðræðum sem fram undan eru auk þess sem það mundi gefa þeim öflum sem vilja sækja um aðild að EB byr undir báða vængi. Ég vil hins vegar ekki bera pólitíska ábyrgð á vinnubrögðum núv. ríkisstjórnar og þá sérstaklega hæstv. utanrrh. við lokafrágang samningsins og sit því hjá."

Hér er mín afstaða alveg skýr og væntanlega einnig alveg skýrt að ég er ekki á nokkurn hátt að aðstoða núv. hæstv. ríkisstjórn eins og þingmaðurinn lét að liggja. Og hann spyr hvað ég hefði gert ef þeir hefðu ekki haft meiri hluta. Það er einfalt mál, hv. þm. Þá hefði verið komin upp allt önnur staða í þinginu. Þá hefði verið komin upp sú staða að núv. hæstv. utanrrh. með þann meiri hluta sem hann hefur að baki sér hefði orðið að finna málinu annan farveg. Ég býst við, hv. þm., að við hefðum getað fundið málinu betri farveg undir þeim kringumstæðum því að þá hefði verið komin upp sú staða að bæði ég og hv. þm. Svavar Gestsson, sem vill eins og hann sagði í ræðu sinni gott samband og góða viðskiptasamninga við Evrópu, hefðum getað haft þar einhver áhrif á sem við höfum engin í dag.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get út af fyrir sig verið alveg sammála hv. þm. um það að ég tel að vinnubrögð utanrrh. í þessu máli séu slæm. Ég tel að þau hafi klofið þjóðina, flokka, umfram það sem þurft hefði að vera, svo að ég nefni það sem ég er honum sammála um. Ég er einnig sammála honum um það sem hann segir í sinni atkvæðaskýringu að við höfum ekkert að gera inn í EB, eins og mig minnir að hann orði það.

Hins vegar finnst mér að hann skuldi bæði mér og öðrum þingmönnum skýringu á því með hvaða hætti hann mótmælir þeim rökum, sem m.a. hafa verið flutt af formanni þingflokks Framsfl., sem hefur sagt hvorki meira né minna en það að með samningnum afsölum við okkur frumburðarrétti Íslendinga til landsins og auðlinda þess og í samningnum felst mikið auðlindaafsal. Það að búa við þessa yfirlýsingu af hálfu síns þingflokksformanns kallar á feikilega gild rök og önnur en trú á því að það sé betra að samþykkja samninginn til að ná tvílhliða viðræðum en ekki. Það er einungis trú sem hv. þm. ber fyrir sig og ég segi mikil er trú þín, hv. 6. þm. Norðurl. e.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er afar sérstakur orðinn sá áhugi sem hv. þm. Alþb. hafa á afstöðu Framsfl. í þessu máli og sú mikla umhyggja sem kemur fram í þeirra orðum. Ég hef ekki viljað fara í neinn málefnalegan stóran ágreining við þá. En hv. þm. skuldar mér líka skýringu á þessari miklu umhyggju. Ég hef reyndar, virðulegi forseti, grun um að sú skýring felist að einhverju í því að allt of margir í þingliði hér vilja frekar nota þetta mál til einhverra óskilgreindra pólitískra framdrátta í þjóðfélaginu en að leita eftir sáttum. Einfaldlega vegna þess að ef við lesum þetta plagg hérna, lesum hvað hv. þm. skrifar undir þar og berum það saman við atkvæðaskýringu hans í fyrradag, þá skuldar hv. þm. skýringu á þeim mikla mun sem er annars vegar á því sem hann samþykkti í júní og hins vegar atkvæðaskýringunni í fyrradag.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. þarf ekkert að vera hissa á umhyggju minni fyrir Framsfl. Mér hefur lengi þótt mjög vænt um Framsfl. og ég var þar í hálft ár þegar ég var 15 ára gamall og Alþb. hefur átt mjög gott samstarf við Framsfl. Mér er engin launung á því að mér finnst að þau tíðindi sem hafa birst í atkvæðagreiðslum í þessu máli veki upp spurningar. Það er vafalaust rétt hjá hv. þm. að margir eru hér í þessu máli, eins og öllum, að reyna að fiska í gruggugu vatni. En ég leyni því ekkert og ég vona að þingmaðurinn átti sig á því

að ég mæli það í fullri einlægni að mér þykir þetta mjög athyglisverð, að ég segi ekki meira, niðurstaða sem við stöndum frammi fyrir að því er varðar Framsfl.

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skal fúslega gera þá játningu að í þessari umræðu, sem staðið hefur alllengi um Evrópska efnahagssvæðið, þá hef ég haldið mig meira til hlés en ég hef í rauninni geð til en nú eftir síðustu ræðu held ég að mál séu komin þannig að ég verði að setja mig á mælendaskrá því ég óttast að tími minn til andsvara nýtist ekki til þess sem ég vildi gjarnan sagt hafa.

Hv. þm. Svavar Gestsson hafði greinilega miklar áhyggjur af því að utanrrh. og forsrh. hældust um það að samningnum og ríkisstjórninni hefði bæst liðsauki hér á þingi. Sex þingmenn hefðu bæst við sem nokkurs konar liðsauki til ríkisstjórnarinnar og við þennan samning.

Nú er það þannig að maður getur ekki valið sér viðhlæjendur. Því miður er það nú svo. Og maður getur heldur ekki valið sér það að menn beri fyrir manni svo mikla umhyggju að hún verði kæfandi stundum. Þannig er þetta nú. Hvorki viðhlæjendurnir né umhyggjan verður valin.

Það er náttúrlega fráleitt að túlka afstöðu mína og annarra hjásetumanna sem einhvern stuðning við ríkisstjórnina. Það er algerlega fráleitt. Og ég segi fyrir mig að hvorki fyrrv. ríkisstjórnarflokkum né núv. ríkisstjórnarflokkum á ég neina skuld að gjalda, hvorki í þessu máli né öðrum. Ég hlýt að taka efnislega afstöðu í þessu máli og ber engan kinnroða og enga sektarkennd vegna afstöðu minnar. Það ættu kannski hins vegar hörðustu andstæðingar Evrópska efnahagssvæðisins í Alþb. og Framsfl. frekar að gera en ég. Vegna þess að það voru þeir sem hófu þetta ferli. Það voru þeir sem ákváðu að stíga skrefið inn í þetta samningaferli. Af hverju eru þeir ekki með sjálfsgagnrýni? Af hverju voru þeir að blanda geði við tröllin sem nú eru svo ógurleg að ef maður réttir þeim litla fingur, þá grípa þau alla höndina. Vissu þeir þetta ekki þá? Er þetta nýr sannleikur? Var þetta ekki fyrsta skrefið inn í Evrópubandalagið þegar þeir ákváðu að fara inn í þetta samningaferli? Er það bara núna? Hver er eðlisbreytingin? Innri markaðurinn var til staðar þá og menn geta ekki krafsað bara hvert sem þeim sýnist eftir rökum.

Það er talað um atvinnuleysi og að við séum að fá yfir okkur eitthvert smitandi atvinnuleysi ef við gerumst aðilar að EES. En sömu menn vilja samt fjórfrelsi og aðild að innri markaði. Ef það er eitthvað sem veldur atvinnuleysinu, þá er það hugsanlega innri markaðurinn og fjórfrelsið.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað alveg rétt að hv. þm. skuldar ríkisstjórninni ekki neitt og fyrrv. ríkisstjórn heldur ekki og Alþb. ekki neitt og mér ekki neitt. Við skuldum yfirleitt engum neitt nema okkar kjósendum í þessu máli eins og öðrum. Að öðru leyti vil ég segja í sambandi við það sem hv. þm. sagði áðan að grundvallaratriðið í mínum huga er að ég taldi eðlilegt og sjálfsagt og ég tel að það hafi verið rétt að kanna rækilega í viðræðum hið Evrópska efnahagssvæði. Og jafnvel þó að menn hafi komist að þeirri niðurstöðu núna að þarna séu tröll er ekki þar með sagt að menn hafi vitað það áður en lagt var af stað. Það liggur einu sinni í stjórnmálaverkum yfirleitt og eðli stjórnmála að menn verða iðulega að leggja upp í ferðir sem eru kannski ekki endilega 100% ljósar þegar lagt er af stað. Það þekkja flestir flokkar á Alþingi Íslendinga.

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ef menn vildu kanna þetta og sáu þarna hugsanlega jákvæða niðurstöðu þegar þeir voru í ríkisstjórn, þá hljóta þeir jafnframt að viðurkenna að þetta er ekki alvont. Þarna er eitthvað til staðar sem hugsanlega er hægt að nýta sér.

Ég get alveg tekið það gilt að menn séu bara hreint og klárt þjóðernissinnar. Það er gild afstaða og ég get alveg virt hana innan vissra marka þó. Hún er þá bara klár. Svo geta menn líka verið þeirrar skoðunar að það þurfi höft á efnahagslífið og það er þá líka alveg klár afstaða og hugmyndaleg og þess valdandi að menn gera ekki svona samninga. En menn geta ekki farið af stað í svona samningaferli og jafnvel haft fyrir augum að þeir vilji gjarnan gerast aðilar að innri markaði og fjórfrelsi og komið síðan og útmálað þetta eins og skrattann á vegginn. Það gengur bara ekki, virðulegur þingmaður.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst að hv. þm. rugli saman tveimur grundvallarhugtökum. Annað er þjóðernisleg viðhorf. Hitt er einangrunarstefna. Það er hægt að hafa í heiðri þjóðernisviðhorf án þess að aðhyllast einangrunarstefnu. Alþb. hefur aldrei aðhyllst einangrunarstefnu en við höfum hins vegar lagt áherslu á hinar þjóðlegu forsendur í okkar málflutningi, gengið býsna langt í því og oft lengra en aðrir flokkar og fyrir vikið verið talin íhaldssöm í okkar áherslum á ýmsum sviðum. En menn mega ekki rugla því saman annars vegar að leggja áherslu á þjóðlegar forsendur og hins vegar einangrunarstefnu. Við höfnum einangrunarstefnu og líka þeirri einangrunarstefnu sem einangrar okkur í Evrópu frá heiminum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þótt ég vilji með engu móti blanda mér í þessar innbyrðis deilur stjórnarandstöðuflokkanna tel ég óhjákvæmilegt að taka það fram að gefnu tilefni að ég stend við það sem ég sagði í ræðu minni í gærkvöldi og var byggt á varfærnislegum útreikningum um það að EES-samningurnn muni færa okkur um það bil 1,5% viðauka við okkar landsframleiðslu. Ég

tek það fram að það er að sjálfsögðu undirskilið að þetta gerist að loknum aðlögunartíma og það segir sig sjálft. Það gerist að sjálfsögðu svo um tollalækkanir sem verða á aðlögunartíma. Það gerist um mat á vaxtalækkunum sem eru einnig umsamdar á aðlögunartíma. Það gerist um verðlagsáhrif. Það gerist sömuleiðis um aukna framleiðni á grundvelli bættrar verkaskiptingar og verðmætasköpunar í útflutningi.

Ég tek því ekki gildar umvandanir hv. þm. Svavars Gestssonar og leiði fram eitt stjörnuvitni sem er formaður Alþb. Í skýrslu þeirri sem formaður Alþb., þá fjmrh., gaf út til þess að meta áhrif EES segir svo, með leyfi forseta:

„Heildaráhrifin eru jákvæð. Margt bendir til þess að aðlögun íslensks efnahagslífs að evrópska markaðnum muni hafa jákvæð áhrif á afkomu ríkissjóðs. Áhrifin koma bæði fram í auknum tekjum, vegna meiri umsvifa í efnahagslífinu, og sparnaði í ríkisútgjöldum. Þessi áhrif", segir formaður Alþb., „gætu mælst á bilinu 4–6 milljarðar kr. þegar upp er staðið eða sem svarar 1–1,5% af landsframleiðslu."

Hér er formaður Alþb., þáv. fjmrh., eingöngu að leggja mat á áhrifin á ríkisfjármálin. Ég er að tala um skýrslu fjmrn. í apríl árið 1991. Þetta er viðhorf formanns Alþb. á þeim tíma sem þá var fylgismaður EES sem kunnugt er.

Þegar menn síðan bæta við öðrum þáttum fyrir utan áhrifin á ríkisfjármálin segir það sig sjálft, eins og ég sagði, að það væri varfærnislegt mat að áhrifin yrðu þessi þegar þau hafa öll komið til skila og um það verður ekki deilt að þetta er varfærnislegt mat.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. sagði í gærkvöld orðrétt: „Þjóðhagsstofnun hefur lagt fram mjög varfærnislega útreikninga um það að EES-samningurinn muni færa okkur á einu ári um það bil 1,5% viðauka við okkar landsframleiðslu. Það er upp á um 7.000 millj. kr. Það gæti þýtt kaupmáttaraukningu á ári um 3%, að afkoma sjávarútvegs gæti batnað um um það bil 3,3%, sem er nokkurn veginn það sem á vantar til þess að endar nái saman. Hann sagði með öðrum orðum: Þetta er allt í hendi ef þið bara fallið fram og tilbiðjið mig og samþykkið þennan samning. Það var það sem hann sagði. Það er rangt. Það eru stórkarlalegar ýkjur. Það eru blekkingar til þess að reyna að fá þjóðina til að sannfærast um að það sé ekkert annað að gera en að samþykkja þennan samning.

Hið rétta í þessu máli er í fyrsta lagi að hér er um að ræða spá Þjóðhagsstofnunar um 0,8–1,4% aukningu landsframleiðslu eftir átta ár og um 0,4–0,6% aukningu landsframleiðslu á fjórum árum. Og það þýðir í raun og veru í mesta lagi bata á fjórum árum upp á 1,9 milljarða kr. eða svo. Það er í raun og veru allt sem verið verið er að tala um. Það næst af þrennu að mati Þjóðhagsstofnunar: Með vaxtalækkun, sem er óviss, með framleiðniaukningu, sem er óviss, og með tollabreytingum í sjávarútvegi.

Ég segi: Það er útilokað að setja hlutina upp með þeim hætti sem hæstv. utanrrh. gerði í gærkvöld vegna þess að það stenst ekki það sem Þjóðhagsstofnun er að segja. Hann er að gera tilraun til þess í krafti embættis síns sem utanrrh. að birta þjóðinni allt aðra niðurstöðu en Þjóðhagsstofnun hefur birt.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta þras er sjálfsagt ekki mjög upplýsandi en eftir stendur að hv. þm., fyrrv. formanni Alþb., hefur ekki tekist að hnekkja því að þetta er varfærnislegt mat. Honum hefur ekki tekist að hnekkja því sem ég hafði hér orðrétt upp úr skýrslu fyrrv. hæstv. fjmrh. Menn gætu deilt um það hvort það hefði komið nægilega vel fram á hve löngum tíma þetta gerðist, en að sjálfsögðu, eins og ég tók fram, gerist það á einhverjum aðlögunartíma. Um þetta má út af fyrir sig segja að það gildir svipað þegar menn reyna að leggja mat á þessa hluti eins og þegar menn eru að úthluta veiðiheimildum. Engin trygging er fyrir því að sá sem fær kvóta nái kvótanum. En hann nær engum kvóta nema hann hafi a.m.k. kvótaúthlutunina. Út af fyrir sig er engin trygging fyrir því að þau tækifæri sem bjóðast með þessum samningi nýtist og skili hámarksárangri nema tækifærin verði nýtt. En frumforsenda þess er að menn hafi rétt til að starfa á þeim mörkuðum á jafnréttisgrundvelli sem þjóðin byggir afkomu sína á.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Afskaplega var þetta miklu hógværari maður en sá sem tætti af sér stóryrðin í gærkvöld og sagði að þetta væri allt í hendi fyrir þjóðina. Hann sagði: Það er engin trygging. Ég verð að segja, virðulegur forseti, að af og til en ekki mjög oft hefur komið fyrir í seinni tíð að ég hef verið tiltölulega ánægður með niðurstöðu umræðna á Alþingi en ég er fjarska ánægður með þessa niðurstöðu. Það er bersýnilegt að hæstv. utanrrh. er eftir allar stórkarlalegu yfirlýsingarnar rökþrotabú. Það hefði verið hentugra fyrir hann að tala aðeins varfærnislegar. Í gær sagði hann: „Fólkið er kvíðið um atvinnu, það hefur ekki tíma til að hlusta á meira málþóf." Nú sagði hann: „Það er ekkert öruggt." Þetta er framför.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 9. þm. Reykv., sem hér talaði, lýsti áhyggjum sínum yfir því að hann hefði ekki gert sér grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Ég verð að segja alveg eins og er að það komast ekki mjög margir að á mælendaskrá, a.m.k. ekki á meðan hv. 9. þm. Reykv. talar, svo mikið sem hann leggur upp úr því að geta lagt undir sig nokkuð marga dálksentimetra í þingtíðindunum. En ég verð að segja eins og er að ég er ekki viss um að þjóðin sé miklu nær þrátt fyrir margra klukkutíma ræður hver afstaða hans er til efnisþátta þessa samnings. Hann hefur haft uppi langar ræður um það sem hafa verið heimspekilegar hugleiðingar, aðallega um afstöðu annarra hv. þm. í umræðunum. Ég hlustaði m.a. á merka ræðu hv. 9. þm. Reykv. þar sem hann velti fyrir sér því sem þyrfti að gera þegar samningurinn hefði orðið að veru-

leika. Það þótti mér reyndar mjög skynsamlegar og þarfar umræður og mikilvægar í rauninni. Mér sýndist að hann hallaði sér þá stundina mjög mikið að sessunauti sínum, hv. 10. þm. Reykv., sem mér sýnist að hann öfundi nokkuð mikið af afstöðu sinni. Það hefur komið stöðugt meira fram eftir því sem líður á umræðurnar að hv. 9. þm. Reykv. saknar þess að geta ekki verið í fótsporum þess hv. þm.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég harma auðvitað að það skuli ekki verða 4. umr. um þetta mál þannig að ég geti talað einu sinni enn til að gera hv. 1. þm. Vesturl. grein fyrir afstöðu minni í málinu. Mér þykir líka vænt um að honum skuli finnast svona gaman að heyra mig tala. Ég er ekki viss um að það eigi við um marga fleiri í salnum. En vonandi fæ ég tækifæri til að bæta úr því þó síðar verði. En gallinn er hins vegar sá að í orðum hans eða andsvari hér áðan þá kom ekki fram hvaða rök hann hefði fyrir afstöðu sinni varðandi EES. Hvaða hagsmunir Vesturlands eru það sem ráða úrslitum um afstöðu hans? Hvaða hagsmunir eru það í Dalasýslu, Snæfellsnessýslu, Búðardal, Stykkishólmi, Grundarfirði, Hellissandi, Akranesi, Borgarnesi, uppsveitum Borgarfjarðar sem ráða úrslitum um að þessi þingmaður telur ástæðu til að greiða atkvæði með Evrópsku efnahagssvæði? Það nefndi hann ekki hér. Hann hefur bersýnilega gleymt uppruna sínum þegar kemur að þessu máli.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 9. þm. Reykv. getur verið þess fullviss að afstaða mín til þessara þátta sem hann nefndi hér og snúa að Vesturlandskjördæmi er mjög á svipaða lund og afstaða hans hefur vafalaust verið þegar hann lagði af stað sem einn af ráðherrum í ríkisstjórn og mælti með því að gengið yrði til samninga um Evrópskt efnahagssvæði. Ég er sannfærður um að hann mun áður en þessari umræðu lýkur gera sér grein fyrir því hvers vegna ég styð samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er misskilningur að Alþb. hafi nokkurn tímann samþykkt samningaviðræður um Evrópskt efnahagssvæði á þeim grundvelli sem nú liggur fyrir. Því var alltaf neitað í síðustu ríkisstjórn. Hæstv. utanrrh. lagði þá til aftur og aftur að farið yrði út í það en því var neitað. Við samþykktum hins vegar könnunarviðræður og það var ekki fyrr en hæstv. utanrrh. hafði myndað ríkisstjórn með Davíð Oddssyni að hann fékk umboð til samningaviðræðna á þeim grundvelli sem síðan varð í meginatriðum að samningi. Það var 5. maí árið 1991 eða sex dögum eftir að fráfarandi ríkisstjórn lagði niður störf.

Frsm. 1. minni hluta utanrm. (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég sagði í síðari ræðu minni í gær að ég kynni að þurfa að svara nokkru síðar sem hafði komið fram hjá hæstv. utanrrh. Ég svaraði að vísu einu atriði í gær og það voru ummæli hans um þann ágæta og virta þjóðréttarfræðing dr. Guðmund Alfreðsson en ég fer ekki nánar inn á það.

Ég hef hugleitt þetta nokkuð og ég finn reyndar afar fátt svaravert í ræðu hæstv. utanrrh. Reyndar ekki nema eitt. Hann veifaði blaði um hagkvæmni samningsins sem mátti eiginlega skilja að væri glóðheitt úr prentvél Þjóðhagsstofnunar. Vissulega hefur ræðumaður á undan mér fjallað um það en ég tel rétt að koma einnig inn á það því að ég gerði mér ferð í Þjóðhagsstofnun til að fá skýringar á þeim tölum sem hæstv. utanrrh. flutti fyrir alþjóð. Ég verð því miður að segja að ekki stendur steinn yfir steini. Þjóðhagsstofnun hefur enga nýrri athugun gert en þá kemur fram í skýrslu Þjóðhagsstofnunar frá september 1991. Reyndar hófst vinna við það verk að mínu frumkvæði í þeirri ríkisstjórn sem við sátum í saman. Í skýrslunni kemur fram tafla sem ég ætla aðeins að fara yfir þar sem segir: „Athugun á efnahagslegum áhrifum EES með 5% verðhækkun sjávarafurða". Þar er gert ráð fyrir því að sjávarafurðir hækki um 5% fyrir utan þau áhrif sem kunna að vera frá samningnum. Þar eru sett upp lítil áhrif og mikil áhrif og hvort tveggja metið, annars vegar eftir fjögur ár og hins vegar eftir átta ár. Þar er metið að verg landsframleiðsla miðað við lítil áhrif aukist eftir fjögur ár um 0,4% en eftir átta ár um 0,6%. Hins vegar ef áhrifin verði mikil þá kunni verg landsframleiðsla að aukast um 0,6% eftir fjögur ár en eftir átta ár um 1,4%. Þess má geta að ein af forsendum áætlunarinnar er að tveir þriðju af tollalækkun sem um verður samið komi í okkar hlut. Út af fyrir sig eru það mjög umdeilanlegar forsendur. Eins og ég kom inn á í gær hefur SÍF ráðlagt meðlimum sínum að reikna ekki með því að tollalækkunin komi nema að litlum hluta í hlut Íslendinga.

Ég ætla ekki að lengja þetta með því að fara yfir ýmsa aðra liði sem hér eru raktir. Þó er fróðlegt að Þjóðhagsstofnun telur að mesta aukningin verði í einkaneyslu. Ég segi fyrir mitt leyti að ég held að okkur sé ekki til hagsbóta að einkaneyslan aukist mjög mikið frá því sem nú er.

Fleira kom fram hjá hæstv. ráðherra. Hann mat að sú hækkun sem hann sagði að væri 1,5% þýddi ef ég man rétt um 6–7 milljarða búbót fyrir okkur Íslendinga. (**Gripið fram í:** 7 milljarða.) 7 milljarða, sagði hæstv. ráðherra. Jafnvel þótt við metum nú þjóðartekjurnar 400 milljarða, sem ég hygg að þær hafi ekki alveg náð, þá getum við ekki fengið út úr þessu neitt þessu líkt heldur í mesta lagi 5,6 milljarða. Reyndar eru þjóðartekjurnar ekki fullkomlega 400 milljarðar ef ég veit rétt en það eru þá mestu áhrif eftir átta ár. Ég og margir aðrir sem ég hef spurt skildu ummæli hæstv. ráðherra þannig að þetta væri eitthvað sem kæmi til okkar um leið og við skrifuðum undir samninginn, eða a.m.k. á því fyrsta ári. Ég hef engan heyrt sem hefur skilið hefur þetta á annan veg og hef ég þó ýmsa spurt.

Hæstv. ráðherra sagði fleira. Hann sagði m.a. að sjávarútvegurinn ætti að fá um 3,5% aukningu á veltu sinni, þ.e. afkoman ætti að batna um 3,5%. Satt að

segja gat enginn uppi í Þjóðhagsstofnun, ekki forstjórinn sem ég talaði við, skýrt mér hvernig í ósköpunum sú tala væri fengin. Það væri út af fyrir sig fróðlegt að vita frá hæstv. ráðherra hvernig sú tala er fengin. Meira að segja var mér bent á að í áætlun Þjóðhagsstofnunar frá 22. nóv. þar sem afkoma sjávarútvegsins er metin fyrir árið 1993 segir: „Áhrif hækkunar verðs á sjávarafurðum erlendis um 1,8%", það eru plús 1,8 milljarðar — þarna er búið að taka inn þá bætta afkomu sjávarútvegsins sem fælist í þátttöku okkar í EES. Menn voru því að reyna að geta sér til hvort hæstv. ráðherra hefði margfaldað þessa tölu með tveimur eða þremur. Reyndar hlýtur það að vera með þremur af því að hún er komin inn og hann reiknar aftur tvöfalda þá tölu sem þarna er. Hér er vitanlega um svo mikla ónákvæmni að ræða að mér þótti, þótt aðrir hafi komið hér upp og vakið athygli á þessu, annað gjörsamlega útilokað en að koma þessum upplýsingum sem ég fékk frá Þjóðhagsstofnun nú eftir hádegið á framfæri í umræðunni.

Mér dettur ekki í hug að segja að hæstv. ráðherra fari vísvitandi með rangar upplýsingar. (**Gripið fram í:** Nú?) Nei, ég vil ekki trúa því. En einhver hjá honum sem hefur lagt fyrir hann vægast sagt vafasamar upplýsingar. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að ræða mjög alvarlega við þann ráðgjafa sinn. Það eru kannski smámunir að færa 1,4 upp í 1,5 en það er satt að segja mikil rangfærsla að segja að þetta sé varleg áætlun Þjóðhagsstofnunar. Varleg áætlun Þjóðhagsstofnunar er 0,4% á fjórum árum og 0,6% á átta árum. Það er varleg áætlun Þjóðhagsstofnunar.

Með þessu er ég alls ekki að segja að ekki sé einhver búbót að þessum samningi, því fer víðs fjarri. Enda væri það meira en lítið undarlegt ef eftir fjögurra ára streð að ekki væri eitthvað komið þarna inn sem væri efnahagslífi okkar til framdráttar. Ég held hins vegar að út af fyrir sig sé mat á því mjög erfitt. Þetta vildi ég nú fyrst og fremst segja í þessari umræðu. Ég harma að ráðherrann skuli láta blekkja sig svona og láta hafa sig í það að fara með slíkar tölur fyrir alþjóð. Ég vil eindregið leggja á það áherslu að ráðherra vandi betur það sem hann kemur með hingað í þennan ræðustól.

Fyrst ég stend hér þá get ég ómögulega annað en lýst hryggð minni yfir því sem ég er að heyra frá hv. alþýðuflokksmönnum. Ég hef satt að segja aldrei tekið það allt of alvarlega sem kemur frá ungum krötum en þó hlýtur maður að líta á það nokkuð alvarlegum augum. Þetta eru eflaust þeir menn sem eiga eftir að taka við og þegar þeir ítreka í hverri samþykkt sinni að við eigum að sækja um aðild að Evrópubandalaginu þá þykir manni það fara að verða nokkuð alvarlegt. Ég man ekki betur en að þeir hafi fyrir nokkrum dögum lýst fögnuði sínum yfir því að forsrh. væri að stíga fyrstu skrefin. Ég vona svo sannarlega að það sé ekki rétt. Mér þykir satt að segja öllu alvarlegra þegar hv. þm. Karl Steinar Guðnason lýsir því yfir að við eigum að sækja um aðild. Ég veit að hæstv. utanrrh. hefur lýst annarri skoðun og það er rétt sem hefur komið fram hjá hæstv. utanrrh. að við töldum að viss vörn væri í því fyrir okkur Íslendinga ef við næðum viðunandi samningi um Evrópskt efnahagssvæði að samþykkja slíkan samning. Ég tel hann að vísu ekki viðunandi nú og tel hann ekki standast stjórnarskrána alveg sérstaklega. Ég sagði það í ræðu minni í gær að ég teldi þetta vissulega umhugsunarvert sjónarmið. Er það virkilega svo að við höfum rangt fyrir okkur, hæstv. utanrrh.? Ég vildi gjarnan fá að heyra frá hæstv. utanrrh. hvort hann tekur undir þessi ummæli hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar. Gaman væri nú að heyra það frá virtum manni eins og þingflokksformanni hv. Alþfl. hvort hann tekur undir þetta. Ég vona svo sannarlega að svo sé ekki. Þá færi maður rórri heim ef maður vissi það að jafnvel þingflokksformaðurinn tekur ekki undir þetta eða hæstv. utanrrh. Ég vil brýna þessa menn á því að standa vörð og fá unga krata af þessum ungæðishætti sínum. Það er vitanlega öllum ljóst hvað sem menn segja nú um hvað mikið af þessum lögum o.s.frv. verða íslensk lög að ef við gerumst aðilar þá fáum við ekki nema í mesta lagi einhvern frest til þess að lögleiða öll ákvæði Rómarsáttmálans. Ég veit t.d. að hæstv. utanrrh. man þegar við áttum viðræður við forseta Frakklands, Mitterrand. Það kom greinilega fram hjá honum. Það kom greinilega fram í öllum viðræðum sem við höfum átt við þessa forustumenn. Það kom greinilega fram þegar ég átti viðtal við Kohl, kanslara Þýskalands, að það væri ekki um að ræða varanlegar undanþágur frá Rómarsáttmálanum. Engin þjóð hefur fengið það. Grikkir fengu tímafrest. Fyrir mig varðar það afar miklu, réttara sagt ætti ég kannski að segja að það er einskis virði að fá nokkurra ára frest ef svo allt heila báknið fellur yfir okkur.

Satt að segja hélt ég ekki að við þyrftum að ræða hér um hugsanlega aðild að Evrópubandalaginu og þykir það afar sorglegt að einn hv. þm. skuli taka það á dagskrá.

Að lokum vil ég aðeins segja að ég man þá tíð að hæstv. utanrrh. tók góðum ráðleggingum frá mér og eins og hann segir áttum við svo gott samstarf að hann fullyrðir að hnífurinn hafi ekki komist þar á milli og ég hef stundum tekið undir það. Ég ætla að gera tilraun til að gefa honum gott ráð. Hann hefur fengið atkvæðagreiðslu við 2. umr. og hann veit hvernig stuðingur er við samninginn. Nú á hann að láta sér það gott líka og á að fallast á að fresta 3. umr. Hann væri maður að meiri ef hann gerði það. Ég vek athygli á því að ef hann frestar 3. umr. þá getur hann borið fram sem brtt. við 3. umr. þær breytingar sem verður að gera á þessum samningi sem hann hefur sjálfur upplýst og enginn veit reyndar hvað verða miklar. En það verður að gera á honum breytingar. Þær má bera fram sem brtt. og afgreiða þær með samningnum við endanlega atkvæðagreiðslu við 3. umr. Að öðrum kosti verður að fara með þær brtt. í gegnum þrjár umferðir. Ég vil segja það í fullri hreinskilni að ég hlakka ekki til þess. Ég vildi miklu heldur losna við þetta mál út úr heiminum með því að taka þetta í einu lagi við 3. umr. Og hann þarf sannarlega ekkert að lítilsverða sig gagnvart sínum starfsfélögum erlendis sem maður hefur

helst á tilfinningunni að hann telji sig annars gera ef hann fær ekki samninginn samþykktan. Hann getur borið höfuðið hátt og sagt: Það liggur alveg ljóst fyrir hvað Alþingi Íslendinga vill í þessu máli. Það liggur algerlega kristaltært fyrir. Og hann væri sem sagt meiri maður ef hann tæki þessum ráðum.

Ég veit að hér hefur verið farið yfir greinargerð prófessors Björns Þ. Guðmundssonar. Mér er ljóst að ýmsir, því miður m.a. hæstv. utanrrh., hafa farið orðum um þann ágæta og virta vísindamann sem eru hæstv. ráðherra til minnkunar. Að vísu gerði hann það ekki hér úr ræðustól en maður heyrði það hér á göngum Alþingis frá ýmsum þingmönnum. Ég vona að það sé rangt hjá mér að hæstv. ráðherra hafi gert það en ég heyrði það hér nokkuð víða. Og það er ekki vert því að prófessorinn hefur rökstutt sitt mál mjög vel m.a. með tilvísun til hæstaréttardóms þar sem fram kemur að Hæstiréttur tekur málin mjög alvarlega. Jafnvel þótt röng skýring hafi verið gefin við eitt orð í frv., sem er orðið að lögum, hefur það orðið til þess að Hæstiréttur hefur litið málið mjög alvarlegum augum. Og það er staðreyndin við þetta mál að það er miklu meira en eitt orð sem þarf að breyta í þessum samningi. Þannig að það hafa komið fram mjög sterk rök fyrir því að samkvæmt íslenskri lagavenju og samkvæmt áliti Hæstaréttar þá er þetta mál alls ekki fært til lokaafgreiðslu. Þess vegna í fullum vinskap og með tilvísun til okkar fyrra samstarfs þá vildi ég nú freista þess að gefa hæstv. utanrrh. þetta ráð.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef þegar svarað efnislega þeim athugasemdum sem fram komu hjá hv. þm. að því er varðar mat á áhrifum EES-samninganna þegar þeir eru að fullu komnir til framkvæmda. Ég byggði þar á ýmsum heimildum en vitnaði í tvenn gögn. Annars vegar frá Þjóðhagsstofnun og hins vegar frá fjmrh. Ef hv. þm. les rækilega skýrslu Þjóðhagsstofnunar sem hann tók réttilega fram að er frá því á haustmánuðum 1991 þá er þar mjög rækilega tíundað að þær forsendur sem þeir gefa sér séu mjög varfærnislegar. Þegar tekið er tillit til þess hvernig þáv. fjmrh. og þáv. samstarfsmaður okkar Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Alþb., metur áhrifin þegar þau eru fram komin á ríkisfjármálin (**Gripið fram í:** Þetta er ekki rétt.) er varfærnislegt að slá því föstu að tölugildi geti verið, á varfærnum forsendum, 1,5% af þjóðarframleiðslu.

Að því er varðar þær tölur sem ég nefndi um horfur um afkomubata í sjávarútvegi þá eru þær byggðar á útreikningum sem ég fékk frá formanni þeirrar nefndar sem nú er að gera úttekt á fiskveiðistefnu og afkomu í sjávarútvegi og er sömuleiðis byggð á þeim forsendum þegar samningarnir eru komnir fram í heild sinni, þ.e. bæði tollalækkanirnar sem og breytingar á samsetningu útflutnings í ljósi lækkaðra tolla á meira unnum og verðmætari vörum.

Að því er varðar spurningu um afstöðu þingflokks Alþfl. vegna þeirrar merku ræðu sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason flutti hér áðan og á eftir væntanlega að vekja meiri athygli þá svaraði hann spurningu hv. þm. sjálfur. Hann sagði að hann væri einn um þá skoðun í þingflokki Alþfl.

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef að sjálfsögðu farið yfir skýrslu Þjóðhagsstofnunar og þar kemur greinilega fram að þeir gefa tvö álit. Annað sýnir fram á mikil áhrif og hitt minni áhrif. Og ég hef miklu fremur skilið skýrsluna þannig að mikil áhrif séu ekki varfærnislega metin áhrif. Og ég vek athygli á því að mat Þjóðhagsstofnunar er byggt á þekktri skýrslu sem var gerð fyrir Evrópubandalagið, svokallaðri Cecchini-skýrslu, og hún er orðin mjög umdeild. Það eru fjölmargir þekktir hagfræðingar sem halda því fram að þar séu áhrifin ofmetin. Og m.a. telja menn að það hafi sannast á síðasta ári og muni sannast á því ári sem nú er hafið að efnahagsleg áhrif verði ekki eins mikil eins og þessi mæti maður mat það. Ég man nú ekki í fljótu bragði hvað hann heitir sá þekkti ameríski hagfræðingur sem mjög hefur verið leitað til hjá MIT. (**Gripið fram í:** Krugman.) Krugman, já, ég þakka hv. þm. fyrir. Hann er talinn einhver sá allra mætasti og athyglisverðasti sem um þetta hefur rætt. Hann telur að áhrifin séu e.t.v. þrefalt of hátt metin í þessari skýrslu, þau séu sem sagt aðeins um einn þriðji. Og reyndar kom þetta nokkuð fram í umræðu hér á Alþingi um gjaldeyriseða ECU-hugmyndina sem hér kom fram í fyrra og þá birtist með í skýrslu Þjóðhagsstofnunar skýrsla eða álit þess manns. Svo ég get nú ekki tekið undir það að þetta sé varfærnislegt álit, ég held að það sé langtum fremur á hinn veginn.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Án þess að ég vilji orðlengja þessar umræður þá er rétt að það komi hér fram í sambandi við margvísleg sérfræðiálit um mat annars vegar á áhrifum innri markaðarins og hins vegar á hinu Evrópska efnahagssvæði að það nýjasta sem ég hef séð í því efni skýrsla sem unnin var fyrir EFTA til að meta sérstaklega hagvaxtaráhrifin á EFTA-ríkin við aðild þeirra að innri markaðnum. Og niðurstaða í þeirri skýrslu er í meginatriðum sú að hagvaxtaráhrifin séu meiri fyrir EFTA-ríkin en fyrir Evrópubandalagsríkin.

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég sagði hér áðan er að mat Þjóðhagsstofnunar og reyndar mat EFTA-ríkjanna, bæði einstakra ríkja og EFTA sem heildar, er byggt á fyrrnefndri skýrslu sem var gerð fyrir Evrópubandalagið. Það er byggt á henni og hún lögð til grundvallar í því mati sem hér hefur verið gert. Þess vegna, þegar nú er talið að sú skýrsla sé ofmat, hlýtur það að sjálfsögðu að hafa áhrif á mat hinna EFTA-þjóðanna.

Það er þá líka ofmat. Ég held að þetta hljóti að liggja í hlutarins eðli.

En þetta er alls ekki aðalatriðið í því sem ég hef rætt um. Aðalatriðið er það að því miður fór hæstv. utanrrh. með alrangar tölulegar upplýsingar hér í gær. Svo rangar að ég minnist þess varla að hafa heyrt verra flutt. Það er að vísu sagt að það megi tala mörgum tungum með tölum. Það getur vel verið. En ég hef aldrei heyrt seilst svo langt. Og ég endurtek það sem ég sagði áðan, ég þekki ekki hæstv. utanrrh. að því að gera það viljandi og ég held að hann væri maður að meiri með því að leiðrétta þessar tölur og flytja þær hér eins og þær eru réttar.

Kristín Einarsdóttir *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Núna rétt áðan kom til mín þingvörður og tilkynnti mér að á morgun ætti ég að mæta hér til fundar kl. hálfellefu. Þessu hafði ég alls ekki reiknað með. Ég hafði ekki reiknað með að það yrði fundur hér á morgun kl. hálfellefu.

Á mánudaginn var talað um það við okkur þingmenn að við mundum byrja hér kl. hálfellefu á hverjum degi og reiknað með að vera hér til kl. sjö sem ég held að við höfum verið alla vikuna og ég hafði ekki reiknað með að neinn fundur yrði hér á morgun og því vil ég mótmæla. Á morgun hefur verið boðað til samráðsfundar hjá Kvennalistanum. Það koma konur af öllu landinu til fundar hér í Reykjavík og okkur hafði ekki einu sinni hugkvæmst að það þyrfti að athuga það sérstaklega vegna þess að ekki var reiknað með neinum fundum hér á morgun. Og ég hélt að það væri venja að taka tillit til þess þegar slíkir fundir eru hjá flokkunum.

Ég minnist þess þegar ég var í stjórnarandstöðu á síðasta kjörtímabili, þá var ég reyndar í stjórnarandstöðu með fleirum en einum flokki eftir því hvenær það var, en þegar ég var í stjórnarandstöðu með Sjálfstfl. var alltaf tekið fullt tilliti til þess sem talsmenn hans sögðu. Ef fundum var mótmælt hvort sem það voru næturfundir, kvöldfundir eða fundir á laugardögum þá var tekið tillit til þess, ég man ekki betur. Mér finnst það mjög sérkennilegt að núna þá er manni tilkynnt um fundi bæði um helgar, á kvöldin og á nóttunni og það skiptir engu máli þótt maður mótmæli. Og ef maður mótmælir þá er það talið röfl, málþóf eða ég veit ekki hvað. Mér er bara stórlega misboðið. Hvað er því til fyrirstöðu að ljúka þessu máli t.d. á mánudag eða þriðjudag? Einhvern tímann var talað um að hæstv. utanrrh. færi af landi brott á sunnudaginn og kæmi heim á mánudag eða þriðjudag hélt ég. Er ekki hægt að ljúka þessu máli þá? Það er ekki svo mikið sem liggur fyrir að við getum ekki lokið öllum þeim málum sem fyrir okkur liggja í næstu viku. Og hvers vegna er verið að boða okkur til fundar ef við eigum að ljúka öllum málum í þessari viku? Var ekki reiknað með að við yrðum a.m.k. í næstu viku líka? Mér þykir þetta mjög sérkennileg vinnubrögð, virðulegur forseti. Og ég ítreka mótmæli mín við því að ég sé boðuð hér til fundar á laugardegi og sérstaklega með tilliti til þess að Kvennalistinn er með samráðsfund þar sem við erum búnar að boða konur og þingflokkurinn getur þar af leiðandi ekki mætt á þann fund.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég get ekki annað en tekið undir með hv. 15. þm. Reykv. sem mótmælir þeim áformum að haldinn verði þingfundur á laugardegi, fundur sem við heyrum fyrst um nú að eigi að fara að efna til með þessu boði. Ég hef innt formann míns þingflokks eftir því hvað valdi og hann greinir frá því að það sé gert gegn mótmælum af sinni hálfu og fleiri þingflokksformanna stjórnarandstöðunnar.

Hér er búið að halda fundi í vikunni frá kl. hálfellefu sem er í fyrsta sinn að þannig hafi verið staðið að málum að hefja hér þingfundi að morgni með þessum hætti og halda þeim áfram fram á kvöld eins og hér hefur gerst. Og síðan á að kóróna þessa viku með því að boða til fundar á laugardegi. Það er ekki sýnilegt hvað veldur því að til þessa ráðs er gripið af forseta þingsins því ekki er rétt að segja forustu þingsins því að ekki mun forsætisnefndin sem slík standa að baki þessu fundarboði. Og svo bætist það við sem hér kom fram í máli hv. 15. þm. Reykv. að Samtök um kvennalista hafa sérstakan fund á landsmælikvarða með þátttöku af landinu öllu á morgun sem er löngu ákveðinn og það hefur ætíð verið tekið tillit til slíkra fundarhalda á vegum flokkanna. Þannig að það þarf meira en lítið að liggja á ef þörf er á að fara að halda fund á laugardegi með þessum hætti. Ég vil mótmæla þessu. Ég tel þetta vera, ég vil ekki nota þau orð sem mér eru í rauninni í hug varðandi þetta úr ræðustólnum, virðulegur forseti, mér finnst þannig að máli staðið að þessu leyti. Og náttúrlega ekki nokkur einasta ástæða til þess að vera að halda þinginu með þessum hætti áfram.

Við erum komin hér til þings á óvenjulegum tíma. Við höfum unað því að sjálfsögðu að svo væri gert. Það var gert ráð fyrir því fyrir jólin. Við getum auðvitað haldið þessu þinghaldi áfram eins og þörf er á að mati ríkisstjórnarinnar, það hefur enginn mér vitanlega mótmælt því, og tekið hér til við málin með eðlilegum hætti í næstu viku. En ég verð að segja það að mér finnst mjög óeðlilegt að vera að efna til þingfunda fyrir hádegi hér á Alþingi til þess að ræða mál ef slíkir fundir eiga síðan að standa fram á kvöld eins og gerðist þessari viku. Þannig að ég vona að það verði ekki endurtekið í þeirri næstu.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Formenn þingflokka áttu fund með forseta kl. fimm. Á þeim fundi varð ekkert samkomulag um fundahald. Allir formenn stjórnarandstöðuþingflokkanna mótmæltu því að halda fund hér á morgun. Það er fáheyrt að halda fund á laugardegi og ég minnist þess ekki að það hafi verið gert nema þá í fullu samkomulagi allra þingflokka. Það hefur einstöku sinnum komið fyrir fyrir þinghlé að fundir hafa verið haldnir á laugardögum en það heyrir algerlega undantekningu til. Ég tel líka að það sé einsdæmi að fundir séu haldnir þegar einstakir stjórnmálaflokkar halda

meiri háttar ráðstefnur eða fundi. Mig rekur ekki minni til þess þann tíma sem ég hef setið hér eða verið við hús.

Forseti tekur sína ákvörðun gegn mótmælum stjórnarandstöðunnar, það vil ég að komi hér fram. Ég vil líka láta þess getið að tveir af þingmönnum Framsfl. eru farnir úr bænum. Þar af er annar, 1. þm. Austurl., á mælendaskrá en fór úr bænum í góðri trú um að hann gæti flutt sína ræðu eftir helgi. Að minnsta kosti annar þessara þingmanna er að fara til að vera við jarðarför og mér þykir hart ef ég þarf að kalla hann til bæjarins og þá báða snemma dags á morgun vegna þessarar ákvörðunar forseta. En ég vil láta það koma fram, herra forseti, að ákvörðun forseta Alþingis er ekki tekin í samkomulagi við formenn stjórnarandstöðuflokkanna.

Össur Skarphéðinsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Við erum komin saman til þingfunda á þessum óvenjulega tíma árs vegna þess að við þurfum að ljúka ákveðnum verkum. Þegar formenn þingflokka hófu sína samráðsfundi í upphafi þessarar viku þá lá það fyrir að menn vildu gjarnan stefna að því að ljúka tilteknum hluta þessara verka, þ.e. umræðunni um EES, í þessari viku. Það lá alveg fyrir af hálfu beggja stjórnarflokkanna frá fyrsta samráðsfundi að við lögðum á það mikla áherslu að það væri hægt að ljúka henni í þessari viku og við lögðum þegar á fyrsta fundi áherslu á það að ef með þyrfti þá yrði hér þingfundur á laugardaginn. Þetta var rætt frekar á fundum í gegnum vikuna og það er alveg rétt sem hér kemur fram að formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar höfðu við því sterka fyrirvara. En það er líka rétt að það komi fram að forseti tók ævinlega fram að hún útilokaði ekki að þingfundur yrði á laugardag og það er jú forsetinn sem hefur úrslitavaldið í þessum efnum.

Það liggur líka fyrir að utanrrh. er á leið utan í mikilvægum erindagjörðum. Það kom fram gagnvart stjórnarandstöðunni þegar nokkru fyrir jól að hann yrði að halda úr landi um þessa helgi. Það hefur líka komið fram eðlileg krafa af hálfu stjórnarandstöðunnar að hann verði viðstaddur þessa umræðu. Þess vegna er það fullkomlega eðlilegt til að koma þessu við að geta lokið umræðum og jafnframt að utanrrh. geti verið viðstaddur hana að við grípum til þess að hafa fund hér á morgun. Ég tel það fullkomlega eðlilegt.

Ragnar Arnalds *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég vil að það komi hér fram að þegar þinghald seinni hluta vikunnar hefur verið til umræðu á fundum formanna þingflokka núna í vikunni hefur því ávallt verið andmælt af okkur formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar að fundur yrði á laugardeginum.

Nú er upplýst að Kvennalistinn heldur mikilvæga ráðstefnu á morgun og ég hygg að það sé alveg föst regla á Alþingi að taka fullt tillit til þess þegar stjórnmálaflokkur er með landsráðstefnu af einhverju tagi sem hann hefur boðað með löngum fyrirvara að þá sé ekki fundur. Ég spyr hvort nokkrum dytti í hug ef Sjálfstfl. ætti í hlut að fundur væri boðaður. Auðvitað væri það aldrei gert undir slíkum kringumstæðum og eru mörg dæmi þess. Ég trúi ekki öðru en forseti þingsins og talsmenn ríkisstjórnarinnar og þeir aðrir sem koma að þessu máli sjái að það er auðvitað mjög gerræðislegt að ætla sér að halda fund á morgun þegar einn stjórnmálaflokkanna hefur boðað mikilvæga landsráðstefnu á sínum vegum á morgun.

Það hefur verið upplýst að hæstv. utanrrh. sé á förum til útlanda og er ekki nema gott eitt um það að segja að hann ferðist, en ekki trúi ég að hann ætli að vera alla vikuna í burtu og væri æskilegt að hann kæmi og upplýsti hvernig ferðum hans verður háttað. Hann hlýtur að sjálfsögðu að meta það meira að koma mikilvægum málum sem hann flytur fram, bæði EES-málinu og sjávarútvegssamningnum og enginn trúir því að hann ætli að vera í burtu alla næstu viku. Því ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að þau mál yrðu tekin fyrir þegar hann kemur aftur. Það hlýtur að verða um miðja vikuna og þá ætti að vera hægt að ljúka þessum málum. Við erum því á einu máli um það í stjórnarandstöðunni að andmæla því mjög eindregið að fundur verði á morgun og það með skýrum rökum.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill upplýsa að á fundi forsætisnefndar í gær var rætt um þann möguleika að fundur yrði á morgun, laugardag. Því var þá andmælt af hv. 15. þm. Reykv. sem hefur tilgreint ástæður sínar og málið var þá eigi tekið til afgreiðslu og ekkert ákveðið. Sú ákvörðun sem forseti hefur síðar tekið er tekin í kjölfar funda með formönnum þingflokka ef ég hef skilið það rétt.

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hefur komið fram hjá þeim hv. stjórnarandstæðingum sem hafa talað um fundahaldið hér. Það er og hefur verið alveg föst regla að taka tillit til fundahalda stjórnmálaflokka. Svo rík hefð hefur það verið í þingstörfum að það hefur ekki verið bundið við laugardaga heldur hefur ávallt verið hliðrað til þó það væri á venjulegum virkum dögum, fimmtudögum eða föstudögum. Þetta er alveg ný regla sem er tekin hér upp og auðvitað er þetta yfirgangur, það er ekki hægt að segja annað. Hér á allt að snúast í kringum það að hæstv. utanrrh. er að fara úr landi á sunnudaginn. Ég hlýt að benda á að hæstv. utanrrh. lítur ekki á erindi manna úr landi stórum augum ef við hugsum til ræðu hans í gærkvöldi þar sem hv. 8. þm. Reykn. var fjarstaddur í gærkvöldi og hæstv. utanrrh. notaði báða ræðutíma sína til þess að ráðast á hann fjarstaddan fyrir að vera erlendis. Þetta er náttúrlega alveg einstök framkoma því að mér er kunnugt um að hv. 8. þm. Reykn. var staddur erlendis sem fulltrúi þjóðar sinnar þó á öðrum vettvangi væri en á vegum ríkisstjórnarinnar. Það hlýtur því að vera að hæstv. utanrrh. geti breytt þessum áformum sínum, a.m.k. leit hann ekki stórum augum á erindi hv. 8. þm. Reykn. úr landi. Því er óþarfi að fara fram með offorsi vegna þessa og þetta þinghald orðið undarlegt.

Fundur hófst kl. hálfellefu í morgun og svo á að halda áfram hér til klukkan átta í kvöld og byrja aftur kl. hálfellefu á morgun. Mjög undarlegur háttur er hafður á þessu og ekki síst er auðséð á þessum umræðum að þetta hefur ekki verið borið undir forsætisnefnd heldur, hún hefur ekki samþykkt þessa skipan sem heild.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Áðan var sagt að Kvennalistinn hefði boðað til samráðsfundar síns með mjög löngum fyrirvara. Vel má vera að svo sé. En gagnvart okkur sem sitjum á fundum þingflokksformanna var fyrirvarinn ekki lengri en svo að þetta var fyrst tilkynnt á fundi á þeim vettvangi nú í dag, þ.e. löngu eftir að farið var að tala um að halda fund á laugardeginum. Þetta vildi ég að kæmi fram.

Líka er nauðsynlegt að það komi fram að auðvitað er gerður greinarmunur á landsfundum flokkanna, stærstu fundum flokkanna, landsfundum, flokkráðsfundum, aðalfundum, miðstjórnarfundum eða hvað sem þeir heita, og einhverjum öðrum flokksfundum. Það er rétt að tekið er tillit til landsfundar Sjálfstfl. jafnt sem aðalfundar Alþb. þegar svona stendur á, en ekki hefur verið venja að taka tillit til minni háttar fundarhalda enda hafa þeir þá vikið fyrir fundum á Alþingi. Kannski mætti benda á að margir þeir sem óska eftir því að ekki verði fundur á morgun halda því fram að hér sé verið að ræða mikilvægasta mál lýðveldissögunnar, en Alþingi Íslendinga getur beðið og á að bíða eftir því að samráðsfundi Kvennalistans ljúki þó verið sé að ræða mikilvægasta mál lýðveldissögunnar. Væri ekki möguleiki að flytja þann fund fram á sunnudag eða finna einhvern annan tíma fyrir þann fund?

En ég hlýt að láta það koma fram, virðulegi forseti, að við erum auðvitað í óvenjulegri stöðu. Þess er krafist að hæstv. utanrrh. verði viðstaddur umræðurnar. Frá því fyrir jól hefur verið vitað að hann er að fara utan um helgina í krafti embættis síns að sinna opinberum erindum. (Gripið fram í.) Vonandi kemur hann aftur, já. Það er ekki samþykkt af hálfu stjórnarandstöðunnar að ljúka málinu meðan hann er í landi. Stjórnarandstaðan heimtar að utanrrh. sé viðstaddur fundina en fellst ekki á að ljúka málinu meðan hann er á landinu. Það kom fram í máli ráðherrans sjálfs hvaða tímafrestir eru vegna funda á vettvangi EFTA og EB. Auðvitað gengur þetta ekki upp og það er skylda forseta þingsins meðan menn eru á mælendaskrá í máli sem þessu að útvega tíma til þess að umræður geti farið fram. Forseti hefur gert það, forseti bauð upp á að fundur yrði í kvöld og fram eftir nóttu ef það mætti vera til þess að komast hjá fundi á laugardeginum. Það þótti mér ágæt tillaga. Þar með var komið til móts við óskir þeirra sem ekki vildu funda á morgun, þá hefði verið hægt að halda hér áfram og ljúka þeirri mælendaskrá sem skyndilega spratt upp í morgun í þessu máli, jafnþrautrætt sem það annars er að flestra dómi.

Virðulegi forseti, ég tel sjálfsagt að kanna það við forseta hvort hugmynd forseta um að halda fund í kvöld standi ef fólk vill endilega falla frá fundinum á morgun en ella tel ég einboðið að funda eins og boðað hefur verið á morgun.

Kristín Ástgeirsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hv. 17. þm. Reykv. og þingflokksformaður Alþfl. er afar fundaglaður maður og hann leggur það jafnan til að hér séu fundir öll kvöld og allar nætur ef hann fær því viðkomið en sem betur fer eru flestir aðrir ekki eins fundaglaðir og hann og vilja hafa eðlilegt form á vinnu þingmanna svo menn séu nokkurn veginn með fullu viti þegar þeir eiga að ræða alvarleg mál.

Samráðsfundur Kvennalistans hefur komið mjög til umræðu og það er svo að þetta eru fundir sem við höldum u.þ.b. 3–4 sinnum á ári og jafngildir kannski miðstjórnarfundum í öðrum stjórnmálaflokkum. Á þá fundi koma konur alls staðar að af landinu og eru boðaðar. Fundirinn er ákveðinn með löngum fyrirvara og auðvitað er ekkert einfalt mál að fresta honum um einn dag.

Ég skildi það svo í upphafi vikunnar þegar byrjað var að ræða um þinghaldið að menn ætluðu að vera á fundum frá klukkan hálfellefu á morgnana og fram undir sjö á kvöldin, jafnvel aðeins lengur ef á þyrfti að halda til þess að menn lykju ræðum sínum. Enda þótt hv. 17. þm. Reykv. legði alltaf til lengri fundi og forseti neitaði því aldrei að svo gæti orðið að hér yrði fundur á laugardegi þá datt mér einfaldlega ekki í hug að það yrði fundur á laugardegi vegna þess að þegar við ákváðum upphaf 2. umr. kom manni ekki annað til hugar en að EES-málinu mundi ljúka í dag. En þá gerist það að hæstv. utanrrh. heldur þvílíka dómadagsræðu að menn hafa orðið að bregðast við og svara ýmsu því sem hann hefur verið að halda fram og síðan bættist við hv. þm. Karl Steinar Guðnason með sínar yfirlýsingar í þessum mjög svo alvarlegu málum. Sú staða hefur því komið upp að málin eru því miður ekki fullrædd.

Ég held að flestir hefðu óskað þess að við gætum lokið málinu í dag. En auðvitað eru takmörk fyrir því hvað hægt er að halda fundahöldum lengi áfram og það hefur komið fram að menn eru farnir úr bænum. Af því að ég átti erindi inn í þingflokksherbergi framsóknar þá sá ég einmitt að þar uppi á vegg hékk tafla um dagskrá vikunnar og á henni stóð á vélrituðu blaði „Laugardagur, engir fundir". Menn hafa því ekki gert ráð fyrir því að hér yrðu fundir og ég lýsi fullri ábyrgð á hendur sjálfum utanrrh. sem ætti að vera það mikið kappsmál að ljúka málinu. Hann talar þannig að menn komast ekki hjá því að svara honum.

En það er ákvörðun forseta að fundur verði á morgun og við í stjórnarandstöðunni mótmæltum því, þetta er ákvörðun forseta og það hefur komið fram að við erum henni ósammála.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill fara fram á það að við getum senn haldið áfram samkvæmt dagskrá. Enn eru tveir á mælendaskrá sem óska að ræða gæslu þingskapa. Áður en þessum fundi lýkur yrði síðan tekið til athugunar af

hálfu formanna þingflokka og í samráði við forseta hvort unnt verður að breyta þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið í þá veru að haldið yrði áfram í kvöld og eitthvað fram eftir nóttu til þess að losa morgundaginn, en það gefist þá tóm til slíkra ákvarðana áður en þessum fundi verði lokið.

Kristín Einarsdóttir *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvernig ég á að taka því þegar talað er um fundi Kvennalistans með svo mikilli lítilsvirðingu. Ég vil benda hv. 8. þm. Reykv. á að við höfum ekkert sem heitir miðstjórn eða neitt þess háttar þannig að hann getur kannski reynt að samsvara samráðsfundum Kvennalistans miðstjórn síns flokks. Ég viðurkenni að við erum heldur færri á þingi en sjálfstæðismenn eru, en það breytir ekki því að við eigum að hafa a.m.k. álíka mikinn rétt þó þeir þykist hafa meiri rétt en við. Mér þótti leiðinlegt að heyra hvernig hann talaði um fundi (Gripið fram í.) — þrisvar til fjórum sinnum á ári, já. (**GHH:** Landsfundur sjálfstæðismanna er á tveggja ára fresti.) Ég sagði miðstjórn. (Gripið fram í.) Eða fulltrúaráðsfundir. Ég veit ekki hvað þetta allt saman heitir. En ég kom hérna vegna þess að ég taldi að þetta væri það mikilvægt mál sem við erum að ræða, aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði, og þess vegna get ég ekki verið á báðum stöðum. Ég ætlaði að sjálfsögðu að taka Alþingi fram yfir. Það er þess vegna sem ég var að kvarta því að mér þótti mjög slæmt að geta ekki verið á fundi hjá Kvennalistanum, ég hélt að ég hefði skýrt það áðan að mér þætti mjög slæmt að geta ekki verið þar vegna þess að ég tel að ég eigi að vera hér. Það er til þess að skýra þetta út sem ég kveð mér hljóðs um þingsköp. Mér finnst mjög slæmt að geta ekki verið þar þannig að þingmaðurinn hlustaði ekki almennilega á það sem ég sagði.

En ég vildi fyrst og fremst benda á það að einhvern tímann fyrir jól var talað um það að hæstv. utanrrh. þyrfti að fara á fund — mig minnir að það hafi verið sagt 9. og 10. jan., það er kannski búið að breyta því í 9., 10., 11., 12., 13., 14. og 15., en það var talað um 9. og 10. Eftir mínu dagatali þá er það á morgun og hinn daginn. Síðan var mér sagt að það væri á sunnudaginn, það er 10., og þá reikna ég með að það sé 10. og þá hugsanlega 11. og þá kemur hann auðvitað á þriðjudaginn og þá ljúkum við þessu máli. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að við getum lokið öllum þeim málum og þeim verkum sem við ætluðum okkur að gera með eðlilegum hætti í næstu viku. Við þurfum ekkert að vera að vinna á kvöldin eða um helgar, við getum gert það bara í næstu viku. Þetta eru ekki það mörg mál. Okkur verður ekki skotaskuld úr því, sérstaklega ef við samþykkjum að mæta kl. hálfellefu og vera til sjö. Það er meira en nógur tími ef ég get metið málin rétt. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að við tökum önnur mál á mánudaginn meðan hæstv. utanrrh. er í burtu og e.t.v. þriðjudaginn ef hann er þá líka í burtu. Mig minnir að einhvern tímann hafi verið talað um 14. jan., mitt dagatal segir að það sé ekki fyrr en undir lok næstu viku, þannig að það sé allt í lagi ef þessi 14. er svo heilagur dagur fyrir þetta mál þá ættum við örugglega að geta lokið því fyrir þann tíma ef það er alveg nauðsynlegt.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er aðeins ein lítil spurning og hún er svona: Hvað er það sem knýr á um að viðhafa þessi óeðlilegu og óvanalegu vinnubrögð? Ég veit ekki til að það sé neitt sem knýr á um það. Ég held að hitt væri hyggilegra að við hefðum nokkurt tóm til að átta okkur á gjörbreyttri aðstöðu í Evrópska efnahagssvæðinu og Evrópuráðinu sjálfu og við þurfum öll að huga að málum. Ég sé nákvæmlega ekkert sem getur knúið á um þessa ráðabreytni nema þá það að ráðherrann þurfi að fara út og að sjálfsögðu er hægt að bíða eftir honum í einn eða tvo daga. Er nokkur maður sem lætur sér detta það í hug að í öllu þessu Evrópusamstarfi núna þá gerist eitthvað sem knýr á um það að við fundum núna stíft? Ég sé ekki hvað það væri. Það er að vísu þannig að Spánverjar hafa dregið sig algjörlega út úr viðræðunum og það eru gjörbreytt vinnubrögð. Æskilegast væri fyrir okkur auðvitað að við gætum fengið nokkrar vikur til að átta okkur á öllum þessum breyttu aðstæðum og væri best fyrir alla aðila. Þetta sem nú er að gerast, að stjórnarandstaðan mótmælir því að þetta gangi svona til, er auðvitað ekki til þess að auðvelda vinnubrögð. Mér er það algerlega ljóst. Ég hef lagt það til í mínum flokki og því verið vel tekið að menn reyndu nú að hægja á og ræða saman og forustumenn allra flokka settust niður og tækju sér gott tóm til þess að reyna að leysa úr málum. En spurningin er: Hvað er það sem knýr á? Ég fæ ekki séð hvað það er.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti telur að það hafi komið fram fullskýrt sem hv. 4. þm. Reykv. spyr um, að hæstv. utanrrh. þarf að fara af landi brott og þess er með mjög eðlilegum hætti óskað af hálfu stjórnarandstöðunnar að hann sé viðstaddur umræðuna. Því er lagt á það kapp að ljúka umræðunni áður en hann fer úr landi.

Forseti vill gjarnan ítreka ósk sína til formanna þingflokka að þeir hittist og að höfðu samráði við forseta þingsins, sem því miður er ekki staddur í húsinu, reyni hvort unnt sé að ná samkomulagi um aðra skipan en ákveðin hefur verið. Ef samkomulag næst ekki mun fyrri ákvörðun standa.

María E. Ingvadóttir:

Hæstv. forseti. Á árinu 1905 börðust stórhuga og framsýnir menn fyrir því að hér yrði lagður sími. Það gekk ekki átakalaust fyrir sig. Enn eru til stórhuga menn á Íslandi, menn sem kjósa samstarf í stað einangrunar og framfarir og þróun í stað afturhalds og stöðnunar. Þessir menn kjósa samstarf við önnur Evrópuríki, kjósa að sitja við sama borð og samkeppnisaðilar þeirra.

Það er gjarnan bent á að EFTA-samningurinn hafi ekki skilað þeim árangri sem vænst var — en af hverju? Ein ástæðan var t.d. sú að þar var ekki tekið á þeim möguleika að ríki Evrópubandalagsins gætu beitt

EFTA-ríkin svonefndum tæknilegum hindrunum, t.d. það að matvæli frá EFTA-ríkjum verða að uppfylla ákveðin skilyrði sem viðkomandi innkaupaland setur, oft beinlínis til að koma í veg fyrir innflutning á sama tíma og annað EB-land flytur óhindrað inn sínar vörur án þess að uppfylla þessar sérkröfur.

Í EES-samningnum er tekið á þessum hlutum. Framleiðsluvörur EFTA-ríkja munu sitja við sama borð og vörur frá ríkjum Evrópubandalagsins. Hv. þm. Páll Pétursson talaði um það hér í morgun að atvinnuleysisstig hér á landi gæti orðið svipað og í Evrópubandalagsríkjum. Það er einmitt til að koma í veg fyrir enn meira atvinnuleysi hér á landi sem EES-samningurinn er mikilvægur. Eða heldur hv. þm. að atvinnuleysi vaxi ekki ef EES-samningnum verður hafnað? Menntað fólk á íslandi flýr ekki til annarra Evrópuríkja nema vegna mikils kjaramunar hér og þar.

Mig undrar mjög að þeir sem hafa aðhyllst hið miðstýrða sovéska kerfi og hafa áhyggjur nú yfir því að EES sé aðeins skref inn í Evrópubandalagið skuli þá ekki einmitt fagna EES-samningnum. Ég lít á EES-samninginn sem mikilvægan fyrir okkar viðskiptamöguleika. Ég lít ekki á hann sem skref inn í Evrópubandalagið nema ef við óskum eftir því og í þeim efnum finnst mér að við ættum að flýta okkur mjög hægt. Eins og staða Evrópubandalagsins er í dag virðist það einna helst minna á miðstýrt bákn en á slíku hef ég ekki meiri trú nú en áður. Okkur liggur ekkert á að hugsa um aðild að Evrópubandalaginu. Leyfum þeim að koma sínum málum á hreint, bæði sína stjórnskipan sem annað. En okkur liggur á að samþykkja EES-samninginn einfaldlega til að auðvelda íslenskum fyrirtækjum markaðssókn inn á þennan markað sem er okkur svo mikilvægur.

Það ágæta er að vaxtarbroddur viðskiptalífsins og uppbyggingarinnar innan Evrópubandalagsins er hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum, en um 95% fyrirtækjanna eru af þessari stærðargráðu og þar eru um 75% alls vinnuafls. Minni fyrirtæki hafa meiri sveigjanleika og þar nýtur sín hagkvæmni stærðarinnar.

Ef uppbygging íslensks iðnaðar hefur ekki skilað árangri sem skyldi er það vegna skilningsleysis og afskiptaleysis stjórnvalda á hverjum tíma. Sjávarútvegurinn er okkar mikilvægasti atvinnuvegur og iðnaðurinn hefur fallið í skugga hans. Á þessu hefur orðið nokkur breyting og það er mikilvægt að þingmenn trúi því að íslenskur iðnaður sé samkeppnisfær á erlendum mörkuðum. Íslensk fyrirtæki hafa nú þegar hafið ýmsar breytingar til þess að bæta sínar vörur þannig að þær uppfylli þær gæðakröfur sem krafist er og er það mjög af hinu góða. Nefna má að t.d. Japanir hafa nú hafið breytingar á gæðastuðlum til samræmis við EB. Það er því víst að þær kröfur sem EES-samningurinn gerir til framleiðsluvara eru ekki meiri en aðrar viðskiptaþjóðir gera og munu gera þannig að þessar kröfur þarf að uppfylla hvort sem samningurinn verður inni eða úti.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir nefndi hér áður að utanrrh. hefði fullyrt að skuldir mundu hverfa. Okkar skuldir hverfa ekki frekar en annarra en við höfum meiri möguleika á að greiða okkar skuldir með bættum viðskiptakjörum. Hún benti einnig á að meiri hluti útflutnings okkar fer til Evrópuríkja og það er rétt. Yfir 70% okkar útflutnings fer til þessara ríkja og það er ekki talið klókt að hafa öll eggin í sömu körfunni. Viðskiptin við Evrópuríki eru ekki svona mikil af hreinni tilviljun. Viðskipti leita þangað sem þau eru hagstæðust. Íslensk fyrirtæki hafa hafið sókn á markaði Austur-Evrópu og þau viðskipti lofa góðu. Það er ekkert auðvelt að fara inn á nýja markaði. En samdráttur í fiskveiðum í Alaska og Kanada hefur flýtt því og með góðum árangri að hafin var markaðssókn bæði í Suður-Ameríku og Tævan auk Austur-Evrópu með ýmsar iðnaðarvörur tengdar sjávarútvegi. Íslensk fyrirtæki hafa nú þegar fjárfest í erlendum fyrirtækjum og fleiri slíkir samningar eru í farvatninu til að tryggja markaðsstöðu sína og auðvelda leiðir inn á markaðinn. Fjárfesting í fyrirtækjum innan Evrópubandalagsins auðveldar aðgang að þessum markaði.

Það er nú einu sinni svo að samningur er þess eðlis að samningsaðilar samþykkja hann þegar þeir hafa fallist á skilyrði hans. Ef mjög er á einn hallað í samningi er um nauðungarsamninga að ræða. Hér er ekki um slíkt að ræða. Við viljum nýta þá möguleika sem samningurinn gefur okkur og það vilja aðrir samningsaðilar einnig. Ef erlendir aðilar sjá sér hag í því að fjárfesta á Íslandi væri það af hinu góða. Þeir sæju þar með möguleika á arðbærum rekstri alveg eins og íslenskir aðilar sjá hag í sínum fjárfestingum erlendis. Hagkvæmur rekstur kallar á vinnuafl og þjónustu og er öllum til hagsbóta. Í stað þess að óttast erlenda fjárfestingu á Íslandi ættum við að gera átak í því að laða hingað erlend fyrirtæki, nýta t.d. þá offjárfestingu í orkuframleiðslu sem hér er.

EES-samningurinn opnar ekki leið til himnaríkis og eilífrar sælu en guð hjálpar þeim sem hjálpar sér sjálfur. Það gerum við nú með samþykkt EES-samningsins. Við ætlum að snúa vörn í sókn, samdrætti í uppbyggingu og fyllast þar með bjartsýni þar sem árangurinn er í sjónmáli.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Margt er óvenjulegt í þingstörfum um þessar mundir, ekki aðeins það að þing komi saman í byrjun árs þegar venja er að þingmenn sinni öðrum störfum, heldur eru þingstörf daglega með býsna ólíku sniði frá því sem menn eiga að venjast og frá því sem þeir flokkar sem hér standa að ríkisstjórn hafa sætt sig við fram til þessa, sérstaklega þegar þeir hafa verið í stjórnarandstöðu. Mönnum er enn í fersku minni hamagangurinn í Sjálfstfl. fyrir þremur árum þegar umræðan hófst um hið Evrópska efnahagssvæði þar sem umræður af þeirra hálfu einungis um dagskrárliðinn þingsköp stóðu klukkustundum saman og jafnvel unnt að telja það í tugum klukkustunda. Hér iðka menn hina nýju siði sem eru þeir að bjóða mönnum önnur kjör og aðra stöðu og önnur þingstörf en áður hafa tíðkast.

Það var upplýst í þingskapaumræðum að ástæðan fyrir því að fyrirhugaður er þingfundur á morgun, sem yrðu vissulega þáttaskil í þingstörfum þar sem það

væri í fyrsta sinn, svo mér sé kunnugt, sem stjórnmálaflokki sem sæti á á Alþingi er synjað um að hlé sé gert á þingstörfum meðan mikilvægur fundur fer fram. Það er þeim mun óvenjulegra við þessi nýju vinnubrögð og þennan nýja sið að viðkomandi flokkur, Kvennalistinn, heldur sinn fund á laugardegi sem að öllu jöfnu á ekki að vera þingfundardagur. Ástæðan sem borin er fram sú að hæstv. utanrrh. þurfi að fara til útlanda og vera kominn á fundarstað nk. mánudag. Með öðrum orðum getur hann ekki verið viðstaddur einhverja daga í næstu viku og þá á að snúa þingstörfum í kringum þarfir hans þótt mér sé ekki kunnugt um að þessi fundur sem ráðherra hyggst sækja tengist á nokkurn hátt því máli sem hér er lagt ofurkapp á að ljúka á þessum dögum. Ég hefði talið hið eðlilega í málinu að hæstv. utanrrh. gerði það upp við sig hvort hann teldi mikilvægara að fylgja eftir kröfu sinni um að ljúka málinu sem fyrst og vera hér viðstaddur eða sinna fundahöldum erlendis um óskyld málefni.

Það er ljóst að í þessu máli og þingstörfum, eins og þau hafa gengið á nýju ári og undir lok síðasta árs, hefur Alþfl. Sjálfstfl. í bóndabeygju og gefur honum fyrirskipanir um það hvernig þinghaldi skuli hagað og Sjálfstfl. beygir sig auðmjúkur utan hv. 4. þm. Reykv. sem leyfir sér sem oft áður að hafa sjálfstæða skoðun á máli og uppsker það eitt að vera með óvinsælli mönnum af hálfu forustu Sjálfstfl.

Hæstv. utanrrh. fór hér mikinn í umræðu í gær og hjó á báðar hendur. Má segja að honum kippti í kynið og er eflaust duglegur til þeirra verka að kljúfa við vestur í Selárdal ef á þarf að halda að vinna þar verk. Hann hélt áfram látlausum árásum á stjórnarandstæðinga, fyrst og fremst á fjarstaddan þingmann sem er erlendis eins og fram hefur komið og hefur fullgilda ástæðu og hefur ekki beðið um að þingstörfum sé snúið þannig að það henti utanferðum hans. Hæstv. utanrrh. þótti við hæfi að höggva nokkuð títt til formanns Alþb. vegna þess að hann sinnir skyldustörfum fyrir sína þjóð á erlendum vettvangi um tveggja eða þriggja daga skeið án þess að nokkru sé truflað starfi þings.

Hann gerði enn og aftur að umtalsefni að umræðan hefði staðið nokkuð lengi og gerði nokkuð mikið úr því eins og heyrst hefur áður á öðrum vettvangi. Þetta eru í sjálfu sér ekki nýjar fréttir fyrir þá sem hér hafa setið og hlusta á hæstv. utanrrh. á þessu kjörtímabili. Ég rifja það t.d. upp að svo snemma sem 10. sept. á sl. ári var utanrrh. farinn að saka stjórnarandstöðuna um málþóf og kallaði málflutning hennar þá síbilju þegar umræðan var varla nema nýhafin, 10. sept. fyrir tæpum fjórum mánuðum. Þetta ætti að segja meira en nokkurt annað að áróður utanrrh. um málþóf er markleysa. Honum er kappsmál eitt að koma málum í gegn með góðu eða illu. Hann hefur forðast umræður um málið á málefnalegum nótum og einkum og sér í lagi upp á síðkastið. Það hafa verið lagðar fjölmargar spurningar fyrir ráðherrann sem ekki hefur verið svarað.

Það liggja líka fyrir rökstuddar ályktanir sem einstakir þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa lagt fram um einstök efnisatriði samningsins og hefur einungis verið svarað með fullyrðingum einum saman, algerlega órökstuddum. Engin vitræn umræða hefur því farið fram af hálfu hæstv. utanrrh. um nokkur atriði af þeim toga.

Ég vil líka áður en lengra er haldið minna á þau ummæli hæstv. utanrrh. í gærkvöldi í fyrri ræðu hans þar sem hann hóf þann leik að bera það á þingmenn Alþb. og Framsfl. að þeir hefðu verið með landráðabrigsl á sínum tíma þegar samningurinn um EFTA var ræddur hér. Undir þetta tók svo annar þingmaður Alþfl., formaður fjárln., hv. þm. Karl Steinar Guðnason. Hér er um þær grófustu ásakanir að ræða sem ég hef heyrt í þingsal frá einum þingmanni eða tveimur á hendur öðrum og er ekki hægt að láta ómótmælt. Í öðru lagi verður að krefjast þess að þeir færi rök fyrir þessum fullyrðingum sínum.

Þess hefur þegar verið krafist af hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni. Hann brast kjark til að svara og þagði sem fastast. Ég geri þá kröfu til hæstv. utanrrh. að hann færi rök fyrir fullyrðingum sínum um að þáv. þingmenn þessara tveggja flokka hafi brugðið öðrum þingmönnum um landráð á þeim tíma. Það er lágmarkskrafa sem hægt er að gera til hæstv. utanrrh. að hann styðji mál sitt einhverjum rökum. Að öðrum kosti tel ég nauðsynlegt að fara fram á að hæstv. utanrrh. biðjist afsökunar á þessum ummælum sínum og dragi þau til baka. Verði hvorugt gert, viðhlítandi rökstuðningur lagður fram eða afsökunarbeiðni kemur ekki fram, þá er nauðsynlegt að snúa sér til forseta og fara fram á það að forseti ómerki þessi ummæli. Ég tel að þingmenn sem nú eru í þessum tveimur flokkum geti ekki undir neinum kringumstæðum unað því að þessar sakir séu í tvígang fram bornar á fyrri þingmenn þessara flokka og að hluta til núverandi án þess að þær séu víttar sem við hæfi er að mínu mati.

Hins vegar hefur umræðan í gærkvöldi væntanlega varpað nokkuð skýru ljósi fyrir þá sem með henni fylgdust á það hvernig ástandið er í þinginu. Það er öllum ljóst og flestir viðurkenna að umræður og afgreiðsla á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er þarflaus um þessar mundir. Þingið hefur öðrum mikilvægum verkefnum að sinna sem ég tel að það ætti að gera um þessar mundir og snúa sér að innanlandsmálum. Þess í stað er þinginu haldið frá þeim málum vegna kröfu Alþfl. um að afgreiða þennan samning þrátt fyrir að öllum sé fullljóst að hann mun ekki taka gildi fyrr en í fyrsta lagi eftir sex mánuði og líklega mun síðar og hitt að eftir þær fréttir sem bárust síðla í desember eru allnokkrar líkur á að ekkert verði af honum. Það er hygginna manna ráð að eyða ekki kröftum sínum á vitlausan veg og ég teldi það stjórn þingsins til sóma ef hún sæi svo til að á dagskrá væru þau mál sem brýnna er um þessar mundir að ræða en afgreiða samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Því miður verða þingstörf að líða fyrir þetta ofurkapp Alþfl. sem virðist líta á þetta mál þannig að það sé persónulegur frami formanns flokksins og pólitísk nauðsyn að knýja úrslit fram í þessu máli svo fljótt sem hægt er. Það er sorglegt til þess að vita við þær aðstæður þegar þúsundir Íslendinga ganga atvinnulaus-

ir, þá skuli ekki fást rædd í þinginu, hvorki í þingsal né í nefndum þingsins, frumvörp sem þegar hafa verið lögð fram og sum komin til nefndar og ætluð eru og hugsuð til þess að bæta hag þess fóks sem er atvinnulaust. Alþfl. kemur í veg fyrir það t.d. að félmn. vinni í og afgreiði frá sér frv. til laga sem gerir það kleift að atvinnulausir geti búið í sínu húsnæði meðan þeir eru án atvinnu án þess að eiga á hættu að húsnæðið verði boðið upp ofan af þeim. Frv. af þessu tagi, og fleiri gæti ég tínt til, bíða hér og fást ekki rædd í nefndum því nefndir mega ekki starfa núna á þessu sérstaka þingi Alþfl. sem haldið er fyrir Alþfl. núna í janúar. Réttindamál fyrir atvinnulaust fólk fæst ekki rætt vegna kröfu Alþfl. um að ræða hér mál sem er í eðli sínu dautt í fyrirsjáanlegri framtíð hvað svo sem síðar verður. Þetta kalla ég rangar áherslur, virðulegi forseti.

Ofan á allt þetta fáum við þingmenn þær fréttir að af hálfu stjórnarliðsins séu uppi hugmyndir um og hafi verið lagðar fram að strax og menn eru búnir að ljúka afgreiðslu þessara tveggja Evrópumála, samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og fiskveiðisamningsins við EB, þá eigi að senda þingið í langt frí. Hugmyndir stjórnarliðsins eru um það að þingið taki sér fjögurra vikna frí að lokinni þessari umræðu. Önnur mál verði ekki rædd eftir að þessari fundalotu lýkur með þessum tveimur málum og þeim tveimur öðrum sem gert er ráð fyrir að rædd verði og afgreidd. Ég hefði talið þarfara fyrir þingið að snúa sér að þeim brýnu verkefnum sem bíða en að senda það í fjögurra vikna leyfi.

Síðan er gert ráð fyrir því að þingstörfum ljúki fyrstu dagana í maí. Þegar maður dregur þá daga frá, frá miðjum febrúar og fram í byrjun maí, en augljóslega verða ekki kraftmikil þingstörf eða jafnvel frí þá viku sem Norðurlandaráðsþing er haldið og þá daga sem páskar standa yfir, þá sýnast mér ekki vera nema átta vinnuvikur, kannski níu, sem hægt er að kalla því nafni. Þetta er tíminn sem stjórnarliðið hefur hugsað sér að þingið vinni til 1. okt. síðar á þessu ári. Ef þessar hugmyndir ná fram að ganga á þingið ekki að starfa meira en þessu nemur. Fyrir því liggur að afgreiða, væntanlega á þessum fáu vikum til vors, tugi frumvarpa sem tengjast samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Ég sé því ekki að önnur mál komist mikið að fyrir haustþingið. Þetta er með þvílíkum ólíkindum að þó að maður sé orðinn nokkuð vanur sérstökum vinnubrögðum hér undir forustu þessarar ríkisstjórnar, þá setur mann hljóðan við slíkar hugmyndir.

Ég vil einnig staldra frekar við ræðu hæstv. utanrrh. frá því í gær og leiðrétta eitt atriði sem hann hélt þar fram um víðtækan stuðning samtaka atvinnurekenda við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Ég tel nauðsynlegt að koma þar að upplýsingum sem mönnum eiga að vera kunnar en er nauðsynlegt að ítreka vegna rangra fullyrðinga hæstv. utanrrh. þar sem hann leitast við að láta málið líta þannig út fyrir áheyrendum að hér sé um órofa fylkingu atvinnurekenda að ræða sem einum rómi krefjist þess að samningurinn verði afgreiddur án tafar.

Ég vil fyrst minna á það að innan atvinnurekendageirans hafa komið fram raddir um að EES væri ekki nóg. Menn ættu að snúa sér að því að ganga beint inn í Evrópubandalagið sjálft. Ég minni þar á fremstan meðal jafningja framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands. Ég man ekki betur en hann hafi sett fram þá hugmynd að við ættum að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Varla telur hann þá samninginn um Evrópska efnahagssvæðið fullnægjandi. Og þeir eru fleiri til sem gæla við þessa hugmynd úr þessum ræðum þó að ég nefni þá ekki að sinni.

Ég vil rifja upp ályktun aðalfundar Samtaka fiskvinnslustöðva frá því í haust um Evrópska efnahagssvæðið og forsendur fyrir stuðningi samtakanna við samninginn. Ég vitna í fréttabréf samtakanna frá 21. sept. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Stuðningur fiskvinnslunnar við EES hefur alltaf verið bundinn því að Íslendingar fái tollfrjálsan aðgang fyrir fiskafurðir sínar án þess að neinar heimildir til fiskveiða innan fiskveiðilögsögunnar komi í staðinn. Aðalfundur SF vill ítreka þessi sjónarmið og jafnframt benda á að í þeim samningsdrögum sem fyrir liggja vantar verulega upp á að þessum skilyrðum sé fullnægt."

Það er alveg ljóst að af hálfu þessara samtaka, sem eru ekki þau veigaminnstu innan raða atvinnurekendasamtaka, samtaka fiskvinnslustöðva, er stuðningurinn við EES skilyrtur og að samningurinn sem hér liggur fyrir uppfyllir ekki þau skilyrði og vantar verulega upp á, eins og segir í aðalfundarsamþykkt samtakanna.

Ég vil einnig minna á mat Landssambands iðnaðarmanna á samningnum fyrir skipasmíðaiðnaðinn, því að það er ekki nema hálfur sannleikur að segja að Landssamtök iðnaðarins styðji þennan samning eins og þau hafa reyndar lýst yfir. Það verður þá að segja alla söguna. Það er rétt að ég minni á það svo menn hafi það hjá sér og viti af því að það er ekki einróma stuðningur við samninginn og fjarri því að menn telji hann fullnægjandi á alla kanta. Það kemur fram í mati Landssamtaka iðnaðarmanna að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið sé gagnslaus fyrir skipasmíðaiðnaðinn. Vegna þess að hæstv. utanrrh. í stöðugri viðleitni sinni til að lengja umræðuna með höggum á báða bóga, rangfærslum og á köflum hreinum ósannindum, gefur tilefni til þess þá er nauðsynlegt að láta koma fram það sem sannara er í þessum málum. Ég vil því vitna í stuttan kafla í fréttabréfi Landssambands iðnaðarmanna frá því í mars þar sem því er lýst yfir að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið sé gagnslaus fyrir skipasmíðaiðnaðinn og það rökstutt frekar. Hann er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á einu sviði sem mikilvægt er fyrir íslenskan iðnað stóð ágreiningur allt fram á síðustu stundu en það eru ríkisstyrkir til skipasmíða. Hjá EB er í gildi svonefnd sjöunda tilskipun um ríkisstyrki til skipasmíða. Auk þess að setja ákveðið hámark á heildarfjárhæð ríkisstyrkja sem hlutfall af samningsverði felur þessi tilskipun í sér að styrkir sem raska innbyrðis samkeppni milli skipasmíðastöðva í aðildarlöndunum eru bannaðir. Í þessu felst með öðrum orðum að þegar um er að ræða samkeppni milli fyrirtækja í aðildarlöndunum

geta fyrirtæki ekki náð til sín smíðasamningum í krafti hærri ríkisstyrkja en keppinautarnir. Slíkir samningar eru einfaldlega bannaðir. Það var því afar eftirsóknarvert fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað að öðlast með EES-samningnum aðild að þessari tilskipun. Í því hefði falist þýðingarmikil vörn gegn því að fyrirtæki í öðrum EES-löndum, t.d. í Noregi, á Spáni og í Portúgal haldi áfram að undirbjóða íslenskar skipasmíðastöðvar í krafti ríkisstyrkja. Í ljósi þessa lagði Landssamband iðnaðarmanna ríka áherslu á það við íslensk stjórnvöld að tryggð yrði fullgild aðild að sjöundu tilskipuninni.

Nú liggur fyrir niðurstaða um ríkisstyrki til skipasmíða sem teljast verður mjög mikil vonbrigði fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað. Ekki náðist samkomulag um það að sjöunda tilskipunin yrði hluti af EES-samningi. Ekki náðist heldur samkomulag um bókun sem talist getur góð trygging fyrir því að EFTA-ríkjunum gefist síðar kostur á aðild að nýrri tilskipun EB um sama efni.

Með samningnum fylgja einungis tvær stuttar bókanir um þetta efni. Önnur er sameiginleg og segir einfaldlega að meðan sjöunda tilskipunin er í gildi nái hinar almennu reglur samningsins um bann við ríkisstyrkjum ekki til skipasmíða. Ríkisstyrkir til skipasmíða verði með öðrum orðum leyfðir innan EES og engar ráðstafanir gerðar til þess að koma í veg fyrir skaðleg áhrif þeirra á samkeppnisskilyrði fyrirtækja.

Hins vegar er mjög almennt orðuð yfirlýsing frá EB um það að bandalagið stefni að því að lækka ríkisstyrki til skipasmíða. Við ákvörðun um það hvort og hvernig nýjar reglur verði settar um ríkisstyrki til skipasmíða þegar sjöunda tilskipunin rennur út muni bandalagið meta samkeppnisskilyrði í skipasmíðaiðnaði á öllu EES-svæðinu, hafa samráð við EFTA-ríki og taka mið af viðleitni á alþjóðavettvangi í því að draga úr ríkisstyrkjum.

Það þarf mikla bjartsýni til þess að ætla að íslenskum skipasmíðaiðnaði verði mikið hald í þessari bókun. Boltinn er því enn sem fyrr hjá íslenskum stjórnvöldum. Ætla þau á einhvern hátt að mæta miklum ríkisstyrkjum í samkeppnislöndum íslensks skipasmíðaiðnaðar eða horfa aðgerðalaus á það að margra milljarða framleiðslutækifæri fari úr landi vegna óeðlilegra viðskiptahátta samkeppnisþjóða? Höfum við svo marga góða kosti í atvinnumálum að við höfum efni á að láta íslenskan skipasmíðaiðnað lognast út af vegna þess að keppinautarnir hafa rangt við?"

Ég held að þetta segi allt sem þarf um þennan samning gagnvart íslenskum skipasmíðaiðnaði. Ég hef ekki enn heyrt svörin frá hæstv. utanrrh. um það hvað íslensk stjórnvöld ætla að gera til að standa við bakið á íslenskum skipasmíðaiðnaði á næstu árum.

Fyrir fáeinum dögum komu slæmar fréttir um ástandið í skipasmíðaiðnaðinum. Talið er að á síðasta ári hafi samdráttur þar verið um 10% frá fyrra ári miðað við veltu og starfsmönnum fækkað um 9% á milli áranna 1991 og 1992, eða um 300 manns. Það er því ljóst að áhyggjur og mat Landssambands iðnaðarmanna á fullan rétt á sér og styðst við fullgild rök. Það sem á skortir eru viðbrögð og aðgerðir íslenskra stjórnvalda til þess að koma í veg fyrir að það gerist sem menn sjá fram undan. Það hlýtur að vera keppikefli stjórnvalda þegar atvinnuleysi hefur náð þvílíkri stærð sem orðið er á hverjum tíma að stuðla að því að það minnki. Meðal aðgerða sem ríkisstjórnir og stjórnvöld hljóta að eiga að grípa til eru einmitt aðgerðir sem treysta stöðu iðngreina eins og t.d. skipasmíðaiðnaðarins þar sem menn sjá fram á að hundruð manna hafa þegar misst vinnuna og ekki er lát á.

Reyndar eru tíðindin úr iðnaðinum frá síðast ári verri en fram hefur komið hjá mér. Talið er að störfum í iðnaði á síðasta ári hafi fækkað um 1.200. Maður hlýtur að velta fyrir sér ef þessi samningur um Evrópska efnahagssvæðið verður einhvern tímann að veruleika hvort einhverjar líkur séu á því að samningurinn sem slíkur snúi þessari þróun við þannig að Íslendingar gæti vænst þess að fá atvinnu við störf í þessari mikilvægu atvinnugrein. Því miður verð ég að segja að reynslan af fríversluninni innan EFTA gefur ekki tilefni til að ætla að íslensk fyrirtæki sæki mörg störf á erlenda markaði. Hlutdeild iðnaðar í atvinnu hér á landi hefur ekki vaxið þann tíma sem fríverslun innan EFTA-ríkjanna hefur staðið, í 20 ár, heldur þvert á móti eilítið minnkað. Ég sé ekki þann mun á 380 milljóna markaði og 80 milljóna markaði að það gefi tilefni til að ætla að hinum smáu íslensku fyrirtækjum vegni betur þó stórt svæði verði enn stærra.

Eitt af því sem hefur verið hvað mest gagnrýnt í þessum samningi er einmitt það atriði sem kom fram hjá Landssambandi iðnaðarmanna, ríkisstyrkirnir, sem eru ekki bara innan skipasmíðaiðnaðarins heldur líka innan sjávarútvegsins almennt í Evrópu. Þeir styrkir verða því miður áfram rétt eins og í skipasmíðaiðnaðinum. Samkeppnisstaða íslensks sjávarútvegs er því mun lakari en hún væri ef ekki væru ríkisstyrkir á Evrópumarkaðinum til sjávarútvegsins þar.

Því hefur verið svarað til af hálfu ráðherra að það hafi verið ókleift að ná því fram að fá Evrópubandalagið til þess að afnema ríkisstyrki og reyndar líka að fá það til að afnema tolla á sjávarafurðum. Hins vegar er ekki víst að staða okkar til að sækja fram með þessa kröfu hafi verið svo veik sem menn hafa viljað vera láta né undirtektir svo slæmar eins og mátt hefur skilja á þeim fóstbræðrum, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh.

Ég rifja hér upp að í septembermánuði árið 1990 heimsótti varaforseti framkvæmdastjórnar EB, Henning Christophersen, Ísland og mætti m.a. á fund hjá Evrópustefnunefnd. Hjá honum kom það sjónarmið fram að vissulega hefðu Íslendingar opnað markaði sína fyrir iðnvarningi frá EB og það án þess að fá fríverslun með fisk og fiskafurðir. Það þyrfti því að ná jafnvægi á þessu sviði. Með öðrum orðum viðurkenndi varaforseti framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins það á þessum fundi að Íslendingar hefðu gefið meira í samskiptum við Evrópubandalagið en þeir hefðu fengið í staðinn. Það væri ójafnvægi á viðskiptum milli aðila. Íslendingar hefðu hleypt vörum Evrópubandalagsins til landsins og gefið þar fríverslun en

hefðu ekki fengið það sama fyrir sínar afurðir og þessu yrði að jafna.

Ég hef ekki orðið var við það, virðulegi forseti, að hæstv. utanrrh. hafi gengið eftir því að framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins efndi þessi orð. Ég vil því fara fram á það við hæstv. utanrrh. að hann svara því hvort hann hafi gengið á eftir því að varaforseti framkvæmdastjórnar EB stæði við þessa yfirlýsingu sína og hver viðbrögð framkvæmdastjórnarinnar hefðu verið. Það kom enn fremur fram hjá Henning Christophersen á þessum sama fundi að spurningarnar um fisk og fiskveiðiréttindi yrðu ekki þær erfiðustu í EES-viðræðunum sem þá voru komnar nokkuð vel af stað.

Virðulegi forseti. Það er nokkuð langt liðið á kvöldið og ég hafði ekki hugsað mér að flytja langa ræðu að þessu sinni. Ég á þess kost að taka aftur til máls og hafði hugsað mér, virðulegi forseti, að láta hér staðar numið þó ég eigi enn eftir að fara yfir sjávarútvegskafla þessa samnings sem ég hef ekki gert, hvorki við 2. né 3. umr. málsins, til þess að vera ekki að lengja umræðuna um of. En þá vildi ég gjarnan að hæstv. utanrrh. yrði fenginn til fundarins til að svara þessum spurningum. Ég vildi spyrja virðulegan forseta hvort þess væri nokkur kostur. (**Forseti:** Forseti skal kanna það þegar í stað hvort hæstv. utanrrh. er í húsinu og geti verið hér að hlýða á ræðumann.) Ég þakka forseta fyrir þau viðbrögð. Ég hygg að það sé rétt að doka þá aðeins við því hér eru kaflaskil í mínu erindi og ef ég á annað borð fer að byrja á seinni þættinum í mínu máli mundi það endast nokkuð fram á kvöldið. Ég vil því, virðulegur forseti, doka aðeins við meðan málið skýrist hvort hæstv. utanrrh. getur mætt til fundar eða hvort hann er þegar farinn af landi brott. (**Forseti:** Forseti fær svar við því innan fárra andartaka hvort hæstv. utanrrh. er í húsinu og mun doka þangað til.) Ég þakka forseta. (**Forseti:** Hæstv. utanrrh. er genginn í hliðarsal þar sem hann má hlýða á hv. ræðumann.) Ég þakka forseta og hæstv. utanrrh. fyrir að mæta til þingfundar.

Ég hafði borið fram tvær spurningar til ráðherrans sem ég óska eftir að hann svari. Ég veit ekki hvort ráðherrann hefur heyrt mál mitt annars staðar í húsinu en ég skal fara stuttlega yfir málið og bera spurningarnar fram að nýju.

Ég var að vitna til heimsóknar Hennings Christophersens, varaforseta framkvæmdastjórnar EB, hingað til lands í septembermánuði 1990, þar sem fram kom hjá honum á fundi með Evrópustefnunefnd eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Vissulega hafa Íslendingar opnað markaði sína fyrir iðnvarningi frá EB og án þess að fá fríverslun með fisk og fiskafurðir. Jafnvægi þyrfti að nást á þessu sviði og kvaðst Christophersen telja að spurningar um fisk og fiskveiðiréttindi yrðu ekki þær erfiðustu í EES-samningunum."

Það er því ljóst að það var mat varaforseta framkvæmdastjórnar EB að það væri ójafnvægi á viðskiptum Íslendinga við EB á þann veg að Íslendingar hefðu lagt meira af mörkum en þeir hefðu fengið í staðinn og þyrfti að ná jafnvægi á þessu sviði. Ég vildi því spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann hefði gengið eftir efndum á þessari skoðun varaforsetans og hver viðbrögðin hefðu verið af hans hálfu og framkvæmdastjórnarinnar.

Þetta er það sem ég hafði borið fram til hæstv. utanrrh. varðandi þetta mál auk þess sem ég minni á áskorun mína til utanrrh. frá upphafi ræðu minnar að rökstyðja fullyrðingar sínar um það að þingmenn Alþb. hefðu á sínum tíma verið með landráðabrigsl í garð þáv. stjórnarþingmanna þegar EFTA-samningurinn var til umræðu. Það er svo alvarleg ásökun að ekki er hægt að láta hana kyrra liggja.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 8.04 síðdegis. — 2. mál tekið af dagskrá.

98. FUNDUR

laugardaginn 9. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 580. — Frh. 3. umr.
2. Samningar við EB um fiskveiðimál, stjtill., 275. mál, þskj. 375, nál. 549 og 579. — Frh. síðari umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 580, brtt. 586.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Síðla á fundi í gær var rætt um það fundarboð sem þá hafði nýlega verið kynnt þingmönnum um að mæta til þingfundar á laugardegi klukkan hálfellefu til að ræða þetta dagskrármál sem er á dagskrá í dag. Ég mótmælti þessari fyrirætlan, þessu fundarboði, af hálfu hæstv. forseta og það gerðu fleiri þingmenn og átti ég raunar ekki frumkvæði að því að taka þetta mál hér upp. Talsmenn Kvennalistans minntu á það að í dag væri fundur á þeirra vegum þar sem væru boðaðir fulltrúar víða að af landinu og mót-

mæltu þessu sérstaklega og undir það tók ég og undir það tek ég. Ég vil, vegna þess að aðalforseti þingsins var ekki í forsetastól þegar þetta var rætt, ítreka þessi mótmæli af minni hálfu og ég vil inna hæstv. forseta eftir því hvað valdi því fundarboði á þessum tíma sem ekki hefur verið gert ráð fyrir fyrr en í gær að þetta berst þingmönnum. Ýmsir þingmenn eru eðlilega farnir til síns heima eða til annarra verka þar sem laugardagur hefur ekki verið, nema við alveg sérstök og óvanaleg tilefni, fundardagur á Alþingi. Þegar svo stendur á að einn þingflokkanna er með fund af því tagi sem Kvennalistinn heldur í dag þá er þetta auðvitað þeim mun fráleitara og ég er aldeilis undrandi á því að hæstv. forseti skuli grípa til þess ráðs gegn mótmælum allra formanna þingflokka stjórnarandstöðunnar. Ég leyfi mér, um leið og ég ítreka þessi mótmæli, að inna forseta eftir rökum fyrir þessu fundarboði og ég vil jafnframt spyrja forseta hver séu áform hans í sambandi við fundahald í dag.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður fékk, að ég hygg, svör við sínum spurningum í umræðum um þingsköp í gær. Það kom fram af hálfu þess forseta sem þá sat á forsetastóli að hann beindi því til formanna þingflokka hvort þeir vildu kanna þá hugmynd sem ég greindi frá og fram var komin af hálfu forseta Alþingis á fundi fyrr um daginn, hvort menn vildu frekar sitja fram eftir í gærkvöldi og jafnvel eitthvað fram eftir nóttu til að ljúka þessu máli til þess að komast hjá því að sitja á fundi í dag. Þingflokksformenn ræddu saman óformlega um það efni eftir þessar umræður um þingsköp í gær og það kom fram að það var enginn grundvöllur fyrir því og þess vegna, eins og fram kom í máli þess forseta sem þá sat, stóð sú ákvörðun sem tekin var í gær um að halda þennan fund á þessum morgni. Þetta er nú skýringin. Ég hygg að þetta komi hv. þm. ekkert á óvart. Öll önnur atriði hans máls komu fram í umræðum um þingsköp í gær og þeim var svarað og það er ástæðulaust að endurtaka það.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur bætt nokkrum orðum við það sem kom fram hjá hv. 8. þm. Reykv. vegna fyrirspurnar til forseta frá hv. 4. þm. Austurl. um það hver væru rökin fyrir því að halda fundinn í dag. Það er rétt sem fram kom að forseti bauð að ljúka þessari umræðu í gærkvöldi ef menn treystu sér ekki til að ljúka henni á þeim áætluðu 10 tímum sem fundinum var ætlað að standa í gær, að öðrum kosti yrðum við að halda áfram í dag. Rökin fyrir því, hv. 4. þm. Austurl., eru þau að það hefur legið fyrir að hæstv. utanrrh. verður fjarverandi, þarf að fara utan á morgun og forseti taldi að það væri æskilegt, og reyndar um það beðið af hv. þm., að hann væri viðstaddur umræðuna og þess vegna lagði forseti áherslu á að ljúka henni áður en ráðherra þyrfti að fara úr landi. En það hefur alltaf legið fyrir að hann þyrfti að fara utan á þessum tíma. Þetta eru rök forseta fyrir því að halda þennan fund í dag, en forseti getur að öðru leyti tekið undir það að henni þykir það miður að þurfa að halda fund á laugardegi. En það er margt óeðlilegt við fundahaldið hjá okkur núna, þetta er ekki samkvæmt starfsáætlun eins og hv. þm. veit og við erum að bregða út af henni þessa daga. Það var gert með samkomulagi fyrir jólin um að koma saman 4. janúar og ljúka fjórum málum og þetta er eitt af þeim málum sem var áætlað að ljúka og stefnt að því að gera það í þessari viku. Vonast forseti til að hún hafi gefið hv. þm. þau svör sem hann var að inna eftir.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég hlýddi af athygli á mál forseta, enda var ég að óska eftir svörum frá forseta en ekki frá hv. þm. Geir H. Haarde, þó ég geri ekki athugasemdir við að hann komi og endurtaki sín viðhorf. Aðalforseti þingsins var ekki í gærkvöldi þegar þessi mál voru rædd. En ég verð að segja að skýringar hæstv. forseta nægja mér ekki sem rök fyrir þessu fundahaldi í dag. Þó hæstv. utanrrh. fari utan og um það var vitað fyrir jól, það var meira að segja búið að nefna það að 9. og 10. janúar ætlaði hæstv. utanrrh. í ferð til útlanda sem ég held að tengist ekki þessu máli eða neinum atriðum af því tagi sem skiptir kannski sköpum. En það er auðvitað mat hvers ráðherra hvernig hann hagar sínum ferðum og við það geri ég enga athugasemd. Ég geri heldur ekki athugasemd við það og hef ekki gert það að við erum hér á óvenjulegum tíma að fara yfir þessi mál og höfum tímann fyrir okkur til þess að gera það, næstu viku og lengur ef þarf, ekki skal standa á því að ég mæti til fundar til að ræða þessi efni og að því kemur að við ljúkum þeim að sjálfsögðu. En að fara að leggja hér upp með fundahald á laugardegi, þó hæstv. utanrrh. bregði sér úr landi, til þess að ræða mál sem engin brýn ástæða er til þess að afgreiða frá þinginu, engin brýn ástæða. Þetta mál er þannig statt að það er talað um það t.d. í Noregi, í norska Stórþinginu, að það gæti komið til þess fyrir sumarhlé, í maí eða júnímánuði að sá samningur, þá í lokagerð sem hér gengur undir nafninu EES-samningurinn, verði þar til afgreiðslu. Hvort málin beri að með öðrum hætti á Alþingi Íslendinga skal ég ekki segja en þetta er sama málið sem þarna er á ferðinni. Og að strekkja með þeim hætti hér í fundahaldi á Alþingi eins og hér er gert með þessum fundi í dag er rökleysa, einnig litið til þess máls sem er á dagskrá og stöðu þess máls. Þessu mótmæli ég og tel að rök forseta séu ekki fullnægjandi til þess að réttlæta þetta fundahald sem er eingöngu á ábyrgð stjórnarliða og hefur verið mótmælt af sameinaðri stjórnarandstöðunni.

En ef það er ásetningurinn að ræða þetta mál í dag þá er sannarlega af mörgu að taka, virðulegur forseti, vegna þess að hér voru haldnar ræður af hálfu ríkisstjórnarinnar með þeim hætti fyrir tveimur dögum síðan að það hefur náttúrlega aldeilis gefið tilefni til umræðna og var það rætt á þinginu í gær og auðvitað getum við rætt það í dag fyrst við erum komin til þings. Þar er sannarlega af nógu að taka og auðvitað verður

sú umræða ekki tæmd á þessum degi, virðulegur forseti.

Kristín Einarsdóttir *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég kvaddi mér hljóðs um þingsköp í gær til að mótmæla þessum fundi í dag og ætla ég ekki að endurtaka þau mótmæli mín. Ég reikna með því að það þurfi ekki. En það er eitt atriði sem ég hef aldrei fengið svar við. Það var talað um það fyrir jól og reyndar eftir jól líka að ráðherra þyrfti að fara utan einn eða tvo daga, 9. og 10. jan. var talað um, reyndar er 9. í dag þannig að það er þá væntanlega ekki fyrr en á morgun, það hefur verið upplýst hér að hann fari utan á morgun. En hvers vegna er ekki hægt að halda áfram þegar ráðherra kemur til baka aftur? Það er eins og ráðherra sé að fara úr landi og komi aldrei aftur. Ég hef aldrei fengið svör við því hvers vegna ekki er hægt að halda áfram þessu máli í næstu viku. Hann ætlar varla að vera burtu það sem eftir er ársins.

Ég man aldrei eftir því að það hafi verið talað um að ljúka þessum málum í þessari viku. Hvers vegna, og ég endurtek það, er ekki hægt að halda áfram þegar ráðherra kemur til baka? Hæstv. ráðherra nefndi, og ég held að fleiri hafi gert það, einhvern fund hérna 14. jan., ekki á morgun og ekki hinn heldur og ekki á mánudaginn og ekki á þriðjudaginn þannig að það er nógur tími. Ef sú það er eitthvað til að þjóna metnaði ráðherra að klára málið fyrir 14. jan., og það eru allir sammála því, aðrir en ég kannski, þá auðvitað gerum við það og ég sé ekkert því til fyrirstöðu. En hvers vegna að vera að halda fund á laugardegi sem enginn hafði reiknað með, ekki ég og ég held mjög fáir nema kannski ráðherrann og nokkrir aðrir, eins og sést best á því að það eru mjög margir þingmenn annars staðar? Ég hefði þurft að vera annars staðar líka en er samt hér vegna þess að ég tel það skyldu mína.

En ég vil enn endurtaka það, hvers vegna er ekki hægt að skipuleggja þinghaldið með þeim hætti að við ljúkum öllum þeim málum sem talað var um að við lykjum í þessari lotu? Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að þeim ljúki í næstu viku auk þess sem það er ekkert sem skyldar okkur að ljúka því í næstu viku, við getum haldið áfram ef á þarf að halda, en ég sé ekki að það þurfi. Þess vegna endurtek ég aftur: Hvers vegna þarf að halda þennan fund í dag, af hverju er ekki hægt að ljúka þeim málum sem hér eru á dagskrá í næstu viku?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti telur sig hafa svarað þessum athugasemdum sem hér hafa komið fram og gefið skýringar á þeim.

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Þessi fundahöld í dag eru auðvitað dæmigerð um þá málsmeðferð sem verið hefur í þessu máli hjá hæstv. ríkisstjórn sem veitir því forustu. Það er rétt sem hér hefur komið fram að auðvitað rekur engin nauður til að ljúka þessu máli í dag og ég mun koma að því síðar í þeim orðum sem ég vildi segja við þessa umræðu.

Þessi 3. umr. þessa stóra máls hófst með umræðu í fyrrakvöld sem var útvarpað og sjónvarpað til allrar þjóðarinnar og þar fékk hæstv. utanrrh. óvenjulegt tækifæri. Hann er sannfærður um það, hæstv. ráðherra, að þetta sé góður samningur og það efast enginn um það að hann hefur eytt mörgum vinnustundum í þennan samning um árabil og er að kynna þennan afrakstur sinn fyrir þjóðinni.

Ef ég hefði verið í hans sporum þá hefði ég notað þennan ræðutíma til þess að reyna að sameina þjóðina um þennan gerning ef unnt er, eða a.m.k. slá á þær deilur sem eru í þjóðfélaginu um þennan samning eins og allir vita. Það var mikið tækifæri fyrir hæstv. utanrrh. að reyna að beita sinni mælsku í það og sannfæringarkrafti að sameina þjóðina eða reyna að sameina hana um þetta mál. En það var ekki aldeilis svo að slík leið væri farin. Ræða hæstv. ráðherra í málinu var alveg með endemum. Það var ausið fúkyrðum í allar áttir, eins og hér hefur komið fram í umræðu í gær, og það sem var verst var að í ræðunni var talað niður til bæði stjórnmálamanna og fræðimanna sem hafa vogað sér að gagnrýna þetta mál eða benda á einhverjar aðrar leiðir heldur en hæstv. ráðherra eru þóknanlegar. Ég var steinhissa þegar þessi ræða hófst og ég er undrandi enn.

Ég hef ekki eytt löngum tíma þingsins í þetta mál. Þó gerði ég nokkuð ítarlega grein fyrir afstöðu minni við 2. umr. málsins. Hins vegar lét ég svo um mælt við lok þeirrar ræðu að ég mundi fylgjast með framvindu þess og gera grein fyrir afstöðu minni á ný við 3. umr. málsins en ég var einn af þeim sem sat hjá við atkvæðagreiðslu við 2. umr. þess. Ég er enn þá þeirrar skoðunar að sitja hjá við lokaafgreiðslu málsins þegar hún fer fram.

Því hefur verið haldið fram að slík afstaða sé stuðningur við ríkisstjórnina í málinu og stuðningur við þá forustu sem er í málinu nú um þessar mundir. Slíkt er auðvitað fjarri öllu lagi. Sú afstaða felur ekki í sér slíkan stuðning. Það hefur komið fram, það er eitt af því sem hefur komið fram síðan ég hélt mína ræðu við 2. umr., að ríkisstjórnin hefur fullan þingstyrk til að koma þessu máli fram án þess að aðrir hafi þar áhrif á. Ríkisstjórnin hefur þingmeirihluta fyrir málinu og í skjóli þess þingmeirihluta getur hún klárað málið þó hún ætli að gera það með slíkum endemum eins og hér virðist vera í uppsiglingu í dag.

Auðvitað er þessi afstaða mín komin til af því að ég tel að ýmsir þættir þessa samnings séu jákvæðir. Ég mun ekki leggjast gegn honum þess vegna. Hins vegar eru í þessum samningi bæði kostir og gallar og það er allt óvíst um framhaldið þó samningurinn verði að veruleika, mál hafa þróast á þann veg.

Ég el enn þá von í brjósti að sú framvinda sem verður næstur vikur, næstu mánuði og næstu ár í þessum málum verði á þann veg að þátttaka í Evrópusamstarfinu og sú niðurstaða sem af þessu verður geti forðað okkur frá því að ganga í Evrópubandalagið. Ég er

eindreginn andstæðingur þess og sú afstaða mín að leggjast ekki gegn þessum samningi er m.a. til komin af því. Auðvitað er deilt um það mál og um það eru skiptar skoðanir sem og aðra þætti þessa máls. Margir álíta einfaldlega að þetta sé fordyrið að Evrópubandalaginu. Það verður auðvitað ekki fordyrið að Evrópubandalaginu nema stjórnmálamenn og þjóðin vilji það sjálf. Einn af jákvæðu punktunum sem hefur komið fram í þessari umræðu er sá að hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að aðild að Evrópubandalaginu sé ekki á dagskrá nú. Hins vegar hafa komið fram enn á ný aðrar raddir, t.d. í umræðunni í gær um að við eigum að sækja um slíka aðild sem fyrst. Einnig lét hæstv. forsrh. svo um mælt við sjónvarpið að við yrðum að gera okkur grein fyrir af hvaða vagni við værum að missa en fór síðan eftir það viðtal með yfirlýsingu í Alþingi um málið.

Eins og ég sagði er löng atburðarás eftir í þessu máli og við komumst ekki hjá því að mínum dómi að tryggja samskipti okkar við Evrópu, taka þátt í Evrópusamrunanum með einhverjum hætti og yfirgnæfandi líkur eru nú á því að þetta ferli endi í tvíhliða viðræðum. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að það ætti að marka slíka stefnu strax á grundvelli þeirrar tillögu sem hefur verið flutt af hv. þm. Steingrími Hermannssyni og Halldóri Ásgrímssyni og liggur fyrir Alþingi. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að þær tvíhliða viðræður verði að vera í framhaldi af þessu samningaferli vegna þess að það er einu sinni svo að við getum ekki haft þessar viðræður algjörlega á okkar forsendum. Það sitja aðilar hinum megin við borðið. Hins vegar styð ég það eindregið og tel það heppilegasta farveginn eins og nú er málum komið að taka upp tvíhliða viðræður um málið.

Eins og ég sagði í upphafi þá gagnrýni ég harðlega málsmeðferð ríkisstjórnarinnar á þessu stóra máli og þeirrar forustu sem hefur verið fyrir því. Ég gagnrýni kynningu málsins, hún hefur ekki verið til þess fallin að sameina þjóðina eða slá á deilur. Kynning málsins hefur verið í svart/hvítu og það hefur verið dregið fram að þessi samningur færi okkur allt fyrir ekkert o.s.frv. Auðvitað gerir hann það ekki. Ég lét þess getið í fyrri ræðu minni um málið að með þessum samningi er verið að ganga inn í nýtt umhverfi og ágóðinn af honum fer algjörlega eftir því hvernig er spilað úr því. Það er náttúrlega alveg fádæma málsmeðferð að standa hér í ræðustól, eins og hæstv. utanrrh. gerði í fyrradag, rétta út hendurnar og segja: Fólkið bíður hér fyrir utan eftir þessum 7 milljörðum sem verður ágóði af þessum samningi. Fólkið hér fyrir utan bíður eftir að þingið geri skyldu sína og samþykki þennan samning í dag, eftir þessum 7 milljörðum sem menn eru að reyna að skjóta á að verði eftir átta ár ágóðinn af þessum samningi. Allir slíkir útreikningar eru út í bláinn og menn skyldu gera sér grein fyrir því. Hins vegar er þjóðin með þessum samningi að ganga inn í nýtt umhverfi sem er ókunnugt að mörgu leyti og það er eðlilegt að menn vilji ganga þar um dyr með varfærni. Það er einnig alveg með ólíkindum að ætla að knýja þetta mál í gegn í dag án þess að endanlegur texti samningsins liggi fyrir. Og það sem meira er, það hefur komið fram í máli hæstv. iðnrh. í umræðum að það standi til að leggja þennan viðbótartexta fram í þinginu í þingsályktunarformi, að viðbótartextinn eigi ekki einu sinni að vera í lagaformi. Ég er ekki lögfræðingur og hef enga sérþekkingu á þessu máli, það getur vel verið að það sé hægt að teygja lagatexta svo að hæstv. ráðherrar geti réttlætt slíka málsmeðferð. Hins vegar er það náttúrlega alveg með ólíkindum ef hæstv. ráðherrar ætla að gera það.

Eins og fram hefur komið þá rekur engin nauður til að ljúka þessu máli í dag og hv. 7. þm. Reykn., Steingrímur Hermannsson, rakti það í gær og ráðlagði hæstv. utanrrh. hvernig væri skynsamlegt að vinna að þessu máli úr því sem komið er að leggja fram þær breytingar sem verða í brtt. við málið og ljúka því í endanlegri gerð, ljúka þessari umræðu með samninginn í endanlegri gerð. Það er náttúrlega ómögulegt, þó það hefði verði svo, að einhver hefði viljað standa að samningnum, að standa að honum eins og hann er og mér finnst það alveg furðulegt að hæstv. stjórnarliðar skuli ljá samningnum atkvæði sitt eins og hann er úr garði gerður. Þetta atriði eitt ræður ekki minni afstöðu til málsins en ég get náttúrlega með engu móti tekið þátt í slíkri afgreiðslu.

Ríkisstjórnin gæti auðvitað sýnt það, með því að fara þessa leið, að hún vildi hafa þessa lagsetningu með eðlilegum hætti en það hefur verið teflt á tæpasta vað í fleiru en þessu og mun ég koma örlítið að því síðar.

Í tengslum við þennan samning eða vegna hans, þó það séu ekki bein tengsl þar á milli, hefur verið gerður tvíhliða samningur um sjávarútvegsmál við Evrópubandalagið, sem reyndar mun verða endurskoðaður, en sá samningur er þannig úr garði gerður að hann eykur ekki traust á þessu máli. En það hefur náttúrlega ljóslega komið fram að það er ekki um jafngildar veiðiheimildir að ræða í þeim samningi og það hefur komið fram í yfirlýsingum hagsmunaaðila í sjávarútvegi í fjölmiðlum að svo væri ekki. Það kom fram í sjónvarpsviðtali við formann LÍÚ að hann var að reyna að verja það að þetta væru jafngildar veiðiheimildir. Hann sagði að það væri ósanngjarnt að reikna verð á loðnu eins og það væri nú vegna þess að loðnuskipin hefðu nógan kvóta og það væri ekkert séð um það hvort þau mundu ná þessum kvóta. Það er náttúrlega þá um leið ekkert séð um það hvort þessar loðnuheimildir eru nokkurs virði og það liggur alveg fyrir. Það er alveg ljóst að þessi samningur er óhagfelldur og hann þarf að breytast og hann eykur ekki traust á þessu máli.

Það hefur auk þess ekki verið farið fram á tvíhliða viðræður um málið og vil ég enn spyrja hæstv. utanrrh. hvort það standi ekki til að ríkisstjórnin geri þá stefnumótun í málinu. Það væri nær að nota tíma þingsins til þess að ræða þá tillögu en að hafa mál með þeim hætti sem þau eru í dag.

Það er auðvitað ljóst að deilur um þennan samning eru enn meiri en ella vegna þess að þjóðin treystir ekki núverandi ríkisstjórn til að hafa þá forustu sem þarf í

þessu máli. Auðvitað verður að tala af meiri ábyrgð í þessu máli heldur en ýmsir stjórnarliðar hafa gert og það er náttúrlega eitt aðalatriði í þessu sambandi að atvinnuástandið í landinu er með þeim hætti að þjóðin óttast að ganga inn í slíkan frjálsan markað. Innanlandsmálin eru með þeim hætti að þau auka ekki traust á ríkisstjórninni. Þær aðgerðir sem hafa verið gerðar á undanförnum vikum auka ekki traust á því að við séum samkeppnisfærir í alþjóðlegri samkeppni vegna þess að það hefur verið svo að t.d. stærstu lánastofnanir þjóðarinnar treysta ekki á það að þessar efnahagsaðgerðir séu neinn bjarghringur fyrir atvinnuvegina. Vaxtahækkanir hafa dunið yfir, hæstv. ráðherrar hafa ýmsir látið þær skoðanir í ljós, þar á meðal hæstv. iðnrh., að bankarnir hafi gengið of langt í þeim, en það er vegna þess að þær lánastofnanir hafa ekki trú á þeim efnahagsaðgerðum sem gerðar hafa verið. Við erum ekki að fara sameinaðir inn í þetta samstarf. Við erum að fara sundraðir, við erum á leiðinni í innanlandsátök. Því fer nú verr að þess sjást engin merki að ríkisstjórnin ætli að reyna að ná samstöðu innan lands sem er auðvitað grundvallarforsenda þess að það sé hægt að ná einhverri samstöðu í utanríkismálum í þessu þjóðfélagi. Það væri öðruvísi að fara inn í slíkt samstarf með sæmilega þjóðareiningu innan lands, en að fara í það með veikburða atvinnulíf þegar því miður stefnir í átök á vinnumarkaði. Ef ég tala fyrir daginn í dag er það ekki mjög áhugavert, svo ekki sé meira sagt. Það væri nær að fresta þessu máli, klára það með eðlilegum hætti og nota tímann til að reyna að koma á einhverri sátt í þessu þjóðfélagi um efnahagsmál, um atvinnumál þannig að þjóðin gengi eins sameinuð og hægt er í innanlandsmálum að þessu samstarfi sem meiri hluti Alþingis hefur ákveðið eða mun væntanlega ákveða að við skulum ganga í.

Afstaða mín til málsins í ljósi þessa og fleiri atriða er sú að ég vil ekki taka neina pólitíska ábyrgð á þessum samningi né lýsa trausti á þá forustu sem nú er í þessum málum og ég greiði ekki atkvæði í málinu m.a. þess vegna.

Hér hefur einnig komið upp, eins og ég sagði áðan, í umræðu í gær ákveðin skoðun frá einum þingmanni Alþfl., hv. 6. þm. Reykn., að við eigum að ganga í Evrópubandalagið, sækja um það nú þegar. Þessi skoðun hefur áður komið fram hjá honum og hann telur ástæðu til að ítreka hana í þessari umræðu ofan í yfirlýsingar hæstv. forsrh. um að slík mál séu ekki á dagskrá. Ég þykist vita af því að hv. 6. þm. Reykn. hefur pólitískt nef að þessi yfirlýsing hans er ekki út í bláinn. Hann er að tala til ákveðins hóps í Alþfl. sem við vitum að eru yngri mennirnir en við vitum ekki hvað þessi hópur er stór. En ég þekki hv. 6. þm. Reykn. það vel að hann gefur ekki slíkar yfirlýsingar út í bláinn, hann er að tala fyrir ákveðinn hóp. Ég vil vara sérstaklega við þessu. Við verðum að ná þeirri stöðu gagnvart Evrópu að við verðum ekki neyddir á einhverju stigi málsins til þess að ganga í þetta bandalag. Þá erum við að ganga skref sem ég get alls ekki sætt mig við. Við erum þá að ganga inn í sameiginlega stefnumörkun í viðskiptum að öllu leyti, við erum að ganga inn í sameiginlega orkustefnu og sameiginlega landbúnaðarstefnu og sjávarútvegurinn mundi fara undir sameiginlega stjórn. Og sá sjávarútvegssamningur sem liggur fyrir gefur ekki tilefni til bjartsýni um það að við munum ná hagfelldri lausn fyrir sjávarútveginn með aðild að Evrópubandalaginu. Því yrði einfaldlega stjórnað í Brussel, fiskveiðum á Íslandsmiðum, hvað mikið mætti veiða og öll yfirstjórnin væri þar vegna þess að stefnan er sameiginleg. Skattamál mundu verða samræmd í slíku bandalagi. Sameiginleg tollastefna. Þá færum við auðvitað að fullu inn fyrir tollmúra Efnahagsbandalagsins. Sameiginleg utanríkisstefna er þar í undirbúningi með Maastricht-samkomulaginu sem smám saman er verið að knýja í gegn og einn gjaldmiðill er í undirbúningi í þessu bandalagi. En ég vildi nota tækifærið til að vara við þessum hugmyndum og ég tel að við þurfum að ná samningi við Evrópuþjóðirnar sem forðar okkur frá því að ganga í þetta bandalag. Ég tel að við verðum að ná slíkum samningum í framhaldi af því samningaferli sem við höfum verið í undanfarið þó mér sé fullkomlega ljóst að um það eru skiptar skoðanir. Hins vegar held ég að um það sé víðtæk samstaða meðal þjóðarinnar að ná tvíhliða samningi við Evrópubandalagið. Deilurnar eru um með hverjum hætti á að nálgast slíkt verkefni.

Að lokum. Það hefur verið gert nokkuð mikið úr ágreiningi okkar framsóknarmanna í þessu máli og ýmsir hafa komið inn á þau málefni við 3. umr. málsins. Ég tel að það sé of mikið úr þessum ágreiningi gert, það hefur engum í þingflokki Framsfl. komið í hug að greiða atkvæði með málinu eins og það liggur fyrir Alþingi. Það er alveg ljóst. Og það er algjör samstaða um þá skoðun að málsmeðferð ríkisstjórnarinnar sé slæm á málinu og þess vegna vill enginn taka pólitíska ábyrgð á því með því að greiða atkvæði á þann veg. Það var allur þingflokkurinn sammála um það að vísa málinu í þjóðaratkvæði og telur það heppilega leið til þess að reyna að ná niðurstöðu í þessu máli með einhverjum friði og það voru allir sammála um að það þyrfti að breyta stjórnarskránni til þess að taka af allan vafa um stjórnskipulegan þátt þessa máls. Það er fullkomin samstaða um það að marka þá stefnu að taka upp tvíhliða viðræður nú þegar og það er skoðun allra þingmanna Framsfl. að sjávarútvegssamningurinn sé ekki hagstæður og það er alveg fullkomin samstaða um það í þingflokknum að það komi ekki til greina að ganga í Evrópubandalagið.

Sá skoðanamunur sem er í þingflokknum er eingöngu um það hvernig á að nálgast það verkefni og einnig hvað stjórnarskrárþáttur málsins er alvarlegur því ýmsir þingmenn flokksins hafa ekki getað — af þeim ástæðum að þeir telja málið brjóta í bága við stjórnarskrána — annað en greitt atkvæði gegn þessum samningi og við sem hjá sitjum erum fullkomlega sammála um að það þarf að taka af allan vafa í þeim efnum.

Eins og ég sagði þá er þessu máli langt frá því að vera lokið. Jafnvel þó svo fari, sem ég trúi ekki, að menn hafi ætlað að knýja fram atkvæðagreiðslu um málið á þessum degi, það hefur ekki einu sinni legið í

loftinu í vikunni að það yrði þingdagur í dag og hér hafa þingmenn fjarvistarleyfi, en þó svo fari, þó slíkum vinnuaðferðum verði beitt, þá er löng leið eftir áður en þessi mál verða leidd til lykta. Forustan í því starfi skiptir mestu máli. Það getur auðvitað farið svo, mér er það alveg ljóst, að þjóðin þurfi að búa við þá forustu sem er í þessum málum í tvö ár í viðbót, en það verður aldrei lengur, það er alveg útilokað. Auðvitað getur farið svo eins og málum er háttað innan lands að sú forusta hrökklist frá fyrr og það vona ég svo sannarlega. Þá gefst vonandi tækifæri til þess að koma á einhverri trúverðugari forustu fyrir þessu máli. Ég hef deilt á hana hart, ég efast ekkert um það að hæstv. utanrrh. hefur unnið að þessu máli af dugnaði og sannfæringu en hann hefur hlaupið á sig í kynningunni og gengur að þessu máli með allt of miklum bægslagangi núna á lokastigunum eins og ég sagði í upphafi minnar ræðu. Ég vona að það komi önnur forusta í þessu mál og ríkisstjórnin auðvitað hrökklist frá sem fyrst því það væri best fyrir þjóðina og það kæmi ný ríkisstjórn sem tæki öðruvísi á þessu. (**EgJ:** Hvernig vill ræðumaður hafa hana skipaða?) Ég ætla ekki að leggja það til á þessu stigi, hv. 3. þm. Austurl., en ég hef auðvitað mínar hugmyndir í því efni.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 2. þm. Austurl. var að gera grein fyrir sínu viðhorfi til málsins eins og það blasir við honum við 3. umr. Hann hafði við 2. umr. ekki gengið lengra en svo að greina frá því að hann ætlaði að sitja hjá við þá umræðu málsins og héldi því opnu að því er varðaði 3. umr. hvernig hans atkvæði mundi falla. Nú heyri ég ekki betur en hv. þm. ætli að halda sig við þá afstöðu sem hann hafði við 2. umr. að skipa hér í hjásetuliðið, sem svo er kallað á Alþingi um þessar mundir, og það þrátt fyrir það að ekkert hefur komið fram af hálfu ríkisstjórnar, sem mjög hefur verið lýst eftir af honum og fleiri framsóknarmönnum, um það að ríkisstjórnin vilji beita sér fyrir tvíhliða samningaviðræðum við Evrópubandalagið á þessu stigi máls og kanna það mál.

Við 2. umr. upplýsti hæstv. forsrh. að engin drög lægju fyrir að bréfi sem minnst er á í áliti meiri hluta utanrmn. til Evrópubandalagsins með fyrirspurn varðandi þetta mál og slíkt bréf yrði ekkert sent fyrr en kannski eftir að samningurinn yrði samþykktur og lægi fyrir. Jafnframt hafa komið fram raddir, mjög einbeittar, um það á þingi að okkur beri að stíga skrefið til fulls eins og það er kallað og ganga í sjálft Evrópubandalagið. Hv. þm. orðaði það svo hér áðan eitthvað á þá leið að það yrði mál síns tíma og færi eftir pólitískri stöðu í landinu og pólitískum vilja. Ég held að hv. þm. hljóti að gera sér grein fyrir því að auðvitað skiptir aðdragandinn og staðan, ef að því kæmi að þetta yrði dagskrármálið sem við stæðum frammi fyrir, ekki minnstu máli, hvernig staðan er þá gagnvart Evrópubandalaginu og það er flestra mat og þar á meðal mjög margra andstæðinga þessa máls í Framsfl. svo ég nefni ekki Alþb. máli mínu til stuðnings að einmitt þessi samningur sé stórt skref inn í sjálft Evrópubandalagið.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér skilst að það hafi verið tilefni til andsvars hv. 4. þm. Austurl. að það hefði lítið skeð í málinu við 3. umr. Ég er sammála honum í því að það hefði auðvitað þurft að gerast meira í þessu máli. En aðalástæðan fyrir því að afstaða mín er óbreytt er sú að ég tel að tvíhliða viðræður við Evrópuþjóðirnar, sem víðtæk samstaða er um að verði að vera, verði að byggjast á því samningaferli sem við stöndum í vegna þess að það eru þar aðilar hinum megin við borðið. Það liggur reyndar fyrir uppkast að tvíhliða samningi sem mér var gefið í sumar af framkvæmdastjóra Alþb., samningur Íslands og Evrópubandalagsins um viðskipti og samvinnu. (**JBH:** Samningur Íslands og Alþýðubandalagsins.) Og Evrópubandalagsins, stendur hér. (**JBH:** Já.) En þessi samningur er bara gerður af einum aðila. Það eru aðilar hinum megin við borðið sem munu sjálfsagt samþykkja mjög margt í þessum samningi því hann byggist á fjórfrelsinu en við getum bara ekki komist svo einfaldlega frá málinu. Það er ástæðan fyrir því að mín afstaða er óbreytt.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst þetta meira en loðin afstaða sem hér er kynnt. Ástæðan fyrir því að hv. þm. í raun styður framgang þessa máls — því það má auðvitað glögglega heyra að hann er efnislega á því að þetta mál eigi að ganga fram, hann ætlar ekki að bregða fæti fyrir það á Alþingi — hún er sú að það verði að byggja einhverjar hugmyndir um tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið sem enginn veit hvort upp verði teknar eða einhver staða verði til að taka upp, að þær eigi að byggja á þessu ferli, á innihaldi þessa máls eða því samrunaferli sem þessi samningur endurspeglar. Það er satt að segja hægt að bjóða mönnum margt, bæði á Alþingi og þeim sem hlýða á slíka röksemdafærslu. Hér er í rauninni verið að skrifa upp á þetta mál eins og það liggur fyrir af hálfu hv. þm. og jafnframt hefur hv. þm. kynnt þá afstöðu sína að ég best veit að hann sé á móti þeim tvíhliða samningi á sjávarútvegssviði sem er þó nátengt þessu máli og varðar málið og er óaðskiljanlegur hluti þess eins og Evrópubandalagið lítur til málsins. Samt ætlar hann að greiða götu þessa samnings í gegnum þingið en reyna síðan að spyrna eitthvað fæti gegn samningnum á sjávarútvegssviði sem er nátengdur þessu máli.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 4. þm. Austurl. ræddi um það í sínu andsvari að ég vildi byggja framhaldið á innihaldi þessa máls, eins og hann orðaði það. Ég vil benda á það að tvíhliða samningur eins og hefur verið rætt um hann, hann er auðvitað byggður á innihaldi þess sem til umræðu hefur verið undanfarið. Ég sé ekki betur en hugmyndir þær sem voru ræddar í Alþb. um tvíhliða samning séu byggðar á slíku. það sem mundi breytast er eftirlitsþátturinn og stofnanavirkið með samningn-

um í tvíhliða viðræðum. Ég hef ekki heyrt annað en að þetta margumtalaða fjórfrelsi sé innihald þessa máls. Það hefur gengið í gegnum alla þessa umræðu. Ég er einfaldlega þeirrar skoðunar að það sé erfið samningsstaða fyrir okkur að taka málið upp á nýtt og ætla að losna við þá ágalla sem eru í stofnanakerfinu og verða þegar við erum orðnir einir eftir á þeim grundvelli.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Fyrr á þessum fundi innti ég hæstv. forseta eftir því hver væru áform forseta varðandi þinghald í dag. Hæstv. forseti svaraði ekki þeirri spurningu minni áðan, ekki það ég tæki eftir, og því ítreka ég það, hver eru áformin varðandi fundahaldið á þessum degi, hversu lengi á að halda áfram á þessum laugardegi?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti á erfitt með að svara því á þessari stundu, það byggist að sjálfsögðu á því hversu lengi hv. þm. óska að tala í þessu máli. Forseti hefur ekki haft hug á því að hefta málfrelsi þingmanna þannig að þeir ráða *því nokkuð sjálfir hversu þingfundur stendur lengi.* En forseti hefur gert sér vonir um að það verði ekki mjög langt liðið á þennan dag þegar tekst að ljúka þessari umræðu.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er svolítið þröngt um hér við ræðuborð að koma málskjölum fyrir og hefur löngum verið að því fundið í tengslum við þetta mál, en ég mun samt freista þess að nýta hér takmarkað rými á þessu ræðuborði Alþingis. (**Forseti:** Hv. þm. er velkomið að leggja skjölin til hliðar við forseta ef það hentar betur.) Já, það er sennilegt.

Virðulegur forseti. Við erum stödd í 3. umr. um þetta mál um Evrópskt efnahagssvæði og það gerðist við upphaf umræðunnar að hæstv. utanrrh. flutti boðskap sem eðlilega þarf að ræða og hæstv. ráðherra hefur auðvitað gert ráð fyrir að kæmi til frekari umræðu eins og hann byggði upp sinn málflutning. Ég ætla að víkja að nokkrum þeim þáttum en ég ætla þó áður en ég kem að ræðu hæstv. ráðherra og öðru sem tengist þessu máli að rifja það upp að rök hæstv. ráðherra, og hæstv. forseti virðist hafa tekið við af hæstv. ráðherra um þörfina á því að lögfesta þennan samning nú, byggjast á því að það þurfi vegna embættismannafunda síðar í þessum mánuði að liggja fyrir einhver endanleg afstaða á Alþingi Íslendinga varðandi þennan samning.

Um þetta er það að segja að þessi samningur og það frv. sem hér er lagt fyrir breytir ekki því að þetta mál hlýtur að koma á nýjan leik fyrir Alþingi ef samningurinn verður einhvern tímann fullgerður. Það er ekkert sem kallar á það, síst af öllu eftir að það liggur fyrir í atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. þessa máls hvernig línurnar liggja pólitískt á Alþingi varðandi málið. Eftir að sú atkvæðagreiðsla hefur farið fram, *hún fór fram* fyrir þremur dögum, sl. miðvikudag, þá velkjast menn ekki í vafa um það hver sé afstaðan pólitískt á Alþingi varðandi málin. En að keyra þetta mál til lögfestingar og leggja síðan lögin fyrir forseta landsins, mál sem ekki rekur neitt smiðshögg á þennan samning og aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði, því það er enn í óvissu, það er sannast sagna mjög einkennilega á máli haldið. Og þegar farið er að bera því við að fyrir dyrum standi nokkrir fundir embættismanna innan EFTA og innan Evrópubandalagsins varðandi málið og þess vegna þurfi þessi niðurstaða að liggja fyrir, þá er þráðurinn orðinn blár. Þá hangir röksemdafærsla hæstv. utanrrh. á miklum bláþræði.

Hann fræddi okkur á því fyrr í vikunni að þann 14. jan. færi fram fundur samningamanna beggja aðila til að undirbúa endanlegan texta til framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Það er þessi fundur og þessi dagsetning sem hæstv. utanrrh. hengir sig í. En hverju ætli slíkur fundur fái áorkað í þessu máli? Það liggur ekki fyrir að framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hafi samningsumboð. Hún hefur það ekki. Það er í fyrsta lagi á næsta fundi utanríkisráðherra Evrópubandalagsríkjanna, 1. febr. nk., að það gæti skýrst. Þó er það auðvitað óvissu háð hvort framkvæmdastjórnin fær umboð frá aðildarríkjum Evrópubandalagsins til þess að taka upp samninga við EFTA um málið í nýrri stöðu sem það lenti í eftir að Sviss hafnaði þátttöku í Evrópsku efnahagssvæði.

Þetta er staða málsins og ég leyfi mér að rifja þetta upp þegar ég hef ræðu mína. Mér finnst það satt að segja dæmalaust að forusta þingsins og forseti skuli gera rökleysu af þessu tagi að sinni með því að knýja fram 3. umr. málsins á laugardegi sem er orðinn hluti af helgidögum landsmanna almennt séð. En fyrst boðað hefur verið til fundar og ekki horfið frá því þrátt fyrir mótmæli okkar stjórnarandstæðinga þá mun ég ekki draga af mér að ræða efnisatriði þessa máls enn frekar og viðhorf hæstv. ráðherra. Þar er sannarlega af mörgu að taka og best að koma að einum þætti í ræðu hæstv. ráðherra strax sem auðvitað var tekið eftir og fékk nokkra umræðu í gær en ástæða er til að ræða um frekar af minni hálfu. Það var sú staðhæfing hæstv. utanrrh. sem hann orðaði með þeim hætti sem ég ætla að vitna til, með leyfi forseta:

„Það er lengi hægt að tíunda kosti EES-samningsins en við skulum vitna til opinberrar stofnunar eins og Þjóðhagsstofnunar. Hún hefur lagt fram mjög varfærnislega útreikninga um það að EES-samningurinn muni færa okkur á einu ári u.þ.b. 1,5% viðauka við okkar landsframleiðslu. Það er upp á um 7.000 millj. kr. að það gæti þýtt kaupmáttaraukningu á Íslandi á ári um 3%."

Þetta var boðskapurinn sem hæstv. ráðherra flutti hér og reyndar ekki ný tíðindi þannig séð. Meiri hluti utanrmn. hafði borið svipað atriði fram í sínu nál. sem hv. þm. Björn Bjarnason er fyrsti undirskriftaraðili að, eða a.m.k. framsögumaður meiri hlutans á þinginu. Þar var ekki talað um 7 milljarða kr. heldur 6 milljarða ef ég man rétt. En þar var með ósköp svipuðum hætti haldið á málum. Þar var verið að gefa í skyn að þetta væri heilagur sannleikur fram borinn af Þjóðhagsstofnun Íslendinga, opinberri stofnun, og engir fyrirvarar

settir í því sambandi. Hvað þá að lýst væri inn í þá fyrirvara sem fylgja þeim umsögnum sem fram hafa komið hjá Þjóðhagsstofnun og þjóðhagsstjóra þar á meðal á vettvangi utanrmn. ekki alls fyrir löngu, þegar ég innti hann í utanrmn. eftir viðhorfum og þeim tölum sem fram hefðu verið bornar og hann hafði uppi á vettvangi utanrmn., og ég leyfi mér að nefna það hér, þá margháttuðu fyrirvara sem menn yrðu að hafa þegar spádómar væru uppi hafðir um efnahagsleg áhrif þessa samnings.

En hér er ekki verið að hafa neitt slíkt uppi. Það er einfaldlega vitnað til opinberrar stofnunar og sagt að hún hafi lagt fram mjög varfærnislega útreikninga um þetta og nefnd þessi upphæð, 7 milljarðar á ári. — Nú sakna ég, virðulegur forseti, hæstv. ráðherra hér því ég er að ræða við hann um staðhæfingar sem hann hefur borið fram og er að andmæla þeim. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra fylgist með umræðunni ef hann hefur áhuga á því að málið sé rætt á þessum degi. (**Forseti:** Forseti mun kalla eftir því að hæstv. ráðherra sé við umræðuna að ósk ræðumanns. — Hæstv. utanrrh. er genginn í salinn þannig að hv. þm. getur haldið áfram ræðu sinni.) Hann er á þröskuldinum, virðulegi forseti, reyndar utan við hann en hann heyrir mál mitt vænti ég. Ég er að gera athugasemdir við staðhæfingu hæstv. utanrrh. um afleiðingar þessa samnings á efnahagssviði, það silfur Egils sem hæstv. utanrrh. skráði fyrir alþjóð í fyrrakvöld í umræðum um þennan samning. Sá er munurinn hins vegar að við höfum frekar trú á því að Egill hafi flutt eitthvert silfur til landsins, en ég hef litla trú á því að það silfur sem hæstv. utanrrh. hristi framan í þjóðina, þessir 7 milljarðar, verði í hendi okkar framvegis. En ætlun utanrrh. var kannski ekkert ósvipuð og Egils í sögunni, þ.e. að sýna lýðnum þessa aura, þetta silfur, og láta menn keppa að því að ná sem mestu af þeim feng, strá því fyrir landslýðinn.

Um þessa staðhæfingu hæstv. ráðherra mætti margt segja. Ég held að það sé eðlilegt að láta Þjóðhagsstofnun sjálfa tala í þessu efni. Í greinargerð Þjóðhagsstofnunar, sem fram var reidd varðandi þetta mál í september 1991, er að finna mismunandi mat á efnahagslegum áhrifum samningsins. Ein meginniðurstaðan í því máli er sú að það sé algjörri óvissu háð hver efnahagslegur ávinningur geti orðið af þessum samningi. Það sé í raun á engra færi að fullyrða um það. Í ljósi þessa fyrirvara Þjóðhagsstofnunar varðandi útreikninga hennar er það að segja, með tilliti til málflutnings ráðherrans, að það er með fádæmum að stjórnvald eins og hæstv. utanrrh. skuli leyfa sér að koma fram með slíkar staðhæfingar sem hann gerði í umræðunni og hið sama gildir auðvitað um meiri hluta utanrmn. sem tíundar þetta með svipuðum hætti, þó ekki kannski alveg eins járnslegið og það kom fram í máli hæstv. utanrrh. Þó er í áliti meiri hluta utanrmn. að finna tilvísun um 1,5% aukningu landsframleiðslu sem þýðir 6 milljarða kr. Það munar aðeins 1 milljarði í niðurstöðunni.

Ef litið er á útreikningana, sem eru nákvæmlega sömu útreikningar og byggt er á í skýrslu Þjóðhagsstofnunar frá 1991, er í fyrsta lagi birt tafla sem byggir á athugun á efnahagslegum áhrifum EES án breytinga í sjávarútvegi. Við skulum líta fyrst á þá töflu. Til að flækja málið ekki um of skulum við eingöngu miða við mælikvarðann verg landsframleiðsla — svo teygjanlegt hugtak sem það þó er og svo takmarkað sem hugtakið verg landsframleiðsla segir í raun um þjóðhagsleg áhrif — en látum það vera og miðum við þá viðmiðun meiri hluta utanrmn., sem einnig er að finna í gögnum Þjóðhagsstofnunar. Miðað við áhrifin án breytinga í sjávarútvegi og að gefnum mörgum forsendum skiptir Þjóðhagsstofnun matinu annars vegar í lítil áhrif og hins vegar í mikil áhrif og miðar við fjögurra og átta ára tímabil. Áhrifin hvað varðar verga landsframleiðslu, miðað við að ekki verði breytingar í sjávarútvegi, eru 0,5% eftir átta ár. Miðað við að áhrifin verði mikil gera þessir útreikningar ráð fyrir að útkoman gæti verið 1,2% að átta árum liðnum.

Sé hins vegar litið í þau gögn sem koma næst því að svara til staðhæfingar utanrrh. þá er miðað við 5% verðhækkun sjávarafurða. Það er breytingin frá því að það verði ekki breyting á þeirri stöðu í sjávarútvegi. Þá kemur matið: Annars vegar lítil áhrif eftir átta ára tíma, 0,6% áhrif á verga landsframleiðslu og 1,4% að átta ára tímabili liðnu miðað við bjartsýnar forsendur, þ.e. miðað við mikil áhrif.

Síðan er að finna í forsendunum töflu sem sýnir næmi fyrir frávikum af ýmsu tagi, en þeir útreikningar miða þó aðeins við eina breytistærð í hvert sinn og sýna fram á hvaða áhrif hún hafi á þessa útreikninga.

Varðandi þá töflu sem næst kemur því sem hæstv. utanrrh. var að staðhæfa án nokkurs fyrirvara í ræðu sinni, þá segir m.a. sem skýring við hana: „Tekjur og útgjöld aukast nokkuð frá grunndæminu og fyrra dæminu", þ.e. þegar ekki var breyting í sjávarútvegi, „viðskiptajöfnuður er nokkru hagstæðari sem helgast enn af reikniforsendum um laun. Sé þessari forsendu breytt þannig að hækkun launa og verðlags vegi á móti verðhækkun afurða sjávarútvegsins kemur það fram í mun meiri eftirspurn en jafnframt hærra raungengi sem leiðir til því sem næst óbreyttrar landsframleiðslu en mun lakari viðskiptajafnaðar en í dæminu í töflu 3."

Ég bið menn að taka eftir því að það er gert ráð fyrir því í þessum útreikningum að það verði bati í sjávarútvegi og 5% verðhækkun en að þessi hækkun leiði ekki til hækkunar launa — það verði ekki tekið til baka — eða verðlags sem vegi á móti þessum bata á viðskiptakjörum í sjávarútvegi.

Það er ekki einu sinni haft fyrir því að tíunda forsendur af þessu tagi sem standa þó með skýrum orðum í gögnum Þjóðhagsstofnunar.

Í lokaorðum og skýringum í skýrslu Þjóðhagsstofnunar um þessa útreikninga segir, virðulegur forseti, með leyfi:

„Í lok þeirrar reiknæfingar sem farið var í gegnum hér að framan er rétt að slá nokkra varnagla. Allar athuganir af þessu tagi ber að skoða sem vísbendingar um eðli og stærðargráðu raunverulegrar útkomu. Tölurnar sem eru settar fram ber að túlka í því ljósi, ekki sem hárnákvæmar mælingarniðurstöður.

Sömuleiðis er rétt að benda á að niðurstöðurnar eru mjög háðar þeim forsendum sem liggja að baki um hegðan hins opinbera, viðbrögð fyrirtækja o.s.frv. Ávinningurinn er alls ekki óhjákvæmilegur, kemur ekki á silfurfati."

Það er hins vegar höfuðniðurstaða í þessum útreikningum og þessari skýrslu, eins og það er orðað hjá Þjóðhagsstofnun svo öllu sé til haga haldið, „að mögulegur ávinningur af þátttöku Íslands í EES sé fyrir hendi". — Að mögulegur ávinningur af þátttöku Íslands í EES sé fyrir hendi. — Það er höfuðniðurstaðan. Og fer nú að verða heldur lítið úr staðhæfingum hæstv. utanrrh. um 7 milljarða þegar litið er á þá opinberu stofnun sem hann byggir á og leyfir sér að meðhöndla með þeim hætti sem hann gerði og ég segi í raun lítilsvirða með því að bera fram tölur og upplýsingar sem hann segir þaðan komnar án þess að geta einu einasta orði um forsendurnar.

En þeir segja líka: „Ekki er um mjög stórar fjárhæðir að ræða á hverju ári á þjóðhagslegan mælikvarða en hér er um varanlegan ávinning að ræða."

Þjóðhagsstjóri, sem ég þekki sem vandaðan embættismann, hefur skrifað um þessi efni, m.a. í Fjármálatíðindum, 3. hefti 1990, þar sem hann fjallar sérstaklega um innri markaðinn og tengsl okkar Íslendinga á efnahagssviði við þá þróun sem þar gæti orðið. Það er mjög fróðlegt að líta einmitt á mál þjóðhagsstjóra í þessari grein sem ber heitið „Innri markaður EB og hagstjórn á Íslandi". Svo ég vitni í efni greinarinnar fyrst með óbeinum hætti þá byrjar þjóðhagsstjóri á því að vitna til biblíu þeirra innrimarkaðsmanna, höfunda innri markaðarins og þá útreikninga sem þeir byggðu á þegar þeir lögðu fagnaðarboðskapinn fyrir Evrópubandalagið á sínum tíma og fengu fram þær breytingar og ýttu af stað því ferli sem leiddi til stefnunnar um innri markaðinn sem tengdist ártalinu 1992 og átti að vera í höfn um síðustu áramóta og hefur náð fram að ganga að verulegu leyti hvað snertir breytingu á lögum og reglum Evrópubandalagsins en þó engan veginn öllum. En þessi biblía er hin svonefnda Cecchini-skýrsla um hagkvæmni innri markaðarins. Hún ber heitið „1992" og var eins konar dáleiðsluatriði í áróðri í Evrópu fram undir liðin áramót sem táknrænt heiti fyrir þá miklu hagsæld sem ætti að leiða yfir Evrópu í skjóli innri markaðarins og sem afleiðing af honum.

Þjóðhagsstjóri dregur saman í grein sinni kjarnann í spádómum Cecchini-skýrslunnar í sambandi við hagkvæmni fyrir innri markað Evrópubandalagsins og rekur það með þessum orðum, með leyfi forseta:

„1. Landsframleiðsla ríkjanna eykst um 4,5%.

2. Verðlag lækkar um 6,1%.

3. Atvinnutækifærum fjölgar um 1,8 millj.

4. Afkoma ríkissjóða ríkjanna batnar um 2,2% í hlutfalli við landsframleiðslu.

5. Viðskiptajöfnuður verður hagstæðari sem nemur 1% af landsframleiðslu."

Þetta eru meginniðurstöðurnar úr þessari skýrslu sem síðan fer um þetta mörgum orðum, styður þetta og málar framtíðina í rósrauðum litum að gerðum þessum breytingum á efnahagskerfi Evrópubandalagsríkjanna.

Þjóðhagsstjóri bendir hins vegar á í grein sinni að langt sé frá því að um einhvern stórasannleik geti verið að ræða sem megi taka í bókstaflegri merkingu. Hann segir svo ég vitni í orð hans, með leyfi forseta:

„Nú er það svo að þessar niðurstöður eru auðvitað ekki óumdeildar. Sumir færa rök fyrir því að áhrifin séu vanmetin en aðrir telja þau ofmetin. Þannig telur t.d. Richard Baldwin að við fyrstu áhrif samrunans sem Cecchini-skýrslan metur bætist að árlegur hagvöxtur verði til frambúðar 0,2–0,9% meiri í EB eftir 1992 (Economy Policy, mars 1990). Paul Krugman, prófessor við MIT í Bandaríkjunum, telur hins vegar að ávinningurinn verði um eða jafnvel innan við helming þess sem Cecchini-skýrslan áætlar (óbirt handrit að bók). Frá sjónarhóli hagfræðinnar er þó óumdeilt að samruni markaða feli í sér efnahagslegan ávinning. Hagfræðin hefur hins vegar engar óyggjandi aðferðir til að meta hversu mikill hann verður."

Þetta er tilvitnun í þjóðhagsstjóra sem síðan lýsir því að hinn efnahagslegi ávinningur verði að líkindum mjög misjafn innan Evrópubandalagssvæðisins og leiða megi líkur að því að suðurhluti bandalagsins, Suður-Evrópa, muni hagnast hvað mest á innri markaðnum en norðurríkin muni hagnast tiltölulega minna.

Hann bendir líka á það að þær forsendur sem lagðar eru fyrir þessum útreikningum séu einnig umdeilanlegar og mikið matsatriði. Hann bendir á það að spurningin um stefnuna í sambandi við myntbandalagið geti ráðið miklu um það hver verði niðurstaðan í reynd í þessum málum en aldrei verði sannað að það verði rakið til þessarar breytingar innri markaðarins einnar út af fyrir sig.

Þjóðhagsstjóri fjallar líka um hið ólíka efnahagslega umhverfi á Íslandi og í Evrópubandalaginu og gerir það með hliðsjón af því að umræða fari fram hér um stöðu okkar gagnvart Evrópubandalaginu og spurningunni hvort Íslendingar eigi af efnahagslegum ástæðum að hugsa til aðildar að bandalaginu, en þjóðhagsstjóri hefur eðlilega ekki á því skoðun hvort það sé skynsamlegt almennt séð eða ekki og kveður ekki upp neinn dóm yfir því. En hann segir varðandi gengisstefnuna — spurningin um gengisstefnu í þessu sambandi hefur mikið verið um rædd hér á landi — og er þar að fjalla um áhrif innri markaðarins á hagstjórn á Íslandi, með leyfi forseta:

„Af þessu má ráða að val gengisstefnu fer eftir aðstæðum. Séu hagkerfi svipuð og mikil viðskipti milli þeirra má færa sterk rök fyrir föstu gengi eða jafnvel samruna myntanna. Því ólíkari sem hagkerfi eru og minni viðskipti milli þeirra er vafasamara að festa gengið. Paul Krugman setur þetta sjónarmið fram með þeim hætti sem gert er á mynd 2a (óbirt handrit að bók). Þar kemur fram að hagur þjóða af föstu gengi eða myntsamruna eykst eftir því sem viðskipti þjóðanna eru meiri en kostnaðurinn minnkar hins vegar."

Læt ég þá lokið beinni tilvitnun í greinina en hann segir síðan að það sé ákaflega erfitt að mæla þær stærðir sem um er að ræða. Orðrétt segir hér: „Með

Ísland og EB og þá staðreynd í huga að sveiflur í íslenskum þjóðarbúskap þurfi alls ekki að fylgja hagsveiflu Evrópubandalagsríkjanna má e.t.v. setja fram svipaða mynd og hér að framan." Þ.e. hann er að leiða líkur að því að þarna sé um verulega óvissu að ræða og erfitt sé að færa einhlít rök fyrir því hvor leiðin sé skynsamlegri fyrir Íslendinga, fast gengi eða sveigjanlegt.

Það er fróðlegt í ljósi skýrslu Þjóðhagsstofnunar og þeirra útreikninga sem hún hefur sent frá sér að undanförnu að hugleiða einmitt þær forsendur sem þjóðhagsstjóri ræðir, um niðurstöðu Cecchini-skýrslunnar og áhrif hennar á innri markað Evrópubandalagsins og tengslin við hið íslenska hagkerfi. Hér er undirstrikuð hin mikla óvissa sem ríkir á útreikningunum sem hefði verið lágmark að hæstv. utanrrh. hefði nefnt. Auðvitað byggja niðurstöður úr þessum módelútreikningum, sem hér er verið að reikna út í tölvum, á því að um fullkominn markað sé að ræða, ótruflaðan markað. En auðvitað er langt frá því að markaður virki þannig í reynd hvað sem líður öllum reglum. Út frá því skýra þjóðhagfræðingar einmitt oft það sem iðulega gerist að reynslan afsannar þeirra kenningar eða þeirra útreikningar ganga ekki fram. Þess vegna þurfa menn auðvitað að hafa það í huga að ein forsendan er sú að um fullkominn ótruflaðan markað sé að ræða.

Það er líka vert að nefna það í umræðum um kreppuna sem nú er í Evrópu, og er auðvitað fullkomin andstaða þeirra spádóma og þeirrar bjartsýni sem ríkti þegar Cecchini-skýrslan var kynnt og þegar það ferli sem leiða átti til innri markaðarins var sett af stað, að hún verður að nokkru leyti, að mati ýmissa hagfræðinga, rakin til áhrifanna af myntbandalaginu þar sem einmitt er verið að festa gengi Evrópumyntanna, mynta ríkja Evrópubandalagsins, og þeir setja það sem eina meginviðmiðun sem hafi orðið til þess að dýpka þá efnahagslægð sem nú ríkir í álfunni.

Við skulum, virðulegur forseti, í framhaldi af þessu líta aðeins yfir sviðið í Evrópu og athuga efnahagslega stöðu í Evrópubandalaginu. Það er nú eitthvað annað en að þær breytingar sem hafa orðið í aðdraganda innri markaðarins hafi reynst einhver vítamíngjöf fyrir efnahagslíf þar. Tölur atvinnuleysingjanna bera vott um þetta. Í staðinn fyrir minnkun á atvinnuleysi, sem allir útreikningar sem sneru að innri markaðnum gerðu ráð fyrir, hefur atvinnuleysið farið hraðvaxandi. Spádómurinn fyrsta árið eftir að innri markaðurinn átti að vera að fullu kominn til framkvæmda er um aukið atvinnuleysi um ekki minna en 2 milljóna manna. Það er enginn annar en Henning Christophersen, efnahagskommissar Evrópubandalagsins, sem hefur gefið út þær tölur. Margt vísar til þess að ekki verði breyting á varðandi þessa kreppu heldur í framhaldi af því ári sem nú er hafið. Það er a.m.k. ótti þeirra sem halda um stjórn efnahagsmála innan Evrópubandalagsins að líkurnar séu mjög litlar á því að einhver umtalsverður bati sé í nánd. Þegar litið er á það verður það enn þá fjarstæðukenndara að ráðherra utanríkismála hér uppi á Íslandi gangi fram með þeim hætti sem hæstv. utanrrh. gerði í umræðunni fyrir tveimur dögum síðan og sé að kynna fyrir íslensku þjóðinni efnahagslegan ávinning af þátttöku okkar í innri markaðnum sem á að verða með lögfestingu á þessu frv. og samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Fyrir því eru auðvitað engin frambærileg rök.

Að undanförnu og í tengslum við áramótin hefur verið að koma fram mat ýmissa talsmanna á erlendum vettvangi sem öll ber að þessum brunni: Vaxandi atvinnueysi, lítill hagvöxtur, stöðnun. Við Íslendingar þurfum hins vegar ekki endilega að leggjast í svartsýni vegna þessara spádóma einna saman, þó að heldur myrkt sé yfir íslensku þjóðlífi nú um stundir að því er snertir efnahagslega stöðu mála, því að það er svo langt frá því að íslenskt efnahagslíf hafi dregið dám af efnahagsþróun í heiminum almennt séð. Við höfum lifað það hér að hafa komist yfir kreppuástand erlendis með þokkalegum vexti, með bata í efnahagslífi og náð okkur upp úr lægðum á sama tíma og kreppa hefur verið í iðnríkjunum. Einmitt sú reynsla ætti að verða okkur hvatning til þess að líta sjálfstætt á okkar möguleika án þess að vera að tengja okkur sem eitt lítið tannhjól inn í það mikla gangverk sem er kjarninn í þessum samningi, í innri markaðnum og Evrópubandalaginu sem driffjöður hans.

Ég ætla að láta þetta nægja varðandi þessa staðhæfingu hæstv. utanrrh. Í raun kom fram í umræðu í gær að hæstv. ráðherra er gersamlega rökþrota varðandi þessa staðhæfingu sína og hefur orðið að draga í land í því efni. Hann stendur uppi sem hálfgerður jólasveinn með þessa skrautsýningu sína rétt eftir þrettándann, þessi blys sem hann var að senda á loft með 7 milljörðum innan borðs.

Ég ætla hins vegar að ræða næst, virðulegur forseti, um þann þátt sem lýtur að opnun íslenska vinnumarkaðarins fyrir erlendu vinnuafli og þá staðhæfingu sem ráðherrann hafði uppi í ræðu sinni í fyrrakvöld að við hefðum fyrirvara í þessu máli sem gerði okkur kleift að bregðast við ef hér yrði röskun á vinnumarkaði eftir að opnað hefði verið fyrir hann á grundvelli samningsins um Evrópskt efnahagssvæði.

Það er ein af staðhæfingunum sem ítrekað hafa verið bornar fram af talsmönnum þessa samnings að reyna að halda því fram að við Íslendingar höfum einhvern haldbæran fyrirvara að því er snertir vinnumarkaðinn. Staðreynd málsins er sú að fyrir liggur í tengslum við þennan samning og þann þátt fjórfrelsisins sem er opnun vinnumarkaðarins að Ísland verði hluti af 380 millj. manna svæði með auðvitað eitthvað færri á vinnumarkaði en sú tala ber vott um. Staðhæfing ríkisstjórnarinnar og huggun gagnvart Íslendingum að því er þetta efni varðar er að þarna sé fyrirvari til staðar.

Enginn slíkur fyrirvari tengist þessum samningi heldur einvörðungu einhliða yfirlýsing innlendra stjórnvalda um að þau kunni að beita öryggisákvæðum samningsins ef nauðsyn krefji að þeirra mati. Sem sagt aðeins minnt á það, sem varðar allan samninginn, að hægt sé að grípa til almennra öryggisákvæða á grundvelli hans. Ekkert annað liggur fyrir að því er snertir vinnumarkaðinn. Hins vegar er síðan matsatriði, sem menn geta haft á margar skoðanir, hvort líkur séu á því

að hér verði stórfelld röskun á vinnumarkaði vegna þessa samnings, í framhaldi af honum. Fyrir því er ekki hægt að bera fram neinar sannanlegar staðhæfingar. Þar verður reynslan að skera úr en þó er væntanlega hægt að mæla afleiðingarnar með eitthvað meira öryggi en þær efnahagslegu afleiðingar sem ég ræddi hér áðan og hæstv. utanrrh. skaut á loft í sínu máli.

Ég held hins vegar að það sé afar óvarlegt fyrir okkur Íslendinga að gera ráð fyrir því að þarna verði um sáralítil áhrif að ræða. Ég held að staða mála á vinnumarkaði í Vestur-Evrópu ætti einmitt að vera okkur til varnaðar í þessu efni. Það mikla atvinnuleysi og vaxandi atvinnuleysi sem þar er, ekki síst hjá ófaglærðu verkafólki, en þó engan veginn einskorðað við slíka hópa á vinnumarkaði, getur leitt til þess að leitað verði eftir atvinnu innan þessa svæðis, eins og á Íslandi, þar sem ekki eru uppi sérstakar kröfur í sambandi við menntun og annað þess háttar eins og gildir m.a. í fiskvinnslu okkar þar sem við höfum nokkra reynslu af erlendu vinnuafli. Þar hefur staðan verið með þeim hætti, sem íslensk lög bjóða enn, að menn fái hér atvinnuleyfi aðeins til skamms og takmarkaðs tíma, þriggja mánaða í senn. Stjórnvöld hafa það því í hendi sér að hafa stjórn á aðstreymi erlends vinnuafls til landsins. Þetta verður hins vegar úr sögunni að því er snertir fólk frá öðrum ríkjum EES-svæðisins ef samningurinn verður að veruleika. Þá væri staðan sú að þeir sem til Íslands koma og hefðu fengið hér vinnu ættu kröfu á því og fullan rétt á að dvelja í landinu eftir að hafa einu sinni fengið vinnu. Það er enginn sem vísar þeim á braut og annaðhvort halda þeir atvinnu í landinu eða þeir geta gripið til þess, sem samningurinn býður, að fara á atvinnuleysisbætur hér eins og aðrir sem þann rétt hafa.

Það er svo önnur saga sem tengist þessu og áhrifunum á vinnumarkaðinn. Þau áhrif sem það mun hafa á stöðu verkalýðshreyfingarinnar. Það er kannski það atriði sem ástæða er til að hafa hvað mestar áhyggjur af, sú veiking samtaka launafólks sem mun hljótast af því að tengjast þessum stóra vinnumarkaði. Það er þróunin nú þegar innan Evrópubandalagsins að verkalýðsfélög hafa verið að veikjast þar sem afleiðing af þeim breytingum og reglum sem þar hafa verið innleiddar og líka vegna þess að verulegur hluti ríkja innan þessa svæðis, einkum í suðurhluta Evrópubandalagsins, er með allt aðrar hefðir og allt aðra stöðu að því er varðar uppbyggingu samtaka launafólks þar sem þau eru langtum veikari en á norðurhluta svæðisins, það sem við köllum Mið-Evrópu, Þýskaland og Frakkland að ekki sé minnst á Danmörku í því sambandi.

Það er því mjög eðlilegt að Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna skuli slá varnagla við þegar rætt er um þennan samning. Það var til þessa fólks sem hæstv. utanrrh. beindi orðum sínum fyrir tveimur dögum þegar hann gagnrýndi að samtök launamanna hefðu ekki tekið eindregið undir kröfurnar um að þessi samningur yrði samþykktur heldur þvert á móti slegið þar fjölmarga varnagla og, eins og fyrir liggur að því er snertir Alþýðusamband Íslands, beinlínis breytt sinni afstöðu. Reynt var af aðilum sem eru starfandi í þágu Alþýðusambandsins, reiknimeisturum og hagfræðingum, fyrir ekki mjög löngu síðan að ýta einmitt á eftir því að Alþýðusambandið tæki afstöðu með þessum samningi og höfðu þeir undirbúið málsgögn þar að lútandi sem lögð voru fyrir þing Alþýðusambands Íslands í nóvember sl. Ég hef áður nefnt það í þessari umræðu en rifja það upp í tengslum við mál hæstv. utanrrh. að þing Alþýðusambandsins vísaði frá þeim ályktunardrögum sem lögð voru fyrir og það birtist með þeim hætti að samþykkt var á þingi Alþýðusambandsins allt önnur ályktun en þau drög sem fyrir þingið voru lögð. Og vegna þess að staðhæft hefur verið, m.a. af talsmanni meiri hluta utanrmn. að fyrir lægi eitthvert fylgi Alþýðusambands Íslands við þennan samning þá vil ég leyfa mér honum til upprifjunar og jafnframt hæstv. utanrrh. að lesa þessar stuttu ályktanir Alþýðusambandsins sem varða Evrópumálin þannig að fyrir liggi alveg óyggjandi hvert viðhorfið er hjá þessari stærstu fylkingu launamanna í landinu. Með leyfi forseta:

„Afgreiðsla á EES-samningi:

37. þing ASÍ átelur þá afstöðu Alþingis að hafna kröfu fjölmargra félagasamtaka og einstaklinga að viðhafa þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu og hvetur alþingismenn til að endurskoða afstöðu sína.

Þingið bendir á að ýmis atriði samningsins eru með þeim hætti að vafi leikur á að þau séu í samræmi við stjórnarskrá og minnir alþingismenn á þá ábyrgð sem þeir hafa gagnvart stjórnarskrá íslenska lýðveldisins."

Þetta er önnur samþykktin. Síðan er samþykkt sem ber yfirskriftina: Starf að Evrópumálum:

„37. þing ASÍ telur brýnt að ASÍ, landssamband og stéttarfélög vinni ötullega að því að mæta þeim breytingum sem fram undan eru á íslenskum vinnumarkaði. Ekki hvað síst ef Ísland gerist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Þingið leggur áherslu á að stjórnvöldum sé veitt öflugt aðhald. Ýmsar lagasetningar og aðgerðir sem skipta launafólk miklu máli fylgja aðild að EES ef af henni verður. Verkalýðshreyfingunni ber skylda til að fylgja því eftir að ekki sé gengið á réttindi launafólks. Þá kalla aukin samskipti við aðrar þjóðir á öflugt upplýsingastarf í verkalýðshreyfingunni.

37. þing ASÍ telur að með starfi sambandsins að Evrópumálum hafi verkalýðshreyfingin náð verulegum árangri. Þingið felur miðstjórn að efla samstarfið við Evrópusamband verkalýðsfélaga, norræna verkalýðssambandið og ráðgjafanefnd EFTA til að koma sjónarmiðum íslenskrar verkalýðshreyfingar á framfæri."

Þetta er seinni samþykkt þings Alþýðusambands Íslands. Það þarf mjög bjartsýnar textaskýringar, svo ekki sé meira sagt, til að lesa út úr þessum samþykktum stuðning við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Þegar Evrópskt efnahagssvæði er nefnt á nafn þá er það með skilyrðistengingunni ef, ef af samþykkt verður, en það er hvergi hvatt til þess að samningurinn verði samþykktur. Það er satt að segja dæmalaust, en þó dæmigert, fyrir málflutning manna eins og tals-

manns meiri hluta utanrmn. sem leyfir sér þrátt fyrir að svona samþykktir séu upp lesnar að staðhæfa annað og staðhæfa það að það liggi fyrir fylgi við þennan samning af hálfu Alþýðusambands Íslands í þessum málum. (**BBj:** Hvernig túlkar þingmaðurinn hjásetu þingmanna hérna?) Hvernig túlkar þingmaðurinn hjásetu þingmanna hérna? er spurning sem hv. þm. varpar hér fram. (**BBj:** Hann túlkar það sem stuðning við málið.) Og ég túlki það sem stuðning við málið — og á að draga síðan þá ályktun að þessar samþykktir frá Alþýðusambandinu feli í sér stuðning við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði?

Varðandi hjásetu þingmanna á Alþingi að því er varðar atkvæðagreiðslu um þennan samning þá liggur það auðvitað ljóst fyrir að með því að greiða ekki atkvæði gegn málinu eru viðkomandi þingmenn að greiða götu málsins í þinginu því að ekki verða atkvæði þeirra tvítalin. En að ætla að fara að álykta eitthvað út frá því að því er varðar samþykktir Alþýðusambands Íslands varðandi þetta mál þar sem engin tillaga liggur fyrir um stuðning og málin snerust ekki um það við afgreiðslu máls á þingi Alþýðusambands Íslands heldur var þarna um að ræða niðurstöðu sem ekki var mótmælt, og ég held að hafi verið samstaða um á þinginu, að þetta urðu samþykktirnar í staðinn fyrir þau málsgögn (**BBj:** ...tillaga um stuðning.) sem lögð voru fyrir þingið að því er snertir Evrópskt efnahagssvæði og er þar ólíku saman að jafna. Nei, hv. þm. Björn Bjarnason, þú þarft að koma hér nokkrum sinnum og leita betur ef þú ætlar að finna stuðning af hálfu þings Alþýðusambands Íslands við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði.

Önnur samtök launafólks voru á fyrri stigum enn gagnrýnni en birst hafði í áfangaályktunum frá Alþýðusambandinu og það er kannski alveg sérstaklega Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna sem skilaði áliti sínu til utanrmn.

Það er einmitt vert að nefna það að hv. talsmaður meiri hluta utanrmn. túlkaði það svo að þeir mörgu aðilar sem skiluðu áliti til utanrmn. varðandi þetta mál og ekki mótmæltu með formlegum hætti þessum samningi væru í raun sammála málinu, þeir væru stuðningsaðilar málsins. Þannig var málflutningur talsmanns meiri hlutans og er fróðlegt fyrir þá sem senda inn til þingnefnda viðhorf sín varðandi einstök þingmál að hafa það í huga hvernig lagt er út af málum þegar þetta blasir við sem ég hef rakið varðandi málflutning hv. þm. Björns Bjarnasonar um þetta efni.

Það er sannarlega áhyggjuefni fyrir íslenska verkalýðshreyfingu það sem verið er að stefna að að lögfesta hér og þessar breytingar varðandi vinnumarkaðinn. Mörg varnaðarorðin eiga áreiðanlega eftir að falla til viðbótar við þau sem þegar hafa verið mælt í þessu efni og ég geri ráð fyrir að, ef þessi samningur verður að veruleika einhvern tímann, þá eigi það eftir að renna upp fyrir ýmsum, ekki aðeins varðandi spurninguna um atvinnu og samkeppnina um atvinnu, heldur á fleiri sviðum sem snerta atvinnulífið og vinnumarkaðinn að það er ekki skynsamlegt fyrir okkur Íslendinga með okkar fámenna vinnumarkað, með okkar litla samfélag, að ætla að samsama okkur hinum stóra innri markaði Evrópubandalagsins með þeim hætti sem hér er að stefnt með þessum samningi.

Það ber líka að líta á það að hér kemur ekki aðeins til samkeppni við launafólk, hér kemur til óheft samkeppni við sjálfstætt starfandi atvinnurekendur, sem svo eru kallaðir, sem hafa nokkuð aðra stöðu en launamaðurinn á vinnumarkaði en er þó oft og tíðum ekki langt frá því að vera tengdur launamanninum hvað snertir hagsmuni og aðstöðu alla, en í því efni er ekki um hina minnstu hindrun að ræða að því er snertir staðfesturétt og dvalartíma í landinu heldur geta menn þar í raun gengið að öllu opnu.

Þessi atriði vildi ég nefna, virðulegur forseti, í sambandi við vinnumarkaðinn og mál hæstv. ráðherra varðandi efnahagslegar afleiðingar þessa samnings. — Og nota mér gott boð forseta um það að losna við hluta af þessum málskjölum frá ræðustóli.

Ég ætla þá að koma að því sem gerst hefur í þessari 3. umr. og nokkuð var rætt af þeim sem tóku þátt í henni í gær eftir að hv. þm. Karl Steinar Guðnason steig í ræðustól og rifjaði enn á ný upp það áhugaefni Alþfl. og sitt áhugaefni sérstaklega að við gerðumst aðilar að Evrópubandalaginu sjálfu.

Ýmsir urðu til að andmæla hv. þm. og ég er ekkert undrandi á því. Hæstv. utanrrh. og formaður Alþfl. taldi það ein helstu tíðindi umræðunnar að fram hefði komið hjá þingmanninum að hann væri einn um þá skoðun í þingflokki Alþfl. að við ættum að ganga í Evrópubandalagið. En það er rétt að taka öllum slíkum staðhæfingum með nokkrum fyrirvara þó við getum hlýtt á mál manna í því efni því að það hefur gerst ítrekað á undanförnum árum og þarf ekki langt að leita að talsmenn Alþfl. hafa gengið fram fyrir skjöldu og viðrað það hugðarefni sitt að athuga beri, svo ekki sé fastar að orði kveðið, að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Það var hæstv. utanrrh. sjálfur, formaður Alþfl., sem kom fram með þetta efni á seinni árum, miðað við þau tímabil sem þessi umræða tekur yfir, að okkur sé í raun enginn annar kostur en að sækja um aðild að Evrópubandalaginu ef Norðmenn og Svíar gerist þar aðilar. Frá þessu greindi formaður Alþfl. á fundi Íslendinga í Kaupmannahöfn í marsmánuði 1990 og geta menn lesið um það í flokksmálgagni Alþýðublaðsins 16. mars 1990 undir fyrirsögninni „Íslendingar eru flóttamenn frá Evrópu". Þar er umsögn um þennan fund og orð utanrrh. sem ég hef nokkrum sinnum minnt á í sambandi við áhugaefni Alþfl. að tengjast Evrópubandalaginu, og því var ekkert mótmælt af hálfu ráðherrans þegar þetta var rifjað upp skömmu síðar, enda vafalaust rétt eftir haft af hans flokksmálgagni og ekki farið með fleipur í jafnstóru máli sem þessu. Þannig var hæstv. utanrrh. í rauninni á undan hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni sem viðraði þá skoðun sína þann 30. mars 1990 úr þessum ræðustóli að nú ættu Íslendingar að spretta úr spori og sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Þannig að hann var í rauninni aðeins að ganga í fótspor meistara síns í þessum málflutningi sem hafði í útlöndum viðrað þetta sjónarmið ekki löngu fyrr.

Síðan gerðist það fyrir ekki ári síðan að hæstv. utanrrh. kom með skýrslu um utanríkismál til Alþingis Íslendinga sem merkt er árinu 1992 og sem þótti heldur betur tíðindum sæta vegna þess að hæstv. ráðherra var þar að gæla við þá hugmynd að Íslendingum bæri að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Það væri komið að þeim tímamótum að rétt væri fyrir okkur að stíga það skref. Ég sé ástæðu til þess nú, eftir að hv. þm. Karl Steinar Guðnason hefur enn og aftur viðrað þá skoðun sína að við eigum að sækja um aðild að Evrópubandalaginu, að fara aðeins yfir málflutning utanrrh. í þessari meginskýrslu hans til þingsins á síðasta ári.

Með leyfi forseta, þá segir ráðherra, svo ég nefni nokkur atriði úr skýrslunni, undir fyrirsögninni „Evrópuumræðan. EES — Bráðabirgðalausn eða varanleg brúarsmíð?"

„Nú fremur en nokkru sinni fyrr er rétti tíminn til þess að leiða hugann, ekki aðeins að hinni nýju skipan mála í Evrópu að loknu Maastricht-samkomulaginu, heldur sérstaklega spurningunni um stöðu Íslands í nýrri og breyttri heimsmynd.

Þegar samningarnir um EES hófust fyrir þremur árum var heimurinn allur annar en hann er nú. Árið 1989 er ekki löngu liðið hjá en sögulega séð er það langt að baki. Þá var Berlínarmúrinn enn á sínum stað, þjóðir Mið- og Austur-Evrópu voru enn undir oki sovéska nýlenduvaldsins og Sovétríkin stóðu enn. Þær byltingarkenndu breytingar sem síðan hafa orðið hafa haft keðjuverkandi áhrif um alla Vestur-Evrópu og um veröld alla.

Hinar pólitísku forsendur sem leiddu til EES-samninganna virðast ekki eiga við lengur, hvorki við EB né EFTA."

Hver mælti þessi orð? Utanríkisráðherra Íslands í skýrslu til Alþingis í mars 1992. Og hann segir:

„Hér á landi eru eftirfarandi spurningar farnar að gerast æ áleitnari: Hefur hin hraða rás viðburðanna hlaupið fram úr hugmyndasmiðum hins Evrópska efnahagssvæðis? Hefur EES, í ljósi breyttra aðstæðna, glatað tilgangi sínum? Hefur þremur árum verið sóað í þrotlausa samninga, til einskis? Er EES aðeins áfangastaður fyrir flest EFTA-ríkin, áður en þau leita inngöngu í Evrópubandalagið? Trúir því einhver að Evrópskt efnahagssvæði fái staðist sem tveggja stólpa brú sem hvílir annars vegar á stólpa útvíkkaðs Evrópubandalags með 17 aðildarríkjum og 370 millj. íbúa og hins vegar á brúarstólpa Íslands og Liechtensteins með innan við 300 þús. íbúa?"

Það er vert að staldra við þessi ummæli hæstv. ráðherra og endurtaka: „Trúir því einhver að Evrópskt efnahagssvæði fái staðist sem tveggja stólpa brú sem hvílir annars vegar á stólpa útvíkkaðs Evrópubandalags með 17 aðildarríkjum og 370 millj. íbúa og hins vegar á brúarstólpa Íslands og Liechtensteins með innan við 300 þús. íbúa?"

Þessa spurði hæstv. utanrrh. sig fyrir tæpu ári síðan og hann fer síðan yfir sviðið og ég skal aðeins stikla á nokkrum þáttum í hans máli þegar hann ræðir frekar um tengsl við Evrópu, aðild að innsta hring eða aðlögun að Evrópubandalaginu.

„Sú staðreynd að allar EFTA-þjóðirnar að Íslandi og Liechtenstein undanskildum hafa annaðhvort tekið um það ákvörðun að ganga í EB eða íhuga þann kost gerir það að verkum að endurskoða verður stöðu Íslands í Evrópu og tengsl við álfuna í framtíðinni. Tveir kostir eru í boði. Annar er að virða að vettugi yfirlýsingar EB um að nýjum aðildarríkjum verði ekki veittar neinar undanþágur frá reglum EB, sækja um með skilyrðum og láta á það reyna hvaða kjörum megi ná. Án EES hefði annað vart komið til greina. Rök, sem styðja sérstöðu Íslands í sjávarútvegi, eru gild og náðu fram að ganga í EES-viðræðunum með tilstyrk annarra EFTA-ríkja. Bágt er að vísu að treysta því að hið sama mundi gilda í aðildarviðræðum en óhætt er að fullyrða að möguleikar á því að ná sama árangri í aðildarviðræðum eru miklum mun meiri í þessari umferð í samfylgd með öðrum EFTA-ríkjum heldur en í næstu lotu þegar Austur-Evrópuríkin knýja dyra.

Hinn kosturinn er að halda fast við EES og byggja samskipti Íslands við EB á þeim grunni hvað sem á bjátar. EES veitir það lágmarksefnahagsöryggi sem þörf er á. Hver sem verður ákvörðun annarra EFTA-ríkja þá er ekki ástæða til að ætla annað en að þau réttindi og sú aðstaða sem EES-samningurinn veitir séu tryggð þó svo að Ísland sæti þar eitt eftir. Stofnanaákvæðin þyrfti að semja um en eftir stæði tvíhliða samningur við EB sem væri mun yfirgripsmeiri en nokkur sem fengist hefði í tvíhliða viðræðum."

Og áfram segir ráðherrann:

„EES-samningurinn tekur ekki aðeins til efnahagslegra þátta heldur munu aðildarríki hans einnig ráðfæra sig um og hafa samvinnu á fleiri sviðum. EES skipar Íslandi ekki á innsta bekk en með honum er a.m.k. komist hjá einangrun. Fyrir ríki með takmarkaðan metnað í alþjóðamálum gæti það einmitt reynst mátuleg lausn." — Takið eftir: „Fyrir ríki með takmarkaðan metnað í alþjóðamálum gæti það einmitt reynst mátuleg lausn."

En síðan heldur ráðherrann áfram að fjalla um þetta og segir þá m.a.:

„Á öðrum Norðurlöndum er ekki lengur spurt: „Hvers vegna ættum við að ganga í EB?" heldur „Hvers vegna ættum við að standa utan dyra?" Fyrr en síðar munu þessar spurningar verða reifaðar í umræðunni hér á landi."

Hver ætli ætli sé, virðulegi forseti, að reifa þessar spurningar í umræðunni hér á landi annar en sá sem leggur slíka skýrslu fyrir Alþingi Íslendinga, utanrrh. landsins? Hann vill ekki vera í hópi þeirra sem hafa takmarkaðan metnað í utanríkismálum, hann vill spretta úr spori og það mun ekki líða langur tími frá því að afhendingarskjölin hefðu gengið á milli ef samningurinn verður einhvern tímann verður barn í brók og hæstv. utanrrh. mun fyllast metnaði fyrir sína hönd og flokks síns og slást í hóp með hinum vígreifu krossförum í sínum eigin flokki, hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni og hver veit hvort þá verður að hafa liðsauka annars staðar frá eins og frá hv. 10. þm. Reykv. sem hefur ítrekað og talað fyrir því í nál. sínu að við

eigum að skoða þennan kost, þ.e. aðildina að Evrópubandalaginu.

Af hálfu hæstv. forsrh. hefur verið rætt um þetta efni á undanförnum árum og á undanförnum mánuðum og þarf ekki lengra að leita en nú í kringum síðustu áramót. Þá mátti skilja á hæstv. forsrh. og hann hefur öðru hvoru tekið þannig til orða frá því sl. sumar að í tíð ríkisstjórnar hans komi ekki til álita að hans mati að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Við andstæðingar þess höfum tekið undir og fagnað því að hæstv. ráðherra heldur sig við það sjónarmið. Hins vegar er eftir að sjá hvort við það verður staðið. Ég ætla að vona að hæstv. forsrh. standi við það efni. Hann orðaði það eitthvað á þá leið að miklu væri fórnað fyrir Íslendinga að halda sig frá hraðlestinni til Brussel að halda við þá stefnu sem hann segist þó ætla að standa við í stjórnartíð sinni nú að sækja ekki um aðild að Evrópubandalaginu. Í því er auðvitað nokkur trygging og við skulum vona að hæstv. ráðherra standi við þau orð sín. En hæstv. utanrrh. er vafalaust byrjaður á vegum síns ráðuneytis þó hann hafi ekki viðrað það hér að fylgja eftir þeim frýjunarorðum sem hann mælti í skýrslu sinni til Alþingis fyrir tæpu ári um nauðsynina á að undirbúa umsókn um aðild að Evrópubandalaginu. Í því sambandi vitna ég til lokaorða í þessum kafla skýrslu hans í mars sl. þar sem hann segir: „Fyrst og fremst verður að kanna mælanleg áhrif EB-aðildar á íslenskt efnahagslíf og stjórnkerfi. Því fer fjarri að slík könnun jafngildi meðmælum með aðild að EB en hitt væri ábyrgðarleysi að kanna ekki hvaða afleiðingar hún hefði í för með sér. Um þetta ætti að geta verið full samstaða allra flokka því að engar ákvarðanir skal taka að óathuguðu máli", sagði ráðherrann í lok þessarar umfjöllunar í skýrslu sinni í mars í fyrra.

Ég hef verið að rifja þetta upp hér, virðulegur forseti til þess að minna á það hver er staðan hjá stjórnarflokkunum í þessu stóra máli. Þessum eftirleik hugsanlegrar aðildar að Evrópsku efnahagssvæði, þ.e. að sækja um aðild að Evrópubandalaginu.

Ríkisstjórnir eru fallvaltar, það vitum við og svo kann að fara að sú ríkisstjórn sem nú situr haldi ekki velli út kjörtímabilið. Um það skal ég ekki hafa uppi neina spádóma nú en ég hugsa að þeir séu nokkrir innan núv. stuðningsflokka ríkisstjórnarinnar sem mundu ekki gráta það að það yrði skemmra en lengra í lífdögum ríkisstjórnarinnar. Þá eru fyrirvararnir t.d. frá núv. forsrh. fallnir eins og hann hefur hagað orðum sínum því hann hefur eingöngu rætt um sína núv. ríkisstjórn og ekki sagt neitt ákvarðandi hvað þá tæki við að hans mati og þá sem formanni Sjálfstfl. Hann hefur fyrr á árum lýst áhuga sínum á því að láta reyna á aðild að Evrópubandalaginu. Hins vegar vitum við að innan Sjálfstfl. er mjög eindregin andstaða hjá sumum á því að stíga slíkt skref og meira að segja mikið hik á mönnum að skrifa upp á samninginn sem hér liggur fyrir. Ég er nokkurn veginn sannfærður um að það eru fleiri en þær hetjur sem hafa gengið gegn þessum samningi úr þingflokki Sjálfstfl. og greitt atkvæði gegn samningnum, það eru fleiri sem hafa uppi miklar efasemdir um þetta mál í þeirra röðum. Það er því ekkert auðvelt fyrir þá sem vildu stíga þetta skref og hafa áhuga á því að gera það. En það munu verða öfl í landinu sem munu ýta þar á eftir. Þau hafa komið fram með áberandi hætti og get ég í því sambandi nefnt framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands, Þórarinn Þórarinsson, sem sl. vor kvað mjög fast að orði um þetta efni og fékk raunar undirtektir við þann málflutning úr ólíklegustu áttum. Hættan er því fyrir hendi og við skulum ekki taka allt of mikið mark á svardögum í þessu efni um leið og við hlýðum á þá sem þegar eru farnir að hvetja til beinnar aðildar.

Virðulegur forseti. Mörg fleiri áhyggjuefni varða þetta mál en ég hef reifað. Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði hefur ekkert lítið áhrif á stöðu umhverfismála. Á það hef ég minnt nokkrum sinnum í umræðu um þetta mál. Að því er okkur Íslendinga varðar má kannski segja að þau áhrif komi ekki fram með skjótum hætti heldur sé þarna meira uppi spurningin í víðtækara samhengi um áhrifin út frá alþjóðlegum viðhorfum, áhrif innri markaðarins og þeirrar starfsemi sem þar fer fram með þeim breytingum sem markaðnum fylgja. Þar liggur ótvírætt fyrir að tilkoma innri markaðarins mun auka mjög verulega þann vanda sem við er að fást alþjóðlega í umhverfismálum. Sá hagvöxtur sem gert er ráð fyrir í innri markaðnum mun að mati þeirra, sem farið hafa yfir þessi mál á vegum Evrópubandalagsins, leiða til aukinnar mengunar umfram það sem ella yrði af völdum þeirra efna sem valda loftslagsbreytingum, brennisteinssambanda, köfnunarefnissambanda og alveg sérstaklega kolefnissambanda, aukast um á milli 10 og 20% umfram það sem ella væri á árunum fram til 2010. Þarna er því um mjög verulega breytingu að ræða í einu mesta áhyggjuefni mannkyns um þessar mundir, vaxandi mengun og spillingu andrúmsloftsins og auðvitað annarra gæða sem þessi vaxandi mengun hefur áhrif á. Þetta er vegna þeirra auknu umsvifa, sem gert er ráð fyrir í kjölfar innri markaðarins, m.a. á samgöngusviði en því tengjast auknir flutningar á vörum þvers og kruss og ekki síst norður-suður á vegum innan Evrópubandalagsins og sá sársaukafulli samningur sem Austurríki og Sviss voru knúin til að gera til að hleypa aukinni umferð gegnum Alpana milli norður- og suðursvæðis Evrópubandalagsins.

Fjallað hefur verið um þetta efni af umhverfissamtökum í löndum Evrópubandalagsins og í EFTA-ríkjunum og frá fjölda frjálsra samtaka á sviði umhverfismála liggja fyrir ályktanir þar sem þessum ákvörðunum er mótmælt, þar sem varað er við þeim og bent er á afleiðingarnar. Hér á landi hafa umhverfissamtök ályktað um þetta. Samtökin Landvernd hafa gert það ítrekað og náttúruverndarsamtök, m.a. Náttúruverndarsamtök Austurlands, hafa ályktað um þetta á sínum vettvangi.

Hitt liggur svo jafnframt fyrir að vegna þessa samnings kann að vera að Íslendingar verði knúðir til þess fyrr en ella hefði orðið að gera ákveðnar útbætur í sambandi við umhverfismál og við skulum ekkert draga fjöður yfir það. Það má út af fyrir sig telja af

hinu góða ef við getum brugðist þannig við. En auðvitað hefur það sín áhrif og reynir þar á hverjir eigi að bera kostnað af þeim breytingum sem þar verða en sem ég tel út af fyrir sig að þurfi að gera fyrr eða síðar. Fróðlegt væri að fá það upplýst hver sá kostnaður er sem af því hlýst. Í þeim skýrslum sem hafa verið bornar fram sérstaklega á vegum umhvrn. hefur verið bent á það að þarna sé um að ræða mjög verulegar aðgerðir sem sveitarfélögum sé ætlað að kosta til. Hins vegar hafa upplýsingar um það efni og útreikningar mér vitanlega ekki enn verið lagðir fram og tengist það þó þessu máli mjög ákvarðandi og þeim reglum sem við erum að undirgangast að þessu leyti. Hins vegar eigum við ekki að þurfa að gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði til að gera nauðsynlegar úrbætur á sviði umhverfismála og löggjafar í landinu að því leyti og á vegum umhvn. þingsins hefur á undanförnum mánuðum verið farið yfir efni sem eru sprottin frá ráðuneytum vegna undirbúnings þessa samnings og með hliðsjón af reglum innan Evrópubandalagsins á sviði umhverfismála. Þar hefur náðst góð samstaða um það að mæla með lögfestingu á ákveðnum þáttum alveg óháð því hver verði afdrif samningsins. Þannig á það auðvitað að vera að við eigum að geta tekið það sem við teljum nýtilegt úr löggjöf nágrannaþjóða, lögfest það og náð þeim breytingum fram án þess að hengja það inn í gangvirki samnings sem fjölmargir telja til ófarnaðar og eru andsnúnir.

Þess hefur einmitt gætt í sambandi við þetta mál að það er eins og menn gleymi því að Íslendingum er í sjálfsvald sett að laga sig að þeim breytingum í umhverfi sínu, breytingum sem eru að gerast í Evrópu og annars staðar í heiminum, út frá eigin mati og að eigin frumkvæði án þess að verið sé að tengja það inn í alþjóðasamninga af því tagi sem við erum hér að ræða. Í þessu samhengi má einnig nefna að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði bindur Íslendinga gagnvart öðrum svæðum þannig að svigrúm okkar minnkar t.d. til þess að vera aðilar að alþjóðasamningum sem kynnu að stangast á við ákveðna þætti þessa samnings, þær hindranir eru þá til staðar og við erum ekki lengur frjálsir að því að móta þátttöku okkar í alþjóðasamstarfi að því er varðar ýmis efni sem upp kunna að koma í framtíðinni eftir að hafa gert samninginn. Það er áhyggjuefni þegar þannig er haldið á málum og við skulum minnast þess nú áður en gengið er frá þessum málum og afstöðu okkar á Alþingi að við erum að þrengja svigrúm okkar til þátttöku í alþjóðasamstarfi með því að binda okkur í samningnum.

Annars er það um umhverfismálin að segja í samhengi EES-samningsins að þau eru þar í aukahlutverki. Fyrirmæli á sviði umhverfismála eru flest hver í aukahlutverki í samhengi samningsins því að hvergi er þar að finna bindandi ákvæði að því er snertir svið fjórfrelsisins, að því er varðar stöðu umhverfismálanna, heldur þvert á móti eru sjónarmiðin sem varða verndun umhverfis þar í aukahlutverki. Þau eru t.d. í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði nefnd í inngangsorðum hans en ekki hinum bindandi ákvarðandi greinum samningsins. Það getur hver og einn skoðað sem hefur samninginn handa á milli, m.a. 73.–75. gr. samningsins sem fjalla um umhverfismál. Það gildir einnig á sviði heilbrigðismála og ýmissa þátta sem snerta það svið að þar hefur vöruflæðið forgang en möguleikarnir á að setja upp hindranir við slíkri dreifingu á vörum, sem geta talist hættulegar eða ástæða væri til af ýmsum ástæðum til að setja upp hindranir gegn innflutningi, að það er ekki heimilt samkvæmt ákvæðum samningsins.

Því er full ástæða fyrir okkur að skoða þetta svið umhverfismálanna mun betur í sambandi við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði áður en við göngum undir þau ákvæði sem samningurinn bindur okkur í á sviði fjórfrelsisins þar sem þau ákvæði hafa forgang en umhverfismálin verða víkjandi. Þetta er mjög mikið í umræðunni á Norðurlöndum en Norðurlöndin eru eins og flestir vita forustulönd — því miður ekki Ísland en hin Norðurlöndin mega teljast til forustulanda á sviði umhverfismála og hafa náð þar mjög þokkalegri stöðu og eru að sækja fram. Nú liggur það t.d. fyrir að í Noregi og Svíþjóð er það viðurkennt af stjórnvöldum að það verði biðstaða í sambandi við umhverfismálin á næstu árum vegna þess að ekki sé kleift að hreyfa sig neitt á því sviði, hvað þá að herða þar reglur og bæta um á meðan löndin eru að semja um aðild að Evrópubandalaginu. Það er hörmulegt til þess að vita að á sviði, sem ætti að vera forgangsmál fyrir alla upplýsta aðila að bregðast við þeirri miklu vá sem vofir yfir öllu mannkyni í sambandi við umhverfisspillingu og mengun á undirstöðugæðum jarðar, skuli menn vera að binda sig inn í kerfi sem útilokar þá frá því að geta tekið með róttækum hætti á úrbótum og andæft gegn þeirri umhverfiseyðingu sem er ráðandi í þróun mála.

Fyrir okkur Íslendinga sem byggjum þjóðarhag okkar á náttúrulegum auðlindum er þessi staða ekki síst umhugsunarefni. Þetta varðar fiskimið okkar, þetta varðar landið sjálft sem er viðkvæmara fyrir umhverfisröskun vegna legu okkar en gildir þar sem tegundafjölbreytni er meiri a.m.k. á það við á mörgum sviðum og því ættum við alveg sérstaklega að gæta okkar í sambandi við þann þátt mála.

Virðulegi forseti. Það er umræðuvert hvers vegna er verið að knýja fram mál af þessum toga þegar engar brýnar ástæður eru til þess fyrir okkur Íslendinga að stíga skref sem þetta. Af hálfu hæstv. utanrrh. var að því vikið við þessa umræðu að ekki væri vísað á neina aðra kosti. Hæstv. ráðherra spurði að því í máli sínu: „Hvaða leiðir eru það sem er vísað á af öðrum? Hver er hin leiðin? Hver er hinn kosturinn?“ Það er rétt að hæstv. utanrrh. hefur ekki vísað á neinn annan slíkan kost. Hann er haldinn þeirri Evrópublindu að telja að hvergi sé bjargræðis að leita fyrir Íslendinga öðruvísi en að tengjast Evrópubandalaginu. Fyrst með samningi um Evrópskt efnahagssvæði og síðan, miðað við hugleiðingar hans í skýrslu um utanríkismál, með inngöngu í Evrópubandalagið.

Það er mjög athyglisvert þegar menn ganga þannig fram í rökræðunni að segja: Ég er með kröfu um þetta og tel þetta vera leiðarljósið en hinir hafa bara engan annan kost. Hæstv. utanrrh. virðist vera algerlega ófær

um það að sitja í sæti sínu hér það fyrsta, hæstv. forseti, ég vek athygli á því. Honum er jafnframt fyrirmunað að vísa til annarra átta en þessarar einu áttar sem hann ber hér fram. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvað dvelji nú orminn langa, hæstv. utanrrh.? (**Forseti:** Forseti skal kanna hvort hæstv. ráðherra getur ekki verið hér við umræðuna.) — Virðulegur forseti. Ég er hér að eiga orðastað við hæstv. utanrrh. og það gengur erfiðlega ef hæstv. ráðherra er ekki nærri. — Hæstv. utanrrh. er kominn.

Ég ætla, hæstv. forseti, að greina frá því hvern ég tel vera þann kost sem hæstv. utanrrh. hefur verið að lýsa eftir og segir að ekki hafi komið fram í máli manna. Um leið og ég vek athygli á því að það er mjög sérkennilegt að setja málin upp með þeim hætti að það sé hin eina og rétta leið, sem viðkomandi hafi handa á milli, þessi Evrópulest sem hæstv. utanrrh. vill kippa okkur upp í. Það er leiðin en allir sem ekki vilja eftir henni ganga hafa engan annan kost. Hæstv. utanrrh. getur ekki litið á það sem möguleika að halda við það sem við höfum í landinu, þ.e. að búa í frjálsu og óháðu ríki, Íslandi, án þess að gera bindandi samninga af þeim toga sem samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði eða innganga í Evrópubandalagið er, að binda sig inn í slíkar „lausnir".

Það er satt að segja mjög undarleg röksemdafærsla að það sé enginn kostur að þróa atvinnulíf og mannlíf á Íslandi á þeim grunni sem hér hefur verið lagður að bestu manna yfirsýn og með samkomulagi í þjóðfélaginu, a.m.k. með sæmilegri sátt, að búa okkur framtíð innan ramma óháðs Íslands. — Enn er hæstv. ráðherra hlaupinn. (**Utanrrh.:** Hann hlustar af athygli.) Mitt sjónarmið, hæstv. ráðherra, er það að við eigum að halda okkur utan við efnahagsbandalögin, hvort sem þau heita Evrópskt efnahagssvæði, Evrópubandalag eða NAFTA, þ.e. fríverslunarbandalag, eins og það hefur verið kallað, Norður-Ameríkuríkja. Við eigum ekki að ganga inn í slík bandalög. Við eigum hins vegar að rækta við þau eins góð samskipti og frekast er unnt og beita þar okkar rökum og okkar afli á alþjóðavettvangi og í samskiptum þjóða. Við eigum að velja þann kost. Halda okkar sjálfsákvörðunarrétti og með því æskilegum sveigjanleika í utanríkisviðskiptum til langrar framtíðar. Ég tel að fyrir því liggi gild rök að Ísland utan efnahagsbandalaga sé langtum betur sett en með því að verða jaðarsvæði í Evrópsku efnahagssvæði nú eða norður-amerísku efnahagssvæði. Við erum landfræðilega, viðskiptalega og menningarlega allt öðruvísi stödd en hin Norðurlöndin svo ekki sé talað um gamalgróin iðnríki Vestur-Evrópu. Það er þessi landfræðilega staða sem getur gagnast okkur í samskiptum við nágranna okkar og þjóðir sem fjær liggja. Ef við höldum þétt utan um náttúruauðlindir okkar — og það gerum við ekki með samningi eins og þeim sem nú er í undirbúningi og liggur fyrir þinginu um sjávarútvegsmál við Evrópubandalagið — og ef við verndum umhverfið fyrir mengun og ofnýtingu þá er unnt að halda hér uppi lífskjörum sem ekki eru lakari en það sem best gerist annars staðar.

Við eigum að leita eftir samningum við bandalög og einstök ríki um fríverslun og félagsleg og menningarleg samskipti. Við eigum að aðlaga okkur að breytingum í heimsviðskiptum og leita sem bestra samskipta við stórveldi sem minni þjóð, þar á meðal við Evrópustórveldið sem nú er í mótun og keppinauta þess í Norður-Ameríku og Austur-Asíu.

Ég tel að möguleikar á að ná slíkum samningum og þróa gagnkvæm samskipti séu góðir fyrir okkur Íslendinga. Vegna sérstöðu okkar og af sögulegum og landfræðilegum ástæðum þá njótum við Íslendingar velvilja og athygli víða um lönd. Þessi viðhorf víða erlendis í garð okkar Íslendinga verða að sjálfsögu ekki skýrð út frá efnahagslegum forsendum eða með þýðingu samskipta annarra þjóða við land okkar en þau geta engu að síður vegið þungt þegar leitað er eftir samvinnu af okkar hálfu við aðrar þjóðir. Það er úr þessari stöðu sem við eigum að tefla.

Óháð staða Íslands með tilliti til viðskiptabandalaga felur jafnframt í sér marga aðra góða kosti sem við eigum að rækta og nýta okkur. Með því að halda sjálfsforræðinu í eigin höndum höfum við betri tök en ella á því að laga okkur að breyttum aðstæðum erlendis. Við höfum þurft á því að halda á liðinni tíð að gera það, m.a. þegar við höfum mætt óbilgirni og hótunum af þjóðum sem við annars viljum trúa að vilji eiga við okkur góð samskipti.

Efnahagsleg staða getur þannig verið til muna betri fyrir okkur Íslendinga en væri ef landið væri hluti af stórri heild. Sjávarauðlindir okkar geta áfram verið meginstoð góðra lífskjara en skilyrði er það að yfirráð yfir þessum auðlindum og að afraksturinn af þeim haldist í landinu. Það verður ekki ef við deilum þessum auðlindum með útlendingum í vaxandi mæli eins og á þeirri braut sem nú er verið að leggja út á með samningnum við Evrópubandalagið, að ekki sé talað um hitt, sem er við bæjardyrnar, að erlendir hagsmunir, erlendir aðilar, komist inn í þessa undirstöðu bakdyramegin með því að ná ítökum og jafnvel yfirráðum þegar lengra líður í okkar undirstöðuatvinnuvegi.

Við erum í eftirsóknarverðri stöðu hvað snertir orkumál ef okkur auðnast það að halda af forsjálni utan um þessar takmörkuðu auðlindir, því þó þær séu miklar á mælikvarða okkar þjóðar eru þær takmarkaðar að umfangi og aðeins dropi í hafið á alþjóðavísu. Það er líka mín trú að aðrir landkostir en hinar nýtanlegu náttúruauðlindir einar saman muni nýtast okkur mun betur í óháðu þjóðríki, sem getur þróað byggð út frá eigin forsendum, en væri í Evrópsku efnahagssvæði, hvað þá innan sjálfs Evrópubandalagsins.

Líkurnar á því að takast megi að viðhalda íslenskri menningu og efla heilbrigða þjóðernisvitund eru líka mun meiri ef land okkar er óháð eining en ekki hluti af stórri ríkjaheild. Það er engin spurning að það er ekki minnst í því sem möguleikarnir eru fólgnir á Íslandi að okkur auðninst að halda þétt utan um okkar þjóðmenningu, að viðhalda hér heilbrigðri þjóðernisvitund og að miðla umheiminum af þeirri fjölbreytni menningar og menningarstarfs sem hér er unnið. Vægi okkar þjóðar í alþjóðaviðskiptum verður allt annað og meira í þessu samhengi ef Ísland heldur sínu sjálf-

stæði og er óháð eining en að landið gerist hluti af stórri ríkjaheild. Ég tala ekki um ef við yrðum í raun útkjálki í stóru sambandsríki í Evrópu.

Það er í þessari sérstöðu, hæstv. utanrrh., með því að halda sig utan við ríkjabandalögin og hinar stóru heildir, sem hinir fjölmörgu jákvæðu kostir og tækifæri liggja fyrir okkur Íslendinga. Fyrir utan okkar hefðbundnu atvinnugreinar má benda á nýjar greinar eins og ferðaþjónustu, sem alveg ótvírætt getur orðið gildari þáttur í samskiptum út á við ef við gætum þess að sogast ekki inn í stóra ríkjaheild. Óháð Ísland með sína ríku menningu og sögu hefur aðdráttarafl fyrir umheiminn. Það höfum við fundið á undanförnum árum og við eigum einnig að gæta þeirrar sérstöðu og nýta okkur hana í samskiptum okkar út á við. Sjálfir þurfum við á því að halda. Við viljum eiga góð samskipti út á við og heimsækja aðrar þjóðir og við eigum að keppa að því að jafna þann reikning hið minnsta að því er varðar efnahagslegt tillit með því að byggja hér upp ferðaþjónustu sem verður þó auðvitað að vera þannig að hún sé á eðlilegum grunni og tryggð verndun þeirrar náttúru sem er eftirsóknarverð ásamt íslenskri menningu fyrir þá sem okkur sækja heim.

Þetta eru nokkur atriði, hæstv. utanrrh., kannski aðalatriðin í þeirri mynd sem ég hef af framtíðinni fyrir okkur Íslendinga sem er andstæða þess sem lögð er til af núv. ríkisstjórn og felst í þessum samningi. Ég tel að með þessu hafi ég gert hæstv. utanrrh. og öðrum grein fyrir því hverjir séu megindrættir í þeim kosti sem ég vil byggja á fyrir okkur Íslendinga, bæði í náinni framtíð og til lengri tíma litið.

Þá langar mig, virðulegur forseti, að fjalla aðeins frekar um spurninguna um hvernig þessi mál verði gerð upp, um þetta stóra mál sem hér er til umræðu, stöðu þess gagnvart okkar stjórnskipan og hvert verði framhaldið eftir að þeirri umræðu lýkur sem hér stendur yfir. Ég minni á að ekki hefur tekist nein sátt varðandi matið á því hvort þessi samningur samræmist íslenskri stjórnskipan eða ekki. Í raun liggja fyrir því yfirgnæfandi rök af hálfu löglærðra manna, ef hlutlægt er á litið, að þessi samningur, veikt til orða tekið, gangi á svig við íslensku stjórnarskrána og jafnframt að sterkar líkur séu á því að hann brjóti þann megingrundvöll sem við stöndum á og er íslenska stjórnarskráin. Ég viðraði áhyggjur af þessu efni þegar í nóvembermánuði 1989 og minnti á ítrekað í sambandi við umfjöllun þessa máls á liðnum árum. Samt var ekki við því brugðist með þeim hætti sem eðlilegt væri, ekki heldur eftir að formleg tillaga kom hér fram af minni hálfu og þriggja annarra þingmanna, hv. þm. Steingríms Hermannssonar, Önnu Ólafsdóttur Björnsson og Ólafs Ragnars Grímssonar, um að sett yrði á fót óháð nefnd sérfróðra manna til að athuga hvort aðild að Evrópsku efnahagssvæði í því formi sem samningurinn, sem þá lá fyrir í samningsdrögum, bryti með einhverjum hætti gegn íslenskri stjórnskipun eða hvort gera þyrfti breytingu á stjórnarskránni vegna þessa fyrirhugaða samnings.

Það var tillaga okkar, svo ég rifji það upp, að tilnefndir yrðu tveir menn frá þremur aðilum, Dómarafélagi Íslands, Lagastofnun Háskóla Íslands og Lögmannafélagi Íslands, til að fara yfir þessi mál og að Lagastofnun háskólans hefði formennsku í nefndinni. Þessi tillaga var flutt á Alþingi fyrir tæpu ári síðan, í febrúar 1992. Það hefði verið fullt ráðrúm til þess að hafa þennan hátt á við athugun málsins og freista þess með þeim hætti að fá niðurstöðu í þetta viðkvæma deilumál, spurninguna um stöðu samningsins gagnvart íslenskri stjórnskipun. Við því var hins vegar ekki orðið af hálfu hæstv. utanrrh. eða meiri hlutans á Alþingi. Hæstv. ráðherra greip málið í sínar hendur um leið og hann sagði stjórnarliðum á þinginu að hafa sig hæga um þetta efni með því að setja á fót nefnd fjórmenninganna sem svo mjög hefur komið við sögu á Alþingi síðan í umræðunni.

Þar var gripið til þess ráðs að kalla til lögfræðinga sem að hluta til höfðu þá stöðu varðandi málið að þeir geta engan veginn talist óhlutdrægir eða óháðir gagnvart málinu. Þar var um að ræða sérfræðing sem utanrrn. hafði notað í þjónustu sinni á fyrri stigum við athugun málsins og hafði skilað álitsgerðum til utanrrn. sem launaður sérráðinn starfsmaður fyrir ráðuneytið. Það er auðvitað algerlega útilokað og óþekkt meðal þjóða sem vilja láta taka sig alvarlega að þannig sé staðið að málum við úttekt á viðkvæmu og vandasömu máli um grundvallaratriði. Annar aðili í þessari nefnd var mætur embættismaður sem var í miðjum klíðum að vinna að athugun málsins á vegum þess ráðuneytis sem hann starfar í. Getur nú hver og einn séð hvað mikið er upp úr því að leggja að kalla til aðila til að veita umsögn um eigin efni, svo ég segi ekki eigin sök með hliðsjón af máltækinu að dæma í eigin sök, eins og þarna var um að ræða, starfsmann sem vann að málinu sem starfsmaður ráðuneytis.

Það er því eðlilegt að sú niðurstaða sem lá fyrir í júlí sl. frá þessari nefnd þætti harla léttvæg skoðun þessa máls og fengi mjög mikla og harða gagnrýni. Þeir urðu líka nokkrir lögmennirnir sem að eigin frumkvæði báru fram önnur sjónarmið við Alþingi Íslendinga og utanrmn. og viðruðu áhyggjur sínar yfir þeirri stefnu sem hér væri haldið fram af hálfu hæstv. utanrrh. og lögðu fyrir gild álit. Hæstv. utanrrh. lét sig hins vegar ekki muna um að sletta glósum um þessa lögmenn sem af samviskusemi og gerhygli unnu álitsgerðir fyrir þingið og höfðu raunar viðrað áhyggjur sínar áður en eftir þeim var kallað og sumir gerðu það án þess að eftir væri kallað.

Það er satt að segja ósæmilegt þegar þannig er staðið að verki í stað þess að meta það og stuðla að því að viðkvæmt mál af þessum toga um grundvallaratriði, stöðu samningsins gagnvart stjórnskipun landsins, fái eðlilega athugun. Það var eitthvað annað. Hér var sá sem reitt hefur fram álitsgerð til utanrmn. þingsins og vitnað var til í grg. með þeirri tillögu sem ég lagði til í febrúarmánuði sl. sproksettur af hæstv. utanrrh. Og ekki í fyrsta sinn því hann er talinn af hæstv. ráðherra hafa það á móti sér að vera ungur að árum og vera auk þess sérhæfður í frumbyggjarétti. Þetta er meðal þess vansa sem hæstv. ráðherra finnur á ráði þessa doktors og þjóðréttarfræðings sem þarna skilaði áliti.

Hæstv. ráðherra ætti að spara sér slíkt í ræðum frammi fyrir alþjóð. Það er ekki til að auka traust á þeim grunni sem hann stendur á með þetta mál gagnvart íslensku stjórnarskránni og það verður ekki traustverðugra ef litið er á málafylgju þeirra manna fjögurra, sumra hverra, sem lögðu fram álit sitt í júlí sl. Hér hefur verið rifjað upp í umræðunni, m.a. af hv. 4. þm. Reykv., hvernig prófessor Gunnar G. Schram hélt málinu að því er varðar þennan samning, þann 8. jan. 1991 í sjónvarpinu, hvaða orðum hann fór um þennan samning og hvert hyldjúp ósamræmis er á milli þess sem þá var haldið fram og þeirrar niðurstöðu sem reidd var fram af nefnd fjögurra aðila, sem ég hef hér um fjallað, sem utanrrh. skipaði til þess að skila áliti um málið. Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að taka tíma til þess að lesa þau ummæli Gunnars G. Schrams aftur, sem hann hafði viðhafði í ársbyrjun 1991, en ég hlýt að minna á þetta þegar við ræðum þetta mál við 3. umr. og vænti að það gangi inn í söguna hvernig að þessu máli var staðið sem víti til varnaðar í viðkvæmu og stóru máli.

Ég vek jafnframt athygli á því að viðkomandi lögmaður og prófessor hefur ekki haft fyrir því að skýra það misræmi opinberlega, svo mér sé kunnugt, sem er á milli álitsgerðar hans frá því í ársbyrjun 1991 og hins vegar hálfu öðru ári síðar. Ég hef ekki séð það a.m.k. og ekki orðið var við að það hafi verið gert.

Hér er um svo mikinn grundvallarþátt að ræða að það er satt að segja undarlegt að það skuli finnast meiri hluti á Alþingi Íslendinga sem telur sig hafa samvisku til að styðja þennan samning án þess að búið sé að fara með öðrum hætti ofan í saumana á þessu máli en gert var af nefnd utanrrh. og eitthvert mark sé tekið á þeim mörgu aðvörunarorðum sem fallið hafa af öðrum sérfróðum lögmönnum fyrir utan marga hv. alþm. sem viðrað hafa áhyggjur sínar í umræðu um málið.

Ég minni á það í hvern ófarnað stefnt er með stórmál af þessu tagi ef svo færi á seinni stigum, sem ekki er hægt að útiloka — miklu frekar líkur á að spurningin um hvort samningurinn samrýmist stjórnarskránni geti orðið álitaefni á seinni stigum eftir að svona samningur hefði verið lögfestur — að dómur félli að svo væri ekki og samningur þessi væri markleysa eftir að menn hefðu reynt að taka á málum í krafti samningsins innan lands, í atvinnulífi, fjármálalífi og varðandi þá fjölmörgu þætti sem samningnum tengjast. Þetta eru ekki forsvaranleg vinnubrögð. Það er ekki mönnum bjóðandi að standa þannig að verki varðandi grundvallarþætti í vinnubrögðum. Og þetta vil ég ítrekað vara við og mótmæla að þannig sé að málum staðið.

En vinnubrögðin sem hæstv. utanrrh. hefur staðið fyrir eru ótraust á mörgum öðrum sviðum sem tengjast samningnum. Ég hef fyrr nefnt í umræðu um þetta mál hvernig staðan er gagnvart Evrópudómstólnum og úrskurðum hans, sem okkur ber að gæta við framkvæmd samningsins, sem rekja má til upphafs Evrópubandalagsins til þessa dags sem og úrskurðum sem felldir verða af hálfu Evrópudómstólsins á seinni stigum. Þar er ekkert um smámál að ræða. Þar er um grundvallaratriði að ræða. Evrópudómstóllinn er æðsta vald í Evrópubandalaginu. Og þeir sem ætla að sniðganga hann komast nú fljótt að því fullkeyptu. Það fengu menn að vita þann 14. des. 1991 þegar þennan samning bar upp á eitt skerið af mörgum sem hefur orðið á hans leið, þegar Evrópudómstóllinn gerði athugasemdir við samninginn. Þá var alveg ljóst að lengra yrði ekki haldið með málið á þeirri braut enda varð það niðurstaðan. Síðar veitti dómstóllinn umsögn, mig minnir 10. apríl 1992, þar sem sú breyting sem gerð var var ekki talin stangast á við Evrópuréttinn í grundvallarefnum með þeim hætti sem hin fyrri gerð var talin gera. Ég er ekki að segja það vegna þess að þetta tengist 6. gr. með beinum hætti heldur samningnum á undirbúningsstigi en engu að síður sýnir það okkur stöðu Evrópudómstólsins í kerfinu og að fram hjá hans niðurstöðum verður ekki gengið. Hann er fremsti vörsluaðili Rómarréttarins, Rómarsamningsins, og á drjúgan þátt í því að þróa löggjöf Evrópubandalagsins því að dómar hans hafa auðvitað áhrif á allt réttarsviðið.

Hæstv. utanrrh. ætlar að reyna að sleppa með það að gefa út bók með dómareifunum sem hann hefur skilað okkur handriti að og ég hef rakið nokkur dæmi um fyrr við umræðu um þetta mál og ætla ekki að fara lengra ofan í það efni. En ég vara mjög sterklega við því að ætla að halda á málinu eins og er ásetningur ráðherrans að gera, að leggja ekki þessa úrskurði fyrir á íslensku máli áður en að samningurinn verður afgreiddur þannig að unnt sé fyrir réttarkerfið í landinu að standa að málum á sínum vettvangi á heldum grunni og eins og íslensk lög bjóða: Að styðjast við íslensku varðandi dómsskjöl og dómsúrskurði. Það verður ekki gert nema þessum grunni verði kippt í lag og þetta liggi fyrir í samræmdri opinberri þýðingu.

Þetta er aðeins einn angi af þeim seinagangi sem hefur verið á að reiða hér fram einstök skjöl sem varða samninginn og undirskjöl hans. Ég skil vel að þar hefur verið glímt við mikið verk og þeir eiga allan heiður skilið sem hafa reynt að vinna sig í gegnum það efni. En það hefur hins vegar ekki fallið að þeirri ferð sem hefur verið á þessu máli. Yfirleitt hafa þessi mál komið fram seint og um síðir og þannig ekki nýst Alþingi eins og þurft hefði að vera í sambandi við skoðun málsins og meðferð alla. Það er sannarlega ekki til eftirbreytni.

Það sama gildir síðan varðandi frumvörp er varðandi útfærslu mála að því er snertir að aðlaga íslensk lög þessum samningi. Þar eru menn í rauninni ekki nema í byrjunarsporum. Aðeins fátt eitt er komið til afgreiðslu og úr nefndum og sumt ekki komið fram í þinginu á sama tíma og hæstv. ráðherra vildi hafa þetta mál í höfn og þau frumvörp varðandi ýmis grundvallaratriði sem tengjast þessu máli og sem hæstv. ráðherra lét að liggja í ræðu sinni í fyrradag að væri í rauninni öllu til skila haldið, m.a. varðandi íslenskar orkulindir, svo dæmi sé tekið, og stöðu útlendinga og aðgengi að íslenskum orkulindum á grundvelli samningsins.

Þar standa málin með þeim hætti að ekki er kom-

ið fram stjfrv. um málið. Hæstv. ráðherra sagði: Ja, þetta verður allt í lagi bara ef menn samþykkja það frv. sem hugmyndin er að flytja á Alþingi um þetta efni. (**Gripið fram í:** Það var boðað í nóvember.) Það er nú orðið lengra en í nóvember. Ég held að það hafi verið á fyrra ári sem þetta mál átti að koma fram ef ekki árið þar á undan, en það er önnur saga. Málið er ekki enn komið fram og ég hef ekki heyrt um efnisatriði þessa máls annað en þá almennu stefnu um þjóðareign á orkulindum, stefnu sem ég hef tekið undir og flutt frumvörp um. Eitt frumvarp af minni hálfu og okkar þingmanna Alþb. liggur í iðnn. þingsins og mætti þess vegna taka afstöðu til þess nú á síðustu stigum til að forða hinu versta í þessum efnum. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh.: Liggur það fyrir að Sjálfstfl., hæstv. ráðherra, skrifi upp á það stefnumið að íslenskar orkulindir verði lýstar þjóðareign? Það þættu sjálfsagt nokkur tíðindi ef orðið er samkomulag um það efni. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra svari þeirri spurningu minni því að það varðar stöðu þessa undirstöðuþáttar og hvort einhver innstæða er á bak við staðhæfingar ráðherrans að tryggt hafi verið að íslenskar orkulindir verði ekki á uppboði samkvæmt fjórfrelsisreglum ef svo færi, sem ríkisstjórnin hefur boðað, að orkufyrirtækin hérlendis yrðu einkavædd. (**Utanrrh.:** Er ekki rétt að beina þessari spurningu til talsmanns Sjálfstfl.?) Ég beini þessu til hæstv. utanrrh., sem hafði hér uppi mál um þetta efni fyrir tveimur dögum síðan og hlýtur að geta upplýst hvort þessi grundvallarþáttur sé á heldu innan ríkisstjórnarinnar. Hæstv. umhvrh., sem er viðstaddur umræðuna, gæti e.t.v. hjálpað til því að þetta snertir málasvið sem hæstv. umhvrh. er vörslumaður að með vissum hætti og áreiðanlega áhugamaður um að tryggilega verði gengið frá miðað við að hann ætlar að bera ábyrgð á þessum samningi. Það er ekki aðeins spurningin um stöðuna varðandi okkar grundvöll, náttúruauðlindir landsins og stjórnskipun landsins. Það er spurningin um það hvernig menn ætla að standa að afgreiðslu þessa afdrifaríka máls á Alþingi og síðan gagnvart íslensku þjóðinni.

Ég nefndi það í upphafi ræðu minnar að það virðist vera hugmynd hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnarinnar að fá þennan samning lögfestan eins og hann var undirritaður í Óportó 2. maí 1992. Samning sem ekki rekur neitt smiðshögg á þetta mál af hálfu þingsins því að hingað verður málið að koma á nýjan leik þegar og ef það verður frágengið á milli Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna á nýjan leik eftir þá þann hnút sem málið er nú statt í. Það þýðir jafnframt að þau lög sem sett verða verða lögð fyrir forseta landsins á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar innan tíðar ef hér verða greidd atkvæði að lokinni þessari umræðu og málið lögfest. Og menn þekkja hvernig það liggur fyrir.

Í þessu sambandi hefur þeirri spurningu verið varpað fram hvernig á því yrði tekið og auðvitað minnt á þá stöðu sem málið þá hefur. Ég minni á það að um stjórnarskrárákvæðin hefur verið fjallað af nokkrum aðilum, m.a. Sigurði Líndal, prófessor við Háskóla Íslands, í nýlegu eintaki tímaritsins Skírnis. Þar fjallar hann um stjórnskipulega stöðu forseta Íslands í sambandi við ýmis efni, bæði sögulega séð og hvernig hann metur það. Niðurstöður prófessorsins eru á þessa leið, með leyfi forseta:

„Af því sem nú hefur verið rakið má draga þessar ályktanir: Forseti Íslands er ekki valdalaust sameiningartákn. Forsetinn þarf atbeina ráðherra til flestra beinna athafna en hins vegar ekki til synjana sem honum eru heimilar að stjórnlögum. Ákvæði 11. gr. stjórnarskrárinnar um að forseti sé ábyrgðarlaus af stjórnarathöfnum ná ekki til þeirra.

Forseti hefur vissan frumkvæðisrétt, t.d. mjög frjálsar hendur við það hvernig hann hagar störfum við stjórnarmyndun. Venja hefur ekki breytt stöðu forseta að þessu leyti. Þjóðkjör forseta er til marks um að hann gegni í reynd því stjórnskipulega hlutverki sem finna má stoð fyrir í stjórnlögum. Það styrkir stjórnskipulega stöðu hans.

Það er í fyllsta samræmi við hlutverk forseta sem þjóðarleiðtoga og sameiningarafls að standa vörð um stjórnlögin, stofnsáttmála ríkisins sem heitir stjórnarskrá lýðveldisins Íslands."

Þetta eru niðurstöður prófessorsins um það efni.

Virðulegi forseti. Ég hef hér vikið að ýmsum þáttum sem hæstv. utanrrh. kom að í sínu máli og tengjast ræðu hans við upphaf 3. umr. Hæstv. ráðherra kom þar að fleiri þáttum sem ástæða væri til að rekja en ég ætlaði mér ekki að fara yfir sviðið allt sem hæstv. ráðherra gaf tilefni til í sinni ræðu. Ég hef minnst hér á og rakið ýmsar staðleysur sem hæstv. ráðherra hélt fram og það hafa fleiri þingmenn gert við þessa umræðu. Hins vegar verður það ekki ofgert í raun þegar ráðherrar ganga fram með jafnsmekklausum hætti, að bera opinberar stofnanir fyrir útreikningum og tölum, eins og hæstv. ráðherra gerði, án þess að geta um forsendur og fyrirvara og halda því að þjóðinni að hér sé á ferðinni samningur sem færi henni gull og græna skóga. Ég held að það sé að lúkast upp fyrir ýmsum sem höfðu talið að í þessum samningi væri einhverrar verulegrar uppskeru að leita að svo er ekki.

Á þessu máli eru það margir meinbugir, svo mikil óvissa og svo miklu til kostað varðandi undirstöðuatriði sem Íslendingum eru kær, þar á meðal varðandi þjóðfrelsið sjálft, að þeim fer fjölgandi sem fylgjast með þessu máli og vilja sjá það sem fyrst út úr heiminum og eiga ekki aðra ósk heitari en þá að þessi samningur fari á ruslahauga sögunnar og aldrei reyni á hann gagnvart Íslendingum og íslensku þjóðlífi.

Ég hef frá upphafi mælt gegn því að menn færu út á þá braut sem lagt var inn á 1989 og fetuð hefur verið síðan af hæstv. utanrrh. vegna þess að mér þótti nokkuð ljóst að það gæti orðið erfitt fyrir okkur Íslendinga að komast út af þeim vagni sem þá var lagt upp í ferð með. Og það hefur orðið sýnist mér niðurstaðan. Það er hins vegar jafnfráleitt að ætla að afsaka sig með því að hafin hafi verið könnun mála og lagt upp í athugun mála og af þeim sökum verði menn að leiða mál til lykta með þeim hætti sem hér er lagt til. Niðurstaðan af athugun málsins átti auðvitað að vera sú fyrir lifandis löngu að menn segðu: Hér er samningur sem getur e.t.v. þjónað einhverjum tilgangi fyrir aðr-

ar þjóðir, það látum við óátalið, en fyrir Íslendinga og íslenskt samfélag er hann ekki vænlegur. Af þeim sökum eigum við að snúa okkur að því sem nærtækara er í íslensku þjóðlífi og byggja á því sem við höfum og þróa okkar mál út frá þeirri stöðu sem við stöndum í, þeim ágætu kostum sem því eru samfara. Og það eru þau ráð sem að ég hef veitt í sambandi við þetta mál þeim sem á mig hafa viljað hlýða og ég endurtek það enn á meðan það er ekki um seinan, að það er það ráð sem Alþingi Íslendinga ætti að taka, að vísa þessu máli frá. Enn er til þess tími við afgreiðslu þessa frv. sem að hér er greinilega hugmyndin, virðulegur forseti, að bera upp til atkvæða að lokinni þessari umræðu. En það eru þó ekki lok þessa máls eða endanlegar lyktir, vegna þess að öllum er ljóst, meira að segja hæstv. utanrrh., að hann þarf að koma enn á ný með mál þetta fyrir Alþingi, ef svo fer að samningur verði úr þeim slitrum sem fyrir hafa legið og hér eru enn og aftur fram bornar með þessu frv.

Ég vænti þess að þetta ár líði ekki án þess að Íslendingar beri gæfu til að vísa þessum kaleik frá. Ég á enga ósk betri til íslenskrar þjóðar en að svo megi verða nú í upphafi árs. Við höfum allt of lengi dvalið við þetta mál, við þetta óefni sem efnt er til með þessum samningi. Við eigum mörg brýn og nærtæk mál við að fást, en við eigum líka við að glíma að tryggja hér sem bestan grunn fyrir framtíð Íslands. Við eigum að líta til framtíðar, til langs tíma varðandi stór mál sem varða heill og hamingju þjóðar okkar. Við gerum það best með því að byggja á þeim grunni sem við nú stöndum á í staðinn fyrir að stíga upp á þann vagn sem hugmyndin er af stjórnvalda hálfu að senda til Brussel með aðild að Evrópsku efnahagssvæði og síðan með inngöngu í Evrópubandalagið ef að líkum lætur og óskir þeirra sem þegar eru farnir að mæla með þeirri niðurstöðu standa til. Það má aldrei verða.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í því mikla málþófi, sem stjórnarandstaðan hefur sett á svið og á sér stað í augsýn mikils hluta þjóðarinnar sem á þess kost að fylgjast með þessum umræðum í sjónvarpi, í þessu mikla málþófi, sem sett hefur verið á svið til að tefja fyrir þessu mikla hagsmunamáli, er auðvitað komið víða við. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson nefndi sérstaklega umhverfismálin í sinni löngu ræðu, sem við höfum heyrt nær alla hér áður, og það oftar en einu sinni raunar, og það er óhjákvæmilegt að svara fáeinum af þeim rangfærslum sem hann viðhafði hér í þessum ræðustól.

Í fyrsta lagi er á það að benda að í málflutningi stjórnarandstöðunnar rekur sig eitt á annars horn þegar rætt er um umhverfismálin og Evrópska efnahagssvæðið. Annars vegar er sagt, og það gerði hv. þm. sig sekan um í sinni löngu ræðu, að allt horfi nú til verri vegar í umhverfismálum ef við gerumst aðilar að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Í hinu orðinu er svo viðurkennt að þar verðum við að ýmsu leyti að taka upp mun strangari kröfur en við nú höfum og eins og hv. þm. sagði mundum sjálfsagt gera hvort sem þessi samningur kæmi til eða ekki. Hann verður einungis til að flýta því. Þarna rekur sig hvað á annars horn og svona málflutningur gengur einfaldlega ekki upp. Hann nefndi það að samtök eins og Landvernd hefðu ályktað um þessi mál. Mig rekur raunar ekki minni til þess, nema hvað Landvernd var aðili að norrænni samþykkt sem var svona heldur andsnúin þessu. Hins vegar hefur formaður Landverndar talað um þessi mál og skrifað og ég veit ekki til þess að hann geri það í nafni þeirra samtaka. Það er hins vegar erfitt að greina á milli þess hvort sá ágæti maður er að tala sem varaþingmaður Alþb. eða formaður Landverndar, það er ekki skýrt og það er ekki heppilegt þegar formenn félagasamtaka tala á þann veg sem þessi einstaklingur hefur gert. Hv. þm. sagði líka að Norðurlöndin hefðu tekið forustu á alþjóðavettvangi í umhverfismálum. Norðurlöndin fjögur, ekki Ísland. Það er ótrúleg vanmetakennd sem kemur fram af hálfu þingmanna Alþb. þegar þeir ræða þessi mál, það er ótrúleg vanmetakennd og lítið álit á sinni þjóð sem kemur fram í þeirra máli.

Hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni skal ég segja það að Ísland hefur tekið forustu meðal Norðurlandanna, meðal Evrópuþjóða og meðal þjóða í veröldinni til að berjast gegn mengun sjávar. Það gerðum við á undirbúningsfundum Ríó-ráðstefnunnar sem haldnir voru í New York í fyrra, það gerðum við í nefndastarfi á Ríó-ráðstefnunni, það höfum við gert varðandi Parísarsáttmálann um varnir gegn mengun sjávar. Og ég neita að hlýða á fullyrðingar eins og hv. þm. viðhafði hér áðan að okkar hlutur liggi eftir í þeim efnum. Þvert á móti höfum við haft þar forustu. Og það er ótrúleg, óttaleg og óheyrileg vanmetakennd og minnimáttartilfinning gagnvart samstarfi við aðrar þjóðir sem einkennir málflutning hv. þm., sem og raunar fleiri þingmanna Alþb. og andstæðinga þessa máls og þá ekki síður Kvennalistans.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðurlegur forseti. Hæstv. umhvrh. er eitthvað ókyrr í sambandi við málið og það skil ég vel. Ég met það hins vegar við hæstv. umhvrh. að hann hefur sýnt ákveðinn vilja til þess að bæta úr í krafti síns ráðuneytis og ráðherradóms og ég vil ekki taka af honum í þeim efnum. Ég vil styðja hann í þeim efnum sem og allt sem til heilla getur horft hér í íslenskum umhverfismálum. Það sem varðar hins vegar þennan samning og umhverfismálin er það kjarnaatriði að grunnurinn, fjórfrelsið, sem er samningsbundið með samningnum um EES, hefur forgang. Ákvæði þess hafa forgang gegn umhverfishagsmunum. Þar sem vikið er að umhverfismálum í þessum samningi, samningnum sjálfum, í aðfaraorðum hans, það hefur það veika stöðu sem og ákvæðið 73.–75. gr. samningsins að það lýtur í lægra haldi fyrir kröfunni um dreifingu á vörum og öðru því sem varðar fjórfrelsi. Það er þetta sem er áhyggjuefni allra þeirra sem skoða þessi mál hlutlægt. Og fram hjá því verður því miður ekki komist. Það snertir síðan annað efni að við Íslendingar sprettum úr spori óháð þessum samningi og bætum um og enginn sem bannar okkur það, að sjálfsögðu, og það á að vera

verkefni umhvrh. að reyna að tryggja að svo verði. Það gildir jafnt um úrbætur í frárennslismálum, það varðar mengunarmál og annað þess háttar og síst af öllu skyldi ég lasta það sem reynt hefur að verið að gera gott á því sviði. En þetta meginatriði veldur áhyggjum umhverfisverndarfólks um alla Evrópu. Sú staðreynd, sem m.a. er dregin upp, leiddar að líkur í úttekt Evrópubandalagsins sjálfs, að loftmengun muni fara vaxandi sem nemur 10–20% vegna innri markaðarins til viðbótar við það sem ella kæmi fram. Þá niðurstöðu þekkir vafalaust hæstv. umhvrh. Hins vegar væri ágætt að hæstv. ráðherra upplýsti okkur um það hvort að gerð hefur verið úttekt á þeim kostnaði sem varðar umhverfisbætur hérlendis, sem leiða af samningnum, m.a. varðandi frárennslismál og aðrar þær úrbætur sem hann hefur tíundað í skýrslu sinni. Hann gæti vafalaust gert það hér í andsvari ef að það liggur fyrir.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*: Virðulegi forseti. Vegna þeirrar spurningar sem hv. þm. beindi til mín þá er því til að svara að á vegum umhvrn. starfar nú nefnd sem er að gera úttekt á frárennslismálum um land allt. Hún hefur skilað áfangaskýrslu. Hún heldur áfram starfi. Mér sýnist mjög lauslega reiknað, og varnagli sleginn um leið, að þær úrbætur sem reikna má sérstaklega með að gera þurfi vegna aðildar okkar að Evrópska efnahagssvæðinu, sem eru umfram það sem sveitarfélög hafa þegar ákveðið — þá er ég að tala sérstaklega um sveitarfélögin hér á höfuðborgarsvæðinu, þar sem að þessar framkvæmdir eru dýrastar og mestar — mér sýnist að sá kostnaður gæti hugsanlega, og þá er líka verið að tala um alllangt árabil, numið kannski 700–900 millj. kr. og er þá sennilega heldur rúmt reiknað.

Steingrímur J. Sigfússon: Hæstv. forseti. Ég vona að hæstv. utanrrh. sé viðstaddur eða verði viðstaddur umræðuna. Ég ætlaði að hefja mál mitt á því að beina nokkuð orðum til hans, í framhaldi af ræðu hans hér við upphaf 3. umr. Ég tók þátt í þeirri umræðu og var reyndar fyrsti ræðumaður þeirrar umræðu og gerði þar grein fyrir mínum meginsjónarmiðum og míns flokks. Og hefði í sjálfu sér ekki þurft að bæta þar miklu við og e.t.v. engu, ef ekki hefði komið til fyrst og fremst dæmalaus ræða hæstv. utanrrh. sem sigldi í kjölfarið. En hann var eins og kunnugt er þriðji ræðumaður við upphaf 3. umr. og fór mikinn. Og ég held að hæstv. utanrrh. geti ekki vænst annars, eins og hann fór fram í þeirri umræðu, en að hann fái hér ýmis andmæli við sínum málflutningi og þaðan af síður getur hann vænst þess, hæstv. forseti, að við ætlumst ekki til þess sem þar var vikið að og nafngreindir í sumum tilvikum, eins og á við um ræðumann, að hann geri sjálfum sér og Alþingi þá virðingu að vera hér viðstaddur. Og ég nenni því ekki að fá þau skilaboð að hæstv. ráðherra sé einhvers staðar hér í þinghúsinu á ótilgreindum stöðum og kunni e.t.v. að fylgjast með umræðunum. Ég ætla að bera fram spurningar og sérstaklega þó mótmæli við hæstv. utanrrh. og ég krefst þess að hann komi hér í þingsalinn og verði hér viðstaddur. (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess að koma þeirri ósk á framfæri). Já. Nú ég sé að hæstv. utanrrh. er hér í hliðarsal og les Tímann og gerir þá ekki annað lakara á meðan. Og ég skal láta mér það nægja í sjálfu sér, ef það fer betur um hæstv. utanrrh. hér í hliðarherbergi meðan ég hef hann fyrir augunum, þó hann sitji ekki í sæti sínu. En það er eins og kunnugt er frekar þunnskipaður ríkisstjórnarbekkurinn, hæstv. forseti. Þarf væntanlega ekki að vekja athygli forseta á því að hér er enginn ráðherra í þingsalnum. (**Gripið fram í:** Og einn stjórnarþingmaður.)

En ég ætlaði fyrst og fremst, hæstv. forseti, að mótmæla ræðu hæstv. utanrrh. í heild sinni. Og reyndar þeim báðum við upphaf 3. umr., en sérstaklega fyrri ræðunni, sem ég tel verið hafa dæmalausa eða svo gott sem dæmalausa. Við skulum gæta þess að þarna er sá ráðherra að tala sem fer með þetta mál, sem ber á því stjórnskipulega ábyrgð fyrir hönd framkvæmdarvaldsins og þarna er á ferðinni sá ráðherra sem ætti að hafa einhvern lágmarksmetnað til að reyna að leiða þjóð sína í þessum efnum og ná sæmilegri samstöðu og sátt í þjóðfélaginu um þetta mál. Hvar kom það fram í ræðu hæstv. utanrrh. eða hitt þó heldur? Hæstv. utanrrh. gekk lengra en nokkru sinni fyrr í því að storka mönnum í þessu máli, í því að niðurlægja þá sem hafa aðra skoðun en hann sjálfur. Og það átti ekki bara við um hv. þm. sem hafa leyft sér að lýsa öðrum sjónarmiðum. Hæstv. ráðherra sendi pillur út í þjóðfélagið til aðila sem ekki hafa málfrelsi hér á Alþingi og geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Hæstv. ráðherra gekk með allra ómerkilegasta móti fram í því að níða niður fjarstadda menn úti í þjóðfélaginu í krafti þinghelgi sinnar. Hann talaði um verkalýðsforingja sem hefðu leyft sér að vera á móti þessum samningi að lýsa öðrum sjónarmiðum en hann hefði sjálfur með óvenju niðrandi hætti. Hann bað guð að fyrirgefa þeim, þessi trúleysingi hæstv. utanrrh., því þeir vissu ekki hvað þeir gerðu. Hann talaði um verkalýðsforingjana sem hefðu þessi sjónarmið eins og þeir væru í raun og veru afbrotamenn, óforbetranlegir afbrotamenn sem ekkert þyddi annað en að biðja guð að fyrirgefa. Og er honum þó ýmislegt tamara heldur en að leita á náðir guðs, þessum hæstv. utanrrh., eins og kunnugt er.

Nei, ég tel þessa ræðu hæstv. utanrrh. mikið hneyksli. M.a. vegna þess að hún er ekki einstök, og ekki einasta skiptið sem að hæstv. utanrrh. hefur hagað orðum sínum í þessa veru. Þvert á móti er þetta í raun og veru kórónan á ferlinum hjá hæstv. utanrrh. í þessu máli. Ég vænti þess að fleiri en ég hafi orðið fyrir því á undanförnum dögum úti í þjóðfélaginu í viðræðum við fólk að hroki og yfirgangur hæstv. utanrrh. hafi verið þar til umræðu. Ég minnist þess ekki í annan tíma á jafnskömmum tíma og jólaleyfið varði að ég hafi jafnoft verið tekinn tali af ólíklegustu mönnum og oftast nær var umræðuefnið eitt og hið sama. Það var undrun, hneykslun og mótmæli við framgöngu hæstv. utanrrh. sem virðist hafa blessunarlega gengið svo fram af þjóðinni með hroka sínum að það er mönnum mjög ofarlega í huga. Mjög algengt var að

menn segðu sem svo að þeir hefðu það stanslaust á tilfinningunni að hæstv. utanrrh. talaði niður til þeirra. Ofan úr einhverjum hæðum sem hann hefur upphafið sig í talar hann niður til fólksins í landinu, ekki bara okkar hér á Alþingi. Við höfum orðið þess áþreifanlega vör að hæstv. utanrrh. ber ekki snefil af virðingu fyrir skoðunum alþingismanna sem leyfa sér að hafa önnur sjónarmið en hann sjálfur. Bæði innan lands og utan hefur hæstv. utanrrh. margafhjúpað það að hann býr yfir alveg einstökum hroka í þeim efnum. Ég hef leyft mér að þýða ákveðna þýska slettu sem oft er gripið til og kalla það beturvitrungshátt, að þykjast vita allt betur en aðrir menn. Þetta er ákveðinn sjúkdómur sem að hrjáir ýmsa og reyndar er það nú svo að ég held að af öllum íslenskum stjórnmálamönnum og öðrum ólöstuðum þá séu þeir Jónarnir í Alþfl., hæstv. utanrrh. og hæstv. iðn.- og viðskrh., verr haldnir af þessum sjúkdómi en nokkrir aðrir núlifandi menn sem ég þekki, þessum beturvitrungshætti. Að vita að eigin dómi allt betur en aðrir menn. Og ég segi það alveg eins og er að fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott.

Ég tel að ræða hæstv. utanrrh. hér við upphaf 3. umr. í fyrrakvöld hafi, þó hneyksli væri, haft það góða í för með sér að hún gerði útslagið varðandi viðhorf fólks í landinu til hæstv. utanrrh. Hann gekk svo fram af mönnum í hroka sínum og lítilsvirðingu gagnvart sjónarmiðum þeirra sem eru honum ekki sammála í málinu að ég held að það hafi verið sá dropi sem þurfti til að mælirinn fylltist. Hæstv. ráðherra leyfir sér að tala þannig um alla þá sem hafa einhverjar efasemdir um þetta mál að það er með ólíkindum. Ég er hér með útskrift af ræðu hæstv. ráðherra og þar eru margar ótrúlegar setningar.

Hæstv. utanrrh. segir t.d. eftir að hafa farið með frægar rangfærslur um þjóðhagslegan ávinning af samningnum sem ég mun koma að síðar, með leyfi forseta: „Þetta er sá fórnarkostnaður sem við verðum að færa ef við höfnum þessum samningi. Ég segi fyrir mig: Launþegaforingjar, sem berjast gegn þessum samningi, ég segi við þá: Guð fyrirgefi ykkur því að þið vitið ekki hvað þið gerið á sama tíma og atvinnuástand á Íslandi er eins og það er.“ Og svo kemur: „Sannleikurinn er sá að þetta er ábyrgðarlaus málflutningur ...“ (Gripið fram í.) — Allt er þetta satt og rétt, kallar svo hæstv. utanrrh. fram í úr hliðarsölum og það er rétt að koma því frammíkalli inn í þingtíðindin. Allt er þetta satt og rétt, auðvitað. Ekki fer fyrir efasemdunum hjá hæstv. utanrrh. frekar en venjulega. Hann kallar það fram í að honum þyki þessi ummæli um verkalýðsforingja, sem hafa leyft sér að hafa aðrar skoðanir en hann sjálfur að sjálfsögðu réttmæt, sönn og rétt. Að það eigi að biðja guð að fyrirgefa þessum mönnum því þeir viti ekki hvað þeir gera. Við munum við hvaða aðstæður þessi fræga setning varð fyrst til. Það var þegar átti að krossfesta mann.

Hæstv. forseti. Ég verð að segja alveg eins og er, að ég held að hæstv. utanrrh. sé orðinn svo heillum horfinn í þessu máli, sleginn slíkri blindu að honum sé í raun og veru ekki sjálfrátt nema að takmörkuðu leyti. Út af fyrir sig má segja að maður skilur það að ýmsu leyti þegar einn hæstv. ráðherra, forustumaður í stjórnmálum, hefur fjárfest jafnmikið persónulega í máli eins og hæstv. utanrrh. hefur gert og upplifað síðan þær hremmingar sem raun ber vitni að þá er það nú einu sinni mannlegt að mönnum fari eins og hæstv. utanrrh., hann bara missir fótanna, verður sleginn blindu, verður svo heltekinn af þessu máli að dómgreindin svíkur hann og hann nær ekki að hugsa skýrt eða rökrétt við þær aðstæður sem upp eru komnar í málinu.

Hæstv. utanrrh. — og verður mér þá aftur á að spyrða þá nafnana saman, hæstv. utanrrh. og hæstv. iðn.- og viðskrh., sem báðir heita Jón eins og kunnugt er — honum hefur farið að mörgu leyti í þessu EES-máli líkt og nafna sínum. En það er eitthvert skýrasta dæmi stjórnmálasögunnar á síðari árum um afdrifarík persónupólitísk mistök þegar hæstv. iðnrh. persónugerði svo álmálið við sjálfan sig og þvældist svoleiðis í eigin yfirlýsingum um að þessu máli væri nú senn lokið og það í höfn komið, að hann endaði með frægustu brotlendingu síðara tíma í stjórnmálasögu landsins, þ.e. því algjöra skipbroti sem hann, fórnarlamb eigin yfirlýsinga og þessarar persónugervingar álmálsins, hefur mátt þola. En hæstv. iðn.- og viðskrh. er, eins og kunnugt er, gersamlega sprungin blaðra í íslenskri pólitík og eitthvert mesta aðhlátursefni síðari tíma og á það ekki síst við um kjördæmaflakk hæstv. iðnrh. sem seldi sig Reyknesingum, eins og kunnugt er, út á það að hann væri að færa þeim álver á silfurfati.

Hæstv. utanrrh. hefur að mörgu leyti á síðari stigum málsins lent í sömu gryfjunni. Hann hefur persónugert þetta mál, hann hefur dregið samasemmerki á milli sín og milli EES-samningsins, og þannig verður hvert kjaftshögg, sem samningurinn fær, um leið persónulegt kjaftshögg á stjórnmálamanninn Jón Baldvin Hannibalsson. Þetta er auðvitað staðreynd málsins og liggur í málsmeðferð hæstv. utanrrh., sem hann hefur sjálfur valið. Enginn, hvorki hæstv. utanrrh. né hæstv. iðnrh., hefur reynt að persónugera þessi mál með þeim hætti sem þeir hafa gert. En hugsunin var sú að þeir ætluðu að slá keilur á þessum stóru málum. Hæstv. iðnrh. ætlaði auðvitað að verða erfðaprins og ókrýndur foringi Alþfl. í Reykjaneskjördæmi út á það að færa þeim álver, ekki sem ein ríkisstjórn hefði stutt, ekki sem Alþingi hefði tekið ákvörðun um. Nei, heldur sem „ég persónulega, stjórnmálamaðurinn Jón Sigurðsson, færi ykkur, kjósendur mínir.“ Söm var hugsun hæstv. utanrrh. Hann ætlaði að verða afreksmaðurinn sem byggi til Evrópska efnahagssvæðið nánast eigin hendi og færði síðan þjóðinni þetta merka mál úr eigin hendi, frelsisskrá úr föðurhendi, hét það í gamla daga.

Einmitt þessi aðferð þeirra hæstv. ráðherra, Jónanna, er nú að koma þeim í koll. Ég held að þessi dæmi og reyndar fleiri sem taka mætti af svipuðum toga sýni það í fyrsta lagi hversu hættulegt það er að persónugera mál með þessum hætti og í öðru lagi hversu ólánleg aðferð það er í stjórnmálum. Vegna þess að með því móti skapa menn ekki þá samstöðu, ekki þann jarðveg fyrir málið sem skapar forsendur

fyrir farsælli niðurstöðu og lendingu. Menn hafa eðli málsins samkvæmt engum skyldum að gegna við slík mál sem einstakir stjórnmálamenn taka upp á sína eign með svona hætti og gera að sínum persónulegu og prívat málum, að sjálfsögðu í eigingjörnum tilgangi af því að þeir ætla sér að slá af því miklar keilur.

Nú ætla ég ekki að vefengja það að hæstv. utanrrh. sé á sinn hátt sanntrúaður í málinu og trúi sínum dæmalausu fullyrðingum um ábatann af samningnum sem hann þylur og sagði í ræðu sinni að það mætti lengi tíunda kostina í sambandi við EES-samninginn. Það er einhver dýrlegasta setningin í ræðunni. Það er lengi hægt að tíunda kosti EES-samningsins. Þannig hóf hæstv. utanrrh. eina málsgreinina í ræðu sinni.

En þó að við látum liggja milli hluta trú og einlægni hæstv. utanrrh. þá held ég að það sé ekki atriði sem skiptir miklu máli í samanburði við hitt, að málsmeðferð hæstv. ráðherra, þessi persónugerving hans á málinu, í því er fall hæstv. ráðherra fólgið. Það er þess vegna sem hæstv. ráðherra hefur á síðustu mánuðum þegar hann er farinn að örvænta um að e.t.v. verði ekkert af þessu svæði, þegar hann minnist hrakfaranna sem starfsbróðir hans, hæstv. iðnrh. hefur farið og niðurlægingarinnar sem hæstv. iðnrh. hefur orðið fyrir í sambandi við álmálið, e.t.v. hugsar þá hæstv. utanrrh.: Á nú að fara eins fyrir mér? Verða þetta líka örlög mín að hinn stóri draumur minn, að hið persónulega stórframtak mitt í íslenskum stjórnmálum, sem ég er búinn að puða við í fjögur, fimm ár og fjárfesta óhemjulega í sem persóna í stjórnmálum, verði að engu? Öll ferðalögin, allur kostnaðurinn, allar ræðurnar, öll loforðin, allar yfirlýsingarnar, allt komi þetta fyrir ekki. Og hæstv. utanrrh. missir fótanna. Þessi tilhugsun er honum svo hræðileg að hann lendir út á hinn svikula ís rangfærslnanna, hrokans og lítilsvirðingarinnar í garð þeirra sem hafa efasemdir.

Þetta eru auðvitað dapurleg örlög annars að ýmsu leyti merkum stjórnmálamanni sem hæstv. utanrrh. er. Því hvað sem um hann má segja og þó að menn hafi gengið svo langt, hæstv. forseti, að kalla hæstv. utanrrh. pólitískan villimann án þess að vera áminntir í umræðum á þingi þá ætla ég að segja það að ég tel að hæstv. utanrrh. hafi um margt sýnt eftirminnileg tilþrif í íslenskum stjórnmálum. Auðvitað er hæstv. utanrrh. garpur á ýmsa lund. En við vitum það úr sögunni að slíkum mönnum fylgir ekki alltaf gæfa, sérstaklega ekki ef þeir sjást ekki fyrir. Þá fara menn inn á spjöld sögunnar með meiri reisn ef þeir að sögn annálsritanna glottu við tönn í brennunni. En það breytir ekki hinu að lítil reynist þá gæfa þeirra.

Þetta er það sem ég óttast að sé að koma yfir hæstv. utanrrh. Að gæfuleysi hans sé að verða algert í þessum efnum. Ég óttast t.d. að hæstv. utanrrh. sé á góðri leið með að brenna af sér virðingu og samstöðu í kringum sig í íslenskum stjórnmálum að hann muni ekki geta unnið þar með nokkrum manni innan tíðar ef svo heldur sem horfir. Ræða hæstv. utanrrh. við upphaf 3. umr. var auðvitað þannig að vandséð er að þeir menn sem fyrir henni urðu, ýmsir persónulega nefndir á nafn, geti á næstunni hugsað sér að vinna með hæstv. utanrrh., að bera traust til hans, að ganga til samstarfs við hann. Vel getur verið að hæstv. utanrrh. teli sig kominn í hjónaband lífsins þar sem er Viðeyjarsambúðin. Og þá það. En einhvern veginn læðist sá grunur að mér að þar gæti orðið skilnaður. Hjónaskilnaðir eru í tísku í dag og margt betur grundað hjónabandið en Viðeyjarsambúðin hefur farið fyrir lítið að undanförnu að sögn prestanna. Ég hugsa að þá þurfi hæstv. utanrrh., ef hann vill áfram vera foringi í íslenskum stjórnmálum, að hugsa sinn gang. Gandreið af því tagi sem hæstv. utanrrh. fór hér á í eldhúsdagsumræðunum í fyrrakvöld boðar ekki gott í samskiptum manna. Þegar hæstv. utanrrh. leggst svo lágt, eins og reyndar fleiri alþýðuflokksmenn hafa gert og maður tekur ekki mjög alvarlega þegar í hlut á t.d. hv. þm. Karl Steinar Guðnason sem heldur alltaf hina sömu ræðu um hina kommúnísku arfleifð og þessa vondu menn. Það er allt í lagi með það, maður kann ræðuna utan að og getur hlustað á útvarpið eða gert eitthvað annað á meðan hún er flutt. En hæstv. utanrrh., sem hafði takmarkaðan tíma til að verja málstað sinn í eldhúsdagsumræðunum, lenti ofan í þetta hjólfar og kallar menn ónefnum og uppnefnum. Menn sem hafa ekki annað til saka unnið en að hafa heita sannfæringu í þessu máli og hafa staðið fyrir henni og flutt hana af einurð hér á Alþingi. Mér finnst þetta óskaplega dapurlegt, ég verð að segja alveg eins og er. Gerir það hæstv. utanrrh. að eitthvað merkari stjórnmálamanni eða málstað hans eitthvað betri að vera að kalla menn fjölfætlufræðinga eða fylgikonur eða eitthvað af því tagi? Venjan er sú að það er talið til marks um rökþrot manna að þurfa að grípa til slíks.

Mér fannst afar athyglisvert að hæstv. utanrrh. beindi mikið máli sínu til fólksins úti á landi, taldi sig vera alveg sérstaklega að tala fyrir því, og þá ekki síst fólkinu í fiskvinnsluhúsunum og sjómönnunum úti á landi. Ég held að hæstv. utanrrh. hljóti að fara þarna nokkuð villur vegar. Skýringin er sennilega sú að hæstv. utanrrh. hefur haldið sig meira í útlöndum en úti á landi alveg síðan hann hélt hundrað fundina frægu og spurði hver ætti Ísland. Ég leyfi mér a.m.k. að fullyrða að það fólk sem ég umgengst, tala við og heimsæki talsvert úti á landi, þar á meðal fólk í dæmigerðum sjávarbyggðum á Íslandi þar sem allt snýst um sjávarútveg og fisk, afþakkar þessa umhyggju hæstv. utanrrh. Það hefur þveröfuga skoðun. Þar skrifar svo til hver einasti maður undir ósk um það að fá að kjósa um samninginn, til þess að fella hann, fullyrði ég, í yfirgnæfandi meiri hluta tilvika. Það er vegna þess að þetta fólk hefur heita sannfæringu fyrir því að aðrir muni ekki verða til þess að leysa fyrir það vandamál sem það getur ekki leyst sjálft. Ég held að hæstv. utanrrh. ætti að fara varlega í það að þykjast vera sérstakur talsmaður fólksins í strjálbýlinu á Íslandi, þess fólks sem sjávarútvegsbyggðirnar byggir, sjómanna og fiskvinnslufólks. Það er fullfært um að móta sjónarmið sín sjálft og gæta sinna hagsmuna og þarf ekki á hjálp hæstv. utanrrh. að halda í þeim efnum.

Það er mjög athyglisvert að hæstv. utanrrh. og fleiri talsmenn samningsins ganga svo langt að þeir falsa

niðurstöður félagasamtaka og aðila úti í þjóðfélaginu til að reyna að búa til meiri stuðning við samninginn en í reynd hefur komið fram. Ég t.d. hef tekið eftir því að ekki er talað hátt úr munni þessara manna um samþykkt Sjómannafélags Reykjavíkur. Það var ekki hlýlegur tónninn í samþykkt Sjómannafélags Reykjavíkur í garð sjávarútvegssamningsins, var það? (**ÓS:** Hann var á misskilningi byggður.) Þetta var fínt frammíkall, hæstv. forseti, frá formanni þingflokks Alþfl. Gamla, góða svarið. Allt, sem ekki er samferða okkur, er misskilningur. Allt, sem ekki fellur inn í okkar heimsmynd um ágæti þessa samnings og blessun Evrópuríkisins, er á misskilningi byggt. Bara misskilningur, eins og málflutningur allra sem hafa ekki sömu skoðun og hæstv. utanrrh. er og hefur alltaf verið allt misskilningur. Þetta er örugglega misskilningur hjá Þjóðhagsstofnun að hæstv. utanrrh. hafi logið um ávinninginn af samningnum. Það er ekki misskilningur hjá utanrrh. Nei. Það er örugglega Þjóðhagsstofnun sem misskilur sínar eigin niðurstöður, ég er viss um það. Það er örugglega Evrópubandalagið sem misskilur það að það ætlar ekki að halda leiðtogaráðstefnu fyrr en í mars. Jón Baldvin veit þetta betur. Hún verður í janúar, það er Evrópubandalagið sem misskilur þetta. Þannig er þetta. Málflutningurinn er svona. Þetta er til marks um það að menn eru heillum horfnir. Þeir hafa misst fótanna, þeir geta ekki viðurkennt þær aðstæður sem uppi eru í málinu, og því miður verður bara að segja það eins og það er, hæstv. utanrrh. er ekki lengur marktækur í málinu.

Ég ætla að fara með lista sem ég tók saman, hæstv. forseti, við eldhúsborðið heima hjá mér í gærmorgun eftir minni, og hef nú ekki haft tíma til að lengja hann vegna þess að ég veit að hann er miklu lengri. Ég mundi ekki nema níu atriði, en ég tölusetti þau og ætla að fara með þau hér á eftir, níu atriði þar sem hæstv. utanrrh. hefur farið rangt með staðreyndir í sambandi við þetta mál. Flest tilvikin eru frá síðustu viku og aðeins eitt er verulega eldra og það er með langhalann og karfann. Þess vegna leyfi ég mér að túlka það þannig að hæstv. utanrrh. hafi fyrst og fremst farið að missa fótanna í þessum efnum á síðustu vikum og síðustu mánuðum af hvaða ástæðum sem það nú er. Ég get getið mér þess til að það sé ósköp einfaldlega örvænting sem sé þar á ferðinni, en annað kynni að koma til.

En fyrst, hæstv. forseti, áður en ég kem að þessum lista ætla ég að segja hér nokkur orð um málþóf, sem hv. stjórnarliðir, einstöku menn og þó sérstaklega hæstv. utanrrh., að nokkru leyti hæstv. forsrh. — sem er að lesa hér mjög athyglisvert blað úti í þingsalnum með sérstaklega fallegri forsíðumynd — hafa rætt um. Þá hafa þeir gjarnan borið saman þjóðþingið yðar, hæstv. forseti, við önnur þjóðþing í nágrenninu. Ég geri miklar athugasemdir við þennan samanburð og það undrar mig nokkuð að virðulegur forseti Alþingis Íslendinga skuli ekki hafa séð ástæðu til þess að koma fram og skýra þann mun sem er á uppbyggingu þinghaldsins og þingstarfanna hér og t.d. þjóðþinganna í nágrannalöndunum. Úr því að svo hefur ekki verið þá ætla ég að leyfa mér út frá minni takmörkuðu þekkingu að gera athugasemdir við þann samanburð og skýra nokkuð þann eðlismun sem er á ferðinni. Einhver verður að vera til þess að mínu mati.

Þá er það auðvitað fyrst til að taka, hæstv. forseti, sem gerir aðstæður á Alþingi Íslendinga gjörólíkar því sem er t.d. í þjóðþingum hinna Norðurlandanna, sú staðreynd að um stórmál af þessum toga þarf aukinn meiri hluta á þjóðþingum hinna Norðurlandanna sem gerir það að verkum að stjórnarandstaða eða minni hluti á þeim þingum hefur málið í hendi sinni og getur ráðið því með atkvæði sínu. Það er önnur staða en stjórnarandstaðan hér er í. Við höfum ekki þau vopn í höndum eins og ákvæði stjórnarskrár hinna Norðurlandanna um aukinn meiri hluta veita minni hlutanum þar. Þeir þurfa ekki orðin ein til að skylmast með. Þeir geta með atkvæði sínu ráðið niðurstöðu málsins. Og það liggur í hlutarins eðli að það hefur áhrif á þær umræður sem þar fara fram ef stjórnarandstaðan er ekki sátt við málið. Ef ekki er samið við hana um stórmál af þessu tagi, þá ósköp einfaldlega stöðvar hún það. Það þarf engin löng ræðuhöld þar um. Þetta ættu menn að skilja og er auðvitað fyrsta atriðið og grundvallaratriði. Ég undrast að virðulegur forseti þingsins skuli ekki hafa með hógværð sinni leyft sér að vekja athygli á þessu.

Í öðru lagi liggur mikill munur í tilhögun starfsins í þjóðþingunum, t.d. á hinum Norðurlöndunum og ugglaust víðar í fleiri EFTA-ríkjum. Þannig er það t.d. á hinum Norðurlöndunum að þar fer stjórnarandstaðan gjarnan með forustu í ýmsum nefndum þingsins. Í sumum tilvikum er það þannig nú á hinum Norðurlöndunum að stærsti flokkur þingsins er í stjórnarandstöðu og þá er það gjarnan þannig, bæði t.d. í norska og danska þjóðþinginu og því sænska að ýmist forseti þingsins eða formenn margra stórra nefnda eru úr röðum stjórnarandstöðunnar, gjarnan stærsta þingflokksins sem þá er í stjórnarandstöðu. Það gerir aðstöðu stjórnarandstöðunnar allt aðra. Ef stjórnarandstaðan hefði átt formann utanrmn., svo dæmi sé tekið, þá hefði málið snúið öðruvísi við, ef stjórnarandstaðan hefði getað haft áhrif á meðferð málsins og kannski stýrt vinnunni í þingnefnd. Þessa hluti verða menn að taka til greina ef menn ætla út í svona samanburð ef hann á að vera marktækur.

Í þriðja lagi er rétt að minnast þess að í sumum tilvikum hefur meðferð mála á þjóðþingunum mótast af því að þjóðin hefur fengið að segja sitt álit. Það hefur legið fyrir að um málið færi fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Auðvitað hefur það áhrif á meðferð málsins inni á þinginu. Þá vísa menn yfir í þjóðaratkvæðagreiðsluna og þá umræðu sem fer fram í tengslum við hana, í raun og veru kannski þeim skoðanaskiptum sem ella verða að eiga sér stað inni á þinginu og hafa ekki annan vettvang vegna þess að meiri hlutinn neitar þessari sjálfsögðu ósk. Þess vegna er vettvangur hinnar pólitísku umræðu hér af því að því var neitað að hann mætti verða úti í þjóðfélaginu hjá fólkinu sjálfu. (Gripið fram í.) Það er rétt, við erum að reyna að gera skyldu okkar í þeim efnum. Við erum að reyna að nota lýðræðislegan, lögbundinn og stjórnarskrárvarinn rétt

okkar til að koma okkar sjónarmiðum á framfæri og reyna að hafa áhrif á gang mála og tryggja að fram fari á Íslandi sú lýðræðislega umræða um þetta mál sem þarf að vera. Og það hefur áhrif á okkar framgöngu í þeim efnum að þjóðinni var neitað um kosningar um þetta mál. Svo kemur hæstv. utanrrh. hér og skósveinar hans ýmsir og éta upp einhvern samanburð um ræðutíma á þjóðþingum hinna landanna og Íslands þar sem gerólíkur aðstæður eru á ferðinni. Þar sem annað tveggja á við í öllum tilvikum, það þarf aukinn meiri hluta á þjóðþinginu eða þjóðin fær að kjósa.

Auðvitað er það svo þannig að á Alþingi Íslendinga ríkja einfaldlega aðrar hefðir, gilda önnur lög. Og eigum við ekki að fara eftir þeim lögum, eða hvað? Eigum við að haga fundahöldum á Alþingi Íslendinga *í samræmi við lög í útlöndum*? Er það það sem verið er að fara fram á? Það væri þá forsmekkur að því sem koma skal. Eigum við að fara eftir frönsku þingsköpunum, þýsku þingsköpunum eða þeim austurrísku eða svissnesku? Er það það sem hæstv. utanrrh. er að biðja um?

Nei, ég skil ekki svona málflutning, hæstv. forseti, og ég verð að segja alveg eins og er að mér hefur sárnað það nokkuð að enginn skuli hafa staðið upp til varnar Alþingi Íslendinga gegn þessum óréttmætu og lágkúrulegu ásökunum sem hér hafa farið fram og varða auðvitað miklu, miklu meira og margt annað en ræðutímann í þessari umræðu um Evrópska efnahagssvæðið, sem er ekkert tiltökumál þó hafi kannski orðið tvöfalt lengri en um önnur stór mál sem hér hafa verið til umræðu á síðustu árum. Er það ekki viðurkennt af öllum að þetta sé stærsta mál sem Alþingi hefur fjallað um á lýðveldistímanum? Jú, og eru menn þá eitthvað hissa á því þó það sé fyrirferðarmikið í umfjöllun Alþingis? Ég segi að það væri hneyksli ef Alþingi hefði ekki í samræmi við mikilvægi þessa máls eytt meiri tíma í það en önnur sem á dagskrá hafa verið.

Að lokum, hæstv. forseti, verður svo ekki horft fram hjá því, og það er kannski kjarnaatriði þessa máls, að ríkisstjórnin sjálf hefur með framgöngu sinni í raun og veru kallað á þessa umræðu, kallað á þessar aðstæður í málinu því hún hefur neitað öllum óskum um samvinnu í þjóðfélaginu um þetta mál. Hún hefur gengið yfir allar óskir stjórnarandstöðunnar í sambandi við t.d. stjórnarskrárþátt þessa máls. Hún hefur daufheyrst við óskum hátt á fjórða tug þúsunda landsmanna sem skrifuðu undir áskorun um að fá að kjósa í málinu. Ríkisstjórnin hefur hunsað samþykktir heildarsamtaka launafólks í landinu í sambandi við þetta mál. Með öðrum orðum, ríkisstjórnin hefur ekkert gert til þess að reyna að ná einhverri lágmarkssamstöðu um meðferð málsins, þvert á móti. Og eru menn svo hissa á því að við þessar aðstæður verði harðar umræður um málið á Alþingi, vettvangi hinnar pólitísku umræðu?

Það er eins og hæstv. utanrrh. hafi ekki áttað sig á því eða sé búinn að gleyma því að Alþingi er ekki bara færiband fyrir stjórnarfrumvörp eða tilskipanir frá Brussel, ekki enn að minnsta kosti. Alþingi er vettvangur hinnar stjórnmálalegu umræðu í landinu, hinna pólitísku skoðanaskipta og verður það þangað til málfrelsið verður tekið af mönnum. En það stendur kannski til að rjúfa þessa 1100 ára hefð, eða 1000 og hvað það er nú orðið, að menn geti verið frjálsir að því hvernig þeir haga orðum sínum á Alþingi Íslendinga? Það var stundum reynt að koma í veg fyrir það þegar mikið var uppi á söguöld eða sturlungaöld að hefta málfrelsi manna á Þingvöllum, þá gjarnan með vopnum. Það tókst ekki sem betur fer því yfirleitt voru menn til staðar sem vörðu þennan lýðræðislega rétt manna til þess að tjá sig. Þeim fer kannski fækkandi nú. Ég teldi það mjög vel við hæfi að Alþfl., sem er fyrsti íslenski stjórnmálaflokkurinn sem hefur innan sinna raða menn sem vilja ganga í Evrópubandalagið, vilji þá líka takmarka málfrelsið á Alþingi Íslendinga. Af hverju eruð þið ekki menn til þess að koma með þá *tillögu úr því þið virðist ekki sofa út af áhyggjum yfir því*?

Nei, hæstv. forseti, þetta hafa auðvitað verið mögu leyti mjög drungalegir dagar hvað varðar þessa hlið mála á Alþingi síðustu vikur og maður er náttúrlega nokkuð hugsi yfir því að sjá t.d. í gegnum fjölmiðlana framgöngu foringja í íslenskum stjórnmálum á erlendri grund eins og hæstv. utanrrh. sem reynir með aulafyndni að gera Alþingi Íslendinga hlægilegt og metur það meira að fá nokkur hlátrasköll einhverra hirðingja en að standa vörð um sóma Alþingis á erlendri grund. (**ÖS:** Hverjir voru hirðingjar?) Þeir sem voru í kringum hirðinn. (**ÖS:** Góða hirðinn?)

Hæstv. forseti. Ég ætlaði að þessum kafla ræðu minnar loknum að víkja aðeins efnislega að rangfærslum hæstv. utanrrh. og fara þar yfir þennan lista sem ég hef búið til og góðir menn gætu e.t.v. orðið svo vinsamlegir á næstu dögum eða klukkutímum að hjálpa mér við að fullbúa, þ.e. lengja því að lítill vafi er á því að hann er enn of stuttur hjá mér listinn því þetta var að mestu leyti eftir minni gert. En ég verð að játa að þótt ég þættist þekkja þetta nokkuð vel og hafa fylgst með umræðum og atburðum í þessu máli allvel sl. missiri, þá hnykkti mér við þegar ég sá að ég var kominn í átta, níu einstök tölusett atriði þar sem hæstv. utanrrh. *fór annaðhvort með rangfærslur, sem stundum er* kallað því rétta nafni lygi, eða í besta falli gerði sig beran að algjörri vanþekkingu og misskilningi á eðli málsins.

Ég ætla að fara yfir þennan lista. Þá nefni ég í fyrsta lagi það sem öll þjóðin varð vitni að að hæstv. utanrrh. kom heim vígreifur frá enn einni sigurförinni á samningafund og sagði að búið væri að ná saman um ágætissamning um samskipti Íslendinga og Evrópubandalagsins á sviði sjávarútvegsmála. Það ætti að skiptast á gagnkvæmum veiðiheimildum. Evrópubandalagið fengi 3.000 tonna ígildi af karfa en tveir þriðju hlutar þess yrðu langhali. Í viðtölum við fjölmiðla og í viðtölum við forustumenn í sjávarútvegi eins og Magnús Gunnarsson gaf hæstv. utanrrh. þessa yfirlýsingu. Niðurstöðuna þekkja allir. Þennan atburð hef ég númer eitt á þessum lista.

Hæstv. utanrrh. fór þarna með rangfærslur. Ég ætla að reyna að nota það kurteislega orð, það er á vissan hátt hlutlausrara en að segja að hæstv. utanrrh. hafi

logið og ég vil helst forðast svo gróft orðbragð. Við skulum segja að þarna hafi verið rangfærslur á ferðinni af einhverjum toga, af einhverjum ástæðum. Langhalinn reyndist karfi og ef menn halda að þetta sé bara tilbúningur af hálfu stjórnarandstöðunnar, að annað hafi verið sagt þá skulu menn minnast þess að þessi atburður olli því að samtök atvinnurekenda í sjávarútvegi drógu til baka stuðning sinn við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, þegar þessar rangfærslur urðu ljósar. (**ÖS:** Hvaða afstöðu hafa þeir nú?) Það á víst að heita svo að þeir styðji þetta með miklum semingi, hv. frammíkallandi, en það liggur ljóst fyrir að ýmis aðildarsamtök þar eru ekki sammála. Samtök fiskvinnslustöðva t.d. sem slík eru ekki sömu skoðunar og heildarsamtökin og ekki Sjómannafélag Reykjavíkur a.m.k. Og ekki Fiskifélagið og ekki Vélstjórafélagið og ætli það gætu ekki reynst ýmsir fleiri sem hafa önnur sjónarmið í þessu.

Númer tvö á listanum er frammistaða hæstv. utanrrh. varðandi kostnað við þróunarsjóð sem EFTA-ríkin lofuðu að stofna handa Evrópubandalaginu. Ég þarf ekki að fara frekar út í það. Hæstv. utanrrh. varð náttúrlega svo rækilega að aðhlátursefni í því efni. Hann varð ekki bara tvísaga og ekki bara þrísaga, hann varð svo margsaga að það var með ólíkindum. Þegar Sviss felldi samninginn þá sneri hann gjörsamlega við málflutningi sínum gagnvart þessum þróunarsjóði á tveimur sólarhringum. Hann kom gjörsamlega aftan að sjálfum sér tveim dögum seinna og sagði hið gagnstæða við það sem hann hafði upphaflega haldið fram. Þetta má allt saman rifja upp en það nægir í raun og veru að vísa til þessa máls, það liggur svo ljóst fyrir að þarna er númer tvö rangfærsla hæstv. utanrrh., tilvik númer tvö af mörgum þar sem hann var ber að því að fara ekki rétt með hlutina. Reyna að fegra sinn málstað, reyna að gera sinn fugl fegurri en efni stóðu til.

Númer þrjú á listanum lenti hjá mér sú dæmalausa uppákoma sem stór hluti þjóðarinnar hefur ugglaust horft á í beinni útsendingu kvöldið sem ljóst varð að Sviss hafði fellt samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Þá kom hæstv. utanrrh. í sjónvarpið og sagði: Nú er alveg lífsnauðsynlegt fyrir Íslendinga að afgreiða samninginn í hvínandi hvelli bara á næstu dögum helst og alla vega fyrir jól vegna þess að ef við gerum það ekki þá getum við ekki átt aðild að þeim viðræðum um framhaldið sem gert er ráð fyrir í samningnum. Þetta sagði hæstv. utanrrh. Það eru tugir þúsunda vitni að því. Hann sagði þetta í beinni útsendingu í fimmtán mínútna þætti sem fréttamaðurinn ástsæli, Ingimar Ingimarsson, útbjó handa honum kvöldið sem Sviss felldi þjóðaratkvæðið.

En hvað gerðist svo? Um hádegið daginn eftir hafði utanrrh. dregið þetta til baka vegna þess að hann var rekinn algjörlega á gat því að það stóð í samningnum sjálfum og fylgiskjölum með honum að allir þeir sem undirritað hefðu samninginn mundu hittast um framhald málsins ef eitthvert ríki fullgilti hann ekki. Lygi númer þrjú, rangfærsla númer þrjú, sem öll þjóðin var vitni að vegna þess að það var í hádegisfréttatíma Ríkisútvarpsins daginn eftir sem örugglega nokkrir tugir þúsunda hafa hlustað á sem sáu sjónvarpsfréttirnar kvöldið áður og horfðu upp á þessa ömulegu frammistöðu hæstv. utanrrh. — Ömurlegu segi ég því svona skjóta menn sjálfa sig ekki í lappirnar viljandi. Það getur ekki verið. Þarna hlýtur eitthvað að hafa brugðist hjá hæstv. ráðherra.

Fjórða atriðið á þessum lista er sú fullyrðing hæstv. utanrrh. í ræðum á Alþingi í desember, og í viðtali við fjölmiðla einnig hygg ég, í kjölfar þess að Sviss felldi samninginn, að ríkjaráðstefna yrði um framhaldið í janúar. Það er búið að lesa upp úr þingtíðindunum úr ræðum hæstv. utanrrh. þar sem hann fullyrðir, segir blákalt að þessi ríkjaráðstefna verði í janúar. Og þess vegna sé nauðsynlegt að hraða málinu svo og svo. Hvað kemur í ljós? Í ljós kemur að Evrópubandalagið hittist ekki fyrr en í byrjun febrúar og þá ræðst hvort ráðherrarnir fái umboð til að halda ríkjaráðstefnu einhvern tímann í framhaldinu og samkvæmt áætlunum Evrópubandalagsins og skjölum sem þaðan hafa komið er ráðgert að ráðstefnan verði í mars. Samt fullyrðir hæstv. utanrrh. úr þessum ræðustól á Alþingi að þessi ríkjaráðstefna verði í janúar og reynir að blekkja þingið og hafa áhrif á málsmeðferðina hér með slíkum hætti. Þetta er rangfærsla númer fjögur á listanum. Þetta er fjórða óhrekjanlega dæmið um það að hæstv. utanrrh. hefur ekki farið rétt með staðreyndir í þessu máli og slær hann þá gjarnan nánast einkarétti sínum á það að vita allt betur en aðrir menn og kunna í þessum efnum.

Í fimmta lagi nefni ég sem dæmi um hreina rangfærslu hæstv. utanrrh. meðferð hans á tölum við upphaf 3. umr. málsins. Þegar hann fullyrti að á einu ári yrði ávinningur Íslendinga af þessum samningi 7 milljarðar kr. og það væri varlegt mat Þjóðhagsstofnunar. Nú skal ekki styðjast við minnið til að hafa allt á hreinu, heldur lesa upp úr ræðu hæstv. utanrrh., og hann sagði, með leyfi forseta:

„Það er lengi hægt að tíunda kosti EES-samningsins. En við skulum vitna til opinberrar stofnunar eins og Þjóðhagsstofnunar. Hún hefur lagt fram varfærnislega útreikninga um það að EES-samningurinn muni færa okkur á einu ári um það bil 1,5% viðauka við okkar landsframleiðslu, þ.e. upp á um 7 þús. millj. kr.; að það gæti þýtt kaupmáttaraukningu á Íslandi á ári um 3%. Að afkoma sjávarútvegs gæti batnað um u.þ.b. 3,3% sem er nokkurn veginn það sem á vantar til þess að endar nái saman."

Hvað er verið að gefa þarna í skyn með því að vísa til afkomu sjávarútvegsins eins og hann er í dag annað en það að með tilkomu EES-samningsins komist sjávarútvegurinn á núllið? Ég fullyrði að ef menn lesa þennan texta þá er ekki hægt að horfa fram hjá því að hæstv. utanrrh. hagar þannig orðum sínum að hann ætlast til þess að hann sé skilinn á þá leið úti í þjóðfélaginu að á fyrsta ári sem EES-samningurinn gildi fáum við 7 milljarða og sjávarútvegurinn komist á núllið. Og hvað eru margar rangfærslur í þessari meðferð hæstv. utanrrh. á staðreyndunum? Þær eru a.m.k. þrjár. Sú fyrsta er að þetta er ekki varfærið mat Þjóðhagsstofnunar. Þetta er hærri talan af tveimur sem

Þjóðhagsstofnun gefur upp. Þetta er hámarkið en ekki varfærið mat því að Þjóðhagsstofnun gefur upp bil og er með lægri tölu sem nemur ekki einu sinni helmingi af þessari tölu í staðinn fyrir 7 milljarða þannig að fyrsta rangfærslan er að fullyrða að þetta sé varfærið mat Þjóðhagsstofnunar. Þetta er hámarkið sem Þjóðhagsstofnun setur. Í öðru lagi er auðvitað fullt af fyrirvörum í skýrslu Þjóðhagsstofnunar sem hæstv. utanrrh. nefnir ekki á nafn svo sem eins og sá fyrirvari að Íslendingar standi sig alls staðar í samkeppninni og það gangi hvergi af okkur störf eða markaðshlutdeild, t.d. í samkeppnisiðnaði, og það sem sjávarútvegurinn vinnur á þessum samningi verði allt hrein viðbót því að hvergi annars staðar tapist neitt á móti. Önnur rangfærslan í þessari setningu utanrrh. er auðvitað talan sjálf því að hún er ekki 7 milljarðar heldur nær því að vera 6, 5,5–6, og tæpir 3 ef lægri viðmiðun Þjóðhagsstofnunar er tekin þannig að þarna er ekki logið til nema um rúmlega 100%. Þriðja rangfærslan og sú langsvívirðilegasta er auðvitað sú að ekki er minnst á það einu orði að þetta er mat Þjóðhagsstofnunar á því sem gæti orðið eftir átta ár, á næstu öld. Það var ekki sagt í ræðu hæstv. utanrrh. þannig að þetta er atriði númer fimm á listanum yfir hreinar og klárar rangfærslur hjá hæstv. utanrrh. sem meira og minna öll þjóðin hefur orðið vitni að á síðustu vikum og mánuðum. Svo gersamlega óverjandi meðferð á talnalegum staðreyndum að hvaða maður sem er fengi algera falleinkunn fyrir umgengni sína á þessu sviði. Og svo var hæstv. ráðherra óbeint að gefa sjálfum sér fyrstu ágætiseinkunn, 9,6, eða 96%. Það er auðvitað þægilegt að gefa sér einkunn þegar maður er allt í senn, kennarinn, prófdómarinn og úrskurðaraðilinn. Er það þannig skólahald sem hæstv. utanrrh. dreymir um að vera allt saman, nemandinn, kennarinn, prófdómarinn í einum og sama manninum, þá er hægt að gefa sér 9,6 í einkunn? En þessi meðferð hæstv. utanrrh. á staðreyndum býður ekki upp á annað en falleinkunn og er ég þó ekki búinn með listann.

Í sjötta lagi sagði hæstv. utanrrh. að allir fyrirvarar, sem þáv. forsrh. Íslands hefði sett fram í Ósló, væru inni í endanlegri samningsgerð. Þetta er rangt. Þetta er sannanlega rangt, hæstv. utanrrh. Hæstv. utanrrh. sleppti að nefna þann fyrirvarann sem kom fyrst, var hvað fyrirferðarmestur í máli forsrh. í Ósló í mars 1989 og það var sá fyrirvari að Ísland gæti ekki sætt sig við neinar yfirþjóðlegar stofnanir. Sú niðurstaða er alls ekki í samningnum og það er enginn fyrirvari um það. Samningurinn sjálfur slátrar þeirri áherslu, þeim fyrirvara sem forsrh. Íslands setti í mars 1989 um það atriði vegna þess að eftirlitsstofnunin og dómstóllinn eru yfirþjóðlegar stofnanir svo óumdeilt er. Jafnvel fjórlembingar hæstv. utanrrh. viðurkenna það í skýrslu sinni að um valdaframsal sé að ræða til þessara stofnana og þar með eru þær yfirþjóðlegar.

Í sjöunda lagi mætti t.d. nefna það sem hv. þm. Ragnar Arnalds kom með þegar hann hefur spurt talsmenn Alþfl. hér um það hvenær menn hafa verið bornir sökum um landráð þegar umræður voru um aðild Íslands að EFTA. Það er fullyrðing, hrein og klár fullyrðing sem hæstv. utanrrh. reið á vaðið með og minni spámenn hafa svo étið upp eftir honum eins og hæstv. heilbrrh. og hv. þm. Karl Steinar Guðnason, en þegar þeir eru beðnir að færa þessari fullyrðingu stað þá stendur í þeim. Þá leggja þeir ekki upp í ræðustólinn þannig að nú verða hv. þm. að standa sig betur ef þessi ummæli, sem eru býsna alvarlegar ásakanir, verða ekki dæmd dauð og ómerk af því að þeir geta ekki fundið orðum sínum stað.

Í áttunda lagi gæti ég vel nefnt það, þó að vissulega sé þá farið að koma út á það svið þar sem má deila um túlkun en ég tel það hreina rangfærslu í málflutningi hjá hæstv. utanrrh. að segja t.d. að fyrirvarinn varðandi vinnumarkaðinn sé inni. Það er rangt, það er ekki svo. Og ég ætla að taka það atriði sérstaklega fyrir hér næst, hæstv. forseti, og sýna fram á að ég tel með alveg óyggjandi rökum að það sé ósköp einfaldlega rangfærsla hjá hæstv. utanrrh. að halda því fram, og auðvitað hrein og klár rangfærsla sem allir sjá, að allir fyrirvarar Íslendinga, eins og þeir voru settir fram 1989, séu til staðar í samningsniðurstöðunni. Það er furðulegt að hæstv. utanrrh. skuli leggja út í þá ófæru að halda því fram. (Gripið fram í.) Ég er þokkalega læs, hv. þm., ég var orðinn sæmilega læs fimm ára gamall og hef lesið heilmikið síðan, hæstv. geðgóður utanrrh. Og það er best að lesa fyrir þessa ágætu óróleguu deild í Alþfl. svolítið upp úr samningnum sjálfum þar sem kemur að þessum öryggisákvæðum. Ég veit að þeir hafa gott af því að heyra það því að hv. þm. hafa sennilega aldrei fengið neinar upplýsingar um það nema rangfærslurnar úr hæstv. utanrrh.

Málflutningurinn gengur út á það að hið almenna öryggisákvæði samningsins jafngildi fyrirvara varðandi t.d. vinnumarkaðinn. Það sé jafngilt fyrir okkur Íslendinga eins og að hafa hreinlega fyrirvara á því að opna upp okkar vinnumarkað fyrir útlendinga með svipuðum hætti og við höfum haft varðandi norræna vinnumarkaðinn með vísan til þess hversu agnarsmár og viðkvæmur íslenski vinnumarkaðurinn er. Vita menn ekki að hann telur ekki nema lítillega á annað hundrað þúsund manns? Þetta eru svona 120–150 þús. manns sem eru á íslenska vinnumarkaðinum. Hvað er það þegar við erum farin að tala um íbúafjölda hátt á fjórða hundrað millj.? Það gefur auga leið að minni háttar hræringar, hæringar sem ekki merkjast þegar stórþjóðirnar væru að telja upp hjá sér, gætu sett allt úr skorðum á Íslandi. Það þarf ekki annað að gerast en það verði vinsælt á Spáni eða í Portúgal að fara í fiskvinnslu til Íslands og menn ryðjist hingað inn og bjóðist til að vinna hér fyrir miklu lægra kaup. Það þarf ekki nema bara að íbúar í tveimur til þremur blokkum í Lissabon kæmu hingað til þess að ójafnvægi gæti skapast á íslenska vinnumarkaðnum. Portúgalar hafa unnið hér í fiski og þekkja það vel. Þeir eru ágætir starfsmenn. En því miður eru laun í því landi svo lág að það væri ástæða til að óttast að þeir kynnu að telja sér fært að koma hingað og vinna fyrir miklu hærra kaup sem Íslendingum hefur þó tekist að berja hér upp og er það þó ekki mikið.

Þá segir hæstv. utanrrh.: Af þessu þarf ekki að hafa

áhyggjur. Fyrirvaranum, sem Íslendingar settu fram, er haldið til haga í öryggisákvæðunum. — Þetta er rangt. Það er algerlega fráleitt að útleggja þetta öryggisákvæði á þann veg að það jafngildi sjálfstæðum fyrirvara um einstakt atriði samninganna. Og við skulum þá fara yfir ákvæðið sjálft, hvernig um það er búið. Það er í 112. gr. samninganna og ég verð, hæstv. forseti, þó að þessi mál hafi komið eitthvað til umræðu áður, að fara yfir þetta vegna ummæla hæstv. utanrrh. í byrjun 3. umr. Það er ekki hægt að láta það standa þannig vegna þess að þetta er eitt af viðkvæmu og stóru atriðum þessa máls. Það er enginn vafi á því að áhyggjur margra verkalýðsforingja, sem hæstv. utanrrh. hefur í krafti þinghelgi sinnar svívirt hér, beinast að því að þeir óttast um vígstöðu verkalýðshreyfingarinnar og íslenskra launþega ef þeir fá samkeppni hér inn á vinnumarkaðinn frá t.d. láglaunasvæðum og atvinnuleysissvæðum Suður-Evrópu. Öryggisráðstafanirnar skv. 112. gr. eru svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ef upp koma alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum, sem líklegt er að verði viðvarandi, getur samningsaðili gripið einhliða til viðeigandi ráðstafana með þeim skilyrðum og á þann hátt sem mælt er fyrir um í 113. gr.“ Og síðan segir áfram og það þurfa hv. þm. Alþfl. að hlusta á, líka þeir sem ganga um gólf:

„Slíkar öryggisráðstafanir skulu vera takmarkaðar, að því er varðar umfang og gildistíma, við það sem telst bráðnauðsylegt til þess að ráða bót á ástandinu. Þær ráðstafanir skulu helst gerðar sem raska minnst framkvæmd samnings þessa.

Öryggisráðstafanirnar skulu gilda gagnvart öllum samningsaðilum.“ Með öðrum orðum, þær eru skilyrtar í bak og fyrir, fyrir það fyrsta. Það er ekki þannig að menn geti bara gert það sem þeim sýnist.

Í 113. gr. er svo mælt fyrir um það hvernig sá samningsaðili, sem hyggst grípa til öryggisráðstafana, skuli hegða sér gagnvart hinum samningsaðilanum:

„Samningsaðili sem hyggst grípa til öryggisráðstafana í samræmi við 112. gr. skal tilkynna hinum samningsaðilunum það án tafar fyrir milligöngu sameiginlegu EES-nefndarinnar og skal hann veita allar nauðsynlegar upplýsingar.

Samningsaðilar skulu tafarlaust bera saman ráð sín í sameiginlegu EES-nefndinni með það fyrir augum að finna viðunandi lausn fyrir alla aðila.

Hlutaðeigandi samningsaðili má ekki grípa til öryggisráðstafana fyrr en einum mánuði eftir dagsetningu tilkynningarinnar skv. 1. mgr. nema samráði skv. 2. mgr. hafi verið lokið áður en umræddur frestur var liðinn. Þegar óvenjulegar aðstæður, sem krefjast tafarlausra aðgerða, útiloka könnun fyrir fram getur hlutaðeigandi samningsaðili strax gripið til þeirra verndarráðstafana sem bráðnauðsynlegar teljast til þess að ráða bót á ástandinu.“

Svo kemur 114. gr. sem skilyrðir þetta enn því að hún er þannig:

„Ef öryggisráðstöfun, sem samningsaðili hefur gripið til, veldur misvægi milli réttinda og skyldna samkvæmt samningi þessum getur hver hinna samningsaðilanna gripið til jafnumfangsmikilla jöfnunarráðstafana gagnvart fyrrnefndum samningsaðila og bráðnauðsynlegar eru til að jafna umrætt misvægi. Þær ráðstafanir skulu helst gerðar sem raska minnst starfsemi Evrópska efnahagssvæðisins.“

Þá höfum við það. Þetta öryggisákvæði er skilyrt í bak og fyrir. Það ber að standa þannig að slíkum ráðstöfunum að þær hafi sem minnst áhrif á samninginn sjálfan, stofni markmiðum hans, þar á meðal um frjálsa för launamanna um svæðið, ekki í hættu, þar á meðal takmarki að sem minnst raski rétti launamanna alls staðar á svæðinu til þess að fara í vinnu, stofna fyrirtæki og að setja sig niður hvar sem þeim sýnist. Og ef við beitum þessu ákvæði geta hinar þjóðirnar gripið til gagnráðstafana. Við kunnum að segja sem svo: Það er nú ekki svo bölvað. Ef við stoppum Portúgala sem eru að koma til vinnu við fiskvinnsluna og segjum: Nei, nú gengur þetta ekki lengur. Hér er að verða svo mikið ójafnvægi og mikið atvinnuleysi að þið þurfið að fá atvinnuleyfi. Þá geta menn sagt: Þá geta Portúgalar gert það sama og það gerir okkur ekkert til því að það eru engir Íslendingar að fara að vinna í Portúgal. Þetta kann að vera rétt svo langt sem það nær. En Portúgalar geta gert annað sem er miklu líklegra að þeir mundu gera. Og hvað er það? Þeir ósköp einfaldlega mótmæla beitingu Íslands á öryggisráðstöfuninni og gera ágreining um umfang ráðstafananna. Þeir segja: Það er 20% atvinnuleysi hér í þessu héraði í Portúgal en það er ekki nema 4–5% á Íslandi og er þó ljótt að taka þannig til orða að segja að það sé ekki nema. En Portúgalar gætu gert það eða Suður-Ítalir eða Grikkir eða Spánverjar. Þeir segja: Það er hlægilegt að Íslendingar fari að beita öryggisráðstöfun vegna atvinnuástands sem er miklu betra hjá þeim en okkur. Þetta er óleyfileg mismunun gagnvart þeim atvinnuleysingjum sem hér ganga tugum prósenta um göturnar. Við unum ekki þessari meðferð Íslands á öryggisákvæðinu gagnvart samningnum. Hvað gerist þá, hv. fyrrv. verkalýðsleiðtogi Karl Steinar? Hvað gerist þá. (**KSG:** Hvað segir verkalýðshreyfingin um þetta?) Það ætti hv. þm. að kynna sér. (**KSG:** Hvað segir verkalýðshreyfingin um þetta?) (**Gripið fram í:** Þjóðaratkvæði.) Hún styður þetta ekki og vill þjóðaratkvæði um þetta. Tillögur um þetta — (Gripið fram í.) Já, ég get svarað því. Loksins kom nú í ljós að blóðið rennur í hv. ... (Gripið fram í.) Forseti. Við skulum fara aðeins yfir það. (**Forseti:** Það er hv. 4. þm. Norðurl. e. sem hefur orðið á fundinum.) Ég hef fulla samúð, hæstv. forseti, með því að fyrrv. verkalýðsleiðtogi gerist nú órólegur. Það er mjög skiljanlegt — (**Gripið fram í:** Það er formaður Alþb. sem er órólegur.) Ég held að miklu moldroki hafi verið þyrlað upp um þetta ákvæði en við skulum fara yfir það.

Hvað gerist nú ef einhver þjóð — hæstv. forseti. Ég sé að hv. þm. Evrópubandalagsins er orðinn mjög órólegur og kallar hér mikið fram í. Ég legg til að það verði einhverjar ráðstafanir gerðar til þess að hægja hug hans. Ef hann má ekki við bindast og hefur ekki þrek til þess að hlusta á þetta, þá legg ég til að hann

fari og hvíli sig. En þannig er að verði slíkur ágreiningur um beitingu öryggisákvæðisins þá er mælt fyrir um það með skýrum hætti í samningnum hvað gerist. Og það er kannski þar sérstaklega sem brotalömin er í málflutningi hæstv. utanrrh. sem gerir það að verkum að það er hrein rangfærsla að halda því fram að fyrirvari um vinnumarkað sé í reynd fólgin í öryggisákvæðinu vegna þess að ef eitthvert samningsríkið reisir ágreining um beitingu öryggisráðstafananna þá hefur hver samningsaðili fyrir sig rétt til þess að vísa því í gerðardóm og þar stendur í 4. mgr. 111. gr.:

„Varði deilumál umfang eða gildistíma öryggisráðstafana, sem gripið er til í samræmi við 3. mgr. 111. gr." — sem ég vitnaði til áðan — „eða 112. gr., eða umfang jöfnunarráðstafana, sem gerðar eru í samræmi við 114. gr.," — þ.e. gagnráðstafanirnar — „og hafi sameiginlegu EES-nefndinni ekki tekist að leysa deiluna þremur mánuðum eftir þann dag er málið var lagt fyrir hana getur hver samningsaðila sem er vísað deilumálinu til gerðardóms samkvæmt málsmeðferð sem mælt er fyrir um í bókun 33." Og þá er það þessi gerðardómur sem ósköp einfaldlega sker úr um það hvernig þessar öryggisráðstafanir megi vera eða hvort þær megi yfir höfuð verða einhverjar. Og það stendur aftast í málsgreininni: „Gerðin er bindandi fyrir deiluaðila." Þetta þýðir ósköp einfaldlega að ef hingað koma verkamenn í nokkuð stríðum straumum frá einhverju því láglauna- eða atvinnuleysissvæði í Evrópu sem býr við miklu lakari kjör en við Íslendingar gerum þó enn, en kannski ekki mikið lengur ef ríkisstjórnin heldur fram sem horfir, og fara hingað í vinnu og það kemur í ljós að þeir sætta sig við lægri laun og lakari aðbúnað en Íslendingar hafa gert og þeir fá vinnu í stórum stíl og svo sjá Íslandsmenn að þetta er nú ekki vænlegt, þeir vakna upp við vondan draum og sjá að hér er að aukast atvinnuleysi meðal landsmanna, m.a. vegna innstreymis slíks vinnuafls á grundvelli samningsins, og þeir ákveða að grípa til öryggisákvæðisins, þá væri líklegasta aðgerðin sú að segja: Menn verða hér eftir að fá atvinnuleyfi vegna þess að íslenski vinnumarkaðurinn er í uppnámi. Og við skulum segja að þetta séu Portúgalar sem í hlut eiga. Þeir mæta á vettvangi EES-nefndarinnar og segja: Nei, við unum því ekki að Íslendingar beiti þessu öryggisákvæði sem var nú aðallega hugsað ef einhverjar stórar katastrófur verða, náttúruhamfarir eða annað slíkt. Við gerum ágreining um þessa meðferð Íslands á öryggisákvæðinu skv. 112. og 113. gr. Þá taka við þessi fundahöld, sem mælt er fyrir um í EES-nefndinni, standa í mánuð, og ef enginn árangur verður af þeim þá gengur ákvæðið samt sem áður í gildi nema því hafi verið beitt fyrirvaralaust. Hafi deilan síðan ekki verið leyst innan þriggja mánaða með samkomulagi þá á hver samningsaðili um sig rétt til að setja málið í gerðardóm. Við skulum segja að þannig væri, um þetta stæði ágreiningur í þrjá mánuði og Portúgalar eða einhverjir aðrir una því ekki að Íslendingar ætli að loka og verja vinnumarkað sinn þrátt fyrir að hér sé miklu minna atvinnuleysi en hjá þeim og þeir segja þá: Þetta er ekkert jafnræði, þetta er ekkert réttlæti, þetta er brot á jafnræðisreglu samninganna. Þá fer málið í þennan gerðardóm. Hvernig halda menn að staða Íslands yrði í honum? Hvaða íslenskur lögmaður, hvaða málflutningsmaður treystir sér til þess að vinna slíkt mál í gerð þar sem Íslendingar, hafandi lofað því að gera ekkert sem raskaði jafnvæginu í samningnum, gera ekkert það sem mismunaði þjóðunum, væru að reyna að verja sinn vinnumarkað þar sem væri miklu minna atvinnuleysi en hjá þeim þjóðum sem væru sækjendur í málinu? Það væri ekki beysin staða. Ég held að hlutlausir dómendur í slíkum gerðardómi hefðu ekki mikla samúð með þeim íslenska málstað.

Og að halda því fram að svona skilyrt ákvæði sem að lokum er ekki í valdi okkar sé jafngilt beinum fyrirvara, einhliða fyrirvara, það er rangt. Það er bara rangt, allir hljóta að sjá það og skilja það þegar farið er yfir málið með þessum hætti. Staða Íslands er ekki slík eins og hún hefði orðið ef við hefðum náð að verja varanlegan fyrirvara um möguleika okkar til að takmarka innstreymi á íslenska vinnumarkaðinn. Ég skal segja þér það, hv. þm. og fyrrv. verkalýðsleiðtogi, Karl Steinar Guðnason, að þeir eru margir í forustustétt verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi sem hafa af þessum málum miklar áhyggjur. Skyldi það nú ekki vera m.a. vegna þess sem ekki hefur náðst stuðningur við þennan samning, þrátt fyrir ítarlegar (**KSG:** Rangt.) tilraunir, í svo til öllum heildarsamtökum í verkalýðshreyfingunni á Íslandi (**KSG:** Rangt.) nema ef vera kynni í Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur? Ég skal ekki alveg segja um það, ég fylgist ekki svo náið með starfseminni þar. Það væri aðeins hugsanlegt að sá klúbbur hefði samþykkt eitthvað í þessa veru. En þetta er svona.

Ég sé að hæstv. umhvrh. hefur hlustað með mikilli athygli á þetta og væntanlega lært nokkuð af þessu. Hann eins og e.t.v. fleiri hv. þm. Alþfl. og hæstv. ráðherrar hefur sjálfsagt trúað hinum stórkallalegu fullyrðingum hæstv. utanrrh. um það að þetta væri allt í lagi. Öryggisákvæðið væri jafngilt einhliða fyrirvara sem er rugl, sem er rangt, sem er enn ein ómerkileg rangfærslan hjá hæstv. utanrrh. og e.t.v. sett fram í trausti þess að enginn hafi nennt að lesa samninginn, pappírana sem honum fylgja. Enginn hafi nennt að rekja sig í gegnum ferlið í þessu máli og komast að raun um það að að endingu hafa Íslendingar ekki tök á málum af þessu tagi þó svo þetta skilyrta öryggisákvæði sé inni í samningnum, nema menn séu svo forspáir að þeir þykist vita það fyrir að við mundum vinna alla gerðardóma sem féllu um ágreiningsmál af þessu tagi. Það væri þá eftir öðru.

Hæstv. forseti. Ég hef farið yfir ein átta atriði þar sem ég tel mig hafa sýnt fram á það (**EgJ:** ...ekki væri níu?) þannig að það verði ekki hrakið að hæstv. utanrrh. hafi farið með hreinar rangfærslur. Talan skiptir svo sem ekki meginmáli. Það ætti að vera okkur nógu mikið áfall þó þau væru ekki nema sex eða átta. En það er örugglega hægt að hafa þau níu, hv. þm. Egill Jónsson, ég er ekki í neinum vafa um að ég gleymi einhverju. Enda hef ég ekki lagt mikla vinnu í þennan lista og fyrst og fremst tekið það sem mér var

efst í huga af þeim fjölmörgu tilvikum, sem reyndar þjóðin öll hefur í mörgum tilvikum horft upp á, að hæstv. utanrrh. hefur orðið sér til skammar og farið rangt með. Þau dæmi eru það mörg að ég veit að það þýðir ekki fyrir hv. þm. að reyna að bera á móti því.

Þá fer að síga á síðari hluta ræðu minnar, hæstv. forseti, og eru þó nokkur efnisatriði eftir sem ég þarf hér aðeins að nefna.

Það sem næst kemur er spurningin um atvinnuástandið og atvinnuna á Íslandi. Og digurmæli hæstv. utanrrh. í þá veru að það sé alveg sérstakt ábyrgðarleysi að hafa efasemdir um ágæti samningsins í ljósi þess að atvinnuástand fari versnandi á Íslandi, það sé sérlega fráleit afstaða hvort sem heldur er hjá þingmönnum eða verkalýðsforingjum að vera ekki trúaður á ágæti samningsins af því að hér sé vaxandi atvinnuleysi — að vísu hefur ekki mikið farið fyrir því að hæstv. utanrrh. útskýri hvernig tilkoma EES eigi að leysa allan vanda í atvinnumálum okkar, en það er skiljanlegt að hann reyni að flýja í það far því ekki er það stefna ríkisstjórnarinnar sem er að leysa þann vanda, svo mikið er víst, því að atvinnuleysið hefur vaxið nokkurn veginn línulega með líftíma þessarar ríkisstjórnar í mánuðum. Ég hygg að það sé nokkurn veginn 100% fylgni á milli aldurs ríkisstjórnarinnar í mánuðum og vaxandi atvinnuleysis. Hæstv. utanrrh. ber þetta á borð fyrir þjóðina að það sé sérstakt bjargráð í atvinnumálum að ganga inn í þetta EES. Við þetta er margt að athuga. Það fyrsta er að atvinnuleysið er miklu meira í þeim löndum sem við eigum að tengjast og ef maður ímyndar sér að atvinnustigið sé bara rétt eins og hvert annað fyrirbæri sem leiti tiltekins jafnvægis innan þess svigrúms sem það hefur eins og fé í afréttum — og hv. þm. Egill Jónsson veit að dreifist jafnan út um það svæði sem það hefur, ef fækkar á einum bænum þá sækir féð af næsta bæ yfir á það land o.s.frv. — gæti ekki hugsast að atvinnumarkaðurinn sé eitthvað svipaður, þ.e. að hann hafi tilhneigingu til að leita í visst jafnvægi? Þá fær maður ekki séð að það í fljótu bragði líti vel út fyrir þá þjóð sem hefur minnsta atvinnuleysið í Evrópu að beita því ráði til varnar vaxandi atvinnuleysi að opna markað sinn upp gagnvart hinum þjóðunum þar sem atvinnuleysið er miklu meira. Ég verð að segja alveg eins og er að ég kem því ekki alveg heim og saman.

Í öðru lagi er það þannig að því miður er enginn vafi á því að einhver íslensk fyrirtæki munu verða undir í harðnandi samkeppni á þessum markaði. Þar munu einhver störf tapast á sviðum þar sem við Íslendingar höfum setið nokkurn veginn einir að starfseminni hingað til. Á þeim nýju sviðum viðskipta og þjónustu sem opnast upp fyrir óheftri samkeppni, þar á meðal við stórfyrirtækin, munum við auðvitað fara halloka í einhverjum greinum, það getur ekki öðruvísi farið. Guð láti gott á vita að það verði sem minnst en það verður eitthvað um það. Þá er þetta orðin spurningin um það hvort við getum sótt okkur annars staðar, í sjávarútveginum eða einhvers staðar annars staðar, störf sem því nemur á móti þannig að reikningarnir verði a.m.k. í jafnvægi hvað Ísland snertir. Þá er bent á sjávarútveginn og fyrst og fremst á eitt: útflutning á ferskum flökum. Hvar eru útreikningarnir um það hversu mikil viðbótarvinna færist inn á íslenska vinnumarkaðinn jafnvel þó svo við förum að flytja út nokkur þúsund tonn eða jafnvel nokkra tugi þúsunda tonna af ferskum flökum? Hafa menn ekki komið í frystihús og séð flökunarvélarnar frá Baader og roðflettingarvélarnar sem oftast eru frá sama fyrirtæki? Hvað eru margir menn sem vinna þar við hvert stykki? Í mesta lagi tveir við vélar sem afkasta jafnvel tugum tonna á sólarhring. Það er ekki í sjálfu sér sú grein í íslenskum sjávarútvegi sem er vinnuaflsfrek hlutfallslega. Staðreyndin er nefnilega sú að hin hefðbundna vinnsla í frystihúsunum, snyrting og pökkun, er miklu vinnuaflsfrekari en flökun fisksins. (Gripið fram í.) Nú segir hv. framsíkallandi meira en hann getur staðið við. Til marks um virðingu hans fyrir staðreyndum að hann fullyrðir gjörsamlega út í loftið að ræðumaður hafi aldrei komið í frystihús. Það vill svo merkilega til að fyrsta launavinnan sem ég vann var í fiskverkun, reyndar aðallega í saltfiskverkun en það skiptir ekki máli. Það var hjá fyrirtæki sem líka rak frystihús og ég hef reyndar unnið í sal. En ég læt mér nú detta í hug að það séu nokkur ár síðan hinn vel snyrti formaður fjárln. vann í frystihúsi síðast, ég leyfi mér að halda því fram. Ég veit þó ekki mikið um það enda skiptir það ekki máli. Það gerir skoðanir okkar ekki minna rétthár hvort það er lengra eða styttra síðan ég eða hann vann í frystihúsi eða var á sjó. En rök Alþfl. eru hins vegar athyglisverð í umræðunum, þau eru á þessum nótum.

Út af fyrir sig er það ekki mitt að reyna að gerast hér einhver úrskurðaraðili um það hvernig vinnuaflsþátturinn kynni að standa eða gerast upp í þessum sjávarútvegsmálum. En ég spyr um útreikningana, hvar eru þeir? Staðreyndin er náttúrlega sú að við höfum takmarkað hráefni til að spila úr hér á Íslandi. Því miður er það alltaf takmarkaðra með hverju árinu sem líður. Sá fiskur sem á að fara í útflutning á ferskum flökum verður að koma einhvers staðar frá, það verður ekki bara til meiri fiskur sem fer í fersk flök, nei vinnslan minnkar einhvers staðar annars staðar. Ísfiskurinn er ósköp einfaldlega ekki það magn að hann einn geti lagt til öll þessi fersku flök sem menn ætla að flytja út. Er þá ekki mögulegt að að einhverju leyti dragi þá úr vinnslu á hefðbundnum saltfiski og í hefðbundnum frystihúsum á móti? Ef það er nú t.d. vinnsla í smápakkningar á Evrópumarkað, ég tala ekki um á Bandaríkjamarkað, þar sem mesta vinnuaflsnotkunin liggur á bak við hvert kíló, þá er það afturför en ekki framför í þessu tilliti hvað vinnslustigið í íslenskum sjávarútvegi snertir. Það er því ekki sjálfgefið nema síður sé að þessi þróun liggi einhliða í átt til fjölgunar starfa. Það er ekki sjálfgefið, við höfum enga tryggingu fyrir því. Það er út af fyrir sig þannig að ef við getum tekið allan ísfiskinn sem fer út í gámum og fer út með siglingum og sent hann út sem fersk flök þá gætum við bætt nokkurri vinnu við. En ég leyfi mér að efast stórlega um að þróunin verði einhliða þannig. Hitt er svo allt annað mál og alveg sjálfstætt hvort það kunni að koma

þjóðhagslega betur út í formi meiri verðmæta úr íslenska sjávaraflanum að nýta okkur slíka möguleika sem geta opnast með EES. Það kann vel að vera að þegar dæmið verður gert upp á þá hliðina þá komi heldur meiri verðmæti heim af því að við séum að senda eitthvað verðmætari vöru út og það er gott. En menn eiga ekki að rugla því saman við spurninguna um atvinnuna. Oft er bent á að rekstur frystitogaranna sé mjög arðbær fyrir viðkomandi fyrirtæki. Hann gat skilað því góðri afkomu en hann dró úr atvinnunni sem var samfara úrvinnslu aflans og menn höfðu efasemdir um þjóðhagslega hagkvæmni þess að auka sjófrystingu en draga úr vinnslu í landi. Þannig ber að hyggja að mörgum þáttum málsins.

Ég viðurkenni fúslega að ég hef ekki í höndum gögn eða útreikninga sem gera það að verkum að ég geti treyst mér til að fella stóra dóma í málinu. Ég hef það því miður ekki vegna þess að mér er ekki kunnugt um að þeir hafi farið fram. Hvaðan koma þá hæstv. utanrrh. vísindin til að fullyrða blákalt að þetta verði svona og svona? Að mesta bjargræðið í sambandi við atvinnuna séu EES? Hvaðan koma honum rök í því máli? Eru það kannski jafnmerkileg rök og lágu á bak við fullyrðingu hans forðum um langhalann, eða ríkjaráðstefnuna, eða þróunarsjóðinn o.s.frv.? Leyfist manni að efast þegar maður hefur fylgst með málflutningi hæstv. ráðherra um nokkurt skeið. Ég held að gylliboð hæstv. utanrrh. um atvinnu handa öllum í sambandi við þennan samning gangi nú ekki upp þegar betur er að gáð. Ef ég ætti að leggja nokkurn veginn huglægt mat á aðstæður í málinu þá segði ég að bjartsýnt viðhorf mitt væri það að við næðum að halda vel í horfinu. Við næðum að halda nokkuð vel í horfinu með atvinnu með tilkomu EES-svæðisins vegna þess að okkur takist að bæta einhverjum störfum við í sjávarútvegi sem mundi vega upp á móti þeim störfum sem við töpuðum vegna harðnandi samkeppni eða opnunar á samkeppni á öðrum sviðum, t.d. í þjónustunni. Eitt svið tel ég mig þekkja þokkalega og ég leyfi mér nú að segja, hæstv. forseti, jafnvel betur en hv. þm. Karl Steinar Guðnason, með fullri virðingu fyrir honum, og það er ferðaþjónustan því að ég glímdi dálítið við það um skeið að fylgjast með hagsmunum þeirrar greinar. Það er því miður alveg borðleggjandi að í ferðaþjónustunni munu tapast störf. Hvers vegna? Vegna þess að þau eru svo til öll í höndum Íslendinga í dag. Það eru nánast engir útlendingar í þessari grein. Þess vegna er áhættan auðvitað öll á okkar hlið. Ef einhver breyting verður þá verður hún í þá átt að útlendingar taka að sér eitthvað af þeirri þjónustu á þessu sviði sem Íslendingar hafa hingað til sinnt og það munu þeir væntanlega gera í einhverjum mæli í ferðaþjónustunni, í ferðaskrifstofunum í sambandi við leiðsögn og ýmiss konar ferðaheildsölu og ýmsa þjónustu. T.d. er nánast óumflýjanlegt að sterkar þýskar ferðaskrifstofur munu koma hér inn með starfsmenn og gæta hagsmuna sinna í vaxandi mæli. Þær vita vel að nokkrir peningar eru fólgnir í því að gera út á Íslandi yfir sumartímann.

Eitt atriði enn sem ég held að geri það að verkum að málflutningur hæstv. utanrrh. um atvinnustigið í sambandi við EES er sérstaklega ábyrgðarlaus og það er spurningin um túlkun hins evrópska réttar gagnvart málum af þessu tagi. Það er spurningin um hluti eins og beitingu þessa öryggisákvæðis og spurningin um það hvernig dæmt yrði í þeim málum þar sem Íslendingar væru að reyna að gæta hagsmuna sinna og vernda stöðu sína í slíkum tilvikum. Þá er ég með þessa litlu bók, þetta litla handrit sem utanrrn. lét vinna um dómareifanirnar ágætu. Staðreyndin er sú að af mörgu athyglisverðu í málinu ættu hv. þm. einna síst að láta það alveg fram hjá sér fara að líta í þetta litla hefti, þeir sem ekki eru þá það vel læsir á erlendar tungur, ensku eða frönsku, að þeir geti ósköp einfaldlega lesið dómana á frummálinu. Í heftinu er sagt frá ákaflega mörgum athyglisverðum dómum hjá Evrópubandalaginu sem eru til marks um það hvernig líklegt er að rétturinn tæki á deilumálum sem upp kæmu þar sem Íslendingar eða einhverjir aðrir eftir atvikum væru að reyna að gæta réttar síns og hagsmuna og vernda t.d. vinnumarkað sinn eða innlenda framleiðslu sína. Við skulum líta niður í nokkra þeirra, með leyfi hæstv. forseta:

Þá er það mál nr. 167/73. Það er framkvæmdastjórnin gegn aðildarríkinu Frakklandi. Málavextir voru þeir að Frakkar létu hjá líða að fella úr gildi lagaákvæði um að 75% áhafnar á frönskum skipum skyldu vera innlendir ríkisborgarar. Þeir báru því við að ákvæðunum væri ekki beitt í framkvæmd. Þeir væru ekki í framkvæmdinni með þá reglu að ¾ hlutar skipshafnar skyldu þurfa að vera Frakkar. Þess vegna skipti það ekki máli þó það stæði í lagasafninu og það gæti varla angrað Evrópubandalagið mikið þó að þessi dauði bókstafur væri í franska lagasafninu. En hvað sagði Evrópudómstóllinn? Niðurstaðan varð þessi:

„Óheimilt er að halda í gildi í landsréttinum ákvæðum um mismunum á grundvelli þjóðernis. Engu skiptir þótt sönnuð séu munnleg fyrirmæli til stjórnvalds frá æðra stjórnvaldi um að beita ekki ákvæðunum. Á meðan ákvæðin eru ekki numin úr gildi þurfa borgararnir að búa við óviðunandi réttaróvissu."

Þá hafa menn það. Það er ekki bara nóg að framkvæma hlutina þannig að það sé ekki um mismunun að ræða gagnvart borgurunum eftir því hvaðan þeir koma af svæðinu. Nei. Menn skulu gera svo vel og breyta hjá sér hverju einasta ákvæði í lagasafninu sem gæti túlkast á þann veg að í því fælist mismunun því að annað skapar borgurunum réttaróvissu og borgararnir þurfa að búa við réttarvissu. Bendir þetta til þess að einhverrar miskunnar verði að vænta frá úrskurðaraðilum í deilumálum sem tengdust því að menn væru að að vernda eitthvað sinn innlenda vinnumarkað? Ég spyr. Ekki sýnist mér það.

Annað afar athyglisvert mál, sem ég vænti að forsvarsmenn íslensks iðnaðar hafi kynnt sér, er mál framkvæmdastjórnarinnar gegn Írlandi um kynningarherferð á írskum vörum. Það vill nefnilega svo skemmtilega — eigum við að segja grátbroslega til — að það er nýafstaðin heilmikil kynningarherferð innlendra iðnaðarframleiðenda í samvinnu við verkalýðshreyfinguna um íslenskar vörur og að kaupa íslenskt. Sjón-

varpið og útvarpið og blöðin hafa verið full af auglýsingum og forustumenn úr þessum geira hafa komið fram og sagt: Kaupið íslenskt, veljið íslenskt. Í hvert skipti sem þú kaupir útlenda vöru, þá missir maður atvinnuna og krakkarnir sjá litla karla detta niður, svona einhverjar trébrúður, þegar menn eru að missa atvinnuna. En hvað hefði nú gerst ef menn væru komnir inn í EES, komnir undir hinn evrópska rétt? Hver er þá staðan gagnvart því að hefja svona kynningarherferð fyrir innlendum vörum? Þá skulu menn bara lesa um mál framkvæmdastjórnarinnar í Brussel gegn Írlandi. Málavextir eru þessir, með leyfi forseta:

„Írsk stjórnvöld skipulögðu þriggja ára kynningarherferð þar sem landsmenn voru hvattir til kaupa á írskum vörum. Einkafyrirtæki var fengið til að stjórna herferðinni og fékk það umtalsverðan, opinberan stuðning. Írsk stjórnvöld skipuðu menn í framkvæmdastjórn fyrirtækisins, greiddu stóran hluta herferðarinnar með almannafé og skilgreindu í grófum dráttum markmið hennar. Tilgangurinn var að kynna innlendar vörur fyrir írskum neytendum og að örva vitund almennings um tengslin milli sölu innlends varnings og atvinnuleysisvandans þar í landi.“ Nákvæmlega það sama og gert hefur verið á Íslandi núna síðustu vikurnar, að reyna að efla vitund almennings um tengslin milli innlendrar framleiðslu og atvinnuvandans í landinu. Og Írar höfðu upp varnir í málinu. Þeir höfðu m.a. uppi þær varnir að það væri ekki um bindandi ráðstafanir af þeirra hálfu að ræða og það væri mikið atvinnuleysi á Írlandi. Þetta voru varnir þeirra. Þær yrðu væntanlega þær sömu ef Íslandsmenn ætluðu nú á tímum vaxandi atvinnuleysis að hefja herferð til kynningar á innlendri framleiðslu.

Hvernig dæmdi Evrópudómstóllinn? Hver var samúð Evrópudómstólsins með þessari kynningarherferð Íra fyrir eigin vörum og eru Írar þó viðurkennt vanþróað svæði innan Evrópubandalagsins sem fær styrki þar. En leyfðist þeim að reyna að verja sig með því að kynna írskar vörur og hvetja almenning í Írlandi til að kaupa þær umfram innflutning? Nei. Niðurstaða Evrópudómstólsins var svohljóðandi:

„Herferðin er ekki sambærileg auglýsingum fyrirtækja eða hóps fyrirtækja þar sem neytendur eru hvattir til að kaupa vörur hlutaðeigandi fyrirtækja. Henni er stjórnað af hinu opinbera og er ætlað að sannfæra neytendur um ágæti innlendrar framleiðslu á kostnað erlendrar og getur hún haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkja.“

Og svo segir: „Herferð af þessum toga fellur undir bannákvæði 30. gr. þótt um sé að ræða hvatningu en ekki bindandi ráðstafanir, svo sem löggjöf. Herferðin getur haft áhrif á samskipti seljenda og neytenda og brotið gegn þeim markmiðum bandalagsins sem lýst er í 2. gr. sbr. 3. gr. Rómarsamningsins.“

Sem dagt, dómsorðið afdráttarlaust. Herferðin er brot á samkeppnisákvæðum Rómarsáttmálans. Og Írar voru dæmdir fyrir að leggja út í kynningarherferð á írskum vörum og fyrir að reyna að upplýsa írskan almenning um það að með því að kaupa írskar vörur, þá sköpuðu þeir störf á Írlandi. Það er óleyfilegt. Það er bannað samkvæmt Rómarréttinum, það er mismunun. Og ég get ekki séð annað á þessum dómi ef hann er hafður til hliðsjónar en að kynningarherferð iðnrekenda og verkalýðshreyfingarinnar á síðustu vikum yrði dæmd kolólögleg ef hún færi fram eftir að við værum komnir undir hinn evrópskra rétt. Algerlega óleyfileg mismunun. Þetta eru aðstæður málsins. Hafa menn ekki gert sér grein fyrir því eða hvað? Eru menn virkilega í þeirri trú að við getum þá bara haft þetta eins og okkur sýnist, að við getum bara tekið við kostunum en ekki göllunum, að við þurfum ekki axlað skyldurnar, við getum bara fleytt rjómann ofan af? Það er ekki reynsla Íra. Írar eru eins og ég segi eitt af vanþróuðum svæðum innan Evrópubandalagsins sem fær styrki úr fátæktarsjóðum Evrópubandalagsins. Þar er atvinnuleysið meira en í flestum hinna Evrópubandalagsríkjanna og iðnaðarframleiðsla fábreyttari og vanþróaðri. Samt var samúð Evrópudómstólsins með þeim ekki meiri en þetta að tilburðir þeirra til þess að reyna að efla vitund írsks almennings um gildi innlendrar framleiðslu voru dæmdir ólöglegir. Þetta skiptir máli þegar við spyrjum okkur að því, hvernig mun Íslendingum ganga að halda utan um sinn vinnumarkað og sína framleiðslu ef við göngumst undir þessi ströngu lög?

Hæstv. forseti. Ég gæti farið hér yfir marga fleiri dóma sem eru mjög af sama toga, nánast allir því marki brenndir að Evrópudómstóllinn dæmir af fullkomnu miskunnarleysi ólöglega alla tilburði manna, ríkja eða fyrirtækja til þess að reyna að nýta sér aðstöðu sína bundið við eigið land. Allt slíkt sem hægt er hugsanlega að flokka undir tilraun til mismunar er dæmt ólög. Landamærin er lögð niður. Þjóðrétturinn er lagður niður gagnvart þessum atriðum. Ágætt dæmi um þetta er t.d. mál framkvæmdastjórnarinnar gegn Bretum sem heimtuðu upprunamerkingar á vörur. Smásala á ýmsum varningi var bönnuð í Bretlandi nema upprunamerkingar væru á vörunni og þá kom auðvitað fram með tilteknum hætti að varan væri útlend en ekki bresk í gegnum slíkar upprunamerkingar. Þetta var dæmt ólöglegt vegna þess að þetta var brot á 30. gr. Rómarsamningsins. Þetta gat mismunað. Það gat hugsast að aðstaða fyrirtækja í útlöndum, sem þyrftu þá að upprunamerkja vöruna og taka það fram að hún væri framleidd í Belgíu en ekki Bretlandi, væri lakari í samkeppninni og þar með var þetta dæmt ólöglegt. Þannig að Íslendingar geta ekki sett reglur um að það skuli t.d. koma fram hvort dekk séu sóluð á Íslandi eða í útlöndum. Nei, það er bannað. Slíkar upprunamerkingar eru ólöglegar ef þær geta falið í sér mismunun.

Svo langt gengur þetta ofstæki dómstólsins og er það líklega frægasta málið þegar framkvæmdastjórnin stefndi Ítalíu vegna þess að Ítalía lagði tolla á útfluttan listvarning sem hefði menningarsögulegt gildi á Ítalíu. Ítalir sem forn menningarþjóð hafa lengi mátt búa við það að menningarverðmæti væru að streyma úr landi, keypt upp af ríkum aðilum hist og her í heiminum. Þeir hafa af þessu áhyggjur eins og fleiri slíkar þjóðir og gripu til þess ráðs að setja útflutningstoll á ítalska listmuni. Málavextir voru þeir að framkvæmda-

stjórnin stefndi Ítalíu fyrir EB-dómstólinn, fyrir að láta hjá líða að afnema toll á útflutningi muna með listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, sbr. 16. gr. Rómarsamningsins. Ítalir höfðu uppi þær varnir að þessar munir féllu ekki undir vöruhugtakið, þetta væri ekki vara, þetta væri list. Í annan stað töldu þeir ráðstafanirnar falla undir undantekningarreglu 36. gr. Rómarsamningsins og lítum nú á, hvernig gekk nú Ítölum að fá að halda þessum listmunum inni í landinu og leggja á tolla í því sambandi? Evrópudómstóllinn sagði í dómsorði sínu:

„Með hugtakinu vörur í skilningi 9. gr. Rómarsamningsins þá er átt við hlut sem unnt er að meta til fjár og er framseljanlegur í viðskiptum." Punktur. Skiptir ekki máli hvað það er. Svo fremi sem unnt sé að meta hlutinn til verðs og hann geti gengið kaupum og sölum milli manna, þá skal það teljast vara í skilningi 9. gr. Rómarsamningsins. „Því teljast fornmunir vara samkvæmt þessari skilgreiningu." Þá höfum við það. Það er alveg sama hvaða menningarverðmæti væru í húfi. Ef hægt er að slá á þau einhverju verði, ef finnst einhver einhvers staðar í heiminum sem vill kaupa þau, a.m.k. innan Evrópska efnahagssvæðisins, þá er óheimilt að mismuna þeim um það, hvort sem það væru handrit eða hvað sem það nú væri. Ef svo gleðilega vildi til að fram kæmi skinnhandrit, sem einhver teldi sig eiga því að það væri búið að vera í ættinni síðan á miðöldum, og íslenska ríkið hygðist verja það að handritið lenti úr landi með því að leggja á það útflutningstoll, þá er það veskú bannað því skinnhandritið, svo fremi sem hægt sé að meta það til verðs og einhver vilji kaupa það, er vara samkvæmt 9. gr. Rómarsamningsins. Þetta segir Evrópudómstóllinn, hæstv. forseti.

Það mætti fara í gegnum þessar dómareifanir meira og minna koll af kolli. Niðurstaðan er sú sama. Evrópudómstóllinn dæmir miskunnarlaust í þágu réttar fjórfrelsisins, í þágu samrunans, enda er honum ætlað að gera það því að Evrópudómstóllinn er nefnilega ekki venjulegur hlutlaus dómstóll sem á að túlka réttinn hlutlaust. Nei. Evrópudómstólnum ber samkvæmt lögunum að túlka samrunanum í vil, að dæma honum í vil og hann er nokkuð einstakt fyrirbrigði, hygg ég, í réttarfarssögunni hvað það snertir að hann er með *fyrirmæli um réttarþróunina. Hann metur hana ekki* sjálfur eins og Hæstiréttur Íslands á að gera. Það kemur fyrir að í dómsorðum í Hæstarétti er vísað til hugtaksins „réttarþróunar" og sagt: Tímarnir hafa breyst og nú er það orðin viðtekin venja, nú er það orðin almenn skoðun að svona og svona skuli hlutirnir vera og þá er dæmt í samræmi við það. Það kemur því fyrir að dómstólar beyta túlkun sinni á gömlum rétti og kalla það réttarþróun. Það eru nokkur dæmi um það frá síðari árum að með dómsorði frá Hæstarétti hafi slíkur rökstuðningur aðeins komið fram, ekki mikið að vísu því að Hæstiréttur Íslands er nú svona frekar róleg stofnun. En Evrópudómstóllinn starfar ekki þannig, hann þarf þess ekki. Hann þarf ekkert að spekúlera í réttarþróuninni í Evrópu. Hann hefur fyrirmæli um það hvernig hann eigi að dæma þegar um slíkt er að ræða í þágu samrunans. Það er nú þannig. Og þetta skýrir m.a. það algera miskunnarleysi sem í raun og veru er í dóminum gagnvart t.d. aðilum eins og Írum sem þarna voru við erfiðar aðstæður að gæta sinna hagsmuna og kynna fyrir almenningi mikilvægi þess að kaupa írskar vörur frekar en innflutning. Það var ekki mikið til þess að hafa áhyggjur af að þeirra mati hjá Evrópudómstólnum.

Síðan eru auðvitað hér á köflum alveg bráðfyndnir dómar eins og þessi ágæti dómur sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson las upp úr um hjálpartæki ástarlífsins sem Bretum var stefnt fyrir og ekki er nú minna fyndinn dómurinn um markaðsráð svínakjötsframleiðenda á Norður-Írlandi og væri ástæða til að lesa það upp fyrir mönnum. Ef menn halda að landbúnaðarmálin séu eitthvað flókin á Íslandi, þá ættu þeir nú að skoða þetta aðeins. Málavextir voru þeir að á Norður-Írlandi var sala svínakjöts undir stjórn sérstakrar nefndar sem hét á þeirri tungu Pigs Marketing Board og það var mælt þannig fyrir að svín yfir 77 kg á þyngd, þ.e. „flesk-svín", skyldi ekki selja nema fyrir milligöngu þessarar nefndar, svínamarkaðsnefndar. Með sérstakri reglugerð var lagt bann við flutningi á „flesk-svínum", svínum yfir 77 kg, annað en til kaupmiðstöðvar nefndarinnar. Framleiðendum var skylt að sinna þessu o.s.frv. og gátu fengið á sig sektir allt að 200 pundum ef þeir hlýddu ekki. Og niðurstaða dómsins var auðvitað alveg ljós í þessu. Svona húmbúkk og svínarí vill nú ekki Evrópudómstóllinn. Hann sagði ósköp einfaldlega: Þegar bandalagið, þ.e. Evrópubandalagið, hefur sett á laggirnar sameiginlegt stjórnkerfi í ákveðinni grein landbúnaðar, er aðildarríkjunum skylt að forðast allar ráðstafanir sem geta dregið úr áhrifum kerfisins og það á að fylgja þeirri almennu reglu og svínamarkaðsnefnd þeirra á Norður-Írlandi var dæmd ólögleg. Þannig var nú það, hæstv. forseti.

Ég hygg að þessu litla kveri, sem reyndar kom seint fram þegar langt var liðið á þetta mál, hafi verið of lítill gaumur gefinn vegna þess að menn hafa e.t.v. ekki skoðað það sem skyldi hvaða hlutverki dómstóllinn og rétturinn evrópski og túlkun hans hefur í þessu sambandi öllu. Það verður auðvitað úrslitaatriði þegar út í framkvæmdina er komið hvers er vænta gagnvart tilburðum einstakra ríkja til að gæta sinna hagsmuna eða verja sinn hag. Hvaða vísbendingar fáum við um framgöngu Evrópudómstólsins og þróun Evrópuréttarins frá undanförnum árum í því sambandi? Ég held að þær séu mjög á eina leið. Það er engrar miskunnar þaðan að vænta gagnvart tilburðum einstakra samningsaðila, t.d. til að halda utan um sinn vinnumarkað, vera hliðhollur sinni framleiðslu, sínum vörum o.s.frv. Ó, ekkí. Nei, aldeilis. Þvert á móti liggur hið gagnstæða fyrir að þar er engin miskunn hjá Magnúsi. Þar skulu sko allir vera jafnir hvort sem þar er mikið eða lítið atvinnuleysi, hvort sem þeir eru með jákvæðan eða neikvæðan viðskiptajöfnuð, hvort sem þeirra iðnaður blómstrar eða hann er að deyja. Því að það er nú einu sinni lögmál markaðarins og lögmál frelsisins, sem eru bara að birtast mönnum í slíku, að Írar fara halloka, að þeirra iðnaður stendur veikt og stórfyrir-

tækin á meginlandinu valta yfir þá. Ætli það ekki. Og Írar skulu ekki vera með neitt múður þó að markaðurinn hafi sinn gang og innflutningur flæði yfir þá og þeir missi atvinnuna því að Evrópudómstóllinn dæmir: Engar kynningarherferðir fyrir írskar vörur, takk. Engan áróður fyrir írskri framleiðslu. Svo kemur hæstv. utanrrh. hér og segir við alþýðu manna á Íslandi gegnum fjölmiðlana: Evrópusamningurinn EES er lausn á öllum ykkar vanda. Atvinnuleysið, kjósið EES.

Hæstv. forseti. Ég hafði ætlað mér hérna í umræðum um samning um sjávarútvegsmál að fara dálítið yfir þann þátt og mér þykir mjög miður að stjórn þingsins hefur ekki fallist á þá réttmætu ósk sem ég hygg að hafi verið borin fram að umræðum um sjávarútvegssamninginn lyki áður en 3. umr. um frv. um samninginn sjálfan yrði lokið. Það hefði verið langeðlilegast að mínu mati að þau skoðanaskipti sem eftir eru í umræðum um sjávarútvegssamninginn hefðu farið fram í umræðum um þann dagskrárlið og ekki þurft að blandast inn í umræður um þetta frv. En vilji menn hafa til hliðsjónar áhrifin af þessum sjávarútvegssamningi, þegar þeir ræða þetta mál, þá verður það að gerast hér vegna þess að stjórn þingsins hefur kosið að haga því þannig. Það tel ég miður. Ég hef ekki farið dult með þá skoðun mína að ég telji þennan sjávarútvegssamning okkur Íslendingum óhagstæðan og ég hygg að þeim fjölgi mjög þessa dagana sem eru að komast á sömu skoðun. Tilburðir hv. stjórnarliða til að verja þennan samning gerast í raun og veru broslegri með hverjum deginum sem líður. Meira að segja fjölmiðlarnir hafa í talsverðum mæli kveikt á því að þetta sé heldur aumlegur málatilbúnaður. Það finnst ekki nokkur maður sem vill skipta á loðnukvótanum og karfakvótanum og þegar gengið er jafnvel á hetjur sem hér eiga sæti á Alþingi eins og formann Farmanna- og fiskimannasambandsins og hann spurður, þó hann ætli að styðja þennan samning, hvort hann vilji skipta, þá eftir japl, jaml og fuður og stam mikið er hann ekki tilbúinn til þess. Þannig hefur þeim farið fleirum.

Þessi samningur er auðvita býsna gildur þáttur þessa máls og þess vegna, eins og ég segi, hefði það verið eðlilegt að hann hefði verið útkljáður fyrst og umræðum um hann lokið þannig að ekki þyrfti að fara að draga inn í umræður um frumvarpið sjálft málefni þessa hliðarsamnings.

En ég verð að segja eins og er að mér hefur komið á óvart viðbrögð ýmissa manna gagnvart þessum sjávarútvegssamningi og þessum samningi í heild, m.a. ýmissa forustumanna Sjálfstfl. í sjávarútvegsmálum, ef svo má að orði komast. Ég velti því fyrir mér hvort þeir hafi verið bundnir í eitthvert sérstakt haft, hýddir með einhverri hnútasvipu til þess að ýmist styðja eða þegja um þennan samning. Það er t.d. alveg kostulegt að hér skuli sitja á Alþingi, ég hygg vera formaður Sjómannafélags Reykjavíkur og hann býr við það að á 100 manna fundi í félaginu er þessum sjávarútvegssamningi úthúðað. Mér var ekki kunnugt um annað, a.m.k. þangað til það gerðist, en að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson ætli að styðja samninginn. (**Gripið fram í:** Guðmundur Hallvarðsson.) Guðmundur Hallvarðsson. (**Gripið fram í:** Það má alls ekki rugla þeim saman.) Það má náttúrlega ekki rugla þeim saman því það liggur ljóst fyrir hvað hinn hefði gert. (**Gripið fram í:** Það voru ekki nema 30 á fundinum.) Nú dregur hann heldur úr. (**Gripið fram í:** Eru þetta ómerkilegir fundir hjá þér?) En hvað sem því líður þá verð ég að segja það að manni kemur dálítið á óvart miðað við þann tón sem maður heyrir meðal óbreyttra sjómanna víða og forustumanna í einstökum sjávarútvegsfyrirtækjum sem upp til hópa eru mjög gagnrýnir eða alfarið á móti þessum hlutum, að forustumenn ýmsir í sjávarútveginum hafa eftir sem áður, með semingi þó miklum, eins og allir hafa horft upp á varðandi samtök atvinnurekenda í sjávarútvegi, að nafninu til lýst blessun sinni eða a.m.k. þegja um þessa samninga. En gæti það e.t.v. átt sér þá skýringu að þessir menn, sem eru þarna í forsæti, eru nánast upp til hópa forustumenn í Sjálfstfl.? Þeir eru hugsanlega settir undir nokkurn aga og hafa ekki haft þann kjark, sem hv. þm. Eyjólfur Konráð og fleiri hafa haft til að bera, að rífa sig lausa. Mér hefur einhvern veginn virst að þarna gætu verið á ferðinni slíkar tangarfæðingar — ekki ætla ég að gera lítið í sjálfu sér úr sannfæringu þessara manna, en mér hefur nokkuð þótt skorta á að þeir rökstyddu sína niðurstöðu með þeim sannfæringarkrafti sem nauðsynlegt væri til þess að réttlæta hana.

Ég er t.d. dálítið hissa á því miðað við þá miklu andúð, sem ég þykist verða var við við sjávarsíðuna víða um landið, gegn því að opna upp íslensku landhelgina á nýjan leik og sjómenn mjög víða lýsa sig a.m.k. í einkasamtölum algjörlega á móti, þá skuli það ekki endurspeglast í raun og veru í harðari andstöðu nema svona hjá einstöku kjarkmönnum eins og þeim óbreyttum í Sjómannafélagi Reykjavíkur sem þrátt fyrir formann sinn rífa sig upp og ályktа gegn samningnum. Kannski eigum við eftir að heyra á næstum dögum fleiri slíkar ályktanir frá fleiri sjómannafélögum. En ég hef a.m.k. hitt á sl. ári og nú upp á síðkastið ýmsa sem ekki hafa þurft flóknari röksemdafærslu um þessi Evrópumál öllsömul en þau að berja á brjóstkassann á sér og segja: Ég er á móti því að hleypa EB-flotanum inn í landhelgina. Punktur. Það er mér nóg. Ég er á móti þessu drasli öllu af því ég vil ekki Evrópubandalagsflotann á nýjan leik inn í landhelgina.

Þetta er fullboðleg röksemdafærsla og ekki ómerkilegri en hver önnur því þar fara menn sem vita hvað fyrir því þurfti að hafa að ná þeim árangri á sínum tíma.

Svo koma menn vælandi eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson og reyna að réttlæta þetta með því að þrír eldgamlir belgískir síðutogarar koma endrum og sinnum enn þá vegna samninga sem gerðir voru við Belga í miðju þorskastríðinu. Þar með sé nú ljóst að floti Evrópubandalagsins sé í reynd inni í landhelginni og þess vegna sé þetta allt í lagi, þess vegna séu þetta engin tímamót. Ja, þvílík endemi. Það má ýmislegt segja um þennan samning við Belga á sínum tíma og líklegt er að ef menn hefðu haft meira úthald þá hefði ekkert þurft að gera hann og við hefðum unnið Breta og Þjóðverja hvort sem var og Belgar hefðu þá farið út

úr landhelginni sömu leið og hinir. (**GÁ:** Þeir stóðu með okkur.) En þeir stóðu þó með okkur. Þeir viðurkenndu þó rétt okkar fyrir 200 mílunum út á það að fá þennan samning og það er enginn vafi á því að sálræn áhrif af því voru nokkur. Það eitt með öðru veikti mótstöðuafl Breta og Þjóðverja. Samningurinn er í eðli sínu þannig að hann hverfur úr sögunni og þó svo að Belgar hafi reynst drjúgir við að halda þessum kláfum við og halda þeim *haffærum alveg furðanlega og* snilldarlega þá eru þetta ekki orðin merkileg veiðiskip í dag. Það vill svo til að fyrir einum tveimur árum sá ég einn þeirra og hann var ekki til stórræðanna miðað við upplitið á honum enda varla von, eldgamlir litlir síðutogarar. Þeir gera okkur ekki mikinn usla, þeir síðustu munu hverfa af miðunum á þessu ári eða hinu næsta eða innan skamms, það er alveg augljóst mál. Ég meira segja held að það hafi verið áhöld um hvað mikið þeir sáust yfirleitt á síðasta ári.

Þannig að með þessum aumlega málflutningi tekst hvorki hv. formanni þingflokks Alþfl. né öðrum að komast undan því að með þessum sjávarútvegssamningi er verið að opna íslensku landhelgina fyrir flota Evrópubandalagsins til árlegra samninga um þau samskipti og sér ekki fyrir endann á því.

Ég held reyndar að hæstv. sjútvrh. væri nær að skammast sín fyrir þá hluti sem hann er að gera á hlut sjávarútvegsins um þessar mundir en ekki tala jafndigurbarkalega um hagsmuni hans eins og hann gerir. Ég er þá að tala um það sem gerst hefur í fisksölumálum okkar Íslendinga, en þar hefur hæstv. sjútvrh. nú tekist með langri aðför að sölusamtökunum að afnema einkaleyfi Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda á saltfiskútflutningi. Svo eru menn að tala um að þeir ætli að ná hingað heim hærra verði fyrir saltfisk vegna tollaniðurfellinga á grundvelli EES. Vel má það vera að *það skili hingað heim einhverju og örugglega* nokkru því svo illa tekst nú varla til að við missum það allt í hendur kaupendanna og neytendanna þó þeir hafi örugglega hug á því að ná í sinn hlut. En hvernig meta menn þá áhrifin af þeim aðgerðum sem hæstv. utanrrh. hefur beitt sér fyrir sl. ár á skilaverði á saltfiski? Ég er með þetta merka fréttarit samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegsmálum, sem þeir stjórnarliðar gera ekki lítið með að styðji samninginn. Við skulum þá vita hvað þeir segja um ráðstafanir hæstv. utanrrh. um sölumál í saltfiski. Ætli það gæti ekki farið svo að það sem hæstv. ráðherra hefur gert þar mundi gera meira en að vega upp hugsanlega ávinninga vegna tollaniðurfellinga. Það er a.m.k. enginn efi í hugum Norðmanna eða Spánverja þegar leitað er álits þeirra á því hvað muni gerast á saltfiskmörkuðunum í kjölfar þess að SÍF missi sitt einkaleyfi. Norðmenn hafa verið með blaðamenn samkvæmt þessu fréttabréfi niður á Spáni til að kynna sér málin þar og hvað er sagt þar? Það er sagt að margar greinar hafi birst að undanförnu í norskum blöðum um þetta efni og í þeim kemur fram að Spánverjar eru þeirrar skoðunar að íslenski saltfiskurinn sé sá besti. Mikill munur sé á gæðum íslenska og norska saltfisksins þeim íslenska í hag. Í þessum greinum er mikið skrifað um „íslensku mafíuna" SÍF. SÍF einoki markaðinn, haldi verði uppi og stjórni því hverjir fái að selja íslenskan fisk og hverjir ekki.

Í greinunum kemur enn fremur fram að munurinn á að versla við norska og íslenska saltfiskframleiðendur er að Íslendingar eru meira „professional" og á það við um gæði, merkingar og flokkun.

Svo er sagt frá því hvernig Norðmenn hafi farið *halloka fyrir Íslendingum á Spánarmarkaði og það er* auðvitað einkaleyfið héðan og skipulag okkar Íslendinga á þessum markaði sem er orsökin. Þarna fullyrða þeir sem best þekkja til í málefnum Norðmanna á þessu sviði að staða íslensku mafíunnar, eins og það er kallað innan gæsalappa, haldi verðinu uppi.

Svo kemur neðar: „Í viðtölum við spánska saltfiskseljendur kemur fram að þeir búast við að framboð verði mun meira og að verð muni lækka er SÍF missir einkaleyfi sitt frá og með 1.1. 1993."

Ætli þessir tveir aðilar, helstu samkeppnisaðilar okkar í útflutningum, Norðmenn, og kaupendurnir, Spánverjar, séu ekki dómbærari á þetta en hæstv. utanrrh.? Norðmenn segja: Staða SÍF hefur haldið verðinu uppi. Spánverjar segja: Verðið mun lækka þegar SÍF missir einkaleyfið.

Hvað gæti þetta þýtt í hundruðum milljóna króna sem utanrrh. með skemmdarverkum sínum er að kosta íslenska hagsmuni? Þetta er maðurinn sem kemur svo og ber á borð ýkjukenndar tölur um ávinninga okkar af því að gera EES. Hann hafði ekki svona miklar áhyggjur af íslenskum hagsmunum þegar hann var að brjóta niður það skipulag á markaðnum sem við Íslendingar höfum byggt upp og búið að og notið sannanlega í hærri verðum um áratuga skeið þannig að allir viðurkenna það. Þeir sem fást við sölumálin á Íslandi viðurkenna það, samkeppnisaðilar okkar í Noregi viðurkenna það, kaupendur okkar á Spáni viðurkenna það. Og hverjir eru þá eftir? Jú, náttúrlega hæstv. utanrrh., sem eins og venjulega veit þetta einn, betur en allir aðrir menn, er óskeikull og talar af hroka og lítilsvirðingu um önnur sjónarmið en sín eigin.

Hæstv. forseti, ég ætla þá að ljúka máli mínu, enda flest það sagt af minni hálfu í þessu máli sem ég tel að fram þurfi að koma. Ég hef við þessa 3. umr., fyrst og fremst í seinni ræðu minni, svarað því sem fram hefur komið af hálfu hæstv. utanrrh. í hans dæmalausu ræðu í upphafinu sem gerði það að verkum að af minni hálfu var ekki nokkur kostur þess að láta hjá líða að taka aftur til máls og svara þar ýmsu. Ég hef látið hjá líða að minnast á ræðu hv. 6. þm. Reykn., Karls Steinars Guðnasonar, nema í stuttu andsvari í gær og ég held ég geti látið það duga í sjálfu sér. Ég hef ekki orku í það alveg á næstunni að fara að ræða við þennan fyrsta þingmann sem lýsir því yfir á Alþingi Íslendinga að við eigum að ganga í Evrópubandalagið. Ég gerði það hins vegar í gær að ég þakkaði hv. þm. fyrir að koma til dyranna eins og hann væri klæddur og segja sinn hug í þessum efnum. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að við vitum hvernig þessi mál standa orðið í Alþfl., a.m.k. hjá þessum hv. þm. Hv. þm. er þar sannarlega ekki einn á ferð, hann vísaði máli sínu

til ungkrata og gerir sér örugglega vonir um að hann verði ekki lengi einn foringi þeirra eða boðberi þeirrar stefnu í Alþfl. að við eigum að ganga í Evrópubandalagið.

Nei, ég ætla að leiða þessa ræðu hjá mér í bili, það kemur að því ef svo illa fer, hæstv. forseti, að við þurfum að taka á Alþingi upp umræðuna um aðalmálið sjálft, þ.e. inngöngu í Evrópubandalagið. Þeir eru ýmsir sem óttast að það séu fleiri sem hugsi eins og hv. 6. þm. Reykn. en bíði með að segja það. Það læðist ýmislegt út úr foringjum Alþfl. í útlöndum eins og kunnugt er. Hæstv. iðnrh. slæddist á fund í Noregi á síðasta ári og lét þar taka við sig viðtal í einhverju blaði, Aftenposten eða eitthvað. Þá komu allt í einu upp úr honum hlutir sem hann hafði aldrei þorað að segja hér heima um hug hans til Evrópubandalagsins. Þannig að e.t.v. er það svo að í Alþfl. séu fleiri sem hugsi á svipuðum nótum og hv. 6. þm. Reykn. en þora ekki að segja það eða bíði með það, e.t.v. af taktískum ástæðum að segja það, af því þeir telji það ekki skynsamlegt að ráðast á aðalvirkið sjálft í þessu áhlaupi, þ.e. andstöðuna við sjálft Evrópubandalagið. Þeir láti sér nægja að brjóta niður ytri múrana með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu og þessari aukaaðild að Evrópubandalaginu sem sá samningur sannanlega er.

Ég ætla ekki að hafa um þetta frekari orð, hæstv. forseti, en ég ætla aðeins í lokin að ræða um þessa blómabrekku, framtíðarríkið sjálft, Evrópubandalagið, af því að fyrir utan margt athyglisvert í ræðu hv. þm. og reyndar fleiri þá hafa mér um margt þótt merkilegastar væntingar manna í sambandi við þetta nýja stórríki Evrópu. Þessi ótrúlega bjartsýni á að þar sé að rísa upp í raun og veru fyrirmyndarríkið sem verði lýðræðislegt, sem verði ekki miðstýrt, þar sem verði alls engin skriffinnska, eins og hv. þm. Karl Steinar sagði í gær, það væri bara lygi að það væri mikil skriffinnska í EB, það væri bara allt saman lygi. Það eru ekki nema 16.000 manns sem vinna þar, sagði hann, þetta er bara svona eins og lítill og þægilegur hreppskontór. Svo er það auðvitað þannig að menn tala um það að þetta sé alveg sérstaklega vingjarnlegur félagsskapur, samvinnuhreyfing, sagði einhver. (Gripið fram í.) Og hafi það einhvern tímann verið að Evrópubandalagið væri bandalag stórfyrirtækjanna þá er það liðin tíð. Þetta er bandalag fólksins væntanlega — er það ekki? Er það svo? Ja, hvað segir fólkið í Evrópu? Telja Danir að þetta sé alveg sérstaklega lýðræðislegt og gæfulegt sem stefnir í í Evrópubandalaginu, með Maastricht og öllu því? Þeir telja það nú ekki, hv. þm. Ýmsu geta kratar reynt að ljúga en ekki því að Danir hafi samþykkt Maastricht, það er alveg vonlaust. Það væri þá helst að hæstv. utanrrh. hefði kjark í sér að koma hér og fullyrða það alveg blákalt að Danir hefðu samþykkt Maastricht, það væri misskilningur og lygi að þeir hefðu fellt það. Það væri eftir öðru. Nei, það reyndist svo að í Danmörku, í Frakklandi, í Sviss, í Bretlandi, í Þýskalandi og víðar, þá kom bullandi andstaða almennings við þetta batterí mönnum mjög á óvart. Ársins 1992 mun verða minnst fyrir ákveðin straumhvörf sem urðu í umræðunum um þetta mál af þessum sökum. Frakkar, Evrópusinnaðastir allra þjóða, rétt mörðu Maastricht í gegn og lagði þá goðið sjálft, Mitterrand, undir titil sinn.

Í Þýskalandi sýndu skoðanakannanir ótrúlega útbreidda andstöðu. Í Bretlandi fara menn ekki í grafgötur um það hvað mundi gerast ef breska þjóðin fengi að segja sitt álit. Breski íhaldsflokkurinn hefur þurft að beita alls konar bolabrögðum til að ná að berja nógu marga þingmenn sína til fylgilags við Maastricht. Þetta liggur fyrir. Þannig að fólkið hefur efasemdir, hv. þm. Þvert á móti halda menn að þetta sé dálítið ólýðræðislegt, að það sé fjandans skriffinnska þarna, að embættismennirnir séu orðnir nokkuð valdagírugir og hafi mikla tilhneigingu til þess að ráða þessu sjálfir hvað sem fólkinu líður.

Þannig verður til orðbragð af því tagi að beint lýðræði og vilji fólksins sé vandamál. Þessir Svisslendingar sem eru alltaf að kjósa, þetta er vandamál, þetta er voðalegt „problem" að vera með svona þjóð með í lestinni sem er alltaf að kjósa og fær sjálf að ráða. Þetta er ekki hægt, segja þeir í Brussel, við viljum ekkert hafa með þessa Svisslendinga, þeir eru alltaf að spyrja þjóðina álits, við þurfum að geta ákveðið þetta sjálf. Þannig eru viðhorfin, því miður.

Staðreyndin er auðvitað sú að það er ekki bara uppbygging og þróunin í Evrópubandalaginu sem menn horfa til með nokkrum áhyggjum, menn horfa náttúrlega líka á þau vandamál sem þarna er við að glíma eins og atvinnuleysið. Við skulum ekkert fara í grafgötur með það hver bakgrunnurinn fyrir þessum samruna og þessum innri markaði er. Hann er auðvitað ótti Evrópu við það að þeir væru að verða undir í samkeppni stórveldanna á markaðinum. Að Bandaríkin, með sínu nýja viðskiptasamkomulagi við Kanada og Mexíkó, sem er búið að vera í undirbúningi í mörg ár, mundu verða of sterkt afl gegn þeim, að Japan og Austur-Asía mundu keyra yfir evrópsk stórfyrirtæki ef þeir ekki sameinuðu kraftana í þessum markaði. Gömlu nýlenduríkin í Evrópu töldu ósköp einfaldlega sína daga talda sem stórveldi og sem heimsveldi ef þau legðu ekki saman kraftana.

Eru þeir þá að hugsa um jaðarsvæðin? Eru þeir þá að hugsa um lýðræðið, eru þeir þá að hugsa um valddreifða ákvarðanatöku? Nei. Og auðvitað er það út af fyrir sig ljóst að þessi sameining kraftanna í evrópska fjármagnsheiminum og hjá evrópsku stórfyrirtækjunum hefur aukið mönnum víða trú á að Evrópublokkin muni geta staðið sig í samkeppninni. Ég er ekkert að gera lítið úr því. Menn sem fullyrtu fyrir svona fimm árum síðan að það yrði hlegið að Evrópu strax á fyrri hluta næstu aldar og þá hefðu Asíuþjóðirnar og Norður-Ameríka jafnvel keyrt fram úr. Þeir gera það kannski ekki með sama skapi.

En það er ekki það sem snýr að okkur Íslendingum og okkar hagsmunum í þessu sambandi. Þvert á móti. Það á að vera nægjanlega upplýsandi fyrir okkur um það hverra hagsmunir ráða þarna ferðinni. Það eru auðvitað hagsmunir fjármagnsins og stórfyrirtækjanna. Það er auðvitað samkeppnisstaða Evrópu í viðskiptastríði blokkanna, sem m.a. endurspeglast í

GATT-viðræðunum og þráteflinu þar, sem þarna er undirrótin, undirstraumarnir eru af þeim toga. Alveg fjandans sama hvað menn fjasa um á sunnudögum og er ætlað fyrir almenning til að hlusta á um að þetta eigi að verða umhverfisvænt og lýðræðislegt og vinsamlegt allt saman. Það er hægt að setja á slíkar plötur endalaust.

Við Íslendingar þurfum að eiga góð samskipti við þessar þjóðir eins og við höfum átt og eins og við eigum, og er ekkert í sjálfu sér hvorki nýtt né gamalt í þeim efnum. Menn tala eins og hér sé tekist á um það hvort Ísland eigi að vera Evrópuþjóð og eiga viðskipti við Evrópu. Hvílík fjarstæða. Það hefur enginn talað um annað, það hefur engum dottið annað í hug. Ísland er auðvitað Evrópuþjóð, að vísu í útjaðrinum, ákveðin brú milli heimsálfanna. Við þurfum að rækta og gæta að þessum samskiptum, hér eftir sem hingað til, en við eigum að reyna að kappkosta að gera það sem mest á okkar eigin forsendum þannig að við getum varðveitt okkar sérstöðu og gætt hennar og notið hennar.

Ég heyrði í útvarpinu í morgun ágætis fólk koma aðeins inn á þetta mál. Og eitt af því sem einn aðilinn þar sagði, væntanlega stuðningsaðili þessa máls að nokkru leyti a.m.k., að þetta yrði svo gott fyrir okkur Íslendinga því að við gætum sent ungt fólk til menntunar í Evrópu ef við gerðumst aðilar að þessum samningi. Hefur eitthvað staðið á því? Höfum við átt í einhverjum erfiðleikum með það? Hafa menn ekki verið að læra í Frakklandi allt frá því að Sæmundur var í Svartaskóla? Ég veit ekki annað. Það er þá fyrst núna sem ríkisstjórnin er að eyðileggja Lánasjóð ísl. námsmanna að þetta er að verða erfitt. Evrópa hefur verið opin fyrir íslenska námsmenn og það er ekkert nýtt í því. Við höfum gert samninga við Evrópulönd um gagnkvæm skipti, Háskóli Íslands er með samninga við bæði bandaríska og evrópska háskóla o.s.frv. Við þurfum ekki út í svona skógarferðir til að rökstyðja okkar mál. Þannig mál getum við leyst án þess að gerast aukaaðilar að Evrópubandalaginu.

Við getum tekið upp flugpakkann, við getum gerst aðilar að frelsi á sviði flugmála án þess að gerast aukaaðilar að Evrópubandalaginu. Það er enginn minnsti vafi á því að okkur stendur það til boða. SAS-löndin höfðu þegar 1989 fengið vilyrði fyrir því að hvað sem yrði um EES eða EB þá gætu þau sem slík gerst sjálfstæðir þátttakendur í flugpakkanum. Þannig er það auðvitað þegar við förum yfir málin að við getum gert samninga um samskipti á einstökum sviðum, um menntun og þróun, um samgöngur og fjölmargt fleira á okkar eigin forsendum og höfum verið að gera það. Þannig að það er misskilningur að þetta mál snúist um það hvort við ætlum að eiga samskipti eða ekki samskipti við Evrópuþjóðir, fjölbreytt og vonandi hagstæð. Málið snýst um það hvaða aðferð er best, hvað hentar okkur Íslendingum. Hvernig við getum, þessi pínulitla smáþjóð, þessi agnarsmái markaður, sem býr við það undur að eiga sjálfstæða menningu og sjálfstæða tungu, samt verið fullgildir þátttakendur í þessu og borið höfuðið hátt.

Það þýðir ekki að bera okkur saman við Lúxemborg, eins og hér var gert, sem deilir tungu og menningu og landamærum og landi við þessar þjóðir og hefur atvinnulíf sem er miklu sambærilegra þeirra og reyndar eins, sem er iðnaðarþjóð. Sem veiðir ekki fisk af skiljanlegum ástæðum. Ég veit ekki hvar menn eru staddir sem þurfa að fara út í slíkt máli sínu til framdráttar, af því að Lúxemborg hafi ekki orðið rústir af sambýli við hinar Evrópuþjóðirnar þá sé þetta allt í lagi fyrir Ísland. Svoleiðis málflutningur dugar ekki. Ef á hólminn er komið þá skulum við ræða þetta út frá íslenskum aðstæðum, íslenskum hagsmunum og íslenskum forsendum, þ.e. þeir sem það kjósa. Ef menn eru komnir inn á annað spor, ef það er orðið eitthvað annað, ef framtíðarsýn þeirra er önnur en sjálfstætt Ísland, þá er auðvitað nauðsynlegt að fá það fram og þá skulum við ræða það þannig. Ég er ekki þeirrar skoðunar, það er vonandi ljóst af mínum málflutningi hér.

Hæstv. forseti, ég lýk þá máli mínu við þessa 3. og síðustu umræðu um þennan samning. Ég á mér ennþá trú að við getum komist hjá því að gera hann og leyst okkar samskipti við grannríki okkar og vinþjóðir í Evrópu með öðrum og farsælli hætti en ég er sannfærður um að yrði ef við neyðumst til þess að gera þennan samning.

Karl Steinar Guðnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e., fulltrúi afturhaldsins og vanmetakenndarinnar, hefur lokið máli sínu. Hann hóf mál sitt kl. 13.45 og hefur talað síðan. Og hefur ekkert sagt nema það að hann át upp eftir þingmanni í gær að ég hefði talað um landráð þingmanna í ræðu minni. Mér fannst það ekki svara vert því að ég kannaðist ekki við að hafa sagt það. En ég fór nú samt að efast og gáði í ræðuritun hvort svo hefði verið að ég hefði mismælt mig. Það reyndist ekki vera. Hins vegar voru landráðabrigsl Þjóðviljans býsna algeng.

Líklegt er að hv. þm. í dag og í gær hafi verið að vísa til þess þegar ég sagði, með leyfi forseta: „Þegar EFTA-samningurinn var gerður fullyrtu fulltrúar afturhaldsins og vanmetakenndarinnar að Ísland yrði fyrst og fremst útibú fyrir erlenda auðhringa og veiðistöð fyrir samevrópskan markað."

Tilefni þess að ég sagði þetta var það að í grein sem hv. þm. Ragnar Arnalds skrifaði 8. nóv. árið 1969 segir svo, með leyfi forseta: „Við skulum ekki gleyma því að Ísland er og verður útkjálki í Evrópu. Ef Ísland rennur inn í stóra efnahagsheild mun að því stefna að landið verði fyrst og fremst útibú fyrir erlenda auðhringa og veiðistöð fyrir samevrópskan markað. Aðildin að EFTA er einmitt spor í þessa átt."

Ég vildi að þetta kæmi hér fram, að svona er þetta. Annað er það að þann langa tíma sem hv. síðasti ræðumaður talaði þá notaði hann þó þann tíma til þess að rógbera fjarstatt fólk. Sérstaklega fannst mér athugavert við það er hann réðist að hæstv. ráðherra Jóni Sigurðssyni á svo ósmekklegan hátt að mörgum hér inni í húsinu lá við uppköstum. Nú er þetta vænsti maður í allri daglegri umgengni, hv. þm. Steingrímur Sigfús-

son, og ég undra mig á því hvernig svona getur gerst.

En ég vil líka taka fram, (**Forseti:** Tíminn er búinn.) ég hef lítinn tíma að vísu, að það er rangt sem hér hefur komið fram að verkalýðshreyfingin hafi lagst gegn EES. Það er rangt, mjög rangt.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Ég hafði engar fullyrðingar uppi, hæstv. forseti, um það að verkalýðshreyfingin hefði lagst gegn EES. Ég benti hins vegar á þá staðreynd að hún hefði krafist þjóðaratkvæðis og hún hefði heldur ekki samþykkt neinn stuðning við EES. Og á þingi Alþýðusambands Íslands, eins og hv. þm. veit, voru ekki afgreidd þau drög að ályktun sem þar lágu fyrir með jákvæðu orðalagi gagnvart EES, þeim var vísað frá fundinum.

Hv. þm. kom svo hér upp og flutti mjög hefðbundna alþýðuflokksræðu. Við erum fulltrúar vanmetakenndarinnar og aumingjadómsins, einangrunarinnar, og við segjum aldrei neitt nýtt. Þeir heyra aldrei neitt annað en það sem þeir sjálfir vilja heyra, enduróm sinna eigin skoðana, önnur hlið er ekki til á þessu máli í hugum þeirra gegnumtrúuðu, sanntrúuðu Evrópusinna sem þarna fara. Þannig er nú það. Mér finnst það auðvitað mjög sláandi að fyrsti þingmaður Evrópuaðildarinnar á Alþingi Íslendinga, Karl Steinar Guðnason, skuli koma upp og saka aðra þingmenn um vanmetakennd, þá sem tala fyrir óskertu sjálfstæði og fullveldi íslensku þjóðarinnar. Þá sem eru á móti því að afsala sér í nokkru frumkvæði að lagasetningum. Þá sem eru ekki hrifnir af því að missa lögsögu í málum íslenskra lögaðila og fyrirtækja og einstaklinga út úr landinu að hluta til. Það eru fulltrúar vanmetakenndarinnar. En ekki hinir, sem vilja bara ganga í Evrópubandalagið. Sem eru búnir að missa trúna á það að Ísland geti í raun og veru staðið á eigin fótum, verið sjálfstætt og fullvalda ríki áður en lýðveldið nær 50 ára aldri. Nei, þeir eru ekki fulltrúar vanmetakenndarinnar, nei nei nei, það eru hinir.

Svona er nú hægt að snúa hlutunum við og þetta er alveg í stíl við annað hjá Alþfl. Ég er alveg viss um það að almenningur í landinu mun hugsa sig vel um áður en hann kýs þennan flokk í næstu kosningum. Ég leyfi mér að búast við þeim vatnaskilum að ekki fái Alþfl. bara rækilega á kjaftinn eins og hann fékk eftir samstarf með Sjálfstfl. í lok viðreisnar, heldur verði honum líka launuð frammistaðan í þessum sjálfstæðismálum þjóðarinnar í næstu kosningum.

Karl Steinar Guðnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil leiðrétta hv. fulltrúa afturhaldsins, að fyrir ASÍ-þingi lágu ekki drög að ályktunum, það er rangt. Það lá frammi skýrsla frá sérfræðingum Alþýðusambandsins um EES-málefni og það voru engar tillögur sem voru þar inni.

Hins vegar er það alveg ljóst að ASÍ leggst ekki gegn Evrópska efnahagssvæðinu, öðru nær.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Það er ljóst að það voru innan Alþýðusambandsins, sem hefur 70 þúsund félagsmenn, skiptar skoðanir um þetta mál, eins og eru með þjóðinni. Af sjálfu leiðir. Það hefðu verið mikil undur ef þar hefðu allir verið á einu máli.

En hitt er ljóst að um eitt náði Alþýðusambandið saman, og það var að þjóðin fengi að segja sitt álit. Menn gerðu sér m.a. grein fyrir því vegna þeirrar staðreyndar sem menn stóðu frammi fyrir innan Alþýðusambandsins um mismunandi sjónarmið, að eina færa leiðin fyrir þjóðina til að lenda þessu máli var lýðræðisleg atkvæðagreiðsla. Hvar var hv. þm. Karl Steinar Guðnason þá? Gat hann tekið undir með félögum sínum í verkalýðshreyfingunni um þá kröfu, að þjóðin fengi að segja sitt álit?

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ótrúlegar eru þær flenniræður sem tiltölulega fámennur hópur stjórnarandstæðinga hefur flutt hér um langa hríð og virðist hafa það eitt sér til fulltingis að vera algleiðir til munnsins. Endalaust, án þess að láta mikið rakna í máli sínu fram með rökum og öðru sem ástæða er til að fjalla um.

Og hv. þm. Steingrímur Sigfússon fjallaði nokkuð um viðhorf sjómanna og aðila í sjávarútvegi til hins evrópska efnahagssamnings og fylgiþátta og hélt því fram að þar væri sterk andstaða. Sá þingmaður sem heldur slíku fram er fjarri öllu nokkru eðlilegu sambandi við þá aðila sem hann vitnar til. Hann er hátt á heiðum uppi, vegna þess að þorri sjómanna og aðila í útvegi er áfjáður í að ganga til þess samnings sem hér um ræðir. (**Gripið fram í:** Ekki Sjómannafélag Reykjavíkur.) Þetta er mergurinn málsins og staðreyndin enda gera sjómenn sér kannski betur grein fyrir því en margar aðrar stéttir, þeir sem afla fyrir grunninn í íslensku þjóðfélagi, að þarna eru möguleikar til aukinna verðmæta fyrir minna magn og saman fara hagsmunir sjómanna og fiskvinnsluaðila í landinu sem sjá mjög mikla möguleika í dýrmætari pakkningum, í dýrmætari framleiðslu á þessum stöðugasta og sterkasta markaði í heimi.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var nú í raun og veru ekki andsvar við minni ræðu þannig að ég sé nú í sjálfu sér ekki ástæðu til að svara því miklu. Ég vil bara nota tækifærið og vekja athygli á því að það var þá aldeilis þegar kom að því að hv. þm. hélt ræðu um þetta EES-mál, að hún var aldeilis stórbrotin og málefnaleg og með miklum rökstuðningi, sérstaklega upphafið. Ég leyfi mér að vekja athygli á þessari miklu snilld þegar hv. 3. þm. Suðurl. loksins geysist hér í ræðustólinn. Hann notaði tíma sinn vel, (**Gripið fram í:** Kom hann því ekki fyrir þér?) talaði aðallega um munnvídd, og ferst honum það auðvitað vel, það er ljóst. Enda hefur vinur hans og kunningi í Eyjum, Sigmund, teiknað hann í samræmi við það.

Nei, ég held það sé ekki ástæða til þess að svara svona löguðu miklu og við getum deilt um það hvert sé viðhorf íslenskrar sjómannastéttar til þessa máls. Hún hefði fengið að segja álit sitt ásamt með öðrum

stéttum landsins ef hún hefði fengið að kjósa um málið. Ég er ekkert hræddur um það að íslenskir sjómenn hefðu ekki að lokum metið heildarhagsmunina rétt í þessu máli, og þeir væru jafnvel menn til þess að kjósa samkvæmt sannfæringu sinni út frá heildarhagsmunum Íslands, þó að þeir kynnu að meta sína persónulegu hagsmuni eitthvað öðruvísi. Það gætu menn nefnilega þurft að gera. Það er auðvitað hægt að hugsa sér að einstakir aðilar græði í máli sem í heildina tekið sé svo óhagstætt fyrir þjóðfélagið að það sé ekki svaravert, borgi sig ekki.

Þannig eru einmitt aðstæðurnar í þessu máli. Og ég get alveg fullvissað hv. þm. Árna Johnsen um það að ég held að aðilar í sjávarútvegi upp til hópa, hvað sem líður endanlegri afstöðu þeirra, séu a.m.k. það mikið betur á vegi staddir heldur en talsmenn samningsins hér inni á Alþingi, að þeir sjá bæði kost og löst á þessu máli. Hvernig þeir vega það svo upp til endanlegrar niðurstöðu, hver og einn, ég er ekki dómbær á það hvernig hlutföll liggja þar. En hef ég a.m.k. áttað mig á því af samtölum mínum við þessa menn að þeir eru það mikið betur á vegi staddir heldur en stjórnarliðar hér að þeir sjá bæði kost og löst í málinu. Mikið kann ég nú betur við að skiptast á skoðunum við slíka.

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingímur Sigfússon reyndi að vísu að draga í land varðandi fyrri ummæli sín um afstöðu aðila í sjávarútvegi til hins Evrópska efnahagssvæðis. En það undirstrikar eingöngu þann flumbruhátt sem þingmaðurinn ástundaði í málflutningi sínum. Auðvitað veit þingmaðurinn betur að hann gat ekki fullyrt, eins og hann gerði, fyrir hönd sjómanna eða fiskvinnslumanna. Ég vil minna á að fjölmargir aðilar, bæði til sjós og lands, hvort sem um er að ræða bæjarstjórn Kópavogs, bæjarstjórn Vestmannaeyja, stjórn Farmanna- og fiskimannasambands, ýmsa aðila í sjávarútvegi og bæði félagasamtök og stofnanir hafa hvatt til þess að ganga til þessa samnings. Og það hrekur fyrst og fremst þann málflutning sem þingmaðurinn lagði hér fram.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hv. þm. Árni Johnsen veit vonandi að það hafa líka fjölmargir aðilar lýst gagnstæðum sjónarmiðum, Vélstjórafélagið, Sjómannafélag Reykjavíkur, Fiskifélagið og fjölmargir aðilar hafa lýst efasemdum eða andstöðu við þennan samning. Einnig einstök verkalýðsfélög úti á landi þar sem sjómenn og fiskvinnslufólk er fjölmennt. Þannig að ætli það sé nú ekki einmitt sönnun þess að þetta mál er umdeilt og sýnist sitt hverjum.

Hv. þm. veit væntanlega einnig, ef hann hefur fylgst með, að í öllum skoðanakönnunum sem gerðar hafa verið á eins og hálfs árs tímabili þá hafa andstæðingar EES-samningsins verið jafnmargir eða fleiri en stuðningsmenn. Og þar hefur andstaðan, þegar það er flokkað eftir kjördæmum, verið yfirgnæfandi úti á landi, hjá því fólki sem mest byggir á sjávarútvegi. Segir það hv. þm. virkilega enga sögu?

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði hér mjög um sjómenn og þeirra skoðanir varðandi EES. Í Sjómannafélagi Reykjavíkur ríkir lýðræði, samanber það sem gerðist ekki fyrir löngu í þingflokki alþýðubandalagsmanna þegar Svavar Gestsson var felldur sem kandídat til þingflokksformanns. Það er lýðræði í sjómannafélaginu sem betur fer alveg eins og að maður skyldi ætla í Alþb.

En það er dálítið athyglisvert að líta aðeins á plagg sem heitir „Okkar Ísland", og er kosningastefnuskrá Alþb. Þar segir m.a. með leyfi forseta: „Íslendingar eru og verða Evrópuþjóð í menningarlegu tilliti." Og síðar: „Íslendingar eru fámenn þjóð með tiltölulega opið hagkerfi og eiga allt sitt undir utanríkisverslun. Það er mikilvægt fyrir Ísland að kerfi fríverslunar í alþjóðaviðskiptum nái að þróast og dafna."

Það er athyglisvert að lesa þetta hugsandi um orð þessa ágæta þingmanns áðan þegar hann bar það fram að íslenskir námsmenn erlendis þyrftu ekki að hafa neinar áhyggjur af þessu EES-samkomulagi. En það er nú allt annað. Það skiptir framtíð þeirra verulegu máli hvað áhrærir þennan EES-samning.

Aðeins varðandi Alþýðusambandið og samþykktir þess. EES-samningnum var ekki hafnað og hann var ekki afgreiddur jákvætt. En í meginmáli þess þingskjals sem lagt var fram á Alþýðusambandsþinginu — það er rétt, sem þingmaðurinn fór með hér áðan, að ASÍ krafðist þjóðaratkvæðagreiðslu — eru taldir upp fjöldi annarra punkta sem fram hafa komið í því EES-samkomulagi sem nú liggur fyrir, væntanlega til samþykktar. Að frátalinni kröfu um þjóðaratkvæðagreiðslu segir í lokaorðum: „Á grundvelli þess sem að framan er sagt og þeirra tillagna sem settar eru fram hér að ofan álítur ASÍ að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði sé ásættanlegur." Hann er það. Og ég er sannfærður um að slíkur hugur til EES blundaði í hugum og brjóstum meiri hluta fulltrúa á Alþýðusambandsþinginu.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Nú getum við, hæstv. forseti, eingöngu haft uppi getsakir um það hvað blundar í brjóstum manna á mörg hundruð manna þingi. Hitt er ljóst að verkalýðshreyfingin og þeir sem unnið hafa að þessu máli á hennar vegum hafa mismunandi sjónarmið og áherslur, eins og sjá má af því að ein heildarsamtök eru beinlínis andvíg samningnum en önnur leiða hann hjá sér en óska eftir þjóðaratkvæði. En svo mikið veit ég af viðtölum við menn innan Alþýðusambandsins að þeir setja mikla fyrirvara um ýmis óútkljáð atriði sem varða framkvæmd t.d. vinnuréttarmálanna. Það er því að mörgu leyti af eðlilegum ástæðum sem þessir aðilar hvorki hafna né skrifa upp á samninginn fyrr en þeir sjá hver verða afdrif mála eins og skylduaðildar að verkalýðsfélögum o.s.frv. Fjölmargt sem varðar réttarstöðu verkalýðsfélaga og vígstöðu er ekki í sjálfu sér ljóst hvernig fer með og getur skipt miklu máli. Við vitum að verkalýðshreyfingin víða í Evrópubandalagslöndunum er mjög veik. Fjöldi félagsmanna, kannski

innan við helmingur af þeim sem eru starfandi á vinnumarkaði o.s.frv. Þetta veit ég að hv. verkalýðsforingi hlýtur að átta sig á. Fyrir utan efnisatriði samningsins beint geta því verið fjölmörg slík atriði sem ég veit að Alþýðusambandið hefur sett skýra fyrirvara um og það mun ekki standa við þau orð að það telji samninginn ásættanlegan nema þessi atriði útleysist með farsælum hætti. Það hafa a.m.k. talsmenn þess tjáð mér.

Síðan er ég þakklátur hv. þm. fyrir að lesa upp úr samþykktum Alþb., hvort heldur er fyrir kosningar eða eftir. Það er alveg rétt að við leggjum m.a. áherslu á nauðsyn og gildi fríverslunar og þess vegna var það auðvitað eitt mesta áfallið í þessum samningum að meginkrafa Íslands um fríverslun með fisk náðist ekki fram. Og þarna er m.a. verið að vísa í það. Þá væri hagsmunum Íslands verulegt grand gert ef við gætum með samningum rutt burtu öllum ríkisstyrkjum og niðurgreiðslum samkeppnisaðilanna. En það heitir fríverslun á alþjóðlegu máli samkvæmt skilgreiningum GATT.

Sú krafa náðist ekki fram, því miður. En Alþýðubandalagið styður það vegna þess að það væri augljóslega í þágu hagsmuna Íslands að slíkt fyrirkomulag kæmist á.

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi EES þá hefur það komið fram hér í ræðu þeirra alþýðubandalagsmanna að Ísland verði eitt lítið hjól í öllu því vélvirki sem er EES. Ég tel eðlilegt að menn tali svo. En menn skulu ekki gleyma því að eitt lítið hjól ræður miklu um hraða og gang hinna stærri hjóla. Það er tvímælalaust betra fyrir Íslendinga að taka á og vera með og hafa áhrif í mótun þeirra fjölmörgu málaflokka sem enn liggja fyrir og á eftir að ganga formlega frá. Þess vegna tel ég eðlilegt að Íslendingar séu þátttakendur.

En síðasti ræðumaður kom ekkert inn á það sem Alþb. segir hér að Íslendingar eru og verða Evrópuþjóð í menningarlegu tilliti. Þeir verða það líka í viðskiptalegu tilliti og þurfa að vera það.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nema hvað, hv. þm., nema hvað? Hvenær hefur annað staðið til en að Ísland væri Evrópuþjóð í menningarlegu tilliti, uppruna síns og samskipta vegna? Það hefur aldrei neinn nefnt neitt annað. Það væri þá helst að Ísland væri Ameríkuþjóð að því leyti til að við skrifuðum sögu Grænlendinga á ákveðnu tímabili sem eru jú Ameríkuþjóð eins og allir vita. Og í viðskiptalegu tilliti verðum við það auðvitað að verulegu leyti.

Menn geta deilt um það hvort við höfum kannski gengið of langt í því, eins og menn eru að skrifast á um í blöðunum í morgun, að vanrækja aðra markaði nú þegar eins og Ameríkumarkað. Ég er þeirrar skoðunar að við höfum í raun og veru glatað þar dýrmætum hagsmunum sem við vorum búnir að kosta til við að byggja upp. En ég er hræddur um að slík sjónarmið muni eiga enn erfiðara uppdráttar ef sú keyrsla inn í þetta tollmúrabandalag Evrópubandalagsins heldur áfram sem hér er boðuð. Ég er sannfærður um að staða Íslands er betri ekki sem agnarlítils tannhjóls inni í þessu gangverki heldur sem sjálfstæðs, fullvalda aðila.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Við 2. umr. þessa máls gerði ég ítarlega grein fyrir meginviðhorfum mínum í málinu. Ég efast um að ég hefði þar haft miklu við að bæta ef hæstv. utanrrh. hefði ekki komið fram á þann veg sem hann gerði í útvarps- og sjónvarpsumræðum sl. fimmtudag þar sem hann tvinnaði saman hverri blekkingunni af annarri og hverjum ósannindunum af öðrum. Það er því óhjákvæmilegt að svara því og ræða það sem hann kom þar fram með. Ég vildi eindregið óska eftir því við virðulegan forseta að hann bæði hæstv. utanrrh. að koma og hlusta á nokkrar spurningar sem ég óska eftir að leggja fyrir hann.

Menn kunna kannski að spyrja hvort ég sé ekki með ræðu minni hér að taka þátt í meintu málþófi stjórnarandstæðinga sem mönnum hefur orðið mjög tíðrætt um. En ég frábið mér að sjálfsögðu allar slíkar ásakanir og tel þær algjörlega út í hött. Talað er um að hér fari fram málþóf þegar menn eru margir hverjir að tala í fyrsta skipti í þessu máli og aðrir í annað sinn. En það er einmitt staðreynd þessa máls að margir stjórnarandstæðingar, að ég tali ekki um stjórnarsinna, hafa aldrei talað í þessu máli en eru að bætast við, einn og einn, í fyrsta sinn. Og aðrir eru að tala í annað sinn í málinu í þinginu, eins og á við um þann sem hér stendur nú.

Ég heyrði það sagt í gær og get lesið það í Morgunblaðinu í morgun, að þessi umræða sé orðin lengri en aðrar umræður sem orðið hafa á Alþingi. Menn draga þá ályktun af því að þá hljóti þetta að vera málþóf. Menn segja að þetta sé m.a.s. orðin lengri umræða en umræðan um kvótalögin. Fyrr má nú vera ósköpin að menn skuli leyfa sér að tala um Evrópskt efnahagssvæði lengur en um hið stórmerkilega kvótamál sem var hér til umræðu fyrir nokkrum árum. En ég spyr: Þegar allir gera sér grein fyrir því að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði er hundraðfalt umfangsmeira mál en kvótamálið, bæði hvað efnisatriði varðar og allt umfang, þarf þá nokkur að vera undrandi á því að umræðan taki einhvern tíma og sé jafnvel lengri en dæmi eru um fyrr á Alþingi?

Auðvitað er það staðreynd, sem ég sagði einmitt við 2. umr. málsins, að forsprakkar stjórnarsinna, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., hafa komið þeirri þjóðsögu af stað að stjórnarandstæðingar haldi uppi málþófi. Því hafa þeir svo tönnlast svo á að margir eru farnir að trúa þessu, jafnvel hinir virðulegustu fjölmiðlar. Ég sé það t.d. að í DV í morgun er grein þar sem sagt er: „Málþóf hefur staðið um EES-málið í 80 tíma.“ Umræðan hefur sem sagt staðið í 80 tíma og það er greinilegt á þessum ummælum að það er litið á það sem málþóf alveg frá því að umræðan hófst.

Þetta er alveg í fullu samræmi við það sem fram hefur komið hjá utanrrh., sem byrjaði að kvarta yfir málþófi stjórnarandstæðinga í blaðaviðtölum erlendis

áður en 2. umr. hófst. Síðan fylgdi hæstv. forsrh. strax í kjölfarið með því að fullyrða eftir að einn stjórnarandstæðingur hafði talað, hv. þm. Steingrímur Hermannsson, að það hlyti að vera þörf á því að skera niður ræðutímann. Staðreyndin er sú að þegar ég tók til máls hér á þriðjudaginn var hafði enginn stjórnarandstæðingur talað oftar en einu sinni við 2. umr. málsins.

Auðvitað segir það sig sjálft að ekki er um að ræða málþóf í þinginu nema menn séu farnir að endurtaka ræður sínar ellegar lesa hér upp úr einhverjum skjölum og bókum sem eru óviðkomandi málinu eða hegða sér á einhvern annan óþinglegan máta. En á meðan hv. þm. eru einfaldlega að gera grein fyrir skoðunum sínum, eins og verið hefur undanfarna daga — að vísu eru mjög margir þingmenn sem hafa þörf fyrir það — og hafa flestir hverjir aðeins talað einu sinni þá er að sjálfsögðu þjóðsagan um málþóf ekkert annað en ögrun við Alþingi og þingræði. Ég verð að segja það alveg eins og er, og mæli það til hv. þm. Árna Johnsens, sem var hér í andsvörum rétt áðan, að ég held að þjóðin hljóti að bera meiri virðingu fyrir þeim þingmanni sem stendur upp og gerir grein fyrir sjónarmiðum sínum og skoðunum, með eða móti, í klukkutíma ræðu en hitt að menn þegi þunnu hljóði meðan umræðan fer fram á Alþingi og láti sjónarmið sín aldrei koma fram nema kannski í andsvari sem tekur tvær mínútur og lítið kemst annað að en einhver ómerkilegur skætingur, eins og var hjá hv. þm. Árna Johnsen sem talaði mikið um það hvað við stjórnarandstæðingar værum algleiðir til munnsins, eins og hann mun hafa sagt.

Nú spyr ég virðulegan forseta: Hvað líður hæstv. utanrrh.? Ég held að hann hljóti að telja það embættisskyldu sína að vera viðstaddur þessa umræðu og vil eindregið fá að leggja fyrir hann eina spurningu. (**Forseti:** Forseti hafði fengið þær fregnir af hæstv. utanrrh. að hann væri alveg að koma.) Já, það virðist ætla að togna eitthvað úr því. (**Forseti:** Já, við skulum vona að það verði ekki langt í það að hæstv. ráðherra birtist.)

Ég ætla aðeins byrja á því, jafnvel þótt ráðherrann sé ekki kominn, að rifja upp það sem hæstv. ráðherra sagði í umræðunni í fyrrdag sem útvarpað var og sjónvarpað. Þar sagði hann, með leyfi forseta:

„Inngangan í EFTA, sem enginn deilir um að var rétt. Sú bylting sem varð á viðreisnarárunum þegar haftakerfinu var aflétt og við stigum fyrstu skrefin í átt til frjálslynds, opins markaðskerfis. Hverjir voru á móti þessu? Hverjir brugðust alltaf við með landráðabrigslyrðum? Það var fortíðarliðið í Alþb., það var landbúnaðaríhaldið í Framsókn. Og nú er kominn hér nýr flokkur, fylgikonur allaballa í þessari afturhaldssemi í Kvennalistanum. Þetta eru sömu öflin sem hafa haft rangt fyrir sér í hverju einasta stórmáli lýðveldisins allan tímann."

Einnig sagði hæstv. ráðherra í þessari umræðu:

„Hver trúir nú á ómagaorðin sem þeir notuðu við inngönguna í EFTA um að það mundi binda endi á íslenskt sjálfstæði, það mundi verða framsal fullveldis eða eitthvað þess háttar? Þetta eru allt saman staðlausir stafir, ýkjuáróður, hræðsluáróður, en ómerkilegur áróður." Og hann bætti við: „Það er fjarstæða að þessi samningur sé um framsal á fullveldi. Er verið að framselja vald í hendur erlendum dómstólum eða erlendri stofnun eins og eftirlitsstofnuninni? Ég spyr."

Þetta kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. sl. fimmtudag. Og þessi ummæli komu síðan aftur fram hjá hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni í gær, þar sem hann fullyrti að þegar Íslendingar gengu í EFTA hefðu þingmenn haft uppi, eins og hann sjálfur sagði, landráðabrigsl. – Virðulegi forseti. Ég vil eindregið óska eftir því að hæstv. utanrrh. mæti til þess að svara spurningum sem varða þessi ummæli hans. Ég sætti mig engan veginn við það að hann sinni ekki embættisskyldum sínum og komi hingað. (**Forseti:** Þessi beiðni hv. þm. hefur verið ítrekuð við hæstv. ráðherra og enn fær forseti þær fregnir að hann sé alveg að koma. Ef hv. þm. óskar þess getur hann farið í sæti sitt þar til hæstv. ráðherra kemur í þingsalinn. – Ráðherrann er kominn.)

Ég var búinn að rekja hér þau ummæli sem hæstv. utanrrh. viðhafði í útvarps- og sjónvarpsumræðum sl. fimmtudag þar sem hann ræddi um inngönguna í EFTA og minntist reyndar líka á inngönguna í Atlantshafsbandalagið. Ráðherrann sagði m.a. þegar rætt var um inngönguna í EFTA, með leyfi forseta: „Hverjir voru á móti þessu? Hverjir brugðust alltaf við með landráðabrigslum?"

Og einnig með leyfi forseta: „Hver trúir nú á ómagaorðin sem þeir notuðu við inngönguna í EFTA um að það mundi binda endi á íslenskt sjálfstæði? Það mundi verða framsal fullveldis."

Ég kemst ekki hjá því að spyrja hæstv. utanrrh., rétt eins og ég spurði hv. þm. Karl Steinar Guðnason í gær sem fullyrti eitthvað álíka, hvort að hann geti upplýst mig um það hverjir höfðu uppi þessi landráðabrigsl. Hvaða hv. þm., sem þá átti sæti á Alþingi, tók svo til orða að það réttlæti þessi ummæli ráðherrans? Á maður að trúa því að hæstv. utanrrh. geri mönnum upp orð, mönnum sem sátu á Alþingi fyrir 25 árum og ekki eru hér til að svara fyrir sig? Það er erfitt að trúa því.

En staðreyndin er auðvitað sú að sá sem fer yfir þau ummæli sem féllu og þær orðræður sem uppi voru hafðar á Alþingi fyrir 25 árum mun hvergi finna eitt einasta orð eða einustu setningu sem réttlætir þessi ummæli ráðherrans. Ef reynt er að rifja það upp hver meginviðhorfin voru þegar innganga Íslands í EFTA var á döfinni þá hygg ég að þar hafi fyrst og fremst verið um tvenns konar röksemdir að ræða. Annars vegar héldu menn því fram að innganga í EFTA kynni með tíð og tíma að leiða okkur inn í Evrópubandalagið. Hins vegar héldu menn því fram að íselnskur iðnaður væri í svo erfiðri stöðu að það gæti verið tvíbent fyrir atvinnuvegi okkar að eiga aðild að EFTA að svo stöddu. Máli mínu til stuðnings langar mig að lesa upp tillögu til rökstuddrar dagskrár, sem flutt var 9. nóv. 1968 við fyrri umræðuna um EFTA-málið. Þessi rökstudda dagskrá var flutt af þingmönnum Alþb. og Framsfl., Eysteini Jónssyni, Ólafi Jóhannessyni og Gils Guðmundssyni. Hún hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Þar sem ekki er tímabært nú að taka ákvörðun um aðildarumsókn að Fríverslunarsamtökum Evrópu, m.a. vegna óvissu í efnahagsmálum, ófullnægjandi athugunar á sumum undirstöðuatriðum málsins, svo sem stöðu iðnaðarins og nýlegrar ákvörðunar Breta um 10% toll af freðfiskflökum frá EFTA-löndum, samþykkir Alþingi að taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Rökstuðningurinn fyrir þessari dagskrártillögu var allur í þessum anda. Hann var á þá leið að það gæti verið tvíeggjað fyrir íslenskan iðnað að ganga í EFTA og afnema verndartollana vegna þess að það gæti haft í för með sér verulega fækkun starfa í iðnaði. Ég get fært rök að því að þannig féll umræðan á sínum tíma, með því að vitna t.d. í höfuðtalsmann málsins, háv. menntmrh., Gylfa Þ. Gíslason, sem sagði á þeim tíma þegar hann var að svara andstæðingum sínum, með leyfi forseta:

„Höfuðatriðið, sem lögð hefur verið áhersla á sem ókost eða galla við EFTA-aðild, er það að verndaður iðnaður á Íslandi muni ekki standast þá samkeppni, sem EFTA-aðild hafi í för með sér. Á það hefur verið bent að í vernduðum iðnaði á Íslandi hafi unnið 3.500–4.000 manns og að þetta fólk muni missa atvinnu sína."

Ég gæti líka rakið hér greinargerð 1. minni hluta utanrmn. þegar endanlega var gengið frá inngöngu Íslands í EFTA. Þar eru fyrst og fremst lagðar fram röksemdir sem beinast að stöðu iðnaðar á þeim tíma, sem var mjög verndaður með verndartollum, og hvaða áhrif inngangan í EFTA kynni að hafa á stöðu iðnaðarins.

Nú er kannski eðlilegt að menn spyrji: Hvernig fór? Var þetta ekki ástæðulaus ótti sem uppi var hafður á þessum tíma? Var ástæða til að óttast að atvinnuleysi yrði hér á landi í kjölfar EFTA-aðildar eða einstakar iðngreinar létu undan síga? Í því sambandi langar mig til þess að benda á ályktun frá ársþingi Félags ísl. iðnrekenda, sem fram kom 11. mars sl. en þar er gerð grein fyrir því hvernig þróunin hefur verið á Íslandi varðandi íslenskan iðnað eftir að Íslendingar gengu í EFTA. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ekki hefur tekist að efla almennan útflutningsiðnað. Hlutur hans í heildarútflutningi er svipaður og hann var fyrir 20 árum síðan og síðustu fjögur árin hefur ríkt nær algjör stöðnun í þjóðfélaginu. Þetta er vert að rifja upp þegar við stöndum á þröskuldi Evrópska efnahagssvæðisins sem að sumu leyti má líkja við inngönguna í EFTA á sínum tíma. Fyrirheit um bætt starfsskilyrði iðnaðarins við aðildina að EFTA hafa enn ekki verið efnd að fullu."

Þarna kemur í hnotskurn ákveðin saga, sem er staðreynd, að við aðildina að EFTA brotnuðu niður fjöldamargar iðngreinar hér á landi sem áður höfðu blómstrað. Nægir að nefna fataiðnaðinn, skóiðnaðinn og húsgagnaiðnaðinn. Spádómar stjórnarandstæðinga á sínum tíma rættust hvað þennan verndaða iðnað varðaði. Því miður verður að segja hverja sögu eins og hún gengur og eins og kemur alveg ljóslega fram í áliti Félags ísl. iðnrekenda hefur okkur Íslendingum gengið illa að byggja upp annan útflutningsiðnað í staðinn fyrir það sem varð að láta undan síga. Þetta er ekkert annað en sú sorgarsaga sem við stöndum frammi fyrir.

Það kom í ljós að aðvörunarorð stjórnarandstöðunnar á sínum tíma voru hárrétt. Íslenskur iðnaður var í erfiðri stöðu. Það var tvísýnt að starfsskilyrði iðnaðarins yrðu bætt og það hefur reyndar ekki verið gert enn nægilega vel til þess að hann fái blómstrað.

Í fyrsta lagi er það því ekkert annað en hrá áróðurslygi frá hæstv. utanrrh. að nokkur þingmaður hafi haft uppi einhver landráðabrigsl þegar við gengum í EFTA heldur voru þar hafðar uppi röksemdir sem hafa reynst eiga fullan rétt á sér eins og ég hef bent á. Önnur meginröksemdin var sú að innganga í EFTA kynni að leiða til þess að við myndum villast inn í Evrópubandalagið fyrr eða síðar. Þá var mjög á döfinni að EFTA-ríkin gengju inn í Evrópubandalagið og var því full ástæða til að hafa af þessu áhyggjur. Síðar breyttist þetta eins og kunnugt er og málið lá niðri um langt skeið. En hver neitar því núna að það sé einmitt helst á dagskrá í Evrópumálunum í dag að EFTA-ríkin gangi inn í Evrópubandalagið? Það er nákvæmlega þetta sem menn bentu á fyrir 25 árum að mundi sennilega gerast fyrr eða síðar og það er að rætast í dag. Ábendingar af því tagi fyrir 25 árum áttu því fyllilega rétt á sér, voru fullkomlega tímabærar og eru núna að rætast.

Maður spyr sig þá að því: Var eitthvað líkt með þessari umræðu um inngönguna í EFTA á sínum tíma og svo aftur þeirri umræðu sem nú fer fram? Ég get upplýst hv. þm. um að eitt var afar líkt og það var krafan um þjóðaratkvæði. Krafan um þjóðaratkvæði kom þá fram. Og einn af þeim sem börðust hvað eindregnast fyrir því var einmitt hæstv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, enda var það í fullu samræmi við stefnu þess flokks sem hann studdi þá. Samtök frjálslyndra og vinstri manna, undir forustu Hannibals Valdimarssonar, báru einmitt fram tillögu um það á þeim tíma að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um aðildina að EFTA. Það er nákvæmlega það sem við stjórnarandstæðingar erum nú að gera í annað sinn og teljum eðlilegt að stórmál af því tagi eigi erindi til þjóðarinnar og eigi að útkljást þar. Nákvæmlega það sama sem hæstv. utanrrh. taldi sjálfsagt og eðlilegt fyrir 25 árum síðan.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fjölyrða um þessa hlið málsins. Ég tel mig hafa sýnt fram á að brigslyrði hæstv. utanrrh. í garð þeirra manna sem sátu á Alþingi fyrir 25 árum eru innantómt áróðurshjal sem ekki eiga nokkra stoð í veruleikanum. Þá höfðu menn uppi rökstuddar aðvaranir um vissa þætti málsins, töldu að sjálfsögðu að að því kæmi að Íslendingar gengju í EFTA en töldu það ekki tímabært á þeirri stundu vegna þess að íslenskur iðnaður væri ekki nægilega vel undir það búinn.

Það var síðan undir forustu framsóknarmanna og alþýðubandalagsmanna á árunum 1972 og 1973 að fram fóru viðræður við Evrópubandalagið um sérstakan tvíhliða samning við Evrópubandalagið og í kjölfar þess var bókun 6 gerð. Að sjálfsögðu hefur Alþb. alla tíð haft ríkan skilning á því að fríverslun er afar hagstæð fyrir okkur Íslendinga. Og það er nauðsynlegt fyrir okkur að tryggja að frelsi ríki í alþjóðaviðskipt-

um. En samhliða því verðum við að setja ákveðna fyrirvara. Við getum ekki staðið að slíku algjörlega fyrirvaralaust og undantekningalaust. Við verðum að hafa vissar undantekningar í gangi. Og þar greinir okkur á við hæstv. utanrrh. sem hefur viljað gefa allt frjálst og opið með þeim afleiðingum sem það hefur.

Um hrakyrði hæstv. utanrrh. í garð þeirra manna sem greiddu atkvæði gegn aðildinni að NATO, Atlantshafsbandalaginu, hirði ég ekki að fara mörgum orðum. Þeir menn voru framsýnir og vissu að Íslendingar áttu ekki neitt erindi í hernaðarbandalag. Og í þeim hópi sem þá afstöðu höfðu á sínum tíma voru tveir þingmenn sem seinna urðu formenn í Alþfl. og þannig fyrirrennarar núv. formanns Alþfl., Jóns Baldvins Hannibalssonar. Annar þeirra var Hannibal Valdimarsson sem greiddi atkvæði á móti aðildinni að NATO árið 1949. Hinn var Gylfi Þ. Gíslason, sem seinna tók við formennsku í Alþfl. En margir aðrir alþýðuflokksmenn voru á þeim tíma á sama máli. Þarna voru þessir oddvitar Alþfl., Hannibal Valdimarsson og Gylfi Þ. Gíslason, í fyrirsvari fyrir stóran hluta Alþfl. sem var þessarar skoðunar og ég held að við ættum síst að áfellast þessa ágætu menn fyrir afstöðu þeirra á sínum tíma. Síst ætti það að falla í hlut núv. formanns Alþfl. að vera að hnjóða í fyrrv. formenn Alþfl. fyrir þessa afstöðu þeirra á sínum tíma.

Í ræðu sinni fullyrti hæstv. utanrrh. enn einu sinni að það fælist ekkert framsal á fullveldi í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Við alþýðubandalagsmenn og aðrir stjórnarandstæðingar höfum á það bent að verið er að framselja hluta fullveldisréttarins með þessum samningi. Við höfum fært fyrir því skýr rök. Þessi umræða var hins vegar ekki í gangi þegar Íslendingar gengu í EFTA. Það er ekkert annað en sögufölsun af hálfu hæstv. utanrrh. Á það var aldrei minnst á þeim tíma enda var það ekkert á dagskrá. Ég minnist þess ekki að einn einasti lögfræðingur hafi haldið slíku fram og enn síður nokkur stjórnmálamaður. Það er ekkert annað en sögufölsun að vera að blanda þessu tvennu saman eða halda því fram að þannig hafi umræðan verið fyrir 25 árum. Á það minntist ekki nokkur maður þá.

Menn eru hins vegar að nefna þetta nú vegna þess að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði er allt annars eðlis. Hann er enginn venjulegur viðskiptasamningur. Þar er um að ræða framsal valds til eftirlitsstofnunar og til dómstóls og virtustu lögfræðingar hafa verið á einu máli um að um framsal valds sé að ræða. Annars vegar draga þeir sem hæstv. utanrrh. skipaði til að fjalla um þetta mál, svokallaðir fjórmenningar, það ekkert í efa í sinni greinargerð að um framsal valds sé að ræða. Í þeirra greinargerð kemur margoft fram að um framsal valds til erlendra aðila sé að ræða. Þeir segja hins vegar að það framsal sé ekki svo íþyngjandi. Það sé afmarkað og á ákveðnu sviði og þess vegna þurfi ekki að breyta stjórnarskránni. En þeir eru ekkert að draga í efa að um framsal valds sé að ræða. Svo hafa aftur á móti aðrir lögfræðingar bent á að *þetta framsal valds sé þess eðlis að það verði að* breyta stjórnarskránni. Ágreiningur lögfræðinganna hefur snúist um það hvort framsalið væri það íþyngjandi og það verulegt að breyta yrði stjórnarskránni.

En engir aðrir en ráðherrarnir Davíð Oddsson og Jón Baldvin Hannibalsson leyfa sér að bjóða þjóðinni upp á þann málflutning að í þessu felist ekkert framsal valds. Ekki einn einasti málsmetandi lögfræðingur, hvorki úr því liði sem utanrrh. hefur skipað til að kanna málið né úr því liði sem utanrmn. hefur kallað til sín til skrafs og ráðagerða, lætur sér til hugar koma að reyna að neita því að um er að ræða framsal valds. Einu mennirnir sem það gera eru hæstv. ráðherrar, Jón Baldvin Hannibalsson og Davíð Oddsson.

Mig langar til að nefna í þessu samhengi, vegna þessarar dæmalausu og rakalausu fullyrðingar hæstv. utanrrh., hvað lögfræðingurinn og prófessorinn Gunnar G. Schram sagði um þetta mál 8. jan. 1991 í sjónvarpinu. Hefur hann þó ekki verið talinn til stjórnarandstæðinga og engum dottið í huga að telja að hann væri að draga taum okkar stjórnarandstæðinga. Hann segir í þessari upptöku úr sjónvarpinu, með leyfi forseta:

„Það verður um að ræða mjög víðtækt framsal ríkisvalds. Og raunar hvort sem við gerumst aðilar að *efnahagssvæðinu evrópska, sem nú er helst talað um,* eða ef við gerumst fullgildir aðilar að EB, Evrópubandalaginu. Í báðum tilvikunum verður þá að fylgja veruleg takmörkun — eða framsal, það er kannski skiljanlegra að kalla þetta takmörkun — á fullveldi landsins og þá á sjálfsforræði. Ég held að Íslendingar almennt hafi ekkert áttað sig á því að það er svo — hvað hér hangir raunverulega mikið á spýtunni að þessu leyti.

Ef við tökum sem dæmi lögin, að jafnvel þó við gerumst bara aðilar að þessu Evrópska efnahagssvæði þá verðum við að lögtaka rétt eða lagasafn Evrópubandalagsins. Það er nú enginn smáræðis lagatexti. Hann er upp á 11.000 síður eða fjórum sinnum meiri að vöxtum en allt íslenska lagasafnið."

Þetta segir prófessorinn Gunnar G. Schram um þennan þátt málsins. Hann segir seinna í þessu viðtali, með leyfi forseta: „Nú, annað dæmi er það að íslenska dómsvaldið verður náttúrlega miklum mun tamarkaðra á þeim sviðum sem Evrópubandalagið tekur til, þ.e. á sviði efnahags- og viðskiptamála, verslunar, tolla, umhverfis- og félagsmála. Evrópudómstóllinn í Lúxemborg, hann verður í öllum þessum málaflokkum æðsti dómstóll Íslands, ekki lengur Hæstiréttur eða aðrir íslenskir dómstólar. Hæstiréttur er náttúrlega æðsti dómstóllinn. Íslendingar geta skotið máli sínu til þessa Evrópudómstóls og lög Evrópubandalagsins ganga fyrir íslenskum lögum. Þau eru rétthærri ef þarna er ósamræmi á milli. M.a. geta lög Evrópubandalagsins vikið til hliðar stjórnarskrá Íslands eins og annarra ríkja. Um það dæmir þessi dómstóll bandalagsins sem situr í Lúxemborg en ekki Hæstiréttur."

Þetta sagði prófessorinn Gunnar G. Schram um framsal valds. Þetta var að vísu áður en sú breyting var gerð á samningnum að dómstólakerfinu var breytt en *eftir sem áður er alveg ljóst hver var skoðun prófess*orsins á þessum þætti málsins.

Þetta hef ég rakið í ljósi þess hvernig hæstv. utanrrh. leyfir sér að tala um þetta mál í opinberum sjónvarps- og útvarpsumræðum frá Alþingi. Þar sem hann talar á allt annan hátt en þeir lögfræðingar sem hann er þó að styðjast við og kallar til ráðuneytis og vitnar til að öðru leyti.

Að lokum langar mig til að nefna þá útreikninga Þjóðhagsstofnunar sem hæstv. utanrrh. vitnaði til í þessum umræðum. Það hafa margir nefnt á undan mér og ætla ég ekki að fara mörgum orðum um þann þátt málsins en vildi samt bæta þar við nokkrum orðum.

Því var haldið fram af hæstv. utanrrh. að þjóðarframleiðslan mundi aukast um eina 7 milljarða við það að þessi samningur yrði gerður. Hann lét þess hins vegar ekki getið að samkvæmt þessari spá Þjóðhagsstofnunar er ekki um svona mikla upphæð að ræða. Hann fór rangt með upphæðina og í öðru lagi var hann ekki að taka fram að þetta væri spá nokkuð langt fram í tímann og það væri ekki fyrr en eftir átta ár sem þetta ætti að rætast. En það var eitt annað sem vantaði í myndina. Það var að spá Þjóðhagsstofnunar var eingöngu um tekjuhliðina varðandi samninginn. Spáin snýst um það hvaða breytingar gætu orðið á samsetningu þjóðarframleiðslunnar og þá aukningu sem gæti hugsanlega stafað af aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. En það er sérstaklega tekið fram í þessari álitsgerð að þá sé eftir að draga frá allt sem kemur til frádráttar vegna þess að auðvitað töpum við um leið á ýmsum sviðum vegna aukinnar samkeppni utan lands frá.

Ég hef áður rakið það í þessum umræðum að það er gefið eins og tvisvar tveir eru fjórir að samkeppni mun stóraukast á mörgum sviðum. Sérstaklega á það við í bankastarfsemi, fjármagnsstarfsemi, tryggingum, verslun og viðskiptum, í flutningum á sjó og í lofti og víðar og víðar. Því hefur verið spáð að það sé hugsanlegt að erlendir aðilar verði að fáum árum liðnum komnir með 30% af þessum viðskiptum á sínar hendur. Og það er alveg ljóst að sú aukna samkeppni mun að sjálfsögðu draga nokkuð úr okkar tekjum. Allt þetta á eftir að draga frá.

Þegar Þjóðhagsstofnun nefnir sínar stóru tölur er eingöngu verið að líta á aðra hlið málsins, þ.e. tekjurnar, en undanskilið allt sem gæti þar komið til frádráttar. Þetta var því enn ein blekkingin sem hæstv. utanrrh. hafði hér uppi í þessum umræðum.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegur forseti. Vegna fjarveru átti ég ekki kost á að taka þátt í þeirri umræðu sem fram fór á Alþingi fyrir jólin um Evrópskt efnahagssvæði og hef ekki tekið til máls undir þessum dagskrárlið áður. Ég á því von á að hæstv. utanrrh. fyrirgefi mér, aumum stjórnarandstæðingi, að koma í ræðustól til að segja nokkur orð um þetta örlagaríkasta mál sem íslenska þjóðin hefur staðið frammi fyrir um áratugi. Og ég get fullvissað hæstv. ráðherra og reyndar stjórnarliðið allt um að vera mín hér í ræðustólnum er ekki hluti af skipulegu málþófi sem miðar að því að ergja hæstv. utanrrh.

Það var afskaplega einkennilegt að hlusta á fjölmiðla fjalla um þetta mál í desember. Af fréttum að dæma var ekkert annað því til fyrirstöðu að afgreiða Evrópska efnahagssvæðið fyrir jól en málþóf stjórnarandstöðu. Það var afar sjaldan fjallað um þá eðlilegu skýringu á töfinni að samkomulag var um það á milli stjórnar og stjórnarandstöðu að bíða með aðalefnisumræðuna, 2. umr., þar til sjávarútvegssamningurinn hafði verið kynntur á Alþingi. Þessi samningur var ekki kynntur á hæstv. Alþingi fyrr en 3. des. sl. og þrem dögum síðar komu upp tæknileg vandamál vegna þess að svissneska þjóðin hafnaði samningnum. Þetta hvort tveggja varð til þess að 2. umr. hófst ekki fyrr en fáum dögum fyrir jólafrí þingmanna og þá var einnig eftir að afgreiða mjög brýn mál eins og fjárlög fyrir árið 1993. Þrátt fyrir þessar eðlilegu skýringar á stöðu málsins virðist sú þjóðsaga eiga að ganga í þjóðina að stjórnarandstaðan haldi uppi málþófi til að hindra að meiri hluti þingsins nái fram markmiðum sínum.

Ég er hér m.a. að vísa til greinar sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson skrifaði og birtist í DV í gær, 8. jan., en þar segir, með leyfi forseta: „Fyrir áramót var þó engu líkara en hluti þingmanna stjórnarandstöðunnar hefði einsett sér að hindra að lýðræðislega kjörinn meiri hluta í að ná fram markmiðum sínum."

Það er ótrúlegt að formaður þingflokks sem stóð að fyrrnefndu samkomulagi skuli leggjast svo lágt sem raun ber vitni. Hann er með þessu að taka undir með foringja sínum, hæstv. utanrrh., sem hóf þennan málþófssöng á blaðamannafundi erlendis þremur dögum áður en umræðan hófst á Alþingi. Hæstv. forsrh. hefur einnig rætt oft og lengi hve nauðsynlegt væri að takmarka ræðutíma þingmanna, jafnvel í þessu stærsta máli sem lagt hefur verið fyrir Alþingi. Þá hefur hæstv. utanrrh. einnig haldið því fram að flýta þyrfti afgreiðslu málsins til að koma í veg fyrir að við yrðum útilokuð frá fundahöldum erlendis um framhald málsins.

Þetta er auðvitað alrangt eins og margsinnis hefur komið fram. Það er nægur tími til stefnu. Evrópubandalagið þarf að ganga frá innbyrðis ágreiningi og vandamálum áður en hægt verður að halda ráðstefnu til að fjalla frekar um Evrópska efnahagssvæðið. Þá finnst hv. stjórnarliðum með ólíkindum hvað við á Alþingi Íslendinga notum mikinn tíma í ræðuhöld miðað við þingmenn annarra EFTA-ríkja. Og aftur vitna ég í það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði í DV í gær en hann er því miður fjarstaddur, líklega að skrifa aðra grein, en þar segir, með leyfi forseta: „Fyrir jólin höfðu hinir 63 þingmenn Íslendinga notað lengri tíma í ræðuhöld um EES en 1.500 þingmenn EFTA-ríkjanna þurftu samtals til að afgreiða samninginn á sínum þingum."

Ef við hefðum notað þessa viðmiðun Össurar og sett markið á svipaðan tíma og notaður var í öðrum EFTA-ríkjum miðað við fjölda þingmanna þá hefðu ræðurnar hér orðið fáar og stuttar. Mætti jafnvel segja mér að aðeins hefði unnist tími fyrir ræðu hæstv. utanrrh. Aðrir hefðu ekki talað nema e.t.v. hv. formaður utanrmn., Björn Bjarnason. Þetta er líklega það sem stjórnarliðar vilja. En þá er nú Bleik brugðið og Öss-

uri líka ef lífsspeki hans er á sömu nótum og Paul Valèry sem sagði, með leyfi forseta: „Pólitík er sú list að hindra fólk í að skipta sér af því sem því kemur ekki við."

Ekki veit ég hvað telst eðlilegt í þessu sambandi en það er kannski ekki tilviljun að þingræði á rætur í íslensku þjóðfélagi. Við skulum einnig hafa í huga að aðstæður hér eru að mörgu leyti ólíkar því sem gerist í öðrum EFTA-ríkjum. Við erum ekki iðnríki eins og flest ef ekki öll hin löndin. Við lifum af sjávarútvegi. Samningurinn um EES er í raun viðskiptasamningur iðnríkja um iðnaðarvörur. Það er ekkert skrýtið við það að Ísland þurfi meiri tíma til að fjalla um samninginn en önnur EFTA-ríki sem hafa flest sett stefnuna á Evrópubandalagið og horfa á þennan samning sem millilendingu. Við erum í raun að taka miklu afdrifaríkari ákvörðun og getum ekki leyft okkur þá viðmiðun sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson setti fram í DV í gær og ég vitnaði til áðan.

Við höfum talað um EES-samninginn í rúmar 80 klukkustundir eða þar um bil. Það samsvarar rúmum fjórum sólarhringum. Ef upplýsingar Össurar eru réttar hafa þingmenn hinna EFTA-ríkjanna talað tæpar þrjár mínútur hver um samninginn sem hefur varla nægt þeim til að gera meira en að ávarpa og kveðja. Hin EFTA-ríkin hafa einnig öll ýmist verið með þjóðaratkvæðagreiðslu eða aukinn meiri hluta á þingi við afgreiðslu þessa samnings. Hér er þessu ekki þannig farið og því ekki réttmætt af sæmilega vel gefnu fólki að bera þetta saman. Sannleikurinn er sá að það hefur ekkert málþóf verið í þessu máli á hv. Alþingi. Fjórir sólarhringar eru ekki langur tími þegar fjallað er um svo örlagaríkt mál sem hér er á ferðinni.

Í framhaldi af þessu vil ég spyrja hv. þm. sem ýmist greiddu atkvæði með eða sátu hjá við afgreiðslu málsins eftir 2. umr. hvort þeir séu sáttir við þau gögn sem lögð hafa verið fram í þessu máli. Hvort öllum þeirra spurningum hafi verið svarað. Ég á t.d. bágt með að trúa því að þessir níu þingmenn Sjálfstfl. sem aldir voru upp við kjörorðið: Báknið burt, séu sáttir við að þurfa að lúta miðstjórnarvaldinu í Brussel. Það kerfi sem þar er verið að byggja upp á sér mesta samlíkingu í ráðstjórnarríkjunum fyrrverandi. Þarna er bákn sem ætlar sér ekki aðeins að stýra framkvæmdum á Íslandi heldur einnig löggjöf landsins. Ég trúi ekki þessum sinnaskiptum þingmanna Sjálfstfl. fyrr en eftir atkvæðagreiðslu sem fram fer eftir 3. umr.

Ég er ekki sátt við þau gögn sem lögð hafa verið fram í þessu máli. Það vantar ýmislegt enn þá til þess að við getum tekið afstöðu til áhrifa þess á íslenskt þjóðfélag. Við erum hér ekki aðeins að taka afstöðu til samningsins sjálfs um Evrópska efnahagssvæðið heldur einnig til þeirra fylgifrumvarpa og reglugerða sem við verðum skuldbundin til að lögtaka með samþykkt frv. um Evrópska efnahagssvæðið. Hvað hafa þau í för með sér?

Það hefur verið rætt um ávinning og kostnað. Ávinningurinn er fyrst og fremst fólginn í tollalækkunum á afurðir frá sjávarútvegi. Spurningarmerki hafa þó verið sett við upphæðina vegna þess að ekki er enn ljóst hvort tollalækkanir muni allar skila sér til íslenskra fyrirtækja eða hvort neytendur í Evrópu muni hirða hluta af þessum hagnaði. Kostnaður okkar af þessum samningi virðist þó vera enn óljósari. Við þurfum að taka þátt í sameiginlegum rekstri EFTA-stofnana og framlögum EFTA-ríkja vegna samningsins. Við þurfum að greiða fyrir nauðsynlega þátttöku okkar í nefndafarganinu sem fylgir samningnum ef við ætlum að reyna að hafa einhver áhrif á þær reglur sem við verðum að lögtaka á næstu árum. Kostnaður vegna þessa hefur verið áætlaður einhver hundruð milljóna króna eftir því hver á hlut að máli. Hins vegar er það alveg ljóst að enn liggur ekki fyrir hver heildarkostnaður verður vegna þessa.

Ég hafði sambandi við flest ráðuneytin sl. sumar og spurði um þátttöku þeirra í fyrirhuguðu EES-starfi og kostnað vegna þess og aftur nú í haust við gerð fjárlaga. Það varð fátt um svör og greinilegt að sum ráðuneytin hafa ekki gert neinar áætlanir um þetta starf sem er fáránlegt vegna þess að framkvæmd samningsins mun óneitanlega lenda á þeim og kostnaðurinn að verulegu leyti á ríkissjóði. Eftir því sem ég kemst næst er enn ekki búið að ákveða að hve miklu leyti við ætlum að taka þátt í því nefndastarfi EFTA sem fylgja mun samningnum um EES.

Kostnaður okkar af þessum samningi er þó ekki bundinn við framlög og rekstur. Við komum einnig til með að bera verulegan kostnað af þeim tilskipunum Evrópubandalagsins sem við þurfum að lögtaka vegna samningsins. Við verðum skikkuð til að ráðast í ýmsar framkvæmdir sem eru alls ekki á forgangslista hér á landi og sumar gjörsamlega ónauðsynlegar. Við erum jafnvel skikkuð til að lögtaka mjög nákvæmar reglur um flutning á járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum þó slíkar reglur hafi enga raunhæfa þýðingu hér á landi. Frv. hæstv. samgrh. um flutning á járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum, sem lagt hefur verið fram á hv. Alþingi, ætti ekki að vefjast fyrir mönnum og afgreiðsla þess að ganga greiðlega án mikillar umræðu.

Auðvitað er hluti af því sem okkur er gert að lögtaka þarfur en við þurfum engan EES-samning til að segja okkur það. Fram til þessa höfum við haft löggjöf annarra þjóðþinga til fyrirmyndar um margt og munum gera það í framtíðinni. Það sem skiptir máli núna eru þær skuldbindingar sem við erum að taka á okkur með EES-samningnum. Þar höfum við ekkert val. Ef við samþykkjum samninginn með öllu, eins og sagt er, þá erum við að lögtaka stóran hluta af löggjöf Evrópubandalagsins og framfylgja henni. Og ekki nóg með það. Við erum í raun að skuldbinda okkur til að lögtaka þær reglur sem Evrópubandalagið mun setja á þessu sviði í framtíðinni.

Það er alveg ljóst að þessum tilskipunum sem okkur er gert að lögtaka fylgja veruleg fjárútlát. Og þegar verið er að meta fjárhagslegan ávinning okkar af samningnum þá verður að taka þau með í reikninginn. Við erum ekki iðnaðarþjóð þrátt fyrir ítrekaðar og misheppnaðar tilraunir hæstv. iðnrh. síðustu ár til að koma hér upp álbræðslu og annari stóriðju. Þjóðin lifir á

sjávarútvegi og hver neitar því að sú uppbygging sem átt hefur sér stað frá aldamótum og það velferðarkerfi sem byggt hefur verið upp á Íslandi eigi allar rætur að rekja til sjávarfangs? Það er hinn íslenski veruleiki. Þrátt fyrir þennan veruleika er verið að skuldbinda okkur til að lögtaka ýmsar reglur sem miðaðar eru við iðnríki Evrópu sem eiga t.d. við veruleg mengunarvandamál að stríða. Af þessu eigum við að bera kostnað sem skiptir ekki tugum milljóna heldur hundruðum eða þúsundum. Þess vegna hefði ég viljað spyrja hæstv. fjmrh., en hann er að sjálfsögðu ekki heldur hér eða staðgengill hans sem ekki heldur er hér. Þá verð ég að spyrja hæstv. utanrrh. hvort búið sé að meta þann heildarkostnað sem samningurinn hefur í för með sér á næstu árum og vænti þess að svar fáist strax til að koma í veg fyrir töf sem túlka mætti sem málþóf af hálfu stjórnarandstöðunnar.

Ég veit að það er búið að meta þann kostnað sem fylgir því að einstök frv. verði samþykkt og reglugerðir settar samkvæmt þeim. En er búið að taka saman hver heildarkostnaðurinn verður af EES-samningnum verður á næsta og næstu árum? Hafa allar þessar upplýsingar verið kynntar á hæstv. Alþingi þannig að við getum með raunhæfum hætti metið ávinninginn af aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu? Er búið að kanna hver kostnaður sveitarfélaganna verður vegna þeirra reglna sem lögteknar verða vegna samningsins og hvernig þau koma til með að fjármagna þær framkvæmdir?

Ég spyr hæstv. utanrrh. — og reyndar hefði ég viljað fá hæstv. félmrh. sem kom hér rétt áðan — og vænti þess að fá svar við þessum spurningum. Ég trúi því ekki fyrr en á reynir að þingmenn láti bjóða sér að þetta mál verði afgreitt fyrr en það liggur fyrir hver heildarkostnaðurinn verði, hverjir komi til með að bera hann og hvernig viðkomandi aðilar eiga að rísa undir því.

Þar er ég fyrst og fremst að vísa til sveitarfélaganna sem óhjákvæmilega koma til með að bera verulegan hluta af kostnaði vegna samningsins en njóta ávinningsins aðeins í litlum mæli.

Hér er nýverið búið að samþykkja fjárlög fyrir árið 1993 þar sem lítið er til skiptanna. Þingmenn hafa þar látið yfir sig ganga ýmsar erfiðar ákvarðanir, tekið þátt í að skera niður og leggja auknar byrðar á herðar fólksins í landinu. Ætla þessir sömu þingmenn að samþykkja þennan samning um Evrópska efnahagssvæðið án þess að vita nákvæmlega hvaða kostnað hann hefur í för með sér?

Samvinna og samskipti við Evrópuríki eru af hinu góða en þegar ég skoða þennan samning sem hér liggur fyrir um Evrópska efnahagssvæðið þá set ég mörg spurningarmerki. Ég er í fyrsta lagi nokkuð viss um að hann hafi í för með sér meiri kostnað en hagnað fyrir íslensku þjóðina á næstu árum og hann mun setja sjálfstæði okkar í hættu á skömmum tíma. Í öðru lagi tel ég að málsmeðferð brjóti í bága við stjórnarskrá landsins. Það er náttúrlega fáránlegt að þjóðin skuli svo ekki fá að tjá sig um mál sem þetta. Hún hefur óskað eftir því en verið hafnað. Það er í raun kúgun. Með leyfi forseta vitna ég í orð Alexanders Solzhenítsyns, en hann sagði: „Kúgun verður ekki dulin nema með lygi og lyginni verður ekki haldið uppi nema með kúgun. Hver sá maður sem hefur einu sinni lýst yfir að kúgun sé aðferð hans er óhjákvæmilega neyddur til að gera lygina að lífsreglu sinni." Tilvitnun lýkur og taki til sín hver sem á.

Ég vil aðeins, virðulegur forseti, ítreka nokkur þau atriði sem ráða því að ég get ekki samþykkt þennan samning.

Í fyrsta lagi er þessi ótrúlegi misskilningur að við séum iðnaðarþjóð þótt við séum flokkuð sem slík á alþjóðlegum vettvangi. EES-samningurinn er viðskiptasamningur um iðnaðarvörur fyrst og fremst og fjallar aðeins að litlu leyti um sjávarútveg. Enda er það svo að við erum að taka á okkur með samningnum ýmiss konar skuldbindingar sem lúta að iðnaði, verslun með iðnaðarvörur, þjónustu við iðnað, ráðstafanir vegna mengunar sem stafar af iðnaði og fleira í þeim dúr. Þegar kemur að sjávarútvegi er um aukaatriði að ræða þó hann sé okkar aðalatvinnuvegur. Niðrstaðan er í samræmi við þetta. Meginmarkmið okkar Íslendinga náði ekki fram að ganga. Við fengum ekki fríverslun með fisk. Við fengum því ekki heldur framgengt að sjávarútvegur skuli lúta þeim almennu reglum sem verið er að setja að vera undanþeginn ríkisstyrk. Og þrátt fyrir bann við ríkisstyrkjakerfi í iðnaði eru skipasmíðar undanþegnar sem getur komið í veg fyrir að við getum byggt upp okkar skipasmíðaiðnað.

Það er greinilegt að þeir sem við samningaborðið sátu höfðu afskaplega lítinn skilning á íslenskum veruleika. Með þessum samningi erum við að veita Evrópubandalaginu verulegar veiðiheimildir í íslenskri landhelgi fyrir tollalækkun á fiski. Þetta eru tímabundnar heimildir þannig að við munum þurfa að semja við Evrópubandalagið með stuttu millibili um þessar veiðiheimildir sem þýðir að bandalagið mun sækja á okkur áfram um veiðar innan efnahagslögsögunnar.

Samkvæmt samningnum sem hér er til umræðu þarf að lögtaka reglur um hitt og þetta til að tryggja jafnræði í viðskiptum fyrir alla á Evrópska efnahagssvæðinu. Okkur er jafnvel gert að lögtaka reglur um járnbrautir og skipaskurði eins og ég hef áður nefnt. Þetta eigum við að kokgleypa vegna þess að það þjónar hagsmunum hinna ríkjanna en okkar meginmál verða út undan. Við verðum að búa áfram við það að margar af sjávarafurðum okkar verða tollaðar áfram og á sumum mun tollur ekki einu sinni lækka. Hvers vegna settu samningamenn okkar ekki hnefann í borðið og kröfðust þess að útflutningur sjávarafurða njóti sömu réttinda og útflutningur iðnaðarvara? Við erum ekki iðnaðarríki. Við erum háð sjávarútvegi og verðum að horfast í augu við það og haga okkur samkvæmt því.

Með samningnum erum við að veita 350 milljón manns réttindi sem við Íslendingar höfum einir átt áður. Hvað það mun hafa í för með sér veit enginn enn þá. En hrædd er ég um að þær öryggisgirðingar sem verið er að setja upp vegna möguleika sem skapast fyrir erlenda menn til að kaupa hér upp jarðir og ná tang-

arhaldi á auðlindum okkar muni ekki halda.

Eins er það með vinnumarkaðinn sem nú er viðkvæmari en oft áður. Atvinnuleysi er að verða meira en áður hefur þekkst hér á landi og hrædd er ég um að fjármagnið, hugmyndirnar og atvinnutækifærin sem fylgja eiga þessum samningi um Evrópska efnahagssvæðið fyrir okkur auma, atvinnulausa, fátæka og hugmyndasnauða Íslendinga láti á sér standa. Er ástandið ekki í raun enn verra hjá þessum hugmyndaríku peningaausandi og atvinnuskapandi Evrópuþjóðum sem við erum að semja við?

Virðulegi forseti. Blómin í blómabrekkunni sem varaformaður Framsfl., hv. þm. Halldór Ásgrímsson, nefndi einhvern tímann í ræðu eru öll rifin upp með rótum og visna nú í vösum á borðum Evrópubandalagsins. Það verður að sá aftur í brekkuna. E.t.v. mun hv. þm. Halldór Ásgrímsson með hjásetu sinni sjá um það en fræið verður að vera betra og gefa meira af sér fyrir Íslendinga en þessi samningur sem hér er ræddur. Því það er eins með þennan samning um Evrópskt efnahagssvæði að hann er nú þegar farinn að visna og okkar vænlegasti kostur er að snúa frá honum og leita þess í stað eftir tvíhliða samningi við Evrópubandalagið og koma um leið í veg fyrir þá hættu, sem nú blasir við, að stjórnarskráin verði brotin.

Að lokum má ég til með að nefna þann tvískinnung sem felst í því að sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þetta mál. Annaðhvort eru menn samþykkir því að Ísland gerist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu með þeim hætti sem hér er lagt til eða andvígir. Hjáseta þýðir aðeins að menn eru að reyna að firra sig ábyrgð sem sæmir ekki hv. þm. þegar svo stórt og örlagaríkt mál er til umfjöllunar og afgreiðslu.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. óskaði eftir áætlunum um kostnað vegna aðildar Íslands að Evrópsku efnahagssvæði á næsta ári og árum. Upplýsingar um það hafa verið birtar alloft. Nýjustu upplýsingar sem ég hef eru þær að kostnaður frá árinu 1989 fram undir lok ársins 1992 var 161 millj. kr. Þar af um 90 millj. vegna ferðakostnaðar sem ætla má að hefði fallið til að mjög verulegu leyti vegna samskipta við viðkomandi ríki án tillits til EES. Á næsta ári er áætlað þegar samningurinn kemur til framkvæmda að miðað við *heilt ár þurfi Ísland að leggja til fé til sameiginlegs* rekstur stofnana EES, þ.e. dómstóls og eftirlitsstofnunar, einnig leggja fram fé til þróunarsjóðs EES og loks leggja fram fjármagn til samstarfsverkefna á ýmsum sviðum utan fjórþætta frelsisins sem lúta að rannsóknum og þróunarverkefnum. Kostnaður vegna alls þessa er á næsta ári áætlaður samtals um 110 millj. kr. og skiptist þannig: Eftirlitsstofnun EFTA 14,8 millj., dómstóll EES 5 millj., þróunarsjóður EFTA 60 millj. og samstarfsverkefnin 30 millj. kr. Kostnaður vegna samstarfsverkefna mun aukast á árinu 1994 þegar Ísland verður aðili að fjórðu rammaáætlun Evrópubandalagsins á sviði rannsókna og þróunar og er þá áætlað að hann verði allt að 100 millj. kr. á ári. Á það skal bent að gera má ráð fyrir að þetta fjármagn skili sér aftur í gegnum styrki til rannsóknaverkefna hér á landi og jafnvel gott betur.

Upplýsingar um hugsanlegan kostnað vegna sveitarfélaga hef ég því miður ekki.

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Allar þessar tölur höfum við heyrt áður. Það sem ég var að spyrja um var: Er einhvers staðar til samantekt eða yfirlit yfir þann heildarkostnað sem þær reglugerðir, sem taka gildi hér ef þessi samningur verður lögfestur, munu hafa í för með sér? Ég bað um þessar upplýsingar í hverju ráðuneyti fyrir sig þegar við undirbúningsvinnu að gerð fjárlaga. Þá lá það ekki fyrir og við fengum ekki svör frá neinu ráðuneytanna. Það lá heldur ekki fyrir þá í hvaða nefndastarfi við hygðumst taka þátt og hvar yrði ekki um þátttöku að ræða af Íslands hálfu og þar af leiðandi gátu ráðuneytin ekki metið þennan kostnað en vísuðu í 40 millj. kr. framlag á einum lið undir fjmrn. sem ætti að dekka þetta allt saman.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegur forseti. Ég hélt að ég væri búin að koma því á framfæri sem ég taldi brýnast en það mætti halda að krötum væri það sérstakt kappsmál að draga umræðu á langinn með því að flytja slíkar dómadagsræður sem þeir hafa gert. Ég ætla ekki að feta í fótspor annarra og svara rangfærslum og hroka hæstv. utanrrh. enda hafa aðrir gert það á fullnægjandi hátt. Ég tek undir með þeim og læt það duga. En sérstaklega harma ég þó þann hroka sem hann sýnir samþingmönnum sínum og þá kvenfyrirlitningu sem hann hefur gert sig beran að.

Það kom mér ekki sérlega mikið á óvart að heyra yfirlýsingu hv. 6. þm. Reykn. í gær vegna þess einfaldlega að ég var búin að lesa blöðin og hann eins og svo margir aðrir kýs að tala við okkur samþingmenn sína í gegnum blöðin. Þar hafi það komið fram, sem síðan staðfestist, að hann er fyrstur úr felum með sína sannfæringu að það sé heillavænlegast fyrir okkur að fara inn í Evrópubandalagið.

Ég deili þessari skoðun ekki með honum. Ég er andvíg bæði Evrópubandalaginu og EES og tel mig hafa gert grein fyrir því þótt auðvitað mætti betur gera þar. Hins vegar komu fram allmargar rangfærslur og *sleggjudómar í ræðu hv. þm. þannig að mig langar að* spyrja virðulegan forseta hvort hv. þm. sé í húsinu. Ég sá hann hér áðan eftir að ég hafði spurt hvort hann hefði fjarvistarleyfi. Ég var að spyrja hæstv. forseta hvort hv. 6. þm. Reykn. væri í húsinu, það er Karl Steinar Guðnason. (**Forseti:** Forseti getur upplýst að samkvæmt töflu er hv. þm. ekki staddur hér í húsinu.) Þar fór í verra, hæstv. forseti. (**Forseti:** Það er sjálfsagt að láta kanna hvort næst til hv. þm. í grenndinni ef þess er sérstaklega óskað.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir. Það væri þá bara hans vegna. Ég hef töluverðar athugasemdir við ræðu hans og þar sem ég var búin að spyrja í morgun hvort hv. þm. hefði fjarvistarleyfi, sem hann reyndist ekki hafa og hann var búinn að koma

hingað hélt ég að hann vissi alveg að hann átti von á sendingu frá mér. Ég ætla ekki að fara að gerast barnapía fyrir forseta þannig að ég bið bara forseta að meta það hvort hann telji þörf á því þar sem ég geri athugasemdir við ræðu hv. þm. en ég legg ekki áherslu á það sjálf. Ég taldi það bara réttlætismál fyrir þingmanninn sjálfan. En ég held áfram máli mínu og ég ætla ekki að tefja umræðu. Ég hef ekki gert það fram til þessa og er orðin dálítið leið á þeim sleggjudómum sem hafa verið í garð okkar þingmanna.

Það fyrsta sem ég hnaut um í ræðu hv. þm. var að hann telur að við stjórnarandstæðingar höfum verið að ræða málin án nokkurra tengsla við þá hugsun sem bærist með öðru fólki hjá Evrópuþjóðum. Ég verð að vísa þessu á bug og tel það ekki sæmandi hv. þm. að koma með slíka dóma. Hann hefur greinilega ekki haft mikil tengsl við það sem gerist á Alþingi og ég get varla ímyndað mér að hann hafi þá tíma til að hafa tengsl við það sem er að gerast í Evrópu. Því ég veit ekki betur en t.d. ræðan mín hafi að miklum hluta einmitt fjallað um málefni Evrópu og á þann hátt sem ég taldi að því samstarfi væri best fyrir komið. En ég hef kosið að afsaka hv. þm. með því að hann er formaður fjárln. og hafði í mörgu að snúast fyrir jól. En mér þykir hins vegar hart að hann skuli setja sig í dómarasæti og koma með fullyrðingar sem ekki standast. Ég kæri mig ekki um að sitja undir slíku og því geri ég þessa athugasemd.

Þetta kom enn fremur fram í umræðu sem hann var viðstaddur en það var útvarpsumræða sl. fimmtudagskvöld. Þar varði ég meira en helmingi míns ræðutíma einmitt í þennan málaflokk. Ég held að þetta sé bara glöggt dæmi um undir hvers konar árásum við stjórnarandstæðingar höfum óverðskuldað setið.

Ég held að hv. þm. hefði haft gott af að kynnast því einmitt hvernig verið er að ræða um Evrópumálin úti í Evrópu. Þar eru ýmsar hræringar í gangi m.a. meðal krata. Ég tók saman lista sem áreiðanlega væri fróðlegt fyrir hv. þm. að sjá þar sem ég bendi honum með nöfnum á ýmsa góða evrópska krata sem eru ekki einasta andvígir EB heldur einnig EES. Ég ætla bara að nefna hér Inge Staldvik, flokksbróður Gro Harlem Brundtland í Noregi, sem ég veit ekki betur en sé góður og gegn krati og bæði andvígur EB og EES. Ég nefndi í fyrri ræðu minni svissnesku þingkonuna Cecile Bühlman og annan svissneskan þingmann, Andreas Gross.

Þetta er aðeins sýnishorn af þeim lista sem ég var með tilbúinn fyrir hv. þm. en sé ekki tilgang í að vera að skamma þá sem mæta þar sem ég á ekkert sökótt við þá að því er ég best veit. Ég hef áður sagt að ég tel ekki að það þjóni miklum tilgangi að eiga orðastað við hæstv. utanrrh. þar sem ég tel hann ekki hafa sýnt það í sínum ræðum að hann hlusti á neitt nema sjálfan sig.

Í öðru lagi kom fram sú rangfærsla hjá hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni að hann taldi að verkalýðshreyfingin í Evrópu tæki Evrópsku efnahagssvæði, EB og innri markaðnum fagnandi. Þetta er einfaldlega ekki rétt. Það hafa verið skiptar skoðanir innan verkalýðshreyfingarinnar víðs vegar um Evrópu og það ætti honum að vera ljóst eins og öðrum. Ég sit ekki undir slíkum rangfærslum og finnst ekki ástæða til að aðrir þingmenn sitji kannski uppi með þessa hugmynd þar sem hv. þm. á að teljast allfróður, alla vega um verkalýðsmál en hann virðist ekki vera með á nótunum um evrópsk verkalýðsmál. Það sem verkalýðsfélögin og verkalýðshreyfingin hafa verið að gera er það að reyna alltaf að fylgjast vel með. Að því leyti til er rétt að þeir hafa verið virkir í evrópsku samstarfi vegna þess einfaldlega að þar vilja þeir hafa puttana í málunum.

En máli mínu til stuðnings vísa ég til nýlegrar fréttar í blaði sem seint verður víst vænt um að vera málgagn Evrópusamrunaandstæðinga en það er The European. Þar stendur þann 3. jan. sl., við þau tímamót er innri markaðurinn var opnaður — það er stór fyrirsögn á forsíðu viðskiptablaðsins — að þarna væri ógnun við 8 milljónir og á næstu síðu er nánari fréttaskýring: 8 milljónir í viðbót bætast í hóp hinna atvinnulausu.

Og vegna þess að hv. þm. nefndi sérstaklega félagsmálasáttmála Evrópu, sem hefur komið hér oftar en einu sinni á dagskrá í tengslum við skýrslu hæstv. félamrh. um Alþjóðavinnumálastofnunina, ILO, vil ég rekja í þessari frétt ummæli Herberts Meier þar sem hann segir sérstaklega í tilefni opnunar innri markaðarins. Þetta er sá sem er næstráðandi í Alþjóðavinnumálastofnuninni, hann er varaformaður, svo ég fari með allt rétt. Hann er hins vegar talsmaður á þessum tímamótum og segir: Ef ekki verður gripið strax til aðgerða þá er raunveruleg hætta á því að 34 millj. verði í lok þessa áratugar án atvinnu í Evrópubandalaginu — sýnist mér af samhenginu sé frekar en öllum innri markaðnum. Evrópubandalagið vegur þar þyngst alla vega. Hann heldur áfram: Sá skaði — hann segir: the pain, sársauki, sem við virðumst í þann mund að verða fyrir líkist ekki öðru en plágum og drepsóttum sem hafa farið yfir önnur meginlönd.

Þetta, hæstv. forseti, með leyfi þínu var tilvitnun úr hinu virta blaði The European sem ég held að seint verði talið málgagn Evrópusamrunaandstæðinga. Þetta finnst mér alveg nauðsynlegt að komi fram í þessari umræðu.

Ég hef þegar hrakið rangfærslur hv. þm. þar sem hann talar um fjölda opinberra starfsmanna þar sem hann lagði að jöfnu fjölda opinberra starfsmanna á Íslandi, að meðtöldum kennurum og löggæslumönnum, við það sem kannski væri hliðstætt starfsmönnum forsrn. og e.t.v. fjmrh. á Íslandi og taldi að um hliðstæða tölu væri að ræða. Það er auðvitað alveg út í hött enda treysti hv. þm. sér ekki til að fara nánar út í þessa sálma. En þarna er beinlínis verið að leiða menn á villigötur með slíkum málflutningi. Því miður er þetta alls ekki eina dæmið. Ég get farið nánar úr í þetta ef einhver kýs að fá frekari upplýsingar. Þær liggja hér fyrir.

Þar sem hv. þm. er fjarstaddur og ég hef ekki gert þá kröfu að hann komi hingað — mér finnst að hann dæmi sig sjálfur og sína þekkingu á umræðunni með því að vera fjarstaddur, koma hingað og varpa sprengjum og láta sig svo hverfa aftur — ætla ég ekki að fara

nánar ofan í saumana á þessari ræðu að öðru leyti en því að ég ítreka að það er dólgslega að okkur þingmönnum Reyknesinga vegið og enginn þar undanskilinn því hv. þm. taldi alla þingmenn Reyknesinga með og þar eru stjórnarsinnar í meiri hluta, því miður. Hann taldi að þingmenn Reyknesinga hefðu ekki sýnilegar áhyggjur af vandamálum sumra fyrirtækja á Suðurnesjum vegna þess að gildistaka samningsins hafi tafist og þeim atvinnutækifærum sem kunna að vera í hættu vegna þess. Ég spyr: Hvaða atvinnutækifærum? Ég hef ekki heyrt um þau og ég hitti líka fólk á Suðurnesjum alveg eins og hv. þm.

Ég verð að segja að auðvitað munu menn reyna að moða úr þeirri stöðu sem verður. Menn binda ákveðnar vonir við nákvæmlega þetta alveg eins og menn hafa áður nýtt sér veru hersins, hvort sem þeir hafa verið með eða á móti því að hann væri á staðnum, og átt sér draumsýn um komu álvers á Suðurnes. Þetta einfaldlega hefur ekki gengið eftir og því miður er helsti vandi á Suðurnesjum og ástæða fyrir miklu atvinnuleysi þar að Suðurnesin hafa setið á hakanum einmitt vegna slíkra draumsýna eða staðreynda. Ég segi draumsýna eins og álvers og staðreynda eins og hersins. Það eru fyrst og fremst konur sem eru atvinnulausar á Suðurnesjum núna kannski vegna þess að hv. þm., sem ég hef vitnað til í ræðu, hv. 6. þm. Reykn., sagði fyrir nokkrum árum þegar hann var í forsvari fyrir verkalýðsfélög á Suðurnesjum að hann hefði ekki svo óskaplega miklar áhyggjur af atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum vegna þess að konur væru ekki fyrirvinnur. Ég veit að honum hafa verið núin þessi ummæli um nasir fyrr og er full ástæða til þess. Ég hefði gjarnan viljað fá það frá hv. þm. hvort hann hafi breytt um skoðun og fá að vita nánar um þetta en ég læt hér lokið þeim hluta ræðu minnar sem varðar nákvæmlega þetta.

Það eru aðeins örfá atriði sem ég tel ástæðu til að fara út í til viðbótar. Vegna fjarveru þessa hv. þm. tel ég ekki viðeigandi að fara lengra út í hugleiðingar um ræðu hans þótt full ástæða væri til. Ég tel að ég hafi takmarkað mig við aðeins það brýnasta og ekki tekið allt með sem ég hefði getað. En fyrst ég er komin upp í stólinn verð ég að hlaupa lauslega á frekari innfyllingu í þessa Evrópuumræðu, þ.e. hverra annarra kosta við eigum völ og einkum að vekja athygli á því að það eru til Evrópudraumar og Evrópuvonir víðar heldur en innan þessa kerfis. Og kannski má segja að helsti vaxtarbroddur þeirrar umræðu standi utan við kerfið sjálft því ég sé ekki að þar hafi verið straumhvörf í frjórri hugsun. Þvert á móti þá hefur kerfið sífellt farið út í meiri smáatriði um veruleika sem er til staðar, veruleika sem við erum ekki sátt við, en gleymt öllum framsæknum hugmyndum sem full ástæða er til núna þegar við horfumst í augu við aukinn umhverfisspjöll, meiri mengun og vaxandi ótta fólks um það að við séum að ofbjóða lífkerfi jarðar með þessari hagvaxtarsókn, ógna friðnum sem við erum að reyna að byggja upp í heiminum með því að horfast ekki í augu við þann veruleika sem er í Evrópu og þann veruleika sem blasir við okkur í samskiptum norðurs og suðurs. Þetta mun reynast okkur hættulegt og ekki síst heimsfriðnum. Og sá veruleiki blasir við okkur. Við höfum séð hvernig fer fyrir miðstýrðum og stöðnuðum stofnanabáknum í austri og að ætla sér að fara að endurtaka þetta í vestri er ekki merki um framsýni.

Það er annars staðar sem fólk er að bindast samtökum og taka höndum saman, fólk innan Evrópubandalagsins og utan Evrópubandalagsins, til þess að bjóða upp á betri kosti. Og mig langar til að renna yfir skjal sem 500 borgarar í 15 löndum Evrópu hafa skrifað undir sem eru að safna saman fólki sem er tilbúið að vinna saman að því að skapa betri samstarfskost í Evrópu. Í þessum hópi eru m.a. þingmenn og háskólafólk, fólk úr atvinnulífinu, fólk sem hefur verið í miklum tengslum og nánum við grasrótina víða, m.a. í Noregi er fólk sem hefur verið að starfa með hreyfingu bæði kvennanna á ströndinni og sjómannanna því að í Noregi hafa sjómannasamtök og öll samtök sem varða sjávarútveg og fiskvinnslu nema ein tekið afstöðu gegn Evrópska efnahagssvæðinu og Evrópubandalaginu.

Í þessari áskorun stendur m.a., með leyfi hæstv. forseta, í lauslegri þýðingu minni úr þýsku og ég bið menn að virða mér það til vorkunar ef hún verður örlítið óþjál:

„Við gagnrýnum Evrópu Evrópubandalagsins þar sem þar er miðstýrt og ólýðræðislegt kerfi og þar getur almenningur alls ekki fengið að koma skoðunum sínum á framfæri né vilji almennings að koma í ljós."

Í öðru lagi: „Þegar að átök austurs og vesturs hafa nú runnið sitt skeið þá blasir við að evrópska hernaðarkerfið gæti snúist gegn þriðja heiminum innan Evrópu Evrópubandalagsins."

Í þriðja lagi: „Það er augljóst að hin hömlulausa verslunarhugsun og hagvaxtardýrkun er ógnun við eðlilega lífshætti í sátt við náttúruna." Og í fjórða lagi er þessi hópur andvígur EB og EES, E-Evrópu, vegna þess að þar er verið að byggja nýja múra umhverfis forréttindahóp og útiloka aðra og það kemur í veg fyrir alþjóðlegt samstarf.

Þessi yfirlýsing er mun lengri en þessir punktar eru. Þarna kemur fram gagnrýni sem er mjög sanngjörn og réttlát og þetta er fólk sem vill benda á betri kosti þar sem valddreifing er í öndvegi, virðingin fyrir náttúrunni og umhverfisvernd. Innan þessarar hreyfingar er mjög öflugur hópur fólks sem er hlynntur beinu lýðræði, þ.e. þessum þjóðaratkvæðagreiðslum sem gerðu Sviss kleift að fara að vilja þjóðarinnar en ekki að vilja þings sem er í andstöðu við vilja þjóðarinnar. Og þetta skiptir máli.

Það er fleiri kosta völ og við eigum að vinna með þessu fólki. Vissulega þurfum við á viðskiptum okkar að halda en við höfum ranglega að mínu mati lagt afskaplega mikla áherslu á Evrópuviðskipti. Þetta gerðist vegna gengismála og ég ætla ekki að rekja það enn einu sinni. Fjöldamargir, þar á meðal Guðjón B. Ólafsson, fráfarandi forstjóri Sambandsins, hafa bent á að við höfum staðið okkur mjög illa í markaðsmálum gagnvart Bandaríkjunum einmitt vegna þeirrar áherslu sem við höfum lagt á verslun við Evrópu. Þetta er auðvitað dálítið alvarlegt mál. Eitt af því sem hann nefn-

ir sérstaklega og ætla ég ekki að fara að rekja það í löngu máli er það er að innan Evrópu höfum við ekki auglýst vörur upp sérstaklega sem íslenskar vörur heldur fallið inn í rauninni án þess að gefa sjálfum okkur það kredit sem við ættum að gefa. Aftur á móti hefur Bandaríkjaverslunin sem betur fer að hluta til alla vega verið byggð upp þannig að þar hefur íslenskum sjávarafurðum verið gert hátt undir höfði. Þetta tel ég að sé mun réttari leið. Enda kom það fram á mjög merkilegri ráðstefnu sem ég sótti nýlega að eitt af því sem fólk telur að sé einna alvarlegast núna er það að við höfum vanrækt að markaðssetja íslenskar sjávarafurðir sem íslenskar og jafnvel undir einu vörumerki.

Virðulegur forseti. Það er aðeins eitt lítið efnisatriði sem ég ætla að koma inn á til viðbótar. Það tekur ekki langan tíma og síðan langar mig að leyfa ykkur í lokin að heyra örlítið um Hundrað ára einsemd Gabriel Garcia Marquez en í ræðu hv. þm. Maríu Ingvadóttur sagði hún réttilega hér í gær að kröfur EES varðandi iðnað standi hvort sem við förum inn í EES eða ekki. Við þurfum í rauninni ekki að fara í EES til að iðnaðurinn njóti þess sem hann þarf. Hún sagði enn fremur að ekki væri klókt að hafa öll eggin í sömu körfunni. Ég get ekki verið meira sammála. Það eina sem ég skil ekki er það að í þessari stuttu og hnitmiðuðu ræðu sem hv. þm. flutti hér í gær skuli niðurstaðan vera sú að við þurfum að fara í Evrópska efnahagssvæðið og jafnvel Evrópubandalagið en það voru ekki hennar orð.

Ég lýk þá máli mínu með því að segja það sem mér finnst í rauninni hafa einkennt málflutning harðra EES-sinna hér á þinginu en þar kom í hug mér tilvitnun í bók Gabriel Garcia Marquez, Hundrað ára einsemd, eins og ég sé að verið er að byggja upp innan múra Evrópu, þar sem José Arcadía Bundia var að gera stórkostlega uppgötvun er hann lýsti því yfir að jörðin væri hnöttótt eins og appelsína.

„Rödd skynseminnar á heimilinu missti þolinmæðina. Ef þú þarft að gera þig óðan gerðu það þá í einrúmi, æpti hún. Reyndu ekki að berja neinar hugmyndir sígauna inn í höfuð drengjanna.“ Þessi tilvitnun finnst mér eiga mjög vel við þar sem það virðist vera nokkuð sama hvaða röksemdir koma fram hér í umræðunni, þær hafa margar komið fram og margar verið gildar, jörðin skal vera flöt. Það má ekki gera neinar uppgötvanir, það má ekki bjóða upp á aðra kosti, þetta bara er svona og það skal vera svona og þetta skal keyra í gegn. Þetta finnst mér ekki góður málflutningur og ég dreg hér sérstaklega til ábyrgðar hæstv. utanrrh. vegna þess að mér finnst að hann hafi verið fremstur meðal jafningja í slíkum málflutningi. Og það er býsna hart þrátt fyrir að margar rangfærslur hans hafi verið hraktar og bent á marga hans fordóma og ranghugmyndir að við skulum enn sitja uppi með þetta.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hafa sömu rangfærslurnar gengið aftur í ræðu hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson, 9. þm. Reykn., eins og hafa komið fram í máli allnokkurra annarra þingmanna í framhaldi af ræðu hv. 6. þm. Reykn. Það eru auðvitað alls ekki ný sannindi að hv. 6. þm. Reykn. hefur verið þeirrar skoðunar að hann teldi eðlilegt að Íslendingar sæktu um aðild að Evrópubandalaginu. Og það eru ekki söguleg tíðindi að hv. 6. þm. Reykn. endurtaki þessa skoðun sína sem hann hefur látið í ljósi að ég hygg a.m.k. þrisvar sinnum hér á Alþingi, bæði núna á þessu þingi og einnig áður og þess vegna er það fullkomlega út í loftið, eins og hv. þm. lét í veðri vaka hér áðan, að þingmaðurinn Karl Steinar Guðnason væri eitthvað að sniðganga Alþingi þótt hann hafi líka látið í ljósi þessa skoðun sína í fjölmiðlum eins og greinilega kom fram í máli hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson. Það er einfaldlega þannig að hv. þm. Karl Steinar Guðnason hefur einn haft þessa skoðun jafnt í sínum flokki sem á Alþingi og þess vegna er það alveg fráleitt og óþolandi og afskaplega þreytandi að sitja undir því þegar hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson fyllir flokk þingmanna sem eru að reyna að gefa til kynna að um það sé að ræða að það sé eitthvert upphaf að því að fjöldi manns lýsi yfir stuðningi við inngöngu eða umsókn Íslendinga að Evrópubandalaginu. Það er auðvitað alveg fráleitt. Þetta er einfaldlega þannig að hv. þm. hefur haft þessa prívatskoðun sína. Hann setti hana hér fram á Alþingi fyrir allmörgum árum síðan, endurtók hana í fyrra eða hittiðfyrra, síðan aftur núna og ég sé engin sérstök pólitísk teikn eða tíðindi samfara því þótt þingmaðurinn endurtaki það núna.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fréttamat er alltaf huglægt. Fyrir mér voru það tíðindi að hv. þm. skyldi lýsa þessu yfir í dagblaði og síðan í þingræðu einfaldlega vegna þess að margir samherjar hans hafa verið býsna duglegir að reyna að bera þennan áburð af honum. Og það liggur stundum við að maður trúi því að maður hafi verið að leggja einhverja dýpri merkingu í orð hans þar sem hann hafi haft einhverja fyrirvara og eitthvað slíkt áður í máli sínu og þar af leiðandi þá hefur þetta í rauninni legið í loftinu en verið borið til baka alla vega nokkrum sinnum vegna þess að þetta hefur þótt feimnismál. Þar af leiðandi var þetta frétt í mínum augum og ég tek það ekkert aftur. En eins og ég segi fréttamat er misjafnt og það getur vel verið að hv. þm. hafi haft gleggri og betri upplýsingar en ég. Það er þá út af fyrir sig mjög fróðlegt.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst sérkennilegt ef hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson hefur upplýsingar um að þingmenn hafi verið að bera til baka þau sjónarmið sem hv. 6. þm. Reykn. hefur sett fram hvað eftir annað, jafnt í fjölmiðlum sem á fundum hér á Alþingi og hvarvetna. Þetta hefur auðvitað verið hans skoðun og hans einlæga skoðun sem hann hefur fullkominn rétt á auðvitað að setja fram og ég veit að hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson deilir með mér því viðhorfi. Þess vegna hefur þetta væntanlega ekki verið neitt feimnismál. Þetta er einfaldlega skoðun þingmannsins. Það hefur hins vegar verið viðurkennt og það hefur margoft

komið fram að þetta er hans prívatskoðun í hans flokki og hann greindi sérstaklega frá því í ræðu sinni hér í gær.

Mér fannst kannski sérstök ástæða til að nefna þetta í framhaldi af ræðu hv. 9. þm. Reykn. vegna þess að þingmaðurinn mun vera sagnfræðingur og vill auðvitað hafa hinar sagnfræðilegu staðreyndir á þurru og hreinu og að ekkert fari á milli mála þannig að ég held að það sé mjög mikilvægt að þetta allt saman liggi þá fyrir.

Varðandi fréttamatið þá er það einfaldlega þannig að endurteknar fréttir, fréttir sem hafa verið sagðar áður, hafa yfirleitt ekki þótt vera sérstök tíðindi þó að út af fyrir sig geti það kallast tíðindi þegar menn flytja snöfurmannlega ræðu eins og hv. þm. Karl Steinar Guðnason gerði. En sannarlega voru það ekki ný tíðindi sem hann flutti okkur þegar hann lýsti þeirri skoðun sinni að hann teldi eðlilegast að Íslendingar sæktu um inngöngu í Evrópubandalagið.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna um þetta en hins vegar var það alveg rétt hjá hv. þm. að ég er sagnfræðingur og vil hafa það sem sannara reynist og ég verð að benda hv. þm. á að það er kannski ekki tilviljun að margir töldu þetta til tíðinda þrátt fyrir það að ýmsar yfirlýsingar hv. þm. 6. þm. Reykn. hafi vissulega komið þessum grunsemdum af stað og ég treysti mér alveg til að finna, ef ég fæ til þess tíma, einhver tilvik þar sem það hefur verið að reyna að bera þetta af hv. þm. því það hefur verið gert og ég er ekki að fara þar rangt með og mig misminnir ekki. Þannig að ég skal svo sannarlega færa slík gögn í hendur hv. þm. En ég ætla ekki að lengja þessa umræðu frekar um þetta og ég veit að við skiljum það bæði tvö að þetta hefur verið talið til tíðinda þrátt fyrir þá forsögu sem við leggjum mismunandi mat á.

Útbýting þingskjals:

Evrópskt efnahagssvæði, 1. mál, frávtill., JHelg. o.fl., þskj. 586.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Þó að umræðan um þetta mál sé orðin alllöng þá væri samt þess ærin ástæða til að ræða enn um mörg atriði sem eru í beinu sambandi við það, ekki síst eftir ræðu hæstv. utanrrh. í fyrrakvöld og ræðu hv. 6. þm. Reykn. í gær en hann færði umræðuna á nýjan vettvang með því að taka fyrir umsókn um beina aðild að Evrópubandalaginu. Um þá ræðu hv. 6. þm. Reykn. sagði hæstv. utanrrh. síðar í umræðu í gær að hún ætti eftir að vekja meiri athygli síðar. Verða þau ummæli hæstv. ráðherra vart skilin á annan hátt en þann að hann sé sannfærður um að tillaga um aðild Íslands að Evrópubandalaginu verði áður en langt um líður tekin til umræðu og væntanlega til afgreiðslu.

Einhver alvarlegustu tíðindin sem við höfum heyrt í sambandi við þetta mál eru fréttir um aukið atvinnuleysi hjá Evrópubandalaginu. Samkvæmt fréttum um áramótin er gert ráð fyrir því að atvinnuleysingjum fjölgi um 8 millj. á þessu ári eftir að hinn sameiginlegi markaður hefur gengið í gildi og atvinnuleysingjarnir í Evrópu munu verða 23 millj. og á næsta áratug eða fram undir aldamót eru horfur á að þeir verði orðnir 34 millj. Hins vegar segir í þessum fréttum að sá nýi markaður þýði ný tækifæri fyrir bisnissmenn Evrópu. Það eru þeir sem eiga að fleyta rjómann ofan af þessu. En ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta hér og lengja umræðuna með því þó að ærin ástæða væri til slíks. Ég vil að þessu sinni fyrst og fremst víkja að þeim vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar að ætla að ljúka afgreiðslu frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið enda þótt málið sé enn í algeru uppnámi. Það er ekki aðeins að Svisslendingar hafi fellt aðild að samningsdrögunum svo að ganga verður til samningaviðræðna einu sinni enn, og það hefur komið skýrt fram í máli hæstv. utanrrh., heldur liggur fyrir að aðeins þrjár eða fjórar aðildarþjóðir Evrópubandalagsins höfðu samþykkt samningsdrögin áður en atkvæðagreiðslan í Sviss fór fram. Ég veit ekki til þess að nein þjóð hafi síðan bæst í þann hóp. Þvert á móti hefur spænska ríkisstjórnin ákveðið að draga til baka staðfestingarfrv. sitt sem lá þar fyrir þinginu. Við þessar aðstæður telja þingflokkar stjórnarandstöðunnar á Alþingi algera fjarstæðu að afgreiða þetta frv. og ætla því að verða grundvöllur að löggildingu samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Samningurinn, eins og hann liggur fyrir hér, mun koma inn í íslenskt lagasafn því að þar á hann að færast inn í því formi sem hann er nú þótt enginn geti fullyrt hvort eða í hvaða formi hann kann að öðlast fullgildingu fyrir okkur Íslendinga síðar. Því hef ég ásamt Ragnari Arnalds og Kristínu Einarsdóttur flutt eftirfarandi frávtill. í málinu Evrópska efnahagssvæðið sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Eftir að samningurinn, sem gerður hefur verið um Evrópska efnahagssvæðið, var felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu í Sviss er ljóst að endanlegur texti að slíkum samningi liggur ekki fyrir.

Þegar af þeirri ástæðu telur Alþingi ekki rétt að afgreiða þetta frv. og samþykkir að vísa því til ríkisstjórnarinnar."

Mér var falið einróma í þingflokki Framsfl. að standa að þessari frávísunartillögu. Ég tel að samþykkt þessarar till. sé eina skynsamlega leiðin fyrir Alþingi nú úr því að ríkisstjórnin hefur ákveðið að ljúka afgreiðslu þess við þær aðstæður sem skýrt hefur verið lýst í umræðunni.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mér er bæði ljúft og skylt að gera betur grein fyrir afstöðu minni til þessa mikilvæga máls sem er til umræðu og brátt til afgreiðslu en mér var kleift með stuttri greinargerð með atkvæði mínu eftir 2. umr. um málið. Ég mun ekki fara út í minni atriði sem tengjast málinu heldur halda mig við aðalatriðin sem liggja fyrir en sannleikurinn er sá að mjög margt sem felst í samningnum verður ekki séð hvernig kemur til með að verka á þjóðfélagið fyrr en reynir á framkvæmdina.

Mér hefur þótt heldur leiðinlegt að hlusta á öfgar í málflutningi ræðumanna í þinginu og á bæði við um hæstv. utanrrh. og einstaka þingmenn. Þó keyrði um þverbak sl. fimmtudagskvöld í útvarpsumræðum þegar hæstv. utanrrh. flutti ræðu sína. Mér leið hreinlega illa undir þeim ræðuflutningi og það er undarlegt að jafngreindur maður eins og ég vil nú halda fram að hæstv. utanrrh. sé skuli ekki átta sig á því að það er ekki svona framkoma og svona málflutningur sem þjóðin vill sjá og heyra frá háttsettum manni eins og hæstv. utanrrh. er hverju sinni, hver svo sem gegnir því embætti. Málflutningurinn var ótrúverðugur og auk þess fór hæstv. ráðherra með rangfærslur sem að sjálfsögðu er alvarlegt mál og hafa þær rangfærslur verið hraktar hér af ýmsum hv. þm. En ekki meira um það.

En hvernig er gerist það að einstaklingur og í þessu tilfelli þingmaður myndar sér skoðun í máli sem þessu? Flestir gera það með því að kynna sér mál, hlusta á rök með og móti og gera síðan málið upp í lokin debet og kredit og komast síðan að niðurstöðu. Þetta var a.m.k. sú aðferð sem ég beitti við að komast að niðurstöðu. Ég vona að engum detti í hug í alvöru að ég greiði ekki atkvæði gegn þessum samningi vegna þess að ég vilji styðja ríkisstjórnina. Svo er að sjálfsögðu ekki. En í svona stóru máli er ekki ábyrgt að mínu mati að taka bara afstöðu eftir því hvort maður er með eða á móti ríkisstjórn. En hitt er annað mál að ég treysti þessari ríkisstjórn illa til þess að framkvæma samninginn er og það ein ástæða þess að ég greiði honum ekki atkvæði.

En fyrir því eru líka fleiri ástæður eins og ég hef þegar nefnt úr þessum ræðustóli og þar má nefna að ríkisstjórnarflokkarnir felldu það hér í þinginu að málinu væri vísað til þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Sjávarútvegssamningurinn er ekki ásættanlegur fyrir okkur Íslendinga og eins er það skoðun mín að ekki hafi verið haldið nægilega vel á málum sem snerta íslenskan landbúnað. Þar hefði verið hægt að koma frekari vörnum við ef vilji hefði verið fyrir hendi af hálfu stjórnvalda. Síðast en ekki síst tel ég á því mikinn vafa að samningurinn standist ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar.

Það sem ég hef talið upp snertir ekki fjórfrelsið sjálft sem slíkt en það snýr frekar að því hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur haldið á málinu. Þess vegna sit ég hjá við afgreiðslu málsins.

Ástæða þess að farið var út í þessar viðræður í upphafi um að mynda Evrópskt efnahagssvæði og ástæða þess að við Íslendingar fórum út í þær viðræður í upphafi eru að mínu mati þær að við eigum gífurlegra hagsmuna að gæta á þeim markaði sem í EES-svæðinu felst og auk þess hlaut það að vera áhugavert þá eins og nú að aðskilja sig ekki frá okkar nágrannaþjóðum nema þá að vel athuguðu máli. Þetta hljóta allir að geta verið sammála um og það að við erum svona háð þessum markaði skerðir að sjálfsögðu á engan hátt okkar sjálfstæði. Viðskipti eru frjáls og verða áfram frjáls þó svo við gerumst aðilar að EES. Það hefur gengið illa að kveða niður þá mistúlkun að við Íslendingar getum ekki átt viðskipti við Ameríku og Japan eða aðrar þjóðir utan Evrópu áfram þrátt fyrir það að við gerumst aðilar að Evrópsku efnahagssvæði.

Svokölluð bókun 6, sem gerð var við Evrópubandalagið á áttunda áratugnum, er okkur að sjálfsögðu mjög mikilvæg og um það erum við flest sammála ef ekki öll. Hins vegar voru ekki allir sammála um það þá að þessi svokallaða bókun 6 væri okkur til góða. Hitt er annað mál að samningurinn var gerður með tilliti til aðstæðna í okkar þjóðfélagi á þeim tíma og það dugar okkur einfaldlega ekki í dag. Við þurftum þá að fá frekari tollaívilnanir inn á þennan markað og hafi það verið mikilvægt áður en umræðan hófst um EES þá er það nauðsynlegt eftir að EES er orðið að veruleika og t.d. Norðmenn komnir þar inn með frekari tollaívilnanir en við mundum hafa samkvæmt bókun 6.

Ég get tekið undir að það er erfitt að telja í krónum og aurum hvað samningurinn mun gefa íslenskum sjávarútvegi. Það er á þessari stundu óljóst en það að íslenskur sjávarútvegur hafi ekki sömu þróunarmöguleika og t.d. norskur sjávarútvegur til aðgangs að Evrópumarkaði tel ég hættulegt fyrir þjóðina.

En samningurinn snýst að sjálfsögðu um fleira en fisk. Hann snýst kannski fyrst og fremst um möguleika. Eitt af því sem mér finnst áhugavert er að með aðild að Evrópsku efnahagssvæði fær Ísland fulla aðild að rammáætlun EB á sviði rannsókna og þróunar. Rammaáætlun EB er heildaráætlun til ákveðins tíma um rannsóknir og þróun, einkum á sviði raunvísinda og tækni. Samkvæmt EES-samningnum geta rannsóknastofnanir, fyrirtæki og vísindamenn hvar sem er á Evrópska efnahagssvæðinu sótt um styrk úr viðkomandi sjóðum áætlunarinnar til rannsókna- og þróunarverkefna. Þátttaka okkar mun að sjálfsögðu kosta einhverja fjármuni en ástæða er til þess að ætla að verulega hærri upphæðir fáist til baka í fomri styrkja.

Ef við kysum að standa utan Evrópska efnahagssvæðisins þá er ljóst að aðgangur okkar að rannsókna- og þróunarstarfi innan EB yrði mjög erfiður. Þá þyrfti að semja tvíhliða um hvert verkefni fyrir sig sem tæki langan tíma.

Eitt af því sem margir virðast óttast er að frjálst flæði vinnuafls sé hættulegt þjóð okkar og að engum vörnum verði við komið af hálfu okkar Íslendinga. Einn hv. þm. orðaði það þannig í gær að það yrði skipt um þjóð í landinu. Auðvitað kemur eitthvað af Evrópubúum hingað og reynir fyrir sér á hinum íslenska vinnumarkaði. En ég minni á að fái viðkomandi ekki vinnu innan þriggja mánaða þá þarf hann að fara. Og ætli dvöl þessa fólks í landinu okkar í þessa þrjá mánuði skapi ekki eitthvað jákvætt líka fyrir þjóðina? Það skyldi þó ekki vera að viðkomandi neytti einhverra landbúnaðarafurða hér sem við eigum meira en nóg af og okkur vantar markað fyrir? Auk þess hef ég ekki mikla trú á því að Miðjarðarhafsbúar flykkist hingað en Ísland muni frekar freista Mið-Evrópubúa.

Eins og allir vita þá hefur norrænn samningur gert Norðurlandabúum þetta kleift í nokkuð mörg ár og hefur það á allan hátt verið jákvætt eftir því sem ég best veit og eftir því sem ég met málið. Við verðum að vera sanngjörn og við getum ekki ætlast til að Íslendingar

eigi allan rétt hjá öðrum þjóðum en síðan sé bara lok, lok og læs hjá okkur.

Íslensk þjóð byggir á sterkri menningararfleifð sem m.a. byggist á því að við vitum mikið um uppruna þjóðarinnar og baráttu í gegnum ellefu aldir. Við þekkjum sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og við berum virðingu fyrir þeim forfeðrum okkar og mæðrum sem háðu þá baráttu og við berum þökk í brjósti þegar við hugsum til þeirra einstaklinga sem þar lögðu mest af mörkum. Með því að sitja hjá við afgreiðslu samningsins um Evrópskt efnahagssvæði og með því að telja samninginn mikilvægan fyrir framtíð þjóðarinnar og sjá þar fleira jákvætt en neikvætt er ég fyrst og fremst að bregðast við samkvæmt sannfæringu minni. Slíkt er skylda mín samkvæmt íslenskri stjórnarskrá.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Margar sérkennilegar ræður hafa verið haldnar af þeim hópi á Alþingi sem er farið að kalla „hjásetuliðið". Mér finnst þessi síðasta ræða taka öðrum fram í einkennilegum rökstuðningi við þá niðurstöðu að sitja hjá við málið.

Hv. þm. tíundaði stuðning sinn lið fyrir lið við samninginn og gekk meira að segja svo langt að finna það samningnum til gildis að menn gætu komið upp á landið í þrjá mánuði og leitað sér að vinnu og borðað mat hérlendis á meðan og það hefði þjóðhagslegt gildi. Langt er nú seilst til lokunar. Í rauninni er það svo að eina atriðið sem hindrar hv. þm. í að segja já við samningnum og frv. til staðfestingar það er að það er ekki nógu trúverðug ríkisstjórn. Það er grundvallaratriði sem hefur verið umræðu fjötur um fót í landinu og fyrir ýmsa á Alþingi að líta ekki á þetta mál algerlega óháð því hver sæti við stjórnvölinn. Þetta er ekki mál einnar ríkisstjórnar. Þetta er mál framtíðar fyrir landið og ríkisstjórnir koma og fara þannig að það er afar einkennileg röksemdafærsla.

Varðandi aðild t.d. að rannsókna- og þróunaráætlun og vísindastarfi þá ætti nú hv. þm. að kynna sér hvað búið er að gera og búið er að staðfesta og undirrita, ganga frá á milli Íslands og Evrópubandalagsins. Ætli það séu ekki tvíhliða samningar á sviði vísinda og tækni, rannókna, umhverfismála, menntamála, skólaáætlun o.s.frv. Og ástæðan fyrir því að það þarf að ganga inn í Evrópska efnahagssvæðið til þess að verða aðili að slíku samstarfi og slíkum áætlunum er sú að það tekur svo langan tíma að gera tvíhliða samninga. Var það ekki hugmynd Framsfl. að gera tvíhliða samning? Hér rekst hvað á annars horn og ég held að hv. þm. ætti nú að stíga skrefið til fulls úr því sem komið er.

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefði komið mér mjög á óvart ef hv. 4. þm. Austurl. hefði ekki komið hér upp í andsvari. Hann hefur beðið eftir því að við héldum okkar ræður, þeir hv. þm. sem voga sér að sitja hjá í málinu, til þess að komast í andsvör og reyna að gera lítið úr þeirra málflutningi og telja þjóðinni trú um að hann einn hafi rétt á því að hafa rétta skoðun, aðrar skoðanir geti ekki gengið. Þetta er náttúrlega þvílíkur málflutningur að það er varla að það taki því að koma hér upp til þess að svara. Og að halda því fram að ég hafi fundið aðeins eina ástæðu fyrir því að ég styddi ekki þennan samning er náttúrlega alger rangfærsla því að ég tók það fram að það væru fjórar ef ekki fimm ástæður og ein var sú að málið fór ekki í þjóðaratkvæðagreiðslu. Síðan lýsti ég því yfir að ég styddi ekki sjávarútvegssamninginn og ég lýsti yfir að stjórnvöld hefðu getað haldið betur á málum hvað snertir íslenskan landbúnað. Og auk þess taldi ég að það væri ekki málinu til framdráttar að ég treysti illa þeirri ríkisstjórn sem nú situr og fleira mætti nefna.

Hv. þm. taldi að það þróunarstarf sem ég talaði um í mínu máli, að Íslendingar gætu átt fullan rétt á að aðild að því starfi þó svo við yrðum ekki aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Ég held að hv. þm. sem bar það hér á borð að ég hefði ekki kynnt mér þetta mál ætti að kynna sér það mál betur sjálfur og tala t.d. við framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins og vita hvort hann kemst þá ekki að annarri niðurstöðu.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er nokkuð sérkennileg túlkun að telja að rökræða hér í þinginu um þennan samning og ábendingar um það hversu holt er undir röksemdafærslunni hjá hjásetuliðinu í þessu máli sé vegna þess að ég hafi einhvern einkarétt á sjónarmiðum í þessu máli. Það er mjög langt frá því. Hér er hver frjáls að gera hvað sem hann vill mín vegna en ég hef þann rétt að gera athugasemdir við rökstuðning fólks þegar ég tel að það sé ástæða til og hv. þm. verður að búa við það.

Já, hv. þm. tíundar ýmsar ástæður, m.a. þá ástæðu að við værum að aðskilja okkur frá nágrannaþjóðum. Það er auðvitað sjónarmið. En eigum við að gera alþjóðasamninga og binda okkur inn í kerfi eins og hér er verið að gera vegna þess að Svíar gera það, vegna hagsmuna sænska stóriðnaðarins? Eigum við að kaupa það því verði að elta Svía og Norðmenn inn í þetta bandalag, ég hef að vísu ekki trú á að Norðmenn lendi þangað á þessari öld a.m.k., vegna þess að við ekki þorum að greina okkur frá þeim og halda hér í horfinu út frá íslenskum forsendum.

Þetta með frjáls viðskipti út á við — þau eru ekki frjálsari en svo að það verða um sinn a.m.k. verulega hærri vörugjöld á varningi frá löndum utan þessa svæðis, 6 eða 7% á ýmsum vörum, t.d. eins og Norður-Ameríku þannig að það er ekki svo að þetta sé alveg jafnt og frjálst þó að það sé ekki bannað samkvæmt samningnum. Þannig rekur hvað sig á annars horn hjá hv. þm. Ég hvet hv. þm. til þess að kynna sér þskj. 961 frá síðasta þingi sem er svar frá utanrrh. við fsp. frá mér um það hvaða samningar hafa þegar verið gerðir og eru í höfn samkvæmt Lúxemborgaryfirlýsingunni frá 1984.

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Jú, það er ein af ástæðunum fyrir því að ég treysti mér ekki til þess að greiða atkvæði gegn

Evrópsku efnahagssvæði að ég tel að við séum þá að vissu leyti að aðskilja okkur frá nágrannaþjóðum okkar. Það er alveg rétt, ég lít svo á málið. En ég er ekki þar með að segja að við munum elta Svía og Norðmenn inn í Evrópubandalagið. Ég tel að þegar við höfum gerst aðilar að Evrópsku efnahagssvæði séum við að mörgu leyti komin inn í þetta samstarf. Við höfum alla vega ekki einangrað okkur frá þessum þjóðum þó svo að við förum ekki með þeim alla leið inn í Evrópubandalagið og það vil ég að komi skýrt fram að ég er algerlega andvíg því að Ísland gangi í Evrópubandalagið. En ég tel að þessi samningur, sem fyrst og fremst snýst um viðskipti, geti verið góð millileið fyrir þessa þjóð. Við afsölum okkur ekki fullveldi. Við erum áfram sjálfstæð þjóð þó svo við gerumst aðilar að þessum samningi og hann er okkur að ég tel mikilvægur vegna þeirra miklu viðskiptahagsmuna sem við eigum á þessu svæði. Ég vil að við höldum áfram því mikilvæga starfi sem við höfum átt við nágrannaþjóðir okkar, t.d. Norðurlandabúa, og veit ég að hv. þm. getur verið mér sammála um að það samstarf hefur verið okkur mjög mikilvægt.

Eitt af því sem hefur verið nefnt er samstarf á sviði menntunar og þó svo að við höfum sem aðilar að EFTA náð þar samningum við Evrópubandalagið sem tryggi okkur aðgang að háskólum þá verður að reikna með því að það komi að því að EFTA verði ekki lengur til og ef við stæðum þá utan við Evrópskt efnahagssvæði þá tel ég að leiðir mundu lokast sem eru mikilvægar þessu þjóðfélagi og okkar unga fólki og varða menntunarmöguleika á meginlandi Evrópu.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill gjarnan greina frá því varðandi þá frávísunartillögu sem flutt er af hv. 2. þm. Suðurl. og fleirum, að eftir að hafa borið sig saman við tæknimenn þingsins, þá er það mat forseta að ekki þurfi að leita afbrigða um þessa tillögu, hún sé fullgild án þess að afbrigða sé leitað.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það hefur mikið verið talað um málþóf í þessu mikla og örlagaríka máli. Þó er það svo að ég er hér að halda mína fyrstu ræðu og hef ekki komist að fyrr en nú þar sem eins og eðlilegt er hafa gengið fyrir þeir hv. þm. sem unnið hafa í þeim nefndum sem fjallað hafa fyrst og fremst um þessi mál. Það er hins vegar svo að ég hygg að í fáum málum hafi verið fluttar eins góðar og efnismiklar ræður og í þessu máli, byggðar á mikilli vinnu og mikilli þekkingu, a.m.k. hjá þeim hv. þm. sem hafa lýst sig andvíga þessu máli.

Ég get ekki stillt mig um að benda hv. 3. þm. Norðurl. e. og öðrum þeim sem hyggjast sitja hjá í þessu máli að það er kaldhæðnislegt einmitt í þessu máli að sitja hjá vegna þess að við erum hér að lögfesta mál, lögfesta samninga sem aðrir hafa gert og meira að segja þeir sem ekki eru lengur aðilar að málinu. Við höfum ekki átt þess nokkurn kost að hafa minnstu áhrif á málið. Við áttum einungis að segja já eða nei. Þar var engin hjáseta í boði né neinn réttur til brtt. Þetta mál er þess eðlis að menn eru annaðhvort á móti því eða með því. Það er ekki góð staða en það er sú staða sem við erum í. Við getum ekki haft nein áhrif á þetta mál. Það er lagt fyrir okkur svona og eins og það kemur hér fyrir og annaðhvort eru menn með því eða á móti þannig að einmitt í þessu máli er það vesælli afstaða en í nokkru öðru máli að vera að hvítþvo sig með því að sitja hjá. Það á óvenjulega illa við í þessu tilviki.

Það er eðlilega mikið búið að segja í þessari umræðu sem hefur verið eins og vænta mátti alllöng þó ekki svo að það beri að undrast það á nokkurn hátt. Hér eru þó ótal atriði enn sem enginn hefur minnst á og er enn þá gersamlega ósvarað. Og nú langar mig aðeins að víkja að því. Ég skal reyna að stilla mig um að setja hér á langa ræðu um það sem þegar er búið að þrautræða. En auðvitað er megininntak þessa máls að við erum að fara út í þróun sem við höfum ekki minnstu hugmynd um hvernig kemur til með að verða. Við vitum ekki hvers konar ævintýri við erum að leggja út í og það sýnir auðvitað lítilsvirðingu fyrir vitsmunalífi bæði þjóðarinnar og ekki minnst hv. þm. að síðan skuli hrokafullir ráðherrar undrast það að menn þurfi að ræða mál sem þetta. Það er með ólíkindum og sýnir auðvitað ekki annað en skort á stjórnvisku og reynsluleysi nýrra þingmanna, sem taka að sér að ráða löndum og þjóðum hafandi ekki nokkra þjálfun til þeirra verka, að setja sig hér á háan hest og ráðast að vinnusömum þingmönnum sem hafa lagt í það eljusemi og skynsemi að reyna að kynna sér mál eins og þetta.

Það sem við erum hér að gera og er auðvitað höfuðatriði málsins að við erum að lögfesta samning sem er þegar einskis nýtur vegna þess að það er ekki hægt að láta hann taka gildi. Það vill svo til að ég á sæti í þeirri aumu nefnd sem heitir EFTA-nefnd íslenska þingsins og hefur auðvitað aldrei skipt neinu máli, enda skiptir EFTA engu máli í þessum samskiptum. Þar ræður Efnahagsbandalagið. En ég og hv. frelsari þessa máls, Vilhjálmur Egilsson, hv. 5. þm. Norðurl. v., ég mun af trúmennsku fylgja honum suður til Genfar í næstu viku og hér liggur fyrir það sem okkur er ætlað að ræða. Þar stendur í lið tíu af þeim málum sem fyrir fundinum liggja og ég hlýt að þýða það á íslensku og vona að ég geri það rétt:

„Í Bergen er engin leið að halda fund um þá nefnd, samvinnunefnd þingmanna [the joint committee, sem mig minnir, þrátt fyrir inflúensu, að heiti samstarfsnefnd EFTA og EB] eins og áætlað var þar sem samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði mun ekki hafa komist til framkvæmda.“ Þennan fund á að halda 29. júní nk. Þarna suður í Evrópu eru menn ekki með þennan æðibunugang. Þeir gera sér ljóst að það er enginn samningur væntanlegur á næstu mánuðum þannig að við höfum nógan tíma til að fjalla um þennan samning og höfum alltaf haft. Það er svo jafnljóst að allt þetta mál hlýtur að verða að taka upp vegna þess að upphaflega var þessi samningur gerður milli EFTA-ríkjanna og eitt EFTA-ríkið er ekki lengur með,

sem eru Svisslendingar eins og margsinnis hefur komið hér fram, þannig að það sem við erum að gera er að lögfesta einskis nýtt plagg og ætlum forseta lýðveldisins að undirrita þau lög þó að hún viti jafn vel og við öll að þetta er einungis pappírsgagn sem hlýtur að verða að koma hér inn í þingið aftur í breyttri mynd.

Öll meðferð þessa máls hefur markast af því sem við verðum því miður svo oft að horfast í augu við sem er heimóttarháttur okkar Íslendinga, hroki okkar og rangar hugmyndir um eigið ágæti. Auðvitað fer ekkert hjá því hvar sem maður ferðast og fer suður í Evrópu að það tekur enginn minnsta mark á Íslandi. Fyrir þessu fólki er Ísland slík hjáleiga að það tekur því ekki að tala um hana og ég get alveg fullvissað hv. þm. um að suður á hótelinu í Genf þar sem stjórnmálamenn vorir gista aftur og aftur hefur ekki nokkur lifandi maður hugmynd um hvar Ísland er, hvað þá að nokkur lifandi maður þekki nú hæstv. utanrrh. sem talar stundum eins og hann sé einn af æðstu mönnum í evrópskri pólitík. Það þarf mikla sjálfsblekkingu til þess að hafa slíkar hugmyndir um sjálfan sig.

Þegar maður er búinn að vera í stjórnmálum, hæstv. forseti, í nokkur ár þá fær maður stundum undarlega óttatilfinningu af að sjá til stjórnmálamanna og ekki síst karlmanna í stjórnmálum og ekki síst ungra karlmanna í stjórnmálum sem fá glýju í augun þegar þeir sjá pússaða skó sína í bónuðum gólfum fyrrv. konungshalla og glæsihúsa Evrópu. Það þarf kvenlega skynsemi til að láta slíkt ekki rugla sig í ríminu. Þessir ungu menn halda að þeir fari allt í einu að skipta alveg ógnarlega miklu máli og fá ýmsar hugmyndir um sjálfan sig. Einn af þessum mönnum, sem er kannski ekki svo ungur að það ætti að há honum, heitir Jacques Delors sem fékk þá hugmynd að það gæti nú verið gaman að verða forseti Frakklands. Og hvernig gerir maður það? Maður finnur upp eitthvað sem eilíflega er hægt að merkja manni og hann fékk þá snjöllu hugmynd að búa til Evrópskt efnahagssvæði. Reyndar gekk honum ýmislegt betra til en nú er orðið vegna þess að fyrstu hugmyndir hans voru ekki eins og þær hugmyndir sem eru núna uppi, enda hefur svo ótal margt breyst í Evrópu síðan. Sorgarsaga Jacques Delors er að hann verður ekki forseti Frakklands. Hann hefur minni möguleika á því en nokkru sinni áður vegna þess að a.m.k. kýs frönsk bændastétt hann ekki, svo mikið er víst. En þessir litlu karlar æsa hver annan upp í svona vitleysu að lítt hugsuðu ráði og áður en við er litið er búið að flækja hálfa Evrópu, þjóðþing álfunnar í mál sem enginn hefur lagt á sig að reyna að skoða í einhverju ljósi framtíðarinnar. Og þetta er auðvitað enn einu sinn orsök allrar okkar ógæfu fyrr og síðar. Svona hafa heimsstyrjaldir byrjað, svona hefur hrun þjóða hafist og þetta er ekki í fyrsta skiptið og þetta verður ekki það síðasta. En það kann að vera auðvelt að segja: Þetta er nú málþóf ef eitthvað er. Það er það bara ekki vegna þess að við verðum stundum í stjórnmálum að hugsa ofurlítið út fyrir þennan sal, út fyrir landamæri þjóða og reyna að sjá framtíðina í einhverju samhengi og gera okkur grein fyrir hvers konar líf viljum við búa okkar þjóð og nágrannaþjóðum okkar og þjóðum heims. Og við skulum ekki gleyma því að enginn er eyland og við höfum ábyrgð á öllum þjóðum heims, þ.e. ef við erum manneskjur með einhverja siðferðisvitund.

Meðferð þessa máls hér á hinu háa Alþingi er því með ólíkindum og stundum trúir maður ekki sínum eigin eyrum þegar í lok 2. umr. þessa mikla máls, sem svo sannarlega hefur ekki verið vanrækt af þingheimi og menn hafa svo sannarlega lagt vinnu á sig til að afgreiða, þá kemur hæstv. utanrrh. sem hefur stundum virst hafa lagt litla vinnu í þetta mál og falið það öðrum drengjum í ráðuneyti sínu og hellir svívirðingum yfir lifandi menn og látna og ekki síst þá menn sem mest hafa gert fyrir íslenska alþýðu þessa lands, íslenska alþýðu fyrr og síðar, eys þá hér svívirðingum og gerir lítið úr þjóðþinginu fyrr og síðar. Og síðan halda þessir menn að það verði engin umræða við 3. umr. máls. Það sem hæstv. utanrrh. hefði átt að gera hefði hann einhverja reynslu í að stjórna löndum og þjóðum hefði verið að þakka þingheimi fyrir vel unnin störf. En þess í stað koma menn hér og hella yfir þjóðina einhverri vitleysu, óraunhæfum tölum um ágóða af þessu öllu — og ég skal koma dálítið að því síðar hvað vel það er nú grundað — en fyrst og fremst níði og rógi á stjórnmálamenn, bæði núv. stjórnmálamenn og lifandi menn og látna.

Þetta er með slíkum ólíkindum að það liggur við að maður fyrirverði sig fyrir að eiga heita fulltrúi þessarar samkundu. En auðvitað hljótum við að biðja þjóðina um að mæla okkur ekki og meta öll eftir framkomu þessara manna. Vitaskuld er hópur af fólki sem vill þjóðinni vel, vill setja sig inn í þessi mál og vill hugsa sig vel um áður en ákvörðun er tekin um að ganga í Evrópska efnahagssvæðið. Smámál eins og það hvort þetta mál stangast á við stjórnarskrána er afgreitt með fyrirlitningu. Lærðustu lögmenn landsins, prófessorar við Háskóla Íslands, sem bera ábyrgð á menntun lögfræðinga framtíðarinar, eru hunsaðir og hafðir að engu og ef þeir samvisku sinnar vegna og sóma hafa áhyggjur af því sem Alþingi er að gera og skrifa því bréf þá eru þeir afgreiddir með annarlegum sjónarmiðum og fullkominni lítilsvirðingu. Þetta er með slíkum ólíkindum að það er áreiðanlega fáheyrt í nokkru þjóðþingi.

Síðan kemur samanburðurinn á tímalengd og þeim tíma sem menn þurfa til að ræða mál og ég skal ekki endurtaka. Ég hefði sagt nákvæmlega það sama og hv. 4. þm. Norðurl. e. benti mjög skilmerkilega á í dag að ástæðurnar fyrir því að það er fullkomlega eðlilegt að íslenska þingið ræði þetta miklu meira en önnur þing eru fyrst og fremst uppbygging þingsins sjálfs, þ.e. að við höfum ekki þær aðferðir sem önnur þjóðþing hafa til þess að standa í ístaðinu í máli sem þessu. En þetta hefur hæstv. utanrrh. sjálfsagt ekki haft hugmynd um. Ég á ekki von á að hann kynni sér mikið starfsemi þjóðþinga þegar hann hittir ríkisstjórnir evrópskra þjóðþinga. Það eru þingmennirnir sjálfir sem vita eitthvað um það enda eru ráðherrar, sem hann hittir, fæstir starfandi þingmenn eins og þeir eiga að vera hér.

Ég skal reyna að stytta mál mitt. Um það hafa tek-

ist einhverjir samningar að mér skilst og ég skal ekkert spilla þeim. En ég hlýt þó að minnast á örfá atriði sem mér finnst hafa fengið litla umfjöllun og eiginlega ekki fyrr en hv. 4. þm. Suðurl. innti eftir því í kvöld hvort reynt hefði verið að kanna það hver kostnaður sveitarfélaganna yrði við samninginn. Við höfum margspurt um þetta og ekki sist hv. 4. þm. Suðurl. sem er enda þaulvanur sveitarstjórnarmaður en engin svör fengist t.d. í hv. fjárln. og enn minni svör fengið hjá hæstv. ráðherra sem varð að standa hér og segja ósköp einfaldlega við 3. umr. málsins: Ég veit ekkert um kostnað sveitarfélaga. Það segir kannski dálítið um hvað menn vita mikið um þetta mál í heild.

Einhvern tíma barði ég augum mikla reglugerð um sorp, mengunar- og frárennslismál sem gefin hefur verið út. Mig minnir að sá grunur hafi læðst að mér að ef Íslendingar eiga að fara að þeirri reglugerð sé ekki um að ræða neinn milljónakostnað heldur milljarðakostnað. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. eða hæstv. umhvrh. sem ég sá ekki betur en væri hér áðan: Hafa menn virkilega ekki sest niður og reynt að gera sér minnstu grein fyrir hvað er verið að fara út í? Síðan stendur hæstv. utanrrh. hér og talar um einhverja tugi milljóna. Auðvitað er löngu ljóst að kostnaður af þessum samningi er gersamlega úti í blámanum. Menn hafa ekki hugmynd hvað þeir eru að fara út í.

Hér hefur ekki verið mikið minnst á stöðu t.d. flugfélagsins okkar. Menn hafa svarað því út í hött meira og minna. Þar er frjáls samkeppni og maður spyr: Eru Flugleiðamenn alveg vissir um að þar verði þeir með mjög sterka stöðu? Hefur þetta verið athugað? Það ætti kannski ekki að koma í minn hlut að hafa áhyggjur af krabbanum góða en ég mundi freistast til að spyrja líka: Hver verður staða skipafélaganna, farmflutninganna? Ég held að þetta viti ekki nokkur lifandi maður og það dettur ekki nokkrum í hug að spyrja að þessu.

Hér sitja tveir hv. þm. sem kjörnir hafa verið til hins háa Alþingis tvímælalaust vegna þess að þeir eru fulltrúar stórra samtaka, hv. 16. þm. Reykv., formaður Sjómannafélags Reykjavíkur, og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, formaður Farmanna- og fiskimannasambandsins. Þessir menn leyfa sér að hafa enga skoðun á málinu, þeir taka ekki til máls. (**GHall:** Það er ósatt. Ég tók til máls áðan.) Hv. 16. þm. Reykv. tók til máls áðan en svo var það nú efnislítil ræða að mér þótti það sama og ekkert og vænti ég að þingmaðurinn misvirði það ekki þegar miðað er við þær ræður sem hér hafa verið fluttar, margar hverjar, mjög góðar og efnismiklar, þá þótti mér það nú ekki eftirminnileg ræða og heyrði ekki betur en þingmaðurinn væri eindreginn stuðningsmaður samningsins án þess að ég hafi fengið að vita hvers vegna hann er það. Það vekur auðvitað athygli að atkvæðahjörðin sem hér birtist öðru hverju á tilskipuðum atkvæðagreiðslutíma, hefur setið betur í þessu máli en í flestum öðrum en illa þó, og alveg er ég sannfærð um að ástæðan fyrir því að þetta fólk talar ekkert í þessu máli er einfaldlega að það veit ekkert um það og hefur engar áhyggjur af því. Það gerir bara eins og því er sagt. Þetta er auðvitað slíkt ábyrgðarleysi að það verður áreiðanlega lengi í minnum haft og sú stund mun upp renna þar sem menn verða spurðir: Hvers vegna studduð þið þennan samning?

Menn tala um það sorglega ástand sem er í íslensku atvinnulífi og sýnist vera á hraðri niðurleið, nú rísi það upp endurfætt við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Tollafrelsið á öllu að bjarga. Það hefur minna verið talað um hvað við ætlum að flytja út. Klaufaskapurinn í öllum þeim málum hefur orðið verri og verri með ári hverju og hér fyrir framan mig er viðtal við Guðjón B. Ólafsson, fráfarandi forstjóra Sambandsins sem segir, með leyfi hæstv. forseta: „Markaðsstarf Íslendinga í Bandaríkjunum hefur glatast.“ Svo sannarlega hefur það glatast. Ég sá með eigin augum fyrir nokkrum vikum þann aulaskap sem viðgengst í útflutningi frá Íslandi.

Ég sá í nokkrum stórmörkuðum í Bandaríkjunum íslenskt vatn frá einhverju fyrirtæki sem ég hafði ekki þekkt fyrr, en m.a. mun Reykjavíkurborg vera aðili að því, sem heitir Thor Spring. Það hafði selst nokkuð vel, var með löngu lesmáli á miðum og ætlað menntaðri hópi, millistéttarfólki, sem hafði áhuga á að halda góðri heilsu og drekka holl steinefni í vatninu sínu o.s.frv. Það gerist síðan að til einnar stórborgar í Bandaríkjunum berst farmur af þessu ágæta vatni sem hefur selst nokkuð vel, en þá hefur það slys gerst að miðinn á flöskunum var á hvolfi. Í staðinn fyrir að henda þessu samstundis er þessu beint á stórmarkað í Bandaríkjunum á útsöluverði. Það liggur auðvitað á borðinu að aldrei mun neinn kaupa þetta vatn aftur. Þess háttar heimóttarskapur einkennir allt sem við gerum í útflutningsmálum. M.a. er ein ástæðan sú að það er verið að senda Íslendinga til starfa sem aldrei hafa verið í viðkomandi löndum, þekkja ekkert inn á lifnaðarhætti í löndunum. Mér var sagt frá öðru dæmi, ég held að það hafi verið önnur tegund af vatni eða hvort það var einhver ávaxtasafi, ekki man ég það nú, en þar var mér bent á af Íslendingum búsettum í borginni að það fyrsta sem menn þyrftu að vita um slíka vöru væri hvernig ísskápa hefur fólk almennt. Hvað hentar í ísskápana? Þar höfðu umbúðirnar verið eins ómögulegar eins og unnt var, til þess að geyma í ísskápum landsmanna. Allt svona lagað skiptir máli og þess vegna verðum við að hafa fólk sem býr í þessum löndum til að leiðbeina okkur um útflutning sem þennan. Ég held að engin tollafríðindi geti bjargað okkur ef við erum að senda frá okkur vöru sem þessa.

Þarna situr hæstv. iðnrh. sem hefur nú ekki orðið til þess að lyfta íslenskum iðnaði í hæðir. Hann er allur heldur dapur þessa dagana og væri gaman að heyra frá honum hvað ætlar hann að fá mikið fé inn í landið vegna tollafríðinda á útflutningsvörum iðnaðarins. Ég held að það geti ekki verið mikið. Ég veit ekki hvað það er sem hann ætlar að flytja út. Í stuttu máli er þetta allt í rúst. Auðvitað væru vandamál okkar ekki sem þau eru ef við hefðum öflugt atvinnulíf, öflugan iðnað. Ekkert pappírsgagn um tollafríðindi bjargar þjóð sem hefur ekkert til að fá tollafríðindi fyrir þannig að menn eru áreiðanlega hér að vona að einhver guð komi út úr maskínunni sem við sem trúum lítu á happdrætt-

isvinninga eru með mikilvægar efasemdir um.

Virðulegur forseti. Ég skal ekki endurtaka svo ótalmargt sem hér hefur verið sagt miklu betur af ýmsum öðrum hv. ræðumönnum og gæti ég nefnt þar marga sem hafa haldið upplýsandi og málefnalegar ræður um þetta mikilvæga mál sem menn vilja meina þjóðinni að taka ákvörðun um. En aðeins að lokum þetta: Er ekki full ástæða til þegar mál eins og þetta er á ferðinni að líta svolítið yfir þróun þess frá því að það komst fyrst á dagskrá og þar til nú og meta hver staða þessarar álfu er frá þeim tíma þó að hann sé ekki langur?

Því miður er ekki mjög skemmtilegt að líta yfir Evrópu dagsins í dag. Sjálfsagt hefðu fæst okkar trúað því að styrjöld geisaði milli Evrópuríkja fyrir örfáum árum og menn væru þar myrðandi hver annan, smábörn og gamalmenni en svoleiðis er það nú einu sinni. Við sjáum kynþáttahatur blossa upp og gamla krumlu rísa frá dauðum sem við, sem nokkuð erum komin til aldurs, héldum kannski og vonuðum að við sæjum aldrei aftur en það er nasistakrumlan í Þýskalandi. Ég fæ ekki betur séð en hún sé langt frá því alldauð. Sjálfsagt er að fagna því að skrifræði og þrúgandi þjóðskipulag Sovétríkjanna er ekki lengur til staðar. En það verður nú einu sinni að játast að ástandið þar virðist ekki hafa batnað mikið við það. Það sem mér finnst óskiljanlegast í öllu þessu máli, einkum þegar hv. sjálfstæðismenn eiga í hlut, er að þegar þetta óbærilega kerfi skrifræðis, kúgunar, boða og banna, sem ég býst ekki við að neitt okkar hefði lifað af, er lagt af eru menn að reisa nýtt og ekki betra. Steingelt embættismannakerfi þar sem stjórnmálamenn hætta að stjórna en embættismannakerfið tekur við. Ég hef sagt það áður og ég ætla að segja það enn til gamans að þegar við hv. þm. þessa þings komum á fund í EFTA-nefndinni þá liggur fundargerð fundarins, sem við ætlum að fara að halda, á borðunum hjá okkur. Þetta er það sem menn vilja sjá í framtíðinni. Ekki er ætlast til þess að við höfum neitt að segja og það er heldur til þess að trufla framvindu fundarins ef einhverjir þingmenn vilja fara að hafa einhverjar meiningar um hlutina. Ég held að við hv. 10. þm. Reykv. höfum aðeins orðið fyrir því að vera heldur til óþæginda á þessum annars rólegu fundum þar sem þegar er búið að ganga frá öllum málum áður en við komum á fundinn. Við höfum sjálfsagt ekkert verið sérlega vinsælar vegna þess að við höfum leyft okkur að taka til máls en til þess er ekki ætlast. Ekki síst þess vegna er það mér mikið undrunarefni að sá hv. þm. skuli virkilega geta hugsað sér að taka þátt í óskapnaði eins og þessum þar sem við komum ekki til með að hafa neitt að segja vegna þess að auðvitað er allur samningurinn eins og oft hefur komið fram áður gerður á forsendum Efnahagsbandalagsins. Aldrei hefur staðið til að EFTA hefði neitt að segja. Alvarlegar er nú kannski þegar við eigum svo að lúta dómum frá dómstóli sem er dómstóll þjóðabandalags sem við erum ekki aðilar að. Þetta er svo augljóst hverjum manni og svo margbúið að segja að kannski er óþarfi að endurtaka það *enn einu sinni. En kannski er heilsumerki að þeir* Íslendingar, sem hafa ráðið sig þangað suður eftir, góðkunningjar okkar sem við höfum hitt og hafa ætlað sér að vinna þarna hafa rekið sig illilega á það að þeir eru orðnir örlítið tannhjól í óhugnanlegri vél þar sem enginn veit neitt hvað verið er að gera og una sér illa og ég fagna því og vænti þess að þeir komi heim sem snarast aftur.

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þetta frekar. Ég hefði getað haldið miklu lengri ræðu en sjálfsagt verður þessu máli ekki bjargað héðan af. Menn koma hér eins og venjulega, atkvæðahjörðin birtist á réttum tíma og segir já við að ganga inn í þetta. Sú er von mín einust að eftir er þó að sýna réttan samning aftur því að við erum að samþykkja vitlausan samning. Hann hlýtur að koma í leiðréttri mynd og þá hefst umræðan auðvitað að nýju og þá vænti ég þess að hæstv. ríkisstjórn og hv. þm. verði búnir að reyna að hugsa ofurlítið lengra fram í tímann en menn virðast hafa gert hér með örfáum undantekningum og láti það ekki viðgangast aftur að 32 af 63 þingmönnum þingsins etji Íslendingum á þetta forað.

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Athyglisvert var að hlusta á hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur tala um að það væri magnið sem skipti máli en ekki gæði málflutnings hjá hverjum þingmanni, hversu mikið og lengi hann fjallaði um EES-samninginn. Það er merkilegt út af fyrir sig. Hitt er svo annað mál þegar hún er að gera öðrum þingmönnum það upp að þeir viti ekkert um málið og þess vegna tali þeir svo lítið sem hún álítur að sé álitshnekkir fyrir þá varðandi umræðuna um EES. Ég frábið mér þessum skoðunum og frábið mér slíkum fullyrðingum Guðrúnar Helgadóttur og þá lítilsvirðingu sem hún leggur til annarra þingmanna um að þeir viti ekkert um málið. Það virðist vera hennar skoðun að þeir viti mest um málið sem mest hafa talað, það sé magnið en ekki gæðin sem skipti máli.

Hún veit ekkert um *íslenska kaupskipaflotann og* hefur áhyggjur af því. Hún hefur líklega ekki lesið nóg um EES. Einn ágætur félagi hennar og framkvæmdastjóri skandinavíska flutningaverkamannasambandsins, sem hún hefur verið á tali við nú undanfarna daga vegna veru hans hér á Íslandi, er þeirrar skoðunar að Íslendingar færu verr í samkeppni hvað varðar íslenska kaupskipaflotanum ef þeir gengju ekki í EES. Það er hagur íslenskra farmanna að gengið sé í EES vegna þess að EES og Efnahagsbandalagið ætlar að vernda flota sinn gagnvart þægindafánum og ætlar að vernda þau störf og þá stöðu sem kaupskipaflotinn almennt er í nú í þessum löndum. Það má segja að víða sé þess óskað að gamla járntjaldið í austri væri aftur risið. Það mátti heyra á máli hv. þm. áðan.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var athyglisvert eins og ævinlega þegar hv. 16. þm. Reykv. tekur til máls. Má ég biðja hann að svara mér hvort ég skildi hann rétt. Verða þægindafánar aflagðir þegar Evrópska efnahagssvæðið verður að veruleika, munu þá Norðmenn,

Íslendingar og aðrir slíkir hætta að sigla undir þægindafánum? Þingmaðurinn þarf ekki annað en segja bara já eða nei.

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef þingmaðurinn hefði tekið eftir því hvað ég sagði, sem ég heyri að hann hefur ekki gert, þá sagði ég að EES og Efnahagsbandalagið munu vernda kaupskipaflota sinn gagnvart ásókn þægindafánaskipa inn á hið Evrópska efnahagssvæði. Ég vona að þingmaðurinn skilji það sem hér er sagt.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er einnig áhugavert. Ég mun að sjálfsögðu ræða við Eimskipafélagsmenn um þetta mál. Það væri gaman að heyra hvaða skoðun þeir hafa á því hvaða áhrif það hefur á rekstur félags þeirra að skip þeirra sem sigla undir þægindafána komast ekki til landa Evrópska efnahagssvæðisins. Ég held að þetta sé eitthvað málum blandað, en við skulum ekki eyða tíma í það núna. Ég þakka hv. 16. þm. Reykv. fyrir að hreyfa þessu máli.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti ákaflega ósmekklegt af hv. síðasta ræðumanni að víkja með þeim hætti að öðrum þingmönnum eins og hún gerði. Þingmaðurinn vék að því að ekki hefðu allir tekið til máls, sem er rétt, en engar þær ástæður eru fyrir því að menn hafa ekki gert upp hug sinn í málinu. Þingmaðurinn sjálfur tók til máls á lokastigum umræðunnar og ég verð að segja það að betur hefði sú ræða ekki verið flutt miðað við það hvernig þingmaðurinn rökstuddi mál sitt og afstöðu sína til þessa samnings. Það virtist sem svo að þrátt fyrir allar þessar umræður hafi þingmaðurinn ekki hugmynd um hvað málið snýst. Að halda því t.d. fram að þetta sé einhver minnisvarði við Jacques Delors, forseta framkvæmdastjórnar EB, er náttúrlega algerlega fráleitt. Að halda því einnig fram að hér sé verið að reisa eitthvert embættismannakerfi sem sé sambærilegt við sovéska kerfið er náttúrlega algerlega út í hött. Fullyrðingar sem þessar eru þingmanninum náttúrlega svo til skammar eftir allar þær umræður, sem hér hafa farið fram, að ég held að hún hefði betur látið þessa óræðu óflutta.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég skal verða að óskum manna og vera mjög stuttorður. Margt gott er búið að segja í þessum umræðum og kannski ekki mjög miklu við að bæta. Fyrst mun ég rifja aðeins upp orðalag ágætrar greinar stjórnarskrár okkar, sem er 2. gr., megingreinin, aðeins til að rifja upp hvernig hún er orðuð:

„Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið."

Ég held að allir sem eru nánast læsir eða í einhverjum gagnfræðaskóla viti hvað þetta þýðir.

Ég held að við eigum bestu stjórnarskrá heimsins enda hefur ekki verið unnt að hagga henni neitt þó margar stjórnarskrárnefndir hafi verið settar á laggirnar. Niðurstaðan hefur alltaf verið sú að það væri ekkert sem væri til bóta. Gömlu mennirnir sáu nefnilega fyrir sér það sem gæti hugsanlega gerst og þeir vildu ekki hætta neitt á það. Það er engin heimild til neins framsals af því sem ég var að nefna. Hún er ekki til í stjórnarskránni. Þess vegna þarf ekki að deila um það að hér er verið að tala um í alvöru stórfellt stjórnarskrárbrot á öllum sviðum. Maska stjórnarskrána og brosa að.

Ég get aðeins vikið að 26. gr.: „Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi til staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu."

Þetta er líka stutt og laggott. Það er því hægt að segja án þess að þurfa að hafa nokkrar málalengingar, í nánast einni setningu eða tveimur, að það er ljóst að marghátttaðir tæknilegir og efnislegir agnúar eru á frumvarpinu með því háttalagi sem nú er viðhaft. Og forseti Íslands er settur í þá aðstöðu að geta ekki staðfest frumvarpið.

Ég endurtek að ég held það væri nauðsynlegt fyrir þingmenn að hlusta á að með því háttalagi sem núna er þá er verið að gera forseta Íslands ógjörlegt að staðfesta lagafrumvarpið. Það verður sem sagt aldrei neitt neitt. Það byggist á því að allar forsendurnar vantar, þetta er allt saman botnlaust. Búið er að rifja það upp í mörgum ágætis ræðum núna og eins og ég segi þá hef ég fræðst meira á það á þessum síðustu vikum en ég hef áður gert, ég játa það ósköp vel, einmitt um þessi málefni. Ekki síst t.d. óþrjótandi umræðum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, sem reyndar hlustar ekki núna rétt í augnablikinu, en hann er gífurlega fróður um öll þessi mál.

Í umræðunum hefur enn fremur verið sýnt fram á og það með fullum rökum að stjórnarskrá lýðveldisins væri brotin með lögfestingu frv. eins og það er. Það væri þá að engu hafandi vegna þess að forseti Íslands skal staðfesta frv., hann fær það í hendur sem slitur, gjörsamlega óhæft sem löggjöf að íslenskum lögum, að stjórnarskránni eins og hún er. Að mínu mati er ekkert svigrúm fyrir forseta Íslands til að staðfesta frv. Það er engin leið. Í einu og öllu hlýtur forsetinn að fara eftir stjórnarskránni, það er meginhlutverk forseta að sjá til þess að stjórnarskráin sé ekki brotin. Ég fæ ekki séð að nokkurt svigrúm sé fyrir forseta Íslands að samþykkja frv. Það er þar af leiðandi sjálfdautt og ekkert meira um það að segja nema bara að þetta hefur verið fróðleg umræða. En endalokin eru sýnilega mjög hagstæð þjóðinni og fólkinu, við verð-

um enn þá frjáls og það verður ekkert Brussel sem fer með dómsvald, löggjafarvald eða framkvæmdarvald.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Nú mun vera komið að lokum umræðunnar og mér þykir rétt að bæta tveimur atriðum inn í hana sem ég vildi gjarnan skerpa á og hafa ekki komið fram nema að nokkru leyti. Tilefnið kom einmitt fram í ræðu hæstv. utanrrh. í sjónvarpsumræðum á fimmtudagskvöld en þar fékk hæstv. utanrrh. þá einkunn hjá hv. 10. þm. Reykv. að vera pólitískur villimaður og ég tók eftir því að forseti gerði ekki athugasemd við þá einkunnagjöf.

Það fyrra atriði sem ég vildi nefna er ávinningur Íslendinga af Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar sem fram kom í máli hæstv. utanrrh. að væru um 7 milljarðar, eða 1,5% af landsframleiðslu. Ég vil rekja það að í skýrslunni er annað uppi á teningnum og frásögn hæstv. utanrrh. er vægast sagt afar frjálsleg. Mat Þjóðhagsstofnunar byggir á útreikningum sem eru gerðir af gefnum tilteknum forsendum sem eru í fyrsta lagi þær að markaðsverð innflutningsvöru lækki um 3%. Í öðru lagi að verðlag peningastofnana og tryggingafélaga lækki um 15%, að vextir lækki um 0,75% og framleiðni fyrirtækja annarra en sjávarútvegsfyrirtækja aukist um 3,7%. Í fimmta lagi er það forsenda að áhrif EES-samningins þýði 5% hækkun á verði sjávarafurða.

Að gefnum þessum forsendum er það niðurstaða Þjóðhagsstofnunar undir dálknum svokölluð „mikil áhrif" þegar reynt er að meta það bil sem áhrifin geta spannað yfir og teygt sig upp í hærri kantinn þá muni landsframleiðslan aukast um 0,6%–1,4% eftir því hvort miðað er við að áhrifin eru komin fram eftir fjögur ár eða átta ár. Þetta þýðir að samkvæmt þessu og þeirri spá að landsframleiðsla á þessu ári verði um 390 milljarðar kr. að ávinningurinn megi reiknast á bilinu 2,4 milljarðar til 5,4 milljarðar, ekki 7 milljarðar. Hæstv. utanrrh. hefur því skotið a.m.k. um helming yfir markið. Þá á eftir að draga frá þann kostnað sem við verðum fyrir vegna samningsins en það er dálítið einkennilegt og reyndar athyglisvert að af hálfu ríkisstjórnarinnar hafa ekki fengist svör um áætluð kostnaðaráhrif samningsins á Íslendinga, bæði hvað varðar sveitarfélög og áhrif þjóðarinnar eða áhrif á búsetuþróun innan lands. Ég minni á að ég bar fyrr í vetur fram fyrirspurn ásamt hv. 4. þm. Austurl. til félmrh. um áhrif á sveitarfélög og svarið var einfalt, stutt og laggott hjá hæstv. félmrh: Við höfum ekkert athugað málið. Það liggur ekkert fyrir.

Hjá hæstv. forsrh., sem fer með byggðamál, hefur komið fram að engin athugun liggur fyrir af hans hálfu eða ráðuneytis hans á áhrifum samningsins á búsetuþróun innan lands og þeim kostnaði sem mun leiða af breytingu á búsetumunstri.

Ég bendi á skýrslu Byggðastofnunar um þetta efni sem leiðir fram að verulegar hættur eru á að afar slæm áhrif á búsetuþróun verði á landsbyggðinni í kjölfar samningsins. Skýrslu Byggðastofnunar hefur ekki verið svarað af yfirmanni byggðamála á landinu og engin tilraun gerð til að færa fram rök um aðra niðurstöðu en þar er komist að.

Þegar við metum ávinninginn á bilinu 2,4 milljarðar til 5,4 milljarðar tekjumegin þá eigum við eftir að meta mínusinn þar sem kostnaður hækkar og þar liggur ekkert fyrir eins og var viðurkennt af hæstv. umhvrh. í dag varðandi sveitarfélögin.

Ég vil nefna líka að að gefnum þessum útreikningum Þjóðhagsstofnunar þá verða önnur áhrif en fram hefur komið í máli hæstv. utanrrh. og þau eru í fyrsta lagi að störfum hér á landi mun fækka. Ársverkum mun fækka um 0,3–0,5% eftir því hvort miðað er við áhrif samningsins eftir fjögur ár eða átta ár. Það þýðir að áhrif samningsins á atvinnulíf hér á landi, þau störf sem eru í boði, verða öfug við það sem hann hélt fram. Þeim mun fækka á bilinu 400–650. EES-samningurinn er svar hæstv. utanrrh. við núverandi atvinnuleysi, svar hans til atvinnulausa fólksins, með EES kemur vinna. En þegar skoðað er svar Þjóðhagsstofnunar þá er svarið að vinnan mun minnka. Þetta var fyrra atriðið sem ekki hefur komið fram í umræðunni en kemur fram í skýrslu Þjóðhagsstofnunar.

Síðara atriðið, sem hæstv. utanrrh. nefndi í ræðu sinni, endemis óræðu eins og hér var nefnt áðan, er að kaupmáttur launa mun aukast. Það kemur fram í skýrslunni að hann muni aukast um 2–3,1%. En hvað er það mikið upp í þær aðgerðir sem núverandi ríkisstjórn hefur þegar gripið til, gengisfellingin og breytingar á skattalögum? Það nægir ekki upp í helminginn af kjaraskerðingunni. Það á að koma fram eftir átta ár. Eftir átta ár verður batinn ekki meiri en svo að hann nægir ekki fyrir helmingnum af kjaraskerðingunni sem núv. ríkisstjórn ákvað fyrir áramót. Er boðlegt að bera þessi rök fram fyrir fólk og það af hálfu Alþfl.? Ég segi nei.

Þetta vildi ég nefna, virðulegi forseti, sem mitt fyrra atriði. Síðara atriðið sem ég nefni er innri markaður Evrópubandalagsins og hin blinda markaðshyggja, trú á markaðinn. Hér hefur verið nefnd í umræðunni skýrsla sem gefin var út fyrir nokkrum árum og unnin á vegum Evrópubandalagsins og kennd við Cecchini. Niðurstöður þeirra sérfræðinga sem unnu þá skýrslu voru þær í mjög stuttu máli að innri markaðurinn, markaðsbúskapurinn, mundi leiða af sér að landsframleiðsla ríkjanna mundi aukast, verðlag mundi lækka, að afkoma ríkissjóðanna mundi batna, að viðskiptajöfnuður yrði hagstæðari og í fimmta lagi að atvinnutækifærum mundi fjölga um 1,8 milljónir. Að störfum á Evrópusvæðinu mundi fjölga um 1,8 milljónir í kjölfar innri markaðarins. Það væru áhrif markaðsbúskaparins á atvinnulíf að störfum mundi fjölga um 1,8 milljónir.

Nú berast fréttir sem gera það að verkum að maður hlýtur að draga þessar spár verulega í efa. OECD gerði nýlega spá um atvinnuleysi á næstunni í þessum löndum og spá OECD er að atvinnuleysi muni aukast úr 15 milljónum í 20 milljónir manns. Um 5 milljónir starfa munu tapast á næstunni þrátt fyrir innri markaðinn. Síðan gerði European, sem er fréttablað í Evrópu, sína eigin könnun og komst að þeirri niðurstöðu

að á næstu þremur árum mundi störfum fækka um 8 milljónir eða atvinnulausum mundi fjölga úr 15 upp í 23 milljónir, þrátt fyrir innri markaðinn. Þá hefur atvinnuleysi ekki verið meira og slær öll met síðan 1930 í Evrópu.

Enn fremur hafa forustumenn í iðnaði og verkalýðshreyfingum erlendis velt þessum málum fyrir sér. Einn talsmaður verkalýðshreyfingarinnar í Evrópu segir í nýjasta tölublaði The European að útlit sé fyrir það að atvinnuleysi geti farið upp í 34 milljónir manna undir lok þessa áratugar þegar öll jákvæðu áhrifin af innri markaði byggðum á trúnni á markaðsbúskap eru komin fram. Er furða þó maður setji spurningarmerki við þá hagfræðikenningu sem hér hefur verið fylgt alveg skefjalaust undir forustu þessarar ríkisstjórnar og að nokkru leyti lengur.

Þetta vildi ég að kæmi fram, virðulegi forseti, og enn fremur að menn eru svo svartsýnir í Evrópu að þeir segja sem svo að ef spár um aukið atvinnuleysi nái fram að ganga sé veruleg hætta á efnahagshruni í Evrópu sem er mín þýðing á ensku orðunum „economic meltdown".

Það virðist því vera mat sérfræðinga í Evrópulöndunum að staðan sé orðin svo veik, efnahagskerfið svo veikt, að það má ekki við neinu án þess í raun og veru að leka niður. Þetta er það sem við erum að fara að taka upp. Þýðir EES eitthvað annað en að við tryggjum okkur hlutdeild í vaxandi atvinnuleysi? Ég spyr. Það er eitt sem blasir við í mínum augum að fengnum þessum upplýsingum og Þjóðhagsstofnunar. Ég sé ekki annað en við séum að stefna á efnahagslegum forsendum inn í aukið atvinnuleysi og takmarka möguleika okkar á því að bregðast við þeim aðstæðum.

Virðulegi forseti. Ég hef komið á framfæri þeim tveimur atriðum sem mér fannst nokkuð á skorta að kæmu glögglega fram í umræðunni í tilefni ummæla hæstv. utanrrh. Afstaða mín til þessa samnings liggur ljós fyrir. Ég þarf ekki að tíunda hana frekar og ég læt því máli mínu lokið.

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegi forseti. Ég hafði fyrr í dag tekið mig af mælendaskrá til þess að reyna að flýta fyrir þingstörfum en svo lengi má deigt járn brýna að bíti og eftir að hafa hlustað á ýmsa alþýðubandalagsmenn tala í dag þá sá ég að ekki var annað hægt en stíga í stólinn og svara ýmsu af því sem þar hefur komið fram. Kannski ekki síst vegna þeirrar — hvað eigum við að segja — þarfar til að stimpla fólk sem hefur birst í ræðum þeirra með því að tala alltaf um hjásetuliðið á þingi. Hér hafa sex einstaklingar lýst því yfir að þeir ætli að sitja hjá en hvort þeir eru sérstakt hjásetulið er önnur saga. Það er kannski rétt að leggja aðeins út af því að það birtist oft í ræðustól Alþingis einhver sérstök þörf ýmist fyrir að stimpla fólk eða einhver — ég vil kalla það frumstæða þörf til þess að teygja og toga nöfn fólks. Það hefur líka komið fram í ræðustól. Ég held að þetta sé mjög frumstætt fyrirbæri sem hér er á ferðinni. Svo ég lýsi því aðeins fyrir þingmönnum hvað ég á við með þessu kemur það t.d. fram í því að ef menn vilja koma sérstöku höggi á Steingrím J. Sigfússon þá heitir hann allt í einu Steingrímur Jóhann og ráðherra sem heitir Ólafur G. heitir Ólafur Garðar. Nú í máli Hjörleifs Guttormssonar heiti ég, sem hér stend, aldrei Ingibjörg Sólrún sem er þó mitt rétta nafn og það nafn sem ég nota heldur er það þingmaðurinn Ingibjörg Gísladóttir og það er þingmaðurinn Tómas Olrich en ekki þingmaðurinn Tómas Ingi Olrich og það er ráðherrann Jón Hannibalsson. Það er dálítið sérstakt að geta ekki notað nafn manns eins og það kemur fyrir og eins og maður vill að það sé notað og eins og maður er skráður á lista fyrir framan þingmanninn í ræðustól. Mér finnst þetta bera svolítinn keim af því að menn vilji með þessum hætti einhvern veginn koma höggi á persónuna í gegnum nafn hennar því þetta tvennt er auðvitað mjög tengt og verður ekki aðskilið.

En þetta var útúrdúr sem mér fannst samt tímabært að koma á framfæri.

Það kom fram í máli Hjörleifs Guttormssonar, reyndar í andsvari, að það mál sem hér væri á ferðinni væri ekki mál einnar ríkisstjórnar og því gætu menn ekki tekið afstöðu í málinu vegna þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr einvörðungu. Það held ég að enginn hafi gert af þeim sem hér hafa lýst því yfir að þeir ætli að sitja hjá heldur hafa verið fjölþættar ástæður færðar fyrir því og að ýmsu leyti mismunandi. En ég er alveg sammála þingmanninum. Þetta er ekki mál einnar ríkisstjórnar. Þetta er meira að segja mál tveggja ríkisstjórna. Það hafa tvær ríkisstjórnir komið að þessu máli og fjórir flokkar og er nær að segja kannski að ýmsir sem nú hafa snúist til andstöðu við málið og geri það að máli þessarar ríkisstjórnar séu að taka afstöðu í málinu á forsendum ríkisstjórnanna, þ.e. forsendunni hver er í ríkisstjórn á hverjum tíma. Það er eiginlega nær að setja málið upp með þeim hætti.

Þegar menn taka afstöðu í þessu máli á þingi er ekki verið að taka afstöðu til þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. Það ætti öllum að vera ljóst því það fólk sem á hér mjög sterka málefnalega samstöðu andspænis þessari ríkisstjórn á ekki endilega sameiginlega afstöðu í þessu tiltekna máli. Þessi misskilningur koma líka fram í máli hv. þm. Svavars Gestssonar í gær að þarna væri ríkisstjórninni að bætast einhver liðsauki. Mér finnst það mjög sérkennilegur málflutningur hjá alþýðubandalagsmönnum að hafa svona óskaplega löngun til þess að reka þessa sexmenninga sem ætla að sitja hjá inn í einhverja ríkisstjórnarrétt og vil ég frábiðja mér þess. Það væri í rauninni mjög óábyrg afstaða ef tekin væri afstaða til málsins einvörðungu á forsendum þess hver situr í ríkisstjórn.

En ég er sammála þingmanninum um að þetta er ekki mál einnar ríkisstjórnar. Þetta er málefni a.m.k. tveggja ríkisstjórna og fjögurra flokka og Kvennalistinn einn hefur ekki tekið þátt í því að semja um þetta Evrópska efnahagssvæði. Ég færði fyrir því nokkur rök í mínu nál. hvernig þetta mál hefði komið til og mig langar til að tæpa aðeins á því því hér er ekki tími til að ræða það til neinnar hlítar. Það kemur m.a. fram í svokallaðri Óslóaryfirlýsingu frá mars 1989 þegar

menn ákváðu að fara inn í þetta samningaferli með svofelldum orðum, með leyfi forseta:

„Við gerum ráð fyrir því að samningaviðræður leiði til fyllsta mögulega samkomulags um óhindraða flutninga á vöru, þjónustu, fjármagni og fólki“ — þ.e. fjórfrelsið — „með það að markmiði að koma á einu samræmdu Evrópsku efnahagssvæði.“ — Þetta getur ekki verið ljósara.

Markmið EFTA-ríkjanna með samningaviðræðunum, og það var strax alveg ljóst á þingi og það veit auðvitað þingmaðurinn Hjörleifur Guttormsson eins vel og ég, var að tryggja aðild þeirra að innri markaði EB þegar hann yrði að veruleika 1. jan. 1993 og grundvöllur viðræðnanna allt frá upphafi voru þær samþykktir Efnahagsbandalagsins sem vörðuðu hið svonefnda fjórfrelsi og mörkuðu rammann um hin innri markað. Allar þessar gerðir sem menn sjá núna sem óalandi og óferjandi og ómögulegt að taka yfir. Þetta var ramminn. Þetta var grundvöllurinn sem samið var á. Að þessu hafa nú komið tvær ríkisstjórnir og menn voru þá að fara inn í þessar viðræður á þeim forsendum að þeir ætluðu að semja um aðild að innri markaði og um fjórfrelsið.

Mér finnst einmitt að á þessari forsendu geti þeir menn sem vildu reyna að fara þessa leið fyrir tveimur til þremur árum ekki lýst samningnum núna eins og hálfgerðum ragnarökum sem munu yfir okkur dynja ef hann verður að veruleika. Það er ekki trúverðugur málflutningur. Þ.e. ekki ef þeir gengu að málinu og til leiks á sínum tíma með opin augu en ekki eins og blindir kettlingar. Þá geta þeir ekki gert það. Þeir geta verið ósáttir við samningsniðurstöðuna. Þeir geta sagt: Við fengum ekki út úr þessu það sem við vildum. Fiskveiðisamningurinn er vondur, stofnanaþátturinn er ekki nógu góður, tollalækkunin er ekki nógu mikil o.s.frv. En þeir geta ekki komið og dregið eðli samningsins algjörlega í efa, sjálfa forsenduna sem samið var um, fjórfrelsið, innri markaðinn, ef þeir ætluðu á annað borð að gera þennan samning á sínum tíma. Ef þeir voru ekki teymdir nauðugir til þess með einhverjum hætti og það hefur enginn sagt að hann hafi verið teymdur nauðugur til stuðnings við það að farið væri inn í þetta samningaferli. (Gripið fram í.) Það var reynt að fá fram stuðning á þingi og lögð fram sérstök tillaga um að umboð yrði fengið frá Alþingi. Það voru sjálfstæðismenn og kvennalistakonur sem fluttu slíka tillögu en henni var hafnað af stjórnarliðinu, sem var m.a. flokkur hv. þm. sem kallaði hér fram í. Þeir vildu ekki leita eftir umboði og vita hvort það væri vilji á þingi fyrir þessari leið. Það var nú lýðræðishugsjónin a.m.k. þá.

Ég get alveg tekið undir það að ég finn bæði Evrópska efnahagssvæðinu og EB ótal margt til foráttu. Mér finnst margt af því sem þessu fylgir ekkert fýsilegt. Markaðskerfið, eins og það er, er ekki kerfi eins og ég vildi sjá það. En við getum ekki sagt okkur algjörlega úr lögum hvorki við EES né EB. Það er ýmislegt athugavert við þetta en þarna getum við þó haft áhrif. Þarna munu hlutirnir gerast til góðs og ills líka.

Ég finn þessu þingi ýmislegt til foráttu. Það er ýmislegt við starfsstíl Alþingis og starfshætti sem mér finnst ekkert fýsilegt og mér finnst ekkert gaman að taka þátt í. Hingað er ég samt komin vegna þess að ég vil hafa áhrif. Ég vil breyta hlutunum og leggja mitt af mörkum og þess vegna er ég hingað komin. Á svipuðum forsendum tel ég að við þurfum að fara þarna og reyna að leggja okkar lóð á vogarskálarnar. Ég veit að þarna er starfandi fullt af fólki sem hugsar á svipuðum nótum og menn sem eru að tala gegn samningnum og hugsar á svipuðum nótum og ég og eru að reyna að hafa áhrif á innihald þessa máls. Þegar ég segi þetta felst ekki í þessu sú nauðhyggja að við verðum að fara þarna. Við getum auðvitað alveg staðið utan við. Við eigum þann kost. Við getum þá bara búið við það sem við höfum. En mér finnst það ekki vænlegur kostur miðað við stöðuna sem uppi er í dag.

Hér hafa menn verið með áfrýjunarorð varðandi hjásetuliðið sem þeir hafa kallað svo og sagt: Nú er staðan sú að annaðhvort eru menn með eða á móti og það á ekki við að sitja hjá í þessu máli. Þetta kom m.a. fram í máli Guðrúnar Helgadóttur og Margrétar Frímannsdóttur í dag. Ég ætla að biðja þessa þingmenn að líta yfir sinn eigin þingferil og skoða það hvenær þeir *sátu hjá í málum.* Það er ekki alltaf *sama ástæðan* fyrir því að menn sitja hjá. Það getur verið margvíslegt efnisinnihald í hjásetu. Það þýðir ekki endilega afstöðuleysi. Allir þeir sem hafa ákveðið að sitja hjá í þessu máli hafa sagt á hvaða forsendum það er. Þeir hafa fært fram ástæður fyrir hjásetu sinni. Menn hafa ekki yppt öxlum og sagt: Æ, ég hef ekki afstöðu. Ég nenni ekki að taka þátt í þessu. Ég nenni að spekúlera í þessu. Þetta fólk hefur lagt mikla vinnu í það að setja sig inn í þetta mál. Ég segi það hvað mig varðar og ég held að það hafi komið alveg skýrt fram að ég er efnislega fylgjandi því að fara þessa leið miðað við þá stöðu sem uppi er núna en ég sé annmarka, bæði á ýmsum formsatriðum og framkvæmd samningsins og hvernig haldið hefur verið á því máli. Mín niðurstaða er sú að rétt sé að þeir ráði úrslitum í þessu máli þar sem saman fer formsafstaða og efnisafstaða. Þeir ráði niðurstöðunni.

Ég bað menn að líta yfir þingferil sinn. Ég hef áður tekið dæmi af því þegar hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sat hjá þegar bráðabirgðalögin á BHMR voru lögð fyrir Alþingi. Í því fólst einhver afstaða væntanlega en ekki bara afstöðuleysi. Mér dettur ekki í hug að sá þingmaður hafi yppt öxlum og ekki haft neina skoðun á því máli. Hjáseta er auðvitað afstaða. Við getum séð það á töflunni. Menn geta sagt já, nei, eða ekki greitt atkvæði. Það er afstaða. Það er þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ég ætla að biðja menn að tala ekki á þessum nótum.

Ég sagði áðan að þeir sem á sínum tíma vildu fara þessa leið gætu ekki vísað henni algjörlega á bug núna sem óalandi og óferjandi og gætu ekki komið og séð innri markaðnum allt til foráttu. Ég veit vel allt það sem kom fram í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Ég veit alveg hvað er að gerast úti í Evrópu. Þetta atvinnuleysi sem er að koma yfir. Að hluta til tengist það auðvitað innri markaðnum og þeim samruna í

efnahagskerfinu sem þarna hefur verið, aukinni samkeppni o.s.frv. Það atvinnuleysi sem menn eru að spá á næstu árum er ekki þrátt fyrir innri markaðinn. Það er kannski vegna innri markaðarins. Það vissu menn. Það kom fram í Cecchini-skýrslunni sem hér hefur verið nefnd að fyrst eftir að innri markaðnum yrði komið á mundu tapast ákveðin störf vegna aukinnar samkeppni. Þessi spá um að störf mundu tapast með aukinni samkeppni á innri markaði lá fyrir þegar menn fóru út í þessar viðræður. Þetta vissu allir.

Kvennalistakonur hafa tekið afstöðu gegn EES-samningnum og þær hafa heldur ekki lýst því yfir að þær vilji láta semja um aðild að innri markaði eða fjórfrelsi. Það er þó afstaða sem er sjálfri sér samkvæm. Hitt er ekki að vera sjálfum sér samkvæmur. Menn geta ekki, eins og ég hef sagt áður, krafsað hvert sem er eftir rökum.

Eitt af því sem menn segja þegar þeir eru að krafsa eftir rökum er: Við erum að opna þetta samfélag fyrir 380 milljónum manna, öllu atvinnulausu fólki úti í Evrópu sem hingað mun streyma. Þetta er auðvitað fræðilegur möguleiki en ef við lítum á það sem hefur verið að gerast í Evrópu á síðustu 10 árum er talið að núna séu 2 milljónir íbúa í Evrópubandalaginu í vinnu utan síns heimalands og þá einhvers staðar annars staðar innan Evrópubandalagsins. Þetta eru 2 milljónir manna sem er færra fólk en fyrir 10 árum. Það hefur fækkað í þessum hóp. Fólk er ekki eins hreyfanlegt og menn vilja vera láta því fólk á rætur, það á sér fjölskyldur og heimili. Þetta þekkja menn sem hafa búið úti á landi. Þó það komi atvinnuleysi þá fer fólk ekkert einn, tveir og þrír af staðnum.

Ég hef í sjálfu sér enga sérstaka löngun til að munnhöggvast við alþýðubandalagsmenn út af þessu máli. Ég lít svo á að við eigum ákveðna samleið í stjórnarandstöðu og það skipti máli með þessa ríkisstjórn sem nú er að eiga þessa samleið. Hins vegar hvarflar ekki að mér að sitja þegjandi ef þeir vilja koma á skoðanaskiptum milli sín og okkar sem ætlum að sitja hjá. Auðvitað er ég meira en fús að taka þátt í því og vil koma minni afstöðu á framfæri, því eins og ég segi er hún algjörlega kinnroðalaus af minni hálfu. En mér finnst menn hafa fært þetta mál inn á dálítið sérkennilegar brautir í þessari umræðu og eins og þeir séu að reyna að reka mann inn í einhverja rétt. Og þá vil ég bara segja þessum ágætu mönnum það að það hefur aldrei gefist vel að berja konur til ásta.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er mjög athyglisvert að finna hvernig hv. 10. þm. Reykv., Ingibjörg Gísladóttir, ástundar það að tala við þingflokk Kvennalistans, þær fjórar sem sitja á þingi, í gegnum skammir á Alþb. fyrst og fremst. Hv. þm. hefur tekið upp þessa aðferð eftir því sem liðið hefur á umræðuna. Hún stundaði þetta í umræðunni í gær og hún stundar þetta hér og nú. Þetta er vegna þess að hv. þm. vill koma sér hjá því að ræða þann efniságreining sem liggur fyrir milli hennar og Kvennalistans. Hún hefur risið gegn stefnu síns flokks og tekur allt aðra stefnu. Í stað þess að eiga orðastað við þær sem eru í meiri hluta í þingflokknum og er þingflokkurinn utan hennar notar hún þessa aðferð.

Hún sagði að þetta væri ekki spurning um ríkisstjórnir og við erum sammála um það efni að öðru leyti en því að það er ekki spurning um hvort þær voru tvær eða þrjár heldur á almennt séð að taka svo stórt mál sem þetta þeim tökum að menn meti það á eigin forsendum óháð því hvernig menn standa í afstöðu til ríkisstjórna.

Það er ekki rétt sem þingmaðurinn sagði, enda kannski ekki von, líklega ekki kominn til þings þá, að Kvennalistinn og Sjálfstfl. hefðu lagt fram tillögu um einhvern annan grundvöll. (**ISG:** Það sagði ég aldrei.) Það var ekki tillaga um samningsumboð. Jú, þingmaðurinn lét að því liggja að það hefði verið, en það er ekki rétt. Það er það sem þingmaðurinn ætlaði að segja að hefði verið gert en Kvennalistinn stóð ekki að slíkri tillögu. Kvennalistinn var ekki andvígur því, eins og ég þekkti málflutning Kvennalistans á þeim árum, að það væri látið reyna á einhverja samninga, enda væru þær forsendur virtar sem lagðar voru fyrir og ítrekaðar m.a. af talsmönnum Kvennalistans.

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er mjög sérkennilega lagt út af mínu máli að líta svo á að ég sé að tala við Kvennalistann gegnum skammir á Alþb. Það hefur bara ekkert með Kvennalistann að gera þó að ég skammi Alþb. og er furðulegt af þingmanninum að tengja þetta tvennt saman. (**HG:** Þetta er nákvæmlega það sem þingmaðurinn er að gera.) Ja, það verður að vera afstaða hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Auðvitað höfum við í Kvennalistanum farið í gegnum heilmiklar umræður um þetta mál og það er alveg feimnislaust af okkar hálfu að hér er ágreiningur, en hann hefur komið margsinnis fram. Hann hefur þegar komið fram hér í umræðum. Það er engin feimni hjá okkur gagnvart þeim hlutum. Við höfum rætt þetta ítarlega í Kvennalistanum. Og það þarf ekkert að fara í neinar grafgötur um þennan ágreining. En þetta er auðvitað gömul og gegn teoría sem þingmaðurinn er með þarna á ferðinni því að ég man ekki betur en það væri alltaf sagt að menn skömmuðu Albaníu ef þeir vildu skamma Kínverjana eða Rússana, ég man ekki hvort heldur það var þannig að hann þekkir sjálfsagt þessa fræðigrein mun betur en ég. En ég hef kannski eitthvað mismælt mig eða orðið fótaskortur á tungunni áðan þegar ég var að tala um umboð. Það sem ég átti við var að Kvennalisti og Sjálfstfl. lögðu á það áherslu að Alþingi tæki formlega afstöðu í málinu áður en lengra væri haldið í þessum samningaviðræðum, að það yrði leitað eftir umboði hér, að þetta yrði lagt með einhverjum hætti fyrir þingið. Það kann vel að vera að mér hafi orðið fótaskortur á tungunni í þessu efni, en það var þetta sem ég var að segja, hv. þm.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það sem er deginum ljósara að

það sem er að gerast hjá hv. þm. og ástæðan að hún kveður sér hér hljóðs við lok umræðunnar er einmitt þetta að hún þarf að bæta einni árásinni við á meiri hluta þingflokksins og hún gerir það með þessum sérkennilega hætti. Hún rökstuddi það hvers vegna hún væri í hjásetuliðinu. Hún sér EES og EB ýmislegt til foráttu en getur bara ekki sagt okkur úr lögum við EES og EB. Þarna getum við haft áhrif til góðs og ills, skrifaði ég eftir þingmanninum. Þetta er svo sem í samhljómi við nál. Þar er það ekki aðeins inngangan í EES sem er á dagskrá, þar er höfnin EB. Þar segir, virðulegur forseti:

„Ef EB þróast aftur á móti þannig að almenningur í þessum ríkjum telji það viðunandi eigum við tveggja kosta völ. Um er að ræða tvíhliða samning um fjórfrelsið að frátöldum stofnanaþætti samningsins um EES eða að leggja inn umsókn um aðild og sjá hverju hún mundi skila."

Þetta er það sem þingmaðurinn hefur verið að segja bæði í nál. og löngu áður raunar og heldur áfram eftir að hún valt ofan af girðingunni sem hún sagði okkur frá hér á haustdögum.

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Myndhverfing mín um girðinguna hefur reynst þessum þingmanni ansi drjúg til nota hér í ræðustólnum. Hann er sjálfsagt búinn að nefna hana svona fjórum til fimm sinnum. En það er vissulega rétt að ég segi í mínu nál. að ef þróunin í bandalaginu verður þannig að það verði fýsilegt fyrir þessi ríki og fólk í þessum ríkjum samþykki það, þá geri ég mér grein fyrir því að Efnahagsbandalagið þarf að breytast verulega mikið. Ég segi ef þróunin verður í þá átt, þá sé þetta kostur sem vel sé til skoðunar.

Ég sé ekki hvað er að því að setja það fram. Það felst ekkert í því sú skoðun að við eigum að gera þetta núna, að Efnahagsbandalag Evrópu eins og það er núna eða Evrópubandalagið sé fýsilegur kostur. Þetta er náttúrlega eins og hver annar útúrsnúningur og það er í rauninni furðulegt ef þingmaðurinn hefur fylgst með umræðum hér og hlustað á sinn flokksformann, þegar hann var að ræða þessi mál hér á þingi í tíð síðustu ríkisstjórnar, að þá skuli hann koma með svona fullyrðingar. Ég er hér með hluta úr ræðu sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hélt þann 29. okt. 1990 þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Það er nauðsynlegt fyrir Íslendinga að ræða kosti og galla aðildar að Evrópubandalaginu því að aðeins með umræðunni eflist skilningur manna á því hvað hér um ræðir."

Hver er eðlismunurinn?

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess sem fram kom í máli hv. 10. þm. Reykv. vildi ég gjarnan ítreka þær upplýsingar sem liggja fyrir í skýrslum bæði innlendum og erlendum um þróun atvinnumála í Evrópu og á Íslandi á næstu árum, verði EES að veruleika. Í þessari Cecchini-skýrslu er spáð — og mörgum þótti hún bjartsýn — að atvinnutækifærum mundi fjölga um 1,8 millj. (Gripið fram í.) Það getur vel verið rétt, hv. þm. En ég hygg að ég megi segja að innan átta ára eigi þau áhrif að vera komin fram að fullu, þ.e. við lok þessa áratugs.

Nýlegar upplýsingar sem ég var að rekja í minni ræðu benda til þess að atvinnuleysi muni á næstu þremur árum aukast úr 15 millj. í 23 millj. og að það geti farið svo að atvinnulausir í Evrópu verði orðnir 34 millj. við lok áratugarins. Það gerist þrátt fyrir að fram séu þá komin öll hin jákvæðu áhrif af innri markaðnum. Þess vegna set ég spurningarmerki við hagfræðileið af þessari gerð sem kölluð er markaðsbúskapur og spyr: Erum við á réttri leið með þetta?

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, benda á það sem oftlega hefur komið fram, m.a. hjá þingmönnum Sjálfstfl. áður en þeir komust í ríkisstjórn að aðild að EES er fyrsta og annað skref inn í EB. Það kom m.a. fram hjá ekki ómerkari manni en þeim sem nú gegnir stöðu formanns utanrmn. og manni sem var formaður Sjálfstfl., þannig að ég held að við þurfum ekki að velkjast í neinum vafa um það hvert ferðinni er heitið.

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð um þetta og ég dreg ekki í efa þessar tölur um atvinnuleysið því að við vitum að staðan er mjög erfið fram undan og ástandið í efnahagsmálum mjög svart. Ég hef sagt það sjálf í ræðustól á hér á Alþingi að það sé ekki aðeins ein skrúfa laus í þessu efnahagskerfi Vesturlanda, hinu kapítalíska efnahagskerfi Vesturlanda, heldur séu mörg tannhjól orðin ansi illa farin. En þá hlýtur maður samt að spyrja sig, og ég vil spyrja þingmanninn að því vegna þess að Alþb. hefur gefið út þá stefnu að það vilji viðskiptaþátt þessa bandalags, það vilji opna og koma á fjórfrelsi, heldur þingmaðurinn að þetta atvinnuleysi mundi ekki fylgja með, ef það er svona smitandi yfir á íslenskt hagkerfi, að það mundi ekki fylgja með ef aðeins væri gerður samningur um viðskiptaþátt hins Evrópska efnahagssvæðis?

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er nú eiginlega spurt spurningar sem frekar er á færi hagfræðinga að svara. Mér er ekki kunnugt um að nein úttekt hafi verið gerð á hugsanlegri efnahagsþróun hér innan lands án fjórfrelsisins sem fylgir EES þannig að ég verð bara að viðurkenna að ég hef ekki þekkingu til að meta það af neinni þeirri kunnáttu að mark sé á takandi þó að ég setji fram einhverja skoðun á þessu að svo stöddu. Hitt vil ég taka fram — og hygg nú að flestum sé ljóst hafi þeir á annað borð fylgst með málflutningi mínum — að ég hef ekki verið því fylgjandi að taka upp fjórfrelsið eins og það liggur fyrir og hef verulegar efasemdir um þá þróun í efnahagsmálum sem við ætlum að reisa stefnu okkar á næstu árum byggðum á svokölluðum markaðsbúskap sem fylgir fjórfrelsinu og hef all-

an fyrirvara á stuðningi mínum við þá leið og reyndar er ég fremur andsnúinn því en hitt.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Því miður var ég ekki viðstaddur þegar 2. umr. málsins fór fram, féll á eigin bragði þar sem ég hafnaði góðu boði Alþingis að fá sprautu við inflúensu og fyrir bragðið féll ég fyrir henni og var því miður fjarstaddur. En ég ætla að nýta mér að fá að segja örfá orð núna. Ég geri mér þó grein fyrir því að það hefur verið gert samkomulag um að ljúka umræðunni og mér skilst að henni hafi átt að ljúka um sjöleytið og því mun ég vera stuttorður.

Ég vil hefja mál mitt á því að harma það hvernig hæstv. utanrrh. hefur valið orðum sínum stað núna undanfarið og ég vil segja það að ef lengra væri eftir af þessari umræðu, við skulum segja nokkrar vikur, upp í mánuð, þá er ég viss um það að hæstv. utanrrh. hefði haft það af að kolfella málið hér í þinginu. Slíkur hefur málflutningur hans verið að það er ekki viðunandi. Og þó að ég sé stjórnarliði, þá get ég ekki sætt mig við að svona sé komið fram við hvern sem er. Og þegar einn maður veitist hér að einum virtasta stjórnmálamanni þjóðarinnar seinni ára og líkir honum við Hitler, þá er mér gróflega misboðið. Mér er gróflega misboðið. Að líkja hæstv. fyrrv. forsrh. og hv. þm. Steingrími Hermannssyni við Hitler finnst mér fyrir neðan allar hellur. Ég veit að hæstv. utanrrh. hefur margoft misst stór orð út úr sér og hann hefur margoft verið beðinn um það að biðjast afsökunar. Það hvarflar ekki að mér að reyna að fara fram á það að maðurinn biðjist afsökunar á slíkum orðum. Það hvarflar ekki að mér. Hins vegar finnst mér það umhugsunarefni fyrir forsetaembættið að fari það fram hjá forseta, eða sitjandi forseta þá stundina að vítaverð ummæli séu látin fara hér úr ræðustólnum, þá tel ég að embættið eigi að geta endurskoðað málið eftir ábendingar hvort það sé ekki rétt að ávíta fyrir einhver tiltekin ummæli. Ég tel að í þessu tilfelli eigi forsetaembættið að fara yfir þessa ræðu og endurmeta það hvort ekki sé rétt að víta hæstv. utanrrh. „Ein Volk, ein Führer", þetta segja menn ekki nema af mjög ærinni ástæðu og hún er svo sannarlega ekki fyrir hendi hvað þetta varðar. Þetta vildi ég gjarnan láta koma fram hér í upphafi, hæstv. forseti, vegna þess að mér misbauð gróflega. Þó að hér sé um pólitískan andstæðing að ræða, þá er þetta ekki rétt að málum staðið.

Ég hef ekki eytt tíma þingsins hér, ég hef ekki verið og verð ekki stimplaður einn af málþófsmönnum þó að ég taki ekki undir það að menn hafi hér verið með málþóf. Hér er að sjálfsögðu um gríðarlega stórt mál að ræða þar sem mjög eðlilegt er að nánast allir þingmenn tali. Auðvitað er hverjum og einum frjálst að tjá sig um málið eða ekki, en það er mjög eðlilegt að menn nýti sér rétt sinn til að flytja mál sitt og flytja sín rök. Þannig að ég blæs á allt sem heitir málþóf. Auðvitað hefur einstaka maður kannski verið fulllangorður en það er annað mál.

Ég studdi hér fyrr á þinginu tillögu um þjóðaratkvæði og er enn þá þeirrar skoðunar. Ég tek undir með hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni að virðulegur forseti lýðveldisins verður settur í afar erfiða stöðu ef Alþingi ætlar að samþykkja það sem hv. þm. hefur kallað, og ég tek undir, slitrur af samkomulagi. Ég tel nánast að forseti geti ekki samþykkt frv. eins og það liggur núna fyrir. Það er ekki þinghæft eins og það liggur fyrir í dag. Slíkir hlutir hafa verið að gerast úti í hinum stóra heimi að málið er sjálffallið og ég skil ekki í jafnskörpum manni og formanni utanrmn. að bera þetta fram vegna þess að ég hef heyrt þann ágæta þingmann gagnrýna önnur frumvörp fyrir að vera ekki þingleg af miklu minni ástæðu en þetta sem er langstærsta mál sem hefur komið fyrir Alþingi Íslendinga á seinni árum. Ég harma því að vinnubrögð skuli ekki vera vandaðri. Ég trúi því enn að það muni fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla en sú þjóðaratkvæðagreiðsla verður að fara fram um það hvort þjóðin sé sammála því að stjórnarskráin sé brotin, ekki um EES, heldur fyrst og fremst um þetta: Er þjóðin sammála því að brjóta stjórnarskrána? Um það hlyti slík þjóðaratkvæðagreiðsla að snúast og ekkert annað því það er alveg kristaltært að samningurinn eins og hann liggur fyrir núna er brot á stjórnarskránni. Meira að segja fjórmenningarnir frægu þora ekki að gefa þessu fullgildingarstimpil. Þeir hafa alla fyrirvara á. Ég skil hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Ég get vel skilið það að menn sitji hjá. Ég beiti því oft og það er afstaða fólgin í því. Og ég tek alveg undir hennar rök sem hún færði fyrir sínu máli hér áðan. En þegar menn koma hér upp, nokkrir þingmenn Framsfl., og segja að það sé vafi og það sé meira að segja verulegur vafi á að samningurinn standist stjórnarskrána, og ætla síðan að sitja hjá, það þykir mér miklu alvarlegra. Að þessir menn sitji hjá, sem hafa skrifað undir eiðstaf að stjórnarskránni. Hvernig geta menn sagt: Það er verulegur vafi á að þetta standist stjórnarskrána, en ég ætla bara að láta það sigla fram hjá? Hvaða virðingu bera svona menn þá fyrir stjórnarskránni yfir höfuð? Vissu þeir hvað þeir voru að gera þegar þeir skrifuðu undir eiðstafinn? Gerðu þeir sér grein fyrir því? Það getur bara ekki verið. Og þetta hlýtur þá að vera alvarleg áminning til Alþingis og forsetaembættisins að það sé kynnt fyrir mönnum þegar þeir koma inn á þing hvað það þýðir að skrifa undir eið. Það þýðir það að menn eiga að virða stjórnarskrána. Og það þýðir að allur vafi á að vera stjórnarskránni í hag. Þannig hef ég túlkað það. Og þeir menn sem sitja hjá af slíkum ástæðum verða að fara í andlega endurhæfingu. Þeir verða að gera það.

Virðulegur forseti. Í mínum huga eins og ég hef sagt er enginn vafi á því að stjórnarskráin er brotin. Það er ákveðið fullveldisafsal og það er ákveðin skerðing á löggjafarvaldinu. Ég vil spyrja hv. formann utanrmn. sem situr hér í hliðarherbergi: Var leitað álits hjá forsætisnefndinni hvernig störf Alþingis verða í framtíðinni? Var forsætisnefndin kölluð til fundar utanrmn.? Var beðið um skriflegt álit hennar? Eru menn algjörlega klárir á því hvernig Alþingi Íslendinga verður eftir nokkur ár? Ég óska eftir svari við þessu og ég óska eftir því að það verði þá skýrt fyrir mér hvernig sú mynd lítur út. Hvernig bera almennir þingmenn sig

að í framtíðinni við það að leggja fram frumvörp? Þurfa þeir að panta langlínusímtal út úr landinu? Hvernig bera þeir sig að? Hver verður gangurinn? Hvert er ferlið? Ég vil fá svör við þessu. Menn segja að þetta sé ekki skerðing á löggjafarvaldinu. Það kemur þá væntanlega í ljós í svörum við þessum spurningum hvort svo er eða ekki. Í mínum huga er enginn vafi á því að svo er. Það er verulega skert. Sama má segja um dómsvaldið og fullveldisafsal eins og ég var að geta um hér áðan.

Virðulegur forseti. Menn eru að tala um þennan samning sem viðskiptasamning. Það má auðvitað kalla þetta viðskiptasamning að hluta til. En þeir sem eru að bera þetta saman við EFTA-samning vaða í villu. Það var viðskiptasamningur. Þetta er miklu, miklu meira. Ákveðinn hluti af þessu er viðskiptasamningur og ég skil það ósköp vel. En hvernig er sá viðskiptasamningur? Hvernig er t.d. með tollasamningana? Jú, þeir eiga að fella niður tollana fyrir okkur, á okkar vörum erlendis. En hvað gerum við hér í gagnkvæmum samningi? Fellum við þá ekki niður tollana líka? Nei, ekki aldeilis. Við breytum um nafn. Við þurrkum út nafnið tollur og skrifum vörugjald í staðinn og svo notum við þetta tækifæri í leiðinni og setjum örfá atriði inn í. Aðeins að taka ný gjöld. Svona gerum við gagnkvæma samninga.

Hvað mundu menn segja ef við værum beittir slíkum brögðum, ef nú kæmi allt í einu vörugjald hinum megin frá á okkar vörur? Bölvaðir svikarar, mundum við segja, bölvaðir svikarar. En þetta er bara nákvæmlega taktíkin okkar. Því mega neytendur ekki njóta neins hérna? Af hverjum fellum við ekki tollana niður eins og við lofuðum að gera og leyfum neytendum þá að njóta þess? Af því að það er ríkishítin sem vill alltaf fá sitt og henni er nákvæmlega sama um samningana á annan veginn, það sem snýr að þeim. En út á við verður allt að vera á hreinu.

Hvað með ytri tollana? Af hverjum fellum við þá ekki niður? Þeir eiga að vera 7,5% eftir því sem mér skilst. Jú, það er til þess að skapa okkur samningsstöðu. Fara menn til Bandaríkjanna með 7,5% toll inn á litla markaðinn Ísland og halda að þeir hafi eitthvað til að semja um? Í hvaða heimi lifa menn? Auðvitað á að fella þetta niður eins og aðra tolla. Hagurinn af þessum samningi metinn til fjár er um 1,5–2 milljarðar. Það er allt og sumt. Aðrar tölur sem menn heyra eru spár, eru vonir og eru óskir og allt með bullandi bjartsýni. Ætla menn að byggja svona loftkastala? Eigum við að byggja íslenskt þjóðfélag á svona loftköstulum?

Menn segja að það taki 8 ár, ef allt fer á besta veg, þá aukist kaupmátturinn um 3,1% eða eitthvað slíkt. Það tók okkur enga stund fyrir nokkrum vikum síðan að skerða kaupmáttinn um 4–7%. Nú viðurkenna menn það að inni í himnaríkinu EES náum við ekki einu sinni að vinna upp þá skerðingu á 8 árum sem við tókum hér á einu kvöldi, á 8 árum inni í himnaríki þegar allt gengur eins og það getur best gengið, þá náum við ekki nema rétt að slefa yfir 3% kaupmáttaraukningu. Þetta er himnaríkið sem er verið að selja. Þetta er ekki himnaríki. Þetta er eitthvað allt annað.

Ég vildi gjarnan sjá þann þingmann koma hér upp, ég er ekki einn af þeim, sem getur sagt: Ég þekki þetta mál út í gegn. Ég hef lesið þetta og ég veit hvað felst í 1.400 lagabálkum og þúsundum síðna af reglugerðum. Ég vildi gjarnan fá þann þingmann hér upp bara til þess að segja okkur að hann viti það. Hann verður ekki spurður út úr, bara að hann komi hér og segi: Ég veit hvað býr í þessu, hvort sem það er ráðherra eða einhver annar. Ég fullyrði að það veit enginn. Það veit enginn þingmaður hvað býr í þessu og samt er ætlast til þess að menn komi hér upp og taki beinharða afstöðu með þessu. Við erum að tala um framtíð þessarar þjóðar. Og menn segja bara: Hér er pakki Þið lítið ekki inn í hann, þið bara samþykkið hann. Ef vel ætti að vera ætti að gefa þinginu u.þ.b. þrjú ár til að fara yfir svona mál. Þá er hægt að segja að vinnubrögð séu eðlileg og þá er hægt að segja að menn viti hvað þeir eru að tala um. Hvaða þingmenn hafa tíma til þess að fara yfir þetta? Menn eru bundnir hér í nefndastörfum meira og minna, hér í salnum og annars staðar. Það hefur enginn þingmaður getað farið almennilega yfir þetta mál, enginn.

Ég segi það sem fyrrv. heildsali að maður sá stundum athyglisverða vöru. Maður pantaði sýnishorn. Við skulum segja að það væri matvara, konfekt eða eitthvað, fallegur kassi. Þá opnar maður kassann og skoðar innihaldið, fer yfir innihaldslýsingar, fær sér bita. En núna fáum við eitt stykki konfektkassa og við megum ekki opna hann. Við vitum ekki hvort allt er myglað inni í honum eða ekki. Það eru vafalaust einn, tveir eða þrír góðir bitar en ég er mjög smeykur um að það séu margir mjög slæmir sem við ættum ekki að leggja okkur til munns. Þannig lítur þetta mál út núna. Það er settur pakki á borðið og sagt: Nú tökum við séns með íslenskt þjóðfélag. Með eitt stykki íslenskt þjóðfélag tökum við séns. Ég er ekki tilbúinn í þann séns. Það getur vel verið að ef ég fengi þann tíma sem þarf, 2–3 ár, að ég mundi styðja þetta. Það getur vel verið að innihaldð sé gott þegar það er allt komið upp á borðið en ég veit það ekki. Og meðan ég hef ekki heildarmyndina, þá greiði ég ekki svona samningi atkvæði mitt.

Hver ætli sé þá raunveruleg ástæða fyrir þessum samningi? (Gripið fram í.) Nei, hv. þm. Mér er nákvæmlega sama hvort hæstv. ráðherra er hér eða ekki, nákvæmlega sama. Ástæðan fyrir þessum samningi er fyrst og fremst hugarfóstur krata, Evrópukrata. Það eru þeir sem komu með þessa hugmynd fram. Þetta er þeirra draumur. Þeir vilja leiða okkur inn í eina kratíska Evrópu og það er varla það sem við sjálfstæðismenn viljum, með millifærslukerfinu, með sjóðakerfinu, með bákninu, með kostnaðinum. Eitt stykki kratísk Evrópa, takk fyrir.

Þegar við erum komnir þangað inn, hvert förum við þá? Beinustu leið inn í EB. Ég tek ofan fyrir hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni sem þó hefur þor til þess að segja sína meiningu. Hann hefur þor til þess. Hann segir: Mín stefna, minn hugur er inn í EB, og ég virði hann fyrir það. Það eiga aðrir að hafa þann kjark að

koma hér upp og segja það strax en ekki setja agnið fyrir og láta bíta á og byrja svo að hala inn í EB. Það er kristaltært í mínum huga að það er stefnan eftir að við förum inn í EES, enda verður okkur ekki stætt á öðru.

Auðvitað hefur svona samningur einhverja kosti, það er öllum ljóst. Það er öllum ljóst að tollalækkun á fiski og sjávarafurðum er verulegur kostur fyrir okkur. En ég vil spyrja: Hvar lendir þessi tollalækkun? Lendir hún hjá neytendunum og mörkuðunum erlendis? Er hún öll til framleiðendanna hér og styrkir hag þeirra, en bætir þá ekki markaðsstöðuna erlendis? Skiptist hún á milli? Og hvað vegur hún þá þungt fyrir íslensku framleiðendurna ef hún skiptist á milli? Hafa menn útfært þetta? Hafa menn skoðað þetta? Eða er þetta ekki bara ein af bólunum sem hafa verið settar upp? Þetta er eitt af sölutrikkunum, Coke and a smile, það er eitthvað svipað. Það eru engar útfærðar hugmyndir. Iðnaðurinn á að blómstra, það á allt að blómstra, en það er enginn sem kemur hérna upp og útfærir hugmyndirnar. Hvernig á iðnaður og annar atvinnuvegur að blómstra við þau rekstrarskilyrði sem eru hér í dag, með þann háa rekstrarkostnað sem er? Snarfellur hann við það að við förum inn í EES? Verður vinnuafl ódýrara á Íslandi af því að við förum inn í EES? Verður varan okkar ódýrari fyrir það? Nei, langt frá því. Það vantar að menn komi hérna upp og útskýri kostina, hendi ekki bara upp einhverjum frösum, fínum frösum, eins og töframenn. Hvernig eiga menn að taka jákvæða afstöðu til svona samnings þar sem ekkert liggur á borðinu? Ein af rökunum fyrir því að ég studdi þjóðaratkvæði voru þau að þá yrðu stjórnvöld knúin til þess að kynna bæði kosti og galla. Það færu fram opnar umræður í þjóðfélaginu sem auðvitað fékkst ekki.

Við erum að opna hér dyrnar, eins og oft hefur verið sagt, fyrir milljónum manna. EFTA-löndin ein sem telja eitthvað 30–40 millj. eru færri en allt atvinnuleysið í EB-löndunum. Og þó að við fengjum ekki nema 0,5% af þessu fólki hér inn, þá mundi það kaffæra íslenskt þjóðfélag. Auðvitað eigum við sjálf að stjórna því hverjir koma inn í okkar land og hverjir ekki. Og það er enginn rasismi í því. Við eigum bara að hafa tök á því sjálf eins og við höfum haft og þjóðir hafa haft í gegnum tíðina en ekki að opna hér allt upp á gátt. Svo segir hæstv. ráðherra: Það er alltaf hægt að stöðva þetta þegar í óefni er komið. Er ekki of seint að stöðva það þegar í óefni er komið? Hvernig ætla menn þá að vinda ofan af því? Á að biðja Eimskip um að taka farm af fólki og sigla með það burt? Hvernig á að vinda ofan af því?

Ég óttast að það atvinnuleysi sem núna er í Evrópu og fer vaxandi hér muni vaxa enn meira með tilkomu þessa samnings. Ég óttast það að fólk muni koma, ég er ekki að segja að það komi hér eftir eitt ár, eftir tvö ár eða eftir þrjú ár, en það getur komið eftir tíu ár, þá fer fólk að átta sig á þessu, þegar fer verulega að þrengja að. Við erum ekki alltaf að tala um einhverja eina dagsetningu. Við erum að tala inn í framtíðina.

Virðulegi forseti. Það er margt um þennan samning að segja. Ég ætlaði mér ekki og ætla ekki að fara efnislega út í hann. Það eru margar hindranir í honum sem hindra jafnt útlendinga sem Íslendinga. Það má t.d. nefna jarðakaupalögin og hvernig þau hindra okkur Íslendinga í að kaupa jarðir í okkar eigin landi bara til þess að halda útlendingum úti. Við verðum ekki lengur frjálsir í okkar eigin landi. Það má tína til alls konar hluti. Hvað felst í öllum reglugerðunum? Hvað felst í öllum stöðlunum? Erum við með það hugarfar að við ætlum hvort sem er ekkert að fara eftir þessu? Við ætlum bara að láta kæra okkur og ætlum að láta hanka okkur hér og þar og eins og ég sagði fyrr, við ætlum bara að taka sénsa. Ég vil nefna t.d. íþróttir. Ætlum við að fara að byggja íþróttamannvirki eftir Evrópustöðlum sem eru staðlar sem við höfum ekkert við að gera, ekki neitt, eru miðaðir við tugþúsundir manna? Við verðum knúnir til þess að fylgja þessum stöðlum. Ætlum við að gera það? Alveg örugglega ekki. Og er þetta á hugarfarið sem er gegnumsneitt í viðhorfi manna sem styðja þennan samning: Tökum bara sénsinn, látum þetta ráðast?

Og talandi um íþróttir. — Hér gengur fyrrv. knattspyrnuhetja frá Akureyri fram hjá ræðustólnum. Ég sé ekkert sem kemur í veg fyrir það að hans uppáhaldslið, KA, verði yfirfullt að útlendingum. Það komist enginn Akureyringur lengur í liðið. Að vísu eru þeir mjög góðir knattspyrnumenn en það er sama. Það verður allt opið, það má ekki mismuna mönnum. Í dag höfum við litla reglu sem hleypir bara tveim mönnum inn. Þetta var örlítill útúrdúr.

Virðulegi forseti. Þegar ég var að ræða hér um þjóðaratkvæðagreiðslu á sínum tíma, þá óskaði ég eftir því að menn skýrðu fyrir mér hvernig þjóðfélagsmynd þeir sæju innan nokkurra ára ef við færum inn í EES. Hvernig verður íslenskt þjóðfélag? Mér finnst þetta ein af grundvallarspurningunum. Hvað erum við að gera við Ísland? Verður það kannski svo eftir 15–20 ár að menn fara að rifja upp þegar það voru Íslendingar á Íslandi? Verður það þannig? Maður hittir einhvern kunningja sinn og segir: Manstu þegar hér voru Íslendingar? Nú erum við allir Evrópukratar, umkringdir stjörnum. Ég vildi gjarnan fá dregna upp þessa mynd fyrir mér. Hvað erum við að gera Íslandi og íslenskri þjóð? Og ég vil spyrja þá menn sem styðja þetta: Er þetta gjöfin á 50 ára lýðveldishátíðinni? Er þetta gjöfin, fullveldisafsal? Afsal á löggjafarvaldinu, elsta þjóðþingi veraldar? Er þetta gjöfin sem við erum að færa því? Ég er hræddur um að Jón Sigurðsson bylti sér.

Virðulegi forseti. Í ljósi þess sem ég hef sagt vona ég að sjálfsögðu að til þjóðaratkvæðagreiðslu komi. Fyrr á þinginu þegar við ræddum þjóðaratkvæðagreiðslu, þá studdi ég hana og taldi að hún ætti að vera ráðgefandi. Nú er það að sjálfsögðu úr myndinni. Sú þjóðaratkvæðagreiðsla sem yrði að fara fram núna er auðvitað um höfnun eða samþykkt á þessum samningi en hún hlýtur að snúast fyrst og fremst um það hvort íslenska þjóðin sé tilbúin að fótumtroða stjórnarskrána. Hún hlýtur að snúast fyrst og fremst um það og ég vona að við berum gæfu til þess að bera þetta und-

ir þjóðina. Hún á það skilið. Hún á það ekki skilið að það sé eins, tveggja eða þriggja manna meiri hluti á Alþingi sem kallar óvissuna yfir hana og ég segi óvissuna.

Hér liggur fyrir núna frávísunartillaga frá hv. þm. Jóni Helgasyni, Ragnari Arnalds og Kristínu Einarsdóttur. Virðulegi forseti. Í ljósi þess sem ég hef hér sagt í þessari stuttu ræðu minni, þá mun ég greiða þeirri tillögu atkvæði.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þessa síðustu ræðu en það kemur mér á óvart að hv. þm. lýsir því annars vegar yfir að hann þurfi kannski 2–3 ár til þess að átta sig á málinu og e.t.v. eftir þann tíma kynni hann að styðja það. En hann segir einnig að það eigi að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla um málið. Hvað þarf að líða langur tími þangað til hún getur fram miðað við að hann þurfi kannski 2–3 ár í viðbót til þess að átta sig á málinu? Og hann segir einnig að eftir 2–3 ár kunni hann að styðja málið en heldur því svo fram í hinni andránni að hér sé um stjórnarskrárbrot að ræða. Mér finnst þetta atriði í ræðu þingmannsins ákaflega undarlegt og raunar einkenndist ræðan af miklum andstæðum þannig að það er mjög erfitt að átta sig á því hvaða skoðun þingmaðurinn hefur á þessu máli eins og svo mörgum öðrum.

Hann spurði mig um það hvaða áhrif þessi samningur hefði á löggjafarvaldið. Það er samdóma álit allra þeirra sérfræðinga sem lagt hafa fram skriflegar álitsgerðir til Alþingis að þetta snerti ekki löggjafarvaldið, samningurinn snerti ekki löggjafarvaldið og skerði það ekki þannig að þingmaðurinn ætti að kynna sér þessi gögn, lesa þau og þá kæmist hann að raun um að þessi spurning til mín var algjörlega óþörf því að samningurinn snertir ekki löggjafarvaldið. Það verður síðan komið á laggirnar sérstakri samstarfsnefnd EFTA-þingmanna og EB-þingmanna um EES-samstarfið og þar verður unnið að þessum málum.

Það kom einnig fram hér í umræðunum og í orðaskiptum milli mín og hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar að í utanrmn. hefur verið rætt um það hvernig staðið skuli að málum sem tengjst Evrópska efnahagssvæðinu hér á Alþingi og mér finnst sjálfsagt að þingmenn athugi það. Það eru ýmsar leiðir til í því. Við þurfum að velta því fyrir okkur. Að því er einnig vikið í áliti meiri hluta utanrmn. sem ég bendi þingmanninum á að lesa. Hann getur lesið það fyrir mánudaginn þannig að hann áttar sig þá á meginatriðum þessa máls.

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta andsvar var nú með ólíkindum og er auðvitað ekki svara vert. Ég ætla að reyna að útskýra það fyrir hv. þm. að ég sagði það að ef menn ættu að kynna sér málið í botn og geta tekið þá afstöðu með heildarmyndina fyrir framan sig, þá teldi ég að þyrfti 2–3 ár til þess. Ég geri mér hins vegar alveg grein fyrir því að hv. þm. og fleiri eru ekki tilbúnir að gefa okkur þennan tíma og þess vegna hlýtur krafan að vera sú að það fari fram þjóðaratvæðagreiðsla. Þetta hélt ég að meira að segja þessi hv. þm. skildi. Og ég hélt líka að þessi hv. þm. gæti komið einu sinni hingað upp í stólinn án þess að vera með einhverjar dylgjur. (Gripið fram í.) Hrokinn er meðfæddur og ég geri ekkert með hann. En ég hélt það væri hægt að tala einu sinni eins og menn gera yfir höfuð og almennt. Auðvitað er skerðing á löggjafarvaldinu. Hvernig ætlar hv. þm. að breyta þeim lögum sem koma að utan inn á Alþingi fyrir okkur að fara yfir og synja eða samþykkja? Ætlar hann að breyta þeim á einn eða annan hátt? Ég vildi gjarnan biðja hv. þm. um að sýna mér fram á hvernig hann fer að því. Ég sé ekki hvernig hann ætlar að gera það. Þau koma hingað og við eigum annaðhvort að hafna þeim eða samþykkja. Ef við höfnum þeim hvað gerist þá, hv. þm., veit hann það?

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skrifaði það orðrétt eftir þingmanninum. Hann sagði: „Ef ég fengi tvö til þrjú ár kynni ég að styðja þetta mál."

Það var ég að vitna í. Ég var ekkert að snúa út úr neinum orðum. Þingmaðurinn sagði þetta. Það er mjög eðlilegt að ég spyrji: Hvað þurfa þá aðrir langan tíma til þess að átta sig á málinu? Ef þingmaðurinn þarf, eftir að málið hefur verið til umræðu meira og minna síðan 1989, enn tvö til þrjú ár til þess að átta sig á því hvað í frv. felst og hvað í málinu felst hvað eiga þá aðrir að gera sem ekki hafa setið á Alþingi eins og hann hefur gert síðan 1989?

Varðandi hitt atriðið finnst mér ástæðulaust fyrir þingmanninn að spyrja mig um það hvernig eigi að fara með þau mál sem koma og tengjast Evrópska efnahagssvæðinu. Við höfum nú þegar fjallað um fjölmörg slík frv. á Alþingi og það hefur verið meiri samstaða um þau mál en samninginn sjálfan. Það hefur náttúrlega komið í ljós að við höfum marga möguleika til þess að laga þau frv. og þessar hugmyndir að íslenskum lögum og íslenskum veruleika. Þingmaðurinn getur, ef hann leggur sig fram um að kynna sér það, skoðað þessi frv. og þær breytingar sem á þeim hafa orðið í meðferð Alþingis. Og þannig verður með þessi mál. Við getum lagað þau að íslenskum aðstæðum. Við getum breytt þeim og við getum líka neitað þeim. Við verðum þá að vera menn til að standa á því að hafna þeim. Þá fer ákveðið ferli í gang samkvæmt þessu samkomulagi en við erum alls ekki sviptir neinum rétti.

Það er rangt hjá þingmanninum að halda því fram að löggjafarvaldið sé skert með þessum samningi. Enginn lögfræðingur hefur haldið því fram. Þingmaðurinn ætti að kynna sér þau gögn sem liggja fyrir, lesa þær álitsgerðir sem liggja fyrir og þá þyrfti hann ekki að spyrja jafnbarnalega og hann hefur gert.

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Kannski ég hafi spurt barnalega, en hafi ég spurt barnalega þá var barnalega svarað. Ég

er hræddur um að hv. þm. hafi ekki aukið virðingu sína með því svari sem hann flutti áðan.

Auðvitað fullyrði ég ekkert um það hvort ég samþykki samninginn eftir tvö til þrjú ár eftir að ég hefði farið yfir hann. Ég veit ekki hvað er í honum og þess vegna er ég að biðja um tíma til þess að fara yfir hann. Þessu hélt ég að væri hægt að koma inn í höfuðið á hv. þm. Ég þarf ekki þessi tvö til þrjú ár ef ég veit hvað er í honum og get sagt strax: Ég styð eða styð ekki.

En þetta er náttúrlega hlutur sem hv. þm. skilur ekki vegna þess að hann er prógrammeraður. Það er áður en samningurinn kemur fram, áður en farið er að dreifa plöggum sem hann vill láta alþjóð skilja að hafi komið fram 1989. Í hvaða heimi býr þingmaðurinn? Það eru ekki einu sinni öll skjöl komin fram í dag. Þau eru ekki enn komin fram öll. Hann er að tala um að menn hafi getað verið að kynna sér samninginn síðan 1989. Ég meina, komdu til mannheima.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 5. þm. Reykv. mjög góða ræðu sem sýnir það að þegar slík ræða kemur fram undir lok umræðna hefur málið ekki verið full rætt.

En ég vil gera eina verulega athugasemd við ræðu hans. Hann fjallaði réttilega um árás hæstv. utanrrh. á formann Framsfl. þar sem hann líkti formanni Framsfl. við Hitler. Það er í sjálfu sér alvarlegur hlutur en ég hygg þó að formaður Framsfl. standi jafnréttur eftir. Þetta er einungis utanrrh. til vansa. Sömuleiðis eru grófar síendurteknar árásir hans á Alþingi honum sjálfum fyrst og fremst til vansa.

En það alvarlega við ræðu utanrrh. í útvarpsumræðunum, sem hv. 5. þm. Reykv. tók ekki fram, var þegar hann veifaði hér sem staðreyndum því sem hann kallaði varfærnu mati Þjóðhagsstofnunar og fullyrti að hagur Íslendinga á ársgrundvelli mundi batna um 7 milljarða við inngöngu í EES. Þetta hefur rækilega verið hrakið hér þegar menn náðu gögnum og komust að raun um að þetta var bara tilbúningur ráðherrans. Hann hafði ekki stafkrók fyrir því að upphæðin væri þessi og þaðan af síður að þetta væri varfærið mat. Þetta er búið að gera líklega 20 sinnum úr ræðustólnum síðan ræðan var haldin. En vísvitandi var sagt ósatt til þess að blekkja þjóðina vegna þess að þjóðin horfði á þessa ræðu en ekki nema lítill hluti hennar á hinar.

Í flestum ríkjum þar sem ég þekki til, annars staðar en hér, þá mundi slík framkoma hjá einum ráðherra verða til þess að forsrh. bæðist lausnar fyrir hann. Mér kemur í hug lítil barnagæla, sem ég vona að herra forseti hafi biðlund og lofi mér að fara með. Hún kemur í hugann í þessu sambandi:

Lengi hef ég löngun haft
litla Jóni að trúa
þó hann opni aldrei kjaft
öðruvísi en ljúga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 8.18 síðdegis. — 2. mál tekið af dagskrá.

Efnisskrá.

Evrópskt efnahagssvæði (1. mál) 5274, 5318, 5425, 5499, 5551, 5598, 5663, 5712.
Framhaldsfundir Alþingis 5273.
Samningar við EB um fiskveiðimál (275. mál) 5465, 5513.
Tilkynning um utandagskrárumræðu 5465.
Um þingsköp:
Sjá:
Evrópskt efnahagssvæði 5318, 5347, 5371, 5384, 5397, 5649, 5650, 5695, 5712, 5723.
Umræður utan dagskrár:
Brottvísun 400 Palestínumanna frá Ísrael 5489.
Varamenn taka þingsæti 5274, 5317, 5489, 5663.

Mælendaskrá.

Forseti Salome Þorkelsdóttir 5273, 5274, 5348, 5353, 5551, 5713, 5715, 5723.
1. varaforseti Valgerður Sverrisdóttir 5384, 5385, 5391, 5397, 5489, 5645, 5647, 5650.
3. varaforseti Guðrún Helgadóttir 5459, 5465.
4. varaforseti Sturla Böðvarsson 5317, 5319, 5407, 5663.
6. varaforseti Pálmi Jónsson 5683, 5698, 5700, 5702, 5817.
Forsrh. Davíð Oddsson 5273, 5286, 5456, 5457, 5565.
Heilbrrh. Sighvatur Björgvinsson 5507.
Sjútvrh. Þorsteinn Pálsson 5315, 5316, 5578.
Umhvrh. Eiður Guðnason 5619, 5620, 5633, 5634, 5749, 5751.
Utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson 5306, 5308, 5345, 5346, 5348, 5349, 5352, 5438, 5458, 5460, 5464, 5491, 5498, 5556, 5586, 5669, 5670, 5686, 5688, 5693, 5694, 5803.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 5385, 5392, 5393, 5394, 5395, 5396, 5397.
Anna Ólafsdóttir Björnsson 5409, 5499, 5521, 5582, 5646, 5649, 5650, 5804, 5810, 5811.
Árni R. Árnason 5568.
Árni Johnsen 5786, 5787.
Árni M. Mathiesen 5499.
Björn Bjarnason 5465, 5493, 5518, 5519, 5593, 5616, 5618, 5825, 5843, 5844.
Eggert Haukdal 5500.
Einar K. Guðfinnsson 5809, 5810.
Eyjólfur Konráð Jónsson 5323, 5371, 5461, 5465, 5500, 5702, 5825.
Finnur Ingólfsson 5287, 5295, 5296, 5297.
Geir H. Haarde 5501, 5699, 5713.
Guðjón Guðmundsson 5501.
Guðmundur Hallvarðsson 5788, 5789, 5824, 5825.
Guðni Ágústsson 5371.
Guðrún Helgadóttir 5494, 5501, 5511, 5817, 5824, 5825.
Halldór Ásgrímsson 5479, 5513, 5519, 5520, 5547, 5549.
Hjörleifur Guttormsson 5297, 5298, 5318, 5350, 5353, 5394, 5395, 5409, 5410, 5420, 5422, 5439, 5457, 5458, 5459, 5460, 5496, 5502, 5510, 5511, 5573, 5696, 5712, 5714, 5721, 5722, 5723, 5750, 5815, 5816, 5833, 5834.
Ingi Björn Albertsson 5837, 5843, 5844.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir 5495, 5502, 5527, 5580, 5685, 5686, 5829, 5834, 5835, 5836.
Jóhann Ársælsson 5308, 5315, 5316, 5317, 5554.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson 5415, 5421, 5422, 5423, 5424, 5502, 5663, 5668, 5670, 5683, 5684.
Jón Helgason 5299, 5307, 5532, 5546, 5547, 5811.
Jón Kristjánsson 5646, 5698, 5715, 5722.
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir 5319, 5503, 5571, 5647, 5648.
Karl Steinar Guðnason 5634, 5647, 5648, 5784, 5785.
Kristinn H. Gunnarsson 5550, 5704, 5827, 5835, 5836.
Kristín Ástgeirsdóttir 5492, 5504, 5594, 5651, 5661, 5662, 5700.
Kristín Einarsdóttir 5407, 5408, 5425, 5437, 5438, 5504, 5569, 5667, 5669, 5695, 5701, 5715.
Lára Margrét Ragnarsdóttir 5505.
Margrét Frímannsdóttir 5797, 5804.
María E. Ingvadóttir 5702.
Ólafur Ragnar Grímsson 5295, 5296, 5347, 5348, 5351, 5354, 5392, 5393, 5495, 5505.
Ólafur Þ. Þórðarson 5384, 5385, 5397, 5408, 5409, 5422, 5424, 5505, 5621, 5634.
Páll Pétursson 5395, 5396, 5497, 5506, 5598, 5617, 5618, 5619, 5620, 5646, 5650, 5696, 5845.
Ragnar Arnalds 5328, 5345, 5346, 5506, 5649, 5650, 5697, 5790.
Rannveig Guðmundsdóttir 5507, 5576.
Sigurður Þórólfsson 5411.
Sólveig Pétursdóttir 5507.
Stefán Guðmundsson 5355, 5370.
Steingrímur Hermannsson 5472, 5478, 5479, 5493, 5561, 5588, 5689, 5694.
Steingrímur J. Sigfússon 5274, 5287, 5489, 5497, 5508, 5552, 5646, 5751, 5785, 5786, 5787, 5788, 5789.
Sturla Böðvarsson 5314, 5688, 5689.
Svavar Gestsson 5509, 5512, 5584, 5648, 5649, 5670, 5684, 5685, 5686, 5687, 5688, 5689.
Tómas Ingi Olrich 5369, 5370, 5397, 5407, 5408, 5409, 5410, 5411, 5436, 5437.
Valgerður Sverrisdóttir 5509, 5812, 5815, 5816.
Vilhjálmur Egilsson 5499, 5511.
Össur Skarphéðinsson 5477, 5478, 5520, 5535, 5547, 5548, 5549, 5550, 5660, 5661, 5697.

99. FUNDUR

mánudaginn 11. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 580, frávtill. 586. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

2. Samningar við EB um fiskveiðimál, stjtill., 275. mál, þskj. 375, nál. 549 og 579. — Frh. síðari umr.

Útbýting þingskjals:

Skipting heildarútlána Stofnlánadeildar landbúnaðarins, 322. mál, fsp. ÁMM, þskj. 587.

Erindi lögð fram á lestrarsal:

Undirskriftalisti með áskorun um að samningur um Evrópskt efnahagssvæði verði borinn undir þjóðaratkvæðagreiðslu.

Frá bæjarstjórn Kópavogs.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þar sem vitað er að nokkuð margir þingmenn eru veðurtepptir og ekki enn komnir til þings vegna óveðurs, sem geisað hefur, verður frestað atkvæðagreiðslu um fyrra dagskrármálið, Evrópskt efnahagssvæði, þar til séð verður að atkvæðagreiðslan geti farið fram að viðstöddum öllum alþingismönnum. Vonandi verður það síðar í dag, en forseti mun hafa samráð við þingflokksformenn um það.

Samningar við EB um fiskveiðimál, frh. síðari umr.

Stjtill., 275. mál. — Þskj. 375, nál. 549 og 579.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá forseta í upphafi fundar eru allmargir þingmenn fjarstaddir og eru að reyna að komast til þingfundar. Af þeim sökum hefur þegar verið frestað atkvæðagreiðslu um 1. dagskrármál þessa fundar. Ég vil láta það koma fram hér af minni hálfu og míns þingflokks að við teljum óeðlilegt að halda áfram umræðu um 2. dagskrármálið þegar svo margir þingmenn eru fjarstaddir. Ég tel að umræða um sjávarútvegssamninginn sé ekki ómerkilegra mál en um 1. dagskrármálið og bendi m.a. á að annar af okkar sjávarútvegsnefndarmönnum er á leið til þingfundar en sú leið hefur tafist vegna ófærðar eins og kunnugt er. Ég fer því fram á það við virðulegan forseta að umræðu verði frestað hér fram eftir degi þar til ljóst er hvenær þingmenn komast til þingfundar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hafði ekki gert ráð fyrir að fresta umræðu um þetta mál heldur að gefa þeim tækifæri, sem nú þegar eru mættir hér til þingfundar og eru á mælendaskrá, til þess að taka til máls og nota þannig tímann því að að öðrum kosti verður að fresta þessum fundi. Forseti vill beina því til hv. þm. hvort þeir sem eru á mælendaskrá og eru í þingsalnum séu ekki tilbúnir að nýta tímann og tala í þessu máli. Vonandi rætist úr veðrinu og ekki líður á löngu þar til þeir sem eru, að því er forseta skilst, á leiðinni en tepptir komist innan tíðar hingað. En auðvitað verður reynt að fylgjast með því eins og hægt er hvernig samgöngur verða og hvernig mönnum gengur að komast hingað til þings.

En forseti vill beina því til hv. þm. hvort þeir vilji ekki nýta tímann því að hér eru margir þingmenn mættir. Vissulega er það rétt að sá sem er næstur á mælendaskrá er á leiðinni en er veðurtepptur. Hér eru aftur á móti þrír aðrir á mælendaskrá sem eru í salnum. Ef ekki koma athugasemdir við þetta og hv. þm. vilja taka tillit til þessara óska forseta þá mun forseti gefa næsta ræðumanni orðið.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil einfaldlega ítreka ósk mína. Ég var beðinn um að koma þessu á framfæri og bendi forseta á það að umræða hefur ekki aðeins þann tilgang að þeir tali sem hafa sett sig á mælendaskrá heldur líka hitt að menn eigi þess kost að hlýða á mál þeirra.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Er það rétt skilið hjá forseta að það sé þá þingflokkur Alþb. sem óskar eftir að fresta fundi?

Össur Skarphéðinsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil benda á það að hér eru staddir í húsinu hvorki meira né minna en 41 þingmaður. Ég hefði nú talið að það væri nægilegur fjöldi til þess að við gætum haldið áfram þessari umræðu. Það er vitaskuld bagalegt að hv. þm. Jóhann Ársælsson, sem er í sjútvn. þingsins, er ekki mættur hérna en ég bendi á það að við héldum umræðu um þetta mál áfram á fimmtudag um tveggja og hálfs tíma skeið þrátt fyrir að nokkrir sjávarútvegsnefndarmenn hefðu ekki getað verið við þá umræðu. Það var á það fallist vegna þess að menn voru að freista þess að greiða fyrir þingstörfum og það er svo að við viljum öll ljúka þessum málum sem hér liggja fyrir þannig að ég vil mælast til þess að þingflokkur Alþb. heimili þessa umræðu og ég vek athygli á því að annar talsmanna flokksins í sjútvn. er einmitt staddur hér og er á mælendaskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Næstur á mælendaskránni í þessu máli er hv. 4. þm. Norðurl. e. og vill forseti beina því til hans að hann taki til máls og að tekið verði tillit til þessa sem forseti hefur hér sagt.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Mér finnst út af fyrir sig eðlileg beiðni þingflokks Alþb. og gæti stutt hana persónulega. Vera má þó að unnt sé að hefja umræðuna en ég vil að það komi alveg skýrt fram að mér finnst ekki koma til greina að ljúka umræðunni fyrr en allir þeir þingmenn, sem hafa hugsað sér að koma og flytja ræðu hér um málið eða taka þátt í umræðu um málið, hafa tækifæri til þess að vera hér í þingsalnum. Annar sjávarútvegsnefndarmaður okkar framsóknarmanna, hv. 4. þm. Norðurl. v., Stefán Guðmundsson, er veðurtepptur fyrir norðan og mér er kunnugt um að hann ætlaði að taka til máls í þessu máli og ég tel að það sé óhjákvæmilegt að ljúka ekki umræðunni fyrr en menn vita með vissu að allir sem vilja tjá sig um málið séu komnir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess að það vakir ekki fyrir henni að ljúka þessari umræðu heldur aðeins að nýta tímann og það verður að sjálfsögðu tekið tillit til þess að þeir hv. þm., sem eru á mælendaskrá og eru ekki komnir, fái tækifæri til að flytja sitt mál þannig að umræðunni verður alls ekki lokið fyrr en við sjáum fyrir hvenær hv. þm. koma. Það er aðeins verið að nýta tímann og byrja þessa umræðu og vonar nú forseti að það verði tekið tillit til þessa.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka það að umræða hefur ekki bara þann tilgang að þeir tali sem eru á mælendaskrá heldur líka að þeir sem sæti eiga hér á þingi eigi þess kost að fylgjast með umræðunni og hlýða á mál manna. Ég vil hins vegar, til þess að koma til móts við sjónarmið forseta, láta það koma fram af minni hálfu að ég get fallist á að umræðan fari af stað og við munum endurmeta stöðuna um hádegisbilið í ljósi þeirra upplýsinga sem við höfum þá þannig að ég mun ræða við forseta í hádeginu um frekara framhald umræðunnar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og forseti gat um áðan er fyrirhugað að kalla þingflokksformenn til samráðs, svona um hádegisbilið.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram í upphafi, ekki síst vegna orða hv. 17. þm. Reykv., Össurar Skarphéðinssonar, að ég tel að það sé ekki sérstaklega fordæmi til að fara eftir að hér var haldið áfram umræðum um þennan samning á fimmtudaginn var þegar allmargir, sem voru á mælendaskrá í dagskrármálinu, voru að undirbúa sig undir útvarpsumræður þá um kvöldið. Það er vont fordæmi að mínu mati, afar óheppilegt. Það slítur sundur umræður að þeir sem eru á mælendaskrá og gjarnan umfram aðra vilja reyna að fylgjast með umræðum skuli ekki hafa kost á því. Að sama skapi er það óheppilegt að þurfa að funda vitandi það að mönnum er meinuð þátttaka í fundahaldinu sökum ófærðar eða af öðrum lögmætum ástæðum. En forseti hlýtur að ráða þessu eins og öðru um tilhögun fundastarfsins hér og verða ekki fleiri orð höfð uppi um það.

Ég ætlaði að bæta nokkru við röksemdafærslu af minni hálfu gegn þessum samningi. Ég tel að þetta sé heldur vondur samningur og vont að hann skyldi vera gerður og þá er ekki annað til ráða en að hafna honum og ég sé ekki í sjálfu sér að það sé neinn skaði skeður þó að þessum samningi væri einfaldlega hafnað og þau skilaboð send til viðsemjendanna að að gera yrði betur til að Alþingi Íslendinga sætti sig við það fyrir okkar hönd. Mér finnst farið að gæta dálítið mikið þess heimóttarhugsunarháttar og minnimáttarkenndar að ef menn hafi farið á fundi og hitt einhverja stóra herra í útlöndum þá séu menn meira og minna skuldbundnir til að kyngja öllu sem þar hefur verið rætt um. Það sé sem sagt þannig komið fyrir Íslendingum að þeir geti ekki barið í borðið og haft sínar skoðanir og staðið á þeim. Þetta er heldur dapurlegt. Það er látið sem svo að Íslendingum séu engir kostir aðrir en kyngja þessum samningi. Himinn og jörð farist ef við gerum það ekki. En við skulum aðeins fara yfir það þó að hæstv. utanrrh. sé fjarstaddur. Hvað gerist ef Alþingi Íslendinga hafnar einfaldlega þessum samningi? Hvað gerist? Jú, það gerist það sama og í öðrum hliðstæðum tilvikum. Viðsemjendur okkar fá þau skilaboð að æðsta stjórnvald á Íslandi í þessum málum hafi ekki talið þennan samning nógu góðan. Og hvað með það? Er eitthvað að því að senda þau skilaboð? Ég held ekki. Ég held nefnilega að það sé mikil þörf á því að fara að hressa upp á álit Íslendinga í þessum efnum hvað varðar hagsmunagæslu okkar á sviði sjávarútvegsins, auðlindanna og landhelginnar. Það hefur verið nokkuð útbreidd skoðun að Íslendingar standi fast á rétti sínum í þeim málum og hafi sótt hann af býsna mikilli hörku á undanförnum áratugum. Ég held það fari nú að verða lítið fyrir þeim orðstír ef við gerum samninga af þessu tagi í röðum.

Ég held sem sagt að það væri í sjálfu sér hið besta mál, eins og sagt er í dag, og einmitt það sem þarf að gera að Alþingi hafni þessum samningi og sendi þau skilaboð út að við teljum hann ekki nógu góðan og kannski verða í leiðinni ákveðin skilaboð til fleiri en viðsemjenda okkar í Brussel. E.t.v. tækju embættismenn og húsbóndinn sjálfur, þ.e. hæstv. utanrrh. eitthvert mark á því ef Alþingi mundi þannig lemja á puttana á honum.

Það liggur fyrir í málskjölum að í raun og veru samdi hæstv. utanrrh. hagsmuni Íslendinga af þeim strax í febrúarmánuði 1992. Það kemur nefnilega fram þegar betur er að gáð að það sem síðan hefur gerst er meira og minna leiksýning. Hin efnislega niðurstaða málsins réðst meira og minna á fundum sem hæstv. utanrrh. og samninganefndarmenn hans áttu í aðdraganda undirskriftarinnar í febrúar 1992. Það hefur hins

vegar ábyggilega og fyrst og fremst af taktískum ástæðum virst henta að telja mönnum trú um að enn væri eftir að ganga frá málinu og um hálfs árs skeið var látið svo heita að samningaviðræður væru í gangi og menn hafðir að fíflum í hálft ár, þeim talin trú um að til greina kæmi að kröfur Íslendinga um gagnkvæmni í formi veiði fyrir veiði næðu fram að ganga. En þegar betur er að gáð þá er það auðvitað augljóst mál að utanrrh., án samráðs við kóng eða prest áður en menn höfðu í raun og veru farið að ræða þetta hér í utanrmn., sjútvn. eða meðal hagsmunaaðila, samdi um þetta mál, samdi um að opna landhelgina fyrir Evrópubandalaginu og hleypa þeim hingað inn og veiða 3.000 tonn af karfa. Og samdi um það að ekki yrði um gagnkvæmni að ræða í formi skipta á veiði fyrir veiði heldur væru þetta skipti á veiðiheimildum og það auðvitað gjörólíkum veiðiheimildum úr ólíkum stofnum eins og rækilega hefur verið sýnt fram á.

Af því að hér hefur verið gerð ítarleg grein fyrir áliti minni hluta utanrmn. og minni hluta sjútvn. þá þarf ég ekki að vísa til þeirra raka sem þar hafa komið fram og ég hygg að séu almennt viðurkennd í þjóðfélaginu, þrátt fyrir barning hv. stjórnarliða sem berja enn höfðinu við steininn, tala um gagnkvæmar veiðiheimildir og góðan samning, þá er greinilegt að landið liggur þannig að það viðurkenna allir að þetta er vondur samningur. Það finnst enginn einasti maður með hundsvit á sjávarútvegsmálum sem vill skipta á þessum veiðiheimildum, sem vill taka loðnuna fyrir karfann, ekki nokkur maður, hversu pólitískt vandabundinn sem hann er Sjálfstfl. eða ríkisstjórninni og allir útreiknigar sýna auðvitað að hér er verið að afsala Íslendingum miklu meiri verðmætum en þeir hafa möguleika á að fá á móti.

Ég þarf þess vegna ekki að fara svo ítarlega út í þá hlið málsins. Ég ætla að ræða hér lítillega aðdragandann vegna þess að ég tel að þar hafi mjög alvarlegir atburðir gerst. Það sé eitt dæmið enn um það að hæstv. utanrrh., sem vel á minnst, hæstv. forseti, fer með þetta mál — er það ekki rétt munað? (**Forseti:** Það er rétt.) Það er rétt, það er gott að hafa það á hreinu og hæstv. utanrrh. er á landinu, er það ekki líka rétt munað að hann hafi orðið að brjóta odd af oflæti sínu og hætta við eina utanlandsferð — sem er náttúrlega stórtíðindi að hæstv. utanrrh. skuli láta af utanlandsferð og svakalegt. Ég veit að það er mikið áfall fyrir hæstv. ráðherra. En það er þá spurning hvort hann hefur eitthvað betra við tímann að gera en að vera í þingsalnum og fylgjast með umræðunum.

Ég er hér með nótuskipti Evrópubandalagsins og íslenska utanrrn. frá 12. febr. 1992. Í þeim nótuskiptum varð sjávarútvegssamningurinn í raun og veru til. Þar eru dregin upp svæðin, sem Evrópubandalagið má veiða á, þar er hið endanlega orðalag komið á enskri tungu á hvað varðar skipti á veiðiheimildunum. Þar er talað um „fishing possibilities", veiðimöguleika, í íslenskri landhelgi. Í raun og veru er gengið frá því sem í aðalatriðum varðar niðurstöðu málsins. Þar er talað um 3.000 tonn af karfaígildum og sagt beinum orðum að á árinu 1993 muni þetta samanstanda af karfa eingöngu. Eftir á að hyggja veit ég ekki hvers vegna menn sviðsettu þá allt þetta leikrit frá og með undirskriftinni í maí og frá og með samningafundum í júní og þreifingum í sumar að eitthvað væri ófrágengið í málinu. Ég sé ekki betur en að hæstv. utanrrh. eða embættismenn hans hafi samið þetta algerlega af Íslendingum strax 12. febr. 1992 fyrir tæpu ári. Svo gerast þau tíðindi að þegar menn sjá að í óefni er komið og þeir eru búnir að gera svo vondan samning að það sé borin von að þeir fái menn til að taka við honum án þess að taka þá í einhverja meðferð og hefja sálrænan undirbúning þá er sett á svið þetta leikrit. Hagsmunaaðilar sjávarútvegsins eru kallaðir til og hæstv. sjútvrh. mætir í maí, kemur á fundi sjútvn. og utanrmn. og gefur þar heitstrengingar um að ekki komi til greina að kyngja þessu svona. Evrópubandalagið verði að fallast á kröfur Íslendinga um gagnkvæma veiði. Þegar gengið hefur verið á ýmsa talsmenn sjárvarútvegsins eins og hinn fræga mann Kristján Ragnarsson og hann spurður að því alveg út í horn hvort hann styðji samninginn þá er svarið yfirleitt það sama í þau þrjú skipti sem ég hef átt þess kost að leggja þessa spurningu fyrir hann á nefndarfundum eða annars staðar: „Ja, við stóðum frammi fyrir gerðum hlut." Það er eiginlega vígið sem hopað er í þegar hagsmunaaðilar í sjávarútvegi eru spurðir í einlægni og alvöru um samninginn. Auðvitað er það rétt. Þeir voru ekki hafðir mikið með í ráðum frekar en aðrir, frekar en utanrmn. eða sjútvn. eða hæstv. sjútvrh. þegar utanrrh. eða embættismenn hans klúðruðu þessu máli, einu af mörgum, í febrúar 1992.

Satt best að segja er kostulegt að fara í gegnum það hvernig menn hafa hringsnúist í málinu, bæði hæstv. sjútvrh. og ýmsir fleiri sem töldu ekki koma til greina á sínum tíma að kyngja samningi sem innihéldi nákvæmlega það sem síðar varð. Það er því ekki bara langhalinn sem breyttist í þessu. Hann olli því eins og kunnugt er að samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi dró til baka allan stuðning við málið og talsmenn þeirra samtaka höfðu um það býsna hörð orð að illt væri við að búa að geta ekki treyst orðum hæstv. utanrrh. og engum duldist það sem fylgdist með viðtölum við þá menn að þeim líkaði illa sambúðin við hæstv. utanrrh. og hvernig hann hefði haldið á málum. Þeir voru eftir atvikum sæmilega ánægðir þegar kynnt var í október 1991 að meginhluti veiðanna, sem Evrópubandalagið fengi hér, yrði langhali. Um það má taka bæði ummæli Kristjáns Ragnarssonar frá 22. og 23. okt. sem taldi þetta eftir atvikum jákvæða niðurstöðu enda væri ljóst að aðeins 30% af aflanum yrði karfi. Menn vissu að vísu ekki, segir Kristján, hvaða verð ætti að setja á langhalann en það var ljóst að í huga hans var ekki vafi á því hver aflinn yrði heldur eingöngu hversu verðmætur sá afli kynni að verða í framtíðinni. Svo sendi samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi frá sér fréttatilkynningu í lok nóvember þegar sannleikurinn kom í ljós og ég ætla að lesa upphafið að henni, með leyfi forseta:

Á grundvelli þess sem var kynnt í lok samningsgerðar í Lúxemborg um miðjan október fagnaði sam-

starfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi þessu samkomulagi og taldi hagsmunum Íslendinga vel borgið. Nú hefur hins vegar komið í ljós að veigamiklar upplýsingar í tengslum við sjávarútvegsmál sem gefnar voru sem forsendur samkomulagsins eiga sér ekki stoð í raunveruleikanum. Í ljós hefur komið að eitt mikilvægasta atriðið sem lagt var til grundvallar, þ.e. skipti á veiðiheimildum, er nú túlkað með ýtrustu hagsmuni Evrópubandalagsins í huga. Og jafnframt kemur í ljós að Evrópubandalagið er ekki tilbúið að staðfesta ýmis atriði samkomulagsins sem voru forsendur stuðnings samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi nema *Íslendingar gangi að ýtrustu kröfum bandalagsins um* veiðiheimildir.

Það er alveg ljóst að þarna var fyrst og fremst tvennt á ferðinni sem gerði það að verkum að samstarfsnefndin dró stuðning sinn til baka. Hið fyrra var að þeir tveir þriðju hlutar veiðiheimildarinnar sem átti að verða langhali reyndust verða karfi. Hið seinna var að ljóst var að Evrópubandalagið hugðist túlka samkomulagið með ýtrustu hagsmuni sína í huga, þ.e. að um hrein skipti á veiðiheimildum væri að ræða og engin ákvæði væru um raunverulega gagnkvæmni í formi veiða, í formi afla upp úr sjó, í formi þess sem hvorum aðilanum fyrir sig tækist að veiða.

Ég spyr núna: Hvað hefur breyst síðan í lok nóvember 1991 þegar samtök atvinnurekenda í sjávarútvegi drógu stuðning sinn við samninginn til baka? Svarið er: Ekki neitt, nákvæmlega ekki neitt. Niðurstaðan varð nákvæmlega sú sem þarna var að koma á daginn, að það var látið algjörlega eftir Evrópubandalaginu, túlkunin á eðli skiptanna á veiðiheimildunum og karfinn er karfi. Manni er náttúrlega nokkur undrun að á þeim tíma, sem síðan er liðinn, skyldi takast að þæfa menn til að láta samninginn ganga yfir sig.

Ekki þarf að fara í frekari vitnaleiðslur um það, menn muna hvernig hæstv. sjútvrh. talaði vorið 1992 um að ekki kæmi til greina að kyngja samningnum nema um fullkomin skipti yrði að ræða á veiði. En því miður lak síðan loftið úr hæstv. sjútvrh. undir áramótin og einhvers konar samkomulag virðist hafa orðið í hæstv. ríkisstjórn, meiri háttar hrossakaup um nokkur óskyld mál sem tengjast sjávarútvegi og hæstv. sjútvrh. hefur gengið um tiltölulega fölur á litarhafti síðan, lítið farið fyrir honum, enda eðlilegt. Það veldur ýmsum aukaverkunum þegar loftið fer svo snögglega úr mönnum. Hæstv. sjútvrh. samdi við Alþfl. um auðlindaskatt á næsta kjörtímabili gegn því að fá að hafa kvóta Halldórs Ásgrímssonar óbreyttan í nokkur ár í viðbót. Hæstv. sjútvrh. skipti um skoðun gagnvart samningnum um sjávarútvegsmál að því er virtist á nokkrum nóttum og gekk í lið með þeim sem hafa varið hann síðan. Síðan var hinn frægi þróunarsjóður, sem að vísu sér ekki ekki dagsins ljós, hluti af þessu heiðursmannasamkomulagi ef svo má kalla það. Það orð er nú orðið ýmsu vant og búið að nota það yfir ýmislegt sem í upphaflegri merkingu hefði tæplega talist við hæfi. Þannig standa þau mál í dag.

Hæstv. utanrrh. kallar náttúrlega ekki allt ömmu sína í þessu máli frekar en öðru. Þegar uppgjöfin lá fyrir brá hæstv. utanrrh. auðvitað á það ráð að segja að aldrei hefði annað staðið til en semja svona. Aldrei annað staðið til. Ekki væri hægt að semja um gagnkvæma veiði, sagði hann í Morgunblaðinu og hélt því fram blákalt að aldrei hefði neitt annað staðið til en að gera slíkan samning, skipti á kvótum, og sjálfsagt hefur aldrei staðið til heldur að neitt af þessu yrði langhali. Ég er með Morgunblaðið frá 1. des. 1992, sjálfan fullveldisdaginn, og þá segir utanrrh.: „Ekki hægt að semja um afla upp úr sjó." Jón Baldvin Hannibalsson segir, með leyfi forseta, „að niðurstaða samkomulags Íslands og Evrópubandalagsins um gagnkvæmar veiðiheimildir hafi í raun legið fyrir að mestu leyti í vor" og viðurkennir það sem gott er og rétt og dregur þar með dár að öllu liðinu, sem hann hafði með sér í samningaviðræðum til málamynda, í þykjustuviðræðum í hálft ár. Þeir ágætu menn, sem fjölmenntu til Brussel á fundi, hljóta að spyrja sig að því hvort þeir hefðu ekki getað notað tímann til einhvers annars þarfara en að láta utanrrh. hafa sig að fíflum í meira en hálft ár þegar hann segir í Morgunblaðinu hér 1. des. 1992 að þetta hafi allt saman legið fyrir sl. vor. Til hvers voru aumingja mennirnir að leggja þetta á sig? Þessir uppteknu menn, Kristján Ragnarsson og kompaní. Svo segir utanrrh. að „aldrei hafi farið á milli mála að ekki væri hægt að semja um skipti á afla upp úr sjó." Aldrei hafi farið á milli mála að ekki væri hægt að semja um skipti á afla upp úr sjó. En svo segir í Mogganum til heiðurs hæstv. sjútvrh.:

„Samningaviðræðurnar drógust á langinn vegna kröfu Íslendinga um að samið yrði um gagnkvæman afla upp úr sjó en ekki veiðiheimildir án tillits til aflabragða. Þorsteinn Pálsson sjútvrh. lagði áherslu á þessa kröfu." En hvað var utanrrh. búinn að segja í næstu setningu á undan? Að aldrei hafi farið á milli mála að ekki væri hægt að semja um skipti á afla upp úr sjó. Hvað var hæstv. sjútvrh. að gera? Hvað var þetta sem hann var að leggja áherslu á? Er það virkilega svo í ríkisstjórninni að hæstv. utanrrh. hafi svo gaman af að plata sjútvrh. að hann láti hann rembast með kröfu í hálft ár, sem utanrrh. segir svo að hafi aldrei staðið til, sé ekki hægt að semja um? Þetta er ákaflega skrýtið, ég verð að segja það alveg eins og er. Ég veit ekki hvernig samskiptin eru. Að vísu kom í ljós þegar þetta mál var til 1. umr. að sjútvrh. og utanrrh. talast aðallega við í gegnum Þjóðarsálina. Það er auðvitað eftir öðru. En staðreyndin er auðvitað sú — hvort sem utanrrh. hefur vitað þetta allan tímann eða ekki, segir það bara eftir á að hann hafi verið svona spakur, hann hafi vitað að þetta var ekki hægt — að utanrrn. lét sjútvrn., sjútvrh., utanrrmn., sjútvn., Alþingi og að því er virðist alla aðra halda að í raun væri enn þá um eitthvað að semja af einhverjum ástæðum. Menn eru kannski orðnir svo vanir því hér að beitt sé blekkingum af hálfu utanrrn. að menn geri ekkert með það. Mönnum finnst ekkert tiltökumál þótt eitt dæmið enn bætist í safnið. En er það virkilega þannig á Alþingi Íslendinga og í íslenska stjórnkerfinu yfirleitt að ráðherrar geti logið eins og þeim sýnist? Farið endalaust með rangfærslur og ekki gerist neitt?

Það var einhver ræfils Möllemann í Þýskalandi að segja af sér núna. Hann var knúinn til að segja af sér. Út af hverju? Af því að hann þóttist ekki vita af bréfi sem hafði farið úr ráðuneyti hans. Það kom í ljós að hann hafði vitað um það. Hann bar það fyrst að embættismenn hans hefðu skrifað bréfið án vitundar sinnar, það hafi ekki verið á hans ábyrgð. Bréf þar sem hvatt var til að kaupa vörur af einhverju fyrirtæki frænda hans. Svo fór hann í frí á einhverja sólarströnd og kom til baka og þá kom í ljós að hann hafði vitað um bréfið gott ef ekki bara mælt fyrir um að það yrði sent. Burt með hann. Hann hafði sagt ósatt eða a.m.k. ekki farið nógu nákvæmlega með það sem gerðist í ráðuneyti hans. Hvað mundu margir hafa fokið á Íslandi núna á undanförnum missirum ef sömu vinnubrögðum hefði verið beitt? Hvað væri hæstv. utanrrh. margbrottrækur?

Það er svolítið athyglisvert að dagana áður en utanrrh. talar um Moggann og segir að aldrei hafi staðið til að semja um neitt annað en það sem gert var, þá tók utanrrh. sjálfur saman minnisblað til utanrmn. og sjútvn. um stöðu málsins áður en farið yrði á síðasta samningafundinn. Minnisblaðið er dagsett 16. nóv. Hvað stendur í því? Fróðlegt er að bera það saman við ummæli hæstv. utanrrh. sjálfs því það stendur á bls. 2 þar sem verið er að fjalla um stöðu deilunnar: „Upphafleg krafa okkar, þ.e. Íslendinga, var að EB tæki þar á sig alla ábyrgðina" — þ.e. þar sem um er að ræða gagnkvæmnina í veiði, að EB taki þar á sig alla ábyrgðina — „jafnvel þótt þegar hefði verið veitt úr loðnustofninum meira magn en nægði fyrir framsali Grænlendinga til EB á þeim 30.000 tonnum sem síðan eru framseld Íslandi. Í sumar viðraði íslenska viðræðunefndin þá breytingu að ábyrgðin á óveiddu tonnunum í lok vertíðar skyldi skiptast hlutfallslega milli Íslands og EB. EB heldur fast við að það geti ekki tekið á sig ábyrgð á því að Íslendingar nái allri loðnunni enda hafi EB afsalað sér réttinum til þess að ná þessari loðnu á vertíðinni ..." Hér kemur a.m.k. í ljós hvað sem hæstv. utanrrh. segir að um mitt sumar hefur verið þreifað á því við Evrópubandalagið að taka áhættuna á móti okkur Íslendingum að hálfu. En EB hélt auðvitað fast við sína kröfu, enda taldi það sig væntanlega hafa gengið þannig frá málum strax í febrúar 1992 að það þyrfti ekki að kvíða úrslitunum, sem varð raunin. Það var samið nákvæmlega eins og þeir kröfðust. Ekki orð um það að um gagnkvæmni í formi veiði upp úr sjó, í formi afla þurfi að vera að ræða.

Hæstv. forseti. Mönnum kann að finnast þráhyggja að vera að reyna að fara yfir aðdraganda málsins. Þessar brotalamir í aðdraganda málsins sem að mínu mati eru stórkostlega alvarlegar. Í öllum þróuðum lýðræðisríkjum yrði sett rannsókn í gang á því hvernig í ósköpunum þetta mál hefur borið að. Hvernig í ósköpunum getur það gerst að heilar sendinefndir og heil ráðuneyti skuli höfð að fíflum með þessum hætti svo missirum skiptir og svo komi hæstv. utanrrh. bara og gefi mönnum langt nef og segi að aldrei hafi staðið til að gera það sem menn þóttust vera að reyna allan tímann á löngum og ströngum samningafundum. Mér finnast þetta alger fádæmi. En það er sjálfsagt eftir öðru að þetta sé eins og hvert annað mál sem falli í gleymsku og dá og engum þyki máli skipta nema kannski hæstv. sjútvrh. sem kann að vera eitthvað aumur inni í sér út af þessari meðferð en ber harm sinn í hljóði. (Gripið fram í.) Hafliði var ekki svona dýru verði keyptur af hálfu hæstv. sjútvrh. að hann varð líka að þola þennan ærumissi og þessa niðurlægingu. Hún var hluti af kaupverðinu.

Eins og ég hef áður sagt, hæstv. forseti, hafa menn gert ítarlega grein fyrir helstu efnisþáttum málsins og það er gert í nál. minni hluta utanrmn. og er þar birt sem fylgiskjal nál. minni hluta sjútvn. Þetta eru ítarleg álit og að mínu mati með fullnægjandi rökstuðningi fyrir því sjónarmiði sem þar er sett fram. Það tekur langt fram þeim þeim aumlegu tilburðum sem talsmenn meiri hlutans hafa haft uppi undir forustu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem hefur m.a. reynt að færa fyrir því rök með ævintýralegum loftfimleikum, ef svo má að orði komast, í röksemdafærslu að í raun og veru sé enginn skaði skeður því íslenska landhelgin hafi alltaf verið opin fyrir flota Evrópubandalagsins. Hann hafi alltaf verið í landhelginni og þess vegna sé þetta í sjálfu sér ekkert tiltökumál. Þetta er nokkuð sérkennileg söguskoðun og furðuleg og ég spyr mig að því: Hvert á þetta að leiða hv. þm. yfirleitt í málflutningi? Þó svo væri, væri það eitthvað betra fyrir það að búa þá til nýjan samning sem opnaði fleirum inngöngu í landhelgina? Veit hv. þm. ekki hvernig þetta er með þessa tvo, þrjá belgísku síðutogara, hálfgerða tappatogara sem eru ekki orðin merkileg veiðiskip, sem hér hafa sést af og til síðustu sumur? Þeir hafa tekið hér sáralítið magn og eru auðvitað á leiðinni út og var ekki hleypt með pósitífum hætti á nokkurn hátt á ný inn í íslenska landhelgi. Þeir voru hér, hv. þm., þeir voru *hér áður en við færðum landhelgina út. Samningurinn* gekk út á það að heimila hluta þeirra togara að halda áfram meðan þau skip entust og samningurinn er þannig í eðli sínu að í honum er sólarlag því ekki verða þessir togarar eilífir. Ætli það sé ekki að verða þannig að það sé ekki að verða merkilegt drift á þessum gömlu skipum með þeirra tíma tækni og ekki mikið áhyggjuefni að mínu mati þó að þessi skip hafi sést hér af og til yfir sumartímann á Íslandsmiðum. Það er svo alveg óskylt mál hvort menn vilja fara út í umræður um það hversu skynsamlegur sá samningur var á sínum tíma. Fyrir honum voru rök en það má líka sjálfsagt segja að Íslendingar hefðu getað náð sama árangri með því að halda út og Belgar hefðu þá horfið héðan rétt eins og Þjóðverjar og Bretar með sambærilegum hætti. En á hitt er sanngjarnt að minna að það hafði viss áhrif á andrúmsloftið í þessari deilu þegar Belgar rufu samstöðu andstæðinga okkar og viðurkenndu rétt okkar gegn því að fá þennan samning.

Veiðiheimildir Færeyinga á krókaveiðum hér við land eru auðvitað alls ólíkar, sömuleiðis þau skipti sem eiga sér stað í gegnum nýtingu á sameiginlegum stofni, eins og loðnunni. Þannig að staðreyndin er auðvitað sú að þetta eru algjör tímamót, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Það er verið að opna íslensku landhelgina í

fyrsta sinn á nýjan leik fyrir erlendum flota sem ekki hefur átt hér réttindi og ekki hefur verið hér. Ég bið menn að fara í gegnum réttindabaráttu Íslendinga í landhelgismálum á þessari öld og þó þeir fari aftur á þá síðustu þegar pólitíið, götulögreglan, var að reyna að stugga við togurum hér inni á fjörðum. Ég veit ekki annað en alla tíð síðan hafi í raun og veru stefnan verið í eina átt, að treysta betur og auka réttindi Íslendinga í þessum efnum, að ýta í burtu útlendingum sem hér væru við veiðar. Belgísku skipunum hefur verið að fækka, færeyski kvótinn hefur verið að minnka. Þannig að í raun og veru er þetta að verða hverfandi sem hér er innan okkar efnahagslögsögu. Það tekur svo auðvitað steininn úr að hér er, eins og bent hefur verið réttilega á af hv. þm. Steingrími Hermannssyni og fleirum, sá grundvallarmunur á að það er verið að semja um veiðiheimildir útlendinga í fullnýttum stofni, eða stofni sem a.m.k. er ekki hægt að færa sannfærandi rök fyrir að sé vannýttur í þeim skilningi að viðkomandi greinar alþjóðahafréttarsáttmálans eigi við. Þannig að við erum ekki að láta undan og skipta á veiðiheimildum þar sem hinar erlendu þjóðir hafi einhvern rétt með vísan til slíkra ákvæða, að við nýtum ekki möguleika sem fyrir hendi eru. Nei, það er aldeilis ekki. Það gerir það auðvitað að verkum að þessi opnun landhelginnar er miklu meira einhliða en ella af því að það er ljóst að Evrópubandalagið hefur að alþjóðarétti engar kröfur á þessar veiðiheimildir. Ekki einu sinni hefðarkröfur lengur því þar sem þeir hafa ekki verið hér að veiðum í hartnær 15 eða 20 ár.

Sem sagt, ef farið er yfir helstu þætti í þessu, hæstv. forseti, þá liggur það auðvitað fyrir að það er verið að opna íslensku landhelgina fyrir flota Evrópubandalagsins. Það er í öðru lagi ekki um jafnræði að ræða í þessum samningi í því formi að tryggður sé afli á móti afla. Það er í þriðja lagi ekki um jafnverðmætar veiðiheimildir að ræða, það er ljóst. Í fjórða lagi er verið að leyfa útlendingunum að koma og sækja í fullnýttan stofn. Og í fimmta lagi, sem er auðvitað dæmalaust, eru þessi svokölluðu gagnkvæmu veiðiheimildaskipti þannig að þau fara öll fram innan lögsögu annars aðilans, því við munum ekki veiða mikið af þessari loðnu í grænlensku lögsögunni, ónei. Ef við veiðum eitthvað af henni, ef þessi ólánssamningur verður, þá verður það auðvitað í íslensku landhelginni.

Ég spurði sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar að því á sameiginlegum fundi utanrmn. og sjútvn. hvort þeir þekktu þess dæmi að svokölluð skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum færu þannig fram að öll veiðin væri í lögsögu annars aðilans. Nei, þeir gerðu það ekki. Þeir þorðu svo sem ekki að sverja það að þetta væri óruggglega heimsmet og einsdæmi en þeir vissu þess engin dæmi af skiljanlegum ástæðum að skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum færu öll fram innan lögsögu annars aðilans enda er það sérkennileg gagnkvæmni, satt best að segja, furðuleg gagnkvæmni. En það er von að þeir séu borubrattir, hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hv. formaður utanrmn., með þessa gagnkvæmni. Þetta er alveg ný tegund af gagnkvæmni, annar aðilinn leggi mönnum til alla veiðislóðina.

Áður en ég skilst við þennan þátt, hæstv. forseti, þá verð ég að segja það alveg eins og er að mér finnst það ákaflega dapurleg örlög hæstv. sjútvrh. Íslendinga sem nú er, Þorsteins Pálssonar, að verða að ganga niður á spjöld sögunnar sem fyrsti sjútvrh. sem stýrir undanhaldi í þessum efnum hvað varðar réttindasókn okkar Íslendinga til aukinna réttinda yfir auðlindum hafsins. Það hefði verið meiri manndómsbragur á því að hæstv. sjútvrh. hefði haft forustu um það að knýja á um réttmætar kröfur okkar Íslendinga til aukinna réttinda á hafsvæðunum í kringum landið, svo sem eins og ef hæstv. sjútvrh. eða hæstv. utanrrh. sem formlega séð færi með málið hefði náð af stað samningaviðræðum við Breta, Íra og Dani um Hatton-Rockall svæðið þar sem menn hefðu viðurkennt í reynd að Íslendingar ættu þar ákveðnar kröfur, eða fylgt fastar fram réttindum okkar gagnvart deilum Norðmanna og Dana fyrir hönd Grænlendinga í tengslum við Jan Mayen og miðlínuna þar. Og þó ekki nema hæstv. sjútvrh. hefði haft manndóm í sér að taka upp forustu fyrir því að styrkja Kolbeinsey þannig að hún hyrfi ekki í sjóinn og með henni 9.600 ferkílómetrar af íslensku lögsögunni. Allt þetta hefði frekar verið í rétta átt hjá hæstv. sjútvrh. En að ganga niður á spjöld sögunnar sem fyrsti íslenski sjútvrh. á þessari öld sem stýrir undanhaldi í þessum efnum, sem afsalar réttindum sem við höfum áður haft, það er heldur dapurlegt. Og ólík eru örlög hans mönnum eins og samþingmanni hans Matthíasi Bjarnasyni, fyrrv. hæstv. sjútvrh., eða Lúðvík Jósefssyni, hverra orðstír mun lifa lengur en þeir sjálfir vegna forustu þeirra á þessu sviði fyrr á öldinni.

Þeir hafa að vísu eitthvað verið að ýtast á um það þegar illa stendur á, hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh., hvor fari með málið. Ég tek dálítið eftir því að hæstv. utanrrh. hreytir því stundum út úr sér svona í hliðarsölum: Sjútvrh. er með þetta, og vill sem minnst vera viðstaddur þessa umræðu. Kannski kemur hæstv. sjútvrh. hér upp og segir í vörn sinni: Ja, þetta er mál utanrrh., og má til sanns vegar færa að formlega séð fer utanrrh. með málið. En það hefur verið venjan á Íslandi að líta svo til að sjútvrh. ætti að reyna að beita sér dálítið í þessum efnum og fara faglega með þá þætti málsins sem lytu að hagsmunagæslu sjávarútvegsins með sambærilegum hætti má segja og hæstv. utanrmn. vísaði málinu til faglegrar umsagnar sjútvn. og væri það eðlilegt.

Ég auðvitað undrast örlög fleiri manna í sambandi við þetta mál. Ég leyfi mér að nefna þar hv. 1. þm. Vestf. sem nú er, Guðjón A. Kristjánsson, og hv. 16. þm. Reykv., Guðmund Hallvarðsson. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst það nokkuð sérkennilegt að menn úr þessum jarðvegi sem þeir eru skuli láta þetta yfir sig ganga. Ég er eiginlega alveg gáttaður á því, ég verð að segja það eins og er. Ég hefði búist við öðru.

Mér finnst, hæstv. forseti, annað atriði þessa máls sem kannski of lítið hefur verið til umræðu og það er ósköp einfaldlega reynslan af samskiptum annarra þjóða við Evrópubandalagið undir hliðstæðum kringumstæðum. Ég hef að vísu ekki haft tök á því að afla

mér allra þeirra gagna þar um sem ég hefði viljað, til að mynda frá Kanada eða Noregi, en svo mikið veit ég að ég held það sé allra ljótasta skammaryrði sem hægt er að bera í munn sér gagnvart sjómönnum t.d. á austurströnd Kanada, þ.e. Evrópubandalagið, eða það var a.m.k. Fiskifræðingar hafa haft af því stórfelldar áhyggjur hvernig þeirra tvöfalda bókhald og blygðunarlausa framkoma gagnvart eftirliti hafa í raun og veru þýtt að þar hefur verið stunduð botnlaus rányrkja. Sumir telja allt upp í fimmfalt magn tekið á við það sem heimilað var eða áætlað.

Við þekkjum auðvitað þann þrýsting sem Norðmenn hafa búið við af hálfu Evrópubandalagsins sem er mér ekki sönnun þess að þeir hafi greitt kostnaðinn af aðgöngumiða Íslendinga inn í þessa samninga, eins og hæstv. utanrrh. barnalega heldur fram, heldur fyrst og fremst sönnun hins að það er varhugavert að rétta þessum aðila litla fingurinn. Reynsla manna hefur sýnt að áður en menn líta við er farið að naga á manni axlarliðinn. Ég held að menn verði líka að setja sig í stellingar og reyna að skilja þær aðstæður sem við er að etja í sjávarútvegsmálum innan Evrópubandalagsins. Sjávarútvegur er þar hluti af landbúnaðinum, er þróunargrein sem fær mikil framlög, mikla styrki. Sjávarútvegurinn er gjarnan uppistaða í atvinnulífi á svonefndum vanþróuðum svæðum innan bandalagsins, atvinnuleysissvæðum, sem gerir það að verkum að batteríið beitir sér af miklum þunga fyrir hagsmunagæslu þessarar greinar og þeirra svæða sem þar eiga mikið undir af þeirri einföldu ástæðu að þau njóta vissrar sérstöðu. Þau eru flokkuð með tilteknum hætti í kerfi Evrópubandalagsins, fá alla þessa styrki o.s.frv. Þannig að þrýstingurinn er m.a. af þeim toga. Þegar hin auðugu iðnríki Evrópubandalagsins liggja undir ámæli fyrir að þau geri ekki nóg fyrir suðursvæðið eða fyrir atvinnuleysissvæðin í Norður-Þýskalandi og Bretlandi er viðkvæðið gjarnan og lausnin gjarnan sú að kaupa sér frið með meiri styrkjum í sjávarútveg og ráðstöfunum til að reyna að efla atvinnu. Enda er, eins og allir vita, býsna mikill völlur á þessum aðilum þegar þeir eru að koma sumir og kynna sín svæði og óska eftir viðskiptum við Íslendinga og fá meira hráefni til vinnslu o.s.frv. Það er m.a. vegna þess að þeir hafa úr talsverðu að moða sem þeim er veitt í gegnum hina sameiginlegu sjóði. Auðvitað er það líka staðreynd að sumar þessara þjóða eiga stóra úthafsflota sem hafa á undanförnum árum haft minnkandi verkefni og mikill þrýstingur á að koma þeim til veiða annars staðar.

Þetta held ég að menn verði að hafa í huga þegar þeir ræða þennan samning og ekki að horfa bara á útkomu hans á einu ári eins og menn gera gjarnan og mér finnst fara of mikið fyrir að menn segi sem svo að þetta geti svo sem verið bölvað en það sé ekki samið nema til eins árs. Það er einmitt ókosturinn í mínum huga. Það er gert ráð fyrir framhaldi. Þetta er 10 ára rammasamningur sem innan hvers á að semja árlega um veiðiheimildaskipti og það finnst mér ekki bjóða upp á neitt annað en árlegt skak um þessi mál þar sem verður auðvitað þrýstingur af hálfu Evrópubandalagsins á að þess hlutur verði sem bestur.

Hæstv. utanrrh. hefur farið mikinn á köflum og ekki voru minnst tilþrifin þegar hann talaði í útvarpsumræðunum um frv. sl. fimmtudag og var þar ber að því að fara með hreinum fölsunum með ýmsar tölur um þjóðhagslegan ávinning Íslendinga af þessum samningi. Það er búið að hrekja það allt saman svo rækilega og hæstv. ráðherra hefur orðið sér svo berlega til skammar í því máli að ég þarf ekki að bæta fleiru þar við. Það var þreföld lygi í þeirri stuttu setningu sem hæstv. ráðherra hafði um milljarðana 7 sem voru ekki 7 milljarðar, ekki á einu ári heldur eftir átta ár o.s.frv. En hæstv. ráðherra talar gjarnan þannig að þetta sé sérstaklega í þágu hagsmuna sjávarútvegsins og fólksins úti á landi sem hann er mikið að hugsa um, að eigin sögn, og segir svo miklar sögur af því hversu mikla atvinnu EES-samningurinn og væntanlega þetta fylgirit hans, sjávarútvegssamningurinn, eigi að gefa okkur og hversu mikil verðmæti.

Nú getur það vissulega hvort tveggja gerst að einhver ný störf skapist með tilkomu þessara samninga, t.d. við fullvinnslu eða vinnslu sjávarafurða í flök og e.t.v. að einhverju leyti í neytendapakkningar sem ekki hafa verið tollfrjálsar hingað til en þó er það þannig að eðli málsins samkvæmt verður vara sem hér er unnin í neytendapakkningar væntanlega fyrst og fremst frosin af skiljanlegum ástæðum til þess að unnt sé að koma henni á markaði og á borð neytandans í fersku formi. Og þá búum við einfaldlega við þannig samninga að þær vörur eru tollfrjálsar í dag og helsta þróun sem hefur orðið í fiskvinnslu á Íslandi undanfarin missiri í átt til aukinnar fullvinnslu er einmitt vinnsla frosinna stykkja í neytendapakkningar.

Það getur gerst og mun örugglega líka gerast að íslenskir saltfiskframleiðendur njóti einhvers bata, eitthvað hærra skilaverðs en ella hefði orðið vegna tollaniðurfellinganna í saltfiskinum, sem ég hef lengi haldið fram að sé kannski stærsta málið í þessu frá þeirri hliðinni, þ.e. það einstaka jákvæða atriði sem eitthvað svolítið munar um, þ.e. tollaniðurfellingin í saltfiskinum af ýmsum ástæðum. Það er ekki bara það að það eigi að skapa möguleika til talsvert hærra skilaverðs að fá þarna lækkun á tollum ofan á útflutning sem gæti numið um milljarði króna þó við fáum það að sjálfsögðu aldrei allt. Ég held það muni líka að ýmsu leyti gera ástandið á þessum markaði eftir því sem það getur orðið miklu skárra að hafa ekki þær árstíðabundnu sveiflur sem tollkvótarnir hafa skapað. En á sama tíma hefur hæstv. utanrrh. verið að gera hluti sem ég held að hafi allt of lítið verið talað um og sem ég vil leyfa mér að halda fram og óttast, því miður, að geti reynst sjávarútveginum og sérstaklega saltfiskframleiðslunni ekki minna áfall en sem næmi hugsanlegum ávinningum á hina hliðina vegna tollaniðurfellingar og það er einfaldlega sú framganga hæstv. utanrrh. að brjóta niður einkaleyfi Sölusambands ísl. fiskframleiðenda á saltfiskútflutningi. Ég veit að það þykir sumum afskaplega ófínt að tala svona eins og ég ætla að gera núna, voðalega ófínt, það sé fyrir löngu komið úr tísku að mæla með svona samtökum. En ég ætla nú að gera það samt því að mér er alveg nákvæmlega sama þó að

menn haldi að það sé eitthvað fínt að daðra við eitthvert svokallað frelsi í útflutningsmálum Íslendinga. (Gripið fram í.) Ef það er tóm della sem þar er verið að gera, hv. 17. þm. Reykv., ef það er sannanlega óhagstætt okkur Íslendingum þá má það heita hvað sem er fyrir mér. Ég stend ekki í slíkri vitleysu að mæla því bót. Og það er alveg furðulegt að íslenska þjóðin skuli þurfa að því er virðist að endurtaka sömu vitleysuna með reglubundnu millibili að skjóta sjálfa sig í lappirnar og klúðra útflutningshagsmunum sínum vegna þess að samstöðuna brestur svona á þriggja til fjögurra áratuga fresti.

Það er engin spurning um það í mínum huga að þau samtök íslenskra framleiðenda í saltfiskframleiðslu sem hafa bundist samtökum og skipulagt sig á mörkuðum okkar erlendis undanfarna áratugi hafa unnið mikið þrekvirki. Þau hafa unnið það þrekvirki að leggja nánast undir sig verðmætustu markaði heimsins fyrir saltfisk, ryðja öðrum keppinautum þar út eins og á Spáni þar sem Norðmenn voru næstum horfnir af markaði vegna þess að þeir stóðust ekki samkeppni við Íslendinga. Þessi samtök hafa náð því að skilaverð fyrir fisk til Íslendinga hefur verið hærra en til nokkurrar annarrar þjóðar og þeir hafa náð því að jafna út verðsveiflur þannig að Íslendingar hafa fundið mun minna fyrir þeim en t.d. Færeyingar, Norðmenn og Kanadamenn sem helst hafa keppt við okkur. Þetta hefur hæstv. utanrrh. nú tekist að brjóta niður. Og það væri nú dálítið fróðlegt að fara yfir það í hvaða greinum Íslendingum hefur í sjálfu sér vegnað best innan sjávarútvegsins og skoða það í ljósi þess hvernig að sölumálunum hefur verið staðið.

Við þekkjum dæmin t.d. um skreiðina hvernig það hefur gengið hérna á undanförnum árum. Þar hafa menn verið með þetta fína frelsi og við getum skoðað loðnumjöls- og loðnuafurðaútflutninginn. Þar er þetta fína frelsi. Ætli það séu ekki svona 10–15 karlar, svona „brókerar" sem vinna við það að senda telefax á morgnana og bjóða þessum og hinum framleiðandanum að selja fyrir þá loðnumjölið. Og afleiðingin er aðvitað sú að íslenski loðnumjölsmarkaðurinn er algerlega í höndum kaupendanna. Þeir ráða þar lögum og lofum. Íslendingar, þó þeir séu svo stórir sem raun ber vitni í framleiðslu, eru ofurseldir öllum verðsveiflum samstundis. Þeir hafa ekkert bolmagn, enga burði til þess að reyna að hafa áhrif á markaðinn í gegnum samtök eða skipulagningu. Erlendir kaupendur hafa þvert á móti stundað það að kaupa inn loðnumjöl frá Íslandi þegar verðið er lágt, lagera það í verksmiðjum í Þýskalandi og víðar og selja það svo þegar verðið hækkar þannig að það sé alveg öruggt mál að Íslendingarnir séu helst að selja sem mest þegar verðið er í botni. Þetta er nú þetta fína kerfi þar. En svo höfum við auðvitað önnur dæmi eins og í saltfiskinum og eins og í frystingunni að verulegu leyti, a.m.k. vestan hafs þar sem menn í gegnum skipulagningu og samstöðu náðu ótrúlegum árangri, 15–20% hærra verð svo áratugum skipti vestan hafs og var niðurstaðan af markaðsstarfi íslensku fyrirtækjanna þar. Og ekki minni árangri er hægt að tefla fram t.d. hvað varðar stöðu SÍF á Spáni og skiptir það ekki alveg eins máli hvort við töpum hálfum eða heilum milljörðum kr. út af aðgerðum af þessu tagi eins og þó að við getum hugsanlega fengið einhverjar sambærilegar upphæðir í gegnum þennan EES-samning? Það fer furðulítið fyrir umræðum um þetta.

Ég vil leyfa mér að halda því fram að utanrrh. sé að skemma a.m.k. jafnmikið fyrir íslenskri saltfiskframleiðslu þessa dagana eins og hún gæti hugsanlega komið til með að hagnast af hlutdeild sinni í tollaniðurfellingunni samkvæmt EES-samningnum eða viðauka hans. Ég ætla því að leyfa mér, hæstv. forseti, að vitna aftur hér í Fréttabréf samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi sem ég reyndar gerði hér í umræðum á laugardaginn var, ef ég man rétt, sökum þess að sú umræða varð á undan þessari en ég hafði óskað eftir að það yrði öfugt þannig að við yrðum búin að ræða þennan sjávarútvegssamning áður en frv. um Evrópskt efnahagssvæði kæmi til 3. og síðustu umræðu. En það eru afar athyglisverðar upplýsingar í þessu fréttabréfi sem ég vil gjarnan fá að heyra hæstv. utanrrh. svara og reyna að hrekja. Þar er sagt frá því að í Noregi hafi verið mikil umræða um markaðsmál saltfisks bæði sökum þess að Norðmenn auka nú sína framleiðslu á nýjan leik vegna meiri veiða í Barentshafi og líka hins að þær fréttir hafa borist til Noregs að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda sé að missa einkaleyfi sitt. Það er að missa það vegna þess að hæstv. utanrrh. var búinn að vera með samfelld skemmdarverk í gangi gagnvart því einkaleyfi undanfarin ár með því að veita með tilviljanakenndum hætti af og til einhver útflutningsleyfi hinum og þessum sem riðu svo um héruð niður á markaðssvæðunum í Suður-Evrópu og gerðu sig digra og þóttust vera vel inn undir hjá ráðherranum og þeir gætu nú fengið leyfi svo og svo. Þetta olli auðvitað miklum óróa og var að verða ástand sem íslenska sölukerfinu var mjög óhagstætt og af tvennu illu óskuðu menn þá frekar eftir því að þetta yrði einfaldlega gefið frjálst þannig að það væri þá hægt að gjalda líku líkt. En það breytir ekki hinu að allir sem til þekkja innan þessa sölukerfis eru jafnsárir út af því að hagsmunum Íslendinga skuli klúðrað með þessum hætti.

Í norsku blöðunum er um það fjallað að Spánverjar séu þeirrar skoðunar að íslenski saltfiskurinn sé bestur, það sé ekki spurning. Það bendir ekki til þess að frammistaða íslenskra framleiðenda og sölusamtaka þeirra hafi verið mjög bágborin undanfarin ár að kaupendurnir, Spánverjar í þessu tilviki, eru ekki í neinum vafa um það að þarna sé á ferðinni besta framleiðslan. Mikill munur sé á gæðum íslenska og norska saltfisksins þeim íslenska í hag. Í þessum greinum, þ.e. í greinunum í norsku blöðunum, er mikið skrifað um „íslensku mafíuna". Íslenska mafían er ekki Cosa Nostra heldur er það SÍF, SÍF einoki markaðinn, haldi verðinu uppi og stjórni því hverjir fá að selja íslenskan fisk og hverjir ekki. Rétt. Og síðar kemur fram í viðtölum við spænska saltfiskframleiðendur að þeir búast við að framboð verði mun meira 1993 og að verð muni lækka er SÍF missi einkaleyfi sitt frá og með 1. jan. 1993. Mér finnst þetta nokkurt umhugsunarefni.

Talsmenn saltfiskframleiðenda á Íslandi hafa undanfarin ár haldið því mjög ákveðið fram að það muni verða Íslendingum til bölvunar ef SÍF missir sitt einkaleyfi. Menn eins og Magnús Gunnarsson, Sigurður Haraldsson og fleiri sem þar hafa starfað svo að ekki sé nú minnst á Dagbjart.

Nú fáum við upplýsingar um það, og er svo sem ekkert nýtt, ég hef áður vitnað í ummæli í norskum blöðum um það sama, að helstu keppinautar okkar, Norðmenn, eru ekki í vafa um það sama. Þeir eru sömu skoðunar og þessir sérfræðingar okkar og í þriðja lagi kaupendurnir, Spánverjar, eru líka sömu skoðunar, þannig að það eru allir sömu skoðunar, Íslendingar, Norðmenn og Spánverjar. Afleiðingar þess að SÍF missi einkaleyfið verður verðlækkun og væntanlega líka að aðrir komast inn á markaðinn sem SÍF í krafti styrks síns og skipulagningar hefur nánast einokað. Norðmenn eru nánast horfnir af Spánarmarkaði. Þeir eru varla til í Katalóníu vegna þess að slíkur er árangur markaðsstarfsins sem þar hefur verið farið fram. Og hvers vegna að vera að þessu? ég spyr, svo lengi sem okkur er stætt á því, svo lengi sem við erum þá ekki píndir til þess að breyta þessu fyrirkomulagi.

Nú er það svo að þarna er um samtök framleiðenda að ræða sem hafa með yfirgnæfandi stuðningi sinna framleiðenda farið fram á það að hafa þetta leyfi, 97% þegar síðast var kosið um það almennri kosningu, ef ég man rétt, innan vébanda SÍF. 97% vildu hafa þetta fyrirkomulag áfram. Hverjum er verið að þjóna með þessum breytingum? Ekki framleiðendunum. Þeir vilja þetta ekki. Ekki íslenskum hagsmunum. Það held ég að sé alveg vonlaust mál að útskýra þegar sérfræðingar okkar, sérfræðingar Norðmanna og Spánverjar sjálfir eru allir á sama máli um það að afleiðingin hljóti að verða verðlækkun. Á að þjóna einhverri frjálshyggjukenningu með þessu? Stendur það einhvers staðar í kennslubókum að þetta eigi að vera frjálst? Það getur vel verið. Ég hélt að það væri þannig í þessum markaðsfræðum og frjálshyggjufræðum að formúlan væri ósköp einföld. Samkeppnin er í þágu neytandans, lækkar vöruverðið til hans. Er það ekki? Er það þetta sem við erum að stefna að, að lækka verðið hjá neytendunum, viðskiptavinum okkar úti í löndum? Ég hélt ekki. Ég hélt að við værum að keppa að því að halda uppi sem hæstu verði, fá sem hæst skilaverð. Það segir a.m.k. hæstv. utanrrh. þegar hann er að guma af tollalækkunum. En hverjum er verið að þjóna með þessum breytingum? spyr ég.

Það komu fram í mjög athyglisverðu viðtali við Guðjón B. Ólafsson, forstjóra Sambandsins fyrrum, sem nú er að láta af embætti, þarfar áminningar til okkar Íslendinga um það hvernig við höfum í raun og veru sofnað á verðinum á kannski mikilvægasta markaði okkar þrátt fyrir allt, sem er Bandaríkjamarkaður, af ótrúlegri skammsýni elt tímabundnar verðsveiflur og annað og jafnvel glutrað niður áratugamarkaðsstarfi sem búið var að kosta mikið fé að byggja upp af því að tímabundið gaf betur af sér að fara með framleiðsluna yfir á Evrópumarkað. Og ef ekki hefðu verið til nokkur sterk fyrirtæki sem stóðu af sér framleiðsluna eins og Útgerðarfélag Akureyringa þá væri þessi markaður jafnvel horfinn því það voru örfáir aðilar sem þrátt fyrir allt héldu honum uppi og gátu það vegna þess að þeir höfðu þann efnahagslega styrk og þá burði. Það var ekki vegna þess að stjórnvöld eða að menn með einhverjum skipulögðum hætti og markvisst stæðu við bakið á þeim sem ræktuðu þennan markað meðan aðrir voru að yfirgefa hann, ekki aldeilis. Afkoman var þvert á móti þannig að það gátu þetta ekki aðrir en allra öflugustu fyrirtækin. Svo þegar ástandið batnar á Ameríkumarkaði þá vilja auðvitað allir komast þangað aftur og eru alveg hissa á því að þeir sem eru búnir að halda út gegnum lægðina skuli telja sig hafa þar nokkurn rétt. Svona er þetta nú.

Guð minn góður, hvernig halda menn að afleiðingin verði ef útflytjendurnir verða orðnir 20–30 sem koma og fara? Hvar eru þeir allir, snillingarnir sem ætluðu að nýta sér frelsið sem utanrrh. gaf þeim og flytja út ísfiskinn, sprengdu upp fiskverðið á mörkuðunum hér og borguðu fáránlegar upphæðir fyrir fiskinn og fluttu hann svo út? Hvar eru þeir, allir snillingarnir hérna í Hafnarfirði, Reykjavík og víðar? Þeir eru flestir farnir á hausinn, skiljandi eftir sig langa slóð, jafnvel gjaldþrot upp á yfir 100 millj. kr. af einhverjum bílskúrsrekstri sem stóð í eitt og hálft ár eða tvö. Er það þetta sem við viljum fara út í?

Mér finnst það alveg furðulegt að við skulum sjálfir ganga í það að slátra því fyrirkomulagi sem við Íslendingar höfum verið öfundaðir af af Kanadamönnum, Færeyingum, Norðmönnum og yfirleitt öllum sem við okkur keppa. Ég skil það ekki hafandi þó fyrir okkur dæmin og reynsluna af því hvernig stjórnleysið og vitleysan hefur farið með okkur í skreiðinni, í loðnunni, í síldinni á sínum tíma o.s.frv. Og hvað er svo að gerast í Evrópu, þessari Evrópu þar sem allt er svona gott og grænt? Það sem er að gerast þar er að það eru nokkrir stórir risar að ná undirtökunum í sjávarvörumarkaðnum, þrjár til fjórar keðjur. Og ég held að það sé ekki í samræmi við þá þróun og þaðan af síður í takt við reynslu okkar í gegnum tíðina að standa þá í breytingum af þessu tagi. Ef eitthvað er þá hefði maður spurt sig að því: Á kannski að sameina öll íslensku sölufyrirtækin í eitt stórt fyrirtæki? Er það e.t.v. nauðsynlegur mótleikur við stóru keðjunum sem eru að myndast á meginlandi Evrópu og veikari stöðu okkar á markaðnum vestan hafs? Ég er tilbúinn til að ræða slíkar breytingar og ef stjórnvöld hefðu viljað í samstarfi við atvinnuveginn stuðla að einhverju slíku, búa hérna til eitt virkilega öflugt fyrirtæki sem gæti staðið sæmilega í lappirnar gagnvart hverjum sem er, austan hafs eða vestan. En það er ekki þróun í þá átt, sem hæstv. utanrrh. er að stuðla að með sínum gerðum.

Það væri gaman að fá að heyra í hæstv. sjútvrh. ef hann nennir eða finnst það ekki fyrir neðan virðingu sína að ræða hérna pínulítið um almenn hagsmunamál sjávarútvegsins í tengslum við þetta mál, fá að heyra viðhorf hans á þessum breytingum. Ég veit ekki hvort hæstv. sjútvrh heyrir. Ég var að lýsa eftir því að það væri fróðlegt að fá að heyra í hæstv. sjútvrh. reifa viðhorf sín til þessara breytinga og þessarar stöðu í mark-

aðsmálunum. Ég er ekki viss um að við fáum betra tækifæri á næstunni til að ræða það en hér, enda nátengt þessu máli, hvort hæstv. sjútvrh. telur þetta allt saman vera í góðu lagi og á góðri leið hjá okkur, t.d. þá stöðu sem Guðjón B. Ólafsson hefur minnt á á mörkuðum vestan hafs eða þær breytingar sem hæstv. utanrrh. er að beita sér fyrir hér í saltfisksölumálum. Ég held að okkur veiti ekki af að reyna að halda sæmilega utan um okkar hagsmuni og ég er alveg sannfærður um að við gerum það ekki með þessum hætti.

Að lokum, hæstv. forseti, aftur að því sem í upphafinu var rætt. Hvað gerist ef við fellum þennan samning? Ég held að þá gerist einmitt það sem þarf að gerast: viðsemjendur okkar fá þau skilaboð að það sé þó enn sá baráttuhugur eftir í Íslendingum að þeir telji þetta ekki nógu góðan samning fyrir sig og menn verði veskú að gera betri samning eða ekki neinn. Það sé bara þannig. Ég er ekkert viss um að það kæmi mönnum mjög mikið á óvart þrátt fyrir allt. Menn eiga því að venjast að Íslendingar sæki sína hagsmuni nokkuð fast í þessum efnum. Fyrir það urðum við forustuþjóð í sambandi við réttindabaráttu strandríkja að við stóðum nokkuð fast á okkar hagsmunum og okkar rétti, sóttum hann af talsverðri hörku. Ég held að það væri þess vegna í góðu samræmi við það að við kæmum þeim skilaboðum áleiðis að þetta væri ekki nógu góður samningur. Hann væri felldur á Alþingi Íslendinga eða a.m.k. saltaður og vísað til ríkisstjórnarinar og menn yrðu að gera betur.

Í öðru lagi er það svo auðvitað þannig að það að vera að samþykkja þennan samning á meðan EES-málið sjálft er í uppnámi er auðvitað alger endaleysa. Ef það fer þannig, eins og dæmin sýna að talsverðar líkur hafa reynst á í hvert einasta sinn, að eitthvað verður til þess að klúðra enn þessu EES-máli, guð má vita hvað það verður, manni dettur helst í hug að það falli loftsteinn í höfuðið á einhverjum eða eitthvað gerist. (**SvG:** Því hefur verið spáð.) Já, það væri eftir öðru. Alla vega eru þær uppákomur sem tafið hafa þetta mál með ýmsum hætti svo ótrúlegar að það má láta sér detta margt hug. (**Gripið fram í:** Máttarvöldin eru nú aðeins að sýna ...) Og máttarvöldin eru mjög hliðholl þeim sem vilja tefja fyrir þessum samningi eins og dæmin sanna, m.a. þetta óveður núna, dýpsta lægð í sögu veðurathugana á Norður-Atlantshafi gerir vart við sig akkúrat þegar á að fara að greiða atvæði um þetta. Hvað með það. Ef við værum búnir að fullgilda þennan samning, til hvers í ósköpunum, hvaða vit væri í því að ganga frá þessum sjávarútvegssamningi sem er Íslendingum svo bersýnilega óhagstæður að það finnst ekki í raun og veru nokkur maður sem ætlast til þess að hann sé tekinn alvarlega þegar hann er að reyna að rökstyðja hið gagnstæða? Ég veit að menn búast við því að þeim séu fyrirgefin látalætin þegar þeir koma hér og til málamynda reyna að segja að þetta sé sæmilegur samningur, ætlast auðvitað til þess að þeir séu ekki teknir alvarlega og þeim sé fyrirgefið um leið og þeir eru komnir út úr dyrunum.

En hvernig ætla menn að rökstyðja að það geti verið skynsamleg röð á hlutunum af hálfu okkar Íslendinga að opna samninginn, hleypa flota Evrópubandalagsins hingað inn til karfaveiða ef ekkert verður svo úr þessu Evrópska efnahagssvæði og engar tollaniðurfellingar og ekki neitt. Nú má auðvitað ekki tala um þetta því þetta er ekki tengt eins og hæstv. utanrrh. segir hundrað sinnum, en einhvern veginn verður að reyna að ræða hlutina. Ég er a.m.k. alveg sannfærður um það, hvað sem má segja um þetta allt saman, að eina vitið væri það að hafa þessa hluti þannig tímasetta að við hefðum full tök á sjávarútvegssamningnum alveg fram á síðustu stundu og gætum fellt hann eða gert hvað það eina við hann sem okkur sýndist þegar við sæjum alveg fyrir endann á málunum í heild. Ég er auðvitað þeirrar skoðunar að aldrei eigi að samþykkja hann, hann er ósköp einfaldlega svo vondur, en ég get viðurkennt það eða tekið mark á því að aðrir hafi aðrar skoðanir. Gott og vel, þá liggur fyrir að menn eru ekki sammála. En hitt skil ég ekki að menn skuli ekki geta orðið sammála um og það er það að bíða með afgreiðslu á samningnum eða fullgildingu á honum þangað til málið er allt saman í höfn. Ég átta mig ekki á því hvað mönnum gengur til að ætla að haga þessu öðruvísi og segi það sérstaklega með vísan til þess að í raun hefur enginn komið fram í dagsljósið sem hefur reynt að rökstyðja það að samninguriinn sé svo góður vegna eigin ágætis að hann ætti að gera það. Enginn hefur lagt í það. Til að mynda reyndu þeir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi, sem kallaðir voru til fundar við nefndir þingsins, ekki að gera það, þvert á móti sögðu þeir hið gagnstæða. Ef spurningin snerist bara um þennan samning og innihald hans þá væri hann auðvitað ekki þannig að eigin ágæti að hann ætti að samþykkja.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa orð mín lengri, ég vona að hæstv. ráðherrar heiðri okkur með því að lýsa viðhorfum sínum. Ekki síst held ég að nauðsynlegt sé að við fáum að heyra í hæstv. sjútvrh., sérstaklega ræða þennan aðdraganda málsins ef hann vill reyna að rétta þar eitthvað hlut sinn, hæstv. ráðherra, þá held ég að hann ætti ekki að bíða með það.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingrímur Jóhann Sigfússon gerir því skóna að ég hafi að tilefnislausu dregið inn samninginn við Belga. Það var af því tilefni að í áliti minni hluta utanrmn. segir skýrum stöfum, með leyfi forseta:

„Með þessum samningi, sem hér er til umræðu, er því brotið í blað og fiskiskipum, m.a. togurum Evrópubandalagsins, hleypt á ný inn í íslenska fiskveiðilögsögu til að keppa í veiðum við íslensk fiskiskip úr fiskstofnum sem eru fullnýttir.“ Ástæðan fyrir því, ágæti þingmaður, að ég nefni samninginn við Belga er sú að skip sem tilheyra flota Evrópubandalagsins hafa verið að veiðum hér síðan 1975. Þess vegna er einfaldlega rangt þegar því er haldið fram að hér sé verið að hleypa inn skipum Evrópubandalagsins á ný. Þau eru hér nú þegar. Ekki er hægt að neita þessu. Vegna þess að þingmaðurinn vill gera tiltölulega lítið úr veiðum þessara skipa Belga þá er rétt að það komi fram að

þó að þau séu einungis tvö eða þrjú eftir núna þá hafa þau eigi að síður verið að veiða talsvert mikið magn, sér í lagi í samanburði við þann samning sem hér liggur fyrir. Þannig hafa þau árið 1991 veitt 1.728 tonn, þar af 550 tonn af þorski og um 500 tonn af ýsu. Að meðaltali síðustu fimm ár hafa þau veitt 1.628 tonn á ári hér við land. Síðan samningurinn tók gildi hafa þau veitt 2.916 tonn að meðaltali á ári. Það er hættulega nærri því sem við erum að ræða um í samningnum án þess að það skipti miklu máli en ég bendi á það.

Mér finnst líka merkilegt að hlýða á hv. þm. stjórnarandstöðunnar halda því fram að verið sé að brjóta í blað, að hér séu tímamót vegna þess og þetta séu afskaplega vond tímamót vegna þess að skip Evrópubandalagsins koma í þessum mjög takmarkaða mæli hingað. Ég bendi á að það er margstaðfest að í tíð síðustu ríkisstjórnar áttu sér stað viðræður um gagnkvæmar veiðiheimildir. Þeir flokkar, sem sátu í þeirri ríkisstjórn, hljóta að hafa í grundvallaratriðum ekki verið á móti því ella hefðu þeir vikið úr ríkisstjórninni. En við vitum auðvitað að gagnkvæmar veiðiheimildir fela í sér að mótaðilinn fær að koma inn í lögsöguna til þess að taka sinn skerf af hinum úthlutaða kvóta og þess vegna hlýtur hv. þm. að gera sér grein fyrir því, að þegar hann m.a. lagðist ekki gegn viðræðum um gagnkvæmar veiðiheimildir þá var hann líka að opna fyrir þann möguleika að erlend skip, skip Efnahagsbandalagsins, kynnu að fá leyfi til þess að koma inn í lögsögu okkar og veiða. Hér finnst mér þingmaðurinn vera í hróplegri mótsögn við það sem hann hefur áður staðið að.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er slík málsvörn hjá 17. þm. Reykv. að ég veit ekki hvort hann hafði erindi sem erfiði í ræðustól. Það eru náttúrlega hreinir orðaleikir að taka þannig til orða vegna þess að enn voru eftir tveir eða þrír belgískir síðutogarar frá þessum tíma sem allan tímann hafa verið hér. Að þar með sé ekki verið að brjóta í blað, þar með sé ekki verið að hleypa Evrópubandalagstogurum inn í landhelgina á nýjan leik sem ekki eru hér fyrir, þetta er náttúrlega orðaleikur, hv. þm., þetta er ekki efnisumræða. Allir skilja hvernig þetta mál liggur. Þeir belgísku togarar, sem enn eru eftir, eru á útleið. Ens og sást m.a. af meðaltölunum sem hv. þm. nefndi þá veiddu þeir á síðasta ári ekki nema rétt liðlega helming af því sem þeir hafa veitt að meðaltali yfir tímann sem er ágætis vísbending um það hvernig þróunin er. Þessi afli og þessi skip eru að hverfa út úr landhelginni. Þau voru í þorskastríðinu þegar samningurinn var gerður þannig að þeim var aldrei hleypt á nýjan leik inn í íslensku landhelgina. Þetta er því orðaleikur sem gengur ekki upp hjá hv. þm.

Ekkert nýtt var varðandi samskiptin við Evrópubandalagið og þá gömlu bókun sem þarna var verið að fara eftir þegar fundur var haldinn í tíð síðustu ríkisstjórnar. Það hefur legið jafnoft fyrir og lá fyrir þá að Evrópubandalagið var ekki tilbúið til samninga á þeim grundvelli sem menn voru tilbúnir til af hálfu Íslands. Þar varð breytingin. Allt í einu var samið við Evrópubandalagið og engin vörn er í því fyrir hv. þm. stjórnarliðsins núna, sem ætla að láta sig hafa það að kokgleypa þennan samning, að vísa til þess að fundur hafi verið haldinn einhvern tímann fyrr á öldinni. Þeir bera jafnmikla efnislega ábyrgð á þeirri niðustöðu, það er hún sem skiptir máli. Það er um það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson greiðir atkvæði en ekki það þó Halldór Ásgrímsson hafi haldið einn fund. Ekki er verið að greiða atkvæði um það, það er verið að greiða atkvæði um þennan fiskveiðisamning sem opnar landhelgina fyrir Evrópubandalaginu.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er að gera afskaplega veikburða tilraun til þess að halda uppi málefnalegum umræðum um þetta mál. Það gengur illa eins og sést á þeim orðaleppum sem hv. þm. Steingrímur Jóhann Sigfússon kýs að velja máli mínu.

Það er alveg hárrétt að ég er fús til að bera pólitíska ábyrgð á samningnum og ég er fús til að gera það einn án nokkurs stuðnings frá stjórnarandstöðunni. Eigi að síður hlýt ég að leggja fram þau rök sem eru í málinu og þau sýna það einfaldlega að stjórnarandstaðan getur ekki vikist undan því að bera pólitíska ábyrgð á að hafa átt aðild að upphafinu að því að hleypa togurunum hingað inn. Hún getur ekki vikist undan því.

En vegna þess hvernig orð hafa fallið í umræðunni og m.a. hjá hv. þm. Steingrími Jóhanni Sigfússyni hef ég áhuga á því að fá fram afstöðu hans til eins tiltekins máls. Bæði þingmaðurinn og hv. þm. Steingrímur Hermannsson hafa gert skýran greinarmun á því hvort um er að ræða veiðar erlendra togara á fullnýttum eða vannýttum stofnum og þess vegna langar mig að fá fram hvort hv. þm. Steingrímur Jóhann Sigfússon gerir greinarmun á þessu. Er hann fúsari til þess að semja um gagnkvæmar veiðiheimildir ef um er að ræða vannýtta stofna? Ég tel að þetta skipti talsverðu máli fyrir eðli umræðunnar.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skal svara því alveg skýrt. Það skiptir miklu máli hvort um er að ræða fullnýttan stofn sem við Íslendingar nýtum sjálfir og höfum öll afnot af eða hvort um er að ræða vannýttan stofn í þeim skilningi að hann falli undir ákvæði alþjóðahafréttarsáttmálans um vannýtta stofna. Eins og hv. þm. vafalaust þekkir eru ýmis ákvæði í alþjóðahafréttarsáttmálanum sem kveða á um skyldur ríkja til að rannsaka og nýta auðlindirnar og þau ríki sem ekki nýta auðlindir sínar verða að geta verið við því búin að aðrir geri kröfu um að þau komi og nýti þær. (Gripið fram í.) Við erum auðvitað stuðningsmenn alþjóðahafréttarsáttmálans, veit hv. þm. það ekki? Þess vegna er mikill eðlismunur á því hvort um væri að ræða skipti á veiðiheimildum í vannýttan stofn, þá hafði af Íslands hálfu fyrst og fremst verið nefndur kolmunni, vegna þess að Evrópubandalagið gat með vísan í alþjóðarétt gert nokkurt tilkall til veiða á stofnum sem voru vannýttir. Vísað í tilsvarandi paragröf alþjóðahafréttarsáttmálans.

Svar mitt er því alveg skýrt: Ég geri mikinn greinarmun á því hvort um er að ræða vannýttan eða fullnýttan stofn en ég áskil mér allan rétt til þess að skoða niðurstöðuna í hverju tilviki, líka þó að um sé að ræða vannýtta stofna, hvort einhver samskipti Íslendinga og annarra þjóða væru okkur hagstæð, það fer líka eftir því í hvaða samhengi þau væru. En ég var ekki þeirrar skoðunar að það hafi verið rangt að neita fundum þessara aðila þegar umræðurnar voru af því tagi. Ég taldi ekki ástæðu til að gera það þó að menn hefðu að sjálfsögðu alla fyrirvara á um niðurstöðuna. Ég frábið mér það af því ég sat í ríkisstjórn hverrar sjútvrh. átti einn fund með Evrópubandalaginu á þessum tíma þá beri ég ábyrgð á þessari lágkúru. Ég frábið mér það.

Umræðu frestað.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta hefur borist eftirfarandi bréf sem dagsett er 9. jan. 1993:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér, með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska eftir því að 1. varaþingmaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, Guðmundur Árni Stefánsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra,
4. þm. Reykjaneskjördæmis."

Guðmundur Árni Stefánsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Samningar við EB um fiskveiðimál, frh. síðari umr.

Stjtill., 275. mál. — Þskj. 375, nál. 549 og 579.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Þessar umræður fara fram undir nokkuð sérstökum kringumstæðum þar sem allmargir þingmenn eru veðurtepptir einhvers staðar í nágrenninu eða jafnvel lengra í burtu. Út af fyrir sig er slæmt að þeir skuli ekki vera viðstaddir. En forseti hefur lýst því yfir að umræðu verði ekki lokið fyrr en þeir hafa fengið tækifæri til að tjá sig og ég er út af fyrir sig þakklátur fyrir það.

Ekki er óeðlilegt að farið sé nokkrum orðum um fiskveiðisamninginn og vona ég að hæstv. ráðherrar hafi þolinmæði til þess að taka því því hér er um verulega stórt mál að ræða og jafnframt stefnumarkandi. Ég vona að hæstv. ráðherrar falli ekki í þá gryfju þó að einhverjir af þingmönnum séu ekki sammála gerðum þeirra að fara að kalla málþóf eins og þeir hafa sífellt haldið á lofti þegar þeir fá ekki umsvifalaust samþykki Alþingis fyrir gerðum sínum. Hæstv. utanrrh. gengur nú svo langt að hann talar um það að Alþingi verði að gera skyldu sína. Það finnst mér orðalag sem ekki megi láta ómótmælt. Alþingi á ekki að vera nein þjónustustofnun fyrir hæstv. ríkisstjórn og þá þegar af þeirri ástæðu er það ekki skylda Alþingis að afgreiða allt sem ríkisstjórnin kann að bera á borð fyrir okkur. Alþingi á að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Þær á ekki að taka í utanrrn. eða öðrum ráðuneytum, við fjöllum um mál og eigum að varðveita þann rétt okkar og rétt þeirrar stofnunar þar sem við störfum að taka sjálfstæðar ákvarðanir.

Menn hafa býsnast mjög yfir því að umræður um samning um Evrópskt efnahagssvæði hafi tekið langan tíma. Ég hef ekki nýjar tölur um hvað þær umræður tóku í heild en mér kæmi ekki á óvart þó að um það mál hafi verið rætt eina 100 klukkutíma á Alþingi. Það finnst mér í sjálfu sér ekki langar umræður um svo veigamikið mál og vafalaust ef málskjöl öll eru talin saman þá eru þær umræður áreiðanlega skemmri en um flest önnur mál því hér er um að ræða skjöl tengd málinu sem eru yfir 10.000 blaðsíður. Þó að 100 klukkstundir fari í það að ræða það mál er það ekki nein goðgá.

Ég vil taka það fram og minna á að sjálfstæðisbaráttu íslensku þjóðarinnar tók 100 ár og með EES-samningnum er verið að stíga stórt og alvarlegt skref til baka og þó það taki 100 klukkustundir að ræða það þá er það lítið í samanburði við þau 100 ár sem sjálfstæðisbaráttan tók fyrir okkur Íslendinga.

Þó að það taki einhverja stund að ræða fiskveiðisamninginn sem er í sjálfu sér miklu minna mál, þó tengt hinu, þá minni ég á litla breytingu á kvótalögunum fyrir fjórum, fimm árum. Sú umræða tók 47 klukkustundir ef ég hef réttar upplýsingar og ekki er óeðlilegt þó einhver tími fari í umræður um fiskveiðisamninginn.

Íslendingar háðu langa landhelgisbaráttu, þ.e. sú barátta sem Íslendingar háðu til að færa út fiskveiðilögsöguna tók ein 30 ár að þeim áfanga sem við vorum komnir að fyrir 1980. Nú er líka horfið af þeirri braut.

Mig langar til að rifja upp stærstu skrefin í landhelgisbaráttunni. Við bjuggum lengi við þriggja mílna landhelgi, síðan var fært út fyrir Norðurlandi, stórt skref var stigið árið 1952 með reglugerð þegar lokað var fjörðum og flóum og fært út í fjórar mílur. Árið 1958 var svo fært út í tólf mílur gegn miklum og harðskeyttum mótmælum, sérstaklega frá Bretum. Um það urðu veruleg átök við þá þjóð og hernaðarástand á miðunum. Við unnum sigur í því máli. Sá sigur var að vísu nokkuð dýrkeyptur því viðreisnarstjórnin gerði nauðasamninga við Breta á sínum tíma, þ.e. nauðasamninga að því leyti að við urðum að tilkynna Bretum og fá þeirra góða leyfi til frekari útfærslu. Það tók áratug að hnekkja því og efla þjóðarsamstöðu um frekari útfærslu landhelginnar en það var gert strax og viðreisnarstjórnin lét af völdum og fært var út í 50 míl-

ur. Síðan var aftur fært út 1975 í 200 mílur. Báðar þessar útfærslur kostuðu verulegar fórnir. Þjóðarbúið hafði af þessu stórfelldan kostnað. Við vorum beittir viðskiptaþvingunum af okkar helstu viðskiptaþjóðum, sem við nú erum að ganga til bandalags við, fyrir utan allan þann kostnað sem fólst í því að verja þau hafsvæði sem við höfðum helgað okkur, fyrir utan þá lífshættu sem við stofnuðum okkar varðskipamönnum í. Því nefni ég þetta, frú forseti, að ég held að það sé gott fyrir okkur að hafa það í huga að landhelgina unnum við ekki baráttulaust.

Nú væri það e.t.v. ástæða til að velta því fyrir sér ofurlitla stund hvernig væri umhorfs í þessu þjóðfélagi ef framsýnir menn og kjarkaðir hefðu ekki tekið þær ákvarðanir sem teknar voru á sínum tíma um útfærslu landhelginnar, ef við byggjum hér við þriggja eða kannski fjögurra mílna landhelgi enn, hvernig ímynda menn sér að ástandið væri á fiskimiðum okkar. Það er rétt að hafa það í huga að sigrar okkar í landhelgismálinu hafa lagt undirstöðuna að velmegun fyrirfarandi ára og ef við hefðum ekki unnið þá sigra sem unnust þá hefðum við ekki haft á undanförnum árum möguleika á þeim lífskjörum sem íslenska þjóðin hefur búið við undanfarin ár og framtíðarhorfur okkar væru áreiðanlega miklu dekkri heldur en þær eru í dag.

Hér hefur verið þrástagast af einum þingmanni, hv. 17. þm. Reykv., Össuri Skarphéðinssyni, sem eins og allir vita er lærðastur þingmanna Alþfl., að við höfum gert samning við Belgíumenn um fiskveiðar á Íslandsmiðum. Mér finnst þetta hlálegt. Hv. þm. hleypur hér upp á fætur hverjum ræðumanni til þess að tuða eitthvað um Belga. Nú vita það allir að Belgíumenn fengu hér ákveðnar fiskveiðiheimildir fyrir nafngreinda togara meðan þeir flytu eða væru í rekstri sem verðlaun eða þakklætisvott fyrir stuðning Belgíu við Íslendinga í landhelgisstríðinu, því seinasta. Og að vera að reyna að réttlæta núverandi samningaumleitanir eða núverandi þingsályktunartillögu um fullgildingu á samningi með því að skip frá þessu Evrópubandalagsríki hefðu haft fiskveiðiheimildir á Íslandsmiðum, þar er nú langt seilst um hurð til lokunar og ég ætla nú að biðja hv. lærðan þingmann, dr. Össur Skarphéðinsson, 17. þm. Reykv., að spara sér ómakið hér upp í ræðustólinn. Það fer að verða málþófskennt að hlusta á sífelldar ræður hans um það að við höfum haft fiskveiðilögsöguna opna allan tímann fyrir skipum frá Evrópubandalaginu. Hér var um sérstaka vinaþjóð að ræða og þetta var vináttuvottur okkar og þakklætisvottur okkar til Belga að við heimiluðum þessar veiðar. Þær eru reyndar á síðasta snúningi og vafalaust ekki reknar með arðvænlegum hætti fyrir Belgíumenn.

Við höfum jafnframt heimilað frændum okkar Færeyingum nokkrar fiskveiðiheimildir hér í landhelginni og það gildir að vissu leyti það sama um þær. Það eru ekki efnahagsleg rök fyrir þessum fiskveiðiheimildum. Þau rök eru fyrst og fremst drengskaparlegs eðlis að við höfum ekki viljað taka þessar fiskveiðiheimildir af Færeyingum í þeirra miklu þrengingum og ég get sagt frá því hér, frú forseti, að ég styð síðustu ákvörðun sjútvrh. um fiskveiðiheimildir handa Færeyingum. Hann greindi frá áformaðri ákvörðun sinni í utanrmn. svo sem vera bar nú fyrir jólin og ég nota þetta tækifæri til þess að lýsa yfir stuðningi við þær, en ítreka jafnframt að Færeyingar eru ekki í Evrópubandalaginu þannig að hv. 17. þm. Reykv. hafi það á hreinu líka.

Allan tímann síðan Íslendingar færðu út landhelgina í 200 mílur hefur Evrópubandalagið sótt á að komast hér inn, þeir hafa klifað á þessu allan tímann og þrýstingur verið uppi allan tímann frá Evrópubandalaginu. Fyrirvari var gerður um bókun 6 um það að taka upp viðræður við þá, en Íslendingar neyddust til þess að láta sér lynda þann fyrirvara, enda að sjálfsögðu talað um vannýtta fiskstofna og engum datt í hug að fara að gera samning um það að hleypa þeim í fullnýtta fiskstofna sem við Íslendingar þurfum á að halda sjálfir.

Menn settu sér það — og um það var ekki bara samstaða hér á Alþingi heldur með þjóðinni allri — að ekki kæmi til greina að fara að kaupa frekari tollfríðindi hjá Evrópubandalaginu fyrir aðgang að fiskimiðum okkar. Það alvarlegasta við þetta mál er það að nú er tvímælalaust horfið af þeirri braut. Þessi afsláttarpólitík sem nú er við lýði hjá stjórnvöldum er að mínu mati óskiljanleg. Þeir hafa verið að reyna að skýra hana hér í umræðunum en mér finnst að það hafi tekist óhönduglega.

Ég bendi á það líka í þessu sambandi að þó að við séum komnir með 200 mílna fiskveiðilögsögu og það beri að þakka, þá höfum við fram að þessu átt möguleika á enn frekari útfærslu og henni ekki smárri. En finnst mönnum líklegt, eftir að við erum orðnir aðilar að Evrópsku efnahagssvæði sem vissulega eru horfur á og vilji ríkisstjórnarinnar stendur til, að okkur takist að færa fiskveiðilögsöguna frekar út þrátt fyrir skýlaus ákvæði um rétt okkar samkvæmt hafréttarsáttmálanum sem því miður hefur ekki verið fullgiltur af alveg nógu mörgum þjóðum? Það vantar 5–6 þjóðir enn að fullgilda hafréttarsáttmálann, þá eigum við samkvæmt honum möguleika á miklu víðari fiskveiðilögsögu heldur en við höfum nú. En þeim möguleikum er að sjálfsögðu fórnað með samningagerðinni um EES og við megum afskrifa þá.

Einn af hv. þm., hv. 4. þm. Reykv., Eyjólfur Konráð Jónsson, hefur verið óþreytandi að minna á þá möguleika sem við eigum á landgrunninu utan 200 mílnanna. Og hann hefur verið að reyna að safna liði mörg undafarin ár um það að stíga frekari skref en því miður hafa menn tekið þessu eins og einhverri sérvisku hjá hv. þm. Ég vil segja frá því að ég er ekki einn í þeirra hópi og ég tel að við hefðum betur farið að ráðum hans fyrr í þessu efni. Ég er að vísu ósammála hv. 4. þm. Reykv. um fjöldamargt og hef verið alla mína þingtíð. En ég tel að við hefðum betur hlustað meira á hann og stjórnvöld á hverjum tíma, bæði sú ríkisstjórn sem nú situr og þær ríkisstjórnir sem áður hafa setið á undanförnum áratug, hefðu betur hlustað á hans málflutning um þetta efni. En nú eru að verða þáttaskil og það er það alvarlega í málinu.

Nú er verið að fórna frumburðarrétti okkar Íslendinga til fiskimiðanna innan 200 mílnanna. Við erum að hleypa togurum Evrópubandalagsins inn í fiskveiðilögsöguna og hverfa af þeirri braut að láta ekki fiskveiðiréttindi sem verslunarvöru fyrir tollaívilnanir hjá Evrópubandalaginu. Þetta tel ég vera óvirðingu við alla þá góðu forustumenn sem íslenska þjóðin hefur átt og hafa sinnt landhelgismálinu. Ég nefni nokkra þeirra. Ég nefni Hermann Jónasson, ég nefni Ólaf Thors, ég nefni Lúðvík Jósepsson, ég nefni Ólaf Jóhannesson, ég nefni Geir Hallgrímsson, ég nefni Einar Ágústsson. Allir þessir menn eru horfnir af þingi og því miður ekki lengur á lífi nema Lúðvík Jósepsson, en við erum að vanvirða þeirra baráttu, við erum að vanvirða þeirra verk með þeim ákvörðunum sem ríkisstjórnin er að fara fram á að Alþingi taki í landhelgismálinu með flutningi þessarar þingsályktunartillögu. Það er verið að opna fiskveiðilögsögu Íslands fyrir flota Evrópubandalagsins. Það skiptir ekki máli þó að sumir vilji stinga höfðinu í sandinn og ég get verið sammála því að það væri dýrmætt ef hægt væri að halda þessum málum aðskildum. En til þess sýnast mér nú lítil efni jafnvel þó að hyggnum mönnum sýnist ástæða til þess að reyna að skilja þar á milli sem frekast má. Evrópubandalagið hefur opinberlega tengt þessi mál saman. Ríkisstjórnin hefur tengt þessi mál saman. Ég vitna til þess að samkvæmt kröfu Evrópubandalagsins, ef ætti að verða að fullgildingu EES-samnings frá hendi Evrópubandalagsins, þá varð að liggja fyrir samningur um það sem þeir kalla gagnkvæmar veiðiheimildir milli Íslands og Evrópubandalagsins, en á mannamáli eru það náttúrlega ekki gagnkvæmar veiðiheimildir þar sem gagnvæmni er ekki í þessum fiskveiðisamningi. Það er að vísu ekki verið að rétta Evrópubandalaginu alla höndina með þessari samningagerð, en það er verið að rétta fingur. Það er verið að rétta Evrópubandalaginu fingur og fyrr en varir taka þeir stærri hlut af hendinni.

Samkvæmt þessum samningi, sem gerður hefur verið til þessa árs, er að vísu ekki verið að tala um nema 3 þús. tonn af karfa og það er kannski ekki stór biti af heildarafla landsmanna. En hann er yfirdrifið nógu stór og þetta er karfi sem við þurfum að nota sjálfir. Þetta er úr fullnýttum fiskstofni og það kemur sér efnahagslega mjög illa fyrir Íslendinga að láta þetta af hendi. En við föllumst á að semja árlega næstu 10 árin og við erum að gefa okkur í samningaþref sem á eftir að verða okkur dýrkeypt og mér sýnist ekki ástæða til að hafa bjartar vonir um það að Evrópubandalagið gangi ekki á lagið og krefjist meiri fiskveiðiréttinda en það hefur.

Eins og ég sagði áðan og eins og hefur verið þráfaldlega bent á í þessum umræðum þá er með engu móti hægt að segja að það sé efnahagslegt jafnvægi í samningnum, þ.e. ef við erum að bera saman hugmyndir eða rétt til að veiða 30 þús. tonn af loðnu og 3 þús. tonn af karfa. Fyrir það fyrsta þurfum við nú ekki á þessari loðnu að halda, þ.e. hún mundi falla okkur í hér um bil öllum tilfellum í skaut. Það yrði undantekning ef við gætum nýtt þessa heimild ef við miðum við ástand undanfarandi ára og það er erfitt að hugsa sér þær kringumstæður sem okkur kæmi að gagni 30 þús. tonn af loðnu. Samkvæmt því sem hér hefur verið ítarlega rakið og ég ætla ekki að fara inn á í þessari stuttu tölu minni, þá hefur að sjálfsögðu réttur okkar staðið til að veiða þessa loðnu þannig að þá þegar af þeirri ástæðu er ekki jafnvægi í samningnum. Síðan hafa menn verið að leika sér hér með tölur um verðmæti, annars vegar 30 þús. tonn af loðnu og hins vegar 3 þús. tonn af karfa og niðurstaða af þeim talnaleik hefur verið sú að karfinn sé a.m.k. helmingi verðmætari en þessi pappírsloðna jafnvel þó að hún yrði nú veidd.

Fyrir þinginu liggja tvö nefndarálit, frá meiri hluta utanrmn. og frá minni hluta utanrmn. Ég er einn af þeim sem skipa minni hluta utanrmn. í þessu máli og ég verð að segja það og staðfesta sem þar kemur fram að ég legg að sjálfsögðu til, eins og menn hafa e.t.v. heyrt af máli mínu, að þessi samningur verði felldur. Mér finnst það alveg með ólíkindum að allir nefndarmenn sem skrifa undir álit meiri hluta utanrmn., þ.e. sem mæla með því að samningurinn verði samþykktur, skuli vera þessarar skoðunar. Mér finnst það líka með ólíkindum að meiri hluti sjútvn., sem fékk þennan samning til umfjöllunar frá utanrmn., skuli láta frá sér fara það álit sem prentað er sem fskj. með nál. á þskj. 549, mér finnst það alveg með ólíkindum. Nú þekki ég hv. nefndarmenn suma að öðru en því að geta fallist á svona samansetningu eins og þar liggur fyrir.

Nú vill svo illa til að formaður sjútvn., hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, er fjarverandi vegna veikinda. En mig langar til að lýsa eftir því hjá flokksbræðrum hv. þm. sem hér eru staddir hvort þeir viti um afstöðu Matthíasar Bjarnasonar, hv. 1. þm. Vestf. og formanns sjútvn., til málsins. Er afstaða varamanns hans, Guðjóns A. Kristjánssonar, hin sama og Matthíasar Bjarnasonar? Talar hv. varaþm. í nál. fyrir munn aðalmanns, 1. þm. Vestf.? Þetta finnst mér nauðsynlegt að fá upplýst. Er það virkilega svo að hv. 1. þm. Vestf. leggi blessun sína yfir svona samningagerð? Ég tel að það skipti verulegu máli. Nú er ég ekki að draga það í efa að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hefur rétt til þess að ráðstafa atkvæði sínu eftir því sem honum sýnist hér á þingi. En upp á seinni tímann, upp á sögu Matthíasar Bjarnasonar sem lengi hefur verið hér skörungur á þingi, þá finnst mér það skipta máli hver afstaða hans er. Hann er enn þá 1. þm. Vestf. og þar af leiðir að okkur varðar um afstöðu hans. Okkur varðar um það hvort hann er samþykkur þessum gerningi, formaður sjútvn. og fyrrv. sjútvrh. Ég leyfi mér að draga það í efa að hans nafn hefði staðið undir nál. meiri hlutans svo útibúið sem það er ef hann hefði verið hér í sæti sínu í þingsalnum.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að láta í ljósi von mína um að honum batni krankleiki sinn sem allra fyrst og hann hljóti góðan og varanlegan bata af þeirri erfiðu aðgerð sem hann hefur gengist undir því að ég tel að sæti hans sé betur skipað hér á þingi heldur en ef hann væri hér ekki.

Mér finnst það líka sorglegt að hæstv. sjútvrh. skuli

hafa verið beygður í þessu máli. Mér fannst hann hafa uppi tilburði til þess að reyna að standa á rétti Íslendinga við þessa samningagerð með kröfu sinni um það að við fengjum fisk fyrir fisk, þ.e. að Evrópubandalagið veiddi ekki karfa nema við værum búnir að ná loðnu. Það var út af fyrir sig ofurlítil trygging um að samningurinn væri ekki í enn þá meira ójafnvægi en hann þyrfti að vera. Utanrmn. hefur fylgst gerla með þessari samningagerð og ég tel að það hafi verið hárrétt sem fram kom hjá síðasta ræðumanni, hv. 4. þm. Norðurl. e., að áður en hæstv. sjútvrh. var kominn að málinu hafi hæstv. utanrrh. verið búinn að gefa ádrátt um að samningsniðurstaða yrði með þeim hætti sem raun ber vitni. Barátta hans hefur því verið vonlítil allan tímann enda hefur hann verður beygður og það þykir mér skaði. Mér finnst hörmulegt til þess að vita að hæstv. sjútvrh. sé í þeim sporum nú að reyna að mæla með þessari samningagerð því að ég þykist vita — og það er reyndar skylda allra sjútvrh. á Íslandi sem vilja rækja starf sitt vel, sem ég efa ekki að hæstv. núv. sjútvrh. vill gera, að reyna að standa á rétti Íslendinga og ekki afsala okkur réttindum með þeim hætti sem hér er gert. Eins og þegar hefur komið fram í máli mínu, þá tel ég að hér sé um vont mál að ræða, samning sem við eigum ekki að staðfesta hér á Alþingi.

Það hefur komið ítarlega fram í þessum umræðum að heppilegast væri að skilja á milli þessa samnings og samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Mér sýnist eins og ég hef áður sagt að það sé mjög torvelt. Þó kann að vera ein leið til þess að skilja á milli. Ríkisstjórn Íslands hefur ekki haft hugsun á því og ekki verið þeirrar skoðunar fram að þessu að þarna beri að skilja á milli og Evrópubandalagið er ekki þeirrar skoðunar, en einn möguleiki enn væri til að skilja þarna á milli og hann er sá að fella þennan sjávarútvegssamning jafnvel þótt svo illa fari að meiri hluti Alþingis samþykki samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Ef það væri gert, þá væri það ótvírætt viljayfirlýsing Alþingis um það að þessi mál séu ekki samrækileg. Ef það væri hins vegar ekki gert og þessi samningur staðfestur, gerður að kröfu Evrópubandalagsins, þá felst í því að mínu mati ákvörðun meiri hluta Alþingis að tengja málið saman.

Ég mun, frú forseti, að sjálfsögðu segja nei við þessum samningi þegar þar að kemur. Ég tel að hér sé um að ræða stefnubreytingu sem sé ákaflega óheppileg, ákaflega afdrifarík, og hér sé um að ræða skref sem við eigum alls ekki að taka.

Ég læt máli mínu lokið, herra forseti.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Fyrst langar mig að ræða örlítið um afstöðuna til veiða Belga og greina frá því sem raunar hefur komið hér fram að það var auðvitað alveg með sérstökum hætti 1975 sem Belgar fengu þessi veiðiréttindi hjá okkur. Þeir voru eina Evrópubandalagsþjóðin sem tók upp hanskann fyrir okkar málstað og börðust mjög dyggilega fyrir honum og það var hreint ekki svo að þeir þyrftu neitt að biðja okkur um að fá einhver smávægileg veiðréttindi. Við vorum mjög fúsir til að veita þeim þau fyrir liðsinnið og enginn hefur held ég gagnrýnt það fyrr en þá nú. Það var samhljóða ákvörðun allra alþingismanna held ég og voru þá einmitt hafréttarmálin meira rædd en nokkuð annað hér á hinu háa Alþingi árum saman eins og menn vita.

Hafréttarráðstefnan stóð ærið lengi, áratug eða svo. Ég var svo gæfusamur að fá að vera þar í mörg ár og um það bil 2½–3 mánuði á hverju ári, vor og haust venjulega, í tveimur áföngum og ég er líklega sá eini á Alþingi sem var á þessum fundum hafréttarráðstefnunnar.

Það var mál manna að þessi ráðstefna og sá sáttmáli Sameinuðu þjóðanna, hafréttarsáttmálinn, væri merkasta löggjöf til þess tíma, alþjóðleg löggjöf þar sem fjallað var um ⅓ af yfirborði jarðarinnar, þ.e. höfin, varðveislu hafanna og ræktun en líka nýtingu eins og komið hefur fram. Það er einmitt getið um það sérstaklega í 62. gr. hafréttarsáttmálans að það er ekki eingöngu að það eigi að veiða og heldur ekki eingöngu að það eigi að varðveita fiskstofna heldur líka að nýta þá í þágu mannkyns og það segir um það í þessari grein hafréttarsáttmálans:

Strandríkið skal ákveða getu sína til að nýta hinar lífrænu auðlindir sérefnahagslögsögunnar. Þegar strandríkið getur ekki nýtt allan leyfilegan afla skal það með samningum og ýmsum ráðstöfunum stuðla að því að aðrir nýti þá þessa auðlegð.

Lengi vel var talað um að höfin væru eign alls mannkyns. Við sem aðalaðgang höfðum að höfunum vorum ekki svokölluð landlukt ríki eða ríki sem engar veiðiheimildir höfðu. Við vorum býsna djarfir til fjárins og gengum langt í því að tryggja sérstök réttindi strandríkjanna. Vorum við Íslendingar ekki barnanna bestir í því og þá ekki ég. Við vorum ekki að hafa svo mikið fyrir því að reyna sérstaklega að halda til haga réttindum annarra þjóða en þeirra sem höfin ættu næst sér. Það held ég að hafi nú orðið til þess m.a. að víðátta sérefnahagslögsögunnar varð meiri en ella hefði orðið og síðan það sem menn vilja nú kannski gleyma að undir lok ráðstefnunnar er farið að tala um hafsbotnsréttindin. Við Íslendingar gerðum auðvitað miklar kröfur til hafsbotnsins af því að svo vill til að víðátta hafsbotnsréttindanna fylgir svokölluð „natural prolongation" eins og það heitir á útlenskunni eða í eðlilegu framhaldi landsins út í höfin og út á hafdjúpin.

Við Íslendingar erum í Atlantshafinu nákvæmlega þeir sem hæst stöndum í bókstaflegri merkingu, að eðlileg framlenging hafsins út á höfin, hafsbotninn, er einmitt mest frá Ísland þar sem okkar land stendur hæst allra á þessu svæði hafsins eða heimshafanna. Og það má til gamans greina frá því að um það leyti, sem hafréttarráðstefnu lauk, voru miklar deilur um það hve víðátta hafsbotnsréttindanna ætti að verða mikil. Menn komust loks að þeirri niðurstöðu að í fyrsta lagi væri auðvitað um að ræða sérefnahagslögsöguna, þ.e. 200 mílurnar, en síðan mættu þjóðirnar fara æðilangt út með hafsbotnsréttindin. Ég hygg það vera rétt að t.d. Indverjar hafi helgað sér einar 1.500 mílur eða eitt-

hvað í þá áttina vegna þess að fljótin hafa borið fram jarðveg sem nægir til þess að hin eðlilega framlenging sé óslitin alla þá leið út á höfin, þ.e. 1.500 mílur hjá Indverjunum. Við helguðum okkar réttindi. T.d. mundi Hatton-bankinn allur falla innan okkar réttinda, okkar eignar, og er það ekki lítið því að þar eru raunar margar fisktegundir vannýttar. Við höfum ekki enn þá, illu heilli, lokið samningagerðum sem voru hafnar við Breta og Íra á sínum tíma. Það hefur verið vanrækt að ganga frá því en þar er t.d. um 600 sjómílna víðátta hafsbotnsins sem við eigum, gætum átt í sameign með Bretum og Írum eða þá eftir miðlínu. Þá fengjum við allan Hatton-bankann sem er mjög víðáttumikið og verðmætt landsvæði fyrir utan það að olía hefur fundist á ýmsum af þessum svæðum, t.d. norður af landinu, og líka á Hatton-Rockall svæðinu þar sem við auðvitað þurfum að halda okkar rétti til haga þó að ekki væri af neinu öðru en því að við viljum varðveita þennan hafsbotn og höfin yfir honum fyrir öllu jarðraski og hættulegum aðgerðum, t.d. að henda ýmiss konar efnum í hafið. Þetta þurfum við allt saman að varðveita. það ætti að vera verkefni okkar, kannski miklu frekar en þurfa að vera að kljást við þetta blessaða Evrópubandalag og fylgibandalög þess sem nú reynir raunar allt að gleypa. EES er nú lítið orðið annað en verkfæri í höndum Evrópubandalagsins og lítils góðs af því að vænta þó að ýmsir vilji annað gefa í skyn.

Þess var getið hér að það væri hæpið að hafréttarsáttmálinn væri ókominn í gildi þar sem nokkrar þjóðir vantaði að skrifa upp á hann. Það var alrangt. Hann hefur í mjög mörg ár verið fullgild alþjóðalög, de facto, þ.e. í raun, og allir alþjóðlegir dómar styðjast við hafréttarsáttmálann þó að nokkrar þjóðir skorti til að skrifa upp á hann. Það er rétt að leiðrétta þetta þótt ég viti ósköp vel að sá hv. þm. sem þetta orðaði vill nú síst af öllu gera lítinn okkar hlut og okkar réttindi og hagsmunamálin sem bundin eru hafréttarsáttmálanum sem ég nefndi áðan merkasta alþjóðlegan samning til þess tíma. Við getum kannski sagt að afvopnunarsamningar sem við gleðjumst yfir nú séu enn þá mikilvægari en nokkurn tíma hafréttarsáttmálinn. En það er nú skylt skeggið hökunni og þess vegna má tengja þetta allt saman.

Af því að ég gerðist svo djarfur að fara að monta mig af því að hafa verið á hafréttarfundunum og hafa átt nokkurn þátt í því að sjálfsögðu og okkar sendinefnd að ná þar miklum réttindum, þá vil ég geta þess, að í upptalningu á þeim mörgu ágætu mönnum sem unnið hafa að mestu hagsmunamálum á sviði sjávarins, gleymdist einn, Benedikt Gröndal, sem var mjög mikill baráttumaður á sínum tíma og kunni tökin á samskiptum við aðrar þjóðir manna best með sínu lundarfari og þekkingu á mönnum og málefnum á þessum fundum, þá var hann nú einna drýgstur kannski í að vinna þjóðir til fylgis við þann málstað sem okkur var mikilvægur.

Um afstöðu hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar efast víst enginn. Ég talaði við hann síðast í fyrradag hygg ég að það hafi verið. Hann var þá heima en ég talaði ekki neitt við hann út af fyrir sig um gildistöku einhverra laga eða ekki. Ég held að það þurfi ekki. Við vitum öll um hans skoðanir á hafréttarmálum, einkum og sér í lagi, og utanríkismálunum öllum. Það efast enginn um að hann er með þeim mönnum sem lengst hafa gengið í því að tryggja okkar réttindi eins ítarlega og nokkur kostur er. En eitt af því sem við lentum í var að við áttum þarna Reykjaneshrygginn sem teygir sig eftir reglunni um eðlilega framlengingu landsins til sjávarins og allar götur til hafdýpisins. Þá vill svo einkennilega til að við mundum hafa eftir þessum reglum drifið okkur 2.000 mílur eða svo suður eftir Reykjaneshryggnum og framlengingu hans. Mönnum fór nú að blöskra og það æxlaðist þannig, ef við notum það orðalag, að við Íslendingar og Rússar ræddum margsinnis um hvað gera skyldi vegna þess að menn voru hvattir til þess að mynda allra handa hópa á samstarfsvettvangi á þessum merkilega fundi hafréttarráðstefnunnar. Og það voru Rússar og Íslendingar sem fjölluðu dálítið harkalega um þetta málefni sérstaklega. Rússar vildu ekki fara mjög langt út en voru þó komnir inn á það að 200 mílurnar væru eðlilegar og einhver framlenging þar umfram. Þess vegna var sérstök regla sett um ríki þar sem um væri að ræða neðansjávarhryggi og að það skyldu gilda sérreglur um hryggina.

Rússarnir, vinir okkar, buðu held ég í fyrsta umgangi að við mættum fara svona 50 mílur eða eitthvað svoleiðis á Reykjaneshryggnum fram úr 200 mílunum. Við náttúrlega brostum að því og sögðum það nú vera illt í efni ef við mættum ekki leita lengra suður en það. Og líka mætti segja norður því að við eigum hafsbotnsréttindi alveg norður á pól ef rétt er á málum haldið. Lokaniðurstaðan varð að einhver nefndi 300 mílur, þ.e. 100 mílur í viðbót við 200 mílurnar, Rússarnir hafa sjálfsagt gert það, og við þá 400 mílur eða eitthvað slíkt, þangað til sá rússneski, sem var nú dálítið dökkur á brún og virtist vera harður af sér, fór að skellihlæja og sagði: Hættum nú þessu. Við skulum hafa þetta 350, og á það var nú sæst. Við fluttum þetta síðan inn á fundi ráðstefnunnar og enginn hreyfði andmælum. Það var einróma samþykkt. Að vísu voru ekki neinar formlegar afgreiðslur fyrr en á síðasta degi þingsins. Þetta var allt gert með samkomulagi, en það var sem sagt enginn sem gerði athugasemdir við það að þessi regla skyldi verða. Þess vegna eigum við nú þessar 350 mílur. Og það er kátbroslegt þegar menn eru að tala um þessar litlu veiðar Belganna, að það skuli ekki enn þann dag í dag vera farið að verja og nýta hafsbotninn allar götur suður á Reykjaneshrygg, svo að við tökum hann sérstaklega, alla leið suður að mörkum 350 mílnanna. Það er nánast sagt hneyksli. Það er svo yfirgengilegur aumingjaskapur að það er varla hægt ógrátandi um það að tala. Það er vitað að þar eru mikil auðævi, karfi og vafalaust fleiri fisktegundir. En það er stanslaust verið að tuða um það að við eigum þarna 200 mílur þegar við eigum 350. Það er alveg sama hve oft þetta er sagt hér í þinginu, það er varla nokkur maður sem nennir að hlusta á það. Þarna hafa verið tugir og hundruð skipa að veiðum,

sérstaklega fyrrverandi austantjaldsskip og núna vafalaust eitthvað frá Rússunum. Ég kann ekki að nefna tölur. Það er ekki einu sinni stuggað við skipunum sem þarna eru og það er þó alla vega í hafsbotnsréttindunum fólgið í fyrsta umgangi öll réttindi yfir botninum. Það eru fullveldisréttindi. Það er beint tekið fram að það eru fullveldisréttindi sem felast í hafsbotnsréttindunum. Orðrétt segir í 77. gr. hafréttarsáttmálans:

„Strandríkið beitir fullveldisréttindum yfir landgrunninu að því er varðar rannsóknir á því og hagnýtingu náttúruauðlinda þess."

Sem sagt, það má enginn snerta botninn, ekki koma upp með skel, hvað þá fisk, það verður þá hægt að taka hann. Og enginn má heldur henda neinu í hafið sem getur skaðað. Það er hægt að taka hvern þann sem er inni á þessu svæði og hugsanlega spillir okkar náttúrufari. En Alþingi Íslendinga eða íslenskt framkvæmdarvald getur ekki undið sér í það að styrkja landhelgisgæslu og fara að verja þessi hafsvæði. Og síðan eins og ég gat um áðan þá auðvitað líka Hatton-Rockall svæðið og vinna líka í sambandi við þá olíu sem við vitum að þar er. Eins er það á Jan Mayen-hryggnum, að þar hefur líka fundist olía. Þar eru líka fisktegundir og það er ekkert í því gert.

Það er alveg rétt að mönnum blöskrar þegar þegar við sýnum kortin af því sem við eigum af hafinu, mun stærra svæði heldur en öll Evrópa er, öll Mið- og Suður-Evrópa. Íslenska hafsbotnssvæðið, íslensk réttindi, íslensk lögsaga, íslensk eign er miklu verðmætari og miklu stærri heldur en þetta blessaða EB allt saman og við þyrftum þess vegna ekki að kvarta ...(**Forseti:** Forseti vill nú gjarnan spyrja hv. ræðumann hvort hann sé um það bil að ljúka ræðu sinni.) Mig langar nú að tala eitthvað lengur kannski. (**Forseti:** Ef svo er ekki, þá vill forseti gjarnan spyrja hvort nú mundi henta að gera hlé á ræðunni.) Já, já, ágætlega. — [Fundarhlé.]

Hæstv. forseti. Ég get út af fyrir sig stytt mjög mál mitt. Ég var kannski búinn að segja svona flest af því sem nauðsyn krafði og rifja það upp hvernig afstaða Belga var á sínum tíma þegar þeir hjálpuðu okkur til að ná okkar réttindum og hlutu að launum nokkrar veiðiheimildir sem enn þá eru við lýði. Ég get sagt það eins og það er að oftar en einu sinni hefur verið talað um að svipta þá þessum veiðiréttindum, og ég hef verið eindregið á móti því og talið að það væri óráð jafnvel þó að þeir héldu vel við þessum bátum, að svo miklu leyti sem hægt er að halda þeim við. Þetta eru nú víst orðin mestu hró. Við ættum ekki að gera það heldur frekar að hafa hreinan skjöld í einu og öllu að við svíkjum ekki það sem við lofuðum og sæktum okkar mál alltaf með lögum. Það höfum við gert í hafréttarmálunum. Við höfum aldrei gert neitt það sem ólöglegt hefur verið, enda hafa alþjóðadómar sannað það og sýnt og raunar kannski meira hitt að menn hafa ekki dirfst að reyna að klekkja á okkur með alþjóðlegum dómum. Það hefur auðvitað verið vegna þess að þegar hafréttarráðstefnan stóð yfir, þá voru auðvitað þjóðirnar margar að vakna til vitundar um réttindi sín í höfunum og þess vegna gátum við svo oft fengið liðsstyrk frá þjóðum í öllum heimsálfum og notuðum okkur óspart af því og studdum að sjálfsögðu á sama hátt baráttu annarra. Og þessir fundir gengu þannig fyrir sig. Við þurfum að gæta þess að hvika aldrei frá þeim málflutningi og þeim athöfnum sem eru lögmætar að siðaðra manna rétti. Ég á ekki von á að við þurfum að líða það að neinir reyni úr þessu að hindra okkur í því að fullnýta þau réttindi, sem við höfum, hafsbotnsréttindi sem við eigum, þ.e. fyrst og fremst Reykjaneshrygg út í 350 mílur. Það er vitað að þar hefur verið gífurlega mikill afli víða og það eigum við auðvitað að stöðva og styrkja til þess okkar landhelgisgæslu og það verulega þannig að við getum komið þessum flotum út úr okkar landhelgi. Alveg það sama er að segja um Hatton-bankann. Hann eigum við þó að miðlínureglur giltu og það getur enginn vefengt það. Alveg á sama hátt eigum við réttindi langt í norður, alla leið norður á pól, eftir þeim reglum sem ég var að skýra hér.

Það voru nú ekki allir sem nú eru inni kunnugir málinu en lauslega má segja að það er það sem kallað er „natural prolongation" eða eðlileg framlenging landsins út yfir höfin þar til hyldýpið kemur og þá 60 mílur fyrir neðan brekkufótinn eftir að við höfðum gengið í gegnum „natural prolongation" þar sem brekkuhlíðin byrjar að falla niður. Þá eigum við að brekkufætinum, sem venjulega er nokkuð djúpt, 60 mílur þar umfram, þannig að við erum með meira og minna réttindi þetta frá 400 mílum, 350 + 60, 400 og upp í 600–700 mílur á norðurslóðum og á Hattonsvæðinu. En ég er ekki kominn hingað til þess að halda neitt málþóf, síður en svo. Það var beðið eftir að menn kæmust til síns heima og kæmust til funda og ég taldi mjög þægilegt að nota þá í millitíðinni mál sem er nú enn þá mikilvægara heldur en nokkurn tíma það sem við erum að kljást við þessa dagana því að mín von er nú sú að þetta Evrópubandalag og þetta EES okkar, það munu aðrir verða til þess en við einn ganginn í viðbót að bjarga okkur frá því að lenda í þeim heljargreipum sem lögum þeirra samkvæmt eru núna komin til Evrópubandalagsins. Það eru náttúrlega aðgerðir Spánverja og fleiri bandalagsþjóða sem verða þess valdandi að það tekst ekkert að hlekkja okkur. Ég er nú bjartsýnismaður, ég trúi því ekki að við verðum þeir ógæfumenn að verða hlekkjaðir í því ofurvaldi sem Evrópubandalagið hefur yfir Evrópska efnahagssvæðinu, getur notað alla sína dóma, bæði gamla og nýja og á komandi árum til þess að fara öllu sínu fram eftir þeim reglum sem þeir sjálfir hafa sett, Rómarsáttmálanum o.s.frv. Ég trúi því aldrei að Alþingi verði svo ógæfusamt að samþykkja það og jafnvel þó að einhver atkvæði falli þannig nú, þá er ýmsilegt eftir áður en það kemst í framkvæmd.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Þessi samningur sem hér er til umræðu orkar svo sannarlega tvímælis eða sú niðurstaða sem í honum er gagnvart þeim veiðiheimildum sem verið er að skipta á við Evrópubandalagið í þetta skiptið. Það er nú búið að fara vel yfir það mál og kannski verður nú flest af því sem ég segi einhvers konar endurtekning á því, en ég segi nú samt að ég

verði að fá að koma að mínum athugasemdum um þetta mál.

Ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar hér í þinginu hafa sagt það að þessi samningur væri í jafnvægi og í samningnum er talað um ásættanlegt jafnvægi. Þá held ég að menn verði nú að spyrja sig í einlægni: Ef báðir aðilar eru sannfærðir um það að þessi samningur sé í ásættanlegu jafnvægi, er þá ekki líklegt að Evrópubandalagið vilji fá samning sem verði næst í álíka ásættanlegu jafnvægi og þessi er? Munu þeir ekki telja að þessi samningur, þar sem gert er ráð fyrir því að skipta á 3.000 tonnum af karfa og 30 þús. tonnum í veiðiheimildum á loðnu, verði ákjósanlegasti samningurinn sem þeir geti gert og þeir muni þess vegna reyna að halda því áfram að skaffa okkur þessar heimildir eða heimildir af sama tagi sem mun auðvitað þýða, og það skal ég reyna að rökstyðja betur hérna á eftir, að við erum að rétta Evrópubandalaginu 3.000 tonna veiðiheimildir í karfa fyrir nánast ekki neina veiðimöguleika.

Það hefur sýnt sig að á undanförnum mörgum árum, alveg frá 1986, hafa engin skip fengist til þess að reyna að nýta sér þessar veiðiheimildir. Þar á undan var reynt í mörg ár að nýta þessar veiðiheimildir og afraksturinn af því varð að meðaltali 4–5 þús. tonn af loðnu á ári. Menn hafa lagt mikið á sig við að reyna að meta þessar veiðiheimildir til verðs, og bera saman annars vegar veiðiheimildir í karfa og hins vegar veiðiheimildir í loðnu, og fengið út úr því ýmsar tölur og mismun sem ég ætla ekki að fara út í að fara yfir vegna þess að mér finnst að sá samanburður sé alls ekki raunhæfur. Það getur verið raunhæft að bera annars vegar saman veiðiheimildir í karfa á Íslandsmiðum og hins vegar veiðiheimildir í loðnu á Íslandsmiðum eftir þeim forsendum sem fyrir liggja, en veiðiheimildir Grænlendinga í loðnu eru ekki sambærilegar við veiðiheimildir Íslendinga í loðnu og hafa ekki verið. Og það að gera ráð fyrir því að Íslendingar eigi að veiða grænlensku loðnuna á sömu forsendum og þá íslensku þýðir það sama og að við ætlum okkur að fara að búa til nýja forsendu fyrir veiði Grænlendinga og ég tel að það geti ekki gerst nema á þann veg að Íslendingar séu að láta frá sér sína möguleika á móti möguleikum Grænlendinga. Eina leiðin til að nýta veiðiheimildir frá Grænlendingum á eðlilegan hátt væri þá sú að bjóða þessar veiðiheimildir til sölu á þeim forsendum að fyrir þær verði veitt innan grænlensku lögsögunnar og samkvæmt samningnum alfarið og ekkert meir. Mig langar að spyrja hæstv. sjútvrh.: Er hann tilbúinn að standa þannig að málinu? Það verður að vísu ekki hægt á þessari vertíð því það er greinilegt að menn hafa ætlað sér að veiða vegna þessara grænlensku veiðiheimilda á sama tímabili og íslenska loðnan er veidd og þar með breyta forsendunum. Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh.: Er hann tilbúinn til þess að lýsa því yfir að í framtíðinni, ef aftur verður samið um skipti á veiðiheimildum í loðnu og karfa, þá verði miðað við að grænlensku veiðiheimildirnar verði nýttar á þeim forsendum sem samningarnir milli Íslendinga, Grænlendinga og Norðmanna gefa tilefni til og ekki verði búnar til nýjar forsendur handa þeim sem vilja veiða grænlensku loðnuna, þ.e. að gefa þeim kost á því að veiða þær undir sömu reglum og íslensk loðna er veidd?

Menn geta vel ímyndað sér hvað muni gerast í framtíðinni ef svona samningur heldur áfram sem hér liggur fyrir, sem ég tel vera algert glapræði, þ.e. þegar búið væri að halda úti svona veiðiskiptum á loðnu og karfa í nokkur ár væru Íslendingar búnir að öllum líkindum að veiða ævinlega upp í grænlensku kvótana sem um hefur verið samið, en ef grænlenska loðnan væri veidd á forsendunum sem fyrir hafa legið undanfarin ár, þá hefði hún ekki fengist. Ég verð að segja alveg eins og er að ég undrast mikið að menn skuli hafa lagt út í að gera þetta og tel reyndar að engin skynsemi sé í þessum veiðiskiptum óðruvísi en að séð verði til þess að grænlensku heimildirnar verði notaðar á þeim forsendum sem á að nota þær, þ.e. að grænlenska loðnan verði veidd í grænlenskri lögsögu og samkvæmt samningnum í íslenskri lögsögu og ekki verði breytt út frá því.

Almennt um þann samning sem hér liggur fyrir, þ.e. 10 ára samninginn um skipti á veiðiheimildum, vil ég segja að ég tel það neyðarúrræði okkar að gera þennan rammasamning. Ég ætla hins vegar ekki að fordæma það og tel að í mörgu hafi tekist nokkuð vel til með sjálfan samninginn. Ég held að hann út af fyrir sig sé nýtilegur og í séu ágætis ákvæði um eftirlit og annað slíkt þótt að vísu vanti þar upp á. Það verður auðvitað að átelja það sem kom fram á fundi í sjútvn. þegar þar voru mættir Jón Magnússon og Helgi Hallvarðsson frá Landhelgisgæslunni að ekki hafði verið haft fyrir því að ræða við yfirmenn Landhelgisgæslunnar um það eftirlit sem þyrfti að vera með veiðum útlendinganna. Það hafði ekki verið haldinn einn einasti fundur til að ræða við yfirmenn Landhelgisgæslunnar um þetta eftirlit, enda sögðu þeir að það fyrsta sem þeir hefðu nefnt í sambandi við þetta eftirlit hefði verið að í skipunum sem fengju leyfi til að veiða í íslenskri landhelgi yrðu staðsetningartæki þannig að Landhelgisgæslan gæti fylgst með því hvar þessi skip væru og hvað þau væru að gera. Það mundi spara Landhelgisgæslunni gífurlega mikla vinnu og fjármuni vegna þess að auðvitað þyrfti að fara í miklu fleiri flugferðir og eftirlitsferðir ef ekki væri hægt að staðsetja skipin með þessum hætti. Miðað við að það tókst í þessum samningum að fá samþykkt að eftirlitsmaður væri um borð í hverju einasta skipi er mjög ótrúlegt að ekki hefði verið hægt að fá það líka samþykkt að í skipunum væru þessi staðsetningartæki. Það verður því að átelja það að svona hafi verið staðið að málum. Mér finnst nánast óskiljanlegt að menn skuli ekki hafa rætt það mál við yfirmenn Landhelgisgæslunnar hvernig þessu eftirliti ætti að vera háttað. Það skil ég ekki.

Ég tel að það hafi verið farið vel yfir þennan rammasamning. Eins og ég sagði áðan tel ég að hann sé að mörgu leyti ágætlega gerður. Ef niðurstaða Íslendinga varð sú að við þyrftum að ganga þetta til enda, að ná samkomulagi við EB um lok þessara deilu-

mála, þá held ég út af fyrir sig að samningurinn sé í þokkalegu lagi nema að þessu leyti sem ég var að nefna.

Þá er maður kominn að hinu. Til þess að forsendur geti verið fyrir þessum samningi og þessu samstarfi sem hér liggur fyrir hlýtur að verða að vera samkomulag um framkvæmdina. Þar í liggur sá ágreiningur fyrst og fremst sem hér er á ferðinni um þetta mál. Það jafnvægi sem menn vilja kalla í þessum samningi er svo langt frá því að vera fyrir hendi að það má segja að í raunveruleikanum erum við á komandi ári að láta EB hafa einhliða 3 þús. tonn af veiðiheimildum í karfa fyrir ekki neitt því að það er alveg greinilegt að engin ástæða var til að halda að EB gæti neitt frekar nýtt sér þessar veiðiheimildir í loðnu á þessari vertíð en undangengnar vertíðar. Þar með höfum við fengið leyfi til þess að veiða þessa loðnu og þar með er fyrsta árið farið á þeim forsendum.

Þá er mjög mikilvægt ef menn ætla áfram að keyra eftir þessari braut að þeir taki sig á og reyni að koma málum í betra horf. Það stendur í þessum samningi að það þurfi að ná ásættanlegu jafnvægi í skiptum á veiðiheimildum. Ég tel að í þeirri yfirlýsingu sem EB hefur gefið í sambandi við EES-samninginn, þ.e. að hann taki ekki gildi nema þessi samningur verði að veruleika, sé fólgin ákveðin vísbending um að þeir sem hafa haldið á málum fyrir EB telji þennan samning mjög mikils virði fyrir sig. Í honum sé eitthvað sem EB sé að fá í sinn hlut, þ.e. að í því ásættanlega jafnvægi sem þeir eru að tala um sé falinn einhver hagur EB. Og þá hlýtur sú spurning að vakna: Mun EB ekki gera þá kröfu að samningar næstu 10 ára verði í einhverju svipuðu jafnvægi og verið er að tala um að samningurinn fyrir árið 1993 sé? Ég hef grun um það. Ég trúi því að forráðamenn EB telji sig hafa verið að fá fyrir sinn snúð þann mismun sem er í raunveruleikanum á þeim veiðiheimildum sem hér liggja fyrir, þeir verði ekki tilbúnir til að gefa hann til baka í næstu samningum og vilji halda áfram að halda þessum samningum við Íslendinga um skipti á veiðiheimildum í því ásættanlega jafnvægi sem þessi samningur er talinn vera í. Það gæti alveg eins gerst þannig að Íslendingar héldu áfram að kaupa 30 þús. tonn af loðnu af EB fyrir 3 þús. tonn af karfa þó það liggi alveg klárt fyrir að þessar veiðiheimildir hefðu ekki nýst nema að örlitlu leyti og jafnvel engu á forsendum þess að veiða eftir þeim samningum sem Grænlendingar hafa.

Það er auðvitað öllum ljóst sem hafa farið yfir þetta mál og skoðað það að í mörg ár hefur loðnan hagað sér þannig að ekki hefur verið möguleiki að nýta þessar heimildir betur en gert hefur verið. Auðvitað kann þetta allt saman að breytast og gott og vel, þá gerir það það. En ég held að það sé einn möguleiki á að fá dóm um þetta ágreiningsmál sem er milli stjórnar og stjórnarandstöðu og mig langar að bera þá spurningu fram við hæstv. sjútvrh. líka: Er hann tilbúinn til að selja þessar veiðiheimildir líka á grænlenskum forsendum til íslenska flotans? Er hann tilbúinn að bjóða þessar heimildir til sölu á þeim forsendum að þeir sem kaupi eigi að veiða loðnuna í grænlenskri landhelgi og eftir samningnum í íslenskri landhelgi sem þýðir að bráðabirgðakvótann yrði að veiða innan grænlensku landhelginnar en 35% af honum mætti veiða innan þeirrar íslensku og svo fengju Íslendingar afganginn? — Það er von að hv. 17. þm. Reykv. hristir höfuðið. Ég veit ekki hvort það er af því að hann skilur ekki hvað ég er að fara. Er það þannig? (Gripið fram í.) Gott.

Mig langar að spyrja: Eru menn tilbúnir að standa þannig að málinu til þess að fá botn í það hvað íslenskir útgerðarmenn vilja borga fyrir veiðiheimildir á grænlenskri loðnu? Ég held nefnilega — og ég held ekkert um það — að þessar veiðiheimildir séu gersamlega ósöluhæf vara. Menn munu ekki vera tilbúnir að borga nokkurn skapaðan hlut fyrir að fá að veiða grænlenska loðnu á þeim forsendum sem samningarnir milli Íslands, Noregs og Grænlands liggja um það hvernig eigi að veiða þennan fisk.

Jakob Jakobsson fiskifræðingur hefur rakið það hvernig þessi mál hafa gengið fyrir sig á undanförnum árum og hefur svo oft verið vitnað í hans mál að það er kannski ekki ástæða til að rifja upp mikið af því. Ég ætla þó, með leyfi forseta, að vitna með örfáum orðum í grein sem hann skrifaði til þess að reyna að rökstyðja fyrir mönnum hvers konar vitleysa þessi veiðiskiptasamningur í raun og veru er. Hann segir:

„Þá koma veiðar annarra þjóða, þ.e. Evrópubandalagsins. Á töflunni sést" — þ.e. tafla, sem er með hans grein — „að vertíðina 1980–1981 veiddu þeir 17 þús. tonn," — þ.e. þessi Evrópubandalagsfloti — „1982 21 þús. tonn og á tímabilinu 1984–1987 veiddu þeir 5–16 þús. tonn á ári. Undanfarnar 5 vertíðir hafa þeir ekkert veitt. Þ.e. Evrópubandalagið hefur ekki nýtt sér þær veiðiheimildir sem það hefur keypt af Grænlendingum.

Þetta er engin tilviljun vegna þess að fullorðin veiðanleg loðna finnst sjaldan nema blönduð smáloðnu í grænlenskri lögsögu. Sá litli afli sem skip Evrópubandalagsins náðu fyrr á árum fékkst raunar á umdeildu svæði milli Austur-Grænlands og Jan Mayen. Til þess að geta nýtt sér veiðiheimildir Grænlendinga nokkrar undanfarnar vertíðir hefði Evrópubandalagið þurft að fá leyfi til að veiða þann kvóta í íslenskri lögsögu."

Meðaltalið af þeim árum þegar verið var að reyna að nýta þennan kvóta var raunverulega milli 4–5 þús. tonn á ári. Síðan gáfust menn upp og hafa ekki reynt þetta síðan.

Það er ein spurning sem mig langar til þess að bera líka upp við hæstv. sjútvrh. Það er: Hvaða karfakvóti er þetta sem Evrópubandalagið á að fá? Hvaða 3 þús. tonn af karfa eru það? Ég veit ekki betur en fiskveiðiárið sé hafið. Ætlar hæstv. sjútvrh. að kaupa þessi 3 þús. tonna karfaheimildir á innlendum markaði af einhverjum skipum eða hvernig í ósköpunum ætlar hann að finna þennan karfa sem Evrópubandalagið á að fá? Hann var ekki tekinn til hliðar handa Evrópubandalaginu þegar verið var að úthluta veiðiheimildum fyrir þetta fiskveiðiár. Þessi 3 þús. tonn eru hvergi til. Mig langar til að heyra hæstv. sjútvrh. segja okkur það hvernig hann ætlar að finna þessa karfa, hvort þetta sé

einhver nýr stofn sem sé að synda inn í landhelgina núna handa Evrópubandalaginu. Hvaðan koma þessi 3 þús. tonn? Mig langar að fá útskýringar á því.

Ég tel að það hafi verið rökstutt alveg nægilega vel að það sem við fáum á móti fyrir 3 þús. tonna veiðiheimildir hér er ekki neitt eða a.m.k. svo lítið að það tekur því ekki að bera saman 3 þús. tonn af karfa og eitthvað sem enginn veit hvað er og sennilega yrði ekki hægt að selja fyrir nokkurn pening. Jafnvel þó að útgerðarmönnum væri gefinn þessi kvóti er ekki víst að þeir fengjust til þess að reyna að veiða hann á þeim forsendum sem liggja fyrir um hvernig eigi að nýta grænlenska loðnustofninn. Ég tel að sá rökstuðningur sé í raun og veru allur kominn fram.

Mig langar til þess að segja það að lokum að ég tel það mikið ólánsskref sem verið er að stíga þarna. Ef EB var ekki tilbúið til þess að gera við okkur samninga um skipti á jafngildum veiðiheimildum þá var aldrei hægt að gera þennan samning og koma með hann á Alþingi og segja að hann sé í ásættanlegu jafnvægi. Mér finnst það óvirðing við Íslendinga, sem stóðu saman um það að vinna landhelgina í sínar hendur úr höndum erlendra þjóða, að leggja samning af þessu tagi fyrir hv. Alþingi og halda því fram að hann sé í jafnvægi. Ég held að lágmarkið sé að menn færi fram einhverja frambærilega afsökun eða ástæðu fyrir því að þeir búa til svona slæman samning, samning sem er útilokað að halda fram með eðlilegum rökum að sé í jafnvægi. Þá hefði verið skárra ef það er raunverulega þannig að stuðningsmenn samningsins forsvari það fyrir sjálfum sér að styðja hann vegna þess að Evrópubandalagið sé búið að lýsa því yfir að EES-samningurinn verði ekki að veruleika nema þessi samningur liggi fyrir að þeir segi það þá skýrt að þetta sé nauðasamningur og menn séu að kaupa hann því verði. Það hafa menn ekki gert. Ég tel reyndar enga ástæðu til að rengja menn í því að þeir séu ekki að tengja þetta saman. Gott og vel. Þá eru menn ekki að tengja þetta saman. En þá eiga menn ekki heldur að koma með þennan samning og óska eftir því að Alþingi Íslendinga staðfesti hann. Það er svo gersamlega út í bláinn að halda því fram að þetta séu jafngildar veiðiheimildir.

Hefði einhver sjútvrh. látið sér koma til hugar að koma með svona samning, þó ekki væru farin nema fá ár aftur í tímann, og leggja hann fyrir Alþingi? Þá hefði hann mátt biðja fyrir sér í næstu kosningum á eftir. Ég verð að segja að mér finnst ekki hátt risið á hæstv. sjútvrh. að geta lagt það á sig að mæta í Alþingi með þennan samning og halda því fram að hann sé góður fyrir Íslendinga.

Ég ætla svo sem ekki að teygja lopann yfir þessu. Ég satt að segja vona að Alþingi beri gæfu til þess að hafna þessum samningi, reka samningamennina til baka með þennan samning og það verði þeirra vegarnesti að koma ekki með samning til Alþingis Íslendinga nema hann sé í jafnvægi. Þetta orð „ásættanlegt jafnvægi" mætti gjarnan falla út því að það virðast EB-þjóðirnar og Íslendingar ekki skilja með sama hætti.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Við þessar umræður hefur hæstv. utanrrh., sem ekki er í salnum núna, enn farið hamförum við það að koma þessum samningi sem tengist samningsgerð EES í gegnum þingið. Þessi æðibunugangur ráðherrans náði hámarki í sjónvarpi og útvarpi 7. jan. sl. Ég hef þá trú að hann hafi lítið grætt á þeim málflutningi hjá þjóð sinni. Ég held, og hef raunar heyrt það frá mörgum, að fólki ofbjóði slíkur málflutningur. Það er mála sannast að alveg frá því að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði var lagður fram í haust hefur ráðherrann hagað sér með þeim hætti að efna til ófriðar út af þessum samningum báðum. Það hefði vissulega verið frekar til framdráttar málefninu að ræða það af skynsemi, vega og meta kosti og galla á málefnalegan hátt. Það hefur hins vegar verið nær ógerningur að ræða málið af skynsemi við hæstv. utanrrh. Hann hefur verið eins og ótamið hross í haga, ekki tekið skynsamlegum rökum heldur sparkað í allar áttir og hellt úr skálum reiði sinnar yfir því að menn skyldu ekki nánast krjúpa á kné og þakka honum fyrir þessa samninga.

Ég og margir fleiri sjáum með engu móti þá miklu kosti sem þessum samningum eiga að fylgja. Ég ætla ekki frekar að eyða tíma mínum í það að fara yfir EES-samninginn. Hann er ekki á dagskrá núna eins og við vitum. Við bíðum aðeins eftir atkvæðagreiðslu þar um. Ég býst við að þjóðin muni segja sitt álit á honum síðar og eftir er að sjá hvort sá mikli ávinningur skilar sér sem hæstv. utanrrh. og hans fylgismenn telja.

En sjávarútvegssamningurinn er enn á dagskrá, þessi nauðungarsamningur sem við höfum gert við Evrópubandalagið þar sem við fáum ekki neinar gagnkvæmar veiðiheimildir heldur látum nánast einhliða veiðiheimildir í skiptum fyrir tollalækkanir á mörkuðum EB. Allur þessi fiskveiðisamningur er með slíkum eindæmum að þar tekur fyrst steininn úr í samningaviðræðum hæstv. utanrrh.

Það er ástæða til að minnast svolítið á yfirlýsingar hans þegar hann kom fyrst og kynnti fiskveiðisamninginn í tengslum við EES-samninginn meðal þjóðarinnar. Hann þeyttist um landið og tilkynnti það að 70% af veiðiheimildunum væri langhali en ekki karfi. Svo sem kunnugt er flestum þeim sem á þetta hlýða þurfti hann að bakka með það allt saman aftur því að í dag er um einhliða veiðiheimildir á karfa að ræða.

Evrópubandalagið gerði þær kröfur að hér væri um einhvern vissan stofn að ræða sem það gæti gengið að, þ.e. karfa en ekki langhala, og það virtist reyndar utanrrh. samþykkja ótrúlega fljótt. Ég hef grun um að sjútvrh. hafi ekki verið alveg sáttur við hversu fljótt var gengið að því.

Það er ýmislegt hægt að ræða um þennan fiskveiðisamning en ég ætla að byrja á því að nefna það að hæstv. utanrrh. lýsti því yfir við 3. umr. um EES-samninginn að sá samningur ætti að skila okkur 7 milljörðum á ári í hagnað. Hann vitnaði þar til Þjóðhagsstofnunar. Það hefur raunar verið rakið nokkuð að sá ávinningur mundi kannski skila sér eftir 8 ár, kannski ekki. Það væri byggt á ýmsum forsendum sem

e.t.v. verða ekki til staðar eftir 8 ár. En í sambandi við verðmæti þess afla sem er um að ræða í fiskveiðisamningnum tekur ráðherra ekki mark á Þjóðhagsstofnun. Samkvæmt því sem stendur í áliti minni hluta sjútvn. eru þessar veiðiheimildir á loðnu alls ekki jafngildar 3 þús. tonnum af karfa og er mikill munur á samkvæmt því mati sem Þjóðhagsstofnun leggur þar til grundvallar. En það vill hæstv. utanrrh. alls ekki viðurkenna. Þar viðurkennir hann ekki mat Þjóðhagsstofnunar en hann telur mjög raunhæft að reikna með 7 milljarða kr. hagnaði af EES-samningnum eftir 8 ár og vitnar þar í Þjóðhagsstofnun.

Til nánari skýringar á þessu ætla ég þó að vitna frekar í álit minni hluta sjútvn. um það hvort Íslendingar hafi raunverulega nokkra möguleika á því að fá þessa loðnu, sem alltaf er verið að gera mikið úr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á síðustu loðnuvertíð var hlutur Íslands í upphafi árs 1992 577.200 lestir. 15. febr. 1992 höfðu norsk loðnuskip náð að veiða 47.000 lestir af sínum kvóta en Grænland hafði ekki nýtt sinn kvóta. Samkvæmt ákvæðum samnings um nýtingu loðnustofnsins eiga Íslendingar rétt á að nýta það magn sem hinar þjóðirnar veiða ekki. Í samræmi við ákvæði samningsins komu 114.000 lestir til viðbótar í hlut Íslands og var því heildarkvóti Íslendinga rúmlega 690.000 lestir. Síðar á vertíðinni var bætt við 50.000 tonnum. Heildarveiði Íslendinga var 630.000 lestir og vantaði því um það bil 110.000 lestir á að það næðist að veiða heildarkvótann." Þ.e. þann kvóta sem Íslendingar máttu veiða á síðustu vertíð.

Það er því alveg greinilegt að á síðustu vertíð náðum við ekki að veiða þann heildarkvóta sem við máttum og hefðum þar af leiðandi alls ekki getað veitt neinn 30 þús. tonna loðnukvóta frá EB til viðbótar.

Það sést best á þessu hversu mikilsverðar þessar heimildir til loðnuveiðanna eru og hve miklu þær eiga að skila og hvort hér er um raunverulegar gagnkvæmar veiðiheimildir að ræða sem ég tel alls ekki vera.

Um annað í sambandi við umræðuna um Evrópskt efnahagssvæði og fiskveiðisamninginn, því að þessi fiskveiðisamningur tengist að sjálfsögðu heildaraf greiðslu málsins, væri rétt að líta svolítið á aðra þætti málsins.

Það hefur verið lögð gífurleg áhersla á að þessi samningur sé okkur nauðsynlegur í því efnahagsástandi sem við búum við, þ.e. minnkandi þjóðartekjur að miklu leyti vegna þess að þorskveiðarnar hafa dregist svo mjög saman þó að vissulega hafi orðið aukning í öðru. Ég fellst á að vitanlega er stór orsök þess hversu þjóðartekjurnar hafa minnkað að þorskveiðarnar hafa dregist saman. Ég tel líka nauðsyn að gera viðskiptasamninga við EB eins og aðrar þjóðir en það leysir ekki þetta mál. Að halda því fram að samningurinn um EES sé okkur svo mikilvægur í þessu efnahagsástandi að við gerum allt sem Evrópubandalagið fer fram á þess vegna er bara rugl.

Hvað eru íslensk stjórnvöld t.d. að gera til að styðja við aðra nýsköpun í atvinnulífinu? Hvernig eiga íslensk fiskvinnslufyrirtæki, sem mörg hver eru illa stödd og rekin með allt að 12% tapi, að standa að því að efla rannsóknir, þróun og markaðssetningu á þessum nýja markaði sem þau eiga að fá? Skyldu þau hafa eitthvert fjármagn til þess að gera það? Ég minnist þess að framlag á fjárlögum til markaðssetningar vegna Evrópska efnahagssvæðisins var lækkað við afgreiðslu fjárlaga rétt fyrir jólin úr 100 millj. kr. í 50 millj. kr. og fleira er í þeim dúr. Það hefur ekki mikið fjármagn verið lagt til þess að styðja við fyrirtækin í því efni að þau geti hreinlega staðið sig í þeirri vaxandi samkeppni sem þau þurfa að fara inn í ef Evrópska efnahagssvæðið verður að veruleika — sem raunar er ekkert útséð um enn þá þar sem til þess vantar enn mjög margar forsendur.

Ég tel að það þurfi að gera verulegar lagfæringar á þessum samningi. Hann er ófullnægjandi eins og hann er. Það hefur verið rakið mjög vel og síðast í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar rétt áðan og ég hef ekki löngun til þess að endurtaka það. En ég tel greinilegt að hér er ekki um jafngildar veiðiheimildir að ræða og það augljóst öllum sem skoða málið. Ég tel heldur enga nauðsyn að afgreiða samninginn nú. Evrópskt efnahagssvæði tekur sennilega ekki gildi fyrr en um mitt ár þó svo það verði samþykkt hér, ef það verður. Það eru enn mjög margir óvissuþættir í því að það nái fram að ganga.

Við eigum að geta gert betri samning um skipti á veiðiheimildum. Ég tel raunar að við hefðum átt rétt á því að fá þær tollalækkanir á fiskafurðum sem eiga að nást með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði án þess. Ég tel að við hefðum getað náð þeim á grundvelli þess að EB hefur í mörg ár átt greiðan aðgang með iðnaðarvörur hingað og það var raunar viðurkennt af forsvarsmönnum EB, m.a. Henning Christophersen, að hér hefði hallað á Íslendinga og það þyrfti að leiðrétta. Með þessum fiskveiðisamningum er gengið freklega á rétt Íslendinga.

Í sambandi við hve lítið íslensk stjórnvöld hafa gert í því að búa fyrirtækin undir að takast á við vaxandi samkeppni og reyna að sjá fyrir sér einhverja möguleika í aukinni atvinnusköpun, hvort sem það er á Evrópsku efnahagssvæði eða á einhvern annan hátt, þá langar mig til að nefna að í Morgunblaðinu sl. föstudag var fyrirsögn á baksíðu blaðsins sem hljóðaði svo, með leyfi forseta: „Líftvati til rannsókna á DNA framleiddur hér." Í greininni er það nefnt í sambandi við rannsóknir á erfðaefni fruma sem komu á dagskrá vegna sakamáls sem verið var að rannsaka — þær rannsóknir voru raunar gerðar erlendis — að þessar rannsóknir er hægt að gera á Íslandi. Það kom fram í greininni sem ég vitna til að bandarískt fyrirtæki hefur haft einkaleyfi á þessari tækni en þetta er jafnframt hægt að framleiða hér og Iðntæknistofnun hefur unnið mikið í því að rannsaka þá enzýmhvata sem hér er um að ræða. Til er íslenskt fyrirtæki, sem heitir Genís og er samstarf Háskóla Íslands, Iðntæknistofnunar og lyfjafyrirtækjanna Pharmaco og Delta, og er m.a. að vinna að því að koma slíkri rannsóknarstarfsemi á framfæri.

En hvað hafa íslensk stjórnvöld gert t.d. í þessu

máli? Það vantaði ekki að í haust kæmu yfirlýsingar frá hæstv. ríkisstjórn um að hún ætlaði að leggja aukið fjármagn til rannsókna og þróunarstarfa. En hverjar eru efndirnar? Þær liggja í því að hugsanlega verði hægt að selja einhverjar eignir ríkisins og í framhaldi af því hægt að leggja ⅓ hluta af sölu eigna til að standa að rannsókna- og þróunarstarfsemi í landinu en framlag til þessarar starfsemi er nánast ekkert. Það framlag sem lagt er til Rannsóknaráðs ríkisins t.d. hefur farið síminnkandi á síðustu árum. Þó því hafi verið lofað á aðalfundi Rannsóknaráðs núna í haust eða nokkru fyrir jól að gerð yrði bragarbót á er það alls ekki til staðar. Það er ekki fast í hendi.

En hvers vegna er ég að færa þetta í tal í sambandi við EES og fiskveiðisamninginn? Vegna þess að þarna er um stóran heimsmarkað að ræða og þetta er auðlind sem við eigum hér á landi, þ.e. vel menntað fólk sem hefur sinnt m.a. þessum rannsóknum og gæti ef vel væri á málum haldið verið mikil tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Í þessari grein Morgunblaðsins, sem ég vitnaði til áðan, er rætt um að heimsmarkaðurinn fyrir þessar DNA-rannsóknir sé að verðmæti allt að 12 milljarðar kr. Þá er aðeins verið að ræða um einn afmarkaðan þátt en ekki alla þá þætti sem hugsanlega er hægt að fara inn á.

Mér finnst hafa verið staðið illa að þessum málum. Það er rætt um Evrópskt efnahagssvæði og fiskveiðasamninginn í tengslum við Evrópskt efnahagssvæði eins og það eigi að leysa öll okkar efnahagsvandamál á næstu árum, en þeim þætti sem virkilega er einhver gróska í og þeim möguleikum sem við höfum er ekki sinnt. Ég held að þó svo að báðir þessir samningar verði samþykktir séum við ekki búin að finna neina lausn á efnahagsvandanum.

Við þurfum að huga að þessum málum innan lands og við þurfum að styðja við það sem verið er að gera. Við þurfum að láta það unga fólk sem búið er að mennta sig og hefur þekkingu til þess að vinna að þessum málum hafa störf og möguleika á því að þróa þau störf þannig að þau skili arði til þjóðarbúsins en ekki bara að skrifa undir einhverja tvo eða þrjá samninga og með því sé búið að bjarga efnahagsmálum þjóðarinnar. Því hefur ekki verið sinnt að hugsa fyrir þróunarstarfsemi og þegar slík þróunarstarfsemi er jafnvel tilbúin til markaðssetningar, eins og í því tilfelli sem ég nefndi, eru ekki til peningar til að markaðssetja það sem um er að ræða. Það er það sem vantar. Það vantar hugarfarsbreytingu hjá stjórnmálamönnum í dag, að hugsa fyrir því að það þarf að efla rannsóknir og þróun. Það þýðir ekkert að fara af stað eins og með fiskeldi á sínum tíma þar sem bara er framkvæmt og ekki unnar nauðsynlegar rannsóknir áður. Þeim rannsóknum þar sem búið er að vinna undirbúningsstarf er síðan ekki skapaður rekstrargrundvöllur og þeir aðilar sem þar eru að vinna hafa ekkert fjármagn til markaðssetningar þó að nægur markaður sé til og alveg örugglega hægt að sjá þar fram á vaxandi tekjur fyrir þjóðarbúið á næstu árum.

En hvað varðar þennan fiskveiðisamning, sem við erum að ræða, þá er hann hvorki ásættanlegur fyrir okkur né það sem leysa mun málin. Ég vænti þess að hann verði ekki samþykktur á Alþingi enda nægur tími til að endurskoða hann og gera betri samning.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Næstur á mælendaskrá var hv. 4. þm. Norðurl. v. en hann mun vera verðurtepptur.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Við fyrri umræðu þessa máls gerði ég grein fyrir sjónarmiðum mínum varðandi þennan samning almennt en vil nú við þessa umræðu víkja nokkuð að þeim gagnrýniatriðum sem hér hafa komið fram af hálfu hv. talsmanna stjórnarandstöðuflokkanna.

Það má segja að það séu einkum þrjú atriði sem hafa verið nefnd í þeim tilgangi að draga úr gildi samningsins eða til að færa fram mótrök við því að Alþingi samþykki hann.

Í fyrsta lagi hefur komið fram af hálfu nokkurra hv. þm., hv. 7. þm. Reykn., hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 1. þm. Norðurl. v. að samningurinn feli í reynd í sér uppgjöf í landhelgisbaráttunni og við séum með honum að stíga það örlagaríka skref að hleypa togurum Evrópubandalagsins á ný inn í landhelgina. Af þessum málflutningi má ráða að þau sjónarmið séu uppi af hálfu þessara hv. þm. að það komi ekki til álita að gera samning um skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum því hann hljóti ávallt að fela í sér að við hleypum togurum þeirra þjóða sem við erum að semja við inn í landhelgina. Þetta er fyrsta sjónarmiðið sem teflt hefur verið fram og ég vil gera að umtalsefni. Annað sjónarmiðið sem hér hefur komið til umræðu og ég vil gera að umtalsefni er sú skoðun sem haldið hefur verið fram að við séum ekki að gera samning um skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum þar sem við fáum þessa loðnu hvort sem er í okkar hlut, hún sé veidd úr sameiginlegum stofni og á grundvelli þeirra samninga sem fyrir liggja þá komi þessi loðna í okkar hlut. Þetta er önnur röksemdin af hálfu stjórnarandstæðinga sem ég vil gera að umtalsefni. Þriðja röksemdin, sem þeir hafa fært hér fram og nauðsynlegt er að fjalla nokkuð um, er sú fullyrðing að í þeim stærðum sem samningurinn kveður á um felist ekki í raun jafngildi veiðiheimilda. Að 3.000 lestir af karfa og 30.000 lestir af loðnu feli ekki í sér jafngildi veiðiheimilda. Ég hygg, frú forseti, að þetta sé í aðalatriðum sú gagnrýni sem hv. talsmenn stjórnarandstöðuflokkanna hafa sett fram af sinni hálfu.

Ég ætla þá fyrst að víkja að sjónarmiðum þeirra sem talað hafa á þann veg að við séum hér að brjóta í blað og stíga það örlagaríka skref að hleypa togurum Evrópubandalagsins á ný inn í fiskveiðilögsöguna og gefa eftir og láta undan þeim sigrum sem við höfum unnið í áratuga landhelgisbaráttu og slíka samninga megi aldrei gera. Það er athyglisvert að það eru alls ekki allir talsmenn stjórnarandstöðuflokkanna sem hér hafa talað sem lýst hafa þessu sjónarmiði. Það kom mjög skýrt fram hjá hv. 7. þm. Reykn. að þetta sjónarmið ætti að leggja til grundvallar og af hálfu hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 1. þm. Norðurl. v. Hv. 1. þm. Austurl. sagði á

hinn bóginn í sinni ræðu að það hefði alltaf legið í loftinu að slík gagnkvæmni gæti komið fram. Og á fundi embættismanna í mars 1990 hefði komið fram að hugsanlega mætti gera fiskveiðisamning með gagnkvæmum skiptum á veiðiheimildum en hann mætti þó ekki verða til þess að minnka umsvif okkar eigin skipa.

Ég skildi hv. 3. þm. Vesturl. á þann veg að hann hefði lýst svipuðum sjónarmiðum af sinni hálfu án þess að ég ætli að gera honum upp skoðanir. En það er augljóst að sjónarmið þeirra talsmanna stjórnarandstöðunnar sem hér hafa talað eru mjög mismunandi í þessu efni og ekki hvað síst sjónarmið hv. 7. þm. Reykn. og hv. 1. þm. Austurl. sem stangast algerlega á að því er þetta atriði varðar.

Í þessu sambandi vil ég rifja upp að sú niðurstaða að gera samskiptasamning við Evrópubandalagið og skiptast á gagnkvæmum veiðiheimildum á sér býsna langa sögu. Og það hefur áður komið fram í þessum umræðum að verið er að ljúka deilumáli milli okkar og Evrópubandalagsins sem staðið hefur í um það bil 20 ár. En aðdragandi þessarar niðurstöðu er líka nokkuð langur og fyrir liggur að hv. 7. þm. Reykn. fór 18. apríl árið 1990 sem forsrh. Íslands ásamt utanrrh. á fund framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins til þess að ræða almennt um samskipti Íslands og Evrópubandalagsins og stöðuna í EES-viðræðunum og sérstöðu Íslands. Það hefur sérstaklega komið fram af hálfu hv. 7. þm. Reykn. að í þeim viðræðum var sérstaklega verið að leggja áherslu á sérstöðu Íslands. En eins og alkunnugt er þá lýsti þáv. forsrh. því yfir á þessum fundi með formanni framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins að það kæmi til álita að gera almennan samskiptasamning um fiskveiðimálefni og samning um skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum. Og það liggur fyrir að eftir þennan fund lýsti formaður framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins því yfir að á honum hefði opnast glufa til þess þess að halda samningaviðræðum áfram og ljúka þeim.

Þetta skref var stigið í tíð fyrri ríkisstjórnar 18. apríl árið 1990. Forsrh. þeirrar ríkisstjórnar lýsti því yfir gagnvart Evrópubandalaginu að sú ríkisstjórn væri reiðubúin að semja um skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum. Ég hef ekki séð gögn um það að í þessum viðræðum hafi þetta viðræðutilboð verið takmarkað við vannýtta fiskstofna. Það kann að vera að þau gögn séu til en ég hef ekki séð þau. Og ég hef heldur ekki séð að þegar þetta tilboð um skipti á gagnkvæmum fiskveiðiréttindum var boðið fram af hálfu þáv. ríkisstjórnar það hafi verið tekið fram að í því fælist að meta ætti veiði á móti veiði. Það kann að vera að þau gögn séu til en ég hef ekki séð þau. Þetta hefur auðvitað það gildi að ekki er mikið gefandi fyrir þau rök sem teflt hefur verið fram af hálfu hv. 7. þm. Reykn. að við séum að gefa eftir í áratuga landhelgisbaráttu með því að hleypa togurum Evrópubandalagsins á ný inn í íslenska fiskveiðilandhelgi eins og hann hefur orðað það. Hann sjálfur fyrir hönd fyrri ríkisstjórnar gaf þetta tilboð til Evrópubandalagsins sem hlaut að fela það í sér hvernig sem það var hugsað að togurum þess yrði hleypt inn til gagnkvæmra veiða. Tilboðið gat aldrei falið neitt annað í sér, fyrst það var nefnt á annað borð að til greina kæmi að semja um gagnkvæm veiðiréttindi, en að togarar Evrópubandalagsins kæmu hér inn til þess að veiða á grundvelli þess samnings. En sá maður sem flytur þessi boð fyrir hönd Íslands getur tæplega komið fram nokkrum missirum síðar og sakað aðra um að vera að gefa eftir í áratugabaráttu fyrir útfærslu íslensku fiskveiðilandhelginnar. Og aðrir sem tóku pólitíska ábyrgð á því að þetta tilboð var gefið Evrópubandalaginu og sátu í páv. ríkisstjórn geta ekki með mikilli reisn komið fram og haldið þessum rökum á lofti. Ég er í sjálfu sér ekki að gera kröfu til þess að þeir komi fram af reisn. En það væri ástæða til að spyrja í þessu sambandi hvort þingmönnum Alþb., ráðherrum í fyrrv. ríkisstjórn hafi verið ókunnugt um þessar viðræður forsrh. og utanrrh. í Brussel í aprílmánuði árið 1990? Var þeim haldið leyndum fyrir ráðherrum Alþb.? Byggist málflutningur þeirra í þessari umræðu á því að þeir hafi ekki fengið upplýsingar frá forsrh. og utanrrh. fyrrv. ríkisstjórnar um þennan fund þar sem þetta tilboð var gefið? Það er nærlægt að ætla að svo sé því að ótrúlegt er að talsmenn Alþb. komi fram með þær yfirlýsingar eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. gerði ef honum hefði verið kunnugt um það tilboð sem sú ríkisstjórn sem hann sat í gerði um þetta efni.

Ég lít ekki svo á að samningar um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum feli í sér nokkurt afsal í landhelgisbaráttu okkar. Ég leit ekki svo á þegar það tilboð var fyrst gefið af fyrri ríkisstjórn og geri það ekki enn. Ég er þess vegna ekki að gagnrýna að þetta tilboð skyldi hafa verið gefið á sínum tíma. Ég tel að það hafi verið í fullu samræmi við gang þeirra viðræðna sem þá fóru fram. Ég er hins vegar að draga þetta hér fram til að sýna fram á að það eru ekki gild rök að bera það á borð nú af þeim sem að því stóðu að aðrir séu að gefa eftir í þessu mikilvæga hagsmunamáli og réttindamáli íslensku þjóðarinnar.

Þá ætla ég að víkja örfáum orðum að þeirri fullyrðingu að við séum ekki að skipta á gagnkvæmum veiðiheimildum vegna þess að við fáum þessa loðnu hvort eð er í okkar hlut. Nú er það vissulega svo að við erum að gera samning um skipti á veiðiheimildum í tveimur mjög ólíkum fiskstofnum. Karfi og loðna eru mjög ólíkar tegundir að þessu leyti. Loðnan er vissulega þess eðlis að hún er duttlungafyllri og um margt erfiðari viðfangs. Á það hefur engin dul verið dregin. Og þess vegna var það upphaflegt sjónarmið okkar og krafa að hér yrði um að ræða skipti á loðnu annars vegar og einhverri vannýttri tegund af okkar hálfu eins og til að mynda langhala hins vegar. En þær fullyrðingar, sem að þessu lúta, er reynt að styðja með þeim ákvæðum samningsins milli okkar annars vegar og Norðmanna og Grænlendinga hins vegar að okkur beri að veiða þá loðnu sem hinum þjóðunum tekst ekki að veiða. Menn sleppa því gjarnan, ekki alltaf en gjarnan, í þessu samhengi að í samningnum eru ákvæði um að fáum við meira í okkar hlut þá beri að taka tillit til þess við næstu vertíð og draga það til baka. Um þetta gilda að vísu allflóknar reglur en í meginatriðum byggja þær á því að hver þjóð eigi ekki rétt á stærri hlut en kveðið

er á um í samningi. Nú hefur það gerst á undanförnum árum að komið hefur stærri hluti af loðnunni í okkar hlut og enginn hefur mælt á móti því. En loðnan er duttlungafullur fiskur og hún hefur engan veginn alltaf hagað sér eins og hún hefur gert á allra síðustu árum. Og stundum höfum við þurft á því að halda að fá að sækja hana út fyrir landhelgi Íslands. Og við vitum ekki hvenær að því kemur næst að aðstæður verða með þeim hætti. Þetta verða menn að hafa í huga í þessu sambandi. Í annan stað þurfa menn að hafa það í huga að Grænlendingum er í lófa lagið að framselja Norðmönnum beint hluta af sínum kvóta ef Norðmenn kaupa slíkan kvóta beint frá Grænlendingum geta þeir veitt hann samkvæmt ákvæðum samningsins að hluta til innan okkar fiskveiðilögsögu. Af þessu má ráða að mínu mati að þessi rök eru ekki gild í þessari umræðu.

Ég ætla þá að víkja nokkrum orðum að þriðju fullyrðingunni sem byggir á því að í reynd sé ekki um að ræða gagnkvæmni á milli 3.000 lesta af karfa og 30.000 lesta af loðnu. Nú er það svo að það er erfitt að finna óskeikula mælistiku í þessu efni. Og ég ætla ekki að halda því fram að til sé sá mælikvarði sem sé óskeikull um mat á verðmæti þessara tegunda. Við vitum einnig að verð á hvorri tegund um sig getur sveiflast til af ýmsum ástæðum, náttúrulegum ástæðum, markaðsástæðum og ýmsu öðru. Þannig að dagverð á einstökum tegundum segja ekki stóra sögu í þessu efni. Sú viðmiðun sem stuðst var við þegar þessi samningur var gerður eru verðmætastuðlar sjútvrn. eins og þeir hafa verið gefnir út í reglugerð á hverju ári síðan 1986 á grundvelli laga og til hliðsjónar voru einnig sambærilegir verðmætastuðlar Evrópubandalagsins. En á þessum tveimur verðmætastuðlum er verulegur munur. Ég legg meira upp úr þeim verðmætastuðlum sem við höfum gefið út og hygg að þeir séu miklu nær réttu lagi en verðmætastuðlar Evrópubandalagsins.

Samkvæmt þessum stuðlum er verðmætahlutfall karfa á móti þorski 0,41 og loðnu 0,05. Það fer ekkert á milli mála að sé þessum mælikvarða beitt er um jafngildar heimildir að ræða. Þau verðmæti sem eru lögð til grundvallar eru markaðsverð á viðkomandi tegundum á því tímabili sem er næstliðið áður en reglugerð er gefin út hverju sinni, markaðsverð á innlendum markaði.

Hv. 1. þm. Austurl. orðaði það einhvern veginn á þann veg að þó innbyrðis skipti í kvótakerfinu eigi að gilda á þessum grundvelli þá endurspegli þessi mælikvarði ekki þjóðhagslegt mat. Ég hef þá athugasemd fram að færa hér að ef við teljum að við getum notað þessa mælikvarða í innbyrðis skiptum okkar í milli í kvótakerfinu án þess að vera bersýnilega að hlunnfara einn aðila á kostnað annars, þá hljótum við líka að geta notað þessa mælikvarða í samskiptum okkar sem þjóðar út á við gagnvart öðrum þjóðum. Ég hef aldrei heyrt því haldið fram að þessir mælikvarðar hafi leitt til þess að sumir útgerðarmenn hafi verið hlunnfarnir í skiptum innbyrðis í kvótakerfinu en aðrir hafa fengið óeðlilega mikið í sinn hlut og er búið að beita þessum stuðlum síðan 1986. Ég hef aldrei heyrt því haldið fram. Meðan við teljum þessi hlutföll vera sæmilega réttlát innbyrðis í kvótakerfinu, hvers vegna og með hvaða rökum ættum við að halda því fram að þau lýstu ekki eðlilegum hlutföllum þegar við erum að semja við aðrar þjóðir? Ég hef ekki heyrt gild rök fyrir því.

En ég skal fyrstur manna taka fram að þessir mælikvarðar eru ekki heilagir. Ég hygg að hv. 1. þm. Austurl. hafi notað það orðalag að þessir mælikvarðar væru ekkert heilagir og auðvitað eru þeir ekkert heilagir. Það er mjög erfitt að búa til mælikvarða um verðmætamat á mismunandi fisktegundum þar sem við vitum að verð sveiflast mjög misjafnlega og af ýmsum ástæðum og sömu aðstæður eiga ekki við allar tegundir í senn. Allt gerir þetta það að verkum að það er erfitt að búa til slíka verðmætastuðla.

En þá hefur verið til þess gripið að taka dagverð á karfa þar sem það hefur í einstökum tilvikum farið á einhverja toppa og því hefur verið haldið fram að það ætti að vera mælikvarði. Ég hygg að fæstir taki í raun og veru undir slík sjónarmið og hef í reynd ekki heyrt þeim haldið fram af mikilli alvöru í þessari umræðu.

Í annan stað hafa menn sagt sem svo: Við skulum taka mið af verðinu á karfa á Þýskalandsmarkaði þar sem það hefur verið allra hæst og bera það saman við verð á skiptum á loðnuheimildum þegar nánast enginn markaður hefur verið fyrir slík skipti og þar af leiðandi nánast ekkert verð á loðnuheimildunum. En á þessu er verulegur munur. Í fyrsta lagi veiðist loðnan ekki nema hluta úr ári og það hlýtur því að skipta máli hvenær menn eru að taka viðmiðanir af sölu á aflaheimildum að því er loðnuna varðar. Á hinn bóginn höfum við stýrt framboði á fiski inn á Þýskalandsmarkaðinn. Við höfum með takmörkuðu framboði þangað náð að selja hluta af karfanum á þessu háa verði með því að takmarka framboðið. Öllum er ljóst að ef framboðið væri ekki takmarkað inn á markaðinn þá væri það miklu lægra og gæfi allt aðra mynd. Samanburður af þessu tagi er þess vegna ekki marktækur í þessum tilvikum.

Þá hefur verið vitnað til verðmætastuðla Þjóðhagsstofnunar sem fela í sér heildarverðmætamat á einstökum tegundum. Þessir stuðlar eru í sjálfu sér réttir. Enginn ber á móti því að Þjóðhagsstofnun hafi reiknað rétt út heildarverðmæti á þessum tegundum og mismun á milli einstakra tegunda. Hitt er svo annað mál hvort þetta er eðlilegur samanburður vegna þess að hér er um mjög mikinn mun að ræða, annars vegar á vinnslustigi einstakra tegunda og sölu á afmörkuðum mörkuðum sem með takmörkuðu framboði gefa hluta af aflanum hærra verð. Í þessum verðmætastuðlum um heildarverðmætamat felst vinnsluvirði þess fisks sem unninn er um borð í fiskiskipum, bæði þorsks og karfa, og líka það sérstaka verð sem fæst á þessum takmörkuðu mörkuðum.

Ef við horfum á hvernig þetta skiptist í magni þá eru rúmlega 7% af þorskinum flutt út sem ísfiskur eða fiskur í gámum á þessa markaði sem gefa hæst verð, 7%. En 28% af karfanum er flutt út á þessa takmörkuðu markaði. Það sem er unnið um borð er af þorski um 14%, en 22,5% af karfanum. Það sem fer til

vinnslu innan lands er tæplega 80% af þorskinum en tæplega 50% af karfanum.

Með öðrum orðum fer til vinnslu um borð í skipum og sölu á þessum mörkuðum, sem við stýrum framboði á og gefa af þeim sökum hæsta verð, um 20% af þorskinum en um 50% af karfanum. Það gefur auga leið að þessi mismunur gerir það að verkum að ekki er hægt að nota þennan verðmætastuðul óleiðréttan sem mælikvarða á það hvort hér er verið að skipta á gagnkvæmum veiðiheimildum eða ekki. Alveg ljóst.

Þess vegna lít ég svo á að hægt sé með alveg óyggjandi hætti að halda því fram að þau rök sem hér hefur verið teflt fram gegn því að samningurinn feli í sér gagnkvæmar veiðiheimildir séu ekki fullgild. Sá mælikvarði sem verðmætastuðlar sjútvrn. byggja á komist næst því, þrátt fyrir allt, að segja til um hvert er eðlilegt mat á þessum veiðiheimildum. Ég ætla ekki að halda því fram að þar sé um 100% nákvæmni að ræða enda engin leið að gera það. En ég fer ekki ofan af því að þar er um að ræða þá aðferð sem kemst næst því að meta þetta gildi.

Það skiptir okkur vitaskuld miklu máli að standa á því grundvallarsjónarmiði að hér sé um gagnkvæmni að ræða. Ekki síst vegna þess að við gerum ráð fyrir því á grundvelli samningsins að þessi mál komi upp árlega til umfjöllunar og þá hljótum við á grundvelli fenginnar reynslu að vísa til þess að það er grundvöllur samningsins að verið sé að skipta á gagnkvæmum veiðiréttindum.

Frávik geta auðvitað alltaf orðið. Ef við höfum metið þetta með ekki nægjanlegri nákvæmni þannig að um verði að ræða 10% skekkju á annan hvorn veginn, þá er þar um u.þ.b. 5 millj. kr. að tefla. Vitaskuld er það ekki stór upphæð, en eigi að síður hljótum við, bæði nú og eins í framhaldinu, að ganga út frá þeirri grundvallarkröfu að um jafngildi sé að ræða. En skekkjumörk upp á u.þ.b. 10% fela í sér verðmæti á veiðiheimildum upp á u.þ.b. 5 millj. kr. Í heild sinni verður því að líta svo á að við höfum komist að niðurstöðu sem sé ásættanleg í þessu efni.

Hv. 3. þm. Vesturl. beindi nokkrum spurningum til mín sérstaklega sem ég vil víkja að. Hann innti mig eftir því hvort ég væri tilbúinn að beita mér fyrir því að sá viðbótarkvóti sem við fáum nú frá Evrópubandalaginu af kvóta Grænlands yrði aðeins veiddur innan grænlenskrar lögsögu og boðinn loðnuskipum til kaups á uppboðsmarkaði.

Ég tel vegna þessarar fyrirspurnar rétt að minna hv. þm. á að eins og samningurinn liggur fyrir eftir þær breytingar sem gerðar voru á honum á síðasta ári, þá var samið um sérstakar takmarkanir á veiðum Norðmanna innan íslensku lögsögunnar, en með því að Grænlendingar hafa ekki haft nein skip til loðnuveiðanna þótti ekki ástæða til þess að setja sambærilegar takmarkanir inn í samninginn af því er varðar veiðar úr kvóta þeirra. En aðalatriði málsins er þó það að ég tel það óskynsamlegt þegar við erum að semja um að fá hlut úr þessum sameiginlega stofni sem tilheyrir Grænlendingum að takmarka þá veiði við grænlenska lögsögu. Með því móti værum við að gera okkar skipum erfiðara um vik að ná þessari loðnu. Þegar af þeirri ástæðu tel ég að það þjónaði ekki íslenskum hagsmunum. Ég tel að þegar við höfum samið um að fá þennan hluta af kvóta Grænlendinga sé eðlilegast að leyfa íslenskum skipum að ná honum þar sem hentugast er fyrir þau og það sé best í samræmi við hagsmuni Íslendinga í þessu efni.

Þá innti hv. 3. þm. Vesturl. eftir því hvers vegna ekki hefði verið gerð krafa um að um borð í þessum skipum yrðu sérstök staðsetningartæki. Ég skil það svo að þar sé átt við staðsetningartæki sem nemi sendingar í gegnum gervihnetti. Nú er það svo að við höfum eftirlitsmenn um borð í þessum skipum þannig að það mun aldrei koma til þess að það verði nein vandkvæði á því fyrir okkur að staðsetja skipin. En ég þykist vita að hv. þm. er um það kunnugt að sjávarútvegsráðherrar Evrópubandalagsins hafa á fundum sínum einmitt rætt þá kröfu framkvæmdastjórnarinnar að slíkum tækjum verði komið fyrir í öllum skipum Evrópubandalagsins og hefur sitt sýnst hverjum í því efni. Ég veit til að mynda að Danir tóku þeirri tillögu fálega, en af hálfu framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins hafa verið uppi kröfur um að öll skip þess yrðu búin slíkum tækjum. Ég tel að það skipti ekki neinu höfuðmáli í þessu sambandi, þó vel kunni að vera að það verði til bóta og ég ætla alls ekki að mæla gegn því, með því að við höfum eftirlitsmenn um borð og af þeim sökum á ekki að koma til þess að það verði nein vandkvæði á því að staðsetja skipin.

Þá spurði hv. þm. að því um hvaða kvóta væri verið að ræða því ekki hefði verið dreginn frá neinn sérstakur kvóti við úthlutun aflaheimilda á þessu ári. Spurning af þessu tagi hefur áður komið fram í umræðum um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Ég hef minnt á að varðandi þær veiðiheimildir sem við höfum veitt útlendingum, bæði að því er varðar Belgíumenn og Færeyinga, þá hefur ekki verið staðið þannig að verki á undanförnum árum að þær veiðiheimildir hafi sérstaklega verið dregnar frá útgefnum heildarkvóta, heldur hafa þær komið þar til viðbótar. Ég geri ráð fyrir því að sami háttur verði á hafður og beitt hefur verið gagnvart öðrum veiðiheimildum útlendinga innan lögsögunnar á undanförnum árum að því er þetta atriði varðar.

Kjarni málsins varðandi þennan samning, sem menn gera kannski ekki mikið úr í þessari umræðu, er hins vegar sú staðreynd að við höfum með alveg óvenjulegum hætti tryggt mjög gott eftirlit með þessum veiðum. Við höfum tryggt eftirlitsmenn um borð í skipin á kostnað útgerðanna. Við höfum tryggt að aðeins þær hafnir sem við viðurkennum fyrir íslensk skip eru löndunarhafnir fyrir þann afla sem hér er veiddur. Við höfum tryggt það að ef einhver þorskur eða meðafli af öðrum tegundum verður umfram 10% getur eftirlitsmaðurinn fyrirskipað að skipið fari til veiða annars staðar innan svæðisins og hætti veiðum þar sem það er þegar slíkar aðstæður koma upp. Í þessum samningi eru því óvenju ströng og góð ákvæði að því er varðar allt eftirlit með veiðunum og ástæða til að gera það að sérstöku umtalsefni.

Ég vil svo aðeins víkja að einu atriði sem fram kom hjá hv. 7. þm. Reykn. sem lagði mikla áherslu á það að líta yrði svo á að loðnan sem við veiðum samkvæmt þessum samningi væri sú loðna sem veidd yrði í lok tímabilsins. Þ.e. að síðasta loðnan sem veidd yrði yrði sú loðna sem teldist veidd á grundvelli þessa samnings. Það var upphafleg krafa okkar að þetta sjónarmið gilti við mat á þessum veiðum. Á það var ekki fallist af hálfu Evrópubandalagsins. Við tefldum fram því sjónarmiði að hér kæmi til mats hlutfallsleg veiði, en í samningnum sjálfum er hvergi neitt kveðið á um það hvaða loðna það er sem telst veidd samkvæmt samningnum. Fyrir þá sök getum við auðvitað haldið fram upphaflegum sjónarmiðum okkar þegar endanlega á að meta gagnkvæmnina.

Ég vil þó vegna þessara ummæla minna á að í tíð fyrri ríkisstjórnar, meðan hv. 7. þm. Reykn. gegndi embætti forsrh., var gerð sérstök bókun á milli ríkisstjórna Íslands, Grænlands og Noregs um framkvæmdaatriði varðandi þennan loðnusamning. Þar segir skýrt og skilmerkilega að þeir kvótar sem Grænlendingar muni hugsanlega selja Íslendingum eða Norðmönnum skuli miðast við fyrstu loðnuna sem veiðist. Meðan hv. 7. þm. Reykn. veitti ríkisstjórn forstöðu var gerð bókun af þessu tagi um túlkun á framkvæmdaatriðum loðnusamningsins, að loðna sem Grænlendingar seldu annaðhvort Íslendingum eða Norðmönnum skyldi skoðast sem fyrsta loðnan sem veidd yrði á vertíðinni. Hv. þm. getur því ekki gagnrýnt það hér og nú að með óyggjandi hætti sé ekki tekið af skarið um þetta efni í þeim samningi sem hér liggur fyrir.

Ég held því fram, frú forseti, að hér hafi verið sýnt fram á að sú gagnrýni sem hv. talsmenn stjórnarandstöðunnar hafi teflt fram eigi ekki við gild rök að styðjast og sú niðurstaða sem hefur fengist í þessum samningi sé ásættanleg fyrir okkur og þess vegna sé rétt og eðlilegt af okkar hálfu að staðfesta þennan samning og Alþingi gefi heimild til þess að fullgilda hann.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var afskaplega prúður og lítillátur hæstv. sjútvrh. sem kom í stólinn og reyndi að klóra í bakkann. Það er skiljanlegt. Það er auðvitað skylda hæstv. ráðherra að reyna að halda uppi málamyndavörnum fyrir þennan samning úr því að hann hefur ákveðið að láta hann yfir sig ganga.

Ég tel óhjákvæmilegt að hv. 7. þm. Reykn. verði gert aðvart um þau ummæli sem hæstv. sjútvrh. hafði hér m.a. um framgöngu fyrri ríkisstjórnar í þessu máli. Því að eins og oft endranær þegar stjórnarliðar lenda í vandræðum, þá reyna þeir að finna sér málsvörn í því að þetta hafi nú verið lagt til eða stungið upp á þessu eða ýjað að svipuðum hlutum í tíð fyrri stjórnvalda og þar með sé það gott og blessað. En ég vil leyfa mér að fullyrða að hæstv. sjútvrh. gengur mjög langt í því að túlka niðurstöður funda sem áttu sér stað í tíð fyrri ríkisstjórnar að halda því fram hér að á þeim fundum hefði komið fram að Íslendingar væru reiðubúnir til að semja, að Íslendingar hefðu gert tilboð í þeim anda sem þessi samningur núna er. Þetta er einfaldlega rangt. Ég tel óhjákvæmilegt að það verði farið rækilega yfir það hvað þarna var á ferðinni og bestur til þess er auðvitað hæstv. fyrrv. forsrh. Ég treysti því þess vegna umræðunni ljúki ekki fyrr en hv. 7. þm. Reykn. hefur komið hingað og fengið vitneskju um ummæli hæstv. sjútvrh. og getur svarað þeim.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Auðvitað hefði ég heldur kosið að hv. 7. þm. Reykn. væri viðstaddur umræðuna en ég hef ekki fyrir mitt leyti gert við það athugasemdir. En staðreynd er að hann gekk til fundar við formann framkvmdastjórnar Evrópubandalagsins 18. apríl 1990 til þess að ræða EES-samningana og sérstöðu Íslands og bauðst þar til að semja um skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum. Ég hef aldrei haldið því fram að annað og meira hafi falist í þeim orðum en það sem þar var sagt, En það liggur fyrir að á þessum fundi var því lýst yfir að Íslendingar væru reiðubúnir að gera samning um skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum.

Það kemur svo sem alveg í ljós að hv. 4. þm. Norðurl. e. er svolítið boginn yfir því að þetta skuli dregið inn í umræðurnar vegna þess að auðvitað bar hann pólitíska ábyrgð á því að þessi sjónarmið voru reifuð og þetta boðið fram af Íslendinga hálfu í þessum viðræðum.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er dálítið annað að reifa sjónarmið og lýsa því yfir að það geti komið til greina að taka upp viðræður og hinu að vera reiðubúinn til samninga eða gera samningstilboð eins og hæstv. sjútvrh. bar upp á hv. 7. þm. Reykn. og fyrrv. forsrh. að hann hefði gert. Hann hefði boðið Evrópubandalaginu samninga. Það er mikill munur á þessu. Ég held að hæstv. sjútvrh. verði að gæta sín að taka ekki svona strákslega til orða og vanda sig þegar hann er að endursegja hluti sem gerast á fundum þar sem hann var ekki viðstaddur. Því að hann var þá í hvíld eftir að hans eigin ríkisstjórn hafði sprungið með eftirminnilegum hætti og endurhæfingu sem hefði þurft að standa lengur.

Svo vil ég segja um það sem hæstv. sjútvrh. hafði hér uppi um útreikning um jafngildi veiðiheimilda og studdist þar við stuðla og neitaði að horfast í augu við raunveruleikann. Þetta minnir mig mjög á reiknimeistarann Sölva Helgason. Hann hafði þá kenningu að reikningarnir væru mikilvægari en veruleikinn, að útkoma reikningsdæmisins væri réttari en staðreyndirnar. Þetta er nákvæmlega eins hjá hæstv. sjútvrh. Hann er eins og Sölvi Helgason að reyna að segja okkur það að einhverjar reikningsformúlur séu réttari en raunveruleikinn.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. ætti að spara sér það að líkja öðrum mönnum við Sölva Helgason.

Varðandi það sem hér hefur komið til umræðu, fundinn 18. apríl í Brussel, þá liggur það fyrir að hv. 7. þm. Reykn. tók það fram á þeim fundi að Íslendingar væru reiðubúnir að ganga til samninga um skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum. Nú ætlar hv. 4. þm. Norðurl. e., sem var samgrh. og landbrh. í þeirri ríkisstjórn, að halda því fram að það hafi ekkert verið að marka það sem hv. 7. þm. Reykn. sagði við fulltrúa erlendra þjóða meðan hann gegndi embætti forsrh., að það sem hann hefði sagt á slíkum fundum hafi verið markleysa og enginn þurfi að taka á því mark. Annað fólst ekki í yfirlýsingu eða orðum hv. 4. þm. Norðurl. e. í þessum ræðustól núna rétt áðan. (**SJS:** Þú ert að brjóta trúnað um fundargerð ríkisstjórnar, gerðu það þá rétt.)

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ræða hæstv. sjútvrh. gefur tilefni til alllangrar ræðu. Ég vildi leggja fyrir hann nokkrar spurningar.

1. Ef við gætum veitt þessi 3 þús. tonn af karfa, sem hann nefndi hér, telur hæstv. sjútvrh. líklegt að þeim yrði öllum landað á innlendum markaði og þess vegna eigi að nota þennan verðmætastuðul?

2. Telur hæstv. sjútvrh. að það hafi verið rangt af utanrrn. að nota þennan mælikvarða sem heilagan sannleika og líta þannig á að við fengjum 20% meira í okkar hlut?

3. Telur hæstv. sjútvrh. að loðnan hefði komið að miklu gagni á sl. ári?

4. Telur hæstv. sjútvrh. að loðnan muni koma að einhverju gagni á komandi vertíð?

Að lokum vildi ég spyrja hæstv. sjútvrh.: Hvað átti hæstv. sjútvrh., sem þá var alþingismaður, við þegar hann segir eftirfarandi þegar haft er eftir fyrrv. forsrh. að ekki komi til mála að bjóða upp á neinar veiðiheimildir innan okkar lögsögu nema gegn veiðiheimildum innan lögsögu EB-landanna, 7. mars 1989: „Við eigum að hefja viðræður við Evrópubandalagið til þess að styrkja íslenska hagsmuni en ekki til þess að gefa eftir af rétti Íslendinga"? Var það gegn íslenskum hagsmunum að gera þá kröfu að við fengjum veiðiheimildir í lögsögu EB?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þessar spurningar gefa tilefni til nokkuð lengri ræðu en hér gefst tækifæri til. En ég ítreka það að ég tel að þeir verðmætastuðlar sem sjútvrn. gefur út og hóf að gefa út í reglugerð meðan hv. 1. þm. Austurl. var sjútvrh., komist næst því að lýsa réttu verðmætamati á milli þessara tveggja tegunda. Það sé miklum mun meiri ágalli á öllum öðrum mælikvörðum og ég hef fært að því hér mjög gild rök. Ég hef aldrei haldið því fram að þessi mælikvarði væri alfullkominn. En hann kemst næst því að sýna þessa niðurstöðu.

Ég hef aldrei haldið því fram að þessi samningsniðurstaða feli í sér einhvern umtalsverðan mun okkur í hag og tel ekki að fyrir því séu nein rök. Það hefur aldrei verið dregin dul á það að á undanförnum árum hefur hluti af þessari loðnu komið í okkar hlut en það hefur líka verið á það bent á móti að Grænlendingar geta mjög hæglega selt Norðmönnum þessa loðnu og við eigum ekki samkvæmt samningnum rétt til stærra hlutfalls en kveðið er á um í honum sjálfum.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt að Grænlendingar geta selt Norðmönnum veiðiheimildir. En það gilda um það reglur hvernig Norðmenn mega veiða innan okkar lögsögu og ég vil vekja athygli á því að þeir mega aðeins veiða 35% af bráðabirgðakvótanum og þeir mega ekkert veiða eftir 15. febr. og það fer að koma að því að sá dagur renni upp.

Út af þessari deilu um verðmætastuðlana, þá held ég að það sé alveg ljóst að við verðum að líta á hvers virði þessi karfi væri ef við gætum veitt hann. Miðað við að hér er um fullnýttan stofn að ræða, þá gætum við veitt þessi 3 þús. tonn. Ég er þess fullviss að engum mundi detta í hug sem fengi þær veiðiheimildir að landa honum eingöngu á innlendum markaði. Það er staðreynd sem ekki verður á móti mælt og skiptir þar engu máli þótt meiri hluti sjútvn. og hæstv. ríkisstjórn líti á þessa stuðla sem heilagan sannleika. Að vísu er hæstv. sjútvrh. farinn að draga nokkuð í land og það er vel en það hefur ekki heyrst áður á Alþingi af þeirra hálfu.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er algerlega út í hött að halda því fram að hér eigi að nota stuðla þar sem byggt er á því að 50% af karfanum eru unnin um borð eða hann seldur á takmörkuðum markaði sem vegna takmörkunar á framboði gefur hátt verð og bera það saman við þorsk þar sem aðeins 20% er unnið um borð eða selt á þessum tilteknu mörkuðum. Það er auðvitað alveg út í bláinn að nota slíka stuðla við þetta mat. Þess vegna held ég því enn fram að ekki hafi verið færð gild rök fyrir því að aðrir stuðlar séu hentugri en þeir sem sjútvrn. gefur út í þessu efni.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. sjútvrh. sagði að það væri óskynsamlegt að bjóða þann loðnukvóta til kaups handa útgerðarmönnum á Íslandi undir þeim formerkjum að það ætti að veiða hann innan grænlenskrar lögsögu og undir þeim reglum sem þar um gilda vegna þess að það yrði erfiðara fyrir þá og hentugra að veiða hann innan íslenskrar lögsögu. Þeir mundu ekki geta veitt hann að öllum líkindum. Það er nákvæmlega það sem ég átti við. Þá fengju önnur íslensk skip að veiða þessa loðnu. Menn mundu ekki vilja borga mikið fyrir það.

Svo var afar merkilegt að heyra þá yfirlýsingu — það er gott að hún komi sem oftast fram — að þessi kvóti, 3.000 tonn af karfa sem á að veiða innan íslenskrar lögsögu er ekki til. Það er einhver nýr fiskstofn sem er að synda inn í lögsöguna handa EB til að

veiða. Það er ekki gert ráð fyrir því í úthlutun á veiðiheimildum og það er bara hægt að bæta við. Er þá ekki hægt að bæta við einhverju meiru?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þessi athugasemd hv. 3. þm. Vesturl. byggist á þeim misskilningi að það sé sjálfgefið að Íslendingar eigi þessa loðnu. Við erum að ræða hér um veiðar úr sameiginlegum stofni. Þegar við fáum hluta af kvóta Grænlendinga hlýtur það að vera til hagsbóta fyrir íslensk skip, sem fá þann kvóta, að fá að veiða hann innan íslenskrar lögsögu ef loðnan gefur sig betur þar. Allt annað er takmörkun á því og væri gegn hagsmunum íslenskra skipa sem fá þennan kvóta. Ég hélt að það ætti að liggja alveg í augum uppi og furða mig á því að hv. 3. þm. Vesturl. skuli ekki koma auga á þetta jafnglöggur maður og hann er og jafngóða þekkingu og hann hefur á málefnum sjávarútvegsins í landinu.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg með undarlegheitum að þetta skuli ekki komast inn í höfuðið á hæstv. sjútvrh. Við höfum fengið að veiða þessa loðnu og við hefðum fengið að veiða hana í vetur. Við fengum að veiða hana í fyrravetur. Hann er að gera samning til eins árs núna um það að við borgum 3.000 tonn af karfa fyrir þá loðnu sem við hefðum fengið að veiða ef hún verður til staðar á annað borð á þessari vertíð. Þannig lítur nú málið út. Ég undrast það að hæstv. sjútvrh. skuli leggja það á sig fyrir jafnlítið og hann hefur upp að rökstyðja fyrir þingi og þjóð þessa vitleysu sem hér er á ferðinni og hann skuli ekki frekar viðurkenna að það hljóti að vera einhver stærri og gildari ástæða fyrir því að menn gera þennan samning en sú að hann sé með jafngildum veiðiheimildum.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur margsinnis komið fram í þessari umræðu og það ætti hv. þm. að vita að loðnan hefur hagað sér með þeim hætti á undanförnum árum að hún hefur aðallega veiðst innan landhelginnar en í annan tíma höfum við þurft að sækja hana annað. Það hefur líka komið fram að Grænlendingar geta framselt þessar veiðiheimildir beint til Norðmanna og þá geta þeir veitt þessa loðnu innan okkar landhelgi á grundvelli ákvæða samningsins. Þetta eru alveg augljósar staðreyndir sem hv. þm. lokar augunum fyrir alveg endalaust. Það er ekki von að hann komist að skynsamlegri niðurstöðu meðan hann lokar augunum fyrir svo einföldum staðreyndum.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að endurtaka þá gagnrýni sem fram hefur komið á málstað hæstv. sjútvrh. Hann er að verja vondan málstað. Til að núa nú enn salti í sárin vil ég geta fleiri atriða, atriða sem hann svaraði lítið sem ekkert. Það er varðaði eftirlit og þar finnast mér svör hæstv. ráðherra ekki gefa tilefni til bjartsýni um það að fara að taka upp INMARSAT-staðsetningarkerfið og bendi á að það er þá í trássi við skoðun hv. utanrmn. sem birtir í sínu áliti, þetta er meiri hlutinn sem ég er að vitna í, meirihlutaálit hv. sjútvn. en þar er einmitt talað um að með endurskoðun verði þetta að nást í gegn, hvatt til þess. Auk þess tel ég að ekki hafi verið svarað gagnrýni varðandi löndunarstaði og lýsi eftir því að fá þau svör.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vakti aðeins athygli á því varðandi staðsetningartækin að við verðum með eftirlitsmenn um borð í þessum skipum allan tímann sem þau eru innan íslenskrar landhelgi og það verður þess vegna mjög auðvelt fyrir okkur að fylgjast með því hvar þau eru staðsett. Ég er síður en svo að hafa á móti slíkum staðsetningartækjum en þau ráða ekki úrslitum í þessu efni um eftirlitið. Við höfum tryggt það að fullu.

Varðandi löndunarhafnirnar, þá eru hér viðurkenndar þær hafnir þar sem við viðurkennum löndun úr íslenskum skipum og höfum talið það og teljum að eftirlitið sé fulltryggt með afla sem landað er úr íslenskum skipum. Þetta liggur fyrir í þessu máli og hefur margsinnis komið hér fram og ég veit að hv. þm. er ekki að heyra í fyrsta skipti.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi staðsetningartækin, þá vil ég einnig gagnrýna það eða ítreka þá gagnrýni sem ekki var svarað að það var ekki leitað til Landhelgisgæslunnar við undirbúning þessa máls. Þetta er ámælisvert.

Varðandi löndunarhafnirnar er hæstv. sjútvrh. áreiðanlega heldur ekki að heyra það í fyrsta skipti að það hefur verið töluverð gagnrýni á þessar löndunarhafnir einmitt vegna íslenskra skipa og svo að ég lesi nú bara úr blaði úr kjördæmi hæstv. ráðherra, þá segir Sigurbjörn Hilmarsson fiskverkandi, stærsti kaupandi á fiskmarkaði Vestmannaeyja: „vigtun erlendis skrípaleikur" og telur að þarna sé alls ekki um fullnægjandi eftirlit að ræða. Þetta er í blaðinu Fréttir frá 17. des. sl. og ef ég tala hér öðru sinni, þá er ég fús til að rekja þetta nánar.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er að sjálfsögðu alltaf eðlilegt að fylgjast sem best með því hvernig eftirlitinu er hagað, en það hafa ekki verið færð fram fyrir ráðuneytið upplýsingar sem gefa tilefni til þess að það megi ekki treysta því eftirliti sem ráðuneytið hafði viðurkennt í þessu efni, í þessum tilteknu höfnum.

Varðandi staðsetningartækin þá er ástæðulaust að hafa um þau mörg orð. Ég geri ekki ráð fyrir því að það verði erfitt að sækja þessar kröfur því að eins og ég hef greint hér frá áður, þá hefur framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins verið að gera kröfu um það gagnvart sínum bandalagsríkjum að setja slík staðsetning-

artæki um borð í fiskiskipin til þess að hafa betra eftirlit með þeim. Það segir hins vegar ekki aðra sögu en þá hvar skipin eru staðsett á hverjum tíma, ekki hvað þau eru að veiða eða hvernig samsetning aflans er.

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst nauðsyn á að koma hér upp og ræða aðeins um þennan samning og þá aðallega framkvæmdahlið hans. Það var vikið að því í morgun af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að honum fyndist furðuleg afstaða mín til þessa samnings og lét hann að því liggja jafnframt að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefði líka einkennilega afstöðu til þessa samnings. Ég held að ég verði að láta þess getið varðandi það sem lýtur að framkvæmdahlið samningsins, að ég held að bæði aðalsjómannasamtökin í landinu hafi lýst því yfir að þau teldu framkvæmdahliðina í lagi, þ.e. eftirlitið. Það var gerð krafa um það frá sjómannasamtökunum að það yrðu veiðieftirlitsmenn um borð í þessum skipum. Það náðist fram. Og það teljum við fullnægjandi tryggingu fyrir veiðieftirlitinu og framkvæmd veiðanna.

Ég vil aðeins geta þess að það var mikið gert úr því hér að það væri gott að geta fylgst með þessum skipum í gegnum gervitungl og þá hafa menn jafnvel sagt sem svo: Með því er hægt að sjá hvort skipin eru að veiðum eða ekki. Þetta er ekki rétt. Menn sjá það alls ekki í gegnum gervitungl með staðsetningu hvort skipin eru að veiðum. Menn geta sé hraða skipanna, geta séð hvort þau eru á siglingu, þeir geta séð hvort þau eru á hægri siglingu eða hraðri siglingu. Þeir sjá ekkert um það hvort skipin eru með veiðarfæri í sjó eða ekki þannig að það eru eingöngu veiðieftirlitsmennirnir sem geta staðreynt það hvort skipin eru raunverulega að veiðum eða hvort þau eru að gera eitthvað annað. Hraði skipsins getur verið misjafn af mörgum ástæðum og þarf ekki endilega að þýða það að skipið sé að veiðum þó það sé á togferð þannig að sjálfvirk skylda um þetta atriði kveður ekki á um það með óyggjandi hætti þannig að menn geti staðreynt það hvort skip er að veiðum eða ekki að veiðum. En það gera hins vegar veiðieftirlitsmenn. Þeir hafa þær skyldur að fylgjast með aflasamsetningunni. Það er ein af þeim kröfum sem settar voru fram og þær náðust fram varðandi framkvæmd á því. Menn voru líka mikið að tala um veiðisvæðin, hvar þau ættu að vera. Svo einkennilegt sem það er, þegar þessi samningur kom upp, þá voru Sjómannasamtökin frekar inni á því að veiðisvæðin yrðu frekar útfærð þannig að þessi skip gætu einhvern tíma lokið veiðum.

Það voru uppi tvö sjónarmið í þessum samningum á sínum tíma. Annars vegar að reyna að útfæra veiðisvæðin þannig að menn næðu litlum árangri við veiðarnar og hins vegar að þeir næðu upp aflanum sem þeir ættu að ná. Það var niðurstaða sjómannasamtakanna, tel ég vera eftir því sem ég veit best, að menn voru á því að láta þá hafa þau veiðisvæði þar sem þessum veiðum lyki þannig að menn væru ekki með þessi 5 skip hér of lengi inni í landhelginni. Það var sett niður tímabilið frá júlí til áramóta, það var líka að okkar ósk. Við vildum gjarnan að það yrði seinni hluta árs og vissulega væri það æskilegast í framkvæmd á þessum samningi að þessum EB-skipum tækist að klára aflaheimildir sínar einhvern tíma, t.d í okt., nóv., að þau væru ekki inni í landhelginni nema 4–5 mánuði á ári. Það væri vissulega ágætisstaða að þessum veiðum lyki sem fyrst. Þess vegna voru veiðisvæðin sett út með það að markmiði að menn næðu árangri við veiðarnar og væru ekki hér lengur en nauðsynlegt væri. Það voru tvö sjónarmið uppi í þessu máli eins og ég gat um áður. Það var annars vegar að gera skipunum jafnvel erfitt fyrir og hins vegar að þessu lyki og niðurstaða okkar varð sú að við vildum frekar að þessu lyki, menn kláruðu veiðiheimildirnar.

Það hefur mikið verið talað hér um verðmæti og gagnkvæmni veiðiheimildanna. Nú geta menn vafalaust deilt mikið um það fram og til baka og ætla ég ekki að gerast dómari í því hvort veiðiheimildirnar eru hér á einhverjum jöfnum skyldum eða ekki. En það er samt ljóst að verðmæti þessara heimilda, ef við mundum landa þeim t.d. í Austurlandskjördæmi, þá mundu 3 þús. tonn af karfa leggja sig á meðalverði Austfjarða á 105 millj. en loðnan á 120 millj. ef við notum 35 kr. verð á karfa í Austurlandskjördæmi og hins vegar 4.000 kr. á loðnutonnið.

Nú er það auðvitað ekki svo sem réttilega hefur verið bent hér á að karfanum sé öllum landað hér innan lands. Honum er að hluta til landað erlendis og menn leitast við að fá heimild til þess að gera það, en þá kemur hins vegar til 10% skerðing á karfaheimildunum. Menn þurfa að hafa fyrir því og það má vafalaust reikna sig þeim megin að það verði einhver plús út úr ef við segjum að 20% hlutfall sé selt á erlendum markaði, þá er vafalaust orðinn einhver plús út úr karfanum þannig veiddum og þannig seldum miðað við loðnu. En ætli menn verði þá ekki líka að setja eitthvað af loðnunni út og segja að það sé hægt að ná meira verði fyrir hana landaðri erlendis heldur en innan lands.

Það má vafalaust um þetta deila. Ég ætla ekki að gerast dómari í þessu máli en svona lítur þetta út. Menn geta haft á þessu hver sína skoðun. Og ég tel að eftir atvikum hafi ekki komið við það athugasemdir frá Sjómannasambandinu eða Farmannasambandinu, þá geti menn við þetta unað í tengslum við EES-samninginn.

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Því miður missti ég af ræðu hæstv. sjútvrh. en mér skilst að hún hafi verið mjög athyglisverð og mun hann ekki síst hafa rætt um fund þann sem hæstv. utanrrh. og ég áttum í Brussel 18. apríl 1990. Í ræðu hæstv. sjútvrh. mun hafa komið fram að þar hafi ég boðið upp á samninga. Ég sé mér ekki annað fært en leiðrétta enn einu sinni hæstv. sjútvrh. Ég vil nú gjarnan spyrja hann: Hvernig dettur honum í hug að við höfum getað boðið upp á samninga?

Upp á hvaða samninga gátum við boðið? Staðreyndin er sú að hæstv. utanrrh. og ég fórum til Brussel. Við áttum þar fyrst fund með Delors. Á þeim fundi vorum við tveir og sendiherra Íslands í Brussel. Þar gerðum við Delors grein fyrir sérstöðu okkar Íslendinga og nauðsyn þess að við þyrftum að fá ýmsum sérkröfum fullnægt og jafnframt gerðum honum grein fyrir stöðu mála í samningaumleitunum almennt og ekki síst þá innan EFTA-ríkjanna. Í framhaldi af því var haldinn fundur með framkvæmdastjórninni þar sem hún var mestöll mætt. Mig minnir að þeir hafi verið einir 10 eða 11 þar mættir. Á þeim fundi hóf sá framkvæmdastjóri, sem hafði þá með sjávarútvegsmál að gera, Marin, að ræða að það þyrfti að ganga frá sjávarútvegssamningi eins og heitið hefði verið með samningnum 1972 sem kom til framkvæmda 1976. Um þetta urðu nokkrar umræður og ég lýsti því þar að hann væri að sjálfsögðu velkominn til Íslands og við skyldum halda áfram að reyna að tala um þá hluti. Hins vegar hefðum ekki upp á mikið að bjóða. Ég spurði jafnframt að því hvar þeir vildu bjóða okkur og fengust engin svör við því, engin. Á þessum fundi urðu töluverðar umræður og m.a. voru þar menn sem sýndu mikinn skilning á málstað okkar Íslendinga eins og t.d. dr. Bangeman og fleiri. Ég man ekki nöfnin á þeim öllum. Ég hef ekki haft tíma til að fara út á skrifstofu og sækja þá skýrslu sem ég hef um þennan fund.

Í framhaldi af því átti síðan aðalsamningamaður Íslands, Hannes Hafstein, viðræður við Marin og út úr þeim viðræðum kom akkúrat ekki neitt því að við töldum okkur ekki geta boðið neinn fiskstofn sem væri fullnýttur á Íslandsmiðum. Og kolmunninn var eitthvað nefndur í því sambandi en hann sætti sig ekki við það. Kannski er besta sönnun á því að þarna var ekkert boðið að blessaður maðurinn kom aldrei til Íslands, þáði aldrei boðið. Og ég veit ekki betur en þáv. hæstv. sjútvrh., núv. 1. þm. Austurl. hafi ítrekað það að við skyldum ræðast við en það varð aldrei úr því. Ég spurði eftir því síðar hvers vegna og þá var svarið það að hann vildi ekki koma til Íslands því honum væri ljóst af þeim upplýsingum sem hann hefði fengið hjá okkur að við mundum ekki vera tilbúin að semja um neitt. Það var svarið sem ég fékk nokkru síðar þegar enn var borið við að ekki væri búið að ganga frá þessum samningum svo að það er vitanlega alger misskilningur eða rangfærsla, hvað menn vilja kalla það, að þarna væri boðið upp á samning. Því fer svo víðs fjarri. Það þarf að svara kröfunni um það að frá samningi yrði gengið. En þótt við byðum Marin að koma til Íslands þótti honum ekki í boðinu felast neitt það sem umræðuvert væri. Þetta er staðreynd málsins og hann kom aldrei til Íslands.

Fyrst ég er staðinn upp þá vil ég aðeins segja örfá orð um það sem ég heyrði hér áðan. Vitanlega er það rétt hjá síðasta hv. ræðumanni að verðgildið á karfanum og á loðnunni fer nokkuð eftir því og mjög eftir því hvar er landað. Hins vegar held ég að öllum hljóti að vera ljóst að þeim karfa sem hin erlendu skip munu veiða verður ekki landað hér og því er viðmiðun við þann karfa ekki nema ein og hún er verð fyrir karfa á erlendum mörkuðum og það höfum við. Annars hélt ég að það þyrfti lítið um þetta að deila lengur svo mörg eru vitnin orðin sem hafa sagt sannleikann í þessu máli og gefið upp verðhlutfall sem sýnir eins og reyndar segir í nál. meiri hluta utanrmn. að verðið mun eitthvað liggja nær því að vera 1:2, þ.e. okkur Íslendingum í óhag í þessu sambandi. Ég held að þetta liggi nú svo fyrir að menn ættu ekki að vera að deila um það og spurningin þá nánast sú hvort menn ætla er að gera þennan samning til þess að ekki verði úr hótun EB að undirrita ekki samninginn um Evrópska efnahagssvæðið án þess að svona samningur sé gerður. Við höfum lýst því sem höfum andmælt þessum samningi að þarna sé miklu fórnað og þarna er kannski því mest fórnað sem er ápreifanlegt, getum við sagt, að hleypt er skipum Evrópubandalagsins aftur inn í íslenska fiskveiðilögsögu og hvað mun fylgja? Menn mega ekki færa sig upp á skaftið. Í þessu sambandi hefur verið bent á að belgískir togarar hafa leyfi til að veiða hér. Þeir munu vera 3 eftir af 12 og eru síðutogarar mjög gamlir sem fengju leyfi vegna þess að þeir veiddu hér áður og Belgar veittu okkur mjög ákveðinn stuðning við útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Það er vitanlega allt, allt annað mál. Um þetta var samið þegar við fengum þennan stuðning sem við mátum mjög mikils. Mér dettur ekki í hug og ég reyndar tek undir það, ég held að a.m.k. hæstv. utanrrh. hafi lýst því yfir, að ekki komi til greina að segja þeim samningi upp. Það væru svik við það sem þá var um samið. Þetta er allt annað mál. Hér er brotið í blað. Hér er togurum og fiskiskipum Evrópubandalagsins almennt, án þess að við höfum nokkurt vald á því hvaðan þau fiskiskip koma, hleypt inn í íslenska fiskveiðilögsögu.

Annars er búið að þaulræða þetta mál, en af því að þetta kom hér sérstaklega m.a. í kjölfar minnar ræðu og ég hef m.a. minnst á það hér aftur, þá vildi ég sérstaklega geta þess. En fyrst og fremst stóð ég upp, virðulegi forseti, til þess að gera grein fyrir því sem gerðist í Brussel og ef menn óska að deila um það áfram, þá vek ég sérstaklega athygli á þeirri staðreynd að Marin þáði ekki boðið, taldi ekkert boðið. Og það náttúrlega hlýtur að sanna það betur en flest annað að við buðum ekki upp á samning í Brussel.

Útbýting þingskjals:

Grunnskóli, 296. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 588.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill geta þess að gert er ráð fyrir því að gera hlé á þessum fundi kl. 4 vegna þingflokksfunda, en síðan hefst fundurinn að nýju kl. 6 og er þá gert ráð fyrir atkvæðagreiðslu um 1. dagskrármál fundarins.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna ummæla hv. 7. þm. Reykn. vil ég gera hér nokkrar athugasemdir. Fyrst í tilefni af ummælum hans um fund hans og hæstv. utanrrh. í apríl 1990 með framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins.

Ég hygg að það sé alveg kórrétt að hæstv. ráðherrar hafi farið á þennan fund til þess að ræða almennt um stöðuna í EES-samningunum og sérstaklega um sérstöðu Íslands. Ég hef aldrei haldið því fram að á þeim fundi hafi hv. 7. þm. Reykn. gengið frá samningi um gagnkvæm fiksveiðiréttindi en ég hef haldið því fram að hann hafi á þeim fundi sem forsrh. Íslands lýst því yfir að hann væri reiðubúinn að ganga frá slíkum samningi og hef ekki heyrt hv. þm. mótmæla því fyrr að hann hafi tekið þetta fram á þeim fundi. Það væri vitaskuld eðlilegast að hann gengist fyrir því að birta þá fundargerð sem um þennan fund var gerð. Þá kæmi hið rétta í ljós hvað hver hefði sagt á þessum fundi. En það hefur oft komið til umræðu áður og ekki í fyrsta skipti nú við þessa umræðu að einmitt á þessum fundi þáv. forsrh. og utanrrh. með framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hafi þessum vilja verið lýst yfir og því hefur ekki fyrr verið mótmælt af þeim sem þann fund sátu.

Ég vil líka minna á að ég man ekki betur en það hafi verið tekið fram æðioft af ráðherrum fyrrv. ríkisstjórnar að samningar um fiskveiðimálefnin ættu að koma síðast í umræðunum og það var af hálfu fyrrv. ríkisstjórnar talið sterkast fyrir Ísland að tefla þeim málum fram í lok viðræðnanna. Þetta kom oft til umræðu á síðasta kjörtímabili hvenær ætti að láta reyna á sjónarmið Íslands. Og þá var þessu jafnan haldið fram af hálfu þáv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Þess vegna þarf það ekki að koma á óvart þó að frá þeim hluta samninganna hafi ekki verið gengið undir lokin.

Hitt stendur auðvitað að þetta skref var stigið af Íslands hálfu á þessum fundi að opna fyrir það að frá slíkum samningum yrði gengið og frá því getur hv. þm. Reykn. ekki hlaupið hversu oft sem hann kemur hér upp í þennan ræðustól.

Hann ræddi svo um það hvort þessi samningur fæli ekki í raun og veru í sér hótun Evrópubandalagsins um að EES-samningurinn kæmi ekki til framkvæmda nema þessi samningur yrði gerður. Ég ætla auðvitað ekki að svara fyrir Evrópubandalagið í því efni. Við höfum frá öndverðu haldið því fram að þessum samningum um samskipti á fiskveiðisviðinu og hugsanleg skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum yrði að halda til haga í sérstökum samningi og sú hefur verið afstaða okkar. Því er hins vegar ekkert að leyna að Evrópubandalagið hefur fyrir sitt leyti talið nauðsynlegt að ljúka þessum málum áður en það gerði við okkur samninga á öðrum sviðum. Og ég tel að þær viðræður sem fram fóru í tíð fyrri ríkisstjórnar bæði af hálfu hv. 7. þm. Reykn. og hálfu 1. þm. Austurl. sýni að Framsfl. var í þeirri ríkisstjórn reiðubúinn til þess að gera slíka samninga ef þeir yrðu ásættanlegir. Nú má það vel vera að menn komist að því síðar að samningarnir séu ekki ásættanlegir. Það er eitt. En hitt að halda því fram að í tíð fyrri ríkisstjórnar hafi þetta aldrei komið til álita og þeir sem nú séu að gera slíka samninga séu að glata sigrinum í landhelgismálinu er auðvitað alveg fráleitt, enda hefur komið mjög glögglega í ljós í þessari umræðu að það er ekki samhengi á milli ummæla formanns og varaformanns Framsfl. í þessu efni. Hv. 1. þm. Austurl. tók mjög skýrt fram í sinni ræðu að það hefði alltaf verið talið hugsanlegt að til einhverra slíkra samninga gæti komið ef það takmarkaði ekki umsvif íslenskra skipa. Ég held að hv. þm. sé mjög samkvæmur sjálfum sér í þessu efni. Hann getur síðar komið fram með þau sjónarmið að á lokastigi hafi samningarnir að hans mati ekki orðið þess eðlis að hann gæti stutt þá og það hefur hann gert hér. Þó að ég telji þau rök ekki fullgild, þá er það út af fyrir sig sjónarmið. En hitt er algerlega fráleitt sem hv. 7. þm. Reykn. heldur hér fram að slík skipti hafi aldrei komið til greina og hafi ekki verið rædd af fyrrv. ríkisstjórn við Evrópubandalagið. Það er gersamlega út í hött, enda stangast hér á fullyrðingar þessara tveggja hv. þm., formanns og varaformanns Framsfl.

Að því er varðar sjónarmið hv. 7. þm. Reykn. um jafngldi veiðiheimildanna, þá var hann ekki viðstaddur umræðuna hér áðan þegar ég gerði grein fyrir mínum sjónarmiðum í þessu efni. Það er auðvitað alveg rétt þegar verið er að meta saman verðhlutföll í karfa og þorski að hvorki allur karfinn né allur þorskurinn er seldur á innlendum markaði. En menn mega heldur ekki gleyma því þegar verið er að búa þessi verðhlutföll til eða meta þessi verðhlutföll að það á við um báðar þessar tegundir að hluti af þeim er seldur á erlendum markaði og hluti af þeim var unninn úti á sjó. Og þegar verið er að fjalla um heildarverðmætastuðla Þjóðhagsstofnunar, þá er ekki hægt að horfa fram hjá því að þar er verið að hluta til að meta fisk sem búið er að vinna og að hluta til er verið að fjalla um fisk sem seldur er á erlendum mörkuðum við hæsta verði af því að við takmörkum framboðið inn á þessa markaði. Þannig liggur það fyrir að um það bil 50% af karfanum eru annaðhvort seld á þessum mörkuðum eða unnin um borð í skipunum en aðeins 20% af þorskinum. Og þetta hlýtur að hafa áhrif á það mat sem menn lesa út úr þessum heildarverðmætastuðlum.

Það er alveg kórrétt hjá hv. 7. þm. Reykn. að að öllum líkindum munu Evrópubandalagsskipin selja þennan karfa á erlendum markaði. Það gæti alveg verið áhyggjuefni fyrir okkur að slíkt viðbótarframboð hefði einhver áhrif á verðið á þeim markaði. Það er fyllilega efni til nokkurrar umræðu og það er fullkomlega eðlilegt að menn velti því fyrir sér því að auðvitað getur það gerst. En ég hygg að hér sé um svo lítið magn að ræða að það geti aldrei velt þungu hlassi í því efni. En aðalatriðið er að það er ekki hægt eins og hv. þm. setur sitt mál fram að miða verðmæti karfans við þennan takmarkaða markað. Í Þýskalandi eru um 22% af karfaaflanum seld á uppboðsmarkaði þar og taka það hæsta verð sem þar fæst og segja að út frá því eigi að miða heildarverðmætin. Það er gersamlega út í bláinn og fær ekki staðist. Þannig að eftir stendur þrátt fyrir þessa ræðu og þær sem áður hafa verið fluttar að skásti mælikvarðinn sem við höfum í þessu efni og sá eini sem við getum í raun og veru stuðst við eru verðmætastuðlar sjútvrn. en þeir eru ekkert hárnákvæmir eða ekki heilagir eins og hv. 1. þm. Austurl. vill orða það og ég hef margsinnis sagt að ég er alveg sammála honum í því. Það er einfaldlega ekki hægt að búa til

verðmætastuðla eða mælistiku sem er alveg óyggjandi og án nokkurra skekkjumarka. Ég hygg að það sé ekki nokkur leið að gera. En þessir verðmætastuðlar komast næst því að sýna eðlilegt mat á milli þessara tegunda.

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í skýrslu þeirri sem gerð var eftir fundinn í Brussel mun hafa staðið, eftir því sem Morgunblaðið sagði fyrir kosningar: Forsrh. vildi taka fram að Ísland hefði verið og væri reiðubúið til að ganga frá fiskveiðisamningi sem tæki til rannsókna, þróunar, nýtingar og gæslu sameiginlegra fiskstofna og mögulegum gagnkvæmum skiptingum á fiskveiðiheimildum. Sem sagt, þetta er eflaust orðrétt það stendur í skýrslunni. Og staðreyndin er vitanlega sú að við höfum lengi verið skuldbundnir til þess að ganga frá samningi sem tekur til rannsókna, þróunar, nýtingar og gæslu sameiginlegra fiskstofna. En það voru síðustu orðin, „mögulegum, gagnkvæmum skiptum á veiðiheimildum" sem leiddu til þess að Marin kom ekki til Íslands því að hann vildi fá nánari útlistun á því hvaða möguleikar þetta væru og ég varð að segja honum að eini stofninn sem við gætum hugsanlega boðið upp á, væri kolmunni. Það væri eini vannýtti stofninn. Þetta er staðreynd málsins og ég vona að hæstv. ráðherra vefengi þetta ekki því að sjálfur núv. forsrh. Davíð Oddsson var með þetta á kosningafundi hjá sjálfstæðismönnum fyrir kosningar. Og ég veit að í viðtölum sem fóru fram á eftir við Hannes Hafstein þá var þetta endurtekið, að við gætum því miður ekki boðið upp á aðra fiskstofna og það varð til þess að ekkert varð úr viðræðum. Þetta er staðreynd málsins og ég veit ekki hvað þarf út af fyrir sig að deila um það frekar.

Ég vil vekja athygli á því að ég sagði í framsöguræðu minni fyrir minnihlutaálitinu að við hefðum talið samningu um skipti á loðnu og langhala miklu frekar koma til greina af því að langhalinn væri vannýttur fiskstofn.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem máli skiptir er það að hv. 7. þm. Reykv. hefur staðfest hér að hann lýsti því yfir á nefndum fundi með framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins að Íslendingar væru reiðubúnir að ganga frá samningi sem fæli í sér hugsanleg skipti á veiðiheimildum. Það er kjarni þessa máls sem hv. þm. hefur hér staðfest að hann hafi lýst yfir. Og auðvitað er það alveg fráleitt að sá maður sem hefur lýst þessu yfir fyrir Íslands hönd geti komið hér nokkrum missirum seinna og sakað aðra um að hafa gefið eftir í landhelgissigrinum. Auðvitað er það alveg fráleitt. Hitt er annað mál að hér var aðeins lesinn upp mjög lítill hluti af þessari fundargerð og það væri auðvitað æskilegt að hv. þm. beitti sér fyrir því að hún yrði birt í heild til þess að skýra þetta mál að öðru leyti, sérstaklega að því er varðar boð til Marins á þessum fundi um að koma hingað og hvaða aðrar fisktegundir voru nefndar á fundinum sem hugsanleg skipti á veiðiheimildum. Vegna þess að hv. 7. þm. Reykv. hefur nefnt það hér að á þessum fundi hafi verið tilgreindar tilteknar tegundir og fram hafi komið á fundinum boð til Marins um að koma hingað, þá er nauðsynlegt að fundargerðin sé birt að stærri hluta til þannig að sá hluti sem lýtur að heimboðinu og þessum tilteknu tegundum verði birtur.

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er nú orðin satt að segja hálfundarleg þráhyggja. Við höfum allt frá 1972 tjáð okkur reiðubúna til þess að semja um rannsóknir og eftirlit með fiskstofnum. Við höfum alltaf gert það og þótt það væru ekki allir ánægðir með samninginn sem lá fyrir 1981, þá var afar erfitt að neita þeim samningi sem þá lá fyrir en það strandaði á veiðiheimildum. Það strandaði á því að við bentum á kolmunnann eins og við höfum alltaf gert og þeir lýstu ekki áhuga á kolmunnanum. Þetta er bara staðreynd málsins.

Á árinu 1989 er ákveðið eins og allir vita að skoða hvort megi skipta á veiðiheimildum en við töldum okkur ekki fært að benda á annan fisk en kolmunnann og það var ekki heldur áhugi fyrir því svo að ég held að málið liggi út af fyrir sig algerlega ljóst fyrir. Að sjálfsögðu kom ekki til mála að hafna því að halda áfram þeirri viðleitni sem við höfðum beint eða óbeint gengist undir með samningnum frá 1972–1976 að gera tilraun til þess að ná samningi.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til þess að spyrja hv. 7. þm. Reykn. sem hér hefur staðfest að hann hafi lýst því yfir að Íslendingar væru reiðubúnir að ganga frá samningi um gagnkvæmar veiðiheimildir, hvort hann telji það vera í samræmi við slíka yfirlýsingu að saka nú, á ekki lengri tíma sem liðinn er frá því að þessi yfirlýsing var gefin, aðra um að hafa gefið eftir af landhelgissigrinum og hleypt erlendum skipum inn í íslenska landhelgi. Er það frambærilegt að saka nú aðra um að hafa gefið eftir af landhelgissigrinum eftir að hafa opnað viðræður með yfirlýsingu af þessu tagi í apríl árið 1990?

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 1. mál.

Fundi slitið kl. 5.59 síðdegis.

100. FUNDUR

þriðjudaginn 12. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Samningar við EB um fiskveiðimál, stjtill., 275. mál, þskj. 375, nál. 549 og 579. — Frh. síðari umr.
2. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 1. mál, þskj. 580, frávtill. 586. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Lánsfjárlög 1993, stjfrv., 145. mál, þskj. 166, nál. 532 og 534, brtt. 533 og 551. — 2. umr.
4. Grunnskóli, stjfrv., 296. mál, þskj. 452, nál. 588. — 2. umr.

Samningar við EB um fiskveiðimál, frh. síðari umr.

Stjtill., 275. mál. — Þskj. 375, nál. 549 og 579.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það hefur ýmislegt komið fram í þessari síðari umræðu sem gerir það að verkum að ástæða er til þess að víkja að málinu nokkrum orðum og enn fremur það að hæstv. utanrrh. hefur ekki séð ástæðu til að svara spurningu sem ég lagði fyrir hann í umræðu um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið sem lýtur óvefengjanlega að þessu máli, svo samtengd sem þessi tvö mál eru og fram kemur m.a. í skjölum um Evrópska efnahagssvæðið.

Ég ítreka því spurningu mína til hæstv. utanrrh. og vil fara um hana nokkrum orðum og leitast við að fá einhver svör við henni. Því verður ekki trúað að hæstv. ráðherra, svo skeleggur sem hann er í svörum þegar fréttamenn eiga í hlut, geti ekki haft sig upp í ræðustól til að svara þeim spurningum sem til hans hefur verið beint af þingmönnum, jafnvel þótt mér sé ljóst að þingmenn séu ekki í sérstöku uppáhaldi hjá hæstv. ráðherra og hann kýs að ræða mál sín fremur við aðra en þá og á öðrum vettvangi en hér í þingsölum.

Það sem ég hafði vakið athygli á er að á fundi Evrópustefnunefndar með varaforseta framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, Henning Christophersen, sem haldinn var í september 1990, þá kom það fram hjá varaforsetanum að vissulega hefðu Íslendingar opnað sína markaði fyrir iðnvarningi frá Efnahagsbandalagslöndunum án þess að fá í staðinn fríverslun með fisk og fiskafurðir. Þar þyrfti því að nást jafnvægi á þessu sviði eða með öðrum orðum viðskiptin og samningar á milli aðila væru þannig að það væri ójafnvægi Íslendingum í óhag og þyrfti því að rétta þetta ójafnvægi sem yrði þá gert væntanlega með því móti að Evrópubandalagið legði eitthvað á móti af sinni hálfu til að ná jafnvægi. Jafnframt kom fram hjá varaforseta framkvæmdastjórnarinnar að spurningar um fisk og fiskveiðiréttindi yrðu ekki þær erfiðustu í samningaviðræðunum um Evrópska efnahagssvæðið.

Ég vil í ljósi þessarar afstöðu varaforseta framkvæmdastjórnarinnar, sem ég tel að hljóti að túlka viðhorf manna þar innan dyra þó að í sjálfu sér verði ekki um það fullyrt, en ég tel afar líklegt að hann túlki viðhorf framkvæmdastjórnarinnar í þessu efni, óska eftir því við utanrrh. að hann útskýri fyrir okkur í hverju þessir samningar tveir gæfu okkur þetta jafnvægi sem fyrir lá að var ekki fyrir hendi.

Ég sé að hæstv. utanrrh. hefur ekki mætt til þingfundar, virðulegi forseti, og ég vænti þess og þarf raunar ekki að spyrja að því að forseti hlýtur að hafa kvatt utanrrh. til fundar svo ég vænti þess að hann komi áður en ég lýk ræðu minni.

Ég hlýt að velta því fyrir mér: Er það í þessum samningi, um fiskveiðiréttindi, um fiskveiðimál og lífríki hafsins eins og það heitir fullu nafni, sem verið er að rétta þetta ójafnvægi? Það hefur mátt skilja á hæstv. utanrrh. að samningurinn sá, sem hér er til umræðu væri okkur hagstæður, að hann færði okkur meira en það sem við létum af hendi í staðinn. Er það því þessi samningur sem veitir Íslendingum það sem á vantaði til þess að jafnvægi væri í viðskiptum milli EB og Íslands að mati varaforseta framkvæmdastjórnar EB?

Ég hef líka tekið eftir því að hæstv. sjútvrh. er ekki sammála hæstv. utanrrh. um þetta mat, heldur hefur hæstv. sjútvrh. teygt sig lengst þannig að samningurinn sjálfur væri í jafnvægi, þ.e. við bærum ekkert meira úr býtum í þessum sjávarútvegssamningi en við látum af hendi. Það ætti ekki að mati sjútvrh. að jafna það ójafnvægi sem fyrir er með þeim samningi sem hér liggur fyrir. Ráðherrarnir eru greinilega ósammála um gildi eða þýðingu þessa samnings fyrir Íslendinga.

Þá eru það fáein atriði sem fram komu í ræðu sjútvrh. í gær sem ég tel rétt að staldra aðeins við.

Það fyrsta sem kom fram hjá ráðherranum var að líklega yrði kvóti íslenskra skipa ekki skertur í karfaheimildum sem næmi þeim kvóta sem ætlunin er að veita flota Evrópubandalagsins. Ég vil fá fram afdráttarlausari svör um þetta mál, það hlýtur að liggja fyrir ákvörðun af hálfu sjútvrh. um þetta, og óska því eftir því að ráðherra upplýsi það afdráttarlaust hvort svo verður að sá karfakvóti sem Evrópubandalagið má veiða verði hrein viðbót við úthlutaðan kvóta eða hvort það verður dregið af kvóta íslenskra skipa síðar. Það er ekki nægjanlegt í þessari umræðu af hálfu hæstv. sjútvrh. að svara því til að líklega verði þetta viðbótarkvóti. Hér þarf að svara afdráttarlaust þannig að staðreyndir liggi fyrir.

Þá flutti ráðherrann langt mál með undarlegum rökstuðningi um verðmætastuðla sem gáfu honum þá niðurstöður sem hann vildi fá, en þar kom m.a. fram að það þyrfti að leiðrétta þessa stuðla með hliðsjón af því að karfi er meira fluttur út óunninn en þorskur vegna mismunandi stýringar á útflutningi á þessum tveimur tegundum. Ráðherrann gat þess einnig að það verð sem fengist hefði á Þýskalandsmarkaði fyrir óunninn karfa, sem er, að því er mig minnir, á síðasta ári 101 kr. á kíló á meðalverði ársins, hefði fengist fram vegna stýringarinnar, að Íslendingar hefðu takmarkað framboð-

ið og stýrt því inn á þennan markað til að ná fram sem hæsta verði.

Ég hlýt því að vekja athygli á því að ef það er ætlun Íslendinga eða sjútvrh. að bæta þessum 3.000 tonnum af karfa við það sem á að veiða hlýtur meira magn að koma inn á þessa markaði og að líkindum lækka meðalverðið. Ef við skoðum listann yfir löndunarhafnir má sjá að það er ekki ólíklegt að afar mikið af þessum karfa fari einmitt inn á þessa sömu markaði og við höfum verið að selja okkar karfa á.

Ég hlýt líka að benda á það í öðru lagi að með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið erum við í reynd að afsala okkur þeim möguleika að stýra útflutningi á óunnum fiski. Það atriði líka getur leitt til þess að útflutningurinn verði með þeim hætti að það lækki meðalverðið. Þessi tvö atriði, afnám stýringar og aukið magn, geta orðið til þess að skaða þann útflutning á karfa sem verið hefur héðan á þessa markaði.

Það kom fram hjá ráðherra að 28% af þeim karfa sem íslensk skip veiða hefðu verið flutt út á markað sem ísfiskur. Nær allt það magn, eða 22% minnir mig að hafi komið fram, hafi farið á Þýskalandsmarkað. Það er ekkert lítið í húfi ef Íslendingar eru að stíga skref sem leiða til þess eða geta leitt til þess að meðalverðið lækki, ekki bara á þeim afla sem Evrópubandalagið fengi að veiða, þessum 3.000 tonnum þeirra, heldur líka á þeim afla sem íslensku fiskiskipin hafa verið að senda út fram til þessa og munu gera áfram. Það væri fróðlegt að fá fram mat á því, ef einhver er til þess bær, hvað þessi áhrif gætu orðið mikil. Ég býst við að það geti enginn slegið neinu föstu um það, en bæði þessi atriði, stýringin eða afnám hennar og aukinn afli, eru líkleg til þess að valda lægra fiskverði á karfa á Þýskalandsmarkaði. Ef það gerist er um að ræða tjón fyrir íslenska hagsmuni.

Ég vil líka benda á það atriði, fyrst hæstv. ráðherra heldur sig dálítið mikið við það að gera mun á því hvort menn eru að miða við verðmæti karfa á innlendum markaði eða erlendum, að það skiptir máli við mat á því hversu mikið við erum að heimila Evrópubandalagslöndunum að veiða hér á landi hvar fiskurinn er vigtaður upp úr skipinu. Ef hann er vigtaður í höfn innan lands skömmu eftir veiðar er það allt önnur tala sem við fáum en ef við vigtum karfann upp úr skipi á Þýskalandsmarkaði. Hér hefur komið fram að skip sem siglt hafa með karfann sinn til Þýskalands verða fyrir 10% kvótaskerðingu og sú skerðing er ekkert út í bláinn. Það þarf að gera ráð fyrir rýrnun á fiskinum á þessari leið þannig að það má meta 3.000 tonn af karfa *miðað við vigtaðan afla í höfn erlendis sem* 3.300 tonna veiðar upp úr sjó hér við land. Í reynd felst í þessum samningi um fiskveiðimál meira sem erlend fiskiskip mega veiða af karfa upp úr sjó en látið hefur verið í veðri vaka.

Þetta eru þau atriði, virðulegi forseti, sem ég vildi koma á framfæri og spurningar sem vöknuðu í framhaldi af ræðu hæstv. sjútvrh. Ég sé ekki að hæstv. utanrrh. hafi ómakað sig inn í þingsal og er það út af fyrir sig hyggilegt af hans hálfu að vera ekki mikið að flækjast í sölum Alþingis, a.m.k. ekki að tala mjög mikið, en ég óska samt eindregið eftir því að hann svari þeirri spurningu sem ég hef ítrekað lagt fyrir *hann, að hann útskýri fyrir okkur hvar jafnvægið er,* í hverju jafnvægið næst sem upplýst er af varaforseta framkvæmdastjórnar EB að er ekki fyrir hendi í viðskiptum Íslendinga við EB. Hæstv. sjútvrh. telur fiskveiðisamninginn vera í jafnvægi þannig að við náum ekki að „ballansera" ójafnvægið með honum. Ég tel að utanrrh. skuldi þinginu skýringar á því hvar þetta jafnvægi fæst í þessum samningum.

Eins og þetta horfir við mér lítur málið þannig út að samningsniðurstaðan er sú að sjávarútvegssamninguriinn er ekkert annað en útflutningsuppbætur fyrir tollalækkanir í EES-samningnum. Miðað við reynslu okkar síðustu sex árin er um að ræða allt að 3 milljarða kr. sem við erum í fiskveiðisamningnum að afhenda Evrópubandalaginu sem útflutningsuppbætur fyrir þær tollalækkanir sem veittar eru í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Þannig horfir málið við mér. Það fer auðvitað eftir því á næstu tíu árum hvernig loðnuveiðar þróast. Verði þær eins og verið hefur undanfarin sex ár eru hinar gagnkvæmu veiðiheimildir sem við eigum að fá í þessum samningi einskis virði þannig að við erum ekki þiggjendur í samningnum heldur einungis veitendur og þá er um að ræða útflutningsuppbætur upp á 30.000 tonn af karfa miðað við vigtaðan afla í löndunarhöfn erlendis sem þýðir um 33.000 tonn upp úr sjó, veitt hér. Miðað við meðalverð á Þýskalandsmarkaði eru þetta um 3 milljarðar kr.

Ég fæ ekki annað séð en Íslendingar hafi samið þannig að þeir hafi fallist á að ójafnvægið væri okkar hagur og EB í óhag og það þyrfti að slétta út ójafnvægið með því að færa Evrópubandalaginu eitthvað á móti sem er þvert á það sem fram kemur af hálfu varaforseta framkvæmdastjórnar EB sem fullyrti á fundi með Evrópustefnunefnd í september 1990 að það ójafnvægi sem fyrir hendi er sé Íslendingum í óhag. Ég kalla það ekki klóka samningamenn sem fá slíka yfirlýsingu í samningaferli tiltölulega snemma, koma síðan heim með samning sem snýr þessum hlutum á hvolf. Það eru ekki góðir samningar, virðulegi forseti. Og utanrrh. skuldar okkur skýringar á því hvernig honum tekst svo ótrúlega til að koma með samning sem snýr fullyrðingu varaforseta Evrópubandalagsins á hvolf. **(Forseti:** Forseti vill upplýsa hv. þm. vegna fjarveru hæstv. utanrrh. að það hefur staðið yfir ríkisstjórnarfundur, en honum er u.þ.b. að ljúka, ef honum er ekki lokið, þannig að væntanlega má búast við að hæstv. *utanrrh. komi innan skamms tíma.)* Ég þakka forseta fyrir upplýsingarnar, en ég sé þá ástæðu til að spyrja forseta hvort sjútvrh. sé ekki í ríkisstjórninni því hann hefur verið hér undir minni ræðu. **(Forseti:** Forseti á kannski ekki að svara fyrir hæstv. sjútvrh., en hæstv. sjútvrh. fór út af fundinum til að vera við upphaf þessarar umræðu.)

Hæstv. forseti. Ég hef í raun lokið *mínu máli* og komið því á framfæri sem ég hafði hugsað mér í þessari umræðu málsins, en ég fer fram á að utanrrh. svari spurningu minni, ekki einungis vegna þess að það sé

eðlilegt eðli máls samkvæmt heldur vegna þess einnig að þetta er í annað skipti sem ég ber þessa spurningu fram og fékk ekki svar við henni í fyrra sinnið. Ég fer þess því eindregið á leit við forseta að umræðunni ljúki ekki fyrr en hæstv. utanrrh. hefur lagt leið sína hingað niður í Alþingi, einhvern tímann í dag, og að honum verði gert viðvart um að óskað er svars við þessari tilteknu spurningu og hann svari henni áður en umræðu lýkur. Ég mun gera athugasemd við það, forseti, ef hæstv. utanrrh. mun ekki svara spurningunni við þessa umræðu.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið talað um þau atriði þessa samnings sem snúa að veiðiheimildum og viðskiptalegum þætti málsins. Ég tel hins vegar nauðsynlegt áður en þessari umræðu lýkur að minnast á atriði sem snerta þá sem í sjávarútvegi vinna. Það gleður mig að sjá hér bæði hæstv. sjútvrh. og hv. 1. þm. Vestf., formann Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Svo undarlegt sem það má vera fjallar þessi samningur einungis um, eins og ég sagði áðan, viðskiptalega hlið málsins. Í inngangi hans er þó almennt ég vil leyfa mér að segja snakk um inntak samningsins og þar er m.a. minnst á, sem ekki á að verða aðalatriði máls míns, að hafa skuli hliðsjón af ákvæðum hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem báðir aðilar hafa undirritað og minni ég enn á hversu menn hafa staðið við þann góða sáttmála og nefni þar til heldur fávíslega frammistöðu Íslendinga þegar kemur að hvalveiðum. En það er önnur saga sem ég ætla ekki að gera að aðalinntaki míns máls hér.

En hér segir líka „að viðurkenna grundvallarþýðingu sjávarútvegs fyrir Ísland þar eð hann er undirstöðuatvinnuvegur landsins." Nú vill svo til að sjávarútvegur er ekki bara fiskur, hann er líka það fólk sem við fiskinn vinnur. En á það er lítið minnst í þessum ágæta samningi.

Hins vegar er auðvitað þessi samningur nátengdur samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og þá fara mál að stangast á. Frv. til laga um breytingu á lögum um vinnumarkaðsmál vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði liggur fyrir á þskj. 22. Varðandi það frv. hefur hv. félmn. skilað nál. og í nefndinni var lögð sérstök áhersla á 5. gr. frv., en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr. laganna orðist svo:

Laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skulu vera lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma, fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir."

Þetta er vissulega ánægjulegt að sjá og getur enginn verið annað en sammála því.

En þá komum við að plaggi sem varðar hið Evrópska efnahagssvæði, sem ég hef rétt nýlega fengið að berja augum, mér skilst að því hafi verið dreift í hv. sjútvn., en þetta er plagg sem heitir „EES-samningurinn, upplýsingablöð, flugmál og skipaflutningar, II.2 og II.3", en þar segir svo, með leyfi forseta, á bls. 8:

„Stuðningsaðgerðir.

Þegar ráðherranefnd EB staðfesti fyrrnefndar reglugerðir árið 1986 [en þær fjalla um frelsi í aðgangi að sjóflutningum og þjónustu o.s.frv.], lagði nefndin jafnframt fyrir framkvæmdastjórn EB að hún legði fram nýjar tillögur um frekari stefnumótun í kaupskipaútgerð og til styrktar EB-útgerðum. Þessar tillögur hafa verið nefndar „jákvæðar aðgerðir". Framkvæmdastjórnin lagði slíkar tillögur fram 1989 og hafa þær verið til umræðu innan bandalagsins síðan. Tillögurnar ganga almennt í þá átt að vernda hagsmuni EB-útgerða gagnvart öðrum siglingaþjóðum, einkum þægindafánum, og eru í höfuðatriðum eftirfarandi:" — Þetta hygg ég að hv. 16. þm. Reykv., formaður Sjómannafélags Reykjavíkur fyrrverandi, hafi verið að reyna að segja hér í fyrradag, en gleymdi að líta ofan í málið allt. En tillögurnar eru í höfuðatriðum eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Forgangur skipa EB-útgerða verði tryggður í flutningum á allri þróunaraðstoð bandalagsríkjanna.

2. Sameiginleg skráning allra skipa bandalagsins verði stofnuð, svonefnd EUROS-skráning.

3. Á EUROS-skipum verði heimilt að helmingur undirmanna verði frá þróunarríkjum á kjörum sem ríkja í heimalöndum þeirra og að EB-farmenn á EUROS-skipum verði að hluta eða að öllu leyti skattfrjálsir og skattar þeirra gangi til útgerðanna." — Þetta er nú sérkennilegt. En hvað um það.

En því tala ég um þetta hér að þarna eru EB-ríkin að finna sér aðra leið en þægindafánana til að hafa á skipum sínum fólk sem er miklu lægra launað og nýtur miklu verri starfskjara en fólk frá þeirra eigin ríkjum, þ.e. EB-ríkjunum. Og nú finnst mönnum kannski að ég sé að tala um kaupskipaflota í vitlausri umræðu og sé ég að hv. 3. þm. Reykv. kinkar kolli. En það vill svo til að ef formenn sjómannasamtakanna hefðu ofurlitla innsýn í framtíðina, þá getum við spurt okkur sjálf: Þegar flutningafyrirtækin hafa leyfi til að hafa undirborgað fólk á sínum skipum, hvað halda menn að það líði langur tími þangað til þrautpínd íslensk fiskiskipaútgerð gerir kröfu um hið sama? Óttast menn ekkert að innan tíðar verði Filippseyingar á lágum launum á verksmiðjuskipunum okkar hérna eins og á farskipunum?

Mér þótti rétt að benda á þetta, hæstv. forseti, og vel má vera að hv. þm. finnist þetta vera dálítið út úr umræðunni, en það er það nefnilega ekki. Slíkir hlutir eru ekki lengi að gerast og ég get fullvissað hæstv. forseta að af þessu hafa menn nú þegar áhyggjur, bæði innan Farmanna- og fiskimannasambandsins og innan sjómannafélaganna.

Mér þótti rétt að benda á þetta hér. Auðvitað er þetta ekki, sem ég var að lesa, nú þegar samþykkt, en þetta er bein vísbending um það sem koma skal því allur þessi samningur og báðir samningarnir snúast fyrst og fremst um fjármagn en ekki fólk. En ég held að hver einasta manneskja sem ber einhverja virðingu fyrir þessari undirstöðuatvinnugrein okkar og því fólki

sem við hana vinnur verði að reyna að sjá inn í framtíðina hvað þetta getur borið í sér.

Ég leyfi mér að endurtaka það, hæstv. forseti, og skal ekki lengja þessa umræðu, að þann dag sem íslensk flutningaskip fá leyfi til að ráða fólk sem ekki þarf að tryggja félagslega, ekki þarf að borga sómasamleg laun, þá kemur útgerðin á eftir og heimtar slíkt hið sama.

Ég vil a.m.k. ekki láta þennan samning fara í gegnum hið háa Alþingi án þess að vara við þessu. Ég býst ekki við að á það verði hlustað, en ég vildi gjarnan heyra hv. 1. þm. Vestf. aðeins lýsa því hvort hans samtök, og ég tala nú ekki um hv. 16. þm. Reykv. og hans félagar, hafa ekki á þessu nokkurn áhuga. Það er nefnilega hægt að komast fram hjá þægindafánum með því að búa til nýtt kerfi þar sem öll skilyrði eru nákvæmlega hin sömu.

Þetta vildi ég sagt hafa, hæstv. forseti, og hef þá a.m.k. varað við þessu atriði.

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna ummæla hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur vil ég láta þess getið að bæði Farmannasambandið, Sjómannasamband Íslands og Sjómannafélag Reykjavíkur hafa haft af því verulegar áhyggjur á undanförnum árum hvernig kaupskipaútgerð hefur verið að þróast hér á landi og hvert þau störf væru yfirleitt að fara. Það var sett á fót nefnd á vegum samgrn. til að skoða þetta mál. Hún hefur ekki lokið störfum og ekki skilað af sér. Þar af leiðandi hefur ráðherra ekki lagt upp með neina stefnumörkun í málinu. En það er alveg ljós stefnumörkun frá Farmannasambandinu í þessu máli. Við viljum með öllum tiltækum ráðum reyna að tryggja þessi störf íslenskum þegnum og af því að þetta kom inn í umræðuna teljum við að það verði ekki gert með öðrum hætti en að gera íslenskar útgerðir samkeppnisfærar við útgerðir í öðrum löndum. Það þýðir einfaldlega, hv. þm. Guðrún Helgadóttir, að tekjuskattur manna á farskipum, sem greiðist núna til íslenska ríkisins, þarf að falla niður. Þetta hefur verið gert í Danmörku með hvað bestum árangri. Danir hafa farið þá leið að fella niður tekjuskatt af sjómönnum sínum til danska ríkisins, en í staðinn hefur útgerð í Danmörku vaxið. Hún hefur vaxið mikið og er 80–90% af störfunum í danska flotanum gegnt af dönskum þegnum. Þar eru greidd svokölluð nettólaun.

Mönnum kann að finnast það ankannalegt að tala um að það skuli fella niður tekjuskatt af fyrirtækjum sem jafnvel eru með hagnað, eins og sum skipafélög hér á landi, en þetta er samt staðreynd hins alþjóðlega umhverfis, að menn verða að geta keppt á jafnréttisgrundvelli. Verði það ekki mun að því koma að hér verður engin farskipaútgerð. Henni verður allri flaggað út. Menn þurfa að taka á þessu máli.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir að virða athugasemdir mínar svars og ég held að við getum verið allnokkuð sammála. Ég heyri að hann ber sama ugg í brjósti og ég. Þegar talað er um að íslensk flutningafyrirtæki verði gerð samkeppnisfær hljóta þau að fara fram á sömu kjör og önnur slík. Ætli ástæðan til þess að menn hafa kosið að sigla undir þægindafána sé ekki sú að geta ráðið fólk sem ekki nýtur sömu kjara og fólk í eigin löndum og gera þannig þessa útgerð samkeppnisfæra? Það er nákvæmlega það sem ég óttast, að krafa þeirra verði að njóta sömu kjara og þægindafánarnir hafa veitt með því að flagga EURO-fána sem leyfir nákvæmlega það sem þægindafánarnir hafa leyft.

Þetta er það sem ég óttast og þess vegna þótti mér full ástæða til að benda á þetta. Ég held að það verði afar erfitt fyrir íslenska skipaútgerð, hvort sem eru farskip eða fiskiskip, að hafa strangari reglur en önnur Efnahagsbandalagsríki og önnur EFTA-ríki. Auðvitað hljótum við að þurfa að gera sömu kröfu og þá erum við komin í það sem við viljum helst varast. Þess vegna sá ég ástæðu til að minnast á þetta.

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt að komi líka fram í þessari umræðu að það er þegar búið að flagga út skipum frá íslenskum útgerðum. Þau eru hreinlega rekin frá Kýpur. Það þýðir hins vegar ekki að það séu ekki ráðnir íslenskir menn til starfa. Þeir eru ráðnir að hluta, en þeir greiða engin opinber gjöld til íslenska ríkisins og af viðkomandi skipaútgerðum renna engin gjöld til íslenska ríkisins. Hér verða engin margfeldisáhrif eða nokkur atvinnuskapandi störf í kringum þessa útgerð.

Það er þetta ástand sem við óttumst að geti komið upp og þess vegna held ég að það sé afar nauðsynlegt að á þessu máli verði tekið og að íslensk útgerði búi við sambærileg skilyrði og útgerð í löndunum í kringum okkur þannig að þessi atvinnustarfsemi verði til staðar í framtíðinni og skapi þau störf og þau margfeldisáhrif í þjóðfélaginu sem hún hefur gert fram til þessa.

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur fyrir að hreyfa þessu máli. Það er mjög brýnt að hagur íslenskrar kaupskipaútgerðar sé ræddur á hinu háa Alþingi og væri full ástæða til að gera það að sérstöku umræðuefni á dagskrá Alþingis.

Nú eru aðeins eftir fjögur íslensk kaupskip í eigu Eimskips undir íslenskum fána. Það er ekki langt síðan eitt af skipum Eimskipafélagsins var fært undan íslenskum fána undir erlendan, en þó var engu öðru breytt, þ.e. áhöfnin er enn íslensk. Það er annað og miklu meira í farvatninu en bara það eitt að vera með skipin undir erlendum fána þegar sú staðreynd blasir líka við að skipafélögin eru með íslenskra áhafnir en þó undir erlendum fána. Það voru fjölmörg önnur atriði sem komu til greina sem ég veit að samgrh. er að láta skoða.

Varðandi þá fækkun sem hefur orðið í íslenska kaupskipaflotanum, þ.e. í áhöfnum þeirra skipa og þeirra erlendu manna sem tekið hafa þeirra störf, þá er þó í EUROS-skráningunni gert ráð fyrir því að það sé

takmörkun á þeim fjölda erlendra sjómanna sem geta verið við störf á tilteknum flota, hvort sem hann er íslenskur eða annarrar þjóðar.

Ég held að það sé vissulega nokkur ávinningur að það sé hægt að sporna við fótum þannig að á öllum íslenskum kaupskipum verði Íslendingar að meginhluta til. Það má segja að þetta sé undanlát sjómannasamtakanna, en engu að síður er þetta sú þróun sem hefur orðið í Evrópu og það er mjög erfitt fyrir okkur að sporna við því nema með þeim hætti að EES-samningurinn verði með þeim hætti að við getum þó verndað þau störf eins og tiltekið er og hv. þm. Guðrún Helgadóttir kom inn á áðan.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Til að koma í veg fyrir að þessi umræða fari út og suður vil ég ítreka að ég ætla ekki að gera farskipin að megininntaki máls míns heldur óttast ég að íslenska fiskiskipaútgerðin lendi í þeirri klemmu að hún verði að krefjast hins sama og leyfist innan farskipaútgerðarinnar. Það er mergurinn málsins. Þetta held ég að menn hafi lítt hugsað um, en ég held að það sé eins gott að sjómannasamtökin séu þarna á verði því þróunin er ör þegar einu sinni er komið inn í þetta efnahagssvæði og þá eigum við ekki marga kosti á að vera með sérstöðu eins og menn halda. Menn treysta því alltaf að Íslendingar geti sett sérkröfur í öllum málum. Það er ekki svo. Samningurinn snýst um að sömu lög gildi alls staðar og hin fullkomna frjálsa samkeppni ríki. Þá gera menn auðvitað kröfu um sama samkeppnisumhverfi. Þar held ég að fiskiskipaútgerðin verði ekkert undanskilin. Þess vegna vildi ég vara við svo að menn hefðu a.m.k. auga á því sem hér er verið að gera.

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, undrast dálítið að í samningi sem þessum skuli varla vera minnst á fólkið sem vinnur þessi störf. Sjávarútvegur á Íslandi er lífsmáti, það er menning, og slíkur samningur á ekki og má ekki vera eingöngu tölur á blaði. Hann varðar líka það fólk sem vinnur í sjávarútvegi á Íslandi.

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú er það svo í sambandi við kaupskipaflotann og þann EURO-flota sem verið er að ræða um að það er sá fyrirvari gerður á að þetta eigi ekki við um skip í strandsiglingu. Í annan stað er rétt að benda á að Evrópubandalagið hefur þegar viðurkennt sérstöðu Íslendinga varðandi fiskiskipaflotann. Það mál er frágengið hvað kjarasamningana varðar, það verða ekki nein ákvæði þess eðlis að erlendir aðilar eigi rétt á skiprúmi á íslenska fiskiskipaflotanum.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vildi aðeins gera að umræðuefni það sem kom fram hjá hæstv. sjútvrh. í sambandi við það mál sem hér er til umræðu.

Hann fór nokkrum orðum um sögu þessa máls. Ég verð að gera athugasemdir við að það kom fram í máli hans og í reynd hefur það komið fram mun skýrar í máli hæstv. utanrrh. að viðræður um gagnkvæmar veiðiheimildir hafi hafist á árinu 1989. Nú er það svo að engar formlegar viðræður fóru fram um þessi mál fyrr en eftir að núv. ríkisstjórn tók við völdum og eru út af fyrir sig skýringar á því. Hins vegar áttu sér stað þreifingar í þessu máli í mjög langan tíma sem má rekja allar götur til ársins 1972 og ég ætla ekki að fara að rekja það nákvæmlega hér, en sú saga hefur verið skráð og það má segja að í allan þennan tíma hafa Íslendingar lýst áhuga á að vita hvaða gagnkvæmni EB vildi bjóða í fiskveiðiréttindum eftir að aðildarríkin hefðu fært út lögsögu sína. Það má rekja það alla leið til ársins 1976 í viðræðum sem hafa átt sér stað.

Á árinu 1976 fóru fram viðræður milli Finns Olavs Gundelachs og Einars Ágústssonar, þáv. utanrrh., og Matthíasar Bjarnasonar, þáv. sjútvrh., og segja má að það sé á margan hátt athyglisvert sem kemur fram í frásögn hjá íslensku viðræðunefndinni á þessum tíma, en þá kemur fram, og ég tel rétt að vitna til ummæla sem voru höfð eftir Gundelach, en þau eru svohljóðandi að alveg sérstaklega vildi hann láta koma skýrt fram að EB hygðist ekki blanda verslunarviðskiptum í málið heldur eingöngu ræða um fiskveiðar og fiskveiðistefnu. Þeir vildu taka upp samskipti sem hefðu sameiginleg markmið og hagsmuni að leiðarljósi.

Þetta voru í sjálfu sér mjög merkileg ummæli, sem þá voru höfð eftir Gundelach, en því miður var það nú svo að síðar sneru fulltrúar EB við blaðinu og fóru að taka upp nýja hætti í þessum samskiptum og voru með kröfur um fiskveiðiréttindi fyrir þau verslunarfríðindi sem við hugsanlega fengjum.

Það var hins vegar svo að 15. júlí 1980 áttu sér stað viðræður sem mátti rekja til þess að Danir færðu út fiskveiðilögsögu sína við Grænland, norðan 67. breiddarbaugs við Austur-Grænland, og vegna sameiginlegra hagsmuna sem við höfðum í því máli var talið nauðsynlegt að slíkar viðræður færu fram. En á þeim tíma voru kröfur Efnahagsbandalagsins slíkar og fjarri öllu því sem talið var sanngjarnt að það varð niðurstaða á þeim tíma að það þyrfti að eiga sér stað algjör hugarfarsbreyting hjá bandalaginu til þess að eitthvað væri hægt að komast lengra í málinu. Hins vegar er rétt að geta þess að í sambandi við þessar viðræður veitti EB Íslendingum heimild til loðnuveiða í lögsögu við Austur-Grænland eða allt að 100.000 tonn.

Síðan er rétt að taka það fram að þær viðræður sem áttu sér stað 1989, sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni, má rekja til þess að af hálfu Evrópubandalagsins var samþykkt yfirlýsing þann 17. og 18. febr. 1986, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ráðið felur framkvæmdastjórn að halda áfram viðræðum við Ísland í því skyni að leita nánara samstarfs um fiskimál, sér í lagi varðandi efnahagslögsögu Íslands þar sem tekið yrði tillit til hagsmuna beggja aðila."

Í framhaldi af þessari yfirlýsingu kom þáverandi framkvæmdastjóri fiskimáladeildar EB, Eammon Gallagher, til Íslands í apríl 1986 og ræddi við ráðherra hér á landi, þar á meðal þáv. sjútvrh. sem hér stendur. Í júní sama ár kom hingað til lands Willy De Clercq, fulltrúi framkvæmdastjórnar um utanbanda-

lagsmál, eins og það hét þá, og þá átti hann viðræður við þáv. forsrh. Steingrím Hermannsson og Matthías Á. Mathiesen. Það má segja að þessi fundur hafi verið mjög mikilvægur því eftir hann var gefin út sameiginleg yfirlýsing dags. 7. júní 1986 sem var þannig, með leyfi forseta:

„Í ljósi þess að markaður bandalagsins er Íslandi mjög mikilvægur er nauðsynlegt að gert sé nýtt átak til að leysa óleyst vandamál sem snerta fisk. Báðir aðilar töldu að hefja ætti viðræður til að athuga möguleikana á að leysa vandamálin á þann hátt að þeir gætu vel við unað."

Það er rétt að taka það fram að á þessum fundum var skýrt tekið fram af hálfu Íslendinga að ekki væri mögulegt að veita fiskiskipum frá EB nein veiðileyfi við Ísland.

Síðan hitti utanrrh., Steingrímur Hermannsson, Willy De Clercq bæði í desember 1987 og 1988. Í framhaldi af þeim fundum var fallist á að það mætti ræða tollamálin alveg sérstaklega og fiskimálin alveg sérstaklega. Þetta var mikilvægt atriði og það var á þessum fundum lagt til að sjútvrh. Íslands færi til Brussel í þeim tilgangi að kynna fiskimálafulltrúa framkvæmdastjórnar EB íslenskan sjávarútveg og ástand fiskstofnanna við Ísland og nýtingu þeirra og það var gert 7. mars 1989.

Ég tel rétt að þessi forsaga komi fram þannig að það sé alveg skýrt með hvaða hætti aðdragandi þessa fundar var. Það er ekki við það unandi að hæstv. utanrrh. haldi því fram að á fundinum 7. mars 1989 hafi í fyrsta skipti verið rætt um þau vandamál sem hafa verið uppi í samskiptum okkar við EB. Það er alrangt og það er líka óheppilegt að hæstv. utanrrh. hefur með tilviljunarkenndum hætti vitnað í margvísleg trúnaðarskjöl sem þessu máli eru tengd. Hitt er svo annað mál að mín vegna má birta þau öll og ekkert því til fyrirstöðu þótt það yrði nokkuð mikið að vöxtum. Með sama hætti væri mjög forvitnilegt að fá þau skjöl sem tengjast þessum viðræðum frá því vorið 1991, en það er einmitt á þeim tíma sem fer að draga til tíðinda í málinu.

Ég vildi aðeins út af ummælum hæstv. sjútvrh. vitna til þess að eftir þennan fund, sem haldinn var í Brussel 7. mars 1989, og kom fram að því er mig minnir í fundagerð að það mætti ræða gagnkvæmar veiðiheimildir, enda yrði það til þess að umsvif íslenskra fiskiskipa minnkuðu ekki, þá urðu um það verulegar umræður, m.a. á Alþingi, og 7. mars 1989 er það haft eftir þáv. forsrh. Steingrími Hermannssyni í Morgunblaðinu að ekki komi til mála að bjóða upp á neinar veiðiheimildir innan okkar lögsögu nema gegn veiðiheimildum innan lögsögu EB-landanna. Þetta er að sjálfsögðu mjög mikilvægt vegna þess að það var ávallt verið að spyrja talsmenn Efnahagsbandalagsins: Hvaða fiskstofna hafið þið að bjóða í ykkar lögsögu og er líklegt að vegna þess að þið erum með alla ykkar fiskstofna fullnýtta og við jafnframt með alla okkar fiskstofna fullnýtta að það sé hagkvæmt fyrir þessa aðila að skiptast á veiðiheimildum? Við þessu fengust aldrei nein svör. Hvað eruð þið að tala um? Eruð þið að tala um síld í Norðursjó? Eruð þið að tala um makríl í Norðursjó? Eruð þið að tala um þorsk? Og hvað eigum við að láta í staðinn sem fullnýtum alla okkar fiskstofna?

Það var talið skynsamlegt að fá fram þessi sjónarmið af hálfu EB með þessum hætti, en á þessum tíma komu þau aldrei fram, mér vitanlega, a.m.k. ekki í þeim samtölum sem ég átti við marga aðila um þessi mál og það kom fram verulegur skilningur t.d. af hálfu Þjóðverja sem höfðu verið með kröfur um veiðiheimildir við Ísland í langan tíma og get ég vitnað til samtala sem ég átti við þarlenda aðila að þeir voru komnir að þeirri niðurstöðu að það væri miklu skynsamlegra að Íslendingar veiddu þennan fisk, enda hefðu þeir flota og möguleika til þess, en það væri hins vegar mikilvægt fyrir þá að reyna að semja þannig við Íslendinga að hægt væri að tryggja nokkurn stöðugleika í löndun íslenskra fiskiskipa í Þýskalandi. Þannig er ekki alveg rétt, eins og hefur verið látið í skína finnst mér í þessum umræðum, að því er varðar karfann, að þar sé eingöngu um hagsmunamál okkar að ræða að landa þessum karfa erlendis. Þar er líka um mikið hagsmunamál Þjóðverja að ræða vegna þess að þýskur fiskiðnaður er að miklu leyti háður löndunum Íslendinga í Bremerhaven og að nokkru leyti í Cuxhaven.

En í tilefni þessara ummæla þáv. forsrh. var haft eftir í sama blaði þáv. 1. þm. Suðurl., Þorsteini Pálssyni, eftirfarandi:

„„Ég geri ekki ráð fyrir að forsrh. ætlist til að menn taki hann alvarlega. Ég a.m.k. hef tilhneigingu til þess að vera nægilega jákvæður í hans garð til að líta á þessi ummæli í því ljósi", sagði Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl., en bætti svo við: „Við eigum að hefja viðræður við Evrópubandalagið til þess að styrkja íslenska hagsmuni en ekki til þess að gefa eftir af rétti Íslendinga", sagði hann enn fremur."

Hvað er verið að fara hér? Ég skil þessi ummæli hv. sjútvrh. núverandi á þessum tíma svo að hann telji að það þjóni ekki íslenskum hagsmunum að vera tilbúinn til að ræða skipti á veiðiheimildum, annars vegar hér við land og hins vegar innan lögsögu EB-landanna. Það er a.m.k. mín skoðun að það hafi verið rétt til þess að fá fram sjónarmið EB um það hvað þeir höfðu upp á að bjóða og hvort það væri líklegt að þar gæti verið um að ræða skipti sem reyndust báðum aðilum hagstæð, sem Íslendingar hafa ávallt dregið í efa og gera enn, enda hefur það komið í ljós.

En það er svo vorið 1991 að allmikill skriður kemur á þetta mál og okkur er tilkynnt að það hafi fundist sú gagnkvæma hagkvæmni í þessu máli að Efnahagsbandalagið sækist eftir því að veiða langhala hér við land og sé tilbúið til að fallast á gagnkvæmni með þeim hætti þannig að þeir fái ígildi 3.000 karfatonna hér við land, þar af 70% langhala og 30% karfa, og við fáum í staðinn 30.000 tonn af loðnu á árinu 1993, hugsanlega á árinu 1994 því þangað til nær þessi samningur sem gildir milli EB og Grænlendinga, en þessi loðna kemur vegna kaupa EB á réttindum frá Grænlandi.

Ég býst við því að allir sem hafa komið að þessu máli í gegnum tíðina og viljað líta til þess af fullri sanngirni hafi getað fallist á það að þarna væri nokkuð jafnt á komið með aðilum, þ.e. að EB fengi hlutdeild í langhala sem lítt hefur verið nýttur hér við land og litlar rannsóknir jafnframt farið fram á þessum stofni af okkar hálfu alveg fram á þennan dag. Þar af leiðandi eru veiðarnar háðar mikilli óvissu með sama hætti og loðnuveiðarnar eru líka háðar mikilli óvissu. Svo kemur fljótlega í ljós að ekkert af þessu stenst og það kemur allt í einu upp á yfirborðið að EB er ekki tilbúið til þess að fallast á veiðar úr óvissum stofni, vill fá að veiða úr stofni sem er öruggur við Ísland og við eigum þá að sætta okkur við stofn þar sem verulegt óöryggi ríkir. Er það svo að því hefur verið haldið fram gagnvart EB í samningaviðræðum að langhalinn væri tiltölulega viss stofn eða hvernig stóð á því að það mál kom upp? Og hvernig stendur þá á því að það glatast allt saman út í vindinn?

Það er þessi málsmeðferð sem við erum að gagnrýna og það þýðir ekkert, hvorki fyrir hæstv. utanrrh. eða aðra, að vera að gera tortryggileg þau samskipti sem hafa átt sér stað alveg frá 1972 og fram á þennan dag. Það breytir engu í þessu efni. Það er niðurstaðan sem hér er verið að gagnrýna og aðdragandi þessarar niðurstöðu eftir að formlegar viðræður fóru í gang og við tókum það trúanlegt að hér væri um niðurstöðu að ræða að því er varðaði langhalann og loðnuna og aðilar í sjávarútvegi tóku það líka trúanlegt því þeir drógu til baka stuðning sinn í þessu máli.

Að því er varðar annað atriðið sem hæstv. sjútvrh. kom inn á, þ.e. spurninguna um hvort hér væri um jafngildar veiðiheimildir að ræða eða ekki, þá vil ég byrja á því að fagna því að hann hefur lýst því yfir að sá mælkvarði sem notaður hefur verið af talsmönnum ríkisstjórnarinnar og meiri hluta sjútvn. sé að hans mati ekki neitt heilagur mælikvarði, en tekur hins vegar fram að hann telji hann komast næst því að upplýsa hvaða verðmæti séu hér á ferðinni. Það finnst mér vera veruleg framför. En í þeim skjölum sem við höfum fengið í sambandi við þetta mál af hálfu ríkisstjórnarinnar er þessi verðmælikvarði ávallt notaður og jafnframt af hálfu meiri hluta sjútvn. og benda þeir á, með leyfi forseta, í nál. sínu:

„Það er athyglisvert að í báðum tilvikum reiknast hlutur Íslendinga ívið betri en EB snúið í ígildi þorska." — En svo bæta þeir við: „Aftur á móti er varhugavert að staðhæfa að annar aðilinn fari betur út úr skiptunum en hinn því erfitt er að meta með óyggjandi vissu raunverulegt innbyrðis vægi tegundanna tveggja."

Þetta er nokkur framför frá fréttatilkynningu utanrrn. þar sem einfaldlega var fullyrt að verðmæti okkar væri 20% meira en EB. Punktur. Það er skynsamlegt eða hitt þó heldur að taka hlutina svona hátíðlega að fullyrða að við höfum grætt 20% á málinu. Meiri hluti sjútvn. dregur aðeins í land en þó afar lítið.

Nýjasti verðmælikvarðinn sem hér hefur verið nefndur og var nefndur af hv. 1. þm. Vestf. er hvers virði þessi afli væri væri honum landað á Austfjörðum. Hvaða máli skiptir það í þessu sambandi? Er líklegt að þessum afla, ef veiddur yrði, yrði landað á Austfjörðum? Mætti treysta því ef Íslendingar veiddu 3.000 tonn af karfa umfram það sem þeir munu gera á næsta ári að þeim afla væri landað á Austfjörðum? Ég held að það sé ekki líkleg forsenda.

Þess vegna er eðlilegt að spurt sé alveg án tillits til verðstuðlanna: Hvað er líklegt að Íslendingar mundu gera við þennan afla ef þeir veiddu 3.000 tonn af karfa til viðbótar? Ég held að það sé alveg hægt að fullyrða að hann mundi a.m.k. dreifast að verulegu leyti um landið og ég tel líklegast að þessi afli mundi skiptast með svipuðum hætti og karfaaflinn gerir í okkar samfélagi, þ.e. um það bil helmingur af honum færi til vinnslu innan lands, hluti til vinnslu úti á sjó og með hluta af honum væri siglt á erlendan markað. Ég sé enga ástæðu til að ætla að þar yrði öðruvísi skipting. Ef þessum karfaheimildum yrði bætt við auðlindaskattshugmyndir núv. ríkisstjórnar og þessi 3.000 tonn af karfa seld á markaði finnst mér líklegast að þeir aðilar sem teldu sig geta keypt heimildirnar gætu eingöngu notað þær til frystingar úti á sjó eða til siglingar á erlendan markað. Ég á ekki von á því að kaupverð veiðiheimildanna mundi standa undir vinnslu hér innan lands.

Það má út af fyrir sig lengi halda áfram að velta því fyrir sér hvers virði þessar heimildir eru fyrir okkur, en ég tel alveg ljóst að það sé beinlínis rangt að reikna með því að þessi tonn komi öll til löndunar á innlendum markaði, hvort sem það er á Austurlandi eða annars staðar. Og fram hjá því verður heldur ekki gengið að líta til verðmæta þessa afla fyrir gagnaðilann, sem er EB, og bera það saman við verðmæti sem kemur í okkar hlut að því er varðar loðnuna. Er það ekki þannig sem viðskipti fara almennt fram að menn reyni að setja sig inn í hagkvæmni hvors aðila? Og ef báðir eiga að hafa hag af slíkum viðskiptum er venjan að menn reyni að setja sig inn í það.

Hitt er svo annað mál að auðvitað vitum við að EB er allan tímann með tengingu í þessu máli og vill setja það í samhengi við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði sem við höfum ávallt neitað og eigum að sjálfsögðu að halda áfram að neita, en við verðum líka að vera tilbúin til að taka pólitíska áhættu í því sambandi. M.a. vegna þess að hér er ekki um neitt jafngildi að ræða er ég þeirrar skoðunar að þessum samningi beri að hafna og það sé eðlilegt að menn setjist niður á nýjan leik.

Að því er varðar þessar veiðiheimildir að öðru leyti og þá óvissu sem tengist þeim er óumdeilt að það er mjög erfitt að meta fyrir fram hvers virði loðnan verður okkur. Ég hef ekki neitað því að hún geti ekki verið neins virði. Ég spurði hæstv. sjútvrh. þeirrar spurningar, ef þessi samningur hefði verið gerður að því er varðar árið 1992, hvernig hann meti það hvort þetta hefði verið einhvers virði í okkar hlut. Það er vitað mál að loðnan var ekki öll veidd og að mínu mati hefðu þessar heimildir ekki reynst okkur nokkurs virði á árinu 1992.

En það sem við stöndum nú frammi fyrir er að meta hverjar eru líkurnar á því að þetta reynist okkur ein-

hvers virði á árinu 1993 og þá er líka rétt að reyna að meta hvort rétt sé að framlengja þennan samning fyrir árið 1994 og hvort menn telji að þessi loðna muni verða mikils virði á árinu 1994. Lengra er væntanlega ekki hægt að hugsa í þessu sambandi því það er ekki vitað um framlengingu á samningum EB og Grænlendinga.

Hitt er svo annað mál að ef Efnahagsbandalagið getur treyst því að við séum tilbúnir til að skipta á 30.000 tonnum af loðnu og 3.000 tonnum af karfa í framtíðinni munu þeir áreiðanlega vera tilbúnir til þess að kaupa þau réttindi af Grænlendingum. Ég á þá von á því að þeir fái nokkuð vel fyrir það sem þeir eru að kaupa af Grænlendingum því markaðsverð þeirrar loðnu er í reynd ekki mjög hátt.

Á þeirri vertíð sem nú stendur yfir er búið að gefa út kvóta í loðnu fyrir 820 þús. tonn. Veiðin hefur gengið mjög illa og ef við lítum til þess hvað hefur gerst á miðunum við Jan Mayen í ár veiddu Norðmenn 67.000 tonn og Færeyingar 19.000 tonn. Þeir fengu einfaldlega ekki meiri loðnu. Þarna var mikill floti, en það var ekkert meiri veiði. Jafnvel þótt Norðmenn hefðu haft þar meiri heimildir og Færeyingar held ég að það liggi nokkuð ljóst fyrir að þeir veiddu bara ekkert meira. Það er fullkomlega ljóst að þessi loðna verður ekki veidd nema innan okkar lögsögu og þá verður m.a. að taka mið af samningum sem gerðir hafa verið þar um.

Þegar samningarnir voru gerðir um loðnuna 1989 voru þeir gagnrýndir, ekki síst af loðnuskipstjórunum, og mig minnir að Farmanna- og fiskimannasambandið hafi verið með allharðvítuga gagnrýni á þá samninga, m.a. í ljósi þess að það voru ekki nægilegar takmarkanir að þeirra mati á veiðum hinna erlendu aðila innan lögsögunnar. Ég held að það sé nokkuð ljóst, m.a. í ljósi þeirrar gagnrýni sem kom fram þá, að í þeim samningum sem voru gerðir nýlega hafi m.a. verið leitast við að koma til móts við þessa gagnrýni með því að takmarka heimildir hinna erlendu aðila til að veiða í íslenskri lögsögu þannig að þeir mættu aðeins veiða 35% af bráðabirgðakvótanum. Ég tel að þar hafi tekist ágætlega til og þessi samningur hafi reynst okkur heppilegur.

Það er því miður svo um þessar mundir að hér geisa vond veður og hafa mikil áhrif á allar veiðar. Því miður hefur loðnan hreinlega ekki fundist. Í ljósi reynslunnar er ekki líklegt að það verði mikil veiði þennan mánuð. Vonandi glæðist hún í lok mánaðarins eins og oft hefur gerst, en ég vek athygli á því að þá er aðeins eftir mjög stuttur tími af þeim tíma sem erlendir aðilar mega veiða í íslenskri lögsögu þannig að mín spá er sú að þær veiðiheimildir sem hér er verið að skipta á muni ekki nýtast okkur og séu því miklar líkur á því að þær verði jafnlítils virði á árinu 1993 og þær voru á árinu 1992. Það er þetta mat sem verður að liggja fyrir, hvernig þetta lítur út á árinu 1993, og það þýðir ekki að vitna til undanfarinna áratuga. Mér vitanlega stendur ekki til að halda slíkum skiptum uppi í mörg ár og við hljótum að reyna að komast frá þessum vonda samningi við fyrsta tækifæri. Að mínu mati er ekki tekin nein áhætta þótt það dragist að gera þennan samning vegna þess að loðnan á komandi vertíð er okkur hvort sem er lítils eða einskis virði. Það liggur nokkuð ljóst fyrir, samkvæmt mínu mati sem ég vona að sé rangt, að EB muni fá þessi 3.000 tonn af karfa á árinu 1993 fyrir nánast ekki neitt.

Það er þarna sem við erum að deila, á málefnalegum grundvelli, og það er þetta sem við erum að gagnrýna. Ég er ekki að gagnrýna að það hafi verið haldið áfram að ræða þessi mál, en ég er að gagnrýna að það skuli enda með þeim hætti að við skulum nánast láta þetta til þeirra fyrir ekki neitt miðað við öll þau stóru orð sem hafa verið höfð uppi um að við höfum verið að fá allt fyrir ekki neitt. Og jafnvel þótt hæstv. utanrrh. hafi ekki sagt það fyrstur manna hefur hann vitnað til þessara orða með slíkri velþóknun mánuðum saman að það var ekki annað að skilja en að hann gerði þau að sínum.

Formaður þingflokks Alþfl. sagði jafnframt hér á Alþingi þegar langhalasigurinn vannst að við hefðum fengið eitthvað — ég man ekki nákvæmlega hvernig hann orðaði það — fyrir ekkert. Og hvað var þetta „eitthvað" sem þingflokksformaðurinn sá? Það var loðnan. Ég tel að þetta hafi verið rétt ummæli að því er varðaði loðnuna hjá hv. þingflokksformanni Alþfl. Össuri Skarphéðinssyni, að loðnan hafi verið eitthvað, þ.e. nokkur vonarpeningur. En hann gaf langhalanum þau ummæli að það væri ekkert og við mótmæltum þessum ummælum á Alþingi því auðvitað er langhalinn stofn sem er verðmætur og við hljótum að stefna að því að nýta með hagkvæmum hætti. En það vill bara svo til að þetta, sem þingflokksformaður Alþfl. mat þannig að það væri rétt að gefa því vægið „ekkert", er orðið að 3.000 tonnum af karfa sem skip Evrópubandalagsins geta veitt af fullu öryggi og það eru veruleg verðmæti sem við hljótum að gagnrýna.

Virðulegur forseti. Um þetta mál hafa spunnist alllangar umræður af eðlilegum ástæðum. Ég vil endurtaka að ég tel þetta vera mjög slæman samning að því er varðar gagnkvæmar veiðiheimildir. Ég hef ekki verið með mikla gagnrýni á ýmis önnur atriði samningsins, en það sem hins vegar skiptir meginmáli er gagnkvæmnin í samningnum. Auðvitað skiptir eftirlitið miklu máli, en þau ákvæði skipta ekki miklu máli nema veiðar séu stundaðar. Auðvitað skipta ákvæðin um löndunarhafnir og annað máli, en þau skipta ekki máli nema veiðar séu stundaðar. Það er það sem er meginatriði þessa máls. Það er hvað erum við að láta og hvað erum við að fá í staðinn. Ég vænti þess a.m.k. að þessi umræða, jafnvel þótt svo illa fari að þessi samningur verði samþykktur, á Alþingi verði a.m.k. til þess að það komi ekki til álita að framlengja samninginn með þessum hætti og það verði þá aftur tekinn upp sá þráður að spyrja Evrópubandalagið: Hvað viljið þið láta okkur hafa?

Ef þeir væru t.d. tilbúnir að láta okkur hafa síld í Norðursjó, rækjuheimildir á Dorhn-banka sem þeir hafa umráð yfir, þá væri farið að tala um dálítið annað mál og gæti orðið til þess að framlengja úthald þeirra skipa sem stunda loðnuveiðar og stunda rækjuveiðar. Ég

minni á að Íslendingar hafa reynslu af síldveiðum í Norðursjó og hafa stundað þær með ágætum árangri. Þar er stofn sem er tiltölulega sterkur. Ef við fengjum slík raunveruleg örugg verðmæti liti þetta mál öðruvísi út.

Ég vænti þess að í áframhaldandi vinnu við þetta mál verði tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem hér hafa komið fram. Ég treysti því þrátt fyrir allt að hæstv. sjútvrh. geri það. Ég harma hvernig þetta mál hefur endað. Ég ætla ekki að hafa uppi fullyrðingar um hvernig á því stendur þótt ýmislegt megi lesa út úr þeim ummælum sem hafa verið viðhöfð í gegnum tíðina, en til þess að komast að óyggjandi niðurstöðu í því máli er nauðsynlegt að menn fái aðgang að þeim skjölum sem liggja að baki þessari niðurstöðu og þeim viðræðum sem hafa átt sér stað. Þau skjöl eru áreiðanlega trúnaðarskjöl, en þar sem sá háttur hefur verið tekinn upp af hæstv. utanrrh. að vitna til þessara skjala eftir því sem honum þykir henta og ég hef í framhaldi af því vitnað til ákveðinna skjala eftir að hæstv. utanrrh. hefur gert það, þá held ég að það sé öllum fyrir bestu að það verði opnaður allur skjalabunkinn frá 1972 og þá alveg fram á þennan dag. Ég gæti vel sætt mig við það. En ég tel það ekki vera heppilegt að hæstv. utanrrh. opni þennan skjalabunka eftir því hvernig liggur á honum þennan og þennan daginn og eftir því hvernig vörninni er háttað þennan og þennan daginn. Það eiga ekki að vera starfsvenjur sem tíðkast í stjórnsýslu landsins og verða að gilda þar einhverjar ákveðnar reglur.

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Halldór Ásgrímsson minntist á ræðu sem ég flutti í gær og vitnaði til þess að ef þessum afla yrði landað á Austfjörðum væru ákveðin verðmæti í honum með ákveðnum hætti. Ég sagði hins vegar líka í ræðu minni að það væri líklegra að a.m.k. 20% af þessum karfa yrði selt á erlendum markaði og þá væri verið að tala um annað verð. Meðalverð á síðasta ári fyrir karfa á erlendum markaði var um 100 kr. í Þýskalandi, þannig að það er svo sem hægt að reikna þetta. Ef við gæfum okkur að þetta væru um 600 tonn og reiknuðum það niður og færum með það niður í 80 kr. verð þegar búið er að draga frá tolla og sölukostnað sem er ekki óeðlilegt, það er a.m.k. sú viðmiðunarregla sem er notuð fyrir skip almennt sem selja í Þýskalandi, þá erum við að tala um verðmæti upp á 54 millj. fyrir þessi tonn og þá er hægt að halda áfram að reikna hitt á innanlandsverðinu.

Það sem ég sagði einfaldlega í gær var það að ég ætlaði ekki að gerast dómari í því hvort menn væru að tala um meiri eða minni verðmæti. Það verð sem ég vitnaði til á Austfjörðum er ekkert einsdæmi hér á landi. Það er í gildi bæði á Norðurlandi, Vestfjörðum og mörgum fleiri svæðum. Markaðsverðið var sennilega í kringum 42 kr. á mörkuðum hér á síðasta ári, meðalverðið, þannig að menn geta svo sem reiknað þetta og dregið frá 4% kostnað og annað slíkt.

En eftir stendur um loðnuna og karfann, landað á föstu verði, að sú tala sem ég nefndi í gær er 105 millj. annars vegar fyrir karfann og hins vegar 120 millj. fyrir loðnuna. Ég held að menn geti ekkert mælt því á móti að hún er rétt þannig reiknuð. Ef menn fara hins vegar með 20% á erlendan markað eru þetta sennilega 138 millj. og þá er mínus upp á svipaða upphæð og er á hinn veginn. Ég ætla svo ekki að gerast dómari um hvort þessi verðmæti eru jafngild eða ekki, en svona liggur þetta.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að hv. 1. þm. Vestf. hafi staðfest að hann telur ólíklegt að þessum afla, ef hann verður veiddur af íslenskum skipum, verði landað eingöngu innan lands. Hann telur það líklegast að hluta hans yrði landað erlendis og hluti hans yrði frystur úti á sjó. Það er einmitt það sem ég hef verið að halda fram og ég hef engar athugasemdir við það að gera. Síðan verður að sjálfsögðu að taka tillit til þess hvaða möguleikar eru á því að þessi loðna nýtist okkur með einum eða öðrum hætti.

Þetta eru tvö aðalatriði málsins og ég tel að það hafi komið fram í svari hv. þm. að hann viðurkennir þessar staðreyndir, enda verður þeim ekki mótmælt með neinum þeim hætti að trúverðugt sé. Þetta eru einfaldlega staðreyndir af okkar reynslu í þessum málum og þess vegna tel ég að þetta andsvar hans hafi í reynd staðfest að hér er ekki um neinar jafngildar veiðiheimildir að ræða.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það fór að líkum eftir ræðu hæstv. sjútvrh. í gærdag að umræður um þetta mál hafa lengst nokkuð og við öðru var varla að búast eins og hæstv. sjútvrh. blandaði sér í þessar umræður. Það var í framhaldi af ræðu hæstv. sjútvrh. sem ég kvaddi mér hljóðs og ég mun aðallega ræða nokkur efnisatriði sem fram komu í máli hans. Þeim hefur að vísu sumpart verið þegar svarað og þá sérstaklega af hæstv. fyrrv. forsrh. sem hefur mjög rækilega hrakið málflutning hæstv. sjútvrh. í gær og í raun og veru verður að segjast eins og er, hafandi hlýtt á frásögn hæstv. forsrh. af þeim fundum og því sem þar kom fram, að hann var vel að merkja á fundunum, hæstv. fyrrv. forsrh., en ekki hæstv. sjútvrh. Maður skyldi halda að þetta hefði jafnvel verið öfugt, jafnöruggur og hæstv. sjútvrh. var með sig þegar hann var að túlka það sem hafði gerst á þessum fundum í gær. En nú liggja þær staðreyndir fyrir að það var nú ekki heldur var það hv. 7. þm. Reykn., hæstv. fyrrv. forsrh., sem var á þessum fundum en ekki hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson.

Ég taldi hæstv. sjútvrh., miðað við mína þekkingu á þessum málum, taka mjög óvarlega til orða í gær þegar hann fullyrti um það sem fram hefði komið af hálfu talsmanna Íslands á fundum með Evrópubandalaginu á árinu 1990. Ég tók það niður eftir hæstv. sjútvrh. að hann sagði í einni setningu t.d. að það hefði komið fram á þessum fundi 18. apríl að Íslendingar væru reiðubúnir til að semja. Í næstu setningu talaði hæstv. sjútvrh. um tilboð, um samningstilboð, sem hefði verið sett fram af hálfu Íslendinga. Frásagnir af

fundinum sanna hið rétta svo ekki verður um villst, nema hæstv. sjútvrh. telji sig mann til þess að fullyrða að rangt sé farið með, að orðum hv. 7. þm. Reykn. sé ekki treystandi í þessum efnum. Þá skal hann líka vera maður til að koma í ræðustólinn og segja það. Ef hann annað tveggja telur sig vita betur hvað gerðist á fundi þar sem hann var ekki viðstaddur eða hann beinlínis telur að orðum og endursögn hv. 7. þm. Reykn. sé ekki treystandi, þá er eins gott að það komi fram.

En þessi ummæli voru meiri en efni standa til, þau orð sem hæstv. sjútvrh. þarna notaði. Það hefur komið fram í umræðunum og ég lít svo á að þau séu fallin dauð og ómerk.

Það liggur í raun og veru alveg fyrir hver staða þessa máls hefur verið allan tímann frá og með öndverðum áttunda áratugnum þegar samkomulag verður milli Íslands og Evrópubandalagsins í kjölfar átaka um útfærslu landhelginnar og ákveðið er að stefna að gerð samnings um samskiptamál, sérstaklega á sviði rannsókna og þróunar og hagnýtingar auðlindanna, en einnig um hugsanleg gagnkvæm skipti á veiðiheimildum.

Evrópubandalagið ýtti á um gerð slíks samnings og það þekkja menn, en af honum varð ekki og í raun og veru komust aldrei í gang viðræður, ósköp einfaldlega vegna þess að það lá alveg skýrt fyrir af hálfu Íslendinga hver okkar staða í málinu væri. Ég get ekki betur séð en að í raun og veru hafi ekkert breyst, hvorki á fundum hæstv. fyrrv. sjútvrh. á árinu 1989 né á fundum í apríl 1990 sem hæstv. fyrrv. forsrh. og utanrrh. sóttu. Það sem fram kom af hálfu Íslands var óbreytt afstaða. Svo kemur hæstv. núv. sjútvrh. upp og reynir að skjóta sér á bak við þennan fund og að á honum hafi orðið einhver tímamót í afstöðu Íslands. Það er rangt. Það var óbreytt afstaða allt frá árunum 1974–1976 sem var í raun og veru ítrekuð og undirstrikuð af hálfu talsmanna Íslands á þessum árum, 1989–1990.

Því var svarað þegar Evrópubandalagið tók það upp einu sinni sem oftar að þessi samningur hefði ekki verið gerður. Að sjálfsögðu yrði tekið á móti þeim ef þeir vildu koma hingað til viðræðna um þau mál. En það var líka tekið fram hvað af Íslands hálfu kæmi til greina að ræða. Og það var það sama sem hæstv. fyrrv. sjútvrh., sem hæstv. forsrh. og utanrrh. og sem samningamenn Íslands upplýstu Evrópubandalagið um og niðurstaðan varð sú að Evrópubandalagið kom ekki þá frekar en fyrr til viðræðna um kosti sem það taldi óaðgengilega.

Algjört skilyrði af hálfu Íslendinga var að sjálfsögðu þá og allt fram að því að núv. ríkisstjórn hóf undanhaldið í viðræðum um gerð þess samnings sem hér er til umræðu að um raunverulega gagnkvæmni veiðiheimilda yrði að ræða, ef einhver slík skipti færu fram, á því formi að jafngildar veiðiheimildir í lögsögu Evrópubandalagsins kæmu á móti þeim sem Íslendingar létu.

Í öðru lagi var það skilyrði af hálfu Íslendinga, lá alltaf fyrir, hafði verið margsagt Evrópubandalaginu, a.m.k. var okkur tjáð það þegar farið var yfir þessi mál og þau rifjuð upp í tíð fyrri ríkisstjórnar, að eingöngu vannýttir stofnar á Íslandsmiðum kæmu til greina í slíkum samskiptum og þá var bent á kolmunna. Það var eiginlega ekki búið að finna upp langhalann ef ég man rétt, alla vega var hann ekki nefndur í þessu tilviki.

Í þriðja lagi lá það svo fyrir og var vitað þegar Íslendingar voru á þessum tíma að fara yfir þessi samskipti að Evrópubandalagið mundi væntanlega ekki frekar þá en fyrr hafa neitt að bjóða. Því væri í sjálfu sér ekki mikil áhætta tekin, ekki miklar líkur á því að yfirleitt kæmust þessi mál af stað. Ef við bara stæðum á okkar kröfum, eins og við höfðum gert, mundu aðstæðurnar Evrópubandalags megin frá sjálfkrafa gera það að verkum að málið kæmist ekki lengra og sú varð raunin því við vitum hvernig ástandið er í Evrópubandalaginu. Þeir hafa þurft að skera niður veiðiheimildir og hafa ekki upp á mikið að bjóða. Þannig liggur þetta nú fyrir og þegar svo búið er að afhjúpa þann orðaleik sem hér hefur átt sér stað í sambandi við örfáa belgíska síðutogara sem enn eru á grundvelli gamals samnings stendur eftir, svo ekki verður um það deilt, að með þessum samningi og veiðiheimildum Evrópubandalagsins er verið að brjóta í blað, er verið að opna flota Evrópubandalagsins leið inn í íslensku landhelgina sem ekki hefur verið hér og haft hér rétt til að veiða. Oft geta menn barið höfðinu við steininn og lengi og illa, en það þjónar tæpast tilgangi fyrir hæstv. stjórnarliða að gera það öllu frekar í sambandi við þetta atriði, svo skýrt er það.

Ég vísa þá t.d. í ályktun Sjómannafélags Reykjavíkur, sem ég veit ekki hvort hefur verið gerður enn sá sómi að upphefja í ræðustólnum, en þar eru menn sem hafa þetta alveg á hreinu og þrátt fyrir formann sinn láta hlutina ekkert þvælast fyrir sér því þeir segja ósköp einfaldlega, eða framkvæmdastjóri þess félags, að það sé stórhættulegt fyrir Íslendinga að opna landhelgina fyrir þjóðum Evrópubandalagsins. Og hann segir, framkvæmdastjórinn, að það sé með öllu óskiljanlegt ef Alþingi Íslendinga samþykkir slíkt. Það var samþykkt á þessum fundi Sjómannafélags Reykjavíkur að lýsa yfir vanþóknun á því að eftir áralanga baráttu fyrir fiskveiðilögsögunni skuli eiga að opna hana fyrir EB-þjóðunum, sérstaklega þegar það er haft í huga að meðal þeirra eru þjóðir sem með margs konar þvingunum og hernaðarvaldi börðust hvað harðast gegn útfærslu landhelginnar á sínum tíma.

Enn fremur skoraði þessi fundur á forseta Íslands, Vigdísi Finnbogadóttur, að sjá til þess að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði yrði borinn undir þjóðaratkvæði og bættist þar í hóp fjölmargra aðila víða í þjóðfélaginu sem slíkt hafa gert á undanförnum dögum og vikum.

Ég þakka þeim hjá Sjómannafélagi Reykjavíkur fyrir þessa kjarnyrtu samþykkt og að láta ekki, hvorki forustumenn sína né aðra, slá ryki í augun á sér og komast að kjarna málsins í fáum setningum eins og sjómönnum er gjarnan lagið.

En það er nefnilega það sem hér er á ferðinni í raun og veru, hæstv. forseti, að hæstv. sjútvrh. í þrenging-

um sínum og örvinglan yfir þessu máli grípur á það ráð að reyna að drepa umræðunni á dreif og láta hana snúast um allt annað en það sem máli skiptir, sem er hin efnislega niðurstaða, sem er samningurinn sjálfur. Þess vegna fer hæstv. sjútvrh. út í þennan lítillækkandi málflutning varðandi það sem gerðist í tíð fyrri ríkisstjórnar af því hann vill forðast að ræða um efni samningsins. Hann vill forðast að ræða um þá staðreynd að það er verið að opna flota Evrópubandalagsins leið inn í íslensku landhelgina, þeim flota sem ekki hefur haft þar réttindi áður. Veiðiheimildir örfárra 30 ára gamalla belgískra síðutogara, sem eru persónulega bundin viðkomandi skipum, tvö eða þrjú eftir haffær, og eru þeir þó ekki kröfuharðir á haffæriskírteini verð ég að segja, Belgarnir, því þetta eru ekki merkilegir kláfar, eru ósambærileg heimildum fyrir flota hvaðanæva að úr Evrópubandalaginu, sem geta verið hvaða skip sem er, til að koma hingað til veiða árlega. Það sjá allir heilvita menn.

En ég held að hæstv. sjútvrh. verði ekki mikið ágengt í þessum efnum. Hann mun ekki til lengdar ná að draga athyglina frá því sem máli skiptir og er efni þessa samnings og sú uppgjöf sem í honum felst gagnvart hagsmunum Íslendinga og réttarstöðu á þessu sviði.

Hæstv. sjútvrh. taldi gagnrýnisatriði stjórnarandstæðinga aðallega hafa verið þrenns konar þegar hann fór yfir þetta mál hér. Það er að vísu ekki nema hálf sagan sögð því margt fleira hefur verið tilnefnt en þau þrjú atriði sem hæstv. sjútvrh. tók til. En það fyrsta hef ég gert að umtalsefni er þessi uppgjöf í landhelgismálunum. Og hver var vörn hæstv. sjútvrh. þar ef vörn skyldi kalla? Jú, hún var í reynd sú að ef þetta væri uppgjöf hefði hún a.m.k. komist á dagskrá í tíð fyrri ríkisstjórnar. Það var vörnin. Jafnstórmannlegt og það nú er. Nú reynist það í fyrsta lagi rangt og í öðru lagi mun hæstv. sjútvrh. ekki verða mikið grand úr því að ætla að haga málflutningi sínum á þennan veg.

Í öðru lagi sagði hæstv. sjútvrh. okkur stjórnarandstæðinga eða andstæðinga samningsins hafa gagnrýnt að ekki væri um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum að ræða þar sem við fengjum loðnuna hvort sem er. Þar var málsvörn hæstv. sjútvrh. enn aumlegri því hann reyndi ekkert að rökstyðja það. Það var þá helst að það ætti að kallast rökstuðningur að við hefðum að vísu fengið þessa loðnu undanfarin ár og fengjum hana sennilega í ár ef hún væri veiðanleg, en það gæti komið að því einhvern tímann í framtíðinni að við fengjum hana ekki alla og þá væri gott að hafa svona samning því það gæti farið svo að loðnan færi aftur að ganga meira á Jan Mayen-svæðið, sem hæstv. ráðherra hefur væntanlega átt við, eins og hér á áttunda áratugnum og þá gæti verið gott að hafa svona samning.

Það má líta á þetta sem rök og spyrja: Er þá rétt að gera svona samning fyrir árið 1993? Er mikið vit í því þegar alveg liggur fyrir hvernig loðnað hefur hegðað sér í aðdraganda þessarar vertíðar og þegar aðstæðurnar blasa við eins og hv. 1. þm. Austurl. fór yfir áðan? Eigum við að afsala okkur hagsmunum með þessum hætti vegna þess að e.t.v. verða göngur loðnunnar einhvern tímann á komandi árum þannig að staða Grænlendinga og Norðmanna til að ná sínum kvóta innan sinnar lögsögu eða utan íslensku lögsögunnar verður skárri en hún hefur verið undanfarin ár? Það er auðvitað alveg með ólíkindum ef menn ætla að veðja á slíkt. Auk þess verður að hafa í huga að reynsla manna af sumarveiðum á loðnunni er ekki ýkjalöng og við höfum ekkert fyrir okkur um að þetta stutta tímabil þegar loðnan var að nokkru leyti veiðanleg norður undir Jan Mayen sé eitthvað sem megi búast við með reglulegu millibili eða sé venja. Staðreyndin er sú að frá og með 1986 hefur hegðun loðnunnar, þó breytileg hafi verið innan vissra marka, að einu leyti verið mjög regluleg og það er það að loðnan hefur nánast ekkert verið veiðanleg fyrr en innan íslenskrar lögsögu. Nánast ekkert. En þetta er sá tími, frá 1986, sem er langmarktækastur um meiri háttar loðnuveiðar því ef við tökum aflann eins og hann var á árunum í aðdragandanum er þessi drift fyrst að komast í fullan gang þegar kemur fram á árin um og fyrir 1986. Það er þannig. Og sumarveiðarnar hefjast ekki fyrr en upp úr miðjum áttunda áratugnum, bara yfir höfuð ekki. Menn skulu fara ákaflega varlega í að draga mjög stórar ályktanir af því að Norðmenn náðu á 3–5 ára tímabili eða nokkurra ára tímabili dálitlum árangri við þessar sumarveiðar.

Ekki var þetta að mínu mati merkileg málsvörn fyrir hæstv. sjútvrh. og það mætti reyndar segja fyrir hæstv. utanrrh. því hann fer víst með málið og í reynd viðurkenning á því að þarna er verið að borga 3.000 tonn fyrir loðnu sem við hefðum veitt hvort sem er ef við á annað borð verðum í færum til að ná henni, ef okkur tekst á annað borð að veiða upp okkar eigin kvóta sem verður að draga í efa, því miður, vegna þess að nú er að nálgast miðjan janúar og allt sem komið er á land eftir áramót eru 800 tonn, sín 400 tonnin af tveimur skipunum sem veiddust fyrir nærri viku og útlitið satt best að segja ekki allt of gott, a.m.k. ekki fyrir næstu daga eins og veðurhorfur eru.

Í þriðja lagi kom svo hæstv. sjútvrh. inn á að gagnrýnt væri að þetta væru ekki jafngildar veiðiheimildir í raun hvað verðmæti snertir. Þá verð ég að segja, hæstv. forseti, að það er í mínum huga léttvægasti hluti þessa máls. Ég geri satt best að segja, þó það sé sjálfsagt að reyna að halda því til haga hvernig það dæmi stendur, minna með það nákvæmlega hvert hið endanlega uppgjör í þeim efnum yrði. Það sem gerir það að verkum að við höfum fjallað talsvert um það mál er hin ábyrgðarlausa framsetning hæstv. ríkisstjórnar á því að á þessum skiptum séu Íslendingar beinlínis að græða. Ef menn hefðu sleppt því að vera með munninn uppi um slíkt hefðu menn e.t.v. ekki gert það að stórkostlegu ágreiningsefni að líklega hallar þarna nokkuð á Íslendinga og í raun og veru augljóslega. Það er ekki versti þáttur þessa máls að mínu mati. Það sem hefur hins vegar gert hann fyrirferðarmikinn í umræðunni er þessi ábyrgðarlausi málflutningur eins og venjulega hjá hæstv. ríkisstjórn og beinlínis rangfærslur sem menn eru að verða næsta þreyttir á þessum málum og fylla tugi ef það er allt saman talið upp, þar

sem hæstv. ráðherrar, auðvitað aðallega hæstv. utanrrh., hafa orðið berir að hreinum rangfærslum. En reiknikúnstir hæstv. sjútvrh., sem hefur gengið í þetta reikningshandverk, þetta reikningsmannalið og er að hjálpa hæstv. utanrrh. í því máli, eru satt best að segja harla broslegar. Ég leyfði mér í gær að líkja þeim við hinn kunna reikningsmann Sölva Helgason sem reiknaði barn í konur og vann fleiri afrek á þessu sviði og átti það fyrst og fremst sammerkt með hæstv. ríkisstjórn hvað aðferðafræðina snertir að hann taldi hina reikningslegu niðurstöðu jafnan réttari en veruleikann og mikilvægara það sem út úr reiknisdæminu kom en það sem í raunveruleikanum gaf að líta.

Í fjórða lagi sagði hæstv. sjútvrh., og ég hlýt að leyfa mér að minnast aðeins á það af því mér fannst það alveg orðið dæmigert fyrir tilburði hæstv. ráðherra til að reyna að forðast að ræða efni málsins, sjálfan samninginn, og hæstv. sjútvrh. sagði það orðrétt, ef ég hef tekið það rétt niður, að kjarni málsins í sambandi við þennan samning væri sá að tryggt væri mjög gott eftirlit. Hæstv. sjútvrh. reyndi að gera að kjarnaatriði þessa máls að það væri tryggt svo gott eftirlit með veiðunum og þess vegna væri þetta allt í lagi. Ég verð nú að segja alveg eins og er að ýmislegt má reyna í röksemdafærslu, en guð minn góður, að í raun og veru sé það aðalatriðið að það sé tryggt nógu gott eftirlit og þá skipti ekki svo miklu máli með veiðarnar og hvernig þeir hlutir standa. Er það ekki þannig að það er lítið nema til þess að skammast sín fyrir ef eitthvað hefði upp á vantað eftirlitið ef menn eru að gera þennan samning á annað borð? En það er til þess að koma upp og guma af sem sérstöku ágætisatriði sem geri samninginn í sjálfu sér eitthvað betri fyrir okkur Íslendinga að það hafi tekist skammlaust að ganga frá eftirlitsþáttunum? Tæplega get ég tekið undir það.

Í fimmta lagi, hæstv. forseti, örfá orð á nýjan leik um samhengi þessa máls sem ég hef reyndar áður gert að umtalsefni.

Ég sé því miður ekki annað en að í hæstv. ríkisstjórn hafi átt sér stað mjög ógeðfelld hrossakaup um nokkur mismunandi mál sem tengjast sjávarútvegi á Íslandi. Öll leystust þau upp í sama punktinum, nánast á sömu helginni svo sérkennilegt sem það var. Ráðherrar Sjálfstfl. og e.t.v. þingflokkur, ef þetta hefur verið borið undir hann en reyndar mun ekki vera venjan yfirleitt í Sjálfstfl. að vera mikið að tala við þingflokkinn, virðast hafa gengið inn á að það skuli koma á auðlindaskattur um mitt næsta kjörtímabil. Það var skýrt frá því sem sérstöku samkomulagi að stjórnarflokkarnir hefðu orðið ásáttir um að upphaf slíkrar gjaldtöku yrði á árinu 1996 eða 1997.

Í öðru lagi var á einni helgi ákveðið að slengja saman í mikinn sjóð nokkrum mismunandi stærðum úr fjárhagslið sjávarútvegsins og búa til mikinn þróunarsjóð sem deilur hafa síðan staðið um hvort ætti að yfirtaka ekki bara eignir heldur líka skuldir sumra þeirra sjóða sem hann á að stofna úr. (Gripið fram í.) Lán og ýmislegt. En alla vega virðist ljóst að þarna eigi að slengja saman á einu bretti í sjóð, hvers efnahagsreikningur verður eitthvað á annan tug milljarða króna. Það munar um minna að búa slíkt til á samningafundum yfir eina helgi. Það hefur að vísu lítið heyrst eða sést til þessa sjávarútvegssjóðs síðan.

Í þriðja lagi kom fram á sömu helgi, og það var dregið fram í dagsljósið m.a. með fundum utanrmn. og sjútvn., uppgjöf hæstv. sjútvrh. gagnvart samningum við Evrópubandalagið um samskipti á sviði sjávarútvegsmála. Hæstv. sjútvrh. var staffírugur gagnvart kröfum Íslands á sl. vori, ekki kæmi til greina að semja um annað en raunverulega gagnkvæmni í formi afla, fisk fyrir fisk. Því var lofað hátíðlega í sjútvrn. að ekki yrði hvikað frá þeirri frá þeirri kröfu og ekkert yrði aðhafst í því máli nema að höfðu samráði við sjútvn. Það var meira að segja svo að ráðuneytisstjórinn í sjútvrn. fór með sérstaka ítrekun á þessari ósk frá sjútvn. af fundi hennar um mitt sl. sumar. Það er staðfest í fundargerðarbók sjútvn. og á fundi sem nefndin átti á nýjan leik með ráðuneystistjóra sjútvrn. í haust staðfesti hann að hann hefði farið með þessi skilaboð.

Engu að síður kemur í ljós að utanrrn. hefur á miðju sumri þreifað á því að gefast upp að hálfu fyrir Evrópubandalaginu. Það var ekki nóg því Evrópubandalagið heimtaði fulla uppgjöf af hálfu Íslands og fékk hana og sjútvrh. gafst upp fyrir þessari óbilgirni Evrópubandalagsins um sömu helgi og hann samdi um kvótann, auðlindaskattinn og þróunarsjóðinn. Og minnisblað utanrrn. frá þessum tíma, 16. nóv. í haust, sannar svo ekki verður um villst að þetta gerðist í sumar.

Það má spyrja hvort sjútvrh. hafi e.t.v. samið um fleira þarna sem enn sé ekki komið fram og þá man ég allt í einu eftir ávísununum sem sjómenn áttu að fá vegna kvótakaupanna í framhaldi af skerðingu á þorskveiðiheimildum, útgerðarmenn. 500 millj. var lofað og því var lýst yfir á fundi á Flateyri að ætti að senda útgerðinni í framhaldi af þessu áfalli til að jafna stöðu hennar og þessar ávísanir yrðu sendar út fljótlega. Það bólar ekkert á þeim. Það er búið að loka fjárlögum án þess að gert sé ráð fyrir þessum peningum. Var kannski samið um það líka að þetta skyldi fara út af borðinu? Hæstv. sjútvrh. hefur að vísu sagt að þetta sé mál forsrh. því þetta sé byggðavandi og hefur afsalað sér að hluta til forræði yfir sjávarútvegsmálum í hendur hæstv. forsrh.

Nei, staðreyndin er sú, hæstv. forsrh., svo maður dragi þetta saman, að því miður hefur hæstv. sjútvrh. gefist upp. Allt loft var farið úr hæstv. sjútvrh. Hann er sprungin blaðra. Það hvellsprakk á hæstv. sjútvrh. þarna þessa helgi, í byrjun desember hygg ég að það hafi verið. Hvellsprakk eins og sagt er á bílamáli. Nú er bara ekið á felgunum. Þetta er að mínu mati mjög dapurlegt vegna þess að hæstv. sjútvrh. klúðraði þarna niður stöðu sem hann hafði til að gæta hagsmuna íslenska sjávarútvegsins. Það er enginn vafi á að ef hæstv. sjútvrh. hefði verið maður fyrir sinn hatt og staðið í ístaðinu hafði hann sjávarútveginn á bak við sig í þeirri baráttu. Bæði gagnvart því að samþykkja ekki auðlindaskatt, gagnvart því að gefast ekki upp fyrir Evrópubandalaginu og í þriðja lagi því að reyna að skapa íslenska sjávarútveginum almennileg rekstrarskilyrði sem hæstv. sjútvrh. virðist líka hafa gefist

upp gagnvart. Nú er hæstv. sjútvrh. landlaus maður því hann er búinn að fyrirgera þessum stuðningi algerlega og það finna allir sem þreifa á þessum málum þessa dagana. Og ég verð að segja alveg eins og er að þetta eru mér veruleg vonbrigði vegna þess að hvað sem um þetta ríkisstjórnaróbermi má segja verður að búa við hana á meðan hún er og menn verða að reyna að lifa það af að fá yfir sig svona ríkisstjórnir rétt eins og hver önnur hallæri sem yfir þá ganga.

Ég hafði bundið vissar vonir við að sjávarútveginum yrði nokkur vörn í hæstv. sjútvrh. á meðan þetta gengi yfir. Ég þóttist vita að það væri ekki mikils skilnings að vænta hjá hæstv. ráðherrum Alþfl. í málefnum sjávarútvegsins sem ekkert hafa séð þar undanfarin ár annað en nauðsynina á skattlagningu á greinina í formi auðlindaskatts. Og ég sá ekki á málflutningi hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. að þar ætti sjávarútvegurinn mikla hauka í horni heldur, samanber t.d. fjárlagagerðina á síðasta ári þegar nýjum álögum upp á um milljarð króna var velt yfir á sjávarútveginn sem barðist í bökkum. Nei, en maður batt vissar vonir við að í hæstv. sjútvrh. yrði eitthvert hald í þessari erfiðu varnarbaráttu sjávarútvegsins sem er í bullandi taprekstri, hefur tekið á sig samdrátt í veiðiheimildum og er svo sótt að í þriðja lagi með nauðasamningagerð af þessu tagi.

Hæstv. sjútvrh. talaði líka þannig á köflum að hann væri til í nokkuð harðan slag fyrir hönd sjávarútvegsins. Hann valdi sér óvini og skammaði þá alveg blóðugum skömmum í ræðum á aðalfundum LÍÚ og annars staðar. Og með því að velja sér aðila sem höfðu leyft sér að gagnrýna sjávarútveginn eða voru ekki beint vinsamlegir sjávarútveginum að mati hæstv. sjútvrh. í umfjöllun sinni gekk hæstv. sjútvrh. fram samkvæmt formúlunni: Ef ég skamma óvini þína er ég vinur þinn. Og þess vegna tók hæstv. sjútvrh. Morgunblaðið fyrir norður á Akureyri í fyrra og skammaði það alveg blóðugum skömmum fyrir skilningsleysi og hroka og andúð í garð sjávarútvegsins. Samkvæmt formúlunni: Ef ég skamma óvini þína er ég vinur þinn. Og hæstv. sjútvrh. skammaði Moggann.

Hann fékk nýjan óvin á Akranesi í haust til að skamma. Háskóla Íslands og rektor. Og hellti sér yfir rektor sem væri þessi skilningslausi einangraði aðili í fílabeinsturninum sem leyfði sér að halda því fram að hann gæti rekið Háskóla Íslands með óbreyttu sniði ár frá ári án þess að fylgja öllum dýfum eða uppsveiflum í sjávarútvegi, þetta væri nú meira nautið. Og hæstv. sjútvrh. skammaði rektor samkvæmt formúlunni: Ef ég skamma óvini þína er ég vinur þinn. Og með ýmsum slíkum aðferðum reyndi hæstv. sjútvrh. að halda þeim skilaboðum gangandi að hann væri nú þrátt fyrir allt að gæta hagsmuna sjávarútvegsins þarna og stæði sig í því og tæki bara þó nokkuð upp í sig svona af og til.

Með þessu öllu saman held ég að ég geti sagt að fram á síðasta haust hafi hæstv. sjútvrh. þrátt fyrir allt tekist þokkalega að halda sér réttu megin í málunum, að hafa vissa tiltrú og vissa samúð og vissan skilning hagsmunaaðila í greininni og fleiri aðila sem um þetta fjalla, þar á meðal stjórnarandstöðunnar sem viðurkenndi upp að vissu marki tilraunir hæstv. sjútvrh. í þröngri stöðu, eins og t.d. þegar við hvöttum hann til, hæstv. sjútvrh., og hjálpuðum honum til í fyrravor að afgreiða með hraði í gegnum þingið frv. til laga sem heimilaði útgreiðslur úr Verðjöfnunarsjóðnum. En nú er sem sagt, því miður, þessum hveitibrauðsdögum lokið, þeir eru búnir að vera og mikið meira en það, ég held að hjónabandið sé bara búið að vera, hæstv. sjútvrh. og sjávarútvegsins. Það hvellsprakk á hæstv. sjútvrh. þegar hann lak niður gagnvart þessum málum á dögunum. Hann lét undan kröfum Alþfl. um auðlindaskatt, samþykkti uppgjöf í samningum við Evrópubandalagið og dróst inn í þetta möndl með þróunarsjóðinn og guð má vita hvað. Allt til þess eins að kaupa óbreyttan kvóta, óbreytt kvótakerfi að því er virtist í einhver ár. Ja, dýr mundi Hafliði allur ef þessu verði er goldið óbreytt ástand eitt og veit ég ekki til þess að fyrr í Íslandssögunni hafi menn keypt óbreytt ástand jafndýru verði.

Nei, hæstv. forseti, aftur að efni samningsins beint sem menn hafa farið í ýmsar skógarferðir út frá til að forðast að ræða það sem þetta mál snýst þó um, samningana við Evrópubandalagið um samskipti á sviði sjávarútvegsmála sem þessi samningur er bersýnilega okkur mjög óhagstæður um. Því ber að fella þennan samning ef ríkisstjórnin er svo gæfulaus að vilja knýja fram afgreiðslu hans nú. Það hefði auðvitað verið að mörgu leyti langskynsamlegt að láta samninginn liggja og bíða átekta og sjá hvað gerðist, auðvitað langgáfulegast. Gamalkunn og vel farsæl aðferð hér í þinginu er að salta mál, leyfa þeim að liggja í nefndum á meðan einhver óvissa gengur yfir og málin skýrast. Að hæstv. sjútvrh. er ekki einu sinni maður til þess að berja í borðið gagnvart hæstv. utanrrh. og segja: Nei, góði minn, nú bara geymum við þetta mál þangað til annað skýrist, er alveg með endemum lítilsiglt, að ná ekki einu sinni því fram, en ganga í það með hæstv. utanrrh. að pína fram afgreiðslu á þessum samningi nú til að það sé alveg öruggt að Evrópubandalagið fái hvað sem öðru líður þessi 3.000 tonn á árinu. Það verður ekki séð að tilgangurinn þess að pína fram samninginn nú sé annar. Það þjónar í raun og veru engum öðrum efnislegum tilgangi en þeim að uppfylla það skilyrði gagnvart Evrópubandalaginu að þeir fái örugglega 3.000 tonn af karfa. Það er nokkurn veginn borðleggjandi að það skiptir Íslendinga engu máli varðandi þessar loðnuveiðar ef loðnan á annað borð verður veiðanleg eða við í færum til að veiða hana, en þá hefðum við fengið hana hvort sem er, þá hefðum við tekið hana á þessari vertíð hvort sem er. Í öðru lagi verður ekki heldur séð að það þjóni neinum tilgangi í sambandi við samningagerðina um Evrópskt efnahagssvæði. Evrópubandalagið sjálft hefur ekki einu sinni samþykkt þann samning nema ein þrjú ríki og sá samningur gengur í fyrsta lagi í gildi ef hann þá nokkurn tímann gerir það, sem ég reyndar styrkist nú alltaf í trú á að verði ekki, um mitt þetta ár.

Evrópubandalagið hefur enga kröfu á okkur þó svo að þeir hafi með einhliða bókun gert þennan tvíhliða

samning að skilyrði ásamt nokkrum öðrum. Þeir hafa enga kröfu á okkur að við gerum það fyrr en þá rétt áður en þeir samningar koma til framkvæmda. Þá væri a.m.k. eini óvissunni færra í þessu máli og það væri hvað hefði gerst á þessari loðnuvertíð. Og ef þá verður sýnt eins og yfirgnæfandi líkur eru til, því miður, að við Íslendingar höfum í mesta lagi náð að veiða okkar eigin kvóta og ég óttast að við náum honum ekki einu sinni öllum, ég tala nú ekki um ef mælingar gera það að verkum að bætt verður við hann, þá þurfum við að minnsta kosti ekki að skaffa Evrópubandalaginu 3.000 tonn af karfa vegna loðnu sem við sannanlega veiddum ekki eitt einasta kvikindi af. En er það það sem vakir fyrir hæstv. sjútvrh. að hann sé svo gírugur í að koma út þessum karfaheimildum að hann vilji taka þátt í að pína þetta mál hér í gegn við þessar aðstæður?

Hæstv. ráðherra. Það er búið að halda illa á þessu máli eins og margir fyrri ræðumenn hafa sagt og þar á meðal fyrrv. hæstv. sjútvrh. sem hefur talsverða reynslu af þessum málum. Og við höfum orðið vitni að því með dapurlegum hætti að hæstv. ríkisstjórn hefur verið út og suður í þessum efnum. Ráðherrarnir virðast lítið talast við. Þeir skiptast á skoðunum í „Þjóðarsálinni" um viðkvæm hagsmunamál Íslendinga í samningum við erlenda aðila og það er aðhlátursefni fyrir þá sem á annað borð hafa geð í sér til að hlægja að svona málum hvernig þetta hefur allt saman gengið til.

Ég skora eindregið á menn einu sinni enn að skoða nú hug sinn gagnvart því hvort það sé ekki öllum fyrir bestu að a.m.k. geyma þetta mál. Láta það bíða þar sem það er þá statt þangað til að að einhverju leyti skýrist með framhaldið og held ég að fyrir því megi færa mörg rök, en fyrir hinu fá að vera að pína fram afgreiðslu á þessu máli nú.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það má segja að það sé að berja höfðinu við steininn að ætlast til að hægt sé að vírbinda til fullkomins jafnræðis verðmæti fisktegunda eins og sumir hv. stjórnarandstöðuþingmenn hafa ætlast til í umræðum hér, þ.e. þá í umræðunum um þessi 3.000 tonn af karfa annars vegar og 30.000 af loðnu hins vegar sem er niðurstaða sjávarútvegssamningsins í tengslum við EES. Verðmæti rokka til á svo mörgum mismunandi forsendum að það er erfitt að geirnegla á þennan hátt eins og menn hafa gjarnan viljað og má segja að þar séu menn að teygja lopann. Í upphafi samninganna um Evrópska efnahagssvæðið höfðu menn auðvitað uppi vonir um það að ekki þyrfti að koma til samninga um veiðiheimildir erlendra skipa, en það átti ekki að koma neinum á óvart að ganga yrði til þeirra samninga á lokastigi og það átti auðvitað ekki heldur að koma hv. þm. Steingrími Hermannssyni á óvart nú í ársbyrjun 1993 að hafa á fundi með framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins í Brussel 1990 boðið viðræður um veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu.

Óþarft er að fjölyrða mjög um niðurstöðurnar sem nú liggja fyrir því þótt vissulega hefði verið æskilegast að losna við 3.000 tonna ákvæðið er niðurstaðan vel ásættanleg, enda magnið tiltölulega lítið þegar á heildina er litið. Það eru ákveðnir þröskuldar í sóknninni og strangt og örugglega skilvirkt eftirlit sem skiptir miklu máli. Ráðherrar núv. ríkisstjórnar og fyrri ríkisstjórnar hafa að því er best verður séð staðið vel í ístaðinu varðandi hagsmuni Íslands í þessum samningaviðræðum og niðurstöðuna verður að líta á fyrst og fremst sem gildi í miklu stærra dæmi.

Það er verið að gera samninga sem styrkja Ísland, styrkja fyrst og fremst fjárhagslegt sjálfstæði Íslands og möguleika til hagvaxtar og atvinnusköpunar, en slík þróun er auðvitað grundvöllur fyrir menningu og sjálfstæði landsins.

Þegar menn hafa lagt saman það neikvæða og jákvæða sem fylgir þessum samningum er augljóst að íslenskt þjóðfélag hefur ekki efni á að hafna niðurstöðunni sem liggur fyrir og enn síður að standa utan við Evrópska efnahagssvæðið þegar til lengri tíma er litið. Það er þó full ástæða til þess í tilefni þeirra umræðna sem hafa átt sér stað um sjávarútvegssamninginn að skora á hv. þm. Steingrím Hermannsson að beita sér fyrir því að birta fundargerð þá sem hefur orðið nokkurt ásteitingsefni í umræðunum, fundargerðina frá fundi fyrrv. forsrh. og utanrrh. með framkvæmdastjórn EB í Brussel 1990, og fá þar svart á hvítu fram samkvæmt fundargerð hvað kom fram á þeim fundi. Þeim hefur ekki borið saman, hæstv. sjútvrh. og fyrrv. forsrh. Því vil ég skora á hv. þm. Steingrím Hermannsson að ljá máls á því að beita sér fyrir því að þessi fundargerð verði birt. Tilvitnanir í þennan fund eru orðnar svo viðamiklar í þessum umræðum að það er mjög rík ástæða til að það komi fram berlega sem þar er.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér fannst þetta nokkuð merkileg ræða hjá hv. 3. þm. Suðurl. Hann kemur, eftir því sem ég kemst næst, upp fyrstur stjórnarliða og segir að þessi sjávarútvegssamningur sé raunverulega neyðarbrauð. Hann sé gerður vegna EES-samningsins og menn neyðist til að gera hann. (**ÁJ**: Ekki sagði ég það.) Ég er ekki að hafa orðrétt eftir þingmanninum. En ég er að orða þann skilning sem ég lagði í ræðu hans eftir á. Ég get ekki tekið það til baka.

Ég tel að hann hafi verið að segja okkur það að a.m.k. hann líti þannig á að þessi sjávarútvegssamningur sé neyðarúrræði sem við þurfum að taka á okkur vegna EES-samningsins. Hann var að rökstyðja að EES-samningurinn styrkti fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar og þess vegna ættum við að gera sjávarútvegssamninginn líka. Þetta er mjög merkilegt vegna þess að hæstv. sjútvrh. og aðrir þeir sjálfstæðismenn sem hér hafa talað hafa lagt mikið á sig við að reyna að rökstyðja það fyrir þingheimi að hér sé um að ræða jafnvægi í þessum samningum.

Ég verð að segja það alveg eins og er að oft hefur mér fundist það ganga út í öfgar hvað menn hafa reynt að leggja mikið á sig til að bera saman alls ósambæri-

legar veiðiheimildir sem þarna er um að ræða. En það hafa þeir gert í ljósi þess að þeim finnst svo mikilvægt að Íslendingar hafi raunverulega gert góðan samning og telja að með því að tala nógu lengi um hvað hann sé góður geti hann orðið það. Það virðist vera það sem a.m.k. þinginu og þjóðinni er boðið upp á.

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er misskilningur hjá hv. síðasta ræðumanni ef hann telur að ég hafi verið að draga eitthvað úr ágæti þessa samnings. Ég rakti í stuttu máli að samningurinn væri vel viðunandi. Og hvernig menn líta á hann í heild. Það getur verið einhver munur á slíku. En fyrst og fremst er niðurstaðan sú varðandi samninginn að þar sé jafnvægi.

Það er að vísu hægt að túlka á margan hátt verðlagningu á afurðum. Ef Íslendingar legðu til að mynda þá verðlagningu í loðnuna að verka hana að japönskum sið, eins og hún er unnin dýrust, bæði með hrognatöku og með þurrkun, þá eru menn komnir upp í miklu hærri verð en karfinn gæfi hlutfallslega. En það yrði ekki raunhæft að gera það á þennan hátt fyrr en kannski markaðurinn býður upp á slíkt eða menn leita þeirra söluleiða sem kann að vera gert í framtíðinni. Og dæmi eru um granna okkar, Grænlendinga, sem þurrka hluta af loðnu sem þar veiðist og er seld miklu dýrari en sú loðna sem fer í bræðslu.

Þetta geta menn teygt lopann um endalaust, en í heild er þarna um gagnkvæman samning að ræða og það er undirstaðan í þessu máli. Og þeir staðlar sem sjútvrn. hefur sett fram eru þeir marktækustu í stöðunni. Undir það ber að strika.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér fannst 3. þm. Suðurl. farast illa að draga til baka það sem hann sagði í ræðu sinni. Hann tók til orða eitthvað á þá leið að engum hefði átt að koma á óvart að neyddust til að gera þennan samning, þ.e. sjávarútvegssamninginn. Það var ekki hægt að misskilja af framhaldi orða hans hvað hann átti við, hann væri sem sagt neyðarbrauð og hluti af því að gera þetta EES-samkomulag.

Það er út af fyrir sig hægt að halda áfram þeim umræðum sem hér hafa staðið yfir lengi um að bera saman þessar veiðiheimildir, en aðalatriði málsins er að nú liggur ljóst fyrir að þessi samningur til eins árs um nýtingu veiðiheimilda mun ekki færa Íslendingum neitt í aðra hönd. Sú loðnuvertíð sem stendur yfir núna er í þeirri stöðu eftir óveðurskafla að ekki er líklegt að það veiðist neitt af þessari grænlensku loðnu. En Íslendingar ætla samt að halda sínu striki og þrátt fyrir að enginn viti um endalok eða gildistöku EES-samkomulagsins ætlar stjórnarmeirihlutinn á Alþingi að knýja fram að þessi samningur um skipti á veiðiheimildum verði að veruleika. Það verð ég að segja að mér finnst alveg fáránlegt. Ég tel að það hefði verið mannalegra að koma fram eins og hv. 3. þm. Suðurl. gerði þó í fyrri ræðu sinni og segja sannleikann, að menn telji sig neydda til að skrifa upp á þennan samning. En þá ætti beint framhald af þeirri ræðu að vera að viðurkenna að sá samningur ætti þá ekki að taka gildi nema EES-samkomulagið yrði að veruleika. — [Fundarhlé.]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Í lok andsvara eftir síðari ræðu hæstv. sjútvrh. í gær lagði ráðherra fyrir mig þá spurningu hvernig í ósköpunum ég gæti verið á móti þessum samningi því ég hefði boðið upp á, að því er mér skildist, sambærilegt í Brussel 18. apríl 1990. Ekki veit ég hvað veldur þessari þráhyggju hæstv. ráðherra nema e.t.v. það að á árunum 1989 og 1990 ritaði hann margar greinar í Morgunblaðið sem lýstu biturleika og tilraun til að gera allt tortryggilegt sem gert var í þessum málum. Að vísu gekk nú Alþfl. miklu lengra rétt fyrir kosningarnar síðustu þegar í blaði flokksins, sem þá var, Pressunni, birtist auglýsing þar sem fyrrv. hæstv. sjútvrh., hv. þm. Halldór Ásgrímsson, var borinn þeim sökum að bera kápuna á báðum herðum eða vera ekki treystandi í þessum málum.

En ég tel mig hafa skýrt þetta mál æði ítarlega í fyrri ræðu minni og reyndar gerði hv. þm. Halldór Ásgrímsson mjög vel grein fyrir þessu máli, hann rakti sögu þess. Sama gerði reyndar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon svo það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að endurtaka það sem hér hefur verið svo ítarlega greint frá.

Ég hef orðið mér úti um fyrstu ræðu hæstv. sjútvrh. frá því í gær og hef lesið hana. Þar er að vísu af mjög mörgu að taka og gæti ég staðið hér lengi til að svara ýmsu sem þar kemur fram. En aftur vísa ég til þess sem fyrrnefndir hv. þm. hafa rakið svo það ætti að vera óþarft. Ég ætla því að halda mig fyrst og fremst við það hvers vegna ég get ekki lýst ánægju minni með þann samning sem nú er og reyna enn einu sinni að gera nokkra grein fyrir því sem fram fór á fundinum 18. apríl 1990 í Brussel.

Ég tek eftir því að í upphafi sinnar fyrri ræðu í gær segir hæstv. sjútvrh., með leyfi forseta: „Af þessum málflutningi má ráða að þau sjónarmið séu uppi af hálfu þessa hv. þm. [þ.e. þess sem hér stendur] að það komi ekki til álita að gera samning um skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum."

E.t.v. er skýringanna að leita í þessum misskilningi hæstv. sjútvrh., e.t.v. hefur það ekki komist til skila að ég hef ekki út af fyrir sig mótmælt því að gerður verði samningur um gagnkvæmar veiðiheimildir, enda séu þær gagnkvæmar. Ég ætla, með leyfi forseta, að vísa til orðréttrar ræðu minnar þar sem ég mælti fyrir áliti minni hluta utanrmn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fyrst þegar rætt var um þennan samning var um það talað að skipt yrði á 30 þúsund lestum af loðnu fyrir 3 þúsund karfaígildi og fullyrt þá að þessi ígildi yrðu að ⅔ hlutum langhala og ⅓ hluti karfi. Við þetta sættu aðilar í sjávarútvegi sig. Það kom fram nokkur stuðningur við þetta. Ég lýsi þeirri persónulegu skoðun minni að ég taldi þarna vera um hugmynd að ræða sem mætti skoða því að ég hygg að það sé almennt viðurkennt að langhalinn sé vannýttur..."

Þetta er kjarni málsins. Ég hef áður lýst því að við-

ræðurnar sem fram fóru í Brussel komust út af fyrir sig aldrei neitt áleiðis. Þar var ekki um neinn samningafund að ræða sem hæstv. sjútvrh. gefur undir fótinn með. Hann velti sér upp úr því í sinni fyrstu ræðu og segist ekki hafa fundið það í gögnum að þar væri talað um veiði fyrir veiði og ég veit ekki hvað og hvað fleira. Ég veit vel að hæstv. sjútvrh. talar þar þvert um sinn hug því hann veit að þetta voru eingöngu áþreifingar og eins og hann hefur sjálfur sagt var þangað farið til að kynna sjónarmið Íslands og leggja alveg sérstaka áherslu á ýmsar sérkröfur sem við Íslendingar þurfum að gera. Hæstv. ráðherra veit mætavel að það var svar við þeirri stöðugu kröfu Evrópubandalagsins að gengið yrði frá samningi um fiskveiðar sem þeir hefðu lýst yfir þegar 1972 með bókun 6 að þeir teldu nauðsynlegt að gera. Að sjálfsögðu höfum við aldrei nokkurn tíma neitað því að halda áfram slíkum viðræðum. Við höfum alltaf tjáð okkur – eins og kom svo greinilega fram í sögulegu yfirliti hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar – reiðubúna til að halda áfram þessum viðræðum.

En ástæðan fyrir því, eins og ég hef reyndar áður sagt og mér þykir leitt að þurfa að vera að endurtaka mig í þessu sambandi, að Marin, sem var sjávarútvegskommissar eða framkvæmdastjóri Evrópubandalagsins, þáði ekki þetta boð var einfaldlega sú að annars vegar bentu ég og Hannes Hafstein á einu vannýttu fiskstofnana sem við höfum, þ.e. kolmunna, og hins vegar, þegar því var hafnað, spurðum við ætíð og höfðum spurt um nokkurn tíma: Hvaða jafngildar veiðar getið þið bent okkur á innan ykkar fiskveiðilögsögu? Og við fengum aldrei nokkurn tíma nein svör við því. Það var satt að segja talið nokkuð klókt að koma boltanum þannig til þeirra. Það hafði enginn þá hugmyndaauðgi, ef ég má kalla það svo, að láta sér detta í hug að skipta við Evrópubandalagið á grænlenskri loðnu sem veidd yrði innan íslenskrar fiskveiðilögsögu, eins og nú er verið að gera. Það datt engum í hug. Meira að segja datt þeim ekki í hug að benda á slíkt þó að þeir hefðu aðgang að þeirri loðnu með sérstökum samningi við Grænlendinga. Það er seinni tíma mál. Og það er kjarni málsins að það hefur enginn gagnkvæm veiði fengist innan lögsögu Evrópubandalagsins eins og hv. þm. Halldór Ásgrímsson rakti svo ítarlega áðan.

Ég tek líka eftir því að í ræðu hæstv. sjútvrh., fyrri ræðunni í gær, segir hann, með leyfi forseta: „Hv. 1. þm. Austurl. sagði á hinn bóginn í sinni ræðu að það hefði alltaf legið í loftinu að slík gagnkvæmni gæti komið fram. Og á fundi embættismanna í Maastricht 1990 hefði komið fram að hugsanlega mætti gera fiskveiðisamning með gagnkvæmum skiptum á veiðiheimildum, en það mætti þó ekki verða til þess að minnka umsvif okkar eigin skipa."

Hvað þýðir þetta? Það þýðir að þetta gat ekki orðið þannig að veiðar okkar eigin skipa minnkuðu nema það kæmi fullkomið ígildi þess í staðinn þannig að umsvifin minnkuðu ekki á nokkurn máta. Og aftur endurtek ég að enginn var svo hugmyndaríkur að láta sér detta í hug að við þægjum að veiða grænlenska loðnu innan íslenskrar fiskveiðilögsögu í staðinn fyrir það sem Evrópubandalagið fengi innan lögsögu okkar Íslendinga.

Þetta er kjarni málsins og það er vitanlega þess vegna sem við gagnrýnum þennan samning. Ekki vegna þess að þarna hafi verið leitað eftir því að fá gagnkvæmar veiðar heldur vegna þess að þær fengust ekki. Það fengust ekki, því miður, gagnkvæmar veiðar. Það er ekki gagnkvæmni í því að leyfa hér veiðar af fullnýttum fiskstofni og taka mjög óvissa heimild til þess að veiða loðnu innan okkar eigin fiskveiðilögsögu í staðinn. Það er ekki sú gagnkvæmni sem nokkrum manni hafði áður dottið í hug. Ég vona að þetta komist nú til skila og til hæstv. sjútvrh. Það er athyglisvert að yfirleitt sleppir hann því að nefna, sem kemur þó fram í fundargerðinni sem ég las upp úr, að við værum tilbúnir að fjalla um mögulegar gagnkvæmar veiðar. Það er einmitt í sambandi við það orð, hvað menn meintu með því, sem síðan strandaði því það náði aldrei nokkurn tíma saman.

Hæstv. ráðherra talaði um það í gær að rétt væri að birta fundargerð frá þessum fundi og eflaust fleirum og hv. 1. þm. Austurl. hefur tjáð sig reiðubúinn að standa að því. Út af fyrir sig hef ég ekkert á móti því heldur. Ég er samt sem áður þeirrar skoðunar að þá verði tekinn upp afar varhugaverður siður og ég vil geta þess að þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson fór fram á það að birtar yrðu ákveðnar fundargerðir ríkisstjórnarinnar ræddi núv. hæstv. forsrh. við mig og við vorum sammála um það að þann sið bæri ekki að taka upp. Ég hef að vísu leitað hjá mér að fundargerð frá fundinum í Brussel og því miður virðist ég ekki hafa hana, hún er í skjölum ráðuneytisins. En núv. formaður Sjálfstfl. og núv. hæstv. forsrh. komst yfir þá fundargerð og gerði sér lítið fyrir og las upp úr henni án þess að mér sé kunnugt um að til þess hafi verið veitt heimild – hún var trúnaðarmál og er að því er ég best veit – á fundi fyrir síðustu kosningar. Það sem ég las upp úr fundargerðinni er tekið upp úr frétt Morgunblaðsins af þeim fundi. Því miður hef ég ekki fundargerðina sjálfa. Ég gerði mér far um að finna hana í gær en fann hana ekki.

Hins vegar get ég sagt frá þeim fundi að hluti hans var lokaður fundur með Delors. Þar var sendiherra Íslands, Einar Benediktsson, staddur. Ég efast um að Delors óski eftir því að allt verði birt sem þar koma fram, a.m.k. væri þá eðlilegt að leita leyfis hjá honum til þess. Ef slíkt leyfi fæst frá Evrópubandalaginu og samþykki er ég svo sannarlega ekki á móti því að fundargerðin verði öll birt og teldi það að mörgu leyti verða til að hreinsa andrúmsloftið, a.m.k. áreiðanlega sýna fram á að engar viðræður fóru þarna fram um veiðar fyrir veiðar o.s.frv., ekki neinar.

En eins og ég hef áður sagt er það talað skýrast í þessu máli að Marin tók ekki boðinu að koma hingað til áframhaldandi viðræðna. Hann tók því ekki af því hann fékk ekki svör sem hann taldi viðunandi við þeirri lykilspurningu sem allt hafði strandað á, hvaða veiðar gæti Evrópubandalagið fengið hér á Íslandsmiðum.

Virðulegi forseti. Aðeins til að draga þetta saman ef það mætti varpa enn ljósi á þessa hluti: Það er sem sagt misskilningur hjá hæstv. sjútvrh. að ég eða við framsóknarmenn höfum verið á móti öllum gagnkvæmum veiðisamningi. En hann verður að vera gagnkvæmur. Við teljum að ef hann er ekki fullkomlega gagnkvæmur séu þær einu veiðar, sem við getum bent á hér, veiðar á vannýttum fiskstofnum sem er eingöngu kolmunninn. Það má segja að það sé rétt, sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði hér áðan, að þá var langhalinn ekki uppgötvaður. Menn vissu a.m.k. ekki í hvaða magni hann væri hér. Og miðað við það að fá veiðar af loðnu í okkar eigin fiskveiðilögsögu, grænlenskri loðnu, höfum við talið að ásættanlegt hefði verið að heimila veiðar á langhala, þessum vannýtta fiskstofni, fyrst Evrópubandalagið situr enn við sinn keip og samþykkir ekki veiðar á kolmunna.

Svo einfalt er þetta mál. Og mér þykir satt að segja koma úr hörðustu átt þessi viðleitni hæstv. sjútvrh. til að gera allt það tortryggilegt sem á undan er gengið og bera í bætifláka fyrir það sem nú er gert þegar tekið er tillit til þess að fáir hafa stutt meira viðleitni hæstv. sjútvrh. til að fá samþykktar veiðar fyrir veiðar en við framsóknarmenn. Ég taldi það mjög virðingarverða viðleitni og sannarlega til að bæta nokkuð þennan samning og ég þarf ekki að endurtaka ýmis þau önnur stór orð sem hæstv. sjútvrh. hefur um þetta mál haft og virtist þá mjög ákveðinn að fá úr þessu betri samning en hæstv. utanrrh. hefði lagt upp í hendur á honum. Því miður mistókst það. Ég held það sé sjálfsagt að viðurkenna það. Það mistókst. Það tókst ekki að fá samþykktar veiðar fyrir veiðar, sem var lykilatriði í málflutningi hæstv. sjútvrh., og það harma ég ekkert síður en hann áreiðanlega.

Virðulegi forseti. Ég hef enn einu sinni lagt í að skýra hvernig í þessum málum liggur og vísa jafnframt enn einu sinni til ítarlegrar söguskýringar hv. 1. þm. Austurl., sem varpaði miklu ljósi á þessi mál, og sömuleiðis það sem hv. þm. Steingimur J. Sigfússon sagði áðan.

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson lauk máli sínu áðan með því að hvetja til þess að menn vörpuðu ljósi á staðreyndir í því máli sem um er rætt. Mig langar að ítreka spurningu sem ég beindi til hv. þm. í morgun. Hann hefur vitnað nokkuð í fund þann sem hann sem forsrh. 1990 ásamt páv. utanrrh. hélt með framkvæmdastjórn EB í Brussel og þessi fundur hefur komið nokkuð inn í umræðurnar. Mig langar að spyrja hv. þm. hvort hann telji ekki eðlilegt að fundargerð frá þessum fundi birtist þannig að menn hafi svart á hvítu það sem um var fjallað, hvort það sé ekki til þess að upplýsa nánar um aðdraganda þessa máls.

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. var augljóslega ekki í salnum þegar ég ræddi þetta mál áðan, ég held hann hafi mætt eftir það. Þá sagði ég einmitt að ég hefði svo sannarlega ekkert á móti því að birta þessa fundargerð. – En hún er ekki bara okkar einna. Hún er líka fundargerð þeirra sem við töluðum við. Ég sagði að ég teldi þá a.m.k. alveg sjálfsagt að leita samþykkis þeirra fyrir því að hún verði birt því að þar var líka lokaður fundur með Delors sem eflaust er greint frá í fundargerðinni.

Ég hef hins vegar ekki fundargerðina. En það er afar athyglisvert að formaður Sjálfstfl. náði í þessa fundargerð fyrir kosningarnar og leyfði sér að birta úr henni á fundi í Kópavogi, eins og fram kemur í Morgunblaðinu, þar sem var sagt að það væri fjölmennur fundur í Menntaskóla Kópavogs. Það má eflaust fá þessa fundargerð frá honum eða kannski hefur líka hæstv. sjútvrh. hana. Ég hef ekkert á móti því. En það er ekki einhliða hægt að ákveða slíkt. Og ég sagði líka áðan að út af fyrir sig þætti mér að það ætti að fara mjög varlega í að birta trúnaðargögn. Hvar endar það? Og ég sagði líka, svo ég endurtaki það, að við hæstv. forsrh. ræddum þetta fyrir nokkru og þá urðum við sammála um að slíkt bæri að forðast í lengstu lög. En persónulega hef ég ekkert á móti því þó að hún væri birt.

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. þær undirtektir sem hann lét í ljós. Það kann að vera viðkvæmt að leggja fram fundargerðir á ákveðnum stigum í gangi samningamála, en það ætti að vera hægt að gera það núna og þegar hv. þm. hefur fyrir sitt leyti samþykkt það sem páv. hæstv. forsrh. hlýtur það að vigta nokkuð í málinu og ég fagna því.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ræða hv. 7. þm. Reykn. var um margt athyglisverð og um sumt ástæða til að fagna henni því að þar kvað við nýjan tón, annan tón en var í upphafsræðu hans þegar hann mælti fyrir áliti sínu og minni hluta utanrmn. við upphaf þessarar umræðu. Nú kom alveg skýrt fram af hálfu hv. þm. að hann væri nú og hefði alltaf verið reiðubúinn að gera samninga um gagnkvæm skipti á jafngildum veiðiheimildum. Eini ágreiningurinn sem uppi væri í málinu væri sá að hann teldi að í þessum samningi væri ekki um að ræða jafngildar veiðiheimildir.

Ástæðan fyrir því að ég vék í minni ræðu í gær að fundum hans og utanrrh. í apríl árið 1990 með framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins var ekki sú að ég hefði ástæðu til að gera þá fundi tortryggilega. Ástæðan var hin, að hv. þm. hafði í upphafi þessarar umræðu látið að því liggja að með þessum samningi væri sérstaklega brotið í blað með því að nú væri verið að hleypa togurum Evrópubandalagsins inn í íslenska landhelgi eftir áratuga baráttu fyrir útfærslu hennar. Með ummælum af þessu tagi var hv. þm. að gefa í skyn eða láta að því liggja að núv. ríkisstjórn og þeir sem að henni standa á Alþingi væru að gefa eftir í landhelgisbaráttunni sem þjóðin var einhuga og sameinuð um. Mér fannst að það sem þarna var látið að

liggja væri ekki í samræmi við fyrri störf hv. þm. og þar væri verið að kasta steinum úr glerhúsi. Þess vegna sá ég ástæðu til að víkja að þessum fundi þar sem hv. þm. hafði sannanlega komið að þessu máli og rætt um mögulega gagnkvæmni í skiptum á veiðiheimildum. Ég tók líka fram í minni ræðu að það hefði verið verulegur munur á ræðum eintakra talsmanna stjórnarandstöðuflokkanna í þessari umræðu. Það kom strax fram í upphafsræðu hv. 1. þm. Austurl. að hann fjallaði um þetta mál með allt öðrum hætti. Hann tók sérstaklega fram að það hefði alltaf legið í loftinu að slík gagnkvæmni gæti komið fram og á fundum um þetta efni hefði verið um það rætt að til gagnkvæmni gæti komið í skiptum á veiðiheimildum, enda mættu þær ekki verða til að minnka umsvif okkar skipa.

Andstöðu sína gegn þessum samningi hefur hv. 1. þm. Austurl. hins vegar byggt á því að hann telur að hér sé ekki um jafngildar veiðiheimildir að ræða. Hann hefur ekki verið með ásakanir eða aðdróttanir í garð núv. ríkisstjórnar eða þingmeirihlutans fyrir það að vera að gefa eftir í landhelgisbaráttunni. Og á málflutningi af þessu tagi er grundvallarmunur. Ég virði alveg þennan málflutning. Hv. 1. þm. Austurl. hefur teflt fram sínum rökum á fullkomlega heiðarlegan hátt. Ég er ekki sammála niðurstöðu hans að því er varðar jafngildi veiðiheimildanna og tel að hann hangi þar á hálmstrái í andstöðu sinni. En það er fullkomlega málefnaleg afstaða, byggð á málefnalegum rökum og í fullu samræmi við fyrri afskipti hv. þm. af þessu máli, og það virði ég. Það ekkert óeðlilegt við að stjórnarandstaða á hverjum tíma veiti ríkisstjórn það aðhald sem eðlilegt er við gerð samninga við erlendar þjóðir því að þeir eru alltaf viðkvæmir. Það orkar auðvitað alltaf tvímælis hvað gera á og hvernig meta eigi hagsmuni. Þess vegna er ekkert óeðlilegt við það að haldið sé fram eðlilegri gagnrýni og fyllsta aðhald sýnt af hálfu stjórnarandstöðu. Þó að ég sé ekki í þessu tilviki sammála niðurstöðu hv. 1. þm. Austurl. í þessu efni hefur hann teflt fram sínum rökum á fullkomlega heiðarlegan hátt.

Hitt fannst mér ekki heiðarlegt eða a.m.k. ekki vera þess eðlis að væri til sóma fyrir þá sem komið hefðu að þessu máli á fyrri stigum að láta líta svo út sem núv. ríkisstjórn væri að gefa eftir í landhelgisbaráttunni. Fyrir þá sök vék ég að þessum fundum árið 1990. Nú hefur hv. 7. þm. Reykn. staðfest ekki einasta að á þeim fundi hafi verið rætt um möguleg skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum. Ég hef aldrei haldið því fram að þar hafi farið fram einhverjir samningar. Ég hef aldrei látið að því liggja að hann sé á nokkurn hátt bundinn af þeirri samningsniðurstöðu sem er fengin. En hann er vitaskuld bundinn af því samningaferli sem átt hefur sér stað á undanförnum árum. En nú hefur hv. þm. viðurkennt að það sé og hafi alltaf verið möguleiki á því að gera samning um skipti á jafngildum heimildum. Ef þær hefðu verið jafngildar hefði verið hugsanlegt að gera slíkan samning og þar með hleypa Evrópubandalagstogurunum inn í landhelgina á nýjan leik. Þó að hér hefði verið um að ræða skipti á langhala og loðnu hefðu Evópubandalagstogararnir þurft að koma inn í landhelgina til að veiða þennan langhala.

Ég fagna þess vegna mjög þeim nýja tón sem var í ræðu hv. 7. þm. Reykn. og mér finnst að sé hægt að ræða málið á miklu málefnalegri hátt en áður var og kannski ekki ástæða af þeim sökum að fara mikið yfir forsöguna í þessu efni vegna þess að hún var ekki dregin inn í þessa umræðu af minni hálfu til að skapa tortryggni gagnvart því sem þá var gert. Ég er ekki að gagnrýna hvernig að þeim málum var staðið, ég er ekki að gagnrýna hvernig á málum var haldið fyrir Íslands hönd á þessum fundum, en hlýt að skírskota til ábyrðar þeirra sem þar héldu á málum Íslands. Sannleikurinn í þessu máli er sá, eins og hv. 1. þm. Austurl. rakti hér og ástæðulaust er að endurtaka, að þessi samningur á sér nokkuð langan aðdraganda.

Hér hefur verið minnst á að fiskimálastjóri Evrópubandalagsins hafi hætt við komu sína hingað og það hefði mátt skilja á umræðunni eins og hún hefur fallið að sú ákvörðun hafi verið tekin í kjölfar fundarins 18. apríl í Brussel. Hið rétta í því er að sjútvrh. hafði boðið Manuel Marin að koma hingað til viðræðna. Og hann hafði á það fallist og það var áformað að hann kæmi hingað í maímánuði árið 1990. Áður en til þess kom þótti Manuel Marin rétt að undirbúa slíkar viðræður með embættismannaviðræðum því að það væri tilgangslaust að koma hingað í skemmtiferð eina saman. Þær umræður fóru fram á milli embættismanna hér í Reykjavík í lok marsmánaðar árið 1990. Viku áður en þáv. forsrh. og utanrrh. héldu á þennan umrædda fund í Brussel tilkynnti Manuel Marin að það yrði ekkert af hans komu til Íslands. Efni stæðu ekki til þess að hann kæmi til viðræðna á Íslandi.

Ég ætla ekki að vera með neinar getgátur um að sú tilkynning Marins hafi haft einhver áhrif á hvernig forsrh. og utanrrh. töluðu á aprílfundinum í Brussel viku seinna. En eigi að síður liggur fyrir að þar var að íslensku frumkvæði áréttað að við værum reiðubúnir að ganga frá samskiptasamningi og mögulegum samningi um skipti á veiðiheimildum. Það er kjarni þessa máls. Ég minni svo enn og aftur á að af hálfu þáv. ríkisstjórnar var jafnan litið svo á að það væri sterkast fyrir íslenskan málstað að ganga frá málum að því er varðaði sjávarútveginn síðast í þessu samningaferli og ætla ekki að hafa uppi nein orð um það hér og nú hvort það var rétt mat eða ekki. Enginn getur fullyrt neitt þar að lútandi.

Það er líka nauðsynlegt að taka fram, af því að þessi fundur í Brussel hefur verið dreginn svo inn í umræðuna, að a.m.k. eru engin gögn um það til að á þeim fundi hafi sérstaklega verið talað um að skilyrði fyrir því að við gætum fallist á slíkar samningaviðræður væru þau að um væri að ræða kolmunna. Það má vel vera að af Íslands hálfu hafi það verið rætt á þeim tíma, en það kemur ekki fram í þeim gögnum sem til eru um þann fund sem hér er verið að fjalla um, enda er ég ekki að gera kröfur til þess að á þeim fundi hafi slík skilyrði verið sett og engin ástæða til að gagnrýna þá sem á þeim fundi voru þó að það hafi ekki verið gert vegna þess að ég tel að það hafi ekki á

neinn hátt veikt stöðu okkar í þeim viðræðum sem fram fóru. Ég tel að þar hafi fyllilega verið haldið eðlilega á hlut Íslands, en ástæðulaust að láta að því liggja að það hafi verið gert með öðrum hætti en raun var á.

Hv. 7. þm. Reykn. hóf umræðu sína á því að hefði undrast það og spurt eftir því hvers vegna hann gæti verið á móti samningnum í ljósi þess að hafa boðið það sama á sínum tíma á þessum fundi. Annaðhvort hef ég tjáð mína hugsun mjög óskýrt eða hann misskilið það sem ég sagði í ræðu minni í gær. Ég ítreka að ástæðan fyrir því að ég dró þetta upp var sú að ég taldi ósanngjarnt að láta að því liggja að hér væru menn að gefa eftir í landhelgisbaráttunni og það væri a.m.k. mjög vafasamt að þeir sem hefðu á fundum með framkvæmdastjórn Evróubandalagsins lýst sig reiðubúna til slíkra viðræðna gætu kastað slíkum steinum. En mér sýnist að þau ágreiningsefni séu úr sögunni af því að nú hefur hv. þm. tekið fram að það sé ekki óeðlilegt að gera slíkan samning og staðfest að hann ræddi það á sínum tíma sem forsrh. En vitaskuld hefur hv. þm. fullan rétt á því að snúast gegn niðurstöðu þessa samnings vegna þess að hann meti það svo að á lokasprettinum hafi ekki að hans mati náðst fram það jafngildi veiðiheimilda sem hann hefði sett sem skilyrði frá upphafi vega. Það eru fullkomlega málefnaleg rök þó að ég sé ekki þeim sammála frekar en niðurstöðu hv. 1. þm. Austurl. En þá getum við rætt um þetta með málefnalegum hætti.

Hv. 1. þm. Austurl. sagði í sinni ræðu að ef um hefði verið að ræða skipti á loðnu og langhala, eins og leit út fyrir um tíma að gæti orðið niðurstaðan í þessum samningum, hefðu sennilega flestir getað sætt sig við niðurstöðuna og talið að jafnt væri komið á með aðilum. Ég skal fyllilega taka undir það að samningurinn hefði verið mun sterkari með þessum hætti, enda var lögð á það mikil áhersla af okkar hálfu að sú yrði samningsniðurstaðan, en því miður varð það ekki. En á hinn bóginn er alveg ljóst að þegar menn hafa lýst því yfir að slík niðurstaða hefði getað verið ásættanleg hafa menn tekið þá afstöðu að það hafi verið eðlilegt að gera samning sem fæli í sér að Evrópubandalagsskipin kæmu inn í íslenska landhelgi til að veiða langhala. Í annan stað er rétt að minna á að um var að ræða 3.000 karfaígildi sem að ⅓ hlutum áttu að vera langhali, en verðmætahlutföllin sem um var að ræða á þeim tíma voru þau sömu, 3.000 ígildi karfa og 30.000 lestir af loðnu. Loðnan hefur ekkert breyst síðan þessi aðstaða var uppi. Hún er jafndyntóttur fiskur hér eftir sem hingað til og erfiðleikarnir við að ná henni eru þeir sömu nú og þeir voru þá. Loðnan er alveg nákvæmlega sami fiskurinn og þegar menn voru að tala um langhalann. En ég skal fúslega játa að samningurinn hefði verið betri með þessum hætti fyrir þá sök að það er meiri óvissa um langhalastofninn en karfastofninn. Á það hefur aldrei verið dregin nein dul og af minni hálfu hefur aldrei annað komið fram en að það hefði verið heppilegri niðurstaða. En við erum eigi að síður að tala um sömu verðgildi í skiptum á aflaheimildum, 3.000 karfaígildi og 30.000 lestir af loðnu. Og það er kannski kjarni þessa máls.

Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að lengja þessa umræðu mikið meir með rökræðum um mat á þessum heimildum. Þar hafa menn skiptar skoðanir, það hefur komið fram, og ég geri ekki ráð fyrir því að umræðan breyti miklu þar um. En ég legg þó á það áherslu enn og aftur að það er ekki hægt að taka til viðmiðunar dagverð eða verð á einhverjum afmörkuðum þröngum mörkuðum vegna þess að það gefur ekki rétta mynd. Verð á hluta af karfanum, sem selst á þröngum markaði í Þýskalandi, er ekki sambærilegt eitt út af fyrir sig fremur en verð á loðnu á Austfjörðum, eins og hv. 1. þm. Austurl. hefur gert athugasemdir við.

Það er helst að þeir sem gagnrýnt hafa þessa niðurstöðu hafi fengið fótfestu í verðmætastuðlum Þjóðhagsstofnunar sem mæla hlutfall á heildarverðmæti einstakra tegunda. En eins og áður hefur komið fram í þessari umræðu er sá samanburður mjög villandi vegna þess að þar er verið að mæla sölu í misríkum mæli eftir tegundum á þessum þröngu mörkuðum þar sem við höldum uppi háu verði með takmörkun á framboði. Þar er líka í annan stað um það að ræða að verið er að mæla afurðaverð í mjög ólíkum hlutföllum eftir tegundum í ljósi þess að fiskurinn hefur verið unninn um borð í fiskiskipum. Af þeim sökum get ég ekki fallist á að það sé eðlilegt að miða við verðmætastuðla Þjóðhagsstofnunar sem þannig eru fundnir út. Reikniaðferðir þeirra eru alveg réttar og þeir segja allan sannleikann um það sem verið er að segja, en þeir segja ekki annað. Það skýrir sig kannski einna best í hverju þessi mismunur er fólginn ef við leiðréttum þá skekkju sem þarna er og reynum að meta verðmætahlutföllin í ljósi þess að jafnmiklum hluta af báðum tegundum sé landað á hinum þröngu mörkuðum og jafnmikill hluti sé unninn um borð í fiskiskipum. Ef við leiðréttum með þessum hætti kemur í ljós, ef miðað væri við vinnslu- og söluhlutfall á karfa, að verðhlutfallið er ekki 0,7 heldur 0,59 og ef við notum sölu- og vinnsluhlutfall á þorski sem viðmiðun er verðhlutfallið ekki 0,7 heldur 0,5 sem fæli þá í sér að verðstuðullinn sýndi nákvæmlega jafnvægi í skiptum á þessum veiðiheimildum.

Ég er ekki með þessu að halda því fram að það eigi að nota þennan verðstuðul með leiðréttingum af þessu tagi, aðeins að leggja á þetta áherslu til að sýna fram á hversu villandi er að nota þennan stuðul. Eftir stendur þá að það er nærtækast að nota þann verðmætastuðul sem sjútvrn. gefur út á grundvelli markaðsverðs innan lands á næstliðnu tímabili í reglugerð á grundvelli laga. Það er eðlilegast að styðjast við þá niðurstöðu.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. gerði enn á ný grein fyrir sínum sjónarmiðum. Þar kemur fram að hann heldur sig enn við sama heygarðshornið og í hans ræðu kvað ekki við neinn nýjan tón eins og þó gerði í ræðu hv. 7. þm. Reykn. Í ræðu sinni sagði hann að umræðurnar um jafngildi veiðiheimildanna í verðmætum væru léttvægasti hluti þessa máls, léttvægasti hluti þessa máls, sagði hv. þm. Á hinn bóginn liggur fyrir að talsmenn Framsfl. í þessari umræðu hafa báðir, fyrst annar og nú báðir, gert það að aðalatriði þessa máls frá þeirra bæj-

ardyrum séð að þeir telja að veiðiheimildirnar séu ekki jafngildar í verðmætum. Það er í raun og veru eina forsendan sem þeir færa hér fram fyrir andstöðu við málið að þeir telja að hér skorti á jafngildi í verðmætum. En talsmaður Alþb. kemur svo hér og segir: Þetta er léttvægasti hluti gagnrýninnar, sá sem minnstu máli skiptir — ef ég hef þá skilið hann rétt. Hér er því greinilega mjög mikill munur á afstöðu stjórnarandstöðuflokkanna eða réttara sagt ekki afstöðu stjórnarandstöðuflokkanna, það er ranglega sagt hjá mér, heldur á rökstuðningi þeirra fyrir afstöðu sinni.

Ég ætla svo, frú forseti, ekki að eyða mörgum orðum að þeim hluta ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. þar sem hann var með aðdróttanir um að niðurstaða í þessu máli innan ríkisstjórnarinnar hefðu verið tengd hrossakaupum í öðrum samningum. Þessar aðdróttanir hafa áður komið til umræðu á Alþingi og ég hef svarað því með skilmerkilegum hætti. Mér finnst það fyrst og fremst bera vott um að hv. þm. finnur fyrir veikleika í röksemdum sínum þegar hann þarf að eyða jafnstórum hluta af ræðu sinni og hann gerði til að vekja upp slíka drauga sem eiga sér ekki neina fótfestu í raunveruleikanum.

En aðeins til gamans er rétt að rifja upp, af því að hann taldi í sinni ræðu að ég hefði farið mjög halloka í samningum um niðurstöðu í endurskoðun fiskveiðilöggjafarinnar og stofnun þróunarsjóðs fyrir aðilum eða ráðherrum samstarfsflokksins, og er rétt að minna hv. þm. á, af því að hann er varaformaður Alþb., að formaður þess stjórnmálaflokks hefur lýst túlkunum sínum á þessum niðurstöðum á þann veg að samstarfsaðilarnir hafi þurft að beygja sig ofan í duftið. Þannig gengur matið hvort í sína áttina eftir því hvort formaður eða varaformaður Alþb. talar. Og ég vænti þess að það sýni að hér hafi einungis verið um að ræða heiðarlega og eðlilega málamiðlun í samstarfi aðila í ríkisstjórn. En að öðru leyti ætla ég ekki að gera þennan þátt í ræðu hv. þm. að umræðuefni vegna þess að fyrst og fremst ber hann vott um að þingmaðurinn hefur verið rökþrota í málflutningi sínum í því máli sem hér er til umræðu.

Ég hef þá, frú forseti, vikið að helstu atriðum sem hafa komið fram í síðari hluta umræðunnar, en vil ítreka að ég met það mjög að mér finnst að það hafi komið fram nýr tónn í málflutningi hv. 7. þm. Reykn. og andstaðan hans nú sé komin fram á málefnalegri rökum en við upphaf umræðunnar og það er rétt að meta það.

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur Hermannson) *(andsvar)*:

Hv. forseti. Þótt ég hafi aðeins eina mínútu verð ég að lýsa ánægju minni með að hæstv. ráðherra hefur dregið mjög í land og talar miklu rólegar nú en hann hefur gert áður.

Hins vegar verð ég að leiðrétta örfáa hluti. Það er í fyrsta lagi að það var ekki að íslensku frumkvæði sem þetta var boðið í Brussel. Mig minnir að það hafi komið fram hjá Delors að þetta yrði að leysa sem fyrst af því að þetta væri mál sem hefði beðið allt frá því 1972. Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra rakti um fundinn sem haldinn var hér heima vikuna áður. Staðreyndin er bara sú að þó að ég endurtæki þetta boð hafnaði Marin að koma hingað til lands því hann sagði — eins og sendiherra okkar þar sagði — að það væri ekkert nýtt eða bitastætt í því sem við værum að bjóða. Þetta er kjarni málsins og það var ég að reyna að segja hér áður.

En svo verð ég að leiðrétta það sem hér kom fram, sem hann telur mér helst til áfellisdóms, en það er það að ég sagði: „Eftir fullnaðarsigur í landhelgisdeilunni telur hæstv. ríkisstjórn að hún sé að gera góðan samning með því að hleypa á ný fiskiskipum Evrópubandalagsins inn í íslenska fiskveiðilögsögu til að veiða þar í samkeppni við íslensk fiskiskip af fiskstofnum sem eru fullnýttir.“ — Og ég legg mikla áherslu á það: sem eru fullnýttir.

Að sjálfsögðu stend ég við hvert einasta orð af þessu. Þetta er satt og rétt.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég stend við það að á þessum fundi, samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja, kom það fyrst til tals af okkar hálfu að Ísland væri reiðubúið til þess að ganga til samninga um skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum. En það er hins vegar satt og rétt að það mál hafði oft áður verið til umræðu og var þess vegna ekki í þeim langa aðdraganda að frumkvæði Íslands þó að það hafi komið upp á þann veg á þessum fundi samkvæmt þeim gögnum sem fyrir hendi eru.

En aðalatriðið í þessu máli er að þá var það skref stigið að því var lýst yfir að við værum reiðubúnir til þess að gera slíkan samning. Menn geta síðan deilt um hvort að niðurstaðan feli í sér fullkomið jafnvægi eða ekki. Núv. ríkisstjórn telur að það sé ásættanlegt en hv. þingmaður og stjórnarandstæðingar geta metið það á annan veg. En þá ræða menn um það en ekki hitt, hvort það hafi verið óeðlilegt að gera samninga um gagnkvæm skipti.

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki tíma til að lýsa því yfir áðan að ég væri mjög ánægður að heyra hæstv. ráðherra, í fyrsta sinn í umræðunni sem ég hef heyrt, taka sér í munn að boðið hefði verið upp á viðræður um mögulegar gagnkvæmar veiðiheimildir. En nú heyri ég að honum hefur förlast því að nú er hann búinn að gleyma því orði. Það skiptir töluvert miklu máli. „Um mögulegar gagnkvæmar veiðiheimildir“, eins og hann sagði réttilega í ræðu sinni áðan.

Ég er í nokkrum vanda líka vegna þess að ég hef ekki fundargerðina, hef ekki fundið hana. En ég leyfi mér að fullyrða að það var ekki að okkar frumkvæði sem þetta var boðið. Það var, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra, fyrrv. hæstv. sjútvrh., sem bauð upp á þessa samninga. Það voru búnar að fara fram hérna viðræður. Þær báru þann árangur að Marin vildi ekki koma hingað. Aðalframkvæmdastjóri Evrópubanda-

lagsins sagði við okkur á fundi að þetta væri vandræðamál sem þyrfti að leysast. Þannig kom þetta til tals. Við fórum ekki til að bjóða þessum mönnum sérstaklega upp á viðræður sem var þegar búið að bjóða þeim upp á.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Auðvitað gat aldrei komið til annars en að menn færu að tala um hugsanleg skipti á mögulegum aflaheimildum af því að þetta var ekki endanlegur samningafundur og menn voru ekki að ganga frá samningi. Það liggur í augum uppi að menn voru ekki að tala um annað en að þeir væru reiðubúnir að ræða það sem mögulegt væri að gera. Einu máli gildir hvert orðalagið er í þessu efni.

Kjarni málsins er sá að þetta er ekki dregið inn í umræðuna til að tortyggja það sem þarna var gert. Það er gert til að sýna fram á að sú niðurstaða sem hér er er í fullu samræmi við langan aðdraganda þessa máls og hvernig að því var staðið af hálfu fyrri ríkisstjórnar. En hitt er svo alltaf sjálfstætt mat hvernig menn á endapunktinum meta jafngildi veiðiheimildanna og ég er tilbúinn að ræða það, en ég er ekki tilbúinn að ræða það að óeðlilegt sé að slíkur samningur sé gerður, ekki síst þegar sú gagnrýni kemur fram af hálfu þeirra manna sem sjálfir höfðu tekið þátt í því að ræða möguleika á gerð slíkra samninga.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Sá samningur sem hér er leitað eftir staðfestingu á er fullkomlega óeðlilegur. Með samningnum er verið að fallast á þá stefnu Evrópubandalagsins, sem það hefur klifað á frá því 1976, að tengja saman breytingu á aðgangi Íslands að mörkuðum, þ.e. greiðslu tolla fyrir útflutning íslenskra sjávarafurða til Evrópubandalagsins, og veiða úr íslenskum fiskstofnum. Það er það sem er kjarni þessa máls. Í 4. gr. samningsins er vikið að því að árlega skuli fara fram viðræður um ásættanlegt jafnvægi. Og hvaða skilning halda menn að Evrópubandalagið hafi á orðunum „ásættanlegt jafnvægi" í þessu sambandi?

Síðan þegar gengið er til samninga í þessu máli er samið þannig að Íslendingum er ætlað að veiða úr tveimur íslenskum fiskstofnum, það eru skiptin, loðnu sem Íslendingar eiga aðgang að og sem er íslenskur fiskstofn með sama hætti og karfinn er íslenskur fiskstofn. Þetta er með þeim dæmalausa hætti að það blasir við alþjóð hvernig menn hafa haldið hér á málum.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kemur úr hörðustu átt þegar hv. 4. þm. Austurl. talar með þessum hætti. Sjálfur varði hann með atkvæði sínu fyrrv. ríkisstjórn í þeim tilgangi m.a. að hún gæti átt í viðræðum af þessu tagi, í viðræðum eins og þeim sem fram fóru 18. apríl í Brussel, þar sem verið var að ræða sérstöðu Íslands. Það hefur sérstaklega verið tekið fram af hálfu þeirra sem þann fund sátu fyrir hönd Íslands að hann hafi snúist um sérstöðu Íslands. Og á fundi með framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins um sérstöðu Íslands var af hálfu þeirrar ríkisstjórnar, sem hv. þm. varði, tekið upp að Ísland væri reiðubúið að gera slíkan samning um hugsanleg skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum. Það kemur úr hörðustu átt þegar hv. 4. þm. Austurl., sem varði þá ríkisstjórn sem að þessu stóð, kemur nú og telur sig umkominn þess að vera að gagnrýna samningsniðurstöður.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Ja, ekki er nú, virðulegur forseti, mikið hald í þeim ís sem hæstv. ráðherra stendur á. Hann er margfallinn á því svelli.

En í sambandi við mína afstöðu til þessa máls get ég upplýst hæstv. ráðherra um að á fundi í Evrópustefnunefnd þann 23. febr. 1989, í aðdraganda heimsóknar þáv. sjútvrh. á fund Evrópubandalagsins, mótmælti ég mjög ákveðið ásamt fleiri nefndarmönnum öllum hugmyndum um að farið væri að ræða við Evrópubandalagið um skipti á veiðiheimildum, eins og þeir voru að gera kröfur um og hafa gert kröfur um. Það er sú afstaða sem ég hef haft til þessa máls og jafngott að rifja það upp hér vegna ummæla hæstv. ráðherra. Alþb. átti ekki þátt í þeim viðræðum sem þarna var um að ræða, hvað þá að þingflokkur okkar hafi lagt einhverja blessun yfir þær.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. er að gera því skóna að Alþb. hafi verið leynt upplýsingum um þann fund sem þarna fór fram og það væri þá ástæða til að fá skýrt fram hvort svo var. En aðalatriði þessa máls er að hv. þm. varði með atkvæði sínu setu þáv. ríkisstjórnar, tryggði að hún gæti unnið að þeim málum með þeim hætti sem gert var. Ég hygg að við öll, sem sátum á þingi það kjörtímabil, jafnvel við sem vorum í stjórnarandstöðu, höfum gert okkur grein fyrir því að hvaða verkum hún var að vinna. Kemur þá nokkuð spánskt fyrir sjónir ef þingmenn Alþb., sem voru í stjórnarliðinu, vissu það ekki. En hv. þm. tók pólitíska ábyrgð á þessum störfum með því að styðja og verja ríkisstjórnina á þinginu.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta hjá hæstv. sjútvrh. að það er einkum tvennt sem við höfum gagnrýnt í þessu sambandi. Það er annars vegar verðmæti veiðiheimildanna og það er hins vegar sá möguleiki sem er fyrir hendi til að ná viðkomandi afla. Þetta eru tvö mikilvægustu mál þess einstaka máls sem hér er verið að ræða um.

Að því er varðar langhalann hef ég sagt að það væri eðlilegt að leggja hann að jöfnu við loðnuna vegna óvissunnar. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að það átti eftir að finna verðstuðul fyrir langhalann. En ég vil hins vegar mótmæla því þegar hæstv. ráðherra vill fara að leiðrétta stuðul Þjóðhagsstofnunar. Ég tel að það eigi að taka tillit til þess hvað við getum gert úr

þessum karfa. Það er það sem verðstuðull Þjóðhagsstofnunar sýnir. — En að fara að leiðrétta hann niður í 0,6 eða eitthvað annað, eins og hæstv. ráðherra var hér að reyna að gera, tel ég vera fráleitt. Og ég tel vera jafnfráleitt að halda slíku haldi eins og hann gerir í þennan eina stuðul sem ég tel ekki vera rétt í þessu máli.

En ég heyri það, hæstv. ráðherra, að við verðum einfaldlega ekki sammála um þetta og við það verður að sitja.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef ekki tekið betur eftir í þessari umræðu en að hv. þm. hafi rökstutt andstöðu sína við samninginn á því að það væri ekki að hans mati um að ræða gagnkvæmni í þessum skiptum og hann hefur rökstutt það fyrst og fremst með því að verðgildi veiðiheimildanna væri ekki jafnt. Hann hefur lýst því hér yfir að það hefðu sennilega flestir fallist á skipti á langhala og loðnu. Það var nákvæmlega jafnerfitt að ná í loðnu fyrir okkur þó að Evópubandalagsskipin hefðu fengið langhalann þannig að sá vandi var jafnt uppi þó að slíkt hefði verið fyrir hendi.

Að því er varðar verðstuðla Þjóðhagsstofnunar var ég ekki að segja að það ætti að leiðrétta þá með þessum hætti. Ég var að varpa ljósi á að það yrði að bera saman sams konar dreifingu aflans á einstaka markaði og að því er varðaði vinnslu afurðanna ef það ætti að nota þennan mælikvarða. Ég notaði þessa leiðréttingu til að sýna fram á að þessi mælikvarði er ekki gildur til að bera saman verðgildi þessara heimilda.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það verður að bera saman raunveruleikann í þessu máli. Það er misjafnt hvernig einstakar fisktegundir eru nýttar hér á landi. Ef ætti að fara að leiðrétta alla verðstuðla með þeim hætti út frá því hvað væri gert við aflann er ég hræddur um að það yrði flókið. Það er einfaldlega staðreynd að karfinn er nýttur til vinnslu innan lands, til frystingar úti á sjó og jafnframt er siglt með hann og í meira mæli en þorsk. Þetta er það verðmæti sem endurspeglar þjóðhagslegt gildi og verðmæti þessara aflaheimilda. Það er það sem þessi stuðull Þjóðhagsstofnunar sýnir.

Að því er langhalann varðar hefði verið jafnvægi í óörygginu annars vegar á því er varðar langhalann og hins vegar að því er varðar loðnuna. En niðurstaðan er hins vegar sú að Evrópubandalagið fær í fyrsta lagi verðmætari veiðiheimildir og í öðru lagi mörgum sinnum öruggari veiðiheimildir en við fáum í staðinn. Þetta er það alvarlega í málinu.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Við höfum sjálfsagt báðir orðið fyrir jafnmiklum vonbrigðum, ég og hv. 1. þm. Austurl., þegar það lá ljóst fyrir að langhali yrði ekki hluti af samningsniðurstöðunni og óþarfi að fjölyrða meir um það.

En hitt er alveg augljóst að það er ekki réttur mælikvarði til að meta mismunandi verðgildi einstakra stofna þegar vinnsla á þessum fisktegundum er tekin inn í dæmið. Þegar annar stofninn er unninn mun meir um borð í fiskiskipum en hinn getur ekki verið um að ræða eðlilegt mat á veiðiheimildunum sjálfum. Það mætti eins fara að velta fyrir sér hvert væri útflutningsverðmæti þessara tegunda eftir að hafa verið unnar í landi. Ég tel að það standi enn óhaggað að þessir verðstuðlar eru ekki nothæfir í þessu samhengi.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. sjútvrh. er nú allur á miklu undanhaldi í þessu máli og leggur sig mjög fram um að friðmælast við þá sem hann réðist á í gær, svo sem hv. 7. þm. Reykn. Það er til mikilla bóta að hæstv. sjútvrh. hefur nú séð að sér og er að renna af honum móðurinn eftir upphlaup hans í gær.

Ég vil að hæstv. sjútvrh. hafi nákvæmlega rétt eftir það sem ég sagði um þetta mál, hvort sem hann er að nota það til að reyna að digta hér upp ágreining eða í einhverju öðru sambandi. Ég sagði að það sem ég teldi skorta upp á gagnkvæmnina hvað snertir jafngild verðmæti væri léttvægara í mínum huga en aðrir þættir sem þarna er ábótavant og þó sértaklega að þarna er alls ekki um neina gagnkvæmni að ræða hvað það snertir að við fengum þessa loðnu og höfum veitt hana hvort sem er. Þar er að sjálfsögðu miklu meiri munur á að um gagnkvæmni sé að ræða en í hinu hvert nákvæmlegt verðmæti þessa afla verður upp úr sjó. Sömuleiðis skortir enn meira á gagnkvæmnina að allar veiðarnar fara fram í lögsögu annars aðilans en ekki í lögsögu beggja.

Þetta var í grófum dráttum það sem ég var að fara, hæstv. sjútvrh., og ég sé ekki að á þessu sé mikill munur og þeim málflutningi sem aðrir andstæðingar samningsins hafa haft í frammi.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er sjálfsagt af minni hálfu að friðmælast við menn þegar kveður við nýjan tón og það gerðist sannarlega í ræðu hv. 7. þm. Reykn. og ég fagna því. Þó að ég sé ekki sammála hans mati um mat á gildi veiðiheimildanna eru menn þó farnir að ræða með málefnalegum hætti um þennan ágreining en ekki með aðdróttunum um að einhverjir séu að gefa eftir í þeim mikla sigri sem þjóðin vann sameinuð við útfærslu landhelginnar.

Ég ætla svo ekki að eyða fleiri orðum að hv. 4. þm. Norðurl. e. Hann sagði í ræðunni að jafngildi veiðiheimilda í verðmætum væri léttvægasti hluti málsins og er þar enn að halda sig við annað heygarðshorn í sinni röksemdafærslu gegn þessum samningi en talsmenn Framsfl. hafa gert í þessari umræðu og hann getur ekki hlaupið frá þeim orðum.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að þegar útskrift kemur af þessum umræðum í Alþingistíðindum komi í ljós að ég

var að tala um þann þáttinn sem léttvægastur væri af þeim sem vörðuðu gagnkvæmnina. Auðvitað er það ekkert skrýtið, hæstv. sjútvrh., eða hvað, þó að einstakir gagnrýnisþættir andmælenda samningsins vigti misþungt í hugum manna. Ég teldi það frekar sérkennilegt ef menn legðu ekki eitthvað mismunandi gildismat á hina einstöku ágalla samningsins. Það er ósköp eðlilegt að það sé þannig.

Ég tel langmesta og stærsta ókostinn þann að við erum að opna landhelgina fyrir flota Evrópubandalagsins. Það er stærsti einstaki ókosturinn við þennan samning og ég vísa til rökstuðnings og ályktunar Sjómannafélags Reykjavíkur í því sambandi, það eru mínir menn. Ég hef nákvæmlega sömu tilfinningar í þessu sambandi og þeir. Það er mesta áfallið að taka þetta skref aftur á bak, opna upp landhelgina fyrir flotum Evrópubandalagsins sem ekki hafa átt hér rétt til veiða á undanförnum árum. Ég þarf í raun og veru ekki frekar að aðhafast né flytja mitt mál í þeim efnum. Ég vísa til samþykktar Sjómannafélags Reykjavíkur sem að vísu er ekki studd af formanni þess félags.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur einfaldlega enn á ný staðfest að hann byggir andstöðu sína á allt öðrum rökum en þeir talsmenn Framsfl. sem hér hafa talað og með þessum gömlu aðdróttunum sem ég hef áður gert að umtalsefni. Því miður gerir hann það. Hann er ekki meiri maður fyrir vikið vegna þess að auðvitað ber hann pólitíska ábyrgð á aðdraganda þessa máls sem ráðherra í þeirri ríkisstjórn sem vann að því, með nákvæmlega sama hætti og hv. 7. þm. Reykn. Hefði farið miklu betur á því að hv. þm. hefði flutt ræðu með svipuðum tón og í svipaðri tóntegund og hv. 7. þm. Reykn. gerði í dag. Hann hefði verið meiri maður fyrir vikið.

En eftir stendur að aðgreining mín á málflutningi þingmanna stjórnarandstöðunnar er fullkomlega rétt og hann hefur staðfest það með sinni ræðu.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Það er alveg merkilegt að hæstv. sjútvrh. ætlar að falla í sama pytt og hæstv. utanrrh. að ofmeta hluti. Ræða hans í gær var alveg ótrúleg. Það var alveg ótrúlegt að hlusta á hann. Þó hann hafi töluvert dregið í land í dag var alveg ótrúlegt að hlusta á ræðu hans í gær.

Hann talaði mikið um reisn í sinni ræðu, en ég verð að segja að það var ekki mikil reisn yfir málflutningi hans. Þetta var ein samfelld varnarræða í stað þess að vera heiðarlegur, standa upp og segja: Því miður, okkur mistókst. Okkur tókst ekki að ná jafnvægi gagnvart veiðiheimildum. Hver einasti maður á Íslandi sem eitthvað þekkir til sjávarútvegs veit að þetta eru ekki jafngildar heimildir. Það er ekki jafngilt að fara á Grænlandsmið og veiða loðnu, sem hæstv. sjútvrh. viðurkenndi í gær að er mjög duttlungakenndur fiskur, og að fara yfir á Íslandsmið og veiða karfa sem er okkar aðalnytjafiskur.

Það var líka merkilegt að heyra Össur Skarphéðinsson, eða lesa hans ræðu reyndar því að ég átti ekki þess kost að hlusta á hann. Ég las hans ræðu. Hann talar um þrjár tegundir af karfa sem er alveg rétt. Það eru þrjár tegundir af karfa sem við Íslendingar eigum og hann talaði jafnvel um að það sé hægt að beita útlendingum á úthafskarfa. Það má skilja málflutning hans þannig. Hann talaði líka um djúpkarfann sem hann telur mjög verðmæta afurð. Það væri gaman að heyra nánari skýringar á því hvernig hann ætlar að flokka þetta þegar EB-flotinn kemur hérna inn. Í hvaða karfa fer hann? Þeir fara auðvitað í þann verðmætasta og sem er auðveldast að ná. Það er einfalt mál.

Síðan eru menn að tala fram og til baka með einhverja reiknipunkta í staðinn fyrir að leggja þetta einfalt fyrir fólk. Fólk skilur þetta þannig einfaldlega að hér er um ósambærilega hluti að ræða, því miður. Það er miklu heiðarlegra að viðurkenna það og segja sem svo að eftir ár er þessi samningur endurskoðaður og ef við teljum að áframhaldið sé sambærilegt verðum við mjög óánægð eftir ár ef ekki verður snúið við í þessu máli.

Það var furðulegt að hlusta á aðra stjórnarsinna sem hafa talað. Guðjón Kristjánsson talaði líka í gær og var að tala um eftirlitsþátt samningsins sem hann taldi mjög viðunanlegan. Það er mjög athyglisvert að hann talaði aðallega um eftirlitsþáttinn. Hann er eflaust mjög viðunanlegur. Ég skal ekkert um það segja. Alla vega kemur það fram í þessum samningi að eftirlitsmaðurinn sem er íslenskur á að hafa fullt fæði um borð o.s.frv. og fær greitt fyrir sín störf. Ég skal viðurkenna að það er mikið atriði að þegar EB-skipin fara inn í okkar fiskveiðilögsögu fari þeir með hreint skip, þeir komi ekki með afla um borð sem þeir hafi veitt annars staðar. Þá er auðveldara að fylgjast með því. En þetta var það eina jákvæða sem mér fannst hann koma með.

Árni Johnsen talaði áðan og hann gekk ansi langt í útreikningum sínum, ég verð að segja það. Hann var farinn að tala um að þetta gæti kannski verið jafngilt í verðmætum og ef við værum að tala um þurrkaða loðnu á Japansmarkað. Það var ansi langt seilst.

En mér finnst að það væri heiðarlegast ef hæstv. sjútvrh. viðurkenndi að við hefðum ekki náð ásættanlegum hlut okkar í þessu samkomulagi.

Ég veit að það er kannski ekki raunhæft, en mig langar samt að kasta einu fram. Það eru 18 skip sem geta fengið leyfi til að veiða þessi 3.000 tonn og það eru fimm skip sem mega veiða í einu. Þetta eru 3.000 tonn og 3.000 tonn eru ekki mjög mikið magn. Það er afli eins venjulegs togara á ársgrundvelli, sæmilegs togara. Ég vildi bara benda hæstv. sjútvrh. á að það er langbest að við bjóðumst til að veiða þessi 3.000 tonn og deilum þeim síðan á silfurfati á þessi 18 skip. Þá þurfum við ekki að opna okkar landhelgi.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. talaði um að rétt væri að ég játaði einhver mistök. Ég held að það væri rétt að hv.

þm. Framsfl. játuðu frekar að þeir hefðu gengið einum of langt í því að tefla fram rökum gegn því að ekki væri um jafngildi veiðiheimilda að ræða. Þeir hafa lýst því yfir að flestir hefðu getað sætt sig við samning um skipti á jafngildum veiðiheimildum ef um hefði verið að ræða langhala og loðnu eins og var til umræðu í upphafi þessara samningaviðræðna. En þar var um að ræða langhala sem jafngilti 3.000 karfaígildum og 30 þús. lestir af loðnu, nákvæmlega sömu hlutföll og verið er að tala um. Verðmætahlutföllin á 3.000 lestum af karfa og 30 þús. lestum af loðnu eru nákvæmlega þau sömu þó að aðrar tegundir séu settar þar inn í. En nú hafa þingmenn flokksins lýst því yfir að þeir telji að flestir hefðu getað samþykkt slíkan samning þannig að ég held að þeim hv. þm. sé nær að viðurkenna að þeir hafi gengið einum of langt í þessari umræðu með því að reyna að leiða að því líkum að hér væri ekki um jafngildi að ræða. Í þessu efni hefur ekkert breyst frá því að verið var að tala um 3.000 lestir í karfaígildum og 30 þús. lestir af loðnu. Þau verðmætahlutföll eru nákvæmlega þau sömu nú og þau voru þá.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. sjútvrh. Við hefðum sætt okkur miklu betur við langhalann en karfann, að sjálfsögðu. En hæstv. sjútvrh. náði ekki þeim samningi og við eru óánægð með að það er þarna á að veiða okkar aðalnytjafisk í staðinn fyrir að við hefðum sætt okkur við að EB-flotinn hefði frekar farið í langhala sem við nýtum ekki. Það er mergur málsins.

Hann telur að við teygjum okkur ansi langt eftir rökum. Mér fannst hann teygja sig ansi langt eftir rökum í gær þegar hann talaði um að í apríl 1990 hefði þessi samningur verið tilbúinn. Steingrímur Hermannsson hefði verið tilbúinn með þennan samning 1990. Það mátti skilja (**Sjútvrh.:** Nei.) hæstv. ráðherra þannig mjög auðveldlega. Ég veit um marga sem skildu hann þannig, hæstv. sjútvrh., sem hlustuðu á þetta í sjónvarpi. Þeir skildu hæstv. sjútvrh. þannig að hv. þm. Steingrímur Hermannsson hefði verið búinn að semja um þetta í apríl 1990. En það sjá allir sem hugsa eitthvað að við þingmenn fáum ekki að sjá þennan samning fyrr en um mánaðamótin nóvember/desember þannig að þessi rök voru haldlítil hjá hæstv. sjútvrh.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kemur skýrt fram í máli hv. þm. Framsfl. að þeir eiga í vök að verjast. Þeir lýsa því yfir að þeir hefðu verið tilbúnir að gera samning um skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum ef 3.000 karfaígildi hefðu verið langhali. Verðmætahlutföllin þarna á milli eru nákvæmlega þau sömu. Þau hafa í engu breyst. Ef við göngum út frá því að báðir aðilar hefðu náð sínum afla eru verðmætahlutföllin nákvæmlega þau sömu. En það hefur einmitt verið aðaluppistaðan í gagnrýni þeirra að verðmætahlutföllin þarna á milli væru óeðlileg. Mér sýnist að hv. þm. Framsfl. séu komnir í hring og ættu að fara að gæta sín í frekari umræðum um málið.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins ein spurning til hæstv. sjútvrh.: Hvað hefur íslenska þjóðin fengið miklar tekjur út úr langhalaveiðum? Og hvað hefur íslenska þjóðin fengið mikið út úr karfaveiðum?

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjala:

Greiðslur úr ríkissjóði o.fl., frv. KSG o.fl., 321. mál, þskj. 585.

Lánsfjárlög 1993, 145. mál, brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 589; frhnál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 590. — [Fundarhlé.]

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 580, frávtill. 586.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frávtill. 586 felld með 33:30 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EKJ, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, EH.

nei: EKG, ÞurP, GHH, GuðjG, GHall, HN, SvÁ, JóhS, JBH, GÁS, KSG, LMR, GAK, MI, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, SalÞ.

9 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Enginn frágenginn EES-samningur liggur fyrir af hálfu Evrópubandalagsins og EFTA-ríkja. Eftir að meiri hluti svissneskra kjósenda felldi samninginn hafa önnur EFTA-ríki og Spánn krafist endurskoðunar á greiðslum í sérstakan þróunarsjóð fyrir Evrópubandalagið. Þing níu EB-ríkja höfðu ekki staðfest samninginn þegar Sviss felldi hann og bíða þau nú átekta. Engum nema íslensku ríkisstjórninni dettur í hug að láta lögfesta ófrágengið mál. Framkvæmdastjórnin í Brussel hefur enn ekkert samningsumboð. Það ræðst í fyrsta lagi í febrúarbyrjun hvort hún fær slíkt umboð og þá fyrst gætu samningaumleitanir hafist. Það eru öfugmæli í Bakkabræðrastíl að andstæðingar samningsins hér á Alþingi hafi tafið framgang EES-samnings sem er ekki fyrir liggjandi. Látum nú Viðeyjarbræður í ríkisstjórninni fá þetta óbermi til baka. Ég segi já.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur margsinnis komið fram

hér í þinginu að ég hef sitthvað við hinn formlega þátt þess máls sem við erum að afgreiða hérna að athuga. Vil ég öðru fremur nefna tregðu stjórnvalda til að ganga þannig frá málinu að tryggt væri að það stæðist gagnvart íslenskum stjórnskipunarlögum. Þann 12. des. sl. lýsti ég því yfir sem minni skoðun að þingið ætti að reyna að ná sáttum um að ljúka 2. umr. um málið og atkvæðagreiðslu í kjölfar hennar, en láta staðfestingarfrv. síðan bíða endanlegrar afgreiðslu þar til gengið hafði verið frá þeirri breytingu sem gera þarf á samningnum í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Sviss. Enginn vilji virtist til að skoða þessa málsmeðferð þó að þannig hefði kannski mátt spara deilur, tíma og fyrirhöfn, bæði núna og síðar. Afstaða mín til frávísunartillögunnar byggist á óánægju með hvernig haldið hefur verið á þessu máli. Ég segi já.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Eftir að Sviss hafnaði aðild að Evrópsku efnahagssvæði er ljóst að fyrirliggjandi samningur nær ekki óbreyttur fram að ganga. Réttast væri að vísa málinu frá fyrir fullt og allt. Með þessari till. er frv. vísað til föðurhúsanna. Ég segi því já.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það mætti ætla af því kappi sem hæstv. utanrrh. hefur sýnt í þessu máli síðustu vikurnar að gildistaka Evrópska efnahagssvæðisins strandaði á því að Alþingi Íslendinga væri ekki búið að afgreiða samninginn. Það er nú ljóst að þetta er mikill misskilningur. Meiri hluti ríkja Evrópubandalagsins hefur alls ekki staðfest þennan samning og enginn veit hvenær þau ætla sér að gera það. Ríkisstjórn Spánar hefur meira að segja gengið svo langt að hún hefur dregið frv. um staðfestingu EES-samningsins til baka. Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hefur ekki enn þá fengið umboð frá æðstu stofnun bandalagsins til að endursemja um samninginn. Í dag getur enginn fullyrt hvenær þessi samningur mun taka gildi. Eitt er víst að Evrópska efnahagssvæðið getur aldrei tekið gildi á grundvelli þess samnings sem hér er til umfjöllunar á Alþingi. Þjóðaratkvæðagreiðslan í Sviss hafði það í för með sér. Þess vegna er hvorki raunhæft né skynsamlegt að afgreiða á Alþingi frv. sem ekki getur staðist. Prófessor í lögum við Háskóla Íslands flytur ítarleg rök fyrir því í grein í Morgunblaðinu í dag að frv. sem hér á að koma til atkvæða geti ekki staðist. Færustu sérfræðingar landsins í lögum hafa sýnt fram á að sjálft frv. og samningurinn brýtur í bága við íslensku stjórnarskrána. Enginn málsmetandi íslenskur lögfræðingur hefur treyst sér til þess síðan þær greinargerðir komu fram að sýna fram á annað. Það er þess vegna engin skynsemi í því að fara nú að ganga til atkvæða um frv. sem ekki getur staðist um samning sem ekki mun taka gildi. Ég segi því já við þeirri frávísunartillögu sem hér er verið að greiða atkvæði um.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Tillagan sem við greiðum atkvæði um minnir á þá staðreynd að þótt hér fari fram atkvæðagreiðsla í dag við 3. umr. um EES er þessu máli engan veginn lokið. Ég segi já.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég er þeirrar skoðunar að mál þetta sé ekki í þeim búningi að það sé yfir höfuð frambærilegt til afgreiðslu frá Alþingi. Málatilbúnaður hæstv. ríkisstjórnar og einkum hæstv. utanrrh. hefur upp á síðkastið keyrt um þverbak og hæstv. ráðherra orðið ber að hverri rangfærslunni á fætur annarri og er í raun og veru ekki lengur marktækur í málinu. Fullkomin óvissa ríkir um hver verður framtíð þessa samnings og hvort yfir höfuð eða þá hvenær Evrópskt efnahagssvæði verður að veruleika. En eitt liggur þó fyrir, er óumdeilt, og það er að sú útgáfa samningsins sem við erum hér að fjalla um mun aldrei verða að veruleika. Þetta frv. er einfaldlega úrelt. Það væri því réttast af hæstv. ríkisstjórn, sem leggur þetta frv. fram, að hafa reisn til þess að kalla það til baka með svipuðum hætti og ríkisstjórn Spánar kallaði til baka úrelt frv. sem lá fyrir spánska þjóðþinginu. En úr því að hæstv. ríkisstjórn sér ekki sóma sinn í að gera þetta ber Alþingi að vísa málinu til hennar. Ég tel rétt að senda þetta frv. til föðurhúsanna og segi því já.

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Ef við færum eftir þeim aðferðum í milliríkjasamningum sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og félagar hans í Alþb. vilja að sé gert er aldrei hægt að gera neinn samning vegna þess að þá má eiginlega enginn afgreiða samninginn á undan öðrum. Það er fyrirséð í þessum samningi hvað á að gerast ef einhver segir nei við honum. Þá á að semja upp á nýtt og gera um það sérstaka bókun og aðlaga samninginn að þeirri staðreynd.

Ég tel að þessi samningur standist stjórnarskrá og hef fengið um það álit mjög færra sérfræðinga. Ég tel að ef á þetta mundi reyna fyrir dómi, sem hlýtur að vera hin endanlega niðurstaða, hæstaréttardómi, muni það verða dæmt þar að samningurinn standist stjórnarskrána og ég styð þennan samning í góðri trú. Ég tel að samþykkt þessarar frávísunartillögu mundi eyðileggja málið eða tefja það og ég tel að það sé heiðarlegra að vera einfaldlega á móti því en koma með frávísunartillögu og því segi ég nei við henni.

Árni M. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Ég tel afar nauðsynlegt fyrir íslenska hagsmuni, bæði til lengri tíma litið og skemmri tíma litið, að það liggi ljóst fyrir að við Íslendingar munum taka þátt í Evrópsku efnahagssvæði og því segi ég nei.

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Þessi frávísunartillaga byggist á þeim misskilningi að Svisslendingar hafi í þjóðaratkvæðagreiðslunni 6. des. sl. breytt efni EES-samningsins. Auðvitað gerðu þeir það ekki. Svisslendingar ákváðu hins vegar að verða ekki aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði. Samningurinn stendur óbreyttur, en fram-

kvæmdina þarf að laga að brottfalli Sviss. Þegar um þann sérgreinda þátt hefur verið fjallað á grundvelli EES-samningsins verður niðurstaðan borin undir Alþingi. Ég tel fráleitt að við Íslendingar látum Svisslendinga ákveða það fyrir okkur hvort við gerumst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Að því máli hefur verið unnið í tæp fjögur ár af okkar hálfu á íslenskum forsendum með íslenska hagsmuni að leiðarljósi. Ég segi nei.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að ítreka þau varnaðarorð sem ég hef oft látið falla úr þessum ræðustól um þær afdrifaríku afleiðingar sem samþykkt þessa lagafrv. hefði í för með sér. Það hefur um skeið legið ljóst fyrir í mínum huga að samningurinn, eða réttara sagt samningsdrögin um hið Evrópska efnahagssvæði standast ekki íslensku stjórnarskrána. Nú bætist það við að staðfestingarfrv. um ESS, sem hér er til afgreiðslu, stenst ekki heldur. Ástæðan er einfaldlega sú að samningurinn sem lagatexti frv. fjallar um verður aldrei sá sem þar segir heldur einhver allt annar samningur. Það leiðir einfaldlega af eðli málsins að löggjafarþing getur ekki samþykkt slík lög. Þessa staðreynd viðurkenndi spænska þingið eins og hér hefur komið fram strax eftir að Svisslendingar felldu samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu og tóku sitt staðfestingarfrv. um EES af dagskrá þingsins. Alþingi má ekki setja forseta Íslands í þá aðstöðu að geta ekki staðfest lög sem þingið hefur samþykkt. Það getur forsetinn ekki. Á þessum staðreyndum byggðust ummæli mín í þingi sl. laugardag.

Nú hefur svo vel tekist til að hæstv. utanrrh. hefur getað breytt ferðaáætlun sinni til að verða viðstaddur lokaumfjöllun þessa afdrifaríkasta frv. í sögu lýðveldisins. M.a. af þeirri ástæðu virðist, hæstv. forseti, eðlilegt að lokatilraun verði gerð til að forðast mistök í þessu vandasama máli úr því að tími er til þess. Í þeim tilgangi mætti gera hlé á fundum sem forsetar þingsins og þingflokkar notuðu til að bera saman bækur. Það væri eðlilegt og vona ég að svo verði.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Vegna þessara orða vil ég aðeins segja að EES-málið er meira rætt en öll önnur mál hér í þinginu fyrr og síðar eins og reyndar alkunna er. Þrautreynt er að mínu mati að það er ekki grundvöllur fyrir frekari sátt um málið en þegar er orðið. Því er að mínu mati ekki neinn tilgangur með sérstöku þinghléi til þess að hefja umræður á milli manna. Því hefur verið haldið fram að EES-málið væri ekki þingtækt í núverandi mynd. Þingið hefur nú með afstöðu sinni til frávísunartillögunnar tekið afstöðu til þeirrar málsástæðu og hafnað henni. Þess vegna finnst mér ekki vera ástæða til þinghlés eða sérstakra umræðna milli manna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Í tilefni orða hv. 4. þm. Reykv. vill forseti taka fram að frv. hefur hlotið þinglega meðferð. Umræðum við 3. umr. er lokið og atkvæðagreiðsla hafin. Eins og kom fram í orðum hæstv. forsrh. er ekki grundvöllur til frekari viðræðna um þetta mál og því telur forseti rétt að atkvæðagreiðslan um frv. í heild fari fram og hefst nú atkvæðagreiðslan.

Frv. samþ. með 33:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LMR, GAK, MI, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, ÞurP, GHH, GuðjG, GHall, HN, SvÁ, JóhS, JBH, GÁS, KSG, SalÞ.

nei: MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, AÓB, EH, EKJ, GB, GÁ, GHelg, HG, IBA, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE.

7 þm. (VS, FI, HÁ, ISG, IP, JGS, JónK) greiddu ekki atkv.

37 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði er liður í óhjákvæmilegri þróun sem nú á sér stað í heiminum þar sem bættir viðskiptahagsmunir eru ein meginundirstaða aukinnar velmegunar. Honum fylgja tvímælalaust auknir hagsmunir Íslands, hvort heldur litið er til lengri eða skemmri tíma. Ég vænti þess að með samningi þessum muni Ísland stíga heillaspor inn í framtíðina. Ég segi því já.

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði mun að mínu viti færa stóriðju okkar Íslendinga, sjávarútveginum, ný sóknarfæri og möguleika á aukinni úrvinnslu sjávarfurða samfara auknum verðmætum fyrir þjóðina. Auk þess yrðu samkeppnisskilyrði okkar t.d. gagnvart Norðmönnum á Evrópumarkaði afar slæm svo ekki sé meira sagt ef við mundum stíga það ógæfuspor að hafna samningnum. Því segi ég já.

María E. Ingvadóttir:

Hæstv. forseti. Það þarf þor, kjark og framsýni til að vinna að samningi sem þeim er hér um ræðir og það er mikil ábyrgð samfara því að samþykkja samning um Evrópskt efnahagssvæði. Með þori, framsýni og ábyrgum vinnubrögðum verða framfarir og ég tel þennan samning auðvelda þá leið. Ég segi já.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Þetta er vondur samningur, óhagstæður og hættulegur okkur Íslendingum. Við afsölum okkur frumburðarrétti okkar Íslendinga til landsins og auðlinda þess til lands og sjávar. Þessi samningur kemur til með að færa okkur ósjálfstæði, atvinnuleysi, fátækt og auðnuleysi. Samningurinn er stórt skref inn í Evrópubandalagið, en þangað tel ég að við Íslendingar eigum ekki að stefna.

Þegar ég tók sæti á Alþingi undirritaði ég sem og

aðrir þingmenn svohljóðandi drengskaparheit: „Ég undirskrifaður, sem kosinn er þingmaður til Alþingis Íslendinga, heiti því að viðlögðum drengskap mínum og heiðri að halda stjórnarskrá landsins."

Þessi samningur brýtur augljóslega í bága við hina íslensku stjórnarskrá. Drengskaparheit mitt vil ég halda. Frú forseti. Ég er fastákveðinn í að segja nei.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Séð út frá hagsmunum Íslendinga er Evrópska efnahagssvæðið tilraun sem mistókst. Ágallar þessa samnings eru stærri og þyngri á metunum en kostirnir. Með lögfestingu mikils hluta laga Evrópubandalagsins er þessi samningur afdrifaríkt skref í átt til fullrar aðildar að Evrópubandalaginu. Ég tek ekki þátt í því að íslenska lýðveldið stigi slíkt skref. Ég segi nei.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Hæstv. forseti. Öflugt atvinnulíf er forsenda raunverulegs sjálfstæðis og sjálfstæði er undirstaða alls þess sem þjóð okkar stendur fyrir. Það er skoðun allra þeirra er styðja þennan samning, þar á meðal forustumanna í okkar atvinnulífi, að hann sé mjög mikilvægur fyrir okkar atvinnu- og efnahagslíf. Þess vegna treystir aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu stöðu okkar og sjálfstæði. Við höldum að sjálfsögðu fullu forræði í okkar málum og engar nýjar reglur né breytingar á EES-reglum sem varða íslensk lög geta tekið gildi án samþykkis Alþingis. Þessi samningur er mikilvægur fyrir konur því fjölbreytt atvinnulíf styrkir stöðu þeirra og jafnrétti. Ég vísa í mikilvægar reglur samningsins um að hægt sé að lýsa dauð og ómerk ákvæði í kjarasamningum sem brjóta í bága við grundvallarregluna um jöfn laun og vernd fyrir því að vera sagt upp starfi þegar höfðað er mál vegna brots á jafnréttislögum.

Virðulegi forseti. Aðild að Evrópska efnahagssvæðinu er leið okkar inn á Evrópumarkað án skuldbindinganna sem fylgja Evrópubandalaginu. Við höfum aldrei fylgt einangrunarstefnu, miklu fremur verið fámenn þjóð með mikil áhrif. Þannig munum við áfram stefna til framtíðar á jafnréttisgrundvelli í samfélagi þjóðanna. Ég segi já.

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Með aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði gefast tækifæri til frekari sóknar fyrir atvinnulíf landsmanna, tækifæri sem munu hafa í för með sér aukna verðmætasköpun og munu enn bæta lífskjör okkar Íslendinga, tækifæri sem munu treysta sjálfstæði þjóðarinnar. Það er mikill ábyrgðarhluti að hafna slíkum tækifærum. Það er gæfa íslenskrar þjóðar hvað erlend samskipti varðar að öfl framfara og sóknar hafa ætíð reynst sterkari öflum afturhalds og vanmetakenndar hér á hinu háa Alþingi. Þannig mun það og reynast nú.

Virðulegi forseti. Ég hlýt að segja já.

Sigríður A. Þórðardóttir:

Hæstv. forseti. Frá því að Íslendingar urðu sjálfstæð þjóð höfum við með dugnaði og árvekni skapað okkur þann stað í veröldinni að þessi fámenna eyþjóð nýtur virðingar í samfélagi þjóðanna. Samskipti okkar við aðra íbúa jarðar hafa byggst á gagnkvæmu trausti. Í smækkandi heimi, heimi greiðra samgangna og viðskipta er ríkari nauðsyn en nokkru sinni fyrr á gagnkvæmu trausti þjóða á milli. Einangrunarstefna á þar engan rétt og er aðeins til þess fallin að rýra hag þeirra sem hana kjósa. Góð reynsla af samstarfi við aðrar þjóðir og sömuleiðis góð kynni sýna okkur að í þessum efnum er ekkert að óttast.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er byggður á gagnkvæmu trausti og til þess gerður að hann verði íbúum þeirra landa sem að honum standa til ávinnings. Þess vegna segi ég já.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Þeir hv. þm. sem lýst hafa andstöðu sinni við samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði, margir hverjir í löngu máli, hafa notað ýmis rök máli sínu til framdráttar og ekki öll málefnaleg. Einna helst hefur þó hinni íslensku stjórnarskrá verið beitt í þessu máli, en þau tvö frumvörp sem stjórnarandstaðan lagði fram til breytinga á henni nú í vetur reyndust haldlítil og var vísað til ríkisstjórnarinnar. Á það hefur margsinnis verið bent að búið er að kanna vandlega stjórnarskrárþátt þessa samnings og að aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu eigi að rúmast fyllilega innan heimilda stjórnarskrárinnar í núverandi mynd. Þau rök hafa m.a. heyrst til andsvara þessu að það verði að skýra 2. gr. stjórnarskrár og það fullveldi sem hún kveður á um með tilliti til þess að stjórnarskrárgjafanum hafi aldrei hugkvæmst að íslenskt ríkisvald yrði framselt alþjóðastofnunum, enda hafi þær verið óþekktar þegar ákvæðið kom fyrst í stjórnskipunarlög okkar. Fyrir vikið virðist þó vera litið svo á að ekkert valdaframsal fái staðist, hvorki afmarkað né víðtækt.

Á þessi rök tel ég fullt tilefni til að deila. Það er ekki aðeins svo að þau stríði gegn fræðikenningum á þessu sviði heldur stríða þau einnig gegn þeim hefðum sem hafa myndast hér með lagasetningu um takmarkað valdaframsal. Að auki byggja viðhorf af þessum toga á því að skýra verður stjórnarskrána í einu og öllu bókstaflega og þegar vafi er á skýringu verði að byggja á því hvað telja megi að hafi búið að baki ákvæðum hennar í öndverðu. Hvert mundi fylgni við þessi viðhorf geta leitt okkur? Eigum við þvert ofan í almennar viðurkenndar reglur að hverfa aftur til fortíðarinnar og skýra grundvallarreglur 72. gr. stjórnarskrárinnar um rétt hvers og eins til að láta hugsanir sínar í ljósi á prenti svo þröngt að þar sé aðeins átt við ritað mál en ekki t.d. ummæli í ljósvakafjölmiðlum? Á að takmarka stjórnarskrárvernd tjáningafrelsisins á þeim grunni að sjónvarp hafi ekki verið til við setningu stjórnarskrárinnar? Dæmi eins og þessi, og fleiri gætu þau verið, hljóta að opna augun fyrir því að viðhorf um skýringu stjórnarskrárinnar sem byggja á fylgni við ímyndaðan vilja stjórnarskrárgjafans fái eng-

an veginn staðist. Það verður að beita ákvæðum stjórnarskrárinnar með tilliti til þarfa og aðstæðna á hverjum tíma og getur því ekki verið nein afgerandi röksemd í þessu sambandi hvað maður telur sig geta ráðið í eyðurnar á árinu 1992 um hugsanir þeirra sem sömdu um ákvæði stjórnarskrárinnar í öndverðu.

Hæstv. forseti. Ég tel að öll atriði sem snerta þennan samning, bæði hvað varðar stjórnskipulegan og efnislegan þátt, hafi verið fullrædd og að kostir hans varði miklu fyrir íslenska hagsmuni. Ég segi því já.

Stefán Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Við erum með samþykkt þessa samnings að fela ríkjasamsteypum erlendra þjóða forræði í mikilsverðum málum íslensku þjóðarinnar. Við erum að opna landhelgi Íslands fyrir flota Evrópubandalagsins. Við heimilum erlendum aðilum kaup á íslensku landi. Við greiðum leið erlendra þjóða til að komast yfir orkulindir landsins. Á þetta get ég aldrei fallist. Þetta er vondur og illa unninn samningur. Við erum skrefi nær Evrópubandalaginu eftir að hafa samþykkt þennan samning. Því segi ég nei, hæstv. forseti.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Öll viljum við Íslendingar væntanlega eiga góð samskipti við aðrar þjóðir. En ég er sannfærður um að aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, aukaaðild að Evrópubandalaginu, er ekki farsæll farvegur þeirra samskipta fyrir Íslendinga. Evrópska efnahagssvæðið á enn langt í land. Fram til þessa hefur það verið svo að jafnoft og einhver niðurstaða hefur virst í sjónmáli hefur eitthvað annað komið upp sem hefur frestað málinu. Sú staða er uppi enn. Þótt hæstv. ríkisstjórn takist e.t.v. nú að berja þetta mál í gegn er fullkomin óvissa um hvort eða þá hvenær þessi samningur eða annar sambærilegur verður nokkurn tíma að veruleika. Ég tel samninginn um Evrópskt efnahagssvæði og allt sem honum fylgir ekki til hagsbóta fyrir Íslendinga. Ég tel galla samningsins vega miklu þyngra en kostina. Ég tel það dapurlegt ef það eiga að verða örlög okkar Íslendinga að afsala hluta af okkar fullveldi úr landi áður en lýðveldið fagnar hálfrar aldar afmæli sínu. Ég get ekki og hef aldrei getað skilið þau rök að vænlegsta aðferðin til að varðveita sjálfstæði sitt sé að fórna hluta þess. Ég gagnrýni hæstv. ríkisstjórn fyrir framgöngu hennar í málinu. Hún hefur sundrað þjóðinni og hún hefur ekkert gert til að reyna að samræma sjónarmið.

Hæstv. forseti. Ég er efnislega andvígur þessu frv. Ég tel samþykkt þess brot á íslensku stjórnarskránni. Ég átel málsmeðferðina. Ég vona að gæfa Íslands verði meiri en sú að þetta nái nokkurn tíma óbreytt fram að ganga. Ég segi nei.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Þessi mikilvægi samningur um Evrópska efnahagssvæðið mun ekki losa okkur frá þeim skyldum og þeirri ábyrgð sem fylgir því að treysta efnahag þjóðarinnar og halda hér sjálfstæðu ríki á Íslandi. Þrátt fyrir mörg stór orð hér við umræðurnar ætla ég engum íslenskum þingmanni að vilja fórna sjálfstæði þjóðarinnar fyrir tímabundinn viðskiptasamning eða kalla yfir okkur atvinnuleysi sunnan úr Evrópu líkt og ýmsir stjórnarandstæðingar þessa samnings vilja láta í veðri vaka að muni fylgja. Allt frá stofnun lýðveldisins hafa íslensk stjórnvöld verið virkir þátttakendur í samstarfi á meðal þjóðanna á mörgum sviðum. Fyrir smáþjóð sem okkur Íslendinga er frelsi í viðskiptum innan marka Evrópu afar mikilvæg trygging fyrir hagsmunum okkar. Reynsla okkar af samstarfi innan Norðurlandaráðs, Atlantshafsbandalagsins og EFTA gefur ekki tilefni til annars en að hagsmunum okkar sé vel borgið í samstarfi við þær þjóðir sem eru innan EFTA og EB og ekki síst Norðurlandaþjóðanna sem stefna nú allar inn í Evrópubandalagið, en þangað munum við ekki geta fylgt þeim að öllu óbreyttu.

Ábyrgð okkar þingmanna er mikil í þessu máli, það er mér vissulega ljóst. Kjöri okkar þingmanna fylgir sú ábyrgð sem við getum ekki skotið okkur undan og við eigum ekki og í raun getum ekki hlaupið frá málinu með því að vísa því til þjóðarinnar svo sem ýmsir andstæðingar samningsins hafa viljað. Með því værum við að bregðast skyldu okkar sem alþingismenn og efna til ófriðar með þjóðinni. Á ýmsu öðru þurfum við að halda frekar um þessar mundir þegar vandi steðjar að, meiri vandi en áður þegar auðlindir til lands og sjávar hafa brugðist.

Eftir ítarlega skoðun er ég sannfærður um að við núverandi aðstæður, sem við hljótum að byggja mat okkar á, eru hagsmunir okkar vel tryggðir með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Með samningnum eigum við að geta styrkt atvinnuvegina og ég vísa því á bug að hann stangist á við stjórnarskrána. Með samningnum er sjálfstæði okkar betur tryggt en með því að skáka okkur frá samstarfi við evrópskar vinaþjóðir. Ég segi því já.

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Sjálfstæðisbarátta íslensku þjóðarinnar snerist um að hún gæti staðið á eigin fótum upprétt í samfélagi þjóðanna. Aukin utanríkisviðskipti og uppbygging atvinnulífs í samstarfi við erlenda aðila mun leggja grunninn að sókn okkar til bættra lífskjara í framtíðinni. Einangrun leiðir til stöðnunar og fátæktar og stefnir sjálfstæði okkar í voða. Með einangrun ofurseljum við okkur erlendum lánardrottnum. Þetta er reynsla annarra þjóða og þetta á líka við hér á landi. Samræmdar leikreglur í viðskiptum milli landa eru lykilatriði fyrir aukin utanríkisviðskipti. Með EES fær íslenskt atvinnulíf aðgang að innri markaði EB og sambærilegar leikreglur í viðskiptum og í helstu viðskiptalöndum okkar eru teknar upp hér á landi. Íslensk viðskiptalöggjöf verður gjaldgeng í samskiptum Evrópuþjóða og við fáum víðtæk réttindi á Evrópska efnahagssvæðinu og styrkjum fullveldi okkar og sjálfstæði. Samningurinn er því mikið hagsmunamál atvinnulífsins og þjóðarinnar. Ég segi já.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Þjóð er ekki sjálfstæð nema hún búi við efnahagslegt sjálfstæði. Á tímum samdráttar, aflabrests og atvinnuleysis er vegið að þessu efnahagslega sjálfstæði. Við þurfum að gera allt sem hægt er til þess að treysta það. Velferð á Íslandi stendur og fellur með sjávarútvegi. 80% af mikilvægustu útflutningsvörum okkar, sjávarafla, fara á markaði í löndum Evrópska efnahagssvæðisins. Það skiptir höfuðmáli að vörur okkar standi jafnfætis vörum keppinauta okkar á þessum mörkuðum og aðild að Evrópska efnahagssvæðinu færir Íslendingum 96% tollfrelsi á þessu mikilvægasta markaðssvæði landsmanna. Aðildin skapar því sóknarfæri fyrir nýjar afurðir inn á nýja markaði. Hún færir okkur möguleika á að skapa háþróaðan matvælaiðnað á Íslandi, hún eykur tækifæri okkar til að fullvinna sjávarafla í landinu og þannig mun aðild að Evrópska efnahagssvæðinu flytja inn störf sem áður voru unnin erlendis. Á tímum atvinnuleysis treystir því EES undirstöður atvinnulífsins og vinnur gegn atvinnuleysi, ekki síst í sjávarbyggðum landsins. Í þessu ljósi þarf engan að undra að öll helstu samtök atvinnulífsins hafa skorað á Alþingi Íslendinga að samþykkja aðildina.

Virðulegi forseti. Öflugt atvinnulíf er forsendan fyrir raunverulegu sjálfstæði og því treystir aðild okkar að EES sjálfstæði Íslands. Ég segi já.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Evrópskt efnahagssvæði yrði ekkert bjargráð fyrir íslenskt atvinnulíf heldur þvert á móti. Eitt helsta markmiðið með myndun þess er að jafna skilyrði atvinnulífs innan svæðisins. Eitt helsta einkenni þess er sífellt vaxandi atvinnuleysi, atvinnuleysi sem varaformaður Alþjóðavinnumálastofnunarinnar segir að stefni í ástand á borð við plágur og drepsóttir miðalda þegar við lá landauðn á þeim svæðum sem verst urðu úti. Íslensku launþegasamtökunum hefur verið neitað á Alþingi um þjóðaratkvæði um EES, en það var krafa þeirra. Atvinnuleysi er mikið böl og það hefur komið harðast niður á konum bæði hér á landi og annars staðar. Þessi ástæða er ein af mörgum ástæðum þess að ég hafna Evrópsku efnahagssvæði. Ég segi nei.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Okkur Íslendingum er gjarnt að gleyma því í hátíðleika velferðarþjóðfélagsins að okkar þjóðfélag er fyrst og fremst veiðimannaþjóðfélag því hryggbitinn í gjaldeyristekjum þjóðarinnar af vöruútflutningi kemur frá sjávarútvegi eða yfir 80%. Því nefni ég gleymsku í hátíðleika velferðarþjóðfélagsins að þegar til kastanna kemur í almennri umræðu í okkar þjóðfélagi, þá er sjaldnast tekið tillit til þeirra sem vinna erfiðustu störfin til sjós og lands, en það eru þeir sem eiga mestra hagsmuna að gæta og til hins góða í samþykkt samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Samkomulagið kemur til með að hafa gífurlega þýðingu fyrir íslenskan sjávarútveg og mun væntanlega styrkja hann til muna í samkeppni við sjávarútveg annarra þjóða. Samkeppnisaðstaðan gerbreytist. Evrópska efnahagssvæðið er enginn stórisannleikur út úr vanda íslensks sjávarútvegs, vanda sem fer saman við efnahagsvanda íslensks þjóðfélags, en Evrópska efnahagssvæðið er mikilvægt skref út úr vanda þjóðarinnar og opnar ýmsa möguleika í þá átt að tryggja framþróun í íslenskum sjávarútvegi svo hann vaxi enn frekar, svo og ýmsir aðrir þættir íslensks atvinnulífs.

Í öllum samningum eru plúsar og mínusar. Fyrir Íslendinga eru plúsarnir miklu fleiri. Við mínusana eigum við að ráða með markvissri stjórnun. Evrópska efnahagssvæðið styrkir sjálfstæði Íslands á dýrmætustu mörkuðum okkar og með samþykkt samningsins erum við á réttri leið til framþróunar og aukinnar hagsældar fyrir íslenska sjálfstæða þjóð. Ég segi já.

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Hér eru að verða mikil tímamót. Í umræðum um þetta mál hafa verið flutt mörg varnaðarorð. En mestu varnaðarorðin voru landvættirnir e.t.v. að flytja okkur í gær þegar himinn og jörð skulfu í þann mund er Alþingi ætlaði að samþykkja EES. Nú er svo komið að allir flokkar að krötum undanskildum styðja svo að segja óskiptir tvíhliða viðræður í stað EES-samnings. Fyrri stefna Sjálfstfl. nýtur þess vegna fylgis meginþorra íslenskra alþingismanna í dag þegar við erum að ganga í EES. Sjálfstfl. skuldar sínum kjósendum skýringu á því hvers vegna hann hvarf frá tvíhliða viðræðum.

Það liggur nú fyrir að við höfum látið undan þrýstingi EB sem krefst auðlinda okkar í stað tollfríðinda. Það blasir við að EB fái aðgang að landhelginni. Spyrja má: Til hvers var þá barist fyrir 200 mílna fiskveiðilögsögu ef EB á að móta fiskveiðistefnu Íslendinga hér eftir? Og til hvers var barist við Dani fyrir sjálfstæði og lýðveldi um aldaraðir?

Virðulegi forseti. Nú fer danskur maður með æðstu völd í EB svo við erum óbeint komin undir þeirra yfirráð á ný. Ég segi nei.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það er grundvallaratriði við þennan samning að atvinnulífið í landinu fær nýja möguleika, nýja blóðgjöf. Sérstaklega á þetta við um sjávarútveg okkar Íslendinga. Minnimáttarkennd fyrir Íslands hönd í samskiptum við aðrar þjóðir er mér víðs fjarri. Ég segi já.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði gefur íslensku atvinnulífi sóknarfæri og mun því renna styrkari stoðum undir efnahagslíf okkar. Þetta á ekki síst við um íslenskan sjávarútveg sem fær margvíslegan ávinnig vegna tollalækkana sem koma heföbundnum greinum hans eins og saltfiskvinnslu strax til góða og skapa rekstrarskilyrði og þar með möguleika á nýjum störfum fyrir vinnufúsar hendur á nýjum sviðum sjávarútvegs. Með öflugra atvinnulífi getum við hamlað gegn erlendri skuldasöfnun og styrkjum þannig efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Í

frjálsu samstarfi okkar sem sjálfstæðrar þjóðar við nágrannaþjóðir okkar í Evrópu á grundvelli samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði fáum við aukið færi á að hafa áhrif á rás atburða í heiminum. Þannig treystum við stöðu okkar sem fullvalda þjóðar. Því segi ég já.

Þuríður Pálsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er sannfæring mín að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið gefi Íslendingum tækifæri til að viðhalda þeirri velmegun sem hóf skeið sitt upp úr stríðslokum, en virðist nú vera að renna skeið sitt á enda. Ég óska ekki Íslendingum að búa við þau kjör sem við bjuggum við fyrir 1940. Þess vegna óska ég ungu fólki á Íslandi að það fái notið þeirra tækifæra til menntunar og vísinda sem þessi samningur felur í sér. Og ég hafna því að samningurinn sé konum óhagstæður. Þvert á móti hygg ég að margvísleg ákvæði hans séu konum einmitt til hagsbóta, svo sem ákvæði um jafnrétti og launajöfnuð. Einnig býður hann upp á ýmsa nýja valkosti fyrir eldra fólk.

Þá vil ég benda á að andstaðan við samninginn hér á hinu háa Alþingi er kannski alls ekki eins mikil og atkvæði gefa til kynna þar sem bæði hæstv. fyrrv. forsrh. Steingrímur Hermannsson og hæstv. fyrrv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson hófu þessar samningaumræður og unnu að gerð samningsins í tvö ár eða þar til þeir fóru í stjórnarandstöðu. Ég tel því andstöðuna meira í orði en á borði.

Hæstv. forseti. Ég segi já.

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Í langri umræðu sem fram hefur farið á Alþingi Íslendinga um Evrópskt efnahagssvæði hafa andstæðingar aðildar Íslands að EES talið þá alþingismenn sem málinu eru fylgjandi brjóta drengskaparheitið sitt gegn íslenskri stjórnarskrá. Þannig tala þeir margir hverjir sem á valdatíð fyrri ríkisstjórnar lögðu upp í þá ferð sem nú verður til lykta leidd og mjög sjálfum sér ósamkvæmir. Ég tel þann samning sem greidd eru hér atkvæði um hafa mikla kosti fyrir íslenska þjóð hvort sem litið er til sjós eða lands. Fjarlægðir skipta nú minna máli en áður landa í milli. Ísland má ekki einangrast á sviði viðskipta og menningar evrópskra þjóða.

Ég met mikils land mitt og þjóð. Við Íslendingar þurfum á nýju afli að halda fyrir íslenskt atvinnulíf. Með framtíð og hagsmuni lands og þjóðar í huga segi ég já.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér er það að gerast að meiri hluti alþingismanna, allir úr tveimur stjórnmálaflokkum, Sjálfstfl. og Alþfl., 33 að tölu, lögfesta hið Evrópska efnahagssvæði án þess að viljayfirlýsing þjóðarinnar liggi fyrir. Þeir hafa hafnað þjóðaratkvæðagreiðslu. Það nýtilega í þessum samningi kaupum við dýru verði. Við gefum 400 millj. Evrópubúa jafnan rétt á við okkur sjálf í eigin landi. Auðlindirnar til lands og sjávar, jafnt numdar sem ónumdar, eru settar á annes óvissunnar hvað eignarrétt og nýtingu varðar. Hver hefði trúað því að ríkisstjórn Íslands skrifaði undir nauðungarsamning gagnvart fiskveiðilögsögunni þar sem Evrópubandalagið fær allt fyrir ekkert. Hver hefði trúað því í lok landhelgisbaráttunnar að örfáum árum síðar ætti það fyrir þessari þjóð að liggja að opna fyrir fiskveiðiheimildir til rányrkjuþjóðanna á ný. Bretar, Portúgalar, Spánverjar, Belgar og Þjóðverjar taka nú við fiskveiðilykli úr hendi ríkisstjórnarnnar. Þeir munu árlega gera nýjar kröfur um fleiri skip og aukna veiði í okkar mikilvægu fiskstofna.

Úr því svona er komið íslenskum hagsmunum er mikilvægt að hæstv. utanrrh. standi við það fyrirheit að hverfa í annað embætti. Við þurfum ábyrga ráðherra og ríkisstjórn sem sameinar þjóðina því sundrist hún innan frá er hætta á ferðum. Við þurfum nýja menn sem hafa kjark og þor til að standa á rétti Íslands gagnvart Evrópuríkinu og leiða þennan samning í annan og betri farveg í fyllingu tímans. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er því miður ríkisstjórn innflutningsaflanna en ekki framleiðslustéttanna. Því skortir hana þrek til að verja íslenska hagsmuni í þessum nýja sáttmála. Ég segi nei.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Tvær meginástæður liggja til þess að ég greiði atkvæði gegn lögfestingu samningsins um Evrópskt efnahagssvæði þó fjölmörg efnisatriði hans nægðu einnig.

Í fyrsta lagi tel ég að það stangist á við 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins þar sem ótvírætt vald til löggjafar er í höndum forseta lýðveldisins og Alþingis. Alþingi hefur ekki haft rétt til að hafa áhrif á þann samning sem nú fær lagagildi né heldur bókanir, gerðir og viðauka sem honum fylgja. Hér er því verið að framselja löggjafarvald til annarra en þessara tveggja aðila sem er brot á ákvæðum 2. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt 47. gr. hennar undirritaði ég drengskaparheit er ég tók sæti á Alþingi að því að haga störfum mínum samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar og því er óverjandi að samþykkja lög sem Alþingi hefur engan þátt átt í að semja né haft rétt til að breyta.

Í öðru lagi stenst 1. gr. frv. til laga um Evrópskt efnahagssvæði ekki eins og hún liggur fyrir. Samningur sá sem undirritaður var í Óportó 2. maí 1992 var milli Efnahagsbandalagsins og EFTA-ríkjanna sjö, en þau eru eins og segir í 2. gr. samningsins þau ríki sem eru aðilar að þessum samningi sem einnig eru aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu, EFTA. EFTA-ríkin eru enn þá sjö, en aðeins sex þeirra eru enn þá aðilar að þessum samningi eftir að Svisslendingar höfnuðu honum. 1. gr. fjallar einmitt um að heimilt sé að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um Evrópska efnahagssvæðið, EES-samninginn, þ.e. meginmál samningsins, bókanir við hann og viðauka ásamt gerðum, sem í viðaukunum er getið, milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kol- og stálbandalags Evrópu annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992 eins og þar segir, með leyfi hæstv. forseta.

Samningur sá sem hér er verið að lögfesta er ekki

lengur milli allra aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Efnahagsbandalagsins og því ekki lengur samningurinn frá Óportó sem þó er vitnað í í lagatextanum í 1. gr. Það er því rangur texti sem hér er verið að samþykkja, það er rangur samningur og óverjandi að samþykkja hann.

Frú forseti. Ég segi því nei.

Hermann Níelsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í örfáum orðum gera grein fyrir atkvæði mínu með eftirfarandi hætti:

Íslenskur þjóðarbúskapur hefur búið við mótbyr um nokkurn tíma, rekstrarskilyrði helstu atvinnuvega okkar verið óhagstæð, ytri aðstæður, svo sem aflabrögð, verðlag og aukin samkeppni á mörkuðum reynst á verri veg. Fjárhagsleg afkoma þorra fyrirtækja er slæm, eigið fé flestra of lítið, lánin há með tilheyrandi greiðsluerfiðleikum. Kaup fólks og kjör hafa versnað af þessum ástæðum m.a. Rekstur ríkisins hefur þanist út á sama tíma, nánast sjálfkrafa vegna skuldbindinga og óska okkar um fullkomnara velferðarkerfi. Athugun leiddi í ljós að ef starfsemi ríkisins 1982, fyrir tíu árum, hefði haldist óbreytt ættu fjárlögin nú uppreiknuðu verðlagi að vera um það bil 80 milljarðar í stað 111. Reksturinn hefur aukist um nálægt 40% á tíu árum á meðan þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur dragast saman. Slík þróun gengur ekki upp og því verður að bregðast við með skynsamlegum aðgerðum.

Evrópa er okkur mikilvæg á margan hátt. Hvernig ætlum við okkur t.d. að fá það verð fyrir fiskinn sem við þurfum að fá ef Ísland stendur utan EES en helsti samkeppnisaðilinn, Norðmenn, aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða í Evrópubandalaginu? Ætli launin þyrftu ekki að lækka enn, þjónusta ríkisins að dragast saman, gjaldþrotum einstaklinga og fyrirtækja að fjölga svo að ekki sé minnst á atvinnuástandið í kjölfarið.

Með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu verðum við að taka okkur taki, auka hagkvæmni í rekstri almennt í þjóðfélaginu, efla nýsköpun og gæðasókn til þess að standast samkeppnina á mörkuðum heimsins. Við verðum að keppa hvort sem okkur líkar betur eða verr. Þannig eflum við hag lands og þjóðar og búum æskunni jafngott þjóðfélag og best gerist með öðrum þjóðum. Höldum okkur utan Evrópubandalagsins en samþykkjum þennan mikilvæga samning um EES, komum okkur út úr þeirri kreppu sem við erum í. Til þess þurfum við ný sóknarfæri, aukið frjálsræði og athafnarými. Ég segi já.

Svanhildur Árnadóttir:

Hæstv. forseti. Það er öllum ljóst að þegar gengið er til samninga er tekin viss áhætta. Við getum sjaldnast verið 100% viss um hver ágóðinn í raun verður. Það leiðir tíminn einn í ljós. Mér kemur ekki til hjartans hugar að með því að gerast aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu séum við að ganga inn í eitthvert framíðarsæluríki né heldur á hinn bóginn í allsherjar svartnætti. Þetta er ekki svart eða hvítt í mínum huga. Við stöndum frammi fyrir þeim kosti að geta gerst aðilar að Evrópsku efnahagssvæði og í ljósi þeirra erfiðleika sem að okkur hafa steðjað í atvinnu- og efnahagsmálum undanfarin ár eigum við að stökkva en ekki hrökkva í þessum efnum.

Ekki ber ég kvíðboga fyrir því að með þessum samningi komum við til með að glutra niður menningu okkar eða sjálfstæði, þvert á móti. Reynslan hefur kennt okkur að með auknum samskiptum og samvinnu við aðrar þjóðir höfum við eflt og styrkt okkar menningu og svo mun verða áfram.

Íslenska þjóðin hefur aldrei lagt upp laupana þótt móti blási, heldur leitað leiða til að vinna sig út úr vandanum. Og það gerum við einnig nú. Leiðin inn í Evrópska efnahagssvæðið mun örva atvinnu- og efnahagslíf okkar lands.

Hæstv. forseti. Það er mat mitt að með því að gerast aðilar að EES horfum við fram á bjartari tíð. Ég segi já.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Afgreiðsla þessa frv. á Alþingi breytir ekki þeirri staðreynd að samningurinn um EES er ófrágenginn. Takist samningar um Evrópskt efnhagssvæði þarf málið að koma á ný fyrir þingið í formi lagafrv. Það ráðrúm sem þannig gefst ætti að nýta til að kanna hug þjóðarinnar til samningsins. Krafan um þjóðaratkvæðagreiðslu hljómar stöðugt hærra. EES-samningurinn skerðir sjálfsákvörðunarrétt íslensku þjóðarinnar og vald stofnana lýðveldisins. Samningurinn er brot á íslensku stjórnarskránni. Engin trygging er fyrir efnahagslegum ávinningi af samningnum í bráð eða lengd. Yfir landsbyggðina mun samningurinn kalla stórauknar þrengingar.

Þjóðin, fólkið til sjávar og sveita, hugsar til Alþingis Íslendinga á þessari stundu. Ég fékk nú rétt fyrir þessa atkvæðagreiðslu kvæði frá konu sem búsett er í einum af dölum Borgarfjarðar vestra. Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að lesa upphaf þess og lok:

Vitið þið að vilji er allt sem þarf,
við höfum fengið dáð og þrek í arf.
Flanið ekki út á hálan ís,
Evrópa er engin paradís.

Eflum heldur okkar þjóðarhag,
erjum, græðum kalið moldarflag.
Stöndum saman, sýnum þor og þrótt,
þá mun birta eftir dimma nótt.

Ég tek undir þessa hvatningu og segi nei.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Frú forseti. Ef allt væri með felldu ætti þessi atkvæðagreiðsla að setja endahnútinn á það samningaferli sem hófst í mars 1989 þegar þáv. ríkisstjórn ákvað að taka upp samningaviðræður við Evrópubandalagið um aðild EFTA-ríkjanna að innri markaði bandalagsins. Grundvöllur þeirra viðræðna var allt frá upphafi þær samþykktir EB sem varða hið svokallaða fjórfrelsi. Þó að ástæða sé til að efast um ágæti ýmissa grundvallarþátta hins innri markaðar verður tæpast hjá

því komist að Íslendingar verði að aðlaga sig þeim leikreglum í viðskiptum sem þar gilda. Það er skoðun mín að aðlögun í formi samnings um Evrópskt efnahagssvæði sé við þessar aðstæður íslensku samfélagi hagfelldari en einhliða aðlögun. Á því byggist efnisleg afstaða mín í þessu máli.

Þá vil ég leggja áherslu á í þessu máli að ekki sé lesið meira út úr samningnum en í honum felst og greint á milli almennra þróunareinkenna vestræns hagkerfis og samfélags og beinna afleiðinga samningsins.

En þrátt fyrir þessar skoðanir mínar mun ég ekki greiða staðfestingarfrv. atkvæði mitt hér á þingi. Það sem ræður þessari niðurstöðu minni öðru fremur er í fyrsta lagi að stjórnarflokkarnir hafa hunsað eindregnar óskir tugþúsunda einstaklinga og fjölmennra eða fjölmennustu hagsmunasamtaka almennings í landinu um að samningurinn verði borinn undir þjóðaratkvæði.

Í öðru lagi ræður það niðurstöðu minni að ekki hefur verið vilji til þess hjá stjórnarflokkunum að taka af allan vafa um að samningurinn standist gagnvart stjórnarskránni.

Af þessum sökum, virðulegur forseti, greiði ég ekki atkvæði.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Mikilvægasti ávinningur þessa samnings er að íslenskt atvinnulíf mun búa við sambærilegar tolla- og viðskiptareglur og keppinautar okkar í Evrópu sem er stærsti og milkilvægasti útflutningsmarkaður Íslendinga. Þrátt fyrir þá staðreynd get ég ekki greitt þessum samningi atkvæði mitt af eftirtöldum ástæðum:

Hæstv. utanrrh. hefur ofboðið þingi og þjóð með ofmati á gæðum samningsins. Á þeim fagurgala ber ég ekki ábyrgð.

Þá miklu umræðu sem orðið hefur um málið hér á Alþingi hefði mátt spara ef hæstv. ríkisstjórn og fylginautar hennar hefðu haft kjark og þor til að bera þennan mikilvæga samning undir þjóðaratkvæði. Þá hefðu landsmenn fengið nánari útskýringar á kostum samningsins og göllum, fengið að vega og meta, en það eru sjálfsögð mannréttindi í lýðræðisþjóðfélagi. Þjóðin hefði ekki aðeins fengið að heyra um þá svörtu og hvítu mynd sem stjórnmálamenn draga gjarnan upp í hita leiksins heldur hefðu aðilar atvinnulífsins, sem ýta mjög á að þessi samningur sé staðfestur, kynnt enn betur þá möguleika sem samningurinn kann að opna. Þessi kynning hefði farið fram ef þjóðin hefði fengið að greiða atkvæði um samninginn.

Virðulegi forseti. Hér áðan var því hafnað að bíða með staðfestingu frv. þar til endanlegur texti liggur fyrir, en það hlýtur að teljast óeðlilegt að staðfesta samning sem ekki er í sinni endanlegu mynd.

Sjávarútvegssamningurinn sem lengi var beðið eftir er ekki ásættanlegur.

Síðast en ekki síst var því hafnað að taka af allan vafa varðandi stjórnarskrána.

Virðulegi forseti. Af þessum ástæðum greiði ég ekki atkvæði.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég hef gert grein fyrir afstöðu minni til þessa máls við þrjár umræður. Það hefur verið gagnrýnt hér í Alþingi að það hafi verið talað mikið. Sú umræða sem hefur farið hér fram við atkvæðagreiðslu sannar aftur á móti að það hefur ekki verið of lengi talað í Alþingi. Nú hafa ýmsir þingmenn fengið mál sem ekki töldu sig hafa tök á því að tala við þrjár umræður um málið. Meðferð þessa máls hefur sannað hér í hv. Alþingi að málið er ekki þingtækt. Það hefur líka verið stutt gildum rökum að EES-samningurinn er brot á íslensku stjórnarskránni. Það blasir nú við að Íslendingar verða semja að nýju við þessa viðskiptaaðila sína, við Efnahagsbandalagið. Um þann tvíhliða samning, sem þá vonandi verður að veruleika, þarf að skapa víðtæka samstöðu með þjóðinni.

Von mín er að þessi langi sáttmáli, sem nú er verið að samþykkja, verði aldrei að veruleika. Ég segi nei.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Í þau skipti sem ég hef tekið til máls um það málefni sem hér er til afgreiðslu hef ég lagt áherslu á nauðsyn þess að leitað verði eftir sem mestri pólitískri sátt um málið. Reynt verði að forða því að þjóðin klofni enn á ný í tvær andstæðar fylkingar í utanríkismálum. Í ljósi þess að nánast einhugur er um það á Alþingi að Ísland gangi ekki í EB, í ljósi þess að þingflokkur Alþb. hefur gefið út greinargerð þar sem kemur fram að tvíhliða samningur við EB verði byggur á viðskiptaþætti EES-samningsins, í ljósi yfirlýsinga allra þingkvenna Kvennalistans um að gera þurfi viðskiptasamning við EB, í ljósi margítrekaðra yfirlýsinga Sjálfstfl. frá síðasta kjörtímabili þess efnis að hagsmunum okkar Íslendinga væri best gætt með tvíhliða samningi við EB, í ljósi þess að í andsvörum við þann sem hér talar sl. föstudag lýsti hæstv. utanrrh. því yfir að hann í samráði við utanrrn. væri tilbúinn að skrifa framkvæmdastjórn EB bréf fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar þar sem farið væri fram á að samningnum yrði breytt í tvíhliða samning við inngöngu hinna EFTA-þjóðanna í EB, í ljósi afstöðu okkar sem sitjum hjá við afgreiðslu málsins til þess m.a. að leggja áherslu á að tvíhliða samningur við EB verði að byggja á EES-samningnum, í ljósi þess að samningurinn sem meiri hluti Alþingis er hér að lögfesta er ekki hin endanleg gerð, — í ljósi alls þessa, virðulegi forseti, skora ég á Alþingi að sameinast um afgreiðslu ályktunar þess efnis að fara nú þegar fram á að teknar verði upp viðræður við framkvæmdastjórn EB þess efnis að breyta samningnum í tvíhliða samning þar sem tryggt verði að meira tillit verði tekið til sérstöðu okkar Íslendinga. Slík samþykkt gæti byggt á tillögu sem nú liggur fyrir Alþingi sem er flutt af formanni og varaformanni Framsfl. með fullum stuðningi þingflokks flokksins.

Virðulegi forseti. Að öðru leyti vísa ég til atkvæðaskýringar minnar við 2. umr. þar sem ég gerði grein fyrir því á hvaða rökum ég mundi sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu og greiði ekki atkvæði.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Með gildistöku innri markaðarins í Evrópubandalaginu um áramótin er sagt að atvinnuleysingjum muni fjölga þar um 8 millj. á þessu ári og annað eins til aldamóta. Engin rök er hægt að finna fyrr því að aðild okkar að þessum innri markaði hafi önnur áhrif hérlendis. Þvert á móti hljótum við frekar að standa verr að vígi en flestir aðrir í hinu harða kapphlaupi innan þessa stóra efnahagssvæðis þar sem lögmál fjármagnsins eiga í sífellt ríkara mæli að ráða og fólkið að verða þrælar þess í stað þess að réttlæti og sanngirni stjórni ráðstöfun fjármagns og auðlinda. Ég segi nei.

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki átt þess kost að taka þátt í umræðum um þessi mál hér á hinu háa Alþingi en fylgst með þeim úr fjarska í gegnum fjölmiðla eins og þorri þjóðarinnar. Sú umræða hefur ekki öll verið jafnskynsamleg. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að gera í örfáum orðum grein fyrir afstöðu minni til þessa stóra máls.

Það er Íslandi nauðsynlegt að vera virkur og fullgildur þátttakandi í samfélagi þjóðanna. Víðtækt samstarf Evrópuþjóða er staðreynd. Okkur Íslendingum er mikilvægt á grundvelli viðskiptahagsmuna og margþættra samskipta annarra að eiga þar hlut að máli. Aðild Íslands að samningi um EES er skynsamlegur kostur, réttur vettvangur í þeim efnum. Ég segi því já.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Frú forseti. Með því að samþykkja samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði er verið að opna fyrir óhefta samkeppni fjármagns og flutninga vinnuafls og þjónustu. Á sama tíma höfum við vanrækt að búa íslenskt samfélag, fólk og fyrirtæki undir þessa breytingu. Þar sem frjálshyggjan situr í öndvegi mun frumskógalögmálið ráða og þeir verða undir sem minna mega sín. Við erum að færa valdið fjær fólkinu og auka miðstýringu.

EES-samningurinn brýtur í bága við stjórnarskrána og málið er ekki einu sinni þingtækt. Ég segi nei.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Ég tel að með samþykkt þessa samnings stigi Íslendingar skref til betri framtíðar, nýrra tækifæra fyrir íslenska launþega. Einangrun Íslendinga frá öðrum þjóðum færir okkur hins vegar fátækt og atvinnuleysi. Samþykkt þessa samnings styrkir sjálfstæði og fullveldi þjóðarinnar. Ég segi því já.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Aðild að Evrópsku efnahagssvæði er ekki annað en biðsalur aðildar að Evrópubandalaginu, enda byggð á þeirri grein Rómarsáttmálans sem kveður á um aukaaðild að EB. Á þessu tvennu er aðeins stigsmunur en ekki eðlismunur eins og hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson hefur bent á.

Dómur núv. formanns utanmrn. um EES-samningsgerðina er sá að vera skipulegasta átakið sem gert hefur verið til að opna Íslandi leið inn í Evrópubandalagið. Hér þarf ekki frekar vitnanna við um hvert leiðinni er heitið. Báðir stjórnarflokkarnir hafa á flokksþingum sínum gert samþykktir þar sem aðild að EB er ekki útilokuð.

Varfærnislegt mat Þjóðhagsstofnunar er að verg landsframleiðsla muni aukast um 0,6% eftir átta ár. Það jafngildir aukningu einkaneyslu um 24 þús. kr. á ári á hverja fjögurra manna fjölskyldu sem er um ⅓ hluti þeirrar kjaraskerðingar sem ákveðin var af Alþingi fyrir síðustu jól. Á móti þessum ávinningi koma milljarða króna útgjöld sveitarfélaga, fækkun starfa og þar með aukið atvinnuleysi og stórfelld hætta á hruni margra byggðarlaga á landsbyggðinni, samanber skýrslu Byggðastofnunar um það efni.

Þingmenn eiga að taka afstöðu til EES-samningsins á grundvelli staðreynda en ekki ítrekaðra einnota fullyrðinga utanrrh. sem dansað hefur á stultum í kringum sannleikann. Staðreyndin er sú að ávinningurinn er hverfandi miðað við þær skyldur sem við tökum á okkur með samningnum og réttlætir í engu það að opna fiskveiðilögsögu Íslendinga fyrir togaraflota EB, réttlætir í engu það valdaframsal sem felst í samningnum, auk þess sem samningurinn samrýmist ekki stjórnarskránni.

Af öllu þessu samanlögðu er það niðurstaða mín, virðulegi forseti, að ég segi nei.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Að vandlega athuguðu máli hef ég komist að þeirri niðurstöðu að gallar samningsins um EES séu meiri en kostirnir. Ég tel vafa leika á því að samningurinn standist íslensku stjórnarskrána. Ég er andvíg þeirri hugmyndafræði og framtíðarsýn sem býr að baki samningsins og tel EES ganga þvert á hugmyndir Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Mér óar það reglugerða- og tilskipanaveldi sem verið er að koma á fót með hinu Evrópska efnahagssvæði. Þá vantar heildarúttekt á þeim kostnaði sem fylgir samningnum fyrir ríkið, sveitarfélögin og fyrirtækin í landinu og þar af leiðandi er óljóst hvort nokkur efnahagslegur ávinningur verði af aðild Íslands að EES.

Ég get ekki sætt mig við það valdaafsal sem fylgja mun í kjölfar samningsins og að við Íslendingar munum ekki lengur geta mótað okkar eigin stefnu í stórum málaflokkum.

Síðast en ekki síst skerðast möguleikar okkar til að þróa það samfélag jafnvægis manns og náttúru, jöfnuðar, réttlætis og kvenfrelsis sem við kvennalistakonur viljum stefna að þar sem við verðum bundin af óteljandi samþykktum sem ganga í þveröfugar áttir og búast má við margvíslegum kröfum um aðlögun og samræmingu.

Þau rök sem ég hef hér tíundað vega þyngra í mínum huga en hugsanlegir efnahagslegir ávinningar og ótti við einangrun. Íslendingar eiga margra kosta völ ef rétt er á málum haldið.

Virðulegi forseti. Ég segi nei.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Með aðild að Evrópsku efnahagssvæði er verið að stíga óheillaskref. Með því er verið að fela erlendum aðilum að móta stefnu Íslendinga í mikilvægum málaflokkum og um leið er tekið stórt skref inn í sjálft Evrópubandalagið. Þar ríkir stefna og hugmyndafræði sem hentar ekki þjóð eins og okkar, vinnur gegn umhverfisvernd og stríðir gegn hagsmunum kvenna. Við eigum að móta framtíðina utan EES og EB og treysta þannig efnahagslegt og menningarlegt sjálfstæði þjóðarinnar.

Nær helmingur alþingismanna vill að þjóðin fái að segja álit sitt á málinu. Sú krafa er studd af meiri hluta almennings í landinu. Enn er ekki of seint að bregðast við því kalli.

Það er dimmt yfir þessum degi í sögu þjóðarinnar. Við skulum vona að birti fyrr en síðar. Ég segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 593).

Um þingsköp.

Atkvæðagreiðsla um EES.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef oft gagnrýnt forsetann þegar mér hefur þótt það við hæfi og tel því rétt að þakka forsetanum þegar mér finnst það við hæfi. Ég tel að sú ákvörðun hæstv. forseta í gær að fresta þessari atkvæðagreiðslu og tryggja með þeim hætti að allir þingmenn gætu tekið þátt í henni beri vott um sjálfstæði gagnvart framkvæmdarvaldinu sem sótti það með ofurkappi að knýja þessa atkvæðagreiðslu fram. Ég vona að á fleiri sviðum muni hæstv. forseti bera gæfu til að sýna sjálfstæði gagnvart framkvæmdarvaldinu og tel að þetta sé mjög virðingarvert og satt best að segja það eina sem ég sé jákvætt við þennan dag. — [Fundarhlé.]

Samningar við EB um fiskveiðimál, frh. síðari umr.

Stjtill., 275. mál. — Þskj. 375, nál. 549 og 579.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Mig langar áður en ég hef mál mitt að fá að vita hvort hæstv. sjútvrh. er hér staddur og hvort hann gæti komið til fundar. (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til að fá hæstv. sjútvrh. á fundinn.) Ég þakka það því að ræða mín er ekki síst til komin vegna þeirra ummæla sem féllu hjá honum í gær og ég hafði ekki tóm til að svara nema hluta í andsvari, en ég ætla þá að fá að bíða eftir að hann komi.

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir að bregðast skjótt við. Ástæða þess að ég kem aftur í ræðustól er fyrst og fremst að fylgja því aðeins eftir sem ég sagði í andsvari í framhaldi af ræðu hæstv. sjútvrh. í gær. Ég ætla ekki að blanda mér í karp um samningafundi í tíð fyrrv. eða núv. ríkisstjórna. Svo sem kunnugt er höfum við kvennalistakonur ekki átt aðild að þeim störfum. Hins vegar vil ég halda því til haga að ég tel að það sé mjög varasamt að opna lögsöguna fyrir skipum Evrópubandalagsins og gildir þá einu þótt nokkrir gamlir belgískir togarar séu hér enn. Það er ekki á þeim grunni sem við erum að opna landhelgi okkar núna ef þessi samningur verður að veruleika heldur er þar verið að setja fordæmi sem ég tel að við sjáum ekki fyrir endann á. Ég bendi á að í þessum samningi eru ákvæði um árlega endurskoðun og mér þykir bera nokkuð mikið á því í áliti meiri hluta utanrmn. og sjútvn. að þar sé gert ráð fyrir því að sú endurskoðun verði endilega okkur í hag. Mér finnst að gangur samningamála gefi ekki tilefni til slíkrar bjartsýni heldur þvert á móti svartsýni.

Ég vil benda á það líka að sé það virkilega bjargföst skoðun talsmanna hæstv. ríkisstjórnar að unnt sé að halda því til streitu að EES-samningurinn sé algjörlega ótengdur fiskveiðisamningnum, þá er ekkert því til fyrirstöðu að kolfella samninginn í ljósi þeirra upplýsinga og ég held að það sé ærin ástæða til að gera það því hér hefur í umræðunni komið fram að samningurinn er okkur afspyrnu lélegur. Það er trúa mín að þeir sem verji hann bendi á þau fáu atriði sem eru í þokkalegu standi og reyni síðan að drepa umræðunni á dreif um önnur atriði með því að karpa um hverjum sé um að kenna að svona illa sé komið. Það gerir samninginn ekkert betri, síður en svo. Þetta er mjög áberandi.

Svo ég reki ágalla þessa samnings, og það mun ég ekki gera í mjög ítarlegu máli þar sem það hefur þegar verið gert, þá ætla ég í fyrsta lagi að halda því til haga að það hefur komið glöggt fram að við nánari athugun er alls ekki um neinar gagnkvæmar eða jafngildar veiðiheimildir að ræða. Þetta er staðreyndin hvað svo sem líður öllu karpi um veiðstuðla sem annars er hægt að drepa þeirri umræðu á dreif með.

Í öðru lagi vil ég benda á þann ágalla, sem jafnvel hæstv. sjútvrh. hefur viðurkennt að sé ágalli, og það er að ekki er tryggt í þessum samningi að veiði komi á móti veiði. Einungis er frá því gengið að heimilt sé að koma á viðræðum til að reyna að koma á jafnræði. En það er auðvitað allt, allt annar handleggur og allt öðruvísi staða sem við höfum þar.

Ég vil leyfa mér að vitna í Morgunblaðið frá 28. nóv. Þar segir hæstv. sjútvrh. og hefur ekkert borið til baka, enda engin ástæða til, að báðir aðilar hafi látið nokkuð af ýtrustu kröfum sínum. Hann telur þó að í heild sé niðurstaðan góð, en bendir á að í rauninni sé ekki búið að tryggja neitt nema að þarna sé málamiðlun og ef ófyrirsjáanlegar aðstæður koma upp, segir hæstv. ráðherra, með leyfi forseta, t.d. ef menn af einhverjum ástæðum geta ekki veitt þann kvóta sem út hefur verið gefinn, „getur sá aðili sem telur á sig hallað óskað eftir viðræðum í þeim tilgangi að tryggja jafnræði“ — segir sjútvrh. í Morgunblaðinu, virðulegi forseti.

Þetta er nákvæmlega það sem það segir. Það er búið að ná inn ákvæði um viðræður. Það er ekki búið að tryggja neitt hvað komi út úr þeim viðræðum, enda er það ekkert hægt. Það hefði hins vegar verið hægt að hugsa sér að þarna væri einhver trygging ef það hreinlega stæði, en það gerir það ekki.

Í öðru lagi er alveg öruggt mál að enginn hefur treyst sér — ég veit að vísu ekki um hæstv. utanrrh. sem hefur treyst sér til þess að koma með hinar ótrúlegustu fullyrðingar, en enginn annar sem ég hef átt tal við og er kunnugur þessum málum hefur treyst sér til að segja að það sé nein skuldbinding í þessum samningi falin um að bæta upp skerðingu eftir á. Það er einfaldlega talið að fyrirheit liggi í bréfaskriftum, að það sé gengið út frá því að þessi 3.000 tonn af karfa mæti 30.000 tonnum af loðnu, en lengra hafa þeir sem þarna hafa staðið í samningaviðræðum ekki treyst sér til að ganga. Það er bent á ákvæði, sem ósköp vel er hægt að rekja enn einu sinni, sem felast í viðauka A um aflaheimildir með þeirri tillögu sem við hér ræðum, en þar segir í 2. lið, með leyfi forseta:

„Um öll mál er tengjast framkvæmd þessa samkomulags — þar á meðal ef ófyrirsjáanlegar aðstæður koma upp — skulu aðilar hafa samráð sín á milli ef annar hvor þeirra óskar eftir því.

Ef svo ber undir að lækka verður aflaheimild annars samningsaðilans vegna ófyrirsjáanlegra líffræðilegra ástæðna skulu samningsaðilar tafarlaust ræðast við í þeim tilgangi að koma aftur á jafnvægi."

Þetta er það veika haldreipi sem verið er að vísa til og ég held að það gefi auga leið að þetta segir okkur ekkert annað en að það sé skylt að ræða málin, það sé skylt að reyna að koma á jafnræði, en ef við erum þarna að tala um jafnræði á borð við jafnræði veiðiheimildanna er það auðvitað ekki mikið til að gera veður út af.

Í þriðja lagi er rétt að hafa í huga að samningur Evrópubandalagsins og Grænlands rennur út eftir tvö ár. Hvaða stofna gæti þá Evrópubandalagið boðið okkur að veiða ef Grænlendingar kysu t.d. að hefja sínar loðnuveiðar og hafa raunar verið með tilburði í þá átt með því að kaupa sér a.m.k. eitt loðnuveiðiskip? Jú, samkvæmt upplýsingum um þá stofna sem Evrópubandalagið er aflögufært um, og það er hægt að ganga út frá því að það væri fyrst litið á þá stofna sem Evrópubandalagið er aflögufært með, þá er hægt að benda á t.d. eina fisktegund, en það er makríll. En þá ber þess að gæta að makríllinn er ekki ein þeirra fiskitegunda sem samkvæmt EES-samkomulaginu á að verða tollfrjáls. Þetta væru skipti sem kæmu okkur ekkert til góða.

Í fjórða lagi er ástæða til að hafna fiskveiðisamningnum vegna þess að fjöldi skipa og eftirlitsþátturinn, sá mikilvægi þáttur samningsins, eru ekki gallalaus og þetta hef ég þegar gert að umtalsefni. Í nál. minni hluta utanrmn. segir eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta, um fjölda skipa:

„Samkvæmt viðauka B er gert ráð fyrir að útgefin leyfi verði aldrei fleiri en 18 og togarar við veiðar geti ekki verið fleiri en fimm samtímis. Að mati minni hluta nefndarinnar er hér um of mörg skip að ræða miðað við það magn sem er til ráðstöfunnar. Skipunum er heimilt að frysta fiskinn um borð og telur minni hlutinn að slíkt eigi ekki að leyfa."

Og varðandi eftirlitið þá kemur fram ákveðin gagnrýni þar einnig þótt við sem höfum komið nálægt minni hluta sjútvn. höfum að mörgu leyti verið afskaplega mild í okkar dómum þar og svo sannarlega leyft því að koma fram að þar hefur náðst nokkur árangur, en þarna stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Óheppilegt er að löndunarhafnir séu eins margar og raun ber vitni sem getur skapað erfiðleika við eftirlit. Af hálfu íslenskra aðila þarf að ganga vel frá verkaskiptingu milli Landhelgisgæslunnar og veiðieftirlitsmanna. Fulltrúar Landhelgisgæslunnar bentu á að með fullkomnum staðsetningartækjum mætti fylgjast nákvæmlega með ferðum erlendu skipanna."

Ég gerði þetta að umtalsefni í andsvari í gær og hef einnig rakið svolítið í mínum ræðum að Landhelgisgæslan var hreinlega hunsuð við undirbúning þessa máls þar sem ekki var einu sinni rætt við fulltrúa hennar. Staðsetningarkerfið INMARSAT er að mati Landhelgisgæslunnar mjög mikilvægur þáttur í eftirliti og það er ekki rétt, sem hæstv. sjútvrh. sagði í gær, að það segi ekkert annað en hvar skipin eru stödd á hverjum tíma. Þvert á móti hefur það komið skýrt fram hjá forsvarsmönnum Landhelgisgæslunnar, sem komu á fund sjútvn., að þessi tæki geti bæði gefið til kynna staðsetningu skipa og upplýst hvort þau eru að toga eða á siglingu. Þessar upplýsingar eru mjög mikilvægar, t.d. í því tilviki að EB-skip hafi skilað af sér eftirlitsmanni í íslenskri höfn eins og fullkomlega er heimilt samkvæmt fiskveiðisamningnum og sé á ferð með afla sinn en engan eftirlitsmann um borð í gegnum íslenska landhelgi að löndunarhöfn erlendis. Það stendur hvergi að skylt sé að koma af sér eftirlitsmanni og afla í sömu höfn.

Þá komum við að öðrum veikum punkti, en það er að fyrst okkur hefur ekki gengið sem skyldi að hafa eftirlit með vigtun okkar eigin skipa í viðurkenndum erlendum höfnum er engin ástæða til að ætla að við getum haft sjálf fullnægjandi eftirlit með þeim nýju erlendu höfnum sem við leyfum vigtun í. Þetta finnst mér full ástæða til að tína til, einfaldlega vegna þess að af og til heyrum við gagnrýni á vigtun erlendis. Ég vísaði í blaðið Fréttir frá 17. des. sl., en þar er viðtal við Sigurbjörn Hilmarsson fiskverkanda, sem er stærsti kaupandinn á Fiskmarkaði Vestmannaeyja, í kjördæmi hæstv. ráðherra eins og ég gat um, en tímans vegna hafði ég ekki tóm til þess að rekja ummæli hans að öðru leyti en því sem stendur í fyrirsögn þessarar greinar, en þar stendur að vigtun erlendis sé skrípaleikur, og þessa gat ég, en auðvitað er betra að taka þetta eins og það kemur fyrir í þessari grein. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa fyrir hæstv. sjútvrh. og aðra hvað er átt við. Í blaðinu stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Mismunur á vigt er mikill hér á eða í Englandi að mati Sigurbjörns og langt umfram það sem eðlilegt getur talist. „Sjómenn og útgerðarmenn eru að vakna

upp við vondan draum í þessu máli. Í Englandi koma 420–440 kg upp úr hverju kari, en á markaðinum hér 520–560 kg.“

Hann segir að rýrnun skýri ekki þennan mismun og sjómenn gangi eins frá fiskinum í körin hvort sem honum er landað heima eða erlendis. „Það eru um 100 kg sem þeir stela úti og ofan á endanlega vigt kemur 20% kvótaskerðing þannig að verðið úti má vera talsvert mikið hærra til þess að það borgi sig að senda fiskinn út.““

Þarna er einfaldlega verið að tala um að vigtun erlendis sé ekki trygg og svo við tökum bara Bretland, sem hann tekur sérstaklega sem dæmi, þá vil ég vekja athygli á því að við leyfum samkvæmt ákvæðum þessarar tillögu tvær hafnir þar, Hull og Grimsby, og ég get ekki ímyndað mér að ástandið þar sé eitthvað betra en annars staðar þar sem þetta eru sjálfsagt þær hafnir sem verið er að ræða í blaðinu, þær eru mjög miklar löndunarhafnir okkar.

Ég get deilt þeirri skoðun með Sigurbirni að skynsamlegast væri að öll vigtun færi fram hér á landi og er það raunar yfirlýst stefna Kvennalistans að stefna beri að því og ég get ekki ímyndað mér annað en það væri mjög svo til bóta.

Þetta gefur tilefni til að grípa niður aðeins aftar í þessari grein, með leyfi hæstv. forseta, en þar stendur:

„Sigurbjörn vill að allur fiskur fari í gegnum fiskmarkaði [og á þá við á Íslandi]. „Ef yfirlýsingar Þorsteins Pálssonar sjútvrh. að allur fiskur veiddur við Íslandsstrendur, þ.e. sameign þjóðarinnar, fari í gegnum fiskmarkaði frá áramótum 1992–1993, standast yrði samkeppnisstaða innlendra kaupenda betri. Ef útlendingar þyrftu að kaupa fisk eftir þeirri vigt sem hér er hugsuðu þeir sig tvisvar um því 20% skerðing, rýrnun og yfirvigt yrði þeim of dýr.

Svo eru það skilaboð mín til verkalýðshreyfingarinnar að með einu pennastriki er hægt að eyða öllu atvinnuleysi í landinu. Það hverfur um leið og allur fiskur fer á markað hér heima.““

Ég get ekki annað en tekið undir það að ég tel að það yrði mjög til bóta, bæði vegna vinnu í landi og vegna þess öryggis sem við vigtun væri, að færa vigtunina hingað. En ég vek þó athygli á að ef við samþykkjum næstu útgáfu af EES-samningnum, því nú er búið að samþykkja þá fyrstu, erum við að bjóða upp á að við verðum að halda okkur við þá samþykkt sem þegar er orðin á þinginu með því að afgreiða frv. um að erlendir aðilar geti keypt sig inn í íslensku fiskmarkaðina. Og það aftur á móti er nokkuð sem við stjórnarandstæðingar vöruðum við þegar það mál var til umræðu. Ég geri ekki ráð fyrir að innan Evrópska efnahagssvæðisins væri hægt að leiðrétta það eða draga það mál til baka, en aftur á móti væri hægurinn hjá ef við bærum gæfu til þess að koma okkur út úr þessu samstarfi sem getur orðið okkur býsna dýrt, þessu Evrópska efnahagssvæði.

Ég vona að ef af þessu Evrópska efnahagssvæði verði munum við Íslendingar sýna það sjálfstæði að hafna næstu útgáfu sem hér kemur til umfjöllunar því í dag hefur það gerst að við höfum ekki borið gæfu til að hafna fyrstu útgáfunni og það er mér út af fyrir sig algjörlega óskiljanlegt, en enn er svigrúm og ég vona að það verði tekin skynsamlegri ákvörðun en hér var tekin í dag.

Ég lýsti því yfir í seinustu ræðu minni að ég efaði stórlega að meiri hluti væri fyrir þessum fiskveiðisamningi á Alþingi og spurningin er hvað gerist ef við sýnum þá skynsemi að hafna þessum samningi. Andstaðan við hann er töluvert meiri en við Evrópska efnahagssvæðið í heild og ég held að það væri athyglisvert að heyra rök þeirra sem ætla að samþykkja þennan samning t.d. fyrir eigið ágæti eins og verið er að reyna að telja okkur trú um að sé hægt. Því trúir ekki nokkur maður í alvöru. En þessum orðum taldi ég ástæðu til að bæta inn í umræðuna vegna ræðu hæstv. sjútvrh. í gær og læt nú lokið máli mínu.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég leiðrétta þann misskilning að INMARSAT-kerfið er ekki staðsetningarkerfi heldur er það alþjóðlegt fjarskiptakerfi. GPS, eða Global Positioning System, er hins vegar fjarskiptakerfi sem nýtist með INMARSAT til þess að gefa upplýsingar um staðsetningu og siglingarhraða skipanna.

Hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson hefur klifað mjög á því að eftirlitsþætti samningsins sé áfátt. Þó er það eigi að síður svo að allir talsmenn sjávarútvegs hafa lýst því yfir að þar sé vel að málum staðið. Ég minnist þess líka að hv. 1. þm. Austurl. lýsti því við 1. umr. málsins að sá þáttur samningsins væri ásættanlegur. Mig minnir raunar að hann hafi notað sterkari lýsingarorð í þeim efnum. Þess vegna vil ég að það komi skýrt fram vegna þeirra ábendinga og umkvartana sem þingmaðurinn hafði í sínu máli að sökum orða hennar við 1. umr. voru fengnir menn til fundar við sjútvn. sérstaklega til að geta spurt þá um þessi atriði. Allir sem komu til fundar við nefndina töldu að eftirlitsþátturinn væri mjög vel viðunandi.

Það er hárrétt hjá hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson að það hafa verið uppi efasemdir um sannverðugleika þeirra upplýsinga sem berast frá höfnum Evróubandalagsins. Hún gat þess réttilega í sinni fyrstu ræðu við fyrri umræðu málsins og einmitt þess vegna lagði ég mig sérstaklega eftir því að spyrja þá talsmenn sjávarútvegsins sem komu á fund hv. sjútvn. um þetta mál. Þar kom fram að þeir telja að þær 19 hafnir sem skráðar eru leyfilegar löndunarhafnir í samningnum væru áreiðanlegar. Þeir töldu sig ekki hafa neitt í höndum sem gæfi færi á að vefengja upplýsingar þeirra. Og það er rangt að Landhelgisgæslan hafi talað um að eftirlitsþætti samningsins væri eitthvað áfátt. Þeir bentu hins vegar á að það væri æskilegast í framtíðinni að nota samtengt kerfi Global Positioning System og INMARSAT til þess að auðvelda þeim að fylgjast með ferðum skipanna.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að við vitum það öll, bæði ég, hv. 17. þm. Reykv. og hæstv. sjútvrh. sem

kaus að nota orðið „staðsetningartæki" eins og ég, að við erum að meina nákvæmlega þetta kerfi og þarf enginn að velkjast í vafa um það. Hæstv. sjútvrh. notar einmitt þetta sama orð. En ég vek athygli á því að fulltrúar Landhelgisgæslunnar voru ekki spurðir álits um það hvaða hátt ætti að hafa á þessu eftirliti og það var þeirra skoðun á þeim fundi sem þeir áttu með sjútvn. að þetta væri mjög nauðsynlegur þáttur í eftirlitinu. Og fyrst verið er að tína til skoðun hagsmunaaðila í sjávarútvegi, þá hefur því heldur ekki verið neitað að þarna geti verið um einhver vandkvæði varðandi löndun að ræða. Það hefur alltaf verið litið á málið í heild af hálfu þeirra og þeir tala um það, hagsmunaaðilar sem komu á okkar fund, að miðað við allt málið, EES og fiskveiðasamninginn samanlagt, sé þarna vel hægt að una við. Það sem þeir voru sérstaklega að taka fram að væri ásættanlegt og gott varðandi eftirlitsþáttinn var hlutur eftirlitsmanna. Undir það hef ég tekið og undir það mun ég áfram taka. Það var sá þáttur eftirlitsins sem þeir lýstu velþóknun sinni á og það geri ég líka.

Það eru önnur atriði sem ég hef gagnrýnt og ég minnist þess ekki að það hafi verið vefengt að hafnir erlendis gætu verið varasamar eða vigtun þar þótt menn hafi skiptar skoðanir á því.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er það hárrétt hjá hv. þm. að ýmsar hafnir erlendis geta verið varasamar, það er hárrétt. Það er einmitt þess vegna sem gripið var til þess ráðs að skrá sérstaklega 19 hafnir sem má landa í vegna þess að þær þóttu trúverðugar. Og einmitt vegna þess að hv. þm. virðist standa í einhvers konar fjarsambandi við hina ýmsu aðila í sjávarútvegi og telur sig þess umkominn að standa hér og halda því blákalt fram að eigi að síður hafi verið talað um að þessum höfnum væri ábótavant, þá er rétt að ég ítreki það enn og aftur að einmitt út af ummælum þingkonunnar við 1. umr. málsins spurði ég sérstaklega alla þá talsmenn sjávarútvegsins sem komu til fundar við sjútvn. hvort þeir treystu upplýsingum frá þessum höfnum. Svar allra var á sömu lund. Þeir töldu sig ekki hafa nokkur rök til að vefengja upplýsingar frá þeim.

Hvað varðar síðan þá staðreynd að Landhelgisgæslan var ekki höfð með í ráðum við gerð þessa, þá kann það vel að vera óæskilegt. En niðurstaðan á eftirlitsþættinum er eftir sem áður mjög góð og ef menn bera t.d. eftirlitsþátt þessa samnings saman við belgíska samninginn sjá menn að það er eins og svart og hvítt. Við gerð þess samnings lærðu menn nefnilega talsvert af því sem ég vil kalla viss mistök við reglur sem tengjast eftirliti með veiðum belgísku togaranna. Eins og menn muna hafa komið upp ákveðin vandkvæði þar. Mig minnir t.d. að hér kæmi upp sérstakt mál varðandi belgískan togara sem landaði í Vestmannaeyjahöfn einhvern tíma hinum megin við 1990 og kom í ljós að aflinn sem var um borð var talsvert frábrugðinn því sem skipið hafði gefið upp. Menn lærðu af þessu og eftirlitsþátturinn í þessum samningi er til fyrirmyndar. Það er einungis eitt atriði sem mætti betrumbæta og það er til þess að samnýta INMARSAT og GPS. Það vill svo til að sú ábending kom frá fulltrúum Landhelgisgæslunnar sem komu til fundar við sjútvn. og minni hluti og meiri hluti tóku undir þetta.

Hvað varðar æskilegt hlutverk Landhelgisgæslunnar, þá vill svo til að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson kom einmitt fram með mjög athyglisverðar hugmyndir um það á fundi sjútvn. og ég tel þær fyllilega íhugunarverði og bendi á að það er einmitt núna verið að endurmeta hlutverk Landhelgisgæslunnar varðandi veiðieftirlit og fleiri þætti þannig að þar gæti þetta sem best komið inn í. Ég ítreka að það fer fram árleg endurskoðun á þessum samningi þannig að það er hægt að bæta hann í framtíðinni.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Skoðun mín á því að það geti verið varasamt að leita jafnvel til þessara tilteknu hafna er ekki breytt og reynslan ein mun geta skorið úr því hvað þarna sé rétt. (Gripið fram í.) Vegna þessa frammíkalls held ég að hv. 17. þm. Reykv. hafi ekki meira vit á því hvað gerðist á fundum sjútvn. en sú sem hér stendur. Við vorum bæði stödd þarna og það er túlkunaratriði okkar beggja og einfaldlega höfum við lagt mismunandi sterka túlkun í þessa umræðu eins og hún var og ekkert við því að segja út af fyrir sig.

Hins vegar vil ég að það komi skýrt fram að það er ekkert sjálfgefið að við endurskoðun sé hægt að bæta úr því að fá INMARSAT-kerfið og staðsetningartæki saman til að hafa eins fullkomið eftirlit og hægt er. Ég talaði sérstaklega um það í gær að þetta væri æskilegt og ég hef það eftir hæstv. sjútvrh. að framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hafi verið að gera þá kröfu gagnvart sínum bandalagsríkjum að setja slík staðsetningartæki um borð í fiskiskipin til að hafa betra eftirlit með þeim, en aftur á móti hafi þeim ekki orðið ágengt gagnvart þeim bandalagsþjóðum sem þeir eru að glíma við. Ég deili því ekki þessari bjartsýni með hv. 17. þm. Reykv., en vissulega vona ég að það muni gerast einhver undur og stórmerki þegar við komumst í þetta samstarf ef af því verður. Ég trúi því ekki, en auðvitað væri það hið æskilega og ákjósanlega.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þessi umræða í dag hefur verið dálítið sérstök og stjórn þingsins verið með þeim hætti að ástæða er til að láta koma fram aðfinnslur við það. Ég vil í fyrsta lagi nefna að þingfundur hófst og umræða um þetta mál áður en ríkisstjórnarfundi var lokið og ráðherrar komnir til þingfundar. Þar á meðal vantaði þann ráðherra sem hefur flutt þetta mál, utanrrh.

Ég bendi á í öðru lagi að þegar þingfundur og umræða um þetta mál hófst í morgun stóð yfir fundur í þingnefnd þar sem á m.a. sæti sjávarútvegsnefndarmaður.

Ég vil líka benda forseta á það, sem ég hygg að forseta sé kunnugt um, að hér hefur verið afar fámennt í þingsal eftir að atkvæðagreiðslu áðan lauk og hér hafa setið nær allan þann tíma sem umræða hefur

staðið eftir það þrír til fjórir þingmenn. Þó að í augnablikinu séu þeir fleiri er ljóst að á þeim er nokkurt farsarsnið. Ég hygg að nóg sé nú dagsverkið þó að menn láti gott heita og ljúki þessum fundi og vil beina þeim tilmælum til forseta að íhuga það. En ég vil einnig benda forseta á það að þingmenn hafa einungis rétt að taka til máls tvisvar í þessari umræðu. Ég bar fram fyrirspurn til hæstv. utnanrrh. sem hann hefur ekki svarað. Ég mundi mjög gjarnan vilja að ráðherrann sæi sóma sinn í því að svara fyrirspurninni þannig að ég væri ekki búinn að nýta minn rétt til fullnustu til að taka til máls áður en hann svaraði.

Ég vil enn fremur minna forseta á að það er talið heldur við hæfi að sá ráðherra sem ábyrgð ber á málinu sé viðstaddur umræðuna og ég hef ekki séð hæstv. utanrrh. hér eftir að umræðan hófst að nýju né heldur formann utanrmn. sem er frsm. og ábyrgðarmaður meiri hluta utanrmn. sem leggur málið fram til 2. umr.

Mér þykir umræða vera teygð áfram á heldur veikum forsendum og sé ekki að það sé einn hugur í þingmönnum að taka þátt í henni aftir atburði dagsins og hefði talið heppilegt að menn létu nú staðar numið og lykju þessari umræðu á morgun. En ef forseti kýs að halda áfram umræðunni verður það svo að vera, en ég mun þá fara fram á það við forseta að utanrrh. verði kvaddur til þingfundar. Honum ber að vera hér sem og öllum hinum þingmönnunum sem eru ekki hér. Og ég fer fram á það líka að hæstv. utanrrh. svari minni fyrirspurn áður en ég tek til máls öðru sinni. Ég tel það eðlilega ósk og vænti þess að forseti verði við því.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti hefur óskað eftir því að hæstv. utanrrh. komi á fundinn. Hann er í þinghúsinu. Hugmyndir forseta eru þær að ljúka síðari umræðu um 1. dagskrármálið í dag. Hv. 5. þm. Vestf. er næstur á mælendaskrá en ef hann óskar ekki eftir að taka til máls núna munum við doka við þar til hæstv. utanrrh. kemur á fundinn.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Vestf. hefur beint til mín spurningum. Hann vitnaði í máli sínu til fundargerðar Evrópustefnunefndar sem í því eintaki sem mér er hér rétt er stimplað sem trúnaðarmál, en þetta er fundargerð af viðræðum Evrópustefnunefndar með Henning Christophersen, varaforseta framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, og fundurinn mun hafa farið fram 18. sept. 1990. Þar er greint frá viðtölum nefndarmanna við varaforsetann og skýrt frá því að hann telji að lausn á málum Íslendinga yrði trúlega ekki að allra skapi. Sér í lagi er vitnað til þess að hann hafi sagt að vissulega hafi Íslendingar opnað markaði sína fyrir iðnvarning frá EB og án þess að fá fríverslun með fisk og fiskafurðir, en jafnvægi þyrfti að nást á þessu sviði. Jafnframt er til þess vitnað að Christophersen kvaðst telja að spurningar um fisk og fiskveiðiréttindi yrðu ekki þær erfiðustu í EES-viðræðunum.

Ef ég er beðinn um viðbrögð við þessum skoðunum Christophersens, þá eru þau þessi: Ég er hræddur um að Christophersen hafi ekki metið það rétt að þáttur fiskveiðiréttindamálanna yrði ekki hinn erfiðasti í EES-viðræðunum. Þetta var einhver allra erfiðasti þáttur viðræðnanna. Kannski má segja að þeir hafi verið tveir, annars vegar þessi og svo hins vegar hinn svokallaði stofnanaþáttur viðræðnanna. En í þessum samningum var það svo að Íslendingar vildu síst af öllu láta fjalla um sjávarútvegs- eða fiskveiðiþáttinn sem einangrað mál þannig að Evrópubandalagið gæti nálgast það með því að krefjast jafnvægis í þeim samningum sem sjálfstæðum samningum af þeirri einföldu ástæðu að við vissum fullvel allan tímann hver væri stefna Evrópubandalagsins í þeim málum. Hún er yfirlýst og henni var mörgum sinnum lýst yfir í þessum viðræðum. Hún byggðist á forsendum hinnar svokölluðu sameiginlegu fiskveiðistefnu bandalagsins og er enn sú að krefjast veiðiheimilda fyrir markaðsaðgang þannig að veiðiheimildir, jafngildar að verðmæti, yrðu látnar af hendi í staðinn fyrir tollaívilnanir eða lækkanir í jafngildum verðmætum.

Þessu sjónarmiði hafa allar ríkisstjórnir íslenskar frá upphafi til þessa dags hafnað í samskiptum við Evrópubandalagið. Þess vegna lögðum við á það höfuðáherslu að það væri heildarjafnvægið í samningunum sem gilti en ekki jafnvægi á hverju sviði fyrir sig. Fyrir utan grundvallarsjónarmið okkar í þessu máli lögðum við áherslu á að meta ætti jafnvægi samningsins m.a. út frá því sem einstök ríki legðu til annarra þátta málsins og að afgangsstærðin til þess að jafna mat á gagnkvæmni hagsmuna ætti ekki hvað síst að vera fólgin í hinum svokallaða þróunarsjóði. Við vitnuðum gjarnan til þess að hin einstöku EFTA-ríki legðu mikið á sig í þessum samningum, vitnuðum þar bæði til tvíhliða samninga við Alparíkin, Austurríki og Sviss, tvíhliða samninga við einstök önnur ríki, ekki síst Noreg, á sjávarútvegssviðinu, en höfnuðum því sjónarmiði að jafnvægi skyldi ríkja í þeim þætti samningsins sem lyti að sjávarútvegsmálum einum.

Nú vita allir hverjar kröfur voru settar fram í upphafi af samningsaðilum. Þrátt fyrir góð orð Christophersens, sem er danskur fyrrverandi stjórnmálamaður, fékk hann því ekki um þokað að Evrópubandalagið hélt í þessum samningum til streitu grundvallarsjónarmiðum sínum sem voru að krefjast aðgangs af auðlindum fyrir markaðsívilnanir. Niðurstaðan varð hins vegar sú í þessum samningum að fyrstu kröfu okkar um fríverslun með fisk var hafnað. Henni var hafnað tiltölulega snemma í viðræðunum. Það gerðist haustið 1990 í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Ég hef oft vikið að þessum þætti málsins. Ég hef skýrt frá því að við hefðum talið sjálfsagt að setja kröfuna um fríverslun fram í upphafi. Rökin eru þau að Íslendingar hafa beitt sér á alþjóðavettvangi og í alþjóðasamningum fyrir fríverslun. Rökin eru þau að okkur varð svo vel ágengt innan EFTA eftir nítján ára þrotlausar tilraunir að ná fram viðurkenningu á grundvallarreglunni um fríverslun með fisk innan EFTA, að vísu með aðlögunartíma fyrir einstakar þjóðir. Okkar fyrsta krafa var þess vegna sú að fríverslun með fisk af sama tagi og með sömu útfærslu og náðst hefði fram innan EFTA skyldi vera okkar markmið.

Í viðræðum okkar innbyrðis, þeirra sem véluðu um þessa samninga fyrir Íslands hönd, var ljóst frá upphafi að líkurnar á því að það næðist fram væru ekki miklar. Hvers vegna ekki? Vegna þess að það var vart við því að búast í þessum samningum að okkur tækist að brjóta á bak aftur hina sameiginlegu fiskveiðistefnu bandalagsins þrátt fyrir ákvæði um að hún skyldi vera til endurskoðunar. Hún brýtur í bága við grundvallarregluna um fríverslun með fisk. Fríverslun með fisk er ekki einungis hundrað prósent tollfrjáls markaðsaðgangur heldur líka viðurkenning á samræmdum samkeppnisreglum þannig að t.d. tæknilegar hindranir, niðurgreiðslur og ríkisstyrkir gætu ekki samrýmst slíkum grundvallarreglum.

Það gerðist með öðrum orðum í tíð fyrrv. ríkisstjórnar að Evrópubandalagið lýsti því yfir að það væri um tómt mál að tala, að þeir gætu undir engum kringumstæðum fellt niður hina sameiginlegu fiskveiðistefnu sína sem felur allt þetta í sér. Viðbrögð okkar í fyrrv. ríkisstjórn voru þau að setja þá fram varakröfu okkar sem var hundrað prósent markaðsaðgangur.

Þegar við lítum á niðurstöðuna er þess að minnast að tiltölulega seint í þessum samningaviðræðum var það sett fram sem krafa af hálfu þriggja aðildarríkja bandalagsins að ekki kæmi til greina að veita hundrað prósent tollfrjálsan markaðsaðgang að því er varðaði þrjár tegundir, það var síld, makríll og lax. Þetta var lengi vel mjög erfitt mál. Ef það er metið á efnahagslegan kvarða var það kannski stærsta áfallið fyrir Norðmenn að því er varðaði laxinn. Áður en samningar voru til lykta leiddir breyttist það með síldina, þ.e. með söltuð síldarflök, en fram hjá þessum kostum varð ekki gengið.

Heildarniðurstaðan varð þess vegna þessi: Við náðum tollfrjálsum aðgangi fyrir okkar útflutningsafurðir, okkar sjávarafurðir, sem samsvarar, þegar samningurinn er að fullu kominn til framkvæmda, 96% tollfrelsi sem gerist þó í áföngum. Eftirstöðvar tolla á því sem eftir er eru hins vegar í flestum tilvikum það lágir að þeir eru út af fyrir sig ekki frágangssök í þeim skilningi að þeir séu viðskiptahindrun sem komi í veg fyrir viðskipti. Miðað við þetta meginmarkmið um 100% prósent tollfrjálsan markaðsaðgang náðum við með öðrum orðum 96% af okkar meginkröfum. Ef við lítum á markmið Evrópubandalagsins tókst þeim ekki að fá fram neina viðurkenningu á hinni sameiginlegu fiskveiðistefnu. Þeim tókst ekki að fá neinar einhliða veiðiheimildir í staðinn fyrir markaðsaðgang, þeim tókst ekki að ná fram kröfunni um heimild til fjárfestingar í útgerð og fiskvinnslu. Niðurstaðan er sú að við sömdum ekkert um aðild að sameiginlegri fiskveiðistefnu, við höldum alveg tvímælalaust fullu forræði okkar yfir okkar fiskveiðilögsögu og grundvallarsjónarmið hinnar sameiginlegu fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins náðu ekki fram að ganga.

Ég hef oft látið þá skoðun í ljós að þessum samningsárangri hefðum við trúlega ekki náð ef ekki hefði komið til stuðningur bandalagsþjóða okkar í EFTA á öðrum sviðum. Þar munaði mest um að því er varðaði sjávarútveginn það sem Norðmenn gerðu í tvíhliða samningum sínum við Evrópubandalagið. Í þeirri umræðu sem fram hefur farið um þessi mál hafa menn lítið gert af því hér á landi að skoða það og meta fórnarkostnaðinn sem Norðmenn lögðu fram. En ef við berum saman það sem við gerðum í okkar tvíhliða samningi um skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum verðum við að segja það eins og það er að það er tiltölulega smátt í sniðum í samanburði við það sem Norðmenn gerðu.

En út frá því sem ég sagði áðan um kröfu okkar um að meta samninginn út frá heildarjafnvægi ber líka að meta það að Alpaþjóðirnar skuldbundu sig til að leysa deilumál við Evrópubandalagið sem staðið hafði áratugum saman og skiptir gríðarlega miklu máli sem var að tryggja réttindi til þungavöruflutninga í gegnum Alpana. Sem dæmi má nefna að það eitt fyrir Sviss mun kosta um 30 milljarða svissneskra franka, þ.e. sú framkvæmd að leggja járnbraut í gegnum göng í gegnum Alpana í Sviss. Mestu munaði þó um afgangsstærðina, þ.e. þau framlög sem bandalagsþjóðir okkar í EFTA greiða að stærstum hluta sem mestu munar um í hinn svokallaða þróunarsjóð Evrópubandalagsins.

Með þessum orðum, virðulegur forseti, er ég að svara spurningu hv. þm. á þá leið að þrátt fyrir góð orð einstakra áhrifamanna í framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins, sem við vorum að semja við, tókst okkur ekki að fá fram hundrað prósent tollfrjálsan markaðsaðgang. Okkur tókst hins vegar að brjóta á bak aftur tilraun Evrópubandalagsins til að ná fram grundvallarsjónarmiðum sínum í þessum samningum um veiðiheimildir og fjárfestingarrétt. Þessi árangur er að mínu mati meiri en við jafnvel höfðum þorað að gera okkur vonir um í upphafi og alveg tvímælalaust meiri en nokkur rök er hægt að færa fyrir að við gætum náð ef við hefðum verið einir á báti, þ.e. orðið einir að fást við sjávarútvegshagsmuni Evrópubandalagsins og verið að semja fyrst og fremst út frá hugtakinu um jafnvægi í samningum á sjávarútvegssviðinu. Ég er ekki í nokkrum vafa um að í slíkum tvíhliða samningum þar sem aðrir hefðu ekki veitt okkur stuðning á öðrum sviðum hefðu Evrópubandalagið og sjávarútvegsþjóðir þess og sjávarútvegshagsmunaaðilar haldið miklu stífar fram kröfum sínum um veiðiheimildir. Það má t.d. marka af því að á einum tíma í þessum samningum settu Spánverjar fram kröfu um 30.000 tonn í þorskígildum fyrir Spánverja eina frá Íslendingum einum.

Með þessum orðum vil ég samt sem áður ekki skiljast við það þannig að við höfum ekki smám saman áunnið meiri skilning en ríkti í upphafi á sérstöðu Íslendinga. Ég er ekki í nokkrum vafa um að á samningaferlinu tókst okkur að vinna í vaxandi mæli skilning samningsaðila okkar á sérstöðu íslensks þjóðfélags, nefnilega því hversu gersamlega við erum háðir sjávarútveginum um afkomu okkar. Það ásamt með stuðningi hinna EFTA-þjóðanna leiddi til þessarar niðurstöðu.

Ég vil gjarnan láta koma fram að Christophersen sem slíkur sýndi það í orði og verki í þessum samningum að hann var í hópi þeirra sem voru einna hlið-

hollastir Íslendingum og sýndi hvað mestan skilning á okkar sérstöðu og fleiri mætti nefna til þeirrar sögu.

En ég vona að það sem hér hefur verið sagt sé fullnægjandi sem svar við fyrirspurn hv. þm.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svarið við fyrirspurninni. Ég minnist þess að utanrrh. setti málið þannig fram tveim dögum fyrir kosningar að það væru mjög bjartar vonir sem hann hefði um að ná fram kröfunni um hundrað prósent tollfrjálsan aðgang að EB-markaði, m.a. í ljósi yfirlýsinga Frakklandsforseta, og enn fremur að viðræður um fiskveiðar væru ekki á samningsborðinu. Þannig er ljóst að einhvers staðar á leiðinni frá því að núv. ríkisstjórn tók við hefur verið fallið frá þessum tveimur markmiðum.

Það kom skýrt fram í svari hæstv. utanrrh. að samningarnir tveir, EES-samningurinn og sjávarútvegssamningurinn, eru samtengdir. Menn meta þá í heild sinni. Það er metið heildarjafnvægi þessara tveggja samninga. Það kom líka mjög skýrt fram í máli hv. þm. Árna Johnsens, sem sagði það mjög skýrlega að þessir tveir samningar væru samtengdir.

Ég sé ekki annað út úr þessu en að ríkisstjórn Íslands líti á þessa tvo samninga í heild sinni þegar hún metur ávinning og fórnarkostnað vegna samningagerðarinnar. Þá stendur eftir að við höfum ekkert fengið upp í það ójafnvægi sem var fyrir á milli EB og Íslendinga okkur í óhag eins og kom fram í máli varaforseta framkvæmdastjórnar EB.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mig langar til að spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann hafi hlustað á ræður hæstv. sjútvrh. í þessu máli sem hefur borið það við af mikilli eljusemi að rökstyðja það fyrir þingheimi ásamt fleirum reyndar að sá samningur sem hér er verið að ræða sé í jafnvægi og að veiðheimildirnar sem verið sé að skipta á séu jafngildar. Hæstv. utanrrh. kemur hér og segir beinum og berum orðum að hér hafi menn verið að kosta til til að fá heildarjafnvægi í samningana um EES. Mig langar til að spyrja hann í beinu framhaldi af því: Telur hann að orðin „ásættanlegt jafnvægi" í þeim samningi sem hér er verið að ræða þýði að EB muni í framtíðinni krefjast þess að fá sams konar jafnvægi eftir sínu mati á samningunum og er í þessum samningi, þ.e. að veiðiheimildir verði með mjög ólíku formi? Og þegar það er líka skoðað að EB neitaði þegar á átti að herða að taka langhalann gildan í skiptum fyrir loðnuna og taldi þá að þessu ásættanlega jafnvægi sem talað er um í samningnum væri raskað, er það þá þannig að við megum eiga von á því í næsta samningi að EB muni benda á það að þetta ásættanlega jafnvægi sé ekki endilega ásættanlegt jafnvægi um jafngildi veiðiheimilda heldur með tillit til einhverra annarra samninga?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. spurði hvort ég hefði heyrt ræður hæstv. sjútvrh. Ég hef hlustað á þær með athygli. Kannski hef ég misst eitthvað úr vegna þess að ég hef orðið að hverfa frá umræðunum öðru hverju, en ég hef hlustað á þær með athygli og verð að segja eins og er að þar var aðdáanlega vel á málum haldið út frá bæjardyrum ríkisstjórnarinnar.

Til þess að menn misskilji nú ekki þetta mál því tilgangurinn er væntanlega fremur að skýra en afflytja verð ég að leggja höfuðáherslu á eitt. Það sem ég sagði í svari við fyrirspurn hv. 5. þm. Vestf. átti við um EES-samninginn. (**KHG:** Báða.) Nei. Það átti við um EES-samninginn og tilefnið var beinlínis það að þar var Evrópustefnunefnd að ræða við Henning Christophersen um þann samning. Þar var meginatriðið að við af hálfu EFTA-þjóðanna allra lögðum áherslu á að við vildum meta EES-samninginn út frá því hvort hann væri sem heild í jafnvægi og það átti ekki við um tvíhliða samninga einstakra ríkja.

Að því er varðar þann samning sem hér er til umræðu, þ.e. samning um skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum milli Íslands og Evrópubandalagsins, er hann sérstakur samningur. Við Íslendingar höfum lagt á það megináherslu frá upphafi að hann sé aðskilið mál og sjálfstætt mál vegna þess að við höfum aldrei fallist á nein tengsl milli EES-samningsins um markaðsaðgang og þessa tvíhliða samnings. Það er grundvallarsjónarmið sem þessi ríkisstjórn hefur haldið í heiðri eins og allar aðrar ríkisstjórnir á undan henni.

Um tvíhliða samninginn gildir því það sem sagt hefur verið. Um hann var fjallað út frá því sjónarmiði að hann væri sjálfur í jafnvægi, að við létum ekkert af hendi annað en það sem við fengjum á móti og það væri kaup kaups, það væru slétt skipti. Það er innan marka 3.000 tonna af karfaígildum og ekkert meir. Það er rammasamningur til tíu ára. Síðan eru árlegir samningar sem eru innan þessara marka. Evrópubandalagið á þess engan kost að hækka þau mörk. Þessi samningur á að vera í jafnvægi.

Að því er varðar það margfræga langhalamál sem menn hafa verið að skemmta sér hér við er rétt að það komi fram að það var að tillögu franska sjávarútvegsráðherrans sem það mál var skoðað á sínum tíma og eina ástæðan fyrir því að samningar tókust ekki um það var sú að af Íslands hálfu var ekki unnt að sýna fram á að sá fiskstofn væri til í neinu veiðanlegu magni á grundvelli rannsókna sem fram hefðu farið af okkar hálfu.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð að taka undir með hæstv. utanrrh. að hæstv. sjútvrh. hefur haldið aðdáanlega á vondum málstað í því máli sem við erum að fjalla um. Honum hefur tekist að láta umræðurnar snúast annars vegar um samanburð á veiðiheimildum sem eru alls ósambærilegar og hins vegar um forsögu málsins. Það hefur tekist að láta umræðuna snúast fyrst og fremst um þetta, en aftur á móti hefur minna farið fyrir umræðum um sjálfan samninginn eins og hann lítur út þar sem menn bera saman raunverulega hvað við

höfum nú upp úr krafsinu og hvað við leggjum til. Og út úr því förum við auðvitað illa.

Hæstv. utanrrh. vék sér undan því að svara þeirri spurningu minni hvort þetta „ásættanlega jafnvægi" sem talað væri um í samningnum væri af EB álitið vera sams konar jafnvægi og er í þessum fyrsta árs samningi, þ.e. að Íslendingar fái veiðiheimildir sem sé mjög vafasamt að muni nýtast Íslendingum en að þeir fái veiðiheimildir sem séu nokkurn veginn öruggar að muni nýtast þeim og að þeir muni líta á þetta ásættanlega jafnvægi út frá öðrum samningaviðræðum sem hafi farið fram. Það er minn skilningur á málinu og ég vona sannarlega að hann sé ekki réttur. En til þess að það komi í ljós þurfa auðvitað að fara fram nýjar samningaviðræður.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Það er ekki mörgu við að bæta sem ástæða er til að ræða frekar en ég gerði í fyrri ræðu minni hér, en ég vil þó vegna fullyrðingar sem hér hefur komið fram í umræðum leggja fyrirspurn fyrir utanrrh. og bíð á meðan hann ræðir við kollega sinn, sjútvrh., með að bera fram spurninguna.

En ég vek athygli á því að sjútvrh. hefur ekki enn þá svarað því hvort þeim 3.000 tonnum af karfa sem floti Evrópubandalagsins á að fá að veiða á þessu ári, 1993, verður bætt við heildarveiði á karfa á þessu ári eða dregið frá karfakvóta íslenskra fiskiskipa fyrir fiskveiðiárið 1993–1994.

Hæstv. sjútvrh. hefur ekki svarað þessari spurningu afdráttarlaust. Hann hefur hins vegar sagt að líklega verði um viðbótarúthlutun að ræða. Ef svo er væri fróðlegt ef hæstv. sjútvrh. svaraði því hvers vegna þessum 3.000 tonnum af karfa var ekki strax úthlutað í upphafi núverandi fiskveiðiárs fyrst stofninn þolir að hans mati að veiðin aukist um 3.000 tonn og var þó farið nokkuð djarflega í úthlutun á heildarveiði karfa á yfirstandandi fiskveiðiári. Það kemur því á óvart í ljósi þess hvað ráðherra teygði sig hátt í úthlutun á karfaveiði fyrir yfirstandandi fiskveiðiár að hann telji óhætt að veiða 3.000 tonnum meira úr stofninum á þessu ári.

Ég vek athygli á því, virðulegur forseti, að þessu hefur hæstv. sjútvrh. ekki svarað afdráttarlaust og ég skora á ráðherrann að svara því með óyggjandi hætti hvort bætt verði við heimila veiði í karfa eða hvort dregið verði af kvóta þeirra fiskiskipa sem hafa karfaheimildir fyrir fiskveiðiárið 1993–1994. Ef ráðherrann telur að stofninn þoli 3.000 tonna veiði í viðbót við það sem búið er að úthluta, hvers vegna teygði hann sig ekki þangað upp strax sl. sumar þegar menn voru að ákvarða fiskveiði í íslenskri fiskveiðilögsögu á yfirstandandi fiskveiðiári?

Það hefði verið hægt að bæta einhverjum þá skerðingu sem menn urðu fyrir í þorskveiðiheimildum ef menn hefðu haft 3.000 tonna karfaveiðiheimildir til viðbótar því sem var úthlutað og það hefði kannski verið einhver sárabót fyrir þá sem var lofað því hátíðlega af ríkisstjórninni að þeir þyrftu ekki að bera meiri skerðingu en sem næmi 5%. Það loforð hefur ekki verið efnt enn og hæstv. forsrh. neitaði að svara fyrirspurn um það frá hv. 3. þm. Vesturl. síðasta þingdag fyrir jól, sat sem fastast í sæti sínu og neitaði að svara. Það væri nokkur bót að því fyrir þá sem hafa orðið fyrir því að formaður Sjálfstfl. og ráðherrar þess flokks hafa svikið heit sín í þessum efnum ef menn ættu von á því að fá 3.000 tonn af karfa í viðbót þó ekki væri það til fullnustu til efnda á fyrirheitunum.

Enn fremur hefur hæstv. sjútvrh. ekki svarað því og ekki gert við það athugasemdir að röksemdafærsla hans sjálfs, sem hann beitti í gær til stuðnings því að verðhlutastuðla sem ráðuneytið hefur notað þyrfti að leiðrétta með tilliti til útflutnings vegna mismunandi útflutnings á þorski og karfa, leiði af sér að menn eru með þessum samningi að skaða íslenska hagsmuni, af því að röksemdafærsla sjútvrh. var sú að 28% af karfaveiðinni færu í sölu á erlendan markað sem ísfiskur og að Íslendingar stjórnuðu útflutningnum og næðu þannig fram háu meðalverði á Þýskalandsmarkaði. Með EES-samningnum eru Íslendingar að afsala sér þeim tökum sem þeir hafa á því að stjórna útflutningnum. Með sjávarútvegssamningnum eru Íslendingar að bæta 3.000 tonnum af karfa við það magn sem kemur inn á þessa sömu markaði. Báðir samningarnir hljóta að leiða til þess að meðalverð á seldum karfa úr íslenskum skipum eða frá þeim muni lækka eftir gildistöku þessara samninga.

Það er niðurstaðan eftir ræðu hæstv. sjútvrh. að samningarnir tveir munu skaða Íslendinga verulega þó ekki sé hægt að fullyrða um það í hve miklum mæli það verður.

Hér var fullyrt í dag af hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að það væri frágengið — og bið ég nú hæstv. utanrrh. að leggja við hlustir — að erlendir menn fengju ekki pláss á íslenska fiskiskipaflotanum. Ég spyr hæstv. utanrrh.: Hvað er það í þessum samningum um Evrópska efnahagssvæðið eða sjávarútvegssamningnum sem tryggir að við getum neitað útlendingum um pláss á íslenskum fiskiskipaflota?

Ég þykist þekkja þann kafla samninganna nokkuð vel sem fjallar um atvinnu- og búseturétt og ég get ekki séð að þessi fullyrðing eigi sér nokkra stoð í veruleikanum nema á bak við hana liggi eitthvert samkomulag sem okkur þingmönnum hefur ekki verið kynnt. Ég spyr því hæstv. utanrrh.: Er þessi fullyrðing formanns Sjómannafélags Reykjavíkur rétt, að við getum haldið útlendingum frá því að fá pláss á íslenska fiskiskipaflotanum, er hún rétt eða er hún röng?

Ég vil svo gera smáathugasemd við það sem fram kom hjá hæstv. utanrrh. varðandi Alpasamningana, þar á meðal samning sem Svisslendingar samþykktu í þjóðaratkvæðagreiðslu um jarðgöng gegnum Alpana. Það kom fram í Morgunblaðinu 28. des. sl. að svissnesk stjórnvöld ætla þrátt fyrir að samningurinn hafi verið staðfestur í þjóðaratkvæðagreiðslu þar ekki að staðfesta þann samning. Þeir ætla að nota hann sem tromp í samningaviðræðunum við EB.

Ég hefði kosið að hæstv. utanrrh. hefði farið með málið þannig að þessar staðreyndir kæmu fram en annað væri ekki gefið í skyn. Mér finnst það óhyggilegt af

hæstv. utanrrh. að leggjast á þá sveifina og knýja á um það að Íslendingar afgreiði þennan sjávarútvegssamning því auðvitað er það hygginna manna háttur að draga afgreiðslu þessa samnings þar til ljóst er hver verður niðurstaða samninga um breytingar á EES-samningnum. Fiskveiðisamningurinn er útflutningsbætur okkar Íslendinga fyrir EES-samninginn. Það er áhugaefni Evrópubandalagsins að fá þennan fiskveiðisamning og þeir tengja þennan samning við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, þeir tengja þessa tvo samninga saman. Þegar fram undan eru viðræður við Evrópubandalagið um breytingar á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er það að mínu viti óhyggilegt að spila því trompi frá sér sem menn geta haft á hendi í þeim samningaviðræðum. En það gera menn ef þeir knýja fram samþykkt á þessum samningi nú, áður en viðræður fara fram við Evrópubandalagið um breytingar eða nýjan samning um Evrópska efnahagssvæðið.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, að kæmi fram og ítreka að lokum spurningu mína til hæstv. utanrrh. um fullyrðingu hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar þess efnis að búið væri að tryggja eða frágengið, eins og hann orðaði það, að erlendir menn fái ekki pláss á íslenska fiskiskipaflotanum.

Stefán Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það hefur orðið allítarleg umræða um þann þátt samningsins sem menn hafa verið að fjalla um, sjávarútvegssamninginn, og verðmætamat manna þar á. Hæstv. utanrrh. sagði er hann fjallaði um þennan sjávarútvegssamning m.a.: Eitt erfiðasta viðfangsefnið í þessum samningum er að tryggja að raunverulegt jafnvægi ríki í skiptum milli Íslands og Evrópubandalagsins. Þar höfðum við frá upphafi visst forskot því hvort sem við notum viðmiðanir sjútvrn. eða Evrópubandalagsins eru 30.000 tonn af loðnu verðmeiri en tilsvarandi 3.000 tonn af karfa, 20% verðmætari en hlutur EB. — Sagði hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson.

Því miður er það svo að hæstv. utanrrh. hefur talað á þessum nótum allan tímann og fleiri hafa gert það og tekið undir þessa skoðun. (Gripið fram í.) Því miður er það svo. Hv. þingflokksformaður Alþfl. grípur fram í og segir að hann hafi mælt þetta vel og rétt skulum við þá ætla að hann meini einnig formaður þingflokksins. Þá vil ég segja það sem mína skoðun og ábyggilega margra annarra að þessi málflutningur hæstv. utanrrh., að túlka þennan samning þannig að ímyndaður ávinningur okkar Íslendinga af honum sé yfir 20%, er ekki aðeins rangur, þó það sé ekki út af fyrir sig neitt nýtt að hæstv. utanrrh. segi slíka hluti, en það sem verra er er að það er enginn efi að hann stórskaðaði málsókn Íslendinga í þessu máli. Það eru blindir menn sem ekki vilja viðurkenna slíkt og sjá að sá málflutningur að taka slíkt upp og fullyrða að hér sé um 20% ávinning fyrir okkur að ræða í miðjum samningunum er slíkt útspil að það er ófyrirgefanlegt.

Ef við reynum aðeins að meta sjálfir þetta margrædda atriði, þessa verðstuðla. Menn eru að búa til eitthvert hugtak og hér hafa þeir fundið það upp að kalla þetta verðmætastuðla og það á að gefa okkur hugmynd um annars vegar verð á karfa í þessu tilfelli og hins vegar á loðnu.

Skoðanir á þessari aðferð til verðmætamats eru trúlega jafnmargar og misjafnar og þeir sem um þær fjalla, enda hefur farið í þessari umræðu alveg ótrúlega langur tími í skoðanaskipti um það atriði. En ég verð að spyrja hvernig það má vera að við nefnum ekki hlutina fremur réttum nöfnum og reynum að glöggva okkur á því hvert raunverulegt verð er á þessum afurðum. Af hverju getur það verið svo flókið mál að fá botn í það þannig að við tölum sama mál í þessu, hv. þm.?

Ef menn vildu gera það og leita að því rétta í þessu máli og leita til réttra aðila og fá upplýsingar um það sé ég ekki að menn þyrftu að eyða jafnlöngum tíma og raun hefur orðið á til að komast að því sanna í þessu máli.

Almennt eru menn hins vegar sammála um að verðmæti þessara 30.000 tonna af loðnu sé um 120 millj. kr. Ég held að því hafi ekki verið mikið mótmælt í þessari umræðu. En það er fremur verðgildi karfans sem menn hafa verið að deila um og því hafði ég samband við útgerð sem veiddi á sl. ári um 2.500 tonn af karfa og seldi þann afla erlendis. Meðalverð þess afla, þ.e. skilaverðið heim að frádregnum kostnaði erlendis, losaði um 100 kr. á kíló. Ef við höldum áfram að reikna kemur glögglega í ljós að ef þetta útgerðarfyrirtæki hefði selt 3.000 tonn værum við að tala um verðmæti upp á hvorki meira né minna en um 300 millj. kr. Til þess að gæta réttlætis er eðlilegt og sjálfsagt að taka fram að hér þarf að meta inn í til frádráttar þá kvótaskerðingu sem er þegar menn sigla með karfann sem ef ég man rétt er um 15%. Það þarf að meta hana til frádráttar. Það er spurning hvað menn vilja meta það hátt. Engu að síður sýnir þetta dæmi svo ekki verður um villst að verðmunur er mikill á þessum tegundum.

Það er ekki bara að ég hafi verið að leita eftir þessum upplýsingum. Þetta staðfestir það sem kom fram í sjónvarpinu fyrir fáum dögum þegar fréttamaður fór og kynnti sér þessi mál hjá starfsmönnum Landssambands ísl. útvegsmanna. Við þurfum ekkert að velkjast í vafa um þetta atriði. Með þessum aflaskiptum er verulega, þó ekki sé sterkara að orði kveðið, hallað á hlut Íslands svo nemur verulega háum fjárhæðum.

Ég vildi leyfa mér að draga fram annað dæmi máli mínu til stuðnings þegar ég er að tala um þennan verðsamanburð, en það er samþykkt sem gerð var hjá Vélstjórafélagi Íslands sem um leið birti mótmæli gegn þessum samningum þó hér hafi margsinnis verið sagt í umræðunum að allir aðilar í sjávarútvegi séu þessum samningi fylgjandi. Það er sko aldeilis ekki. Vélstjórafélag Íslands lýsir yfir andstöðu við þennan samning og það segir í bréfi til okkar og samþykkt sem þeir gerðu, með leyfi, virðulegi forseti:

„Samkvæmt verðmætastuðlum Þjóðhagsstofnunar allt frá árinu 1986 miðað við heildarverðmæti þessara

tveggja fisktegunda upp úr sjó er karfakvótinn að meðaltali um 25% verðmætari en loðnukvótinn. Þessi mismunur er hæstur um 75% en lægstur um 13%. Væri þessi afli aftur á móti allur seldur erlendis, á mörkuðum EB, bendir allt til að karfinn sé a.m.k. 50% verðmætari en loðnan."

Ég trúi varla öðru, virðulegur forseti, en að alþingismenn geti ferið sammála því að með þessum þætti samningsins er mjög hallað á hlut okkar Íslendinga þó ekki sé meira sagt. Hæstv. utanrrh. heldur hinu gagnstæða fram og telur loðnuna 20% verðmætari. Ég veit varla hvernig ég á að komast að orði til að lýsa undrun minni á slíkum málflutningi hæstv. utanrrh., að hann skuli ekki enn vera búinn að átta sig á því hvað á okkur hallar í þessum samningum.

Það væri einnig fróðlegt að fá upplýsingar um hvort það sé alveg ljóst að Evrópubandalagið hafi yfir þeim loðnuheimildum, sem þeir hafa nú verið að semja um til okkar, eitthvað að segja að liðnu þessu ári. Er það sjálfgefið? Ég leyfi mér að draga það í efa.

Ég vil líka taka undir það sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson spurði um áðan. Það er um hvernig menn ætla að deila út þessari loðnu, hvernig hún á að koma til loðnuskipanna og einnig af hverjum á að taka þennan karfa. Ég held að það væri fróðlegt að fá það upp og ég trúi reyndar ekki öðru en að það liggi fyrir hvernig menn ætla með það að fara.

Það er margt í þessum samningi sem veldur okkur áhyggjum og áform ríkisstjórnarinnar eru margvísleg þessa dagana og ekki síst hvað viðvíkur sjávarútvegi. Ég hef áhyggjur af þeim áformum ríkisstjórnarinnar að búa svo um að erlend fyrirtæki skuli geta komist inn í íslenskan sjávarútveg í gegnum þriðja aðila. Ég hef áhyggjur af því ekki síst með tilliti til þess hversu útgerðin er veik og rekstrargrundvöllur hennar erfiður. Ég hef einnig áhyggjur af áformum ríkisstjórnarinnar, og meira en áformum, við erum að ræða frv. sem nú liggur fyrir, í sambandi við að gefa erlendum aðilum bæði rétt til að eiga og reka fiskmarkað á Íslandi. Ég hef áhyggjur af því. Ég tel mig sjá nokkuð hvað þar muni gerast. Ég held að það sé enginn vafi að fiskur sem hráefni mun í vaxandi mæli flytjast úr landi. Hann mun í vaxandi mæli flytjast úr landi. Það eru margir aðilar einmitt í greininni og sem eru henni gagnkunnir sem staðfesta einmitt að svo muni verða.

Ég var að glugga í ummæli manna sem fjölluðu um þessi mál á ráðstefnu sem haldin var í Viðey, mjög fróðlegri ráðstefnu, en þar kemur fram hjá einum aðila sem er að verka flök til útflutnings að hann segir að um mikinn ávinning sé að ræða af samningnum, það er ekki spurning í hans huga, en hann segir líka að mesta ávinning hans af þessum útflutningi sé ekki að finna í Evrópu. Ávinningurinn sé langsamlega mestur í Bandaríkjunum. Þar er ég þessum aðila sammála. Ég held að menn hafi mjög vanrækt að skoða og viðhalda Bandaríkjamarkaðinum.

Það er einnig fróðlegt að fyrir fáum dögum var fyrirtæki að auglýsa eftir framkvæmdastjóra til að sinna nýrri markaðsleit í útflutningi á vatni sem við margir hverjir teljum að miklir möguleikar búi í. Og hvar skyldi þessi maður hafa verið staðsettur? Hvar skyldu möguleikarnir hafa verið stærstir í þessari grein? Þessi maður átti að vera staðsettur í Boston í Bandaríkjunum. Þetta segir okkur meira en mörg orð um að möguleikarnir eru margvíslegir og ég held að þeir séu stærstir og mestir einmitt þar en ekki í Evrópu. Það á bæði við iðnaðinn og sjávarútveginn.

Það var líka í sambandi við þá ráðstefnu sem haldin var í Viðey og við lestur þeirra erinda sem þar voru flutt að það kom fram hjá einum mætum manni sem þar talaði að eftir að hafa rætt um tollabreytingarnar, og hann fór mjög ítarlega yfir í hverju þær mundu felast fyrst og fremst og hver ávinningur okkar af þeim væri, sagði hv. ræðumaður:

„Í öðru lagi eru svo taldar upp nokkrar vörutegundir sem engar tollalækkanir verða á. Þetta eru vörutegundir sem Evrópubandalagið taldi sérstaklega viðkvæmar. Og þeirri afstöðu varð ekki haggað í samningaviðræðunum þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir."

Hvað skyldi hafa legið hér á bak við? Og skyldum við Íslendingar ekki eiga eftir að reka okkur oftar á það í samskiptum við þessa aðila að það verður einmitt vilji þeirra sem mun ráða?

Síðar í sömu ræðu í Viðey sagði þessi ágæti maður sem í svo mörg ár hefur unnið að þessum málum:

„Á því er engin launung að Evrópubandalagið hefur það á stefnuskrá sinni að fá hráefni erlendis frá til vinnslustöðva innan bandalagsins. (**ÖS:** Hárrétt.) Hárrétt, segir fulltrúi Alþfl. Samt var hann að segja áðan með fyrirvara sínum sem hann gerði við atkvæðagreiðslu að með þeim samningum og þessum væri verið að flytja atvinnu inn til landsins — þveröfugt. (**ÖS:** Þetta var skýring við atkvæði um EES-samninginn.)

„Tollalækkanir", hélt svo ræðumaður áfram, „á heilum ferskum fiski voru því jafnan hið fyrsta sem bandalagið bauð í samningaviðræðunum."

Það er málið. Ég hef margsinnis þegar ég hef rætt um þessi mál bent á að með þessum samningum værum við einmitt að falla í þessa gryfju, við værum að auka líkur á því að flytja út þessa afurð okkar í vaxandi mæli sem hráefni þannig að við Íslendingar sjálfir gætum ekki notið margfeldiáhrifa vinnslunnar hér heima, það yrðu aðrir aðilar sem hennar mundu njóta.

Guðjón B. Ólafsson skrifaði grein í blöð um helgina sem hefur mikið verið til umræðu og viðtal við þann ágæta mann um sjávarútvegsmál og að vísu um fleira. Það blandast engum hugur um að Guðjón B. Ólafsson hefur mikla reynslu og yfirgripsmikla þekkingu á sölu- og markaðsmálum sjávarútvegsins. Hann segir einmitt í nefndu blaðaviðtali, með leyfi forseta:

„Við eigum að vinna okkar hráefni í landi og athuga þarfir markaðarins og vinna hráefnið fyrir hann en ekki senda hráefnið til annarra sem endurvinna eða endurpakka það að þörfum neytendanna. Fyrir tíu árum síðan", segir Guðjón B. Ólafsson, „fluttum við um 70% frystra sjávarafurða okkar til Bandaríkjanna. Þetta er komið í 20% í dag."

Er ekki orðið meira en tímabært að fara að skoða af meiri festu og meiri alvöru en fyrr hvert við ætlum að stefna, Íslendingar, í þessu máli? Hvert ætlum við að

stefna í endurnýjun skipaflota okkar og vinnslu afurðanna miðað við þær breyttu aðstæður sem nú hafa skapast með samþykkt EES-samningsins?

Ég trúi því að það sé okkur mjög þarft að gera það og gera okkur grein fyrir því hvert við ætlum að stefna í þessum málum. Mér finnst að það hafi ekki verið gert og það er nánast tilviljun ein sem hafi ráðið um það hvað ofan á hefur orðið. Við sjáum það og það er skemmst til þess að vitna hver uppbygging og endurnýjun togaraflotans er, í hvers konar skipum hún hefur orðið.

Menn hafa einnig verið að gamna sér við að reikna út að sá ávinningur sem við hefðum af þessum samningum vegna tollalækkana væri um 1,9 milljarðar. Þessi tala er í mínum huga ekki trúverðug og langt því frá að vera það, m.a. vegna þess að þær viðmiðunartölur sem hér er talað um, þessir 1,9 milljarðar, eru fundnar út miðað við árið 1990. En árið 1991 dróst útflutningur okkar á ísuðum fiski saman, ef ég man rétt, um ein 40% og mikill samdráttur varð á þessum útflutningi einnig á síðasta ári. Að taka árið 1990 til viðmiðunar er því algerlega rangt og raunverulega falskt að taka það ár sem viðmiðunarár.

Ég vildi segja það líka í sambandi við þennan ávinning að menn hafa nefnt að við mundum ná sambærilegum tollum og viðskiptahættir yrðu svipaðir og með öðrum þjóðum. Þetta er vitaskuld alveg fráleitt að nefna það því nafni á meðan við stöndum frammi fyrir því að ríkisstyrkir Evrópubandalagsins til fyrirtækja í sjávarútvegi muni nema hvorki meira né minna en um 150 milljörðum kr. Þetta jafngildir því að það þyrfti að styrkja íslenskan sjávarútveg hvorki meira né minna en um 20 milljarða kr. til að jafnræðis gætti. Hvernig dettur einhverjum í hug að það sé hægt að leggja slíkt að jöfnu? Enda eru nú að rísa víða úti fyrirtæki sem eiga að taka þetta hráefni frá okkur og vinna það og njóta til þess alveg gífurlega mikilla styrkja frá Evrópubandalaginu. Þetta er öllum ljóst og þetta er einn af mörgum annmörkum þessa samnings.

Ég vil einnig gagnrýna — og hef gert það — eftirlitsþátt þessa samnings. Ég finn að því og vil spyrja um það hér hvort menn telji sig ekki geta fundið leið til að fá því breytt í samningnum þannig að Íslendingar geti fylgst með löndun þess afla sem þessi skip koma með, það sé ekki aðeins um það að ræða að við höfum eftirlitsmenn um borð í þessum skipum heldur hitt einnig að við getum fengið rétt til þess að fylgjast með því þegar fiski er landað úr þessum skipum.

Ég hef eins og fleiri velt því fyrir mér hvort Landhelgisgæslan ætti hugsanlega að koma meira inn í þennan eftirlitsþátt með veiðieftirlitinu. Ég tel að það væri að mörgu leyti kostur að svo væri. Það gæfi kannski þessum þætti málsins meiri vigt ef svo mætti segja. En því miður er það ekki svo. Það er eins með Landhelgisgæsluna að það er kaldhæðni örlaganna að einmitt á þessum tíma, þegar við erum að bjóða hér heim þeirri hættu að erlend fiskiskip muni í stórauknum mæli koma upp að okkar fiskveiðilögsögu, það er engin spurning, og við hefðum þess vegna þurft að auka eftirlitsþátt Landhelgisgæslunnar, þá erum við að skera hann niður alveg stórlega. Við skerum svo niður fé til Landhelgisgæslunnar að hún þarf nú að leggja einu af þremur skipum sínum og raunlækkun á fjárveitingum til Gæslunnar er hvorki meiri né minni en um á milli 18 og 19% frá árinu 1991 og til þeirra fjárlaga sem við vorum að fjalla hér um.

Eitt atriði er það enn sem ég hefði áhuga á að spyrjast fyrir um. Það stendur í samningnum, fylgiskjali 2, „hafa hliðsjón af ákvæðum hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem báðir aðilar hafa undirritað.“ Það er að vísu rétt að EFTA-löndin hafa undirritað hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna, það munu vera eitthvað um 130 ríki, en það vekur samt athygli, og ég vék að því þegar ég talaði um EES-samninginn, að 52 lönd hafa ekki enn fullgilt þennan sáttmála. Það er ekkert af löndum EFTA sem hefur fullgilt hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna nema Íslendingar, ekkert. Þess vegna hlýtur sú spurning að vakna: Eru þetta þau ríki sem bera hag okkar svo sérstaklega fyrir brjósti og vilja allt á sig leggja, eins og margoft hefur komið fram í máli hæstv. utanrrh., til að fá okkur inn í þetta samfélag sitt? Sýnir þetta okkur það? Ekki mér.

Virðulegur forseti. Ég gæti sagt miklu fleira, en ég ætla ekki að eyða lengri tíma í þessa umræðu. Mér er ljóst að málið á hefur meirihlutafylgi á Alþingi og mun því verða samþykkt hér. Ég fékk í hendur blaðaútklippu sem mig langar aðeins til að benda á í örfáum atriðum. Það er frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Þar stendur:

„Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vill staðfestingu á samningnum um EES.“ Nú veit ég að við erum að tala um fiskveiðiþáttinn, en allt grípur þetta hvað inn á annað.

Þar segir, með leyfi, virðulegur forseti: „Formannaráðstefna Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem haldinn var í Neskaupstað, samþykkti ályktun þar sem mælt var með að Alþingi staðfesti aðild Íslands að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands gerir sér grein fyrir því að samningurinn um EES hefur í för með sér víðtækar breytingar á fjölmörgum sviðum sem hafa að geyma bæði kosti og galla. Augljós ávinningur er m.a. greiðari aðgangur fyrir Íslendinga að vörum innan Evrópumarkaðar. Sérstaklega á þetta við um sjávarafurðir sem bæði munu skila heim hærra skilaverði og leggja grunn að nýjum sóknarfærum í íslenskum sjávarútvegi“, segir í ályktuninni.

Og þeir segja meira: „Farmanna- og fiskimannasambandið telur þó að innan ramma EES-samningsins sé mikilvægt að tryggja eignarhald og nytjarétt náttúruauðlinda undir forræði Íslendinga. Þetta á sérstaklega við um eignarhald útgerða og fiskvinnslu á stjórn fiskveiða.“

Erum við að því? Höfum við verið að vinna að því þessa daga með samþykkt EES-samningsins og þessa sjávarútvegssamnings? Nei, þveröfugt, þveröfugt. Og það vita þeir menn sem hafa setið formannaráðstefnur hjá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Þess vegna setja þeir þetta á blað.

Og þeir segja meira: „Farmanna- og fiskimanna-

sambandið telur einnig að við frágang á tvíhliða samningi milli Íslands og Evrópubandalagsins um gagnkvæmar veiðiheimildir þurfi að gæta þess að hagsmunir Íslendinga séu tryggðir á sem bestan hátt, þ.e. skipti á veiðiheimildum milli samningsaðila séu sanngjörn og tryggt sé strangt eftirlit með veiðum útlendinga innan fiskveiðilögsögunnar."

Eru þessi skipti sanngjörn? Svo langt því frá. Svo halda menn því hér fram að allir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi séu að mæla með þessum samningi. Það er aldeilis ekki svo.

Því miður höfum við kannski ekki nægjanlega rætt þennan samning og skýrt hann fyrir mönnum og skipst á skoðunum um hann. En ég er sannfærður um að í honum leynast alveg ótrúlega miklar hættur fyrir íslenska fiskvinnslu, enda kemur það fram á margan hátt.

Segir t.d. á títtnefndri ráðstefnu, sem ég var að vitna til og var í Viðey, einn af þeim aðilum sem vinnur að sjávarútvegsmálum:

„Í frystingu mun samkeppnisstaða okkar gagnvart Norðmönnum versna með EES." — Þetta er málið.

Annar aðili tekur nákvæmlega í sama streng á þessari ráðstefnu. Og sá þriðji tekur einmitt undir það sem ég sagði áðan. Hann varar við því að með þessum samningum munum við verða fyrst og fremst veiðiþjóð og flytja afurðir okkar í stórum stíl úr landi.

Og að lokum, virðulegur forseti, harma ég hvernig ríkisstjórnin hefur lagt upp bæði þennan sjávarútvegssamning og EES-samninginn, leyft sér að leggja hann þá upp að blekkja fólk á þann hátt að hér verði blóm í haga strax á morgun eftir að þessir samningar hafa verið samþykktir. Hverjum dettur það í hug? Hverjum dettur í hug að segja í alvöru við fólkið suður á Suðurnesjum að með samþykkt þessa samnings muni þar allir fá atvinnu? Hver trúir þessu? Hvernig leyfa þingmenn sér að halda slíku fram? Það er ábyrgðarleysi.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér heyrðist á síðustu orðum hv. síðasta ræðumanns að hann væri að ruglast á umræðum. Við erum ekki að ræða um EES heldur um tvíhliða samninginn.

Ég verð að segja að það var afskaplega óheppilegt af hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að gera að umræðuefni jafngildi veiðiheimilda og verðmætastuðla eins og hæstv. sjútvrh. er búinn að berja Framsfl. sundur og saman í þessu máli þannig að maður hefur ekki lengi vel séð þvílíka útreið.

Það er rétt, sem kom fram í máli hv. þm. Stefáns Guðmundssonar, að Evrópubandalagið hefur um áratuga skeið rekið eins konar nýlendustefnu gagnvart Íslendingum. Þeir hafa beitt tollum til að laða til sín sem mest af óunnu hráefni til þess m.a. að skapa atvinnu í sínum eigin löndum og til þess að eiga kost á sem ódýrustu efni í sinn matvælaiðnað. Þeir hafa gert þetta með því að setja upp háa tolla á unninn ferskan fisk og saltfisk. Hins vegar hafa þeir beitt lágum tollum eða engum í sumum tilvikum á óunninn fisk. Með þessu hafa þeir náð að laða til sín mikið af óunnu hráefni. Hvers vegna erum við að tala hér um Evrópska efnahagssvæðið í tengslum við þetta? Við erum að gera það vegna þess að með EES er verið að fella niður þessa tolla. Það gerir okkur kleift að færa fullvinnsluna inn í landið, færa atvinnuna inn í landið sem felst í því að fullvinna þessa hluti sem áður voru seldir óunnir til Evrópu.

Það hefur stundum vafist fyrir mér hvernig stendur á því að jafnglöggur þingmaður og hv. þm. Stefán Guðmundsson hefur lagst gegn jafnmiklu þjóðþrifamáli og EES? Nú er skýringin komin. Hann hefur einfaldlega misskilið samninginn.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegur forseti. Hér fjöllum við um till. til þál. um staðfestingu á tvíhliða samningi við Efnahagsbandalag Evrópu um fiskveiðimál og lífríki hafsins. Ég vil við þessa umræðu lýsa yfir stuðningi við till. og þann samning sem hér liggur fyrir.

Í áliti meiri hluta utanrmn. kemur fram aðdragandi þess að samningur er gerður og í áliti meiri hluta sjútvn. sem fylgir með áliti utanrmn. er gerð grein fyrir þeirri hlið samningsins sem lýtur að veiðum samkvæmt þessum samningi. Meiri hluti sjútvn. mælir með samningnum og færir fyrir því fullgild og mjög athyglisverð rök og því ekki ástæða til að endurtaka það við þessa umræðu.

Þegar litið er á samninginn í heild og til þess hve langan tíma hefur tekið að ná niðurstöðu er ástæða til að fagna því að gerður sé samningur við Efnahagsbandalagið um fiskveiðimál og ekki síður það er varðar lífríki hafsins eins og gert er ráð fyrir í samningnum. Það hlýtur að skipta mjög miklu fyrir okkur að gera samning um fiskveiðimál þar sem viðurkennd er sérstaða okkar og náð samkomulagi um gagnkvæmar veiðiheimildir sem eru samt í raun fremur táknrænar en að þær skipti einhverjum sköpum um afkomu okkar sjávarútvegs. Það mikilvægasta er að gera samning sem gerir ráð fyrir skipulegri nýtingu sameiginlegra stofna, vernd og nýtingu þeirra og vísindalegum rannsóknum í hafinu.

Sá ágreiningur sem orðið hefur í þinginu er að mínu mati ekki um verulega mikilvæga hluti. Deilur um hvort skipt er nákvæmlega á jafngildum veiðiheimildum þegar verið er að tala annars vegar um karfa og hins vegar um loðnu er að mínu mati deila um minni háttar þætti miðað við samninginn í heild eins og við höfum hann fyrir framan okkur.

Við Íslendingar eigum mikið undir aðgangi að auðlindum hafsins og að samstarf takist við Evrópuþjóðirnar, einkum um rannsóknir í hafinu og skipulega nýtingu sameiginlegra stofna svo sem komunna og ekki síður um varnir gegn mengun hafsins. Þessi samningur fjallar um þá mikilvægu þætti en ekki um forsögu þessa samnings eða þessa máls og aðdraganda og ekki heldur um það hvort nákvæmlega sé hægt að verðleggja 3.000 tonn af karfa á móti 30.000 tonnum af loðnu.

Ég ítreka svo stuðning minn við samninginn og

vænti þess að undir stjórn hæstv. sjútvrh. megi nýta samninginn og þá möguleika sem hann gefur okkur sem best fyrir hagsbóta fyrir íslenskan sjávarútveg og til þess að nýta sem best og um leið verja auðlindina í hafinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:
Lánsfjárlög, 145. mál, brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 595.

Lánsfjárlög 1993, 2. umr.

Stjfrv., 145. mál. — Þskj. 166, nál. 532 og 534, frhnál. 590, brtt. 533, 551 og 589.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. og nál. meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til lánsfjárlaga. Þetta frv. hefur verið til umfjöllunar í nefndinni og það dróst að afgreiða það fyrir jólin.

Um málið hefur verið mikið fjallað og ég þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir góða og málefnalega umfjöllun um þetta mál. Það varð ekki samstaða um málið, en meiri hlutinn flytur nokkrar brtt.

Ég vil byrja á að rekja þær till. sem eru fluttar til breytinga á frv. sem eru á þskj. 533, 551 og 589. Á þskj. 533 er í fyrsta lið fjallað um breytingu á 1. gr. frv., en þar er kveðið á um heildarlántökur ríkissjóðs samkvæmt lögunum. Í frv. var þetta 15 milljarðar og 800 millj., en á endanum verður það líklega 15 milljarðar 970 millj. þegar búið er að fara í gegnum allan þennan hrærigraut.

Síðan er brtt. við 3. gr. frv. Þar eru t.d. breytingar á lántökuheimild Lánasjóðs ísl. námsmanna þar sem reiknað er með að hún hækki um 360 millj. Þessi tillaga stafar af mistökum við gerð fjárhagsáætlunar lánasjóðsins, en þar féllu niður 300 millj. vegna greiðslu afborgana og vaxta.

Enn fremur er í 3. gr. lagt til að lántökuheimild Pósts og síma flytjist yfir í 5. gr. þannig að stofnunin geti leitað beint lána hjá erlendum lánastofnunum, en hjá stofnuninni er sú skoðun að hún gæti hugsanlega aflað sér hagstæðari lána með þeim hætti en fara í gegnum ríkissjóð.

Þá er lagt til að Síldarverksmiðjur ríkisins fái heimild til að taka lán allt að 130 millj. kr. Það er vegna þess að rekstraráætlun hefur verið endurskoðuð og þetta yrði gert í tilefni af því.

Í 4. gr. er lagt til að heimild Landsvirkjunar verði aukin upp í 7 milljarða 750 millj. Þetta stafar af gengisbreytingum. Auk þess er lántökuheimild Byggingarsjóðs verkamanna verði 6 milljarðar 870 millj. kr. og húsbréfadeildin lækki um 4 milljarða. Það er vegna tilflutnings sem átti sér stað fyrir jólin, en þá var einmitt flutt heimild frá 1993 yfir á 1992 til þess að það yrði ekki hlé á útgáfu húsbréfa.

Síðan er að lokum lagt til að lántökuheimild Iðnlánasjóðs verði hækkuð um 300 millj. kr. til að mæta þörfum sjóðsins.

Í 5. gr. er bætt við eins og áður er getið hækkun vegna Pósts og síma, en þar er um það að ræða að Póstur og sími er að taka þátt í lagningu ljósleiðara yfir Norður-Atlantshafið og þessi fjárhæð er nauðsynleg í því skyni.

Þá er lagt til við 6. gr. að heimilt sé að nýta lántökur sem um er getið í viðauka innan lands í stað erlendrar lántöku. Þetta er gert m.a. fyrir ósk frá Stofnlánadeild landbúnaðarins sem hefur hug á að taka meiri innlend lán en erlend.

Í sjötta lagi er brtt. við 11. gr. Hún felst fyrst og fremst í því að greinin er öðruvísi uppsett en var í frv. þannig að hún er miklu skýrari orðin en áður var. Í stað greinarinnar koma næu nýjar greinar er verða 11.–29. gr.

Ég vek líka reyndar athygli á hinni nýju 27. gr. þar sem er nýtt ákvæði um framlag vegna veiða á refum og minkum.

Síðan eru breytingar þarna sem felast í því að á eftir 11. gr. frv., þ.e. 29. gr. samkvæmt tillögu nefndarinnar, komi ný grein er verði 30. gr., svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Fjmrh. er heimilt að yfirtaka skuldbreytingarlán til loðdýrabænda, að fjárhæð allt að 300 millj. kr., sem stofnað verði til á grundvelli 1. gr. laga nr. 112/1989, um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar, og að aflétta þeim veðtryggingum sem teknar hafa verið í sambandi við ábyrgð ríkissjóðs, enda taki Stofnlánadeild landbúnaðarins þátt í hliðstæðum aðgerðum.“

Þarna er sem sé verið að koma þessu máli á hreint og að sjálfsögðu reiknað með því að fjmrn. hafi gott samstarf við Stofnlánadeildina um þessar aðgerðir og að þetta komist í framkvæmd og menn gangi í þessi verk með eðlilegum hætti.

Í athugasemdum við lánsfjárlagafrv. eins og það var lagt fram kom fram á bls. 14 og 15 það álit að erlendir lánardrottnar telji að ríkissjóður beri ábyrgð á skuldbindingum Fiskveiðasjóðs. Meiri hluti nefndarinnar telur í þessu sambandi rétt að árétta að samkvæmt lánsfjárlögum fyrir árið 1992, þ.e. lögum nr. 2 1992, ber ríkissjóður ekki ábyrgð á nýjum skuldbindingum sem Fiskveiðasjóður stofnar til eftir 1. mars 1992. Í samræmi við þetta er lagt til að fella niður ákvæði um Fiskveiðasjóð úr viðauka frv. Meiri hluti nefndarinnar telur að skoðanir erlendra lánardrottna um ríkisábyrgðir á lánum hafi ekki lagagildi á Íslandi og telur að ásetningur löggjafans um að afnema ríkisábyrgð á skuldbindingum Fiskveiðasjóðs hafi komið skýrt fram við setningu lánsfjárlaga fyrir árið 1992.

Ég vil taka þetta sérstaklega fram vegna þess að það liggur alveg ljóst fyrir að Fiskveiðasjóður hefur ekki lengur ríkisábyrgð, hafði til skamms tíma ekki ríkisábyrgð á erlendum skuldbindingum, síðan var því bætt við við afgreiðslu síðustu lánsfjárlaga að það væru ekki til staðar ábyrgðir á innlendum skuldbindingum, en

samt sem áður var þessi ályktun dregin í athugasemdum við frv. þegar það var lagt fram. Meiri hluti nefndarinnar vill að þetta sé algerlega afdráttarlaust þannig að erlendir lánardrottnar þurfi ekki að velkjast í vafa um hver sé vilji Alþingis í þessum efnum og hingað til sem hér eftir verður löggjafarvald á Íslandi í höndum Alþingis.

Síðan vil ég geta brtt. sem eru á þskj. 551, en þar er í fyrsta lagi brtt. við 1. gr. lánsfjárlaganna sem leiðréttist í ljósi annarra tillagna eins og ég hef getið um áður. Talan verður 15 milljarðar 970 millj., en ekki 15 milljarðar 420 millj. eins og þarna stendur.

Síðan er eitt mikilvægt mál, að á eftir 5. gr. komi ný grein er orðist svo, með leyfi forseta:

„Fjmrh. er heimilt að lána Byggðastofnun sérstaklega víkjandi lán að fjárhæð allt að 20 millj. til að mæta framlögum í afskriftarsjóð útlána í tengslum við ákvæði í viðauka II við búvörusamning frá 11. mars 1991."

Í honum fólst að ríkisstjórnin mundi þá væntanlega beita sér fyrir því að Byggðastofnun gæti lánað 100 millj. kr. til sérstakra verkefna í sveitum í tengslum við búvörusamninginn. Byggðastofnun hefur í sjálfu sér úr nægum fjármunum að spila til að lána út þetta fjármagn, en hins vegar er eiginfjárstaða stofnunarinnar slík og fjárhagsleg staða að öðru leyti slík og samkvæmt þeirri reglugerð sem um stofnunina gildir er henni skylt að leggja í afskriftarsjóð til að mæta þessum útlánum að hér er verið að gera ráð fyrir að fjmrh. láni víkjandi lán, sem þá telst með eigin fé stofnunarinnar í þessu efni, til að hægt sé að lána út þessa fjármuni. Það á þá að vera alveg tryggt að það sé hægt að gera það.

Þá vil ég geta tillagna, sem eru á þskj. 589, sem meiri hluti nefndarinnar hefur ákveðið að flytja.

Það er í fyrsta lagi till. um að í 1. gr. verði 15 milljarðar 970 millj. eins og áður er getið. Síðan þarf líklega að laga líka tölur í viðauka sem koma þá væntanlega í annarri brtt. sem er ekki frágengin endanlega.

En við 5. gr. er brtt. um hækkun á lántökuheimild vegna Hitaveitu Vestmannaeyja úr 12 millj. í 16,2 millj.

Síðan eru tvær nýjar greinar sem koma í lok II. kafla, en það er að fjmrh. sé heimilt að veita Íslenska járnblendifélaginu hf. bráðabirgðalán að fjárhæð allt að 150 millj. kr. og er heimilt að breyta því láni í víkjandi lán eða hlutafé í félaginu í tengslum við samninga milli eigenda um fjárhagslega endurskipulagningu þess. Þá er enn fremur heimilt að semja um frekari aukingu hlutafjár eða meiri víkjandi lán, enda hljóti slíkar ráðstafanir staðfestingu Alþingis.

Hér er um það að ræða að leysa úr fjárhagsvandræðum járnblendifélagsins til eins eða tveggja ára. Það hefur árað illa í þessum rekstri, en menn telja að þetta séu tímabundnir erfiðleikar og að markaðurinn muni taka við sér aftur eftir kannski tvö til þrjú ár og að það sé þess vegna ástæða til þess og í rauninni hagkvæmt fyrir ríkissjóð, sem er meirihlutaeigandi í þessu fyrirtæki, og aðra eigendur fyrirtækisins að rétta það af og að með því bjargist þau verðmæti sem þarna eru í húfi og fyrirtækið geti í framtíðinni staðið undir því fjármagni sem í því er.

Enn fremur er lagt til að í II. kafla komi grein þar sem fjmrh. verði heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að fengnu samþykki fjárln. Alþingis að semja við Suðureyrarhrepp um yfirtöku á hluta af skuldum Hitaveitu Suðureyrarhrepps í tengslum við sölu hreppsins á hitaveitunni til Orkubús Vestfjarða. Hitaveitan hefur átt í miklu samstarfi við orkubúið og þarna liggur fyrir að selja veituna til orkubúsins.

Síðast en ekki síst er lagt til að í lánsfjárlögunum verði gerð breyting á nýsamþykktum lögum um breytingar í skattamálum, þ.e. lögum nr. 111/1992, um að 59. gr. laganna falli brott. Í 59. gr. er kveðið á um að einungis skuli endurgreidd 60% af virðisaukaskatti vegna vinnu iðnaðarmanna á byggingarstað.

Þegar menn settust niður eftir jólatörnina og fóru að velta fyrir sér áhrifum þessarar aðgerðar á byggingarvísitölu og verðbólgu gerðu menn sér grein fyrir því að byggingarvísitalan er bæði svo óhönduglega saman sett og hefur eins svo mikla yfirvigt í öllu okkar vísitölukerfi og vigtar óeðlilega mikið í lánsfjárlögum að skattahækkun sem kemur inn í byggingarvísitöluna upp á 400 millj. verkar sem meira en 1% hækkun á lánskjaravísitölu á meðan samsvarandi hækkun á framfærsluvísitölu væri ekki nema kannski einn tíundi af þeirri hækkun. M.a. í ljósi þessara áhrifa og ýmislegs fleira sem þarna kemur inn hefur ríkisstjórnin viljað falla frá þessari hækkun og meiri hluti efh.- og viðskn. flytur brtt. í samræmi við það.

Síðan er fyrir nákvæmni sakir lagt til að fyrirsögn laganna verði: Frv. til lánsfjárlaga o.fl. vegna þess að þarna er búið að taka inn svo marga ólíka þætti.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki í andsvari rétt undir lok þessa þingfundar að vekja máls á meginefnisatriðum frv. Hins vegar vildi ég gjarnan nota þetta tækifæri á meðan svo rólegt er í þingsölum og spyrja hv. frsm. meirihlutaálitsins nákvæmar út í eina brtt. sem er um heimild til að yfirtaka hluta af skuldum Hitaveitu Suðureyrarhrepps. Eins og fram kom í máli frsm. standa yfir viðræður milli Orkubús Vestfjarða og Suðureyrarhrepps um kaup orkubúsins á Hitaveitu Suðureyrar. Mín spurning er sú hvort sú heimild sem þarna er gerð tillaga um nái til þess að ríkissjóður yfirtaki það sem eftir stendur af skuldum hitaveitunnar, ef samningar nást um sölu, eða hvort það er einungis um hluta af eftirstöðvum sem heimildin nái til.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru til fordæmi um svona aðgerð og má nefna Hitaveitu Siglufjarðar í því sambandi. Eðlilegasta meðferð á svona máli er að gerður sé útreikningur á því hversu mikils virði hitaveitan er í ljósi þeirra tekna sem hún getur aflað og hvað hún í rauninn þolir mikla skuldsetningu út frá þeim sjónarmiðum. Síðan stendur væntanlega eitthvað út af af

skuldum sem þá mundi væntanlega vera það sem yfirtekið er.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 4. mál.

Fundi slitið kl. 7.01 síðdegis.

---

101. FUNDUR

miðvikudaginn 13. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Samningar við EB um fiskveiðimál, stjtill., 275. mál, þskj. 375, nál. 549 og 579. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
2. Lánsfjárlög 1993, stjfrv., 145. mál, þskj. 166, nál. 532, 534 og 590, brtt. 533, 551, 589 og 595. — Frh. 2. umr.
3. Grunnskóli, stjfrv., 296. mál, þskj. 452, nál. 588. — 2. umr.

Útbýting þingskjala:

Endurskoðun bókhaldslaga, 325. mál, fsp. MI, þskj. 594.

Endurskoðun sýslabóta sjómanna, 323. mál, þáltill. GHall og GAK, þskj. 591.

Greiðslur vegna þinga ýmissa starfsstétta, 324. mál, fsp. GHall., þskj. 592.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess að atkvæðagreiðslu í 1. dagskrármálinu verður væntanlega hægt að hafa öðru hvoru megin við hádegið og verður það þá tilkynnt með fyrirvara. En þessi atkvæðagreiðsla mun ekki fara fram fyrir hádegi.

Lánsfjárlög 1993, frh. 2. umr.

Stjfrv., 145. mál. — Þskj. 166, nál. 532, 534 og 590, brtt. 533, 551, 589 og 595.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Mig langar til að spyrja hvort hæstv. umhvrh. sé tekinn við fjmrn. eða hvar sá hæstv. ráðherra sé staddur sem gegnir ráðuneyti fjármála þessa dagana? Er ekki ætlunin að hann heiðri okkur með nærveru sinni? (**Forseti:** Fjármálaráðherra?) Sá hæstv. ráðherra sem fer með ríkisfjármálin þessa dagana, já. Ég vænti þess að ekki sé ætlunin að halda umræðunni hér áfram nema hæstv. ráðherra sé viðstaddur. (**Forseti:** Forseti mun láta kanna hvað líður nærveru hæstv. forsrh. En miðað við töflu í borði forseta mun hann ekki vera kominn í húsið en forseti lætur athuga það.) Ætli ég geri þá ekki hlé á máli mínu, hæstv. forseti, þangað til viðkomandi ráðherra er viðstaddur. Ég tel ekki eðlilegt að mæla hér fyrir nál. (**Forseti:** Formaður nefndarinnar er hér viðstaddur, hv. þm., og ef hv. þm. vildi þá nýta tíma sinn og reyna að flytja þann hluta ræðunnar sem snýr ekki beint að fjmrh. þá þætti forseta það ágætt.) Það er afar sérkennilegt, hæstv. forseti, að skipta því upp. Málið heyrir undir hæstv. fjmrh. og við þingmenn erum ýmsu vanir en það er þó alveg nýlunda ef ekki er orðið við óskum um að viðkomandi fagráðherra þeirra sé viðstaddur þegar mælt er fyrir nál. í málum af þessu tagi eins og frv. til lánsfjárlaga. (**Forseti:** Forseti hefur nú þegar upplýst hv. þm. um að hann er að láta kanna hvenær megi búast við að hæstv. ráðherra geti komið í húsið en hefur ekki neitað hv. þm. um að fresta sinni ræðu.) Hæstv. forseti. Ég hef ekki áhuga á að gera neinn uppsteyt að óþörfu. Ég hélt að þetta væri svo eðlileg og sjálfsögð framvinda mála að þegar verið væri að mæla fyrir nál. í stærstu málum sem varða verksvið einhvers hæstv. ráðherra þá væri hann viðstaddur þær umræður. Mér datt satt best að segja ekki í hug að þessi umræða væri að hefjast án þess að það lægi fyrir að viðkomandi hæstv. ráðherra væri viðstaddur. Við vissum af því að hæstv. fjmrh., hinn eini og sanni, er annars staðar og við það voru engar athugasemdir gerðar af okkar hálfu svo fremi sem sá ráðherra sem gegndi embætti fyrir hann væri til staðar. (**Forseti:** Forseti hefur nú fengið þær upplýsingar að hæstv. forsrh., sem gegnir fyrir hæstv. fjmrh., er rétt ókominn í hús.) Þá óska ég eftir því hæstv. forseti að fá að gera hlé á máli mínu þangað til forsrh. er kominn í salinn úr því að það eru ekki nema fáeinar mínútur sem þar skipta á milli.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá gerir hv. 4. þm. Norðurl. e. hlé á ræðu sinni og forseti biður hv. þm. að hafa biðlund og gerir þá hlé á þessum fundi í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) (frh.):

Hæstv. forseti. Ég fagna komu hæstv. forsrh. og starfandi fjmrh. til umræðunnar. Ekki síst vegna þess að ég sé mig knúinn til þess í upphafi umræðunnar að gera að umtalsefni þau vinnubrögð sem hafa einkennt framgöngu hæstv. ríkisstjórnar í sambandi við ríkisfjármálin á þessum vetri. Þá er að sjálfsögðu ekki síður ástæða til að ræða við hæstv. forsrh. í hans eigin

embætti en fjmrh. Þó svo að sá fari með forustu fyrir þeim þætti mála innan ríkisstjórnar þá er það auðvitað svo að vinnubrögð að breyttu breytanda a.m.k. við stjórn efnahagsmála eru á ábyrgð hæstv. forsrh. vænti ég.

Í nál. minni hluta efh.- og viðskn. er að finna allskarpa gagnrýni á þau vinnubrögð sem hæstv. ríkisstjórn ástundaði á síðustu vikum sl. árs þegar hún var að koma saman tillögum sínum í efnahagsmálum og ríkisfjármálum. Ég held ég hefji framsögu fyrir þessum nál. sem eru nú orðin tvö því minni hluti efh.- og viðskn. kaus að skila frhnál. í gær á þskj. 590 þegar fyrir lágu nokkrar breytingar af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og óskir um að ný mál yrðu tekin inn í lánsfjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár.

Í upphafi nál. á þskj. 534, því sem skilað var fyrir jólin, stendur svo meðal annars að:

„Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar getur ekki mælt með afgreiðslu frumvarps til lánsfjárlaga við þær aðstæður sem nú ríkja í þann mund sem stjórnarmeirihlutinn hefur ákveðið að afgreiða málið út úr nefnd. Fram til þessa dags hefur afar mikil óvissa ríkt um ýmsa veigamikla þætti efnahagsmála og ríkisfjármála og ríkisstjórnin og meiri hluti hennar á Alþingi hefur undanfarna daga verið á harðahlaupum við afgreiðslu tekjuöflunarfrumvarpa og álagningu skatta fyrir komandi ár. Alla heildarsýn yfir efnahagsmálin vantar og ekki verður séð að fylgt sé neinni markvissri eða fyrir fram mótaðri stefnu heldur ákvarðast hinir einstöku þættir ríkisfjármála og efnahagsmála af handahófskenndum ákvörðunum eða málamiðlunum stjórnarflokkanna sem gjarnan verða til á næturfundum."

Síðan segir áfram um vinnubrögðin:

„Sú upplausn sem einkennt hefur vinnuna í ríkisfjármálum og efnahagsmálum undanfarna daga gerir það nánast ómögulegt fyrir fulltrúa stjórnarandstöðunnar að fá nokkra yfirsýn yfir það hvernig mál standa og draga verður stórlega í efa að yfir höfuð finnist nokkur maður innan stjórnarliðsins eða utan sem hafi þá vitneskju."

Mér hefur orðið hugsað til þessara setninga nú síðustu dagana þegar hafa verið að koma í ljós ýmsar brotalamir í ákvörðunum hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. ríkisstjórn er þegar komin á flótta frá eigin ákvörðunum og leggur fyrir Alþingi að draga sumar þeirra til baka. Einnig er ástæða til að rifja upp það sem sagt var af sama eða svipuðu tilefni þegar til umræðu var hér frv. til laga um breytingar í skattamálum, þá sagði ég í ræðu 18. des. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„En ég hlýt þó í byrjun að leyfa mér að fara fáeinum orðum um vinnubrögðin við þessar ákvarðanir og þeim aðstæðum, sem hv. þm. í efh.- og viðskn. eru skapaðar, hvað vinnu snertir að þessu máli. ...

Það var með hreinum ólíkindum, og hefur maður þó ýmislegt upplifað í þessum efnum, hvernig þetta var að þessu sinni. Ef maður fer yfir það hvernig efnahagsstefnan og skattastefnan hefur verið mótuð sl. tvö ár þá hlýtur það að vera fleirum en ræðumanni umhugsunarefni að viðkvæm atriði, sem varða álagningu gjalda og geta haft afgerandi áhrif á afkomu einstaklinga og fjölskyldna og heimila, skuli ákvarðast í einhverjum skyndisamningum eða á næturfundum og síðan skellt inn í formi breytingatillagna eða frumvarpa þannig að nánast enginn tími gefst til þess að athuga og reikna áhrif og útkomu slíkra ákvarðana."

Það hefur rækilega komið á daginn hygg ég að þessi orð voru síst ofmælt um vinnubrögðin sem einkenndu framgöngu hæstv. ríkisstjórnar fyrir jólin. Nýjasta og frægasta sönnun þess er auðvitað sú uppgjöf ríkisstjórnarinnar gagnvart ákvörðunum um að draga úr endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna á byggingarstað sem kynnt var fyrir tveimur dögum og gefur nú að líta í formi brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. sem þar með leggja til að lánsfjárlögin verði að einu af skattafrv. ríkisstjórnarinnar, að bandormi, þar sem m.a. eru teknar ákvarðanir um álagningu skatta.

Það er með miklum ólíkindum og þá ekki síst þegar haft er í huga að áform um þessa aðgerð eru boðuð strax í greinargerð með fjárlagafrv, að vinnubrögðin skuli geta orðið með þeim hætti sem raun ber vitni. Maður hlýtur að spyrja sig að því: Hvernig í ósköpunum getur það gerst að allir þeir sérfræðingar sem að þessu vinna hjá hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ríkisstjórn sjálf og meiri hluti hennar á Alþingi standi ber að því að hafa ekki haft hugmynd um hvað þeirra eigin ákvarðanir þýddu? (**Gripið fram í:** Sérfræðingarnir segjast hafa sagt ráðherrunum frá því.) Hvernig sem í því liggur þá er alla vega ljóst að menn láta nú sem þetta hafi komið þeim allt mjög á óvart og ég trúi því. Satt best að segja hef ég ekki hugmyndaflug til að láta mér detta í hug að menn hefðu ákveðið að gera þetta ef þeir hefðu vitað hversu vitlaus aðgerð þetta væri.

Ég ætla því ekki, hæstv. forseti, að gagnrýna þá niðurstöðu hæstv. ríkisstjórnar að sjá að sér og hætta við þetta. Þvert á móti er auðvitað ástæða til að fagna því. Hitt er óhjákvæmilegt að ræða hér og fara ofan í saumana á: Hvernig getur svona lagað gerst? Þetta eru ekki vinnubrögð sem eru boðleg við afgreiðslu mála af þessu tagi. Það held ég að allir hljóti að viðurkenna. Ég ætla að ræða þetta mál efnislega þegar ég kem að því að mæla fyrir frhnál. en ég leyfi mér að minna á þetta hér vegna þess að ég er að gera í upphafi ræðu minnar athugasemdir við vinnubrögð. Ég vænti þess að a.m.k. í þessu tilviki þurfi ekki að standa í orðaskaki um að þarna eru á ferðinni vinnubrögð sem ekki ganga, ekki hæfa. Nú er ég líka að hreyfa þessu sérstaklega með tilliti til þess að hæstv. forsrh. er viðstaddur vegna þess að ég kemst ekki hjá því að minna á það í leiðinni að þar fer sá maður sem hefur þótt þess umkominn að kenna öðrum sitt lítið af hverju í sambandi við vinnubrögð. Þessi hæstv. forsrh., hv. þm. Davíð Oddsson var ekki búinn að sitja á Alþingi nema nokkrar vikur þegar hann taldi sig þess umkominn að taka Alþingi á kné sér og siða það til og kenna því vinnubrögð og það þótti ýmsum í mikið ráðist af hæstv. forsrh. og nýliða á þingi. En æðioft hefur kveðið við þennan sama tón þó heldur hafi sljákkað í hæstv. forsrh. upp á síðkastið og það megi segja að hæstv. utanrrh. hafi tekið við þessu siðameistarahlutverki, aðallega þó í útlöndum, tekið að sér uppeldis-

hlutverkið í ígripum staddur á erlendri grund. En ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh. að því hvort engar efasemdir hafi leitað á huga hans í sambandi við þetta kennarastarf í vinnubrögðum, sem hann tók að sér, þegar hann horfir á hversu mislagðar hendur hæstv. ríkisstjórn undir forustu hans sjálfs eru. Ég verð að segja alveg eins og er að ætti ég að velja mér kennara þá eru það ekki meðmæli í mínum huga að horfa upp á frammistöðu af þessu tagi. Það kann vel að vera og er auðvitað þannig að ýmislegt má betur fara í vinnubrögðum á Alþingi og skipulagi hér þó tel ég að þar hafi margt verið að breytast til hins betra á síðari árum. Til að mynda er enginn vafi á því að nefndastarf býr við allt aðrar og betri aðstæður en það gerði fyrir tiltölulega fáum árum eftir að sett var upp þjónustudeild fyrir nefndir þingsins og starfsfólk aðstoðar nú þingnefndir við öflun gagna og skipulagningu vinnunnar. Þetta hefur gert það að verkum að nefndir afkasta meiru og geta farið betur ofan í mál. En sjálfsagt má betur gera í ýmsum efnum.

Ég ætla nú að leyfa mér að halda því fram bæði vegna þeirrar þekkingar sem ég hef sjálfur á málum og ekki síður vegna þess sem við höfum horft upp á hjá hæstv. núv. ríkisstjórn að það sé mjög mikið álitamál hvort ríkisstjórnir og ráðuneyti hafi mikið að kenna Alþingi í þeim efnum. Ég vænti þess að hæstv. núv. forsrh. vandi betur orð sín í framtíðinni í ljósi þess glerhúss sem hann býr í.

Hæstv. forseti. Í nál. minni hlutans er sérstaklega vikið að því að það skorti, og af skiljanlegum ástæðum, sérstaklega þeim sem ég hef hér tilgreint, alla yfirsýn yfir ríkisfjármálin, lánsfjármarkaðinn, og í raun og veru heildarsýn í efnahagsmálum í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar. Þetta kemur æ betur í ljós. Við vekjum t.d. athygli á því í nál. að ákaflega fátæklegar upplýsingar hafi komið til efh.- og viðskn. um stöðuna á íslenskum peningamarkaði á því ári sem í hönd fer, um það hvort sæmilegt jafnvægi geti talist í sjónmáli á hinum íslenska peningamarkaði. Við sáum ekki með öðrum orðum að þar væru rökstuddar þær aðstæður að t.d. vaxtalækkun gæti verið í sjónmáli á fyrstu mánuðum nýbyrjaðs árs. Reyndar er það svo að menn sáu ekki betur fyrir hvað í vændum var en það að við minnum á í nál. að marggefin loforð frá því í kjarasamningum fyrir tæpu ári síðan og síðar á árinu 1992 um vaxtalækkun hafi mjög látið á sér standa.

Ég hygg að þetta sé síst ofmælt. Og ýmislegt kemur í ljós þegar betur er að gáð, m.a. það að við lífeyrissjóðina, stærstu einstaka fjármagnseigendur í landinu og stærstu kaupendur t.d. skuldabréfa í húsnæðislánakerfinu og stærstu viðskiptavina ríkissjóðs hygg ég um ríkisverðbréf, hefur ekki verið talað. Það kemur fram í bréfi frá samböndum lífeyrissjóðanna sem efh.- og viðskn. barst núna fyrir tveimur til þremur dögum. Þeir draga það stórlega í efa að áform hæstv. ríkisstjórnar séu í nokkru samhengi við raunveruleikann á íslenskum peningamarkaði á nýbyrjuðu ári. M.a. vegna þess að lífeyrissjóðunum er ætlað að stórauka kaup sín á bréfum í húsnæðiskerfinu og bréfum frá ríkinu á næsta ári. Og þekkja menn þó væntanlega reynsluna frá þessu ári þar sem verulega mikið vantar upp á að sjóðirnir hafi keypt það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. (**Forsrh.:** Á sl. ári.) Á sl. ári já, fyrirgefið, frá nýliðnu ári. Maður er alltaf í vandræðum rétt um áramótin og veit ekki almennilega hvar maður er staddur með aðra löppina í gamla árinu og hina í því nýja eins og gengur. Þess vegna þvælist þetta fyrir manni og kannski betra að nota ártölin.

Það liggur jú fyrir að veruleg fjárvöntun varð hjá byggingarsjóðunum undir árslok 1992 vegna þess að lífeyrissjóðirnir höfðu ekki keypt það magn bréfa sem áætlanir gerðu ráð fyrir, ég vek athygli á því, áætlanir. Vegna þess að ein snilldin í breytingunum á þessum málum er sú að það er búið að rjúfa allt samband milli hagsmuna aðildarfélaga lífeyrissjóðanna og þess hvað þeir kaupa af bréfum. Það er ein af þessum fínu breytingum á húsnæðiskerfinu og peningamarkaðnum. Í raun og veru er það því algerlega undir lífeyrissjóðunum komið og því hvernig þeir meta markaðinn og hvernig þeir sjá sínum hagsmunum best borgið, hvernig þeir haga sínum kaupum. Þess vegna er það að frá Landssambandi lífeyrissjóða og Sambandi almennra lífeyrissjóða barst efh.- og viðskn. svohljóðandi bréf 11. jan. 1993, sem ég tel eðlilegt að gera hér að umtalsefni þegar við ræðum heildarmyndina og yfirsýn yfir ríkisfjármálin og peningamál á árinu. Í bréfinu segir svo, með leyfi forseta:

„Samkvæmt frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1993, eftir brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., er gert ráð fyrir lántökum Byggingarsjóðs ríkisins að fjárhæð 3.860 millj. og Byggingarsjóðs verkamanna að fjárhæð 6.870 millj. kr. eða samtals 10.730 millj. kr. innan lands" — og þá væntanlega hjá lífeyrissjóðunum. „Landsamband lífeyrissjóða og Samband almennra lífeyrissjóða vill vekja athygli nefndarinnar á þeirri staðreynd að lántökur fyrrgreindra sjóða hjá lífeyrissjóðunum námu 7.363 millj. kr. á öllu árinu 1992. Þannig er gert ráð fyrir auknum lántökum hjá lífeyrissjóðunum um 3.367 millj. kr. eða um 45,7% á árinu 1993. Fyrrgreindar lánveitingar koma til viðbótar kaupum lífeyrissjóðanna á húsbréfum en útgáfa húsbréfa á árinu 1993 er talin verða álíka mikil og á árinu 1992.

Eins og fyrrgreindar tölur bera með sér er stefnt að stórauknum lántökum Húsnæðisstofnunar hjá lífeyrissjóðunum á næsta ári. Verður ekki annað séð en að afleiðingin yrði raunvaxtahækkun en ekki lækkun raunvaxta eins og stefnt er að.

Lífeyrissjóðasamtökin harma að fulltrúar þeirra hafa ekki verið kallaðir fyrir nefndina þannig að benda megi nefndarmönnum á hversu stórfelld mistök hér eru í uppsiglingu."

Ég held að þetta skýri sig alveg sjálft og það þurfi ekki neinar sérstakar útlistanir á þessum skilaboðum af minni hálfu. Þetta er bara til marks um það að einhverjar tölur eru settar á blað í áformum hæstv. ríkisstjórnar meira og minna úr samhengi við raunveruleikann og þvert á þá reynslu sl. árs að byggingarsjóðirnir náðu ekki inn því fjármagni sem áætlanir gerðu ráð fyrir með kaupum lífeyrissjóðanna á þeirra pappírum sem leiddi svo til þess að Húsnæðisstofnun var í mikl-

um þrengingum við áramótin og búin að yfirdraga o.s.frv. eins og henni var kostur.

Þetta reiði ég nú fram, hæstv. forseti, m.a. til marks um að ég held að þarna vanti alla yfirsýn og alla stefnumörkun. Þetta er eins og eitthvert púsluspil þar sem bitunum er raðað saman úr ýmsum áttum og enginn veit hvers konar óskapnaður myndin verður að lokum. Hæstv. ríkisstjórn hefur líka unnið þannig að þessum málum, eitt hefur rekið sig á annars horn, að útkoman getur varla orðið önnur.

Við ráðlögðum hæstv. ríkisstjórn það fyrir jólin að fresta afgreiðslu ekki bara lánsfjárlagafrv. heldur líka skattbreytingunum og jafnvel fjárlögunum og afgreiða frekar einhvers konar greiðsluheimildir yfir áramótin og vinna þessa hluti betur. Ég er alveg sannfærður um að það voru hollráð til hæstv. ríkisstjórnar. Ég er líka alveg sannfærður um að það yrði fleira en skert endurgreiðsla virðisaukaskatts af byggingu íbúðarhúsnæðis sem yrði dregið til baka ef menn hefðu ekki flýtt sér um of og gengið frá þessum málum fyrir áramótin. Ýmislegt fleira hefur komið á daginn þar sem stefna hæstv. ríkisstjórnar í raun og veru gengur hreint ekki upp.

Ég ætla að gera nokkur einstök efnisatriði að umtalsefni, hæstv. forseti, sem fjallað er um í fyrra, nál. minni hlutans á þskj. 534. Einn af þeim aðilum, sem að sjálfsögðu gerir ráð fyrir lántökum og lánsfjárlagafrv. fjallar um á næsta ári, er Byggðastofnun. Er áætlað að heimila deildinni lántökur upp á 1.300 millj. kr., þ.e. vegna atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar auk þeirrar lánveitingar sem stofnunin sjálf á að fá skv. 4. gr. frv., ef ég man rétt, upp á líklega 650 millj. Þegar óskað var eftir upplýsingum um stöðu mála hjá atvinnutryggingardeild og spurt um áform hæstv. ríkisstjórnar um að sameina þá deild svonefndum þróunarsjóði, sem áform standa til að setja á fót í sjávarútvegi, varð fátt um svör.

Að vísu er ástæða til að ætla að þessi 1.300 millj. kr. tala vegna atvinnutryggingardeildarinnar sé ekki fjarri lagi hvað varðar fjárþörf deildarinnar sem slíkrar á næsta ári en alls engar upplýsingar lágu fyrir um hvernig þessum málefnum yrði fyrir komið ef stofnaður yrði hinn nýju þróunarsjóður og atvinnutryggingardeildin, Hagræðingarsjóðurinn og e.t.v. fleiri sjóðum slengt saman í þessu nýja og stórkostlega sjóðabatteríi hæstv. ríkisstjórnar. Ég ætla ekki að taka mér í munn þetta leiða orð sjóðasukk, þó það sé framarlega á tungunni við þessar aðstæður þegar maður hefur sér hér á hægri hönd hæstv. forsrh. En mikið sjóðaslengi er þetta alla vega sem þarna á að setja á fót væntanlega með efnahagsreikningi upp á talsvert á annan tug milljarða króna. Fullyrði ég að það sé mesti sjóður Íslandssögunnar sem hæstv. forsrh. ætlar þarna að beita sér fyrir að stofna. Því inn í sjóðinn renna að stærstum hluta fjármunir sem áður hafa heyrt undir hæstv. forsrh.

Þannig er í raun og veru afgreiðsla þessa máls ef taka á mark á áformum hæstv. ríkisstjórnar markleysa hvað varðar fjárhagsstöðu atvinnutryggingardeildarinnar og Byggðastofnunar. Það liggur fyrir að því er virðist að engin útfærsla af neinu tagi er til á blaði um þennan svokallaða þróunarsjóð. Í fjölmiðlum birtast frásagnir af deilum stjórnarliða og áhrifamanna tengdum stjórnarflokkunum úr röðum sjávarútvegsins um það hvernig þessu skuli fyrir komið. Það skiptir auðvitað ekki litlu máli, svo dæmi sé tekið, hvernig með fjárhagsmálefni atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar verður farið þar sem eru á ferðinni milljarðar króna og næsta kostulegt að sá misskilningur virðist vera uppi milli manna að sumir telja að inn í hinn nýja þróunarsjóð eigi eingöngu að renna eignir deildarinnar en aðrir að bæði eigi að fara eignir og skuldir. Það skiptir svolitlu máli, pínulitlu máli, því það er ekki ónákvæmni nema upp á kannski 4–5 milljarða sem þar er á ferðinni og munar um minni misskilning en það.

Einnig að þessu leyti verður stjórnarandstaðan að vísa málinu frá sér því að við þessar aðstæður, á meðan ástandið er eins og raun ber vitni á stjórnarheimilinu og engar upplýsingar er um þetta að hafa, er marklaust að fjalla um það hér. Ég lít því svo á að þessar lánveitingaheimildir til atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar séu markleysa, skot út í loftið, nema ekkert verði úr áformum hæstv. ríkisstjórnar, sem vel kann að vera, og deildin verði rekin áfram sem sjálfstæð eining allt þetta ár.

Ég tek það fram að ég mundi gjarnan vilja að hæstv. forsrh. upplýsti okkur um stöðu þessa máls áður en það fer lengra og áður en við greiðum atkvæði um fjárhagsheimildir til atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar á þessu ári kæmu upplýsingar um það hvar áformin standa um þróunarsjóðinn, auðlindaskattssjóðinn og sameiningu þessara sjóða allra saman í þetta mikla slengi, hæstv. forsrh.

Í öðru lagi óskuðum við eftir upplýsingum um hvað liði störfum nefndar ráðherra eða ráðuneyta sem sett var á laggirnar sl. sumar til að útfæra tillögur um fjárstuðning til þeirra útgerðaraðila sem mestan samdrátt urðu að þola við úthlutun veiðiheimilda fyrir yfirstandandi kvótaár. Eins og mönnum er kunnugt og menn muna lofuðu hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. því að varið yrði svipuðum fjárhæðum til útgerðaraðila í formi styrkja, og þá til þeirra sem samdráttur í þorskveiðum bitnaði þyngst á, og áformað var að fengjust fyrir sölu veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs eða litlar 500 millj. kr. Um þetta var gefið alveg afdráttarlaust loforð. Sérstaklega er mönnum í minni fundur sem þeir félagar, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., héldu vestur á Flateyri við Önundarfjörð og lofuðu mönnum þar að slíkir styrkir yrðu sendir út og það bráðlega. Og það var skipuð nefnd ráðherra eða ráðuneyta í málið þannig að það var sett í formlegan farveg. Skömmu síðar var spurst fyrir um það á Alþingi hvar málið væri statt — það mun hafa verið í október. Þá sagði hæstv. forsrh. úr þessum ræðustóli: „Innan nokkurra daga eða í mesta lagi nokkurra vikna.“ Það var svolítið á reiki hjá hæstv. forsrh. þegar betur var á hann gengið en það var samt enginn vafi í hans huga að málið var komið á endastig og eingöngu tímaspursmál hvenær niðurstöðurnar yrðu kynntar og því hrint í framkæmd.

Það var dálítið rætt um þessar ávísanir sem hæstv.

ríkisstjórn ætlaði að senda út til útgerðaraðilanna. Hæstv. fjmrh. slapp í blöðin og sagði að hann gerði sér í hugarlund að þetta gæti gerst þannig að þrír aðilar sameinuðust um þetta átak. Það yrðu Byggðastofnun, Fiskveiðasjóður og ríkisstjórnin, ef ég man rétt, sem kæmu með eins og sinn þriðjunginn hvert og leystu þetta bróðurlega sín í millum. Þeir urðu eitthvað lítið hrifnir, ef ég man rétt, hjá Fiskveiðasjóði og höfðu efasemdir um að ríkisstjórnin gæti gengið í vasa Fiskveiðasjóðs og útdeilt eigin fé sjóðsins því að auðvitað væri þetta eingöngu aðgerð til að ganga á eigið fé Fiskveiðasjóðs. En það er ekki efni málsins aðallega heldur hitt að þarna var alveg ljóst að ríkisstjórnin kynnti þetta sem endanlega ákvörðun, lofaði þessu og lýsti því yfir opinberlega, fleiri en einn og fleiri en tveir ráðherrar. Þótt hæstv. sjútvrh. væri dálítið í felum í þessu máli þá kannaðist hann þó við það en vísaði því gjarnan til forsrh., að þetta væri byggðamál.

Auðvitað þyrfti að gera ráð fyrr svona útgjöldum ef af þeim verður í fjárheimildum ríkisins fyrir þetta ár. Þess vegna spurðum við í efh.- og viðskn.: Hvar verður þessu fundinn staður? Hvar koma heimildirnar inn? Verður þetta lántökuheimild fyrir ríkið til að greiða þetta út o.s.frv.? Það varð satt best að segja frekar lítið um svör. Það hafði enginn neitt af málinu frétt síðan þarna um daginn þegar hæstv. forsrh. kom í ræðustól á Alþingi. Það var alveg sama hvern við spurðum. Þetta var allt mjög í véfréttarstíl. Það getur vel verið að mönnum finnist það allt í lagi að svona lagað detti bara upp fyrir, þetta sé bara eins og hvert annað loforð marklaust út í loftið og það séu bara uppi nýir tímar og nýr stíll og allt í lagi fyrir ráðamenn landsins að hegða sér svona. Mér finnst það ekki.

Staðreyndin er sú að þó menn sæju ýmis tormerki á þessari framkvæmd og fyndist þetta í raun og veru alveg afkáralega vitlaus lending hjá hæstv. ríkisstjórn, í staðinn fyrir að útdeila veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs til jöfnunar eins og menn vildu þá ætti að selja þær en senda mönnum svo ávísanir á móti, þá var það nú samt þannig að einstöku maður var svo ógæfusamur að taka mark á þessu. Og nokkur hundruð aðilar keyptu kvóta á sl. hausti svo til á fullu verði í fyrstu umferð. Þeir nýttu sér forkaupsrétt sinn og sumir þeirra treystu á það að þeir fengju svo fjárstuðning frá ríkinu vegna þess að ekki minni menn en hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. höfðu lofað því. Og auðvitað er það engin framkoma að ganga svo algerlega á bak orða sinna við slíkar aðstæður. Það er engin framkoma.

Ég spurði að því strax áður en salan fór fram á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs: Hvað ætla menn að gera ef aðeins lítill hluti útgerðarmanna kaupir kvótann á tiltölulega háu verði, svo hrynur verð hans og þeir sitja eftir eins og illa gerðir hlutir hafandi tekið mark á þessari lönguvitleysu ríkisstjórnarinnar og verið vélaðir inn í hana? Það er auðvitað alveg augljóst mál að þeir menn sem fóru þannig að ráði sínu naga sig nú í handarbökin. Fiskiríið er nú ekki merkilegt eins og menn vita og engar ávísanir hafa komið frá hæstv. ríkisstjórn sem sumir treystu á að mundi fjármagna þessi kvótakaup þannig að þeir gætu þess vegna kannski yfirdregið á heftinu eða slegið sér skammtímalán í banka til að kaupa kvótann og borga hann út eins og kröfur voru um af hálfu Hagræðingarsjóðs. Þeir fengju svo peningana frá hæstv. forsrh. á móti. Nei, þetta er satt best að segja heldur ömurleg frammistaða svo ekki sé meira sagt, nöturlegt, eins og stundum var sagt úr þessum ræðustóli á fyrri árum.

Málið stendur þannig formlega séð, a.m.k. gagnvart efh.- og viðskn. að sú nefnd ráðuneyta eða ráðherra sem fór í málið hefur ekki lokið störfum. Það voru þau svör sem efh.- og viðskn. fékk: Að nefndin hefði ekki lokið störfum. Nú spyr ég — að vísu er hæstv. forsrh. genginn úr salnum: Hvað er að frétta af nefndinni?

Nú vill ekki svo til að hv. formaður efh.- og viðskn. sé formaður í þessari nefnd þó hann njóti mikils álits í stjórnarflokkunum og hafi nýtekið við formennsku í einhverri frægustu nefnd lýðveldisins, þ.e. tvíhöfðanefndinni. Vil ég leyfa mér við þetta tækifæri að gratúlera hv. formann efh.- og viðskn. með framann að vera orðinn annar af tveimur formönnum tvíhöfðanefndarinnar. En ég hygg þó að hv. formaður efh.- og viðskn., 5. þm. Norðurl. v., beri ekki ábyrgð á þessari kvótaávísananefnd og þess vegna sé ekki sanngjarnt að beina spurningum til hans í þessu sambandi. Ég tel þó seint sé að ekki sé seinna vænna en hæstv. forsrh. upplýsi okkur eitthvað um það hvar þetta mál er á vegi statt og því verði þá komið út úr heiminum þannig að þessari vitleysu verði hætt og hætt að halda útgerðarmönnum volgum í þeirri von að þeir geti átt von á peningum frá þessum snillingum, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. Það er búið að draga menn nógu lengi á asnaeyrunum ef það á að verða niðurstaðan.

Ég vil þá nefna, hæstv. forsrh., að í nál. minni hlutans er jafnframt fjallað um hinn hefðbundna skerðingarkafla eða „þrátt-fyrir-kafla“ eins og hann hét lengi vel. Við gerðum miklar athugasemdir við uppsetningu hans í efh.- og viðskn. eins og hún er samkvæmt frv. til lánsfjárlaga og í IV. kafla þess. Þar átti að beita þeirri merku nýbreytni við lagasetningar að sameina í eina grein, 11. gr. frv., breytingar á 20 mismunandi lögum. Fullyrði ég að það hefði verið heimsmet, a.m.k. Íslandsmet, fram til þessa í lagasetningu að breyta með einni lagagrein 20 lögum, eins og þarna var áformað með því að hafa skerðingarákvæðin öll í einni lagagrein sem hefur aldrei sést áður svo mér sé kunnugt um.

Þessu mótmæltum við auðvitað harðlega og ekki bara þessu, heldur líka því að framsetning greinarinnar var á þá lund að í 11. gr. lánsfjárlaga skyldi standa að framlög ríkissjóðs samkvæmt eftirtöldum lögum og lagaákvæðum skuli ákveðin í fjárlögum ársins 1993. Síðan er talið upp eitt til tuttugu, lög nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð, lög nr. 50/1957, um Menningarsjóð o.s.frv.

Þetta vildum við leyfa okkur að halda fram að væri gjörsamlega óboðleg og óforsvaranleg framsetning á lagabreytingum því vandséð var hvaða tilgangi efnisleg atkvæðagreiðsla um þessa 11. gr. lánsfjárlaganna þjónaði í reynd, ef hún ætti eingöngu að vísa yfir í

niðurstöður fjárlaganna. Ég leyfði mér að spyrja: Hvenær fer þá hin efnislega atkvæðagreiðsla fram? Hvenær heimila í sjálfu sér alþingismenn skerðinguna? Er það þegar þeir greiða atkvæði um 20 lagabreytingar í einu við 11. gr. eða er það þegar fjárlögin eru afgreidd og til hvers er þá 11. gr. lánsfjárlaganna?

Niðurstaða fékkst í þetta mál og hún var á þá leið að breyta uppsetningu skerðingarákvæðanna til fyrra horfs. Það er gert í brtt. meiri hlutans og fyrir það ber þó að þakka að menn féllust á þessi sjónarmið og a.m.k. er ekki horfið út á braut þessarar merku nýbreytni að láta menn í einni og sömu lagagreininni breyta útgjaldaákvæðum 20 mismunandi og alls óskyldra laga, eins óskyldra og Listskreytingasjóður er t.d. verkefnum Hafnabótasjóðs.

Hitt er svo annað mál að þessi vinnubrögð eru auðvitað óskaplega til ama og hafa lengi verið að hér skuli ganga aftur árvissir draugar þar sem skert eru ákvæði sérlaga með þessum hætti og væri mikil hreinsun af því ef menn mönnuðu sig upp í að fara í gegnum lagasafnið og taka einfaldlega út eða með einhverjum hætti breyta þessum ákvæðum þannig að þau lytu þá hefðbundnum árlegum útgjaldaákvörðunum Alþingis en væru ekki með steindauðan bókstaf um einhvers konar verðtryggð eða vísitölubundin útgjöld af einhverju tagi eins og þarna er á ferðinni.

Hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, hefur stundum gert þetta að umtalsefni hér og ég held að menn mættu hugleiða hans orð í þessu sambandi. Þetta er ekki eitt af því sem sérstaklega eykur virðingu Alþingis að vera að unga út lögum. Sumpart eru á ferðinni tiltölulega mjög nýleg lagaákvæði sem svo eru umsvifalaust brotin með sérstökum ákvörðunum við lánsfjárlagagerðina á hverju ári.

Fulltrúar minni hlutans eru andvígir ýmsum af þessum skerðingarákvæðum. Það var ekki sérstaklega farið yfir það kannski af okkar hálfu hvað þar var á ferðinni. Þó voru í nál. nefndir þættir þar sem við teljum að allt of langt sé gengið eða ekki eigi yfir höfuð að koma til neinnar skerðingar. Við minnum t.d. á Húsafriðunarsjóð. Það er auðvitað til skammar að menn skuli ekki geta látið fjárveitingar til hans í friði við þessar aðstæður. Þar eru ærin verkefni. Hér eru ekki miklir fjármunir á ferðinni en verkefnin eru ærin. Það liggur fyrir að fátt er jafnatvinnuskapandi, ef menn eru að hugsa um þann þátt málsins, og einmitt viðhald gamalla húsa og varðveisla fornminja. Það liggur við að það sé hrein vinna, t.d. viðhald torfbæjanna því torfið er ókeypis eins og kunnugt er og ljáirnir yfirleitt til. Í raun og veru er það því nánast 100% vinna sem felst í slíkum framkvæmdum.

Ef menn vilja hafa það í huga þegar þeir kortleggja útgjaldamálefni ríkisins að gjarnan megi stuðla að því að vinnuþátturinn sé sem mestur í ljósi erfiðs atvinnuástands og vaxandi atvinnuleysis, þá vildi ég leyfa mér að halda því fram að fátt ef nokkuð fyrirfinnst á Íslandi sem hafi hagstæðari hlutföll í sér fólgin heldur en einmitt viðhald gamalla húsa og varðveisla fornminja. Það er okkur Íslendingum til nokkurs vansa svo ekki sé meira sagt hversu illa við stöndum þarna að málum. Ég vil leyfa mér að stinga upp á því að þessir þættir verði sérstaklega athugaðir. Ég segi ekki að það mundi draga mjög mikið um það þó Húsafriðunarsjóður fengi óskert framlög en þó er það eitthvað og mundi a.m.k. eitthvað muna um að hækka þetta frá þeirri 10,5 millj. kr. upphæð sem gert er ráð fyrir í þessi verkefni á landinu öllu á þessu ári samkvæmt fjárlagafrv. Það er ekki merkilegt upphæð, satt best að segja.

Síðan gagnrýnum við sérstaklega hvernig meðferðin er á Vegagerð ríkisins samkvæmt þessu frv. og öðrum ákvörðunum hæstv. ríkisstjórnar. Það mál hefur þegar verið mikið rætt, bæði við afgreiðslu fjárlaga og í tengslum við vegáætlun sem komin er til umfjöllunar á þinginu. Þó verður ekki komist hjá því að minna á það að hæstv. ríkisstjórn gengur þarna óheyrilega langt í því að skerða hinn markaða tekjustofn Vegagerðarinnar og gera hann upptækan í ríkissjóð, að ganga í þennan tekjustofn með aukahækkunum á honum og afla sér þannig fjár sem auðvitað þyngir skattbyrðina á þessari grein og skapar minna svigrúm fyrir tekjur til Vegagerðarinnar sjálfrar.

Í þriðja lagi er svo velt yfir á Vegagerðina nýjum verkefnum í stórum stíl þannig að mun nema háum fjárhæðum á næstu árum. Þetta veldur því auðvitað að hinar mörkuðu tekjur Vegagerðarinnar dragast geysilega saman en í staðinn er Vegagerðinni vísað í lántökur. Vegagerðin verður einn af stóru lántakendunum á þessu ári, slagar upp í — ég segi nú ekki Landsvirkjun, en verður einn af þeim stóru með lántökur hátt á annan milljarð kr. á árinu.

Þetta er auðvitað alveg hroðaleg breyting til hins verra fyrir Vegagerðina. Því hvað sem um fjárveitingar til vegamála má segja á undanförnum árum, og ríf-ast menn um það endalaust hver hafi staðið sig öðrum betur eða verr í þeim efnum, það er kannski ekki aðalatriði málsins, reynslan sker úr því, þá geta menn ekki um hitt deilt og það er að sá er munurinn á að fram til þessa hefur Vegagerðin framkvæmt fyrir eigið aflafé og ekki safnað skuldum nema það lítilræði sem hefur stundum safnast upp í einstökum kjördæmum vegna lántöku þegar verið er að ljúka einstökum stærri verkefnum. En það hefur ekki verið umtalsvert og Vegagerðin sem stofnun hefur ekki búið við mikla skuldabyrði.

Það mun nú heyra fortíðinni til, því miður. Í stað þessa eigin fjár verður Vegagerðinni ýtt út í stórfelldar lántökur og þess mun auðvitað sjá stað þegar á næstu árum þegar Vegagerðin þarf að ráðstafa stórum hluta tekna sinna, hverjar sem þær nú verða, til að borga af þessum lánum. Ég er ansi hræddur um að þá muni ýmsir sem þá glöptust til að hæla þessum ráðstöfunum hæstv. ríkisstjórnar naga sig í handarbökin og þess vegna er e.t.v. hyggilegt, ef svo kynni að fara að þeir hinir sömu menn sætu í einhverjum tilvikum á Alþingi eftir 4–5 ár, að þeir geymi sér orðaskiptin þangað til þá. T.d. hv. 3. þm. Vestf. sem nokkuð hefur látið þetta mál til sín taka í töluðu máli. Ef svo skyldi fara að við yrðum báðir á Alþingi 1995 eða 1996 þá held ég að það væri fróðlegt að við færum yfir reynsl-

una á þessu fyrirkomulagi og hversu hamingjusamir við verðum þá yfir því að Vegagerðin skuli vera með margra milljarða skuldir á bakinu. En það er það sem hæstv. ríkisstjórn er að stofna til.

Fleiri þætti mætti nefna eins og málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna sem ljóst er að á engan hátt er þannig búið að að unnt sé að framkvæma lög um námslán og námsstyrki eins og andi þeirra býður upp á. Hæstv. ríkisstjórn hefur, eins og kunnugt er, skert þau lán mjög verulega og þrengt að námsmönnum með þeim afleiðingum að stórlega fækkar fólki í námi þrátt fyrir vaxandi atvinnuleysi þegar tilhneigingin ætti að vera öfug ef eitthvað er, að fleiri reyndu þá að nota tímann til að afla sér menntunar frekar en að ganga um og mæla göturnar. Þróunin hér er öfug miðað við það sem t.d. hefur orðið í nágrannalöndunum þar sem reynt hefur verið m.a. að mæta vaxandi atvinnuleysi með því að auðvelda fólki að afla sér menntunar og endurhæfa sig. Hér gerist hið gagnstæða eins og oft endranær að þessi mál þróast í algjörlega öfuga átt hjá okkur. Það er þrengt að námsmönnum, námslán skert og aðstæður þeirra sem erfiðasta hafa stöðuna til að kosta sig til náms verða það slakar að þeir hrökklast frá námi eins og dæmin sýna.

Sömuleiðis hefði verið ástæða til að fara betur ofan í húsnæðismálin og á það er minnt í nál. og þá er talað um Landsvirkjun sem er auðvitað stærsti einstaki lántakandinn í landinu fyrir utan ríkissjóð. Landsvirkjun þarf hátt í 8 milljarða kr. að láni á þessu ári. Staða þess fyrirtækis er slík að það getur sáralítið ef nokkuð borgað niður skuldir sínar á árinu. Ef ég man rétt voru það e.t.v. tugir milljóna sem meiningin var að raunskuldir Landsvirkjunar gætu lækkað á árinu. Hér er því nokkurn veginn slegið lán fyrir öllum afborgunum og vöxtum fyrirtækisins. Það er auðvitað ekki heppileg staða. Þarna spila inn í hlutir eins og gengisfellingin sem á sinn stóra þátt í því að skuldir Landsvirkjunar jukust á einni viku um 4 milljarða kr. Fóru úr 42 milljörðum í u.þ.b. í 46 milljarða.

Auðvitað væri ástæða til þess að farið væri miklu nánar yfir stöðu þessa fyrirtækis sem er að stórum hluta í eigu ríkisins en gert hefur verið að mínu mati. Landsvirkjun hefur verið alveg sérstakt ríki í ríkinu og hefur nánast ekki mátt anda á það fyrirtæki. Ég held að eigandinn, ríkið, þurfi að hafa það í huga að þarna er á ferðinni gífurlega stór aðili sem ríkið ber mikla ábyrgð á og þess vegna geti verið skynsamlegt að fara ofan í saumana á málefnum fyrirtækisins, ekki endilega vegna þess að þar sé eitthvað bogið við heldur einfaldlega til þess að menn viti hver staða þess er og hvað í vændum geti verið. Það er alveg ljóst að ríkið ber mikla ábyrgð á þessu fyrirtæki. Þetta er opinbert fyrirtæki í beinum skilningi þess orðs. Ríki og sveitarfélög eiga það og það er svo stórt og fyrirferðarmikið sem langstærsti einstaki aðilinn á íslenska lánamarkaðnum utan við ríkið að ástæða er til að gera betur en að taka bara við árlegum óskum fyrirtækisins um lántökuheimildir eins og gert hefur verið, að manni sýnist, undanfarin ár.

Þess vegna eru þessi orð um það höfð þó svo aðstæður byðu ekki upp á það að fara í slíka vinnu í annríkinu dagana fyrir jólin þegar efh.- og viðskn. afgreiddi þetta mál frá sér.

Hæstv. forseti. Ég hef þá lokið við að renna yfir nál., þ.e. hið fyrra, og ætla þá lítillega að nefna á nýjan leik það sem fram kemur í frhnál., dagsettu í gær, á þskj. 590 og þá sérstaklega koma aftur að þeim tíðindum sem borin voru okkur í efh.- og viðskn. að hæstv. ríkisstjórn hefði ákveðið að falla frá skerðingu á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu við byggingu og viðhald íbúðarhúsnæðis.

Áform stóðu til að lækka þá endurgreiðslu um 40%, úr 100% niður í 60%. Þannig ætlaði ríkissjóður sér að afla 400 millj. kr. í tekjur á árinu 1993. Í fjárlagafrv. er þetta sett upp sem nettótekjur ríkissjóðs upp á 400 millj. Að vísu er þar minnt á að þetta hafi ákveðin verðlagsáhrif en engar efasemdir eru settar fram um að þessi aðgerð muni hins vegar skila 400 millj. í tekjur hjá ríkinu. Þetta eru, hæstv. forseti, alveg yfirgengileg vinnubrögð svo ekki sé meira sagt. Við fengum á okkar fund fulltrúa hagdeilda Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Þeir mættu þar með ítarlega greinargerð sem tekin hafði verið saman á þeirra vegum og hún er birt sem fskj. með nál. minni hlutans og ég hvet þingmenn til að kynna sér þá greinargerð. Ég hygg að hún sé vel unnin og a.m.k. hefur mér ekki verið sýnt fram á að neitt í henni standist ekki. Með fylgdi bréf Benedikts Davíðssonar, forseta ASÍ, og Þórarins V. Þórarinssonar, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins, til forsrh. þar sem eindregið var óskað eftir því að fallið yrði frá þessari mislukkuðu ákvörðun og vísað í því sambandi í útreikninga og rökstuðning hagdeildanna.

Hvað kemur í ljós þegar farið er yfir það hvað þessi ákvörðun hefði þýtt í reynd? Það er næsta kostulegt því fyrir utan vísitöluáhrifin og verðbólguáhrifin, sem eru náttúrlega ærið áhyggjuefni og eru til nefnd af hálfu bankanna sem ein af aðalástæðunum fyrir vaxtahækkunum, kemur t.d. í ljós að þessi litla aðgerð, sem ýmsum kann að þykja, sem veltir þó ekki nema 400 millj. í útgjöldum ríkisins flytur 4 milljarða til í þjóðfélaginu, frá skuldurum til lánveitenda. Fjórir milljarðar færast yfir á einu bretti. Greiðslubyrði einstaklinganna, heimilanna og fyrirtækjanna í landinu af lánum vex um 1.250 millj. kr. á ári vegna þessarar einu aðgerðar. Í fjárlagafrv., í framsöguræðu talsmanna meiri hlutans, í máli hæstv. fjmrh., var ekki minnst á slíka hluti einu orði. Það er nefnt að aðgerðin hafi auðvitað ákveðin vísitöluáhrif og punktur. Hvers konar er þetta? Kostulegast af öllu er auðvitað það að þegar farið er yfir áhrif þessara breytinga á ríkissjóð sjálfan, sem átti að græða 400 millj., er útkoman sú að þetta er tekjutap fyrir ríkissjóð vegna þess að tekjur eða öllu heldur útgjöld ríkissjóðs vegna ýmissa vísitölutengdra bóta eða frádráttarliða frá skatti aukast um 266 millj. kr. Tekjuskattur vegna persónufrádráttarins minnkar um 221 millj., vegna sjómannaafsláttar um 8 millj., vegna barnabóta um 14 millj., vegna barnabótaauka um 10 millj. og vaxtabætur og húsnæðisbætur aukast um 13 millj. þannig að á móti kemur til frádráttar tekjutap eða

útgjöld ríkisins upp á 266 millj. En ekki er allt búið með því. Nei, vegna þess að þegar síðan kemur að vaxtauppgjörinu fyrir ríkissjóð, vaxtagjöldum og vaxtatekjum vegna skulda ríkissjóðs sjálfs, hvað bætist þá við? Vaxtagjöldin aukast um 275 millj. á árinu vegna þessarar breytingar en vaxtatekjurnar aðeins um 130 þannig að niðurstaðan er sú að áhrifin á greiðslustöðu ríkissjóðs eru til viðbótar neikvæð um 145 millj. á árinu. Leggi menn svo saman 266 og 145, hvað fá þeir út úr því? Þeir eru komnir yfir 400 millj. sem ríkið átti að hafa í tekjur af því að skerða endurgreiðslu á virðisaukaskatti í þessu tilviki. Er það nú frammistaða sem borin er á borð fyrir alþingismenn sem skattahækkun og sannanlega er það það sem eigi að auka tekjur ríkissjóðs um 40 millj. Kemur í ljós að það er tekjutap og í heildina verri staða ríkissjóðs upp á einhverjar millj kr. þegar lagt er saman tekjutapið og aukin vaxtaútgjöld.

Hæstv. forseti. Maður er gersamlega gáttaður á þessari uppákomu svo ekki sé meira sagt. Er það nú frammistaða. Ég held að einhvers staðar hljóti einhverjir að vera sem skammist sín dálítið fyrir þetta mál. Auðvitað eiga hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. fyrst og fremst að taka við skömminni og þó að við viljum auðvitað ekki skemma fríið fyrir hæstv. fjmrh. með því að tala illa um hann hér og láta hann fá hiksta þá er það samt þannig að hann sem húsbóndi fyrir þessu liði verður að líta dálítið rækilega í eigin barm þegar hann kemur heim. Sömuleiðis þarf hæstv. forsrh. að gæta orða sinna þegar hann sem siðameistari og einhvers konar háyfirdómari agaðra vinnubragða fer að siða menn til á næstunni. Kannski segir hæstv. forsrh. af sér sem háyfirdómari vinnubragðanna.

Það er auðvitað fagnaðarefni og undir það er tekið í nál. minni hlutans að aðilar vinnumarkaðarins hafa afhjúpað vinnubrögðin. Þeir hafa sýnt fram á, svo ekki verður um það deilt, að ríkisstjórnin hafði ekki hugmynd um áhrif eigin ákvarðana þegar hún var að kynna þær og pína þær í gegn hér fyrir jólin. Hún gerði sér enga grein fyrir því hverjar afleiðingarnar væru. Þetta var reyndar það sem við héldum fram og vöruðum við og ég man eftir því að hv. 1. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, varaði sérstaklega við þessum vísitöluáhrifum í ræðum hér um skattamál sem frsm. minni hlutans þá. Ég leyfi mér þess vegna að spyrja í næstu umferð: Er ekki viss hætta á því að svo sé um fleira, þ.e. að það geti verið að eitthvað fleira sé ekki alveg pottþétt hjá hæstv. ríkisstjórn? Ég held að það sé svo og ég ætla að taka annað dæmi þar um. Svo vill til að fulltrúar Stéttarsambands bænda komu einnig á fund efh.- og viðskn. til að ræða við nefndina um deilu þá sem staðið hafði um samskipti bændasamtakanna og ríkisvaldsins vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að lækka endurgreiðslu á virðisaukaskatti á tilteknar greinar innlendra matvæla, búvörur. Ég held að þar sé að mörgu leyti hliðstæð vitleysa á ferðinni hjá hæstv. ríkisstjórn eins og er með þennan virðisaukaskatt af íbúðarbyggingum vegna þess að áhrifin eru nokkurn veginn jafnheimskuleg. Að vísu er ekki sama rúllettan sem fer af stað í gegnum vísitölutengingarnar á peningamarkaðnum en því er þó alveg ómótmælt að vísitöluáhrif og verðhækkunaráhrif þessarar hækkunar búvörunnar eru afar óheppileg og koma í bakið á mönnum. Þar eru einnig fjárlagaliðir sem eru vantaldir í fjárlagafrv. Bændur benda t.d. á það að í búvörusamningnum, mjólkurhliðinni, er sjálfkrafa ákvæði um að verði endurgreiðslur virðisaukaskatts á þessar búgreinar skertar þá falli niður innibyggð eða umsamin framleiðnikrafa til mjólkurframleiðenda upp á 1% á árinu. Hvað þýðir það? Það þýðir útgjöld fyrir ríkissjóð í formi meiri beinna greiðslna til bænda, tekjutap á móti, þannig að aðgerðin sem átti að færa ríkissjóði einhverjar 250 eða 300 millj. mínusast um 25 millj. ef ég man þá tölu rétt, sem bændur sýndu fram á. Ég held að þarna sé á ferðinni nokkurn veginn jafnvitlaus aðgerð og ég hvet hæstv. ríkisstjórn til þess að skoða hvort ekki sé skynsamlegt að viðurkenna mistökin á fleiri sviðum og falla líka frá eða a.m.k. lækka þessa skerðingu á endurgreiðslu virðisaukaskatts á matvæli. Þessi aðgerð ríkisstjórnarinnar veldur miklum verðhækkunum eins og sýnt er fram á og reyndar hefur komið fram og sýnt er fram á í fskj. með þessu nál. Á næstu vikum munu ýmis afleidd áhrif koma fram. Þannig er það t.d. að í kjölfar þess að kjötið hækkar beint mun unnin vara að sjálfsögðu hækka á næstu vikum sem nemur a.m.k. hráefnisþættinum o.s.frv. Víxlverkunin fer því í gang þegar stofnað er til verðhækkana af þessu tagi af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Einhver deila hefur verið um það hversu mikill hluti hækkunar búvaranna sé vegna skertrar endurgreiðslu á virðisaukaskatti. Sú deila er óþörf vegna þess að óyggjandi gögn liggja fyrir um það. Ég bendi mönnum á töflu sem fylgir þessu nál. Þar kemur alveg skýrt fram að 7,28% af verðhækkunartilefnum í eggjum er vegna lækkunar á endurgreiðslum virðisaukaskatts eða rúmar 18 kr. á hvert kg, að 11,14% í kjúklingum er vegna lækkunar endurgreiðslu eða 29 kr. á hvert kg sem kjúklingakjötið þarf að hækka beint vegna þess að ríkið hækkar matarskattinn. 13,48% eða öll hækkunin í nautakjöti er vegna þess að ríkið hækkar matarskattinn, 48 kr. á kg af nautakjötinu og í svínakjöti eru þetta sambærilega 8,65% eða 26 kr. og 53 aurar.

Varðandi ásakanir um að bændur hafi eignað ríkisstjórninni meira en efni stóðu til í þessum efnum vísa ég í minnisblað frá Fréttasambandinu þar sem skýrt kemur fram að í frásögn og kynningu á málinu var því ævinlega haldið til haga að orsakir verðhækkananna væru tvenns konar: Annars vegar hækkun tilkostnaðar vegna gengisfellingar og fleiri aðgerða og fleiri hluta og hins vegar hækkunarþörf vegna hækkunar á matarskatti. Ég sé ekki annað af þessum gögnum, sem fyrir liggja í málinu, en að bændur hafi komið algerlega hreint til dyranna í þessum efnum. Þeir útreikningar sem þarna liggja fyrir og eru reyndar frá landbrn., ekki bændasamtökunum, sundurliða þetta þannig að hver og einn getur áttað sig á þessu sjálfur. Úr því að hæstv. ríkisstjórn er á annað borð tekin til við að afturkalla mislukkaðar ákvarðanir sínar í skattamálum og dregur þær breytingar inn í lánsfjárlagafrv. sem hér er til umræðu held ég að ástæða sé til að hvetja hana

til að gera þá betur og lagfæra fleira. Ærin eru tilefnin.

Einnig bárust inn í nefndina óskir um það að tekin yrði inn heimild vegna járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og bæði hvað varðar skammtímafyrirgreiðslu til fyrirtækisins þannig að rekstri þess megi halda áfram á næstu mánuðum en einnig að heimilt verði að semja um aukningu hlutafjár og endurfjármögnun fyrirtækisins í samvinnu við hina erlendu eignaraðila eða aðra hugsanlega ef til kæmu og koma fyrirtækinu þannig á sæmilega traustan grundvöll. Í nál. minni hlutans segir að margt virðist mæla með því að reynt verði að forða þessu fyrirtæki frá gjaldþroti. Ég hygg að það sé almennt sjónarmið að auðvitað sé ekki á bætandi að þeim fyrirtækjum fjölgi sem verði gjaldþrota og segi upp öllu starfsfólki sínu. Ærinn er nú vandinn samt. En þó er að mörgu að hyggja í þessu sambandi. Fyrir það fyrsta er ljóst að mjög sértæk aðgerð er á ferðinni svo að ekki sé nú meira sagt, eins sértæk og nokkur aðgerð í atvinnulífi getur verið, þ.e. að bjarga einu fyrirtæki, sértækasta ráðstöfun sem um getur og orðið getur. Menn skulu þá líka hafa það í huga að lítið hefur orðið úr stóru orðunum um bannhelgi hinna sértæku aðgerða ef hæstv. ríkisstjórn ríður á vaðið eða hefur forustu um að ganga í sérstakar aðgerðir til bjargar þessu eina fyrirtæki.

Einnig er rétt að fram komi að okkur þótti nokkuð skorta á upplýsingar. Þær sem voru reiddar fram fyrir nefndina voru nokkuð fátæklegar og það leiddi m.a. til þess að ákveðið var að til ríkisstjórnarinnar kæmi eingöngu heimild um að ganga til samninga sem síðan þyrftu aftur endanlega staðfestingu Alþingis. Í nefndinni komu fram þau sjónarmið að ekki væri eðlilegt að afgreiða endanlega eða opna heimild heldur yrði hún að vera með þeim hætti skilyrt að hin endanlega niðurstaða þyrfti við samþykki Alþingis.

Þá hef ég, hæstv. forseti, farið yfir þessi tvö nefndarálit, þ.e. nál. og frhnál., og rakið helstu efnisþætti þess og þar fyrir utan gert vinnubrögðin nokkuð að umtalsefni. Aðstæður eru satt best að segja ekki mjög gæfulegar á nýbyrjuðu ári. Skriða verðhækkana hefur dunið yfir landsmenn nú um áramótin og í töflu, sem tekin var saman og birtist í Vikublaðinu í síðustu viku, hafa nokkrar helstu hækkanirnar verið teknar saman, um 20 talsins. Ég er ekki viss um að allir hafi áttað sig á því eða sett þetta upp fyrir framan sig í eina töflu eins og þarna hefur verið gert og það er ærið óhugguleg lesning satt best að segja. Ég held að ég leyfi mér, með leyfi hæstv. forseta, að renna aðeins yfir þessa töflu, verðhækkunarskriðuna á síðustu dögum og vikum eða það sem boðað er og er fram undan á næstunni. T.d. liggur fyrir að bensín hefur hækkað um 12,8–15,4% á rétt rúmum mánuði, upp í 15%, nautakjöt um 14%, kjúklingar um 9,6%, svínakjöt um allt að 10%, egg um 5%, raforka samkvæmt gjaldskrá Landsvirkjunar um 4%, nafnvextir hafa hækkað um 1,5–2,75%, vextir af verðtryggðum lánum um 0–0,5%, hlutdeild sjúklinga í lyfjaverði er að hækka úr 25 í 32% þessa dagana og munar um minna, innflutt vara, bílar, heimilistæki o.s.frv. hækkar á bilinu 0–8% vegna gengisfellingarinnar, amerískar og japanskar vörur mest vegna þess að til viðbótar gengisfellingunni hefur komið hækkandi gengi þeirra gjaldmiðla og vega þær þó býsna þungt í innflutningsvísitölu okkar. Húshitun hækkaði 1. janúar um 8–14%. Póstburðargjöld hækkuðu í nóvember um 7% vegna forsendna fjárlaga, flugfargjöld hækkuðu um 4% í millilandaflugi og 4,5% í innanlandsflugi, farmgjöld skipafélaga hækkuðu um 4%, brennivín og tóbak hefur hækkað o.s.frv. Satt best að segja er þetta harla ljót lesning og hvað þýðir það þegar svona stór skriða verðhækkana fer út á einu tímabili? Jú, það þýðir að aðrar hækkanir koma í kjölfarið. Þeir sem eru með þessa vöru sem útgjaldaþátt í sínum rekstri skoða hjá sér töflurnar og segja: Ég verð að hækka hjá mér útselda vinnu eða framleiðslu mína vegna þess að hjá mér eru komin hækkunartilefni. Við vitum að í kjölfarið á slíkri skriðu sigla aðrar verðhækkanir næstu vikurnar og næstu mánuðina. Reyndar er það svo að í rökstuðningi bankanna fyrir sínum vaxtahækkunum kemur þessi skrúfuhugsunarháttur eða þessi skrúfuverkun kannski skýrast fram því að bankarnir segja beint: Vaxtahækkunin er afleiðing ákvarðana ríkisstjórnarinnar, verðhækkana og verðbólgu sem leiða af þeim. Auðvitað spilar slæm afkoma hjá bönkunum þarna inn í en fari menn yfir rökstuðning talsmanna bankanna, það sem þeir nefndu fyrst og bentu aðallega á, væru þessar verðhækkanir og verðbólguspár sem á þeim byggðust.

Þetta er staðan á nýbyrjuðu ári og ég sé ekki þá birtu fram undan sem hæstv. forsrh. að hætti forvera síns þóttist reyndar reyna að sjá um áramótin þegar hann hélt ræðu sína.

Auðvitað er það svo að e.t.v. sér hæstv. ríkisstjórn eitthvað að sér. Maður veltir því fyrir sér, er ríkisstjórnin tilbúin til þess að hverfa frá stefnu sinni í meira mæli en sem nemur þessari einu uppgjöf gagnvart endurgreiðslu virðisaukaskattsins? En staðan er svona: Verðhækkunarskriðan er að ganga yfir í þjóðfélaginu. Það er vaxandi atvinnuleysi. Vextirnir hafa hækkað og verðbólgan er komin á talsverðan skrið.

Ég vil því leyfa mér að lokum, hæstv. forseti, að segja það álit mitt að ef hægt er að tala um efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar þá sé hún hrunin og þess vegna sé aðeins tvennt til: Annaðhvort verður gerbreytt um stefnu á næstu mánuðum og menn skipta algerlega um aðferð gagnvart þeim erfiðleikum sem við stöndum frammi fyrir, í stað þess vítahrings samdráttar, atvinnuleysis, niðurskurðar og svartsýni sem menn eru að skrúfast niður í, þá verði gripið til annarra ráða og menn reyni að rífa sig upp úr þeim erfiðleikum í staðinn fyrir að skrúfa sig sífellt dýpra ofan í þá. Ég er alveg sannfærður um það að annað tveggja mun gerast á næstu mánuðum. Ríkisstjórnin verður knúin til þess að hverfa frá þessari stefnu í veigamiklum atriðum eða hún fer frá því að henni er ekki stætt að óbreyttu. Það er alveg á hreinu. Ég velti því dálítið fyrir mér hvort hæstv. forsrh. sé ekki að átta sig á þessu. (Gripið fram í.) Ja, það er nú spurningin. Mér hefur stundum fundist upp á síðkastið að hæstv. forsrh. væri svolítið breyttur maður, ekki sami völlurinn á honum

og var hér fyrst þegar hann einn vissi og hann einn kunni, sagði mönnum til á báðar hendur og leiðbeindi um vinnubrögð. Það hefur meira færst yfir á herðar hæstv. utanrrh. síðustu vikurnar a.m.k. að vera talsmaður hrokagikkshátt arins sem er ákveðið einkennismerki þessarar hæstv. ríkisstjórnar eða var a.m.k. En reynslan mun leiða þetta í ljós og reynslutíminn verða næstu mánuðir. Það er auðvitað alveg ljóst að hæstv. ríkisstjórn hefur stofnað til mikils ófriðar í þjóðfélaginu með aðgerðum sínum. Það horfir ófriðlega, því miður, t.d. í samskiptum aðila vinnumarkaðarins, fyrst og fremst vegna stefnu ríkisstjórnarinnar og framgöngu hennar. Það er ekkert farið dult með hvað það sé sem aðallega kyndi þar undir kötlunum.

Og ég geri þessi orð að mínum síðustu. Annaðhvort verður hæstv. ríkisstjórn að hverfa í grundvallaratriðum frá þeirri stefnu sem hún hefur fylgt og taka upp gjörbreytta stefnu og gjörbreytt vinnubrögð eða hún mun ekki kemba hærurnar út þetta ár.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Út af ræðu hv. þm. Steingríms Sigfússonar vil ég taka fram nokkur atriði. Ég finn það að honum finnst að ríkisstjórnin fari batnandi og játi nú mistök sín og það er ágætt. Í fyrsta lagi vil ég segja það sem mína skoðun að þær aðgerðir sem voru gerðar fyrir jólin, m.a. með gengisfellingunni, gefa minna tilefni tilefni til að taka á í sambandi við kvótaskerðinguna en áður var. Í öðru lagi varðandi stöðuna á fjármagnsmarkaðnum þá vil ég vísa til skýrslu Seðlabankans sem kom út fyrir jólin en þar kom fram það álit að staðan mundi kannski heldur rýmkast. Ég er nú ekki alveg sammála því en ég hygg að vextir og aðstæður á fjármagnsmarkaði muni haldast svipað á þessu ári.

Varðandi lífeyrissjóðina liggur fyrir að ráðstöfunarfé þeirra á þessu ári mun væntanlega verða 36,6 milljarðar. Það fer mjög vaxandi og ég hygg að kannski verði ekki sama þrengingin þar á bæ og þeir tala um í bréfi sínu.

Varðandi virðisaukaskattinn á vinnu iðnaðarmanna vil ég taka fram að eins og þeir reikningar sem lagðir voru fram sýna, þá virðist vera búið að finna upp eilífðarvél í sambandi við ríkisfjármálin og ef þetta væri allt saman rétt og satt mundum við ganga hart fram og lækka alla þá skatta sem koma inn í byggingarvísitöluna og ríkið mundi stórgræða. Það hringja alltaf vissar viðvörunarbjöllur þegar þannig eilífðarvélar eru komnar á skrið, en það sem um er að ræða er það að eftir að búið er að stilla af persónuafslátt og þær tölur allar fyrir árið og menn koma svo eftir á og breyta byggingarvísitölunni til lækkunar þá fer viss vísitöluleikur í gang sem felst efnislega fyrst og fremst í því að það verður tilflutningur á skatti sem kemur á byggingarvísitöluna yfir á tekjuskattinn þannig að með þessu er verið að hækka tekjuskattinn á móti. Og ég held að þetta sé kannski ekki alveg eins rakin leið til velfarnaðar eins og menn tala um.

Varðandi endurgreiðsluna af búvörunum þá liggur fyrir að hækkunin er 250 millj. Þetta þýðir í verðbólgu um 0,1–0,15% en ekki 0,3% eins og reikningar hafa gefið tilefni til.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi um skammdegisskýrslu Seðlabankans, þá þykir mér henni nú gert hátt undir höfði ef hún er orðin að efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Það eru ýmsar ágætar upplýsingar í skammdegisskýrslunni um fjármagnsmarkaðinn en ég hélt að lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar og forsendur fjárlaga og lánsfjárlaga væru stefnuplöggin um það hvað ríkisstjórnin hygðist fyrir í þessum efnum þannig að ég held að að sé lítið svar við þeirri sundurvirkni og þeim handabakavinnubrögðum sem ríkisstjórnin varð ber að og er alltaf að sannast æ betur að er ber að í þessum málum.

Varðandi lífeyrissjóðina er rétt að menn hafi það í huga að þeim er þarna ætlað að auka kaup sín um hátt á fjórða milljarð króna á þessum pappírum. Á sama tíma eru þeim að opnast möguleikar til fjárfestinga erlendis og reynslan frá síðasta ári er sú að það er að draga úr þessum föstu pappírakaupum lífeyrissjóðanna, m.a. vegna þess að þeir eru að nýta sér möguleika til að dreifa fjárfestingum sínum meira en áður var og líka vegna þess að þeir hafa í nokkrum mæli verið að leggja ákveðið fé í atvinnulífið. Og er það ekki af hinu góða, hv. þm.? **(VE:** Jú, mjög.) En er það þá skynsamlegt af hæstv. ríkisstjórn að gera ráð fyrir að þrátt fyrir þessar aðstæður geti þeir samtímis stóraukið kaup sín á bréfum hjá byggingarsjóðunum? Það gengur einfaldlega ekki upp nema til þess að vextirnir hækki þar og dragi til sín þetta meira fjármagn. Það er það sem talsmenn lífeyrissjóðanna eru að benda á. Þarna er alger brotalöm á ferðinni í áætlanagerð hæstv. ríkisstjórnar og það er langhreinlegast fyrir stjórnarliða að viðurkenna það.

Varðandi hækkun matarskattsins á búvörunum kann það að vera að í vísitölunni að meðaltali mælist þetta svona. Við vitum að þessi hækkun kemur þyngst við þá sem verja hlutfallslega mestu af tekjum sínum til matarkaupa og þess vegna er þetta sérlega óréttlát og vitlaus aðgerð og þó að hún sé út frá vísitöluleikfiminni e.t.v. ekki jafnskaðleg og lækkun endurgreiðslu virðisaukaskatts á húsbyggingar þá er hún samt vitlaus.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af endurgreiðslunni á virðisaukaskattinum á búvörurnar held ég að það liggi fyrir að ekki sé hægt að finna það út að það sé endilega láglaunafólk sem kaupir nautalundir á 1.000 kr. kílóið. Varðandi lífeyrissjóðina held ég að menn verði að hafa það í huga að húsbréfaútgáfan minnkar um 2 milljarða á þessu ári vegna tilflutnings á milli ára. Síðan hafa lán til einstaklinga verið að minnka og í því felst að það kemur aukið svigrúm m.a. til fjárfestinga í hlutabréfum fyrirtækja sem við erum vonandi sammála um, ég og hv. þm., að sé nauðsynleg.

Varðandi verðbólguna á þessu ári þá hafa spár verið mjög misvísandi um þetta, þ.e. verið kannski á bilinu 3–4,5% eftir því hver hefur verið að spá. Ég hygg að lægri talan verði svona það sem upp úr stendur og það er einfaldlega vegna þess að þær aðstæður eru í þjóðfélaginu að þeir sem eru að selja vöru eða þjónustu hafa einfaldlega ekkert svigrúm til þess að koma nema allra nauðsynlegustu hækkunum út í verðlag. Það eru engar þær aðstæður sem hafa breyst í efnahagslífinu, það er engin þensla heldur þvert á móti og það gerir það auðvitað að verkum að verðlagstölurnar verða örugglega í lægri kantinum á þessu ári þrátt fyrir allt það sem hefur gerst, m.a. gengisfellingu og skattbreytingarnar.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kann að vera svo að í vissum tilvikum sé þrýstingur af samkeppninni það harður að menn telji sig ekki hafa forsendur til að koma þessum hækkunum út en í öðrum tilvikum er þetta öfugt og dæmin sanna það. Það er nefnilega mikil bjartsýni og oftrú að halda að þetta sé í öllum tilvikum þannig að menn taki svona kostnaðarhækkanir á sig sjálfir. Auðvitað reyna allir sem geta að koma þeim af sér. Og menn skulu ekki horfa fram hjá hinu að í ákveðnum tilvikum er það freisting fyrir menn að nota tækifærið og setja út jafnvel meiri hækkun en þeir þurfa á að halda. Neytendasamtökin t.d. hafa verið að kanna það að undanförnu og samkvæmt upplýsingum frá þeim sem ég hef sjá þau dæmi upp í allt að 15% verðhækkanir þar sem menn kannski geta rökstutt 3–5% vegna gengisbreytinga eða af öðrum ástæðum. En menn nota tækifærið og krækja sér í talsverða hækkun sem þá hefur auðvitað lengi langað í til að auka hagnað sinn og í ýmsum tilvikum er mönnum stætt á því eða telja sig geta gert það þannig að ég er því miður ekki eins bjartsýnn og hv. formaður efh.- og viðskn. að verðlagsáhrifin af þessum aðgerðum öllum muni verða minni eða hverfandi vegna þess að samkeppnin sé svo mikil. Ég óttast að það sé ekki svo. Og varðandi ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á nýjan leik og kaup þeirra á húsbréfum, þá er það nú ekki rétt að kaupin eigi að vera 2 milljörðum minni en á þessu ári. Það var eingöngu tilflutningur yfir áramót á útgáfu skuldabréfaflokks upp á 4 milljarða, af hverjum átti að reyna að selja allt að 1 milljarði fyrir áramót sem breytir auðvitað engu um ráðstöfunarféð á þessu tímabili stórt séð. Og það er ljóst að þegar meðaltalið verður tekið yfir þessi tvö ár, þá er útgáfa húsbréfanna hin sama bæði árin eða um 12 milljarðar kr.

Útbýting þingskjals:

Skaðabótalög, 326. mál, stjfrv., þskj. 596.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til lánsfjárlaga sem hefur mjög víðtækar efnahagslegar afleiðingar með einum eða öðrum hætti í okkar samfélagi og tengist að verulegu leyti efnahagsstefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma í heild sinni. Það á ekki síst við vegna þess að inn í lánsfjárlög er farið að taka margvísleg ákvæði um málefni sem ekki tengjast beint lánsfjáröflun ríkisins. Það er að vísu ekki í fyrsta skipti sem það er gert, en að mínu mati er of mikið af því gert. En aðalatriðið í þessu máli er eins og í öllum öðrum að reyna að gera sér grein fyrir heildaráhrifum efnahagsaðgerða á hverjum tíma því að nú skiptir meginmáli að framleiðsla samfélagsins verði aukin, verðmætasköpunin efld og menn nái um það friði að halda framleiðslunni gangandi og sæki fram á veg. Allt sem ríkisstjórn og ríkisvald gerir í þessu sambandi verður að hafa þetta að leiðarljósi. Þótt ég geti tekið undir að mikilvægt sé að reka ríkissjóð með sem minnstum halla um þessar mundir þá má ekki fara út í aðgerðir þar sem ríkir svo mikil skammsýni að alls ekki sé óruggt að þessar tekjur skili sér og geti líka orðið til að draga úr verðmætasköpuninni þannig að auka atvinnuleysi og minnka framleiðslu samfélagsins. Það er það sem stundum hefur gerst þegar ofuráhersla hefur verið lögð á fjármál ríkissjóðs að þannig hefur farið.

Hér hefur verið nefnt eitt dæmi og hæstv. ríkisstjórn hefur viðurkennt að þar hafi átt sér stað mistök, þ.e. ákveðið var að hætta við endurgreiðslu á uppsöfnuðum virðisaukaskatti að því er varðar byggingarframkvæmdir að hluta og það hefur þau áhrif að lánskjaravísitalan hækkar um rúmlega 1%.

Ég get tekið undir það með hæstv. ríkisstjórn að áhrif lánskjaravísitölunnar eru of mikil og ég er sammála því mati að það beri að endurskoða hana. Ég leyfði mér t.d. að spyrja fulltrúa bankanna hvort hægt væri að treysta á það að ef gerðar yrðu minni kröfur til híbýla manna hér á landi, t.d. með því að hætta við að gera þá kröfu að rafmagn væri jarðtengt, mætti tryggja að vextir lækkuðu. Þetta er svona að kröfur til híbýla endurspeglast í byggingarvísitölunni sem síðan kemur inn í lánskjaravísitölu og með því að gefa út nýjar reglugerðir um það hvernig gengið skuli frá húsnæði hér á landi er það alveg ljóst að það mundi verða til að lækka lánskjaravísitöluna.

Ég held að allir geti verið sammála um að þetta er ekki efnahagsstjórnun sem eigi að grípa til en í sjálfu sér hefði hæstv. ríkisstjórn getað gert það. Hún hefur væntanlega vald á einhverjum reglugerðum í þessu sambandi. En auðvitað átti hæstv. ríkisstjórn að vera það ljóst að aðgerð sem farið var út í að því er varðar virðisaukaskatt mundi hafa veruleg áhrif hér á fjármagnsmarkaðnum. Ég vil minna á að þegar greidd voru atkvæði um þetta mál þá minnti ég á þá staðreynd, þegar ég gerði grein fyrir afstöðu stjórnarandstöðunnar, að skuldir ríkisins mundu trúlega hækka við þessa ákvörðun um 600 millj. kr. Þetta mat er a.m.k. ekki fjarri lagi. Það er svona á bilinu 500–600 millj. eftir því sem ég nú hef fengið upplýst, en því miður vannst ekki tími til að fara betur ofan í þetta mál í vinnu efh.- og viðskn.

Ég gat þess einnig að það hefðu verið gefnir út níu flokkar af húsbréfum upp á tæpa 40 milljarða þannig að húsbréfin mundu hækka um um það bil 400 millj. við þessa ákvörðun. Og síðan sagði ég, með leyfi for-

seta: „Síðan munu að sjálfsögðu eignir þeirra sem eiga peninga hækka að sama skapi. Þetta er ekki í neinu samræmi við ástand þjóðfélagsmála og lýsir best hversu röng verðtryggingin er við þessar aðstæður.“ Og ég vil jafnframt vitna til þess sem ég sagði í ræðu minni þann 18. des., þá sagði ég, með leyfi forseta:

„En þetta er ekki eingöngu gagnvart ríkissjóði heldur gagnvart öllum einstaklingum og fyrirtækjum í landinu. Einstaklingarnir skulda samkvæmt lánskjaravísitölu, fyrirtækin skulda samkvæmt lánskjaravísitölu og þessi aðgerð verður til að hækka skuldir allra einstaklinga og fyrirtækja í landinu um 1%.“ — En nákvæmlega mun það vera 1,07%. — „Það er þetta flókna samspil ríkisfjármála, viðskiptakjara og þjóðartekna sem þarf að hafa meira í huga nú en nokkru sinni fyrr. Ég tel að við gerð þessa frv. hafi þetta ekki verið haft í huga eða í minna mæli en nokkru sinni fyrr. Það má vel vera að ég muni ekki alla hluti rétt eða sé ekki hlutlaus í þeim efnum, en ég man ekki eftir öðrum eins hringlandahætti í kringum afgreiðslu fjárlaga og nú er á Alþingi.“

Ég vil rifja þetta upp vegna þess að hverjum og einum mátti vera ljóst að þessi aðgerð mundi hafa veruleg áhrif á lánsfjármarkaðinn. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að það er lítið til þess tekið þótt við í stjórnarandstöðunni séum að rifja upp slíkar staðreyndir og gjarnan haldið fram að við séum með málþóf og málalengingar á Alþingi. Ég vil hins vegar minna hæstv. ríkisstjórn á það að málefnaleg stjórnarandstaða er mikilvæg hverju lýðræðisþjóðfélagi og það er öllum hollt að hlusta á slíka gagnrýni og jafnframt er mikilvægt að virða það að betur sjá augu en auga og a.m.k. í þessu tilviki tel ég að stjórnarandstaðan hafi gert grein fyrir hugsanlegum afleiðingum af þessu tiltæki. Hins vegar ber að virða það að aðilar vinnumarkaðarins komu auga á það hvað hér var á ferðinni en ég get vel tekið undir það að í umsögnum þeirra var þessa máls ekki nægilega vel gætt. En þó vil ég á það minna að Landssamband iðnaðarmanna var með mjög afdráttarlausa umsögn í þessu máli og mótmælti því harðlega og bætti m.a. við, með leyfi forseta:

„Ekki bætir úr skák að í þessu frumvarpi er vegið að hag húsbyggjenda og byggingariðnaðarins úr mörgum fleiri áttum, þ.e. með skerðingu vaxtabóta, skerðingu skattfrádráttar vegna húsnæðissparnaðarreikninga og sérstakri skattpíningu og óréttmætum skattareglum varðandi atvinnurekstur í eigin nafni.“

Þetta er dæmi um viðbrögð sem voru þá uppi um þessi mál og voru óvenjuhörð. Það er vissulega rétt að skattbreytingum og skattahækkunum hefur iðulega verið mótmælt en ég man ekki eftir jafnhörkulegum viðbrögðum og voru við því frv. sem hér var til umfjöllunar.

Nú hefur hæstv. ríkisstjórn ákveðið að taka þessa ákvörðun til baka af þeim ástæðum sem hafa verið greindar og við bentum m.a. á. Það er vel því ég held að það sé nokkuð ljóst að ríkissjóður hefði haft afar lítið út úr þessari skattabreytingu ef þá nokkuð. A.m.k. var mér þó ljóst og er alveg ljóst jafnt í dag sem þá að þessi ákvörðun hefur svo óheppileg áhrif á fjármagnsmarkaðinn að það hlýtur að vera skynsamlegt að taka hana til baka. Hitt er svo annað mál, ég verð að segja það sem mína skoðun, að mér finnst bankarnir ganga einum of langt í því að telja að þessi ákvörðun réttlæti þeirra gerðir í einu og öllu. Mér finnst að forustumenn bankanna í landinu hafi látið í það skína að aðgerðir sem hafa áhrif á byggingarvísitöluna ráði mjög ákvörðunum þeirra um vaxtamál og ef það ætti að taka þá alvarlega þá mundi það væntanlega hafa sambærileg áhrif ef ríkisstjórnin mundi ákveða að breyta reglugerðum um híbýli manna þannig að byggingarvísitalan lækkaði. Það er þá kannski orðin hin æskilega handstýring á vöxtum í samfélaginu, að menn stýri vöxtunum með því að breyta reglugerðum um byggingar landsmanna. Þótt ég sé ekki hrifinn af framkomu hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli þá get ég heldur ekki sagt að ég sé mjög hrifinn af viðbrögðum bankanna. Þeir hafa haldið því fram, fram að þessu a.m.k., að það sem skipti meginmáli í sambandi við ákvarðanir að því er varðar vexti væri framboð og eftirspurn. Mér er það ljóst að vaxtahækkanir undanfarið eiga að einhverju leyti rót sína að rekja til þess að bankarnir hafa orðið fyrir verulegum töpum. Það eru líka takmörk fyrir því hvað bankarnir geta sótt mistök eða töp í sambandi við útlán til annarra lántakenda eða þá lagt það á sparifjáreigendur. Bankarnir verða líka að taka tillit til þess að það eru takmörk fyrir því hvað atvinnurekstur getur staðið undir miklum vöxtum og eftir því sem vextirnir verða hærri þeim mun meiri líkur eru til þess að fyrirtækin verði gjaldþrota og þar með aukast líkur á því að bankarnir verði fyrir mun meiri töpum. Þannig að þótt mér finnist að það vanti heildarsýn hjá núv. ríkisstjórn þá finnst mér líka vanta heildarsýn hjá íslenska bankakerfinu. Ég get ekki tekið undir það með þeim að allar vaxtahækkanir eigi rót sína að rekja til aðgerða ríkisstjórnarinnar, en þeir hafa nokkuð verið í þeim málflutningi, þótt ég sé ekki mikið fyrir það að taka upp varnir fyrir hæstv. ríkisstjórn og hafi ekki fundið hjá mér neinn sérstakan vilja til þess, þó ég vilji gæta sanngirni í hennar garð.

Það má segja að þessi gagnrýni sem ég hef viðhaft í þessu máli eigi jafnframt við um ýmsar aðrar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar í skatta- og efnahagsmálum. Ég vil nefna það sem dæmi að við héldum því fram að það væri líklegt að sérstakur virðisaukaskattur á ferðaþjónustuna gæti leitt til þess að umsvif hennar mundu minnka verulega, atvinnuleysi aukast og tekjur ríkisins dragast saman. Þessi atvinnugrein er einn helsti vaxtarbroddur í íslensku efnahags- og atvinnulífi og það er talið að hér sé um verulega möguleika að ræða ef rétt er á haldið í framtíðinni. Undir það vil ég taka og ég tel líka ástæðu til að taka undir það að mikil hætta er á því að með óhóflegri skattlagningu á þessa grein verði dreginn úr henni krafturinn, þar muni aukast svartsýni og ekki verði lagt út í markaðsöflun og fjárfestingar sem annars væri hægt að leggja í. Þetta muni því draga úr framleiðslu samfélagsins, auka atvinnuleysi, þar með auka útgjöld ríkisins vegna atvinnuleysisbóta og minnka skatttekjur ríkisins til lengri tíma litið. Þetta tel ég vera málefnalega gagnrýni og ég

er undrandi á því að ekki skuli hafa farið fram nein athugun á því hverjar væru hugsanlegar afleiðingar slíkrar ákvörðunar.

Ég vil minna á það að við í stjórnarandstöðunni fórum þess á leit við Þjóðhagsstofnun að hún legði mat á þessa ákvörðun sem hún gerði en hafði hins vegar mjög stuttan tíma til þess og ég tel að þarna hafi þurft að fara fram miklu ítarlegri athugun. Ég vil í þessu sambandi minna á að það var umræða í Danmörku fyrir stuttu síðan um það hvort ætti að breyta reglum um virðisaukaskatt að því er varðar gistingu. Nú eru í sjálfu sér allt aðrar aðstæður í Danmörku því þar er miklu meiri viðskiptamiðstöð og mikið um það að aðilar komi þangað vegna samskipta við EB o.s.frv. þannig að heimsóknir þangað eru ekki eingöngu tengdar ferðamönnum heldur í mun meira mæli vegna viðskipta en hér á Íslandi þó það sé vissulega vaxandi hér um slóðir. En það var metið af nokkrum aðilum, hversu ábyrgir sem þeir eru, að þetta mundi leiða til þess að til lengri tíma litið væri um þúsundir starfa að ræða og það er ekkert lítið mál. Þ.e. það var mat aðila þar að sú breyting sem þar stóð til, en varð nú ekki úr, mundi valda því að 2.000 störf sköpuðust þá þegar en þegar til lengri tíma væri litið þá var það mat aðila, sem kunni til mála í þessu fagi, að þar gæti verið um að ræða 10.000 störf. Nú þekki ég ekki nákvæmlega hvað réði ákvörðunum Dana í þessu sambandi að fallast ekki á þessa breytingu, ég býst við að það hafi verið m.a. með tilliti til stöðu ríkissjóðs, en umræðan þar fór fram einmitt á þessum grundvelli því atvinnuástand þar um slóðir er jafnframt mjög slæmt og jafnvel verra en hér á Íslandi þó það sé ekki ástæða til að fara í einhvern samjöfnuð um það.

Það er hins vegar athyglisvert að skömmu eftir að þessi ákvörðun er tekin á Alþingi þá birtist viðtal við hæstv. samgrh. Halldór Blöndal í Morgunblaðinu í byrjun mánaðarins og það viðtal virðist hafa verið tekið við hann eftir að hann var kominn erlendis og eftir því sem ég get komist næst þá er þetta viðtal tekið við hann í gegnum síma í Kaíró. Ég vildi vitna til þessara ummæla hæstv. samgrh. skömmu eftir að þessi ákvörðun er tekin. Ég skynja það þannig að hæstv. samgrh. hafi fengið alveg nýja innsýn í þetta mál við það að tala við starfsbróður sinn í Kaíró. Það er að sjálfsögðu mjög ánægjulegt að menn verði fyrir svo djúpstæðum áhrifum. Þótt mönnum finnist heldur leiðinlegt að hlusta á stjórnarandstöðuna þá þykir mönnum þeim mun athyglisverðara það sem menn segja í Egyptalandi. Þetta er allt af hinu góða ef niðurstaðan verður jákvæð. En hæstv. samgrh. sagði eftirfarandi:

„„Mér fannst athyglisvert að heyra hjá starfsbróður mínum í Kaíró að ferðaiðnaður er sú atvinnugrein sem skilar Egyptum mestum tekjum," segir Halldór. „Egypski ráðherrann hefur unnið að einkavæðingu ferðaþjónustu en stjórnvöld styðja greinina á ýmsan hátt með skattaívilnunum t.d. Ef við Íslendingar ætlum að taka þátt í samkeppni á þessu sviði verðum við að lækka verð og það gengur ekki nú að hækka álögur á ferðaþjónustu.""

Nokkrum dögum eftir að hæstv. samgrh. samþykkti það að leggja auknar álögur á ferðaþjónustuna og taldi ekki ástæðu til að svara spurningum eða málefnalegri gagnrýni okkar í stjórnarandstöðunni í þessu máli þar sem við m.a. vitnuðum til þess að það hefði verið ákveðið að taka upp sérstakar viðræður við ferðaiðnaðinn um þessi mál en aðilar í þessari þjónustu töldu að það væri undarlegt svar að fá það í formi þessa frv. Fyrst höfðu verið teknar upp viðræður, allt í miklu bróðerni og allir af vilja gerðir til að auka og efla þessa atvinnugrein, síðan er sent svarið, hækka á ykkur skattana þannig að þetta muni breytast og verðið hækka. Síðan skreppur samgrh. til Kaíró og þá er komin enn ný stefna.

Ég vildi spyrja hæstv. forsrh. sem gegnir starfi fjmrh. og er það vel, ekki síst ef eru uppi deilur milli hæstv. fjmrh. og hæstv. samgrh. í þessu máli, hvort ekki muni verða gerð breyting á frv. til laga um breytingar í skattamálum til samræmis við þessa nýju stefnu hæstv. samgrh. sem hann hefur nú boðað. Þetta er jafnframt dæmi um fljótræðislega ákvörðun sem ekki var studd nægilega góðum rökum þegar litið er til heildarhagsmuna samfélagsins. Það var alveg eins með ákvörðunina um það að breyta endurgreiðslum á virðisaukaskattinum. Það var rökstutt með því að ríkissjóður þyrfti á þessum peningum að halda. Það geta allir verið sammála því að ríkissjóður þarf á meiri peningum að halda og það er ekki gott dæmi sem hæstv. ríkisstjórn þarf þar við að eiga. En það er til lítils að fá peninga inn í ríkissjóðs ef jafnmikið fer út aftur af einhverjum öðrum ástæðum vegna sömu ákvörðunar eða þá að peningarnir koma alls ekki inn og þar að auki verði það til þess að auka atvinnuleysi á þessum viðkvæmu tímum.

Sama má segja um ákvarðanir að því er varðar bókaútgáfuna. Þar færðu menn fram allgild rök um það að þetta gæti orðið til þess að atvinna við prentun og útgáfu tímarita og bóka mundi að verulegu leyti detta niður af þeim ástæðum að taka upp virðisaukaskatt. Þetta var stutt ítarlegu áliti frá bókaútgefanda og tímaritaútgefanda hér í bær þar sem hann sýndi fram á það samkvæmt sínum útreikningum að þessi ákvörðun mundi leiða til taps fyrir ríkissjóð. Það vannst heldur ekki tími til að ræða þessa útreikninga eða fara ofan í málið með skipulegum hætti, til þess var enginn tími, og þar að auki er mér alveg ljóst að það var mikið álag á embættismenn fjmrn. og Þjóðhagsstofnunar sem vöktu daga og nætur við að koma saman frv. fyrir ríkisstjórnina einn daginn, breyta þeim svo næsta dag og lagfæra og lesa yfir á næturna. Þannig að undir þessum starfsskilyrðum er erfitt að fá vit í hlutina hvort sem það er vegna vöku embættismannanna eða vöku ráðherranna. Þeir hafa haft þann sið þegar mikið liggur við að vera á löngum fundum fram eftir öllum nóttum, sem er út af fyrir sig virðingarvert, en ég er ekki þeirrar skoðunar að það leiði alltaf til skynsamlegrar niðurstöðu.

Síðan má nefna skattamálin almennt og skattaákvarðanirnar í ljósi kjaramálaumræðunnar. Það hefur komið fram hjá verkalýðshreyfingunni að þær ákvarðanir sem ríkisstjórnin tók í skattamálum muni leiða til

átaka á vinnumarkaði. Ástæðan er sú að Alþýðusambandi Íslands, BSRB, BHMR, Dagsbrún og í reynd öllum verkalýðssamtökum í landinu þykir þessar ákvarðanir óréttmætar og þar sé skattbyrðinni ekki dreift með þeim hætti að jöfnun ríki meðal landsmanna. Það er hins vegar merkilegt að þessi samtök eru þeirrar skoðunar að það verði ekki hjá því komist að sköttum verði breytt og meiri álögur verði lagðar á fólk. Það er a.m.k. hjá mörgum verkalýðssamtökunum afstaðan að það sé eðlilegt að hækka skatta eitthvað. Hins vegar verði að gera það með réttmætari hætti. Hvað átt er við með réttmætari hætti má vitna til þeirra umsagna um þau mál sem eru langar og ítarlegar og ég ætla ekki að fara að rekja hér. En ríkisstjórnin hefur ekki talið ástæðu til að ganga til móts við þessar óskir og hefur þess í stað verið með ásakanir á hendur stéttarsamtökunum um að þau hefðu viljað gera miklu verri hluti en ríkisstjórnin sjálf vildi gera, þótt hún sé heldur slæm þá séu þau enn þá verri. Þetta er skynsamlegt samskiptaform af hálfu ríkisstjórnarinnar að taka upp slíkan skæting á viðkvæmum tímum. Ég vænti þess að m.a. þessi ákvörðun sem nú hefur verið tekin sé gerð í ljósi þess að reyna að koma á vinsamlegri samskiptum enda hafa menn tekið þessu skrefi vel og gengið út frá því að hér sé um fyrsta skref að ræða.

Það sem gerir málið líka erfitt og veldur ólgu eru þær væntingar sem núv. stjórnarflokkar hafa skapað meðal sinna kjósenda í þessum málum. Sjálfstfl. lagði á það mesta áherslu fyrir síðustu kosningar að safna fylgi með þeim hætti að hann væru eini flokkurinn í landinu sem lofaði því að hækka ekki skatta og síðan lofaði hann því að skattarnir yrðu lækkaðir og það gekk svo langt að frambjóðendur í Reykjavík munu hafa lofað því að skattprósentan færi í 35%. (**Forsrh.:** Ég kannast ekki við það.) Nei, 1. þm. Reykv. kannast ekki við það en ég hef séð tilvitnanir í þessu sambandi. Nú veit ég ekki hvort þau loforð hafa verið gefin með samþykki formanns flokksins, það má vel vera, en ég tel nauðsynlegt þar sem hæstv. forsrh. kannast ekki við þetta að fá þá úr því skorið hver hafi sagt þetta og hver hafi gefið slík loforð. En ég hef séð tilvitnanir í þessu sambandi. Ég hygg þó að hæstv. núv. forsrh. og formaður Sjálfstfl. hafi lofað því að lækka skatta án þess að tilgreina nákvæmlega hvað þeir ættu að lækka mikið og ég á von á því, hæstv. forsrh., að þínir kjósendur hafi almennt trúað því að með því að kjósa þinn flokk þá væri það trygging fyrir því að skattar mundu alls ekki hækka og síðan mundu þeir lækka. Það var sérstaklega rekinn sá áróður að með því að kjósa okkur hina alla, eins og gjarnan er sagt, þá sé það sérstök trygging fyrir skattpíningu, að við séum alveg gangandi ásýnd skattahækkana og skattpíningar og það sé alveg öruggt að því munum við beita.

Ég vil taka það fram í þessu sambandi að það er ekki skoðun mín og var ekki skoðun mín fyrir síðustu kosningar og ekki skoðun Framsfl. að það ætti að beita skattahækkunum. Hins vegar sagði formaður flokksins af varkárni að hann vildi ekki útiloka það að þær aðstæður gætu orðið að það yrði að gera. Það varð sérstakt árásarefni af hálfu forustumanna Sjálfstfl. vegna þessara ummæla og þau túlkuð með þeim hætti að þarna væri Framsfl. lifandi kominn og væri í reynd að boða skattahækkanir. Þannig verður að sjálfsögðu að meta þessi mál í ljósi þess hvað menn hafa sagt og hvað menn standa við. Það er alveg deginum ljósara að það er verið að hækka skatta og það hefur verið sýnt fram á það með óyggjandi hætti. Ég tel enga ástæðu til að vera að rifja það upp. En alveg sama hvað sagt er í þeim efnum, hæstv. fjmrh. kemur og segir: Þetta er nú ekki skattahækkun. Og jafnvel breyting á endurgreiðslu á virðisaukaskatti er t.d. að mati hæstv. fjmrh., og ég hygg hæstv. forsrh. líka, ekki skattahækkun. Það að draga úr undanþágum að því er varðar virðisaukaskatt, t.d. að því er varðar húsbyggjendur, það er ekki skattahækkun að mati ríkisstjórnarinnar. Hins vegar ef það væri látið standa og virðisaukaskatturinn hækkaður þannig að útkoman yrði sú sama þá skilst mér að það sé að mati ríkisstjórnarinnar skattahækkun. Það að minnka barnabætur er heldur ekki skattahækkun að mati ríkisstjórnarinnar. Það að minnka persónuafslátt er heldur ekki skattahækkun að mati ríkisstjórnarinnar. (**KSG:** Það er bara verið að minnka hann.) En ef skattprósentan er hins vegar hækkuð þá er það skattahækkun, jafnvel þó að áhrifin á kaupmátt launþeganna og ráðstöfunartekjur launþeganna sé sú sama. Það má náttúrlega lengi mótmæla skattahækkunum með svona röksemdafærslu en ég tel að hún sé svo gegnsæ að ég er hissa á forustumönnum Sjálfstfl., sem jafnframt eru kjörnir forustumenn þjóðfélagsins í dag, skuli halda fram slíkum röksemdum. Af hverju koma þeir ekki fram og segja: Því miður þá er hér ástandið með þeim hætti að við teljum að það verði að hækka skattana þrátt fyrir það sem við sögðum. Og viðurkenna það einfaldega með heiðarlegum hætti að þeir hafi orðið að gera þetta í stað þess að standa ár eftir ár og mótmæla því að þeir hafi framkvæmt skattahækkanir. (**Forseti:** Forseti vill spyrja ræðumann hvort hann sé að ljúka máli sínu því ætlunin var að gera hlé í þrjú kortér. Ef þingmaðurinn er að ljúka máli sínu þá vill forseti leyfa honum það, annars að óska eftir því að hann fresti ræðu sinni.) Ekki er það nú alveg, hæstv. forseti, ég á ekki mikið eftir en allnokkuð þannig að ég tel réttara að ég fresti ræðu minni, að beiðni forseta. — [Fundarhlé.]

Virðulegur forseti. Ég var í ræðu minni að fara nokkrum orðum um skattamálin almennt og ég hef orðið þess áskynja að það eru ekki aðeins við í stjórnarandstöðunni sem erum efins um margt sem hefur verið gert í skattamálum heldur er mjög mikil óánægja af hálfu aðila vinnumarkaðarins. Þess vegna er eðlilegt að það sé spurt við þessa umræðu hvort ekki standi til að taka upp viðræður við þá aðila um þessi mál almennt þannig að hægt verði að tryggja réttlátari skattabyrði á einstaklinga í landinu. Ég held að það verði að líta á það mál í þjóðhagslegu samhengi miðað við þá alvarlegu stöðu sem nú er uppi í atvinnu- og efnahagsmálum. Þessu vildi ég koma að í þessari umræðu þótt það hafi verið ítarlega um það talað áður. Hv. þm. Steingrímur Sigfússon hefur gert ýmislegt að umræðuefni en ég vildi þó aðeins víkja að málum sem ekki hafa ver-

ið skýrð með fullnægjandi hætti í efh.- og viðskn. Við áttum satt best að segja von á því að það kæmu til nefndarinnar upplýsingar um atriði sem varða hagsmuni sjávarútvegsins. Það hefur verið á það bent að hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að það standi til að endurgreiða það með einum eða öðrum hætti sem útgerðin hefur þurft að greiða fyrir veiðiheimildir til ríkissjóðs. Þessi yfirlýsing hefur aldrei verið tekin til baka en það hefur hins vegar verið tekið sterkt til orða og ég ætla ekki að fara að rifja það upp hér. Það er mjög bagalegt þegar slík mál eru í óvissu.

Ég sé að hæstv. samgrh. er kominn í salinn og ég vildi þess vegna ítreka þá spurningu sem ég lagði að vísu fyrir hæstv. forsrh. en er nauðsynlegt að hæstv. samgrh. svari einnig hér þar sem hann svaraði í engu þeirri gagnrýni sem við bárum fram að því er varðaði ferðaþjónustuna á síðasta ári, en stuttu eftir að hæstv. samgrh. greiddi atkvæði með því á Alþingi virðist hann hafa skipt um skoðun í Kaíró eftir samtöl við samráðherra sinn í því landi og virðist því hafa breytt um stefnu með sama hætti og hæstv. forsrh. gerði að því er varðaði endurgreiðslu á virðisaukaskatti því hæstv. samgrh. sagði eftirfarandi í viðtali eftir viðtal við egypska ráðherrann: „Ef við Íslendingar ættum að taka þátt í samkeppni á þessu sviði verðum við að lækka verð og það gengur ekki nú að hækka álögur á ferðaþjónustu."

Ég hafði því vænst þess, hæstv. samgrh., að eftir þessar athyglisverðu viðræður þínar í Kaíró og nýjar skoðanir sem komu í framhaldi af þeim samtölum, þá kæmi hér jafnframt frv. til laga um breytingar á þessu sviði í samræmi við þá nýju stefnu sem þú hafðir þarna boðað. Þessu tel ég nauðsynlegt að hæstv. samgrh. svari.

En ég vildi aðeins víkja að málefnum sjávarútvegsins og það er gott að hæstv. sjútvrh. er hér jafnframt en það mátti skilja á honum að þau mál er varðaði Hagræðingarsjóðinn væru í höndum forsrh. og það væri hans að leiða það mál til lykta eftir þau átök sem urðu um það mál á síðasta sumri. Það væri orðið efnahagsmál og ég skildi það svo að það væri í höndum forsrh. en það hefur því miður ekkert heyrst frá hæstv. forsrh. um það mál.

Síðan er annað mikilvægt mál sem við höfum heyrt um í fjölmiðlum, það er mál sem hefur gengið undir nafninu þróunarsjóður. Það má vera með ólíkindum að hægt sé að koma þeim sjóði á stofn nema með heimildum samkvæmt lánsfjárlögum eða breytingum á lögum. Það hefur verið látið í veðri vaka að um þetta mál væri samstaða innan ríkisstjórnarinnar og skal ég ekkert um það segja og það hefur verið boðað að þetta mál yrði kynnt á Alþingi. Við áttum því von á því, hæstv. sjútvrh., að það kæmi til umfjöllunar í sambandi við afgreiðslu lánsfjárlaga og ég vildi spyrja um það án þess að ég treysti mér til að fara mikið út í efnisatriði þess máls á þessu stigi, enda hef ég ekkert um það séð annað en það sem við höfum getað lesið um í blöðum. Mér er hins vegar ljóst að samkvæmt ákvæðum í lögum átti að ljúka endurskoðun fiskveiðistefnunnar í árslok 1992 og samkvæmt lögunum átti það að gerast í samráði við sjútvn. Alþingis. Mér er ekki kunnugt um að þessari endurskoðun sé lokið og ég vil spyrja um það með hvaða hætti ríkisstjórnin hafi hugsað sér að uppfylla þetta ákvæði laganna. Mér er a.m.k. kunnugt um það að það hefur ekkert samráð verið haft við sjútvn. Alþingis um þetta mál. Það voru að vísu fyrr á síðasta ári einn eða tveir fundir haldnir um þetta mál að okkar beiðni en við fengum þar nánast litlar sem engar upplýsingar og því getur það ekki gengið undir nafninu samráð. Þrátt fyrir lagaákvæði þar um þá hefur ekkert samráð verið haft við sjútvn. Alþingis um þetta mál. Það hefur hins vegar komið fram að ríkisstjórnin hafi lokið endurskoðun fiskveiðistefnunnar með því að koma sér saman um það að þessum þróunarsjóði yrði komið á fót með einhverjum ótilteknum hætti og er nú kominn tími til að það sé upplýst fyrir Alþingi.

Ég ætla ekki að hafa mikið fleiri orð um það mál þótt það væri vissulega ástæða til þess en ég tel að það sé ekki hægt að ganga frá afgreiðslu lánsfjárlaga nema einhverjar upplýsingar komi fram um stöðu þessa máls. Þær upplýsingar var ekki hægt að veita í efh.- og viðskn. og við hljótum því að gera kröfur um það að hæstv. ráðherrar skýri frá því hver sé staða þessa máls.

Ég vil geta um eitt mál sem kom til umfjöllunar í nefndinni á lokastigi, það eru málefni járnblendiverksmiðjunnar. Það hefur verið upplýst að þetta fyrirtæki á í miklum erfiðleikum og það hefur verið metið svo að það sé mögulegt að fleyta því yfir erfiðasta hjallann í þeirri von að verðlag á þessum afurðum muni breytast til hins betra. Ég tel það vera sjálfsagt mál að það sé tekið til mjög alvarlegrar skoðunar að hjálpa þessu fyrirtæki sem er að miklu leyti í eigu íslenska ríkisins, m.a. í því augnarmiði að verja hagsmuni ríkisins í þessu máli ef það er mat manna að hér muni verða breyting á. Það eru miklar sveiflur í þessari atvinnugrein með sama hætti og það urðu miklar sveiflur í ýmsum öðrum atvinnugreinum og mér finnst það fyllilega koma til álita að líta á slík mál af fullri alvöru, ekki síst í því atvinnuástandi sem nú er.

Ég verði hins vegar að segja það alveg eins og er að við í efh.- og viðskn. höfum nánast engar upplýsingar fengið um þetta mál til þess að geta lagt á það mat. Þegar ég fór hér í ræðustól þá fékk ég að vísu greinargerð frá járnblendiverksmiðjunni sem ég hafði ekki haft tilefni til að lesa enda verður nú að líta á að ýmislegt sem þetta fyrirtæki varðar verði að vera trúnaðarmál og það vil ég að sjálfsögðu virða. En ég tel það útilokað fyrir Alþingi að samþykkja heimildir í þessu sambandi nema við fáum gögn um málið. Það má vel vera að hv. þm. sem styðja ríkisstjórnina hafi fengið aðstöðu til þess að kynna sér þau gögn. En ég tel að það sé eðlilegt að við fáum það líka í stjórnarandstöðunni þannig að slík mál fái eðlilega umfjöllun. Ég hef beðið um að fá að sjá ársreikning þessa fyrirtækis. Ég hef beðið um að fá að sjá rekstraráætlanir fram í tímann og þessi gögn hef ég ekki séð. Síðan á að greiða hér um það atkvæði hvort menn vilja veita þessar heimildir eða ekki, og ég skal játa að mér er mikill vandi á höndum í þeim efnum. M.a. vegna þess að ég

vil líta af velvilja til þessa máls eins og ég skil að hæstv. ríkisstjórn vill gera. Ég hef yfirleitt vanist því hér á Alþingi þegar ábyrgðir af þessu tagi hafa verið veittar, m.a. til Flugleiða á sínum tíma, að þá hafi legið fyrir ítarleg gögn um það mál. Ég hef líka vanist því að því er varðar önnur fyrirtæki sem hafa verið veittar ábyrgðir fyrir, t.d. eins og flugfélagið Arnarflug, þótt ég skuli nú játa að það hefði mátt taka meira mark á því hvernig staða þess fyrirtækis leit út og ég er þeirrar skoðunar að þar hafi nú stundum verið gengið heldur langt í ábyrgðum miðað við það hvernig ársreikningar þess fyrirtækis litu út. En a.m.k. fyrir okkur sem erum vanir því að meta stöðu fyrirtækja út frá því hver er þeirra efnahagur og líta á rekstraráætlanir fram í tímann þá finnst mér það vera eðlileg beiðni að við fáum að líta á þau gögn. Ef menn telja að það eigi að vera trúnaðargögn þá vil ég virða það. En ég vænti þess því að milli 2. og 3. umr. fáum við tækifæri til þess að fara yfir það mál, að tími sé gefinn til þess að forsvarsmenn slíks fyrirtækis komi til fundar við þá nefnd í þinginu sem hefur með þetta mál að gera. Það er ekki hægt að líða það að litið sé á Alþingi í þessu sambandi sem einhverja afgreiðslustofnun og það beri að afgreiða mál með slíkum hraða hér að það sé ekki tími til að líta á þau. Þetta hefur því miður einkennt störfin að undanförnu, e.t.v. vegna þess hér hafa verið önnur stórmál á ferðinni og menn hafa ekki gefið sér nægilegan tíma í önnur mál sem skipta miklu máli en ég vil því ítreka það að lögð verði fram frekari gögn í þessu máli og það sé gerð eðlileg grein fyrir því.

Ég vil, virðulegi forseti, ekki fara frekar inn á þessi atriði hér í minni fyrstu ræðu. Ég vænti þess að ég fái svör við þeim spurningum er varða lánskjaramálin sem að vísu hefur verið svarað að verulegu leyti af hæstv. ríkisstjórn. Ég vænti þess að ég fái svör um það hvað hugmyndin sé að gera að því er varðar málefni sjávarútvegsins og boðað hefur verið og við áttum von á að kæmi hér inn. Ég vænti þess að ég fái frekari svör um það hver sé stefna ríkisstjórnarinnar að því er varðar samskipti við aðila vinnumarkaðarins og viðræður við þá um breytingar á áherslum í bæði skattamálum og í þessu frv. og ég vænti þess að ég fái svör um það hvort það sé ekki hugmyndin að fylgja hinni nýju stefnu samgrh. sem hann hefur boðað og ég tel að sé skynsamleg og vænti þess að það verði upplýst hvenær henni verður hrint í framkvæmd.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Vegna fsp. hv. 1. þm. Austurl. um hvar komið væri vinnu við þróunarsjóð sjávarútvegsins sem tilkynnt var á síðasta ári að í undirbúningi væri þá er rétt að upplýsa að það mál er enn í vinnslu það er — eins og ég veit að hv. þm. gerir sér grein fyrir — allumfangsmikið mál og er í vinnslu og Alþingi verður að sjálfsögðu gerð grein fyrir niðurstöðu þegar henni er lokið og þá kemur til þess að afla lagaheimilda í samræmi við niðurstöðu þeirrar vinnu þegar þar að kemur. En ég lít ekki svo á að það hafi orðið neinn óeðlilegur dráttur á þeirri vinnu enn sem komið er.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka þessar upplýsingar. En ég vil spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann telji að þegar þessi mál liggja fyrir þá sé lokið endurskoðun fiskveiðistefnunnar eða hvað líði því máli. Það mátti skilja svo í áramótaskrifum hæstv. forsrh. að þeirri endurskoðun væri lokið og það væri komin sátt um málið. En ég vil minna hæstv. sjútvrh. á það að við í stjórnarandstöðunni höfum a.m.k. ekkert komið að þessu máli eða séð um það og í því sambandi minna hann á að það eru skýlaus lagaákvæði um það í lögum um stjórn fiskveiða að það beri að ljúka því máli á síðasta ári og það eru enn skýlausari lagaákvæði um það að það beri að hafa samráð um málið við sjútvn. þingsins.

Ég tel að það hljóti að koma mjög til álita í þessu sambandi að því er varðar þróunarsjóðinn að það sé haft eðlilegt samráð við sjútvn. Alþingi í því máli áður en því er lokið með sama hætti og mér hefur skilist að það hafi verið haft samráð við ýmsa hagsmunaaðila. Mér vitanlega hefur ekki verið gerð nein tilraun til þess. En ef á að vera einhver meining á bak við orðið samráð í þessu samhengi þá hlýtur að vera litið svo á að það beri að gera það áður en niðurstaða er fengin. Nú segir hæstv. sjútvrh. að niðurstaða sé ekki komin og ég þakka fyrir það svar. En ég hafði skilið það áður að þessi niðurstaða væri komin og það ætti bara eftir svona að tilkynna það hér á Alþingi. En ég vil því spyrja hæstv. sjútvrh.: Stendur til að ganga alveg frá þessum málum í frumvarpsbúningi til Alþingis án þess að samráð verði um það haft við sjútvn. Alþingis?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt að taka það fram í þessu sambandi að þær hugmyndir sem uppi eru og kynntar hafa verið um stofnun þróunarsjóðs og gera þá ráð fyrir því að um það efni yrði sett sérstök löggjöf — það er rétt að taka það fram að slík löggjöf yrði ekki hluti af fiskveiðistjórnunarlöggjöfinni þó niðurstaða þess máls tengist heildarniðurstöðu í því máli. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. að samkvæmt bráðabirgðaákvæði fiskveiðistjórnunarlaganna átti endurskoðun laganna að vera lokið fyrir sl. áramót. Þetta er mjög umfangsmikið verk og ástæðulaust að draga fjöður yfir það að það hefur verið mikið ágreiningsmál og reyndar skiptar skoðanir um það í öllum flokkum. En ég vænti þess að nú bráðlega ljúki sú nefnd, sem hefur haft forustu um þessa endurskoðun á vegum stjórnarflokkanna, sínu starfi og geti í beinu framhaldi af því kynnt sína niðurstöðu fyrir nefnd hagsmunaaðila og sjútvn. þingsins áður en málið verður fullbúið til þess að leggjast fyrir Alþingi. Það verður auðvitað ekki gert fyrr en það samráð hefur farið fram sem lögin kveða á um við hagsmunaaðila og sjútvn. þingsins. Og eins og formenn nefndarinnar hafa tjáð mér að málið standi þá á það að geta gerst nú mjög fljótlega því að nefndin er komin mjög langt í sínu verki og fyrst og fremst

á hún eftir að ganga frá ýmsum minni háttar atriðum í sínu áliti áður en það verður endanlega kynnt. (**ÓRG:** Var ekki formaðurinn að segja af sér?)

Það er rétt, ef ég má, frú forseti, vegna þess að hv. 8. þm. Reykn. kallaði hér fram í, að Magnús Gunnarsson óskaði eftir því vegna sérstakra anna í sínu starfi að verða leystur undan störfum formanns í nefndinni á síðustu stigum þannig að hann gæti gegnt sínu aðalstarfi en hann situr áfram í nefndinni en Vilhjálmur Egilsson alþm. hefur tekið við nefndarformennsku af Magnúsi.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hvað sem líður nú allri formennsku í þessari nefnd sem á sér mjög sérstaka sögu, þá skil ég hæstv. sjútvrh. þannig að þessi nefnd, sem er undir allmerkilegri formennsku, sé um það bil að ljúka sínum störfum. Ég lít þá svo á að nefndin ætli sér að ljúka þessum störfum og klára þessi smáatriði sem hún á eftir eins og hæstv. ráðherra gat hér um án þess að ræða þetta mál neitt frekar við sjútvn. Alþingi. Það kemur mér satt best að segja ekkert á óvart, hæstv. ráðherra, miðað við það hvernig þetta mál hefur verið rekið. En ég tel það ekki vera í samræmi við anda laganna eða a.m.k. ekki þá gagnrýni sem viðhöfð var að því er varðar samráð um þetta stóra mál hér áður fyrr. Ég vil minna á í þessu sambandi að sá þróunarsjóður sem nú er hugmyndin að koma upp minnir í mörgu á Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins eins og hann var áður en núv. ríkisstjórn breytti honum þótt áreiðanlega sé þar einhver breyting á og vil minna hæstv. ráðherra á að það var mjög gagnrýnt á sínum tíma að ekki skyldi vera haft nægilegt samráð við páv. stjórnarandstöðu. Ef þetta mál er með einhverjum svipuðum hætti og fyrrv. Hagræðingarsjóður þá bið ég hæstv. ráðherra að lesa þó ekki væri nema lítið brot af löngum ræðum flokksfélaga sinna um þetta mál á Alþingi hér áður fyrr. Ég veit að það er að vísu allmikið verk að komast í gegnum það en það ætti að vera vel leysanlegt fyrir hæstv. ráðherra ef hann leggur sig fram í þeim efnum. (**Gripið fram í:** Hvaða ráðherra er það?)

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum nú þar stödd í þinghaldi að 2. umr. um lánsfjárlög er komin vel af stað. Okkur er öllum ljóst að fram undan er hlé á þingstörfum og því höfum við hér síðustu tækifærin til að beina spurningum til ráðherranna áður en þetta hlé hefst. Því er ekki óeðlilegt að menn fari hér nokkuð vítt og breitt enda vill nú svo til að lánsfjárlögin, eða lög um lánsfjárlög og fleira eins og þau munu heita samkvæmt breytingatillögu meiri hlutans, ná til ótrúlega margra þátta þjóðlífsins eins og ég mun koma síðar inn á.

Þegar litið er á þetta frv. beinast sjónir fyrst að þeim vinnubrögðum sem blasa við okkur varðandi þetta mál og önnur sem tengjast ríkisfjármálunum. Og ef menn líta einfaldlega á þær brtt. sem fylgja þessu frv. núna og er að finna á hvorki meira né minna en fjórum þingskjölum þá sýnir það auðvitað að hér er um að ræða mál sem tekið hefur miklum breytingum á milli umræðna. Og ég held að ríkisstjórnin megi nú þakka stjórnarandstöðunni fyrir það að samið var um að geyma lánsfjárlögin fram yfir áramót þar sem í ljós hefur komið að nauðsynlegt er að gera á þeim og reyndar öðrum lögum, sem samþykkt voru fyrir jól, nokkrar breytingar.

Þessi vinnubrögð hljóta náttúrlega að vekja spurningar um það hvernig staðið er að málum á vegum ríkisstjórnarinnar og þingsins og ég held að við getum ekki kallað þetta annað en flumbrugang í vinnubrögðum þegar mönnum liggur svo mikið á að fá samþykkt lög að það gefst ekki einu sinni tími til að athuga hvað í þeim felst eins og nú er fram komið og sést hér á einni af þeim brtt. sem fyrir liggja. Ég held að ég hljóti að beina því til ríkisstjórnarinnar að hún flýti sér nú hægt í framtíðinni til þess að það eigi sér ekki stað mistök af þessu tagi og kannski ekki síst að menn hlusti á þær athugasemdir sem fram koma. Nú var það svo að í efh.- og viðskn. voru kallaðir til ótalmargir aðilar á dögunum fyrir jól áður en við fórum í jólahlé. Þeir aðilar sem best mega þekkja til, og m.a. komu fulltrúar Vinnuveitendasambandsins og Alþýðusambandsins, bentu á ýmsa galla í skattalagafrv. og ekki síst það sem sneri að endurgreiðslum á virðisaukaskatti í byggingarstarfsemi. Á það var bent að þessi breyting mundi hafa ýmiss konar mergfeldisáhrif. En á þetta var ekki hlustað. Það er ekki hlustað, hvorki á aðila vinnumarkaðarins né stjórnarandstöðuna, heldur vaðið áfram án þess að menn athugi hvað þeir eru að gera. Það hljóta auðvitað að vakna spurningar varðandi ýmislegt annað sem var samþykkt hér fyrir áramót og þá verður mér einkum hugsað til þeirra breytinga sem gerðar voru á virðisaukaskattinum gagnvart ferðaþjónustunni sem eins og fram kom í umræðunni munu hafa í för með sér miklar breytingar og alvarlegar þegar þar að kemur og enn er tími til að skoða betur. Ég skora á hæstv. forsrh., sem brást nú nokkuð skjótt við í þessu máli eftir að honum hafði verið gerð grein fyrir þeim áhrifum sem breytingin varðandi byggingarstarfsemina mundi hafa, að hann skoði nú það mál sem snýr að ferðaþjónustunni. Því samkvæmt úttekt Þjóðhagsstofnunar munu þær breytingar hafa í för með sér samdrátt í greininni, fækkun starfa og menn óttast þar ýmis alvarleg áhrif. Þá er ekki síður að nefna landbúnaðinn og hækkun landbúnaðarvara sem líka hafa í för með sér margföld áhrif. Sú lækkun veldur því að beinar greiðslur til bænda hækka, það verður auðvitað hækkun á verðlagi og allt kemur þetta fram á mörgum sviðum þjóðlífsins. Ég ætla nú að koma undir lok ræðu minnar að þessu vísitöluþætti en þessi umræða hefur leitt í ljós hvílík hringavitleysa er þar á ferð. Það er auðvitað mál sem þarf að skoða þegar þetta kerfi er allt svona samantengt að ein takmörkuð aðgerð veldur því að við liggur að allt þjóðfélagið fari á annan endann.

Það er eitt atriði, frú forseti, sem ég vil líka vekja athygli á áður en ég kem að málinu sjálfu. Það snýr að hinni tæknilegu hlið þessa lagafrv. Ég vil enn einu sinni gera athugasemd við það hvernig málum er hrært saman á þann hátt sem verður að finna í þessu laga-

frv. Hér er í fyrsta lagi um það að ræða að frv. inniheldur lánsfjárlögin eins og þau snúa að ríkisvaldinu. Í öðru lagi er hér að finna það sem kallað hefur verið ráðstafanir í ríkisfjármálum, þ.e. hin svokölluðu „þrátt-fyrir-ákvæði". Síðan hefur bæst við breyting á nýsamþykktum skattalögum. Tæknilega séð þykja mér þetta mjög vond vinnubrögð og við höfum stundum kallað þetta lagasukk. Það væri miklu eðlilegra að greina þetta í sundur þannig að ekki sé verið að búa til lagabálka af þessu tagi sem innihalda ákvæði úr öllum mögulegum áttum. Ég held að varðandi löggjafarstarfið og til þess að það sé nú vel og skýrt unnið beri að forðast vinnubrögð af þessu tagi.

Lánsfjárlögin eru í rauninni endapunkturinn á öllum ríkisfjármálapakkanum og líklega stendur ríkisstjórnin í þeirri trú að hér með sé verið að loka þeim pakka og binda á hann sína slaufu, en í ljósi reynslunnar má eins búast við því að taka þurfi upp ýmis önnur ákvæði. Ég get ekki annað en vakið athygli á því að tekjuhlið fjárlaganna, sem samþykkt var fyrir jól, er harla óviss. Með þessum breytingum, sem hér stendur til að gera, verður 600 millj. kr. tekjuöflun að engu en væntanlega kemur eitthvað þar á móti. Við stöndum frammi fyrir því að samkvæmt bráðabirgðaspám Þjóðhagsstofnunar bendir margt til þess að samdráttur verði því miður meiri en ráð var fyrir gert sem þýðir væntanlega að samdrátturinn í tekjum ríkisins verður meiri en gert hefur verið ráð fyrir. Allt er þetta dæmi þess vegna harla óljóst.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum hafa mjög einkennst af árásum á launafólk í landinu og þarf vart að rifja upp það sem gert var hér fyrir jól. Þær aðgerðir voru af ýmsu tagi og voru gagnrýndar mjög harðlega, en spurning er auðvitað hvað skilar sér af þeim. Ég ætla ekki að rifja það upp fyrir þingheimi en eins og menn muna, þá sneru þær annars vegar að málefnum heilbrrn. og hins vegar að beinum skattahækkunum fyrir svo utan þann niðurskurð sem er að finna í sjálfu fjárlagafrv. Spurningin sem við stöndum frammi fyrir er: Hver verður lokaniðurstaðan út úr þessu dæmi? Þetta hafa verið afar umdeildar aðgerðir og ein af forsendunum þess að þau áform nái fram að ganga og niðurstöður fjárlagadæmisins standist er að ekki fari allt í bál og brand á vinnumarkaði en aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa verið með þeim hætti að varla er við öðru að búast. Það streyma inn uppsagnir kjarasamninga og það er greinilega mikill urgur í fólki vegna þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til. Atvinnuleysi fer vaxandi, því miður, og því er ekki annars að vænta en það séu nokkur átök fram undan. Það er auðvitað erfitt að sjá um hvað er hægt að semja á tímum eins og þessum en það sem þó er hægt að gera er auðvitað að auka jöfnuðinn því að aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa fyrst og fremst beinst að því að ráðast á lágtekju- og meðaltekjufólk en hlífa hinum tekjuhærri og því hlýtur krafan að verða um aukinn jöfnuð.

Inni í þessum dæmi eru svo vaxtamálin sem allmjög hafa verið til umræðu að undanförnu og manni finnst að bankarnir séu býsna fljótir að hlaupa til og hækka vexti þegar einhverjar fréttir fara af verðbólguspám en þegar þeir sjá teikn á lofti um einhverja lækkun eða minni verðbólgu eru þeir lengi að hugsa sig um. Þar hefur Íslandsbanki farið fremstur í för en hinir bankarnir hljóta óhjákvæmilega að fylgja eftir. En auðvitað hlýtur ríkisstjórnin að setja vaxtamálunum rammann með sinni gríðarlegu eftirspurn eftir lánsfé og jafnframt því hvernig hið efnahagslega umhverfi er. Ég er því ekki samþykk þegar menn eru að ráðast á bankaráðin og stjórnir bankanna fyrir vaxtahækkanir því að auðvitað stýrist þetta af ástandinu á markaðnum og eftirspurn eftir lánsfé. En auðvitað ræður hið efnahagslega umhverfi mestu og þar reynir á ríkisstjórnina að draga úr sinni eftirspurn eftir lánsfé. Það verður að viðurkennast að þar er úr vöndu að ráða og eitt að segja það í dag að menn verði að ná niður vöxtunum með því að draga úr eftirspurn eftir lánsfé, en segja að á hinn bóginn verði að grípa til ráðstafana til þess að auka atvinnu og að til þess sé réttlætanlegt að taka lán, eins og ég hef reyndar haldið fram. Þarna er vandinn sá að finna bil beggja og reyna að skrúfa þessa eftirspurn hægt og rólega niður.

Ef ég vík þá að sjálfu frv. til lánsfjárlaga, þá er þar margt mikilvægra mála sem vert er að velta fyrir sér. Ég kom hér áðan inn á eftirspurn ríkisins eftir lánsfé sem heldur uppi vöxtunum að hluta til í landinu. Þó verður það að viðurkennast að nokkuð hefur dregið úr þeirri eftirspurn en það virðist ekki verða til þess að vextir lækki heldur hækka þeir ef eitthvað er. Það er því fleira sem spilar þarna inn í. En það verður aldrei of oft sagt að eitt af því allra nauðsynlegasta í okkar fjármálastjórn er að lækka vextina, ekki aðeins vegna fyrirtækjanna í landinu og þeirra stöðu heldur ekki síður vegna heimilanna og þeirra miklu skulda sem á heimilunum hvíla.

Ef ég vík að einstökum atriðum lánsfjárlaganna, þá verður fyrstur fyrir mér Lánasjóður ísl. námsmanna. Hann þarf að taka veruleg lán til þess að fjármagna sína starfsemi. Þar með komum við að því atriði að árum saman hefur hinum ýmsu sjóðum verið beint í æ ríkara mæli út á lánamarkaðinn sem veldur því að æ stærri hluti af þeirra fé fer í að greiða afborganir og vexti af lánum. Það er búið að koma þessum sjóðum í mjög vonda stöðu. Það gildir ekki eingöngu um Lánasjóð ísl. námsmanna heldur ekki síður um byggingarsjóðina. Þetta er að mínum dómi mjög slæm stefna. Við í efh.- og viðskn. fengum formann stjórnar lánasjóðsins á okkar fund. Þar kom fram það, sem maður svo sem vissi, að þrátt fyrir miklar breytingar á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna er staða hans að mörgu leyti afar erfið, ekki síst vegna þess að menn sjá fram á það að lántökuþörfin muni aukast mjög á næstu árum. Sjóðurinn skuldar nú 11 milljarða kr. og þar af leiðandi fer æ meira af hans fé í það að borga afborganir og vexti. Þær breytingar sem gerðar voru á lánasjóðnum duga hvergi nærri til að mæta þessu. Þó að námsmönnum og lánþegum sjóðsins hafi fækkað nokkuð dugar þetta ekki. Það er m.a. vegna þess að lán lánasjóðsins eru flest skammtímalán, til 5–10 ára. Það upplýstist reyndar hjá formanni stjórnar lánasjóðsins að

hefði lögunum ekki verið breytt hefði vantað upp á 1.300–1.400 millj. kr. til viðbótar þeim gríðarlegu lántökum sem hér eiga sér stað. En í rauninni held ég að þessi mál hefði ekki verið hægt að leysa öðruvísi en með framlagi úr ríkissjóði. Ef við spyrjum okkur um það hver forgangsröðin eigi að vera í okkar samfélagi, þá er eitt af því mikilvægasta það að mennta þjóðina og stuðla að því að efla rannsóknir og vísindi. Því er það mín skoðun að hér hafi verið rekin alröng stefna í þessum efnum og hefði mátt gera ýmsar aðrar breytingar á lánasjóðnum til þess að halda honum í böndum. Fyrst og fremst er verið að grafa undan sjóðnum með því að beina honum í æ ríkara mæli út á lánamarkaðinn.

Þær miklu lántökur sem Landsvirkjun stendur frammi fyrir vekja líka athygli þegar haldið er áfram í þessu frv. og tengjast þeirri stóriðju og virkjanastefnu sem hér hefur verið rekin árum saman. Eins og við vitum gengur illa að koma orkunni í verð og flestir draumar stóriðjusinnanna hafa að litlu orðið. Þar af leiðandi virðist sem Landsvirkjun sé að komast í mikla erfiðleika. Ekki var gengisfellingin til þess að bæta ástandið svo sem vænta mátti. Þetta stóra og mikilvæga fyrirtæki er þess vegna í nokkrum vanda. Ég held að ég muni það rétt að skuldir Landsvirkjunar séu ⅓ af öllum skuldum þjóðarbúsins. Þarna er því ekki um neitt smáræði að ræða. Í rauninni held ég að menn hafi horft á þessi mál allt of þröngt og hér hafi þurft að byggja upp ýmiss konar smáiðnað og smærri fyrirtæki og ýta undir fjölbreytni í atvinnulífinu í stað þess að einblína á stóriðjuna með þeim hætti sem gert hefur verið á undanförnum árum.

Ég ætla að nefna Byggðastofnun nokkrum orðum. Hér eru nokkrar lántökuheimildir til Byggðastofnunar og þá vaknar auðvitað sú spurning sem ég vil beina til hæstv. forsrh. hvernig hann sér hlutverk Byggðastofnunar í framtíðinni. Maður hefur það á tilfinningunni, og svo sem meira en á tilfinningunni, það er staðreynd að Byggðastofnun svífur mjög í lausu lofti. Það er verið að breyta hlutverki Byggðastofnunar. Það er verið að taka af henni það lánahlutverk sem hún hefur verið í og sú spurning vaknar: Hvert á hlutverk Byggðastofnunar að verða? Er kannski ekki þörf á stofnun eins og þessari eða hvað ætla menn sér með hana?

Þá kem ég að byggingarsjóðum ríkisins. Hér situr hæstv. félmrh. og eins og ég nefndi áðan gildir auðvitað það sama um byggingarsjóðina og aðra sjóði að þeim hefur verið vísað æ lengra út á lánamarkaðina og ríkisframlagið verið skorið niður að sama marki. Ég vil vekja athygli á því að okkur í efh.- og viðskn. barst bréf frá Sambandi almennra lífeyrissjóða og Landssambandi lífeyrissjóða þar sem vikið er að auknum lántökum byggingarsjóðanna. Ég ætla að leyfa mér að lesa bréfið, með leyfi forseta. Þar segir:

„Samkvæmt frv. til lánsfjárlaga 1993, eftir brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., er gert ráð fyrir lántökum Byggingarsjóðs ríkisins að fjárhæð 3.860 millj. kr. og Byggingarsjóðs verkamanna að fjárhæð 6.870 millj. kr. eða samtals 10.730 millj. kr. innan lands og þá væntanlega hjá lífeyrissjóðunum.

Landssamband lífeyrissjóða og Samband almennra lífeyrissjóða vilja vekja athygli nefndarinnar á þeirri staðreynd að lántökur fyrrgreindra sjóða hjá lífeyrissjóðunum námu 7.363 millj. kr. á öllu árinu 1992. Þannig er gert ráð fyrir auknum lántökum hjá lífeyrissjóðunum um 3.667 millj. kr. eða um 45,7% á árinu 1993. Fyrrgreindar lánveitingar koma til viðbótar kaupum lífeyrissjóðanna á húsbréfum en útgáfa húsbréfa á árinu 1993 er talin verða álíka mikil og á árinu 1992.

Eins og fyrrgreindar tölur bera með sér er stefnt að stórauknum lántökum Húsnæðisstofnunar hjá lífeyrissjóðunum á næsta ári og verður ekki annað séð en afleiðingin yrði raunvaxtahækkun en ekki lækkun raunvaxta eins og stefnt er að. Lífeyrissjóðasamtökin harma að fulltrúar þeirra hafa ekki verið kallaðir fyrir nefndina þannig að benda megi nefndarmönnum á hversu stórfelld mistök eru hér í uppsiglingu."

Hér eru mjög alvarlegar ábendingar og ég beini því til hæstv. félmrh. að skoða þessa stöðu allrækilega. Það er búið að samþykkja fjárlög og verður litlu breytt um það hvernig byggingarsjóðirnir verði fjármagnaðir en það má alveg ljóst vera að þetta er allt hluti af sömu hringavitleysunni. Sjóðunum er stefnt út á lánamarkaðinn og eftirspurn eftir lánsfé eykst sem veldur vaxtahækkun. Spurningin er því hvernig hægt er að rjúfa þetta samhengi. Þó ég sé mikill stuðningsmaður hins félagslega húsnæðiskerfis, þá verður auðvitað að horfa á þetta mál í samhengi við annað og þá það, sem ég nefndi hér áðan, hversu nauðsynlegt það er að draga úr vaxtahækkunum. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. álits á þessu bréfi Sambands almennra lífeyrissjóða og Landssambands lífeyrissjóða og hvort hún telur að hér sé um réttar ályktanir að ræða af þeirra hálfu. En þetta er auðvitað mjög alvarlegt mál.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að hinum svokölluðu „þrátt-fyrir-ákvæðum". Þar verður fyrst fyrir mér Ríkisútvarpið, virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að ræða um Ríkisútvarpið. Samkvæmt frv. er framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins enn einu sinni skorinn rækilega niður þannig að hann fær ekki krónu af því sem hann hefði átt að fá en það er hvorki meira né minna en 200 millj. Þetta þýðir auðvitað að það hægist á allri þróun Ríkisútvarpsins. Þetta er hluti af þeirri stefnu að það er alltaf verið að samþykkja lög og eyrnamerkja fé en svo er það allt meira og minna tekið í aðra hluti. Okkur barst fyrir skömmu bréf frá útvarpsráði, undirritað af Halldóru Rafnar, formanni útvarpsráðs. Í bréfinu er Alþingi beðið liðsinnis til þess að Ríkisútvarpið fái að hækka afnotagjöld útvarpsins. Í bréfinu segir, með leyfi forseta:

„Um alllangt skeið hafa afnotagjöld Ríkisútvarpsins ekki verið í samræmi við verðhækkanir og hafa t.d. ekkert hækkað nú á þriðja ár. Á árunum 1990–1992 hækkaði almennt verðlag um 25%. Á sama tíma hækkaði afnotagjald Ríkisútvarpsins aðeins um 7%. Í fjárlögum 1993 er gert ráð fyrir 4% hækkun afnotagjalds. Sú hækkun nemur 67 kr. á mánuði frá hverjum gjaldanda. Brýnt er að breyting þessi verði staðfest hið fyrsta. Útvarpsráð beinir þeim einróma tilmælum til þingflokka Alþingis að þeir leggi málinu lið."

Ég spyr hæstv. forsrh., sem er reyndar ekki í sæti sínu þessa stundina, hvað standi til að gera í þessum efnum. Þessi heimild hefur áður verið á fjárlögum en Ríkisútvarpinu verið neitað um að hækka afnotagjöldin sem tengist auðvitað vísitöluvitleysunni sem við búum við. En öllum má ljóst vera hversu nauðsynlegt er að Ríkisútvarpið geti sinnt sínu hlutverki og það vel.

Ég get ekki stillt mig um að nefna hér enn einu sinni Menningarsjóð þó að menntmrh. sé að sjálfsögðu víðs fjarri. Því máli háttar þannig að það er búið að leggja fram frv. á Alþingi til breytinga á lögum um Menningarsjóð en það breytir ekki því að þar hefur verið staðið að málum með endemum og verið vaðið áfram í trássi við öll lög, en það gefst tækifæri til að ræða það mál síðar við menntmrh. En ég hygg að framgangur þess máls sé með eindæmum í íslensku stjórnkerfi.

Þá vil ég koma aðeins að Ferðamálasjóði sem enn stendur til að skerða verulega, eða um 111 millj. kr. Það bætist ofan á hækkun virðisaukaskatts og þá erfiðleika sem verið er að setja ferðamannaiðnaðinn í. Við hljótum að spyrja hvar þessi ósköp enda. Það hefur margoft verið bent á það í umræðunni að ferðaþjónustan hefur verið einn helsti vaxtarbroddur í atvinnulífinu en nú vegur ríkisstjórnin að þessari atvinnugrein þannig að útlit er fyrir að störfum muni fækka. Þar við bætist að hinum opinberu aðilum sem ætlað er að styðja við ferðaþjónustu og skipuleggja kynningu og áróður varðandi ferðamál er gert erfiðara fyrir og þeirra framlag skorið niður um 111 millj. kr., hvorki meira né minna. Þeir fá 68 millj. í sinn hlut en hefðu átt að fá 179 millj. Þetta er gríðarlegur niðurskurður.

Það mætti fara mörgum orðum um það hvernig landbúnaðurinn er skertur eins og reyndar í fjárlögunum. Margt af því er gamalkunnugt frá því í fyrra en það er erfitt upp á að horfa þegar greinum er mismunað í stað þess að menn skoði málið í heild og fari rækilega ofan í skipulag landbúnaðarins. Ég held að við stöndum frammi fyrir því að það sé orðið óhjákvæmilegt að fara að skoða ofan í kjölinn skipulag landbúnaðarins hér á landi. Það er mín niðurstaða eftir að hafa setið í landbn., og reyndar niðurstaða sem ég var komin að áður, að landbúnaðurinn er alveg ótrúlega njörvaður niður í fjölda fjölda lagabálka sem ég vil meina að standi honum fyrir þrifum í þróun.

Það mætti nefna miklu fleiri atriði en ég get ekki látið hjá líða að nefna enn einu sinni atriði sem mér er mjög hugleikið og stendur hjarta nær. Það er Húsafriðunarsjóðurinn sem skorinn er niður um 24,5 millj., hefði átt að fá 30 millj. en fær 12 millj. Ég hlýt að vekja athygli á þessu enn einu sinni þó mönnum finnist þetta ekki vera eitt af stærstu málum okkar tíma þegar miklir erfiðleikar blasa við í þjóðfélaginu, samdráttur og atvinnuleysi, en það er nú svo að með auknum framlögum til húsafriðunar má skapa vinnu. En það sem mér er efst í huga er að menn láti ekki samdráttartíma eins og þessa verða til þess að menningarverðmæti glatist eða eyðileggist. Ég get minnt á það enn einu sinni að m.a. torfbæirnir þurfa mikið viðhald. Þeir eru dæmi um staði sem draga til sín ferðamenn og skapa tekjur og eru náttúrlega séríslenskt fyrirbæri sem ekki finnst með sama hætti neins staðar annars staðar og því er mjög mikilvægt að halda þeim við. Ég vil líka benda á að þeim fækkar óðum sem kunna þá list að gera við torfbæina og þar af leiðandi er mjög brýnt að fá peninga til þess að halda bæjunum við og til þess að þeir örfáu menn sem kunna þetta nái að kenna það öðrum. Fáist ekki peningar til viðgerða fer heldur engin kennsla fram. Ég harma það alveg sérstaklega hvernig að þessu er staðið.

Það var reynt með lögum að koma fótunum undir húsafriðun á sínum tíma en síðan hefur það gerst ár eftir ár að þetta framlag er skorið verulega niður. Ég beini þeim eindregnu tilmælum til ríkisstjórnarinnar að hér verði stefnubreyting, ekki síst vegna þess að þarna má skapa vinnu yfir sumartímann og það vinnu sem mjög nauðsynlegt er að flytjist frá kynslóð til kynslóðar.

Ég nefndi í upphafi að það sem gerðist í kjölfar þess að ríkisstjórnarflokkarnir samþykktu ný skattalög fyrir áramót hefur vakið upp ýmsar spurningar og vakið athygli okkar á þeim vísitölutengingum sem hér hafa verið búnar til og áttu fyrst og fremst að vera mælikvarðar til þess að fylgjast með breytingum í efnahagsmálum en eru nú orðnar að sjálfvirku kerfi sem veldur sjálfvirkum hækkunum. Ég verð að segja að það nær ekki nokkurri átt að ekki skuli vera hægt að gera einhverjar breytingar. Þó ég sé ekki að mæla með þessum breytingum sem ríkisstjórnin var að gera þá verður það að segjast prinsippíelt að það er alveg út í hött að ekki skuli vera hægt að gera breytingar án þess það hafi í för með sér gífurlegar keðjuverkanir. Ég heyrði það í fréttum að forsrh. ætlaði að láta skoða þessi mál og ég vil spyrja hann um skoðun hans á þessu vísitölukerfi og hvaða breytingar sé hugsanlegt að gera á því.

Virðulegi forseti. Þó hér sé um afar stórt mál að ræða og væri hægt að fara mörgum orðum um margar þær breytingar sem hér eru á ferð ætla ég að fara að ljúka máli mínu. Ég vil vekja athygli á því að meiri hluti efh.- og viðskn. varð við þeim tilmælum að setja hin svokölluðu „þrátt-fyrir-ákvæði" upp á þann hátt sem við í minni hlutanum vorum sammála um að væri miklu skýrari og eðlilegri. Eins og þessar tillögur komu fram í upphaflegu frv. var ekki nokkur leið að átta sig á því hvað var þar á ferð heldur var einfaldlega um að ræða gríðarlanga upptalningu og kom ekki einu sinni fram hvaða tölum var verið að breyta. Þessu er kippt nokkuð í liðinn í brtt. og ég fagna því.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég ítreka þá skoðun mína, þó það komi ekki beint lánsfjárlögunum við, að ríkisstjórnin hafi farið fram með miklu offorsi í tillögum sínum og aðgerðum í ríkisfjármálunum. Það blasir við okkur að offorsið var svo mikið að menn vissu ekki hvað þeir voru að gera. Það hafa verið teknar ákvarðanir um miklar skattahækkanir á almenning í landinu. Þar á móti koma nokkrar skattalækkanir til fyrirtækjanna en þar er sá galli á gjöf Njarðar að einstakar atvinnugreinar, og þá hugsa ég einkum um ferðaþjónustuna, verði illa úti. Það verður ekki annað

séð en þessar aðgerðir muni valda miklum óróa í samfélaginu. Við fengum margvísleg mótmæli til okkar í efh.- og viðskn. fyrir áramót og hefur nokkuð borið á þeim síðan. Það er nú einu sinni svo að í jólamánuðinum getur verið erfitt að fylgjast með því sem verið er að gera á þingi ef fólk hefur mikið að gera en flestum varð líklega ljóst þegar þeir fengu launaseðlana sína upp úr áramótunum hvað þar var á ferð en mjög margt af því sem var samþykkt á eftir að koma fram.

Við lok máls míns vek ég athygli á því að ég hef miklar efasemdir varðandi þær tekjuöflunarleiðir sem ríkisstjórnin ætlar að byggja á. Ég tel að með sínum aðgerðum sé hún að auka samdráttinn og að ekki sé sýnt að aðgerðir hennar, sem áttu að hafa m.a. þau markmið að efla atvinnu, skili sér í aukinni vinnu. Því er mín lokaniðurstaða sú, virðulegi forseti, að því fyrr sem þessi ríkisstjórn fer frá völdum þeim mun betra, því hér þarf nýja stefnu og ný vinnubrögð til þess að takast megi að snúa vörn í sókn.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður vék nokkuð að lánsfjárþörf húsnæðiskerfisins og bréfi sem efh.- og viðskn. barst frá Landssambandi lífeyrissjóða og Sambandi almennra lífeyrissjóða vegna aukningar á lánsfé til byggingarsjóðanna á næsta ári miðað við síðasta ár. Á því má segja að séu nokkrar skýringar. Ég vil rifja upp að á árinu 1990 voru skuldbindingar lífeyrissjóðanna við húsnæðiskerfið um 53% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna, sem hefur farið lækkandi, var 47% 1991 og fór niður í 25% á síðasta ári. Stefnt var að því að lánsfjárþörfin frá lífeyrissjóðunum þyrfti ekki að vera meiri en 24% á næsta ári. Var þá miðað við þær áætlanir ríkisstjórnarinnar að hægt væri að byggja hér 500 félagslegar íbúðir á ári.

Nú stefnir í það að þetta verði ekki 24% eins og áætlað var heldur 29% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á næsta ári. Á það sér einkum tvær skýringar. Í fyrsta lagi hefur verið ákveðið og áform uppi um það að leggja af skyldusparnaðinn á þessu ári og greiða hann út að hluta til sem kallar á fjárþörf upp á sennilega 1.200–1.400 millj. Einnig hefur ekki tekist á þessu síðasta ári að greiða skuld Húsnæðisstofnunar við ríkissjóð sem var um 1.500 millj. og á sér sögu sennilega 2–3 ár aftur í tímann og er tilkomin vegna þess að lífeyrissjóðirnir hafa ekki staðið við skuldbindingar sínar og þess vegna hefur þurft að taka bráðabirgðalán hjá ríkissjóði. Þessar tvær meginskýringar eru á því að lánsfjárþörfin er meiri. Það er í fyrsta lagi skuldin við ríkissjóð og í annan stað að áformað er að leggja niður skyldusparnaðinn.

Síðan vil ég nefna eitt atriði til örstutt. Það er að áformað var að að hluta til yrði lánsfjármögnunin gegnum svonefnd húsnæðisbréf, sem lífeyrissjóðirnir lögðu áherslu á, og að ¼ af þörfinni kæmi þaðan en lífeyrissjóðirnir hafa ekki keypt nema fyrir um 1.100 millj. á síðasta ári af húsnæðisbréfunum miðað við 2 milljarða sem áætlað var.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þessi svör en þau beina sjónum að stöðu húsnæðiskerfisins og hvernig menn ætla sér að fjármagna það í framtíðinni því nú er það að gerast að fjármagnsmarkaðurinn er mjög að opnast og varla hægt að skylda lífeyrissjóðina áfram til þess að fjárfesta í húsbréfum og öðrum bréfum sem Húsnæðisstofnun býður upp á ef þar er ekki um að ræða bestu ávöxtun sem hægt er að fá. Við hljótum því að standa frammi fyrir nokkrum vanda. En ég minni líka á það sem ég sagði áður og kemur fram í lánsfjárlögunum að vandi byggingarsjóðanna ræðst ekki síður af því að þeir hafa neyðst til að leita út á lánamarkaðinn í æ ríkara mæli.

Það er náttúrlega ákveðinn fortíðarvandi sem þarna er á ferð þó menn megi ekki einblína á hann. Erum við ekki enn þá einu sinni komin að þeim punkti að þurfa að fara að skoða þetta húsnæðiskerfi allt í heild? Það hefur verið skoðað í bútum. Það hafa verið gerðar breytingar á Byggingarsjóði ríkisins og húsbréfakerfið tók þar við. Það hafa verið gerðar allverulegar breytingar á félagslega húsnæðiskerfinu. En er ekki komið að þeim punkti nú að við þurfum að fara að skoða þetta kerfi í heild og marka framtíðarstefnu sem felur í sér að það sé ekki verið að búa sífellt til ný vandamál?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli síðasta ræðumanns að það væri erfitt að skylda lífeyrissjóðina til þess að fjármagna húsnæðiskerfið. Ég vil þá vekja athygli á því að þær skuldbindingar sem lífeyrissjóðirnir hafa þurft að standa skil á til húsnæðiskerfisins hafa minnkað úr 55% í 25%. Ég vil enn fremur minna á að stærsti hlutinn af þessu lánsfjármagni, um 6–7 milljarðar a.m.k., fer til þess að byggja upp félagslega húsnæðiskerfið sem hlýtur að vera til hagsbóta fyrir sjóðfélaga lífeyrissjóðanna. Því vænti ég þess að þeir vilji leggja nokkuð á sig til þess að hægt sé að halda uppi þeirri útlánaáætlun sem að er stefnt, þ.e. 500 íbúðir á ári. Engu að síður vil ég segja að ég hygg að taka þurfi upp þá samninga sem voru gerðir við lífeyrissjóðina á síðasta ári til tveggja ára þar sem fram kom að ¼ af þörfinni yrði fjármagnaður í gegnum sölu á svonefndum húsnæðisbréfum og helmingurinn á árinu 1993 miðað við reynsluna þar sem í ljós kemur að það hefur ekki staðist, sem áætlað var og lífeyrissjóðirnir lögðu áherslu á, að keypt yrði fyrir 2 milljarða gegnum húsnæðisbréfin. Það hefur einungis orðið 1 milljarður. Þess vegna hygg ég að taka verði upp samninga sem gerðir voru við lífeyrissjóðina vegna þess að ætla má, miðað við fyrri reynslu, að ekki sé raunhæft að helmingurinn af þessu sé fjármagnaður í gegnum svokölluð húsnæðisbréf.

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar að koma með örstutt andsvar við mjög svo málefnalegri ræðu hv. 18. þm. Reykv. því að vissulega metur maður það hvernig þingmenn setja fram mál sín og í þessu tilfelli ég þó að

við séum sitt hvoru megin borðs í afstöðunni í þessu stóra máli.

Ég vil aðeins koma upp til þess að fjalla um vinnuna í efh.- og viðskn. vegna þess að tveir hv. síðustu ræðumenn komu örlítið inn á vinnubrögðin þar. Vissulega er þessi nefnd með umfangsmikil mál, mörg mál og oft þung mál og nægir þar að nefna skattamál sem við erum með á okkar borðum fyrir jól. Ég vil gjarnan að það komi fram hér að það er reynt að verða við öllum óskum um að kalla til aðila og taka tillit til sjónarmiða þeirra sem þar koma fram. Þar með vil ég geta þess varðandi járnblendiverksmiðjuna, þó að hv. 18. þm. Reykv. hefði ekki nefnt það, að bæði komu fulltrúar ráðuneytis á fund nefndarinnar og eins voru gögn útveguð sem óskað var eftir. En ég læt formanni nefndar það eftir hvort haldinn verður sá fundur sem hér var nefndur af fyrri ræðumanni.

Ég vil gjarnan nefna það líka að auðvitað er það misjafnt hvað frumvörp taka miklum breytingum í nefnd, en get nefnt samkeppnislög sem dæmi um góða yfirferð, góða samvinnu og miklar breytingar á mikilvægu máli. Það er síður þegar þungar ákvarðanir eins og skattamál eru fyrir nefnd og mál af þeim toga sem byggja á málamiðlun milli flokka, að þau taki miklum breytingum. Það gerðist þó fyrir jól að við umfjöllun lagði efh.- og viðskn. til breytingar á skattalögum sem vissulega var viðkvæm tillaga og kallaði á að fella út aðra viðkvæma tillögu og gerði það að verkum að menn voru jafnvel að taka á sig mjög þunga gagnrýni í tvígang.

Það er misjafnt hversu mikið tillit er tekið til sjónarmiða af hálfu gesta í efh.- og viðskn. Það var vissulega bent á vísitöluhækkunina og þau margfeldisáhrif sem hún hefði og það er kannski þess vegna sem ég kom hér upp. Auðvitað var það búið að koma fram í greinargerð fjárlaga að hækkun yrði á byggingarvísitölu þó að menn greindi á um hve mikil hún yrði. Mér finnst sjálfri að það sé afar gott mál þegar ríkisstjórn fellur frá máli eftir að meira samráð hefur verið haft og niðurstaðan er að sjónarmiðið sé það að gallar séu meiri en menn töldu áður.

Ég vil líka að lokum, virðulegi forseti, taka undir sjónarmið varðandi þætti eins og torfbæina og að við stöndum saman að því í menntmn. að hreyfa áfram þeim mikilvægu málum þó að smá séu.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að ég var ekki að gagnrýna vinnubrögð í efh.- og viðskn. í mínu máli heldur finnst mér fyrst og fremst að sökin liggi hjá ríkisstjórninni og því hve seint tillögur koma fram. Það gildir ekki síst um skattamálin. Þar var allt of lítill tími til þess að skoða það viðamikla mál. Að mínum dómi hefur verið afar vel unnið í efh.- og viðskn. hvort sem þar er um að ræða hin svokölluðu fylgifrv. EES eða fjármáladæmið og menn þar tilbúnir til þess að leggja á sig hina ótrúlegustu vinnu og fjölda funda jafnt kvöld sem morgna. Ég var því ekki að kvarta yfir því en ábyrgðin er fyrst og fremst ríkisstjórnarinnar sem veður áfram. Ég þykist vita að þótt nefndarmenn í efh.- og viðskn. séu ekki alltaf ánægðir með allt sem frá ríkisstjórninni kemur, þá vinna menn auðvitað þær tillögur og þau frumvörp sem þangað koma.

Ég ætla aðeins að bæta við, virðulegi forseti, af því að ég var að reyna að stytta mál mitt áðan og sleppti því að fjalla um járnblendiverksmiðjuna, og lýsa því hér að mér finnst afar erfitt að taka afstöðu til þess máls þar sem allar upplýsingar vantar. En við hljótum að verða að velta mjög alvarlega fyrir okkur framtíð þess fyrirtækis og vara okkur á því að þar sé ekki verið að leggja út í nýtt — hvað á ég að segja, Kröfluævintýri eða Álafossdæmi. Menn verða að meta stöðu þess fyrirtækis af mikilli alvöru, en okkur vantar hreinlega nauðsynlegar upplýsingar til þess að geta það.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Mér er ljóst að hæstv. forsrh. mun fljótlega þurfa að hverfa á ríkisráðsfund og efa ég að ég ljúki máli mínu, þótt ekki verði langt, á þeim tíma sem ég hef en það hefur að sjálfsögðu sinn gang.

Lánsfjárlög og fjárlög eru þau tvenn lög á Alþingi sem eru eins konar samnefnari fyrir efnahagsaðgerðir þeirrar ríkisstjórnar sem situr. Hér hefur verið farið ítarlega yfir lánsfjárlögin og einstök atriði þeirra af þeim mönnum sem í efh.- og viðskn. sitja og ætla ég ekki að endurtaka það nema að mjög litlu leyti en fara nokkrum almennum orðum um lánsfjárlög og sérstaklega um efnahagsástandið í landinu.

Mér þótti afar athyglisvert í gær, og ég hygg að fleirum hafi farið svo, hve margir stjórnarsinnar gerðu grein fyrir sínu atkvæði í sambandi við EES og nánast allir á þann veg að þeir teldu að með samningi um hið Evrópska efnahagssvæði væri íslensku atvinnulífi veitt sóknarfæri. Það kom afar greinilega fram í öllum þessum greinargerðum fyrir atkvæðum að þar sjá menn eina vonarneistann í því erfiða efnahagsástandi sem hér er nú. Sumir ganga jafnvel svo langt að segja að við ættum að ganga í sjálft Evrópubandalagið þótt ekki kæmi það fram í greinargerðum fyrir atkvæðum.

Þetta er dapurlegt. Það er dapurlegt að stjórnarflokkarnir skuli nú treysta á erlenda aðila til þess að reisa við íslenskt atvinnulíf. Ég hlýt að endurtaka það enn einu sinni, sem ég hef oft sagt hér, að þessi sóknarfæri munu reynast heldur haldlítil ef íslenskt atvinnulíf er í molum. Staðreyndin er vitanlega sú að hver aðili sem ætlar að nota sóknarfæri, sem ætlar að fara úr vörn í sókn verður að vera vel undir það búinn og fær um að takast á við þau mörgu viðfangsefni sem hljóta að verða í slíku alþjóðlegu samstarfi. Það hefur vitanlega komið fram hér afar greinilega að svo er íslenskt atvinnulíf ekki og reyndar hafa varnaðarorð frá mætum mönnum í atvinnulífinu heyrst einmitt í sömu átt og ég hef nú mælt svo. Spurningin er vitanlega sú þegar rætt er almennt um efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar hvað hæstv. ríkisstjórn hefur gert til þess að gera íslensku atvinnulífi kleift að takast á við þessi vandamál og snúa vörn í sókn eða nýta með öðrum orðum þessi sóknarfæri sem hv. stjórnarsinnar telja að nú sé verið að bjóða íslensku atvinnulífi upp á.

Þessi ríkisstjórn hóf sinn feril með því að lýsa því

yfir að afskipti af atvinnulífinu, samstarf með atvinnulífinu eða aðgerðir til þess að styrkja atvinnulíf, væru ekki á hennar dagskrá. Hún var kölluð ýmsum nöfnum í því sambandi sem lýsti því að hún hygðist engin afskipti þar af hafa. Hæstv. forsrh. nefndi afar lítilfjörleg afskipti af atvinnuleysinu stílbrot í sinni stefnuræðu sl. haust. Ríkisstjórnin var hins vegar neydd til þess þegar atvinnuleysi fór vaxandi og kröfur um opinberar aðgerðir og samstarf stjórnvalda við aðila atvinnulífsins urðu háværar að setja á fót atvinnumálanefnd. Sú nefnd starfaði að vísu hægt en starfaði þó eitthvað. En aðgerðir þær sem ríkisstjórnin greip til að lokum og lýst var á Alþingi 23. nóv. voru í engum takt við það sem þó hafði verið unnið í þessari atvinnumálanefnd. eins og margsinnis hefur komið fram.

Í raun hafa aðgerðir ríkisstjórnarinnar eins og þær hafa lýst sér í fjárlögum og lánsfjárlögum einkennst af stórhækkun skatta og reyndar gert það bæði þau ár sem ríkisstjórnin hefur setið. Gleggst fannst mér þetta koma fram í yfirliti sem kom fram á Stöð 2 og hefur reyndar ekki að því er ég hef séð verið vefengt svo að hald sé í. Það hefur verið klórað í bakkann má segja en ekki verið vefengt svo að hald sé í, enda gekk Stöð 2 ærið langt í því að ætla ekki þessari ríkisstjórn sumar þær hækkanir sem fram hafa komið heldur telja þær til aðgerða fyrri ríkisstjórnar en læt ég það algerlega liggja á milli hluta. Engu að síður kom fram að skattahækkanir þessarar ríkisstjórnar, umfram þær lækkanir sem hafa orðið, eru um 6 milljarðar kr. á ári hverju, þ.e. 6 milljarða kr. hærri skattar eru greiddir af atvinnulífi og einstaklingum, og alveg sérstaklega einstaklingum, á ári en voru fyrir tíð þessarar ríkisstjórnar og munar satt að segja um minna.

Ég hygg að það sé rétt sem mjög greinilega hefur komið fram að engin ríkisstjórn hefur gengið svo langt í að hækka skatta. Nú vil ég út af fyrir sig taka undir það að það er nauðsynlegt að draga úr ríkissjóðshallanum og ber að leggja mikla áherslu á það. En ég vek athygli á því sem hagfræðingar sem einna mests álits njóta nú — eru taldir af nýrri skóla og hafa snúið baki við frjálshyggjunni, sérstaklega hópur hagfræðinga í Bandaríkjunum, sem oft hefur verið nefndir hér og ég ætla ekki að endurtaka — hafa bent á með mjög sterkum rökum að til þess að unnt sé að ná jafnvægi í ríkisfjármálum verði hjól atvinnulífsins að snúast vel. Þetta kemur afar greinilega fram hjá nýjum forseta Bandaríkjanna sem hefur með skipun slíkra manna í lykilstöður undirstrikað og reyndar einnig í stefnu sinni vilja sinn og sinnar ríkisstjórnar til þess að taka á þessum málum með atvinnulífinu. T.d. kemur það greinilega fram í einu sem Clinton lagði hvað mesta áherslu á og mjög miklar fjárveitingar til, þ.e. samgangna, má kalla það, eða tengsla upplýsinganeta um öll Bandaríkin sem er undirstaða allra framfara. Það kom líka greinilega fram í mjög mikilli áherslu á auknar rannsóknir, aukna menntun og yfirleitt flestöll undirstöðuatriði nútímaþróunar. Og það kemur fram í því að þegar eru hafnir fundir og viðræður á milli manna forsetans, forsetans sjálfs og fulltrúa atvinnulífsins.

Ég sá, virðulegi forseti, að hæstv. forsrh. vék af fundi og það skil ég mætavel, en ég óska ekki að flytja ræðu mína að honum fjarverandi. (**Forseti:** Forseti ætlaði einmitt að bjóða hv. þm. að fresta sinni ræðu.) Það er þegið.

Umræðu frestað.

Grunnskóli, 2. umr.

Stjfrv., 296. mál (nemendafjöldi í bekkjum o.fl.). — Þskj. 452, nál. 588 og 597.

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta menntmn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla, sbr. og lög nr. 1/1992. Nál. er á þskj. 588 og brtt. er á sama þskj.

Frv. það sem hér er til umræðu er fylgifrv. með fjárlagafrv. fyrir árið 1993 sem varð að lögum 21. desember sl. Í því er lagt til að framlengja til loka skólaársins 1993–1994 sömu ákvæði varðandi sparnað í grunnskólanum og samþykkt voru í 1. og 3. gr. I. kafla laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, nr. 1/1992. Ekki náðist samkomulag um að ljúka þessu máli fyrir jól sem hefði auðvitað verið eðlilegast þar sem ljóst er að ýmsar ráðstafanir sem snerta fjárveitingar til grunnskólanna í landinu og ákveðnar eru í fjárlögum ársins 1993 eru byggðar á ákvæðum fyrrnefndra laga sem gert er ráð fyrir að framlengja í þessu frv. Samkomulag er milli þingflokka um að afgreiða þetta mál nú í janúar. Það er nauðsynlegt til að tryggja að fullkomið samræmi sé milli ákvæða fjárlaga og þessa frv. og eyða allri óvissu í þessum máli. Þetta vil ég að komi skýrt fram við umfjöllun málsins.

Frv. felur í sér að framlengdur er frestur á framkvæmd grunnskólalaga út skólaárið 1993–1994. Í fyrsta lagi hvað varðar ákvæði 3. mgr. 4. gr. grunnskólalaga um rétt nemenda til skólamáltíða. Í öðru lagi ákvæði 1. mgr. 46. gr. grunnskólalaga um lágmark vikulegs kennslutíma nemenda í grunnskóla. Í þriðja lagi ákvæði 6. mgr. 46. gr. grunnskólalaga um skólaathvörf við hvern grunnskóla. Í fjórða lagi er ákvæði til bráðabirgða, sem breytt var með bandorminum, frestað til loka skólaársins 1993–1994, að fækka nemendum í bekkjum í samræmi við 71. gr. grunnskólalaga. Á næsta skólaári verði, eins og á þessu skólaári, miðað við 22 nemendur í 1. og 2. bekk og 28 nemendur í 3.–10. bekk. Fræðslustjórinn getur ef sérstaklega stendur á ákveðið að fjölga um allt að tvo nemendur í bekkjardeild.

Nefndin fékk á fund sinn fulltrúa frá KÍ, Félagi skólastjóra og yfirkennara, samtökunum Barnaheill, samtökunum Heimili og skóli, fræðslustjóra Reykjavíkur og Reykjaness ásamt fulltrúum menntmrn. Einnig bárust skriflegar umsagnir og tölulegar upplýsingar um málið.

Til viðbótar því sem getið er um í nál. meiri hluta menntmn. bárust í gær skriflegar upplýsingar frá fræðslustjóra Reykjavíkur.

Við umfjöllun í nefndinni kom m.a. fram að heimild þeirri sem fræðslustjórar hafa haft til að fjölga um allt að tvo nemendur í bekkjardeildum hefur eingöngu verið beitt í þremur fræðsluumdæmum, Reykjavík í 19 deildum af 612, Reykjanesumdæmi í 12 deildum af 561 og Norðurlandi eystra í 3 deildum af 240. Á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Austurlandi og Suðurlandi hefur ekki þurft að nota þessa heimild. Á landinu öllu er því áætlað að heimildin hafi verið notuð í 34 af 2.154 bekkjardeildum alls.

Það mál sem hér er til umræðu fékk langa og ítarlega umfjöllun á síðasta þingi þegar nákvæmlega samsvarandi ákvæði voru samþykkt. Meiri hluti menntmn. leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um í nál. Breytingin er við 2. gr. frv. og er til að gera ákvæði greinarinnar skýrara.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í máli framsögumanns kom það fram að ekki hefði náðst samkomlag um að afgreiða málið fyrir jól sem hefði verið afar slæmt. Í þessu felast óbeinar ásakanir á stjórnarandstöðu fyrir að hafa tafið framgang málsins og mér þykir því rétt að það komi fram að 1. umr. um þetta mál tók afar skammman tíma og í öðru lagi að frv., þó stutt sé og ætla mætti fljótsamið, kom ekki fram fyrr en fáum dögum fyrir jól. Það var því stjórnarliðum og menntmrh. í lófa lagið að leggja frv. nægjanlega snemma fram á haustþingi til þess að það hlyti afgreiðslu. Eina ástæðan fyrir því að frv. náði ekki fram að ganga fyrir jólahlé var hversu seint það var fram lagt og engum öðrum um að kenna en hæstv. menntmrh.

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristinn Gunnarsson sagði áðan að ég hefði talið að það hefði verið mjög slæmt að frv. hefði ekki fengið afgreiðslu fyrir jól. Ég sagði að ég hefði talið það eðlilegast.

Umræðu frestað. — [Fundarhlé.]

Útbýting þingskjals:

Tækniskóli Íslands, 327. mál, stjfrv., þskj. 598.

Lánsfjárlög 1993, frh. 2. umr.

Stjfrv., 145. mál. — Þskj. 166, nál. 532, 534 og 590, brtt. 533, 551, 589 og 595.

Steingrímur Hermannsson (frh.):

Herra forseti. Það er rétt að ég hafi hafið mína ræðu. Ég fjallaði nokkuð almennt um stöðu efnahagsmála og vakti athygli á því að flestir þeir stjórnarsinnar sem gerðu grein fyrir atkvæði sínu um hið Evrópska efnahagssvæði töldu það mál mikilvægt fyrir íslenskt atvinnulíf og að sóknarfæri sköpuðust þar. A.m.k. hafði það þau áhrif á mig að mér sýndist að flestir þessara ágætu hv. þm. sæju ekki aðra kosti fyrir íslenskt atvinnulíf í þeirri stöðu sem er nú. Ég dró ekki í efa að þarna gætu verið sóknarfæri en ég vakti athygli á því að til þess að nýta sér slík færi þyrftu atvinnuvegirnir að vera sterkir og til þess þarf ríkisstjórnin að gera meira en hún hefur gert til þessa. Hún þarf að taka hendur úr vösum og breyta um stefnu og taka til með atvinnulífinu að styrkja það og undirbúa það undir þau átök sem hljóta að fylgja opnu efnahagslífi eins og að er stefnt með þessum samningum.

Ég vakti athygli á því að flestir þeir hagfræðingar sem hvað mest eru metnir um þessar mundir telja að frjálshyggjan hafi gengið sér til húðar og nauðsynlegt sé að ríkisvald og atvinnulíf vinni saman og að því er stefnt í Bandaríkjunum eins og greinilega hefur komið fram í ræðum og yfirlýsingum þess manns sem tekur við forsetasæti þar eftir nokkra daga.

Ég ræddi nokkuð hins vegar um það sem ríkisstjórnin hefur gert. Ég lýsti stuðningi við það að ná jafnvægi eins og hægt er og draga úr halla á ríkisfjármálum en vakti athygli á að það mun vart nást með atvinnulífið í þeirri stöðu sem það er nú og því atvinnuleysi sem er í landinu og ég ætla að koma að á eftir.

Líklega einna hlutlausasta mat á skattaálögum ríkisstjórnarinnar kom fram í fréttum á Stöð 2 þar sem áætlað var að ríkisstjórnin hafi lagt á skatta sem nema 6 milljörðum umfram það sem dregið hefur verið úr sköttum eða það sem fellt hefur verið niður. Ég hygg að jafnvel svonefndur „skattmann" í fyrri ríkisstjórn, sem stundum var svo kallaður af stjórnarandstöðunni, blikni mjög í samanburði við það sem núv. ríkisstjórn hefur afrekað í þessum efnum. Þetta er svo sannarlega ekki til að draga úr atvinnuleysi. Það hefur greinilega komið fram, m.a. í nýlegum aðgerðum ríkisstjórnarinnar þar sem horfið var frá að hætta við að endurgreiða söluskatt í byggingariðnaði. Ég vil óska hæstv. forsrh. til hamingju með það. Það er vissulega enginn maður minni af því að viðurkenna sín mistök eins og hæstv. ráðherra hefur gert. En ég hygg að þessi mistök séu miklu víðar. Það kom mjög greinilega fram í orðum hæstv. forsrh. við fjölmiðla að hann er að uppgötva hin ýmsu leyndarmál vísitölunnar. Við sem höfum orðið að þola hana lengi gerðum okkur grein fyrir því, eins og reyndar talsmenn stjórnarandstöðunnar gerðu grein fyrir hér í umræðunni, að áhrifin mundu verða þessi. Og þau munu víðar verða þessi. Það hefur komið fram að áhrifin eru miklu meiri t.d. í landbúnaði en gert var ráð fyrir þar sem dregið hefur verið úr greiðslum og svo mun víðar verða.

Hvað hefur þá þessi hæstv. ríkisstjórn gert til þess að styrkja íslenskt atvinnulíf? Í ræðu hæstv. forsrh. þegar hann tilkynnti aðgerðir ríkisstjórnarinnar 23. nóv. sl. rakti hann nokkur þau atriði sem grípa ætti til. Hann nefndi m.a. að veita 2 milljarða til að flýta vegaframkvæmdum. Þarna var náttúrlega aðeins verið að flýta. Það er verið að taka úr Vegasjóði það sem síðar kæmi

þar til útgreiðslu. Úr þessu mun hafa verið dregið niður í 1,8 milljarða ef ég man rétt.

Ég vek sérstaka athygli á því að af þeim liðum sem stærri voru voru m.a. nefndar 500 millj. til atvinnumála á Suðurnesjum. Á þessu hefur ekki nokkurn skapaðan hlut bólað. Það hefur enginn orðið var við þessar 500 millj. Þarna er allt á huldu og væri mjög fróðlegt og nauðsynlegt að fá upplýst hjá hæstv. forsrh. hvað líður þessum 500 millj. Áttu þessar 500 millj. ekki að koma að einhverju leyti a.m.k. úr ríkissjóði? Mér er ljóst að gert er ráð fyrir því að Aðalverktakar leggi fram nokkuð af þessu fjármagni og vona ég að svo verði en það er ekki komið enn og aðeins hefur heyrst frá einum hluthafa í Aðalverktökum, þ.e. Sameinuðum verktökum, að þeir væru tilbúnir að leggja 300 millj. til þessara mála með sérstökum skilyrðum. En hvað á að koma úr ríkissjóði til þessara mála og hvað líður lausn þessa heildardæmis?

Þá var boðað að það ætti að veita 500 millj. til viðhalds á byggingum. Ef ég man rétt var það skorið niður í 100 millj. Þetta eru því harla litlar aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur lofað og úr þeim hefur orðið enn þá minna til að efla íslenskt atvinnulíf. Og ekkert komið fram, sem margsinnis hefur verið nefnt á hinu háa Alþingi, enginn vilji að því er virðist hjá hæstv. ríkisstjórn til að stuðla að nýsköpun í íslensku atvinnulífi og ekkert fjármagn í því skyni. Ríkisstjórnin hefur selt hlut sinn í Þróunarfélagi Íslands og sem betur fer keyptu lífeyrissjóðirnir það og vonandi halda þeir þeirri starfsemi áfram. En ég tel sjálfsagt í því ástandi sem nú er að ríkisstjórnin leggi viðbótarfjármagn til þess að veita áhættufé til nýsköpunar í íslensku atvinnulífi. Það hefur sem sagt ekki gerst.

Fjölmargt fleira mætti nefna sem verkar neikvætt. Ríkisstjórnin boðaði í þessum aðgerðum sínum lækkun vaxta og dró síðan smávegis úr bindiskyldu bankanna en meira var ekki gert. Hver hefur niðurstaðan af þessu orðið? Niðurstaðan hefur ekki orðið lækkun vaxta heldur hækkun vaxta um um það bil 2%. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá Þjóðhagsstofnun hefur það þessi áhrif í þjóðfélaginu: Heildarskuldir heimilanna telur Þjóðhagsstofnun vera um 211 millj. kr. 1% hækkun vaxta veldur auknum útgjöldum upp á 2,1 milljarð kr. Eða 2% hækkun vaxta leiðir til aukinna útgjalda upp á 4,2 milljarða kr. hjá heimilunum í landinu. Atvinnuvegirnir eru taldir skulda um 285 millj. og þar af eru innlendar skuldir taldar vera um 50%. Þjóðhagsstofnun metur að 1% hækkun vaxta muni auka útgjöldin um 1,4–1,5 milljarða eða hátt í 3 milljarða við þessa 2% vaxtahækkun. Í Morgunblaðinu í morgun sá ég því lýst hvað vextir af viðskiptavíxlum eru nú orðnir. Af 45 daga víxli er kostnaður yfir 30% um 32% eða 33% í Íslandsbanka og eitthvað um 28% eða svo í Landsbanka.

Ég held að hver einasti maður hljóti að sjá að þetta er ekki aðstoð við atvinnulífið. Þetta er ekki lækkun vaxta og þaðan af síður aðstoð við atvinnulífið og að sjálfsögðu hlýtur þessi stóraukni fjármagnskostnaður að leiða til hækkunar á öðrum sviðum. Að sjálfsögðu hljóta þeir smásalar t.d. sem þurfa nú að greiða yfir 30% í kostnað af sínum vöruvíxlum að færa það út í verðlagið. Ég er því hræddur um að áhrifin af þessu, sem aftur má rekja til þeirrar auknu verðbólgu sem fylgir aðgerðum ríkisstjórnarinnar og alveg sérstaklega til þeirrar stórhækkunar á vöxtum sem ríkisstjórnin sjálf hefur beitt sér fyrir og gerði æðimyndarlega í upphafi síns ferils með einu pennastriki, muni leiða til þess að verðbólga eykst enn. Samkvæmt þeim tölum sem ég hef fengið frá Þjóðhagsstofnun þá fæ ég ekki séð að þessi hækkun vaxta hafi verið tekin inn í það dæmi.

Það kom fram í viðtali við formann Samtaka fiskvinnslustöðvanna að hækkun vaxta tæki bróðurpartinn eða a.m.k. helminginn af þeim bata sem leiddi af niðurfellingu aðstöðugjaldsins. Það er sem sagt búið að taka það allt til baka. Í yfirliti sem ég fékk frá Þjóðhagsstofnun um stöðu sjávarútvegsins kemur fram að afnám aðstöðugjaldsins bætir afkomu sjávarútvegsins um 1%. En samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir frá formanni samtaka vinnslustöðvanna þá er þetta allt tekið til baka með 2% hækkun á vöxtum á skuldum sjávarútvegsins.

Það er reyndar athyglisvert að í því mati sem kemur fram hjá sjávarútveginum er talið að aðgerðirnar allar, og þá ekki reiknað með hækkun vaxta, bættu afkomu sjávarútvegsins 4,9%. Eftir stæðu rúmlega 3% eða 3,1% í mínus. En það er athyglisvert að auk þess að taka ekki tilliti til hækkunar vaxta er þarna búið að reikna inn í áhrifin af opnun Evrópumarkaðarins. Hann er reiknaður þar upp á 1,8% en eins og allir vita þá kemur það ekki til framkvæmda fyrr en um mitt ár. Afkoma sjávarútvegsins er því augljóslega töluvert lakari en Þjóðhagsstofnun metur. Mér sýnist eitthvað um í kringum 2% lakari eða í mínus 5%.

Sjálfsagt er að taka fram að þessar tölur Þjóðhagsstofnunar hafa verið vefengdar af fulltrúum sjávarútvegsins sem vekja athygli á því að hér er ekki reiknað með nema 6% ávöxtun fjármagns. Eins og allir vita þá eru vextir langtum hærri en það og ef reiknað er með raunverulegum fjármagnskostnaði þá versnar afkoman um 2–3%.

Það horfir því ekki vel fyrir íslenskan sjávarútveg að eiga að takast á við niðurgreidda fiskvinnslu í Evrópulöndunum. Og sannarlega er meira aðkallandi nú en nokkru sinni fyrr að bæta afkomu íslenskra atvinnuvega ekki bara sjávarútvegsins, sem er gerður að sérstöku umræðuefni hér, heldur líka íslensks iðnaðar.

Fram kemur í nýlegri úttekt Félags íslenskra iðnrekenda að á öllum sviðum iðnaðarins nema í neysluvöruiðnaðinum er samdráttur og vaxandi atvinnuleysi og alls staðar er því spáð að uppsagnir muni aukast á næstunni. Hér er áætlað að atvinnuleysi sé yfir 5.000 manns og líklega að nálgast 6.000. Það er athyglisvert og ekki verður á móti mælt að í þessum tölum eru ekki fjölmargir sem ekki njóta atvinnuleysisbóta svo þær munu að öllum líkindum vera töluvert hærri. Væri áhugavert að vita hvort ríkisstjórnin hefur gert ráðstafanir til þess að kanna hvert raunverulegt atvinnuleysi í landinu er. Fjölmargir, t.d. ungir námsmenn, sem eru nýkomnir til landsins ganga um atvinnulausir. Hefur

verið athugað hver sá fjöldi er? Þarna þarf vitanlega að taka til hendi og það er ekki nóg. Það verður að grípa til róttækra aðgerða til að draga úr þessu atvinnuleysi.

Ég ætla ekki að hafa þetta langa ræðu heldur fyrst og fremst að vekja athygli á því atriði, sem ekki hefur komið inn í dæmið, að útgjaldaauki heimilanna vegna hækkunar vaxta eru líklega um 4 milljarðar og atvinnuveganna líklega um 3 milljarðar samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar. Það munar um minna. Það er afar nauðsynlegt að menn hafi í huga að í öllum áætlunum, t.d. Þjóðhagsstofnunar, hefur þessi vaxtahækkun ekki verið tekin með í reikninginn. Telja menn virkilega að hún sé þess eðlis að ekki þurfi að skoða hana vandlega?

Ég óttast því að af þeim víxlhækkunum sem nú eru hafnar muni leiða meiri verðbólga en spáð hefur verið. Ég vona sannarlega að svo verði ekki því að vissulega var það að ná niður verðbólgunni við mjög erfiðar aðstæður eitt hið besta sem fyrri ríkisstjórn gerði og skilaði núv. ríkisstjórn í arf og núv. ríkisstjórn hefur mjög vísað til sem mikilvægt íslensku efnahagslífi. Það væri afar illt ef þessi víxlverkun hæfist á ný.

Ég vil að lokum segja örfá orð um tvö mál. Í fyrsta lagi þá breytingu sem hefur orðið á eiginfjárstöðu bankanna að mati þeirra. Ég vil aðeins geta þess að samkvæmt ítarlegri grein sem ég hef nýlega fengið úr erlendu tímariti um þessa svokölluðu „BIS-reglu" er það athyglisvert, og ég vil koma því hér á framfæri, að framkvæmdin á þeim fer mjög eftir því hvernig háttar í viðkomandi löndum. T.d. er þess getið hér að Frakkar telja með í eiginfjárstöðu bankanna lán sem veitt eru til frönsku nýlendnanna, til þróunarlandanna. En hér á landi er ekki heimilt að telja með lán sem veitt eru til sjávarútvegsins með veð í skipum. Hér kemur greinilega fram, án þess að ég fari að lengja mál mitt með því að lesa það, að þessar reglur eru framkvæmdar mjög eftir aðstöðu í hverju landi. En hér hafa hæstv. viðskrh. og Seðlabankinn gerst, eins og oftar, kaþólskari en páfinn og af því að Evrópubandalagið telur ekki veð í fiskiskipum, í þeim ryðdöllum sem þeir eiga — ég leyfi mér að segja svo því ég held að allir viti að þeirra skip eru ekki talin mikils virði — með í eiginfjárstöðu bankanna þá er það heldur ekki talið hér. Það er hreint og beint ótrúlegt. Við skulum taka sem dæmi að lán í líklega glæsilegasta togara í heimi sem var að koma til Skagastrandar eru talin 100% áhætta í reikningum bankanna samkvæmt reglum hæstv. viðskrh. og Seðlabankans.

Það vakti því athygli mína þegar ég hljóp yfir þessa grein að í öðrum löndum er þetta vitanlega lagað að aðstæðum í hverju landi og að því hvað er talið þar mikilvægast í efnahagslífinu. En eins og ég sagði áðan er í því nýja andrúmslofti sem við komum til með að hrærast í að öllum líkindum, þ.e. við opnun Evrópu, ákaflega mikilvægt að ríkisstjórnin taki hendur úr vösum og geri ýmislegt til þess að styrkja íslenskt atvinnulíf og ætla ég að lokum að fara örfáum orðum um það. Þar eru kostirnir sem betur fer æðimargir. Ríkisstjórnin hefur núna horfið frá því að endurgreiða ekki virðisaukaskatt í byggingariðnaði og ég óska hæstv. forsrh. til hamingju með það, en hvað t.d. um þá atvinnugrein sem talin hefur verið einna líklegust til vaxtar hér á landi, ferðaiðnaðinn, sem skilar líklega í gjaldeyri á síðasta ári 10% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar? Það er á allra vitorði að hér eru hótel og matur mjög dýr og mikið undan því kvartað af erlendum aðilum. Það var einmitt með það í huga að fyrri ríkisstjórn ákvað að leggja ekki virðisaukaskatt á ferðaiðnaðinn, enda er þetta má segja útflutningsiðnaður og því eðlilegt að hann njóti frelsis að þessu leyti. Hæstv. ríkisstjórn telur að með því að fella niður önnur gjöld þá sé þarna um 250 millj. kr. að ræða. Eftir viðtölum að dæma sem ég hef átt við forustumenn í þessum iðnaði þá mun þetta eins og í byggingariðnaðinum vera rangt metið og ég vil eindregið skora á hæstv. forsrh. að láta taka þetta mál upp líka og skoða það vandlega. Þá er ég aðeins að tala um tölurnar, um staðreyndina, um tölurnar, ekki að tala um hitt, hvaða áhrif þetta muni hafa á ferðaiðnaðinn almennt sem berst við mjög hátt verðlag og mun erfiða samkeppnisstöðu við erlendan ferðaiðnað.

Ég tel þetta vera afar mikið spor aftur á bak og geti orðið til þess að vöxtur í þessari grein sem menn hafa bundið miklar vonir við muni ef nokkur verða langtum minni heldur en menn gerðu ráð fyrir. Hvað um ýmiss konar nýsköpun á sviði t.d. hátækniiðnaðarins? Þar á ég bæði við í hugbúnaði og vélbúnaði. Hér hafa fyrirtæki staðið sig vel þar og það er athyglisvert að fyrirtæki, t.d. eins og Marel, sem gekk illa, það naut aðstoðar frá Þróunarfélagi Íslands og það var með þeirri aðstoð, með því áhættufjármagni sem þar var lagt inn, sem tókst að reisa það fyrirtæki við og það er orðið mjög öflugt og okkur Íslendingum til sóma og alls staðar þekkt. Fleiri þannig dæmi gæti ég nefnt um fyrirtæki sem með því að veita inn áhættufé var komið af stað og þetta þarf alveg tvímælalaust að auka. Þau eru fjölmörg hér litlu fyrirtækin sem berjast í bökkum vegna þess að þau fá ekki nægilegt hlutafé, ekki nægilegt áhættufé og hafa ekki fjármagn til markaðssetningar erlendis sem er að sjálfsögðu mjög kostnaðarsamt. Ég hygg að því fjármagni væri afar vel varið, jafnvel þótt ríkisstjórnin tæki erlent lán til að veita í slíkt hlutafé í slíkum fyrirtækjum og kæmi margfalt til baka, þó það væri ekki nema brot af þeim fyrirtækjum sem kæmist yfir þröskuldinn. Ég er sannfærður um það að þau fyrirtæki, sem hafa með aðstoð Þróunarfélags Íslands komist yfir þröskuldinn, eins og stundum er sagt, hafi þegar greitt margfalt til þjóðarbúsins þá aðstoð sem þau fengu. Hvers vegna ekki að leita skipulega að öllum slíkum tækifærum? Hvers vegna að vera að horfa stöðugt á álbræðslu? Nú kemur í fréttum að Indverjar ætla að tvöfalda sína álbræðslu. Við höfum ekki heyrt frá hæstv. iðnrh. hvað það þýðir fyrir íslensku álbræðsluna, en er það ekki alveg ljóst að miðað við það framboð sem er í heiminum þá hlýtur það að seinka enn byggingu álbræðslu?

Ég hef hvað eftir annað lýst mig hlynntan því að byggja álbræðslu en ég er þeirrar skoðunar að miklu, miklu meiri framtíð sé í ýmsum smáfyrirtækjum sem hér gætu risið. Við höfum þekkingu, við höfum fjöld-

ann allan af ungu fólki sem hefur sérhæft sig á þeim sviðum sem koma slíkum fyrirtækjum að góðum notum.

Ég held einnig að menn verði að hafa í huga þá staðreynd að almenn spá í heiminum er sú að botnfiskafli mun ekki aukast. Bjartsýnasta spá sem FAO gerir er sú að botnfiskafli standi í stað, en hins vegar eru margir sem spá því að botnfiskafli í heiminum muni dragast saman. Við skulum vona að svo verði ekki hér en ég legg á það mikla áherslu að menn þurfi að undirbúa sig undir það að svo geti farið. Hér er fiskeldi orðið einhvers konar bannorð en staðreyndin er sú að nánast öll aukning í framboði á fiski er frá fiskeldi um allan heim. Ég hef haft tækifæri til að skoða slíkt erlendis og það er alls staðar verið að gera stórátak til að koma fiskeldi upp. Hér urðu mistök sem fyrst og fremst voru þess valdandi að svo fór sem fór, þó svo ég segi að allt of lítið hafi verið lagt í rannsóknir í þessu skyni, heldur fyrst og fremst varð verðfall erlendis sem síðan hefur lagast nokkuð og vonandi verður það til þess að þau fiskeldisfyrirtæki sem lifa komist á fætur á ný. En hvers vegna ekki að vinna betur að þessum málum, læra af reynslunni, setja fjármagn í rannsóknir á þessum sviðum og byggja smám saman upp fiskeldi á þann veg sem reynslan kennir okkur að líklegast sé til þess að geta þrifist hér á landi?

Þannig eru málin mörg. Hæstv. ríkisstjórn hefur að vísu boðað að hún ætli að setja fjármagn í rannsóknir og tilraunir og það skilst mér að eigi að koma af sölu Búnaðarbankans og kannski Landsbankans. Það er ekki fugl í hendi, vil ég segja, og mikið glapræði eftir að við höfum gengið inn í EES ef ætlunin er þá að selja ríkisbankana og ég trúi því ekki fyrr en á það reynir. En hvers vegna ekki að leggja verulegt fjármagn í rannsóknasjóð í því skyni að auka rannsóknir til þess að koma upp nýjum atvinnugreinum?

Ég vil sem sagt leggja á það ríka áherslu að því miður þá hafa aðgerðir ríkisstjórnarinnar orðið allt aðrar heldur en boðað var, alls ekki til þess að styrkja og efla íslenskt atvinnulíf, því fer víðs fjarri. Þær hafa orðið til þess að stórhækka vexti. Þær hafa orðið til þess að auka fjármagnskostnað fyrirtækjanna og einstaklinga um eitthvað eins og 6–7 milljarða kr. Þær munu að öllum líkindum verða til þess að hækka vísitöluna og auka verðbólguna og þær munu verða til þess að auka á atvinnuleysi, á því er ekki nokkur vafi. Það mun að öllum líkindum verða til þess að mjög mikill órói verði á vinnumarkaðinum, erfitt verði að ná þjóðarsátt og ég held að það sé full ástæða til að við berum kvíðboga fyrir þessu nú þegar verið er að bjóða erlendum fyrirtækjum, sterkum og öflugum með góða eiginfjárstöðu og nægt fjármagn til fjárfestinga, að fá frelsi eins og íslensk væru í okkar landi.

Þetta vildi ég segja við þetta tækifæri, eins og ég sagði í upphafi og ætla ég ekki að fara að rekja það nánar, það er ýmislegt sem kemur fram í lánsfjárlögunum en þau eru eins konar samnefnari ásamt fjárlögunum fyrir efnahagsstefnu ríkisstjórnar og því full ástæða til þess að menn ræði þetta nánar. Ég geri svo ráð fyrir því að þessi mál hljóti að vera langtum oftar og ítarlegar hér á dagskránni í framtíðinni því þau eru tvímælalaust þau alvarlegustu sem við blasa á þessari stundu: Atvinnuástandið og staða íslenskra atvinnuvega.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls þakka mönnum fyrir áhugaverðar og góðar umræður sem tengjast afgreiðslu lánsfjárlaganna. Það hafa allmargar athugasemdir komið fram, bæði sértækar og almennar eins og eðlilegt er við umræðu af þessu tagi. Allmörgum fyrirspurnum hefur þegar verið svarað af hv. 5. þm. Norðurl. v., formanni efh.- og viðskn., og eins reyndar af hæstv. félmrh. Menn hafa fjallað nokkuð um vinnubrögð sem tíðkuð voru á síðustu dögum þingsins fyrir jól og sumir hv. þm. hafa haft á því orð að þau vinnubrögð hefðu verið lakari og ómarkvissari heldur en ætíð endranær, eða a.m.k. oftast endranær. Ég hef ekki mikla þingreynslu eins og hefur stundum verkið vakin athygli á úr þessum ræðustól, en mér segja þingreyndir menn að það sé ekkert óvenjulegt að einmitt á þeim dögum þá vinni menn hratt og fljótt og hlutir reynast breytast iðulega hratt og fljótt. Við slíkar aðstæður getur það auðvitað gerst að ekki fari allt á hinn besta veg því við erum öll mannleg og hljótum að gera mistök þegar slík verk eru unnin. Ég vek athygli á því líka að á síðustu dögum haustsins þá blönduðust inn í ákvarðanir sem ríkisstjórn lagði fyrir þingið, almennar efnahagsráðstafanir og breytingar sem gera varð vegna þróunar sem orðið hafði á myntmörkuðum veraldarinnar. Þeir hv. þm. sem talað hafa hafa fagnað þeirri breytingu sem efh.- og viðskn. gerði varðandi virðisauka af vinnu á byggingarstað. Auðvitað er það svo að það er pólitískur veruleiki að jafnan þegar skorað er á ríkisstjórn á hverjum tíma að taka eitthvað til baka af verkum sínum, þá er það jafnan sagt sem svo að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir væru bara meiri menn ef þeir tækju þetta aftur. Síðan er það oft svo þegar ríkisstjórn í einhverjum tilvikum gerir slíka hluti að þá er það frekar tekið sem tákn um það að ríkisstjórnin sé komin á harða flótta og sé farin að viðurkenna mistök sín og gera megi ráð fyrir því og leggja út af því að væntanlega séu mistökin meiri og önnur, þetta sé til vitnis um það. En engu að síður vil ég þakka fyrir að menn taka þessari breytingu vel og greiða fyrir því að hún gangi í gegn með þessum hætti sem ég get viðurkennt að sé kannski nokkuð óvenjulegur.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. kynnti bréf frá lífeyrissjóðum sem lagt hefur verið fyrir nefndin og ég þarf út af fyrir sig ekki að fjalla mjög um það hér vegna þess að hv. 5. þm. Norðurl. v. og hæstv. félmrh. fjölluðu töluvert um það efni í sínum ræðum og færðu rök fyrir því að ekki væri endilega ástæða til að hafa jafnmiklar áhyggjur af því máli eins og kemur fram í bréfi forráðamanna lífeyrissjóðanna.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. og reyndar hv. 1. þm. Austurl. viku að máli sem hér hefur áður verið rætt nokkuð í þinginu varðandi hugmyndir um það sem sagt hefur verið frá um að bæta mönnum þorskbrest hlutfalls-

lega, svo hann yrði jafn að ákveðnu marki og sem hv. þm. höfðu gengið eftir að fá svör um hvenær yrði gert. Það þarf ekki að segja það hér að það mál dróst nokkuð á langinn og það var ágreiningur um það, til að mynda við þær stofnanir sem í hlut áttu, með hvaða hætti það skyldi best gerast allt fram til þess að síðan var nauðsynlegt af þeim ástæðum sem ég nefndi fyrr í ræðu minni að fara í almennar efnahagsaðgerðir. Sú nefnd, sem skipuð var af hálfu fjmrh., sjútvrh. og viðskrh. og í sátu þeir Björgvin Vilmundarson, Magnús Pétursson og Þorkell Helgason, skilaði 5. þessa mánaðar greinargerð til þeirra ráðherra sem hana höfðu skipað. Hugmyndir þeirra voru kynntar þar og með hvaða hætti eðlilegast væri að fara með það mál sérstaklega sem þarna höfðu verið gerðar tillögur um, ráðstöfun á 450 millj. kr. vegna þorskbrestsins. Ég hygg að það sé einfaldast að ég lesi, með leyfi forseta, greinargerð þessara þriggja aðila sem er svolátandi:

„Á fundi ríkisstjórnarinnar 18. sept. sl. var samþykkt að fela nefnd, sem ráðherrar fjármála, sjávarútvegs og viðskipta skipa, að gera tillögur um ráðstöfun á 450 millj. kr. til almennra aðgerða til að draga úr áhrifum aflaskerðingar vegna þorskbrests. Verkefni nefndarinnar er að benda á með hvaða hætti og við hvaða aðstæður umræddum fjármunum verður haganlegast beint til sjávarútvegsins. Með þessari greinargerð gerir nefndin grein fyrir starfi sínu og breyttum aðstæðum í sjávarútvegi frá því að hún var sett á laggirnar.

Nefndin aflaði upplýsinga um fjárhagsstöðu Fiskveiðasjóðs Íslands og atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar enda var þessum sjóðum ætlað að reiða fram 150 millj. kr. hvorum um sig gegn 150 millj. kr. framlag úr ríkissjóði. Alls skyldi því verða til ráðstöfunar til sjávarútvegsfyrirtækja um 450 millj. kr.

Lausafjárstaða atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar reyndist ívið betri á síðasta ári en áætlað hafði verið vegna betri innheimtu af veittum lánum en reiknað var með. Þess ber þó að geta að ríkissjóður veitti sjóðnum verulega lánsfjárfyrirgreiðslu.

Í stjórn Fiskveiðasjóðs var óformlega borin upp tillaga um þátttöku sjóðsins í verkefninu. Afstaða stjórnarinnar var sú að lagaleg heimild sjóðsins til þátttöku í verkefni af þessu tagi sé veik og að fjárhagsstaða sjóðsins 1992 leyfist tæpast þátttöku. Þá hefur sjóðurinn á síðustu árum skuldbreytt verulegum fjárhæðum og skuldbreyting að fyrirmælum stjórnvalda er talin brjóta í bága við viðskiptaleg sjónarmið sjóðsins gagnvart erlendum lánardrottnum.

Á síðustu mánuðum nýliðins árs breyttust aðstæður í sjávarútvegsmálum í veigamiklum atriðum og varð til þess að rekstrarstaða sjávarútvegsins kom til skoðunar. Í þessu tilliti skal eftirfarandi nefnt:

Í fyrsta lagi veiktu gengisbreytingar í Evrópu samkeppnisstöðu íslensks sjávarútvegs sem og annarra útflutningsgreina og leiddu til þess að gengi íslensku krónunnar var fellt um 6% sem hluti af almennum efnahagsaðgerðum.

Í öðru lagi beittu stjórnvöld sér fyrir skattbreytingum til áhrifa m.a. á afkomuhorfur sjávarútvegsins í bráð og lengd. Jafnframt voru kynnt áform um stofnun þróunarsjóðs sjávarútvegsins en hann mun hafa til ráðstöfunar fjármuni og eignir annarra sjóða, einkum atvinnutryggingardeild og Hlutafjársjóður Byggðastofnunar.

Í þriðja lagi hefur sala á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins farið hægar af stað en ætlað var. Til þessa hefur einungis ⅓ af kvótaheimild sjóðsins selst, sbr. útboð 1. des. sl. Auk þess reyndist tilboðsverð nokkru lægra en reiknað hafði verið með.

Í fjórða lagi hefur verið á það bent að inneign sjávarútvegsins í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins nemur nú um 250 millj. kr. og lætur nærri að þar af séu 240 millj. kr. ekki eignfærðar tilteknum aðila/aðilum.

Í ljósi þess sem að framan er rakið telja undirritaðir að fjárfyrirgreiðsla við sjávarútveginn vegna aflabrestsins komi að meiri og betri notum verði litið á það mál sem hluta af heildaraðgerðum til þess að styrkja samkeppnisstöðu útvegsins.

Um leið og nefndin skilar áliti sínu lýsir hún sig reiðubúna til þess að taka þátt í mótun reglna um þróunarsjóð sjávarútvegsins, verði af stofnun hans, þannig að sjónarmiðum ríkisstjórnarinnar, með samþykkt sinni 18. sept. sl., verði best til haga haldið."

Hæstv. sjútvrh. svaraði spurningum varðandi þróunarsjóð sjávarútvegsins og hvar það mál væri á vegi statt, sérstaklega spurningum hv. 1. þm. Austurl., og ég ætla út af fyrir sig ekki að bæta neinu við það efni, en eins og kemur hér fram í lok greinargerðarinnar þá má gera ráð fyrir því að þessi þáttur verði sameinaður þeirri umræðu sem um þann sjóð mun fara og það mál mun koma síðan til kasta þingsins eins og hæstv. sjútvrh. gerði grein fyrir fyrr í dag.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. ræddi jafnframt í máli sínu um Landsvirkjun, sem hann reyndar sagði að væri ríkiseign, sem er jú rétt að hluta til, og taldi nauðsynlegt að fara ofan í saumana á því fyrirtæki. Ég er ekki þingmanninum sammála um að það sé út af fyrir sig nauðsynlegt. Ekki vegna þess að það sé ekki hárrétt hjá hv. þm. að hér er um gríðarmikið fyrirtæki að ræða sem er í frumskuld við útlönd, ætli það sé ekki um fimmtungur af erlendum skuldum þjóðarinnar, en ég hygg að það fyrirtæki sé nokkuð opin bók og fulltrúar ríkisvaldsins hafa aðgang að fyrirtækinu. Bæði hefur hæstv. iðnrh. sérstakan trúnaðarmann á fundum stjórnarinnar og þingið sjálft á síðan kjörna fulltrúa sem sitja í stjórn fyrirtækisins. Fyrirtækið kynnir síðan sína stöðu samkvæmt lögum um fyrirtækið á sérstökum ársfundum þar sem fjöldi manna í lykilstöðum af landinu öllu kemur saman og ég hygg að þar sé gerð mjög góð grein fyrir stöðu fyrirtækisins, rekstrarafkomu þess, afkomuhorfum, skuldastöðu, lánafyrirgreiðslum, verkefnum sem þá standa yfir, brýnum verkefnum í náinni framtíð o.s.frv. þannig að ég hygg að það þurfi ekki, eins og hv. þm. kaus að orða það, að fara sérstaklega ofan í saumana á þessu fyrirtæki. Ég tel það ekki vera. Ég tel að fyrirtækið sé vel rekið, því vel stjórnað og eigendur þess, ríkisvaldið, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, hafi góða og trygga stöðu til að fylgjast mjög náið með rekstri þessa fyrirtækis.

Það er ekki vafi á því að rekstur fyrirtækisins verður erfiðari en menn höfðu gert ráð fyrir hér fyrir ekki mörgum árum síðan vegna þess að fyrirtækið hefur ekki fengið kaupanda að þeirri orku sem til staðar er eftir að Blanda var fullgerð þannig að annað tveggja gerist eða hvort tveggja í senn að kostnaður vegna Blönduvirkjunar meðan svo er verður annaðhvort borinn uppi með lánum ellegar að hluta til er honum velt til stundar yfir á almenna neytendur í landinu sem ekki stóð til auðvitað þegar til Blönduvirkjunar var stofnað. Ég held að í sjálfu sér sé ekki ástæða til þess að reyna að finna einhverja sökudólga í þeim efnum að við eigum þarna orkuver en ekki kaupendur að þeirri orku. Við höfum nú séð að það er erfitt að spá fyrir um þróun í þessum efnum. Lærðustu menn og fróðustu hafa gert það iðulega. Spár um orkumarkað hafa reynst mjög blendnar, ekki ætíð betur en spár hagfræðinga eða fiskifræðinga og má færa fyrir því mörg dæmi. Auk þess sem þær hafa verið skakkar hvað almenningsnotkun varðar. Þá þekkjum við líka mjög vel að horfur varðandi stóriðju hafa líka verið orðnar aðrar heldur en menn spáðu og það var eitt af þeim efnum sem reyndar hv. þm. fjölluðu um, m.a. hv. 1. þm. Austurl. Hann fjallaði nokkuð, og reyndar fleiri hv. þm., um þann þátt í brtt. vegna lánsfjárlaga sem snúa að Íslenska járnblendifélaginu og þeim erfiðleikum sem það fyrirtæki er í. Ég hef óskað eftir því að iðnrn. beiti sér fyrir því hið fyrsta að efh.- og viðskn. fái fyllri upplýsingar heldur en hún hefur fengið og vona ég að það verði gert og í framhaldi af því finnst mér einnig eðlilegt að þegar kemur að notkun þeirra heimilda og ábyrgðar sem þarna er um að ræða, þá verði haft, ef ekki hafa komið fram fullnægjandi upplýsingar nú á þessum dögum til efh.- og viðskn., náið samstarf við þá nefnd um framkvæmd málsins. Ég tel eðlilegt eins og hv. 1. þm. Austurl. að það sé farið mjög nákvæmlega ofan í það mál. Að vísu verður það nú svo að þrátt fyrir að reikningar og áætlanir liggi fyrir, þá munu menn neyðast til þess að taka í ákvörðunum sínum heilmikla áhættu vegna þess að stór hluti af þeim þætti sem til staðar þarf að vera verður byggður á spám á verðlagi á vörum verksmiðjunnar. Og reynslan sýnir því miður að það er mjög erfitt að spá um þessa hluti. Reyndar er það svo og er óþarfi að leyna því að allmargir sérfróðir aðilar hafa miklar áhyggjur af því að það sé ekki öruggt og fjarri því að gera ráð fyrir því að þarna verði horfur og aðstæður þessa fyrirtækis orðnar miklu betri eftir tvö ár þegar neyðarráðstöfunum linnir samkvæmt þeim hugmyndum sem í gangi eru, þá verði menn komnir fyrir vind. Þannig að þó að ég sé ekki að draga úr því sem hv. þm. sagði, að nauðsynlegt væri að hafa gögn við hendina, þá munu menn á endanum verða að taka þarna allmikla áhættu. Hjá því verður ekki komist, reyndar á hvorn veginn sem menn kjósa að fara með sínar niðurstöður eða hvað þeir vilja gera.

Nokkrir hv. þm. ræddu sérstaklega í framhaldi af því að ríkisstjórnin hefur tekið sig á í einu afmörkuðu máli, eins og það hefur verið orðað. Þegar þeir voru að tala um það að fleiri mál mættu gjarnan fylgja með í þessum afturbata, þá var hjá allmörgum hv. þm. sérstaklega rætt um virðisaukaskatt, skattlagningu á ferðaþjónustu og þá stöðu sem þar með hafði skapast gagnvart þeirri mikilvægu atvinnugrein. Ég hlýt að vekja athygli á því að samkvæmt því áliti sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson vitnaði til að Þjóðhagsstofnun hefði sent efh.- og viðskn., þá er skattaaukning út af þessum hækkunum þegar frádrátturinn er kominn til aðeins 48 millj. kr. Þó að virðisaukaskattur sé lagður á upp á 600 millj. kr., þá hafa menn ekki tekið tillit til þeirrar batnandi stöðu sem gengisbreytingin hefur a.m.k. á suma þætti þessara mikilvægu greina. Ég er ekki að draga úr því að innan þessara greina kemur þetta misjafnlega niður. Sumir fara mun betur út úr þessum breytingum heldur en aðrir þættir innan greinarinnar, en ef við tölum um heildaráhrifin, þá er það þó svo að þegar tekið er tillit til raungengisbreytingarinnar, þá ætti þessi atvinnugrein að standa betur eftir en áður og menn hafa náð fram þeirri samræmingu sem menn voru með þessari ákvörðun að leita eftir.

Í þessu sambandi varðandi þær breytingar sem ríkisstjórnin hefur lagt til að væru gerðar, þá hefur verið sagt að ríkisstjórnin tæki ekki mið af, frekar en kannski sumar aðrar ríkisstjórnir og jafnvel verr heldur en aðrar ríkisstjórnir, gagnrýni og athugasemdum sem fram koma í málsmeðferð þingsins. Ég held reyndar, og vitna þá til brtt. efh.- og viðskn. hér á síðustu dögum þingsins, að sú nefnd hafi haft mjög mikil áhrif, og þá bæði meiri hluti og minni hluti, á gang mála. Þó að ríkisstjórnin hafi haldið sér við, eins og venja stendur mjög til, sínar megintillögur, þá hefur þessi nefnd unnið sérstaklega vel og nál. og brtt. báru þess merki að nefndin hefði unnið afskaplega vel að málum fyrir jólin og það varð samstaða um allmargar breytingar. Þó að ríkisstjórnin út af fyrir sig og stjórnarmeirihlutinn endanlega bæri ábyrgð á niðurstöðunni, þá tel ég að nefndastarfið og ekki síst í þessari nefnd hafi töluverðan árangur borið þó ég sé ekki að kenna stjórnarandstæðingum um neitt í því sambandi sem menn telja að miður hafi farið með endanlega niðurstöðu. Ég tel þess vegna að það sé of mikið gert úr því þó að margir hafi meiri reynslu en ég í nefndastörfum, það sé of mikið gert úr því að allt starf í þinginu sé einleikur ríkisstjórnarflokka. Það hefur sýnt sig einmitt í þessari nefnd og auðvitað fleirum að þar fer fram mjög mikilvægt starf og menn hafa þar heilmikil áhrif, þvert á það hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu á hverjum tíma, og auðvitað er það mjög svo æskilegt.

Hv. 18. þm. Reykv. fjallaði nokkuð um vaxtahækkanir að undanförnu og vildi bera blak af bönkum af einhverjum ástæðum, taldi rétt að gera það og það væri fremur um það að ræða að ríkisstjórn væri um að kenna heldur en bönkunum. Hv. þm. sagði að ríkisstjórninni hefði ekki tekist að draga úr eftirspurn eftir lánsfé og þess vegna væru vextir svona háir. Ég held að þetta sé hárrétt hjá þingmanninum og mér þykir vænt um það að þessi þingmaður skuli vera þessarar skoðunar því að mér hefur fundist að í málatilbúnaði hv. þm. og reyndar samflokkskvenna hennar í þinginu hafi nú ekki verið mikill skilningur á þessu samhengi

hlutanna. Og skilning á þessu samhengi hlutanna hafi líka skort reyndar hjá sumum öðrum hv. þm. sem nokkuð fjalla um vexti og vaxtahækkanir. En vegna þessa vil ég taka fram fyrir mitt leyti að mér þóttu bankarnir, þegar þeir gengu til vaxtahækkana, ganga nokkuð langt í því að skýla sér alfarið á bak við ríkisstjórnina, þó að það sé út af fyrir sig gott að geta skýlt sér á bak við hana. Þegar menn skoða þróunina af því að menn vísuðu í skammtímaspár um verðbólgu, þegar menn skoða þróunina annars vegar á innlánsvöxtum og útlánsvöxtum, þá sjá menn glöggt að bankarnir voru að auka vaxtamun. Ég er ekki að segja að það hafi ekki verið nauðsynlegt í ýmsum tilvikum í ýmsum bönkum — hér ganga nú sérfróðir menn um vexti fram hjá — að auka vaxtamuninn, þá á bara að kalla það því nafni og segja að það sé nauðsynlegt vegna þess að bankarnir þurfi að hafa borð vegna ákvarðana sem teknar hafa verið hér á árum áður og bankarnir þurfi að leggja gríðarlega háar fjárhæðir, og hafi þurft á undanförnum fáum árum, í afskriftasjóði sína. Ef bankarnir þurfa að auka vaxtamun, sem ég efast ekkert um að þeir hafi þurft, því miður, þá eiga þeir að kalla það því nafni en ekki skýla sér alfarið á bak við það að vegna þess að verðbólgan hafi tekið nokkurn kipp, skammtímaverðbólga, þá hafi þeir ástæðu til þess að hækka vexti með þeim hætti sem þeir gerðu. Alla vega er það svo að einhverra hluta vegna virðist verðbólgan hafa meiri áhrif á útlánsvextina heldur en innlánsvextina, af einhverjum ástæðum, og þegar það er skoðað, þá hygg ég að menn sjái að það sé ekki alveg full sanngirni í því af hálfu bankanna að kenna ríkisstjórninni um alla þessa þætti.

Hv. 18. þm. Reykv. nefndi líka framtíð Byggðastofnunar í þessu samhengi öllu saman og spurðist fyrir um framtíð hennar. Ég tel að í sjálfu sér sé ekki efni til þess að eyða löngu máli á það. Þar eru engar sérstakar breytingar í vændum og starfsemi þeirrar stofnunar komin mjög í fast form með þeirri reglugerð sem sett var með stoð í lögum sem Alþingi hafði sett. Vegna þess að mér heyrðist það nefnt, þá hefur ekki enn verið lagt fyrir Alþingi og Alþingi ekki tekið efnisafstöðu til þess sem hefur verið vilji ríkisstjórnar og væntanlega kemur þá hér fram í þinginu að Byggðastofnun verði flutt noður til Akureyrar eins og hefur verið nefnt. Ég vek á hinn bóginn athygli á því að Byggðastofnun hefur á undanförnum missirum breytt nokkuð um vægi að því leyti til að starfsmönnum hefur fækkað hér í Reykjavík en verið fjölgað á hinum ýmsu svæðum sem Byggðastofnun hefur útibú á úti á landi. Það tel ég vera mjög mikilvægt og heilmikið innlegg í umræðuna um Byggðastofnun almennt.

Varðandi það sem hv. 18. þm. Reykv. sagði um vísitölukerfið, þá er það rétt að í tengslum við það að ákveðið var að falla frá þeim þætti virðisaukaskatts sem hefur hér verið umræddur þá var það jafnframt samþykkt í ríkisstjórn að settur skyldi á laggirnar hópur sérfræðinga til þess að endurskoða vísitölugrundvöllinn í heild og ég held að það sé full ástæða til þess og ætti ekki út af fyrir sig að þurfa að verða um það mikill ágreiningur að nauðsynlegt sé að gera það. Út af fyrir sig sé kominn tími til þess að það sé gert vegna þess að við höfum núna um nokkra hríð a.m.k. búið við litla verðbólgu og þykjumst sjá fram á það að svo muni það áfram verða og þá er full ástæða til að taka þessi mál til endurskoðunar. Líka sú aðgerð sem rædd hefur verið um virðisaukaskatt eða lækkun á endurgreiðslu vegna virðisaukaskatts á byggingarstað. Hún sýnir manni í hnotskurn í hvaða ógöngur kerfið er komið. Ef slík tiltölulega lítil breyting, óháð því hvort hún er góð eða vond, getur valdið slíkum efnahagslegum usla þá held ég að það eitt sé út af fyrir sig sjálfsagt tilefni til þess að taka vísitölukerfið allt til gagngerðrar endurskoðunar og ég hygg að það ætti að geta skapast um það bærileg samstaða. Ég skal ekki fjalla um það hér og nú hvaða þættir það væru aðallega sem þar kæmu til álita. Til þess gefst væntanlega betri tími síðar.

Hv. 7. þm. Reykn. ræddi hér almennt um efnahagsmálin vítt og breitt auk þess sem hann kom inn á nokkrar af þeim fyrirspurnum sem ég hef aðeins vikið að hér fyrr. Ég minnist þess að hv. 7. þm. Reykn. sagði fyrir ekki allt of mörgum vikum síðan þegar verðbólga var mjög lág eða nálægt núllinu að það væri reyndar ekki gott að hafa verðbólguna svo lága, það væri eiginlega hættulegt. Það væri betra að hafa svona dálitla verðbólgu þannig að ég hefði haldið að hv. þm. ætti þá að vera nokkuð bærilega ánægður núna því að þetta er svona eins konar óskaverðbólga hans sem þá væri komin upp núna, svona 2–3% hugsanlega, eftir að þessi afturköllun hefur verið gerð.

Ég hlustaði með athygli á þá ræðu hv. þm. um að þessi núllverðbólga hafi ekki staðið neitt mjög lengi en hún væri ekki æskileg og menn ættu að reyna að koma sér upp smáverðbólgu aftur (**StH:** Og þú hefur farið þá eftir því.) og ég hef bersýnilega farið eftir því og ég veit að ráðherrann fyrrv. mun fagna því. Ég býst nú við að það muni verða þannig, hv. þm., að niðurstaðan á þessu ári verði sú að verðbólga verði nálægt 3%. Hv. þm. nefndi nú ekki nákvæmlega hvar hann vildi vera, a.m.k. ekki þannig að ég muni, að til væri einhver sérstök tala yfir verðbólgu sem æskileg væri, en ég vil benda honum á það að margar þjóðir hafa komist ágætlega af án þess að búa við verðbólgu sem nokkru nemur.

Hv. þm. ræddi heilmikið um skattamálin og vitnaði þá í yfirlit Stöðvar 2 um þau efni. Ég reyndar sá þessa frétt en hef ekki fengi útskrift eins og hv. þm. af fréttinni, en ég verð að segja það alveg eins og er að mér fannst þessi frétt ekki mjög vel unnin. Bæði vantaði þar í ákveðna hluti. Ég get nefnt dæmi um það, sem ég var að rekja hér áðan, að það var sleppt, þó það sé ekki stór punktur, endurgreiðslum á tryggingagjaldinu sem mínus. Það var tekið sem 1.200 millj. kr. skattahækkun þær álögur sem menn reikna af því með hvaða hætti persónuafsláttur er reiknaður eftir þeim lögum sem sett voru í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og í fjármálaráðherratíð Ólafs Ragnars Grímssonar. Þeirri reglu hefur ekki verið breytt og þau lög hafa verið óbreytt. En það var reiknað sem skattahækkun núv. ríkisstjórnar. Jafnframt voru í þessu yf-

irliti eins og ég man það, ég sá þetta nú bara einu sinni, ýmsir þættir sem mér fannst mjög orka tvímælis um að telja til skattahækkana. Um þetta geta menn deilt vel og lengi, en eins og ég segi, mér fannst þetta yfirleitt ekki mjög vel unnið satt best að segja.

Hv. 7. þm. Reykn. ræddi eins og hann hefur gert áður um EES-samninginn sem var afgreiddur hér í þinginu fyrir nokkru og gaf til kynna að menn sæju þann samning sem einasta vonarneistann og það þótti þingmanninum, eins og hann orðaði það, dapurlegt. Og hann fjallaði um málið með þeim hætti að EES-samningurinn gæti verið hagstæður af ýmsum ástæðum ef atvinnulíf væri sterkara en það er nú. Og auðvitað bar að skilja dæmið svo að það væri ríkisstjórnarinnar sök að atvinnulífið var ekki eins sterkt og æskilegt væri. Ég held að íslenskt atvinnulíf sé vel í stakk búið í sjálfu sér, þó að erfiðleikar hafi dunið nokkrir yfir, til að taka á móti þeim tækifærum sem EES-samningurinn býður upp á. En ég vil í þessu sambandi líka vekja athygli á að auðvitað var mikilvægast fyrir Ísland að nota vel það góðæri sem var hér fyrir fáeinum árum meðan verð á okkar afurðum var með allra hæsta móti og afli var með allra mesta móti, þá áttu menn auðvitað að nota það góðæri vel til að búa varanlega í haginn fyrir íslenskt atvinnulíf. Það var því miður ekki gert og það er það sem menn súpa seyðið af. (**Gripið fram í:** Þorsteinn Pálsson var þá forsætisráðherra.) Ja, ég get bent hv. þm. á það hver hefur verið lengst forsrh. á sl. 10 árum ef þingmaðurinn á erfitt með að reikna. Það var því miður það sem ekki var gert og ég hygg að það ætti þingmaðurinn að hafa í huga þegar hann er sífellt að tala um þessa þætti.

Hv. þm. rétt einu sinni baðar sig upp úr hrifningunni á Clinton verðandi Bandaríkjaforseta. Ég vona svo sannarlega að sá forseti reynist vel fyrir sína þjóð og reyndar heiminn allan því að Bandaríkjamenn hafa eins og kunnugt er mikil áhrif á veröldina alla og jafnvel meiri áhrif en nokkru sinni fyrr þar sem þeir eru í raun eina stórveldið sem eftir er. Ég tel að það ætti að spyrja að leikslokum samt sem áður í þeim efnum og sjá hvernig þær efnahagshugmyndir sem menn eru nú að halda á lofti og fagna muni reynast þegar til kastanna kemur. Ég verð ekki var við annað en í skrifum manna í erlendum blöðum séu þegar farnar að vakna efasemdir um ýmsar þær hugmyndir sem mest var haldið á lofti og tilvonandi forseti lofaði að koma í framkvæmd sem allra, allra fyrst. En miklar efasemdir voru um að allar þær hugmyndir gangi upp eða geti gengið fram.

Hv. 7. þm. Reykn. ræddi jafnframt um þær 500 millj. kr. sem hafa verið eyrnamerktar Suðurnesjum og nefndi hvort ekki ætti að koma eitthvað sérstaklega úr ríkissjóði í því sambandi. Ekki var gert ráð fyrir því. Það var gert ráð fyrir því að þessar 300 millj. kæmu frá Íslenskum aðalverktökum og lá fyrir viljayfirlýsing um það þó að það hafi ekki verið afgreitt. Á hinn bóginn mun það þýða að ríkissjóður mun verða af nokkrum tekjum vegna þess að arður frá fyrirtækinu mun þá minnka um einhverjar upphæðir sem ég kann ekki skil á á þessu augnabliki. Þær 200 millj. sem á vantar ef 300 millj. kæmu frá fyrirtækinu var síðan gert ráð fyrir að kæmu frá fyrirtækjum og sveitarfélögum á svæðinu.

Hv. þm. ræddi einnig heilmikið um hækkun vaxta og vitnaði í viðtal við formann Samtaka fiskvinnslustöðva um að 1% hækkun vaxta tæki til baka helminginn af þeim ávinningi sem sjávarútvegurinn átti að hafa af lækkun aðstöðugjalds og voru það 700 millj. ef ég man rétt sem áttu að koma í hlut sjávarútvegsins af þeirri lækkun. Ég vek athygli á því að hann var þá að fjalla um það sem ég vildi kalla skammtímavaxtahækkun bankanna, byggða á skammtímaspá um verðbólgu sem mun væntanlega breytast vegna þeirra ákvarðana sem hið háa Alþingi tekur í framhaldi af tillögum efh.- og viðskn. en afslátturinn um aðstöðugjaldið er varanlegur og það skiptir meginmáli í þessu sambandi.

Virðulegi forseti. Ég hygg að ég hafi tæpt á allmörgum þeirra atriða sem hv. þm. hafa nefnt í umræðunni en eins og ég sagði hafði formaður nefndarinnar, hv. 5. þm. Norðurl. v. og hæstv. félmrh., einnig svarað allmörgum fyrirspurnum en ég vil á nýjan leik þakka þeim þingmönnum sem þegar hafa talað fyrir málefnalegar og gagnlegar athugasemdir og umræður varðandi þetta mál.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Þrír hv. þm. hafa óskað eftir að veita andsvar og verða tímamörk þau að það eru tvær mínútur í fyrri umferð en óski hv. þm. eftir að veita andsvar öðru sinni þá hafa þeir aðeins hálfa mínútu.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég bað hæstv. forsrh. að gefa okkur upplýsingar um það hvar stæðu loforð hæstv. ríkisstjórnar um að bæta útgerðum, sem urðu fyrir sérstakri skerðingu á veiðiheimildum, upp þann skaða með styrkjum eins og lofað var á sl. hausti. Ég verð að segja að ég er ákaflega litlu nær eftir svör hæstv. forsrh. Nú skýtur hæstv. forsrh. sér á bak við það að þar sem ákveðið hafði verið að stofna hinn mikla sjóð, þróunarsjóð, þá muni það mál ganga inn í þær umræður eða þann undirbúning sem þar sé á ferðinni. Í hinu orðinu er talað um það að almennar aðstæður sjávarútvegsins hafi breyst með gengisfellingu, niðurfellingu aðstöðugjalds o.s.frv. Hæstv. forseti, satt best að segja er þetta ekki svar við beinni spurningu og fyrir alla málsaðila, þar með talið hæstv. ríkisstjórn, væri miklu betra að koma hreint til dyranna í þessu máli og viðurkenna það ef sú er staðreyndin að ríkisstjórnin sé fallin frá því að veita þessa styrki og ætli sér að gleyma yfirlýsingum sínum og loforðum frá sl. hausti. Með því að spinna þennan lopa svona áfram, hæstv. forseti, er áfram verið að halda mönnum í von um það að e.t.v. komi einhvern tíma að því að þeir fái sendar ávísanir og það er illa gert að draga menn þannig á asnaeyrunum. Hæstv. forsrh. væri maður að meiri ef hann gæti komið upp og gefið einfalda yfirlýsingu um það að þetta mál væri úr sögunni, ríkisstjórnin hefði

ákveðið að falla frá fyrri yfirlýsingum og loforðum um að veita þeim aðilum sérstakan stuðning sem urðu fyrir mestum samdrætti í veiðiheimildum. Það að vísa yfir í nýjan stórsjóð, þennan nýja Davíðssjóð Íslandssögunnar, er ekki svar í sjálfu sér.

Varðandi það sem hér var rætt um Landsvirkjun þarf hvorki að lesa meira né minna út úr ummælum mínum í því sambandi. Ég sagðist ósköp einfaldlega telja að aðstæður þess fyrirtækis gerðu það að verkum að ástæða væri til þess fyrir efh.- og viðskn. Alþingis að afla gagna um stöðu fyrirtækisins og fara ofan í saumana á því máli.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. gerði lítið úr því sem hefur verið bent á í dag að það kynni að koma til þess að menn yrðu að endurskoða ýmsar aðrar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar í skattamálum en þá að hætta við að innheimta virðisaukaskatt af vinnu á byggingarstað og vék sérstaklega að umræðum um ferðaþjónustuna. Það virtist vera sem hann gerði heldur lítið úr þeirri skattlagningu og nefndi að þetta skilaði eingöngu 48 millj. kr. en ég vil minna á það sem fram kom í áliti Þjóðhagsstofnunar þar sem hún mat það svo að skattlagning á ferðaþjónustuna gæti þýtt fækkun allt að 70 starfa í ferðaþjónustu og við þær kringumstæður sem nú ríkja í þjóðfélaginu er þetta auðvitað mjög alvarlegt. Það er rétt sem fram kom að áhrifin eru auðvitað mismunandi eftir því hvar er í ferðaþjónustunni en þetta er alvarlegt mál. Fyrir atvinnugreinar sem standa tæpt og sem eru að berjast fyrir lífi sínu, þá er slík skattlagning auðvitað af hinu vonda.

Hæstv. forsrh. fagnaði ummælum mínum um vexti og virtist halda að um einhvern nýjan skilning væri að ræða en mér hefur lengi verið alveg ljóst að hin gríðarlega eftirspurn ríkisins eftir lánsfé hefur áhrif á vextina þó að ýmislegt fleira komi þar inn í og ríkisvaldið getur haft mikil áhrif á vaxtastigið í landinu með aðgerðum sínum.

Að lokum, virðulegi forseti, þá gerði hæstv. forsrh. heldur lítið úr þeim breytingum sem hafa verið gerðar á Byggðastofnun. Ég fæ ekki betur séð en að hlutverk hennar sé að breytast allverulega og muni breytast enn meira verði hinn svokallaði þróunarsjóður að veruleika því að auðvitað er verið að færa sjóði frá Byggðastofnun og til þróunarsjóðsins og menn hljóta að spyrja spurninga um það hvert eigi að verða framtíðarhlutverk Byggðastofnunar.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki eðlilegt að líta á Atvinnutryggingarsjóðinn sem eiginlegan hluta af Byggðastofnun þó að Byggðastofnun hafi verið fengin umsýsla með sjóðnum. Ég tel alls enga frágangssök að sjóðurinn verði sameinaður í þróunarsjóði þegar til kemur og tel alls ekki að Byggðastofnun sem slík hafi neitt veikst vegna þess. Það er alls ekki hægt að færa rök fyrir því.

Varðandi vextina átti ég við það að ég fagnaði þessum yfirlýsingum hv. þm. vegna þess að ég hef ekki orðið var við það að Kvennalistinn tæki yfirleitt undir nokkurn sparnað í ríkiskerfinu, þvert á móti vildi hvarvetna ýta undir eyðslu. Þegar þingmaður Kvennalistans segist vera að verja bankana eða bankaráð, að ríkisvaldi sé um að kenna, ríkið hafi ekki náð tökum á lánsfjáreftirspurn sinni, þá fagna ég því vegna þess að það hlýtur samhengi að vera í skilningi þingmannsins og þingmaðurinn mun þá taka undir með okkur næst ef við þurfum að standa að sparnaði á vegum ríkisins.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir hæstv. forsrh. ekki hlusta vel á þær umræður sem fara fram því að ég hef sjálf bent á leiðir til sparnaðar, m.a. í heilbrigðiskerfinu. Það er auðvitað ekki spurning um það hvort menn vilja spara og hagræða heldur hvar og hvernig það er gert.

Það er alveg ljóst að við þær kringumstæður sem við búum við þarf að spara, en sú stefna sem ríkisstjórnin hefur rekið, að klípa af hér og þar án þess að spyrja um orsakir og afleiðingar, getur ekki leitt nema illt eitt af sér í flestum tilvikum og skilar að mínu dómi ekki árangri til lengri tíma litið. Ég held að menn vilji virkilega ná árangri í því að ná niður ríkisútgjöldum, við hljótum að horfast í augu við það hver skuldastaða þjóðarinnar er. Þetta þarf að að gerast með langtímaskipulagningu, að menn setji sér markmið og vinni að þeim og ég held að varanlegur árangur náist ekki öðruvísi en að endurskipuleggja ríkisstofnanir og beina sjónum að fyrirbyggjandi aðgerðum sem spara kostnað til lengri tíma litið.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt til getið hjá hæstv. forsrh. að ég tel að 2–3% verðbólga sé æskilegri en núll. Þetta er vitanlega engin uppfinning frá mér heldur er þetta margsagt af hinum mætustu og þekktustu hagfræðingum því að núllverðbólga merkir í raun og veru stöðnun í þjóðfélaginu eins og hefur komið greinilega fram hér. Ég veit að það er erfitt að rata hinn gullna meðalveg í þessu eins og fleiru. Ég vona að ríkisstjórninni takist það svo sannarlega, en ég óttast og það var það sem ég sagði áðan að ríkisstjórnin muni skjóta mjög langt yfir markið. Ég ætla ekki að taka undir spá einnar völvunnar um áramótin sem spáði 14% verðbólgu, það væri slæmt. Þá erum við komin á skrið aftur.

Það var síðan með þessar 500 millj. á Suðurnesin. Hæstv. forsrh. segir nú að 300 millj. eigi að leggja til þessara mála en í þeirri ræðu sem hann flutti 23. nóv. sagði hann: „Varið skal 500 millj. kr. til aðgerða í atvinnumálum á Suðurnesjum í samstarfi sveitarfélaga, Íslenskra aðalverktaka og annarra fyrirtækja.“ Átti ekki að skilja þessi orð svo að ríkisstjórnin tæki ábyrgð á þessu? Varið skal, sagði hæstv. forsrh. Ég er ansi hræddur um að Suðurnesjamenn hafi skilið það svo að forsrh. ábyrgðist að varið yrði 500 millj. til þessara aðgerða. Ég held að það hljóti að þurfa að leiðréttast.

Þá vil ég segja að mér þóttu undarlegar þessar bollaleggingar hæstv. forsrh. um vextina. Í lið 4 eru

boðaðar aðgerðir til vaxtalækkunar, en hér kom greinilega fram að hæstv. forsrh. hafði engar ábyggilegar upplýsingar um þróun vaxtamála. Mig langar til að spyrja hvort það sé virkilega svo að hæstv. forsrh. hafi ekki haft samráð við bankastjóra ríkisbankanna og formenn bankaráða um þá vaxtahækkun sem varð núna nýlega.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vaxtahækkun bankanna er á ábyrgð bankaráðanna sem hv. þm. á sæti í eins og kunnugt er. Ég vona að völvan sem þingmaðurinn nefndi, sem ég hef nú ekki rekið augun í, sé sú sama sem spáði því að ég færi í leynilegar viðræður við Delors á síðasta ári. Þær eru svo leynilegar að ég hef ekki frétt af þeim og ég hygg að þessi verðbólguspá völvunnar sé jafnvitlaus og sú spá. Ég yrði ekki undrandi á því þó einmitt verðbólgan gæti verið á bilinu rétt undir 3% á næsta ári og þá er það akkúrat verðbólgan sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson telur vera æskilega.

Aðeins varðandi Suðurnesin þá held ég að enginn vafi sé á því að aðilar þar vissu nákvæmlega um það, skýrt var frá því með hvaða hætti þessar 500 millj kr. væru upp byggðar. Það væru 300 millj. kr. frá Aðalverktökum og 200 millj. kr. frá fyrirtækjum og sveitarfélögum á svæðinu. Ég hygg að aldrei hafi verið neinn vafi í þeim efnum.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Augljóslega er einhver misskilningur í sambandi við þessar 500 millj. og sem mér þykir afar leitt. En ég tek undir með hæstv. forsrh. að ég vona svo sannarlega að völvan hafi haft rangt fyrir sér þó að það sakaði nú ekki að hæstv. forsrh. hitti Delors með þeim hætti. Ég held að hann hefði út af fyrir sig ekkert illt af því. En það er þetta með vextina. Ég hlýt að lýsa furðu minni á því að svo langt er gengið með þessu afskiptaleysi hæstv. ríkisstjórnar að samráð væri ekki haft við bankastjóra ríkisbankanna. Ég hélt að það væri lágmark og ef hæstv. forsrh hefur ekki gert það þá langar mig til þess að spyrja hvort honum sé kunnugt um að hæstv. viðskrh. hafi gert það. Er það virkilega svo að bankarnir hafi ekki verið beðnir um ítarlega greinargerð um vaxtahækkun sem á ársgrundvelli leiðir til aukinna útgjalda upp á 7 milljarða? Ég hygg að ef þetta helst út árið — ég vona að þetta lækki, ég tek undir það með hæstv. forsrh. — þá mundi það leiða til þess að það tæki til baka bókstaflega allt það sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið að reyna að gera. Án þess að ég ætli að tala enn einu sinni um handafl í þessu sambandi, menn geta kallað það hverju nafni sem þeir vilja, þá er að náttúrlega staðreynd að allar þjóðir sem eru að glíma við ástand eins og okkar hafa lagt á það áherslu að lækka vextina og hafa gert það með opinberum aðgerðum. Það er athyglisvert að efnahagsráðgjafar kanslara Þýskalands sögðu honum að nauðsynlegt væri að ríkisstjórnin beitti sér þar fyrir vaxtalækkun til þess að koma efnahagslífinu af stað. Á ég virkilega að trúa því að ríkisstjórnin ætli sér ekki að gera það, t.d. gagnvart bönkunum?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þessarar beinu spurningar hv. þm. er það ljóst að bæði viðskrh. og ríkisstjórnin öll hefur fengið ítarlegar greinargerðir um vaxtaþróun og vaxtaákvarðanir bankanna. En ríkisstjórnin hefur ekki og á ekki og má ekki og getur ekki gefið bankaráðunum nein fyrirmæli um það, hv. þm. veit með hvaða hætti bankaráðin taka vaxtaákvarðanir sínar. Það væri valdníðsla og brot á heimildum ráðherranna ef þeir mundu reyna að reyna að gefa slík fyrirmæli og ég vona að fyrrv. ráðherrar hafi ekki gerst nokkurn tíma sekir um slík brot. (Gripið fram í.)

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. hafa á undanförnum vikum og mánuðum gert harðar árásir á Alþingi fyrir málefnalegar umræður sem hér hafa farið fram og sagt að þær væru niðurlæging fyrir Alþingi og tefðu þingstörf. Nú sýnist mér sífellt koma betur og betur í ljós að það eru óvönduð vinnubrögð ríkisstjórnarinnar sem tefja þingstörfin og hafa að því leyti sem þau snerta Alþingi orðið því til lítils sóma. Það kom reyndar þegar í ljós við undirbúning tillagna og frumvarpa ríkisstjórnarinnar á síðustu mánuðum síðasta árs hversu handahófs- og flaustурslega var að þeim unnið og þar er af mörgu að taka. Síðast var hér áðan minnt á aðstoðina við sjávarútveginn vegna kvótaskerðingarinnar. Þar gengu yfirlýsingar á víxl í sumar milli hæstv. sjútvrh. og hæstv. forsrh. sem lýsti því reyndar yfir að aðstoðin ætti að koma eftir örfáa daga eða eina viku. Hún er ekki komin enn þó að hæstv. forsrh. læsi upp eitthvert nál. sem við vitum ekki hvort verður meira virði en fyrri tillögur.

Í öðrum málum um aðgerðir í efnahagsmálum var það oft svo að ákvörðun sem tekin var að kvöldi var horfin að morgni og annað komið í staðinn. Það minnti mann óneitanlega á það að ríkisstjórnin virtist vera að sökkva í fen, reyndi í örvæntingu að grípa í eitthvert hálmstrá sem sum hver brustu jafnóðum og þá væri gripið í það næsta. Því miður hefur farið svo með þær aðgerðir sem áttu að vera atvinnuvegunum til mikils stuðnings að það liggur a.m.k. ekki fyrir nú hversu miklu betur atvinnulífið stendur en það gerði áður en þær aðgerðir hófust því síðasta vaxtahækkun tók alveg í burtu ávinninginn sem sjávarútvegurinn átti að fá af að afnema aðstöðugjaldið. Hæstv. forsrh. segir að vísu nú að vaxtahækkunin eigi ekki að vara lengi, vextirnir eigi að lækka fljótt aftur. Vonandi verður það, en við minnumst þess líka að þegar ríkisstjórnin kom af stað vaxtasprengingu sinni í upphafi síns ferils þegar vextir voru hækkaðir með handafli um 3% í einu vetfangi og þeir áttu að lækka aftur eftir 2–3 mánuði þá varð löng bið á þeirri lækkun.

Ef ég vík svo aðeins að málum sem mér finnast vera táknræn fyrir fumkenndan undirbúning ríkisstjórnarinnar og renna stoðum undir það hver áhrif þau hafa á vinnubrögð Alþingis þá vil ég nefna tvennt. Ég

vil rifja upp hreppstjóramálið sem hér var allmikið til umræðu fyrir jól. Það var kynnt í fjárlagafrv. að þær stöður skyldi leggja niður. Það var ekki tekið tillit til ábendinga frá minni hluta allshn. Fjárln. tók ekki tillit til ábendinga um að hverfa frá þessari röngu ákvörðun og tillaga um fjárveitingu var felld við 2. umr. fjárlaga. Síðan gerist það að hæstv. dómsmrh. flytur sitt frv. um þetta og leggur til í 29 greinum að embættin skuli lögð niður en segir svo í lok framsöguræðu sinnar fyrir frv. að þetta sé nú allt í plati, það eigi að hætta við þetta og biður nefndina að bjarga sér út úr málinu og breyta þessu. Þetta var gert. Nefndin breytti frv. og breytingin var samþykkt. Þetta tel ég vera dæmi um að málefnalegar umræður hér á Alþingi geta þó borið árangur ef tími er leyfður til þess, ef ríkisstjórnin rekur ekki svo sitt lið, nefndarformenn og jafnvel forseta svo hart áfram í vinnubrögðum að það sé ekki tóm til umræðu. En ef þetta tóm er veitt þá ber það sem betur fer árangur og það er hægt að hafa áhrif á hv. alþm., stuðningsmenn stjórnarliðsins til þess að nógu margir snúist gegn hinum vanhugsuðu tillögum ríkisstjórnarinnar.

Þá vil ég víkja að hinu málinu sem því miður fór á annan veg með. Reyndar er þegar búið að ræða mikið um það, þ.e. virðisaukaskattinn á húsbyggingar. Hv. frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. sagði að þegar menn settust niður og fóru að velta fyrir sér afleiðingunum af þessari ákvörðun hafi sannleikurinn komið í ljós. Nú var það ekki svo að hæstv. ríkisstjórn og meiri hluta hennar á Alþingi væri ekki bent á afleiðingarnar. Það var kynnt í fjárlagafrv. hvaða áhrif þessi niðurfelling eða lækkun á virðisaukaskattinum hefði á ýmsum sviðum og það kom m.a. fram í máli hv. 1. þm. Austurl., Halldórs Ásgrímssonar, við umræðu um þetta mál hvaða áhrif það hefði á byggingarvísitölu og þar af leiðandi lánskjaravísitölu og hinar margvíslegu afleiðingar í þjóðfélaginu. Stjórnarandstaðan varaði við því fyrir jólin að keyra þetta mál áfram í gegnum þingið á þessum stutta tíma sem þá var til jóla. Það var ekki farið að þeim ráðum og því fór sem fór. En hlýtur ekki hæstv. forsrh. að viðurkenna að það hefði verið betra, bæði fyrir Alþingi og ríkisstjórnina að þetta mál hefði verið rætt betur, menn hefðu fengið meiri tíma til bæði að bera fram rök og svo ríkisstjórnin að hlusta á rökin en að eyða fyrst tíma í umræður um þetta fyrir jólin og koma svo aftur með það hér inn nú. Þetta er held ég dæmi um hvernig ekki á að vinna að málum. Það á að vanda betur undirbúninginn og ef ríkisstjórninni tekst ekki að gera betur af því að hún getur ekki haft svo víða yfirsýn þá tel ég það ákaflega mikilvægt að þingmenn stjórnarliðsins geri sér grein fyrir því í ríkara mæli en þeir því miður hafa gert á undanförnum vikum og mánuðum að það má ekki gleypa við frumvörpum ríkisstjórnarinnar eins og þau eru lögð fram. Það þarf að gagnrýna þau og skoða rækilega. Og af því að sessunautur minn er hæstv. 6. varaforseti, fyrrv. formaður fjárveitinganefndar, 2. þm. Norðurl. v., Pálmi Jónsson, þá vildi ég gjarnan spyrja hann hvort hann mundi sætta sig við svona vinnubrögð, t.d. ef hann hefði verið formaður fjárln. nú, að afgreiða mál sem eru svona vanhugsuð og alveg fjarstæða að afgreiða frá Alþingi. En því miður virðist það vera svo að hæstv. ráðherra vanti næga yfirsýn yfir málin og segi því meira en þeir geta staðið við.

Það kom fram í einu máli sem bent er á í nál. minni hluta efh.- og viðskn., þ.e. lækkun á niðurgreiðslum á nokkrum tegundum landbúnaðarafurða. Eftir áramótin kom hæstv. forsrh. í fjölmiðla og hafði allstór orð um afleiðingarnar af þessum gjörðum ríkisstjórnarinnar og stjórnarliðsins, eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. gat hér um í framsöguræðu sinni. En ég vildi aðeins vekja athygli á ummælum hæstv. forsrh. þar sem hann segir svo, með leyfi forseta, í viðtali 5. þessa mánaðar á Stöð 2:

„Það er enginn vafi á því að þær tölur sem áður höfðu verið færðar fram eru allt of háar og þetta eru alvarlegar skekkjur sem þarna eru á ferðinni því að þarna munar tæpum helmingi og þá vek ég athygli á því að að meðaltali eru menn að tala um 12% hækkun og allt upp í 15% hækkun á sumum sviðum. En í þeim tölum, sem raunverulega má byggja á ákvörðun ríkisstjórnarinnar, um að falla frá hluta af niðurgreiðslum, þá er hækkunin ekki nema 7% og þá erum við að tala um að öll hækkunin komi fram í vöruverði en við höfum ekki gert ráð fyrir því."

Þ.e. afleiðingar af gerðum ríkisstjórnarinnar eiga ekki að koma fram. Það er nokkuð sérstæð kenning en hitt er öllu verra að þarna er um alrangar fullyrðingar að ræða eins og kemur fram í yfirlitinu frá minni hluta efh.- og viðskn. t.d. sem varðar nautakjöt að þá er hækkunin 48 kr. á kg eða 13,48%. Og vegna lækkunar endurgreiðslna frá ríkissjóði 48 kr., 13,48%.

Það er staðfest þarna að það er algerlega rangt sem hæstv. forsrh. er að segja og lítið virðist bæta úr viðtal sem við hann var haft daginn eftir á Stöð 2, en þar segir hæstv. forsrh:

„Nei, sko framsetningin sem fram kom þegar búvöruhækkunin var tilkynnt og rædd, það er viðurkennt að hún er röng."

Hvað er rangt í þessu? Þetta kemur skýrt fram með nautakjötið. Þetta er allt vegna þess að fjárveitingin á fjárlögum þessa árs er of lág. Og því tel ég þetta vera mjög alvarlegan hlut þegar svona fullyrðingar eru settar fram til að vekja tortryggni.

Ég vil þá aðeins víkja að brtt. sem fram kemur á þskj. 551 frá meiri hluta efh.- og viðskn., það er 2. liður hennar, en hún er þannig, með leyfi forseta:

„Á eftir 5. gr. komi ný grein er orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að lána Byggðastofnun sérstaklega víkjandi lán að fjárhæð allt að 20 m.kr. til að mæta framlögum í afskriftarsjóð útlána í tengslum við ákvæði í viðauka II við búvörusamning frá 11. mars 1991."

Þetta kom reyndar fram við atkvæðagreiðslu við 3. umr. fjárlaga þegar stjórnarliðið felldi brtt. sem ég flutti ásamt nokkrum öðrum þingmönnum um að staðið yrði við ákvæði búvörusamnings. Það ákvæði um Byggðastofnun er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Byggðastofnun verði útvegað fjármagn til að

greiða fyrir annarri atvinnuuppbyggingu á þeim stöðum sem viðkvæmastir eru fyrir samdrætti í sauðfjárframleiðslu. Árið 1992 100 millj., árið 1993 100 millj., árið 1994 50 millj., árið 1995 50 millj., árið 1996 50 millj. og árið 1997 50 millj."

Nú var engin fjárveiting og ekkert gert á sl. ári til þess að verða við ákvæðum þessa viðauka við búvörusamninginn sem undirritaður var af páv. hæstv. landbrh. og hæstv. fjmrh. Vissulega verður því miður að segja að á þeim tíma sem liðinn er síðan núv. hæstv. ríkisstjórn tók við, þá hefur Byggðastofnun verið vængbrotin og lítið getað gert til að vinna að slíkum verkefnum sem eru ákaflega brýn og það er af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi vegna fjárskorts. Fjárveitingar til stofnunarinnar hafa verið skornar niður og í öðru lagi vegna svo einstrengingslegrar reglugerðar sem kemur í veg fyrir að, jafnvel þótt fjármagn væri til, Byggðastofnun gæti orðið þar að liði.

Ég veit að hæstv. forsrh. er kunnugt um það að Byggðastofnun er aðili að fyrirtæki sem er máttarstólpi byggðarlags einmitt á einum þeirra staða sem hefur orðið einna verst úti vegna niðurskurðar í búvöruframleiðslu. Hún á þar um það bil helming hlutafjár. Til þess að koma þessu fyrirtæki til hjálpar hefur hinn eigandinn boðist til þess að auka hlutafé en Byggðastofnun sjálfri er settur stóllinn fyrir dyrnar, að mega koma þarna til hjálpar með tiltölulega mjög litla upphæð, a.m.k. miðað við það sem nú er talað um til að styðja við járnblendiverksmiðjuna, örlítið brot sem gæti ráðið örlögum heils byggðarlags. Og það er vissulega alvarlegt mál. (**EgJ:** Hvaða fyrirtæki er þetta?) Hv. 3. þm. Austurl. mun vera það mætavel kunnugt og hann getur komið hér í ræðustól á eftir og gert nánari grein fyrir því þar sem hann er í stjórn Byggðastofnunar.

Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Hvernig kemur þessi grein, sem þarna á að koma inn í lánsfjárlögin, Byggðastofnun til hjálpar til þess að geta veitt aðstoð í tilvikum eins og þeim þar sem vantar eigið fjármagn, áhættufjármagn, en ekki aukin lán? Við vitum að hvort sem um er að ræða fyrirtæki sem þurfa hvatningar við og eflingu eða um ný fyrirtæki þá verður það ekki gert eingöngu með lánsfé eins og vöxtum er nú háttað. Það verður að vera áhættufjármagn. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh. hvort hann vilji sjá um það, til þess að þessi ákvæði búvörusamningsins nái markmiðum sínum, að Byggðastofnun losni úr þeim fjötrum sem hún er nú bundin í með aðgerðir í byggðamálum með því að fá þá rýmri hendur til þess að veita aðstoð.

Það kemur reyndar fram í þessum lánsfjárlögum að það er víða kreppt að landbúnaðinum af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þar er hver liðurinn eftir annan sem segir að ekki eigi að greiða samkvæmt því sem lög segja til um, leiðbeiningar og önnur þjónustustarfsemi, heldur að draga þar úr. Þetta leiðir óhjákvæmilega hugann að því að nú eru fram undan alþjóðlegir samningar og fjölþjóðlegir samningar sem munu vafalaust hafa áhrif á íslenskan landbúnað eins og t.d. GATT-samningarnir. En það hefur komið fram hjá framkvæmdastjóra GATT að ríkisstjórn hvers lands hafi mjög frjálsar hendur um stuðning við landbúnaðinn sem ekki er beinlínis framleiðslutengdur. Eins og öllum er kunnugt þá hefur verið horfið að því ráði að leggja niður útflutningsbætur og ýmsan annan þannig stuðning, markaðsaðstoð og annað slíkt við landbúnaðinn. Þá er það athyglisvert ef það er stefna ríkisstjórnarinnar að draga líka úr stuðningi sem mun mega halda sér eftir að við höfum gerst aðilar að þessum alþjóðasamningum eða hinar svonefndu grænu greiðslur. Eða ætlar hæstv. ríkisstjórn raunverulega að nota þessa alþjóðasamninga til að ná sér niðri á íslensku atvinnulífi? Sá grunur hefur reyndar vaknað fyrr og hann vaknaði einu sinni enn við áramótagrein hæstv. utanrrh. þar sem hann segir m.a., með leyfi forseta: „Úr því sem komið er er GATT-samningurinn eina vonin til þess að brjóta endanlega niður rammgerða múra einokunarkerfis landbúnaðarins." Er það stefna ríkisstjórnarinnar að gera sem sagt allt sem í hennar valdi stendur og nota til þess alþjóðasamninga leynt og ljóst til að draga úr þessum atvinnuvegi sem hefur verið grundvallaratvinnuvegur íslensks þjóðfélags frá upphafi? En það er ríkjandi viðhorf a.m.k. í nágrannalöndum okkar að þjóð án eigin landbúnaðar eigi ekki bjarta framtíð. Sérstaklega er bent á það nú vegna hættu á umhverfismengun að það sé náið samband milli landbúnaðar og fólks í þéttbýli því án stuðnings landbúnaðarins verði erfitt að leysa þau gífurlegu vandamál sem eru að skapast á umhverfissviði í hinu tæknivædda þjóðfélagi nútímans. Því miður hefur þetta ekki fengið nægjanlega viðurkenningu enn þá þó sífellt séu raddirnar að verða háværari sem á þetta benda.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins gera athugasemd við það sem hv. 2. þm. Suðurl. sagði að þegar annars vegar ég og síðan hæstv. utanrrh. hafi gert athugasemdir við framgöngu einstakra þingmanna hér á þinginu þá sé verið að ráðast á Alþingi. Ég tel að hv. þm. geti ekki samsamað það með þeim hætti. Framganga einstakra þingmanna er ekki eðlileg og menn kannski ganga svo úr hófi fram með málfrelsi sitt að þeir ganga á málfrelsi annarra og ef menn finna að því þá er ekki verið að víkja að Alþingi sem heild, það er rangtúlkun hjá hv. þm.

Þessi sami hv. þm. hefur margoft sagt að ríkisstjórnin hafi hækkað vexti með handafli í upphafi síns ferils. Þá stóð þannig á að sú vaxtatala, sem fyrrv. ríkisstjórn hafði tryggt sína sölu á ríkisskuldabréfum og slíkum pappírum á, stóðst ekki. Pappírarnir seldust ekki við því verði. Þannig að ríkisstjórnin færði vextina til veruleikans en færði þá ekki upp með handafli. Ég tel áríðandi að þetta komi fram. Jafnframt vil ég geta þess að ég tel að með þeim breytingum á lánsfjárlögum sem gerðar eru til að veita víkjandi lánsheimild þá eigi að vera kleift að standa við þá viðbótarbókun við búvörusamning sem menn hafa reynt að tryggja að hægt væri að standa við.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég man að sjálfsögðu ekki orðrétt öll

ummæli þessara hæstv. ráðherra um Alþingi. En ég býst við að við öll hér inni munum a.m.k. ummælin um gagnfræðaskólann sem ég veit ekki af hverju á að vera niðrandi en ég held að ekki hafi samt farið fram hjá neinum að voru sett fram af hæstv. forsrh. um Alþingi sem stofnun. Alþingi væri eins og gagnfræðaskóli. Þar var ekki verið að taka fyrir einstaka þingmenn. Og lýsing hæstv. utanrrh. á blaðamannafundi var t.d. á þá leið að á Alþingi væru engin þingsköp sem fælu í sér að hægt væri að takmarka ræðutíma, með öllum þeim lýsingum sem því fylgdu. Það var verið að tala um stofnunina. Við vitum auðvitað að það er algerlega rangt ... (Gripið fram í.) Þingsköp eru til hér sem við förum eftir daglega eftir ákvörðun forseta. Það eru að sjálfsögðu ekki einstakir þingmenn sem gjalda svona ummæla heldur er það fyrst og fremst Alþingi sem heild. Og ég tel að forsætisnefnd þingsins hefði átt að taka þessi mál fastari tökum.

Karl Steinar Guðnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. síðasti ræðumaður ræddi um endurgreiðslu virðisaukaskatts og vék að því að fjárln. hefði haft með það að gera. Sagðist ekki trúa því að sessunautur sinn, hv. þm. Pálmi Jónsson, hefði farið þannig að þegar hann var formaður fjárveitinganefndar. Ég er sannfærður um að svo hefði ekki verið og enginn formaður fjárveitinga- eða fjárln. hefði gert það enda eru þau mál ekki á forræði fjárln. heldur efh.- og viðskn.

Þá vil ég geta þess að fjárln. áætlaði fyrir launum hreppstjóra áður en frv. kom til umræðu hér.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er að sjálfsögðu kunnugt um að efh.- og viðskn. fjallar um tekjuhlið fjárlagafrv. En nál. er samt sem áður flutt af formanni fjárln. á ábyrgð fjárln. Og að sjálfsögðu hlýtur fjárln. að skoða allar tölur sem í fjárlagafrv. eru. Og þó það væru ekki tekjutölur þá eru þó gjaldatölurnar sem af þessu stafa — þið hafið orðið að fara í gegnum það hvernig útgjaldaliðirnir hækkuðu, hvernig vaxtagjöldin hækkuðu, hvernig barnabætur hækkuðu vegna þessarar vitlausu ákvörðunar. Þannig að ég held að það sé nokkuð langt seilst að segjast ekki bera neina ábyrgð á því.

Karl Steinar Guðnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er útúrsnúningur hjá hv. síðasta ræðumanni. Það er efh.- og viðskn. sem fjallar um skattamálin þó að fjárln. sem heild beri fram tekjutölur. Öll umræða um þennan þátt átti sér stað í efh.- og viðskn. og þannig er málið rétt.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætti kannski ekki að vera að bera blak af efh.- og viðskn. en ég vil gera það af því að formaður hennar er ekki mættur og ég geri auðvitað ráð fyrir að hann standi alveg fyrir sínu máli. En eins og ég sagði: Það koma inn vegna þessarar ákvörðunar gjaldaliðir í fjárlagafrv. og þegar hv. fjárln. er að reyna að skoða hvernig megi spara á öllum liðum þá hlýtur hún að skoða vaxtaútgjöldin líka og eins barnabætur sem hækka vegna þessara liuta. Og þegar það liggur fyrir að þessir tveir útgjaldaliðir, eins og kemur fram í bréfi frá aðilum vinnumarkaðarins, hækka vegna þessarar ákvörðunar meira en tekjuliðurinn í frumvarpinu þá held ég að nefndin, sem hefur málið til meðferðar í heild og á að hafa yfirsýn yfir bæði tekjur og gjöld og hvernig útkoman verður, hljóti að verða að skoða þessa hluti. Mér a.m.k. finnst að það séu ekki nægilega góð vinnubrögð ef það er ekki gert og sérstaklega þá vegna þess sem ég sagði hér áðan að það er sífellt að koma betur og betur í ljós hversu óvandaðar tillögurnar eru frá hæstv. ríkisstjórn. Stjórnarþingmenn verða að fara að vera betur á verði við því að taka ekki tillögur ríkisstjórnarinnar eins og þær eru umhugsunarlaust og greiða þeim atkvæði. Það þarf að kryfja þær betur.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum við 2. umr. um lánsfjárlög að þessu sinni sem raunar hefðu átt að afgreiðast fyrir jól en var frestað. Á þeim tíma hafa komið fram brtt. á fjórum þingskjölum við frv. eins og það var lagt fram í haust. Það sýnir náttúrlega, eins og hér hefur verið rakið í máli nokkurra hv. þm., að vinnubrögðin við efnahagsmálafrv. ríkisstjórnarinnar hafa ekki verið með þeim hætti sem æskilegt væri. Það má líka minna á að þegar frv. var við 1. umr. var áætlað að heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs væri 15,8 milljarðar kr. og þegar væru dregnar frá afborganir af teknum lánum sem væru 6,3 milljarðar þá yrði hrein lánsfjárþörf, þ.e. nýjar lántökur umfram afborganir af eldri lánum 9,5 milljarðar kr. Með þeim brtt., sem lagðar hafa verið fram, hækkar þessi tala að sjálfsögðu allmikið og er hægt að nefna nokkrar staðreyndir í því sambandi. Það er t.d. tillaga um fjármagn til járnblendiverksmiðjunnar sem að vísu er ekki nema 150 millj. í þessari brtt. að mig minnir en hv. formaður efh.- og viðskn. nefndi í gær að hér væri líklega um að ræða á milli 400 og 500 millj. kr. Og á þessari sömu brtt., þ.e. þskj. 589, eru einnig fleiri brtt., m.a. um breytingu í skattamálum sem nokkuð hefur verið rædd þar sem verið er að fella niður breytingar á endurgreiðslu virðisaukaskatts, það eru í fjárlagafrv. 400 millj. kr. Það má því segja að bara við þessar tvær brtt. eða það sem vitað er um af þeim upphæðum muni breyta lánsfjárlögum um líklega 1 milljarð kr. til hækkunar.

Það var líka rakið hér í frv. til lánsfjárlaga að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu mundi lækka bæði frá árinu 1991 sem er talið vera mjög mikið eða 40% og einnig að hún mundi lækka á milli áranna 1992 og 1993. En það er hvort tveggja samkvæmt fyrri áætlunum og ég tel að þær áætlanir séu ekki mjög marktækar. Og einnig það að hér er búið að hækka lánsfjárlögin um a.m.k. 1 milljarð kr. til viðbótar frá því sem áður var. Þannig að nú standast þessar lækkunartölur alls ekki lengur.

Mér fannst það dæmigert að í framsöguræðu hv. formanns efh.- og viðskn. í gær, rétt áður en þingfundi lauk talaði hann um að þetta væri orðinn eins

konar hrærigrautur, eins og hann orðaði það. Ég get vel tekið undir að þessi lánsfjárlög eru orðin talsverður hrærigrautur með öllum þeim brtt. sem komnar eru fram síðan þau voru upphaflega lögð fram.

Það er hægt að fara yfir einstök atriði í þessu. Ég ætla ekki að taka langan tíma í það en vil þó nefna að þegar verið er að ræða um skuldsetningu ríkisins sem vissulega er mikil þá ættum við að huga að því hverjir þessir lántakendur eru. Það er t.d. að stórum hluta Landsvirkjun sem hefur á undanförnum árum farið í framkvæmdir í orkumálum sem ekki hafa skilað okkur tilætluðum tekjum þar sem ekki hafa verið kaupendur að því rafmagni. Landsvirkjun er með einn fimmta hluta af öllum skuldum hins opinbera. Þannig að þar er stór aðili í þeirri heildarskuldabyrði sem við erum að ræða um þegar við erum að ræða um skuldir þjóðfélagsins.

Byggingarsjóðirnir taka allir mikið fjármagn til sín og verður það til þess að það er mikil eftirsókn eftir lánsfjármagni bæði innlendu og erlendu. Og það er að sjálfsögðu líka meðvirkandi til vaxtahækkunar í þjóðfélaginu hversu mikil eftirspurn er hjá byggingarsjóðunum og húsbréfadeildinni eftir fjármagni.

Ég nefndi áðan að járnblendifélagið er nefnt í brtt. vegna erfiðrar stöðu þess og ég tel að ekki sé stætt á öðru en að taka á því máli. Hitt er samt vert að taka fram að enn þá hefur ekki fengist skýrsla um stöðu félagsins þannig að raunverulega getur Alþingi ekki tekið á því máli eins og það er í dag, en það er alveg ljóst að það verður að skoða það mál alveg ofan í kjölinn og sjá hvort hægt er að tryggja rekstrargrundvöll þess fyrirtækis. Mikið er í húfi fyrir það svæði og einnig þjóðhagslega séð að verksmiðjan geti haldið áfram.

Ég vil einnig fagna því að tekið er inn í brtt. heimild fyrir hönd ríkissjóðs um að semja við Suðureyrarhrepp um yfirtöku á hluta af skuldum Hitaveitu Suðureyrar, en þetta er raunverulega gamalt loforð sem verið er að uppfylla vegna þess að þegar Suðureyrarhreppur var í gjörgæslu á sínum tíma hjá félmrn. var þetta eitt af þeim málum sem rætt var um að ganga frá.

Hvað varðar það að fella niður þessa nýju breytingu í skattamálum, þ.e. um endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vinnu á byggingarstað, er að sjálfsögðu til bóta eins og allir hafa nefnt sem hér hafa talað. En kannski hefði ekki þurft að koma til þess ef vinnubrögðin hefðu verið betri í upphafi og verð ég að taka undir það með hv. þm. Jóni Helgasyni þar sem hann nefndi áðan að vissulega hefði átt að skoða það betur og í því sambandi þau áhrif sem þetta hefði haft á vísitölur þjóðfélaginu.

Einnig vil ég lýsa yfir ánægju með það sem kom fram hjá hæstv. forsrh. í viðtali í fjölmiðlum nú nýlega að hann hygðist láta endurskoða grundvöll vísitalna. Ég hef oft nefnt það þegar verið hafa umræður um efnahagsmál að ég telji að þær vísitölur sem við erum með í gangi séu ekki allar raunhæfar. Það þarf að endurskoða. Það er allt of mikið fyrir þetta þjóðfélag að vera með a.m.k. þrjár vísitölur framfærsluvísitölu, byggingarvísitölu, lánskjaravísitölu sem hver hefur áhrif á aðra og sem dæmi hef ég nú stundum sagt að það er furðulegt að skuldir landsmanna skuli hækka við það að kaffið í Brasilíu verður svolítið dýrara á morgun en það var í dag. En allt eru þetta atriði sem koma inn í vísitölurnar og það sama gerist einnig með byggingarvinnu. Ég held því að alveg tímabært sé að skoða hvernig við byggjum upp vísitölurnar í þjóðfélagi okkar.

Í eins konar bandormi í þessu frv., eins og það er nú orðið við 2. umr., er m.a. verið að breyta ákvæðum útvarpslaga og Ferðamálasjóðs. Raunar gagnrýndi ég það við umræður um fjárlög og endurtek það nú að ég tel að rekstur útvarpsins verði ekki tryggður meðan skerðingarákvæði um Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins eru alltaf sett inn og sama gildir um Ferðamálasjóð. Ekki er hægt að halda áfram uppbyggingu í ferðamálum á sama tíma og lögboðinn tekjustofn er skertur um hundruð millj., m.a. á þessu ári um 111 millj. kr. Samanlagt hefur þetta verið skert frá árinu 1976 um 800 millj. kr. og ekki er hægt að ætlast til þess að Ferðamálasjóður geti sinnt uppbyggingu sinni á sama tíma og hann hefur ekki það fjármagn sem honum var ætlað til þeirrar uppbyggingar. Gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu voru t.d. á árinu 1991 12,5 milljarðar kr. og eitthvað hafa þær hækkað á síðasta ári þó ég hafi ekki þær tölur hér. Áður hefur sú skoðun Ferðamálaráðs komið fram í umræðunum að hægt sé að auka við allt að 2.200 ársverk á næstu átta árum sem tækju þá við fjórða hverjum nýliða á vinnumarkaðnum. Ég held að hér sé helsti vaxtarbroddurinn í atvinnuuppbyggingu okkar, þ.e. í ferðamálum. En það gerist ekki á sama tíma og framlög til ferðamála eru sífellt skert.

Sama gerist með Vegasjóð. Hann er skertur um 344 millj. kr. Á sama tíma á síðan að taka 1.500 millj. kr. til nýrra framkvæmda sem Vegasjóður á að standa straum af með afborganir og vexti, en farið er í kringum hlutina með því fyrst að skerða hann um 344 millj.

Hér er inni ákvæði um það að leiðrétta nokkuð hlut loðdýrabænda og ég vil lýsa yfir ánægju minni með það að hér skuli tekið á því máli. Það var löngu orðið tímabært að gera það vegna þess að þeir eru í vanda sem var að nokkru leyti tilbúinn af stjórnvöldum á sínum tíma og þess vegna skylda ríkisvaldsins að taka á því máli.

Virðulegi forseti. Ég veit að atkvæðagreiðsla á að fara fram. Mundi forseti vilja að ég gerði hlé á máli mínu eða ...(**Forseti:** Það fer eftir því hvort hv. þm. á eftir mikið af sinni ræðu, ef svo er þá mundi ræðu þingmannsins verða frestað til morguns, en ef hv. þm. á ekki eftir mikið af ræðunni þá ætlaði forseti að leyfa hv. þm. að ljúka henni.) Já, virðulegi forseti. Ég hugsa að ég eigi ekki eftir nema 3–4 mínútur af ræðu minni og mundi þá óska eftir að mega ljúka henni.

Eitt atriði vil ég enn nefna sem er í 5. gr. þessara lánsfjárlaga. Það er að Vatnsleysustrandarhreppur á að fá allt að 55 millj. kr. til undirbúningsrannsókna við Flekkuvíkurhöfn. Þetta er fjmrh. heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð. Ég sakna hv. 14. þm. Reykv. sem mjög hefur gert hér að umtalsefni þessa hafnargerð í Flekkuvíkurhöfn og ég er alveg viss um það að

hún mundi hér hafa haft allmargar athugasemdir við þessa grein. Ég get að mörgu leyti tekið undir það sem ég veit að hún hefði haft við þetta að athuga. Ég tel ekki tímabært að standa að neinum undirbúningsrannsóknum frekar við Flekkuvíkurhöfn þar sem fyrirhuguð álbræðsla á að rísa. Aðstæður á heimsmarkaði eru þannig í dag að ekkert útlit er fyrir það að ný álverksmiðja rísi hér alveg á næstu árum. Ég tel því að við þær aðstæður, sem við búum í efnahagsmálum í þjóðfélagi okkar sé alveg ástæðulaust að leggja 55 millj. kr. til þess að byggja nýja höfn fyrir álverksmiðju.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi lokið við flestar þær athugasemdir sem ég vildi koma hér á framfæri. Auðvitað væri hægt að hafa nokkuð langt mál um efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar en búið er að gera það allvel og eins og ég hef nú kannski oft haft á orði í þessum ræðustól þá er ég ekki mjög mikið fyrir langar ræður eða fyrir að endurtaka það sem aðrir hafa hér verið að segja á undan mér en ætla að láta þetta nægja.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjala:

Framleiðsla og sala á búvörum, 328. mál, frv. landbn., þskj. 599.

Grunnskóli, 296. mál, nál. minni hluta menntmn., þskj. 597.

Samningar við EB um fiskveiðimál, frh. síðari umr.

Stjtill., 275. mál. — Þskj. 375, nál. 549 og 579.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 32:29 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MI, PJ, RG, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, ÞurP, GHH, GuðjG, GHall, HN, SvÁ, JóhS, JBH, GÁS, KSG, LMR, GAK, SalÞ.

nei: ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, EH, EKJ, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF.

2 þm. (SighB, GHelg) fjarstaddir.

11 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég er andvígur samningnum. Ég vil ekki veita flota Evrópubandalagsins heimildir til veiða á fullnýttum fiskstofnum í íslenskri fiskveiðilögsögu. Í samningnum er ekkert jafnvægi. Við látum verðmætan karfa en fáum í staðinn loðnu sem er sennilega einungis pappírsloðna. Ég tel mjög misráðið hjá ríkisstjórninni að hverfa frá þeirri grundvallarstefnu okkar Íslendinga að láta ekki aðgang að fiskimiðum okkar í skiptum fyrir tollfríðindi í Evrópubandalaginu. Ef menn vilja skilja á milli samningsins um Evrópskt efnahagssvæði og þessa fiskveiðisamnings þá ber okkur að neita Evrópubandalaginu um þessar fiskveiðiheimildir og fella samninginn. Ég segi nei.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þetta er mikill uppgjafasamningur. Landhelgin er opnuð fyrir togaraflota Evrópubandalagsins á nýjan leik og með því er stigið stórt skref aftur á bak í réttindabaráttu okkar Íslendinga á því sviði. Það er ekki um gagnkvæmni að ræða í veiðiheimildum. Við látum 3 þús. tonn af karfa, verðmætum og áreiðanlegum stofni á móti loðnu sem við höfum veitt hvort sem er, með öðrum orðum fáum við pappírsloðnu í staðinn. Öll veiðin fer fram innan lögsögu annars aðilans og það er því fráleitt hvernig sem á málið er litið að halda því fram að þarna sé einhver gagnkvæmni á ferðinni. Langskynsamlegast er að fella samninginn og senda þau skilaboð til Evrópubandalagsins að Alþingi Íslendinga sé hvað sem ríkisstjórn líður ekki tilbúið til að gefast upp með þessum hætti. Enn fráleitara er en ella að afgreiða samninginn nú þegar fullkomin óvissa ríkir um framtíð Evrópsks efnahagssvæðis. Ekki verður séð að það þjóni öðrum tilgangi en þeim einum að tryggja það að Evrópubandalagið fái sín 3.000 tonn af karfa á þessu ári hvað sem öðru líður. Því er ég algerlega andvígur sem og samningnum og segi því nei.

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Það liggur fyrir að allt frá árinu 1976 hefur staðið til að gera einhvers konar samning við Evrópubandalagið til þess að fylgja eftir bókun 6 og þeim samningum sem náðust á sínum tíma um fríverslun við Evrópubandalagið. Ég tel að þessi samningur sem nú hefur náðst um gagnkvæmar veiðiheimildir sé okkur hagstæður og alveg fyllilega þess virði að gera hann. Því segi ég já.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Í næstum 20 ár hafa Evrópubandalagsþjóðirnar sótt það fast að fá að veiða innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Jafnlengi höfum við staðfastlega varið forræði okkar yfir fiskimiðunum. Núna allt í einu er lagður fyrir Alþingi mjög vondur fiskveiðisamningur undir því yfirskini að hér sé um að ræða samning um gagnkvæma veiði milli Íslands og EB. Gagnkvæmnin er ekki fyrir hendi. Okkur er boðið að fiska í eigin lögsögu fisk sem að óbreyttu hefði hvort eð er fallið í okkar hlut. Ég sé ekkert sem réttlætir þennan samning og segi nei.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Formaður Framsfl., hv. þm. Steingrímur Hermannsson, opnaði boð um veiðiheimildir af hálfu Íslendinga á fundi með framkvæmdastjórn Efnahagsbandalagsins í Brussel 1990 sem þáv. hæstv. forsrh. Niðurstaða slunginna samningaviðræðna liggur nú fyrir og er ásættanleg. Ég segi já.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Fiskveiðisamningur sá sem við nú greiðum atkvæði um tryggir að við höldum óskoruðum yfirráðarétti yfir auðlindum okkar. Þær umræður sem fram hafa farið á undanförnum dögum hafa leitt ótvírætt í ljós að í raun er ekki pólitískur ágreiningur um að gagnkvæmar veiðiheimildir komi til greina. Þessi samningur felur einmitt í sér gagnkvæmar og jafngildar veiðiheimildir á milli okkar og Evrópubandalagsins.

Þegar samningurinn er metinn er það einmitt meginatriði að það sé gert á grundvelli aðferðar sem notið hefur almennrar viðurkenningar hér á landi. Verðmætastuðlar þeir sem sjútvrn. gefur út í upphafi hvers fiskveiðiárs njóta slíkrar viðurkenningar og því er eðlilegt að leggja þá til grundvallar eins og samningurinn gerir.

Þessi samningur tryggir haldgott eftirlit með veiðunum. Hann leggur EB-þjóðunum þá skyldu á herðar að bera margs konar kostnað við veiðarnar, bæði vegna eftirlitsins svo og vegna þess að reglur um útbúnað veiðarfæra eru í veigamiklum atriðum frábrugðnar þeim sem annars staðar þekkjast. Margt bendir því til þess að veiðar EB-skipa á grundvelli samningsins verði taldar lítt fýsilegar. Með þetta í huga m.a. styð ég þennan samning og segi því já.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Það hefur ávallt verið stefna Íslendinga að láta ekki í té veiðiheimildir fyrir lækkanir á tollum. Ég tel að með þessum samningi hafi Íslendingar fallist á að láta Efnahagsbandalaginu í té veiðiheimildir sem eru mun verðmætari en þær sem við fáum í staðinn. Ég tel jafnframt að við látum í té óruggar veiðiheimildir fyrir mjög óvissar veiðiheimildir. Ég tel miðað við útlit um loðnuvertíð á þessu ári séu allar líkur á því að þessar veiðiheimildir muni í engu nýtast Íslendingum.

Ef svo illa fer að þessi samningur verði samþykktur á Alþingi, þá vænti ég þess að um það geti náðst samstaða að þessi samningur verði aldrei framlengdur og því neitað að ganga að slíkum afarkostum aftur. En eins og kunnugt er gildir þessi samningur aðeins til eins árs að því er veiðiheimildir varðar. Ég legg því til að þessi samningur verði felldur og segi því nei.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Með því að tala um gagnkvæmar veiðiheimildir í samningi þessum er verið að færa fram eitthvert mesta öfugmæli sem sést hefur í samskiptum Íslendinga við erlend ríki. Hér er verið að skrifa upp á kröfu Evrópubandalagsins, sem staðið hefur á Íslendingum frá 1976, að gjalda fyrir lækkun tolla fyrir íslenskar afurðir inn á Evrópubandalagsmarkaðinn með aðgangi fyrir Evrópubandalagið að íslenskum fiskveiðiauðlindum. Þetta er skilningur Evrópubandalagsins sem blasir við í sambandi við þetta mál og fyrir það munu Íslendingar eiga eftir að gjalda í frekari samskiptum við Evrópubandalagið.

Jafnframt er hér um að ræða aðgöngumiða vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði en Evrópubandalagið hefur gert það að skilyrði fyrir sitt leyti fyrir að staðfesta samninginn um EES að þessi samningur um fiskveiðimálefni verði frá genginn. Það er verið að binda okkur með þessum samningi til tíu ára og öll eru þau kjör sem eru tengd þessum samningi óaðgengileg. Því segi ég nei.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Frú forseti. Með þessum fiskveiðisamningi erum við að gera nauðasamninga. Það er fyrsta merkið um yfirgang EB og ásókn þeirra í fiskveiðilögsögu okkar. Með samþykkt samningsins erum við að brjóta áratuga hefð um að láta ekki aðgang að fiskimiðum fyrir aðgang að mörkuðum. Ég segi nei.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það liggur fyrir af hálfu Evrópubandalagsins að það lítur á staðfestingu þessa samnings sem forsendu fyrir gildistöku EES gagnvart Íslandi af sinni hálfu. Það er vegna þess að í fiskveiðisamningnum felast útflutningsuppbætur Íslendinga sem við þurfum að borga fyrir EES-samninginn. Hér er um það að ræða að greiða tollaívilnanir með veiðiheimildum við Íslandsstrendur. Viðræður við Evrópubandalagið munu því á næstu árum ekki snúast um það hvort floti Evrópubandalagsins megi yfir höfuð veiða hér við land eða ekki heldur einungis um það hversu mikið þeir megi veiða. Fiskveiðisamningurinn mun hins vegar ekki falla úr gildi þótt EES taki aldrei gildi eða því verði sagt upp áður en fiskveiðisamningurinn rennur út. Svo óhagstæður er þessi samningur ofan á allt annað. Ég segi nei.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Þetta er slæmur samningur fyrir Íslendinga. Með honum er verið að kaupa tollalækkanir inn á EB-markað því verði að hleypa skipum Evrópubandalagsins inn í íslenska fiskveiðilögsögu. Samkvæmt samningum verður að setjast árlega að samningaborði um veiðiheimildir. Samningurinn er óuppsegjanlegur næstu tíu árin. Þetta eru afarkostir sem Evrópubandalagið hefur gert að skilyrði fyrir EES-samningnum. Ég mótmæli þessari niðurstöðu og segi nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31:30 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HN, JóhS, JBH, KSG, LMR, MI, PJ, RG, SigG, SAÞ, SP, StB, SvÁ, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

nei: AÓB, EH, EKJ, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ*, StG, StH, SJS, SvG, VS.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]
2 þm. (GHelg, SighB) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 601).

Fundi slitið kl. 6.34 síðdegis.

---

102. FUNDUR

fimmtudaginn 14. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Kosning tveggja dómenda og tveggja varadómenda í Kjaradóm til fjögurra ára, skv. 1. gr. laga nr. 120 31. des. 1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.
2. Kosning fimm manna í stjórn Sementsverksmiðju ríkisins til fjögurra ára, frá 6. febrúar 1993 til 5. febrúar 1997, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 1. gr. laga nr. 7 6. febrúar 1961, um breyt. á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.
3. Framleiðsla og sala á búvörum, frv., 328. mál, þskj. 599. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
4. Lánsfjárlög 1993, stjfrv., 145. mál, þskj. 166, nál. 532, 534 og 590, brtt. 533, 551, 589 og 595. — Frh. 2. umr.
5. Grunnskóli, stjfrv., 296. mál, þskj. 452, nál. 588 og 597. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

Útbýting þingskjals:

Túlkun á samningi milli Íslands, Noregs og Grænlands um loðnustofninn, 330. mál, skýrsla utanrmn., þskj. 602.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill upplýsa að gert er ráð fyrir að taka ekki fyrir 1. og 2. dagskrármálið, þ.e. kosningar, fyrr en eftir hádegishlé, eða kl. 13.30. Þá verður hugsanlega atkvæðagreiðsla um lánsfjárlög ef umræðu verður lokið. Þetta eru praktískar upplýsingar fyrir hv. þm.

Lánsfjárlög 1993, frh. 2. umr.

Stjfrv., 145. mál. — Þskj. 166, nál. 532, 534 og 590, brtt. 533, 551, 589 og 595.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Í upphafi máls míns vildi ég beina þeim tilmælum til forseta að hæstv. viðskrh. yrði viðstaddur umræðuna áður en ég lyki máli mínu. Ég tók eftir því að hæstv. viðskrh. er ekki með fjarvistarleyfi þannig að ég reikna með að hann sé kominn til landsins og vildi þess vegna óska eftir því að gert yrði boð eftir honum vegna þess að ég á nokkuð vantalað við hann. Þar eð það er nokkur byrði á hæstv. forsrh. að fara með embætti fjmrh. um þessar mundir finnst mér ekki alveg sanngjarnt að láta hann sitja líka fyrir svörum varðandi hæstv. viðskrh.

Það frv. til lánsfjárlaga sem hér er til umræðu er á margan hátt sérstakt. Þó er það merkilegast að stjórnarmeirihlutinn á Alþingi er nú búinn að breyta þessu frv. í skattafrv. Ég held að það sé nokkuð langt síðan frv. til lánsfjárlaga hefur verið notað líka sem skattafrv. Hver er ástæðan? Jú, ástæðan er klúður hæstv. ríkisstjórnar. Hæstv. forsrh. tók þá ákvörðun að hefja leiðréttingu mistaka og í sjálfu sér ber að fagna því. Það er hins vegar spurning hvort hér eigi að nema staðar, hæstv. forsrh.

Máltækið segir: Batnandi mönnum er best að lifa, en ætli hæstv. forsrh. að lifa lengi, þá er auðvitað alveg ljóst að hann verður að leiðrétta fleira en bara þetta eina. Ég ætla að fara hér nokkrum orðum um ýmislegt í þeim efnum og byrja á verðbólgunni, hæstv. forsrh.

Í gær urðu hér nokkuð skemmtilegar umræður milli hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar og hv. þm. Steingríms Hermannssonar þar sem hæstv. forsrh. taldi að hv. þm. Steingrímur Hermannsson væri að óska sérstaklega eftir verðbólgu en hæstv. forsrh. lét í ljósi þá skoðun sína og mat að verðbólgan á árinu 1993 yrði í kringum 3%. Ég fer alveg rétt með þetta, enda hlustaði ég af athygli á hæstv. forsrh. í gær. En það sem olli furðu minni, hæstv. forsrh., var að þennan sama dag, reyndar áður en hæstv. forsrh. tók hér til máls, hafði Hagstofan reiknað út framfærsluvísitölu fyrir janúarmánuð. Maður velti því fyrir sér þegar hæstv. forsrh. kemur í ræðustól á Alþingi og lýsir því yfir að hann telji að verðbólgan verði 3% á árinu 1993 hvort hann fylgist svo lítið með að hann hafi ekki vitað að Hagstofan var búin að reikna út framfærsluvísitöluna fyrir janúarmánuð. Því að forsrh. sem hefði þann útreikning í höndunum mundi auðvitað ekki leyfa sér að standa upp á Alþingi og segja: Verðbólgan verður að mínu áliti bara 3%.

Hvers vegna ekki? Jú, vegna þess að niðurstaða Hagstofunnar í gær var að framfærsluvísitalan í jan-

úarmánuði hækkaði um 1,2%. Í fyrsta mánuði ársins er kominn tæpur helmingur af þeirri heildarhækkun verðbólgunnar sem hæstv. forsrh. sagði hér í þessum ræðustól síðdegis í gær að yrði á öllu árinu. Þess vegna hlýtur maður að spyrja, hæstv. forsrh., er það eins með verðbólguna og virðisaukaskattinn á vinnu á byggingarstað að ríkisstjórnin viti ekki hvað hún er að gera? Eða heldur hæstv. forsrh. virkilega að hækkun á framfærsluvísitölunni verði í hverjum einasta mánuði sem eftir er af árinu í kringum 0,1% eða svo? Auðvitað ekki.

Þess vegna blasti það við að Hagstofan, sem heyrir undir forsrh. ef ég man rétt, ég held að hann sé einnig ráðherra Hagstofunnar, var búin að flytja honum þau tíðindi áður en hann stóð upp í gær að mælingin bara fyrir janúarmánuð einan væri 1,2%. Hvað þýðir það á ársgrundvelli? Það þýðir, hæstv. forsrh., 15% verðbólgu á ársgrundvelli. Hvað er langt síðan framfærsluvísitalan hefur mælst 1,2% í einum mánuði? Hvað er langt síðan, hæstv. forsrh.? Ég óska eftir því að það verði upplýst í umræðunni. (**Forsrh.:** Ég missti af þessu.) Já, ég skal endurtaka þetta, virðulegi forsrh. Ég spyr ráðherra Hagstofu og forsætis á Íslandi hvað sé langt síðan framfærsluvísitalan hafi hækkað um 1,2% á einum mánuði? Hvenær gerðist það síðast og hvenær gerðist það næstsíðast?

Hver er ástæðan fyrir þessum hækkunum? Það er mjög fróðlegt að skoða það. Er það óróleiki á markaðnum? Nei. Er það verðlagning kaupmanna? Nei. Það eru ákvarðanir ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh., sem valda þessari hækkun á framfærsluvísitölunni. Skiptingin á bak við þetta 1,2%, ef hæstv. forsrh. hefur ekki enn lesið pappírana sem honum berast í forsrn., er 0,44% vegna hækkana á opinberri þjónustu, ákvarðanir sem hér voru teknar í desembermánuði. Hækkanir vegna bílsins, þ.e. auknir skattar ríkisstjórnarinnar í einu eða öðru formi sem lenda á bíleigendum, 0,4%. Matvælin 0,33% og er þá ljóst af þeim útreikningum að hækkanirnar á kjötvörunum, sem hæstv. forsrh. var að gagnrýna hér fyrir nokkrum dögum, eru ekki enn þá komnar inn vegna þess að þau 0,33% sem hér eru eru fyrst og fremst vegna hækkunar á eggjum. Það er alveg ljóst, hæstv. forsrh., að það eru þínar eigin ákvarðanir og ríkisstjórnar þinnar og meðreiðarsveina ríkisstjórnarinnar á Alþingi í desembermánuði sem valda þessari hækkun um 1,2%. (**Forseti:** Nota rétt ávarp.) Ég skal gera það, virðulegi forseti, en ég tók nú eftir því í umræðunum í gær að fjöldi ræðumanna notaði sama umræðuávarp án þess að vera nokkuð leiðréttir af forsetastól. (**Forseti:** Þá hefur forseti ekki setið hér.) Sú mikla hækkun sem hér hefur orðið á framfærsluvísitölunni er afleiðing af ákvörðunum ríkisstjórnarinnar.

Hæstv. forsrh. sagði fyrir nokkrum dögum þegar fyrir lágu ákvarðanir um verðhækkanir á kjötvörum, sem ekki eru komnar inn en koma væntanlega inn í febrúarmánuði, að hann krefðist þess að þær yrðu dregnar til baka. Þá var honum svarað fyrst af forustumönnum bændasamtakanna, síðan af ýmsum öðrum og bent á að hluti ákvarðananna á verðhækkun á kjötvörum væri tekinn af opinberri nefnd en hvorki bændasamtökunum né milliliðunum. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. að því hér: Hvað er að frétta af þessari baráttu um að lækka verðið á kjötvörunum? Það hefur ekkert heyrst í hæstv. forsrh. síðustu dagana og engar fréttir borist af því stríði. Eða er hæstv. forsrh. kannski búinn að gefast upp í því? Hefur hann þá líka áttað sig á því að það eru bara opinberir aðilar sem að hluta til hafa ákveðið þetta? Það eru húskarlarnir í Stjórnarráðinu og hliðarnefndum þess sem ákváðu hluta af þessum hækkunum á kjötvörunum.

Er það þannig að hæstv. forsrh. viti bara yfir höfuð ekkert hvað er að gerast í stjórnkerfinu? Hefur hann ekki hugmynd um það að minnkun á endurgreiðslum á virðisaukaskatti af vinnu á byggingarstað muni hækka lánskjaravísitöluna? Hann hafði ekki hugmynd um það hér í gær þegar hann fullyrti að verðbólgan verði 3% á árinu að þann sama dag er undirstofnun hans, Hagstofan, að komast að þeirri niðurstöðu að hún er 1,2% bara í janúarmánuði einum. Og hann hafði ekki hugmynd um að það eru opinberir aðilar sem reikna út verðlagninguna á kjötvörum.

En ástæðan fyrir því að ég óskaði eftir því að hæstv. viðskrh. kæmi til umræðunnar er sú, virðulegi forseti, að hæstv. viðskrh. getur ekki borið það fyrir sig að hann hafi ekki vitað hvað var að gerast varðandi endurgreiðsluna á virðisaukaskatti af vinnu á byggingarstað. Það getur hann ekki gert. Hvers vegna ekki? Vegna þess að honum var það fullkunnugt að sú ákvörðun var tekin á sínum tíma að endurgreiða að fullu virðisaukaskatt af vinnu á byggingarstað til þess að koma í veg fyrir áhrifin á lánskjaravísitölu í gegnum byggingarvísitölu. Þeir nafnarnir, hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh., geta því ekki sagt á Alþingi: Við vissum ekki hvað við vorum að gera vegna þess að þeir voru þátttakendur í því og meðal helstu höfunda þeirrar ákvörðunar að endurgreiða að fullu virðisaukaskatt af vinnu á byggingarstað til þess að koma í veg fyrir að virðisaukaskattur sem ekki væri endurgreiddur hækkaði lánskjaravísitöluna og þar með allan skuldastokkinn í landinu og flytja til fjármagn frá þeim sem skulda til þeirra sem eiga fjármagnið.

Það er m.a. þess vegna sem ég, virðulegi forseti, óskaði eftir því að hæstv. viðskrh. legði í það að vera viðstaddur umræðuna því að það væri satt að segja mjög fróðlegt að fá svar við því hvað hæstv. viðskrh. var að hugsa í ríkisstjórninni og á Alþingi þegar hann greiddi þessu atkvæði. Það er kannski hægt að fyrirgefa hæstv. forsrh. og meta það við hann að hann hefur séð að sér vegna þess að hann hefur ekki verið innan búðar í þessu víravirki efnahagsmálanna eins og hæstv. viðskrh., fyrst sem forstjóri Þjóðhagsstofnunar og síðan sem ráðherra í ríkisstjórn síðan 1987. En að hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson viti ekki hvað hann var að gera hér í desember þegar hann lagði til við þingið sem ráðherra í ríkisstjórninni að endurgreiðsluhlutfallið yrði lækkað og greiddi því síðan atkvæði á Alþingi, það gengur ekki upp. Hann vissi 100% hvað hann var að gera.

Virðulegi forseti. Annað atriði sem ég vildi nefna

eru vextirnir. Hæstv. forsrh. lét í ljós þá skoðun í gær að nú ættu vextirnir að lækka vegna þess að forsenda vaxtahækkunar, sem bankarnir tilkynntu fyrir skömmu síðan, hefði m.a. byggst á því að endurgreiðsluhlutfallið af virðisaukaskattinum yrði lækkað. Hæstv. forsrh. lét jafnframt í ljós þá skoðun að það væri ekki í hans verkahring að skipta sér af vaxtaákvörðunum bankanna. Það væri eitt af því sem siðaðir menn í efnahagsstjórn bara gerðu ekki. Ég greip þá fram í hér og benti hæstv. forsrh. á að hæstv. viðskrh. er a.m.k. ekki í hópi þessara siðuðu manna vegna þess að árum saman var hann á kafi í því að reyna að hafa áhrif á vaxtaákvarðanir viðskiptabankanna með því að bjóða bankaráðsmönnum upp á kaffi og vínarbrauð, bæði í ráðuneytinu hjá sér og eins í rúgbrauðsgerðinni, kalla þá til fundar í fundaherbergi ríkisstjórnarinnar ásamt þáv. forsrh. og ég veit ekki hvað og hvað. Hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson er því mjög lærður í margvíslegum aðferðum við að hafa áhrif á vaxtaákvarðanir viðskiptabanka, bæði með því að ræða við bankastjórana, með því að ræða við formenn bankaráðanna, með því að ræða við aðra fulltrúa í bankaráðunum og með því að gefa mönnum kaffi og meðlæti, með því að tala af blíðmælgi, viti og skynsemi og líka með því að tala í hótunum og það getum við ýmsir borið vitni um. Það má vel vera að hæstv. forsrh. sé búinn að siða hæstv. viðskrh. þannig að hann sé alveg hættur þessum vínarbrauðsfundum með fulltrúum í bankaráðunum.

En hvað segir bankastjóri einkabankans í dag, hæstv. forsrh.? Hvað segir Ragnar Önundarson, framkvæmdastjóri Íslandsbanka í dag í Morgunblaðinu? Ætlar hann að lækka vextina? Nei, ekki aldeilis. Hann ætlar ekki að lækka vextina. Viðskiptabankinn, einkabankinn, Íslandsbanki, segir í Morgunblaðinu í dag að þegar bankarnir ákváðu að hækka vextina, með leyfi virðulegs forseta: „...tóku bankarnir ekki nema hálfa þá hækkun sem fullkomið tilefni var til að taka og það gerðu þeir vitandi að þetta væri í endurskoðun."

Það sem bankastjórinn vísaði í er breytingin á endurgreiðsluhlutfallinu af virðisaukaskattinum. Og hann segir meira, með leyfi virðulegs forseta:

„Í dag er því algerlega óvíst að tilefni verði til vaxtalækkana og þaðan af síður til hve mikilla."

Og hann segir meira, bankastjóri einkabankans, með leyfi virðulegs forseta:

„Vextirnir voru þó aðeins hækkaðir um 2% og bankarnir áttu eftir að hækka þá um önnur 2% síðar í janúar ef ekkert hefði verið gert í verðlagsmálum. Við vissum að stjórnvöld voru að skoða með hvaða hætti væri hægt að koma í veg fyrir þessi óæskilegu áhrif á vísitöluna og ákváðum því að bíða með helming vaxtahækkunar til að sjá hver framvindan yrði. Ef verðbólguspáin næstu fjóra mánuði verður um 3,5% er ekki tilefni til breytinga og þá hafa nafnvextirnir eingöngu verið aðlagaðir að verðbólgustiginu."

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. Dómur Íslandsbanka er fallinn. Íslandsbanki ætlar ekki að lækka vextina vegna þess lánsfjárlagafrv. sem hér er verið að afgreiða. Það er alveg ljóst. Í besta falli kemur afgreiðsla þess frv. sem við erum hér að ræða og er að hluta til orðið skattafrv. í veg fyrir að Íslandsbanki hækki vextina enn frekar. Háðið hjá bankastjóra Íslandsbanka í garð hæstv. forsrh. er auðvitað mjög magnað vegna þess að bankastjórinn segir það alveg blákalt og ískalt að Íslandsbanki hafi eingöngu verið að laga vextina að verðbólgustiginu. Eða með öðrum orðum segir Íslandsbanki það alveg skýrt að það séu verðbólguáhrif efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar sem hafi leitt til þessara vaxtahækkana, vaxtahækkana sem forsrh. var að gagnrýna þó að hann vildi ekki skipta sér af þeim og vaxtahækkana sem Morgunblaðið er að óska eftir í dag að verði teknar til baka.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forsrh., og er nú leitt að viðskrh. með vínarbrauðsaðferðina við bankaráðið frá því á árum áður skuli ekki vera mættur til þings vegna þess að auðvitað liggur beint við að spyrja hann: Ætlar viðskrh. að sitja hjá aðgerðarlaus og láta eins og ekkert sé? Og ætlar hæstv. forsrh. virkilega að láta það gerast að þegar hann er búinn að koma fram og játa mistök sín, búinn að knýja þingið til þess að breyta þessu ... (**Forseti:** Forseti vill upplýsa hv. þm. um að það hefur verið haft samband við hæstv. viðskrh. Forseti vill benda á að hann hefur varamann á þingi og er upptekinn við önnur störf úti í bæ og hefur þess vegna ekki tök á því að koma til fundarins.) Virðulegi forseti. Ég reikna með að þetta sé orðrétt haft eftir viðskrh. og frumleiki hans er satt að segja ótakmarkaður. Þegar hæstv. viðskrh. vísar til þess að bæjarstjórinn í Hafnarfirði, Guðmundur Árni Stefánsson, sitji á þingi og geti svarað fyrir sig, er þá ekki hægt að ná í bæjarstjórann, virðulegi forseti, fyrst svo er? (**Forseti:** Það var misskilningur hv. þm. að hann hafi vísað til þess. Hann var að benda á að hann er með varamann á þingi og af þeirri ástæðu er hann fjarverandi og getur því miður ekki mætt hér vegna þess að hann er við önnur störf úti í bæ.)

Það er algengt, virðulegi forseti, að þó að ráðherra setji hér inn varamann er það ekki afsökun fyrir því að þeir séu hálfan mánuð í burtu frá umræðum á Alþingi. Það er bara engin afsökun. Ég skil hins vegar vel að hæstv. viðskrh. skuli ekki leggja í það að koma hérna í þingsalinn vegna þess að hann er auðvitað þannig staddur í öllu þessu máli að hann á enga vörn því hann vissi mætavel hvað hann var að gera í desember. Hann situr uppi með það hér að hæsta vaxtastig í bankakerfinu sem mælst hefur á undanförnum árum samkvæmt niðurstöðum í lok sl. árs heldur áfram að hækka. Ég vil hins vegar segja það, virðulegi forseti, að það er auðvitað á engan hátt frambærilegt hjá hæstv. viðskrh. þegar verið er að ræða hér frv. til lánsfjárlaga, sem hefur afgerandi áhrif á vaxtastigið í landinu og störf bankakerfisins og samskipti ríkisins og Seðlabankans sem heyrir undir hæstv. viðskrh., að búa sér þá til einhverja afsökun úti í bæ og þykjast ekki geta mætt hérna. Hæstv. viðskrh. gat farið fyrir utanrrh. til þess að ræða Barentshafið en hann getur ekki komið á Alþingi til þess að ræða vextina og til þess að ræða sínar eigin ákvarðanir. Það er auðvitað á engan hátt frambærileg afsökun. Að vísa í þingsetu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar í því sambandi kemur bara

málinu ekkert við, hæstv. forseti.

Ég verð hins vegar að segja það að mér finnst ekki alveg sanngjarnt að láta hæstv. forsrh. svara fyrir þetta allt saman hérna í salnum. (**Forsrh.:** Jú, jú. Ég skal gjarnan gera það.) En hann ætlar að taka það að sér og það verður kannski fróðlegt að heyra þá vörn. En ég get ekki héðan úr ræðustólnum náð í hæstv. viðskrh. þannig að ég verð að halda áfram. Ég vil þá ítreka það við hæstv. forsrh. að hann útskýri það hvort hann ætlar bara að una þessari afstöðu Íslandsbanka. Ef það verður niðurstaða Íslandsbanka, sem kemur fram í skoðunum bankastjórans, Ragnars Önundarsonar, í dag er alveg ljóst að vextirnir verða ekkert lækkaðir svo allt hagkerfið, atvinnulífið, sjávarútvegurinn og iðnaðurinn, sitja uppi með það, eins og fram hefur komið hjá talsmönnum sjávarútvegsins, að greiðslur þeirra vegna þessara vaxtahækkana munu vega upp ávinninginn fyrir atvinnulífið af öðrum efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar. Með öðrum orðum hefur viðskiptabankakerfið á einum mánuði eytt öllum bata fyrir atvinnulífið sem ríkisstjórnin hældi sér af í desember.

Þetta bara gengur ekki upp, hæstv. forsrh. Ef viðskiptabankakerfið ætlar virkilega að haga sér svona, verður auðvitað að taka því tak. Ég vil benda hæstv. forsrh. á það, sem reynir við og við að halda hér uppi einhverri markaðskenningu, að það eru algild sannindi í þeim fræðum að á fákeppnismarkaði, og íslenska viðskiptabankakerfið er fákeppnismarkaður, er það þannig að lækkun á verði vöru, sem í þessu tilfelli eru vextir, gerist ekki nema fyrir utanaðkomandi þrýsting. Allar rannsóknir af hegðun fyrirtækja á fákeppnismarkaði sýna að þau eru mjög fljót að hækka verð vöru sinnar. Þau þurfa enga hjálp til þess en þau þurfa yfirleitt utanaðkomandi hjálp til þess að lækka verðið á vörum sínum af því að það er ekki frjáls samkeppni á þeim markaði. Það er fákeppnismarkaður. Þess vegna er auðvitað fásinna að reyna að beita kenningum hins frjálsa og algera samkeppnismarkaðar á íslenska viðskiptabankakerfinu. Það væri kannski hægt að gera það eftir einhver ár þegar búið er að opna þannig á milli íslenska bankakerfisins og erlendra banka að þeir séu háðir erlendri samkeppni en það er bara ekki þannig í dag. Það verður mjög fróðlegt að fylgjast með því hver vinnur þessa orrustu, Íslandsbanki eða ríkisstjórnin.

Í þriðja lagi, virðulegi forseti, bar hæstv. forsrh. það fyrir sig í vörninni í gær að samhengið á milli ríkisfjármálanna og vaxtamálanna réði mestu en ekki einhver afskipti af vaxtaákvörðun bankanna. Hvað sagði hæstv. ríkisstjórn þegar hún tók við, hæstv. forsrh.? Jú, hún sagði það að hún ætlaði að eyða halla ríkissjóðs á tveimur árum. (**IBA:** Gengur það ekki ágætlega?) Hv. þm. spurði: Gengur það ekki ágætlega? Nú ætla ég ekki að ráða í það hvort sú spurning var sett fram í háði eða í alvöru en ég mun reyna að svara henni eins og hún væri sett fram í alvöru. Nei, það gengur ekki ágætlega, hv. þm. Það gengur meira að segja svo illa að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar með fjmrh. Friðrik Sophusson í fararbroddi ríkisfjármálanna, fararbroddi er kannski of mikið sagt en ábyrgan fyrir ríkisfjármálum, verður með meiri halla á sínum fyrstu tveimur heilu árum, 1992 og 1993, en voru á síðustu tveimur árum ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar þegar ég bar ábyrgð á ríkisfjármálunum þó ég reikni allan hallann 1991, eins og Friðrik Sophusson skráði hann, yfir á mig sem er þó ekki sanngjarnt að gera. Ég skal útskýra það.

Hallinn 1990 var í kringum 4,5 milljarða. Hallinn 1991, eins og Friðrik Sophusson skráði hann, var rúmir 12 milljarðar. Þá var hann búinn að færa ýmsar tölur sem ættu í reynd heima á árinu 1992 yfir á 1991 til þess að geta lagað aðeins stöðuna fyrir sér á árinu 1991. Í reynd var því hallinn kannski á sambærilegum grundvelli 1991 á bilinu 10 til 12 milljarðar. Nú skulum við taka þessa endanlegu reikningstölu sem hæstv. núv. fjmrh. Friðrik Sophusson gaf út fyrir 1991 og skulum jafnvel vera svo góð við núv. ríkisstjórn, þó að við höfum farið frá í lok apríl og enga ábyrgð borið á ríkisfjármálunum í átta mánuði, 1991, að reikna allan hallann 1991 yfir á okkur í tíð síðustu ríkisstjórnar og vera bara grand á því gagnvart þessari ríkisstjórn. Sanngjarnara væri þó að reikna a.m.k. ¼ af þessari reikningstölu yfir á ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og Friðriks Sophussonar. Það væri sanngjarnara. En allt í lagi. Við skulum taka það allt yfir á okkur. Og ég ætla ekki að rifja upp orðin sem hæstv. ráðherrar Davíð Oddsson og Friðrik Sophusson höfðu um mig og stjórn mína á ríkisfjármálunum. Það var nú ekki par fínt.

En hver er niðurstaðan hjá þeim sjálfum? Niðurstaðan hjá þeim sjálfum er að hallinn 1992 verður einhvers staðar 9–10 milljarðar. Það er ekki vitað alveg nákvæmlega enn en hann verður varla undir 9 milljörðum og getur orðið upp undir 10 milljarðar. Það er alveg ljóst að með velvild verður hallinn 1993 aldrei undir 8–9 milljörðum og gæti orðið mun meiri. Hann er nú þegar samkvæmt útgáfu ríkisstjórnarinnar sjálfrar orðinn tæpir 7 milljarðar. Að bæta 1 milljarði við gerir því ráð fyrir alveg feikilegum árangri í stjórn ríkisfjármála á þessu ári sem er nýhafið.

Við skulum líka vera grand á því og reikna þetta eins hagstætt og hægt er. Og hver er þá niðurstaðan? Niðurstaðan er sú að á árunum 1990 og 1991 er hallinn með því að reikna allt á besta veg fyrir núv. ríkisstjórn og allt á versta veg fyrir okkur, sem vorum í fyrri ríkisstjórn, 16–17 milljarðar. Hvað verður hann á fyrstu tveimur heilu árunum hjá ríkisstjórn Davíðs Oddssonar? Hann verður aldrei undir 17–19 milljörðum 1992 og 1993, jafnvel mun meiri, jafnvel yfir 20 milljarðar á þessum fyrstu tveimur heilu árum, árunum sem átti að skila ríkissjóði hallalausum. Ef maður fer yfir í það sem er þó eðlilegra að reikna a.m.k. ¼ af uppgefinni hallatölu ársins 1991 yfir á ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og hæstv. fjmrh. Friðriks Sophussonar, bæði vegna þess hvaða reikningsaðferð hann beitti og kannski er rétt að lofa þeim að bera einhverja ábyrgð á ári sem þeir stjórnuðu í átta mánuði þannig að fjórðungur af 12,5 milljörðum sé settur yfir á ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson er alveg ljóst að hallatalan hvað okkur snertir í tíð síðustu ríkisstjórnar er 11–13 milljarðar, en fram að árs-

lokum 1993 hjá ríkisstjórn Davíðs Oddssonar 20–22 milljarðar. Þess vegna veltir maður því fyrir sér hvort hv. þm. Ingi Björn Albertsson hafi kallað fram í í háði því það er auðvitað miklu nær.

Mennirnir sem stóðu hér og fóru með stóru orðin um mig og ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar geta núna látið sín eigin verk tala. Og þau eru þannig að það er ekki hægt að finna ríkisstjórn á Íslandi með jafnlélega útkomu á stjórn ríkisfjármála. Við skulum hins vegar vona að þetta lagist því að þetta er auðvitað á engan hátt gott og ég er ekki í sjálfu sér að hlakka yfir þessu. Þetta er auðvitað hrikaleg niðurstaða. En hún er enn hrikalegri fyrir það að þetta voru mennirnir sem sögðu þjóðinni: Við ætlum að eyða hallanum á fyrstu tveimur árunum sem við stjórnum. Voru það líka bara mistök að lýsa því yfir að eyða hallanum á fyrstu tveimur árunum? Látum vera ef þeir hefðu sagt það bara fyrir kosningar. Nei, takk, það var nú ekki aldeilis. Þeir sögðu það líka eftir að þeir voru teknir við, eftir að þeir voru sestir inn í fjmrn., sestir inn í forsrn. og áttu að hafa allar upplýsingar kerfisins við hendina þannig að þeir gætu dæmt. Þeir sögðu það líka eftir það.

Er það bara þannig að þessi ríkisstjórn viti yfir höfuð ekkert hvað hún er að gera? Viti ekkert hvað hún er að gera varðandi virðisaukaskatt af vinnu? Viti ekkert hvað hún er að gera varðandi áhrifin á verðbólguna? Viti ekkert hvað hún er að gera varðandi hallann á ríkissjóði? Við vitum að hún vissi ekkert hvað hún var að gera þegar hún felldi gengið. Það liggur nú fyrir. (Gripið fram í.) Ég var einmitt að vona, að ég fengi svona frammíkall, hæstv. forsrh. (**Forsrh.:** Þú hefur ekki haldið blaðamannafund um málið.) Ég gæti það, hæstv. forsrh., vegna þess að ég aflaði mér einmitt í morgun nýrra upplýsinga í málinu. Hæstv. forsrh. Það er gott að við getum hlegið saman að þessum gengisfellingarmálum ríkisstjórnarinnar því þær tölur eru satt að segja orkan skemmtilegar.

Ég verð að segja það um hæstv. forsrh., af því að ég er svona aðeins að hæla honum á kostnað alþýðuflokksráðherranna, að hann var ekki alveg eins glannalegur og hæstv. utanrrh. í yfirlýsingunum um ástæður gengisfellinganna á sínum tíma. En það breytir ekki þeirri staðreynd að hæstv. utanrrh. stóð í ganginum niðri á þeim stað þar sem ég hélt svo síðan blaðamannafundinn sem hæstv. forsrh. var að kalla fram í um, og hvað sagði hæstv. utanrrh.? Með leyfi virðulegs forseta:

„Gengi pundsins hefur lækkað enn frekar. Gengi pesetans er fallið í annað sinn. Gengi eskúdóans er fallið“ — og gott ef puttarnir gengu ekki alveg fyrir framan vélarnar um leið og þetta var talið upp, o.s.frv.

Hvað hefur gerst, hæstv. forsrh.? Ég fékk upplýsingarnar í morgun. Þær eru mjög skemmtilegar. Hefur gengi pesetans lækkað frá því að það var áður en íslenska ríkisstjórnin felldi gengið? Nei. Það hefur ekki enn þá gerst, ekki á markaðnum. Það er að vísu rétt að viðmiðunarmörkunum var breytt á blaði. En hið raunverulega gengi gjaldmiðilsins eins og það er í kaupum og sölum á gjaldmiðlum, sem er auðvitað það sem máli skiptir, hefur ekki lækkað. Það hefur meira að segja hækkað, hæstv. forsrh. Það hefur hækkað. Pesetinn er um 1% sterkari í dag en hann var 20. nóv. sl., í lok vikunnar helgina áður en ríkisstjórnin felldi gengi íslensku krónunnar. Nú eru senn þrír mánuðir frá því að hæstv. utanrrh. fullyrti það hér á ganginum að gengi pesetans hefði fallið og þess vegna væri nauðsynlegt að fella gengi íslensku krónunnar. Pesetinn hefur ekki fallið enn þremur mánuðum síðar. Hann hefur þvert á móti hækkað. Tölurnar eru þær að 20. nóv. var gengi pesetans á móti íslensku krónunni 0,5202 og 14. jan. 0,5564 eða 7% breyting a móti 6% breytingu íslensku krónunnar þannig að það er 1% hækkun.

Hvað um vin okkar eskúdóann, þann portúgalska sem líka hafði bara dúndrað samkvæmt yfirlýsingu hæstv. utanrrh., fallið, þriðji putti upp í sjónvarpsvélarnar? Hefur hann fallið? Ekki aldeilis. Hann er bara á nákvæmlega sama stað og hann var 20. nóv. Það er því þannig, hæstv. forsrh., að hvorki pesetinn né eskúdóinn hafa fallið enn. Það er von að hæstv. forsrh. klóri sér í hnakkanum. En þetta er nú bara svona.

Það væri að vísu dálítið gaman að kalla á dr. Jóhannes Nordal, bankastjóra Seðlabankans, sem lýsti því yfir í sjónvarpi kvöldið eftir að ég upplýsti þetta á blaðamannafundinum niðri að ef þetta héldi svona áfram og gengi þeirra lækkaði ekki í raun yrði bara að hækka gengi íslensku krónunnar. Þess vegna væri tími til kominn að kalla dr. Jóhannes fyrir og spyrja: Hvenær kemur hækkunin?

Það er nefnilega þannig að þessi ríkisstjórn virðist bara yfir höfuð ekkert vita hvað hún er að gera. Hún heldur að pesetinn hafi fallið. Hann hefur bara hækkað. Hún heldur að eskúdóinn hafi fallið. Hann hefur bara staðið í stað. Hún heldur að það hafi engin áhrif á lánskjaravísitöluna að breyta endurgreiðslum á virðisaukaskatti. Hún heldur að það hafi engin áhrif á 3% verðbólguspá yfir allt árið að verðbólgan í janúarmánuði einum er 1,2%. Og hún heldur að hún nái niður halla ríkissjóðs á tveimur árum þegar hún slær met allra ríkisstjórna í meiri halla á sínum fyrstu tveimur árum en nokkur önnur ríkisstjórn. Þess vegna er það virðingarvert hjá hæstv. forsrh. að byrja að leiðrétta mistökin, en þetta frv. sem hér er til umræðu er náttúrlega bara byrjunin. Skynsamlegast væri náttúrlega að hækka aðeins krónuna svona síðdegis í tilefni þess að við getum senn haldið upp á þriggja mánaða afmæli þess að eskúdóinn og pesetinn hafi bara verið óbreyttir og meira að segja pesetinn hefur hækkað.

Virðulegi forseti. Ég veit satt að segja ekki hvað ég á að vera að ergja hæstv. forsrh. með því að fara yfir þetta svona lið fyrir lið. Atvinnuleysið? Eigum við aðeins að tala um atvinnuleysið?

Hvað sagði hæstv. forsrh. þegar hann tilkynnti efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar í nóvember? Jú, þær áttu að draga úr atvinnuleysi. Hafa þær gert það, hæstv. forsrh.? Nei, því miður. Því miður er það þannig ... (**Forsrh.:** Atvinnuleysið mun fara vaxandi næstu mánuði, síðan lækka.) Hæstv. forsrh. kallar fram í að atvinnuleysið mundi fara vaxandi næstu mánuði og síðan lækka. Gott og vel, það má vel vera að hann hafi

sagt það. Hins vegar er það staðreynd, hæstv. forsrh., að ýmsar af þeim aðgerðum til þess að skapa atvinnu og voru í tilkynningu ríkisstjórnarinnar í nóvember voru síðan dregnar til baka í endanlegri afgreiðslu fjárlaga á Alþingi. En í viðtali við Eirík Hilmarsson hjá kjararannsóknarnefnd, sem birt er í Vikublaðinu í dag, kemur fram, með leyfi virðulegs forseta:

„Varlega áætlað stefnir allt í að atvinnuleysið fari yfir 5 af hundraði í janúar, jafnvel upp í 5,5 af 100. Gangi það eftir munu aldrei fleiri Íslendingar hafa gengið um án atvinnu. En hafa ber í huga að þessar tölur ná aðeins yfir þá sem hafa skráð sig atvinnulausa."

Með öðrum orðum, virðulegi forseti, þessi starfsmaður kjararannsóknarnefndar greinir frá því í Vikublaðinu í dag að allt stefni í það, þó varlega sé áætlað segir starfsmaðurinn, að atvinnuleysið í janúarmánuði nái Íslandsmeti. Aldrei fyrr í sögu lýðveldisins hafi fleiri verið atvinnulausir. Því er bætt við að ef tekið er tillit til þess að atvinnuleysisskráningin sjálf mælir aðeins um 50% af þeim sem eru atvinnulausir megi áætla varlega að nú í janúarmánuði séu 8% vinnufærra Íslendinga atvinnulausir, hæstv. forsrh. Jafnvel þótt hæstv. forsrh. hafi sagt það hér í nóvembermánuði að atvinnuleysið mundi fara vaxandi á næstu mánuðum, gott og vel, við skulum hafa það þannig ef hann hefur sagt það. Ég trúi því ekki að hæstv. forsrh. hafi þá verið með töluna 8% raunatvinnuleysi í huga. Ég held að enginn okkar í þessum sal hefði trúað því í nóvembermánuði að menn væru að tala um 8% raunatvinnuleysi, 5,5% skráð atvinnuleysi í janúarmánuði. Þetta eru auðvitað slík hrikaleg tíðindi, hæstv. forsrh., að þau knýja á um það að hæstv. ríkisstjórn endurskoði margt fleira en bara þennan virðisaukaskatt af vinnu á byggingarstað. Ef hæstv. forsrh. trúir því virkilega að þessar miklu tölur muni á næstu mánuðum hér á eftir fara lækkandi — lækkandi niður í hvað? 2%? 3%? 1–2%? Það væri fróðlegt að heyra það hjá hæstv. forsrh. hvaða tölur hann er þá með í huga því að íslenskt þjóðfélag þolir ekki marga mánuði með svona tölum. Okkar litla samofna þjóðfélag þolir ekki marga mánuði af um 8–9% raunatvinnuleysi. Ég verð að segja það, virðulegi forsrh., að sé ég sé ekki hvað á að koma til af hálfu ríkisstjórnarinnar vegna þeirra aðgerða, sem hún hefur ákveðið, sem á að breyta þessu. Vel má vera að það sé vegna þess að ég hafi ekki skoðað það nægilega vel og ég væri þá þakklátur fyrir það að mér væri bent á það. En ef ég fer yfir ákvarðanir ríkisstjórnarinnar í skattamálum, ríkisfjármálum, fjárlögum og nú í lánsfjárlögum sem hér eru til umræðu þá sé ég ekki hvað það er sem á næstu mánuðum eigi að breyta þessum tölum.

Við getum t.d. nefnt Suðurnesin. Hæstv. forsrh. vék líka að því hér í gær. Ég held að við flestir sem sátum hér í salnum í nóvembermánuði höfum skilið orð hæstv. forsrh. og þau voru sögð, með leyfi virðulegs forseta: „Varið skal 500 millj. kr. til aðgerða í atvinnumálum á Suðurnesjum í samstarfi sveitarfélaga, Íslenskra aðalverktaka og annarra fyrirtækja" á þann veg að ríkið ætlar sér a.m.k. einhvern hlut í þessum 500 millj. Það get ég sagt hæstv. forsrh. að þegar við þingmenn kjördæmisins sátum fund allra sveitarstjórnarmanna á Suðurnesjum í desembermánuði talaði hæstv. menntmrh., 1. þm. kjördæmisins, forustumaður Sjálfstfl. í Reykn., á þann veg að meira að segja sumir sveitarstjórnarmannanna í salnum skildu það þannig að allar þessar 500 millj. ættu að koma frá ríkinu. Þannig talaði hæstv. menntmrh.

Svo að sagan sé nú sögð eins og hún gerðist þá gekk hv. þm. Karl Steinar Guðnason síðan til hans og hvíslaði einhverju í eyru hans. Ég veit kannski ekki nákvæmlega hvað það var. En það var þó athyglisvert að síðar á fundinum fór hæstv. menntmrh. eitthvað að draga í land. Þó skildi hann við málið þannig á þeim fundi að sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum og við hinir þingmennirnir töldum það liggja alveg skýrt fyrir að a.m.k. eitthvað verulegt af þessum 500 millj. mundi koma í gegnum fjárlögin en það gerðist ekki, það kom ekki króna í gegnum fjárlögin. Nú blasir það þannig við að ríkissjóður ætlar ekki að leggja eina einustu krónu í þessar 500 millj. Það hefur verið tilkynnt að Íslenskir aðalverktakar ætli með skilyrðum að leggja fram 300 millj. og skilyrðin eru að þeir fái í fyrsta lagi að ráðstafa peningunum að einhverju leyti þannig að hugmynd Suðurnesjamanna sjálfra um atvinnusjóð er hafnað. Ég hugsa að það hefði líka komið mönnum á óvart í nóvembermánuði ef það hefði blasað við að Íslenskir aðalverktakar mundu setja það að skilyrði fyrir peningum sínum að tillögum Suðurnesjamanna sjálfra um atvinnusjóð fyrir svæðið yrði hafnað. Samkvæmt þessu eiga 200 millj. að koma frá fyrirtækjum og sveitarfélögum á svæðinu. Ég vil bara spyrja hæstv. forsrh.: Hvaða fyrirtæki eru svo vel stæð á Suðurnesjum að þau geti skaffað stóran hluta af þessum 200 millj.? Ég veit að vísu að Hitaveita Suðurnesja er sæmilega stæð. Þó draga forsvarsmenn þess fyrirtækis það nú í efa að þar sé allt með þeim hætti sem sumir hafa álitið. Hvaðan eiga þá þessar 200 millj. að koma? Það væri mjög fróðlegt að það væri upplýst hér. Þetta gengur auðvitað ekki að núna eru um það bil þrír mánuðir, hæstv. forsrh., síðan þessi atburðarás varðandi Suðurnesin var sett í gang og ekkert hefur gerst í reynd á þeim þremur mánuðum. Það er ekki frambærilegt að segja að hlutirnir taki langan tíma. Ríkisstjórn sem getur á einum morgni ákveðið að hætta við þessa endurgreiðslu á virðisaukaskatti á byggingarstað og ríkisstjórn sem getur á heilli helgi gengið frá stórum aðgerðapakka í efnahagsmálum getur auðvitað ekki borið það fram að það taki hana þrjá mánuði að ráða fram úr smávegis máli varðandi Suðurnesin. Það gengur auðvitað ekki upp. Suðurnesjamenn eru því nú um miðjan janúarmánuð engu nær annað en það að Íslenskir aðalverktakar hafa sagt: Við erum tilbúnir að láta 300 millj. ef menn fallast á skilyrði okkar. Ekkert meir. Þess vegna er það að jafnvel varðandi svæðisbundnar aðgerðir, hæstv. forsrh., til að ráða bót á atvinnuástandinu sér maður ekki neitt ákveðið vera að gerast.

Ég veit ekki, virðulegi forseti, hvort ég á að taka tíma til að ræða skattahækkanirnar við hæstv. ráð-

herra. Ég vil hins vegar segja við hann að ég held að það sé skynsamlegra fyrir Sjálfstfl. að viðurkenna bara skattahækkanirnar og vera ekkert að þessu, vera ekkert að setja sig í þá fíflalegu aðstöðu að segja það að ef þú dregur úr barnabótunum og dregur úr persónuafslættinum í tekjuskattinu sé það ekki skattahækkun. Er það þá engin skattahækkun ef persónuafslátturinn er alveg afnuminn í tekjuskattinum? Prósentan óbreytt en persónuafslátturinn gersamlega afnuminn, er það engin skattahækkun? Auðvitað er þetta skattahækkun. Er það engin skattahækkun ef barnabæturnar eru afnumdar í tekjuskattinum? Auðvitað er það skattahækkun. Mönnum er ekki bjóðandi sjálfsvirðingar þeirra vegna að reyna að halda úti svona málflutningi.

Menn geta auðvitað haft ýmislegt að athuga við þennan útreikning Stöðvar 2 þegar þeir settu lóðin á vogarskálarnar og voru að reyna að dæma það sem ríkisstjórnin hefur verið að gera. En það er bara þannig, hæstv. forsrh., að þeir á Stöð 2 slepptu kannski alveg eins miklu af skattahækkunum ríkisstjórnarinnar eins og því sem hæstv. forsrh. var að reyna að segja hér í gær að þeir hefðu ekki tekið með þannig að ef ég ætti að gera athugasemd við útreikning þeirra á Stöð 2 þá var það hvað þeir slepptu miklu.

Ég fékk hér í hendur í fyrra — ég hef nú ekkert sagt frá því enn þá og sýnir það vissa umhyggju mína gagnvart ríkisstjórninni — en ég fékk hér í byrjun nóvember, lok októbermánaðar, skrá sem ég bað um frá fjmrn. varðandi allar tekjubreytingar ríkisins frá árinu 1992, bæði varðandi beinar skattbreytingar til skattahækkana og eins varðandi þjónustugjöld og aðrar sértekjur sem tvímælalaust eru þá auknar álögur á íbúana hvort sem menn vilja telja það til hreinna skatta eða ekki. Þetta er mjög mikill listi, hæstv. forsrh. Þetta er 21 atriði, hæstv. forsrh., sem eru skattahækkanir og hækkanir á þjónustugjöldum samkvæmt dómi fjmrn. á árinu 1992, fyrsta heila ári ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Bara skattahækkanirnar einar eru níu talsins. Þær nema 1.480 millj. kr. og hækkanirnar á þjónustugjöldunum og öðrum sértekjum 1.624 millj. kr. eða samtals um 3 milljörðum, bara á árinu 1992 og er ég þá ekki með inni neitt þessari skattaaukningarsúpu fyrir árið 1993 sem m.a. hækkar framfærsluvísitöluna um 1,2% vegna hækkana á opinberum þjónustugjöldum og vegna skatta á bílinn. Eða heldur hæstv. forsrh. að framfærsluvísitalan hefði ekki hækkað samkvæmt útreikningi Hagstofunnar, sem heyrir undir hæstv. forsrh., ef þetta væru ekki skattahækkanir? Auðvitað ekki. Hagstofan dæmir þetta skattahækkanir og þess vegna er Hagstofan búin að hækka framfærsluvísitöluna núna í janúarmánuði um 1,2%. Þar af eru um 0,44% vegna skattahækkana á opinberri þjónustu og 0,4% vegna skattahækkana varðandi bílinn svo það er auðvitað alveg ljóst að allir dæma þetta skattahækkanir, hæstv. forsrh. Fjmrn. dæmir þetta skattahækkanir. Hagstofan dæmir þetta skattahækkanir og hvers vegna í ósköpunum ætla formaður og varaformaður Sjálfstfl. að vera einu Pallarnir í heiminum sem segja að þetta sé ekki skattahækkanir? Auðvitað væri fróðlegt að fá svona plögg líka fyrir 1993 frá fjmrn. því að fjmrn. veit að það sem embættisstofnun getur ekki tekið þátt í einhverju pólitísku plati. Auðvitað verður að reiða fram sannleikann og ég get farið yfir þessi 21 atriði fyrir hæstv. forsrh. ef hann vill. En við skulum geyma okkur það til betri tíma. En niðurstaðan er hins vegar bara á árinu 1992 um þriggja milljarða hækkanir á skatttekjum ríkisins í einu eða öðru formi.

Virðulegi forseti. Þannig er það því miður þegar á allt þetta er horft hvort sem það er verðbólgumatið, virðisaukaskatturinn, hallinn á fjárlögunum, gengisákvörðunin, skattbreytingarnar, matið á atvinnuleysinu, það stenst bara ekkert frá einum mánuði til annars sem ríkisstjórnin er að segja. Þá vaknar sú spurning: Eru þeir vísvitandi að blekkja eða vita þeir ekki hvað þeir eru að gera? Kannski er skárra að þeir séu vísvitandi að blekkja því að hitt er auðvitað öllu alvarlegra ef það er virkilega þannig eins og hæstv. forsrh. hefur verið að segja varðandi virðisaukaskattinn að þeir hafi bara ekki vitað hvað þeir voru að gera. Ég segi það aftur hér, virðulegi forsrh., það er út í hött að forustumenn Alþfl., hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh., hafi ekki vitað hvað þeir voru að gera. Það er a.m.k. alveg klárt.

Því miður er það þannig að niðurstaðan af þessu öllu er sú að um leið og þetta frv. er afgreitt, er aðeins hafið það verk að leiðrétta þau mistök sem ríkisstjórninni hafa orðið á á síðustu vikum og mánuðum. Við erum út af fyrir sig alveg tilbúin til samvinnu um það eins og fram kemur í þessum nefndastörfum. Hins vegar er nauðsynlegt að láta það koma fram að það er því miður fjölmargt annað sem skynsamlegt hefði verið hjá hæstv. ríkisstjórn að reyna að leiðrétta um leið og hún hóf þetta verk því að niðurstaðan af þessu öllu saman er sú að samstaðan á milli launafólksins og ríkisvaldsins um góða, friðsamlega sambúð sem tryggði stöðugleikann og lága verðbólgu stefnir nú í stríð. Ef það er eitthvað sem ætti að vera forsrh. Íslands viðvörunarmerki þá er það salur fullur af Dagsbrúnarmönnum, 1.000 manns, sem rís upp af einbeitni sinni vegna þess að honum nægir ekki að greiða atkvæði með hefðbundnum hætti heldur eru svo ákafir og haldnir slíkri réttlátri reiði að þeir verða að rísa úr sætum sínum til þess að greiða atkvæði með baráttu Dagsbrúnar gegn stjórnarstefnunni á næstu vikum. Við skulum vona að ríkisstjórnin hafi vit og manndóm til þess að draga nægilega margar af fyrri ákvörðunum til baka nægilega fljótt til að komið verði í veg fyrir það styrjaldarástand sem því miður stefnir í á íslenskum vinnumarkaði.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. sagði í ræðu sinni að hann vildi kannski ekki ergja mig mjög með yfirferð sinni. Ég vil aðeins segja að hann getur alveg óhræddur um það haldið áfram ræðu hér því að mér fannst ræðan heldur vera til skemmtunar og þakkarefni gagnvart honum að hann skuli í morgunsárið geta flutt þó svona huggulega ræðu þó að auðvitað hafi verið heilmikið af gagnrýni í henni í garð ríkisstjórnarinnar.

Aðeins út af þessu síðasta sem hv. þm. sagði um

fundahöld og hvað þéttsetinn salur af fólki getur boðað. Ég man ekki betur en í fjármálaráðherratíð hv. þm. hafi það iðulega gerst að boðað og blásið hafi verið til funda vegna ákvarðana hans og meira að segja kom hæstv. þáv. ráðherra á slíka fundi, inn í slíka sali og ég man ekki betur en að á einum slíkum fundi hafi nánast verið gert hróp að ráðherranum og það af hópum sem nú er oft vitnað til sem marktæks hóps. Ég man ekki betur en að á fundi með kennurum þegar hv. þm., þáv. hæstv. fjmrh., hafi vitnað í láglaunafólkið og stöðu þess hafi verið mikill hlátur og hróp gert að ráðherranum. Sjálfsagt hefur hann tekið það afskaplega alvarlega. Ég minnist þess þó ekki að hann hafi gert það. Ég hef ekki enn þá lent í slíku. Sjálfsagt gæti ég átt eftir að lenda í slíku. En menn mega ekki taka of mikið mark á slíkum atburðum þó að ég sé ekki að gera lítið úr þeim. Ég geri alls ekki lítið úr öflugum fundum hjá verkalýðshreyfingunni. En þetta er rétt að hafa í huga.

Varðandi skattamálin, þá fannst mér hv. þm., einmitt sem fyrrv. hæstv. fjmrh., ekki geta sagt sem svo að það væri sönnun og sannindamerki þess að um skatta væri að ræða í hverju tilviki ef viðkomandi þættir hefðu áhrif á framfærsluvísitöluna. Hv. þm. með alla sína þekkingu getur ekki tekið þannig til orða. Hann telur þá auðvitað að niðurgreiðslur á kjöti í hvers konar mæli hvenær sem er séu skattahækkanir og skattalækkanir. Það er ekki svo í vitund þjóðarinnar. Vegna þess að hv. þm. og margir aðrir þingmenn hafa vitnað til þess vilja Sjálfstfl. fyrr og síðar og þá ekki síst fyrir síðustu kosningar eins og reyndar aðrar kosningar að reyna að stöðva skattahækkanir og síðan hafa menn reynt að gera þær yfirlýsingar tortryggilegar í ljósi aðgerða síðustu tæplega tveggja ára. Vegna þjónustugjalda sem hv. þm. nefndi væri rétt að taka það fram af sanngirnisástæðum að Sjálfstfl. sagði fyrir síðustu kosningar og á landsfundi sínum að það ætti og bæri að taka upp þjónustugjöld og fyrir því voru færð margvísleg rök og það hafa menn gert.

Vegna þess að þingmaðurinn ræddi um atvinnuleysið, sem við öll í þessum sal teljum auðvitað vera mikið böl og viljum öll vinna gegn af festu og einurð, þá hafði ég á tilfinningunni að hann hefði dregið það í efa sem ég kallaði fram í að ég hefði sagt þegar efnahagsaðgerðirnar voru kynntar að atvinnuleysi mundi vaxa á næstu mánuðum. Ég er svo lánssamur að hv. 9. þm. Reykv. er genginn í salinn vegna þess að hann vísaði í þessi orð og sagði: Um leið og hæstv. forsrh. kynnir svokallaðar efnahagsaðgerðir — þetta er ekki orðrétt eftir þingmanninum — þá tilkynnir hann sjálfur að atvinnuleysi muni fara vaxandi og hafði á þessu orð. Það er vegna þess að ég sagði þegar ég kynnti þetta að atvinnuleysi mundi fara vaxandi á næstu mánuðum en síðan lækka væntanlega aftur á nýjan leik.

Varðandi Suðurnesjaþáttinn í tilefni af framm íkalli hv. þm. í gær þá ræddi ég við menntmrh. og spurðist fyrir um það hvort hann hefði talað óvarlega á fundinum. Hann sagði svo ekki vera. Hann hafði orðað það svo að ríkisstjórnin væri ekki að ávísa fyrir sveitarfélögin peningum þeirra, enda kom þessi hugmynd um 300 millj. og 200 millj. fram á samráðsfundum við aðila á Suðurnesjum. Þess vegna getur það ekki komið þeim aðilum neitt á óvart hver niðurstaðan var. Ef það er skoðað sem hv. þm. las eftir mér um með hvaða hætti skyldi varið fjármunum og í samráði við hverja og í tengslum við hverja þá þarf ekki að misskilja þau orð. Ég veit ekki betur en að hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson, hafi jafnframt tekið þetta fram þegar fjárlögin voru til afgreiðslu þannig að ekki þarf að fletta þeim atriðum upp með undrun.

Hv. þm. nefndi það að stjórnarmeirihlutinn væri búinn að breyta frv. um lánsfjárlög í skattafrv. Ég nefndi það í gær að það væri út af fyrir sig tæknilega umdeilanlegt og þakkaði fyrir að menn tækju það ekki illa að það væri gert með þessum hætti. Ég var ekki í sjálfu sér að mæla því bót en ég hygg að það geti gengið út af fyrir sig. Ég er sammála hv. þm. að það er lagatæknilega séð á ystu nöf. En það var sérstaklega farið yfir það í gær. (**ÓRG:** Það er vondur siður.) Sjálfsagt vondur siður, eins og hv. þm. segir.

Hv. 8. þm. Reykn. varði töluverðum hluta af máli sínu til að fjalla um þau ummæli sem ég hafði um verðbólgu og á hvaða stigi hún gæti verið. Hv. 7. þm. Reykn. sagði í gær, ef ég skildi það rétt, að aðgengileg eða hagstæð verðbólga væri 2–3%, það væri miklu betra en lægri verðbólga. Ég hef líka tekið eftir því að fleiri en hv. þm. Steingrímur Hermannsson hafa þessa skoðun. Ég hef séð þetta í virtum blöðum erlendis að menn hafa þessa skoðun og ég sá nýlega í ágætri grein eftir Gísla Jónsson, fyrrv. menntaskólakennara á Akureyri, að hann hafði áhyggjur af því að þessi mikla barátta við verðbólguna kynni að ganga of langt og leiða til stöðnunar og jafnvel atvinnuleysis. Það segir heilmikla hluti um umræðuna á Íslandi að þetta skuli vera svo að áhyggjur manna skuli snúast núna að allt of lágri verðbólgu en ekki að óðaverðbólgu eins og staðið hafði í áratugi. En hvernig gat ég þá sagt það sem ég nefndi, þ.e. að ég yrði ekki undrandi þó að verðbólgan yrði í kringum 3%? Ég held ég hafi ekki fullyrt meira en það í ræðu minni í gær. Þjóðhagsstofnun spáði eftir að aðgerðir ríkisstjórnar voru kynntar að verðbólga yrði í kringum 4%. Það var mjög óvenjulegt að það kom gagnrýni á spá Þjóðhagsstofnunar. Það er ekki óvenjulegt að gagnrýni komi á spá Þjóðhagsstofnunar en það var óvenjulegt í hvaða formi gagnrýnin kom á spá Þjóðhagsstofnunar því að bæði sérfræðingar Vinnuveitendasambandsins og Alþýðusambandsins töldu verðbólguspá Þjóðhagsstofnunar of háa. Oftast nær hefur þessu verið öfugt farið. Menn hafa talið að Þjóðhagsstofnun væri of varkár í sínum spám, bæði hvað varðar halla á ríkissjóði og verðbólgu. Menn hafa gefið sér þá skýringu að Þjóðhagsstofnun færi svo varlega vegna þess að væri spáin ein og sér glannafengin gæti hún ýtt undir það að þættir færu aflaga í efnahagsmálum, þess vegna færi hún svo varlega. Ég skal ekki fullyrða að það sé svo. En þetta hafa menn haft að orði í gegnum tíðina. En þarna var Þjóðhagsstofnun gagnrýnd fyrir það að vera með of háa verðbólguspá og reyndar hefur Þjóðhagsstofnun aðeins dregið í land hvað þetta varðar.

Þó að fyrstu áhrif af lækkun á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu á byggingarstað á framfærsluvísitöluna væru mjög lág að mati embættismanna þá hygg ég að mönnum beri saman um að vegna keðjuverkandi áhrifa miðað við heilt ár væri það meira en að fyrstu spár gáfu til kynna. Ef það er rétt hjá Vinnuveitendasambandinu og Alþýðusambandinu að meðan þessir þættir voru inni væri verðbólgan rétt um 3,5% og að þessi ákvörðun hafi töluvert verðbólguhvetjandi áhrif á alla vísitölu — líka á framfærsluvísitöluna þó að áhrifin á hana séu minnst — þá er kannski ekkert óvarlegt að segja sem svo ef ekkert annað óvænt gerist — við verðum að slá þann varnagla — að verðbólgan verði nálægt 3% eftir breytinguna. Það eru ýmsir þættir sem eiga eftir að koma inn í myndina.

Menn hafa sagt sem svo að það sem ég hef sagt sé ekki alveg trúverðugt eða sýni mikla vanþekkingu mína og skort á yfirsýn í efnahagsmálum að það hafi komið mér á óvart að efnahagsáhrifin af þessari einu aðgerð yrðu svona mikil. Sumir hafa sagt og ég sá það í blaðagrein í dag að með þessum hætti væri verið að gera ákveðna embættismenn tortryggilega. Það hefur ekki verið vilji minn og ég hef hvergi reynt að koma ábyrgð af þeirri ákvörðun yfir á embættismenn eða ráðgjafa heldur jafnan sagt — ég veit ekki hvort það hefur alltaf verið birt í sjónvarpi það sem maður hefur sagt, þetta allt klippt sundur og saman — að ábyrgðin væri auðvitað ríkisstjórnarinnar og engra annarra. En áhrifin voru þó meiri en ég gerði ráð fyrir vegna þess að það var rætt um það í byrjun að þetta gæti haft töluvert mikil áhrif á byggingarvísitöluna eða allt að 2,5%. Síðan tala menn um 3,2%. Ég gerði ekki ráð fyrir því að bankarnir tækju svo mikið mið af þessari gerviverðbólgu sem ég vil kalla svo eins og þarna var um að ræða. Ég gerði líka ráð fyrir því að þessi breyting muni ekki koma inn í einu stökki því að þetta mundi mælast á lengri tíma. Ein af ástæðum þess að það getur ekki gerst er sú að þegar þessari fullu endurgreiðslu var komið á með þeim hætti sem hv. þm. nefndi algerlega réttilega þá var sett í lög í tilefni þessarar ákvörðunar að þetta skyldi mælast þegar í stað. Hagstofunni voru gefin lagafyrirmæli um áramótin 1988–1989 að mæla þetta allt þegar í stað og þegar gengið er til baka súpa menn seyðið af því ef svo má að orði komast. Þá eru menn einnig að mæla þetta í einu stökki þótt kannski væri eðlilegra að mæla þetta á lengri tíma. Það er gallinn við þessa aðferð og gerðina 1988–1989 að þá voru gefin bein lagafyrirmæli um að svona skyldi þetta mæla. Þetta verða menn að hafa í huga.

Hv. þm. dró fram viðtal við framkvæmdastjóra Íslandsbanka. Ég hygg að það hafi verið titillinn sem hann notaði. Ég vek athygli á að það hefði mátt draga fram aðrar úrklippur þegar spurt er hvort ég trúi því virkilega að þetta hafi áhrif á vextina. Hér er rætt við þrjá bankastjóra í sama vetfanginu og allir telja þeir að þessi aðgerð muni hafa áhrif á vextina til lækkunar. Hv. þm. þarf því ekki að vera undrandi á því að ég skuli telja að þetta muni hafa áhrif á vextina. Ég tók líka eftir því að hv. þm. vitnaði í þennan ágæta framkvæmdastjóra Íslandsbanka sem sagði að honum hefði verið kunnugt um að það hefði staðið til hjá stjórnvöldum að taka þetta til endurskoðunar. Þetta fannst mér athyglisvert. Sérfræðingar Seðlabankans munu hafa sagt við bankana að þeir teldu nauðsynlegt að breyta vísitöluútreikningnum því að hann væri rangur, fikta við vísitöluna, breyta henni af því að þetta væri svo bersýnilegt ósamræmi sem þarna kæmi fram, áhrif þessara breytinga væru svo úr öllu lagi eins og reyndar er rætt um í Morgunblaðinu í dag bæði í fréttum og í leiðara, svo fjarri öllu lagi. Ég taldi það ekki. Þetta barst inn á mitt orð eftir að sérfræðingar Seðlabankans hefðu orðað slíka hluti við viðskiptabankann. Ég taldi ekki eðlilegt í tilefni slíkrar ákvörðunar þegar menn horfðu framan í þann veruleika að fara að hringla með vísitöluna.

Ég tel nauðsynlegt — ég heyrði það í gær að menn eru almennt sammála því — bæði af þessu tilefni og öðrum að menn hugi að vísitölugrundvellinum sem heild og skildi ekki hv. þm. öðruvísi en svo að hann gerði ekki athugasemdir við þau sjónarmið. Ég tel því að við höfum fulla ástæðu til þess miðað við það sem hér er sagt og miðað við þann veruleika sem við búum við að þessi ákvörðun leiði til lækkunar vaxta. Ég sagði líka í gær að bankarnir, sem skýldu sér á bak við aðgerðir ríkisstjórnar, væru í leiðinni að auka vaxtamun sinn. Ég er ekki að draga úr því að þær aðgerðir bera nokkra ábyrgð á því að tilefni var til vaxtahækkana. Það blasir við. Ég er ekki heldur að segja að það kunni ekki að vera nauðsynlegt vegna stöðu bankanna en ég ítreka það að þá eiga bankarnir að segja það. Þegar viðskiptavinir bankanna, stjórnvöld og aðrir horfa á það að verðbólguspár hafa miklu, meiri áhrif á útlánsvexti en innlánsvexti og þegar menn horfa á töflurnar og greinargerðirnar og sjá að vaxtamunurinn er aukinn þá eiga menn að segja það í leiðinni. Sumt er vegna efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar en svo er hitt að við þurfum að auka vaxtamuninn til þess að bankarnir standi ekki eins illa og þeir nú standa. Ég tel nauðsynlegt að þetta sé gert og það sé ærlegra af bankanna hálfu að gera þetta með þessum hætti.

Hv. þm. fór yfir ríkissjóðshallann í dæmum. Ég skal viðurkenna að ég er ekki með plögg til þess að fara í leiki við hann um það mál, enda finnst mér betur fara á því að raunverulegur fjmrh. en ekki sá starfandi sé í þeim leik. Ég hef tekið eftir því að þeir hafa glímt um þessi atriði í salnum áður og hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson er miklu betur til þess fallinn og hefur meiri þekkingu á því en ég að fara í allan þann leik. Vegna þess að hv. þm. nefndi að hlutir hefðu verið færðir til yfir árið 1991 sem heldur hefðu átt að vera á árinu 1992 þá vil ég aðeins minna á að aldrei hefur nokkur fjmrh. svo að ég viti til verið jafnfrægur fyrir mokstur í slíkum efnum eins og hæstv. páv. fjmrh., hv. núv. 8. þm. Reykn., var árin 1988 og 1987 þegar hann mokaði öllu yfir á fyrirrennara sinn, hæstv. núv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson. Það var gríðarlegur mokstur á örfáum mánuðum. Reyndar var það svo ef ég man rétt að hallinn sem í september var ítrekað

spáð á þinginu 600–700 millj., var kominn í 8 milljarða á um þremur mánuðum. Ekki er ég að fullyrða að allt það hafi verið mokstri hv. þm. að kenna, ekki nákvæmum áætlunum. En hv. þm. mokaði hraustlega yfir á árið 1987. Það má segja það að hann hafi viljað hafa hreint borð fyrir það. (Gripið fram í.) 1988, já, fyrirgefðu, frá 1989, 1988 vegna þess að þingmaðurinn er að bera saman tvö heilu árin 1989 og 1990 þá verða menn að hafa í huga að það var þessi mikli mokstur á halla frá 1989 fyrir á 1988. Að öðru leyti ætla ég ekki að fara í deilur eða leikfimi um þetta en þó verð ég að segja að menn verða að hafa það í huga þegar menn eru að skoða og bera þessar hallatölur saman að menn hljóta að taka inn í þá mynd og þær deilur þann mikla tekjusamdrátt sem hefur orðið í þjóðfélaginu og þann mikla tekjusamdrátt sem orðið hefur hjá ríkisvaldinu.

Ef menn skoða árangur ríkisstjórnarinnar og meiri hluta Alþingis í að draga úr útgjöldum þá er sá árangur mjög mikill. Á hinn bóginn skilar það sér ekki eins í hallatölum vegna þess að tekjusamdráttur ríkisins hefur orðið það mikill á tímabilinu. Ef menn vilja — sem ég er ekki að segja að menn geri mjög oft á þinginu — skoða þessi mál af a.m.k. sæmilegri sanngirni þá verða menn að hafa í huga að tekjusamdráttur ríkisins hefur orðið gríðarlegur á þessu tímabili. Menn eru svona missanngjarnir.

Þá er það gengið. Ég hef verið að velta fyrir mér lengi af hverju í ósköpunum hv. 8. þm. Reykn. vildi endilega halda þennan blaðamannafund fyrir framan kvennasnyrtinguna hérna niðri og ég hef aldrei skilið það og hef mikið verið að pæla í því hvað hafi ráðið því að þingmaðurinn vildi endilega — að því er mér var sagt af blaðamönnum — stilla öllum míkrófónum upp fyrir framan kvennasnyrtinguna niðri í anddyrinu en ég hef ekki áttað mig á því fyrr en núna að þetta væri eitthvert sálfræðilegt stríð við hæstv. utanrrh. Ég er afskaplega feginn að þessi mikla gáta sé leyst því að það hefur verið mikið vandamál í mínum huga hvaða djúpsálarfræði væri á bak við það að halda sérstakan blaðamannafund fyrir framan kvennasnyrtinguna hérna niðri. (Gripið fram í.) Já, ég átti mjög erfitt með að átta mig á þessu. Ég veit að vísu að hv. þm. er afskaplega djúpvitur í pólitískum brellum en mér er létt að átta mig á því núna að þetta hafði ekkert með kvennasnyrtinguna hér niðri að gera. Það er mjög gott.

En ég minni hv. þm. á það vegna þess að hann var að tala um að raungengi pesetans hafi ekki lækkað og breytingin á markaðsviðmiðunargenginu sé bara eitthvert pappírsmál, þingmaðurinn sagði á þessum fræga blaðamannafundi, tveimur reyndar, að norska krónan styrktist dag frá degi og hún féll síðan einum tveim dögum síðar.

Ég vek líka athygli á því að hv. þm. hefur sjálfsagt tekið eftir því að norski seðlabankastjórinn vitnaði til þess í forsendum norsku ákvörðunarinnar að markaðsviðmiðunargengi pesetans hefur verið breytt. Það var sérstaklega nefnt í Noregi þótt auðvitað hefðu aðrir þættir eins og samkeppnisstaðan í Svíþjóð haft sín áhrif. Ég vek líka athygli á því að það hefur verið mikill þrýstingur á önnur gengi síðan, bæði írska pundið, franska frankann og jafnvel dönsku krónuna. Allar þessar hræringar hafa verið í gangi og kannski lokið. En það var athyglisvert að á þessum fræga blaðamannafundi sagði fyrrv. hæstv. fjmrh. að norska krónan hefði ekki fallið heldur styrktist hún dag frá degi. Það fréttist ekkert til Noregs og hún féll síðan um 6% daginn eftir.

Að öðru leyti vil ég endurtaka að það er fjarri því að hv. þm. hafi verið að ergja mig hér áðan. Mér fannst ljómandi gaman að heyra ræðu hans og hún var á marga lund hin málefnalegasta og gott að menn geta átt slík skoðanaskipti í morgunsárið.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð til þess að víkja að þeim atriðum sem hæstv. forsrh. fór inn á og vil ég þakka honum fyrir það.

Í fyrsta lagi var sá fundur sem hann nefndi að ég hefði farið á ekki fundur kennara í sjálfu sér heldur var það fundur sem BHMR hélt í Sóknarsalnum og og ef ég man rétt, þá hafði staðið mjög hart verkfall í einar 3–4 vikur sem hafði lokað framhaldsskólunum og fjölmörgum opinberum stofnunum um langa hríð. En það var að ýmsu leyti lærdómsríkur fundur þannig að hæstv. forsrh. mætti gjarnan hugleiða að fara á slíka fundi. En rétt skal vera rétt, hæstv. forsrh.

Í öðru lagi varðandi hækkun á framfærsluvísitölunni og skattbreytingarnar þá gat ég einmitt þess, hæstv. forsrh., að samkvæmt útreikningum Hagstofunnar eru breytingar vegna niðurgreiðslna á kjöti ekki enn þá komnar inn í þessa tölu 1,2%. Það eru eingöngu eggin svo að ekki er hægt að nota það til varnar þegar menn eru að skoða nýlega hækkun framfærsluvísitölunnar. Hvað sem því svo annars líður þá er auðvitað alveg ljóst að tekjuskattur einstaklinga, svo að maður taki það eitt út af fyrir sig, hefur aldrei verið hærri en í tíð núv. ríkisstjórnar. Þessi ríkisstjórn hefur slegið met allra ríkisstjórna varðandi tekjuskatt einstaklinga og það finnst mér mjög merkilegt bæði í ljósi yfirlýsinga Sjálfstfl. á undanförnum árum og áratugum og ekki síður í ljósi yfirlýsinga Alþfl. Alþfl. ætlaði sér beinlínis að afnema tekjuskatt einstaklinga og gekk til kosninga 1987 með það sem yfirlýsta stefnu. Þegar ég sat með honum í ríkisstjórn neitaði hann algjörlega að hækka tekjuskattinn nokkuð en fékkst þó til að breyta prósentunni örlítið, innan við 1% eftir mikla erfiðleika í tíð síðustu ríkisstjórnar. Nú er tekjuskattur einstaklinga nánast hækkaður á færibandi langt umfram það sem hefur verið áður.

Í þriðja lagi varðandi atvinnuleysið þá fletti ég upp ræðu hæstv. forsrh. þegar hann kynnti efnahagsaðgerðirnar og það er nú þannig, hæstv. forsrh., að ekki kemur fram í ræðunni að atvinnuleysi eigi að fara vaxandi á næstu mánuðum. (**Forsrh.:** Í hvaða umræðu sagði ég þetta?) Ég er nú ekki með það við höndina en í ræðunni sjálfri segir, með leyfi forseta:

„Mjög erfitt er að ráða í þróun atvinnuleysis á næstu missirum í ljósi þeirra óvenjulegu aðstæðna sem nú eru í þjóðarbúskapnum. Sú styrking á stöðu atvinnulífsins sem felst í aðgerðum ríkisstjórnarinnar

bætir atvinnuhorfur frá því sem annars hefði orðið, sérstaklega þegar líður á næsta ár og árinu 1994 þótt þær nái varla að stöðva aukningu atvinnuleysis á næstu mánuðum."

Þetta er auðvitað miklu varkárara orðalag en hæstv. forsrh. sagði hér áðan. Vera má að hann hafi orðað þetta öðruvísi í umræðunum en ég held að það sé nokkuð rétt lesið í þennan texta sem var í yfirlýsingunni sjálfri að menn bjuggust þá ekki við því að atvinnuleysið í janúar færi í 5,5% frá mælingu atvinnuleysisskráningarinnar og í 8% í raunverulegu atvinnuleysi.

Í fjórða lagi varðandi yfirlýsingar menntmrh. þá veit ég auðvitað ekki hvað hæstv. menntmrh. sagði við forsrh. en þetta var hins vegar yfir 70 manna fundur sem við vorum á á Suðurnesjum, margir þingmenn kjördæmisins og nánast allir sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum og það fór ekkert á milli mála hvað hæstv. menntmrh. sagði þar. Það er staðreynd. Fjöldi manns getur borið vitni um það, m.a. margir sem eiga setu á landsfundi Sjálfstfl.

Varðandi virðisaukaskattinn ætla ég ekkert að draga það í efa sem hæstv. forsrh. hefur sagt um það sem hefur komið honum á óvart. Ég endurtek bara það sem ég sagði áðan að það er ekki afsökun sem hæstv. viðskrh. og hæstv. utanrrh. geta notað. Það er alveg ljóst. Hæstv. viðskrh. Jóni Sigurðssyni átti að vera fullkomlega ljóst hvaða afleiðingar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar varðandi virðisaukaskatt á vinnu á byggingarstað og atkvæðagreiðslan um lögin á Alþingi mundi hafa í för með sér. Með hæstv. forsrh. í ríkisstjórninni sátu a.m.k. tveir ráðherrar sem áttu að vita það. Þess vegna vildi ég hafa hæstv. viðskrh. í umræðunni í dag.

Í sjötta lagi mun það auðvitað koma í ljós, hæstv. forsrh., núna síðar í þessum mánuði hvort bankarnir lækka vextina og þá hve mikið. Þegar við komum aftur saman til fundar að loknu þinghléi vitum við dóminn í því máli þannig að við skulum bara bíða hans og sjá til.

Í sjöunda lagi varðandi deilur mínar við hinn raunverulega fjmrh. þá get ég alveg fallist á að það er kannski ósanngjarnt að láta hæstv. forsrh. bera það allt saman hér þó að hann sé fjmrh. í nokkra stund. Hins vegar er skemmtilegt hjá hæstv. forsrh. og sýnir það að honum er ekki alls varnað eftir um eitt og hálft ár í forsrn. að hann getur sagt það á næsta landsfundi Sjálfstfl. að sá sé munurinn á honum og hæstv. fjmrh., Friðrik Sophussyni, að hæstv. forsrh. lækki yfirleitt skatta þegar hann sé fjmrh. en varaformaður Sjálfstfl. hækki hins vegar skatta og kem ég þessu áleiðis til hæstv. forsrh. að hann geti notfært sér þessa „replikku" og hún mun standast.

Hins vegar er ekki alveg rétt að rifja upp mokstur minn 1988 fyrir áramót þegar ég var fjmrh. yfir árið 1988 vegna þess að þar var aðallega um að ræða vanefndir á greiðslum vegna landbúnaðar. Þannig var með hæstv. utanrrh., þáv. fjmrh. 1987–1988, að hann átti í miklum tilfinningalegum erfiðleikum að láta mikla peninga ganga úr ríkissjóði til landbúnaðarins. Ég vona að ég þurfi ekki að útskýra það hér, menn þekkja það allir, þannig að það tóku nánast úr honum hjartað og nýrun hverjar 100 millj. sem fóru út úr ríkissjóðskassanum í landbúnaðarhítina og sukkið og mafíuna og ég veit ekki hvað það var sem hann kallaði það allt saman. Hann brá því á það ráð að borga bara ekki neitt til þess að halda sálarró sinni. Þegar ég kom í fjmrn. held ég að það hafi verið hátt yfir hálfan milljarð sem var þar sannanlega vangoldið bara samkvæmt fjárlögum og réttu uppgjöri til landbúnaðarins. Af því að ég hef ekki verið þjakaður af þessari sálarkreppu gagnvart landbúnaðinum gat ég alveg borgað þetta út. Þetta voru nú helstu upphæðirnar sem ég mokaði, svo að ég noti nú orðalag hæstv. ráðherra, fyrir áramótin 1988 út úr ríkiskassanum. Það var eiginlega hreinsun á tilfinningaerfiðleikum fyrrv. fjmrh. í ríkisfjármálum.

Svo að ég haldi áfram þessari leikfléttu með hæstv. forsrh. tek ég eftir því að hann telur við hæfi að merkja innganginn í þingflokk Alþfl. sem kvennasnyrtinguna hér í Alþingishúsinu og það má alveg standa þannig. Það sýnir kannski hvernig hæstv. forsrh. er farinn að líta á Alþfl., þó með allri virðingu fyrir konum. Það er sérstaklega síðari hluti orðsins sem ég legg áherslu á í þessu sambandi því að ég valdi mér auðvitað anddyrið að þingflokksherbergi Alþfl. sem staðsetningu þessa blaðamannafundar en að þingflokksherbergi Alþfl. skuli í tvo mánuði vera búið að minna hæstv. forsrh. á kvennasnyrtingu finnst mér segja meira um sambúðina í ríkisstjórninni en um sálarlíf mitt.

Fleira var það nú ekki sem ég ætlaði að segja hér, virðulegi forseti, og þakka fyrir að fá að koma með þessar athugasemdir en þakka hæstv. forsrh. fyrir framlag hans til umræðna. Það er auðvitað þannig að hvorugur okkar getur flúið dóm reynslunnar og hæstv. forsrh. verður að sjálfsögðu að hlíta honum þegar lengra líður á árið.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt að leiðrétta þetta með fundinn. Mig minnti að það væru kennarar hjá BHMR, ég man það nú ekki en það er aukaatriði. Varðandi tekjuskatt einstaklinga sem hv. þm. nefndi, þá er náttúrlega nauðsynlegt að hafa það í huga og gleyma því ekki, að menn eru að lækka aðstöðugjöldin á móti þessum hækkunum. Menn verða að hafa jöfnuna alveg heila.

Hv. þm. las upp úr hinum skrifaða texta að það var sagt að ekki mundi nást að stöðva aukningu atvinnuleysis þannig að það staðfestist að sú hugsun var þegar á borðum og þegar kynnt. Menn voru ekki að gefa til kynna að atvinnuleysi mundi þegar í stað minnka vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar. Þvert á móti var tekið fram eins og hv. þm. las að ekki mundi nást að stöðva atvinnuleysið og þetta ítrekaði ég síðar í umræðum og hef gert síðar, bæði ég innan þings og utan.

Varðandi atvinnuleysið að öðru leyti tel ég nauðsynlegt að menn haldi sig við ákveðnar tölur. Ég veit að deilur eru um það með hvaða hætti þetta er mælt. Til að mynda hefur Hagstofan komið með vissar athuganir sem eru ekki jafnreglubundnar eins og aðrar.

Það skakkar nokkru. Að vísu hreyfist það til eftir því um hvers konar atvinnuleysi er að ræða. En það er afskaplega áríðandi fyrir samhengið, af því að við eigum nú að stuðla að því öll sem hér erum og nógu er ástandið slæmt, að við eigum að tala um sambærilegar tölur. Ég hygg að menn haldi sig við þær spár sem miða við þá reynslu og þær aðferðir sem við höfum búið við. Það er ekki gert til þess að draga úr þeim háska eða vanda sem við erum í, aðeins í þágu umræðunnar er skynsamlegt að halda sig við þær aðferðir sem hafa hingað til verið notaðar í þessari viðmiðun.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í umræðunni um skattamál hafa menn auðvitað oft rætt um skattamálin almennt og síðan skattbyrði einstaklinga. Það sem við höfum verið að ræða undanfarið er fyrst og fremst skattbyrði einstaklinganna. Það er alveg ljóst að í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur hún stóraukist, sérstaklega tekjuskatturinn. Hæstv. forsrh. nefndi að aðstöðugjaldið væri lækkað á móti. Það léttir skattbyrði fyrirtækjanna, en það er því miður margt sem bendir til þess að fyrirtækin muni ekki lækka verð á vörum og þjónustu samsvarandi eða að hluta til þannig að einstaklingarnir munu áfram greiða óbreytt verð þótt aðstöðugjaldið lækki hjá fyrirtækjunum og fá því skattahækkunina alla á sig vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar. Engin verðlækkun mun koma á móti af því sem á horfir nú vegna lækkunar aðstöðugjaldsins.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get verið hv. þm. sammála um það að ekki mun öll lækkun aðstöðugjaldsins sér beint til almennings en fyrr eða síðar mun drýgsti hlutinn skila sér beint til almennings. Við vitum að hugsunin var sú að styrkja stöðu fyrirtækjanna og sum fyrirtæki eru í þeirri stöðu að þessi lækkun mun ekki skila sér út til almennings, hvorki í þeim mæli að fyrirtækjunum verði gert kleift að greiða hærri laun vegna þess að staða þeirra hefur verið það veik né heldur þá öll lækkunin mun skila sér í lækkun á verði á þjónustu og vörum. En ég hygg þó að mjög víðtæk lækkun muni skila sér og við sjáum það reyndar þegar varðandi byggingarvísitöluna, sem mikið hefur verið rædd, að einmitt vegna lækkunar aðstöðugjalds hefur þegar verið tilkynnt að byggingarvísitalan muni lækka af þeim ástæðum næst þegar hún verður mæld.

Útbýting þingskjals:

Hlutafélög, 332. mál, frv. KHG og EKJ, þskj. 604.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það líður væntanlega að lokum 2. umr. um lánsfjárlögin og ég mun ekki halda langa ræðu en ég vil drepa hér á nokkur atriði.

Umræðan um vísitölurnar og áhrif þeirra á okkar þjóðarbúskap gerir það að verkum að alltaf kemur upp í huga minn kafli úr ágætri sögu eftir fyrrv. þm. Stefán Jónsson. Sú saga gerðist á stórri verstöð hér á landi og segir frá miklum máttarstólpa þar í atvinnulífinu og sparisjóðsstjóra. Eftir eina ferð til Reykjavíkur kom hann til baka og var mikið niðri fyrir, sagðist hafa verið að ræða við þá í bönkunum í Reykjavík og það væri svo komið þar að þeir væru búnir að fella niður vextina og taka upp prósentu í staðinn. Hann boðaði samstundis til fundar í sparisjóðnum sem stjórnarformaður þar og bar upp þá tillögu að nú færu menn eins að og legðu niður vextina og tækju upp prósentu. Hringlandaháttur í kringum þessa hluti minnir stöðugt meira á þetta þó að ég ætli ekki að leggja það til sem mér hefur stundum komið til hugar að kannski væri eina varanlega lausnin í þessu að banna prósentureikning. En ekki meira um það.

Hins vegar held ég að fyrir þá bændur landsins, sem eiga í vandræðum með að stinga út úr fjárhúsum sínum, væri kannski best að leita til núv. og fyrrv. fjmrh. þegar þarf að taka til hendinni við mikinn mokstur.

Virðulegi forseti. Það sem ég ætla að koma hér að í upphafi er samspil stöðu atvinnulífsins og vaxta og þróunarsjóðsins sem rætt hefur verið um að koma á stofn. Nokkuð var spurt um þróunarsjóðinn í gær. Ég mun ekki ítreka þær spurningar en ég vil þó spyrja hæstv. forsrh. og starfandi fjmrh. að einu atriði varðandi það.

Rætt hefur verið um að þróunarsjóðurinn, ef hann kemst einhvern tíma á koppinn, eigi að taka við skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs og Hlutafjársjóðs. Ég ætla einungis að spyrja einnar einfaldrar spurningar um það: Á þá sá þróunarsjóður, sem á að vera borinn uppi af sjávarútveginum alfarið, að taka við þeim skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs sem tengdust ekki sjávarútvegi? Menn hafa fært þau rök að eðlilegt sé að sjávarútvegurinn borgi þær skuldir sem hann hefur stofnað til, en nú vill svo til að skuldbindingar Atvinnutryggingarsjóðs eru ekki eingöngu gagnvart sjávarútvegi. Hann hljóp undir bagga með fyrirtækjum í iðnaði og annarri útflutningsframleiðslu líka. Þess vegna spyr ég að þessu. Menn hljóta að hafa velt því fyrir sér í þessari vinnu.

Ég vil einnig ítreka það sem ég hef margsinnis sagt í þessum ræðustól, að eins og staðan er í dag er kannski ekkert eitt sem hefur eins mikil áhrif á vaxtastigið í landinu og staðan í atvinnulífinu. Hæstv. ríkisstjórn sagði á síðasta ári að ef tækist að laga eitthvað til með hallann á ríkissjóði, minnka þensluna á lánamarkaðinum, þá mundi annað koma af sjálfu sér og vextirnir lækka. Nú gerðist það á síðasta ári og rétt skal vera rétt, að þensla í þjóðfélaginu minnkaði en vextirnir lækkuðu ekki í neinu hlutfalli við það. Hver er ástæðan? Ástæðan er einfaldlega sú að meðan atvinnulífið er eins veikburða og það er í dag, meðan gjaldþrotin dynja yfir, verða bankarnir að halda vaxtamuni í algeru hámarki og staðfesti hæstv. forsrh. raunar í ræðu sinni áðan. Pína vaxtamuninn upp eins og mögulegt er og láta þá borga sem enn geta borgað af lánum sínum. Þar með er kominn upp vítahringur sem mjög er erfitt að sjá fyrir hvernig menn komast út úr.

Til þess að sýna fram á þetta á skýran hátt vil ég

leyfa mér að vitna í það að á fundi hjá hv. efh.- og viðskn. sagði fulltrúi viðskiptabankanna að í sínum banka, þ.e. Landsbankanum, færi ⅓ af vaxtamuninum í hverjum mánuði í afskriftarsjóði, 100 millj. á mánuði. Meðan þessi staða er í atvinnulífi okkar náum við ekki vöxtunum niður. Á þetta lagði ég áherslu þegar ég ræddi utan dagskrár um stöðuna í atvinnulífinu í upphafi þings í haust.

Ég vil í þessu sambandi ítreka að það er algert grundvallaratriði fyrir þróunina í efnahagslífinu og ekki síst í fjármálakerfinu að það takist að koma á þeirri skuldbreytingu sem gefin hafa verið vilyrði um til sjávarútvegsins. Hins vegar eru því miður mjög misvísandi annars vegar orð hæstv. sjútvrh. og hins vegar orð hæstv. utanrrh. og forsrh. varðandi það hvernig þróunarsjóðurinn eigi að vinna. Hæstv. utanrrh., og ef ég man rétt hefur hæstv. forsrh. tekið undir það, hefur sagt að hann verði að taka á sig verulegar skuldbindingar í formi þess kaupa út þau fyrirtæki sem eru nánast gjaldþrota í atvinnuveginum og til þess þurfi þá væntanlega miklu meira fjármagn en þá fjóra milljarða til viðbótar sem hæstv. sjútvrh. hefur sagt að ættu að koma inn í sjóðinn og ætti að dekkast af greiðslum sem næmi því sem fór í það sem sjávarútveginum var ætlað að greiða fyrir aflaheimildir Úreldingarsjóðs á síðasta ári.

Varðandi lánsfjárlögin að öðru leyti og þær brtt. sem hér liggja fyrir ætla ég að fara örfáum orðum um járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga. Ég er því fylgjandi að stutt verði við bakið á verksmiðjunni meðan verið er að kanna framtíðarstöðu hennar. Fyrirtækið hefur sýnt það á umliðnum árum að þar tókst mönnum að þróa einhverja bestu verksmiðju í heimi á þessu sviði, náðu framleiðniaukningu umfram það sem menn reiknuðu með í upphafi. Þegar verð á framleiðslu hennar er í eðlilegu horfi á alþjóðamörkuðum þá er þetta fyrirtæki sem hefur mjög góða afkomu. Ég tel að það sé skylda ríkisvaldsins að fleyta fyrirtækinu yfir þá erfiðleika sem nú eru meðan verið er að skoða framtíðarstöðuna, enda liggur það fyrir að færi allt á versta veg þá mundu skuldbreytingar fyrirtækisins að verulegu leyti falla á ríkissjóð, þannig að það er kannski nánast sjálfgefið að reyna að bjarga rekstrinum.

Örfá orð um víkjandi lán til Byggðastofnunar til þess að mæta áhættuþætti í lánum tengdum bókunum við búvörusamninginn. Í fyrsta lagi er það túlkun hæstv. ríkisstjórnar að þessar 100 millj. eigi að vera í formi láns. Það er ekki hægt að lesa það beint út úr bókuninni við búvörusamninginn. Það er talað um að útvega þetta fjármagn og það er skoðun mjög margra að þarna hafi menn átt við það að þetta væri óendurkræft fjármagn til þess að styðja við bakið á veikum byggðarlögum sem fara verst út úr samdrætti í landbúnaðinum. Það er mjög sérstök leikfimi að útvega þetta víkjandi lán til þess að mæta áhættuþættinum.

Að öðru leyti varðandi lánsfjárlögin og vinnubrögð í kringum þau þá er það vægast sagt afar sérstakt að fara að stinga inn breytingum á skattalögum. Ég vil beina því til hæstv. forsrh. þegar forsrh. og reyndar hæstv. utanrrh. líka beina stórskotahríð sinni að Alþingi, málþófi og þingskapaumræðum, óvönduðum vinnubrögðum hvað það snertir, að hæstv. ráðherrar líti gagnrýnisaugum í eigin barm. Það er nefnilega ekki hægt að gera kröfurnar bara á annan veginn. Síðustu vikurnar fyrir jól var sú hugsun mjög áleitin í mínum huga að auðvitað ætti Alþingi að setja lög sem gerði þær kröfur til framkvæmdarvaldsins að fyrirhugaðar grundvallarbreytingar á skattalögum lægju fyrir á vorþingi gagnvart álagningu ársins á eftir, þannig að menn séu ekki í tímapressu og stressi síðustu tvo dagana fyrir jól að taka grundvallarákvarðanir um skattlagningu.

Þetta leiðir hugann að því líka þegar hæstv. ráðherrar eru að gagnrýna Alþingi, vitna til þess sem gerist erlendis, þá held ég, hæstv. forsrh., að ef það hefði gerst í þjóðþingum nágrannalandanna að ráðherra hefði farið eins villandi og blekkjandi með tölur og hæstv. utanrrh. gerði í sjónvarpsumræðunni í síðustu viku, að einhvers staðar hefði það verið talið tilefni til kröfu um afsögn. Þannig að ég legg til við hæstv. forsrh. að hæstv. ráðherrar beini þessari gagnrýni eilítið inn á við líka. Það er einu sinni svo að margt af því sem kemur fólki spánskt fyrir sjónir í vinnubrögðum Alþingis er vegna þess að hér er verið að fást við og fjalla um afskaplega illa unnin mál frá hæstv. ríkisstjórn. Ég vil taka það fram að þetta er væntanlega ekkert einsdæmi varðandi þessa ríkisstjórn sem nú situr en þó held ég meira heldur en þekkst hefur áður.

Að lokum, virðulegi forseti, varðandi það sem fram undan er, það er alveg ljóst að það verða átök á vinnumarkaði á næstu vikum. Það er jafnljóst að hatrömm átök og langvinnar vinnudeilur verða engum til góðs og það er nánast ljóst að það mundi koma harðast niður á þeim sem minnst hafa milli handanna. Það er líka ljóst að kröfur verkalýðshreyfingarinnar beinast ekki fyrst og fremst að atvinnurekendum, þær beinast að hæstv. ríkisstjórn. Þær beinast í þann farveg að hæstv. ríkisstjórn taki til baka svona það versta af því sem gert var fyrir jólin. Breytingarnar á persónuafslættinum sem voru gerðar, eins og ég sagði áðan, í einhverju taugastríði síðustu dagana fyrir jól — vegna þess að það mátti ekki sýna hækkun á tekjuskatti þá var farið í það að lækka skattleysismörkin — gera það að verkum að þeir þurfa að bera byrðarnar vegna þeirra skattbreytinga — sem í raun allir voru sammála um að gera þyrfti, færa af fyrirtækjum og yfir á einstaklinga — hluta af þeim byrðum þurfa aðilar að bera sem ég held einnig að nánast allir voru sammála um, þegar farið var af stað með þessar umræður í haust, að ætti að hlífa, þ.e. þeim sem lægstar tekjurnar hafa en lækkun skattleysismarka lendir þar á af sem mestum þunga. Sálfræðilega hefur þetta e.t.v. miklu meiri afleiðingar heldur en nokkurn tímann hinar efnahagslegu.

Að mínu mati komast menn ekki í gegnum þessar deilur öðruvísi en á þann hátt að það takist að knýja ríkisstjórnina til þess að taka fleira til baka en hún hefur ákveðið. Þar er í mínum huga númer eitt að færa skattleysismörkin í það minnsta í það horf sem þau voru og láta þá sem hafa tekjur til að standa undir þessu greiða gjöldin. Ríkisstjórnin hafði stórt tækifæri

í haust, aðilar vinnumarkaðarins voru komnir í viðræður með það að markmiði að viðhalda þeirri sátt sem náðist með þjóðarsáttarsamningum 1990. Það var alveg ljóst að aðilar vinnumarkaðarins gátu ekki unnið úr því öðruvísi en þar kæmi til mjög ákveðin forusta ríkisvaldsins í ákveðnum þáttum, en því miður þá brást hún og því fór sem fór. En enn er tækifæri og ég fullyrði að ef hæstv. ríkisstjórn vill fara í það að vinda ofan af þeirri lönguvitleysu sem var í skattorminum fyrir áramótin, þá stendur ekki á stjórnarandstöðunni að taka þátt í þeirri vinnu í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst vegna þessa síðasta sem hv. þm. nefndi þá er ljóst að það hafa átt sér stað mörg og mikil samtöl af hálfu ríkisvaldsins annars vegar og svonefndra aðila vinnumarkaðarins hins vegar í tengslum við undirbúning aðgerða. En það var jafnframt ljóst á síðustu stigum málsins að það hefur tvennt komið upp. Annars vegar gerðu aðilar vinnumarkaðarins og þá Alþýðusambandið sérstaklega ráð fyrir því að tekjur til að bera uppi þann tilflutning, sem allir virtust sammála um að þyrfti að koma til, kæmu að verulegu leyti frá tölum sem væru fundnar með því að menn segðust ætla að útrýma skattsvikum eða að hækka reiknaðar tekjur. Þetta voru tölur sem ekki var hægt að sýna fram á að stæðust. Ríkisstjórnin gat ekki lagt slíkar tölur fyrir þingið. Það ber öllum saman að mjög mikilvægt er að ná tökum á skattsvikurum, þeir láta jú heiðarlega fólkið borga fyrir sig en við getum ekki fært slíkar tölur til bókar með þeim hætti, við verðum að sýna raunverulegar tölur. Í annan stað þá var það líka ljóst eftir að þessi mikli gjaldeyrisóróleiki hafði orðið, eftir að sænska krónan hafði fallið, eftir að viðmiðunarmörkum pesetans hafði verið breytt og eftir að þær spár voru komnar upp sem reyndust trúverðugar og réttar um að norska krónan mundi falla, þá var ekki samstaða — þetta verða menn að hafa í huga — með aðilum vinnumarkaðarins að ákveða efnahagsaðgerðir þar sem gengisbreytingar væru ekki innifaldar. Það kom glöggt fram á síðustu fundum sem við áttum sameiginlega með aðilum vinnumarkaðarins að þeir tveir aðilar voru ekki sammála því að þær aðgerðir gætu gengið fram án þess að gengisbreytingar yrðu. Alþýðusambandið vildi ekki gengisbreytingar eins og fram hefur komið en á hinn bóginn var ljóst að við þessar aðstæður töldu vinnuveitendur óðs manns æði að ákvarða efnahagsaðgerðir án þess að taka mið af þeim gengishræringum sem orðið höfðu.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst og mér hefur aldrei dottið annað í hug en að á lokastigum þeirra viðræðna sem voru í haust þá varð náttúrlega ríkisstjórnin að taka ábyrgð á því sem sneri að henni og því sem þurfti að fá fram í gegnum Alþingi. Það hefur mér alla tíð verið ljóst en ég hygg hins vegar að hvað sem líður deilum um gengisfellingu eða ekki gengisfellingu, þá hafi það verið atriði sem allir gengu samstiga að varðandi þessar viðræður, að þeim sem lægst hefðu launin ætti að hlífa. Þeir sem hefðu tekjurnar til þess að bera það ættu að borga. Þess vegna var það að sú ákvörðun, sem var framkvæmd á síðustu stundu að lækka persónuafsláttinn, kom eins og köld vatnsgusa framan í launafólk í landinu. Það datt ekki nokkrum manni það í hug að í þessum aðgerðum yrði gripið til þeirra leiða til þess eins að komast hjá því að þurfa að hækka skattprósentuna sem sýndi þá skattahækkunina á þann hátt. Þetta er engu að síður skattahækkun en hún kemur bara niður jafnt á þeim sem af engu hafa að taka. Meðan þetta verður ekki tekið til baka og leiðrétt þá sé ég ekki fram á að menn komist með nokkru móti fram úr þeim samningum sem nú eru fram undan.

Virðulegi forseti. Ég vil síðan ítreka spurningu mína sem ég bar fram beint til hæstv. ráðherra varðandi Atvinnutryggingarsjóðinn og skuldbindingar hans gagnvart öðrum atvinnugreinum en sjávarútvegi, hvort það sé ætlast til þess að sjávarútvegurinn taki þær yfir með öðrum skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs eða hvað verði um þær skuldbindingar.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég náði ekki vegna tímaskorts að svara því atriði sérstaklega, en ég skal gera það núna. Ég ætla þó ekki að ræða um þróunarsjóðinn almennt, það gerði hæstv. sjútvrh. að nokkru hér fyrr í umræðunum en ég vil fyrir mitt leyti lýsa því yfir að ég tel það koma fyllilega til álita að þeir þættir sem ekki tengjast sjávarútveginum sérstaklega verði undanskildir vegna þess að hugsunin er sú að sjávarútvegurinn beri þann kostnað sem að honum snýr. Það er hugsun beggja stjórnarflokkanna. Þannig að það tel ég koma fyllilega til álita að þeim þætti, sem er að vísu ekki mjög stór í Atvinnutryggingarsjóðnum (Gripið fram í.) en miðað við heildardæmið sem eru milljarðar, að það dæmi verði skoðað alveg sérstaklega.

Varðandi Járnblendiverksmiðjuna þá skal ég ekki nú fjalla um hana. Það var fundið að því af hv. 1. þm. Austurl. að þar vantaði gögn. Ég hef sýnt honum viðbótargögn varðandi þau atriði og vænti þess að formaður efh.- og viðskn. komi þeim gögnum til annarra aðila. Ég vona að það mál hafi nokkuð skýrst og ég er þingmanninum sammála, þarna er um að ræða mjög stórt og viðamikið mál. Vandamálið er hins vegar það að erfitt er að færa fram algjörlega sannfærandi rök fyrir því að eftir að tveggja ára neyðartímabili, ef svo mætti kalla það, lýkur verði hinar efnahagslegu forsendur orðnar þær að sæmilegur grundvöllur sé fyrir verksmiðjuna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti upplýsa

að fyrirhuguð er utandagskrárumræða hér síðar í dag samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa. Hún fer fram að beiðni hv. 2. þm. Vesturl. og fjallar um málefni Ríkisspítalanna í tilefni af uppsögn hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra sem gengur í gildi 1. febrúar nk.

Þessi umræða mun væntanlega fara fram kl. 5 eða um það leyti og miðast það við að dagskrármálum fundarins verði lokið fyrir þann tíma.

Kosning tveggja dómenda og tveggja varadómenda í Kjaradóm til fjögurra ára, skv. 1. gr. laga nr. 120 31. des. 1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

Við kosningu aðalmanna og varamanna kom fram einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Magnús Óskarsson borgarlögmaður,
Jón Sveinsson héraðsdómslögmaður.

Varamenn:
Óttar Yngvason hæstaréttarlögmaður,
Þuríður Jónsdóttir hæstaréttarlögmaður.

Kosning fimm manna í stjórn Sementsverksmiðju ríkisins til fjögurra ára, frá 6. febrúar 1993 til 5. febrúar 1997, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 1. gr. laga nr. 7 6. febrúar 1961, um breyt. á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Guðjón Guðmundsson alþingismaður (A),
Gissur Þór Ágústsson bæjarfulltrúi (B),
Guðjón Ingi Stefánsson framkvæmdastjóri (A),
Inga Harðardóttir íþróttakennari (B),
Kristján Sveinsson deildarstjóri (A).

Lánsfjárlög 1993, frh. 2. umr.

Stjfrv., 145. mál. — Þskj. 166, nál. 532, 534 og 590, brtt. 533, 551, 589 og 595.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 533,1 kölluð aftur.
Brtt. 551,1 kölluð aftur.

Brtt. 589,1 samþ. með 30:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HN, IBA, JóhS, KSG, LMR, MI, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvÁ, TIO, ÞurP, ÖS.
nei: HG.*
22 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (BBj, ISG, JBH, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

1. gr., svo breytt, samþ. með 30:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HN, IBA, JóhS, KSG, LMR, MI, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvÁ, TIO, ÞurP, ÖS.
nei: HG.
23 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (BBj, ISG, JBH, ÓRG, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HN, IBA, JóhS, KSG, LMR, MI, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvÁ, TIO, ÞurP, ÖS.
24 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (BBj, ISG, JBH, ÓRG, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 533,2 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HN, IBA, JóhS, KSG, LMR, MI, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvÁ, TIO, ÞurP, ÖS.
24 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (BBj, ISG, JBH, ÓRG, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HN, IBA, JóhS, KSG, LMR, MI, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvÁ, TIO, ÞurP, ÖS.
24 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (BBj, ISG, JBH, ÓRG, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 533,3 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HN, IBA, JÁ, JóhS, KSG, LMR, MI, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvÁ, TIO, ÞurP, ÖS.

22 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BBj, ISG, JBH, JónK, ÓRG, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HN, IBA, KSG, LMR, MI, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvÁ, TIO, ÞurP, ÖS.

21 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BBj, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, KHG, ÓRG, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 589,2 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HN, HG, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, MI, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvÁ, SvG, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

3 þm. (FI, KHG, RA) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BBj, ISG, IP, JBH, ÓRG, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 533,4 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HN, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MI, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvÁ, SvG, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

9 þm. (BBj, ISG, JBH, ÓRG, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 31:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HN, IBA, JóhS, KSG, LMR, MF, MI, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvÁ, TIO, ÞurP, ÖS.

nei: PP.

17 þm. (AÓB, FI, GB, GHelg, HG, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BBj, GÁ, HÁ, ISG, IP, JGS, JBH, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 551,2 (ný grein, verður 6. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HN, IBA, JóhS, KSG, LMR, MI, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvÁ, TIO, ÞurP, ÖS.

23 þm. (AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BBj, FI, ISG, JBH, ÓRG, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni mjög síðborin tilraun hæstv. ríkisstjórnar til að bjarga andlitinu varðandi efndir á einu af ákvæðum búvörusamsnings sem rækilega var bent á hér fyrir áramótin að ekki fælist í fjárlagafrv. eða öðrum tillögum sem hæstv. ríkisstjórn afgreiddi fyrir áramót. Samkvæmt búvörusamningi er skýr og ótvíræð skuldbinding lögð á ríkið til að leggja Byggðastofnun til fé til atvinnusköpunar í sveitum til að mæta þeim samdrætti sem af minni búvöruframleiðslu stafar. Hygg ég að í hugum samningsaðila þeirra sem stóðu að gerð samningsins á sínum tíma hafi ekki verið neinn vafi á um að þar ættu að koma til framlög. Í fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir efndum á þessu ákvæði því miður og brtt. um framlög í þessu skyni voru felldar í atkvæðagreiðslum hér fyrir áramótin. Hæstv. ríkisstjórn hefur þó séð að sér í þeim mæli að hér er nú á ferðinni mjög sérstök, svo ekki sé fastar að orði kveðið, tilraun til þess að bjarga andlitinu. Sem sagt sú að fjmrh. fái heimild til að lána Byggðastofnun sérstaklega víkjandi lán að fjárhæð allt að 20 millj. til að mæta framlögum í afskriftarsjóð útlána í tengslum við ákvæði í viðauka 2 við búvörusamning frá 11. mars 1991.

Þó svo okkur þyki það að sjálfsögðu til bóta að hæstv. ríkisstjórn viðurkenni með þessu að afgreiðsla fjárlaganna var í raun brot á þessu ákvæði búvörusamningsins þá getum við undir engum kringumstæðum stutt þá aðferð sem hér er lögð til. Enda hygg ég að hún sé harla óvenjuleg ef ekki einsdæmi, fyrr en þá nú á síðustu tímum, og hlýtur að teljast mjög sérstakt að ríkið veiti sinni eigin stofnun, stofnun sem ríkið á, víkjandi lán af þessu tagi. Auk þess tel ég, og það er nú kannski aðalatriði málsins, að allt annað en fjárframlög í þessu skyni, óafturkræf framlög til Byggðastofnunar, séu brot á ákvæðum búvörusamningsins.

Við munum því sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu sökum þess að við getum ekki stutt þessa aðferð sem hér er lögð til og teljum hana ekki fullnægjandi til að efna ákvæði samningsins eins og efni standa til.

Brtt. 589,3a (ný grein, verður 7. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HN, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, MI, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvÁ, SvG, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

3 þm. (AÓB, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BBj, ISG, JBH, ÓRG, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegur forseti. Það má öllum ljóst vera að járnblendiverksmiðjan á Grundartanga á við mikla rekstrarörðugleika að stríða. Margt bendir til að rétt sé að veita fyrirtækinu aðstoð til að fleyta því yfir erfiðleikana ef þeir reynast tímabundnir. En þar sem hv. efh.- og viðskn. hafa ekki borist nægilegar upplýsingar um stöðu og framtíðarhorfur fyrirtækisins og ekki gafst tími til að kanna málið að sinni tel ég rétt að sitja hjá.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hér er um það að ræða að veita ábyrgð á sérstöku 150 millj. kr. láni. Það er jafnframt ákveðið að leita eftir samningum um það hvort hægt er að tryggja stöðu þessa mikilvæga fyrirtækis þannig að það geti starfað áfram. Við fulltrúar Framsfl. og Alþb. í efh.- og viðskn. teljum rétt og nauðsynlegt að slíkar tilraunir fari fram og það verði leitast við að tryggja stöðu þessa fyrirtækis og þess starfsfólks sem þar á hagsmuna að gæta. Þegar þar að kemur þá mun þetta mál verða lagt fyrir Alþingi að nýju og þá er hægt að taka endanlega afstöðu til málsins. Við munum því greiða þessari tillögu atkvæði okkar.

Brtt. 589,3b (ný grein, verður 8. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HN, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MI, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvÁ, SvG, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

9 þm. (BBj, ISG, JBH, ÓRG, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 533,5 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HN, IBA, JóhS, KSG, LMR, MI, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvÁ, TIO, ÞurP, ÖS.

22 þm. (AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BBj, ISG, JÁ, JBH, ÓRG, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

6. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HN, IBA, JÁ, JóhS, KSG, LMR, MI, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvÁ, TIO, ÞurP, ÖS.

22 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (BBj, GHelg, ISG, JBH, ÓRG, PJ, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

7.–10. gr. (verða 10.–13. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, IBA, JóhS, KSG, LMR, MI, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvÁ, TIO, ÞurP, ÖS.

24 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BBj, HN, ISG, JBH, ÓRG, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 533,6 (19 nýjar greinar í stað 11. gr., verða 14.–32. gr.) samþ. með 28:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HN, JóhS, KSG, LMR, MI, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvÁ, TIO, ÞurP, ÖS.

nei: PP, SvG.

21 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, VS) greiddi ekki atkv.

12 þm. (BBj, EgJ, IBA, ISG, IP, JBH, ÓRG, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um brtt. við 11. gr. frv. til lánsfjárlaga og samkvæmt þeim fjárlögum sem samþykkt voru fyrir árið 1993 hafa þegar verið ákveðnar skerðingar á ótal eyrnamerktum tekjustofnum. Stjórnarandstaðan hefur gagnrýnt harðlega ýmis áform ríkisstjórnarinnar um niðurskurð, m.a. þann sem er að finna í hinum svokölluðu „þrátt-fyrir-ákvæðum" lánsfjárlaganna. Má þar sem dæmi nefna meðferð á vegafé og framlag til Húsafriðunarsjóðs. Þar sem við stöndum frammi fyrir gerðum hlut með samþykkt fjárlög mun stjórnarandstaðan sitja hjá við afgreiðslu þessarar greinar.

Brtt. 533,7 (ný grein, verður 33. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HN, HG, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, MI, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvÁ, SvG, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

2 þm. (IP*, KE) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BBj, ISG, JBH, ÓRG, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 589,4 (nýr kafli, verður V. kafli) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HN, HG, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF,

MI, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, SvÁ, SvG, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

4 þm. (EH, GHelg, IP*, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BBj, ISG, JBH, ÓRG, SighB, SAÞ, StG, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

12.–13. gr. (verða 35.–36. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HN, IBA, JóhS, KSG, LMR, MI, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvÁ, TIO, ÞurP, ÖS.

21 þm. (AÓB, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddi ekki atkv.

12 þm. (BBj, GÁ, ISG, JGS, JBH, KE, ÓRG, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 595,1–2 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HN, IBA, JóhS, KSG, LMR, MI, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvÁ, TIO, ÞurP, ÖS.

21 þm. (AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddi ekki atkv.

12 þm. (BBj, FI, ISG, IP, JBH, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 533,8, svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HN, IBA, JóhS, KSG, LMR, MI, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvÁ, TIO, ÞurP, ÖS.

24 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BBj, ISG, JBH, ÓRG, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 589,5 (ný fyrirsögn) samþ. með 30:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HN, IBA, JóhS, KSG, LMR, MI, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvÁ, TIO, ÞurP, ÖS.

nei: SvG.

21 þm. (AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (BBj, FI, HG, ISG, JBH, ÓRG, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Það hefur almennt verið svo hér á Alþingi að tekist hefur að ná samstöðu um fyrirsögn frv. Það er nú hins vegar þannig með þetta mál að það hefur verið tilhneiging í þá átt að bæta ýmsu inn í lánsfjárlög eins og margvíslegum skerðingarákvæðum. Þess vegna hefði þetta frv. e.t.v. átt að heita frv. til lánsfjárlaga o.fl. þegar í upphafi. En vegna hefðar þar um þá var það ekki gert.

En það er nokkuð langt gengið í lagasmíð þegar farið er að breyta skattalögum jafnframt með lánsfjárlögum. Ég tel að við séum komin allt of langt í bandormssmíði hér á Alþingi og hæstv. ríkisstjórn hefur gengið lengra í því en nokkru sinni fyrr. Af þeim ástæðum treystum við í stjórnarandstöðunni okkur ekki til að styðja fyrirsögn þessa frv. og munum sitja hjá sem mun vera harla óvenjulegt hér á Alþingi.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MI, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, SvÁ, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

6 þm. (GHelg, HG, ÓÞÞ, PP, StG, SvG) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BBj, ISG, JBH, ÓRG, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Frv. landbn., 328. mál (innheimta verðskerðingargjalds). — Þskj. 599.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HN, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MI, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvÁ, SvG, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

2 þm. (GÁS, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BBj, IBA, ISG, JBH, ÓRG, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Eitt af því allra síðasta sem Alþingi afgreiddi fyrir jólaleyfi þingmanna var að breyta lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, búvörulögunum eins og þau eru gjarnan nefnd. Þar var m.a. kveðið á um í 6. gr. þess frv. að 20. gr. laganna tæki þeim breytingum að heimilt væri að skerða greiðslur afurðaverðs til bænda að vissum skilyrðum uppfylltum. Þessi skilyrði voru að Stéttarsamband bænda færi fram á slíkt leyfi til landbrh. Til að fullnægja þeirri ósk þyrfti að fara fram um það afgreiðsla á fulltrúafundi stéttarsambandsins og slíka tillögu yrði að kynna í fundarboði svo að mönnum heima í héraði gæfist kostur á að fjalla um málið.

Nú hefur komið í ljós að menn hyggjast einvörðungu nýta þessa heimild til verðskerðingar á nautakjöti, sem væntanlega tæki gildi innan tíðar. Það liggur í hlutarins eðli að það þykir í nokkuð mikið ráðist að kalla saman fulltrúafund stéttarsambandsins til þess að leita eftir þessari ákvörðun að sinni. Aðaðlfundur Stéttarsambands bænda er gjarnan haldinn síðari hluta ágústmánaðar og það gefur auga leið og til þess er auðvitað ætlast að það verði sá vettvangur sem í framtíðinni fjallar um þessa heimild.

Því er lagt til að til þess að uppfylla þetta samráð, og þá einungis tímabundið því hér er um bráðabirgðaákvæði að ræða sem fellur út 1. sept. nk., yrði farin sú leið í stað þess að leggja þetta mál fyrir aðalfund eða fulltrúafund stéttarsambandsins að leita samráðs við fulltrúa Stéttarsambands bænda heima í héraði þannig að ekki þyrfti að kalla þá til fundar til að fá þessa niðurstöðu. Hún yrði fengin með beinu sambandi milli kjörinna fulltrúa og stjórnar stéttarsambandsins.

Í þessum tillögum felast því engar efnisbreytingar heldur aðeins þessi breyting sem einungis á að vara til 1. sept. en fellur þá út. Þá verður að sjálfsögðu fylgt lögunum eins og þau voru afgreidd í desember sl., þ.e. að til að þessi heimild komi til framkvæmda þurfi fulltrúafundur að samþykkja hana og jafnframt að hennar hafi sérstaklega verið getið í fundarboði.

Ég vona, virðulegi forseti, að þetta sé nægilega skýrt um málið efnislega. Ég vil svo taka það skýrt fram að allir fulltrúar landbn. Alþingis standa að þessum tillöguflutningi og að höfðu samráði í þinginu. Það virðist því vera bærilega séð fyrir framgangi þessa litla máls hér. Svo sem venja stendur til geri ég það að tillögu minni að þessu máli verði vísað til 2. umr.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég hef ákveðnar efasemdir um þetta frv. Það er e.t.v. ekki stórt eða viðamikið eða afdrifaríkt — og þó. Ég lagðist ekki gegn því að frv. kæmi á dagskrá. Efni þess er í raun og veru það að fría stjórn Stéttarsambands bænda frá því að kveðja saman fulltrúafund, þ.e. að í stað þess að fulltrúafundur Stéttarsambands bænda standi á bak við ákvörðun stjórnarinnar þá sé stjórninni það í sjálfsvald sett að taka þessa ákvörðun án þess að bera það undir fulltrúafund. Því er borið við að það sé svo voðalega dýrt að kalla saman fulltrúafund til þess að taka ákvarðanir um málefni stéttarinnar og ódýrara að sleppa því.

Það kunna að vera einhver rök í málinu. En ég fyrir mitt leyti tel að bændum veiti ekkert af því að koma saman og ræða kjaramál sín og hagsmunamál stéttarinnar og afkomuhorfur bændastéttarinnar í nánustu framtíð hennar við stjórn stéttarsambandsins. Þetta er ámóta og ef ríkisstjórnin þyrfti ekki að bera skattalög undir Alþingi fyrr en eftir á og gæti komið sér saman um það í sínum hóp hvernig skattheimtu í landinu yrði hagað. Ég mun ekki greiða þessu frv. atkvæði mitt, frú forseti.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið er þetta frv. ekki stórt að vöxtum og felur í sér bráðabirgðaákvæði. Því er ætlað að greiða fyrir því að unnt sé að leggja á verðskerðingargjald á framleiðslu nautakjöts og það án þess að til sé kvaddur fundur í Stéttarsambandi bænda. Ég ætla að lýsa því yfir að ég hef í mínum flokki lýst andstöðu við þetta frv. og mun greiða atkvæði gegn því.

Það verðskerðingargjald sem hér er ætlað að taka af nautakjöti er 5% af bændum og 5% af afurðastöðvum. Það á að nota til að greiða aðila sem fengi heimild til að selja kjötbirgðir sínar á undirverði, sumir segja flytja út, nokkur hundruð tonn af nautgripakjöti fyrir t.d. 50 kr. kílóið. Síðan á að bera upp þann halla sem þessi aðili yrði fyrir við þá sölu með því að innheimta gjald af öllum öðrum bændum landsins sem þar eiga ekki hlut að máli og öllum öðrum afurðastöðvum sem þar eiga engan hlut að máli til þess að þessi aðili geti fengið fullt verð eða fengið það verð sem hinir fá.

Ég get ekki stutt þetta frv. og tel að það beri að fara mjög varlega í þá verðskerðingar- og verðmiðlunarleið sem hér er verið að greiða götu fyrir og tel að þeir sem versla með þessa vöru eigi að bera meiri ábyrgð á sínum viðskiptum en þetta frv. bendir til að verði í framkvæmd. Ég bendi þó á að taka þessa gjalds er á valdi hæstv. landbrh. og er ekki einhlít ákvörðun stjórnar stéttarsambandsins eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. gaf í skyn áðan. Ég verð að ætlast til þess, ef þetta frv. verður að lögum, að hæstv. ráðherra hugsi sinn gang um framkvæmd þessa máls og m.a. að þeir aðilar sem fyrir barðinu verða, þ.e. þær afurðastöðvar sem innheimt er af og þeir bændur sem þar standa að baki, hafi samþykkt.

Ég skal ekki leggja í nein ræðuhöld frekar um þetta mál. Aðeins tel ég sjálfsagt og eðlilegt að úr því að ég hef ákveðið að standa gegn þessu máli og greiða atkvæði gegn því að þá komi skoðun mín skilmerkilega í ljós.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Afstaða þessara tveggja hv. þm., 1. og 2. þm. Norðurl. v., kemur að sjálfsögðu ekki neitt á óvart. Afstaða þeirra hefur legið fyrir í þessari umræðu. Það vill svo til að sá sem hér mælir á óskaplega auðvelt með að skilja þá afstöðu. Hins vegar er óþarft að fara í efnislega umræðu um það mál núna fram yfir það sem áður hefur átt sér stað í þessum efnum.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram hjá þessum báðum hv. þm. að verðskerðingu af þessum toga á ekki að beita fyrr en aðrar leiðir hafa lokast. Ég vitna í ummæli hv. 6. þm. Norðurl. e., samnefndarmanns míns úr landbn., Jóhannesar Geirs, sem mun væntanlega tala hér á eftir, sem hann viðhafði þegar við ræddum þessi mál í desember. Eins og menn vita hefur hann verið þátttakandi í þessum málum um langan tíma. Ég tek sérstaklega undir það sem kom þar fram að þessum ákvæðum yrði beitt af mikilli varúð. Ég held ég fari ekki rangt með þegar ég vitna til þessara ummæla sem mér fundust afar verðmæt. Og með því að hæstv. landbrh. er í þingsalnum fannst mér m.a.

af þeirri ástæðu mikil ástæða til þess að undirstrika þessa skoðun.

Hafi ég skilið hv. 2. þm. Norðurl. v. rétt er það reyndar misskilningur að aðrar framleiðslugreinar verði skertar fyrir t.d. nautakjötið í þessu tilviki. Sú heimild nær einungis til viðkomandi framleiðslugreinar. Það er best að hafa það alveg á hreinu. Það verða auðvitað ekki nýttar heimildir gagnvart nautakjöti nema í þeirri grein. Það verður að vera alveg á hreinu.

Ég vil líka taka það alveg sérstaklega fram í þessu máli, og ég hef rætt það við landbrh. og fulltrúa hans sem hefur fjallað um undirbúning þessa máls, Sigurgeir Þorgeirsson, að það verði að sjálfsögðu haft rétt form á því hvernig kallað verður eftir skoðunum stéttarsambandsfulltrúa þannig að þar fari fram skýr og afdráttarlaus skoðanakönnum og það verði nákvæmlega sömu aðilarnir sem ákvörðunin byggist á. Hvort heldur við breytum lögunum eða látum þau standa eins og þau eru í dag verði byggt á afstöðu kjörinna fulltrúa stéttarsambandsins en mönnum verði með þessu gert kleift að taka þessa ákvörðun án þess að koma til fulltrúafundar stéttarsambandsins.

Það er svo annað mál, sem ég get vissulega tekið undir, að bændur hafa mikla þörf á því að ræða sín mál. Ég fullyrði reyndar að hér er ekki um það tilefni að ræða sem sérstaklega gæti réttlætt slíka fundarboðun en þessi ákvörðun, ef að lögum verður, hindrar ekki að bændur landsins komi saman til þess að ræða sín mál, sem full þörf er á eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur réttilega bent á.

Þrátt fyrir að ég treysti því að þetta mál nái fram að ganga þá er ég þakkláttur fyrir þá umræðu sem farið hefur fram um þetta mál, bæði í landbn. og eins við þessa afgreiðslu og reyndar fyrri líka vegna þess að hún undirstrikar að hér er um að ræða ákvæði sem er ekkert sjálfgefið að eigi að standa í lögum. Ég er ekkert viss um að mínar skoðanir falli svo afar langt frá því sem hefur komið hér fram frá öðrum ræðumönnum í þessum efnum. En hér er um samkomulagsmál að ræða sem ég ber alveg fulla ábyrgð á. Reyndar hefðum við séð betur fyrir afgreiðslu málsins við fyrri umræðu að þessu leyti nema af því að staða þess var ekki svo sterk í þinginu.

Ég vona að þessar skýringar séu fullnægjandi og ég held að ég geti ekki mikið betur skýrt þetta mál en ég hef hér gert. En mér fannst sérstaklega nauðsynlegt að það kæmi hér fram að réttur kjörinna fulltrúa stéttarsambandsins er ekki með þessu frv. skertur. Í staðinn fyrir að honum verður í framtíðinni fullnægt á aðalfundi stéttarsambandsins eða sérstökum fulltrúafundi er núna gerð undantekning í þá veru að þeir geti tekið ákvörðun um þetta heima í héraði.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er afar sérstakt að í umræðu um mál, sem í sjálfu sér er ekki stórt, skuli einn hv. þm., hv. 2. þm. Norðurl. v., standa upp og lýsa yfir andstöðu sinni við málið sem því miður var að verulegu leyti byggð á vanþekkingu, og stökkva síðan á braut áður en umræðu er lokið.

Ég ætla ekki að hafa hér mörg orð en ítreka það að hér er ekki nein efnisleg breyting á ferðinni á því lagaákvæði sem hér var samþykkt samhljóða á næstsíðasta degi fyrir jól. Eina breytingin er sú að þetta eina ákvæði um að kalla þurfi saman fulltrúafund er frestað til 1. sept. í ár. Eftir sem áður er reiknað með að haft sé samband við alla fulltrúa um þetta tiltekna mál. Mér sýnist því að afstaða hv. 1. þm. Norðurl. v. byggist á því að ekki sé þá hægt að nota viðkomandi fund til þess að ræða um önnur málefni bændastéttarinnar.

En aðeins örfá orð um efnisþætti málsins. Það er alveg ljóst að á aðalfundi stéttarsambandsins í haust sem leið var samþykkt einróma heimild til beitingar þessa ákvæðis fyrir sauðfjárræktina að beiðni Landssambands sauðfjárbænda. Það var hins vegar alveg ljóst við lagavinnuna í vetur að þetta ákvæði mundi ekki snerta sauðfjárræktina fyrr en í fyrsta lagi á næsta ári. Eftir stóðu þá tvær greinar. Annars vegar hafa hrossabændur í tengslum við sinn útflutning beitt ákveðnu hliðstæðu ákvæði, m.a. í tengslum við afar jákvæða vinnu þeirra við að koma hrossakjöti á markað í Japan, en eins og lögin voru úr garði gerð hjá okkur fyrir áramótin hafa þeir ekki heimild til þess lengur.

Síðan liggur það líka fyrir, og það hefði ég viljað að hv. 2. þm. Norðurl. v. heyrði, að það náðist algjör samstaða um það meðal sláturleyfishafa, meðal Landssambands kúabænda, að fara fram á það að fá að beita því ákvæði að taka 5% jöfnunargjald til þess að taka ákveðið magn út af markaði vegna offramboðs á nautakjöti. Ég vil að það komi skýrt fram hér að þetta er gert áður en bændur lækkuðu sitt verð um nálægt 20%. Því miður komst það ekki til skila til neytenda í öllum tilfellum þar sem það hvarf einhvers staðar á leiðinni. En bændur voru búnir að lækka sitt verð um 20%.

Ég bendi líka á það að innlendi kjötmarkaðurinn nýtur orðið nánast engrar verndar ríkisins eins og sauðfjárræktin gerði áður. Þetta er í raun orðinn frjáls og opinn markaður þar sem framboð og eftirspurn ræður verði að verulegu leyti. Þetta er mjög viðkvæmur markaður. Ég bendi líka á það að á síðustu þrem árum hafa bændur tekið á sig einna drýgstan skerf allra aðila í okkar þjóðfélagi til þess að halda niðri vísitölu og lágri verðbólgu. Það sjá menn ef þeir skoða samsetningu vísitölunnar fyrir þrjú síðustu ár. Það eru þess vegna engin rök fyrir því að bændur hafi ekki verið tilbúnir til að taka þátt í þeim leik að fullu.

Ég bendi einnig á það að ef ekki fást þessar takmörkuðu heimildir til þess að halda utan um markaðinn, hver grein fyrir sig, og þetta fer allt úr böndunum — ég ítreka að hér er ekki um eingöngu að ræða samkeppni innbyrðis milli kjöteigenda því að kjötið er náttúrlega í samkeppni við alls konar aðrar matvörur og getur ekki á nokkurn hátt skorast undan því, að halda utan um markaðsstarfið — þá er í mínum huga ekki nokkur vafi hverjir fara verst út úr því. Það eru sauðfjárbændur. Þeir hafa enga burði til þess að taka á slíkum slag. Það eru því raunar ekki stærri hagsmunir nokkurs annars hóps innan bændastéttarinnar en sauðfjárbænda að menn fái þarna mjög takmarkaðar

heimildir til þess að halda utan um markaðsstarfið.

Virðulegi forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa miklu fleiri orð um þetta nema ég ætla að fara örfáum orðum um það hvernig ég sé fyrir mér að beiting þessa ákvæðis fari fram og heimildir til þess. Ég sé það þannig fyrir mér að beiðni um slíkt muni koma frá viðkomandi landshlutasamtökum — eins og gerðist frá Landssambandi kúabænda í þessu tilfelli — í samráði við sláturleyfishafa. Síðan staðfesti fulltrúafundur og þá væntanlega aðalfundur stéttarsambandsins slíka beiðni sem heildarsamtök bænda og síðan landbrh. eins og hér hefur komið fram.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál en vonast til að okkur auðnist að afgreiða það áður en við förum heim fyrir það hlé sem nú er fram undan.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það getur vel verið að það sé vit í því að leggja skatta á framleiðendur til þess að niðurgreiða útflutning eða koma kjöti af innanlandsmarkaði. Gagnrýni mín beindist ekki að því. Ég er ekkert að efa að það kunni að verða haft símasamband við stéttarsambandsfulltrúana og málið kynnt fyrir þeim. En með því móti gefst þeim ekki færi að ræða saman í heyranda hljóði og bera saman bækurnar. Það finnst mér að gæti verið gagnlegt í stöðunni.

Það er heldur engin goðgá að búast við því að þeir ræddu eitthvað fleira en þetta í leiðinni og reyndu sameiginlega að leita leiða út úr þeim mikla vanda sem bændastéttin er stödd í. Þetta er ekki stórt mál í sjálfu sér. Ég er fyrst og fremst að vara við þeirri aðferð sem hér er viðhöfð því að hún hefur ákveðið fordæmisgildi. Þetta kann að þróast út í það að stjórn stéttarsambandsins hafi opna heimild til þess að semja fyrir hönd bændastéttarinnar án samráðs við fulltrúafund, semja af bændastéttinni eða e.t.v. fórna hagsmunum hennar ef henni þætti það hentugt. Þetta mundi gera fulltrúafundi stéttarsambandsins þýðingarlausa.

Nú ætla ég að biðja menn að taka það ekki svo að ég telji að það sé í öllum tilfellum sem stjórn stéttarsambandsins fórnar hagsmunum stéttrinnar. En þetta gerði fundi stéttarsambandsfulltrúa þýðingarlausa. Þeir voru a.m.k. upplýsandi og gagnlegir þegar ég átti þar sæti, sem er að vísu orðið nokkuð langt síðan. Ég tel víst að stéttarsambandsfulltrúum sé hentugt að heyra ræður hvers annars víðar en í símanum, og vitna hér til stéttarsambandsfulltrúans sem var rétt áðan að skýra mál sitt.

Ég er alveg á móti þeirri aðferð, bæði hjá stéttarsambandinu og eins á Alþingi, þó að oft höfum við nú tekið þátt í einhverju hliðstæðu, að vera að staðfesta eftir á. Við erum að staðfesta lög hér eftir á, eftir að búið er að framkvæma þau og stöndum frammi fyrir gerðum hlut. Það finnst mér ekki góð aðferð. Ég held menn eigi að reyna að forðast það og hafa það samráð sem nauðsynlegt er fyrir fram. Annars ætla ég ekki að fara að gera þetta litla mál að neinu stórmáli.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa miklu fleiri orð um þetta og engin efnisleg en ég ætla bara að leiðrétta ef sá leiði misskilningur hefur slæðst inn til hv. 1. þm. Norðurl. v. með þessu frv., eins og reyndar mátti skilja af ræðu hans áðan, að með því ætti að afleggja fulltrúafundi og skoðanaskipti innan Stéttarsambands bænda. Það er alls ekki. Þeir munu áfram verða haldnir árlega og stundum oftar eins og verið hefur og munu gegna sínu hlutverki hér eftir sem hingað til. Þetta eina litla mál er ekki nema sáralítið af því sem þar er rætt um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Mötuneyti ríkisstofnana, 333. mál, fsp. MI, þskj. 605.

Umhverfisskattar, 331. mál, þátill. ÁMM o.fl., þskj. 603.

Grunnskóli, frh. 2. umr.

Stjfrv., 296. mál (nemendafjöldi í bekkjum o.fl.). — Þskj. 452, nál. 588 og 597.

Frsm. minni hluta menntmn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti minni hluta menntmn. um frv. til laga um grunnskóla. Minni hlutinn leggur til að frv. verði fellt. Að minnihlutaálitinu standa auk mín hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir.

Á þskj. 597 birtum við ítarlegt nál. þar sem við gerum grein fyrir okkar máli. Ég verð eiginlega að spyrja um menntmrh. Ætli hann sé nokkurs staðar? (**Forseti:** Forseti hefur þegar sent eftir menntmrh. og kemur hann væntanlega fljótlega.) Hann er í húsinu? (**Forseti:** Já, hann er í húsinu og hefur beðið eftir þessari umræðu.)

Á þskj. 597 er birt ítarlegt nál. minni hluta menntmn. þar sem m.a. kemur fram að í þessu frv. eru fjögur efnisatriði. Það er í fyrsta lagi að ákvæði grunnskólalaga um skólamáltíðir falli niður. Í öðru lagi að ákvæði grunnskólalaga um tiltekinn lágmarkstíma fyrir börn í grunnskólum falli niður og komi ekki til framkvæmda fyrr en haustið 1994. Í þriðja lagi að fresta framkvæmd þess ákvæðis grunnskólalaganna sem kveður á um skólaathvörf. Og í fjórða lagi að fresta því ákvæði grunnskólalaganna sem kveður á um að fækkað verði í bekkjum.

Þessi ákvæði frv. eru öll framlenging á ákvæðum sem voru í frumvarpinu og lögunum um ráðstafanir í ríkisfjármálum nr. 1/1992, en ákvæðin runnu út um síðustu áramót. Þegar fjárlagafrv. var lagt fram hér sl. haust kom það fram að það var ætlun ríkisstjórnarinnar að framlengja þessi skerðingarákvæði sem voru geysilega umdeild á sínum tíma. Við gerðum ráð fyrir því, flestir þingmenn sem fylgjast með þessum mála-

flokki geri ég ráð fyrir, að hæstv. menntmrh. mundi fljótlega leggja fram frv. um málið. Það gerði hann hins vegar ekki fyrr en viku fyrir jól eða svo þannig að málið náði ekki afgreiðslu fyrir hátíðar og varð þess vegna eitt af þeim málum sem ríkisstjórnin ákvað að leggja áherslu á að yrði að lögum núna á þessu stutta þingi áður en þinghlé yrði tekið.

Þess vegna er það þannig núna og hefur verið frá 1. jan. 1993 að grunnskólalögin hafa verið í gildi. Grunnskólalögin hafa verið í gildi að fullu. Börnin hafa átt rétt á fleiri tímum en kenndir hafa verið og þau hafa átt rétt á því að það væru færri í bekkjunum en verið hafa. Menn hljóta auðvitað að velta því fyrir sér í þessu sambandi hvaða stöðu grunnskólalögin hafa. Er það þannig að fjárlög geti tekið grunnskólalögin af? Ég vildi gjarnan að hv. þm. áttuðu sig á því hvort það er svo að fjárlög taki af ákvæði grunnskólalaga og spyrja hæstv. menntmrh. um álit hans á því hvort fjárlög taki af ákvæði grunnskólalaganna. Ég tel að svo sé alls ekki. Ég tel alveg tvímælalaust að börnin eigi rétt á þessum tímum núna frá áramótum og þar til þetta frv. verður að lögum, ef það verður að lögum í framhaldi af 2. umr.

Með því ákvæði sem gert er ráð fyrir hér er ætlunin að spara um 100 millj. kr. Við meðferð fjárlaga fluttum við þrír þingmenn Alþb. tillögu um að þær 100 millj. kr. yrðu teknar með því að skera niður fjárframlag til þess að byggja hús yfir Hæstarétt, vegna þess að ég tel mikilvægara að veita börnum landsins góða þjónustu og góða kennslu og framkvæma grunnskólalögin undanbragðalaust en að byggja hús yfir Hæstarétt. Af þeim ástæðum var það að við fluttum þessa tillögu en niðurstaðan varð því miður sú að meiri hluti Alþingis, Alþfl. og Sjálfstfl., ákváðu að fella þessar brtt. þannig að hér er verið að tala um niðurskurð upp á um 100 millj. kr.

Nú hefur hæstv. ríkisstjórn, eins og kunnugt er, ákveðið að draga til baka tekjuöflun upp á ég held 500 millj. kr. í sambandi við virðisaukaskatt af vinnu byggingarmanna. Ég tel að það sé í raun og veru einboðið að líta nákvæmlega eins á þetta mál og segja sem svo: Hér eru 100 millj. og það eru mistök að vera að taka þær vegna þess að þetta kemur niður á börnum í skólum landsins og það er ástæðulaust að vera að hrófla við grunnskólalögum út af ekki stærri upphæð en hér er á ferðinni og þess vegna hættum við við þetta. Ég tel því að þegar séu komin fram rök af hálfu hæstv. ríkisstjórnar um að það sé réttlætanlegt að krefja hana um að grunnskólalagafrv. sem hér liggur fyrir verði fellt eða dregið til baka.

Við meðferð málsins í hv. menntm. komu fjölmargir aðilar á fund nefndarinnar, sem við stjórnarandstæðingar óskuðum eftir að yrðu kallaðir til. Það voru Svanhildur Kaaber og Eiríkur Jónsson frá Kennarasambandi Íslands, Arthur Morthens frá samtökunum Barnaheillum, Unnur Halldórsdóttir frá Landssamtökunum Heimili og skóli, Áslaug Brynjólfsdóttir, fræðslustjóri í Reykjavík, Helgi Jónasson, fræðslustjóri í Reykjanesumdæmi, Sigþór Magnússon frá Skólastjórafélagi Íslands, Örlygur Geirsson, skrifstofustjóri fjármálaskrifstofu menntmrn., og Sólrún Jensdóttir, skrifstofustjóri skólamálaskrifstofu menntmrn., og loks Ólafur Darri Andrason, starfsmaður í fjármálaskrifstofu menntmrn.

Þessi gestir voru m.a. spurðir um það hvaða lög giltu um grunnskólann um þessar mundir. Talsmenn kennara og skólastjóra töldu einsýnt að lögin um grunnskóla hefðu tekið gildi óskert um sl. áramót. Talsmenn ráðuneytisins viðurkenndu að engin lögfræðileg úttekt lægi fyrir í þessum efnum af hálfu ráðuneytisins og fram kom að aðspurðir mundu forustumenn skólamálaskrifstofu menntmrn. svara skólamönnum á þann hátt að fjárlög gerðu ráð fyrir skertum tíma, að frv. lægi fyrir Alþingi um að breyta grunnskólalögum og því fengju menn nú í janúar ekki fleiri tíma en um var að ræða á sl. ári. Skrifstofustjóri skólamálaskrifstofu menntmrn., Sólrún Jensdóttir, gat ekki svarað því hvort fyrir lægi faglegt mat á niðurskurðinum þegar hún var spurð um það efni. Kvaðst hún reyndar ekki nenna að svara svona spurningum frá þingmönnum og er það í fyrsta sinn í minni þingsögu sem embættismenn nenna ekki að svara spurningum mínum.

Kennarasamband Íslands óskaði eftir upplýsingum um það hvernig skiptingin hefði verið á þeim kennslustundum sem féllu niður vegna niðurskurðarins eftir greinum og eftir bekkjardeildum. Þær upplýsingar reyndust ekki vera fyrir hendi og af þeim ástæðum hefur það verið hugleitt að flytja sérstaka fyrirspurn með beiðni um skriflegt svar þar sem óskað yrði eftir upplýsingum um skiptinguna á niðurskurðinum eftir greinum og eftir bekkjum með svipuðum hætti og Kennarasambandið gerir grein fyrir í sínu áliti á fskj. II sem birt er með nál. okkar minni hlutans.

Eiríkur Jónsson, varaformaður Kennarasambands Íslands hefur leyft undirrituðum, þ.e. nefndarmönnum, að hafa það eftir sér í þessu nál. að niðurskurðurinn hafi yfirleitt komið niður á íslensku, reikningi og tungumálum gagnstætt því sem menntmrh. fullyrti er niðurskurðurinn var ákveðinn í fyrra, sbr. fskj. III með nál. þessu, þar sem birt er viðtal á Rás 2 við hæstv. menntmrh.

Í máli fulltrúa Kennarasambands Íslands kom enn fremur fram að skerðingin á sl. ári virtist langhelst hafa komið niður á íslensku gagnstætt því sem lofað hafði verið. Þau lögðu eindregið til að frv. yrði hafnað. Þau sögðust hafa skrifað ráðuneytinu í september sl. og beðið um upplýsingar um það hvernig niðurskurður síðasta skólaárs hefði komið niður á skólum og greinum.

Ráðuneytið hafði enn ekki 8. jan. er málið var rætt í nefndinni svarað Kennarasambandi Íslands og ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hefur ráðuneytið nú svarað Kennarasambandi Íslands á þessum drottins degi sem mun vera 14. jan. 1993? En bréfið mun hafa verið skrifað í september 1992.

Í upplýsingum talsmanna Kennarasambands Íslands kom fram að ótrúlega lítill munur hefði reynst á áætlunum sambandsins um niðurskurðinn í heild í fyrra og því sem svo varð raunin samkvæmt svari ráðuneytis-

ins við fsp. minni frá þessu þingi. Fram kom að fulltrúar Kennarasambandsins hafa ekki verið kallaðir til formlegs samráðs um endurskoðun grunnskólalaganna sem sagt er að standi yfir á vegum svokallaðrar 18 manna nefndar. Hefðu fulltrúar frá Kennarasambandi Íslands einu sinni verið kallaðir fyrir hluta nefndarinnar þar sem tilkynnt var um fjölgun samræmdra prófa.

Fyrir nokkrum vikum lagði ég fyrir hæstv. menntmrh. fyrirspurn um það hvenær ætla mætti að endurskoðun grunnskólalaganna lyki. Hann skýrði þá frá því að greinargerð um endurskoðunina yrði tilbúin um miðjan desember sl. og að frv. um endurskoðun grunnskólalaganna að nýjum grunnskólalögum yrði tilbúið um miðjan mars. Ætlunin væri að greinargerðin yrði send út til hlutaðeigandi aðila til umsagnar og umræðu frá og með miðjum desember. Mér er ekki kunnugt um að þessi greinargerð sé enn þá komin og nota því þess vegna þetta tækifæri þar sem verið er að krukka í grunnskólalögin til að spyrja hæstv. menntmrh. að því hvort þessi greinargerð sé núna tilbúin.

Þá lýstu fulltrúar Kennarasambands Íslands þeirri skoðun að ekki væri farið eftir lögum um grunnskóla þar sem nemendur fengju nú færri tíma en þar væri gert ráð fyrir og fleiri nemendur væru í fjölmennustu bekkjunum en kveðið væri á um. Einnig kom fram í máli þeirra að samkvæmt upplýsingum frá menntmrn. væri engin auglýsing um tímafjölda í gildi. Ég vil bæta þessari spurningu við í spurningasafnið til hæstv. menntmrh.: Hvaða auglýsing um tíma í grunnskólum er í gildi að mati hæstv. menntmrh. í dag?

„Sögðust fulltrúar KÍ því hljóta að benda sínum félagsmönnum á“ — eins og stendur í nál. — „að ekki væri farið eftir lögum og væru samtökin að ræða við lögfræðinga um málið þessa dagana.“

Ég verð að segja það að ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að lögfræðileg úttekt fari fram á réttarstöðu barnanna í skólunum í landinu. Það kemur fram í gögnum sem við birtum sem fskj. með þessu nál. frá fræðslustjóranum í Reykjanesumdæmi að í mjög mörgum skólum vantar mikið á það að börnin fái tíma samkvæmt viðmiðunarstundaskrá. Það stafar ekki af leti kennara eins og mér fannst hálft í hvoru koma fram af ummælum ákveðinna aðila frá menntmrn. í fyrra. Það stafar af því að verulegur hluti af þessum tímum sem á vantar er notaður í skiptistundir þar sem slíkt er óhjákvæmilegt af því að það er ekki hægt að kenna nema sjö, átta, níu, tíu eða tólf börnum í einu, t.d. handavinnu, og þess vegna er gengið á heildartímamagnið af því að ákvæði laganna um lágmarkstíma fyrir bekk hafa verið afnumin.

Á fundi nefndarinnar kom fulltrúi Landssamtakanna Heimilis og skóla og vakti hún athygli á því að börn fengju færri tíma í skólum en árin 1960–1968 og að mati samtakanna vantar allt upp í 5 stundir í viku í viðmiðunarstundaskrána. Álit hennar og Samtakanna Heimilis og skóla er birt sem fskj. III með nál. þessu.

Að mati fulltrúa Barnaheilla sjást þess enn fremur víða merki í skólum að fátækt fari vaxandi og því sé börnum ekki til góðs að fresta þeim ákvæðum grunnskólalaganna er felast í frv. Fram kom einnig í máli fulltrúa Barnaheilla að 2.400 börn í grunnskólum Reykjavíkur eða um 18% barna ættu í erfiðleikum og hefði orðið veruleg fjölgun í þeim hópi barna sem ættu við erfiðleika að stríða. Athvörfin fimm í Reykjavík eru yfirfull. Ástandið er svo bágt hjá börnunum að sögn fulltrúa Heimilis og skóla að þau eru stundum tekin inn í kennarastofur til að gefa þeim að borða.

Fram kom á fundinum að í samtökunum Heimili og skóli eru nú um 8.400 félagsmenn svo að segja um allt land.

Vegna niðurskurðarins hefur bekkjardeildum fækkað um 20 í Reykjavík og lýsti fræðslustjóri Reykjavíkur áhyggjum sínum yfir þessari þróun. Benti fræðslustjórinn á að þörfin fyrir sérkennslu væri meiri en skólarnir fengju. Jafnframt vakti fræðslustjórinn athygli á útlendum börnum sem fer stöðugt fjölgandi og fjármunir til kennslu þeirra væru teknir af sérkennslufé. Niðurskurður í menntamálum þýddi í raun aukin útgjöld til heilbrigðis- og félagsmála og sagði fræðslustjórinn í Reykjavík að menn yrðu því að fara að horfa á málin í samhengi.

Fulltrúi Skólastjórafélags Íslands gagnrýndi niðurskurðinn harðlega. Niðurskurðurinn á kennslustundum bitnar mest á almennum greinum, að sögn fræðslustjóra Reykjavíkur.

Fræðslustjóri Reykjaness lét þess getið á fundi nefndarinnar að ekki væri unnt að auka við kennslumagn um áramót, jafnvel þó að lög heimiluðu. Hann lagði jafnframt fram ýmis fróðlegt gögn sem birtast með þessu nál. sem fskj. V. Fulltrúi Skólastjórafélagsins taldi hins vegar unnt að auka eitthvað við kennsluna ef leyfi fengist til þess, jafnvel á miðju skólaári.

Þegar frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum var lagt fram í fyrra urðu um það miklar umræður. Þá sagði hæstv. menntmrh. m.a. í útvarpsviðtali, en afrit þess er birt sem fskj. IV, að ekki kæmi til greina að skera niður kennslu í íslensku eða orðrétt, eins og hæstv. ráðherra komst að orði: „Ég hef líka sagt að það komi ekki til greina að minnka kennslu í íslensku eða hætta kennslu í einhverju tungumáli. Þarna er bara verið að mála þetta allt of dökkum litum. Þetta verður ekki gert svona.“

Því miður hefur farið svo að þessi orð hans hafa ekki staðist, niðurskurðurinn hefur aðallega bitnað á svokölluðum almennum greinum og meira á íslensku en öðrum greinum þar sem svokallaðir tímar til ráðstöfunar voru frekar notaðir til að auka við íslenskukennslu en við aðrar greinar.

Í nál. minni hlutans segir síðan, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af því sem að framan segir leggur minni hlutinn til að frumvarpið verði fellt vegna þess

að ákvæðið um skólamáltíðir á ekki heima í lögum sem sett eru vegna ástandsins í ríkisfjármálum af því að skólamáltíðirnar eru verkefni sveitarfélaganna,

að ráðherra lofaði því í fyrra að ákvæðið um tiltekinn lágmarkstíma handa skólunum kæmi til framkvæmda um þessi áramót,

að það er nauðsyn nú, einmitt á tímum samdráttar í þjóðfélaginu, að betur sé búið að menntun barna þessa lands,

að afturför í skólamálum þýðir afturför í lífskjörum til lengri tíma litið,

að sparnaður ríkissjóðs er aðeins 100 millj. kr. Með þeim sparnaði er verið að spara eyrinn en kasta krónunni.

Minni hlutinn bendir á að þessa dagana er ríkisstjórnin að leiðrétta ákvæði skattalaga, sem sett voru fyrir áramót, um virðisaukaskatt af byggingarvinnu.

Minni hlutinn telur að ríkisstjórnin eigi líka að leiðrétta stefnu sína í skólamálum; hún eigi að láta grunnskólalögin í friði. Minni hlutinn viðurkennir að vísu að skólatíminn mælist ekki í vísitölu lánskjara eða byggingarkostnaðar, en hann mælist í manngildum sem þarf líka að muna eftir þegar ríkisstjórn fjallar um stjórn landsins."

Eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, þá fylgja þessu nál. síðan ítarleg fskj. Í fyrsta lagi frá menntmrn. þar sem er yfirlit yfir fjölda bekkjardeilda í grunnskólum þar sem heimild fræðslustjóra til að fjölga í deildum um allt að tvö nemendur umfram ákvæði grunnskólalaga er nýtt. Það kemur fram að þetta ákvæði sparar ríkinu á árinu 1993 um 20 millj. kr., það er ekki hærri tala, sparar væntanlega á heilu ári þá tvöfalda þá upphæð, eða mér sýnist 47 millj. kr. samkvæmt áliti ráðuneytisins en á þessu ári eingöngu 19,6 millj. kr., það er ekki meira. Það er satt að segja alveg ótrúlegt að menntmrn. skuli leggja sig niður við það að sækja 19 millj. kr. af 4.500 millj. kr. fjárlögum grunnskólanna í landinu með því að fjölga í bekkjum á þremur svæðum í landinu, þ.e. Reykjavík, Reykjanesi og Norðurlandskjördæmi eystra.

Í Reykjavík er fjölgað í 19 bekkjardeildum. Í 6 ára bekk er verið að kenna á þremur stöðum þar sem eru fleiri en 22 börn í bekk. Í 7 ára bekk er verið að kenna á fimm stöðum þar sem eru fleiri en 22 börn í bekk. Við erum að tala um 6 og 7 ára krakka, í mörgum tilvikum börn sem hafa verið á leikskólum, búið þar við allt annað atlæti og meiri starfsmannafjölda. Hér er auðvitað um að ræða afar mikla breytingu á aðbúnaði og aðhlynningu þessara barna þegar þau koma í grunnskóla frá því sem er í leikskóla, þ.e. hjá þeim sem eru svo heppin að hafa fengið leikskólapláss.

Í Reykjanesumdæmi fjölgar bekkjardeildunum um 12 af þessum ástæðum og í Norðurl. e. um 3. Samtals er fjölgað í bekkjardeildum í landinu um 34 af þessum ástæðum og heildarsparnaðurinn er, eins og ég sagði, 19,6 millj. kr.

Það er ástæða til þess, virðulegi forseti, að færa menntmrn. þakkir fyrir yfirlitið. Það er mjög greinargott og glöggt og ég geri ráð fyrir því að aðrir þingmenn geti tekið undir það með mér. Ekki hefur áður komið fram með hvaða hætti þetta hefur gerst í einstökum atriðum. Að vísu er dálítið skrýtið að það skuli ekki hafa sést áður en þó það sé fyrst núna þá er það þakkarvert engu að síður og ég kem þeim þökkum mínum á framfæri við hæstv. menntmrh.

Sem fskj. II er birt greinargerð frá Kennarasambandi Íslands sem er dagsett 7. jan. 1993. Þar er lýst skoðunum Kennarasambandsins á þessu máli og svo er spurt hvernig þær 4.592 kennslustundir, sem niðurskurðurinn á árinu 1992 nemur, dreifast á kennslugreinar eftir árgöngum. Sérstök ástæða er lögð á að nákvæmlega komi fram hvort og þá hvað mikið og í hvaða árgöngum kennslustundum hefur fækkað í íslensku, stærðfræði og erlendum tungumálum, greint eftir árgöngum og hversu marga nemendur niðurskurðurinn á árinu 1992 snertir í hverri námsgrein.

Eins og ég sagði áðan þá liggja ekki fyrir upplýsingar sem eru svör með þessum spurningum og ber að harma það. Við báðum ráðuneytið um þessar upplýsingar en þær lágu ekki fyrir. Eins og ég sagði áðan hefur engin fagleg úttekt farið fram á niðurskurðinum í ráðuneytinu og er það ekki nógu gott að mínu mati. Ég tel þess vegna að óhjákvæmilegt sé að leita eftir upplýsingum ráðherra um þetta mál með öðrum hætti og er auðvelt út af fyrir sig að gera ráðstafanir til þess þó upplýsingarnar hefðu þurft að liggja fyrir núna.

Í þriðja lagi birtum við með nál. fskj. III sem er frá Landssamtökunum Heimili og skóli, sem telja milli 8.000 og 9.000 félagsmenn í landinu og verða vonandi áður en langur tími líður áhrifamestu samtök á Íslandi. Það er það sem við þurfum. Við þurfum virk foreldrasamtök, bæði til að verja skólann og til að hjálpa menntmrn. í slag við fjármálayfirvöld í landinu, hver sem þau eru. Við þurfum að eignast foreldrasamtök sem eru svo stór og sterk að þau haldi fundi á stórum stöðum, a.m.k. einu sinni á ári eða annað hvert ár, landsfundi sem veki ekki minni athygli en t.d. landsfundir Sjálfstfl. eða eitthvað því um líkt, svo ég nefni svona smærri samtök til viðmiðunar og að áhrif Landssamtakanna Heimili og skóli verði ekki minni þegar fram í sækir. Við þurfum að eiga sterk foreldrasamtök, við þurfum að hafa tugþúsundir foreldra sem sýna það í verki í samtökum sínum að þeim er ekki sama hvernig búið er að börnum í skólum. Ég tel að góð foreldrasamtök gætu orðið þegar fram liðu stundir besti bandamaður menntmrh. sem sýndi öflugan metnað fyrir hönd greinar sinnar. Samtökin mótmæla þessum niðurskurði og í greinargerðinni neðst er spurt, með leyfi forseta: „Geta bílarnir okkar ekki beðið aðeins lengur eftir glæstum skoðunarstöðvum?" — frekar en að skera niður peninga til grunnskóla í landinu.

Birt er ályktun þar sem samtökin mótmæla áformum ríkisstjórnarinnar að framlengja þá skerðingu á kennslu sem hefur verið í gildi í haust. Þetta er ályktun sem var gerð á fundi samtakanna 21. des. 1992 og var send öllum alþingismönnum.

Í fjórða lagi birtum við sem fskj. nokkur gögn frá fræðslustjóranum í Reykjanesumdæmi sem hann kom með óumbeðinn á fund nefndarinnar og er ástæða til að þakka það líka. Það eru afar glöggar upplýsingar og ég vek fyrst athygli á skjalinu. Nemendastundir í einstökum skólum sem hlutfall af lágmarki skólaárið 1991/1992.

Fræðslustjórinn birtir þarna yfirlit yfir 29 skóla í umdæminu og í ljós kemur að aðeins í fimm skólum fá börnin fulla viðmiðunarstundaskrá. Í a.m.k. tveimur skólum fá börnin aðeins 90% af viðmiðunarstundaskránni. Auðvitað er þetta ekki vegna þess að verið sé að skera niður heildartímamagnið heldur er mismun-

urinn yfirleitt notaður í skiptistundir. Formaður Félags skólastjóra og yfirkennara, Sigþór Magnússon, sagði okkur frá því að í skóla hans háttar svo til að hann er með handavinnustofu með sjö hefilbekkjum inni þar sem hann getur alls ekki haft fleiri en 14 nemendur og verður þess vegna að skipta bekkjum. Út úr þessu verður auðvitað skerðing á öðrum bekkjum á móti. Reglurnar um skiptistundir eru svo strangar af hálfu ráðuneytisins og hafa lengi verið, að það er ekki hægt að veita börnunum fulla viðmiðunarstundaskrá. Þess vegna er það að mínu mati grafalvarlegt mál, virðulegi forseti, að afnema ákvæðin um lágmarkstíma. En ég skil frv. svo að þau séu afnumin áfram og ráðherrann geti í raun og veru ákveðið lágmarkstíma á bekki eins og honum sýnist og niðurstaðan verður þá sú að í nær öllum tilvikum fá börnin í þessu umdæmi minni kennslu en kveður á um í viðmiðunarstundaskránni. Í nær öllum skólunum, þ.e. öllum skólunum nema fimm, fá börnin minni kennslu en nemur viðmiðunarstundaskránni.

Í fskj. eru birtar fleiri mjög fróðlegar upplýsingar sem ég ætla ekki að lesa upp en endurtek hins vegar þakkir mínar til fræðslustjórans í Reykjanesumdæmi fyrir þessar upplýsingar.

Þá er birt sem fskj. V endurrit úr dægurmálaþætti Rásar 2 þar sem fréttamaður ræddi við Svanhildi Kaaber, formann Kennarasambands Íslands, Ólaf G. Einarsson menntmrh., ég hygg það hafi verið í janúar á árinu 1992.

Í þessu viðtali segir hæstv. menntmrh. t.d. um fjölgunina í bekk, með leyfi forseta: „Það skilar kannski 25 millj. kr. í heild."

Staðreyndin er sú að þetta skilar ekki einu sinni 25 millj. kr. eins og menntmrn. viðurkennir núna heldur 19,6 á önn. Ég segi alveg eins og er að mér finnst að menntmrn. leggist lágt við að sækja 19,6 millj. kr. með því að kollsteypa þannig grunnskólalögunum og fjölga í bekkjardeildum með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

Síðan segir hæstv. menntmrh., í þessu viðtali:

„Ég hef líka sagt að það komi ekkert til greina að minnka kennslu í íslensku eða hætta kennslu í einhverju tungumáli. Þarna er bara verið að mála þetta allt of dökkum litum. Þetta verður ekki gert svona."

Reynslan segir allt annað. Reynslan segir þó að það liggi ekki fyrir nákvæmlega, að allar þær upplýsingar sem ég hef, bæði frá fræðslustjórum og frá einstökum skólastjórum — en ég hringdi í nokkra nú á dögunum — benda til þess að þetta komi aðallega niður á íslensku. Það sé fyrst og fremst kennsla í íslensku máli, móðurmáli, sem hafi orðið fyrir barðinu á niðurskurðinum.

Síðan segir hæstv. ráðherra til að undirstrika þetta enn frekar í framhaldi af orðum Svanhildar Kaaber. Svanhildur segir í þessu viðtali, með leyfi forseta:

„Það á ekki að taka þetta af íslenskunni, það á ekki að taka þetta af yngstu bekkjunum. Af hverju á að taka það?"

Menntmrh. svarar: „Þar er bara alveg augljóst mál og það veit náttúrlega Svanhildur að það er ákveðinn fjöldi aukatíma til ráðstöfunar fyrir skólana, það er þeim sem fækkar."

Þarna finnst mér koma fram að hæstv. menntmrh. hafi litið svo á að tímar til ráðstöfunar væru það sem hann segir, þ.e. aukatímar, en í raun og veru ekki virkir kennslutímar sem hafa þó verið notaðir til þess að kenna börnum m.a. íslensku.

Mér er kunnugt um að verulegur hluti af tímunum til ráðstöfunar hefur verið notaður til að kenna íslensku. Þegar saumað er að skólunum eins og gert er hér minnkar íslenskukennslan og það er það sem hefur gerst. Það er mjög alvarlegur hlutur á þessum tímum. Ég er þó ekki í hópi þeirra manna sem telja að öllu fari hrakandi af því er varðar íslenskt mál og notkun þess, það er langt frá því, þar er margt til bóta og er margt mjög vel gert, m.a. í skólunum. Svo er ekki að börn og unglingar tali miklu verra mál en talað var í gær og í fyrradag eins og einlægt er verið að jarma um, þvert á móti tala börnin yfirleitt heldur gott mál og unglingar líka. En allt um það, þetta er það sem heldur þjóðinni saman, það er málið, það er tungan, og þess vegna má ekki skera niður fjármuni til kennslu í þessum greinum að mínu mati.

Síðan segir hæstv. menntmrh. varðandi 46. gr. „Það er aðeins verið að taka úr sambandi 46. gr. fyrir skólaárið 1992–1993. Þessi grein laganna, 46. gr., hún tekur gildi að nýju."

Fréttamaðurinn spyr: „Eftir ár?"

Ráðherrann segir: „Já, að sjálfsögðu. Ég tek það á mig að fá þessa heimild til þess að setja þetta í reglugerð ... Svona einfalt er það og það þýðir að hún kemur auðvitað til framkvæmda þar á eftir að loknu því ári."

Skólamenn í landinu stóðu því í þeirri meiningu eftir yfirlýsingar frá hæstv. menntmrh. að í fyrsta lagi yrði íslenskan varin. Í öðru lagi mundu ákvæðin um lágmarkstímana koma til framkvæmda eftir eitt ár. Annars er hætta á því að skólarnir gangi á heildartímamagnið með því að nota tímana í skiptistundir eins og sést á þessu glögga yfirliti úr Reykjanesumdæmi sem ég var hér að rekja áðan. Þess vegna finnst mér að menntmrh. eigi sjálfs sín vegna að draga þetta frv. til baka.

Í nál. minni hlutans birtum við einnig gögn frá Reykjavíkurumdæmi sem sýna svipaða sögu og á Reykjanesi og þó ívið lakari ef eitthvað er. Ástandið á skólunum í Reykjavík er satt að segja sennilega eitt það versta í landinu. Og að mörgu leyti stafar það af því hvernig hefur verið haldið á yfirstjórn þeirra mála af allra hálfu, m.a. vegna þess að Reykjavíkur-íhaldið hefur alltaf verið að passa að ríkið eða menntmrn. kæmist aldrei að skólakerfinu í Reykjavík. Þetta hefur verið svona sérstök deild og stofnuð sérstök skrifstofa og sérstakt ráð, skólamálaráð í Reykjavík, til að vinna á móti fræðsluráðinu sem þó starfar samkvæmt lögum — búa til sérstakan klúbb fyrir Sjálfstfl. til að stjórna skólamálum í Reykjavík. Niðurstaðan er auðvitað dapurleg í skólamálum í þessu stærsta kjördæmi landsins. Hér eru fleiri vandamál hjá börnum en víðast annars staðar, sem almennt leiðir af þéttbýlinu, m.a.

og þess vegna þurfum við að eiga hér betri skóla en nokkurs staðar annars staðar. Við eigum að hafa metnað til þess einmitt í þessu kjördæmi.

Í gögnum fræðslustjórans í Reykjavík koma fram, virðulegi forseti, svipaðar upplýsingar og koma fram hjá fræðslustjóranum í Reykjanesumdæmi. En þar kemur líka fram athyglisvert blað um þau börn sem koma erlendis frá. Og ég leyfi mér að lesa það, þetta eru örfáar línur, með leyfi forseta.

„Til viðbótar við þann fjölda sem þarf á sérkennslu að halda í grunnskólum borgarinnar eru nú á þriðja hundrað nemendur (221) sem koma erlendis frá og þurfa á verulegri íslenskuaðstoð að halda. Af þeim eru 82 börn sem eru af erlendu bergi brotin og tala litla sem enga íslensku og þurfa mikla aðstoð og 139 börn af íslensku bergi brotin sem hafa dvalið langdvölum erlendis og þurfa á aukinni íslenskukennslu að halda. Sum þessara barna tala og skrifa mjög bjagað mál."

Í Reykjanesumdæmi skipta þau börn sem þurfa stuðning af þessu tagi mörgum tugum einnig, samkvæmt upplýsingum sem fram komu á fundi í hv. menntmn. Og hvaða peningar eru til í skólakerfinu til að kenna þessum börnum? Það er 5 millj. kr., ég endurtek, 5 millj. kr. til að sinna öllum þessum börnum sem á landinu öllu er sjálfsagt 400–500 talsins. Ég tel að frammistaða menntamálayfirvalda í þessu efni sé ekki einasta hneisa gagnvart börnunum sem slíkum heldur hygg ég að hún sé bort á eðlilegum alþjóðlegum samskiptavenjum. Ég bendi á það í þessu sambandi, virðulegur forseti, að því miður fór það svo að meiri hluti Alþingis samþykkti hér fyrir tveimur sólarhringum frv. til laga um staðfestingu á samningi um Evrópskt efnahagssvæði, sem mun, ef það verður framkvæmt með þeim hætti sem gert er ráð fyrir, hafa í för með sér stórkostlega aukinn fjölda erlendra barna hér á landi. Það þýðir auðvitað að það verður að auka við fjármuni til að þessu fólki sé hægt að kenna íslensku því annars er voðinn vís. Í fyrsta lagi auðvitað fyrir þessi börn en í öðru lagi fyrir það umhverfi sem þau koma til með að lifa og starfa í. Þess vegna vil ég leyfa mér að bæta þeirri spurningu við spurningar mínar til hæstv. menntmrh., hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til þess að koma sérstaklega til móts við þau börn sem hér er um að ræða? Fræðslustjórarnir í Reykjavík og á Reykjanesi töldu báðir að þeim væri ekki sinnt sem skyldi, hér væri um að ræða mjög alvarlegt vandamál í okkar skólakerfi.

Já, virðulegi forseti, hér er verið að breyta grunnskólalögum í annað sinn frá því að núv. ríkisstjórn tók við. Grunnskólalög sem voru sett vorið 1991 með mjög sterkri samstöðu á Alþingi. Þau höfðu verið lengi í meðförum Alþingis. Þau voru lögð fyrir þing tvisvar sinnum. Þá var nú ekki verið að keyra svona mál í gegn á einu þingi heldur fengu menn tvö þing til að fara í yfir málið. Það var farið yfir málið í menntmn. fjórum sinnum í raun og veru, tvisvar í neðri deild og tvisvar í efri deild. Og á milli þinganna 1989–1990 og 1990–1991 var talsverðum hlutum breytt í frv. til að koma til móts við m.a. sjónarmið stjórnarandstöðunnar. Þegar frv. var lagt fram í fyrra skipið þá lagði Sjálfstfl. á það mjög mikla áherslu að hlutur sveitarfélaganna á stjórnkerfi skólanna yrði tryggður. Það var rétt ábending og niðurstaðan varð sú að frv. var breytt til samræmis við sjónarmið Sjálfstfl. Þegar frv. kemur síðan hér inn í þingið er það flutt í neðri deild, það kemur hér til meðferðar og Sjálfstfl. talar mikið í þessu máli. Það eru 137 dálkar í þingtíðindum, umræður Sjálfstfl. um grunnskólalögin veturinn 1990–1991, 137 dálkar. (**Gripið fram í:** Þá eru ekki komnar þingskapaumræður.) Þá er þingskapaumræðan ekki talin með heldur eingöngu — þá voru ekki til andsvör — heldur eingöngu ræður þingmanna Sjálfstfl. Það var alveg bersýnilegt þegar frv. var fyrst lagt fram að það olli þeim verulegum áhyggjum. Í fyrsta lagi vegna þess að þeim fannst þetta gott frv. í raun. Þeim fannst það heldur óþægilegt að menn úr öðrum stjórnmálaflokkum væru mikið að flytja svoleiðis frv. Vegna þess að Sjálfstfl. metur alltaf skóla- eða heilbrigðismál eða annað eftir því úr hvaða flokki það kemur en ekki eftir því hvernig málið er. Sjálfstfl. er í raun og veru eini flokkurinn sem beygir fagmálefni undir sín flokkspólitísku sjónarmið. Það hefur oft gerst í menntmrn. eins og kunnugt er, bæði á síðari missirum en þó einkum hér fyrr á öldinni þegar forverar okkar sem hér erum í salnum núna sátu þar og skipuðu menn upp í háskóla við litlar undirtektir manna þar. Kvennalistinn tók mjög undir þetta frv. á sínum tíma en gagnrýndi það. Kvennalistinn gagnrýndi frv. fyrir það að þar væri í raun og veru of skammt gengið með réttindi barna. En ég man eftir því að einn af þingmönnum Kvennalistans, sem ég hygg að sé prófessor í uppeldisfræði við Háskóla Íslands, varaþingmaður Kvennalistans, (**Gripið fram í:** Dósent.) dósent, tók þannig til orða að hún fagnaði því sérstaklega að ég hafði komist svo að orði í framsöguræðu minni með frv., að grunnskólalögin væru mannréttindaskrá barna á Íslandi. Hún taldi það mikilvægt að þetta viðhorf frá ráðuneytinu og ríkisstjórninni þáv. lægi fyrir. Ég valdi þessi orð eftir þó nokkra umhugsun vegna þess að ég tel að það eigi að líta þannig á að þetta sé mannréttindaskrá barna sem eru í skólum. Það eru réttindi barna til að vera í skólum. Og af þeim ástæðum fannst mér það sárt að heyra að ráðuneytið skyldi ekki í umræðum í menntmn. hafa áttað sig á þessu grundvallaratriði og telja, að því er mér virtist, að fjárlögin tækju af ákvæðin um lágmarkstímafjölda barna og hámarksfjölda í bekk samkvæmt grunnskólalögunum eins og þau eru. Það er auðvitað ofboðslegt ef ráðuneyti menntamála heldur þannig á málum. Og er auðvitað rökstuðningur fyrir því sem ég hef stundum verið að segja að í þessari ríkisstjórn eru engir fagráðherrar heldur bara nokkrir fjmrh. Enda hefur hæstv. fjmrh. sagt það: Í þessari stjórn eru allir fjmrh. Það vantar fagráðherra í þessa stjórn. Það vantar metnað fyrir þennan málaflokk til að verja hann fyrir árásum. Verja m.a. þessi mannréttindamál barna.

Hv. þm. Kvennalistans komst m.a. þannig að orði í ræðu sinni: „Á meðan bruðlið í kringum ráðhús, skopparakringlu eða álversundirbúning er eins yfirgengilegt og allir vita þá er sá málflutningur sem gef-

ur það til kynna að menn sjái eftir peningum í skóla yfirgengilegur." Undir þetta tek ég, mér finnst þetta vel sagt og ástæða til að það verði tvíprentað í Alþingistíðindum.

Þingmenn Sjálfstfl. sáu hins vegar ástæðu til að mótmæla þessu vegna þess að eftir að þeir voru búnir að tala svona 70–80 dálka um það hvað það kostaði mikið að mennta börnin í landinu þá fundu þeir allt í einu að þeir voru komnir út á hálan ís. Hv. þm. Sólveig Pétursdóttir og hv. þm. Ranghildur Helgadóttir bættu nú um betur þegar mjög var liðið á umræðuna og komið fram í mars 1991 og sögðu: „Það er enn fremur skoðun okkar Ragnhildar Helgadóttur að ekki sé nógu langt gengið í þessu frv. eins og vera þyrfti og að því leyti erum við sammála sjónarmiðum Kvennalistans," sagði Sjálfstfl. 5. mars 1991. Og hv. þm. Sólveig Pétursdóttir bætti um betur, hún var ekki að skafa utan af því, hún sagði: „Það er einnig okkar skoðun að nýtt grunnskólafrv. sé það mikilvægt fyrir þjóðfélagið að það beri að setja á forgangslista stjórnvalda. Ég mun fyrir mitt leyti reyna að stuðla að því ef Sjálfstfl. á aðild að næstu ríkisstjórn," segir þingmaðurinn. **(Gripið fram í:** Hvar er hún nú?) Ja, hún er ekki hér, svo mikið er víst, hv. þm., hún er ekki hér. Það hefur af einhverjum furðulegum ástæðum gjörsamlega gufað upp áhugi Sjálfstfl. á grunnskólamálum eftir að hann fékk menntmrn. Og það er nokkuð dapurlegt að kaflaskilin skuli ævinlega vera þar að hann sýni eldlegan áhuga alltaf þangað til hann kemst inn í menntrmn. Það mætti frekar vera öfugt að hann væri daufari til verkanna og ræðuhaldanna þegar henn er utan stjórnar en öflugri þegar hann er í stjórn. Hundrað þrjátíu og sjö dálkar voru það sem þær töluðu og að sjálfsögðu bar af í þeim hópi alveg gjörsamlega, hæstv. forseti þingsins, Salome Þorkelsdóttir, sem greiddi atkvæði með sérstökum og skynsamlegum og eftirminnilegum hætti hér í gær. Hún flutti mjög ítarlegar ræður um grunnskólafrv. Þá var Sjálfstfl. búinn að tala illa um það í svona 70–80 dálka að þetta væri hið versta frv., sneri svo við blaðinu af því hann „fattaði" það að hann var búinn að tala of illa um frv. og Sjálfstfl. fór allt í einu að tala dálítið vel um frv. þegar það kom upp í efri deild. En það heyrðist á milli þannig að menn áttuðu sig á því að flokkurinn þurfti að „ballansera" sig og hann hafði kannski að þessu leytinu til svipaða aðferð og Framsókn að tala stundum vel hér en illa þar og passar að þetta sé svona að meðaltali nokkurn veginn normalt. Sjálfstfl. fór allt í einu að tala vel um grunnskólafrv. þegar það kom upp í efri deild. Það voru fluttar þarna nokkrar brtt. og Sjálfstfl. fann það að ráðherra var eiginlega alveg tilbúinn að fallast á þær. Nú voru góð ráð dýr, nú voru góð ráð dýr. Það bara var alveg yfirvofandi að frv. yrði samþykkt. Þá sagði Sjálfstfl. við mig: Heyrðu, það þarf endilega að flytja fleiri brtt. og laga frv. Hvað er það? Þeim vafðist nú tunga um höfuð eins og einn fyrrv. menntmrh. orðaði það einu sinni, þeim vafðist nú nokkuð tunga um tönn og tunga um höfuð. Þannig að það fór nú svo að ég hjálpaði þeim við að finna svona eina og eina brtt. ef það mætti verða til þess að Sjálfstfl. yrði auðveldara að samþykkja frv. Og við bjuggum til nokkrar brtt., ég og hæstv. núv. forseti þingsins. Það endaði með því að hún flutti hér alveg skínandi og eftirminnilega ræðu þar sem hún komst að þeirri niðurstöðu að það hefði verið komið til móts við langflest sjónarmið Sjálfstfl. í þessu máli og þetta væri orðið hið besta frv. að öllu leyti. Það var þvílíkur fögnuðurinn að leikurinn barst hingað aftur niður í neðri deild. Ranghildur Helgadóttir, hv. þm. og hæstv. ráðherra, sem hafði verið viðskotaverst allra hér í neðri deild, sneri nú við blaðinu líka, hún fann óm gleðinnar úr efri deild og sagði, með leyfi forseta, sem voru nú nokkrar ýkjur auðvitað hjá þingmanninum sem var að reyna svona að bjarga sér í horn í málinu: „Allar þessar brtt. er mér óhætt að segja að eigi uppruna sinn í Sjálfstfl. og við getum auðvitað ekki annað en verið mjög ánægð með það að það skuli vera á þetta fallist." Eitt af áhersluatriðum frv. Sjálfstfl. var það síðan að frv. tæki ekki gildi fyrr en 1. ágúst 1991. Það var gífurlegt kappsmál að það væri í raun og veru ekki hægt fyrir fráfarandi menntmrh. að fara að undirbúa framkvæmd frv. af neinum krafti og útilokað fyrir hann að gefa út neinar reglugerðir um málið. Mér datt satt að segja ekki annað í hug en að þetta væri nú bara vel meint af Sjálfstfl., þannig að menn vildu gjarnan að svona lög tækju gildi á skólaáraskiptum. Síðan gerist það að það verður til ný ríkisstjórn, ég held að það hafi verið 30. apríl 1991, fimm, sex vikum eftir að þessi orð voru mælt hér um að þetta frv. væri í raun og veru að öllu leyti í samræmi við það sem Sjálfstfl. helst hefði viljað. Og viti menn, hvað er gert? Það er byrjað á að breyta frv. en ekki í samræmi við það sem Sjálfstfl. hafði lofað heldur alveg þvert á móti. Það er skorið, skorið og skorið. Það er fækkað tímum, það er fjölgað í bekk, að eru felld niður skólaathvörf, það eru felldar niður skólamáltíðir og það eru meira að segja felld niður ákvæði laga um skólamáltíðir þó þær séu verkefni sveitarfélaganna og komi ríkinu ekkert við, þá er það bara strikað út. Þó það sé vitað að fjöldi sveitarfélaga sé að stofna til aðstöðu fyrir skólamáltíðir, meira að segja það afturhaldssama sveitarfélag Reykjavík er að skapa aðstöðu til þess að veslings börnin geti jafnvel nærst og þykir mikið framfaraspor. Og ég hef séð að formaður skólamálaráðs Reykjavíkur og fræðsluráðs Reykjavíkur eru einlægt að hæla sér yfir því að börnin geti orðið nærst í einum og einum skóla í þessari höfuðborg Íslands árið 1993. Ja, hérna. Haustið 1992 er svo lagt fram frv. til fjárlaga. Þar segir, það á að skera áfram þó það sé búið að lofa því að skera ekki meir. Ráðherrann sagði það í fyrra. Og seint á því ári flytur hann svo frv. til laga um skerðinguna, frv. til grunnskólalaga, sem er hér til 2. umr. Ég segi alveg eins og er, virðulegi forseti, að þetta er svo aumt og svo fyrir neðan allar hellur að það er engu lagi líkt.

Þess vegna leggjum við það til með djúpri sannfæringu að það eina sem er vit í að gera í þessu máli, virðulegur forseti, er að Alþingi Íslendinga felli þetta frv. og hafni því algerlega og vísi því út í ystu myrkur og að grunnskólalögin verði framkvæmd undanbragðalaust.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Það hefur verið beint til mín nokkrum spurningum af hv. frsm. minni hluta menntmn. Ég mun reyna að svara þeim eftir bestu getu og fara nokkrum orðum um nál. en ég reyni að leiða hjá mér að svara þessum venjulegu svigurmælum sem koma oft fram í máli hv. þm. Svavars Gestssonar.

Fyrst aðeins um nál. Ef svona plagg hefði verið sett fram í skóla af einhverjum nemanda, jafnvel grunnskólanemanda, þá hef ég grun um að viðkomandi nemanda hefði verið sagt að fara með þetta heim aftur og vinna það betur. Mér finnst það satt að segja ekki sæma minni hluta menntmn. og alls ekki fyrrv. menntrmh. að láta hafa eftir sér sumt af því sem kemur fram í þessu áliti.

Ég skal nefna sem dæmi fyrsta stafliðinn hér á bls. 1 þar sem segir: „Í frv. eru þessi efnisatriði. Fyrsta: Að ákvæði laganna um skólamáltíðir falli niður.“ Ég skil þetta svo að þarna sé fullyrðing um að með þessu frv. og lögunum væntanlega nr. 1/1992 hafi verið felld brott ákvæði grunskólalaga um skólamáltíðir. Þetta er einfaldlega rangt. Ákvæðin voru ekki felld brott, en gildistöku þeirra er frestað. Menn geta svo haft skoðanir á því hvort það hafi skipt einhverju máli fyrir ríkisstjórnina að vera að fresta ákvæðum sem leggja skyldur eingöngu á sveitarfélögin en ekki ríkið. Menn geta haft skoðanir á því og ég heyri að hv. þm. er undrandi á því að ríkisstjórnin skuli vera að flytja frv. þess efnis. Ég nefni aðeins í því samhengi að eitt af því sem sjálfstæðismenn gagnrýndu við meðferð grunnskólafrv. á þingi árið 1990–1991 var m.a. það og sérstaklega undir lokin að þá var ekkert samráð haft við sveitarfélögin um grunnskólafrv. og lögfestingu þess, alls ekki neitt, og þó voru þar lagðar miklar og þungar skyldur á sveitarfélögin, m.a. þetta. Það var nú ástæðan fyrir því að við töldum ástæðu til að létta þessari kvöð af sveitarfélögunum meðan efnahagsástandið er eins og það er.

Það er sagt hér líka að við meðferð málsins í menntmn. hafi því verið borið við að ætlunin væri að breyta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að því er varðaði grunnskólann þannig að sveitarfélögin tækju alveg við honum. Hv. formaður menntmn., sem er ekki við hér nú vegna þess að formaðurinn er í opinberum erindagjörðum annars staðar, hefur segt mér að þetta sé beinlínis rangt. Því hafi ekkert verið borið við í nefndinni að ætlunin væri að breyta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það liggur hins vegar fyrir að tillögur svokallaðrar sveitarfélaganefndar gengur í þá átt að grunnskólinn færist alfarið til sveitarfélaganna og um þennan þátt er einnig rætt í endurskoðunarnefndinni, svokallaðri 18 manna nefnd, að grunnskólinn færist alfarið yfir. En þær hugmyndir réðu engu um meðferð málsins í hv. menntmn.

Hv. þm. spurði hvort fjárlög tækju af ákvæði grunnskólalaga. Við vitum það báðir að það fer auðvitað eftir fjárveitingum hvor hægt er að fullnægja ákvæðum ýmissa lagabálka sem í gildi eru. Það þarf ekkert að fara með það stafróf fyrir hv. þm. Svavar Gestsson, hann þekkir það vel, að fjárveitingar til fjölmargra þátta sem ákveðnir eru með fjárlögum takmarka gildi margra laga. Varðandi þetta atriði sérstaklega þá liggur það fyrir að mjög ólíklegt væri, eins og raunar kom fram í máli fræðslustjórans í Reykjanesumdæmi sem kom á fund hv. menntmn., að hægt væri að bæta við tímum þótt 46. gr. grunnskólalaga tæki gildi að nýju um síðustu áramót. Skólastarfið er auðvitað skipulagt að hausti og það er afar hæpið að hægt sé að gera umfangsmiklar breytingar á skólastarfinu á miðju skólaári.

Ég vona að það sé engin vafi í huga neins að auðvitað tóku þessi ákvæði gildi um áramóti þar sem þetta frv. hafði ekki öðlast lagagildi. Ég hef viðurkennt það áður að það kom óþægilega seint fram hér í þinginu. En mér þótti nú satt að segja málið svo einfalt að það væri ekki ástæða til að ætla að það þyrfti að taka margar vikur að afgreiða það hér í þinginu. En mér er alveg ljóst að þingið var mjög upptekið við önnur mál í desember sem ruddu þessu máli til hliðar. Og það er ástæðan fyrir því að við erum að ræða það nú hér í dag í janúarmánuði.

Það á þess vegna ekki að koma neinum á óvart það sem segir hér í áliti minni hlutans: „...að talsmenn kennara og skólastjóra hafi talið einsýnt að lögin um grunnskóla hefðu tekið gildi óskert um sl. áramót.“ Það er alveg nákvæmlega rétt lögskýring að því er tók til þeirra ákvæða sem giltu bara til ársloka. Þar er fyrst og fremst um að ræða ákvæðið um vikulegan kennslutíma, það er alveg ljóst, og það er jafnljóst að ef kröfur hefðu komið frá einhverjum skólum um það að nú skyldi bætt við kennslutímum þá hefðum við tekið það til vinsamlegrar athugunar í menntmrn., hvernig væri hægt að fullnægja þeim ákvæðum laganna og hvort hægt væri að afla fjár til þess að greiða aukinn kennslukostnað. Þetta er alveg ljóst. En í þessu sambandi verð ég hins vegar að benda á það þó það sé engin afsökun fyrir því að það sé ekki hægt að fullnægja ákvæðum þessarar greinar að auðvitað er þetta ekkert einsdæmi, hvorki í grunnskólalögum né öðrum lögum sem sett hafa verið hér á hv. Alþingi og eru í gildi, að fjárveitingar hafa auðvitað takmarkað það hvort hægt er að fullnægja ákvæðum laganna. Því miður er það svo að það eru býsna mörg ákvæði grunnskólalaga sem ekki hafa komist til fullrar framkvæmdar. Má ég aðeins nefna að það er fjarri því að allir skólar séu níu mánaða skólar. Ég þekki að sjálfsögðu ákvæði laganna sem heimila undanþágu frá því ákvæði. Það er hins vegar ekki í höndum ráðuneytisins heldur fræðslustjóranna, þar sem segir í 45. gr. grunnskólalaganna: „Með hliðsjón af atvinnuþáttum og aðstæðum í einstökum skólahverfum getur fræðslustjóri veitt tímabundna undanþágu frá framangreindum ákvæðum“, þ.e. um níu mánuðina. Og því miður er það svo að það eru mjög margir skólar enn þá sem ekki eru níu mánaða skólar. Ég er með upplýsingar úr vorskýrslum grunnskóla fyrir skólaárið 1990–1991 og þá eru það aðeins 43% skólanna í landinu sem eru níu mánaða skólar, aðeins 43%. Örfáir skólar starfa aðeins í sjö mánuði, að vísu ekki nema 2%, en sama er. Nemendahlutfallið er að vísu ekki eins óhagstætt vegna þess að

margt af þessu eru fámennir skólar. Þannig er nú það. Ég veit ekki hvernig ástandið er hins vegar með nemendur þessara skóla, hvort þeir standa svona mikið að baki þeim sem njóta níu mánaða kennslu eins og ætla mætti kannski miðað við hvernig talað er um þau ósköp sem yfir hafa dunið við það að vikulegur kennslutími hefur verið skertur um 2 tíma í efstu bekkjum grunnskólans, þ.e. í 6.–10. bekk, en um eina stund í 4.–5. bekk og ekkert í 1.–3. bekk.

Það væri út af fyrir sig kannski ástæða til að athuga það, fylgjast með þeim nemendum eftir að grunnskólanum lýkur sem hafa aðeins notið kennslu í sjö mánuði, í átta mánuði eða átta og hálfan mánuð og kanna hversu miklu munar á árangri þeirra miðað við þá sem hafa notið níu mánaða kennslu. Ég ætla ekki að vera með neinar fullyrðingar þar, hvort þar munar svo miklu sem ætla mætti miðað við þær tölur sem ég var að lýsa hér áðan. Svar mitt sem sagt við annarri spurningu hv. þm. um hvaða lög giltu frá 1. jan. er alveg ljóst. Grunnskólalögin gilda, þ.e. þessi ákvæði sem áttu að taka gildi og frestað var með lögum nr. 1/1992, þau ákvæði öðluðust gildi. Þess vegna finnst mér alveg óþarfar bollaleggingarnar í áliti minni hlutans þar sem segir: „Talsmenn ráðuneytisins viðurkenndu að engin lögfræðileg úttekt lægi fyrir í þessum efnum af hálfu ráðuneytisins.“ Það þurfti satt að segja enga lögfræðilega úttekt á þessu. Það þarf ekki einu sinni lögfræðing til að skynja það að þessi ákvæði tóku gildi 1. jan. sl.

Þá er hér í álitinu vísað til þess sem Eiríkur Jónsson, varaformaður Kennarasambands Íslands, sagði og leyfði undirrituðum eins og hér segir að hafa eftir sér að niðurskurðurinn hafi yfirleitt komið niður á íslensku, reikningi og tungumálum gagnstætt því sem menntmrh. fullyrti. Um það vil ég segja að það hefur vissulega komið í ljós að í ýmsum skólum hefur niðurskurðurinn lent á íslensku gagnstætt því sem ég átti von á og hér hefur verið rækilega tíundað. Í því sem ég lét frá mér fara m.a. í umræðuþætti með formanni Kennarasambands Íslands snemma á síðasta vori. Það liggja hins vegar engin gögn því miður fyrir um þetta. Það hefur verið kannað m.a. hjá Kennarasambandinu hvort fyrir liggi einhver gögn um þetta. Svo er ekki en mér er kunnugt um að Kennarasambandið hefur haft samband við allmarga skóla, ég hef ekki alveg töluna. Á milli 20 og 30 skóla að ég held, og byggir Eiríkur þetta álit sitt á þeim upplýsingum sem hann fékk þannig.

Fullyrðing mín á sínum tíma um að þetta mundi ekki bitna á íslenskukennslunni var einfaldlega byggð á því að ég taldi að það yrði síðasta úrræði stjórnenda hinna einstöku skóla að láta þessa skerðingu bitna á íslenskukennslunni. Nú hef ég fengið upplýsingar um það að þessir frjálsu ráðstöfunartímar, sem voru fjórir, hafa verið nýttir í mjög mörgum skólum og kannski flestum til að bæta við íslenskukennsluna og ekkert nema gott um það að segja. Hins vegar hafa þeir einnig verið nýttir til að bæta við kennslu í handmennt og fleiru. Og mér er líka alveg mætavel kunnugt um það að þar sem stjórnendur skólanna stóðu frammi fyrir þessari skerðingu þá áttu þeir í mörgum tilvikum ekki annan kost en skerða íslenskukennsluna eða stærðfræðikennsluna vegna þess að það var ekki hægt að fullnægja kennsluskyldu sumra annarra kennara ef skerða ætti einhver önnur fög sem höfðu nýtt þessa ráðstöfunartíma. Þannig að á þessu eru ósköp eðlilegar skýringar í mjög mörgum tilvikum og kannski flestum. (**SvG:** Vissi ráðherrann það ekki fyrir?) Nei, ég vissi það ekki fyrir að þannig væri í einstökum skólum og lái mér hver sem vill þó ég hafi ekki vitað það. (**Gripið fram í:** En embættismenn ráðuneytanna?) Ekki heldur, nei ekki heldur. Þetta er nefnilega ekki fyrirskipun sem er gefin úr ráðuneytinu að kennsla skuli skert í einhverjum ákveðnum fögum. Það er ákvörðun stjórnenda skólans að kennsla skuli skert í einhverjum ákveðnum fögum. Það er ákvörðun stjórnvalda skólanna, þessu er ekki öllu miðstýrt, það er ekki þó ýmsir veit ég óski þess að öllu sé stýrt úr menntmrn. (**Gripið fram í:** Að ráðherra hafi ekki gefið ...?) Hann hafði ekki gefið neina fyrirskipun um það, það var ekki í mínu valdi. En ég trúði því ekki hins vegar að þetta yrði gert en ég hef fengið skýringar á því að í sumum tilvikum varð ekki hjá því komist. Ég vona að hv. þm. skilji þetta og ég veit að hann gerir það.

Hér í nál. er talað um að af hálfu fulltrúa Kennarasambandsins hafi komið fram að þeir hafi lítið verið kallaðir til formlegs samráðs um endurskoðun grunnskólalaganna sem sagt er að standi yfir á vegum svokallaðrar 18 manna nefndar — sem sagt er að standi yfir á vegum svokallaðrar 18 manna nefndar. Þarna er eins og verið sé að segja einhverja véfréttir eða að menn hafi bara heyrt þær á skotspónum — (**Gripið fram í:** Því hefur verið leynt.) að einhver endurskoðun standi yfir á vegum „svokallaðrar endurskoðunarnefndar“. Ég hef nú haldið satt að segja og miðað við það sem ég hef heyrt m.a. hér í þinginu og ég tala nú ekki um á — hef ég, frú forseti, hef ég orðið. (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu ...) (**Forseti:** Ráðherrann hefur orðið.) Já, þá vildi ég gjarnan fá frið fyrir þessum frammíköllum og ég efast ekkert um að hæstv. forseti er reiðubúinn til að gefa þessum áhugamönnum um skólamál orðið á eftir. — Já, að það hafi lítið samráð verið haft við Kennarasambandið. Á því er skýring. Það er að vísu talað hérna um að þeir hafi verið kallaðir fyrir hluta nefndarinnar þar sem tilkynnt var um fjölgun samræmdra prófa. Það er rétt að formaður Kennarasambandsins ásamt einhverjum fleirum frá Kennarasambandinu átti fund með starfsmönnum nefndarinnar og ég held formanni þar sem þeim var sagt frá þeirri ákvörðun ráðherra að fjölga samræmdum prófum um tvö og sú ákvörðun væri alveg í samræmi við þær umræður sem þá þegar höfðu farið fram í endurskoðunarnefndinni um samræmd próf, þetta var tilkynnt. Þetta er hins vegar ekki hið eina samráð sem haft hefur verið við Kennarasambandið, það er ekki rétt. Formlegar fyrirspurnir hafa m.a. verið sendar til Kennarasambandsins um afstöðu til ákveðinna þátta, eins og t.d. til flutningsins til sveitarfélaganna og óskað eftir svörum við þeim fyrirspurnum. En samráðið sem ætlunin er að hafa við hina ýmsu aðila sem eiga

af mjög eðlilegum ástæðum að koma að þessari endurskoðun — það hefur alltaf legið fyrir að það væri varla um það að ræða fyrr en áfangaskýrslan lægi fyrir. Þá kem ég að því sem kom hér fram í ræðu hv. þm. að ég hefði svarað því hér fyrr í haust að áfangaskýrslan yrði afhent í desember, það er rétt ég sagði það. Ég hafði þá fengið drög að henni en ég ef ekki fengið hana enn í hendur en hún verður afhent mér nú síðar í þessum mánuði. Þegar sú skýrsla hefur verið formlega afhent verður hún send til hinna fjölmörgu aðila sem ástæða er til að hafa alveg sérstakt samráð við í sambandi við þessa endurskoðun.

Það mætti auðvitað margt segja frekar um þennan skerta kennslutíma sem ég hef viðurkennt að er auðvitað skref aftur á bak, því miður. En ég viðurkenni hins vegar ekki að það sé verið að stefna skólahaldi í landinu í þann voða sem ætla mætti miðað við þá umræðu sem hefur farið fram um þetta atriði. Allt er þetta að ég vona af heilindum mælt með hagsmuni nemendanna fyrir augum, að það sé slæmt þegar nemendurnir missa af þessum kennslutímum. En oft er það nú svo að maður spyr sig hvort stundum sé þá kannski ekki gengið lengra en æskilegt er í því að fella niður kennslu. Ég nefni bara sem dæmi að það kom erindi til ráðuneytisins frá Kennarasambandinu þar sem var óskað eftir því að þeir fengju heimild til að ræða þessar hugmyndir um tilfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna á skólatíma. Ég veit ekki hvort sú ósk var sett fram sérstaklega með hagsmuni nemendanna fyrir augum. Það má vel vera, það má vel vera að það sé gert. (Gripið fram í.) Ja, þessi beiðni kom og henni var hafnað af ráðuneytinu, henni var hafnað af ráðuneytinu. (**Gripið fram í:** Af hverju ertu að segja frá því?) Ég er að segja frá þessu vegna þess að mér finnst það skipta máli. Þegar verið er að leggja svona mikla vigt á það hvað þetta skaðar að skerða vikulegan kennslutíma um það sem gert hefur verið. Ég veit ekki hvort ég þarf enn að fara með þetta stafróf um hver breyting hefur í raun og veru orðið á skólakerfinu á undanförnum áratugum. Hún hefur orðið geysilega mikil, ekki bara það að skólaskylda sex ára barna er tekin upp heldur hefur líka orðið mikil breyting á því hversu margir stunda nú nám í níu mánaða skólum.

Ég veit ekki hvort það eru svo margar spurningar eftir sem ástæða er til að svara hér. Ja, það er sjálfsagt ástæða auðvitað til að svara öllum spurningum en annað sem fram hefur komið, hvort ástæða er til fyrir mig að fara rækilega út í það. Ég vil aðeins nefna í sambandi við það sem hv. frsm. minni hluta nefndi hér í sambandi við kennslu nýbúa eða útlendinga sem koma hér og ég tek undir með hv. þm. að aðstoð við þetta unga fólk er mjög nauðsynleg. Tillögur í þessu efni hafa verið til meðferðar í ráðuneytinu. Þar hefur verið unnið mikið starf á vegum sérstakrar nefndar við að undirbúa tillögur í þeim efnum og það mál er sem sagt til meðferðar enn þá í ráðuneytinu. Ég held ég muni það rétt að talið er að til þess að gera það sem í raun og veru þarf til aðstoðar þessu fólki þurfi 50 millj. kr. á ári. Og það kemur mér satt að segja ekki mjög á óvart þótt þetta séu miklar upphæðir þá held ég að undan því verði ekki vikist að sinna þessum þætti alveg sérstaklega. Ef það er ekki gert þá getur það haft í för með sér mjög alvarleg vandamál.

Hv. þm. sagði að það væri sérstök fjárveiting sem næmi 5 millj. kr. núna. Ég hef því miður ekki við hendina gögn um þetta en mig minnti nú endilega að það væru 10 millj. sem væru sérstaklega merktar í þessu skyni en við getum vafalaust fundið það út.

Það er líka gert töluvert mál úr yfirlýsingum mínum um að þessi skerti kennslutími gilti aðeins út árið 1992. Það er alveg rétt að ég sagði það margoft. Hvað átti ég í raun og veru annað að segja? Lögin sögðu það ósköp einfaldlega. Þetta ákvæði laganna gilti aðeins út árið 1992. En ég hafði hins vegar fyrirvara. Ég sagði í þessu sama viðtali sem hér hefur verið vitnað til: Ég get ekki lofað því hvort mönnum dettur í hug að setja einhver ný lög á næsta ári. Og það er akkúrat það sem okkur hefur dottið í hug. Einfaldlega vegna þess að ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar hefur ekki batnað svo að við treystum okkur til að láta grunnskólalögin koma að fullu til framkvæmda núna. Það er ástæðan fyrir því að þetta frv. er flutt núna og óskað eftir að þessi ákvæði gildi einnig fyrir næsta skólaár.

Ég ætla ekki að rekja sérstaklega umræður um grunnskólafrv. á þinginu 1990–1991. Hv. þm. Svavar Gestsson gerði það með sínum hætti þegar það var til lokameðferðar á síðustu dögum síðasta kjörtímabils. Ég man mjög vel eftir því hvernig það gekk allt saman fyrir sig. Og ég man mjög vel eftir því og það má segja það hv. þm. Svavari Gestssyni og páv. hæstv. menntmrh. til hróss að hann gekk mjög langt í því að ganga til móts við óskir Sjálfstfl. Hann gerði það. Ég tel honum það fremur til tekna en til lasts að hann gerði það. Ég veit að hann hafði mikinn áhuga á að fá þetta mál afgreitt og hann fékk það með því að ganga til samstarfs við Sjálfstfl. En það hefur alltaf legið fyrir að Sjálfstfl. var ekki ánægður að öllu leyti með málið. Og ég býst við að hæstv. páv. menntmrh. hafi heldur ekki verið alveg sáttur við það sem hann samþykkti til þess að fá málið í gegn án þess að ég viti það þó nákvæmlega. Þarna voru menn að semja til þess að afgreiða mál á lokadögum þingsins. Og þá er það svo að menn láta af sínum ýtrustu kröfum og það var gert á báða bóga. Og ég held að það hafi einfaldlega verið af hinu góða og beri að þakka það.

Ég vil svo að lokum hafna því alfarið sem hv. þm. sagði að þegar Sjálfstfl. væri kominn í stjórnaraðild og ég tala ekki um í menntmrn. þá gufaði upp allur áhugi á grunnskólamálum. Þetta er einfaldlega rangt og ég tel að Sjálfstfl. og ég sem ráðherra þessa málaflokks hafi sýnt það með því að setja af stað hina umfangsmiklu endurskoðun á skólakerfinu yfirleitt, ekki bara grunnskólalöggjöfinni heldur líka framhaldsskólalöggjöfinni sem er í höndunum á þessari sömu 18 manna nefnd. Ég bind miklar vonir við starf þessarar nefndar og ég er sannfærður um að þegar áfangaskýrsla nefndarinnar kemur út síðari hluta þessa mánaðar, þá muni verða mjög mikil umræða um skólamál sem er af hinu góða. Hún er mjög nauðsynleg. Ég hef sagt það áður að mjög nauðsynlegt sé að hefja hér ítarlega umræðu um

skólamál sem snúist ekki eingöngu um peninga eins og því miður hefur gerst allt of mikið núna og kannski eðlilega vegna þessa niðurskurðar sem við höfum orðið að grípa til.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. menntmrh. gerði athugasemdir við orðalag í nál. minni hluta menntmn. þar sem rætt er um að við meðferð málsins í nefndinni var því borið við að ætlunin væri að breyta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég vil bara ítreka það að ég skildi ummæli sem féllu í menntmn. á þennan veg. Þar var sagt að það væri biðstaða í þessum málum vegna þess að verið væri að endurskoða grunnskólalögin og að meiningin væri að færa meiri ábyrgð yfir til sveitarfélaganna. Það er algerlega í samræmi við það sem stendur í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, Velferð á vananlegum grunni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stefnt er að því að auka áhrif og ábyrgð sveitarfélaga, kennara og foreldra á sviði skóla- og dagvistarmála." Ég spyr nú bara: Stenst þessi stefna ekki lengur eða hvað? (Gripið fram í.) Ég er með orðið, hæstv. menntmrh. Hann lýsti furðu sinni á því að niðurskurður á kennslu skuli hafa bitnað á íslensku „gagnstætt því sem ég átti von á" skrifaði ég eftir honum. Ég spyr: Hefur menntmrn. ekki fylgst með því hvernig niðurskurðinum var framfylgt? Reynir ráðuneytið ekki að gera sér grein fyrir því hvernig þeim ákvörðunum er framfylgt sem skipta jú skólakerfið svo miklu máli? Hvers konar vinnubrögð eru þetta?

Frsm. minni hluta menntmn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst þakka fyrir að hæstv. menntmrh. viðurkennir að 1. mgr. 46. gr. grunnskólalaganna hefur verið í gildi núna frá áramótum. Þar stendur: „Vikulegur kennslutími á hvern nemanda í grunnskóla skal vera þessi" — og síðan er það tíundað nákvæmlega bekk fyrir bekk. Það er mjög mikilvægt að þessi yfirlýsing liggur fyrir. Auðvitað má segja eins og hæstv. ráðherra að þetta gæti hver maður sagt sér sjálfur. En það var ekki þannig með þá sem svöruðu fyrir ráðuneytið þegar þeir komu í nefndina. Þess vegna var óhjákvæmilegt að leggja þessa spurningu fyrir ráðherra.

Ég held að þetta sé mikilvægt fyrst og fremst vegna þess að ég vil a.m.k. líta þannig á að grunnskólalögin séu mannréttindalög barna sem eru í skólum og ekki sé hægt með fjárlögum án annarra lagabreytinga að skerða réttindaákvæði grunnskólalaganna.

Í öðru lagi verð ég að segja alveg eins og er að mér finnst það mjög merkilegt sem hér kom fram hjá hæstv. ráðherra í sambandi við íslenskukennsluna og hv. 18. þm. Reykv. vék hér að í andsvari núna áðan. Það liggur með öðrum orðum fyrir að ráðherrann viðurkennir að hlutirnir séu þannig að íslenskukennslan hafi sérstaklega verið skert. Og ég spyr þingheim og ráðherra og hæstv. forseta: Er það svo að á þessum tímum sé það viðunandi, sé það þolandi að íslenskukennsla sé skert? Svarið við þessu er auðvitað það af hálfu hæstv. ráðherra að hann á ekki að skera niður með þeim hætti sem þarna er gert heldur á að fara öðruvísi í þá hluti ef menn eru að spara á annað borð. Það á með öðrum orðum að segja: Það kemur ekki til greina að snerta við íslenskukennslunni eða eitthvað því um líkt. Ég er sannfærður um að ef skólamenn hefðu haft þau fyrirmæli skýr og afdráttarlaus frá ráðuneytinu hefðu þeir ekki snert við íslenskukennslu. En það gerðu þeir fyrst og fremst vegna vandræða með skiptistundirnar og vegna þess að ráðherrann gaf ekki skýr fyrirmæli í þessum efnum.

Loks varðandi Sjálfstfl. og skólamálin. Sjálfstfl. hefur aldrei sýnt áhuga á skólamálum á Alþingi þegar hann hefur verið í ríkisstjórn síðan vorið 1946 þegar hann stóð að fræðslulögunum nýju sem þá voru kölluð og voru kölluð svo þangað til grunnskólalögin voru sett árið 1974. Sjálfstfl. barðist með kjafti og klóm gegn grunnskólalögunum vorið 1974. Þá var haldin lengsta ræða í þinginu í manna minnum. Til hvers? Til að stoppa grunnskólalögin. Sjálfstfl. hefur í ríkisstjórn aldrei sýnt áhuga á skólamálum síðan vorið 1946.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla að bera fram þrjár spurningar til hæstv. ráðherra. Í fyrsta lagi hefur hann nú staðfest að hann gerði sér enga grein fyrir því að niðurskurðurinn mundi koma niður á íslenskukennslu og stærðfræðikennslu. Fullyrti þvert á móti í þinginu að það væri sinn vilji að svo ætti ekki að vera. Spurning mín er þessi: Hvernig getur ráðherran staðið að niðurskurði í skólamálum ef hann hefur ekki upplýsingar sem gera honum kleift að lýsa því hvernig sá niðurskurður fer fram? Er þá bara blindandi höggvið í námsgreinar, íslensku og stærðfræði, þvert á vilja ráðherrans og annara sem töluðu fyrir hann og ríkisstjórnina á sínum tíma? Er ekki eitthvað meira en lítið að þegar menn eru í niðurskurði sem þeir segja svo sjálfir að þeir viti ekki hvernig bitnar á skólastarfinu í landinu?

Önnur spurning mín er þessi: Er það ekki ósmekklegt af hæstv. ráðherra að vera að dylgja um það hér í ræðustól að Kennarasamband Íslands hafi fyrst og fremst áhuga á því að biðja um frí fyrir meðlimi sína? Það var það eina sem ráðherrann í reynd vék að Kennarasambandi Íslands að draga upp eitthvert bréf þar sem Kennarasambandið hafði óskað eftir því að tillit yrði tekið til þess varðandi vinnuskyldu að félagsmenn þess gætu rætt þá stóru spurningu hvort grunnskólinn ætti að vera hjá sveitarfélögum eða ríkinu. Það var auðvitað gert af hálfu ráðherrans Kennarasambandinu til háðungar og til að reyna að koma því að hjá þjóðinni að kennarar í grunnskólum á Íslandi hefðu bara áhuga á því að fá frí.

Þriðja spurning mín er þessi: Þegar hægri stjórnin í Svíþjóð undir forsæti hægri flokksins, bræðraflokks Sjálfstfl., stóð að niðurskurðaraðgerðum í efnahagsmálum sínum sl. haust þá var það gert með þeim hætti að framlag til menntamála var aukið. Svo mikilvægt telja hægri menn í Svíþjóð skólakerfið vera að jafnvel

í umfangsmiklum niðurskurðaraðgerðum bæta þeir við fjármagni til menntamála. Telur hæstv. menntmrh. að þessi stefna hægri manna í Svíþjóð sé röng?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef viðurkennt það að mér var ekki ljóst að þessi fækkun vikulegra kennslustunda mundi bitna á íslenskukennslunni. Og ég viðurkenni líka að ég hef ekki fullkomnar upplýsingar og ég held að þær séu ekki til, ekki heldur hjá Kennarasambandinu, í hve ríkum mæli þessi niðurskurður lenti á íslenskukennslu og stærðfræði. Það er einfaldlega hlutverk skólastjórnendanna og fræðsluskrifstofanna að sjá um að þessar aðhaldsaðgerðir nái fram að ganga. Þeim er ekki stjórnað í smáatriðum úr menntmrn.

Því að ég hafi verið með einhverjar ósmekklegar dylgjur á Kennarasambandið vísa ég ósköp einfaldlega á bug.

Varðandi Svíþjóð og borgaralegu ríkisstjórnina þar, sem margoft hefur verið nefnd hér ekki síst af þingmönnum Alþb. sem alveg sérstaka fyrirmyndarstjórn að mér skilst, þá er það nú einu sinni svo varðandi skólamálin að ríkisstjórnirnar í Svíþjóð og á Íslandi komu til starfa á svipuðum tíma ef ég man rétt. Þær glímdu við ósköp svipaðan vanda. Munurinn var hins vegar sá að íslenska ríkisstjórnin tók miklu fastar á en sú sænska. Það sem sænska ríkisstjórnin er að gera núna varðandi skólamálin, sem ég býst við að hv. þm. viti ekki, er að hún er að skera niður í mjög ríkum mæli í skólamálum. Ég er með alveg nýjar upplýsingar um þetta, því miður ekki við hendina, en ég skal koma þeim upplýsingum til hv. þm. Það er einmitt sá vandi sem ríkisstjórn Svíþjóðar stendur frammi fyrir núna að hún þarf að skera niður í þessum málaflokki líka sem hún gerði ekki í fyrra.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í fyrsta lagi er það nokkuð sérkennileg kenning hjá hæstv. menntmrh. að það eigi að fara í niðurskurð þó menn hafi ekki hugmynd um hvernig eigi að framkvæma hann. Það verður þó að segja hæstv. heilbrrh. til hróss að hann veit yfirleitt að hann er að gera tiltekin lyf dýrari. Hann er að láta sjúklinga með tiltekna sjúkdóma greiða meira og er gagnrýndur fyrir það. Nú segir hæstv. menntmrh.: Við erum í niðurskurði í menntmrn. en það er ekki okkar, ekki ráðherrans, ekki embættismannanna, að vita hvort verið er að skera niður leikfimi eða íslensku eða stærðfræði eða grunnmenntun. Það er ekki okkar. Það er einhverra manna sem eru úti í skólunum, einhverra nafnlausra óábyrgra manna, og hann vísar ábyrgðinni af sér. Það er auðvitað kjarni málsins hér.

Hann er að vísa ábyrgðinni af því að skerða íslenskukennsluna og stærðfræðina af sér og yfir í einhverja ónafngreinda menn úti í skólakerfinu, fræðslustjóra, kennara og skólastjóra. Það er mjög lítilmannlegt. Yfirlýsing ráðherrans gat ekki staðist að hans eigin dómi af því að einhverjir aðrir framkvæmdu þetta öðruvísi.

Auðvitað á ekki að standa hér í einhverjum niðurskurði bara með því að segja: Hér er einhver tiltekin upphæð, og svo veit ráðuneytið ekkert hvernig hvernig hún er framkvæmd. Er ekki rétt að menntmrh. staldri aðeins við og segi þá við þingið og ríkisstjórnina: Það er greinilegt að þessi niðurskurður kemur niður á greinum sem við vildum ekki láta hann koma niður á eins og íslensku og stærðfræði og við skulum þá leita einhverra annarra leiða. Í staðinn fyrir að segja: Ég held að þetta verði að vera svona af því að einhverjir aðrir þarna úti hafa gert þetta.

Varðandi hægri mennina í Svíþjóð þá má vel vera að þeir séu nýlega búnir að taka einhverjar ákvarðanir um að skera niður í menntamálum. Ég hef ekki fylgst með því og er auðvitað alveg reiðubúinn að hafa það sem sannara reynist í þeim efnum. En mér fannst óhugnanlegt að heyra fögnuðinn í rödd hæstv. menntmrh. yfir því að nú væru þeir líka farnir að skera niður í menntamálunum í Svíþjóð.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hreinn útúrsnúningur að ég sé að vísa einhverri ábyrgð af mér. Það er ekki svo. Ég ber að mínu leyti ábyrgð á þeim fjárveitingum sem veittar eru til hinna einstöku skóla en ég hef ekki viðurkennt kröfuna, sem komið hefur upp hjá ýmsum stjórnendum skólanna, að ráðuneytið eigi að segja þeim nákvæmlega fyrir verkum um það hvernig þeir eigi að nýta það fjármagn sem þeir hafa. Þeirri kröfu hef ég vísað á bug. Ég vil að skólarnir hafi sem mest sjálfstæði en því fylgir líka ábyrgð. Ábyrgðin á því að nýta það fjármagn sem þeir hafa með sem skynsamlegustum hætti. Ég hlýt að treysta því þangað til eitthvað annað kemur í ljós að þeir beiti þessu valdi sínu af skynsemi. Ég hlýt að treysta því. En ekkert annað hefur komið fram en vonbrigði mín yfir því að það skuli hafa þurft að láta þessa skerðingu koma sérstaklega fram á íslenskukennslunni. Ég viðurkenni að ég er mjög viðkvæmur fyrir því. En þessi ábyrgð verður að vera í hendi skólanna.

Það getur vel verið að hv. þm. geti lesið eitthvað út úr minni raddbeitingu. Röddin er að vísu slæm núna en ég veit ekki til að það hafi verið neinn sérstakur fögnuður í mínum huga eða í mínu tali yfir því að sænska ríkisstjórnin skuli þurfa að lenda í því að skera niður í skólakerfinu. Síður en svo.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Frsm. minnihlutaálits, hv. 9. þm. Reykv. hefur gert ítarlega gein fyrir því nál. sem minni hluta hv. menntmn. skilaði og skal ég reyna að endurtaka ekki mjög mikið af því sem hann sagði. Sannleikurinn er sá að þetta er tiltölulega sakleysislegt frv. séð í fyrstu en hefur að geyma ákvæði sem eru mjög mikilvæg í skólastarfi og uppeldisstarfi fyrir okkar þjóðfélag þegar til lengri tíma er litið. Með því á að spara 100 millj. kr. á ársgrundvelli og þykja mér það ekki miklir fjármunir þegar ég hugsa til þess sem það hefur í för með sér.

Það kom fram hjá hæstv. menntmrh. í ræðu hans og það kom reyndar fram líka hjá frsm. meiri hluta hv. menntmn. að þetta frv. er lagt fram án þess að ráðuneytin né meiri hluti nefndarinnar viti á hverju þetta bitnar. Það kom fram hjá hæstv. menntmrh. áðan að þetta lendir að einhverju leyti á íslenskunni, eins og hann orðaði það. Nú skal ég benda hæstv. menntmrh. á það að fyrst hann er nú búinn að átta sig á því að þetta lenti á íslenskunni að einhverju leyti, sem hann sagði hér fyrir um það bil ári að mætti alls ekki gerast og ætti alls ekki að gerast, að það er ekkert of seint að draga frv. til baka.

Mig langar hér í upphafi, hæstv. forseti, til þess að vitna í orð hæstv. ráðherra frá 20. jan. á síðasta ári. Fyrir rétt um það bil ári sagði hæstv. ráðherra m.a. þetta eftir það að fulltrúar stjórnarandstöðunnar höfðu gert nokkuð harða hríð að hæstv. ráðherra og eins fulltrúar frá Kennarasambandi Íslands og foreldrum og fleiri aðilum:

„Það er látið að því liggja í málflutningi einstakra þm. og hjá talsmönnum kennarasamtaka að það eigi að gera eitthvað allt annað en þetta. Það er talað um að það eigi að skerða kennslu í íslensku og síðan er talað um að þessi niðurskurður jafngildi því að hætt verði kennslu sex ára barna, að hætt verði kennslu í tungumálum, að lagðir verði niður heilu skólarnir og að 200 stöðugildi kennara verði lögð niður. Þetta er ekki málflutningur sem sæmir neinum því ekkert af þessu er að gerast, ekki neitt. Það er ekki verið að leggja niður neina skóla. Það er ekki verið að skerða kennslu í íslensku. Það er ekki verið að segja upp kennurum í stórum stíl. Þetta er einfaldlega rangt. Það er hægt að tala um að þetta jafngildi hinu og þessu, en auðvitað er verið að læða því inn hjá öllum almenningi með svona málflutningi að það sé þetta sem eigi að gera. Það er einfaldlega rangt. Það tek ég mjög skýrt fram. Það er enn þá unnið að því í menntmrn. að útfæra hvernig þessi niðurskurður verði, en þetta er það sem ég gert sagt á þessu stigi málsins."

Þarna kom ýmislegt fram, hæstv. ráðherra sem ég vil minna hann á nú á þessari stundu og ekki að ástæðulausu.

Í fyrsta lagi kemur hann að því að það sé látið að því liggja að það eigi að gera eitthvað miklu verra en raun sé á. Sannleikurinn er sá að eins og Kennarasambandið stillti því upp fyrir nákvæmlega ári hver niðurskurðurinn yrði að magni til þá má segja að það sé nákvæmlega sá niðurskurður sem raunin varð svo á um. Það munar aðeins 15 kennslustundum á landsvísu. Kennarasambandið hafði reiknað með 4.607, en í svari ráðherra við fyrirspurn kemur fram að þær urðu 4.592. Þarna munar ekki miklu. Og allt dæmið sem kennarasambandið setti upp og samanburðurinn á hvað þetta þýddi í raun var byggður á þessum kennslustundafjölda.

Ég skal hins vegar viðurkenna að stöðugildum kennara hefur ekki fækkað eins og Kennarasambandið gerði ráð fyrir. Það kom fram sem svar við fyrirspurn frá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að kennarastöðugildum hafi ekki fækkað nema kannski um 50. Gert var ráð fyrir, ráðherrann sagði um 200, en hið rétta er að Kennarasambandið gerði ráð fyrir að þau gætu orðið 158 ef ég man rétt. Í útreikningum Kennarasambandsins var reiknað með 22% yfirvinnu sem var meðaltalið þá. Nú hefur það aftur á móti sýnt sig að yfirvinna hefur minnkað mjög og þar af leiðandi fækkar stöðugildunum ekki eins mikið og gert var ráð fyrir en aftur á móti kemur þetta niður á launum kennara.

Það er þetta með íslenskukennsluna. Hæstv. ráðherra var ekki ljóst að þetta lenti á íslenskunni eins og hann sagði. Ég hlýt þá að spyrja þegar hann segir í lok þess máls sem ég hafði eftir honum, með leyfi forseta: „Það er enn þá unnið að því í menntmrn. að útfæra hvernig þessi niðurskurður verði." Þýða ekki þessi töluðu orð hæstv. ráðherra að það var meiningin að leggja einhverjar línur? (**Menntmrh.:** Það var gert.) Hvað var gert? Var það gert? Fengu skólar þær óskir frá ráðuneytinu að ekki væri ætlast til þess að niðurskurðurinn yrði í íslensku? Hæstv. ráðherra talaði alltaf um einhverjar sparistundir fyrir um það bil ári síðan. Það eru náttúrlega þær fjóru frjálsu ráðstöfundarstundir sem voru til staðar og hann hélt að væri svo auðvelt að skera án þess að það lenti á íslenskunni þrátt fyrir það að við margtókum það fram hér að þessir tímar væru líka notaðir í íslensku. Það hefur ráðherrann upplýst nú að sé staðreyndin, að þessar stundir séu notaðar og hafi verið notaðar í íslensku.

Ég ætla ekki að eyða fleiri orðum á þennan ræðubút hæstv. ráðherra frá síðasta ári heldur snúa mér að öðru. Eins og ég sagði áðan virtist það vera svo að hv. menntmn. og hæstv. ráðherra ætli að leggja til þennan niðurskurð án þess að vita á hverju hann lendir og hafa ekki sérstakar áhyggjur af því.

Fulltrúi frá Samtökunum Heimili og skóli kom til viðtals við hv. menntmn. og mig langar, með leyfi forseta, að vitna svolítið í það bréf sem þau samtök senda menntmn. Alþingis. Þar segir m.a.:

„Heimili og skóli, landssamtök foreldra/forráðamanna nemenda í grunnskólum, ítreka fyrri mótmæli sín varðandi stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum grunnskólans, þ.e. að framlengja skerðingu á kennslutíma og viðhalda fjölmennum bekkjardeildum.

Daglega finnum við hvernig þessar ráðstafanir koma niður á börnum okkar og gæðum skólastarfs í heild" og síðan koma nokkur dæmi.

„Í sumum bekkjum fá börn ekki kennslustundir í íslensku og stærðfræði í samræmi við viðmiðunarstundaskrá þrátt fyrir yfirlýsingar menntmrh. um að þessar námsgreinar yrðu ekki fyrir niðurskurði.

Börn fá ekki lágmarkskennslustundafjölda samkvæmt viðmiðunarstundaskrá því skólarnir treysta sér ekki til að láta kenna list- og verkgreinar í heilum, stórum bekkjum og skiptitímar eru of fáir. Dæmi eru um að bekki vanti 2–5 vikustundir upp á viðmiðunarstundaskrá."

Þetta er náttúrlega mjög alvarlegt mál og hv. 9. þm. Reykv. kom m.a. inn á það að þetta er vegna þess að skólastjórar þurfa að grípa til skiptistunda meira en góðu hófi gegnir. Það kemur þannig út að nemendur fá

ekki þær vikustundir sem viðmiðunarstundaskráin gerir að fyrir. Áfram held ég hér, með leyfi forseta:

„Dæmi eru um að skipta verði kennslu í yngri bekkjum milli tveggja eða fleiri kennara til að fylla í stöðugildi þeirra og slíkt eykur óöryggi barna, einkum þegar haft er í huga hversu lítill tími kennurum er ætlaður til samstarfs innbyrðis.

Síðast en ekki síst eru þessar ráðstafanir slæmar vegna þess hve varanleg áhrif þær hafa á allt skólastarf og skólagöngu barnanna.

Það er okkur Íslendingum til skammar að við skulum búa svo illa að skólastarfi sem raun ber vitni með tvísetningu skóla og skorti á nauðsynlegum kennslugögnum. Þjóð sem hefur stigið mörg framfaraskref síðstu 30 árin er komin á villigötur ef hún sættir sig við að börn í dag fái færri kennslustundir en foreldrar þeirra um 1960. Framsækin skólastefna er forsenda endurreisnar atvinnulífs. Frumkvæði og sköpunargáfa eiga erfitt uppdráttar við núverandi aðstæður í skólum."

Lýk ég þá tilvitnun í bréf frá Heimili og skóla sem eru samtök sem telja milli 8–9 þús. félagsmenn og ná til alls landsins.

Síðan er ég með annað bréf frá Heimili og skóla sem sent var öllum alþingismönnum og hv. 9. þm. Reykv. vitnaði í og ætla ég ekki að hafa fleiri orð um það. En einmitt þessi samtök, Heimili og skóli, hvöttu mjög til þess að foreldrar beittu sér gagnvart þessum niðurskurði, enda voru haldnir fjöldafundir um allt land sem foreldrar stóðu fyrir. Hæstv. menntmrh. gaf sér tíma til þess að mæta á þessa fundi og er það að sjálfsögðu virðingarvert. Á þessum fundum lét hæstv. ráðherra það koma fram að þetta yrði bara þetta eina ár og nú hefur hann skýrt af hverju hann sagði það. Það var vegna þess að lögin giltu bara í eitt ár. Þetta var svo einfalt, segir hann. Þess vegna gat hann sagt það að niðurskurðurinn gilti bara í eitt ár. Að vísu bætti hann við á þeim fundi sem ég var á á Akureyri að að vísu gæti verið að Alþingi samþykkti lög sem segðu að þessi niðurskurður gilti lengur, ef þetta Alþingi færi að samþykkja einhver lög sem segðu eitthvað annað. Það fannst mér frekar lítilmannlegt af hæstv. ráðherra því að auðvitað hefði enginn hv. þm. tekið það upp hjá sér að fara að flytja frv. þess efnis að halda áfram þessum niðurskurði í skólamálum.

Auðvitað er það ríkisstjórnin sem á hér allt frumkvæði og mér finnst ekki sanngjarnt að flytja fólki slíkar hugmyndir um þingið eins og það sé bara einthvert Alþingi sem gerir þetta en ekki hæstv. ríkisstjórn sem stendur fyrir þessu.

Í fyrravetur birtist grein í Morgunblaðinu, nánar tiltekið þann 15. febr., sem einn hv. nefndarmaður í menntmn. skrifaði. Heitir hann Björn Bjarnason, hv. þm. Í þessari grein kemur ýmislegt fram sem ástæða er til þess að koma inn á. Nú veit ég ekki hvort hv. þm. hefur fjarvistarleyfi í dag. Ég hef ekki séð hann hér. (**Gripið fram í:** Hann er erlendis.) Nú, hann mun vera erlendis. En ég ætla samt að leyfa mér að vitna örlítið í þessa grein sem ber yfirskriftina „Uppnámið í grunnskólanum." Þar finnst mér að hv. þm. sé að læða því inn hjá lesendum Morgunblaðsins að Kennarasamband Íslands sé að hóta því að koma á neyðarástandi í skólum. Það er rétt að fulltrúar Kennarasamband Íslands komu til fundar við hv. menntmn. þegar bandormurinn var til umræðu á síðasta ári og formaður Kennarasambandsins lét þau orð falla að þessi niðurskurður gæti leitt af sér neyðarástand í skólunum. Hv. þm. segir m.a., með leyfi forseta:

„Í kjölfar lagasetningarinnar hefur hins vegar siglt herferð gegn menntmrh. og stjórnvöldum sem hæglega getur leitt til neyðarástands í grunnskólum ef vilji forvígismanna hennar stendur til þess. Í skólum er alið á ótta um að ætlunin sé að kollvarpa starfi þeirra. Þessi áróður setur síðan svip á viðbrögð bæði foreldra og nemenda."

Þarna er verið að ýja að því að Kennarasambandið standi fyrir allri óánægju sem m.a. hefur komið fram hjá foreldrum barna landsins. Síðan kemur fram, með leyfi forseta:

„Ástæða er til þess að hvetja menntmrn. að flýta svo sem verða má ákvörðunum um framkvæmd sparnaðarins í grunnskólunum. Þeir sem sjá sér hag af því að ala á ótta í grunnskólunum geta skákað í því skjóli að óvissa ríki um framkvæmdina. Á meðan þeir geta fiskað í gruggugu vatni aukast líkur á að hótunin um neyðarástand rætist."

Þetta finnst mér stórt sagt hjá hv. þm. og kannski ekki heiðarlegt að koma með þetta þegar hv. þm. er ekki viðstaddur, en þessi umræðu hefur nokkuð dregist og mér var ekki kunnugt um þegar þessi fundur hófst að hann yrði ekki viðstaddur. Kannski vill hæstv. menntmrh. sýna einhver viðbrögð við þessu.

Síðan segir hér, ef ég má vitna í 3. kaflann í grein hv. þm.:

„Sumir telja að þörfina fyrir aukna sérkennslu í skólum megi rekja til þess að hætt var að flokka nemendur eftir námsgetu í bekkjardeildir. Aðrir eru hins vegar þeirrar skoðunar að fjöldi nemenda í bekkjardeild auki kröfuna um sérkennslu. Er nauðsynlegt að þetta atriði sé kannað því að sérkennsla er að sjálfsögðu dýrari en almenn kennsla."

Þarna hefði mér þótt gaman að fá frekari útlistun á því hjá hv. þm. hvað hann er að fara. Er hann að meina það — og þá getur verið að það sé stefna Sjálfstfl. og forvitnilegt ef hæstv. ráðherra getur svarað einhverju um það — að þar sem sérkennslan sé dýrari en almenn kennsla sé ástæða til þess að taka upp gamla kerfið, eða það verði a.m.k. athugað hvort ekki sé rétt að taka bara upp gamla kerfið þar sem nemendum var raðað í bekki eftir getu strax frá sex eða sjö ára aldri. Þessi klásúla í grein hv. þm. fannst mér alveg með endemum og mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherra mundi fullvissa mig um að þetta sé misskilningur hjá mér. Að hann sé ekki að tala um þetta heldur eitthvað allt annað.

En þar sem sérkennslan er komin til umræðu þá held ég að ástæða væri til að lesa svolítið upp úr skjali sem fræðslustjórinn í Reykjavík sendi hv. menntmn. þar sem hún gefur góða greinargerð um sérkennsluna í Reykjavík. Ég ætla að leyfa mér að lesa dálítið úr

þeirri greinargerð þar sem hún er mjög upplýsandi um þetta efni, með leyfi forseta:

„Frá setningu grunnskólalaga 1974 og fram til 1979–1980 var stuðnings- og sérkennsla áætluð sem viðbót við hvern skóla. Þó hafði Reykjavík alltaf nokkra sérstöðu þar sem sérkennsla hafði verið skipulögð fyrr þar en í öðrum fræðsluumdæmum. Þegar 1978 var sérkennsla í Reykjavík um 2.242 stundir á viku, eða 0,18 sinnum nemendafjöldi. Fræðslustjórar annarra fræðsluumdæma óskuðu fljótlega eftir því að fá hlutfallslega sömu úthlutun og Reykjavík. Reykjavík hafði þá fengið úthlutun um 0,18–0,20 sinnum nemendafjölda í fræðsluumdæminu til sérkennslu.

Árið 1987 varð veruleg aukning á sérkennslu til Reykjavíkur þar eð þörfin var talin mjög mikil. 1980 verður sú breyting á að úthlutað var einni óskiptri tölu til hvers fræðsluumdæmis. 1986 náðist fram veruleg aukning (23%) á sérkennslu í öðrum fræðsluumdæmum en Reykjavík. Aukningin kom fram ári síðar í Reykjavík.

1991, með nýrri sérkennslureglugerð, jókst sérkennsla úr 0,22 sinnum nemendafjöldi í 0,23 og 0,25 á fyrstu 1.700 nemendur. Þar með eru önnur fræðsluumdæmi (þau fámennari) komin með hlutfallslega meiri tímamagn til sérkennslu innan almenna grunnskólans en Reykjavík og Reykjanes.

Samkvæmt þeim tölum sem hér koma fram hefur sérkennslan vaxið úr 2.242 tímum 1978 í 3.263 tíma 1992. Hafa ber þó í huga að nemendum hefur fjölgað í grunnskólum Reykjavíkur á þessu tímabili, úr 12.447 1978 í 12.855 1992. Jafnframt hafa átta nýjar sérdeildir/starfsdeildir fyrir nemendur, sem hafa mikla þörf fyrir sérkennslu, verið stofnaðar á síðustu fimm árum.

Einnig má benda á að sérkennslunemendum hefur mjög fjölgað á þessu tímabili. Þeir voru um 1.100 árið 1978–1979 og 1.856 árið 1988. Í dag eru þeir nemendur sem þurfa á sérkennslu að halda 2.286 samkvæmt mati kennara og skólastjórnenda í Reykjavík. Auk þess er rétt að taka fram að í sérkennsluáætlun skólanna fyrir undanfarin ár kemur fram að skólarnir fara fram á langtum meira tímamagn til sérkennslu en úthlutað er.

Árið 1990 fóru skólarnir fram á 5.100 stundir til sérkennslu á viku en fengu úthlutað 3.081 tíma til sérkennslu. Fræðsluumdæmið fór þó í 3.264 stundir alls." — Þá eru hún að tala um Reykjavíkurfræðsluumdæmi.

„Árið 1992 sóttu skólarnir um 5.800 stundir til sérkennslu en fengu úthlutað 3.139 stundum. Fræðsluumdæmið hefur nú farið í 3.264 stundir vegna þeirrar miklu aukningar sem átt hefur sér stað í þessum efnum."

Hér hafa einnig verið nefnd þau börn sem búa á þessu svæði og eru ekki talandi á íslenska tungu, börn sem koma erlendis frá. Í því sambandi kemur stutt viðbót frá fræðslustjóranum sem ég ætla að leyfa mér að lesa líka, með leyfi forseta:

„Til viðbótar við þann fjölda nemenda sem þurfa á sérkennslu að halda í grunnskólum borgarinnar eru nú á þriðja hundrað nemendur (221) sem koma erlendis frá og þurfa á verulegri íslenskuaðstoð að halda. Af þeim eru 82 börn sem eru af erlendu bergi brotin og tala litla sem enga íslensku og þurfa mikla aðstoð og 139 börn af íslensku bergi brotin sem hafa dvalið langdvölum erlendis og þurfa á aukinni íslenskukennslu að halda. Sum þessara barna tala og skrifa mjög bjagað mál."

Í þessu kemur fram að það er mjög mikill skortur á fjármagni til þess að sinna þessum útlendu börnum þar sem í dag tekið er af þessari sérkennslufjárveitingu í þá þjónustu. Hæstv. ráðherra lýsti því yfir áðan að þarna væri ekki nógu vel haldið á málum og ég lýsi ánægju með þá yfirlýsingu og vona að hún hafi í för með sér að þarna verði breyting á.

Það mætti segja margt fleira um þetta mál en ég ætla ekki að fara út í það að endurtaka mínar ræður frá síðasta ári um nákvæmlega sama málefnið. En ég vil segja lokum að það er óhætt að segja að það sé margt sérstakt við okkar þjóðfélag þegar við berum það saman við önnur þjóðfélög. Þar á meðal er þetta vandamál í grunnskólanum. Þá eru það sérstaklega grunnskólarnir á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Nú er ég fulltrúi landsbyggðarkjördæmis og veit að víða á landsbyggðinni eru þessi mál í miklu betra horfi en hér. M.a. er þar yfirleitt samfelldur skóladagur vegna þess að börnin eru keyrð um nokkurn veg í skóla og að sjálfsögðu ekki ástæða til að keyra þau heim í mat, eða eitthvað slíkt. Víða á landsbyggðinni eru þessi mál því í býsna góðu lagi. En aftur á móti eru á Reykjavíkursvæðinu víða uppi gífurleg vandamál vegna þess að skóli er ekki samfelldur og skóladagur er ekki langur. Ég veit ekki hvort ætlast er til að foreldrar grípi inn í og hjálpi en a.m.k. vitum við það að foreldrar hjálpa ekki börnum sínum í nokkru samræmi við það sem var áður fyrr þegar allar konur voru heima og þær voru bókstaflega aðstoðarkennarar heima fyrir. Þessu er því miður ekki að mæta í dag og því er það áhyggjuefni að ekki skuli vera betur staðið að málum grunnskólans. Við heyrum umræðu um lyklabörn og nú er farið að tala um pokabörn, sem eru þau blessuð börn sem fá ekki einu sinni að koma inn heima hjá sér heldur er settur poki á hurðarhúninn með einhverju nesti í. Auðvitað vonum við og trúum því að þetta séu algjör undantekningartilfelli en engu að síður er þetta til og af því hljótum við öll að hafa áhyggjur.

Ég get ekki sagt annað í lok máls míns en að ég vona að þessi niðurskurður, sem sjálfsagt verður samþykktur með þessum lögum, eigi bara að vera í ár og við þurfum ekki að standa í þessum sporum að ári, hvort sem það verður í desember þessa árs eða janúarmánuði næsta árs, talandi um nákvæmlega sömu hlutina. Það ætla ég að hafa mín síðustu orð.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. vitnaði í orð mín frá 20. jan. í fyrra þar sem ég gerði athugasemdir við þann málflutning sem uppi var hafður varðandi þessar aðhaldsaðgerðir okkar þar sem talað var um að það jafngilti að kennslu sex ára barna yrði hætt. Það yrði hætt kennslu í einstökum tungumálum. Það væri verið að

leggja niður 200 stöðugildi, eða hver talan var nú. Ég fann að þessum málflutningi vegna þess að það var látið að því liggja að eitthvað svona væri að gerast og það gerðist ekkert svona. Það var einmitt þetta sem hv. þm. Björn Bjarnason var að ræða í þessari grein, sem þingmaðurinn vitnaði einnig til, og þar sem hann hvatti til þess að tekin yrði ákvörðun um það sem allra fyrst með hvaða hætti þessar aðhaldsaðgerðir yrðu framkvæmdar. Það var einmitt gert með ákvörðuninni um hinn skerta kennslutíma sem ég hef rakið.

Síðan kemur ítrekað fram krafa um að menntmrn. stýri því nákvæmlega hvernig þessar aðhaldsaðgerðir verði framkvæmdar. Það er alltaf sama þversögnin hjá þessum ágætu þingmönnum. Það er krafist sjálfstæðis fyrir hina einstöku skóla en þegar kemur að einhverjum óþægilegum ákvörðunum þá eiga þær að koma í smáatriðum frá menntmrn. Það er þessu sem ég er að mótmæla.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir tók ekki svo til orða eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, að þetta væri bara sent til einhverra manna úti í bæ eins og hann orðið það. Hverjir eru þessir menn úti í bæ? Það eru stjórnendur skólanna sem talað er til með þessum hætti á hv. Alþingi af einstökum þingmönnum. Þessu mótmæli ég alfarið. Skólastjórnendunum er fyllilega treystandi til að koma því til skila með sem hagkvæmustum hætti að nýta fjármagnið sem þeir hafa til ráðstöfunar.

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Með sem hagkvæmustum hætti, sagði hæstv. ráðherra. Hvernig gat hann þá fullyrt það í þessari umræðu fyrir ári síðan að þetta mundi ekki bitna á íslenskunni? Það er það sem ég er að tala um. Fyrst hann hafði ekkert fyrir sér í því. Hann talaði alltaf um einhverjar skiptistundir og sparistundir eða hvað það nú var. (**Menntmrh.:** Hvorugt.) Sennilega hefur hann ekki sagt sparistundir. Það hafa frekar verið orð okkar. (**Menntmrh.:** Ekki skiptistundir heldur.) Nei, ekki skiptistundir heldur. Það sem mér er minnistæðast úr þeirri umræðu, hæstv. ráðherra, er að þetta væri ekki svo mikið mál því þetta mundi ekki bitna á íslenskunni. Þetta mundi ekki bitna á stærðfræðinni og þetta mundi ekki bitna á tungumálunum. Þetta stendur eftir í mínum huga eftir ræður hæstv. ráðherra frá síðasta ári og þess vegna finnst mér það skrýtið ef hann hefur sett þetta fram með þessum hætti án þess að hafa nokkuð fyrir sér í því nema bara vonina um að skólastjórarnir geri þetta einhvern veginn öðruvísi eða geri þetta, eins og hann sagði, á hagkvæman hátt.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er dálítið athyglisvert hversu margir hv. þm. eru að rugla saman og tala um sparistundir og skiptistundir. Ég hef ekkert talað um það. Ég var að tala um þær stundir sem eru til ráðstöfunar fyrir skólana. Þær sem hafa verið skertar. Ég hef viðurkennt það að ég vissi ekki svo gjörla að þær væru notaðar svo mjög til þess að bæta við íslenskukennsluna. Ég bendi bara á að menn verða að hafa í huga að það gildir ákveðin auglýsing. Ég gleymdi að svara hv. þm. Svavari Gestssyni þegar hann spurði hvaða auglýsing væri í gildi. Það er auglýsing í gildi frá 13. apríl 1992 um viðmiðunarstundaskrána. Það er verið að bæta við þá stundaskrá þeim stundum sem skólarnir hafa til ráðstöfunar og það eru þær sem eru skertar, en það er ekki verið að skerða það sem segir í viðmiðunarstundaskrá að kenna skuli í hinum einstöku fögum. Þetta er bara grundvallaratriði.

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég mismælti mig þegar ég fór að tala um skiptistundir. Það voru þessir fjórir ráðstöfunartímar sem hæstv. ráðherra var að meina og vissi ekki að væru notaðir að hluta til í íslenskukennslu en hefur fengið vitneskju um núna. Þess vegna vil ég bara ítreka það sem ég sagði áðan að það er ekki orðið of seint að draga þetta frv. til baka þar sem hæstv. ráðherra hefur fengið þessar upplýsingar.

Útbýting þingskjals:

Lánsfjárlög 1993 o.fl., 145. mál, þskj. 606.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég veit að hér á að hefjast utandagskrárumræða eftir um það bil 15 mínútur. Ég reikna með að þurfa að tala lengur en mun samt hefja ræðu mína. Það er frv. sem lætur fremur lítið yfir sér sem hér er til umræðu, frv. til laga um breytingar á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla, sbr. lög nr. 1/1992. Hér hafa stjórnarþingmenn gengið um og sagt: Þetta er bara smámál. Þetta verður fljótafgreitt.

En það vill nú svo til, virðulegi forseti, að hér er stórmál á ferð. Þetta er stórmál sem snertir alla grunnskóla landsins. Þetta er stórmál sem snertir öll heimili landsins og þetta er stórmál sem snertir framtíð þjóðarinnar. Ég verð að segja að mér finnst svo makalaust að hlusta á málflutning ráðherrans að það liggur við að ég sé orðlaus. En það þýðir ekki að ég ætli að hætta við ræðu mína því ég hef margt um þetta mál að segja.

Ég ætla fyrst að víkja nánar að orðum hæstv. menntmrh. sem hann lét falla bæði í ræðu sinni og andsvörum og þá það fyrst að minni hluti menntmn. yrði sendur heim með sitt nál. ef hann væri á skólabekk og sagt að vinna það betur. Mér finnst eftir að hafa hlustað á málflutning hæstv. menntmrh. að orð sem þessi komi úr hörðustu átt því það hefur komið fram aftur og aftur að hann veit harla lítið um það hvað ráðuneytið hefur verið að gera eða hvaða afleiðingar þær ákvarðanir sem hafa verið teknar í kjölfar tillagna menntmrn. þýða. Ég held að honum væri nær að fara í sitt ráðuneyti og kynna sér málin betur og koma hingað með upplýsingar um þær afleiðingar sem frv. eins og þetta hefur.

Að leggja þetta frv. fram án þess að því fylgi nokkrar upplýsingar um það hvaða afleiðingar niðurskurðurinn hafði, sem ákveðinn var í upphafi ársins 1992, er fyrir neðan allar hellur að mínum dómi. Ég

gat ekki betur heyrt í hans máli áðan en að hann ætlaðist helst til þess að Kennarasamband Íslands hefði upplýsingar um það hvar niðurskurður hefði komið niður í kennslu. Ef það er ekki ráðuneytið sem á að fylgjast með því hvernig ákvörðunum Alþingis er framfylgt, ef það er ekki ráðuneytið sem er yfirstjórnandi skólamála þá veit ég ekki hver það er. Þar með er ekki sagt að ráðuneytið eigi að vera með puttana í öllu því sem gert er, hreint ekki. En það hlýtur að vera hlutverk ráðuneytisins að fylgjast með því hvernig lögum er framfylgt. Mér finnst alveg makalaust að hlusta á þennan málflutning.

Það var aðeins komið inn á þann málflutning sem Kennarasamband Íslands hafði uppi í fyrra. Ég get ekki látið hjá líða að nefna það að Kennarasambandið var að draga það fram í dæmum hverju þessi niðurskurður jafngilti. Hann jafngilti t.d. því að leggja niður kennslu í sex ára bekk. Þar með var aldrei sagt að það væri það sem stæði til heldur var einfaldlega verið að reyna að sýna fram á hvað þarna var stórt dæmi á ferð.

Ég get heldur ekki látið hjá líða að minnast á þau vinnubrögð sem fram hafa komið í sambandi við þetta frv. Það var lagt fram nokkrum dögum fyrir jól en augljóst mátti vera að það tengdist framkvæmd fjárlaga. Ég kann ekki skýringar á því hvers vegna frv. kom svona seint fram þar sem það kom fram í fjárlögum strax á haustdögum að til stæði að halda áfram þessum niðurskurði. Það er ekki við stjórnarandstöðuna að sakast í því að þetta frv. komst ekki í gegn fyrir jól og ég var ekki vör við að það væri mikill þrýstingur af hálfu ríkisstjórnarflokkanna að koma þessu máli í gegn. Þó var samþykkt að koma því til nefndar fyrir jól.

Það vakti auðvitað mikla athygli í upphafi síðasta árs að foreldrar tóku við sér þegar þeim varð ljóst hvað hinn svokallaði bandormur, sem þá var til umræðu, hafði í för með sér. Það voru haldnir margir fundir úti um allt land vegna þessa niðurskurðar þar sem honum var harðlega mótmælt. Eins og hér hefur komið fram mætti hæstv. menntmrh. á flesta þessa fundi og hafði þar uppi fögur orð um að hér væri á ferð einstök aðgerð. Ég get vitnað í ummæli sem hann lét falla á þingi í umræðum 20. jan. þar sem hann sagði, með leyfi forseta:

„Ég segi enn og aftur: Hér er um tímabundna aðgerð að ræða. Þetta er aðgerð sem fer fyrst og fremst fram á árinu 1992. En það hefur komið fram og kom fram strax við myndun þessarar ríkisstjórnar að hún ætlaði sér tvö ár til að ná tökum á ríkisfjármálunum. Þannig er ekki verið að nema varanlega úr lögum ýmis ákvæði sem í grunnskólalögum eru. Það er verið að taka vissa þætti úr sambandi á árinu 1992."

Það liggur því fyrir að hæstv. menntmrh. margítrekaði að hér væri um tímabundna aðgerð að ræða. Hann er náttúrlega að svíkja þau loforð nú. Hann er að svíkja börn landsins, hann er að svíkja foreldra landsins og hann er að svíkja framtíð landsins. Ég mótmæli harðlega þessu frv. og að það skuli vera ætlunin að framlengja þennan niðurskurð upp á 100 millj. kr.

Hér er nýbúið að samþykkja fjárlög sem m.a. fela í sér 50 millj. kr. fjárveitingu til óþarfrar hafnar á Blönduósi. Hér var því hafnað að lækka fjárveitingar til varnarmálaskrifstofu utanrmrn. Ég spyr: Hvers konar verðmætamat er þetta? Hvað er þessum meiri hluti á Alþingi einhvers virði? Hvað felst í því að skera niður 100 millj. sem hægt er að gera ótrúlega mikið fyrir í grunnskólum landsins en vera svo að samþykkja alls konar hluti sem vel mega bíða? Hvers konar verðmætamat er þetta?

Það er rétt að renna aðeins í gegnum þær breytingar sem hér er verið að gera. Í fyrsta lagi er um það að ræða að hér er verið að fresta því að sveitarfélögin komi á fót skólamáltíðum handa börnum í grunnskólum landsins. Þar er verið að fresta því að koma á fót skólaathvörfum sem einnig heyra undir sveitarfélögin. Það er verið að framlengja niðurskurð á kennslu sem ákveðinn var í upphafi sl. árs og það verður áfram í gildi heimild til þess að fjölga í bekkjum upp í allt að 30 nemendur. Allt þetta er verið að gera fyrir 100 millj. kr. Við hljótum að spyrja okkur, hver verða áhrifin af þessari framlengingu? Það eru þegar komin fram allveruleg áhrif og þau nokkuð alvarleg. Við hljótum að tengja þessa stefnu og þetta verðmætamat og þessa forgangsröð ríkisstjórnarinnar við stöðu barna í okkar samfélagi. Við hljótum að spyrja okkur: Hvernig er búið að börnum í okkar samfélagi? Þola þau þennan niðurskurð? Mitt svar við því er nei og ég ætla að rökstyðja það betur hér á eftir.

Það hefur komið fram í umræðunum að niðurskurðurinn á kennslu hefur m.a. bitnað á íslensku, stærðfræði og tungumálum. Þetta sögðu fulltrúar Kennarasambands Íslands sl. vetur að gæti verið yfirvofandi en ráðherrann geystist um landið og hélt því fram að íslenska yrði undir engum kringumstæðum skorin niður. Eins og hann sagði hér áðan, þá datt honum greinilega ekki í hug að það gæti orðið. Ég vil minna hæstv. menntmrh. og fulltrúa meiri hlutans hér á þingi á að það er markmið ríkisstjórnarinnar samkvæmt þeim títtnefnda bæklingi, Velferð á varanlegum grunni, að efla sérstaklega íslenskukennslu. Það er í hennar stefnu að efla sérstaklega íslenskukennslu, en í staðinn hefur þessi niðurskurður orðið til þess að hún hefur verið skorin niður og sérstaklega sú nauðsynlega viðbótarkennsla sem skólarnir hafa boðið upp á.

Þá liggur það einnig fyrir í þeim upplýsingum sem við höfum undir höndum að bekkjardeildum hefur fækkað alls um 34 á landinu. Sú fækkun hefur aðallega komið fram í Reykjavík og á Reykjanesi þar sem eru náttúrlega langsamlega fjölmennustu skólarnir. Jafnframt hefur stöðugildum kennara fækkað nokkuð. Við höfum nú ekki ábyggilega tölu um þá fækkun en m.a. hefur leiðbeinendum fækkað, en fyrst og fremst hefur yfirvinna verið skorin niður. Það gefur auga leið að til þess að uppfylla kennsluskyldu, þá hafa skapast ýmis vandamál. Kennarar geta ekki tekið að sér kennslu í öllum greinum og helst ekki í öðrum en þeim sem þeir hafa sérmenntað sig til þó það sé auðvitað misjafnt eftir því á hvaða aldri börnin eru. — Virðulegi forseti. Ég var að fá hér skilaboð um það að það væri meiningin að ég lyki minni ræðu, en ég á svona klukkutíma eftir af henni. Ég vil bara upplýsa það.

(**Forseti:** Það kemur nú forseta svolítið á óvart. En það hafði engu að síður verið gert ráð fyrir að ljúka umræðu um þetta frv. áður en utandagskrárumræðan færi fram. Það hefur kannski verið of mikil bjartsýni hjá forseta að halda að hún yrði búin um þetta leyti.) Eftir því sem ég best veit, eru allnokkrir á mælendaskrá. (**Forseti:** Já. En þá verðum við bara að leyfa hv. þm. að ljúka sinni ræðu og þá sjáum við til hvað tímanum líður.)

Ég gat þess áðan, virðulegi forseti, að til þess að sýna fram á hve alvarlegt mál er hér á ferð og hversu alvarlegur þessi niðurskurður er, þá hljótum við að velta fyrir okkur stöðu barna og stöðu fjölskyldunnar í íslensku samfélagi. Okkur hafa borist á síðasta ári allnokkrar rannsóknir og skýrslur sem varða stöðu barna hér á landi og mér er þar ekki síst minnisstæð ráðstefna sem haldin var í ágústmánuði og fjallaði um illa meðferð á börnum. Okkur hafa borist upplýsingar um vegalaus börn og vannærð börn, börn sem eiga í vandamálum af félagslegum og sálfræðilegum orsökum auk námsörðugleika sem fjöldi barna á við að stríða. Samkvæmt þeim upplýsingum sem okkur hárust í menntmn., þá eru það um 2.400 börn af rúmlega 13 þúsund sem eiga við ýmiss konar örðugleika að stríða. Af þessum 2.400 er um helmingurinn eða 1.200 hér í Reykjavík sem eiga við mikinn vanda að stríða eins og það var skilgreint af hálfu fulltrúa Barnaheilla sem er sérfræðingur í skólamálum. Að hans mati eru skólaathvörf eitthvað það besta úrræði sem skólarnir geta boðið börnum upp á. Því miður er það nú svo að börn í okkar samfélagi eru beitt ofbeldi af ýmsu tagi, t.d. einelti. Íslensk börn verða oftar fyrir slysum en börn í öðrum löndum Evrópu. Þetta leiðir okkur að þeirri niðurstöðu að aðbúnaður barna í okkar samfélagi er of slæmur og skólinn er eitt af þeim úrræðum sem við höfum til þess að fylgjast með börnum og til þess að veita þeim aðstoð og aðhlynningu þó að auðvitað megi ekki koma öllu uppeldishlutverkinu yfir á herðar skólans. Það er auðvitað foreldranna að bera ábyrgð á uppeldi barna sinna, en þar skiptir skólinn að sjálfsögðu miklu máli. Og mig langar að vitna hér í viðtal við Pétur Lúðvígsson barnalækni sem birtist í Morgunblaðinu 11. júlí á síðasta ári þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Það er ríkt í okkur Íslendingum að það sé eðlilegt að börn sjái að miklu leyti um sig sjálf og jafnvel að þau hafi gott af því. Sem dæmi um þetta get ég nefnt að í sjónvarpinu hefur nýlega verið auglýst námskeið fyrir börn í því að gæta barna.“ Síðar í viðtalinu segir: „Stór hluti landsmanna býr í borgarsamfélagi þar sem börn eru í mikilli hættu, t.d. í umferðinni og jafnvel vegna annars fólks.“ (**Forseti:** Þögn í salnum.) Og enn síðar segir: „Við verðum að taka tillit til þess að í dag hafa börn mun meiri þörf fyrir að vera studd og vernduð en í gamla sveitasamfélaginu vegna þess að stórfjölskyldan er ekki lengur til.“

Og blaðamaður hefur fleira eftir Pétri Lúðvígssyni. Hann nefnir að samkvæmt rannsóknum séu slys á börnum mun algengari hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum og kannanir sýni að um þriðjungur þriggja ára barna komi að jafnaði einu sinni á ári á slysavarðstofu.

Það er sem sagt mjög margt sem beinir sjónum að slæmri stöðu barna í okkar samfélagi og þá ekki síst aðgerðir núv. ríkisstjórnar sem hafa síst orðið til þess að bæta stöðu fjölskyldunnar í landinu. Og þegar þar við bætist árás á skólakerfið af því tagi sem við erum að ræða, þá er ekki á góðu von. Ríkisstjórnin hefur skert barnabætur, hún hefur stórhækkað skatta á fjölskyldur í landinu, hún hefur hækkað þann lyfjakostnað eða þann hluta sem fjölskyldur verða að greiða fyrir lyf. Hún er búin að koma á skólagjöldum bæði í háskólum og menntaskólum. Hún er búin að þrengja mjög hag námsmanna með breytingum á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna og hún hefur komið á þjónustugjöldum af ýmsu tagi, svo sem á heilsugæslustöðvunum. Allt íþyngir þetta fjölskyldunum í landinu. Þar við bætist svo vaxandi atvinnuleysi og samdráttur í tekjum sem hlýtur að leiða af sér félagsleg vandamál af ýmsu tagi sem því miður bitna á börnum og unglingum. Af þessu dreg ég þá ályktun að börn þurfi á aðstoð samfélagsins að halda og það þurfi að styðja fjölskyldurnar og það þurfi að styðja skólakerfið. En hér er verið að fara þveröfuga leið. Hér er verið að vega að skólakerfinu á tímum þegar það þarf hvað mest á auknum stuðningi að halda. Ég óttast að þetta eigi eftir að verða samfélaginu dýrt.

Það verður ekki hjá því komist að minnast aðeins á stefnuna í skólamálum og hver stefna þessarar ríkisstjórnar er eiginlega. Við höfum haft óljósar fregnir af því að það sé nefnd í gangi sem er að endurskoða gildandi lög um skólakerfið, bæði grunnskólann og framhaldsskólann, en það hefur afar lítið heyrst af því hvað þar er á ferð þó að ríkisstjórnin hafi að sjálfsögðu ákveðna yfirlýsta stefnu í þessum málum. Það má auðvitað hugsa sér ýmsar leiðir í skólamálum eins og þá að hafa eingöngu góða og öfluga ríkisskóla, ríkisskóla fyrir alla. Það má líka hugsa sér sambland af ríkisskólum og einkaskólum. Það má líka hugsa sér að áherslan sé mest á einkaskóla en að síðan séu til skólar fyrir hina efnaminni eins og t.d. er allnokkuð um í Bretlandi þar sem hinir ríkari senda börn sín í einkaskóla en allur almenningur fer í ríkisskólana.

Stefnan á Norðurlöndum hefur fyrst og fremst verið sú að skapa ríkisskóla fyrir alla og hefur hún auðvitað veitt Norðurlöndum ákveðin forgang fram yfir önnur lönd þar sem öllum börnum hefur gefist kostur á ákveðinni menntun. Ég tel reyndar að slíkt kerfi hafi marga kosti þó að ég vilji koma þeirri skoðun á framfæri að ég tel einkaskóla vissulega eiga rétt á sér þegar um er að ræða að þeir séu reknir t.d. af hugsjónaástæðum, sbr. t.d. kvennaskóla, en misrétti og dekur við einkaskóla sem hampa ákveðnum þjóðfélagshópum, jafnvel á kostnað annarra, er stefna sem mér er ekki að skapi. En meginmálið er það að í skólamálum verður að ríkja nokkurn veginn samstaða um stefnuna. Ekki síst í litlu samfélagi eins og okkar verður að ríkja nokkurn veginn samstaða um stefnuna í skólamálum vegna þess að það er okkur einfaldlega allt of dýrt að vera með mörg kerfi í gangi. Að mínum dómi hefur

þessi ríkisstjórn farið fram af nokkru hugsunarleysi í þessum efnum. Í rauninni er afar erfitt að átta sig á því hver stefna hennar er í skólamálum því að við höfum fátt eitt séð af því nema niðurskurðinn og ég hlýt að spyrja hæstv. menntmrh., hvað líður endurskoðun grunnskólalaganna og framhaldsskólalaganna og hvaða stefna er þar á ferð, hvers er að vænta í skólamálum.

Ég hélt því fram hér áðan að það væri sjaldan meiri þörf á því en nú að styrkja stöðu barna og fjölskyldunnar á erfiðum tímum og þegar sótt er að börnum úr ýmsum áttum og það eru margar leiðir til þess. Það er sú leið, sem ég held að sé nú yfirlýst af flestum stjórnmálflokkum, að hér beri að koma á samfelldum skóladegi til þess m.a. að tryggja öryggi barna og til þess að þau eigi sér athvarf yfir daginn meðan þeirra foreldrar vinna sinn allt of langa vinnudag, en þessi niðurskurður sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir gerir auðvitað slíka stefnumörkun mjög erfiða.

Í öðru lagi er hægt að styðja börn með því að koma á máltíðum í skólum og það var afar nöturlegt að heyra það sem var nefnt í menntmn. um að þess væru dæmi að kennarar tækju börn inn á kennarastofu til sín og gæfu þeim að borða vegna þess að þau kæmu í skólann án þess að hafa fengið nokkurn matarbita. Hvers konar ástand er það þegar svo er komið? Ég þekki nú að vísu dæmi um það frá mínum ferli sem framhaldsskólakennari að sumum nemendum gengur illa að vakna á morgnana og koma hlaupandi upp úr rúminu og hafa ekki tíma til þess að fá sér neitt að borða. En þegar kennarar sjá þess merki að börn séu hreinlega vannærð, þá er nú kominn tími til að fara að gæta að sér.

Skólaathvörfin eru enn eitt dæmi um aðgerð sem kemur börnum til góða eins og ég nefndi hér áðan, þá voru þau nefnd sem eitt besta úrræðið til þess að styðja börn, til þess að veita þeim hjálp í námi og til þess að þau eigi þá athvarf. Það má einnig nefna öfluga kennaramenntun og skýra stefnumörkun og skýr markmið í skólamálum og síðast en ekki síst með stuðningi við fjölskyldurnar sem m.a. er hægt að sýna í gegnum skattakerfið. En eins og nýleg dæmi sanna, þá hefur ríkisstjórnin farið þveröfuga leið og hefur sérstaklega ráðist á barnafjölskyldur í landinu. Af því dreg ég þá ályktun að þessi ríkisstjórn sé vægast sagt fjandsamleg bæði fjölskyldunum og börnum þessa lands.

Ég er þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að þær 100 millj. sem hér er verið að skera niður — og nú ætla ég að reyna að stytta mál mitt, það er settur á mig allnokkur þrýstingur vegna þeirrar umræðu sem er hér fram undan og er mjög alvarleg og brýn og þess vegna ætla ég að reyna að stytta mál mitt eins og ég mögulega get. En það er mín skoðun að þessar 100 millj. sem hér á að skera niður séu nú einhverjar dýrustu 100 millj. sem um getur í fjárlögum þessa árs og hér er þó sannarlega verið að ráðast á garðinn þar sem hann er allra lægstur. Hér er verið að skerða möguleika skólanna til þess að veita börnum og unglingum betri menntun, m.a. til að bregðast við slælegri kunnáttu í móðurmálinu og á tímum þegar nánast allar þjóðir leggja aukna áherslu á menntun til þess að geta staðið sig í samkeppninni, til þess að geta búið sig undir framtíðina, þá gengur íslenska ríkisstjórnin fram og sker niður. Mér er kunnugt um það að þrátt fyrir niðurskurð bæði í Noregi og Finnlandi, mikinn niðurskurð og ekki síst í Finnlandi þar sem hafa dunið yfir miklir efnahagslegir erfiðleikar, þar hafa menn hlíft menntakerfinu og menningunni en hér er nú eitthvað annað. Þetta er mjög alvarlegt í ljósi þess að hér var verið að samþykkja fyrir örfáum dögum frv. til laga um staðfestingu á samningi um Evrópskt efnahagssvæði og verði sá samningur að veruleika, þá kallar hann á aukna samkeppni íslenskra atvinnuvega við þjóðir hins Evrópska efnahagssvæðis og ætlar ríkisstjórnin að bregðast við því með niðurskurði í menntamálum? Ætlar ríkisstjórnin að bregðast við þessari vaxandi samkeppni með niðurskurði í menntamálum? Til hvers leiðir það? Hvernig munum við þá standa ef okkar menntakerfi verður áfram svelt með þeim hætti sem nú er og það gildir einnig um framhaldsskólann og háskólana?

Það hefur verið minnst á það í umræðunni að erlendum börnum hefur fjölgað allnokkuð hér á landi vegna þess að útlendingar hafa verið að flytja hingað til lands en þar er einnig um að ræða börn Íslendinga sem eru að koma heim og þurfa á stuðningi að halda til þess að læra móðurmálið. Í tengslum við samninginn um EES má búast við því að útlendingum fjölgi eitthvað hér og þar með þurfi að veita erlendum börnum aukna þjónustu, hjá því verður ekkert komist, enda eiga þau rétt á því að fá þá félagslegu þjónustu sem hér er veitt.

Mín niðurstaða, virðulegi forseti, er sú að hér er á ferðinni mjög vont frv. sem eins og ég nefndi áðan bitnar bæði á börnum, foreldrum og framtíð þjóðarinnar. Ég get endurtekið það hér enn og aftur að á tímum eins og þessum er afar brýnt að reyna að styðja börn og fjölskyldur og við hljótum að taka mið af þeim alvarlegu upplýsingum sem við höfum fengið um stöðu barna í okkar samfélagi. Við hljótum að verða að taka mið af þessu því að það verður okkur svo dýrt í framtíðinni ef verið er að eyðileggja og skaða einstaklinga á barnsaldri. Það er þeim sjálfum dýrt og það er öllu samfélaginu dýrt og þá er ég ekki að tala í skilningi peninga, heldur ekki síður í lífshamingju og framtíðarvonum.

Ég vil allra síðast nefna það, virðulegi forseti, að lánsfjárlögin eru enn þá óafgreidd en ég reikna með að þau verði afgreidd hér síðar í dag. Það er því enn tækifæri til þess að hætta við þetta frv., draga það til baka og ég skora á hæstv. menntmrh. að draga þetta vonda frv. til baka. Fyrst ríkisstjórnin getur nú hætt við 400 millj. kr. skattheimtu eins og ekkert sé, enda reyndist þar vera mikil hringavitleysa á ferðinni, þá hlýtur að vera réttlætanlegt að bæta 100 millj. kr. við lánsfjárlögin. Þó að við búum við erfiðleika og þó að skuldastaða þjóðarinnar sé býsna erfið, þá held ég að okkur verði það mun dýrara í framtíðinni að spara þessar 100 millj. heldur en taka þær nú að láni og að reyna að bæta okkar grunnskólakerfi.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. spurði hvað liði endurskoðun grunnskólalaga og hvers væri að vænta um stefnuna. Ég hef svarað þessari spurningu áður að áfangaskýrslu fæ ég núna í þessum mánuði. Nefndin mun starfa til marsloka og það er að sjálfsögðu ekki unnt á þessu stigi að fara að greina frá einstökum hugmyndum eða tillögum sem uppi hafa verið hjá nefndinni. Það er ekki hægt fyrr en áfangaskýrslunni hefur verið skilað og ég vona að það sé skilningur á því.

Hv. þm. nefndi eins og fleiri hafa gert að þetta frv. hafi komið seint fram. Hún sagði að vísu nokkrum dögum fyrir jól, ég man nú ekki alveg dagsetninguna. Það var í fyrri hluta desembermánaðar og ég hef viðurkennt að það hafi verið nokkuð seint og það er fjarri mér að fara að kenna stjórnarandstöðunni um að ekki tókst að afgreiða það fyrir jól þó að mig minni endilega að stjórnarandstaðan hafi þurft að tala dálítið hérna í desembermánuði um önnur mál en þetta. (Gripið fram í.) Nei, það var bara smávegis.

Þá var enn vitnað í orð mín frá 20. jan. Þetta hefur verið hin merkasta ræða eða ræður sem ég hef haldið þann dag. Ég veit svo sem vel af því en ég hef margskýrt það út líka hvers vegna það er sem við þurfum að halda áfram með okkar aðhaldsaðgerðir en ég er löngu hættur að gera kröfur til þess að stjórnarandstæðingar skilji það.

Niðurstaða hv. þm. var sú að ég hefði svikið börnin, ég hefði svikið foreldrana og ég hefði svikið framtíð þessa lands. Það var ekkert minna. Svona bulli vísa ég náttúrlega alfarið frá mér.

Útbýting þingskjala:

Frestun á fundum Alþingis, 334. mál, þáltill. forsrh., þskj. 607.

Niðurskurður kennslustunda 1992, 335. mál, fsp. SvG o.fl., þskj. 608.

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að sú umræða sem hér fer fram um það frv. sem fyrir liggur sýni enn og sanni og undirstriki að mörgu leyti þá þverstæðu og hráskinnsleik sem margir eru uppvísir að í umr. um skólamál og í raun verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga því að hér kveður auðvitað við þann tón enn og aftur að annars vegar er talað um nauðsyn þess að auka áhrif heima í héraði, auka áhrif skólamanna, kennara, foreldra barna og sveitarstjórnarmanna en í hinu orðinu er hæstv. menntmrh. eltur uppi með það að hann standi ekki skil á því að kennslu í einni eða annarri grein skuli ekki vera haldið til haga þrátt fyrir niðurskurð. Þetta kemur auðvitað ekki heim og saman en er því miður ekki einhlítt og ég sem sveitarstjórnarmaður finn auðvitað mjög oft fyrir þessu í samskiptum við ríkisvald og hið háa Alþingi. Ég hygg að aðrir hv. þm., sem hafa auðvitað margir hverjir sinnt störfum í sveitarstjórnum víða um land, þekki einmitt þessi dæmi sem eru fjölmörg. Og enn og aftur verður maður var við þetta viðhorf í nál. minni hluta menntmn. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Sveitarfélögin kosta skólamáltíðir og þess vegna eru engin rök fyrir því að fella þetta ákvæði niður í grunnskólalögum sem flutt er í lagafrumvarpi vegna ástandsins í ríkisfjármálum."

Þetta segir í mæltu máli að það er allt í lagi að leggja þessar klyfjar, þennan aukakostnað á vegna þess að annar borgar, vegna þess að sveitarfélögin borga brúsann. Þetta er of ríkt í hinu háa Alþingi og hjá framkvæmdarvaldinu. Það þekkja sveitarstjórnarmenn fyrr og síðar.

Nú er það þannig, einmitt hvað varðar þetta tiltekna efnisatriði, skólamáltíðir, að í fjölmörgum sveitarfélögum þar sem metnaður er fyrir hendi að efla skólana og allt þeirra starf að margir skólar og mörg sveitarfélög hafa einmitt tekið upp þessa þjónustu þrátt fyrir það að skýr lagafyrirmæli setji ekki þær kvaðir á viðkomandi sveitarstjórnir. Þannig er það til að mynda í mínu sveitarfélagi að hægt og bítandi hefur sveitarstjórnin í ágætu samstarfi við skólana verið að koma þessari þjónustu á. Og það leiðir mig að þeirri hugleiðingu hvort hið háa Alþingi einmitt í lagafrumvörpum á borð við grunnskólalög fari ekki stundum offari í lagafyrirmælum til framkvæmdar- og rekstraraðila. Það ber nefnilega einatt á talsverðu vantrausti á hendur þeim aðilum sem ábyrgðina bera og hita og þunga dagsins bera, þ.e. þessara framkvæmdaraðila sem í orði kveðnu margir hv. þm. tala um að eigi að auka áhrif og ábyrgð hjá. Það er þessi þverstæða sem er ekki ný af nálinni en skín mjög glatt í þeirri umræðu sem hér á sér stað.

Nú ætla ég ekki að draga dul á það, virðulegi forseti, að það frv. sem hér er til umræðu og afgreiðslu er ekki af þeim toga að nokkur taki því með húrrahrópum. Hér er um ákveðna nauðvörn að ræða, ákveðna aðgerð sem ég hygg að ekki sé mörgum að skapi. Hitt er auðvitað fjarri öllu lagi og það hygg ég að flestir þeir viti sem eitthvað þekkja til og hafa kynnt sér af raun, þekkja til gangs skólamála, til að mynda á síðasta ári og leyfa sér ekki að halda því fram að þetta ákvæði sem þá var sett til bráðabirgða hafi sett allt skólastarf þannig á hliðina að börn þessa lands væru í stórhættu. Það fólk sem til þessara mála þekkir og hefur kynnt sér í hinu eiginlega skólastarfi í einstökum skólum veit auðvitað að hið ábyrga fólk heima í héraði, í skólunum sjálfum, kennarar og annað starfsfólk, foreldrar með liðsstyrk sveitarstjórna hafa auðvitað séð til þess og tryggt það af gaumgæfni að áhrif þessa niðurskurðar á börnin væri sem minnstur. Ég get að vísu auðvitað ekki fullyrt um einstaka skóla vítt og breitt um landið. En í mínu sveitarfélagi veit ég auðvitað að andinn hefur nákvæmlega verið þessi og ég þori nánast að fullyrða og treysti því að þannig hafi það verið í flestum skólum annars staðar, trúi því raunar og treysti.

Það er nefnilega þannig og er rétt að undirstrika það enn og aftur að kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga í rekstri skólanna er ekki lítilvæg og ekki léttvæg, hefur raunar vaxið að umfangi, ekki af sjálfu sér heldur

vegna aukins áhuga fjölmargra sveitarstjórna á því að bæta hag barnanna þótt engin bein lagafyrirmæli væru þar annars vegar. Metnaður rekstraraðila og heimamanna er til staðar og það er engin þörf á því, virðulegi forseti, að einstakir hv. þm., þó enginn efist um góðan hug þeirra til viðkomandi málefnis, einsetji sér að fara niður í smæstu smáatriði um rekstur þessara skóla. Það fer ekki saman við þá yfirlýstu stefnu sem ég hygg að flestir hv. þm. séu sammála um að auka þetta sjálfsforræði skólanna, þetta sjálfstæði þeirra, þessa ábyrgð þeirra og þessi áhrif þeirra. Ég trúi því einnig og treysti að sú endurskoðun grunnskólalaga sem nú er yfirstandandi og menn fá væntanlega fréttir af nú í þessum mánuði verði einmitt í þá veru að menn taki markverð skref og marktæk skref í þá átt að um raunverulega valddreifingu verði að ræða, að menn láti verkin sýna merkin, láti ekki aðeins orðin tala heldur raunveruleikann og að sveitarfélögin og heimamenn fái til þess tekjustofna og raunveruleg völd til að ráða sínum málum til að ala önn fyrir börnunum sem er auðvitað meginatriði þessa máls.

Ég nefndi til sögunnar að í fjölmörgum sveitarfélögum, fjölmörgum skólum, væru menn hægt og sígandi að stíga skref í átt til skólamáltíðar. Hér kom fram í þessum umræðum að víða úti um land væru þessi skref fjölmörg tekin nú þegar og því ber auðvitað að fagna. Það liggur líka fyrir að í fjölmörgum skólum og fjölmörgum sveitarfélögum þar sem þessi metnaður og þessi áhugi á bættu skólastarfi er til staðar, hafa sveitarfélög þegar tekið á sig auknar byrðar í krónum talið til þess að tryggja samfelldan skóladag. Þannig er sú athugun í gangi í því sveitarfélagi sem ég stýri og að því er stefnt að strax á næsta hausti verði samfelldur skóladagur til staðar þannig að börnin eigi þar skjól frá kl. 8 á morgnana þar til síðdegis. Ég vil með þessu enn og aftur undirstrika, virðulegi forseti, að það er ekki alltaf nauðsyn á því að lagasetning og löggjöf sé með þeim hætti að upp á punkt og prik, frá a til ö sé málum skipað þannig að svigrúm ábyrgðar- og áhrifaaðila heima í héraði sé nánast ekki nokkur skapaður hlutur.

Ég get náttúrlega á hinn bóginn líka nefnt það í þessu samhengi og það eru auðvitað engin ný sannindi að fjölmörg ákvæði grunnskólalaga og raunar fleiri laga sem hið háa Alþingi hefur samþykkt og sent frá sér er auðvitað með þeim hætti og hefur verið um langan tíma, ekki aðeins á yfirstandandi ári og hinu síðasta, ekki aðeins í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar eða hinnar fyrri heldur fjölmargra annarra, þau ákvæði sem aldrei hafa í raun og sanni komið til framkvæmda. Þannig er það með sálfræðiþjónustu í skólum þar sem segir að það skuli tryggja sálfræðiþjónustu, einn sálfræðing á hverja þúsund nemendur. Þannig er það auðvitað ekki. Og tilraunir í þá átt af hálfu skólanna að tryggja að þessi þjónusta væri með þeim hætti sem lög mæla fyrir um hefur ekki tekist. Þessi saga er löng og ströng og auðvitað við engan einn að sakast í þeim efnum. Hæstv. fyrrv menntmrh. þekkir þetta vafalaust sem og núv. hæstv. menntmrh., en þannig er þetta nú samt og þannig sjá auðvitað heimamenn, rekstraraðilar, skólamenn í einstökum skólum marga ágæta lagasetningu, að hún er frómar óskir en fjármunir og efndir eru ekki í réttu samræmi. Ég hygg og ég vil gera það að lokaorðum að sú endurskoðun grunnskólalaga sem nú stendur yfir eigi að leiða til þess fljótt og vel að raunveruleg valddreifing þessara mála verði loks að veruleika, að grunnskólinn verði einfaldlega færður til sveitarfélaga og í raun og sanni verði það skólamennirnir, foreldrarnir, starfsfólk skólanna sem hafi raunveruleg áhrif um það hvernig best verði alin önn fyrir börnunum okkar, hvernig best verði staðið að menntun þeirra og undirbúningi fyrir lífið. Það hygg ég að sé hin raunverulega og varanlega endurbót í skólastarfi hér á landi.

Frsm. minni hluta menntmn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að hæstv. menntmrh. þakki hv. 4. þm. Reykn. fyrir þetta. Hann hefur ekki áður, hæstv. ráðherra, fengið jafneindreginn stuðning úr Alþfl. Eins og kunnugt er, hefur hv. formaður þingflokks Alþfl. talið ástæðu til þess að sverja Ólaf Garðar af sér með opinberum hætti en það mun vera hæstv. menntmrh. sem þar er átt við (**Gripið fram í:** Það er gagnkvæmt.) þannig að nú hefur hæstv. menntmrh. hlotnast hér stuðningsmaður úr Alþfl. og er það athyglisvert og sérkennilegt að það skuli akkúrat vera þessi þingmaður miðað við þær sögur sem af honum fara.

Verst þótti mér þó við ræðu hans að hann flutti í raun og veru málsvörn fyrir því að það skipti engu máli hver situr í bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Ég ætla að segja honum það að núv. bæjarstjórn í Hafnarfirði og sú síðasta er betri en meðan íhaldið fór með málefni skóla í Hafnarfirði. Á því er reginmunur. Ef menn bera saman þróun skólamála í Hafnarfirði á undanförnum missirum, þá verð ég að segja manninum það ef hann hefur ekki kynnt sér það sjálfur að núv. bæjarstjóri stendur sig mun betur en forverar hans úr hópi íhaldsins. Og þetta segi ég hérna, virðulegi forseti, vegna þess að hann lét eins og allar sveitarstjórnir væru eins. Það er ekki þannig. Sumar sveitarstjórnir sinna skólamálum vel, aðrar sveitarstjórnir sinna skólamálum illa. Hvaða sveitarstjórn ætli það sé sem sinnir skólamálum í landinu einna lakast? Það er borgarstjórnin í Reykjavík. Það er hvergi meira um að það séu yfirbókaðir bekkir og hvergi meira um að það sé skorin niður kennsla og alls konar fjármunir til þróunarvinnu. Ég bið því bið hv. þm. að gera sér grein fyrir því að grunnskólalögin eiga að tryggja börnunum ákveðin lágmarksréttindi. Þau eru ekki sett af því að þingmenn eða ráðherrar, hverjir sem það eru, eigi að stjórna öllu í skólunum. Við viljum tryggja börnum þessi lágmarksréttindi ef svo illa fer að fólkið í sveitarfélögunum kýs yfir sig sveitarstjórnir eða bæjarstjórnir sem eru t.d. verri en núverandi bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. hrósið. Ég sagði enda í ræðu minni „þar sem metnaður ríkti í þessum

efnum". Ég gef mér það þegar aukið vald færist til sveitarstjórnanna, þá sé það skýrt og greinilegt og lítil undankomuleið í þeim efnum að þeim ber að sinna þessum málaflokki. En reynslan er sú, og ég verð auðvitað að tala almennt um þau mál, að þar sem verkefni hafa verið færð frá ríkisvaldinu til sveitarfélaga hefur þjónustan ekki dalað heldur hefur hún þvert á móti batnað. Hitt ætla ég ekki að elta ólar við og þvert á móti er ég hv. þm. ósammála um að þetta er býsna gott í Hafnarfirði.

Frsm. minni hluta menntmn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hvarflar ekki að mér eitt augnablik að hreppsnefnd Kjósarhrepps og Kjalarhrepps sýnir lítinn metnað í skólamálum. Mér er kunnugt um það að þeir sem þar eru í hreppsnefnd hafa mikinn metnað í skólamálum. Þeir hafa mikinn metnað í skólamálum í Höfnum og í Fellsstrandarhreppi og í Djúpuvík, í Breiðdalsvík og víðar. Þá vantar ekki metnaðinn. Þá vantar peningana. Það er þess vegna sem grunnskólalög eru óhjákvæmileg til að tryggja að börnin í þessum byggðarlögum njóti líka lágmarkstíma, lágmarksaðstöðu og hafi kennara með lágmarksmenntun. Þess vegna er ekki hægt að henda grunnskólalögunum í sveitarfélögin, því miður.

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins, með leyfi forseta, að hafa eftir lokaorð hv. þm.: „að henda grunnskólalögunum í sveitarfélögin." Þessi ummæli svara sér sjálf.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég tel rétt, og er því ósammála hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni, að ríkið fari með grunnskólann og menntamálin er sú að ég vil trygga jafnrétti til náms án tillits til efnahags og búsetu. Sveitarfélög eru mismunandi að afli og getu bæði núna og verða það jafnvel þótt villtustu hugmyndir um sameiningu sveitarfélaga nái fram að ganga.

Sá er munurinn á mér og hv. ræðumanni að ég vil tryggja jafnrétti til náms. Alþfl. nægir að tryggja tækifæri til náms eins og kom fram við afgreiðslu lánasjóðsfrv. á sl. vetri.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, vitna í blað, sem ég fékk sent inn um lúguna af því að ég bý í þessar mundir í Hafnarfirði, sem heitir „Í góðu jafnvægi" og er fréttabréf Félags ungra jafnaðarmanna í Hafnarfirði. Þar eru lögð nokkur heilræði fyrir krata sem ætla sér að vera í ríkisstjórn með Sjálfstfl. Eitt heilræðið er svona, með leyfi forseta: „Að aukin útgjöld til menntamála kosta aukin útgjöld til landbúnaðarmála."

Guðrún Helgadóttir:

Frú forseti. Þar sem mér er kunnugt um að hér er beðið eftir umræðu um mjög brýnt mál með allnokkurri óþreyju og ég á þó nokkuð mál órætt við hæstv. menntmrh. hef ég ákveðið að fresta ræðu minni til 3. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 30:21 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HN, IBA, JóhS, KSG, LMR, MI, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvÁ, TIO, ÞurP, ÖS.

nei: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG, VS.

12 þm. (BBj, HG, ISG, JBH, JónK, ÓRG, RA, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er verið að greiða atkvæði um gerir ráð fyrir því í fyrsta lagi að skerða tíma í grunnskólum frá því sem gert er ráð fyrir í grunnskólalögum. Í öðru lagi að fella niður ákvæðið um lágmarkstíma til barna sem stunda nám í grunnskólum og í þriðja lagi að heimila að fjölgað verði í bekkjum í grunnskólum með tilteknum hætti eins og greint er frá í frv. Við sem skipum minni hluta hv. menntmn. erum andvíg þessu og teljum skynsamlegra að hafna frv. eins og það liggur fyrir, enda er hér ekki verið að spara mjög verulega fjármuni fyrir ríkissjóð. Við teljum að verið sé að stofna menntastefnu í landinu almennt í hættu og ef menn samþykkja þetta frv. núna í annað sinn sé hætt við því að við séum að stíga inn í tímabil varanlegrar skerðingar á þjónustu við börn í landinu. Þess vegna munum við greiða atkvæði gegn þessari grein og öðrum greinum frv.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Með þessu frv. á að spara 100 millj. kr. Þetta eru einhverjar dýrustu 100 millj. sem hafa verið til umræðu í fjárlögum ríkisins og þeim fylgifrv. sem þeim tengjast. Hér er verið að skerða möguleika þúsunda barna til betri menntunar og framtíðarmöguleika í okkar samfélagi. Meðan allar þjóðir leggja aukna áherslu á menntun gengur íslenska ríkisstjórnin fram og sker niður fjármagn til menntakerfisins. Því höfnum við þessu frv. og munum greiða atkvæði gegn öllum greinum þess.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hef áhyggjur af æsku landsins. Með samþykkt þessa frv. eru framlengd ákvæði bandormsins frá síðasta ári þess efnis að fækka kennslustundum í grunnskólanum og heimila fjölgun í bekkjum. Þetta er hættuleg þróun. Hæstv. ráðherra lýsti því yfir í fyrra að þetta yrði aðeins gert í eitt ár. Nú liggur fyrir að þetta á að gerast í tvö ár og enginn hefur nokkra vissu fyrir því að slíkt frv. geti ekki komið aftur fram eftir eitt ár. Ég mun að sjálfsögðu segja nei.

Brtt. í nál. 588 (ný 2. gr.), samþ. með 30:11 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HN, IBA, JóhS, KSG, LMR, MI, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvÁ, TIO, ÞurP, ÖS.

nei: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, JÁ, JGS, JHelg, KÁ, KE, StG.

10 þm. (AÓB, IP, JVK, KHG, MF, ÓÞÞ, PP, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BBj, HG, ISG, JBH, JónK, ÓRG, RA, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 30:22 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HN, IBA, JóhS, KSG, LMR, MI, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvÁ, TIO, ÞurP, ÖS.

nei: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG, VS.

11 þm. (BBj, HG, ISG, JBH, JónK, RA, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42:7 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HN, IBA, JÁ, JóhS, JGS, KSG, KE, LMR, MF, MI, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, SvÁ, SvG, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

nei: FI*, IP, JHelg, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ.

3 þm. (JVK, PP, StG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (BBj, HG, ISG, JBH, JónK, RA, SighB, SAÞ, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Frv. landbn., 328. mál (innheimta verðskerðingargjalds). — Þskj. 599.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 49:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HN, IBA, IP, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MI, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, SvÁ, SvG, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

nei: PJ.

1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.

12 þm. (BBj, HG, ISG, JBH, JónK, RA, SighB, SAÞ, StG, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Umræður utan dagskrár.

Uppsagnir ljósmæðra og hjúkrunarfræðinga á Ríkisspítölum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá hefst utandagskrárumræða sú sem tilkynnt hafði verið að beiðni hv. 2. þm. Vesturl., Ingibjargar Pálmadóttur. Þessi utandagskrárumræða fer fram skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapa sem þýðir að málshefjandi og ráðherra mega tala í fimm mínútur í fyrri umferð og tvær í þeirri síðari en aðrir þingmenn í tvær mínútur.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Mér er nokkur vandi á höndum að hefja hér utandagskrárumræðu um málefni Ríkisspítalanna að hæstv. heilbrrh. fjarstöddum, en því miður hefur forsjónin svo fyrir séð að það er ekki um annað að ræða þar sem brýnt málefni er á ferðinni og þing er að ljúka störfum í kvöld og kemur ekki saman aftur fyrr en í febrúar.

Ég vil þakka hæstv. forsrh., sem einnig er starfandi fjmrh., fyrir að taka vel í beiðni mína að svara fyrir hönd hæstv. ríkisstjórnar þessari spurningu: Hvernig hyggst hæstv. ríkisstjórn bregðast við uppsögnum ljósmæðra og hjúkrunarfræðinga á Ríkisspítölunum sem koma mun til framkvæmda 1. febr.?

Eins og kunnugt er blasir sú staðreynd við að 417 hjúkrunarfræðingar og ljósmæður sögðu upp störfum sínum 1. nóv. að undangengnum viðræðum sem báru ekki árangur. Það er langur aðdragandi að þessum uppsögnum og menn hafa vonað í lengstu lög að viðræður við ríkisvaldið bæru þann árangur að ekki þyrfti að koma til aðgerða.

Þegar talað er um Ríkisspítalana er verið að ræða um einn stærsta vinnustað landsins. Þar vinna í kringum 3 þús. manns. Þessar uppsagnir koma með m.a. á Landspítala, Kleppsspítala, Vífilsstaðaspítala og Kópavogshæli. Ef til kæmi að starfsemi Landspítalans lamaðist, þá þýddi það að eina fæðingardeildin á Reykjavíkursvæðinu mundi lokast, eina vökudeildin á landinu, eina hjartaaðgerðardeildin á landinu, eina deildin sem starfrækir gervinýra, svo að eitthvað sé nefnt. Það þarf því ekki að fjölyrða lengi um það að mikil alvara er á ferðum og mikil ábyrgð sem hvílir á hæstv. ríkisstjórn að leysa þessa deilu.

Ástæða uppsagnanna er eins og alþjóð veit óánægja með launakjör. Óánægja sem fyrst og fremst er af tvennum toga. Annars vegar að samanburður við launakjör annarra heilbrigðisstétta innan sömu stofnunar sem hafa sambærilega skólagöngu að baki. Hins vegar samanburður við launakjör hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á öðrum heilbrigðisstofnunum innan sem utan Reykjavíkursvæðisins.

Rétt er að það komi fram að hjúkrunarfræðingar hafa í dag að baki sér fjögurra ára háskólanám. Byrjunarlaun eru rúmar 68 þús. kr. Ljósmæður hafa í dag minnst fjögurra ára háskólanám auk tveggja ára sérnáms. Byrjunarlaun ljósmæðra eru rúmar 70 þús. kr. Meðallaun taxtalaunaðra háskólamenntaðra hjúkrunar-

fræðinga í júní 1991 voru langlægst meðal háskólamenntaðra. Meðan taxtalaun háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga eru tæplega 80 þús. kr. er meðaltaxti BHMR-félaga á sama tíma um 95 þús. kr. Ef tekinn er meðaltaxti taxtalauna heilbrigðisstétta með svipaða námslengd að baki, þá eru sjúkraþjálfarar með rúmar 92 þús., iðjuþjálfarar með 94 þús. og matvælafræðingar með 94 þús. Ekki eru þessir aðilar ofsaddir af sínum launum, en það er eðlilegt að starfsstéttir með svipaða lengd háskólanáms sem vinna hlið við hlið beri sig saman.

Einhver kann að spyrja: Erum við ekki komin of langt með okkar menntunarkröfur? Er þetta ekki of dýrt? Við Íslendingar erum stoltir af því að geta sagt að heilbrigðisþjónustan á Íslandi sé góð og þróunin ótrúlega hröð. Með hverjum deginum sem líður getum við tekið á móti flóknari og sérhæfðari verkefnum sem okkur dreymdi ekki einu sinni um fyrir nokkrum árum að gera en eru talin til tiltölulega einfaldra hluta í dag. Þessi þróun hefur átt sér stað vegna aukinnar menntunar, aukinnar sérhæfingar á öllum sviðum. Ég spyr: Vill einhver snúa til baka?

Þessi þróun hefur líka sparað okkur þúsundir milljóna í betra heilsufari, meiri vellíðan og færri utanlandsferðum til lækninga. Það verður að taka með í reikninginn.

Landspítalinn greiðir hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum lægstu launin þó viðurkennt sé að þar leggist inn sjúklingar með erfiðustu og flóknustu sjúkdómana. Álagið er stöðugt og þar er að sjálfsögðu engum hægt að vísa frá. Sú staðreynd að launakjör hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á Landspítalanum eru lökust á landinu er óásættanleg.

Á þessu skamma tíma sem ég hef hér til umráða er ekki hægt að fara inn á aðra þætti, enda mun ég geyma mér það til seinni tíma þegar hæstv. heilbrrh. er við.

Virðulegi forseti. Nú í dag þegar aðeins er hálfur mánuður þangað til að starfslokum er komið hjá þeim stéttum sem ég hef rætt um er hæstv. forsrh. og starfandi fjmrh. spurður: Hvernig hyggst ríkisstjórnin bregðast við? Það kann að vera að ég fái það svar að ríkið muni framlengja uppsagnarfrest þeirra um þrjá mánuði en þá er því til að svara að í lögfræðiáliti, sem hjúkrunarfræðingar og ljósmæður hafa fengið varðandi túlkun á réttindum og skyldum opinberra starfsmanna, er það túlkað þannig að starfsstéttir séu í fullum rétti til að hætta störfum þegar uppsagnarfrestur rennur út. Það ætla þessar starfsstéttir að gera og það má ekki gerast.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Það er ekkert ofsagt hjá hv. málshefjanda að hér er um alvarlegt mál að ræða sem hlýtur að vekja mönnum áhyggjur. Þetta mál er mjög vandmeðfarið og ekki auðvelt að taka á því vegna þess að hér er ekki um eiginlega kjaradeilu að ræða. Hér er um það að ræða, eftir þeim upplýsingum sem ég hef, að 400 af um 700 aðilum í þremur stéttarfélögum hafa sagt störfum sínum lausum frá 1. febr. Það eru ekki stéttarfélögin sem fara með málið gagnvart viðsemjandanum, ríkisvaldinu. Það er starfað og laun greidd samkvæmt síðast gildandi kjarasamningum. Reyndar er staðan sú hjá þessum félögum að tvö af af þremur félögum hafa ekki framlengt kjarasamninga eða samningar eru lausir frá 1. sept. 1992. Eitt félag hins vegar, Ljósmæðrafélagið, hefur samninga sem renna út 28. febr. á þessu ári.

Því hefur verið haldið fram að meginástæða deilunnar sé samanburður við aðrar sjúkrastofnanir og er þá einkum vikið að Borgarspítala í því sambandi. Borgarspítalinn heldur því fram að þær breytingar sem þar voru gerðar í sumar á starfskjörum hluta hjúkrunarfræðinga á spítalanum hafi ekki leitt af sér aukinn kostnað fyrir spítalann heldur hafi þar verið um að ræða innri hagræðingu á spítalanum. Af þeim ástæðum hefur fjmrn. haft þá afstöðu að það sé eðlilegt, ef viðurkennt er að um misræmingu sé að ræða í launasetningu hjúkrunarfræðinga á Landspítala eða þeim spítölum sem undir stjórnarnefnd Ríkisspítala heyra og Borgarspítala, að það mál verði leyst á grundvelli fyrirliggjandi kjarasamnings og það sé eðlilegt að yfirstjórn Ríkisspítala og heilbrrn. hafi frumkvæði og forustu í tillögugerð í því efni. Auðvitað mun fjmrn. hafa burði til þess að veita alla aðstoð í því sambandi.

Það hefur verið mat fjmrn. ef kostnaðarauki yrði af lausn málsins þá þyrfti sá kostnaðarauki að greiðast af fyrirliggjandi fjárveitingu Ríkisspítala eða heilbrrn. ella yrðu menn að taka það fyrir með alveg sérstökum hætti ef til þyrftu að koma einhverjar sérstakar heimildir fjmrn.

Vegna þess sem hv. þm. nefndi þá er það rétt að heilbrrh. óskar eftir því að uppsagnarfrestur sé lengdur um þrjá mánuði. Með vísun til hæstaréttardóms um túlkun á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna er það mat ríkisvaldsins og fjmrn. að það sé hafið yfir vafa að að réttum lögum þá beri að framlengja samninga um þrjá mánuði. Ég vona að óskum um slíka framlengingu verði eftir góða athugun vel tekið því eins og hv. málshefjandi sagði er hér mikið í húfi. Hér er um að ræða sérstaklega viðkvæman starfsvettvang þar sem er fólk sem þarf á þjónustu að halda og oft mjög brýnni eins og hv. málshefjandi sagði réttilega frá.

Hæstv. heilbrrh. er fjarri vegna veikinda. Fjmrh. kemur til landsins um næstu helgi og ég býst við að þessir tveir aðilar gætu þá eftir næstu helgi tekið sameiginlega á þessu máli. Ég tek undir það með málshefjanda að það er brýnt að lausn finnist í málinu, en eins og við vitum er líka áríðandi að sú lausn sem finnist sé ekki til þess fallin að skapa meiri vanda en hún leysir. Stundum gerist það í þessum málum sem eru viðkvæmust allra mála, kjaramálum, að lausnir á einum stað eru til þess fallnar að setja allt á annan endann á öðrum stöðum. Það er mikill vandi.

En eins og ég segi virðist hér fyrst og fremst vera um samræmingarmál að ræða. Menn eru að meta samræmingu á sínum störfum við störf annarra. Ég er ekki að segja að kjaramálin almennt séu leyst. Ég nefndi það sérstaklega að tvö stéttarfélög af þremur hafa ekki

fasta samninga, en það er annað mál en það sem hv. málshefjandi vakti sérstaka athygli á.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur fyrir að vekja athygli á þessu mikilvæga máli og því afskiptaleysi af hálfu stjórnvalda sem 417 hjúkrunarfræðingar og ljósmæður á Landspítalanum hafa búið við síðan þær sögðu störfum sínum lausum 1. nóv. sl. vegna óánægju með launakjör sín.

Það er ekki hægt að bera því við að ekki hafi verið leitað eftir viðbrögðum stjórnvalda. Í bréfi sem Davíð Gunnarsson, forstjóri Ríkisspítala, sendi hæstv. fjmrh. 11. nóv. sl. segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Hin síðustu missiri hefur borið talsvert á óánægju hjúkrunarfræðinga með kjör sín. Þeir hafa m.a. borið sig saman við aðrar heilbrigðisstéttir sem hafa að baki jafnlanga menntun en hafa hærri dagvinnulaun. Þessi munur byggist á því að þar eru lægst launuðu starfsheitin í samningunum nánast ekkert notuð og hefur svo verið í mörg ár."

Forstjóri Ríkisspítala kom einnig á fund fjárln. með þetta erindi og taldi nauðsyn á því að fjárveitingavaldið á Alþingi gerði sér grein fyrir þessu vandamáli. Í greinargerð sem stjórnarnefnd Ríkisspítala sendi fjárln. 15. nóv. er tekið undir þau sjónarmið og þær kröfur sem fram hafa komið hjá hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum. En þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Gerður hefur verið lauslegur samanburður á launum hjúkrunarfræðinga á Ríkisspítölum og launum hjúkrunarfræðinga á Borgarspítala og Landakoti. Ef miðað er við laun hjúkrunarfræðinga á Landakoti þýðir sambærileg hækkun aukin launaútgjöld um 200 millj. kr. fyrir Ríkisspítalana. Ef miðað er við laun hjúkrunarfræðinga á Borgarspítala þýðir sambærileg hækkun um 75 millj. kr. aukin útgjöld fyrir Ríkisspítala. Ef hins vegar er tekið mið af kröfum þeirra starfsmanna sem nú hafa sagt upp störfum á Ríkisspítölunum má gera ráð fyrir 250 millj. kr. hærri launaútgjöldum á næsta ári."

Þessar tölur sýna vel það misræmi sem er á kjörum þessara stétta. Bréfi forstjóra Ríkisspítala til fjmrn., sem dagsett var 11. nóv., er fyrst svarað 8. jan. sl., tæplega tveimur og hálfum mánuði eftir að uppsagnir hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra eru dagsettar.

Hæstv. forsrh. kynnti það svar hér áðan, virðulegu forseti, og við hljótum að líta svo á að síðasta setningin í bréfi fjmrn., sem undirritað er af Birgi Guðjónssyni fyrir hönd ráðherra, sé okkur mikilvægt loforð. Loforð um að á þessu verði tekið, að launaleiðréttingar fáist og ef fjárveiting Ríkisspítala og/eða heilbrrn., eins og segir í bréfinu, nægja ekki til að greiða þann kostnaðarauka sem af því hlýst þá verði um aukafjárveitingu að ræða.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Enn einu sinni er komin upp deila milli hóps ríkisstarfsmanna og ríkisstjórnar. Enn einu sinni er það hluti kvennastéttar, að þessu sinni 417 hjúkrunarfræðingar og ljósmæður á Landspítalanum, sem er nóg boðið og hafa sagt upp störfum og hyggjast ganga út um næstu mánaðamót. Hér er alvarlegt mál á ferð sem snertir annars vegar viðkvæma þjónustu, sem brýnt er að halda uppi, og hins vegar kjör mjög mikilvægra stétta sem ekki geta lengur sætt sig við þau kjör sem Ríkisspítalarnir bjóða upp á.

Ég get ekki annað en vakið athygli á því að enn einu sinni virðist stefna í að ekki sé reynt að leysa launadeilur hjá ríkinu fyrr en allt er komið í eindaga. Það er ekki talað við fólk fyrr en allt er komið í óefni. Það er augljóst að löngu er tímabært að stokka upp launakerfi ríkisins, ekki síst með tilliti til kvenna og hinna mikilvægu umönnunarstarfa sem þær sinna hjá hinu opinbera. Það launamisrétti og vanmat sem nánast allar kvennastéttir búa við verður ekki þolað til lengdar.

Ég skora á hæstv. forsrh. að beita sér til lausnar þessari deilu. Enn er tími til stefnu og það verður að koma í veg fyrir að neyðarástand skapist á Ríkisspítölunum enn einu sinni. Það getur ekki talist annað en réttlátt að hjúkrunarfræðingar og ljósmæður fái leiðréttingu sinna mála og að störf þeirra verði metin að verðleikum. Ríkisvaldið ber mikla ábyrgð á ríkjandi launastefnu. Það verður að axla sinn hluta ábyrgðarinnar þegar upp úr sýður og taka upp ábyrg vinnubrögð í stað hótana eða þagnar sem allt of lengi hafa einkennt vinnubrögð ríkisins þegar starfsmenn þess fara fram á réttarbætur.

Ég ítreka þá spurningu sem hér var borin fram í upphafi: Hvernig ætlar hæstv. forsrh. að beita sér til lausnar þessari deilu?

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það kom fram hjá hæstv. forsrh., sem rétt er, að hér er ekki um hefðbundna kjaradeilu að ræða. Hér er ekki einn hópur að taka sig út úr sérstaklega og leggja fram harðorðar kröfur um hækkuð laun og stórbætt kjör. A.m.k. ekki í þá veru að slík breyting, ef gengið yrði að kröfum þessa hóps, hefði í för með sér stórkostlega röskun á því hefðbundna fyrirkomulagi sem hér hefur verið byggt upp, þ.e. það raski öllum launastrúktúr í landinu. Hér er fyrst og fremst um óánægju ákveðins hóps á einni stofnun að ræða. Sá hópur, sem eru hjúkrunarfræðingar og ljósmæður í þessu tilfelli, horfir upp á að það er mismunað eftir því við hvaða stofnanir þessi starfsstétt starfar. Það er furðulegt að sami launagreiðandinn, þ.e. ríkið, skuli geta gengið fram með þeim hætti að mismuna sömu starfsstéttinni eftir því á hvaða stað hún vinnur. Það er staðreyndin. Það liggur fyrir, eftir því sem ég veit best, úttekt samstarfsráðs sjúkrahúsanna í Reykjavík, á því að það er gríðarlegur munur á kjörum hjúkrunarfræðinga eftir því á hvaða sjúkrahúsum í Reykjavík þeir starfa. Best eru kjörin, eftir því sem ég veit best, á Landakotsspítala, síðan á Borgarspítalanum og verst á Ríkisspítölunum. En þegar að er gáð greiðir sami launagreiðandinn þessum hópum úr sama sjóði.

Því spyr ég hæstv. forsrh.: Er það hægt að koma þannig fram af hálfu ríkisins að mismuna sömu stéttinni eftir því hvar hún vinnur?

Það kom fram hjá hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur að þau störf sem hjúkrunarfræðingarnir vinna á þessum stofnunum eru mjög mikilvæg. En skyldu launakjörin vera í samræmi við þá miklu ábyrgð sem þessi stétt sinnir á sjúkrahúsunum? Ég held það geti varla verið að nokkur geti komist að þeirri niðurstöðu að eftir fjögurra ára háskólanám sé greitt í byrjunarlaun 68.714 kr. til hjúkrunarstéttarinnar sem heldur spítölunum í landinu gangandi. Því það eru ekki sérfræðingarnir sem eru að sögn hæstv. heilbrrh. aðallega vinnandi úti í bæ og þar eyðandi peningum ríkisins.

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Hjúkrunarfræðingar nútímans hafa að baki a.m.k. fjögurra ára háskólanám. Sífellt fleiri fara einnig í framhaldsnám. Miklar kröfur eru gerðar til hæfni þeirra og að sama skapi er ábyrgðin mikil. Ætla má að hjúkrunarfræðingar í deildarstjórastarfi á sjúkrahúsi bera að jafnaði ábyrgð á allt að 30 sjúklingum og vinnu a.m.k. 30 starfsmanna. Rekstur sem deildarstjórinn ber ábyrgð á getur numið um eða yfir 40 millj. kr. á ári. Hjúkrunarfræðingar hafa einnig í ríkum mæli gert sér far um að afla sér menntunar á sviði stjórnunar og fjármála og þannig ekki látið sitt eftir liggja. Ábyrgðin er því margföld þótt stærst sé hún efalaust gagnvart sjúklingum. Þess ber einnig að geta að afkastageta sjúkrahúsanna hefur aukist mjög á síðustu árum og þar með álagið en stöðugildum hjúkrunarfræðinga hefur ekki fjölgað að sama skapi.

Það er alkunna að hefðbundnar kvennagreinar hafa verið metnar til lægri launa en eðlilegt mætti telja. Með tilkomu háskólamenntunar hefur þetta misræmi orðið enn augljósara og þar með nauðsyn að gera bót þar á. Almennir hjúkrunarfræðingar í dag ná ekki tekjum háskólastétta með sama námstíma að baki og það ekki einu sinni innan heilbrigðisþjónustunnar og það er skiljanlegt að undan sviði. Launakerfi opinberra starfsmanna er afar óþjált og erfitt að hreyfa við heilum hópum launþega nema flóðbylgja krafna komi í kjölfarið. Það verður því mun erfiðara eftir því sem hóparnir eru stærri. Hjúkrunarfræðingar hafa goldið stærðar hópsins í launalegu tilliti, menntun þeirra er varla í askana látin og spyrja má hversu lengi ungt fólk sækist eftir menntun sem verður ekki arðbær.

Ég hef áður nefnt úr þessum ræðustól hversu brýnt það er að breyta launakerfi opinberra starfsmanna í þá veru að sveigja megi laun þeirra í ríkara mæli eftir mati vinnuveitenda. Afstaða til vinnunnar er misjöfn og ég tel rétt að umbuna að einhverju leyti í samræmi við frammistöðu einstaklingsins en miða ekki eingöngu við heilu hópana. Ég tel að sveigjanlegra launakerfi geti aukið bæði afköst og gæði án þess að kostnaður þurfi að vaxa.

Hjúkrunarfræðingar hafa sýnt þessu mikinn skilning. Vil ég í þessu sambandi vísa til tilmæla samninganefndar hjúkrunarfræðinga til fulltrúa stjórnarnefndar Ríkisspítala í maí sl. og einnig benda á þær breytingar sem gerðar voru á ráðningu hjúkrunarfræðinga á Borgarspítala sem ekki hafa aukið launakostnað að sögn starfsmanna þar.

Ég vil því beina tilmælum mínum til stjórnarnefndar um að taka strax upp samningaviðræður við hjúkrunarfræðinga byggðar á þeim hugmyndum sem gerðar voru á Borgarspítalanum og til ríkisstjórnarinnar og til viðsemjenda að taka höndum saman og breyta og bæta launakerfi opinberra starfsmanna án þess að til komi flóðbylgja krafna sem gerðu slíka vinnu að engu.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Þetta mál er allsérkennilegt. Það skýtur skökku við að einmitt við þá einu stofnun í landinu sem telst háskólasjúkrahús skuli hjúkrunarfræðingar, og ljósmæður, vera miklu lægra launaðir en á öðrum sjúkrahúsum. Það ætti að vera meira samræmi í því og alla vega ætti starfsfólk á ríkisspítalanum ekki að bera skarðari hlut.

En hér held ég að verði að skoða þessi mál betur. Það er augljóst að hér er hreint og beint um leiðréttingarverkefni að ræða. Það kemur fram að laun eru sannarlega lægri á Ríkisspítölunum fyrir sömu störf og við það getur auðvitað enginn búið. Ég held að hérna þurfi í fyrsta lagi að endurmeta störf hjúkrunarfræðinga. Við komum alltaf að þessu aftur, eins og hér hefur komið fram, að ákveðnar stéttir og ekki síst kvennastéttir verða einhvern veginn afgangs. Það nær ekki nokkurri átt að meðaltal taxtalauna BHMR-félaga sé 94.331 kr. á meðan meðaltal taxtalauna háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga er 79.246 kr. Á þessu er engin vitræn skýring og þetta hlýtur að verða að laga. Jafnframt því sem ljóst er að iðjuþjálfar og sjúkraþjálfar og þær stéttir eru sannarlega betur launaðar.

Við þetta verður ekki unað og það þýðir heldur ekkert að vera með einhverja framtíðarmúsík eins og málin standa núna. Það hlýtur að verða að leysa þetta ákveðna vandamál því vitaskuld má ekki koma til lokunar á því sjúkrahúsi landsins þar sem öll erfiðustu tilvikin koma. Við höfum séð það nýlega að á sama tíma og verið er að skera niður rými fyrir fæðandi konur hefur starfsaðstaða á fæðingardeild Landspítalans verið fyrir neðan allar hellur, bæði starfsfólks og sjúklinga, ef við viljum kalla fæðandi konur sjúklinga sem er kannski óþarfi. En starfsaðstaða starfsfólksins á Ríkisspítölunum fer síversnandi. Það er krafist æ meiri þekkingar af þessu starfsliði og það ber meiri og meiri ábyrgð á rekstri sjúkrahúsanna. (Forseti hringir.) — Ég er alveg að ljúka máli mínu, frú forseti. Ég skora á hæstv. forsrh. og ríkisstjórnina alla að ganga í að leiðrétta málefni hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á Ríkisspítölunum.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég tek þátt í umræðunni í dag fyrst og fremst til að lýsa stuðningi mínum við sanngjarnar kröfur hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra hjá Ríkisspítölunum. Þau búa við mun lakari kjör en stéttir með hliðstæða menntun innan sömu sjúkrastofnana, til að mynda sjúkraþjálfarar. Ég bendi á að sparnaði og hagræðingu hefur þegar verið náð á Ríkisspítölunum og þar er e.t.v. ekki í digra sjóði að leita. Ég held að það sé óhætt að segja að hjúkrunarfræðingar og ljós-

mæður hafa verið seinþreytt til vandræða en nú er mælirinn fullur.

Konur — flestir hjúkrunarfræðingar og ljósmæður eru konur — mega sæta því að vera greidd mun lægri laun en körlum fyrir fulla vinnu eða u.þ.b. 70% af launum karla. Sú var tíðin að konur trúðu því að þetta mundi lagast með aukinni menntun en ég held að mat á störfum hinna fjölmennu stétta hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra sýni að það er enn langt í land þótt misjafnt sé það á milli sjúkrastofnana og heilbrigðisstétta.

Nú er menntun til þessara starfa margra ára háskólanám en matið lætur á sér standa. Ofan á þetta bætist mikið og sívaxandi álag á mörgum deildum, t.d. við Landspítalann, ekki síst fæðingardeild, þar sem fæðingum fjölgaði um næstum því 400 á sl. ári, úr 2.558 í 2.913. Það er 14% aukning milli ára. En þetta gerist án þess að bætt sé við stöðugildum. Það blasir við að eftir lokun Fæðingarheimilisins, sem við kvennalistakonur höfum æ ofan í æ gagnrýnt, kemur þetta álag niður á fæðingardeildinni. Á síðasta heila ári sem Fæðingarheimilið starfaði voru 464 fæðingar þar. Þetta er viðbótarálag. Þessi aðstaða er óviðunandi. 417 ljósmæður og hjúkrunarfræðingar hafa sagt upp. Uppsagnirnar taka gildi 1. febr. og þar sem þessar stéttir eru ekki skipaðar í þær stöður munu þær hætta störfum samkvæmt því sem lög leyfa.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það væri slæmt ef menn færu að vefja þetta mál inn í einhverjar athuganir og samanburðarkannanir út um allt þjóðfélagið. Þetta mál er alveg nauðaeinfalt. Það er þannig að þessi hópur fólks á Ríkisspítölunum er með lægra kaup en annað fólk í sambærilegum störfum á öllum öðrum spítölum. Það liggur fyrir. Það þarf ekkert að kanna það hvernig þetta er hjá öðrum stéttum, bera þetta saman yfir lengri tíma. Þetta liggur allt ljóst fyrir og þetta hefur legið lengi ljóst fyrir. Það var þess vegna sem þessir hópar ákváðu að segja upp störfum og í framhaldi af því er ríkisstjórninni eða samninganefnd ríkisins skrifað 11. nóvember sl. af stjórnarnefnd Ríkisspítalanna. Og af hverju er það gert? Það er vegna þess að fjmrn. hefur aftur og aftur bæði á undanförnum árum og áratugum sent einstökum ríkisstofnunum bréf um það að þessar stofnanir megi ekkert gera, þær megi ekki tala við sína starfsmenn. Þær megi ekki semja við sína starfsmenn. Þess vegna er fjmrn. skrifað. Og hvenær svarar fjmrn.? 8. janúar. Og hvað segir fjmrn. þá? Jú, það eru í raun og veru mjög mikilvægar upplýsingar sem fram koma í bréfi fjmrn. og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir las upp hér áðan, en hæstv. forsrh. las ekki upp. Það er lokasetningin í bréfi fjrmn. Þar segir:

„Kostnaðarauki sem eftir atvikum verður til vegna þessa greiðist af fyrirliggjandi fjárveitingu Ríkisspítala og/eða heilbrrn., ella verður að afla sérstakra heimilda fjmrn. í þessu skyni.“ Og áður er sagt: „Ríkisspítalarnir og heilbrrn. skulu fara í þessar viðræður.“

Með öðrum orðum, fjmrn. hefur samþykkt að heilbrrn. og Ríkisspítalarnir fari í þessar kjaraviðræður og ég tel að það sé mikilvægt og það séu tímamót og það sé hægt að knýja fram árangur á grundvelli þessa bréfs ef menn halda á því með skynsamlegum hætti og átta sig auðvitað á því að það verða að koma þarna til viðbótarfjármunir.

Ég hef heyrt, virðulegi forseti, að í heilbrrn. og í fjmrn. hafi menn verið að velta því fyrir sér að láta 15 millj. kr. duga í þessu skyni. Ég vil leyfa mér að segja sem fulltrúi í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna: Sú tala er alger fjarstæða. Hún er algerlega út í blámóðu fjarska. Eins og fram kom í erindi Ríkisspítalanna til fjárln. í haust þá kosta leiðréttingar sem verið er að tala um þarna miklu meira. Og aðalatriðið er það í mínum huga núna að menn vefjist ekki með málið stundinni lengur heldur gangi í að ræða það og leysa það.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Þó hér sé deilt um samræmingu innan ákveðinna starfsstétta, þá snýst málið fyrst og fremst um kjör. Og það er ekki hægt að segja að kjaramál hjúkrunarfólks sé nauðaeinföld. Það má segja að kjör hjúkrunarfólks séu nauðaómerkileg svo lág sem þau eru miðað við mikilvægi og ábyrgð starfsins og um það snýst þetta mál.

Það eru lág kjör hjá hjúkrunarfólki hvernig sem á málið er litið. Á sínum tíma var reynt að lagfæra kjör hjúkrunarfólks með því að greiða dagvistun barna hjúkrunarfræðinga og það er gert. Hvers eiga þeir hjúkrunarfræðingar að gjalda sem ekki eiga börn? Ekki hafa þeir kjarabót af því þannig að samræmi er ekki þar frekar en í ýmsum öðrum þáttum þessa máls.

Það má deila um umfang menntunar hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Á sínum tíma var nám ljósmæðra eitt ár, fór síðan í tvö ár og nám hjúkrunarfræðinga var um árabil þriggja ára nám. Nú hefur nám ljósmæðra lengst tífalt. Það er 10 ára nám stúdentspróf, háskólapróf og svo tvö ár í viðbót eftir hjúkrunarfræðinganám. Um þetta má deila. Tíu sinnum lengra nám. Það má ræða um það hvað það sé skynsamlegt. Sama er að segja um nám hjúkrunarfræðinga sem er 8 ára nám í stað þriggja til langs tíma.

Ef ég man rétt, þá eru nær 2.000 menntaðir hjúkrunarfræðingar í landinu en um það bil helmingur þeirra starfar við sitt fag og ástæðan er einfaldlega léleg kjör. Þarna ber allt að sama brunni. Hjúkrunarfræðingar og ljósmæður eru má segja vírbundnir starfsmenn í hinu opinbera kerfi. Og það gerir auðvitað erfiðara um vik eins og fram kom hjá hæstv. forsrh. að rétta kjör hjúkrunarfólks, en í eðlilegri viðmiðun þess, virðulegi forseti, við önnur störf, í eðlilegri viðmiðun hjúkrunarfólks við önnur störf þá er ástæða til þess að tekið sé málinu og mikilvægt að taka á sérstöðu þess.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir hans svör og ég þakka þeim öðrum sem hafa tekið hérna þátt í þessum umræðum. En ég verð að segja það að þrátt fyrir að ég finn að það er skilningur hjá hæstv. forsrh. á málinu, þá gætti líka misskilnings í hans máli. Það er greinilegt að hann trúir því, hæstv. ráðherra, að

það sé vegna þess að hjúkrunarfræðingar á Borgarspítalanum séu með hærri laun en hjúkrunarfræðingar á Landspítalanum að hér er þetta alvarlega mál komið upp. Það er ekki rétt. Eins og fram hefur komið í máli annarra hv. þm. er það vegna þess að hjúkrunarfræðingar og ljósmæður á Ríkisspítölunum eru með langlægstu launin af öllum hjúkrunarfræðingum í landinu og það sýnir að það hefur verið lítið rætt við þessa aðila á þeim þrem mánuðum sem liðnir eru síðan þeir sögðu upp, að þetta skuli ekki einu sinni vera ljóst, hvað er hér á ferðinni. Það veldur manni að sjálfsögðu miklum vonbrigðum að menn skulu ekki vera búnir að átta sig á því.

Menn töluðu hér um að gera það sama og gert var á Borgarsjúkrahúsinu. Það er allt saman gott og vel. En menn verða líka að vita það að á Landspítalanum og Ríkisspítölunum öllum hafa menn tekið þátt í sparnaðaraðgerðum ríkisstjórnarinnar af fullum krafti og sparað þar tugir milljóna. En á sama tíma og þar hafa sparast tugir milljóna, þá hafa verið teknar í notkun ýmsar flóknar deildir sem kosta líka mikla peninga. Og þegar hv. þm. Árni Johnsen talar hér áðan og sagðist efast um að við værum á réttri leið, þá langaði mig til að spyrja hv. þm., úr hverju vill hann draga? Vill hann hætta hjartaaðgerðum hér á Íslandi? (**ÁJ:** Það er rangt farið með ummæli mín.) Ég skildi hv. þm. þannig. Og vill hann hætta t.d. gervifrjóvgunaraðgerðum hér? Vill hann senda senda það til útlanda?

Ég er ekki næstum því búin að ljúka mínu máli, hæstv. forseti. En ég verð að segja það að nú þegar þurfa að hefjast viðræður við þetta starfsfólk sem bíður eftir lausn sinna mála. Það má ekki bíða.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Hv. málshefjandi sagði að málið væri ekki eingöngu það að um væri að ræða misræmi í launum starfsmanna milli einstakra spítala. Í þeim bréfum og bréfaskiptum sem hér hefur verið vitnað til, í bréfum frá 11. nóv. frá stjórnarnefnd Ríkisspítalanna og í bréfi fjmrn. frá 8. jan., er gjarnan talað einmitt um þetta misræmi. Þar segir með leyfi forseta:

„Samninganefnd ríkisins telur að það misræmi sem upp er í launasetningu hjúkrunarfræðinga spítalans og Borgarspítalans verði að leysa á grundvelli fyrirliggjandi kjarasamnings og að eðlilegt sé að yfirstjórn Ríkisspítala og heilbrrn. hafi frumkvæði og forustu í tillögugerð í því efni."

Hv. 11. þm. Reykv., Finnur Ingólfsson, sagði hérna áðan: Hvernig má það gerast? og það var eðlilegt að hann spurði þannig. Hvernig má það gerast að sami vinnuveitadi greiðir sambærilegum stéttum mismunandi laun? Það er einmitt mergur málsins. Það sem gerðist á Borgarspítalanum var ekki gert með vitund heilbrrn. Það sem gerðist á Borgarspítalanum var ekki gert með vitund samninganefndar Reykjavíkurborgar sem fer með þau málefni af hálfu spítalans. Þetta var innri breyting sem var gerð á spítalanum án vitundar heilbrrn. og án vitundar borgaryfirvalda. Hvers vegna var hægt að gera það? Vegna þess að spítalinn taldi sig og telur sig hafa gert slíka breytingu innan þess fjárhagsramma sem hann hefur fyrir sig. Þess vegna gerðist þetta þar og þess vegna ...(**Gripið fram í:** Hann hlýtur að hafa rýmri fjárveitingar.) Nei, spítalinn telur sig hafa með þessari breytingu á starfskjörum hjúkrunarfræðinga spítalans og starfstíma og öðru þess háttar tekist, það er svar spítalans, að halda þessum kostnaði innan þess ramma sem honum er markaður. Þetta kom heilbrmrh. og fjmrh. algerlega í opna skjöldu hjá ríkisvaldinu. Þess vegna er niðurstaðan sú að benda á að reyna að leysa málið með sambærilegum hætti. Ég hygg nú reyndar að ég hafi þrátt fyrir orð hv. 9. þm. Reykv. lesið síðustu setninguna líka. Hún hefur kannski ekki heyrst nógu vel. Ég held að ég hafi ekki sleppt henni úr bréfinu þegar ég las hér áðan. Ég er þó ekki þar, ég vil taka það fram, að gefa neina opna ávísun eða opinn tékka. En það sýnir þó að menn gera sér grein fyrir því að það er ekki alveg víst að hægt verði að leysa þetta mál innan þess fjárlagaramma sem spítalinn hefur.

Útbýting þingskjala:

Grunnskóli, 296. mál, þskj. 611.

Happdrætti Háskóla Íslands, 336. mál, frv. ÓÞÞ, þskj. 609.

Smábátaveiðar, 329. mál, þáltill. HG o.fl., þskj. 600.

Tekjuskattur og eignarskattur, 337. mál, frv. ÁRÁ, þskj. 610.

Fundi slitið kl. 6.21 síðdegis.

---

103. FUNDUR

fimmtudaginn 14. jan.,
að loknum 102. fundi.

Dagskrá:

1. Framleiðsla og sala á búvörum, frv., 328. mál, þskj. 599. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

2. Lánsfjárlög 1993 o.fl., stjfrv., 145. mál, þskj. 606. — 3. umr. *Ef leyfð verður.*

3. Grunnskóli, stjfrv., 296. mál, þskj. 611. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Frestun á fundum Alþingis, þáltill., 334. mál, þskj. 607. — Ein umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þannig háttar til um þau fjögur mál sem á dagskrá

þessa fundar eru að of skammt er liðið frá útbýtingu þskj. og/eða síðustu umræðu. Þarf því að leita afbrigða um að þessi mál megi öll koma á dagskrá og til umræðu. Verður nú þeirra afbrigða leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HN, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JVK, KSG, KÁ, LMR, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvG, VS.
29 þm. (BBj, EH, EKJ, GuðjG, GHelg, HG, ISG, IP, JBH, JHelg, JónK, KHG, KE, MF, MI, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, SAÞ, StG, StH, SJS, SvÁ, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS) fjarstaddir.

Framleiðsla og sala á búvörum, 2. umr.

Frv. landbn., 328. mál (innheimta verðskerðingargjalds). — Þskj. 599.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 36:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HN, IP, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KSG, KÁ, LMR, MI, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, SvÁ, VS, ÞurP, ÖS.
nei: PJ.
6 þm. (AÓB, ÁJ, FI, IBA, JÁ, PP) greiddu ekki atkv.
20 þm. (BBj, EH, GuðjG, HG, ISG, JBH, JónK, KHG, KE, MF, ÓRG, RA, SighB, SAÞ, StG, StH, SvG, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 37:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EgJ, EGuðn, EKG, GHH, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HN, IP, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KSG, KÁ, LMR, MI, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, SvÁ, TIO, VS, ÞurP, ÖS.
nei: PJ.
6 þm. (ÁJ, EKJ, FI, IBA, JÁ, PP) greiddu ekki atkv.
19 þm. (BBj, EH, GuðjG, HG, ISG, JBH, JónK, KHG, KE, MF, ÓRG, RA, SighB, SAÞ, StG, StH, SvG, VE, ÞorstP) voru fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkv. gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KSG, KÁ, LMR, MI, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, SvÁ, TIO, VS, ÞurP, ÖS.
2 þm. (PP, PJ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (BBj, EH, GuðjG, HG, ISG, JBH, JónK, KHG, KE, MF, ÓRG, RA, SighB, SAÞ, StG, StH, SvG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Lánsfjárlög 1993 o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 145. mál. — Þskj. 606.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GAK, GHall, GÁS, HN, IBA, JóhS, KSG, LMR, MI, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvÁ, TIO, ÞurP, ÖS.
17 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KÁ, ÓÞÞ, PP, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
18 þm. (BBj, EH, GuðjG, HG, ISG, JBH, JónK, KHG, KE, MF, ÓRG, RA, SighB, SAÞ, StG, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 612).

Grunnskóli, 3. umr.

Stjfrv., 296. mál (nemendafjöldi í bekkjum o.fl.). — Þskj. 611.

Ólafur Þ. Þórðarson:
Herra forseti. Ég hygg að hæstv. menntmrh. mundi nú gefa þó nokkuð mikið fyrir að hann hefði verið fámálli í fyrra þegar þetta mál var á dagskrá. Það er ákaflega óþægileg staða hjá hæstv. ráðherranum að hafa þá talað svo ákveðið um að nú væri verið að tjalda til einnar nætur. Ég verð að segja eins og er að ég hef vissa samúð með ráðherranum í þeirri stöðu sem hann er í. Samúðin byggist á því að ég trúi því að þegar hann lét þau orð falla í fyrra að þetta yrði ekki gert aftur, þá hafi hann talið sig hafa loforð fyrir því frá sínum samráðherrum að menn gengju ekki þessa götu tvisvar. Það yrði ekki gert. Ráðherrann valdi þá leið að halda því fram að þetta mundi ekki koma niður á ákveðnum greinum í grunnskólanum. Hann hefði nú gjarnan mátt vita betur, m.a. vegna þess að hæstv. ráðherra menntamála hefur stutt þá stefnu að skólarnir sjálfir réðu sínum innri málum á þann hátt að þeir tækju ákvörðun um það hvað yrði gert í þessum efnum og var þess vegna sannarlega ekki í stakk búinn til þess að taka bæði þá ákvörðun að láta skólana ráða þessu og einnig hitt að fullyrða að ekki kæmi til þessa niðurskurðar. Þetta gat náttúrlega ekki gengið upp.

En ég hélt nú satt best að segja að ráðherrann mundi líka reyna að tína til björtu hliðarnar, horfa á

þetta með augum barnanna og segja sem svo: Það er verið að minnka vinnuskylduna á þessum fullorðnu. Það er verið að stytta vinnudaginn. Af hverju á ekki að stytta vinnudaginn hjá börnum líka og kanna hvort hann hefði ekki einhvern stuðning á þeirri forsendu að skólarnir væru bara of grimmir við börnin? Þetta væru mannréttindamál að stytta þennan skólatíma. Það væru bara kennararnir sem væru svona harðir að hamast á börnunum. En ráðherrann notfærði sér þetta ekki heldur. Ég er viss um að í hópi barna hefði hann fengið þó nokkuð marga sem hefðu tekið undir það með ráðherranum og litið á það bara sem nokkuð gott mál að nú væri verið að fækka þessum tímum og þannig hefði hæstv. menntmrh. eignast stuðningsmenn í stöðunni.

Það er aftur á móti svo að fái ráðherrann þau fyrirmæli köld frá ríkisstjórninni að honum beri að spara í grunnskólanum, þá á hann ekki gott um vik að spara nema með því að fækka stundum. Það skal viðurkennt. Ég er viss um það að í sumar hefur verið sagt við hann, hæstv. ráðherra, ósköp einfaldlega: Okkur dugar ekki annar menntmrh. en sá sem var reiðubúinn að skera niður þessar stundir. Og í mestu hógværð hefur hæstv. ráðherra verið spurður að því hvort hann vildi vera ráðherra áfram. Kaupverð gærunnar var að kyngja því sem hann hafði sagt í fyrra.

Þá er að snúa sér að hinu, sem hlýtur að vera ærið umhugsunarefni, að auðvitað er það þingið en ekki einn maður sem ber ábyrgð á því hvað gert er að lögum. Alþingi Íslendinga ber alla ábyrgð á lagasetningunni og það getur ekki falið sig á bak við neina ráðherra í þeim efnum. Hér er því um stjórnarstefnuna að ræða. Fjárveitingavaldið er í höndum þingsins og þingið hefur tekið þessa ákvörðun. Það er svo aftur á móti magnað klúður að þetta frv. það kemur ekki fram það snemma að hægt sé að standa löglega að hlutunum. Í dag gilda grunnskólalögin. Það á að kenna samkvæmt grunnskólalögunum í dag. Það breytir engu þó fjárveitingarnar séu ekki meiri en þær eru, í framkvæmd á það dæmi þá að koma þannig einfaldlega að það verði ekki til peningar í haust. En samkvæmt grunnskólalögunum á að starfa og þetta veit hæstv. menntmrh. ella væri hann ekkert að flytja þetta frv., ella léti hann sér nægja að hafa fjárlagafrv. til að fara eftir.

En ég vil reyna að skipta þessu máli í þrennt. Það sem ráðherrann stendur óhjákvæmilega frammi fyrir sem beinni skipun, þ.e. er að fækka stundafjöldanum, hann stendur frammi fyrir því sem beinni skipun frá fjárveitingavaldi þingsins. Hitt atriðið er að fjölga í bekkjum. Ég vil segja hæstv. ráðherra það að mér finnst sú ákvörðun vera alveg óhemjuvitlaus og ég ætla að segja hæstv. ráðherra hvers vegna. Kennari þarf að gera tvennt í hverri kennslustund. Hann þarf að halda aga. En það eitt að halda aga dugar ekki, hann þarf líka að kenna. Ef það fyrrnefnda er ekki í lagi, þ.e. aginn, þá getur farið svo að það verði engin kennsla í tímanum. Ekki einn einasti maður verði fróðari um það efni sem átti að vera á dagskrá eftir tímann en hann var áður en kennslustundin hófst. Það er af þessari ástæðu sem kennarar hafa sótt það mjög fast að yfirfylla ekki bekkina sem getur leitt til þess að það verði stjórnleysi í tímanum og niðurstaðan verði sú að enginn læri neitt. Slíkur skóli er og verður slæmur skóli. Á þessu verða menn að hafa skilning. Það getur verið góður skóli sem hefur fáar kennslustundir. En skóli sem situr frammi fyrir þeirri skyldu að mörgum er þjappað það saman í bekk að það skapar stjórnleysi er og verður slæmur skóli hversu margar sem kennslustundirnar eru. Því þá verða bara fleiri lélegar kennslustundir.

Ég átta mig á því að hæstv. menntmrh. er að ræða þetta mál við hæstv. umhvrh. þessa stundina og nú er komin niðurstaða í málið því hæstv. umhvrh. hefur yfirgefið hæstv. menntmrh. og það þykir mér út af fyrir sig nokkuð gott. En hvort það veit á gott að hæstv. umhvrh. var mjög brosandi það veit ég aftur á móti ekki, ég dreg í efa að það sé nú jafnjákvætt og hitt. (**Gripið fram í:** Það var út af öðru ... Kvótinn er búinn fyrir árið.) Nú er það svo að þetta tvennt sem hér er verið að tala um er á þann veg að seinna atriðið hlýtur að vera alfarið á ábyrgð menntmrh., þ.e. að bera ábyrgð á að hafa fjölgað í bekkjardeildum og hafa e.t.v. skapað stjórnleysisástand í vissum bekkjum með því tiltæki. Það er einfalt mál að vera fræðslustjóri og koma með dálka sem sýna hvað þetta séu fáir bekkir. Ástandið er einfaldlega þannig að það verður enginn hávaði á fræðsluskrifstofunni þó það verði allt vitlaust í bekknum. En þetta er atriði sem ég bið hæstv. menntmrh. að skoða í fullri vinsemd. Er vitrænt að fjölga í bekkjunum á þennan hátt?

Þá kem ég að hinu atriðinu: Hvað hefur hæstv. ráðherra þá gert til að stuðla að því að það verði á Íslandi árangur, þekkingarlegur árangur, sem bæti það upp að við fækkum kennslustundum? Börn fá ekki alla sína þekkingu úr skóla. Kennslufræðin segir að það sem börnin læra án þess að fara í skóla sé ástæðulaust að kenna. Hvaðan fá börnin sína þekkingu? Börnin fá sína þekkingu vissulega af jafnöldrum sínum í umhverfinu, við lestur bóka og úr sjónvarpinu. Og það fer ekkert á milli mála (**Gripið fram í:** Og úr blöðunum.) að sá miðill — það er nú hæpið að tala um þekkingu, hv. þm. af lestri sumra blaða svo mikið er víst. (**ÖS:** Ekki Tímans.) En ég veit nú í hvaða blað hv. þm. Össur Skarphéðinsson talar um í þessu sambandi og það má vel vera að honum sé það hjartnæmt að hafa það með í þessari upptalningu og ég skal viðurkenna að það er hægt að fá þekkingu úr blöðunum. En sá miðillinn sem mest hefur sótt fram er sjónvarpið, það fer ekkert á milli mála. (**Gripið fram í:** Og Gróa á Leiti.) Það er enginn miðill sem getur náð jafnmiklum árangri í að auka þekkingu barna og ungmenna og sjónvarpið. Þess vegna skora ég á hæstv. ráðherra í þeirri stöðu sem íslensk fjármál eru og ég lít svo á því miður að það sé ekki verið að tjalda til einnar nætur. Ég er ekki búinn að sjá milljarðana streyma inn frá EES eins og menn hafa verið að tala um. Ég er ekki búinn að sjá að við ráðum frekar við skólamálin hér á landi þó það fjölgi börnum sem koma til landsins og tala framandi tungumál og verður þess vegna að kenna á sérkvóta, þ.e. þeim sem hefur verið ætlað til þess að aðstoða þau börn sem einhverra hluta vegna hafa ekki náð árangri

í almennu námi. Ég hygg að það séu á milli 300 og 400 börn í Reykjavík sem hafa notið stuðnings eftir þessari leið. Ef þessi börn verða nú kannski 1.000 eftir nokkur ár þá sjá menn hvað þetta kostar. Í fámennu landi, í dreifðu landi hlýtur það þess vegna að vera mjög stórt mál að reyna að virkja aðrar leiðir til þess að koma þekkingu á framfæri. Og ég skora á hæstv. menntmrh. að leita nú samstarfs við Háskóla Íslands um það og Uppeldisstofnun fræðslumála að hér verði sett á stað skólasjónvarp og það verði metið hvort hægt sé að taka eitthvað út úr almennri kennslu og koma þeirri kennslu á framfæri til barnanna í gegnum slíkan miðil. Ég undirstrika það sem ég hef sagt hér, það er ekki 100% víst, það er ekki 100% víst að fækkun kennslustunda sé í öllum tilfellum til þess fallin að draga úr þekkingu barnanna ef farið verður í aðrar aðgerðir til að auðvelda þeim leið til að afla sér þekkingar.

Þess vegna finnst mér að það hvíli mikil ábyrgð á hæstv. ráðherra á þessum þrengingartímum að leita nýrra úrræða til þess að ná árangri í menntamálum Íslands í grunnskólanum. Ég tel mig aftur á móti hafa talað það skýrt varðandi fjölgunina í bekkjunum að það þurfi ekki að ræða það sérstaklega. Ég vil bara bæta því einu við að eftir því sem fjölgar í bekkjunum þeim mun meiri verður krafan um sérkennslu fyrir einstaka nemendur sem verða út undan vegna þess að nemendafjöldinn í bekknum er orðinn meiri en svo að kennarinn hafi nokkra mögleika til að sinna því starfi sem honum er ætlað að sinna.

Mér finnst aftur á móti að það sé mjög torskilið svo ekki sé meira sagt, mjög torskilið, hvers vegna hæstv. menntmrh. lætur hafa sig til þeirra verka að setja út úr grunnskólalögunum, þó ekki sé nema tímabundið, skólamáltíðirnar. Það er nú einu sinni svo að við viljum að allir Íslendingar hafi sama rétt. Í heimavistarskólunum sem búið var að byggja á Íslandi eru skólamáltíðir. Þessum skólum var svo breytt í heimanaksturssskóla um leið og vegakerfið leyfði að hægt væri að keyra börnin í skólann. Það er staðreynd í dag að þessir skólar eru af þessari ástæðu með sínar skólamáltíðir og betur undir það búnir að taka á móti börnum af þessari ástæðu. Það eru forréttindi að koma í skóla og fá þar máltíð. Það eru hrein forréttindi miðað við hina. Og nú skulum við skoða alvöru þessa máls. Hér í þéttbýlinu og úti um allt land hefur það verið vaxandi allt til þessa að báðir foreldrar ynnu úti. Ef við flettum fjárlögum þessa árs þá sjáum við lið sem heitir Arnarhváll. Hvaða fyrirtæki skyldi það nú vera sem þar er undir? Veit formaður þingflokks Alþfl., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hvaða fjárhæðir það eru sem menn eru að borga með mötuneyti ríkisins í Arnarhváli í gegnum þennan lið? Veit hann það að á sama tíma og starfsmenn þessarar stofnunar sömdu tillögurnar fyrir hæstv. menntmrh. að taka skólamáltíðirnar út úr grunnskólunum þá fóru þeir í mat í Arnarhváli sem er niðurgreiddur af íslenska ríkinu? Og nú hefur hv. þm. Össur Skarphéðinsson lyft erlendu stórblaði hátt upp svo það sjáist ekki framan í hann hvað hann er rauður yfir þeirri staðreynd að þetta skuli hafa verið unnið af Alþfl., með fullum stuðningi Alþfl. Það væri fróðlegt ef Alþýðublaðið mundi nú birta niðurstöðuna, hvaða hlunnindi felast í þessu. Ég er ekki heldur búinn að sjá að þetta komi fram á skattframtalinu þegar gerð verður grein fyrir því. En hvaða ástæða er þá til þess á þessu herrans ári að taka ákvörðun um það að taka skólamáltíðirnar út? Er það siðaðra manna háttur að fullorðnir fái mat á sínum vinnustað, kennararnir fá mat á sínum vinnustað en börnin ekki? Er hæstv. ráðherra ekki ljóst að þetta gengur einfaldlega ekki upp? Það eru fyrirliggjandi upplýsingar í mennmrn. um þessa hluti. Menn voru að samþykkja hér að ganga inn í EES. Hvað með samræmdan aðbúnað barna eftir löndum? Skiptir það engu máli? En hið alvarlega í þessu er það að daprara efnahagsástand hjá okkur Íslendingum gerir það að verkum að það er staðreynd að fleiri og fleiri börn mæta vannærð á morgnana í skólann. Hæstv. ráðherra þarf ekki annað en að kynna sér hver staðan í sumum tilfellum er vegna þess að það er vigtað á haustdegi og vordegi. Það er fylgst með því hvernig mál þróast hjá einstaklingum. Þetta er hin alvarlega staða. Foreldrarnir sem fá góða máltíð um miðjan daginn og eru að vinna á stórum vinnustöðum hugsa margir hverjir sem svo að það sé ástæðulaust að hafa þá aftur þunga máltíð um kvöldið. Það er nú svo að fjöldi Íslendinga á við það vandamál að stríða að vigtin stígur upp. (**Gripið fram í:** Þeir borða of mikið.) Þeir borða of mikið. Þá draga þeir úr því sem þeir borða á kvöldin og hvað þýðir þetta fyrir börnin? Þetta þýðir það að e.t.v. er staðreyndin sú að sum þeirra fá snarl alla vikuna nema á laugardögum og sunnudögum. Svo er verið að kenna heilsufræði í skólum og þetta er heilsufræðin sem íslenska þjóðfélagið leggur á þessi börn.

Í reynd er fáránlegt að líta svo á að það geti verið annað en eðlilegt viðhorf hvers einasta Íslendings, ég segi hvers einasta Íslendings og ég hika ekki við að hafa hæstv. menntmrh. með, það er viðhorf hvers einasta Íslendings að íslensk börn eigi að fá eðlilegan mat. Þess vegna er ekki hægt að líta á það sem sparnað að börnin fái ekki mat í skólunum. Það er ekki hægt að líta á það sem sparnað. Það er þá fyrst og fremst aðeins spurningin um það hver borgar matinn. Ég trúi því ekki að hæstv. menntmrh. vilji komast á spjöld sögunnar út á það að vera ráðherrann sem kom því út úr grunnskólalögunum að það ættu að vera skólamáltíðir í íslenskum skólum. Hæstv. ráðherra verður fyrirgefið það þó hann hafi staðið frammi fyrir því að þurfa að skera niður kennslustundafjöldann. Við höfum horft á það hvað orðið hefur að gera í heilbrigðiskerfinu, við höfum horft á það, honum verður fyrirgefið það. Honum verður lagt það út sem þekkingarskortur, þekkingarskortur á skólamálum, að hafa orðið til að fjölga í bekkjardeildum. En það verður hvorki hægt að bera við þekkingarskorti eða að harðræði á Íslandi sé slíkt að það sé verjandi að taka þennan lið út þó að þetta standi í lögunum áfram þá gerir það það eitt að verkum að ef menn eru að teikna skóla í dag og hanna þá muni þeir taka tillit til þess að það er ætlast til þess að menn hafi þar skólamáltíðir. Hérna hafa að mínu viti undirmenn

hæstv. menntmrh. ekki ráðlagt honum heilt, svo einfalt er það mál.

Og af því að hæstv. menntmrh. var nú þekktur fyrir það þann tíma sem hann var óbreyttur þingmaður að setja ekki undir sig hausinn og vaða áfram án þess að leita að skynsamlegum lausnum í samskiptum við aðra um mörg deilumál þá vona ég að hæstv. menntmrh. eigi enn til þessa hlið og að hann muni ekki verða til þess að gera það aftur, að leggja það fyrir Alþingi Íslendinga að taka þennan þátt út. Það er slíkt glapræði að sjá ekki hvert við stefnum með þessu móti.

Mér finnst að það gleymist stundum og ég hef sagt það áður í þessum ræðustól að það var eitt sinn skylda hermanna að sjá um að fæða sig sjálfir. Það var skylda þeirra að koma með mat með sér en herskyldan var þegnskylda. Ef við hugsum þetta mál út frá mannréttindum barna sem enginn veit hvort ná fullorðinsaldri eða ekki þá erum við að skylda þau með herskyldu á vissan hátt til að fara í skólana og við erum enn í gamla tímanum, þ.e. þau eiga svo sannarlega að koma með mat sinn sjálf eins og hermennirnir á sínum tíma.

Ég veit að þetta mál getur ekki og má aldrei verða þess eðlis að viðhorf manna til þessa máls fari eftir því í hvaða stjórnmálaflokki þeir eru. Það hlýtur að vera til það félagshyggjuafl í hverjum einasta stjórnmálaflokki á Íslandi að hann hafi skilning á þessu máli.

Herra forseti. Ég veit að mikil áhersla er lögð á það að fara að ljúka umræðunni og með orðum mínum hef ég ekki verið að tefja málið. Ég hef verið að koma þeim skoðunum á framfæri sem ég tel grundvallaratriði að greina hér frá. Ég ítreka það þess vegna sem lokaorð mín hvaða kröfur sem fjármálavaldið leggur á hæstv. menntmrh. þá vænti ég þess að hann átti sig á þessu tvennu, það er ekki skynsamlegt að fjölga í bekkjardeildunum og hitt, það er ekki hægt að snúa þróuninni við og segja í dag að það eigi að taka út það sem er komið í lög um að börnin eigi rétt á skólamáltíðum.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að mér nægi sá tími sem ég hef til andsvara vegna þess að flest af því sem hv. þm. ræddi í út af fyrir sig málefnalegri ræðu hefur verið rætt áður. Ég vil aðeins ítreka að ekki er verið að nema þetta ákvæði um skólamáltíðir úr lögum, verið er að fresta þeirri skyldu sem á sveitarfélögin er lögð með þessu ákvæði. Eins og kom fram fyrr í umræðunni, í máli hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar, þá er það sem betur fer svo að ýmis sveitarfélög hafa bæði metnað og getu til þess að koma á skólamáltíðum þótt ekki hvíli á þeim einhvers sérstök lagakvöð til þess að gera það. Þess vegna er engin hætta á að mín verði minnst fyrir það að hafa beitt mér fyrir afnámi þessa ákvæðis í grunnskólalögunum því að það hef ég ekki gert og mun ekki gera.

Hv. þm. ræddi um og spurði hvað kynni að hafa verið gert sem mætti bæta upp fækkun stunda og hann kom þar fram með athyglisverða hugmynd, sem hefur svo sem komið upp áður, þ.e. skólasjónvarp. Sú hugmynd er athyglisverð og hlýtur hún að verða rædd í fullri alvöru og í samvinnu við Háskóla Íslands ef háskólinn kemur upp slíku sjónvarpi.

Enn er verið að tala um að sparnaðurinn komi niður á íslenskukennslunni og ég vil ítreka að ekki er verið að skera niður með þessum hætti af viðmiðunarstundaskránni. En það hefur komið á daginn að ráðstöfunarstundirnar hafa verið nýttar til íslenskukennslu í mörgum tilvikum. En af viðmiðunarstundaskránni er ekki verið að skera niður. Á það legg ég mikla áherslu.

Fjölgun í bekkjum er oft og tíðum neyðarúrræði. Mér er það alveg ljóst og það fer auðvitað eftir því hvernig raðast í bekki hvaða afleiðingar það kann að hafa. Það er alveg rétt sem hv. þm. sagði að það getur haft í för með sér agavandamál sem hefur jafnframt í för með sér að erfiðara verður um vik að kenna.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. málefnalegt svar í öllum aðalatriðum og ég fagna því að hæstv. ráðherra vill ekki láta minnast sín sem þess ráðherra sem nemur þetta brott úr lögum. Hins vegar er hæstv. menntmrh. það vel að sér í lagasetningu að hann veit ef gildisákvæði gleymist þá verður aldrei neitt að lögum. Með því að fresta ákvæðum, taka þau út í bili, þá er það í sjálfu sér ekki í lögunum á meðan.

Hitt er svo annað mál hvort það sem gerist í þessum efnum eigi að þróast algjörlega frjálst eða setja það í lög. Ég lít á það sem gjörsamlega óviðunandi lausn að þetta eigi að þróast eftir því hvað hverjum og einum í sveitarstjórn dettur í hug. Skýringin er mjög einföld. Ef við viljum hafa jafnræði á milli barna í landinu í þessum efnum þá er engin önnur leið fær en að þetta sé í lögunum.

En ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir undirtektir hans undir það að skoða sjónvarpskennsluna og ég vænti mér mikils af því máli ef vel tekst til.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. menntmrh. að þetta hefur svo sem allt verið sagt áður sem verið er að segja hér nú. Það er einu sinni svo að ef menn ekki skilja það sem verið er að tala um þá verður að segja það alloft og reyna til þrautar að koma mönnum í skilning um hvað verið er að gera.

Frú forseti, ég skal reyna að þreyta þingmenn ekki með mjög langri ræðu, ég hélt alllanga ræðu í þessu máli á síðasta þingi og sé ekki ástæðu til að endurtaka það allt. Ég vil í upphafi máls míns benda á að ekki fer hjá því að maður undrist eilíflega þegar stjórnarskipti verða. Það er eins og menn geti aldrei nýtt sér það sem búið er að gera. Hæstv. núv. menntmrh. kann að hafa ýmsar skoðanir á lífsviðhorfum og pólitískum viðhorfum hæstv. fyrrv. menntmrh. Svavars Gestssonar, við því er ekkert að segja. En óumdeilt er að í tíð hans sem menntmrh. var unnið feiknalega mikið starf að grunnskólamálum og það sem meira var, það var gert eins og slíkt ber að gera í náinni samvinnu við skólamenn í landinu og í friði og sátt við þá. Maður skyldi

halda að það mikla starf væri nýtanlegt nýjum ráðherra og hvers vegna svo er ekki er spurning sem ég hef ekki fengið svarað. Nú trúi ég ekki að núv. hæstv. menntmrh. vilji ekki gera vel og ekki ætla ég honum það að vilja rýra kjör landsins barna. Þess vegna hlýtur maður að spyrja: Hvers vegna nýtir hann sér ekki það mikla starf sem m.a. liggur fyrir í bók sem heitir „Til nýrrar aldar" sem ég hef skilið svo hvar sem ég hef komið og talað við skólafólk að menn séu ánægðir með? Auðvitað er það engin endanleg lausn allra mála en þó sannarlega var þar unnið mikið starf sem er næsta óskiljanlegt að ekki skuli vera hægt að nýta.

Auk þess hægt að rifja upp ýmislegt sem hv. þingmenn Sjálfstfl. hafa lagt fram af málum og nægir t.d. að minna á að núv. hæstv. forseti þessa þings ásamt þeirri sem hér stendur lögðu á fyrri árum fram ítrekaðar tillögur um samfelldan skóladag og skólamáltíðir. Nú virðist þetta ekki vera forgangsverkefni núv. ríkisstjórnar.

Reyndar er búið að tala í dag um mikilvægi þess að búa vel að börnunum í grunnskólanum og ég held að enginn deili um það. Auðvitað er það hárrétt sem hv. 2. þm. Vestf. gerði að umræðuefni áðan að það sem við höfum verið um árabil að reyna að koma stjórnvöldum í skilning um er að við búum í nýju og öðruvísi þjóðfélagi. Það er enginn heima á daginn til að hugsa um börnin. Þjóðfélagið krefst vinnuafls beggja foreldra og kostnaður heimilanna er slíkur að það er í flestum tilfellum gjörsamlega nauðsynlegt að báðir foreldrar vinni utan heimilis. Á meðan svo er þá verður þjóðfélagið auðvitað að koma til móts við fjölskyldurnar í landinu og sjá til þess að þetta bitni ekki á börnunum. Að þurfa að sjá skýrslu eftir skýrslu frá skólafólki í landinu um að börn, sérstaklega á Stór-Reykjavíkursvæðinu, séu beinlínis vannærð nær auðvitað ekki nokkurri átt. Víst kostar þetta peninga en við höfum þegar lagt til hvar væri hægt að finna þessar 100 millj. sem nú á að spara. Við hv. 9. þm. Reykv., Svavar Gestsson, lögðum fram tillögu um það. Við lögðum fram tillögu um að beðið yrði með að byggja yfir Hæstarétt og veita til þess 100 millj. kr. og nota þær í staðinn til grunnskólans og við teljum það einfaldlega miklu brýnna mál.

Hlutur Alþfl. í öllu þessu er óskiljanlegur. Manni finnst næstum því hlægilegt að opna tímarit Tryggingastofnunar ríkisins, sem lengst af hefur verið rósin í hnappagatinu á Alþfl., og sjá þar lærða grein eftir fyrrv. hv. þm. Jón Sæmund Sigurjónsson um þann merka mann Beveridge sem kom af stað almannatryggingakerfinu í Bretlandi, National Health, og hefur verið ódauðlegur síðan. Á sama tíma lætur sá flokkur, sem umræddur hv. fyrrv. þm. tilheyrir, það yfir sig ganga að gengið sé á öll helstu baráttumál Alþfl. Almannatryggingar eru skornar niður, skólakerfið er skorið niður, allt það sem snýr að fólkinu í landinu er skorið niður við trog á meðan það sem ég hef leyft mér að kalla hvað eftir annað „dauða peninga", er notað í steinsteypu sem getur vel beðið betri tíma. Ef þetta er það sem Alþfl. stendur fyrir þá hefur eitthvað töluvert gerst í þeim herbúðum. Það sem hér er verið að gera kemur fyrst af öllu illilega niður á börnunum sjálfum. Skólamáltíðir eru auðvitað algjörlega nauðsynlegar og ég vildi leyfa mér að spyrja hv. þingheim hvort við vildum missa okkar heitu máltíð í hádeginu? Ekki ég. (**ÖS:** Ég.) Það getur vel verið að hv. 17. þm. Reykv. og þingflokksformaður Alþfl. megi við að missa máltíð sína en við erum allmörg sem teljum okkur þurfa að borða til þess að halda starfskröftum. En á sama tíma ætlum við litlu börnunum sem eru að vaxa og þroskast að vera matarlaus meira og minna heilu dagana því að auðvitað er einhver pakkamatur á morgnana sem langflest börn borða áður en þau fara að heiman engin undirstaða fyrir starf allan daginn. Við megum ekki gleyma því að þessi börn eyða ekki minni orku en við og áreiðanlega miklu meiri. Þetta er auðvitað slíkur ábyrgðarhlutur að ekki er við það unandi.

Skólatími barnanna er jafnfáránlegur, hann er í engu samræmi við þann tíma sem foreldrarnir eru að heiman. Ekki þarf mikið hugmyndaflug til að ímynda sér hvað getur gerst þegar börn á aldrinum 6–11 ára eru ein heima. Það má ekki mikið út af bera til þess að börnin ráði ekki við ástandið. Við getum ímyndað okkur að það komi upp eldur. Geta börn á þessum aldri brugðist skynsamlega við slíku? Auðvitað ekki. Óteljandi slíkir hlutir geta gerst sem er ábyrgðarhluti að ætla börnunum að ráða við, en ekki má setja fé skólaathvarf. Ég held að það sé alveg rétt sem hér hefur komið fram að ástandið er líklega einmitt verst í Reykjavík. Það er kannski dálítið hráslagalegt þar sem Reykjavík er sannarlega ríkasta sveitarfélag á landinu en hér er ástandið satt að segja næsta nöturlegt. En þetta ber allt að sama brunni, verið er að skera niður allt það sem áunnist hefur svo sem það að láta sér detta í hug að láta foreldra borga hluta af tannlækningum smábarna, það er svo ótrúlegt vegna þess að það segir sig sjálft að þetta sýnir sig í miklu meiri kostnaði eftir örfá ár.

Af því að ég minntist á þann merka mann Beveridge áðan þá hafa Bretar löngum verið frægir fyrir það að hirða ekki mikið um að borða hollan mat. Einu sinni urðu Bretar merkjanlega hraustari en alla jafna og hvenær var það? Það var í stríðinu vegna þess að matarskömmtun var tekinn upp í Bretlandi. Það voru gefnar út skýrslur t.d. um að beinabygging kvenna sem voru að fæða börn 20 árum síðar var merkjanlega betri en áður hafði verið og menn voru ekki í nokkrum vafa um að þessu var að þakka matargjöf í skólum í Bretlandi í heimsstyrjöldinni síðari. Það er ekkert smámál fyrir þjóðfélagið í heild að börn fái undirstöðugóðan mat á meðan þau eru að vaxa, þetta hélt ég að hver manneskja með heilbrigða skynsemi vissi. Ég held því að mikið alvörumál sé á ferðinni.

Aðstaða kennara er náttúrlega svo margrædd og slíkt hneyksli, ekki síst grunnskólakennara að það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að tala um það einu sinni enn. Þessi starfsstétt hefur í meira og meira mæli tekið að sér uppeldi barnanna og því þyngra sem það verður því verri kjör búa þessir menn við. Ég hygg að það sé svona nokkurn veginn venjulegt að barnakennari vinni tvöfalda vinnu til þess hreint og beint að

vinna fyrir sér og sínum, annað er eiginlega óhugsandi þar sem laun þessara manna eru slík að er gjörsamlega vonlaust að framfleyta einum eða neinum af þeim. Þegar það bætist svo við að börnunum fjölgar í bekkjunum þá er þetta orðið óskapnaður. Það er ekki hægt að skera niður lengur vegna þess að það er í raun og veru upplausn í grunnskólanum, ekki síst á Stór-Reykjavíkursvæðinu og þolinmæði þeirra sem við grunnskólann starfa er satt að segja ævintýraleg.

Ég veit ekki hvort hæstv. menntmrh. á tíðar ferðir í grunnskóla landsins, en ég held að það láti enga manneskju ósnortna að koma í grunnskólana og sjá það starf sem þarna er unnið og þá nemendur sem þar eru og maður fyllist auðvitað skelfingu að hugsa til þess að verið sé að rýra aðstæður þessara barna og kennara þeirra með ári hverju. Enginn aðilinn á þetta skilið og ekkert þýðir að fela sig bak við einhverja tímabundna efnahagsörðugleika. Ég man ekki eftir öðru en það hafi verið efnahagsörðugleikar síðan ég fór að komast til vits og ára, mismiklir sjálfsagt en ævinlega einhverjir og sjálfsagt verða þeir alltaf einhverjir. En þá verðum við að velja hvar okkur ber niður þegar draga þarf saman í rekstri þjóðarbúsins. Það á ekki að vera í kjörum og aðstæðum barna, síst af öllu. Ég hef margsagt að það hefði verið létt verk að finna það fé sem vantar í grunnskólann til þess að hann yrði rekinn með sæmilegum sóma. Þeir peningar eru til og er sóað út og suður í einskis verða hluti og fullkomlega gagnslausa.

Virðulegi forseti. Ég þykist vita að mönnum þyki nóg komið um vinnutímana í þessari viku en við erum að verða vön því að vinnudagar hér séu ærið langir og ég skal ekki lengja mikið þessa umræðu. Ég vil bara biðja hæstv. menntrmh. að sýna þá skynsemi að líta aðeins á þá vinnu sem unnin var í ráðuneytinu í tíð síðustu ríkisstjórnar. Ég held að í þeirri vinnu sé ekkert sem góður sjálfstæðismaður getur ekki fallist á og sætt sig við. Ég hef enga ástæðu til að halda að þeir hafi svo gjörólíkar skoðanir á hvers þeir telji börn þurfa með. Ég vildi því leggja til að hæstv. ráðherra kynnti sér ofurlítið það sem þar var á dagskrá.

Ég vil minna hæstv. ráðherra á eitt atriði sem ég hef hvað eftir annað gert að umtalsefni, og reyndar með ágætri aðstoð eins varaþingmanns Sjálfstfl., Arndísar Jónsdóttur, sem var á þingi þegar ég bar fram fyrirspurn um handmenntakennslu í skólum sem er svo til gjörsamlega hrunin. Ég margbenti á að á sama tíma og menn eru að láta sig dreyma um eflingu íslensks iðnaðar er handmennta- og verkmenntakennsla í skólum hrunin í rúst. Þetta er auðvitað gjörsamlega þvert hvað á annað. Fyrrv. menntmrh. Svavar Gestsson lét kanna þetta mál að þessari fyrirspurn fenginni og auðvitað varð niðurstaðan sú að þar þyrfti verulega um að bæta. Fyrrv. hv. varaþingmaður Arndís Jónsdóttir lá heldur ekki á liði sínu að leggja á þetta áherslu.

Ég held að allt sem við gerum skólanum til skaða í þessu landi hefni sín grimmilega og fyrr en við höldum. Það tekur ekki svo mörg ár að ala upp einstakling. Skaðinn er skeður ef ekkert er að gert þar til barnið er 14–15 ára. Þá er erfitt að bæta. Þess vegna nenni ég satt að segja ekki að ræða þessi mál í einhverjum pólitískum ágreiningi. Ég held að hér sé fremur að menn vilji ekki nýta sér verk þeirra sem á undan fóru en þrjóskist við að rjúka í að endurskoða lög sem engin minnsta þörf er á að endurskoða aðeins til að geta merkt sér málið. Þessi vinnubrögð eru svo gjörsamlega ósæmandi fyrir Alþingi Íslendinga og þau færa okkur ekkert áfram. Þetta er eins og að dansa eitt skref fram og annað aftur á bak. Auðvitað þarf að vera eitthvert samhengi í vinnu í ráðuneytunum svo menn geti nýtt sér það sem þegar er búið að gera. Ég tala nú ekki um þegar það er gert í samvinnu við skólafólk úr öllu skólakerfinu og í miklum friði og sátt og ánægju með verkið.

Ég vil því að lokum, frú forseti, mælast til þess að menn taki þetta mál út úr pólitísku karpi, hlusti á það sem hér hefur verið sagt og reyni að koma einhverju viti í þessi mál í stað þess að gera fólki í grunnskólakerfinu og börnunum sjálfum enn erfiðara fyrir en nauðsynlegt er.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Vissulega væri freistandi að flytja alllangt mál vegna þess hve stórt mál hér er á ferðinni en þar sem þegar hefur komið fram í mjög greinargóðum ræðum fulltrúa minni hluta hv. menntmn. öll sú röksemdarfærsla sem ég tel brýnast að komi fram í þessari umræðu mun ég einungis taka tvö aðalatriði út sem ég tel einnig nauðsynlegt að gera sér grein fyrir.

Áður en ég geri það vil ég minna á að það er ekki bara íhaldsstjórnin í Svíþjóð sem hefur kosið að efla grunnskólann og bæta menntun heldur var það sérstaklega áberandi er Norðmenn gengu frá fjárlögum sínum fyrir árið sem er gengið í garð, um svipað leyti og við Íslendingar vorum að fjalla um fjárlög, að þar var lagt til viðbótarframlag til menntamála ekki síst grunnskólamála þrátt fyrir einn mesta samdrátt sem sést hefur á fjárlögum þar í landi. En þar var skorið niður annars staðar. Þetta þótti ekki vera hægt að skera. Þar er samt sem áður mun betur búið að grunnskólabörnum en gert er hér á landi. Þessu held ég að nauðsynlegt sé að halda til haga. Ég vil einnig vekja athygli á því að þetta er sú stefna sem þykir ekki einasta mannréttindamál heldur einnig afskaplega góð fjárfesting. Ég er afskaplega hrædd um að ef þetta á að fara að verða stíllinn á samdráttartímum, að draga úr þjónustu við grunnskólabörn í staðinn fyrir að auka hana, þá munum við súpa seyðið af því síðar.

Þau tvö atriði sem ég taldi sérstaka ástæðu til að leggja áherslu á eru í fyrsta lagi að skerðingin stundafjölda nemenda er mjög mikil á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu og í rauninni meiri en ég held að menn hafi e.t.v. gert sér grein fyrir að yrði. Á Reykjanesi er um það að ræða að í 2,14% tilvika er nýtt heimild til þess að hafa stækkaða bekki og í 3,10% tilvika í Reykjavík. Þetta eru ekki bara einhverjar litlar sætar prósentutölur heldur eru þetta allmargir bekkir eða samtals 19 bekkjardeildir í Reykjavík og 12 deildir á Reykjanesi. Hvers eiga þessi börn að gjalda sem eru í allt of stórum bekkjum?

Ég held að þetta sé sérstaklega alvarlegt þar sem þetta er í þéttbýlinu þar sem allir eru sammála um að frekar þurfi að hlúa betur að börnum en draga úr þjónustu við þau. Það er hætt við að þau týnist og fái ekki notið hæfileika sinna.

Það er einkum tvennt sem mér finnst að þurfi að bæta við umræðuna. Hv. síðasti ræðumaður kom inn á annað atriðið en það er sú skerta kennsla sem er í list- og verkmenntagreinum en það held ég að sé sérlega alvarlegt í okkar skólakerfi nú. Það er ekki nóg með að þessi skerðing bitni á undirstöðugreinum okkar, sem að sjálfsögðu er algjörlega óverjanlegt, eins og t.d. íslenskukennslu, heldur er það líka mjög slæm skólastefna ef ekki er sérstaklega hugað að því að auka veg og virðingu list- og verkmenntagreina og það ekki á kostnað undirstöðunnar í bóknámi.

Þetta finnst mér í rauninni íhugunarefni. Ég veit af fyrri ræðum hæstv. menntmrh., eða ég tel að ég megi ráða það í ræður hans, að hann sé mér sammála. Þetta verður ekki gert öðruvísi en nægur stundafjöldi sé til umráða og að það séu ekki of fjölmennar bekkjardeildir. Víða er það reynt, og það er raunar tíundað mjög vel í þeim fylgiskjölum sem fylgja nál. minni hluta hv. menntmn., að kenna saman heilum bekkjum í list- og verkmenntagreinum. Það er unnt ef bekkirnir eru ekki of fjölmennir. Það er misjafnt eftir verklagi kennara, það er líka misjafnt eftir aldri barna og það er líka misjafnt eftir því hver viðfangsefnin eru en þetta er sums staðar unnt ef bekkirnir eru ekki of stórir. Annars staðar þarf að skipta og svo sem fram kemur í upplýsingum, m.a. úr skólaumdæmi Reykjavíkur, er fjöldi stunda þar sem hægt er að skipta bekkjum afskaplega lítill og í rauninni minnkandi.

Ef ég vitna í umsögn Landssamtakanna Heimilis og skóla frá því 7. jan. sl. til menntmn. þá sé ég að þar deila forsvarsmenn þeirra samtaka áhyggjum mínum út af þessu máli. Þar kemur sérstaklega fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Börn fá ekki lágmarkskennslustundafjölda samkvæmt viðmiðunarstundaskrá því skólarnir treysta sér ekki til að láta kenna list- og verkgreinar í heilum stórum bekkjum og skiptitímar eru of fáir. Dæmi eru um að bekki vanti 2–5 vikustundir upp á viðmiðunarstundaskrá."

Ég held að þetta sé okkur ekki bara dýrt núna vegna þess að það hlýtur að vera varasamt að beina öllum börnum í bóknám, heldur verður þetta sérlega dýrt í framtíðinni. Þetta þýðir að nauðsynlega undirstöðu vantar í þessum fögum og það er ekki hvatning börnum til að velja sér fjölbreyttara nám en núna er gert. Ég held þess vegna að ekki sé annarra kosta völ en huga bæði að stærð bekkja og kennslustundafjölda ef einhvern tímann á að bæta úr þessu af nokkru viti. Annars erum við bara að gefa okkur ávísun á vandræði í framtíðinni.

Annað sem þessi skerðing á tímum hefur í för með sér varðar sérkennslu, sem hæstv. ráðherra tók sérstaklega fram í því útvarpsviðtali sem oft hefur verið vitnað til í dag að ætti ekki að verða fyrir barðinu á þessum niðurskurði. Þörfin fyrir sérkennslu er vaxandi og ein þeirra ástæðna sem eru fyrir því er sívaxandi fjöldi nemenda sem þarf á sérkennslu að halda vegna þess að þeir eru ekki talandi á íslenska tungu. Hér er um að ræða börn fædd erlendis sem hafa flust með fjölskyldum sínum hingað til lands og búa á heimilum þar sem íslenska er ekki móðurmál allrar fjölskyldunnar. Þarna eru t.d. þau börn flóttafólks sem flust hefur hingað. Þetta er sérstakt áhyggjuefni. Raunar má minna á að við kvennalistakonur fluttum brtt. við 2. umr. fjárlaga vegna þessara barna sérstaklega. Samkvæmt upplýsingum sem fram komu í áliti um sérkennslu frá Áslaugu Brynjólfsdóttur í Reykjavík og birt er með áliti minni hlutans eru á þriðja hundrað nemenda í grunnskólum Reykjavíkur sem koma erlendis frá og þarf á verulegri aðstoð í íslensku að halda. Af þeim eru 82 börn sem eru af erlendu bergi brotin og tala litla sem enga íslensku, þurfa mikla aðstoð og 139 börn af íslensku bergi brotin sem hafa dvalið langdvölum erlendis og þurfa á aukinni íslenskukennslu að halda. Sum þessara barna tala og skrifa mjög bjagað mál, segir í umsögn þessari sem ég er að vitna til.

Þessi börn eru einnig annars staðar á landinu og það er a.m.k. á þriðja hundrað barna sem þarf á miklu meiri þjónustu að halda en þau fá og er ég þá aðeins að ræða um þau börn sem eru af erlendum uppruna en búsett hér á landi. Þess eru því miður dæmi að börn hafi hreinlega týnst í íslenska skólakerfinu og velkst þar í mörg ár. — Vona ég að hæstv. ráðherra sé innan seilingar sem ég sé að hann er. — Þessi börn hafa velkst í íslenska skólakerfinu án þess að fá þá aðstoð sem þau þurfa þrátt fyrir að víða hafi verið reynt að grípa í taumana. Það er einfaldlega ekki svigrúm fyrir mikla sérkennslu handa börnunum. Sums staðar uppgötvast þau ekki. Í sumum tilvikum er þetta svo alvarlegt að börnin bæra ekki á sér og þau finnast ekki. Þau koma út úr íslenska skólakerfinu eftir e.t.v. margra ára nám og eru ekki einu sinni talandi á íslensku. Við getum nærri hversu vel þau hafa getað tileinkað sér námsefnið og hversu vel þau eru í stakk búin til að mæta því samfélagi sem við höfum boðið þau velkomin í, a.m.k. í orði en kannski ekki á borði.

Þetta finnst mér sérstök ástæða til að nefna hér vegna þess að sá niðurskurður sem við erum að ræða hér er nákvæmlega á þeim tímum sem börnum er ætlaður og á því að hægt sé að hafa smærri bekkjardeildir, þ.e. sá fjöldi sem leyfður er, sem bitnar sérstaklega á þessum börnum. Ég veit að vandinn er margvíslegur og vandi margra barna er mikill en kannski erum við þarna með þann hóp sem einna verst er settur. Það litla svigrúm sem er til sérkennslu í íslensku skólakerfi dugar alls ekki til þess að veita þessum börnum og öllum öðrum sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda þá þjónustu sem við getum verið fullsæmd af.

Annars staðar á Norðurlöndum er þessum málum miklu betur komið. Kannski stafar það af meiri reynslu þessara þjóða við að fást við þessi mál. Hver svo sem ástæða er hafa verið teknar saman á vegum menntmrn. upplýsingar sem sýna hvernig ástandið er hér á landi og hvernig það er á öðrum Norðurlöndum. Við getum dregið lærdóm af þessu og einn sá lærdómur sem við

verðum að draga af þessu ástandi er að við verðum að veita meira svigrúm innan íslenska skólakerfisins.

Frsm. minni hluta menntmn. (Svavar Gestsson): Virðulegi forseti. Það hefur fjölmargt komið fram í þessari athyglisverðu umræðu um málefni grunnskólanna hér í dag. Gagnstætt því sem ríkisstjórnin hafði bersýnilega gert ráð fyrir hafa þingmenn talið ástæðu til að ræða þetta mál nokkuð og gefa út um það ítarleg nál. Ég tel mikilvægt og ánægjulegt að þingmenn líti þannig á að skólamál séu mikilvæg mál sem eigi að tala um. Þau séu ekkert síður merkileg en þessi vísitölumál og efnahagsmál og öll þessi stóru stofnanatungumál og mál sem menn eru mjög oft uppi með. Ég tel það því fagnaðarefni að fengist hefur umræða um skólann og menn láta ekki skerðinguna ganga fram þegjandi og hljóðalaust, jafnvel þó hún sé aðeins framhald af þeirri skerðingu sem var á sl. ári.

Ég tel einnig mikilvægt, virðulegi forseti, í þessari umræðu að hæstv. menntmrh. hefur staðfest þann skilning sinn að grunnskólalögin og 46. gr. sérstaklega hafi verið í gildi frá áramótum og að fjárlög geti að sjálfsögðu ekki tekið af grunnskólalög. Það skiptir mjög miklu máli fyrir það fólk sem starfar í skólunum að vita að það sé tvímælalaus skilningur ráðuneytisins, ekki síst eftir að starfsmenn þess höfðu gefið annað í skyn á fundi með menntmn. hv. Alþingis.

Ég tel það enn fremur býsna athyglisvert sem fram kom hér í umræðum í dag að hæstv. ráðherra hafði hugsað sér að tryggja það að íslenskan yrði ekki skert að neinu leyti, en sú virðist þó hafa orðið raunin. Hæstv. ráðherra hefur sagt að ráðuneytið hafi ekki upplýsingar um það hvaða kennslugreinar voru skertar. Ég tel hins vegar víst að ráðuneytið hafi þessar upplýsingar þó að þær hafi ekki verið dregnar saman. Ég fullyrði að þessar upplýsingar eru allar til í skólahaldsskýrslunum fyrir þetta kennsluár og þar á undan og í sjálfu sér er það nokkurt verk að bera saman tímaframboð í kennslustundaframboði í skólanum milli þessara tveggja ára, en það er þó hægt. Þetta eru um 200 grunnskólar í landinu og auðvitað talsvert verk að tína það saman eins og ég sagði, en það er framkvæmanlegt og þess vegna höfum við hér fjórir hv. þm. sem skipum minni hluta menntmn. lagt fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh. með beiðni um skriflegt svar um skerðinguna á tímunum eftir greinum og eftir bekkjardeildum. Við gerum okkur að sjálfsögðu ljóst að það tekur einhvern tíma að tína þetta saman, en við teljum mikilvægt að þetta fáist upp á áframhaldandi umræður um skólamál.

Ég tel að það sé einnig mjög nauðsynlegt að undirstrika það við lok þessarar umræðu að það hafa ekki farið fram neinar viðræður við kennarasamtökin um stærstu kerfisbreytingu í grunnskólamálum sem menn hafa rætt um um áratuga skeið á Íslandi og það er að flytja grunnskólann yfir til sveitarfélaganna. Það er stærsta kerfisbreyting í barnaskólamálum sem gerð hefur verið á Íslandi um áratuga skeið, það er engin spurning um það. Ég tel að Kennarasambandið og aðrir hlutaðeigandi aðilar eigi að koma að því máli og ég skora á hæstv. menntmrh. að hefja hið fyrsta formlegar viðræður og skipulegar við Kennarasambandið um þau mál vegna þess að við þekkjum það t.d. frá breytingunum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að það er nauðsynlegt að hafa öll starfsmannafélög og aðra með í ráðum alveg frá upphafi til þess að hlutirnir fari fram með sem mýkstum og heppilegustum hætti fyrir alla aðila. Og einhvern veginn liggja nú verkin þannig í skólunum dálítið öðruvísi en annars staðar. Í skólunum eru börn á tilteknum aldri og ef eitthvað misferst eitt árið, þá verður það ekki leiðrétt að fullu árið sem kemur þar á eftir vegna þess að við gerum ekki börnin 7 ára eða 8 ára aftur. Þau eru það bara einu sinni. Og þetta eru verðmætustu árin í lífi hvers einstaklings. Þess vegna þarf að vanda sig í því hvernig farið er með skólana, rekstur þeirra, kennslu og allt skipulag. Það er ekki hægt að spóla börnum aftur eins og segulbandstæki, sem betur fer.

Varðandi það sem fram kom hér hjá hv. 4. þm. Reykn., þá heyri ég það nú á öllu að ég á margt vantalað við hann um skólamál, mjög margt. Ég verð að segja alveg eins og er að ég hef mjög oft verið í miklum ágreiningi við sveitarstjórnarmenn um skólamál, hvort sem ég hef verið menntmrh. eða ekki. Það getur vel verið að ég hafi verið í hópi þeirra manna sem menn segja sem svo að hafi vantreyst sveitarfélögunum að einhverju leyti og það er rétt að ég hef gert það og ég hef haft rök fyrir því. M.a. þau rök að sveitarfélögin eru misjöfn, ekki aðeins að pólitískri innstillingu þeirra sem þar ráða heldur líka af efnahagslegri og fjárhagslegri getu. Af hverju erum við með grunnskólalög? Það er til þess að tryggja að öll börnin í landinu eigi jafnan rétt til menntunar. Nú vitum við það að hann getur ekki verið 100% jafn heldur hljótum við að leitast við af fremsta megni, eins og segir í textum sem við lærðum þegar við vorum yngri, að tryggja það að réttur barnanna sé jafn. Við vitum það að hann getur ekki verið gersamlega jafn heldur hljótum við að hafa þessa stefnu.

Fari það svo sem er auðvitað hugsanlegt að menn þurfi að ganga í gegnum þá kollsteypu eins og aðrar — mér liggur við að segja vitleysu, hv. þm., en segi nú bara kollsteypu til þess að skafa aðeins utan af orðbragði mínu — segjum að menn þurfi endilega að fara í gegnum þessa kollsteypu að koma skólunum yfir á sveitarfélögin, þá er ég alveg sannfærður um það að menn munu snúa frá því fljótlega aftur vegna þess að menn munu komast að því að það er ekki hægt að fullu af því að það verður að taka svo og svo mikið af fjármunum í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til skólanna til að tryggja að þeir séu í raun og veru jafnir og hafi jafnan rétt. Og ég spyr menn líka: Um hvað eru menn nákvæmlega að tala? Eru menn að tala um að það verði eingöngu breytt um launagreiðanda hjá skólunum þannig að sveitarfélögin borgi kaupið hjá kennurunum í staðinn fyrir ríkið? Ef menn eru að tala um það eingöngu og þá einu breytingu í þessum efnum, þá segi ég fyrir mig: Mér er eiginlega alveg sama um það, enda verði farið eftir kjarasamningum. Það

skiptir mig engu máli jafnvel þó að Sparisjóður Hafnarfjarðar t.d. borgaði kaupið í Hafnarfirði, það breytir engu fyrir mig, skiptir mig engu máli, enda verði fylgt kjarasamningum. Það sem skiptir máli er að sú menntun sem börnunum er boðin sé sambærileg. Það sem skiptir máli er þar með að kennararnir sem veljast til skólanna í Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi eða hvar það nú er hafi sambærilega menntun eða það séu gerðar sambærilegar kröfur til þeirra. Það er í fyrsta lagi. Það þýðir með öðrum orðum að launin sem þessir kennarar fái hljóti að verða svipuð í grófum dráttum um landið allt. Það getur ekki orðið gríðarlega mikill munur á, auðvitað einhver en ekki gríðarlega mikill. Þá er búið að ákveða í raun og veru einn stærsta kostnaðarþáttinn. Hann hlýtur í meginatriðum að vera afgreiddur á sameiginlegu borði a.m.k. að svo miklu leyti sem um er að ræða sameiginlegar kröfur til kennaranna í landinu öllu.

Í annan stað er nauðsynlegt að átta sig á því að það hljóta að verða gerðar svipaðar kröfur til menntunar barnanna í landinu öllu, lágmarkskröfur á ég við, í íslensku, í reikningi, í tungumálum, í stærðfræði o.s.frv. Og þá spyr ég: Hver er þá eftir hlutur sveitarfélaganna? Jú, hann er sá að bæta við. Við skulum þá segja að í grunnskólalögunum séu ákveðið lágmark tryggt alls staðar en síðan geti sveitarfélögin bætt við hvert hjá sér. Hvaða sveitarfélög geta bætt við? Það geta aðeins sum sveitarfélög bætt við en ég geri ráð fyrir því að ef sveitarféögin hafa staðið frammi fyrir því um nokkurra ára skeið að launin séu ákveðin nokkurn veginn miðsvæðis á einu borði, nokkurn veginn, ég segi ekki 100%, að námskröfurnar séu ákveðnar þannig líka, að húsnæði skólanna sé í grófum dráttum ákveðið þannig líka, þ.e. vissar lágmarkskröfur í þeim efnum og tímaframboð verður að tryggja það að öll börn í landinu fái a.m.k ákveðið marga tíma. Þegar sveitarfélögin hafa staðið frammi fyrir þessum veruleika kannski 4–5 ár eða eitthvað því um líkt, það sem úrslitum ræður um allan kostnað skólanna er eftir sem áður í raun og veru ákveðið af ríkinu eða Alþingi eða ríkisstjórn eða hvað það nú er, þá hugsa ég að sveitarfélögunum finnist sinn stakkur nokkuð þröngt sniðinn.

Auðvitað er það hins vegar svo t.d. í dag að sveitarfélögin geta bætt við eins og þau vilja. Það hefur Hafnarfjörður gert t.d. mjög myndarlega í seinni tíð. Það hefur Kópavogur gert líka. Það hafa ýmis sveitarfélög gert fleiri, bætt við gæslutímum t.d. og jafnvel beinum kennslutímum sem hafa verið kostaðir af sveitarfélögunum og það er vel. En það geta þau hvort sem launagreiðslurnar eru skráðar á ríkið eða einhvern annan. Þess vegna held ég, virðulegi forseti, að þegar upp er staðið í þessu efni, þá hljóti allir jafnaðarmenn hvort sem þeir styðja ríkisstjórn eða ekki að vera sammála í þessu máli og geta náð sameiginlegri lendingu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhS, GÁS, KSG, LMR, GAK, MI, PJ, RG, SigG, SP, StB, TIO, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, ÞurP, GHall, HN, SvÁ, SalÞ.

nei: JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, SvG, VS, AÓB, GHelg, HG, IP.

24 þm. (JGS, JBH, JHelg, JónK, MF, ÓRG, RA, SighB, SAÞ, StG, StH, SJS, VE, ÞorstP, BBj, EH, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁ, IBA, ISG) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Verði þetta frv. að lögum verður fram haldið sveltistefnu gagnvart skólakerfinu í landinu. Kennsla verður áfram skorin niður. Heimilt er að hafa bekki með allt að 30 nemendum. Frestað er ákvæðum um að koma á fót athvörfum fyrir börn og því er frestað að koma á máltíðum í skólum. Þetta er vond stefna, þetta er stefna sem bitnar á börnum, fjölskyldum og framtíð þjóðarinnar. Ég segi nei.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í umræðum um þetta frv. í dag hefur komið fram með afgerandi hætti og viðurkennt af hæstv. menntmrh. að niðurskurðurinn í grunnskólanum á síðasta ári kom fyrst og fremst niður á kennslu í íslensku. Það er satt að segja afar alvarleg yfirlýsing af hálfu hæstv. menntmrh., ekki síst á þeim tímum þegar það liggur fyrir að þjóðin þarf í vaxandi mæli að taka þátt í ýmsum alþjóðlegum samskiptum og þegar það var líka ákveðið fyrir fáeinum dögum á Alþingi Íslendinga að opna fyrir tengsl Íslands við útlönd með þeim hætti að það er við því að búast að á þessu máli þurfi sérstaklega að hafa auga á komandi árum. Af þeim ástæðum er það m.a., virðulegi forseti, sem ég tel að ríkisstjórnin sé á hættubraut í þessu máli. Ég skora á hæstv. menntmrh. hvað sem þessu frv. líður að beita sér fyrir því að þau mistök varðandi kennslu í íslensku á þessu ári endurtaki sig ekki á komandi ári. Ég tel frv. slæmt. Ég tel að hér séu menn að spara eyrinn en kasta krónunni. Það er verið að spara hér 100 millj. kr. alls. Það eru ekki miklir fjármunir miðað við þann vanda almennt sem ríkissjóður stendur frammi fyrir, en það eru miklir fjármunir fyrir skólana og miklir fjármunir gagnvart börnum þessa lands sem verða að sætta sig við minni kennslu en ella og fleiri nemendur í bekk en ella væri. Hér er um að ræða slæmt mál af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég segi nei, virðulegi forseti.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Með þessu frv. er haldið uppi stefnu sem tekin var upp af núv. ríkisstjórn á fyrra ári. Hér er gengið gegn menntun ungmenna í landinu með mjög ákveðnum hætti og fyrir jólin voru stigin skref í sambandi við menningarmál í landinu sem horfa til sömu áttar, til öfugrar áttar.

Á Norðurlöndunum og í Norðurlandasamstarfi er látið að því liggja að menn ætli sér að reyna að taka á í sambandi við menningarmál og menntamál. Það er að vísu sýnd veiði en ekki gefin enn sem komið er en hér á Íslandi ganga menn til öfugrar áttar.

Sá meiri hluti sem hér samþykkti samning um Evrópskt efnahagssvæði er að taka á sig mikla ábyrgð og það er ekki einu sinni viðleitni til þess að styðja við bakið á íslenskri menningu og uppeldi barna í skólum landsins. Þetta er hörmulegt að horfa upp á og ég segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 613).

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Þáltill. forsrh., 334. mál. — Þskj. 607.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 14. janúar 1993, enda komi það saman á ný eigi síðar en 10. febrúar 1993."

Tillaga þessi skýrir sig sjálf.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvort nokkrir möguleikar séu á því að gefin verði út bráðabirgðalög í þessu þinghléi. Afstaða okkar kemur til með að mótast af því hvort nokkur hætta er á því. Ef svo er ekki og forsrh. vildi gefa yfirlýsingu um að ríkisstjórnin muni ekki grípa til bráðabirgðalagasetningar, þá mun ég a.m.k. styðja þáltill. Svo vel vill til að hægt er að kalla þing saman til lagasetningar ef bráðnauðsynlegt er.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Fyrir jólahlé þingsins var flutt hliðstæð tillaga um frestun á fundum Alþingis og þá kom alveg hliðstætt mál til umræðu. Því var hreyft af alþingismönnum í umræðum um þá tillögu að engin þörf væri á því að samþykkja slíka þingfrestun með sérstakri till. til þál. Ég tel fráleitt að taka upp þann hátt á Alþingi, að breyttum þingsköpum 1991, að fresta þingfundum með þáltill. Alþingi starfar allt árið. Alþingi getur tekið sér hlé frá störfum með samkomulagi eins og hefur verið síðan og ber enga nauðsyn til að flytja um það sérstakar þáltill. Mér finnst slæmur svipur á því ef hafa á þennan hátt á framvegis í sambandi við þinghald og í rauninni verið að viðhalda hér algerlega að ástæðulausu gamalli hefð frá því að þingsköp og starfshættir þingsins voru með allt öðrum hætti en nú er. Ég hefði talið skynsamlegt að tillagan væri dregin til baka og menn hættu slíkri tilhögun í sambandi við þinghlé að gera um það sérstaka samþykkt.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég vildi taka það fram í tilefni af flutningi tillögunar að ég tel alveg óþarft að flytja tillögu sem þessa þó að hlé verði á fundum Alþingis. Það er mjög lítið mál að kalla þingmenn saman til fundar ef á þarf að halda. Í 23. gr. stjórnarskrárinnar segir, með leyfi forseta:

„Forseti lýðveldisins getur frestað fundum Alþingis tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur og ekki nema einu sinni á ári."

Ég lít ekki svo á að þessi grein skyldi Alþingi til að samþykkja í hvert skipti sem einhver frestun verður á fundum. Þess vegna tel ég óþarfa að flytja þessa tillögu.

Ég vil taka undir það sem fram kom hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. þar sem hann talaði um bráðabirgðalög og tel að það skipti miklu máli að ekki verði gripið til þess ráðs. Hins vegar vil ég taka það fram að ég tel að ríkisstjórnin hafi ekki neina heimild til þess að setja bráðabirgðalög, hvort sem um samþykkt slíkrar tillögu er að ræða eða ekki. Ég tel raunar að taka verði á máli sem þessu og hafði vonað að það yrði gert þar sem kom fram athugasemd bæði á fundinum fyrir jólahlé sem og af minni hálfu beint við hæstv. forsrh. utan fundar áður en sú tillaga kom til umræðu. Þess vegna veldur það mér ákveðnum vonbrigðum að ekki skyldi hafa verið tekið á þessu máli áður en ákveðið var að flytja tillöguna. Hins vegar ætla ég ekki að setja mig á móti henni en ég treysti mér ekki til að greiða henni atkvæði ef haldið verður við það að flytja hana. Mér fyndist eðlilegt að hún hefði ekki verið flutt.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þegar þinginu var frestað fyrir jólin var flutt tillaga af þessu tagi. Það var augljóst mál og um það samstaða hér í salnum að sú tillaga var þá alger óþarfi. Forseti gat frestað fundum Alþingis án þess að samþykkja slíka tillögu. Ég tel að sú tillaga hafi verið mistök og allir þeir sem áttu aðild að henni hafi gert sér grein fyrir því.

En af því að málinu var hreyft þá bjóst ég við því að hæstv. forseti mundi beita sér fyrir því að fram færu viðræður milli formanna þingflokkanna og forsætisnefndar um það hvernig staðið yrði að næstu þingfrestun. Mér heyrist af athugasemdum sem hér hafa komið fram að það hafi ekki verið gert. Ég tel það slæmt og skora á hæstv. forseta að beita sér fyrir því að við næsta hlé á störfum Alþingis verði það tryggilega gert þannig að samstaða ríki um það hvernig á málum af þessu tagi sé tekið. Ég held að það sé mikilvægt að formsatriði við upphaf og lok þings, frestanir, þinghlé o.s.frv, séu skýr og ótvíræð og um þau sé full samstaða.

Varðandi þessa tillögu vil ég segja það sem mína skoðun að ég sé ekki að þörf sé á að afgreiða hana miðað við þá breytingu sem við gerðum á þingsköpunum vorið 1991. Mér sýnist að forsrn., sem jafnan undirbýr mál af þessu tagi, búi enn við þingsköpin eins og þau voru fyrir breytingu. Ég ætla hins vegar ekki að tefla fram neinum fullyrðingum af þessu tilefni en skora á hæstv. forsrh. að kanna það mál sérstaklega.

Í annan stað vil ég taka undir þá fyrirspurn sem kom hér fram frá hv. 1. þm. Norðurl. v. og ítreka auðvitað að miðað við þingsköpin eins og þau eru nú eru engar aðstæður né forsendur þannig að hugsanlega gæti

verið réttlætanlegt að setja bráðabirgðalög. Auðvitað mundu þingmenn mæta ef kallað yrði til þings og afgreiða mál þó með litlum fyrirvara væri. Í þessari tillögu stendur, ef ég man rétt, að þingið kæmi í síðasta lagi saman þann 10. febr.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég minni á að aðstæður voru aðeins öðruvísi við umræður laust fyrir jól þar sem menn voru þá innan tveggja vikna frestsins sem nefndur er sérstaklega. Tillagan er byggð á grundvelli íslensku stjórnarskrárinnar og ég tel hana fullkomlega eðlilega. Á hinn bóginn held ég að það sé rétt sem hv. 9. þm. Reykv. segir, fyrst um þetta rísa umræður, að það þyrfti að vinna að greinargerð um málið fyrir forsætisnefndina þannig að við þurfum ekki að velta þessum þáttum fyrir okkur framvegis og hafa um það góða samstöðu.

Vegna orða hv. 1. þm. Norðurl. v. vil ég taka fram að það stendur ekki til af hálfu ríkisstjórnar að beita bráðabirgðalagavaldi. Ég veit ekki til þess að nokkurt slíkt dæmi sé uppi. Á hinn bóginn er það mitt mat að bráðabirgðalagarétturinn hafi ekki breyst með breytingu á þingsköpum. Ég hygg að ekki eigi að þurfa að vera lögfræðilegur ágreiningur um það. En ég vil taka það skýrt fram að það stendur ekki til af hálfu ríkisstjórnarinnar að beita heimildum bráðabirgðalaga í þinghléinu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel mikilvægt að þessi yfirlýsing hæstv. forsrh. liggi fyrir. Hins vegar vil ég láta þá afstöðu mína koma hér fram að ég tel að bráðabirgðalagarétturinn hafi breyst. Ég tel út af fyrir sig að bráðabirgðalöggjafinn geti verið til við tilteknar aðstæður og að vissum skilyrðum uppfylltum. En samkvæmt nýju þingsköpunum horfa þessi mál allt öðruvísi við en þau gerðu áður. Til þess að menn geti fullvissað sig um að það er ekki bara einhver sérviska mín á bak við þetta mál, þá skora ég á menn að lesa þær umræður sem fóru fram um breytt þingsköp á Alþingi á sínum tíma þar sem t.d. núv. hæstv. menntmrh., sem var formaður þeirrar nefndar sem undirbjó þingskapalagabreytinguna, lét það koma fram að hann teldi að bráðabirgðalagarétturinn væri allur annar og miklu þrengri eftir hinum nýju þingsköpum en hinum gömlu.

Ég vildi, virðulegi forseti, af þessu tilefni og orðum forsrh. láta þessa skoðun mína koma í ljós. Ég tel ekki rétt að bráðabirgðalagarétturinn sé óbreyttur frá því sem var.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil árétta það sem hv. 9. þm. Reykv. sagði og vísa til meðferðar þingskapalaga þegar við settum þessi nýju þingsköp. Það liggur alveg ljóst fyrir að það er óþarfi við núverandi þingsköp að setja bráðabirgðalög. Það er ævinlega hægt að kalla þing til fundar hvenær árs sem er. Ég tel að bráðabirgðalagaréttur hafi verið notaður ansi frjálslega á undanförnum árum og einmitt til þess að koma í veg fyrir að hann væri notaður með þeim hætti sem gert var eru þingsköpin svona orðuð. Hins vegar var ekki fortakslaust tekið fyrir að mögulegt væri að setja bráðabirgðalög ef um væri að ræða náttúruhamfarir eða stríðsástand. Okkur þótti það viðurhlutamikið að nema bráðabirgðalagaréttinn alveg úr þingsköpum. En það er ástæðulaust að beita honum og breytingin á þingsköpunum var gerð til þess að koma í veg fyrir að honum yrði beitt.

Ég þakka hæstv. forsrh. yfirlýsinguna. Ég spyr hvort ég skildi ekki hæstv. forsrh. rétt að ekki mundi koma til bráðabirgðalagasetningar í þessu þinghléi og að þing yrði kallað saman ef ríkisstjórnin þyrfti á því að halda að fá löggjöf samþykkta.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Skilningur þingmannsins var réttur enda hann einkar skynugur og skýr maður. En vegna þess sem hann nefndi um bráðabirgðalögin þá er bráðabirgðalagarétturinn tryggður í stjórnarskrá og þingsköp geta ekki takmarkað þann rétt á neinn hátt sem stjórnarskráin veitir. (**PP:** Það er óþarfi að beita honum.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GAK, GÁS, HN, IP, JóhS, KSG, LMR, MI, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvÁ, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

10 þm. (AÓB, GHelg, HG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, RA, SvG) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ÁJ, BBj, EH, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, IBA, ISG, JGS, JBH, JHelg, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SAÞ, StG, StH, SJS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 614).

Fundi slitið kl. 8.03 síðdegis.

---

104. FUNDUR

fimmtudaginn 14. jan.,
að loknum 103. fundi.

Dagskrá:

Framleiðsla og sala á búvörum, frv., 328. mál, þskj. 599. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Framleiðsla og sala á búvörum, 3. umr.

Frv. landbn., 328. mál (innheimta verðskerðingargjalds). — Þskj. 599.

Of skammt var liðið frá 2. umr. - Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GAK, GÁS, HN, IP, JÁ, JóhS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvÁ, SvG, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

3 þm. (HG, KHG, PJ) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, BBj, EH, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, IBA, ISG, JGS, JBH, JHelg, JónK, MF, MI, ÓRG, RA, SighB, SAÞ, StG, StH, SJS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 36:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, ÞurP, GHelg, HN, SvÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, GÁS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, GAK, MI, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SP, StB, SvG, TIO, VS, ÖS, AÓB, ÁRÁ, ÁMM, SalÞ.

nei: PJ.

1 þm. (PP) greiddi ekki atkv.

25 þm. (BBj, EH, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, IBA, ISG, JGS, JBH, JHelg, JónK, MF, ÓRG, SighB, SAÞ, StG, StH, SJS, VE, ÞorstP, ÁJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 615).

Þingfrestun.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú er komið að lokum þessarar fundarlotu með því að afgreidd hafa verið þau mál sem samkomulag var um að ljúka. Ég vil af því tilefni óska þingmönnum öllum góðrar heimferðar og vonast til að það hlé, sem nú verður gert á fundum Alþingis, nýtist vel til að sinna þeim margvíslegu verkefnum sem þingmannsstarfinu fylgja. Við sjáumst heil að þinghléinu loknu þann 10. febr. nk.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég les forsetabréf um frestun á fundum Alþingis:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis 116. löggjafarþings frá 14. janúar 1993 og standi sú frestun til 10. febrúar 1993, nema kveðja þurfi Alþingi saman skv. síðari mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Gjört í Reykjavík, 14. janúar 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis.“

Samkvæmt þessu umboði og með vísun til samþykkis Alþingis lýsi ég því hér með yfir að fundum Alþingis, 116. löggjafarþings, er frestað.

Fundi slitið kl. 8.11 síðdegis.

105. FUNDUR

miðvikudaginn 10. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Atvinnuþróun í Mývatnssveit, þáltill., 173. mál, þskj. 199. — Fyrri umr.
3. Eftirlit Landhelgisgæslunnar innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar, þáltill., 195. mál, þskj. 232. — Fyrri umr.
4. Tvöföldun Reykjanesbrautar, þáltill. 216. mál, þskj. 258. — Fyrri umr.
5. Fræðslustörf um gigtsjúkdóma, þáltill., 225. mál, þskj. 273. — Fyrri umr.
6. Tilraunaverkefni framhaldsskóla á Austurlandi, þáltill., 229. mál, þskj. 286. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Stefán Guðmundsson, 4. þm. Norðurl. v.,
Svavar Gestsson 9. þm. Reykv.

Erindi lögð fram á lestrarsal:

Frá forseta fulltrúadeildar grískа þingsins.
Frá félaginu Ísland-Palestína.

Framhaldsfundir Alþingis.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hinn 9. febr. 1993 var gefið út svohljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda miðvikudaginn 10. febrúar 1993 kl. 13.30.

Reykjavík, 9. febrúar 1993.
Vigdís Finnbogadóttir.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Framhaldsfundir Alþingis hefjast því nú á ný. Hæstv. forseta, hv. alþm. svo og starfsmenn Alþingis býð ég velkomna til þingstarfa og læt í ljósi þá ósk og von að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir í garð okkar þingmanna. Ég vil bjóða hv. þm. velkomna til starfa á ný og vona að það hlé sem gert var á störfum Alþingis hafi nýst þeim vel til annarra starfa sem af þeim er krafist en þeirra sem unnin eru á vettvangi þingsins. Forseta er kunnugt um að ófærð og illviðri hafa að einhverju leyti spillt fyrir fundaferðum en þakkarvert er að nú hefur rofað til.

Ég vil enn fremur láta í ljós von um að störf okkar til vors verði landi og þjóð til heilla.

Minning Einars Olgeirssonar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Einar Olgeirsson, fyrrv. alþm. andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði sl. miðvikudag, 3. febr. níræður að aldri.

Einar Olgeirsson var fæddur á Akureyri 14. ágúst 1902. Foreldrar hans voru hjónin Olgeir bakari þar Júlíusson bónda á Barði á Akureyri Kristjánssonar og Solveig Gísladóttir bónda á Grund í Svarfaðardal Pálssonar. Hann lauk gagnfræðaprófi á Akureyri 1917 og brautskráðist úr Menntaskólanum í Reykjavík 1921. Haustið 1921 innritaðist hann í háskólann í Kaupmannahöfn en dvaldist þar skamman tíma, fór þaðan til háskólanáms í Berlín, nam þar enskar og þýskar bókmenntir og tungumál. Próf tók hann ekki en hvarf heim til Akureyrar 1924.

Á árunum 1924–1928 var hann kennari við Gagnfræðaskólann þar, framhaldsdeild sem bjó nemendur undir stúdentspróf. Hann var forstjóri Síldareinkasölu Íslands á Akureyri 1928–1931 og forstjóri Íslensk-rússneska verslunarfélagsins í Reykjavík 1931–1935. Hann var ritstjóri Verkalýðsblaðsins 1935–1936, Þjóðviljans 1936–1941 og 1942–1946 og Nýs dagblaðs 1941–1942. Einnig var hann ritstjóri Réttar, tímarits um þjóðfélagsmál 1926–1941 og 1946–1984 og Verkamannsins, blaðs á Akureyri, 1931–1933.

Einar Olgeirsson var ritari Verkalýðssambands Norðurlands frá stofnun þess 1925 og var kosinn formaður þess 1931. Formaður Verkamannafélags Akureyrar var hann 1928–1931. Við alþingiskosningar 1937 var hann kjörinn alþingismaður Reykvíkinga og sat á Alþingi til 1967, á 35 þingum alls. Í upphafi var hann þingmaður Kommúnistaflokks Íslands, því næst Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins og loks Alþýðubandalagsins. Hann var formaður Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins 1939–1968 og formaður þingflokksins 1939–1962. Einar Olgeirsson var forseti neðri deildar Alþingis 1956–1959. Árið 1967 sat hann á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Einar átti sæti í ýmsum nefndum og ráðum. Hann var kosinn í milliþinganefnd um stjórnarskrármálið 1942, var í útvarpsráði 1943–1947, í landsbankanefnd 1944–1955 og í skilnaðarnefnd 1944. Hann var skipaður í þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar 1944. Varaformaður nýbyggingarráðs var hann 1944–1947. Í raforkuráði, síðar orkuráði, var hann 1949–1953 og 1958–1975. Árið 1955 var hann kosinn í atvinnumálanefnd. Í Norðurlandaráði var hann 1957–1963, í bankaráði Landsbanka Íslands 1957–1980, formaður þess 1973–1976, og í Rannsóknaráði ríkisins 1965–1967.

Einar Olgeirsson kom heim frá námi í Þýskalandi rúmlega tvítugur, fullur áhuga á umbreytingum í þjóðfélagsmálum. Hann stundaði skólakennslu fyrstu árin, var áhrifamikill lærifaðir og neytti þeirra hæfileika sinna áratugum saman í námsflokkum og leshringum um stjórnmál í þágu flokks síns. Hann gekk til liðs við samtök verkalýðsins, var kvaddur þar til forustu og gekk fram ódeigur í kjarabaráttu og vinnudeilum. Í stjórnmálum var hann ávallt framarlega í flokki. Í hörðum deilum lét hann ekki hlut sinn, hreif áheyrendur með mælsku sinni og sannfæringarkrafti. Hann var áhrifamikill flokksforingi og átti manna mestan þátt í kosningasigrum meðan hann var í fararbroddi. Undir lok síðari heimsstyrjaldarinnar hvatti hann til þess í ræðu og riti að verja stríðsgróða þjóðarinnar til nýsköpunar atvinnutækja sem ný ríkisstjórn dró síðan nafn af. Hann sóttist þó ekki eftir sæti í Nýsköpunarstjórninni, kaus heldur að starfa í nýbyggingarráði að framkvæmd á stjórnarstefnunni.

Einar Olgeirsson skrifaði mikið um þjóðfélagsmál, aðallega greinar í blöð og tímarit, en samdi einnig nokkur sjálfstæð rit. Hann var hugsjónamaður og barðist af eldmóði og hörku fyrir þeim málstað sem hann helgaði stjórnmálastarf sitt. Utan baráttunnar var hann ljúfmenni og aflaði sér vinsælda óháð stjórnmálum. Með ævistarfi sínu ávann hann sér öruggt rúm í stjórnmálasögu Íslendinga á tuttugustu öld og hans verður lengi minnst sem atkvæðamikils alþingismanns.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Einars Olgeirssonar með því að rísa úr sætum.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta hefur borist bréf, dags. 9. febr. 1993:

„Vegna veikinda getur heilbr.- og trmrh. ekki mætt til reglulegrar setu á Alþingi. Í forföllum ráðherra óskar ráðherra eftir að varamaður hans, Pétur Sigurðsson, forseti Alþýðusambands Vestfjarða, taki sæti hans þegar þing kemur saman miðvikudaginn 10. febr. 1993."

Undir þetta bréf ritar Sighvatur Björgvinsson.

Pétur Sigurðsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna að óskað hefur verið eftir að hér fari fram utandagskrárumræða. Hún er að beiðni hv. 9. þm. Reykn., Önnu Ólafsdóttur Björnsson, og er um efndir á loforði ríkisstjórnarinnar um sérstakt fjárframlag til atvinnumála á Suðurnesjum. Umræðan fer fram eftir fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaga sem þýðir að það verður hálftímaumræða. Hún hefst kl. 3.30 í dag.

Atvinnuþróun í Mývatnssveit, fyrri umr.

Þáltill. HG og KE, 173. mál. — Þskj. 199.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um atvinnuþróun í Mývatnssveit sem flutt er af mér ásamt hv. þm. Kristínu Einarsdóttur. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á þróunarforsendum og möguleikum á nýsköpun í atvinnulífi í Mývatnssveit er falli að markmiðum um náttúruvernd á svæðinu. Að úttektinni verði unnið samhliða rannsóknum á áhrifum kísilgúrnáms úr Mývatni á lífríki svæðisins og fyrstu niðurstöðum skilað og þær kynntar Alþingi fyrir febrúarlok 1993."

Þetta er tillögutextinn og eins og menn taka eftir er samkvæmt honum gert ráð fyrir því að fyrstu niðurstöður liggi fyrir fyrir lok þess mánaðar sem nú er byrjaður. Ástæðan fyrir því að svo naumur tími er til stefnu er sú að þessi tillaga kom fram snemma á síðasta þingi en það er fyrst í dag sem mælt er fyrir henni.

Eins og alþjóð veit og hv. þingheimur að sjálfsögðu er Mývatnssveit þjóðgarðsígildi. Í raun mætti kalla hana þjóðgarðssveit. Það hugtak held ég að ég hafi frá fyrrv. þingmanni og forseta Alþingis, Eysteini Jónssyni, sem var í forustu fyrir lagasetningu um sérstaka verndun Mývatns og Laxársvæðisins en þau lög voru sett árið 1974. Mývatnssveit hefur auk þessarar sérstöku stöðu fengið alþjóðlega viðurkenningu og alþjóðlega stöðu í náttúruvernd með því að flokkast undir Ramsar-sáttmálann um votlendisvernd. Sá sáttmáli var upphaflega gerður 1971 að mig minnir og Íslendingar gerðust aðilar að honum með samþykkt Alþingis 4. maí 1977.

Mývatnssvæðið er einstætt á heimsmælikvarða, bæði sakir lífríkis og jarðmyndana. Mývatn hefur þannig gífurlegt alþjóðlegt aðdráttarafl eins og best sést á þeim mikla fjölda ferðamanna sem þangað leggur leið sína. Íslenska ríkið hefur óvenjumiklar skyldur við þetta sveitarfélag og svæðið meðfram Laxá. Því valda ekki síst ákvarðanir sem teknar hafa verið um lögverndun á náttúru svæðisins eins og ég hef þegar drepið á og aðild ríkisins að uppbyggingu atvinnufyrir-

tækja þar síðustu áratugi einkum Kísiliðjunnar hf. og Kröfluvirkjunar.

Uppbygging og rekstur Kísiliðjunnar hf. í Mývatnssveit frá árinu 1967 að telja hefur haft mikil áhrif á byggðarlagið og verið aðalundirstaðan undir fjölgun íbúa frá því sem áður var. Starfsemi verksmiðjunnar hefur frá upphafi verið umdeild og margir hafa haft áhyggjur af að rekstur hennar hefði neikvæð áhrif á lífríki svæðisins. Þær áhyggjur hafa ýtt undir rannsóknir og með lögunum um verndun Mývatns- og Laxársvæðisins var sett á fót sérstök rannsóknastöð við Mývatn. Vissulega ekki vegna Kísiliðjunnar sérstaklega heldur almennt til að afla þekkingar til þess að unnt væri að standa í ljósi vitneskju að verndun svæðisins.

Fjölmargar nefndir sérfræðinga hafa starfað á vegum stjórnvalda til að fá sem gleggsta mynd af lífríki Mývatns og til að láta kanna hugsanleg áhrif af starfsemi verksmiðjunnar á það. Í júlí 1991 skilaði sérfræðinganefnd á vegum umhvrn. áliti um „áhrif Kísiliðjunnar hf. á lífríki Mývatns" og í framhaldi af því setti iðnrh. á fót sérfræðingahóp til að móta tillögur um frekari rannsóknir á áhrifum kísilgúrnáms á lífríki svæðisins. Sá hópur skilaði tillögum 25. mars 1992 og í samræmi við þær standa nú yfir rannsóknir á vegum umhvrn. á áhrifum efnistöku af botni Mývatns. Þær rannsóknir, sem gert hafði verið ráð fyrir að lokið væri eða komnar a.m.k. í áfanga um síðustu áramót, eiga að varpa ljósi á þá spurningu hvort og hversu lengi sé ráðlegt að halda áfram kísilgúrtöku af botni Mývatns og þá um leið starfrækslu verksmiðjunnar.

Hér er um svo afdrifaríkt mál að ræða fyrir samfélagið við Mývatn að óverjandi er annað en stjórnvöld láti samhliða þessum athugunum kanna möguleika á þróun atvinnulífs og nýsköpun til að tryggja byggð og sjálfbæra þróun í Mývatnssveit.

Hugtakið sjálfbær þróun er að verða þekkt í alþjóðlegri umræðu og einnig hér á landi þó menn kunni að greina á um hversu vel hafi tekist um þýðingu á þessu hugtaki. Ef nauðsyn er á því að standa við yfirlýst markmið um sjálfbæra þróun hér á landi á einstökum svæðum þá eru Mývatn og Mývatnssvæðið þar í forgangsröð. Það er jafnframt orðin viðurkennd regla víða um lönd að fyllstu varúðar beri að gæta þá mannleg umsvif eru annars vegar og að meta eigi óvissu náttúruverndinni í vil. Þetta hefur verið kallað varúðarreglan í umræðum. Á henni hvílir m.a. Ramsar-sáttmálinn, eða að minnsta kosti er vísað til hennar í umræðum um markmið Ramsar-sáttmálans sem varðar Mývatnssvæðið, og einnig alþjóðasáttmálinn um fjölbreytni lífríkis sem samþykktur var og undirritaður af hæstv. umhvrh. í Rio de Janeiro í júnímánuði sl. í tengslum við alþjóðaráðstefnu um umhverfisvernd og þróun sem þar var haldin.

Það getur þannig varla orkað tvímælis að slíka reglu um varúð beri að virða þegar lífríki Mývatns er annars vegar. Því leggja flutningsmenn þessarar tillögu áherslu á að stjórnvöld komi til liðs við heimamenn nú þegar með þeirri úttekt sem tillagan gerir ráð fyrir. Tillagan var flutt síðla á 115. löggjafarþingi en komst þá ekki til umræðu. Svipuð tillaga, um áætlun um uppbyggingu og eflingu í Mývatnssveit, var flutt á 110. löggjafarþingi en varð þá ekki útrædd. Hún er birt sem fylgiskjal með þessari tillögu til þess að menn geti borið það saman sem þar var lagt til. Fyrsti flutningsmaður þeirrar tillögu var hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon en meðflytjendur aðrir þingmenn Norðurlandskjördæmis eystra. Var þingmannahópur kjördæmisins sérstaklega hvattur til þess á þeim tíma af sveitarstjórn Skútustaðahrepps að standa saman um málið og sækja fast að við það yrði staðið sem þar var lagt til en því miður náði sú tillaga ekki fram að ganga þá.

Einnig er að finna sem fylgiskjal með þessari tillögu fréttatilkynningu frá umhvrn. frá 27. mars 1992 um námaleyfi Kísiliðjunnar við Mývatn svo og útdrátt úr skýrslu ráðgjafarhóps um könnun á áhrifum kísilgúrnáms á setflutning í Mývatni og mikilvægi þeirra fyrir lífríki vatnsins. Þetta er gert til þess að bæði hv. þm. og þingnefnd geti áttað sig sem best á stöðu þessa máls. Væntanlegt mun vera innan skamms álit frá þeim hópi sem síðastur var tilkvaddur til að stýra rannsóknum um breytingar á setflutningum í vatninu vegna kísilgúrnámsins og áhrif þeirra á lífríki þess.

Það mun hafa verið 21. apríl sl. sem hæstv. iðnrh. endurnýjaði starfsleyfi Kísiliðjunnar, sem gefið var út árið 1986, og gildir þar nú með þeim takmörkunum sem í því eru m.a. varðandi kísilgúrnám til ársins 2001 að ég hef fengið upplýst frá umhvrn. Þannig er verið að vinna að athugun þessara mála.

Ég held, virðulegur forseti, að það sé mjög brýnt að jafnhliða þessum athugunum nýti menn tímann af stjórnvalda hálfu til að fara yfir þróunarforsendur og þróunarmöguleika í Mývatnssveit í samvinnu við heimamenn. Öllum er okkur það auðvitað í huga að ekki verði kippt grundvelli undan því samfélagi sem þar er, horft til langrar framtíðar. En það er auðvitað samþætt umhverfinu meira en nokkurs staðar annars staðar og sérstök löggjöf kveður á um verndun þess. Með vísan til þess og að hér er um að ræða mál sem tengist náttúruvernd á svæðinu og að umhvn. Alþingis hefur til athugunar kísilgúrnám í Mývatni og athugun á þeim skýrslum sem þegar fram hafa komið varðandi það mál og væntanlegar eru, virðulegur forseti, legg ég til að að umræðu þessari lokinni verði tillögunni vísað til hv. umhvn. þingsins.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegur forseti. Hér er í till. til þál. hreyft mikilvægu málefni sem snertir atvinnuþróun í Mývatnssveit. Mývatnssveit er eins og allir vita mjög sérstætt svæði og náttúruverndarmál þar mikilvægari en nokkurs staðar annars staðar á landinu. Náttúra landsins á þessu svæði er nýtt til atvinnuuppbyggingar í mjög ríkum mæli. Þar er rekin ferðaþjónusta sem byggir fyrst og fremst á þeim náttúrugæðum sem þar er að finna. Þessi tillaga snertir annars vegar þessi þróunarmál almennt, það er að segja náttúru landsins og nýtingu náttúrunnar til atvinnusköpunar og hins vegar starfsemi Kísilgúrverksmiðjunnar sem hefur verið uppspretta atvinnu þar um langan tíma en er nú í mikilli óvissu.

Um leið og ég lýsi því yfir að ég fagna þessari tillögu og styð hana þá legg ég áherslu á að unnið verði að því eins hratt og mögulegt er að eyða óvissu um starfsemi Kísilgúrverksmiðjunnar því að starfsemi hennar er mjög mikilvægt fyrir samfélagið við Mývatn og öll óvissa um starfsemi fyrirtækisins skaðar það mjög mikið og er þegar farin að gera það.

Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að allri óvissu um áhrif á náttúruvernd á þessu svæði verði einnig eytt. Að öðru leyti held ég að þessi tillaga gæti verið gott framlag til þess að fjalla almennt um þróun ferðamála og nýtingu náttúrunnar sem uppsprettu atvinnu á Íslandi. Ég held að sá tími sé liðinn að við getum látið okkur nægja að líta á náttúruna sem auðlind sem við getum nýtt nánast skipulagslaust. Ég held að það séu þó nokkuð miklir möguleikar á því að beina nýtingu náttúruauðlinda á Íslandi fyrir ferðaþjónustu í fastari farveg. Taka á þeim málum í ljósi þess að þessar náttúruauðlindir eru ekki óþrjótandi. Meðferð þeirra skiptir miklu máli um hversu varanleg auðlind þetta getur orðið okkur. Það er nauðsynlegt að huga að því nú þegar hvernig við getum beint nýtingu þessarar auðlindar inn í þann farveg að einmitt á sviði ferðamála verði sjálfbær þróun, að ekki verði gengið á þær auðlindir sem náttúra landsins er.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að lýsa mig í nokkrum orðum fylgjandi þessari tillögu. Ég held að það sé brýnt að tekið sé á málum með þeim hætti sem hún gerir ráð fyrir eða á einhvern annan máta og þessu viðfangsefni sinnt. Má segja að þörf sé á því í sjálfu sér burt séð frá núverandi stöðu mála varðandi atvinnufyrirtæki í Mývatnssveit. Aðstæður málsins einfaldlega gera það nauðsynlegt að þarna sé tekið á málum varðandi atvinnuuppbyggingu og þróunarforsendur byggðar og samfélags með mjög sérstökum hætti.

Eins og kom fram í máli flm. þá fluttum við þingmenn kjördæmisins fyrir allnokkrum árum síðan skylda tillögu út frá þeim aðstæðum sem þá voru uppi og segja má að séu enn að ýmsu leyti. Í þeirri tillögu var m.a. vitnað til laganna um verndun Mývatns og Laxár og rakið í greinargerð hvað lá að baki lagasetningunni og hver hugsunin var af hálfu þeirra sem að því frv. stóðu á sínum tíma. Þar var réttilega á það minnt að aðstæður í Mývatnssveit eru slíkar að væri þar óbyggt svæði er næsta lítill vafi á því að búið væri að gera Mývatn og nágrenni þess að þjóðgarði eða verndarsvæði með slíkum hætti. En nú eru aðstæður aðrar. Þarna er byggð og þetta sambýli manns og náttúru er þess vegna verðugt verkefni fyrir menn að leysa.

Sérstaða Mývatns í hópi íslenskra náttúruperlna er óumdeild. Þess sér m.a. stað í því að svæðið er tilnefnt af hálfu Íslands til Ramsar-sáttmálans, alþjóðlegs sáttmála um verndun votlendissvæða.

Það er einnig ljóst að Mývatnssveit og það svæði þjónar geysimiklum tilgangi í íslenskri ferðaþjónustu. Samkvæmt könnun sem gerð var fyrir nokkrum árum síðan var Mývatn og Mývatnssvæðið það nafn einstakt sem langoftast kom upp þegar erlendir ferðamenn voru spurðir um ástæður þess að þeir sóttu Ísland heim eða voru spurðir um hvaða staði á landinu þeir hygðust skoða eða hefðu mestan áhuga á að sjá. Mývatn var þar langefst á blaði og um það vitnar líka geysileg umferð ferðamanna yfir sumartímann.

Ég held að það sé ekki í sjálfu sér ástæða til að ræða að öðru leyti núverandi stöðu mála. Hún er mönnum kunn. Innan tíðar verður sjálfsagt niðurstaða fengin í það hver verður framtíð Kísiliðjunnar, sem er langmikilvægasta atvinnufyrirtæki svæðisins en jafnframt það sem vandasamast er að búa um í sambýli við hina viðkvæmu náttúru.

Ég segi þess vegna aftur að burt séð frá því hvenær og hverjar sem verða lyktir þess máls, sem vonandi fer nú að draga að, er þörf á því að taka þróunarforsendur atvinnulífs á þessu svæði til sérstakrar skoðunar. Stjórnvöld bera þar miklar skyldur vegna sérstakra laga sem gilda um náttúruvernd á svæðinu og vegna þess að vera eignaraðili að stærstu atvinnufyrirtækjum á svæðinu bæði Kísiliðjunni og Kröfluvirkjun. Það er þess vegna ótvírætt að eðlilegt er að stjórnvöld taki á málefnum þessa svæðis sérstaklega, leggi því stuðning og kosti úttekt af því tagi sem hér er gert ráð fyrir.

Ég vona svo að örlög þessar tillögu, sem nú er flutt af tveimur hv. þm. í umhvn., verði ekki þau sömu og áður, að sofna værum svefni á Alþingi, heldur væri mönnum meiri sómi að því að afgreiða hana og reyna að ná um það víðtækri samstöðu að afgreiða tillögu af þessu tagi og hrinda því verkefni úr vör sem tillagan gerir ráð fyrir að unnið verði á næstu mánuðum.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og Tómasi Inga Olrich fyrir jákvæðar undirtektir við tillöguna. Ég vil sérstaklega fagna orðum hv. þm. sem ég síðar nefndi, Tómasar Inga Olrich, um stuðning við þetta mál. Ég met það mikils. Hann á sæti ásamt mér í þeirri þingnefnd sem gerð er tillaga um að fái málið til meðferðar og gjörþekkir aðstæður á þessu svæði. Ég er því frekar bjartsýnn á þessari stundu um að þetta mál fái jákvæða afgreiðslu þó að auðvitað muni þingnefnd fjalla um orðanna hljóðan í tillögutexta. Þessi orð tel ég að ég mæli fyrir hönd okkar flm. beggja sem stöndum að þessari till.

Ég er líka ánægður að hæstv. umhvrh. og hæstv. iðnrh. eru viðstaddir þessa umræðu. Ábyrgð þeirra beggja er mikil varðandi þetta mál eins og staðan er. Það mun reyna á báða þessa ráðherra og ráðuneyti þeirra og ekki síst náttúrlega umhvrn. í sambandi við framhald mála af þessum toga og þá úttekt sem hér er um að ræða þó auðvitað þurfi atvinnumálaráðuneytin að koma inn í það efni.

Nú styttist í það eins og nefnt hefur verið að sá hópur sem nú er að starfi skili áfangaáliti. Ef ég man rétt þá var gert ráð fyrir því að þær rannsóknir sem var lagt upp með á síðasta ári að tillögu sérstakrar ráðgjafanefndar stæðu til ársins 1994 eða ársins 1995. Það er þess vegna langt frá því að einhverjar lyktir séu komnar í þekkingaröflun varðandi svæðið, en auðvitað þarf að meta stöðuna þegar næsta áfanga er náð í

þessum efnum og við bíðum og sjáum hvað þá kemur upp á borðið að því er varðar kísilgúrnám í Mývatni.

Eins og réttilega hefur verið minnt á er það aðeins einn þáttur mála varðandi atvinnulíf á þessum stað nú. Ég tel langt frá því að Mývetningar þurfi að horfa af einhverri svartsýni öðrum fremur fram á veginn varðandi atvinnuþróun og atvinnumöguleika á þessu svæði. Þar er áreiðanlega unnt að fjölga atvinnutækifærum án þess að það þurfi að rekast á við náttúruverndarmarkmið fyrir þetta svæði. Þetta þarf einmitt hvort tveggja að haldast hönd í hönd á Laxár- og Mývatnssvæðinu öllu.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegur forseti. Svo er sagt að Mývatn muni vera það vatn á norðurhveli jarðar sem mest hefur verið rannsakað. Engu að síður hefur komið í ljós að ekki er nóg rannsakað og því standa nú yfir, eins og fram hefur komið í þessum umræðum, mjög umfangsmiklar rannsóknir á hugsanlegum áhrifum setflutninganna í vatninu og þeim áhrifum sem þetta nám og sú gryfjumyndun hefur í för með sér.

Vonir standa til að áfangaskýrsla um það efni liggi fyrir í næsta mánuði — sennilega síðari hluta næsta mánaðar. Á þeirri skýrslu verður byggt þegar ákvörðun verður tekin um næstu skref í málinu og þá hugsanlega úttekt eða athugun af því tagi sem hér er nefnd.

En ég tek undir það sem hér hefur verið sagt af 1. flm., og raunar fleirum sem til máls hafa tekið, að það er brýnt að eyða þeirri óvissu sem fyrir hendi er varðandi framtíð kísilgúrnámsins í Mývatni. Um það eru mjög deildar meiningar og ætla ég ekki að hafa um það mörg orð hér, svo gjörkunnugt er málið hv. þm. En þar sýnist sitt hverjum og auðvitað er brýnt að fyrir liggi eins óyggjandi niðurstaða og hægt er að fá. Til þess hafa verið fengnir þeir bestu sérfræðingar og sú besta tækni sem við eigum völ á.

Annars vildi ég beina því til forseta að hér er um að ræða tillögu um atvinnuþróun í Mývatnssveit. Hér segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á þróunarforsendum og möguleikum á nýsköpun í atvinnulífi í Mývatnssveit er falli að markmiðum um náttúruvernd á svæðinu."

Mér sýnist, virðulegur forseti, enda þótt minnst sé á náttúruvernd í þeirri setningu sem ég las, að ekki sé sjálfgefið að þetta mál eigi að fara til umhvn. Raunar hef ég efasemdir um að málið eigi að fara til umhvn. vegna þess að hér er um að ræða úttekt á atvinnuþróun og möguleikum á nýsköpum í atvinnulífi. Auðvitað á allt slíkt hverju nafni sem nefnist og hvar á landinu sem er að falla að markmiðum um náttúru og umhverfisvernd. Ekkert frekar í Mývantssveit en annars staðar þó það sé mjög mikilvægt svæði. Öll nýsköpun í atvinnulífi og þróun í þeim efnum hlýtur og verður að taka mið af þeim forsendum. Ég hef miklar efasemdir um að þetta mál eigi að fara til hv. umhvn. enda þótt flm. eigi sæti þar vegna þess að hér er fyrst og fremst um atvinnumál að ræða.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna athugasemda hæstv. ráðherra um það að vísa þessu máli til umhvn., þá kom það skýrt fram hjá hv. flm. að hann leggur það til og gerði grein fyrir því. Forseti gerir ekki athugasemdir við það en lætur reyna á það í atkvæðagreiðslu ef aðrar tillögur koma fram. Eins og hér hefur komið fram má segja að það sé áhorfsmál hvar þessi tillaga eigi heima.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar með örfáum orðum að lýsa stuðningi við þessa till. til þál. um atvinnuþróun í Mývatnssveit. Eins vil ég lýsa yfir ánægju með það sem kom fram hjá hæstv. umhvrh. þess efnis að nú styttist í að fyrir liggi skýrsla um rannsóknir á setflutningum í Mývatni og á niðurstöðu þeirrar skýrslu verði byggð áform ráðherra um framtíð kísilgúrverksmiðjunnar á þessum stað. Því það er rétt, sem hefur komið fram hjá að ég held öllum hv. þm. sem hér hafa tekið til máls, að sú óvissa sem nú ríkir í Mývatnssveit um framtíð þessarar verksmiðju er mjög af hinu illa. Þó að ég geri mér fulla grein fyrir því að ráðherra þarf að hafa ákveðnar forsendur við hendina þegar tekin verður ákvörðun um framtíð verksmiðjunnar, þá vil ég að það komi hér fram að því fyrr sem sú niðurstaða liggur fyrir og því fyrr sem ráðherra tekur afstöðu þeim mun betra fyrir þetta sveitarfélag.

Ég vil leyfa mér, hæstv. forseti, að minna á eitt sem tengist atvinnumálum í Mývatnssveit þó það tengist kannski ekki beint þessari tillögu. Við afgreiðslu fjárlaga lagði ég fram brtt. við fjárlög þess efnis að varið yrði 5 millj. til þess að starfsemi sem þarna hafði verið gerð tilraun með og er í formi reksturs skólabúða gæti haldið áfram. Því miður náði sú tillaga ekki fram að ganga en þar var um að ræða að geta veitt fimm til sex einstaklingum á þessu svæði atvinnu sem er hreint ekki svo lítið mál í sveitarfélagi af þessari stærð.

Þannig eru ýmsir möguleikar á landsbyggðinni sem veita atvinnu. Þó fimm menn séu kannski ekki margir starfsmenn þegar við lítum til fjárlaga í heild sinni þá er það svo sannarlega mikilvægt fyrir sveitarfélag af þessari stærð. Þetta var kannski útúrdúr en þetta rifjaðist upp fyrir mér á meðan ég hlýddi á þessa umræðu.

Ég endurtek það að lokum að ég get stutt þessa tillögu en ég vil ekki á þessari stundu tjá mig um í hvaða nefnd hún ætti að fara. Ég vil hugleiða það aðeins frekar ef upp koma fleiri en ein tillaga um það en ég get að mörgu leyti tekið undir sjónarmið hæstv. umhvrh. þess efnis að hér sé verið að fjalla um atvinnumál.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætlaði mér að víkja að því sem kom fram hjá hæstv. umhvrh. og reyndar einnig hjá hv. síðasta ræðumanni að vikið var að þeirri tillögu minni að þetta mál færi til umhvn. Vegna þess sem fram kom um það efni að hér væri um atvinnumál að ræða finnst mér það ekki veikja neitt grundvöllinn að minni tillögu. Ég er satt að segja undrandi

á því að menn geri athugasemdir við það, eins og mál eru vaxin í þessari þjóðgarðssveit, Mývatnssveit, að um tillögur sem varða þróunarforsendur í sátt við náttúru svæðisins sé fjallað í umhvn. þingsins. Ég fagna því að hæstv. forseti bendir á að það geti verið álitamál hvert tillaga af þessum toga eigi að fara. Ég vænti þess að ekki þurfi að vera um það ágreiningur.

Auk þess benti ég á það í framsögu minni að umhvn. hefur til meðferðar og á sinni dagskrá náskyld efni. Á fund nefndarinnar komu bæði hæstv. umhvrh. og hæstv. iðnrh. til viðræðu um stöðu þeirra mála sem auðvitað varða atvinnuþróun og atvinnumál, í þessu tilviki kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn og hennar starfrækslu. Það sýnir kannski enn þá betur hversu samfléttað þetta er að hér hljóta umhverfisforsendurnar að vera hinn almenni bakgrunnur og það frekar í Mývatnssveit en annars staðar vegna sérstakrar löggjafar um verndun svæðisins.

Þetta finnst mér vera gild rök, virðulegur forseti. Jafnhliða vil ég ekki láta hjá líða að þakka hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur fyrir yfirlýstan stuðning við þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit Landhelgisgæslunnar innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar, fyrri umr.

Þáltill. GHall og EKJ, 195. mál. — Þskj. 232.

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér till. til ál. um eftirlit Landhelgisgæslunnar innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar:

„Alþingi ályktar að skora á dómsmrh. að hann láti fara fram ítarlega athugun á því hve mörg tæki (skip og loftför) Landhelgisgæslan þurfi til að halda uppi fullu eftirliti innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar samkvæmt lögum nr. 41/1979 og 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi samkvæmt reglugerð nr. 299/1975. Einnig skal kanna hver viðbótin þurfi að vera verði efnahagslögsagan færð út allt að 350 sjómílum á þeim svæðum sem Ísland á rétt á samkvæmt alþjóðalögum."

Í greinargerð með tillögunni segir:

„Eins og bersýnilega hefur komið í ljós að undanförnu má þjóðarbúið ekki við neinum skakkaföllum í efnahagslögsögunni. Efnahagslögsagan er mjög víðfeðm, um 758 þús. ferkílómetrar, eða 7,5 sinnum stærri en landið sjálft. Ekki er úr vegi að líta á þann viðbúnað sem nágrannaþjóðir okkar hafa vegna eftirlits í sínum efnahagslögsögum. Þar má nefna Norðmenn, Englendinga og Dani vegna Grænlands og Færeyja.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um hvað samkeppnin um fiskinn í höfunum hefur aukist á síðustu árum. Ásókn fiskiskipa við 200 sjómílna mörkin og/eða miðlínur hefur aukist að undanförnu og má þar nefna svæði á Færeyjahrygg, á Reykjaneshrygg, á Dohrn-banka og norðaustur af landinu. Einnig má benda á áhuga Spánverja, Portúgala, Frakka og fleiri þjóða á fiskveiðum í Norðaustur-Atlantshafi. Skip frá öðrum heimsálfum hafa sótt til veiða við mörk efnahagslögsögunnar á undanförnum árum og má þar t.d. nefna skip frá Asíu."

Eflaust hefur ekki farið fram hjá þingheimi það sem nú er að gerast við 200 mílna mörkin út af Reykjaneshrygg hvar Frakkar hafa mjög sótt í búra án þess að Íslendingar hafi fylgst mjög náið þar með.

„Eftir að breyting varð á lögum hvað varðar heimildir erlendra fiskiskipa til löndunar á afla í íslenskum höfnum má búast við aukningu á umferð þeirra um efnahagslögsöguna. Einnig er talsverð umferð þeirra fiskiskipa um efnahagslögsöguna sem sækja á Dohrnbanka."

Það er líka rétt að minna á að ekki er langt síðan Alþingi fjallaði um hugsanlegar veiðiheimildir ríkja innan Efnahagsbandalagsins til veiða hér innan fiskveiðilögsögunnar og kemur því enn frekar til kasta Landhelgisgæslunnar og enn frekar þarf hún að fylgjast með en áður hefur verið gert. Það vekur athygli mína að þegar skoðaðar eru nákvæmar tölur þeirrar breiddar og lengdar hvar fyrirhuguð veiðisvæði þessara skipa eru kemur í ljós að þeir sem hafa þar um samið hafa líklega ekki hugað að því hvernig best væri háttað varðandi eftirlit með þeim skipum sem eiga að veiða innan markanna. Ég mun láta þetta sjókort liggja hér til upplýsingar fyrir þingmenn. Þar kemur greinilega fram að um tvö svæði er að ræða. Annars vegar svæði sem tengist 200 sjómílna fiskveiðilögsögunni og hins vegar svæði við Reykjaneshrygg og Selvogsbanka nokkuð fyrir innan landhelgislínu. Skip þurfa því að sigla nokkuð innan 200 mílna landhelgi áður en á hið eiginlega veiðisvæði er komið.

„Ekki má gleyma hversu mikilvægt er að halda uppi öflugu eftirliti vegna mengunar sjávar. Ef upp kæmi mengunarslys innan efnahagslögsögunnar og/eða frétt um slíkt gæti það haft alvarlegar afleiðingar fyrir markaði á sjávarafurðum okkar erlendis. Stærð efnahagslögsögunnar við Ísland og þýðing hennar fyrir þjóðarbúið er svo mikil að ekki má hætta á neitt er dregið gæti úr strangri gæslu á auðlindinni."

Það er ekki langt síðan Landhelgisgæslan tók upp eftirlitsflug varðandi vöktun hafsins úr lofti innan mengunarlögsögu Íslands, en það var 1. jan. Við höfum orðið áþreifanlega varir við þau mengunarslys sem hafa orðið ekki langt frá okkur hvar stór olíuskip hafa strandað með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Það er athyglisvert þegar rætt er um Landhelgisgæsluna hvað menn eru bundnir við það að Landhelgisgæslan sé eingöngu á siglingu innan fiskveiðilögsögunnar og í eftirliti sem byggist eingöngu á því að fylgjast með hvort skip er að veiðum eða ekki.

Landhelgisgæslan hefur eins og þingmönnum er kunnugt um séð um eftirlit með okkar eigin skipum. Lítið dæmi um hversu nauðsynlegt það er var þegar Landhelgisgæslan stoppaði íslenskt skip fyrir ekki löngu. Þá kom í ljós að veiðileyfi var ekki um borð. Það var heima hjá útgerðarmanninum gefið út á annan bát með sama nafni. Haffæriskírteinið var ekki um

borð. Það var geymt hjá útgerðarmanninum. Bjarghringir voru merktir öðrum bát. Lögskráningu vantaði. Atvinnuskírteini voru ekki um borð. Þjóðernisskírteinið og mælibréf ekki útgefið á sama skipsnafn og ekki vitað hvenær gúmmíbátar voru skoðaðir. Þetta er lítið dæmi um þau afskipti sem Landhelgisgæslan hefur þurft að hafa af skipaflota okkar og af upptalningu minni áðan má sjá að ekki veitir af. Því miður.

Þá er til að taka aldur þeirra varðskipa sem nú eru til taks. Þá er fyrst til að nefna okkar nýjasta varðskip sem er orðið 18 ára gamalt. Þá kemur varðskipið Ægir sem er 25 ára og Óðinn 33 ára gamalt. En meðalaldur fiskiskipaflotans núna er rétt rúm 17 ár. Þá er Fokkerflugvél Landhelgisgæslunnar, TF-Sýn, 16 ára og sú þyrla sem mest er notuð komin vel á áttunda árið.

Það má ljóst vera að hér er verk að vinna. Ef við Íslendingar ætlum að gæta okkar efnahagslögsögu er vissulega orðið tímabært að tekist verði á við mál sem snerta Landhelgisgæsluna og mótuð stefna í því hvað við ætlum að gera þó ekki sé nema eitt haft til hugar. Ef við ætlum að yngja upp í flota Landhelgisgæslunnar þá tekur það a.m.k. fjögur ár og hafandi í huga hvað aldur varðskipanna er hár miðað við það sem almennt gerist nú er ekki seinna vænna en að þessi vinna fari fljótlega af stað, þ.e. ítarleg athugun á því hve mörg tæki, þ.e. flugvélar og skip, Landhelgisgæslan þarf á að halda í framtíðinni og hvernig við ætlum að gæta lögsögu okkar þá fram líða stundir.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil í fyrsta lagi fagna því að hv. flm. eru að hreyfa við þessu máli. Það er þarft og skylt að huga að málefnum Landhelgisgæslunnar og ekkert nema gott eitt um það að segja. Ég held hins vegar að það væri óraunsætt og barnaskapur að ræða þetta málefni án þess að skoða í sömu andrá hvaða starfsskilyrði Landhelgisgælunni eru búin nú um stundir til að sinna sínum verkefnum. Menn geta haft góðar meiningar og flutt ágætar tillögur um nauðsyn þess að skilgreina verkefni Landhelgisgæslunnar og gera á því könnun hversu mikinn tækjakost Gæslan þurfi til þess að sinna sínum verkefnum en það mun auðvitað ekki leysa þann eiginlega og efnislegan vanda sem Gæslan á við að stríða og felst í ónógum fjárveitingum til rekstrar. Við höfum því miður núna á allra síðustu árum og einkum tvö síðustu ár séð mikla afturför þannig að Gæslan hefur orðið að draga verulega saman í rekstri skipakosts síns og þrátt fyrir langan aðdraganda hefur enn ekki tekist að knýja fram ákvörðun um endurnýjun á björgunartækjakosti Gæslunnar. Þá á ég einkum og sér í lagi við þyrlu til björgunarstarfa.

Ég held því að eigi þessi tillaga að ná tilgangi sínum þá verði henni jafnframt að fylgja úttekt að því leytinu til hvaða tekjur þarf Gæslan til að sinna sínum verkefnum og auðvitað breytingar á fjárhagsmálefnum hennar í þá átt að hún geti haldið uppi þeim umsvifum og úti þeim rekstri sem til þarf. Annars er þetta því miður, með fullri virðingu fyrir flm., fyrir fram dauðadæmt pappírsgagn ef ekki fylgir með það sem við á að éta, þ.e. þau starfsskilyrði fyrir Landhelgisgæsluna að hún geti sinnt sínum verkefnum.

Ég tók það upp í fyrra og spurði hæstv. dómsmrh. um það hvað liði áformum um endurnýjun á skipakosti Gæslunnar. Ég hafði rekið mig á þá staðreynd, eins og hv. síðasti ræðumaður einnig, að skipakostur Gæslunnar er nokkuð að komast til ára sinna, það yngsta nálgast það nú að fylla annan áratuginn. Ég varð þess vegna fyrir nokkrum vonbrigðum með svör hæstv. dómsmrh. Þau voru efnislega á þá leið að það væri ekki komið að því á næstunni að ráðast í endurnýjun á skipakosti Gæslunnar. Ég hafði bundið vonir við það að a.m.k. væri orðið tímabært að hefja undirbúning að slíkum ákvörðunum og gjarnan hefðu menn mátt hafa í huga möguleikana á því að þar gæti orðið um að ræða einhver verkefni fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað.

Sama er auðvitað að segja um flugvélakostinn og sérstaklega er það þó björgunarþyrlan, stóra þyrlan, sem orðið er, og reyndar fyrir löngu, brýnt að taka ákvörðun um endurnýjun á. Það mun vera á þessu ári sem sú vél á að fara í viðamikla skoðun og það er alveg ljóst að hún hlýtur að verða úr rekstri svo skiptir mánuðum, bæði vegna lögbundinna eða reglubundinna skoðana, eftirlits og líka vegna bilana sem gerast auðvitað tíðari með aldrinum. Þeir voru allmargir dagarnir t.d. í janúarmánuði sl. sem þyrlan var ekki flughæf og fór hún þó í fjöldamörg útköll.

Í öðru lagi vil ég taka undir það, sem nefnt er í þessari till., að það þarf að endurskoða verkefni Gæslunnar að nokkru leyti í ljósi nýrra aðstæðna í landhelgismálum okkar og með breytta sjósókn í huga. Þá á ég sérstaklega við aukna ásókn í fiskimiðin í suður og suðvestur af landinu og má segja bæði auknar veiðar Íslendinga sjálfra á þeim hafsvæðum en ekki síður þó greinilega stóraukna ásókn útlendinga á fiskimiðin suður og suðvestur og jafnvel suðaustur af landinu. Það er t.d. upplýst að allmargir erlendir togarar hafa á sl. ári og í byrjun þessa árs verið að veiðum rétt við 200 sjómílna mörkin suður af landinu. Á hinn bóginn hefur Landhelgisgæslan sárasjaldan svo mikið sem séð þessi skip, hvað þá að skip hafi komist þangað út til þess að vera þar við eftirlit af hálfu okkar. Endrum og sinnum er flogið yfir þetta svæði og þá er það gjarnan svo að þar er talsverður floti erlendra fiskiskipa rétt við íslensku lögsögumörkin.

Þarna þarf að verða breyting á. Við þurfum að ná því að sinna þarna betur eftirliti og einnig undirbúa það ef gert verður aukið tilkall til réttinda okkar Íslendinga til hafsvæðanna í þessa átt.

Það er einnig enginn vafi á því að aukist sóknin svo sem nú horfir í fiskstofna á þessum slóðum þá kemur að því fyrr eða síðar að takmarka verður þá sókn með einum eða öðrum hætti og stýra sókninni í þessar tegundir. Þær eru væntanlega ekki óþrjótandi frekar en aðrir stofnar og þá kemur til samninga vonandi undir alþjóðlegu eftirliti um nýtingu á þessum auðlindum og þar hlýtur Ísland, eðli málsins samkvæmt, að hafa miklu hlutverki að gegna, annars vegar sem veiðiþjóð og hins vegar virðist liggja í hlutarins eðli að sá aðili

sem nærtækast væri að annaðist eftirlit með slíkum veiðum værum við Íslendingar.

Að mörgu fleiru er auðvitað að hyggja í okkar landhelgismálum. Ég hef flutt tillögur og fengið reyndar samþykktar hér á Alþingi um að ráðist verði í að styrkja Kolbeinsey, grunnlínupunkt okkar í norðri, sem stækkar íslensku lögsöguna um 9.600 ferkílómetra, hvorki meira né minna, og nú eru um það upplýsingar að Danir hugsi sér til hreyfings og muni jafnvel höfða mál gegn Íslendingum í kjölfar þess að þeir fá niðurstöðu í deilu sína við Norðmenn um miðlínu milli Jan Mayen og Austur-Grænlands. Alþjóðadómstóllinn mun fella dóm í því máli í vetur eða vor og samkvæmt upplýsingum úr dönskum blöðum þá er í undirbúningi nú þegar af hálfu Dana sókn á hendur okkar Íslendinga í kjölfarið á því að lyktir ráðast í deilu þeirra við Norðmenn.

Ég held þess vegna að verkefnin séu mörg og full þörf á því auðvitað að fara yfir þau og skilgreina þau og þess vegna væri, ef eitthvað væri, ástæða til þess að breyta þessari tillögu í meðförum þingsins þannig að hún yrði víðtækari, tæki á fleiri þáttum í okkar landhelgismálum og verkefnum okkar Landhelgisgæslu. En hitt verður auðvitað að hafa í huga og þýðir ekkert að horfa fram hjá að allt slíkt eru orðin tóm nema með fylgi það sem við á að éta, þ.e. rekstrarfjármunir til handa Landhelgisgæslunni þannig að hún geti staðið í stykkinu. Það verða hv. stjórnarliðar og þar með talið flutningsmenn að horfast í augu við ef þeir hafa stutt þær fjárveitingar sem gengið hafa til Gæslunnar á þessu ári og hinu síðasta, að þar er svo sannarlega ekki stefnt í rétta átt heldur þvert á móti og ákaflega dapurlegt að sjá í raun og veru hvernig þrengt hefur verið að Gæslunni á síðustu árum, bæði hvað fjárveitingar og auðvitað líka hvað tækjakostinn snertir, en ekkert hefur gerst því miður, ekkert hefur gerst í formi ákvarðanatöku um endurnýjun á tækjakosti, hvorki björgunartækjum, þyrlunnar né skipum.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð hér um en ég vil lýsa því yfir að ég er efnislega hjartanlega sammála því að það þarf að láta fara fram ítarlega athugun á því hve mörg tæki Landhelgisgæslan þarf til að halda uppi eftirliti innan fiskveiðilögsögu okkar. Hins vegar dugar ekki athugun ein og sér heldur þarf líka að fylgja þessu eftirliti eftir og það er kannski þar sem hnífurinn stendur í kúnni — eða þorskinum.

Þar er greinilega, eins og hér hefur komið fram raunar í þessari umræðu, mjög alvarlegt ástand. Við erum ekki í stakk búin til þess að sinna því eftirliti sem við þurfum nú þegar og því miður þá er það að bjóða upp á frekari vanda þar sem við höfum opnað lögsögu okkar fyrir erlendum skipum, fleiri en þessum gömlu belgísku togurum sem áður fengu að vera hér og, þetta hlýtur að sjálfsögðu að þýða það að við þurfum enn að efla þessa gæslu og það hversu vel sem staðið verður að eftirliti um borð. Það mætti raunar hafa langt mál um þann hluta Landhelgisgæslunnar en það er rétt að vekja athygli á því að Landhelgisgæslan var ekki köllluð til viðtals um þann sjávarútvegssamning sem við höfum nýverið illu heilli samþykkt á Alþingi. Hérna á ég við fiskveiðisamninginn á milli Evrópubandalagsins og Íslendinga.

Varðandi þyrlumál þá held ég að sú raunasaga sé hér flestum kunn og sem betur fer þá held ég að ég muni það rétt að hv. 1. flm. þessa máls sé jafnframt meðflutningsmaður á því frv. sem nú kemur brátt til umræðu en samkvæmt frv. á að búa svo um hnútana að keypt verði ný öflug þyrla sem við erum fullsæmd af og þar er greinilegt að flm. lætur fara saman vilja til athugunar og athafna.

Þetta eru atriði sem mér þykir nauðsynlegt að við höfum í huga við þessa umræðu og ég geri ráð fyrir því að við skoðun í nefnd komi það í ljós að þörfin á slíkri athugun sé brýn og að það sé jafnframt brýnt að búa svo um hnútana að við sitjum ekki uppi með þá aðstöðu, sem við höfum nú, að vera með gjörsamlega vanbúna Landhelgisgæslu, kannski að öðru leyti en því að mannskapurinn þar er mjög vel í stakk búinn til að sinna sínu hlutverki. Við verðum að hafa tækjakost og við verðum að hafa rekstrarfé til þess að hægt sé að vinna að þessu gífurlega mikilvæga máli.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það hefur þegar komið fram í þessari umræðu, m.a. hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að við teljum að þessi tillaga sem hér er flutt af þeim hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni og Eyjólfi Konráð Jónssyni sé mjög athyglisverð, brýn og þörf. Því ber vissulega að fagna að þessir tveir þingmenn Sjálfstfl. hafa flutt tillögu sem miðar að því að efla starfsemi Landhelgisgæslunnar og þarf ég í sjálfu sér litlu við það að bæta. Ég held að það sé mjög mikilvægt að sú starfsemi sé fest í sessi.

Ástæðan fyrir því hins vegar að ég kvaddi mér hljóðs er sú að í fyrirsögn þskj. kemur fram að þetta sé till. til þál. um eftirlit Landhelgisgæslunnar innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar. En síðan segir í texta till., og ég er því alveg sammála: „Einnig skal kanna hver viðbótin þurfi að vera verði efnahagslögsagan færð út allt að 350 sjómílum á þeim svæðum sem Ísland á rétt á samkvæmt alþjóðalögum."

Þann tíma sem ég hef setið í utanrmn. á þessu kjörtímabili og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sat þar, þá fylgdist ég af athygli með þeim röksemdum sem hann setti fram um réttindi Íslendinga til efnahagslegra áhrifa í lögsögunni utan við 200 mílurnar. Á vegum utanrmn., þegar hv. þm. var formaður hennar, var gefin út sérstök greinargerð með kortum þar sem þessi réttindi voru útskýrð. Því miður er það þannig að af hálfu framkvæmdarvaldsins hefur á undanförnum árum verið lítill áhugi á að fylgja þessum réttindum eftir.

Nú er það svo að hér fyrir nokkuð löngu átti ég einnig samvinnu við hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson um réttindi Íslendinga við Jan Mayen. Þegar við komum að því máli fyrir röskum áratug síðan þá var það líka þannig að innan framkvæmdarvaldsins var mjög

lítill áhugi á þeim réttindum. Satt að segja var það þannig að sérfræðingar utanrrn. og jafnvel þáv. utanrrh. höfðu ekki mikinn áhuga á því að halda til streitu réttindum Íslendinga á því svæði. Án þess að ég ætli að rekja þá sögu hér þá var frægur samningafundur þar sem fulltrúar Norðmanna, utanríkisráðherra og sjávarútvegsráðherra, komu hingað til lands með fríðu föruneyti og ýmsir þáverandi sérfræðingar íslenska ríkisins og starfsmenn á vettvangi framkvæmdarvaldsins virtust vera reiðubúnir að ganga þá til samninga. Hins vegar voru það fulltrúar þingsins, m.a. hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og við fleiri, sem komu í veg fyrir það að það var gert og málstað Íslendinga var haldið til streitu sem lyktaði svo með því að Íslendingar fengu viðurkenningu á réttindum við Jan Mayen.

Nú hefur það gerst í þinghléinu að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur með réttu vakið athygli á því að Íslendingar ættu margvísleg réttindi utan 200 mílnanna. Hvað gerist þá? Þá kemur hæstv. sjútvrh. og segir í viðtölum að það sé alls ekki, það sé bara misskilningur að Íslendingar eigi þar réttindi. Og prófessor við háskólann sem við og við er að vinna einhver verk fyrir ráðuneytin kemur í fjölmiðla og segir líka að það sé misskilningur að Íslendingar eigi þar nokkur réttindi. Ég vil segja við hæstv. sjútvrh.: Þetta er gáleysistal í ráðherranum. Ráðherrann getur ekki leyft sér að taka þátt í því að skerða möguleika Íslendinga til þess að sækja fram á þessum réttindagrundvelli með því að lýsa þessu yfir opinberlega sem að sjálfsögðu er þýtt af sendiráðum erlendra ríkja sem þarna eiga líka hagsmuni og verður örugglega notað þegar þar að kemur gegn hagsmunum Íslands.

Ég vil því eindregið í tilefni af þessari till. mælast til þess að hæstv. sjútvrh. hagi þannig orðum sínum fljótlega að hann dragi í land frá fyrri fullyrðingum um það að Íslendingar eigi þarna ekki neinn rétt. Ég tel reyndar mjög brýnt að á vettvangi þingsins verði hafist handa um það að knýja á um þessi réttindi. Það er nefnilega þannig ef maður skoðar sögu landhelgisbaráttu Íslendinga að það hefur nánast ætíð verið þjóðþingið sem hefur knúið á, ekki framkvæmdarvaldið, ekki sérfræðingarnir í utanrrn., ekki þeir sem hafa verið í vinnu hjá ráðherrunum, þeir hafa yfirleitt verið notaðir til að draga úr.

En hvort sem við förum í 12 mílurnar, 50 mílurnar eða 200 mílurnar eða hafréttarsáttmálann þá var það sveit manna í þinginu, og einn þeirra situr enn, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, hinir eru horfnir af þingi, sem ávallt var í fararbroddi um að knýja á um það að réttindi Íslendinga yrðu sótt.

Það er sérkennilegt að núv. formaður utanrmn., hv. þm. Björn Bjarnason, skuli ekki vera viðstaddur þessa umræðu, sýnir kannski áhugaleysi hans á þessu máli þótt hann sitji yfirleitt nokkuð vel í umræðum í þinginu, því í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur orðið af hálfu hæstv. sjútvrh. og sérfræðinga sem vinna fyrir ráðuneytin þá er mjög brýnt að Alþingi hefist nú þegar handa um að réttindi Íslendinga utan 200 mílnanna verði sótt og staðfest.

Ég mun þess vegna beita mér fyrir því í utanrmn. þegar hún kemur saman til fundar, væntanlega næsta mánudag, að þessi mál verði þar tekin upp og það verði gert að viðvarandi viðfangsefni utanrmn. að knýja á um það að sækja þessi réttindi. Ég vona að hæstv. sjútvrh. og aðrir ráðherrar verði þá reiðubúnir til samstarfs við okkur í þeim efnum. Það mál er ekki einfalt og við sjáum á hagsmunagæslu Breta t.d. á hafsvæðinu milli okkar og þeirra að þeir gera sitt ýtrasta til að tryggja rétt sem við teljum að þeir eigi ekki. Nauðsynlegt er að leggja bæði mannafla, pólitíska vinnu og fjármuni í að tryggja réttindi Íslendinga á þessu svæði.

Ég fagna því að þessi tillaga hefur komið fram hér. Hún getur vonandi orðið okkur tilefni til að taka þessi mál upp. Ég tel eðlilegt að hún verði líka tekin til meðferðar í utanrmn. sem og annarri nefnd þingsins sem henni verði vísað til þannig að menn geti hér í sameiningu tekið á því merka máli sem hér er hreyft.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. flm. þessarar till. fyrir að hreyfa þessu máli. Það er vissulega svo að það er full ástæða til þess að Alþingi fjalli um Landhelgisgæsluna, hlutverk hennar og tækjakost.

Það er rétt sem hér hefur komið fram að tækjakostur Landhelgisgæslunnar er kominn nokkuð til ára sinna, bæði skipakostur og flugvélakostur. Hins vegar er á það að líta að skip Gæslunnar eru í mjög góðu ásigkomulagi og eru góð og hentug sjóskip. Eigi að síður er ástæða til að huga að þessu efni á hverjum tíma. En það er einnig rétt sem hér hefur komið fram að í umræðum um þetta efni á síðasta þingi lýsti ég því sem afstöðu ráðuneytisins að það hefði sem forgangsverkefni kaup á nýrri björgunarþyrlu sem kæmi á undan kaupum á nýjum varðskipum. En að öðru leyti var undirbúningur þess máls ekki á nokkurn hátt ákveðinn.

Það er svo að hlutverk Landhelgisgæslunnar hefur verið að breytast og er með öðrum hætti nú en þegar við tókum sem virkastan þátt í baráttunni fyrir útfærslu landhelginnar og í landhelgisstríðinu. Gæsluhlutverkið er með öðrum hætti nú og þjónustuhlutverk Gæslunnar mun fara vaxandi, einkanlega að því er varðar björgunarmálin. Þess vegna var tekin um það ákvörðun að endurskoða lög og skipulag Gæslunnar og sérstök nefnd hefur unnið að því á undanförnum mánuðum að endurskoða lögin og skipulag Gæslunnar og gera tillögur um það hvernig Gæslan starfi á komandi árum í ljósi nýrra aðstæðna. M.a. er það hlutverk þessarar nefndar að kanna hvort hagkvæmt þyki til að treysta bæði það hlutverk sem Gæslan hefur með höndum í dag og eins almannavarnir í ríkinu að Almannavarnir ríkisins falli saman við Landhelgisgæsluna. Þess er að vænta að á vormánuðum skili þessi nefnd áliti. Í eðlilegu framhaldi af því þegar hlutverk Landhelgisgæslunnar hefur verið afmarkað með nýrri löggjöf er mjög eðlilegt að metið verði hvern tækjakost Landhelgisgæslan þurfi að hafa á komandi árum í ljósi nýrrar skilgreiningar á hlutverki og starfi nefndarinnar. Þess vegna fagna ég því að þessu máli er hreyft hér.

Það er eðlilegt áfangaverkefni næst á eftir því að setja hér nýja löggjöf.

Vegna orða hv. 8. þm. Reykn., þar sem hann með útúrsnúningum á ummælum mínum og rangfærslum hóf hér umræður um réttindi okkar utan 200 mílna lögsögu, þá vil ég fyrst segja það við hv. þm. að ummæli hans hér í þinginu um þetta efni eru að sjálfsögðu þýdd og lesin erlendis og þegar hv. þm. snýr út úr ummælum ráðherra um þessi efni þá getur það skaðað málstað Íslands. Og ég ætla að biðja hv. þm. að gæta orða sinna þegar hann heldur áfram umræðum um þessi efni. (**ÓRG:** Þá þarf ráðherrann ...) En sannleikurinn í þessu máli er sá að við höfum litið svo á að hafréttarsáttmálinn, eins og hann er í dag, sé ófullkominn og tryggi hagsmuni okkar ekki nægjanlega. Við eigum vissulega ákveðin réttindi samkvæmt hafréttarsáttmálanum. Fyrst og fremst eru það hafsbotnsréttindi en ekki fiskveiðiréttindi. Á það hefur oft verið bent í þessum umræðum að botnréttindin sjálf hafa verið grundvöllur frekari framþróunar í alþjóðarétti og ég dreg ekki í efa að svo geti farið. Með vissum hætti er ríkjum lögð á herðar sú skylda að stjórna veiðum utan lögsögumarka en öll ákvæði þar að lútandi eru ófullkomin og einkanlega á því sviði þurfum við miklu skýrari alþjóðlegar samþykktir. Þess vegna er sáttmálinn ekki fullkominn að okkar áliti, gefur ekki þann rétt sem við þurfum á að halda, til að geta stjórnað veiðum utan lögsögumarkanna. Ég veit að hv. þm. gerir sér fulla grein fyrir því að við höfum ekki í dag rétt til að beita varðskipum utan lögsögumarkanna.

Við höfum unnið að þessum málum af kappi. Við höfum átt þar samleið með mörgum öðrum þjóðum. Einkanlega þó Kanadamönnum sem hafa verið í sérstökum átökum við Evrópubandalagið vegna veiða utan lögsögumarka. Við studdum þann málatilbúnað sem þeir höfðu uppi á undirbúningsfundum umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í New York fyrir tæpu ári síðan og höfum verið mjög fýsandi þess á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að það yrði hafinn undirbúningur að ráðstefnu um þessi málefni. Höfum verið þar í hópi fimm forusturíkja, strandríkjanna, um að knýja á um frekari alþjóðlega vinnu á þessu sviði. Á vori komanda er ráðgerð ráðstefna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í þessu efni þar sem við munum beita okkur af fullu afli fyrir því að vinna áfram að þessum réttindamálum og enn fremur á undirbúningsfundi þeirrar ráðstefnu sem haldin verður á næstunni. Þannig hefur verið unnið af fullum krafti af okkar hálfu á undanförnum mánuðum að þátttöku okkar í alþjóðlegu samstarfi á þessu mikilvæga sviði og til að tryggja aukin réttindi okkar.

Við eigum mjög mikilla hagsmuna að gæta í úthafinu og það er mikil og brýn þörf á því að koma stjórn á veiðar utan lögsögumarka og við höfum unnið kappsamlega að því að tryggja okkar réttindi betur og leita alþjóðlegs samstarfs í þessu efni og munum gera það á næstunni.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Síðustu setningarnar í ræðu hæstv. sjútvrh. voru í góðu lagi. Þar var hann að lýsa því yfir að nauðsynlegt væri að sækja þennan rétt og það yrði gert af kappi o.s.frv. Þeim orðum ber að fagna. En fyrri parturinn í svari hans við ummælum mínum var hins vegar á þá leið að telja hér upp í löngu máli að Íslendingar gætu ekki þetta og Íslendingar gætu ekki hitt. Ég var að fara fram á það hér að ráðherrann hefði sókn í sínum málflutningi í þessu máli, þegar hann talaði opinberlega um málið, hvort sem væri við fjölmiðla eða hér á Alþingi þá færi hann með nauðsyn þess að Íslendingar sæktu þann rétt að stjórna þessum veiðum og túlkuðu það sem er óljóst í hafréttarsáttmálanum alveg skýrt sér í hag. Það væri óskandi að ráðherrann fylgdi áfram þeim blæ sem var á hans lokaorðum hér. Þá munum við standa með honum í því.

Hins vegar held ég að það sé ofsagt að það hafi verið unnið að þessum málum af kappi. Ég vil minna á það að lítið hefur heyrst af viðræðufundum við Breta og Íra um hagsmuni okkar á þessu svæði. Lítið hefur heyrst af sameiginlegum fundum okkar með Færeyingum og Dönum til að sækja okkar rétt. Það væri a.m.k. mjög fróðlegt ef hæstv. utanrrh. og hæstv. dómsmrh. hafa beitt sér fyrir slíkum fundum á síðustu 12–18 mánuðum. Ég hef ekki orðið var við það. Það hefur ekki verið gefin skýrsla í utanrmn. um slíka fundi. En úr því að hv. þm. Björn Bjarnason er kominn hér í salinn þá vil ég nota þetta tækifæri til að ítreka að það ágæta merki, sem fyrirrennari hans í formannssæti í utanrmn. hélt á lofti í þessari réttindabaráttu, verði ekki látið niður falla og utanrmn., í tilefni af þessari till. sem hér er flutt, taki nú þegar við að fylgja fram þessum réttindum eins og gert var ítarlega og oft í umræðum hér fyrr á árum.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Kjarni þessa máls er sá að við höfum haldið á þessum málum út frá ýtrasta rétti sem við eigum. Við teljum hann hins vegar ekki fullnægjandi og höfum þess vegna tekið mjög virkan þátt í því að vinna að því á alþjóðavettvangi að treysta okkar stöðu betur en gert hefur verið. Það þjónar hins vegar engum tilgangi og þjónar ekki okkar hagsmunum að halda því fram að við höfum meiri rétt en við höfum í raun og veru. Óskhyggjan ein hjálpar okkur ekki í því efni. Það þýðir ekki að halda því fram að við getum sent varðskip út fyrir 200 mílur og rekið skip þaðan eða tekið þau í okkar vörslu ef við höfum ekki þann rétt að alþjóðalögum.

En við höfum ákveðin réttindi, við þurfum að vinna að meiri réttindum, og það sem skiptir máli er að menn standi saman um að vinna á þeim grundvelli.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Því miður er það nú þannig að hæstv. sjútvrh. dró til baka þann sóknartón sem var í lokin á fyrri ræðu hans. Nú sá hann ástæðu til að koma hér upp og segja að óskhyggjan ein dygði ekki. Hér er ekki verið að tala um óskhyggju, hér er verið að tala

um málstað og réttindi Íslands og sókn, hæstv. ráðherra, í þeim efnum.

Það eru til margar ræður hér í sögu landhelgismálsins um ráðherra og forustumenn sem voru úrtölumenn og sögðu að óskhyggjan dygði ekki. Forustumenn Alþfl. og kannski einhverjir úr Sjálfstfl. En t.d. utanrrh. Alþfl. fyrir 1971 talaði líka um að óskhyggjan um 50 mílur dygði ekki. Við hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og ég hlustuðum á ýmsar ræður um að óskhyggjan um réttindi Íslendinga á Jan Mayen svæðinu dygði ekki. Við höfum heyrt margar svona ræður — að óskhyggjan dugi ekki. Íslendingar hafa aldrei náð neinum rétti í landhelgismálinu á grundvelli slíkra ræðuhalda. Ég vona að hæstv. sjútvrh. hugsi þetta mál mjög rækilega eftir þessa umræðu hér. Skoði það vel og rækilega og gangi síðan í sveit með okkur hinum um að gera réttindakröfur okkar og hagsmunatúlkun okkar á hafréttarsáttmálanum að grundvelli stjórnarstefnunnar í þessum málum.

Það var hins vegar athyglisvert að hann treysti sér ekki til að segja neitt hér um viðræður við Breta og Íra á síðustu 12–18 mánuðum í þessum réttindamálum Íslendinga á hafsvæðinu milli Íslands og þessara landa. Eða um nánari útfærslu á samstöðu okkar með Færeyingum og Dönum í að sækja rétt sem Bretar og Írar eru að taka sér á þessu svæði. Er kannski skýringin á því sú að núv. hæstv. dómsmrh. og núv. hæstv. utanrrh. hafi látið þá réttindasókn liggja?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ástæðan fyrir því að við höfum náð svo miklum árangri sem raun ber vitni í því að færa út landhelgina og verja þann rétt okkar er nú fyrst og fremst sá að þessi þjóð hefur borið gæfu til að standa saman. Menn hafa ekki verið með brigslyrði hvort heldur þeir hafa verið í stjórn eða stjórnarandstöðu. Menn hafa ekki verið að nota þessi mál í hefðbundnum pólitískum átökum hér innan lands af því að menn hafa gert sér grein fyrir því að því aðeins gætum við náð okkar réttindum að menn stæðu saman.

Þess vegna vísa ég þessum ummælum og umfjöllun hv. 8. þm. Reykn. á bug. Það þjónar ekki íslenskum hagsmunum að snúa út úr ummælum manna eins og hann hefur gert hér í þessari umræðu og fara ranglega með. Það sem skiptir máli er að fylgja eftir ákveðinni stefnu í þessu efni þar sem ýtrustu kröfur um okkar réttindi eru gerðar. Það hefur verið gert á undanförnum árum, það hefur verið gert í tíð þessarar ríkisstjórnar, og verður gert á næstunni. Um það eigum við að sameinast en ekki að vera að freista þess að koma einhverjum hælkróki hver á annan, þó það geti verið freistandi í innanlandsátökum, af því að sameiginlegir hagsmunir þjóðarinnar krefjast þess að menn standi saman í þessu efni.

Árni R. Árnason:

Virðulegur forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að taka undir málflutning tillöguflytjenda og nefna það sjónarmið mitt að mér virðist að okkar hagsmunir í hafinu, hvort sem er á grunnslóðinni eða innan lögsögunnar og í úthafinu utan hennar séu svo miklir og margbrotnir að við hljótum á öllum tímum að vera tilbúnir og telja okkur nauðsyn að skoða vel og gaumgæfilega burði, búnað og aðstöðu Landhelgisgæslunnar sem fer með gæslu þessara hagsmuna.

Ég tek undir að hennar búnaður og burðir séu skoðaðir. Við þurfum að móta okkur stefnu og langtímaáætlun um framkvæmd þess sem hún þarfnast þannig að hún geti rækt það hlutverk sitt sem best og eins og okkur sýnist þurfa. Það er rétt að hlutverk hennar hefur breyst á umliðnum árum frá því að við stóðum í harðri baráttu við grannþjóðir okkar. En það breytir því alls ekki að við höfum þessara hagsmuna að gæta. Ekki hvað síst þeirra sem fram eru að koma með vaxandi þunga, mengun sjávardjúpsins, mengun á fiskimiðum er hugsanlega skammt undan og það er eitt af þeim verkefnum sem Gæslunni hefur verið fengið í vaxandi mæli, auk þess sem hún fer með löggæslu og eftirlit á öllum miðunum. Hún hlýtur að gera það út fyrir fiskveiðilögsöguna þegar okkar sjómenn taka þar til starfa og við treystum Landhelgisgæslunni öðrum fremur til að tryggja öryggi sjómanna okkar hvort sem er upp í landsteinum eða utar.

Ég tek, virðulegur forseti, undir þessa till. og vænti þessa till. og vænti þess að hún megi draga fram í dagsljósið upplýsingar um burði og getu Gæslunnar eins og þeir eru núna og áætlanir okkar sjálfra og ákvarðanir um það hverjir þeir verði á næstu árum.

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Mig langar að gera hér grein fyrir þeim sjónarmiðum sem ég hef tekið þátt í að móta varðandi þau markmið sem ég tel að Landhelgisgæslan eigi að vinna að í framtíðinni. Eins og sjútvrh. og dómsmrh. gat um hér áðan í umræðunni þá er nefnd að vinna að endurskoðun á lögum um starfsemi Gæslunnar. Mér finnst rétt í þessari umræðu að upplýsa það hvað skipstjórnarmenn almennt á Íslandi hafa lagt til að yrði verkefni Landhelgisgæslunnar til framtíðar og leyfa þeim þingmönnum sem eru hér við umræðuna að vita af þeim markmiðum sem við höfum látið frá okkur fara. Þau hljóða á þessa leið, með leyfi forseta:

„Að hafa með höndum almenna löggæslu og eftirlit á hafinu umhverfis Ísland, jafnt innan sem utan landhelgi og innan fiskveiði-, efnahags- og mengunarlögsögu, einnig á þeim hafsvæðum sem Íslendingar hafa hagsmuna að gæta og samræmast alþjóðalögum og milliríkjasamningum.

Að fara með ábyrgð og yfirstjórn leitar- og björgunarþjónustu við sjófarendur á hafsvæðinu umhverfis Ísland í samvinnu við innlenda og erlenda aðila.

Landhelgisgæslan skal veita hjálp við björgun manna úr sjávarháska eða á landi svo sem að annast aðkallandi sjúkraflutninga, flutninga á sjúkraliði.

Landhelgisgæslan skal aðstoða eða bjarga bátum og skipum sem kunna að vera strönduð eða eiga í erfiðleikum á sjó.

Að annast tilkynningaskyldu vegna erlendra skipa

samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðasamningum í umboði samgrh.

Að veita afskekktum stöðum eða byggðarlögum nauðsynlega hjálp eða aðstoð þegar eðlilegar samgöngur bregðast af ófyrirsjáanlegum orsökum, svo sem vegna hafíss, snjóalaga, ofviðris eða annarra náttúruhamfara sem og annarra óviðráðanlegra orsaka.

Að hafa með höndum fiskveiði- og veiðarfæraeftirlit á hafi úti og í höfnum og fylgjast með aflamagni innlendra og erlendra skipa í umboði Fiskistofunnar og hafa einnig með höndum eftirlit með lax- og silungsveiðum í sjó.

Að sjá um sjómælingar og taka þátt í haf- og fiskirannsóknum svo og öðrum vísindastörfum. Einnig þátttaka í hafís- og veðurathugunum, geislamælingum til sjós eftir því sem kann að verða ákveðið hverju sinni.

Að tilkynna, fjarlægja og gera reköld skaðlaus, tundurdufl, sprengjur eða aðra huti sem sjófarendum eða almenningi getur stafað hætta af. Sjófarendum og almenningi ber að tilkynna um slíka hluti til Landhelgisgæslunnar.

Að annast á hafi úti eftirlit með framkvæmd laga og reglna um haffærni skipa, skyndiskoðun búnaðar og skipsskjala, lögskráningu sjómanna, eftirlit og/eða brot með tilkynningu til Siglingamálastofnunar ríkisins og viðkomandi lögskráningarstjóra.

Að aðstoða við framkvæmd almannavarna, almenna löggæslu á landi, tollgæslu, við aðkallandi flutninga á hjúkrunarliði, sjúklingum með skipum og/eða loftförum."

Þetta er ekki lítil upptalning á þeim verkefnum sem hagsmunasamtök yfirmanna hafa talið að Landhelgisgæslan ætti að takast á við í framtíðinni. Þess vegna tel ég mjög brýnt að sú nefnd sem er að vinna að athugun á framtíðarfyrirkomulagi og skyldum Landhelgisgæslunnar vinni hratt og ljúki störfum sem fyrst.

Vissulega má um það deila hvernig á að standa að endurnýjun og skipulagi á tækjakosti Landhelgisgæslunnar. En því er ekki að leyna og hefur greinilega komið fram í umræðunum og kemur fram í tillögunni að skipin eru orðin gömul og það þarf að huga að endurnýjun þeirra. Í því sambandi langar mig að vekja athygli á því að ég tel að við hönnun á nýju varðskipi eigi ekki eingöngu að hugsa til þess að þau séu með þeim hætti sem þau eru í dag heldur að þau séu einnig búinn þannig að þau geti stundað tilraunaveiðar. Þau geti tekið tog og framkvæmt veiðieftirlit með þeim hætti og þau geti líka komið inn í fiskirannsóknir á svæðum þar sem ástæða þykir til þannig að þetta verkefni og nýting skipanna verði sem mest og möguleikar þeirra verði sem mestir.

Ég get ekki annað en lýst þeirri skoðun minni að ég tel að sá dráttur sem hefur orðið á framkvæmd þess að kaupa nýja björgunarþyrlu, þar sem það hefur komið inn í þessa umræðu, sé okkur til vansa og að það mál verði að leysast á þessu þingi.

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Upptalning hv. 1. þm. Vestf. á starfsemi Landhelgisgæslunnar hefur eflaust ekki farið fram hjá neinum, bæði þeim verkefnum sem hún sinnir nú þegar og þeirri þjónustu við land og þjóð sem við sjáum að verði í framtíðinni lögð á herðar Landhelgisgæslunnar. Það er kannski líka rétt að undirstrika eitt. Það er sú mikla aðstoð sem Landhelgisgæslan hefur veitt hinni dreifðu byggð þá veður eru válynd og náttúruhamfarir hafa orðið. Enn fremur hefur hún flutt fólk á milli hinna dreifðu byggða hvar samgöngur hafa nánast legið niðri nema sjóleiðin ein hefur verið valkostur fyrir fólk til að komast milli byggðarlaga hvort sem er vegna veikinda eða af öðrum ástæðum.

Fyrir hönd okkar flm. þakka ég öllum þeim sem hér hafa tekið til máls og þakka fyrir jákvæðar undirtektir við tillögu okkar. Ég er þess fullviss að þingheimur gerir sér grein fyrir mikilvægi Landhelgisgæslunnar og þess að hún megi eflast og dafna og sinna þeim verkefnum sem við ætlumst til að hún sé reiðubúin til á hverjum tíma.

Ég legg til, virðulegi forseti, að þessari þáltill. verði vísað til allshn., en tel ekki óeðlilegt að hún komi einnig til sjútvn. og utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 338. mál, stjfrv., þskj. 616.
Ávana- og fíkniefni, 339. mál, stjfrv., þskj. 617.

Tvöföldun Reykjanesbrautar, fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 216. mál. — Þskj. 258.

Flm. (Árni R. Árnason):

Virðulegur forseti. Á þskj. 258 er birt sú till. til þál. sem ég mæli fyrir. Flm. auk mín eru þau Salome Þorkelsdóttir, Árni M. Mathiesen, Sigríður A. Þórðardóttir og Ingi Björn Albertsson.

Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að láta nú þegar hefja undirbúning að tvöföldun Reykjanesbrautar frá Hafnarfirði að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Lögð verði ný akbraut við hlið hinnar gömlu þannig að Reykjanesbraut verði fullkomin hraðbraut með aðskildum akstursstefnum og tveimur akreinum til hvorrar áttar."

Tillaga af þessu tagi hefur verið flutt fjórum sinnum fram að þessari eða samfellt á Alþingi frá 1987. Endurtekinn tillöguflutningur ber þess merki að flm., og raunar fleiri sem hafa tjáð sig um efnið, telja mjög brýnt að bæta öryggi umferðar og vegfarenda á Reykjanesbrautinni.

Reykjanesbraut er sérstæð meðal þjóðvega landsins. Hún tengir höfuðborgina við eina alþjóðaflugvöllinn í áætlunarflugi milli landa og liggur gegnum þrjá af fjölmennustu kaupstöðum landsins. Nær allir ferðalangar til og frá landinu fara um flugvöllinn og um Reykjanesbraut til allra annarra landshluta, innlendir sem erlendir. Ferð um Reykjanesbrautina er þess vegna

bæði fyrstu og síðustu áhrif á minningar um dvöl á Íslandi. Um brautina fara miklir flutningar bæði að og frá flugvellinum svo og að og frá atvinnusvæðinu á Suðurnesjum sem er eitt af öflugustu sjávarútvegssvæðum á landinu.

Allar fyrirætlanir, bæði á Suðurnesjum og í öðrum landshlutum, um aukinn útflutning fullunninna ferskra sjávarafurða beint á neytendamarkað í Evrópu eða á önnur markaðssvæði munu auka mikilvægi brautarinnar því að lausn þess er fólgin í flutningi um flugvöllinn.

Það er í sjálfu sér ekkert ómögulegt að slíkir flutningar eigi sér stað. Flutningar á hráefni milli landshluta eru nú daglegir viðburðir nær allan ársins hring.

Brautin eins og hún er í dag var lögð á árunum 1963–1965. Hún er því að verða 30 ára gömul. Það má því segja að hún sem slík hafi slitið barnsskónum og vel það. Hún var þá svar við mjög brýnni þörf vegna mikillar og þungrar umferðar um gamlan og lélegan malarveg. Með lögn slitlags urðu tímamót með aukinni flutningsgetu, greiðfærari umferð og bættu öryggi. Þar með urðu straumhvörf í samskiptum íbúanna á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu, vaxandi samskiptum atvinnufyrirtækja og atvinnulífsins og má segja að allt síðan hafi gætt nokkurs samruna vinnumarkaðarins á þessum tveimur svæðum. Árangurinn varð öflugra atvinnulíf á Suðurnesjum. Það mátti vel greina á næstu árum á eftir og hefur að sjálfsögðu staðið síðan.

Á sama árabili var millilandaflug okkar flutt til Keflavíkurflugvallar enda var hann þá og enn síðan einn af best búnu flugvöllum við norðanvert Atlantshaf. Síðan hefur gætt þess, sem ég nefndi áðan, að nær allir farþegar sem koma til landsins, erlendir og innlendir, fara um ekki aðeins flugvöllinn heldur einnig Reykjanesbraut. Hún er að sjálfsögðu sem slík þjóðvegur allra landsmanna, ekki eingöngu Reyknesinga eða Suðurnesjamanna. Ég nefni aftur þau áhrif sem hún hefur á minningar ferðamanna um komu og dvöl á Íslandi. Öryggi á Reykjanesbrautinni ræður miklu um hvernig þeir minnast Íslands. Ég hef sjálfur kynnst þeim áhrifum á ferðalanga sem ég hef átt leið með eða kvatt á flugvellinum og verð að segja að þau áhrif eru ekki alltaf mjög skemmtileg.

Bættar samgöngur eru mjög mikilvægar til að tengja enn betur atvinnulíf á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Rétt er að benda á að ábendingar um úrræði við slæmu atvinnuástandi þar hafa þar til nýlega eingöngu verið fólgnar í því að Suðurnesjamenn geti sótt atvinnu til Reykjavíkur eða höfuðborgarsvæðisins. Það gerist í dag, fer vaxandi og krefst meira öryggis í umferðinni og meiri flutningsgetu. Í dag fara á milli endimarka þessarar brautar, milli þessara svæða, nærfellt 1.000 manns daglega til vinnu fyrir utan alla aðra sem leið eiga um. Bættar samgöngur eru auk þess mikilvægar vegna byggðaþróunar á Suðurnesjum, vegna væntalegrar aukinnar nýtingar alþóðaflugvallarins og flugstöðvarinnar. Þær eru lykilatriði í að framkvæma hugmyndir sem við höfum lengi átt um að nýta flugvöllinn betur en áður til að mynda með tollfrjálsu iðnaðarsvæði, með svæði fyrir raunveruleg alþjóðaviðskipti. Það ítrekar þörfina nú að fram undan er að taka í notkun nýtt og stórt flugskýli Flugleiða þar sem starfsmenn Flugleiða munu annast ekki aðeins eftirlit og viðhald á eigin vélum heldur einnig á flugvélakosti annarra aðila.

Við höfum lengi gert okkur vonir um að ferðaþjónusta muni aukast um land allt ekki síst á Suðurnesjum og þess eru sæmileg merki. Þó er þess að geta að fjölgun ferðamanna virðist nú um stundir ekki mikil.

Þá verður að geta þarfa atvinnulífs á Suðurnesjum. Þar hefur sjávarútvegurinn sjálfur dregist saman en aðrar atvinnugreinar, sem hefði mátt ætla að yrðu öflugri, hafa ekki reynst færar um að taka við vaxandi fjölda starfsfólks. Það hefur aftur leitt til vaxandi umferðar um brautina vegna atvinnusóknar frá Suðurnesjum til höfuðborgarsvæðisins sem ég hef minnst á áður.

Enn skortir á að óvenjuleg aðstaða á Suðurnesjum til að flytja út sjávarafurðir og aðrar afurðir hafi verið fyllilega nýtt. Ástæður þess má að sumu leyti rekja til þess að brautin hefur ekki fengið þær umbætur í öryggi og flutningsgetu sem hún þarfnast. Flestar hugmyndir um aukna atvinnu í þessum landshluta byggja á því að umferð verði aukin um Reykjanesbrautina. Hvenær svo sem verður af byggingu næstu stóriðju á Íslandi er næsta víst að það verður á Suðurnesjum. Það eitt mun stórauka umferðina.

Ástandið er þannig nú að umferðin eykst nokkuð, sérstaklega þó flutningaumferð. Þær upplýsingar liggja fyrir frá Vegagerð ríkisins að um Reykjanesbraut fer nær tvöfalt meira af þungaflutningum en um aðra þjóðvegi og meira en tvöfalt meira af olíuflutningum af ýmsu tagi. Ef við berum saman óhöpp og slys við sambærilegan þjóðveg sem er Suðurlandsvegur, þá kemur í ljós að á Reykjanesbraut eru óhöpp og slys meira en tvöfalt það sem er á Suðurlandsvegi. Það hefur líka komið sérstaklega fram við athugun að slys í þessum óhöppum eru enn þá meiri á Reykjanesbraut en á Suðurlandsvegi og hafa sérfræðingar Vegagerðarinnar og Umferðarráðs rakið það til sérkenna í landslaginu við brautina sjálfa sem verður til þess að við öll óhöpp eru meiri líkur á slysum og meiri líkur á skemmdum á ökutækjum.

Umferð um Reykjanesbraut er að einu leyti mjög ólík umferð um aðra þjóðvegi. Það er hversu mikil næturumferðin er og að hún er öll tímabundin, bundin við upphaf vinnudags, brottför flugs eða upphaf starfsvaktar.

Það er álit Vegagerðar ríkisins að almennt muni umferð 8–10 þús. bíla á sólarhring vera fjárhagsleg undirstaða arðsemi slíkra framkvæmda sem hér um ræðir. Það er án tillits til hlutfalls þungaflutninga og án tillits til þjóðhagslegs kostnaðar af óhöppum og slysum. Mínar athuganir á þessu tvennu segja mér að á Reykjanesbraut ætti bílafjöldi sem skilyrði að vera miklu lægri en 8–10 þús. Bílafjöldi þar er núna á áttunda þúsundið.

Ef nefna má tölur um þann mannfjölda sem notar Reykjanesbraut þá er íbúafjöldi á Suðurnesjum nú um 15.000, auk varnarliðsins önnur 5.000, auk þess eru

nærfellt 1.000 manns sem sækja atvinnu til Suðurnesja frá höfuðborgarsvæðinu, en flugfarþegar um Keflavíkurflugvöll eru um 700 þús. á ári eða jafnmikið og um alla aðra flugfelli landsins samanlagt.

Það sem mér sýnist þó skipta mestu, virðulegur forseti, er öryggi umferðar og vegfarenda um Reykjanesbraut. Mér finnst skipta máli að við setjum okkur það markmið að óhöpp og slys á mönnum í umferð á Reykjanesbraut verði ekki meiri en um aðra sambærilega þjóðvegi. Til þess þarf að bæta verulega ástandið frá því sem nú er.

Nú er unnið við að lagfæra brautina, en þeim aðgerðum öllum á að ljúka síðar á þessu ári. Það er álit Vegagerðar ríkisins að þær aðgerðir dugi ekki til að bæta öryggi umferðar. Til að svo megi verða þurfi tvöföldun brautarinnar.

Umræðu frestað.

Tilraunaverkefni framhaldsskóla á Austurlandi, fyrri umr.

Þáltill. EMS, 229. mál. — Þskj. 286.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Fjárframlag til atvinnumála á Suðurnesjum.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegur forseti. Umræður um atvinnuleysi á Suðurnesjum eru að verða fastur liður í starfi Alþingis síðan núv. ríkisstjórn tók við. Ástæðan er augljós. Ástand atvinnumála þar er hreint út sagt ömurlegt og hefur ekkert batnað þrátt fyrir endalausar umræður og fyrirheit um að nú eigi að taka til hendinni og bæta úr því ófremdarástandi sem er í atvinnumálum á þessu svæði. Það er staðreynd að hvergi á landinu er atvinnuleysi verra. Einkum er atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum uggvænlegt. Í desember var það 14% og hafði þá verið um og yfir 10% í sextán mánuði samfellt. Ástandið fer enn versnandi að sögn eins sveitarstjórnarmanns sem ég spjallaði við í morgun. Það er út af fyrir sig alvarlegt vegna þess að ég hafði haldið að þar væri eitthvað að byrja að snúast. Það mátti marka það alla vega á vonum og væntingum ýmissa er koma nálægt verkalýðsmálum þar.

Ríkisstjórnin hefur réttilega verið krafin um aðgerðir vegna hins alvarlega ástands í atvinnumálum á landinu öllu og einnig um sértækar aðgerðir þar sem ástandið er verst. Framan af ferli Viðeyjarstjórnarinnar var öllum aðgerðum hafnað og það þótt rekja mætti hluta vandans til aðgerða ríkisstjórnarinnar, t.d. er hún kaus að skrúfa upp vexti í upphafi ferils síns. Markaðurinn átti víst að kippa öllu í lag. Það gerði hann ekki. Enda hefur ríkisstjórnin í seinni tíð látið í það skína að hún sé reiðubúin að grípa til sérstakra aðgerða til að bæta atvinnuástandið og gumar mjög af öllum þeim milljörðum sem hún ætli að leggja til atvinnumála.

En þar var ekkert að hafa nema nýju fötin keisarans. Framlagið mikla til vegamála, sem aldrei var framlag heldur flýting á framlögum, var skorið hressilega niður áður en búið var að koma því á blað. Niðurskurð á skýjaborgum held ég að einn ágætur fjárlaganefndarmaður hafi kallað þessi dæmalausu vinnubrögð. Hvernig varð það svo með 500 millj. sem ríkisstjórnin vísar einatt á til úrlausnar ríkisins í atvinnumálum á Suðurnesjum? Það er ekki að heyra að stjórnvöld ætli að leggja til eyri þar. En ég vona að sjálfsögðu að það verði hrakið hér á eftir. Sveitarfélögin eiga að leggja fram 200 millj. og það ætla þau að standa við þótt staða þeirra margra hljóti að vera þröng eftir tekjumissi í kjölfar hins mikla atvinnuleysis. En ríkisframlagið upp á 300 millj.? Það er bara allt í plati. Það stóð víst aldrei til að það kæmi annars staðar frá en frá hlutafélagi, Aðalverktökum. Til að bæta gráu ofan á svart var eina framlag ríkisstjórnarinnar í þeim efnum að skipa ekki stjórnarmann frá Suðurnesjum þegar þar losnaði sæti nýverið þrátt fyrir fjölda áskorana þar um og þrátt fyrir að á sama tíma þætti ekki gerlegt að skipa heimamann í stjórn Sementsverksmiðjunnar.

Sveitastjórnarmenn á Suðurnesjum hafa verið þungorðir í garð ríkisstjórnarinnar og telja sig svikna. Þeir telja sig hafa fengið fyrirheit um meira en einhverjar 300 millj. frá Aðalverktökum. Í Dagblaðsfrétt 27. jan. sl. er haft eftir Drífu Sigfúsdóttur, forseta bæjarstjórnar Keflavíkur og Kristjáni Pálssyni, bæjarstjóra í Njarðvík og formanni SSS, að Suðurnesjamenn hafi alltaf reiknað með einhverjum peningum frá ríkisstjórninni og allt að 500 millj. kr. Þau vísa til yfirlýsingar sem fram hafi komið á fundum með ráðherrum á Suðurnesjum. Það er einnig ljóst að ummæli hæstv. forsrh. í sjónvarpsþættinum „Tæpitungulaust" þann 20. jan. sl. hafi verið túlkuð sem fyrirheit um að ríkið hygðist leggja fram sérstakt framlag til atvinnumála á Suðurnesjum í stað þess að vísa bara á Aðalverktaka. Í þættinum komst hæstv. forsrh. svo að orði, með leyfi forseta:

„Við flytjum stóra peninga frá neyslunni eða almenningi í sátt við aðila vinnumarkaðarins frá fyrirtækjum til almennings." — Hér hygg ég að hafi verið um mismæli að ræða og það sé öfugt, en hæstv. ráðherra getur borið um það. Ég held tilvitnun áfram: „Eins og ég segi stóra peninga, á fimmta milljarð kr. Við setjum í atvinnuskapandi vinnu og aðgerðir beina peninga sem eru á þriðja milljarð kr. Það eru vegaframkvæmdir, það eru peningar sem fara á Suðurnes, það eru rannsóknapeningar, það eru 500 millj. frá sveitarfélögum. Þetta er nálægt 3 milljörðum kr. Þarna ertu komin með 7 millj. kr. Menn tala um að leggja 4 milljarða kr. fram sem sjávarútvegurinn á að endur-

greiða á löngu árabili til að endurskipuleggja og úrelda þau fyrirtæki sem erfiðust eru í sjávarútvegi. Þarna ertu komin með 11 milljarða kr."

Þetta er eitt af því sem hefur vakið mönnum vonir. Hefur heyrst að Byggðastofnun hafi neitað einstökum fyrirtækjum um fyrirgreiðslu út á þessi fyrirheit. Augljóst er af fyrstu úthlutun úr Atvinnuleysistryggingasjóði að Suðurnesin eru þar ekki með. En ekkert bólar á framlagi til atvinnumála á Suðurnesum.

Allt er mjög óljóst um hlut Aðalverktaka. Hvenær á það framlag að koma, ef það þá kemur? Í hvers konar verkefni er því ætlað að fara? Er það skilyrt eða almennt framlag? Mun því verða varið til sérstakra aðgerða vegna gífurlegs atvinnuleysis kvenna? Svo má áfram spyrja en spurningin sem brennur á vörum er sú sem þessi umræða dregur heiti af: Hyggst ríkisstjórnin leggja eitthvað af mörkum til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum eða ekki? Hvernig hyggst ríkisstjórnin efna þau loforð sem sveitarstjórnarmenn þar suður frá telja sig hafa fengið?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Á fundi sínum 13. okt. sl., ákvað ríkisstjórnin að setja á fót starfshóp til að fjalla um atvinnuástand á Suðurnesjum og leiðir til úrbóta. Atvinnuleysi hefur verið þar mjög mikið eins og menn vita þó það hafi ekki vaxið núna á milli mánaða sem neinu nemur og reyndar minnkað nokkuð á stórum stöðum.

Í þennan starfshóp voru skipaðir ráðuneytisstjórarnir í forsrn. og iðn.- og viðskrn. ásamt fulltrúum frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum. Af hálfu sambandsins voru tilnefndir Ellert Eiríksson bæjarstjóri, Keflavík, Jón Gunnarsson oddviti, Vogum, og Eðvarð Júlíusson, bæjarfulltrúi í Grindavík.

Á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum í lok október var ítarlega rætt um atvinnumál á Suðurnesjum m.a. á grundvelli ályktana og greinargerða um einstaka þætti þessa máls. Nefndin kynnti sér þessi gögn og átti fundi með fulltrúum nokkurra starfshópa sem höfðu fjallað um atvinnumál á vegum sambandsins og með fulltrúum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda á Suðurnesjum. Það fór ekki milli mála að mönnum þótti mestu máli skipta í þessu sambandi að treysta það atvinnulíf sem fyrir er á svæðinu og að uppbygging tengdist sem mest starfandi fyrirtækjum á svæðinu.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 23. nóv. um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum segir m.a.: „Varið skal 500 millj. kr. til aðgerða í atvinnumálum á Suðurnesjum í samstarfi sveitarfélaga, Íslenskra aðalverktaka og annarra fyrirtækja." Í framhaldi af þessari yfirlýsingu voru þessi mál rædd í stjórn Sameinaðra verktaka, sem er einn þriggja eigenda Íslenskra aðalverktaka. Stjórnin gerði sérstaka samþykkt um málið sem kynnt var í nefndinni. Samkvæmt henni eru Sameinaðir verktakar tilbúnir að standa að því að Íslenskir aðalverktakar leggi fram fé í formi hlutafjár eða annars eigin fjár til arðsamra fjárfestingakosta, samanlagt allt að 300 millj. kr. Einnig er lagt til að hugsanleg þátttaka Íslenskra aðalverktaka í atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum eigi sér stað með beinni og milliliðalausri þátttöku Íslenskra aðalverktaka í viðkomandi fyrirtækjum fremur en í gegnum sérstakan sjóð eða fjárfestingarfélag. Stjórn Íslenskra aðalverktaka hefur samþykkt tillögur Sameinaðra verktaka um 300 millj. kr. til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum.

Á undanförnum árum hefur Íslenskum aðalverktökum borist fjöldi beiðna um þátttöku í fyrirtækjum eða hugmyndir um verkefni. Á vegum fyrirtækisins er nú verið að fara yfir þessi mál og önnur sem upp hafa komið að undanförnu. Þetta mun allt taka nokkurn tíma enda nauðsynlegt að vanda undirbúning vel til þess að árangur náist. Sveitarfélögin hafa einnig samþykkt að þau leggi til um 200 millj. kr., líklega á vegum sameiginlegra fyrirtækja þeirra. Þetta er í undirbúningi. Einnig er verið að undirbúa samstarf Aðalverktaka og sveitarfélaganna í þessum málum.

Nú virðist hafa myndast góð samstaða heimamanna, sveitarfélaga og fyrirtækja, og Aðalverktaka um framgang málsins. Verulegum fjármunum verður ráðstafað til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum og það verður að frumkvæði heimamanna. Það er á þeirra ábyrgð að skipuleggja þau verkefni og efla þau fyrirtæki sem geta staðið undir varanlegri atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum.

Af þessum orðum sést að ríkisstjórnin hefur staðið við þær yfirlýsingar sem hún gaf. Fullyrðingar um annað fá ekki staðist. Því hefur aldrei verið haldið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar að það hafi staðið til að það kæmu bein peningaframlög úr ríkissjóði í þessa 500 millj. kr. „púlíu". Það lá alltaf ljóst fyrir hvernig hún yrði mynduð. Hins vegar kom fram að vegna framlags Íslenskra aðalverktaka til þessa verkefnis væri ljóst að arður sá sem gert hafði verið ráð fyrir að fyrirtækið greiddi í ríkissjóð mundi minnka. Að því leyti til mundi ríkissjóður með óbeinum hætti leggja fjárframlag til þessara framkvæmda.

Ég tel miklu skynsamlegra að haga útdeilingu þeirra fjármuna sem Íslenskir aðalverktakar og sveitarfélögin leggja fram til þess að stuðla að aukinni vinnu á Suðurnesjum með þeim hætti sem þarna er lagt til en að stofnaður verði sérstakur sjóður í því skyni. Um það er sátt við aðilann sem á að leggja fram peningana, Aðalverktaka, og ég lít þannig á að það sé einnig sátt við heimamenn á svæðinu. Meginatriðið er því ekki, eins og ég hygg að hafi vakað fyrir málshefjanda, að hefja pólitíska umræðu um þetta mál núna. Þetta mál er komið í réttan farveg og heimamenn munu hafa mest um það að segja í hvaða farvegi málið verður framvegis.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Áhugi hæstv. ráðherra um atvinnumál á Suðurnesjum er mikil sorgarsaga. Það áhugaleysi staðfestist enn á ný í svari hæstv. forsrh. Ætli það sé ekki u.þ.b. ár síðan sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum óskuðu eftir að hæstv. forsrh. og hæstv.

viðskrh. kæmu í heimsókn á Suðurnes til að ræða þennan atvinnuvanda. Þeir fóru þangað. Þar gerðu sveitarstjórnarmenn þeim grein fyrir því að mikill vandi væri í atvinnumálum á Suðurnesjum. Þá sagði hæstv. forsrh. að hann væri algerlega andvígur sértækum aðgerðum fyrir Suðurnes. Það yrðu engar sértækar aðgerðir fyrir Suðurnes. Þannig leið tíminn að aðgerðaleysið setti svip á afstöðu ríkisstjórnarinnar.

Nú er það ekki þannig að ríkisstjórnin telji aðgerðaleysið vænan kost á öllum sviðum. Það er t.d. athyglisvert að hún gat á einum eða tveimur sólarhringum í fyrra ákveðið framkvæmdir í vegamálum upp á í kringum 2 milljarða. Og hún gat á einni helgi hér í nóvember ákveðið viðamikið „prógramm" í efnahagsmálum. Þá þurfti ekki marga mánuði. En þegar kemur að atvinnumálum á Suðurnesjum gerist aldrei neitt raunhæft. Það hefur ekki heldur gerst enn, hæstv. forsrh.

Það er rangt hjá forsrh. að það hafi aldrei verið gefið í skyn að þessir peningar kæmu frá ríkisstjórninni. Það var oft gefið í skyn, m.a. á fundi þar sem við vorum ýmsir sem hér erum í salnum. Hæstv. menntmrh. meira en gaf það í skyn að eitthvað mundi koma frá ríkissjóði, a.m.k. neitaði hann því alls ekki.

Mér vitanlega liggur ekki ljóst fyrir enn hvernig á að verja þessum fjármunum sem koma frá Íslenskum aðalverktökum eða hverjir eigi að taka ákvarðanir um það. Það hefur ekkert verið tilkynnt um það enn. Og ef hæstv. forsrh. getur upplýst það í umræðunum hver á að taka ákvörðun um ráðstöfun þeirra 300 millj. sem eiga að koma frá Íslenskum aðalverktökum þá væri það a.m.k. áfangi í þessari, því miður, miklu sorgarsögu um afskiptaleysi ríkisstjórnarinnar varðandi atvinnuleysið á Suðurnesjum.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég hef út af fyrir sig fáu við það að bæta sem hv. frsm. í þessari umræðu sagði um loforð ríkisstjórnarinnar. Þau liggja skjalfest fyrir. Þau liggja fyrir í þingskjölum m.a. En ég hlýt að þakka hæstv. forsrh. út af fyrir sig fyrir það að hann hefur staðfest það svo ekki verður um villst að það er alls ekki ætlun ríkisstjórnarinnar að standa við nein af þessum loforðum.

Hvernig gat hæstv. forsrh. heitið því á sínum tíma þegar hann kynnti efnahagsráðstafanir hér að 200 eða 300 millj. kr. kæmu frá sveitarfélögunum? Hvernig gat hann lofað því? Hvernig gat hann tilkynnt það í efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar? Við skulum segja að hann hefði getað gert það fyrir hönd ríkisaðildar að Aðalverktökum. En það skildu allir þá yfirlýsingu svo að það kæmi úr ríkissjóði. Það væri tryggt fjármagn úr ríkissjóði í þessu skyni. Þá töluðu Suðurnesjamenn um að sjóðurinn mundi vera 1 milljarður því þeir ætluðust til að 500 millj. kæmu frá ríkissjóði.

Það þarf ekkert að tala um þetta meira. Það liggur ljóst fyrir og menn þurfa ekki að deila um það lengur að það var aldrei ætlunin að standa við þessi loforð, því miður.

En ýmsu fleiru hefur verið lofað og mig langar að nota tækifærið og spyrja: Hvað líður hástemmdum hugmyndum um að stofna til fríiðnaðarsvæðis í Keflavík og í tengslum við Keflavíkurflugvöll? Ég hygg að a.m.k. hæstv. iðnrh. ætti að geta upplýst það. Það var haldinn sérstakur fundur á Suðurnesjum og þetta var kynnt. Erlendur maður var hafður með og það voru miklar hugmyndir og gefin út skýrsla. Hvað líður þessu? Ég held að þessar hugmyndir séu nokkuð athyglisverðar og það væri mjög fróðlegt fyrir okkur og Suðurnesjamenn að vita hvað líður þeirri vinnu sem þá átti að setja af stað. Ég veit að það var skipuð einhver nefnd. Hvað hefur hún unnið? Hvenær má gera ráð fyrir að þarna komi niðurstöður?

Tíminn leyfir ekki að rekja fjölmargt fleira sem hefur verið nefnt í þessu sambandi. Kominn er tími til að ríkisstjórnin bretti upp ermar og fari að taka þátt í því að byggja upp atvinnulífið en ekki rífa það niður.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Hv. þm. hinn 7. og 8. frá Reykn. fara hér með staðleysur þegar þeir halda því fram að ríkisstjórnin hafi ekki sýnt atvinnumálum Suðurnesja áhuga og hafi ekki staðið við sín fyrirheit. Sannleikurinn er sá að ríkisstjórnin hefur sýnt atvinnumálum Suðurnesjamanna mikinn áhuga. Hún hefur líka sýnt hann í verki. Eins og kom fram í máli hæstv. forsrh. hefur ríkisstjórnin staðið við þau fyrirheit sem Suðurnesjamönnum voru gefin. Íslenskir aðalverktakar munu verja 300 millj. kr. til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum. Sveitarfélögin munu leggja þar á móti 200 millj. kr. í sama skyni. Þessir aðilar munu hafa með sér samvinnu og samráð um þessar aðgerðir. Þetta er að sjálfsögðu í fullu samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. nóv. um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum en þar var sagt, með leyfi hæstv. forseta: „Varið skal 500 millj. kr. til aðgerða í atvinnumálum á Suðurnesjum í samstarfi sveitarfélega, Íslenskra aðalverktaka og annarra fyrirtækja."

Að sjálfsögðu er árangur af þessu starfi enn ekki farinn að skila sér í aukinni atvinnu. En menn merkja aukinn áhuga og trú á Suðurnesjum á nýsköpun í atvinnulífinu á svæðinu og aukna bjartsýni hjá forsvarsmönnum starfandi fyrirtækja þar.

Hér koma að sjálfsögðu líka til álita þær almennu aðgerðir í þágu atvinnulífsins, lækkun skatta, horfur um lækkun vaxta og bætt rekstrarskilyrði almennt sem mun bæta hag fyrirtækjanna jafnt á Suðurnesjum sem annars staðar á landinu. Það er ástæða til að benda á að það sem hér skiptir máli er að undirbúa jarðveginn þannig að þúsund rósir blómstri í atvinnulífinu þar eins og annars staðar. Þær blómstra ekki af opinberu handafli einu saman.

Ráðuneyti iðnaðar- og viðskiptamála hafa aðstoðað ýmsa athafnamenn á svæðinu við að undirbúa atvinnuskapandi aðgerðir á þessum sviðum. Af þeim málum er enn of snemmt að segja beinar fréttir. En þar eru víða góðir möguleikar til skjótrar atvinnuuppbyggingar sem liggja m.a. í samvinnu í fiskvinnslunni, sem

liggja m.a. í máltíðaframleiðslu Flugleiða fyrir alþjóðaflugfélög, sem liggja m.a. í því að nýta aðstöðuna við flugvöllinn á margvíslegan annan hátt og skapa grundvöll fyrir ferðamannaiðnað á Suðurnesjum. Allt þetta verður meðal þess sem kemur til álita þegar 500 millj. verður varið.

Árni M. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Ásakanir hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og Steingríms Hermannssonar í garð ríkisstjórnarinnar um að hún hafi sýnt atvinnulífi á Suðurnesjum afskiptaleysi eru bæði ósmekklegar og úr lausu lofti gripnar. Staðreyndin er sú að ríkisstjórnin hefur haft frumkvæði að því að 500 millj. verður varið til atvinnuskapandi aðgerða á Suðurnesjum í nýjum atvinnutækifærum.

Málshefjandi virðist leggja til grundvallar sínum málflutningi að hún hafi misskilið ríkisstjórnina og þær fyrirætlanir sem hún hafði uppi um að styðja atvinnulíf á Suðurnesjum og að hún hafi búist við að ríkisstjórnin legði fram meira en raun ber vitni. Ég get ekki séð neinn grundvöll fyrir þessum misskilningi. Ef þingmaðurinn hefði fylgst með fjárlagaafgreiðslunni hefði hún séð þar mætavel hvaða framlög renna úr ríkissjóði á yfirstandandi ári.

Ég tel hins vegar eðlilegt að stórt fyrirtæki á svæðinu sem er að missa markað fyrir sína starfsemi, eins og Íslenskir aðalverktakar, noti þá fjármuni sem þeir hafa yfir að ráða til að fjárfesta á sínu atvinnusvæði og skapa þar atvinnutækifæri og vaxtarmöguleika í framtíðinni, bæði fyrir starfsmenn sína og fyrirtækið sjálft. Það liggur því í hlutarins eðli að ríkið sem helmingseigandi í fyrirtækinu hafi þar eitthvert frumkvæði og leiti samstöðu við sameignaraðila sína um það hvernig þessum fjármunum verður varið. Ég sé ekki neina ástæðu til að tortryggja það á þessu stigi málsins að staðið verði við það sem um hefur verið rætt og það komi Suðurnesjum og atvinnulífi þar til góða.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu atvinnuleysi á Suðurnesjum. Atvinnuleysi er þó mjög mikið um allt land og fer vaxandi. Skráning félmrn. er ekki marktæk og þarf að breyta um aðferðir til að sýna hið rétta í þessum málum hér á landi. Réttar tölur munu vera nálægt 9 þús. manns nú í janúar en ekki 6–7 þús. eins og skráningin segir til um.

Hér er verið að herma upp á ríkisstjórnina þau loforð að styðja sérstaklega við Suðurnes í sambandi við atvinnuuppbyggingu. Þær 500 millj. kr. sem ríkisstjórnin lofaði í nóvember eru ekki enn komnar í ljós. Ríkisstjórnin talar að vísu um að 200 millj. kr. eigi að koma frá sveitarfélögum og 300 millj. kr. frá Íslenskum aðalverktökum. Hvernig ætlar hún að ráða því að þessar 300 millj. frá Aðalverktökum og 200 millj. kr. frá sveitarfélögunum fari sérstaklega í það sem ríkisstjórnin hafði hugsað sér að byggja upp atvinnulíf á Suðurnesjum með?

Einnig er vitað að atvinnuleysi meðal kvenna er mjög mikið á Suðurnesjum. Íslenskir aðalverktakar eru áreiðanlega ekki að hugsa sérstaklega um atvinnusköpun fyrir konur. Þar er engin kona í stjórn svo ég viti til. Ég geri ráð fyrir að þeir hugsi frekar um að byggja upp atvinnu fyrir það fólk sem þeir hafa haft í vinnu hjá sér og það er að meiri hluta til karlar.

Það er að sjálfsögðu gott að karlar á Suðurnesjum hafi atvinnu ekkert síður en konur en atvinnuleysi kvenna hefur verið mjög viðvarandi og enn meira heldur en karla. Og ég vil leggja áherslu á það að þetta er ekki það fyrsta sem þessi ríkisstjórn, sem þarna lofar sérstöku framlagi til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum, er að svíkja eða fara fram hjá að efna, vegna þess að hún hefur einnig lofað sjávarútvegsfyrirtækjunum að bæta þeim upp þá skerðingu sem þau hafa orðið fyrir og hún hefur ekki enn þann dag í dag staðið við þau loforð.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er hverju orði sannara að atvinnuleysi á Suðurnesjum er geigvænlegt og hið mesta í landinu. Tölur eins og til að mynda sjást þar yfir atvinnuleysi kvenna eru óumdeilanlega þær hrikalegustu sem við höfum séð á Íslandi yfir atvinnuleysi einstakra hópa eða á einstökum landsvæðum síðan í kreppunni miklu fyrir meira en hálfri öld. Það er því ekki nema eðlilegt og tímabært að gengið sé eftir efndum eða ótvíræðum loforðum og yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Ég held að enginn maður hafi skilið það svo að ríkisstjórnin hafi fengið sérstaklega umboð til þess að lofa framlögum sveitarfélaga í þessu skyni. Sveitarfélög á Íslandi hafa undanfarin ár verið einfær um það sjálf að ákveða hversu mikið þau gætu lagt af mörkum til atvinnuuppbyggingar á sínum svæðum.

En ég hlýt, hæstv. forseti, við þetta tækifæri að vekja athygli á því að víðar er við alvarlegan vanda að glíma í atvinnumálum. Atvinnuleysi í landinu öllu er nú a.m.k. 5% og í Norðurl. e., því kjördæmi sem ég kem úr, er staðan lítið skárri en á Suðurnesjum því að þar er atvinnuleysi á milli 7–8%. Á Akureyri er og hefur lengi verið við mjög alvarlegan atvinnuleysisvanda að glíma og hefur þó það bæjarfélag að ýmsu leyti haft forustu um það að grípa til atvinnuskapandi verkefna og m.a. í samstarfi við Atvinnutryggingarsjóð mótað ákveðna stefnu í þeim efnum. Bæjarfélagið hefur líka á undanförnum árum lagt óhemjulegt fjármagn í atvinnuuppbyggingu eða til að halda gangandi atvinnustarfsemi á svæðinu og hefur ekki þurft til þess sérstaka hjálp frá ríkisstjórn í formi yfirlýsinga.

Við hljótum auðvitað að krefjast aðgerða gagnvart atvinnuleysi. Aumingjaskapur ríkisstjórnarinnar er ótakanlegur og þar breytir engu um þó að álmálaráðherrann bregði sér í hlutverk garðyrkjumanns og ætli núna að undirbúa akur fyrir eitt þúsund rósir þar sem áður átti að spretta eitt stykki álver. Um leið og ég tek undir réttmætar óskir og kröfur um að ríkisstjórnin standi við orð sín gagnvart Suðurnesjamönnum, þá hlýt ég að krefjast þess að önnur svæði á landinu þar sem við hliðstæðan vanda er að glíma fái sambærilega úrlausn.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Atvinnuástand á Suðurnesjum er skelfilegt og ég minni á að það er verra en nokkru sinni fyrr. Ég vil líka að það komi fram að það hefur verið viðvarandi atvinnuleysi á svæðinu alveg frá því upp úr 1980 og þá var það að heimamenn, verkalýðsfélög og íbúarnir kröfðust þess mjög að hafnar væru sértækar aðgerðir í því skyni að ráða við atvinnuleysisdrauginn.

Þá var mynduð ríkisstjórn upp úr 1980 og hún gerði sér málefnasáttmála og inn í þann málefnasáttmála var sagt að það ætti að gera sérstakt átak í atvinnumálum á Suðurnesjum. Og hvar haldið þið, hv. þm., að þeir hafi sett þessa setningu? Þeir settu þessa setningu undir kaflann um utanríkismál. Þeir vissu ekki betur um mannlífið á Suðurnesjum, þeir vissu ekki betur um það að fólk lifði þar og hrærðist. Þeir héldu að þetta væri utanríkismál. Nú hafa þeir frétt að það er innanríkismál, atvinnumálin á Suðurnesjum, og ber málflutningur þeirra þess vitni núna úr þessum ræðustól. Vegna þess að þeir hafa frétt þetta að atvinnumál á Suðurnesjum eru innanlandsmál, þá er það mjög eftirtektarvert að nú þegar ríkisstjórn í fyrsta sinn beitir sér fyrir sértækum aðgerðum fyrir Suðurnesin þá er framlag þeirra helst að agnúast út í það og segja: Af hverju kemur þetta ekki? Af hverju kemur þetta ekki? (Gripið fram í.)

Ég vil upplýsa að það er unnið að því á öllum vígstöðvum að bæta atvinnuástandið á Suðurnesjum og það verður staðið við þau fyrirheit sem ríkisstjórnin hefur gefið og það verður gert í samráði og samvinnu við heimamenn. Frumkvæði heimamanna skiptir afar miklu máli í þessum efnum. Ég vil geta þess að lokum að svo lítur út fyrir núna vegna þess að loðna hefur fiskast og loðnufrysting er að hefjast að um 130 manns fái atvinnu af því næstu daga. Það er samkvæmt upplýsingum formanns Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur.

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér ástæða til þess að taka til umræðu ástand sem er mjög slæmt rétt eins og atvinnuástandið á Suðurnesjum. Þar er það langverst á landinu og hefur verið lengi. Mikið atvinnuleysi þar er því miður orðið viðvarandi. Það er hins vegar eðlisbreyting á viðfangsefninu og þessi eðlisbreyting hefur lýst sér vel í því að tök þeirra sem úr ættu helst að bæta hafa verið heldur óviss.

Það er kannski rétt að nefna í þessu samhengi það sem fyrri ræðumaður nefndi, hvernig fyrri ríkisstjórn ætlaði sér að taka á málinu með því að fella það undir utanríkismál og hver er þá okkar þáttur í atvinnu í utanríkismálum. Þetta hlýtur að vera umhugsunarefni að það eru þeir sömu sem telja að nú sé ekki gengið vaskmannlega til leiksins. Við erum þó nýlega búnir að taka þátt í að samþykkja fjárlög með um það bil og ríflega tíunda hluta til atvinnuskapandi aðgerða, ríflega tíunda hluta. Ég hef ekki séð slíka hluti á fjárlögum síðustu ára.

Það er rétt að aðgerðir þessarar ríkisstjórnar hafa að mestu verið almennar og þessar aðgerðir í fjárlögum eru það allar. En frumkvæði ríkisstjórnar í þessu máli hefur verið nauðsynlegt því að ekki fyrr en nú hefur þetta fyrirtæki sem ríkið á stóran hlut í gerst þátttakandi í uppbyggingu atvinnu á Suðurnesjum, ekki fyrr en nú. Fjárfestingarnar þess hafa allar til þessa verið í öðru fólgnar og að mestu leyti í öðrum landshlutum. Þetta fyrirtæki er hins vegar einstætt á Suðurnesjum og við þekkjum öll að hvaða leyti það er en einmitt þarna er dregið fram að frumkvæði ríkisstjórnar skiptir höfuðmáli til þess að fyrirtækið og stjórnendur þess ræði atvinnulífið í kringum fyrirtækið.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Því miður hef ég ekki misskilið neitt og það er augljóst að hér á ekkert að gera þrátt fyrir þau fyrirheit sem bæði ég og aðrir geta staðfest að lágu svo sannarlega laus á tungu hér fyrr í vetur og sveitarstjórnarmenn telja sig hafa fengið loforð sem hafa verið svikin. Samstarf sem byggir á því að aðrir leggja eitthvað til, fyrirtæki sem byggir á hernum eða jafnvel sveitarfélög skili framlagi en ríkisstjórnin og ríkið ekki neinu, það er auðvitað ekki nokkurt samstarf og ekkert til að guma af fyrir ríkisstjórnina í því efni. Það er líka sagt að aðgerðir taki tíma. Það er ekki eins og þetta ástand hafi orðið ljóst í gær heldur er miklu lengra síðan eins og raunar sumir stjórnarþingmenn hafa nefnt og það er verið að drepa þessu máli á dreif eina ferðina enn en það er ekki hægt. Málið er í nefnd og það er heldur ekki hægt. Ég sé ekki betur en yfirlýsing sem samþykkt var samhljóða á fundi stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 17. sept. sl. sé í fullu gildi og ég styð þá yfirlýsingu frá sveitarstjórnarmönnum, en í þessari ágætu yfirlýsingu segir, með leyfi forseta:

„Stjórn SSS mótmælir harðlega hvernig ríkisstjórn Íslands gengur fram hjá Suðurnesjum við niðurröðun framkvæmda um landið til að mæta vaxandi atvinnuleysi. Hvorki er beint verkefnum til Suðurnesja eða reynt að mæta mjög miklu atvinnuleysi kvenna. Áherslur ríkisstjórnarinnar beinast að því er virðist fyrst og fremst að því að leysa vanda verktaka og að *vegabótum annars staðar en á Suðurnesjum. Stjórn SSS* krefst þess að ríkisstjórnin taki mál Suðurnesja sérstaklega fyrir og komi í framkvæmd verkefnum á Suðurnesjum sem bæti atvinnuástandið þar."

Það er kannski huggun harmi gegn að aðrir hafi verið sviknir líka en það er léleg huggun fyrir Suðurnesin.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. þetta er afskaplega undarleg og sérkennileg umræða. Menn segja hér að það sé allt til í þingtíðindum sem hafi verið lofað í þessu máli og fullyrða síðan að eitthvað annað hafi verið sagt heldur en við höfum haldið fram. Reiði þá slíkir aðilar fram þau þingtíðindi sem sanna það. Þeir geta það ekki því að því var lofað, auðvitað eftir óformlegar viðræður við sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum og við fulltrúa Aðalverktaka, að þannig skyldi þetta framlag verða 500 millj. og því var lýst yfir í mínu svari að

stjórn Aðalverktaka og sveitarfélög hafa samþykkt þessar 500 millj. þannig að eftir þessa umræður stendur, og það verður málshefjandi að sitja uppi með, að allt sem lofað var hefur verið efnt. Það er ekki hægt að færa fram neitt til þess að hrekja þá fullyrðingu. Það er ekki hægt að vera með fullyrðingar um að sumir hafi sagt og sumir hafi heyrt og einhver hafi gefið í skyn. Það er ekki frambærilegur málatilbúnaður hér á Alþingi. (Gripið fram í.) Það sem liggur fyrir er sú yfirlýsing sem gefin var um að varið yrði 500 millj. kr. Það liggur fyrir að sú yfirlýsing var gefin í framhaldi af fundum með fulltrúum Aðalverktaka, í framhaldi af fundum með sveitarfélagamönnum og það liggur fyrir að þeir lýstu því yfir að ef það kæmu 300 millj. frá Aðalverktökum, þá kæmu 200 millj. frá þeim. Allir hafa staðið við sitt og nú er verið að vinna að því að útfæra það með hvaða hætti þessir peningar eigi að streyma inn í atvinnulífið á Suðurnesjum og það liggur fyrir að þar eiga heimamenn að ráða mestu. Þannig að þessi skot á ríkisstjórnina voru alger feilskot.

Út af dagskrá var tekið 5. mál.

Fundi slitið kl. 4.03 síðdegis.

---

106. FUNDUR

fimmtudaginn 11. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til menntamálaráðherra:

1. Námsráðgjöf og starfsfræðsla, fsp., 203. mál, þskj. 244.
2. Flutningur á rekstri grunnskóla til sveitarfélaga, fsp., 270. mál, þskj. 364.
3. Námsgagnastofnun, fsp., 271. mál, þskj. 365.

Til sjávarútvegsráðherra:

4. Verndun keilustofnsins, fsp., 292. mál, þskj. 424.

Til dómsmálaráðherra:

5. Kostnaður við löggæslu á skemmtunum, fsp., 298. mál, þskj. 463.
6. Gjaldþrot einstaklinga, fsp., 315. mál, þskj. 548.

Til samgönguráðherra:

7. Kolbeinsey, fsp., 233. mál, þskj. 296.
8. Strandferðir, fsp., 248. mál, þskj. 322.

Til landbúnaðarráðherra:

9. Vistfræðileg þróun landbúnaðar á Íslandi, fsp., 320. mál, þskj. 584.

Til félagsmálaráðherra:

10. Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði, fsp., 223. mál, þskj. 271.

Til iðnaðarráðherra:

11. Þilplötuverksmiðja, fsp., 318. mál, þskj. 578.

Námsráðgjöf og starfsfræðsla, ein umr.

Fsp. EMS, 203. mál. — Þskj. 244.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ber hér fram fsp. sem lögð var fram fyrr á þessu þingi af Einari Má Sigurðarsyni til menntmrh. um námsráðgjöf og starfsfræðslu. Fyrirspyrjandi sat hér á þinginu sem varaþingmaður Alþb. í Austurl. Fsp. er svohljóðandi:

„1. Hvað eru mörg stöðugildi við námsráðgjöf og starfsfræðslu á núverandi skólaári:

a. í grunnskólum,

b. í framhaldsskólum?

2. Hvað eru mörg stöðugildi við námsráðgjöf og starfsfræðslu á skólaárunum 1990–1991 og 1991–1992:

a. í grunnskólum,

b. í framhaldsskólum?

3. Hvert er viðhorf ráðherra til tillagna nefndar um námsráðgjöf og starfsfræðslu frá 11. apríl 1991?"

Hér er spurt um tölulegar upplýsingar sem og viðhorf til nefndarálits sem fylgdi bréfi frá stjórnskipaðri nefnd sem skilaði af sér 11. apríl 1991 allítarlegum tillögum um tilhögun námsgjafar og starfsfræðslu. Ég ætla ekki hér þegar ég mæli fyrir fsp. að fara út í þær tillögur í einstökum atriðum en ég vil aðeins benda á að það virðist mjög brýnt að efla þessa starfsemi í skólum landsins og ná tengslum við atvinnulíf í landinu. Það eru þær áherslur sem ég les út úr umræddu nefndaráliti sérstaklega og þetta á auðvitað alltaf við en alveg sérstaklega kannski við þær aðstæður sem nú ríkja í atvinnulífi landsmanna og þær áhyggjur sem uppi eru vegna aukins atvinnuleysis langt umfram það sem áður hefur þekkst hérlendis.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Svar menntmrh. við 1. lið fsp. er svohljóðandi:

Í grunnskólum eru stöðugildi í námsráðgjöf og starfsfræðslu 6,19 á yfirstandandi skólaári. Hafa ber í huga í þessu sambandi að víðast hafa skólar og/eða fræðsluskrifstofur skipulagt og samræmt náms- og starfsfræðslutilboð fyrir grunnskólanemendur þannig að náms- og starfsfræðslu er einnig sinnt af bekkjar- eða fagkennurum, til að mynda samfélagsfræðikennurum, aðstoðarskólastjórum og skólastjórum. Í framhaldsskólum eru stöðugildi í náms- og starfsráðgjöf 17,85 á yfirstandandi skólaári.

Varðandi 2. lið fsp. er það að segja, að árið 1990–1991 voru ekki stöðugildi í náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum nema 1,28 stöðugildi í starfsfræðslu í Austurlandsumdæmi. Árið 1991–1992 voru stöðugildi í grunnskólum 1,10 í starfsfræðslu í Austurlandsumdæmi og 0,6 stöðugildi í Norðurlandsumdæmi vestra sem tilraunaverkefni. Árið 1990–1991 voru 16,75 stöðugildi í náms- og starfsráðgjöf við framhaldsskólana. Árið 1991–1992 voru 17,85 stöðugildi í náms- og starfsráðgjöf við framhaldsskólana.

3. liður fsp. lýtur að viðhorfi menntmrh. til tillagna nefndar um starfsráðgjöf og starfsfræðslu frá 11. apríl 1991. Um það er þetta að segja að menntmrn. lítur þær tillögur jákvæðum augum þó að einstakar tillögur geti verið álitaefni og umræðugrundvöllur. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að á aðhaldstímum eins og við lifum nú eru því settar skorður hversu unnt er að fjölga störfum í skólakerfinu og það markar því eðlilega þrengri ramma en tillögur þessarar nefndar segja til um. Það er einnig rétt að minna á að nefnd um mótun menntastefnu hefur fjallað um tilhögun náms- og starfsfræðslu og eins og kunnugt er, þá hefur hluti af áliti nefndarinnar þegar verið kynntur.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans. Úr þeim tölulegu upplýsingum sem fram koma les ég að lítið hafi verið aukið ef nokkuð við stöðugildi í náms- og starfsráðgjöf milli skólaára. Þau stöðugildi sem skilgreind eru sérstaklega falla undir námsráðgjöf og starfsfræðslu og ráðherra greinir í sambandi við 3. lið fsp. frá því að gæta þurfi aðhalds. Það er e.t.v. skýringin á því að ekki hefur verið aukið þarna við sem mun hafa verið ein af áherslunum í tillögum umræddrar stjórnskipaðrar nefndar. Þar var lagt til, svo ég nefni það, í tillögum þeirrar nefndar að umfang námsráðgjafar í skólum verði eitt stöðugildi námsráðgjafa á hverja 300 nemendur í framhaldsskóla og eitt á hverja 500 nemendur í grunnskóla og háskóla. Þessu markmiði verði náð á næstu 10 árum í framhalds- og háskólum en á næstu 15 árum í grunnskólum. Þess utan er lagt til að starfsráðgjöf utan skólakerfis verði komið á með samvinnu aðila vinnumarkaðar, menntakerfis og sveitarfélaga, svo fá atriði séu nefnd af tillögum umræddrar nefndar. Ég held að menn þurfi að líta á þessi mál með tilliti til framtíðar og þó að hart þyki á dalnum í fjárhagslegu tilliti hjá ríkissjóði, þá er þó eðlilega verið að knýja á um úrbætur vegna atvinnuleysis og ég held að þessi þáttur geti, til framtíðar litið, skipt mjög miklu máli og honum verði komið í viðunandi horf í skólakerfi landsins í samvinnu við aðila í atvinnulífinu. Þess vegna er minnt á þetta mál hér með þessari fsp. sem ég hef hér lagt fyrir en ég fagna því að það eru jákvæð viðhorf sem tjáð eru frá menntmrn. varðandi tillögur nefndarinnar eins og þær voru lagðar fram á sínum tíma.

Kostnaður við löggæslu á skemmtunum, ein umr.

Fsp. KHG og SvG, 298. mál. — Þskj. 463.

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 9. þm. Reykv. að bera fram á þskj. 463 fsp. til dómsmrh. um kostnað við löggæslu á skemmtunum. Bakgrunnur málsins er sá að í núgildandi lögum um lögreglumenn er kveðið á um það í 8. gr. þeirra laga að lögreglustjóra sé heimilt að binda skemmtanaleyfi því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmtistað og skal leyfishafi greiða kostnað af þeirri löggæslu samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Þær reglur hafa verið settar og er að finna í reglugerð nr. 587/1987 og í 8. gr. þeirrar reglugerðar er nákvæmlega tilgreint hvernig þessar reglur eiga að vera. Þær eru annars vegar þannig að skemmtanahaldari á að endurgreiða launakostnað sem hlýst af starfsemi þeirra umfram það sem eðlilegt má telja. Og eðlilegt er skilgreint í 8. gr. þannig að að jafnaði sé miðað við að tveir tiltækir lögreglumenn séu við almenn löggæslustörf í nágrenni skemmtistaðar sem ríkissjóður ber allan kostnað af þannig að skemmtihaldari ætti þá að greiða allan löggæslukostnað umfram tvo lögreglumenn. Og í öðru lagi, ef skemmtun stendur lengur en til kl. 23.30, þá greiðir skemmtanahaldari allan löggæslukostnað þannig að reglurnar eru skýrar og samræmdar. Í svari dómsmrh. við fsp. minni á þskj. 132 fyrr á þessu þingi um löggæslu á skemmtunum segir að þessi reglugerð sé fyrsta heildstæða reglugerðin sem sett hafi verið um þetta málefni hér á landi. Því kemur það óvart að í því svari sem ég gat um kemur greinilega fram að framkvæmdin er með mjög mismunandi hætti um landið svo að unnt er jafnvel með nokkrum rökum að segja að lög séu ekki þau sömu á landinu. Því hef ég leyft mér að spyrja hæstv. dómsmrh. eftirtalinna spurninga á þskj. 463:

„1. Hvers vegna er fyrirmælum 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 587/1987 um að sá sem fyrir skemmtun stendur skuli endurgreiða þann kostnað sem leiðir af aukinni löggæslu vegna skemmtunar umfram það sem eðlilegt má telja, þar á meðal allan löggæslukostnað ef skemmtun er opin gestum eftir kl. 23.30, ekki framfylgt í 11 lögregluumdæmum, þar á meðal í Reykjavík, heldur einungis í 17 lögreglumdæmum á landsbyggðinni?

2. Hyggst dómsmálaráðherra samræma reglur um kostnað við löggæslu á skemmtunum þannig að sömu reglur gildi um landið allt og ef svo er, hvernig verða þær reglur?

3. Hve mikið af kostnaði við löggæslu í Reykjavík stafar af starfsemi skemmtistaða, þar með talið vínveitingastaða?“

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Varðandi 1. lið fsp. er rétt að ítreka það sem áður hefur komið fram í umræðum um þetta efni á Alþingi að aðstæður eru býsna misjafnar frá einu lögsagnarumdæmi til annars. Auk þess má nefna að nokkuð misjafnt er hvernig sýslumenn hafa skilgreint hugtakið skemmtun. Sumir þeirra túlka þetta rúmt og fella undir það ýmsar samkomur og mannfagnaði sem aðrir sýslumenn telja ekki til skemmtana í þessum skilningi. Skoðanamunur að þessu leyti hefur t.d. verið uppi um tónlistarflutning, hvort telja skuli hann skemmtun eða tónleika, og þá eftir atvikum hvort innheimta eigi löggæslukostnað í því sambandi. En segja má að í stærri kaupstöðum ráði það ekki úrslitum um

fjölda lögreglumanna sem kvaddir eru aukalega á vakt um helgar hvort leyfðir eru einn eða fleiri dansleikir. Af þessum sökum hafa lögreglustjórarnir ekki getað rakið hinn aukna kostnað sem af þessu hlýst beint til einstakra eða einstakrar skemmtunar og hafa þar af leiðandi ekki innheimt gjald fyrir löggæsluna. Á móti þessu kemur að í Reykjavík og fjölmennari byggðarlögum eru starfræktir sérstakir vínveitingahúsaeftirlitsmenn. Til að mynda eru og hafa verið starfandi fjórir slíkir eftirlitsmenn í Reykjavík. Kostnaði við eftirlitið er skipt niður á leyfishafa. Heildarkostnaður við þetta eftirlit í Reykjavík á árinu 1992 var 5 millj. kr.

Þá var að því spurt hvort samræma eigi reglur um kostnað við löggæslu á skemmtunum. Sem svar við þessu vil ég taka fram að ég hef skipað sérstakan starfshóp þriggja manna, skrifstofustjóra í ráðuneytinu og tveggja sýslumanna til þess að gera tillögur að nýjum reglum um greiðslu kostnaðar. Ég hef lagt á það áherslu að reglurnar þurfi að vera svo skýrar að lítil hætta sé á að þær verði túlkaðar með mismunandi hætti af lögreglustjórum þó að aðstæður séu ólíkar og þannig verði tryggð samræmd framkvæmd um allt land. Þessi hópur hefur þegar hafið störf.

Að því er varðar 3. lið fsp. er það að segja að mjög erfitt er að nálgast það með skýrum hætti hversu mikill kostnaður stafar af starfsemi skemmtistaða í Reykjavík auk vínveitingahúsaeftirlitsins í Reykjavík sem kostaði um 5 millj. kr. Á síðasta ári kostaði einn starfsmaður sem sinnir leyfisskyldri starfsemi um 2 millj. Lögreglan sinnir talsvert miklu eftirliti með skemmtistöðum, mest í skylduvinnu en einnig er starfandi hluti lögreglumanna um helgar í aukavinnu. Um það bil 550 útköll voru á árinu 1992 á eða við vínveitingastaði, langmest um helgar.

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin. Það sem er nýtt í þeim svörum er að hann hefur skipað starfshóp til þess að samræma framkvæmd laganna og hefur þar með viðurkennt að framkvæmdin er afar mismunandi en mér heyrðist hann skýla sér á bak við það að það væri verkefni lögreglustjóra á hverjum stað að túlka relgugerðina.

Ég vil út af fyrir sig ekki gera lítið úr því að þessi starfshópur taki til starfa og vænti þess að hann skili fljótt áliti og tillögum til ráðherra um breytingar á reglugerðinni sem þörf er á til þess að tryggja samræmda framkvæmd. Hitt vil ég ítreka að það er á valdi ráðherra ef reglugerðin er óskýr að breyta henni þannig að framkvæmdin verði fyllilega samræmd ef nokkur vafi leikur á því. Að mínu mati er reglugerðin ekki þannig að það þurfi að deila um þetta atriði. Mér finnst fyrirmælin verða það skýr að framkvæmdin ætti ekki að vera mismunandi og það er greinilega ekki ætlast til þess í reglugerðinni að hún verði mismunandi. Þetta mál hvílir því fyrst og fremst á hendi dómsmrh. að tryggja samræmda framkvæmd og hvort og hvenær af því verður lýtur fyrst og fremst vilja ráðherrans til þess að það verði, að sömu lög gildi um allt land. Fram til þessa hefur hæstv. dómsmrh. svarað með mjög undarlegum hætti svo að ekki sé fastar að orði kveðið og greinilega ekki haft mikinn vilja til þess að aflétta mismunun á framkvæmd laganna sem verið hefur í þessu máli fram til þessa.

Ég geri ekki mikið með það, virðulegi forseti, þótt starfandi séu vínveitingaeftirlitsmenn. Þeir koma ekki í stað lögreglumanna. Það er ekki þeirra hlutverk að halda uppi löggæslu. Við skulum minnast þess að lokum, virðulegi forseti, að við höfum séð og heyrt í fjölmiðlum umræður og ákall manna hér í borginni um aukna löggæslu um helgar. Svar yfirvalda hefur verið það að ekki væri til fé til að verða við því og til að koma í veg fyrir ýmsa hörmulega atburði sem gerst hafa í skjóli nætur í nágrenni skemmtistaða hér í bænum. Ég tel að hæstv. ráðherra ætti, virðulegur forseti, að fyrirskipa lögreglustjóranum í Reykjavík að hafa sömu framkvæmd á þessari reglugerð og er á þeim stöðum á landsbyggðinni sem ég hef tilgreint þannig að úr verði bætt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill minna hv. þm. á að fara ekki fram yfir tímann. Það eru tvær mínútur í seinni umferð í fyrirspurnatíma.

Gjaldþrot einstaklinga, ein umr.

Fsp. GÁ, 315. mál. — Þskj. 548.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. dómsmrh. um það hversu margir einstaklingar hafa verið lýstir gjaldþrota á árinu 1992. Það er ljóst að á síðustu árum hafa um 1.000 Íslendingar verið lýstir gjaldþrota árlega og hefur fjöldinn vaxið með hverju ári. Nú hefur verið gerð kerfisbreyting sem dregur úr gjaldþrotabeiðnum þar sem leggja þarf fram 150 þús. kr. til þess að meðferð eigi sér stað. Því væri kannski réttara að spyrja eftir því hversu mörg árangurslaus fjárnám hefðu verið höfðuð á síðasta ári.

Mér ógna þau vindaský sem nú blasa við mörgum einstaklingum og fjölskyldum. Við vitum að yngra fólkið er skuldsett og þolir alls ekki þann vítahring sem samdráttur og kreppa valda. Aðgerðir ríkisvalds getur ráðið úrslitum hvorum megin hryggjar fólk lendir. Við vitum að á undanförnum árum hafa íslenskir stjórnmálamenn opnað fyrir nýjar skuldaleiðir. Má þar nefna krítarkort og stórlega hækkuð húsnæðislán. Ungt fólk sem kaupir íbúð á húsbréfum stendur frammi fyrir því að ríkisstjórnin hefur raskað öllum áætlunum með skertum vaxtabótum og fleiru.

Annars tel ég að stjórn og stjórnarandstaða eigi ekki að þrátta um þennan vanda heldur horfa fram og leita lausna. Vinnan er númer eitt, tvö og þrjú. Í þau spor að missa atvinnu sína er erfitt að setja sig því vinnan er forsenda alls. Nú blasir þessi harmleikur við mörgum, ekki síst ungu fólki undir fertugsaldri sem þolir slíkt alls ekki efnahagslega.

Nú eru margar fjölskyldur staddar í þessum vítahring. Tekjur minnka, lánin hækka, eignin fellur í verði og vinnan bregst. Hér er um þjóðfélagsvanda að ræða sem þarf að taka upp á víðtækari vettvangi en ríkisstjórnin má ekki keyra svo blint að hún skynji ekki þessa hættu: persónulegt gjaldþrot er örbirgð og hin nýja fátækt á Íslandi. Einstaklingurinn ber auðvitað ábyrgð á þessu að einhverju leyti, en við verðum að gera okkur grein fyrir því, alþingismenn, að samfélagið gerir það einnig.

Ég spyr hæstv. dómsmrh.: Hversu margir voru lýstir gjaldþrota á síðasta ári?

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):
Frú forseti. 212.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):
Hæstv. forseti. Ég þakka dómsmrh. þetta snaggaralega svar. Það er ekki eðlilegt að ískalt dómsvaldið leggi út af svona tölu. En ég býst við að ástæða sé til að ræða þetta mál við hæstv. félmrh. og að taka þurfi málið upp á Alþingi. Þarna er um verulega fækkun að ræða frá fyrri árum. En eins og ég nefndi er full ástæða til að kanna hina hliðina við breytinguna, þ.e. hversu mörg fjárnám hafa farið fram án árangurs og ræða hvernig megi afstýra fjárhagslegu gjaldþroti yngra fólksins í landinu.

Kolbeinsey, ein umr.

Fsp. SJS, 233. mál. — Þskj. 296.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):
Hæstv. forseti. Það hefði ekki verið úr vegi fyrir hæstv. dómsmrh. að láta það eftir sér að tefja í þingsalnum eins og í 10 mínútur í viðbót því að þetta mál sem hér er spurt um varðar ekki síður dómsmrh. þó að ég hafi valið þá leið að beina fsp. til samgrh. þar sem samgrn. hefur helst annast einhverjar framkvæmdir í þessu máli.

Á árunum 1989 og 1990 og reyndar nokkrum sinnum áður var unnið talsvert að því að styrkja Kolbeinsey til þess að aftra því að þessi mikilvægi grunnlínupunktur hyrfi í hafið. Árið 1989 var unnið að rannsóknum við eyjuna og einnig steyptur þar upp þyrlupallur og þeirri framkvæmd hagað þannig að hún mundi um leið styrkja yfirborð eyjarinnar. Á árinu 1990 var talsvert unnið að mælingum og rannsóknum við eyjuna, m.a. dýptarmælt og kafað við sökkul eyjarinnar.

Á sl. vori samþykkti Alþingi ályktun um að fela ríkisstjórninni að láta gera svo fljótt sem við yrði komið áætlun um styrkingu Kolbeinseyjar og skyldi í þessu skyni ljúka úrvinnslu þeirra rannsóknargagna sem aflað var við eyjuna 1989 og 1990 og ég nefndi áðan og framkvæmdar allar frekari rannsóknir sem nauðsynlega væru. Síðan var í ályktuninni gert ráð fyrir því að unnin yrði áætlun um framkvæmdir, ef nauðsynlegar reyndust, til að styrkja eyjuna. Þá skyldi og reynt að taka mið af mögulegri hagnýtingu eyjarinnar í öryggis- og vísindaskyni, svo sem með uppsetningu sjálfvirkra veðurathugunartækja og rannsóknatækja af ýmsu tagi.

Nú hefur ekki bólað á miklum efndum í framhaldi af þessari samþykkt og því miður mun það vera svo að í fjárlögunum er ekki gert ráð fyrir fjárveitingum í þessu skyni. Enginn vafi er á því að Kolbeinsey skiptir verulega miklu máli. Íslendingar ganga út frá Kolbeinsey sem grunnlínupunkti og það stækkar íslensku efnahagslögsöguna um 9.600 km^2. Í alþjóðahafréttarsáttmálanum er gerður skýr greinarmunur á annars vegar eyju, þ.e. eyju sem ekki hverfur við sjávarföll, og hins vegar flæðiskeri. Það er enginn vafi á því að réttarstaða Íslendinga mun veikjast til mikilla muna í þessum efnum miðað við gildandi ákvæði hafréttarsáttmálans ef Kolbeinsey tæki slíkum eðlisbreytingum.

Þá liggur það einnig fyrir að Danir hugsa sér til hreyfings fyrir hönd Grænlendinga gagnvart Íslendingum í beinu framhaldi af því að málaferlum þeirra við Norðmenn út af deilunni milli Jan Mayen og Austur-Grænlands lýkur. Þannig kom það fram í fréttaskeyti frá fréttastofunni Ritzau nú í vetur og haft eftir Uffe Ellemann-Jensen að Danir hyggi á málaferli gagnvart Íslendingum fyrir alþjóðadómstólnum í Haag jafnskjótt og þeir hafa lokið deilum sínum við Norðmenn. Þá er einnig ljóst að Danir hafa tekið eftir því að Íslendingar hafa undirbúið og styrkt sinn málstað með framkvæmdum við Kolbeinsey og er sérstaklega að því vikið í skeytinu.

Ég hef því, hæstv. forseti, leyft mér að spyrja hæstv. samgrh. tveggja spurninga varðandi það hvað ríkisstjórnin hafi aðhafst í framhaldi af samþykkt Alþingis frá sl. vori.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):
Hæstv. forseti. Þessi þál. var send Vita- og hafnamálastofnun til frekari vinnslu í júní sl. en það var hlutverk þeirrar stofnunar fyrst og fremst að vinna úr úrvinnslu gagna sem aflað var á árunum 1989 og 1990 við eyjuna. Þessari úrvinnslu er ekki lokið en stefnt að því að henni ljúki nú í vor. Þá kemur í ljós hvort frekari rannsókna verði þörf af hendi stofnunarinnar. Vita- og hafnamálastofnun mun standa undir kostnaði við þau verkefni sem verða á þessu ári vegna Kolbeinseyjar og eru á verksviði stofnunarinnar.

Í þál. er kveðið á um að unnið skuli að áætlun um varanlega styrkingu eyjarinnar þannig að hún fái sem lengst staðist ofan sjávar. Áætlunin skuli taka mið af hagnýtingu eyjarinnar í öryggis- og vísindaskyni, svo sem með uppsetningu sjálfvirkrar veðurathugunarstöðvar og jarðfræði- og haffræðirannsóknum og unnin í samráði við viðkomandi nefndir Alþingis.

Forveri minn í starfi, hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, var mikill áhugamaður um þessi mál. Eftir að hann lét af embætti samgrh. hefur verið unnið að þessum málum áfram. En eins og honum er kunnugra en kannski öllum öðrum er þetta mál síður en svo einfalt og nauðsynlegt að athuga mjög vendi-

lega hvaða skref eru stigin þannig að það fé megi nýtast sem til þessara verkefna er veitt en þó ekki sparað svo að fjárveitingar komi ekki að því haldi sem ætlast er til.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin. Ég hefði gjarnan viljað að þetta mál væri lengra á veg komið og kemur mér nokkuð á óvart að það skuli til að mynda þurfa þetta langan tíma til að vinna úr þeim gögnum sem aflað var á árunum 1989–1990. Þá er það auðvitað alveg ljóst að Vita- og hafnamálastofnun gerir ekki stóra hluti með rekstrarfé sínu í þessum efnum. Ef þarna ætti eitthvað að gerast sem marktækt væri hefði auðvitað þurft að leggja til sérstaka fjárveitingu í því sambandi.

Vilji Alþingis er alveg skýr og ótvíræður í þessu efni. Þetta er reyndar önnur þáltill. á tíu árum sem samþykkt var í þessa veru. Það má e.t.v. verða okkur til umhugsunar hvort ekki sé nauðsynlegt að skilyrða og afmarka betur vilja þingsins með slíkum ályktunum. T.d. setja framkvæmdarvaldinu ákveðin tímamörk þannig að ekki sé drollað við málið.

Ég vil einnig leggja áherslu á það að í tillögunni var talað um tækjakost og rannsóknaútbúnað sem koma skyldi fyrir í eyjunni eða reyna að hagnýta legu hennar í því skyni. Það er ekki út í bláinn. Það er ekki aðeins vegna þess að menn trúa því að eyjan geti haft hagnýtt gildi sem slík. Það er líka vegna þess að það er alveg ljóst að slíkur tækjabúnaður og slík nýting eyjunnar styrkir stöðu Íslendinga í hinu hafréttarlega tilliti. Það má minna á að Norðmenn beittu því óspart í deilum um Jan Mayen á sínum tíma að þeir hefðu stundað veðurathuganir frá eyjunni og töldu það jafngilda hagnýtingu hennar í efnislegum skilningi og þar með styrkja réttarstöðu þeirra hvað alþjóðlegan rétt varðaði.

Ég vil sem sagt hvetja hæstv. samgrh. til að slá nú í trippin og reka þau aðeins hraðar. Það er því miður þannig að enginn veit hvenær stórslys gæti orðið ef ekkert verður að gert með Kolbeinsey. Menn óttast jafnvel að hún gæti horfið þess vegna á einum ísavetri eða brotnað niður. Þá væri mikill skaði skeður.

Hæstv. forseti. Ég hefði gjarnan viljað sjá að rösklegar væri að þessu unnið. Hæstv. ráðherra hefur stuðning Alþingis til þess. Hann liggur fyrir í þessari ályktun og ég er sannfærður um að ef nauðsyn reynist á einhverjum fjárveitingum í þessu skyni, þá er hægt að fá heimildir fyrir þeim á þinginu hvenær sem er.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan. Þetta mál stöðvast ekki vegna skorts á fjárveitingum til verkefnisins heldur vegna þess að vísindamenn, sem að þessum málum hafa komið, hafa ekki áttað sig á því hvernig best verði að því staðið.

Um hitt í sambandi við veðurathuganir frá Kolbeinsey er það eitt að segja að það var í tíð forvera míns sem Veðurstofan var tekin undan samgrn. og þess vegna ekki á mínu valdi að koma þeim málum í kring.

Strandferðir, ein umr.

Fsp. HN, 248. mál. — Þskj. 322.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir fsp. er varaþingmaðurinn Hermann Níelsson lagði fram í þinginu og óskar svara. Hún varðar breytta tilhögun strandaferða og er svohljóðandi:

„1. Hvaða breytingar hafa orðið á áætlun skipaflutninga til hafna á landsbyggðinni eftir að Skipaútgerð ríkisins var lögð niður?

2. Hefur flutningskostnaður vöru breyst til hækkunar eða lækkunar?

3. Hefur verið gengið frá kaupum Samskipa á ms. Esju og Heklu þegar leigutími rennur út 1. febr. nk.?“

Þessar fsp. eru bornar fram til hæstv. samgrh.

Það er afar eðlilegt að Alþingi vilji fylgjast með því hver hefur orðið reynslan af þeirri breyttu tilhögun sem varð er ákveðið var að selja Ríkisskip á sínum tíma. Þess vegna eru þessar spurningar fram bornar á Alþingi.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þegar Skipaútgerð ríkisins var lögð niður hafði hún áætlun á 34 hafnir en ekki viðkomu að sjálfsögðu nema flutningar væru til viðkomandi hafna sem var upp og ofan á sumum stöðum. Eimskipafélag Íslands er nú með áætlun á 16 hafnir auk þess sem skip félagsins koma óreglulega inn á ýmsar aðrar hafnir og samið hefur verið við Jökla hf. um að annast siglingar til Raufarhafnar. Samskip er með áætlun á 26 hafnir. Hvorugt félagið hefur áætlun á eftirtaldar fimm hafnir sem áður voru á áætlun Ríkisskipa: Bíldudalur, Suðureyri, Borgarfjörður eystri, Bakkafjörður og Mjóifjörður. Raufarhöfn hefur þá sérstöðu, eins og hér kom fram, að Jöklar annast siglingar þangað einu sinni í mánuði að ég hygg, en hvorugt hinna skipafélaganna hefur þangað fasta áætlun.

Spurt er hvort flutningskostnaður vöru hafi breyst til hækkunar eða lækkunar. Samkvæmt því sem hér stendur hefur Eimskipafélag Íslands ekki hækkað flutningagjaldskrá sína frá því að Skipaútgerð ríkisins var lögð niður. Þegar Samskip hófu auknar strandsiglingar í febrúar 1992 var gjaldskrá Ríkisskipa tekin óbreytt í notkun. Þess ber þó að geta að gjaldskráin er fyrst og fremst viðmiðunargjaldskrá. Afslættir og sértilboð eru algeng. 1. júlí breyttist gjaldskráin. Gjaldflokkum fækkaði nokkuð og verðið breyttist. Almenn hækkun varð 5% en ýmsir vöruflokkar, svo sem búslóðaflutningar og gámaflutningar, lækkuðu verulega. Í kjölfar gengisfellingar, vegna erlendis þurrleiguskips og olíuverðshækkana var gjaldskráin hækkuð 1. des. um 4%. Nokkrir vöruflokkar hækkuðu þó minna en aðrir ekki.

Spurt er hvort gengið hafi verið frá kaupum Sam-

skipa á ms. Esju og Heklu þegar leigutími rennur út 1. febr. nk. Það hefur ekki verið gert, enda hygg ég að ekki sé áhugi fyrir því hjá Samskipum að kaupa skipin.

Ég vil að síðustu taka það fram að ég hef ásamt aðstoðarvegamálastjóra átt fundi með bæjarstjóra Akureyringa og ýmsum mönnum í athafnalífinu á Akureyri og jafnframt með forseta bæjarstjórnar Egilsstaða og oddvita Fellahrepps þar sem við höfum rætt um nauðsyn þess að treysta samgöngur milli Norður- og Austurlands. Það er nú í athugun hvort rétt sé að taka upp reglulegan snjómokstur milli Norður- og Austurlands í næstu viku.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Lokaorð hæstv. samgrh. voru mjög athyglisverð. Hann telur fjárhagslegt svigrúm til að geta tekið upp reglulegan snjómokstur milli Norðurlands og Austurlands í næstu viku. Út af fyrir sig fagna ég því en hlýt að minna á að staðir á Vestfjörðum eru samgöngulausir og hafa verið það undanfarnar margar vikur, svo mánuðum skiptir. Sem dæmi get ég nefnt Súgandafjörð þar sem ekki hefur verið bílfært mjög lengi og mokstursdagar fallið niður vegna óveðurs. Þegar tekist hefur að moka hefur verið opnað mjög seint að degi eða jafnvel eftir kvöldmat.

Mig langaði að benda á að nokkrir staðir á Vestfjörðum koma mjög illa út úr þessari breytingu, Bíldudalur, Súgandafjörður og Norðurfjörður. Þarna er verið að velta kostnaði af ríkinu yfir á íbúa þessara staða. Sem dæmi get ég nefnt fjölskyldu sem flutti sína búslóð til Súgandafjarðar frá Reykjavík. Hún varð að flytja hana fyrst til Ísafjarðar og greiða þangað samkvæmt almennri gjaldskrá. Síðan varð hún að flytja þá búslóð frá Ísafirði til Súgandafjarðar á eign vegum og greiða allan kostnað úr eigin vasa. Þetta er þjónustan sem hæstv. samgrh. úr Sjálfstfl. býður landsbyggðarmönnum upp á á afskekktum stöðum eða stöðum sem eru samgöngulega einangraðir. Þeir eiga að borga sjálfir mismuninn frá næstu höfn til heimastaðar. Þetta er byggðastefna Sjálfstfl. í hnotskurn.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég get ekki sagt að ræða hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar hafi komið mér á óvart. Eins og þingheimi er ugglaust kunnugt standa sakir þannig í sambandi við flóabáta að á fjárlögum fyrir árið 1991 voru framlög til þeirra 150 millj. kr. Það má búast við því að á næstu 2–3 árum, ef ekkert verður að gert, fari slík framlög upp í 570 millj. kr. Ef við til viðbótar þessu hefðum ætlað okkur að halda uppi óbreyttum hallarekstri á Skipaútgerð ríkisins — óbreyttum, eins og hv. þm. vildi — þá værum við að tala um 400 millj. til viðbótar miðað við reksturinn á strandsiglingum eins og hann var á síðasta ári. Við værum því að tala um svona 1 milljarð til þessara þarfa. Það gefur auðvitað auga leið að það gengur ekki upp. Ríkissjóður og íslenska þjóðin hefur ekki efni á því.

Ég vil líka láta þess getið að ég hef ekki fengið kvartanir frá Súgandafirði um það að þörf væri þar á sérstökum aðgerðum. Hins vegar hefur ævinlega verið brugðist vel við í hvert skipti sem sveitarstjórnarmenn hafa haft samband vegna þess að rekstur Skipaútgerðarinnar hefur lagst niður, eins og hv. þm. er kunnugt. Þannig hafa verið teknir upp samningar milli Vegagerðar ríkisins og Samskipa um að þjónusta Norðurfjörð og ég veit ekki betur en sú þjónusta sé fullnægjandi.

Um Fagranesið er það að segja að það hefur skroppið til nærliggjandi hafna ef á hefur þurft að halda. Stundum hefur það farið til Súgandafjarðar, stundum til Bíldudals. Það er því alls ekki rétt hjá hv. þm. að þessir staðir séu í algjörri einangrun að þessu leyti. Þvert á móti veit ég ekki betur en Vegagerð ríkisins eftir að hún tók við þessum málum í haust hafi lagt sig fram um að greiða úr öllum vandkvæðum sem upp hafa komið. Ef þar skortir eitthvað á skal ég góðfúslega vera milliliður og færa það í tal við embættismenn Vegagerðarinnar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. 5. þm. Vestf. óskar að bera af sér sakir.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að ég verði að nýta mér þennan rétt af því að hæstv. samgrh. fór með rangt mál hvað varðar afstöðu mína til reksturs Skipaútgerðar ríkisins. Henti hann það sem ónefndur þingmaður hefur sagt um þann ágæta samgrh. að stundum talar hann hraðar en hann hugsar. Hæstv. samgrh. er fyllilega ljóst hver afstaða mín var til og með hvaða hætti ætti að halda áfram rekstri skipafélags eða stuðningi ríkisins við jöfnun á flutningskostnaði út á landsbyggðina til að tryggja að vörur kæmust til afskekktra staða.

Samgönguleg einangrun Súgandafjarðar hefur auðvitað verið vegna veðurs. Þó að Vegagerðin geri það sem henni er kleift til þess að opna þar á milli þá hefur það einfaldlega ekki gengið. Því hefur það verið mjög bagalegt að skipafélögin halda ekki lengur uppi reglulegum siglingum til að flytja þangað varning sem fólk þarf að fá. Þó að Fagranesið hlaupi undir bagga með flutningi á vörum frá Ísafirði þá siglir Fagranesið ekki frá Reykjavík, virðulegi samgrh. Það breytir ekki því, sem var aðalatriðið í ræðu minni, að með þessari aðgerð hefur fólki á ákveðnum stöðum verið gert að borga sjálft það sem ríkið tók áður þátt í að greiða. Það er nákvæmlega það sem var gert og ég vil að mönnum sé fyllilega ljóst að það er stefna Sjálfstfl.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það mátti glöggt heyra að síðasti hv. þm. var ekki í sínu máli að bera af sér sakir heldur var hann með efnislegt innlegg í þá umræðu sem hafði farið fram sem er auðvitað brot á þingsköpum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill biðja hv. þm. að hafa hemil á þingskapaumræðu mitt í fyrirspurnatíma. Eins og hæstv. samgrh. tók væntanlega eftir þá hringdi forseti bjöllu

þegar henni þótti aðeins farið út fyrir það sem verið var að leiðrétta. Hins vegar er forseti þeirrar skoðunar að það hafi verið nokkur ástæða fyrir hv. 5. þm. Vestf. að leiðrétta það sem fram kom í ræðu hæstv. ráðherra. Þess vegna tel ég að hér hafi ekki verið brotin þingsköp.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég var í hópi þeirra sem gerðu sér fyllilega grein fyrir því og hafa gert um margra ára skeið að endurskipuleggja þyrfti strandsiglingar við Ísland enda hafði lengi verið að því unnið. Ég hafði hins vegar efasemdir um að það væri farsælt skref að leggja niður Skipaútgerð ríkisins sisvona án þess að hafa neinar tryggingar í höndum um að þjónustu yrði eftir sem áður haldið uppi og á viðráðanlegu verði til allra þeirra staða sem slíkar samgöngur þurfa. Mér sýnist því miður vera að koma á daginn að þarna séu að myndast göt í samgöngunetið sem eru mjög bagaleg og kosta íbúa viðkomandi staða mikla fjármuni. Dæmi um slíkt hafa verið nefnd hér.

Og annað er að gerast sem er ekki síður alvarlegt og það er að sú hringtenging landsins með samgöngum á sjó sem var fyrir hendi er nú rofin. Það bitnar sérstaklega á samskiptum Norðlendinga og Austfirðinga. Norðausturhorn landsins býr við afar slæmar samgöngur hvað þetta snertir og engar reglulegar skipakomur, t.d. staður eins og Raufarhöfn. Þar kemur frystiskip við eftir hendinni þegar þarf að sækja afurðir. Þetta þýðir auðvitað stóraukinn þrýsting á flutninga á landi, þungaflutninga m.a., sem krefjast þess aftur að ekki verði um þungatakmarkanir að ræða á þeim vegum sem í hlut eiga. En svo er, því miður, t.d. með norðausturleiðina.

Ég held þess vegna að ástæða sé til að skoða þessi mál á nýjan leik í ljósi þróunarinnar, í ljósi erfiðleika skipafélaganna sem bæði hafa strítt við mikinn taprekstur og ekki eigi að fagna fyrr en að leikslokum í þessu máli.

Árni M. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé á nokkrum misskilningi byggt hjá hv. síðasta ræðumanni að þau vandræði sem hann virðist telja að séu í sjóflutningum kringum landið séu vegna þess að Ríkisskip hafi verið lögð niður og ríkissjóði og þjóðinni allri þar með verið spöruð hundruð milljóna sem það fyrirtæki hefur tapað á undanförnum árum. Vandræðin skapast fyrst og fremst vegna þess hversu illa er komið fyrir skipafélagi fyrrverandi Sambands ísl. samvinnufélaga, Samskipum, sem hefur þurft að draga sína þjónustu saman vegna þess að það er ekki lengur samkeppnisfært.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir greinargóð svör og þær upplýsingar sem komu fram í máli hans. Ég vil sérstaklega fagna yfirlýsingu hans um að athuga gaumgæfilega að taka upp reglubundinn snjómokstur á milli Norður- og Austurlands og að það megi gerast strax í næstu viku. Auðvitað skiljum við að á meðan vegurinn þar er eins og hann er getur það orðið erfitt sérstaklega þegar veður hamla. Ég fagna eigi að síður þessari yfirlýsingu ráðherrans og vona að þetta megi takast og strax í næstu viku.

Þetta snertir einnig það sem hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi áðan að reynslan af sölu Ríkisskipa hefur orðið til þess að tengingin á milli Norður- og Austurlands á sjó hefur að nokkru leyti rofnað. Hæstv. samgrh. er nú m.a. að reyna að bregðast við þessu rofi með því að leggja aukna áherslu á að tengja þá betur á landi.

Reynslan af sölu Ríkisskipa virðist á heildina litið vera allgóð eða langtum betri en margir stjórnarandstæðingar spáðu fyrir um þegar þetta mál var mjög í hita umræðunnar á hinu háa Alþingi. Það hefur komið fram að verðið á þjónustunni hefur ekki hækkað og eru frekar dæmi um að það hafi lækkað. Í öðru lagi hafa ekki margir staðir fallið út úr þessu samgöngunneti. Þó hefur hv. 5. þm. Vestf. bent á staði sem þarf virkilega að skoða og athuga og ég trúi að hæstv. samgrh. muni gera það. Það má bæta öðru dæmi við, t.d. Breiðdalsvík þar sem skip eru hætt að koma en vörur eru keyrðar frá Stöðvarfirði eða öðrum nærliggjandi höfnum.

Ég vil aftur þakka hæstv. ráðherra svörin.

Vistfræðileg þróun landbúnaðar á Íslandi, ein umr.

Fsp. JHelg, 320. mál. — Þskj. 584.

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Á síðasta Alþingi var samþykkt þál. um athugun á vistfræðilegri þróun landbúnaðar á Íslandi. Það er vaxandi viðurkenning á því að forsenda mannlífs á jörðinni sé jafnvægi í ríki náttúrunnar. Þar er jafnvægi í landbúnaði, eða það sem nefnt hefur verið sjálfbær þróun í landbúnaði, mjög mikilvægt að sjálfsögðu. Þó er sú skoðun vaxandi að hlutverk landbúnaðar sé meira en að hugsa um sjálfan sig. Hann þarf einnig að taka að sér að hjálpa til á stærra sviði.

Þetta kom m.a. fram í erindi á umhverfisráðstefnu í Stokkhólmi skömmu fyrir áramótin sem haldin var á vegum alþjóðabændasamtakanna og var nokkurs konar framhald af ráðstefnu sem haldin var hér á landi í október 1991. Þar flutti m.a. erindi prófessor frá Uppsalaháskóla. Hann er prófessor í sjálfbærum landbúnaði og sá fyrsti, að hans sögn, sem gegnir slíku starfi. Hann setti fram mjög markvissar ábendingar í sínu erindi eins og það að við greiðum ekki nægjanlega mikið fyrir það sem við göngum á náttúruauðlindir okkar og spillum umhverfi með hinu mikla lífsgæðakapphlaupi síðustu áratuga og að náttúran geti komist af án mannsins en maðurinn ekki af án náttúrunnar.

Íslenskur landbúnaður er nær því að fylla upp kröfur um sjálfbæran eða vistvænan landabúnað en sennilega víðast hvar annars staðar. Engu að síður er mikilvægt að vita sem best hvar hann stendur til að lagfæra það sem betur kann að mega fara. Einnig er mik-

ilvægt að fá viðurkenningu fyrir því sem hér er gott. Dæmi um það er athugun sem mjólkuriðnaðurinn hefur nýlega látið gera og jákvæð niðurstaða hennar um hreinleika íslenskrar mjólkur. Slíkt er að sjálfsögðu mjög mikilvægt fyrir markaðsöflun á okkar framleiðsluvörum.

Ég hef því leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 584 til hæstv. landbrh. um það hvenær sé að vænta niðurstöðu athugunar á vistfræðilegri þróun landbúnaðar á Íslandi sem Alþingi samþykkti á síðasta þingi að fela ríkisstjórninni að gera.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er víða unnið að þeirri úttekt, eins og segir í þál. sem samþykkt var 16. maí sl. Það kemur m.a. glöggt fram á ráðunautafundi sem Búnaðarfélag Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins efndu til og stendur nú yfir. Sl. þriðjudag voru flutt ellefu erindi undir dagskrárliðnum „Umhverfisvænn búskapur". Á öðrum dögum er einnig vikið að ýmsu því sem varðar umhverfi, gróðurvernd og landgræðslu. Þannig var deginum í gær eingöngu varið til landgræðslu og gróðurverndarmála.

Í greinargerð sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins sendi landbn. í tengslum við þáltill. segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Reynsla fjölmargra þjóða hefur sýnt að aðlögun landbúnaðar að umhverfiskröfum verður einkum með leiðbeiningum og fræðslu. Þróa þarf leiðir til að draga úr umhverfisáhrifum áður en settar eru fram kröfur í lögum og reglugerðum. Öflug rannsóknastarfsemi og þekking er mjög mikilvæg í þessu sambandi. Eftirfarandi þættir geta öðrum fremur örvað aðlögun landbúnaðar að breyttum kröfum: Rannsóknir og þróun aðferða til að draga úr umhverfisáhrifum, leiðbeiningar og fræðsla, að tekið verði mið af umhverfissjónarmiðum við framleiðslustýringu í landbúnaði, skipulag landnýtingar og efnahagslegir hvatar til aðlögunar."

Ég hef falið Þorsteini Tómassyni, forstjóra Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, að gera tillögur um það hvernig best verði staðið að því að draga fram þær niðurstöður sem beðið er um í ályktuninni. Má kannski segja að til skilnings á henni sé e.t.v. betra að snúa orðunum við. Hér stendur „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á að hve miklu leyti íslenskur landbúnaður uppfyllir þær kröfur sem gera verður til hans með tilliti til sjálfbærrar þróunar."

Við þurfum kannski að einbeita okkur að reyna að skilja að hvaða leyti landbúnaðurinn uppfyllir ekki þær kröfur ef svo er og reyna þá að bæta úr því.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur þetta mál til meðferðar. Hún mun setja sig í samband við aðrar stofnanir sem þessi mál varða. Ég skal ekki undan því skorast að ég hefði getað rekið meira á eftir þessari ályktun en ég hef gert. Ég hef beðið um að það verði unnið að henni af fullum krafti eftir orðanna hljóðan. En sú vinna sem hún fjallar um er öll í fullum gangi eins og hv. þm. er kunnugt.

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans. Mér er að sjálfsögðu ljóst að það hefur verið unnið að mörgum þáttum umhverfismála hér á landi að undanförnu af stofnunum landbúnaðarins. Þar hefur margt verið vel gert og er enn verið að gera. Ég held að ég hafi varkið athygli á því í fyrri orðum mínum við fsp. að það væri að sjálfsögðu mikilvægt að vita hversu vel við stæðum. Ég held að það felist í orðalagi þáltill. að það hljóti að verða tekið sérstaklega fram hvort landbúnaðurinn uppfyllir eða uppfyllir ekki kröfurnar sem þarf að gera í þessu skyni.

Ég vil sérstaklega þakka yfirlýsingu hæstv. landbrh. að hann muni fara að reka betur á eftir því að að þessari úttekt verði unnið þannig að það komi skýrt fram hver staðan er.

Það kom ekki fram hjá hæstv. ráðherra hvenær hann hefði óskað eftir því við forstjóra Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að undirbúa þetta mál eða hvort það hefði verið gert bréflega. En ég vonast til þess að ráðherra fylgi eftir orðum sínum hér að gera gangskör að því að þessi niðurstaða fáist.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það sem ég hef lagt áherslu á — svo það komi alveg skýrt fram — við forstjóra Rannsóknastofnunar landbúnaðarins er að reyna að skilgreina nákvæmlega hversu vítt hann vill fara í sambandi við þessa úttekt. Það er auðvelt að halda þannig á málinu að það flæði út um víðan völl. Ég álít því að frumskilyrði sé að reyna að takmarka sig fremur en fara vítt yfir. Ég get í því sambandi vitnað til þess að í umsögn frá Landgræðslu ríkisins um þetta erindi eru taldar upp tólf stofnanir sem rétt skuli að hafa samband við og væri auðvelt að nefna fimm eða tíu til viðbótar ef maður vildi svo við hafa. Ég held að vandamálið sé að reyna að takmarka sig en skila þó greinargóðri og fullnægjandi úttekt í samræmi við vilja Alþingis.

Þilplötuverksmiðja, ein umr.

Fsp. GÁ, 318. mál. — Þskj. 578.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. iðnrh. hvað líði áformum um að reist verði hér á landi fyrirhuguð þilplötuverksmiðja. Stórbrotið þróunarstarf leiddi af sér nýtt byggingarefni. Íslenskt hugvit og íslensk framleiðsluvara höfðu vakið verulega athygli erlendis, nýtt framtíðarefni í byggingu íbúðarhúsa var fundið upp. Hér á ég við eldþolnar plötur úr Heklu-vikri með gifsblöndun. Erlend fyrirtæki hafa sýnt þessu byggingarefni verulegan áhuga. Uppi hafa verið áform um að reist verði verksmiðja hér á landi og hefur Þorlákshöfn verið þar efst á blaði. Hæstv. iðnrh. lýsti því yfir fyrir síðustu alþingiskosningar að þessi verksmiðja yrði reist fljótlega en nú heyrist ekki á málið

minnst. Það er veruleg ástæða til að vinna hratt í þessu máli. Þarna er verkefni sem ríkisvaldið getur aðstoðað við. Hér er um að ræða verksmiðju sem gæti skapað tugi og hundruð nýrra starfa í framtíðinni. Hráefnið er íslenskt og framtíðaráformin gætu verið þau að við fullbyggðum hér íbúðarhús inn á Evrópumarkað, einangruð með steinull frá Sauðárkróki, klædd með eldþolnum Hekluvikurplötum, unnum af íslenskum trésmiðum og verkafólki.

Ég spyr hæstv. iðnrh., sem mjög hefur hugleitt verksmiðjur: Hvað líður þessum áformum?

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Hv. fyrirspyrjandi, 5. þm. Suðurl., spyr hvað líði áformum um að hér verði reist verksmiðja til að framleiða þilplötur úr vikri.

Eins og kom fram í máli fyrirspyrjanda hefur um nokkurt skeið verið unnið að athugunum á því að setja á fót hér á landi slíka verksmiðju. Þetta hefur verið gert í samstarfi íslenskra aðila og stórs byggingarvöruframleiðanda á Skotlandi sem er aðili að stóru alþjóðlegu fyrirtæki í byggingarvöruiðnaðinum.

Það er skemmst frá því að segja að þróun þessarar framleiðsluvöru hefur gengið vel. Hins vegar eru erfiðleikar með markað fyrir þessa framleiðslu. Því miður er það svo að markaðsástandið, sérstaklega í byggingarvöruiðnaði í Evrópu og Bandaríkjunum, er slíkt að áhuginn á þessu nýja byggingarefni, vikurplötunum, nær ekki fram að ganga einfaldlega vegna þess að ekki er byggt nægilega mikið. Nú binda menn vonir við að hagvöxtur sé að glæðast á ný í Bandaríkjunum.

Það síðasta sem fór á milli aðila í fyrra voru því miður þær fréttir að Skotum gengi illa að fá samstarfsaðila til að fjármagna verkefnið. Þeir benda m.a. á að í Evrópu hefur framleiðendum á þilplötum úr gifsblöndum fækkað úr fjórum í þrjá á þessum tíma. Hins vegar láta þeir í ljós að þeir hafi fullan áhuga á málinu áfram og eru enn að ræða við hugsanlega þátttakendur í málinu.

Það er enn fremur frá málinu að segja að athugunum og þróunarstarfi er enn haldið áfram. En það er ekki unnt að vera bjartsýnn á framhald málsins fyrr en hagsveiflan fer verulega upp á við í heimsbúskapnum. Hún er því miður ekki á valdi hérlendra manna hversu fúsir sem þeir annars eru að hjálpa heimsbyggðinni að klæða sín þil með Hekluvikri.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. svör hans. Þau komu ekki alls kostar á óvart. Það er mikilvægt að halda þessu þróunarstarfi áfram. Ég held að þarna þurfi ríkisvaldið að beita áhrifum sínum því að það er náttúrlega fyrst og fremst markaðssetningin sem skiptir máli. Fá aðila til að fjárfesta í þessari verksmiðju og koma henni á stofn. Sundraðir og litlir aðilar geta þetta ekki en ríkisvaldið getur haft veruleg áhrif. Það væri mikilvægt fyrir hæstv. iðnrh. þegar hagsveiflan er nú að rísa í Bandaríkjunum, eins og hann minntist á, að fylgja þessu máli fast eftir þannig að við lítum nú eins og eina verksmiðju innan eins eða tveggja ára.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég er sammála hv. fyrirspyrjanda um að þetta er vænlegt verkefni þegar horft er til framtíðar. Ég vil hins vegar benda á að það hefur þegar tekist að finna mjög álitlegan samstarfsaðila í skosk-bandarísku fyrirtækinu sem ég nefndi áðan. Það er því eiginlega ekki vandinn. Vandinn er eingöngu sá, sem hvorki er á valdi íslenska ríkisins né þessa stóra fyrirtækis, að byggingarstarfsemi er í lægð á því markaðssvæði sem fyrirtækið starfar á. Það hefur m.a. leitt til þess að fyrirtækjum í framleiðslugreininni hefur fækkað. Á móti kemur það sem er undirstaðan undir þessu fyrirtæki, þ.e. auknar kröfur um eldþol byggingarefna, sérstaklega í innviðum stórra bygginga í flestum löndum sem gera miklar brunavarnakröfur. Í þessu liggur framtíðarvonin.

Ég get fullvissað hv. fyrirspyrjanda um að við munum halda sambandinu við þetta fyrirtæki vakandi. Ég hef fulla trú á því að það muni þegar aðstæður leyfa hefjast handa.

Út af dagskrá voru tekin 2., 3., 4. og 10. mál.

Fundi slitið kl. 11.40 árdegis.

---

107. FUNDUR

fimmtudaginn 11. febr.,
að loknum 106. fundi.

Dagskrá:

1. Atvinnuþróun í Mývatnssveit, þáltill., 173. mál, þskj. 199. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Eftirlit Landhelgisgæslunnar innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar, þáltill., 195. mál, þskj. 232. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Tilraunaverkefni framhaldsskóla á Austurlandi, þáltill., 229. mál, þskj. 286. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Flutningur ríkisstofnana, frv., 184. mál, þskj. 211. — 1. umr.
5. Umferðarlög, frv., 194. mál, þskj. 231. — 1. umr.
6. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 207. mál, þskj. 248. — 1. umr.
7. Lífeyrissjóður sjómanna, frv., 241. mál, þskj. 310. — 1. umr.
8. Almannatryggingar, frv., 257. mál, þskj. 334. — 1. umr.
9. Almannatryggingar, frv., 268. mál, þskj. 359. — 1. umr.
10. Vegalög, frv., 293. mál, þskj. 425. — 1. umr.
11. Fjáröflun til vegagerðar, frv., 294. mál, þskj. 426. — 1. umr.

12. Sveitarstjórnarlög, frv., 301. mál, þskj. 469. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.,
Pétur Sigurðsson, 4. þm. Vestf.,
Stefán Guðmundsson, 4. þm. Norðurl. v.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.,
Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:
Álögur á ferðaþjónustu, 341. mál, fsp. JHelg, þskj. 620.
Endurskoðun bókhaldslaga, 325. mál, svar fjmrh., þskj. 618.
Ráðherraábyrgð, 342. mál, frv. PP, þskj. 621.
Söluskattur af mannvirkjum loðdýrabúa, 340. mál, fsp. ÖS, þskj. 619.

Atvinnuþróun í Mývatnssveit, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG og KE, 173. mál. — Þskj. 199.

Forseti Salome Þorkelsdóttir:
Eins og þingmenn hafa tekið eftir er búið að setja upp í þingsalnum nýjar ljósatöflur sem tengdar eru atkvæðagreiðslukerfinu. Sömuleiðis er búið að festa í borð þingmanna nýja hnappa í stað þeirra sem þar voru settir upp fyrir hálfu öðru ári til bráðabirgða. Ætlun forseta var að atkvæðagreiðslur færu fram með þessum nýja búnaði en forseti hefur fengið boð um það frá tæknimönnum að prófun sé ekki að fullu lokið og smávægilegir hnökrar hafi komið í ljós. Þess vegna verður því frestað um sinn að taka búnaðinn í notkun. Að þessu sinni verða því atkvæðagreiðslur með gamla laginu, handauppréttingu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(um atkvæðagreiðslu)*:
Virðulegi forseti. Í framhaldi af þeirri athugasemd sem ég gerði í umræðunum í gær og þar sem hér er fyrst og fremst um atvinnumál og byggðamál að ræða þá geri ég það að tillögu minni að þessu máli verði vísað til hv. allshn. sem fjallar um byggðamál.

Hjörleifur Guttormsson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Virðulegur forseti. Þar sem ekki var setinn bekkurinn eins og nú við umræðu um þetta mál í gær þegar ég rökstuddi þá tillögu mína að vísa þessari þáltill. til umhvn. vil ég nefna helstu rök fyrir því. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir að úttekt fari fram á þróunarforsendum og möguleikum á nýsköpun í atvinnulífi í Mývatnssveit er falli að markmiðum um náttúruvernd á svæðinu.

Mývatnssveit og Laxársvæðið eru undir sérstakri löggjöf, lögum nr. 36/1974, sem eru í gildi. Þar er kveðið á um þróunarforsendur og stöðu náttúruverndar á svæðinu. Á engu svæði utan þjóðgarða á Íslandi eru jafnskýr ákvæði um að náttúruvernd eigi að vera það markmið sem tekið sé tillit til við öll umsvif í sveitinni. Náttúruverndarráð hefur stöðvunarvald varðandi aðgerðir og skipulagsmál á þessu svæði. Með vísan til þess hef ég lagt til að tillagan fari til umhvn. Umhvn. er auk þess að fjalla um mál sem snerta Mývatn og kísilgúrnám á botni Mývatns. Mér finnst eðlilegt að þessi nefnd fjalli um það. Hér háttar til með öðrum hætti en almennt gerist í landinu. Vegna þess hef ég lagt til að vísa tillögunni til umhvn. Það kemur satt að segja talsvert á óvart að hæstv. umhvrh. skuli ganga fram fyrir skjöldu í málflutningi í öðru.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(um atkvæðagreiðslu)*:
Virðulegi forseti. Vitaskuld er það svo að öll atvinnuuppbyggingarmál snerta umhverfismál með einhverjum hætti. Þetta kannski meira en önnur. Það skal fúslega viðurkennt. Auðvitað er í þessu tilviki sjálfsagt, ef sú verður niðurstaðan í atkvæðagreiðslu að þessu máli verði vísað til allshn., að allshn. fái álit umhvn. á málinu. Það er sjálfsagt. En ég tel að eins og tillagan er orðuð og eins og hún er flutt sé þetta fyrst og fremst um atvinnuuppbyggingu í Mývatnssveit og nýsköpun í atvinnulífi sveitarinnar og þess vegna eðlilegt að málið fari til annarar nefndar en umhvn.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Virðulegur forseti. Ég var ekki viðstaddur þegar umræður fóru fram um þessa tillögu en það kemur manni mjög á óvart að hæstv. umhvrh. flytji tillögu um að þessu máli sé vísað frá umhvn. Satt að segja á ég dálítið erfitt með að átta mig á hver sé tilgangurinn. Það er eins og það sé eitthvert stórmál í augum ráðherrans að ekki verði fjallað um þessa tillögu í umhvn. Nú hefur það komið fram hjá tillögumanni, hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, að um þetta svæði gilda sérstök lög eins og við vitum. Það hefur einnig verið rætt í umhvn. hvernig megi tengja saman varðveislu þessara sérstöku svæða og atvinnuþróun byggðarlaganna.

Í umhvn. hefur verið mjög góð samvinna. Síðan hún var sett á laggirnar tel ég að þar hafi verið að mörgu leyti fyrirmyndarvinnubrögð miðað við það sem maður kynntist oft áður í nefndum. Ég hafði ekki starfað í nefndum um nokkurt árabil fyrr en núna fyrir tveimur árum síðan og umhvn., sem er ný nefnd í þinginu, hefur starfað mjög vel. Þar hafa flokkalínur eða línur milli stjórnar og stjórnarandstöðu ekki verið mjög skýrar heldur hafa menn reynt að vinna að málum eftir því sem þau hafa komið fyrir. Ég vildi spyrja að því hvort

þessi tillaga hæstv. umhvrh. hafi verið rædd við formann umhvn. og þá sem veita nefndinni forustu. Er eitthvert samráð milli ráðherrans og formanns og varaformanns nefndarinnar um að leggjast gegn því að þessi tillaga fari til umhvn.? Ég vek athygli á því að umhvn. er ný nefnd í þinginu og það er verið að skapa dálítið hættulegt fordæmi ef þróun á þeim svæðum sem sérstaklega á að vernda, eins og Mývatnssvæðið, fær ekki að vera til umfjöllunar í umhvn. þingsins. Það kemur mér mjög í opna skjöldu að það er orðið deilumál í þinginu að verða við tillögu flm. og áður en gengið verður til atkvæðagreiðslunnar óska ég eftir því að formaður eða varaformaður umhvn. tjái sig um þetta mál.

Kristín Einarsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Þegar þessi tillaga var til umræðu í gær var mjög vel rökstutt til hvaða nefndar eðlilegt væri að vísa henni. Þá kom það sama fram hjá hæstv. umhvrh. og nú að það sé óeðlilegt að tillögunni sé vísað til umhvn. sem ég er alls ekki sammála. Hann kom hins vegar ekki með neina tillögu um þetta í gær og hefur þá væntanlega verið að skoða málið þennan sólarhring sem liðinn er frá því að við fjölluðum um tillöguna.

Það kom fram hjá forseta þegar þetta var rætt að það væri ekki alveg ljóst hvert þessi tillaga ætti að fara. Ég tek ekki undir rökstuðning hæstv. umhvrh. að hún eigi frekar heima í allshn. en umhvn. og tel að tillögur sem hníga í þá átt að hún fari til umhvn. séu mjög vel rökstuddar. Mér finnst alveg furðuleg afskiptasemi umhvrh. af því hvert þessi tillaga á að fara. Raunar get ég ekki skilið það öðruvísi en þannig að hann treysti alls ekki umhvn. til að fjalla um málið. Það er mjög sérkennilegt, sérstaklega í ljósi þess að umhvn. hefur verið að fjalla um málefni Mývatnssvæðisins. Þess vegna er langeðlilegast að tillagan fari til umhvn.

Ég lýsi aftur furðu minni á því að umhvrh. skuli ekki telja umhvn. hæfa til að fjalla um þessa tillögu sem og aðrar tillögur sem hún hefur fjallað um. Það hefur, eins og hér hefur reyndar komið fram, verið mjög góð samstaða í þeirri nefnd. Það er kannski það sem fer í pirrurnar á hæstv. umhvrh.

Tómas Ingi Olrich *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í máli manna var í umræðum um þá till. að þál. sem hér er til umræðu og atkvæðagreiðslu mikil samstaða um efni hennar sem er til þess að gera einfalt. Efni þáltill. er um atvinnuþróun í Mývatnssveit. En eins og öllum er kunnugt er þetta mjög viðkvæmt svæði og öll atvinnuuppbygging á svæðinu hlýtur að snerta náttúrverndarmál. Það liggur hins vegar nokkuð ljóst fyrir að samkvæmt þingsköpum er allshn. ætlað að fjalla um byggðamál og að sjálfsögðu er þetta að hluta til málefni sem flokkast undir byggðamál en að hluta til einnig málefni sem flokkast undir náttúruvernd.

Eins og kom fram í máli hæstv. umhvrh. var það hans hugmynd að þó hann teldi eðlilegt samkvæmt þingsköpum að vísa þessu máli til allshn. væri einnig eðlilegt að allshn. leitaði eftir umsögn umhvn. að svo miklu leyti sem þáltill. snertir þau mál sem þar eru til umfjöllunar. Ég get ekki annað séð en að málið geti gengið þennan gang á fullkomlega eðlilegan hátt þannig að þeir ágætu starfskraftar sem eru í umhvn. geti fengið að fjalla um þetta mál með eðlilegum hætti. Mér finnst satt best að segja að hér sé verið að gera nokkuð mikið mál úr formsatriðum og horft fram hjá því að það er eining um að tillagan sé af hinu góða og að hún muni ná eðlilegum framgangi eftir þingsköpum með þeirri leið sem hér hefur verið gerð tillaga um.

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þessi umræða kemur manni nokkuð á óvart. Ég lít svo á að það þurfi alla jafnan nokkuð gildan rökstuðning til ef þingmenn geta ekki unnt flm. máls þess að virða þeirra vilja í sambandi við nefndalega meðferð á málinu. Ég tel að þau rök hafi ekki komið hér fram sem nægi til þess að menn virði ekki vilja flm. um að þingleg meðferð málsins verði sú sem þeir leggja til og byggja málið upp með hliðsjón af. Það liggur í hlutarins eðli ef menn lesa til að mynda greinargerð með tillögunni að hún af þeim sjónarhóli sem gerir það eðlilegt að málinu sé vísað til umhvn. Það er eins og það hafi ekki komist almennilega til skila að um allar framkvæmdir, alla mannvirkjagerð og alla atvinnuþróun á þessu svæði gilda sérstök náttúruverndarlög. Ég á ekki von á að nokkrum manni hefði dottið í hug að leggjast gegn því að tillaga um einhver umsvif í þjóðgörðum til að mynda yrði látin ganga til umhvn. Það er stigsmunur en ekki eðlis á lögunum um verndun Laxár og Mývatns og þeim lagaákvæðum sem gilda um þjóðgarða. Í raun og veru er Mývatnssvæðið byggður þjóðgarður.

Ég tel þess vegna harla sérkennilegt að menn skuli ekki fallast á þegar svo háttar til sem hér gerir að þingleg meðferð málsins verði sú sem flm. leggja til. Það er býsna merkilegt að upplifa það að hæstv. umhvrh. skuli hafa forgöngu um að vísa málinu frá umhvn. Ég tel miklu eðlilegra að röðin sé sú að málið gangi til umhvn. en eftir atvikum leiti umhvn. eftir umsögn allshn. ef menn vilja það við hafa. Það er út af fyrir sig ágætt að þingnefndirnar tvær sem hér koma helst til greina hafi samstarf um þetta mál.

Mér finnst alls ekki hafa komið fram fullnægjandi rökstuðningur fyrir því að vísa málinu frá umhvn. og mun styðja þá tillögu flm. að hún hafi forustu um vinnu að málinu.

Páll Pétursson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Það er e.t.v. nokkuð skondið að menn skuli vera með vangaveltur yfir því hvert eigi að vísa þessu máli. Samkvæmt því sem segir í tillögugreininni og ef maður les greinargerðina er eðlileg tillaga fyrsta flm. að vísa málinu til umhvn. Ef menn vildu það ekki þá væri hugsanlegt að vista þessa tillögu í fjórum nefndum öðrum sýnist mér. Það er hugsanlegt að vista hana í landbn. vegna þess mannlífs og þeirra atvinnuhátta sem verið hafa í Mývatnssveit. Það er hugsanlegt að senda tillöguna til iðnn. Það er hugsanlegt að

senda tillöguna til félmn. Þetta er sveitarfélagamál að öðrum þræði. Það er líka hugsanlegt að senda þetta mál til allshn. í þeirri veru að þarna sé um byggðamál að ræða. Ef hér væri um einhverja venjulega sveit að ræða fyndist mér kannski fótur fyrir því að gera einhverja af þessum tillögum. En mér finnst að það sem skeri úr í þessu tilfelli sé það að Mývatnssveit og Laxársvæðið eru undir sérstökum lögum af umhverfisástæðum og þess vegna finnst mér tillaga fyrsta flm. ákaflega eðlileg og ég mun styðja hana.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulei forseti. Ég bar fram þá spurningu áðan hvort þessi tillaga um málsmeðferð hefði verið rædd við formann umhvn. Það hefur ekkert svar borist við þeirri spurningu. Ég ítreka hana hér.

Eitt er að ráðherrar blandi sér í störf þingsins með þeim hætti að flytja hér tillögu um að málum sé vísað frá þeim nefndum sem fjalla um málefni þeirra eigin ráðuneyta. Hitt væri enn sérkennilegra ef það væri gert án þess að ræða það við formann viðkomandi nefndar áður en tillagan er flutt. Er það virkilega þannig að tillaga hv. umhvrh. hafi ekki verið rædd við hv. formann umhvn., þingmanninn Gunnlaug Stefánsson? Nú sé ég að þingmaðurinn hefur beðið um orðið og ég tel það gott vegna þess að mér finnst mikilvægt að menn átti sig á því að þegar um ágreining af þessu tagi er að ræða er skynsamlegra að reyna að leita lausna fyrir utan þingsalinn. Hæstv. umhvrh. hlýtur að vera ljóst að þegar hann flytur tillögu um annað en flm. leggja til kallar það á sátt í málinu utan við þingsalinn. Þess vegna vildi ég ítreka ósk mína um að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, formaður umhvn., geri grein fyrir því hvort þetta mál og með hvaða hætti hefur verið rætt við hann.

Síðan vil ég spyrja hæstv. umhvrh. — af því að ég man það ekki — hvort lögin sem gilda um Mývatnssvæðið heyri undir umhvrh. Eða fer einhver annar ráðherra með þau lög? Ef það er svo að þau lög sem gilda um Mývatnssvæðið og hafa verið nefnd sérstaklega heyra undir umhvrh. þá nær náttúrlega ekki nokkurri átt að vísa þessu máli til annarrar nefndar en umhvn. Þess vegna held ég að það sé nauðsynlegt að það komi skýrt fram hvort lögin um svæðið heyra undir umhvrh. eða ekki þótt heitið þjóðgarður sé ekki notað varðandi þá lagasetningu. Þetta tvennt held ég að sé nauðsynlegt að komi fram áður en einstakir þingmenn gera upp hug sinn í þessu máli því að vonandi er þetta ekki mál þar sem flokksagi stjórnarflokkanna er látinn gilda. Ég ætla að vona að svo sé ekki að í þessu máli eigi að beita einhverjum flokksaga stjórnarflokkanna.

Gunnlaugur Stefánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér hafa verið til umræðu tvær tillögur um hvort vísa eigi till. til þál. um atvinnuþróun í Mývatnssveit til hv. umhvn. eða hv. allshn. Í mínum huga er það stærsta málið að þessi tillaga fái þinglega meðferð og rækilega skoðun og í það verði lögð vinna eins og frekast má verða. Ég hef fullt traust á allshn. til þess að fjalla um þessa tillögu og treysti formanni hennar og varaformanni og öllum hv. þm. sem þar sitja mjög vel til að fjalla um þetta brýna mál. Ég treysti einnig öllum hv. þm. í umhvn. til að fjalla um þetta mál. Og ég veit að undir forustu minni fengi þetta mál mjög rækilega skoðun þar á grundvelli þeirrar samstöðu og vinnubragða sem þar hafa tíðkast allt frá því að nefndin tók til starfa. Ég trúi því og treysti í ljósi þeirra orða sem hér hafa fallið um störf nefndarinnar að svo verði áfram. En hér eru deilur um það hvorum megin hryggjar þetta mál eigi setu í nefnd, umhvn. eða allshn. Hv. flm. hefur mælt með að málið komi til umhvn. en hæstv. umhvrh. hefur lagt til að málið verði til skoðunar í allshn.

Hér er í senn um byggða- og atvinnumál að ræða fyrst og fremst. Eins og öll byggða- og atvinnumál tengjast þau umhverfinu með einum eða öðrum hætti. Ef um það næðist samstaða í þinginu og forsætisnefnd að öll byggða- og atvinnumál færu til umhvn. þá mundi ég styðja það. En um það þyrfti að nást breið og góð samstaða í þinginu svo slíkt mætti verða. Á meðan stjórnarandstaðan hefur hvorki lagt það til né vakið máls á því og þaðan af síður ríkisstjórnin verður að styðja það fremur að allshn. fjalli um þetta mál eins og allar hefðir þingsins hafa bent til fram til þessa.

Rannveig Guðmundsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Ég kveð mér ekki hljóðs til að óska eftir því að þetta mál komi í félmn. og vil taka það fram strax. Vegna þess hvernig umræðan hefur þróast um að óeðlilegt sé að skiptar skoðanir séu um það hvert mál fari og það eigi að lúta vilja flm. í því efni vil ég minna á að fyrir rúmu ári flutti félmrh. mál unnið undir forræði félmrn. í fullkomnu samkomulagi ríkisstjórnarinnar um starfsmenntun í atvinnulífinu og skildi málið fara til félmn. Við það var gerð athugasemd af hv. þm. sem nú leggur mikla áherslu á að málið skuli fara í þá nefnd er hann kýs, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Ósk hans var sú að þar sem hann taldi að starfsmenntun ætti heima í menntmrn. og menntmn. ætti málið að fara þangað. Þá áttu sér stað umræður um það einmitt eins og nú fara fram. Eftir að sú er hér stendur bauðst til að senda málið frá félmn. til menntmn. þannig að fullt samráð yrði haft um framgang þess var á það sæst í atkvæðagreiðslu í þinginu að málið færi þangað er félmrh. óskaði og taldi eðlilegt. Þetta er ábending mín, virðulegur forseti.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson er greinilega í nokkrum vanda, en ég skil ræðu hans á þann veg að þar sem hann svaraði ekki spurningu minni hvort málið hefði verið rætt við hann sé staðreyndin sú að málið hafi ekki verið rætt við hann. Það er auðvitað merkilegur þáttur í þessu að ágreiningur um það hvert tillagan eigi að fara skuli ekki hafa verið rædd við formann umhvn. heldur stillir umhvrh. flokksbróður sínum upp frammi fyrir því í þingsalnum að gera tillögu um það að málið fari ekki til umhvn. án þess að ræða það við flokksbróður sinn, formann nefndarinnar, Gunnlaug Stefánsson. Hitt er svo

skiljanleg flokkshollusta af þingmanninum að ganga ekki gegn ráðherranum í þingsalnum. Það skilja hugsa ég allir. En þingmaðurinn gerði okkur öllum ljóst með sinni ræðu að málið var ekki rætt við hann.

Það er fordæmi sem ég tel að megi ekki fylgja framvegis að ef ágreiningur kemur upp í þinginu um meðferð mála þá sé það ekki rætt við formenn nefnda. Það kom m.a. fram fyrr í vetur, ef ég man rétt, að ágreiningur um annað mál hafði ekki verið ræddur við formann allshn. Ég held að ég muni það rétt varðandi þjóðaratkvæðagreiðslutillögu, ég er að rifja þetta upp hér í ræðustólnum — hafi hv. 6. þm. Reykv. Sólveig Pétursdóttir lýst því yfir að málið hefði ekki verið rætt við hana.

Hitt er líka athyglisvert að annar þingmaður Alþfl., Rannveig Guðmundsdóttir, áréttaði það að fyrr hefði verið fylgt þeirri venju að fara að tillögu flm. Í því tilviki var hún að tala um hæstv. félmrh. (Gripið fram í.) Já, fara að tillögu flm. Það kom alveg greinilega fram að hún var að vísa til þess fordæmis að komið hefði upp ágreiningur um hvort vísa ætti málinu til menntmn. Flm., félmrh., hefði lagt til félmn. og niðurstaða þingsins hefði verið að fara að vilja flm.

Framganga þessara tveggja þingmanna Alþfl. er því náttúrlega eins skýr ábending til umhvrh. og frekast getur verið um að þeir séu ekki sáttir við framgöngu ráðherrans í málinu.

Ég bar líka fram fyrirspurn til umhvrh. hvort ekki væri rétt að lögin um náttúruvernd á Mývatnssvæðinu og lögin um Mývatnssvæðið heyrðu undir umhvrh. þannig að engin atvinnuþróun getur orðið á því svæði nema á grundvelli þeirra laga. Það er eina svæðið á landinu, hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, þar sem gilda sérstök náttúruverndarlög um atvinnuþróun sem heyra undir umhvrh.

Verði þetta ekki leiðrétt hér að lögin heyri undir umhvrh. þá nær ekki nokkurri átt að vera að vísa málinu eitthvað annað. Það er auðvitað mjög merkilegt ef umhvrh. (Forseti hringir.) — Ég er að ljúka máli mínu, virðulegi forseti, (**Forseti:** Tíminn er búinn.) — vill ekki koma hér upp til þess að staðfesta að lögin heyra undir hann.

Hjörleifur Guttormsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Hluti þeirra sem hafa talað um atkvæðagreiðslu vegna þessa máls hefur kosið að horfa fram hjá því að sérstök löggjöf og einstæð í lagasafni Íslands gildir um Mývatns- og Laxársvæðið. Löggjöf sem Eysteinn Jónsson á sínum tíma beitti sér fyrir og samþykkt var á þjóðhátíðarárinu 1974.

Í 3. gr. þessara laga segir m.a., virðulegur forseti:

„Á landssvæði því, sem um getur í 2. gr. [þ.e. Mývatnssvæðið, Reykjahlíðarhreppur og svæðið meðfram Laxá], er hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimilt, nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til."

Í 5. gr. þessarar löggjafar segir:

„Menntmrn. [sem löggjöfin heyrði undir þegar hún var sett] setur, að fengnum tillögum heilbrrn. og Náttúruverndarráðs, reglugerð um varnir gegn hvers konar mengun svæðis þess er lögin taka til og skal þar m.a. kveðið á um sérstakar mengunarvarnir Kísiliðjunnar við Mývatn. Í reglugerðinni skal enn fremur kveðið á um verndun lífríkis á svæðinu og skynsamlega nýtingu þess, svo sem um takmörkun á aðgangi ferðamanna að tilteknum stöðum á svæðinu."

Ég held að þetta sýni með alveg ótvíræðum hætti undir hvaða ákvæði meðferð mála fellur á þessu svæði. Það er menntmrn. sem setur reglugerð á grundvelli þessara laga upphaflega. Nú heyrir þessi löggjöf undir umhvrn. Þetta er því á verksviði þess og þeim mun sérkennilegra er að sjálfsögðu málafylgja hæstv. umhvrh. í þessu máli. Ég á satt að segja fá orð til þess að gefa henni einkunn eins og vert væri.

Páll Pétursson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég var nokkuð undrandi þegar hv. formaður umhvn. kyssti á vöndinn hér áðan. Það er náttúrlega kristilegt að rétta hinn vangann þegar búið er að snoppunga mann en ég átti ekki von á því að hann væri svo kristilegur að gera það í þessu tilfelli. Auðvitað er tillöguflutningur umhvrh. um það að taka málið úr höndum umhvn. ekkert annað en vantraust á umhvn. og þá sérstaklega formann hennar. Þannig að mér kemur það nokkuð spánskt fyrir sjónir að hv. formaður umhvn. Gunnlaugur Stefánsson skuli sætta sig við þetta. Ég verð að segja fyrir mig að ég tel að umhvn. sé vel skipuð og formaður hennar fullfær um að athuga þetta mál og stjórna meðferð þess í nefnd. Vantraust umhvrh. á nefndina og formann hennar er því að mínu mati algjörlega út í hött.

Varðandi það atriði sem hv. formaður umhvn. nefndi í ræðu sinni um hefðir þingsins þá þarf ég ekki að rifja það upp fyrir honum eða öðrum þingmönnum að á þeim 1.062 árum sem liðin eru frá stofnun Alþingis hefur umhvn. einungis starfað í tæplega tvö ár. Þar af leiðandi er kannski ekki við því að búast að mjög fastar hefðir hafi skipast um hvaða málum skuli vísað til hennar. En eðli málsins samkvæmt er hér um umhverfismál að ræða. Það svæði sem tillöguflutningurinn tekur til lýtur sérstökum lögum um umhverfismál og þar af leiðandi tel ég að við þurfum ekki að orðlengja þetta mikið meira. Við höfum sett á stofn, góðu heilli, umhvn. og þangað finnst mér einboðið að þessu máli verði vísað.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Um það getur ekki verið ágreiningur að það hlýtur að vera efni máls í öllum tilvikum sem ræður því til hvaða vinnunefndar þingsins málin fara. Hér er þetta svo skýrt sem verða má. Hér er um að ræða úttekt á þróunarforsendum og möguleikum á nýsköpun í atvinnulífi í Mývatnssveit, að teknu tilliti til náttúruverndar, eins og hlýtur að vera gert í öllum slíkum málum. Það þarf enginn að velkjast í vafa um það hvert er meginefni þessa máls eins og hefur komið mjög rækilega fram, t.d. hjá formanni umhvn.

Vegna þeirra áhyggna sem formaður Alþb., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, hefur af því hvaða umfjöll-

un þetta mál hefur hlotið þá er auðvitað sjálfsagt að greina frá því að þetta var rætt á þingflokksfundi Alþfl. í gær og þá áttum við samtal um þetta, ég og hv. formaður umhvn. Það er því auðvitað fjarstæða sem hann er að láta liggja að og halda fram að þetta mál hafi ekki verið rætt með eðlilegum hætti. Það eru auðvitað eins og hver önnur ósannindi og dylgjur af hálfu þess hv. þm.

Hann beindi til mín þeirri fyrirspurn hvort lögin um verndun þessa svæðis, Laxár og Mývatns, heyrðu undir umhvrn. Þau gera það. Þau eru almenn rammalög um friðun og verndun þessa svæðis. Eins og ég sagði þegar ég tók til máls fyrr í þessari umræðu er auðvitað sjálfsagt og eðlilegt að umhvn. fái þetta mál til athugunar og umsagnar. Eins og tillagan er orðuð hefði hv. 1. flm. átt að orða efniskafla sinnar tillögu á annan veg ef hann vildi að þetta færi til umvhn. Eftir orðanna hljóðan og efni máls í tillögugreininni sjálfri þá er þetta fyrst og fremst úttekt á þróunarforsendum og möguleikum á nýsköpun í atvinnulífi í Mývatnssveit.

Guðni Ágústsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hér standa yfir dæmalausar þingtafir og umræður að óþörfu sem stafa af því að einn hæstv. ráðherra reynir að standa gegn vilja flm. Það er þekkt fyrirbæri í þinginu að flm. hafa stundum beðið um að mál sín fari til annarra nefnda en hefð er fyrir. Ég get nefnt dæmi um þingmál sem hafa farið einn vetur í þessa nefnd og næsta vetur í aðra. (**Gripið fram í:** Hvaða mál var það?) Það var um lausagöngu búfjár, ef ég man rétt. Óskum þingmanna hefur því yfirleitt verið sinnt. Það sem ég er undrandi á, hæstv. forseti, er hvernig svona umræður geta staðið svona lengi um ekkert efni. Ég vænti þess að hæstv. forseti skeri úr þessari deilu. Mér er ekkert að vanbúnaði að greiða atkvæði um málið. Ég stend með flm. í málinu og er tilbúinn að greiða atkvæði mitt og verði það ekki innan stundar þá held ég að ég fari bara heim.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna þeirra orða sem hv. 5. þm. Suðurl. beindi til forseta skal upplýst að forseti hefur ekki úrskurðarvald að þessu leyti. Það er þingsins sjálfs að skera úr um til hvaða nefndar mál fara. Forseti bíður, eins og hv. 5. þm. Suðurl., eftir því að sú atkvæðagreiðsla geti farið fram en hefur að vísu ekki eins og hann hugsað sér að fara af fundi þótt einhver bið verði á því.

Björn Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég vil taka undir orð hæstv. umhvrh. um þetta mál. Efni málsins samkvæmt heyrir þessi tillaga undir allshn. Ég minnist þess þegar þau þingsköp voru í smíðum sem við störfum eftir kom fram tillaga um að sérstök byggðanefnd starfaði innan þingsins en sú tillaga náði ekki fram að ganga. Þá var ákveðið að setja það sérstaklega inn í 1. mgr. 23. gr. þingskapalaganna að byggðamál heyrðu undir allshn. Þessi tillaga heitir Atvinnuþróun í Mývatnssveit og ég sé ekki hvernig menn geta komist að annarri niðurstöðu en þeirri að tillaga um atvinnuþróun í einni af sveitum landsins sé byggðamál og heyri þar með undir allshn. Ef leita þarf álits annarra þingnefnda eins og umhvn. eru einnig venjur fyrir því hér og heimildir í þingskapalögunum að það sé gert og ekkert því til fyrirstöðu.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði áðan að það mætti e.t.v. vísa þessu máli til fjögurra nefnda í þinginu. Ég held einmitt að þetta ákvæði í 1. mgr. 23. gr. þingskapalaganna hafi verið sett til þess að taka af allan vafa í því efni að ef mál vörðuðu byggðamál almennt, þróun byggðar og atvinnuþróun á landsbyggðinni, þá heyrði það mál undir allshn. Mér finnst því ástæðulaust að setja á einhverjar lagaþrætur og velta fyrir sér lögum sem varða starfssvið umhvrh. Við eigum að starfa eftir þingskapalögunum og samkvæmt þeim á þetta mál heima í allshn.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. umhvrh. fullyrti áðan að ég væri ósannindamaður. Það eru nokkuð stór orð og merkilegt hvernig ráðherrann kýs að tala í þingsalnum. Rökin voru þau að ég hefði greint frá því að málið hefði ekkert verið rætt við hv. þm. Gunnlaug Stefánsson, formann umhvn. og flokksbróður ráðherrans. Ég ætla að vona að hæstv. ráðherra fari betur með sannleikann á öðrum vettvangi en hann gerir í þessu máli. Ég fullyrti ekkert um það mál. Ég spurði hv. þm. Gunnlaug Stefánsson hvort málið hefði verið rætt við hann. Hann kom hér upp, flutti nokkuð langa ræðu og svaraði ekki þessari spurningu. Hann kaus að skýla sér á bak við þögnina í því hvað snertir viðræður við hann um málið. Ég dró þá ályktun að fyrst þingmaðurinn sjálfur vildi ekki greina frá því að málið hefði verið rætt við hann hefði það ekki verið gert. Síðan kemur hæstv. umhvrh. upp og upplýsir það, sem er auðvitað mjög merkilegt í ljósi ræðu hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar, að þetta mál er svo mikilvægt að það var rætt sérstaklega á þingflokksfundi Alþfl. í gær. Það var tekið fyrir sem sérstakt viðfangsefni á þingflokksfundi hjá Alþfl. í gær. Hvers vegna greindi hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson ekki frá því? Var það vegna þess að þessi umræða í þingflokknum var eitthvert vandræðamál? Var það vegna þess að það var ágreiningur um málið í þingflokki Alþfl.? Það er fyrst núna þegar langt er liðið á þessa umræðu að það dettur út úr hæstv. umhvrh. að þetta er flokksmál í Alþfl. Það er búið að gera það að flokksmáli í Alþfl. til hvaða nefndar þessi þáltill. á að fara. Hæstv. fjmrh., sem allt í einu er vaknaður, er alveg hissa á því og spyr hvað menn séu að segja. Þetta er kannski líka flokksmál í Sjálfstfl., hv. þm. Geir H. Haarde? Er kannski líka búið að binda þingflokk Sjálfstfl. í þessu máli? Er þetta orðið slíkt stórmál að það sé búið að gera þetta að flokksmáli í stjórnarflokkunum? (**SJS:** Atvinnuspursmál.)

Ég verð að segja það með allri virðingu fyrir hv. þm. Guðna Ágústssyni að þessi umræða hefur verið nokkuð fróðleg. Hún hefur leitt það í ljós að a.m.k. annar ríkisstjórnarflokkanna er búið að gera það að

flokksmáli hvert þessari tillögu er vísað. Það verður mjög fróðlegt að fylgjast með gangi þessa máls í þinginu í ljósi þess hvert upphafið er.

Ég vil svo ítreka það að lokum að sá er munurinn, hv. þm. Björn Bjarnason, á þessu máli og öðrum atvinnuþróunarmálum að þetta er þróun á sérstöku svæði. Það gilda sérstök lög um þetta svæði og þau lög heyra undir umhvrh.

Kristín Einarsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég verð að taka undir með þeim sem hér hafa talað að þetta er orðin alllöng umræða og mjög furðuleg og var auðvitað algjör óþarfi að byrja hana eins og hæstv. umhvrh. gerði þó. Það var kannski fyrst og fremst vegna orða hv. 3. þm. Reykv. að ég kvaddi mér hljóðs. Hann sagði að honum fyndist svo augljóst að þetta ætti heima í allshn. þar sem þetta væri byggðamál, atvinnumál í einhverri sveit úti á landi. Þá velti ég því fyrir mér hvort öll byggðamál eigi heima í allshn. Eiga byggðamál í Reykjavík heima í allshn. eða þarf að fara til Hafnarfjarðar til þess að þau eigi heima í allshn., Keflavíkur, Sandgerðis eða suður í Garð? Hvert þarf maður að fara til þess að þetta eigi heima í allshn.? Er það svo augljóst á tillögunni að þetta sé byggðamál? (**GunnS:** Hvaða byggðamál í Reykjavík koma til greina?) Ég sagði atvinnumál í Reykjavík ef þingmaðurinn hefur ekki heyrt.

Ég er að spyrja að því hvort öll atvinnumál eigi heima í allshn. ef þingmaðurinn hefur ekki hlustað á það sem ég sagði. Vegna þess að mér finnst mjög sérkennilegt að það skuli vera svo augljóst samkvæmt þingsköpum að þessi tillaga eigi heima í allshn. Það er ekki alveg augljóst hvert hún ætti að fara en það hafa verið færð rök fyrir því að hún fari í umhvn. og þau rök tel ég vera fullgild. Hin rökin finnst mér ekki fullgild og ég tek undir það sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði. Það er ekki alveg augljóst hvert hún ætti að fara. Hún gæti farið í fleiri nefndir. En ég held að það sé rétt að ganga til atkvæða um þessa tillögu og hætta þessu þjarki, en það er greinilegt að þetta er stórpólitískt flokksmál bæði hjá Sjálfstfl. og Alþfl.

Páll Pétursson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Það er nú leiðinlegt að hæstv. umhvrh. skuli standa fyrir þessari löngu umræðu. En mér finnst að það þurfi að bæta aðeins hér við. Tillgr. hljóðar nefnilega svona, frú forseti:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á þróunarforsendum og möguleikum á nýsköpun í atvinnulífi í Mývatnssveit", og takið þið nú eftir, „er falli að markmiðum um náttúruvernd á svæðinu. Að úttektinni verði unnið samhliða rannsóknum á áhrifum kísilgúrnáms úr Mývatni á lífríki svæðisins og fyrstu niðurstöðum skilað og þær kynntar Alþingi fyrir febrúarlok 1993."

Í 1. mgr. 23. gr. þingskapa segir svo:

„Til fastanefnda getur þingið vísað þeim þingmálum sem lögð eru fram og þörf þykir að nefnd íhugi. Vísa skal frumvörpum, þingsályktunartillögum og skýrslum til nefnda eftir efni þeirra og hafa um það hliðsjón af skiptingu málefna í Stjórnarráðinu."

Lög um Laxár- og Mývatnssvæðið heyra undir umhvrn. Náttúruvernd á svæðinu heyrir undir umhvrn. Rannsóknir á áhrifum kísilgúrnámsins á lífríki svæðisins heyra undir umhvrn. og umhvrn. kemst ekkert hjá því að hafa þetta undir sér því að það er búið að setja hér upp með miklum þrautum umhvrn. Mér finnst að þessar umræður hafi skýrt það enn frekar að það var rétt tillaga hjá flm. að óska eftir því að málinu verði vísað til umhvn. Umhvn. hefur það að sjálfsögðu á valdi sínu að vísa málinu til annarra nefnda sem ég taldi hér upp áðan, allshn., landbn., iðnn., félmn. eða hvað annað sem henni þykir þurfa, en mér sýnist að þetta mál eigi tvímælalaust að vera á forræði umhvn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá fer fram atkvæðagreiðslan. Í þessu máli eins og hér hefur nú greinilega komið fram liggja fyrir tvær tillögur, annars vegar frá flm. og hins vegar frá hæstv. umhvrh. Þessi atkvæðagreiðsla fer þannig fram að fyrst verða greidd atkvæði um fyrri till. sem tilgreind var, þ.e. frá flm. málsins um að þessu máli verði vísað til umhvn., og nái sú tillaga ekki fram að ganga kemur hin tillagan til atkvæða.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. um að vísa málinu til umhvn. felld með 23:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, PP, RA, SJS, VS, AÓB, EKJ, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS.

nei: JónS, KSG, LMR, PJ, RG, SP, TIO, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GHall, GunnS, HBl, JóhS, SalÞ.

17 þm. (JónK, GAK, ÓE, ÓÞÞ, SigG, PS, SAÞ, StG, StH, StB, SvG, VE, DO, EH, GuðjG, HÁ, JBH) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. með 29:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónS, KSG, LMR, PJ, RG, SAÞ, SP, TIO, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JGS, SalÞ.

nei: JHelg, JVK, KHG, KE, MF, ÓRG, PP, RA, SJS, VS, AÓB, FI, HG, IP, JÁ.

3 þm. (KÁ, GHelg, ISG) greiddu ekki atkv.

16 þm. (JBH, JónK, GAK, ÓE, ÓÞÞ, SigG, PS, StG, StH, StB, SvG, VE, DO, EH, GuðjG, HÁ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Ég taldi rétt og eðlilegt með tilliti til þeirra aðstæðna sem ríkja varðandi málefni þessa svæðis sem hér er verið að ræða um, þ.e. Mývatnssvæðisins og Laxár, um það gildi sérstök lög, að þessi

till. heíði farið til umhvn. Um það geta auðvitað verið skiptar skoðanir því hér er vissulega um bæði atvinnu- og byggðamál að ræða eins og komið hefur fram í þessari umræðu. Ég tel till. góða og þarfa. Ég tel eðlilegt að hún fái góða meðferð í þinginu og ég treysti því að sú nefnd sem mun fá málið til meðferðar ef till. sú sem hér er nú til umræðu eða til atkvæðagreiðslu verður samþykkt, þá fái hún góða og þinglega meðferð og ég segi því já.

Eftirlit Landhelgisgæslunnar innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall og EKJ, 195. mál. — Þskj. 232.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og vísað til allshn. með 44 shlj. atkv.

Tilraunaverkefni framhaldsskóla á Austurlandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. EMS, 229. mál. — Þskj. 286.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.

Kristinn H. Gunnarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Virðulegi forseti. Mér sýnist nú á efni þessarar till. að það megi vel rökstyðja það að þetta sé byggðamál og atvinnumál og ég hlýt því að velta því fyrir mér hvort þetta eigi ekki heima undir allshn. og vildi gjarnan beina þeirri spurningu til forseta hvort svo væri ekki í ljósi þeirrar röksemdafærslu sem hefur farið fram í dag.

Till. vísað til menntmn. með 44 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Fjarvera heilbrigðisráðherra.

Ólafur Ragnar Grímsson:
Virðulegi forseti. Eitt af grundvallaratriðum okkar stjórnskipunar er að ráðherrar geri Alþingi grein fyrir verkum sínum og taki þátt í umræðum um málefni sem hér eru á dagskrá og svari spurningum þingmanna. Þetta grundvallaratriði okkar stjórnskipunar er m.a. ástæðan fyrir því að ráðherrar sem ekki eru kjörnir á þing eru skyldugir til þess að mæta á þingi og standa reglulega fyrir máli sínu á þinginu. Ráðherrum sem ekki eru þingmenn er veittur þannig réttur til þess að sitja í þingsalnum með öllum skyldum og kvöðum og réttindum nema atkvæðagreiðslu.

Nú hefur hins vegar borið á því að ráðherrar í þeirri ríkisstjórn sem hér situr hafi hugsanlega byrjað þá nýbreytni að nýta sér varamannakerfið á Alþingi til þess að þurfa ekki að taka þátt í umræðum um málaflokk sinn og verk á þinginu. Hér fyrir þinghlé voru til umfjöllunar lánsfjárlög sem snerta mjög vaxtamál í landinu og peningastefnu. Þá óskaði ég eftir nærveru hæstv. viðskrh. í þeirri umræðu og fékk þau svör að hann væri með varamann inni á þingi og gæti ekki mætt til umræðunnar. Og hæstv. viðskrh. kom ekki til þeirrar umræðu um lánsfjárlögin og var af forsetastóli vísað í það að varamaður hans, Guðmundur Árni Stefánsson, sæti á þingi þótt það séu auðvitað fjölmörg dæmi um það að ráðherra komi hér og taki þátt í umræðu þó að varamaður sitji á þinginu.

Nú gerðist það hér í gær að lesið var upp af forsetastóli bréf frá hæstv. heilbrrh. þar sem það var tilkynnt að vegna veikinda gæti hann ekki setið á þingi næstu tvær vikurnar. Ég hugsa að flestum þingmönnum hafi orðið eins og mér að minnast þess óheppilega slyss sem hæstv. heilbrrh. lenti í fyrr á þessu ári og óska honum góðs bata og hafa á því fullan skilning að ráðherrann gæti ekki mætt hér á þinginu vegna þess að eitthvað gengi erfiðlega að ná á ný bata, fullkomlega eðlilegt og sjálfsagt. Ég verð þess vegna að segja eins og er að ég hrökk óþyrmilega við þegar ég hlustaði á það í morgun að það var viðtal við hæstv. heilbrrh. á Rás 2 í tilefni af leiðara Tímans. Í þessu viðtali er heilbrrh. spurður að því (Forseti hringir.) — og ég er að ljúka máli mínu, virðulegur forseti, og vona að forsetinn hafi skilning á því að ég þarf kannski hálfa mínútu eða svo í viðbót til þess að ljúka hér máli mínu, að fréttamaður spyr hæstv. heilbrrh. hvað hann ætli að gera í blíðviðrinu í dag. Og hæstv. heilbrrh. svarar: Nú er ég á leið í vinnuna og ég á von á því að hitta kl. 8.30 nefnd o.s.frv. og síðan lýsir hann því um hvað nefndin hefur fjallað og hvað fundurinn á að fjalla um og sú nefnd hefur störf kl. hálfníu og ég ætla að byrja minn vinnudag á því að hitta hana. Síðan er í Alþýðublaðinu í gær birt auglýsing um að í gærkvöldi hafi hæstv. heilbrrh. mætt á opnum fundi í Garðabæ sem Alþýðuflokksfélag Garðabæjar og Bessastaðahrepps efndi til og allir séu velkomnir á þann fund. (**Forseti:** Tíminn er búinn, hv. þm.) Nú er það þess vegna, virðulegi forseti og ég skal ljúka máli mínu, að mér finnst nauðsynlegt að spyrja hér að því þó að mér þyki mjög leitt að þurfa að taka hér til umræðu veikindi hæstv. heilbrrh., hvernig það megi vera að ráðherra sem fær í gær leyfi í hálfan mánuð frá því að mæta hér í þinginu, tilkynnir í sterkasta fjölmiðli landsins í morgun að hann sé bara í vinnunni, hann sé að halda til síns reglulega vinnudags, muni sinna þar margvíslegum störfum og er á opnum stjórnmálafundi í gærkvöldi. (Forseti hringir.) Ég vil þess vegna óska eftir því að þetta mál verði skýrt því það er auðvitað mjög óheppilegt ef hér á að fara að skapa það fordæmi, eins og varð t.d. hjá hæstv. viðskrh. hér fyrr, að vegna þess að ráðherrar skapi sér þann möguleika að vera með varamann hér inni geti þeir ekki tekið þátt í umræðum á þinginu og þingmenn hafi ekki möguleika á að taka til umræðu málaflokka viðkomandi ráðherra. Það

er því alveg ljóst að hæstv. heilbrrh. samkvæmt hans eigin orðum er í fullri vinnu á vettvangi framkvæmdarvaldsins þó að hann hafi skapað sér fjarveru frá vettvangi löggjafarvaldsins með bréfi í gær.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill beina því til hv. þm. að þeir virði þau tímamörk sem ætluð eru í umræður, m.a. þegar menn kveðja sér hljóðs um gæslu þingskapa, og fari þá ekki mikið yfir þessar þrjár mínútur. Það er næstum tvöfaldur tími sem hv. þm. hefur tekið og það er orðið nokkuð mikið af hinu góða.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að það væri tímabært að þessum hv. þm. sem talaði hér áðan væri ekki aðeins leiðbeint um tímareglur, heldur líka þær reglur sem gilda í almennum samskiptum þingmanna hér á þessum vinnustað. Það er stundum þannig þegar menn eru að leika hnefaleika, þá gerist það að öðrum leikaranum verður það á að slá undir beltisstað og þá er það ævinlega hlutverk dómarans að fleygja viðkomandi út úr hringnum. Engar slíkar reglur gilda hér í þessum sölum. Ef þær giltu, þá hygg ég að einhverju slíku hefði nú verið beitt gagnvart hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni því ummæli hans voru vægast sagt fyrir neðan beltisstað.

Virðulegi forseti. Margt má segja um núv. hæstv. heilbrrh. En eitt er ekki hægt að bera honum á brýn og það er kjarkleysi eða hugleysi. Ef einhver einn maður hefur sýnt kjark í sínum störfum, þá er það hæstv. heilbrrh. Það er með ólíkindum að formaður stjórnarandstöðuflokks komi hér og haldi því fram að hæstv. heilbrrh. hafi ekki kjark til þess að mæta og mæla fyrir sínum málum. Þetta er með ólíkindum. Ég vil líka, virðulegi forseti, spyrja hvort ekki sé rétt munað hjá mér að það bréf sem hér var lesið upp frá hæstv. heilbrrh. í gær hafi einmitt verið þess eðlis að þar var greint frá því að sökum veikinda gæti hæstv. heilbrrh. ekki sinnt reglulegri þingsetu. Er þetta rétt munað hjá mér? (**Forseti:** Nú verður forseti að lesa bréfið til að geta staðfest það.) Ég man ekki betur en það hafi einmitt verið orðað svona til þess að hv. þm. ættu kost á því ef þeir teldu þess þörf að eiga við hann orðastað. En ég held að engum manni hér inni nema e.t.v. hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni dyljist þær ástæður sem liggja að baki því að heilbrrh. hefur kosið, eftir að hafa ráðfært sig við formann þingflokks Alþfl., að taka inn varamann. Og ég verð að segja það enn og aftur að mér finnst þetta með ólíkindum.

Ég vil líka í tilefni af því að hv. þm. vísar hér í auglýsingar í Alþýðublaðinu geta þess og láta það koma hér fram vegna þess að þingheimur hefur vafalaust áhuga á því að vita um gengi fundaherferðar Alþfl. að þegar hún var skipulögð upphaflega, þá átti Sighvatur Björgvinsson að vera aðalmaðurinn í því. Hann átti að vera á fundum úti um allt land. En sökum þess slyss sem hann varð fyrir, þá var tekið tillit til þess og hann var tekinn út af öllum fundunum. Hann hefur farið á tvo fundi, á annan fundinn til þess að tala sem aðalgestur og hinn fundinn sem gestur til þess að svara fyrirspurnum. Og ég hygg að ef eftir því verður leitað að ráðherrann komi hér til að gera grein fyrir sínum málum og sínum aðgerðum, þá muni hann gera það. En það er alveg með ólíkindum að nokkrum manni komi til hugar að bera þessum ráðherra sérstaklega á brýn kjarkleysi því það er fyrir neðan beltisstað.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það hryggir okkur að sjálfsögðu að hæstv. heilbrrh. skyldi detta og brjóta á sér handlegginn nú um daginn og það er út af fyrir sig e.t.v. næg ástæða til þess að hann sé fjarverandi. Hann hefur tekið varamann til þess að sitja hér á Alþingi í sinn stað og ekki nema gott um það að segja. Að vísu er nú varamaðurinn ekki mættur á þessum fundi en hann er sjálfsagt forfallaður líka. Ég vona að hæstv. ráðherra batni sinn sjúkleiki, hann grói sára sinna eða beinbrota sem fyrst og geti komið hér til starfa aftur. Mér finnst það hins vegar skipta nokkru máli ef ráðherrann er nú það friskur að hann vinnur fullan vinnudag og heldur meira að segja fundi fram á nætur, vaknar fyrir allar aldir til þess að flytja fyrirlestra í útvarpið áður en hann fer á skrifstofuna þar sem hann sinnir embættisstörfum væntanlega allan daginn og er svo á fundum á nóttinni en hunsar Alþingi á sama tíma og mætir ekki þar til þingfunda eða gegnir þingskyldum sínum, þá fyndist mér að hann eigi ekki að taka laun sem þingmaður þann tíma sem varamaðurinn situr inni. Ef maðurinn er sjúkur, þá á hann auðvitað rétt á sínum launum eins og fólk í veikindaforföllum, en ef hann er heill og getur unnið ekki bara einfaldan vinnudag heldur tvöfaldan vinnudag og hunsar samt þingskyldur sínar, þá tel ég að honum beri ekki laun sem þingmanni. Nú veit ég að hæstv. heilbrrh. er ákaflega á móti allri spilling og ég tel það eiginlega víst og þarf ekki að spyrja að því að hann muni ekki taka á móti launum fyrir þennan hálfa mánuð sem hv. þm. Pétur Sigurðsson situr fyrir hann hér á þingi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill beina því til hv. þm. að þeir hugleiði aðeins hvaða orð þeir velja sér í umræðum um svona viðkvæm mál þar sem viðkomandi hæstv. ráðherra er fjarstaddur vegna veikindaforfalla. Eins og kom fram í því bréfi sem forseti las hér í gær frá hæstv. heilbrrh. þá getur hann ekki mætt hér til reglulegra þingfunda af þeim ástæðum. Og forseti vill beina því til hv. þm. hvort þetta er ekki efni sem væri heppilegra að ræða á öðrum vettvangi en hér í þingsalnum umfram það sem verið hefur.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég er sammála hæstv. forseta um að það er nauðsynlegt að ræða þetta mál á öðrum vettvangi. Ég gerði mér líka grein fyrir því að það var nokkuð viðkvæmt að hefja máls á þessu hér í þingsalnum og velti því nokkuð fyrir mér hvort maður ætti að gera það því að það væri í sjálfu sér mjög auðvelt að

koma upp og halda svipaðar ræður eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson flutti hér.

Ástæðan fyrir því að ég ákvað hins vegar að gera það var að þegar ég var að keyra til þings í dag, þá dundu í hádegisútvarpinu auglýsingar um enn nýjan fund hæstv. heilbrrh. í kvöld þar sem auglýst var hvað eftir annað að hann ætlaði líka í kvöld að mæta á opnum fundi á vegum SÍBS og svara þar fyrirspurnum og menn voru hvattir til þess að mæta. Það hefur því gerst ekki bara í morgun að ráðherrann kemur sjálfur fram rétt fyrir kl. 8 og lýsir því yfir í Ríkisútvarpinu að hann sé í fullri vinnu í ráðuneytinu og er auglýstur gærkvöldi á opnum fundi Alþfl. í Garðabæ, heldur er hann líka auglýstur hvað eftir annað í kvöld, ekki á vegum Alþfl. heldur á vegum SÍBS á opnum fundi. Og þá vona ég að hv. þm. Össur Skarphéðinsson virði manni það að velta því fyrir sér hvað sé hér að gerast. Þetta eru tveir fyrstu þingdagarnir þar sem ráðherra óskar eftir fjarvistum vegna veikinda. Ég hef enga löngun til þess að leggja stein í götu hæstv. heilbrrh. eða koma í veg fyrir það að hann geti náð heilli heilsu. Ég óska honum góðs bata. Og menn mega alveg ef þeir vilja reyna að gera þessa umræðu hér tortryggilega. Hitt er þó staðreynd sem blasir við að ráðherra, sem í gær fékk leyfi frá þingstörfum í hálfan mánuð vegna veikinda og tók hér inn varamann, er á fullu úti í þjóðfélaginu, haldandi áróðursfundi, bæði á vegum síns eigin flokks og umfjöllunarfundi á vegum fjöldasamtaka, mætir í Ríkisútvarpið til þess að tilkynna það að hann sé á fullu í ráðuneytinu og menn mega ef þeir vilja gagnrýna það að okkur finnist það nokkuð undarlegt. Það er rétt að í bréfinu stendur að hann óski leyfis frá reglulegum þingstörfum. Það er að vísu nokkuð sérkennilegt orðalag. En ég vona að heilbrrh. verði þá jafnreiðubúinn til þess að standa fyrir máli sínu og verja það í þingsölum hér á næstu tveimur vikum eins og hann hefur á síðustu 24 klukkustundum verið reiðubúinn að mæta í Ríkisútvarpinu, mæta á opnum fundi Alþfl. og mæta á opnum fundi í kvöld.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Mér þykir vænt um að heyra þær bataóskir sem komu frá formanni Alþb. og veit að þær eru mæltar af heilum huga og mun flytja þær til hæstv. heilbrrh. En ég vil lesa það sem stendur í þessu bréfi, virðulegi forseti. Þar segir, með leyfi forseta:

„Vegna veikinda getur heilbr.- og trmrh. ekki mætt til reglulegrar setu á Alþingi."

Það er rétt hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að þetta er óvenjulegt vegna þess að lasleiki heilbrrh. er næsta óvenjulegur. Hann handleggsbrotnaði eins og menn vita. Hann er spenntur miklum megingjörðum á framhandlegg sínum og þetta gerir það að verkum að langar setur eru næsta erfiðar fyrir hann. En hins vegar felst líka í þessu að hann mun ekki skorast undan því að koma hér og eiga orðastað við þingmenn um sínar aðgerðir ef eftir því er óskað. Það sem ég tók óstinnt upp gagnvart hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni var að ég taldi að hann væri að bregða honum um kjarkleysi. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, það er enginn þingmaður í þessum sölum sem á það minna skilið en hæstv. heilbrrh. Hann hefur vissulega sætt árásum og áföllum út af sínum aðgerðum, en hann hefur verið boðinn og búinn til þess að útskýra þær og það hefði í sjálfu sér verið ósköp auðvelt fyrir hann við þessar kringumstæður að taka sér fullkomið sjúkrafrí og reyna að ná heilsu sinni. En hann hefur hins vegar orðið við óskum um að koma í útvarpsþætti og ræða við fólk. Og ég ítreka að það felst í bréfi hans að hann er alls ekki að hunsa þingskyldu sína eins og hér var orðað af öðrum hv. þm. Hann hefur færst undan því eftir að hafa rætt við formann síns þingflokks að sitja hér reglulega en hann er reiðubúinn til þess að koma og ræða við þingheim.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að lýsa yfir undrun á þeirri hugsun og því persónuníði sem forustumenn tveggja stjórnarandstöðuflokka fara hér með að heilbrrh. Það er nýmæli um langt skeið a.m.k. og ótrúlegt hvernig menn sigla áfram án þess að þeim sé nokkuð heilagt. Um þessa aðför er kannski ástæða til þess að nota nýyrði til hv. tveggja þm., Páls Péturssonar og Ólafs Ragnars Grímssonar, að hér er um hroðbrussuhátt að ræða.

Flutningur ríkisstofnana, 1. umr.

Frv. JGS og KÁ, 184. mál. — Þskj. 211.

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegi forseti. Þetta virðist ætla að verða einn af þessum sérstöku dögum á Alþingi og kannski þjónar litlum tilgangi, eftir þær markvissu og málefnalegu umræður sem hér hafa átt sér stað um það að koma málum til þingnefnda og umræður um þingsköp og veikindi ráðherra, að ætla að fara að mæla fyrir lagafrv. En það ætla ég nú samt að gera þó kannski væri nóg í þessu tilfelli að fara fram á að viðkomandi máli væri vísað til allshn.

Frv. því sem ég mæli hér fyrir er ég 1. flm. að. 2. flm. er hv. 18. þm. Reykv. Frv. er að efni til stutt, fjórar greinar. Í 1. gr. segir:

„Markmið laga þessara er að jafna stöðu landsmanna gagnvart rekstri ríkisstofnana. Á næstu tíu árum skal vinna eftir áætlun um flutning ríkisstofnana út á land, sbr. 3. gr. Forsrh. fer með þau málefni sem lögin varða."

2. gr. hljóðar svo: „Við lok tímabilsins skulu 40% af starfsemi ríkisstofnana, reiknuð sem hlutfall af heildarlaunagreiðslum, fara fram utan höfuðborgarsvæðisins.

Ákvæði varðandi einstakar stofnanir skal setja í sérlög þeirra."

3. gr. hljóðar þannig: „Byggðastofnun skal annast áætlunargerð og umsjón samkvæmt lögum þessum fyrir hönd forsrh. Forsrh. gerir Alþingi gerir grein fyrir

framkvæmd áætlunarinnar í árlegri skýrslu sinni um Byggðastofnun."

4. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Virðulegi forseti. Það hefði verið æskilegt við umræður um þetta mál að hæstv. forsrh., sem sá ráðherra sem fer með byggðamál, hefði verið viðstaddur en ég mun ekki gera athugasemdir eða óska eftir því að hann sé sóttur. Ég vek einungis athygli á því að hæstv. forsrh. sér ekki ástæðu til að sinna þingskyldum þegar rætt er um byggðamál sem falla undir hans ráðuneyti. Það er svo sem í stíl við það hjá nokkrum hæstv. ráðherrum núv. ríkisstjórnar að tala helst til Alþingis úr fjölmiðlum, utan úr bæ eða utan úr löndum en sinna lítt sínum þingskyldum.

Kveikjan að flutningi þessa máls er sú að á síðustu árum hefur verið vaxandi umræða um uppbyggingu opinberrar þjónustu hér á landi. Fyrir þann tíma snerist umræðan um atvinnuuppbyggingu úti um land fyrst og fremst um að byggja upp grunnatvinnuvegina. Menn trúðu því að með því gætu menn haldið í horfinu í byggðamálum. Á þeim tíma áttuðu menn sig ekki fullkomlega á þeirri breytingu sem hefur verið að eiga sér stað varðandi atvinnuuppbyggingu í landinu hvað það snertir að stöðugt lægra hlutfall íbúanna vinnur við frumframleiðsluna og stöðugt fleiri við þjónustu. Sú fjölgun hefur ekki síst verið í þjónustu hins opinbera.

Á síðustu árum hefur sú umræða verið að aukast að ætli menn að halda jafnvægi í byggð landsins verði að huga að því að opinberar stofnanir séu byggðar jafnt upp á landsbyggðinni sem á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar hefur skort skýr markmið Alþingis og til að gera tilraun til þess að bæta úr því er þetta frv. flutt hér.

Ég vil vekja athygli á því að á síðustu árum hefur það verið að gerast að á sama tíma og íbúum á landsbyggðinni hefur fækkað um 4% hefur umfang opinbers rekstrar á landsbyggðinni dregist saman um 6%, mælt sem hlutfall af launagreiðslum ríkisins.

Þetta gerist á sama tíma og verið er að ljúka mikilli uppbyggingu í heilbrigðiskerfinu og í menntakerfinu úti um allt land. Sú mikla uppbygging náði ekki að halda í horfinu. Við getum þá séð hvað gerist þegar henni er lokið. (**Forseti:** Áður en lengra er haldið vill forseti upplýsa hv. þm. um að hæstv. forsrh. er með fjarvistarleyfi í dag. Það hafði fallið niður að tilkynna það á fundinum þegar fjarvistir voru lesnar upp og vill forseti taka það á sig að það hafi farist fyrir að koma því á framfæri í tíma.) Virðulegi forseti. Ég virði það ef þingmenn biðja um fjarvistir en ég hafði ekkert annað eftir að fara en þann lista sem hér lá frammi um fjarvistir þingmanna í dag.

Í frv. er það markmið lagt til að við lok þessa tímabils verði 40% af starfsemi ríkisstofnana, reiknuð sem hlutfall af heildarlaunagreiðslum, utan höfuðborgarsvæðisins. Grunnurinn að þessari tölu er skiptingin í dag reiknuð sem hlutfall af launagreiðslum. Á höfuðborgarsvæðinu eru það 67,63% og á landsbyggðinni 32,8%. Hér er lagt til að þetta hlutfall verði lagað að þeim hlutföllum sem eru í íbúafjölda milli annars vegar höfuðborgarsvæðis og hins vegar landsbyggðar.

Ég er þeirrar skoðunar að það væri ærið verkefni að vinna að að snúa þessari þróun á þennan veg á því árabili sem hér er rætt um.

Nú vil ég taka það skýrt fram að ég er þeirrar skoðunar að öflugt höfuðborgarsvæði eigi að geta verið stolt allrar þjóðarinnar. Hins vegar er jafnljóst að flutningur fólks af landsbyggðinni til höfuðborgarinnar í þeim mæli sem spáð er á næstu árum er engum til góðs. Slíkri þróun mundi fylgja ófyrirséð félagsleg og efnahagsleg vandamál.

Það er einnig skoðun mín að hægt sé að ná þeim markmiðum sem hér eru sett fram án þess að á nokkurn hátt sé vikið frá hagkvæmisjónarmiðum í rekstri ríkisstofnana. Reyndar megi leiða að því líkur að slík þróun geti á mörgum sviðum gert hið opinbera kerfi skilvirkara og sveigjanlegra, m.a. með því að færa verkefni til sveitarfélaga eða samtaka þeirra.

Ég vil að lokum varðandi efnisþætti málsins, virðulegi forseti, nefna það að hér er um að ræða svo stórt mál og þróun þess getur haft svo afdrifaríkar afleiðingar fyrir þróun íslensks þjóðfélags að full ástæða er til þess að setja lög þannig að fyrir liggi skýr ákvörðun Alþingis í þessum málum.

Virðulegi forseti. Ég mun ekki fara fleiri orðum um efnisþætti frv. Ég hafði ætlað mér að varpa fram örfáum spurningum til hæstv. forsrh., m.a. hvað liði þeirri stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í upphafi að flytja stofnanir út á land og starfi þeirrar nefndar sem var skipuð til að vinna að framgangi þeirra mála. Hins vegar eru staddir í þingsölum nokkrir nefndarmenn og ég vænti þess að við getum fengið einhverjar upplýsingar um hvernig því starfi miðar.

Einnig væri freistandi að taka til umfjöllunar skýrslu þá, sem við þingmenn höfum að vísu ekki séð enn þá, sem verið er að vinna í Byggðastofnun núna um þróun byggðamála og þau sjónarmið sem þar koma fram, mörg hver afar sérstök eins og þau hafa verið sett í það minnsta fram af fjölmiðlum. En á þeim vettvangi einum höfum við alþingismenn séð efni þeirrar skýrslu.

Það væri einnig freistandi í þessari umræðu að ræða ummæli hæstv. forsrh. síðustu daga um samanburð við Færeyinga og það sem þar hefur verið að gerast. Ég mun þó ekki gera það hér að öðru leyti en því að nefna að það er sjálfsagt fyrir okkur að fylgjast með því sem er að gerast í Færeyjum og heimfæra það upp á okkar staðhætti eftir því sem við getum. Við verðum þó að hafa það ljóst í allri þeirri umræðu að staðhættir og aðstæður okkar Íslendinga og Færeyinga eru um margt svo ólíkar að það er algjörlega út í hött að stilla dæminu upp eins og hæstv. forsrh. hefur gert síðustu daga. Ef hins vegar hæstv. forsrh. og ríkisstjórnin vilja fara í umræðu í þá veru stendur ekki á okkur framsóknarmönnum að taka þátt í henni við hæstv. ráðherra. Ég held hins vegar að það þjóni litlum tilgangi að fara í eitthvert karp um það hvernig fjármunum íslensks þjóðfélags hefur verið varið á síðustu árum. Það gæti vel verið að ráðhús og perlur og Viðeyjarstofur og ýmislegt annað slíkt drægist inn í þá umræðu og þær afleiðingar sem það hefur haft á fjárhag Reykjavíkurborgar og þar með hinn sameiginlega fjárhag okkar allra.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til allshn. og vonast til þess að um það geti náðst nokkuð góð samstaða þegar kemur að atkvæðagreiðslu.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að taka undir síðustu orð hv. 1. flm. frv. um að það náist samstaða um að vísa þessu máli til allshn. en vissulega vekur það áhyggjur hversu miklu er hlaðið á þá nefnd. Hún á fram undan mikil og stór mál sem koma frá dómsmrh. en vonandi tekst þeim að leysa þau vel af hendi. Þar með kem ég að því að ég get ekki látið hjá líða að minnast aðeins á það hvernig umræður hafa þróast í dag. Ég verð að lýsa því að ég er eiginlega alveg gáttuð á þróun mála og finnst hún verulega umhugsunarverð og spurning hvort bæði forsætisnefnd og þingflokksformenn ættu ekki að taka sig á og sjá til þess að umræður af þessu tagi eigi sér ekki stað í þingsölum. Þegar ég hugsa um þá deilu sem hér átti sér stað um það hvert fyrsta málinu sem var til umræðu í dag, um atvinnuþróun í Mývatnssveit, skyldi vísað, þá er það mál af því tagi sem hefði auðvitað átt að vera búið að ræða fyrir fram og finna lausn á deilunni. Það er algjör óþarfi að færa ágreiningsmál af þessu tagi í þingsali. Mér finnst það sannast að segja ekki Alþingi sæmandi að eyða svona löngum tíma í slíkt mál.

Sama gildir um hegðun heilbrrh. Ég get tekið undir það að mér finnst hún að nokkru leyti óeðlileg en í rauninni ætti að vísa þessu til stjórnar þingsins. Mér finnst að umræða um hans hegðun eigi ekki heima í þingsölum svo framarlega sem hún er ekki komin á alvarlegt og hættulegt stig sem þingið þurfi að taka afstöðu til. Mér finnst þetta allt saman mjög umhugsunarvert og spurning hvort við ættum ekki að reyna að bæta okkur í vinnubrögðum af þessu tagi.

Ég ætla að víkja að frv. sem er til umræðu en ég er annar flm. þess. Þetta mál var lagt fram á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga og dagaði uppi í nefnd ef ég man rétt. (Gripið fram í.) Nei, það var aldrei mælt fyrir því. Það er rétt. Það var mikið af frv. og tillögum þingmanna sem ekki náðist að mæla fyrir á síðasta þingi. Þar af leiðandi er þetta mál að koma til umræðu í fyrsta sinn. Síðan þetta mál var kynnt hefur það gerst að forsrh. skipaði nefnd til þess að koma með tillögur um flutning ríkisstofnana út á land. Það breytir því ekki að megintilgangur frv. er sá að stjórnvöld setji sér ákveðin markmið í flutningi ríkisstofnana

Sannleikurinn er sá að um allnokkurt árabil hefur það verið markmið ríkisstjórna að flytja ríkisstofnanir út á land en þar hefur fátt eitt gerst. Eitt af fáum dæmum sem við höfum um flutning ríkisstofnana er Skógrækt ríkisins. Ég held að menn séu nokkuð sammála um að sá flutningur hafi tekist vel. Það vill svo til að ég á sæti í þeirri nefnd sem er að vinna að tillögum um flutning ríkisstofnana. Þar er verið að athuga ýmiss konar möguleika. En auðvitað er ekki hægt að leyna því að upp kemur ýmiss konar vandi. Flutningi ríkisstofnana fylgir ýmiss konar vandi. Það verður að velta fyrir sér kostnaðinum. Það verður að velta því fyrir sér hver tengsl stofnana eru við umhverfið og hvort þau verði eins góð ef stofnanir eru fluttar og síðast en ekki síst snýr flutningur ríkisstofnana mjög að því fólki sem þar vinnur. Það er því margt sem þarf að velta fyrir sér þegar verið er að huga að flutningi ríkisstofnana út á land.

Ég tel mig ekki geta sagt annað um störf nefndarinnar en það að hún vinnur nokkuð jafnt og þétt og er að kanna ýmsar stofnanir og hefur aflað sér mikilla gagna og upplýsinga m.a. erlendis frá. Við höfum verið að kynna okkur hvað aðrar þjóðir hafa gert í þessum efnum. Það er svolítið merkilegt að upplýsingarnar að utan eru býsna mótsagnakenndar. Við fengum greinargerð frá Noregi þar sem menn eru heldur tregir og telja reynsluna ekki góða en í Svíþjóð þar sem töluverður flutningur hefur átt sér stað á ríkisstofnunum hefur það tekist vel. Það er merkilegt að velta því fyrir sér hvað veldur. Eru það samgöngur? Hafa ekki réttar stofnanir verið fluttar eða hvað liggur á bak við? Það eigum við eftir að kanna betur.

Ég tel mér ekki heimilt að upplýsa annað um störf nefndarinnar, hvorki hvaða stofnanir er verið að ræða um eða hvernig málin standa. En því er auðvitað ekkert að leyna að á tímum eins og þessum þegar atvinnuleysi fer vaxandi veldur það vissum ugg hjá starfsmönnum þegar það kemst á kreik að verið sé að huga að flutningi viðkomandi stofnunar. Við getum spurt okkur að því hvort þrengingartímar séu rétti tíminn til þess að flytja slíkar stofnanir. Við þingmenn Reykjavíkur hljótum að velta því fyrir okkur hvað mundi gerast hér ef stofnanir yrðu fluttar út á land.

Engu að síður er ég sammála þeirri stefnumörkun að það beri að reyna að dreifa þjónustunni og dreifa stofnunum eftir því sem hægt er og byggja upp fleiri sterka kjarna á landinu. Það er auðvitað hægt að fara ýmsar leiðir í þessu. Þær geta verið misjafnar fyrir hinar mismunandi stofnanir. Við höfum dæmi um það t.d. frá Hafrannsóknastofnun, sem hefur verið að byggja upp útibú úti á landi, og sama gegnir um Byggðastofnun. Það mætti hugsa sér fleiri stofnanir sem væri hægt að dreifa með þessum hætti en þar á móti kemur spurning um kostnaðinn. Við þær kringumstæður sem við búum við í okkar þjóðfélagi hlýtur kostnaðurinn að skipta mjög miklu máli.

Ég tel að þessi tillaga sé mjög góð viðbót við störf nefndarinnar. Ég vona að allshn. afgreiði þetta mál fljótt og vel og taki undir að hér séu sett raunhæf markmið sem er auðvitað tilgangurinn. Það er hægt að „fílósófera" mikið um flutning ríkisstofnana og hvað sé æskilegt í þeim efnum en aðalmálið er að menn séu raunsæir og að fram komi tillögur sem eru raunsæjar og framkvæmanlegar.

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í orðum síðasta ræðumanns kom það réttilega fram að vissulega hafa þingmenn Reykjavíkur áhyggjur af þeirri umræðu sem nú fer fram um flutning ríkisfyrirtækja út á land. Í því atvinnuleysi sem nú vofir yfir hafa menn vissulega áhyggjur af því. Hins

vegar eru í þessu frv. nokkuð mótsagnarkenndar fullyrðingar þar sem talað er um að markmið þessar laga sé að jafna aðstöðu landsmanna gagnvart rekstri ríkisstofnana á næstu tíu árum. Í 2. gr. kemur m.a. fram að við lok þessa tíu ára tímabils skuli 40% af starfsemi ríkisstofnana, reiknuð sem hlutfall af heildarlaunagreiðslum, fara fram utan höfuðborgarsvæðisins. Það kemur svo fram í texta að það sé skoðun flm. að þeim markmiðum sem sett eru fram í frv. sé hægt að ná án þess að á nokkurn hátt sé vikið frá hagkvæmnisjónarmiðum.

Það segir sig sjálft að slík framsetning sem hér er hlýtur að skarast á við hagkvæmnisjónarmið. Það er t.d. umhugsunarefni: Er það hagkvæmnisjónarmið að flytja Hafnamálaskrifstofuna til Egilsstaða? Er það hagkvæmnissjónarmið að flytja Landhelgisgæsluna til Keflavíkur þar sem byggja þarf nýja höfn o.s.frv.?

Sem þingmaður Reykvíkinga verð ég að segja að það er eðlilegra að huga að nýjum störfum á vegum hins opinbera sem fram undan eru. Að horft sé til þeirra og þess markmiðs að það verði annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu. Hér var nefnd t.d. Hafrannsóknastofnunin. Menn mega ekki gleyma því að Reykjavík er með stærstu útgerðarstöðum á landinu. Og menn spyrja sjálfa sig: Er eðlilegt að flytja Hafrannsóknastofnunina út á land og það réttlætt í ljósi þess að einhverjir aðrir útgerðarstaðið séu stærri og meiri en Reykjavík? Ég svara því neitandi. Þess vegna, virðulegur forseti, er ég ekki hlynntur þessu frv.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil benda hv. 16. þm. Reykv. á að það er yfirlýst stefna þeirrar ríkisstjórnar sem hann styður á Alþingi að flytja ríkisstofnanir út á land. Það er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar. Hún hefur skipað nefnd til að vinna að tillögum um þau mál.

Það var margt rétt í því sem hann sagði hér. Þetta eru mjög stórar spurningar um hagkvæmni og um það hvað er raunsætt í þessum efnum. Ég get tekið undir það að auðvitað á að huga að þeim nýju stofnunum sem verið er að byggja upp. En það hefur komið fram mjög mikil tregða í því. Það hefur ekki einu sinni verið hugað að því að reisa þær einhvers staðar annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu. Menn eru svo fastir í þeirri hugmynd að það sé hreinlega ekki hægt að stjórnsýslustofnanir eða stofnanir sem tilheyra því opinbera séu staðsettar einhvers staðar annars staðar en í Reykjavík. Ég nefni bara Fiskistofuna sem dæmi. Þegar verið var að huga að henni hér á síðasta ári hvers vegna í ósköpunum var ekki hægt að staðsetja hana annars staðar? Það má eflaust finna fleiri slík dæmi.

Í þessu frv. er einungis um það að ræða að þingmenn setji sér markmið og vinni að þeim en auðvitað þannig að þau séu raunsæ. Það kemur ekki til greina og hlýtur öllum að vera ljóst að það verður ekki farið út í það að flytja ríkisstofnanir ef því fylgir verulegur kostnaður. Þá er það ekki hagkvæmt. En við erum að reyna að vinna að því að menn hugsi þessi mál út frá hagsmunum hinna ýmsu byggða. Að við styrkjum stöðu ákveðinna byggða og byggðakjarna en þó þannig að um raunsæjar hugmyndir sé að ræða sem ekki þýða aukinn kostnað og óhagræði fyrir ríki og landsmenn.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir frv. til laga um flutning ríkisstofnana. Fyrsti flm. er hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Ég ætla ekki að ræða það efnislega hvort rétt sé að standa að flutningi ríkisstofnana út á land með þeim hætti sem hér er lagt til, að það verði fyrst bundið í lögum að svo skuli gera og síðan beðið eftir hinum raunverulega flutningi. Eins og fram kom í máli hv. 18. þm. Reykv., Kristínar Ástgeirsdóttur, þá starfar núna mjög ötullega nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar, sem þó er skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka á Alþingi, að því að framfylgja einu mikilvægasta ákvæði stjórnarsáttmálans um að flytja ríkisstofnanir og opinbera þjónustu út á land eins og hagkvæmt þykir.

Í hvítbókinni segir m.a.: „Ríkisstjórnin mun á kjörtímabilinu beita sér fyrir því að stofnunum og þjónustu á vegum ríkisins verði komið fyrir utan höfuðborgarsvæðisins eftir því sem hagkvæmt þykir."

Hér hefur verið mörkuð stefna. Hér eru sögð orð í stjórnarsáttmála sem enginn getur misskilið að það er vilji og stefna ríkisstjórnarinnar að flytja opinbera þjónustu og opinberar stofnanir út á landsbyggðina eins og hagkvæmt þykir.

Það hefur ekki komið fram ágreiningur í þinginu um þessa stefnu. Hv. 16. þm. Reykv., Guðmundur Hallvarðsson, efaðist um að þessi stefna væri rétt í andsvari áðan. Ég minnist þess ekki þegar við unnum að því að móta stjórnarsáttmálann að um þetta ákvæði væri einhver fyrirvari eða ágreiningur heldur var um þetta alger samstaða.

Í ljósi þessarar samstöðu starfar nú þessi flutningsnefnd undir forustu Þorvaldar Garðars Kristjánssonar og hefur starfað mjög rösklega síðustu mánuði og undirbýr að skila sínu fyrsta áliti innan skamms. Ég segi innan nokkurra vikna ef fram heldur sem horfir.

Það er ekki ástæða til þess á þessu stigi fyrir nefndarmenn að ræða efnislega hvað þar hefur borið á góma eða hverjar niðurstöður muni væntanlega verða. Það bíður allt síns tíma og kemur í ljós. En ég er þess fullviss að árangurinn af starfi nefndarinnar á eftir að verða mikill og skila sér í raunhæfum og hagkvæmum flutningi opinberrar þjónustu og opinberra stofnana út á land.

Það er kannski ekki ástæða til í þessum umræðum að bera fram rök fyrir því að það sé hagkvæmt og réttmætt að flytja opinbera þjónustu og stofnanir út á land. Það er alkunna að hin opinbera þjónusta í Reykjavík hefur vaxið mikið. Ríkið er stærsti vinnuveitandi í Reykjavík og sú stefna sem þar hefur ráðið ríkjum hefur m.a. stuðlað að fólksflóttanum af landsbyggðinni til Reykjavíkur. Í raun og veru hefur sú stefna að setja niður opinberar stofnanir og opinbera þjónustu í Reykjavík verið eins og lögmál — vonandi hafa stjórnmálamenn ríkisstjórnarflokka undanfarinna áratuga gert þetta óafvitandi, en þetta hefur verið pólitísk stefnumótun eigi að síður sem sést á því að hin opinbera

þjónusta hefur vaxið allt að helming á síðasta áratug og störfum fjölgað um sjö eða átta á móti þeim þremur sem gilda um landsbyggðina.

Auðvitað er það byggðastefna í sjálfu sér að standa þannig að málum. Fyrir þeirri byggðastefnu hefur Framsfl. haft forustu. Það er deginum ljósara. Hann hefur borið ábyrgð umfram aðra stjórnmálaflokka á byggðastefnunni undanfarna tvo áratugi og það er staðfest í greinargerðinni sem fylgir frv. Ég fagna þeirri sjálfsgagnrýni sem þar kemur fram hjá hv. 1. flm. Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni að sú stefna sem ríkt hefur allt fram til þessa hafi verið handahófskennd og nú þurfi að endurskoða hlutina. Það segir nefnilega orðrétt í greinargerðinni:

„Í framhaldi af því hefur komið upp umræða um að æskilegt geti talist að flytja ríkisstofnanir út á land. Sú umræða hefur verið handahófskennd og æskileg markmið hefur skort."

Ég held að það þurfi ekki fleiri vitnanna við. Tæpast verður hægt að orða betur skipbrot byggðastefnu síðustu áratuga hvað varðar þetta mikilvæga atriði. Sú stefna hefur verið handahófskennd og síðast en ekki síst hefur æskileg markmið skort. Ég fagna þessum sinnaskiptum. Ég treysti því að hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson tali hér fyrir hönd Framsfl. Í raun og veru er hann með þessari greinargerð að marka ákveðin þáttaskil. Taka undir þá stefnu sem núv. ríkisstjórn hefur markað svo áþreifanlega. (**Gripið fram í:** Með gjörðum sínum.) Markað svo áþreifanlega í sáttmála sínum og gjörðum sínum. Um það getur fulltrúi Framsfl. í nefndinni án efa vitnað um. Hún er á forsetastóli, hv. þm., en við vinnum saman að því að reyna einmitt að koma þessu máli fram og komast út úr hinu handahófskennda og marklausa ástandi. Ég vil geta þess sérstaklega hér að í nefndinni hefur verið mjög gott samstarf. Þar hefur verið unnið saman af heilindum. Þar hefur verið unnið af trúnaði og trausti og allir lagt sig fram um það eins og þeir frekast mega að ná fram árangri í þessu máli. Eigi að síður verður að skoða þetta mál í ljósi hinnar pólitísku sögu.

Það hefur einnig komið fram í umræðu um þessi mál að e.t.v. er þetta fyrsta ríkisstjórn síðan 1975 sem gerir alvöru í því að koma þessu máli fram. Gerir alvarlega tilraun til þess að hér megi snúa við. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Alþb., lagði einmitt ásamt nokkrum öðrum góðum og traustum mönnum fram mikið starf á þessum vettvangi í nefnd er skilaði áliti 1975. Eftir þá nefnd liggja mjög mikilvægar upplýsingar sem koma líka að gagni núna. Núverandi nefnd hefur einmitt haft til skoðunar skýrslu þáverandi nefndar og niðurstöðu hennar. Allt það starf var til fyrirmyndar. En það sem skorti, og nú þurfum við að varast vítin, var að láta verkin tala í kjölfar orðanna.

Ég fagna því enn þessu skrefi sem stigið er hér. Hv. flm. eru með þessu frv. að reyna að leggja til leið svo verkin megi tala í stað orðanna. Þess vegna vil ég ekki útiloka né dæma þessa leið vonda né góða. Hún þarf að skoðast. En þessi leið varpar ekki skugga á þá aðferð sem allir stjórnmálaflokkar hafa sameinast um núna í nefndarstarfinu um það reyna að skila einhverjum stofnunum, ekki endilega mörgum en einhverjum stofnunum í fyrsta áfanga, út á landsbyggðina.

Það eru til nokkrar leiðir í því hvernig að þessu megi standa. Það má líka nefna í þessu sambandi að mikilvægt er að skoða hvort hægt sé að fela sveitarfélögum aukin opinber verkefni sem opinberar stofnanir fara með núna. Kannski stofnanir sem einvörðungu eru staðsettar í Reykjavík. Þetta gildir t.d. á sviði stjórnunar heilbrigðismála. Þetta gildir t.d. á sviði menntamála o.s.frv. Við þurfum einnig að skoða hvernig ríkisstofnanir geta í auknum mæli dregið úr starfsemi sinni og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu en skilað henni með útibúum eða umboðsskrifstofum í vaxandi mæli á landsbyggðinni og fært þjónustuna nær fólkinu sem þiggur hana. Það er einn þáttur sem verður einnig að skoða og er í athugun.

Svo er það þriðja leiðin að flytja heilu stofnunina. Ef okkur er ekki kleift núna að staðsetja ríkisstofnun á landsbyggðinni, þá á ég fyrst og fremst við einstæða ríkisstofnun sem byggir samband sitt í gegnum fjarskipti í ljósi allrar þeirrar tækni og þeirra möguleika sem við höfum, þá eru ekki miklar líkur á því að við getum það einhvern tímann seinna. Ég hef lagt þann mælikvarða til grundvallar í fyrsta áfanga að það ætti að einbeita sér að stofnunum sem fyrst fremst eru eins og við getum sagt, óháðar staðsetningu og geta verið staðsettar hvar sem er miðað við þá þjónustu og þá starfsemi sem fram fer innan stofnunarinnar.

Það má einnig benda á í þessu sambandi að þegar stofnun er tekin upp með rótum af einum stað og flutt yfir á annað landsvæði gefst gott ráðrúm og tækifæri til að endurskipuleggja starfshætti slíkrar stofnunar. Auðvitað verðum við að taka tillit til allra mannlegra aðstæðna sem koma upp í slíku dæmi og slíkur flutningur gerist ekki á einni nóttu. Þetta þarf töluverðan aðdraganda og aðlögunartíma. Hér verður að fara fram af varfærni og nærgætni og taka tillit til allra þeirra viðkvæmu aðstæðna sem hljóta að koma upp sérstaklega með tilliti til aðstæðna fólks. Við erum að tala hér um atvinnu fólks líka.

Ég vil ítreka að það gefst gott tækifæri til að endurskipuleggja starfshættina og starfsemina á sama hátt og t.d. þegar bankastjórar Seðlabankans láta af störfum. Þá gefst gott tækifæri til að endurskipuleggja skipulag og starfshætti Seðlabankans, t.d. núna. Fyrst að tveir bankastjórar Seðlabankans ætla að hætta störfum á yfirstandandi ári mætti draga úr yfirbyggingu og stjórnunarkostnaði og bákni Seðlabankans með því að fækka þeim í einn. Nú ætti ríkisstjórnin einmitt að grípa tækifærið og fækka í yfirstjórn Seðlabankans úr þremur í einn.

Þetta nefni ég sem dæmi um það hvernig hægt er að nota breyttar aðstæður til að skipa stofnunum upp á nýtt. Það er þörf á því. Ég er ekki að leggja það til hér í þessari ræðu að það sé ástæða til þess að flytja Seðlabankann út á land. En Seðlabankinn er einmitt dæmi um stofnun sem gæti verið hvar sem er á landinu. (**Gripið fram í:** Já, alveg rétt.) Þangað þarf enginn maður að koma nema starfsfólkið sem starfar þar. Í raun og veru er Seðlabankinn ekki mikið meira en ein

stór fjarskiptamiðstöð (**Gripið fram í:** Það hafa ekki allir seðla sem gilda þar.) sem staðsett er á Arnarhól. Og þessi fjarskiptamiðstöð, sem færi vel undir stjórn eins manns, getur verið staðsett hvar sem er á landinu.

Virðulegi forseti. Þessi málefni um flutning ríkisstofnana út á land hafa oft komið til umræðu hér í þinginu nú síðustu ár. Hér er enn eitt skrefið stigið til þess að efla þá umræðu og ég vona að þetta skref sem hv. flm. stíga nú sé enn eitt lóð á vogarskálarnar til þess að verk megi fara að tala í stað orða. Ég lít svo á að sú viðleitni liggi að baki þessum frumvarpsflutningi og er það vel og því þakka ég flm. fyrir þá viðleitni.

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Austurl. sagði að núv. ríkisstjórn ætlaði í kjölfar síns stjórnarsáttmála að láta verkin tala í þessum málum og núv. hæstv. ríkisstjórn hefur látið verkin tala. Hún hefur gert það með því að þegar hafa verið settar á fót nýjar stofnanir eins og Fiskistofa, þá er hún staðsett í Reykjavík. Hæstv. ríkisstjórn ætlaði að gera það með því að þegar þurfti að skera niður til viðbótar í heilbrigðiskerfinu að leggja niður Kristnesspítala, spítala úti á landi. Hæstv. ríkisstjórn hefur gert það þannig að hún hefur afturkallað ákvörðun fyrrv. hæstv. sjútvrh. um að flytja sjóvinnubátinn Mími og gera hann út frá Akureyri. Hann fórst að vísu en það hefur ekkert verið gert í því að nota tryggingarféð til að endurnýja bátinn og standa við þá ákvörðun.

Hæstv. núv. ríkisstjórn hefur látið verkin tala á þann hátt að þegar þurfti að skera niður í áfengismeðferð var lagt til að loka stofnunum í Gunnarsholti og Staðarfelli í Dölum. Hæstv. núv. ríkisstjórn hefur látið verkin tala á þann hátt að þegar skattkerfisbreytingar hafa átt sér stað, þá er það gert á þann hátt að það er lagður virðisaukaskattur á húshitun sem leggst miklu þyngra á landsbyggðina en aðra landshluta og með því líka að leggja virðisaukaskatt á ferðalög innan lands sem mundi vinna á móti allri viðleitni til flutnings ríkisstofnana vegna þess að það eykur allan kostnað við flutninga innan lands um 14%. Hv. þm., þetta eru verk núv. hæstv. ríkisstjórnar þegar kemur að því að það sést á borði hvað hún meinar en ekki bara í orði það sem stendur í stjórnarsáttmála.

Þetta vil ég nú biðja hv. þm. að hafa í huga þegar hann flytur hér sínar hjartnæmu ræður um að nú eigi að fara að láta verkin tala.

Útbýting þingskjala:

Dragnótaveiðar á Faxaflóa, 343. mál, fsp. IP, þskj. 622.

Ferjuflug, 345. mál, fsp. IP, þskj. 624.

Rannsóknir á innfluttum matvælum, 344. mál, fsp. IP, þskj. 623.

Sálræn heilsugæsla utan höfuðborgarsvæðisins, 346. mál, fsp. AÓB, þskj. 625.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hv. 1. flm. þessa frv., Jóhannes Geir Sigurgeirsson, lét svo ummælt hér í upphafi síns máls að það þjónaði kannski litlum tilgangi að fara að hefja hér efnisumræður á þinginu um frv. af þessu tagi. Hann vitnaði í það að líklegast yrði áhugaleysi þingmanna og ráðherra á málinu slíkt að það færi fyrir lítið að hefja þessa umræðu.

Ég er ósammála þingmanninum um það að ekki sé rétt að ræða þetta mál ítarlega vegna þess að hér er á ferðinni mjög mikið og stórt mál sem á sér mjög langa sögu og skiptir mjög miklu máli í okkar þjóðfélagi og okkar stjórnkerfi hvort það er framkvæmt eða ekki. En hitt er svo alveg rétt að það er dálítið sérkennilegt að jafnmargir þingmenn skuli vera jafnáhugalitlir um þetta mál eins og raun ber vitni og enginn ráðherra skuli sjá ástæðu til þess að vera viðstaddur þessa umræður.

Það er síðan enn sérkennilegra að mikill meiri hluti þeirra þingmanna sem hér eru þó í salnum eru þingmenn Reykjavíkur- og Reykjanesskjördæmis. (**JGS:** Það er hagsmunagæsla.) Nei, það er ekki nein hagsmunagæsla, hv. þm., og ég er ekkert að ræða þetta mál í neinum hótfyndnistón. Það er auðvitað dálítið sérkennilegt að það eru eiginlega ekki nema þrír eða fjórir landsbyggðarþingmenn viðstaddir þessa umræðu. En hins vegar eru hér einir 10 þingmenn Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæmis, 11 þó með þeim sem hér gekk í salinn.

Ég ætla að fara nokkrum orðum um þetta frv. vegna þess að ég tel málið mikilvægt en ég tel frv. að ýmsu leyti óraunhæft og ætla að færa fyrir því rök þó að ég þakki flm. fyrir það að flytja málið inn á þingið. En síðan ætla ég einnig að víkja nokkrum orðum að niðurlagi ræðu hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar sem talaði áðan og því sem hann sagði um stjórnkerfi Seðlabankans en þar lét þingmaðurinn í ljósi mjög athyglisverð sjónarmið sem ég er sammála en ganga hins vegar þvert á það frv. sem hæstv. viðskrh. ætlar að biðja þingið að samþykkja.

Það er rétt sem hér hefur komið fram í umræðunni að á árunum 1971–1975 fór ég með formennsku í nefnd sem sett var upp af ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar sem tók við völdum 1971 og þessari nefnd var ætlað að gera tillögur um flutning ríkisstofnana. Ég þakka þau lofsamlegu ummæli sem komu fram hjá hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni um störf þessarar nefndar því að satt að segja er það þannig að við lögðum í þetta mál gífurlega vinnu. Við kölluðum til fundar forsvarsmenn allra opinberra stofnana. Við gerðum ítarlega athugun á stjórnkerfi stofnananna. Við ræddum lengi og ítarlega aðferðir við annars vegar að flytja stofnunina í heild sinni og hins vegar við að brjóta starfsemina upp í útibúakerfi eða deildakerfi og tengja þannig hluta af hinni opinberu starfsemi úti um land. Við skiluðum síðan til forsrn. skýrslu sem lögð var fram á þingi 1975. Mér er það minnisstætt að þegar skýrslan, sem var stór og mikil, var lögð fram hér á þinginu, þá höfðu menn málið að gamanmáli í þinginu, gerðu góðlátlegt grín að því ýmsir hvað skýrslan var mikil að vöxtum. Við tókum þetta verkefni hins vegar mjög alvarlega. Við vildum ekki gefa okkur fyrir fram að nein starfsemi væri sjálfgefin hér í höfuð-

borginni og við gerðum meira. Við kynntum okkur mjög rækilega með hvaða hætti væri farið með þessi mál, t.d. í Svíþjóð og Bretlandi svo að ég nefni nokkur lönd. Og á grundvelli þessarar vinnu sem satt að segja tók mjög mikinn tíma hjá mér sem formanni nefndarinnar — ég gerði það einu sinni að gamni mínu að reyna að tína saman hvað ég hefði varið miklum tíma í þetta starf og það var einhvers staðar á bilinu 10–12 mánuðir á þessu árabili samtals sem ég hafði varið í það — tel mig þess vegna kannski tala hér af nokkurri reynslu við að fást við þetta viðfangsefni. Við skiluðum síðan eins og þetta nál. ber með sér mjög ítarlegum tillögum þar sem gert var ráð fyrir því að þó nokkuð mikill fjöldi ríkisstofnana yrði fluttur frá Reykjavík út á land.

Í öðru lagi voru gerðar tillögur um það að stofna útibú og flytja deildir hjá öðrum stofnunum. Ef þessar tillögur hefðu náð fram að ganga, þá hefðu þær haft í för með sér mjög umfangsmikinn tilflutning á starfsemi í þágu landsbyggðarinnar og byggðajafnvægis. Ein meginástæðan fyrir því að þessi tillöguflutningur var nokkuð raunhæfur fyrir 20 árum síðan var að þá átti enn eftir að byggja varanlega yfir margar af þessum ríkisstofnunum og það var þess vegna hægt að tengja saman annars vegar að finna þeim samastað og hins vegar að leysa húsnæðisvanda þessara stofnana. Nú eru hins vegar liðin um það bil 20 ár. Og það sem gerst hefur á þessum tíma er að margar þessara stofnana hafa eignast varanlegt húsnæði og gífurlegum fjármunum hefur verið varið til þess að reisa byggingar eða kaupa í þágu margra þessara stofnana svo að það verður auðvitað að horfast í augu við það af fullu raunsæi að í dag er það miklu meira verk og dýrara að fara í flutning ríkisstofnana, ég tala nú ekki um jafnveigamikinn og um getur í 2. gr. þessa frv., en var fyrir 20 árum síðan.

En hver voru örlög þessarar tillögugerðar? Það er mjög fróðlegt að rifja það hér upp og ég ætla að gera það þingmönnum til fróðleiks vegna þess að ég ætla að flm. séu að flytja þetta frv. í málefnalegri alvöru en ekki bara í einhverju áróðursskyni.

Þegar við skiluðum þessu ítarlega áliti, þá hafði tekið við völdum ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. og þótt í nefndinni, sem vann að þessu verki, væru sjálfstæðismenn sem og framsóknarmenn, þá voru líka menn ýmissa annarra flokka. Í þessari nefnd sat m.a. hæstv. núv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson, þáv. skólameistari á Ísafirði. Og þótt sá maður sem sett hafði upp þessa nefnd sem forsrh. væri áfram í ríkisstjórn, þá var það engu að síður niðurstaðan að í ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. sem sat 1974–1978 reyndist afar lítill áhugi svo að vægt sé til orða tekið á að framkvæma nokkuð af þessum tillögum, ekki eina einustu. Innan þeirrar ríkisstjórnar var skipuð sérstök vinnunefnd þingmanna og mig minnir, að núv. ritstjóri DV, þáv. þm. Ellert B. Schram hafi verið einn þeirra manna sem falið var að meta þessar tillögur. Niðurstaðan varð sú að á vettvangi ríkisstjórnarinnar og þingflokka Framsfl. og Sjálfstfl. í þessari ríkisstjórn skorti greinilega vilja til þess að hrinda þessu í framkvæmd. Engri tillögu var hrint í framkvæmd. Þó er þarna um að ræða ítarlegustu yfirferð yfir íslenska stjórnkerfið í ljósi möguleika á að flytja starfsemi ríkisins til annarra landshluta.

Nú var það ekki þannig eins og ég sagði áðan að sú nefnd sem ég veitti formennsku hafi verið flokkspólitísk í eðli sínu. Í henni sátu menn úr öllum stjórnmálaflokkum, menn sem gegndu forustustörfum hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga, m.a. þáv. framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga sem nú er látinn sat í nefndinni. Og maður sem hafði sinnt mjög sveitarstjórnarmálum á vettvangi Sjálfstfl. var einnig í þessari nefnd og Framsfl. var að sjálfsögðu lengi búinn að hafa þetta á sinni stefnuskrá. Hv. þáv. þm. Helgi Seljan kaus síðan að flytja hér á Alþingi nokkrum sinnum og ég gerðist síðan meðflm. hans eftir að ég tók sæti á Alþingi 1978 um að flytja hér á þingi nokkrum sinnum frv. um flutningsráð ríkisstofnana. Þessari stofnun sem átti nú ekki að hafa neina starfsmenn en átti að vera nefnd, ráð, var ætlað að meta í hvert sinn sem viðbót yrði við hið opinbera kerfi hvort ekki væri hægt að finna þeirri viðbót heimkynni annars staðar en hér á höfuðborgarsvæðinu. Þrátt fyrir það að þetta frv. væri flutt hér þing eftir þing, þá fékkst ekki stuðningur á Alþingi fyrir þessari tilraun.

Á þeim 20 árum sem liðin eru hefur auðvitað orðið margvísleg þróun í stjórnkerfi landsins og öðrum þáttum hinnar opinberu starfsemi, heilbrigðiskerfi, menntakerfi o.s.frv. Mig minnir t.d. að það sé rétt með farið að ein af tillögum nefndarinnar sem við skiluðum 1975 hafi verið að flytja Kennaraháskóla Íslands til Akureyrar og gera að miðstöð kennaramenntunar á háskólastigi og almenningsstigi þannig úr garði að hún gæti haft varanleg heimkynni á Akureyri. Ég er t.d. sannfærður um að það hefði verið miklu vænlegra skref, bæði fyrir Akureyri og byggðamál á Norðurlandi og menntakerfið í landinu, að flytja tiltölulega heilsteyptan þátt menntakerfisins eins og kennaramenntunina í heilu lagi til Akureyrar en reyna að búa til háskóla á Akureyri sem þrátt fyrir að ákveðin verkaskipting ríki þar milli hans og Háskóla Íslands er engu að síður skilgreindur á þann hátt að mörk hans eru ekki alveg skýr og það hlýtur að koma til verulegrar togstreitu milli hans og Háskóla Íslands eins og við höfum reyndar orðið vitni að nokkrum sinnum á undanförnum árum. Ef sú ákvörðun hefði verið tekin 1975 að byggja upp til langframa kennaramenntun á Akureyri þá er ég alveg sannfærður um að það hefði verið mjög skynsamlegt skref. Í þessum tillögum var líka hugmynd um það að flytja Veðurstofuna. Veðurstofan er ágætt dæmi um opinbera stofnun sem getur nánast verið hvar sem er. Það eru engin sérstök rök fyrir því að hún sé hér á höfuðborgarsvæðinu, engin sérstök rök. Og þess eru dæmi úr þessum löndum að veðurstofur eru víðs fjarri höfuðborginni. Ég gæti svo sem rakið hér fjölmörg önnur dæmi. En niðurstaðan varð sú að það skorti pólitískan vilja, bæði í ríkisstjórnum og hér á Alþingi fyrir því að koma þessu í framkvæmd.

Það sem kom mér hins vegar nokkuð á óvart var, og það verður að segja þá sögu eins og hún var, að það

virtist líka skorta vilja hjá samtökum sveitarfélaga og landshlutasamtökum til þess að hrinda þessum tillögum í framkvæmd. Við héldum satt að segja að hinn félagslegi bakhjarl, ég vil nú ekki segja hinn pólitíski bakhjarl vegna þess að það mætti misskiljast, en hinn félagslegi bakhjarl þessarar tillögugerðar yrðu landshlutasamtökin og samtök sveitarfélaga sem markvisst voru að reyna að vinna að því að efla landshlutana, en svo varð ekki. Það kom satt að segja mjög lítill stuðningur frá landshlutasamtökunum við þessa tillögugerð. Og hver var skýringin á því? Ég held að skýringin hafi verið sú að annars vegar ríkti tortryggni, skortur á stuðningi, skortur á skilningi milli samtakanna og menn sáu kannski ofsjónum yfir því að þessi landshluti ætti að fá þessa stofnun og annar einhverja aðra og það hafi kannski eimt dálítið eftir af þeim hugsunarhætti sem einn ágætur bæjarstjóri á Austurlandi orðaði einu sinni og frægt hefur orðið, að vont væri Reykjavíkurvaldið, verra væri Akureyrarvaldið en verst væri þó Egilsstaðavaldið.

Einnig kom það í ljós að margir af þessum forsvarsmönnum landshlutasamtakanna og sveitarfélaganna vildu í reynd hafa stjórnkerfið þannig að á höfuðborgarsvæðinu gætu þeir sinnt erindum sínum við hinar fjölmörgu stofnanir með hvað haganlegustum hætti.

Þá erum við komin að einum þætti þessa máls sem er alveg lykilatriði en er á engan hátt vikið að, hvorki í þessari greinargerð eftir því sem ég hef lesið hana né heldur í lagafrv., og það er samgöngukerfið í landinu. Eitt af því sem hefur staðið í vegi fyrir byggðaþróun á Bretlandseyjum er að járnbrautakerfið sem þar var byggt upp fyrir margt löngu síðan var allt byggt upp á þann veg að járnbrautalínurnar lágu frá London og til annarra borga. Yfirleitt upp og niður eftir landinu eða frá suðri til norðurs og frá norðri til suðurs. Þær lágu mjög lítið þvert á landið eða frá vestri til austurs. Þetta járnbrautarkerfi gerði það mjög erfitt að flytja stofnanir til ýmissa hluta Bretlandseyja og ætlast til þess að menn gætu náð þangað í erindum sínum með eðlilegum hætti.

Við höfum ekki járnbrautir hér eins og allir vita þó að hæstv. samgrh. ætli að láta þingið samþykkja alveg sérstök lög um það mál vegna EES-samningsins. En við erum með flugsamgöngur og þótt flug hafi aðeins aukist milli Ísafjarðar og Akureyrar og Akureyrar og Egilsstaða, þá er samgöngukerfið landsins byggt upp þannig í grófum dráttum að það liggur frá höfuðborginni út til annarra landshluta. Það er nánast vonlaust að ná árangri af því tagi sem um getur í 2. gr. þessa frv. nema gjörbreyting eigi sér stað á samgöngukerfi landsins. Markmiðið sem sett er fram í 2. gr. frv. er á engan hátt raunhæft nema gjörbylting verði í samgöngukerfi landsins.

Svar flugfélaganna þegar við ræddum þessi mál á sínum tíma í nefndinni fyrir 20 árum síðan var auðvitað að slíkar flugleiðir væru ekki arðbærar. Það var vissulega alveg rétt. Og þá kemur auðvitað að þeirri grundvallarspurningu: Er hið opinbera reiðubúið að styrkja samgöngur með fjárframlögum sem liggja milli landshlutanna en ekki bara milli höfuðborgarsvæðisins og landshlutanna til þess að greiða fyrir slíkum stofnanaflutningi? Þar eru menn að tala um verulega fjármuni. (**KHG:** Svarið liggur fyrir.) Og þá verða menn að horfast í augu við það. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson segir að svarið liggi fyrir og ég hugsa að það sé rétt hjá honum. Alla vega hjá þeirri ríkisstjórn sem nú situr og kannski öðrum er svarið nei. Á samdráttartímum eru menn ekki tilbúnir að setja verulega fjármuni í slíkt.

Ég vil minna á ummæli núv. hæstv. samgrh. núna nýverið þar sem hann hefur verið að fordæma þá fjármuni sem settir hafa verið í ferjur á milli Vestmannaeyja og lands og milli Snæfellsness og Vestfjarða. Ferjur sem þó gefa íbúum Vestmannaeyja og íbúum Vestfjarða möguleika á því að geta lifað eðlilegu viðskipta- og félagslífi eins og aðrir landsmenn. Hv. þm. Árni Johnsen hefur að vísu séð ástæðu til að snupra hæstv. samgrh. sérstaklega fyrir þessi ummæli og benda þjóðinni á að algengt sé að hæstv. samgrh. tali áður en hann hugsar. Er sérkennilegt að þessi þingmaður skuli vera að setja sig í spor siðapostula hér í þinginu eins og hann gerði fyrr í dag varðandi það hvernig eigi að tala um ráðherra og við ráðherra. Engu að síður er það staðreynd að hann hefur gagnrýnt hæstv. samgrh. fyrir þetta og bent þjóðinni á að taka mátulega lítið mark á ráðherranum vegna þess að hann sé ávallt að tala án þess að hugsa.

Þegar það blasir við að ráðherra í núv. ríkisstjórn segir: Það er sóun á fjármunum að leggja svona mikið í Herjólfsferjuna, í Breiðafjarðarferjuna og væntanlega einnig Eyjafjarðarferjuna, þá sjá menn hvað er á brattann að sækja við að búa til samgöngukerfi sem miðast ekki við fjöldaflutninga milli höfuðborgarsvæðisins annars vegar og stóru þéttbýliskjarnanna í öðrum landshlutum hins vegar.

Í umræðunum hefur komið fram að núv. ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir því að setja á laggirnar nefnd til að fjalla um flutning ríkisstofnana. Mér skilst einnig að hæstv. forsrh. hafi ráðið fyrrv. alþm., Þorvald Garðar Kristjánsson, til fullra starfa eða a.m.k. í verulegt starf til þess að sinna þessari nefnd. Það var meira en gert var á sínum tíma við mig og ég lofa það í sjálfu sér. Það hefur einnig frést að sett hafi verið upp sérstök skrifstofa undir þessa starfsemi í fyrrum húsnæði Samvinnubankans og forsrn. sé búið að taka á leigu þó nokkurn fermetrafjölda með skrifstofuaðstöðu, jafnvel fundaaðstöðu og öðru til þess að gera vel við formann nefndarinnar og þetta nefndarstarf og ætla ég ekki að lasta það. Ég ætla ekki að gagnrýna það. En það setur alveg sérstaka kvöð á núv. ríkisstjórn að gera eitthvað í málinu. Ég yrði fyrstur manna til þess að fagna því að nú yrði loksins farið að gera eitthvað í málinu. En ég hlýt þó að vekja athygli á því að senn eru liðin tvö ár síðan núv. ríkisstjórn tók við og senn fer að halla undan fæti hvað öruggan valdatíma hennar snertir svo hún þarf að fara að safna kröftum ef hún ætlar að koma einhverjum af þessum breytingum í gegn á kjörtímabilinu.

Mér hefur hins vegar fundist bera dálítið á því að

forsrh. hefði fyrst og fremst áhuga á að flytja Byggðastofnun af því að hann hefur verið í stríði við þá stofnun. Það er auðvitað mjög vont ef mikilvægt mál eins og flutningur opinberrar starfsemi til annarra landshluta fær á sig þann blæ að það sé tæki einstakra ráðherra til að hefna sín í fyrsta lagi á samþingsmönnum sínum, í þessu tilfelli hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, eða nota þetta sem eins konar baráttutæki í innanflokksstyrjöldum í þingflokki Sjálfstfl. því að það er auðvitað vitað að hv. fyrrv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson var traustur stuðningsmaður Davíðs Oddssonar í formannskjöri í Sjálfstfl. — Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. Árna Mathiesen að vera undrandi yfir því vegna þess að hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson skrifaði blaðagrein um það í aðdraganda landsfundarins. Það fór því ekkert leynt. Það fór heldur ekkert leynt að hv. þm. Matthías Bjarnason studdi Þorstein Pálsson. Það fór heldur ekkert leynt á Vestfjörðum árum saman að það voru vægast sagt ekki miklir kærleikar með þessum tveimur þingmönnum Sjálfstfl. Svo málið er náttúrlega dálítið sérkennilegt ef maður skoðar það frá þeim sjónarhól hvernig hæstv. forsrh. hefur kosið í fyrsta lagi að velja formennsku í nefndina og í öðru lagi leggja það til að nefndin skuli fyrst og fremst í byrjun sjá um það að Byggðastofnun sé flutt þegar ljóst er að hv. þm. Matthías Bjarnason, formaður stjórnar Byggðastofnunar, hefur lýst yfir andstöðu við það. En ég ætla að vona að þetta mál drukkni ekki í innanflokksátökum í Sjálfstfl.

Í þessu frv. er hins vegar sett það markmið að við lok tíu ára tímabils skuli 40% af starfsemi ríkisstofnana, reiknað sem hlutfall af heildarlaunagreiðslum, fara *fram utan höfuðborgarsvæðisins*. Ég held, *virðulegi* forseti, að þetta hljóti að vera byggt á einhverjum misskilningi. Flm. getur varla verið alvara með þessari tillögu. Ég vona að ég verði ekki vændur um það hér að ég sé ekki áhugamaður um flutning ríkisstofnana. Ég er mikill áhugamaður um flutning ríkisstofnana og ég held að mér verði fyrirgefið þó að ég segi það hér sjálfur að ég held að enginn þingmaður hér inni hafi varið jafnmiklum tíma og ég til þess að sinna því verkefni. En lagagrein sem byggist á því markmiði að 40% af allri starfsemi ríkisins, mælt í launagreiðslum, skuli eftir tíu ár vera komin út fyrir Reykjavík og Reykjaneskjördæmi eða höfuðborgarsvæðið gengur einfaldlega ekki upp. (**Gripið fram í:** Hvert er hlutfallið í dag?) Ég hef það ekki við hendina hvert hlutfallið er í dag. Ég hef ekki lesið það. Ef það stendur í greinargerðinni er alveg sjálfsagt að fletta því upp. Það stendur 32,37%. (Gripið fram í.) Já. Ég reikna með að í þessari tölu séu menn með heilbrigðiskerfið og skólakerfið og allt það inni.

Auðvitað er hægt er að haga skipulagi heilbrigðis- og skólakerfis með þeim hætti að það hafi afgerandi áhrif á þetta hlutfall. Ég tala ekki um ef menn fara að *beita á þetta þeirri skilgreiningu sem núv. menntmrh.* virðist ætla að beita sér fyrir að flytja grunnskóla frá ríkinu til sveitarfélaganna. (**Gripið fram í:** Það er ekki veruleikinn enn þá.) Nei, það er ekki veruleikinn enn þá. En það sýnir hins vegar hvað svona markmið, sem er kjarninn í frv., er óraunhæft. Tölfræði af því tagi sem sett er upp sem markmið í frv. er óraunhæf vegna þess að við erum t.d. með ríkisstjórn sem er með veigamiklar tillögur um að breyta hlutföllum ríkisins í hagkerfinu. Mér er t.d. sagt að fjmrn. sé með alls konar reikningskúnstir um hvernig eigi að færa fjármuni milli ríkis og sveitarfélaga og kannski kemur það til umræðu í þinginu einhvern tíma á næstunni.

Við það að flytja grunnskóla frá ríkinu til sveitarfélaganna gjörbreytist þetta hlutfall. Við það að flytja heilsugæslustöðvarnar frá sveitarfélögunum og yfir til ríkisins gjörbreytist þetta hlutfall líka. Með slíkum einföldum breytingum, sem hafa akkúrat engin áhrif á staðsetningu stofnana vegna þess að grunnskólarnir verða áfram á sama stað og þeir hafa verið, heilsugæslustöðvarnar verða áfram á sama stað og þær hafa verið, getur þetta hlutfall alveg hlaupið upp og niður. Ég sé því ekki að þetta hlutfall segi eitt eða neitt um flutning ríkisstofnana.

Kjarni málsins er hins vegar sá hvort menn hafa pólitíska vilja til að ráðast í það erfiða verk að taka ríkisstofnun sem hér er búin að koma sér fyrir, segja við starfsfólk þessarar stofnunar: Nú verðið þið að flytja heimkynni ykkar ef þið ætlið að starfa áfram hjá þessari stofnun, og færa þannig kannski til nokkur hundruð fjölskyldur eða kannski upp undir eitt þúsund fjölskyldur í landinu og setja þær niður annars staðar. Í tíð síðustu ríkisstjórnar glímdi þáv. landbrh. við það að flytja höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins frá höfuðborgarsvæðinu og til Egilsstaða. Hann getur auðvitað rakið mjög ítarlega þá sögu en það reyndist mjög erfitt verk. Vegna hvers? Jú, vegna þess að af eðlilegum ástæðum *fannst mörgum sem áttu sín heimkynni hér* og makinn stundaði kannski annað starf sem tengt var atvinnumarkaði þessa svæðis, það nánast ekki ganga upp að eiga að standa frammi fyrir því að starfshagsmunir beggja hjónanna færu ekki lengur saman hvað svæðið snertir.

Ástæðan fyrir því að ég er að nefna þetta hér er að mér er það mikið áhugamál að eitthvað gerist í þessum efnum þó það gangi kannski á hagsmuni þess kjördæmis sem ég er fulltrúi fyrir. Það hefur ekkert með það mál að gera. En mér finnst að þá eigi að reyna að ganga frá löggjöfinni þannig að hún knýi viðkomandi stjórnvöld til þess að takast á við það alvarlega verkefni að taka stofnanir sem hafa verið á höfuðborgarsvæðinu og flytja þær í raun og veru til en ekki breyta einhverjum ráðningarhlutföllum eða skrásetningarhlutföllum, hvort menn heita ríkisstarfsmenn eða starfsmenn sveitarfélaga eða starfsmenn einkageirans án þess að það breyti einu eða neinu um heimkynni viðkomandi stofnana.

Það væri t.d. mjög fróðlegt að sjá það hvernig þetta 40% hlutfall mundi breytast eða þetta 32,37% hlutfall mundi breytast ef heilsugæslustöðvarnar væru aftur *færðar til sveitarfélaganna*. Það *væri* mjög fróðlegt að sjá það. Og ef grunnskólinn væri færður til sveitarfélaganna algerlega væri mjög fróðlegt að sjá það hvað þetta 32,37% hlutfall yrði. Ég er hræddur um að það mundi lækka allverulega.

Ég vil þess vegna eindregið beina því til þeirra sem fá þetta frv. til umfjöllunar að skoða málið alvarlega og reyni að finna frv. þann búning að það í raun og veru knýi stjórnvöld til þess að gera eitthvað í málinu því að það er það sem þarf. Við getum í sameiningu reynt að finna ýmsar aðrar leiðir en þær sem er eru tilgreindar í frv. til þess.

Að lokum, virðulegi forseti, ætlaði ég að segja nokkur orð um ræðu hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar. Er hann í húsinu? — Nú, hann situr hér í forsetastól. Mér finnst óþarfi hjá þingmönnum að hlæja því það hefur ekki enn þá verið talið skilyrði fyrir því að tala á þingi að hafa augun í hnakkanum. En ég er mjög ánægður með að sjá hv. þm. í forsetastól og mun ekki inna nánar eftir því hvort hann sé í þingsalnum.

Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson kaus að nota þetta tækifæri til þess að víkja nokkuð að Seðlabanka Íslands. Það var dálítið sérkennilegt þó að ég fagni því að sjálfsögðu. Það er kannski líka afsprengi einhverrar þingflokksumræðu í Alþfl. eins og fyrri umræðan í dag um umhvrn. var greinilega afsprengi umræðu í þingflokki Alþfl. En hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson lýsti því yfir að það færi vel að Seðlabankinn yrði undir stjórn eins manns og fækka ætti þremur bankastjórum Seðlabankans niður í einn. Nú vill svo til að ég er alveg sammála hv. þm. og fagna því satt að segja að þingmaður Alþfl. skuli með jafnskýrum hætti koma fram með þetta sjónarmið áður en umræðan hefst um frv. viðskrh. um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands.

Það var skipuð nefnd til þess að gera tillögur um breytingar á stjórnskipun Seðlabankans. Már Guðmundsson hagfræðingur, sem starfaði með mér í fjmrn. og er núna hagfræðingur í Seðlabanka Íslands, skilaði séráliti í þessari nefnd. Hann lagði til að stjórnkerfi Seðlabankans yrði á þann veg að það yrði einn seðlabankastjóri. Hann færi rök að því að þetta gamla pólitíska lénskerfi sem hefur þróast í Seðlabankanum á Íslandi þar sem Framsfl. hefur einn bankastjóra, Alþfl. einn, Sjálfstfl. einn og Alþb. stundum einn sé gengið sér til húðar. Ég er alveg sammála því að þetta kerfi sé gengið sér til húðar. Vandinn er hins vegar sá að a.m.k. fulltrúar Framsfl. og Sjálfstfl. í þessari nefnd vildu hafa þetta gamla lénskerfi áfram. Núv. hæstv. viðskrh. beitti sér síðan fyrir málamiðlun fulltrúa stjórnarflokkanna í nefndinni og út úr henni kom þessi bastarður að áfram er viðhaldið þessu gamla lénskerfi í Seðlabankanum en einn bankastjórinn er gerður pínulítið æðri en hinir. Þannig er hvorki um fjölskipaða bankastjórn að ræða né jafnvægi í henni né heldur það skýra kerfi að einn bankastjóri sé ábyrgur.

Ég tel að gamla lénskerfið í Seðlabankanum, sem á að framlengja í reynd með þessu frv. sem á að taka til umræðu innan tíðar, sé orðið úrelt. Ég skil satt að segja ekki hvernig maður eins og hæstv. viðskrh. sem vill á stundum láta taka sig alvarlega sem talsmaður nútímavinnubragða í efnahagsstjórn leggur í það að biðja þingið um að samþykkja að framlengja þetta gamla lénskerfi í Seðlabanka Íslands. Ég botna ekkert í því.

Auðvitað er eina leiðin til að treysta nútímahagstjórn á Íslandi hvað Seðlabankann snertir að gera það alveg skýrt að það eru skil á milli hins pólitíska forræðiskerfis í landinu og Seðlabankans sem stofnunar, velja hæfan einstakling sem á að vera sjálfstæður til að stýra bankanum um ákveðinn tíma og hverfa svo frá þeirri stjórnun og annar komi í staðinn. Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson gefur það til kynna úr sæti sínu í þingsalnum að hann sé sammála þessum sjónarmiðum mínum. Ég fagna því. Ég mun flytja brtt. við frv. þegar það kemur í þá veru að seðlabankastjórinn verði einn, hann verði ópólitískur og faglegur og verði skipaður til ákveðins tíma. Þá reynir á það hverjir í þingsalnum vilja styðja þessi nútímaviðhorf um trausta peningamálastjórn og fagleg vinnubrögð í Seðlabanka Íslands og hverjir vilja viðhalda þessu gamla lénskerfi flokkanna.

Hins vegar er ekki eðlilegt að halda áfram ítarlegri umræðu um þetta mál undir þeim dagskrárlið sem er til umræðu. En fyrst þessi ágæti þingmaður Alþfl. kaus að gera það þá vildi ég ekki láta hjá líða að lýsa skoðunum mínum. Þá er það orðið ljóst að þessi samflokksmaður viðskrh. og ég erum alveg sammála um málið. Ég tel að það hefði verið meiri sómi að því og farsælla fyrir hæstv. viðskrh. að flytja frv. í anda þeirra hugmynda sem Már Guðmundsson flutti í nefndinni en koma með þennan pólitíska bræðing inn á þingið sem hann ætlar sér greinilega að gera.

Hitt er líka rétt hjá hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni að Seðlabankinn er auðvitað ágætt dæmi um stofnun sem getur verið hvar sem er á landinu. Það eru engin rök fyrir því að Seðlabankinn sé á Arnarhólnum.

Virðulegur forseti. Ég vona að flm. þessa frv. misvirði það ekki við mig þó ég hafi kannski talað um það í nokkrum gagnrýnistón. (**JGS:** Af því hafðir ekki lesið það.) Það er rangt hjá hv. þm. að ég hafi ekki lesið það og sýnir kannski andann í hv. þm. Kannski dálítið viðkvæmt fyrir hann að verja hér feril Framsfl. um flutning ríkisstofnana. Ég er alveg tilbúinn að ræða það. Tuttugu ára aðgerðaleysi Framsfl. varðandi flutningi ríkisstofnana. Ef þingmaðurinn Jóhannes Geir vill hafa umræðuna í þessum dúr þá er ég tilbúinn til þess. Hvernig stóð á því að Framsfl. í ríkisstjórninni 1974–1978 gerði ekkert varðandi flutning ríkisstofnana? Hvernig stóð á því að ráðherrar Framsfl. stungu undir stól ítarlegustu tillögum sem settar hafa verið fram um flutning ríkisstofnana? Hvernig stóð á því að þingflokkur Framsfl. studdi ekki frv. sem Helgi Seljan flutti hér ár eftir ár um málið? Við getum alveg rætt þá sögu ef þingmaðurinn vill fara að setja þennan anda inn í umræðurnar. Alveg sjálfsagt mál. Framsfl. á nefnilega ekki mjög glæsilegan feril í því máli.

Hins vegar er staðreynd að þau 40% mörk sem eru eini efniskjarninn í frv., því allt hitt eru bara umbúðir, eru ekki raunhæf að því leyti til að þau ráðast af allt öðru en flutningi stofnana. Þau ráðast af verkaskiptinu ríkis og sveitarfélaga. Það er hægt að umturna þessum mörkum með einföldum frv. á Alþingi án þess að ein einasta stofnun breyti um heimilisfang. Það getur hv. þm. ekki hrakið hversu oft sem hann les frv.

Það má vel vera að ég hafi misskilið að þetta sé al-

vörufrv. Það er kannski staðreyndin að þetta hafi verið flutt til að Framsfl. gæti slegið einhverjar kosningakeilur á þessu og breitt yfir þessa 20 ára sögu. Það má vel vera. Ég kaus hins vegar að taka þetta alvarlega en hef kannski misskilið það. Kannski er þetta bara áróðursfrv.

Hins vegar er það verkefni sem þarf að taka á hvernig við getum treyst byggðir landsins og skapað möguleika fyrir ungt menntafólk til að geta sest að í heimkynnum sínum. Það gerum við ekki nema við reynum að efla starfsemi í öllum landshlutum sem skapar starfsgrundvöll fyrir fólk úr öllum stéttum þjóðfélagsins. Það er einhæfni atvinnulífsins úti um land sem er einn erfiðasti þátturinn varðandi jafnvægi í byggð landsins. Flutningur ríkisstofnana er veigamikið tæki til að reyna að ná tökum á því vandamáli. Því miður hefur skort pólitískan vilja í ríkisstjórnum, á Alþingi og líka hjá landshlutasamtökunum og samtökum sveitarfélaga til að gera eitthvað raunhæft í þessum málum.

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er afar sérstakt hvernig hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur talið það þjóna einhverju markmiði að nota þetta frv. til árása á Framsfl. Ég mun í ræðu minni á eftir fara yfir þátt Framsfl. í byggðamálum síðustu 20 ár og uppbyggingu ríkisstarfssemi og ríkisstofnana út um allt land. Þar mun ég nefna sjúkrahús, heilsugæslustöðvar, fjölbrautaskóla, Háskólann á Akureyri, sem hv. þm. talaði ekki mjög virðulega um hér áðan. En eftir þeim ummælum verður tekið norður á Akureyri get ég sagt hv. þm.

Það sem mér finnst hins vegar verst í þessu er að það kom berlega í ljós þegar hv. þm. fór að gagnrýna hvernig þetta frv. var upp sett að hann hafði ekki lesið greinargerðina og skýringarnar. Það þurfti utan úr sal að benda honum á að þarna væri um að ræða að færa hlutfallið úr 32,5% upp í 40%.

Ég vil einnig benda hv. þm. á að ef hann hefði lesið frv. vandlega þá hefði hann séð að flutningur til að mynda á grunnskólanum að fullu til sveitarfélaganna breytir þar engu um. Þetta er sett þannig upp, með leyfi forseta: „Breytingin miðast við stöðuna eins og hún var á árinu 1991. Miðað er við greidd laun hjá Launaskrifstofu ríkisins og sjúkrastofnunum á þeim tíma ...“ Launin eru tilgreind á þeim stöðum þar sem þau eru greidd.

Þetta er sá útgangspunktur sem við leggjum til að miðað verði við þegar menn leggja mat á það á hverju ári hvernig hafi miðað í þessu starfi. Og út frá því verður reiknað burt séð frá því þá hvernig búið væri að færa einstaka málaflokka milli ríkis og sveitarfélaga. Markmiðið er því alveg skýrt og getur staðið sem slíkt jafnvel þótt grunnskólinn væri fluttur og jafnvel þótt rótað væri við heilsugæslunni.

Ég á því svolítið erfitt með að átta mig á hvað hv. þm. kemur til að taka þessu á þennan hátt og hafa ekki gefið sér tíma til að skoða málið og hugsanlega ræða við flutningsmenn áður en hann slengir þessu fram á þennan hátt úr ræðustól á hinu háa Alþingi.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er greinilega ljóst bæði af frammíköllum hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar og svari hans að þetta frv. er greinilega eitthvert áróðursfrv. af hans hálfu. Hótanir um að fara að endursegja norðan heiða það sem ég sagði hér um Háskólann á Akureyri og að eftir því yrði tekið o.s.frv., svo ég noti orðalag þingmannsins, er þá bara í þeim stíl. Ég er alveg tilbúinn að ræða það við þingmanninn og hvaða framsóknarmenn sem vilja hvort ekki hefði verið betra fyrir Akureyri að flytja Kennaraháskóla Íslands þangað 1975 en stofna eftir dúk og disk með miklum erfiðismunum háskóla á Akureyri. Ég er alveg tilbúinn að ræða það ef þingmaðurinn vill, hvort heldur á Akureyri eða hvar sem er, hvort hefði verið betri kostur tillaga mín um að flytja Kennaraháskólann árið 1974–1975 eða annað. Það alveg velkomið.

Hins vegar þýðir ekkert fyrir þingmanninn að reyna að snúa sig út úr því með því að flytja einhverjar endurteknar ræður um að ég hafi ekki lesið frv. að ef tillagan um að sveitarfélögin taki alveg grunnskólann til sín, greiði launin og fái til þess tekjustofna er alveg ljóst að grunnskólinn reiknast ekki sem starfsemi ríkisstofnana. Það er alveg ljóst. Ég skil satt að segja ekki hvernig þingmaðurinn fær það út. Ef þetta 40% mark er hins vegar þannig að hægt sé að leika sér með það tölfræðilega fram og aftur get ég sagt þingmanninum að það skapar lítinn þrýsting á raunhæfar aðgerðir í þessum efnum.

Það sem ég var að spyrja um er vilji framsóknarmanna og annarra þingmanna til að gera eitthvað raunhæft í þessum málum. Hann má kalla það árásir á Framsfl. ef hann vill. Staðreyndin er sú að Framsfl. hefur verið í ríkisstjórn frá 1971 og ég vil spyrja þingmanninn: Hvaða ríkisstofnun hafa ráðherrar Framsfl. flutt frá höfuðborgarsvæðinu út á land á þeim 20 árum?

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi benda hv. þm. á þegar menn tala um flutning ríkisstofnana að það eina sem þingmaðurinn nefndi áðan var flutningur Skógræktar ríkisins. Nú vil ég síst af öllu gera lítið úr vinnu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að framkvæma það verk. Það mun ég ekki gera og það virði ég við hann. Ég vil hins vegar benda hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni á að þar með var framkvæmdarvaldið að framfylgja þáltill. sem samþykkt var á Alþingi og fyrsti flm. að var Jón Kristjánsson, þingmaður Framsfl. á Austurlandi. Ég held að við ættum kannski að spara okkur stóryrðin.

Ég sagði hv. þm. áðan að ég mundi í ræðu á eftir fara yfir störf Framsfl. að byggðamálum og byggingu ríkisstofnana út um allt land. Það mun ég gera. Ég býst við að þegar skoðuð er saga þessa 20 ára tímabils, sem hv. þm. nefndi, komi í ljós að ekki í annan tíma á þessari öld, nema kannski undir forustu Jónasar frá Hriflu þegar héraðsskólarnir og fleiri mannvirki voru byggð upp, hafi meira verið gert í uppbyggingu opin-

berrar þjónustu á landsbyggðinni en á þessum margfræga framsóknaráratugum.

Það er svo annað mál að á þessu tímabili var umræðan að þróast um flutning ríkisstofnana. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að á þessu tímabili náðist ekki pólitísk samstaða um slíkt. Hins vegar er mjög erfitt að ætla að heimfæra það upp á einhverja ákveðna stjórnmálaflokka. Það var kannski miklu frekar tíðarandinn og eins og ég nefni í greinargerð með tillögunni að á landsbyggðinni trúðu menn því á þessum tíma að það væri fyrst og fremst uppbyggingin í grunnatvinnuvegunum sem mundi færa byggðamálin í það horf sem menn vildu. Það þjónar engum tilgangi nú að fara að velta sér upp úr því hvað hefði gerst eða hvernig hefði verið ef menn hefðu ákveðið að flytja kennaramenntun á háskólastigi til Akureyrar árið 1975. Það hafa, hv. þm., verið skrifaðar svo margar skýrslur sem hefur verið stungið undir stól og ekki farið eftir. Það væri hægt að tína mýmörg dæmi upp úr þeim ef menn vildu fara út í þann leik.

Árni M. Mathiesen:

Frú forseti. Hér er að mínu mati um afar athyglisvert mál að ræða bæði að formi til og innihaldi. Það vekur athygli að hér er um frv. til laga að ræða en ekki þáltill. Hefði maður í fljótu bragði talið eðlilegra að svona mál væri flutt sem þáltill. Ég mun kannski fjalla um það örlítið betur á eftir.

Innihaldið, þ.e. flutningur ríkisstofnana út á landsbyggðina, er athyglisvert út af fyrir sig. Rétt er að skoða það aðeins í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur í okkar þjóðfélagi á undanförnum árum.

Það hefur orðið gríðarleg aukning á starfsmönnum ríkisins á allra síðustu árum og jafnvel þótt leitað væri aftar og talað um síðustu 20 árin. Sú aukning hefur að langmestu leyti orðið á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að hér eru og hafa verið settar niður flestar þær ríkisstofnanir sem máli skipta að stærð og þjónustu sem fólk þarf að sækja. Það liggur því beint við að ríkisstjórn sem vill stemma stigu við fólksflótta af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið reyni að líta í eigin barm og athuga hvað hún geti gert til að færa þá fjölgun starfsmanna sem hún sjálf stendur fyrir út á landsbyggðina.

Það virðist vera að þær ríkisstjórnir sem hér hafa setið á undanförnum árum hafi ekki staðið sig einmitt í þessu stykki. Reyndar hefur verið vakin athygli á því hér fyrr í dag úr þessum stól að Framsfl., sem fyrsti flm., hv. 6. þm. Norðurl. e., tilheyrir, hefur verið í ríkisstjórn nánast samfellt í 20 ár, frá 1971 til 1991. Hann hefur boðað að hann muni fara yfir hlut síns flokks í þessum efnum í seinni ræðu sinni í umræðunni. Verður áreiðanlega athyglisvert að hlusta á og fylgjast með þeirri ræðu þar sem hann hefur boðað að hann muni rekja gerðir Framsfl. allt aftur til gerða Jónasar frá Hriflu. (Gripið fram í.)

Hv. 8. þm. Reykn., Ólafur Ragnar Grímsson, flutti mjög fræðandi ræðu þar sem hann útskýrði fyrir þingheimi hvaða hlut hann hefði átt að þessu máli fyrr á öldinni eða fyrir nærfellt 20 árum þegar hann sat í nefnd sem fjallaði um þessi mál sérstaklega og lagði fram gríðarlega skýrslu ef ég hef skilið rétt. Þegar hv. þm. Ólafur Ragnar var að segja okkur frá þessu var ég að velta því fyrir mér: Fulltrúi hvaða flokks var hv. þm. í þessari nefnd? (**ÓRG:** Viltu fá svar við því.) Já, það væri ágætt, hv. þm. Svarið kemur ekki. (Gripið fram í.) Alla vega var nefndin skipuð í tíð Ólafs Jóhannessonar sem var forsrh. fyrir vinstri stjórninni og sennilegast hefur Ólafur þá verið fulltrúi annaðhvort Framsfl. eða Samtaka frjálslyndra og vinstrimanna. Alla vega hefur hann verið orðinn meðlimur í Samtökum frjálslyndra og vinstrimanna þegar skýrslan var lögð fram því þá var komið fram yfir kosningarnar 1974.

Frá þeim tíma hefur hv. þm. Ólafur Ragnar gengið í þriðja flokkinn og þar hefur hann komist til heldur meiri mannvirðinga en í fyrri flokkunum tveimur sem ég hef nefnt. Hann hefur bæði verið þar þingflokksformaður og formaður flokksins sjálfs og gegndi um árabil fjármálaráðherrastöðu á vegum flokksins í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og ég get ekki sagt það að ég hafi orðið var við þessa stefnu sem hann segir að hafi verið í þeirri miklu skýrslu í þeim málum sem hann hefur staðið að á þessu tímabili þegar hann hefur haft mannaforráð í Alþb. (**ÓRG:** Ég flutti frv. í þinginu.) Það getur vel verið að ég muni þetta ekki nógu vel, ég hafi ekki verið farinn að fylgjast nógu vel með stjórnmálum þegar hann var að flytja mál um þetta. Eins getur það líka verið að þrátt fyrir góðan vilja þingmannsins, þá hafi samstarfsflokkar hans í ríkisstjórn ekki lagt honum nægilega mikið lið, en allan þann tíma sem hann hefur verið í ríkisstjórn og í stjórnarmeirihluta hefur Framsfl. verið honum samskipa og reyndar Alþfl. að hluta svo að ég nefni ekki fleiri. (**ÓRG:** Sjálfstfl. að hluta.)

Það var lítillega farið inn á stefnu núv. ríkisstjórnar í þessum efnum og var reyndar rækilega á það minnt af hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, 18. þm. Reykv., að það er á stefnuskrá þessarar ríkisstjórnar að flytja ríkisstofnanir út á land og hv. 8. þm. Reykn. gerði skilmerkilega grein fyrir því hvernig forsrh. hefur staðið að því að skipa starfsmann og nefnd til þess að fylgja því máli eftir.

Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 1. flm., sem er nú horfinn úr salnum í bili alla vega, vék að því í andsvari við ræðu hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar að stefna stjórnarinnar birtist í því hvernig hæstv. heilbrrh. færi fram hvað varðar niðurskurð og sparnað í heilbrigðiskerfinu og nefndi hann þar sérstaklega tilteknar stofnanir. Ég held að það sé engum blöðum um það að fletta að langsamlega mestur sparnaður í heilbrigðiskerfinu hefur orðið í Reykjavík vegna þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á skipulagi sjúkrahúsmála í borginni. Og þó að tillögur hafi verið um það að þar yrði sparað, skorið niður eða hvað sem menn vilja kalla það hjá einstökum stofnunum úti á landi, þá er með engu móti hægt að færa á þann hátt rök fyrir því að það sé sérstök stefna ríkisstjórnarnnar að skerða heilbrigðisstofnanir úti á landi. Hv. þm. Jóhannes Geir tiltók t.d. Staðarfell sem er hluti af starfsemi SÁÁ, en

það kom hvergi fram í tillögum heilbrrh. um minnkuð fjárframlag til SÁÁ að það ætti að skera niður starfsemi á Staðarfelli. Þær hugmyndir voru algerlega fram komnar á vegum forsvarsmanna samtakanna sjálfra.

Hv. 8. þm. Reykn. lýsti hér fyrir okkur samgöngukerfinu í Bretlandi, hvernig það lægi norður/suður og suður/norður frekar heldur en austur/vestur og vestur/austur. Þetta er hárrétt hjá þingmanninum og sjálfsagt rétt hjá honum að þetta hafi valdið vandkvæðum þar í landi við það að dreifa ríkisstofnunum víðar heldur en á höfuðborgina sjálfa. En þessu er ekki svo farið hjá okkur. Við höfum lagt metnað okkur í það að byggja hringveg og það er unnið að því hörðum höndum að hann verði lagður slitlagi alla leið þannig að það eru ekki neinar norður/suður eða austur/vestur leiðir að ræða, alla vega enn sem komið er. Og hann nefndi ferjusamgöngur og þær umræður sem orðið hefðu um ferjusamgöngur sem dæmi um það að ríkisstjórnin ætlaði ekki að standa við sín orð í því að koma ríkisstofnunum út um landið. Ég held að það sé að bera í bakkafullan lækinn að taka þetta sem sérstakt dæmi því að ég held að rekstur og starfsemi þessara ferja hafi afar lítið að gera með það hvar ríkisstofnanir eru niður komnar. Þær samgöngur sem sennilega skipta mestu máli í þessu sambandi eru flugsamgöngur og samgöngur á landi og þó sennilega mundu flugsamgöngurnar skipta mestu máli, sérstaklega þegar menn horfa til þess að þurfa að fara í tiltölulega snöggar ferðir á milli landshluta. Ég hef ágæta reynslu af því úr mínu fyrra starfi sem dýralæknir þar sem ég sinnti starfi mínu um allt land, í öllum landshlutum og öllum kjördæmum, að það var hægt að komast nánast hvert á land sem er hvenær sem er ef veður á annað borð leyfði. Þá eru flugsamgöngur tiltækar nánast hvar sem er og hvenær sem er, ekki bara frá Reykjavík og út á land heldur einnig á milli landshluta, þ.e. annarra heldur en suðvesturhornsins. T.d. frá Norðurlandi til Austurlands og einnig frá Norðurlandi til Vestfjarða svo að dæmi séu nefnd og ég er ekki í nokkrum vafa um það að ef meiri þörf væri á þess konar samgöngum vegna ríkisstofnana sem settar væru niður víðar um landið, þá mundu þessar samgöngur aukast og eflast og okkar ágætu flugfélög á landsbyggðinni mundu vera fullkomlega fær um það að veita þessa þjónustu við viðunandi verði.

Það var einnig minnst á Byggðastofnun hér og það að forsrh. hefði sérstakan hug á því að flytja þessa stofnun. Það er þá rétt að geta þess að forsrh. er ekki sá fyrsti sem fær þessa hugmynd og áður en hann fór að hafa veruleg afskipti af landsmálum voru þessar hugmyndir uppi og fór fram fræg atkvæðagreiðsla um það hvort flytja skyldi stofnunina frá Reykjavík og út á land. Ef ég man rétt, þá var hv. 4. þm. Norðurl. v., Stefán Guðmundsson, formaður stjórnar Byggðastofnunar á þessum tíma og greiddi atkvæði gegn því að stofnunin yrði flutt út á land.

Það var lítillega rætt um 2. gr. frv. sem fjallar um það að í lok tímabilsins skuli 40% af starfsemi ríkisstofnana, reiknað sem hlutfall af heildarlaunagreiðslum, fara fram utan höfuðborgarsvæðisins og þetta markmið borið saman við stöðuna eins og hún er í dag. Í umsögn um 2. gr. segir að nú sé 67,63% greitt á höfuðborgarsvæðinu en 32,37% greitt úti á landsbyggðinni.

Í fljóti bragði sýnist mér að þegar flm. hafa samið 2. gr. hafi þeir bara tekið það hlutfall eða þá hlutfallsskiptingu sem er á íbúum landsins í dag að um það bil 60% íbúanna búa hér á hinu svokallaða höfuðborgarsvæði en 40% búa á landsbyggðinni. (**JGS:** Það er rétt.) Og þeir virðast vilja fara mjög strangt eftir því að þarna sé samræmi á milli fólksfjölda og skiptingar á heildarlaunagreiðslum ríkisstofnana. En mig langar til þess að spyrja hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson: Vill hann að sama samræmi gildi hvað varðar vægi atkvæða þeirra sem búa hér á höfuðborgarsvæðinu og þeirra sem búa úti á landsbyggðinni? Ef annað á að gilda, sbr. 2. gr., á þá ekki hitt að gilda líka? Eiga ekki atkvæði allra landsmanna að vega jafnt, burt séð frá búsetu? Mér sýnist að það mundi verða litið það sem jafnvel þó nokkurn sigur fyrir þá sem hafa barist fyrir jafnvægi í þyngd atkvæða allra landsmanna ef einn af þingmönnum Framsfl. úr því kjördæmi sem má segja að sé höfuðvígi flokksins þar sem þeir hafa flesta þingmenn lýsti sig samþykkan því að atkvæði allra landsmanna ættu að vega jafnmikið.

Rétt í lokin á ræðum tveggja hv. þm., hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar og hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, var minnst á Seðlabankann. Það er kannski að taka forskot á sæluna að fara að ræða Seðlabankann áður en boðuð frumvörp liggja hér frammi í þinginu. En þeir virtust vera sammála um það að nægjanlegt væri að hafa einn seðlabankastjóra og það væri skynsamlegt að nota tækifærið þegar tveir af seðlabankastjórunum munu væntanlega láta af störfum innan tíðar með stuttu millibili og endurskipuleggja yfirstjórn bankans og hafa einungis einn seðlabankastjóra. Og þá vil ég spyrja, færi ekki vel á því að þriðji seðlabankastjórinn sem nú situr, fyrrv. þm. og fyrrv. ráðherra og fyrrv. borgarstjóri Birgir Ísleifur Gunnarsson, væri seðlabankastjóri einn? Færi bara ekki vel á því? Ég man ekki betur en Birgir Ísleifur hafi verið skipaður seðlabankastjóri í tíð síðustu ríkisstjórnar og oddvitar þeirrar ríkisstjórnar voru forsrh. Steingrímur Hermannsson, utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson og formaður Alþb. og fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson. Og væntanlega hefur hann borið jafnmikla ábyrgð á skipan Birgis Ísleifs og ber jafnmikið traust til hans í dag og hann gerði þá eins og þeir hinir oddvitar fyrrv. ríkisstjórnar gerðu.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna síðustu orða hv. þm. vil ég upplýsa það hér að í tíð síðustu ríkisstjórnar gagnrýndi ég skipun páv. þm. Birgis Ísleifs Gunnarssonar í embætti seðlabankastjóra. Ég gerði það vegna þess að ég taldi að sú skipan væri hluti af því gamla lénskerfi flokkspólitískrar hagsmunagæslu sem tíðkast hefur í stjórnkerfi Seðlabankans frá stofnun, því miður. Það hafði ekkert að gera með persónu hv. þm., núv. seðlabankastjóra, en það vita auðvitað allir sem til þekkja að

hann var skipaður samkvæmt tilnefningu núv. formanns Sjálfstfl. og fyrrv. formanns Sjálfstfl. Hann var tilnefndur af Sjálfstfl. og viðskrh. greindi frá því í ríkisstjórninni að hann hefði ákveðið að verða við þessari tilnefningu Sjálfstfl. í það embætti sem Geir Hallgrímsson, fyrrv. formaður Sjálfstfl., hafði gegnt í Seðlabankanum. Það liggur þess vegna fyrir að ég gagnrýndi þá skipan á sínum tíma vegna þess að hún væri hluti af þessu gamla kerfi og ég lagði þá fram það sjónarmið sem ég flutti hér að það ætti að breyta stjórnkerfi Seðlabankans. Það getur þess vegna ekki gengið upp að í embætti eins bankastjóra í Seðlabankanum, verði stjórnskipun bankans breytt, yrði settur maður sem á með engum hætti faglegan uppruna, hefur ekki til að bera það sjálfstæði sem nauðsynlegt er og er til kominn í bankann tilnefndur af Sjálfstfl. sem sérstakur fulltrúi í það embætti sem flokkurinn hefur haft í bankanum frá stofnun hans og Davíð Ólafsson, fyrrv. þm. Sjálfstfl., gegndi áður. Það hefur ekkert með persónu Birgis Ísleifs Gunnarssonar að gera. Það er margt gott um hann að segja. Hann var vænn maður hér á Alþingi og góður drengur, en það getur einfaldlega ekki gengið upp hvað snertir breytingu á stjórnkerfi Seðlabankans í nútímahorf.

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hér hafa farið fram. Ég vil þakka síðasta ræðumanni hans ræðu sérstaklega. Hún var svona í þeim anda sem ég hefði viljað sjá þessa umræðu fara fram vegna þess að við eigum að geta tekið þessa umræðu án þess að láta hana fara út í flokkspólitískt karp. Og því betur er það nú oftar en ekki um meðferð slíkra mála hér í þingsölum að menn ræða þau á málefnalegan hátt. Alþingi Íslendinga er málþing og það hlýtur að vera hluti af hlutverki þess að hér reyni menn að nálgast kjarna málsins með málefnalegum umræðum.

Ég ætla í upphafi að svara hv. þm. Árna Mathiesen einni spurningu sem hann lagði fyrir mig, úr því að ég vildi hafa samræmi milli landshluta í rekstri ríkisstofnana, hvort ég vildi þá líka jafna atkvæðavægið milli landshluta. Ég vil nú ekki bera þetta alveg eins mikið saman eins og hv. þm. gerir en það var hins vegar nokkuð klókt hjá honum að koma fram með þetta á þennan hátt og neyða mig þá til þess að lýsa yfir minni skoðun á þessu máli eða þrýsta á það. Það vill reyndar þannig til að það er á leiðinni í einu dagblaða landsins grein eftir mig þar sem ég reifa þessi mál, kjördæmaskiptinguna og vægi atkvæða. Ég er þeirrar skoðunar að sú breyting sem gerð var á kosningalögum og búið er að kjósa eftir tvisvar sé í sjálfu sér það vitlaus að hún ein knýi á um breytingar. Nú segi ég það ekki vegna þess að það vill svo til að þessi breyting geri það að verkum að við næstu kosningar var það þingsæti sem ég sat í, 6. þm. Norðurl. e., að flytjast til Reykjaness því að það svo sem kemur því máli ekki við. En við höfum bara séð framan í þetta kerfi síðustu tvennar kosningar og séð hvernig það er í raun. Þar átti að samræma tvennt sem í raun var ósamrýmanlegt: Annars vegar að þingsæti skiptust hlutfallslega milli stjórnmálaflokka og hins vegar að viðhalda vissu ójafnvægi atkvæða milli landshluta. Út úr þessu kom þessi bastarður. Ég nefni eitt lítið dæmi um það hvernig þetta kerfi getur virkað. Ef Framsfl. í Norðurl. e. hefði fengið 30–40 atkvæðum færra en hann fékk í síðustu kosningum og þau atkvæði hefðu skipst á ákveðinn hátt, þá hefði Framsfl. áfram verið með rúm 36% af atkvæðum í kjördæminu en tvo þingmenn af sjö. Þá hefði hins vegar það gerst að Sjálfstfl. með 24% atkvæða hefði verið með þrjá þingmenn af sjö. Það sýnir bara hvað þetta kerfi er í raun vitlaust og þetta hefði þýtt rúllettu þar sem þingmenn hefðu skipt um sæti nánast í öllum kjördæmum. En svona fór þetta nú ekki.

Frægt er það með hv. 3. þm. Austurl. sem í tvígang fór inn á móti öllum líkum. Nú er ég ekki að lasta það og ég reyndar fagna því að við höfum þann þingmann hér með okkur, ágætan formann okkar í landbn. En þetta kerfi sem við búum við núna er ekki til frambúðar. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þær tillögur sem Sjálfstfl. hefur lagt fram séu ekki til bóta. Þær eru frekar til þess að ala á kjördæmaríg og landshlutaríg í þessu máli. Við verðum hins vegar að finna einhverja sátt og það sem ég sé kannski helst í þessu máli er að við finnum einhverja leið sem verði sambland af því að viðhalda núverandi kjördæmaskipun þ.e. þessum átta kjördæmum og síðan komi níunda kjördæmið sem verði landið allt. Þetta verði þá á einhvern þann hátt að helmingur þingmanna — nú læt ég það liggja milli hluta hvort þeir verða 63 eða 53 eða hvað margir, ég held að það sé ekki aðalatriðið í þessu — verði kjördæmakosinn með sem jafnastri tölu þingmanna í hverju kjördæmi, hinn helmingurinn verði síðan kosinn af óbundnum landslistum og þar vegi atkvæðavægið að fullu. Flokkarnir geta þá stillt upp á þá lista að nokkru eftir því hvaða áherslu þeir leggja á einstaka landshluta þannig að þetta yrði nokkurs konar blönduð leið. Ég tek það skýrt fram að með slíkri kosningu tel ég engan veginn að við þyrftum að fara að skipta þinginu aftur í tvær deildir en helmingur þingmanna yrði samkvæmt þessu kosinn af landslista og þeir væru þá þingmenn kjördæmisins Íslands sem væri landið allt.

Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að nálgast þetta mál á einhvern þennan hátt, eftir einhverri leið sem mundi fremur draga úr en auka þá spennu sem er vissulega til staðar milli landshluta varðandi þetta atriði. Ég er þeirrar skoðunar að kerfi eitthvað í líkingu við þetta mundi verða öllum aðilum til hagsbóta og ekki síst landsbyggðarfólkinu og hinum dreifðu byggðum. Ég held að við finnum það öll, þingmenn, að við höfum afskaplega gott af að ferðast um önnur kjördæmi en okkar eigin og kynnast staðháttum og aðstæðum fólks þar. Það að allir stjórnmálaflokkarnir hafa í auknum mæli unnið þannig síðustu árin bendir til þess að menn vilji meira fara að líta á þetta mál þannig að þingmenn séu fulltrúar alls landsins í meiri mæli heldur en einstakra landsvæða eða kjördæma. Hv. þm. verður að láta þetta svar duga við spurningu sinni.

Varðandi það sem hann nefndi um að hv. þm. Stef-

án Guðmundsson hefði verið á móti flutningi aðalstöðva Byggðastofnunar til Akureyrar, þá er það rétt. Hv. þm. Stefán Guðmundsson hefur í þessu máli talið að það væri betra að fara aðra leið sem oft er rædd þegar talað er um flutning ríkisstofnana, að flytja stofnunina þannig út á land að mikill hluti starfseminnar fari fram í útibúum í fjórðungunum en höfuðstöðvarnar verði áfram í Reykjavík. Ég get tekið fram að ég er ekki sammála hv. þm. í þessu. Ég tel að það séu full rök fyrir því að Byggðastofnun geti verið með sínar höfuðstöðvar á Akureyri þó svo menn viðhaldi því að vera með starfsstöðvar einnig í öðrum landshlutum þá geti einfaldlega verið starfsstöð einnig hér í Reykjavík og sinnt því sem þar þarf að gera.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og Gunnlaugur Stefánsson kusu að nota þetta mál hér til að fara í nokkuð harða flokkspólitík. Nú er ég þeirrar skoðunar að það út af fyrir sig sé ekki málstaðnum til nokkurra bóta. Málið er ekki þannig vaxið — eins og hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson sagði — að nú væri komin til valda ríkisstjórn sem ætlaði að fara að láta verkin tala í þessu — ég hef reyndar hrakið það hér í andsvari áður — hún ætli að fylgja eftir sínum málefnasamningi og nú fari loksins eitthvað að gerast. Málið er ekkert þannig. Málið er heldur ekki þannig að ef framfylgt hefði verið tillögum í skýrslu nefndar, sem framsóknarmaðurinn Ólafur Ragnar Grímsson veitti forstöðu á þeim tíma, þá væri allt miklu betra í dag í þessum málum. Þetta þjónar málstaðnum ekkert heldur. Málið er það, eins og ég sagði hér áðan, að það hefur verið gerður aragrúi af skýrslum og það er kannski vandamál okkar síðustu árin að það hafa verið búnar til of margar skýrslur. Ef við tíndum til allar þær skýrslur sem hafa verið gerðar um byggðaþróun, um skiptingu landsins í sveitarfélög, þriðja stjórnsýslustigið og allt þetta þá yrði sá bunki ansi hár, ætli hann mundi ekki slaga upp í öll málskjöl EES-málsins ef allt væri tínt til. Málið er hins vegar það að málunum hefur ekki verið fylgt eftir ýmissa hluta vegna, m.a. vegna þess að hið pólitíska land hefur legið á þann hátt. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. Og hið félagslega bakland, eins og hann rakti réttilega áðan, var ekki tilbúið og það er kannski þungamiðjan í þessu.

Við stóðum hins vegar á þessum árum, og það nefndi ég hér áðan, í geysilegri uppbyggingu út um allt land á ríkisstofnunum, á samgöngukerfinu, sem hvort tveggja er þungamiðjan og kannski grunnurinn fyrir því að gera annað og meira. Ég nefni í þessu sambandi að á þessum margfrægu framsóknaráratugum voru samþykkt ný grunnskólalög og grunnskólinn byggður upp á ný frá grunni, bæði kennslulega séð og að verulegu leyti líka hvað snertir húsnæði, tæki og mannafla. Það yrði til að æra óstöðugan að telja upp öll þau nýju störf sem það hefur skapað út um allt land. Í framhaldi af þessu höfum við — og þá segi ég við, íslensk stjórnvöld, því um þetta hefur ríkt veruleg samstaða þó svo það hafi komið í hlut Framsfl. að vera í stjórnarforustu mikið af þessum tíma — byggt upp framhaldsskólann sem hefur gert það að verkum að unga fólkið hefur getað verið fjórum árum lengur í sinni heimabyggð eða í sínum landshluta og stundað þar framhaldsmenntun. Sömuleiðis þar skipta störfin ekki tugum heldur hundruðum, ný störf sem hafa skapast á landsbyggðinni í tengslum við þetta.

Ég nefni einnig heilsugæsluna og sjúkrahúsin. Á þessum áratugum höfum við verið að byggja upp heilsugæsluna um allt land. Við höfum verið að byggja upp og bæta við þau sjúkrahús sem eru úti um land og sömuleiðis þar eru ný störf á landsbyggðinni sem þessu tengjast ekki talin í tugum, það eru hundruð ef ekki þúsund. Þetta bið ég menn að hafa í huga þegar menn stíga hér í ræðustól, hvort sem það er hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson eða hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, og tala um hvað framsóknarmenn hafi verið að gera í byggðamálum og uppbyggingu opinberra stofnana út um land á þessum 20 árum. Ég nefni það einnig og það tengist því sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði hér áðan að á þessum tíma hefur samgöngukerfi landsins verið byggt upp. Um það hefur verið sátt og samvinna meðal þingmanna og innan Alþingis, þó svo eins og ég sagði áðan að það hafi komið í hlut framsóknarmanna að veita ríkisstjórnum forustu lengst af á þessum tíma, og þessar samgöngubætur í vegakerfinu og í flugvöllunum eru kannski, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Árna Mathiesen hér áðan, ein höfuðforsendan fyrir því að við getum farið að stíga stærri og fleiri skref í því að flytja stofnanir. Hv. þm. Árni Mathiesen lýsti því hér greinilega og skýrt áðan að samgöngukerfið í dag er í raun enginn þröskuldur fyrir því að menn geti flutt stofnanir. Við þekkjum það sem búum úti á landi og höfum tekið virkan þátt í félagsmálum og atvinnulífinu að menn fara hér á milli landshluta á dagstundum, það er ekkert mál. Því betur er það svo að ... (**Gripið fram í:** Það getur verið það.) Það getur verið það, það er alveg rétt. En það er nú bara eitt af því, hv. þm., sem fylgir því að vera Íslendingur og búa á Íslandi að verða að glíma við óblíð náttúruöfl þegar þannig ber undir. Og ef hv. þm., sem ég vil nú alls ekki ætla honum, er að meina það, þá væri eina lausnin að við yrðum öll að vera á einhverjum einum bletti þannig að við kæmumst okkar ferða og gætum farið milli stofnana burt séð frá veðri og vindum en þá væri það hin eina lausn en ég veit reyndar að það er ekki hans skoðun. Þannig að við verðum að takast á við að búa í þessu landi sem sýnir okkur oft óblíðar móttökur, og við viljum það.

Þetta er nú það, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, sem hefur verið höfuðþunginn í byggðamálunum og uppbyggingu ríkisstofnana út um land síðustu 20 árin. Ég ítreka það sem ég sagði hér í andsvari áður að þegar menn fara að skoða söguna þá hef ég trú á því að það verði litið á þennan tíma sem einhvern mesta uppbyggingartíma hvað þessa þjónustu snertir út um land. Það er svo alveg rétt eins og kemur fram í greinargerð með frv. okkar flm. að umræðan um flutning ríkisstofnana hefur ekki verið mjög markviss á síðustu árum þrátt fyrir allar skýrslurnar. Og þar þurfum við að taka höndum saman núna og taka á þeim málefnum.

Ég vil nú biðja hv. þm. að skoða það markmið sem

hér er sett fram í fullri vinsemd og spyr hann að því hvort honum finnist nokkuð óraunhæft að starfsemi ríkisstofnana, umfang þessa rekstrar, skiptist milli landshluta í eitthvað líkum hlutföllum og íbúafjöldinn er. Það er ekkert annað heldur en það sem þarna er verið að setja fram. Og það er sett fram á þann hátt að við tökum útgangspunkt sem við ætlum að bera okkur saman við hvernig hefur tiltekist á næstu árum. Sú mælieining, og það ítreka ég aftur, getur staðið alveg óhögguð burt séð frá því hvað verið er að flytja af starfsemi milli ríkis og sveitarfélaga einfaldlega vegna þess að það er tekið hér fram í skýringum með frv. að við miðum við ákveðinn tímapunkt og stöðuna eins og hún var þá í þeirri starfsemi sem þá er á vegum ríkisins. Það er einfaldasti hlutur í heimi, þó að um væri að ræða einhverja tilfærslu á milli sveitarfélaga og ríkisins að bera þetta saman, þessa sömu starfsemi frá ári til árs. Það eru engar reiknikúnstir og því síður einhver áróðursbrögð eða sýndarmennska eins og hv. þm. sagði hér í ræðu sinni áðan.

Ég tel mig hafa sýnt það í mínu félagsmála- og pólitíska starfi að mér er full alvara þegar ég ræði um byggðamál og flutning ríkisstofnana og ég hef reynt eftir því sem ég hef getað að veita slíkum málum lið. Þannig að ég hafna því algerlega og vísa því á bug að hér sé um að ræða eitthvert ómerkilegt áróðursfrv. eins og hv. þm. sagði áðan. Ég vænti þess þegar þetta frv. fer til umfjöllunar í nefnd þá verði það tekið eins og hugur er á bak við það hjá flm. og tekið á því af fullri alvöru.

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort ég þarf að hafa þessa ræðu miklu lengri. En ég vil þó upplýsa hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson um að við deilum skoðun algerlega hvað það snertir og erum sammála varðandi yfirstjórn á Seðlabankanum. Ég er þeirrar skoðunar að þar eigi að vera einn faglegur bankastjóri. Það væri ósk mín að málið færi í þann farveg þegar við vinnum það frekar hér innan þingsins.

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur að mínu mati verið, þrátt fyrir allt, gagnleg og vonandi svona einn steinn í þá hleðslu að við náum því á næstu árum að fara í alvöru í flutning á ríkisstofnunum. Nú vil ég taka það fram, miðað við það sem hér hefur komið fram í umræðunum fyrr, að slíkt þarf alls ekkert að gerast með því að menn flytji stofnanir í heilu lagi. Enda er það tekið fram í greinargerð með frv. að það geti gerst með því að flytja stofnun í heilu lagi, flytja hana að hluta eða flutningurinn taki mörg ár. Það væri kannski það æskilegasta. Það er komið útibú Rannsóknastofu fiskiðnaðarins í tengslum við Háskólann á Akureyri. Og ég minni hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson á að það var hv. þm. Halldór Ásgrímsson sjútvrh. sem gekk fram í því til að styrkja Háskólann á Akureyri með því að koma þar á fót útibúum bæði frá Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Ég hefði getað séð hlutina þróast þannig hvað þetta snertir að innan einhvers árabils værum við búnir að snúa hlutunum við, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins væri staðsett á Akureyri í tengslum við rannsóknastofnun háskólans þar en það væri orðið útibú frá henni hér í Reykjavík. Á slíkan hátt geta hlutir gerst á mjög sársaukalítinn hátt fyrir starfsfólk og aðra sem tengjast starfseminni.

Ég verð þó að lokum varðandi þennan þátt að nefna eitt dæmi. Ég hlustaði á mjög athyglisvert erindi hjá Steinþóri Skúlasyni, framkvæmdastjóra Sláturfélags Suðurlands, fyrir nokkrum mánuðum þar sem hann sagði frá flutningi SS á Hvolsvöll, sem var kannski neyðaraðgerð að hluta en hún var framkvæmd og ef ég man rétt m.a. með dyggum stuðningi hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar sem fjmrh. að liðka til að þetta gæti gerst. Í þessu erindi kom fram að allir, hver og einn einasti lykilmaður fyrirtækisins flutti með austur á Hvolsvöll. Og eftir því sem hann segir líkar þeim vistin bara vel. Þannig að kannski gera menn of mikið úr þessum hlutum stundum.

Virðulegi forseti. Ég vil enda á að þakka fyrir þessa umræðu. Ég tel að hún hafi verið gagnleg. (Gripið fram í.) Nei, virðuleg forseti, nú verð ég að upplýsa hv. þm. um að ég sagðist eingöngu ætla að rekja þessa sögu síðustu 20 árin. Og eins og hv. þm. man eflaust þá skipti Jónas frá Hriflu sér nú lítið af stjórnmálum á þeim tíma. Hins vegar er það athyglisvert að hæstv. utanrrh. lýsir því nú yfir í fjölmiðlum að hann hafi fundið nýjan Jónas frá Hriflu suður í Afríku. (Gripið fram í.) Ef menn vilja skoða slíka sögu þá verða menn kannski að spyrja hæstv. utanrrh.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að þessi umræða í dag hafi að mörgu leyti verið gagnleg og ég vona að hv. fyrsti flm. þessa máls misskilji það ekki þó ég hafi hér vikið nokkrum orðum að fyrri tíð í þessum efnum. Það er auðvitað þannig að þótt menn starfi saman í ríkisstjórnum, menn og flokkar, þá skiptast línurnar öðruvísi á ákveðnum tímum. Eins og hér hefur kannski komið fram í mínu máli þá þótti mér ærið slæmt hvernig þessi mál fóru í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem sat árin 1974–1978 vegna þess að það var kominn þó nokkur skriður á þetta mál á þeim tíma og þá var orðin þó nokkur vakning varðandi málið.

Ég er sammála hv. þm. um að þetta er ekki flokkspólitískt mál og það á ekki að halda þannig á þessu máli hér í þinginu að það sé dæmt eftir því. Ég vil þess vegna veita því stuðning að þetta frv. fái afgreiðslu. Ég hef hins vegar mínar efasemdir um það að þeir mælikvarðar sem settir eru í frv. muni duga af því að ég held að öflin og erfiðleikarnir sem vinna gegn raunhæfum breytingum í þessum efnum séu svo sterk að það þurfi skýrari lagasvipu heldur en í þessu frv. er.

Hitt er svo dálítið umhugsunarefni um stöðu málsins að ef frá er talinn hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, sem þó að hann sé þingmaður fyrir Austurland er nú kannski fyrst og fremst Hafnfirðingur að uppruna og hugsunarhætti, og flm., þá eru það fyrst og fremst tveir þingmenn Reykn. sem hafa haldið uppi þessari umræðu hér í dag ásamt flm. og ekkert talað neikvætt um málið, hvorki ég né hv. þm. Árni Mathiesen. Það vekur hjá mér nokkrar spurningar um það hvernig standi á því að þingmenn landsbyggðarkjördæmanna skuli

ekki hafa tekið þátt í þessari umræðu því að ég tel nauðsynlegt að fenginni reynslu eins og ég hef látið koma fram í umræðunum að ef þessi mál eiga að fá einhvern stuðning, þá þurfi nokkuð breiða sveit í baklandi. Ég vona að þeir þingmenn sem hafa verið fjarri þessa umræðu taki í nefndinni og við seinni umræðu um málið upp þráðinn og sýni eindreginn stuðning við það að frv. verði afgreitt þó það kunni að taka einhverjum breytingum.

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort ég á að túlka það þannig þegar hv. þm. segir að hann hafi ekki talað nema vinsamlega um málið, að hann sé að draga til baka þau ummæli sín að meginmarkmið þess væri algerlega óraunhæft eins og ég held að ég hafi orðrétt eftir hv. þm. hér úr ræðustól áðan, þessi 40% væru algerlega óraunhæft markmið.

Hitt tek ég undir með honum að við eigum að reyna að ræða um þetta án þess að reyna að leggja á það þennan flokkspólitíska mælikvarða. Hv. þm. kaus að nefna eina sérstaka ríkisstjórn á þessu 20 ára tímabili. Því miður held ég að það hafi ekki meira gerst í þessum flutningsmálum á þeim tímum þegar Alþb. hefur verið í ríkisstjórn ef undan er skilið flutningur Skógræktarinnar til Austurlands sem er eitt lítið skref en mikilvægt og eins og ég rakti hér áðan var framkvæmt af Steingrími Sigfússyni, hv. þm., þá ráðherra þar sem hann var að framkvæma vilja Alþingis sem hafði samþykkt till. þess efnis flutta af Jóni Kristjánssyni, þingmanni Framsfl. á Austurlandi. Þannig að við þurfum öll sömul að taka okkur saman í andlitinu og taka á þessum málum á nýjan hátt.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú nokkuð erfitt að reyna að leggja því lið að þetta frv. fái umfjöllun hér í þinginu ef hv. flm. bregst þannig við að við tveir sem höfum nú aðallega sýnt málinu áhuga og höfum haft nennu til þess að vera hér í þinginu í dag og ræða þetta mál, fáum bara snuprur frá þingmanninum fyrir það að leyfa okkur að hafa einhverjar skoðanir á málinu. Ég hélt satt að segja að þingmaðurinn mundi frekar fagna því að það eru þó til tveir þingmenn hér, ég og hv. þm. Árni Mathiesen, sem höfum (Forseti hringir.) — hvers vegna er hæstv. forseti að slá í bjölluna? **(Forseti:** Tími hv. þm. er búinn.) Nei, það er rangt hjá hæstv. forseta vegna þess að forseti endurstillti ekki tímamörkin þegar ég hóf mál mitt. **(Forseti:** Það gerði forseti raunar.) Þá ætlaði hann mér held ég 20 sekúndur vegna þess að það var það sem eftir var, sú tala sem var hér í stólnum þegar ég byrjaði þannig að ég held að þetta hljóti að vera mistök hjá hæstv. forseta. **(Forseti:** Þá skal forseti veita hv. þm. eina mínútu í viðbót.) Enda er ég nú að ljúka máli mínu. Það skiptir nú ekki miklu máli.

En ég vil hins vegar láta það koma alveg skýrt fram að ég er sammála meginefni frv. Ég hélt að meginefni frv. væri að reyna að stuðla að flutningi ríkisstofnana. Ég hef ekki talið að þessi 40% ákvæði í 2. gr. væru meginefni frv. Það væri hins vegar aðferð sem væri verið að reyna að setja í frv. til að knýja á um að eitthvað mundi gerast. Ég hef haft mínar efasemdir um þá aðferð. Það er ósköp eðlilegt að það sé ágreiningur um það. Meginefni frv. um flutning ríkisstofnana er hins vegar á þann veg að ég hef verið og verð stuðningsmaður þess.

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil engan veginn segja að ég hafi verið að snupra hv. þm. en þetta voru einfaldlega hans orð hér í þingræðu fyrr. En ég get tekið undir það að megintilgangurinn er að koma hreyfingu á þessi mál og ekkert hef ég á móti því ef hv. allshn., sem væntanlega fær þetta mál til umfjöllunar, vill skerpa þau markmið sem þarna eru sett fram. Og það er raunar eðli þingstarfsins að þingnefndirnar ef þær vilja taka jákvætt á málum, þá reyni þær að draga það fram sem kann að geta verið til bóta varðandi viðkomandi tillögu.

Ég vil að lokum þakka þessum tveim hv. þm. sem hér hafa haft mesta þolinmæði fyrir þeirra þátt í þessum umræðum sem eins og ég sagði áðan hafa verið góðar. Ég vil reyndar taka fram að ég var búinn að þakka sérstaklega fyrir án þess að þakka þessum tveim hv. þm. sérstaklega, en ég geri það þá hér í lok máls míns.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Vátryggingarstarfsemi, 350. mál, stjfrv., þskj. 629.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti er nú í nokkrum vanda. Nokkur mál eru enn á dagskrá. Þingmenn hafa ýmist beðið um að þeim yrði frestað eða flytjendur eru ekki viðstaddir. Hér er staddur í salnum einn flm., hv. 6. þm. Vestf., sem er 1. flm. dagskrármáls sem fjallar um breytingar á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Aðrir hv. þm. eru hér ekki viðstaddir. Ég vil spyrja hv. flm. hvort hún kýs að tala fyrir málinu. Þess hefur verið óskað að því yrði síðan frestað vegna fjarveru hv. þm. sem vildu taka þátt í þeirri umræðu. Eða vill þingmaðurinn fresta málinu algerlega? **(JVK:** Ég kýs að fresta því. Mér sýnist vera orðið mjög fáliðað hér í þinghúsinu þannig að ég vil frekar mæla fyrir því síðar þar sem hæstv. menntmrh. hefur einnig tilkynnt veikindaforföll.) Hv. 6. þm. Vestf. hefur kosið að fresta málinu alveg þar sem ráðherra er ekki heldur viðstaddur. Forseti sér því ekki að unnt sé að taka fyrir fleiri dagskrármál á þessum fundi.

Út af dagskrá voru tekin 5.–12. mál.

Fundi slitið kl. 4.59 síðdegis.

108. FUNDUR

föstudaginn 12. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Húsaleigulög, stjfrv., 269. mál, þskj. 360. — 1. umr.
2. Innflutningur á gröfupramma, stjfrv., 239. mál, þskj. 308. — 1. umr.
3. Útflutningur hrossa, stjfrv., 260. mál, þskj. 341. — 1. umr.
4. Dýrasjúkdómar, stjfrv., 287. mál, þskj. 418. — 1. umr.
5. Búnaðarfræðsla, stjfrv., 311. mál, þskj. 498. — 1. umr.
6. Vegáætlun 1993–1996, stjtill., 290. mál, þskj. 422. — Fyrri umr.
7. Umferðarlög, stjfrv., 256. mál, þskj. 333. — 1. umr.
8. Hjúskaparlög, stjfrv., 273. mál, þskj. 369. — 1. umr.
9. Skálholtsskóli, stjfrv., 297. mál, þsj. 462. — 1. umr.
10. Löndun á loðnu til bræðslu, stjfrv., 304. mál, þskj. 473. — 1. umr.
11. Einkaleyfi og vörumerki, stjfrv., 3. mál, þskj. 3. — 3. umr.
12. Samkeppnislög, stjfrv., 9. mál, þskj. 9. — 3. umr.
13. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 11. mál, þskj. 11, nál. 389. — Frh. 2. umr.
14. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 12. mál, þskj. 12, nál. 391. — Frh. 2. umr.
15. Verðbréfaþing Íslands, stjfrv., 13. mál, þskj. 13, nál. 393. — Frh. 2. umr.
16. Stjórnarráð Íslands, stjfrv., 206. mál, þskj. 247. — 1. umr.
17. Undirbúningur vegna hálfrar aldar afmælis lýðveldisins, stjtill., 262. mál, þskj. 351. — Fyrri umr.
18. Aðild Íslands að 50 ára afmæli lýðveldisins, þáltill., 167. mál, þskj. 192. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Guðjón A. Kristjánsson, 1. þm. Vestf.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.,
Stefán Guðmundsson, 4. þm. Norðurl. v.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjals:

Ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna kynferðisbrota, 352. mál, þáltill. SP o.fl., þskj. 631.

Húsaleigulög, 1. umr.

Stjfrv., 269. mál (heildarlög). — Þskj. 360.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til húsaleigulaga. Frv. byggir á gildandi lögum um húsaleigusamninga sem sett voru 1979 og er að meginstofni til samhljóða því frv. sem lagt var fram á 115. löggjafarþingi að teknu tilliti til umsagna sem um það höfðu borist.

Nú eru liðin rúm 13 ár frá því að sett var fyrsta heildarlöggjöf hér á landi um samskipti aðila leigumarkaðarins. Á þessum reynslutíma hafa komið fram ábendingar um ýmis atriði sem betur mættu fara og á það jafnt við þætti er lúta að leigusölum og leigjendum. Hér á landi hefur ekki þróast öruggur og stöðugur markaður fyrir leigjendur líkt og þekkist víða hjá nágrönnum okkar. Ein af ástæðunum fyrir því er sú að aðstoð hins opinbera í húsnæðismálum hefur í meira mæli og jafnvel einvörðungu verið bundin við þá sem eru að eignast húsnæði. Málefnum leigjenda og leigumarkaðar hefur oft verið lítið sinnt. Leiguíbúðir eru nauðsynlegur valkostur í húsnæðiskerfinu og mikilvægt er að skapa forsendur fyrir góðum samskiptum aðila á leigumarkaði.

Samkvæmt niðurstöðum könnunar sem Félagsvísindastofnun gerði fyrir félmrn. í maí og júní 1992 kom í ljós að 13% bjuggu í einhverri tegund af leiguhúsnæði en 7% svarenda leigja á almennum markaði. Rúm 14% búa án endurgjalds í húsnæði foreldra eða ættingja og rúm 73% búa í eigin húsnæði. Úrtakið miðast við fólk á aldrinum 18–75 ára.

Það sem einkennir almenna leigumarkaðinn hér á landi er að leigusalar eru langoftast einstaklingar sem leigja út aðeins eina íbúð. Samskiptin á þessum markaði eru því oft mjög persónuleg. Einnig er algengt að þeir sem leigja á almennum markaði tengist leigusala vensla- eða vináttuböndum. Þetta sýnir m.a. hve mikilvægt það er að húsaleigulög sem kveða á um samskipti aðila á leigumarkaði séu skýr og aðgengileg öllum almenningi.

Í september 1990 skipaði ég nefnd með fulltrúum frá félmrn., Húsnæðisstofnun ríkisins, Leigjendasamtökum og Húseigendafélaginu til að gera tillögur um endurskoðun gildandi laga um húsaleigusamninga. Samkvæmt skipunarbréfi var nefndinni falið að leggja fram tillögur um endurbætur á gildandi lögum um húsaleigusamninga hvað varðar tryggingarfé, tilkynningarskyldu, ákvæði um leigu á atvinnuhúsnæði, húsaleigunefndir, úttektarmenn og gera tillögur um stofnun og starfrækslu sérstakra húsaleigumiðlana. Nefndin skilaði niðurstöðum í mars fyrir réttu ári með frv. að

húsaleigulögum sem lagt var fram í apríl á 115. löggjafarþingi en var ekki afgreitt.

Í frv. því sem nú er lagt fram eru gerðar tillögur um ýmsar veigamiklar breytingar á gildandi lögum. Lögð er til sú veigamikla breyting að ákvæði gildandi laga um fardaga verði að fullu og öllu lögð niður. Þá er lagt til að gerðar verði breytingar hvað varðar forgangsrétt leigjenda sem ætlað er að efla heimilisrétt og öryggi gagnvart geðþóttauppsögnum. Þá hefur allri efnisröðun verið breytt frá því sem er í gildandi lögum í því skyni að gera lögin aðgengilegri öllum almenningi en hér er einmitt um að ræða þann lagabálk sem að líkindum er einna oftast notaður af almenningi.

Það sem hér er lagt fram er frv. til heildarlaga í stað frv. til breytingar á gildandi lögum. Frv. byggir á tillögum nefndarinnar að mestu leyti að undanskildum breytingum sem gerðar hafa verið við frekari umfjöllun í félmrn. og með hliðsjón af þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa. Meginbreytingar frá eldri löggjöf sem felast í frv. þessu eru eftirfarandi:

Fyrst má nefna að forgangsréttur leigjenda er aukinn verulega en heimilisréttur leigjenda hefur hingað til, þrátt fyrir að setning gildandi laga um húsaleigusamninga fyrir rúmum 13 árum síðan bætti þar nokkuð um, verið mun vanþróaðri en í flestum nágrannalöndum okkar. Um forgangsrétt leigjenda er fjallað í sérstökum kafla, X. kafla, og er lagt til að hann taki nú til allra leigusamninga, jafnt tímabundinna sem ótímabundinna. Gert er ráð fyrir að leigjandi sem stendur í skilum með leigugreiðslur og ekki brýtur að öðru leyti gegn leigusamningi eigi að jafnaði forgangsrétt að hinu leigða svo fremi húsnæði sé áfram falt til leigu. Frá forgangsréttinum eru þó verulegar undantekningar samkvæmt frv., svo sem þegar leigusali býr sjálfur í sama húsnæði eða ef hann hyggst ráðstafa húsnæðinu til náinna skyldmenna. Þá getur leigjandi aldrei öðlast forgangsrétt sjálfkrafa heldur verður hann ætíð að fara skriflega fram á hann.

Þá er lagt til að fellt verði niður gildandi ákvæði um fardaga. Það er samdóma álit flestra aðila sem tengjast húsaleigumálum að þessi ákvæði séu óþörf. Ekki verður séð að meiri þörf sé á að binda flutninga leigjenda milli íbúða við ákveðna daga vor og haust en almenn íbúðaskipti á íbúðamarkaði sem eiga sér stað hvenær ársins sem er. Þá valda núgildandi ákvæði oft lengingu leigutíma sem aðilar höfðu alls ekki reiknað með. Slík lenging er reyndar oftast leigjenda í hag og hefur með þeim hætti nokkuð bætt stöðu leigjenda þótt oft hafi slíkur framlengdur leigutími verið mjög í óþökk leigusala. Þó eru einnig ýmis dæmi um að leigjendur séu krafðir um leigugreiðslur eftir að þeir hafa flutt úr húsnæðinu í krafti fardagaákvæðanna.

Nefndin leggur því til að fardagaákvæðin verði afnumin jafnframt því sem uppsagnarfrestur er lengdur þannig að hann verði aldrei styttri en sex mánuðir.

Einnig er á það að líta að hinn aukni forgangsréttur leigjenda sem felst í X. kafla frv. mundi draga verulega úr gildi þeirrar leigutímalengingar sem leitt getur af núverandi ákvæðum um leigufardaga.

Þá er lagt til að stofnsett verði sérstök kærunefnd húsaleigumála sem bæði leigjendur og leigusalar geta leitað til vegna ágreinings sem kann að rísa um túlkun leigusamnings eða framkvæmd hans. Kærunefndinni er ætlað það hlutverk að skila skriflegum álitsgerðum varðandi deilumál og vafaatriði sem óhjákvæmilega hljóta að rísa í samskiptum aðila leigumarkaðarins. Í reynd hefur félmrn. í ríkum mæli á síðustu árum vísað erindum og klögumálum einstaklinga til úrlausnar hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Eðli málsins samkvæmt er ýmsum vandkvæðum bundið að ráðuneytið sinni deilumálum sem kunna að vera milli leigjenda og leigusala. Talið er heppilegra að sérstök nefnd taki að sér þetta hlutverk alfarið.

Kærunefndinni er ætlað, telji hún að ákvæði laga hafi verið brotin, að kveða upp rökstuddan úrskurð innan tveggja mánaða frá því að beiðni barst eða vísa málinu frá á rökstuddan hátt. Úrskurðir nefndarinnar eiga að vera fullnaðarúrskurðir þannig að ef aðili vill ekki una niðurstöðu nefndarinnar verður hann að leita til dómstóla.

Frv. gerir ráð fyrir að ákvæði um húsaleigunefndir falli brott. Meginástæða þess er sú að reynslan hefur sýnt að húsaleigunefndir sveitarfélaganna hafa af ýmsum ástæðum sjaldnast náð að starfa eins og til er ætlast í gildandi lögum. Þá var með lögum nr. 70/1990, um félagslegar íbúðir, kveðið á um að stofna sérstakar húsnæðisnefndir sveitarfélaga sem m.a. skulu fylgjast með framvindu húsaleigumála. Eðlilegast þykir að fela þessum nefndum fyrra hlutverk húsaleigunefndanna. Gert er ráð fyrir að byggingarfulltrúar embætta sveitarfélaganna taki við því hlutverki sem sérstakir úttektarmenn hafa í gildandi lögum. Núgildandi ákvæði um úttektarmenn og úttekt leiguhúsnæðis hafa engan veginn náð tilgangi sínum og slíkt starf hefur aðeins farið fram í litlum mæli í fáum sveitarfélögum. Störf við úttekt leiguhúsnæðis eru í eðli sínu mjög áþekk störfum byggingarfulltrúanna sem nú þegar eru starfandi í öllum sveitarfélögum og því má telja eðlilegast að fela þeim umrætt úttektarhlutverk.

Þá eru ákvæði um húsaleigumiðlanir í ýmsum atriðum endurskoðuð og gerð fyllri og ítarlegri en áður. M.a. er lagt til að félmrn. verði sá aðili sem veitir leyfi til að reka leigumiðlun í stað lögreglustjóra samkvæmt núgildandi lögum.

Í frv. eru ákvæði um að tillögur um atvinnuhúsnæði verði frávíkjanleg og ákvæði húsaleigulaga gildi því aðeins um atvinnuhúsnæði að ekki hafi samist um annað milli aðila. Hin ófrávíkjanlegu ákvæði frv. eru fyrst og fremst sniðin að íbúðarhúsnæði og eiga misvel við um atvinnuhúsnæði enda standa aðilar þá miklum mun jafnara að vígi en þegar um íbúðarhúsnæði er að tefla.

Einnig er leitast við að draga nokkuð úr formfestu núgildandi laga, t.d. hvað varðar skyldur aðila um skriflegar tilkynningar. Jafnframt er lagt til að ákvæði laganna verði í ríkari mæli frávíkjanleg en verið hefur samkvæmt núgildandi lögum.

Loks má nefna að efnisröðun og kaflaskipan er í grundvallaratriðum breytt frá gildandi lögum. Er leitast við að efni sé skipað í eins konar tímaröð þannig

að fyrst er fjallað um gerð leigusamnings og kröfur um ástand húsnæðis, en atriði eins og uppsögn, riftun leigusamnings og skil leiguhúsnæðis komi í síðasta hluta laganna. Markmiðið með þessu er að gera lögin aðgengilegri fyrir allan almenning en nefna má fleiri atriði sem þjóna sama markmiði.

Flestir kaflar frv. eiga sér beina samsvörun í núgildandi lögum. Í frv. er að auki að finna tvo nýja kafla, þ.e. X. kafla sem ber heitið Forgangsréttur leigjenda og VIII. kafla sem heitir Aðgangur leigusala að leigðu húsnæði. Þá er lagt til að tveir kaflar gildandi laga falli brott. Um er að ræða kafla XIV., sem nú heitir Könnun bæjarstjórna á fjölda leigjenda, o.fl. og XVI. kafla um refsiákvæði.

Frv. fylgja ítarlegar athugasemdir um einstaka kafla og greinar þess. Ég tel ekki ástæðu til að fara yfir öll atriðin hér. Að því er varðar einstaka kafla og greinar frv. skal þó vikið að því helsta.

Í I. kafla er fjallað um gildissvið laganna. Þar er tekið fram með skýrari hætti en áður að þau skuli taka bæði til íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Í 2. gr. er sú meginregla sett fram að lögin verði ófrávíkjanleg en frá þeirri reglu eru undantekningar í vissum tilvikum. Í þessu frv. er lagt til að samningsfrelsi aðila verði aukið. Þá er lagt til að ákvæði laganna verði frávíkjanleg hvað atvinnuhúsnæði varðar og gilda þá og því aðeins að ekki hafi um annað samist milli aðila. Ástæðan er sú að samningar um atvinnuhúsnæði eru í ýmsum grundvallaratriðum frábrugðnir samningum um íbúðarhúsnæði og því talið heppilegra að samningsfrelsi ríki.

Í II. kafla er fjallað um gerð samninga. Skv. 4. gr. er gert ráð fyrir að Húsnæðisstofnun taki við hlutverki félmrn. hvað varðar útgáfu eyðublaða fyrir húsaleigusamninga og ákvarðar endurgjald fyrir þau. Þá er gert ráð fyrir því í 5. gr. að sveitarstjórnir, félagasamstök og aðrir þeir aðilar sem leigja út húsnæði geti einnig gefið út sérstök samningseyðublöð með leyfi félmrn.

Í 9. gr. er afnumin skylda leigusala til þess að tilkynna leigjanda með tímabundinn leigusamning að leigusamningur verði ekki enn endurnýjaður. Tilgangur breytingarinnar er sá m.a. að einfalda samskipti aðila leigusamnings. Einnig er í sömu grein afnumin tilvísun til ákvæðis um fardaga, en það er ein af meginbreytingum sem felast í þessu frv. að lagt er til að fardagaákvæði eldri laga verði afnumin.

Í IV. kafla er fjallað um viðhald leiguhúsnæðis og er þar lögð meiri áhersla en áður á höfuðábyrgð leigusala á viðhaldi hins leigða húsnæðis, en viðhaldsskylda leigjenda síðan skilgreind nánar þar sem um er að ræða undantekningar á skyldum leigusala.

Þá er í 33. gr lagt til að skorður við fyrirframgreiðslur eigi aðeins við íbúðarhúsnæði en samningsfrelsi gildi um annað húsnæði en til íbúðar. Þótt jafnvægi á leigumarkaðnum hafi aukist á undanförnum árum og kröfur um fyrirframgreiðslu leigu hafi minnkað með minnkandi verðbólgu og samningsstaða leigjenda því styrkst þykir enn þörf á því að vernda leigjendur íbúðarhúsnæðis með því að takmarka fyrirframgreiðslu á leigu. Lagt er til að umræddar skorður við fyrirframgreiðslu á leigu fyrir íbúðarhúsnæði verði mildaðar frá því sem nú er, en skv. 3. mgr. 51. gr. gildandi laga öðlast leigjandi sjálfkrafa leigurétt í fjórfaldan þann leigutíma sem hann greiðir fyrir ef hann greiðir fyrir fram fyrir meira en þrjá mánuði. Lagt er til að þessi sjálfkrafa framlengingarréttur verði aflagður og rétturinn verði háður því að leigusali verði ekki að kröfu leigjanda um endurgreiðslu á ógreiddri fyrirframleigu. Þá er einnig lagt til að þessi réttur til framlenginga verði styttur úr fjórföldum þeim tíma sem leigjandi greiddi fyrir í þrefaldan.

Í 34. gr. er tekið á því þegar leiga er greidd fram í tímann með viðskiptabréfum. Hefur því verið haldið fram að ekki sé um fyrirframgreiðslu að ræða í slíkum tilvikum þar sem leigjandi verði ekki fyrir beinum peningaútlátum í upphafi og frekar sé um tryggingar fyrir leigugreiðslum að ræða. Lagt er til í frv. að því sé slegið föstu að sé leiga greidd með þessum hætti, þá teljist það fyrirframgreiðsla.

Ákvæði gildandi laga um tryggingarfé hafa þótt stirð í vöfum og hafa verið tiltölulega lítið notuð. Í 38. gr. frv. eru lögð til mun fyllri ákvæði hvað þetta varðar en er í núgildandi lögum og í 1.–4. tölul. 1. mgr. eru þeir kostir nefndir sem æskilegastir eru taldir og vænst er að algengastir verði þegar fram í sækir. Ekki þótti þó fært að hafa þessa kosti tæmandi talda og er því aðilum skv. 5. tölul. heimilt að semja um annars konar tryggingu. Gildir því samningsfrelsi að þessu leyti. Algengt er að tryggingar séu nú í formi tryggingarvíxla, tryggingarbréfa, skuldabréfa og jafnvel óútfylltra tékka. Slíkar tryggingar hafa í för með sér verulegt óöryggi fyrir leigjendur og þykir því nauðsynlegt að stemma stigu við því.

Í X. kafla frv. er lögð til sú meginregla að leigjandi íbúðahúsnæðis skuli hafa forgangsrétt til leigu þess að leigutíma loknum ef það er falt til leigu í a.m.k. eitt ár. Þá er lagt til, eins og áður var nefnt, að forgangsrétturinn verði aukinn og gildi einnig um ótímabundna leigusamninga. Á forgangsréttinum er þó lagt til að verði ýmsar undantekningar sem taldar eru upp í 11. tölul. í 49. gr. Undantekningar þessar eru gerðar til að koma til móts við hagsmuni leigusala sem eðlilegt og sanngjarnt er að virtir séu þegar eignarréttur hans og ráðstöfunarréttur sætir slíkum takmörkunum sem forgangsréttur leigjanda felur í sér.

Í 54. gr. frv. er fjallað um uppsagnarfrest. Þar er lagt til að uppsagnarfrestur af beggja hálfu sé ætíð sex mánuðir þangað til leigutími hefur náð fimm árum. Eftir það verði uppsagnarfrestur eitt ár af hálfu leigjanda. Lenging uppsagnarfrests af hálfu leigjanda úr þrem mánuðum í sex á fyrsta ári leigutímans þykir sanngjörn með tilliti til afnáms fardagaákvæðis gildandi laga.

Í XII. kafla er fjallað um riftun leigusamnings. Þar er að finna verulegar viðbætur miðað við ákvæði gildandi laga. M.a. er lagt til að alvarleg vanræksla leigusala varðandi viðhald íbúðar og almennt ástand hennar geti hafi í för með sér riftun af hálfu leigjanda. Þá er lagt til að nýr töluliður bætist við þar sem kveðið er á um riftunarheimild leigjanda ef heimilisfriður hans

raskast verulega af völdum annarra aðila er afnot hafa af sama húsi. Einnig er í nýjum tölulið lagt til að leigjandi hafi skýra riftunarheimild ef leigusali hindrar umráð og afnot hans af hinu leigða eða ef leigusali gengur um hið leigða húsnæði í heimildarleysi.

Í 72. gr. er að finna þau skilyrði sem menn verða að uppfylla til að geta fengið leyfi til leigumiðlunar. Þá er lagt til að félmrn. birti auglýsingu um veitingu leyfis m.a. til að tryggja réttaröryggi almennings í þessum efnum.

Loks er í 85. gr. og jafnframt síðustu grein frv. lagt til að ákvæði frv. tækju gildi 1. júní 1993. Þá er lagt til að mælt sé fyrir um það að aðilum beri fyrir 1. sept. 1993 að endurskoða samninga sína til samræmis við ákvæði frv.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þar sem svo háttar til að ég á þess kost að fjalla um þetta mál í nefnd tel ég ekki nauðsynlegt að ræða það mjög mikið á þessu stigi en þó eru tvö atriði sem mig langaði til að nefna. Fyrra atriðið er það sem kom fram í ræðu hæstv. ráðherra um að nauðsynlegt væri að leiguhúsnæði yrði raunhæfur valkostur í húsnæðiskerfinu. Það kom enn fremur fram í framsöguræðu ráðherra að einungis 13% búa í leiguhúsnæði. Það er því ljóst að leigumarkaðurinn hér á landi er tiltölulega smár einkum ef við miðum við það sem gengur og gerist í nálægum löndum.

Það er hægt að draga fram mörg atriði til skýringar á því hvers vegna aðstæður hér eru öðruvísi en t.d. annars staðar á Norðurlöndum en eitt af því sem er til nokkurs baga í þróun íbúðarleigu sem raunhæfs valkosts er skattalöggjöfin og sú staðreynd að enn hefur ekki verið gefur skattalegur valkostur til þeirra sem leigja íbúð til jafns við þá sem búa í eigin íbúð. Menn eru með löggjöf sem miðast við að valið sé að koma sér upp eigin húsnæði. Þar á ég fyrst og fremst við vaxtabæturnar sem eru þannig að þeir sem kaupa eða byggja húsnæði til eigin nota fá endurgreidda vexti og verðbætur að ákveðnu marki samkvæmt reglum sem um það gilda. Séu menn hins vegar leigjendur gilda engar sambærilegar ívilnanir gagnvart þeim. Hér er því greinilega um verulega mismunun að ræða eftir því hvorn kostinn fólk velur í sínum húsnæðismálum.

Það er kaldhæðnislegt að svo skuli vera í dag að það er eiginlega sparnaður fyrir ríkissjóð ef fólk sem á húsnæði velur þann kost að leigja það. Ef það af einhverjum ástæðum leigir húsnæðið fellur niður réttur húsnæðiseigandans til vaxtabóta af lánum íbúðarinnar af því að hún er ekki lengur til eigin nota. Hins vegar öðlast leigjandinn engan rétt til skattafsláttar eða ívilnana sambærilegra við vaxtabætur. Þessi staðreynd vinnur gegn því að boðið sé fram leiguhúsnæði.

Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. ráðherra hvað liði áformum ríkisstjórnarinnar um að koma á húsaleigubótum eða ígildi þeirra. Það er atriði sem hæstv. ráðherra hefur lagt mikið kapp á, að því er mér skilst, að fá í framkvæmd, bæði í þessari ríkisstjórn og þeirri fyrri, en var ekki nægjanlega ágegnt í síðustu ríkisstjórn en þess hefur mátt vænta að hinn nýi samstarfsaðili Alþfl. yrði viðráðanlegri að hrinda fram þessari miklu réttarbót fyrir leigjendur. Ég spyr hæstv. ráðherra hvað líði úrbótum á þessu sviði.

Ég vil nefna eitt atriði sem stendur eilítið í mér hvort unnt er að setja í lög en það verður vafalaust skoðað í nefndinni. Það er ákvæði í gildistökugreininni, 85. gr. Þar segir að menn skuli hafa endurskoðað *húsaleigusamninga sem eru í gildi við gildistöku* laganna, þ.e. sem voru gerðir áður en lögin voru sett, til samræmis við ákvæði þessara laga fyrir 1. sept. 1993. Í raun og veru er þessi lagagrein að rifta þeim samningum þar sem það verður lagaleg kvöð að menn breyti samningi einkaréttarlegs eðlis sín í milli sem er gerður með lögmætum hætti samkvæmt lögum sem gilda þegar þeir eru gerðir. Ekki er ég að nefna þetta vegna þess að ég telji það endilega slæmt að menn breyti sínum samningum til samræmis við frv. — það getur verið til bóta fyrir menn eða ekki eftir atvikum — heldur er ég að velta upp þeirri spurningu hvort unnt sé að setja svona ákvæði inn í lög.

Fleira ætla ég ekki að nefna á þessu stigi, virðulegi forseti, en ég vænti þess að þetta frv. fái rækilega skoðun í nefnd og mun spara mér umræður um einstök efnisatriði frv. önnur en ég hef þegar nefnt til 2. umr. málsins.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni um nauðsyn þess að koma á húsaleigubótum sem á döfinni hefur verið lengi, bæði af hálfu þessarar ríkisstjórnar og hinnar fyrri. Flest löndin í kringum okkur aðstoða leigjendur meira en gerist hér á landi og aðstoð í formi húsaleigubóta hefur tíðkast lengi á Norðurlöndum. Ég hef lagt mikla áherslu á að komið verði á aðstoð til að draga úr húsnæðiskostnaði leigjenda og hef lagt áherslu á að það verði gert í formi húsaleigubóta. Ég tel ekki búandi við það öllu lengur að fólk sem getur ekki komið sér upp þaki yfir höfuðið og þarf að vera á leigumarkaðinum og er kannski með lágar tekjur, 50–70 þús. kr. mánaðartekjur en þarf að greiða kannski helminginn eða ¾ af því í leigugreiðslur fái ekki aðstoð frá hinu opinbera.

Nýlega skilaði nefnd til mín tillögum í formi skýrslu undir heitinu „Almennar húsaleigubætur á vegum sveitarfélaga". Tillögur þessar voru unnar af nefnd með aðild ASÍ, BSRB, Kennarasambands Íslands, félmrn., fjmrn., Sambands ísl. sveitarfélaga og Húsnæðisstofnunar. Þar koma fram almennar tillögur nefndarinnar. Ég hef í framhaldi af niðurstöðu hennar skipað þriggja manna nefnd til þess að útfæra frekari tillögur til að draga úr húsnæðiskostnaði leigjenda með aðild félmrn., fjmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga. En tillögur nefndarinnar lúta sérstaklega að því að framkvæmdin verði á vegum sveitarfélaga en ekki eins og áður var í tíð fyrri ríkisstjórnar en þá voru uppi tillögur um að húsaleigubætur yrðu greiddar í gegnum tekjuskattskerfið með hliðstæðum hætti og vaxtabætur. Ég

vænti þess að ekki dragist um of að nefnd þessi skili til mín niðurstöðum og útfærslu á tillögum til þess að draga úr húsnæðiskostnaði leigjenda.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Hún hefur upplýst að fallið hefur verið frá fyrri hugmyndum um húsaleigubætur í gegnum skattkerfið en nú beinist athyglin og vinnan að því að finna upp eitthvert bótakerfi í gegnum sveitarfélögin. Það getur vel komið til greina að mínu viti og tel ég sjálfsagt að skoða til þrautar hvaða leiðir eru færar þar í gegn.

En mér þykir dálítið merkilegt að eftir að Sjálfstfl. er orðinn samstarfsaðili Alþfl. og hæstv. félmrh., sem hefur alla tíð lagt mikla áherslu á aðstoð við leigjendur, er fallið frá þessari stefnu sem var búið að marka. Ég hlýt að álykta sem svo að það sé að kröfu Sjálfstfl. að fallið sé frá því að leigjendur séu jafnréttháir húsnæðiseigendum í gegnum skattkerfið. Að það sé raunveruleg stefna og krafa Sjálfstfl. að mismunur sé á milli þeirra sem eiga húsnæði og þeirra sem leigja húsnæði af skattalegum ástæðum.

Annað sem vekur mikla athygli mína er að enginn nefndarmaður Sjálfstfl. í félmn. hefur einu sinni sést í þingsalnum undir framsögu og umræðum um þetta stjfrv. (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt. Eggert Haukdal hefur setið hér í allan morgun.) Bent er á að Eggert Haukdal hafi hér setið og leiðréttist það hér með. En enginn annar af þremur fulltrúum Sjálfstfl. í félmn. hefur séð ástæðu til að vera viðstaddur umræðu málsins. Reyndar vantar báða fulltrúa hins stjórnarflokksins. Mér þykir tómlæti þeirra sem sæti eiga í nefndinni og mál þetta sérstaklega varðar mjög athyglisvert, svo ég tali ekki um aðra þingmenn, en hér eru bekkir mjög þunnskipaðir eins og sjá má. En það væri fróðlegt úr því að þingflokksformaður Sjálfstfl. heldur uppi fána síns flokks og er í salnum, ef hann gæti upplýst okkur um afstöðu Sjálfstfl. til hagsmuna leigjands. Er sá flokkur tilbúinn að standa að því í gegnum skattkerfið að leigjendur séu jafnréttháir og þeir sem eiga húsnæði? Eða er það rétt skilið hjá mér, sem ég var að varpa fram í formi ályktunar af því sem ég hef heyrt, að Sjálfstfl. hafi knúið fram þessa stefnubreytingu á málinu?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Vegna síðustu orða hv. síðasta ræðumanns er það mjög mikill misskilningur að Sjálfstfl. hafi sýnt þessu máli sem hér er til umræðu tómlæti. Ég hef þvert á móti átt mjög góð samskipti við Sjálfstfl. og ekki síst formann þingflokksins um framgang þessa máls. Það er því vissulega misskilningur að Sjálfstfl. sýni þessu máli tómlæti þó svo virðist að ekki séu margir sjálfstæðismenn viðstaddir þessa umræðu, eins og reyndar er frá öllum flokkum. Það eru mjög fáir þingmenn í salnum núna.

Varðandi húsaleigubætur og hvort það sé krafa Sjálfstfl., eins og hér var orðað, að leigjendur séu ekki jafnréttháir eigendum gegnum skattkerfið og hvort það sé krafa Sjálfstfl. að vísa þessu til sveitarfélaga, þá er það einnig rangt hjá hv. síðasta ræðumanni. Nefndin fjallaði ítarlega um þetta mál með aðild, eins og ég sagði, ASÍ, BSRB, Kennarasambandsins, félmrn. og fjmrn. og komst að þeirri niðurstöðu — nefndin, það var ekki krafa Sjálfstfl. — að það væri rétt á þeim tímapunkti að óska eftir því að fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga tæki sæti í nefndinni vegna þess að nefndin taldi skynsamlegt að skoða þá hlið að fella framkvæmdina undir sveitarfélögin vegna þess að á vegum sveitarfélaganna er niðurgreiðsla til leigjenda, t.d. gegnum niðurgreiðslu á leiguhúsnæði. Einnig hafa sveitarfélögin verið með styrki til láglaunafólks sem leigja þarf á almennum markaði. Það þótti því skynsamlegt að skoða þá leið hvort ekki væri rétt að samræma þetta og setja framkvæmdina á eina hendi til sveitarfélaganna í staðinn fyrir að hafa tvöfalt kerfi til leigjenda, annars vegar hjá sveitarfélögunum og hins vegar hjá ríkinu í gegnum skattkerfið. Fulltrúi Sambands sveitarfélaga skrifaði undir þetta álit þar sem fram kemur að skoða eigi að framkvæmdin verði hjá sveitarfélögunum og Samband ísl. sveitarfélaga hefur fallist á að skoða málið áfram með fjmrn. og félmrn. með hliðsjón af þeim tillögum sem fram hafa verið settar.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst láta í ljós ánægju mína með það samstarf sem liggur að baki frv. sem hér liggur frammi, samstarf milli stjórnarflokkanna um samningu og undirbúning að þessu veigamikla og mikilvæga máli. Ég leyfi mér að fullyrða að í þessu frv. felist miklar og mikilvægar réttarbætur á þessu tiltekna sviði en sem kunnugt er hefur ágreiningur oft og tíðum risið um núgildandi lög á þessu sviði. Það hefur af mörgum verið talið, þar á meðal þeim sem hér stendur, að núgildandi löggjöf um húsaleigumál sé ekki með þeim hætti að hún greiði fyrir hagsmunum leigjenda heldur þvert á móti hamli gegn því að húsnæði sé boðið til leigu, dragi þannig úr framboði á húsnæði og verði þar með til þess að leigukostnaður hækki að ástæðulausu.

Í þessu stóra frv., sem er upp á 85 greinar, er tekið á ýmsum málum sem ágreiningur hefur verið um varðandi gömlu lögin og ýmsar breytingar á þeim gerðar, eins og fram kom í máli ráðherra. Ég tel að í öllum aðalatriðum sé þetta til verulegra bóta. Mér er kunnugt um það að að baki þessu frv. er allvíðtækt samkomulag aðila sem hafa látið sig þessi mál nokkru varða, þar á meðal Leigjendasamtakanna og Húseigendafélags Reykjavíkur. Allt skiptir það miklu máli.

Ég tel að eins og þetta frv. er úr garði gert eigi að vera tiltölulega fljótlegt fyrir hv. félmn. að vinna úr málinu. Nefndinni bárust á fyrra þingi umsagnir ýmissa aðila um þetta efni og ég tel að málið sé þannig úr garði gert að nefndin ætti að geta lokið afgreiðslu þess á tiltölulega skömmum tíma.

Hitt vekur nokkra athygli, virðulegi forseti, að enda þótt þetta mál hafi verið til umfjöllunar á síðasta þingi og hafi legið frammi í þó nokkrar vikur, þingmönnum til kynningar, skuli fulltrúi Alþb. í félmn. taka það eina

efnisatriði til umfjöllunar hér hvernig hátti til um gildistökuákvæði laganna. Hans eina efnislega framlag til umræðu um þetta stóra 85 greina frv. eru þessar fjórar línur sem eru gildistaka frv. Allt hitt sem hann tók til umræðu kemur þessu frv. ekki við. Spurningar hans um húsaleigubætur varða ekki þetta frv. og koma því máli ekki við. Útúrsnúningar hans og ónot í garð Sjálfstfl. í því efni eru þar af leiðandi út í hött og missa gjörsamlega marks. Félmrh. hefur skýrt nákvæmlega fyrir viðstöddum hvar það mál er á vegi statt. Það er í ákveðinni meðferð milli stjórnarflokkanna og annarra aðila og menn bíði bara rólegir þangað til þeirri meðferð lýkur.

Ég vara hins vegar við einfeldnislegum niðurstöðum í því efni. Ég vara við því að menn dragi skýrar línur milli annars vegar leigjendahúsnæðis og eigendahúsnæðis vegna þess að það er nú einu sinni þannig að langflestir landsmenn eru einhvern tímann á ævinni í hópi beggja þessara aðila. Menn eru gjarnan leigjendur á fyrri árum ævinnar og verða síðan flestir hverjir eigendur síns eigins íbúðarhúsnæðis síðar á ævinni. Það er ekki einfalt mál að skilgreina hverjir þessir hópar eru eða með hvaða hætti réttlæti sé til skila haldið að því er varðar bætur til þessara aðila.

Þetta vildi ég að kæmi fram, virðulegi forseti, um leið og ég fagna því að þetta frv. er komið til umræðu og treysti því að það fái málefnalega umfjöllun í hv. félmn.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um það hefur verið auðvitað pólitískur ágreiningur hvaða markmiðum menn ættu að stefna að í húsnæðismálum. Sjálfstfl. hefur haft þá stefnu að stuðla að sjálfseignarstefnu í húsnæðismálum. Aðrir flokkar, t.d. Alþb., hafa haft þá stefnu að menn séu jafnréttháir hvort sem þeir velji þann kost að eignast húsnæði eða leigja það. Aðgerðir hins opinbera með lagasetningu, t.d. í gegnum skattalöggjöf, eiga ekki að mismuna einum valkostinum umfram annan.

Þannig er það í dag en hæstv. félmrh. ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. boðaði á síðasta þingi að fljótlega kæmu fram tillögur um húsaleigubætur. Þær hafa ekki komið fram enn og nú er upplýst að málið sé komið í allt annan farveg. Það sé búið að taka hugmyndina um húsaleigubætur út af borðinu og menn séu núna að skoða einhverjar leiðir í gegnum sveitarfélögin. Það geta ekki verið neinar almennar leiðir. Þær hljóta að vera sértækar gagnvart fólki, tekjutengdar og eignatengdar og beinast fyrst og fremst að félagslegu húsnæði. Því með þessu er búið að ýta málinu út úr þeim farvegi að geta verið almennur valkostur í húsnæðismálum yfir í það að vera sértækur.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert hvað hv. þm. reynir að vera með útúrsnúninga og misskilja það sem hefur verið sagt. Hann heldur því t.d. fram að húsaleigubætur séu úti af borðinu. Það er rangt hjá hv. þm. Þetta er spurning um framkvæmdina, hvort framkvæmdin á húsaleigubótunum sé í gegnum skattkerfið eða hjá sveitarfélögunum. Ég hef rökstutt það sjónarmið nefndarinnar að hún telji skynsamlegra að skoða þá leið að framkvæmdin sé hjá sveitarfélögunum. Hv. þm. hélt því einnig fram að nú væri búið að setja þetta í þann farveg að húsaleigubætur kæmu bara vegna félagslegra íbúða. Það er líka rangt hjá hv. þm. Nefndin hefur fyrst og fremst beint sjónum sínum að þeim hópum sem eru á almenna leigumarkaðinum en það eru um 3.300 manns og hafa þeir ekki neina aðstoð í formi niðurgreiddrar leigu eða húsaleigubóta. Þeir sem hafa fengið inni hjá sveitarfélögunum hafa verið með niðurgreidda leigu og sumir lágtekjuhópar hafa fengið styrk til þess að greiða húsaleigu á almennum markaði. Húsaleigubætur eru því ekki úti af borðinu og ég vil að það komi skýrt fram og að hv. þm. leyfist ekki að snúa út úr því sem hér hefur verið sagt vegna þess að í mínum orðum kom aldrei fram að húsaleigubætur væru úti af borðinu. Ekki er óeðlilegt að nokkurn tíma taki að ná niðurstöðu í þetta mál. Ég minni á að í síðustu ríkisstjórn vorum við í þrjú ár að skoða þetta mál og ekki fyrr en á síðustu dögum síðustu ríkisstjórnar var frv. lagt fram um það efni. Það er því ekki óeðlilegt að nýr flokkur sem kemur að þessu máli þurfi líka tíma til þess að skoða það.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þau lög sem verið er að leggja til endurskoðunar eiga rætur að rekja til stjórnarsamstarfs Alþfl., Alþb. og Framsfl. 1978 og 1979. Það var Magnús H. Magnússon, félmrh. og heilbr.- og trmrh., sem beitti sér fyrir því að þessi lög voru sett og aðstoðarmaður hans, Georg Tryggvason trúi ég að hann hafi heitið, var formaður þeirrar nefndar sem undirbjó þau lög sem nú eru í gildi um húsaleigu. Áður höfðu engin lög verið til um húsaleigu á Íslandi með þessum hætti, umfangsmikil lög um réttindi leigjenda. Það segir náttúrlega dálítið mikið um stjórnmálasögu Sjálfstfl. að hann skuli með þessum hætti hafa haft úrslitaáhrif á gang þjóðmála um áratuga skeið án þess að hafa viljað setja lög um húsaleigu. Með öðrum orðum þurfti að reka hann út úr Stjórnarráðinu til þess að sett yrðu lög um húsaleigu af því að Sjálfstfl. hefur aldrei beitt sér fyrir neinum félagslegum úrbótum. Hann hefur alltaf verið dreginn nauðugur í þeim efnum. Það hafa ævinlega verið vinstri stjórnir eða slíkar stjórnir sem hafa lagt af stað með félagslegar úrbætur. Þess vegna er það út af fyrir sig eðlilegt að hv. 8. þm. Reykv. sviði það nokkuð þegar hv. 5. þm. Vestf. fer orðum um hann og flokk hans eins og áðan var gert.

Það frv. sem hér liggur fyrir er endurskoðun á þessum lögum og það hefur út af fyrir sig verið leitað samstöðu við þá endurskoðun. Ég hygg að í grófum drættum megi segja að frv. sé sæmilegt eins og það lítur út, það hefur verið lagt fram áður í þinginu og ég hef farið yfir það. Ég fór yfir það á síðasta þingi af því að það var þá lagt fram. Aðilar að samningu frv. voru m.a. fulltrúar frá samtökum leigjenda, Jón Kjartansson frá Pálmholti, og að því komu fleiri slíkir aðilar eins og Jón Rúnar Sveinsson sem nauðaþekkja þessi

mál. Reyndar minnir mig að Jón Rúnar hafi verið aðili að málinu alveg frá upphafi, bæði sem félagi í Leigjendasamtökunum og sömuleiðis sem starfsmaður Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Hins vegar er alveg augljóst mál og kemur skýrt fram í umræðunni, sem nú hefur farið fram, að hæstv. félmrh. og hæstv. ríkisstjórn hefur ákveðið að leggja til hliðar áformin um húsaleigubætur. Í síðustu ríkisstjórn var það m.a. að tillögu minni, og ég man eftir sérstaklega einum stuðningsmanni þáv. ríkisstjórnar, Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, sem lagði mjög mikla áherslu á það að lög yrðu sett um húsaleigubætur. Þegar ríkisstjórnin var endurskipulögð í september 1989 minnir mig að í viðauka við stjórnarsáttmálann hafi verið tekið inn sérstakt ákvæði um að vinna að húsaleigubótum. Það er rétt sem hæstv. félmrh. segir að það er út af fyrir sig ekkert einfalt mál að taka inn húsaleigubætur sem eru tengdar skattkerfinu vegna þess að þær hljóta að koma við fleiri þætti slíkra bóta, t.d. persónuafslátt, barnabætur, tekjutengdar og ótekjutengdar barnabætur eftir atvikum. Allt þetta verður að skoða. Sömuleiðis aðra félagslega þætti af ýmsum toga eins og auðvitað félagslegan stuðning sveitarfélaganna að svo miklu leyti sem hann er til.

Hins vegar segir hæstv. félmrh. okkur núna þau tíðindi, og ég hygg að það komi fleirum en mér og hv. 5. þm. Vestf. nokkuð á óvart, að ákveðið hafi verið að henda þessum hugmyndum þannig að í raun og veru er um róttæka stefnubreytingu að ræða. Staðreyndin er auðvitað sú að sveitarfélögin eru allt öðruvísi í stakk búin til þess að taka á þessum málum en ríkið og það að setja þetta inn í almennt félagsmálakerfi sveitarfélaganna er í grundvallaratriðum allt annar hlutur en að vera með þetta á vegum ríkisins og skatttengt.

Við skulum ímynda okkur að þetta hefði verið sett á og að við værum með kerfi þar sem sveitarfélögin kæmu við sögu. Við skulum ekki ræða það ítarlega hvað það er fráleitt að ætla litlum sveitarfélögum eitt eða neitt í þessum efnum, en við skulum aðeins ræða það hvernig Reykjavík, sem er langstærsta og langríkasta sveitarfélagið, framkvæmdi þetta. Auðvitað er alveg ljóst að hún mundi framkvæma það á sömu forsendum og hún framkvæmdir aðra félagslega aðstoð þannig að þeir einir mundu þá fá möguleika á því að fá húsaleigubætur sem væru undir tilteknum tekju- og framfærslumörkum. Nákvæmlega eins og Félagsmálastofnun Reykjavíkur ákveður framfærslustyrki til þeirra skjólstæðinga sinna sem til hennar leita. Gríðarlegur fjöldi fólks, mörg þúsund manns á hverju ári, fær stuðning hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur eftir svokallaðri kvarðareglu sem annars vegar er miðuð við almenna launataxta í landinu eins og þeir eru á hverjum tíma og hins vegar þá húsaleigu sem viðkomandi þarf að borga. Reykjavíkurborg hefur því um árabil — mér liggur við að segja áratuga skeið — greitt húsaleigustuðning til þessa fólks sem býr við sérstaklega hraklegar félagslegar og efnahagslegar aðstæður. En það er ekki það sem við vorum að tala um. Við vorum að tala um almennar húsnæðisbætur sem gengju til leigjenda þannig að þeir væru nokkurn veginn jafnsettir og þeir sem eru að kaupa sér húsnæði á hverjum tíma.

Nú er það auðvitað þannig að Sjálfstfl. og Alþfl. eru búnir að koma hlutunum þannig fyrir að enginn venjulegur launamaður eignast húsnæði núna með þeim hætti sem gerðist fyrir 20–30 árum. Eiginhúsnæðisstefna, sem Sjálfstfl. vildi í heiðri hafa í orði, er úr sögunni fyrir tilstuðlan Sjálfstfl. Auðvitað er það sérstaklega vaxtaokurstefnan og hinir frjálsu vextir sem teknir voru upp 1984 sem hafa gert það að verkum að útilokað er fyrir fólk með venjulegar launatekjur að eignast húsnæði eins og staðan er í dag. Húsbréfin breyta þar svo að segja engu um gagnvart þessu fólki. Staðreyndin er sú að við höfum örugglega öll í höfði okkar fjölda dæma af ungu fólki sem er að reyna að koma yfir sig húsnæði og getur það ekki og er þó með allgóðar tekjur. Ég hef við höndina og í höfðinu á mér ein þrjú dæmi um einstaklinga, hjón í öllum tilvikum, sem eru að kaupa sér íbúðir sem kosta á bilinu 6–9 millj. kr. Þetta er allt fólk sem er með tiltölulega mjög góðar tekjur og í öllum tilvikum er þetta afar erfitt. Það er liðin tíð að fólk eignist húsnæði með þeim hætti sem gerðist fyrir 30 árum eða svo. Það er liðin tíð. Það er sagnfræði. Þess vegna býr unga kynslóðin í dag við allt önnur lífskjör en voru áður að þessu leytinu til. Það er auðvitað fyrst og fremst vaxtaokurstefnan sem ræður þar úrslitum. Unga kynslóðin býr við allt önnur lífskjör að þessu leytinu til og líka að því leytinu á komandi árum að kjörin hjá Lánasjóði ísl. námsmanna hafa verið gerð verri en þau hafa nokkru sinni áður verið. Ungt fólk, sem er að fara út í lífið eins og það heitir, á vinnumarkaðinn, horfir fram á níðþunga greiðslubyrði húsnæðislána og námslána sem það kemst aldrei út úr alla sína ævi eins og staðan er í dag. Við skulum gera okkur grein fyrir því að þarna hefur orðið bylting í landinu og þess vegna er það auðvitað krafa sem eðlilegt er að sé einmitt sett fram í tengslum við þessa umræðu að teknir verði upp skatta- og tekjutengdir húsleigustyrkir þannig að menn viðurkenni þann veruleika að búið er að eyðileggja eiginhúsnæðiskerfið eins og það var, önnur úrræði verða að koma til og hæstv. núv. félmrh. ber auðvitað gríðarlega ábyrgð í þessu efni. Fyrst og fremst vegna þess að hún hefur setið sem félmrh. í ein fimm ár bráðum eða sex, og í öðru lagi vegna þess að á kjörtímabilinu þar á undan, fyrir 1987, var hún með hærri kröfur og meiri loforð en nokkur annar alþingismaður, og er þá mikið sagt, um að hægt væri að leysa allan vanda húsnæðismálanna svo að segja einn, tveir og þrír, aðeins ef Alþfl. kæmist til valda í íslenskum stjórnmálum. Það væri skemmtilegt, a.m.k. fróðlegt fyrir þingmenn ef einhver nennti einhvern tímann að lesa upp þó það væri ekki nema brotabrotabrot af „samlede værker" hæstv. félmrh. meðan hún var í stjórnarandstöðu og flutti úr ræðustólnum loforðaflauminn um það að „allt þetta skal ég gefa þér ef þú aðeins fellur fram og tilbiður Alþfl. í næstu kosningum þar á eftir". Það var sem betur fer ekki gert, en hæstv. félmrh. hefur ekki tekist að leysa þessi mál. Þau hafa því miður farið stöðugt versnandi þann hálfa áratug sem hún hefur setið í þessum stól. Afrekin eru ekki meira en svo og þess

vegna er auðvitað eðlilegt að við segjum: Við gerum kröfu um húsaleigubætur, skatttengdar húsaleigubætur, og bersýnilegt er að þá kröfu verður að reyna að taka upp, ef ekki á Alþingi þá á öðrum vettvangi á næstu vikum úr því að ríkisstjórnin er búin að vísa þessu máli frá sér og ætla hreppunum í landinu að leysa vandann.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ítrekað er því haldið fram af hálfu þingmanna Alþb. við umræðuna að búið sé að leggja til hliðar húsaleigubætur og húsaleigubætur séu úti af borðinu. Þetta er rangt og enn eina ferðina skal ég segja það. ASÍ og BSRB hafa lagt mikla áherslu á húsaleigubætur, ekki síst BSRB. Þeir skrifa undir og þessa skýrslu án nokkurs fyrirvara. Þýðir það að búið sé að leggja til hliðar húsaleigubætur? Svarið er auðvitað nei.

Hv. síðasti ræðumaður eyddi nokkrum orðum um það að ég væri búin að eyðileggja húsnæðiskerfið þau fimm ár sem ég hef setið sem ráðherra. Því vísa ég auðvitað á bug. Því til sönnunar vil ég rifja upp að í tíð minni sem félmrh. hafa verið reistar 3.300 félagslegar íbúðir af 8.000 sem til eru á landinu öllu frá upphafi 1929. Er það ekki að byggja upp félagslega aðstoð og byggja upp húsnæðiskerfi sem þjónar jafnt láglaunafólki og þeim sem geta komið sér þaki yfir höfuðið?

Í tíð minni sem félmrh. hefur verið komið á húsbréfakerfi þar sem fólk þarf ekki að standa í biðröðum eftir lánum en getur fengið lán þegar það óskar eftir að koma sér upp húsnæði. Lánshlutfallið er 65% af verði íbúðar en ég vil rifja upp fyrir hv. þm. Svavari Gestssyni að þegar hann var félmrh. þá man ég ekki betur heldur en lánshlutfallið hafi verið um 15% sem fólk fékk í gegnum húsnæðiskerfið en ekki 65% eins og það er í dag. Á þeim tíma var því gert að fá stóran hluta af lánum sem það þurfti á að halda gegnum bankakerfið á dýrum vöxtum. Ég er alveg sannfærð um það að ef fólk metur stöðuna eins og það var þegar hv. þm. var félmrh. og stöðuna eins og hún er núna á húsnæðismarkaðinum að það mundi ekki vilja skipta og taka upp kerfið eins og það var þegar hv. síðasti ræðumaður var félmrh.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er grundvallarmunur á þessu tvennu sem hæstv. ráðherra er að bera saman vegna þess að þá voru vextirnir miklu lægri. Þá var þessi vaxtaokurstefna ekki komin í algleyming eins og síðan varð og það er rétt hjá hæstv. ráðherra að menn geta fengið húsbréf á háum vöxtum en menn geta ekki borgað þau. Það er vandinn. Núna liggur fyrir að almenningur á Íslandi er skuldsettari en nokkru sinni hefur áður verið. Það er m.a. vegna þess að menn hafa gengið býsna langt að því er þetta húsbréfakerfi varðar.

Kjarni málsins er auðvitað sá sem hér hefur komið fram og er viðurkennt af hæstv. ráðherra að ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja hugmyndir um skatttengt húsaleigubótakerfi til hliðar og þó að ASÍ og BSRB skrifi undir einhverja skýrslu fyrirvaralaust þá verð ég í fyrsta lagi að segja að ég þekki ekki þessa skýrslu, ég hef ekki séð hana. Hefur henni verið dreift til þingmanna? Ef svo er ekki þá óska ég eftir því að það verði gert þar sem að hæstv. félmrh. gerir svona mikið úr því að ASÍ og BSRB hafi skrifað undir þetta kerfi sem hún er að tala fyrir í ræðustól á Alþingi. Þá er nauðsynlegt að hún dreifi skýrslunni til hv. þm. til þess að þeir geti metið málið. Úr því að hæstv. ráðherra á einn andsvarsrétt enn þá spyr ég hana: Hvað kostar það kerfi í heild sem gert er ráð fyrir að taka upp samkvæmt þessari fyrirvaralausu skýrslu sem hæstv. félmrh. vitnaði áðan í?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. hélt því fram áðan að fólk gæti ekki borgað húsnæðislán sín eftir að húsbréfakerfið var tekið upp. Ég vil upplýsa hv. þm. um það að vanskil eru ekki meiri eftir að húsbréfakerfið var tekið upp en í 86-kerfinu. Einmitt í kjölfar þess er 86-kerfið var lagt niður þurfti að taka upp greiðsluerfiðleikalán vegna þess að fólk var í vandræðum og gat ekki staðið skil af þeim skammtímaskuldum sem það þurfti að taka þegar 86-kerfið var. (Gripið fram í.) Ég vil líka minna hv. þm. á af því að hann er að minna á sína tíð sem félmrh. að ég man ekki betur en misgengishópurinn hafi orðið til eftir að hv. síðasti ræðumaður var félmrh.

Varðandi það hvað húsaleigubæturnar kosta og fram koma í skýrslunni þá eru það um 300 millj. kr.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins ein sagnfræðileg athugasemd, misgengishópurinn varð auðvitað til fyrst og fremst vorið 1983 þegar ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstlf. bannaði vísitölu á laun, en verðbætur á lánum, skuldum, fengu að spinnast upp úr öllu valdi. Þá varð misgengishópurinn til. Eins og menn muna urðu átökin á vegum þessa hóps og skipulagið á vegum hans fyrst og fremst á árunum 1984 og 1985. Auðvitað var það fyrst og fremst vegna þess að menn gripu til þess, mér liggur við að segja siðlausa athæfis, að banna vísitölu á laun en leyfa vísitölu á lán á sama tíma, að þessi misgengishópur varð til.

Hæstv. forseti. Mér þykir það merkilegt að það hefur komið fram hjá hæstv. félmrh. að þær hugmyndir sem uppi eru um húsaleigubætur eru upp á u.þ.b. 300 millj. kr. Ég hlýt að fara fram á það og endurtek ósk mína um það að upplýsingar um skýrsluna komi núna fram þannig að við getum metið það hvernig gert er ráð fyrir því að þessar 300 millj. komi við sögu. Ef gert er ráð fyrir því að sveitarfélögin greiði þetta og t.d. að þetta komi að einhverju leyti í staðinn fyrir þær húsaleigubætur sem sveitarfélögin eru hvort eð er að greiða. (**Félmrh.**: Þetta er viðbót.) Ef þetta er viðbót þá bendi ég á að Reykjavíkurborg ein er að greiða upphæð sem svarar til a.m.k. þriðjungs af þessari tölu.

Hún ein. Það er því augljóst að hér er um að ræða tiltölulega mjög lága tölu. Loks bendi ég, hæstv. félmrh., á að ríkisstjórn hennar lagði til fyrir örfáum vikum að afnema eða lækka vaxtabætur mjög verulega, um 10% ef ég man rétt. Af hverju var það? Það var vegna þess að ríkissjóður sjálfur er að kikna undan því að borga vaxtabætur af húsbréfunum sem hæstv. félmrh. var að mikla sig af hér áðan.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innflutningur á gröfupramma, 1. umr.

Stjfrv., 239. mál. — Þskj. 308.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Verktakafyrirtækið Sveinbjörn Runólfsson sf. fór þess á leit við samgrn. með bréfi 7. júlí sl. að fá leyfi til þess að flytja inn gröfupramma sem það hugðist nota við holræsaútlagnir fyrir Reykjavíkurborg. Skv. 21. gr. laga nr. 51/1987 er óheimilt að flytja inn skip eldri en 12 ára en pramminn var þá rúmlega tvítugur. Áður hafði fyrirtækið leigt sams konar pramma frá Danmörku og greitt fyrir hann 30 þús. kr. á dag í leigu.

Ráðuneytið leitaði umsagnar Siglingamálastofnunar um prammann. 22. júlí 1992 birti stofnunin umsögn sína og segir þar m.a.: „Siglingamálastofnun getur fyrir sitt leyti fallist á innflutning prammans, þó með því skilyrði að heimild til undanþágu frá lögum fáist til innflutnings þar sem pramminn er meira en 12 ára gamall og að íslensk lög og reglur séu uppfyllt að öðru leyti."

Hinn 10. ágúst sl. heimilaði ráðuneytið Sveinbirni Runólfssyni sf. innflutning umrædds pramma og var heimildin veitt með fyrirvara um samþykki Alþingis. Umræddur prammi er að dómi Siglingamálastofnunar í lagi. Hann er notaður einvörðungu við verklegar framkvæmdir við landsteina og ber uppi vinnuvélar. Verð prammans var um 3,7 millj. kr. og miðað við leigugjald þess pramma sem fyrirtækið hafði á leigu áður er ljóst að hagkvæmara er að eiga fleytu af þessu tagi og ætti hagræðing af því tagi að geta stuðlað að aukinni hagkvæmni við framkvæmdir í fjöruborðinu eins og holræsalagnir. Með þessu frv. er leitað eftir samþykki Alþingis fyrir þessum kaupum.

Ég legg til, hæstv. forseti, að málinu verði vísað til samgn. og vænti þess að hún geti afgreitt málið fljótt.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Þetta mál er ekki stórt í sniðunum. Ég kvaddi mér fyrst og fremst hljóðs vegna þess að í frv. er gert ráð fyrir því að leyfa innflutning á gröfupramma sem er, eins og fram kemur í umsögn um 1. gr., 22 ára. Í lögum frá 1987 er gert ráð fyrir því að flytja megi inn skip séu þau yngri en 20 ára. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir því að skip eldri en 20 ára fáist ekki flutt inn hefur ráðuneytið lagt fram frv. um að flytja inn skip sem er 22 ára. Mér finnst þetta út af fyrir sig svolítið merkilegt. Ég ætla að taka það fram að ég er ekki þar með að segja að ég sé á móti því að pramminn verði fluttur inn. En ég sé ástæðu til að vekja athygli á þessu og tel ástæðu til þess fyrir samgn. að velta því fyrir sér hvort yfirleitt eigi að vera með einhvern hámarksaldur á skipum sem eru flutt inn og ef sá hámarksaldur á að vera fyrir hendi hvort hann eigi endilega að vera 20 ár. Hann gæti þess vegna verið þau 22 ár sem liðin eru síðan sá prammi var smíðaður sem hæstv. samgrh. vill leyfa innflutning á til þess að samræmi verði a.m.k. milli orða og gerða hæstv. samgrh. í þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útflutningur hrossa, 1. umr.

Stjfrv., 260. mál (kostnaður við skoðun). — Þskj. 341.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Í 4. málsl. 3. gr. laga um útflutning hrossa segir að landbrh. skuli ákveða þóknun fyrir skoðun hrossa og eftirlit með útflutningi og greiðist hún úr ríkissjóði. Framkvæmdin hefur verið með þeim hætti að þessi kostnaður hefur verið greiddur af eigendum hinna útfluttu hrossa. Þetta frv. er flutt til þess að lögin séu í samræmi við framkvæmdina. Ég vænti þess að þingið geti á það fallist og legg til að málinu verði vísað til landbn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dýrasjúkdómar, 1. umr.

Stjfrv., 287. mál (heildarlög). — Þskj. 418.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Frv. til laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim er ætlað að koma í stað fimm gamalla lagabálka sem gilda um tiltekna búfjársjúkdóma, varnir og útrýmingu þeirra. Frv. er endurflutt lítillega breytt frá fyrri gerð en það náði ekki fram að ganga eins og kunnugt er á síðasta þingi. Þá fékk hv. landbn. frv. til meðferðar og leitaði eftir umsögnum og liggja þær fyrir, m.a. frá Búnaðarfélagi Íslands, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, Páli A. Pálssyni, fyrrv. yfirdýralækni, Dýralæknafélagi Íslands og yfirdýralækni. Ráðuneytið hefur tekið umsagnir og ábendingar til athugunar og unnið að breytingu á frv. í samráði við formann landbn., hv. þm. Egils Jónsson. Ég vona að sú vinna geti flýtt fyrir því að landbn. treysti sér til afgreiða frv.

Fyrir utan orðalagsbreytingar sem gerðar hafa ver-

ið á einstökum greinum eru helstu breytingar eftirfarandi:

Við 1. gr. frv. hefur verið bætt einum staflið þar sem lýst er tilgangi laganna, sem sé þeim að lögunum sé ætlað að tryggja að búfjárafurðir framleiddar í landinu séu heilnæmar.

Við 2. mgr. 5. gr. frv. hefur verið bætt ákvæði um að eigendum dýra skuli skylt að veita alla nauðsynlega aðstoð vegna varúðarráðstafana sem gera þurfi á grundvelli laganna gegn útbreiðslu eða til útrýmingar sjúkdómi sem upp kunni að koma. Ákvæði svipaðs efnis hefur einnig verið bætt við 17. gr. varðandi hreinsun, sótthreinsun og aflífun dýra.

Í 12. gr. er fjallað um varnarlínur og hefur orðalag greinarinnar verið gert skýrara en áður en efnislega eru ákvæði greinarinnar samhliða ákvæðum 2. og 3. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 7. gr. laga nr. 23/1956, sem nú gilda um sauðfjárvarnarsvæði.

Aukið hefur verið efni 25. gr. frv. Nú er kveðið á um skyldu til að merkja líffæri og sauðfé sem slátrað er þegar það sleppur yfir varnarlínur. Merkt líffæri ber að senda án tafar til rannsóknar. Gert er ráð fyrir því að eigendur fái bætur fyrir sauðfé sem slátrað er, enda séu líffæri úr því send til rannsóknar sem er mikilvægt til að unnt sé að fylgjast með heilsufari viðkomandi sauðfjár og leggja mat á sjúkdómshættu.

Þá skal bent á að bætt hefur verið við nýrri málsgrein í 27. gr. frv. um heimild til að skipa þriggja manna dýrasjúkdómanefnd undir forustu yfirdýralæknis en gert er ráð fyrir að hann verði formaður nefndarinnar. Það fyrirkomulag samrýmist því markmiði frv. að samræma eins og unnt er stjórn og framkvæmd sjúkdómavarna á þessu sviði sem mjög er til þess fallið að auka til muna alla hagkvæmni og skilvirkni framkvæmda við sjúkdómavarnir. Leiðir það til sparnaðar fyrir ríkissjóð þegar til lengri tíma er litið. Gert er ráð fyrir að aðrir nefndarmenn í dýrasjúkdómanefnd en yfirdýralæknir séu skipaðir eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands.

Þau lög sem gert er ráð fyrir að falli brott, verði frv. að lögum, eru lög um heimild til að banna innflutning ósútaðra skinna og húða, lög um berklaveiki í nautpeningi, lög um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra og lög um sauðfjárbaðanir.

Um tvö fyrstnefndu lögin er það að segja að ekkert hefur reynt á ákvæði þeirra svo að árum skiptir. Í síðastnefndu lögunum, um sauðfjárbaðanir, er það að segja að þau skylda eigendur og umráðaaðila sauðfjár og geita til að láta fara fram böðun á því annan hvern vetur til að útrýma kláða og öðrum óþrifum. Böðunarskylda þessi er unganþæg og í framkvæmdinni er hún aðeins virk á miklum minni hluta landsins. Er löngu tímabært að afnema slík ákvæði, enda miklu eðlilegra að kveða sérstaklega á um böðun í reglugerð þar sem hennar er þörf af sjúkdómaástæðum og betri samstaða mun fást um slíkar útrýmingaraðgerðir.

Frv. það sem hér liggur fyrir tekur til allra sjúkdóma í dýrum og er öllum ákvæðum um varnir og útrýmingu sjúkdóma skipað í ein lög. Lögð er áhersla á að með frv., þótt samþykkt verði, sé ekki að neinu leyti slakað á kröfum gildandi laga í þeirri baráttu sem á sér stað og þarf að eiga sér stað til varnar því að sjúkdómar dýra berist til landsins eða að útrýmingu þeirra.

Í sambandi við fyrrnefnd atriði hafa lög nr. 11/1928, um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, reynst traustur bakhjarl. Fullyrða má að öll ákvæði laganna sem máli skipta séu tekin upp í frv. þetta. T.d. er aukið við í upptalningu þeirra vörutegunda sem bannað er að flytja til landsins þar sem hætta er talin á að smithæfni geti fylgt slíkum innflutningi.

Ég legg til, hæstv. forseti, að frv. verði vísað til landbn. og 2. umr.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil láta það koma fram við umræðuna að ég held að þetta frv. sé að ýmsu leyti til bóta. Það kemur í stað gamalla lagabálka sem sumir eru orðnir úreltir. a.m.k. í einstökum atriðum. Ég legg hins vegar áherslu á að þessi lagabreyting má ekki verða til þess að við slökum á um sjúkdómavarnir. Það er stóraukin hætta á því að sjúkdómar berist til landsins með auknum innflutningi búvara, m.a. sem afleiðing af samningum um EES og GATT og fyrirsjáanlega verður um aukinn innflutning á búvörum að ræða í framtíðinni. Þar að auki erum við í verulegri hættu vegna innflutnings sem nú þegar á sér stað, bæði löglega og ólöglega. Ég hef ekki haft tækifæri til þess að bera nákvæmlega saman ákvæði þessa frv. við þau lög sem verið er að nema úr gildi en treysti því að nefndin komi til með að gera það nákvæmlega. Þetta má ekki, eins og ég sagði, verða til þess að slakað verði á að nokkru leyti.

Ég er með litla spurningu til ráðherra varðandi orðalag 10. gr. Þar segir að óheimilt sé að flytja til landsins eftirtaldar vörutegundir: „Hey, málm, alidýraáburð, gróðurmold og rotmassa blandað alidýraáburði, hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, ...“ Nú vissi ég að bannað er að flytja inn hráar sláturafurðir en ég vissi ekki að heimilt væri að flytja inn hráar sláturafurðir ef þær væru mikið saltaðar. Ég vildi gjarnan að fyrir lægi betri skilgreining á þessu. Ég hef ekki rekist á hana í skýringum.

Síðan er örstutt athugasemd af persónulegum toga varðandi orðaskýringar. Einhvern veginn er það svo að ég kann ákaflega illa við að telja eldisfiska með búfé. Ég held að það sé ekki í samræmi við máltilfinningu okkar landbrh. Ég á reyndar einnig erfitt með að hugsa mér loðdýr undir heitinu búfé. Kann þó að vera að það sé nærtækara. Ég á mjög erfitt með að kalla eldisfiska búfé.

Árni M. Mathiesen:

Frú forseti. Ég tel að þetta frv. sem mun, ef samþykkt verður, koma í stað fimm lagabálka um varnir gegn dýrasjúkdómum vera til mikilla bóta. Þær breytingar sem gerðar eru leiða til bættrar stjórnunar og

markvissari ákvarðanatöku í takt við þann tíma sem við lifum í dag og byggjast að miklu leyti á niðurstöðum rannsókna sem framkvæmdar eru á vel útbúnum stofnunum. Ég held að frv. auki öryggi okkar hvað varðar hugsanlegan innflutning á smitefnum sem valdið geta sjúkdómum og vil því stuðla að því að það verði samþykkt. Að sjálfsögðu má deila um einstök atriði sem menn geta haft mismunandi skoðanir á hvernig best fari en það mun væntanlega vera skoðað í hv. nefnd.

Hvað varðar ummæli hv. 1. þm. Norðurl. v. um alifiska og loðdýr, þá er ég honum ósammála. Ég held að nauðsynlegt sé að flokka bæði eldisfisk og loðdýr með öðru búfé. Þessar dýrategundir eiga hvergi annars staðar heima ef þær eru aldar til þess að hafa af þeim afurðir. Í öllum grundvallatriðum á það sama við um þessar dýrategundir og þær dýrategundir sem við höfum ræktað frá aldaöðli og okkar málkennd eflaust byggist á. Ég er sannfærður um það að með tíð og tíma mun málkennd þjóðarinnar og hv. 1. þm. Norðurl. v. breytast og hann verða mér sammála í þessu efni.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Út af ummælum hv. 1. þm. Norðurl. v. vil ég fyrst taka fram að auðvitað er laukrétt hjá honum að lög eru ekki trygging fyrir því að nægilega vel sé hugað að sjúkdómavörnum. Ég er fullkomlega sammála honum um það. Það veltur á framkvæmdinni og hún verður að sjálfsögðu erfiðari eftir því sem viðskipti og ferðir verða greiðari milli landa og flutningar og viðskipti meiri. Þess vegna er nauðsynlegt að vera mjög vel á verði að þessu leyti varðandi sjúkdómavarnir.

Ég skal ekki segja hvað sé eðlilegt að kalla búfé. Ég þykist hafa tekið eftir því í auglýsingum að gullfiskar og jafnvel slöngur séu kölluð gæludýr og hænsn fiðurfé. Með hliðsjón af slíkri orðnotkun get ég vel fellt mig við að eldisfiskur sé búfé. Í lagaskilningi skiptir auðvitað mestu að skýrt sé um hvað lögin fjalla og til hvers þau taka.

Ég vil minnast á annað. Hér er upptalning á búfé og þar eru kanínur ekki felldar undir loðdýr. Þó eru ullarkanínur í skilgreiningu annarra laga kölluð loðdýr svo hér hlýtur að vera átt við kanínur til átu en ekki til framleiðslu á ull.

Það sem segir í a-lið 10. gr., þar sem talað er um innflutning á hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, hef ég skilið svo að þar sé verið að tala um þær vörutegundir sem helst sé smithætta af. Ég hef ekki treyst mér í viðræður eða umræður við yfirdýralækni um þá hluti. En þessi málsgrein breytir að sjálfsögðu engu um að óheimilt er að flytja inn sláturafurðir til landsins og breytir samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði engu um það. Að sjálfsögðu kemur þetta til athugunar í landbn. og ég hef engar skoðanir fyrir fram í þeim efnum.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Þó ég gerði athugasemdir við að eldisfiskar væru kallaðir búfé má ekki skilja mál mitt svo að ég vilji undanskilja þá sjúkdómavörnum. Ég held að það sé einmitt mjög mikilvægt að staðið sé rétt og skynsamlega að sjúkdómavörnum. Ég ber mikið traust til hv. 3. þm. Reykn., Árna M. Mathiesen, í því efni að standa vörð um heilbrigði eldisfiska. Það var ekki mín meining að draga neitt þar úr eða undanskilja. Ég gerði einungis athugasemd við þessa málnotkun.

Ég held að sjúkdómavarnir séu ákaflega mikilvægar. Íslendingar hafa hvað eftir annað orðið mjög hart úti vegna búfjársjúkdóma svo það hefur legið við landauðn. Ég minni á fjárkláða. Ég minni á mæðiveiki. Það vill svo til að ég man eftir niðurskurði sauðfjár á Norðurlandi vestra. Ég var þá barn og þá var algjör niðurskurður á sauðfé á stórum svæðum. Þetta hafði í för með sér feiknalega mikla efnahagsörðugleika. Mér er það í minni að fyrsta haustið eftir fjárskipti voru einungis lögð inn 2.600 lömb í sláturhúsið á Blönduósi. Þetta er landbúnaðarhérað sem síðar framleiddi til slátrunar um 70.000 dilka. Það var svipaður fjöldi fólks sem hafði framfæri sitt af sauðfjárrækt og þó reyndar nokkru fleiri en núna. Af þessu geta menn því séð að þar hefur verið þröngt í búi og lítið innlegg frá einstökum bændum þegar heildartalan var ekki nema 2.600 dilkar.

Ég held að við eigum að vanda okkur. Ég er mjög fýsandi þess að menn slaki ekki um of á kröfunum um sjúkdómavarnir hvorki á því sem ég kalla búfé eða eldisfiskum.

Árni M. Mathiesen:

Frú forseti. Ég held að það sé alveg ljóst af þeim orðum sem hér hafa fallið, bæði hjá mér og 1. þm. Norðurl. v., að við erum alveg sammála um mikilvægi þess að varna því að sjúkdómar berist til landsins hvort sem þeir berast í hinar hefðbundnu dýrategundir eða hinar nýrri tegundir sem við höfum til eldis. Þar ber ekkert á milli.

Hér hefur a-lið 10. gr. frv. aðeins borið á góma þar sem sérstaklega er minnst á hráar eða lítt saltaðar sláturafurðir. Þessi grein er samhljóða 2. grein laga nr. 11/1928, um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins. Þar er einmitt talað um hey, hálm og aldýraáburð, hráar og lítt saltaðar sláturafurðum hverju nafni sem nefnast o.s.frv. Eini munurinn á þessum greinum er sá að búið er að bæta fleiri tegundum inn í 10. gr. Er það í takt við þá þróun sem orðið hefur í landbúnaði okkar og vil ég þá helst nefna svokallaðan rotmassa blandaðan alidýraáburði sem notaður er til svepparæktar.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um sjúkdómavarnir búfjár. Vissulega er eðlilegt að breytingar séu gerðar á slíkum lögum þegar aðstæður breytast. Eitt atriði í því sambandi eru þau þáttaskil að nú vonast menn til að búið sé að ná tökum á ýmsum búfjársjúkdómum sem hafa orðið íslenskum bændum þungir í skauti. Þar má nefna síðast riðuna sem menn vænta að ekki þurfi að grípa til

umfangsmikilla aðgerða til að berjast á móti heldur verði það bundið við einstaka býli.

Ég vil þá nefna eitt í sambandi við það. Hér er gert ráð fyrir breytingu á sauðfjársjúkdómanefnd. Hún var mikilvægur liður til að tengja fulltrúa frá landbúnaðinum betur við þær aðgerðir sem þarna þurfti að ráðast í. Það er mikilvægt að áfram verði haft sem nánast samband við bændastéttina við framkvæmd þessara laga.

Hitt atriðið sem ég vildi minnast og taka undir það sem hér hefur komið fram er að leggja áherslu á að ekki verði slakað á sjúkdómavörnum í sambandi við innflutning. Þar fengum við nýlega dæmi um sjúkdóm sem barst hingað til lands en virðist nú hafa tekist að koma í veg fyrir að yrði að mikilli farsótt. En það minnir á að hættan er alltaf fyrir hendi. En sérstaklega finnst mér nauðsynlegt að standa vel á verði í sambandi við alþjóðasamninga og að gefnu tilefni vegna yfirlýsingar hæstv. utanrrh. um að nota eigi þá samninga til að brjóta niður múra um landbúnaðinn undirstrika að því verði ekki beitt þannig að það brjóti niður múra varna gegn sjúkdómum. Ég skal ekki í umræðu um þetta mál víkja að annarri hlið þeirrar hótunar en vissulega væri alvarlegt ef það yrði að einhverju leyti á kostnað varna gegn búfjársjúkdómum.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ef ég man rétt hefur sami þingmaður og nú lauk máli sínu farið viðurkenningarorðum um mjög einarða samþykkt ríkisstjórnarinnar um það að hvergi skuli hvikað í sambandi við sjúkdómavarnir þó svo að samningar tækjust um GATT. Þetta mál varðar að sjálfsögðu ekki samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði eins og hv. þm. er kunnugt. Samkvæmt þeim höfum við alveg á okkar valdi hvaða heimildir verða gefnar til innflutnings á hráum sláturafurðum. En í sambandi við hugsanlega GATT-samninga hefur ríkisstjórnin kveðið á um það mjög skýrt hver sé hennar vilji. Því miður hef ég samþykkt hennar ekki hér við höndina en það er kannski rétt að hafa hana nærtæka til að geta gripið til hennar þegar þessi mál koma upp.

En ég þykist muna það að hv. þm. hafi við annað tækifæri lýst yfir ánægju sinni yfir því að ríkisstjórnin vilji standa á því að verjast þeim innflutningi sem getur haft sjúkdómahættu í för með sér.

Ég vil líka minna á að samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir verður gengið lengra í þeim efnum en framkvæmdin var í tíð síðustu ríkisstjórnar.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að það sé rétt munað hjá hæstv. landbrh. að ég taldi að sú yfirlýsing sem ríkisstjórnin gaf á sínum tíma væri viðunandi og tók undir hana. Hins vegar fannst mér reyndar hæstv. utanrrh. ekki fylgja henni eftir í öllum atriðum í viðræðum erlendis má segja strax eftir að hún var gerð. En ég skal ekki hafa fleiri orð um það nú en ítreka hins vegar að yfirlýsing hæstv. utanrrh. um að nota eigi alþjóðasamninga til að brjóta niður múra um landbúnaðinn er miklu nýrri en sú yfirlýsing sem hæstv. landbrh. vitnaði til. þar sem hún kom m.a. fram í áramótagrein hæstv. utanrrh. og var reyndar búin að koma fram í ræðum hans skömmu áður.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki um það segja hvort samkomulag hæstv. utanrrh. við hv. þm. sé eitthvað verra nú en það var áður en þessi mál eru að sjálfsögðu í höndum landbrn. Ég hygg að yfirlýsing mín sé alveg fullnægjandi. Það verður staðið eins fast á vörnum gegn sjúkdómum og kostur er og er á valdi yfirdýralæknis og framkvæmdarvaldsins.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. þessa afdráttarlausu yfirlýsingu. Vissulega vonast ég til að hann fái stuðning samráðherra sinna og annarra sem hann þarf á að halda til að hún standi.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um GATT-samningana þá var hún til bóta. Ég fagna því að hæstv. landbrh. man eftir þeirri yfirlýsingu. Ég er ekkert viss um að hæstv. utanrrh. muni eftir þeirri yfirlýsingu. Hann hefur ekki haldið henni á lofti svo ég viti á þeim vettvangi þar sem unnið er að GATT-samningunum. Ég geri ráð fyrir að sendiherra okkar í Genf hafi lagt fram þetta blað. Síðan hefur því verið stungið undir stól. Samkvæmt þeim kunnugleika sem ég hef í Genf þá trúi ég að þessi yfirlýsing ríkisstjórnar Íslands sé ekki í minnum manna og ekki ofarlega á dagskrá. Ég heiti á hæstv. landbrh. að vera vel á verði um að þessari yfirlýsingu sé haldið til haga og ekki bara haldið til haga heldur farið eftir henni. Ég bið hann að halda samráðherrum sínum harkalega við efnið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Búnaðarfræðsla, 1. umr.

Stjfrv., 311. mál (skráningargjöld). — Þskj. 498.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þetta frv. er lagt fram til að afla nauðsynlegra heimilda til handa búnaðarskólunum til að innheimta skráningargjöld af nemendum og jafnframt gjaldtöku af seldum búvélum til að standa undir kostnaði við vinnu- og verktæknirannsóknir og tilraunir og prófanir bútæknideildar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Tilgangur frv. er að styrkja fjárhagslega stöðu viðkomandi stofnana miðað við núverandi fjárframlög ríkissjóðs. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að bætt verði nýrri málsgrein við 32. gr. laga nr. 55/1978, um búnaðarfræðslu. Eftir þeim lögum starfa Bændaskólarnir á Hvanneyri og á Hólum í Hjaltadal. Ekki er óeðlilegt að nemendur skólanna taki einhvern

þátt í fjármögnun á beinum kostnaði vegna náms við skólana, en rekstur þeirra er kostnaðarsamur og fjárveitingar þröngar. Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir sambærilegri heimild fyrir Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi sem starfar eftir lögum nr. 91/1936. Í báðum tilvikum er gert ráð fyrir að upphæð skráningargjalda sé háð samþykki landbrh.

Fjárlög gera ráð fyrir að starfsemi bútæknideildar RALA verði að miklu leyti kostuð með þjónustugjöldum eins og það er orðað. Það varð hins vegar að samkomulagi að lagt yrði sérstakt gjald á allar seldar búvélar og er stefnt að því að innheimta um 8 millj. kr. á ári.

Frv. gerir ráð fyrir að gjaldið verði að hámarki 2%. Sala búvéla hefur numið um 800 millj. kr. á ári undanfarin ár. Miðað við það þarf gjaldið að nema 1%. Hins vegar má reikna með minnkandi búvélakaupum bænda vegna samdráttar í framleiðslu og þar af leiðandi þarf eflaust að reikna með u.þ.b. 1,5% gjaldi. Gjaldtakan hækkar grundvöll sauðfjár- og mjólkurframleiðslu að hámarki um 0,1% þegar áhrif hennar verða að fullu komin fram.

Bútæknideildin annast m.a. búvélaprófanir. Markmið þeirra er að meta verkhæfni, styrkleika og almennt notagildi tækjanna við íslenskar aðstæður. Fyrir þessar prófanir eru tekin gjöld. Þótt þau séu væg er langt frá því að öll ný tæki séu sett í prófun.

En það sem skiptir e.t.v. meira máli er sú starfsemi deildarinnar sem lýtur að rannsóknum og athugunum á því hvers konar tækni hentar hér við búskap, undir hvaða kringumstæðum á að hagnýta tiltekinn tækjabúnað, hvernig skipuleggja skuli saman tækjabúnað og byggingar, hvaða áhrif vélarnar hafa á umhverfið, sérstaklega hvað varðar meðferð ræktaðs lands o.s.frv. Þetta er þróunarvinna sem ekki snertir beint hinar eiginlegu búvélaprófanir og ekki er hægt að innheimta fyrir sem slíkar en skiptir enn meira máli við ákvarðanir um skynsamlaga vélafjárfestingu og fyrir hagkvæmni í landbúnaði almennt.

Þar sem auðveldlega má rökstyðja að bændur hafi haft tilhenigingu til offjárfestinga í búvélum ber að leggja enn ríkari áherslu á þennan þátt í starfsemi deildarinnar og ekki getur talist óskynsamlegt að leggja vægt gjald á sölu búvéla í því skyni. Það ætti þvert á móti að tryggja að um fullnægjandi rannsóknastarfsemi sé að ræða sem komi að haldi. Sem dæmi um slíkar rannsóknir má nefna samanburð á hagkvæmni mismunandi heyverkunaraðferða sem á síðustu árum hefur verið eitt veigamesta verkefni bútæknideildar. Þar hafa rannsóknir á svokallaðri rúllutækni verið hvað fyrirferðarmestar enda er það sú tækni sem örast hefur rutt sér til rúms hér nýlega.

Lokst má nefna að verulegur þáttur í starfi bútæknideildar eru leiðbeiningar til einstakra bænda um val á tækjum og kennsla og námskeið í notkun þeirra.

Ég vona, hæstv. forseti, að hv. landbn., sem mun fá þetta frv. til meðferðar, vinni hratt að athugun þess. Samkvæmt fjárlögum er gert ráð fyrir að þau gjöld sem hér er talað um innheimtist. Ef það nær ekki fram að ganga verður að sjálfsögðu að endurskoða rekstrar-áætlanir viðkomandi stofnana með hliðsjón af því og draga úr starfsemi þeirra.

Ég legg til, hæstv. forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hér er nú um óttalegt skítafrv. að ræða. En það er kannski ekki nema í samræmi við ýmislegt annað sem ríkisstjórnin gerir í málefnum námsmanna. Raunar ætti þetta að vera í tveimur frv. a.m.k. III. kafli þessa frv. á ekki beint við um búnaðarfræðslu. Það er nokkuð villandi að hengja hann saman við skólagjöldin. Hér er verið að lögfesta skólagjöld vegna þess að fjárhagur skólanna er þröngur. Ég vil minna hæstv. landbrh. á að fjárhagur nemenda í þessum skólum er þröngur og það er verið að leggja byrðar á þá. Lögfesta gjaldtöku af nemendum og það tel ég illa farið.

Það einkennir afar margar aðgerðir þessarar ríkisstjórnar hvað þær eru ákaflega óréttlátar. Það er helst veist að þeim sem minnst mega sín og þessi ríkisstjórn hefur eins og þráfaldlega hefur sannast sérstakan ímugust á námsmönnum. Þetta er svo sem í stíl við annað sem ríkisstjórnin hefur verið að gera í málefnum námsmanna. Ég er andvígur þessari gjaldtöku.

Varðandi III. kafla frv., þ.e. að hækka búvélar til bænda um 2%, þá er það kannski ekki nema eins og dropi í hafið. Ég geri ekki lítið úr því að það sé kannað hvaða vélar henta og hvernig unnið sé að þessari könnun. Ég held reyndar að það sé fullkomin ástæða fyrir bændasamtök og landbrn. að fara með formlegum hætti ofan í verðmyndun á búvélum. Hæstv. ráðherra talaði um offjárfestingu í landbúnaðarvélum. Það kann að hún sé einhver. En ég stend í þeirri meiningu að búvélar séu miklu dýrari á Íslandi en þær þyrftu að vera. Þarna væri hægt að rétta hlut landbúnaðarins með myndarlegum hætti. Viðskiptahættir með búvélar og ég tala nú ekki um varahlutaverslun fyrir búvélar eru aldeilis ekki til fyrirmyndar. Um það ætla ég ekki að nefna dæmi í þessum fáu orðum mínum, en ég tel að það sé sérstakt athugunarefni og umhugsunarefni og málefni sem þarfnist úrbóta.

Búvélaprófanir hafa átt sér stað um alllangt skeið. Sjálfsagt hefur þar verið margt vel unnið en ég held samt að þessar álitsgerðir sem settar hafa verið fram hafi verið allt of vægar. Það hefur ekki verið varað nægilega við óhentugum eða gölluðum vélum. Það hefði kannski flokkast undir atvinnuróg og bændur hafa í góðri trú keypt vélar sem ekki uppfylltu þau skilyrði sem þær hefðu átt að gera. Þær hafa verið meira og minna gallaðar. Varðandi offjárfestinguna þá er það varðandi rúllubaggatæknina að hún er alveg tvímælalaust stórt spor í framfaraátt í heyverkun. En hún útheimtir allt annan vélakost og það sem verra er allt annan húsakost en fyrri tækni og þar af leiðandi eru ekki bara vélarnar sem þarf að kaupa heldur þarf ef vel á að vera að byggja allt upp frá grunni, heygeymslur og aðstöðu til að koma fóðrinu til gripanna.

Það má segja að þetta geti stuðlað að offjárfestingu þar sem menn verða að verja svo miklum fjármunum til að koma breytingunni á þannig að með fullnægj-

andi og hentugum hætti sé. Þrátt fyrir það held ég nú að rúllubaggagerðin hafi verið mjög stórt spor í framfaraátt í íslenskum landbúnaði.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst og fremst taka undir það sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði hér um þetta frv. Ég held að það sé ákaflega óheppilegur tími nú að fara að taka upp skólagjöld á nemendur í þessum skólum. Við sjáum á fylgiskjali með frv. að þarna er um töluverðar upphæðir að ræða þar sem Bændaskólinn á Hvanneyri á að afla 800 þús. kr. og Bændaskólinn á Hólum 600 þús. kr. og Garðyrkjuskóli ríkisins 600 þús. kr. Þetta er kannski ekki mjög hátt hlutfall af heildarkostnaði nemenda við námið en hann leggst þá ofan á það sem áreiðanlega er sumum ekki allt of auðvelt að greiða eins og aðstæður eru núna. En við vitum að það er mikið öryggisleysi í þróun landbúnaðar hér á landi, þ.e. hvernig hann muni þróast á næstu árum og kannski því ekki allt of mikill áhugi á að afla sér náms í þessari atvinnugrein. Því er það ákaflega slæmt að setja svona gjald á við þær aðstæður til viðbótar við þá upphæð sem þarna er greidd. Ég held að það hafi mjög neikvæð áhrif fyrir nemendur að það skuli vera talinn sérstakur gjaldstofn fyrir ríkissjóð að innheimta skólagjald frá þeim.

Ég held að við þessar aðstæður þurfi miklu frekar að reyna að ýta undir ungt fólk að afla sér þekkingar í þessari atvinnugrein þannig að það rætist frekar sem við viljum vissulega trúa að það muni birta fljótt aftur hjá þessum atvinnuvegi. Þá er auðvitað grundvallaratriði að hafa nægа þekkingu á hvernig þar á að haga störfum svo árangurinn verði sem bestur.

Gjaldið af búvélunum er auðvitað einn liður í skattlagningu á atvinnuveginn. Miðað við þær umræður sem fram hafa farið, m.a. GATT-umræðurnar, þá finnst mér að þarna sé farið í algerlega öfuga átt. Samkvæmt þeim drögum sem liggja fyrir í GATT-viðræðunum þá er takmarkað hvað ríkið má greiða af beinum greiðslum til landbúnaðar. Hins vegar eru þar engar skorður settar við því hvað má styðja að rannsókna- og þróunarstarfi. Því stefnir það sem sagt í öfuga átt ef hér á að íþyngja atvinnuveginum með þessum hætti. Því það er rétt sem hér kom fram hjá hæstv. ráðherra og hv. 1. þm. Norðurl. v. að rannsókna- og þróunarstarfsemi er mjög mikilvæg fyrir alla atvinnuvegi og ekki síst fyrir landbúnaðinn. Núna stendur t.d. yfir ráðunautafundur Búnaðarfélags Íslands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og þar hafa verið haldin mjög mörg fróðleg erindi, m.a. um rannsóknir á heyverkun sem sýnir það hversu þar er um álitlega aðferð að ræða fyrir okkar aðstæður en jafnframt hversu mikilvægt það er að þar sé staðið rétt að verki því það getur skipt algjörlega sköpum um það hversu hagkvæmt þetta er fyrir búið.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því í lögum um búnaðarfræðslu og lögum um Garðyrkjuskóla ríkisins að heimilt sé að innheimta af nemendum innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld og skuli upphæð gjaldanna háð samþykki ráðherra. Mér finnst skýrara að hafa þetta í lögum. Það hefur tíðkast og gerði það áreiðanlega þegar hv. 2. þm. Suðurl., Jón Helgason, fór með landbúnaðarmál að sum af þessum gjöldum voru innheimt af nemendum. Þau voru kölluð efnisgjöld og þar fram eftir götunum. Hér er heimildin orðuð mjög skýr og ég fer ekki í launkofa með það að ég tel það heilbrigt að skólagjöld séu innheimt af nemendum í framhaldsskólum og háskólum. Ég vil í þessu sambandi minna á að mikill metnaður er nú í Hólaskóla til þess að færa námið þar á hærra stig en verið hefur. Ef það á að geta tekist vel þá er nauðsynlegt að fjárveitingar til þess skóla verði auknar. Hér er alls ekki um nýtt mál að ræða. Það hefur löngu verið upplýst hér í þinginu að skólagjöld hafa viðgengist. Ég tel hins vegar ástæðulaust að vera að fara í einhvern feluleik með þá hluti. Ég er fylgjandi skólagjöldum, þau hafa tíðkast í mismunandi mæli í mismunandi skólum. Þau hafa verið hærri í Verslunarskóla Íslands en í flestum skólum öðrum. Í sumum öðrum skólum hafa félagasamtök greitt niður kostnað við skólana. Þannig hygg ég t.d. að samvinnuhreyfingin hafi greitt niður kostnað við uppbyggingu Samvinnuskólans á Bifröst og þar fram eftir götunum. Með sama hætti og ýmis fyrirtæki greiddu niður eða gáfu stórgjafir til að unnt yrði að reisa Verslunarskóla Íslands, þá nýju og glæsilegu byggingu sem er hér í hinum nýja miðbæ. Hefur rekstur þessara skóla beggja verið til mikillar fyrirmyndar og líka fyrir þá sem hafa staðið á bak við uppbygginu þeirra, bæði sem bygginga og líka þess innra starfs sem þar hefur farið fram. Ég er sem sagt pínulítið undrandi á því að hv. 1. þm. Norðurl. v., Páll Pétursson, skuli kalla þetta óttalegt skítafrv. Hér er ekki verið að tala um nýja hluti. En á hinn bóginn kemur það mér að sjálfsögðu ekki á óvart þótt stjórnarandstaðan andmæli álögum af þessu tagi. Það er í samræmi við eðli stjórnarandstöðunnar að gera slíka hluti en á hinn bóginn í samræmi við gott stjórnarsamstarf sem við á sínum tíma áttum við Framsfl. um að slík gjöld skuli upp tekin.

Um búvélarnar vil ég aðeins segja það að á síðasta ári var formlega tekið í notkun nýtt og glæsilegt búteknihús. Það er engin vafi á því að það fé sem við höfum nú til umráða til rannsókna almennt á þessu sviði sem öðrum er minna heldur en við hefðum kosið. Ég er fylgjandi því að taka þetta gjald upp sem hér er kveðið á um til þess að skapa meira rými fyrr aðrar rannsóknir sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur með höndum. Þetta er liður í því að gera rannsóknastarfsemina öflugri og um leið að vekja athygli á því að ekki er óeðlilegt að atvinnugreinin sjálf leggi fram fé til þess að rannsóknastarfsemi geti verið fullnægjandi.

Á hinn bóginn fer ég ekki dult með það að það hafa komið fram ýmsar raddir á fundum sem ég hef átt með bændum og forustumönnum þeirra hvort ekki sé rétt að draga úr þeim miklu sjóðagjöldum sem lögð eru á landbúnaðinn. Þau mál eru nú í athugun eins og hv. þm. er kunnugt. Niðurstaða hefur dregist meira en

góðu hófi gegnir en vitaskuld hljóta þessi mál að vera í stöðugri endurskoðun. Ég vil sérstaklega taka undir það sem hv. 1. þm. Norðurl. v. talaði um í sambandi við innflutningsgjöld á búvélar. Ég er honum fullkomlega sammála um að nauðsynlegt sé að endurskoða þá hluti frá grunni. Það tekur til varahlutaverslunar einnig og raunar líka þess kostnaðar sem bændur hafa af lyfjaverslun og ýmsu öðru sem of langt yrði upp að telja hér. Þessi mál eru í sérstakri rannsókn. Guðjón Eyjólfsson, löggiltur endurskoðandi, hefur þessi mál öll í endurskoðun fyrir landbrn. Ég veit ekki betur en að það sé í fullri samvinnu við bændasamtökin og hann hefur raunar skilað áfangaskýrslu um þau efni.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil ekki alveg hvað hæstv. landbrh. á við með að þetta mál sé eitthvað í fastari skorðum með því að setja það í lög. Jú, hér er komin lagaheimild um að það megi innheimta skólagjöld. Það eru engin takmörk á hvað þau mega vera há, ekki eftir lagagreininni. En hins vegar koma fram í fylgiskjali frá fjmrn. þessar tölur sem ég nefndi áðan um heildarupphæð þeirra og þannig er settur rammi með fjárlögunum um hvað þetta á að vera há upphæð. Ég býst við skólanefndir og skólastjórar verði þá knúin til að fara eftir því sem áveðið er í fjárlögum til að ná þessari upphæð og sama verður þá ráðherra að gera. Þannig að það eru engar skorður settar fyrir því hversu stór hluti af námskostnaði þetta má verða.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla sannarlega ekki að fara að mótmæla fjárveitingum til Hólaskóla. Ég tel að hann sé ekki ofhaldinn af þeim fjárveitingum sem ákveðnar hafa verið á fjárlögum. En ég tel að skólinn eigi að rekast fyrir þær fjárveitingar sem ríkið ákveður. Ég er algerlega andvígur því að lögfesta verulegar álögur á blanka nemendur. Þetta nám er talsvert dýrt, sennilega talsvert mikið dýrara en margt annað nám sem ungmennum stendur til boða. Það er eins og fram kom hjá hv. 2. hv. þm. Suðurl. þá er ekki þak á þessu. Guð má vita hvað núv. ríkisstjórn, ef henni endist aldur til, kemur til með að spenna þessi gjöld upp. Mér finnst ekki sambærilegt að bera saman skólagjöld í ríkisskólum og einkaskólum. Það hefur auðvitað tíðkast um langa hríð að í einkaskólum væru innheimt skólagjöld. Það er út af fyrir sig ekkert við því að segja en það er ekki saman að jafna um ríkisskólana. Og það réttlætir ekki að fara að taka upp skólagjöld í ríkisskólum þó að það hafi tíðkast í einkaskólum.

Ég er andvígur skólagjöldum, frú forseti. Ég vil jafnrétti til náms óháð efnahag. Ég fagna hins vegar áhuga hæstv. ráðherra að standa að bættum viðskiptaháttum um búvélar.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru miklar kröfur gerðar til búnaðarskólanna af þeim nemendum sem þar eru og það er í mörgum tilvikum og flestum tilvikum kannski nemendur sem komnir eru á þrítugsaldur, orðnir stúdentar eða hafa menntað sig í öðrum greinum og þeir ætlast auðvitað til þess að tími þeirra nýtist vel. Það eru skólagjöld í Háskóla Íslands. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að það hefur viðgengist í öllum búnaðarskólunum að nemendur hafa greitt efnisgjöld og ýmislegt annað þannig að hér er ekki að því leyti verið að fara neitt inn á ótroðnar slóðir. Þar að auki vil ég að síðustu segja að fjárlög hverju sinni afmarka það við hvaða fjárhæð skólagjöld miðast.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Varðandi það frv. sem hér er til umræðu þá er þetta stefna ríkisstjórnarinnar í hnotskurn að gera efnaminna fólki erfitt að afla sér menntunar. En það er dálítið merkilegt að heyra að það sé nauðsynlegt að leggja skólagjöld á bændaskólana og garðyrkjuskólann á sama tíma sem ríkisstjórnin er að tala um að efla verkmenntun í landinu. Það er verið að mismuna fólki þarna stórlega eftir efnahag og þeir sem hafa erfiðan efnahag fara þá ekki lengur í þessa verkmenntaskóla.

Og í sambandi við seinni hluta frv. — eins og fram hefur komið hér, þá ættu þetta auðvitað að vera tvö frumvörp, ekki eitt vegna þess að hér er um tvö óskyld efni að ræða, þarna er líka verið að tala um RALA og þjónustugjöld á búvélar sem fluttar eru inn — þá finnst mér þetta líka vera í hnotskurn það sem ríkisstjórnin er að gera í sambandi við atvinnulífið almennt. Það er alls staðar verið að leggja nýjar álögur á atvinnulífið og þarna er verið að leggja nýjar álögur á landbúnaðarvélar.

Í þriðja lagi finnst mér að það væri kannski ráð að ríkisstjórnin færi að skoða það að auka rannsóknir á innfluttum matvælum meira en orðið er og það mundi kannski örva íslenskan landbúnað ef ríkisstjórnin tæki sig nú til og skoðaði betur það sem við erum að flytja hér inn, t.d. ýmiss konar garðyrkjuvörur. Ég er alveg viss um að ef rannsóknir t.d. á tómötum, gúrkum o.s.frv. sem verið er að flytja inn í dag væru auknar, þá yrði innflutningur bannaður. Ég er alveg viss um að það eru ýmis aukefni í þessum vörum sem eru skaðleg. Ég held að hæstv. landbrh. ætti að auka rannsóknir á innfluttum matvælum meira en gert hefur verið hingað til og einbeita sér að því og hætta að letja atvinnulífið með auknum sköttum.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. hlýtur að hafa mistalað sig þegar hann sagði að allar aðgerðir ríkisstjórnarinnar miðuðu að því að íþyngja atvinnulífinu. Hv. þm. er kunnugt um að þetta er ekki rétt. Skýrasta dæmið um það er að aðstöðugjaldið var fellt niður og má hafa um það fleiri orð.

Ég veit ekki hvort hv. þm. ætlaðist til þess að orð hans skildust svo að það hefði fram að þessu verið séð fyrir þörfum þeirra skóla, landbúnaðarskólanna og annarra þeirra skóla þar sem verkmenntun hefur verið kennd. Það er síður en svo. Það hefur auðvitað skort

mikið á að það hafi tekist. Við höfum ekki getað sinnt verkmenntun í landinu eins og við höfum kosið og auðvitað er þetta frv. liður í því að reyna að koma betur til móts við nemendur heldur en ella yrði hægt.

Í öðru lagi liggur það ljóst fyrir að ríkissjóður er ekki einhver óþrjótandi lind sem menn geta endalaust sökkt sinni ausu í. Við tókum ekki við góðu búi að því leyti og auðvitað ber stjórn ríkisfjármála nú keim af því við hvaða búi var tekið. Innbyggður fjárlagahalli var gífurlegur. Menntamálin voru komin í ógöngur. Það er laukrétt hjá hv. þm. að fram að þessu hefur ekki verið nægilega gaumur gefinn að því hvaða eftirlit sé hægt að hafa með innfluttum matvælum, en ég hef verið að reyna að gera ráðstafanir til þess að þar megi herða eftirlit, m.a með sérstöku gjaldi sem þeir skulu greiða sem innflutninginn annast og er ætlast til þess að því tvígjaldi sé haldið sérstaklega til haga.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég er að tala um þegar ég segi að ríkisstjórnir örvi ekki atvinnulíf er að það örvar ekki atvinnulíf að leggja einn milljarð t.d. á sjávarútveginn. Það örvar ekki atvinnulíf að leggja virðisaukaskatt á prentiðnað í landinu. Það örvar ekki atvinnulíf að leggja virðisaukaskatt á orku. (**Landbrh.**: Ferðaþjónustu?) Ég tala nú ekki um ferðaþjónustu, hæstv. landbrh. Það var svar bænda við auknum samdrætti, það var að efla ferðaþjónustu. En svar ríkisstjórnarinnar við þeirri atvinnugrein er aukin skattlagning. Það er þetta sem ég er að tala um, hæstv. landbrh. Og ég var að tala um það að mér þykir það ekki vera alveg í takt þegar hæstv. ríkisstjórn ætlar að örva verkmenntun í landinu að á sama tíma ætlar hún að leggja aukinn skatt á nemendur sem stunda verkmenntun.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hélt að öllum þingmönnum væri það vel kunnugt að mikið skortir á það að okkar gjaldeyrisöflun sé í því horfi sem hún þyrfti að vera. Á sl. árum hefur mikið vantað á það að við höfum gert okkar sem skyldi í sambandi við gjaldeyrisskapandi atvinnugreinar sem kemur okkur nú í koll. Og það er auðvitað líka rétt sem hv. þm. á að vera kunnugt af því að hann talaði sérstaklega um sjávarútveginn, þá hefur það fyrst og fremst verið vegna mikillar arðsemi sjávarútvegsins sem hér hefur verið unnt að halda uppi þeim lífskjörum sem við höfum búið við á undanförnum árum.

Nú bregður hins vegar þannig við að þorskstofninn hefur brugðist og auðvitað hlýtur það einhvers staðar að koma við. Það þýðir ekki að koma hingað einhvern tíma upp í ræðustólinn og tala eins og það skipti engu máli hvort við getum veitt þorsk í sama mæli og áður og reyna að gera því skóna að það sé einhver sérstakur vilji ríkisstjórnarinnar að draga úr tekjum þjóðarbúsins í heild sinni þegar það eru náttúrulegar orsakir sem eru höfuðorsakavaldurinn. Auðvitað má velta því fyrir sér hvort rétt hafi verið staðið að því hvernig við nýttum þorskstofninn á liðnum árum og spyrja að því í hvaða höndum sjávarútvegurinn hefur verið og hvað það er sem raunverulega veldur því að ekki skuli hafa verið lögð meiri áhersla á það t.d. að kanna líffríki sjávarins á liðnum árum og áratugum, ég veit ekki hvort ég á að segja frá 1971, allan þann tíma sem Framsfl. hefur verið við völd hér. Við tökum við þessu búi. Við verðum að standa frammi fyrir því að þorskstofninn hefur hrunið og við höfum ekki haldbærar skýringar á því af hvaða sökum það hefur verið.

Hitt er líka auðvitað laukrétt að með því að við lögðum aðstöðugjaldið niður þá höfum við styrkt innlenda matvælaframleiðslu á kostnað erlendrar vegna þess að aðstöðugjaldið bitnaði miklu þyngra á innlendu matvælaframleiðslunni en innfluttu vörunni sem er auðvitað augljósast ef við tökum Hagkaup sem dæmi sem ekki þurfti að greiða aðstöðugjaldið nema einu sinni og berum það hins vegar saman við innlenda verksmiðjuframleiðslu.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég nú þakka hæstv. landbrh. fyrir mjög góða ræðu um sjávarútvegsmál. Við erum alveg sammála um það að við viljum efla gjaldeyrisskapandi atvinnugreinar. Það sem ég var að segja hér áðan var að aðalvaxtarbroddurinn í atvinnulífinu hefur verið í ferðaþjónustu og menn hafa bundið miklar vonir við er nú sérstaklega skattlögð og mér finnst það vera alveg þvert ofan í allt sem ráðherra sagði hér áðan að standa að þeirri aðgerð.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hæstv. landbrh. svaraði ekki fyrr en eftir að hv. 1. þm. Norðurl. v. hafði komið með andsvar sitt svo að ég hafði ekki tök á að koma á eftir honum með athugasemd í andsvörum áðan en ég hef hér rétt til að tala tvisvar og þess vegna vildi ég víkja aðeins að þessu máli frekar. Að vísu hefur nú hæstv. landbrh. fært málið þannig í átt til almennrar umræðu um atvinnumál og væri það vissulega hægt að halda lengi áfram. Ég skal samt ekki fara mikið lengra út í það heldur fyrst og fremst um það atriði sem við ræddum um. Það eru skólagjöldin og það sem kom fram hjá hæstv. landbrh. í orðum hans segir mikið um eðli málsins. Hann sagði: Það fer eftir fjárlögum hverju sinni hvað skólagjöldin þurfa að vera há. Það er sem sagt búið að opna heimild með þessu að leggja skólagjöld á nemendur til þess að standa undir reksturskostnaði skólanna eins og þarf til þess að hafa skólahaldið í eðlilegu horfi, til þess að bæta upp það sem á vantar af fjárveitingu hverju sinni. Ef fjárveiting er t.d. aðeins helmingur af rekstrarkostnaði skólans, þá stendur skólanefnd og skólastjóri frammi fyrir því: Á að leggja hálfan skólakostnaðinn á nemendur eða eigum við að leggja skólahaldið niður eða skerða það stórkostlega? Frammi fyrir því sama stendur þá ráðherra, hvort hann á að samþykkja þá tillögu sem skólanefnd og skólastjórn væri knúin til þess að koma með til hans eða á að leggja skólahaldið í rúst. Og það er auðvitað erfið ákvörðun fyrir aðila sem hafa áhuga á þessari fræðslu

ef þeir yrðu að skerða námið svo mikið að það yrði algerlega óviðunandi. Þetta er held ég aðalkjarninn í þessu máli. Það er verið að lögfesta þarna heimild til þess að innheimta ótakmörkuð gjöld af nemendum og upphæðin á að miðast við það, eftir því sem hæstv. landbrh. sagði, hvaða upphæð er veitt á fjárlögum, hvað mikið vantar þar til eðlilegs skólareksturs.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Af efnisatriðum þessa frv. vil ég segja um 1. og 2. gr. að ég lýsi yfir andstöðu við þau áform að leggja á svokölluð skráningargjöld eins og það heitir í athugasemdum. Ég tek eftir því að þessi gjöld í 1. og 2. gr. eru tilgreind þannig í textanum að þar er sagt „svo sem", „svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld, nemendasjóðsgjöld" þannig að það er ljóst af orðalagi frumvarpstextans að hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða á þeirri heimild sem er verið að fara fram á að fá. Ég les það út úr þessum frumvarpstexta að það mætti bæta við öðrum gjöldum en þeim sem þarna eru upp talin því að það kemur ekki fram í textanum að hér sé um að ræða tæmandi upptalningu á gjöldum sem er verið að leggja á nemendur.

Í öðru lagi geri ég athugasemd við það að ekki er sett hámark í lagatextann á þau gjöld sem ætlað er að nemendur greiði. Hér er verið í raun og veru að fara fram á það við Alþingi að það framselji skattlagningarvald til framkvæmdarvaldsins. Ég tel að menn eigi að fara mjög varlega í að veita heimildir í þá veru og þegar hægt er að fallast á að veita slíkar heimildir verði það að gerast með afmörkuðum hætti eins og t.d. þeim að upphæð gjalda sem heimilt er að taka sé tilgreind í lagatextanum. Það tel ég algert lágmark til þess að um sé að ræða viðunandi framsal á skattlagningarvaldi að mínu mati.

Þá vildi ég gera athugasemd við það sem ég heyrði hæstv. landbrh. í tvígang halda hér fram í ræðustól að ríkisstjórnin hefði lagt aðstöðugjaldið niður. Það er rangt, virðulegi forseti. Aðstöðugjaldið hefur ekki verið lagt niður. Lög um aðstöðugjald eru enn í fullu gildi og þeim hefur ekki verið breytt. Eina breytingin sem menn hafa gert á aðstöðugjaldi er að samþykkja sérstök lög um að það aðstöðugjald sem verður lagt á á þessu ári, 1993, verði ekki innheimt. Eða með öðrum orðum sérstök lög um innheimtu álagðs aðstöðugjalds á þessu ári, 1993. Þegar þetta ár er liðið verða hlutirnir í nákvæmlega sama fari og verið hefur, ekki aðeins að aðstöðugjaldið verði til sem skattur, heldur líka lagt á og innheimt þannig að það þarf sérstök lög til að afnema aðstöðugjaldið sem skatt og það hefur ekki verið gert. Aðstöðugjaldið er til enn þá sem skattur og það er enn þá lagt á og engin breyting hefur verið gerð á því. Og það mun verða innheimt á komandi árum nema sérstök lög verði um það sett. Þannig að það er rangt sem hér hefur verið haldið fram að búið sé að leggja niður aðstöðugjaldið. Þetta vildi ég að væri alveg skýrt svo að það væri enginn misskilningur á ferðinni af hálfu þingmanna eða annarra sem hlýða á umræður héðan frá þinginu að aðstöðugjaldið er enn til og hefur engu verið breytt í þeim efnum öðru en því að samþykkja viðbót um að álagt aðstöðugjald þessa árs verður ekki innheimt.

Ég vil minnast á það í leiðinni, virðulegi forseti, að í fjárlögum þessa árs er umdeilanlega frá þessu gengið. Það er ekki gert ráð fyrir því í fjárlögunum að tekjuskattur eða sú upphæð sem menn ætla að innheimta í tekjuskatt á þessu ári sé í samræmi við raunveruleikann. Í lagatextanum minnir mig að standi að innheimtur tekjuskattur nettó verði 13.100 millj. en í raun og veru er gert ráð fyrir að það verði 4.350 millj. kr. hærra í innheimtan tekjuskatt nettó ef ég man þessa tölu rétt, en á móti er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði sveitarfélögum sérstakar greiðslur vegna aðstöðugjalds þessa árs 4.250 millj. Og ég hefði talið eðlilegra að ganga þannig frá fjárlögum að þau væru í samræmi við veruleikann og lögin, að nettó tekjuskattur hefði verið hækkaður í fjárlögunum til samræmis við raunveruleikann og gjaldamegin í fjárlögunum væru þessar greiðslur sem eru bara eins árs greiðslur til sveitarfélaga vegna þess að aðstöðugjald þessa árs verður ekki innheimt.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var farinn að sakna hv. 5. þm. Vestf. Kristins H. Gunnarssonar og er feginn að hann skuli hafa komið í ljós. Auðvitað er rétt að nauðsynlegt er að leiðrétta meiri háttar misskilning hjá ráðherra þegar hann heldur því fram að aðstöðugjaldið hafi verið lagt niður. Eins og þingmaðurinn segir þá má enginn mikssilningur vera. Þetta verður að vera skýrt. Aðstöðugjaldið hefur ekki verið lagt niður. Hins vegar er það rétt að það verður ekki innheimt. Það er mikill munur á þessu tvennu, hv. þm.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég geri ráð fyrir að þetta frv. muni fá umfjöllun eins og ástæða er til í hv. landbn. Þar sem ég á ekki sæti í henni þá hef ég áhuga á því að sjónarmið mín komi á framfæri í 1. umr. og það jafnvel þótt ég viti það að þau eru hin sömu og fulltrúa okkar kvennalistakvenna í landbn. Mér finnst full ástæða til þess að gerð sé athugasemd við það þegar verið er að auka álögur á nemendur í landinu og ekki síst finnst mér það mjög hæpin röksemdafærsla sem kemur fram í athugasemdum við lagafrv. þetta sem réttlæting á því að lögð séu skólagjöld á nemendur í bændaskólunum á Hvanneyri og Hólum í Hjaltadal og sömuleiðis Garðyrkjuskóla ríkisins en það stendur þar, með leyfi forseta:

„Ekki er óeðlilegt að nemendur skólanna taki einhvern þátt í fjármögnun á beinum kostnaði vegna náms við skólana, en rekstur þeirra er kostnaðarsamur og fjárveitingar þröngar."

Þetta er vandamál sem er skilgreint en niðurstaðan eða lausnin sem gefin er, að nemendur eigi að fara að taka þátt í fjármögnun á beinum kostnaði vegna náms við skólana og það án þess að því séu sett nokkur takmörk, finnst mér algerlega út í hött. Ef eitt nám er

kostnaðarsamara en annað eins og hér er talað um og fjárveitingar þrengri til eins náms en annars — og nú bíð ég eftir að hæstv. ráðherra finni sér tíma til þess að fylgjast með umræðunni, virðulegi forseti. Hann þurfti að rjúka frá og — er kominn aftur. Ef eitt nám er öðru fremur dýrt og ef fjárveitingar eru skornar frekar við nögl í einu námi en öðru á það að sjálfsögðu ekki að bitna á nemendum, það er út í hött. Mér finnst þetta einfaldlega ekki gild röksemdafærsla. Ef þessi röksemdafærsla væri viðurkennd þá er verið að beina fólki í það nám sem er ódýrast og í rauninni hefur verið mikil tilhneiging til þess. Öllum hefur verið beint í bóknám og ekki í verknám vegna þess að það er svo miklu ódýrara að reka bóknám en verknám. Þetta er einmitt hluti af vanda skólakerfis okkar og ef á að opna fyrir meiri mun á þeim kostnaði sem nemendur bera af námi sínu eftir því hvaða námsleið þeir velja þá finnst mér keyra um þverbak. Ég held líka að full ástæða sé til þess að vekja athygli á því að við kvennalistakonur höfum mælt mjög eindregið gegn skólagjöldum og út af fyrir sig eru það fullgild rök í þessu máli. En ég held að enn meiri ástæða sé til þess að vekja athygli á þessari undarlegu röksemdafærslu og þeirri hættu sem er boðið heim með því að viðurkenna slíka röksemdafærslu.

Einnig má sjá fram á það að ef hægt er að velta öllum kostnaðinum yfir á nemendurna þá er auðvitað freisting fyrir ríkið að skerða eða skera fjárveitingar sínar enn frekar niður á meðan einhverjir nemendur skila sér því að hér eru ekki settar aðrar takmarkanir en þær að ráðherra þarf að samþykkja þetta gjald. Honum er sjálfsagt vandi á höndum ef honum er ætlað að skera mikið niður í sínu ráðuneyti en einatt er verið að þrýsta á ráðherra með slíkt. Ef þetta verður að lögum mun það sjálfsagt verða framkvæmt eftir því hver heldur um stjórnvölinn en mér finnst að skýr ákvæði vanti um það að skólagjöld yfir höfuð eigi ekki að vera lögð á. Það eigi í mesta lagi að vera einhver lágmarksgjöld vegna einhverra umframþarfa vegna einhvers sérstaks náms en ekki að hægt sé að leggja á skólagjöld sem hindri nemendur í að geta valið sér nám við hæfi. Okkur veitir ekki af að hafa vel menntað fólk með fjölbreytta menntun hér og það jafnt verkmenntun sem bóknámsmenntun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Löndun á loðnu til bræðslu, 1. umr.

Stjfrv., 304. mál. — Þskj. 473.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um afnám laga um löndun loðnu til bræðslu. Á sínum tíma þótti nauðsynlegt að setja á fót sérstaka nefnd til þess að hafa stjórn á hendi með löndun loðnu. Nú hafa allar aðstæður breyst. Hvort tveggja er að veiðarnar eru stundaðar í aflamarkskerfi og verðmyndun orðin frjáls þannig að nútímaveiði- og viðskiptahættir gera það að verkum að opinber miðstýring á loðnulöndun er í engu samræmi við þær aðstæður sem við búum við í dag og hún hefur því verið aflögð. Með þessu frv. er lagt til að það verði formlega staðfest með því að fella lögin um loðnunefndina niður.

Ég legg svo til, frú forseti, að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skálholtsskóli, 1. umr.

Stjfrv., 297. mál (heildarlög). — Þskj. 462.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um Skálholtsskóla. Frv. er ætlað að leysa af hólmi gildandi lög um Skálholtsskóla frá 1977. Frv. sama efnis, sem nefnd um málefni Skálholtsstaðar hafði samið, var lagt fram á 115. löggjafarþingi en var þá ekki útrætt. Það frv. sem nú er lagt fram er samið á grundvelli hins eldra frv. og að teknu tilliti til breytinga á því sem samþykktar höfðu verið á kirkjuþingi.

Skálholtsnefndina, sem hér er vísað til, skipaði ég vorið 1991 í samráði við biskup Íslands og menntmrh. til þess að huga að málefnum Skálholts og gera tillögur þar að lútandi. Það frv. um Skálholtsskóla, sem nefndin samdi og er grundvöllur þessa frv. sem nú er flutt, fól í sér tillögur nefndarinnar um framtíðarskólarekstur á staðnum en nefndin mun bráðlega skila af sér heildstæðri skýrslu sem væntanlega getur orðið grundvöllur að frekari stefnumótun í málefnum Skálholtsstaðar.

Nefndina skipuðu Ásdís Sigurjónsdóttir deildarsérfræðingur, skipuð samkvæmt tilnefningu fjmrh., séra Jón Einarsson prófastur, skipaður samkvæmt tilnefningu kirkjuráðs, séra Jónas Gíslason, vígslubiskup Skálholtsstiftis, skipaður samkvæmt tilnefningu biskups, séra Sigurður Sigurðarson sóknarprestur, skipaður samkvæmt tilnefningu menntmrh., og Lára Margrét Ragnarsdóttir alþingismaður sem er formaður nefndarinnar.

Stærsta breytingin í því frv. sem er nú lagt fram er sú að frv. geymir ekki í sér jafnnákvæma lýsingu á skipulagi og rekstri stofnunarinnar og áður var gert heldur er það kirkjunnar að móta það starf sem þar fer fram. Þar sem áður var t.d. í 4.–6. gr. fjallað ítarlega um skipun og starf skólaráðs og forstöðumanns er nú sagt í 4. gr. að um þetta skuli ákveðið nánar í samþykktum fyrir skólann sem kirkjuráð setji. Kirkjuráð mun þannig ákvarða skipulag og rekstur skólans með samþykktum sínum. Í samþykktunum verður t.d. kveðið á um stærð skólaráðsins, stöðu þess og hlutverk. Einnig um stöðu, ábyrgð og valdsvið rektors. Þá er nú bætt inn í frv. ákvæði til bráðabirgða um að lögin skuli endurskoðuð innan fjögurra ára með hliðsjón af endurskoðun samkomulags ríkis og kirkju um rekstur skól-

ans en það samkomulag gildir til 31. des. 1995.

Í athugasemdum með frv. er saga skólans rakin en hann tók til starfa árið 1972 undir stjórn séra Heimis Steinssonar. Bygging skólans hófst hins vegar tæplega 10 árum áður. Var skólabyggingin að miklu leyti fjármögnuð fyrir söfnunarfé Skálholtsvina og lýðháskólamanna á Norðurlöndum. Samkvæmt núgildandi lögum um Skálholtsskóla heyrir skólinn undir menntmrn. og skal starfa í anda norrænna lýðháskóla. Þróunin í skólamálum á undanförnum árum, m.a. tilkoma fjölbrautaskólanna, hefur hins vegar leitt til þess að minni áhugi virðist vera á lýðháskólanámi en áður var þegar Skálholtsskóli hóf göngu sína fyrir rúmum 20 árum enda hafði fjölbrautaskólum þá ekki verið komið á fót. Þetta hefur haft þær afleiðingar í för með sér að undanfarin ár hefur skólinn í raun ekki starfað sem héfðbundinn lýðháskóli innan þess ramma sem lögin frá 1977 marka honum heldur hefur hann meira færst í það horf að vera kirkjuleg menningar- og fræðslustofnun og hefur starfsemi hans einkum verið í formi ráðstefnuhalds og námskeiða sem hafa vakið áhuga og verið vel sótt. Með hliðsjón af þessari þróun og ríkjandi skólastefnu virðist rekstur héfðbundins lýðháskóla ekki vera raunhæfur kostur. Því er alveg ljóst að nauðsynlegt er að marka skólanum nýjan farveg með nýjum lögum. Með frv. hefur verið leitast við að laga starfsemi Skálholtsskóla að þörfum samtíðarinnar og þá einkum að þörfum kirkjunnar. Jafnframt hefur verið tekið mið af því sem best hefur gerst í starfi skólans á undanförnum árum.

Í frv. er lagt til að Skálholtsskóli verði kirkjuleg menningar- og menntastofnun sem starfi á vegum þjóðkirkju Íslands undir stjórn kirkjuráðs en ríkið taki þátt í kostnaði af rekstri hans samkvæmt samningi sem dóms- og kirkjumálaráðherra, menntmrh., fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs annars vegar og biskup Íslands fyrir hönd kirkjuráðs hins vegar hafa gert með sér og er samningurinn fylgiskjal með frv. Í honum er gert ráð fyrir að ríkið greiði árlega 4 millj. kr. í grunnframlag til rekstrar skólans. Að auki veitir ríkissjóður framlag til skólans sem árlega nemi sömu fjárhæð og skólinn fær frá öðrum aðilum en ríkissjóði árið þar á undan, þó aldrei hærri fjárhæð en 2 millj. kr. Samkvæmt samningnum er ríkissjóður ekki skuldbundinn til fjárframlaga vegna stofnkostnaðar. Tekið skal fram að samkvæmt 1. mgr. 8. gr. núgildandi laga um Skálholtsskóla skal ríkissjóður greiða rekstrarkostnað skólans að fullu nema rekstrarkostnaður heimavistar sem skal greiðast að 86%. Enn fremur skal ríkissjóður greiða 80% af stofnkostnaði kennsluhúsnæðis sem byggt verður eftir gildistöku laganna.

Í 7. gr. samningsins kemur fram að samkomulag hafi orðið um það milli menntmrh. og kirkjuráðs í samræmi við 5. mgr. 8. gr. laga um Skálholtsskóla, nr. 31/1977, að húsnæði skólans verði afhent í samræmi við lög nr. 32/1963, um heimild til að afhenda þjóðkirkjunni Skálholtsstað. Skólinn er þannig ekki sjálfseignarstofnun lengur heldur heyrir hann stjórnunarlega og fjárhagslega undir kirkjuráð og hin einu beinu afskipti sem ríkisvaldið hefur af rekstri skólans er í gegnum samninginn um þátttöku ríkisins í rekstri hans. Þessi skipun á sér fordæmi í stuðningi ríkisins við suma einka- og sérskóla. Koma fram í samningnum allar þær kröfur sem ráðuneytin vilja gera um skil langtímaáætlana skólans, fjárhagsáætlana og ársreikninga. Einnig eru í samningnum ákvæði um tiltekna fulltrúa sem skulu eiga sæti í skólaráði en kirkjuráð ræður samsetningu skólaráðs að öðru leyti og stærð þess. Þótti ekki óeðlilegt að tengja það við ákveðinn stuðning ríkisins við stofnunina að í skólaráði ættu sæti fulltrúi frá Háskóla Íslands, Samtökum um tónlistarstarf í Skálholtskirkju, en starf þeirra hefur vakið mikla athygli og verið einn helsti vaxtarbroddurinn á Skálholtsstað sl. ár, og í skólaráði var einn fulltrúi frá sveitarfélaginu en það hefur lengi þótt heppilegt að tengja það meira við staðinn og staðfesta þannig vaxandi áhuga heimamanna á málefnum Skálholtsstaðar.

Frú forseti. Ég hef í aðalatriðum farið yfir efni þessa frv. Ég legg á það áherslu að það verði að lögum á þessu þingi því eins og ég hef áður vikið að virðist grundvöllur brostinn fyrir rekstri skóla í Skálholti á grundvelli núgildandi laga og því er nauðsynlegt að skjóta nýjum lagastoðum undir það starf sem þar hefur verið að festast í sessi og menn vilja byggja upp í Skálholti. Þetta frv. stefnir að því að í Skálholti verði starfrækt öflug sjálfstæð, kirkjuleg menningar- og menntastofnun sem hefur að markmiði að efla tengsl kirkju og þjóðlífs og stuðla að sem víðtækustum áhrifum kristinnar trúar og kristinnar menningar í íslensku þjóðlífi. Slík menntastofnun er samboðin virðingu þessa fornfræga staðar og verður kirkjunni og þjóðlífinu til heilla.

Ég legg svo til, frú forseti, að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með hæstv. kirkjumálaráðherra að það er nauðsynlegt að breyta lögum um Skálholtsskóla í samræmi við breyttar staðreyndir sem við blasa. Ekki þýðir að ætla sér að reka skóla sem er í engu samræmi við samtíðina og yrði aðeins dauð stofnun. Þetta frv. fer til allshn. þar sem ég á sæti og því skal ég ekki fjölyrða mikið um það en vil bera fram eina spurningu í sambandi við frv. það er að hvergi kemur fram undir hvaða ráðuneyti skólinn skal falla. Það segir aðeins í 1. gr.:

„Gerður skal samningur um þátttöku ríkissjóðs“ og með fylgir samningur sem þrír ráðherrar hafa ritað undir. Ég held að nauðsynlegt sé að þessi stofnun sé ekki skilin eftir þannig í lausu lofti að ekkert ráðuneyti telji sig bera algerlega ábyrgð á starfsemi skólans þó svo að kirkjuráði sé falin stjórnin. Ég held að nauðsynlegt sé að ríkið sleppi ekki alveg af honum hendinni. Að vísu er gert ráð fyrir því með þeim samningi sem þarna fylgir að ríkið greiði a.m.k. 4 millj. næstu þrjú árin og getur vel verið að það nægi til þess að koma starfseminni eitthvað af stað. Ef kirkjunni tekst að finna þarna grundvöll til þess að reka góða stofnun, sem ég tel að sé mjög mikilvægt, ekki aðeins fyrir Skálholtsstað heldur einnig fyrir þjóðfélagið þá er

slæmt að henni sé af hálfu ríkisins skorinn svo þröngur stakkur að ekki komist til framkvæmda það sem mönnum sýnist að vel geti farið. Allt þetta munum við að sjálfsögðu ræða í allshn. og ég mun styðja að þetta frv. verði afgreitt og þá á þann hátt sem samkomulag verður um að sé vænlegast fyrir þessa stofnun. En mig langaði aðeins að spyrja hæstv. kirkjumálaráðherra að því hvort ekki sé rétt að í frv. komi ótvírætt fram að þessi stofnun heyri undir kirkjumálaráðuneytið.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það sem síðasti hv. ræðumaður sagði. Ég fagna því að það skuli loks komið fram nýtt frv. til laga um Skálholtsskóla. Það hafði löngu verið ljóst að skólinn var í uppnámi og hvorki þjónaði þeim kröfum sem til hans voru gerðar né nýtti eins og vera skyldi það fé sem til skólans féll.

Ég vil taka undir það sem hv. 2. þm. Suðurl. sagði að mér finnst nokkuð óljóst undir hvaða ráðuneyti skólinn á að heyra. Satt best að segja er frv. afar stutt og segir lítið. Nú kann vel að vera að það sé með ráðum gert. En ég vil benda á að það er t.d. afar óljóst hver á að veita skólanum forstöðu. Það segir ekkert um hvort þarna á að vera skólastjóri og þá hver eigi að skipa hann eftir því sem mér sýnist best. Það er því erfitt að sjá hver á að stýra skólanum ef af skóla verður.

En meginástæðan fyrir því að ég kom í ræðustól er sú að fyrir mörgum árum, ég hygg að það hafi verið árið 1983, vakti ég athygi á því hvernig komið væri fyrir merku bókasafni sem er á Skálholtsstað. Úr því urðu nokkur blaðaskrif og satt best að segja hart sótt að mér fyrir afskiptasemina. Sú var ástæðan fyrir henni að ég kom í þetta bókasafn og fór ekki fram hjá neinum sem þangað kom að merkt safn passíusálma, ég hygg allar útgáfur passíusálma sem út hafa komið á Íslandi, lágu þarna undir skemmdum og var bæði mygla og fúkki í þessum bókum. Því var ljóst að þarna varð eitthvað að gera. Ég hygg að þegar þetta gerðist hafi fyrrv. hv. þm. Friðjón Þórðarson verið kirkjumálaráðherra og úr húsnæði var bætt þarna og rakastig lagað til þannig að ég hygg nú að þessar bækur séu í betra ástandi núna en þær voru. En enn þá hef ég nokkrar áhyggjur af þessu bókasafni vegna þess að ég hygg að þarna séu bækur sem eru illfáanlegar annars staðar. Ég vil minna þá á sem taka við skólanum og staðnum og hafa tekið að sinna því að sá menningararfur, sem þarna er, verði ekki eyðileggingu að bráð.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvernig það sé hugsað hver stýri skólanum og hver ráði þá þann sem til þess veldist. En að öðru leyti skal ég ekki gera margar athugasemdir við frv. Ég held að það sé af hinu góða að einhver lagarammi sé gerður um rekstur staðarins. Það auðveldar fjárveitingavaldinu mjög að vita hvað menn hyggjast fyrir með þennan skóla. Ég held líka að nauðsynlegt sé að líta aðeins í yfirstjórnarmál þar á staðnum. Ég held að þau hafi ekki verið í nógu góðu lagi og kannski of margir aðilar þar að ráða sömu hlutum og skal ég ekkert fjalla frekar um það. Ég held að þarna þurfi að koma reglu á mál. Skálholt er okkur öllum afar hjartfólginn staður og ég held að varla sé til sá Íslendingur sem ekki vill veg og vanda staðarins sem mestan.

Ég vil sérstaklega færa því fólki þakkir sem hefur reist staðinn úr deyfð og doða en það er tónlistarfólkið sem hefur haldið uppi tónleikum á ári hverju og ber þar ekki síst að þakka Helgu Ingólfsdóttur semballeikara og okkar ágæta flautuleikara Manuelu Wiesler sem oft hefur lagt þar gott til. Margir aðrir hafa með list sinni komið staðnum aftur inn á landakort íslenskrar menningar og hafa gefið fjölmörgum og þúsundum bæði erlendum mönnum og Íslendingum ógleymanlegar stundir þar á staðnum.

Frú forseti. Ég vil aðeins að lokum óska þess að hv. allshn. fari vandlega yfir þetta frv. og geri það af næmi og mér liggur við að segja kærleika þó það sé nú ekki mikið notað orð hér í þingsölum. Ég held að þarna sé merkt mál á dagskrá og ég vil aðeins óska okkur öllum þess að Skálholtsstaður eigi eftir að endurheimta sína fornu frægð og vona að Alþingi Íslendinga standi ævinlega vörð um málefni staðarins.

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Ég kvaddi mér aðallega hljóðs vegna þess að hv. 14. þm. Reykv. nefndi að allmargir aðilar koma við sögu í Skálholti og á síðasta kjörtímabili þá gerði ég satt að segja nokkuð margar tilraunir til að reyna að stuðla að því að menn tækju á skipulagsmálum Skálholtsstaðar í heild. Ég ræddi þá sem menntmrh. við páv. biskup Íslands og páv. kirkjumrh. og óskaði eftir að þessi ráðuneyti, en undir forustu kirkjunnar, beittu sér fyrir því að fram færi heildarstefnumótun fyrir þróun Skálholtsstaðar, m.a. uppbyggingu svæðisins, hvaða hús eiga að vera hvar og í þágu hvaða starfsemi. Satt best að segja þá fannst mér viðbrögð kirkjunnar furðulega sljó í þessu máli. Ég hef grun um að einhver undarleg innri valdabarátta hafi verið innan kirkjunnar, sem ég nenni ekki að tala um úr þessum virðulega stól, sem réði því að kirkjan náði ekki vopnum sínum í málinu og fékkst þess vegna ekki til þess að taka á móti þeim áhuga sem birtist í stjórnkerfinu að öðru leyti með eðlilegum hætti. Þetta ítreka ég, virðulegi forseti, og segi jafnframt við hæstv. kirkjumrh. að fyrir mitt leyti að skora ég á hann að beita sér fyrir því að samstarf verði á milli allra aðila, ráðuneytanna og kirkjunnar um þetta mál og um framtíðarskipulag Skálholtsstaðar. Ég tel mjög mikilvægt að ekki aðeins kirkjan komi þar við sögu heldur líka mennta- og menningarmálaráðuneytið, ekki aðeins vegna skólans, heldur líka vegna þeirrar menningarstarfsemi sem hv. 14. þm. Reykv. gat um áðan og ber auðvitað að taka undir þakkir hennar, ekki síst til Helgu Ingólfsdóttur, í því sambandi.

En fleira steðjar að Skálholtsstað en sá vandi að menn geti ekki komið sér saman um hvernig á að raða í hús á því svæði. Fyrir skömmu munu hafa birst hjá sýslumanni Árnesinga fulltrúar fjmrn. og óskað eftir því að eign ríkisins og fjmrn. á Skálholtsstað yrði þinglýst. Í nýlegri eignaskrá íslenska ríkisins, sem var birt á sl. ári, er Skálholt orðið undir fjmrn. Það hygg ég að

hinum fornu biskupum, sem að vísu lögðu á tíund af þeim stað fyrstir manna í landinu, hefðu þótt mikil forsögn ef þeir sem eiga að annast fjármál ríkisins ættu að yfirtaka þann andlega höfuðstað þessa lands. Sumir segja Suðurlands, ég segi stundum þessa lands. Af þessu tilefni vil ég spyrja hæstv. kirkjumrh.: Hver á Skálholt? Ég er þeirrar skoðunar að fjmrh. hafi ekkert með Skálholt að gera og það beri að halda höndum hans frá Skálholti. Auðvitað á kirkjan að fara með Skálholt og kirkjumrh. að svo miklu leyti sem það mál heyrir undir ríkisstjórnina á hverjum tíma.

Varðandi það frv. sem hér liggur fyrir þá náttúrlega væri hægt að stytta það mjög mikið vegna þess að það segir ekkert annað í þessu frv. en að það eigi að leggja Skálholtsskóla niður eins og hann hefur verið. Það eru til lög um Skálholtsskóla sem heyra undir menntmrn. Menntmrn. hefur haft með skólann að gera frá því að lögin voru sett í upphafi en í lögunum segir að kirkjuráð geti tekið ákvörðun um þá starfsemi sem þarna fer fram, hvernig henni er hagað og hvort hún fer yfirleitt fram. Þess vegna gæti yfirstjórn kirkjunnar ákveðið á grundvelli gildandi laga að mínu mati, að haga starfseminni eins og gert er ráð fyrir í frv. Ekki þarf frv. til þess. Það eina sem þarf frv. til í þessu efni er að það standi í því að ríkið eigi að leggja til samkvæmt samningi á ári hverju tiltekna fjármuni. Það eina sem er mikilvægt í þessu frv. þegar upp er staðið, virðulegi forseti, er ekki frv. sjálft heldur fylgiskjalið þar sem gert er ráð fyrir því að ríkið leggi Skálholti til — ég held 4 millj. kr. á ári um nokkurra ára skeið.

Það hefði líka verið hægt að koma þessu fskj. við á grundvelli gildandi laga, það þarf engar lagabreytingar til þess. En ef menn vilja endilega hafa þetta svona, úr því það er samkomulag við kirkjuna um að hafa þetta svona þá ætla ég ekki að fara fyrir mitt leyti, að svo miklu leyti sem ég kem nálægt þessu máli, að skipta mér af því.

Þetta mál var ítarlega rætt í samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar, bæði á þessu ári og í fyrra. Í frv., eins og það var lagt fyrir nefndina í fyrra, var það miklu ítarlegra. Þar var kveðið á um einstök atriði í skipan skólans, mér liggur við að segja hvað ætti að læra og hvaða deildir ættu að vera og þar fram eftir götunum. Ég var andvígur því. Ég taldi að ef það ætti að flytja frv. á annað borð þá ættu þetta að vera rammalög og ef kirkjan ætlaði að ráða þessu á annað borð þá ætti hún að ráða því öllu. Mér sýnist að það sé niðurstaðan þannig að svarið við þeim spurningum sem fram komu hjá hv. 2. þm. Suðurl. hljóti að vera það að það sé bara kirkjuráð, það sé biskup, sem hafi þarna hið æðsta vald undir yfirstjórn kirkjumrh.

Mér er sagt að nokkrar deilur hafi orðið um það í þinginu í gær til hvaða nefndar mál færi. Ég ætla ekki að taka þær deilur upp en aðeins að benda á að það er mikið álitamál hvort þetta frv. á að fara til allshn. Samkvæmt hefðum á Alþingi hefði menntmrh. átt að flytja þetta frv. og það hefði svo átt að fara til menntmn. og síðan er það allsherjarnefndarmál. Þannig hefur venjan verið þegar mál hafa verið flutt á milli ráðuneyta. Það er verið að flytja mál á milli ráðuneyta með þessu frv. Það er verið að taka það frá mennmrn. og flytja það yfir til kirkjumrn. Ég hefði því talið eðlilegast að menntmn. hefði fengið þetta mál til meðferðar en með hliðsjón af aðdraganda málsins og því að það hefur verið fjallað um það í þessari samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar þá ætla ég ekki að gera neinar athugasemdir við það út af fyrir sig. Aðalerindi mitt er sem sagt að óska eftir því að hæstv. kirkjumrh. svari tveimur spurningum. Í fyrsta lagi: Hver á Skálholt? Og í öðru lagi: Er hann tilbúinn til að beita sér fyrir því að teknar verði ákvarðanir um það hvernig hagað verður samstarfi varðandi framtíðarnotkun Skálholtsstaðar, samstarfi allra þeirra sem þar eiga hlut að máli?

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið hjá ráðherra byggir frv. þetta á frv. um Skálholtsskóla sem samið var af nefnd um málefni Skálholtsstaðar og flutt var á vorþingi á sl. ári. Frv. hefur verið einfaldað eins og fram kemur í athugasemdunum og er nú í formi ramma um starfsemina. Talsverðar umræður urðu í nefndinni um formið á frv. á sínum tíma og hversu nákvæmt það ætti að vera. Niðurstaða nefndarinnar varð þá sú að það skyldi verða samþykkt eins og það var flutt á sl. ári. En eftir umfjöllun á kirkjuþingi í október sl. var það ljóst að almennur áhugi og vilji var fyrir því að einfalda frv. í formi rammafrumvarps.

Nefndin hefur ekki gert athugasemdir við þá breytingu enda telur hún að sá samningur sem fylgir frv. feli í sér frekari útfærslu sem er í samræmi við grundvallarhugmyndir nefndarinnar um starfsemi skólans og eðli umfangs skólans.

Ég vil einnig geta þess að nefndin mun á næstunni skila endanlegri skýrslu um málefni Skálholtsskóla og Skálholtsstaðar alls þar sem m.a. kemur fram hlutur bókasafns og hugmyndir um framtíð þess, hugmyndir um framtíð skólans að sjálfsögðu, um nýtingu landsins og um aðra þætti en þá sem falla beint undir kirkjuna. Þessi skýrsla mun væntanlega sjá dagsins ljós nú á næstu vikum.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að kirkjunni mun takast að skapa góðan grundvöll fyrir starfsemi Skálholtsskóla og ekki síst miðað við þann áhuga sem ég hef orðið vör við innan kirkjunnar og meðal annarra áhugamanna um málefni kirkjunnar og Skálholtsstaðar. Þess vegna vænti ég þess að það takist að skapa góðan grundvöll fyrir starfsemi skólans og sú breyting, sem nú verður á starfseminni, verði skólanum og kirkjunni heilladrjúg.

Útbýting þingskjala:

Efling íþróttaiðkunar kvenna, 348. mál, fsp. KE, þskj. 627.

Endurskoðun á útreikningi þjóðhagsstærða, 349. mál, fsp. KE, þskj. 628.

Rannsóknir á þróun fiskeldis fram til aldamóta, 351. mál, þáltill. JGS o.fl., þskj. 630.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil fara nokkrum orðum um

það frv. sem hér er til umræðu. Á síðasta þingi var lagt fram frv. um Skálholtsskóla sem dagaði uppi í nefnd. Nú hefur það verið allnokkuð endurskoðað og ég fagna því að menn skuli virkilega reyna að taka á málefnum skólans og þeirrar stofnunar sem Skálholt óneitanlega er.

Það er umhugsunarvert að hér koma upp aftur og aftur umræður um það undir hvaða nefnd mál eigi að heyra. Hér er einmitt á ferðinni mál sem er í rauninni margþætt. Það er um það að ræða að það á að þróa áfram alhliða menningar- og menntastofnun í kirkjulegum anda. En jafnframt er um að ræða að við erum að fjalla um einn helsta menningar- og sögustað þjóðarinnar þar sem þarf að vera ýmiss konar þjónusta við ferðamenn, fræðsla um staðinn o.s.frv. Auk þess vil ég minna á það verkefni sem er óunnið í Skálholti en það er fornleifauppgröftur bæjarhúsanna og annarra húsa sem þar stóðu sem ég held einmitt að gæti vakið mikla athygli á staðnum og dregið að mikinn fjölda ferðamanna. Það er verkefni sem ég vildi sjá ofarlega á dagskrá menningaryfirvalda landsins. Það er því margþætt verkefni að stjórna þessum stað. Í sjálfu sér treysti ég kirkjunni vel til þess en hún þarf að vera í samráði við ýmsar aðrar stofnanir svo sem ferðamálayfirvöld og þá sem annast varðveislu menningararfs þjóðarinnar sem sinna fornleifauppgreftri og annað slíkt.

Það rifjast upp fyrir mér að í Ungverjalandi er höfuðmiðstöð kirkjunnar nokkuð langt frá höfuðborginni í borg sem heitir Estagon, þar er ein stærsta dómkirkja álfunnar, þetta var fyrrum höfuðborg landsins. Það er ekki fjarlægt að hugsa sér að miðstöð kirkjunnar sé utan Reykjavíkur á þeim sögulega stað sem Skálholt er og að uppbyggingin þar miðist ekki eingöngu við að koma þar á fót menningar- og menntastofnun heldur nokkurs konar miðstöð kirkjunnar í landinu. En þetta eru auðvitað allt saman framtíðardraumar og framtíðarhugmyndir. Aðalatriðið er að byggja staðinn upp af raunsæi.

Nokkrar spurningar vakna þegar maður lítur á þetta frv. og þá ekki síst það hvernig hinn fjárhagslegi grundvöllur verður. Það kemur fram hér í frv. og skýringum og fylgiskjali að búið er að gera samning milli ráðuneyta og kirkjunnar um framlög af hálfu ríkisins. Greinilega er gert ráð fyrir því að framlög komi frá öðrum og væntanlega verður Skálholtsskóli með sjálfstæða tekjuöflun að einhverju marki, m.a. vegna námskeiða og ráðstefna og annars sem þar mun fara fram. En ég spyr mig að því til hvers þessir peningar duga. Mér þykja þetta vera lágar fjárhæðir sem hér eru nefndar. Því miður verð ég að viðurkenna að ég missti af ræðu ráðherrans og það kann að vera að hann hafi greint frá því hvernig menn hugsa sér að halda uppi rekstri í Skálholti og þeirri nauðsynlegu uppbyggingu sem þar þarf að fara fram. Mér sýnist þeir peningar sem hér er gert ráð fyrir dugi hvergi nærri til þess að efla þarna mikla starfsemi. Ég vil beina þeirri spurningu til ráðherrans hvernig menn hugsa sér að fjármagna starfsemina og hvort hann telur að þetta dugi til að þarna verði sú öfluga menningar- og menntastofnun sem ætlunin er að byggja upp.

Ég spyr mig líka hvað menn eiga við með norrænni lýðháskólahefð og hvort hún eigi í raun og veru við í þessu samhengi. Á sínum tíma var meiningin að byggja upp lýðháskóla í Skálholti. Segja má að sú tilraun hafi að nokkru mistekist. Ekki reyndist vera grundvöllur fyrir slíkum skóla hér þó þeir hefðu reynst vel annars staðar á Norðurlöndum. En það er auðvitað allt annað þegar verið er að byggja á gömlum hefðum eins og í Danmörku eða þegar á að fara að reisa nýja tegund skóla hér á landi. Þetta reyndist ekki vel og ég spyr hvort tilvísunin eigi nokkurn rétt á sér í 1. gr. Ég beini því til nefndarinnar að huga að því.

Í 4. gr. kemur fram að kirkjuráð skipar skólaráð Skálholtsskóla til fjögurra ára í senn. Eins og fram kom í máli síðasta ræðumanns er náttúrlega um rammalöggjöf að ræða og síðar verður kveðið nánar á um það í reglugerð hvernig öllu skipulagi verði háttað. En ég spyr: Hvað hugsa menn sér skólaráðið stórt og hvernig skipað? Eru ákveðnar hugmyndir um hvernig það verði skipað og hverjir eigi að koma þar að verki?

Ég tek undir það sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði að þetta mál á auðvitað alveg eins heima í menntmn. og í allshn. En ég vil beina því til allshn., sem menn hlaða þindarlaust verkefnum á, dag eftir dag, að hún sendi okkur í menntmn. þetta frv. Þetta mál er lagt fram af kirkjumrh. og þar af leiðandi tel ég víst að málinu verði vísað til allshn. samkvæmt ósk hans. En ég vil beina því til nefndarinnar að hún sendi okkur málið til umsagnar í menntmn. þannig að það verði hugsanlega hægt að benda á fleiri fleti þessa máls. Ég held að það yrði ekki nema til góðs eins að fleiri nefndir fjalli um málið á Alþingi. Jafnvel má nefna samgn., sem fer með ferðamál, í því sambandi því að við megum ekki gleyma því að alhliða uppbygging þarf að fara fram í Skálholti og menn mega ekki gleyma þeim mikla þætti sem ferðaþjónustan er í því samhengi og að allt þetta verður að mínum dómi einungis til að efla Skálholtsstað.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hv. 2. þm. Suðurl. gerði að umtalsefni að ekki væri skýrt undir hvaða ráðuneyti hinn nýi Skálholtsskóli mundi falla. Að vísu er rétt að það kemur ekki berum orðum fram í frumvarpstextanum en það leiðir hins vegar af eðli máls að um er að ræða skóla sem heyrir ekki lengur undir menntmrn., heldur er verið að flytja skólann frá menntmrn. til kirkjunnar. Hann mun lúta yfirstjórn hennar, þ.e. kirkjuráðs og samskipti kirkjuráðs við stjórnvöld eru við kirkjumrn. Ég tel því ótvírætt ljóst hver sé stjórnskipuleg staða skólans. Ástæða er til að ítreka það hér að það er megintilgangur þessa lagafrv. að gera skólann að sjálfstæðum skóla undir yfirstjórn kirkjuráðs en ekki undir yfirstjórn ráðuneytis. Samskipti ráðuneytis og kirkjunnar um málefni skólans fara síðan fram á grundvelli þess samnings sem gerður er og það er ástæðan fyrir því hvernig lagafrv. er samið að þessu leyti.

Hv. 14. þm. Reykv. gerði að umtalsefni að frv. væri afar stutt og það er rétt. Í því sambandi er rétt að

minna á, sem hv. 9. þm. Reykv. hefur reyndar gert, að í umræðum um málið í fyrra komu fram þær athugasemdir að frv. væri fullítarlegt og ætti að vera rammalöggjöf en kirkjan sjálf ætti að ráða meira um innra starf skólans og skipulag. Nefndin sem að þessu hefur unnið hefur fallist á þau sjónarmið og ráðuneytið fyrir sitt leyti. Ég tel það vera eðlilega skipan og það sýnir sjálfstæði skólans og kirkjunnar og þess vegna er frv. flutt í þessum búningi nú og ég hygg að það sé í sjálfu sér kostur að það skuli hafa styst.

Hv. 9. þm. Reykv. gerði hér að umtalsefni samstarf um skipulag mála í Skálholti. Sannleikurinn er sá að ég ákvað að frumkvæði biskups að skipa nefnd til að fjalla um málefni Skálholtsstaðar, skipulag hans til lengri framtíðar og höfuðverkefni. Þetta frv. sem við erum að ræða hér er fyrsti árangur af starfi nefndarinnar en hún mun innan tíðar skila lokaskýrslu sinni. Eins og áður hefur komið fram hefur nefndin starfað undir stjórn hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur. Í nefndinni hafa átt sæti auk fulltrúa kirkjunnar, fulltrúi frá menntmrn. og fjmrn. þannig að það heildarsamstarf þessara aðila sem hv. þm. gat um hefur átt sér stað og hillir nú undir að á grundvelli þess samstarfs liggi fyrir ákveðin skýrsla með tillögum um uppbyggingarstarf í Skálholti.

Þá spurði hv. þm.: Hver á Skálholt? Því er auðsvarað. Ríkið tók þá ákvörðun, Alþingi Íslendinga tók þá ákvörðun á sínum tíma að afhenda kirkjunni Skálholt og um það varð góð samstaða. Það má vera að einhverjir alþýðubandalagsmenn á þeim tíma, það var snemma á þroskaferli þess flokks, hafi þá ekki haft fullan skilning á því að rétt væri að kirkjan sjálf hefði yfirráð yfir Skálholti en fagnaðarefni að nú er um það algjör þjóðarsamstaða.

Hv. þm. gerði einnig að umræðuefni til hvaða nefndar þetta frv. ætti að fara. Um það urðu nokkrar umræður þegar frv. var flutt á síðasta þingi. Ég lít svo á með ótvíræðum hætti að þetta frv. eigi að fara til allshn. Þetta er frv. sem fjallar um skóla á vegum kirkjunnar og ber þess vegna samkvæmt þingsköpum að vísa því máli til allshn. þó í frv. sé kveðið á um að lög falli úr gildi sem til þessa hafa heyrt undir menntmrn.

Hv. 18. þm. Reykv. spurði um fjárhagsgrundvöll frv. Skýrt er kveðið á um það í frv. hvernig hann er. Það verður síðan kirkjunnar sjálfrar að móta skólastarfið á þeim fjárhagsgrundvelli. Það er eðli þessa frv. að það starf og þær ákvarðanir eru teknar á vegum kirkjunnar en ekki stjórnvalda.

Hv. þm. spurði einnig hvort ekki væri óeðlilegt að vísa til norrænnar lýðháskólahefðar í frv. með því að reynslan hefur sýnt að ekki hafa ræst ýtrustu vonir manna um að byggja skólann alfarið upp á grundvelli norrænnar lýðháskólahefðar. Ég tel rétt og eðlilegt að hafa þessa tilvísun í frv. Skólinn hefur enn tengsl við lýðháskóla á Norðurlöndum og væri rangt að slíta þennan grundvöll í uppbyggingu skólans á sínum tíma enda standa óskir kirkjunnar til þess að sá upphaflegi hornsteinn í skólastarfinu verði áfram virtur með þessum hætti.

Þá spurði hv. þm. hversu fjölmennt skólaráðið ætti að vera og hverjir ættu að sitja þar. Um það eru ekki nein ákvæði í þessu frv. Það ákveður kirkjan í samþykktum fyrir skólann. Í samningnum er hins vegar tekið fram að tryggt er að tilteknum aðilum er tryggður réttur til að tilnefna menn í skólaráð eins og háskólanum og þeim aðilum sem staðið hafa að tónlistarhaldi í Skálholti með miklum myndarbrag og lyft Skálholtsstað á undanförnum árum svo og heimamönnum sem allir eru sammála um að mikilvægt er að tengja því uppbyggingarstarfi enda er og hefur verið heima fyrir mikill áhugi á starfinu.

Frú forseti. Ég held að ég hafi þá vikið að helstu fyrirspurnum sem hafa komið fram. Ég vil þakka hv. þm. fyrir góðar undirtektir undir frv. og treysti því að Alþingi ljúki afgreiðslu þess innan ekki langs tíma.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. dóms- og kirkjumrh. fyrir svör hans. Þó ekki síst og sérstaklega fyrir þá yfirlýsingu sem fram kom hjá honum að þjóðin væri öll sammála um að þjóðkirkjan ætti Skálholt. Það hefur bersýnilega farið fram hjá honum að fjmrn. er ekki sammála hæstv. ráðherra í þessu efni. En með þessari yfirlýsingu lít ég svo á að hæstv. ráðherra hafi tekið undir þær athugasemdir sem þjóðkirkjan hefur gert við eignaskrá ríkisins. En þjóðkirkjan hefur gert formlegar athugasemdir við eignaskrá ríkisins og komið þeim á framfæri við rétta aðila, bæði Alþingi trúi ég og sömuleiðis fjmrn. og Ríkisendurskoðun. Þetta er náttúrlega ekki síst mikilvægt vegna þess, virðulegi forseti, að núv. hæstv. dóms- og kirkjumrh. lofaði því þegar hann fékk syndaaflausn hjá biskupi — einn kirkjumrh. hefur hann verið talinn þurfa á því að halda undanfarna áratugi — að afhenda og tryggja það að kirkjan héldi öllum eigum sínum. Því miður var ekki tekið meira mark á orðum hans en svo að fjmrn. gaf út að bragði eignaskrá ríkisins þar sem allar kirkjurnar voru inni. En ég heyri það á hæstv. ráðherra að hann hefur fullan hug á að fylgja fyrri yfirlýsingum sínum eftir og fagna ég því að hann skuli styðja þau sjónarmið sem ég hef t.d. haldið fram í þessu efni og ég heyri að liðsmönnum mínum fjölgar ört á þessu sviði.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Rétt er að taka það fram vegna ummæla hv. 9. þm. Reykv. að í framhaldi af niðurstöðu kirkjueignanefndar lýsti ég því yfir að það væri eðlilegt og rétt að umræða yrði hafin á milli ríkis og kirkju um það hvernig staðið yrði að framkvæmd á niðurstöðum þess álits. Ríkisstjórnin samþykkti tillögu mína um málsmeðferð í því efni. Í framhaldi af því var komið á fót sjálfstæðum viðræðunefndum dóms- og kirkjumrn. annars vegar og kirkjunnar hins vegar til að fjalla um niðurstöður kirkjueignanefndarinnar og hvernig þeim yrði komið í framkvæmd og það starf er nú í fullum gangi. Öllum var ljóst, bæði ráðuneytismönnum og kirkjunnar mönnum, að það kynni að taka nokkurn tíma að komast að endanlegri niðurstöðu um

hvernig að því verki yrði staðið en fundir þessara nefnda eru nú haldnir og með ákveðnum og öruggum hætti er unnið að framgangi þess máls.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir upplýsingarnar og vildi jafnframt benda honum á að láta fjmrn. vita af því að kirkjueignanefnd sé að störfum og málið sé í traustum og öruggum farvegi áður en fleiri menn verða sendnir til þess að leggja hald á eignir kirkjunnar hjá sýslumannsembættunum í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hjúskaparlög, 1. umr.

Stjfrv., 273. mál (heildarlög). — Þskj. 369.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nýju frv. til hjúskaparlaga í annað sinn. Frv. er lítið breytt frá því ég mælti fyrir því í fyrra skiptið í aprílmánuði á sl. ári.

Frv. er samið af sifjalaganefnd en í henni áttu sæti Ármann Snævarr, fyrrverandi hæstaréttardómari, sem var formaður nefndarinnar, Baldur Möller, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, Drífa Pálsdóttir deildarstjóri og Guðrún Erlendsdóttir, forseti Hæstaréttar. Ritari nefndarinnar hefur verið Anna Guðrún Björnsdóttir, deildarstjóri í menntmrn.

Sifjalaganefnd hefur farið að nýju yfir frv. einkum með hliðsjón af ábendingum og tillögum í umræðum á Alþingi og í umsögnum um frv. er bárust allshn.

Með þessu frv. til nýrra hjúskaparlaga er lagt til að steypt verði í einn lagabálk ákvæðum þeirra laga sem nú eru í gildi á þessu sviði, þ.e. lögum nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna og lögum nr. 60/1972, um stofnun og slit hjúskapar, en báðum þeim lagabálkum var breytt 26. maí sl. með lögum nr. 39/1992. Þá voru ýmis ákvæði frv., sem ég mælti fyrir 3. apríl sl., felld í þau lög af tilefni aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði 1. júlí sl. Auk þess voru felld í lögin nokkur ákvæði sem fólu í sér verulegar réttarbætur fyrir aðila.

Frv. það er varð að lögum nr. 39/1992 var flutt af allshn. þar sem ekki gafst tóm til að fjalla um hjúskaparlagafrv. í nefndinni í heild sinni og afgreiða það á síðasta löggjafarþingi. Í athugasemdum með frv. er þeim breytingum, sem í því felast frá núgildandi lögum, lýst ítarlega en ég ætla að gera í stuttu máli grein fyrir því hverjar helstu breytingar felast í frv.

Í I. kafla þess, sem fjallar m.a. um jafnstöðu og verkefnaskiptingu hjóna segir í 2. gr. að hjón séu í hvívetna jafnrétthá í hjúskap sínum. Er hér lagt til að afnuminn verði sá munur á lagastöðu karla og kvenna sem er að finna í núgildandi lögum um réttindi og skyldur hjóna. Í 2. mgr. 3. gr. er nýmæli að hjónum sé skylt að veita hvort öðru upplýsingar um efnahag sinn og afkomu.

Í II. kafla frv. um hjónavígsluskilyrði er lagt til að fækkað verði hjúskapartálmum frá núgildandi lögum en sú stefna hefur verið ríkjandi í norrænni sifjalögjöf og víðar.

III. kafli frv. um könnun á hjónavígsluskilyrðum hefur að geyma nokkuð fyllri reglur um þetta efni en eru í núgildandi lögum en felur ekki í sér umtalsverðar breytingar á þeim enda þykja þær hafa gefið góða raun.

Í IV. kafla frv. um hjónavígslu er fjallað um borgaralega og kirkjulega hjónavígslu, hverjir framkvæmi hana og hvar og hverjum sé kræf borgaraleg hjónavígsla. Þar eru m.a. skýrari ákvæði en í núgildandi lögum um heimildir þjóðkirkjupresta sem látið hafa af embætti til að gefa saman hjón og það nýmæli að skyldleiki eða vensl vígslumanns við hjónaefni valdi ekki vanhæfi hans til þess.

Í V. kafla frv. um ógildingu hjúskapar er svo til óbreyttur frá núgildandi lögum en þetta réttarúrræði er nánast óþekkt hér á landi og í nágrannalöndum okkar.

Ýmis ákvæði VI. kafla frv. um hjónaskilnaði voru lögfest með lögum nr. 39/1992. Þar gætir verulegara nýmæla og hafa reglur um hjónaskilnaði verið einfaldaðar og skilnaðarástæðum fækkað. Í 40. og 42. gr. er að finna veigamiklar breytingar. Í 40. gr. frv. er mælt fyrir um lögskilnaðarástæðu sem miðast við að annar maki beiti hitt ofbeldi eða gerist sekur um ósæmilegt atferli af kynferðistoga gagnvart börnum sem búa hjá hjónum. Atferli sem greinin tekur til getur falið í sér líkamsárás, sbr. XXIII. kafla almennra hegningarlaga, eða verið kynferðisbrot samkvæmt XXII. kafla sömu laga. Þetta atferli er oft ofbeldiskennt en getur einnig verið ósæmileg kynferðishegðun án þess að beitt sé ofbeldi. Í upphaflegri gerð frv. var þessum verknaðartilvikum lýst samfellt með almennu orðalagi og án sundurgreiningar. Við endurskoðun greinarinnar var talið gleggra að greina sérstaklega hvort tilvik um sig, líkamsárás og kynferðisbrot, og þykir það marka betur efnisinntak lögskilnaðarástæðunnar.

Sáttaákvæði í 42. gr. frv. hefur að geyma nokkur nýmæli, m.a. að ekki sé skylt að leita sátta með hjónum um framhald hjúskaparins nema þau hafi forsjá fyrir ósjálfráða börnum en við þær aðstæður mælir tillitið til barna með skyldubundnum sáttatilraunum. Í öðrum tilvikum þykja ekki rök til að þvinga hjón til sáttaumleitana en lögð er áhersla á að þau eigi þess ávallt kost þegar þess er óskað.

Í VII. kafla frv. eru svo einkaréttarreglur um ábyrgð hjóna á framfærslu fjölskyldunnar. Í þessum kafla eru felld saman ákvæði um framfærsluskyldu hjóna, bæði meðan hjúskapur varir og eftir skilnað hjóna en ekki gætir verulegra nýmæla frá gildandi rétti. Ákvæðin eru þó um margt einfaldari í sniðum en núgildandi lagareglur.

Ákvæðum í VIII. kafla frv. sem fela í sér nokkur nýmæli er einkum ætlað það hlutverk að veita yfirlit yfir eignadeildir í hjúskap og hafa leiðsögugildi. Í 53. gr. er eignamynstri í hjúskap lýst samfellt og þar greindar þær eignadeildir sem til greina geta komið og í 54. gr. er hugtakið „hjúskapareign“ skilgreint. Í 55.

gr. segir hvernig séreignir geti myndast og í 56. gr. er fjallað um sameignir hjóna og þar lagt til að fræðiskýring verði lögfest.

Í IX. kafla um forræði maka á eignum sínum gætir ekki nýmæla í fyrri þætti kaflans um almenn ákvæði. Í síðari þætti hans um takmarkanir og forræði maka yfir eignum sínum er fjölskyldu maka veitt ríkari vernd gegn ráðstöfun hans á fasteign er fjölskyldan býr í en í gildandi lögum og einnig gegn ráðstöfun maka á innbúi á sameiginlegu heimili hjóna o.fl. Þá er ákvæði í 66. gr. um heimild til riftunar á gjöf maka til þriðja manns nýmæli.

Í X. kafla frv. um skuldaábyrgð hjóna er safnað saman í einn kafla dreifðum ákvæðum um þetta efni í lögum nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna, en meginreglurnar eru óbreyttar. Lagt er til að afnumin verði ákvæði gildandi laga er mismuna hjónum með einum eða öðrum hætti, enda samrýmast þau ekki jafnréttisviðhorfum nútímans.

Í XI. kafla eru ákvæði um samninga milli hjóna, þar á meðal séreignir samkvæmt kaupmála. Samhengisins vegna eru einnig í kaflanum reglur um aðrar séreignir, svo sem vegna fyrirmæla gefenda eða arfleiðenda. Helstu nýmæli kaflans eru þau að lagt er til að unnt sé að ákveða með kaupmála að venjulegt innbú á sameiginlegu heimili hjóna sem aflað er eftir gerð kaupmála verði séreign og unnt verði að tímabinda kaupmála og gera þá skilyrta, t.d. þannig að kaupmáli hafi ekki lengur gildi ef hjón eignast sameiginlegan skylduerfingja. Fleiri nýmæli eru einnig í þessum kafla sem er ítarlega lýst í athugasemdum með frv.

Í XII. kafla frv. sem fjallar um kaupmála er skipað samfellt dreifðum ákvæðum laga nr. 20/1923, m.a. um hæfi til kaupmálagerðar, form kaupmála og reglur um skráningu þeirra. Í kaflanum eru ýmis nýmæli, m.a. vottun á undirritun kaupmála, skráningu í veðmálabækur, afskráningu kaupmála o.fl. Reglur um skráningu kaupmála eru svipaðar núgildandi reglum sem hafa verið lagaðar að nýjum lögum. Um fjárskipti milli hjóna án skilnaðar og vegna hjúskaparslita greinir í XIII. og XIV. kafla frv. Í þessum köflum er m.a. að finna efnisreglur um opinber skipti til fjárslita milli hjóna þar sem reglan um helmingaskipti milli hjóna er eftir sem áður meginregla við þessi skipti en rýmkaðar heimildir eru til frávika frá henni frá því sem er í núgildandi lögum. Einnig er þess freistað að gera aðgengilegt yfirlit yfir ferli skiptameðferðar með því m.a. að vísa til viðeigandi reglna í XIV. kafla skiptalaga nr. 20/1991. Hér gætir ýmissa nýmæla sem eru rækilega reifuð í athugasemdum með frv.

Í XV. kafla frv. eru reglur um réttarfar í hjúskaparmálum og í XVI. kafla eru ákvæði um meðferð og úrlausn stjórnvalda í málum samkvæmt frv. Báðir þessir kaflar voru felldir í hjúkskaparlögum með lögum nr. 39/1992.

Í XVII. kafla er loks fjallað um gildistöku laganna sem lagt er til að verði þann 1. júlí nk., lagaskil og brottfallin lög.

Frú forseti. Ég hef þá í öllum aðalatriðum farið yfir meginefni þessa nýja frv. til hjúskaparlaga og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

Útbýting þingskjala:

Atvinnumál farmanna, 347. mál, þáltill. GAK og GHall, þskj. 626.

Bætur vegna þorskaflabrests, 353. mál, fsp. FI, þskj. 632.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Svo sem fram kom í framsögu hæstv. dómsmrh. er hér um að ræða það sem eftir var af hliðstæðu frv. frá því í fyrra, en allshn. afgreiddi aðeins hluta þess vegna tímaskorts í fyrra. Það hafa verið gerðar nokkrar breytingar á frv. og þær allar í rétta átt að mínu mati. Þær láta kannski ekki mikið yfir sér, en varðandi 40. gr. þá tel ég að þar sé rétt gert að skilgreina að átt sé við kynferðisbrot einnig í þeirri grein því að vissulega er það ofbeldi. Hins vegar stendur það enn eftir og kemur fram í athugasemdum við frv. eins og það liggur nú fyrir að skilgreining á því hvað telst ofbeldi samkvæmt þessari grein tekur til þess að þarna sé um mjög mikið ofbeldi að ræða, líkamlega áverka og annað slíkt og það tel ég að sé algjörlega óviðunandi og tek undir með þeim sem gert hafa athugasemdir við þetta. Ég tel að þarna sé gengið of skammt í skilgreiningu á ofbeldi, það eigi að viðurkenna þá hugsun sem að mörgu leyti var viðurkennd við breytingu á hegningarlögum að ofbeldi almennt sé mjög alvarlegt athæfi. Það er ekki hægt að segja í öðru orðinu að einungis mjög alvarlegt ofbeldi, jafnvel ofbeldi sem leiðir til beinbrota eða stórkostlegra líkamsáverka, sé það eina sem hægt er að flokka undir ofbeldi, en í hinu orðinu að sjálfsögðu verði að líta á allt ofbeldi alvarlegum augum. Ég held að hér hljóti að verða að gera betur og ég hef trú á því að innan allshn. verði hægt að vinna að þessu máli — vonandi til gagns.

Það eru nokkur önnur atriði sem ég sé ástæðu til að gera hér að umtalsefni. Ég fagna því að svolítið klúðurslegt orðalag í 5. gr. hefur verið leiðrétt. Ég ætla ekki að fara að rekja það, en það er greinilegt að þarna hefur góðri ábendingu verið tekið.

Varðandi frv. í heild vil ég vekja athygli á því að í umsögnum um frv. sem fram kom á sl. vori kom m.a. fram hjá Siðmennt, félagi áhugafólks um borgaralegar athafnir, að í Svíþjóð hafa verið gerðar athugasemdir við það hversu illa fólk er upplýst um það hve mikill munur er á óvígðri sambúð og hjónabandi vegna þess að oft er látið í veðri vaka að hér sé um meira og minna sömu réttarstöðu að ræða. Svo er ekki og það kemur raunar glöggt fram í þessu frv. að þetta tekur einungis til þeirra sem eru í hjúskap og tryggir ákveðin réttindi þeim til handa. Það vantar hins vegar samræmingu og ákveðna afstöðu sem þyrfti að koma til þess að hve miklu leyti óvígð sambúð og vígð sambúð eða hjónaband, samkvæmt því sem skilgreint er í þessu lagafrv., að hve miklu leyti hér er um hliðstæður að ræða og að hve miklu leyti er munur á milli þessara sambúðarforma. Það vantar í rauninni að fá þetta á hreint.

Ég vil einnig vekja athygli á því að það kemur fram í sömu umsögn að það hefur greinilega verið tekið af skarið hér um það að það verður ekki viðurkenndur hjúskapur samkvæmt þessum lögum milli samkynhneigðs fólks. En ég vil vekja athygli á því að á sl. þingi var samþykkt hér þáltill. um það að það skyldi sérstaklega fara fram athugun og úttekt í því skyni að bæta réttarstöðu samkynhneigðra.

Þriðja atriðið í þessari umsögn sem ég sé ástæðu til að halda til haga hér við þessa 1. umr. málsins er að einungis er getið þess að trúfélög og borgaraleg yfirvöld geti annast vígslur. Ég hef vissulega tækifæri til þess að skoða það betur í nefnd umfram það sem gert var í fyrra. En það er ekki í rauninni opnað fyrir að félög eins og Siðmennt, sem þeir skilgreina í þessari umsögn sem lífsskoðunarfélag, hafi sama rétt og trúfélög. Nú hlýtur það að vera álitaefni hvort það eru aðeins hin viðurkenndu trúfélög sem átt er við. Félög sem byggja á einhvers konar guðstrú eða félög sem, að einhverju leyti má telja hliðstæð en byggja ekki og telja sig ekki standa fyrir neinum trúarbrögðum sem slíkt. Ég held að það sé full ástæða til þess að vekja athygli á þessum atriðum núna við þessa 1. umr. málsins.

Það voru nokkur fleiri atriði sem ég sá ástæðu til að gera athugasemd við. Í athugasemd við 40. gr. — svo að ég víki aftur að henni því að ég geri ráð fyrir að það verði kannski sú grein sem helst verður tekist á um eða það er trúa mín. Nú skal ég bara bíða eftir að hæstv. ráðherra losni — það er verið að tefja hann svolítið — áður en ég held áfram máli mínu. — Ég tek það sem svo að hæstv. ráðherra sé núna laus úr því samtali sem hann var í og þá kem ég með mína athugasemd. En það var því miður misskilningur þannig að ég bíð bara áfram.

Ég vil gera athugasemd við skilgreiningar á líkamsárás í 40. gr. svo að ég víki aftur að þar sem mér finnst einfaldlega að það sé ekki hægt að skilja um hvað er verið að ræða þegar sagt er í þessum athugasemdum neðarlega á bls. 54 í þessu frv. Þar kemur þessi skilgreining, með leyfi forseta:

„Um líkamsárás er hér miðað við að hún sé allalvarleg, bæði þegar litið er til þess hve hættuleg hún er og hverjar afleiðingar hennar séu, þ.e. að hún valdi tjóni á líkama og heilbrigði, þar á meðal andlegu heilbrigði árásarþolans. Athuga ber hvort um endurtekið ofbeldisverk sé að ræða. Í 2. mgr. felst að gefa skuli gaum að því hvort atferlið sé fallið til að vekja alvarlegan ótta um ofbeldi að nýju. Þetta á m.a. við ef um tilraunaverknað er að tefla."

Það er þessi síðasta setning sem mér er alveg gersamlega óskiljanleg og þar sem ég geri ráð fyrir að þessar skýringar við einstakar lagagreinar hafi gildi og þar sem hér er um nákvæmlega það að ræða sem ég gerði fyrst að umtalsefni, skilgreiningar á því hvað sé alvarlegt ofbeldi, þá tel ég að það sé óhjákvæmilegt að við fáum að vita um hvað er verið að ræða þarna. Ég vek athygli á því að þarna rétt fyrir neðan kemur það skýrt fram að það er skilningur þessara laga, og það kom raunar fram í framsöguræðu hæstv. ráðherra líka, að minni háttar líkamsmeiðingar falla utan þessa ákvæðis. Þarna er nógu skýrt að orði kveðið en ég ítreka það jafnframt að ég er mjög ósátt við nákvæmlega þessa skilgreiningu. Ég held að þetta sé ekki af hinu góða.

Þetta eru atriði sem ég held að sé mikilvægt að taka fyrir nú þegar og fylgja eftir síðan í starfi í nefnd en sem betur fer á ég nú sæti í þessari störfum hlöðnu nefnd, allshn., sem verið er að vísa málum til og ég vona að það gefist nú færi til þess að taka upp sómasamlega umræður um þau mál en jafnframt með þeim hætti að þetta frv. nái fram að ganga með þeim breytingum sem æskilegt er að verði á því.

Eins og marka má af þessum síðustu orðum mínum, þá er ég í meginatriðum sátt við margt af því sem kemur fram í frv. en ég tel ágallana þá sem eru það alvarlega að það sé ekki viðunandi. Ég held að ég spari mér það nú að fara út í aðrar breytingar sem gerðar hafa verið á frv. hérna eða gera að umræðuefni fleiri athugasemdir eða efnisatriði að svo stöddu, en varðandi séreignir bæði í hjónabandi og við skilnað, þá vil ég þó vekja athygli á því að mér þykir ekki alveg nógu skýrt orðalag í þeim greinum sem þar er um fjallað um það hvernig ráðstafa megi eigum í hjónabandi. Það kemur ágætlega skýrt fram að það megi ekki ráðstafa til leigu eða afhenda eigur. Þetta er m.a. í 60. og 61. gr. þar sem orðalagið að afhenda, veðsetja eða leigja innbú og aðrar eigur er ekki heimilt nema með skriflegu samþykki hins hjóna. Það er ekki heimilt fyrir annað hjóna að ráðstafa með þessum hætti eigum nema með samþykki. Aftur á móti finnst mér ekki kveðið skýrt á um hvernig háttað er með sölu og þetta getur verið yfirsjón hjá mér en mér finnst alla vega að þetta ætti þá að vera í þessum tilteknu lagagreinum, 60.–61. gr., og þetta er eitt af því sem við þurfum að athuga betur í allshn.

Ég held að ég hafi nú nefnt það helsta sem mér finnst ástæða til að taka fyrir núna. Hér er að mörgu leyti um mjög merkilegt mál að ræða og einkum er það sá kafli sem lýtur að verkaskiptingu milli hjóna og þær breytingar sem nú hafa orðið í jafnréttisátt og jafnstöðuátt sem ég fagna og því finnst mér mikilvægt að önnur atriði sem þurfa lagfæringar við að mínu mati tefji ekki það sem gott er í þessu frv. Ég hef trú á því að við góða skoðun í allshn. muni vera hægt að komast að niðurstöðu sem allir geta sætt sig við og því mun ég ekki tefja það að þetta mál komist nefndar og sé ekki ástæða til þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 256. mál (almenn endurskoðun). — Þskj. 333.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 50/1987. Með frv. er lagt til

að gerðar verði ýmsar breytingar á umferðarlögum í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af framkvæmd þeirra á undanförnum árum. Enn fremur felast í tillögunum nokkur atriði sem ekki er nú tekið á í lögum og önnur atriði eru endurskoðuð vegna nýrra aðstæðna.

Gildandi umferðarlög frá 1987 tóku gildi 1. mars 1988, fólu í sér margvíslegar breytingar frá fyrri lögum um þessi efni. Mesta breytingin var í því fólgin að umferðarreglur voru samræmdar umferðarreglum erlendis og reglum alþjóðasamnings um umferð sem gerður var í Vínarborg 1968. Ísland hefur þó ekki enn gerst aðili að þeim samningi m.a. vegna annmarka sem felast í lögunum. Þegar frv. til umferðarlaganna var til lokameðferðar hér á Alþingi í marsmánuði 1987 var bætt við það ákvæði til bráðabirgða þess efnis að þau skyldi endurskoða fyrir árslok 1991. Þetta frv. er flutt til þess að fullnægja ákvæði þessu í lögunum. Því miður hefur það dregist úr hömlu að þeirri endurskoðun yrði lokið. En þær breytingar sem hér liggja fyrir eru grundvöllur þess starfs.

Ég mun þá, frú forseti, gera nokkra grein fyrir helstu ákvæðum frv. en vísa að öðru leyti til hinna almennu og sérstöku athugasemda sem prentaðar eru með frv. Ég vík fyrst að atriðum sem beinlínis varða öryggi þeirra sem eru í umferðinni. Með 19. gr. frv. er lagt til að ákvæði um notkun hlífðarhjálms sem frá 1977 hafa gilt við akstur bifhjóla (þar með eru talin létt bifhjól) gildi einnig við akstur torfærutækja. Samkvæmt umferðarlögum teljast torfærutæki annars vegar létt ökutæki á beltum og hins vegar létt ökutæki á hjólum, einkum tví- og þríhjól sem aðallega eru ætluð til aksturs utan vega. Eru ökutæki þessi, sem flest eru hraðskreið, einkum notuð utan vega og þá við erfið skilyrði.

Samkvæmt 71. gr. umferðarlaga er kveðið svo á að hver sá sem situr í sæti bifreiðar sem búið er öryggisbelti skuli nota það. Ákvæði þetta hefur gefið tilefni til álitaefna við túlkun. Er því með 18. gr. frv. lagt til að ákvæði þetta verði gert skýrara og að skyldan nái til hvers sem notar sæti sem búið er belti.

Með 18. gr. frv. er einnig lagt til að tekið verði upp í umferðarlögin ákvæði um að ökumaður skuli sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti viðeigandi öryggis- eða verndarbúnað, svo sem öryggisbelti, barnabílstól eða annan búnað ætlaðan börnum. Er þetta í samræmi við norrænar reglur hér að lútandi. Hins vegar eru ekki efni til að kveða á um ábyrgð ökumanna á því hvort farþegar almennt noti öryggisbelti.

Með 32. gr. umferðarlaga var ákveðið að við akstur bifreiðar og bifhjóls skuli lögboðin ljós jafnan vera tendruð. Var hér um að ræða nýmæli. Reynsla af skyldunotkun ökuljósa allan sólarhringinn hefur verið góð og þykir rétt að leggja til með 6. gr. frv. að ákvæðin verði skyldunotkun ljósa allan sólarhringinn á öllum vélknúnum ökutækjum.

Með 10. gr. frv. er lagt til að ökuréttindaflokkar verði aðlagaðir alþjóðlegum reglum. Á það við um réttindaflokka er varða bifreiðar annars vegar og eftirvagna hins vegar. Þá er lagt til vegna fjölgunar aflmikilla bifhjóla og tíðni umferðarslysa þar sem bifhjól koma við sögu að heimild verði veitt til að taka upp sérstakan réttindaflokk til að mega stjórna bifhjólum sem eru með aflvél sem er meira en 125 rúmsentimetrar að slagrúmmáli.

Samkvæmt 57. gr. umferðarlaganna má æfingaakstur á bifreið því aðeins fara fram að við hlið nemanda sitji löggiltur ökukennari og æfingaakstur á bifhjóli má aðeins fara fram undir leiðsögn og eftirliti löggilts ökukennara. Talið hefur verið að það sé að nokkru leyti reynsluleysi að kenna að ungir ökumenn lenda oftar í umferðaróhöppum en aðrir ökumenn. Ástæða þess sé í sjálfu sér ekki vanþekking á umferðarreglum eða léleg ökukennsla heldur fyrst og fremst of lítil reynsla í akstri. Er talið að bæta megi úr þessu með því að heimila nemanda að æfa sig í akstri með leiðbeinanda sem þegar hefur hlotið reynslu í akstri þannig ökutækis. Er slík heimild fyrir hendi í nokkrum löndum og er talin hafa skilað góðum árangri. Er þá oft um það að ræða að foreldri eða eldra systkini sé þannig leiðbeinandi. Með 11. gr. frv. er lagt til að dómsmrh. verði heimilað að setja reglur um slíkan æfingaakstur enda uppfylli leiðbeinandi tiltekin skilyrði. Í slíkum reglum mundi þá einnig verða kveðið frekar á um æfingaakstururinn, svo sem hvaða þjálfun nemandi skuli hafa hlotið, hvar og hvenær æfingaakstur megi fara fram o.s.frv. Æskilegt er að nemanda gefist rúmur tími til að stunda æfingaakstur áður en hann gengst undir ökupróf. Því er talið heppilegt að nemandi getið hafið ökunám fyrr en þremur mánuðum áður en hann öðlast aldur til að fá ökuskírteini svo sem nú er. Er því lagt til að þessi tími verði lengdur í sex mánuði.

Með umferðarlögunum 1987 var sú breyting gerð að kveðið var á um sviptingu ökuréttinda en í eldri lögum var kveðið á um sviptingu ökuleyfis og réttar til að öðlast það. Breytingin var ekki skýrð í frv. þótt telja verði að ætlunin hafi verið að nota hugtakið þannig að það tæki til beggja tilvika. Hæstiréttur hefur túlkað þetta ákvæði umferðarlaganna þannig að ekki sé með dómi unnt að svipta mann rétti til að öðlast ökuskírteini. Þessi túlkun leiðir þó ekki til þess að sá sem ekki hefur ökuréttindi en hlýtur refsingu fyrir brot vegna háttsemi sem varðar sviptingu ökuréttinda eigi varinn rétt til þess að fá útgefin ökuréttindi. Lögreglustjóri getur þá synjað hlutaðeigandi um útgáfu ökuskírteinis á grundvelli 68. gr. a í almennum hegningarlögum.

Með 22. og 23. gr. frv. er lagt til að á ný verði tekið í umferðarlögin ákvæði þess efnis að svipta megi mann rétti til að öðlast ökuskírteini. Er lagt til að orðið ökuréttur verði notað í þessu sambandi og að svipting ökuréttar feli þá í sér hvort heldur er sviptingu réttar samkvæmt ökuskírteini eða sviptingu réttar til að öðlast ökuskírteini.

Með 22. gr. frv. er enn fremur lagt til að orðin „vegna öryggis umferðarinnar“ verði felld niður í 1. mgr. 101. gr. laganna. Segir þar nú að svipta skuli ökumann rétti er telja verður með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns varhugavert vegna öryggis umferðarinnar eða hann hafi ökuréttindi. Með því að fella hin tilvitnuðu orð niður verður heimild til að svipta ökurétti rýmri og getur hún

þá náð til fleiri tilvika, t.d. þess þegar ökumaður gerist oft sekur um akstur án þess að hafa öðlast ökuskírteini eða verið sviptur ökuréttindum.

Þá vil ég vekja athygli á nýmæli sem felst í 3. gr. frv. og varðar akstur utan vega í þéttbýli. Er þar lagt til að ákvæðið verði að akstur utan vega í þéttbýli skuli vera óheimill á svæði sem ekki er ætlað fyrir umferð vélknúinna ökutækja. Svæðin sem hér er um að ræða mundu m.a. vera opin svæði, tún, garðar og önnur viðlíka svæði í þéttbýli. Mundi akstur þar því aðeins vera heimill að landeigandi eða annar þar til bær umráðamaður leyfði.

Af 43. gr. umferðarlaganna leiðir að akstur svonefndra torfærutækja í þéttbýli er ýmsum annmörkum háður. Lögregluyfirvöld hafa þó talið annmarka á að amast við akstri þessara ökutækja í byggð eða á opnum svæðum í bæjum en af akstri þessum stafar oft veruleg truflun og hætta svo sem á svæðum sem ætluð eru til útivistar, auk þeirrar truflunar sem verður af hávaða.

Ákvæði 3. gr. frv. er eingöngu ætlað að taka til þéttbýlis. Það tekur því ekki til aksturs utan vega að öðru leyti.

Þá vil ég nefna breytingar sem lagðar eru til með 14.–16. gr. frv.

Eins og kunnugt er tók Bifreiðaskoðun Íslands hf. við verkefnum Bifreiðaeftirlits ríkisins að því er varðar skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit. Á árinu 1988 var gerður sérstakur samningur um þetta milli dómsmrn. og fyrirtækisins þar sem félaginu var veittur einkaréttur til almennrar skoðunar til loka ársins 2000. Fyrirtækið sem að helmingi til er í eigu ríkissjóðs hefur staðið myndarlega að uppbyggingu skoðunarstöðva víðs vegar um landið. Nú eru hins vegar í undirbúningi breytingar á þessu fyrirkomulagi. Skömmu fyrir jól voru afgreidd héðan frá Alþingi ný lög um vog, mál og faggildingu. Hefur þannig verið sett almenn löggjöf um viðurkenningu, faggildingu, á aðilum sem taka að sér ýmiss konar viðurkenningu, vottun og prófun á efni, framleiðslu, mannvirkjum, búnaði, ferli, þjónustu og fleira, svo og hæfni og þekkingu þeirra er að því starfa. Undir þetta mun falla það hverjir megi annast skoðun ökutækja. Slíkar skoðunarstöðvar munu annast hvort heldur er almenna skoðun ökutækja eða einstaka þætti skoðunar, svo sem endurskoðun. Bifreiðaskoðun Íslands hf. hefur þegar fallist á að öðrum aðilum sem uppfylla almenn skilyrði verði heimilað að skoða ökutæki almennri skoðun þrátt fyrir ákvæði í samningi þess við ráðuneytið um einkarétt þess til almennrar skoðunar og á grundvelli gildandi lagaákvæðis hefur þegar verið sett reglugerð um starfshætti þeirra sem annast lögboðna skoðun ökutækja. Munu þær reglur taka gildi 1. jan. 1994.

Ég hef hér gert grein fyrir nokkrum atriðum sem felast í frv. til breytinga á umferðarlögum sem hér liggur fyrir. Til enn frekari skýringar leyfi ég mér að vísa til athugasemda þeirra sem fylgja frv. Ég vil geta þess að dómsmrn. hefur komið á framfæri við hv. allshn. tillögu um breytingu á 22. gr. umferðarlaga sem varðar framúrakstur við gatnamót. Vegna túlkunar bifreiðatryggingafélaganna á þeirri grein sem reyndar hefur ekki verið staðfest af dómstólum, er lagt til að inn í greinina verði bætt ákvæði þannig að ljóst verði að því leyti sem framúrakstur við slíkar aðstæður er ekki bannaður, sé hann því aðeins heimill að skilyrði til þess séu að öðru leyti fyrir hendi. Með bréfi ráðuneytisins til allshn. vegna þessa fylgir greinargerð þar sem raktar eru forsendur fyrir því að með nýju umferðarlögunum var fallið frá fortakslausu banni við framúrakstri á eða við gatnamót og hann heimilaður við tilteknar aðstæður, með það í huga að tryggja greiða umferð án þess að stofna umferðaröryggi í hættu.

Umferðarlög og reglur eru eigi ein sér fullnægjandi til þess að vel fari í umferðinni. Þar þurfa allir að leggja sitt af mörkum. Þar kemur til hegðan ökumanna og annarra vegfarenda, ábyrgð eigenda og notenda ökutækja og einnig ábyrgð þeirra sem leggja til vegina sem umferðin fer eftir, ríkis og sveitarfélaga. Allir þessir aðilar þurfa að leggjast á eitt. Það þarf að kynna þær reglur sem gilda og opna skilning allra á gildi þeirra og því að eftir þeim sé farið. Alþingi hefur komið á fót sérstakri stofnun, Umferðarráði, sem m.a. er ætlað að beita sér fyrir bættum umferðarháttum, beita sér fyrir og standa fyrir umferðarfræðslu og sameina sem flesta aðila til samstilltra og samræmdra átaka í umferðarslysavörnum og bættri umferðarmenningu. Starfsemi Umferðarráðs þarf að efla og styrkja. Í því skyni samþykkti Alþingi á síðasta vetri og að mínu frumkvæði breytingar á hlutverki Umferðarráðs þannig að því er nú falið að hafa með höndum umsjón með ökunámi, eftirliti með ökukennslu og annast ökupróf. Með því að samhæfa þessa þætti almennri starfsemi Umferðarráðs styrkir það stofnunina til frekari verkefna á sviði umferðarfræðslu til bættrar umferðarmenningar. Þessi breyting á hlutverki Umferðarráðs hefur komið til framkvæmda í áföngum. Almenn ökupróf fluttust til Umferðarráðs þegar í vor og ökuprófin og hin hefðbundna starfsemi ráðsins fluttist undir sama þak í nýju húsnæði um mitt sl. sumar. Í haust var gefin út námsskrá fyrir nám til aukinna ökuréttinda. Fer slíkt nám nú fram undir eftirliti Umferðarráðs á vegum þriggja ökuskóla sem til þess hafa fengið viðurkenningu stjórnar ráðsins. Þá er á vegum Umferðarráðs unnið að námsskrá vegna bifhjólanáms og fyrirhuguð er endurskoðun eldri námskrár vegna almennra ökuréttinda. Enn fremur er þess að geta að gert hefur verið samkomulag við Kennaraháskóla Íslands um að hann í samstarfi við Umferðarráð taki að sér að annast menntun ökukennara og er fyrirhugað að slíkt nám geti hafist á hausti komanda.

Ég tel að starfsemi Umferðarráðs megi enn efla. Til þess hefur hins vegar m.a. skort fjárveitingar. Með samþykkt Alþingis nú fyrir áramótin á sérstöku umferðaröryggisgjaldi er renna á til Umferðarráðs vænkast hins vegar hagur þess og gefur því tækifæri til að takast á við þessi verkefni. Innan ráðsins hefur verið rætt um að gera sérstaka áætlun um aukið umferðaröryggi og átak til þess að koma í veg fyrir umferðarslys og er unnið að þeim málum á þeim vettvangi um þessar mundir.

Frú forseti. Ég hef þá lokið við að gera í aðalatriðum grein fyrir efni þessa frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er um nokkuð stórt mál að ræða og ég vil vekja athygli á því að hv. allshn. fær til meðferðar frv. sem felur í sér leið til að ná verulega niður kostnaði í heilbrigðisþjónustu. En eins og oft hefur komið fram þá er það metið svo að kostnaður þjóðfélagsins við umferðarslys sé allt að 10 milljarðar kr.

Það var eitt atriði í ræðu hæstv. dómsmrh. sem mig langaði til að gera athugasemd við eða vekja athygli á, en það voru þau ummæli hans að menn teldu að reynsluleysi ungra ökumanna væri einn meginvaldur umferðarslysa. Ég hef oft velt því fyrir mér hvort menn mundu í dag setja svona flókin tæki, eins og bílar eru, öflug og flókin tæki, í hendurnar á 17 ára unglingum. Þegar þetta aldurstakmark var ákveðið á sínum tíma þá voru bílar ekki nærri því eins öflugir og þeir eru núna og það er auðvitað bara ekki reynsluleysi sem veldur því að ungir ökumenn eru valdir að flestum umferðarslysum og því miður skaða þeir sjálfan sig í mjög mörgum tilvikum, heldur er það spurningin hvort það er ekki einfaldlega um þroskaleysi að ræða. Hvort það er ekki verið að fela ungu fólki, eða setja því í hendur tæki sem það hefur hreinlega ekki þroska til að stýra. Mér finnst þetta vera mjög alvarleg spurning sem við stöndum frammi fyrir í þessu efni og ég vil beina því til hv. allshn. að hún hugleiði það hvort ekki verði að hækka bílprófsaldur, því það er alveg óskaplegt að horfa upp á öll þessi slys og þetta er auðvitað allt of dýrt fyrir það fólk sem í því lendir, og þá er ég að tala um í hamingju og lífsmöguleikum, og þetta er líka allt of dýrt fyrir samfélagið.

Ég vil beina því til hæstv. dómsmrh. (Forseti hringir.) — ég er alveg að ljúka máli mínu — að það fari hreinlega fram rannsókn á þessu. Mér finnst menn ekki hafa tekið tillit til þeirra niðurstaðna sem komið hafa út í sálfræðilegum rannsóknum á ungu fólki og menn verði bara að taka tillit til þess að þetta er of lágur aldur.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þetta frv. þó það sé eins og hann gat um, aðeins síðbúnara heldur en kveðið er á um í gildandi umferðarlögum frá 1987. Væntanlega sýnir sá dráttur að ekki hafi verið talin mjög aðkallandi þörf á breytingum á lögunum og þá að þær breytingar sem voru gerðar með þeim umferðarlögum hafi tekist vonum framar. Þær breytingar voru þá mjög miklar frá því sem áður hafði verið. Reyndar hafa síðar verið gerðar breytingar á umferðarlögum eins og hæstv. ráðherra gat um, en ég ætla ekki að fara að fjölyrða um þær eða einstök atriði þessa frv. nú, þar sem ég á sæti í allshn. og þar mun málið verða skoðað. Þessi mál eru mjög erfið og alltaf álitamál hvernig þeim á að haga með lagasetningu í einstökum atriðum en það mun nefndin að sjálfsögðu reyna að vega og meta eftir því sem kostur er. Nefndin hefur einnig fengið ábendingar og tillögur frá öðrum aðilum sem verða þá skoðaðar um leið. Ég vænti þess að það gefist tóm til að athuga þetta mál vel þó að ég vilji taka undir það með hæstv. ráðherra að æskilegt sé að það verði afgreitt núna á þessu þingi til þess að þær umbætur sem í því eru komi sem fyrst til framkvæmda.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að flytja þetta frv. og tel að í því séu ýmis atriði sem ástæða er til að komi til breytinga á þeim lögum sem eru í gildi. Ég vil benda á það að ég skil það þannig að þegar talað er um torfærutæki þá sé ekki verið t.d. að tala um snjósleða. Er það réttur skilningur minn? Ég tel að það sé full ástæða til að velta því fyrir sér hvort það eigi ekki að hafa snjósleðana með í þeirri skilgreiningu yfir það sem menn kalla torfærutæki. Það er mjög nauðsynlegt finnst mér að koma betra skikki á það hvernig menn fara með þau tæki, ekki síður en hvernig menn fara með fjórhjól eða þríhjól eða önnur torfærutæki.

Ég vil fagna því að það komist inn ákvæði þar sem þeir möguleikar til að æfa ungt fólk í meðferð ökutækja verða bættir. Þetta hafa menn verið að stelast til að gera í gegnum tíðina og stundum verið teknir af lögreglunni. Ég veit ekki hvort menn hafa verið sektaðir, en áminntir, og alla vega veit ég til þess að lögreglan hefur verið að framfylgja því að það sé ekki verið að leyfa unglingum að keyra bíla þó það sé utan alfaravegar, þá hafa löggæslumenn talið sig verða að skipta sér af því ef þeir hafa orðið varir við það. Ég tel að það sé til mikilla bóta að gefa þennan möguleika.

En það var kannski aðallega eitt sem fékk mig til þess að standa hér upp til að taka til máls við þessa umræðu og það voru þau orð hæstv. dómsmrh. að Bifreiðaskoðun Íslands hefði staðið myndarlega að því að skoða ökutæki og því verkefni sem hún hefur tekið að sér á því sviði. Það er kannski hægt að hafa orðið „myndarlegt" um gjaldskrána og uppbyggingu fyrirtækisins í upphafi. En það fer nú að fjúka í skjólin þegar menn fara að skoða hvernig málin standa núna. Nú hefur Bifreiðaskoðun Íslands ákveðið það að hún ætli ekki að mæta með sín tæki til að skoða bifreiðir á stórum svæðum landsins. Ég held t.d. að það sé ekki meiningin að bjóða upp á bifreiðaskoðun á norðanverðu Snæfellsnesi á þessu ári. Þeir sem eiga að láta skoða bílana sína samkvæmt lögum á því svæði verða væntanlega að keyra suður á Akranes eða eitthvað annað til þess að láta þá skoðun fara fram. Svoleiðis er þetta vítt og breitt um landið. Ég hef ekki séð þessi bréf frá Bifreiðaskoðun og veit ekki nákvæmlega hvernig þessu er farið en ég veit það að það er ætlast til þess að menn keyri hundruð km til þess að láta fara fram þá skoðun sem fyrir er mælt með lögum að skuli fara fram. Og ég verð að segja það að ég get ekki kallað það myndarlega staðið að málum fyrir nú utan margt annað sem maður mundi vilja ræða í sambandi

við Bifreiðaskoðun Íslands og hefði verið ástæða til þess að láta fara fram athugun og láta gera sérstaklega skýrslu. Og ég vil nú spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann muni ekki beita sér fyrir því að það verði gefin út sérstök skýrsla um það með hvaða hætti til hefur tekist að einkavæða skoðun bifreiða á Íslandi og það verður þá allt tekið þar með, kostnaður þeirra sem þurfa að láta skoða bílana sína og sú þjónusta sem upp á er boðið, hvað menn höfðu áður en Bifreiðaskoðun Íslands tók við þessu og hvað menn höfðu í dag í þjónustu og eins hvernig eignamálin standa, hver eignamyndunin hefur verið í þessu fyrirtæki og með hvaða hætti hún hefur orðið. Ég tel að þarna sé á ferðinni mikið slys hvernig að þessum málum var staðið á sínum tíma og einkarekstrinn á þessu og einokunin sem raunverulega er þarna fyrir hendi en hefur þó verið dregið dálítið úr að allt hefur þetta hefur þetta meira og minna farið óhönduglega hjá stjórnvöldum alveg frá upphafi málsins, ég tek það fram.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Vegna þeirra ummæla sem hér hafa fallið um Bifreiðaskoðun ríkisins er rétt að taka fram enn á ný að ég hygg að það sé erfitt að mæla því mót að Bifreiðaskoðun Íslands hefur staðið mjög myndarlega að uppbyggingu þeirra skoðanastöðva sem byggðar hafa verið. Hitt er rétt og að mínu mati eðlileg gagnrýni að ýmsum finnst að þjónusta sem menn verða að sækja lögum samkvæmt að þessu leyti sé í mörgum tilvikum allt of fjarri heimahögum manna og m.a. vegna þeirrar gagnrýni tók dómsmrn. það upp til viðræðna við Bifreiðaskoðun Íslands að breyta ákvæði í samningi ráðuneytisins og fyrirtækisins um einkarétt-inn, en í samningnum eins og hann var gerður 1988 var kveðið á um að fyrirtækið hefði óskoraðan einkarétt fram til loka ársins 2000. Þessum viðræðum lauk með því að fyrirtækið féllst á að gefa þennan einkarétt eftir og um næstu áramót verður frjálst að stofna fyrirtæki til þess að annast skoðun bifreiða á grundvelli tiltekinnar kröfu um það hvernig skoðunin fari fram og hvaða búnað slík fyrirtæki hafa. Ég geri ráð fyrir því að menn séu almennt sammála um að menn mega ekki slaka um of á kröfum í þessu efni því að á miklu veltur að við getum tryggt það að halda hér uppi ríkum kröfum varðandi búnað ökutækja í öryggisskyni. En ég vænti þess að með þessari breytingu skapist skilyrði fyrir einkaaðila að setja á fót fyrirtæki og veita þessa þjónustu og þannig verði unnt að koma til móts við þær eðlilegu athugasemdir sem fram hafa komið um að þjónustan sé í mörgum tilvikum of fjarlæg notandanum.

Ég geri einnig ráð fyrir því að á næsta ári verði byrjað að selja hluti ríkisins í Bfreiðaskoðun Íslands og eignarhaldi ríkisins verði þannig smám saman aflétt og upphaflegum markmiðum verði á þann veg náð.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég get nú ekki sagt að ég geti bundið miklar vonir við það þó að nýir aðilar fái tækifæri til þess að setja upp skoðunarstofu af þessu tagi eða bifreiðaskoðun. Mér skilst að þær kröfur sem verði gerðar til þeirra fyrirtækja verði það strangar og það þurfi það dýran búnað til þess að fullnægja þeim að það sé nú ekki líklegt að einhverjir aðilar fari að setja upp skoðunarstöðvar þar sem Bifreiðaskoðun Íslands sem hefur nú einkarétt á þessu í dag og hefur allt landið undir treysti sér ekki til þess að láta einu sinni sínar skoðunarstöðvar sem eru þó á hjólum koma einu sinni á ári eða tvisvar til þess að láta skoða bílana. Mér finnst það ákaflega ólíklegt að þessum aðilum verði bætt upp þjónustan með einkareknum skoðunarstöðvum ef það er rétt sem ég hef heyrt um þessar kröfur. Þannig að því miður get ég ekki bundið miklar vonir við þetta.

Ég fagna því heldur ekkert sérstaklega þó að hæstv. ráðherra sé að lýsa því yfir að það standi til að fara að selja hlut ríkisins í þessu fyrirtæki vegna þess að ég tel að það sé full ástæða til þess að ríkið reyni að standa í ístaðinu inni í þessu fyrirtæki og stjórna þessum málum að einhverju leyti með sínu eignarhaldi þar þangað til þessum málum er þá komið í betra og eðlilegra horf heldur en nú er. Þetta fyrirtæki er rekið frá upphafi því miður sem algert gróðafyrirtæki og þó að hæstv. ráðherra hafi nú beitt sér fyrir því að reyna að draga svolítið úr því hvernig menn höguðu sér gagnvart neytendum á síðasta ári, þá hefur það ekki dugað til og nú er þetta nýja komið upp að nú á bara að draga úr þjónustunni og í staðinn fyrir að þessu fyrirtæki hefði þá verið gert skylt að veita a.m.k. einhverja lágmarksþjónustu, þá getur það komist upp með það að bara hætta að veita þjónustuna. Og það skal þá bara vera mál þeirra manna sem bílana eiga hvar sem þeir búa á landinu hvort þeir komast einhvers staðar í skoðun eða hvort þeir keyri 200–300 km til þess að mæta til skoðunar. Ég tel að hæstv. ráðherra hefði átt að beita sér fyrir því og hann eigi að beita sér fyrir því að Bifreiðaskoðun Íslands veiti þá þjónustu sem eðlileg er þar til skipan mála hefur breyst með þeim hætti að það sé ekki allt of langt til næstu skoðunarstöðvar fyrir bíleigendur í landinu.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil fagna ýmsu sem er í þessu nýja frv. um breytingar á umferðarlögum og það er ýmislegt þar í tíma talað. Það er gert ráð fyrir að bæta ökukennslu. Það er gert ráð fyrir að nemendur fái meiri þjálfun áður en þeir taka bílpróf og það er allt af hinu góða. Það eru gerðar meiri kröfur til ökumanna stærri bifhjóla í þessu frv. en gert er í dag og það er einmitt þar sem stærstu og erfiðustu slysin verða, á þessum stóru bifhjólum, þar sem ungt fólk hefur ekki þroska til að stjórna svo aflmiklum ökutækjum. Þetta er allt af hinu góða.

En ég vil í framhaldi af því líka taka undir með hv. þm. sem var hér í andsvari áðan, Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv., sem talaði um það að henni þætti rétt að skoða hvort aldurinn 17 ár væri ekki of lágur fyrir próf. Mér finnst rétt að skoða það.

En í sambandi við það sem hv. 3. þm. Vesturl. var að tala áðan um Bifreiðaskoðun Íslands, þá vil ég taka

undir hvert orð sem hann sagði. Það er auðvitað alveg ólíðandi að maður t.d. frá Hellissandi sem er bæði með einkabíl og atvinnuökutæki þurfi að fara tvisvar sinnum niður í Borgarnes til að láta skoða ökutæki sitt. Þetta er mjög dýrt og þetta er að mínu mati alger óþarfi. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvernig stendur á því að verið er að leggja niður þessa skoðunarstofu á hjólum, sem miklar vonir voru bundnar við að færi í kringum allt land. Mig langar líka að spyrja: Hvað er svona flókið við bifreiðaskoðanir að það þurfi allt þetta apparat í kringum þær? Ég hélt satt að segja í einfeldni minni að venjulegur bifvélavirki réði við skoðun á bíl. Þetta væri nú ekki flóknara en það. Alla vega trúum við almennum bifvélavirkjum fyrir að gera við ökutæki okkar og ég treysti mér vel til þess að fara með minn bíl í skoðun til löggilts aðila í þessum efnum — venjulegs bifvélavirkja — og treysti honum fullkomlega til þess að skoða bílinn minn. Ég skil ekki hvers vegna þetta er svona flókið. Það er verið að gera ýmsar flóknar aðgerðir á sjúkrahúsum og mönnum út um allt land en það er ekki hægt að skoða bíla t.d. á Hellissandi eða Stykkishólmi af því að það er svo flókið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Einkaleyfi og vörumerki, 3. umr.

Stjfrv., 3. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 237.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Undirbúningur vegna hálfrar aldar afmælis lýðveldisins, fyrri umræða.

Stjtill., 262. mál. — Þskj. 351.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um undirbúning vegna hálfrar aldar afmælis lýðveldisins 1944. Þessi tillaga er stutt og er best að lesa hana ásamt athugasemd:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 6 manna nefnd til að gera tillögur um hvernig fagna eigi hálfrar aldar afmæli hins íslenska lýðveldis árið 1994. Skal hver þingflokkur tilnefna einn fulltrúa til setu í nefndinni.

Forsætisráðherra skipar formann nefndarinnar, án tilnefningar.

Athugasemdir við þáltill. þessa:

Sumarið 1994 verða liðin 50 ár frá stofnun íslenska lýðveldisins og er við hæfi að þessara merku tímamóta í sögu þjóðarinnar verði minnst með viðeigandi hætti. Nefndin skal gera tillögur um hvernig fagna eigi þessum tímamótum, auk þess að taka afstöðu til hvernig undirbúningi afmælisins skuli háttað."

Hér á dagskránni er önnur tillaga sem verður einnig fylgt úr hlaði við sama tækifæri sem er efnislega í sama anda. Eins og þessi tillaga sem ég kynnti ber með sér, þá er í henni gert ráð fyrir nefnd sem Alþingi mundi tilnefna í eða hver þingflokkur mundi tilnefna í auk þess sem forsrh. mundi skipa formann nefndarinnar, væri nefnd þar sem jafnræði væri milli stjórnar og stjórnarandstöðu um skipan í nefndinni. Mér finnst fara vel á því í sambandi við hátíðahald eða fagnað vegna hálfrar aldar afmælis hins íslenska lýðveldis, að í nefnd sem um það fjallar gæti ekki meirihlutaskipunar stjórnar eða stjórnarandstöðu á hverjum tíma. Það sé líklegra til þess að um mál megi fjalla í sátt að haga skipun nefndarinnar með þessum hætti.

Við þekkjum mörg dæmi þess að tilefni af þessu tagi hafa verið notuð með myndarlegum hætti í okkar stuttu fullveldissögu og af þeim fagnaði hefur ekki aðeins verið stundargaman þó gott sé heldur hafa jafnframt verið lögð drög að farsælum ákvörðunum sem hafa gert þjóðinni gagn til lengri tíma. Jafnframt hafa slíkir atburðir verið til þess fallnir að þjappa þjóðinni saman. Við Íslendingar erum dálítið gefin fyrir deilur og karp sem út af fyrir sig þarf ekki sérstaklega að kvarta yfir því að það getur verið af hinu góða að takast á um efni, en það getur líka verið kostur fyrir þessa litlu þjóð að nota þessi hátíðlegu tilefni og mikilvægu til þess að leita samstöðu og sátta og finna þann samhug sem þessi þjóð þarf ríkulega á að halda. Ég tel ekki, þótt tímamótin séu merkileg að endilega sé nauðsynlegt að til þessara hátíðahalda eða tímamóta sé varið mjög miklum fjármunum. Ég tel að það sé hægt að gera góðan fögnuð án þess að stórkostlegum fjármunum sé til þess varið. Það sé ástæða til þess að stilla slíku í hóf á þeim tímum sem við nú lifum, en þó að slíkt sé gert þá tel ég að það sé hægt að standa að slíkum tímamótum og hátíðahöldum með myndarbrag. Þau séu til þess fallin að minna okkur á að okkar barátta, þessa fámenna lýðveldis, er eilífðarbarátta um fullveldi þess í margvíslegum skilningi. Við fáum mörg dæmi um það um þessar mundir í nágrenni okkar að sú barátta er ævarandi. Ég tel að hvert stórafmæli eigi m.a. að nota til þess að skerpa hugsun um þau efni.

Jafnframt tel ég nauðsynlegt að slík tímamót yrðu notuð til þess að menn huguðu að landinu sjálfu og þeirri skuld sem við teljum okkur auðvitað með réttu eiga landinu að gjalda og þess vegna hljóti þættir eins og umhverfisþættir, landgræðsla, skógrækt og slíkir þættir að vera ofarlega í þeim hugmyndum sem ræddar yrðu í tengslum við afmælishaldið. Ég vona að um þessa tillögu og þá tillögu sem mælt verður fyrir hér á eftir geti orðið bærileg samstaða hér í þinginu. Það má finna að því að dregist hefur að þessi mál komi til umræðu og skal ég fyrir mitt leyti taka það á mig, en hins vegar er nú sú reynsla að það vill gjarnan vera þannig að undirbúningur af þessu tagi fer ekki almennilega í gang fyrr en fer að hilla undir það verk sem vinna skal.

Ég hygg, virðulegi forseti, að ég láti þessi fáu orð nægja til að fylgja þessu máli úr hlaði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðild Alþingis að 50 ára afmæli lýðveldisins, fyrri umr.

Þáltill. SvG o.fl., 167. mál. — Þskj. 192.

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. forsrh. áðan eru þær tillögur sem eru á dagskrá þessa fundar varðandi afmæli lýðveldisins það skyldar að eðlilegt er að þær séu ræddar saman. Tillögurnar eru að mörgu leyti svipaðar að öðru leyti en því að í tillögu hæstv. ríkisstjórnar er gert ráð fyrir því að ríkisstjórnin skipi sex manna nefnd þar sem flokkarnir tilnefni fulltrúa en hæstv. forsrh. skipi síðan formann nefndarinnar. Í tillögu minni og tveggja annarra þingmanna, hv. þm. Jóns Helgasonar og Kristínar Einarsdóttur, er hins vegar gert ráð fyrir því að Alþingi kjósi hlutfallskosningu sjö manna nefnd er hafi það verkefni að undirbúa af hálfu Alþingis 50 ára afmæli íslenska lýðveldisins 1994. Nefndin kjósi sér sjálf formann og kostnaður af störfum hennar skuli greiddur af Alþingi, eins og segir í okkar tillögu, til að undirstrika að við viljum að Alþingi sjálft ákveði hvernig því verði hagað að minnast 50 ára afmælisins en það verði ekki ríkisstjórnin ein sem hafi með það mál að gera.

Í grg. tillögunnar segir svo, með leyfi forseta:

„Aðeins tæp tvö ár eru þar til lýðveldið Ísland á 50 ára afmæli." — Það hefur reyndar styst vegna þess að það hefur dregist að mælt væri fyrir tillögunni. — „Nauðsynlegt er að hefjast þegar handa við að undirbúa afmælið með viðeigandi hætti. Alþingi hefur jafnan skipað öndvegi við undirbúning stærri hátíðahalda þjóðarinnar. Því er eðlilegt að Alþingi hafi forustu um hátíðahöld á 50 ára afmæli lýðveldisins.

Hér verður ekki gerð nein tilraun til þess að birta yfirlit yfir það sem gera mætti í tilefni hátíðarinnar. Benda má þó á átak í menningarmálum, bæði almennt og á einstökum sviðum menningar, átak í umhverfismálum o.fl.

Í tillögunni sjálfri er hins vegar kveðið á um það að flýtt verði af þessu tilefni endurskoðun stjórnarskrárinnar. Sá dráttur, sem orðið hefur á því verki, hlýtur að vera Alþingi áhyggjuefni. Því er lagt til að þannig verði á málum haldið að Alþingi nái að samþykkja nýja stjórnarskrá fyrir 50 ára afmælið." — Stendur í grg. sem er skrifuð fyrir alllöngu, líklega rúmu ári síðan. „Hér er átt við almenn ákvæði stjórnarskrárinnar en ekki þau sem lúta að kosningalögunum. Um þau gilda allt önnur lögmál og reynslan sýnir að það er ekki affarasælt að blanda þessum málum saman.

Í framsögu verður greint frá ýmsum hugmyndum sem til greina koma við það að minnast 50 ára afmælis lýðveldisins." — Segir hér, o.s.frv.

Með öðrum orðum er hér gefið undir fótinn með það tvennt að annaðhvort verði lögð áhersla á að efna til sérstakra menningarviðburða í tilefni af 50 ára afmæli lýðveldisins með menningahátíðahöldum af margvíslegu tagi. En þegar kemur að því hefur það verið svo í seinni tíð að mér a.m.k. hefur fundist að hugmyndir manna um hátíðahöld af þessu tagi séu oft býsna fátæklegar. Menn reyna að endurtaka svo að segja frá hátíð til hátíðar eitt og annað sem verður oft býsna leiðigjarnt og fábreytilegt. Spurningin er þess vegna fyrst og fremst sú hvort það er hugsanlegt að við getum hér á Alþingi náð saman um eitthvað sem sameinar okkur og þjóðina líka, eitthvað sem kostar kannski ekki verulega fjármuni en markar tímamót og er um leið í okkar verkahring að gera eitthvað sem við höfum kannski vanrækt alllengi.

Ég er þeirrar skoðunar að það sem við gætum best gert í þessu efni væri að sameinast um endurskoðun á stjórnarskránni. Að við göngum í það verk með myndarlegum hætti með fulltrúum frá öllum flokkum að endurskoða stjórnarskrána í heild, ekki síst mannréttindaákvæði hennar og að við í því skyni látum ekki nægja að setja niður stjórnarskrárnefnd eða framlengja umboð þeirrar sem nú situr, heldur ákveðum að halda sérstakt stjórnlagaþing sem tekur fyrir stjórnarskrána eina og ekkert annað og tekur ekki kosningalagaþáttinn. Vegna þess að reynslan er sú að um hann þurfa menn margt að deila og margt að pexa og þræta fram og aftur en að við látum okkur nægja að taka fyrir hina almennu mannréttindaþætti stjórnarskrárinnar.

Til þess að rökstyðja þetta enn frekar má í fyrsta lagi benda á þá umræðu sem varð hér um stjórnarskrána um daginn í sambandi við Evrópskt efnahagssvæði. Það er alveg greinilegt að það er bullandi ágreiningur um ýmis atriði varðandi framkvæmd og túlkun stjórnarskrárinnar. Það er slæmt fyrir þjóðina að það sé ágreingur um grundvallarlögin sjálf. Í öðru lagi má benda á að þegar stjórnarskráin var sett 1944 töldu menn og lýstu því yfir að hún væri sett til bráðabirgða eins og hún leit út. Í því sambandi leyfi ég mér, virðulegi forseti, að vitna til ritgerðar um stjórnarskrána frá árinu 1945 eftir Ólaf Jóhannesson fyrrv. forsrh. þar sem hann segir:

„Þó að sú stjórnarskrá ásamt síðari breytingum væri frjálsleg í ýmsum greinum er ekki nema eðlilegt að sum þeirra ákvæða er þá þóttu réttmæt og viðeigandi þurfi nú nokkurrar endurskoðunar og breytingar við." — Á árinu 1945 er þetta sagt. — „Viðhorf manna og ýmsar ástæður hafa tekið svo gagngerðum breytingum frá þeim tíma er þessi ákvæði urðu upphaflega til. Mun það nú orðið nokkuð almenn skoðun að þörf sé ýmissa endurbóta á lýðveldisstjórnarskránni enda í raun inni ráðgert að stjórnarskrá sú er samþykkt var í fyrra yrði aðeins bráðabirgðastjórnarskrá sem tekin skyldi til rækilegrar endurskoðunar."

Þessi orð voru skrifuð á árinu 1945.

Í þriðja lagi bendi ég á í þessu sambandi, virðulegi forseti, að umboðsmaður Alþingis hefur fyrir alllöngu, ég hygg að það hafi verið á árinu 1988, sent forsetum Alþingis bréf þar sem hann vakti athygli á því að í ís-

lensku stjórnarskrána vanti ákvæði um veigamikil mannréttindi svo sem — ég vitna til bréfs umboðsmanns — „um skoðanafrelsi, um jafnrétti, um bann við afturvirkum refsilögum, um vernd fjölskyldulífs og rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi". Það er skoðun umboðsmanns sem kemur enn fremur fram í þessu bréfi: „... að setning nýrrar stjórnarskrár hafi dregist úr hófi."

Það ber því allt að sama brunni í þessum efnum. Þarna eigum við verk að vinna. Þarna höfum við vanrækt verk sem við þurfum að vinna í þessari virðulegu stofnun.

Ég hefði þess vegna haldið að menn ættu mjög alvarlega að velta því fyrir sér hvort ekki er unnt að ná samstöðu um þessi almennu ákvæði stjórnarskrárinnar í tengslum við eða fyrir 50 ára afmæli lýðveldisins sumarið 1994.

Til viðbótar við þessi almennu orð má kannski benda á það, virðulegi forseti, að fjöldi þingmanna hefur flutt frv. um breytingar á stjórnarskránni. Í því sambandi nefni ég t.d. mjög mörg þingmál sem hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur flutt um breytingar á stjórnarskránni. Mig minnir einnig að t.d. hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 1. þm. Vestf. hafi iðulega flutt frv. um breytingar á stjórnarskránni. Það er því ljóst að mjög margir þingmenn hafa velt þessum málum fyrir sér. Þess vegna legg ég á þetta svo mikla áherslu hér, virðulegi forseti, að ég tel að hér sé um að ræða mál sem er með þeim hætti að það eigi að vera hægt að sameina þingið og þjóðina um það.

Ég lagði á það áherslu áðan, virðulegi forseti, að kosningalagaþátturinn yrði fyrir utan þetta mál og það segi ég af gamalli reynslu. Við reyndum að vinna að þessu hvoru tveggja í senn á árunum 1980 til 1983. Það tókst ekki. Þá urðu menn svo uppteknir af kosningalagaþættinum að menn fengust ekki til þess að afgreiða hinn almenna þátt stjórnarskrárinnar. Ég heyri núna að ýmsir aðilar eru að hreyfa hugmyndum um breytingar á kosningalögum. Það hef ég gert með munnlegum hætti á opinberum vettvangi en ég sé líka að Samband ungra sjálfstæðismanna, trúi ég, og einhverjir aðilar á vegum Sjálfstfl. eru að hreyfa þessum hugmyndum. Það er gott og vel. En ég legg þó á það mikla áherslu í þessu sambandi að ef menn ætla að breyta kosningalögunum yfir höfuð, þá er það sérverkefni og sjálfstætt verkefni. Ég held að það væri beinlínis hættulegt ef menn færu að blanda þessu tvennu saman. Reynslan sýnir okkur að það gæti stöðvað stjórnarskrármálið sem slíkt og það er þess vegna sem ég hef lagt á það þetta mikla áherslu.

Ég tel með öðrum orðum, virðulegi forseti, að það sé við hæfi að við ákveðum í tilefni af 50 ára afmæli lýðveldisins að endurskoða stjórnarskrána, að við höldum stjórnlagaþing, að við höldum þing á Þingvöllum og ljúkum þeirri endurskoðun stjórnarskrárinnar í tilefni 50 ára afmælisins og við reisum okkur dálítið og reynum að finna samnefnara sem við finnum öll að við eigum dálítið í.

Ég hef ekki hugsað mér, virðulegi forseti, að gera um það tillögu að þessari tillögu verði á þessu stigi málsins vísað til nefndar. Ég ætla aðeins að leggja til að henni verði vísað til síðari umræðu með von um að forsætisnefnd og aðrir forustumenn í þinginu, eins og formenn þingflokkanna, taki málin almennt til skoðunar á næstunni. Ég tel það heppilegri og affarasælli leið en að binda mál af þessu tagi í einni þingnefnd.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið mælt fyrir tveimur till. til þál. sem varða hálfrar aldar afmæli lýðveldisins sem er á næsta ári. Annars vegar tillaga sú sem hæstv. forsrh. mælti fyrir og er á þskj. 351 og hins vegar sú tillaga sem hv. 9. þm. Reykv., 1. flm., hefur nú mælt fyrir og er á þskj. 192.

Ég er flm. þessarar till. til þál. sammála um það að Alþingi hefur í krafti sögunnar veigamiklu hlutverki að gegna við undirbúning hátíðahalda á 50 ára afmæli lýðveldisins og að þess verði minnst á verðugan hátt. Í mínum huga ber að gera það með þeim hætti að það verði til að styrkja samstöðu og samkennd þjóðarinnar. Þetta mál er þess eðlis að það á að vera hafið yfir allt dægurþras og flokkadrætti því eitt er okkur Íslendingum heilagt og það er sjálfstæði okkar sem þjóðar. Ef það er einhver stund sem Íslendingar hafa upplifað að þjóðin fyndi til samkenndar sem ein sál, þjóðarsál liggur mér við að segja, þá var það í rigningunni á Þingvöllum 17. júní 1944. 50 ár eru að vísu ekki langur tími í lífshlaupi þjóðar og okkur, sem áttum því láni að fagna að vera stödd á Þingvöllum á þeirri hátíðlegu stundu þegar lýst var yfir stofnun fullvalda og sjálfstæðs ríkis á Íslandi, mun sú stund ógleymanleg.

Ég þakka flm. fyrir að leggja þessa tillögu fram og hreyfa málinu. Það er vissulega löngu tímabært að hefja undirbúning málsins en það er líka rétt að taka fram að málið hefur verið í undirbúningi þó með óformlegum hætti sé. Bæði hefur verið rætt á fundum í forsætisnefnd og við forsrh. um undirbúning málsins. Það gefur auga leið að Alþingi og ríkisstjórn hljóta að hafa náið samráð sín á milli um mótun tillagna er varða hátíðahaldið og undirbúning þess. Að sjálfsögðu í góðri samvinnu allra þingflokka. Þannig hefur ávallt verið að málum staðið þegar merkra atburða hefur verið minnst í sögu íslensku þjóðarinnar. Þá hef ég í huga Alþingishátíðina 1930, stofnun lýðveldisins 1944 og hátíðahöldin sem fram fóru á Þingvöllum 1974 í tilefni 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar.

Ýmislegt hefur borið á góma og verið til athugunar um efnislega þætti undirbúnings. Ég ætla ekki að fara að tíunda það sérstaklega hér en ég vil gjarnan nefna erindi frá Þjóðskjalasafni Íslands sem hefur lýst áhuga á að eiga hlut að hátíðahöldum í tilefni 50 ára afmælis lýðveldisins með því að gefa út á bók með skjölum og skýringum á sögu lýðveldisins. Þá hefur Þingvallanefnd lýst yfir vilja sínum til samstarfs um þau atriði sem snúa að væntanlegum hátíðahöldum á Þingvöllum og einnig hefur heimildarkvikmynd verið nefnd. En það verður að sjálfsögðu verkefni þeirrar undirbúningsnefndar, sem væntanlega verður kosin, að kanna með hvaða hætti best verður staðið að slíkum

hátíðahöldum og sé ég því ekki ástæðu til að fara nánar út í einstök efnisatriði.

Ég ítreka að það er mikilvægt að á hv. Alþingi verði góð samvinna um undirbúning þessa merka áfanga í sögu lýðveldisins. Þessi atburður á sér svo rík ítök í hugum okkar allra að höfuðmáli skiptir að við leggjumst á eitt um að gefa hátíðahaldinu sem vandaðastan og veglegastan blæ.

Þá er efst í huga að minnast með hlýhug og þakklæti þeirra kynslóða sem börðust fyrir auknu sjálfstæði íslensku þjóðarinnar og bjuggu í haginn fyrir komandi kynslóðir. Að því búum við í dag.

Varðandi þann þátt tillögunnar sem er á þskj. 192 og lýtur að nýrri stjórnarskrá vil ég taka undir orð hv. 9. þm. Reykv. áðan að vissulega væri við hæfi að sameinast um það mál og mér finnst ástæða til að kanna það. Ef hægt væri að koma því í kring að sett yrði ný stjórnarskrá, að sjálfsögðu yrði þátturinn um kosningalög og kjördæmaskipan að vera undanskilinn, get ég tekið undir að það gæti orðið verðugt viðfangsefni.

Ég nefndi að það væri mikilvægt að við sameinuðumst um með hvaða hætti staðið verður að undirbúningnum. Þessi tillaga gerir ráð fyrir því að kjósa sjö manna nefnd hlutfallskosningu. Tillaga sú sem hæstv. forsrh. mælti fyrir gerir ráð fyrir að fulltrúar allra þingflokka eigi sæti í þessari undirbúningsnefnd. Ég á von á því að allir geti sameinast um þetta atriði. Mér finnst eðlilegt að skipuð verði nefnd að tilhlutan allra þingflokka.

Eins og kom fram í máli hv. 9. þm. Reykv. er ekki lagt til að þessum tillögum verði vísað til fastanefndar heldur gert ráð fyrir að forsætisnefnd fjalli um þær áður en þær koma fyrir þingið aftur til afgreiðslu. Ég get tekið undir þessa hugmynd hans. Mér finnst það einföld og góð lausn og með því móti væri hægt að afgreiða þetta mál með skjótum hætti. Ég vil gjarnan geta þess að það var einmitt sú hugmynd sem ég hafði um hvernig staðið yrði að afgreiðslu þessa máls, að það yrði í samráði við forsætisnefnd og formenn þingflokka sem mundu væntanlega fjalla um það.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð mín fleiri. Ég vildi aðeins láta í ljósi stuðning minn við þessar tvær tillögur og þykist mega treysta því að um það náist góð samstaða í þinginu hvernig að þessum málum verður staðið.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Á dagskrá í dag eru tvær tillögur um sama efni. Ég hygg að hægt sé að koma saman einni tillögu svo að báðum tillögunum sé gert jafnhátt undir höfði þannig að góð meining allra tillögumanna nái fram að ganga. Ég held að það sé mjög mikilvægt við þetta sérstaka tækifæri, 50 ára afmæli lýðveldisins, að reyna að forðast flokkadrætti við undirbúning þess og framkvæmd hátíðahaldanna. Ég held að það fari best á því að reyna að sameina þjóðina svo sem frekast er kostur og forðast að blanda inn í þetta pólitískum deilumálum.

Í hinu merkilega riti Guðjóns Friðrikssonar um Jónas Jónsson frá Hriflu er sagt frá undirbúningi alþingishátíðarinnar 1930. Þar kemur fram að hugmyndir voru uppi af hálfu þáv. stjórnarandstöðu um að nota tækifærið og klekkja á þáv. dómsmrh. með málatilbúnaði á hátíðaþingi á Þingvöllum. Manni finnst eftir á þegar maður les þessar frásagnir alveg með ólíkindum hvað mönnum gat dottið í hug 1930. Sem betur fór náðu þær hugmyndir ekki fram að ganga. Ég held að við ættum að reyna að standa sameinuð og myndarlega að þessum hátíðahöldum. Ég er alveg sammála hæstv. forsrh. að við ættum að forðast að gera þetta að einhverri bruðlhátíð. En ég held að heppilegt sé að reyna að gæta eðlilegrar reisnar.

Ég tel fyrir mitt leyti að til þess að ná sem mestri pólitískri einingu sé fullt svo eðlilegt að skipa nefndina með þeim hætti sem lagt er til í tillögu þremenninganna, þ.e. kjósa hana hlutfallskosningu, þó að mér finnist hitt fyrirkomulagið líka vel geta komið til greina. Það skiptir mig ekki miklu máli hvort nefndin er skipuð sex mönnum eða sjö.

Hvað varðar hugmyndina um breytingu á stjórnarskrá, sem í tillögu þremenninganna er tengd afmælinu, finnst mér að hún gæti vel komið til skoðunar, þ.e. að setja sér einhver tímamörk til endurskoðunar stjórnarskránni. Það getur vel verið að þessi tími sé ekki verr valinn en annar. Ég tel að við Íslendingar búum við tiltölulega mjög góða og tiltölulega mjög skýra stjórnarskrá og getum í megindráttum verið ánægðir með framsetningu hennar og þann anda sem hún boðar. Ég verð að vísu að játa að mér finnst að sumir alþingismenn umgangist hana ekki af nægilegri alvöru en ætla ekki að rifja upp dæmi þar um sem hefur borið á góma hér fyrr í vetur.

Þrátt fyrir að mér finnist stjórnarskráin góð tel ég réttmætt að leggja nokkra vinnu í endurskoðun hennar eða athugun á hverju þurfi að breyta. Það vantar nútímaleg ákvæði um mannréttindi. Það vantar ákvæði sem heimila Íslandi að gerast aðili að fjölþjóðasamningum sem nauðsynlegt kann að vera að gera, t.d. um umhverfismál, þar sem strandar á ákvæðunum um fullveldið. Það vantar ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu. Mér líst vel á það að Alþingi verði kvatt saman sérstaklega til fundar um stjórnarskrána þar sem önnur efni verði ekki tekin fyrir og get prýðilega vel stutt þá hugmynd.

Ég tel jafnframt að a.m.k. ef leita á að einingu sé mikilvægt að taka kosningalagaþáttinn út og ræða hann sérstaklega undir öðrum formerkjum en ekki í tilefni afmælishátíðar lýðveldisins. Ég hygg að það geti miklu fremur orðið eining um aðra þætti en þann þátt sem, eins og menn þekkja, er mjög viðkvæmur. Að vísu myndaðist eining á Alþingi um núgildandi kosningalög. En það er sannast mála að sjálfsagt er enginn ánægður með þau. Þau eru út af fyrir sig ekki óréttlát en á hinn bóginn eru þau flókin og gallar á þeim, sem að vísu voru fyrir séðir, það hefur sannast. Núgildandi kosningalög eru engin eilífðarsmíð.

Sjálfstfl. er farinn að hreyfa breytingarhugmyndum að kosningalögum sem útheimtir að sjálfsögðu stjórnarskrárbreytingu. Ég verð að játa að það sem ég hef heyrt af þeim hugmyndum, sem eru að vísu aðeins úr

fjölmiðlum og í mjög lauslegri útgáfu, líst mér ekki á. Ég held að þær bæti ekki núgildandi kosningalög og enda eru þær sjálfsagt settar fram fyrst og fremst til þess að smala saman Sjálfstfl. í næstu kosningum þannig að ekki verði kosið um verk núv. ríkisstjórnar í næstu kosningum.

Ég lýsi stuðningi við þær hugmyndir sem koma fram í þáltill. Ég styð það að við reynum að minnast með mjög viðeigandi hætti lýðveldisafmælisins 1994 og er tilbúinn að leggja fram vinnu í því sambandi.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég lýsi yfir stuðningi mínum við það mál sem hér er til umræðu. Eins og fram hefur komið er um tvær tillögur að ræða. Á þeim er nokkur munur sem þó skiptir kannski ekki meginmáli. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt að vonandi tekst forsætisnefnd að finna leið út úr málinu. Það skiptir auðvitað ekki öllu máli hvort nefndarmenn eru sex eða sjö. Aðalatriðið er að út úr því starfi komi góð tillaga og að nefndin geti tekið til starfa sem allra fyrst. Ég vil einmitt vekja athygli á því að það er að verða kominn miður febrúar þannig að það er aðeins rúmlega eitt ár til stefnu. Ég mundi halda að sá tími sé harla naumur og því mjög brýnt að við afgreiðum þetta mál sem allra fyrst.

Ég tek undir þær hugmyndir hv. þm. Svavars Gestssonar að tengja þetta endurskoðun stjórnarskrárinnar. Það verk hefur dregist allt of lengi og þó að margt sé gott í hinni íslensku stjórnarskrá, þá er því ekki að leyna að í hana vantar ýmis mannréttindaákvæði sem betur mætti kveða á um. Hættan er sú að sagan endurtaki sig og verkið sofni í nefnd vegna þess að mönnum þyki málið of flókið og finnist einhvern veginn að um varanlegar breytingar sé að ræða. Það sé verið að vinna eitthvert endanlegt verk. En auðvitað er alltaf hægt að taka stjórnarskrána upp aftur og aftur ef aðstæður breytast þó að menn séu yfirleitt á því að það beri að breyta stjórnarskrám sem allra minnst. En einhverra hluta vegna hefur þetta verk dregist mjög úr hömlu. Það er rétt sem kom fram hér áðan að auðvitað hefur kosningalagaþátturinn haft þar mikil áhrif á.

Margt kemur til greina þegar hugað er að því að halda upp á hálfrar aldar afmæli lýðveldisins. Ég vil minna á einn þátt. Ég tel að okkur beri skylda til að halda þjóðinni við efnið og hún þekki sögu sína og muni hvaðan við erum sprottin og hverju við höfum orðið til að kosta í okkar landi til þess að halda uppi því samfélagi sem við búum í. Því vil ég reifa hér þá hugmynd hvort ekki mætti beita sér fyrir því að skrifuð verði Íslandssaga fyrir nemendur í skólum landsins og reyndar mannkynssaga líka því að það er mjög brýnt að endurskoða kennslubækur og fá heildaryfirsýn yfir sögu landsins. Eins og ég segi vantar okkur líka átakanlega nýjar mannkynssögubækur sem eru skrifaðar út frá íslenskum forsendum og íslenskum veruleika í staðinn fyrir að menn hafa stöðugt verið að þýða sögubækur.

Við lifum í síbreytilegum heimi og það þarf auðvitað að endurskoða sögubækurnar. Hver tími lítur á söguna út frá sínum sjónarhóli. Ég tók með mér í ræðustólinn glænýja útgáfu af Evrópusögu sem skrifuð er af 12 evrópskum sagnfræðingum. Þetta er náttúrlega mikið áhugamál fyrir Evrópusinna og þá sem hafa mikinn áhuga á auknu samstarfi við Evrópuþjóðir en hér er í fyrsta sinn reynt að horfa á sögu Evrópu frá sameiginlegum sjónarhóli. Þessi skrif hafa reyndar verið gagnrýnd af ýmsum, sérstaklega Bretum sem þykir sér ekki gert nógu hátt undir höfði. Hér er um nýja tilraun að ræða fyrir skólanemendur í Evrópu sem sýnir okkur kannski best að það eru nýir straumar í sagnfræðiritun og söguritun og við þurfum auðvitað að fylgjast með í þeim efnum.

Því vil ég líka taka undir þá tillögu sem Þjóðskjalasafnið hefur sett fram um að saga lýðveldisins, eins og hún birtist okkur í skjölum, verði aðgengileg. Það held ég að sé mjög athyglisverð hugmynd og ég vona að hún komist í framkvæmd.

Það er ekki mikið meira um þetta að segja, virðulegi forseti, annað en ítreka að ég held að það sé mjög brýnt að við göngum frá þessu máli sem allra fyrst. Við vitum að hátíðahöld af því tagi sem fram undan eru þurfa langa og ítarlega skipulagningu og því má þetta mál ekki bíða.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Tillögurnar tvær sem hér eru til umræðu um það hvernig undirbúa skuli hálfrar aldar afmæli lýðveldisins á næsta ári eru sannarlega orð í tíma töluð. Ég vil taka undir tillögu þingforseta um það hvernig með þær skuli farið í þinginu. Ég tel að það fari afar vel á því að forsætisnefnd þingsins og formenn þingflokkanna fjalli um þessar tvær tillögur utan þingfunda og frá þeim komi svo tillaga, væntanlega sameiginleg, leyfi ég mér að lýsa yfir að ég vona, um það hvernig best verði að því staðið að undirbúa viðeigandi hátíðahöld á þessu merkisafmæli í okkar sögu.

Ég ætla ekki að gera hér að umtalsefni einstaka þætti eða efnisatriði sem hreyft er í tillögunum tveimur, en vildi eingöngu lýsa stuðningi mínum við það að þessar tillögur verði afgreiddar hið fyrsta þannig að ríkisstjórn og Alþingi undirbúi veglega og virðulega þennan merkisatburð í sögu okkar. Það er hverju orði sannara sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni að ekki er seinna vænna að fara að undirbúa þetta stórafmæli í sögu þjóðarinnar.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Aðeins vegna þess sem hv. 1. flm. síðari tillögunnar nefndi, þá vek ég athygli á því að báðar tillögurnar gera ráð fyrir atbeina Alþingis, annars vegar með kosningu nefndar og hins vegar skipun nefndar þar sem hver þingflokkur tilnefnir einn fulltrúa til setu í nefndinni. Ég vil taka það strax fram að mér er sú skipan ekkert föst í hendi þannig að ef fram kemur ríkur vilji innan forsætisnefndarinnar til breytingar er ég fyrir mitt leyti opinn fyrir breytingum í þá veru sem mönnum finnst skynsamlegast.

Vegna þess sem hv. flm. nefndi um stjórnarskrána, þá get ég tekið undir með honum að það er umhugs-

unarefni hvort ekki beri að nota þetta tækifæri og tilefni til að hnykkja á þeirri vinnu sem menn hafa viljað láta fara fram en þá finnst mér koma til athugunar hvort ekki væri rétt að kjósa nýja stjórnarskrárnefnd. Við höfum ekki kosið stjórnarskrárnefnd síðan 1978. Ég tel því a.m.k. umhugsunarefni hvort ekki væri rétt að kjósa sérstaklega nýja stjórnarskrárnefnd til þess að fjalla tiltölulega hratt um þetta mál þrátt fyrir að fyrir liggi mikil vinna frá fyrri stjórnarskrárnefndum og sérfræðingum sem fyrir þær nefndir hafa starfað.

Vegna þess sem segir í greinargerðinni að þannig yrði haldið á málum að Alþingi næði að samþykkja nýja stjórnarskrá fyrir 50 ára afmælið, þá vil ég hafa fyrirvara í þeim efnum því að þar með eru menn að setja ákveðinn endapunkt á kjörtímabilið og ég hef ákveðin sjónarmið, eins og menn geta ímyndað sér, í því sambandi. En það á ekki að þurfa að breyta hinu að meginvinna gæti verið langt komin á afmælisárinu þó ég vilji ekki skuldbinda mig til að standa að því að stjórnarskrárbreyting yrði samþykkt hinn 17. júní 1994 og kjörtímabilið þar með stytt um tæpt eitt ár.

Mér finnst fullkomlega koma til álita það sem nefnt er í greinargerðinni, og reyndar í tillögunni sjálfri, um að huga sérstaklega að stjórnarskránni en þá bið ég menn að hugleiða hvort ekki sé við hæfi að skipuð verði ný stjórnarskrárnefnd til að fjalla um þá þætti sérstaklega.

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir umræðurnar sem hér hafa farið fram og þakka sérstaklega hæstv. forseta Alþingis fyrir þau orð sem hún lét falla í þessum umræðum.

Ég er sammála því sem fram hefur komið að auðvitað kemur tiltölulega margt upp í hugann varðandi atburði sem hægt væri að efna til í tengslum við afmæli lýðveldisins. Hér hefur margt verið nefnt. Mér fannst þetta gott sem bent var á í sambandi við Þjóðskjalasafn. Mér fannst gott að heyra að Þingvallanefnd vildi eiga aðild að málinu. Mér fannst einnig góð hugmyndin hjá hv. 18. þm. Reykv. varðandi söguna. Ég bendi hins vegar á það, virðulegi forseti, að við höfum á undanförnum áratugum iðulega við svipuð tilefni tekið ákvarðanir um að rita bækur, halda fundi eða stórar ráðstefnur eða jafnvel að byggja hús eða jafnvel að rækta landið. Staðreyndin er sú að eftir því sem þessar ákvarðanir hafa verið hátimbraðri þeim mun erfiðara hafa menn átt með að standa við þær. Það er nú bara þannig. Ég held að við eigum að velta því fyrir okkur hvort ekki sé til ákvörðun sem er þannig að hún stendur lengi en er samt ekki bara flugeldasýning, er ekki bara hátíðasamkoma fyrir Reykvíkinga og nánasta umhverfi heldur ákvörðun sem snertir þjóðina alla, landsmenn alla hvar sem þeir búa. Ég held að ákvörðun um endurskoðun stjórnarskrárinnar sé einmitt af þessu tagi. Ég held reyndar að endurskoðun stjórnarskrárinnar og sérstakt stjórnlagaþing væru einmitt ákvörðun af þessum toga.

Ég tek undir það sem fram kom áðan hjá hæstv. forseta, og hafði reyndar komið lauslega fram í máli mínu áður, að ég tel að sú málsmeðferð sem hér er gert ráð fyrir, að málinu verði ekki vísað til nefndar heldur sé óformlega til meðferðar í forsætisnefnd, sé skynsamleg og að formenn þingflokkanna komi að sjálfsögðu að því. Ég tel líka nauðsynlegt, sem kom fram hjá hv. 18. þm. Reykv., að tillögurnar verði afgreiddar fljótt. Ég bendi á að ég skrifaði þann tillögutexta sem ég er aðili að í janúar 1992. Það er því kominn dálítið langur tími síðan þetta var upphaflega lagt fyrir.

Hitt er líka nauðsynlegt að rifja upp, eins og hæstv. forsrh. bentí á, að það hefur gríðarlega mikil vinna farið fram í sambandi við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Það liggur fyrir alveg óhemjumagn af prýðilegum textum í þeim efnum, m.a. frá þeirri stjórnarskrárnefnd sem Gunnar Thoroddsen veitti forstöðu á sínum tíma. Gögn frá henni voru lögð fram í skýrsluformi á Alþingi á sínum tíma þar sem greint var frá ekki aðeins öllum þeim tillögum sem flokkarnir gátu náð saman um varðandi þetta mál heldur voru þar líka tillögur frá hverjum flokki fyrir sig að svo miklu leyti sem hinir flokkarnir höfðu ekki samþykkt þær. T.d. voru ýmsar tillögur í þeirri skýrslu frá þingflokki Alþb. man ég eftir. Þar voru ýmsar tillögur frá þingflokki Alþfl., t.d. varðandi eignarhald á landi ef ég man rétt sem aðrir flokkar höfðu ekki alveg hiklaust viljað skrifa upp á og þannig mætti lengi telja. En vinnan liggur þarna fyrir að verulegu leyti og þess vegna er það hárrétt sem fram kom hjá hæstv. forsrh. að það má hugsa sér að á þessu máli sé tekið núna og í það fari nokkrir mánuðir á vegum stjórnarskrárnefndar, annaðhvort þeirrar sem nú situr og hún fái þá sérstakt hvatningarbréf í þeim efnum, eða að einhver stjórnarskrárnefnd verði endurskipulögð, en það verður þá líka að vera samkomulag um það. Það er í raun og veru nauðsynlegt að samkomulag sé um hvert einasta skref í máli af þessu tagi.

Ég bendi á að á síðasta kjörtímabili náðum við samkomulagi um breytingar á stjórnarskránni. Við breyttum hvorki meira né minna en því að Alþingi, sem áður hafði verið í tveimur málstofum, er núna í einni. Það var gríðarlega mikil og róttæk breyting á stjórnskipun Íslendinga. Mér finnst að sú breyting og það hvernig unnið var að henni sýni að það á að vera hægt að ná samstöðu um þessi veigamiklu mál.

Varðandi síðan það, virðulegi forseti, sem kom fram hjá hæstv. forsrh. að hann væri ekki tilbúinn til að skrifa upp á það að ný stjórnarskrá ætti að taka gildi 17. júní 1994. Hann gerir sér bersýnilega von um það að ríkisstjórn hans sitji þangað til og kannski eitthvað aðeins lengur. Ég get alveg skilið þetta sjónarmið forsrh. að öllu gamni slepptu. Það er einfalt að koma til móts við það með því að lokaafgreiðslan á málinu færi ekki fram á þessu sérstaka stjórnlagaþingi heldur síðustu dagana áður en Alþingi er rofið og efnt til kosninga, hvort sem það yrði seint á árinu 1994 eða snemma á árinu eða á miðju árinu 1995. Það er ákaflega einfalt að koma til móts við það sjónarmið. Þegar ég tala um stjórnlagaþing er ég ekki að gera tillögu um að kosið verði sérstaklega til stjórnlagaþings. Ég

geri ráð fyrir því að sömu þingmenn sitji stjórnlagaþingið og þeir sem kosnir eru nú á Alþingi. Það verði um að ræða aukaþing sem hafi þetta eina verkefni. Þó ekki sé hægt að banna mönnum að taka ýmis önnur mál fyrir eins og við þekkjum úr fyrri sögu er hægt að halda þannig á málum að þetta taki fyrir stjórnarskrána og ekkert annað og ná um það samstöðu.

Ég tel það mikilvægt sem fram kom hjá hæstv. forseta Alþingis að við eigum af þessu tilefni að leitast við að sameinast um sérstakt mál sem varðar þjóðarhag. Mér finnst að umræðurnar og andinn í þeim sé með þeim hætti að við getum gert okkur vonir um að lendingin verði jákvæð.

Hæstv. forseti Alþingis minntist að það hefði verið ánægjulegt að vera á Þingvöllum 17. júní 1944 í rigningunni. Því miður hafði ég ekki aðstöðu til að vera þar staddur þar sem nokkuð skorti á að ég væri borinn í þennan heim um það leyti og hef lengi harmað þau mistök foreldra minna að leysa það mál ekki með öðrum hætti. En ég vil líka segja í tilefni af þessum orðum hæstv. forseta Alþingis að ég held að þeim fækki sem beri í hjarta sér þá tilfinningu sem varð til 17. júní 1944. Ég held að við sem síðan höfum tekið við störfum í landinu höfum vanrækt að flytja þessa tilfinningu áfram á milli kynslóðanna. Ég held að eitt af því sem við gætum gert í sameiningu væri að gefa nýjum kynslóðum þessa tilfinningu eða a.m.k. að vekja hana á ný í brjóstum okkar ef við höldum skynsamlega á málum í tilefni af 50 ára afmæli lýðveldisins.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Þetta er auðvitað merkt mál og ánægjulegt að ræða það á hinu háa Alþingi að 50 ár skuli brátt vera liðin síðan Ísland varð lýðveldi. En varðandi þá málsmeðferð sem hér er á ferð er ég dálítið ósammála þeim sem hér hafa talað. Það er grundvallarmunur á Alþingi öllu og ríkisstjórn hverju sinni. Þess vegna er ég dálítið undrandi á því að menn skuli telja sjálfsagt að ræða þessar tillögur báðar í einu. Ég sé ekki að þær þurfi neitt endilega að hafa samflot. Ríkisstjórnin eða hæstv. forsrh. þarf heldur ekkert að bera fram tillögu um að Alþingi feli ríkisstjórninni eitthvað í þessu efni. Auðvitað hefði ríkisstjórnin getað skipað nefnd til að halda þessi tímamót hátíðleg án þess að spyrja Alþingi leyfis til þess. Það er auðvitað í valdi ríkisstjórnar hverju sinni.

Ég verð að lýsa því yfir að sem aðili að forsætisnefnd þingsins er ég ekkert endilega viss um að ég sé sammála því að Alþingi feli ríkisstjórninni eitt eða annað í þessu tilviki. Ég tel að ríkisstjórnin hafi allt vald til þess að leggja sitt fram við þau hátíðahöld sem í hönd fara á næsta ári. Hér væri miklu nær að ræða það sem Alþingi sjálft hyggst gera í tilefni þessara tímamóta og það er allt annað. Ég vil minna hv. þm. á að það hvarflaði ekki að nokkrum manni að leita til ríkisstjórnarinnar þegar ákveðið var hvernig Alþingi ætlaði að minnast 1000 ára kristnitöku í landinu. Þingforseti lagði fram tillögu og Alþingi samþykkti að beita sér fyrir ritun sögu kristni á Íslandi og áhrifa hennar á þjóðlíf allt. Ég held að þessar tillögur eigi þar af leiðandi ekkert endilega samflot. Það er svo sannarlega á valdi hæstv. forsrh. að standa myndarlega fyrir hátíðahöldum, ég gæti hugsað mér á Þingvöllum, á næsta ári. Alþingi verður hins vegar að gera upp við sig hvað það vill gera, þ.e. sameinað Alþingi. Það sem sameinað Alþingi hlýtur að gera — og þá á ég ekki við sameinað Alþingi í gamalli merkingu, við erum sameinað Alþingi, og gæti ekki betur gert en að styrkja sína eigin innviði og þá auðvitað með því að vinna að nýrri stjórnarskrá sem allir eru sammála um að hefur mjög svo skort á og verið allt of lengi í gerð. Þess vegna er ég innilega sammála tillögu hv. 9. þm. Reykv. að það er svo sannarlega meginhlutverk Alþingis að vinna að því að gefa þjóðinni nýja stjórnarskrá á þessum hátíðlegu tímamótum.

Ég er einnig sammála hæstv. forseta þingsins, hv. 2. þm. Reykn. Auðvitað reynum við að halda þessa hátíð í friði og sátt og enginn Íslendingur, eða sjálfsagt fáir, finnst sem ekki hlýnar ofurlítið um hjartarætur þegar minnst er þjóðhátíðardags Íslendinga. Ég tala ekki um þegar hann ber upp á 50 ára afmæli lýðveldisins. En við megum heldur ekki láta það vera innantómt gjálfur. Það vill einu sinni svo til að líkur eru á að einmitt 1. jan. 1994 taki gildi samningur sem þetta sama háa Alþingi hefur samþykkt sem framselur að verulegu leyti vald löggjafarþingsins. Það er ekki góð afmælisgjöf á 50 ára afmæli lýðveldisins og það er ekki hægt að komast hjá því að minnast á það í þessari umræðu.

Það er alltaf gaman að fara með ættjarðarljóð. Það vill nú til að menn yrkja minna og minna af þeim en þau gömlu eru sígild og ævinlega góð en við verðum auðvitað að gera betur. Við verðum að sýna þjóðinni á þessum degi að við erum þjóð í vexti. Við erum ekki þjóð sem ætlar að gera út af við íslenskar bókmenntir með skattlagningu. Við ætlum að hlúa að þessum meginmenningararfi okkar. Við ætlum að efla sjálfstæði okkar. Við ætlum að vera hugmyndarík, bjartsýn og sterk þjóð sem leggur höfuðáherslu á menntun hvers einasta Íslendings frá barnsaldri til æviloka. Við megum ekki sökkva okkur í viðkvæmni þegar rætt er um þessi tímamót. Við verðum að sýna að við höfum gengið til góðs þessi 50 ár, „götuna fram eftir veg", eins og góður maður sagði. Við verðum þá að sýna það í verki að það sé þess virði að halda þennan dag hátíðlegan. Ég er alveg viss um að það viljum við öll einhvers staðar innst inni vinna.

Ég skal ekki eyða tíma hæstv. forseta og hv. Alþingis og lengja mikið tölu um þetta en um þetta mætti auðvitað margt segja. En ég vil ítreka það sem ég sagði áður að ég held að við megum ekki rugla saman sameinuðu Alþingi og því sem það hyggst gera á þessum tímamótum og hvað ríkisstjórnin, hver sem hún verður, kýs að gera sem hún hefur auðvitað allt vald til og áreiðanlega góðan vilja, hver sú ríkisstjórn sem verður á þessum merku tímamótum.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég átta mig ekki alveg á athugasemdum hv. 14. þm. Reykv. Það er út af fyrir sig hár-

rétt hjá hv. þm. að ríkisstjórnin hefði getað skipað nefnd upp á sitt eindæmi til að undirbúa þessi hátíðahöld, en ég hygg að það sé mál manna og a.m.k. þeirra sem hér hafa tjáð sig að það fari afskaplega vel á því að atbeini Alþingis sé mikill og mestur í sambandi við þennan undirbúning allan. Ég hygg að ekki hefði farið vel á því að nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar og síðan nefnd á vegum Alþingis væru í einhvers konar samkeppni um hátíðahöld af þessu tagi. Ég tel því að sú umræða sem hér hefur átt sér stað hafi verið í algjörlega réttum farvegi og undirbúningur þess að það megi nást sæmileg samstaða um þetta mikla mál. Auðvitað er það svo að við Íslendingar getum komið okkur upp þrefi um flesta hluti ef við viljum og eigum létt með það. En við eigum líka einstaka sinnum að geta hafið okkur upp yfir það og kostað kapps um að vinna að málum eins og þeim sem hér eru um rædd núna í sameiningu þannig að það verði þjóðinni allri og þinginu ekki síst til sóma.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6. og 12.–16. mál.

Fundi slitið kl. 3.46 síðdegis.

109. FUNDUR

þriðjudaginn 16. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Flutningur ríkisstofnana, frv., 184. mál, þskj. 211. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Húsaleigulög, stjfrv., 269. mál, þskj. 360. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Innflutningur á gröfupramma, stjfrv., 239. mál, þskj. 308. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Útflutningur hrossa, stjfrv., 260. mál, þskj. 341. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Dýrasjúkdómar, stjfrv., 287. mál, þskj. 418. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Búnaðarfræðsla, stjfrv., 311. mál, þskj. 498. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Umferðarlög, stjfrv., 256. mál, þskj. 333. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Hjúskaparlög, stjfrv., 273. mál, þskj. 369. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Skálholtsskóli, stjfrv., 297. mál, þskj. 462. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Löndun á loðnu til bræðslu, stjfrv., 304. mál, þskj. 473. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Undirbúningur vegna hálfrar aldar afmælis lýðveldisins, stjtill., 262. mál, þskj. 351. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Aðild Alþingis að 50 ára afmæli lýðveldisins, þáltill., 167. mál, þskj. 192. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
14. Vegáætlun 1993–1996, stjtill., 290. mál, þskj. 422. — Fyrri umr.
15. Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, stjfrv., 261. mál, þskj. 342. — 1. umr.
16. Norðurlandasamningur um almannatryggingar, stjfrv., 283. mál, þskj. 406. — 1. umr.
17. Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku, stjfrv., 300. mál, þskj. 467. — 1. umr.
18. Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, stjtill., 274. mál, þskj. 370. — Fyrri umr.
19. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 255. mál, þskj. 332. — 1. umr.
20. Stjórnarráð Íslands, stjfrv., 206. mál, þskj. 247. — 1. umr.
21. Stjórnsýslulög, stjfrv., 313. mál, þskj. 505. — 1. umr.
22. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 240. mál, þskj. 309. — 1. umr.
23. Skaðabótalög, stjfrv., 326. mál, þskj. 596. — 1. umr.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill biðja velvirðingar á því að að þessu sinni gafst ekki ráðrúm til þess að tilkynna fyrir fram hvaða hæstv. ráðherrar yrðu viðstaddir þennan fyrirspurnatíma en væntir þess að það komi ekki að sök, enda eru sex hæstv. ráðherrar nú þegar komnir til fundar. Þá hefst fyrirspurnatíminn.

Forseti vill minna á að hv. þm. og viðkomandi ráðherrar hafa tvær mínútur í fyrstu umferð og eina mínútu tvisvar hvor í hinum síðari.

Vextir og kjarasamningar.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vildi beina orðum mínum til hæstv. fjmrh. Eins og öllum er kunnugt eru raunvextir mjög háir hér á landi og alveg ljóst að hið háa vaxtastig er farið að draga svo kraftinn úr atvinnulífinu að það getur ekki lengur staðið undir þeim og hefur svo verið lengi. Ég spyr hæstv. fjmrh. hvort ríkisstjórnin hyggist nú á næstunni lækka vexti á ríkisskuldabréfum til þess að greiða fyrir því að vextir lækki almennt hér á landi. Ég spyr hæstv. fjmrh. jafnframt að því hvort ríkisstjórnin sé tilbúin til að breyta þeim skattálögum sem lagðar voru á almenning fyrir áramótin til að greiða fyrir kjarasamningum nú á næstunni. Skattleysismörk voru lækkuð og eru nú um 57 þús. kr. og hafa lækkað í tíð núv. ríkisstjórnar um 6 þús. kr. Því er alveg ljóst að skattbyrðin hefur dreifst að verulegu leyti á lágtekjufólk í stað þess að fara að ráðum verkalýðshreyfingarinnar og dreifa henni frekar á þá sem meira mega sín. Að mínu mati er alveg ljóst að kjarasamningar munu vart nást nema ríkisstjórnin sé tilbúin til slíkra aðgerða og því mikilvægt að Alþingi og þjóðin fái svör við þessum tveimur mikilvægu spurningum.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Austurl. beinir til mín tveimur spurningum og skal ég reyna að svara þeim.

Í fyrsta lagi staðhæfir hann að raunvextir hér á landi séu háir og það er að sjálfsögðu rétt, a.m.k. þegar um suma lánaflokka eða sumar skuldbindingar er að ræða eins og spariskírteini ríkissjóðs. Hæstv. ríkisstjórn hefur að sjálfsögðu áhyggjur af þessu og hefur verið í sambandi við lífeyrissjóðina og mun taka upp viðræður við Seðlabanka og aðra þá aðila sem geta haft áhrif á vaxtastigið í landinu. Það mun vera gert á vegum viðskrn. og fjmrn.

Um það hvort ríkisstjórnin hyggist lækka vexti þá er svarið við þeirri spurningu að það er í sjálfu sér tilgangslaust vegna þess að vextir ákvarðast á markaði. Nú er búið að gera samning við Seðlabankann þannig að ekki er um yfirdráttarheimildir að ræða nema að mjög takmörkuðu leyti vegna fjármögnunar ríkissjóðs en ríkissjóður fjármagnar sig með því að selja bréf á

markaði. Ég er sannfærður um að hægt sé að ná niður raunvaxtastiginu í landinu. Til þess þarf nokkrar samvirkandi aðgerðir og ríkisstjórnin mun hafa frumkvæði að því að hafa samband við þá aðila sem áhrif hafa á þau mál.

Spurningunni um kjarasamningana og skattbyrðina er örðugt að svara á þessari stundu. Ég vil aðeins rifja upp að ástæðan fyrir því að skattbyrðin var færð til af fyrirtækjum og á einstaklinga og heimili var sú að við vildum styrkja og efla atvinnulífið og við töldum að þannig ætti að jafna því tapi sem þjóðin hefur orðið fyrir á þá einstaklinga sem hafa tekjur og hafa vinnu. Meginmarkmið okkar, ekki einungis ríkisstjórnarinnar heldur einnig stjórnarandstöðunnar og aðila vinnumarkaðarins, hlýtur að vera að efla atvinnulífið og gera tilraun til að útrýma því atvinnuleysi sem hefur tekið sér hér bólfestu um sinn.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegi forseti. Svör hæstv. fjmrh. eru mjög ófullnægjandi. Í fyrsta lagi sagði hann að ekki væri til neins að lækka vextina og lét í það skína að ríkisstjórnin réði þar engu. A.m.k. getur ríkisstjórnin haft áhrif á vaxtastigið með því að taka þau erlendu lán sem á að taka á árinu með þeim hætti að það hafi sem jákvæðust áhrif. Jafnframt getur Seðlabankinn keypt meira af ríkispappírum til þess að hafa áhrif á vaxtastigið fyrst ríkisstjórnin vill ekki hafa áhrif á það með neinum öðrum hætti. Ég lít á svar hæstv. fjmrh. þannig að ríkisstjórnin vilji nánast ekkert beita sér í málinu og til hvers eru þá þessar viðræður við lífeyrissjóðina?

Í öðru lagi tek ég fram að ég er sammála því að færa skattbyrðina að einhverju leyti frá fyrirtækjum yfir á einstaklingana. En það var gert meira. Skattar voru hækkaðir á lágtekjufólki og meiri hluti Alþingis neitaði því að hækka frekar skatta á þeim sem hærri hafa tekjurnar en kaus þess í stað að lækka persónuafsláttinn eins og hæstv. fjmrh. veit.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að skattyrðast við hv. þm. um það sem Alþingi gerði í skattamálum, það er okkur öllum ljóst og liggur fyrir og við höfum rætt það út nú þegar. En varðandi það sem hann sagði um vaxtamálin er full ástæða til þess að mótmæla því sem kemur fram í máli hv. þm. Auðvitað hefur ríkisstjórnin áhyggjur af vaxtastiginu hér á landi og ætlar sér að eiga alvöruviðræður við þá aðila sem áhrif geta haft á vaxtastigið. Ekki er til mikils að ákveða það að taka erlend lán fyrri hluta ársins og þurfa svo að ná öllum lánunum inn á síðari hlutanum. Aðalatriðið fyrir ríkissjóð er að gefa út til lífeyrissjóðanna og annarra þeirra sem kaupa skuldabréf hvernig ríkið hyggst ná inn peningum allt árið. Það er fyrst og fremst lánsfjárþörf ríkisins sem hefur áhrif á vexti því að vextir ákvarðast á markað eins og hv. þm. veit mætavel.

Hins vegar er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að Seðlabankinn getur haft áhrif með kaupum og sölum á skuldabréfum og það er eitt af því sem nákvæmlega verður farið ofan í nú á næstunni.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki nóg, hæstv. fjmrh., að fá þau svör að farið verði ofan í þessa hluti á næstunni. Hvað hefur ríkisstjórnin verið að gera undanfarið? Þetta er eitt lengsta þinghlé sem um getur og hefði ríkisstjórnin þess vegna átt að hafa góðan tíma til að fara ofan í þessi mál en svo virðist sem ríkisstjórnin komi gersamlega óundirbúin til þings eins og svo oft áður. Í öðru lagi vil ég fá svör hjá hæstv. fjmrh.: Stendur til að breyta skattbyrðinni láglaunafólki í hag þannig að kjarasamningar geti tekist?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég verð enn á ný að hryggja hv. þm. með því að hér í þingsal geta ekki farið fram kjarasamningar enda hygg ég að hv. 1. þm. Austurl. hafi ekki umboð frá verkalýðnum eða launþegum í opinberri þjónustu þótt hann taki laun af hinu opinbera til þess að gera samning við mig hér og nú um það hvernig eigi að haga skattbyrði almennings hér á landi. Hann verður að fyrirgefa mér það þótt ég gefi svör um slíkt annars staðar en hér.

Í öðru lagi vil ég segja við hv. þm. að ríkisstjórnin hefur m.a. gert það að draga þannig úr lánsfjárþörf ríkisins að í ár er gert ráð fyrir því að lánsfjárþörf hins opinbera séu 26 milljarðar af þeim 34–36, jafnvel 40 milljörðum sem eru nýr sparnaður í landinu, en 1991 þegar hv. þm. sat í ríkisstjórn skildi sú stjórn þannig við að innlendur sparnaður var 36 milljarðar en fjárþörf ríkissjóðs og opinberra aðila voru 40 milljarðar eða langt umfram það sem bauðst á innlendum markaði. Þessu höfum við snúið við. Það hefur kostað sárindi og erfiðleika en við ætlum að starfa áfram á þeirri braut til þess að geta náð niður vaxtastiginu.

Fullgilding á sjávarútvegssamningum milli Íslands og EB.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. utanrrh. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. hvort á næstunni verði lokið skjalaskiptum milli Íslands og Evrópubandalagsins til fullgildingar á samningum milli þessara aðila um samskipti á sviði sjávarútvegs. Nú liggur fyrir að hvorki Norðmenn né Grænlendingar ná að klára sinn hluta loðnukvótans og því mun hann bætast við veiðiréttindi íslenskra skipa á þessari vertíð. Enn fremur hefur verið ákveðið að auka kvótann sökum meiri vænleika loðnunnar og þess vegna er ljóst að það er ekki í sjónmáli að Íslendingar njóti á nokkurn hátt góðs af þeim samningi sem knúinn var í gegnum Alþingi fyrir stuttu.

Enn fremur liggur fyrir að fullkomin óvissa ríkir nú um afdrif samnings um Evrópskt efnahagssvæði á þessu ári og þær meintu hagsbætur sem Íslendingum kynnu að falla þar í skaut í formi tollalækkunar. Ég ítreka því spurningu mína til hæstv. utanrrh.: Hefur ríkisstjórnin þrátt fyrir þessar aðstæður í málinu þegar lokið eða ætlar hún sér að ljúka á næstunni fullgild-

ingu þessa samnings með skjalaskiptum?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):
Virðulegi forseti. Þessum skiptum á fullgildingarskjölum er ekki lokið. Samningsaðilinn hefur ekki með formlegum hætti gengið frá staðfestingu samninga þannig að svarið við því er einfaldlega það að fullgildingin hefur ekki átt sér stað. Af því að hv. þm. vék að óvissu um gildistöku EES-samningsins sjálfs þá er það rétt að það er í óvissu hvenær hann tekur gildi. Samningaviðræður eru yfirstandandi og snúast að mestu leyti um kröfur af hálfu Evrópubandalagsins að því er varðar framlög í þróunarsjóð. Það er ekkert nýtt sem ég get flutt hinu háa Alþingi af því máli þannig að því er ekki hægt að svara með neinum óyggjandi hætti.

Steingrímur J. Sigfússon:
Hæstv. forseti. Ég óska eftir að hæstv. utanrrh. tali aðeins skýrar. Þegar hann talar um samningsaðilann, á hann þá við viðsemjandann, Evrópubandalagið, og bar að skilja orð hans svo að það væri eingöngu sökum tafa frá þeirri hlið að skjalaskiptunum hefði ekki verið lokið eða er ríkisstjórn Íslands að bíða átekta? Ég spyr hæstv. utanrrh. enn fremur að því hvort hann geti fullvissað þingið um það að skjalaskiptin muni ekki fara fram að óbreyttum aðstæðum í málinu, þ.e. á meðan þessi óvissa ríkir um afdrif EES-samningsins í ljósi þess að Íslendingar hafa augljóslega ekkert nema skaðann af því að samningurinn gangi í gildi á árinu þar sem í honum felast engar hagsbætur fyrir okkur. Einu áhrifin af afgreiðslu eða fullgildingu hans yrðu þau að Evrópubandalagið fengi hér rétt á veiðum á 3.000 tonnum af karfa.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):
Virðulegi forseti. Það er rétt til getið hjá hv. þm. Ríkisstjórn Íslands bíður átekta í málinu og vill sjá hverju fram vindur, bæði að því er varðar staðfestingu tvíhliða samningsins sem og EES-samningsins sjálfs.

Steingrímur J. Sigfússon:
Hæstv. forseti. Þetta svar var að hálfu leyti fullnægjandi. Þar með er upplýst að það sé einnig af völdum þess að ríkisstjórn Íslands vilji bíða átekta en ekki eingöngu sökum tafa hjá Evrópubandalaginu að fullgildingarskjöl eru ekki afhent. Hins vegar vék hæstv. utanrrh. sér undan því að svara því hvort það væri vegna þeirra efnislegu aðstæðna sem uppi eru í málinu og ég vil því gera eina tilraun enn og ítreka að síðustu þá spurningu til hæstv. ráðherra hvort það komi til greina að mati hans að samningurinn verði yfirleitt látinn ganga í gildi á þessu ári þegar augljós efnisáhrif þess eru þau að afhenda Evrópubandalaginu hér rétt til veiða á 3.000 tonnum af karfa án þess að Íslendingar fái nokkuð í staðinn. Kemur yfirleitt til álita að mati hæstv. utanrrh. að láta samninginn ganga í gildi á þessu ári?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):
Virðulegi forseti. Ég hef engu við hið fyrra svar mitt að bæta. Ég hef svarað því að við bíðum átekta í þessu máli og það þýðir einfaldlega að við tökum ekki ákvörðun í því fyrr en staðreyndir liggja fyrir um aðgerðir samningsaðila. Í þessu getur auðvitað falist að framkvæmd samningsins gæti frestast en ekkert er hægt að fullyrða um það á þessu stigi málsins.

Kjarasamningar.

Kristín Ástgeirsdóttir:
Virðulegi forseti. Í gær barst mér í hendur bæklingur frá fjmrh. sem heitir Aðgerðir gegn atvinnuleysi. Kannski furðar engan að ríkisstjórnin sé að reyna að afsaka aðgerðir sínar gagnvart almenningi í landinu en í bæklingnum er að finna yfirlýsingu varðandi kjarasamninga sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við núverandi aðstæður er mikilvægt að við áttum okkur á að minni verðmætasköpun þjóðarinnar takmarkar það sem til skiptanna er í kjarasamningum."

Ég efast reyndar ekki um þessa fullyrðingu, en spurning mín til hæstv. forsrh. er þessi: Hvernig ætlar ríkisstjórnin að beita sér fyrir því að jafnar verði skipt í komandi kjarasamningum?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):
Virðulegi forseti. Ég skil vel áhuga þingmannsins í þessum efnum. Ég vil aðeins segja það að ekki er efni til þess eða ástæður að hefja kjarasamningaviðræður í þessum sal á þessu stigi málsins.

Kristín Ástgeirsdóttir:
Virðulegi forseti. Hér er um það að ræða hvort ríkisstjórnin hefur einhverja stefnu í kjaramálum. Fróðlegt væri að fá að heyra af því. Þetta er ekkert svar hjá hæstv. forsrh. Ég er ekki að fara þess á leit að við hefjum hér kjarasamninga enda hef ég ekkert umboð til þess. En ég vil gjarnan fá að heyra hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar af hálfu ríkisstjórnarinnar til að jafna kjörin í kjölfar þeirrar aðgerðar sem gripið var til fyrir áramótin og sem við vitum að bitnuðu mjög illilega á hinum lægst launuðu í landinu. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til að jafna kjörin í landinu?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):
Virðulegi forseti. Meginstefnan í kjarasamningunum hlýtur að vera fyrir okkur rétt eins og aðilana á vinnumarkaðinum að tryggja það að stöðugleiki haldist og að tryggja það að við getum sem best staðið vörð gegn vaxandi atvinnuleysi. Ég skynja það svo af ályktunum, bæði Alþýðusambandsins og BSRB og annarra slíkra aðila, að fullur skilningur er hjá þessum aðilum að þetta er brýnasta verkefnið sem við er að eiga í kjarasamningunum sem eru fram undan.

Kristín Ástgeirsdóttir:
Virðulegi forseti. Ber að skilja ummæli hæstv. forsrh. þannig að ekki verði gripið til neinna jöfnunaraðgerða í kjölfar kjarasamninga?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Þessari spurningu svaraði ég í fyrsta svari mínu, þ.e. að ekki væri efni til þess hér og nú í þessum sal og þessum stað og stundu að fara út í þessi efni í einstökum atriðum.

Skyndilokanir á afréttum.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Spurning mín er nokkuð af öðrum toga og er henni beint til hæstv. umhvrh. En 3. febr. sl. lét hæstv. umhvrh. koma fram í kvöldfréttum að hann teldi æskilegt að beita skyndilokunum á afréttum. Hann benti í þessu sambandi á Hafrannsóknastofnun sem hafi vald til þess að loka veiðisvæðum og reka veiðiskipin út af.

Mig langar til þess að spyrja hæstv. umhvrh. hvernig hann mundi framkvæma þetta ef hann hefði vald til.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Þetta er svolítið sérkennileg spurning hjá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur. Ég setti hugmynd mína fram vegna þess að öllum sem fylgjast með landnotkun og landgæðum er ljóst að mjög víða hefur verið gengið allt of nærri landinu. Beitarstjórnun þarf að beita í miklu ríkari mæli en gert hefur verið. Það þarf að loka fleiri svæðum fyrir beit og gefa þeim tækifæri til að ná sér og síðan eru auðvitað svæði sem þola hóflega beit.

Ég nefndi það jafnframt, virðulegi þingmaður, að það er ekki leiðin til að græða landið að sá í landsvæði að vori og beita þau síðan að hausti. Auðvitað koma ýmsar aðferðir til greina við þetta en meginatriði málsins hlýtur að vera það að við þurfum að friða landið í auknum mæli. Það er of nærri því gengið og sérstaklega nefni ég að sem næst taumlaus fjölgun hrossa stefnir í að verða umhverfisvandamál.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Í máli hæstv. ráðherra fannst mér eins og hann teldi að ekkert hefði verið gert í þessum efnum. Það er einhverju öðru nær. Stór landsvæði hafa verið friðuð og heilum svæðum hefur verið lokað, t.d. Hólsfjöllum. Hólsfjöllum hefur verið lokað, girt hefur verið neðan úr Öxarfirði þannig að fé kemst ekki á þetta svæði. Þess vegna vil ég mótmæla því sem hér kemur fram, mér finnst ég heyra í máli hæstv. ráðherra eins og ekkert hafi verið gert.

Hann kom m.a. inn á það í viðtalinu að allt of mikið væri um það að Landgræðslan væri að sá í land eða bera á land sem síðan væri beitt eins og þetta væri eitthvert aðalverkefni Landgræðslunnar. Það er rétt að það er eitthvað um það að Landgræðslan ber á land sem síðan er beitt en það er af hluta til vegna samninga við sveitarfélög og vegna búvörusamnings. Það er í mjög litlum mæli þannig að þetta er hreint og beint rangt sem kemur fram hjá ráðherranum.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég hygg að öllum, sem fylgjast með umhverfismálum og ástandi gróins lands á Íslandi þar sem við höfum stöðugt verið að tapa, þar sem grænar grundir eru að fjúka út í buskann, sé ljóst, nema þá hv. þm. sem hóf máls á þessu, að við erum á undanhaldi. Auðvitað hefur ýmislegt verið gert, en hvergi nærri hefur verið nóg gert til þess að stjórna beitinni í landinu og er það hagur bænda að svo sé gert. Ég hygg að hún viti að þeir bændur — eins og dæmi eru um í kjördæmi hennar — sem hafa beitt í hólf frekar en að láta fé sitt á afrétt hafa haft betri afkomu en hinir vegna þess að fé gengur betur fram eftir að hafa verið í girtum hólfum þar sem er gróður en á gróðursnauðum afréttum. Mér finnst það sjónarmið sem kemur fram hjá hv. þm. furðulegt að þetta séu ekki mál til að hafa áhyggjur af og hér hafi í rauninni verið mjög vel að verki staðið og þetta sé allt í lagi. Þetta er því miður ekki allt í lagi, við þurfum að gera miklu betur en við höfum gert. Ég hélt satt að segja að svona raddir væru hljóðnaðar.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mér þykir hæstv. ráðherra vera farinn að gera mér upp skoðanir. Að sjálfsögðu er ég sammála hæstv. ráðherra um það að við þurfum að gæta að landinu okkar og við þurfum að beita öllum brögðum til þess að snúa við þeirri þróun sem þar hefur átt sér stað. En aðalspurning mín til ráðherrans, sem ég bar fram í upphafi, var aldrei svarað. Þegar ráðherra umhverfismála ber það á borð að hægt sé að beita einhverjum skyndifriðunum og það sé ráðið er það náttúrlega út í hött. Ekki er hægt að gefa út boð til sauðkindarinnar um að hún eigi að fara út af ákveðnum svæðum. Og hvert ætti að reka það fé sem væri rekið af þessum afréttum þegar allir afréttir sem ekki eru friðaðir eru notaðir? Þetta er því bara til þess að villa um fyrir þjóðinni að koma fram með svona fullyrðingar eins og hæstv. ráðherra gerði.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Mér þykir það ákaflega miður en ekki er hægt að skilja málflutning hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur með öðrum hætti en að hún telji nóg að gert í þessu. Ekki þurfi að friða fleiri svæði, ekki þurfi að loka fleiri svæðum fyrir beit en nú er gert. Ég er á annarri skoðun. Við þurfum að beita meiri beitarstjórnun og við þurfum að loka viðkvæmum svæðum fyrir ágangi þannig að þau geti náð sér og gróðurinn náð sér á strik. Við erum greinilega á öndverðum meiði um þetta. Hún heldur fram öðrum sjónarmiðum og það verður að vera hennar mál.

Fjárþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Mig langar að beina spurningu minni til hæstv. fjmrh. og spyrja hann hvort einhver áætlun hafi verið gerð á vegum ríkisstjórnarinnar um

það hvernig fjárþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs verði mætt á þessu ári þar sem nú er mjög líklegt að hún verði a.m.k. milljarði meiri en það fé sem er til ráðstöfunar.

Í útvarpsviðtali við hv. varaþm. Pétur Sigurðsson, formann Atvinnuleysistryggingasjóðs, nú í morgun kom fram að eins og nú horfir vantar milljarð upp á og að það væri ríkissjóðs að brúa þetta bil og því hljótum við að spyrja hvernig á að afla þessa fjár? Er verið að íhuga að leggja auknar skattbyrðar á láglaunafólk? Á að auka þjónustugjöld eða er e.t.v. ekkert farið að huga að þessu?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Sem svar við þessari spurningu hv. þm. er það að segja að tölur í fjárlögum, bæði gjaldatölur og tekjutölur, eru áætlaðar og miðað við ákveðnar forsendur. Þegar forsendur breytast þarf að sjálfsögðu að gera breytingar í samræmi við það og eins og jafnan áður mun ríkissjóður sjá til þess að staðið verði við skuldbindingar Atvinnuleysistryggingasjóðs. Auðvitað kemur til greina að breyta reglum er varða fjáröflun sjóðsins. Um það hefur ekkert verið rætt að sinni en þarf auðvitað að ræða ekki síst vegna þess að það gjald sem á að standa undir kostnaði við sjóðinn og aðra skylda starfsemi er bersýnilega of lágt. Um það er ekki tímabært að ræða en ég get fullyrt það hér að ríkissjóður mun hlaupa undir bagga með Atvinnuleysistryggingasjóði og það gerist eins og áður að inn á Alþingi kemur tillaga í fjáraukalögum um það hvernig það bil verður brúað ef á þarf að halda.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Út af fyrir sig er gott að heyra það ef ríkissjóður stendur á bak við sjóðinn því að ekki mun hann vera burðugur til þess að standa undir þeim skuldbindingum sem honum er ætlað að mæta miðað við þær horfur sem nú eru og ætti raunar ekki að þurfa að taka það fram. Á hinn bóginn er það athyglisvert að heyra að e.t.v. eigi að velta þessu áfram með því að hækka gjaldið. Sem betur fer nefndi hæstv. fjmrh. ekki það sem heyrst hefur en sem betur fer ekki frá neinum ábyrgum aðilum mér vitanlega um að til greina komi að skerða bæturnar því að þær eru svo sannarlega ekki til skiptanna. Út af fyrir sig er guðsþakkarvert að heyra ekki slíkt úr stólnum.

Mér þykir þá nokkuð hafa miðað með að fá upplýsingar ef helstu hugmyndir eru að hækka gjaldið en ekki að taka upp aðra skatta og ég tel það gilt svar. En að sjálfsögðu þarf það að koma fyrir þingið.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli mínu hér áður hafa engar ákvarðanir verið teknar um hækkun tryggingagjalds. Það eina sem ég sagði var að það hlýtur að verða í umræðunni þegar ljóst er að það gjald stendur engan veginn undir þeim kostnaði sem til stóð á sínum tíma að það stæði undir. Í öðru lagi kom fram í máli mínu og ég vona að það skipti öllu máli en það er að ríkissjóður mun nú eins og endranær sjá til þess að Atvinnuleysistryggingasjóður geti sinnt lögboðnu hlutverki sínu.

Upplýsingabréf fjármálaráðherra.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég ætla að beina máli mínu til hæstv. fjmrh.

Mér barst í morgun í hendur plagg, sem sjálfsagt fleiri hafa fengið, sem heitir „Aðgerðir gegn atvinnuleysi. Upplýsingabréf fjármálaráðherra. Febrúar 1993."

Þegar farið er að glugga í bréfið sést fljótlega að þetta er áróðursbæklingur sem er fyrst og fremst til að afsaka aðgerðir ríkisstjórnarinnar og árásir hennar á almenning í landinu. Það kemur satt að segja nokkuð á óvart að sjá þetta, sérstaklega í ljósi þess að fyrir síðustu kosningar gaf páv. fjmrh. út ýmiss konar áróðursbæklinga sem voru gagnrýndir í þingsölum, m.a. af sjálfstæðismönnum ef ég man rétt.

Ég velti því þess vegna fyrir mér hverjum bæklingurinn er ætlaður, hvað hann er gefinn út í stóru upplagi og hvað hann hafi kostað. Á fyrstu síðu kemur fram að þetta sé fyrsta tölublað. Getum við því búist við fleiri slíkum áróðursbæklingum? (**ÖS:** Fær hann dagblaðsstyrk?) Það er spurning hvort hann fái dagblaðsstyrk, ég tek undir þá spurningu frá formanni þingflokks Alþfl. Er þetta byrjunin á baráttu Sjálfstfl. fyrir næstu kosningar?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að mótmæla því að um einhvern áróðursbækling sé að ræða. Það er auðvitað þannig að hér koma fram sjónarmið fjmrh. Við höfum orðið vör við það að ýmsir aðilar hafa talið sér skylt að skýra út hvað felist í því sem kom fram í efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar, þar á meðal hafa t.d. sum verkalýðsfélög tekið upp hjá sjálfum sér að auglýsa í dagblöðum. Ég minni á að Alþýðusamband Íslands nýtur styrkja af hálfu fjárveitingavaldsins, líklega yfir 10 millj. kr. og þeir styrkir eru m.a. notaðir til þess að koma sjónarmiðum þessara félaga á framfæri. Því er ekki óeðlilegt að ríkisvaldið, eins og t.d. fjmrn. og fjmrh. í þessu tilviki, komi til skila þeim upplýsingum sem hann veit bestar um þau mál sem hér eru til umræðu.

Um kostnað af þessu skal það tekið fram að þetta er skráð sem blað, það skýrir það að það stendur þarna fyrsta tölublað. Það gerir það að verkum að það er ódýrara að senda blaðið út. Það er sent völdum hópi, alþingismönnum, trúnaðarmönnum í verkalýðsfélögum, atvinnurekendum og hópi aðila sem hægt var að ná í í gegnum skrár frá viðkomandi félögum. Ætlunin er að gefa það út í 7.000 eintökum og kostnaður er áætlaður vera um 600 þús. kr. þegar tekið er tillit til útsendingarkostnaðar til viðbótar eða brúttókostnaðar að frátöldum virðisaukaskatti.

Vegna fyrirspurnar úr sal um það hvort blaðið njóti dagblaðsstyrks þá er skiljanlegt að sú spurning komi frá viðkomandi þingmanni. Ég tek fram að svo er ekki

en bendi á að meira að segja vikublöð sem eru gefin út í fjórum hlutum í viku hverri njóta samt dagblaðsstyrks frá fjmrn.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég get verið sammála hæstv. fjmrh. í því að eðlilegt sé að gefa út upplýsingar og mér sýnist í fljótu bragði að seinni partur bæklingsins sé að einhverju leyti upplýsingar. En allur fyrri parturinn er hreinn og klár áróður og ég held að menn eigi eftir að komast að því þegar þeir lesa hann. Því miður hef ég ekki tíma til að fara yfir það allt saman en á hverri síðu hef ég merkt við hreinan og kláran áróður. (Gripið fram í.) Ólíklegustu menn gerast fyndnir úti í sal en ég ætla ekki að taka það upp.

Ég get tekið dæmi, með leyfi forseta: „Verðbólgan var á síðasta ári sú minnsta hér á landi í 32 ár, eða 3,5% á mælikvarða framfærsluvísitölu. Nái efnahagsstefnan fram að ganga gæti hún orðið svipuð á þessu ári." — Þetta eru bara hreinar fullyrðingar sem hér koma fram. — Þrátt fyrir auknar skattaálögur á okkur sem einstaklinga ... (Forseti hringir.) Því miður hef ég ekki tíma til að taka meira en ég tel mjög óeðlilegt að fé skattborgaranna sé varið á þann hátt að senda út áróðursbækling fyrir ríkisstjórnina.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil benda á að sum ráðuneyti hafa sent fréttabréf út um nokkuð langt skeið. Ég minni t.d. á félmrn. í því sambandi. Það er því ekkert nýtt að fréttabréf eða upplýsingarit berist úr ráðuneytunum. Vegna þess sem hv. þm. las úr upplýsingabréfinu skal tekið fram að það eru upplýsingar sem byggjast á spá og forsendum Þjóðhagsstofnunar þannig að hér er ekki um áróður að ræða í þeim skilningi að verið sé að búa til tölur, þvert á móti er verið að koma til skila tölum vegna þess að það er mjög útbreitt í þjóðfélaginu að verið sé að bera á borð fyrir almenning tölur sem búnar eru til annars staðar en hjá opinberum stofnunum. Ég held að ráðuneytið hljóti að hafa sömu réttindi og aðrir til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, ekki síst ef það eru sjónarmið sem byggjast á opinberum upplýsingum.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ráðuneytið hefur auðvitað rétt á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri en það er spurning hvaðan peningarnir eru teknir. Hvers eigum við t.d. að gjalda í stjórnarandstöðunni? Eigum við þá að fá fé úr ríkissjóði til að bera fram skoðanir okkar á aðgerðum ríkisstjórnarinnar? Verkalýðsfélögin hafa vissulega birt auglýsingar með sjónarmiðum sínum en ef ég tek Kvennalistann sem dæmi þá höfum við ekki yfir það miklu fé að ráða að við getum gefið út þvílíka bæklinga eins og þetta og sagt hvaða skoðanir við höfum á aðgerðum ríkisstjórnarinnar.

Ég endurtek það, frú forseti, að ég tel óeðlilegt hvort sem það er þessi ríkisstjórn eða einhver önnur að nota fé skattborgaranna með þeim hætti sem hér er gert.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég vil eingöngu taka fram að Kvennalistinn nýtur fjármuna af opinberu fé til þess ... (**Gripið fram í:** Sjálfstfl. líka.) Sjálfstfl. líka, það er hárrétt. Til viðbótar kaupir ríkið töluvert upplag af blaði, sem ég hygg að sé ekki óskylt Kvennalistanum, þannig að Kvennalistinn hefur haft tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Þetta mál snýst um það hvort fjmrh. og fjmrn. hafi leyfi til að koma staðreyndum og sjónarmiðum sínum á framfæri, ekki síst þegar ljóst er að það er borgað stórfé, milljónir, jafnvel milljónatugir til aðila eins og verkalýðsfélaga sem nota fjármunina síðan til að setja fram tölur sem stangast á við opinberar tölur um viðkvæm málefni eins og efnahagsmál, verðbólguspá og annað þess konar. Þetta blað er ekki dýrt, verði er stillt í hóf, það er gefið út til ákveðinna aðila og ég hef orðið var við að þetta blað hefur þegar komið að gagni.

Um þingsköp.

Viðvera ráðherra í fyrirspurnatímum.

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Í upphafi fyrirspurnatímans kom fram að ekki lá ljóst fyrir hvaða ráðherrar yrðu viðstaddir. Kynnti forseti það og baðst velvirðingar á því og ég tek það gilt að það komi fyrir einu sinni. En auðvitað má þetta ekki koma fyrir aftur. Það var svo núna að eftir að hv. þm. höfðu beðið um orðið þá bættust að ég held tveir eða þrír ráðherrar í salinn.

Ég hafði hugsað mér að beina fsp. til hv. forsrh., en gerði það að sjálfsögðu ekki vegna þess að hann var ekki kominn í salinn og það lá ekki fyrir að hann yrði hér. Ég vil því beina því til forseta að það liggi fyrir hreint og klárt hvaða ráðherrar eru til svara og það sem gerðist nú endurtaki sig ekki og þetta verði undantekningartilvik.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur nú þegar gert grein fyrir því að þetta var undantekningartilvik.

Þá verður tekið til við 2. dagskrármálið, atkvæðagreiðslu um flutning ríkisstofnana.

Forseti vill gleðja hv. þm. með því að nú verður hið nýja atkvæðagreiðslukerfi með rafbúnaði prófað og er þess að vænta að það verði í góðu lagi.

Flutningur ríkisstofnana, frh. 1. umr.

Frv. JGS og KÁ, 184. mál. — Þskj. 211.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB,

GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
7 þm. (ÁMM, HBl, HG, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (ÁMM, GHelg, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Húsaleigulög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 269. mál (heildarlög). — Þskj. 360.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (ÁMM, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (ÁMM, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Innflutningur á gröfupramma, frh. 1. umr.

Stjfrv., 239. mál. — Þskj. 308.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (ÁMM, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (ÁMM, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Útflutningur hrossa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 260. mál (kostnaður við skoðun). — Þskj. 341.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (ÁMM, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (ÁMM, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Dýrasjúkdómar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 287. mál (heildarlög). — Þskj. 418.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (ÁMM, JónK, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (ÁMM, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Búnaðarfræðsla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 311. mál (skráningargjöld). — Þskj. 498.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (ÁMM, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
7 þm. (ÁMM, GÁ, IP, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 256. mál (almenn endurskoðun). — Þskj. 333.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (ÁMM, GÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (ÁMM, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Hjúskaparlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 273. mál (heildarlög). — Þskj. 369.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (ÁMM, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (ÁMM, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Skálholtsskóli, frh. 1. umr.

Stjfrv., 297. mál (heildarlög). — Þskj. 462.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (ÁMM, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (SvG) greiddi ekki atkv.
5 þm. (ÁMM, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Löndun á loðnu til bræðslu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 304. mál. — Þskj. 473.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (ÁMM, HBl, ÓE, ÓRG, StG, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (ÁMM, HBl, ÓE, ÓRG, StG, VE) fjarstaddir.

Undirbúningur vegna hálfrar aldar afmælis lýðveldisins, frh. fyrri umr.

Stjtill., 262. mál. — Þskj. 351.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (ÁMM, HBl, ÓE, ÓRG, StG, VE) fjarstaddir.

Aðild Alþingis að 50 ára afmæli lýðveldisins, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvG o.fl., 167. mál. — Þskj. 192.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Guðrún Helgadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég átta mig ekki á því hvernig á að fara með þetta ágæta mál. Hér er um að ræða þingmannamál sem hlýtur að fara til nefndar eins og öll önnur mál og hljóta afgreiðslu í heild. Ég lýsti því við umræðu fyrir nokkrum dögum að mér þætti þetta meira en óvenjuleg meðferð þingmáls og vil fá upplýsingar ef ég mætti biðja um þær, frú forseti. Hvernig stendur á því að þessi tillaga á ekki að fá venjulega þinglega meðferð?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti væntir þess að tillagan fái venjulega þinglega meðferð. Ekki var gerð tillaga um nefnd en mælst til þess að um þessi tvö mál yrði fjallað um í forsætisnefnd. Þannig liggur málið fyrir. Það er ekkert óþinglegt við það.

Guðrún Helgadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég kann engin dæmi um slíka meðferð þingmáls, þ.e. að þingmannatillögu sé vísað til forsætisnefndar þingsins. Það liggur fyrir að eftir að þessi þmtill. hv. 9. þm. Reykv. kom fram lá hún hér lengi og fékk enga meðferð. Síðan kemur hæstv. forsrh. með undarlega till. til þál. um að Alþingi feli honum og ríkisstjórn hans að efna til nefndar sem á að annast undirbúning 50 ára afmælis lýðveldisins. Eins og kom fram í ræðu minni hér á dögunum, tel ég ekki að hæstv. forsrh. þurfi að leita slíkrar heimildar, hann getur auðvitað látið ríkisstjórn sína gera hvað sem honum sýnist í tilefni af þessu afmæli. En mér er fyrirmunað að skilja samkvæmt hvaða grein þingskapalaga er hægt að rugla þessum tveimur málum saman og afgreiða þingmannatillögu með tilvísun til forsætisnefndar. Ég vil heyra frú forseta lýsa því samkvæmt hvaða grein þingskapalaga þetta er gert.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það munu vera til fjölmörg dæmi um að málum sé ekki vísað til fastanefndar.

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Eins og fram kom á föstudaginn var þá var um það samkomulag af minni hálfu sem fyrsta flm. þessa máls og hæstv. forseta að þetta mál fengi óformlega meðferð í forsætisnefnd áður en tekin yrði frekari ákvörðun um meðferð í þessari virðulegu stofnun. Ég fyrir mitt leyti felli mig mjög vel við það með hliðsjón af því að ég tel að undirtektir við málið hafi verið mjög góðar af hálfu hæstv. forseta. Ég tel þess vegna ekki ástæðu til að gera athugasemd við það að málinu sé ekki vísað til nefndar. Hins vegar er það rétt hjá hv. 14. þm. Reykv. að málum er yfirleitt ekki vísað til forsætisnefndar og það eru engin ákvæði um það í þingsköpum. Hins vegar lýsti hæstv. forseti því yfir að hún mundi beita sér fyrir því að forsætisnefnd tæki málið til óformlegrar athugunar og þeirri athugun yrði flýtt þannig að niðurstaða í málinu að því er þessa tillögu varðar lægi fyrir hið fyrsta.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég hyggst ræða hér atkvæðagreiðslu á svipaðan hátt og þeir ræðumenn sem hafa kvatt sér hljóðs á undan mér. Ég vil taka undir það sem fram

hefur komið hjá hv. 14. þm. Reykv. að hér er á nokkuð sérstæðan hátt staðið að málum. Í fyrsta lagi hefur forsætisnefnd alfarið ekki það hlutverk að taka við þingmálum til afgreiðslu. Sú meginregla gildir þegar máli er vísað til nefndar að lagt er til að það sé samþykkt eða fellt eða því vísað til ríkisstjórnar. Það er talsmaður sem kynnir það álit nefndarinnar. Forsætisnefndin býr við þá sérstæðu stöðu að hæstv. forseti þingsins hefur þar alræðisvald ef því er að skipta. Þess vegna gæti flutningsmaður og hæstv. forseti sest niður yfir kaffibolla og afgreitt málið ef þessi leikregla væri upp tekin.

Ég skil ekki hvers vegna það er svo hættulegt gagnvart máli sem fær góðar undirtektir að vísa því til nefndar og hvers vegna ekki er lagt til að það sé gert. Mig undrar mjög að mál sem ætti að verða árekstralaust er með þessu formi sett í þann farveg að það er gert að árekstramáli í þinginu.

Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

10 þm. (ÁMM, FrS, GunnS, KHG, MF, ÓE, ÓRG, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er komin fram tillaga um að vísa tillögunni til allshn.

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa fullri andstöðu minni við það að vísa þessu máli til allshn. Þetta er ekkert allsherjarnefndarmál. Hér er verið að fjalla um það hvernig Alþingi ákveður að eiga aðild að 50 ára afmæli íslenska lýðveldisins. Eini aðilinn sem fyrir hönd Alþingis getur fjallað um svona mál á milli funda, þó með óformlegum hætti sé, er auðvitað forsætisnefnd. Þó ekki sé gert ráð fyrir því að málinu sé vísað til hennar á forsætisnefnd auðvitað að fjalla um það.

Ég get út af fyrir sig sagt ýmislegt um það en mér finnst að forsætisnefnd hefði átt að hafa frumkvæði að því að flytja svona mál. Fyrst hún gerði það ekki á þingmaður auðvitað rétt á því að gera það og þingmaðurinn hlýtur líka að eiga rétt á því að óska eftir því að forsætisnefndin fjalli um málið.

Ég hef rætt það við hæstv. forseta bæði úr ræðustól og annars staðar og hæstv. forseti hefur tekið því vel. Ég tel það mikilvægt í málinu. Ég tel það fullkomlega skothent að vísa þessu máli til einnar af starfsnefndum þingsins, jafnvel þó það sé hin virðulega allshn. sem mér sýnist í seinni tíð eigi að taka við eiginlega öllu sem lagt er til í þessari virðulegu stofnun.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það var samstaða um það í umræðum um þetta mál og það sem afgreitt var hér rétt áðan að þau mál skyldu fylgjast að. Við höfum þegar ákveðið málsmeðferð gagnvart fyrra málinu og eðlilegt að hið síðara fari í sama farveg. Það er misskilningur að hér sé um eitthvað undarleg vinnubrögð að ræða. Þvert á móti var leitað eftir samstöðu um vinnubrögð af þessu tagi. Ég tel með öllu ástæðulaust að vísa þessu máli til allshn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það liggur fyrir tillaga frá hv. 2. þm. Vestf. að vísa tillögunni til allshn. og fer fram atkvæðagreiðsla um þá tillögu.

Till. um að vísa málinu til allshn. felld með 44:5 atkv. og sögðu

já: FI, GHelg, IBA, JHelg, ÓÞÞ.

nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HÁ, HBl, HG, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (AÓB, EgJ, GB, GÁ, IP, StH, VE) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁMM, FrS, GunnS, KHG, ÓE, ÓRG, StG) fjarstaddir.

Vegáætlun 1993–1996, fyrri umr.

Stjtill., 290. mál. — Þskj. 422.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Tillaga sú að vegáætlun sem hér liggur fyrir fjallar um fjáröflun og framkvæmdir á árunum 1993–1996. Tillögunni var dreift í desembermánuði á meðan fjárlög voru enn í vinnslu. Við lokaafgreiðslu fjárlaga var ákveðið að fjármagn til framkvæmdaátaks vegna atvinnumála yrði 1 milljarður og 550 millj. kr. á árinu 1993 í stað 1 milljarðs og 800 millj. kr. eins og áður hafði verið ráðgert. Við þetta breytast viðkomandi liðir tillögunnar og niðurstöðutala hennar fyrir árið 1973 verður 7 milljarðar 266 millj. kr. í stað 7 milljarða 516 millj. kr. í prentuðu þskj. Þarf að taka tillit til þess við meðhöndlun tillögunnar á Alþingi.

Tillagan er með hefðbundnu sniði, þ.e. í henni er að finna áætlun um fjáröflun næstu fjögur ár svo og skiptingu útgjalda á helstu liði. Þá er þar að finna skrá um þjóðvegi og flokkun þeirra svo og aðalfjallvegi.

Í athugasemdum með tillögunni koma fram skýringar á einstökum liðum hennar auk ýmissa upplýsinga um vegakerfið. Rétt er að geta þess í upphafi að allar tölur eru settar fram á sama verðlagi, þ.e. áætluðu verðlagi þessa árs, þannig að tölur eru sambæri-

legar milli ára. Verður nú vikið að helstu þáttum í tillögunni og byrjað á fjáröfluninni.

Bensíngjald og þungaskattur voru hækkuð um sl. áramót. Hækkun þessari er ætlað að auka markaðar tekjur til vegagerðar um 2%. Þessi hækkun var gerð til að mæta að hluta til útgjöldum við ferjur. Í tillögunni er ekki gert ráð fyrir öðrum gjaldskrárhækkunum nema þeim sem kunna að leiða af hækkun verðlags. Auk þess er gert ráð fyrir að bensínsala aukist um 2% á milli ára og haldist sú aukning út áætlunartímabilið. Þetta er nokkru minni aukning en verið hefur undanfarin ár. Þannig var aukningin 3,8% milli áranna 1990 og 1991 og um 2,5% milli áranna 1991 og 1992. Gert er ráð fyrir svipaðri magnaukningu í akstri dísilbifreiða og í bensínsölu, þ.e. 2% á milli ára.

Afsláttur á bensíngjald af blýlausu bensíni hefur verið í gildi síðan í júní 1989. Við hækkun þá sem varð á bensíngjaldi um síðustu áramót var afsláttur þessi minnkaður nokkuð og er nú tæplega 5,9% en var áður 8,5%. Markaðshlutur blýlauss bensíns hefur verið stöðugt vaxandi undanfarin ár og er nú kominn í um 75% af heildarsölu bensíns. Bensíngjald og þungaskattur hafa ekki hækkað í takt við verðbólgu á undanförnum árum. Hefur þannig myndast nokkur slaki, um 6%, í þessa gjaldstofna. Ekki er reiknað með að slaka þessum verði eytt á áætlunartímabilinu. Unnið er að því að bæta innheimtu þungaskatts og er reiknað með því að það skili 50 millj. kr. auknum tekjum á árunum 1994–1996.

Í tillögunni er lagt til að nokkurt fé sé árlega fært í ríkissjóð. Er þetta gert með tilliti til þeirra þröngu aðstæðna sem nú eru í þjóðarbúinu. Óæskilegt er að þetta verði gert til frambúðar og þarf að stefna að því að mörkuðum tekjum til vegamála verði varið óskertum til þeirra strax og hagur ríkissjóðs vænkast.

Ríkisstjórnin ákvað í september 1992 að beita sér fyrir auknum framkvæmdum til að bæta atvinnuástand. Eins og áður var getið var upphaflega við það miðað að á þessu ári færi 1,8 milljarðar kr. til vegagerðar í þessu skyni. Þeirri upphæð var síðar breytt í 1 milljarð 550 millj. kr. Í tillögunni er gert ráð fyrir að átak þetta haldi áfram á árunum 1994 og 1995 og 900 millj. kr. verði varið til atvinnuaukningar á næsta ári og 450 millj. kr. á árinu 1995.

Í samþykkt ríkisstjórnarinnar var tiltekið að fé þetta skiptist milli kjördæma samkvæmt hefðbundnum reglum sem notaðar hafa verið við afgreiðslu vegáætlunar. Þá fylgdi samþykktinni einnig listi um þau verkefni sem njóta skyldu fjárins. Niðurstöðutala fjáröflunar 1993 er 7 milljarðar 266 millj. kr. Niðurstöðutölur 1994 eru 6 milljarðar 924 millj. kr., 6 milljarðar 646 millj. kr. árið 1995 og 6 milljarðar 306 millj. kr. árið 1996.

Lækkun á niðurstöðutölunum skýrist af lækkun viðbótarfjárveitinga til atvinnuaukningar.

Næst er að víkja að gjaldalið áætlunarinnar. Þar kemur fyrst að liðnum stjórn og undirbúningur. Fjárveitingar til þessa liðar eru nokkuð lægri en verið hefur á undanförnum árum og er ljóst að mjög er kreppt að þessum málaflokki þar sem verkefnin verða sífellt umfangsmeiri og flóknari og þarfnast samráðs og umsagnar fleiri aðila en áður var. Þá eru kröfur um aukna upplýsingaþjónustu stöðugt vaxandi.

Lagt er til að fjárveitingar til almennrar þjónustu aukist nokkuð frá því sem verið hefur en kröfur um þjónustu á vegakerfinu fara stöðugt vaxandi. Er í aðalatriðum miðað við að staðið verði við þau markmið sem fram voru sett í drögum að langtímaáætlun fyrir árið 1991–2002.

Fjárveiting til vetrarþjónustu árið 1993 er í samræmi við meðaltalskostnað við þennan málaflokk á síðustu tíu árum. Á árunum 1994–1996 er lagt til að fjárveitingar aukist nokkuð þannig að svigrúm verði til aukinnar þjónustu miðað við meðalárferði.

Lagt er til að fjárveitingar til viðhalds hækki töluvert á þessu ári og því næsta frá því sem verið hefur en þessi málaflokkur hefur mjög liðið fyrir fjárvöntun undanfarin ár. Þessi vöntun hefur komið hvað harðast niður á styrkingum og viðhaldi malarvega en fjárþörf til viðhalds bundinna slitlaga fer nú ört vaxandi þar sem lengd þeirra vega sem þarfnast viðhalds eykst ört og miklir fjármunir eru í húfi þar eð slitlagið getur eyðilagst ef það fær ekki nauðsynlegt viðhald.

Í tillögunni er lagt til að haldið verði hinum hefðbundnu framkvæmdaliðum, almennum verkefnum, sérstökum verkefnum, stórverkefnum o.s.frv.

Eðlilegast er að samgn. fjalli um skiptingu fjármagns milli kjördæma og skiptingu fjárveitinga til sérstakra verkefna og stórverkefna eins og venja hefur verið og fjárveitinganefnd gerði áður en skipan mála var breytt hér á Alþingi.

Nýmæli eru sérstakar fjárveitingar til framkvæmdaátaks til eflingar atvinnumála eins og áður er vikið að. Með tilkomu þessa fjármagns verður meira fé varið til nýbygginga, vega og brúa á þessu ári en verið hefur undanfarin 20 ár. Þar með verður unnt að flýta framkvæmdum við ýmis brýn verkefni sem ýmist voru komin inn á vegáætlun eða næst eru samkvæmt drögum að langtímaáætlun. Æskilegt er að áfram verði unnt að auka fjármagn til nýbygginga vega og brúa því þar bíða mörg brýn verkefni framkvæmda. Má þar nefna tengingu Norðurlands og Austurlands sem orðin er enn þá brýnni vegna breyttra strandsiglinga.

Þá eru mörg aðkallandi verkefni hér á höfuðborgarsvæðinu ekki hvað síst vegna umferðaröryggis og nægir þar að nefna tvöföldun Reykjanesbrautar milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og Vesturlandsveg austur úr borginni.

Segja má að fjárveitingar til annarra útgjaldaliða séu með hefðbundnu sniði. Gert er ráð fyrir að sérstakar fjárveitingar til brúagerðar verði svipaðar eða lítið eitt minni en verið hefur á undanförnum árum en verulegar upphæðir af liðunum Stórverkefni og Viðbótarfé til atvinnuaukningar renna til brúagerðar. Lagt er til að fjárveitingar til fjallvega fari hækkandi og verði strax á næsta ári meiri en áður hefur verið en brýnt er að bæta vegi að helstu ferðamannastöðum og ýmsar leiðir um hálendi landsins.

Lagt er til að fjárveitingar til annarra liða verði svipaðar og verið hefur á undanförnum árum. Þó er

gert ráð fyrir heldur lægri fjárveitingum til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum en benda má á að verulegar fjárhæðir renna auk þess til þjóðvega á höfuðborgarsvæðinu.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár var staðfest sú ákvörðun að stofnkostnaður við ferjur og rekstrarstyrkir til þeirra, sem hingað til hafa verið greiddir með fjárveitingum úr ríkissjóði, skuli greiddir með mörkuðum tekjum til vegamála. Er þetta gert í samræmi við heimild í 41. gr. vegalaga. Í tilefni af þessari breytingu vil ég fara nokkrum orðum um ferjur og ferjurekstur almennt.

Ferjur koma í stað vega og þar sem kostnaður við þær greiðist nú af vegafé er eðlilegt að þær verði felldar inn í vegáætlun og fái hliðstæða meðhöndlun og þjóðvegir. Þannig ákveður Alþingi á hvaða leiðum ferjur skuli reknar á vegáætlunartímabilinu og hvert sé meginmarkmið með ferjurekstrinum, flutningur bíla eða farms auk fólksflutninga. Framlög til stofnkostnaðar yrðu sundurliðuð á einstakar ferjuleiðir eins og gert er með framlög til nýbyggingar vega. Vegagerðinni hefur verið falin umsjón þessara mála. Mun hún leggja tillögur sínar um þessi efni, eins og önnur sem snerta vegamál, fyrir samgn. Alþingis. Samkvæmt tillögunni sem hér liggur fyrir eru framlög til ferja áætluð sem hér segir:

Árið 1993 330 millj. kr., 466 millj. kr. 1994, 515 millj. kr. 1995 og 499 millj. árið 1996.

Þessar tölur eru byggðar á áætlunum frá miðju ári 1992. Nánari skoðun á stöðu ferjureksturs sem staðið hefur yfir undanfarið bendir til að framlög þurfi að vera nokkru hærri en talið var og er þá einnig tekið tillit til gengisþróunar á síðari hluta síðasta árs. Tölur byggðar á forsendum nú í ársbyrjun munu liggja fyrir á næstu dögum og verður samgn. gerð grein fyrir þeim.

Ég vil geta þess hér að samkomulag er um það að hækkun framlaga til ferja sem nauðsynlegt kann að reynast bitni ekki á framlögum til annarra framkvæmda í vegáætlun. Nauðsynlegt framlag á þessu ári umfram 330 millj. kr. verður tekið inn í fjáraukalög 1993. Á árunum 1994–1996 yrði hækkun á framlagi til ferja mætt með lækkun þeirrar upphæðar sem færð er í ríkissjóð. Að því er varðar rekstur ferjanna hef ég lagt á það áherslu við Vegagerðina að leitað sé allra leiða til að draga úr rekstrarkostnaði. Takist að draga úr fjárþörf ferjanna rennur það fé sem sparast til annarra framkvæmda í vegáætlun.

Hér hefur verið vikið nokkuð að ferjum almennt. Ekki er ástæða á þessu stigi til að ræða einstakar ferjuleiðir. Þær koma til kasta samgn. og þingsins sjálfs við meðferð málsins og afgreiðslu þess.

Í þessu sambandi vil ég geta þess vegna þess að reglulegar áætlunarsiglingar hafa fallið niður milli Norður- og Austurlands, sem hefur raskað vöruflutningum og viðskiptum milli þessara landshluta, að ég hef nú falið Vegagerðinni að veita lágmarksþjónustu á leiðinni frá Mývatni austur á Hérað. Gert er ráð fyrir að opnað verði einu sinni í viku, þó þannig að flutningabílar komist fram og til baka. Ákvörðunin er tekin til reynslu og með fyrirvara um að snjóþyngsli verði ekki óviðráðanleg. Eins og kunnugt er hefur þessi vegur verið látinn sitja á hakanum, leiðin á milli Norður- og Austurlands.

Í vegalögum eru lagðar meginlínur um það hvaða vegir teljist þjóðvegir og skiptingu þeirra í vegflokka. Í þáltill. eru allir þjóðvegir taldir upp og gerð grein fyrir skiptingu þeirra í stofnbrautir, þjóðbrautir og aðalfjallvegi. Í þáltill. eru ekki tillögur um breytingar á vegaskránum en þörf er á ýmsum leiðréttingum og breytingum sem m.a. eru tilkomnar vegna breytinga á búsetu. Samgn. og þingmönnum einstakra kjördæma verður gerð nánari grein fyrir þessum tilvikum við áframhaldandi vinnu við tillöguna.

Ég vil ljúka þessari framsögu fyrir tillögu um vegáætlun með því að leggja til að henni verði vísað til samgn. Mér er kunnugt að þegar er hafnar viðræður þingmanna hinna ýmsu kjördæma við Vegagerðina um röðun verkefna innan kjördæmanna.

Það er von mín að afgreiðsla þessa máls geti tekið skamman tíma sem mundi greiða fyrir því að hægt sé að bjóða verkefni út sem að sjálfsögðu mundu þegar í stað verka til þess að bæta atvinnuástand. Ég legg til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og samgn.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hér er til umfjöllunar mál sem snertir alla landsmenn og hefur því mikla þýðingu í kjördæmunum öllum. — Er það rétt skilið, hæstv. forseti, að ræðutími sé takmarkaður? Ég hafði ekki gert ráð fyrir því og hafði þess vegna hugsað ég mér að fjalla allítarlega um þetta mál en fyrst ekki er ráðrúm til þess mun ég reyna að haga málflutningi mínum í samræmi við það.

Hæstv. samgrh. sagði að hann vildi vísa þessu máli til umfjöllunar samgn. og þingmanna kjördæmanna. Ég vil minna hæstv. samgrh. á að hann hefur þegar ákveðið skiptingu vegáætlunar að allverulegu leyti. Hann hefur ákveðið að flytja kafla sem gert var ráð fyrir að yrði farið í samkvæmt langtímaáætlun, jafnvel á síðasta tímabili áætlunarinnar, á árunum 1999–2002 fram á fyrsta tímabilið eða það tímabil sem núna er verið að fjalla um.

Það er alveg ljóst að hér er um mikilvæga vegi að ræða. En hefði það ekki verið skynsamlegra, hæstv. ráðherra, að gefa þingmönnum kjördæmanna tækifæri til að fjalla eðlilega um þessi mál og fara yfir þau í stað þess að hæstv. samgrh. ákveði þetta á einum sólarhring í fljótfærni? Er hæstv. samgrh. svo vel að sér í vegamálum allra kjördæma í landinu að ekki þurfi lengur að ræða við þingmenn kjördæmanna? Er þetta ekki alveg nýtt að samgrh. taki upp slík vinnubrögð? Þetta hefur orðið til þess, hæstv. samgrh., að vekja upp verulega óánægju a.m.k. í mínu kjördæmi. Mér er alveg ljóst að ekki er gott að snúa aftur með ákvarðanir þegar búið er að gefa það út að ráðast eigi í tiltekna vegakafla. Hins vegar er alveg ljóst að ýmislegt sem átti að gera mun fyrr, sérstaklega samkvæmt langtímaáætlun, mun nú raskast verulega því að gert er ráð fyrir því að það lán sem nú er tekið til flýtingar verði

greitt síðar. Því er fyrst og fremst verið að snúa við þeirri áætlun sem hafði áður verið gerð og ég veit ekki betur en hæstv. samgrh. hafi tekið þátt í því sem nefndarmaður í þeirri nefnd sem undirbjó langtímaáætlunina.

Ég minni á í þessu sambandi að í langtímaáætluninni var ákveðið að fara í mjög ítarlegar athuganir í sambandi við tenginguna á milli Norður- og Austurlands en þar segir, með leyfi forseta:

„Tenging Norðurlands og Austurlands um Möðrudalsöræfi hefur verið mikið rædd í starfshópnum. Á þessu stigi liggur ekki fyrir ákveðin tillaga um hvar framtíðarvegur muni liggja. Starfshópurinn leggur áherslu á að niðurstaða fáist fyrir næstu endurskoðun langtímaáætlunar og þá verði tekin afstaða til þess hvernig með hana skuli farið."

Þegar þessi umfjöllun átti sér stað var því hreyft af okkur þingmönnum Austurl. hvort mögulegt væri að taka þetta stóra og mikla verkefni inn í stórverkefnaflokkinn. Það var ekki talið mögulegt en síðan var fjallað um málið á fundi þingmanna Austurl. og Vegagerðarinnar í marsmánuði 1991 og eftirfarandi bókun gerð, með leyfi forseta:

„Þingmenn Austurlands ítreka þá áherslu um tengingu Norðurlands og Austurlands sem kemur fram í greinargerð með tillögu um langtímaáætlun. Brýna nauðsyn ber til að hraða ákvörðun um leiðaval og vegarstæði þar þannig að niðurstöður liggi fyrir ekki síðar en við næstu endurskoðun langtímaáætlunar."

Nú er enginn ágreiningur um það milli mín og hæstv. samgrh. að um mjög mikilvæga tengingu er að ræða. En svo vill til að rannsóknum er ekki lokið og menn hafa ekki enn þá komist að niðurstöðu um það hvar vegurinn á að liggja. Það liggur alveg fyrir að ef hann fer nálægt þeim stöðum sem vegurinn liggur nú og jafnvel nokkuð fjær þá er hann í 500–600 m hæð á nokkrum köflum. Að sjálfsögðu þarf að athuga í þessu sambandi hvort ekki sé rétt að vegurinn liggi í gegnum Vopnafjörð um Hellisheiði ef hægt er að lækka þann veg með jarðgöngum en slík tenging yrði milli 30–40 km lengri. Ekki er fullnægjandi að fara út í dýra vegagerð nema menn geri sér ljóst hversu lengi slíkur vegur getur verið fær. Því miður liggur ekki fyrir niðurstaða um það hvort tenging yfir fjöllín geti gefið þá tryggingu sem menn sækjast eftir. Það er líka mikilvægt, hæstv. samgrh., að haldið verði áfram að byggja upp veginn frá Vopnafirði um Brekknaheiði og til Þórshafnar og þar norður eftir og ég veit ekki betur, hæstv. samgrh., en að þú hafir sérstaklega beitt þér fyrir því að flutt verði fé sem ætlað er í Brekknaheiði til þess að leggja áherslu á bundið slitlag í kjördæmi þínu. (**Forseti:** Nota rétt ávarpsorð.) Ég skal mjög glaður taka við þeirri áminningu, virðulegi forseti, því að ég vil ávarpa virðulegan samgrh. með tilhlýðilegum hætti og má vel vera að fleirum hafi orðið á í messunni og mikilvægt að áminna menn rækilega í því sambandi, ekki síst þegar hæstv. samgrh. á í hlut.

Ég sé það, virðulegi forseti, að tími minn er senn á þrotum en ég hafði gert ráð fyrir því að hafa lengri tíma. Ég harma það hvernig hæstv. samgrh. hefur unnið að þessu máli. Engin ástæða var til annars en vinna það með venjulegum hætti í samvinnu við þingið. Hann kaus að ganga fram fyrir skjöldu og ákveða sjálfur hvaða vegakafla ætti að fara í án þess að tala neitt um það við Alþingi eða ræða það hér. Síðan kemur hann til Alþingis og óskar eftir því að þetta verði afgreitt hið fyrsta en leyfir sér að ganga fram hjá þinginu í þessu sambandi. Ég vænti þess hins vegar að málið fái eðlilega umfjöllun og um það verði fjallað með hefðbundnum hætti og að tími gefist til þess að ræða það hvað hagsmunum kjördæmanna sé fyrir bestu.

Ég vil gjarnan að samstaða ríki um vegamál og að unnið verði með þeim hætti sem hefur verið gert á undanförnum árum og áratugum. En eins og hæstv. samgrh. hefur gengið fram í málinu er afar ólíklegt að slík samstaða geti ríkt áfram og má vel vera að það sé það sem hæstv. samgrh. ætli sér. Hann vilji hafa ófrið um þessi mál og það má næstum því ætla miðað við það hvernig hann hefur gengið fram að hann vilji hafa nokkur átök og ófrið í kringum þetta. Hann hefur stofnað til þess en nú er hans að ganga þannig fram að betri samstaða geti náðst á Alþingi.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Nú er 1. umr. um vegáætlun fyrir næstu fjögur ár. Það stingur að sjálfsögðu í augu strax á fyrstu blaðsíðum vegáætlunar að nú þegar eru tölur um framkvæmdaátak til atvinnumála breyttar. Að vísu er ekki komið á hreint að það sé nema fyrir árið 1993, þ.e. árið í ár, að í stað 1.800 millj. verði 1.550 millj. Tölurnar fyrir 1994 og 1995 og 1996 standa enn þá en að sjálfsögðu má alveg eins reikna með því að þær breytist þó að hæstv. samgrh. hafi ekki getið þess í ræðu sinni.

Ég bendi einnig á að þetta fjármagn átti að fara til framkvæmdaátaks í atvinnumálum. Það átti að fara til aukinnar atvinnu og því skýtur nokkuð skökku við að á sama tíma og það á að fara til atvinnuuppbyggingar innan lands skuli Vegagerð ríkisins áforma að semja við erlendan aðila um verkefni án þess að leita fyrst til innlendra aðila í sambandi við það að kaupa t.d. asfalt og þróa ýmsa nýja tækni. Verktakasambandið hefur gert athugasemd við þá áætlun, þ.e. hvernig Vegagerðin fyrirhugar að semja við erlenda aðila áður en leitað er til innlendra í þessu sambandi. Þá kröfu verður að gera að þeir fjármunir sem eru sérstaklega ætlaðir til atvinnumála nýtist þá til atvinnumála hér á landi.

Í kaflanum um skiptingu útgjalda kemur einnig fram að til endurnýjunar á malarslitlögum eru áætlaðar á þessu ári um 180 millj. kr. en samkvæmt því sem segir í athugasemdum og hefur áður komið fram í viðtölum við Vegagerðina er orðin mikil þörf á því að endurnýja malarvegi og 180 millj. á þessu ári er ekki einu sinni helmingur af þeirri upphæð sem Vegagerð ríkisins áætlar að þurfi til þess að halda við þeim malarslitlögum sem enn þá eru. Það munu vera um 3 þús. km og það sem áætlað er til þess að endurnýja það er engan veginn sú upphæð sem til þarf. Þó að við á höfuðborgarsvæðinu þurfum ekki að aka mjög mikið á

malarvegum þá þurfa margir aðrir landsmenn að hugsa um það að bílarnir þeirra eyðileggist ekki á malarvegunum og því er nauðsynlegt að meira fjármagn færi til þess að halda malarvegunum líka við.

Ég vildi einnig spyrja hæstv. samgrh. um það sem er áætlað til nýrra þjóðvega, stofnbrauta. Í þeim kafla er höfuðborgarsvæðið nefnt á þessu ári með 413 millj. Eru afborganir á þeim samningi, sem gerður var milli fjmrh. og borgarstjóra í apríl 1991, inni í þeim tölum sem hér eru áætlaðar?

Þá tek einnig undir gagnrýni fyrri ræðumanns um að það framkvæmdaátak til vegagerðar sem hér hefur verið kynnt, þ.e. að ríkisstjórn eða hæstv. samgrh. hafi tekið ákvörðun án þess að það kæmi fyrst til umfjöllunar í viðkomandi þingmannahópum svo sem venja hefur verið á undanförnum árum. Það hefur reyndar verið gagnrýnt oft í umræðum um vegamál og fleiri mál, m.a. fjármál ríkisins að þetta skuli hafa verið ákveðið svo einhliða án þess að leita samráðs við þingmenn kjördæmisins. Einnig er mjög gagnrýnivert að á sama tíma gera vegalög ráð fyrir því að taka eigi 1,5 milljarða kr. að láni til þess að standa undir vegagerð. Á sama tíma eru 344 millj. kr. teknar af mörkuðum tekjustofnum og lagðar inn í ríkissjóð. Fyrst eru framlög til vegagerðar skert, þ.e. markaðir tekjustofnar og síðan er vegagerð gert skylt að taka 1,5 milljarða að láni. Í framhaldi af því vildi ég einnig spyrja hæstv. samgrh.: Hvernig kemur sú greiðsla til baka, hvernig á að standa að því að greiða það lán? Hvar kemur það inn í þessa vegáætlun? Hvernig er fyrirhugað að það lán verði greitt og hvar sjáum við það í þessari vegáætlun?

Þá vil ég einnig gera að umtalsefni ferjukostnað sem verður nú færður yfir til Vegagerðarinnar. Gert er ráð fyrir 330 millj. kr. til kostnaðar við rekstur ferja en eins og kom áðan fram í máli samgrh. mun sá kostnaður verða margfalt meiri. Samkvæmt upplýsingum sem bárust fjárln. í nóvember á síðasta ári mun sá kostnaður tæpast verða undir 400 millj. kr. eða rúmar 390 millj. og var það lauslega áætlað og útlit fyrir að það verði enn meira þar sem ekki var búið að taka allt með inn í dæmið. Eftir er að skoða algerlega hvaða reglur eiga að gilda um það hvernig úthlutað verður til þessara ferjumála. Það hefur komið fram að rekstur muni trúlega verða óbreyttur á þessu ári enda fjárlagaárið hafið. Ef svo fer sem horfir að þessi rekstur verði alfarið á vegum Vegagerðarinnar þá þarf að gera grein fyrir því hvernig því muni vera skipt og verði breyting á rekstri ferja þá er líka spurning hvort sú hagræðing mun þá koma vegagerð á viðkomandi stöðum til góða.

Virðulegi forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. Ég vildi einnig nefna það í sambandi við þá áætlun sem hér hefur verið gerð um stórverkefni, og það kemur inn á það að ekki var haft samráð við þingmannahópa, að hér skuli Gilsfjarðarbrú ekki hafa verið inni í því dæmi rétt eins og áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Einnig má minna á að það er hluti af því loforði, sem gefið var þegar Austur-Barðastrandarsýsla sameinaðist í eitt sveitarfélag, var að samgöngur yrðu efldar og Gilsfjarðarbrú var sterklega inni í því dæmi.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég óska eftir því að við síðari umræðu verði ákvæðum 55. gr. þingskapa beitt og umræða um þessa framkvæmdaáætlun verði ótakmörkuð. Ég ber þessa ósk formlega fram og vona að forseti komi henni á framfæri.

Ég gagnrýni það eins og ég hef reyndar áður gert að í þessari vegáætlun er sú nýbreytni tekin upp að gert er ráð fyrir umtalsverðri skerðingu á mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar, ekki einungis til eins árs heldur út áætlunartímabil þessarar vegáætlunar. Á hverju ári, á þessu yfirstandandi ári og næstu þrjú árin, er gert ráð fyrir því að umtalsverðir fjármunir renni í ríkissjóð af hinum mörkuðu tekjum Vegagerðarinnar. Vegáætlun hefur aldrei áður verið sett upp á þennan hátt og það er auðvitað dapurlegt nýmæli að horfa til þessarar framtíðar.

Að mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar er þrengt með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi með beinni upptöku markaðra tekna í ríkissjóð upp á 344 millj. kr. á þessu ári og síðan nokkrum minni upphæðum á árunum sem í hönd fara. Í öðru lagi með því að verkefni eru færð yfir á Vegagerðina og þar af leiðandi hina mörkuðu tekjustofna sem áður hafa verið greidd úr sameiginlegum sjóði, ríkissjóði. Þar er ferju- og flóabátarekstrinn á ferðinni og væntanlega upphæðir sem verða á bilinu 300–500 millj. kr. á næstu árum.

Í þriðja lagi, og það hefur kannski minnst verið rætt en er engu að síður alvarlegt, er svo að ríkissjóður fer inn á þennan skattstofn þó þar sé ekki um að ræða hlutdeild í hinum markaða tekjustofni með sérstakri viðbótarskattlagningu á bensín upp á mörg hundruð millj. kr. sem rennur nú í ríkissjóð og liggur í hlutarins eðli að þar með er seilst inn á þennan tekjustofn sem Vegagerðin hefur haft og tekur þá ríkið til sín ekki aðeins í formi aðflutningsgjalda af bensíni heldur líka beinlínis með sérstöku bensíngjaldi. Þetta leiðir svo til þess, hæstv. forseti, að þegar framkvæmdafé Vegagerðarinnar er skoðað á þessu ári er það minna nú en tvö sl. ár sem rennur til framkvæmda í vegamálum af eiginlegu aflafé Vegagerðarinnar. Þegar tekin er niðurstöðutala hinna mörkuðu tekjustofna að frádregnu því sem fer í ríkissjóð eru þar á ferðinni samkvæmt vegáætluninni 5.716 millj. Ef frá þeirri tölu eru dregnar 330 millj., sem fara til reksturs á ferjum, standa eftir 5.386 millj. kr. sem Vegagerðin hefur til framkvæmda á þessu ári af eigin aflafé og þarf ekki að endurgreiða. Það er lægri tala en var til framkvæmda bæði árin 1992 og 1991. Með öðrum orðum er sú aukning vegaframkvæmda sem mikið hefur verið til umræðu og vissulega er fyrir hendi í þessari vegáætlun öll tekin að láni og rúmlega það. Hún hlýtur því að endurgreiðast og samkvæmt yfirlýsingum fjmrh. og ríkisstjórnar á hún að endurgreiðast af mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar á komandi árum. Þess vegna eru tilfinningar manna vægast sagt blendnar svo ekki sé meira sagt þegar þessi flýting framkvæmda, sem vissulega getur átt fullan rétt á sér og verið af hinu góða, er

skoðuð, fyrst og fremst vegna þess að á sama tíma er gengið á hinar mörkuðu tekjur Vegagerðarinnar þannig að hún hefur minna en ekki meira til framkvæmda af eiginlegu aflafé.

Í fjórða lagi vil ég nefna vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar eins og hv. 1. þm. Austurl. hefur reyndar þegar gert og get ég vísað til þess sem hann sagði. Það var ákaflega óheppilegt, svo ekki sé meira sagt, hvernig hæstv. ríkisstjórn stóð að þeim hlutum sl. haust og slæmt vegna þeirrar samstöðu sem um þennan málaflokk hefur ríkt lengst af allt frá tímum skipulagðrar áætlunargerðar í vegamálum sem staðið hefur um 15 ára skeið eða svo. Vinna Alþingis að þessum málum hefur ekki síst átt að þjóna þeim tilgangi að laða fram sem mesta mögulega samstöðu um forgangsröð og framkvæmdatilhögun í vegamálum og það hefur tekist mjög vel á undanförnum árum eða áratugum eins og kunnugt er.

Hæstv. samgrh. hefur á köflum tekið nokkuð ógætilega til orða um þessi mál og eins og einn flokksbróðir hans, hv. 3. þm. Suðurl. hefur stundum orðað það, kannski orðið það á að tala áður en hann var fullkomlega búinn að hugsa. Eitt af því sem hæstv. ráðherra hefur margoft kastað fram á undanförnum missirum eru lítt grundaðar fullyrðingar um nauðsyn þess að næsta stórframkvæmd í vegamálum á eftir Vestfjarðagöngum verði tenging Norðurlands og Austurlands. Það er í sjálfu sér hið þarfasta mál og hefur oft áður verið rætt á Alþingi, m.a. af þeim sem hér talar, við afgreiðslu fyrri vegáætlana að í þetta verkefni þurfi að reyna að ráðast. En þá skiptir miklu máli að um það sé fjallað í samhengi við vegaframkvæmdir á þessu svæði og í landinu öllu að öðru leyti.

Ég tek undir það sem hv. 1. þm. Austurl. sagði hér áðan. Það verður auðvitað að horfa á það hvernig á að tengja Norðurland og Austurland. Ætla menn að gera það með meiri háttar vegagerð yfir hálendið þar sem vegur mundi liggja í 400–600 metra hæð yfir sjó svo hundruðum kílómetra skiptir um óbyggð svæði eða vilja menn horfa til þess að mynda heilsárstengingu Norðurlands og Austurlands með endurbótum á leiðinni með ströndinni sem þannig mundi jafnframt þjóna byggðinni á norðausturleiðinni, 2.500 íbúum sem byggja svæðið frá Húsavík til Vopnafjarðar?

Þá þarf að huga að því að ekki er nóg að leggja vegi og byggja þá upp. Það þarf líka að reka þá. Telur hæstv. samgrh. líklegt að svo myndarlega verði veitt til vegamála og reksturs vegakerfisins á næstu árum að menn eigi þess kost að halda opnum mörgum mismunandi leiðum um sama landsvæðið? T.d. þannig að halda opinni norðausturleiðinni frá Húsavík til Vopnafjarðar með reglulegum mokstri 2–3 daga í viku og jafnvel yfir Hellisheiði til Héraðs en jafnframt leið yfir öræfin fyrir þá umferð sem þar vildi fara. Ætli snjómokstурskostnaður á þessum leiðum báðum mundi ekki taka í á snjóþungum vetrum ef halda ætti þeim opnum samtímis. Ég tala nú ekki um ef Öxarfjarðarheiðin bættist svo við, sem hæstv. ráðherra er mikill áhugamaður um að gera að heilsársvegi. Þá yrðu leiðirnar ekki tvær heldur að hluta til þrjár sem halda ætti opnum yfir vetrartímann og tengja byggðarlög á norðausturhorni landsins. Ég held að menn þurfi jafnframt að huga að svona þáttum áður en þeir a.m.k. hrapa að niðurstöðum í þessum efnum. Ég er sannfærður um að þingmannahópar Norðurlandskjördæmis eystra og Austurlands eru tilbúnir til að setjast niður og skoða þessi mál. Ég legg til — og vona að hæstv. samgrh og því ekki vegamálastjóri einnig heyri mál mitt — að þingmannahópar Norðurlands eystra og Austurlands fundi sameiginlega um þessi mál, um tengingu Norðurlands og Austurlands og um samskipti og samgöngur innan þeirra byggðarlaga sem þar snertast. Það er fyllilega tímabært og þarft að svo sé gert. Þannig á að vinna að málinu og þannig á að undirbyggja niðurstöðuna en ekki gefa sér hana fyrir fram.

Hæstv. samgrh. hefur því miður farið út á þá braut að hafa nokkur óviðurkvæmileg ummæli að mínu mati um ýmislegt var á búi því er hann tók við fyrir nokkru síðan. Ég hef ekki tíma, hæstv. forseti, til að svara því sem vert væri og skyldi. En af því að hæstv. ráðherra nefndi ferjur, þá hlýt ég að mótmæla og harma þau ummæli sem hæstv. ráðherra hafði uppi á einhverjum æsingafundum þeirra sjálfstæðismanna norður í landi að hann hefði tekið við óreiðu í þeim efnum, að þar hefði verið um að ræða órökstuddar og óþarfar fjárfestingar. Ætla mátti af orðum hans að þar væri fyrst og fremst við forvera hans í starfi að sakast. Þetta var í fyrsta lagi ekki drengilegt, í öðru lagi rangt og í þriðja lagi ef við einhvern er að sakast þá er það Alþingi sem þar á í hlut sem hefur samþykkt og heimilað og rætt allar þessar fjárfestingar.

Reyndar eiga þá fleiri en fyrrv. samgrh. þarna hlut að máli. Ég hygg að ákvarðanir sem þessu tengjast þá séu ekki síður komnar til t.d. í ráðherratíð Matthíasar Bjarnasonar. Þannig á við ákvörðun um endurnýjun Breiðafjarðarferjunnar Baldurs o.s.frv. Hvað rekstrarformið snertir sem þarna hefur verið við lýði um áratugaskeið, þá voru engar breytingar gerðar á því í minni tíð í samgrn. Ásakanir um að það hafi verið í óreiðu af þeim sökum koma þá við fleiri en þann sem hér talar a.m.k.

Hæstv. forseti. Mér skilst að ræðutími minn sé búinn og er þá ekki um það að sakast. Ég vil þó leyfa mér að gera þá athugasemd, hæstv. forseti, að með vísan til þess að ákvæði nýju þingskapanna breyta í veigamiklum atriðum umræðutíma sem áður var fyrir hendi við afgreiðslu meiri háttar framkvæmdaáætlunar af þessu tagi hefði ég talið eðlilegt að hæstv. forsetar gerðu þingmönnum aðvart um það áður en slíkar umræður hefjast að sérstaklega þurfi að óska eftir því að um lengri ræðutíma verði að ræða. Ég fer fram á að næst þegar meiri háttar framkvæmdaáætlanir af þessu tagi verða teknar hér á dagskrá og áður en fyrri umræða hefst, þá geri forseti mönnum viðvart um að þeir þurfi að gefa merki óski þeir eftir því að um ótakmarkaðan ræðutíma verði að ræða.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti mun taka þessa athugasemd til greina.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Hér er vissulega stórt mál til umræðu og vil ég taka undir það með hv. síðasta ræðumanni að það er slæmt að hafa ekki nægjanlega rúman tíma til þess að ræða um það. Þetta er með stærri fjárveitingum í fjárlögum yfirstandandi árs og langsamlega stærsta framkvæmdafjárveiting, eins og reyndar hefur verið mörg undanfarin ár, sem varið er til vegaframkvæmdanna ef borið er saman við aðra framkvæmdaflokka sem hið opinbera hefur á sinni forsjá.

Hér er þar að auki um að ræða verkefni sem varðar alla landsmenn og er mjög þýðingarmikið að vel takist til og að um framkvæmdir í vegagerð og vegamálum sé bærileg sátt, bæði á Alþingi og svo auðvitað við þá sem eiga að njóta eftir því sem þess er kostur þegar fjármunir eru nú eins og oftast áður minni en það sem við hefðum gjarnan viljað sjá.

Í greinargerð með fjárlagafrv. fyrir þetta ár segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Heildarframlag til Vegagerðarinnar á árinu 1993 er áætlað 7.516 millj. kr., þar af 1.800 millj. kr. til sérstakra framkvæmda til að örva atvinnu. Fjár þessa verður aflað með lántöku á þeirri forsendu að það lán verði síðar endurgreitt af mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar."

Að vísu er búið að breyta þessum tölum aðeins, en hér er gumað af því mjög að það eigi að taka stóra peninga til viðbótarframkvæmda til þess að örva atvinnu. Þessi upphæð, sem í upphafi átti að vera 1.800 millj. kr., endar reyndar í 1.550 millj. Ef grannt er skoðað og borin saman eldri vegáætlun og sú sem hér liggur fyrir til umræðu þá sést að ekki er allt sem sýnist. Því miður, getum við kannski sagt. En í viðbót við það er svo ætlað að taka af mörkuðum tekjustofnum Vegagerðar beint í ríkissjóð bæði á þessu ári og næstu árum í stað þess að reyna fremur að standa við vegáætlunina eins og hún er samþykkt og liggur fyrir og gera þá ráð fyrir því að ríkissjóður taki fjármuni til sinna eigin verkefna eða annarra verkefna að láni í stað þess að taka úr Vegasjóði fé á sama tíma og verið er að láta Vegagerðina taka stórkostlegar upphæðir að láni.

En ég sagði að ekki væri allt sem sýndist og mig langar aðeins til þess að rekja það.

Í þeirri vegáætlun sem liggur fyrir samþykkt fyrir árið 1991–1994 var gert ráð fyrir því að verja á árinu 1993 6.556 millj. kr. til framkvæmda. Ef viðbótarféð, 1.550 millj., er tekið út úr þeirri nýju vegáætlun sem hér liggur fyrir til umræðu er nettótalan 5.716 millj. Mismunurinn er þá 840 millj. kr. sem hin nýja áætlun er lægri en sú eldri. Í viðbót við þetta er síðan ætlað að greiða 330 millj. í rekstur ferja og flóabáta af þessari áætlun sem fyrir liggur. Þá er lækkunin til vegaframkvæmda orðin 1.170 millj. kr. af þessum 1.550 millj. sem hæstv. ríkisstjórn hefur gumað mikið af að ætla að setja í viðbótarframkvæmdir og örva með atvinnu. Nettótalan sýnist mér vera 380 millj. Nú kann að vera, og ég ætla þá að hafa á því fyrirvara, að hér séu eitthvað mismunandi verðlagsforsendur en það getur ekki verið svo mikill mismunur að skipti sköpum.

Þetta finnst mér benda til þess að þau fyrirheit sem gefin eru um verulega auknar framkvæmdir séu því miður minni en margir hafa vænst og hér sé því um ótrúlegan leikaraskap að ræða hjá hæstv. ríkisstjórn við uppsetningu á þessum málum.

Nú er það svo að þau verkefni sem áætlað er að fara í fyrir þessar viðbótarkrónur, 1,5 milljarða, eru að sjálfsögðu brýn og áhugaverð mál sem ekki er auðvelt að leggjast gegn eða hafa á móti. En það sem er óvenjulegt við vinnubrögðin og framkvæmdina er að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. samgrh. gera tillögu um hvernig þessu fé skuli úthlutað til einstakra stórra verkefna, en á móti er hins vegar Alþingi og hv. þm. ætlað að skera niður hina eldri áætlun frá því sem þeir höfðu áður ákveðið og fyrirhugað hafði verið. Það verður ekki auðvelt verk, hæstv. samgrh., og því miður hygg ég að það kunni að verða erfitt að ná um það samkomulagi í þingmannahópunum þó ég ætli ekki að hafa fyrir fram uppi neinar hótanir um það. Ég get a.m.k. látið þess getið að í þingmannahópi Norðurlands eystra hefur alla jafnan náðst um þessar framkvæmdir og þessa úthlutun fjár nokkuð gott samkomulag þó að menn kunni að hafa greint á um einstaka þætti.

Talandi um það langar mig aðeins að nefna að við þingmenn Norðurlands eystra höfum hist einu sinni til að fjalla um þessa áætlun. Það verður að segjast að þrátt fyrir viðbótarfé sem varið er til stórra verkefna, tveggja eða þriggja framkvæmda í okkar kjördæmi, verðum við því miður að skera niður mjög stórar upphæðir og mjög mörg brýn verkefni vegna hins almenna niðurskurðar á vegáætlun. Nú er þetta aðeins vinnuplagg sem hefur verið lagt fyrir okkur hér í upphafi og ekki ástæða til þess að fjölyrða um það á þessu stigi. Það verður unnið nánar, bæði í samgn. þingsins og svo í þingmannahópnum á ég von á. Við munum að sjálfsögðu ræða þar nánar um málið.

Máli mínu til rökstuðnings vil ég geta þess að átaksféð, ef svo má kalla það, þessar 1.550 millj. sem reyndar verða nettó miklu minna en það, eru í okkar kjördæmi 128 millj. 128 millj. eiga að renna til Norðurlands eystra af þessari upphæð samkvæmt þessum fyrstu drögum. En þær upphæðir sem við þurfum hins vegar að skera niður af þeirri áætlun sem við höfðum þegar ákveðið og samþykkt í þinginu eru rúmar 100 millj. kr. Það eru 17 millj. kr. í kafla norður frá Húsavík út á Tjörnesið. Það eru 27 millj. kr. í Kelduhverfinu. Það eru 42 millj. kr. á Brekknaheiðinni. Það eru 6 millj. kr. í vegarkafla á Aðaldalsvegi og 17 millj. kr. í vegarkafla í Reykjadal í Suður-Þingeyjarsýslu. Allir þessir kaflar eru, eins og hugmyndirnar liggja nú fyrir, felldir niður vegna þess að okkar hlutverk er það að skera niður 110 millj. kr. á sama tíma og það er hlutverk hæstv. ráðherra að úthluta í önnur verkefni 130 millj. kr.

Þetta vildi ég draga hér fram, virðulegur forseti, til þess að benda á að það er því miður ekki allt sem sýnist og hefði verið ánægjulegt að geta fengið til viðbótar 1,5 milljarða kr. til þess að framkvæma fyrir í vegakerfi landsins á nýbyrjuðu ári.

Varðandi svo þessar lántökur. Því miður er tími minn alveg að renna út en margt í raun ósagt en það verður að bíða 2. umr. að fara nánar yfir málið. Til viðbótar við þessar lántökur er, eins og ég nefndi í upphafi, gert ráð fyrir því að skerða tekjur til Vegasjóðs og láta þær renna beint í ríkissjóð. En ekki nóg með það. Við samþykktum í lok seinasta árs lög um breytingar í skattamálum þar sem gert er ráð fyrir því að verulegar upphæðir renni nú beint í ríkissjóð af bensíngjaldi sem hingað til hafa verið markaðir tekjustofnar Vegagerðarinnar. Nú á bensíngjald án viðkomu í Vegasjóði að renna beint í ríkissjóð, virðulegur forseti. Það hefði verið gaman að heyra þá yfirlýsingu frá hæstv. samgrh. að hann mundi beita sér fyrir því að sú fjárveiting, þeir sérstöku skattar sem Alþingi lagði á með lögum fyrir jólin, rynnu til þess að endurgreiða þetta lán. Í greinargerð með vegáætluninni sem við erum að ræða segir m.a.: „Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um lánstíma eða tilhögun á endurgreiðslu þessa láns". Það mundi sannarlega létta aðeins á manni brúnina ef við vissum að endurgreiðslan yrði þó þannig en ekki af þeim takmörkuðu fjármunum sem Vegagerðin hefur nú þegar til framkvæmda og mættu gjarnan vera meiri.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Mér koma þessar umræður hér svolítið á óvart. Ég hefði frekar búist við því að þeir sem hér hafa talað af hálfu stjórnarandstöðunnar mundu fagna þeim sinnaskiptum sem orðið hafa hvað varðar framlög til vegamála. Hér hefur verið gerð sérstök tilraun til þess að þyrla upp moldviðri í kringum þá auknu fjármuni sem nú verða til skiptanna til framkvæmda og til stóraukins átaks í vegamálum. Það er eitt stærsta hagsmunamál landsbyggðarfólks að gera átak í vegamálum. Við þær aðstæður sem þjóðarbúið býr nú við í efnahagslífi þjóðarinnar hefði fremur mátt búast við einum niðurskurðinum í viðbót á þessum vettvangi í stað aukins fjármagns sem til skiptanna er núna. Það er staðreynd að á þessu ári verður meiri fjármunum varið til vegamála en gert hefur verið allt aftur til ársins 1983 eða í heilan áratug. Ég hef ekki tölur lengra aftur í tímann. Þetta segja tölur til um og um þetta þarf ekki að deila.

Um það má að vísu deila hvernig fjármuna er aflað. Hitt er rétt að því sem næst í jafnlangan tíma hafa fjárlög verið afgreidd héðan frá Alþingi með halla og ríkissjóður rekinn með lánum til að brúa hallann. Það hefur sjaldnast verið umræðuefni hvernig á að greiða upp þennan halla. Hann safnast fyrir og er farinn að sliga þjóðarbúið svo að þriðji hver þorskur fer til greiðslu afborgana og vaxta sem þýðir að greiðslubyrðin er að komast upp í 30% miðað við útflutningsverðmæti þjóðarinnar. Þetta nefni ég hér vegna þess að það hefur verið gagnrýnt að þetta viðbótarfé, sem verður notað upp á 1.550 millj. kr., skuli vera tekið að láni og borgað í framtíðinni.

Það kemur fram í till. til þál. um vegáætlun að ekki sé búið að ákveða hvernig að endurgreiðslum verði staðið og það verði seinni tíma mál. Ég lít svo á að þetta sé einn hluti af lánabyrði þjóðarinnar eins og gildir um önnur lán þjóðarinnar.

Síðasta ár var líka mikið framkvæmdaár í sögu vegamála á Íslandi. Það var mesta framkvæmdaár miðað við tölur til framkvæmda allt frá árinu 1983 þrátt fyrir að um ákveðinn niðurskurð hafi verið að ræða miðað við þau lög sem gilda um fjáröflun til vegaframkvæmda. Það er ekki nýtt á Alþingi að gripið hafi verið til þeirra efnahagsaðgerða að skerða framlög til vegamála og taka markaðan tekjustofn að hluta til almennra útgjalda fyrir ríkissjóð. Að því hafa allar ríkisstjórnir staðið.

En nú verða kaflaskipti. Ákveðið er að verja meiri fjármunum til vegamála en gerst hefur í heilan áratug. (**Samgrh.:** Í tvo áratugi.) Hæstv. samgrh. bætir um betur og segir: Í tvo áratugi. Þetta er kjarni málsins. Og það þýðir ekkert fyrir þá sem vilja gera lítið úr þessu brýna lífskjaramáli þjóðarinnar að þyrla upp moldviðri og gera meira úr því hverjir skipta.

Auðvitað er það rétt hjá hv. 1. þm. Austurl. að það er mjög brýnt að um framkvæmdir í vegamálum geti ríkt sem best eining og sem best samstaða. Ríkisstjórnin ákvað að láta fylgja með tilkynningu sinni um viðbótarfjárveitingu tillögur um það hvernig þessari viðbótarfjárveitingu skyldi varið. Það er eins og um allar tillögur í vegamálum að þar verða kannski ekki allir á eitt sáttir í upphafi. Það gilti um þessar tillögur eins og svo oft áður. En nú er komið fram á framkvæmdaár og ég veitti því athygli að hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði að þetta væri til umræðu í sínum þingmannahópi og um þetta kynni að nást góð sátt. Og ég treysti því að í þingmannahópi Austurlands megi nást um þessar tillögur mjög góð sátt og skil ekki annað en grundvöllur sé til þess.

Þau þrjú verkefni sem tillaga hefur verið gerð um að verja þessum fjármunum til á Austurlandi er til vegaframkvæmda í Austur-Skaftafellssýslu, á Berufjarðarströnd og til stórverkefnis, byggingar nýrrar brúar yfir Jökulsá á Dal. Það deilir enginn um hve mikið og brýnt mál það er að byggð verði ný brú yfir Jökulsá á Dal. Þar er svo komið að brúin virðist í langtum verra ásigkomulagi en menn gerðu sér grein fyrir fyrir nokkrum árum síðan. Síðast en ekki síst er þetta að verða erfiður þröskuldur sérstaklega fyrir stærri flutninga og þá á ég við fiskflutninga á milli fjórðunga. Það er því stórt og brýnt mál að þarna verði gerð varanleg bót á. Ég held að það ætti að nást gott samkomulag og eining um að þessari framkvæmd verði flýtt frá því sem vegáætlun gerði ráð fyrir.

Tími minn er senn runninn. Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. samgrh. gaf í þinginu í síðustu viku að á morgun muni hefjast snjómokstur á leiðinni milli Norður- og Austurlands og þar verði mokað einu sinni í viku þannig þó að fært verði í tvo daga eins og veður og aðstæður leyfa. Þetta er fagnaðarefni og kannski fyrsta skrefið í átt að varanlegum vegabótum svo að þarna megi koma varanleg samgönguleið í framtíðinni, hvort sem það verður yfir öræfi eða meðfram strönd.

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Aðeins út af því sem fram kom hér hjá hv. 5. þm. Austurl. um að hann væri undrandi á því að menn skyldu ekki fagna þessum 1.550 millj. kr. sem kæmu til viðbótar til vegaframkvæmda. Ég er jafnundrandi á honum að vera enn að tala um 1.550 millj. kr. til viðbótar framkvæmda í vegamálum. Hann veit það vel sjálfur sitjandi í fjárln. hvernig þessi mál líta út gagnvart þeim niðurskurði sem er í raun á vegáætluninni eins og hún liggur fyrir okkur samþykktri í dag. Það erum við út af fyrir sig fyrst og fremst óánægð með. Ég er ekki að hafa á móti því og fagna því að það skuli hægt að setja 300, 400 eða 500 millj. kr. í viðbót í þetta verkefni. Það er áhugavert en það er á sama tíma jafnfurðulegt að hæstv. ríkisstjórn skuli gera það sem aðalmál í sínu atvinnuuppbyggingarstarfi að setja þessa „gífurlegu" fjármuni í vegagerð eins og hér hefur verið rætt um. Það er því miður það sem okkur virðist að ekki eigi að standa við.

Varðandi aftur það að ég hafi látið þau orð falla að það næðist væntanlega góð samstaða um það í þingmannahópi Norðurlands eystra að afgreiða vegáætlunina að þessu sinni með sama sniði og verið hefur að undanförnu, þá ítreka ég að ég vonast til þess. En ég árétta að það verður erfitt að gera það á sama tíma og búið er að ákveða verulega stór verkefni sem ekki voru á vegáætlun en ætla síðan þingmönnum að skera niður þau verkefni sem við vorum fyrir tveimur árum búin að ákveða að fara í. Það er vandinn. Þess vegna mun fólk spyrja þegar það sér nýja áætlun: Hvernig í ósköpunum stendur á því að ráðast þarf í allan þennan niðurskurð þegar verið er að hrópa það út og hæla sér af því að verið sé að setja stóraukna fjármuni í vegaframkvæmdir?

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar verið er að tala um það að eitthvað sé aukið er rétt að miða við sama mælikvarða. Réttast er að miða við þann mælikvarða sem hv. síðasta ræðumanni er kannski næstur og það er síðasta heila ár hans í ríkisstjórn sem ráðherra. Þá stóð hann að því að verja 5,2 milljörðum kr. til vegamála. Núna er verið að verja tæpum 7 milljörðum kr. til vegamála. Ef þetta er ekki vitnisburður um að verið er að tala um raunaukningu til vegamála þá veit ég ekki hvar þarf að finna vitnin til.

Við getum líka hugsað okkur annan mælikvarða til viðmiðunar. Ég held eigi að síður að þetta sé sá mælikvarði sem við skiljum öll hér inni.

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er auðvitað endalaust hægt að velta sér aftur og fram með tölur. Það þekkjum við og vitum að er auðvelt verkefni í raun. Ég tel mig þó hafa dregið það mjög skýrt fram áðan þegar ég var að benda á það hver væri mismunurinn á þeirri vegáætlun sem við annars vegar höfum verið að vinna eftir og samþykkt er og hins vegar þeim hugmyndum sem hér liggja fyrir og þeim fullyrðingum að verið sé að stórauka framkvæmdir til atvinnusköpunar upp á 1,5 milljarða kr. Það voru mínar athugasemdir. Hverju hefur verið varið til vegamála í einhverri fortíð er svo auðvitað allt annað mál. Það getur verið ánægjuefni ef hægt er að auka þessar framkvæmdir frá því sem var 1990. Ég hygg að það sé það ár sem þingmaðurinn tók hér til viðmiðunar. Má auðvitað benda honum á það líka að eitthvað hefur verðlag breyst á þeim tíma þó að það hafi ekki verið mikið og skipti ekki neinum sköpum í þessum samanburði. En það sem ég dró fram hér og get staðið við, bæði gagnvart hv. þm. og öllum öðrum og sýnt mönnum það hvar og hvenær sem menn vilja á það líta, er að við erum að tala um að auka framkvæmdir frá því sem áður hafði verið fyrirhugað um líklega 400 millj. kr. en ekki 1.550 millj. eins og hv. þm. og hæstv. ríkisstjórn hafa látið í veðri vaka.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning, þá er ég að tala um tölur á föstu verðlagi. Ef hv. þm. Guðmundur Bjarnason sæti í ríkisstjórn nú og ætlaði að kynna fyrir okkur vegáætlun þá er hann stóð að að kynna árið 1990, þá væru tölurnar sem til umræðu væru 5 milljarðar 225 millj. kr. og hefði hann án efa verið stoltur af. Í staðinn erum við að tala um tölur til framkvæmda sem eru upp á 6 milljarða 936 millj. kr. og við hljótum að vera sammála um það, hv. þm. Guðmundur Bjarnason og ég, að við erum stoltari af þessari tölu en hinni lægri.

Þetta er kjarni málsins. Að drepa málinu á dreif er að þora ekki að horfast í augu við þennan kjarna málsins. Við eigum að sameinast um að fagna þessu því aukin fjárveiting þýðir auknar framkvæmdir. Auðvitað eru þær atvinnuskapandi. En hinn atvinnuskapandi þáttur framkvæmdanna kemur best fram í betri samgöngum. Það þekkjum við vel sem úti á landi eigum heima.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson sagði áðan að við ættum að fagna því að framkvæmdir í vegamálum væru auknar. Það hefur vissulega verið gert. Því var fagnað strax í haust þegar tilkynning kom frá ríkisstjórninni um auknar framkvæmdir upp á 1,8 milljarða kr. Síðan hefur þetta fjármagn minnkað raunar í 1.550. En það fylgdi náttúrlega þeim fögnuði stjórnarandstöðunnar og annarra þingmanna að þeir vildu vita hvernig þessar milljónir væru fengnar og hvernig vegáætlun mundi líta út. Ef við skoðum aðeins framlög til Vegagerðarinnar á síðustu árum, þá var vegáætlun skert af þessari ríkisstjórn um 350 millj. kr. árið 1991. Árið 1992 var vegáætlun skert um 750 millj. kr. og nú á að skerða um 344 millj. Allt þetta rennur beint í ríkissjóð og er skerðing upp á samtals 1.450 millj. kr. frá því að ríkisstjórnin tók við. Núna segist hún ætla að auka framlög til vegamála um 1.550 millj. Það munar ekki nema 100 millj. þarna. Og ef við tökum ferjurnar með er það líklega dæmi upp á 400 millj. kr. á þessu ári. Þar með erum við komin í mínus 300 millj. kr. frá því að ríkisstjórnin tók við. Það er

auðvitað endalaust hægt að leika sér með tölur á þennan veg.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 6. þm. Vestf. sagði í andsvari sínu að hún hefði viljað vita hvernig ætti að verja þessum auknu fjármunum til verkefna í vegamálum. Það var kannski ein ástæða þess að ríkisstjórnin taldi rétt að leggja einnig fram tillögur um það hvernig þessum peningum ætti að verja um leið og hún tilkynnti að hún ætlaði að standa að því að aukið fé kæmi til framkvæmda í vegamálum. Þetta langar mig til að undirstrika sérstaklega vegna þess að hv. 6. þm. Vestf. gaf tækifæri til þess. Ég er sammála henni um að það er heiðarlegra að standa þannig að verki að ríkisstjórnin segi fyrir um það um leið og hún tilkynnir um svo stóraukið framlag til vegamála hvaða tillögur og væntingar hún hefur um það hvernig fénu verður varið.

Ég held að það þjóni engum tilgangi að vera í orðhengilsleik um það hvernig tölur eru lagðar saman og dregnar frá. Kjarni málsins er náttúrlega hvað mikið fé er til skiptanna, til framkvæmda. Það er kjarni málsins. Erum við að auka fé til framkvæmda í vegamálum eða erum að minnka fé? Ef við ætluðum að láta allar vegáætlanir sem Framsfl. stóð að á árinu 1983–1991 gilda, þá erum við að tala hér um stóraukningu frá öllum árunum frá 1983 til ársins 1991.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan eru allir ánægðir með það ef hægt er að veita auknu fé til vegamála en því miður virðist það ekki vera þannig hér að um mjög mikið aukið fjármagn til vegagerðar sé að ræða. Einnig það að þegar þessar tillögur ríkisstjórnarinnar komu fram voru það ekki bara tillögur sem síðan átti að fjalla um í þingmannahópum og samgn., eins og vegalög segja fyrir um, heldur var strax gefið leyfi til Vegagerðarinnar um að láta fara fram útboð án þess að það kæmi neitt til kasta Alþingis.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er afar sérstæður málflutningur sem hér er hafður frammi. Hér er sagt: Auðvitað fögnum við því ef um aukið fé er að ræða til framkvæmda í vegamálum. Síðan er farið að efast um að um aukið fé sé að ræða. Ég er að vitna í opinber gögn um að til framkvæmda og rekstrar í vegamálum eru tæpir 7 milljarðar kr. Á síðasta ári höfðum við um 5,7 milljarða til skiptanna. Samkvæmt þessum tölum erum við alla vega að tala um mun er nemur 1.200 millj. á milli ára. Ef ég ætlaði að miða við síðasta ár sem Framsfl. var við stjórn, þá værum við að tala um 1.700–1.800 millj. kr. Það er alveg sama hvaða viðmiðun er tekin til sl. 10 ára. Veljið þið bara eitt ár af síðustu tíu árum. Hæstv. samgrh. þorir að miða við 20 ár og þá er örugglega hægt að líta lengra aftur. Það er sama hvaða ár er tekið til viðmiðunar. Þessi tala er alltaf sú hæsta sem um ræðir til framkvæmda á þessu ári. Þetta er sá eini raunhæfi samanburður sem til er. Eru meiri peningar til skiptanna til framkvæmda á þessu ári en á fyrri árum? Sú er raunin. Og þetta er kjarni málsins. Við eigum ekki alltaf að fyllast skelfingu, eins og nóbelsskáldið sagði, um leið og við stöndum andspænis kjarna málsins.

Útbýting þingskjals:

Fullgilding samnings um fríverslun milli Íslands og Færeyja, 354. mál, stjtill., þskj. 633.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Það er greinilegt að hv. 5. þm. Austurl. hefur fyllst skelfingu þegar hann fór að fara yfir það hvernig hefur farið fyrir því stórkostlega átaki í vegamálum sem var kynnt hér í haust. Hann hefur reyndar staðið í því að vera að reyna að sýna mönnum fram á að það sé meira fé á þessu ári til vegaframkvæmda en hafi verið. Það er ekki orðin hærri þúfan en þetta sem um er deilt að það þarf að sanna það hér í tölum að þetta sé hærra. Út af fyrir sig efast ég ekkert um að það verður meira fé handa á milli hjá Vegagerðinni til þess að nota í framkvæmdir á þessu ári en var í fyrra. En það er kannski ástæða til þess að bera saman örfáar tölur frá árinu í fyrra og nú. Þær sýna svo ekki verður um villst að niðurskurðurinn á síðasta ári, svo maður taki nú ekki niðurskurðinn sem var á árinu þar á undan með í reikninginn líka, kemur tæplega til baka með þeirri aukningu sem menn eru með á prjónunum núna. Og það er hægt að sýna fram á það með þessu dæmi sem ég er hér með.

Á fjárlögum núna er gert ráð fyrir því að 344 millj. séu teknar í ríkissjóð, að 330 millj. fari til ferja og flóabáta og það verði hætt við lántökuna sem átti að vera í Vestfjarðagöng á þessu ári upp á 250 millj. Samtals eru þetta 924 millj. Stórátakið fór úr 1.800 millj. niður í 1.550, þ.e. lántakan og ef við drögum þessa upphæð frá eru eftir 626 millj. Ef við síðan drögum frá það sem skorið var niður á árinu í fyrra sem var samkvæmt tölum Vegagerðarinnar sem ég hef hér í höndum samtals 765 millj. frá vegáætlun og rauntekjum vegáætlunar í fyrra eins og þær hefðu orðið miðað við þær tölur sem þá voru, þá erum við komin niður í -139 millj. ef við tökum þessi tvö ár og skoðum þau og berum þau saman við þá vegáætlun sem var í gildi. Hvers vegna voru menn þá að leggja í þennan leiðangur? Ef menn hefðu leyft vegáætluninni að standa (**GunnS:** Berðu saman við afrek flokksins þíns í vegamálum sem ...) Ég er að bera saman það sem við höfum hér í höndunum, þ.e. það sem þessi ríkisstjórn er að gera (**Gripið fram í:** Hvað með Norðurlandskjördæmi eystra?) og út úr því kemur það að á tveimur árum kemur þetta stórkostlega átak út á minna en núll miðað við vegáætlun. Það sem ég ætla að kvarta hér yfir eru þessar vinnuaðferðir. Annaðhvort er hér um að ræða alveg ótrúlegan hringlandahátt og stefnuleysi ríkisstjórninnar eða þá útsmogna aðferð til þess að breyta framkvæmdaröðinni í vegáætluninni. Það var sem sagt ákveðið að skera niður í upphafi og síðan er komið með einhverjum miklum „elegance“ og boðið upp á lánsfé til vegagerðar og það er stórátak í atvinnumálum sem þar er á ferðinni að mati ríkis-

stjórnarinnar. Út úr því kemur núll ef borið er saman við þær áætlanir sem fyrir lágu og minna en núll því að hv. 5. þm. Austurl. spurði hér hvað eftir annað: Erum við að auka fé til vega eða erum við ekki að því? Ég hygg að ég hafi þetta rétt eftir honum. Ef það stendur sem ríkisstjórnin hefur verið að segja um þessi mál, þá erum við ekki að auka fé til vegamála nema á þessu ári því að það er verið að flýta framkvæmdum og það á að greiða þetta til baka vegna þess að þetta á að vera lánsfé sem Vegasjóður á að skila til baka þannig að það er augljóst að þetta mun ekki skila sér þegar til lengri tíma er litið sem aukið fé til vegamála. Það kann hins vegar vel að vera að við fáum einhvern hluta af þessu til baka vegna góðra tilboða núna og sannarlega ætla ég ekki að mæla gegn því að menn snúi frá villu síns vegar og fari að auka framkvæmdir í vegamálum því að það er eins og ég sagði fyrst verið að gera á þessu ári. Og reyndar hvöttum við mjög til þess þegar verið var að ræða um síðustu vegáætlun, þá höfðu menn áður skorið verulega niður frá því sem hafði verið ætlað.

Ég geri ekki ráð fyrir því að menn komist að einhverri niðurstöðu í þessum talnaleikjum sem hér hafa verið viðhafðir. En ég endurtek þá kvörtun mína að ég tel að það hefði verið miklu eðlilegar að málum staðið með því að láta vegáætlun standa og með því að fara eftir þeim leikreglum sem hafa verið viðhafðar hér fram að þessu við ákvarðanir um breytingar á vegaframkvæmdum.

Það er kannski samt ástæða til að benda á það til þess að upplýsa það ef menn hafa ekki þær tölur hjá sér að á tímabilinu frá 1982–1992 verða mjög litlar breytingar á fjárframlögum til vegamála. Það er á sama verðlagi munurinn 1982 og 1992 5.341 millj. heildarútgjöld til vegamála 1982 og 5.565 millj. árið 1992. Og árið sem nú er hafið er engin undantekning þarna frá. Ef sú tala er dregin frá sem bætist við kostnað við ferjur og flóabáta, þá standa eftir 5.386 millj. áður en átakið kemur til viðbótar sem menn hafa verið að hæla sér af sem búið er að lækka niður og ég er búinn að fara hér örfáum orðum um hvernig kemur út í tölum.

Mig langar að segja hér fáein orð um ferjurnar sem ég minntist hér á áðan að hafa verið fluttar til Vegagerðarinnar. Þá vil ég benda á það að í frv. til vegalaga sem liggur fyrir þinginu er í 23. gr. gert ráð fyrir því að það verði stefnubreyting hvað varðar ferjur og flóabáta. Og ég sé nú að tími minn er að verða mjög skammur þannig að ég mun ekki geta lokið því að fjalla um ferjur og flóabáta eins og ég vildi, en í þeirri breytingu, sem þarna er gerð, er gert ráð fyrir því að þær ferjur sem eru á ferjuleiðum, sem eru tengdar við vegi sem þar eru allt árið, falli út sem styrkhæfar í framtíðinni. Ég tel að það sé varhugavert að ákveða þetta og ég mótmæli þessari stefnu, en ég mun færa fram meiri rök fyrir því síðar.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson streittist við það hér í upphafi ræðu sinnar að reyna að reikna sig niður í einhverja lækkun og veit ég vel að þeir hv. þm. stjórnarandstöðunnar eru miklir reiknimeistarar og eyða löngum tíma í umræður um það hvenær hægt er að reikna hlutina langt niður fyrir það sem staðreyndir segja til um. Mig langar bara til þess að upplýsa hv. þm. Jóhann Ársælsson að ef flokksbróðir hans, Steingrímur J. Sigfússon, væri að leggja núna fram sína vegáætlun, sína framkvæmdaáætlun sem hann lagði fram árið 1990, þá væri hann að bjóða þér og mér upp á fjármagn til framkvæmda og reksturs upp á 5,2 milljarða kr. En núv. ríkisstjórn er að leggja fram tillögur um framkvæmda- og rekstrarfé upp á tæpa 7 milljarða kr. Hér er mikill munur á. Og veit ég það að hv. þm. Jóhann Ársælsson samfagnar mér og öðrum að hér hafa orðið sinnaskipti, hér hafa orðið kaflaskipti hvað varðar framkvæmdir í vegamálum sem er grundvöllurinn undir allri raunhæfri byggðastefnu. (**Gripið fram í:** Það er nú hæpið með sumt af þessu.) Ef þetta er ekki hækkun, þá veit ég ekki hvernig hægt er að tala um lækkun á sama tíma.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tek undir það að það eru þarna á ferðinni veruleg sinnaskipti því að þegar við vorum að ræða um vegáætlun hér í fyrra, þá vorum við að reyna að fá stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar til þess að hverfa frá villu síns vegar, þ.e. þeim niðurskurði sem þeir fá voru að berja hér í gegnum þingið. Það eru auðvitað sinnaskipti og hv. 5. þm. Austurl. getur kallað þetta kaflaskipti ef hann lítur svo stórt á málið. Og ég ætla alls ekki að draga úr því að þarna sé á ferðinni veruleg breyting. Ég býst við því að hv. þm. sé svona mikið niðri fyrir vegna þess að hann hafi lagt mikið á sig til að fá þessa breytingu í gegn í stjórnarflokkunum. Og það er auðvitað vel að honum hefur tekist það.

En af því að hann nefndi hæstv. fyrrv. samgrh. og hvað hefði verið í gildi ef þær áætlanir sem hann lagði hér fyrir þingið hefðu staðið áfram, þá vil ég bara minna á það sem ég hef hér í höndunum og er plagg frá Vegagerðinni frá því í fyrra. Þar var gert ráð fyrir því að á vegáætlun 1992 yrðu 6.318 millj. kr. og eftir að það hefði verið reiknað til verðlags aftur og tekjurnar endurskoðaðar, þá væri þarna um að ræða rúma 6 milljarða. Þetta var skorið verulega niður og um rúmlega hálfan milljarð á því ári. Og þannig var gert ráð fyrir að vegáætlunin yrði yfir 6 milljarða á þessum árum sem þarna er verið að tala um. Ég tel þess vegna og það er ekki vafi að ef þær tölur yrðu skoðaðar og þær áætlanir sem lágu fyrir, þá hefði verið meira til skiptanna til vegaframkvæmda ef engu hefði verið breytt heldur en ef hefði verið farið að hringla í þessum málum með sama hætti og gert hefur verið.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna skoðanaskiptum hv. þm. sem hér komu svo greinilega fram nú í síðustu ræðu hans. Nú er hv. þm. farinn að samfagna hinni raunverulegu niðurstöðu þegar hann hefur verið sannfærður um það hvað tölur segja klárt og kvitt um hve mikið er til framkvæmda í vegamálum nú og hve mikið

var til framkvæmda í vegamálum hér á árum fyrrum og sérstaklega þegar hans eigin flokkur fór með þann málaflokk. Ég eyði ekki tíma mínum í það í pólitík að ræða það hverjum ber að þakka slíkt. Ef stjórnarandstaðan vill þakka sér þennan árangur, þá má hún eiga þær þakkir allar. En eitt veit ég að þetta er árangur sem skilar sér í bættum lífskjörum til þjóðarinnar og það er þjóðin sem á þetta skilið. En hverjum ber að þakka, það geta þeir leitt hugann að sem eru svo upphafnir í hégómanum að þeir hafa tíma og geð til slíkra umþenkinga.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það hafa ekki orðið nein sinnaskipti hjá mér svo að ég hafi orðið var við. Ég sagði í upphafi ræðu minnar að það væri meira til framkvæmda á þessu ári heldur en hefði verið í fyrra og það væri enginn vafi. Og ég get endurtekið það hér ef það er ástæða til að gera það. Ég tel að þetta sé í raun og veru allt saman augljóst mál og menn geta farið yfir þær tölur og skoðað þær í krók og kring. Mín niðurstaða er sú að það sé minna til framkvæmda, ef litið er yfir 2–3 ár, en hefði verið ef menn hefðu látið það ógert að vera að hringla í vegáætlun. Og ég tel að við værum að mörgu leyti miklu betur sett, ég tel að það hefði alls ekki átt að fara svona að eins og gert hefur verið. Vegagerðin stendur frammi fyrir því að borga til baka stórkostlega peninga eftir stuttan tíma. Það hefur ekki verið gerð nein grein fyrir því, hvernig menn ætla að fara með það mál og ég tel að það hefði verið rétt að þessu staðið með því að taka þá peninga sem lagðir voru á bifreiðaeigendur núna við gerð fjárlaga að nota þá í vegaframkvæmdir og sleppa því að taka þessi lán. Þannig hefði átt að standa að þessum málum og þannig hefði þjóðin og bifreiðaeigendur sérstaklega orðið miklu ánægðari með þær álögur sem á þær hefðu verið lagðar. Og ég trúi því ekki að hæstv. samgrh. sé ánægður með það að fara út úr samgrn. eftir að hafa verið búinn að safna þar upp stórkostlegum skuldum eins og nú liggur fyrir að verði.

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Ég fer nú að halda að opnufrétt í Alþýðublaðinu sem ég las í morgun sé rétt og hér hafi stigið samgönguráðherraefni Alþfl. í stólinn, hv. 5. þm. Austurl., þar sem hæstv. samgrh. er nú orðinn bara statisti í þessum umræðum, en það stendur hér að ráðherraskipti hafi verið rædd þannig að hér kunna að vera kaflaskil (**ÓÞÞ:** Sinnaskipti, þá væru sinnaskipti.) eða kaflaskil mundi ég segja.

Vegamál og vegáætlun hverju sinni eru málefni sem þarfnast ítarlegrar umræðu og þau þarfnast samstöðu þingmanna. Og vegamál eru ekki svo pólitísk í sjálfu sér. Takmarkið er það sama: að bæta samgöngur. Ég hef ekki trú á öðru en allir þingmenn séu sammála um það og það er nauðsynlegt að halda þannig á þeim málum að þar sé litið á heildarhagsmuni og málum sé þokað nokkuð á leið.

Ég fagna því auðvitað þegar ríkisstjórnin tekur þá ákvörðun að veita viðbótarfjármagni til vegagerðar, en það viðbótarfjármagn, eins og hefur verið rakið hér, er auðvitað háð ýmsum skilyrðum. Það er lántaka sem á að greiða síðar og það er eins og fram kemur í vegáætluninni ekki ákveðið hvernig þeirri endurgreiðslu verður háttað. Verður byrjað að endurgreiða þetta lán á næsta ári? Verður byrjað að endurgreiða það einhvern tíma seinna eftir þetta kjörtímabil eða hvernig verður þessari endurgreiðslu háttað? Það þarf auðvitað að koma í ljós áður en þessi vegáætlun er afgreidd hér og e.t.v. getur hæstv. samgrh. upplýst eitthvað um það, því að hann á vafalaust eftir að tala hér við þessa umræðu, um stöðu þeirra mála nú. En það er alveg rétt sem fram hefur komið trekk í trekk að hér er ekki allt sem sýnist. Menn leggja ekki vegi fyrir fjármagn sem ferjusiglingar eru kostaðar með og það hafa verið teknar ákvarðanir um að taka endurgreiðslu og lántöku vegna Vestfjarðaganga inn í vegáætlun. Ég þarf ekki að rekja það því að það hefur verið rakið hér á undan í þessum stutta tíma sem ég hef til ráðstöfunar hér.

Ég vil koma hér inn á vegi sem hafa verið lítið ræddir varðandi vegáætlun og kannski lítið ræddir í gegnum árin og það eru sýsluvegirnir. En það er því miður þannig að það er dregið saman fjármagn til þeirra við þessa vegáætlun. Hér er ekki um ýkjamiklar fjárhæðir að ræða miðað við heildina en eigi að síður er það þó tilfinnanlegt og það er vegna þess að það er ekkert langt síðan að þessir sýsluvegir komu yfir á ríkið eingöngu og það hefur ekki verið staðið við af ríkisins hálfu að leggja það fjármagn í sýsluvegina sem var lagt til þeirra áður, meðan þetta var sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga. Sveitarfélögin lögðu yfirleitt fram mótframlag. Þess hefur ekki verið gætt að það fjármagn héldi sér að raungildi sem lagt er til sýsluveganna. Ég beini því nú til samgn. að hún skoði þetta sýsluvegamál, kynni sér það rækilega og leiti leiða til úrbóta því að víða á landinu hagar þannig til að það eru mjög mikil verkefni eftir í sýsluvegunum. En ég vil minnast á þetta mál sérstaklega þó að hér sé talað um ýmis stærri málefni og miklar tengingar og mikil verkefni í vegagerð.

Ég vil einnig nota þetta tækifæri til þess að inna hæstv. samgrh. eftir því og spyrja hann að því hvort það séu uppi áform um að breyta áherslum í jarðgangagerð á Íslandi. Það var samstaða um það að ég hélt þegar jarðgangagerð var hafin á ný á Vestfjörðum að forsendan fyrir jarðgangagerð væri sú að rjúfa einangrun byggða. En nú heyri ég það, og sá í sjónvarpsviðtali hæstv. samgrh.ýja að því, að það væri ekkert sjálfgefið að þetta yrði áfram við lýði og það gæti alveg eins komið til að jarðgöng undir Hvalfjörð yrðu næst á eftir Vestfjarðagöngum. Nú er það hin ágætasta framkvæmd í sjálfu sér og styttir leiðir á milli byggðarlaga en það gilda þar um sérstök lög og áætlun um að taka þar veggjald og taka þá framkvæmd ekki inn í vegáætlun. Ég vil inna hæstv. samgrh. eftir því hvað liggi að baki slíkum yfirlýsingum eins og ég hlýddi á að hann gaf í sjónvarpi nú nýverið.

Það hefur verið rætt um vinnubrögðin varðandi þessa vegáætlun og hv. 1. þm. Austurl. gerði því skil og ég hef í rauninni litlu við það að bæta. Það hefur

verið tilkynnt og er öllum kunnugt um lista ríkisstjórnarinnar yfir það hvernig á að verja þessu viðbótarfjármagni sem hún kallar. Og það er sagt frá því í vegáætlun að sú skrá sé lögð fram með vegáætlun nú, það er hér á bls. 27, með leyfi forseta:

„Ákvörðun ríkisstjórnarinnar fylgdi skrá yfir þau verkefni sem njóta skyldu hins aukna fjármagns. Verður sú skrá lögð fram við meðferð málsins á Alþingi."

Ég vil nú beina þeirri fyrirspurn til hæstv. samgrh. hvort það er ætlunin að leggja þetta fyrir Alþingi þannig að Alþingi geti breytt einhverju þarna um. Ég er sammála því sem fram hefur komið að það er ekkert auðvelt að breyta slíku eftir að búið er að leggja fram skrá um hin þörfustu verkefni (**Gripið fram í:** Og búið að bjóða þau út.) og búið að bjóða sum út. Ég á ekkert frekar von á að það verði gert (Forseti hringir.) en það er mikilvægt að það komi fram hvort Alþingi hefur leyfi til, sem ég veit að það hefur leyfi til því að það er lögbundið, að skipta þessum fjármunum. Ef það hefur ekki verið ætlunin að hreyfa þarna við neinu, þá er það hreinlega lögbrot vegna þess að það stendur í vegalögum: „Við meðferð tillögunnar fyrir Alþingi skal ákveðin skipting útgjalda til einstakra framkvæmdaliða og tillagan afgreidd í endanlegu formi sem þál. um vegáætlun fyrir fjögurra ára tímabil." (Forseti hringir.) Ég er alveg að ljúka máli mínu, virðulegi forseti. „Sé fé veitt til þjóðvegagerðar eftir öðrum leiðum en getið er um í till. til þál. um vegáætlun, svo sem í landshlutaáætlun eða á annan slíkan hátt skal fjalla um skiptingu þess innan ramma vegáætlunar á sama hátt og að framan getur."

Það þarf engum blöðum um það hér að fletta að ef það er ekki meining ráðherra að Alþingi geti breytt hér stafkrók, þá er það að sjálfsögðu lögbrot.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað algerlega út í hött að það sé lögbrot að leggja vegáætlun fyrir með þeim hætti sem hér hefur verið gert. Þessu er margsvarað hér í ræðustól, hefur verið gert af öllum ráðherrum á öllum tímum að flytja þáltill. og frumvörp í samræmi við venjur og að fengnu samþykki innan ríkisstjórnar. En það er auðvitað alveg út í hött að það sé lögbrot.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég tók fram skiptir það meginmáli og það kom ekki fram í máli ráðherra hvort ríkisstjórnin ætlast til þess að þessi skrá, sem lögð er fram með vegáætluninni, sé óbreytanleg. Ég hef heyrt að ríkisstjórnin líti þannig á en það er mikilvægt að það komi hér fram frá hæstv. samgrh. hvort hann lítur svo á. Ég lít náttúrlega svo á að Alþingi eigi að fjalla um þessa skiptingu. En ég segi það jafnframt að það er ólíklegt að Alþingi treysti sér til að gera miklar breytingar á þessari skiptingu eftir að það hefur verið fjallað um hana úti í þjóðfélagingu. Þess vegna eru þessi vinnubrögð náttúrlega alveg óhæf. Alþingi á að sjálfsögðu að fjalla um skiptinguna.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eðlilegt að þingmenn Framsfl. tali um að þessi vinnubrögð séu ótæk. Þeir hafa ekki vanist því síðan 1991 að vera í stjórnarandstöðu og kunna ekki til verka á þeim vettvangi en það er kominn tími til.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Stundum getur nú málflutningur hæstv. ráðherra verið með þeim hætti að maður hikar við að fara upp í stólinn til andsvara. Það er náttúrlega lýðum ljóst að ráðherrann hefur skotið sér undan því að svara þeirri spurningu minni, sem er ósköp einföld, hvort hann líti svo á að sú skrá yfir framkvæmdir og skiptingu framkvæmda, sem er lögð fyrir Alþingi með vegáætluninni frá ríkisstjórninni, sé óumbreytanleg eða hvort hann líti svo á að Alþingi eigi að fjalla um þetta á venjulegan hátt. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra fjalli um þessi mál öðruvísi en með útúrsnúningum og orðhengilshætti. Og ég krefst þess að þessum spurningum sé svarað því að svarið við þeim er einfalt.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það hefur nú komið fram í umræðunni að það væri ekki að ófyrirséðu þó að þingmenn létu í ljós skoðanir sínar og áhuga þegar málefni af þessum toga eru rædd hér á Alþingi. Það er að sjálfsögðu vísara heldur en frá þurfi að segja að fá mál eru mikilvægari fyrir fólkið í þessu landi, ég tala nú ekki um fólkið úti á landsbyggðinni, en umbætur í vegamálum. Og þótt mikið hafi áunnist í þeim efnum á síðustu árum, þá er eins og þessi mál séu alltaf jafnbrýn.

Hér hafa menn rætt vítt og breitt um þá vegáætlun sem til meðferðar er að þessu sinni, endurskoðun á fjögurra ára áætlun sem afgreidd var hér á Alþingi árið 1991. Samkvæmt því sem ég get lagt mat á, þá sýnist mér að það liggi fyrir tvær afar mikilvægar niðurstöður í vegamálum á grundvelli þessarar vegáætlunar. Sú fyrri er að vegáætlun frá árinu 1991, eins og hún var þá afgreidd, bjartsýn vegáætlun afgreidd hér á Alþingi nær að ganga fram í öllum meginatriðum. Ég hygg að það dyljist engum þingmanni sem hefur starfað hér um einhver ár á Alþingi að venjulega hefur endurskoðun á fjögurra ára áætlun leitt til þess að það hafi þurft að draga úr vegaframkvæmdum gagnstætt því sem nú er.

Önnur mikilvæg niðurstaða fæst líka við gerð þessarar áætlunar og hún er sú að það sér fyrir að hringveginum verði lokað á allra næstu árum með vel uppbornum vegum og á þá lagt bundið slitlag. Ég geri ráð fyrir því að þegar hv. alþm. hafa farið yfir þessi mál í kjördæmahópunum, þá verði mönnum þetta mætavel ljóst.

Nú er það þannig að það er að sjálfsögðu mikið af vegum utan hringvegarins og ekki skal ég draga úr þörfinni fyrir umbótum á þeim vegum, en það vill svo til að þegar horft er til kjördæmanna sem eiga hlutdeild í hringveginum, Suðurland, Vesturland, Norðurlandskjördæmin bæði og Austurland, þá stendur langmest út af í Austurlandskjördæmi. Innan örfárra ára

virðist mér að það verði búið að leggja bundið slitlag á hringveginn nema í Austurlandskjördæmi og reyndar einnig austast á Norðurl. e. Það er alveg augljóst mál að þær áherslur sem hafa komið inn í þessa umræðu með hinu svokallaða viðbótarfjármagni taka að nokkru mið af þessum staðreyndum. Og afar fljótt á litið, án þess að ég hafi nú farið í gegnum það mál ítarlega, þá sýnist mér jafnvel að hlutur Austurlandskjördæmis sé a.m.k. síst verri, kannski er hann betri heldur en annarra kjördæma að þessu leyti. Ástæðan er sú að þetta óskaplega umdeilda verkefni, bygging brúar á Jökulsá á Dal, er fjármagnað að stórum hluta til af Stórverkefnasjóði eins og sú framkvæmd á rétt til. Og það er vissulega kaldhæðni örlaganna í þessari umræðu, og sýnir nú hvernig mál af þessum toga geta spunnist, að þetta er þessi umdeilda framkvæmd í Austurlandskjördæmi.

Nú er það svo að þingmenn Austurl. hafa enn ekki farið yfir drög að nýrri vegáætlun nema mjög lausleg drög sem þeim var afhent, mig minnir 17. nóv. sl. og þá sem trúnaðarmál. Þau voru það ófullkomin að þau voru ekki tæk til umræðu, t.d. í kjördæminu, en samkvæmt þeim og við samlestur á þeim og gildandi vegáætlun, þeirri vegáætlun sem verið er að fjalla hér um, þá sýnist mér að nær öll verkefni í kjördæminu muni geta gengið fram og þar að auki þær áherslur í vegamálum sem viðbótarfjármagnið gerir ráð fyrir. Fyrir mér, síðan ég kom á þing, er þetta grundvallarbreyting frá því sem verið hefur í þessum málum, alger grundvallarbreyting í þá veru að styrkja og auka vegaframkvæmdir í Austurlandskjördæmi. Og ég satt að segja trúi því nú ekki þegar menn fara að líta á þessi mál í betra næði (Forseti hringir.) að menn komist ekki að þeirri niðurstöðu hvað þessi áætlun er einmitt mikilvæg fyrir Austurland og fyrir Norðurl. e. — Og nú sé ég að hv. 1. þm. Norðurl. e. skrifar mikið. (Forseti hringir.) Ég skal ljúka hér máli mínu, virðulegi forseti.

Ég vil aðeins taka það fram í þessu sambandi að lántaka er ekki nýlunda og mér finnst ástæða til að það komi hér skýrt fram í þessari umræðu að það hefur verið fallið frá lántöku til Vestfjarðaganganna upp á 600–700 millj. þannig að það verður náttúrlega að draga þá lánsheimild frá því sem hér er gert ráð fyrir. Og að síðustu, virðulegi forseti, vil ég taka það skýrt fram að ég ber fulla ábyrgð á þeirri ákvörðun (Forseti hringir.) sem ríkisstjórnin tók við skiptingu þessa viðbótarfjármagns og ég get með engum hætti sætt mig við það að þar sé verið að átelja samgrh. einan og ég hygg að það sé eins með hinn stjórnarþingmanninn af Austurlandi að þessi ákvörðun hafi verið gerð að hans vitorði.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig mikilvægt að það hefur verið upplýst hér á Alþingi að sá nýi háttur sem hefur verið tekinn upp við gerð vegáætlunar er sá að hæstv. samgrh. hefur væntanlega gert tillögur í samráði við þingmenn stjórnarliðsins á Alþingi. Þá vitum við það að hér eru komin upp alveg ný vinnubrögð, að það er ekki ætlast til þess að þingmenn stjórnarandstöðu fjalli um vegáætlun nema til málamynda og það er væntanlega það sem hæstv. samgrh. á við þegar hann vill kenna Framsfl. hvernig hann á að vinna í stjórnarandstöðu. Hann sagði það hér áðan að það væri nú kominn tími til að kenna þessum flokki að vinna í stjórnarandstöðu og ég vænti þess að það séu þessi nýju vinnubrögð að samgrh. sé þeirrar skoðunar að þingmenn stjórnarandstöðunnar eigi ekkert að hafa um þessi mál að segja. Það hefur verið upplýst hér af hv. þm. Agli Jónssyni að þetta hafi verið gert af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar. Þá vitum við það. En þá er náttúrlega alveg tilgangslaust að kalla okkur á þá málamyndafundi um þessi mál því að það liggur alveg fyrir að það verður að skera niður ýmsar framkvæmdir. Það er ekki rétt sem hv. 3. þm. Austurl., Egill Jónsson, sagði að það verði hægt að ljúka við þær framkvæmdir sem gert er ráð fyrir samkvæmt gömlu vegáætluninni, hvað þá samkvæmt langtímaáætluninni. Þar eru ýmsar framkvæmdir sem verða út undan og ég sé ekki betur en hætta verði við þær. Það er þá jafnframt ákvörðun þessara manna sem vilja kenna öðrum að vinna í stjórnarandstöðu að þessar framkvæmdir verði skornar niður. Það er þá væntanlega ekki ætlun þeirra að kalla þá neitt sérstaklega til sér til aðstoðar við það.

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Efnislega kom ekkert fram í þessari ræðu. Ég vil bara geta þess að auðvitað hafa menn gengið frá vegáætlun á Austurlandi áður án þess að vera þar í fullri sátt. Má vel vera að hægt sé að fletta upp einhverju eftir hv. 1. þm. Austurl. í þeim efnum. Við skulum þá líta á það hér við afgreiðslu málsins síðar.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tilefni af ummælum hv. þm. Egils Jónssonar um að ég hafi tekið fullan þátt í undirbúningi fjárlagagerðarinnar, m.a. með því að eiga aðild að þessum undirbúningi í sambandi við að því yrði komið til leiðar að viðbótarvegafé mundi tengjast fjárlagagerðinni, þá er það rétt. Ég tók fullan þátt í þeirri vinnu og ég tek líka fulla ábyrgð á þeim gjörðum öllum saman.

Hér er verið að reyna að þyrla upp moldviðri um eitthvað sem er ekki kjarni málsins. Ég trúi ekki öðru en um það náist góð sátt í Austurlandskjördæmi undir forustu fyrsta þingmanns kjördæmisins að skipa vegamálum eins og best verður á kosið og taka tillit til allra aðstæðna eins og framast má. Ég veit að hv. 1. þm. Austurl. mun halda áfram að gegna þessu mikilvæga forustuhlutverki, eins og hann hefur gert, hér eftir sem hingað til og þar með leggja sitt af mörkum til að tryggja þá einingu og samstöðu sem verður að ríkja í þingmannahópnum, ekki bara um þessi málefni heldur svo fjölmörg önnur sem við þurfum að vinna saman að og láta ekki þessa uppákomu verða til þess að trufla þá einingu á nokkurn hátt. Ég treysti fyrsta þingmanni kjördæmisins til að halda áfram að gegna þessu einingarhlutverki.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill taka fram að við umræður um þáltill. hefur flm. 15 mínútur en aðrir þingmenn 8 mínútur en hver má tala tvisvar sinnum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Umræður í þinginu virðast hafa þróast á nokkuð svipaðan hátt og veiðiskapur í fiskveiðilögsögunni, þ.e. andsvörin eru eins og krókaleyfin, menn eru farnir að verða ansi frekir til fjörsins í þeim efnum. En hér hefur komið fram sú skýring að væntanlegt samgönguráðherraefni eigi hlut að máli og kannski eigum við eftir að sjá þá breytingu.

Ég tel að í umræðum um vegamál hljótum við í fyrsta lagi að telja að formsins vegna sé rétt að á fyrstu blaðsíðu standi: Markaðar tekjur fært í ríkissjóð og svo komi lántökur. Það er hið rökrétta heiti þó vissulega sé rétt að þær hafi fengist í gegn vegna þess að menn vita að vegagerð er atvinnuskapandi. En það eru líka þær framkvæmdir sem fást með mörkuðum tekjustofnum og þrátt fyrir allt er meginmarkmið með vegagerð að leggja vegi en ekki að skapa atvinnu. Það hygg ég að við hæstv. samgrh. séum sammála um því þá tækju menn náttúrlega upp allt önnur vinnubrögð, notuðu hjólbörur og haka ef hugsunin væri bara sú að skapa atvinnu.

Ég held aftur á móti að í umræðunni sem hér fer fram þurfi ekki að deila svo mjög um að ýmsar breytingar eiga sér stað. Hér eru flóabátarnir settir inn. Því fylgja bæði kostir og gallar. Kostirnir liggja í því að þá verður horft heildstæðara á hvað menn eru að gera í samgöngumálum. Það tel ég tvímælalaust af hinu góða. Hættan liggur aftur á móti í því að sumum finnist að hægt sé að ganga ótæpilega á vegaféð og nota það til flóabátastarfsemi.

Út úr samgönguþættinum hafa farið fjárveitingar til Skipaútgerðar ríkisins og það gerir að verkum að sums staðar er enn þá brýnna en áður var að hraða vegaframkvæmdum. Og ég held að kjarni málsins sé sá að það verður að fást almennari skilningur á því að vegaframkvæmdir lúta ekki sömu reglum og þegar við erum að verja fé hvort heldur er til skólamála eða heilbrigðismála. Fjármunirnir, sem varið er til vegaframkvæmda, eru tekjur sem Vegagerðin fær vegna þess að vegir eru til í landinu. Menn eru að greiða þennan skatt fyrir það að ferðast eftir þessum vegum. Ef sá skattur væri núna að fullu innheimtur eins og lög leyfa væri bensíngjaldið sennilega um 250 millj. kr. hærra á því ári sem nú er að líða en hugmyndir eru uppi um.

Ég segi þetta til að benda á það að það verður beint samræmi á milli þess hvað er að gerast í vegamálum og þess hvaða tekjur við höfum. Ég vil að það sé litið á Vegagerðina sömu augum og Póst og síma hvað það snertir að þarna sé um tekjur að ræða sem byggjast á umferðinni og ef við náum árangri í því að bæta samgöngunetið, þá verða tekjurnar meiri og þar af leiðandi líka, eins og fram hefur komið, til hagsbóta fyrir þá sem fara um vegina.

En það er fleira sem skiptir miklu meira máli en þetta eitt. E.t.v. mun hæstv. samgrh. hafa höfuðáhrif á þá þróun hvort ferðamannastraumur til landsins eykst eða ekki. Hann ber höfuðábyrgð á þeirri þróun. Þegar ég segi þetta minni ég á þá staðreynd að sá sem hefur stýrt markaðsstarfi bændagistingar lét þau orð falla á ráðstefnu um þessi mál á Hvanneyri að þrír af hverjum fjórum útlendingum sem vildu koma til landsins hættu við þegar þeir heyrðu hvaða verð væri á bílaleigubíl á Íslandi, þ.e. þriðji hver sem leitaði eftir gistingu í því formi að um bændagistingu væri að ræða. Eini möguleikinn til að ná bílaleigukostnaði verulega niður í landinu eru bættir vegir. Það er lykillinn að því að ná þessum kostnaði niður og það er lykillinn að því að fá fleiri ferðamenn til að feraðst um landið.

Hitt er svo líka ærið umhugsunarefni ef við hugsum okkur að fjölskyldur sem eru að taka ákvarðanir um hvernig þær ætla að verja sínu sumarfríi eru að greiða stórfé til íslenska ríkisins ef þær taka ákvörðun um að verja sínu sumarfríi innan lands. Þá eru þær að greiða skatta af öllu því fé sem þær greiða fyrir þessa þjónustu. Hvað skyldi hafa meiri áhrif á það en nokkurt annað hvort þær verja sínu sumarfríi innan lands? Það er ástand veganna. Búa menn við það hættuástand að ef þeir ferðst, t.d. hringveginn, geti það legið fyrir að lakkið á bílnum sé stórskemmt þegar þeir komast á leiðarenda? Eða búa þeir við það ástand að þeir eigi nokkuð öryggi í því að komast með bílinn sæmilega heilan heim?

Þetta segi ég hér vegna þess að ég er þeirrar skoðunar að það sé rétt stefna að taka lán til vegagerðar og hraða framkvæmdum. Aftur á móti get ég ekki samþykkt að það geti verið réttlætanlegt að færa tekjur frá Vegagerðinni í ríkissjóð. Það er ekki réttlætanlegt. Það er ekki réttlætanlegt vegna þess að uppbygging veganna er e.t.v. mesti og besti lykillinn að auknum hagvexti í landinu.

Hæstv. samgrh. hefur mörg skemmtileg viðfangsefni við að glíma í samgöngumálum landsins. Hann þarf á sumum sviðum að marka afgerandi stefnu um það hvað beri að gera. Ég hef varpað þeirri spurningu til sitjandi samgrh. og vil endurtaka hana hér: Hver er stefnan varðandi einbreiðu brýrnar? Á að halda áfram að byggja einbreiðar brýr á stofnbrautum landsins? Á að halda áfram að útbúa þessar slysagildrur sem í framtíðinni eiga eftir að verða til þess að valda dauðsföllum? Er ætlunin að breyta um stefnu varðandi það að á stofnbrautum landsins verði ekki haldið áfram að leggja einbreitt slitlag heldur aðeins tvíbreitt slitlag? Ég varpa báðum þessum spurningum fram en ætla að nýta minn tíma seinna til að tala aftur við þessa umræðu.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Út af síðustu ummælum hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar vona ég að ég megi lýsa því yfir að ekki sé fyrirhugað að byggja einbreiða brú yfir neina stofnbraut hér á landi og vona að svo verði ekki eftirleiðis. Á hinn bóginn er það rétt sem hv. þm. sagði að þar er mörg slysagildran og óheyrilegt fjármagn sem þarf að kosta til þess að ryðja þeim öllum burtu.

Út af því sem hv. þm. Jón Kristjánsson sagði, þá

vísaði hann til ummæla sem ég á að hafa viðhaft í sjónvarpi um það að Hvalfjarðargöng gætu orðið næstu göngin. Þetta er ekki annað en það sem ákveðið var af fyrri ríkisstjórn að sérstöku fyrirtæki, Speli, var falið að undirbúa hugsanlega jarðgöng undir Hvalfjörð. Sú vinna er enn í gangi. Síðasta greinargerð frá þessu fyrirtæki barst fyrir skömmu. Ég hef sent hana Vegagerð til umsagnar og hef í rauninni ekki meira um það mál að segja að sinni. Það liggur ekki fyrir að í þessi jarðgöng verði ráðist. Þau eru að sjálfsögðu algerlega óháð öðrum framkvæmdum að því leyti að sjálf göngin koma ekki inn á vegáætlun en ævinlega hefur verið gert ráð fyrir því að tenging ganganna við aðalþjóðvegakerfið yrði kostuð af vegafé, eins og ég skil það mál, og kemur auðvitað ekki jarðgöngum á Austurlandi við ef hv. þm. var að vísa til þess.

Ég vil minna á að samkvæmt þáltill. sem fyrir lá og samkvæmt þeim hugmyndum sem fram komu í þeirri vegáætlun sem ekki var samþykkt var gert ráð fyrir því um aldamótin að ráðast í jarðgöng á Austurlandi. Nú heyri ég að hv. 1. þm. Austurl. leggur áherslu á að þau jarðgöng verði undir Hellisheiði. Það kostar um 2–3 milljarða kr. Hann vill bíða með að leggja í það að tengja Norður- og Austurland þangað til hægt er að ráðast í þau jarðgöng. Mér finnst það fulllangur tími. Á hinn bóginn vakti það athygli mína hversu hart hann brást við, og raunar líka fyrrv. samgrh., hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, varðandi þær hugmyndir sem nú eru uppi um að reyna að bæta vegina milli Norður- og Austurlands. Eins og þeim á að vera kunnugt, a.m.k. fyrrv. samgrh., er versta haftið nú þegar snjóar að ráði á Mývatnsöræfum frá Búrfellshrauni á nýja leið eins og sagt er. Það er um 10–11 km kafli og kostar um 100 millj. kr. Auðvitað væri hægt að ráðast í hann ef peningar væru fyrir hendi. En það kemur mér algerlega á óvart ef menn eru að tala um það á Alþingi sem einhverja ósvinnu að setja sér það mark að loka hringveginum og raunar undarlegt ef úrtöluraddir í þeim efnum koma eingöngu frá Austurlandi og Norðurlandi eystra, sem er alveg gagnstætt þeim röddum sem ég heyri úr þessum kjördæmum báðum hvort sem ég tala um sveitarstjórnarmenn á Austurlandi eða sveitarstjórnarmenn í Norðurlandi eystra, hvort sem ég tala um menn sem standa fyrir atvinnurekstri á Austurlandi eða Norðurlandi eystra eða hinn almenna borgara sem ekki á eins beinna hagsmuna að gæta og þeir sem eiga atvinnu sína undir flutningum.

Þess vegna hafa orðið mjög góð viðbrögð við því að nú á að gera tilraun til þess að halda leiðinni opinni. Það er auðvitað mjög úrhendis ef menn ætla það að vöruflutningabílar eigi að aka um Þórshöfn og Vopnafjörð og þá væntanlega upp á Möðrudalsöræfin þaðan því að ekki er hægt að búast við því að hægt sé að halda vöruflutningum gangandi yfir veturinn með því að fara yfir Hellisheiði. Það eru þá alveg ný tíðindi ef sú leið ætti að vera trygg í þeim efnum.

Þessi umræða mun auðvitað halda áfram en um þá vegáætlun sem nú liggur fyrir og þá langtímaáætlun um vegagerð sem var lögð fram á síðasta þingi en fékk ekki þinglega meðferð vil ég almennt segja að það var síður en svo full samstaða um hana og fullkomlega rangt hjá hv. 1. þm. Norðurl. e., Guðmundi Bjarnasyni, að ég hafi verið sammála þeim áherslum sem komu fram í vegáætlun fyrir síðustu kosningar. Ég var mjög áhugasamur um það að ljúka veginum milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar, eins og hv. þm. er kunnugt, en á hinn bóginn varð ég að sætta mig við að meiri hluti Alþingis var annarrar skoðunar, sú ríkisstjórn sem þá sat og sá þingmeirihluti sem þá réði. Fyrir bragðið var vegurinn milli Ólafsvíkur og Dalvíkur utan vegáætlunar. Ég hef á hinn bóginn eftir að ég kom í sæti samgrh. beitt mér fyrir því að þar verði bætt úr.

Það kom líka skýrt fram í nefndinni um langtímaáætlun sá mikli áhugi sem ég hafði fyrir því að leggja veg milli Norður- og Austurlands, eins og hafði raunar áður komið fram í tillöguflutningi á Alþingi hjá hv. 3. þm. Austurl.

Ég álít með öðrum orðum rangt að Alþingi sé á síðasta ári kjörtímabils að velta fyrir sér langtímaáætlun í vegagerð. Reynslan hefur sýnt að eftir kosningar hafa menn ekki verið menn til þess að standa við sínar vegáætlanir. Ef Framsfl. endilega vill er hægt að rifja upp ýmis dæmi þess frá síðustu 20 árum. Ég vil líka taka það alveg skýrt fram að ég man ekki eftir öðru dæmi um það nú að hægt sé að standa við vegáætlun sem samþykkt var fyrir kosningar. Það er auðvitað algerlega út í bláinn að vera að breiða sig út með þeim hætti að segja að það muni einhverju smáræði í framkvæmdafé nú og hjá síðustu ríkisstjórn.

Ég hóf ekki þessar umræður en ef við lítum á framkvæmdamáttinn í nýjum þjóðvegum, þá er það þannig þau ár sem forveri minn var samgrh.: 2,1 milljarður 1989, 2,2 milljarðar 1990, 2,4 milljarðar 1991, 3,7 milljarðar nú. Það lætur nærri að meðan hann hafði efni á því og ráð að láta 2 kr. í nýbyggingar vega eru lagðar 3 kr. á þessu ári. Það er 50% aukning í framkvæmdamagni frá þessum tíma. Svo kemur hér upp hver þingmaður stjórnarandstöðunnar á fætur öðrum og er að tala um að þetta sé sjálfsagður hlutur. Ef þetta er sjálfsagður hlutur nú á þessum þrengingartímum af hverju var þetta ekki sjálfsagður hlutur meðan Alþb. fór með samgöngumálin og á þessum 20 árum sem Framsfl. var við völd? Það er auðvitað laukrétt að á einum tíma var meiru varið til vegagerðar. Það var þegar samtímis voru lagðir vegirnir út frá Reykjavík austur yfir fjall og lokið við veginn yfir Skeiðarársand. Þá var meira fé varið til samgöngumála en verið hefur síðan og þá lagði þjóðin öll metnað sinn í það að koma veginum austur eins og ég veit að utan þessara þingsala er fullkomin samstaða um hjá þorra þjóðarinnar að tími sé kominn til að loka hringveginum. Það er rétt sem hv. 3. þm. Austurl. sagði áðan. Á þessu ári verður búið að leggja bundið slitlag á hringveginn í öllum kjördæmum öðrum en Norðurl. e. og Austurlandi nema á Öxnadalsheiði er eftir smákafli. (Gripið fram í.) Já, rétt, þarna fór ég rangt með, ég bið afsökunar á því. Á næsta ári verður það allt komið. Vatnsskarðið er eftir og smákafli á Öxnadalsheiðinni. Að öðru leyti verður það alveg komið. Þá er spurningin um að ljúka hringveginum, spurningin um það að

koma bundnu slitlagi á hringveginn á Austurlandi og Norðurl. e. og milli Austurlands og milli Norðurl. e. Ég vil gjarnan reyna að standa undir þeim myndum sem voru birtar af mér í Dagblaðinu fyrir helgina, ég reyndi að hugsa um mitt eigið kjördæmi, og vil þess vegna mjög gjarnan reyna að fylgja málinu fram. Ég hygg líka að þetta mál sé ekki eingöngu mál sem varðar þessi kjördæmi heldur hafi það mikla þýðingu fyrir atvinnulífið í heild sinni og ferðaþjónustuna. Eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði réttilega þá hugsa menn nú um það hvar malarvegir eru og hvar ekki. Ég vil í þessu sambandi minna á að við eigum eftir álíka mikið verk við Ísafjarðardjúp og að koma veginum frá Norðurlandi til Austurlands. Það kostar heldur minna, 200 millj. minna að ljúka veginum inn í Djúp en að koma veginum yfir Möðrudalsöræfi ef Jökuldalsheiði er farin.

Hv. 6. þm. Vestf., Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, kvartaði í fyrsta lagi yfir því að erlendir sérfræðingar kæmu að störfum hér. Hér er um tilraunir að ræða í sambandi við lagningu bundins slitlags og verið að sækja sérfræðiþekkingu út fyrir landsteinana. Það er alls ekki í fyrsta skipti sem það er gert. Á þessu ári á að verja 30 millj. kr. til tilrauna, 28 millj. á næsta ári, á árinu 1991 27 millj. og þar fram eftir götunum. Þetta hafa verið svipaðar fjárhæðir og ég álít að því fé sé ekki illa varið.

Hv. þm. spurði jafnframt hvort inni í þeim 413 millj., sem gert er ráð fyrir að fari á höfuðborgarsvæðið, væru greiðslur í samræmi við þann samning sem fyrrv. fjmrh. og fyrrv. borgarstjóri gerðu. Svo er, þar er um 130–140 millj. kr. að ræða sem er svipuð upphæð og gert hafði verið ráð fyrir í þeirri vegáætlun sem nú gildir, ef ég man rétt. Ég þori ekki að fullyrða á hvorn veginn skakkar.

Þá er spurt hvenær eigi að endurgreiða lánin sem nú eru tekin til atvinnuaukningar. Í þingsalnum hefur oft verið rætt um það á þenslutímum þegar menn hafa samtímis staðið að því að byggja stórvirkjanir og álver eða járnblendiverksmiðju að skynsamlegra hefði verið að leggja meiri áherslu á vegaframkvæmdir þegar slíkar framkvæmdir lægju niðri til að jafna verktakavinnu og til þess að reyna að halda uppi hærra atvinnustigi. Sú vinna, sem nú fer fram, er einmitt þess eðlis þegar við gerum ráð fyrir því að verja til vegamála í heild sinni hálfum öðrum milljarði meira en gert var 1991, ríflega það bæði árin 1989 og 1990 þegar við erum að tala um sama verðlag. Þessir peningar skila sér því með þeim hætti. Hitt er annað mál að síðasta ríkisstjórn setti fram áætlanir um það að auka tekjur Vegasjóðs með hærri skattheimtu. Ekki voru það nú samt nema tilburðir og ekkert var fest í lög um þau efni eins og hv. þm. er kunnugt. Því hefur ekki verið slegið föstu. Ég hef gert ráð fyrir því að endurgreiðsla á þessu fé hefjist þegar framkvæmdum við Vestfjarðagöng er lokið, a.m.k. ekki fyrr, en ég vil líka vekja athygli á því að skuldir vegna flóabáta eru ríflega 2 milljarðar kr. Eftir síðasta yfirliti, sem ég fékk, eru þær skuldir 2,3 milljarðar kr. Á árinu 1991 var varið til flóabáta 150 millj. kr. Slík upphæð dugir náttúrlega hvergi nærri til í sambandi við þetta mikla skuldasöfnun. Það er öldungis ljóst að ekki dugir til lengdar að Alþingi taki ákvarðanir um ferjur eins og Herjólf eða Baldur sem kosta jafnmikla fjármuni án þess að kosta einum einasta eyri til á smíðatíma. Það gengur auðvitað ekki, það er auðvitað óverjandi. Auðvitað er líka óverjandi þegar ráðist er í kaup á skipi eins og Akraborginni að þá skuli hvíla á því súlulán sem engin afborgun er af í svo og svo mörg ár og það gjaldfalli svo kannski fimm árum eftir að skipið er keypt og komið á það viðhald og breyttir tímar. Ef Alþingi treystir sér á annað borð til þess að leggja í fjárfestingu upp á 2 milljarða í ferjumálinu á tveimur eða þremur árum þá verður það að sýna lit í því að eiga einhverja peninga aflögu á sama tíma og ákvörðunin er tekin.

Að síðustu vil ég leiðrétta hv. þm. Steingrím J. Sigfússon. Ekki er verið að tala um veg svo hundruð km skiptir um óbyggð svæði þegar verið er að leggja veg frá Mývatnssveit yfir Jökuldal, síður en svo. Það eru alls ekki mörg hundruð km þar á milli. Mikill misskilningur. Ég skal ekki nákvæmlega segja hvað það er en ég veit að hv. þm. hefur mismælt sig þegar hann sagði þetta, en sama er. Þannig var tekið til orða til þess að reyna að gera þessa framkvæmd tortryggilega og ég er vitaskuld fullkomlega ósammála honum um það að ekki sé tímabært að leggja í veginn milli Norður- og Austurlands.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það voru eitt eða tvö atriði í ræðu ráðherra sem ég vildi sérstaklega koma inn enda þótt margt fleira væri athugavert. En hann sagði sem svo að þingmönnum, sem höfðu talað í þessari umræðu, þætti það ósvinna að setja sér það mark að loka hringveginum. Málið snýst einfaldlega ekkert um það. Auðvitað er það gott og gilt markmið í sjálfu sér. Hins vegar verða menn að koma sér niður á það hvar sá vegur á að liggja og komast að skynsamlegri niðurstöðu í því. Ég heyri bara á máli hæstv. ráðherra þegar hann talar um jarðgöng undir Hellisheiði og vitnar í mál hv. 1. þm. Austurl. að hann veit afskaplega lítið hvað hann er að tala um í þessu sambandi. Ef hann talar um jarðgöng upp á 2–3 milljarða þá hefur hann bara ekkert hlustað á eða kynnt sér hvað er verið að tala um þegar verið er að tala um þessa tengingu. Það er fullkomin ástæða til að koma sér niður á það fyrst hvar þessi vegur á að liggja milli landshluta.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að ekki skuli vera búið að athuga vegarstæði og ákveða það sýnir það áhugaleysi sem verið hefur um þennan veg á liðnum árum. En það er verið að vinna í því núna. Talað er um að jarðgöng milli Vopnafjarðar og Héraðs kosti 2–3 milljarða kr. ef það er í nægilegri hæð til þess að koma að gagni.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Allt ber að sama brunni í þessari umræðu. Að störfum er svokölluð jarðganganefnd. Hún

hefur ekki skilað áliti enn þá en mun gera það innan tíðar undir forustu hins ágæta vegamálastjóra okkar og þar koma auðvitað í ljós þeir kostir sem eru fyrir hendi og fyrr en sú nefnd hefur skilað áliti er ekkert hægt að fullyrða um kostnað við jarðgöng, hvorki í gegnum Hellisheiði né annars staðar. Það er mjög einkennilegt að hæstv. samgrh. fari með slíkar tölur og án nokkurs rökstuðnings og án nokkurrar undirstöðu í áliti þeirrar nefndar sem um þetta fjallar.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Síðasta ræðan er undarleg. Ég hef skýrt frá þeim upplýsingum sem ég hef og væri kannski fróðlegt að hv. þm. skýrði frá því hvaða upplýsingar hann hefur eða skrifað um það í blað sitt ef hann hefur ástæðu til þess að rengja það sem ég hef sagt en það er ekki sagt að ástæðulausu.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er afar leitt að geta ekki talað eðlilega við hæstv. samgrh. um þessi mál. Hann fer í útúrsnúninga í hvert skipti sem hann kemur hér upp og talar um það að menn séu andsnúnir því að loka hringveginum. Hvernig ætli hafi staðið á því, hæstv. samgrh., að það var álit þingmannahópsins, og ég veit ekki betur en það hafi líka verið álit þeirrar nefndar sem hæstv. núv. samgrh. sat í, að það bæri að taka nýjar ákvarðanir um þessi mál þegar langtímaáætlun yrði næst endurskoðuð, þ.e. nú eftir tvö ár? Vegagerðin taldi sig ekki geta svarað því nægilega vel fyrr en þá hvar vegurinn ætti að liggja. Það kemur hins vegar ekkert í veg fyrir það að hægt sé að leggja veginn um Mývatnsöræfi. Það hefur verið vanrækt lengi og er sjálfsagt að fara í það. En það er alveg nauðsynlegt, hæstv. samgrh., að ráðherrann geri sér grein fyrir því að það eru fleiri vegarkaflar en vegurinn um öræfin sem á eftir að loka. Það eru stórir kaflar á öllu Austurlandi sem á eftir að leggja til að hægt sé að tala um að loka hringveginum og ætti hæstv. samgrh. að fara að kynna sér það.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ýmsir vegir eru inni á langtímaáætlun þeirri sem gengið var frá í fjárlögum á síðasta þingi sem ekki voru að fullu hannaðir. Ekki var búið að ákveða vegarstæði allra þeirra vega sem eru inni á langtímaáætlun. Það er auðvitað hreinn útúrsnúningur hjá hv. þm. að ekki megi gera ráð fyrir fyrir því að leggja fé til vegar sem ekki er fullhannaður. Það sem ég hef verið að segja og er kjarni þess máls er að það hefur verið vanrækt að athuga hvar vegarstæðin milli Norður- og Austurlands eigi að liggja. Það er rangt að ég hafi verið ánægður með það að ekki skyldi vera tekið inn fjármagn til þess vegar á langtímaáætlun. Það er fullkomlega ljóst að gengið var frá þeirri langtímaáætlun, sem var lögð fyrir efh.- og viðskn. af meiri hluta Alþingis þá, af stjórnarflokkunum, rætt innan þingflokka stjórnarflokkanna en var ekki sameiginleg ákvörðun þeirra þingmanna sem sátu í nefndinni.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrst hæstv. samgrh. er slíkur áhugamaður um tengingu þessara landshluta, og ég vil trúa að svo sé, þá er mér spurn hvernig á því stendur að hann sem þingmaður Norðurl. e. um langan tíma hefur þá ekki lagt á það áherslu að leggja meira í veginn um Mývatnsöræfi sem er þess kjördæmis að leggja í og hvernig stendur þá á því að hæstv. samgrh. vill sérstaklega beita sér fyrir því að færa fjármagn úr Brekknaheiði í aðra vegi í Norðurl. e.? Sá vegur er líka mikilvæg tenging milli þessara landshluta en það finnst mér vera undarlegt fyrst ráðherrann er svona mikill áhugamaður um tengingu landshlutanna að hann skuli beita sér sérstaklega fyrir því að þurrka þetta fjármagn út.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru mér algerlega ný sannindi ef hv. þm. hefur haft sérstakan áhuga á því að fullgera veginn til norðurs frá Vopnafirði og er auðvitað ekki sannleikanum samkvæmt. Hitt er rétt að ég hef ævinlega lagt á það höfuðáherslu að ljúka fyrst veginum frá Húsavík til Akureyrar — ef hv. þm. vill vita um það — milli kauptúnanna til Ólafsfjarðar og síðan var komin röðin að því að fara upp Öxnadal og gert er ráð fyrir því að því verki ljúki endanlega á næsta ári. Ég er hins vegar fullkomlega ósáttur við þá ákvörðun sem tekin var fyrir nokkrum árum að öræfin milli Norður- og Austurlands skyldu ekki talin til stórverkefna. Þá bundu menn sig við það að um brú eða jarðgöng yrði að vera að ræða en ekki heiðar. Áður var talað um heiðar í því sambandi. Þessi ákvörðun byggðist á því hvernig þá stóð á spori. Nú er hins vegar kominn tími til að velta því fyrir sér að breyta skilgreiningunni á stórverkefnum og fella veginn frá Mývatnssveit til Jökuldals þar undir.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra svaraði gagnýni minni á því að sérfræðiþjónusta væri sótt út fyrir landsteinana. Vissulega gagnrýni ég að það skuli gert þegar verið er að verja fjármunum sérstaklega til atvinnuuppbyggingar í landinu að sögn ríkisstjórnarinnar. Ég tel að ráðherra ætti að beita sér fyrir því að það fé sem fer til vegagerðar nýtist fyrst og fremst innan lands. Fyrst skuli leitað eftir því að sams konar þjónustu sé hægt að fá innan lands áður en leitað er erlendis.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef áður skýrt þetta mál. Það er nauðsynlegt að Vegagerðin fái hingað erlenda sérfræðinga til að vinna að þessum málum, m.a. af umhverfisástæðum. Þar með er ekki sagt að allar þessar 30 millj. fari í laun til þeirra. Unnið er að ákveðnum vegaframkvæmdum af íslenskum höndum, íslenskum vélum en hingað koma erlendir sérfræðingar vegna þess að okkur er nauðsyn að fá hingað sérfræðinga í öllum greinum annað veifið til að kenna okkur ný vinnubrögð og kynnast því sem hér er um að ræða. Við

þurfum líka að sækja þekkingu út fyrir landsteinana. Stundum koma þeir sem þekkinguna hafa hingað til lands. Þetta er svona upp og ofan.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega er rétt að það getur þurft að sækja þekkingu út fyrir landsteinana. En ég tel að í þessu tilfelli hafi það ekki verið athugað fyrst hvort hægt sé að sækja þessa þekkingu hingað eða fá hana hér á landi og þetta er ekki bara um það að ræða að kaupa þekkingu heldur líka um að kaupa vörur, kaupa asfalt til framkvæmda.

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langaði að gera athugasemdir við tvö atriði úr ræðu hæstv. samgrh. Hann talaði um það að í ræðu minni hefði komið fram að alltaf hefði náðst samkomulag í þingmannahópi Norðurl. e. um vegáætlun og lýsti því yfir að hann hafi verið fullkomlega ósáttur eins og frá henni var gengið seinast í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Ég held að ég hafi sagt í minni ræðu, ég var að vísu með hana skrifaða en ég vænti að það megi slá því upp aftur þegar hún kemur prentuð, að alla jafnan hafi náðst bærilegt samkomulag þó áherslur kunni að hafa verið eitthvað mismunandi á stundum. Ég held að það hafi komið fram eitthvað í þessa veru og einmitt með tilliti til þess sem ég hef áður heyrt hæstv. ráðherra tala.

Hitt atriðið sem mig langar til þess að nefna var þegar hann talar um að við gerum lítið úr því „smáræði" sem muni á fjárveitingum til samgöngumála í tíð núv. ríkisstjórnar og þeirrar fyrrverandi. Í samanburði mínum hér áðan gerði ég fyrst og fremst samanburð á gildandi vegáætlun fyrir árið í ár og á þeirri vegáætlun sem hér liggur fyrir og er til umræðu. Í því fólst minn samanburður fyrst og fremst og ég vil að það liggi alveg ljóst fyrir og ég hafði einnig orð á því að það hefði e.t.v. verið auðveldara að standa við fyrri áætlun en að taka inn ný verk og þurfa að skera niður önnur á móti.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Um þetta er það að segja að ég er andvígur því, ég tel það rangt, að ákveða vegáætlun eins og gert var rétt fyrir kosningar. Það gefur tilefni til þess að vera með yfirboð. Auk þess sem þeir þingmenn sem þá eru að kveðja eiga ekki að ráða stefnunni í vegamálum næstu fjögur ár. Það er mjög undarleg kenning sem hér kemur fram hjá hverjum þingmanninum á fætur öðrum að þeir nýju þingmenn sem voru kjörnir í síðustu kosningum eigi ekki að fá að koma að ákvörðunum um vegamál fyrr en eftir að þeir eru sjálfir farnir burtu. Mjög undarleg kenning. (**HÁ:** Átt þú ekki að gera þetta einn?) Ég heyri að nafni minn Ásgrímsson spyr hvort ég eigi ekki að ráða þessu einn. Við erum líkir að því leyti nafnarnir að við viljum ráða einir, þannig að ég get vel tekið undir þetta. (**SJS:** Ætlar þú ekki að leggja fram vegáætlun 1995?) (**JónK:** Þetta er síðasta vegáætlunin.)

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þetta er nú alveg nýtt gullkorn hjá hæstv. samgrh. að það eigi ekki að leggja fram vegáætlun fyrir kosningar, það sé siðleysi og spilling. Er þá hæstv. samgrh. tilbúinn til að lýsa því yfir að hann ætli enga vegáætlun að leggja fram veturinn 1995? Það komi bara ekki til greina því það sé óeðlilegt að þingmenn rétt fyrir kosningar séu að ráða þeim hlutum? Það vill nú bara svo til, hæstv. samgrh., að vegalög gera ráð fyrir því að vegáætlun sé endurskoðuð á tveggja ára fresti og það stendur þannig á spori, miðað við reglulegt kjörtímabil, að seinni endurskoðunin á hverju kjörtímabili er veturinn í aðdraganda kosninga og hefur verið svo um nokkurt skeið. Þannig að þetta er nú einhver argasta vitleysa af mörgum slíkum sem hæstv. ráðherra hefur lengi misst út úr sér og fór honum nú sem þá væntanlega oftar og hv. 3. þm. Suðurl., Árni Johnsen, hefur best skilgreint, að hann talaði áður en hann hugsaði.

Það er auðvitað hvimleitt að standa í umræðum um þessi mál við hæstv. samgrh. sem kemur hér og ber mönnum þær sakir á brýn að þeir hafi ekki áhuga á eða vilji ekki tengja Norðurland og Austurland, þeir séu á móti þeirri framkvæmd, af því að þeir leyfa sér það, sumir þeir þingmenn sem tala í umræðunni, að leggja til að það verkefni eins og önnur verði tekin til skoðunar og sett inn í forgangsröðun framkvæmda í vegamálum. Það er ekki annað sem verið er að tala um, hæstv. samgrh. Það er nefnilega svo að þingmenn hafa af langri reynslu gert sér grein fyrir því að það verður ekki allt gert í einu. Sama krónan verður aðeins notuð til að borga eina framkvæmd. Ástæðan fyrir því að ekki er komin uppbyggður vegur og malbikaður milli Norðurlands og Austurlands er ekki sú að menn hafi ekki haft áhuga á þeirri framkvæmd. Hins vegar hafa verið nóg verkefni önnur sem niðurstaða hefur orðið um á Alþingi á undanförnum árum að hafa á undan. T.d. var það þannig að á Norðurlandi eystra voru menn alveg sammála um það, allt þangað til núv. hæstv. samgrh. fór að efla ófriðardjöfulinn í þeim hópi, að það væri réttara að leggja áherslu á tengingu innan kjördæmis, þann öxul sem gerir atvinnulíf og samgöngur í kjördæminu sterkar, tengingu frá Húsavík til Akureyrar, Akureyri til Dalvíkur, Dalvík til Ólafsfjarðar og síðan suður. En setja þá auðvitað ekki á sama tíma sömu krónurnar í framkvæmdir uppi á Mývatnsöræfum af því það er ekki hægt, hæstv. samgrh., að gera hvort tveggja fyrir sömu krónurnar að leggja veg milli Húsavíkur og Akureyrar og frá Mývatnssveit austur á Fljótsdalshérað. Það er bara ekki hægt og það er hvimleitt að þurfa að ræða hlutina undir þessum formerkjum sem hér er boðið upp á.

Ég held að þingmenn Norðurl. e. og þingmenn Austurlands og þingmenn yfir höfuð hafi að sjálfsögðu haft áhuga á því að ljúka hringtengingu landsins með vegi með bundnu slitlagi og hvað er það sem menn hafa verið að gera undanfarin ár annað en það? Menn eru bara ekki komnir lengra. Það er málið. Þegar sá sem hér talar tók sæti á Alþingi 1983 voru 40 km á leiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur með bundnu

slitlagi. Og árið eftir fór það í upp undir þriðjung af leiðinni. Það vill svo til að ég man þetta vel og hef síðan fylgst með því ár frá ári þessi tíu ár hvernig þessi hlutföll hafa snúist við þangað til svo var komið fyrir tveimur árum að jafnlítið var eftir með malaryfirborði og áður var með slitlagi þegar ég hóf að ferðast nokkuð reglulega starfa míns vegna milli Akureyrar og Reykjavíkur.

Þetta er sem sagt þannig hæstv. samgrh. að það er alveg ástæðulaust og þjónar engum tilgangi í þessari umræðu að bera svona ásakanir upp á menn, hvorki hv. 1. þm. Austurl. né þann sem hér talar, að viðhorf okkar mótist af því að við séum á móti samgöngubótum á einhverjum tilteknum leiðum. Það sem við erum ósköp einfaldlega að fara fram á og benda á er að að þessum málum verði unnið með sama hætti og verið hefur, að menn taki ekki einstakar framkvæmdir út fyrir heldur skoði þær allar í sameiningu og reyni að ná samkomulagi um forgangsröðun verkefna. Það er vandasamt verkefni. Það þarf að mörgu að hyggja. Það er ekki bara nóg að byggja upp vegina eins og ég benti á. Það þarf líka að reka þá, það þarf líka að veita þeim þjónustu. Það þarf t.d. að svara spurningum eins og þeim sem ég kom með í fyrri ræðu minni: Hversu mikla vetrarþjónustu treysta menn sér þá til að veita á leiðum sem liggja nokkuð samsíða? Er til að mynda líklegt að menn mundu halda úti reglubundnum snjómokstri á báðum leiðunum á Norðausturhorni landsins, þeirri sem liggur með ströndinni og tengir byggðarlögin og kemur þó 2.500 íbúum Norðausturhornsins til góða og hinni sem lægi um öræfin? Og til þess að við séum ekki að karpa um ástæðulausa hluti sem auðvelt er að hafa á hreinu þá er það að sjálfsögðu rétt, eins og hæstv. samgrh. benti á að menn vandi orðaval sitt. Við þekkjum báðir sæmilega leiðina milli Mývatnssveitar og Jökuldals sem er eitthvað liðlega 100 km, liggur að mestu leyti í 400–500 m hæð yfir sjó og þar eru 2–3 bæir í byggð á leiðinni, eftir því hvort farið er um Möðrudal. Þannig er það nú. En það segir líka sína sögu að menn mundu við vetraraðstæður vera að ferðast í þetta mikilli hæð yfir sjó á löngum köflum þar sem langt er til næstu mannabyggða. Það verður að muna eftir því þegar þessi leið er til skoðunar.

Að sjálfsögðu er það mjög þarft og mjög brýnt að ráðast í endurbætur á veginum milli Norðurlands og Austurlands, þar er t.d. mikil sumarumferð og yfirborð þessa vegar er hörmulega lélegt. Hann er með allra leiðinlegustu og grófustu vegum sem maður keyrir iðulega á sumrin og það er vont. En það eru bara svo mörg önnur verkefni óunnin. Hæstv. samgrh. viðurkennir að í kjölfar þess að Skipaútgerð ríkisins var lögð niður þá hefur tenging milli Norðurlands og Austurlands á sjó, öðruvísi en þá um Reykjavík, lagst af. En það hefur meira gerst. Til að mynda hafa skipakomur lagst af á marga þéttbýlisstaðina á Norðausturleiðinni sem þýðir að nánast allir flutningar aðrir en á frosinni framleiðsluvöru á Raufarhöfn fara nú á landi. Á Norðausturleiðinni er engu að síður ástandið þannig að þar eru þungatakmarkanir 4–6 vikur á hverju vori. Og það er enginn smáræðis hausverkur að annast alla aðdrætti til þessa svæðis og þurfa að selflytja vörur í slöttum á bílum margar vikur á hverju vori, bæði öll aðföng inn á þetta svæði og einnig t.d. framleiðsluvörur fyrirtækisins Silfurstjörnunnar í Öxarfirði eða rækjuvinnslunnar á Kópaskeri og öll aðföng til Raufarhafnar.

Við verðum að muna eftir þessum aðstæðum líka þegar við spyrjum okkur að því hvernig við ætlum að ráðstafa allt of fáum krónum sem við höfum til skiptanna til framkvæmda í vegamálum á þessu svæði.

Ég tel að það eigi að setjast á nýjan leik yfir áherslur í sambandi við uppbyggingu vega á þessu landshorni og það þarf að gera í hópi þingmanna Norðurl. e. og Austurl. vegna þess að það er þegar búið að koma meira en nógu róti á umræður um þessi mál með óvarlegum yfirlýsingum. Í samráði við sérfræðinga Vegagerðarinnar á að fara á nýjan leik vandlega yfir það hvernig er best til framtíðar að byggja upp heilsársamgöngur milli Norður- og Austurlands og samgöngur sem nýtast byggðakeðjunni, byggðaveginum með ströndinni, og í hvaða mæli er hægt að gera hlutina samtímis að lagfæra einnig öræfin. Eða á e.t.v. að fara leið hæstv. samgrh. að gefa Norðausturhorni og frekari vegaframkvæmdir þar upp á bátinn næstu árin? Gleyma því að þar sé byggð sem þarf á samgönguúrbótum að halda en leggja alla áherslu á öræfin? Það er auðvitað valkostur, en ég held að menn þurfi að hugsa sinn gang mjög vandlega áður en þeir taka hann. Ef við verðum svo vel staðir á næstu árum að við getum gert þetta allt í einu þá skulum við tala saman, ég og hæstv. samgrh., og verðum væntanlega ekki mikið ósammála.

Það er auðvitað alveg út í loftið og þjónar kannski engu nema sagnfræðinni að vera að karpa um það hvað hafi verið lagt til vegamála á undanförnum árum, sé á þessu ári eða verði á hinu næsta, því það verða síðan smátt og smátt staðreyndir í opinberum gögnum sem allir geta flett upp. En ég þori alveg í þann samanburð, hæstv. samgrh., m.a. vegna þess að ráðstöfunarfé Vegagerðarinnar á síðasta árinu sem ég sem samgrh. bar einhverja ábyrgð á, þó það væri auðvitað Alþingi sem endanlega afgreiddi þá hluti, var á núgildandi verðlagi á árinu 1991 5.401 millj. kr. og það er næsthæsta tala sem Vegagerð ríkisins hefur haft til ráðstöfunar síðan 1974. Öll árin sem ræðumaður var samgrh. jókst ráðstöfunarfé Vegagerðarinnar milli ára. Ég þori t.d. alveg að bera þetta saman við frammistöðu Sjálfstfl. á árinu 1987, síðasta árinu sem þáv. samgrh. Matthías Bjarnason bar þá ábyrgð á með sama hætti. En hvað var til ráðstöfunar hjá Vegagerðinni þá? Það var tæpum milljarði kr. minna, eða 4.587 millj., og er þá árið 1987 eitt mesta góðærið sem þjóðin hefur lifað á seinni árum.

Það er auðvitað alveg ljóst að þegar búið er að draga frá kostnað vegna reksturs ferja á þessu ári þá er hið eiginlega aflafé Vegagerðarinnar talsvert minna en framkvæmdafé hennar var á sl. þremur árum, eða 5.386 millj. Hinu mega menn svo ekki gleyma, en það gengur mönnum erfiðlega að muna í þessari umræðu, að í árslok 1995 mun Vegagerðin skulda 3 milljarða

kr. ef þessi vegáætlun gengur eftir og hef ég þá reiknað með vexti á lántökutímanum því væntanlega eiga þeir einnig að greiðast af mörkuðum tekjum síðar meir. (**Gripið fram í:** Eru ferjurnar með?) Þá eru ferjurnar ekki inni. Þetta er eingöngu lántakan að stofni til og það er ekki hægt að horfa fram hjá því, hæstv. samgrh., að það er munur á því hvort það er framkvæmd fyrir eigin aflafé eða lánsfé. Hvert einasta mannsbarn skilur það að það skiptir miklu máli hvort menn skulda þessa þrjá milljarða, þó þeir hafi fengið framkvæmdirnar sem er góðra gjalda vert, eða hvort menn hefðu fengið það án þess að hafa þurft að setja sig í skuldir. Við skulum ekkert tala um þessa hluti öðruvísi en þeir eru. Í grófum dráttum er það þannig að framkvæmdageta Vegagerðarinnar fyrir eigið aflafé er svipuð og hún hefur verið sl. ár, samkvæmt þessari vegáætlun, ívið minni þó, viðbótarframkvæmdirnar eru teknar að láni. Þar með lít ég svo á að það sé ekki rétt orðalag að segja að um auknar vegaframkvæmdir sé að ræða í sjálfu sér til lengri tíma litið, heldur er hér verið að flýta framkvæmdum. Það getur átt fullan rétt á sér og hefur iðulega verið gert. Á undanförnum árum hafa einstök kjördæmi oft tekið nokkur lán til þess að ljúka brýnum og stórum framkvæmdaáföngum. En menn hafa reynt að gæta hófs í þeim efnum vegna þess að þeir hafa áttað sig á því að það var ekki farsæl braut að lenda út í of miklar skuldir. Þannig var það t.d. að eitt kjördæmi var kannski orðið sérlega illa statt í þessum efnum á ákveðnum tíma og það var Suðurland. Ég hef áður tekið það dæmi, það var þegar menn voru að ljúka Óseyrarbrú og ljúka lagningu vegar yfir Mýrdalssand, hvort tveggja samtímis, og tóku nokkuð mikil lán til að klára þá verkáfanga. Þar með var verið að flýta framkvæmdum og niðurstaðan varð ósköp einföld. Hún varð sú að Suðurlandskjördæmi varð að draga verulega úr framkvæmdum næstu 2–3 ár þar á eftir til að greiða upp þessar skuldir. Ég held að þetta hafi í sjálfu sér verið skynsamleg og eðlileg ráðstöfun en það datt engum í hug á þeim tíma að tala um hana öðruvísi heldur en hún var, að þarna væri tekið lán til að flýta framkvæmdum sem menn yrðu síðan að endurgreiða. Þannig er þetta.

Ég er ekki að gagnrýna í sjálfu sér að við þessar aðstæður í íslenskum efnahagsmálum, atvinnuleysi og samdrátt, sé farið út í lántökur til að flýta vegaframkvæmdum. Ég held að það sé að mörgu leyti mjög skynsamleg ráðstöfun en við skulum þá ræða um það á þeim grundvelli að það sé verið að taka lán til að flýta tilteknum vegaframkvæmdum. Svo er það annað mál að jafnóheppilega tókst til við val á þeim framkvæmdum, eða öllu heldur aðferðina eins og raun ber vitni og er nú að ég hygg undirrót þeirra orðaskipta sem hér fara fram að verulegu leyti, að hæstv. samgrh. bar ekki gæfu til að varðveita samstöðu í þessum málaflokki.

Varðandi raunhæfar og ekki raunhæfar vegáætlanir þá vill nú svo til að vegáætlun 1989 er fyrsta vegáætlunin sem ekki gerir ráð fyrir „útópískum" hugmyndum um aukningu vegafjár á næstu árum. Það var vegna þess að sú vegáætlun var sú fyrsta af öllum (Forseti hringir.) sem ekki gerði ráð fyrir neinum beinum framlögum úr ríkissjóði til viðbótar mörkuðum tekjustofnum. Allar vegáætlanir fram að því höfðu gert ráð fyrir þúsundum milljóna í formi beinna framlaga úr ríkissjóði til viðbótar fullnýtingu markaðra tekjustofna. (Forseti hringir.) Hæstv. forseti og er ég nú að ljúka máli mínu og getur þess vegna forseti tekið ró sína. Þannig að staðreynd málsins er sú að það eru eingöngu síðustu tvær vegáætlanirnar (**ÓÞÞ:** Menn halda ró sinni.) fram að þessari, sú frá 1989 og 1991 sem voru í raun og veru raunhæfar vegna þess að þær byggðu eingöngu á hinum mörkuðu tekjustofnum.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af hinum síðustu orðum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar vil ég enn minna á það sem margsinnis hefur komið fram. Þegar ráðist var í göngin fyrir vestan var tekin ákvörðun um það með þáltill., það var stefna forvera míns að taka lán til jarðgangagerðarinnar fyrir vestan þannig að ... (Gripið fram í.) Flýta þeirri framkvæmd segir þingmaðurinn. Það var einmitt það sem hann var að fordæma áðan að tekin væru lán til vegagerðar og var að tala um að það væri annað að framkvæma fyrir lánsfé en að framkvæma fyrir eigið aflafé. Þannig að þar er nú einhver mótsögn uppi. Í annan stað ítreka ég það sem ég sagði áðan: Meðan hv. þm. var samgrh. ætlaðist hann til þess að tekjur Vegasjóðs gæfu miklu meira af sér eftir kosningar en áður. Hann var ekki maður til að koma í gegn eða gera ráðstafanir til þess að afla þeirra tekna í Vegasjóð meðan hann var samgrh. sem hann ætlaðist til að Vegasjóður fengi síðar meir. Það sýnir auðvitað að vegáætlun síðast, sem samþykkt var rétt fyrir kosningar, eins og undirskriftin á Vestmannaeyjaferjunni — að það var með blendnum huga sem ýmsir þingmenn, sem voru í nefndinni um langtímaáætlun, samþykktu þessa hluti og mér er vel kunnugt um það. Auðvitað hefðu báðir þeir þingmenn sem hér hafa talað, 1. þm. Austurl. sem þá var sjútvrh. og samgrh., kosið að geta lagt meira með sér til vegamála fyrir kosningarnar en það gátu þeir ekki gert. Þeir treystu sér ekki til þess að hækka tekjustofna Vegasjóðs í samræmi við það sem vegáætlun segir til um. Það er því laukrétt sem ég sagði áður, þessi vegáætlun bar keim af kosningum, það var kosningavegáætlun, en þó svo hafi verið eru allar horfur á að það takist að útvega það fé sem nauðsynlegt er til þess að standa undir því framkvæmdamagni sem þar er gert ráð fyrir.

Hitt er svo rétt, herra forseti, að vond staða þjóðarbúsins nú veldur því að við getum ekki búist við því að fá það sjálfsaflafé sem við bjuggumst við. Við höfum tekið ákvörðun um það að ráðast í meiri framkvæmdir en tekjustofnar Vegagerðarinnar standa undir vegna atvinnuástandsins og hyggjumst síðan endurgreiða þá peninga síðar meir þegar betur árar.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki rétt til annars en að veita andsvar en ég tek það svo að mér sé veittur sá réttur, ég hef þegar talað tvisvar en ég vil gjarnan fá að veita

andsvar. Það er auðvitað mjög erfitt í raun og veru að eiga orðaskipti við hæstv. ráðherra þegar hann lemur höfðinu við steininn og endurtekur sömu vitleysuna stanslaust. Varðandi það að vegáætlun skuli hafa verið afgreidd veturinn 1991 hafi verið eitthvað alveg sérstaklega grunsamlegt og tortryggilegt og hafi verið kosningaáætlun. Ég var að reyna að útskýra fyrir hæstv. ráðherra að það var í fyrsta lagi samkvæmt vegalögum og það var á reglulegu endurskoðunartímabili vegáætlunar. Vegáætlun er endurskoðuð samkvæmt vegáætlun á tveggja ára fresti og hefur verið svo gert um langt árabil. Þannig mun vegáætlun hafa verið endurskoðuð veturinn 1987 af forvera okkar einum, hv. núv. þm. Matthíasi Bjarnasyni. Það hefur þá væntanlega verið kosningavegáætlun og nákvæmlega það sama gerðist á því kjörtímabili sem við erum hér að ræða. Að tveimur árum liðnum 1989 var vegáætlun endurskoðuð og aftur veturinn 1991. Hæstv. núv. samgrh. er að endurskoða vegáætlun og nú er febrúarmánuður 1993 og ef svo illa tekst til að ríkisstjórnin lifir út sitt kjörtímabil, þá verður næsta reglulega endurskoðun vegáætlunar á útmánuðum 1995 og er það þá eitthvert hneyksli? Er það þá eitthvað tortryggilegt í sjálfu sér og ber vott um það að hæstv. ráðherra ætli sérstaklega að notfæra sér aðstöðu sína fyrir kosningar? Ég held að svo þurfi ekki að vera.

Varðandi tekjugrundvöll Vegagerðarinnar á síðasta kjörtímabili og árin þar á undan, þá er ósköp einfalt mál að lesa þær tölur sem Vegagerðin hafði til ráðstöfunar á núgildandi verðlagi á árunum 1987 til og með nú. Þær eru þannig að á árinu 1987 voru þetta 4.587 millj., 1988 4.945, 1989 5.223, 1990 5.225 og 1991 5.401. Sem sagt, allan þennan tíma á hverju einasta ári vex ráðstöfunarfé Vegagerðarinnar. Þar með er auðvitað verið að byggja upp tekjustofna hennar, smátt og smátt að auka framkvæmdagetuna þannig að hæstv. ráðherra verður að beygja sig fyrir staðreyndunum og það er tómt mál fyrir hann að tala um að hann hafi tekið við eitthvað erfiðu búi í þessum efnum. Þvert á móti var búið að stórlaga tekjugrundvöll vegamálanna þegar hæstv. ráðherra tók við og hann nýtur góðs af því.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það stendur sem ég áður sagði. Forveri minn var ekki maður til þess að hrinda í framkvæmd þeirri tekjuáætlun sem hann hafði í huga meðan hann var samgrh. en vísaði því til framtíðarinnar. Þetta er kjarni málsins.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég nenni nú ekki að fara í einhverjar karlmennskumælingar á móti hæstv. samgrh., þm. Halldóri Blöndal. Ég held að annar vettvangur sé heppilegri til þess að við reynum með okkur í þeim efnum. En staðreyndirnar tala sínu máli og ég hef farið yfir þær. Ef menn hirða að kynna sér það, þá munu menn líka sjá að það var brotið í blað með afgreiðslu vegáætlunar vorið 1989 að þessu leyti sem ég áður gerði grein fyrir að það var fyrsta vegáætlunin í sögu slíkra sem byggðist eingöngu á mörkuðum tekjustofnum Vegagerðar. Fram að þeim tíma höfðu vegáætlanir þriggja forvera minna á samgrh.-stóli, Steingríms Hermannssonar, Matthíasar Bjarnasonar og Matthíasar Á. Mathiesens, allar gert ráð fyrir því að á síðari árum þeirrar vegáætlunar sem þeir þá lögðu fram kæmu stórar fjárhæðir til viðbótar fullnýttum tekjustofnum sem bein framlög úr ríkissjóði. Ég man t.d. eftir einni vegáætlun líklega árið 1985 þar sem gert var ráð fyrir 1.500 millj. kr. í bein framlög úr ríkissjóði á síðasta ári vegáætlunar og þannig lyftu menn auðvitað væntingunum í gífurlegar hæðir. Enda átti nánast að ljúka öllum verkefnum við vegagerð á 10–15 árum. Þetta stóðst svo aldrei því það kom yfirleitt ekki nokkur einasta króna í formi beinna framlaga úr ríkissjóði og oftast vantaði verulega upp á að hinir mörkuðu tekjustofnar væru nýttir að fullu. Þessu var gerbreytt á árunum 1989 og 1991, vegáætlanir byggðar upp eingöngu á hinum mörkuðu tekjustofnum og nýting þeirra aukin þannig að sá slaki sem hafði myndast á árunum á undan var að verulegu leyti dreginn inn. Þetta eru staðreyndir, hæstv. samgrh. Ég veit að þér fer ekki vel að ræða málin á þeim grundvelli en það er rétt að a.m.k. aðrir hv. alþm. hafi þær í huga.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill taka fram að við þessa umræðu, fyrri umræðu um þessa þáltill. mega ráðherrar tala tvisvar sinnum eins og aðrir þingmenn en við síðari umræðu hefur hæstv. ráðherrar, sem málið flytur, heimild til þess að tala svo oft sem verða vill.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þrátt fyrir það að Dagblaðið hafi nú birt myndir af tveimur ráðherrum, öðrum fyrrverandi og hinum núverandi, til að upplýsa hvað þeir hafi náð af fjarmagni inn í sitt kjördæmi, þá vill nú svo til að þessi vegáætlun nær yfir landið allt og verður að skoðast í því ljósi að það er Alþingi Íslendinga sem ákveður fjárveitingar en ekki ráðherrar. Ég er dálítið hissa á sumum hlutum í þeirri skiptingu útgjalda sem hér er sett upp og vildi gjarnan að ráðherrar tækju nokkuð grannt eftir vissum atriðum þar að lútandi og slái nú af samningum við Austurland rétt á meðan, bæði um vegarstæði og fjármuni.

Það er fyrst til að taka að hér stendur á bls. 2 tæknilegur undirbúningur. Það er ætlað að verja 98 millj. öll árin í tæknilegan undirbúning. Það hefur komið fram áður að eðlilegt sé að tæknilegur undirbúningur sé tekinn af framkvæmdakostnaði hvers verks fyrir sig. Og á undanförnum árum er búið að verja í tæknilegan undirbúning það miklu fé að Vegagerðin hlýtur að geta farið að hala inn af verkunum sem hún var að undirbúa nægilegt fjármagn til að eiga fyrir áframhaldandi tæknilegum undirbúningi. Ég tel að í reynd sé þarna verið að fela það að Vegagerðin er með of marga heilsársmenn í störfum. Það er veikleiki flestra stofnana að safna til sín of mörgum heilsársmönnum.

Það er annað atriði sem ég vildi vekja athygli á hér og er nú ekki stórt, það eru girðingar og uppgræðsla.

Mér finnst að þessi liður eigi enga samleið. Uppgræðslan meðfram vegum á að sjálfsögðu að vera hluti af kostnaði við hvern vegarspotta. Hins vegar er það svo að girðingarnar meðfram vegunum eru í dag í þeirri stöðu að það þarf að stórauka fjármagn til þeirra, m.a. vegna þess að það er búið að girða langt fram í tímann miðast við fjárveitingar. Þetta veit ég að sá sem situr hér í forsetastól veit mætavel.

Ég ætla líka að víkja að því sem ég minntist á hér áðan varðandi þá stefnumörkun að hægt verði að leggja einbreitt slitlag. Ég fagna því að hæstv. ráðherra hefur tekið ákvörðun um það og Vegagerðin að hætta því að leggja brýr sem aðeins duga fyrir umferð eins bíls yfir brúna í einu og ekki er hægt að mætast á þeim, ég fagna því. Það eru stórir hlutir að það er endanlega lokað fyrir þá vitleysu að byggja brýr eins og verið er að gera eins og hálfs breiðar þannig að menn sjá það ekki fyrr en á seinustu metrunum hvort það er um brú að ræða sem báðir aðilar komast yfir samtímis. Það er þetta einbreiða slitlag sem menn hafa verið að teygja út að undanförnu og gerir það að verkum að það er nær undantekningarlaust að ef maður er á akstri og mætir ökumanni sem er óvanur að aka á malarvegi, þá velur hann þann kostinn að fara slitlagið og ætla hinum einum að víkja. Það vita það allir að axlirnar á þessum vegum gefa sig þannig að það getur stundum verið þannig ástand að það sé allt að því eitt fet upp á þetta bundna slitlag. Þá vita það allir að þungir bílar eru farnir að brjóta úr slitlaginu í hvert skipti sem þeir keyra út af því. Þetta eru þess vegna slysagildrur.

Það er líka staðreynd að ávinningurinn af þessu í útboðum er alls ekki jafnmikill og menn skyldu halda. Afleiðingin af þessu er nefnilega sú að öll keyrsla á efni eftir veginum meðan verið er að byggja hann upp er mjög óhöndugleg miðað við það að þá geta bílarnir ekki mæst sem eru að vinna að þeirri framkvæmd. Ég skora þess vegna á hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því að sú stefnumörkun verði upp tekin að ekki verði lagt bundið slitlag einbreitt á stofnbrautir. Þar verði miðað við að slitlagið sé tvíbreitt. Sums staðar er í dag, sem betur fer einnig á þjóðbrautum, verið að leggja bundið slitlag sem er tvíbreitt. E.t.v. finnst sumum það skrýtið að þetta skuli vera rætt hér undir þessum lið. Menn vilja kannski bara að það sé þráttað um tölur. Ég tel ekki síður að það eigi að ræða það hér hvernig standa beri að þessum málum.

Ég vil líka bæta því við að ég kann því illa að þegar ríkið semur við sveitarfélögin um framkvæmdaþætti, tekur yfir vissa kostnaðarliði og segir: Við skulum borga þetta fyrir ykkur. Þið takið á móti við einhverjum öðrum liðum sem við höfum verið að greiða og greiðið þá. Það hlýtur að vera eðlilegt undir slíkum kringumstæðum að ríkið standi heiðarlega við samninga. Það er ekki gert varðandi sýsluvegina. Og ég er líka sannfærður um það að í sumum tilfellum mundi borga sig að taka sýsluvegina hreinlega af Vegagerðinni og láta sveitarfélögin fá þessa peninga og sjá um framkvæmdina. Maður hefur því miður horft of oft á það að yfirbyggingin við þessar framkvæmdir er gersamlega út úr kortinu.

Ég hygg að við getum lengi deilt um það hvort þeir þingmenn, sem séu að fara í kosningar, eigi nánast að hafa atkvæðisrétt um þær framkvæmdir sem menn eru að taka eftir kosningar. En þá má líka spyrja: Hvað með alþjóðlega samninga sem menn eru að taka og greiða atkvæði fyrir *næstu kynslóðir* e.t.v.? Það þýðir náttúrlega ekki að ræða þetta á þeim grunni. Það má alveg eins segja að þeir sem eru nú að taka lán séu að taka ákvarðanir fyrir þingmenn framtíðarinnar. En ég stend með hæstv. samgrh. í því að það er rétt ákvörðun að taka lán til vegagerðar, það er rétt ákvörðun. Og miðað við það að það eru krepputímar og vitað að það er ekki nein skynsemi í því að ráðast í virkjanaframkvæmdir núna á næstu árum, þá ætti að taka meira fé að láni til vegagerðar því ef það gerist að við eigum hagstæðan kost á því að selja raforkuna úr landi, þá vita það allir að þá væri ekki skynsamlegt að fara í stórframkvæmdir í vegamálum á sama tíma og stórframkvæmdir ættu sér stað í virkjunum á Íslandi.

Ég verð að segja það eins og er að mér finnst að þessi umræða hafi verið að mörgu leyti of einhæf. Það hefur verið of mikið deilt um vissa hluti í henni. (Forseti hringir.) Og nú glymur bjallan og hæstv. forseti hneppir að sér jakkanum þannig að hann er til alls vís. Ég ætla ekki að taka þá áhættu að standa hér mikið lengur en vil bæta því við að ég ætlast til þess að samgn. Alþingis fari yfir þá efnislegu þætti sem ég hef verið að minnast hér á og taki afstöðu til þeirra.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Tæknilegur undirbúningur sem hér eru tæpar 100 millj. öll árin er ýmislegt sem veit að langtímamarkmiðum Vegagerðarinnar, vinnubrögðum og m.a. vinna að því að undirbúa plagg eins og þetta hér, till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1993–1996.

Um hin einbreiðu slitlög er ekki annað að segja en Vegagerðin er að mestu hætt að leggja þau og unnið að því að breikka þau þannig að þau verði tvíbreið.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fagna því sem hér hefur komið fram að sú stefnubreyting er í farvatninu að hætt verði að leggja einbreið slitlög heldur verði miðað við að þau *séu tvíbreið. En varðandi þessar 98 millj.* sem eru öll árin, þá er það náttúrlega ekki rétt hjá hæstv. ráðherra að það plagg sem hér er verið að leggja fram vigti mjög þungt í þeim efnum. Það veit hann sjálfur og hefur húmor til að átta sig á. En ég verð að segja eins og er að Vegagerðin er búin að fá fjármagn ár eftir ár í tæknilegan undirbúning og hlýtur að setja þann kostnað yfir á verkin þegar þau eru unnin þannig að í mínum huga er Vegagerðin að hala inn í dag í gegnum verkin vinnu sem hefur verið tæknilegur undirbúningur sl. 10 ár. Ég tel að það sé ekki nauðsyn að hún hafi svona mikið af frjálsum peningum í pottinum eins og þarna er verið að tala um.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég tel nauðsynlegt að hæstv. samgrh. sé það ljóst hvað var verið að tala um við gerð

síðustu vegáætlunar að því er varðar tengingu Austurlands og Norðurlands. Hvort sem hann hefur nú verið með því eða móti, þá vil ég bara ítreka það að við gerð þeirrar vegáætlunar var eftirfarandi bókað af hálfu þingmanna Austurlands, með leyfi forseta:

„Þingmenn Austurlands ítreka þá áherslu um tengingu Norðurlands og Austurlands sem kemur fram í greinargerð með tillögu um langtímaáætlun. Brýna nauðsyn ber til að hraða ákvörðun um leiðaval og vegarstæði þar þannig að niðurstöður liggi fyrir ekki síðar en við næstu endurskoðun langtímaáætlunar."

Nú lá það alveg fyrir að þingmenn Austurlands voru áhugasamir um að fá þessa niðurstöðu sem allra fyrst. En eftir viðræður við Vegagerðina töldu þeir sig ekki geta skilað niðurstöðum um það fyrr en við endurskoðun langtímaáætlunar eða 1994–1995. Nú má vel vera að það séu svo breyttar aðstæður hjá Vegagerð ríkisins að þessar niðurstöður muni liggja fyrir jafnvel alveg á næstu dögum eða næstu mánuðum. Mér er ókunnugt um það. En það væri fróðlegt að vita það hvort hæstv. samgrh. getur flýtt þessu þannig að niðurstöðurnar komi fyrr. Síðan var tekið fram í þessari bókun, með leyfi forseta:

„Loks vilja þingmenn Austurlands áskilja sér rétt til að færa fjármagn á milli verkefnaflokka á síðari tímabilum langtímaáætlunar þegar kemur að endurskoðun hennar."

Og hver ætli hafi verið ástæðan fyrir því? Ástæðan var sú að samkvæmt þessari langtímaáætlun, sem gert var uppkast að allt til 2002, þá voru nokkrir vegarkaflar í þessu vegakerfi austanlands enn þá ófullgerðir sem að sjálfsögðu er óviðunandi, bæði í Berufirði og um Breiðdalsheiði, en jafnframt vegurinn á milli Norðurlands og Austurlands. Þetta töldu þingmenn Austurlands að væri ófullnægjandi og því bæri að taka þetta til endurskoðunar þegar upplýsingar lægju fyrir. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það séu svo mörg verkefnin sem liggja fyrir til þess að loka hringveginum á þessu svæði á þeim árum sem nú eru eftir af vegáætlun, þ.e. árinu 1993 og 1994, að það sé rétt að halda sig við þessi upphaflegu áform.

Ég vil aðeins segja einnig við hæstv. samgrh. þegar hann var að reyna að gera lítið úr því að ég vildi að það færi fram betri athugun á leiðinni um Hellisheiði hvort hún gæti þjónað betur sem heilsársvegur. Þá er ekki eingöngu átt við þau miklu jarðgöng sem var talað um upphaflega heldur frekari athugun á því hvort hægt er að komast af með styttri jarðgöng þannig að vegurinn liggi eitthvað hærra. Þar eru möguleikar og það er nauðsynlegt, hæstv. samgrh., að þessi tenging sé þannig úr garði gerð að hún þjóni byggðinni bæði á Miðausturlandi og einnig í Vopnafirði og öðrum byggðarlögum á Norðausturland og þarna sé um veg að ræða sem getur verið fær allt árið. Það þýðir lítið að vera að byggja nýjan veg á öræfunum ef hann lokast með sama hætti vegna snjóa. Það liggur alveg fyrir að oft og tíðum er mjög snjóþungt á þessu svæði enda liggur það ljóst fyrir að vegurinn verður oft í fjögur, fimm eða sex hundruð metra hæð. Það er eðli íslenskrar náttúru að það sé erfitt að fara um slík svæði. Þess vegna þarf að vanda vel til alls undirbúnings.

Þetta er það sem ég vil leggja áherslu á og mínar skoðanir í þessu máli. Mig gildir einu þótt hæstv. samgrh. haldi því fram að ákveðnir menn, ég eða aðrir, hafi engan áhuga á þessum málum og hafi ekki sinnt þeim. Það verður hann að gera upp við sjálfan sig að vera að sletta slíku. Ég tel að þarna þurfi að athuga mál vandlega. Flýta því eins og nokkur kostur er og taka síðan skynsamlegar ákvarðanir. En sá framgangur sem hv. samgrh. hefur í þessu máli og sá málflutningur sem hann hefur greiðir ekki fyrir sátt um þessi mál.

Ég tel það skyldu hæstv. samgrh. að ganga þannig fram í þessum málum að um þau geti ríkt bærilegur friður við kjördæmin og við þingmenn kjördæmanna. En mér heyrist að hæstv. samgrh. vilji stjórna þessu einn og heldur því fram að sá sem hér stendur sé þeirrar gerðar að hann vilji gera slíkt hið sama. Það er misskilningur hjá samgrh. Samgrh. sem þannig hugsar — að best sé að böðlast áfram með þetta og ryðja upp vegum án þess að það hafi jafnvel verið skoðað almennilega hvort um rétt vegarstæði sé að ræða — kemst ekki lengi áfram.

Það gæti þá vel verið að það sé rétt sem stendur í Alþýðublaðinu að það standi til að skipta um ráðherra. Væri mikilvægt fyrir okkur að vita það. Það er náttúrlega til einskis að vera að tala við samgrh. sem á að fara að skipta út eftir nokkra mánuði og jafnvel einhver alþýðuflokksmaður að taka við. Ég las í Alþýðublaðinu að það sé nokkuð ákveðið. Það er mjög mikilvægt að það verði staðfest af ráðherranum hvort eitthvað er til í þessum skrifum, sennilega hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, 17. þm. Reykv., því allt sem skrifað er um ríkisstjórnina þar og um stjórnarmeirihlutann hef ég skilið að sé frá honum komið. (**ÖS:** Það er rangt ...) Já, þá veit ég það. En það er afar mikilvægt að vita hvort við megum eiga von á því að þurfa innan skamms að ræða þessi mál við nýjan samgrh.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ekki fullljóst um orðaskipti okkar nafna hver er kannski órólegri í sínum málflutningi. Mér skildist á orðræðum hans hér fyrr að það hefði vakið mikla óánægju á Austurlandi að ég skyldi hafa tekið ákvörðun um að brú yrði lögð yfir Jökulsá. Um 100 millj. kr. koma af óskiptu fé til þeirrar framkvæmdar og greinilegt að með því er ekki verið að níðast á Austfirðingum.

Hitt liggur ljóst fyrir, og það veit hv. þm., að það hefur engum manni dottið í hug að hefja framkvæmdir við veg á milli Norður- og Austurlands áður en búið er að ákveða hvar hann á að liggja. Svo vitlausir erum við nú ekki þótt skrýtnir séum í gamla íhaldinu. Hitt liggur ljóst fyrir að menn vita, eins og ég sagði hér áðan, að unnt er að byrja á sumum köflum þessa vegar. Ég hef áður talað um Mývatnsöræfi. Það má kannski tala um veginn alla leið austur að gömlu Möðruvöllum. En vegarstæði þar fyrir austan liggur ekki fyrir nú. Ég hef gagnrýnt að svo skuli vera.

Hv. þm. var með sömu ártöl og ég. Hann talar um

að upplýsingar um þau efni eigi að geta legið fyrir kannski á næsta ári, kannski eftir tvö ár. Auðvitað verða menn að bíða með framkvæmdir þangað til þeir hafa gert sér grein fyrir hvernig þeir vilja standa að því. Það liggur auðvitað ljóst fyrir. Hitt er gamall draumur margra Norðlendinga ekki síður en manna á Austurlandi að hægt sé að leggja veginn með ströndinni milli Norður- og Austurlands og tryggja þannig samgöngur árið um kring.

Eins og ég sagði áðan þá erum við að tala um 2–3 milljarða eftir þeim upplýsingum sem ég hef um göng um Hellisheiði. En það mál mun væntanlega skýrast bráðum. Ég sé á svip hv. þm. að hann hefur um það aðrar upplýsingar.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir þessi svör því ég tel að farið sé að tala um málið með nokkuð vitrænum hætti. Það er enginn ágreiningur um það milli mín og hæstv. samgrh. að auðvitað þarf að ljúka veginum milli Norðurlands og Austurlands. Ég get alveg fallist á það að veginum um Mývatnsöræfi verði lokið. Hann getur ekki legið á öðrum stöðum en nú liggur fyrir. Það þarf engar rannsóknir í því sambandi og mikilvægt að hann verði byggður upp.

Ég vil hins vegar að menn gefi sér tíma í það að kanna betur með hvaða hætti þessi leið verði valin og því verði flýtt eins og nokkur kostur er og í samræmi við þá stefnumörkun sem ég tel að hafi orðið af hálfu þingmanna Austurlands á sínum tíma og var full samstaða um. Ég vil biðja hæstv. ráðherra að reyna að hafa um þetta mál einhverja samvinnu við okkur og þá ekki eingöngu þingmenn stjórnarliðsins heldur jafnframt þingmenn stjórnarandstöðunnar.

Ég vil svo að lokum segja að það er mikil óánægja á Austurlandi með það að hæstv. samgrh. skuli einhliða ákveða stórverkefni í vegagerð á næstu árum og ekki skuli fjallað um þau með venjubundnum hætti. Þar er ég ekkert að tala sérstaklega um brú yfir Jökulsá. Ég er að tala um málið í heild sinni. Það liggur fyrir að það verður að hætta við ýmislegt sem áður var fyrirhugað og taka síðan fram yfir önnur verk sem hæstv. samgrh. hefur gert. Hann getur vart ætlast til þess að þingmenn úr stjórnarandstöðu taki eingöngu að sér að skera niður í vegamálum á sama tíma og hann er að tilkynna ný verk. En það er verkefnið sem hann ætlar Alþingi og er náttúrlega ekki bjóðandi nokkrum manni hér á þingi.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur oft komið fyrir að menn hafi þurft að skera niður gildandi vegáætlun og ég man ekki eftir að hv. 1. þm. Austurl. hafi áður haft þau ummæli um það að það væri ekki bjóðandi nokkrum manni. Hitt liggur alveg ljóst fyrir og það hef ég sagt áður í þessum stól að ástæðan fyrir því að þannig var farið að var sú að það var skilgreint til hvaða verkefna þeir fjármunir ættu að fara sem talað var um, 1 milljarður og 550 millj. Sérstaklega var lögð rík áhersla á það af þeim aðilum vinnumarkaðarins sem ég hafði óformlegt samband við áður að reynt yrði að hraða brúarframkvæmdum. Brúin yfir Jökulsá lá mjög vel við. Ég kaus fremur að láta hana sitja fyrir en taka t.d. brú yfir Skjálfandafljót eða brú yfir Hvítá í Árnessýslu vegna þess að mér þótti þörfin brýnni og auðvitað vegna þess mikla áhuga sem ég hef haft á því að koma veginum áfram milli Norður- og Austurlands. Ég skal ekki draga fjöður yfir það. Það var álitamál. Það mátti velta ýmsum öðrum framkvæmdum fyrir sér. En mér þótti þessi framkvæmd brýn og þannig stóð á að það var tæknilega unnt að ráðast í hana og bjóða hana út. Það er skýringin á því að þessi brú var látin sitja fyrir.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í Austurlandskjördæmi stendur þannig á að fara á í tvær aðrar stórar brýr. Annars vegar yfir Fjallsá og hins vegar yfir Breiðdalsá. Þetta eru stórverk sem á að ráðast í en það er enginn ágreiningur um það milli mín og hæstv. samgrh. að brúin á Jökulsá á Dal er brýnt verkefni. Ég tel eðlilegt að hún sé tekin fram yfir aðra brú t.d. á Eyvindará sem var ætlunin að taka fyrr. En málið snýst ekki um það, hæstv. samgrh. Það snýst um að hægt sé að fjalla um málið með eðlilegum hætti og líta á öll þau verkefni sem blasa við. Þetta sé ekki ákveðið — hæstv. samgrh. má e.t.v. ekki vera að því að hlusta á mig (**HBl:** Ég hlusta grannt.) og hefur e.t.v. ekki áhuga á því — þetta sé ekki ákveðið í fljótræði eins og hefur verið gert í þessu tilviki og reynt sé að gæta jafnvægis innan kjördæmanna. Ég býst við að hæstv. samgrh. sé nokkuð kunnugur því að það er mikilvægt að gæta slíks jafnvægis. Þessi ákvörðun sem hann hefur nú tekið raskar að mínu mati því jafnvægi og vekur óþarfa óánægju og illindi. Það má vel vera að hæstv. samgrh. geri lítið úr því og að það skipti engu máli. En ég bið hann, ef hann trúir mér ekki í þeim efnum, að kynna sér málið betur.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegur forseti. Við höfum heyrt mjög mikið rætt um hvernig vegalagning eigi hugsanlega að tengja saman Austurland og Norðausturland. Í þeim málflutningi finnst mér skorta eitt á. Það er hvort verið er að hugsa um að leggja bæði veg meðfram ströndinni og tengja þá saman þorpin sem eru á Norðausturhorninu og jafnframt við Norður- og Austurland og hvort einnig eigi að vera vegur yfir hálendið. Þá værum við komin með tvo samhliða þjóðvegi. Hæstv. ráðherra er mikill áhugamaður um þennan hálendisveg. Hefur hann hugsað sér að báðum þessum þjóðvegum yrði í framtíðinni haldið opnum? Nú spyr ég ekki að þessu vegna þess að ég ætli að fara að blanda mér sérstaklega í kjördæmismál þessara landsfjórðunga þó það skipti að sjálfsögðu alla landsmenn miklu máli hvernig þjóðvegirnir liggja. Ég spyr að þessu vegna þess að mér skilst að stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í málefnum ferja og flóabáta sé að ekki sé bæði haldið uppi þjóðvegi á sjó og þjóðvegi á landi sem þjóni sömu landsvæðum. Þess vegna spyr ég hvort það geti fallið und-

ir langtímaáætlun um að tengja saman byggðir og landshluta að reikna með að þarna verði lagðir tveir þjóðvegir sem tengi saman sömu landshlutana og jafnframt haldið við þjóðvegum á sjó sem tengja saman byggðir og landshluta. Ef reiknað er með að endurskoðun um ferjur og flóabáta skili því að hætt verði rekstri ferja þar sem þjóðvegur er á landi samhliða, hvað verður þá með Akraborg og Hvalfjörð? Verður ekki bæði haldið uppi Akraborg og Hvalfjarðarveginum ef bæði á að halda uppi vegi yfir Mývatnsöræfi og með ströndinni? Hvað með Ísafjarðardjúp og Djúpbátinn? Hvað með Herjólf og flugsamgöngur t.d.? Er þá ekki kominn þjóðvegur í lofti og þjóðvegur á sjó?

Ég held að það þurfi að fara að skoða þessa langtímastefnumörkun ríkisstjórnarinnar sem ég geri ráð fyrir að hæstv. samgrh. sé fulltrúi fyrir. Ég tel það alveg jafnmikilvægt að ræða þá stefnumörkun hvernig halda eigi þjóðvegunum við og hvernig við hugsum okkur það í framtíðinni. Hvort tveir þjóðvegir geti legið samhliða, hvort sem þeir eru báðir á landi eða annar á sjó og hinn á landi.

Nú þætti mér vænt um að hæstv. samgrh. gerði okkur grein fyrir sinni skoðun í þessum efnum.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Jafnvel þótt svo væri komið að vegur hefði verið lagður yfir Öxarfjarðarheiði og gat komið undir Hellisheiði væri sú leið á annað hundrað kílómetrum lengri en vegurinn frá Akureyri beint til Egilsstaða. Hann yrði eitthvað á annað hundrað kílómetrum lengri og yrði um 200 km lengri eða svo ef nauðsynlegt yrði að fara Sléttu. Við erum því alls ekki að tala um tvo þjóðvegi sem liggja samsíða. Annars vegar er þjóðvegur sem liggur með ströndinni langan veg en hefur þann mikla kost að ef göng koma nægilega lágt í gegnum Hellisheiði þá má búast við því að sá vegur yrði oftast nær opinn nema í aftökum.

Hins vegar er það rétt að vegurinn yfir fjöllin er í mikilli hæð, að sumu leyti er þar lítil úrkoma, en ef sá vegur yrði lagður um Jökuldalsheiði þá mundi leiðin frá Vopnafirði um Jökuldalsheiði til Egilsstaða verða 30 km lengri en vegurinn yfir Hellisheiði og mundi af þeim sökum verða til verulegra bóta yfir veturinn fyrir samgöngur frá Héraði yfir til Vopnafjarðar.

Það er rétt að við höfum verið þeirrar skoðunar að ekki sé rétt að vera bæði með ferjur og fullkominn veg. Ég tel því að um leið og búið er að taka ákvörðun um hvort ráðist verði í göng undir Hvalfjörð sé kominn tími til að átta sig á því hvernig farið verður með Akraborgina. Þar er galli á gjöf Njarðar það lán sem á henni hvílir enn og ætti að öllu eðlilegu að vera löngu uppgreitt. Á hinn bóginn hefur Baldur þýðingu enn um ófyrirsjáanlega framtíð sem bílaferja vegna þess að það er í órafjarska að við getum byggt upp vegina á Barðaströndinni.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör en ég vil jafnframt benda honum á að þó hann tali um að það sé á annað hundrað kílómetrar á milli þessara vega á milli Austur- og Norðurlands, þá fer það að sjálfsögðu eftir því hvar framtíðarvegastæðið yrði og það skilst mér að sé ekki endanlega búið að ákveða.

Ég vil líka benda honum á í því sambandi að það skiptir máli hvort leiðin er 100 km eða 150 km þar sem engir bæir eru í byggð. Ef áætlað er að setja þjóðveg á leið þar sem engir bæir eru í byggð og er kannski kominn í 500–600 m hæð þá skiptir það líka máli hér á landi þar sem veðurfar er eins og það er. Þó svo að vegurinn um firðina væri eitthvað lengri gæti hann þó verið öruggari.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og nú standa sakir erum við að tala um að jarðgöng milli Vopnafjarðar og Jökulsárhlíðar komi trauðla fyrr en einhvern tímann á næstu öld. Ég skal ekki segja hvenær, ef þau koma einhvern tímann. Það er því ekki úrræði sem við þurfum að velta fyrir okkur núna. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að bæta vegasamgöngur milli Norður- og Austurlands.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að ég fagna því ef orðið hefur sú stefnubreyting hjá hæstv. samgrh. sem mátti ráða af orðum hans fyrr í dag á þá leið að nýkosnir þingmenn ættu að hafa rétt til þess að hafa áhrif á áætlanir. Ég segi bara: Batnandi mönnum er best að lifa, því þessi ríkisstjórn hefur ekki gefið nýkosnum þingmönnum tækifæri til þess að hafa áhrif á áætlanir. Þar er hægt að nefna fleiri en eitt og fleiri en tvö dæmi. Það hafa verið teknar ákvarðanir í samgöngumálum sem hafa reyndar ekki komist út til almennra þingmanna í stjórnarflokkunum, hvað þá stjórnarandstöðuflokkunum. Það hafa verið gerðar tilraunir til þess að móta stefnu bæði í menntamálum og sjávarútvegsmálum án þess að sjónarmið stjórnarandstöðuflokkanna gætu komið nokkurs staðar að. Ég ætla satt að segja að vona að hæstv. samgrh. meini eitthvað með því að hann telji að nýkosnir þingmenn eigi að fá tækifæri til að láta skoðanir sínar koma fram á áætlunum og stefnumótunum sem eru í athugun.

Ég ætlaði í ræðu minni fyrr í dag að ræða dálítið um ferjur og flóabáta en ég hafði ekki tíma til þess. Ég tók eftir því að hæstv. samgrh. sagði áðan að þegar fyrir lægi niðurstaða um hvort það yrði af göngum um Hvalfjörð yrði tekin afstaða til þess hvað yrði um Akraborgina. Það kemur mér dálítið á óvart að hann skuli taka svona til orða en ég fagna því að sumu leyti vegna þess að hann hefur nýlega lagt fram frv. til vegalaga. Í 23. gr. frv. er gert ráð fyrir því að stuðningi við ferjuleiðir, sem tengja saman byggðarlög sem hafa fullkominn veg á milli, fái ekki stuðning. Það er ekkert hægt að misskilja hvað þarna er á ferðinni. Þarna er verið að tala um Akraborgina og þá starfsemi sem Skallagrímur hf. rekur.

Ég tel fráleitt að móta svona stefnu án þess að það sé skoðað áður hvort þarna sé um þjóðhagslega arðbæran rekstur að ræða. Þó svo að Akraborgin hafi ekki

skilað hagnaði á undanförnum árum þá hefur hún að því er ég best veit öll árin nema eitt verið rekin þannig að hún hefur staðið undir rekstrarkostnaðinum sjálfum en ekki haft upp í afborganir. Ég hef ekki séð og veit ekki til að það sé til góð úttekt á því hvað Akraborgin sparar þjóðhagslega og hvort þetta dæmi er jákvætt eða neikvætt fyrir þjóðina í heild.

En menn verða líka að gera sér grein fyrir öðru í sambandi við rekstur þessarar ferju. Það er að vegurinn fyrir Hvalfjörð er ekki í því ástandi að hann geti tekið við því hlutverki sem Akraborgin hefur. Það vita þeir sem ferðast mikið með því skipi að mest umferð er með skipinu þegar aðstæður eru verstar í Hvalfirði, þegar mikil hálka er eða erfið veður. Í verstu veðrunum er auðvitað best að fara með skipinu. Ég er sannfærður um að það er ekki um neitt annað að gera. Ef menn ætla sér að leggja af reksturinn á þessari ferju án þess að til komi einhver annar valkostur um Hvalfjörð en vegurinn, þá verða menn að leggja í mjög dýra uppbyggingu á veginum fyrir Hvalfjörð. Þetta held ég að menn, sem hafa velt þessu eitthvað fyrir sér, geri sér fulla grein fyrir. En ég var mjög undrandi á að sjá það að í frv. til vegalaga var gert ráð fyrir því að þessi stuðningur yrði aflagður á næstu þremur árum ef lögin yrðu að veruleika.

Þessu vildi ég koma til skila. Ég ætla ekki bæta miklu við þá umræðu sem hefur orðið í dag um þróunina í fjárveitingum til vegamála en mig langar þó að bæta því við til upprifjunar fyrir hv. þm. að fjárveitingar til almennrar vegagerðar hafa dregist mjög mikið saman á undanförnum árum. Samkvæmt skýrslu sem við fengum frá Vegagerðinni í fyrra höfðu framlög til almennrar vegagerðar — þar eru innifaldar fjárveitingar til almennra verkefna bundinna slitlaga og sérstakra verkefna í stofnbrautum til þjóðbrauta og brúagerða — dregist saman frá árinu 1982 úr 2.415 millj. í 1.662 millj. á árinu 1992. Raunar hefur þessi lækkun verið svo að segja jöfn allan tímann. Fjárveitingarnar hafa verið að smálækka allan tímann og áherslurnar hafa verið að flytjast yfir á aðrar framkvæmdir, stórverkefni, verkefni hér á höfuðborgarsvæðinu og fleira af því tagi og almenn vegagerð hefur liðið fyrir þetta.

Auðvitað má fagna því að það skuli vera möguleiki á þessu ári til að snúa blaðinu við og auka framkvæmdir. Þó við getum ekki verið sáttir við hvernig að því hefur verið staðið verðum við þó að fagna því að af framkvæmdunum verður. Ég hefði samt gjarnan viljað heyra hæstv. samgrh. segja frá því hvort það hafi ekki verið erfið ákvörðun hjá honum að snúa frá þeirri skoðun um lántökurnar, sem hann hafði og sagði frá opinberlega í fyrra áður en hann lagði fram þá fjárhagsáætlun sem liggur fyrir núna, að hann vildi ekki taka lán til vegagerðar. Ég hygg að það sé rétt eftir hæstv. ráðherra haft í Tímanum 7. nóv. 1991 þar sem segir: „Halldór sagðist ekki vera fylgjandi því að taka lán til vegaframkvæmda hversu nauðsynlegar sem þær séu. Þessi lán þyrfti að borga og þau yrðu aðeins borguð af almennu vegafé."

Þarna er verið að hafa beint eftir ráðherranum haustið 1991. Ég get tekið undir með honum og því hef ég verið að koma á framfæri undanfarið að vitanlega er ekki önnur afstaða boðleg hæstv. samgrh. í þessu máli en sú að Vegagerðin eigi að fá að njóta sinna tekjustofna og að lán eigi aldrei að taka nema verið sé að framkvæma eitthvað sem er fram yfir mögulega tekjustofna. Þess vegna dæma þær æfingar sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið með í kringum þessi mál sig sjálfar.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er laukrétt hjá hv. þm. að ég hef ekki verið helsti talsmaður þess að taka lán til vegamála og hefði auðvitað kosið að geta fengið sama framkvæmdafé gegnum tekjustofna Vegagerðarinnar en það gekk ekki upp, m.a. vegna erfiðrar stöðu ríkissjóðs. Þessi ákvörðun var tekin til þess að reyna að treysta atvinnulífið.

Í sambandi við við Akraborgina sem hv. þm. vék að vil ég taka fram að ef sú verður niðurstaðan að ekki verður ráðist í göng fyrir Hvalfjörð er auðvitað nauðsynlegt að endurmeta með hvaða hætti nauðsynlegt sé að byggja upp þann veg sem nú liggur inn fjörðinn, bæði í Laxárvogi og eins brú yfir Botnsvoginn, sem ég man ekki í tölum hversu mikið er. (**ÓÞÞ:** Brúa Þyrilsnesið.) Það er ekki á Þyrilsnesið sjálft. Það er í Þyrilsey. Höfðinn er kenndur við tröllskessu sem ég man ekki hvað heitir rétt í augnablikinu. Ákvörðun um það og hugsunin um Akraborg verða því að fara saman en á henni hvíldu 120 millj. kr. um síðustu áramót sem er auðvitað algjörlega út í hött. Það er þetta kúlulán sem tekið var og ekki hefur verið greitt.

Það er líka laukrétt hjá hv. þm. að fé til almennrar vegagerðar hefur dregist saman vegna þess að það hafa verið teknar ákvarðanir um stór verkefni og mikil. Nú ber hæst jarðgöngin fyrir vestan. Það má líka minna á að þingmenn Vesturlands og Vestfjarða eru mjög áhugasamir um að verja 700–800 millj. kr. til þess að þvera Gilsfjörðinn sem auðvitað verður tekið af hinu almenna vegafé í þeim skilningi sem hv. þm. notaði það hugtak.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1. umr.

Stjfrv., 261. mál (sigling um strandleið). — Þskj. 342.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum frá 1972 nr. 7/1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, sbr. lög nr. 56/1986 og 25/1990.

Samkvæmt fyrrnefndum lögum nr. 7/1975 hafa alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó frá 1972, 1981 og 1987 lagagildi hér á landi. Árið 1989

voru gerðar breytingar á þessum alþjóðareglum og með þessu frv. er lagt til að breytingar þessar fái lagagildi hér á landi.

Ég leyfi mér því, herra forseti, að leggja til að frv. þessu verði vísað að lokinni þessari umræðu til 2. umr. og allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norðurlandasamningur um almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 283. mál. — Þskj. 406.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Með frv. þessu er leitað heimildar til þess að fullgilda samning milli Norðurlanda um almannatryggingar en samningurinn var undirritaður í Kaupmannahöfn 15. júní 1992. Í fskj. með frv. er íslenskur texti samningsins. Frv. er fylgifrv. með EES-samningnum.

Með lögum nr. 66/1981 var ríkisstjórn Íslands veitt heimild til að staðfesta Norðurlandasamning um félagslegt öryggi frá 5. mars 1981. Í lögunum var jafnframt kveðið svo á að ákvæði samningsins skyldu hafa lagagildi hér á landi. Samningnum hefur tvisvar verið breytt vegna breytinga á löggjöf aðildarríkja. Þessar breytingar hafa verið gerðar með heimild í lögum um almannatryggingar og hafa því ekki komið fyrir Alþingi.

Þessi nýi Norðurlandasamningur á sér alllangan aðdraganda. Fyrir nokkrum árum var að frumkvæði félagsmálanefndar Norðurlanda hafist handa um endurskoðun á Norðurlandasamningnum um félagslegt öryggi frá 1981. Fulltrúar frá hlutaðeigandi ráðuneytum tóku þátt í þeirri vinnu. Af Íslands hálfu tóku fulltrúar frá heilbr.- og trmrn. og Tryggingastofnun ríkisins þátt í því starfi.

Er viðræður Evrópubandalagsins og EFTA um Evrópska efnahagssvæðið hófust árið 1989 kom í ljós að ef af þeim samningi yrði þyrfti að gera breytingar á Norðurlandasamningnum um félagslegt öryggi. Endurskoðunarvinnan, sem þá var hafin, var því stöðvuð um sinn og beið niðurstöðu samningaviðræðna um Evrópska efnahagssvæðið. Þegar sýnt þótti að samningar mundu nást var aftur hafist handa um endurskoðun Norðurlandasamningsins í ársbyrjun 1991 og vinnunni lokið síðari hluta þess árs.

Samkvæmt EES-samningnum munu reglur þess samnings um almannatryggingar gilda um norræna ríkisborgara sem starfa eða dveljast í öðru norrænu landi. Inntaki þessara reglna er lýst í grg. með frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið á bls. 127–128.

Eins og áður hefur verið að vikið leysir þessi nýi samningur af hólmi Norðurlandasamninginn um félagslegt öryggi frá 5. mars 1981. Gildissvið þessa nýja Norðurlandasamnings er allmiklu þrengra en gildissvið eldri samnings. M.a. af þessum sökum hefur heiti hans verið breytt í Norðurlandasamning um almannatryggingar.

Nýi samningurinn nær fyrst og fremst til þeirra einstaklinga sem falla ekki undir almannatryggingareglur hins Evrópska efnahagssvæðis, þ.e. þeirra norrænu ríkisborgara sem ekki eru starfandi á vinnumarkaði, t.d. námsmenn, svo og til þeirra sem starfa á Norðurlöndunum en eru ríkisborgar í landi utan EES-svæðisins.

Nýi samningurinn hefur enn fremur að geyma nokkur ákvæði um reglur á almannatryggingasviði sem ganga lengra en reglur EES. Að því er þessar reglur varðar ná ákvæði samningsins til allra en ekki einvörðungu til þeirra sem reglur EES ná ekki til.

Samningurinn vísar um margt til reglna Evrópubandalagsins um almannatryggingar. Verður þetta án efa til mikils hagræðis fyrir stofnanir almannatrygginga á Norðurlöndum sem annast þurfa framkvæmd þessa nýja Norðurlandasamnings og almannatryggingaregla EES-samningsins. Ein helsta breytingin sem leiðir af þessum nýja samningi er sú að hingað til hefur búsetulandið greitt bætur almannatrygginga sem bótaþegi á rétt á að liðnum biðtíma. Hér eftir mun bótaþegi fá bætur sínar frá þeim löndum sem hann hefur áunnið sér réttindin í. Í samningnum er þó tryggt að þessi breyting á ekki að hafa í för með sér lækkun bóta til einstaklinga sem þegar njóta bótagreiðslna á grundvelli samningsins, sbr. 27. gr.

Eldri samningurinn hefur að geyma nokkur ákvæði um félagslega aðstoð. Samkvæmt gildistökuákvæði samningsins í 30. gr. er þessum ákvæðum ætlað að gilda áfram um sinn. Á vegum félagsmálanefndar Norðurlanda vinnur nefnd að því að semja Norðurlandasamning um félagslega aðstoð. Slíkur samningur er nýmæli en fulltrúi Íslands í þeirri nefnd kemur frá félmrn. Um leið og nýi Norðurlandasamningurinn um félagslega aðstoð gengur í gildi munu ákvæði samningsins frá 1981 um þetta efni falla úr gildi.

Þá gerir samningurinn ráð fyrir að Norðurlandasamningur um atvinnuleysisbætur frá 12. nóv. 1985 falli niður við gildistöku þessa nýja samnings og reglur EES-samningsins um það efni gildi um atvinnuleysisbætur.

Ég hef hér með, virðulegi forseti, gert stuttlega grein fyrir frv. þessu til laga um heimild til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um almannatryggingar og leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku, 1. umr.

Stjfrv., 300. mál. — Þskj. 467.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Frv. til laga um brottfall laga um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku var upphaflega lagt

fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi en var ekki útrætt. Frv., eins og það er lagt til nú, er óverulega breytt. Bætt hefur verið við athugasemdum sem taka mið af þróuninni í Suður-Afríku á sl. ári og nú er gert ráð fyrir að viðskiptabannið falli niður strax við gildistöku laganna.

Íslensk stjórnvöld hafa sem kunnugt er ávallt fordæmt kynþáttaaðskilnaðarstefnu suður-afrískra stjórnvalda og reynt eftir megni að stuðla að afnámi hennar í samstarfi við aðrar þjóðir. Þessi afstaða endurspeglast m.a. í samþykkt laga nr. 67/1988, sem jafnframt var liður í baráttu samfélags þjóðanna gegn kerfisbundu kynþáttamisferli, apartheid, sem óumdeilanlega er ein grófasta tegund mannréttindabrota sem þekkist í heiminum.

Þróunin í Suður-Afríku í átt til afnáms kynþáttaaðskilnaðar hefur hins vegar verið jákvæð sl. ár þar sem flest lög sem fólu í sér kynþáttaaðskilnað hafa verið afnumin. Benda má á eftirfarandi:

Starfsemi stjórnmálahreyfinga sem berjast fyrir afnámi kynþáttaaðskilnaðar hefur verið leyfð. Neyðarástandslögin frá 1986 hafa verið afnumin. Kynþáttaaðskilnaður á opinberum stöðum hefur verið bannaður. Vegabréfalögin svokölluðu hafa verið felld úr gildi. Fólki af ólíkum kynþætti er ekki lengur óheimilt að ganga í hjúskap. Lög sem kváðu á um að skrá skyldi alla íbúa samkvæmt kynþætti hafa verið afnumin. Lög sem takmörkuðu eignarheimildir blökkumanna á landi hafa verið felld úr gildi sem og lög sem sögðu til um það hvar fólki af tilteknum kynþáttum væri heimilt að búa í landinu.

Þessi umbótaþróun heldur áfram og sl. föstudag náðist samkomulag milli samningamanna ríkisstjórna Suður-Afríku og Afríska þjóðarráðsins, ANC, um stjórn landsins til aldamóta. Búist er við að ríkisstjórn Suður-Afríku og framkvæmdastjórn ANC muni samþykkja þetta samkomulag á næstunni. Samkvæmt því verður efnt til frjálsra þingkosninga á næsta ári þar sem allir kynþættir verða jafnréttháir. Hlutverk þingsins verður skipting landsins í stjórnsýslusvæði. Í framhaldi af kosningum tekur við þjóðstjórn blökkumanna og hvítra til aldamóta. Ef gengið verður að samkomulaginu er allt útlit fyrir að meirihlutastjórn blökkumanna muni komast á í byrjun næstu aldar.

Það er sannfæring mín að þessi þróun í átt til lýðræðis í Suður-Afríku verði ekki stöðvuð úr því sem komið er. Í ljósi þessara röksemda og með vísan til þess að fjöldi ríkja, þar á meðal helstu keppinautar Íslands í utanríkisviðskiptum, hafa aflétt viðskiptaþvingunum gagnvart Suður-Afríku legg ég til að lagafrv. um afnám viðskiptaþvingana gagnvart Suður-Afríku verði samþykkt.

Ég vil leyfa mér að vísa til bréfs frá Félagi ísl. iðnrekenda, dags. 5. febr. 1993, þar sem skorað er á Alþingi að samþykkja frv. eins fljótt og verða má til þess að koma í veg fyrir að viðskiptabannið valdi íslenskum fyrirtækjum frekara fjárhagslegu tjóni en orðið hefur vegna dráttar á brottfalli laganna um afnám viðskiptabanns við Suður-Afríku.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til hv. utanrmn.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég kem upp í pontu til þess að lýsa yfir ákveðnum efasemdum um að rétt sé hjá Alþingi að stíga það skref sem er lagt til í frv., þ.e. að afnema bannið gegn viðskiptum við Suður-Afríku sem Alþingi samþykkti að leggja á árið 1988. Ég ætla ekki að lýsa yfir neinni fortakslausri afstöðu til málsins heldur fyrst og fremst efasemdum. Það geri ég ekki síst vegna þess að nýjustu fregnir herma að það samkomulag, sem hæstv. utanrrh. vísaði til að gert hefði verið sl. föstudag milli ríkisstjórnar Suður-Afríku og Afríska þjóðarráðsins um stjórn landsins til aldamóta og almennar þingkosningar á næsta ári, liggi ekki eins ljóst fyrir og menn vilja vera láta. Man ég ekki betur en það hafi verið haft eftir de Klerk í einhverjum íslenskum fjölmiðli núna um eða eftir helgina að þetta væru hugmyndir en ekki orðið að samkomulagi.

Þá vil ég líka benda á að mér fannst dálítið merkilegt í máli hæstv. utanrrh. þegar hann vitnaði til bréfs iðnrekenda um að það þyrfti að aflétta banninu til að íslensk iðnfyrirtæki biðu ekki frekara tjón af því en þegar væri orðið. Hins vegar var hvorki í ræðu utanrrh. né í grg. með frv. vitnað til afstöðu ANC eða svartra Afríkubúa til þess að banni verði aflétt. Mér finnst að sú afstaða hljóti að skipta miklu máli og hún hlýtur að hafa komið fram víða á alþjóðavettvangi. Ég veit að hún hefur komið fram á alþjóðavettvangi oftar en einu sinni og oftar en tvisvar að undanförnu. Mér finnst að það sé eitthvað sem við Íslendingar hljótum að hafa í huga vegna þess að þetta viðskiptabann var sett til þess að styðja við bakið á hinum svarta meiri hluta í landinu í baráttu hans fyrir lýðréttindum og mannréttindum. Ef sá svarti meiri hluti telur tímabært að aflétta þessu banni og það sé rétt skref, þá er auðvitað sjálfsagt að stíga það en ef svarti meiri hlutinn telur þetta ekki tímabært finnst mér að menn ættu að skoða málið betur.

Við skulum athuga það að þetta bann hefur skipt verulega miklu máli og hefur átt sinn stóra þátt í þeirri lýðræðisþróun sem hefur átt sér stað í Suður-Afríku frá 1988. Þetta bann hefur þar skipt sköpum og haft mun meira að segja en siðgæði manna í stjórn landsins, eins og de Klerks. Þó ég dragi siðgæði þeirra í sjálfu sér ekki í efa þá gerði bannið og það sem því fylgdi það að verkum að hlutirnir fóru að gerast í því landi.

Enn þá er kynþáttaaðskilnaðarstefnan í gangi í landinu. Enn þá byggist stjórnarskrá landsins upp á kynþáttaaðskilnaði. Enn þá eru pólitískir fangar í haldi. Enn þá er fólk í pólitískri útlegð eftir því sem ég best veit og enn hefur meiri hluti þjóðarinnar ekki fengið kosningaréttinn þó að það kunni að gerast á næsta ári ef marka má þetta samkomulag.

Nelson Mandela hélt ræðu á þingi Sameinuðu þjóðanna. Sú ræða sem ég hef hérna er frá því í desember 1991 og það kann að vera að afstaða hans hafi breyst síðan og auðvitað ástæða til þess að kanna það. Þá var þessi bylgja hafin. Það var víða byrjað á því á Vesturlöndum að afnema þetta viðskiptabann. Í ræðunni

varar Nelson Mandela m.a. við því og segir: „Við trúum því að það sé áfram þörf fyrir alþjóðlegan þrýsting til þess að hraða þeirri þróun sem hefur verið í gangi í landinu til þess að afnema kynþáttaaðskilnaðarstefnuna. Viðskiptabann er því eftir sem áður mikilvægt," segir Mandela í þessari ræðu. Hann segir hins vegar: „Engu að síður trúum við því að slíkt viðskiptabann ætti að afnema stig af stigi eftir því sem þróuninni miðar áfram í Suður-Afríku. Þau tvö stig sem mestu máli skipta og fram undan eru snúa annars vegar að myndun bráðabirgðastjórnar og í öðru lagi að kosningu nýrrar ríkisstjórnar sem byggist á lýðræðislegri stjórnarskrá. Þetta er í rauninni eitthvað sem er fram undan en hefur hvorugt átt sér stað." Hann miðar þá við að þegar þetta tvennt yrði að veruleika ætti að afnema bannið að fullu en það mætti gera það stig af stigi fram að þeim tíma.

Hann segir enn fremur: „Við viljum þess vegna hvetja þingið [þ.e. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna] og aðildarríki þess að meðhöndla viðskiptabannið með þessum hætti, þ.e. afnema það stig af stigi. Við erum sannfærðir um að með þeim hætti sé best hægt að koma því í kring að kynþáttaaðskilnaðarstefnan og það kerfi sem hún byggir á verði afnumið." Hann segir líka í þessari ræðu: „Við skorum á ykkur alla [þ.e. aðildarríkin] að hlusta eftir röddum hinna kúguðu í þessu máli. Það voru hvað sem öðru líður þeir sem báðu ykkur að koma sér til aðstoðar með því að setja á þetta viðskiptabann," segir Mandela í þessari ræðu.

Eins og ég segi er þetta ekki ný ræða. Hún er frá því 3. des. 1991 og kann að vera að afstaða hans hafi eitthvað breyst síðan en aðalatriðið var að það skyldi gert stig af stigi og ekki afnumið að fullu fyrr en búið væri að koma á bráðabirgðastjórn, lýðræðislegri stjórnarskrá og kjósa í almennum kosningum á grundvelli hennar.

Mér finnst ástæða til að halda þessu til haga. Það var reyndar viðtal í mars 1992 við Mandela í bandarískri útvarpsstöð þar sem hann heldur fram mjög svipaðri afstöðu og er ekki lengra síðan en í mars 1992.

Ég hef tækifæri til þess að fjalla um þetta mál í utanrmn. og mér finnst ástæða til þess að utanrmn. fari ofan í þetta og kynni sér það sem svartir Suður-Afríkubúar og ANC hefur um þetta mál að segja. Ef ég veit rétt þá hafa líka ýmis ríki í kringum okkur, t.d. Svíþjóð, ákveðið að fara þannig að þessu máli að aflétta banninu stig af stigi en afnema það ekki að fullu að svo komnu.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lýsi stuðningi við þetta frv. en vildi aðeins í tilefni af ræðu síðsta ræðumanns taka fram að ég sé ekki hvernig við Íslendingar getum afnumið þetta viðskiptabann gagnvart Suður-Afríku stig af stigi. Viðskiptin eru ekki þess eðlis milli okkar og Suður-Afríku að við getum gert það stig af stigi. Annaðhvort verðum við að stíga skrefið allt eða ekki og ég tel rétt að gera það eins og þetta frv. mælir fyrir um.

Það sem ég vildi hins vegar vekja máls á eftir ræðu hv. síðasta ræðumanns er þessi spurning, sem kom fram í upphafi ræðu hennar, um það hvort við eigum að fara að tengja þessa afstöðu okkar við samninga milli stjórnar og stjórnarandstöðu í Suður-Afríku. Það var vitnað til ákveðinna atburða sem gerðust sl. föstudag og spurningar um hvort þeir nái fram að ganga o.s.frv. Ég tel ákaflega óskynsamlegt að við förum að móta okkur afstöðu í þessu máli með hliðsjón af því hvað er að gerast í stjórnmálum í Suður-Afríku. Það eitt að þessar viðræður fara þar fram og menn eru að ná samkomulagi um þróun stjórnarhátta segir okkur að forsendurnar sem lágu að baki því að bannið var sett upphaflega eru úr sögunni. Mér finnst því að við eigum að líta á það. Ég tek undir það með hv. ræðumanni að það er sjálfsagt að skoða þetta mál ítarlega í utanrmn. en ég get ekki fallist á að það séu rök í málinu að stjórnmálasamningar hafi ekki tekist í Suður-Afríku um það hvernig þeir ætla að framkvæma stjórnskipunarbreytingar sínar. Aðalatriðið er að það hefur verið fallið frá því sem var aðalástæðan fyrir því að viðskiptabannið var sett á sínum tíma.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get ekki skilið hvernig við getum annað en tekið mið af stjórnmálaástandinu í Suður-Afríku þegar við ræðum um þetta bann og hvort eigi að afnema það eða ekki vegna þess að bannið var sett vegna stjórnmálaástandsins í landinu og til þess að ýta við ákveðinni lýðræðisþróun sem menn töldu mjög mikilvæga. Auðvitað hlýtur því stjórnmálaástandið í Suður-Afríku að vera aðalatriðið í þessu máli og ég skil ekki hvernig hægt er að skilja það tvennt að. Það er mér raunar alveg óskiljanlegt.

Hvað varðar það að Íslendingar geti ekki afnumið þetta bann stig af stigi þá er mér það ljóst vegna þess að þetta er bara allsherjarviðskiptabann og ekkert hægt að gera annað en viðhalda því eða afnema. En það er spurning hvort við þurfum ekki að halda þessu áfram þar til önnur ríki á Vesturlöndum ákveða að afnema viðskiptabann á Suður-Afríku að fullu og öllu. Ég held að það sé nú ekki nein goðgá fyrir okkur og sé ekki neinn stórfenglegur efnahagslegur skaði af því fyrir íslenskt samfélag og eflaust hafa önnur ríki á Vesturlöndum beðið mun meiri skaða af þessu viðskiptabanni en við vegna þess að ég reikna með að viðskiptin hafi ekki verið svo stórfengleg að það skipti einhverju verulegu máli.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef líklega ekki verið nægilega skýrmæltur. Það sem ég átti við var það að auðvitað var ákvörðunin um viðskiptabannið tekin vegna stjórnmálaástandsins í Suður-Afríku, en ég tel að meginforsendur hafi breyst að því leyti að teknar hafa verið ákvarðanir í Suður-Afríku sem valda því að við getum skoðað það mál án tillits til þess hvað líður samningaviðræðum eins og þeim sem standa nú yfir á milli stjórnar og stjórnarandstöðu í Suður-Afríku. Mér finnst að ef menn ætla að fara að hengja hatt sinn á það hvernig þær umræður þróast núna sé þar um atriði að

ræða sem ekki eru jafnskýr og glögg og spurningarnar sem menn verða að svara strax og ríki hafa svarað, eins og kemur hér fram í greinargerðinni. Það var þetta sem ég vildi segja. Ég tel t.d. að það væri ákaflega erfitt fyrir hv. utanrmn. að fara að fylgjast með því hvað er að gerast í stjórnmálabaráttu í Suður-Afríku um þessar mundir. Við þurfum auðvitað að átta okkur á ákveðnum grundvallaratriðum, en að láta málið ráðast af því hvort samningar takast í dag eða í næstu viku eða næsta mánuði í þessu stóra máli um framhaldið finnst mér ekki skynsamlegt.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er ekki úr vegi að rifja það upp þegar þetta mál er til umræðu að það kostaði langa baráttu á sínum tíma að fá samþykkt á Alþingi lög um viðskiptabann á Suður-Afríku. Árið áður en þessi lög voru sett, 1988, höfðu trekk í trekk verið fluttar hér tillögur í þá átt að hér skyldu, eins og á öðrum Norðurlöndum og í flestum nálægum löndum, sett lög um bann við viðskiptum við Suður-Afríku.

Ég minnist þess að þá voru flutt ýmis rök gegn þeim tillögum, m.a. fullyrt af ýmsum að viðskiptatakmarkanir eða viðskiptabönn væru ekki aðferðin til þess að knýja fram stjórnmálaumbætur eða hafa áhrif á önnur þau mál sem úrskeiðis færu í einstökum ríkjum. Ég held að þróun mála í Suður-Afríku síðustu árin og missirin afsanni rækilega slíkan málflutning. Ég held að það sem gerst hefur í Suður-Afríku eigi eftir að standa sem mjög markvert dæmi um að það er hægt að knýja fram á grundvelli alþjóðlegra laga umbætur án þess að beita valdi. Í nútímasamfélagi eru kannski viðskiptatakmarkanir eða viðskiptabönn allra áhrifaríkustu aðferðirnar í þeim efnum þegar til kastanna kemur. Það er enginn vafi á því að sú vaxandi stjórnmálalega og viðskiptalega einangrun sem Suður-Afríka bjó við allan 9. áratuginn réð úrslitum um þá þróun sem þar er nú komin í gang.

Það vekur athygli að hér er á ferðinni frv. sem gerir ráð fyrir því að lögin sem slík um bann við viðskiptum við Suður-Afríku falli úr gildi í heild sinni. Þetta vekur athygli mína a.m.k. vegna þess að flest nálæg lönd hafa valið þann kost að aflétta viðskiptabanni í áföngum. Þó svo að þessi lög sem hér giltu hafi verið einföld í sniðum og í raun og veru í sinni allri einföldustu mynd þýtt einfalt viðskiptabann og tegund viðskipta eða umfang ekki sundurliðuð sérstaklega, þá tel ég eftir sem áður að það hljóti að koma til greina að við Íslendingar reynum að verða öðrum þjóðum samferða hvað það varðar að aflétta viðskiptatakmörkunum. Ég vil þess vegna koma þeirri hugmynd á framfæri að hv. utanrmn. skoði það í umfjöllun sinni um málið hvort ekki sé hugsanlegt að við Íslendingar, þó ekki væri nema með táknrænum hætti, förum sömu leið og nágrannaþjóðirnar að aflétta þessum viðskiptatakmörkunum í áföngum.

Ég tel vel koma til greina að í fyrsta áfanga — þann áfanga tel ég tímabært að taka — yrði opnað fyrir frjáls vöruviðskipti milli landanna og það gert strax en haldið eftir t.d. fjárfestingartakmörkunum. Nú kunna menn að segja að það hafi ekki mikla merkingu í sjálfu sér að milli Íslands og Suður-Afríku ríki ekki frelsi í fjárfestingum og má til sanns vegar færa og ekki líklegt að á slíkt mundi reyna. En það væri engu að síður ákveðin táknræn yfirlýsing um að þó við metum mikils þróunina í Suður-Afríku og viljum styðja við hana gerum við okkur grein fyrir því að þar eru menn ekki komnir nema hálfa leið. Við viðurkenndum að þar væri ýmsu ábótavant og færum þess vegna sömu leið og flestar aðrar nálægar þjóðir, að aflétta þessum takmörkunum í áföngum. Þannig hefur framkvæmdin verið víðast hvar í kringum okkur. Reyndar er það svo að hin Norðurlöndin eru þau lönd sem farið hafa varlegast í sakirnar og enn sem komið er hafa sum hver ekki aflétt viðskiptabanninu í neinu.

Það er því miður þannig, eins og reyndar kom hér fram í máli síðasta ræðumanns, að þó þróunin sé vissulega jákvæð og í rétta átt er ástandið enn á ýmsan hátt óviðunandi frá sjónarhóli almennra mannréttinda. Stjórnskipun landsins er enn þannig að hún inniheldur kynþáttaaðskilnað því að kosningarréttur er enn kynþáttabundinn. Auðvitað er síðan ljóst að jafnvel þó svo stjórnskipun landsins yrði lagfærð að þessu leyti er auðvitað aðstöðumunur kynþáttanna hrikalegur og ærin verkefni þar fyrir höndum að koma hlutunum þannig fyrir að menn standi sæmilega jafnfætis hvað varðar lífskjör og alla aðstöðu til að mynda til að hafa áhrif á þróun mála og heyja stjórnmálabaráttu o.s.frv.

Ég held þess vegna að það sé mjög rökrétt að þróunin sé viðurkennd með því að aflétta í áföngum þeim viðskiptatakmörkunum sem í gildi hafa verið. Ég vil eindregið fara fram á það að utanrmn. að minnsta kosti skoði þennan möguleika þó mönnum þyki hann e.t.v. ekki mjög praktískur. Hann hefði þó það táknræna gildi að við værum samstiga öðrum nágrannaþjóðum hvað þetta snertir.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Mér kemur nokkuð á óvart sú áhersla sem hér er lögð í máli ræðumanna á að stíga þetta skref í svokölluðum áföngum. Það er ekkert um það að ræða af Íslands hálfu að viðskipti við Suður-Afríku séu með þeim hætti að hægt sé að flokka þau til að mynda í þjónustuviðskipti, fjármagnsviðskipti, þar með talin bankaviðskipti, viðskipti á sviði flugsamgangna eða því um líkt, auk vöruviðskipta. Ég tel ekki praktískt, eins og hv. síðasti ræðumaður orðaði það, að ætla að brjóta þetta skref upp í einhverja slíka áfanga. Ég minni á það sem þegar er fram komið að í öllum nálægum löndum er verið að taka þessi skref mjög hratt um þessar mundir. Það kom fram í fréttum um helgina að í Svíþjóð er þetta mál mjög í deiglunni. Og reyndar heyrðist mér í sjónvarpi á Sky-stöðinni, sem ég sá fyrir tilviljun um helgina, að Nelson Mandela væri að lýsa því yfir að hann teldi tímabært að þjóðir almennt stigu þetta skref. Það fáum við eflaust nánari upplýsingar um í utanrmn.

Það hefur vissulega verið mjög jákvæð þróun í þessum heimshluta undanfarin ár þó ég dragi í efa að viðskiptabann Íslendinga hafi vegið þar þyngst á met-

unum. Það er auðvitað fyrst og fremst það að þar er kominn til valda í landinu de Klerk, maður heilinda, kjarkmaður sem hefur þorað að taka erfiðar pólitískar ákvarðanir og beita sér fyrir að þarna næðist ákveðin sátt. Milli hans og Nelsons Mandela virðist hafa tekist samstarf og skilningur sem nú hefur borið þennan ávöxt. Þessu hljótum við öll að fagna. Ég fagna því mjög að það er orðið tímabært að þetta frv. komi fram og vænti þess að það fái greiða afgreiðslu á hinu háa Alþingi.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það geti varla verið nema eðlileg ósk að fara fram á það að utanrmn. fari yfir þessi mál og skoði þessa möguleika. Það var í raun og veru allt og sumt sem ég var að biðja um. Mér finnst hv. 8. þm. Reykv., Geir H. Haarde, fullfljótur til að fara að gefa sér niðurstöðu að þetta sé ekki mögulegt. Ég tel að minnsta kosti sjálfsagt mál að utanrmn. skoði þetta. Það er ekki alls kostar rétt, sem kom fram í hans máli, að menn séu að stíga þessi skref mjög hratt núna og afnema allar viðskiptatakmarkanir. Það er einmitt ekki svo. Víða er verið að skipta þessu upp. Það stefnir væntanlega í það í Svíþjóð t.d að fyrst verði opnað fyrir vöruviðskipti en fjárfestingarbann áfram í gildi. Að minnsta kosti hefur það virst vera sú lína sem helst yrði samstaða um í Svíþjóð.

Ég vil enn fremur taka fram, eins og reyndar hefur þegar komið fram í umræðunni, að fréttir frá Suður-Afríku eru nokkuð misvísandi. Lengi vel var það svo að leiðtogar blökkumanna þar óskuðu eftir að menn færu mjög varlega í því að taka það skref að afnema viðskiptaþvinganir á meðan séð yrði fram úr því hver þróunin yrði í Suður-Afríku.

Hv. 8. þm. Reykv., vill gera hlut de Klerks mikinn í því sem þarna hefur gerst. Örugglega er það rétt að hann á sinn stóra þátt í því og hans umbótasinnaða stefna en ég held að það sé óhjákvæmilegt að horfa ekki fram hjá því að hin ótrúlega staðfesta forustumanna meiri hlutans, blökkumannanna, Nelsons Mandela, Desmonds Tutu og annarra slíkra, sem aldrei ljáðu máls á málamiðlunum, t.d. að kaupa sér frelsi fyrir tilteknar tilslakanir skilaði fyrst og fremst þeim mikla og varanlega árangri sem nú hillir undir en er þó því miður engan veginn í höfn. Ég held að það eigi fyrst og fremst að reyna að styðja við umbæturnar með því að styðja þessa menn. Ég er að því leyti sammála hv. 10. þm. Reykv. að ég tel að það eigi ekki síður að hlusta á óskir sem þaðan koma um það hvernig að þessum málum verði staðið á Vesturlöndum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Í Suður-Afríku hefur átt sér stað ánægjuleg þróun að undanförnu og vissulega ber að fagna því. Það blasir þó við, eins og sagt er hér í greinargerðinni neðst á fyrstu blaðsíðu frv.:

„Kynþáttaaðskilnaður hefur þrátt fyrir þessar aðgerðir ekki verið afnuminn að fullu þar sem kosningarréttur landsmanna grundvallast enn á kynþætti.“ Það er kjarni málsins. Það er hinn einfaldi kjarni málsins.

Ég tel að það reki engin nauður okkur til að flýta okkur í þessu máli. Mér kemur það mjög á óvart og vil heyra rökstuðning fyrir því ef hæstv. utanrrh. telur að iðnaðarhagsmunir Íslands í þessu sambandi séu slíkir að þeir vegi eitthvað. Ég hef hlustað á hæstv. utanrrh. flytja hér hverja ræðuna eftir aðra um EES og hélt að iðnaðarhagsmunirnir, eins og hann skilgreindi þá, lægju allir í EES. Þetta er kannski misskilningur og þeir liggja allir í viðskiptum við Suður-Afríku. Ég tel þess vegna að hæstv. ráðherra skuldi þinginu skýringar á því um hvaða fjárhæðir er verið að tala í þessu sambandi. Eru menn að tala um 10 millj. eða meira? Hvað er verið er að tala um?

Það liggur ljóst fyrir að ástæðan fyrir því að þetta viðskiptabann var lagt á var sú ósk blökkumannanna að það væri gert og við urðum við þeirri ósk. Ef sú ósk liggur fyrir af þeirra hendi að nú beri að aflétta viðskiptabanninu er sjálfsagt að verða við því. En ég fæ ekki séð að það reki okkur nein nauður til að hraða afgreiðslu þessa máls í gegnum Alþingi Íslendinga. Við eigum enga sérstaka samleið með fyrrverandi nýlenduþjóðum Evrópu í þeim efnum að keppast um hverjir verði fyrstir að komast inn í þessi viðskipti. Við tókum þessa afstöðu á sínum tíma aðeins út frá því sjónarmiði að við vildum taka þátt í því með öðrum lýðræðisþjóðum að beita hina hvítu stjórn í Suður-Afríku þrýstingi.

Mér finnst ástæðulaust annað en anda rólega í þessu máli fram á vorið og vona að þá verði línur farnar að skýrast það mikið að hægt sé að afgreiða þetta frv. á jákvæðan hátt á vordögum áður en þingið fer heim. En ég sé enga ástæðu til þess að þessu máli verði á nokkurn hátt hraðað í gegnum þingið. Ég bind vonir við það eins og fleiri að þróunin verði hröð í þessum hluta heimsins. Ég tek undir það sem sagt hefur verið að ég tel að leiðtogi hvítra í Suður-Afríku eigi stóran þátt í því að sú þróun hefur verið jákvæð að undanförnu. En eins og ég sagði áðan vil ég fá skýrari upplýsingar frá hæstv. utanrrh. ef það á að sækja þetta mál af ofurkappi út á það að iðnaðarhagsmunir Íslands séu stórir í þessu sambandi.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég tel að það fari vel á því að þær athugasemdir sem gerðar hafa verið í þessum umræðum verði kannaðar og ræddar í utanrmn. við umfjöllun málsins í ljósi nýjustu upplýsinga. Annars vegar um fjölda þeirra þjóða sem nú þegar hafa afnumið viðskiptabannið með öllu sem og þeirra sem enn hafa þar fyrirvara á ýmsum sviðum sem einkum eru á sviði öryggismála, búnaðar til öryggislögreglu og að sjálfsögðu að því er varðar kjarnavopn.

Tilefni þess að ég kom hér upp aftur var hins vegar fyrirspurn frá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni. Það liggja engar tölur fyrir um það af hve miklum viðskiptum í krónum og aurum Íslendingar hafa orðið af vegna viðskiptabannsins. Það er vitað að ýmis íslensk fyrirtæki hafa leitað eftir og telja sig eiga kost á viðskiptasamningum en vegna viðskiptabannsins geta þeir ekki orðið. Þar er því eingöngu um að ræða viðskipti

sem enn eru á umræðustigi. Það getur því enginn aðili út af fyrir sig sett með vissu fram tölur í því efni. En ég vísa hv. þm. að kynna sér upplýsingar frá Félagi íslenskra iðnrekenda um það að öðru leyti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, fyrri umr.

Stjtill., 274. mál. — Þskj. 370.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér till. til þál. um breytingu á Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins. Með þessari þáltill. fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu breytingar á svokallaðri Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins er gerð var í London 29. júní 1990.

Ísland gerðist árið 1989 aðili að Vínarsamningi frá árinu 1985 um vernd ósonlagsins og jafnframt aðili að bókun við samninginn frá árinu 1987, svokallaðri Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

Á öðrum fundi aðila að Montreal-bókuninni í London í júní 1990 var samþykkt breyting á bókuninni. Hún er birt sem fylgiskjal 1 með þáltill. Helstu atriði breytingarinnar eru þessi:

1. Klórflúorkolefnum á bannlista bókunarinnar er fjölgað og ákvæði sett sem miða að því að minnka notkun og framleiðslu þeirra um 20% fyrir árið 1993 og 85% fyrir árið 1997, miðað við notkun og framleiðslu árið 1989, og hætta notkun og framleiðslu alfarið fyrir árið 2000.

2. Koltetraklóríð er bætt við listann og ákvæði sett sem miða að því að minnka notkun á framleiðslu þess um 85% fyrir árið 1995, miðað við framleiðslu og notkun ársins 1989, og hætta notkun og framleiðslu algerlega fyrir árið 2000.

3. Efninu 1,1,1-tríklóretan er bætt við bannlistann og ákvæði sett sem miða að því að minnka notkun og framleiðslu þess um 30% fyrir árið 1995 og 70% fyrir árið 2000, miðað við framleiðslu og notkun árið 1989, og hætta notkun og framleiðslu algerlega fyrir árið 2005.

4. Bætt hefur verið við bókunina lista yfir ótímasett bannefni, þ.e. efni sem ákveðið hefur verið að banna án þess þó að tímamörk séu tilgreind.

5. Stofnaður er nýr sjóður til að aðstoða þróunarlönd við að fullnægja þeim ráðstöfunum sem felast í bókuninni.

6. Ákvæði um miðlun tækni eru skilgreind með skýrari hætti.

Í athugasemdum við tillöguna er að finna upplýsingar við aðrar breytingar sem hafa verið gerðar á Montreal-bókuninni. Breytingar þessar hafa þegar tekið gildi og þarfnast ekki staðfestingar.

Ísland hefur fylgt áætlunum þeirra þjóða sem lengst hafa gengið í að minnka notkun ósoneyðandi efna. Hér á landi hefur verið unnið samkvæmt breytingum sem hafa verið samþykktar á fundum aðila að bókuninni þannig að staðfesting þeirra breytinga sem hér er lýst mun ekki hafa breytingu í för með sér á framkvæmd þessara mála hérlendis.

Árið 1991 hafði notkun klórflúorkolefna minnkað um 50% og halóna um 68% miðað við notkun ársins 1986. Notkun koltetraklóríðs og 1,1,1-tríklóretans er hverfandi hér á landi.

Ég leyfi mér að leggja til að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umræðu og hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 19.–23. mál.

Fundi slitið kl. 7.08 síðdegis.

---

110. FUNDUR

miðvikudaginn 17. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Vegáætlun 1993–1996, stjtill., 290. mál, þskj. 422. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, stjfrv., 261. mál, þskj. 342. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Norðurlandasamningur um almannatryggingar, stjfrv., 283. mál, þskj. 406. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku, stjfrv., 300. mál, þskj. 467. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, stjtill., 274. mál, þskj. 370. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 240. mál, þskj. 309. — 1. umr.
7. Skaðabótalög, stjfrv., 326. mál, þskj. 596. — 1. umr.
8. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 255. mál, þskj. 332. — 1. umr.
9. Tvöföldun Reykjanesbrautar, þáltill., 216. mál, þskj. 258. — Frh. fyrri umr.
10. Umferðarlög, frv., 194. mál, þskj. 231. — 1. umr.
11. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 207. mál, þskj. 248. — 1. umr.
12. Fræðslustörf um gigtsjúkdóma, þáltill., 225. mál, þskj. 273. — Fyrri umr.
13. Lífeyrissjóður sjómanna, frv., 241. mál, þskj. 310. — 1. umr.

Útbýting þingskjals:
Réttindi og skyldur starfsmanna varnarliðsins, 355. mál, þáltill. ÁRÁ, þskj. 634.

Fjarvistarleyfi:
Friðrik Sophusson, fjmrh.,
Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.

Um þingsköp.

Frumvarp um kaup á björgunarþyrlu.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Svo vill til að allshn. hefur afgreitt frá sér mál um kaup á björgunarþyrlu. Fulltrúi Alþb. í forsætisnefnd tilkynnti mér á sínum tíma að það hefði verið ákveðið að það mál yrði á dagskrá í dag og ég hef undirbúið mig miðað við það sem frsm. málsins. Nú sé ég það að þetta mál er ekki á dagskrá og vildi því inna forseta eftir því hver skýringin er á því og enn fremur hvenær þess megi vænta að málið verði tekið fyrir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti væntir þess að þetta mál geti orðið á dagskrá í næstu viku, en það er ekki á dagskrá í dag vegna þess að óskað var eftir því að því væri frestað. Sú ósk kom frá formanni þingflokks Sjálfstfl.

Vegáætlun 1993–1996, frh. fyrri umr.

Stjtill., 290. mál. — Þskj. 422.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (AÓB, ÁMM, EgJ, FrS, GAK, GB, HBl, HG, IP, JBH, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, StB, SvG) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (AÓB, ÁMM, EgJ, FrS, GAK, GB, HBl, HG, IP, JBH, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, StB, SvG) fjarstaddir.

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, frh. 1. umr.

Stjfrv., 261. mál (sigling um strandleið). — Þskj. 342.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (ÁMM, EgJ, FrS, GAK, GB, HBl, HG, IP, JBH, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, StB, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (ÁMM, EgJ, FrS, GAK, GB, HBl, IBA, IP, JBH, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, StB, SvG) fjarstaddir.

Norðurlandasamningur um almannatryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 283. mál. — Þskj. 406.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (ÁMM, EgJ, FI, FrS, GAK, GB, HBl, IBA, IP, JBH, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, StB, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til utanrmn. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (ÁMM, EgJ, FrS, GAK, GB, HBl, IP, JBH, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, StB, SvG) fjarstaddir.

Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku, frh. 1. umr.

Stjfrv., 300. mál. — Þskj. 467.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (ÁMM, EgJ, FrS, GAK, GB, HBl, IP, JBH, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til utanrmn. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (ÁMM, EgJ, FrS, GAK, GB, GÁ, HBl, IP, JBH, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, frh. fyrri umr.

Stjtill., 274. mál. — Þskj. 370.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (ÁMM, EgJ, FrS, GAK, GB, HBl, IP, JBH, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (ÁMM, EgJ, FrS, GAK, GB, HBl, IP, JBH, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Skipulags- og byggingarlög, 1. umr.

Stjfrv., 240. mál (heildarlög). — Þskj. 309.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um skipulags- og byggingarmál sem er 240. mál þingsins á þskj. 309. Þetta frv. var lagt fram á 115. löggjafarþingi. Samkomulag varð þá um að hv. umhvn. leitaði eftir umsögnum um frv. þótt ekki væri mælt fyrir því og það kæmi ekki til formlegrar meðferðar fyrr en á yfirstandandi þingi. Það var samkomulag um þessa málsmeðferð þar sem ljóst var að þetta frv., sem er mjög viðamikið, yrði ekki útrætt fyrir þinglok. Eins og frv. birtist hér er það því óbreytt frá fyrri útgáfu í samræmi við það samkomulag sem gert var við hv. umhvn.

Þetta frv. er að verulegu leyti byggt á tveimur eldri frumvörpum um sama efni. Það eldra var samið af nefnd sem félmrh. skipaði í apríl 1989 og lagt var fram á Alþingi á því ári. Seinna frv. var samið af nefnd sem umhvrh. skipaði í júlí 1990 og var lagt fram á Alþingi 1991 en ekki tekið til umræðu.

Stefán Thors, skipulgsstjóri ríkisins, og Vilhjálmur Þ. Vihjálmsson, formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, yfirfóru frv. síðan að beiðni minni og gerðu á því nokkrar breytingar. Áður hafði einnig verið samið frv. til skipulagslaga árið 1986 sem lagt var fyrir Alþingi 1986–1987, svo og sérstakt frv. til byggingarlaga sem samið var af nefnd sem félmrh. skipaði í ágúst 1987. Nefnd skilaði frv. ásamt athugasemdum til ráðherra í mars 1988, en það frv. var aldrei lagt fyrir Alþingi og hið fyrra frv. sem ég nefndi frá 1986 varð ekki útrætt. Það er því ljóst að þetta mál á sér nokkuð flókinn og margslunginn aðdraganda þegar þetta frv. er nú tekið hér til formlegrar umræðu.

Í því frv. sem nú er mælt fyrir til skipulags- og byggingarlaga eru lagðar til verulegar breytingar á lagaumgerð skipulagsmála en minni breytingar í raun að því er varðar byggingarmálin. Frv. er samið með það að markmiði að frumkvæði og ábyrgð sveitarfélaga verði staðfest og meðferð skipulags- og byggingarmála einfölduð. Þetta er í samræmi við þá breytingu sem orðið hefur á framkvæmd þessara mála að undanförnu. Samkvæmt gildandi lögum er skipulagsstjórn ríkisins ætlað að hafa frumkvæði um flest er lýtur að skipulagi. Þrátt fyrir það hefur þróunin orðið önnur og frumkvæðið í auknum mæli færst til sveitarfélaga. M.a. þess vegna er hér lagt til að í nýjum lögum verði kveðið á um frumkvæði og ábyrgð sveitarfélaga við gerð skipulagsáætlana. Þetta frv. felur í sér töluverðar breytingar frá gildandi lögum og helstar eru þær sem nú skal greina.

Með þessu frv. er tvennum umfangsmiklum lögum, skipulagslögum og byggingarlögum, steypt saman í einn bálk. Lög um skipulagsmál voru fyrst sett hér á landi árið 1921. Gildandi skipulagslög eru hins vegar að stofni til frá árinu 1964, en talsverðar breytingar voru gerðar á þeim árin 1972, 1974 og síðan 1978. Síðasta breytingin var gerð þegar sett voru byggingar-

lög sem tóku gildi 1. jan. 1979 og síðan þá hafa öll sveitarfélög verið skipulagsskyld. Byggingarlögin leystu af hólmi ýmsar tilskipanir frá eldri tíð, m.a. heimildir um að setja staðbundnar byggingarsamþykktir. Með byggingarlögunum var gerð sú meginbreyting að setja byggingarreglugerð fyrir allt landið og var það gert snemma árs 1979. Síðan þá hefur reglugerðinni verið breytt nokkrum sinnum, síðast í júlí á árinu 1992. Skipulagsreglugerð er hins vegar frá árinu 1985. Skipulags- og byggingarmál, virðulegi forseti, eru í raun svo nátengdir málaflokkar að eðlilegt er að samræma löggjöfina og hafa hana í einum bálki.

Önnur mikilvæg breyting frá gildandi lögum er sú að í frv. eru fjögur stig skipulagsáætlana skilgreind. Þar á meðal er landsskipulag sem ekki hefur verið áður að finna ákvæði um í lögum. Gert er ráð fyrir að umhvrh. gefi Alþingi árlega skýrslu um landsskipulag. Önnur stig skipulagsáætlana eru svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag og er frumkvæði um gerð og framkvæmd áætlana nú fært til sveitarfélaganna frá skipulagsstjórn. Áhersla er lögð á að allar sveitarstjórnir vinni aðalskipulagsáætlanir, leiti staðfestingar á þeim og endurskoði þær síðan með reglulegu millibili. Þetta á jafnt við um dreifbýli sem þéttbýli. Áætlun um aðalskipulag skal ævinlega vera leiðbeinandi fyrir aðra áætlunargerð sveitarfélaga.

Í frv. er bráðabirgðaákvæði sem kveður á um að öll sveitarfélög skuli hafa gengið frá aðalskipulagi innan 10 ára frá gildistöku laganna. Sveitarstjórn skal ekki óska sérstaklega eftir heimild til að auglýsa slíkar aðalskipulagsáætlanir og er það einnig mikilvæg breyting frá gildandi lögum. Sömuleiðis er ekki gert ráð fyrir því að Skipulagsstofnun hafði afskipti af deiliskipulagi svo fremi það sé í samræmi við staðfest aðalskipulag. Í frv. er að auki lagt til að skipulagsstjórn ríkisins verði lögð niður, verkefni hennar flutt annars vegar til sveitarfélaga og hins vegar til embættis skipulagsstjóra ríkisins sem þar með fengi nýtt hlutverk og yrði Skipulagsstofnun ríkisins. Áhersla yrði þar lögð á ráðgjöf og rannsóknir. Þannig er frumkvæði, gerð og framkvæmd svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana fært frá ríkinu til sveitarfélaganna.

Ýmsum hefur þótt sem svo að að undanförnu gætti miðstýringartilhneigingar í flestri lagasmíð. Hér er þessu á annan veg farið og öfugt raunar þar sem verið er að færa vald frá ríkisstofnun og ríkinu til sveitarfélaganna í landinu.

Þá er einnig sú breyting gerð að ekki er ætlast til að sveitarfélag þurfi að leita heimildar ráðherrar eða meðmæla Skipulagsstofnunar hyggist sveitarstjórn taka eignarnámi landsvæði eða fasteignir vegna fyrirsjáanlegrar og eðlilegrar þróunar sveitarfélags svo sem nú er mælt um í gildandi lögum. Þá er lagt til að skipulagsgjald verði greitt af mannvirkjum en ekki eingöngu af nýbyggingum eins og verið hefur. Gjaldið skal áfram vera skilgreindur hundraðshluti brunabótamats.

Skipulags- og byggingarnefndir fara með skipulags- og byggingarmálefni undir stjórn sveitarstjórnar. Yfirstjórn málaflokksins er í höndum umhvrn. Ég vek sérstaka athygli á því að í athugasemdum með frv. gætir nokkurrar ónákvæmni hvað þetta atriði varðar. Í skýringartexta á bls. 22 segir undir tölul. 11 að yfirstjórn málaflokksins sé ekki í höndum ráðuneytis. Það er rangt eins og ég hef þegar greint frá. Hins vegar er lagt til að fellt verði niður gildandi ákvæði um að skjóta megi ágreiningi milli byggingarnefndar og sveitarstjórnar til úrskurðar ráðherra.

Í þessu frv. eru gerðar kröfur um þolhönnun bygginga og efnisval en slík ákvæði er nú einungis að finna í reglugerð. Þannig er skipulags- og byggingarfulltrúa heimilt, ef hann telur ástæðu til, að krefjast þess að mannvirki verði álagsprófað til staðfestingar burðarþoli eftir að það hefur verið reist. Þá eru í frv. skilgreind hönnunargögn bygginga og annarra mannvirkja en slík ákvæði hafa til þessa einungis verið í reglugerð. Breytt er ákvæðum um löggildingu hönnunar og kveðið á um að þau skuli hafa ábyrgðartryggingu eða leggja fram bankatryggingu sem verkkaupi hefur samþykkt. Ég vek athygli á því að þetta er mikilvæg nýjung. Lagt er til að ráðherra skipi sér til ráðuneytis nefnd þriggja manna við mat á sérnámi og starfsreynslu og til að halda sérstakt próf í íslenskri skipulags- og byggingarlöggjöf. Lagt er til að breytt verði málsmeðferð á kærum þegar einhver telur rétti sínum hallað með ákvörðun skipulags- og byggingarnefndar. Kært verði til nefndar þar sem eru fulltrúar umhvrn., fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga og formaður sem væri skipaður af Hæstarétti í stað þess að kæra til ráðherra eins og nú eru ákvæði um í lögum.

Í 9. gr. frv. segir að með sérstökum lögum skuli ákveðið hvernig haga skuli meðferð skipulags- og byggingarmála á Miðhálendi landsins. Ákvæði þetta var sett með vísun til þess að samið hafði verið frv. til laga um stjórn skipulags- og byggingarmála á Miðhálendinu. Frv. þetta var lagt fram á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Nokkur mótmæli komu fram er þetta frv. var til umræðu, einkum við það ákvæði að setja á fót sérstaka stjórnunarnefnd skipulags- og byggingarmála á Miðhálendinu. Mótmælin komu einkum frá sveitarfélögum sem telja sig hafa lögsögu á Miðhálendinu og ýmsum fulltrúum landeigenda eða þeirra sem telja sig eiga landið. Ég mun víkja nánar að þessu síðar í ræðu minni.

Raunar er því við að bæta að ég boðaði til fundar 19. nóv. sl. með fulltrúum þeirra sveitarfélaga sem lögsögu eiga á Miðhálendinu til að ræða hvernig koma mætti á samræmdri stjórn skipulags- og byggingarmála á þessu svæði. Sveitarstjórnarmenn lögðu þar áherslu á að frv. yrði ekki lagt fram að nýju á Alþingi en í stað þess yrði skoðaður sá möguleiki að gera heildstæða skipulagsáætlun fyrir Miðhálendið á grundvelli gildandi skipulagslaga. Sú leið virðist fær með því að gera smávægilegar breytingar á 3. gr. núgildandi laga og er vel hugsanlegt að fara þá leið. Þess vegna beini ég því til hv. umhvn. sem fær þetta frv. til umfjöllunar að endurskoða 9. gr. þessa frv. með hliðsjón af því að frv. um stjórn skipulags- og byggingarmála á Miðhálendinu verði ekki lagt fram að nýju.

Eins og ég hef rakið er verið að leggja til mjög

verulegar breytingar á gildandi lögum. Nauðsynlegt er að Alþingi gefi sér góðan tíma til að fjalla um þetta frv. og þingmenn kynni sér vel það mál sem hér er á ferðinni. Hér er um að ræða viðamikinn málaflokk sem snertir ákaflega marga þætti þessa þjóðfélags. Nýjum lögum er ætlað að einfalda og auðvelda meðferð skipulags- og byggingarmála, því hefur ýmsilegt verið fellt niður úr gildandi lögum sem frekar á heima í reglugerð.

Þessu frv. er skipt í sex kafla þar sem í I. kafla eru almenn ákvæði um markmið lagasetningarinnar, skilgreiningar á orðum og hugtökum. II. kafli fjallar um stjórn skipulags- og byggingarmála en síðan koma kaflar um skipulag byggðar og mannvirkjagerð. Í V. kafla eru ákvæði um viðurlög og í VI. kafla er gildistökuákvæði.

Ég mun nú fara nokkrum orðum um kaflana og einstakar greinar frv. eftir því sem ástæða er til.

Í I. kafla eru almenn ákvæði. 1. gr. er nýmæli þar sem gerð er grein fyrir þeim markmiðum sem liggja að baki þessari lagasetningu. Lögð er áhersla á að gera verður gæðakröfur til áætlunargerðar og hönnunar á sviði skipulags- og byggingarmála. Forsendur þess að stuðlað verði að hagkvæmri nýtingu auðlinda eru að byggð verði ævinlega mótuð eftir skipulagsáætlunum. Einnig verða byggingarnar sjálfar að standast kröfur um styrkleika og endingu.

Í II. kafla er fjallað um stjórn skipulags- og byggingarmála. Frumkvæði og ábyrgð á gerð skipulagsáætlana hefur í gildandi lögum verið í höndum skipulagsstjórnar ríkisins og skipulagsstjóra eða eins og stendur í 3. mgr. 1. gr. skipulagslaga, með leyfi forseta:

„Verkefni skipulagsstjórnar er að ganga frá skipulagsuppdráttum, er berast til staðfestingar, eiga frumkvæði að skipulagningu og endurskipulagningu, þar sem hún telur þess þörf ...“

Hin síðari ár hafa þó æ fleiri sveitarfélög tekið til sín frumkvæði og framkvæmd á þessu sviði og slíkt er eðlilegt og skipulagsstjórn hefur raunar markvisst unnið að slíkri tilfærslu. Í raun má segja að annað sé óeðlilegt þar sem hlutverk skipulagsáætlana er að vera stjórntæki sveitarfélags um þróun og mótun byggðar. Frv. gerir því ráð fyrir að frumkvæði og forræði að því er varðar gerð skipulagsáætlana færist til sveitarstjórnanna. Jafnframt eiga sveitarfélög að tryggja eftirlit með því að mannvirkjagerð falli að skipulagsáætlunum og almennum gæða- og öryggiskröfum sem gera verður til bygginga.

Veigamikil breyting er, sem ég hef áður nefnt, að skipulagsstjórn ríkisins er lögð niður en hún á rætur að rekja til fyrstu laga um skipulag sem sett voru árið 1921. Þá nefndist þessi stjórn skipulagsnefnd ríkisins og í henni sátu þrír menn: Húsameistari ríkisins, vegamálastjóri og prófessor í heilbrigðisfræðum við Háskóla Íslands.

Þegar skipulagslögum var breytt árið 1938 var vita- og hafnamálastjóra bætt í nefndina í stað prófessorsins. Með setningu gildandi laga frá 1964 var nafni nefndarinnar breytt í skipulagsstjórn ríkisins og kveðið á um að auk þriggja áðurnefndra embættismanna sitji tveir í stjórninni til viðbótar. Annar þeirra skal tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélga en hinn er án tilnefningar. Þróun undanfarinna ára hefur frekar gengið í þá átt að embættismenn ríkisins sitji ekki í nefndum og ráðum með hliðstætt hlutverk og hér um ræðir og er því lagt til að skipulagsstjórn verði lögð niður. Deilast verkefni hennar þá á sveitarstjórnir og Skipulagsstofnun ríkisins.

Í gildandi lögum er ekki sérstaklega kveðið á um sérstaka stofnun skipulagsmála, skipulag ríkisins, einungis notuð nafngiftin skipulagsstjóri. Í frv. er þessi stofnun nefnd Skipulagsstofnun ríkisins sem er að sjálfsögðu ætlað jöfnum höndum að fjalla um byggingarmál og er því í raun um að ræða skipulags- og byggingarstofnun.

Í 3. gr. frv. er tekið fram að umhvrn. fari með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála og hafi sér til aðstoðar Skipulagsstofnun ríkisins. Þá er í sömu grein ákvæði um að ráðherra geti skipað ráðgjafarnefnd um skipulags- og byggingarmál sem jafnframt geti verið Skipulagsstofnun til ráðgjafar.

Skipulagsreglugerð skv. 4. gr. verður ekki sett nema að fenginni umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga. Gildandi skipulagslög kveða mjög ítarlega á um ýmsa þætti skipulagsáætlana. Nefna má sem dæmi að þess sé sérstaklega krafist að öldruðu og fötluðu fólki sé gert auðvelt að komast leiðar sinnar. Kröfur til skipulagsáætlana hafa þróast og tekið breytingum í tímans rás og í ljósi þeirra þykir eðlilegra að kveða á um tæknilega úrfærslu slíkra áætlana í lögum en telja upp einstök atriði í smáatriðum sem taka verður tillit til við gerð áætlana. Gert er ráð fyrir að slíkum atriðum verði gerð skil í reglugerð.

Þá skal tekið fram að í reglugerð komi ákvæði um hvernig meta skuli áhrif framkvæmda á umhverfið. Í því sambandi er rétt að minna á að nú er til umfjöllunar á Alþingi frv. til laga um umhverfismat sem vonandi verður samþykkt fyrir þinglok og á næstunni mun ég leggja fram frv. til laga um umhverfisvernd og umhverfisrétt.

Kveðið er á um það í 6. gr. frv. að í hverju sveitarfélagi skuli starfa skipulags- og byggingarnefnd. Í flestum stærri sveitarfélögum eru nú starfandi sérstakar skipulagsnefndir. Þær styðjast við almenn ákvæði sveitarstjórnarlaga en í gildandi skipulagslögum eru hins vegar engin ákvæði um slíkar nefndir. Eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar skal hins vegar kjósa byggingarnefnd í hverju sveitarfélagi og eru um það allítarleg ákvæði í byggingarlögum. Í þeim lögum er líka heimild til að hafa samvinnu við nágrannasveitarfélög eða félög um kosningu svæðisbyggingarnefndar og ráðningu byggingarfulltrúa. Heimild um svæðisbyggingarnefndir er lítið notuð. Í Eyjafirði eru þó tvær svæðisbyggingarnefndir sem dreifbýlissveitarfélögin eiga aðild að og í Skagafirði þrjár og eru þó ekki öll dreifbýlissveitarfélögin aðilar að svæðisbyggingarnefnd. Eins eru þrjár slíkar nefndir í Borgarfjarðar-, Mýra-, Snæfells- og Hnappadalssýslum en þær ná heldur ekki til allra sveitarfélaga á svæðinu.

Víða á landinu er samvinna um sameiginlegan byggingarfulltrúa þó að hvert sveitarfélag sé með eigin byggingarnefnd. Þannig er því t.d. háttað í Þingeyjarsýslum, Dalasýslu, uppsveitum Árnessýslu, Austur-Skaftafellssýslu og víðar.

Þar sem tvær nefndir eru starfandi á sviði skipulags- og byggingarmála er verkaskipting þeirra sú að byggingarnefnd fjallar um einstök byggingarleyfi en skipulagsnefnd um breytingar á skipulagsáætlun og veitir umsagnir um það hvort tilteknar framkvæmdir séu í samræmi við skipulag. Dæmi eru um að byggingarnefndir fjalli um skipulagsmál þar sem engin skipulagsnefnd er starfandi en algengara er að um slík mál sé fjallað beint af sveitarstjórn án þess að málið komi til kasta undirnefnda. Sveitarstjórn getur þannig ákveðið hvort ein nefnd eða tvær fjalla um þessa málaflokka. Æskilegt verður þó að telja að stofnaðar verði svæðis-, skipulags- og byggingarnefndir með sameiginlegu starfsliði. Þannig yrði í sveitarfélögum komið á markvissari umfjöllun og eftirliti á sviði skipulags- og byggingarmála.

Komið hefur til mála að skylda sveitarfélög til að mynda byggðasamlög um þessa málaflokka líkt og t.d. er gert á sviði heilbrigðiseftirlits. Þannig var í frv. um skipulags- og byggingarmál, sem lagt var fyrir Alþingi 1989, lagt til að sveitarfélögum með færri en 700 íbúa væri skylt að mynda byggingarnefndir með sameiginlegu starfsliði. Hér er lagt til að sveitarfélög taki sjálf ákvörðun um þetta atriði en þar sem þeim er gert skylt að hafa í þjónustu sinni sérhæft starfslið á sviði skipulags- og byggingarmála er augljóst fjárhagslegt hagræði að myndun slíkra byggðasamlaga.

Rétt er að vekja athygli á því að 1. ágúst 1990 hætti stofnlánadeild landbúnaðarins að taka þátt í kostnaði vegna embætta byggingarfulltrúa í dreifbýli. Þess eru dæmi að sveitarfélög hafi hætt samvinnu um ráðningu byggingarfulltrúa og þess í stað ráðið menn sem ekki uppfylla skilyrði gildandi laga. Verði úr þeirri sameiningu sveitarfélaga sem nú er stefnt að má vænta þess að markvisst verði unnt að stuðla að hnitmiðaðri umfjöllun þessa málaflokks í sveitarfélögum um land allt.

Það nýmæli er í þessari grein að formaður skipulags- og byggingarnefndar skuli vera aðal- eða varamaður í sveitarstjórn.

Í 7. gr. er allítarleg skilgreining á hlutverki Skipulagsstofnunar ríkisins. Auk hefðbundinna starfa og framhalds þeirra verkefna sem unnin hafa verið af skipulagi ríkisins til þessa, svo sem að vera stjórnvöldum til ráðuneytis, láta í té umsagnir af ýmsum toga, hafa eftirlit með störfum samstarfsnefnda um svæðisskipulag, þá er þess sérstaklega getið að stofnuninni beri að stuðla að rannsóknum á sviði skipulags- og byggingarmála í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir og hagsmunaaðila. Einnig skal stofnunin annast eða stuðla að útgáfu fræðsluefnis um þessi mál.

Í 8. gr. eru lagðar til tvær breytingar varðandi skipun í embætti skipulagsstjóra. Tekið er fram að hann skuli hafa sérmenntun á sviði skipulags- og byggingarmála en í gildandi lögum eru ekki gerðar sérstakar menntunarkröfur. Jafnframt er sú breyting gerð að hann skuli skipaður til fimm ára í senn en nú gildir æviráðning um skipun í þetta embætti.

III. kafli laganna fjallar um skipulag byggðar og eru þar verulegar breytingar frá gildandi lögum. Allt frumkvæði um gerð skipulags er nú fengið sveitarfélögum og er það í samræmi við athugasemdir við fyrri frv. Vonast er til að þar með verði skipulagsþátturinn eðlilegri hluti annarrar áætlanagerðar sveitarfélaganna og markvisst unnið að því að skipulag taki til landsins alls og allrar landnotkunar. Ekki á að þurfa að koma til afskipta Skipulagsstofnunar eða ráðuneytis nema sveitarfélög fari út fyrir ramma laganna um form og lögmæti ákvörðunar. Í gildandi lögum eru öll sveitarfélög skipulagsskyld. Sé þetta lesið með sveitarstjórnarlögum þar sem segir að byggð í landinu skiptist í sveitarfélög má spyrja hvort óbyggð sé ekki skipulagsskyld. Þetta hefur valdið óvissu um skipulags- og byggingarmál á Miðhálendi landsins. Nú eru tekin af öll tvímæli og það tekið fram að landið allt sé skipulagsskylt.

Í 9. gr. frv. svo sem ég áður vék að er gert ráð fyrir sérstökum lögum um það hvernig haga skuli meðferð skipulags- og byggingarmála á Miðhálendinu. Ég mælti fyrir sérstöku frv. um það á Alþingi í fyrravor og hefur það frv. verið til meðferðar hjá umhvn. Alþingis. Það frv. mætti vissulega andspyrnu og þess vegna hefur ráðuneytið leitað leiða til að unnt væri að hefja heildstætt skipulagsstarf á Miðhálendinu sem allra fyrst í góðu samráði við þau sveitarfélög sem þar eiga hlut að máli án þess að sérstök lagasetning komi til. Komið hefur til greina að leggja til sérstaka breytingu við gildandi skipulagslög ef það gæti orðið til þess að nú þegar væri unnt að hefja þetta starf og er slík lausn nú í athugun í ráðuneytinu. Í framhaldi af þeim fundi sem haldinn var með fulltrúum sveitarfélaganna 19. nóv. sl. hafa verið gerð drög að tillögu til breytinga á núgildandi skipulagslögum sem send hafa verið þessum sveitarfélögum til umsagnar. Umsagnir eru að byrja að berast og þær sem ég hef séð eru jákvæðar. Þá væri hægt að samþykkja slíka breytingu strax. Hún gæti tekið gildi um leið og Alþingi hefði samþykkt hana þannig að það væri hægt að hefja þetta verk í stað þess að bíða gildistöku nýrra laga sem áreiðanlega mun frestast nokkurn tíma vegna þess að gildistaka frv. af þessu tagi getur ekki verið frá þeim tíma sem Alþingi samþykkir það vegna þess að breyta þarf reglugerðum og til þess þarf nauðsynlega umþóttunartíma. Þannig þarf nokkur tími að líða frá samþykkt frv. á Alþingi uns það tekur formlega gildi. Ég óska sem sagt sérstaklega eftir því að hv. umhvn. taki þetta atriði til sérstakrar skoðunar með tilliti til þess sem ég hefi nú sagt.

Í 9. gr. er kveðið skýrar á en í gildandi lögum um að unnt sé að stöðva byggingarframkvæmdir og aðra mannvirkjagerð í viðkomandi sveitarfélagi þar til fyrir liggur tillaga að aðalskipulagi.

Í 10. gr. er gert skylt að gera aðalskipulagsuppdrætti fyrir öll sveitarfélög og í bráðabirgðaákvæðum eru sett þau tímamörk að tíu árum eftir gildistöku laganna skuli öll sveitarfélög hafa gert aðalskipulag.

Samkvæmt gildandi lögum þarf sveitarstjórn að leita heimildar skipulagsstjórnar til að auglýsa skipulagstillögur. Nú er lögð til sú breyting að sveitarstjórn sendi einungis Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar og hafi hún ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna er tillagan auglýst.

Þá er lagt til að fest verði í lög að halda almenna kynningu meðan á skipulagsvinnu stendur og áður en gengið er frá nánast fullmótaðri tillögu. Þessi háttur hefur verið hafður á í nokkrum sveitarfélögum og gefist vel. Sá ferill skipulagstillögu sem farinn er þar til staðfesting ráðherra liggur fyrir er óbreyttur frá gildandi lögum nema hvað að styttur er sá frestur sem gefinn er til að skila athugasemdum við tillöguna. Nú er það einungis Skipulagsstofnun sem afgreiðir tillögu til staðfestingar ráðherra. Leggi stofnunin til að synja beri um staðfestingu skal rökstyðja það með greinargerð.

Það ákvæði 1. mgr. 14. gr. að heimila sveitarstjórn að fresta í allt að 10 ár gerð aðalskipulagsáætlunar fyrir ákveðið svæði er í samræmi við 20. gr. gildandi laga. Í 2. mgr. er hins vegar það nýmæli að ráðherra er veitt heimild til að fresta staðfestingu á aðalskipulagi fyrir ákveðið landsvæði vegna almannahagsmuna eða vegna ósamræmis milli skipulagsáætlana aðliggjandi sveitarfélaga.

Um endurskoðun skipulagsáætlana eru ekki ákvæði í gildandi lögum en í reglugerð eru ákvæði um að eigi sjaldnar en á fimm ára fresti skuli aðalskipulag tekið til endurskoðunar.

Þetta er mjög mikilvægt ef skipulagsáætlun á að geta verið virkt stjórntæki. Því er lagt til að nýkjörin sveitarstjórn meti að afloknum kosningum hvort þörf sé á endurskoðun.

Í 18. gr. er fjallað um deiliskipulag. Í gildandi lögum eru ákvæði um að þar sem hefur verið gerður skipulagsuppdráttur og segir þar m.a., með leyfi forseta: „Skal þar sem þörf krefur einnig gera séruppdrætti að skipulagi einstakra bæjarhverfa."

Séruppdrættir af þessu tagi hafa síðar verið nefndir deiliskipulag. Við framkvæmd þessa ákvæðis í skipulagslögum hefur stundum reynst erfitt að ákveða hver meta eigi þörfina hverju sinni, sveitarstjórn, skipulagsstjórn eða ráðherra. Lagt er til að ævinlega skuli gert deiliskipulag, þegar fyrirhugaðar eru verulegar framkvæmdir, að nánari ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni. Þar sem ekki er til deiliskipulag getur sveitarstjórn leyft einstakar framkvæmdir innan ramma aðalskipulags en kynna þarf þau áform næstu grönnum og gefa þeim kost á að láta skoðun sína í ljós. Þetta á ekki síst við í eldri hverfum þar sem verið er að byggja í eyður eða á lóðum þar sem hús hafa verið rifin og ekki er talin ástæða til að gera deiliskipulag.

Efni 19. gr. er í samræmi við 30. gr. gildandi laga og fjallar um það er landeigandi óskar þess að landi hans eða hluta þess verði breytt í byggingarlóðir samkvæmt gildandi skipulagi.

Ákvæði eru um að landeigandi láti af hendi endurgjaldslaust til almenningsþarfa sem svarar ⅓ af flatarmáli þeirra lóða sem heimild sveitarstjórna nær til. Reynslan hefur raunar sýnt að þetta er ófullnægjandi og því er lagt til að landeigandi láti í té þriðjung þess lands sem um ræðir í stað þess að miða við flatarmál afmarkaðra byggingarlóða eins og nú er gert.

Í 20., 21. og 22. gr. er lýst fyrirkomulagi við kynningu, samþykkt og gildistöku deiliskipulags. Ekki er gert ráð fyrir að slíkt skipulag verði samþykkt af ráðherra. Ætlast er til að fram fari a.m.k. tvær umræður í sveitarstjórn og milli þeirra umræðna sé tillagan auglýst og lýst eftir athugasemdum. Frestur til að skila athugasemdum skal eigi vera skemmri en fimm vikur. Ákvæði um svæðisskipulag í frv. eru nú greinilegri en eru í gildandi lögum. Þörf fyrir svæðisskipulag þar sem fjallað er um landnotkun er ná yfir heilt hérað fer ört vaxandi. Samfelld atvinnusvæði stækka með bættum samgöngum, auk þess sem nauðsynlegt getur verið að skipuleggja landnotkun undir þétta byggð, vatnsöflun, fiskeldi eða aðra slíka starfsemi í samhengi sem nær yfir stærra svæði en eitt sveitarfélag. Gert er ráð fyrir að nágrannasveitarfélög óski sameiginlega eftir því að gert verði svæðisskipulag til að samræma þróun byggðar og aðalskipulag sveitarfélaga á svæðinu. Ekki er gert ráð fyrir staðfestingu svæðisskipulags en samþykkt svæðisskipulags getur haft í för með sér nauðsyn þess að breyta staðfestu aðalskipulagi.

Áður hefur verið getið þess nýmælis að gera skuli það sem hér í þessu frv. er nefnt landsskipulag. Fjölmargar ríkisstofnanir hafa á sinni könnu framkvæmdir sem ná til alls landsins og þörf er á að gera samræmda áætlun um og skipuleggja með margvísleg sjónarmið í huga. Samræmis þarf að gæta milli áætlana um landsskipulag og skipulagsáætlana sveitarfélaga. Auk þess getur verið nauðsynlegt að leita staðfestingar á framkvæmdum sem snerta mörg sveitarfélög, festa ákveðnar verklagsreglur um ákvarðanir vegna slíkra framkvæmda. Skipulagsstofnun er fengið það hlutverk að sjá til þess að slíkar áætlanir fái svokallaða landsskipulagsmeðferð. Þá er einnig gert ráð fyrir að umhvrh. gefi Alþingi árlega skýrslu um landskipulag.

Ákvæði frv. um forkaupsrétt, eignarnám og skaðabætur eru í samræmi við ákvæði gildandi laga. Fellt er niður að leita þurfi samþykkis ráðherra til að taka eignarnámi landsvæði eða fasteignir innan sveitarfélagsins ef það er talið nauðsynlegt vegna fyrirsjáanlegrar og eðlilegrar þróunar. Þá er bætt við heimild til að taka eignarnámi efnisnámur sem nauðsynlegar eru til framkvæmda á staðfestum og samþykktum skipulagsáætlunum. Um verðrýrnun fasteigna vegna skipulags eru sambærileg ákvæði og nú eru í 29. gr. skipulagslaga.

Þá eru í frv. ítarleg ákvæði um kostnaðarskiptinu vegna skipulagsmála. Nú þegar frumkvæði er flutt til sveitarfélaganna er talið nauðsynlegt að hafa um þetta skýrar reglur til að fara eftir.

Í frv. er lagt til að skylt sé að leggja á skipulagsgjald en samkvæmt gildandi lögum hefur ráðherra heimild til slíkrar álagningar. Heimildin hefur verið notuð frá upphafi og er álagningarprósenta óbreytt samkvæmt frv. Hins vegar er gerð sú breyting, eins og ég hef raunar áður vikið að, að notað er orðið mannvirki í stað orðsins nýbyggingar og þess getið að miða

skuli skipulagsgjald við fasteignamat sé um að ræða mannvirki sem ekki er metið til brunabótaverðs.

Óbreytt er ákvæði um framlag ríkissjóðs til skipulagsmála. Á undanförnum árum hefur umfjöllun mála er snerta opinberar framkvæmdir verulega aukist hjá skipulagsstjórn ríkisins og tilsvarandi vinna hjá embætti skipulagsstjóra. Hér er um að ræða framkvæmdir eins og virkjanir, háspennulínur og vegagerð. Bent hefur verið á að fella mætti niður hið beina framlag ríkissjóðs ef í staðinn yrði fundinn grundvöllur til að leggja skipulagsjald á slíkar opinberar framkvæmdir til að standa straum af kostnaði vegna skipulagsvinnu í tengslum við slík mannvirki, en hún er oft ærin eins og hv. þm. vita gjörla.

IV. kafli laganna fjallar um mannvirkjagerð og er að mestu leyti sniðinn eftir núgildandi byggingarlögum. Þó eru þar nokkrar breytingar svo sem áður er getið. Í fyrsta lagi er málsmeðferð breytt frá því sem nú er þegar kærð er afgreiðsla eða ákvörðun byggingarnefndar. Sömuleiðis er fellt niður gildandi ákvæði um að unnt sé að leita eftir úrskurði ráðherra þegar ágreiningur verður milli byggingarnefndar og sveitarstjórnar. Nú er lagt til að sérstök nefnd skipuð einum fulltrúa frá sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum fulltrúa frá umhvrn. og fulltrúa skipuðum af Hæstarétti kveði upp úrskurði í slíkum deilumálum. Sömuleiðis eru frestir til umfjöllunar styttir talsvert. Þá er kveðið á um að nefndin geti lagt fyrir sveitarstjórn að láta stöðva framkvæmdir þar til úrskurður liggur fyrir, þó ekki lengur en í tvo mánuði.

Í öðru lagi er breyting á því hvernig staðið er að löggildingu þeirra sem rétt hafa til að leggja fram uppdrætti vegna bygginga. Sérstaklega er tekið fram að viðkomandi skuli hafa staðist próf í íslenskri skipulags- og byggingarlöggjöf ásamt tilheyrandi reglugerðum. Þá skipar ráðherra sér til ráðuneytis þriggja manna nefnd til fjögurra ára til að meta sérnám og starfsreynslu svo og til að standa fyrir slíku prófi og meta árangur.

Önnur mikilvæg breyting á byggingarlagaþættinum snertir ábyrgðartryggingar. Nýmælin eru þau að annars vegar skuli hönnuðir hafa ábyrgðartryggingu eða leggja fram bankatryggingu sem verkkaupi samþykkir. Hins vegar er ákvæði um að byggingarstjóri hafi ábyrgðartryggingu í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra gefur út. Skylt verður samkvæmt frv. að við stjórn framkvæmda við mannvirkjagerð skuli vera einstaklingur sem nefnist byggingarstjóri. Einungis er heimildarákvæði um slíkan byggingarstjóra í gildandi lögum og hefur það aðeins verið nýtt í undantekningartilvikum.

Þá er þarna að finna ákvæði sem áður voru í reglugerð svo sem skilgreiningu hönnunargagna, kröfur til þolhönnunar og efnisvals. Í 35. gr. frv. eru tekin að mestu upp samhljóða ákvæði 1. gr. gildandi byggingarlaga. Að gefnu tilefni er tekið fram að auk vega séu brýr undanþegnar ákvæðum laganna og því bætt við að mannvirki undanþegin ákvæðum laganna skuli byggð á vegum opinberra aðila og undir eftirliti sérfræðinga. Þá er því einnig bætt við að óski byggingarfulltrúi þess skuli honum afhentir til varðveislu uppdrættir viðkomandi mannvirkis. Þannig er reynt að bæta möguleika á virku byggingareftirliti.

Heimildarákvæði um almenna reglugerð byggingarmála er af sama toga og áður sem og heimild til sérsamþykktar sveitarfélaga um ákveðna þætti. Til þess að slíkar staðbundnar samþykktir öðlist gildi skulu þær hljóta staðfestingu ráðuneytis og birtast í Stjórnartíðindum.

Vegna aukins samstarfs í Evrópu um staðla, tæknilegar forskriftir og gagnkvæma viðurkenningu á byggingarvörum, m.a. innan Staðlasambands Evrópu, er nauðsynlegt að heimila tilvísun til túlkunarskjala sem samþykkt hafa verið í samstarfi milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, og Evrópubandalagsins. Ljóst er að slík Evrópusamræming mun eiga sér stað í ríkari mæli en áður alveg óháð Evrópska efnahagssvæðinu. M.a. mun það gerast fyrir forgöngu Staðlasambands Evrópu. Verður því að sjá til þess að íslensk byggingarreglugerð taki ævinlega mið af þeim kröfum sem samið er um á Evrópuvettvangi t.d. að því er varðar byggingarefni.

Í gildandi byggingarlögum eru gerðar ákveðnar menntunarkröfur til byggingarfulltrúa. Svo er einnig í frv. en þar eru gerðar þær almennu kröfur til skipulags- og byggingarfulltrúa að hann skuli hafa sérmenntun á tæknisviði frá háskóla eða tækniskóla og að hann hafi minnst tveggja ára starfsreynslu sem skipulags- og byggingarnefnd metur gilda. Einungis er heimilt að ráða tímabundið mann með minni menntun fáist ekki maður sem fullnægir þeim kröfum sem ég áður gerði grein fyrir.

Ákvæðin um réttarstöðu starfsmanna skipulags- og byggingarnefnda eru að mestu samhljóða gildandi lögum. Ástæður þess að slík ákvæði eru lögfest eru til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og óeðlileg vinnubrögð við framkvæmd eftirlitsins.

Þess hefur áður verið getið að engin ákvæði er að finna í gildandi lögum um þolhönnun og efnisval. Á þessu er nú ráðin bót þar sem lagt er til í 43. gr. að skipulags- og byggingarfulltrúi hafi heimild í sérstökum tilvikum til að óska eftir sérstökum prófreikningum hönnunar. Sömuleiðis er lagt til að hann geti krafist vottorða um byggingarefni, byggingarhluta og einingahús. Samsvarandi ákvæði af þessu tagi er nú einungis að finna í reglugerð.

Þá eru það nýmæli hér að byggingarleyfið eitt og sér veitir ekki heimild til framkvæmda. Byggingarleyfi er samþykkt á grunni aðaluppdrátta en til þarf að koma sérstakt framkvæmdaleyfi og á það að tryggja að fullnægjandi burðarþols-, kerfis- og deiliuppdrættir hafi verið gerðir og byggingarstjóri og iðnmeistari ráðnir til verksins og þeir hafi undirritað yfirlýsingu um ábyrgð á leyfðum framkvæmdum. Unnt er þannig í undantekningartilvikum að veita framkvæmdaleyfi fyrir einstökum þáttum, t.d. til að grafa grunn eða hefja steypuvinnu, enda þótt mannvirkið hafi ekki verið fullhannað.

Ákvæði í frv. um hönnunargögn eru nýmæli. Hönnunargögn eru skilgreind sem uppdrættir og fylgiskjöl.

Uppdrættir eru síðan greindir í aðaluppdrætti, burðarþolsuppdrætti, kerfisuppdrætti og deiliuppdrætti. Gert er ráð fyrir að nánari kröfur um hönnunargögn verði settar í reglugerð.

50. gr. er að mestu samhljóða sambærilegum ákvæðum í gildandi lögum að öðru leyti en því að lagt er til að uppdráttur skuli áritaður af löggiltum hönnuði sem hefur tekið að sér að samræma þá uppdrætti sem mannvirkið verður byggt eftir. Um þetta eru raunar ákvæði í gildandi reglugerð.

Þá er lagt til að hönnuður skuli hafa ábyrgðartryggingu. Sambærileg ákvæði hafa verið lögfest á síðustu árum og má nefna það sérstaklega t.d. varðandi fasteignasala og verðbréfasala. En markmið þessa ákvæðis er auðvitað að tryggja að viðskiptavinir geti með auðveldari hætti en áður sótt skaðabætur til sjálfstætt starfandi hönnuða ef til slíks kemur.

Hvað varðar rétt manna til löggildingar er áður getið um að prófnefnd, sem lagt er til að ráðherra skipi til að meta sérnám og annast framkvæmd á prófi í íslenskri skipulags- og byggingarlöggjöf. Enn fremur skal viðkomandi umsækjandi hafa hlotið heimild iðnrh. til starfsheitis, hafa sérhæft sig á viðkomandi sviði og öðlast starfsreynslu hjá löggiltum aðila.

Í 53. gr. er nánar skilgreint hverjir geti hlotið löggildingu sem hönnuðir og til þess að gera hvers kyns uppdrætti. Þetta er nýmæli og gert til að forðast það óöryggi sem gildandi ákvæði hefur valdið.

Að því er snertir aðaluppdrætti er lagt til að sú regla verði þar viðhöfð að arkitektar geti hlotið viðurkenningu. Byggingarfræðingar, byggingartæknifræðingar og byggingarverkfræðingar geti áunnið sér rétt til löggildingar fyrir aðaluppdrætti enda hafi þeir öðlast starfsreynslu hjá löggiltum aðila.

Lagt er til að byggingarverkfræðingar og byggingartæknifræðingar hljóti löggildingu sem hönnuðir burðarþolsuppdrátta enda hafi þeir sérhæft sig á því sviði og hlotið starfsreynslu hjá löggiltum aðila.

Innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir hafa ekki áður verið nefndir í byggingarlöggjöf. Báðar starfsstéttir hafa nú fengið lögverndun á starfsheiti sínu og gilda um þær sams konar reglur og þær starfsstéttir sem áður eru nefndar. Lagt er til að innanhússhönnuðir geti fengið löggildingu til að leggja fram deiliuppdrætti að innra skipulagi bygginga og landslagshönnuðir fengið löggildingu til að leggja fram deiliuppdrætti að skipulagi lóðar.

Kröfur um byggingarstjórn mannvirkja eru hertar. Í frv. er lagt til að einn maður skuli vera byggingarstjóri framkvæmda. Í gildandi lögum er einungis heimildarákvæði um þetta. Það er nýmæli að slíkur byggingarstjóri skuli hafa ábyrgðartryggingu.

Í 55. gr. eru ákvæði sem svipar til gildandi ákvæða um viðurkenningu skipulags- og bygginganefnda á iðnmeisturum. Þá eru ákvæði um það hvernig staðið skuli að málum ef iðnmeistari hverfur frá áður en verki er lokið.

Gildistökuákvæði þessa frv. verður að taka mið af því hvenær lögin verða afgreidd. Ljóst er að umþóttunartíma þarf frá því að lögin eru samþykkt þar til þau geta tekið gildi þar sem gera verður umtalsverðar breytingar á reglugerðum og semja nýjar.

Bráðabirgðaákvæði eru í þessu frv. um þrjú atriði. Sérstaklega er hnykkt á því að gera verði með skipulögðum hætti aðalskipulag fyrir öll sveitarfélög á landinu.

Í öðru lagi er tekið fram að ákvæði laganna skuli ekki hafa áhrif á viðurkenningu byggingaryfirvalda til handa iðnmeisturum og byggingarstjórum sem viðurkenndir eru til að standa fyrir framkvæmdum hver á sínu sviði við gildistöku laganna.

Í þriðja lagi er þess svo getið að endurskoða þurfi reglugerð nr. 75 frá 1982, um skipulag á varnarsvæðum, og sett er í samræmi við ákvæði laga þess efnis að sá ráðherra sem fer með framkvæmd varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna skuli líka fara með þá málaflokka sem ella væru á verksviði annarra ráðherra. Eðlilegt er að ákvæði komi í reglugerðina um samskipti skipulags- og byggingarnefnda varnarsvæða við Skipulagsstofnunina og við þær sveitarstjórnir sem hafa varnarsvæði innan sinna marka.

Því miður hafa þau mistök orðið við prentun frv. að nokkrar línur greinargerðarinnar sem fjalla um þetta tiltekna bráðabirgðaákvæði hafa fallið brott. Skýring við bráðabirgðaákvæði III hljóða svo í heild, með leyfi forseta:

„Ákvæði III er sett til að ákvarða nánar meðferð skipulags- og byggingarmála á varnarsvæðum. Samkvæmt lögum nr. 106 17. des. 1954 skal þeim ráðherra, sem falin er framkvæmd varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna er löggiltur var með lögum nr. 110/1951, fengin meðferð málaflokka á varnarsvæðum sem ella eru fengnir öðrum ráðherrum til meðferðar. Í lögunum er ekki getið um hlutverk sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga sem hafa varnarsvæði innan marka sinna.

Að gefnu tilefni þykir rétt að setja í frv. ótvíræð ákvæði um þetta efni sem segja má að séu í samræmi við þá skipan mála er tekin var upp með setningu reglugerðar nr. 75 frá 15. mars 1982 um skipulagsmál á varnarsvæðunum. Samkvæmt reglugerðinni skipar utanrrh. fimm manna nefnd er fer með skipulags- og byggingarmál innan varnarsvæðanna og skal hún í starfi sínu hafa samráð við Skipulagsstofnun og fyrirsvarsmenn viðkomandi sveitarfélaga."

Virðulegi forseti. Hér er vissulega um viðamikið frv. að ræða og væntanlega viðamikinn lagabálk sem hefur í för með sér verulegar breytingar frá því sem nú er. Ég veit að hv. umhvn. Alþingis hefur unnið að þessu máli og óskað eftir athugasemdum frá fjölmörgum aðilum, athugasemdum sem henni hafa sjálfsagt borist nú og hún tekið til athugunar.

Auðvitað er það svo þegar fjallað er um efni eins og skipulags- og byggingarmál að margt er þar sem orkar tvímælis og margt er þar sem menn geta haft misjafnar skoðanir á og stutt kannski gildum rökum. Þess vegna verða álitamálin hér áreiðanlega mörg og margt sem þarf að athuga.

Ég legg áherslu á það að lokum, virðulegur forseti, að hér er verið að skýra línur, það er verið að draga úr

miðstýringu, það er verið að draga úr valdi ráðuneytis og skipulagsstjóraembættis, það er verið að færa sveitarfélögunum mjög aukið vald og frumvæði. Mér er það mætavel ljóst að um það eru ekki allir á einu máli. Til eru þeir sem telja að mörg sveitarfélög séu þess afar vanbúin að taka að sér slíkt frumkvæði í skipulagsmálum. Ég tek ekki undir þau sjónarmið og tel raunar, eins og ekki er álitamál, að það stefni í sameiningu sveitarfélaga og stækkun þeirra þannig að þau verði virkari og voldugri einingar í stjórnkerfinu. Þess vegna er ég hiklaust þeirrar skoðunar að hér sé verið að stíga rétt skref þegar dregið er úr miðstýringu og sveitarfélögunum fengið meira vald um þessi sín málefni sem skipulags- og byggingarmálin eru þó auðvitað þurfi eftir sem áður að gæta þar samræmis á landsvísu.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þessu máli vísað til hv. umhvn.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er um viðamikið frv. að ræða eins og kom fram í máli hæstv. umhvrh. Það á sér nokkra forsögu, er ekki alveg nýtt af nálinni hér í Alþingi. En þessi mál eru af því tagi að það er sérstök ástæða til að vanda eins og föng eru á til lagasetningar um þessi mál.

Það er nú svo að skipulagsmálin eru afar mikilvæg í okkar umhverfi og mistök og vanræksla sem gerð eru í þessum málum verða oft ekki aftur tekin og geta blasað við mönnum í áratugi eða jafnvel aldir. Það er því alveg sérstök ástæða til í þessari löggjöf að vanda vel til þeirrar vinnu sem unnin er í hv. Alþingi.

Þetta mál er af því tagi að það þarf að skoða vel í nefnd. Það fer til hv. umhvn. og ég efast ekki um að það verður lögð mikil vinna í þann frumvarpstexta og þau efnisatriði sem frv. innifelur sem eru mýmörg.

Ég tek undir þá heildarstefnu sem í frv. felst að færa vald í skipulagsmálum nær vettvangi og færa þau frá ríki til sveitarfélaga. Hins vegar er það auðvitað svo að sveitarfélögin eru ákaflega misvel í stakk búin til að taka við þessum verkefnum. Það er alveg ljóst að þar þarf að vinna mikla skipulagsvinnu, ef svo má segja, til að valda þeim verkefnum.

Frv. kveður á um að skipulag sé ferns konar, landsskipulag, svæðisskipulag og aðalskipulag í þéttbýli og deiliskipulag. Ég vil aðeins víkja að einum þætti skipulagsvinnunar sem er svæðisskipulagið. Ég tel að breytingar sem átt hafa sér stað í þjóðfélaginu á undanförnum áratugum kalli sérstaklega á það að efla vinnu við svæðisskipulag um landið. Hvort sem okkur líkar betur eða verr hefur fólk flutt úr dreifbýli í þéttbýli og það er orðin mikil ásókn þéttbýlisbúa út í dreifbýlið aftur til reisa þar alls konar mannvirki og hafa þar ýmsa starfsemi. Það er ekki sama hvernig að þessum málum er staðið og ég held að full ástæða sé til, hvað sem verður um sameiningu sveitarfélaga og hvað sem sú þróun verður hröð, að hvetja til þess að sveitarfélögin stofni með sér samtök um svæðisskipulag á stórum svæðum. Það er mjög aðkallandi og það er mjög aðkallandi líka að sameina þá krafta sem vinna að þessum málum því að auðvitað byggist svæðisskipulag á ýmsri grundvallarvinnu sem unnin er af öðrum stofnunum, t.d. Landmælingum Íslands svo maður nefni eina. Það er örugglega til bóta að þessi mál heyra nú orðið undir umhvrn. að sameina þessa vinnu í einu ráðuneyti.

Auðvitað er það rétt að þróunin verður sú að sveitarfélög sameinast. Hins vegar hef ég ekki trú á að sú þróun verði svo hröð að þess vegna full þörf á því að hvetja mjög til samvinnu sveitarfélaga um þessi efni. Ég held að vinnan að því að gera svæðisskipulag á ákveðnum svæðum megi ekki dragast úr hömlu.

Ég tel það rétta ákvörðun hjá hæstv. umhvrh. að leggja ekki á ný fram frv. um skipulag á Miðhálendinu en reyna heldur að vinna þau mál í samvinnu við sveitarfélögin og í tengslum við þá vinnu sem verður við frv. sem hér um ræðir og fagna þeirri yfirlýsingu því að umræður um þau mál á síðasta þingi stefndu í nokkurt óefni. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það að sinni.

Ég held að meginstefnan í slíkum málum eins og skipulagsmálum verði að vera sú að skipulag þjóni þörfum almennings. Hins vegar er í þessum málum oft vandratað einstigið. Skipulag verður að þjóna kröfum almennings án þess að ganga um of eða freklega á eignarrétt manna. Þau ákvæði sem varða eignarréttinn eru auðvitað mjög viðkvæm og ég vil beina því til umhvn. að skoða eignarréttarákvæðin sérstaklega. Hjá því verður auðvitað ekki komist að skerða eignarréttinn í almenningsþágu. Ég geri mér auðvitað fulla grein fyrir því. En það verður að hafa góða yfirsýn í þessum efnum. Þetta einstigi er vandratað. Þetta eru aðeins almenn varnaðarorð.

Ég mun ekki fara nákvæmlega í einstakar greinar frv. Eins og ég sagði áðan fer frv. til meðferðar í nefnd og það er þess eðlis að það þarf nákvæma skoðun, enda hefur aðdragandinn að þessari löggjöf verið nokkur langur. Þess ber auðvitað að gæta að sá rammi sem frv. setur sé skýr og það verði eins og kostur er skylt að fara eftir honum. Svo maður grípi niður í orðalagið segir t.d. í síðustu málsgrein 18. gr.: „Við gerð deiliskipulags skal taka sérstakt tillit til sérþarfa barna, fatlaðra og aldraðra eftir því sem aðstæður leyfa.“ Mér finnst þetta dálítið loðið orðalag. Það er alveg ljóst að þessi frumvarpstexti sem er rammi utan um þetta starf þarf að vera eins skýr og mögulegt er.

19. gr. kemur inn á mál sem varðar eignarréttinn og skyldu landeiganda til að láta land af hendi. Ef menn láta duga þau almennu varnaðarorð sem ég hafði í þessu að reyna að þræða þetta einstigi í þessu viðkvæma máli eins og kostur er og skoða þessi ákvæði sérstaklega.

Ég grip niður í 30. gr. þar sem sveitarstjórn getur með sérstakri samþykkt áskilið sér forkaupsrétt að sérstökum fasteignum innan sveitarfélagsins ef hún telur slíkt nauðsynlegt af skipulagsástæðum. Það skiptir miklu máli hvernig slíkum ákvæðum er beitt og það varðar þessi viðkvæmu eignarréttarmál.

Í 33. gr. er gert ráð fyrir að kostnaður við svæðisskipulag greiðist til helminga af skipulagsstofnunum í

hlutaðeigandi sveitarfélögum samkvæmt áætlun og samningi. Ég tel að um jákvætt ákvæði sé að ræða að greiða þetta til helminga og það geti örvað sveitarfélögin til að gera svæðisáætlanir. Spurningin er hvort þarna ætti að vera um eitthvað hærra hlutfall að ræða til þess að örva þau enn meira til þess að fara af stað í þessari vinnu því að ég undirstrika að það ber brýna nauðsyn til þess að gera átak á þessu sviði. Ég vil beina því til umhvn. að skoða þessa kostnaðarskiptingu sérstaklega.

Í 39. gr. eru gerðar menntunarkröfur til skipulags- og byggingarnefndar, starfsliðs þeirra og ákveðnar nokkuð strangar menntunarkröfur til skipulags- og byggingarfulltrúa. Í annarri setningunni er dregið örlítið í land og reiknað með því að ekki sé sjálfgefið að það fáist maður í stöðuna sem uppfylli menntunarkröfur. Ég heyrði ekki hæstv. umhvrh. skýra frá því hvers vegna slíkir menn ættu ekki að fást. Hvar koma launakröfur slíkra manna inn í þessi mál? Er það næg ástæða fyrir sveitarstjórnir að ráða mann í stöðu skipulags- og byggingarfulltrúa að ekki semjist um laun slíkra manna? Hvað felur 2. mgr. í sér? Þetta held ég að þurfi að skoða sérstaklega.

Ég ætla ekki að hafa öllu fleiri orð um þetta mál. Frv. innifelur auðvitað stórmál þar sem gert er ráð fyrir að gert sé landsskipulag. Það mál snertir mikilvæg grundvallarmál. Er skammt að minnast árekstra sem hafa orðið í þessu sambandi. Þar koma virkjunarmálin inn í, náttúruverndarmálin og þau stóru mál hvernig við viljum hafa þetta land til frambúðar. Ég ætla ekki a.m.k. við 1. umr. málsins að fjölyrða um þetta stóra mál. Það getur vel verið að ég komi inn á það síðar þegar þetta mál kemur til 2. umr. en þar skiptir náttúrlega miklu að vel til takist.

Að lokum þetta. Þetta mál fær auðvitað skoðun í hv. umhvn. og ég endurtek að ég tel að sú vinna verði að vera mjög vönduð.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það hafa verið gerðar allnokkrar atrennur að endurskoðun á gildandi löggjöf um skipulagsmál og setningu nýrra laga. Sú löggjöf sem við höfum búið við er að stofni til orðin nærri því þriggja áratuga gömul en síðast mun breyting hafa verið gerð á skipulagslögunum fyrir 15 árum eða svo, einum og hálfum áratug. Það er því sannarlega mál til komið að þetta grundvallarmálefni, skipulagsmál, og hér í þessu frv. byggingarmál því tengd, fái umfjöllun á Alþingi og að Alþingi setji nýja löggjöf í ljósi breyttra viðhorfa og breyttra sjónarmiða í samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem og breytinga innan Stjórnarráðsins í sambandi við yfirstjórn þessara mála. Það var rétt ráðið að sameina skipulagsmálin öðrum málum í umhvrn. eins og gert var með stofnun þess því að það ætti að leiða til þess að þau mál sem snerta skipulagsmálin náið, þ.e. meðferð á umhverfinu og umgengni við landið, fái betri, vandaðri og heildstæðari meðferð en ella getur orðið. Því er einnig eðlilegt að ný löggjöf sé nú til meðferðar á Alþingi.

Ég tel að margt í því frv. sem hæstv. ráðherra hefur lagt fram sé góðra gjalda vert og get tekið undir meginstefnu þess þó að ég hafi ekki gert hug minn upp varðandi einstaka þætti sem verða til athugunar í þeirri þingnefnd sem ég á sæti í, umhvn. þingsins, og fjalla mun um málið.

Ég vil, áður en ég kem að einstaka þáttum sem ég vil ræða nokkra hér í sambandi við frv., koma að almennri stöðu varðandi vinnu að skipulagsmálum í landinu. Sú staða hefur verið mjög bágborin horft til baka og er það í rauninni enn. Hér á landi hefur skort á grundvallarupplýsingar og gögn sem nota þarf við skipulagsvinnu til þess að menn geti í rauninni komið að ákvörðunum á grundvelli þekkingar á þeim atriðum sem þurfa að liggja fyrir á einstöku þrepum ákvarðana um skipulagsmálefni.

Lengi vel var það svo að hugtakið skipulag tengdist í hugum manna, að svo miklu leyti sem menn yfirleitt fjölluðu um það, þéttbýli og tilhögun mannvirkjagerðar í þéttbýli nánast einvörðungu. Umfjöllun um þessi efni fjallaði um það hvernig ætti að setja niður götur og hús í þéttbýli. Aðalskipulag var gert á þéttbýlisstöðum og var lögboðið nokkuð snemma eftir að löggjafinn fór að skipta sér af þessum málum en endurskoðun slíks aðalskipulags var ekki reglubundin og deiliskipulag á grundvelli þessa aðalskipulags var oft og tíðum handahófskennd vegna þess að hvorki var fjármagn né kraftar til þess að vinna verkin eins og þurfti að gera. Þéttbýli í landinu ber auðvitað merki þess að við höfum verið vanmegnug að taka á þessum þáttum skipulags eins og best hefði verið á kosið. Um það þýðir auðvitað ekki að fást nú heldur fyrst og fremst að leita fanga til þess að gera betur í framtíðinni.

Þegar ég tala um að ýmis nauðsynleg gögn hafi vantað og þekkingu, þá á ég við grundvallarþætti eins og kort af landinu. Þar höfum við satt að segja verið í stöðu Bakkabræðra eða molbúa, eins og við köllum það nú gjarnan, hvað snertir slíka grundvallarþætti. Af hálfu ríkisins hefur verið búið þannig að þeirri stofnun sem á að fást við landmælingar og kortagerð í landinu að hún hefur verið í svelti og útkoman að sjálfsögðu eftir því. Það má segja að það sé mesta furða hvað þó hefur verið gert miðað við þá takmörkuðu fjármuni sem ætlaðir hafa verið af ríkisins hálfu til þessa þáttar.

Varðandi skipulagsvinnu er auðvitað um algert grundvallarmál að ræða að þetta liggi fyrir. Svolítið hefur miðað í þessum efnum og ekki eingöngu varðandi sveitarfélög með þéttbýli heldur er farið að vinna að gerð jarðakorta eftir sæmilega nútímalegum aðferðum, en mikið hefur það þó verið í skötulíki vegna fjárskorts. Sveitarfélög hafa ekki haft burði til þess og einnig hefur skilninginn oft á tíðum vantað og samstöðuna á milli aðila til þess að færast í fang það sem þyrfti að gera. Á öllu þessu þyrfti að verða breyting til bóta.

Annar meginþáttur sem varðar skipulag er þekking á landinu og auðlindum þess. Það er þekking á náttúru landsins og gildi einstakra svæða sem hefur verið þannig að þegar maður er að fara yfir þau efni, þá

kemur oft spurningin upp í hugann: Verðskuldum við það að vera sjálfstæð þjóð eins og við höfum staðið að þekkingaröflun varðandi landið okkar sem við ætlum okkur þó að vera umráðaaðilar yfir eða a.m.k. fram undir þetta ætlað okkur? Ég fer að setja spurningarmerki við eitt og annað í því í sambandi við þá samninga sem reynt hefur verið að koma á og ganga undir merkinu EES, þar sem menn eru að afsala sér fjölmörgum grundvallaratriðum og jafnvel eignarréttinum og yfirráðaréttinum á landinu sjálfu og vantar mikið á að Alþingi hafi rist sig fram úr því díki því að ríkisstjórnin hefur ekki komið fram með nokkur þau frv. um grundvallaratriði sem tengjast þeim samningi og hvernig á að lögfesta það. Það snertir auðvitað það mál sem við erum hér að ræða. Náttúrurannsóknir í landinu varða auðvitað sjóinn líka. Hann er undir íslenskri lögsögu og enda þótt hann sé ekki beint undir löggjöfinni og þó að þar sé ekki mannabyggð þá er þar auðvitað um hið sama að fást en það er nýting á landgrunni okkar innan marka íslenskrar lögsögu. Þar erum við næsta fákunnandi eins og hæstv. sjútvrh. veit einnig. Þar skortir allnokkuð á kortlagninguna á fiskislóð landsins og vitneskju um þær auðlindir sem þar er að finna og þá jafnframt um grundvöll til ákvarðana um notkun og nýtingu þeirra auðæfa, beinna, hagrænna og óbeinna sem komandi kynslóðir Íslendinga eiga vonandi eftir að umgangast sæmilega og sér til nytja og komandi kynslóðum til farsældar.

Virðulegur forseti. Ég nefni þetta við 1. umr. málsins vegna þess að það eitt nægir ekki að staðfesta lög um meðferð mála ef það vantar síðan sem við á að éta til þess að geta tekið ákvarðanir í skipulagsmálum þannig að vit sé í. Þá breytir ansi litlu hversu góð löggjöfin er að formi til ef bakgrunninn vantar og að sjálfsögðu reynir þarna á ríkisvaldið, fjárveitingavaldið og löggjafarvaldið í þessum efnum en hér er verið að varpa ákvörðunum í skipulagsmálum í meira mæli yfir til sveitarstjórna heldur en áður hefur verið gert.

Ég tel almennt séð að það sé skynsamleg stefna að koma ákvörðunum sem varða almenning og almannaheill sem næst vettvangi. Ég tel þá stefnu einnig réttmæta í sambandi við skipulagsmál en þó þarf að gæta að því í þeim efnum að sá aðilinn sem fær ákvörðunarvaldið átti sig einnig á skyldunum og hafi burði til þess að uppfylla þar ákveðið lágmark. Þar á ég við það sem ég hef verið að ræða um hér, þekkingaröflunina sem undirstöðu undir skipulagsvinnu. Þar efast ég því miður um að sveitarfélög í landinu séu almennt í stakk búin til þess að taka á þeim þætti eins og þarf að gera. Telji sig hafa bolmagn til þess fjárhagslega séð og í rauninni telji það verkefni sitt. Ekki er mjög mikið verið að halda því að í þessum texta þegar verið er að mæla með breytingum varðandi ákvarðanatöku í skipulagsmálum að sitthvað þurfi að fylgja, eða ætlar ríkisvaldið sér að tryggja þennan þátt og afhenda hann sveitarfélögunum til umráða sem undirstöðu fyrir þá vinnu og þær ákvarðanir sem þeim er ætlað að sinna? Þarna þurfa menn að gæta að einhverju samræmi og þarna set ég ákveðið spurningarmerki eins og þetta frv. liggur hér fyrir. Mér finnst skorta að eitthvert mat hafi verið lagt á þann bakgrunn sem þarf að vera til staðar og hver eigi að tryggja hann. Ég saknaði þess í ræðu hæstv. ráðherra að vikið væri að þessum grundvallaratriðum og þessum þáttum vegna þess að þeir verða auðvitað að fylgjast að. Ef menn ætla að ná einhverju landi sómasamlega í sambandi við ákvarðanir um formlegt skipulag verða menn að sækja fram með allt öðrum hætti en tekist hefur til þessa.

Af því að ég nefndi samninginn, sem reynt var að gera en liggur ekki enn fyrir varðandi Evrópskt efnahagssvæði, er full ástæða fyrir okkur að hafa samninginn í huga í sambandi við mál af þessum toga vegna þess að við erum að opna landið ef samningurinn verður gerður, við erum að opna landið til framsals til erlendra aðila í verulegum mæli og ekki aðeins landið sem slíkt og yfirborð þess heldur einnig auðlindir í iðrum jarðar. Enn sem komið er ekkert fyrir því séð hvernig ríkisvaldið ætlar að koma í veg fyrir það með löggjöf því að enn þá hefur ekki sést stafkrókur af lögum varðandi yfirráðarétt yfir orkulindum landsins eða jarðvarma, ekki stafkrókur frá ríkisstjórninni um þau efni þrátt fyrir marggefnar yfirlýsingar hæstv. iðnrh. um þau atriði að þetta sé að koma og ætti að vera komið fyrir löngu og ekkert bólar á því. Síðan er það sveitarfélaganna að keppa við aðila, einkaaðila, innlenda sem erlenda varðandi kaup á landi. Ef þessi samningur á yfir að ganga með þeim ákvæðum sem þar er um að ræða og án nokkurra viðhlítandi varnagla miðað við hagsmuni Íslendinga sem þjóðar er eins gott að menn fari að búa sig í stakk að mæta þessu ef menn vilja með óbeinum hætti taka við þeim ákvörðunum sem þarna er verið að knýja fram ef menn ætla ekki að missa þetta allt saman út úr höndum sér. Forkaupsréttur sveitarfélaganna, sem vísað er í sem einhvern varnagla ef þeir taka upp budduna sem hafa rýmri ráð en almennt gerist hér á landi, dugir skammt.

Virðulegur forseti. Aðeins um fáein atriði þessa frv. í einstökum atriðum. Þær skilgreiningar sem eru settar fram í upphafi eru nokkuð glöggar en þó skammt farið yfir mál eins og varðandi það stóra mál sem snertir landsskipulag. Satt að segja eru afskaplega rýr ákvæði þar á blaði skuldbindandi um hvernig ríkið ætlar að standa að þessu landsskipulagi, sem verið er að innleiða, sem ég tel fyllilega réttmætt. Í sambandi við slíka löggjöf þyrfti auðvitað að útfæra slík atriði með miklu ljósari hætti heldur en gert er í þessu frv. Hvernig ætla menn að standa að þessu? Um það gildir auðvitað þetta ekki síður en þegar kemur í undireiningar skipulagsmálanna að það er að hafa þekkingu og leggja mat á landið, auðvelda það að ná skynsamlegu landi í ákvörðunum sem að öðru leyti er samstaða um að þurfi að taka. Hæstv. ráðherra nefndi þar atriði sem er á borðum stjórnvalda, hafa verið þar og verið umdeild og menn ráðið illa við svo sem lagning háspennulína. Auðvitað gildir þetta einnig um virkjanir, bæði vatnsaflsvirkjanir og jarðvarma og önnur meiri háttar mannvirki svo ekki sé talað um línulagnir af öðrum toga og framkvæmdir sem varða meðferð landsins þar sem einn kemur eftir annan, bæði yfir landið í heild og ég tala nú ekki um innan sveitarfélaganna þegar verið er að

leggja nýjar lagnir og nýja kapla og hvað þetta allt saman heitir. Enginn veit neitt af öðrum í þessum efnum. Póstur og sími og rafveitufyrirtækin, enginn veit neitt af öðrum. Auðvitað þarf að taka á þessum efnum af einhverju viti og með einhverri fyrirhyggju af því að menn telja sig þurfa að leggja land undir þetta. Þetta eru taldar þarfar framkvæmdir. En litið til baka er aldeilis ósköp að sjá hvernig að þessum málum hefur verið staðið í landinu bæði varðandi línulagnir þó þar hafi verið tekið upp samráð sem hefur vissulega skilað nokkru á undanförnum fáum áratugum. Víða blasa við örin og sárin eftir þessar aðgerðir, nú síðast eftir ljósleiðaralagningu þar sem ekki hefur tekist til sem skyldi og hörmuleg landspjöll liggja fyrir vegna slíkra aðgerða. Ég er ekki að segja að alltaf verði komist hjá slíku með viðhlítandi hætti, en ekki er heldur staðið að fráganginum eins og þyrfti að vera sem er auðvitað stór þáttur málsins. Hægt er að gera ýmsa hluti ef menn einsetja sér að bæta úr, en þar skortir oft á aðhald og eftirlit og þann skilning sem auðvitað þarf að ríkja að það sé sjálfsagður þáttur að bætt sé úr landspjöllum sem verða má. Við búum auðvitað við óvenjulegar aðstæður hér á landi þar sem er skógleysið í landinu og opið landslag, sums staðar gróðurleysi og lágvaxinn gróður sem felur ekki slík ör sem við verðum lítið vör við þar sem t.d. skógar eða hávaxnari og þróttmeiri gróður vex en á Íslandi við aðstæður okkar. Þetta leggur ákveðnar skuldbindingar á okkur og ég nefni þetta við landsskipulagið.

Hæstv. ráðherra nefndi í framsögu sinni frv. til laga um umhverfismat sem umhvn. er að fjalla um um þessar mundir. Það er sértækt mál en snertir auðvitað það sem varðar meðferð skipulagsmála og ákvarðanir um mannvirkjagerð. Almennt séð tel ég að verið sé að stefna í rétta átt og lét ég þá skoðun í ljós þegar það mál var rætt við 1. umr. Við skulum vona að við náum að vinna okkur fram úr því og setja lög um það efni með sama hætti og þarf að verða varðandi það frv. sem hér er og ég er hvatamaður þess að það geti orðið fyrr en seinna að það verði unnið þannig að málinu að þingið geti fengið þetta frá nefnd eins fljótt og kostur er þó að því tilteknu að vandað verði til yfirferðar og vinnu.

Umsagnir liggja fyrir í umhvn. nú þegar vegna þess að við féllumst á að frv. færi til umsagnar áður en það kom inn í þingið. Það ætti að verða til að greiða nokkuð fyrir málinu.

Hér er sú stefna tekin upp að sjálfræði sveitarstjórna um aðalskipulag er aukið og náttúrlega enn frekar um deiliskipulag sem er nokkuð sjálfsagt mál og það leggur sveitarfélögunum auðvitað verulega auknar skyldur á herðar frá því sem verið hefur og auðvitað þarf að reyna að tryggja að þau verði þeim vanda vaxinn. Það er hægt að gera á margan hátt. Þar getur ríkisvaldið stuðlað að málum með því að koma upplýsingum, tryggja grundvöllinn fyrir þessu með því að afla upplýsinga og koma því á framfæri við sveitarfélögin í landinu þannig að þau eigi auðveldara með að rísa undir þeirri ábyrgð sem verið er að leggja til. Ég held að fræðsluþátturinn á þessu sviði skipti mjög miklu máli, þ.e. að sú Skipulagsstofnun sem hér er verið að efna til í stað skipulagsstjórnar ríkisins, með skrifstofu sinni. Breytingin er kannski ekki jafnmikil og sýnist, en varðar þó a.m.k. skipulagsstjórnina, en þá skiptir það mjög miklu máli að Skipulagsstofnunin geti sinnt fræðsluhlutverkinu og upplýsingahlutverkinu með mjög ákveðið og í raun mun betur en skipulagsstjórn hefur verið ætlað fram að þessu. Ég held að það sé kannski það allra þýðingarmesta þegar menn eru að leggja skyldurnar á sveitarfélögin og ákvörðunarvaldið á sveitarfélögin sem vilja auðvitað yfirleitt reyna að rækja hlutverk sitt en skortir oft á fyrir utan það samræmi sem þarf að vera milli sveitarfélaganna í skipulagsvinnu. Hér er ákveði um svæðisskipulag sem veita þarf möguleika á að taka á málum milli sveitarfélaga. Ég var á sínum tíma og er enn þeirrar skoðunar að fyrir lifandi löngu hefði átt að taka upp millistig í stjórnsýslu landsins með stærri einingum á grundvelli kjördæma í aðalatriðum og fela slíkum einingum, fylkjum eða héruðum eða hvað við viljum kalla það, meðferð skipulagsmálanna að ákveðnu marki. Þá leið hefði þurft að ryðja fyrir löngu. Það var ekki gert, ekki var pólitískur vilji eða stuðningur við þá stefnu. Stærsti flokkurinn á Alþingi, Sjálfstfl., hefur aldrei viljað taka undir það, aldrei léð máls á því og menn geta ráðið í það hvers vegna. Í öðrum flokkum hefur stuðningurinn við þá hugmynd verið mismunandi mikill, víða frekar veikur og frekar í orði en á borði. Því miður.

Í því kjördæmi sem ég kem úr, Austurlandi, hefur þessi hugmynd átt ríkan hljómgrunn í hálfa öld og Austfirðingar voru fyrstir til þess í sínu fjórðungssambandi skömmu eftir síðari heimsstyrjöldina sem svo er kölluð að gera tillögur um það efni. Það er betur að tekið hefði verið undir það á landsmælikvarða. Þá held ég að önnur staða væri í byggðamálum í landinu en nú er og þá hefði verið önnur staða til þess að færa út verkefni ríkisins og lækka eitthvað báknið í Reykjavík og flytja m.a. skipulagsvinnuna út í landshlutana. En í andófinu gegn þessum hugmyndum hefur auðvitað verið spilað á sérskoðanir sveitarstjórnanna og hrepparíginn í landinu til þess að vinna gegn því og ekki skortir á að hann lifi enn sínu lífi og er þó af misjöfnum toga, ekki að öllu leyti slæmur en ýmsir þættir hans væru betur minni en verið hefur.

Gert er ráð fyrir því að skipulagsstjórn verði lögð af en heimild er í 3. gr. um það að ráðuneytið geti skipað nefnd sérfróðra manna sér til ráðgjafar um skipulags- og byggingarmál og sem geti jafnframt verið til ráðgjafar Skipulagsstofnuninni. Þetta er eitt af þeim ákvæðum sem mér finnst þurfa að gaumgæfa áður en lögfest verði hvort eigi að fara út í þessa heimild. Kannski kann að virðast meinlaust að hafa svona heimild inni ef viðkomandi ráðherra hentar að setja upp slíkan ráðgjafarhóp og auðvitað bannar enginn ráðuneyti eða ráðherra að setja upp ráðunautanefnd af einhverju tagi en hér virðist vera vísað á ráðgjafarnefnd sem yrði sennilega fljótlega nokkuð varanleg ef hún yrði tekin upp. Ég set visst spurningarmerki við hvort þarna er stefnt til réttrar áttar eða hvort hafa eigi einhvers konar stjórn yfir Skipulagsstofnun. Ég er alls

ekki að mæla með því að óathuguðu máli. Ég er ekkert viss um að það þjóni tilgangi í þessu kerfi að gera það og mér er líka nokkuð til efs hvort það eigi að fara að setja lagaákvæði um svona heimild eins og hér er gert í 3. gr. en ég vil engan veginn hafna því að ekki betur athuguðu máli þannig að það yrði eitt af mörgum atriðum sem verða til skoðunar í nefnd.

Varðandi kynningu á málum gagnvart almenningi þá er þar um að ræða þátt sem skiptir afar miklu máli að sé rætt um og það er vel að það er ákvæði um það að því er varðar gerð aðalskipulags að lögbjóða að efnt skuli til almenns borgarafundar þar að lútandi og vonandi verður það til gagns fyrir störf að þessum málum til skilningsauka hjá almenningi í þessum efnum. Margt fleira þarf auðvitað að koma til sem er ekki ástæða til að setja í lög en reynir á vilja sveitarstjórna að vinna opið að þessum málum, reyna að afla fylgis, safna inn sjónarmiðum sem víðast frá viðkomandi byggðarlögum þannig að vilji almennings liggi einnig fyrir og hugmyndir í sambandi við þróun og gerð aðalskipulags.

Hæstv. ráðherra vék að 9. gr. sérstaklega sem varðar skipulagsskyldu landsins alls og það sem lýtur að Miðhálendinu sem svo hefur verið kallað, óbyggðum landsins. Við ræddum fyrir nokkru síðan, ætli það sé ekki ár síðan og vel það, frv. sem hæstv. ráðherra mælti fyrir í sambandi við stjórnsýslu á Miðhálendinu. Ég túlkaði mín viðhorf við 1. umr. um það mál. Ég tel að þar hafi verið á ferðinni mál sem horfir til réttrar áttar, tvímælalaust, og hefði viljað sjá það lögfest að gerðum einhverjum breytingum af þinginu, vegna þess að þar var verið að taka á mjög brýnu máli. Og þó að hæstv. ráðherra sé að nefna hugmyndir sem eigi að geta komið í staðinn fyrir þetta að einhverju leyti til að ná þeim markmiðum sem gert var ráð fyrir með þessu frv. þá er ég ekki búinn að sjá að það náist með þeim hætti sem að var stefnt með lögunum varðandi sérstaka stjórnsýslu á Miðhálendinu eins og þarna var gert ráð fyrir. Auðvitað er það svo að mál af þessum toga þýðir ekki að vinna í einhverjum ófriði, allsherjarófriði í landinu, það þarf auðvitað ákveðið sammæli í þessum efnum. En mér fannst að viðtökurnar á Alþingi varðandi þessi efni hafi verið þannig að þar hafi ekki ráðið viljinn til þess að líta á málin efnislega heldur meira að kynda elda af þarflitlu varðandi þau markmið sem þar voru uppi. Það er mjög auðvelt ef menn vilja það við hafa og kasta fyrir róða að líta á málin heildstætt. Það er mjög auðvelt að missa úr höndunum þá auðlind, þá stóru auðlind sem óbyggðir landsins eru. Það er mjög auðvelt að glata henni eða a.m.k. að halda þannig á málum að hún verði ekki svipur hjá sjón, að hún verði þjóðinni ekki til þess gagns um ókomnar aldir sem gæti orðið ef menn gæta sín varðandi meðferð hennar. Það er ekkert auðveldara en að spilla því sem menn þar hafa handa á milli og þar reynir vissulega á skipulagsmálin að því er þetta varðar. En þar þarf auðvitað löggjafinn, Alþingi Íslendinga, að taka ákvarðanir, að rísa undir þeirri skyldu að taka ákvarðanir og setja lög varðandi meðferð á þessum stóru svæðum. En það hafa nú ekki verið burðir á þessari samkomu, á þinginu, um áratugi að komast að niðurstöðu varðandi grundvallaratriði um meðferð óbyggðanna og þær auðlindir sem þar eru, bæði í efnislegu formi og óbeint sem unaðsgjafi fyrir þá sem leggja þangað leið sína og nýta það til ferðalaga og endurnæringar sem er ekki minnsti þátturinn af því gildi sem þetta einstæða hálendi Íslands býr yfir. En Hæstiréttur landsins sagði við Alþingi með dómi 1981: Það er ykkar að setja lög um þetta, það er Alþingis að kveða á um þetta. Því var vísað til þingsins með hæstaréttardómi en þingið hefur ekki tekið á málinu. Nú stöndum við frammi fyrir því að vera í mikilli réttaróvissu að stíga skref ef ríkisstjórnin nær sínu fram, þ.e. meiri hlutinn sem að baki hennar stendur, nær sínu fram í sambandi við Evrópskt efnahagssvæði. Þar eru menn sannarlega á hálum ís varðandi þessa auðlind, Miðhálendið, og reyndar óbyggðir allar í landinu.

Ég nefni þetta hér í sambandi við þetta frv. vegna þess að auðvitað má og verður að reyna að beita ákvæðum skipulagslaga og vinnu sem tengist því til þess að gera það besta miðað við efni en þingið þyrfti auðvitað að taka á þessum óvissuþáttum varðandi umráðaréttinn, varðandi eignarhaldið á óbyggðunum fyrr en seinna. En ég hef því miður, að fenginni reynslu af meðferð mála hér sem þetta varðar, ekki mjög bjartsýnn um að það verði gert með þeim hætti sem þyrfti.

Svo er það fjárhagsþátturinn og skal ég þá fara að stytta mál mitt, virðulegur forseti. Fjárhagsþátturinn skiptir auðvitað mjög miklu í þessu, að þeir aðilar sem eiga að sinna skipulagsmálunum hafi tekjustofna til að byggja á, til þess að vinna nauðsynleg verk. Hér eru það bæði ríkið og sveitarstjórnirnar sem í hlut eiga. Það hefur að vísu rýmkast nokkuð um í þessum efnum á undanförnum árum en þó er langt frá því að þar hafi verið hlúð að eins og þyrfti. Ég hef minnst á þennan bakgrunn sem eru rannsóknir á landinu, náttúru þess, og kortagerðin, landmælingarnar sem hefur verið í vanrækslu og fjárhagslegu svelti. Úr þessu þarf að bæta og það þarf að tryggja að það verði hægt að vinna þetta jafnhliða því sem Skipulagsstofnun og sveitarfélög fá tekjustofna til þess að sinna sínum þætti. Ég er ekki að tala um að menn eigi að geta vaðið í peningum til þess að leika sér að, heldur að það sé fjármagn til þess að vinna þessi mál sem eru framtíðarmál og skipta miklu til framtíðar með sómasamlegum hætti. Nú er skipulagsgjaldið þannig að það miðast við umfang nýbygginga og umsvif sem ákveðið hlutfall. Og þegar mikil umsvif eru og þegar mikið er byggt þá skilar þetta gjald miklu, tiltölulega miklu, vegna þess að þetta er prómill, þrjú prómill af fasteignamati eða brunabótamati. En ef samdráttur er í byggingum þá dregst þessi sjóður saman verulega og það er mjög slæmt að vera með svona málefni háð slíkum sveiflum. Að vísu á ríkið að koma þarna inn í með hluta sem helming á móti skipulagsgjaldinu en menn þekkja það nú á þessari samkomu að það er oft gripið til „þrátt-fyrir-ákvæða“ til þess að strika í slík lagaákvæði og það hefur verið gert óþyrmilega að því er þetta varðar einmitt á yfirstandandi ári, þar sem hefði átt að standa 40 millj. í fjárlögum, virðulegur

forseti — virðulegur forseti kannast við það úr fjárln. — eftir standa þar 25 millj. að mig minnir af þessu framlagi ríkisins sem að lögum samkvæmt hefði átt að vera 40 millj. í ár.

Hér er hins vegar verið að innleiða það nýmæli sem ég tel til bóta að ætla að afla tekna til skipulagsmálanna af annarri mannvirkjagerð, opinberum framkvæmdum og framkvæmdum einkaaðila sem ekki er íbúðarhúsnæði eða ekki fellur undir skilgreiningar innheimtu á skipulagsgjaldi nú, sem ætti að bæta þessa stöðu en er auðvitað einnig sveiflum háð þannig að það er ansi hætt við því að það væri nokkur öldugangur í sambandi við tekjur til Skipulagsstofnunar sem síðan endurgreiðir sveitarfélögunum að hluta til sinna verka.

Þetta er að mínu mati ekki farsælt að byggja fjárhagslegar undirstöður með þessum hætti, það þyrfti að leita leiða og setja inn ákvæði til sveiflujöfnunar þarna fyrir Skipulagsstofnun og þar er það ríkisvaldið sem ætti að koma inn til þess að jafna tekjurnar og tryggja að það sé hægt að halda uppi eðlilegri samfellu í vinnu að þessum málum. Auðvitað að teknu almennu tilliti til okkar hags, þjóðarhags, á hverju tímabili, litið til nokkurra ára. En hér er um að ræða þannig vinnu að það er mjög slæmt ef þar þarf að vera mjög mikill tröppugangur á og ekki hægt að byggja á sæmilega heldum grunni.

Ég nefndi upplýsingaöflun í formi rannsókna varðandi náttúru landsins og eðli landsins en ég nefni líka þætti sem varða miklu þegar kemur til aðalskipulags byggðar og það eru náttúruhamfarir. Það eru þau atriði sem snerta hugsanlega vá. Þar þurfa menn að geta lesið í málin eins og frekast er kostur og mega helst ekki mikið til spara áður heldur en farið er í framkvæmdir varðandi byggingar. Ég er ekki að segja þetta með það í huga sem margir halda að geti orðið framtíðin á næstu öld, að sjávarborðið eigi eftir að hækka til muna vegna mannlegra athafna, hinna svokölluðu gróðurhúsaáhrifa. En það er að sjálfsögðu skylt að vera þar á vaktinni og hollt fyrir menn að minnast þess í kvosinni í Reykjavík sem yrði fljótt fyrir barðinu ef þeir spádómar eiga eftir að rætast og þar er því miður svo mikið í pípunum af mengandi efnum að ef þetta samhengi er raunverulegt sem verið er að spá þá mun það leiða til gróðurhúsaáhrifa. Jafnvel þó að menn gætu gripið til þeirra mótaðgerða að draga úr menguninni svo um munar hér og nú og á allra næstu árum, þá dugir það ekki til. Ef þetta samhengi er raunverulegt sem að vissu leyti er þó óvissu háð og nokkuð umdeilt meðal sérfróðra aðila.

En þetta er einn þátturinn. Ég leyfi mér að nefna þætti eins og skriðuföll sem eru hættuvaldur í ýmsum byggðum í landinu við okkar aðstæður, fjöllóttu landi, og snjóflóðin sem eru einnig þáttur sem því miður, litið til baka, ekki var gefinn sá gaumur að sem þurfti og ekki það aðhald í lögum sem þurfti að vera til þess að menn tækju á skipulagsþáttunum fyrirbyggjandi að þessu leyti. Þarna þarf sannarlega að tryggja það, og þetta snertir tengslin við Almannavarnir og almannavarnarkerfið, að haldið sé á málum með eðlilegum hætti og gætt nauðsynlegs samhengis í ákvörðunum sem enda í skipulagssamþykktum, skipulagsákvörðunum.

Ég vil að endingu, virðulegur forseti, ítreka það að ég tel að við séum hér með mjög mikilvægt málefni handa á milli sem er þetta frv., ég met það svo að margt í þessu frv. horfi til bóta og ég er reiðubúinn sem fulltrúi í þeirri þingnefnd sem á að vísa málinu til og hefur haft þetta mál handa á milli um nokkurt skeið, að þar verði reynt að vinna sem best að þessu máli, en einnig eins greitt og kostur er.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Í þessu frv. eru bæði jákvæðir þættir og aðrir sem þarf að taka sérstaklega til nánari athugunar og þeir síðarnefndu margir hverjir raunar fremur smávægilegir. Vissulega eru hér á ferðinni skipulagsbreytingar og ákveðin nýmæli sem ekki verður hægt að skera úr um hvernig reynast nema með reynslunni einni saman en það skiptir að sjálfsögðu miklu máli að vanda sig vel að þeim undirbúningi sem hér er unninn og reynt að sjá fyrir hvernig þetta kerfi muni virka.

Það eru tvö atriði sem ég tel að brýnast sé að líta á þegar talað er um svo viðkvæm mál sem skipulags- og byggingarmál eru. Það er annars vegar að gætt sé fullkomlega virðingar gagnvart umhverfinu og þá meina ég bæði umhverfi í strjálbýli og þéttbýli og að það sé í raun þessi virðing sem ráði ferðinni en ekki einhverjir stundarhagsmunir. Hitt sem ég held að sé ekki síður mikilvægt er að það sé góð kynning, góð tengsl við almenning og greiður aðgangur almennings að upplýsingum þegar á fyrstu stigum skipulags. Ég verð að segja að það eru ákveðin nýmæli í þessu frv. sem mér finnst taka mið af þessari virðingu. En aftur á móti þá er e.t.v. dálítið erfitt að sjá hvernig það dæmi er reiknað til enda og hvernig hægt er að taka tillit til ábendinga almennings. En eins og öllum er kunnugt varðandi þessi tvö málefni, virðingu fyrir umhverfinu og virðingu fyrir skoðunum almennings, hafa komið upp mjög alvarleg deilumál á undanförnum árum og nægir þar að nefna ráðhúsmálið í Reykjavík þar sem klárlega var hægt í skjóli lagabókstafar að hunsa mjög áberandi og eindregin mótmæli fólks.

En hitt dæmið sem mig langar að taka er kannski frekar um umhverfismál að ræða og menningarmál, að það er alla vega fram á sl. vor þá voru mjög merkileg og falleg byggð gamalla húsa á Seyðisfirði enn óvernduð með öllu og þetta er í rauninni spurning sem mér finnst fyrst og fremst heyra undir skipulagsmál og umhverfismál og sem betur fer eiga þessi mál nú samleið. Það er áhyggjuefni að enn skuli vera svona dæmi til þar sem beinlínis er hægt að raska fallegri, gamalli byggð í fullu samræmi við ákvæði skipulagslaga. Ég veit a.m.k. ekki til þess að löggjafir um verndun menningarverðmæta hafi náð að varðveita þessa byggð, ef einhver hefði viljað hrófla við henni á alvarlegan hátt, og þetta út af fyrir sig hlýtur að vera áhyggjuefni og þarf e.t.v. að gæta að í skipulagslögum ekki síður en öðrum lögum.

Ég nefni þetta dæmi á Seyðisfirði sérstaklega vegna

þess að ég þekki þar til og er annt um þann bæ en ég geri ráð fyrir að önnur hliðstæð dæmi hljóti að vera til.

Þá ætla ég að hlaupa aðeins á einstöku greinum þessa frv. eða þeim sem mér finnst ástæða til sérstaklega að hafa orð um og kem þá fyrst að 11. gr. um kynningu aðalskipulagstillögu og þar vil ég hrósa því nýmæli sem tekið hefur verið upp að efnt sé til kynningar á skipulagshugmyndum svo snemma eða fyrr en gert hefur verið með því að efna til almenns borgarafundar. Þetta held ég að sé mjög jákvætt og raunar er þess getið að þessi háttur hafi verið hafður á um nokkurt skeið, a.m.k. í nokkrum bæjar- og sveitarfélögum og ég held að það sé mjög eðlilegt að hafa ekki bara sem handahófskennda vinnureglu sumra sveitarstjórna heldur sem rétt almennings.

Í 1. mgr. 12. gr. eru hliðstæð ákvæði og eru í núgildandi lögum en þótt mér finnist að í reynd hafi ekki nein tiltæk alvarleg vandamál komið upp um að auglýsingar séu nógu aðgengilegar almenningi þá finnst mér ekki vera tekið af skarið með að það sé tryggt að almenningur — sem les ekki Lögbirtingablaðið að jafnaði sér til ánægju og yndisauka — komist að því hvaða tillögur eru í gangi um aðalskipulag. Ég geri ráð fyrir að þetta sé fræðilegt vandamál frekar en raunverulegt en ég tel fulla ástæðu til þess að geta þessa.

Í lokamgr. 13. gr. er talað um að sérstaklega sé fjallað um það hvort aðalskipulag sé í ósamræmi við settar kröfur um gerð þess eða hvort freklega sé gengið á rétt einstaklinga, hagsmuni nágrannabyggða eða ríkisins. Mér er ekki fullljóst og vil gjarnan beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra — ég vona að hann sé ekki langt undan — hvernig að niðurstaða verði fengin um þetta. Ráðherra er gert að leita umsagnar sveitarstjórnar eftir að hafa fengið tillögur frá Skipulagsstofnun um að kannski þurfi að líta nánar á þetta en í rauninni eru ekki gefnar neinar ákveðnar forsendur aðrar en þær almennu forsendur sem gefnar eru um skipulag um það hvernig lokaákvörðun sé tekin. E.t.v. er ekki þörf á því en mér finnst samt ástæða til þess að vekja athygli á þessu.

Í 14. gr. er 2. mgr. nýmæli og þar hef ég athugasemd sem ég tel mjög alvarlega. Greinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ráðherra getur, að fenginni tillögu Skipulagsstofnunar, frestað staðfestingu á aðalskipulagi fyrir ákveðin landsvæði, þó ekki lengur en 10 ár í senn, ef nauðsyn þykir til bera vegna almannahagsmuna, svo sem vegna óvissu um áætluð samgöngumannvirki eða vegna þess að nauðsynlegt sé að samræma betur skipulagsáætlanir sveitarfélaga er saman liggja. Slík svæði skal auðkenna á uppdrætti."

Ef greinin væri þarna til þess að gæta sérstaklega að náttúruverðmætum eða öðru slíku þá teldi ég að hún ætti fullan rétt á sér en hér er verið að taka sérstaklega dæmi. Almannahagsmunir eru skilgreindir fyrst og fremst vegna óvissu um áætluð samgöngumannvirki eða vegna þess að nauðsynlegt sé að samræma betur skipulagsáætlanir sveitarfélaga er saman liggja. Ég tel í rauninni að síðarnefnda atriðið, þ.e. að samræma skipulagsáætlanir sveitarfélaga er saman liggja, sé mál sem ætti e.t.v. að leysa með öðrum hætti en því að ráðherra setji einhverja frestun á. Varðandi það að hægt sé að setja 10 ára bið á skipulag vegna óvissu um áætluð samgöngumannvirki geri ég alvarlega athugasemd þar. Mér finnst þetta allt of langur tími. Mér finnst að þarna sé verið að taka tillit til rangra þátta. Ég ítreka það að ef þarna væri sérstaklega verið að tala um menningarverðmæti eða umhverfissjónarmið þá gerði ég ekki athugasemd. En ef almannahagsmunirnir yrðu fyrst og fremst þeir að það þurfi að setja upp einhver samgöngumannvirki, hraðbrautir eða flugvelli svo að dæmi séu tekin í sögu okkar að slíkar áætlanir hafi tafið skipulag um langan tíma á ákveðnum svæðum þá finnst mér þetta mjög slæmt ákvæði. Ég held að sveitarfélögum dugi líka skemmri tími til að samræma áætlanir sínar en þessi 10 ár. Ég get ekki ímyndað mér annað en styttri frestur mundi vera miklu betri í reynd. Ég tel nauðsynlegt að þessi athugasemd komist nú þegar til skila. Það getur vel verið að einhverjir almannahagsmunir séu þarna einnig í athugun og átt við eitthvað fleira en ég held að það sé alveg fráleitt að vera að taka frá land vegna einhverra hraðbrauta eða áætlana um langan tíma. Ég held að byggð hljóti að verða að þróast eðlilega, líka skipulag útivistarsvæðis, þannig að hægt sé að byggja upp útivistarsvæði eðlilega, en ekki að settur sé 10 ára frestur á ákveðin svæði.

Ég tek undir athugasemd hv. 2. þm. Austurl. um niðurlag 18. gr. þar sem hann gat þess sérstaklega að of veikt væri tekið til orða en þar er talað um að við gerð deiliskipulags skuli taka sérstakt tillit til sérþarfa barna, fatlaðra og aldraðra eftir því sem aðstæður leyfa. Auðvitað verður að taka sérstakt tillit til sérþarfa barna, fatlaðra og aldraðra og þetta með aðstæðurnar gefur tilefni til allt of frjálslegrar túlkunar að mínu mati. Ég get ekki séð að það stangist á við skipulag nokkurs staðar að hafa þetta ekki í huga. Ég get ekki séð annað en það ætti að vera í kórréttu sambandi við hagsmuni allra.

Varðandi störf skipulags- og byggingarnefndar í 38. gr. er það vissulega jákvætt að nefnd er skylt að rökstyðja synjanir á erindum sem henni berast sé þess óskað. Það er allt of algengt í stjórnsýslu, bæði hjá sveitarfélögum og ríki, að ekki sé látið svo mikið sem að svara erindum, hvað þá að rökstyðja niðurstöðurnar. Auðvitað er þetta lítilsvirðing við almenning. Hér sýnist mér að eigi að gera bragarbót og vona ég að það verði úr.

Varðandi málsmeðferð ef upp kemur ágreiningur, þá er það mál sem ég held að svokölluð grenndarkynning eða nágrannakynning eins og hún er kölluð í 38. gr. sé að sjálfsögðu mjög nauðsynleg. Í 38. gr. er talað um að skipa nefnd sem úrskurðar um slík deilumál og skal hún skipuð einum fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga, einum frá umhvrn. og einum skipuðum af Hæstarétti. Ég held að íhugunarvert væri að kanna frekar hvernig nefndin yrði saman sett, hvernig hún mundi virka og hvort hugsanlegt sé að það væri nauðsynlegt að tryggja frekar rétt einstaklingsins eða almannasamtaka gagnvart sveitarfélögum og ríki eftir því sem við á. Það verður að segjast eins og er að oft er

það hinn almenni borgari sem stendur höllum fæti þegar sækja skal rétt sinn innan kerfisins. En ég ætla ekki að leggja mat á það fyrir fram hvernig samsetning nefndarinnar muni virka, en vissulega er brýnt að einhver áfrýjunarréttur sé ef alvarleg deilumál koma upp. Því miður höfum við dæmi um það að sá áfrýjunarréttur sem við höfum haft hefur ekki virkað sem skyldi og vísa ég enn til ráðhússmálsins.

Ég sé ekki ástæðu til þess að drepa á mörg önnur atriði núna í 1. umr. enda veit ég að það er fyrst og fremst hlutverk þeirrar nefndar sem um málið fjallar að kafa ofan í þetta víðtæka og yfirgripsmikla frv. Ég vil þó geta þess varðandi 52. og 53. gr. og einkum athugasemdirnar með þessum greinum að ég held að það verði að skoða mjög vandlega hvort gera þurfi einhverjar sérstakar kröfur til byggingarverkfræðinga, byggingartæknifræðinga og byggingarfræðinga og annarra þeirra sem hafa haft rétt til þess að leggja fram aðaluppdrætti umfram arkitekta. En í athugasemd um 53. gr. kemur fram að gerðar eru nokkru strangari kröfur til annarra stétta en arkitekta varðandi aðaluppdrætti og ég hlýt að varpa þeirri spurningu fram hvort slíkt sé eðlilegt. Sérstaklega er krafist fjögurra ára starfsreynslu hjá fyrrgreindum stéttum en ekki hjá arkitektum, fjögurra ára starfsreynslu í starfi hjá löggiltum aðila á því sviði að sjá um aðaluppdrátt. Ég athygli vek á að þarna er um húsauppdrætti að ræða. Ég vil biðja hv. nefndarmenn að líta á það hvernig þessu háttar nú, hverjar kröfur eru gerðar í námi til þessarar stéttar og hvort það sé fortakslaust frekar arkitektar en aðrar stéttir sem hafa séð um aðaluppdrætti, þ.e. að bera saman þessar stéttir og kröfur í námi hjá þeim og starfshæfni. Þetta er að vísu að gefnu tilefni. Forveri þessa frv. hefur væntanlega verið í félmn. til umfjöllunar á þeim tíma sem ég sat í þeirri nefnd og í þeirri umræðu sem þar fór fram þótti full ástæða til þess að setja spurningarmerki við þessar auknu kröfu til annarra stétta en arkitekta.

Enda þótt sumar þessar ábendingar fjalli um smærri atriði en ekki heildarefni þessa frv. held ég að það sé það innlegg sem ég vil að komi fram í umræðunni frá mér og þar sem þetta frv. snertir bæði umhverfi okkar í strjálbýli og þéttbýli mjög náið held ég að þá verði að fara mjög vandlega ofan í hvert einasta atriði málsins. Ég held að að hljóti að hafa verið góð ákvörðun að hv. umhvn. leyfði að flýtt væri fyrir með því að afla einhverra umsagna áður en málið er tekið í nefnd því að þeim mun vandaðri og ítarlegri umræða sem fram fer um þetta frv. þeim mun meira liggur á því að uppskeran verði í samræmi við þær kröfur sem við hljótum að gera.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ræðumaður vék réttilega að þýðingu þess að hugað sé að menningarverðmætum í sambandi við skipulagsvinnu og nefndi þar dæmi af byggðarlagi á Austurlandi sem er Seyðisfjörður. Það er nú tilefni þess að ég vildi mæla örfá orð undir andsvari. Það er alveg rétt að það er byggðarlag sem býr tiltölulega vel að gömlum byggingum þó að margt hafi glatast þar eins og víðar af menningarverðmætum, ekki síst á stríðsárunum og hernámsárunum, en þar er þó fjársjóð að finna. En ég vildi nefna það í þessu sambandi að einmitt sveitarstjórn á Seyðisfirði í samvinnu við Safnastofnun Austurlands hefur látið gera vandaða úttekt á þessum verðmætum fyrir allnokkru þannig að ég tel að það hafi verið til fyrirmyndar. Til þeirrar vinnu var kvaddur sá maður sem mest hefur lagt til þessara mála í rannsóknum það ég þekki til, Hörður Ágústsson, listmálari og húsafræðingur, og gerði almenna könnun á húsum þar í kaupstað og síðan var efnt til kynningar og sýningar á niðurstöðu. Þessi vinna varð til þess að almenningur í bænum vaknaði til vitundar meira en áður um það hvað menn höfðu þarna handa á milli og félagasamtök í bænum hafa stuðlað að því síðan þetta var gert að varðveita einstök hús. Vissulega mátti gera meira almennt séð en miðast þó við efni, en þetta er þarfleg ábending hjá ræðumanni og þarf auðvitað að huga að þessu sem víðast, sem og hliðstæðum í fomri fornminja eða annarra menningarminja sem þarf að hlúa að í tengslum við skipulagsstörf.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki síst vegna þeirrar úttektar sem hv. 4. þm. Austurl. var að nefna sem ég ásamt fleirum veit af því að þessi menningarverðmæti eru þarna og þrátt fyrir gott framtak félagasamtaka og alúð almennings eru þau menningarverðmæti í raun inni ekki varin, hvorki af menningarlögum af neinu tagi né skipulagslögum. Strangt til tekið eftir því sem kemur fram í upplýsingum mínum þá er hægt að taka þarna svæði undir annað. Þetta nefni ég sérstaklega í samhengi við það hversu mikilvægt það er að ábendingar almennings og almannasamtaka séu teknar alvarlega og hafi eitthvert formlegt vægi. Ég er ekki að tala um að einn maður geti sett allt í bál og brand varðandi skipulag, heldur það að vel rökstuddar ábendingar hafi eitthvert vægi annað en bara að það sé undir náð og miskunn sveitarstjórna eða annars yfirvalds hvort einhver menningarverðmæti eru þarna í hættu eða ekki. Mér finnst að þessi ábending þurfi að koma fram og varðar hún sérstaklega skipulagsmálin.

En ég trúi því að almenningur á Seyðisfirði muni beita öllum þeim krafti sem hann hefur til þess að hlúa að þessum menningarverðmætum og því sé hér ekki um stóra hættu að ræða.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil fagna því að komið skuli fram frv. til skipulags- og byggingarlaga. Þótt þau hafi nú verið æðimörg á undanförnum árum án þess að þau hafi hlotið nokkra afgreiðslu á Alþingi þá er aldrei að vita nema nú sé svo komið að Alþingi sé tilbúið að ganga frá slíkum lögum.

Ég vil hins vegar biðja umhvn., sem fær þetta til umfjöllunar, að skoða frv. vel og vandlega. Enda veit ég að nefndin gerir sér grein fyrir að þarna er um mjög flókinn og viðkvæman málaflokk að ræða. Nú skyldu sjálfsagt margir ætla að skipulags- og byggingarlög

væru ekki sérlega viðkvæmur málaflokkur. En ég hef kynnst þeim málaflokki nokkuð eftir að hafa setið í borgarstjórn Reykjavíkur og setið þar í skipulagsnefnd og fjallað um skipulagsmál. Ég held að þetta sé einn viðkvæmasti málaflokkurinn hjá sveitarstjórnum og það séu eimitt skipulags- og byggingarmálin sem helst verði deiluefni sveitarstjórna og íbúa sveitarfélaga. Við höfum auðvitað horft upp á það, sérstaklega hér í Reykjavík, að hvert málið á fætur öðru hefur orðið mjög heitt deiluefni milli meiri hluta sveitarstjórnanna og íbúanna. Þá á það ekki síst við þegar farið er að skipuleggja í þegar byggðum hverfum og nægir í því sambandi að nefna hér í Reykjavík Þingholtin sem enn hafa ekki, ef ég veit rétt, verið deiliskipulögð, heldur hafa þar verið leyfðar byggingaframkvæmdir á einstökum lóðum án þess að samþykkt eða staðfest deiliskipulag lægi fyrir. Það er Skúlagötusvæðið þar sem var gert skipulag sem olli miklum deilum milli borgarstjórnar og íbúanna þar. Það nægir að nefna Kvosarskipulagið sem líka var mikið deiluefni. Síðan nægir að nefna byggingarframkvæmdir eins og Ráðhúsið, en á annan tug þúsunda íbúa í Reykjavík mótmælti þeirri bygginarframkvæmd án þess að það í sjálfu sér breytti neinu. Borgarstjórnin hér í Reykjavík sat þá föst við sinn keip og kom hvergi til móts við þau mótmæli sem þar komu fram frá íbúunum.

Vegna þess að þessum málum er svona háttað, þ.e. þau verða gjarnan deiluefni sveitarstjórna og íbúa sveitarfélaga, er ég ekki sú ákafa talskona þess að sveitarfélögin fái algert forræði í þessum málum eins og margir eru. Og ég hef nú stundum fengið bágt fyrir það á fundum sveitarstjórnarmanna eða í Reykjavík og það verið kölluð einhver miðstýringarstefna að vilja ekki að þessi mál flytjist alfarið til sveitarfélaganna og að ríkisvaldið komi hvergi að þeim. Vegna þess að ég þekki það af forsögu þessara mála að íbúar hafa stundum ekki átt í önnur hús að venda með málin en til skipulagsstjórnar og til ráðherra, þá yfirleitt félmrh. Þess vegna tel ég mikilvægt að það sé einhver áfrýjunarréttur, áfrýjunaraðili, sem þeir geti snúið sér til ef þeir telja að sveitarstjórn misbeiti með einhverjum hætti valdi sínu í þessum málum. Við verðum að athuga það að hérna er líka oft um gífurlega mikið hagsmunamál fyrir sveitarstjórnir að ræða, þegar um er að ræða nýjar byggingarframkvæmdir eða skipulagsmál, beina fjárhagslega hagsmuni og það getur oft orðið til þess að sveitarstjórnir freistist til að ýta ýmsum hagsmunum til hliðar og öðrum sjónarmiðum. Þar af leiðandi finnst mér mikilvægt að tryggja vel rétt íbúanna í svona lögum. Ég vil vara við að það sé einblínt á sveitarstjórnirnar sem aðila í þessum málaflokki sem eigi að fara með þessi mál vegna þess að þær séu nær vettvangi. Það er auðvitað mikilvægt að fela sveitarstjórnum sem flest verkefni og ég er sannarlega fylgjandi því en íbúar verða alltaf að eiga sér einhvern áfrýjunaraðila, einhvern sem þeir geta þá leitað til ef þeir telja rétti sínum hallað.

Þó að hér hafi verið talið að ýmislegt væri tryggt í þessu frv. varðandi rétt íbúanna, þá er ég ekki alveg sátt við það. Mér finnst að sums staðar sé í rauninni hallað á rétt íbúanna frá því sem er í núgildandi lögum. Ég get reynt að nefna nokkur dæmi um það. Þannig er t.d. í 10. gr. þessa frv. talað um aðalskipulag og þar segir að það skuli gera aðalskipulag fyrir öll sveitarfélög. Í þessari grein er hins vegar afskaplega lítið um það sagt hvað eigi að sýna á aðalskipulagsuppdrætti. Það er sagt:

„Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þeirri byggð sem þegar er risin, atvinnuháttum og stefnu sveitarstjórnar um landnotkun, landnýtingu og þróun byggðar næstu 10 árin.

Gæta skal umhverfissjónarmiða, náttúru landsins, heildstæðra eldri húsaþyrpinga og byggðahverfa og annarra sögulegra minja og koma í veg fyrir hvers konar mengun eftir því sem unnt er."

Það segir hins vegar ekkert um það þarna hvað eigi að sýna á aðalskipulagsuppdrætti og ég reikna með að menn ætli sér að kveða á um það í skipulagsreglugerð en um hana er fjallað í 4. gr. frv. En reglugerð og lög eru sitt hvað og það er spurning hvort ekki þarf að setja tiltekið lágmark inn í lögin um það hvað beri að sýna a.m.k. á aðalskipulagsuppdrætti.

Í 10. gr. núgildandi laga segir, með leyfi forseta:

„Á skipulagsuppdrætti skal sýna aðalumferðaræðar, skiptingu fyrirhugaðrar byggðar í íbúðarhverfi, iðnaðarhverfi, hafnarhverfi og opin svæði svo og staðsetningu nauðsynlegra bygginga til almenningsþarfa o.s.frv. Þar skal einnig gera grein fyrir nýtingarhlutfalli, sbr. 13. gr."

Það er í rauninni skýrar kveðið á um það í gildandi lögum hvað skuli sýna á aðalskipulagsuppdrætti. Þá segir í þessari 10. gr. frv.: „Í aðalskipulagi skal tekið fram hvar deiliskipulag skuli háð staðfestingu ráðherra, sbr. 18. gr." Almennt samkvæmt þessum lögum á deiliskipulag ekki að þurfa staðfestingu ráðherra heldur aðeins samþykki sveitarstjórnar, nema þar sem um er að ræða svokallaða hverfisvernd. En ef um hverfisvernd er að ræða þá þarf staðfestingu ráðherra. Þessa hverfisvernd á að sýna í aðalskipulagsuppdrætti. Mér finnst þetta orka svolítið tvímælis eins og þetta er sett fram hér vegna þess að það er þá í rauninni sveitarstjórnin ef ég skil þetta rétt sem á að ákveða hverfisverndina, hvar hún skuli vera. Ef sveitarstjórnin setur hverfisvernd á tiltekið svæði þá þarf deiliskipulag af því svæði staðfestingu ráðherra. Ég held að sveitarfélög muni vegna þessa ekki skilgreina mörg svæði með hverfisvernd þar sem þá eru þau í rauninni að framselja ákveðið ákvörðunarvald til ráðherra í þeim málum. Þau eru þá að segja: Ef við ætlum að skipuleggja þetta svæði þá þurfum við staðfestingu ráðherra á því skipulagi. Mér fyndist það vel vera til athugunar að nánar yrði kveðið á um það í lögunum hvar hverfisvernd skuli koma, við hvaða aðstæður. Það er spurning hvort það á að miða við ákveðið ártal, þ.e. hvort það séu byggðarkjarnar sem séu af ákveðnum aldri, hvort þeir eigi að falla undir hverfisvernd, og svo fleira ef sveitarstjórn vill það en það skuli að minnsta kosti með einhverjum hætti kveðið á um það hvað skuli falla undir hverfisvernd. (**Forseti:** Ég bið hv. þm. velvirðingar á að ég skuli trufla hann í ræðu sinni en klukk-

an er núna fjögur og það var fyrirhugað að þessi fundur mundi ekki standa lengur vegna hefðbundins þingflokksfundatíma. Ef hv. þm. er að ljúka máli sínu þá mundi forseti leyfa nokkrar mínútur til viðbótar ellegar óska eftir að hann frestaði ræðu sinni.) Ég ætlaði nú ekki að tala langt mál um þetta frv., enda á það eftir að komast til skoðunar í nefnd en ég treysti mér ekki til að ljúka þessu á örfáum mínútum. **(Forseti:** Vill þá hv. þm. verða við bón forseta um að fresta ræðu sinni?) Já.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7.–13. mál.

Fundi slitið kl. 4.01 síðdegis.

---

111. FUNDUR

fimmtudaginn 18. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til félagsmálaráðherra:

1. Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði, fsp., 223. mál, þskj. 271.

Til fjármálaráðherra:

2. Greiðslur vegna þinga ýmissa starfsstétta, fsp., 324. mál, þskj. 592.

Til landbúnaðarráðherra:

3. Söluskattur af mannvirkjum loðdýrabúa, fsp., 340. mál, þskj. 619.

Til samgönguráðherra:

4. Álögur á ferðaþjónustu, fsp., 341. mál, þskj. 620.

Til heilbrigðisráðherra:

5. Sálræn heilsugæsla utan höfuðborgarsvæðisins, fsp., 346. mál, þskj. 625.

Til menntamálaráðherra:

6. Efling íþróttaiðkunar kvenna, fsp., 348. mál, þskj. 627.

Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði, ein umr.

Fsp. MF, 223. mál. — Þskj. 271.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 271 ber ég fram fsp. til hæstv. félmrh. um lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði. Við breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er gerð var á árinu 1990 var samþykkt að fella út úr lögunum 20.–22. gr. sem vörðuðu heimildir til útlána vegna útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði. Þá var fullyrt að óþarft væri að hafa þessar greinar inni þar sem heimildir þessar væru til staðar í svokölluðum félagsmálakafla nýju laganna. Nú er mér hins vegar tjáð að fólk hafi fengið neitun um lán vegna útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði vegna þess að starfsmenn Húsnæðisstofnunar telji að ekki liggi ljóst fyrir af hvaða fjárveitingum eigi að afgreiða slík lán. Veit ég dæmi þess að umsóknir hafa legið inni í stofnuninni mánuðum saman án þess að fá afgreiðslu og ástæður sagðar þær sömu að ekki liggi ljóst fyrir hvort heimildir séu til slíkra lánveitinga. Sérstaklega á þetta við hvað varðar lánsumsóknir vegna lagfæringar eða til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis á lögbýlum. Þeim umsóknum hefur verið hafnað á þeim forsendum að lögbýli falli engan veginn undir Byggingarsjóð verkamanna sem er rétt.

Á sínum tíma var sú breyting að fella úr lögum sérstakar heimildir til lánveitinga vegna útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði harðlega gagnrýnd, sérstaklega af núv. hæstv. landbrh. Halldóri Blöndal. Hæstv. þáv. og núv. félmrh. svaraði því til að vegna þess hve umsóknir um lánveitingar vegna heilsuspillandi húsnæðis hefðu verið fáar væri ekki talin ástæða til að hafa það sem sérstakan lánaflokk og að Byggingarsjóði verkamanna væri ætlað að taka við þessu hlutverki. Reyndin hefur síðan orðið önnur. Umsóknum hefur verið hafnað eða þær liggja óafgreiddar vegna þess að lánsheimildir eru ekki til staðar. Það væri fróðlegt að vita hvort hér er um margar umsóknir að ræða og því spyr ég hæstv. félmrh.: Hve margar umsóknir bárust Húsnæðisstofnun ríkisins um lán til útrýmingar eða endurbóta á heilsuspillandi húsnæði árin 1990 og 1991 og fyrstu sex mánuði ársins 1992 og hversu margar þessara umsókna hafa verið afgreiddar?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðisstofnun ríkisins bárust Byggingarsjóði ríkisins á árinu 1990 samtals 21 umsókn um lán til útrýmingar eða endurbóta á heilsuspillandi húsnæði. Þegar félagslega húsnæðiskerfinu var breytt með lögum 1990 var þessi lánaflokkur felldur niður í Byggingarsjóði ríkisins og gert ráð fyrir að lánaflokkur Byggingarsjóðs verkamanna leysti öll slík mál. Sveitarfélög geta stutt umsókn sína um lán til félagslegra íbúða rökum um sérstaka þörf á nýjum íbúðum í stað heilsuspillandi húsnæðis.

Samkvæmt vinnureglum við árlega úthlutun lána úr Byggingarsjóði verkamanna er þörf vegna heilsuspillandi húsnæðis í sveitarfélögunum eitt af þeim atriðum sem húsnæðismálastjórn leggur til grundvallar ákvörðun um lánveitingu. Samkvæmt upplýsingum frá embættismönnum félagsíbúðadeildar Húsnæðisstofnunar hefur á sl. tveimur árum einungis í einu til tveim tilvikum verið sótt um lán úr Byggingarsjóði verkamanna vegna heilsuspillandi húsnæðis. Í einu tilviki hefur verið synjað um lán í þessu sambandi vegna þess að um var að ræða lögbýli þar sem jörðin fylgir með. Miðað við núgildandi lög er óframkvæmanlegt að veita

félagsleg íbúðalán vegna lögbýla m.a. vegna ákvæða um endursölu og kaupskyldu sveitarfélaganna.

Ég hef falið nefnd á vegum félmrn. sem vinnur að athugun á reynslu af lögunum um félagslegar íbúðir frá 1990 að koma með tillögur um lausnir varðandi heilsuspillandi húsnæði í sveitum. Eðli málsins samkvæmt hafa ekki borist umsóknir frá árinu 1990 um lán úr Byggingarsjóði ríkisins vegna heilsuspillandi húsnæðis.

Spurt er um hve margar þessar umsóknir hafa verið afgreiddar. Samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðisstofnun voru veitt 18 lán vegna heilsuspillandi húsnæðis á árinu 1990. Fullnægjandi gögn hafa ekki borist vegna þriggja umsókna.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að ég hafi með þessu svarað því sem fram kemur í fsp.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Af þeim er ljóst að þegar við samþykktum lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins 1990, þá voru það mistök að fella út 20.–22. gr. í eldri lögunum. En við byggðum þá ákvarðanatöku á þeim upplýsingum sem komu fram frá hæstv. félmrh. og einnig frá fulltrúum Húsnæðisstofnunar sem þá unnu með félagsmálanefndum þingsins um að þær umsóknir sem hefðu borist vegna heilsuspillandi húsnæðis ættu allar að geta fallið undir þau lög sem þá voru samþykkt. Síðan hefur það komið í ljós að þegar um umsóknir vegna lögbýla er að ræða heyra þau ekki undir þau lög. Þess vegna skora ég á hæstv. félmrh. að gera þar bragarbót á og koma með lagabreytingu. Ég veit að sú nefnd sem félmrh. hefur skipað til þess að fjalla um þetta hefur nú þegar starfað í þó nokkra mánuði og líklega má vænta niðurstöðu hennar rétt á næstu dögum.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég get ekki fallist á það með hv. fyrirspyrjanda að um hafi verið að ræða mistök þegar þetta ákvæði var fellt úr lögum varðandi Byggingarsjóð ríkisins. Hér var um tiltölulega fáar umsóknir að ræða og það var mat þeirra manna sem fjalla um þessi mál að það væri eðlilegt að Byggingarsjóður verkamanna leysti þetta og þetta væri leyst gegnum félagslega íbúðakerfinu. Það er á valdi húsnæðisnefndanna síðan að hafa forgöngu um það að leysa slík mál við úthlutun á íbúðum, en ég get fallist á það með fyrirspyrjanda að þetta er vandamál varðandi lögbýli og það er verið að skoða sérstaklega í ráðuneytinu eins og ég nefndi hér áðan.

Greiðslur vegna þinga ýmissa starfsstétta, ein umr.

Fsp. GHall, 324. mál. — Þskj. 592.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Af marggefnu tilefni legg ég hér fram fsp. til fjmrh. varðandi greiðslur vegna þinga eða funda ýmissa starfsstétta. Spurt er:

„1. Hve há fjárhæð hefur verið greidd úr ríkissjóði vegna þinghalds eða funda ýmissa starfsstétta á sl. fjórum árum?

2. Hvernig skiptist fjárhæðin á milli starfsstétta eftir árum?

3. Eftir hvaða reglum er farið? Hvað fær hver þingfulltrúi eða fundarmaður greitt á dag? Hvað annað er greitt?“

Eins og ég gat um í upphafi, virðulegi forseti, þá legg ég þessa fsp. fram af marggefnu tilefni vegna þess að oftar en ekki er um það talað, þá ýmis þing samtaka, svo sem bænda og sjómanna, hafa verið haldin, hefur oft um það verið fjallað í fjölmiðlum að sérstakar greiðslur kæmu þar til úr ríkissjóði og er því mjög brýn nauðsyn á að fá upplýsingar frá fjmrn. hvað sé rétt í þessu máli.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ef gefa á greinargott svar við öllum liðum í þessari fsp. kostar það mjög mikla vinnu í flestum ráðuneytum. Upplýsingar um kostnað af þessu tagi liggja ekki fyrir með þessum hætti á einum stað. Hjá ríkisbókhaldi þar sem útlagður kostnaður ríkisins er skráður eru útgjöld ekki nægilega sundurgreind til að hægt sé með góðu móti að vinna umbeðnar upplýsingar. Þannig er sá bókhaldslykill sem notaður er til að færa útgjöld vegna ferða- og fundakostnaðar ekki aðgreindur eftir því af hvaða tilefni sá kostnaður var greiddur. Fjmrn. leitaði því til allra ráðuneyta um upplýsingar. Þar sem fsp. er almenns eðlis óskaði fjmrn. eftir því við fagráðuneyti að miða við stærri reglubundin þing eða fundi, svo sem búnaðarþing, fiskiþing, kirkjuþing, prestastefnu o.fl. Varðandi smærri og tilfallandi þing eða fundi var óskað eftir upplýsingum um hvaða reglur gilda um styrki og greiðslur.

Frá landbrn. kom það svar að kostnaður við búnaðarþing er greiddur af hinum félagslega þætti í starfsemi Búnaðarfélags Íslands en ekki úr ríkissjóði. Kostnaður við búnaðarþing er um 4% af veltu félagsins eða um 4–5 millj. kr. Þannig var kostnaður við þinghaldið 5,3 millj. kr. árið 1991 og 4,5 millj. árið 1992. Launagreiðslur til þingfulltrúa námu 4.500 kr. hvern þingdag í fyrra, en að auki voru þeim greiddir dagpeningar og ferðakostnaður samkvæmt framlögðum reikningi. Rétt er að geta þess að um 75% af tekjum Búnaðarfélagsins eru framlög úr ríkissjóði en sá hlutur er ekki nýttur til félagslegra verkefna eins og búnaðarþings. Landbrn. getur þess einnig í svari sínu að það veiti smávægilega risnu í tengslum við aðalfund nokkurra starfsstétta í landbúnaði.

Frá sjútvrn. kom það svar að það hefði ekki veitt félögum eða samtökum styrki til þinghalds. Undantekning frá þessu er Fiskifélag Íslands sem heldur árlega fiskiþing. Samkvæmt upplýsingum félagsins var kostnaður af þinghaldinu sl. 4 ár eftirfarandi: 1989 2,9 millj., 1990 3,5 millj, 1991 3,6 millj., 1992 3,3 millj. Á fjárlögum 1993 er gert ráð fyrir að 2 millj. kr. af fjárveitingu til Fiskifélagsins fari til þess að kosta fiski-

þing. Það sem upp á kann að vanta þarf félagið að leggja til af öðrum tekjustofnum. Fiskiþing samþykkir hverju sinni reglur um hvernig haga skuli greiðslum til þingfulltrúa, í fyrsta lagi vega þingsetu, svonefnt þingfararkaup, í öðru lagi vegna dvalarkostnaðar og í þriðja lagi vegna ferðakostnaðar þingfulltrúa. Samþykkt var á síðasta fiskiþingi ályktun svohljóðandi:

„Fiskifulltrúum“ stendur nú hér, það getur verið fiskiþingsfulltrúum „séu greiddar kr. 3.600 hvern heilan dag sem þingið situr, utanborgarfulltrúum sem gista í borginni sé greitt 7.200 í dvalarkostnað. Fulltrúum sem fara heim daglega séu greiddar kr. 3.500 hvern þingdag, einnig þeim sem eiga það langt til þings að ferð til og frá þingi taki heilan dag fyrir eða eftir þinghald. Sannanleg fargjöld séu greidd þeim utanborgarfulltrúum sem aka eigin bifreiðum fram og til baka til þings, séu greiddar 29,50 kr. á km.“ — Alls sitja um 40 þingfulltrúar á þessu þingi.

Frá dóms- og kirkjumrn. komu þessi svör: Þing eða fundir starfsstétta á vegum dóms- og kirkjumrn. eru eftirfarandi: Sýslumannafundir, dómsmálaþing, kirkjuþing og prestastefna. Sýslumenn og dómarar hafa fengið greidda dagpeninga í 2–3 daga og ferðakostnað samkvæmt gildandi reglum þar að lútandi hverju sinni. Kostnaður vegna þess er bókaður hjá hverju embætti fyrir sig. Ef litið er hins vegar á kirkjuþing og prestastefnu, þá lítur dæmið út með þessum hætti: Kirkjuþing kostaði 1989 2,6 millj., 1990 3,4 millj., 1991 3,8 millj. og 3,7 millj. 1992. Prestastefna kostaði 1989 3 millj., 1990 3,3 millj., 1991 4 millj., 1992 3,9 millj. Greiðslur til þingaðila kirkjuþings er þingfararkaup sem var kr. 4.904 á dag árið 1992, þ.e. dagpeningar og ferðakostnaður til viðbótar. Greiðslur til fundarmanna vegna prestastefnu eru dagpeningagreiðslur og ferðakostnaður. Að auki hefur ráðuneytið veitt risnu við sérstök tækifæri og hefur sá kostnaður verið færður á risnukostnað ráðherra.

Í öðrum ráðuneytum tíðkast ekki að viðkomandi ráðuneyti greiði beinan kostnað vegna þinghalds eða funda starfsstétta. Þó hefur í sumum þeirra verið greidd risna við sérstök tækifæri og færist sá kostnaður í flestum tilvikum á risnukostnað viðkomandi ráðherra.

Virðulegi forseti. Af öllu samanlögðu má því ljóst vera að kostnaður ríkisins vegna þinga eða funda ýmissa starfsstétta tengist fáeinum reglubundnum þinghöldum sem í nokkrum tilvikum er bundinn í lögum. Ætla má að þessi kostnaður sé á bilinu 14–18 millj. kr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir hans greiðu svör hér þó að vissulega beri að harma það að ekki skuli vera frekar sundurgreint í ríkisreikningum í sambandi við ferðalög og uppihaldskostnað vegna ýmissa funda og þinghalda. Það kemur í ljós sem þjóðin veit kannski ekki að það eru fleiri sem hafa dagpeninga en þeir sem fara út á vegum hins háa Alþingis og hafa greiðslur þess vegna. Það er umhugsunarefni hvers vegna yfir höfuð á að greiða nokkrum aðilum innan opinbera geirans þessar greiðslur sem hér hafa verið upp taldar en síðan eru aðrir hópar sem ekki eru síður nauðsynlegir í þessu þjóðfélagi eins og t.d. sjómenn. Þegar þeir koma til síns þinghalds þurfa þeir jafnvel að eyða stórfé þess vegna. Þeir taka frí, eru ekki á skipum sínum í tvær eða þrjár vikur til þess að geta komið annað hvort ár til þess að bera saman bækur sínar og ráða ráðum sínum. Í ljósi þess sem hér hefur komið fram þykir mér eðlilegt að frekari upplýsinga verði aflað og ekki hvað síst að reikningur hvað varðar þennan kostnaðarlið á vegum ríkisins sé betur skoðaður.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið hjá líða að taka undir þá skoðun sem hv. fyrirspyrjandi var með hér. Mér finnst óeðlilegt að staðið sé að greiðslum til einstakra starfsstétta umfram aðrar vegna þinghalds svo sem búnaðarþings og ég tala nú ekki um þegar líta má á þinghaldið sem hluta af launuðu starfi þeirra starfsstétta eins og t.d. sýslumanna og ef þarna er hægt að spara 18 millj., þá held ég að það ætti að gerast á næstu fjárlögum.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er vissulega mikið umhugsunarefni hvort eigi ekki að taka til athugunar og endurskoðunar þær reglur sem gilt hafa á þessu sviði á undanförnum árum. En ég vil fyrst og fremst óska hæstv. fjmrh. til hamingju með það að hafa með svo snöfurmannlegum hætti svarað viðamikilli fsp. í stuttu máli og það vekur vonir hjá mér um það að ég fái senn svar við fsp. sem ég lagði fram 20. okt. eða fyrir nærri fjórum mánuðum um aðild ríkisfyrirtækja að Vinnuveitendasambandi Íslands þar sem ég óskaði eftir því að fá að vita hvaða fyrirtæki það væru eða stofnanir á vegum ríkisins sem væru þar innan borðs og hve mikið greitt hefði verið af almannafé til Vinnuveitendasambands Íslands. Það er víðar sem peningarnir renna heldur en á þing einstakra stétta eins og hér hefur komið fram. Það er líka til Vinnuveitendasambands Íslands og ég vænti þess að hæstv. fjmrh. fari nú senn að upplýsa okkur um þær staðreyndir.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Vegna orða sem hér hafa komið frá hv. þm. þá vil ég aðeins undirstrika það sem kom fram í skýru svari hæstv. fjmrh. að það fer ekki króna úr ríkissjóði til greiðslu vegna búnaðarþings.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það eru ekki mikil efni til þess að lengja þá umræðu sem hér hefur farið fram. Mér finnst vera sjálfsagt og eðlilegt að hv. fjárln. skoði þetta svar nánar og ræði það í sínum hóp. Ég vil aðeins taka það fram vegna orða síðasta hv. ræðumanns að það er hárrétt sem kom fram í mínu svari og eins sem hann áréttaði að greiðslur til búnaðarþings koma frá Búnaðarfélaginu, en hins ber að geta að Búnaðarfélagið fær líklega um 75 millj. kr. úr ríkissjóði til þessara (**JHelg:**

Ekki þessara, til annarra verka.) og annarra verka, fyrst og fremst annarra verka en það er þá bókar hvernig það er. Og það breytir ekki þeirri staðreynd sem ég tel vera eðlilega að málið þarf að skoða og ég mun að sjálfsögðu bera þau boð sem hérna hafa komið fram í þessum umræðum til ríkisstjórnarinnar og mér finnst eðlilegt að þessi mál séu tekin upp og þau rædd við viðkomandi ráðuneyti sem auðvitað fara með þessi mál.

Varðandi fsp. frá 20. okt. skal þess getið að það er verið að tína saman svar við henni. Það þarf að gera í vissum tilvikum með hjálp fagráðuneytanna því að það er ekki skráð í ríkisbókhaldinu þar sem um er að ræða B-hluta fyrirtæki með sjálfstæðan fjárhag. Það þarf að leita upplýsinga hjá hverju fyrirtæki fyrir sig. Það gerist ekki með beinni aðild ráðuneytisins heldur verður að fara í gegnum viðkomandi ráðuneyti. Ég hef séð svör frá sumum ráðuneytunum en ekki hafa öll svör borist enn. Jafnframt vil ég bæta því við að það er auðvitað fróðlegt að skoða greiðslur sem þessi fyrirtæki verða að greiða til verkalýðsfélaga beint. Ég hef séð sum þeirra svara og skal koma þeim á framfæri um leið og ég er tilbúinn með þau.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég vil að það sé alveg ljóst að það fer ekki eyrir úr ríkissjóði til búnarðþinghalds og hefur ekki gert um nokkurt árabil. Ég vil líka að það komi fram að Búnaðarfélagið annast ýmis stjórnsýsluverkefni fyrir landbrn. sem er hluti af verkefni þess og að öðru leyti er um það fullt samkomulag og samstarf á milli landbrn. og búnaðarþings til hvers þeim fjármunum er varið sem samkvæmt fjárlögum renna til Búnaðarfélags Íslands.

Álögur á ferðaþjónustu, ein umr.

Fsp. JHelg, 341. mál. — Þskj. 620.

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Í lögum um breytingar í skattamálum sem samþykkt voru á Alþingi nokkrum dögum fyrir jól voru m.a. breytingar á virðisaukaskatti sem snertu ferðaþjónustu. Um það segir svo m.a. í athugasemdum með frv., með leyfi hæstv. forseta, um 39. og 43. gr.:

„Í a-lið greinarinnar er undanþága vegna fólksflutninga felld niður að frátöldum fólksflutningum með leigubifreiðum. ...

Í b-lið greinarinnar er afnumin undanþága frá skattskyldum vegna útleigu hótel- og gistiherbergja ásamt annarri gistiþjónustu. ...

Í 43. gr. felst það nýmæli að tekið er upp 14% þrep í virðisaukaskatti. ...

Í 1. tölul. er fjallað um fólksflutninga, að frátöldum leiguakstri fólksbifreiða.

Í 2. tölul. er fjallað um útleigu hótel- og gistiherbergja og aðra gistiþjónustu. Með annarri gistiþjónustu er m.a. átt við útleigu tjaldstæða og sölu á gistingu hjá ferðaþjónustu bænda.

Í 3. tölul. er kveðið á um að milliganga um ferðaþjónustu sé skattskyld."

Eins og fram kemur í þessari tilvitnun er hér um að ræða verulega skattlagningu á ferðaþjónustu. Það veit sjálfsagt enginn um hversu mikla upphæð þarna verður um að ræða en eitthvað mun það vera áætlað á milli 200–300 millj. kr.

Hins vegar gerist það eftir áramótin að í Morgunblaðinu 5. jan. birtist viðtal við hæstv. samgrh. þar sem hann er staddur í opinberri heimsókn í Egyptalandi, þar segir svo, með leyfi forseta:

„Halldór Blöndal samgrh., sem nú er í opinberri heimsókn í Egyptalandi, segir ótækt að hækka álögur á ferðaþjónustu. Aðspurður um virðisaukaskatt sem fyrirhugað er að leggja á að ári segir Halldór að allt megi endurskoða og ítrekar fyrri skoðun sína. ... „Mér fannst athyglisvert að heyra hjá starfsbróður mínum í Kaíró að ferðaiðnaður er sú atvinnugrein sem skilar Egyptum mestum tekjum," segir Halldór. „Egypski ráðherrann hefur unnið að einkavæðingu ferðaþjónustu en stjórnvöld styðja greinina á ýmsan hátt, með skattaívilnunum til dæmis. Ef við Íslendingar ætlum að taka þátt í samkeppni á þessu sviði verðum við að lækka verð og það gengur ekki nú að hækka álögur á ferðaþjóustu.""

Hér er afdráttarlaust að orði kveðið hjá hæstv. samgrh. í þessu viðtali og því hef ég borið fram fsp., hvort hann ætli að leggja fram frv. til breytinga á fyrrgreindum skattalögum þar sem fallið verði frá þessari skattheimtu eftir að hann öðlaðist þessa vitneskju suður í Egyptalandi.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er rétt með farið að ég hef lýst því yfir m.a. á þingi Ferðamálaráðs að ég telji nauðsynlegt að lækka kostnað sem fólk hefur af því að heimsækja landið, ferðakostnað hér á landi. M.a. af þeim sökum skipaði ég starfshóp á sl. hausti sem hefur m.a. það verkefni að athuga hvaða leiðir séu færar til að lækka kostnað við bílaleigur hér á landi. Í þeim starfshópi eiga sæti fulltrúar samgrn., fjmrn. og viðskrn. Hér er spurt hvort ég hyggist leggja fram frv. um að afnema nýsett lög um virðisaukaskatt og gistingu? Það hyggst ég ekki gera.

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svarið að því leyti sem það gefur fyrirheit um lækkun útgjalda á ferðaþjónustu og þjónustu bílaleigubíla. Hins vegar verð ég að láta í ljós vonbrigði mín að ráðherra skuli ekki ætla að leggja fram frv. um að breyta virðisaukaskattsinnheimtunni enda þótt hann segði í fyrrnefndu viðtali að allt megi endurskoða í sambandi við það mál.

Það er kannski afsakanlegt að hæstv. ráðherrar eiga erfitt um þessar mundir með að gefa fyrirheit eða stefnuyfirlýsingar langt fram í tímann vegna þeirrar sérstöku stöðu sem núv. hæstv. ríkisstjórn er komin í

eftir yfirlýsingar hæstv. forsrh. og fleiri ráðherra um að það eigi að gera breytingar á ríkisstjórninni og skrif stjórnarblaðanna um að það eigi að skipta um ráðherrasæti og víkja einhverjum út úr stjórninni. Það hljóta margir ráðherrar að hafa það á tilfinningunni að þeirra staða sé heldur óörugg. Þetta er sem sagt sú undarlega staða að raunverulega er hér hálfgerð starfsstjórn sem við búum við við þessar aðstæður. (**Gripið fram í:** Það er ráðherrastjórn.) Starfsstjórn þó hún hafi ekki sagt af sér þar sem það liggur fyrir að einhver fjöldi ráðherra á að fara úr ráðuneytum sínum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Nú er uppi sú sérstaka staða að sá ráðherra sem á að svara þessari fyrirspurn er horfinn úr salnum. Þarna kemur hann aftur. — Ég velti því fyrir mér þar sem hæstv. ráðherra sagði að hann ætlaði ekki að leggja fram frv. þess efnis að afnema virðisaukaskatt af ferðaþjónustu að kannski hefði átt að orða spurninguna örlítið öðruvísi og spyrja: Hyggst hæstv. ráðherra beita sér fyrir því að álagning virðisaukaskatts á ferðaþjónustu komi ekki til framkvæmda? Ég held að það séu allir sammála um það, sem þetta hafa skoðað, að í þessu tilfelli er um að ræða skattheimtu sem gengur út yfir gjaldþol og þess vegna mjög vafasamt að hún skili auknum tekjum. Það er því mjög nauðsynlegt að það komi fram hvort hæstv. ráðherra hyggst beita sér fyrir því að þessi skattheimta komi ekki til framkvæmda.

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum með svar hæstv. ráðherra vegna þess að verð á gistingu er eitt af vandamálunum í ferðaþjónustunni, það er orðið mjög hátt. Ég hef orð ferðaskrifstofumanna m.a. á Austurlandi sem hafa náð miklum árangri í innflutningi ferðamanna sem nota hér gististaði að verðið sé komið út á ystu nöf og það sé einn aðal þrándur í götu að örva komur ferðamanna til landsins. Þess vegna skora ég nú á hæstv. ráðherra og þá ráðherra sem eru hér viðstaddir, (Gripið fram í.) já það getur verið, (**Samgrh.:** Hver svarar fyrir sig.) að endurskoða þessa afstöðu og það sem fyrst.

Sálræn heilsugæsla utan höfuðborgarsvæðisins, ein umr.

Fsp. AÓB, 346. mál. — Þskj. 625.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Sálræn heilsugæsla er hugtak sem við heyrum ekki oft nefnt og því miður er henni í reynd ekki gefinn nægilegur gaumur heldur þótt ástandið sé án efa skást hér á höfuðborgarsvæðinu. Þörfin á slíkri þjónustu er engu að síður brýn. Um það getur vitnað bæði starfsfólk félagsmálaþjónustu víðs vegar um landið, heilsugæslustöðva, skólasálfræðingar og forsvarsmenn neyðarþjónustu og neyðarathvarfa, svo sem Kvennaathvarfsins, Rauða kross hússins, Stígamóta og fleiri má sjálfsagt nefna. Þessa neyðarþjónustu er einungis að hafa á höfuðborgarsvæðinu. Þótt algengt sé að fólk víðs vegar að af landinu nýti sér slíka þjónustu í bráðatilfellum þá vantar nánast alltaf möguleika á eftirmeðferð og stuðning utan höfuðborgarsvæðisins. Sem dæmi má nefna að aðeins ein geðdeild er starfrækt utan höfuðborgarsvæðisins, þ.e. á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, og það er undantekning ef hún veitir þjónustu án innlagna. Einnig má geta þess að önnur þjónusta félagsráðgjafa, félagsfræðinga og annarra slíkra stétta er mjög af skornum skammti úti um hinar dreifðu byggðir landsins. Það blasir hins vegar við að það er fólk úti um allt land sem á við alls kyns erfiðleika að stríða í daglegu lífi. Og það er einnig staðreynd að afar fá hjálparúrræði standa því til boða. Þolendur kynferðislegs ofbeldis og heimilisofbeldis reyna nú að leita sér hjálpar í æ ríkari mæli í kjölfar þeirrar miklu umræðu sem verið hefur um þeirra mál og geta þá nýtt sér skyndihjálp af ýmsu tagi, í Reykjavík hjá Kvennaathvarfi og Stígamótum t.d. En djúpstæð vandamál krefjast markvissrar úrvinnslu yfir langan tíma. Hún þarf því að fara fram í heimabyggð.

Það hefur verið fullyrt að sálræn vandamál hafi gleymst við uppbyggingu heilsugæslu í landinu og sömuleiðis að ekki hafi verið hugað að þeim við uppbyggingu félagslegrar þjónustu. Þessi fullyrðing er alvarleg ef rétt er. Það þarf vissulega að vera til net sem tengist bæði félagslegri þjónustu og heilsugæslu til að það geti dreifst sem víðast um dreifðar byggðir landsins. Þar kemur til kasta bæði ríkis og sveitarfélaga að sjá til þess að svo sé gert.

Fyrsta skrefið er auðvitað að kanna hvernig ástandið er núna og því leyfi ég mér að varpa fram eftirfarandi fsp. til hæstv. heilbrrh.:

„Hvaða úrræði er boðið upp á í sálrænni heilsugæslu utan höfuðborgarsvæðisins? Á hvaða stöðum er slík þjónusta veitt? Hve mörg stöðugildi eru á hverjum stað og hvernig skiptast þau á milli starfsstétta? Miðast þjónustan við innlagnir eða göngudeildarþjónustu?“

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Hv. 9. þm. Reykn. leggur fram svohljóðandi fsp.:

„Hvaða úrræði er boðið upp á í sálrænni heilsugæslu utan höfuðborgarsvæðisins? Á hvaða stöðum er slík þjónusta veitt? Hve mörg stöðugildi eru á hverjum stað og hvernig skiptast þau á milli starfsstétta? Miðast þjónustan við innlagnir eða göngudeildarþjónustu?“

Mitt svar er þetta: Ekki er alveg ljóst hvað fyrirspyrjandi á við með „sálræn heilsugæsla“ en í þessu svari er gert ráð fyrir því að átt sé við þá geðlæknisþjónustu sem íslenska heilbrigðiskerfið hefur upp á að bjóða. Sálfræðingar eru þannig t.d. ekki heilbrigðisstétt. Þeir fá réttindi sín hjá menntmrn. og sálfræðiþjónusta skóla er án beinna tengsla við skipulagða heilbrigðisþjónustu og skólaeftirlit heilbrigðisstétta þó svo

samvinna sé þar á milli. Sama máli gegnir með félagsfræðinga og félagsráðgjafa. Þetta eru ekki heilbrigðisstéttir og starfsemi þeirra fellur því ekki undir heilbrrn. og heilbrrn. hefur engar upplýsingar þar um heldur eru þessi viðfangsefni í öðrum ráðuneytum, þ.e. annars vegar í menntmrn., hvað varðar sálfræðinga og hins vegar í félmrn. hvað varðar félagsráðgjafa.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu er hins vegar gert ráð fyrir því að á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana sé veitt þjónusta í geðvernd og þar séu stundaðar áfengis-, tóbaks- og fíkniefnavarnir. Nú eru um 100 heimilis- og heilsugæslulæknar sem eru með sérmenntun í heimilislækningum og við þá sérmenntun fá þeir verulega fræðslu í geðlækningum. Þannig starfa þeir í námi sínu tvö ár á heilsugæslustöð, eitt ár á lyflæknisdeild og eitt og hálft ár á barnadeildum, geðdeildum, kvennadeildum og slysadeildum, að minnsta kosti fjóra mánuði á hverjum stað þannig að heilsugæslulæknar hafa fengið talsverða innsýn í geðlæknismeðferð og hvernig ber að sinna slíkum sjúklingum. Þannig má gera ráð fyrir því að um tveir þriðju hlutar þeirra lækna sem starfa á heilsugæslustöðvum hafi hlotið einhverja framhaldsmenntun í geðlækningum eftir kandídatspróf. Þannig fer veruleg geðlæknisþjónusta fram á öllum heilsugæslustöðvum bæði á höfuðborgarsvæðinu og utan þess en hvergi er boðið upp á sérfræðiþjónustu í geðlækningum á heilsugæslustöðvum og starfandi geðlæknir er aðeins á Reykjavíkursvæðinu og á Akureyri. Um 50 sérfræðingar í barna- og unglingageðlækningum og almennum geðlækningum eru nú starfandi hér á landi. Flestir þeirra starfa í fullu eða hlutastarfi á sjúkrastofnunum en starfa jafnframt á eigin lækningastofum þannig að framboð sérfræðiþjónustu í geðlækningum er mjög mikið á Reykjavíkursvæðinu og á Akureyri. Ég held að ég fari nærri með að Tryggingastofnun ríkisins greiði þannig fyrir á milli 25–30 þús. heimsóknir til geðlækna á hverju ári fyrir utan heimsóknir til geðlækna á göngudeildum sjúkrahúsa, þannig að þarna er um að ræða verulega mikla þjónustu í geðlækningum sem veitt er þó eins og ég tók fram áðan að hún sé fyrst og fremst veitt á Akureyrar- og Reykjavíkursvæðunum.

Síðustu fimmtán ár hefur skipulega verið unnið að því að fækka innlögnum geðsjúklinga til langdvalar og göngudeildarþjónusta hefur verið aukin mjög bæði sem göngudeildarþjónusta sjúkrahúsa og þjónusta á stofum sérfræðinga.

Ég vil að lokum geta þess að vegna tilkomu nýrra geðlyfja sem komið hafa í notkun síðustu 15–20 árin hefur verið um að ræða mikla framför í meðferð geðrænna sjúkdóma þannig að miklu meira er um að unnt sé að sinna slíkum sjúklingum á göngudeildum frá því sem áður var þegar mikið af þessum sjúkleika var þess eðlis að ekki voru til lyf sem hentuðu og því varð meðferðin í miklu meira mæli inn á lokuðum stofnunum en nú á sér stað.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. E.t.v. endurspeglast það best í svari hæstv. ráðherra hversu bágt ástandið er í þessum efnum þar sem það kemur í ljós að vegna þess að hér er um verkefni fleiri en eins ráðuneytis að ræða er ekki til ákveðin yfirsýn yfir þessi mál og er ekki við ráðherra að sakast þar um. Hins vegar hlýtur þetta að kalla á úrlausnir vegna þess að það er alveg ljóst að mjög góð tengsl verða að vera á milli geðlæknaþjónustu, sem er á sviði heilbrrn., sálfræðiþjónustu og þjónustu félagsráðgjafa og félagsfræðinga. Þessi þjónusta, eins og fram kom í fyrri ræðu minni og birtist með óbeinum hætti einnig í svari hæstv. ráðherra, er nánast engin utan höfuðborgarsvæðisins ef frá er talin geðdeildin á Akureyri. Við það má raunar bæta að á vegum félagsmálastofnunarinnar á Akureyri fer fram allmikil þjónusta við Akureyrarsvæðið og nágrannbyggðir. En utan þessara tveggja stærstu þéttbýlissvæða á landinu er nánast ekkert að hafa. Það þýðir ekki að fólk þurfi ekki á þessari þjónustu að halda heldur þvert á móti virðist sú fullyrðing að þetta hafi gleymst í uppbyggingu á heilsugæslu eiga við rök að styðjast.

Ég held að það sé full ástæða til þess í framhaldi af þessu svari að bæði fá betri yfirsýn yfir hvernig málum er háttað og einnig gera úrbætur.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Það er vissulega þannig að þeir sem þurfa á aðstoð geðlæknis eða sálfræðings að halda og koma utan af landsbyggðinni þurfa flestallir að leita til Reykjavíkur eftir aðstoð. En ég vil líka benda á það að þessari aðstoð er mjög svo ábótavant í Reykjavík.

Hv. fyrirspyrjandi nefndi sem dæmi að þolendur ofbeldis, m.a. kynferðisofbeldis, gætu leitað til Kvennaathvarfs og Stígamóta, en í hópi þeirra sem hafa mátt þola ofbeldi hvers konar, þar með talið kynferðisofbeldi, eru einnig karlmenn. Þeirra aðstaða á höfuðborgarsvæðinu er engu betri en allra þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Við megum ekki gleyma því og eigum að taka það inn í umræðuna.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er svo með mörg viðfangsefni að þau eru vistuð í ólíkum ráðuneytum og því erfitt að fá yfirsýn nema kalla fram upplýsingar frá öllum ráðuneytunum sem að þeim koma. Þannig má t.d. nefna vandamál þeirra sem við geðræna erfiðleika eiga að stríða. Annars vegar getur um verið að ræða fólk sem er úrskurðað geðsjúkt, þ.e. sjúkdómur þeirra er þess eðlis að hann tekur meðferð. Þá falla vandamál slíkra sjúklinga undir heilbrrn. Ef skilgreiningin á sálrænum vandkvæðum viðkomandi er hins vegar geðfötlun, þ.e. að ekki sé um að ræða geðsjúkdóm sem tekur meðferð, þá falla vandamál þeirra undir félmrn.

Ég skal fúslega viðurkenna að það er mjög erfitt að draga þessa markalínu. Þess vegna var það spurning út af fyrir sig þegar Alþingi tók þá ákvörðun að greina þarna alfarið á milli þannig að í staðinn fyrir það fyrirkomulag sem áður var að tvö ráðuneyti gátu unnið saman að því að leysa vanda slíkra aðila komst hið virta Alþingi að þeirri niðurstöðu að þarna bæri að

skilja á milli þannig að hver hefði sitt. Ég er ekki viss um að það spor hafi verið rétt stigið.

Ég vil aðeins upplýsa í þessu sambandi að gerð hefur verið tilraun til þess að auka fjölbreytni í þessari þjónustu. Það var að mínu fyrirlagi auglýst starf sérfræðings í geðlækningum á sjúkrahúsi Suðurlands á Selfossi í þeirri von að þar væri hægt að koma þjónustu sérfræðings á framfæri við Sunnlendinga, en því miður verður að segja þá sögu eins og er að enginn sótti um það starf. Tilraunir af hálfu heilbrrn. til þess að auka þessa þjónustu strönduðu á því að það var enginn sérfræðingur í geðlækningum tilbúinn til að sækja um starfið.

Út af dagskrá voru tekin 3. og 6. mál.

Fundi slitið kl. 11.15 árdegis.

---

112. FUNDUR

fimmtudaginn 18. febr.,
að loknum 111. fundi.

Dagskrá:

1. Umferðarlög, frv., 194. mál, þskj. 231. — 1. umr.
2. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 207. mál, þskj. 248. — 1. umr.
3. Tvöföldun Reykjanesbrautar, þáltill., 216. mál, þskj. 258. — Frh. fyrri umr.
4. Iðn- og verkmenntun, þáltill., 218. mál, þskj. 260. — Fyrri umr.
5. Lífeyrissjóður sjómanna, frv., 241. mál, þskj. 310. — 1. umr.
6. Frumkvöðlar í atvinnulífinu, þáltill., 244. mál, þskj. 313. — Fyrri umr.
7. Almannatryggingar, frv., 257. mál, þskj. 334. — 1. umr.
8. Almannatryggingar, frv., 268. mál, þskj. 359. — 1. umr.
9. Vegalög, frv., 293. mál, þskj. 425. — 1. umr.
10. Fjáröflun til vegagerðar, frv., 294. mál, þskj. 426. — 1. umr.
11. Sveitarstjórnarlög, frv., 301. mál, þskj. 469. — 1. umr.
12. Tvíhliða samningur við Evrópubandalagið, þáltill., 303. mál, þskj. 472. — Fyrri umr.
13. Endurskoðun slysabóta sjómanna, þáltill., 323. mál, þskj. 591. — Fyrri umr.
14. Smábátaveiðar, þáltill., 329. mál, þskj. 600. — Fyrri umr.
15. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 240. mál, þskj. 309. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.,
Jón Sigurðsson viðskrh.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.

Útbýting þingskjala:

Afli krókaleyfisbáta, 357. mál, fsp. EKG, þskj. 637.
Afli línubáta, 356. mál, fsp. EKG, þskj. 636.
Launabreytingar hjá forstjórum o.fl., 176. mál, svar félmrh., þskj. 635.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Kristín Einardóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti taka það fram að á bilinu þrjú til hálffjögur, eftir því hvernig á stendur, verður 14. dagskrármálið tekið fyrir.

Jafnframt verður utandagskrárumræða síðar í dag að beiðni hv. 4. þm. Norðurl. e. um hækkun vaxta í félagslega íbúðalánakerfinu. Sú utandagskrárumræða hefur ekki verið tímasett nákvæmlega en það verður gert fljótlega og tilkynnt síðar.

Umferðarlög, 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 194. mál (reynsluskírteini). — Þskj. 231.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég vil spyrja hvort hæstv. dómsmrh. sé viðstaddur. Eins þætti mér ekki verra ef hv. formaður allshn. yrði líka viðstaddur umræðuna ef hægt væri að gera þessum tveimur sómamönnum viðvart um að þessi umræða fari fram og nærveru þeirra gjarnan óskað. (**Forseti:** Forseti skal gera ráðstafanir til þess að þeir verði látnir vita af því að þeirra sé óskað við þessa umræðu.) Það er líka fremur þunnskipaður ríkisstjórnarbekkurinn þessa stundina, ef ég sé rétt til, forseti, og væri svo sem ekki úr vegi að hér væri að jafnaði eins og einn hæstv. ráðherra á vakt. Það er spurning hvort ekki eigi að reyna að koma á einhverju vaktakerfi í ríkisstjórninni þannig að hún heiðri Alþingi með nærveru svo sem eins ráðherra að jafnaði. Væri ekki flókið með nútímatölvutækni að skipuleggja þannig vaktir og kæmi þá í hlut hvers ráðherra að vera hér rúmlega einu sinni í hálfum mánuði eða rétt um það bil.

Annars var það, hæstv. forseti, ætlun mín að mæla fyrir frv. til laga um breytingu á umferðlögum, nr. 50/1987. Þetta frv. hefur legið fyrir þinginu alllengi og var komið fram nokkrum mánuðum áður en hæstv. dómsmrh. flutti frv. sem hann hefur þó þegar mælt fyrir. Slík eru gjarnan örlög okkar óbreyttra þingmanna, hæstv. forseti, að okkar mál fá að liggja hér í salti og komast ekki á dagskrá þó að þau hafi jafnvel beðið tilbúin til umræðu mánuðum saman en síðan þóknast

hæstv. ríkisstjórn að hreyfa við sömu málum og þau eru umsvifalaust tekin fyrir. Um þetta er ekki að fást en í öllu falli er ekki nema lágmarkssanngirniskrafa að slík mál séu þá höfð samferða. Þannig vill reyndar til að hæstv. dómsmrh. hefur nýlega mælt fyrir sínu frv., 256. máli á þskj. 333. Þar er komið inn á breytingar á umferðarlögunum sem m.a. eru skyldar efni þessa frv. sem ég mæli hér fyrir á þskj. 231. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir og Valgerður Sverrisdóttir.

Frumvarpsgreinin gengur út á það að við 51. gr. umferðarlaga bætist ný málsgrein og þannig verði sú lagagrein þrjár málsgreinar og orðist svo, með leyfi forseta:

„Ökuskírteini eru þrenns konar: Reynsluskírteini, bráðabirgðaskírteini og fullnaðarskírteini.

Reynsluskírteini er gefið út til byrjenda og gildir í sex mánuði. Brjóti handhafi reynsluskírteinis af sér á reynslutímanum er heimilt að framlengja gildistíma skírteinis hans um allt að sex mánuði í senn. Handhafa reynsluskírteinis er óheimilt að stjórna bifreið nema í fylgd með honum sé einstaklingur, handhafi fullnaðarskírteinis og a.m.k. 21 árs að aldri. Stjórnandi bifhjóls með reynsluskírteini skal vera í fylgd annars sem fullnægi fyrrgreindum skilyrðum.

Bráðabirgðaskírteini er gefið út að loknum gildistíma reynsluskírteinis og gildir í tvö ár."

Þetta felur í sér þá breytingu á ákvæðum gildandi umferðarlaga að sérstakt reynslutímabil bætist framan við á ökumannsferil hvers og eins þannig að fyrstu sex mánuðina eftir að ökuskírteini er fengið mega menn eingöngu stjórna ökutækinu, bifreið eða bifhjóli í fylgd með eða umsjá eldri og reyndari ökumanns.

Þetta er fremur einföld breyting og sambærilegt fyrirkomulag er þekkt úr ýmsum löndum, til að mynda ýmsum fylkjum Bandaríkjanna, og hefur verið prófað víðar. Ástæða þessa er einkum sú að sú staðreynd liggur fyrir að tíðni óhappa og slysa er óheyrilega mikil meðal yngstu ökumannanna. Þar af virðast sorglega mörg slys verða beinlínis á fyrstu vikum eða mánuðum sem menn stjórna ökutækjum. En reglurnar í dag eru þannig að því eru engin sérstök takmörk sett hvar, hvenær eða með hverjum eða nýir stjórnendur ökutækja geta ekið. Slík takmörkun er þó vel þekkt í öðrum löndum bæði hvað varðar ökuréttindi og einnig á öðrum sviðum. Til að mynda eru réttindaáfangar flugmanna flokkaðir niður og þannig byrja menn á því að þreyta sólópróf sem felur í sér réttindi til þess að fljúga einir eða með flugkennara en mönnum er ekki á því tímabili heimilt að taka með sér farþega. Eftir aukna reynslu fá menn síðan einkaflugmannspróf og geta flogið með farþegum á litlum vélum og síðast koma svo atvinnuréttindin.

Auðvitað er stjórnun flugvéla ekki að öllu leyti sambærileg við bifreiðar en þó er enginn vafi á því að það er fullkomin ástæða til að skoða hvort ekki sé nauðsynlegt að skipta þróun réttinda manna upp meira en gert er í dag.

Í ýmsum nágrannalöndum okkar er greint á milli aksturs innan bæjar eða langferðaaksturs. Einnig er greint á milli aksturs að sumarlagi og við vetraraðstæður. Þannig þurfa menn til að mynda í Færeyjum, svo ég veit til, og ég held einnig í Noregi, að þreyta sérstök próf til að öðlast réttindi til aksturs við vetraraðstæður. Hið almenna útgefna ökuskírteini sem menn fá fyrst í hendur gefur mönnum sem sagt ekki réttindi til þess að stjórna bifreiðum við erfiðar aðstæður eins og að vetrarlagi. Ýmsir slíkir áfangar eru þekktir víða að úr sögu þessara mála annars staðar frá.

Hér er valin sú leið að búa til þennan reynslutíma eftir að almennt ökupróf hefur verið þreytt með því að gefa út reynsluskírteini og láta það hafa tiltekinn gildistíma sem tryggi að í fylgd með ökumanni fyrstu sex mánuðina á hans ferli sé a.m.k. einn reyndari stjórnandi.

Úr skýrslum um umferðaróhöpp má lesa það í nokkrum tilvikum að nýútskrifaðir stjórnendur ökutækja, réttra 17 ára að aldri, hafa fyllt bifreiðar með jafnöldrum sínum, jafnvel yngri unglingum og skellt sér út í umferðina, jafnvel í langferðalög að sumarlagi með fullhlaðna bifreið af ungmennum. Þannig hefur líf fjögurra til fimm ungmenna, 15–17 ára, hvílt á herðum eins óreynds bílstjóra, e.t.v. með eins eða tveggja vikna reynslu af akstri án þess að hafa reyndari aðila sér við hlið.

Þannig hefur allt mat á aðstæðum við aksturinn og þar með mat á því hvenær akstur er orðinn varhugaverður við tilteknar aðstæður byggst á þessari mjög svo takmörkuðu reynslu eins bílstjóra.

Með því að tryggja að reyndari stjórnandi sé við höndina og reynsluskírteini gefið út vinnst a.m.k. tvennt: Meiri reynsla og þjálfun í mati á aðstæðum er fyrir hendi á fyrstu og jafnframt hættulegustu mánuðunum sem um er að ræða. Jafnframt er byrjandinn minntur á reynsluleysi sitt og að um reynslutímabil er að ræða með því að hann þarf að endurnýja réttindi sín að sex mánuðum liðnum. Verði honum eitthvað á við stjórnun ökutækisins verður hann áfram að sæta því að frelsi hans er að þessu leyti heft á meðan hann sannar getu sína til að stjórna ökutæki eða bifhjóli.

Með þessari breytingu er á engan hátt verið að varpa rýrð á ökukennsluna í landinu, gildi hennar eða þær kröfur sem gerðar eru til nemanda á ökuprófi. Það varð niðurstaða okkar flm. að gera að svo stöddu ekki neinar tillögur um breytingar á því fyrirkomulagi sem þar er við lýði. Þar má vissulega skoða ýmislegt, enda hafa verið uppi hugmyndir á undanförnum árum um marghátt aðar breytingar á tilhögun ökukennslu og ökuprófa. Þær eru allar athygli verðar. Sumar af þeim koma reyndar fram í dagsljósið í frv. hæstv. dómsmrh.

Ég tel að það breyti í sjálfu sér engu um það viðfangsefni sem hér er til umræðu hvort ekki sé nauðsynlegt í ljósi reynslunnar að reyna eins og kostur er að draga úr þessu hættulega tímabili, fyrstu mánuðunum, í ferli hvers stjórnanda. Reynslan sýnir okkur að óhöppin hafa því miður tilhneigingu til að gerast á þessum fyrstu mánuðum, fyrsta hálfa til eina árinu, í ferli hvers ökumanns að því er virðist án þess að með því sé fundin nein fylgni við það hvernig ökuprófum og kennslu í aðdragandanum er háttað. Væntanlega

verður hlutfallsleg tíðni þessara slysa minni eftir því sem þjálfunin er meiri og ökukennslan er betri og betur tekst til með prófun o.s.frv. Það breytir ekki hinu að þetta er og verður áfram væntanlega hættulegasti tíminn. Þess vegna held ég að sú hugsun, svo ágæt sem hún er og fram kemur í frv. hæstv. dómsmrh., breyti engu um þörfina á því að grípa til ráðstafana af þessu tagi sem hér er flutt tillaga um.

Ég vil biðja hv. alþm. að athuga til að mynda tölur úr fskj. með frv. sem ég mæli hér fyrir. Ég fór í það að draga að mér gögn úr gagnabanka Umferðarráðs og nokkuð í að vinna úr þeim gögnum og flokka þau niður. Þess sér stað í grg. frv. á bls. 2 og einnig í töflu á bls. 3 þar sem unnin eru gögn úr gagnabanka Umferðarráðs fyrir árin 1986–1991 og þau flokkuð nokkuð niður. Þar koma fram ýmsar athyglisverðar en um leið mjög alvarlegar, mér liggur við að segja skelfilegar, staðreyndir um slysatíðnina í hópi yngri ökumannanna. Ef við tökum fyrst árið 1991, sem var síðasta ár sem fyrir lá í formi flokkaðra upplýsinga frá Umferðarráði þegar frv. var lagt fram, kemur í ljós að fjöldi slasaðra og látinna í umferðinni á árinu 1991 á aldrinum 17–20 ára eru 133 eða 33 að meðaltali úr árgangi. (**Forseti:** Vegna beiðni hv. þm. um viðveru ráðherra og formanns allshn. þá skal upplýst að þau eru eru bæði upptekin á fundum. Hæstv. ráðherra getur því miður ekki slitið þeim fundi sem hann er á og stjórnar en hv. formaður allshn. er tilbúin til að koma af þeim fundi sem hún er á ef þingmaður óskar þess sérstaklega.) Herra forseti. Ég held að ég leggi það í vald þessara hv. einstaklinga að meta það hvað er við hæfi í svona tilvikum. Ég ætla engar kröfur að gera um það að hæstv. dómsmrh. eða hv. formaður allshn. séu viðstaddir þingfund á reglulegum þingfundartíma þegar dagskrá hefur legið fyrir í sólarhring og það hefur legið fyrir að fyrsta mál á dagskrá þessa fundar væru umferðarlög. Ég legg það algerlega í mat þessara hv. einstaklinga hvað þeim finnst við hæfi að gera í þessum tilvikum. Ég veit ekki betur en ákvæði um að menn skuli sinna þingskyldum séu ótvíræð og til að mynda sé ekki ætlunin að nefndafundir standi á sama tíma og þingfundur er. En ég ætla ekki að fara út í kröfugerð í þessum efnum. Ég tel miklu betra að þessir hv. einstaklingar hugleiði það með sjálfum sér hverjar séu skyldur þeirra og hvað sé við hæfi í svona tilvikum. Forseti getur e.t.v. rætt það við þá en ég geri engar kröfur um viðveru þeirra. Ég hef komið ósk minni á framfæri um að þeir yrðu látnir vita af því að þessi umræða færi hér fram. Mér þykir vænt um að skilaboðin hafa komist til þeirra en læt það duga af minni hálfu. (**Forseti:** Forseti mun upplýsa þessa hv. þingmenn um kröfur þingmannsins.) Og svo kannski til ábendingar, hæstv. forseti, ef ég má leyfa mér að skjóta því að, þá er auðvitað spurning hvort ekki sé einhver ástæða til þess fyrir stjórnendur Alþingis, leyfi ég mér að segja, að hugleiða stöðu mála þegar maður horfir upp á fundarhald af því tagi sem hér fer fram í dag. Ráðherrar koma hér í mýflugumynd þegar þeir þurfa að svara fyrirspurnum og eru horfnir úr salnum jafnharðan og síðan er ríkisstjórnin án fulltrúa á þessum fundi og virðist eiga að vera það áfram. (**Forseti:** Forseti vill taka fram að hv. formaður allshn. er á leið í þinghúsið og kemur vonandi innan tíðar.) Ég þakka fyrir það, hæstv. forseti. Mér þykir vænt um það fyrir hönd formanns allshn. að hún skuli sjá sóma sinn í því að vera viðstödd þessa umræðu.

Hæstv. forseti. Ég ætla að halda áfram að rekja þau gögn sem ég var að vísa til um slysatíðni meðal ungra ökumanna eða stjórnenda bifreiða og bifhjóla. Ég var að nefna það ef tekið er árið 1991 eins og það liggur fyrir samkvæmt upplýsingum úr gagnabanka Umferðarráðs, þá er fjöldi slasaðra og látinna í aldurshópum 17–20 ára þegar bifreiðar eiga í hlut 133, eða 33 að meðaltali úr árgangi. Í næsta aldurshópi fyrir ofan, eða aldrinum 21–24 ára, eru þeir 58, eða 15 að meðaltali, úr árgangi, meira en helmingi færri. Síðan dettur þetta niður í sex að meðaltali úr árgangi í aldrinum 25–64 ára. Þetta er auðvitað gífurlegur munur.

Nú er rétt að taka fram að þessar upplýsingar eru í sjálfu sér ekki leiðréttar í þeim skilningi að þarna sé leiðrétt fyrir fjölda í aldurshópum o.s.frv. þannig að menn verða vissulega að hafa það í huga að þarna er kannski ekki rétt að fara út í hárnákvæman samanburð með aukastöfum, en ég tel engu að síður að þessar tölur segi mjög mikla sögu og gefi mjög mikla vísbendingu um það hversu hætt þessum yngstu farþegum, bæði ökumönnum og farþegum, er við óhöppum. Það er örugglega nokkur fylgni á milli þess að stjórnandinn er ungur og hins að farþegarnir eru á sama aldri. Þess vegna margfaldast í raun og veru þessi áhætta í gegnum það að ungum ökumönnum er hættara við að lenda í óhöppum eða slysum en öðrum vegna þess að þeirra farþegar eru væntanlega sömuleiðis gjarnan á ungum aldri.

Ef aldur ökumannanna er skoðaður sérstaklega, þá fæst enn raunhæfari samanburður. Þá kemur í ljós að ef aldur ökumanna sem áttu aðild að slysum er skoðaður á árinu 1991, þá voru 17 ára ökumenn sem samkvæmt skrám áttu aðild að slysum eða óhöppum í umferðinni 136. 18 ára ökumenn voru 96 og 19–24 ára ökumenn 244 eða 41 að meðaltali úr árgangi. 25–64 ára ökumenn voru 563 eða 16 að meðaltali úr árgangi. Ef við berum þessar tölur saman. Fjöldi 17 ára ökumanna voru 136 en 16 í árgangi að meðaltali þegar aldurinn er kominn í 25–64 ára. Og þó við gerum ekki annað en bera saman 17 ára og 18 ára ökumenn og sjáum að þar munar um 40 hvað 17 ára ökumenn lenda oftar í slysum og óhöppum en 18 ára. Þó er ástæða til að ætla og nokkuð öruggt að 18 ára ökumennirnir úti í umferðinni eru fleiri vegna þess að einhver hluti 17 ára árgangsins nýtir ekki sín ökuréttindi strax. Þá verður þetta auðvitað mjög sláandi og segir okkur í raun og veru það sem segja þarf og allar kannanir, bæði innan lands og erlendis, færa okkur heim sanninn um að óhappatíðnin er langmest á fyrsta árinu.

Þetta er að mínu mati nauðsynlegt að draga fram til þess að rökstyðja það sem hér er í raun og veru á dagskrá að það sé ekki bara ökukennslan og þjálfun ökumannsins áður en hann fær réttindin sem menn þurfi að skoða heldur ekki síður það hvernig mönnum gengur

þegar út í umferðina er komið. Þá er greinilegt að fyrsta árið og jafnvel fyrstu mánuðirnir eru langhættulegastir.

Sömu sögu er að segja ef árin 1986–1991, sem ég hef hér unnið upp, eru skoðuð í heild sinni. Þá kemur sú dapurlega staðreynd í ljós að fjöldi ökumanna sem átt hefur aðild að slysum er öll árin langmestur í hópi 17 ára stjórnenda. Þannig er það að árið 1986 er sá fjöldi sem átti aðild að slysum samkvæmt skrám 70, 1987 eru þeir 76, 1988 91, 1989 76, 1990 83 og 1991 136. Meðaltalið er 88,7 og því miður virðist fjöldinn fara vaxandi. Þó það sé ekki alveg línulegt er þó langstærsta talan og hæstu tölurnar á síðari hluta tímabilsins. Í 18 ára hópnum er sama meðaltal áranna 1986–1991 70,7 og öll árin, hvert einasta ár frá 1986–1991, er fjöldi 17 ára ökumanna sem lendir í slysum meiri en fjöldi 18 ára ökumanna. Það segir líka sína sögu að mínu mati. Sum árin munar miklu.

Ef við tökum svo meðaltal eldri aldurshópanna, þá eiga að meðaltali 36,8 í árgangi á aldrinum 19–24 ára aðild að slysum á þessu tímabili borið saman við 88,7 hjá 17 ára ökumönnum. Þegar komið er upp í aldurshópinn 25–64 ára er þetta meðaltal komið ofan í 12,4. Ég held að það sé um gersamlega óásættanleg hlutföll að ræða að það skuli vera svo margföld tíðni þegar yngstu ökumennirnir eiga í hlut. Og minnumst þess að þegar rætt er um hlutfallstölur erum við að tala um hlutföll í landi þar sem tíðni umferðarslysa og óhappa er einhver sú hæsta í heimi. Það er því ekki eins og við getum afsakað þetta eða skýrt með því að slysatíðnin hjá þeim sem eldri og reyndari eru sé lág eða ásættanleg. Hún er það ekki. Einnig hún þarf að lækka en sérstaklega hlýtur þó að vera keppikefli að ráðast á þessar óheyrilegu tölur sem tengjast yngstu stjórnendunum.

Ég held, herra forseti, að það sé í sjálfu sér ekki ástæða til af minni hálfu að fjölyrða mjög um þetta. Ég vænti þess að mönnum sýnist sitt hverjum um þá aðferð sem hér er stungið upp á til þess að reyna að ráðast á þetta vandamál að nokkru leyti. Einhverjir munu segja að hér sé á ferðinni einhvers konar vantraust á ungum ökumönnum. Aðrir munu e.t.v. segja að verið sé að takmarka frelsi þeirra o.s.frv. Ég held að öll slík rök, ef einhver verða flutt, hljóti þó að reynast léttvæg borið saman við hinn hroðalega dóm reynslunnar um það hversu tíð þessi slys eru. Minnumst þess að þarna er ekki einungis á ferðinni spurning um að ökumennirnir sjálfir stofni eigin heilsu og eigin lífi í hættu. Því miður eiga oft í hlut aðrir einstaklingar og óskyldir sem verða fórnarlömb þess að óreyndum stjórnendum verða á mistök.

Við Íslendingar eyðum miklum peningum í það nú um stundir að skoða ökutæki og fræg er orðin umræðan um Bifreiðaskoðun Íslands og einkavæðingu Bifreiðaskoðunar ríkisins sálugu. Landsmönnum þykir dýrt að láta skoða bílana sína sem og er og miklar fjárfestingar hafa verið lagðar í fokdýrar skoðunarstöðvar og uppbyggingu þeirra víða á landinu. Hvers vegna er þetta gert? Jú, vegna þess að ástand bifreiðanna tengist að mati manna að einhverju leyti umferðaróhöppum og sannanlega gerir það það.

En hverjar eru svo staðreyndirnar á bak við þau mál? Þær eru samkvæmt vönduðum könnunum, bæði norrænum könnunum, sem ég hef séð og bandarískum, að ökutækið sjálft á 1% tilvika af umferðaróhöppum og slysum. — 1% tilvika er rakið til þess að um bilun hafi orðið að ræða í ökutækinu sjálfu. 90% eru rakin til stjórnendanna og 9% standa svo fyrir aðrar ástæður.

Þetta eru nokkuð samhljóða niðurstöður úr könnunum sem gerðar hafa verið í þessum efnum, bæði á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum og ég hef fengið upplýsingar um, m.a. hjá héraðslæknum sem hafa verið að skoða þessi mál. Ef við veltum því augnablik fyrir okkur að við eyðum hundruðum milljóna kr. á ári hverju í að skoða bifreiðarnar en þó kemur ástand þeirra ekki við sögu nema í 1% tilvika þegar slys eru á ferðinni en ökumaðurinn sjálfur, mistök hans eða eitthvað sem hann gerir eða er valdur að, á sök á 90% óhappanna, þá held ég að við hljótum að þurfa að velta því fyrir okkur: Erum við á réttri braut hvað áherslu snertir? Erum við á réttri braut hvað ráðstöfun fjármuna snertir í þessum efnum? Ég held að þar þurfi að endurmeta ýmislegt.

Ég er að sjálfsögðu ekki að leggja til að menn slaki á hvað varðar kröfur um að bifreiðar séu í góðu lagi. En úr því að menn sjá ástæðu til þess að eyða hundruðum milljóna í þann þátt er þá ekki ástæða til að gera betur hvað varðar aðra og miklu stærri orsakavalda slysa?

Ég held að tillagan sem hér er lögð fram sé ákaflega einföld aðgerð sem unnt sé að gera og þjóni margþættum tilgangi. Í fyrsta lagi þeim beina efnislega tilgangi að væntanlega dregur það úr glannaskap óreyndra ökumanna, heldur aftur af þeim og tryggir að mat á aðstæðum verður eitthvað betra að reyndari stjórnandi sé þeim við hlið í öllum tilvikum fyrstu sex mánuðina sem þeir eru að þjálfa sig sem ökumenn. Ég vonast líka til þess að fyrirkomulag af þessu tagi leiði af sér breytt viðhorf, t.d. í fjölskyldunum, til þessara hluta og menn muni eftir því í ríkara mæli en ella væri að það að stjórna ökutæki eða bifhjóli er alvörumál. Það er meira en að segja það fyrir alls óreyndan 17 ára ungling að fá ökupróf og skella sér svo út í umferðina bara sisvona. Hinar dapurlegu staðreyndir úr skýrslum um umferðarslys ættu a.m.k. að gera það að verkum að foreldrar eða aðstandendur hugsuðu sinn gang. Sjálfsagt þætti það í einhverjum tilvikum hvimleit kvöð að foreldrar eða eldri systkini yrðu í hverju tilviki að slást í för með hinum nýja ökumanni. En ég held að það sé í góðu lagi. Annað eins eiga menn að geta lagt á sig fyrir börnin sín eða systkini sín og það að vera þeim samferða fyrsta hálfa árið. Það ætti þó a.m.k. að tryggja í þeim tilvikum að þá eru menn minntir á hvers vegna þetta er. Það er vegna þess að það er alvörumál að læra að stjórna bifreið. Og ekki bara alvörumál gagnvart eigin lífi og limum heldur líka samborgurum.

Ég held þess vegna að vandlega athugðu máli og eftir að hafa hugleitt ýmsar mögulegar aðgerðir í þessu

sambandi og skoðað gögn frá nálægum löndum það sem menn hafa gripið til og eru að prófa, svo sem takmarkanir á ökuskírteinum fyrsta árið, jafnvel fyrstu tvö árin, binda ökuskírteinið innan borgarmarka, skipta ökuréttindunum upp miðað við sumarakstur og vetrarakstur, löng æfingatímabil og annað því um líkt, að ýmsar slíkar ráðstafanir komi til greina en ég held að miðað við íslenskar aðstæður séu þær miklu meiri annmörkum háðar en þessi einfalda breyting án þess að sýnt sé að þær skili meiri árangri. Við íslenskar aðstæður væri nánast óframkvæmanlegt að fara að binda ökuskírteini við sveitarfélag. Það yrði ákaflega lítið gagn af því held ég fyrir það ungmenni að fá ökuréttindi. Hugsum okkur hér á höfuðborgarsvæðinu. Hvernig ætluðu menn að framkvæma það? Hvaða gagn væri að ökuréttindum úti á landi ef ekkert mætti bera sig um milli staða? Ef við hugleiðum það að greina á milli ökuréttinda miðað við vetraraðstæður og sumaraðstæður, þá held ég að í íslensku veðurfari yrði slíkt harla erfitt og þjónaði ekki miklum tilgangi.

Mín niðurstaða varð því sú að enginn ætti að fá ökuréttindi á Íslandi fyrr en hann væri það vel þjálfaður að hann gæti líka glímt við erfiðar aðstæður, hálku og snjókomu. Því að slíkt getur hent í flestum mánuðum á Íslandi eins og kunnugt er og reyndar öllum. Það mundi kosta mikla fjármuni fyrir okkur að ráðast í til að mynda fokdýra uppbyggingu sérstakra æfingasvæða, eins og Svíar hafa gert, án þess að ég hafi sannfæringu fyrir að það skili okkur meiri árangri. Niðurstaða mín varð því þessi eftir nokkuð vandaða skoðun, að ég tel, á þessum málum eins og einn ræfils þingmaður hefur aðstöðu og tíma til að þetta væri í raun og veru langnærtækasta, einfaldasta en vonandi líka árangursríkasta aðgerðin.

Ég er svo að sjálfsögðu tilbúinn til rökræðna við menn um það hvort þarna sé valið rétt tímabil, réttur aldur, rétt aldursmörk fyrir, við getum kallað leiðbeinandann eða þann sem fylgja á með á reynslutímabilinu. Það vekur þó athygli mína að í frv. hæstv. dómsmrh. er einnig miðað að leiðbeinandi í þeim æfingaakstri sem þar er um að ræða sé 21 árs að aldri.

Að lokum vonast ég svo til þess, hæstv. forseti, að þetta frv. sem hér er mælt fyrir fái skoðun. Því verði sá sómi sýndur að það fái skoðun í hv. nefnd samhliða frv. hæstv. dómsmrh. Þau eru alls ekki í neinni andstöðu. Þessar breytingar gætu mjög vel allar náð fram að ganga og stutt hver aðra. Í öllu falli tel ég bráðnauðsynlegt að hv. nefnd fari mjög rækilega í gegnum stöðu þessara mála og vegi og meti mjög vandlega þá kosti sem eru mögulegir til þess að reyna að draga úr þeirri hroðalegu slysatíðni sem er á meðal yngstu stjórnendanna.

Ég veit að hv. nefnd getur víða leitað fanga í þeim efnum en ég bendi á að í röðum lækna eru menn, bæði hjá landlæknisembættinu, héraðslæknaembættunum og víðar, sem mikið hafa skoðað þessi mál á undanförnum árum. Ætli það sé nokkur tilviljun að læknastéttin hefur haft af þessu áhyggjur og haft þetta til skoðunar og haldið um þetta þing og fundi? Nei, auðvitað ekki. Ástæðan er auðvitað sú að engin önnur stétt í landinu veit betur um þær hörmungar sem leitt hafa af og leiða munu af alvarlegum slysum. Það er fátt dapurlegra en að verða vitni að því eða þekkja til aðstæðna þar sem kornungt fólk í blóma lífsins deyr eða lamast eða fatlast til lífstíðar sökum aðgæsluleysis í þessum tilvikum. Mönnum ber því mikil skylda bæði af félagslegum og mannlegum ástæðum og í öllu tillit til þess að reyna að sporna gegn þessu. Það er enginn vafi að sá þáttur umferðarslysa og óhappa sem er langalvarlegastur er hin háa slysatíðni ungs fólks.

Hæstv. forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Gunnlaugur Stefánsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Í tilefni af ummælum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að hæstv. ráðherrar séu sjaldan viðstaddir þegar þingmannamál eru til umræðu, þá vil ég taka undir hvert einasta orð og sérstaklega taka undir áhyggjur hans hvað varðar framtíð þingmannamála og umræður um þau. Ég vil geta þess hér að ég tók þetta mál sérstaklega upp í forsætisnefnd þingsins í gær og benti þar á að það virtist heyra orðið til undantekninga ef hæstv. ráðherrar eru viðstaddir þegar þingmannamál eru til umræðu. Þetta er mjög slæm þróun fyrir þinghaldið og allar hefðir í þinginu. Hér þarf að snúa við af óheillavænlegri braut. Forseti tók undir þessar áhyggjur, ég skildi orð hennar svo, og ég vona að forsætisnefndin undir forustu forseta muni leggja sitt af mörkum til að þessum háttum megi breyta þannig að hæstv. ráðherrar sjái það sem hluta af þingskyldum sínum að vera viðstaddir umræður um þingmannamál eins og stjfrv.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Austurl. fyrir þessi orð og tek mjög undir með honum. Ég er þeirrar skoðunar að í raun og veru ætti það ekki að vera tiltökumál með góðu samstarfi stjórnenda þingsins og hæstv. ráðherra að skipa þannig málum á dagskránni að það sé mjög auðvelt fyrir viðkomandi ráðherra að fylgjast með umræðum um sína málaflokka.

Þannig var það a.m.k. í minni tíð að með því einu að láta t.d. reglulega gera aðvart um þegar mál væru á dagskrá sem heyrðu undir viðkomandi ráðuneyti var talsvert hægt að skipuleggja vinnudaginn út frá því. Ég tala nú ekki um ef svipuð tilhögun yrði tekin upp í sambandi við röðun mála á dagskrá að einhverju leyti og gert er með fyrirspurnir að hægt væri að taka dagparta í umræður um mál sem væru á sviði viðkomandi fagráðherra. Þannig gæti t.d. hver og einn hæstv. ráðherra skipulagt einn dagpart í að vera viðstaddur í þinginu umræður um þingmannamál eða frv. sem væru á hans fagsviði. Ég held að með einhverjum slíkum ráðum verði að reyna að ráða bót á því ástandi sem nú er uppi.

Ég hef fylgst með í tíu ár og fer versnandi ár frá ári þangað til þannig verður komið innan skamms að menn sjá engan tilgang í því að reyna að leggja á sig vinnu til þess að undirbúa, flytja og ræða um þingmannafrumvörp eða þingmannatillögur sem að því er

virðist eru einskis metin af þeim sem með meiri hlutann eða framkvæmdarvaldið fara. Slíkt er auðvitað niðurdrepandi og alls ekki samboðið virðingu þessarar stofnunar. Það færir hana enn lengra í þá átt að vera ómerkilegan stimpil fyrir það sem ríkisstjórnin á hverjum tíma eða einstakir ráðherrar vilja láta fram ganga og nær og nær því að málafylgja þingsins sjálfs og einstakra þingmanna skipti engu máli.

Þó þetta sé e.t.v. ekki endilega réttasti staðurinn fyrir vangaveltur af þessu tagi, þá fagna ég því tækifæri að hv. 5. þm. Austurl. og einn af forsetum þingsins upplýsti það að hann hafi tekið þetta mál upp í forsætisnefnd og ég vona að því verði fylgt eftir.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Austurl. hefur þetta mál verið rætt í forsætisnefnd og var ekki útrætt. Þetta umrædda mál verður því væntanlega tekið þar fyrir aftur.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég vil líka nota þetta tækifæri til þess að þakka það að þetta mál skuli hafa verið tekið upp í forsætisnefnd þingsins og taka undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram á ráðherra fyrir að eyða ekki tíma sínum í að hlusta á þingmenn og þingmannamál.

Ég gat reyndar aldrei skilið þá tilhögun sem var ákveðið að taka upp á þinginu, þ.e. vera með ákveðna daga þegar þingmannamál væru tekin fyrir og aðra daga fyrir stjfrv., og hvaða vinnuhagræðing væri í því önnur en sú að menn hugsuðu málið þannig að ráðherrar gætu verið fjarstaddir þegar þingmenn væru að tala fyrir sínum málum vegna þess að engin önnur vinnuhagræðing getur í því falist að mínu mati. Ég tek undir það sjónarmið sem hér kom fram að mun nær væri að raða málum á dagskrá eftir málaflokkum. Í því fælist þá bæði vinnuhagræðing fyrir þingmenn, sem sitja í einstökum nefndum, og ráðherra.

Ef við horfum á dagskrána eins og hún lítur út í dag, þá ætti menntmrh. að vera hér, hér ætti heilbr.- og trmrh. að vera, hér ætti dómsmrh. að vera, hér ætti samgrh. að vera, hér ætti sjútvrh. að vera o.s.frv. Hér er enginn þessara manna. Mér virðist það vera lítilvirðing við þingmenn að þeir geti ekki séð af sínum dýrmæta tíma til þess að hlusta á það sem við höfum fram að færa. Þar að auki finnst mér að það hafi borið við í þinginu oftar en einu sinni og oftar en tvisvar að þingmeönnum sé boðið upp á það að tala fyrir málum sínum seint á kvöldin, jafnvel á laugardögum, og öðrum slíkum tímum þegar ólíklegt er að margir eru hér til þess að hlusta á mál þingmanna. Ég vil endilega að forsætisnefnd ræði þetta mál af alvöru og taki upp eitthvert annað vinnufyrirkomulag.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. 10. þm. Reykv. vil ég ítreka það sem sá forseti sem ég var að leysa af sagði áðan að hv. 5. þm. Austurl., Gunnlaugur Stefánsson, tók einmitt upp í forsætisnefnd það vandamál að þingmenn kvarta mjög yfir því að ráðherrar sæki ekki þá þingfundi þar sem þingmannamál eru á dagskrá. Ég held að ég geti sagt að öll forsætisnefndin hafi tekið undir það og mun ræða það frekar á sínum næstu fundum.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál sem hér er á dagskrá. Það er í sjálfu sér mjög einfalt og gengur út á það að ungmenni fái ekki endanlegt ökuskírteini við lok ökuprófs heldur séu þeir fyrstu sex mánuðina handhafar svokallaðs reynsluskírteinis og á þeim tíma sé þeim óheimilt að stjórna bifreið nema í fylgd með einstaklingi sem hafi fullnaðarskírteini og sé a.m.k. 21 árs.

Ég styð þetta mál mjög eindregið, enda er ég einn af flm. frv. Ástæðan er einfaldlega sú, sem kemur fram hér í fskj., að það er allt of mikið um það að ungmenni sem nýhafa fengið ökuréttindi séu völd að slysum. Það er ekki lítil ábyrgð fyrir 17 ára ungling að stjórna þessu tæki, bifreiðinni, og hafa jafnvel í för með sér fjögur ungmenni á svipuðum aldri. Við slíkar aðstæður er alltaf hætta á því að spenna skapist og einhvers konar — ég vil kannski ekki kalla það mikilmennskubrjálæði en það er þó eitthvað í þá áttina að viðkomandi unglingur ætli nú heldur betur að sýna hvað hann geti því að auðvitað er sá dagur stór í lífi hvers að þegar hann fær ökuréttindin. En sannleikurinn er sá að oft og tíðum vantar mikið á að reynslan sé til staðar og hæfnin eins og vera skyldi.

Nú er það þannig með mig og hv. 1. flm., sem talaði áðan, að við njótum bæði þeirra forréttinda að hafa alist upp í sveit og höfum sjálfsagt eitthvað fengið að grípa í ökutæki áður en við fórum formlega að læra að keyra hjá ökukennara og höfum sjálfsagt bæði álitið okkur nokkuð góða bílstjóra þegar við fengum skírteinið 17 ára, en ekki skal ég hafa fleiri orð um það. Ökukennslan í heild sinni er í endurskoðun hjá Umferðarráði eftir því sem ég best veit. Eins er verið að vinna að því að búa til æfingasvæði fyrir nemendur sem því miður hefur dregist nokkuð að kæmist í framkvæmd en ég vona svo sannarlega að muni gerast á þessu ári.

Það er kannski eitt sem kemur fram í 1. gr. frv. sem yrði erfiðara í framkvæmd að mínu mati en það að reynsluskírteini yrðu tekin upp hvað snertir bílpróf. Það er þetta með bifhjólin því í lok 2. mgr. 1. gr. stendur orðrétt, með leyfi forseta:

„Stjórnandi bifhjóls með reynsluskírteini skal vera í fylgd annars sem fullnægi fyrrgreindum skilyrðum."

Að mínu mati yrði þetta erfiðara í framkvæmd en þetta er eitt af því sem hv. allshn. fær tækifæri til að skoða.

Eins og hér hefur komið fram hefur hæstv. dómsmrh. nýlega mælt fyrir frv. til laga um breytingar á umferðarlögum þar sem tekið er á ýmsum þáttum umferðarlaganna og m.a. þessu sem hér um ræðir. Það er þó á nokkuð annan hátt því að þar er kveðið á um að dómsmrh. geti sett reglur um æfingaakstur án lög-

gilts ökukennara, þ.e. ekki lagabundið heldur yrði það á valdi ráðherrans. Ég skal ekki segja um það hvort þetta er leiðin sem ætti að fara, en í fljótu bragði finnst mér ástæða til að lögbinda ákvæði um reynsluskírteini, bráðabirgðaskírteini og fullnaðarskírteini.

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Mér skilst að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi óskað eftir nærveru minni hér þegar umræðan hófst um það mál er hér liggur fyrir, frv. til laga um breytingu á umferðarlögum, og vil skýra frá því að ég var á fundi með allshn. í morgun og þurfti eftir fundinn að sinna ýmsum erindum í sambandi við störf nefndarinnar en hafði af því fregnir að óskar væri eftir nærveru minni hér. Ég kom því eins fljótt og unnt var og hef hlýtt með athygli á ræður hv. þm. um þetta mál.

Ég tel þetta mál allrar athygli vert og það verður að sjálfsögðu skoðað gaumgæfilega í þeirri nefnd þar sem ég er formaður, hv. allshn. Vafalaust er eðlilegt að skoða þetta mál í tengslum við það frv. er hæstv. dómsrh. hefur lagt hér fyrir þingið sem er einnig frv. til laga um breytingu á umferðarlögum. Einnig tel ég koma til athugunar að senda frv. sem hér er um rætt til sömu umsagnaraðila svo hægt sé að fá þeirra álit.

Eins og hér hefur verið bent á er að ýmsu leyti um að ræða svipaðar hugmyndir sem koma fram í báðum þessum frv. Í 1. gr. í því frv. er hér er á dagskrá, er talað um að stjórnandi bifhjóls með reynsluskírteini skuli vera í fylgd annars sem fullnægir ákveðnum skilyrðum og enn fremur segir í grg.: „Hér er valin sú leið að gera það að skilyrði á reynslutíma (gildistíma reynsluskírteinis) ökumanns að í fylgd með honum sé a.m.k. einn reyndari stjórnandi."

Svipaðar hugmyndir koma fram í 11. gr. frv. frá hæstv. dómsmrh. um breytingu á umferðarlögum. Í athugasemdum með 11. gr. segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Samkvæmt 57. gr. umferðarlaga má æfingaakstur á bifreið því aðeins fara fram að við hlið nemenda sitji löggiltur ökukennari og æfingaakstur á bifhjól má aðeins fara fram undir leiðsögn og eftirliti löggilts ökukennara. Talið hefur verið að það sé að nokkru leyti reynsluleysi að kenna að ungir ökumenn lenda oftar í umferðaróhöppum en aðrir ökumenn. Ástæða þessa sé að sjálfu sér ekki vanþekking á umferðarreglum eða léleg ökukennsla heldur fyrst og fremst of lítil reynsla í akstri. Er talið að úr þessu megi bæta með því að heimila nemanda að æfa sig í akstri með leiðbeinanda sem þegar hefur hlotið reynslu í akstri þannig ökutækis. Slík heimild er fyrir hendi í nokkrum löndum og er talin hafa skilað árangri. Oft er um það að ræða að foreldri eða eldra systkini sé þannig leiðbeinandi. Er lagt til að dómsmrh. verði heimilað að setja reglur um slíkan æfingarakstur enda uppfylli leiðbeinandi tiltekin skilyrði."

Ég mun ekki hafa fleiri orð um þetta frv. að svo stöddu en ítreka að þetta er athyglisvert mál og mun að sjálfsögðu fá gaumgæfilega athugun í allshn.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka flm. fyrir að hafa lagt fram þetta frv. til laga um breytingu á umferðarlögum. Ég held að það sé fyllilega tímabært að ræða umferðarmálin meira en gert hefur verið á hinu háa Alþingi. Sjálfsagt verður þetta frv. rætt í tengslum við það frv. sem hæstv. dómsmrh. hefur nýlega lagt fram, enda kom það fram í máli ræðumanns á undan mér.

Ég vil lýsa yfir stuðningi við að reynsluskírteini sé gefið út til byrjenda. Það má e.t.v. skoða hvort það ætti að gilda í sex mánuði eða þrjá mánuði, e.t.v. eru þrír mánuðir næganlegir. Mér finnst það fyllilega koma til skoðunar hvort sex mánuðir séu það rétta en það verður sjálfsagt skoðað í nefndinni.

Ég vil líka taka undir það sem nefnt er í grg. þar sem réttindabraut flugmanna er nefnd sem dæmi og bendi á í því sambandi að við mundum örugglega ekki samþykkja það og það er raunar í umferðarlögum að ungir ökumenn aki fólki gegn gjaldi strax og þeir hafa tekið ökupróf. Þess vegna er auðvitað mjög óeðlilegt í raun og veru að um leið og þeir hafa tekið ökupróf 17 ára geti þeir fyllt bílinn af fólki og keyrt með það hvert sem verkast vill, hringveginn þess vegna bara vegna þess að þeir taka ekki gjald af því. Þetta er í sjálfu sér nokkuð óeðlilegt.

Það má líka benda á að vátryggingarfélögin hafa nýlega sent frá sér skýringu á hækkun iðgjalda til yngsta aldursflokksins þar sem fram kemur að iðgjöld á þessu ári muni hækka um 7% í yngsta aldursflokknum, 17–20 ára, á meðan þeir sem eldri eru, 21–24 ára og 25–28 ára, fá umtalsverða lækkun iðgjalda vegna þess að óhöpp eru þar mun færri. Yngsti aldurshópurinn fær talsverða hækkun á sínum iðgjöldum á þessu ári einmitt vegna þess að hann veldur mjög mörgum óhöppum og slysum.

Ég veit að ungir ökumenn eru fyllilega meðvitaðir margir hverjir um það að allir jafnaldrar þeirra hugsa ekki nægilega fyrir því að aka með gætni fyrstu vikurnar og mánuðina. Ég held að þeir margir hverjir mundu í raun og veru fagna því að tekið yrði á þessum málum. Þó e.t.v. sé um einhverja frelsisskerðingu að ræða held ég að mjög margir mundu ekki setja það fyrir sig vegna þess að þeir vita að þessi slys eru tíð og margir ungir ökumenn eru ekki nægilega gætnir. Ég held því að ekki þurfi að óttast hávær mótmæli frá stórum hópi um að þarna sé verið að skerða frelsi þeirra mjög mikið.

Ég ætla ekki heldur að hafa langt mál um þetta. Ég vildi aðeins lýsa því yfir að ég tel mjög tímabært að taka á þessum málum og lýst vel á þessa hugmynd um reynsluskírteini og bráðabirgðaskírteini. Í raun og veru má segja að í gildi sé núna bráðabirgðaskírteini þar sem ungir ökumenn verða að endurnýja skírteini sitt eftir eitt ár. Þeir fá það ekki nema í eitt ár. En ákvæðin um að hafa með sér ökumann sem hafi þetta fullnaðarskírteini eða meiri reynslu en þeir er aftur á móti nýjung í frv.

En ég fagna því að þetta er komið til umræðu og vænti þess að þetta verði rætt vel í hv. allshn.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa orðið um tillöguna og þær undirtektir sem hún hefur fengið. Það var kannski ekki við öðru að búast en að menn tækju vel a.m.k. í þá hugsun sem í málinu felst. Það gleður mig einnig að menn telja þessa tillögu sem hér er uppi höfð vel skoðunarverða og geta komið að gagni í baráttu við slysin í hópi yngstu ökumannanna.

Hv. 3. þm. Norðurl. e., Valgerður Sverrisdóttir, vék að því að hér væri fyrst og fremst barátta við reynsluleysi og e.t.v. að einhverju leyti það andrúmsloft sem getur myndast í hópi ungmenna þegar spenningur brýst út í tengslum við þau nýfengnu réttindi að geta lagt af stað í bifreið út í umferðina. Ég held að það sé alveg rétt og það er ekki síst með það í huga sem menn hafa skoðað og víða gert ráðstafanir til þess að einhver reyndari aðili sé við höndina, a.m.k. fyrstu mánuðina sem menn stjórna bifreið.

Sjálfsagt má einnig velta því fyrir sér hvort breyttar þjóðfélagsaðstæður hafi að einhverju leyti skapað þær kringumstæður að menn hafi minni aðstæður til að kynnast og ég tala nú ekki um að æfa sig á stjórnun ökutækja áður en þeir fá réttindin. Það er opinbert leyndarmál, hygg ég, sem allir vita að unglingar í sveitum og jafnvel í strjálbýlinu höfðu a.m.k. mun meiri möguleika á því að þjálfa sig í stjórnun ökutækja, fyrst dráttarvéla og síðan jafnvel bifreiða, áður en kom til þess að þeir þreyttu ökupróf og margir bjuggu að slíkri reynslu.

Því má einnig líka velta fyrir sér hvort breytt umferðarmenning eða breyttar aðstæður í umferðinni hafi hér áhrif, meiri hraði og öðruvísi ökutæki, kraftmeiri bifreiðar en áður var og bifhjól, o.s.frv. Allt getur það haft áhrif í þessu sambandi. Það breytir í sjálfu sér ekki niðurstöðunni. Mergurinn málsins er sá að slysin eru allt of tíð og leggjast þyngst á þessa yngstu aldurshópa og því viljum við breyta.

Hv. formaður allshn., 6. þm. Reykv., tók það fram að hér væru að mörgu leyti skyld mál á ferðinni sem rétt er og þar af leiðandi væri eðlilegt að nefndin ynni að þeim samtímis og sendi þau til umsagnar til sömu aðila. Ég fagna því. Það var einmitt m.a. í þeim tilgangi sem ég óskaði nærveru hv. þm. að ég vildi gjarnan fá tækifæri til að leggja á það áherslu að þessi mál yrðu skoðuð samhliða. Þau eru síður en svo í nokkurri andstöðu hvort við annað. Þó sú tilhögun sem í frv. dómsmrh. er lögð til taki til undirbúningsins, að segja má, að því að menn fái ökuréttindi en hin taki til tímabilsins fyrst á eftir er síður en svo að mínu mati útilokað að þær geti báðar náð fram að ganga. Væri þá kannski enn meira að gert til þess að reyna að sporna gegn slysunum sem hér eru til umræðu.

Hv. 6. þm. Vestf. nefndi það, sem ég hafði reyndar vikið að með svipuðum hætti í minni framsöguræðu, að stökkið er mjög stórt sem menn taka frá því að hreyfa sig ekki um set nema undir leiðsögn ökukennara í sérútbúnum bíl þar sem unnt er að grípa inn í stjórnunina á hvaða augnabliki sem er og yfir í það að geta daginn eftir farið allra sinna ferða með þann farangur sem menn kjósa, hvert á land sem er við hvaða aðstæður sem er og sæta engum takmörkunum af neinu tagi umfram það sem ökumenn almennt gera. Þetta er mjög stórt stökk og í raun og veru óvenjulega stórt ef við berum það saman við þróun á réttindabraut stjórnenda á öðrum sviðum. Ég nefndi flugið í því sambandi, en sjálfsagt mætti nefna fleiri hliðstæður. Þar er réttindunum skipt upp í nokkra áfanga og menn látnir sanna sig á hverju stigi með reynslu. Það er ekki fyrr en menn hafa áfallalaust lokið hverjum áfanga fyrir sig sem þeir færast upp á næsta þrep. En hér er þetta stökk tekið í einu lagi úr því að menn eru ekki stjórnendur sem sjálfstæðir aðilar á eigin ábyrgð heldur keyra í raun og veru á ábyrgð síns ökukennara og yfir í hitt að menn séu algjörlega einir á báti.

Þá nefndi hv. þm. það sem er rétt að til marks um þá óheillaþróun sem verið hefur í þessum efnum og segir sína sögu er sú iðgjaldahækkun tryggingafélaganna á yngstu ökumenn sem nú er að ganga í gegn. Hún segir ósköp einfaldlega þá sögu að á tryggingafræðilegum forsendum hefur reynst óhjákvæmilegt að hækka verulega iðgjöldin hjá yngstu aldurshópunum vegna þess hvernig tíðni umferðarslysanna í þeim hópum hefur vaxið. Það kemur saman við þær upplýsingar úr gagnabanka Umferðarráðs sem ég vitnaði til. Þeim mun meiri ástæða er til að reyna að snúa þróuninni við að hún virðist vera í öfuga átt í þessum efnum.

Ég þakka svo aftur, hæstv. forseti, þessa umræðu og vona að málið fái brautargengi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 1. umr.

Frv. JVK o.fl., 207. mál (breyting á úthlutunarreglum). — Þskj. 248.

Flm. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram frv. til laga um breytingu á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð ísl. námsmanna, á þskj. 248. Flm. með mér eru Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Einarsdóttir, þ.e. aðrar þingkonur Kvennalistans.

Þetta frv. hefur verið á dagskrá nokkrum sinnum undanfarna daga og hafði ég óskað eftir því að hæstv. menntmrh. væri viðstaddur og hefur það nokkrum sinnum í framhaldi af því verið tekið út af dagskrá þar sem hann hefur ekki getað verið viðstaddur. Hann mun eiga við allerfið veikindi að stríða og getur ekki verið hér í dag vegna þess en hafði samband við mig í morgun og spurði hvort ég mundi mæla fyrir þessu máli ef formaður menntmn. yrði viðstaddur og hann hefði samband við hana að fyrra bragði til þess að gera henni grein fyrir hvernig þessi mál lægju. Þar sem, eins og ég gat um áðan, hæstv. menntmrh. hefur undanfarið verið í veikindaforföllum og ekki útlit fyrir eftir því sem ég heyrði á mæli hans í morgun að því sé að ljúka

gat ég ekki neitað að mæla fyrir þessu máli þó hann væri ekki viðstaddur.

Þetta frv. er ekki stórt í sniðum en 1. gr. þess sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á eftir 3. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Nú verður breyting á reglum um úthlutun námslána, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 5. gr., eða á lögum þessum á þeim tíma sem námsmaður er í námi og getur hann þá valið milli þess að fá lánað eftir þeim reglum og vaxtakjörum sem giltu er hann hóf nám sitt eða að taka lán eftir nýjum reglum. Gildir þetta þar til hann hefur lokið námi á þeirri námsbraut sem hann stundar nám á þegar breyting verður."

Þetta er aðalefni frv. sem felst í þessari 1. gr.

Virðulegi forseti. Mönnum er áreiðanlega í fersku minni hve miklar umræður urðu á síðasta þingi um breytingar á Lánasjóði ísl. námsmanna. Ég ætla ekki að rekja það allt en minni á að umdeildust var einmitt 6. gr. sem hér er verið að leggja til breytingu á. Þar er kveðið á um að námslán skuli aldrei veitt fyrr en námsmaður hafi skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur. Með öðrum orðum að lánin séu ævinlega eftirágreidd. Það hefur þegar komið í ljós, sem vitað var, að þetta veldur námsmönnum verulegum erfiðleikum og kostnaði sem bætist ofan á það sem fyrir er. Ég veit ekki til þess heldur að þeir námsmenn sem tóku bankalán fyrir áramót og greiddu af því vexti hafi fengið námslán fyrir þeim vöxtum. Í Íslandsbanka kannaðist a.m.k. sá starfsmaður sem fer þar með málefni Námunnar svokölluðu ekki við að það væri gert.

Ég geri ekki ráð fyrir því að neitt þýði að reyna að fá þessu ákvæði breytt nú frekar en á sl. vetri og hef því ekki lagt fram breytingu í þá veru. Það hefur líka þegar verið lagt fram frv. um það mál af hálfu Alþb. og er það 17. mál þessa þings. Það verður í framhaldi af því fróðlegt að fylgjast með því hvaða afstöðu Alþfl. tekur við afgreiðslu þess, hvort hann afgreiðir það í samræmi við samþykktir flokksþings síns. Þar var samþykkt að flokkurinn ætti að beita sér fyrir breytingu á þessu ákvæði á Alþingi.

Sú breyting sem hér er verið að leggja fram á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna á þskj. 248 tel ég einnig að sé mjög brýn þó full ástæða sé til að breyta fleirum eins og ég gat um áðan.

Hver sá námsmaður sem ákveður að hefja nám hlýtur að gera áætlun um það hvernig hann fjármagnar nám sitt. Þá áætlun gerir hann með tilliti til þeirra laga og reglugerða sem í gildi eru þegar hann tekur þá ákvörðun. Það er því eðlilegt að hann geti treyst því að þær reglur gildi þann tíma sem námið stendur, en það sé ekki háð ákvörðunum stjórnvalda frá degi til dags að kollvarpa öllum þeim forsendum sem námsmaðurinn gaf sér. Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur á undanförnum árum tekið miklum breytingum frá ári til árs. Það hlýtur að vera afar erfitt fyrir námsmenn og fjölskyldur þeirra að standa frammi fyrir því óöryggi sem slíkt veldur.

Ekki ætti að vera neitt erfiðara fyrir stjórn sjóðsins að framfylgja breytilegum lögum heldur en breytilegum reglugerðum. Má í því sambandi benda á ákvæði í úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna 1992–1993, en þar segir svo um lán vegna skólagjalda erlendis, með leyfi forseta: „Þeir sem fengu lán vegna skólagjalda á námsárinu 1991–1992 í samræmi við eldri reglur fá áfram skólagjaldalán samkvæmt þeim reglum til að ljúka námi."

Ég vænti þess að þingmenn geri sér almennt ljóst að það traust sem almenningur ber til stjórnmálamanna fer sífellt minnkandi. Það er sí og æ verið að hringla með lagasetningu, breyta reglugerðum, og skemmst er að minnast allra þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á lögum og reglugerðum í heilbrigðiskerfinu nú síðustu missirin. Fólk veit ekki hvaðan á sig stendur veðrið og gjörsamlega ómögulegt er að gera áætlanir fram í tímann sem byggjast á lögum og reglum sem í gildi eru *því á morgun geta allar forsendur fyrir áætlunum hafa* breyst. Það er afarslæmt að stjórnvöld skuli koma fram með þessum hætti. Það skaðar samskipti ríkisvaldsins við þegna sína og aðra þá sem það hefur samskipti við. Sveitarfélögin treysta ekki lengur neinum loforðum ríkisvaldsins og það mun koma í ljós þegar fyrir alvöru verður farið að ræða um sameiningu sveitarfélaga.

Þá má nefna húsnæðiskaupendur sem fyrir nokkrum árum festu kaup á húsnæði og tóku til þess lán með 3,5% vöxtum. Einn góðan veðurdag voru vextirnir hækkaðir í 4,9% þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum og þar með voru allar áætlanir úr lagi gengnar. Nýjustu fréttir herma svo að í félagslega kerfinu eigi að hækka vexti núna úr 1% í 2,4%. Hvernig skyldi það koma við það fólk sem hefur gert áætlanir miðað við 1% með þeirri endurskoðun sem jafnframt átti að fara fram á félagslega kerfinu eftir fimm ár? Það hafði auðvitað reiknað með að þá gæti sú endurskoðun leitt í ljós að það fengi hækkun á vöxtum ef laun þeirra hefðu hækkað eða tekjur þeirra væru meiri en gert var ráð fyrir. Það eru hlutir sem það hafði getað reiknað með. Það hafði ekki reiknað með því að þann 1. mars nk. mundu vextir hækka úr 1% í 2,5%. Þannig væri hægt að nefna fleiri atriði en læt þetta nægja að sinni.

Ef sú breyting sem hér er lögð til í þessu frv. á Lánasjóði íslenskra námsmanna nær fram að ganga þá er þó gerð tilraun til að auka traust námsmanna og almennings á stjórnvöldum. Og námsmenn geta treyst því að þau ákvæði sem gilda þegar þeir taka námslán gildi þá til námsloka.

Ég legg að lokum til, virðulegur forseti, að frv. verði að loknum umræðum vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Þetta er þriðja þingmálið sem flutt er í vetur um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Fyrst flutt um við þingmenn Alþb. frv. um að breyta 6. gr., þannig að það yrðu teknar upp samtímalánveitingar að nýju hjá lánasjóðnum eins og þar höfðu verið frá upphafi eða þar til núv. ríkisstjórn tók við. Það mál fékk ítarlega umræðu hér og var vísað til hv. menntmn. þar sem það hefur verið til meðferðar og formað-

ur nefndarinnar hefur haft góð orð um að það verði tekið þar fyrir núna á næstu fundum.

Í öðru lagi þá var hv. þm. Finnur Ingólfsson, fyrsti flm. að þáltill. um allsherjarendurskoðun á lögunum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Sú tillaga fékk hér mjög ítarlega umræðu og henni var vísað til menntmn. og það hafa borist þar umsagnir. Það á því í sjálfu sér ekki að vera neitt í veginum fyrir því að þessi mál verði afgreidd með einhverjum hætti í nefndinni sem þau liggja nú þegar fyrir og ég tel satt að segja að það væri betra að þau verði afgreidd með einhverjum hætti heldur en að þau verði látin liggja í nefndinni án þess að þingið taki afstöðu til þeirra.

Í þriðja lagi er svo flutt hér frv. sem hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir mælti fyrir áðan um breytingar á 6. gr. um að bæta þar við nýrri mgr. sem kveður í grófum dráttum á um það að sá sem tekur lán í lánasjóðnum eigi rétt á því að fá lán á óbreyttum vaxtakjörum út þann tíma sem hann er í námi á þeirri braut eða því sviði sem hann ákveður að stunda nám við. Þetta er í raun og veru mjög eðlileg tillaga núna við þær aðstæður sem eru í landinu og í lögunum vegna þess að það er ljóst að ríkisstjórnin getur hvenær sem er eins og lögin standa núna hækkað vextina. Þó það hafi verið tekin ákvörðun um það í fyrra að hafa þá undir hámarkinu að minnsta kosti um skeið, þá breytir það ekki því að ríkisstjórnin hefur eins og sakir standa þetta vald og það getur komið í bakið á námsmönnum og fjölskyldum þeirra og er slæmt.

Yrði þetta frv. samþykkt eins og það liggur fyrir hér þá mundi það engin áhrif hafa á fjárhag lánasjóðsins eða greiðslustreymi í hann og út úr honum við þær aðstæður sem nú eru í augnablikinu. Það mundi hins vegar hafa áhrif á fjárhag lánasjóðsins til lengri tíma, ef til vill. Ég held hins vegar að það sé alveg rétt sem hv. þm. benti á að fjölskyldurnar í landinu búa við mikið öryggisleysi að því er þessi vaxtakjaramál varðar yfirleitt. Það er verið að hækka núna vextina á húsnæðislánunum um 150% og það er yfirvofandi að hvenær sem er geti vextirnir af námslánunum líka hækkað. Ég fullyrði að miðað við þá skuldsetningu sem almenn fjölskylda setur sig í nú til dags að því er varðar húsnæðislán og námslán, skuldsetningu upp á fleiri, fleiri milljónir kr., jafnvel 8–10 millj. kr. þegar allt er lagt saman bæði húsnæðislán og námslán, þá sé það beinlínis stórhættulegt að hafa það opið að stjórnvöld geti hækkað vextina af þessum lánum án nokkurra undangenginna skilyrða af neinu tagi.

Við skulum ímynda okkur unga fjölskyldu sem er að koma úr námi, karl og kona. Þau kaupa íbúð og segjum að þau skuldi samtals 10 millj. kr., það væri ekki dýrt nám og dýr íbúð samtals sem þau ættu að baki. Segjum að vextirnir á þessum lánum séu hækkaðir um 2% eða svo, það getur kollvarpað öllum fjárhag þessa fólks bæði til lengri og skemmri tíma að hækka vextina með þeim hætti. Það er auðvitað siðlaust af þjóðfélaginu að hafa kerfi sem er þannig að stjórnvöld geti komið í bakið á fólki á þann hátt sem núna hefur gerst í húsnæðiskerfinu og einnig unnt að gera í hinu almenna lánakerfi. Þess vegna tel ég að hér sé ekki hreyft útgjaldamáli fyrir sjóðinn heldur fyrst og fremst almennu réttlætismáli. Og ég vil fyrir mitt leyti lýsa stuðningi við þessa tillögu eins og hún liggur hér fyrir. Ég vil einnig taka það fram, virðulegur forseti, að það væri ástæða til að ræða fleiri mál sem lúta að lánasjóðnum núna. En þar sem hæstv. menntmrh. er fjarverandi er það hins vegar þýðingarlaust. Ég tel t.d. að það væri nauðsynlegt að ræða mjög rækilega útlánareglur stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Hvernig hafa reglurnar um námsframvindu verið túlkaðar? Hvernig hafa reglurnar um kröfur til námsmanna verið túlkaðar af hálfu lánasjóðsins? Það eru ótrúlegar sögur sem núna berast utan úr Háskóla Íslands varðandi það hvernig stjórn lánasjóðsins og starfsmenn hans túlka reglur um námsframvindu. Þar eru t.d. gerðar kröfur um námslok sem passa ekki inn í nein kerfi í háskólanum af neinu tagi og eru þess vegna óuppfyllanlegar með öllu og það viðurkenna allir og vita það allir að þær eru óframkvæmanlegar. Þar eru teknar upp reglur um meðferð lánsréttar eftir heilsárskúrsa, sem eru með þeim hætti að nemi sem er í heilsársnámi sem getur ekki tekið próf um áramótin t.d., hann er skertur um 25% af lánsrétti af því að hann getur ekki tekið próf fyrr en í vor af því að það er ekkert próf um áramótin. Ég er alveg sannfærður um það að forustumenn Lánasjóðs íslenskra námsmanna, stjórnarinnar, formaðurinn, hann er örugglega vel að sér í ýmsu, verktakabransa og slíku, þeir kunna ekkert í því sem lýtur að rekstri háskóla, ekki neitt. Og þeir hafa ekki haft fyrir því að ræða við forustumenn háskólans um skipulag náms í háskólanum, þeir hafa ekki haft fyrir því. Þeir hafa ekki óskað eftir formlegum fundum með háskólaráði eða háskólarektor hvorki forustumenn stjórnar lánasjóðsins né heldur forstjóri lánasjóðsins. Þess vegna er verið að setja reglur um úthlutun lána sem eru algerlega óframkvæmanlegar. Í rauninni eru reglurnar með þeim hætti, virðulegur forseti, að það væri skynsamlegast fyrir Alþingi að setja í gang opinbera sérstaka rannsókn á vinnubrögðum stjórnar lánasjóðsins. Opinbera sérstaka rannsókn á því hvernig hún vinnur að þessu leytinu eða kjósa rannsóknanefnd hér samkvæmt þingsköpum og stjórnarskrá til að fjalla um það hvort reglurnar um útlánin standast yfirleitt lög — ég er nú ekki að biðja um að þær séu sanngjarnar — en standist lög. Vegna þess að auðvitað verða reglurnar að vera þannig að þær séu framkvæmanlegar. Og þær séu framkvæmanlegar frá sjónarhóli nemenda. Fyrir náttúrlega utan hitt, virðulegur forseti, sem Alþfl. stendur að í þessari stjórn eins og fleiru að hlutirnir eru þannig að það er búið að skera svo niður háskólann að það er ekki hægt að veita nemendunum þá kennslu sem þeir þurfa til að uppfylla þá kröfu um námsframvindu sem lánasjóðurinn er að gera. Þannig að krakkarnir eru í algerri sjálfheldu með þessa hluti. Það er auðvitað til vansa að menn skuli setja svona reglur á blindandi og aldrei spyrja sig: Hvað var ég að gera? Á ég að laga þess hluti eða hvað? Það er auðvitað sérkennilegt að menn sem eru í forustu fyrir jafnaðarmannaflokki Íslands sérstaklega skuli líða þetta. Menn sem nauðugir greiddu atkvæði

um breytingar á Lánasjóði íslenskra námsmanna á sínum tíma en ganga svo ekki í það hvernig er verið að framkvæma þessar reglur sem eru þannig að það er verið að vinda krakkana, það er í raun og veru verið að gera þeim algerlega ókleift að stunda nám með eðlilegum hætti vegna þess að forusta Lánasjóðs íslenskra námsmanna veit ekkert hvað háskóli er, ekki neitt. Kannski verið þar einhvern tímann sjálf en þekkir ekkert sem heitir rekstur háskóla. Þetta eru ofboðslegir hlutir sem núna eru að spyrjast vestan úr háskóla í sambandi við reglur um námsframvindu og vinnubrögð stjórnar lánasjóðsins. Því miður er ekki hægt að ræða það hér vegna þess að menntmrh. er í burt og ég mun ekki gera það frekar en ég tel ástæðu til að láta vita af því að ég hefði fullan hug á að láta rannsaka vinnubrögð stjórnar lánasjóðsins. Ég held að þingmenn Sjálfstfl. hér inni sem hafa beitt sér fyrir þessum ósköpum og bera ábyrgð á þeim formanni stjórnar lánasjóðsins sem hér er ættu að skoða hvað hann er að gera. Ættu að skoða hvað hann er að gera. Vegna þess að þessir þingmenn Sjálfstfl. og Alþfl., — Jafnaðarmannaflokks Íslands, bera ábyrgð á því að það er verið að hrekja hundruð einstaklinga frá námi vegna þess að reglurnar um útlán eru óframkvæmanlegar eins og þær eru.

Virðulegur forseti. Ég endurtek stuðning minn við frv. og boða það jafnframt að ræða hér við síðara tækifæri rækilega um framkvæmdina á reglunum um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu um Lánasjóð íslenskra námsmanna, eða breytingu á þeim ólögum sem hér voru sett í maí á sl. ári, er eins og kom fram hjá hv. 9. þm. Reykv. þriðja frv. sem hér kemur inn til breytinga til endurskoðunar á núgildandi lögum. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að það frv. sem hér er til umræðu hefur ekki á nokkurn hátt áhrif á útgjaldahlið lánasjóðsins heldur er hér fyrst og fremst um að ræða að reyna að koma við ofurlitlu réttlæti er snertir þá úthlutun og það traust sem námsmenn verða að hafa á Lánasjóði íslenskra námsmanna. Ég tek því efnislega undir þetta frv. og segi fyrir mitt leyti að ég treysti mér vel til að styðja það og er tilbúinn til að beita mér fyrir því að það nái fram að ganga að því marki sem mitt atkvæði vegur eitthvað í þeim efnum.

Hins vegar er mjög erfitt að ræða málið vegna þess að hér er ekki mættur hæstv. menntmrh. og í salnum er enginn fulltrúi Alþfl., þess flokks sem þó hefur haft einna hæst um það að til stæði og þeir myndu beita sér fyrir vissum breytingum á því óréttlæti sem menn eru alltaf að upplifa þegar þeir þurfa bæði að kynnast úthlutunarreglunum sem settar hafa verið og þegar á lögin í raun og veru reynir.

Það var vitað þegar þessi lög voru sett að stjórn lánasjóðsins voru opnaðar alveg ótakmarkaðar heimildir til þess að hafa mikil áhrif á framvindu manna í námi og skapa þær aðstæður sem stjórninni býðst á hverjum tíma til að gera fólki kleift að stunda nám.

Ég fór yfir það þegar ég mælti hér fyrir þáltill. minni og fleiri hv. þm. um að breyta eða taka þessi lög til endurskoðunar í heild sinni þá fór ég yfir ótal dæmi sem þekkt eru um það hvernig úthlutunarreglurnar hafa komið mjög illa við einstaka námsmenn og í raun og veru mismuna námsmönnum eftir fjölskyldustærð, eftir búsetu og eftir því í hvaða námi þeir eru. Hv. þm. Svavar Gestsson fór hér áðan yfir hvernig að námsmönnum væri í raun og veru gert ókleift að stunda hundrað prósent nám en lánasjóðurinn setur þær kröfur að menn skuli þrátt fyrir að þeim sé það ómögulegt vera í hundrað prósent námi. Dæmi um þetta eru margar deildir háskólans þar sem námsframboðið í skólanum, vegna þess hvernig búið er að skera háskólann niður fjárhagslega, er ekki þannig að námsmenn geti stundað hundrað prósent nám. Dæmi er einnig til um þetta í Iðnskólanum í Reykjavík. Námsmenn sem þar eru og vilja stunda hundrað prósent nám til að sýna hundrað prósent námsárangur gagnvart lánasjóðnum geta alls ekki stundað nema sjötíu og fimm prósent nám. Þar af leiðandi lánar stjórn lánasjóðsins ekki nema sjötíu og fimm prósent af framfærslugrunni sjóðsins. Þetta setur námsmenn auðvitað í þá stöðu eftir að þeir hefja nám að þeir bera ekki traust til yfirvalda menntamála, þeir bera ekki heldur traust til stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna. En þegar námsmenn hefja námið þá búast þeir auðvitað við því að námsframboðið sé þannig að þeir geti lokið fullu námi og þar af leiðandi, af reynslu fyrri ára jafnvel hafi þessi sami námsmaður sýnt góðan námsárangur, geti þeir náð hundrað prósent námsárangri, fengið hundrað prósent lán en námsframboð er bara þannig að menn geta ekki tekið nema sjötíu og fimm prósent af því námi sem stjórn lánasjóðsins gerir mönnum skylt að ná til að geta fengið fullt lán.

Þessar heimildir voru allar veittar hér og menn töldu nauðsynlegt að hafa þetta rúm lög þannig að stjórn lánasjóðsins hefði vald og möguleika á að stjórna útgjöldum sjóðsins. Þær heimildir voru einnig opnaðar þegar þessi lög voru samþykkt að stjórnin gæti mjög ráðskast með það hvernig lánað væri fyrir vöxtum. Hæstv. menntmrh. lýsti því hér yfir og lofaði í raun og veru að lánað yrði fyrir öllum þeim vöxtum er námsmenn yrðu að borga á þeim tíma sem þeir þyrftu að taka bankalán. Þegar þessi regla var hins vegar útfærð og þrátt fyrir loforð menntmrh. fengu allir námsmenn lán frá sjóðnum sem nemur einhverri meðaltalsupphæð af þeim vöxtum sem lánasjóðurinn reiknar út. Það dugar hins vegar ekki hjá þeim námsmönnum sem þurfa að taka bankalán nema fyrir 80% af því sem vextir raunverulegir eru. En þeir sem alls ekki þurfa að taka bankalánin og hafa þær aðstæður að geta fengið aðstoð annars staðar frá en úr bankakerfinu fá þessi lán. Lánasjóðurinn tekur lán til þess að lána námsmönnum. Lánasjóðurinn þarf að greiða 7–8% vexti af þeim lánum sem hann tekur en lánar síðan út til námsmanna á 1% vöxtum. Auðvitað taka þetta allir. Það er fáránlegt fyrirkomulag sem þarna var sett upp en meiri hluti þingsins heimilaði að stjórn lánasjóðsins gæti ráðskast svona með þessa hluti.

Það var ákveðið að lána fyrir skólagjöldum 100%. Hæstv. menntmrh. lofaði því í umræðum sl. vor. Þegar á reynir er ekki lánað. Þau skólagjöld sem renna til háskólans eru 17 þús. kr. en það er ekki lánað fyrir fyrstu 15 þús. kr. Þannig er í raun bara lánað fyrir 2.000 kr. af skólagjöldum við Háskóla Íslands. Það var samt gefið loforð um það hér og þegar ég mælti fyrir þáltill. minni vitnaði ég í orð hæstv. menntmrh. hver hans loforð voru þegar lögin voru samþykkt.

Þriðja dæmið sem ég vil nefna er ferðakostnaðurinn. Það var einnig loforð frá hæstv. menntmrh. að lánað skyldi fyrir ferðakostnaði að fullu. Þegar hins vegar á reynir eru ferðalánin ekki nema 26 þús. kr. En fyrir námsmann í Bandaríkjunum kostar flugfarið 63 þús. kr. Ef hann er með maka með sér þarf hann að greiða fullt gjald en fær 10% lán frá sjóðnum. Þarna hefur því ekki verið staðið við neitt af þessu.

Nú veit ég að hæstv. menntmrh. vildi auðvitað að við þetta yrði staðið. Það er hins vegar ekki hans að ákveða þessa hluti vegna þess að lögin gera ráð fyrir því að það sé stjórnar lánasjóðsins að taka ákvarðanir um hvað skuli lánað og út á hvað skuli lánað. Og stjórnin hefur farið með þetta vald eins og ég hef hér lýst. Ég segi: Þeir hafa misnotað þetta vald.

Ég tek undir efni frv. af þeirri ástæðu að ég veit að það er full þörf á því að koma þessu ákvæði inn í lögin og það er ekki síst þörf þegar Sjálfstfl. fer með yfirstjórn menntamála í landinu. Þetta segi ég af reynslunni af því, bæði sem námsmaður og sem formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands á sínum tíma. Þá þurfti ég að eiga samskipti við menntmrh. Sjálfstfl. og veit hvernig þau samskipti voru. Ég nefni eitt dæmi sem er reyndar mjög lýsandi fyrir þetta allt saman.

Í lögunum sem sett voru 1982 var mjög skýrt afmarkað fyrir hverju skyldi lánað. En á grundvelli 21. gr. þeirra laga var gert ráð fyrir að menntmrh. geti sett reglugerð um það hvernig framfærsla yrði reiknuð. Menntmrh. Sjálfstfl., bæði Sverrir Hermannsson og Ragnhildur Helgadóttir, lögðu hart að framsóknarmönnum í stjórnarsamstarfi á þessum tíma að fá lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna breytt þannig að tækifæri gæfist til að skerða framfærsluna og breyta lögunum í þá veru sem nú hefur verið samþykkt. Frv. í þessa veru sáum við sem að þessum málum komum á sínum tíma. Það frv. sem var lagt fram í þinginu í fyrra og er nú orðið að lögum var efnislega ekkert óskylt því er sjálfstæðismenn börðust fyrir í samstarfi við okkur framsóknarmenn í ríkisstjórn á árunum 1983–1988.

En á grundvelli 21. gr. gamalla laga, sem nú hafa verið felld úr gildi, var menntmrh. heimilt að setja reglugerð um hver framfærslan ætti að vera. Á árunum 1983–1987 var þessari reglugerð breytt fimm sinnum. Hvernig ætli okkur þætti sem launamönnum ef einhverjir ráðherrar ráðskuðust þannig með launin okkar á 3–4 árum að í dag væru þau 10% lægri en þau voru í gær, eða 20% eða 30%, án þess að neinar forsendur væru fyrir slíkum breytingum? Það var bara vegna þess að það þurfti ná þeim markmiðum er menntmrh. hafði verið sett að ná í fjárlögum á þeim tíma. Þá var reglugerðinni breytt. Námsmenn höfðu ekki hugmynd um það 31. des. 1985 að til stæði að breyta framfærslunni í janúar 1986. Þáv. hæstv. menntmrh. breytti reglugerðinni einfaldlega og lækkaði námslánin um 20%. Með einni reglugerðarbreytingu. Námsmenn hófu sitt nám hins vegar í september 1985 í góðri trú og skipulögðu námið, vinnuna, barnagæsluna og allar félagslegar aðstæður sem þeir þurftu að búa við meðan þeir voru í námi út frá því að framfærsla lánasjóðsins væri þessi. En þegar í upphafi árs 1986 var grundvellinum kippt undan þessu öllu saman. Og á árunum frá 1983–1987 var hringlað fimm sinnum með þessa reglugerð. Stundum var það 30% lægra, stundum 15% hærra og þar fram eftir götunum. (**EgJ:** Hvaða tölur stóðu í fjárlögum?) Tölur sem þá stóðu í fjárlögum — ég er reyndar ekki með það, hv. þm. Egill Jónsson, hverjar þær voru nákvæmlega. Hins vegar voru allir möguleikar að ná sparnaði í rekstri lánasjóðsins á þeim tíma. Það lágu skýrslur fyrir í þeim efnum á þeim tíma að menn gætu sparað án þess að vera með þennan hringlandahátt. Þegar ég segi hringlandahátt þá voru menn einnig að breyta frítekjumarkinu fyrir sjóðinn og gefa þeim kost á að fá lán úr sjóðnum sem ekki þurftu á þeirri aðstoð að halda, vaxtalaust lán á þeim tíma. Þá gátu námsmenn sem ekki þurftu á aðstoðinni að halda fengið vaxtalaust lán og og lagt þá peninga í banka. En til þeirra sem þurftu raunverulega á aðstoðinni að halda voru lánin lækkuð. Það var verið að hringla með reglugerðirnar vegna þess að menntmrh. Sjálfstfl., og það hefur einnig gerst nú með hæstv. núv. menntmrh., Ólaf G. Einarsson, dró úr frítekjumarkinu þannig að þeir sem hafa tekjur geta fengið lán úr sjóðnum í dag með 1% vöxtum. Um leið hefur verið opnuð leið af því að menn hafa tekið út úr lögunum hverjar aðstæður námsmanna eiga að vera. Þessu vöruðum við mjög við í umræðunni sl. vor. En á þessum árum er reglugerðinni breytt fimm sinnum.

Síðan gefast ráðherrarnir auðvitað upp, bæði hæstv. fyrrv. menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir og Sverrir Hermannsson. Þegar upp er staðið er skerðingin 20%. Og það er sú skerðing sem leiðrétt var á árinu 1988 frekar en árinu 1989 þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók við aftur. Þá var sú skerðing sem námsmenn höfðu orðið fyrir leiðrétt.

Nú eiga námsmenn auðvitað að taka á sig skerðingu eins og aðrir í þjóðfélaginu, eins og margir launamenn hafa þurft að taka á sig kjaraskerðingu. En þessar skerðingar voru ekki í neinu samræmi við þær. Þær voru miklu meiri. Þetta voru viðbótarskerðingar við þær skerðingar sem námsmenn höfðu orðið fyrir eins og aðrir sem á launum voru á þeim tíma.

Ég ætla ekki að rekja það nákvæmlega hvernig reglugerðunum var breytt á þessum tíma en öllum breytingunum var þó sammerkt að sjálfstæðismenn voru í stól menntmrh. á þeim tíma er breytingarnar áttu sér stað. Af þessu tilefni og þegar menn sáu í hvað stefndi flutti ég sem varaþingmaður hér frv. til laga um breytingu á þessu fyrirkomulagi með öðrum hv. þm., Páli Péturssyni, Guðrúnu Helgadóttur og Ragnari Arnalds. Þar lögðum við til að sérstakri nefnd yrði kom-

ið á fót, samstarfsnefnd námsmanna og menntmrh. með hagstofustjóra sem oddamann og jafnframt formann nefndarinnar. Og það yrði ekki hægt að skerða framfærsluna fyrirvaralaust. Það þyrfti að fara fram mat á því hvort skerðingin væri réttlætanleg. Menntmrh. hefði eftir sem áður úrslitavald, en námsmenn gætu þá undirbúið sig. Það yrði gert með einhverjum fyrirvara og menn gætu búist við að slík breyting mundi skella yfir. Það yrði ekki hægt að gera það fyrirvaralaust.

Þessi brtt. á þeim lögum er þá giltu var samþykkt. Hins vegar var þetta þurrkað út nú eins og margt annað sem þurrkað var út með þessum nýju lögum en var inni í fyrri lögum er giltu og var til þess að tryggja ekki hag heldur tryggja að ekki væri komið aftan að námsmönnum. Eins og ég lýsti í upphafi er nú búið að gera þær breytingar að stjórn lánasjóðsins getur gert hvað sem henni sýnist í þessum efnum. Það geta verið settar úthlutunarreglur sem gilda frá september til áramóta. Svo sjá menn að þær genga ekki, námsmenn fá allt of mikið. Þá geta menn sett enn aðrar úthlutunarreglur frá í janúar til maí.

Þetta frv. sem hér er til umræðu er einmitt til þess að koma í veg fyrir að slíkir hlutir geti átt sér stað. Þegar menn taka þá stóru ákvörðun að fara í nám og fjárfesta þannig í raun og veru í sjálfum sér er gríðarlega mikilvægt, hvort sem menn eru einir eða með fjölskyldu, og skiptir höfuðmáli að menn geti skipulagt starf sitt í náminu, hvaða tekjum þeir megi búast við, hvaða tekjum þeir þurfi að vinna fyrir og hvaða stuðning þeir geti vænst frá lánasjóðnum til þess að geta komist í gegnum þetta. Það er ekki búandi við það óöryggi sem lögin um lánasjóðinn skapa námsmönnum í dag og þingmönnum til skammar. — [Fundarhlé.]

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Eins og forseti gat um í upphafi þessa fundar er áætluð utandagskrárumræða síðar í dag og hefur hún nú verið tímasett kl. 2.45. Umræðan er að beiðni hv. 4. þm. Norðurl. e. og fjallar um hækkun vaxta í félagslega íbúðalánakerfinu. Strax að þeirri utandagskrárumræðu lokinni verður tekið fyrir 14. dagskrármálið, smábátaveiðar.

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Með frv. því sem hér er til umfjöllunar er lagt til að námsmaður sem þiggur lán frá Lánasjóði ísl. námsmanna geti valið milli þess að fá lánað eftir nýjum reglum eða taka lán eftir þeim reglum sem giltu þegar hann hóf nám. Vísað er sérstaklega til þess að námsmenn eiga að geta valið þau vaxtakjör sem giltu þegar þeir hófu nám.

Vextir á námslánum eru breytilegir samkvæmt núgildandi lögum. Þeir eru nú 1% en í lögunum er heimild til að hækka þá allt upp í 3%. Í hugtakinu breytilegir vextir felst að ef einhvern tíma yrði tekin ákvörðun um að breyta þeim, annaðhvort til hækkunar eða lækkunar, mundi slík breyting gilda fyrir öll lán sem tekin eru samkvæmt núgildandi lögum hvort sem lánþegar eru í námi eða hafa lokið því. Raunar er það svo að námslán eru vaxtalaus á námstíma þannig að vextir eru ekki reiknaðir af þeim fyrr en fólk hefur lokið námi sínu.

Ef þetta frv. næði fram að ganga hefði það í för með sér hættu á því að lánþegar hjá Lánasjóði ísl. námsmanna sem taka lán á sama tíma nytu mismunandi kjara. Ég tel að ef lögum um lánasjóðinn er breytt, þá eigi eitt yfir alla að ganga og ég tel óréttlátt að sumum bjóðist betri kjör en öðrum úr sjóði sem að verulegu leyti er fjármagnaður af skattgreiðendum.

Um tíðar breytingar á úthlutunarreglum sjóðsins legg ég áherslu á að með nýjum lögum um lánasjóðinn var rennt stoðum undir rekstur hans og stuðlað að því að ekki þurfi sífellt að vera að breyta reglum vegna fjárskorts. Það ætti að skila sér í meiri festu í starfsemi sjóðsins.

Í umræðunum áðan deildi hv. þm. Finnur Ingólfsson á ráðherra Sjálfstfl. vegna málefna lánasjóðsins á árunum 1983–1988. Ég minni á að þá var Framsfl. í stjórn svo að hann getur ekki firrt sig ábyrgð af því sem var gert í málefnum lánasjóðsins.

Hvað varðar hins vegar ummæli og stóryrði Svavars Gestssonar um stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna og einkanlega formann sjóðsins, sem ekki er í þingsalnum til þess að svara fyrir sig, þá dæma þau ummæli sig sjálf og eru ekki svara verð en það var e.t.v. ekki við öðru að búast úr þessari átt.

Þetta mál kemur til menntmn. þingsins að lokinni þessari umræðu. Þá gefst tækifæri til að taka frv. til vandlegrar og nánari umfjöllunar og eins og réttilega kom fram hér í umræðunum áðan eru raunar fleiri mál þegar komin til menntmn. sem fjalla um málefni sjóðsins.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi ábyrgð Framsfl. á ráðherrum Sjálfstfl. í fyrri ríkisstjórn vil ég segja þetta: Það voru gerðar ítrekaðar tilraunir af hálfu sjálfstæðismanna til að fá framsóknarmenn til þess að fallast á með þeirri ríkisstjórn að standa að víðtækum breytingum á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna eins og þau voru samþykkt 1982. Það náðist ekki samstaða um þessa hluti vegna þess að Framsfl. var ekki tilbúinn til að gera þær grundvallarbreytingar á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna sem sjálfstæðismenn vildi gera. Þess vegna nýttu ráðherrar Sjálfstfl. sér reglugerðarheimildina, sem ég minntist á áðan, í 21. gr. þágildandi laga. Ég held að þetta svari þeirri ádeilu sem hv. þm. Sigríður Anna var með áðan.

Varðandi það að rennt hafi verið tryggum stoðum undir lánasjóðinn með þeim lögum sem samþykkt voru sl. vor, þá er það alrangt. Staðreyndin er nefnilega sú, og þær upplýsingar veit ég að hv. þm. er með í fórum sínum sem formaður hv. menntmn., að framkvæmdastjóri og fjármálastjóri lánasjóðsins komu á fund menntmn. og sýndu fram á að þrátt fyrir lagabreytinguna yrðu lántökur lánasjóðsins á árinu 1996 eða 1997, ég er því miður ekki með þessa pappíra með mér, hærri en nokkurn tímann áður — þrátt fyrir breytinguna sem boðuð var og átti aðallega að vera til þess að koma í veg fyrir auknar lántökur lánasjóðsins. Það

voru meginrökin fyrir breytingunni en þau rök standast ekki lengur vegna þess að það stefnir í að lántökur lánasjóðsins á næstunni verði aldrei meiri en einmitt í tíð núv. ríkisstjórnar. Þetta er framtíðin sem menn sjá.

Flm. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað varðar það sem hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir sagði áðan að ef frv. yrði samþykkt væri verið að mismuna nemendum, þ.e. nemendur gætu á sama tíma tekið lán á mismunandi vöxtum, vil ég vísa til þess, sem ég reyndar gerði í framsöguræðu, að í þeim úthlutunarreglum sem gilda fyrir skólaárið 1992–1993 eru ákvæði um að þeir sem hafa fengið lán vegna skólagjalda á námsárinu 1991–1992 í samræmi við eldri reglur fái áfram skólagjaldalán samkvæmt þeim reglum til að ljúka námi. Er þá ekki verið að mismuna nemendum í þeim reglum sem gilda í dag? Ef hún er svo ákveðin í því að lög og reglur sem gilda um lánasjóðinn eigi að skapa jafnvægi milli allra hvernig stendur þá á því að í 1. gr. laganna var tekið út það ákvæði sem kvað á um jafnrétti til náms? Núna stendur aðeins í 1. gr. að námsmenn skuli hafa tækifæri til náms, ekki einu sinni jöfn tækifæri.

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég lýsti þeirri grundvallarskoðun minni að ef lögunum yrði breytt teldi ég að sama ætti alla ganga.

Hvað varðar það atriði sem hv. þm. Jóna Valgerður nefndi áðan að út úr fyrri lögum hefði verið tekið ákvæði sem þar átti að hafa verið um jafnrétti til náms vil ég upplýsa það hér að slíkt ákvæði var ekki í lögunum. Það var nýmæli í þeim lögum sem voru samþykkt hér sl. vor að taka slíkt ákvæði inn.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það kann að vera að bera í bakkafullan lækinn að ræða málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það hefur lítinn árangur borið þótt töluverðum tíma hafi verið í það eytt á þinginu. Ég kem hingað til þess að lýsa stuðingi við frv. sem hér liggur fyrir á þskj. 248. Sú hugsun sem í því felst er auðvitað alveg rétt. Menn hafa hafið nám hérlendis og erlendis með þann bakhjarl að þeir gætu náð endum saman með því sem þeir máttu vænta frá Lánasjóði ísl. námsmanna. Það er óþolandi að koma svo aftan að þessu fólki sem er komið mislangt í námi og gjörbreyta öllum kjörum þess.

Erfiðast er þetta að sjálfsögðu fyrir fólk sem er erlendis. Það er nú einu sinni svo að menn velja sér oftast háskóla eftir því hvar eru taldar góðar deildir í þeirri grein sem námsmaðurinn er í en auðvitað eru líka misjafnlega góð kjör í hinum ýmsu löndum. Þessar síðustu breytingar hafa komið mjög harkalega niður á stúdentum sem stunda nám í Bandaríkjunum vegna þess að svo hefur verið um dálítinn tíma að margir hafa freistast til að fara þangað vegna þess að þeir hafa haft þar tiltölulega góð kjör. Vitaskuld er dýrt að vera í Bandaríkjunum en í skjóli þess að mjög margir íslenskir námsmenn hafa fengið skólagjöldin greidd, annars hefðu þeir kannski ekki lagt í að fara til Bandaríkjanna, hefur framfærsla námsmanna í Bandaríkjunum verið reiknuð svo lág að hún á sér enga staði. Það er gersamlega útilokað eins og lesa má hér í þessum ágæta bæklingi frá stjórn lánasjóðsins að hjón með eitt barn geti hugsanlega lifað af 1.100 dollurum á mánuði. Í því felst einfaldlega það að upp undir það ¾ af þessari upphæð fer í húsaleigu. Matur er ódýr í Bandaríkjunum en húsnæði er afar dýrt. Menn hafa látið þetta kvörtunarlaust vegna þess að þeir hafa talið sig búa við sæmileg kjör þrátt fyrir þetta með því einkum og sér í lagi ef menn hafa fengið skólagjöldin greidd.

Það er alveg hægt að segja frá því hvernig þetta kemur út í tölum. Námsmenn sem njóta skólagjalda frá Bandaríkjunum og stunda þar nám hafa fengið um það bil 10 þús. dollara frá Lánasjóði ísl. námsmanna á ári. Nú eins og hendi sé veifað er það lækkað niður í 5 þús. dollara. Ég kann ekki við að spyrja hv. formann menntmn., sem ekki ber ábyrgð á þessum aðgerðum nema að takmörkuðu leyti frekar en aðrir hv. þm. stjórnarinnar, en hverjum ætla menn að greiða þennan mismun? Það er rétt eins gott að þessir námsmenn eigi foreldra sem að einhverju leyti geta komið þarna á móti. Þó hygg ég að það standi í allflestu launafólki.

Þetta eru svik við það sem farið var af stað með. Þess vegna er það afskaplega vanhugsað þegar hv. 10. þm. Reykn. og formaður menntmn. telur af og frá að frv. hv. 6. þm. Vestf. sem hér liggur fyrir feli í sér nokkurt réttlæti og eitt verði yfir alla að ganga. Þetta er alrangt vegna þess að sá sem er að hefja nám veit þó að hverju hann gengur. En hjá fólki sem í bestu trú hóf nám fyrir einhverjum árum og er kannski langt komið í námi breytir þetta öllum kjörum og allri aðstöðu. Ég þekki dæmi þess að fólk hefur hrökklast heim frá námi af þessum ástæðum. Getur það verið tilgangur hæstv. ríkisstjórnar að hrekja fólk frá námi sem á kannski 1–2 ár eftir? En svo erfitt getur þetta orðið að það hefur gerst. Svo einfalt er það.

Það er stundum talað um námsmenn eins og einhverja unglinga sem foreldrar eigi í raun og veru — þó enginn segi það — meira og minna að styðja. Við erum hins vegar að tala um fólk sem alla jafna er með fjölskyldu og börn á framfæri. Ég hygg að allir kunni næstum utan að ræðurnar sem haldnar hafa verið af mörgum hv. þm. um mikilvægi þess að fyrstu æskuár barna séu á þann veg að þau njóti þess öryggis sem þau búi að alla ævi og ýmislegt sem aflaga fari í þeirra lífi síðar sé tilkomið vegna dapurlegrar barnæsku. Ég vil leyfa mér að spyrja: Á þetta ekki við um börn námsmanna? Hvað er það sem börn annarra þurfa fremur en börn námsmanna? Hvaða þarfir eru það sem börn námsmanna þurfa ekki að fá uppfyllta?

Ég held að við verðum að reyna að gleyma því í eitt skipti fyrir öll og horfast í augu við að hér er um fullorðið fólk að ræða sem ber ábyrgð á sér og fjölskyldu sinni og hefur ekkert fyrir sér gert annað en það að vilja leggja í margra ára erfiði til þess að afla þekkingar í þetta samfélag okkar.

Ég ætla að leyfa mér að taka sem dæmi og taka þar

með undir ræðu hv. 9. þm. Reykv. um fáránleikann sem stjórn lánasjóðsins hefur stundað á þessu ári. T.d. liður 4.7 í nýjum reglum sem hún ein hefur sett og ég trúi því ekki að ráðherra hafi ætlast til þess. — Ég bið formann hv. menntmn. að hlusta. Liður 4.7 Lán vegna bóka, tækja og efniskaupa. Hann hjóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er að veita mönnum lán vegna bókakaupa. Lán þessi skulu að jafnaði nema 30% af grunnframfærslu í einn mánuð á hverju skólaári."

Gott og vel. Ef grunnframfærslan er lækkuð stórlega, þá lækkar framlag til bókakaupa líka og ég spyr: Eru bækur ódýrari nú? Það er ekkert vit í þessu, það er ekki heil hugsun í þessu. Það er eins og fólk með óráði, ég vil ekki segja illan vilja þó að það hljóti að læðast að manni, hafi verið hér að verki. Þetta nær ekki nokkurri einustu átt. Hvers vegna skyldi framlag til bóka lækka ef stjórninni þóknast að lækka framlög til framfærslu?

Allar þessar reglur eru á þennan veg. Eins og hv. 9. þm. Reykv. sagði er þetta alla vega unnið af fólki sem hefur ekki hugmynd um í hverju líf venjulegra námsmanna er fólgið og hvers þeir þarfnast. Stjórnin hefur, ég leyfi mér að fullyrða þetta hér, farið langt út fyrir sitt verksvið og virðist hafa verið látin valsa þar alveg gjörsamlega óáreitt. Það væri vert að segja frá þeim vandræðum sem fólk hefur staðið í af þessum sökum en til þess er ekki tími.

Hæstv. menntmrh. margendurtók að það yrði lánað fyrir vöxtum sem fólk verður að greiða vegna þess að nú þarf allt í einu að taka lán upp í væntanleg námslán. Það er ósatt. Það hefur verið greidd föst upphæð sem er langt undir því sem við verðum að greiða fyrir tekin lán þangað til námslánið kemur. Að ég tali ekki um það ágæta dæmi sem hv. 9. þm. Reykv. tók áðan vegna stúdentanna við háskólann hér sem eru skyldaðir til að skila inn 100% námsárangri jafnvel þó að skólinn geti ekki séð þeim fyrir kúrsunum sem þeir eiga að sækja vegna þess að það er búið að skera háskólann svo mikið niður. Þetta er slík endileysa að það er alveg yfirskilvitlegt að hv. þm. skuli sætta sig við að hafa þetta svona.

Ég veit ekki hvort menn á hinu háa Alþingi hafa almennt lesið lítinn bækling sem gefinn var út af Lánasjóði ísl. námsmanna sem inniheldur annars vegar nýju lögin og hins vegar úthlutunarreglurnar. Þessi lesning er með hreinum ólíkindum.

Auðvitað er ekkert brýnna en að afnema það fáránlega ákvæði að menn fái námslán greidd eftir á. Það er ósköp einfalt að segja eins og hér hefur oft verið sagt af hálfu stjórnarinnar: Bankarnir eiga að vera liprir og lána námsmönnum þar til námslánin koma. Í fyrsta lagi eru bankarnir ekkert sérstaklega liprir. Það er mjög misjafnt. Í öðru lagi verður að hafa ábyrgðarmenn fyrir öllum þessum lánum og það er ekki allt fólk sem getur fengið ábyrgðarmenn á lán sem eru háð því að námsmenn nái prófi. Það getur auðvitað ekkert foreldri eða umboðsmaður gulltryggt það. Að sjálfsögðu ekki. Og hingað til hefur það ekki þótt nein stórfrétt þótt menn hafi orðið að taka próf í háskóla aftur á næstu önn. Ég hygg að það sé algengara en ekki. En það þýðir að námslánið lækkar.

Á hverjum bitnar þetta svo einnig? Á kennurum skólans. Auðvitað kvarta þeir undan því að þeir eru undir pressu. Það er ekki þeirra að tryggja nemendum námslán. Auðvitað eiga þeir að reyna að kenna fólkinu eitthvað. En nú er komin á þá sú kvöð að ef nemandinn fær ekki tilskilda einkunn, þá er afkomu hans ógnað. Ég get mjög vel skilið að kennarar við háskólann séu ekki ánægðir með að þurfa að vera að hugsa um fjárhag nemenda sinna. En sem manneskjur eru þeir auðvitað neyddir til að leiða hugann að því.

Allt er þetta með hreinum eindæmum. Það er skrýtið en eftir að kommúnisminn féll, þá virðist eins og Sjálfstfl. sé gersamlega heillum horfinn. Hann rennir meira að segja ekki lengur augunum til Bandaríkjanna en þar var hinn nýkjörni forseti að halda sína fyrstu stefnuræðu, og á hvað leggur hann áherslu? Á skóla- og menntamál. Það er þangað sem hann ætlar að láta fjármuni ríkisins, skynsamur maður, Clinton. En ekki einu sinni geta sjálfstæðisþingmenn lengur litið til vina sinna í vestri, liggur við að þeir horfi meiri harmsaugum til þeirra í austri en það er önnur saga. Það er líklega út af saltsíldinni sem hvarf. En það hefði nú verið nær að láta heimskommúnismann í friði og hugsa um það þjóðfélag sem þeir eiga að bera ábyrgð á.

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Hér er auðvitað allt vel þegið sem lýtur að því að koma einhverju viti í Lánasjóð ísl. námsmanna og úthlutanir úr þeim sjóði og þess vegna mun ég að sjálfsögðu styðja þetta frv. og ég vænti þess að hv. formaður menntmn. og að mér skilst næsti hæstv. menntmrh. sjái sóma sinn í að hafa ekki það eitt sér til ágætis unnið að gera líf íslenskra námsmanna næstum óbærilegt.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér finnst nú þýðingarlítið að ræða þetta mál að viðkomandi ráðherra fjarstöddum. Ef ég væri 1. flm. þess, þá mundi ég óska eftir því að umræðunni yrði frestað þangað til hæstv. menntmrh. gæti gefið sér tóm til að vera viðstaddur umræðuna því að sannarlega er ástæða fyrir alþingismenn að eiga orðastað við hann sem ábyrgðina ber fyrir hönd ríkisstjórnarinnar á því hvernig komið er málum.

Nú var því að vísu fleygt í Alþýðublaðinu í gær eða fyrradag að hv. 10. þm. Reykn. væri væntanlega menntamálaráðherraefni Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Hann er við.) og verið að gera því skóna að núv. menntmrh. hyrfi af vettvangi og hv. 10. þm. Reykn. kæmi þar í staðinn. Þetta var bara í Alþýðublaðinu sem þessi viska stóð. Mér er ekki kunnugt um það að menntamálaráðherraskipti hafi orðið enn þá þó að kannski séu þau í vændum og þar af leiðandi er það ekki nægilegt að hv. þm. sé viðstödd þessa umræðu, hv. verðandi menntmrh. ef ég mætti svo segja. Það gengur svo langt að hinn djarfi og ötuli formaður þingflokks Alþfl., Össur Skarphéðinsson, 17. þm. Reykv. sem hefur tekið að sér að vera sérstakur böðull á námsmenn fyrir hönd flokks síns, alveg sérstakur böðull, er

ekki einu sinni hér í salnum og þá sé ég ekki að það hafi neina þýðingu að ræða þetta eða orðlengja um málefni lánasjóðsins. Ég mun a.m.k. ekki gera það fyrr en viðkomandi ábyrgðarmenn eru til staðar.

Ég get látið þess getið, frú forseti, að ég styð þetta frv. Það gengur að vísu allt of skammt, það er einungis tekið á einum þættinum af fjölda, fjölda mörgum sem þarf að laga í lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það verður nefnilega að gerbreyta þessum lögum. Það er komin reynsla á þessi lög. Það er komin reynsla á það að þau loforð sem hæstv. menntmrh. gaf þegar hann var að reyna að sýna námsmönnum huggarann hérna í fyrravor verða ekki efnd. Ekki dreg ég það í efa að þegar hann var að lofa, þá hafi hann gert það í góðri trú og góðri meiningu. En einhvern veginn hefur það farið svo að það hefur farist fyrir hjá honum að efna þessi loforð, væntanlega vegna þess að hann hefur ekki haft afl til þess. En reynslan hefur sýnt að þessi lagasetning er gersamlega óhæf. Hún var að vísu sett námsmönnum til höfuðs. Hún var sett til þess að skerða hlut námsmanna og það tókst. En menntakerfið í landinu beið varanlegan skaða af lagasetningunni og tilgangurinn með lagasetningunni var rangur, hann var vanhugsaður, að fara að ganga svona milli bols og höfuðs á námsmönnum. Þetta er sem sagt óréttlát lagasetning. Hún var sett námsmönnum til bölvunar. Hún er óhæf og þessum lögum verður að breyta. Ég er ekki að segja að við eigum að taka stafrétt upp fyrri lög, en það er alger meginnauðsyn að breyta þessum lögum, núgildandi lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna í verulegum atriðum, m.a. að takmarka hið víðtæka reglugerðarvald og ákvörðunarvald sem stjórn sjóðsins er heimilt samkvæmt lögunum og var einn megingalli þeirra, að stjórn sjóðsins getur nánast gert hvað sem er. Og aumingja hæstv. menntmrh. verður að bera ábyrgð á öllu saman.

Það hefur margoft komið fram að við framsóknarmenn munum ekki una þessum lögum. Við munum gangast fyrir breytingum strax og við fáum aðstöðu til sem vonandi verður nú þjóðarinnar vegna ekki allt of langt að bíða. En þangað til hæstv. menntmrh. eða nýr menntmrh. sér sér færi að sitja hér á þingfundum, þá ætla ég ekki að fara að ræða málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna í einstökum atriðum. En ég vek athygli, frú forseti, á því að enginn hæstv. ráðherra hefur séð sér fært að sitja þennan fund og ég vil beina því til forseta hvort sé tiltækilegt — þetta er ekki fyrsti fimmtudagurinn sem alla ráðherrana vantar — að vera yfirleitt að halda fundi ef engir fulltrúar ríkisstjórnarinnar eru viðstaddir eða treysta sér til eða nenna að koma hér í salinn.

Flm. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim sem hafa tekið til máls, sérstaklega þeim fulltrúum sem hafa tekið mjög jákvætt í þetta mál. Það sama verður ekki sagt um hv. formann menntmn. og gat ég raunar átt von á því eftir þá málsmeðferð sem frv. um lánasjóðinn eða málefni lánasjóðsins fengu hér á sl. vetri.

Hvað varðar athugasemdir hennar áðan um það að ekki hafi verið í lögunum, fyrri lögum, ákvæði um jafnrétti til náms, þá er það að sjálfsögðu rétt hjá henni og hefur það verið mismæli hjá mér að það hafi staðið í fyrri lögum. Hins vegar var það mikið rætt og það voru tillögur í þá veru á sl. þingi þegar verið var að ræða lögin um lánasjóðinn að jafnrétti til náms yrði inni í lögunum og í öðru lagi ef það fengist ekki að það yrði þá ákvæði um jöfn tækifæri til náms. Hvorugt þetta fór inn í núverandi lög þannig að í þeim stendur í 1. gr., með leyfi forseta:

„Hlutverk Lánasjóðs ísl. námsmanna er að tryggja þeim sem falla undir lög þessi tækifæri til náms án tillits til efnahags.“ Þannig að hvorugt þetta er í lögunum þótt mikið hafi verið um það rætt á sl. vetri að það yrði þar.

Ég ætla aðeins að svara hér hv. 1. þm. Norðurl. v. sem nefndi það að væri hann 1. flm. þessa frv. þá mundi hann óska eftir því að umræðunni væri frestað þar sem viðkomandi ráðherra væri ekki viðstaddur. Ég vil upplýsa hann um það að ég hef tvisvar sinnum áður þegar þetta mál hefur verið sett á dagskrá óskað eftir því að það yrði tekið út af vegna þess að ráðherra var ekki viðstaddur. Nú var það held ég í fjórða sinn sett hér snemma á dagskrána í dag og hæstv. ráðherra hafði samband við mig í morgun og tilkynnti mér að hann væri veikur og gæti þar af leiðandi ekki mætt en mundi gera ráðstafanir til þess að formaður menntmn. yrði og svaraði fyrir hann og hann hafði samband við formanninn vegna þess. Ég reyndar nefndi þetta hér í framsöguræðu í morgun, en þá mun hv. 1. þm. Norðurl. v. ekki hafa verið hér viðstaddur.

Hvað varðar aðra athugasemd hans um það að frv. gangi ekki nógu langt, þá gat ég þess einnig í framsöguræðu að ég teldi mörg ákvæði þess eðlis í núverandi lögum um lánasjóðinn að þeim þyrfti að breyta og þetta væri aðeins tilraun til þess að breyta einu atriði og nefndi einmitt að hér lægju fyrir Alþingi frv. frá alþýðubandalagsmönnum um breytingar á 6. gr. sem ganga enn frekar í þá veru að breyta henni og einnig þáltill. frá framsóknarmönnum sem er um endurskoðun á lögunum þannig að það eru vissulega til umfjöllunar í þinginu ýmsar tillögur um breytingar á lánasjóðnum. En eftir allar þær umræður sem hér fóru fram á síðasta þingi um málefni lánasjóðsins þar sem frv. var rætt fram og aftur og hver grein tekin mjög vel í gegn, þá taldi ég ekki grundvöll fyrir því, a.m.k. ekki að það mundi skila neinu að fara að gera víðtækari brtt. Mér fannst rétt að reyna þetta vegna þess að ég tel að þessi breyting sé ekki, eins og kom fram hjá hv. 9. þm. Reykv., þess eðlis að hún kosti mikil fjárútlát fyrir ríkissjóð heldur væri í þá veru að svolítið meira réttlætis væri gætt. Ég hef ekki skipt um skoðun á því þó svo hv. formaður menntmn. haldi því fram að þarna mundi verið að mismuna fólki. Ég get alls ekki fallist á það vegna þess að hér er einmitt verið að taka tillit til fölskyldna, taka tillit til námsmanna sem eru að hefja nám og gera þeim það kleift að gera sínar áætlanir og þeir geti reiknað með þeim ákvörðunum sem standi út þeirra nám og þeir byggi sína framtíð á því en ekki að því sé breytt eftir e.t.v. fyrsta námsárið. Ég

tel að þarna sé verið að gæta réttlætissjónarmiða sem vel sé hægt að koma fyrir inni í lögum eða reglugerðum.

Hvað varðar annað sem hér hefur verið rætt um reglugerðarsetningar og ekki hvað síst reglugerðarsetningu sem byggir á lögum um lánasjóðinn, þá hef ég reyndar oft gagnrýnt það hér í þessum ræðustól hvernig staðið er að setningu reglugerða og hvernig ákvæði eru í lögum um heimildir til ráðherra að setja reglugerðir um nánast alla skapaða hluti hvað varðar þann tiltekna málaflokk sem lögin taka á í hverju tilfelli. Sem dæmi get ég nú nefnt það að þegar við voru að ræða hér fyrir áramótin um fjárlög íslenska ríkisins þá var mikið rætt um 500 millj. kr. sem í heilbrigðismálunum átti að skera niður með því að lækka barnabætur. Hér var gerð hörð hríð að hæstv. heilbrrh. fyrir þær tillögur að lækka barnabætur um 500 millj. kr. til þess að bæta hag ríkissjóðs. Þessu var í raun breytt hvort sem það var nú vegna þess að mjög hart var sótt í því eða einhvers annars. Alla vega sá ríkisstjórnin að sér í því og þessi 500 millj. kr. skerðing á barnabótunum og barnabótaaukanum var ekki látin fara í gegn. Stjórnarandstaðan hafði uppi miklar efasemdir og harða gagnrýni á þetta.

En hvað skeður svo? Núna meðan við vorum í þinghléinu kemur tilkynning, reglugerðarbreyting frá hæstv. heilbrrh. þar sem hann breytir lyfjareglugerðum og greiðslum á lækniskostnaði m.a. sem eigi að spara ríkissjóði milli 600–700 millj. kr. Þetta getur ráðherra gert með því að setja reglugerð og vísa þar í einhverjar heimildir í lögum sem hann trúlega hefur. Ekki ætla ég að fara að segja að hann sé að brjóta lög, en hann getur þarna sett reglugerðir sem með einu pennastriki breyta hag heimila, fjölskyldna í landinu, barnafólks m.a., með því að þarna er bætt á þessa aðila 600–700 millj. kr. með þessum breytingum. Um þetta höfðu þingmenn ekkert að segja. Reglugerðir eru svo sem kunnugt er ekki bornar undir samþykkt Alþingis. Heilbrrh. í þessu tilfelli gefur þær út og þær eru birtar í Stjórnartíðindum og þar með verða allir viðkomandi aðilar að hlíta þessum reglugerðum. Ég tel að það þurfi að breyta því hvernig reglugerðir eru afgreiddar frá ráðuneytum. Það væri hægt að hugsa sér að viðkomandi fagnefnd mundi fjalla um þær reglugerðir. Þær eru venjulega byggðar á lögum sem sú fagnefnd hefur skoðað, farið vel í gegnum og trúlega haft þá eitthvað fyrir sér í því að setja þessa reglugerðarheimild inn en síðan hefur hún ekkert um það að segja hvernig reglugerðin kemur endanlega til með að líta út.

Ég get einnig vitnað í það að sveitarstjórnir víða um land hafa sagt mér það að þeir hafi ekki við að taka við tilkynningum, reglugerðum, um hinar og þessar gjaldskrárbreytingar sem hafi geysileg áhrif á afkomu sveitarsjóða og þetta er ekki neins staðar tilkynnt í lögum. Þetta eru reglugerðir sem ráðuneytin og ráðherrar senda út og er ekkert um fjallað á Alþingi þó að þetta snerti hag landsmanna á mjög víðtækan hátt. Ég tel að það þurfi að skoða það alveg upp á nýtt hvernig staðið er að því að leyfa ráðherrum eða þeir hafi heimildir til reglugerðarsetninga, mér liggur við að segja ótakmarkað. Nú er ég ekki að segja að þetta þurfi endilega að gilda um allar reglugerðir. Reglugerðir geta verið smávægilegar, e.t.v. staðfesting á einhverjum gjaldskrárbreytingum sem tilkomnar eru að beiðni stofnana úti um allt land, en þær geta líka verið mjög afdrifaríkar þannig að þetta er mál sem þarf að skoða betur.

Ég vil endurtaka það að ég þakka þeim sem hér hafa tekið jákvætt í þetta frv. og vænti þess að um það verði fjallað og það afgreitt í menntmn. Við fáum þá að sjá ef það er afgreitt neikvætt. En samkvæmt því sem hv. formaður nefndarinnar upplýsti hér áðan, þá mun e.t.v. vera meiri hluti fyrir því í ríkisstjórn og ríkisstjórnarflokkunum að þetta verði ekki samþykkt en þá fáum við að sjá hug ríkisstjórnarinnar til þess að reyna að gæta réttlætis í lagasetningu fyrir landsmenn.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum dögum var hér stödd skólamálanefnd norska Stórþingsins. Við vorum svo heppin að fá að hitta þessa norsku þingmenn og eitt af því sem vakti athygli við nefndina var það að formaður hennar var úr stjórnarandstöðuflokki. Hann sagði mér frá því að stjórnarandstöðunni hefði tekist að hafa þau áhrif á þróun skólamála t.d. að það hefði verið tekin ákvörðun um það nýlega að taka 6 ára börn með tilteknum hætti inn í skólakerfið. Það hefði verið tekin ákvörðun um það að lengja skólatímann í grunnskólum og hann fullyrti að þetta væri fyrir málflutning stjórnarandstöðunnar inni í nefndinni. Því kemur mér þetta í hug að hér áðan var hv. 6. þm. Vestf. að mæla hér fyrir máli og gera grein fyrir því núna fyrir skömmu að hún teldi nánast örvænt um að málið yrði afgreitt hér í þinginu með jákvæðum af því að formaður menntmn. væri þegar búinn að tala. Meiri hlutinn hefur talað og þar með er okkur sem sagt ýtt út af borðinu. Auðvitað geta menn kallað þetta stóryrði ef þeir vilja. Auðvitað geta menn kallað sannleikann yfirleitt stóryrði og þar með sagt sem svo: Þau eru ekki svaraverð, sannleikurinn er ekki svaraverður. En þetta er nú engu að síður sá veruleiki sem við stjórnarandstæðingar búum við á Alþingi Íslendinga árið 1993 að því er slegið alveg föstu áður en málið fer nokkuð af stað að það sé ekkert á þetta hlustandi og það eigi bara að henda þessu út af borðinu.

Nú er þetta frv. frá hv. 6. þm. Vestf. í raun og veru ekki stórfellt kerfisbreyting á lánasjóðsmálunum út af fyrir sig. Hér er um að ræða almennt mál tel ég vera. Ég tel reyndar að það að breyta vöxtum eftir að lán hafa verið tekin standist tæplega grundvallarviðhorf hér sem jafnvel koma fram í hinni ófullkomnu stjórnarskrá lýðveldisins þar sem kveðið er á um það að skattar megi ekki vera afturvirkir. Það er nákvæmlega það sama sem verið er að gera með því að hækka vexti eftir að fólk hefur skrifað undir lánapappíra, það er verið að skattleggja það eftir á. Það er verið að gera fólki að búa við allt önnur skilyrði en það samþykkir þegar það tekur lánið þannig að ég tel að hér sé hreyft fyrst og fremst almennu sanngirnismáli miklu frekar heldur en hér sé um að ræða einhverja byltingu að því

er varðar Lánasjóð ísl. námsmanna. Þetta mál er auðvitað þeim mun brýnna nú en oft áður að það unga fólk okkar sem hefur lokið námi og hefur verið kannski á lánum lengi er skuldum vafið. Þessu fólki er núna ætlað að taka lán í húsnæðiskerfi þar sem þannig er um hlutina búið að stjórnvöld geta líka hækkað vextina svo að segja eins og þeim sýnist. Það er ofboðslegt að hugsa til þess að við erum hér á næstu árum þegar þetta lánasjóðskerfi hefur gengið einhvern tíma með þúsundir og aftur þúsundir ungra fjölskyldna hér í landinu sem eiga það á hættu að kannski séu hækkaðir raunvextir á 10 millj. kr. námsskuldum og húsnæðisskuldum og kollvarpað þannig allri tilveru þessa fólks. Þetta gengur ekki, virðulegi forseti. Þetta gengur ekki neitt. Þess vegna verð ég að segja alveg eins og er að ég tel að hérna sé hreyft ákveðnu grundvallaratriði sem við eigum að ræða í allri vinsemd og ekkert að ýta því út af borðinu bara af því að einhver stjórnarandstæðingur er að flytja þetta. Það gengur auðvitað ekki neitt vegna þess að hér eiga að vera lýðræðisleg skoðanaskipti og menn eiga að bera saman bækur sínar og prófa rök og gegnrök hver á öðrum. Auðvitað getur vel verið að við höfum oft vitlaust fyrir okkur í stjórnarandstöðunni en við höfum örugglega ekki alltaf vitlaust fyrir okkur, ekki alltaf. Og það er alveg eins með stjórnarlið. Það getur vel verið að það hafi oft rétt fyrir sér en það hefur örugglega ekki alltaf rétt fyrir sér.

Ég tel þess vegna, virðulegi forseti, að hér sé hreyft máli sem eigi að skoða af fullri alvöru og leiðir auðvitað hugann að hinni almennu stöðu stjórnarandstöðunnar hér í þessari stofnun. Við vorum að setja hér ný lög um þingsköp og sameina Alþingi í eina málstofu vorið 1991 og samt er það þannig að stjórnarandstæðingum er ekki treyst fyrir forustu í einni einustu þingnefnd. Þetta tíðkast hvergi á byggðu bóli, ég segi hvergi. Ég hef rætt þetta við kollega mína hér í þingum ekki aðeins Norðurlanda heldur í Vestur-Evrópu og þetta er óþekkt fyrirbrigði að stjórnin einoki hvern einasta póst í nefndum þingsins. Það er algerlega óþekkt fyrirbrigði. Þess vegna tel ég að við eigum að skoða þetta mál af fullri alvöru og ég fer fram á að það verði gert fordómalaust í tengslum við önnur mál Lánasjóðs ísl. námsmanna sem hér hafa verið til meðferðar.

Ég hreyfði því fyrr í dag að reglurnar um lánasjóðinn væru slæmar og þær væru óframkvæmanlegar vegna þess að reglur um námsframvindu í lánasjóðnum ganga ekki upp miðað við skipulag háskólans. Ég skora á þingmenn stjórnarliðsins og alveg sérstaklega formann menntmn. að kynna sér þær kvartanir sem eru að berast til lánasjóðsins þessa dagana frá nemendum sem geta ekki uppfyllt reglurnar af því að háskólinn veitir ekki þá þjónustu sem reglurnar gera kröfur um. Ég hafna því algerlega að lýsingar á þessu kerfi séu afgreiddar út af borðinu með því að þær séu stóryrði og þau séu ekki svaraverð. Ef stjórnin ætlar að meðhöndla stjórnarandstöðuna með þessum hætti, þá krefst það náttúrlega alveg nýrrar skoðunar mála og vinnubragða af okkar hálfu. Ég veit ekki betur en stjórnarandstæðingar yfirleitt, þó að frá því séu að sjálfsögðu undantekningar eins og gengur, hafi reynt að meðhöndla þetta mál eins og önnur málefnalega, bæði í þingnefndum og hér í umræðum. Þess vegna verð ég að segja það alveg eins og er að ég kann ekki að meta það þegar lýsingar á reglum lánasjóðsins eru afgreiddar þannig að það sé ekki svaravert. Ég tel að maður hafi auðvitað oft orðið að sitja undir því af hálfu hæstv. ráðherra og ég held að það sé ekki til bóta að þingmenn sem maður á samstarf við í nefndum þingsins kjósi að afgreiða hlutina með þeim hætti.

Hv. 6. þm. Vestf. gagnrýndi það hér áðan hvernig hagað er reglugerðarvaldi almennt og ég verð að segja eins og er að ég er ekki að öllu leyti sammála þingmanninum. Ég tel að Alþingi eigi ekki að vera að fást við einstök útfærsluatriði framkvæmdarvaldsins. Hins vegar tel ég að lagarammi eigi að vera skýr þannig að það sé ekki nein tvímæli fyrir ráðherra þegar hann setur reglugerð á hvaða slóðum hann á að halda sig. En svo vill til út af þeim dæmum sem hún nefndi að fyrir jólin voru sett lög um breytingu á lögum um almannatryggingar að undirlagi ríkisstjórnarinnar þar sem voru opnar skattlagningarheimildir upp á fleiri milljarða kr. Ég benti á þetta hér í umræðum og sömuleiðis hv. 5. þm. Vestf. man ég vel eftir að samkvæmt breytingunum á almannatryggingalögunum er í raun og veru unnt svo að segja að afnema stuðning ríkisins við lyfjakaup. Það er þannig. Þó að það verði auðvitað ekki gert, þá er þetta galopið og þess vegna er það þannig að þegar ráðherrann kemur hérna og segir við okkur í heilbrn. og víðar: 500 millj. kr. á þetta að gefa, þegar plaggið kemur út milli jóla og nýárs þegar hann var búinn að ákveða hver ætti að fá verkið þarna fyrir vestan sem hann var að skoða yfir jólin eins og kunnugt er, undir jólatrénu, þegar hann var búinn að ákveða hvaða krati fengið verkið fyrir vestan, þá gaf hann út reglugerð sem gaf 200 millj. kr. meira í ríkissjóð með skattlagningu á þá sem þurfa að nota lyf. Þetta er alveg vonlaust mál og ég held reyndar að þetta sé þannig að það sé mjög hæpið að þetta standist grundvallarstjórnskipun okkar að framselja skattlagningarvald. Skattlagningarvaldið er Alþingis samkvæmt lögum og stjórnarskrá en ekki framkvæmdarvaldsins. Ég er þess vegna að sumu leyti sammála hv. þm. en að sumu leyti ósammála. Ég teldi ekki að það væri til bóta að Alþingi væri að grauta í einstökum reglugerðum. Hins vegar á Alþingi að temja sér það að setja skýr lög.

Auðvitað var ekki hlustað á þessar ábendingar mínar eða hv. 5. þm. Vestf. fyrir áramótin. Auðvitað hlustar ekki ríkisstjórnin á svoleiðis lagað, auðvitað ekki. Hún hefur meiri hlutann og stjórnarandstaðan er ekki þess virði svo mikið sem leggja eyrun við því hvað hún segir, hvað þá heldur meir. Og það er ekki hægt, það er óframkvæmanlegt að tala þannig úr þessari stofnun, í þessum stól með því afli eða af þeim krafti eða þeirri skynsemi að það smjúgi í gegnum þær leðurhlustir sem stjórnarliðið hefur komið sér upp að mér sýnist með samræmdum hætti í þessum skilningarvitum sínum eftir að núv. ríkisstjórn var stofnuð. Það er ekki hlustað á stjórnarandstöðuna, það má ekki. Einu

rökin sem hv. 10. þm. Reykn. var með gegn þessu máli sem hér á dagskrá, hver voru þau? Þau voru þau að þá yrði fólk með mismunandi kjör. Að sjálfsögðu, ef þeim yrði breytt. Þá yrðu þau mismunandi, já. Þá er auðvitað ein leið í þessu að hafa þau ekki mismunandi og breyta þeim ekki, hafa þau föst og ákveða bara að vextirnir skuli vera 1% alltaf og breyta lögunum á ný og fella niður heimildina til að hækka þetta í 3%. Það er hægt og það er auðvitað skynsamlegasta leiðin. Ef stjórnarliðið vill láta taka mark á sínum rökum, þá væri skynsamlegast að segja sem svo: Vextirnir eru fastir. Það eru í raun og veru rökin sem stjórnarliðið sjálft flytur gegn þessu máli. En vitaskuld er það svo að í alls konar lánakerfum eru mismunandi vextir eftir því hvenær fólk hefur tekið lánið. Það er ekki aðeins dæmi um það í þeirri fjárfestingu sem heitir menntun. Það er líka t.d. í félagslega íbúðalánakerfinu. Mig minnir að það sé þannig að sú vaxtabreyting sem var ákveðin núna á dögunum í félagslega kerfinu nái til þeirra sem tóku lán eftir 1984 vegna þess að það er tiltekið. En þeir sem tóku lán fyrir þann tíma eru á gömlu kjörunum og þá er fólk á tvenns konar kjörum inni í því kerfi. Það er hægt að nefna ótal dæmi og það þekkir örugglega betur en ég hv. 4. þm. Norðurl. v. með mismunandi kjör á hliðstæðum fjárfestingarlánum Fiskveiðisjóðs svo að ég nefni annað dæmi eða Stofnlánadeildar landbúnaðarins eða Iðnlánasjóðs. Þannig að þetta eru engin rök í málinu, ekki í þessu máli, kannski í einhverju öðru máli. Og með hliðsjón af því tel ég að þar sem engin rök hafa komið fram í málinu gegn því, þá eigi að skoða það með jákvæðum hætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Iðn- og verkmenntun, fyrri umr.

Þáltill. StG o.fl., 218. mál. — Þskj. 260.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég tala hér fyrir till. til þál. um endurmat iðn- og verkmenntunar sem ég flyt ásamt þeim þingmönnunum Finni Ingólfssyni, Valgerði Sverrisdóttur og Guðna Ágústssyni. Tillaga um sama efni var flutt á síðasta þingi og fékk góðar undirtektir hjá þeim þingmönnum sem tóku þá til máls. En tillögunni var síðan vísað að lokinni umræðu til menntmn. sem því miður afgreiddi málið ekki frá sér þrátt fyrir mjög jákvæðar umræður hér í þinginu og einnig mjög jákvæðar umsagnir sem bárust um málið og því er nú þessi tillaga hér endurflutt. En í till. segir svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að ein af forsendum þess að innlendur iðnaður standist aukna samkeppni háþróaðra iðnríkja sé að nauðsynlegar úrbætur verði gerðar á iðn- og verkmenntun í landinu. Forsenda aukinnar framlegðar í íslensku atvinnulífi muni í næstu framtíð byggjast á frekari sérhæfingu og vaxandi verkmenntun. Margvísleg rök hnígi að því að iðn- og verkmenntun verði nú skilgreind að nýju með tilliti til fjölbreytilegra nýjunga í verklegu og bóklegu námi, bættra tengsla skóla og atvinnulífs og aukinnar fræðslu til almenns rekstrar.

Því samþykkir Alþingi að fela menntamálaráðherra að kveðja saman starfshóp er hafi það verkefni að endurmeta iðn- og verkmenntun í landinu og gera tillögur að breyttu og bættu skipulagi.

Starfshópurinn ljúki störfum eigi síðar en í mars 1994.“

Í greinargerðinni segir svo m.a.:

„Megintilgangur þessarar tillögu er að vekja umræðu og hvetja til aðgerða um að laga iðn- og verkmenntun í landinu að nýjum aðstæðum og næsta umhverfi.

Fróðlegt er að staldra eilítið við og skoða skólakerfið í landinu í ljósi nýrra tíma og skilgreina þá kröfu sem við gerum til menntakerfisins og skilvirkni þess. Hér er þó aðeins vikið að einum þætti þess, iðnmenntuninni.

Aðstæður í þjóðfélaginu hafa breyst á síðari árum. Iðnaðurinn og iðnmenntunin þurfa nú nauðsynlega að laga sig að þeim auknu kröfum sem gerðar eru til iðnaðarmanna og munu verða gerðar í mjög auknum mæli í næstu framtíð. Því er nauðsynlegt nú að endurmeta iðnnámið og skipulag þess í heild.

Það fyrirkomulag, sem stuðst hefur verið við hvað varðar menntun iðnaðarmanna, hefur að miklu leyti verið byggt upp á verknámi hjá meisturum í viðkomandi iðngrein samhliða bóklegu námi. Þetta kerfi hefur dugað vel og ávinningur þess er tvímælalaus þótt á því megi finna vissa annmarka.

Það á að skoða hvort nám í einstökum iðngreinum á ekki að vera mislangt eftir því hver iðngreinin er. Hins vegar ber að leggja á það áherslu að allir þeir sem í iðnnám fara gangi sem næst sömu leið til náms.“

Málefni iðnfræðslu og verkmenntunar hefur miðað mjög skammt nú um sinn og þáttur verkmenntunar þó alveg sérstaklega og er langt í frá að þeim þætti hafi verið sinnt til jafns við bóknám. Ég fagna þeim orðum sem hæstv. núv. menntmrh. hefur látið frá sér fara um þörf aukinnar verkmenntunar í landinu. Skólamenn hafa nú margir áttað sig á því að þessi þáttur fræðslunnar hefur setið eftir til mikils tjóns ekki aðeins fyrir menntakerfið heldur og ekki síður fyrir þá fjölþættu atvinnuuppbyggingu sem við höfum verið að fást við.

„Iðnnemi hefur nú um þrjár leiðir að velja til iðnnáms sem í flestum tilvikum er fjögurra ára nám:

1. að fara á samning hjá meistara þegar í upphafi náms og öðlast starfsþjálfun hjá honum á fjórum árum en sækja samhliða verklega náminu bóklegt nám í iðnskóla,

2. að ljúka bóklegu og verklegu námi í skóla en að því loknu tekur við starfsnám hjá meistara, mislangt eftir lengd skólanámsins,

3. að byrja í bóklegu námi og ljúka þar ákveðnu grunnnámi, að því loknu tekur við þriggja ára samningur hjá meistara.

Að loknu fjögurra ára iðnnámi öðlast iðnnemi sveinsbréf en til að hljóta meistarabréf þarf hann að

vinna með meistara í þrjú ár og ljúka námi í meistaraskóla.

Mjög er til athugunar, þar sem iðnfræðsluskólar eru starfræktir, að leita samstarfs við iðnfyrirtæki á viðkomandi svæði um samstarfssamning sem kveður á um að nemendur, sem innritast í iðnfræðsluskóla og ljúka þar námi, geti í framhaldi þess einnig lokið þeim þætti námsins sem á að fara fram hjá iðnmeistara.

Í þessu sambandi er til íhugunar hvort ríkisvaldið eigi ekki að koma með ákveðnar aðgerðir sem hvetja iðnmeistara og fyrirtæki til að veita iðnnemum greiða leið til verklegs náms hjá fyrirtækjum sem uppfylla þau skilyrði sem sett eru vegna iðnnáms. Með markvissum aðgerðum í iðnmenntun, eins og hér er lagt til að gerðar verði, eru iðnnemum sköpuð önnur og betri skilyrði til verklegrar kennslu en nú.

Það er mikils um vert að komast hjá því að lenda í blindgötum kerfisins. Því er skynsamlegt að byggja svo upp að blindgötur verði ekki hindrun á vegi til mennta. Fagna ber þeim hugmyndum, sem nú eru ræddar, að meistaraskólinn verði beint framhald iðnskóla og iðnmenntunar. Afar mikilvægt er að skapa þeim er ljúka námi í meistaraskóla greiðari leið til frekara náms, standi hugur þeirra til þess, án þess að þurfa að stíga verulegt skref til baka á námsferli sínum. Það er enginn vafi að þeir er gengið hafa þessa braut verkmennta til náms hafa hlotið mjög ákjósanlega þekkingu sem nýtist mjög vel til frekari framþróunar innan atvinnulífsins sjálfs. Vert er að vekja sérstaka athygli á hversu námsráðgjöf í íslensku skólakerfi hefur verið máttlítil og takmarkaður skilningur ríkt á því mikilvæga hlutverki sem slík ráðgjöf gegnir fyrir hvern þann sem leitar leiða til náms.

Kröfurnar um aukið bóklegt nám fara sífellt vaxandi. Þar hafa óskir iðnaðarmanna sjálfra vegið mjög þungt. Má nefna t.d. stóraukna þörf á aukinni þekkingu á almennu bókhaldi, fjármálastjórnun fyrirtækja og almennum rekstri og ekki síst markaðsfræðum. Samhliða auknu bóklegu námi þarf að tryggja betur en verið hefur verklega kennslu og endurmenntun, m.a. með auknu fjármagni og margvíslegum stuðningi. Afar áríðandi er jafnhliða þessu starfi að íhuga á hvern hátt megi bæta verkþekkingu þess ófaglærða fólks er starfar í hinum lögvernduðu iðngreinum. Til athugunar er að taka í auknum mæli upp starfsþjálfun þessa ófaglærða fólks sem í þessum iðngreinum starfar. Slík þjálfun gæfi stig í verkmenntabók, skráða á nafn viðkomandi, sem þá mætti ætla að færði handhafa hennar rétt til bættra kjara.

Sú stefnumótunarvinna, sem hér er lagt til að fari fram, er best komin hjá fulltrúum atvinnulífsins og þá sérstaklega fulltrúum iðnaðarins sem þegar hafa lagt mikið af mörkum í þessum efnum svo og fulltrúum iðnfræðsluskóla og Iðnnemasambands Íslands."

Virðulegur forseti. Ég legg sérstaka og þunga áherslu á að þetta mikilsverða mál verði best unnið í fullu samráði og samvinnu við iðnaðinn sjálfan og þá aðila sem við eiga að búa. Ég treysti því að hæstv. ráðherra gangi svo frá við skipun þessa starfshóps sem hér er lagt til að komið verði upp að hin haga hönd iðnaðarins sjálfs komi að þessari mikilsverðu smíð.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og menntmn.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Eins og forseti hafði kynnt fer bráðlega fram utandagskrárumræða að beiðni hv. 4. þm. Norðurl. e. Verður því umræðu um þetta mál frestað.

Áður en umræðan hefst hefur forseti áhuga á að koma tveim málum til nefndar, 1. og 2. dagskrármáli. Verða þau því tekin fyrir að nýju og fer fram atkvæðagreiðsla um þau.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjals:

Könnun á nýtingu ígulkera, 358. mál, þáltill., ÖS o.fl., þskj. 638.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 194. mál (reynsluskírteini). — Þskj. 231.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, DO, EgJ, EKJ, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, ISG, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

1 þm. (SalÞ*) greiddi ekki atkv.

30 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GAK, GHall, GÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónS, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, RA, RG, SigG, StH, VE, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, DO, EgJ, EKJ, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, ISG, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

30 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GHall, GÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónS, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, RA, RG, SalÞ, SigG, StH, VE, ÖS) fjarstaddir.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 1. umr.

Frv. JVK o.fl., 207. mál (breyting á úthlutunarreglum). — Þskj. 248.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, DO, EgJ, EKJ, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, SalÞ, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

29 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GHall, GÁ, HBl, HG, IBA, IP, JGS, JHelg, JónS, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, RA, RG, SigG, StH, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, DO, EgJ, EKJ, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, SalÞ, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

28 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GHall, GÁ, HBl, IBA, IP, JGS, JHelg, JónS, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, RA, RG, SigG, StH, VE, ÖS) fjarstaddir.

Umræður utan dagskrár.

Hækkun vaxta í félagslega íbúðalánakerfinu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs sökum þess að hæstv. ríkisstjórn hefur nýlega ákveðið að hækka vexti hjá Byggingarsjóði verkamanna frá 1. mars nk. að telja. Vextir eiga að hækka úr 1% á langstærsta útlánaflokknum, félagslegum eignaríbúðum, í 2,4% eða um 140%. Vextir á almennum kaupleiguíbúðum eiga að hækka í 4,9% og á seldum félagslegum kaupleiguíbúðum í 2,4%.

Eins af forsendum síðustu kjarasamninga var sú að ekki yrði hróflað við vöxtum í félagslega íbúðakerfinu. Önnur forsenda var eins og kunnugt er stöðug gengi. En þá forsendu rauf ríkisstjórnin og þar með í reynd samningana með gengisfellingunni sl. haust og gerði uppsagnarákvæði kjarasamninganna virk. Nú á sem sagt einnig að hverfa frá þessum hluta samkomulagsins um kaup og kjör frá fyrra ári og hækka vextina í félagslega húsnæðiskerfinu. Ég fullyrði að það er ekki hægt við núverandi aðstæður í kjaramálum að ögra verkalýðshreyfingunni með beinni hætti. Þá er mikið sagt því hæstv. ríkisstjórn hefur verið iðin við það og fundvís á tilefnin. En vaxtahækkunin nú er ekki allt, því sl. haust eða snemma vetrar ákvað hæstv. ríkisstjórn að skerða vaxtabætur frá og með árinu 1994 um 400 millj. kr. ef ég man rétt og þannig að einungis 7/10 hlutar vaxtakostnaðarins mynda stofn til vaxtabóta. Þannig á að ráðast úr tveimur áttum í senn á garðinn þar sem hann er lægstur, tekjulægstu hópana í sambandi við öflun íbúðahúsnæðis. Það á að hækka vextina og það á að lækka vaxtabætur.

Hækkunina nú verða menn svo að bera óbætta með öllu í heilt ár eða þangað til kemur að útborgun vaxtabóta á árinu 1994 og þá verða þær vaxtabætur skertar. Það þarf auðvitað ekki að fara frekari orðum um það hvílíkt áfall þetta er fyrir tekjulægstu hópana, þynging á greiðslubyrði um tugi prósenta og allar áætlanir sem menn hafa gert um sín fjármál renna þannig út í sandinn.

Hæstv. félmrh. hefur verið svo ósvífin í viðtölum við fjölmiðla undanfarna daga að bera fyrir sig nefndarálit eða skýrslu frá 1990 og fullyrðir hæstv. ráðherrann að þar hafi fulltrúar núverandi stjórnarandstöðuflokka skrifað upp á þessar hækkanir. Þetta er rangt, þetta er fölsun.

Í skýrslu nefndar um hið félagslega húsnæðislánakerfi frá í febrúar 1990 segir um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Þá leggur nefndin til hækkun á vöxtum upp í 1,5–2% til að draga úr niðurgreiðslum og til að auka tekjur sjóðsins [Byggingarsjóðs verkamanna]. Hækkunin verði þó þannig að hún auki ekki greiðslubyrði hinna lægstlaunuðu að teknu tilliti til vaxtabóta."

Nú á að hækka vextina ekki í 1,5–2% heldur í 2,4% og það á ekki að bæta hinum lægstlaunuðu það með hærri vaxtabótum heldur á að skerða þær. Ef hæstv. félmrh. vísar í niðurstöðu ráðherranefndar frá um áramótin 1990–1991 um húsnæðismál þá skal hæstv. ráðherra upplýstur um það að í því áliti segir ekki orð um vaxtamál í Byggingarsjóði verkamanna. Þar var hins vegar lagt til að taka upp húsaleigubætur sem hæstv. ráðherra hefur ekki enn komið í verk.

Þessi vaxtahækkun ríkisstjórnarinnar er í fyrsta lagi ögrun við verkalýðshreyfinguna, hún er í öðru lagi siðlaus vegna þess að hún er afturvirk á öll lán aftur til ársins 1984. Á því hefði verið mikill eðlismunur ef ríkisstjórnin hefði látið nægja að hækka vextina frá og með nú, þ.e. gagnvart nýjum lántökum, en svo er ekki. Þarna á að vera afturvirkni upp á næstum 10 ár. Þessi vaxtahækkun kemur á tímum lækkandi kaupmáttar, hún kemur til framkvæmda að fullu gagnvart hinum tekjulægstu á þessu ári og þeir bera hana óbætta að fullu þangað til kemur til vaxtabótagreiðslna á árinu 1994. Og í síðasta lagi þegar þær vaxtabætur koma verða þær svo skertar.

Ég vil því spyrja hæstv. félmrh., í fyrsta lagi: Á eftir sem áður þrátt fyrir þessa hækkun vaxta að standa við ákvörðun um að skerða vaxtabætur? Ætlar hæstv. ríkisstjórn að gera hvort tveggja? Í öðru lagi: Hefur félmrh. látið reikna út heildaráhrif á einstaka tekjuhópa af annars vegar vaxtahækkununum og hins vegar lækkun vaxtabóta? Og í þriðja lagi: Er hæstv. ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir frestun á þessum áformum a.m.k. þar til kjarasamningar hafa náðst?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að rifja upp skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 1990 um stöðu Byggingarsjóðs verkamanna. Þar kom fram að miðað við að byggðar yrðu 500 íbúðir á ári í félagslega kerfinu, 2% vexti nýrra útlána og 500 millj. kr. ríkisframlag eins og það var 1990, stefndi í gjaldþrot sjóðsins árið 1996. Vaxtamunur árið 1999 yrði 26 milljarðar, eigið fé sjóðsins yrði neikvætt í árslok 2028 um 641 milljarð kr. og til að mæta árlegum rekstrarhalla þyrfti framlag ríkissjóðs að vera rúmir 7 milljarðar kr. á ári. Ég

vil ætla að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon mundi í mínum sporum telja það skyldu sína að bregðast við til að koma í veg fyrir að velta svo gríðarlegum vanda yfir á framtíðina.

Það eru einkum þrjár leiðir sem eru færar til að bregðast við þessum vanda. Í fyrsta lagi að stórauka ríkisframlagið til að mæta vaxtamismuninum en 60 kr. af hverjum 100 kr. sem lánaðar eru út eru nú hreinn styrkur með niðurgreiðslu vaxta. Í öðru lagi að fækka félagslegum íbúðum úr 500 í 300 íbúðir á ári og í þriðja lagi að breyta vaxtakjörum til minnka vaxtamuninn.

Hvernig hefur svo verið við brugðist? Ríkisframlagið hefur tvöfaldast frá árinu 1990. Á sl. ári voru gerðar ráðstafanir til að lækka byggingarkostnað og þar með greiðslubyrði lána. Þær aðgerðir skila 15–20 þús kr. lækkun á greiðslubyrði nýrra lána miðað við 6 millj. kr. íbúð sem hlýtur að vega á móti fyrirhugaðri vaxtahækkun.

Af því sem ég hef sagt er ljóst að vaxtabreytingar hafa verið á döfinni allt frá tíð síðustu ríkisstjórnar þótt þær séu fyrst nú að koma til framkvæmda. Því til staðfestingar vil ég minna á sem reyndar kom fram í máli síðasta ræðumanns að m.a. fulltrúar ASÍ, BSRB, Búseta, Alþb. og Framsfl. lögðu til í skýrslu til mín árið 1990 að vextir hækkuðu í 1,5–2% í félagslega kerfinu og þannig yrði haldið á málum að staða hinna lægst launuðu versnaði ekki á eftir og vil ég koma að því hér síðar. Valið stóð á milli þess að fækka félagslegum íbúðum úr 500 í 300 eða breyta vaxtakjörum. Ég hef talið mikilvægt að marka þá stefnu að fjölga félagslegum íbúðum um 500 á ári hverju en segja má að 8–10 séu um hverja félagslega íbúð sem úthlutað er á ári. Meiri hluti húsnæðismálastjórnar er greinilega sammála þessu markmiði því hann lagði til umrædda vaxtahækkun í september sl. í stað þess að fækka íbúðunum. Þessi ákvörðun húsnæðismálastjórnar hefur nú verið staðfest af ríkisstjórninni.

Frá þessari vaxtahækkun væri hægt að falla og fara aðrar leiðir en ég spyr: Er það skynsamlegt vegna atvinnustigsins í landinu að fækka félagslegum íbúðum eða er það sanngjarnt gagnvart þeim mikla fjölda láglaunafólks sem bíður eftir félagslegum íbúðum?

Það hefði líka verið hægt að fara leið Alþb. þegar þeir fóru með húsnæðismálin á árunum 1980–1983 að byggja aðeins 100–200 félagslegar íbúðir á ári en ekki 500–600 eins og gert hefur verið á undanförnum árum eða byggja bara 10 leiguíbúðir á ári eins og þeir stóðu fyrir í stað 110 á ári eins og gert hefur verið á undanförnum árum. Ég tel einnig mikilvægt að fram komi að þótt nauðsynlegt hafi verið að hækka einnig vextina á leiguíbúðunum sem eru 600–700 talsins, svo sem Búsetaíbúðum og leiguíbúðum stúdenta, aldraða og fatlaðra, þá féllst ríkisstjórnin á tillögu mína um að það yrði ekki gert, enda fá leigjendur ekki húsaleigubætur með líkum hætti og eigendur fá vaxtabætur.

Í sumum fjölmiðlum hefur verið dregin upp mjög villandi mynd af greiðslubyrðinni vegna þessarar vaxtahækkunar, svo sem að engar vaxtabætur komi til vegna 6 millj. kr. eignar og að greiðslubyrði hækki í mörgum tilvikum um 60–80 þús. kr. Staðreyndin er sú að hjá fólki með undir 1.200 þús. kr. árstekjur eykst ekki greiðslubyrði eftir fyrsta árið þegar tekið er tillit til vaxtabóta og raunar léttist greiðslubyrðin hjá fólki með undir 1 millj. í árstekjur um allt að 13 þús. kr. á ári þar sem vaxtagreiðslur verða nú stærri hluti greiðslunnar en áður. Hjá fólki með tekjur á bilinu 1.200–1.800 þús. kr. eykst greiðslubyrðin hins vegar frá 1.200 kr. til 3.500 kr. á mánuði miðað við 6 millj. kr. eign að teknu tilliti til vaxtabóta.

Varðandi það hvort dregin verði til baka sú breyting sem varð á vaxtabótakerfinu, þá mun fjmrh. væntanlega a næstunni skipa nefnd til þess að endurskoða vaxtabótakerfið með tilliti til þess að tekjutengja það meira en gert hefur verið og ég tel að það sé hægt að ná þessum 400 millj. kr. niðurskurði sem ætlað var á fjárlögum en hlífa meira en gert var við breytinguna nú í desember þeim sem eru innan við mörk félagslega íbúðakerfisins. Spurning um hvort reiknað hafi verið út heildaráhrifin varðandi vaxtahækkunin og vaxtabætur, þá liggja fyrir útreikningar um það.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Sú samþykkt stjórnar Húsnæðisstofnunar að hækka vexti í félagslega kerfinu er auðvitað nauðvörn til þess að komast hjá því að draga saman húsbyggingar í þessu kerfi. Hún er auðvitað tilkomin vegna þess að stjórn Húsnæðisstofnunar hefur enga trú á að ríkisstjórnin leysi þessi mál með neinum réttlátum hætti. Þetta er röð af óréttlátum aðgerðum sem birtast frá hendi þessarar ríkisstjórnar og bitnar á lægst launaða fólkinu á tímum atvinnuleysis og samdráttar í tekjum. Það hefur ekki einu sinni verið reynt að skoða það hvort hefði verið hægt að komast hjá þessari vaxtahækkun. Það hljómar satt að segja undarlega á tímum þegar er verið að ræða um lækkun vaxta, ræða um hana án þess að neitt gerist, þá er þetta það eina sem birtist varðandi vextina, hækkun á vöxtum í félagslega húsnæðiskerfinu. Það er framlagið til lækkunar vaxta sem er verið að ræða nú þessa dagana og hæstv. ráðherrar keppast um að segja að nú sé jarðvegur fyrir vaxtalækkun, þá birtast þessar aðgerðir. Þetta er svo sannarlega undarlegt. Það berast einmitt fréttir af því í morgun að það hafi verið skoðanakönnun vestan hafs um hinar nýju efnahagsaðgerðir í Bandaríkjunum og yfir 70% þjóðarinnar hafi talið þær réttlátar. Það væri gaman að heyra niðurstöður skoðanakannana hér og vildi ég beina því til fjölmiðla að láta gera skoðanakönnun um hvort fólki finnist aðgerðir þessarar ríkisstjórnar réttlátar. Hver haldið þið að útkoman yrði?

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Í Morgunblaðinu í dag segir forseti Alþýðusambandsins að það sé út af fyrir sig alveg rétt að það væri skynsamlegt að skoða vaxtakerfi félagslega húsnæðiskerfisins en að gera það með þessum hætti eins og ríkisstjórnin gerir væri nánast eins og köld vatnsgusa framan í fólk. Og hann segir þetta auðvitað vegna þess að nú eru kjarasamningar lausir og

það hefur náttúrlega hver vatnsgusan á fætur annarri riðið yfir launafólk í þessu landi frá því fyrir áramót. Það er kannski mergurinn málsins, það er hvernig að svona hlutum er staðið.

Ég hef stundum sagt það að mér finnst eins og þessi ríkisstjórn starfi eftir gamalli húsagatilskipun frá síðustu öld, þar sem menn töldu að rétt væri að aga þá sem þeir elskuðu, vegna þess að hér kemur upp hver ráðherrann á fætur öðrum, félmrh. ber auðvitað hag láglaunafólks fyrir brjósti og grípur þess vegna til þessara aðgerða. Heilbrrh. ber auðvitað hag þjóðarinnar fyrir brjósti og vill ekki senda henni framtíðarreikning og grípur þess vegna til þeirra aðgerða að hækka lyfjakostnað og lækniskostnað á öllu fólki. Fjmrh. ber auðvitað hag þjóðarinnar fyrir brjósti og elskar hana mjög og hækkar þess vegna skattprósentuna á öllum og lækkar persónuafsláttinn hjá öllum og þannig eru þessar aðgerðir. Þeir vita svo vel hvað þessari þjóð er fyrir bestu og þessi þjóð skal sko bara nokk taka því sem þessi ríkisstjórn hefur upp á að bjóða hvað sem henni finnst og hvernig svo sem í pottinn er búið að öðru leyti.

Þeir ætla auðvitað ekki, eins og þeir segja alltaf, að gera þetta að vanda framtíðarinnar og þess vegna þurfa aðgerðir þeirra að hitta alla fyrir, þá tekjulágu sem þá tekjuháu. Og það er einmitt þessi aðgerð, þessi vaxtahækkun núna. Hún kemur í þennan sama knérunn. Hún hittir líka fyrir fólkið sem fékk á sig aukinn lyfjakostnað. Hún hittir líka fólkið sem fékk á sig hærri tekjuskatt, hún hittir líka fólkið sem fékk lægri persónuafslátt um síðustu áramót. Og þegar síðan talsmenn ráðherra segja hér í blöðum og það var í Tímanum í gær eða dag að þetta væri í sjálfu sér ekki mjög mikil hækkun á greiðslubyrði, þá mega menn ekki gleyma því að þeir sem eru með lán í félagslega húsnæðiskerfinu eru líka með mjög erfið lán fyrstu árin til þess að borga þau 10% sem upp á vantar til þess að komast inn í þetta kerfi.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er nú rétt að minna á það að vegna ákvæða í lánskjörum þessara lána um annuitets-greiðslur, þá munu hækkaðir vextir leiða af sér að af hverri greiðslu greiða menn minna í afborgun en áður var og það væri fróðlegt að reikna út hver eignamyndunin verður í þessu íbúðakerfi á fyrstu 20 árum lánstímans. Ég er ansi smeykur um það að eignamyndunin sé mjög nálægt því að vera núll eftir þessa vaxtahækkun.

Ég vil minna þingheim á lög sem hér voru samþykkt árið 1985 og heita Lög um greiðslumiðlun fasteignaveðlána til einstaklinga. Þau lög setti Alþingi í kjölfar þess misgengis sem varð á árinu 1983 og átti að vera vörn launafólks gagnvart misgengi launa og vísitölu og gagnvart misgengi launa og vaxtahækkunar. Ef þau lög hefðu staðið óbreytt í dag, þá mundi vaxtahækkunin ekki hækka afborgun hverju sinni nema upp að ákveðnu marki en mismunurinn síðan færast aftur fyrir höfuðstól lánsins og greiðast síðar. Það var hugsunin með þessum lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána. Hver var það sem tók þann öryggisventil úr lögunum um vernd gegn vaxtahækkunum árið 1990? Það var hæstv. félmrh. Þess vegna kemur vaxtahækkunin fram af fullum þunga á láglaunafólkið af því að það er búið að taka þetta ákvæði út úr lögunum.

Ég vil svo að lokum láta það koma fram að ég hef sett það sjónarmið varðandi þá lagabreytingu að svo hafi til tekist í lagasetningu að það geti aðeins átt við um þau fasteignaveðlán sem tekin hafa verið eftir 1990. Ég tel að ákvæði laganna um greiðslujöfnun fasteignaveðlána gagnvart vaxtahækkunum standi gagnvart þeim lánssamningum sem gerðir voru áður en þessi lagabreyting var gerð og vænti þess að umboðsmaður Alþingis muni úrskurða í þessu efni mjög fljótlega en þar liggur mál sem varðar þetta atriði.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Aðeins vegna þess sem nefnt hefur verið að með þessari hækkun sé verið að koma aftan að verkalýðshreyfingunni vil ég fullyrða það hér úr þessum ræðustól að þegar gefnar voru yfirlýsingar af hálfu ríkisvaldsins á þeim fundum sem við hæstv. utanrrh. áttum mestan þátt í við undirbúning kjarasamninga um að þessi vaxtahækkun mundi ekki eiga sér stað á þeim samningstíma, var tekið fram ítrekað að þessi vaxtahækkun yrði undirbúin og hún mundi eiga sér stað þegar samningstímanum lyki þannig að það var staðið fullkomlega við það sem sagt var og ekki komið aftan að nokkrum manni. Og það er ekki verið að fara hratt í þetta út af kjarasamningum nú vegna þess að tillaga Húsnæðisstofnunar hefur legið fyrir um þetta efni í fjóra mánuði núna þannig að það vissu allir um þetta. Og hvers vegna það var gert? Hæstv. félmrh. hefur upplýst það að ef ekki yrði gerð sú breyting sem þarna er gerð, þá mundi félagslegum íbúðum fækka nálega um helming. Ég heyrði að málshefjandi lætur sér það í léttu rúmi liggja, enda lét hann sér það líka í léttu rúmi liggja að það blasti við að þessi mikilvægi sjóður yrði gjaldþrota eftir aðeins örfá ár þegar hann og hans félagar sátu í ríkisstjórn. Það segir auðvitað mest um það hvaða hug menn bera til þessa þáttar og til húsnæðismála þeirra sem lökust kjör hafa í landinu að menn gerðu engar ráðstafanir þó það blasti við að þessi mikilvægi sjóður yrði gjaldþrota innan örfárra ára. Það er ábyrgðarleysi en ekki sú ákvörðun sem ríkisstjórnin hefur tekin nú.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. 2. þm. Austurl. að hér er um nauðvörn að ræða. Hér er um nauðvörn að ræða til þess að koma reiðu á byggingarsjóðinn sem á að standa undir byggingu félagslegra íbúða. Það er alveg ljóst að ef þessi vaxtahækkun á sér ekki stað, þá fækkar íbúðarbyggingum mjög verulega, allt að því um helming. Vilja menn bera ábyrgð á því? Þeir sem eru að andmæla þessari vaxtahækkun eru í raun að kasta blautri tusku í andlit þeirra sem skortir húsnæði, sækja eftir húsnæði, eru í neyð vegna húsnæðisleysis og vilja fyrir alla muni komast í félagslega kerfið. Það er ekki nokkur vafi á því að þetta er aðgerð sem er

óvinsæl, það er alveg ljóst, en það er líka ljóst að þeir lægst launuðu fara ekki illa út úr þessu ef greiðslubyrðin hækkar ekki. Það er í samræmi við þær tillögur sem ég og fleiri í þeirri nefnd, m.a. hv. þm. Jón Kristjánsson var í lögðu til að vextir af lánum þessa sjóðs hækkuðu um 1,5–2% að því tilskildu að greiðslubyrði hinna lægst launuðu hækkaði ekki að teknu tilliti til vaxtabóta. Það er alveg ljóst að þetta er erfið ákvörðun en hana verður að taka. Þetta er nauðvörn til þess að bjarga félagslega kerfinu.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ekki hvarflar að mér að vefengja að talsmenn stjórnarandstöðunnar beri hag hinna lægst launuðu fyrir brjósti. Spurningin er reyndar ekki sú. Spurningin er sú: Hvers virði er það þeim sem minnst bera úr býtum þegar t.d. einn mikilvægasti byggingarlánasjóður í félagslega kerfinu, Byggingarsjóður verkamanna, væri orðinn gjaldþrota? Ekki efa ég það að stjórnmálamenn í Færeyjum báru hag sinnar þjóðar fyrir brjósti. (**ÓÞÞ:** Ætli væri nú ekki rétt að vitna í ...) En hvers virði var það, hv. þm., þegar upp var staðið? Hvað er það sem almenningur í Færeyjum segir núna eftir alla þessa stjórnmálamenn sem báru svo ákaflega hag fólks fyrir brjósti, hvað er það sem þeir segja um þessa stjórnmálamenn? Þeir segja að þeir hafi verið fyrirhyggjulausir og ábyrgðarlausir og þeir kenna þeim um hvernig komið er. Þeir kenna þeim um það t.d. að það er ekki lengur til einu sinni innstæða fyrir launum opinberra starfsmanna og þurfti að fækka þeim um 40% og ef ekki það, þá a.m.k. að lækka launin þeirra um 10% og það strax og mun ekki duga til. Hvers virði er það fyrir láglaunafólk að hafa hér félagslegt kerfi og sjóðakerfi sem fyrirsjáanlega yrði gjaldþrota innan fárra ára? Það er einskis virði. Slíkar yfirlýsingar eru einskis virði. Þess vegna er það satt og rétt, þegar menn segja það, að það eru engin ráð nema í tíma séu tekin. Það að ætla sér að tryggja fjárhagslegan grundvöll fyrir velferðarkerfinu á Íslandi getur þýtt að það þurfi að taka ákvarðanir sem skila mönnum ekki vinsældum í bili, en þarf ekki að vekja upp þá þversögn að þeir sem að því standa beri eitthvað síður hag almennings í landinu fyrir brjósti vegna þess að að lokum þegar upp er staðið ef fyrirhyggjuleysið ræður, ef ábyrgðarleysið ræður, ef „pópúlisminn" ræður, þá eru það nákvæmlega einskis virði fyrir það fólk sem að lokum sæti uppi með afleiðingarnar.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. sagði hér að það væru engin ráð nema í tíma séu tekin og fyrirhyggjuleysið eigi ekki að ríða hér húsum. Hvernig fer þá með þá lántakendur sem árið 1983 tóku lán í Byggingarsjóðnum og reiknuðu með því að vextir væru 1%? Er ekki verið að breyta því? Er ekki verið að taka fram fyrir hendur þeirra þó að þeir hafi sýnt mikla fyrirhyggju og gert ráðstafanir með það fyrir augum að þær ákvarðanir stæðust sem þá voru í gildi? Það sem verið er að gagnrýna hér fyrst og fremst er það að sífellt er verið að breyta því sem fólk er búið að gera ráð fyrir í sínum áætlunum. Þeir sem voru að kaupa í fyrra gerðu ráð fyrir því að vextir væru 1% og yrðu endurskoðaðir eftir fimm ár og þá mundu þeir e.t.v. hækka ef tekjur viðkomandi væru til þess að bera það. En ekki að það væri komið í bakið á þeim ári seinna og vextir hækkaðir um 150%.

Pétur Sigurðsson:

Virðulegur forseti. Þar sem hér er til umræðu að hækka vexti í félagslega íbúðakerfinu er eins og komið hefur fram mjög hæpið að taka til umræðu á þessum tíma eins og hafa menn sagt. Ég vil nú meina að það sé mjög hæpið á hvaða tíma sem er að taka það til umræðu nema það væri þá miklu, miklu bjartara í efnahagslífi þjóðarinnar en það sem við stöndum frammi fyrir í dag. En ég skil vel hæstv. félmrh. að hann vilji standa við það að byggja 500 félagslegar íbúðir á ári og ef hún hefur ekki fengið fjármagn til þess hjá ríkisstjórninni, þá reynir hún auðvitað að fara aðrar leiðir. Þær birtast í þessari vaxtahækkun. Ég vildi benda á að það væri miklu eðlilegra að skoða þá leið betur að endurskoða tekjur þeirra sem búa í verkamannabústöðunum og hækka vextina eftir því og gera það á styttri tíma en nú er gert þar sem er fimm ára viðmiðun og athuga hvort fjármögnun þá leiðina sé ekki miklu marktækari og betri en þessi.

Við núverandi aðstæður er útilokað að tala um vaxtahækkun í félagslega kerfinu. Það hlýtur öllum að vera ljóst vegna þess að einmitt þetta fólk hefur orðið fyrir mestu tekjurýrnuninni á síðustu árum og skattahækkanir hafa hlutfallslega komið verst niður á þessu fólki, hækkun þjónustugjalda, hækkun vöruverðs og framfærslu. Auðvitað kemur það hlutfallslega þyngst á einmitt það fólk sem býr í félagslega íbúðakerfinu. Stórir hópar af þessu fólki hafa misst atvinnu sína og sjá ekki neinar leiðir til úrbóta.

Við gjaldþroti sjóðsins verður að bregðast öðruvísi. Það verður að leita að öðrum fjármögnunarleiðum. Ég held að ef við hertum skatteftirlit í þjóðfélaginu og létum menn skila sköttum eins og þeim ber værum við ekki að byggja 300–500 félagslegar íbúðir á ári heldur 1.000–2.000 félagslegar íbúðir.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. 6. þm. Reykn. og af því að hann vitnaði til nefndar sem við áttum báðir sæti í vil ég taka fram að ummæli hans um niðurstöðu þeirrar nefndar voru nokkuð villandi. Meginþáttur þeirra tillagna varðandi vaxtakerfið sem nefndin lagði til var sá að endurskoða tekjur manna sem búa í félagslega íbúðakerfinu nákvæmlega eins og síðasti ræðumaður var að tíunda hér. Það var lykilatriðið í tillögum þeirrar nefndar varðandi vextina.

Ég endurtek að það er undarlegt eins og á stendur núna í þjóðfélaginu á tíma minnkandi tekna, atvinnuleysis og samdráttar að það sé tilleggið í þessi mál að hækka vextina í félagslega íbúðakerfinu.

Það er alveg rétt sem hefur komið fram í þessari umræðu að það kemur auðvitað niður á öllum, hvort

sem þeir hafa atvinnu og tekjur ásamt öðrum pökkum sem ríkisstjórnin hefur fært þeim núna í kringum jólin og áramótin.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað alveg rétt sem hæstv. utanrrh. sagði áðan að það þarf að líta á þessi mál heildstætt. Hvernig líta þau út heildstætt? Hér er verið að ákveða að skattleggja fólkið sem býr í verkamannabústöðunum. Um hvað? Það er verið að hækka greiðslur af meðallánum úr 176 þús. kr. á ári upp í 228 þús. kr. á ári eða úr 14.700 kr. á mánuði upp í 19 þús. kr. á mánuði samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðisstofnun sem birtast í *Tímanum* í dag. Þetta er heildarmyndin sem blasir við því fólki sem býr í verkamannabústöðunum. En heildarmyndin sem blasir við þessu fólki er líka sú að það er búið að hækka verð á lyfjum um 600–700 millj. kr., iðulega hjá þessu sama fólki. Heildarmyndin er líka sú að það er búið að lækka persónuafslátt hjá þessu fólki og öðrum skattgreiðendum verulega að frumkvæði ríkisstjórnarinnar. Þetta er heildarmyndin.

Það er ekki verið að taka á þeim og af þeim hér á landi sem eiga peninga. Þetta gerist á sama tíma og ríkisstjórnin stendur frammi fyrir kjaradeilu. Það er augljóst mál öllum sem sjá vilja að menn standa frammi fyrir mjög hörðum átökum. Það er óskynsamlegt, að ég segi ekki heimskulegt, af ríkisstjórninni að haga sér með þeim hætti að skattleggja fólkið í verkamannabústöðunum um 5 þús. kr. á mánuði aukalega síðustu dagana áður en lagt er af stað til kjarasamninga.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, er þetta til marks um það siðleysi sem við búum við í þjóðfélaginu þar sem menn eru aftur og aftur að taka ákvarðanir um að hækka vexti, breyta lánskjörum afturvirkt, ekki aðeins á húsnæðislánum heldur eru menn líka að tala um að gera það á námslánum. Með öðrum orðum er því miður enn þá opin leið í löggjöf til að rústa fjárhag ungra fjölskyldna í landinu. Jafnaðarmannaflokkur, þó að hann sé í ríkisstjórn, ætti að muna eftir þessu fólki líka.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Sigurðsson gat um þá leið sem sanngjörnust væri ef menn vildu hækka þessa vexti og standa þannig að að á einhvern hátt væri horft á stöðu þeirra sem eiga að greiða. En að því leyti er þessi umræða alveg einstaklega sérstæð að þegar menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að núv. ríkisstjórn treystir sér ekki til þess að leggja félagslega íbúðakerfinu til þá fjármuni sem hæstv. félmrh. telur að þurfi, þá tekur hæstv. félmrh. til þess ráðs að skattleggja þá eina sem notið hafa kerfisins. Þann hópinn sem samkvæmt fyrri úrskurðum hefur verið verst settur fjárhagslega. Þ.e. þegar hið sameiginlega þjóðfélag hafnar því að greiða meira er ákveðið að skattleggja þann hópinn alveg sérstaklega sem hefur verstu stöðuna til að greiða.

Þetta er allsérstæð vinnubrögð svo ekki sé meira sagt. Menn geta kallað þetta nauðvörn. Menn geta sagt: Það þarf að byggja svona margar íbúðir og þar fram eftir götunum. Ég hygg að það sé kannski styttra í verulegt verðfall á íbúðarhúsnæði á Stór-Reykjavíkursvæðinu en menn almennt gera sér grein fyrir.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu. Það er auðvitað ekkert svar hjá hæstv. félmrh. frekar en hæstv. forsrh. eða utanrrh. að vitna í gamlar hryllingsmyndir um stöðu Byggingarsjóðs verkamanna í framtíðinni ef ekkert verði að gert miðað við tilteknar aðstæður og miðað við t.d. þá okurvexti sem þessi hæstv. *ríkisstjórn hefur sjálf beitt sér fyrir. Ætli* það hafi ekki tekið í hjá Byggingarsjóði verkamanna þegar ríkisstjórnin fyrir einu og hálfu ári síðan fíraði vöxtunum upp í landinu um fjórðung?

Staðreyndin er rauðvitað sú að spurningin snýst um það hvernig á þessum málum er tekið. Það er verkalýðshreyfingin að gagnrýna og það erum við að gagnrýna. Ætlunin var að taka þannig á þessu meðan menn töluðu saman, meðan verkalýðshreyfingin var höfð með í ráðum að hlífa hinum tekjulægstu, að efla tekjugrundvöll Byggingarsjóðs verkamanna, að reyna að forðast það að aðgerðirnar yrðu afturvirkar og taka tillit til aðstæðna þar á meðal kaupmáttarstigs ráðstöfunartekna og atvinnustigs í þjóðfélaginu. Það er búið að ákveða að hækka vextina hjá þeim sem færast upp úr tekjumörkunum. Ég tek undir það með hv. þm. *Pétri* Sigurðssyni að það hefði verið nær að skoða þetta.

Ríkisstjórn sem gengur svona fram og talar með þeim hætti sem hér hefur borið til skilur ekki tilganginn með félagslegu húsnæðislánakerfi. Það er einmitt ætlunin að jafna kjör og bæta stöðu þess hóps sem lakasta hefur stöðuna með sjálfri tilvist félagslegs húsnæðislánakerfis. Það er því miður eins og það hafi ekki komist inn í hausinn á mönnum enn þá að það er einmitt tekjulægsta fólkið í landinu sem á í hlut og eftir nýju reglunum einmitt það fólk sem ekki hefur hækkað í launum þrátt fyrir að það hafi komist í félagslegt íbúðarhúsnæði. Það er þessi hópur sem eftir tiltekinn viðmiðunartíma hefur ekki náð að hækka sínar tekjur sem núna er sérstaklega verið að skattleggja, hækka á greiðslubyrðina.

Þetta er einhver ranglátasta ráðstöfun sem í háa herrans tíð hefur litið dagsins ljós á Íslandi.

Hæstv. forseti. Ég skal ljúka máli mínu. Það er sjálfsagt of seint og tilgangslaust að biðja hæstv. ríkisstjórn að gá að sér. Ætli feigum verði forðað?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Því hefur verið haldið fram í þessari umræðu að ríkisstjórnin treysti sér ekki til að leggja fram þá fjármuni sem þarf til þess að byggja 500 félagslegar íbúðir. Í því sambandi er athyglisvert að horfa á ríkisframlag í Byggingarsjóð verkamanna tíu ár aftur í tímann. Það hefur aldrei verið hærra en á þessu ári og síðasta ári. Lægst var það á árinu 1990 þegar Ólafur Ragnar Grímsson var fjmrh. (**SvG:** Hver var þá félmrh.?) Enda stefndi þá í ... (**ÓÞÞ:** Það skipt-

ir meira máli að vita hver var félmrh. sem lagði það til.) Hef ég orðið, viðulegur forseti? Enda stefndi þá í að ekki væri hægt að byggja eina einustu félagslega íbúð þó hægt hefði verið að knýja á um breytingar þá.

Ég held að það sé alveg ljóst að menn verða að horfast í augu við veruleikann í þessu efni. Það liggur fyrir skýrsla Ríkisendurskoðunar um að þessi sjóður verði gjaldþrota á árinu 1996 ef ekkert verði að gert. Það er til sú leið að fækka þessum félagslegu íbúðum niður í 300. Ég heyri ekki að það sé tekið undir það af hálfu stjórnarandstöðunnar að fækka félagslegum íbúðum.

Ef komast á hjá þessari vaxtahækkun væri leið að auka enn frekar ríkisframlagið. Þegar fallið var frá vaxtahækkuninni fyrir réttu ári síðan var metið að það kostaði 350 millj. að fresta þeirri vaxtahækkun. Eru menn tilbúnir að leggja þá fjármuni fram og auka þar með á ríkishallann? Margir telja að það að draga úr ríkishallanum sé ein forsenda fyrir því að ná almennt niður vöxtunum.

Ég vil ekki bera ábyrgð á því að þessi sjóður verði gjaldþrota. Það voru ekki margir góðir kostir fyrir hendi: Fækka félagslegum íbúðum eða hækka vexti. Ég tel að þegar horft er til vaxtabótakerfisins sé ljóst að þeim lægst launuðu er hlíft í þessari aðgerð, þ.e. fólki sem er með tekjur undir 1.200 þús. kr.

Smábátaveiðar, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 329. mál. — Þskj. 600.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um smábátaveiðar sem er að finna á þskj. 600. Flm. ásamt mér að tillögunni eru fjórir hv. þm. Alþb. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að undirbúa tillögur um þróunarforsendur og starfsskilyrði smábátaveiða með það að markmiði að viðhalda frjálsum aðgangi þeirra báta sem leyfi hafa til slíkra veiða innan sóknartakmarkana og friðunarskilmála sem í gildi verða. Jafnframt verði eftirfarandi þættir metnir eftir því sem kostur er:

þjóðhagslegt gildi smábátaveiða í samanburði við aðrar fiskveiðar;

þýðing smábátaveiða fyrir viðhald byggðar og atvinnu;

hlutur smábátaveiða í skynsamlegri nýtingu fiskimiðanna;

áhrif smábátaveiða á vistkerfi sjávar í samanburði við aðrar veiðar;

afkoma þeirra sem hafa lífsframfæri af smábátaveiðum;

öryggi sjómanna sem stunda smábátaveiðar.

Lagaákvæði og reglur um stjórnun smábátaveiða verði endurskoðuð að teknu tilliti til ofangreindra þátta.

Við gerð tillagnanna verði haft náið samráð við Landssamband smábátaeigenda, Fiskifélag Íslands, Hafrannsóknastofnun og sjávarútvegsnefnd Alþingis.

Niðurstöður verði kynntar Alþingi fyrir 15. október 1993."

Þetta er efni tillögunnar. Þegar tillaga þessi var lögð fram á Alþingi í síðasta mánuði, um miðjan janúar, var flm. alls ekki ljóst í hvað stefndi varðandi þann málaflokk sem tillagan fjallar um, þ.e. veiðar smábáta við landið. Á vegum þeirrar stjórnskipuðu nefndar sem kölluð hefur verið tvíhöfða nefnd og hefur verið mjög í umræðu nú að undanförnu sem og tillögur nefnarinnar, sem munu raunar vera fullmótaðar af forustu nefndarinnar, hefur verið farið að með þeim hætti sem hv. alþm. þekkja og sjútvn. Alþingis að tillögunum hefur verið kastað út í umræðu í þjóðfélaginu án þess að Alþingi fengi aðgang að þeim eða fylgt væri lögboðnu samráði við sjútvn. þingsins um mótun tillagna. Það eru þeir kostir sem þinginu eru búnir í þessu efni. Það hljótum við að gagnrýna harðlega og er sannarlega mál til komið að Alþingi fjalli um þennan málaflokk með öðrum hætti og á grundvelli vitneskju og taki málið af stjórnvöldum sem halda þannig á máli ef trúa má þeim fregnum sem borist hafa af borði svonefndrar tvíhöfða nefndar.

Tillögur þær sem hér eru fluttar um smábátaveiðar, þar með talið um stjórnun veiðanna, ganga út frá því að slíkar veiðar eigi að byggjast á víðtæku mati á þjóðhagslegu gildi þessara veiða sem sjútvrh. er með þáltill. falið að gera í nánu samráði við hagsmunaaðila, Hafrannsóknastofnun og sjútvn. Alþingis.

Landssamband smábátaeigenda hefur lagt á það megináherslu undanfarið að krókaveiðar báta undir 6 brúttótonnum að stærð verði áfram frjálsar og leitað verði leiða til að draga úr mikilli kvótaskerðingu smábáta á aflamarki sem gengið hefur yfir síðan 1990.

Með þessari þingsályktunartillögu er lögð áhersla á það markmið að smábátaveiðar verði framvegis frjálsar innan sanngjarnra takmarkana. Æskilegast væri að sömu reglur gildi um veiðar á öllum bátum innan við 10 brúttótonn að stærð eins og var fram til ársins 1990. Haldi menn sig hins vegar við að draga mörk milli bátastærða svipað og nú er koma ýmsar leiðir til greina til að rétta hlut báta á aflamarki þannig að þeir sem þá gera út og hafa sjómennsku að aðalstarfi geti framfleytt sér af slíkri útgerð. Hér skal bent á þann möguleika að heimila þessum bátum veiðar á línu í tvo mánuði að sumarlagi þar sem fiskur sem veiðist væri aðeins að hálfu talinn með í aflamarki eins og gert er ráð fyrir í 10. gr. gildandi laga. Í staðinn mætti takmarka hliðstæða heimild til veiða á línu á tveimur af fjórum vetrarmánuðum, t.d. í janúar og febrúar. Með þessu væri dregið úr hvatningu til sóknar á þeim tíma sem veður eru að jafnaði vályndust og um leið rýmkað fyrir um aflamöguleika viðkomandi báta.

Ég geri ráð fyrir að hv. þm. gerþekki lög um stjórnun fiskveiða eins og þau nú eru sniðin þar sem smábátum er skipt í tvo flokka: Bátar yfir 6 tonn að stærð eru á aflamarki en þeir sem gera út báta undir 6 tonnum geta valið á milli aflamarks og krókaveiða sem svo eru kallaðar með þeim takmörkunum sem þeim fylgja. Hins vegar segir í ákvæði laga og reglugerða sem

byggir á lögunum — ég vitna til lagatextans, bráðabirgðaákvæði III, virðulegur forseti:

„Reynist hlutdeild þessara báta af heildarbotnfiskafla hafa vaxið meira en sem nemur 25% að meðaltali á þessum árum [þ.e. árin 1991–1993] miðað við þá aflahlutdeild sem þeir áttu kost á árið 1991, skal þeim ákvörðuð aflahlutdeild frá og með upphafi þess fiskveiðiárs er hefst 1. september 1994."

Þetta er það sem blasir við að óbreyttum lögum vegna þess að í það stefnir að þessu heildaraflamarki verði augljóslega náð. Þetta ákvæði yrði því virkt ef það væri í gildi þegar þar að kæmi.

Á árinu 1991 lögðu samtals 1.452 smábátar upp afla og nam hann samtals 52 þús. lestum, þar af var þorskafli þeirra 35 þús. lestir eða sem svarar 11,4% af heildarþorskafla landsmanna. Af þessu sést hversu geysimikið framlag smábátanna er í heildarveiðinni. Talið er að heildarverðmæti afla smábáta undir 10 brúttólestum að stærð hafi á undanförnum árum numið 3–4 milljörðum kr., reiknað á verðlagi ársins 1990. Líklegt er að um 1.300 ársstörf sjómanna af alls 6.000–6.500 ársverkum við fiskveiðar séu við útgerð smábáta, þ.e. um fimmtungur.

Það er, virðulegur forseti, athyglisvert að virða fyrir sér það sem hefur verið að gerast síðan á haustdögum í sambandi við afla einstakra fiskiskipa og stærðarflokka fiskiskipa samkvæmt bráðabirgðatölum frá Fiskifélagi Íslands. Þar kemur í ljós að smábátar hafa á þessum tíma aflaleysis eða mjög tregs afla almennt séð aukið hlutdeild sína í veiði frá árinu á undan á sama tíma og veiði togara hefur dregist saman. Þetta eru tölur sem ég hvet til að menn athugi, m.a. þegar verið er að líta til nýtingar fiskimiðanna. Við hefðum haldið vegna tregra gæfta að undanförnu að smábátarnir hefðu takmarkað getað athafnað sig en þetta eru tölur sem liggja fyrir um tímabilið frá september til janúar borið saman milli ára.

Smábátaútgerð hefur úrslitaþýðingu fyrir byggð og atvinnu í nokkrum byggðarlögum á landinu eins og menn þekkja. Á mörgum stöðum og landsvæðum hefur útgerð smábáta afar mikla þýðingu, í byggðarlögum eins og á Ströndum, í Grímsey, á Bakkafirði og Borgarfirði eystra er þetta í rauninni eina útgerðarformið sem stundað er og aðstæður leyfa að stundað sé.

Fram hafa farið athuganir á vegum Landssambands smábátaeigenda sem birtar eru sem fskj. með tillögunni. Þær gerði Karl Benediktsson landfræðingur og beindust þær sérstaklega að smábátaútgerð á Suðurnesjum og Austfjörðum. Á Suðurnesjum svo að dæmi sé tekið voru 143 bátar skráðir fyrir afla á árinu 1991. Er talið líklegt að á bak við það séu um 140 ársstörf sjómanna og um 150 störf við fiskvinnslu í landi auk ýmissa afleiddra starfa í þjónustu.

Þetta ættu menn að hafa í huga á landsvæði þar sem atvinnuleysi herjar nú með grimmari hætti en víðast hvar annars staðar, ekki síst hjá konum.

Á Austfjörðum voru á sama tíma og hér var vitnað til 224 smábátar skráðir fyrir afla og að baki þeim standa 212 störf á sjó eða sem svarar til þriðjungs af sjómannsstörfum í landshlutanum. Þar að auki koma störf í landi. Má segja að um 10% af öllum störfum á Austfjörðum séu tengd smábátaútgerð með beinum hætti þótt þýðingin sé vissulega misjöfn eftir byggðarlögum. Víða hefur vegur smábátaútgerðar og þýðing vaxið hröðum skrefum að undanförnu, t.d. á Höfn í Hornafirði.

Takmarkaðar athuganir hafa verið gerðar hérlendis á áhrifum mismunandi veiðitækni á nýtingu fiskimiðanna, bæði að því er snertir stærð fiskiskipa og veiðarfæri. Þó er ástæða til að ætla, m.a. með hliðsjón af erlendum rannsóknum því innlendar skortir í rauninni, að smábátar með veiðar á króka og línu fari betur með fiskislóðir en önnur veiðarfæri. Þá eyðist mun minni orka á aflaeiningu á smábátum en við togveiðar. Hins vegar standa fleiri störf að baki sama aflamagni hjá smábátunum en togurum. Hvort tveggja verður að teljast smábátaveiðum til tekna eins og nú háttar í þjóðfélaginu og út frá umhverfislegum gildum.

Hafa ber einnig í huga hvað fjárfest hefur verið í þágu þessarar útgerðar undanfarin ár bæði í nýjum bátum og hafnaraðstöðu.

Við skulum einnig minnast þess að smábátaútgerðin er nær einvörðungu fjölskyldurekstur þar sem maki og börn taka oft mikinn þátt í útgerðinni. Slíkt fellur vel að félagslegu munstri lítilla byggða og tengir fólk nánari böndum við heimabyggð og nánasta umhverfi en þegar um þátttöku í stórrekstri er að ræða. Setja verður því stórt spurningarmerki, svo ekki sé fastar að orði kveðið, við fiskveiðistjórnun sem ýtir undir uppkaup stærri útgerða á aflaheimildum smábáta eins og gerst hefur að undanförnu varðandi smábáta á aflamarki. Um 900 talsins fóru inn á aflamark eftir samþykkt laganna 1990 en þeim hefur fækkað um nálægt 400 síðan. Segir það nú sína sögu. Margt bendir til að með þessu sé á ferðinni hagræðing með öfugu formerki.

Ég hlýt líka, virðulegur forseti, að minna á þá umræðu sem fram hefur farið á alþjóðavettvangi um veiðar, þó að við ættum ekki að þurfa að fara langt út fyrir landsteinana til þess að meta reynslu í þessum efnum. Ég minni á þær samþykktir sem gerðar voru á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Rio de Janeiro á síðasta ári. Í ályktun ráðstefnunnar og framtíðarábendingum varðandi veiðar er alveg sérstaklega hvatt til þess að veiðiskapur af því tagi sem hér um ræðir sé efldur vegna þess að hann er, eins og sagt er með nýyrði, vistvænn veiðiskapur sem gengur með öðrum hætti að náttúruauðlindinni en ýmsar aðrar veiðiaðferðir.

Ég er ekki með þessum orðum að skattyrðast út í aðrar veiðiaðferðir eða útgerð togara. Við þurfum auðvitað að líta á málið heildstætt en við þurfum líka að gæta þess að setja ekki eggin í eina körfu í þessum efnum og stuðla að því að hafa fjölbreytni og alveg sérstaklega sem tekur mið af byggðamunstrinu í landinu ásamt þjóðhagslegri arðsemi á heildina litið þar sem allir þættir eru teknir inn í dæmið.

Þessi tillaga er viðleitni til þess að sporna gegn

þeirri aðför að smábátaútgerð í landinu sem felst í óbreyttu stjórnkerfi veiða og freista þess að fá umræðu um þessi mál á vettvangi Alþingis og þá alveg sérstaklega á vegum sjútvn. þingsins sem fram til þessa hefur verið sniðgengin af stjórnvöldum þrátt fyrir ákvæði laga frá 1990 um samráð við sjútvn. varðandi mótun framtíðarstefnu í fiskveiðum og raunar varðandi framtíðarsjávarútvegsstefnu á heildina litið. Ég held að eitt allra brýnasta verkefni okkar Íslendinga og Alþingis Íslendinga nú um stundir sé að leggja vinnu í að móta skynsamlega sjávarútvegsstefnu sem tekur mið af heildarhagsmunum þjóðarinnar og af atvinnustiginu í landinu og öllum öðrum þeim þáttum sem nefndir eru í þessari tillögu og sjálfsagt fleiri þáttum sem taka þarf mið af.

Virðulegur forseti. Tíma mínum er lokið. Ég vil að lokum leyfa mér leggja til, þrátt fyrir að hæstv. ríkisstjórn og ráðherrar hennar hafa viljað koma flestum tillögum sem rætt er um til allshn. þingsins, að þessari tillögu verði að umræðu lokinni vísað til sjútvn.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Sú tillaga sem hér er til umræðu felur í sér að undirbúa á umfangsmiklar tillögur um þróunarforsendur og starfsskilyrði smábátaveiða jafnframt því sem viðamiklar athuganir verði gerðar á ýmsum þáttum þessa veiðiskapar.

Nú hafa að undanförnu farið fram talsvert miklar athuganir á hagkvæmni mismunandi stjórnunarkosta við fiskveiðar á vegum svokallaðrar tvíhöfða nefndar. Frá mínum bæjardyrum séð er jafnan þörf á því að huga sem gleggst að hvers konar upplýsingaöflun um útgerðarhætti og sjávarútveg á Íslandi og mikið ánægjuefni hversu áhugi manna hefur vaknað í þessu efni. Þessi tillaga ber vitaskuld vott um þann almenna áhuga.

Það er rétt, sem kemur fram í máli hv. flm., að smábátar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki í íslenskum sjávarútvegi rétt eins og útgerð annarra skipa. Það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með því hversu sveigjanlegir smábátarnir eru. Ég hafði til að mynda gaman af því í fyrra að sjá smábáta hvaðanæva að af landinu safnast vestur á firði til þess að veiða fisk af því að hann gaf sig vel þar á grunnslóð. Allt eru þetta atriði sem máli skipta þegar um útgerð er rætt og sérstaklega það viðfangsefni sem hér er til umræðu.

Hv. flm. gera hér ráð fyrir því að gerðar verði breytingar á gildandi lögum. Eins og kunnugt er er kveðið mjög skýrt á um það í gildandi lögum um fiskveiðistjórnun að svokallað krókaleyfi verði afnumið 1. sept. 1994. Það er athygli vert að þeir þingemnn sem þessa tillögu flytja gengu harðast fram í því á vordögum 1990 að knýja þessa lagasetningu fram og gerðust sérstakir baráttumenn fyrir því að þvinga þessa löggjöf fram á tiltölulega mjög stuttum tíma. Í þinginu voru mjög ákveðnar óskir um að þingið fengi rýmri tíma til umræðu um svo veigamikið mál en því var gersamlega hafnað og þingmenn Alþb., sem eru flm. þessarar tillögu, tóku af skarið í því efni að það kæmi ekki til greina og knúðu fram þá löggjöf sem hér er verið að fjalla um með þingmönnum Alþfl. og Framsfl.

Rétt rúmum tveimur árum eftir að þessir þingmenn, flm. tillögunnar utan einn sem er nýliði á þinginu, höfðu með atkvæðum sínum komið þessari skipan á flytja þeir tillögu af þessu tagi og telja að nú þurfi heldur betur að skipta um stefnu. Hefur eitthvað nýtt komið fram frá því að þessir hv. þm. settu lögin eins og þau eru? Nei. Ekkert nýtt hefur komið fram. Allar staðreyndir í þessu máli voru ljósar þegar lögin voru sett. Það vissu allir að hverju var gengið. Enginn gekk að því með nokkurri óvissu. Hv. þm. vissu mætavel hvað þeir voru að gera en koma nú og tala eins og þeir beri enga ábyrgð á þeirri löggjöf sem við vinnum nú eftir.

Ég lýsti því yfir á seinasta ársfundi Landssambands smábátaeigenda í smáræðu sem ég flutti þar, ég hygg að það hafi verið í október sl., að frá mínum bæjardyrum séð væri eðlilegt að gera breytingar á þeirri löggjöf sem Alþb., Framsfl. og Alþfl. samþykktu á sínum tíma. Það þyrfti að koma fram með málamiðlun í því efni. Það mundi ekki standast að sú löggjöf sem Alþb. knúði fram ásamt Framsókn og Alþfl. gengi óbreytt fram og menn yrðu að finna málamiðlanir. Ýmsir hafa haldið því fram að lögin ættu að standa óbreytt en aðrir að bráðabirgðaástandið ætti að standa óbreytt. Ég setti fram það sjónarmið að að eðlilegt væri að menn leituðu málamiðlana í þessu efni frá þeirri löggjöf sem þessir flokkar ákváðu og samþykktu hér á vordögum 1990.

Nú geta verið uppi ýmsar skoðanir í því efni hvernig slík málamiðlun á að vera. Það er rétt að fara má ýmsar leiðir í því efni. Tvíhöfða nefndin svonefnda hefur greint frá því að hún hafi rætt einn kost í því hvernig leysa megi þetta með málamiðlun. Þær hugmyndir verða ræddar við hagsmunaaðila og sjútvn. áður en þær verða formlega settar fram í samræmi við lagaákvæði um samráð við hagsmunaaðila og sjútvn. þingsins.

Ég ítreka það sjónarmið að ég tel að þeir flokkar sem stóðu að fyrri ríkisstjórn hafi gengið of langt fram í þessu efni og þess vegna sé eðlilegt að koma fram með málamiðlun. En það skýtur svolítið skökku við þegar þeir sem ábyrgð báru á lagasetningunni flytja ræður af því tagi sem hv. málshefjandi gerði þegar hann mælti fyrir tillögunni.

Við verðum líka að gera okkur grein fyrir því að jafnvel þó að við finnum málamiðlun, sem ég tel rétt að gera í þessu efni, verður hún ekki fundin nema á kostnað einhverra annarra því að auðlindin er takmörkuð. Það sem við gerum í málamiðlun til þess að bæta stöðu smábátanna frá því sem fyrri ríkisstjórn ætlaði að yrði gerist ekki nema tekið sé frá öðrum, smærri bátum og togurum. Því fremur sem kerfið yrði óbreytt yrðu menn að taka þeim mun meira frá stærri bátum og togurum af því að auðlindin er takmörkuð.

Ég hygg að þegar til lengdar lætur sé farsælast að við búum við stjórnskipulag þar sem allir sitja við sama borð og að leikreglurnar séu sem svipaðastar fyrir alla útgerðarflokka. Þá fær hver útgerðarflokkur að njóta hagkvæmni sinnar. Ég er sannfærður um að það

er rétt, sem hér hefur verið sagt, að það er mikil hagkvæmni í því að gera út smábáta. Búi þeir við sömu leikreglur og aðrir fær sú hagkvæmni að njóta sín, bæði í þágu þeirra sem þessa atvinnu stunda og þjóðarbúsins í heild.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Sú till. til þál. sem hér liggur fyrir er að mörgu leyti nauðsynlegur grundvöllur þeirrar umræðu sem þarf að fara fram um hlut smábátanna. Þó finn ég að vísu að sumu í orðalagi tillögunnar sjálfrar, sem mér finnst heldur stofnanalegt til þess að geta talist til mikils sóma, eins og tillögur um þróunarforsendur og báta sem eigi að hafa leyfi til tiltekinna veiða innan tiltekinna friðunarskilmála. Mér finnst þetta svolítið stofnanalegt orðalag og ekki alveg í samræmi við tilefnið sem eru veiðar smábáta. En það er kannski aukaatriði.

Aðalatriðið er auðvitað að þegar við endurskoðum lög um fiskveiðistjórnun þarf það að gerast að þeirri óvissu sem núna ríkir um veiðar smábáta sé eytt. Það er ljóst að þegar núgildandi lög um fiskveiðistjórnun voru samþykkt hófst mikið tímabil óvissu. Þau þrjú ár sem bátar höfðu til þess að vinna sér inn nýja veiðireynslu samkvæmt þessum lögum hafa gert það að verkum að menn hafa verið í sífelldu kapphlaupi um að vinna sér inn nýja veiðireynslu og þetta tímabil er kannski ekkert marktækt um hvernig þessi mál muni þróast í framtíðinni.

Ég held þess vegna að tal manna um að krókaleyfi í einhverri mynd leiði af sér að sífellt verði gengið á rétt annarra sem stunda þessa auðlind séu óþarfa áhyggjur. Ég held að það skipti nefnilega mjög miklu máli að við eyðum þessari óvissu með því að ljúka þessu máli þannig að menn standi ekki alltaf í þeim sporum að vita ekki almennilega hvað framtíðin ber í skauti sér. Ég held að aðalatriði þessa máls sé það að við verðum að viðhalda þeirri smábátaútgerð sem hér um ræðir vegna þess að hún hefur ómetanlega þýðingu fyrir svo margt í okkar þjóðfélagi.

Hins vegar er ljóst að ýmsar þær upplýsingar sem við þurfum til þess að ræða þessi mál liggja ekki fyrir, upplýsingar um þróun í afla þessara báta, hvernig aflinn skiptist t.d. milli mánaða, hvernig hann skiptist á milli veiðisvæða o.s.frv. Þess vegna lagði ég fram fyrirspurn sem dreift var í dag sem hefur þann tilgang að varpa ljósi á þetta.

Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að ganga þannig frá málum að staða smábátanna sé tryggð áfram. Ég tel einfaldast að gera það með því að hafa áfram krókaleyfi í einni eða annarri mynd. Ég held hins vegar að óbreytt krókaleyfi eins og við höfum í dag komi ekki til greina af þeirri ástæðu að vegna þeirrar óvissu sem ríkir um framtíð fiskveiðistjórnunarinnar sé það á margan hátt mjög óheppilegt.

Ég vil í þessu sambandi leggja áherslu á tvennt. Í fyrsta lagi að það er ákaflega varasamt, svo ekki sé fastar að orði kveðið, að hafa þær reglur sem eru núna sem beinlínis hvetja til þess að menn sæki sjó á þessum litlu bátum í svartasta skammdeginu við erfiðustu aðstæðurnar. Í öðru lagi hitt, sem ég hef ekki heyrt menn tala um en margir hafa bent mér á sem hafa fylgst með þessum veiðum, að sums staðar tíðkast því miður að bátar fari á sjó óeðlilega hlaðnir og reglum um hleðslumörk hjá þessum bátum sé ekki fyllilega fylgt. Þetta er hlutur sem þarf að fylgja eftir. Í fyrsta lagi að við reisum einhverjar skorður við róðrartímanum þegar dimmast er og erfiðast að róa og í öðru lagi hitt að við fylgjum mjög fast eftir reglum um hleðslumörk, sé það rétt sem kunnugir menn hafa haldið fram við mig að ekki sé alls kostar farið eftir þeim.

Ég vil, eins og hæstv. sjútvrh., minna á að þau lög sem nú eru í gildi byggja bókstaflega á því að reglur um krókaleyfi falli úr gildi 1. sept. á næsta ári. Þessi lög voru samþykkt með styrk þingmanna Alþb. sem þó eru flm. að þessari þáltill. sem við ræðum. Þess vegna er mjög athyglisvert að fylgjast með sinnaskiptum Alþb. í þessu máli. Ég ætla í sjálfu sér ekki að sýta þessi sinnaskipti. Ég fagna því að Alþb. skuli hafa komist að þeirri niðurstöðu að þau lög sem flokkurinn stóð að á sínum tíma að gæti ekki nægjanlega vel hagsmuna smábátanna í landinu. Ég tel þess vegna ástæðu til að fagna því að till. til þál. í þessum dúr er komin fram.

Hins vegar er það mjög mikilvægt að svar fáist við því sem formaður Landssambands ísl. útvegsmanna heldur fram í síðasta fréttabréfi LÍÚ. Þar er hann að ræða þessi mál og segir einfaldlega að páv. sjútvrh. hafi gert samkomulag við Landssamband smábátaeigenda um þau lög sem nú gilda um veiðar smábáta. Mér er að vísu ekki kunnugt um þetta samkomulag en hér sitja þingmenn sem stóðu að þessari lagasetningu og studdu hana og geta þess vegna greint okkur frá því hvort eitthvað slíkt samkomulag hafi verið gert. (Gripið fram í.) Mér er ekki kunnugt um það þar sem ég sat ekki á þingi þegar þetta var og enn síður stóð ég vitaskuld að þessari lagasetningu. Það er hins vegar mjög mikilvægt að það liggi fyrir hvort um eitthvert samkomulag hafi verið að ræða.

Niðurstaðan af máli mínu er þessi: Ég tel mestu máli skipta sé núna að eyða þeirri óvissu sem smábátaútgerðin starfar innan. Ég tel að sú óvissa sé í sjálfri sér skaðleg fyrir smábátaútgerðina og hvetji til óeðlilegs róðralags.

Í öðru lagi tel ég, og hef heyrt að er sjónarmið margra trillumanna, að það eigi að reisa skorður við því að menn séu að róa á þessum litlu bátum við erfiðustu aðstæðurnar, þegar dimmast er og erfiðast er að stunda sjóinn.

Í þriðja lagi verður vitaskuld að fylgja mjög fast eftir öllum reglum um hleðslumörk þessara báta til að tryggja að sem mest öryggis sé gætt við sjósóknina á þessum bátum eins og öðrum í landinu.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér ræðum við till. til þál. um smábátaveiðar og vissulega tilefni til þar sem nýlega kom fram álit hinnar svokölluðu tvíhöfða nefndar um að hún stefni að því að framfylgja gildandi lögum um

að á alla smábáta verði settur kvóti og krókaleyfi afnumið. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hæstv. sjútvrh. að þrjú ár voru ætluð til þess að menn gætu valið um hvort smábátarnir færu strax á kvóta eða tækju sér þrjú ár til viðmiðunar og fengju síðan úthlutað kvóta, þ.e. 1. sept. 1993.

Það er því augljóst mál að það er álit hinnar svokölluðu tvíhöfða nefndar að afnema skuli krókaveiðileyfi. Það skuli afnumið og engar veiðar lengur frjálsar og sú gamla hefð sem hefur skapast á þessar veiðar muni ekki lengur gilda. Tillögur nefndarinnar um fiskveiðistjórnun sem hingað til hafa heyrst eru m.a. fólgnar í því að skerða hlut smábátaeigenda og sér í lagi krókaveiðibáta. Það er fyrst og fremst rökstutt með því að afli smábátanna sé orðinn svo stór hluti af heildarafla sjávarfangs og þeir farnir að taka of mikið frá togurum og stærri bátum.

Nú liggur það ekki fyrir hversu mikið þessir bátar hafa veitt á hvaða tíma og milli svæða o.s.frv. en samkvæmt því sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson upplýsti áðan hefur hann lagt fram fyrirspurn um þetta og verður mjög fróðlegt að fá að sjá það svar þegar það kemur. Síðan kvóti var settur á smábáta, allt niður að 6 tonnum, fyrir tveimur árum hefur það orðið til þess að margir eigendur seldu bátana. Þeir áttu ekki annars úrkosta því kvótinn var það lítill og rekstrargrundvöllurinn brostinn. Þeir seldu stærri útgerðarfyrirtækjum og kvótinn var þannig færður yfir á togarana. Þar með var rekstrargrundvöllur þessa litla báts brostinn og báturinn eyðilagður, brotinn í spón, kveikt í honum eða eyðilagður á annan hátt og var þá ekki lengur á skrá.

Samkvæmt því sem flm. upplýsti áðan voru það um 900 bátar sem fengu þennan kvóta en munu líklega vera eftir núna um 500. Um helmingur þeirra hefur því selt kvótann og trúlega flestir þeirra verið teknir af skrá og jafnvel eyðilagðir.

Ég vil bara spyrja þingmenn: Geta svona hlutir verið þjóðhagslega hagkvæmir? Venjuleg heilbrigð skynsemi segir manni að það sé alveg óhugsandi. Það getur ekki verið eðlileg stjórnun fiskveiða sem liggur að baki því að eyðileggja verðmæti á þennan hátt.

Samkvæmt því sem kemur fram hjá tvíhöfða nefndinni margumtöluðu á enn að þrengja að smábátaveiðunum, að eigendum smábáta og þar með að þeim byggðarlögum sem hafa haft hag af þessum rekstri. Þetta á allt að gerast þrátt fyrir að mjög margt mæli með þessum veiðum. Það má nefna nokkur atriði:

Trillur eru undirstöða atvinnu og lyftistöng fjölmargra minnstu sjávarplássanna í landinu. Þau sjávarpláss eru m.a. á Ströndum, í Grímsey, á Bakkafirði og fleiri og fleiri sem hægt er að nefna. Kostnaður við trilluútgerð er minni en annarra skipa. Samkvæmt skýrslu sem smábátaeigendur létu gera í desember 1992 er þjóðhagslega hagkvæmast að veiða sem mest á smábáta vegna þess að þar er útgerðarkostnaður í lágmarki. Þar er einnig bent á að smábátar hafa aldrei verið baggi á lánastofnunum og gjaldþrot eru þar fátíð. Þeir færa einnig að landi eitthvert besta hráefni sem völ er á. Veiðarfæri smábáta, þ.e. línan og handfæri, eru umhverfisvæn og miða að því að gera veiðarnar sjálfbærar, samanber markmiðið um sjálfbæra þróun.

Einnig má benda á að smábátaveiðar eru mun mannaflsfrekari en aðrar veiðar en skila arði þrátt fyrir það. Sú staðreynd ætti að vega þungt á tímum vaxandi atvinnuleysis því smábátaútgerð skapar þrefalt fleiri störf en togaraútgerð. Nú er ég ekki að segja að togaraútgerð eigi að leggjast af. Síður en svo. En við verðum líka að huga að því að smábátaútgerð er mjög atvinnuskapandi.

Þá hefur sú skýrsla, sem ég vitnaði í áðan, sem smábátaeigendur létu gera í desember sl., berlega leitt í ljós að engin atvinnugrein hérlendis hefur staðið smábátaútgerð á sporði í afkomu árið 1989. Það hefur komið í ljós að frystitogarar eru ekki það gróðafyrirtæki sem mönnum hefur hingað til verið talin trú um. Sú þróun að fækka smábátum og færa veiðiheimildir yfir á stærri skip mun því ekki auka hagkvæmni í veiðum á heildina litið. Því er vandséð hvaða hagkvæmni er verið að leita að með því að skerða veiðiheimildir smábáta eins og nú er lagt til í áliti hinnar margnefndu tvíhöfða nefndar.

Kannski væri vert að benda mönnum á í þessum umræðum að nú byggist sú atvinna sem eftir er í Bolungarvík þessa dagana mest á veiðum minni báta, þ.e. línubátum og færabátum, og þeirri atvinnu sem tengist því. Færabátar munu bætast við með vorinu en kannski verða minni möguleikar fyrir þá eftir ár að fara af stað.

Uppistaðan í fiskvinnslu Tálknfirðinga á síðasta sumri var afli trillubáta. Frá því í maí 1992 til ágústloka var landað á Tálknafirði af aðkomnum smábátum 1.488 tonnum af fiski, nær eingöngu þorski, en heildarþorskkvóti heimabáta og togara fiskveiðiárið 1992–1993 er 1.325 tonn. Þarna höfðu Tálknfirðingar möguleika á því að tvöfalda þann afla sem barst á land sem skapaði næga vinnu þar í þó nokkuð marga mánuði.

Það eina sem getur bjargað sjávarplássum frá algjöru hruni er að hægt sé að stunda þar smábátaútgerð og línuveiðar. Þegar útgerðarfyrirtækin sem eiga kvótana eru orðin gjaldþrota og skipin með kvótanum eru seld í burtu og þeir sem eftir sitja hafa ekki leyfi til að bjarga sér, þeir mega ekki veiða fiskinn sem syndir úti fyrir ströndinni, þá eru smábátarnir eina hálmstráið sem eftir er. Nú á að loka þeirri leið líka. Ég trúi því ekki að hv. þm. sjái ekki hvílíkt glapræði það væri að fara eftir þeim tillögum. Ég vil hins vegar hvetja til þess að sú þáltill. sem hér er til umræðu fái afgreiðslu sem fyrst og eftir henni verði unnið því það mun skila árangri inn í framtíðina og styrkja okkar veikburða atvinnulíf.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rangt sem kemur fram hjá hv. 6. þm. Vestf. að þær hugmyndir sem tvíhöfða nefndin svonefnda hefur sagt frá opinberlega að hún sé með á prjónunum þrengi kost smábátaútgerðar frá því sem núverandi löggjöf mælir fyrir um. Þvert á móti ákvað

Alþingi, eins og hér hefur komið fram í umræðunni, og meira en ákvað, það batt í lög að krókaleyfið skyldi afnumið og 4.000 lestum í aflaheimildum skyldi jafnað á milli smábátanna.

Það sem tvíhöfða nefndin hefur sagt er þetta: Það er ekki sanngjarnt að það sem Alþingi ákvað og batt í lög varðandi smábátana komi til framkvæmda og það er eðlilegt að koma til móts við sjónarmið þeirra og slaka á þeirri löggjöf sem Alþb., Alþfl. og Framsfl. settu á vordögum 1990. Þess vegna hafa þeir sett þessar hugmyndir fram um að afla verði skipt á milli þeirra sem er þrefalt meiri en núgildandi löggjöf gerir ráð fyrir. Það er þess vegna alveg út í bláinn að halda því fram að þessar hugmyndir þrengi kost smábátanna frá því sem núverandi löggjöf mælir fyrir um. Þessar hugmyndir ganga út á að rýmka þá löggjöf fyrir smábátana en vitaskuld gerist það ekki með öðrum hætti en þeim að taka frá öðrum, taka frá togurunum og bátunum, því miður, vegna þess að við búum við takmarkaða auðlind.

Það eru þær köldu staðreyndir sem við stöndum frammi fyrir og þessi nefnd er að fjalla um það að rýmka stöðu smábátanna á kostnað hinna sem stærri eru. Það er nauðsynlegt í þessari umræðu að hafa það sem sannara reynist og ræða út frá þeim staðreyndum sem fyrir liggja sem eru mjög augljósar í þessu tilviki vegna þess að þær eru festar í lög sem Alþingi sjálft, þessi virðulega samkoma, hefur samþykkt.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að lögin gera ráð fyrir að kvóti verði settur á alla báta og það sagði ég einmitt í ræðu minni áðan. En ég sagði að með þessum tillögum væri verið að þrengja hag smábáta frá því sem nú er. (**ÓÞÞ:** Það er rétt.) Frá því sem er í gildi núna. Núna hafa bátar undir 6 tonnum krókaleyfi sem er ekki bundið við kvóta. Með því sem nefndin leggur til er verið að þrengja hag þeirra þó það sé útvíkkun frá því sem hefði átt að gerast ef lögin hefðu komið til framkvæmda á næsta hausti. Jafnframt hefur líka verið í gangi endurskoðun sem allir reiknuðu með að yrði komin í ljós og mundi e.t.v. breyta því sem samkvæmt lögunum í dag á að koma til framkvæmda næsta haust.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér er verið að fjalla um það hvort gera eigi breytingar á lögum eða ekki breytingar á lögum. Lögin eru alveg skýr. Þegar menn ræða það hvort tillögur miða að því að þrengja kosti þeirra sem hér eiga hlut að máli eða bæta þann kost hljótum við að taka mið af því sem gildandi lög segja fyrir um í því efni. Það er alveg óumdeilt að hér eru á ferðinni tillögur sem rýmka þennan kost. Það var ákveðið að hafa hér tiltekið bráðabirgðafyrirkomulag. Það samþykkti Alþingi og nú þykir mönnum sem svo að sú skipan sem Alþingi ákvað geti ekki gengið og sé ósanngjörn. Ég lýsti því yfir strax í október að eðlilegt væri að gera hér málamiðlun því lögin væru of þröng í þessu efni. Þær tillögur sem hér eru komnar fram af hálfu tvíhöfða nefndarinnar, hafa reyndar ekki verið birtar en greint frá þeim lauslega í umræðum, miða að því að rýmka þessa stöðu.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra virðist vilja reyna að toga ummæli mín svolítið á annan veg en ég segi þau. En það stendur eftir að hagur smábátaeigenda verður miklu þrengri á næsta hausti ef þær breytingar taka gildi sem tvíhöfða nefndin er að leggja til. Hann verður miklu þrengri heldur en hann er í dag. Landssamband smábátaeigenda hefur gert mjög góða grein fyrir því og lagt það til að þessum lögum verði breytt eins og þau eru núna, að krókaleyfið verði framlengt og það er það sem við erum að ræða. Við erum að ræða um það í sambandi við atvinnusköpun fyrir landsbyggðina ekki hvað síst, fyrir smærri sjávarplássin úti um land. Hæstv. sjútvrh. benti á það í umræðum á Akureyri nú í haust að e.t.v. mundi helmingur sjávarplássanna leggjast af. Það er e.t.v. það sem hann telur rétt og það eigi bara að fara eftir þessum tillögum nefndarinnar. Ég sé ekki fram á annað heldur en það muni gerast ef allir smábátar fá kvóta.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Vegna þeirra ummæla hv. 6. þm. Vestf. þar sem vitnað var í ræðu mína á Akureyri sl. haust þar sem ég lýsti ákveðnum ótta við það að heil byggðarlög gætu farið í eyði ef menn ætluðu að fylgja hér fram einhverri markvissri gjaldþrotastefnu, þá eru þau ummæli auðvitað slitin algerlega úr samhengi þegar þau eru dregin inn í þessa umræðu. Ég er ekki að gera lítið úr veiðum smábáta. Þvert á móti hef ég lýst því og er þeirrar skoðunar að þeir gegni afar mikilvægu hlutverki í íslenskum sjávarútvegi, séu mjög mikilvægur útgerðarkostur og hafi sannarlega komið mörgum byggðarlögum vel. En við skulum ekki gleyma því að við búum við takmarkaða auðlind og það sem einn tekur úr auðlindinni, það tekur ekki annar. Það sem línubátar taka út á tvöföldun á línu, er beinlínis dregið frá öðrum. Það sem línubátur færir heim í sína verstöð út á tvöföldunarregluna kemur niður á aflamarksbátum og þeir koma að sama skapi með minna magn að landi í sína verstöð (**JVK:** Þeir greiða ...) og skapa þar af leiðandi minni atvinnu. (**JVK:** Togararnir fiska ...) Það sem við þurfum að hafa hér í huga er að við höfum tekið þá ákvörðun að byggja fiskstofnana upp, að rányrkja ekki auðlindina og heildarveiðin er það sem við getum haft áhrif á. Þess vegna eru það fals rök að halda því fram að einn útgerðarflokkur eða ein tegund báta geti veitt og skapað viðbótaratvinnu vegna þess að sú veiði takmarkar einfaldlega veiði annarra og takmarkar þá atvinnu annarra sem hefðu fengið að njóta þess að vinna þann fisk eða veiða. Þetta eru staðreyndir en þær draga ekkert úr gildi þess að gera út smábáta. Þær draga ekkert úr gildi þeirra veiða né úr gildi þeirra starfa sem þar eru unnin en menn eiga ekki að vera að draga fram einhver falsrök í umræðunni. Við verðum að horfa hér á heildarhagsmunina og þær

staðreyndir sem við stöndum frammi fyrir því að ég geri ekki ráð fyrir því að hv. 6. þm. Vestf. né nokkur annar þingmaður vilji mæla fyrir þeirri stefnu að við eigum að ganga um auðlindina eins og engu máli skipti hversu mikið við tökum úr henni. Ég geri fastlega ráð fyrir því að hv. þm. fylgi þeirri stefnu að við þurfum fyrst og fremst að byggja þorskstofninn upp og það sé óásættanlegt að búa við svo lítinn og lélegan þorskstofn til langrar framtíðar, ekki síst vegna þess að framtíðarhagsmunir byggðanna í landinu eru ekki komnir undir öðru meir en að okkur takist að stækka þorskstofninn og auka þorskveiðina. Ef við horfum til lengri framtíðar, þá er þróun byggðar í landinu fyrst og fremst komin undir því að okkur takist að stækka þorskstofninn og auka þorskveiðarnar. Og við megum þess vegna ekki taka neinar þær skyndiákvarðanir við þessar erfiðu aðstæður sem gera það að verkum að við slökum á varðandi þá uppbyggingarstefnu sem við ætlum okkur að fylgja. En þó að ég segi þessi orð, þá er ég ekki með því að halda því fram að smábátarnir séu einhver meiri skaðvaldur en aðrir í þessu efni, þvert á móti. En veiði þeirra er veiði og það verður auðvitað ekki horft fram hjá henni, hún verður auðvitað ekkert skilin frá annarri veiði. Við tökum þann fisk úr auðlindinni sem smábátarnir koma með að landi. Það er staðreynd sem við getum ekkert lokað augunum fyrir. En frá mínum bæjardyrum séð skiptir mestu máli að við búum við þannig leikreglur að menn sitji við sama borð og þá fá kostir einstakra útgerðarþátta að njóta sín.

Ég hef ekki trú á því að það sé til farsældar að stjórnvöld á hverjum tíma eigi að finna út hvernig við eigum að stunda útgerð á Íslandi. Ég held að opinberar forskriftir um það hvaða báta er heppilegast að gera út, hvaða veiðarfæri er hentugast að nota séu ekki líklegar til árangurs. Ef við búum hins vegar við leikreglur sem tryggja það að við getum verndað fiskimiðin og allir sitji við sama borð, þá njóta þeir sín auðvitað best sem stunda veiðarnar með mesti hagkvæmni og minnstum tilkostnaði og koma með besta hráefnið að landi því það er enginn vafi á því að hráefnið og meðferð þess mun skipta sköpum um sölu sjávarafurða á næstu árum. Ég tek undir það með þeim sem hér hafa talað að þar hafa smábátarnir mjög sterka stöðu. Þeir eru vissulega að veiða gott hráefni. Og þess vegna trúi ég því og þykist vita það að þegar við höfum tryggt sambærilegar leikreglur fyrir alla, þá munu þessir alveg augljósu kostir sem hér hafa verið dregnir fram við smábátaveiðarnar fá að njóta sín. Þetta er mjög mikilvægt atriði.

Því miður er það svo til að mynda að því er línuveiðarnar varðar að að undanförnu hefur verið mikið um undirmálsfisk á línuveiðunum. Það hefur oft verið á það bent að í línuveiðiskap komi menn með gott hráefni og ég tek undir þau sjónarmið. Það er kórrétt að það er mjög mikilvægur veiðiskapur, ekki síst fyrir þá sök að það hefur komið mjög gott hráefni af línuskipunum. En það er um leið áhyggjuefni að að undanförnu hefur undirmálsfiskur verið mjög stór hluti aflans og af 31 skyndilokun í janúarmánuði vegna undirmálsfisks voru 25 vegna línuveiða. Og það segir okkur vissulega þá sögu að við þurfum að hafa áhyggjur af auðlindinni og gæta að því að gera ekkert í þessu efni sem raskar því markmiði okkar að byggja auðlindina upp og fá hér sterkari og stærri þorskstofn.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, ég get vissulega verið sammála hæstv. sjútvrh. um það að við þurfum að hugsa um heildarhagsmunina og ég hef áreiðanlega ekkert síður en hann áhyggjur af auðlindinni þar sem ég bý á því svæði þar sem hún skiptir svo miklu máli að tilvera manna er nánast undir henni komin. En ég get ekki verið honum sammála í því að veiði smábátanna taki frá stærri skipunum vegna þess að sl. sumar veiddist fiskurinn nánast ekki nema á grunnslóð þar sem smábátarnir gátu náð honum og togararnir gátu það ekki, þannig að hefðu smábátarnir ekki verið á þeim veiðum þá hefði bara ekkert veiðst. Og hvað varðar það að þarna sé um stóran hlut í afla að ræða, þá er það árið 1991 í kringum 33 þús. tonn.

Það er líka verið að ræða um það stundum að smáfiski sé kastað og það hafa verið nefndar háar tölur í því sambandi, allt að 100 þús. tonn segja sumir. Ég ætla ekki að leggja neinn dóm á það. En mér finnst miklu eðlilegra að smábátarnir veiði, jafnvel þó að það sé smáfiskur 25% í aflanum, að þeir veiði þessi 33 þús. tonn og þau komi til vinnslu í landi heldur en togararnir kasti smáfiskinum af því að þeir megi ekki koma með hann að landi.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg kórrétt að veiðiskapur gengur misjafnlega. Fiskurinn hegðar sé nokkuð misjafnlega og á stundum veiða menn vel á stóru togskipin. Í annan tíma veiða menn betur á bátana. Þá gefur fiskurinn sig meira á grunnslóð og menn urðu til að mynda vestur á fjörðum mjög varir við það í fyrrasumar. Staðreyndin er sú að það kerfi sem við búum við býr yfir þeim sveigjanleika að einmitt þegar þetta gerðist, þá fóru smábátarnir hvaðanæva að af landinu vestur á firði og veiddu fisk og það er einmitt kosturinn við þetta kerfi að þessi sveigjanleiki er fyrir hendi. Þetta sýnir líka fram á það hversu varhugavert það er að stjórnvöld gefi út einhverja opinbera forskrift að það eigi að veiða fisk á einhverri einni tegund skipa en ekki annarri vegna þess að náttúran er duttlungafull. Stundum gefur fiskurinn sig betur á grunnslóð, þá er betra að ná honum á smábátum. Í annan tíma gera togararnir það betur, þá heldur fiskurinn sig þannig. En ef við stæðum svo hér með einhverjar reglugerðir eða lög um það að það eigi fyrst og fremst að ná fiskinum með einni tegund skipa en ekki annarri, þá hefðum við ekki í sjávarútveginum þann sveigjanleika að bregðast eins við duttlungum náttúrunnar eins og við gerum í dag og það er í raun og veru kjarni þessa máls.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú held ég bara að við hæstv. ráðherra séum sammála vegna þess að kerfið sem við búum við í dag, hann sagði kerfið sem við búum við núna, er að mínu áliti einmitt miklu betra heldur en það sem reiknað er með að eigi að taka við í haust. Ég vona þá að hæstv. ráðherra muni halda því kerfi áfram sem við búum við í dag.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna því nú að við erum meira sammála um ýmislegt ég og hv. 6. þm. Vestf. en menn höfðu kannski ástæðu til að halda í upphafi umræðunnar. Ég vil þó árétta það sjónarmið að ég er þeirrar skoðunar að í þessu álitaefni sem við vorum að ræða, sveigjanleika kerfisins, breytist í sjálfu sér lítið eða ekkert hvort heldur smábátarnir eru á aflamarki eða sóknarmarki. Þeirra veiðigeta verður eftir sem áður sú sama og sveigjanleikinn í kerfinu sá sami.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætlaði ekki að fara hér í ræðustól til þess að blanda mér í umræðuna fyrr en þá undir lok hennar, en af því að hæstv. ráðherra kom hér tvívegis í millitíðinni, þá nota ég mér rétt til andsvars. Það geri ég vegna þeirra sjónarmiða sem fram komu hjá hæstv. ráðherra sem ég er mjög ósammála. Hann sagði að það eigi að gilda einar og samræmdar reglur fyrir alla og þá eigi hagkvæmni stærðarinnar að skera úr um veiðiskapinn. Það sé þetta sem muni þjóna byggðunum í landinu, það sé þetta sem muni tryggja hér byggðina. Þannig ganga hlutirnir ekki upp nema menn vilji láta fjármagnið leiða þetta til lykta, að kvótinn sé kominn á örfárra manna hendur í landinu, yfirráðin yfir auðlindinni séu komin á örfárra manna hendur í landinu og á hendur örfárra byggðarlaga í landinu sem verður afleiðingin af því ef þetta allsherjarkerfi sem hæstv. ráðherra er að mæla hér með og berjast fyrir, fær að þróast óhindrað. Ég ætla ekki í andsvari að fara að svara ráðherranum úr hans fyrstu ræðu. Ég mun gera það síðar við þessa umræðu en ég tel að það sé grundvallarmisskilningur að það eigi að láta það stjórnlaust í rauninni, láta það vera bara þeirra sem kjósa að keppa um kvótann að velja sér útgerðarhættina, að velja sér með hvaða hætti þeir sækja óháð því hvaða áhrif m.a. það hefur á fiskimiðin sjálf. Getur hæstv. ráðherra t.d. svarað því hvaða áhrif óhindruð togveiði eða lítt hindruð togveiði hafi á veiðislóðina? Getur hæstv. ráðherra svarað því? Ég held að það sé einn af þeim grundvallarþáttum sem okkur vantar upplýsingar um og það verði að líta á að veiðarfæri og útgerðarhættir hafa mismunandi áhrif á þá auðlind sem við viljum auðvitað allir vernda og byggjum á.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé rétt að minna hv. þm. á að þessi skelfilega löggjöf sem hann talar um að sé í gildi er samþykkt hér af hans flokki, borin fram af hans flokki fyrir ekki meira en tveimur árum síðan. (Gripið fram í.)

Hann ræddi svo um þann skelfilega hlut að ég hefði minnst á orðið hagkvæmni. Ég veit ekki betur en hv. þm. sé í þessari tillögu að leggja til að hér sé gerð sérstök athugun á því að afmarka smábátum sérstakan sess í okkar fiskveðum vegna þess að þeir séu þjóðhagslega hagkvæmir. Og ég heyrði ekki betur í ræðu hv. þm. en hann hefði rökstutt það með gildum rökum að þessi útgerðarrekstur væri mjög hagkvæmur, til að mynda notaði litla orku. Og það er ekkert annað sem ég var að segja en að þessi hagkvæmni sem hv. þm. var réttilega að benda á í rekstri smábátanna ætti að fá að njóta sín og hún kæmi skýrast í ljós þegar leikreglurnar væru þær sömu. Ég hef hins vegar ekki trú á því að stjórnvöld eigi að ákveða fyrir fram hvað er hagkvæmni og ég hef bent á það hér í umræðunni að náttúran gerir það að verkum að stundum ná smábátar meiri fiski en togararnir. Þannig var þetta í fyrrasumar. Stundum er þessu öðruvísi farið. Og það er óskynsamlegt að vera þá með opinberar forskriftir og binda sjómennina og útgerðarmennina í opinberum forskriftum og draga þannig úr sveigjanleika atvinnugreinarinnar. En hv. þm. er lærður og þjálfaður í opinberri skipulagshyggju og hefur ekki mikið lært af skipbroti hennar.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er satt að segja afar dapurlegt með hvaða hætti hæstv. sjútvrh. gengur fram í þessari umræðu hér til þess að koma sér hjá því að ræða um stefnu í þessum málum, stefnu til framtíðar, og segja fyrir hvað hann stendur, þá er hann að fjalla um liðna tíð og ætlar að binda sig í því. Ég skal ræða það við ráðherrann hér á eftir þegar ég hef ráðrúm til þess og tíma frekar. En ég vil benda hæstv. sjútvrh. á að það er fleira hagkvæmni heldur en fjárhagsleg hagkvæmni og þegar spurningin er um það að umgangast lífræna auðlind, þá er kannski undirstöðunnar og svaranna ekki að leita í hinni fjárhagslegu hagkvæmni, síst einni saman. Það eru aðrir þættir sem verður að taka tillit til og það er hluti af því sem þessi till. fjallar um. Það er að leggja til að á þá verði litið í sambandi við mótun framtíðarstefnu.

Ég set stórt spurningarmerki við það stjórnkerfi sem nú ríkir í fiskveiðum landsmanna, mjög stórt spurningarmerki og ég spyr: Hverjir gera það ekki miðað við þá stöðu og þá reynslu sem við höfum fengið af stjórnkerfi með aflakvóta frá 1983? Ég hef ekki breytt mínum viðhorfum nokkurn skapaðan hlut í því efni frá því ég varaði við því úr þessum stóli í umræðum um það og breytingu um þau efni. Ekki nokkru. Þær spurningar eru enn í mínum huga og hafa ágerst á undanförnum árum í ljósi þeirrar ömurlegu reynslu sem við stöndum frammi fyrir sem afsprengi þessa stjórnkerfis að svo miklu leyti sem við getum leitt líkur að því að það eigi hlut í því að ekki hafi tekist betur til en raun ber vitni í sambandi við auðlindina þorskstofn og aðra nytjastofna á Íslandsmiðum.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er enn ástæða til að minna hv. þm. á ábyrgð hans flokks að þessi skelfilega löggjöf, sem hann talar um, er nú í gildi. Það eru ekki nema rétt rúm tvö ár sem hans flokkur setti þessi lög. Þegar þingmaðurinn æsir sig upp svona skelfilega eins og hann gerði af því, er ég skildi best, að ég hefði ekki tekið undir sjónarmið í tillögunni um nauðsyn frekari rannsókna á ýmsum þáttum, til að mynda veiðarfærum, byggist sá æsingur á miklum misskilningi því ég tók það fyrst fram í umræðunni að ég teldi margt í þessari tillögu þess efnis að vert væri að skoða það, eins og fjölmarga aðra þætti í rekstri okkar sjávarútvegs. Talsvert miklar rannsóknir hafa verið framkvæmdar á notkun veiðarfæra en hvergi nærri nógu miklar. Það er eitt af þeim fjölmörgu rannsóknaverkefnum sem við þurfum að sinna af miklu meiri krafti. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið benda ekki til þess að neinn afgerandi munur sé á notkun veiðarfæra að því er varðar nýtingu auðlindarinnar. Ég hef sagt það áður og tók undir það í upphafsræðu minni að þetta er einn af þeim þáttum sem við þurfum að rannsaka miklu betur og alveg óþarfi fyrir hv. þm. að æsa sig svona skelfilega því undir þessi sjónarmið var ég búinn að taka.

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kem upp til þess vonandi að létta áhyggjum af hæstv. sjútvrh. vegna þess að hann sagði áðan að hann hefði miklar áhyggjur af því að verið væri að skyndiloka á miðunum allt í kringum landið vegna uppvaxandi smáfisks. Fyrir mína parta finnst mér það mjög mikið gleðiefni, hæstv. sjútvrh. Ég tel að þetta sé merki um að mun meira sé að vaxa upp af smáfiski við landið en menn áttu von á og sennilega í mun meira mæli en árgangaskipun þorsksins sem spáð hefur verið af Hafrannsóknastofnun gefur tilefni til að ætla. Þess vegna tel ég þetta hið besta mál og að sjútvrh. eigi alls ekki að hafa af því áhyggjur heldur gleðjast yfir því. Vonandi verður þetta til þess að þessi smáfiskur, sem nú er að vaxa upp allt í kringum landið, nær að þroskast. Til þess vantar hann aðallega æti og lífsskilyrði því það hefur sýnt sig t.d. austur í Stöðvarfirði að fiskur sem var 800 gr og látinn í kví þrefaldaði þyngd sína á nokkrum mánuðum. Ef þetta gerðist á Íslandsmiðum stæðum við kannski frammi fyrir því í lok næsta árs að þorskstofninn okkar væri ekki 895 þús. tonn heldur 1.500–1.600 þús. tonn. Þetta er fræðilegur möguleiki svo framarlega sem lífsskilyrði eru til staðar. Fram á þetta hefur verið sýnt með tilraun austur í Stöðvarfirði sem ég vék að áðan.

Annað vil ég láta koma fram í þessari umræðu úr því að ég er kominn í ræðustól að ég tel að það kerfi sem við eigum að hafa á smábátunum eigi að vera sóknarstýrt kerfi. Það eigi að vera líkt því sem er í dag en það þarf samt að útfæra það dálítið öðruvísi þannig að menn séu ekki að sækja sjó þegar ekki er ástæða til þess vegna slæms veðurs, að menn séu ekki í of mikilli keppni. Það þarf að vera stífari dagatakmörkun í því og svolítið öðruvísi útfært en það á að vera heildarkvóti en ekki kvóti á hvert skip, niður í hvaða stærð skips sem er.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Guð láti gott á vita. Ég vona að hv. 1. þm. Vestf. hafi rétt fyrir sér. Þegar smáfiskur eykst í afla sem hlutfall af þeim heildarafla sem dreginn er úr sjónum geta verið á því tvær skýringar. Annars vegar að yngri árgangar séu stærri í raun og veru en áður hefur verið ráð fyrir gert ellegar hitt að eldri árgangarnir séu veikari og þess vegna veiðist minna af þeim og hlutfall smáfisks af heildaraflanum verði af þeim sökum þeim mun meira.

Hvort tveggja getur auðvitað átt sér stað og enginn getur sagt um það með neinni vissu hvort er tilfellið en ég get þó ekki leynt því að af þessu hljóta menn að hafa vissar áhyggjur. Vonandi er skýringin á hinn veginn, eins og hv. 1. þm. Vestf. bendir á. Það væri mikið gleðiefni en við megum ekki loka augunum fyrir því að sú getur verið skýringin að minna sé af eldri og stærri fiskinum.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Í ákvæðum til bráðabirgðalaga um stjórn fiskveiða, ákvæði nr. VII, segir svo, með leyfi forseta:

„Sjútvrh. skal láta fara fram athugun á mismunandi kostum við stjórn fiskveiða þar sem m.a. skal leitast við að meta hagkvæmustu samsetningu fiskiskipaflotans. Skal athugunin, er m.a. taki mið af reynslu annarra þjóða, beinast að því að meta hagkvæmni einstakra aðferða miðað við íslenskar aðstæður með sérstakri hliðsjón af því hvernig unnt sé að tryggja atvinnuöryggi fiskverkafólks og hagsmuni einstakra byggðarlaga. Þá skal ráðherra fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við þá endurskoðun."

Þannig hljóðar þetta VII. ákvæði til bráðabirgða gildandi laga.

Nú hefur hæstv. sjútvrh. upplýst að á grundvelli þessa ákvæðis starfi hin svokallaða tvíhöfða nefnd og að verkefni hennar sé m.a. að uppfylla skilyrði þessa ákvæðis sem ég vitnaði til í upphafi.

Í Morgunblaðinu í dag er skýrt frá því að tvíhöfða nefndin svokallaða um endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar eins og stendur orðrétt, með leyfi forseta: „... mun í dag eða á næstu dögum senda sjútvn. Alþingis og hagsmunaaðilum í sjávarútvegi uppkast að áliti sínu til umsagnar." Mér segir svo hugur um og ef ég les og skil rétt orð hæstv. sjútvrh. að hér sé verið að fara samkvæmt þeim lagatexta er ég las áðan.

Ég hef verið að fylgjast með viðtölum við hina tvo formenn þessa tvíhöfða nefndar í fjölmiðlum að undanförnu þar sem þeir hafa skýrt frá í bútum hvert innihald yrði af hugsanlegum niðurstöðum sem hin svokallaða tvíhöfða nefnd mun birta. Mér hefur þá komið í hug: Hvaða umboð hefur þessi tvíhöfða nefnd?

(**Gripið fram í:** Alþfl.) Hver hefur veitt þessari tvíhöfða nefnd umboð til að kynna niðurstöður sínar með þessum hætti? Hvers virði eru orð og yfirlýsingar þessarar nefndar héðan í frá?

Þeir hv. þm. sem taka á móti þessari nefnd þegar hún birtir sjútvn. tillögur sínar og niðurstöður í dag eða á morgun eða næstu daga hljóta að spyrja fyrst þessarar spurningar: Í hvaða umboði eru þessar niðurstöður lagðar fram? Þetta er grundvallarspurning. Það verður að spyrja líka að því hvort einhver nefnd úti í bæ, þó tvíhöfða nefnd sé kölluð, hafi leyfi samkvæmt þingsköpum til að leggja fyrir nefndir þingsins einhvers konar niðurstöður eða hvort það er ráðherra eins og ég skil lögin sem það eigi að gera. Þá spyr ég hæstv. sjútvrh. hvort hann ætlar að leggja fyrir hv. sjútvn. einhverjar niðurstöður eða hvort það er tvíhöfða nefndin sem hefur orðið svo altækt umboð að hún er hafin yfir þingsköp og getur gengið á fund hv. sjútvn. og birt hinu háa Alþingi niðurstöður sem kallaðar eru.

Ég verð af þessu tilefni að undirstrika það rækilega að tvíhöfða nefndin var kjörin af þingflokkunum til þess að gera drög að endurskoðun á gildandi lögum um stjórnun fiskveiða. Þessi nefnd starfar þess vegna m.a. á ábyrgð mína og ég á erfitt með að heyra um niðurstöður þessarar nefndar, sem ég ber ábyrgð á, í fjölmiðlum án þess að hafa fengið að sjá nokkuð skriflegt um það sem nefndin er að gera. Ég óttast mjög að þessi vinnubrögð stefni öllum þeim hagsmunum sem í húfi eru í mikla hættu vegna þess að þessi vinnubrögð eigi ekki að gilda um jafnmikilvæg mál og hér er verið að fjalla um.

Það er alveg ljóst að hér er verið að takast á um eitt brýnasta hagsmunamál þjóðarinnar og það er ekki hægt að nota svona mál til þess að skemmta sjálfum sér í fjölmiðlum, til þess að fara út á torg og fara offari og stefna lífskjörum og hagsmunum þjóðar jafnvel í hættu af því að þeir sem veljast í svona nefnd bera mikla ábyrgð og sú ábyrgð tengist trúnaði og trausti þegar um svona mikilvæga hagsmuni er um að fjalla. Þetta verð ég að segja hér vegna þess að þetta eru orð sem eiga við.

Sú till. til þál. sem er til umræðu kemur inn á þetta ákvæði laganna sem ég las í upphafi. Ég lít svo á að þessi tillaga sé gott innlegg og gott til leiðsagnar þegar hv. sjútvn. Alþingis tekur til við að ræða þau drög að endurskoðun sem lögð verður fyrir sjútvn. samkvæmt þingsköpum og samkvæmt lögum þegar að því kemur. Ég þakka flm. alla þá vinnu er liggur að baki þessari þáltill. og öllum þeim upplýsingum sem hér koma fram. Ég er nokkuð viss um að þær eiga eftir að koma að miklu gagni í því mikla starfi sem fram undan er í þessum málum.

Tveir hv. þm. Alþfl. hafa séð sig knúna til að lýsa því yfir að þeir muni leggja sig fram um að verja frjálsar veiðar, að verja áfram krókaleyfin í þeirri mynd sem þau hafa verið hingað til. Og ég er sá þriðji sem gerir það hér og nú. Tveir eða þrír eða fleiri hv. þm. Sjálfstfl. hafa séð sig knúna til að gera þetta líka. Það er ekki góð staða að knýja þingmenn stjórnarliðsins til þess að gefa slíkar yfirlýsingar áður en tíminn er fullnaður vegna þess að það er rangt staðið að málum hjá þeirri tvíhöfða nefnd er við í þingflokki Alþfl. treystum til að takast á við þetta mál í upphafi.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins þakka hv. þm. fyrir hans tölu. Hann sendir ekki nein óskýr skilaboð heldur lýsir afdráttarlaust yfir afstöðu sinni. Ég tel að því miður hafi gefist tilefni til slíks að undanförnu og vil taka undir með honum sérstaklega þar sem hann gagnrýnir harðlega vinnubrögð tvíhöfða nefndarinnar. Við, sem komum nálægt störfum sjútvn. Alþingis, teljum ástæðu til þess líka.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna fsp. hv. 5. þm. Austurl. um það hvernig staðið verði að lögbundnu samráði um tillögur þessarar svokölluðu tvíhöfða nefndar er rétt að ítreka það, sem reyndar hefur verið sagt á hinu háa Alþingi margsinnis áður, að nefndin mun leggja skýrslu sína fram fyrir sjútvn. Alþingis og fyrir sérstaka ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila sem skipuð hefur verið lögum samkvæmt. Nefndin mun leggja þessa skýrslu fram sem drög fyrir þessa aðila, ræða efni hennar og hlusta á sjónarmið ráðgjafarnefndar hagsmunaaðila og sjútvn. þingins, og að loknu því samráði ljúka sinni skýrslugerð og tillögugerð til ráðuneytis. Á þeim grundvelli verður málið síðan af ráðuneytisins hálfu undirbúið fyrir þingið og fær þá væntanlega hefðbundna þinglega meðferð.

Hér er í einu og öllu unnið í samræmi við bráðabirgðaákvæði laganna. Því miður hefur vinnan dregist. Hér hefur verið unnið mikið verk og skýrslan ítarleg. Þar að auki, eins og hv. þm. vita, hafa skoðanir verið skiptar og liggur í augum uppi að þegar þannig stendur á tekur jafnan lengri tíma að komast að niðurstöðu. Sú málsmeðferð sem á verður höfð er í fullu samræmi við bráðabirgðaákvæði laganna. Ég hygg að bæði mér og þeim mönnum sem í nefndinni sitja þyki leitt að þetta skuli hafa dregist nokkrar vikur fram yfir mánaðamótin en öðru leyti verður bráðabirgðaákvæðum laganna fylgt eftir.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Samkvæmt því sem hæstv. ráðherra segir, að tvíhöfða nefndin leggi þessa skýrslu formlega fyrir hv. sjútvn., þá hlýtur hún eigi að síður að gera það á ábyrgð hæstv. sjútvrh. og þar með á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Áður en slík drög eru lögð fram einhvers staðar opinberlega hlýtur ríkisstjórnin og hæstv. sjútvrh. að kanna hvort þau viðhorf sem þessi drög munu vitna um njóti yfir höfuð einhvers stuðnings. Það eru eðlileg vinnubrögð og það eru náttúrlega vinnubrögð sem verða að duga í þessu máli eins og öðrum. Ég vona af einlægni að hæstv. sjútvrh., sem ég veit að líkar ekki þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð af hálfu tvíhöfða nefndarinnar, að skýra hálfopinberlega frá viðkvæmum hlutum og viðkvæmum upplýsingum án þess að þær fari eðlilegar boðleiðir og séu

í eðlilegum farvegi, tryggi að að þessu verði staðið eins og Alþingi sæmir.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Bráðabirgðaákvæði laganna kveður á um samráð við hv. sjútvn. og ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila. Þetta samráð er lögbundið vegna þess að Alþingi taldi eðlilegast að þessir aðilar segðu álit sitt á þessu viðfangsefni áður en hæstv. ríkisstjórn kæmi fram með fullbúið frv. til framlagningar á Alþingi. Ég tel eðlilegt að bæði þeir þingkjörnu fulltrúar sem sitja í sjútvn. og forustumenn hagsmunasamtaka útgerðarmanna, sjómanna og fiskverkenda, sem sitja í ráðgjafarnefndinni, fái að segja sitt álit áður en ríkisstjórn kemur fram með formlegar tillögur. Þess vegna er þetta samráð lögákveðið. Þess vegna er þessi háttur hafður á að leggja drög að skýrslu tvíhöfða nefndarinnar fyrir þessa aðila til samráðs til þess að fá á hana gagnrýni eða önnur sjónarmið og meta þau að því samráði loknu. Ég tel að þessi vinnubrögð séu í fullu samræmi við gildandi ákvæði eða bráðabirgðaákvæði gildandi laga.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég tek heils hugar undir efni þessarar þáltill. Ég tel það brýnast nú að skapa smábátum rekstrarskilyrði þannig að framtíð smábátaveiði verði tryggð og þar með afkoma þeirra einstaklinga, fjölskyldna og byggðarlaga sem eiga allt sitt undir veiðum smábátanna.

Fjölgun smábáta undir aflamarki á undanförnum árum er kapítuli út af fyrir sig og hefur bæði jákvæðar en þó fyrst og fremst neikvæðar hliðar. Þessi þróun varð þrátt fyrir að samtök smábátaeigenda hefðu varað við því að leyfð yrði ótakmörkuð fjölgun smábáta. Jákvæðu hliðarnar eru að smábátaútgerð hefur verið ljós í myrkrinu þar sem alvarlegur samdráttur hefur verið í atvinnumálum, svo sem á Suðurnesjum og nýrri dæmi má raunar finna með einum eða öðrum hætti á Vestfjörðum sem e.t.v hefðu kynnst atvinnuleysisdraugnum nú þegar ef ekki hefði komið til að aðkomusmábátar hefðu þar haldið uppi vinnu. Ég segi „nú þegar" þrátt fyrir nýjustu fregnir af Vestfjörðum og ég vona að sjálfsögðu að smábátarnir muni geta hjálpað til í því byggðarlagi þar sem ástandið er verst á Vestfjörðum nú. Það er ástæða til að ætla að það verði alla vega að einhverju leyti.

Hins vegar er sú neikvæða hlið sem snýr að þeim smábátum ekki síst sem sæta hafa mátt kvótaskerðingu og verið á aflamarki. Við þekkjum sjálfsagt öll mýmörg dæmi þess að bátar hafa ekki borið ársverk, hvað þá heilla fjölskyldna eftir skerðingu og menn hafa orðið að selja bát og kvóta og þetta er auðvitað bæði sóun á verðmætum. Í sumum tilvikum þýðir þetta byggðaröskun. Í sumum tilvikum þýðir þetta alvarlega röskun á högum fjölskyldna og að öllu leyti má segja það að þetta sé afskaplega neikvæð þróun. Það er nefnilega þannig að það er ekki hægt að hálfskrimta með smábátaútgerð. Sumir hafa að vísu gripið í alls konar íhlaupaverk og reynt að bjarga sér en því miður eru fleiri sem hafa steypt sér í skuldir og standa mjög illa að vígi.

Það er áreiðanlega engin tilviljun að nú er knúið fast á um að fallið verði frá áætlunum um að koma smábátunum undir 10 tonnum yfir á aflamark. Kapphlaupið um að skapa sér aflareynslu eða veiðireynslu eins og nú stendur er stórháskalegt og það er kannski mesta mildi að ekki hefur farið enn verr heldur en farið hefur í því mikla kapphlaupi sem ætti ekki að vera að fara fram. Mig langar, með leyfi hæstv. forseta, að vísa hér aðeins til ályktunar sem er frá bæjarstjórn Sandgerðis, dags. 3. des. 1991, þar sem kannski er í hnotskurn orðaður þessi vandi sem ég er hér að tala um. Með leyfi forseta stendur þar:

„Bæjarstjórn Sandgerðis tekur eindregið undir það sjónarmið Smábátafélags Reykjaness að krókaleyfi smábáta verði fest varanlega í sessi sem fyrst, einkum með tilliti til þess að geigvænlegt kapphlaup hefur nú myndast um myndun veiðiheimildar hjá eigendum þessara báta. Slíkt kapphlaup getur haft hörmulegar afleiðingar í för með sér þegar sótt er af meira kappi en forsjá til þess eins að auka hlutdeild sína í væntanlegum aflaheimildum."

Síðan þessi ályktun var send frá bæjarstjórn Sandgerðis er liðið meira en ár og við vitum öll að þetta kapphlaup stendur enn og óvissan um framtíðina — því að enn vilja menn taka það sem óvissu frekar heldur en það sé öruggt mál að krókaleyfin verði afnumin — er mjög skaðleg í fleiru en einu tilliti. Út frá öryggissjónarmiði er þetta kapphlaup að sjálfsögðu uggvænlegt og sömuleiðis er fleira athugavert út frá öryggissjónarmiði þar sem skerðing kvóta á aflamarksbátunum hefur ýtt undir það að menn rói einir á bátum og það jafnt í viðsjálum veðrum sem blíðviðri til þess einfaldlega að framfleyta sér og sínum. Þetta gerist þegar kvótinn ber það ekki að tveir rói saman á bát.

Það reyndar má segja að upp hafi komið býsna mörg vandamál meira og minna vegna stjórnvaldsaðgerða. Það eru þau vandamál sem orðið hafa þegar menn hafa gefist upp og selt stórum útgerðum í flestum tilvikum kvótann sinn. Báturinn hefur farið á brennu eða guð má vita hvert hann hefur farið og síðan eru aðrir eftir að reyna að sækja án þess að gera það á þann hátt sem æskilegast væri. Þetta er auðvitað algerlega óviðunandi og ég held að við verðum að viðurkenna það að náttúruöflin skapa þær aðstæður að við eigum ekki að þurfa að velja þessa leið.

Það er fleira í þessari tillögu sem sérstök ástæða er til að taka undir og ég held að það sé afskaplega jákvætt að taka fram að meta verður sérstaklega þýðingu smábátaveiði fyrir viðhald byggðar og atvinnu, hlut smábáta í skynsamlegri nýtingu fiskimiða og áhrif smábátaveiða á vistkerfi sjávar samanborið við aðrar veiðar eins og fram kemur í þessari till.

Ég vil nota tækifærið og vekja athygli á þeirri þróun sem orðið hefur að 30 stærstu sjávarútvegsfyrirtækin ráða yfir helmingi alls kvóta við landið. Að hluta til hefur þessi þróun orðið vegna þess að grundvellinum hefur verið kippt undan útgerð margra smábáta og

þetta er auðvitað ekki byggðavæn þróun, ef ég fæ að setja saman orð sem ég veit reyndar ekki hvort ég á að státa af eða ekki. Ég óttast það að þessi þróun sé alls ekki þjóðhagslega hagkvæm. Smábátabyggðir eru í stórhættu nú þegar. Atvinna í landi hefur minnkað og það er að hluta til vegna þessarar þróunar og nýting miðanna er ekki samkvæmt því sem ætla má að helst svari kröfum um vistvænar veiðar. Mér þykir ánægjulegt að heyra að hæstv. sjútvrh. er reiðubúinn að taka undir mörg þau sjónarmið sem fram koma í þessari till.

Virðulegi forseti. Það yrði hrapallegt slys ef saumað yrði svo að smábátaútgerð hér á landi að hún fengi ekki þrifist. Og ég læt það vera lokaorð mín að að óbreyttu stefnir í að svo verði, bæði með framlagi tvíhöfða þursins og án. Þess vegna þurfum við stefnubreytingu og þá helst á nótum þessarar tillögu.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég hef verið að fylgjast hér með umræðum í dag og ég verð að segja það alveg eins og er að ég hef orðið fyrir töluverðum vonbrigðum með afstöðu hæstv. sjútvrh. sem hefur komið hér fram. Að vísu hafði maður nú fylgst með því frá því að hann tók við þessu starfi að hann hefur ekki brugðið mikið út af stefnu forvera síns í sjávarútvegsmálum. Hann er eins og ég hef stundum áður sagt í gallanum af Halldóri og formaður LÍÚ hefur líklega þæft fyrir hann vettlinganna því að ekki getur hann tekið á öðruvísi en það sé a.m.k. nokkurn veginn í takt við það sem sá ágæti maður vill. Og nú hefur hann komið hér í ræðustól ítrekað í dag og haft það fram að færa að vegna þess að flokkar þeirra manna sem hafa tekið þátt í umræðunni hafi staðið að því að setja þessi lög, þá farist þeim nú ekki að tala. Mér finnst svona málflutningur ekki góður. Ég tel að hér eigi menn að bera fram sitt mál án þess að vera uppteknir af draugum fortíðarinnar og vera tilbúnir að leggja fram til umræðunnar þær hugmyndir sem þeir telja bestar á hverjum tíma og það er það sem hér er að gerast. Eftir að hafa litið yfir þessi mál hvernig þau standa, þá er lögð fram hér þáltill. þar sem verið er að benda á ýmsar leiðir sem ætti að fara til þess að standa betur að stjórnun smábátaveiðanna en hefur verið gert fram að þessu. Ég tel að það sé reyndar mikill vansi að við skulum ekki hafa farið út í þær rannsóknir fyrir allan flotann sem m.a. er þarna verið að benda á vegna smábátaveiðanna. Ég vona það satt að segja að menn beri gæfu til þess að fara í slíkar rannsóknir. En það er auðvitað forsenda til þess að slíkar rannsóknir hafi einhvern tilgang að kerfið sem menn búa við sé sveigjanlegt og það sé hægt að ná fram þeim markmiðum sem menn setja sér eftir að rannsóknirnar hafa leitt í ljós hvað er best að gera í sambandi við stjórn fiskveiðanna. En ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst hafa komið fram í máli hæstv. sjútvrh. að hann telur að það kerfi sem nú er í gildi þar sem eignarrétturinn ræður ríkjum sé það eina kerfi sem geti orðið til þess að ná fyllstu hagkvæmni við veiðar á fiskimiðunum í kringum landið.

Ég er mjög ósammála því og tel reyndar að það hafi komið mjög glöggt fram að þetta kerfi er ekki bara óheppilegt fyrir sjálfa nýtingu auðlindarinnar. Það er mjög óhagstætt og óskynsamlegt fyrir útgerðina sjálfa í landinu. Ég held að það sé nægilegt að benda á stöðu útgerðarinnar hvernig hún er í dag eftir að þetta kerfi er búið að vera við lýði síðan 1983, þá hefur stærri útgerðin í landinu aldrei staðið verr. Það er svo komið að það er ekki einu sinni hægt að koma hagkvæmni í útgerð þó að það verði gjaldþrot í útgerðinni vegna þess að kvótakerfið stendur í vegi fyrir því. Síðasta dæmið sem við höfum um það er þetta gjaldþrot í Bolungarvík. Það kom fram í fréttum í gær að bæjarstjórn Bolungarvíkur væri með hugmyndir um það að kaupa skipin og kaupa kvótann og á hvaða verði? Á 850 millj. Og hver skyldi þessi kvóti vera? Hann er 3.500 tonn. Og hvað gefur slíkt af sér? Það gefur ekki af sér meira en það að það er kannski hægt að reka útgerð sem skuldar 300–400 millj. en ekki 850. Þetta kvótakerfi og sú verðlagning á kvótum sem hefur orðið til vegna kerfisins er að rústa möguleikana á því að stofna *til nýrrar útgerðar í landinu, ekki bara á leiðinni,* það er búið að rústa hana. Það er enginn möguleiki að stofna til nýrrar útgerðar öðruvísi en leggja fram stórkostlega peninga sem fást aldrei til baka. Þannig er þetta. Það getur hvert skólbarn reiknað þetta dæmi út. Og það er einhver mesta nauðsyn fyrir útgerðina í landinu sem hægt er að hugsa sér að koma þessu kerfi af til þess að útgerðin geti gengið í gegnum þann hreinsunareld strax sem hún mun verða að ganga í gegnum. Og það er ekki hægt að kenna því um að menn taki kerfið úr sambandi að útgerðir fari á höfuðið vegna þess að nú stefna útgerðir allt í kringum landið í gjaldþrot vegna þess að undanfarin ár hafa bankastofnanir og útgerðarmenn horft á kvótann sinn og fyrir hvað væri hægt að selja hann á frjálsum markaði þegar þeir hafa verið að athuga hver staða útgerðarinnar væri. Og bankastofnanir hafa leyft sér það að líta þannig á að það mætti lána mönnum á meðan þeir ættu kvóta sem hægt væri að reikna til nægilega mikils verðmætis til þess að það væri hægt að fá upp í skuldirnar. Og svo hafa menn leyft sér að bæta við einhverjum verðmætum vegna eigna í landi. Þetta hefur leitt til þess að við eigum von á gjaldþrotum allt í kringum landið og ég held að það væri nú nær fyrir hæstv. sjútvrh. að skoða þessi reikningsdæmi áður en hann slær því föstu að það sé mesta hagkvæmnin í því að halda þessum útgerðarháttum áfram.

En umræðan hér er auðvitað vegna þess að menn vilja gulltryggja þetta kerfi, stíga síðasta skrefið til þess að það sé kominn kvóti yfir alla. Þar er skipulagshyggjan í öndvegi, virðulegur forsrh. Það á að stjórna *hverjum karli og kerlingu allt í kringum landið.* Það má ekki leggja titt að landi, (**Gripið fram í:** Fyrrv. forsrh.) Fyrrv. forsrh. Kannski verðandi, hver veit. Það á að stjórna hverjum karli og kerlingu allt í kringum landið og hvað má leggja á land af afla. Og svo upptekinn er hæstv. sjútvrh. af þessari hugmynd að hann er farinn að tala um að það sem smábátarnir veiða sé frá öðrum tekið. Og formaður LÍÚ hefur sagt svipuð orð og það oft. Hann talar um að það sé verið að taka

frá öðrum. En hvað er verið að taka frá togaraflota sem hefur verið í frjálsri sókn allt síðasta ár t.d. og reyndar oft áður á undanförnum árum? En allt síðasta ár æddu togararnir um miðin í frjálsri sókn án þess að ná kvótanum sínum. Hverju hefðu þeir orðið bættari þó að ekki hefði verið hægt að veiða þessa fiska á smábátana sem veiddust, hverju hefðu menn verið bættari?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hagfræði hv. 3. þm. Vesturl. er nokkuð skondin. Hann heldur því fram að verðmæti skipa í aflamarki sé miklu meira vegna aflamarksins heldur en verðmæti skipa í sóknarmarki. Þetta er engan veginn svo. Skip sem veiða og hafa rétt til veiða í sóknarmarki njóta þess réttar og hækka í verði vegna þess réttar alveg að sama skapi og skip sem veiða í aflamarki. Munurinn á sóknarmarki og aflamarki að þessu leyti er enginn. Hv. þm., sem sjálfur er trillukarl, hlýtur að vita það að smábátur án veiðileyfis í samanburði við smábát sem hefur krókaveiðileyfi hefur allt annað verðgildi. Krókaleyfisbáturinn hefur miklu hærra verðgildi af því að hann hefur krókaleyfi þó að hann sé í sóknarmarki. Þessi hagfræðikenning er auðvitað algerlega út í hött. Verðmæti skipa eykst við þennan rétt hvort heldur það er aflamark eða sóknarmark og má kannski færa að því rök að verðmætisaukningin sé meiri í sóknarmarkinu en aflamarkinu. Það má jafnvel færa að því rök vegna þess að veiðimöguleikinn úr heildaraflanum er meiri fyrir hvert skip. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga og er ástæða til þess að koma hér fram með því að það leiðir umræðuna á villigötur að halda því fram að það sé einhver reginmunur þarna á. Ef við værum hins vegar með sóknarmark og enga takmörkun á fjölda skipa, þá er ég býsna hræddur um að verðmæti skipanna mundi hrynja og það mundi koma niður á mörgum byggðarlögum í landinu ef við mundum taka þá ákvörðun því að þá mundu veðin hrynja og mörg byggðarlög hrynja og þá mundi hrikta í stoðum margra banka.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð að segja eins og er að mér finnst skrýtið að ég skuli þurfa að kenna hæstv. forsrh. einfalda hagfræði (**Sjútvrh.:** Þetta er mikil óskhyggja). Ég bið menn að afsaka þetta í annað sinn. En hvað um það. Það er ekki vafi á því að þegar skip sem hefur sóknarmark er selt er skipið og veiðiheimildin óaðskiljanleg. Það þýðir að sá sem selur skipið á markaði lýtur þeim lögmálum að verðmæti skipsins er það sem einhver vill kaupa það á. Aftur á móti hefur það gerst með kvótakerfinu að verðgildi skipsins plús þær veiðiheimildir sem með því eru er ekki lengur fundið út með því að gá að hvaða hagkvæmni kemur út úr rekstrinum heldur er gáð að því á hvað er hægt að selja kvóta skipsins á frjálsum markaði. Verðmæti kvótans hefur orðið til sem einhvers konar jaðarverð í kerfinu. Þetta veit hæstv. ráðherra vel. Ef t.d. þetta dæmi sem ég nefndi áðan er skoðað getur það ekki gengið upp einfaldlega vegna þess að þetta er þvingað verð sem tekur mið af allt öðru en rekstrarforsendum skipanna.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þarf í sjálfu sér ekki að taka fram að sá er munur á sóknarmarki og aflamarki, eins og við búum við, að hægt er að greina kvótann frá skipinu og selja hann sérstaklega. Hitt er staðreynd, sem er kjarni þess máls sem hv. þm. var með í upphafsræðu sinni, að verðmæti sóknarmarks skipa er alveg jafnmikið ef fjöldi þeirra er takmarkaður. Sú verðmætisaukning sem verður á skipunum vegna þess að fjöldi þeirra er takmarkaður er jafnmikil ef ekki meiri en aflamarksskipa. Um það snýst þessi umræða. Sé fjöldi skipa í sóknarmarki hins vegar ekki takmarkaður þá hrynur þetta verð. Ég er ekki viss um það að hv. þm. vildi standa fyrir þeirri efnahagslegu breytingu og þeim efnahagslegu áhrifum sem slík breyting hefði á ýmsar byggðir í landinu.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að hæstv. ráðherra skilji þetta þó hann eigi í erfiðleikum með að koma því frá sér. Ég held að það vefjist ekki fyrir nokkrum manni að þó svo að skip sem eru á sóknarmarki og fjöldi innan hverrar greinar takmarkaður tækju eitthvert hærra verð á sig yrði það verðmæti reiknað út frá rekstrarforsendum einingarinnar. Menn kaupa ekki skip nema þeir telji sig geta rekið það. En þegar sveitarfélög eru komin í þá aðstöðu að til þess að halda uppi atvinnu í byggðarlaginu verða þau að kaupa kvóta á skipum, eru þau neydd til vegna jaðarkostnaðar markaðsverðs á kvótanum að kaupa skipin á miklu hærra verði en hægt er að reka hverja einingu. Mér finnst þetta nokkuð augljóst og ætti að vera auðskilið hverjum manni að svona er þetta. Rekstrareiningarnar eru seldar sem slíkar þegar um er að ræða sóknarmarkið. Enginn verið í vafa um það og þá er ekki þessi þvingun sem ég er að lýsa að verður vegna hins frjálsa verðs á kvótanum.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir að þessi umræða fer hér fram og þakka hv. 1. flm. fyrir að hafa komið fram með þetta mál. Ég held að það sé mjög gagnlegt að ræða sérstaklega um þennan útgerðarmáta sem eru smábátaveiðar.

Við framsóknarmenn berum náttúrlega eins og allir vita heilmikla ábyrgð á þeirri sjávarútvegsstefnu sem nú er við lýði. Ekki ætla ég að hlaupa frá því en ég vil jafnframt segja að við höfum alltaf gert okkur grein fyrir því að við höfum ekki endilega fundið upp einhverja endanlega lausn á þessum málum heldur munu þau verða áfram til skoðunar og jafnvel breytinga, enda gerðu lögin ráð fyrir því.

Mig langar til, hæstv. forseti, að lesa fyrst upp úr samþykktum flokksþings framsóknarmanna frá því í haust þar sem segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Sú óvissa sem nú ríkir um fiskveiðistefnuna dregur úr hagræðingu og endurskipulagningu fyrirtækja. Fiskveiðistefnan verður að byggja á þeim grunni sem

þegar hefur verið lagður. Endurskoðun hennar verður að taka mið af eftirgreindum meginatriðum:

a. Stefnt verði að því að afli verði unninn í meira mæli í landinu. Í því sambandi kemur til greina að takmarka útflutning á óunnum fiski enn frekar.

b. Tryggja þarf jafna aðstöðu fiskvinnslustöðva og frystiskipa.

c. Minnstu bátarnir veiði áfram samkvæmt endurbættu banndagakerfi með heildaraflahámarki.

d. Mögulegt verði að taka sérstakt tillit til minnstu byggðarlaganna ef þau missa aflaréttindi með sambærilegum hætti og gert var ráð fyrir í lögunum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins sem núv. ríkisstjórn hefur afnumið."

Þetta er hluti af samþykkt flokksþings framsóknarmanna um þessi málefni.

Ég get tekið undir þau atriði sem flm. telja að þurfi að meta sérstaklega. Þá á ég ekki síst við atvinnuþáttinn, hvaða veiðar skapa mesta atvinnu með sérstöku tilliti til byggðamála.

Annað vil ég nefna sem tengist þessu máli óbeint og hefur komið fram nýlega og snertir endurskoðun fiskveiðilaganna í svokallaðri tvíhöfða nefnd þar sem gert er ráð fyrir því að tvöföldun á línu verði afnumin sem ég tel mjög varhugavert og vil endilega fá álit hæstv. sjútvrh. á því máli. Nú var ég ekki við umræðuna alla þannig að ég veit ekki hvort það er komið fram, en ég vil í þessu sambandi leyfa mér að lesa bréf og samþykkt sem gerð var í mínu kjördæmi 15. febr. sl., eða fyrir örfáum dögum. Það er svo, með leyfi forseta:

„Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps skorar á Alþingi Íslendinga að viðhalda núverandi kerfi í stjórnun fiskveiða hvað varðar tvöföldun kvóta á línu mánuðina nóvember til febrúar. Svo og tryggt verði í framtíðinni krókaveiðileyfi smábáta í áþekkri mynd og nú er."

Með þessu fylgir svolítil greinargerð:

„Tekið skal fram aðallur afli sem barst til Kaldbaks hf. á Grenivík á umræddu tímabili var línufiskur. Ef krókaveiðar og tvöföldun línuafla verður aflögð, er mjög hæpið að nokkurt hráefni hefði borist á land af viðkomandi bátum á þessum mánuðum þar sem útgerðarmenn mundu mjög trúlega veiða kvóta sinn á öðrum árstíma. Einnig er mjög mikil vinna við línubeitingu á umræddu tímabili sem erfitt væri að sjá á eftir á dögum vaxandi atvinnuleysis. Mikill skaði væri af ef línuútgerð legðist af á Grenivík þar sem löng hefð er fyrir henni þar."

Þá lýkur tilvitnun í þetta bréf sem er samþykkt frá hreppsnefnd Grýtubakkahrepps. Það var minnst á vinnu við línubeitingu en það fólk skiptir tugum sem hefur haft vinnu af því í vetur að beita á þessum litla stað sem telur kannski um 300 manns. Þetta finnst mér því vera mjög stórt mál fyrir utan það, sem hv. 1. flm. kom inn á í sínu máli, hvað línuveiðarnar eru umhverfisvæn aðferð við veiðar.

Nú má kannski segja sem svo að þessum afla yrði úthlutað áfram á viðkomandi báta en þar með er ekki sagt að þeir mundu þá ná þessum afla á línu þar sem það er mjög dýr útgerð. Ég hef tilfinningu fyrir því að línuveiðar sem slíkar mundu afleggjast ef þessi tvöföldun legðist af á þessum ákveðna árstíma.

Ég er hér með undir höndum mjög merka grein sem ég átti í mínum fórum og heitir „Krókur á móti byggðaröskun" og er skrifuð af Tryggva Harðarsyni. Þar vitnar hann í ýmis atriði sem hafa komið fram í samþykktum smábátaeigenda. Þetta er hin merkasta grein og ég held að hv. þm. Alþfl. ættu að fletta henni upp og vita hvort hún gæti ekki orðið þeim að einhverju leiðarljósi í þessari merku umræðu og kannski ekki síður í þeirri endurskoðun sem nú fer fram um fiskveiðistjórnunina.

Hæstv. forseti. Ég held að ég ljúki máli mínu að þessu sinni, en vil endurtaka að ég held að það hafi verið mjög þarft að taka upp þessa umræðu hér.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel það allra góðra gjalda vert að sú tillaga sem hefur verið flutt er komin til umræðu og þakka fyrir flutning hennar. Ég er ekki þar með að segja að allt sem í henni er fái staðist. Hins vegar vekur það undrun mína að hæstv. sjútvrh., sem er málsnjall maður, *grípur til þess að vega að flm. fyrir að þeir hafi borið ábyrgð á ákveðinni lagasetningu* sem enn er í gildi.

Þingmenn eru kosnir á þing til þess að breyta lögum, setja ný lög eða afnema lög. Það er þeirra höfuðverkefni, höfuðatvinna. Hætt er við að þeir sem búnir væru að sitja í kannski 20 ár hefðu orðið ansi þröngar heimildir til afskipta af lagasetningunni ef þau afskipti væru bundin við að þeir mættu hvergi koma nálægt því sem þeir hefðu sjálfir greitt atkvæði með.

Ég vil einnig minna á í þessu sambandi að þegar sjávarútvegsstefna seinustu ríkisstjórnar var mörkuð var eitt atriði í þeirri sjávarútvegsstefnu, og ekki það þýðingarminnsta að mati okkar margra, lögin um Hagræðingarsjóðinn. Um leið og núv. ríkisstjórn ákvað að breyta þeim breytti hún stefnunni. Að mínu viti ber hún þess vegna í dag ein allra ábyrgð á stefnunni og alla ábyrgð á þeim lögum sem eru í gildi. Það þýðir nefnilega ekkert að segja við menn að hitt geti staðið óskert sem upprunaleg stefna eftir að sú breyting var gerð.

Það blasir við að þær hugmyndir sem hér eru eru á þann veg að menn vilja veiða sem frjálsast. Það er út af fyrir sig engin nýlunda og það er rétt hjá hæstv. sjútvrh. að auðlindin er takmörkuð og fiskifriðun mikið alvörumál sem ekki er hægt að hlaupast frá. En það getur ekki verið neitt sem mælir gegn því að rannsakað verði þjóðhagslega hvert gildi smábátaveiða sé í samanburði við aðrar fiskveiðar. Það getur ekki verið neitt sem mælir gegn því að kannað verði hver þýðing smábátaveiða fyrir viðhald byggða og atvinnu sé. Það getur ekki verið neitt sem mælir gegn því að kannað verði hver hlutur smábátaveiða í skynsamlegri nýtingu fiskimiðanna sé og það getur ekki verið neitt sem mælir gegn því að athugun á áhrifum smábáta á vistkerfi sjávar í samanburði við aðrar veiðar fari fram.

Ég hygg að það sé líka til bóta að rannsaka hvaða áhrif það hefur á afkomu manna ef menn breyta þessum lögum. Hverja eru menn að setja í gjaldþrot og

hverjir halda velli? Er nokkuð á móti því að menn átti sig á þessu fyrir fram þannig að þeir segi ekki á eftir: Ég vissi ekki að ég væri að setja þig á hausinn með þessari lagasetningu.

Ég tek líka undir það sem hér er sagt. Er eitthvað á móti því að rannsakað verði öryggi sjómanna sem stunda smábátaveiðar? Ég sé ekki að það sé neitt á móti því. Ég tek líka undir það sem hv. 3. þm. Vestf. hefur sagt að reglur um hleðslu skipa og aðhald til að takmarka sjósókn þessara skipa þegar svartast er skammdegið tel ég af hinu góða. Ég er einnig hlynntur því sem kom fram hjá hv. 1. þm. Vestf. að ekki verði settur kvót á hvern smábát heldur að verði valinn sá kostur að hafa einhverja heildarviðmiðun.

Nú er það svo að úr þessum ræðustól er okkur sagt að ekki sé verið að skerða hlut smábáta með þeim tillögum sem tvíhöfða nefndin hefur kynnt. Á seinasta ári munu þeir smábátar sem um ræðir hafa veitt um 22 þús. lestir af fiski en er ætlað samkvæmt því sáttarboði að veiða um 12. Það er út af fyrir sig rétt að ef lögin héldu óhindrað áfram að vera í gildi, þá yrði þeirra hlutur verri. Um það skal ekki deilt. En menn setja lög og hafa á hverju þingi möguleika til að leggja til breytingar á þeim. Það er ekki rökrétt að halda því fram að menn setji lög á þann hátt að þau eigi að vara að eilífu þótt ekki sé tekið fram að þau eigi að endurskoða eftir vissan tíma. Það er sjálfgefið hlutverk löggjafarþingsins að vinna að endurskoðun allra laga og ætlast til að þau séu miðuð við þarfir samtíðarinnar.

Ég hygg að umræður um þessi mál almennt hljóti að koma mjög fljótlega í þingið. Ég ætla ekki að hafa mörg orð efnislega um það sem hér hefur verið sett fram. Í þáltill. er gífurlegt efni. Ég veit ekki hvort þau sannindi eru þar skráð að um seinustu aldamót kom helmingur af þroskfiskafla Íslendinga á land með árabátum. Það er því auðséð að ekki þarf mjög stór skip til að ná þessum þorskfiskafla ef því er að skipta. En það er mikið alvörumál hjá okkur Íslendingum að nota allan þann flota sem við höfum til veiða og það kallar á að best búnu skipin þurfa að fara á dýpra vatn. Aftur á móti er ekki hægt að ætlast til að hægt sé að setja þau á dýpra vatn nema um stuðningsaðgerðir sé að ræða sem tryggi það að með því móti sé ekki verið að kippa rekstrargrundvellinum undan þeim.

(Forseti hringir.) Nú ber hæstv. forseti í bjölluna og ég ætla ekki að lengja mál mitt að öðru leyti en bæta því við að það vakti undrun mína, svo ekki sé meira sagt, að sjútvrh. Sjálfstfl., hæstv. Þorsteinn Pálsson, skyldi telja brýnt að setja reglugerð og banna línuveiði á hefðbundnum veiðislóðum í Húnaflóa. Fimm tonna trilla þarf trúlega að sigla tvo tíma til hafs út fyrir hefðbundið línusvæði til að geta veitt þar áfram. Mér þætti vænt um ef hann útskýrði hvers vegna er gripið til slíkra ráða.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegur forseti. Sú þáltill. sem hér er til umræðu varðar veiðar smábáta. Hins vegar hefur það gerst að umræðurnar hafa þróast í verða almennar umræður um sjávarútvegsmál og sjávarútvegsstefnuna. Út af fyrir sig er það ekki óeðlilegt vegna þess að síðustu vikur og mánuði hafa miklar umræður orðið um veiðar smábáta vegna þess að tillögur, sem munu vera á borði hinnar svokölluðu tvíhöfða nefndar, hafa kvisast út. Þess vegna er ekki óeðlilegt að við þetta tækifæri verði nokkrar umræður um þær hugmyndir sem þar hafa verið á borðum.

Tillagan sem hér er til umræðu er út af fyrir sig góðra gjalda verð. Í hugum flm. er sjáanlega fullkomin vissa fyrir því að þær viðamiklu rannsóknir sem tillagan gerir ráð fyrir leiði til þeirrar niðurstöðu að það sé hagstætt fyrir þjóðina og þá sem stunda smábátaútgerð að sá útvegur eflist. Ég held hins vegar að við getum ekki beðið eftir þeim viðamiklu niðurstöðum sem hér er gert ráð fyrir að leita eftir. Við getum ekki beðið eftir þeim með að taka ákvörðun um breytingar á þeirri löggjöf sem er í gildi í dag um stjórn fiskveiða. Þessi tillaga gerir ráð fyrir að mat verði lagt á þjóðhagslegt gildi smábátaveiða í samanburði við aðrar veiðar, þýðingu smábátaútgerðar fyrir viðhald byggðar og atvinnu, hlut smábátaveiða í skynsamlegri nýtingu fiskimiðanna, áhrif smábátaveiða á vistkerfið, afkomu þeirra sem hafa lífsframfæri af smábátaveiðum og öryggi sjómanna. Allar þessar viðamiklu rannsóknir eiga að byggjast á þeirri forsendu að smábátar hafi síðan frjálsan aðgang að veiðum innan sóknarmarka.

Eins og ég sagði fyrr tel ég að þessi viðamikla athugun sé góðra gjalda verð en við getum því miður ekki beðið eftir þeirri niðurstöðu. Út af fyrir sig get ég stutt þessar athuganir. En ég tel óhjákvæmilegt fyrir okkur að taka til meðferðar í þinginu með hvaða hætti við viljum að smábátar sæki á miðin. Ég mun hins vegar geyma mér það til síðari tíma að gefa einhverjar yfirlýsingar um hver afstaða mín er til tillagana sem hin svokallaða tvíhöfða nefnd mun vera að vinna að. Ég vil fyrst sjá þær tillögur. Ég hef hins vegar ekki legið á þeirri skoðun minni að ég tel að það þurfi að skoða mjög vandlega áður en hið svokallaða krókaleyfi verði af lagt. Auk þess tel ég nauðsynlegt og í rauninni réttlætismál að ef lögunum um stjórn fiskveiða er breytt á annað borð, sem ég tel að þurfi að gera, þá gildi sömu reglur um alla smábáta.

Ef t.d. á að gera þá breytingu að krókaleyfisbátarnir haldi sínum réttindum áfram er í rauninni verið að koma aftan að þeim aðilum sem á sínum tíma völdu aflamarksleiðina úr hópi smábáta. Ég tel ekki ásættanlegt að láta þá sitja eftir með þá aflareynslu sem þeir höfðu aflað sér á sínum tíma en gefa þeim ekki færi á að velja sér krókaleyfi ef það verður látið halda áfram.

Það þarf því að skoða þetta í heild. Að öðru leyti vil ég ekki gefa út neinar yfirlýsingar um afstöðu mína til þeirrar endurskoðunar. Ég vil ítreka að ég tel að þessi tillaga sé góðra gjalda verð en að við verðum að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða þrátt fyrir að ekki hafi fengist niðurstaða í þeim viðamiklu rannsóknum sem tillögumenn leggja til.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem

hér hafa farið fram. Ég held að þær hafi verið gagnlegar. Það er smávegis í viðbót sem mig langar að koma að.

Í fyrsta lagi langar mig að fara fáeinum orðum um það hvers vegna menn völdu krókaleyfið á sínum tíma. Menn áttu möguleika á að velja milli krókaleyfisins og þess að fara á kvóta, sem hefði verið reiknaður miðað við þá aflareynslu sem viðkomandi aðili hafði á árunum á undan.

Ýmsar tölur hafa verið á lofti um það hvað þessir bátar hafi verið að veiða á undanförnum árum og hvaða rétt þeir hefðu á þeim tíma þegar þetta val fór fram. Ég held að þeir fjölmörgu aðilar sem völdu á milli þess að fara á krókaleyfi eða fá kvóta á bátana sína hafi litið þannig á að ef þeir tækju krókaleyfið mundu þeir með sókn sinni fá stóran hluta af því aflamagni í kvóta síðar meir sem þeir veiddu á viðmiðunartímanum. Ég held að a.m.k. engum þeirra hafi dottið í hug að þeir stæðu kannski frammi fyrir því að fá ekki nema fjórða partinn af því sem þeir hafa veitt að meðaltali undanfarin ár.

Til upplýsinga fyrir þingmenn held ég að það sé gott að fara yfir tölur um hvað þessir bátar fiskuðu á þessum árum sem um er að ræða. Ég ætla að nefna tvö ár til að menn átti sig á hvaða tölur eru á ferðinni. Bátar undir 6 tonnum fiskuðu 24.225 tonn á árinu 1989. Bátarnir voru þá 1.103. Þarna er um að ræða báta sem lentu síðan ýmist í krókaleyfi eða á kvóta. Reyndar lentu einungis örfáir á kvóta af þeim bátum sem voru undir 6 tonnum. Þeir fiskuðu sem sagt rúmlega 24.000 tonn. Á árinu 1991 fiskuðu þessir sömu bátar, sem þá voru reyndar orðnir 1.213, það hafði fjölgað um 110 báta í þessum hópi, 28.500 tonn. Í nóvember á sl. ári voru þessir bátar búnir að fiska 27.000 tonn. Sú viðbót sem menn eru að tala um að þessi floti hafi tekið úr fiskstofnunum er því ekki meiri en þetta. Hún er einhvers staðar á bilinu frá 24.000 tonnunum og upp í 28.000–29.000 tonn. Þetta er sú viðbót sem hefur komið í hlut báta undir 6 tonnum.

Þetta er það sem er að setja togaraflotann og annan flota Íslendinga í vandræði. Ég segi bara: Ég held að menn verði að leita annarra orsaka. Ég endurtek að raunverulega hefur togarafloti landsmanna verið á óheftri sókn undanfarna mánuði og síðasta kvótaár.

Ég get ekki séð að þessi togarafloti hefði verið miklu bættari þó hann hefði haft leyfi til að selja trillunum réttinn til að veiða þann afla sem þeir veiddu. Það hefði þá væntanlega gerst. Ekki hefði togaraflotinn veitt neitt meira þó þessi bátafloti hefði ekki fengið að veiða þennan fisk. Það held ég að allir sjái fyrir sér að hefði ekki gerst. Spurningin er þá þessi: Hefðu einhverjir aðrir fengi þessu úthlutað og getað þá selt trillunum það?

Þannig ganga málin ekki fyrir sig. Útgerðarmenn smábáta hafa langflestir komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé hagkvæmt að kaupa kvóta. Hvers vegna skyldu þeir komast að þeirri niðurstöðu? Það er vegna þess að hver einasta smábátaútgerðarmaður er að gera út úr sínu eigin veski. Hann verður að reikna nákvæmlega út hvað er vit í að gera í kvótakaupum. Þeirra niðurstaða hefur verið sú fram að þessu að það borgaði sig ekki að kaupa kvóta. Þeir hafa ekki talið sig ráða við það. En útgerðarmenn í stærri útgerð víða um landið hafa verið að kaupa kvóta og safna skuldum. Og við erum að sjá fram á það að þessi stefna er að leiða útgerðir allt í kringum landið til glötunar, því miður.

Ég held að tími sé kominn til að menn fari yfir þetta dæmi allt saman. Ég hvet hæstv. sjútvrh. til að láta taka saman nákvæmar skýrslur um stöðu útgerðarfyrirtækja allt í kringum landið þannig að hægt sé að bera raunverulega saman hvort rekstrardæmið gengur upp í þessum tilfellum eða hvort það er að gerast, sem ég sagði í fyrri ræðu minni og er sannfærður um að er að gerast mjög víða um landið, að útgerðarfyrirtækin hafa gengið í lánastofnanir og banka og fengið lán út á að þær eigi svo og svo mikinn kvóta þó hið raunverulega rekstrardæmi gangi alls ekki upp og tapið sé geigvænlegt. Þetta er það sem ég held að menn eigi því miður eftir að sjá og það verði leitt í ljós á næstunni því þetta gengur auðvitað ekki til lengdar. Menn komast aldrei frá skuldunum með þessum hætti. Það verður ekki hægt að setja þannig rekstrargrundvöll undir útgerðina að henni takist almennt að komast upp úr þessum hjólförum.

Það er líka eitt sem mig langar að minna menn á og mér finnst að margir hafi leyft sér að gleyma undanfarin ár. Það er að olíuverðið sem við höfum búið við er ekki öruggt. Bátaflotinn, og sér í lagi togaraflotinn, getur átt von á því jafnvel á næstunni, nú berast vísbendingar um það að olíuverð hækki. Ofan á það ástand sem nú er væri skelfilegt ef við sæjum fram á þá breytingu.

Ég get tekið undir það sem kom fram hjá hv. 1. þm. Vesturl. að þær rannsóknir sem verið er að tala hér um geta auðvitað ekki allar farið fram áður en tekin er afstaða til þessa máls, þ.e. hvernig farið verður með veiðiheimildir smábátanna. Það verður auðvitað að vera eins og það getur gengið fyrir sig hvaða rannsóknum verður lokið. Það er verið að benda á framtíðarfyrirkomulag og hvað menn þurfa sífellt að skoða og endurmeta til þess að við séum að gera út af skynsemi.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ef hæstv. ráðherra er í húsi þá vildi ég biðja um að honum yrði gert aðvart um að ég er að taka til máls öðru sinni við þessa umræðu. Hann vék að nokkrum þáttum í þeim tveimur ræðum sem hann flutti hér sem ég vildi lítillega koma inn á. En í upphafi vil ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram og þátttöku margra í henni. Mér sýnist hún endurspegla áhuga á því viðfangsefni sem tillagan fjallar um og stöðu þessara mála. Það er reyndar mjög að vonum og hefði komið mér á óvart ef svo væri ekki. Hér hafa talað fulltrúar frá öllum flokkum, þar á meðal fulltrúar í sjútvn. þingsins sem fær tillöguna væntanlega til umfjöllunar.

Ég vil eyða fáeinum orðum að því sem hæstv. ráðherra notaði sem uppistöðu í andsvari í ræðum sínum varðandi þetta mál að ætla að beita þeirri aðferð, sem

reyndar hefur verið svarað fyrir hér af öðrum, að segja sem svo: Af því að þessi og hinn þingmaðurinn, sem stendur að þessu þingmáli, greiddi atkvæði með lagasetningu árið 1990, þá hefur hann nánast afsalað sér siðferðilega rétti til að koma fram með tillögur um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Það er ekki frambærilegur málflutningur að mínu mati og mjög einkennilegt að hæstv. ráðherra skuli grípa til vopnaburðar af þessu tagi í umræðu um þetta mál í staðinn fyrir að reyna að leggja efnislegt mat á stöðuna og skýra sína stefnu sem hæstv. ráðherra hefur gert að mjög takmörkuðu leyti nema ef menn vildu lesa í orð hans eins og hann hefur hagað þeim hér.

Ég veit ekki hvort ég á að reyna það en meginuppistaðan í því, eins ég skildi ráðherrann, er að hann er í rauninni að taka undir með þeim tillögum sem viðraðar hafa verið af forustumönnum í þessari tvíhöfða nefnd. Öðruvísi verður í raun mál hæstv. ráðherra ekki skilið. Enda kemur það kannski ekkert á óvart að þær tillögur sem þessi stjórnskipaða nefnd leggur fram, og hefur þegar gengið frá ef marka má orð formanna hennar þótt drög heiti, séu gerðar í fullri samvinnu við hæstv. sjútvrh. Það kemur auðvitað ekkert á óvart. Ef annað kemur ekki fram þá skil ég það svo að hæstv. ráðherra standi að baki þessum tillögum að því er varðar breytingar á stjórnskipulagi varðandi veiðar smábáta, þ.e. að afnema sóknarmarkið, sóknaraðferðina með frjálsum veiðum, með takmörkunum þó eins og við þekkjum.

Ég brást við þessu í andsvari áðan og ég skal skýra ögn nánar hvers vegna ég get ekki tekið undir þá stefnu að það eigi endilega að gilda eitt og sama stjórnkerfið varðandi veiðar allra skipa innan íslenskrar lögsögu. Ég tel að það þurfi að leggja mat á það í miklu ríkari mæli með athugunum vegna þess að okkur vantar vitneskju um mjög marga þætti. Þess vegna er lagt til í tillögunni að lagt verði í að afla hennar með skipulegum hætti. En jafnhliða því að það verði gert, og það er lagt til vegna þess að við flm. teljum þörf á því, tel ég að það beri að hafa opin augu fyrir því að ekki sé sjálfsagt að innleiða eitt kerfi sem eigi að gilda fyrir allan veiðiskap í landinu. Ég held að reynslan af stjórnun fiskveiða á undanförnum árum sýni okkur fram á að við erum ekki komnir með þá aðferð sem leiðir til þeirrar niðurstöðu sem menn setja sér með markmiðum, bæði í gildandi lögum og eins og það hefur verið orðað í umræðu vegna þeirrar lagasetningar, þ.e. að ná afrakstri af auðlindinni, að tryggja að auðlindin endurnýi sig og vaxi þannig að hún gefi þjóðhagslega séð hámarksarð.

Einhverjir sem tóku til máls sögðu að við hefðum ekki upplýsingar um ýmsa þætti sem sneru að áhrifum mismunandi veiðarfæra. Það er hárrétt. Við höfum þær ekki og það þarf að fara mun betur ofan í þau atriði. Með tillögunni eru fylgigögn erlendis frá, þ.e. upplýsingar um niðurstöður af erlendum athugunum sem gefa ákveðnar vísbendingar. Auðvitað eigum við að reyna að hagnýta okkur þá reynslu og þá vitneskju sem þar liggur fyrir þegar við erum að leita sem skynsamlegastra leiða í þessum efnum. Þær vísbendingar styrkja fremur en hitt þá stefnu sem er bakgrunnur þess máls sem hér er rætt.

Við þeim ummælum hæstv. ráðherra hefur verið brugðist að ef menn viðhaldi frjálsum aðgangi smábáta í veiðum verði að taka það frá öðrum. Hér hafa flokksmenn hæstv. ráðherra brugðist við og bent á að málið sé ekki svo einfalt, síst af öllu við þær aðstæður sem hafa ríkt í heildarafla á Íslandsmiðum að undanförnu. Ég held að það sé nauðsynlegt að minna hæstv. ráðherra á það. Jafnvel þótt svo væri að ganga þyrfti á hlut einhverra annarra er það að sjálfsögðu engin goðgá. Við verðum að ganga í þessi mál með opin augun og þó að hæstv. ráðherra virðist telja að opinberir aðilar eigi sem minnst að grípa inn í þessi efni er ég ekki sammála honum ef vísbendingar eru um að slíkt leiddi til betri niðurstöðu. Þá ber okkur þvert á móti skylda til að taka á málum. Þá er ég ekki síst að tala um hina vistfræðilegu þætti málsins sem eru undirstöðuþættir og meiri undirstöðuþættir en allt það sem varðar fjárhagslega afkomu. Ég legg mjög ríka áherslu á það ekki síst í ljósi þeirrar bágu reynslu sem við höfum af nýtingu landhelginnar eftir að okkur tókst að færa hana út og hafa möguleika á að stýra nýtingu hennar sjálfir. Reynslan er ekki sú að við getum verið ánægðir með þetta og þess vegna afar langt frá því að það sé eitthvert sjálfsagt mál að viðhalda því stjórnkerfi sem hér hefur verið innleitt í aðalatriðum, hvað þá að færa það yfir á allar fleytur sem gerðar er út á Íslandsmiðum eins og stefnt virðist að af þeim sem eru að undirbúa tillögur fyrir hæstv. ráðherra.

Ég vil taka undir margt sem hefur komið fram í umræðunni frá einstökum ræðumönnum, t.d. hv. þm. Einari Guðfinnssyni sem benti á ýmsa þætti sem hafa þyrfti í huga í sambandi við veiðar smábáta og breyta þyrfti. Þar er í rauninni ekki neitt sem stangast á við þær hugmyndir sem fram koma í þessari tillögu nema síður væri. Hann minnti á að varasamt væri að hafa hvetjandi reglur um sókn í svartasta skammdegi. Ég bendi á að hér er einmitt vísað á þann möguleika til þess að styðja við smábátaveiðar og draga úr þessum áhættuþætti að flytja regluna varðandi línuveiðar, hliðstætt því sem er í 10. gr. laganna, frá vetrarveiðum yfir á sumartímann. Það mundi ekki aðeins auka öryggi heldur væntanlega auka möguleikana á að sækja aukinn hlut.

Þetta endurspeglar það viðhorf að það kerfi sem hefur verið innleitt og þau hlutaskipti milli einstakra bátagerða, togara, báta og smábáta, eru svo afar langt frá því að vera eitthvað heilagt sem ekki má hrófla við. Það er mjög langt frá því þó ég gefi mér ekkert fyrir fram í þeim efnum. Við verðum að líta á heildina í þessu en einhverjar sjálfgengisreglur sem ganga út frá einhverjum fjárhagslegum skammtímahagsmunum er ekki það sem við eigum að lúta sem einhverjum stórasannleik í þessum efnum.

Virðulegur forseti. Í umræðunni hefur eðlilega verið vikið að störfum þeirrar nefndar sem kölluð er tvíhöfða nefnd og minnt á, og það hafa einstakir ræðumenn gert, ekkert síður stjórnarþingmenn í þessari umræðu, að ekki eru allir ánægðir með það sem þar er í

burðarliðnum. Það höfum við heyrt bæði frá þingmönnum úr röðum Sjálfstfl. og Alþfl. Mig undrar það satt að segja ekki. Ég hef tekið eftir því að ritstjórar málgagns Alþfl., Alþýðublaðsins, hafa skrifað tvo leiðara í þessum mánuði þar sem þeir ganga þvert gegn þeim sjónarmiðum og hugmyndum sem eru að fæðast í nefndinni sem fulltrúi Alþfl. er annar af tveimur formönnum fyrir, þessari einstæðu tilhögun sem innleidd var með stýringu þessarar nefndar. Það lýsir auðvitað inn í aðstæður sem eru nokkuð óvenjulegar að fulltrúi í þessari nefnd, Þröstur Ólafsson, skuli vera í þeirri stöðu, væntanlega í umboði formanns Alþfl. og ráðherra Alþfl., skyldi maður ætla, hann hlýtur a.m.k. að hafa einhvern bakstuðning, að það skuli vera slíkar brotalamir innanvert hjá Alþfl. eins og raun ber vitni af málflutningi manna sem nú er kominn í sali Alþingis.

En þetta er ekkert einskorðað við Alþfl. Þetta er ekkert síður gagnvart sjálfstæðismönnum. Menn hafa heyrt hvernig formaður sjútvn. hefur talað í fjölmiðlum. Hann er ekki á þingi eins og stendur. Það hefur verið alveg skýrt sem þar hefur verið sagt eins og ég hef lesið í mál þingmannsins. Hann tekur undir það, og raunar formaður þingflokks Alþfl. líka, að það sé alveg dagljóst að enginn meiri hluti sé fyrir þessum hugmyndum á Alþingi. Ég hafði ætlað hæstv. sjútvrh. að reyna að meta aðstæður áður en hann færi mikið lengra með þetta mál sem hann er að undirbúa með starfi þessarar tvíhöfða nefndar.

Þess vegna vænti ég að hæstv. ráðherra stuðli að því að mál verði tekin þeim tökum sem lagt er til í tillögunni að nýta tímann innan þessa árs því að það er ekkert hlaupið frá okkur að breyta lögunum að því er varðar smábátaveiðarnar en við þurfum að hraða því verki vegna ákvæða gildandi laga þannig að þau verði ekki virk og fara ofan í það eins og ráðrúm er til og lagt er til í tillögunni og gera dæmið upp í tæka tíð. Það er nauðsynlegt og ég er fremur bjartsýnn á það að þau sjónarmið, sem eru bakgrunnur þessarar tillögu að verulegu leyti, að viðhalda frjálsum aðgangi smábáta með almennum sóknartakmörkunum, verði ofan á og hafi meirihlutastuðning í þinginu.

Ég tek fram að ég tel að það eigi ekkert eingöngu að líta á stjórnkerfi smábáta undir 6 tonnum. Það á að líta heildstætt á mál smábátanna eins og þeir eru skilgreindir í lögunum og athuga möguleika á að samræma þar því margt er skylt með þessum veiðiskap og þessi stærðarmörk ekkert heilagt strik sem dregið var í gildandi löggjöf.

Ég vil svo, virðulegi forseti, ítreka að ég þakka umræðuna. Ég þakka ráðherra fyrir að taka sér tíma til að vera þátttakandi í henni. Það tel ég mjög til fyrirmyndar og raunar ætti það að vera nokkuð sjálfsagt mál en það er ekki alltaf svo að ráðherrar gefi sér tíma til þess að ræða tillögur okkar þingmanna og vera viðstaddir umræðu. Það þakka ég hæstv. ráðherra og ég þakka forseta þingsins og forsætisnefnd fyrir að hafa stuðlað að því að þessi tillaga kæmi til umræðu með fyrra fallinu eins og gerst hefur og þingmönnum fyrir umburðarlyndi að það gerðist. Ég taldi eðlilegra og féllst á þá hugmynd forseta að svo væri haldið á máli frekar en að efna til utandagskrárumræðu þar sem af minni hálfu lá fyrir þingmál um þetta efni sem ég vænti að fái góða athugun í sjútvn. þingsins og er raunar fullviss um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3., 5.–13. og 15. mál.

Fundi slitið kl. 6.09 síðdegis.

113. FUNDUR

mánudaginn 22. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Smábátaveiðar, þáltill., 329. mál, þskj. 600. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 240. mál, þskj. 309. — Frh. 1. umr.
3. Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1992, þáltill., 237. mál, þskj. 301. — Fyrri umr.
4. Umhverfisskattar, þáltill., 331. mál, þskj. 603. — Fyrri umr.
5. Iðn- og verkmenntun, þáltill., 218. mál, þskj. 260. — Frh. fyrri umr.
6. Menningarsjóður, stjfrv., 306. mál, þskj. 475. — 1. umr.
7. Tækniskóli Íslands, stjfrv., 327. mál, þskj. 598. — 1. umr.
8. Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 302. mál, þskj. 471. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Pétur Sigurðsson, 4. þm. Vestf.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 22. febr. 1993:

„Þar sem Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v., getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna sérstakra anna leyfi ég mér að ósk hans, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Norðurl. v., séra Hjálmar Jónsson, prófastur á Sauðárkróki, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta bréf ritar Geir H. Haarde, formaður þingflokks Sjálfstfl.

Hjálmar Jónsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Útbýting þingskjala:

Námsstyrkir til doktorsefna, 362. mál, fsp. ÖS, þskj. 642.

Umhverfisgjald, 359. mál, þáltill. KE o.fl., þskj. 639.

Öryggi í óbyggðaferðum, 361. mál, fsp. KE, þskj. 641.

Smábátaveiðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 329. mál. — Þskj. 600.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SAÞ, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (GunnS, SigG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FrS, GAK, GÁ, HÁ, HBl, HG, ÓRG, PS, RA, RG, SP, StG, StH, SJS, VS) fjarstaddir.

Till. vísað til sjútvn. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (ÁRÁ, EgJ, FrS, GAK, GÁ, HÁ, HBl, HG, ÓRG, ÓÞÞ, PS, RA, RG, SP, StG, StH, SJS, VS) fjarstaddir.

Skipulags- og byggingarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 240. mál (heildarlög). — Þskj. 309.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (frh.):

Virðulegur forseti. Ég var aðeins byrjuð að fara yfir þetta frv. til skipulags- og byggingarlaga þegar fundi var frestað á miðvikudaginn og mun halda því áfram. Ég ætla öðru fremur að líta á skipulagsþátt þessa frv. en skipulagsmál eru málaflokkur sem ég hef nokkuð komið nálægt sem borgarfulltrúi í Reykjavík.

Mér finnst það út af fyrir sig kostur við þetta frv. og vera til bóta að það er gert ráð fyrir auknu frumkvæði sveitarfélaga í skipulagsmálum og að deiliskipulags- og aðalskipulagsgerð verði á þeirra vegum og unnin á þeirra vegum. Það er til bóta frá því sem er að mínu mati og almennt tel ég eðlilegt að auka frumkvæði og ábyrgð sveitarfélaga í sem flestum málaflokkum. Hins vegar benti ég á það á miðvikudaginn

og vil ítreka það að þó að það sé auðvitað jákvætt að unnið sé að málum sem næst vettvangi, og hjá sveitarfélögum frekar en ríkisvaldi, þá eru sveitarstjórnir sem stjórnvald ekki óskeikular og það er alveg hugsanlegt að upp komi miklir hagsmunaárekstrar milli sveitarstjórnar og íbúa í sveitarfélagi einmitt í málaflokk eins og skipulagsmálum. Reynslan hefur sýnt okkur að það er helst í þessum málaflokki sem kastast í kekki milli sveitarstjórnar og íbúa og þá finnst mér nauðsynlegt að íbúarnir eigi einhvern möguleika á að áfrýja, til skipulagsstjórnar eins og það var eða þá til Skipulagsstofnunar gæti það hugsanlega verið eins og frv. er núna eða einhvers annars aðila. Mér finnst vanta inn í þetta frv. eitthvert slíkt ferli þó að ég sé almennt fylgjandi því, eins og ég segi, að flytja sem mest af málaflokkum til sveitarstjórnar. Ég vil bæta því við hér að mér finnst stundum brenna við í umræðum um málaflokka hér á þingi þar sem hér er mikið af fólki sem hefur setið í sveitarstjórnum og vill hlut sveitarstjórnanna sem mestan, að við gleymum kannski að auðvitað geta sveitarstjórnir misbeitt valdi sínu rétt eins og ríkisstjórnir eða ríkisvald og því þurfa íbúar að hafa ákveðna tryggingu fyrir því að þeir geti sótt sinn rétt ef þeim finnst honum hallað.

Í 1. gr. þessa frv. kemur fram markmið laganna og þar segir að markmið laga þessara sé að byggð verði mótuð eftir skipulagsálætlunum og gæðakröfum og felld sem best að umhverfinu. Síðan er þarna áfram lýsing á markmiðunum. Mér fannst, þó að það sé kannski ekki stórmál, dálítið sérkennilegt að orða markmið með þessum hætti vegna þess að ég lít á áætlun og skipulagsáætlun sem tæki til að ná fram ákveðnum markmiðum. Það ætti ekki að vera markmið í sjálfu sér að byggja samkvæmt skipulagsáætlunum heldur ætti áætlunin að vera tæki til þess að ná tilteknum markmiðum, tilteknum gæðum í umhverfi og til þess að farið sé með mál með ákveðnum hætti. Þess vegna fyndist mér að markmiðið hlyti að vera eitthvað *á þann veg að auka gæði byggðar og fella byggðina* sem best að umhverfi. Það væri kannski svona æðsta markmiðið í skipulagsmálum.

Þá finnst mér vanta inn í markmiðssetninguna eða það mætti vera, — ég skal ekki segja, nú eru þetta auðvitað bara mínar vangaveltur eftir fljótlegan yfirlestur á þessu frv. — að sem mest samráð skuli haft við íbúa í tilteknu byggðarlagi eða á tilteknu svæði við mótun byggðarinnar og það hefði verið metnaðarfullt markmið að setja inn í þetta frv. eitthvert samráð við íbúana og tryggja þeirra hlut.

Í 2. gr. er fjallað um skilgreiningar og skilgreind ákveðin hugtök sem koma fyrir í frv. og koma mjög oft fyrir í skipulags- og byggingarmálum. Þar er m.a. hugtakið landsskipulag og er gert ráð fyrir því að landsskipulag eigi að stuðla að samræmdri stefnu og framkvæmdum ráðuneyta ríkisstofnana og sveitarfélaga og skapa *grundvöll* að gerð svæðisskipulags og aðalskipulags. Mér fyndist nú ástæða til þess að velta upp hérna og fá útskýringu á því hér hvar mörkin liggja á milli landsskipulagsins og byggðaáætlunar. Ég held að það hljóti að vera dálítil skörun þarna á milli og væri fróðlegt að fá svona aðeins nánari útlistun á því hvar mörkin liggja þarna á milli.

Varðandi landsskipulag, svæðisskipulag og aðalskipulag, þá er ekkert kveðið á um það í þessari grein til hve langs tíma þetta á að vera, þ.e. á að gera landsskipulag til tiltekins árafjölda, t.d. 10 ára, á aðalskipulagið að vera til 10 ára, 20 ára o.s.frv. og hversu oft á þá að endurskoða slíkt skipulag. Ég veit að það er síðar í frv. gert ráð fyrir því að eftir hverjar sveitarstjórnarskosningar skuli sveitarstjórn skoða aðalskipulagið og velta því fyrir sér þá hvort hún telji að það þurfi endurskoðunar við. Það má því segja að það sé komin inn einhvers konar fjögurra ára regla varðandi aðalskipulagið í frv. en þetta er ekki mér vitanlega fest neitt niður hvað varðar landsskipulagið og svæðisskipulagið. Þá er heldur ekki kveðið á um það eins og ég segi til hve langs tíma á það að vera á hverjum tíma. Á það að vera *til 10 ára eða 20 ára eða er einhver önnur tímalengd* hugsanleg?

Þarna er líka hugtakið nýtingarhlutfall sem ég veit að hefur oft vafist fyrir mönnum að skilja og er mjög mikið notað í skipulagsmálum almennt. Segja má að þetta sé einhvers konar lykilhugtak í skipulagsmálum vegna þess að nýtingarhlutfallið er mjög stefnumarkandi varðandi yfirbragð byggðar og útlit byggðarinnar því að það segir til um það byggingarmagn sem reisa má á tilteknu svæði. Það kom mér svolítið á óvart að sjá hérna að ekki væri vel skilgreint til hversu stórs svæðis nýtingarhlutfallið ætti að ná því að það segir í frv. að nýtingarhlutfall sé: „Hlutfall milli samanlagðs gólffletar húss og lóðarstærðar.“ En síðan segir: „Getur einnig átt við hlutfall milli samanlagðs gólffletar á reit milli gatna og stærðar reitsins“ — sem mér finnst líka mjög eðlilegt og er auðvitað notað þannig oft — „eða samanlagðs gólffletar og stærðar annars skilgreinds svæðis.“ Mér fannst vera nokkuð óljóst hvað átt væri við með þessu, annað skilgreint svæði og hversu stórt það gæti hugsanlega verið. Þetta getur haft *mikla þýðingu, sérstaklega fyrir íbúana ef þeir ætla síð*ar að nota þá skilgreiningu til þess að sækja sinn rétt við deiliskipulagsgerð, þá skiptir öllu máli að svæðið sé afmarkað því þeim mun stærra sem svæðið er, þeim mun minna segir nýtingarhlutfallið í rauninni um yfirbragðið.

Í þessari grein er líka nýtt hugtak sem er „hverfisvernd“. Þar segir: „Með hverfisvernd er átt við að við breytingar á byggð beri að taka sérstakt tillit til svipmóts og heildaryfirbragðs þeirrar byggðar sem fyrir er.“ Mér finnst það út af fyrir sig mjög jákvætt að koma með þetta inn í skipulagið vegna þess að það er mikilvægt að sveitarfélög taki afstöðu til ekki síst eldri byggðakjarna, en nú hefur eitt hugtak a.m.k. komist inn í skipulagsmál í Reykjavík sem ég sé ekki í þessu frv. og það er borgarvernd sem er þá sett á ákveðið útvistarsvæði. Það er spurning hvort það þyrfti ekki að *vera eitthvað í skipulagslögunum um verndun útivist*arsvæða eða náttúrulegra gæða í byggðarlagi og hvort eitthvert slíkt hugtak sem nær þá yfir ekki mannvirki heldur náttúruna, ætti að vera í skipulagslögum. Borgarvernd getur ekki átt við nema hér í Reykjavík en

hvort eitthvert hugtak því líkt gæti verið þarna inni.

Í 4. gr. er fjallað um skipulagsreglugerð og þar segir að umhvrh. skuli setja reglugerð um gerð skipulagsáætlana og síðan segir:

„Þar skal m.a. kveðið á um mælikvarða, gerð og frágang skipulagsuppdrátta, hvert skuli vera efni greinargerða og hvaða lágmarkskröfur gildi um einstaka þætti skipulagsáætlana, svo og um menntun og starfsreynslu þeirra sem falin er stjórn vinnu við skipulagsáætlanir."

Mér sýnist að í rauninni sé afskaplega margt sem eigi að fara inn í reglugerð samkvæmt þessu frv. og það sé ekki mikið kveðið á um það í lögunum sjálfum hvað nákvæmlega beri að sýna á skipulagsuppdráttum, aðalskipulagsuppdrætti og ekki síst deiliskipulagsuppdrætti. Ég held að það geti verið mikilvægt, sérstaklega fyrir íbúana til þess að sækja sinn rétt, að lögin kveði nokkuð skýrt á um það hvað skuli sýna á uppdráttum. Auðvitað mega lög aldrei fara út í of mikil smáatriði því að þau eru rammi utan um hlutina. En engu að síður þarf að vera eitthvað í lögunum sem fólk getur þá byggt sinn rétt á þegar kemur að því að skipuleggja. Þó að lög og reglugerðir megi ekki vera of ítarleg, þá mega þau heldur ekki vera svo opin að íbúar hafi ekkert til þess að standa á gagnvart yfirvöldum þegar þeir ætla að sækja sinn rétt.

Í 6. gr. er m.a. verið að fjalla um hvernig staðið skuli að svæðisskipulagi og þar segir: „Hlutaðeigandi sveitarfélög skulu þá gera með sér samning um stofnun svæðisnefndar. Umhvrn. skal staðfesta slíka samninga og útskurða jafnframt um ágreiningsatriði sem upp kunna að koma." Ég fór að velta því fyrir mér einmitt í því sambandi hvernig eigi að vinna að svæðisskipulagi. Hver á að sinna svæðisskipulaginu og hver á að vinna það? Í sumum tilvikum eru sveitarfélögin með skipulagsstofur og þá geta þau verið með kannski sitt hvora skipulagsstofuna eins og við höfum hér á höfuðborgarsvæðinu. Hver ætti hugsanlega að vinna það? Er það þá samkomulagsatriði á milli sveitarstjórnanna eða á þá umhvrn. eða Skipulagsstofnun ríkisins að hafa þar hönd í bagga?

Í 10. gr. þessa frv. er kveðið á um aðalskipulag og þar segir að gert skuli aðalskipulag fyrir öll sveitarfélög. Ég vék nokkuð að því hér á fimmtudaginn að í 10. gr. núgildandi laga er kveðið nokkuð skýrt á um það hvað skuli sýna á aðalskipulagsuppdrætti en þar segir m.a. að þar skuli sýna aðalumferðaræðar, skiptingu fyrirhugaðrar byggðar í íbúðahverfi, iðnaðarhverfi, hafnarhverfi og opin svæði, svo og staðsetningu nauðsynlegra bygginga til almenningsþarfa o.s.frv. Þar skal einnig gera grein fyrir nýtingarhlutfalli eins og segir í núgildandi lögum. Hér í þessu frv. er afskaplega lítið sagt um það hvað skuli sýna á aðalskipulagsuppdrætti. Það segir bara að þar skuli gera grein fyrir þeirri byggð sem þegar er risin, atvinnuháttum og stefnu sveitarstjórnar um landnotkun, landnýtingu og þróun byggðar næstu 10 árin, tímamörkin koma reyndar hérna fram í þessu sambandi. Og síðan skal gæta umhverfissjónarmiða, náttúru landsins, heildstæðra eldri húsaþyrpinga og byggðahverfa og annarra sögulegra minja. Það er ýmislegt sem mér fyndist spurning hvort ekki ætti að vera þarna inni eins og þetta með aðalumferðaræðar, hvar eigi að staðsetja nauðsynlegar byggingar til almenningsþarfa o.s.frv. og nýtingarhlutfallið. Nú reikna ég með að menn ætli sér að setja eitthvað slíkt í skipulagsreglugerðina en eins og ég sagði áðan, fólk þarf ekki síst að byggja sinn rétt á lögunum og þar þarf að setja ákveðnar lágmarkskröfur um það í hverju aðalskipulag skuli felast.

Ég fjallaði hér nokkuð á miðvikudaginn um hverfisverndina og sagði þá að mér fyndist orka tvímælis að það væri alfarið lagt í hendur sveitarstjórna að meta hvar skuli vera hverfisvernd og hvar ekki. Í því sambandi fyndist mér kannski ástæða til þess að það væri með einhverjum hætti skilgreint í lögunum að t.d. um byggð sem er orðin eldri en eitthvert tiltekið mark sem sett væri skuli sjálfkrafa vera hverfisvernduð, aldurssjónarmið varðandi byggðirnar ráði þar úrslitum. Síðan geti þá sveitarfélögin ákveðið að taka upp hverfisvernd víðar ef þeim sýnist svo. En ég er þá ekki síst að hugsa þetta út frá Reykjavík og mér fyndist að ákveðið svæði hér í gamla bænum í Reykjavík ætti að vera hverfisverndað bara aldursins vegna, vegna aldurs byggðarinnar og það væri kannski ástæða til þess að hafa eitthvað slíkt í lögunum en ég varpa því fram hér a.m.k. til umhugsunar.

Í 11., 12. og 13. gr. er kveðið á um það hvernig farið skuli með aðalskipulagstillögur og þarna er komið inn á ágætt ákvæði sem kveður á um að það skuli efnt til almenns borgarafundar og aðalskipulagstillögur skuli kynntar áður en sveitarstjórn fjallar um þær í fyrsta sinn. Hún er þá ekki búin að festa sig með neinum ákvörðunum þegar kynningin á að fara fram og ég held að það sé mikill kostur. Síðan er gert ráð fyrir þegar sveitarstjórn hefur fjallað um skipulagstillöguna og samþykkt hana, að hún sé auglýst fyrir íbúa sveitarfélags á þann hátt sem venja er til um auglýsingar stjórnvalda. Í auglýsingunni á að tilgreina til hvaða svæðis tillagan nái, hvar hún sé til sýnis og hún skal vera til sýnis eigi skemur en 4 vikur segir hér í frv. Þarna er verið að stytta þann tíma sem hún er til kynningar og sýnis því að í núgildandi skipulagslögum eru þetta 6 vikur. Þá er líka sagt þarna að almenningi og stofnunum skuli boðið að gera athugasemdir við tillöguna innan 6 vikna frá birtingu auglýsingarinnar. Í dag eru þetta 8 vikur þannig að það hefur heldur dregið úr þeim tíma sem almenningur hefur til þess að kynna sér tillöguna og til að gera athugasemdir við hana.

Mér finnst skjóta svolítið skökku við að þetta skuli gert, þ.e. að það skuli dregið úr þeim tíma sem almenningur hefur til þess að kynna sér málin en á sama tíma eru öll tímamörk tekin af hjá sveitarstjórnum. Í dag er það þannig að eftir að frestur er liðinn til þess að gera athugasemdir þá hefur sveitarstjórn 8 vikur til þess að skila athugasemdum og ganga frá málinu. Samkvæmt 13. gr. frv. segir bara:

„Þegar frestur til athugasemda skv. 12. gr. er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik að undangenginni umfjöllun skipulags- og byggingar-

nefndar.“ Sveitarstjórn hefur í rauninni hvern þann tíma sem hún vill frá því að frestur til að gera athugasemdir rennur út og þar til sveitarstjórnin tekur málið til 2. umr. Eftir að hún hefur tekið málið til 2. umr. og staðfest skipulagið skal hún tilkynna eða skila athugasemdum og umsögn til Skipulagsstofnunar innan fjögurra vikna, en þá er hún líka búin að ganga frá sínum málum endanlega við síðari umræðu. Mér finnst skjóta svolítið skökku við að tímamörk almennings til þess að fjalla um málið skuli vera þrengd í þessu frv. en tímasvigrúm sveitarstjórnar skuli vera aukið og ég vildi gjarnan fá einhverjar skýringar á þessu. Ég veit að það kemur fram í athugasemdum við frv. að þetta eigi að flýta fyrir málsmeðferð. Í sjálfu sér þarf það ekki að gera það ef sveitarstjórn tekur sér þann tíma sem henni hentar.

Þá er í þessu frv. talað um það að við umfjöllun skuli sveitarstjórn m.a. taka afstöðu til þeirra athugasemda við tillögur sem borist hafa, en ef ég man rétt, þá er það í núgildandi lögum að sveitarstjórn á að gefa umsögn um hverja athugasemd. Þarna finnst mér vera nokkur munur á vegna þess að ef sveitarstjórn á að gefa umsögn eins og í dag, þá þarf hún að rökstyðja sitt svar, en eins og þetta hljómar þarna, að hún eigi að taka afstöðu til athugasemdanna, þá er ekkert sem segir að hún þurfi að rökstyðja afstöðu sína með einum eða öðrum hætti. Hún geti bara hafnað athugasemd eða tekið hana gilda. Mér finnst nauðsynlegt að það komi fram krafa á sveitarstjórn að hún rökstyðji það af hverju hún hafnar þeim athugasemdum sem almenningur eða stofnanir gera við uppdráttinn.

Þá er eitt sem mig langar til þess að koma hér á framfæri sem ég held reyndar að sé í dönsku skipulagslögunum og það er ákvæði þar sem segir að sjónarmið minni hluta í sveitarstjórn skuli kynnt ekki síður en sjónarmið meiri hluta. Þ.e. eftir að sveitarstjórnin er búin að samþykkja skipulagsuppdrátt og leggur hann fram til kynningar, þá fylgir auðvitað greinargerð meiri hlutans og skipulagsuppdráttur er skipulagsuppdráttur meiri hlutans en jafnframt skuli á sama stað kynnt sjónarmið minni hluta sveitarstjórnar eins og þau eru bókuð í sveitarstjórn. Það er oft þannig að þegar skipulagsuppdráttur er afgreiddur frá skipulagsnefnd eða sveitarstjórn, þá bókar minni hlutinn, ef hann er ekki sammála þeim sjónarmiðum sem þar koma fram, sína skoðun. Ég veit að í dönsku skipulagslögunum var það a.m.k. þannig til skamms tíma að þessi sjónarmið skyldu kynnt samhliða sjónarmiðum meiri hlutans og ég vil koma því hér á framfæri að það væri eitthvað sem kannski mætti skoða.

Um deiliskipulag er fjallað í 18., 19., 20., 21. og 22. gr. og þar er einmitt ákvæðið um hverfisvernd sem ég hef minnst á áður. Í 18. gr. finnst mér líka vanta einhverjar upplýsingar um það hvað beri að sýna á deiliskipulagsuppdrætti eða hvers beri að gæta á deiliskipulagsuppdrætti. Það er jafnvel enn minna um það hvað eigi að vera á deiliskipulagsuppdrætti heldur en þó er sagt um aðalskipulagið í 10. gr. hér að framan.

Í 11. gr. núgildandi laga er fjallað um séruppdrætti, þ.e. deiliskipulagsuppdrætti, og þar segir m.a.:

„Á séruppdrætti skal gerð nánari grein fyrir skipulaginu í einstökum atriðum, svo sem legu og breidd gatna, breidd akbrauta og gangstétta, lóðamörkum, staðsetningu bygginga, stærð þeirra og hæð. Þar má og kveða nánar á um gerð húsa og útlit eftir því sem ástæða þykir til.“ Þetta er nokkuð ítarlegt í núgildandi lögum en í rauninni er allt þetta farið miðað við frv. eins og það er hérna og það eina sem segir er:

„Við gerð deiliskipulags skal taka sérstakt tillit til sérþarfa barna, fatlaðra og aldraðra eftir því sem aðstæður leyfa.“

Finnst mér þetta nokkuð lítið sem lögin segja og óttast ég að það dragi nokkuð úr réttarstöðu almennings gagnvart sveitarstjórn ef lögin eru svona opin og almenns eðlis því að hvað hefur fólk til þess að standa á gagnvart sveitarstjórninni þegar upp kemur ágreiningur? Ég þekki einn þeirra sem samdi þetta frv. sem er núna formaður Sambands ísl. sveitarfélaga og mér finnst ég þekkja svolítið hans sjónarmið í þessu og get út af fyrir sig skilið þau. Hann horfir fyrst og fremst á þetta út frá sjónarmiðum sveitarstjórnanna en ég vil gjarnan horfa á þetta út frá sjónarhól íbúanna og ég veit og við vitum það öll að það kemur mjög oft til ágreinings út af þessum málum milli íbúa og sveitarstjórna.

Um kynningu á deiliskipulagi segir að tillaga að deiluskipulagi skuli auglýst og höfð til sýnis í þrjár vikur og hagsmunaaðilum skuli boðið að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en 5 vikur frá birtingu auglýsingar. Þ.e. þá eru það tvær vikur umfram þær þrjár sem fara í kynninguna. Mér finnst þessi tímamörk vera í knappara lagi. Það er líka annað sem ég vil benda á í þessu sambandi og það er að það er tvennt ólíkt að deiliskipuleggja í nýju hverfi eða nýlegu hverfi eða þá gömlu hverfi því að þar eru mjög ólíkir hagsmunir á ferðinni. Við vitum það að ágreiningsefnin koma langhelst upp þegar farið er að skipuleggja í gömlu hverfunum. Einhvern tíma vissi ég að uppi voru hugmyndir um að það ætti að vera eitthvað sem héti endurnýjunarsvæði eða eitthvað slíkt. Kannski ætti að skilgreina með einhverjum hætti viðkvæm svæði eins og e.t.v. er gert að hluta til hér um hverfisverndina en þá er líka spurning hvort það ætti að áskilja í lögum einhverja aðra meðferð deiliskipulagstillagna á þessum viðkvæmu svæðum eins og þeim svæðum sem hverfisvernd er á.

Í 21. gr. kemur aftur þetta orðalag að sveitarstjórn skuli taka afstöðu til athugasemda. Þetta er mjög almennt orðalag og þyrfti kannski að vera ítarlegra, þ.e. sveitarstjórn skuli rökstyðja afstöðu sína, þannig að þeir sem gera athugasemdir viti hvers vegna þeirra athugasemdum er hafnað ef svo er.

Fjallað er um svæðisskipulag og landsskipulag í nokkrum greinum og þarf í sjálfu sér ekki að hafa mikið fleiri orð um það, en ég mundi gjarnan vilja fá upplýsingar um hvernig mörkin eru á milli landsskipulags og svo byggðaáætlunar og eins hvernig hugmyndin sé að unnið sé að þessu svæðisskipulagi.

Í 34. gr. er fjallað um skipulagsgjald og þar hefur orðið breyting á orðalagi því að það er talað um að skipulagsgjald skuli nema 3‰ af brunabótamati hvers mannvirkis. Áður var það hverrar nýbyggingar og ég mundi gjarnan vilja spyrja hvort þessi breytta skilgreining hafi í för með sér auknar tekjur eða breyti einhverju að öðru leyti varðandi skipulagsgjaldið.

Í 35. gr. er fjallað um mannvirkjagerð og þar sé ég að ákveðin mannvirki eru undanþegin ákvæðum þessara laga, þ.e. götur, vegir, brýr, flugbrautir, holræsi, dreifikerfi orku, vatns og fjarskipta, hafnarmannvirki, virkjunarmannvirki o.s.frv. Þetta er auðvitað skiljanlegt að ýmsu leyti því að það eru opinberir aðilar sem yfirleitt hafa framkvæmdina með höndum og því hæg heimatökin fyrir sveitarstjórnir að hafa áhrif á það, en mér finnst þó að vissu leyti orka tvímælis að undanþiggja brýr frá þessari deiliskipulagsmeðferð vegna þess að við höfum dæmi um það sérstaklega hér í Reykjavík að brýr geta haft mjög mótandi áhrif á umhverfi sitt. Við sjáum það bæði með brúna yfir Bústaðaveginn, Höfðabakkabrúna, Gullinbrú, sem talsverðar deilur urðu um á sínum tíma, þ.e. þá umhverfismótun sem þar fór fram. Brýr eru oft það áberandi mannvirki í umhverfinu að mér finnst að það geti orkað tvímælis að undanskilja þær ákvæðum þessara laga.

Ég ætla ekki að hafa mikið fleiri orð um þetta en þó langar mig til þess að spyrja hér út í 38. gr. frv. þar sem talað er um að telji einhver rétti sínum hallað með samþykkt byggingarnefndar eða sveitarstjórnar er heimilt innan mánaðar frá afgreiðslu sveitarstjórnar að skjóta málinu til úrskurðar þriggja manna nefndar sem skipuð skal einum fulltrúa frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, einum fulltrúa umhvrn. og einum fulltrúa skipuðum af Hæstarétti. Þetta er sem sagt ef fólk telur að á rétt sinn sé hallað eftir að grenndarkynning eða nágrannakynning hefur farið fram. Nú veit ég að í Reykjavík sérstaklega hafa komið upp fjölmörg deilumál í byggingarmálum og þess vegna langar mig til þess að spyrja hvort menn hafi einhverjar hugmyndir um það hversu mörg mál færu til þessarar úrskurðarnefndar og þá ekki síst í Reykjavík, ef það væri horft yfir sl. ár, hversu mörg mál á ári hefðu ef lög þessi hefðu verið í gildi farið til þessarar úrskurðarnefndar miðað við þetta ákvæði og hvers lags mál það hefðu verið. Það getur verið erfitt að svara þessu hér í umræðunni en ég held að þessar upplýsingar þyrftu þá a.m.k. að koma fram í þeirri nefnd sem fjallar um frv.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég tel margt jákvætt í þessu frv. en það þarfnist eigi að síður talsverðrar skoðunar, enda hefur mér sýnst eftir að hafa starfað í sveitarstjórn að þarna sé um mjög viðkvæman málaflokk að ræða og þarna séu mál á ferðinni sem mjög oft verði að deiluefni í sveitarstjórninni.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Út af fyrir sig fagna ég þessu frv. en ég tel rétt að ræða það og íhuga mjög gaumgæfilega því að hér er um flókið mál að ræða og mikilsvert að hrapa ekki að neinu. Það er auðvitað svo að það er mikil nauðsyn á skipulagi og að því ber að stefna að koma viðunandi skipulagi á. En í þessu frv. er ég nokkuð hræddur við stofnanaveldi sem þarna er lagt til og ég vil biðja hv. nefndarmenn í umhvn. að athuga mjög gaumgæfilega þann þátt málsins hvort hér er ekki verið að setja upp bákn sem í fyrsta lagi er mjög flókið og seinvirkt og í sumum tilfellum e.t.v. óþarft — og af þessu er náttúrlega líka mikill kostnaður. Ég veit að það er atvinna þarna í boði fyrir töluverðan hóp manna og það er út af fyrir sig gott á atvinnuleysistímum eins og við lifum núna en allt kostar þetta peninga og þar af leiðir að ég held að þarna þurfi að gæta hófs.

Út af fyrir sig finnst húsbyggjendum, a.m.k. allmörgum, alveg orðið nóg um öll þau leyfi sem til framkvæmda þurfa. Hér er verið að fjölga þeim og í staðinn fyrir að byggingarleyfi var látið duga, þá þarf nú framkvæmdaleyfi líka o.s.frv. Þetta vonast ég eftir að nefndin athugi gaumgæfilega hvort hér sé um farsælasta fyrirkomulagið að ræða.

Í 50. gr. þessa frv. er rætt um áritun hönnuða. Allir hönnuðir skulu árita teikningar sínar og taka þar með ábyrgð á að hönnun þeirra sé í samræmi við lög og reglugerðir um byggingarmál. Þetta er nú gott og blessað svo langt sem það nær. En ég held að það vanti í þetta kostnaðaráætlanir því það er húsbyggjanda eða þeim sem stendur fyrir verki eða á að kosta verk mjög mikilvægt að renna ekki blint í sjóinn með hvað verkið á að kosta. Um það eru ýmis dæmi og ekki gömul að kostnaðaráætlanir hafa farið gersamlega úr böndunum og ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að skerpa á og taka af tvímæli um að kostnaðaráætlanir þurfi að vera sæmilega gerðar og einhver beri ábyrgð á þeim, ekki bara verið að rétta fingurinn upp í loftið eins og komið hefur fyrir. Ég held að ástæða sé til að nefndin athugi það líka. Það er líka ástæða til að velta fyrir sér þeirri skipulagsbreytingu sem af því hlýst ef skipulagsstjórn ríkisins verður lögð niður og verkefnin færð til skipulagsstofnunar sveitarfélaganna. Ég held að þetta séu atriði sem þarf að skoða mjög nákvæmlega.

Í 54. gr. er talað um að byggingarstjóri þurfi að vera ábyrgur einstaklingur og ég er ekki að draga úr því. Í sumum tilfellum kann þetta að vera gott skipulag sem hér er verið að kortleggja. Hins vegar hefur reynslan af a.m.k. sumum byggingarstjórum ekki verið slík að það sé verulega aðlaðandi embættisheiti á þessu starfi.

Ég geri athugasemd við ákvæði III til bráðabirgða en þar greinir frá undanþágu varðandi varnarsvæðin. Mér finnst það óskaplegt klúðursfyrirkomulag að ekki skuli vera ein lög í landinu og að varnarsvæðin skuli tekin undan og eigi að vera áfram undir utanrrh. Ég tel að þetta ætti að vera á einum stað. Með tilliti til breyttra aðstæðna í heiminum og friðvænlegri þróunar á alþjóðavettvangi þá sé heldur engin ástæða til að íþyngja utanrrh. eða utanrrn. með málefnum eins og þessu. Þar fyrir utan má bæta því við að skipulags- og byggingarmál á vellinum hafa tekist miklu verr en annars staðar í landinu. Ég hygg að hæstv. umhvrh. sé mér sammála um að a.m.k. á Íslandi sé hvergi að finna ljótari þéttbýliskjarna en þann sem risið hefur innan Kefla-

víkurflugvallar, þ.e. íbúðarbyggð hersins og þau mannvirki sem þar eru. Þau stinga gjörsamlega í stúf við aðra byggð í landinu. Ég tel að af þessu sé svo slæm reynsla að full ástæða sé til þá þegar af þeirri ástæðu að breyta um.

Ég vek athygli á hinum mikla kostnaði sem af frv. þessu hlýst. Það er náttúrlega umhugsunarefni hvort réttlætanlegt sé að hækka gjald á þá sem kosta mannvirkjagerð um 50%. Ég vek líka athygli á því að það er verið að víkka mjög út gjaldstofninn þar sem nú er hugmyndin að taka undir skipulagsgjald, vegi, hafnir, flugvelli, virkjanir og veitur. Ég held því að þetta allt þurfi umhugsunar við.

Þetta mál fer að sjálfsögðu til umhvn. en hér er um mál að ræða sem heyrir líka sveitarfélögunum til beint og þar af leiðandi vildi ég stinga upp á að umhvn. sendi félmn. þetta til undirumsagnar því ég tel að skoðanir félmn. þurfi að koma fram í þessu máli.

Mér finnst vanta mjög berlega í þetta frv. einn þátt, þ.e. náttúruverndarþáttinn. Varðveisluþáttinn vantar í allt of ríkum mæli í þetta frv. Við höfum á fyrirfarandi árum ekki tekið tillit til náttúruverndar við gerð mannvirkja og af því hafa unnist mikil hervirki í náttúrunni. Þar af leiðandi tel ég ástæðu fyrir hæstv. umhvn. að hugleiða vandlega hvort ekki sé ástæða til að skerpa þarna á og taka inn í frv. ákvæði sem lytu að þessum þætti.

Þessi fáu orð læt ég duga. Ég á hvorki sæti í umhvn. né félmn. en vildi koma þessum ábendingum mínum á framfæri við þessa umræðu og á þessu stigi málsins.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem tekið hafa þátt í þessari umræðu fyrir jákvæðar undirtektir við frv. og skal nú stuttlega víkja að nokkrum athugasemdum sem fram hafa komið um málið.

Hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, er reyndar fjarverandi vegna veikinda í dag að því er tilkynnt var af forsetastóli en ég mun víkja að örfáum atriðum sem hann nefndi hér.

Hann tók undir meginstefnu frv. og kvað margt góðra gjalda vert. Hann ræddi nokkuð um kortagerð sem væri grundvöllur skipulags. Ég get tekið undir með honum að þar hefur gengið nokkuð seint vegna fjárskorts. Hins vegar tek ég ekki undir að sú vinna sé mjög í skötulíki því það er hún alls ekki. Það er unnið núna að mjög umfangsmiklu verkefni í stafrænni kortagerð, þ.e. að taka upp nútímatækni við kortagerðina. Þar hefur verið efnt til mjög víðtæks samstarfs nánast allra þeirra opinberu aðila á Íslandi sem þurfa að nota kort við vinnu sína og þeir eru margir. Þarna hefur tekist mjög heilladrjúg samvinna sem á eftir að spara mikla fjármuni í framtíðinni. En það er rétt að þetta mætti ganga greiðar og þarna mætti vera meira fjármagn til að vinna úr.

Í öðru lagi nefndi hann kortlagningu og kort af sjávarsvæðunum við landið og rannsóknum þar. Ég minni á að þar er nú á döfinni eitt stærsta og viðamesta rannsóknarverkefni sem verið er að fást við hér, rannsóknir á botndýrum á landgrunninu við Ísland. Það er verkefni sem tekur allmörg ár og er eitthvert viðamesta verkefni í grunnrannsóknum sem ráðist hefur verið í. Þar er um að ræða samvinnu margra stofnana. Við fáum þar atbeina og aðstoð m.a. frá nágrönnum okkar Norðmönnum og Færeyingum og þar hefur vel til tekist.

Hv. þm. nefndi einnig sérstaklega dæmi um frágang opinberra stofnana sem önnuðust framkvæmdir, bæði í dreifbýli og þéttbýli, og nefndi sérstaklega frágang Póst- og símamálastofnunar þar sem unnið hefði verið að lagningu ljósleiðara. Nú veit ég ekki hvaða dæmi hann átti sérstaklega við í þessu tilviki en hitt veit ég að fyrir allmörgum árum þegar verið var að leggja ljósleiðarann yfir Hellisheiði var farin leiðin milli hrauns og hlíðar, þ.e. undir Skarðsmýrarfjallinu. Ég átti þar leið um og þar var frágangur ekki sem skyldi. Ég hafði samband við Póst- og símamálastofnun sem upplýsti að frágangi væri ekki lokið. Nokkru síðar var allt komið í gott lag og ég hygg einmitt að þessi stofnun kosti kapps um að ganga vel um og ganga vel frá, a.m.k. þar sem ég þekki. Er þá auðveldust og hægust leiðin að hafa beint samband.

Hv. þm. vék einnig að skipulagi á Miðhálendinu. Ég endurtek það sem ég sagði um það mál í minni framsögu: Þar hefur ákveðin tillaga verið send til umsagnar til þeirra sveitarfélaga sem liggja að Miðhálendinu. Umsagnir um hana eru sem óðast að berast og framhald málsins verður ákveðið í ljósi þeirra undirtekta.

Tveir hv. þm. Kvennalistans hafa talað við þessa umræðu og kom nokkuð á óvart að þar var verulegur áherslumunur á. Raunar á hvorugur umræddra þingmanna sæti í þeirri nefnd sem hér um mun fjalla en hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson taldi þessu frv. heldur til kosta að þar væri sveitarfélögunum fengið meira vald sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir taldi hins vegar ekki af hinu góða, hafi ég skilið mál hennar rétt.

Hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson talaði nokkuð um verndun gamalla húsa. Hún heyrir reyndar undir þjóðminjalög. Hv. þm. Páll Pétursson nefndi þetta atriði einnig. Það má vel vera að í þessu frv. ætti að koma meira inn á verndunarþáttinn en gert hefur verið, en ákvæði um þetta er að finna í öðrum lögum. Það gæti vel verið að það ætti að flytja þau ákvæði yfir í þessi lög. Ég beini því til nefndarinnar að taka það til umhugsunar.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fjallaði allítarlega um þetta mál, enda er hún málunum kunnug. Hún setti fram ýmsar vel grundaðar athugasemdir sem ég hygg að nefndin ætti að taka til athugunar. Hún beindi sömuleiðis nokkrum spurningum til mín og mun ég leitast við að svara þeim en kannski ekki í sömu röð og þær voru fram bornar.

Varðandi 12. gr., þar sem breytt er fresti almennings til að koma á framfæri athugasemdum, þá er það rétt sem hún vitnaði til að í athugasemdunum segir að sé gert til að flýta nokkuð meðferð málsins þó það sé náttúrlega ekki fullkomin trygging fyrir að svo verði. Hins vegar sé ég ekki að neitt sé gengið á rétt al-

mennings þó þessi frestur sé styttur úr átta vikum í sex. Ég held að það sé bitamunur en ekki fjár og sé í rauninni minni háttar mál.

Hún spurði með tilvísan til 38. gr. hve mörg mál af þessu tagi kæmu til úrskurðar í umhvrn. á ári hverju. Ég hef ekki nákvæma samantekt yfir það en mér sýnist að þau gætu verið á bilinu 20–30. Þau eru mjög ólík. Mörg þeirra eru það sem einfaldlega mætti kalla nágrannakrytur í sambýlishúsum, fjölbýlishúsum. Það eru deilur um girðingar. Það eru deilur um atriði sem utanaðkomandi mönnum sýnast stundum býsna smá en geta auðvitað verið stór í augum þeirra og hugum sem deila. Þessi mál eru sem sagt mjög ólík.

Hún spurði um hugtak sem er að finna hjá Reykjavíkurborg þar sem talað er um borgarvernd. Það hugtak hefur verið smíðað hjá skipulagsstofnun Reykjavíkurborgar og er notað í aðalskipulagi Reykjavíkur um útivistarsvæði. Ég hef svo sem ekki mikið meira um það að segja. Borgarvernd hefur enga stoð í lögum eins og nú háttar.

Hv. þm. spurði um muninn á byggðaáætlun og landsskipulagi. Byggðaáætlun er fyrst og fremst með áherslu á efnahagsþættina en landsskipulag með áherslu á landnotkunina.

Þá var spurt um svæðisskipulag, hver ætti að gera slíkt. Ég hygg að það verði í framkvæmd þannig að sveitarfélögin ráði ráðgjafa í samráði við Skipulagsstofnun ríkisins.

Hv. þm. gerði einnig deiliskipulag og hverfisvernd að umræðuefni. Það er rétt að til þess er ætlast að leita skuli staðfestingar deiliskipulags á svæði sem hverfisvernd tekur til. Að slíkt skuli háð sérstakri staðfestingu tengist því að það geti verið um íþyngjandi aðgerð að ræða gagnvart eigendum fasteigna og þá þarf auðvitað að gera það að mjög vel athuguðu máli. Raunar má ætla að það sé í þágu sveitarfélags að leita staðfestingar í slíkum tilvikum. Eins er eðlilegt að staðfesta deiliskipulag ef um önnur atriði, t.d. eignarréttarlegs eðlis, er að ræða. Hitt er svo meginregla, sem hér er gert ráð fyrir, að ekki þurfi að leita staðfestingar á deiliskipulagi svo fremi sem um er að ræða venjulega útfærslu á aðalskipulagi. Reynslan fram að þessu hefur hins vegar sýnt að í dag er leitað staðfestingar á deiliskipulagi þegar ætla má að um einhvers konar ágreining geti verið að ræða.

Hv. þm. Páll Pétursson kvaðst hræddur við að hér yrði um einhvers konar stofnanaveldi að ræða. Það getur vel verið en ég vona þó að hans ótti sé ástæðulaus því hér er verið að reyna að draga úr miðstýringu og færa meira vald til sveitarfélaganna. Menn geta svo haft ólíkar skoðanir á því hvort sveitarfélögin eru þess umkomin að hafa það vald og beita því. Þau eru ákaflega misjafnlega undir það búin. Það skal viðurkennt.

Hann gerði einnig að umræðuefni ákvæði III til bráðabirgða um varnarsvæðin. Um það hefur mönnum sýnst ýmislegt á ólíkum tímum. Þetta ákvæði hefur oft orðið að deiluefni. Stundum hefur afstaða flokka til þess mótast mjög af því hver hefur setið í embætti utanrrh. Ég hygg að við hv. þm. Páll Pétursson, og raunar fleiri í þessum sal, munum ýmis dæmi um að umræðan hefur tekið ýmsum vendingum eftir því. Ég ætla ekki að segja margt um þetta. Þetta er í samræmi við þá venju sem verið hefur að mál sem snerta varnarsvæðin heyra undir utanrrh. Ég tek hins vegar ekki undir að íbúðarsvæði sem hafa verið skipulögð innan vallarsvæðisins stingi sérstaklega í stúf við önnur mannvirki hér á landi og bendi á að nýrri íbúðarhverfin sem byggð hafa verið á síðustu árum eru snoturlega úr garði gerð. Margt hefur sjálfsagt tekist illa í skipulagsmálum á þessu svæði á árum áður, enda horfa menn kannski á skipulagsmálin í svolítið öðru ljósi nú en gert var fyrir 25 árum á þessu svæði. En ég hygg að varðandi þau svæði sem byggst hafa á síðari árum og eru sýnilegust þeim sem fara veginn að Leifsstöð t.d. hafi tekist heldur bærilega til. Það er kannski spurning um smekk og um smekk verður ekki deilt.

Ég ítreka, virðulegi forseti, þakkir til þeirra manna sem tekið hafa þátt í þessari umræðu og góðar undirtektir þeirra og tek undir með hv. þm. Páli Péturssyni að rétt er og eðlilegt, og það hlýtur hv. umhvn. að gera, að senda þetta mál til umsagnar félmn.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvað ég kemst í að nýta mér andsvar ítarlega en ég vil fyrst taka fram varðandi verndun gamalla húsa að tel ég að það ætti fortakslaust að vera hluti af skipulagslögum að fjalla um sérstaklega heildstæðar húsaþyrpingar þar sem um gamla byggð er að ræða og einnig þurfi að fjalla sérstaklega um þetta innan skipulagslaga. Það þarf ekki að koma í veg fyrir að um menningarverðmæti sé fjallað í lögum er heyra undir menntmrn. Ég tel fulla ástæðu til að það sé á báðum stöðum.

Varðandi það hvort heppilegt sé að skipulagsmál séu hjá sveitarfélögum, þá er það vissulega rétt að ég tel að öðru jöfnu ljómandi gott að þau séu vistuð þar að því tilskildu, og það var kannski eitt aðalatriði ræðu minnar, að réttur almennings sé tryggður gagnvart ákvörunum sveitarfélagsins því að sveitarfélög geta alveg eins og annað stjórnvald tekið ákvarðanir sem brjóta á rétti almennings. Ég ítreka þetta svo það fari ekkert á milli mála að þetta var eitt meginefni ræðu minnar.

Ég gerði athugasemd í ræðu minni varðandi 13. gr. laganna þar sem ítarlega er talað um umfjöllun athugasemda um staðfestingu aðalskipulags. Mér finnst vanta í þessa grein að fá það klárlega á hreint hvernig ráðherrar ætla að taka sína lokaákvörðun og dálítið misvísandi skilaboð innan greinarinnar.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra sagði áðan að það hefði verið einhver áherslumunur í málflutningi mínum og Önnu Ólafsdóttur Björnsson, þingkonu Kvennalistans, þar sem Anna Ólafsdóttir Björnsson hefði talið fundið fé að sveitarfélögin fengju nokkurt vald í skipulagsmálum en ég ekki. Nú held ég að ráðherrann fari svolítið frjálslega með því að ég sagði að það væri vissulega ágætt og góðra gjalda vert að sveit-

arfélög hefðu meira frumkvæði og hefðu þessa vinnu með höndum.

Ég hugsa að áherslumunurinn í málflutningi okkar Önnu Ólafsdóttur Björnsson ráðist kannski fyrst og fremst af búsetu en ekki pólitík. Það er þannig að eftir að hafa setið hér í borgarstjórn í Reykjavík og fylgst með skipulagsmálum í Reykjavík þá er fyllilega ástæða til þess að vara við of miklu valdi sveitarstjórna í þessum málum og vara við því að íbúar eigi ekki áfrýjunarrétt. Ég vil vissulega veg sveitarstjórnar sem mestan en ég vil öðru fremur tryggja stöðu og rétt íbúanna því að við erum fulltrúar þeirra en ekki annars stjórnvalds sem er sveitarstjórnin. Reykvíkingar eiga bara allnokkurra harma að hefna í skipulagsmálum og nægir að minna hér á ráðhúsið, Skúlagötuskipulagið, Þingholtin og deiluefni sem hafa komið upp þar, Kvosarskipulagið o.s.frv.

Þetta er ástæðan fyrir því að ég kem hér upp og legg áherslu á að það sé mjög skýrt kveðið á um rétt íbúanna í þessum lögum og mjög skýrt kveðið á um hvernig þeir geti farið að því að áfrýja í þessum málum.

Varðandi borgarverndina, sem er fyrirbæri sem er til í Reykjavík, var einu sinni um það rætt þegar það kom inn í aðalskipulagið að það hefði ósköp litla þýðingu að vera að búa til einhver svæði í Reykjavík sem hétu borgarvernduð svæði vegna þess að það hefði engan lagalegan status, væri aðeins hugtak sem menn hafa búið sér til. En mér finnst, virðulegur forseti, kannski ástæða til þess að gefa slíku hugtaki einhvern status í skipulagslögum þannig að það væri það millistig milli útivistarsvæðisins og fólkvangs sem vantar kannski núna.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það sem hv. þm. sagði með hugtakið borgarvernd. En ég vek athygli á þeim áherslumun sem kemur fram hjá þingmönnum Kvennalistans. Varðandi það sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði um áfrýjunarrétt og réttindi almennings og réttindi borgaranna í þessu máli, þá hygg ég að það sé bærilega tryggt í þessu frv. Auðvitað má hafa margar skoðanir á því og auðvitað má ævinlega segja að betur eigi að gera. Hins vegar nefndi hún ýmis dæmi þar sem hún taldi að mjög hefði verið gengið á rétt borgaranna í Reykjavík, t.d. varðandi ráðhús borgarinnar, Skúlagötuskipulag o.fl. Ég tel ekkert liggja fyrir um það að t.d. ráðhúsbyggingin hafi verið byggð í andstöðu við meiri hluta Reykvíkinga. Þar var mjög hávær minni hluti sem hafði sig mjög mikið í frammi, en ég held að sú ákvörðun hafi verið rétt tekin af þar til bærum aðilum og um það sé ekkert að deila.

Ég tek undir að það á að tryggja rétt almennings til að koma sínum sjónarmiðum hér á framfæri og vernda rétt einstaklinganna gagnvart því að á þeirra hlut sé gengið. Hins vegar getur slík löggjöf aldrei orðið til þess og á ekki að verða til þess að taka hagsmuni minni hlutans fram yfir hagsmuni eða skoðun meiri hlutans. Það getur ekki verið ætlun hv. þm.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er auðvitað karp um keisarans skegg að vera að ræða það hér hvort það hafi verið hávær minni hluti sem mótmælti ráðhúsbyggingunni. Þá gengur ráðherra væntanlega út frá því að minni hluti Reykvíkinga hafi verið á móti ráðhúsbyggingunni. Um það skulum við ekkert vera að deila núna. Við vitum hins vegar að það söfnuðust 12 þús. undirskriftir í Reykjavík, ef ég man rétt. Ef einhver ákvæði væru í lögum um að það þyrfti tiltekið lágmark til þess að fá t.d. kosið um slíkt mál væri réttur íbúanna tryggður. Ég dreg ekkert í efa að ákvörðun var tekin af til þess bærum yfirvöldum með réttum hætti. En það sem mér finnst vanta í frv. vegna þess að áður þurfti staðfestingu ráðherra og þá gat fólk leitað til ráðherra og til skipulagsstjórnar ríkisins en samkvæmt frv. nú er búið að leggja hana af. Ég vil bara tryggja að einhver áfrýjunaraðili geti sagt til um hvort hagsmunir íbúa eru fyrir borð bornir eða ekki. Auðvitað verður alltaf einhver að taka ákvörðun og það verða að vera til þess bær yfirvöld í hverju tilviki. En það þarf að tryggja að réttur íbúanna, þeirra mál, fái þá vandaða og góða umfjöllun og þeir eigi alltaf annað stig til þess að leita til.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér í umræðurnar um þetta frv. en vegna orðaskipta sem hér hafa orðið undir lokin þykir mér rétt að árétta tiltekin sjónarmið sem fram hafa komið í umræðunni.

Ég vil fyrst segja um frv. að mér finnst það horfa að mörgu leyti til betri vegar og hefur allmikil vinna verið lögð í það. Ég hygg að þar sé stigið skref til réttrar áttar í þessum málaflokki. Ég vil þó ítreka og taka undir það sem áður er fram komið að ég er ósammála því ákvæði frv. sem gerir ráð fyrir að þessi mál heyri undir utanrrh. á tilteknum landsvæðum, svonefndum varnarsvæðum, sem er að finna í nokkrum sveitarfélögum landsins. Ég tel það afleitt fyrirkomulag og get tekið undir rökstuðning hv. 1. þm. Norðurl. v. hvað þetta varðar. Ég hef einnig verið í nokkru návígi við þetta mál í minni heimabyggð og reynsla mín af því er sú að það væri betra fyrirkomulag og skynsamlegra á alla vegu að hafa þetta undir almennri nefnd sveitarfélags og síðan umhvrh. en eins nú er.

Ég vil taka undir það sjónarmið sem mér fannst ráðherra að nokkru leyti vera að gagnrýna og jafnframt andmæla fullyrðingu í framsöguræðu hæstv. ráðherra hér sl. miðvikudag, ef ég man rétt. Það er sú fullyrðing, sem gengur mikið í þjóðfélaginu og mér finnst vera mjög órökstudd, svo ekki sé meira sagt, um að með því að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga séu menn að stuðla að valddreifingu eins og kom fram hjá hæstv. umhvrh. Það er nefnilega ekki sjálfgefið að jafnvel þótt verkefni sé færð úr höndum ríkisins til sveitarfélaga leiði það til meiri valddreifingar eða með öðrum orðum meiri réttar fólksins sem býr í sveitar-

félögunum. Það getur verið en það getur líka verið að svo verði ekki. Þetta fer eftir ýmsum atriðum og ég vil mótmæla þessari fullyrðingu. Hún er ekki rétt og því miður eru allmörg dæmi um að menn praktísera vald sitt hjá sveitarfélögum alveg eins dæmi eru um hjá ríki á þann veg að ekki verður undir það tekið að um valddreifingu sé að ræða.

Það skortir nefnilega ákveðinn þátt í íslenskri löggjöf til þess að tryggja rétt fólksins. Þá fyrst getum við talað um valddreifingu. Það skortir t.d. stjórnsýslulöggjöf sem tryggir rétt íbúanna gagnvart sveitarstjórninni og ákvörðunum hennar alveg eins og það vantar sambærilega löggjöf til að tryggja rétt íbúanna gagnvart ákvörðunum ríkisvaldsins. Ég hef verið það lengi í sveitarstjórn og séð það mörg dæmi um skrýtnar ákvarðanir eða sem manni finnast ganga á hagsmuni einstakra hópa án þess að þeir hafi nokkur tök á að færa fram varnir.

Þetta ræddi ég dálítið við umræður um skýrslu um umboðsmann Alþingis. Þar kom fram að samkvæmt sveitarstjórnarlögum fer félmrn. með yfirstjórn þeirra mála og menn eiga að geta snúið sér þangað með sín umkvörtunarefni. Umboðsmaður Alþingis hefur gert athugasemdir við túlkun félmrn. á þessu ákvæði laganna en ráðuneytið hefur túlkað það þannig að úrskurðarvald þess gagnvart umkvörtunarefni íbúanna er afar þröngt og afmarkast nánast einvörðungu við formlegheit varðandi stjórn og fundarsköp í sveitarstjórnum. Íbúar sem vilja mótmæla einhverri tiltekinni ákvörðun sveitarstjórnar, álagningu gatnagerðargjalds eða einhverju því um líku, hafa þannig engar leiðir til að koma því á framfæri og óska eftir úrskurði æðra stjórnsýsluvalds. Þessi afstaða félmrn. hefur skapað mikinn vanda og mjög slæma réttarstöðu íbúanna í sveitarfélögunum.

Til þess að sú fullyrðing hæstv. umhvrh., sem ég geri að umtalsefni, að um valdreifingu sé að ræða við það að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga verði rétt verður að setja sérstaka löggjöf sem tryggir hagsmuni þessara sömu íbúa. Staðreyndin er sú, sem menn vilja allt of oft gleyma, að sveitarstjórnir og ríki eru til fyrir fólkið en ekki öfugt.

Ég get nefnt nýlegt dæmi úr minni heimabyggð þar sem framkvæmd sömu ákvörðunar sveitarstjórnarinnar er með gerólíkum hætti á milli ára hvað varðar ívilnandi ákvörðun um rétt íbúa til lægri fasteignaskatts samkvæmt álagningarreglum. Sama ákvörðun er tekin í minni bæjarstjórn árið 1992 og 1993. Framkvæmdin 1992 var sú að fasteignaskattur íbúa 67 ára og eldri er felldur niður. Framkvæmdin 1993 er sú að sami skattur er ekki felldur niður. Hvert eiga íbúarnir að snúa sér til að fá leiðréttingu sinna mála? Miðað við ástandið í dag geta þeir ekki snúið sér neitt nema helst til almennra dómstóla.

Þetta vildi ég undirstrika og jafnframt taka undir sjónarmið hv. 10. þm. Reykv. hvað varðar rétt íbúa í þessum tiltekna lagabálki. Ég held að við verðum að gæta þess í ríkari mæli en verið hefur að lagasetningunni er ætlað að tryggja bæði réttindi og skyldur íbúa. Við megum ekki einvörðungu einblína á skyldurnar heldur verðum við líka að tryggja réttindin.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. síðasta ræðumanni að það er ekki sjálfgefið að tilfærsla á valdi til sveitarfélaga þýði valddreifingu. Ég tek undir það sjónarmið hans að okkur skortir gjörsamlega öll ákvæði um áfrýjunarrétt almennings. Þetta er einmitt meginvandamál mjög víða í okkar stjórnsýslu. Að vísu örlar á því í þessu frv. að það sé ákveðinn áfrýjunarréttur og auðvitað er það af hinu góða. En eins og ég kom fram með í andsvari áðan vantar því miður að skýra það nákvæmlega hvernig slík mál munu ganga fyrir sig. Það ég tel fyrst og fremst galla á þessum ákvæðum í frv.

Hins vegar verð ég að taka það sérstaklega fram að oft og tíðum er meiri fjarlægð frá valdi ef sækja þarf áfrýjunarrétt til ríkis en til sveitarfélaga en ég tek undir þau sjónarmið að þetta er mjög misjafnt eftir sveitarstjórnum og sveitarfélögum. Í tíu ára starfi mínu í nefndum og ráðum og hreppsnefnd í sveitarstjórnum þekki ég bæði dæmi um að það geti verið auðveldara í smærri sveitarfélögum að hafa áhrif á ákvarðanir sveitarstjórna og að það geti jafnvel valdið auknum vanda þar sem persónulegir hagsmunir ráða og jafnvel ákveðin valdabarátta sem ekki verður skýrð af öðru en smæð sveitarfélagsins. Ég held því að fyrst og fremst verði að tryggja vald hinnar smæstu einingar, þ.e. almennings.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vísa til þeirra umræðna sem fram hafa farið um þetta mál áður og tek undir ýmis sjónarmið, sérstaklega þau sjónarmið sem snerta ekki síst þessi mál í Reykjavíkurkjördæmi. Það er dálítið sérkennilegt að við umræður um mál af þessu tagi virðist það gleymast allt of oft af hálfu stjórnvalda, mér liggur við að segja hverjir svo sem þar eru, að byggðarlögin eru fjarska misjöfn og sveitarfélögin eru fjarska misjöfn í landinu. Það að ætla sér að setja nákvæmlega sama kvarða á Reykjavík og fámennari sveitarfélög er ósköp einfaldlega rangt. Það gefur ekki rétta mynd af hinum pólitíska og félagslega veruleika.

Vandi Reykvíkinga sem íbúa sveitarfélags er fyrst og fremst sá að sveitarfélagið er allt of stórt. Það er allt of fjölmennt. Hér er ekki um að ræða neitt skipulagt hverfalýðræði. Tillögum um hverfalýðræði og hverfaskipulag með lýðræðislegu eftirliti hefur verið hafnað í borgarstjórn Reykjavíkur aftur og aftur á undanförnum árum og áratugum. Ítrekaðar tillögur minni hlutans í þeim efnum hafa ekki náð fram að ganga. Þegar fram hafa komið tillögur, t.d á Alþingi, um að skipta Reykjavík niður í hverfi sem hafi með að gera tiltekin verkefni eins og t.d. skólamál, þá hefur Sjálfstfl. í heild sett sig algerlega gegn slíkum hugmyndum og beitt sér fyrir að stöðva slík mál á Alþingi. Dæmi um þetta eru grunnskólafrv. sem hafa verið flutt nokkrum sinnum þar sem gert hefur verið ráð fyrir að Reykjavík yrði skipt í hverfi og að hverfin hefðu stjórn grunnskólamála hjá sér. Tillögum af þessu

tagi hefur ævinlega verið hafnað hér fyrst og fremst vegna þess að hinir flokkarnir, sem staðið hafa að málunum, hafa gefist upp fyrir yfirgangi Sjálfstfl. sem hefur ævinlega haft í hótunum gegn tillöguflutningi af þessu tagi.

Þetta mál snertir líka sérstaklega skipulagslög og frv. til skipulagslaga. Ég vil beina því til hv. umhvn. sem fær þessi mál til meðferðar — ég sé að hæstv. forseti þingsins núna er jafnframt formaður hv. umhvn. — að hún skoði þetta mál alveg sérstaklega út frá Reykjavík og hagsmunum íbúa Reykjavíkur. Það er stundum talað um að það sé löng leið til ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma eða Alþingis eða fjárln. eða hvað það er. Það er rétt, það er langt. En það er enn þá lengri vegur oft og tíðum hjá fólkinu í Reykjavík upp í gegnum stjórnkerfi Reykjavíkur til borgarstjórnarforustunnar í Reykjavík. Þetta á við um fjöldamörg mál en þetta á alveg sérstaklega við um skipulagsmál. Ég tel að frá sjónarmiði Reykvíkinga sé það beinlínis hættulegt að setja meira vald í hendur borgarstjórnar og draga úr möguleikum íbúanna hér til þess að skjóta sínum málum, þrátt fyrir ákvarðanir borgarstjórnar og meiri hluta skipulagsnefndar, til ráðuneytis eða skipulagsstjórnar eða hvað það nú er.

Ég gæti nefnt fjölmörg dæmi um það að meiri hlutinn í Reykjavík hefur vegna hagsmunatengsla við tiltekin fyrirtæki beitt einstaklinga hér alveg ótrúlegum ruddaskap í skipulagsmálum. Þegar allt valdið væri komið í hendur sveitarfélagsins í þessu efni og menn ættu lítinn eða takmarkaðan málskotsrétt til ríkisins er alveg ljóst að menn væru með öll sín mál og örlög oft og tíðum, liggur mér við að segja, í höndum borgarstjórnarmeirihaldsins í Reykjavík. Þó það standi til að breyta því hefur það gengið illa á síðustu áratugum eins og menn þekkja.

Þess vegna skora ég á hv. umhvn. að taka þetta atriði til alveg sérstakrar skoðunar. Þann vanda sem við Reykvíkingar erum í sem íbúar í þessu gríðarlega fjölmenna sveitarfélagi sem er jafnmiðstýrt og raun ber vitni. Ég tel að það henti Reykvíkingum miklu betur að vera með það sem kallað er blönduð verkaskipting. Ég tel heppilegra fyrir Reykvíkinga á mörgum sviðum að það sé blönduð verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga, þannig að ríkið og sveitarfélagið hafi saman með að gera tiltekin málefni. Ég er t.d. ekki í nokkrum vafa um að uppbygging, segjum tónlistarfræðslunnar í Reykjavík, varð jafnöflug og raun ber vitni um m.a. vegna þess að ríkið var aðili að henni. Ég get líka nefnt t.d. uppbyggingu barnaheimilanna á sínum tíma eftir að lög voru sett um það efni, ég hygg 1972 eða 1973, að þetta ætti að vera sameiginlegt viðfangsefni ríkis og sveitarfélaga. Þá hófst veruleg uppbygging barnaheimila út um allt land en ekki síst hér vegna þess að ríkið var þarna aðili á móti. Ég gæti líka nefnt heimilishjálpina í Reykjavík. Þegar tekin var um það ákvörðun á grundvelli laga um málefni aldraðra að greidd yrði tiltekin heimilishjálp í gegnum ríkiskerfið styrkti það heimilishjálpina í Reykjavík, heimahjúkrun og þjónustu við gamallt fólk.

Ég gæti nefnt fjölmörg fleiri dæmi af þessu tagi sem sýna að þessi reglustikupólitík um svokallaða hreina verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem allir hafa verið uppfullir af á undanförnum árum á við marga býst ég við en hún á ekki endilega við íbúa Reykjavíkur. Svo mikið er víst.

Ég get nefnt nýlegt dæmi um þetta mál sem hv. 9. þm. Reykn. reyndar vék að hér áðan. Það er um friðun húsa. Ég er alveg sannfærður um að ef borgarstjórnarmeirihlutinn í Reykjavík hefði einn haft með þau mál að gera værum við ekki með jafnmörg verðmæt menningarhús friðuð í Reykjavík og raun ber vitni um. Vorið 1991 var tekin ákvörðun um það í menntmrn. að tillögu húsfriðunarnefndar og þjóðminjaráðs að friða á milli 20 og 30 hús sem menn höfðu verið að fjalla um árum saman í borgarstjórn Reykjavíkur en höfðu ekki lent. Í menntmrn. var eftir umfjöllun húsfriðunarnefndar tekin ákörðun að friða þessi hús. Ég endurtek: Hefði þetta eingöngu verið í borgarkerfinu væru þessi hús ekki friðuð enn þann dag í dag. Það er hægt að nefna fleiri dæmi um þetta.

Ég vil einnig taka undir það sem fram kom hjá hv. 10. þm. Reykv. varðandi ýmis umferðarmannvirki sem hér eru. Ég tel að þau eigi að skoða sem hluta af skipulagsmálum, þar á meðal brýr. Brýr eru mannvirki sem setja gríðarlega mikinn svip á allt umhverfi hjá okkur. Við þurfum ekki annað en að rifja upp deilurnar um Höfðabakkabrúna. Menn þurfa ekki annað en horfa á Höfðabakkabrúna, sem t.d. hv. 3. þm. Suðurl. gerir á hverjum degi og ég reyndar líka hinum megin frá. Það er alveg ljóst að Höfðabakkabrúin setur verulegan svip á svæðið. Það voru hugmyndir um að hafa hana talsvert mikið öðruvísi. Ég held að menn uni við hana eftir atvikum þó ýmislegt megi um það segja. Ég ætla ekki að rifja þá hluti upp hér. En ég tel að þetta eigi að vera partur af myndinni og eigi að vera á því sviði sem þetta frv. fjallar um.

Ástæðan til að ég kom hér í stólinn, virðulegur forseti, var sérstaklega þessi sem lýtur að hagsmunum Reykvíkinga sem ótrúlega oft reyndar vilja gleymast í þessari stofnun. Það er stundum eins og Reykjavík sé ekki til og eigi helst ekki að vera til og ekki mikið að tala um úr þessum stól. Það megi tala svo sem yfirleitt um allt annað. Staðreyndin er sú að Reykvíkingar, svo margir sem þeir eru, búa við mismunandi aðstæður og mismunandi kjör. Að setja hlutina þannig upp að ætla sér að dæma alla Reykvíkinga sem einhverja úlfa sem hirði allt frá landsbyggðinni sinni er mikið rangt. Það heyrist stundum en í minnkandi mæli að vísu finnst mér í seinni tíð.

Ég vil einnig taka undir þær ábendingar sem fram komu hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. varðandi svokölluð varnarsvæði. Ég tel að þann þátt þessa frv. eigi að skoða. Ég bendi á að í áliti yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1991 er bent á að flugmálastarfsemin ætti að færast undir samgrn., líka sú flugmálastarfsemi sem er á vellinum suður frá, og aðilar að því áliti yfirskoðunarmanna ríkisreikninga eru fulltrúar tveggja stjórnarflokka auk mín. Ég er því sannfærður um að fleiri og fleiri eru að átta sig á að þarna þarf að taka öðruvísi á hlutum. M.a. af þeim sökum beitti ég

mér fyrir því sem félmrh. fyrir allmörgum árum að komið var á sérstakri samvinnu um skipulagsmál Suðurnesja og vallarsvæðisins. Ég man ekki betur en því hafi verið allvel tekið af öllum aðilum og líka utanrrn. á sinni tíð þó það væru deilur um málið í sjálfu sér. Nú hef ég ekki sett mig inn í það hvernig þeirri samvinnu er háttað núna og ekki fylgst nægilega vel með því til að vita það. En það voru deildar meiningar um þessa samvinnunefnd skipulagsmála á Suðurnesjum sem ég setti niður á sínum tíma. Ég man ekki betur en arftaki minn í þessu starfi hafi haft ýmsar aðrar skoðanir á því máli en ég. Síðan hefur mér skilist að það væri nokkurt samstarf um þessi mál og ég held að það sé nauðsynlegt og geti verið eðlilegur inngangur að því að umhvrn. fari með þessi skipulagsmál eins og önnur skipulagsmál.

Það er auðvitað ástæða til þess, virðulegur forseti, að vekja athygli á þeim tímamótum sem hér eru uppi, að umhvrh. er að flytja frv. til skipulagslaga. Það gekk ekki þrautalaust að koma umhverfisráðuneytinu í gegn á síðasta kjörtímabili. Málþófið sem Sjálfstfl. beitti sér fyrir þá hefur ekki verið reiknað út en það var gríðarlegt, í báðum deildum og sameinuðu þingi, um þingsköp og ekki þingsköp og utan dagskrár og innan dagskrár alveg endalausar ræður lon og don og ekki alveg um málið stundum. (**PP:** Lesnar heilar bækur.) Lesnar heilar bækur, segir hv. 1. þm. Norðurl. v. Ég vona að það hafi verið góðar bækur. (**PP:** Raddir vorsins þagna.) Raddir vorsins þagna. Það er nefnilega það. Það má segja að það sé umhverfismál. Vorið er yfirleitt umhverfisvænt hér á Íslandi sem betur fer. En allt um það þá beitti Sjálfstfl. alveg ótrúlegum klækjum til að reyna að eyðileggja umhverfisráðuneytið og stoppa það. Það var náttúrlega af þeirri málefnalegu ástæðu fyrir umhverfismálum af hálfu Sjálfstfl. að hann var á móti Júlíusi Sólnes. Sjálfstfl. er það kannski enn. Ég veit ekki hvort gerðar hafa verið um það flokkslegar samþykktir nýverið.

Þess vegna er það dálítið gaman að það skuli gerast að umhvrh. á vegum Sjálfstfl., þó hann sé í Alþfl., skuli að flytja frv. um skipulagsmál sem hluta af umhvrn. og það er fagnaðarefni.

Þessi sjónarmið Reykvíkinga vildi ég nefna hér og segja það svo að lokum að ég tel mjög þýðingarmikið, og vildi gjarnan heyra skoðun hæstv. umhvrh. á því sem fram kom í máli hv. 10. þm. Reykv., að sjónarmið minni hluta séu við kynningu skipulags kynnt. Ég held að það sé mjög mikilvægt atriði að svo sé gert og mér þætti vænt um ef hæstv. umhvrh. vildi tjá sig um það atriði sérstaklega.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þeirra ummæla sem hv. síðasti ræðumaður hafði um stefnu Sjálfstfl. í skipulagsmálum tel ég nauðsynlegt að hér komi fram að túlkun hans á viðhorfi flokksins til þeirra mála og til umhvrn. sérstaklega er nokkuð hæpin. Ég vil þess vegna aðeins koma því að að eftir ítarlega umfjöllun um einmitt þessi mál og stofnun umhverfisráðuneytis komst Sjálfstfl. að því í málefnanefndum sínum, sem sá sem hér stendur stýrði um sinn, að æskilegra væri að umhverfismál samtvinnuðust flestöllum ráðuneytum og taldi því æskilegri leið fyrir umhverfismálin að eiga sér þannig leið inn í ráðuneytin með umfjöllun í þeim en var á móti því að hér yrði sett upp sterkt umhverfismálaráðuneyti. Það var því samhæfing á umhverfismálum í heild sem flokkurinn vildi berjast fyrir en barátta hans gegn sérstöku umhverfisráðuneyti hafði ekkert með ákveðna þingmenn, sem ég nefni ekki hér, að gera. Það var ekki minnst á þá í þeirri málefnaumfjöllun sem sá sem hér stendur tók þátt í á vegum Sjálfstfl.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Norðurl. e. fyrir þær upplýsingar sem fram komu í hans máli og staðfestu það að Sjálfstfl. var á móti stofnun umhverfisráðuneytis og dró lappirnar í því og reyndi allt sem hann gat til að stoppa það. Í öðru lagi þótti mér vænt um að hv. 5. þm. Norðurl. e. skyldi ekki gera tilraun til að taka upp hanskann fyrir borgarstjórnarmeirihlutann í Reykjavík. Það fannst mér athyglisvert og til umhugsunar.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins andmæla því að verið sé að draga úr áfrýjunarmöguleikum almennings eða rétti fólks til að leita réttar síns með þessu frv. Það er rangt. En í staðinn fyrir að það sé ráðherra og þá starfsmenn ráðuneytisins eftir atvikum sem undirbúa og kveða upp úrskurði er gert ráð fyrir að það verði þriggja manna nefnd þar sem er einn fulltrúi ráðuneytisins, annar fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga og þriðji fulltrúinn tilnefndur af Hæstarétti. Ég held að þetta ákvæði sé til bóta. Ég held að það sé síður en svo verið að draga úr möguleikum almennings á því að sækja sinn rétt í þessu efni.

Ég ætla hins vegar ekki, virðulegur forseti, að blanda mér verulega í þá ádeilu sem hv. þm. hélt uppi á borgarstjórnarmeirihlutann í Reykjavík. Ég bendi bara á að í þessu efni held ég að það eigi að gilda sömu reglur um Reykjavík og önnur sveitarfélög. Ég nefni líka hér að það sætti ámæli á hinu háa Alþingi þegar ég flutti frv. á sínum tíma um skipulags- og byggingarmál á Miðhálendinu. Þá var talað um það sem sérstaka miðstýringaráráttu og farið mjög hart gegn því máli. Hér er verið að flytja vald til sveitarfélaganna. Þá sætir það líka ámæli. Það er vandsiglt í þessum efnum.

Ég held að hér sé verið að velja rétta leið að fela sveitarfélögunum aukið vald og ef borgararnir í Reykjavík kjósa sér meiri hluta úr þeim flokki sem þingmaðurinn ræddi svo mjög um áðan þá er það partur af lýðræðinu. Ég segi svo sem ekki margt meira um þennan hluta ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar. Hann á kannski frekar heima á borgarstjórnarfundi í Reykjavík en á Alþingi.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir

hans andsvar. Það var svo sem eins og við var að búast og ástæðulaust að gagnrýna það á neinn hátt nema ég vil segja að ég tel að það geti verið til bóta að úrskurðarvald verði hjá nefnd. Ég tel það geta verið til bóta. Ég hef aldrei verið hrifinn af því kerfi sem hér hefur verið og var sérstaklega í félmrn. að ráðherra ætti að úrskurða svona hluti í einstökum atriðum. Ég þekki það og lenti mjög oft í að þurfa að úrskurða um garðhýsi og girðingar án þess að þekkja mjög mikið til þeirra mála. Ég tel að það sé þrifnaður að því að það sé á höndum annarra aðila.

Ég vil hins vegar bara endurtaka það sem ég var að reyna að segja áðan að aðstaða okkar, íbúa Reykjavíkur, er allt önnur en íbúa allra annarra sveitarfélaga af því að við erum svo mörg og búum við það kerfi að borgarstjórn Reykjavíkur hefur ekki verið tilbúin til að skipta borginni niður í stjórnsvæði, eins og oft hafa verið gerðar tillögur um, og skapa þannig meiri nánd á milli íbúanna og stjórnkerfisins á hverjum tíma. Þess vegna horfir það að flytja vald til sveitastjórna allt öðruvísi við okkur en mörgum öðrum íbúum landsins. Það er þannig. Ég var í raun með komu minni í ræðustól ekki síst að hvetja hæstv. umhvrh. og hv. formann umhvn. til að huga alveg sérstaklega að réttindum okkar íbúa Reykjavíkur í sambandi við skipulagsmál, ekki síður og jafnvel enn frekar en annarra sveitarfélaga.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins örstutt. Það var í rauninni tvennt sem ég gleymdi að nefna af því sem hv. þm. Svavar Gestsson nefndi.

Í fyrsta lagi tek ég undir að mér finnst eðlilegt að sjónarmið minni hluta fái kynningu þegar um slíkt er að ræða og í meiri háttar skipulagsmálum. Það finnst mér eðlileg og sanngjörn krafa að ef meiningar eru deildar þá komi það fram þegar borgararnir fá tækifæri til að kynna sér niðurstöðuna. Það finnst mér eðlilegt.

Það sem hann nefndi líka um brýr þá hygg ég að hann þekki sögu þess máls svolítið. Það var deilumál milli félmrn. og samgrn. Félmrn. taldi að brýr væru mannvirki. Samgrn. var annarrar skoðunar og taldi að brýr væru vegir. Sú túlkun hefur orðið ofan á. Auðvitað er sannleikurinn einhvers staðar þarna mitt á milli að brýr eru bæði vegir og mannvirki. Þetta er mál sem hefur ekki fundist endanleg lausn á en þarf að leysa vegna þess að ekki er hægt að hanna og byggja brýr án skipulags í grennd við þær og án tillits til umhverfisins. Ég tek fyllilega undir það. En þetta er mál sem er í rauninni ójafnaður ágreiningur milli ráðuneyta.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka umhvrh. fyrir það sjónarmið sem fram kom í hans máli núna varðandi kynningu á sjónarmiðum minni hluta þegar verið er að kynna skipulagsuppdrætti eða breytingar á skipulagi. Ég tel mjög mikilvægt að þetta sjónarmið hafi komið fram og vænti þess að hv. nefnd taki tillit til þessara viðhorfa hæstv. umhvrh.

Varðandi brýrnar endurtek ég það sem ég sagði áðan. Ég held a.m.k. þegar um er að ræða brýr í þéttbýli eigi að líta á þær sem mannvirki sem lúti hinum almennu skipulagsreglum í landinu. Það er mín skoðun og ég geri ráð fyrir að það sé skoðun umhvrn. líka án þess að það hafi komið skýrt fram í máli hans. Ég heiti á hann að halda þannig á málum að eitthvert samkomulag náist um það í þessu gamla deilumáli, sem hann rifjaði upp, á milli félmrn. og samgrn. og ég kannast við frá fyrri tíð þegar ráðherrann minnir á það.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég lít svo á að bæði brýr og vegir séu mannvirki. Það ætti því ekki að þurfa að verða deiluefni í þessu sambandi. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir að fara ekki aftur á flot með hið framúrskarandi mislukkaða og vitlausa frv., sem við ræddum lítillega í fyrravor, um skipulagsmál á Miðhálendinu. Það er sannarlega spor í rétta átt og þakkarvert.

Auðvitað ber þetta frv. merki þess að annar aðalhöfundur þess er formaður Sambands ísl. sveitarfélaga og borgarfulltrúi í Reykjavík og sennilega á hann einhvern tímann eftir að verða borgarstjóri — hann hefur sýnt ákveðinn áhuga á því.

Auðvitað er þetta með valddreifinguna ekkert einhlítt. Það er ekkert einhlítt að það sé fólgin valddreifing í því að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Það fer náttúrlega eftir eðli sveitarfélaga og eftir því hvernig þeim er stjórnað. Ég hygg að dæmin sanni að gerræði og spilling getur þrifist ekki síður a.m.k. í sveitarfélagi en á vegum ríkisins. Það kann að vera enn frekar hætta á að þvílíkt ástand skapist, sérstaklega þegar fámennisstjórn hefur verið á sveitarfélagi um lengri tíma. Það er ekkert einhlítt að það sé valddreifing.

Hv. 9. þm. Reykv. lýsti ákveðnum áhyggjum út af þessu atriði og nefndi til það sveitarfélag þar sem við erum nú stödd, þ.e. Reykjavík. Ég tel það verðugt verkefni fyrir Reykvíkinga að skipta um meiri hluta. Það sé lausnin fremur en vera sérstaklega hrædd við að fela sveitarstjórn þessi samfélagslegu verkefni.

Varðandi friðun húsa vil ég gera litla athugasemd við það sem hv. 9. þm. Reykv. sagði. Ég tel að núv. borgarstjóri, og þá sé öllu til skila haldið, Markús Örn Antonsson, hafi að ýmsu leyti menningarlegt viðhorf til varðveislu gamalla húsa og menningarlegs umhverfis. Ég tel að það hafi orðið veruleg breyting við síðustu borgarstjóraskipti í Reykjavík að þessu leyti og barbarismi fortíðarinnar er ekki í verkum núv. borgarstjóra, a.m.k. ekki eins augljós og hjá fyrri borgarstjóra. Auðvitað getur friðun gengið út í öfgar og þetta er allt saman vandmeðfarið. Við höfum í næsta nágrenni hús sem eru í eigu Alþingis og mér skilst að einhver andstaða sé við að rífa. Mér finnast þessi hús til óprýði í borginni og sögulegt gildi þeirra ekki sérstaklega mikið. Það er dæmi um hvernig getur farið ef friðunarárättan gengur út í öfgar.

Af tillitssemi við hv. þm. Sjálfstfl. ætla ég ekki að ræða hér og nú frammistöðu þeirra í umræðum ... (Gripið fram í.) Jú. Hér er fyrrv. þingflokksformaður, þó það beri minna á honum núna en meðan hann var

og hét á þingi, þ.e. var formaður þingflokks Sjálfstfl. Hann „degraderaðist" eftir síðustu kosningar og varð menntmrh. — En hv. 5. þm. Norðurl. e. er genginn í salinn. Ég ætla ekki að skaprauna þessum tveimur sjálfstæðismönnum sem gera okkur þann heiður að vera viðstaddir með því að fara að rifja upp framgöngu Sjálfstfl. þegar frv. til laga um stofnun umhverfisráðuneytis var til umræðu. Við sem sátum á þingi þá munum þetta allt saman. Ég held að reynslan hafi sannað að það var réttmætt að stofna umhverfisráðuneyti. Það var rétt skref. Við höfum verið svo heppin að eignast tvo ágæta umhvrh. Ég tel að þeir báðir vilji vel og hafi hvor um sig unnið ágæt störf þó kannski megi finna að einhverju sem þeir hafa gert. Ég tel að núv. ráðherra muni ekkert standa að baki fyrrv. umhvrh. þegar upp er staðið eða vona það a.m.k. Ég tel að afstaða Sjálfstfl. til þessa máls hafi verið honum sjálfum til skammar og er alveg viss um að sumir þeir þingmenn sem annaðhvort lásu texta til að tefja tímann eða sögðu annað, sem reyndar var flest miklu óviturlegra en að lesa „Raddir vorsins þagna" í þeirri umræðu, sjái eftir orðum sínum sem þeir létu falla þá og sú framganga öll hafi verið þeim til skammar.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla að gera örfáar athugasemdir. Ég átti sæti í nefndinni frá 1989 sem skilaði til hins háa Alþingis frv. sem nú hefur verið breytt tvisvar. Ég skal ekki endurtaka það sem þegar hefur komið fram. Ég átti þess ekki kost að vera við upphaf umræðunnar svo ég kem sjálfsagt að einhverjum endurtekningum. Bæði í þeirri nefnd sem við sátum í og í hinum voru miklar umræður um stjórn skipulags- og byggingarmála. Ég er eins og aðrir sem hér hafa tekið til máls mjög ósammála þeirri niðurstöðu sem hefur orðið og kemur mér satt að segja á óvart þar sem sama fólkið vann með nefndinni. Nægir að nefna skipulagsstjóra ríkisins, Stefán Thors, sem ég minnist ekki að hafi verið ósammála okkur um það fyrirkomulag, sem við gerðum ráð fyrir, að deiliskipulag teldist ekki samþykkt fyrr en það hefði verið samþykkt bæði í sveitarstjórn og af skipulagsstjóra eða Skipulagsstofnun.

Ég tek undir það sem hv. þm. Reykvíkinga hafa sagt, mér stendur ógn af því alveldi sem borgarstjórn Reykjavíkur kemur til með að hafa í þessum málum. En ég skal ekki endurtaka það.

Ég vil aðeins benda á að í 7. gr. frv. þykir mér einnig að hlutur Skipulagsstofnunar sé orðinn óljósari, svo vægt sé til orða tekið. Af þeirri upptalningu sem þar er um hlutverk Skipulagsstofnunar ríkisins er afar óljóst hvert vald þeirrar stofnunar er í raun og veru. Ég bendi á c-lið þar sem segir: „Að hafa eftirlit með störfum samstarfsnefnda um svæðisskipulag." Ég á erfitt með að sjá ef Skipulagsstofnun líkar ekki það sem er að gerast hvaða vald stofnunin hefur til að gera eitt eða annað. Mér sýnist að hún geti lítið annað gert en láta eitthvert álit í ljós sem enginn er skyldugur að fara eftir. Ég vildi spyrja ráðherra um þetta. Nú kann að vera að einhver annar hafi gert það og þá bið ég afsökunar á því af því ég heyrði ekki upphaf umræðunnar. Ég held að þetta verði að vera alveg skýrt og eins það sem stendur í e-lið: „Að láta úrskurðanefnd í té umsagnir um ágreiningsmál á sviði skipulags- og byggingamála ..." Hver sem er getur auðvitað látið í ljós álit sitt og svo fylgst með en það er afar erfitt að sjá að stofnunin hafi í raun og veru eitthvert umboð til að fylgja málum eftir svo eitthvert gagn sé að.

Mér líkar það illa hversu mikið vald er lagt í 36. gr. yfir til þeirra sem koma til með að semja byggingarreglugerð. Ég held að ákveðin atriði þyrftu að vera í lögunum. Ég fagna því að þar er þó ýmislegt nefnt sem kveða skal nánar á um. Sérstaklega fagna ég að þar er minnst á umhverfi bygginga og gróður og frágang lóða. Fyrir nokkrum árum flutti ég a.m.k. einu sinni, ef ekki tvisvar, frv. til laga um skyldu opinberra aðila til þess að láta ganga frá og samþykkja teikningar af umhverfi ekki síðar en af byggingunni sjálfri og fékk þá loforð frá þáv. hæstv. félmrh. um að það skyldi koma fram frv. um þetta efni en það gerðist aldrei. Þó ber að fagna því að við sjáum það nú að a.m.k. opinberir aðilar ganga betur fram í því en áður var að ganga frá lóðum um leið og gengið er frá byggingunni. Við munum öll þann subbuskap sem vissulega var fyrir hendi víðast hvar varðandi frágang lóða þar sem á hefur orðið mikil breyting á síðustu árum.

Í nefndinni sem ég sat í og skilaði frv. 1989 þarf ekki að taka fram að ég var mjög ósátt við III. kafla ákvæða til bráðabirgða eða það atriði sem þar er að finna í núverandi frv. Ég átti afar erfitt með að sætta mig við að varnarsvæðið yrði undanskilið öðrum svæðum landsins en fékk ekki þar við ráðið. Ég sé að menn eru enn á því að það skuli vera annað land og heyra undir utanrrn.

Að öðru leyti er ég mjög sammála því sem hér hefur verið sagt og ég heyrt. En það er eitt atriði sem ég held að enginn hafi komið inn á sem mig langar aðeins að fá frekari upplýsingar um hjá hæstv. umhvrh. Ef við lítum á 27. gr., sem heitir Landmælingar og kortagerð, segir þar: „Mæla skal og kortleggja byggð og nærliggjandi svæði eins og ástæða þykir til vegna skipulagsvinnu."

Nú var það mjög rætt í nefndinni sem ég sat í hversu lítið markvisst samræmi væri milli Landmælinga Íslands og yfirvalda skipulagsmála. Ef við flettum upp í Lagasafni og lesum um hlutverk Landmælinga Íslands segir þar í 9. gr. að Landmælingar Íslands láti gera til fjögurra ára í senn áætlun um verkefni stofnunarinnar og fjölmörg ákvæði sem þeirri stofnun er falið að gera. Nú heyrðum við á starfsmönnum þar að þeim þætti mjög svo þurfa að reyna að samræma kortagerð í landinu. Það kom fram að til þess vantar mikið fé og menn sögðu auðvitað þar, sem engum þarf að koma á óvart, að ekkert vit væri í umhverfismálum í landinu fyrr en búið væri að gera vísindalegt kort af landinu. Ég minnist þess að þá kom í ljós að þeir, bandarískir herinn, sem eru á því svæði landsins sem menn vilja endilega halda utan garðs hafa yfir að ráða mjög vönduðu korti af öllu landinu. Nákvæmlega því korti sem okkur vantar. En þegar ég spurðist fyrir um hvers vegna ekki væri hægt að nýta þá vinnu var svar-

ið eins og vænta mátti að þetta væri kort sem væri gert með tilliti til hernaðar. En þeir hjá Landmælingum ríkisins töldu að af þessari vinnu væri feikilegur fengur ef það fengist laust.

Nú veit ég ekki hvort hæstv. umhvrh. hefur eitthvað kannað þetta mál frekar, en ég minnist þess að í nefndinni vakti þetta mikla athygli okkar að þetta mikla verk, sem kostar hundruð milljóna að gera, skyldi ekki fáanlegt heldur yrði að vinna það allt aftur ef af yrði. Nú er hins vegar ljóst að Landmælingar Íslands búa yfir mikilli þekkingu og héldu m.a. sýningu fyrir erlenda aðila, mig minnir í fyrravetur, sem var mjög gaman að skoða og ljóst að töluverð tækniþekking er í landinu í þessum málum, bæði hjá Landmælingum ríkisins og einkafyrirtækjum sem hafa unnið fyrir stjórnvöld að ákveðnum verkefnum.

Nú hafa Landmælingar ríkisins verið fluttar undir umhvrn. og ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvað menn séu að hugsa í þessum efnum. Það var talað um að gerð korta væri beinlínis undirstaða þess að hægt væri að vinna að frárennslismálum og öllum ræktunarmálum og hverju sem væri. Það væri verið að byrja á öfugum enda að vinna að slíku án þess að fyrir lægju vönduð kort. Þess vegna vildi ég, og sú var ástæðan fyrir að ég kom í ræðustól, inna ráðherra eftir hvað menn eru í raun og veru að hugsa varðandi Landmælingar Íslands. Það er ljóst að sú stofnun á í samkeppni við stofnanir, eða a.m.k. eina stofnun sem mér er kunnugt um, sem hefur aflað sér mikils tækjakostnaðar sem íslenska ríkið hefur ekki talið sig hafa efni á að kaupa. Mig langaði að heyra hvernig þessu samstarfi yrði háttað um kortagerð á vegum skipulagsstjórnar og hins vegar Landmælinga Íslands.

Að öðru leyti held ég að þetta frv. sé betra en ekki en ég vil biðja hv. umhvn. sem við málinu tekur að íhuga verulega annars vegar hlut hinna stóru bæjarfélaga eins og Reykjavíkur og hins vegar minni byggðarlaga um land allt.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefur greinilega ekki verið viðstödd nema einhvern lítinn hluta þessarar umræðu (**GHelg:** Nei, ég sagði það.) vegna þess að margt af því sem hún spyr um hefur þegar komið fram og er að finna í ræðum þeirra sem hér hafa talað. Engu að síður skal ég nefna nokkur þau atriði sem hún nefndi.

Hún kvaðst ósammála frv. en sagði reyndar í lok sinnar ræðu að það væri betra en ekki. Ég vek athygli á því að flestir hv. þm. sem hafa tjáð sig um málið hafa gert það með fremur jákvæðum hætti þó að þeir hafi gert athugasemdir við einstök atriði. Hún spurði sérstaklega um 7. gr. þar sem eru talin upp verkefni Skipulagsstofnunar ríkisins. Þar segir í c-lið með leyfi forseta: „Að hafa eftirlit með störfum samstarfsnefnda um svæðisskipulag.“ Það er gert ráð fyrir því að slíkar samstarfsnefndir um svæðisskipulag sem taka til margra sveitarfélaga séu skipaðar að höfðu samráði við Skipulagsstofnun og það er auðvitað rétt að það er ekki fjallað um það í smáatriðum í hverju þetta eftirlit muni fólgið. Aðallega hygg ég að það muni þó verða í þá veru að fylgjast með því að tímamörk séu haldin og þessi vinna sé unnin. Það er a.m.k. þáttur sem skiptir hér mjög verulegu máli.

Í öðru lagi nefndi hún 36. gr. og talaði um að mikið vald væri falið þeim sem semdu byggingarreglugerð. Það má sjálfsagt rétt vera en það er engin breyting frá því sem nú er því að í byggingarreglugerð er að finna afar mörg og mikilvæg ákvæði. Það má hins vegar lengi um það deila hver af þeim ákvæðum væru betur komin í lögum og hver séu með rétti höfð í reglugerð. Um það geta menn haft mjög margar og ólíkar skoðanir og stutt rökum en einhvers staðar verður að höggva á og ákveða hvar skuli hvað vera. En það geta verið deilumál.

Að lokum varðandi Landmælingar Íslands og kortagerð sem er hér í 27. gr. Ég ræddi það sérstaklega í fyrri ræðu minni að þar er á döfinni samstarfsverkefni allra þeirra aðila, opinberra aðila, sem fást við kortagerð og nota kort við sitt starf. Þar er verið að vinna ákveðið tilraunaverkefni. Það hefur tekist samstarf allra þessara aðila um að það verði beitt tækni svokallaðrar stafrænnar kortagerðar þannig að þetta sé tölvuunnið og tölvutækt. Þetta verður gert á nokkrum tíma og kostar mikið fé eins og hv. þm. nefndi en þetta samvinnuverkefni er í gangi. Það gengur hægar en skyldi, ég viðurkenni það vegna þess að til þess hafa ekki fengist þeir fjármunir sem þarf. Ég minni á þáltill. sem samþykkt var hér á þinginu fyrir nokkrum árum en ekki hafa fengist fjárveitingar til í samræmi við þarfir, en ég ítreka það sem ég sagði áðan að hér er um verkefni að ræða sem leiða mun til mjög mikils sparnaðar. Hv. þm. nefndi kort sem Bandaríkjaher mun hafa gert hér af landinu. Ég viðurkenni að ég er ekki gerkunnugur því máli en hins vegar hygg ég að sú tækni sem verið er að nota og nýta í þessu samstarfsverkefni sé nýrri og fullkomnari heldur en sú sem Bandaríkjamenn beittu við sína kortagerð og skal ekkert loku fyrir það skotið þó að eitthvert gagn megi hafa af því verki því að það hefur verið þar ákveðin samvinna á milli og er auðvitað sjálfsagt að það verði athugað. En ég ítreka það að þetta samstarfsverkefni er í gangi og Skipulag ríkisins er aðili að því og tekur fullan þátt í því. Ég man ekki hve margir vinnuhópar eru að störfum. Þeir skipta tugum að ég held sem eru að fjalla þarna um ýmis verkefni í tengslum við þessa kortagerð sem er mikilvægt hagsmunamál fyrir alla aðila í landinu sem þurfa að nota kort við sína vinnu. Það á nú að vera liðin sú tíð að það séu 7 eða 8 mælingaflokkar á sama svæðinu í rauninni að vinna það sama eins og því miður voru dæmi um. Ég vonast til þess að þetta sé að komast í bærilegt lag en við þyrftum að hafa eins og svo víða annars staðar meiri fjármuni til ráðstöfunar þannig að þetta gæti gengið hraðar fyrir sig og tek undir það sem hv. þm. sagði að um margt eru Landmælingar Íslands fyrirmyndarstofnun.

Útbýting þingskjala:

Alþjóðlegur sjávarútvegsskóli, 366. mál, fsp. ÖS, þskj. 646.

Framkvæmd útboða, 363. mál, stjfrv., þskj. 643.
Samvinnufélög, 364. mál, stjfrv., þskj. 644.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom mér á óvart hvað mér virtist hæstv. ráðherra eitthvað snakillur við mig. Það er alveg hárrétt hjá honum að ég kom aðeins of seint inn í þessa umræðu en ég sé ekki annað en þau atriði sem hann svaraði hafi öll verið þess virði að minnast á og ég sá nú ekki að hann væri mér ósammála í stórum dráttum um það sem ég sagði. Ég vil hins vegar mótmæla því að ég hafi lýst mig andsnúna frv. Það er fráleitt. Ég lýsti því yfir hvaða atriðum ég væri andsnúin en hreint ekki frv. í heild, það er alls ekki rétt.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir upplýsingarnar um að einhver samræming er að komast í gang í kortagerð. Ég held að það sé afar mikilvægt og ég fagna því jafnframt ef honum finnst ástæða til að a.m.k. kanna hvað til er hjá bandaríska hernum sem gæti komið að gagni. Mér er nú stórlega til efs að þeir hafi verið mjög illa tæknivæddir þegar þeir unnu þetta starf, en auðvitað eru framfarir miklar og kann að vera að eitthvað af tækjum hafi komið til síðar, en sama er um, ég held að með minnkandi ótta um ófrið á þessu svæði, þá held ég að það sé nú full ástæða til þess að kanna það hvort ekki sé hægt að hafa einhver not af þessu mikla verki þannig að ég held að við hæstv. umhvrh. séum ekkert ósammála um alla hluti varðandi þetta frv. En það róar mig ekkert að byggingarreglugerð hafi verið ítarleg áður. Hún var hinn versti óskapnaður og ég var satt að segja að vona að ný reglugerð mætti verða styttri en stærri atriði sem áður voru í byggingarreglugerð yrðu felld inn í lögin sjálf. En um þetta fjallar auðvitað hv. umhvn. þegar þar að kemur svo að við lítum á það þegar málið kemur aftur úr nefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1992, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 237. mál. — Þskj. 301.

Flm. (Árni Johnsen):

Virðulegi forseti. Tillaga þessi er flutt til að koma á framfæri við Alþingi þeim tillögum sem samþykktar voru á fundi Vestnorræna þingmannaráðsins á Akureyri sl. sumar í júnímánuði. Sú venja hefur skapast að leggja ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins fyrir Alþingi og fá samþykki Alþingis fyrir tilmælum til ríkisstjórnar um að vinna að framgangi viðkomandi mála. Þessi tillaga hefur tvímælalaust styrkt starf ráðsins sem hefur verið að þróast á undanförnum árum og gefið því aukna þýðingu.

Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins eru margar, að vísu ýmis gamalkunn verkefni og viðfangsefni úr hinu vestnorræna samstarfi, svo sem um aukin samskipti og aukna verslun milli landanna, samvinnu í samgöngu- og ferðamálum og upplýsingamiðlun sem lýtur að almennum lífnaðar- og atvinnuháttum í löndunum og sögulegar áherslur eins og til að mynda að skrá sjávarútvegssögu og samskiptasögu vestnorrænu þjóðanna á sviði fiskveiða. Jafnframt má nefna tillögu um endurbyggingu sögufrægra húsa í Bröttuhlíð á Grænlandi.

Nánari grein verður gerð fyrir störfum ráðsins síðar á þessum vetri í árlegri skýrslu Íslandsdeildarinnar til Alþingis. Þau atriði sem hæst bar á góma og afgreidd voru á umræddum fundi þingmannaráðsins á Akureyri voru í fyrsta lagi ályktun um að landsstjórnir Færeyja, Grænlands og ríkisstjórn Íslands taki upp samstarf um gagnasöfnun varðandi sameiginlega sjávarútvegssögu vestnorrænu þjóðanna. Það er lagt til að sérstakur gaumur verði gefinn að gögnum um fiskveiðar Færeyinga við Grænland og Ísland við lok 19. aldar og fram á 20. öld. Á þessum tíma voru veruleg umsvif þessara þjóða og þá sérstaklega Færeyinga á Íslandsmiðum, bæði með eigin flota og einnig sem þátttakendur á fiskveiðiflota Íslendinga sjálfra.

Það er ályktun um að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands styrki samstarf landanna um upplýsingamiðlun og kynningu á umsvifum fiskveiðiþjóðanna við Norður-Atlantshaf og að stefna beri að þátttöku í þessu samstarfi frá Noregi og þeim ríkjum Kanada þar sem lífshættir eru svipaðir. Það hefur sýnt sig á undanförnum árum að það er rík ástæða til þess að efla samskipti og samstarf á milli þjóðanna á norðurhveli jarðar og þétta netið í þeim hagsmunamálum sem viðkomandi þjóðir eiga sameiginleg og stuðlar það bæði að hagkvæmni og svo áróðurslegri stöðu sem hefur sýnt sig að skipti miklu máli.

Það er fjallað um ályktun þess efnis að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands láti athuga með hvaða hætti sé unnt að greiða fyrir samskiptum og örva viðskipti milli landanna. Það er nefnt í því sambandi að fara yfir skattalög og viðkomandi reglugerðir, tollalög og viðkomandi reglugerðir, gjaldskrár fyrir póstflutninga og símaþjónustu, gjaldskrár fyrir vöruflutninga milli landanna og fyrir umskipanir og önnur atriði varðandi framkvæmd þjónustu opinberra aðila og gjaldskrá yfirfarin. En í rauninni er mikill misbrestur á að þarna sé samræmi í hlutum og menn sitja ekki við sama borð eftir því í hvaða landi þeir eru. Til að mynda hefur póstþjónustan á Íslandi og tollþjónustan tekið ákveðin gjöld af sjómönnum annarra vestnorrænna ríkja, gjöld sem eru umtalsverð, umtalsverðar álögur á að öðru leyti hefðbundnar póstsamgöngur. Það er mikilvægt að fara yfir þessa þætti þannig að ekki séu óþarfa agnúar og þröskuldar á eðlilegum samskiptum þessara grannþjóða.

Það er ályktun um að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands taki upp virkara samstarf á sviði samgöngu- og ferðamála í því skyni að bæta samgöngur innan vestnorræna svæðisins og tengsl þess út á við ásamt því að styrkja ferðamannaþjónustu sem atvinnugrein á vestnorræna svæðinu.

Einnig er lagt til að kannaðir verði möguleikar þess að komið verði á föstum skipaflutningasamgöngum

milli vestnorræna svæðisins og Stóra-Bretlands. Ferðamannastraumur um Ísland, Færeyjar og Grænland hefur vaxið jafnt og þétt um árabil. Að vísu hefur ferðamannastraumur til Grænlands aukist talsvert í gegnum Ísland, þ.e. erlendir ferðamenn sem koma til Íslands hafa lagt lykkju á leið sína og heimsótt Grænland í leiðinni og þannig hafa samgöngur aukist á milli þessara landa. Bakslag hefur komið í það upp á síðkastið og því mikil ástæða til þess að skoða málin vel og liðka til þannig að það sé eðlilegt rennsli og eðlilegir möguleikar í ferðamannaþjónustu þessara þriggja eyþjóða sem eiga auðvitað verulegra hagsmuna að gæta varðandi aukningu í ferðamannaþjónustu. Því í öllum löndunum þremur hefur verið lögð mikil áhersla á það um nokkurt árabil að byggja upp ferðamannaþjónustuna bæði með fjárfestingum mannvirkja, gistihúsa og einnig með öðrum leiðum varðandi samgöngur, vegi og annan tækjabúnað sem þarf til þess að menn komist eðlilega á milli staða.

Það hefur lengi verið uppi í norrænni samvinnu að leggja þyrfti mun meiri rækt við eflingu samgangna á milli þessara landa bæði á sjó og lofti, ekki hvað síst á sjó. Á sínum tíma voru uppi hugmyndir um stórt farþegaskip eða að stór ferja gengi á milli Færeyja, Íslands, Grænlands og annarra Norðurlanda eða einhverra Norðurlandanna sem tengjast meginlandi Evrópu beint. Þessu var því miður vikið til hliðar en hlýtur að koma upp á einhverjum þeim tíma sem menn vilja í norrænni samvinnu leggja alvörurækt við samgöngur og samskipti við þessi þrjú lönd í norðurjaðrinum. En það þarf auðvitað að fylgja mikil ákveðni til þess að hrinda slíku fram.

Það er ályktun í þessari tillögu um að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands standi að gerð aðgengilegs upplýsingaefnis um vestnorrænu löndin á færeysku, grænlensku og íslensku. Þetta er auðvitað gert fyrst og fremst til þess að styrkja samkennd og þekkingu þessara þriggja þjóða hverrar á annarri, ekki hvað síst með tilliti til ýmissa breytinga í þróun á sviði tækni og atvinnu og auðvitað er þetta ætlað fyrst og fremst til þess að pétta þá menningarstrauma sem kunna og eiga að liggja saman í farvegi þessara þriggja þjóða.

Þá er jafnframt vakin athygli á því að stuðla beri að því að ráðherranefnd Norðurlanda breyti reglum þeim sem gilda um styrki til nemendaskipta og námsferða innan Nordplus junior kerfisins þannig að það taki til nemendaskipta og námsferða milli allra vestnorrænu ríkjanna innbyrðis. Þessar reglur eru þannig nú að þær gilda eingöngu á milli landa, þ.e. Íslendingar geta farið í nafni Nordplus junior kerfisins bæði til Grænlands og Færeyja svo að dæmi sé nefnt en Færeyingar geta farið til Íslands en ekki til Grænlands. Það hefur þó sýnt sig að það er rík ástæða til þess að opna þetta þannig að það sé greiður aðgangur á milli landanna allra án tillits til þess að Grænlendingar og Færeyingar eru hvorir tveggja undir handarjaðri Danaveldis.

Það er ályktun um að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands fylgi eftir því samstarfi sem var tekið á vestnorrænu ráðstefnunum þremur sem haldnar voru sl. sumar, þ.e. ráðstefnan um jafnréttismál sem haldin var á Íslandi, en um 300 konur frá þessum þremur löndum komu saman á ráðstefnu á Egilsstöðum sem þótti takast allvel. Síðan var haldin umhverfisráðstefna í Qaqortoq á Suðvestur-Grænlandi þar sem fulltrúar Íslendinga og Færeyinga sóttu Grænlendinga heim og fjölluðu um umhverfismál þessara ríkja allra. Ástæða er til þess að skoða samræmingu og áhersluatriði sem menn telja að megi á margan hátt samræma í eðlilegum framgangi mála á því sviði.

Þá var þriðja ráðstefnan í nafni Vestnorræna þingmannaráðsins um æskulýðsmál í Færeyjum í ágúst sl. og var þar fjallað um þá þætti mála almennt í þessum þremur löndum.

Þá má nefna ályktun frá þingmannaráðinu um að unnið verði að því sameiginlega að trygging fáist gegn því að hergögnum verði sökkt í sæ á því mikilvæga nytjasvæði sem þjóðirnar allar búa við.

Það er ályktað um að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands stuðli að samvinnu á sviði tölvumála á vestnorræna sviðinu en í þessum efnum er eins og allir vita hröð þróun. Tillagan byggir á því að kannað sé hvort ekki sé hagkvæmt að löndin þrjú vinni saman að ákveðnum þáttum þessa sviðs og að um leið sé kannað hvernig hægt sé að samræma tölvunýtingu fyrir þessi þrjú lönd.

Þá er ályktun um að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands láti endurbyggja bæ Eiríks rauða í Bröttuhlíð á Grænlandi og Þjóðhildarkirkju á sama stað. Endurbyggingin verði til minningar um 500 ára búsetu norrænna manna á Grænlandi og verði þannig í rauninni merkilegt framlag sem tengist upphafi búsetu norrænna manna á Grænlandi og tengingu Grænlendinga við aðrar norrænar þjóðir.

Það liggur nokkuð ljóst fyrir að ef menn vissu á Íslandi hvar bær Ingólfs Arnarsonar hefði staðið nákvæmlega og þær rústir væru til væri búið að byggja þann bæ upp. Það liggur jafnframt fyrir að ef menn vissu í Færeyjum hvar bær landnámsmannsins Gríms Kambans hefði staðið og rústirnar væru til væri búið að byggja þann bæ upp. Það er klárt og kvitt hvar bær Eiríks rauða stóð og rústirnar eru við lýði. Það er jafnframt ljóst hvar Þjóðhildarkirkja stóð skammt frá bæ Eiríks rauða, kirkja konu Eiríks rauða. (**Forseti:** Ég verð að tilkynna hv. þm. að ræðutíma hans er lokið og biðja hann um að ljúka ræðu sinni.) Já, það vill svo til, virðulegi forseti, að það er mjög auðgert. Það eru eftir nokkrar sekúndur af ræðunni. (**Forseti:** Það er ekki spurning um sekúndur. Samkvæmt þingsköpunum er tímanum lokið og ég bið hv. þm. að ljúka ræðu sinni.) Þetta er málið sem um er að ræða, virðulegi forseti, og að lokinni frekari umræðu um þessa tillögu legg ég til að málinu sé vísað til utanrmn.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum að ræða ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins til Alþingis eins og venja hefur verið og frsm. hefur gert grein fyrir á undan mér.

Ég vil sérstaklega nefna það að árið 1992 var svokallað vestnorrænt ár sem átti að vera til frekari kynn-

ingar á samstarfi milli þessara þjóða. Var það gert með því að efna til þriggja ráðstefna, einnar ráðstefnu í hverju landi. Í okkar hlut á Íslandi kom að halda kvennaþing á Egilsstöðum.

Það var þess vegna að miklu leyti starf Vestnorræna þingmannaráðsins á sl. ári að huga að vestnorræna árinu. M.a. var gerður bæklingur þar sem störf að vestnorrænum málum voru kynnt. Ég tel að vel hafi tekist til að vinna þann bækling. Þar var mjög mikil vitneskja sett fram í stuttu máli. Við kynntum þennan bækling einnig á fundi ráðsins á Akureyri sl. sumar og virtist vera allmikill áhugi fyrir því að þeim bæklingi yrði dreift í hinum löndunum. Hann var tilbúinn til prentunar á dönsku en það kom fram hjá bæði Færeyingum og Grænlendingum að þeir vildu heldur hafa hann á sínum eigin málum.

Því er ég að gera þetta að umtalsefni, þó að við séum ekki að ræða hér beinlínis um starf Vestnorræna þingmannaráðsins, að ein af tillögum ráðsins er um að standa að gerð aðgengilegs upplýsingaefnis um vestnorrænu löndin á færeysku, grænlensku og íslensku. Mér finnst það eitt af meginmarkmiðunum með vestnorrænu samstarfi, þau eru að sjálfsögðu fleiri, að koma á gagnkvæmri kynningu milli þessara landa. Það má gera með aðgengilegum upplýsingaritum um samstarfið og þessi lönd þar sem þess hefur orðið vart, a.m.k. á Íslandi, að ekki eru til aðgengileg upplýsingarit um Grænland sérstaklega og Færeyjar reyndar líka þó heldur meira sé til um Færeyjar. Þegar t.d. unglingum í framhaldsskólum er gert að afla sér upplýsinga um þess lönd og skrifa um þau ritgerðir eða taka þau að einhverju leyti fyrir í skólum hefur komið í ljós að á skólabókasöfnum og öðrum söfnum er mjög lítið til af aðgengilegu upplýsingaefni um þessi lönd.

Þetta er í rauninni endurtekning á tillögu eins og frsm. gat um hér áðan. Sumar þessara ályktana eru gamlir kunningjar. Ég held að það sé ekki of oft gert að minna á að til þess að koma á góðu vestnorrænu samstarfi þurfum við að byrja hjá unga fólkinu þannig að sú kynning haldi áfram upp úr.

Ég vil að öðru leyti taka undir þessar ályktanir og einnig nefna í sambandi við það sem ég var að tala um áðan að mér finnst líka mjög nauðsynlegt að reglurnar um Nordplus junior kerfið séu þannig að þær taki til nemendaskipta og námsferða á milli allra þessara landa en ekki bara sumra. Þess má geta að innan t.d. Nordplus junior er ekki hægt að fá styrk til námsferða frá Grænlandi til Færeyja af því að það er innan sama ríkis. Hins vegar er hægt að fá styrk til námsferða milli Íslands og Færeyja eða Grænlands og frá Færeyjum eða Grænlandi til Íslands. Einnig að í Nordjobb geta Íslendingar ekki sótt um styrk til þess að fara á þess vegum til Grænlands en 1992 var fyrsta árið sem Grænlendingum var gert kleift að sækja um Nordjobb á Íslandi og milli Færeyja og Íslands hafa verið Nordjobb-skipti. Þarna vantar því enn þá nokkuð á í reglum um að þessi nemendaskipti og styrkir séu gagnkvæmir milli allra landanna. Við höfum þess vegna vísað því til ráðherranefndar Norðurlanda að breyta þeim reglum sem gilda um styrki til nemendaferða og námsferða innan Nordplus-kerfisins þannig að það taki til allra þeirra atriða sem ég gat um áðan.

Ég nefndi einnig áðan að kvennaþingið sem haldið var á Egilsstöðum var okkar hlutur í því að halda ráðstefnu í tilefni af vestnorrænu ári 1992. Ein af þeim tillögum sem hér eru er einnig um að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands fylgi eftir því samstarfi sem hófst á þessum ráðstefnum þremur. Þess vegna langar mig til þess á þeim stutta tíma sem ég hef að geta um þær samþykktir sem voru gerðar á þessu vestnorræna kvennaþingi en þær voru aðallega tvær. Í raun og veru voru ekki gerðar margar ályktanir. Það var mikið rætt þarna og þetta var mjög góð kynning á milli þessara kvenna. Það kom í ljós að þetta var í fyrsta skipti t.d. sem konur af öllu Grænlandi gátu náð saman. Þær höfðu aldrei haldið ráðstefnu þannig að þær næðu saman frá hinum ýmsu hlutum Grænlands. Konur frá Vestur-, Suður- og Austur-Grænlandi náðu í fyrsta skipti saman á ráðstefnunni á Egilsstöðum. Það þótti okkur mjög merkilegt.

Á þessari vestnorrænu ráðstefnu var samþykkt að annað vestnorrænt kvennaþing skyldi haldið 1995 og þá helst í Færeyjum. Fram að því yrði samvinna og samstarf vestnorrænna kvenna tryggt.

Í öðru lagi var samþykkt áskorun til Norðurlandaráðs um að öll rannsóknarverkefni á þeirra vegum sem snerta konur sérstaklega tækju líka til Grænlands, Færeyja, Álandseyja og Samabyggða.

Í þriðja lagi að tryggð yrði túlkaþjónusta á norræna kvennaþinginu sem haldin yrði í Åbo 1994. Það var ekki síst með tilliti til grænlenskra kvenna sem þessi samþykkt var gerð. (**Forseti:** Ég verð að benda hv. þm. á að ljúka ræðu sinni af því að tími hennar er úti.) Já, virðulegi forseti. Þetta voru þau atriði sem ég helst vildi gera grein fyrir og ég geymi mér frekari umræðu um þetta mál þar til síðar.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4.–8. mál.

Fundi slitið kl. 4.04 síðdegis.

---

114. FUNDUR

þriðjudaginn 23. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 240. mál, þskj. 309. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 11. mál, þskj. 11, nál. 389, brtt. 390. — Frh. 2. umr.

3. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 12. mál, þskj. 12, nál. 391, brtt. 392. — Frh. 2. umr.
4. Verðbréfaþing Íslands, stjfrv., 13. mál, þskj. 13, nál. 393, brtt. 394. — Frh. 2. umr.
5. Samkeppnislög, stjfrv., 9. mál, þskj. 401, brtt. 395. — 3. umr.
6. Hlutafélög, frv., 332. mál, þskj. 604. — 1. umr.
7. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 255. mál, þskj. 332. — 1. umr.
8. Stjórnarráð Íslands, stjfrv., 206. mál, þskj. 247. — 1. umr.
9. Stjórnsýslulög, stjfrv., 313. mál, þskj. 505. — 1. umr.
10. Ráðherraábyrgð, frv., 342. mál, þskj. 621. — 1. umr.
11. Frumkvöðlar í atvinnulífinu, þáltill., 244. mál, þskj. 313. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.

Útbýting þingskjala:
Endurskoðun laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, 365. mál, fsp. VS, þskj. 645.
Fasteignaskattar ríkisfyrirtækja og stofnana, 371. mál, fsp. EKG, þskj. 652.
Frágangur fjárlaga 1993, 369. mál, fsp. GHelg, þskj. 650.
Innheimta virðisaukaskatts, 367. mál, fsp. ÁMM, þskj. 648.
Mat á umhverfisáhrifum nýrrar lagasetningar, 368. mál, þáltill. KE o.fl., þskj. 649.
Óskir erlendra þjóða um aðstoð við þróun sjávarútvegs, 370. mál, fsp. ÖS, þskj. 651.
Samkeppnislög, 9. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 647.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):
Forseta hefur borist eftirfarandi bréf sem dags. er 23. febr. 1993:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþm. Samtaka um kvennalista í Reykjavíkurkjördæmi, Guðrún J. Halldórsdóttir, forstöðukona Námsflokkanna í Reykjavík, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv."

Guðrún J. Halldórsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Skipulags- og byggingarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 240. mál (heildarlög). — Þskj. 309.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, PP, SigG, SJS, StB, SvG, TIO, VS.

27 þm. (AÓB, ÁMM, EgJ, FrS, GB, GHall, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JBH, JónS, KSG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PS, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til umhvn. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, PP, SigG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS.

25 þm. (AÓB, ÁMM, FrS, GB, GHall, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JBH, JónS, KSG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PS, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Um þingsköp.

Útsendingar Sýnar.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:
Virðulegi forseti. Í um það bil eitt ár hefur verið bein útsending sjónvarps frá fundum Alþingis í gegnum sjónvarpsstöðina Sýn. Þegar það leyfi var veitt var það sett fram að stefnt væri að því að stækka það svæði sem Sýn næði yfir. Nú veit ég ekki til að það svæði nái enn þá yfir meira en Stór-Reykjavíkursvæðið. Þar sem vitað er að þeir sem það geta horfa mjög mikið á þessa stöð þá langar mig til að spyrja: Hvað líður þeim áformum að Sýn nái a.m.k. bráðlega til fleiri en íbúa á Stór-Reykjavíkursvæðinu og nái sem fyrst til allra landsmanna?

Hjörleifur Guttormsson:
Virðulegur forseti. Ég ætlaði ekki að koma í veg fyrir að hæstv. forseti svaraði þessari fyrirspurn en ég vildi geta þess um leið og ég tek undir það efni sem hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttur nefndi varðandi útsendingar frá Alþingi gegnum sjónvarp að ég hef nefnt þetta atriði við forseta þingsins og raunar mjög nýlega. Ég tel í rauninni mjög þýðingarmikið fyrir Alþingi að taka á þessu máli fyrr en seinna. Það hef-

ur ekki legið fyrir hversu lengi þessar útsendingar sjónvarps frá þinginu yrðu. Þær voru heimilaðar í tilraunaskyni að ég best veit en ég tel að forusta þingsins þurfi að hafa frumkvæði í þessu máli. Ég hygg að reynslan af þessum tilraunasendingum sýni að það er eftirspurn eftir þessu efni. Það eru margir sem fylgjast með störfum Alþingis í gegnum þessa útsendingu, þ.e. þeir sem hafa tök á því að nýta sér þessar útsendingar. Hins vegar ná útsendingarnar aðeins til lítils hluta af landinu, að vísu til meiri hluta landsmanna, en í þessu efni þyrftu landsmenn að sitja við sama borð. Hvort sem það er sendingar í gegnum Sýn eða Ríkissjónvarpið eða með öðrum hætti er aðalatriðið að mínu mati að störf Alþingis nái til landsmanna í gegnum sjónvarp hið fyrsta. Auðvitað væru útvarpssendingar í gegnum hljóðvarp einnig til bóta.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti getur því miður ekki svarað því á þessari stundu hvað hefur verið unnið í þessu máli, en mun leita upplýsinga og svara því síðar á fundinum.

Verðbréfaviðskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 11. mál. — Þskj. 11, nál. 389, brtt. 390.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Það er orðið alllangt síðan þessari umræðu var frestað og enn lengra síðan málið var upphaflega rætt hér. Við 1. umr. málsins vakti ég athygli á því sem mér fannst þurfa að lagfæra en það var aðallega tvennt. Það var að til þess að íslensk verðbréfafyrirtæki gætu reynst samkeppnisfær við önnur fengju þau heimild til þess að veita viðskiptaaðila lán eða ganga í ábyrgðir vegna verðbréfaviðskipta. Ég sé að nefndin sem málið fékk til meðferðar hefur fallist á þau rök og á þskj. 390 er brtt. við 19. gr. sem leiðréttir þetta.

Annað benti ég einnig á. Mér fannst ofgert við bankaeftirlit Seðlabankans þar sem í upphaflega frv., 38. gr., var ráðherra veitt heimild til að fela bankaeftirlitinu veitingu leyfa til verðbréfamiðlunar og einnig afturköllun leyfa. Ég gerði við það athugasemd að þar með ætti bankaeftirlitið bæði að veita leyfi, afturkalla þau og sjá síðan um eftirlit. Mér þótti þetta nokkuð mikið haft við bankaeftirlitið, einkum þar sem bæði í 2. gr., 8. gr. og 10. gr. kemur fram að leita skuli umsagnar bankaeftirlitsins jafnt við veitingu leyfa til verðbréfamiðlunar og veitingu starfsleyfa og varðandi réttindi og skyldur verðbréfafyrirtækja. Í stuttu máli hefur nefndin einnig fallist á þessi rök og gerð er tillaga um að 38. gr., sem veitir ráðherra heimild til að bankaeftirlitið megi veita og afturkalla leyfi, verði felld út.

Að öðru leyti held ég að þetta frv. sé af hinu góða og styð það. Ég þakka hv. nefnd og formanni hennar fyrir að hirða um þær ábendingar sem fram komu við 1. umr.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um þessi mál sem hér eru á dagskrá, þ.e. mál 2–4. Ég ætla að leyfa mér að gera grein fyrir mínum fyrirvara við öll málin í senn og vona að það megi verða til þess að stytta mjög umræður hér. Þessi mál um Verðbréfaþing, verðbréfasjóði og verðbréfaviðskipti eru öll nátengd og þar af leiðandi tel ég eðlilegt að gera grein fyrir mínum fyrirvara í einu lagi.

Eins og sjá má skrifa ég undir nál. og brtt. við öll þessi þrjú mál með fyrirvara. Sá fyrirvari er reyndar ekki stór. Annars vegar er um það að ræða að við stöndum frammi fyrir því að hér er verið að aðlaga íslenskan markað að hinu Evrópska efnahagssvæði. Ýmislegt er tilkomið vegna þess að verið er að samræma og tekið er mið af dönskum lögum fyrst og fremst, það hefur verið stuðst við danskan lagabókstaf. Jafnframt hefur nefndin og embættismenn viðskrn. og aðrir þeir sem komið hafa að þessum málum unnið gríðarlega mikið að breytingum á frumvörpunum og mjög til bóta að því er ég tel. Ég er því hlynnt þessum málum en hefði kosið að þau hefðu komið til með öðrum hætti. Sem andstæðingur hins Evrópska efnahagssvæðis get ég ekki annað en haft fyrirvara við að verið sé að aðlaga íslenskar stofnanir og íslensk lög að hinu Evrópska efnahagssvæði með þeim hætti sem raun ber vitni.

Í öðru lagi lýtur minn fyrirvari að því að ég samþykki frv. með fyrirvara um að menn fari sér hægt við framkvæmd þessara mála. Þessar lagabreytingar sem hér eru á ferð tengjast gríðarlegum breytingum sem eru að verða á íslensku fjármagnskerfi og íslenskum fjármagnsmarkaði. Við erum að horfa á mikla opnun á markaðnum og mikla og öra þróun og mjög brýnt að varlega sé farið.

Það komu upp ýmis álitamál við meðferð þessara frumvarpa. Svo að ég nefni dæmi var töluvert rætt um hvort þeir aðilar sem standa að verðbréfaþingi skuli hafa einkaleyfi til slíks reksturs. Það var gagnrýnt af ýmsum aðilum sem að málinu komu en ég tel að þarna séum við að stíga rétt skref, alla vega til að byrja með, og eðlilegt að þessir aðilar hafi einkaleyfi því það hlýtur öllum að vera ljóst að íslenskur markaður stendur ekki undir fleiri en einni kauphöll af þessu tagi. Gagnrýnendur bentu m.a. á að þróun í þessum málum væri gríðarlega ör og að menn yrðu að passa sig á því að koma ekki í veg fyrir tengingar við erlenda markaði og annað slíkt. Það eru vissulega röksemdir sem vert er að hlusta á en við hljótum fyrst og fremst að þurfa að horfa á okkar íslenska markað og að það fyrirtæki sem verið er að þróa búi við þær aðstæður að ekki sé um einhverja ævintýramennsku að ræða í þessum mikilvægu málum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði. Það væri hægt að ræða margt varðandi þetta mál, t.d. hlutverk bankaeftirlitsins og hvort verið sé að gefa því of mikið vægi en mín afstaða er sú að betra sé að fara varlega og eftirlitið sé með tryggara móti meðan við erum þróa áfram það kerfi sem menn hafa verið að byggja hér upp á undanförnum árum.

Minn fyrirvari lýtur sem sagt annars vegar að framkvæmdahlið málsins en í trausti þess að menn fari varlega mun ég styðja þetta mál, en eins og ég nefndi áðan lýtur fyrirvari minn einnig að því að hér er verið að vinna að aðlögun að Evrópska efnahagssvæðinu.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég skrifaði undir nál. um þau þrjú mál, 2., 3. og 4. , sem nú eru á dagskrá án fyrirvara og þyrfti þess vegna e.t.v. ekki að taka til máls en ég ætla þó að fara örfáum orðum um þennan málaflokk.

Viðskipti með verðbréf og verðbréfafyrirtæki er staðreynd á íslenskum fjármagnsmarkaði og þess vegna er afar nauðsynlegt að löggjafinn á hverjum tíma setji um þetta skýrar leikreglur. Vinna okkar í efh.- og viðskn. hefur miðað að því að þessari starfsemi séu sett skýr ákvæði í lög og að verulegu leyti er stuðst við þá reynslu sem nú þegar hefur fengist af slíkri starfsemi.

Það er rétt að þessi löggjöf tengist að nokkru samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði en að mínu mati eingöngu á jákvæðan hátt sem sést m.a. af því að nefndin er sammála um alla efnisþætti málsins, sammála um að þau níu atriði, sem við tökum upp í okkar löggjöf um þessi atriði og tengjast EES, séu öll til bóta. Ég taldi þess vegna ekki þörf á að hafa neinn fyrirvara á hvað það snertir.

Síðan getum við náttúrlega velt vöngum yfir því hvaða þýðingu löggjöf á þessu sviði hefur fyrir þróun vaxtamála hjá okkur í dag. Þar sýnist sjálfsagt sitt hverjum en ég er þeirrar skoðunar að það þurfi miklu markvissari umræðu um vaxtamálin en hér hefur verið undanfarið. Það á sérstaklega við af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Hæstv. ríkisstjórn sagði okkur á fyrstu dögum síns valdaferils að ef menn kæmu einhverjum böndum á ríkisfjármálin þá kæmi nánast allt annað í sjálfu sér í vaxtamálum. Annað hefur komið á daginn. Það skal viðurkennt að halli á ríkissjóði hefur minnkað. Á sama tíma hefur almenn spenna á lánamarkaði stórminnkað líka en vextirnir hafa ekki lækkað. Það var til að mynda athyglisvert að heyra forstjóra Lánasýslu ríkisins segja við okkur í efh.- og viðskn. að það væri mikill misskilningur að halda að vextir réðust af sjálfu sér á frjálsum markaði. En eftir þeirri kenningu hefur hæstv. ríkisstjórn og hæstv. núv. viðskrh. unnið á umliðnum árum. Með þeim afleiðingum m.a. að í lok ársins 1991 vorum við með 20% raunvexti og ríkisstjórnin bara beið eftir því að þetta lagaðist allt saman á hinum frjálsa markaði af sjálfu sér.

Á þetta hefur verið margbent hér á Alþingi og sá sem hér talar hefur bent á þetta í ræðu eftir ræðu en það er ekki fyrr en starfsmaður verðbréfafyrirtækis úti í bæ, með fullri viringu fyrir honum, bendir á þetta í sínu fréttabréfi að menn virðast taka við sér. Þessi skógur er nefnilega miklu vandratаðri en hæstv. ríkisstjórn hefur viljað vera láta. Þar hafa margvíslegir þættir áhrif og mikill misskilningur að þetta geti gengið á þann hátt að menn sleppi stýrinu lausu.

Ég vil taka skýrt fram í þessu sambandi að þeir sem halda því fram að við getum horfið til fyrri tíma, þar sem vextir voru ákvarðaðir með hreinum stjórnvaldsaðgerðum, eru bæði að blekkja sjálfan sig og aðra. Við lifum í opnara samfélagi þar sem vextir ráðast af öðrum þáttum en áður. Engu að síður verður að hafa þar stjórn á og beita öllum stjórntækjum sem til eru á hverjum tíma til þess að hafa áhrif á vextina, en það hefur hæstv. núv. ríkisstjórn ekki gert.

Virðulegi forseti. Ég er kannski kominn aðeins út fyrir það efni sem hér er til umræðu, þ.e. verðbréfasjóðina, en allt tengist þetta peningamarkaðnum og á hvern hátt menn ætla að vinna þar þannig að hægt sé að halda þar einhverju jafnvægi. Ég vil hafa það sem lokaorð að við náum engum vitrænu samhengi í vextina fyrr en allir aðilar máls gera sér grein fyrir því að hér verða ekki greiddir hærri vextir til lengri tíma litið en atvinnulífið stendur undir.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég ætla eins og fleiri ræðumenn að nota tækifærið þegar hið fyrsta af þremur frv. sem tengjast verðbréfaviðskiptum kemur fyrir, þ.e. 2., 3. og 4. mál á dagskrá þessa fundar, verðbréfaviðskipti, verðbréfasjóðir og Verðbréfaþing, og reifa viðhorf mín til þessara mála almennt við umræður um fyrsta dagskrármálið og gera jafnframt grein fyrir fyrirvara, sem ég hef í nál., við þessi þrjú mál. Ég get að nokkru leyti vísað þar til þess sem hv. 18. þm. Reykv. þegar hefur sagt. Fyrirvarinn stafar ekki af efnislegum ágreiningi í sjálfu sér um nein einstök atriði frv. því að um þau hefur tekist allgóð efnisleg samstaða í efh.- og viðskn. í kjölfar mikillar vinnu sem þar hefur átt sér stað í sambandi við þessi mál. Er ekki frítt við, svo að maður ljóstri upp því hernaðarleyndarmáli úr efh.- og viðskn., að einstöku maður sé að verða hálfleiðir á þessum verðbréfapakka, sem eru þrjú allmikil frv., svo ekki sé meira sagt. Þykir sumum að þar sé á ferðinni nokkuð viðamikil umgjörð um lítið innihald því að eins og kunnugt er, hæstv. forseti, er þessi markaður enn að slíta barnsskónum á Íslandi. Ekki mikill fyrir mann að sjá, ef svo má að orði komast, og umfang viðskiptanna ekki ýkja stórt. Til marks um aðstæður má til að mynda hafa það að yfir áhorfendum Stöðvar 2 er nú lesið á hverju kvöldi gengi ákveðinnar vísitölu í þessum efnum og jafnframt upplýst að viðskiptin hafi verið frá 10–20 þús. upp í nokkur hundruð þús. kr. á sólarhring. Þar eru svo sem ekki á ferðinni fjárhæðir sem hreyfa miklu til í þessum efnum.

Hitt er svo alveg ljóst, og þar vil ég ekki draga neina dul á, að í þeim mæli sem þessi viðskipti eru orðin staðreynd hér er að sjálfsögðu nauðsynlegt og reyndar löngu tímabært að um þau gildi sæmilega útfærð lagaákvæði, þennan vísi af fjármagnsmarkaði sem segja má að hér sé starfræktur. Um hann þurfa að sjálfsögðu að gilda skýr lagaákvæð og þá ekki síst um það sem lýtur að vönduðum viðskiptum og viðskiptaháttum, greiðum aðgangi að upplýsingum o.s.frv.

Fyrirvari minn lýtur í sjálfu sér meira að stöðu þessara viðskipta í ljósi þess að hér er á ferðinni eingöngu vísir að markaði sem enn er að slíta barnsskónum. Ég

hef þess vegna nokkuð velt því fyrir mér hvort ekki hefði mátt reyna að einfalda þessa umgjörð um verðbréfaviðskipti og verðbréfamarkað meira en hér er gert þar sem valin er sú leið að hafa hliðsjón af löggjöf og setja jafnviðamikla löggjöf um þessi viðskipti og tíðkast hjá milljónaþjóðum þar sem áratuga eða aldagamall markaður er á ferðinni. Ég hef til að mynda velt því fyrir mér hvort ekki hefði hentað íslenskum aðstæðum betur að láta þennan fjármagnsmarkað, ef svo má kalla, eða verðbréfamarkað þróast út úr t.d. bankakerfinu sem hliðarstarfsemi í meira mæli en orðið hefur raunin. Rök mín fyrir slíku eru fyrst og fremst þau að við Íslendingar þurfum að varast að fá eitthvert mikilmennskubrjálæði og láta það hvarfla að okkur að hér geti a.m.k. við núverandi aðstæður og á allra næstu árum sprottið upp úr jörðinni fullskapaður fjármagnsmarkaður sem standi undir því nafni í öllu tilliti og verði svo mikill að umfangi að hann beri yfirbyggingu sem er samfara slíkri starfsemi þar sem milljarðar og milljarðatugir og hundruð milljarða velta hjá milljónaþjóðunum.

Þá hlýtur og að vakna spurning um hvort í okkar afar smáa efnahagskerfi og litlu fjármagnsveröld, ef svo má að orði komast, sé sjálfgefið að verkaskipting milli t.d. bankakerfisins og verðbréfasjóða, verðbréfaþings og verðbréfamiðlunar eða miðlara sé hin sama og erlendis hjá stórþjóðunum. Við Íslendingar þekkjum þess auðvitað mörg dæmi að við höfum orðið að sníða okkur stakk eftir vexti í ýmsum efnum og menn mega ekki alltaf gefa sér að umbætur í löggjöf á Íslandi eigi að felast fyrst og fremst í því að sigla eða fljúga út fyrir landsteinana og skoða það sem nýjast er í löggjöf stórþjóðanna og innleiða það svo hér. Það á ekki alltaf við. Ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að efasemdir mínar og fyrirvari lúta ekki síst að því að ég vil hafa á því fullan fyrirvara að það sé raunhæft að þessi markaður hafi forsendur til að þróast í öllu tilliti hér eins og hann hefur gert á áratugum meðal stórþjóðanna í kringum okkur. Þá kæmi að þeirri spurningu, og kannski leiðir reynslan á næstu árum hana að einhverju leyti í ljós: Verður að hafa að nokkru leyti sérreglur um það hvernig verkaskipting til að mynda milli banka, fjárfestingarlánasjóða og svo þessarar starfsemi er á Íslandi?

Nú er það að vísu svo að skeggið er skylt hökunni og staðreyndin er sú að þessir aðilar eiga í raun og veru hverjir aðra á Íslandi. Bankakerfið á í grófum dráttum verðbréfafyrirtækin og má kannski segja að þar með sé það de facto eða í reynd, sem ég var velta fyrir mér hvort ætti að verða að lögum, að þessi starfsemi sé hliðarstarfsemi út úr bankakerfinu. Það má vel vera að lagalega séð sé rétt að hafa þetta aðgreint og láta sér svo í léttu rúmi liggja þó að eignarhaldið sé með þessum hætti að bankakerfið ráði þessu á bak við tjöldin.

Eina efasemd enn vil ég færa fram, hæstv. forseti. Hún er einfaldlega sú hvort í okkar afar smáa viðskipta- og efnahagslífi sé ekki nokkur hætta á því að með uppbyggingu þessa verðbréfamarkaðar, verðbréfaviðskipta, sjóða og jafnvel kauphallar eða kaupþings, lendi óþarflega margir menn á fóður, ef svo má að orði komast, miðað við umfang fjármagns sem hér er í umferð og mögulegt umfang þessara viðskipta eins og það getur orðið í sjáanlegri framtíð. Það væri auðvitað til lítils að beita hagræðingarráðstöfunum og reyna t.d. að spara í rekstri bankakerfisins, sem er ekki vanþörf á, ef á sama tíma yxi þarna upp hliðarbákn sem sogaði til sín mannafla og færi að mestu leyti í að fóðra sjálft sig á næstu árum. Því er ekki að leyna að mér virðist sem nokkurrar tilhneigingar gæti til þess að vöxturinn komi fram til að mynda í þessum geira í stað þess sem svarar samdrættinum annars staðar.

Enn fremur vil ég, hæstv. forseti, láta það sjónarmið mitt koma fram að nauðsynlegt sé að reikna með endurskoðun þessara laga innan tíðar og þá auðvitað í ljósi reynslunnar og þróunarinnar á allra næstu árum. Ég hefði talið að ekki væri óeðlilegt að reikna með því að innan 3–5 ára yrði farið yfir stöðu þessara mála á nýjan leik og lögin endurskoðuð. Í þeim er ekki að finna sjálfstætt ákvæði í þá veru, hvorki endurskoðunarákvæði og þaðan af síður sólarlagsákvæði sem tryggi það að slík endurskoðun fari fram. Ég vil engu að síður láta þetta sjónarmið mitt koma hér fram. Það væri fróðlegt að heyra hvort hæstv. viðskrh. hefur að eitthvað velt því fyrir sér.

Eitt atriði enn verða menn að hafa í huga þegar rætt er um þessa starfsemi og þróunarforsendur hennar á næstu árum og það er sú opnun fjármagnsmarkaðarins sem er að eiga sér stað. Það hlýtur að gegna nokkuð öðru máli um aðstæður hér uppi á Íslandi þar sem þessi markaður er í raun og veru fyrst að komast í gang, fyrst að þróast nú einmitt á sama tíma og hömlur eru að afleggjast í fjármagnshreyfingum milli landa. Ef sú lagasetning, sem við erum að ræða um og sú þróun, sem er að eiga sér stað, hefði verið við skulum segja tíu árum fyrr á ferðinni, t.d. í þá veru að nokkur fjöldi fyrirtækja væri ýmist þegar kominn á skráðan hlutabréfamarkað eða á leiðinni þangað og menn hefðu síðan haft tíu ár í skjóli þeirra hamla sem verið hafa á fjármagnshreyfingum milli landa til að láta þennan markað þróast og koma undir sig fótunum, hefði það að sjálfsögðu breytt miklu. Nú sjáum við til að mynda að lífeyrissjóðir, sem eru að flestra dómi og af skiljanlegum ástæðum taldir líklegastir fjárfestar hér á næstu árum svo einhverju nemi í hlutabréfum eða verðbréfum eða almennt á fjármagnsmarkaði, eru sumir að leita hófanna með ávöxtun á sínu fé erlendis og var barnaskapur annað en að reikna með því að um leið og þeir möguleikar opnuðust mundu slíkir aðilar þreifa fyrir sér í þeim efnum, þó ekki væri nema til þess að öðlast reynslu og innsýn í slík viðskipti, til að dreifa áhættunni og fá þann samanburð sem í því felst að vera að einhverju leyti með eggin í þeirri körfu.

Það hefur að vísu gerst, sem er svolítið broslegt í ljósi þess hverjir hafa mest talað um nauðsyn þessarar opnunar og frelsis undanfarin ár, að þeir hinir sömu ráðamenn hafa nú sett þeim lífeyrissjóðum stólinn fyrir dyrnar sem ætluðu að leita hófanna með fjárfestingar erlendis í reynslu skyni á þessu ári og það er spurning hvað maður á að segja um það, hæstv. forseti, af

því að mér verður á að horfa hér út undan mér á hæstv. viðskrh. Það er auðvitað svolítið broslegt, eins og ég segi, í ljósi allrar þeirrar umræðu sem farið hefur fram um það að þegar svo einhverjir ætla að ríða á vaðið með þeim hætti sem ég hygg að Lífeyrissjóður bænda og einhver annar lífeyrissjóður hugðust gera á þessu ári, þá er beitt ákvæðum til að stöðva það.

Ég held að menn verði að gera upp við sig hvort menn vilja frelsið eða vilja það ekki og vera svo sjálfum sér samkvæmir í því. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst engin sérstök reisn yfir því að bregðast við eins og þarna var gert þegar menn á annað borð hafa opnað fyrir slíkar hreyfingar á fjármagni. Það er þá eins og þegar til kastanna komi séu menn hræddir við eigin afkvæmi. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. í þessu sambandi hvaða sjónarmið hafi helst legið þar til grundvallar. Er til að mynda mat hans að íslenskur fjármagnsmarkaður og verðbréfaviðskipti hér megi ekki við því að þessar heimildir verði nýttar á allra næstu árum af aðilum sem kynnu að vilja leita hófanna með ávöxtun síns fjár erlendis?

Það væri freistandi, hæstv. forseti, að ræða einnig svolítið um vaxtamálin og stöðuna almennt á þessum markaði í þessu samhengi. Það hlýtur að skipta máli í sambandi við möguleika manna til þess að hafa hér sæmilega heilbrigt ástand að þessi viðskipti þróist með eðlilegum hætti og ávöxtunarkjörin þar geti orðið slík að þau standist til langframa. Ýmsar efasemdir hefur maður haft a.m.k. á undanförnum árum um að raunveruleg arðsemissjónarmið eða raunveruleg ávöxtun væri það sem réði ferðinni, til að mynda í hlutafjárviðskiptum í landinu, heldur kæmi þar fleira til svo sem eins og valdabarátta í fyrirtækjum og áhrif hér í hinum litla og lokaða viðskiptaheimi. Slík sjónarmið ættu nú tæplega að geta átt við lengur þegar komið væri út í óbeinar fjárfestingar eða óbeina eign í sambandi við verðbréfasjóði og að því leyti til ætti starfsemi þessara aðila að geta verið til bóta í þessum efnum.

En fyrst og fremst held ég að nauðsynlegt sé, og það skal ég láta verða mín síðustu orð, að menn geri sér ekki allt of háar hugmyndir um umfang þessara viðskipta eða þróun þeirra á allra næstu árum. Menn ósköp einfaldlega muni eftir því hvar þeir eru staddir uppi á litla Íslandi og sníði sér stakk eftir vexti, séu ekki með óraunhæfar hugmyndir eða væntingar í þessum efnum. Ég á ekki von á því hvað sem þessari lagasetningu líður að það verði miklar stökkbreytingar í þróun þessara viðskipta á næstu árum. Ég held að þær forsendur séu einfaldlega ekki fyrir hendi, enda kannski ekki eftir því að sækjast í sjálfu sér. Ef þessi uppbygging getur orðið með sæmilega farsælum og stöðugum en ekkert umrótskenndum hætti, þá er það væntanlega affarasælast. Lagasetningin er þörf, um það er ekki að deila, og ég held að hv. efh.- og viðskn. hafi eftir atvikum reynt að vinna samviskusamlega að því að lagfæra þessi frumvörp og reyna að koma þeim í þann búning sem að bestu manna yfirsýn, nefndarinnar og fjölmargra gesta hennar, ættu að þjóna best tilgangi laganna, þjóna best málstaðnum en þar með er ekki sagt að þarna sé róið fyrir hverja vík og auðvitað eru fjölmörg álitamál í þessu sem sjálfsagt enginn nema reynslan getur skorið úr um hvernig verði best hagað og í því sambandi held ég að væri rétt að stefna strax í upphafi að því þarf að endurskoða lögin innan tiltölulega fárra ára í ljósi þeirrar reynslu sem af þeim hlýst á fyrstu árum gildistíma þeirra.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þeim þingmönnum sem tekið hafa þátt í þessari umræðu fyrir framlag þeirra til þessa máls og reyndar vil ég endurtaka þakkir mínar til hv. efh.- og viðskn. fyrir starf hennar að þessum frumvörpum sem hér eru rædd í senn, þ.e. 2., 3. og 4. dagskrármál þessa fundar. Ég vil taka það fram vegna þess sem hv. 14. þm. Reykv. nefndi hér í ræðu sinni að báðar ábendingarnar sem hún vitnaði til komu hér til umræðu við 1. umr. um málið — sem nokkuð er nú umliðið að fram fór — og mættu þá strax skilningi af hálfu nefndarmanna í efh.- og viðskn. og þess sem hér stendur, enda eins og í ljós er komið búið að taka mið af þeim ábendingum í störfum nefndarinnar og samstarfi hennar við starfsmenn viðskrn. og aðra.

Ég vil taka það fram vegna þess sem kom fram í máli hv. 18. þm. Reykv. að það er einmitt ætlunin að gæta varkárni í framkvæmd þessara laga sem tengist að nokkru leyti ábendingu hv. 4. þm. Norðurl. e. um heimildir til verðbréfaviðskipta samkvæmt nýsettum gjaldeyrisviðskiptalögum sem eins og þingmenn muna voru sett hér í nóvember sl. með samhljóða atkvæðum. Í þeim er einmitt frestunarheimild þar til samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði hefur öðlast gildi eða til loka þess árs sem nú er að líða, hvað varðar opnar heimildir til viðskipta með og kaupa á erlendum verðbréfum. Seðlabankinn hefur samkvæmt reglum sem um þetta hafa verið settar synjunarvaldið. Seðlabankinn ákvað að synja þessum tveimur lífeyrissjóðum, Lífeyrissjóði bænda og Lífeyrissjóði tæknifræðinga, um heimildir til þess að festa kaup á erlendum verðbréfum umfram þau þök sem eru í gildi samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í hinum nýsettu lögum. Það má deila um þá ákvörðun Seðlabankans en hitt er ljóst að hans er valdið í þessu efni. Ég held hins vegar að það sé fyrst og fremst vegna þess hversu skammt er til þess að þessi þök eða takmarkanir á verðbréfaviðskiptaheimildirnar falla sjálfkrafa brott sem menn geta látið þetta sér í léttu rúmi liggja.

Mín skoðun er sú að kaup lífeyrissjóða á erlendum verðbréfum séu eðlilegur þáttur í starfsemi þeirra og horfi til þess að draga úr áhættu í ávöxtun sjóðanna ef rétt er á haldið. Fyrir þjóðarbúið allt er það á margan hátt æskileg þróun að við skiptumst á verðbréfum við aðrar þjóðir og eins og fram hefur komið hér í umræðum um verðbréfaviðskiptin fyrr, þá hafa erlendir aðilar þegar keypt nokkuð af innlendum verðbréfum. Það má líka segja að fari svo að lífeyrissjóðirnir kaupi nokkurt magn erlendra verðbréfa, þá skapast líka þar með svigrúm til þess að taka fé að láni erlendis af hálfu innlendra aðila án þess að nokkurri þenslu valdi. Ég held að þarna sé ekki nein hætta á ferðum. Þarna er

einmitt verið að fara eftir þeim ábendingum, sem fram komu hjá hv. 18. þm. Reykv. og reyndar hv. 4. þm. Norðurl. e., að fara fram með gát í þessu máli öllu. Það er alveg rétt sem kom hér fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að það kann að virðast að lagaumgjörðin um Verðbréfaþingið og verðbréfaviðskiptin sé nokkuð margbrotin og viðamikil miðað við það hversu umfang þessara viðskipta er takmarkað. En þar vil ég nefna að einmitt vegna þess að þetta eru vaxtarsprotar, þetta er vísir að starfsemi, er ákaflega mikilvægt að í fyrstu gerð sé vandað til verksins, að menn reyni eftir því sem frekast er kostur að setja öruggar og sanngjarnar viðskiptareglur á þessu sviði þannig að menn þurfi ekki að iðrast síðar að hafa ekki byrgt brunna sem börn gætu dottið í. Þess vegna er það mjög þakkarvert að nú hefur tekist að færa íslenska löggjöf á þessu sviði í það horf sem algengast er og best þykir fara í löggjöf okkar nágrannalanda.

Með þessum orðum, virðulegi forseti, vil ég endurtaka þakkir mínar fyrir þær ábendingar sem fram hafa komið í þessum umræðum og fyrir þær brtt. sem hv. efh.- og viðskn. flytur sameiginlega við verðbréfafrv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfasjóðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 12. mál. — Þskj. 12, nál. 391, brtt. 392.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkeppnislög, 3. umr.

Stjfrv., 9. mál. — Þskj. 401, brtt. 395 og 647.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hér er komið að 3. umr. um frv. til samkeppnislaga sem hefur þá sérstöðu að vera öðrum þræði frv. að nýjum íslenskum samkeppnislögum sem hefur verið unnið og tekið mjög miklum breytingum í meðförum hv. efh.- og viðskn. og þar hafa allir nefndarmenn unnið sem einn að því að gera þau lög þannig úr garði að þau þjónuðu íslensku viðskiptalífi sem best.

Í þessum lögum er einnig einn umdeildasti fylgifiskur lagasetningar vegna hins Evrópska efnahagssvæðis sem er XI. kaflinn sem fjallar um EFTA-dómstólinn og EFTA-stofnunina. Frá því að við vorum að vinna þetta í vetur hefur orðið sú breyting á að Svisslendingar hafa fellt samninginn um EES og það er í algerri óvissu hvernig þessi þáttur lítur út í endanlegri gerð.

Nú muna menn það eflaust að þegar þetta var afgreitt hér til 2. umr., þá sat ég hjá við atkvæðagreiðslu um þennan kafla en greiddi samkeppnislögunum að öðru leyti mitt atkvæði. Það fannst mér rökrétt á þeim tíma. Mér finnst hins vegar eins og nú er komið að við vitum í raun ekki hverjar verða lyktir þessa máls, þá sé bráðnauðsynlegt að Alþingi og þingflokkar á Alþingi nái einhverju samkomulagi um það hvernig fara á með þessi mál. Ég hef þess vegna gert ítrekaðar tilraunir í viðræðum við bæði ráðherra og formann nefndarinnar að fá því framgengt að við tækjum út úr frv. þennan kafla við þessa afgreiðslu nú og það væri hinn eðlilegi framgangsmáti málsins og því beini ég til virðulegs forseta að forsætisnefnd og forustumenn þingflokkanna næðu um það samkomulagi hvernig menn færu með þau mál sem enn eru hér í vinnslu og tengjast EES. Að mínu mati er hin eina rétta málsmeðferð sú að við höldum áfram í nefndum þingsins, málefnalegri vinnu, efnislegri vinnu en síðan verði beðið með lokafrágang þessara þátta þar til það liggur ljóst fyrir hver verða afdrif hins Evrópska efnahagssvæðis. Um þetta fyndist mér að hér ætti að geta myndast samstaða. Það er, eins og einn góður þingmaður orðaði það, lagalegur sóðaskapur að ætla að fara að lögfesta hér atriði eftir atriði í íslenska löggjöf sem við síðan þyrftum að breyta þegar hin endanlega gerð EES lítur dagsins ljós. Þetta segi ég alveg burt séð frá efnislegri afstöðu til samningsins sem slíks. Ég beini því hér til virðulegs forseta að mér finnst að hin eðlilega og æskilega málsmeðferð væri sú að það væri leitað eftir samkomulagi um þætti sem þessa þannig að menn gætu afgreitt hér í friði og með samstöðu þætti sem full samstaða er um.

Kristín Ástgeirsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Að mínum dómi er komin upp nokkuð sérkennileg staða varðandi næsta mál sem hér er á dagskrá en það eru samkeppnislögin. Það hefur ríkt mikil samstaða um efnisinnihald þess frv. ef frá er talinn kaflinn um hið Evrópska efnahagssvæði eða stofnanir hins Evrópska efnahagssvæðis þar sem tölurvert valdaframsal á sér stað.

Eins og kom fram í máli síðasta ræðumanns, þá gerðist það eftir 2. umr. um þetta mál að Svisslendingar felldu samninginn um Evrópskt efnahagssvæði sem auðvitað gerbreytti forsendum og hefur orðið til þess að enn er allt óljóst um það hvað verður um EES-samninginn. Nú hefur ekki átt sér stað nein alvarleg umræða hvorki í þingsölum né meðal þingflokksformanna um það hvernig staðið skuli að afgreiðslu hinna svokölluðu EES-mála, en mér virðist að meiningin sé að afgreiða þessi mál eftir því sem þau koma hér á dagskrá óháð því hvað verður og eiginlega hvað í þeim stendur. Ég hefði óskað þess, virðulegi forseti, að menn hefðu gengið í það að ná samkomulagi um afgreiðslu þessa máls á þann veg að EES-kaflanum eða stofnanakaflanum yrði hreinlega sleppt þannig að við gætum öll staðið að afgreiðslu þessa máls, en það er ljóst að síðar mun gefast tækifæri til þess að taka þann kafla inn aftur ef samningurinn um EES verður að veruleika. Nú veit ég það auðvitað að

samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því að kaflinn gangi ekki í gildi nema Evrópska efnahagssvæðið verði að veruleika, en það breytir ekki því að þetta er mjög mikilvægt og stórt mál sem hér er um að ræða og við hefðum gjarnan viljað standa að sem erum að öðru leyti ekki sátt við hið Evrópska efnahagssvæði.

Þar við bætist, virðulegi forseti, að það þarf að huga að orðalagi þessa kafla, hvort það stenst að tala um eftirlitsstofnun EFTA og dómstól EFTA í ljósi þess að Svisslendingar felldu EES-samninginn og eru ekki lengur aðilar að þessu samkomulagi. Því vil ég beina því til forseta að þessu máli verði frestað og okkur gefist kostur á að ræða það nánar hvort ekki sé leið til samkomulags og hvort ekki sé nauðsynlegt og eðlilegt að fella þennan kafla niður eða í það minnsta að breyta orðalagi í þessum kafla þannig að hann standist verulega.

Umræðu frestað.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 1. umr.

Stjfrv., 255. mál (EES-reglur o.fl.). — Þskj. 332.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 frá 25. mars 1991. Þau lög mörkuðu á ýmsan hátt tímamót en með þeim og fylgifrv. þeirra voru felld úr gildi fjölmörg lagaákvæði sem takmörkuðu erlenda fjárfestingu á Íslandi og nú má segja að í fyrsta sinn sé að finna á einum stað þær reglur og takmarkanir sem menn hafa viljað halda um þetta efni. Skömmu áður en lögin tóku gildi hafði verið gerð breyting á gjaldeyrisreglunum með reglugerð nr. 312/1990. Þar var verulega rýmkað um fjármagnshreyfingar milli Íslands og annarra landa. Í nóvember sl. samþykkti Alþingi svo ný lög um gjaldeyrismál. Nýjar gjaldeyrisreglur á grundvelli þeirra laga tóku gildi um áramótin. Áhrifin af auknu frelsi erlendra aðila í atvinnurekstri og í gjaldeyrismálum hafa komið fram með glöggum hætti. Á liðnu ári nam hreint gjaldeyrisinnstreymi vegna beinnar fjárfestingar 1,6 milljörðum kr. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi nam 1,9 milljörðum kr. Þar munar mest um fjármagnsinnstreymið til Íslenska álfélagsins vegna endurnýjunar á tækja- og hreinsibúnaði en einnig var talsvert um fjármagnsinnstreymi vegna erlendrar fjárfestingar í ýmiss konar þjónustu og verslunarfyrirtækjum. Fjárfesting innlendra aðila í útlöndum nam hins vegar miklu lægri fjárhæðum, en hún var 237 millj. kr. samtals, þar af 142 millj. til fasteignakaupa. Hreint fjármagnsinnstreymi vegna verðbréfaviðskipta nam um 1,3 milljörðum kr. á árinu 1991. Verðbréfakaup Íslendinga erlendis hófust í ársbyrjun 1991 og námu þau 229 millj. kr. á fyrri helmingi þess árs en síðan dró mjög úr þeim og námu þau aðeins um 234 millj. kr. á árinu í heild. Viðskipti erlendra aðila með innlend verðbréf voru hins vegar mikil á síðustu mánuðum ársins og námu í heild um 1,5 milljörðum kr. Að stærstum hluta var þar um að ræða tímabundin kaup Norræna fjárfestingabankans á ríkisskuldabréfum og húsbréfum vegna útgáfu hans á skuldabréfum í íslenskum krónum á erlendum fjármagnsmarkaði.

Bráðabirgðayfirlit fyrir árið 1992 bendir til þess að Íslendingar fari sér enn tiltölulega hægt í fjárfestingum erlendis og fjárfestingu erlendra aðila hér á landi á því ári megi enn að mestu rekja til fjárframlaga erlendra eigenda til Ísal.

Ég rek þessar tölur hér, virðulegi forseti, til þess að leggja áherslu á það hvað íslenskur fjármagnsmarkaður og íslenskt atvinnulíf eru að taka miklum breytingum um þessar mundir. Einangrunin hefur verið rofin og alþjóðlegt samstarf í báðar áttir setur sívaxandi mark á atvinnulíf okkar. Nýjustu dæmin um það eru áform Útgerðarfélags Akureyringa hf. um að festa kaup á meiri hluta í útgerðarfélagi í Þýskalandi. Þetta er til marks um það að Íslendingar tengist nú atvinnulífi annarra þjóða nánari böndum. Þetta er framtíðarmál fyrir okkar atvinnulíf. Enda er það mál að sannast að viðhorfin hafa verið að breytast á síðari árum. Áður var það almennt viðurkennd stefna að takmarka bæri erlenda fjárfestingu með boðum og bönnum sem mest. E.t.v. má segja að þar hafi lengi eimt eftir sjónarmiðin frá dögum sjálfstæðisbaráttunnar. Lögin frá 1991, sem ég nefndi áðan, mörkuðu þarna þáttaskil en þá voru felld úr gildi margvísleg hamlandi ákvæði gagnvart erlendri fjárfestingu og þær hömlur sem eftir standa felldar í ein lög í stað þess að dreifa þeim um ýmsa atvinnugreinalagabálka. En þrátt fyrir jákvæða reynslu af þessum lögum, svo langt sem hún nær, er það alls ekki svo að erlend fyrirtæki hafi staðið hér í löngum biðröðum að fá að fjárfesta á Íslandi. Þvert á móti þurfum við nú að gera sérstakt átak til þess að hvetja til aukinnar erlendrar fjárfestingar á Íslandi, einmitt til að treysta undirstöður atvinnunnar í landinu. Í flestum nágrannaríkjum okkar er unnið markvisst að því að laða að erlenda fjárfestingu til þess að auka fjölbreytni og styrkja atvinnulífið. Erlendri fjárfestingu fylgja oft ný markaðssambönd og tækniþekking og sérstaklega fylgja henni oft ný störf fyrir sérfræðimenntað fólk. Sem dæmi um fyrirtæki sem sóst er eftir eru lyfjaframleiðslufyrirtæki, fyrirtæki á sviði rafeinda- og raftækjaiðnaðar, fyrirtæki sem sinna hugbúnaðargerð fyrir tölvur, líftæknifyrirtæki, fyrirtæki á sviði umhverfistækni og fleira af nýjum greinum mætti nefna.

Það er því mikil samkeppni um erlenda fjárfestingu yfirleitt og ríki þurfa einnig að gæta þess að innlend fyrirtæki flytji sig ekki úr landi til landa þar sem samkeppnisstaðan er betri.

Danir og Norðmenn hafa t.d. sett upp hjá sér alþjóðlega skipaskrá þar sem þeirra skipafélög geta fengið eins konar úrlendisrétt og er ætlað að koma í stað útgerðarrekstrar eigin borgara undir þægindafána, t.d. með skráningu skipanna í Líberíu eða Panama, eins og einkennir mjög siglingar í Evrópulöndum.

Menn hafa oft rætt að gera þyrfti sérstakt átak til þess að draga að erlenda fjárfestingu. Þar hafa fyrst og fremst verið uppi framkvæmdir hvað varðar orkufrekan iðnað þar sem iðnrn. og Landsvirkjun hafa um nokkurra ára skeið rekið sérstaka markaðsskrifstofu. Í reynd hefur markaðsskrifstofan starfað sem býsna almenn fjárfestingarskrifstofa þar sem erlendum aðilum eru ekki einungis kynntir kostir orkufreks iðnaðar á Íslandi, heldur einnig almenn aðstaða til fyrirtækjarekstrar.

Ég nefni sem dæmi að Svíar, Norðmenn og Finnar verja miklu fé árlega til þess að laða að erlenda fjárfestingu og þar hefur árangur Dana vakið verulega athygli. Þeir hafa sent til þess menn að ræða beint við forsvarsmenn fyrirtækja í öðrum löndum, haldið kynningarfundi, þeir taka víða þátt í sýningum og auglýsa í sérritum. Það er athyglisvert að í nýlegri könnun, sem svissnesk stofnun gerði meðal fyrirtækja sem stunda alþjóðlegan rekstur og náði til 22 OECD-ríkja, varð Danmörk í fjórða sæti sem eftirsóknarverður staður fyrir nýjan iðnað. Aðeins Japan, Þýskaland og Sviss voru þar talin standa Danmörku framar.

Það sem vakti athygli mína eru þau átta atriði sem lögð voru til grundvallar við þetta mat en þau voru: Efnahagsástand, grunngerð samfélagsins, rannsóknarstarfsemi, menntunarstig almennings, stjórnunarvenjur, opinber stjórnsýsla, fjármagnsmarkaður og alþjóðleg viðskiptasambönd. Hins vegar virtust skattakjör ekki koma sérstaklega sterkt inn í þetta mat sem virkur þáttur en auðvitað má vera að það stafi fyrst og fremst af því að skattakjörin í þessum 22 OECD-löndum séu með svo líkum hætti og þannig gætu auðvitað óhagstæðari skattakjör virkað hamlandi.

Ég nefni til marks um árangur Dana á þessu sviði að á árinu 1989 námu erlendar fjárfestingar í dönsku atvinnulífi 13,5 milljörðum danskra kr. eða sem svarar um 135 milljörðum ísl. kr.

Af öðrum dæmum má nefna að á árinu 1991 gerðu Írar samninga við 92 erlend fyrirtæki sem áformuðu að setja upp framleiðslustarfsemi þar í landi og skapa þar alls um 6.200 störf. Mörg fleiri dæmi um slíka starfsemi mætti telja. Mér virðist full ástæða til þess að sett verði á fót öflugri kynningarstarfsemi en hingað til á þeim kostum sem erlendum fjárfestum býðst hér á landi. Ég tel að þeim fjármunum verði vel varið sem til þess verkefnis renna. Hugsanlega mætti víkka út starfsemi markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar þannig að hún tæki að sér víðtækara verkefni en nú er, en vafalaust koma ýmsir aðrir kostir til greina um skipulag þessarar starfsemi.

Sú víðtæka lagasamræming sem unnið hefur verið að á Alþingi að undanförnu í tilefni af samningnum um Evrópska efnahagssvæði auðveldar okkur vafalaust að sannfæra erlenda fjárfesta um það að hér gildi almennar, sanngjarnar leikreglur fyrir hvers konar atvinnustarfsemi. Sama gildir um þær breytingar sem nýlega hafa verið gerðar á fyrirtækjaskattlagningu með afnámi aðstöðugjaldsins og lækkun tekjuskatts fyrirtækja.

Virðulegi forseti. Þátttaka okkar í hinu fyrirhugaða Evrópska efnahagssvæði markar þáttaskil. Samningurinn um það er einmitt tilefni þess frv. sem hér er flutt en samkvæmt ákvæðum samningsins þurfum við að breyta ákvæðum laganna um fjárfestingu erlendra aðila í íslenskum atvinnurekstri í nokkrum greinum. Samkvæmt ákvæðum EES-samningsins skal aðilum í einu ríki innan EES vera heimilt án takmarkana að fjárfesta í atvinnurekstri í öðru ríki á svæðinu. Frá þessari meginreglu eru undantekningar sem eru taldar upp í XII. viðauka með samningnum. Í samningnum er Íslandi veitt heimild til að viðhalda án tímatakmörkunar gildandi banni við fjárfestingu erlendra aðila í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða. Jafnframt er stjórnvöldum samkvæmt samningnum heimilt að krefjast þess að fyrirtæki losi sig við fjárfestingu í fiskveiðum og fiskvinnslu ef þau komast að öllu leyti eða að hluta til í eigu erlendra aðila. Þá er Íslendingum veittur frestur til 1. jan. 1996 til að laga gildandi reglur um fjárfestingu aðila í öðrum atvinnugreinum að ákvæðum samningsins.

Ég mun nú víkja að nokkrum einstökum greinum. Ég nefni fyrst að hér er lagt til að gagnkvæmnisskilyrðið í lokagreinum 3. gr. núgildandi laga falli niður en það er orðað svo nú, með leyfi forseta: „...enda njóti íslenskir aðilar ekki lakari réttar til fjárfestingar í heimaríki hlutaðeigandi aðila".

Eins og nánar er skýrt í athugasemdum með frv. við þessa grein er það álit manna að setningin sem ég las nái ekki tilgangi sínum og sé frekar skaðleg fyrir íslenska hagsmuni en hitt, þess vegna er lagt til að hún falli brott.

Í lögunum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri eru taldar upp þær takmarkanir sem núna gilda um hana. Takmarkanirnar eru: Bann við fjárfestingu í félögum sem stunda útgerð fiskiskipa, fiskvinnslu, orkuvinnslu og orkudreifingu, 49% hámark á eignarhlut erlendra aðila í félagi sem stundar flugrekstur, 25% hámark á eignarhlut erlendra aðila í hlutafélagsbanka, bann við fjárfestingu erlends ríkis eða fyrirtækis í eigu erlends ríkis, 200 millj. kr. hámark á árlegri fjárfestingu í eigu eins erlends aðila eða fjárhagslegra tengdra erlendra aðila og 25% hámark á heildarfjárfestingu erlendra aðila af áætlaðri fjárfestingu í tilteknum atvinnugreinum.

Ég mun nú fjalla nokkuð um þessar takmarkanir og vil fyrst benda á að í þessu frv. eru ekki lagðar til efnislegar breytingar á ákvæðunum um bann við fjárfestingu í fiskveiðum eða fiskvinnslu en til samræmis við ákvæðin í XII. viðauka við EES-samninginn er hér lagt til að viðskrh. geti kveðið upp úrskurð um það að lögaðili sem að hluta til eða að öllu leyti hefur verið keyptur af erlendum aðila skuli losa sig við fjárfestingu á sviði fiskveiða og fiskvinnslu. Jafnframt verði kveðið á um að slíkur úrskurður sé aðfararhæfur.

Með þessu er stjórnvöldum gert hægara um vik að framfylgja fjárfestingarbanninu en samkvæmt gildandi lagaákvæðum. Slíkur úrskurður yrði kveðinn upp fari viðkomandi aðili ekki að áskorun um að losa sig við óheimilan hlut í fiskveiðum eða vinnslu sjávarafurða.

Til nánari skýringar á þessu máli skal tekið fram að

í samningaviðræðunum um EES mun samningamönnum Evrópubandalagsins hafa verið mikið í mun að koma í veg fyrir að fjárfestingarbannið í fiskveiðum og fiskvinnslu yrði notað til þess að koma í veg fyrir fjárfestingu í fyrirtækjum með alls óskyldan rekstur, þ.e. að fyrirtækin gætu girt sig af með því að kaupa eitt hlutabréf í útgerðar- eða fiskvinnslufyrirtæki. Eftir nokkurt samningaþóf var um það samið að í slíkum tilfellum gætu stjórnvöld skyldað fyrirtæki til þess að losa sig við hinn forboðna ávöxt þótt það væri ekki skyldugt eða fortakslaust ákveðið, enda er hér að sjálfsögðu fyrst og fremst um það að ræða hvernig þessi markalína er dregin, ekki línan sjálf.

Ég kem þá að því sem í 3. tölul. greinir en þar er haldið áfram núgildandi hömlum varðandi virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita og hlut í fyrirtækjum á sviði orkuvinnslu og orkudreifingar.

Í samræmi við ákvæði við XII. viðauka EES-samningsins er hins vegar lagt til að frá og með 1. jan. 1996 njóti ríkisborgarar og lögaðilar frá öðrum EES-ríkjum sama réttar til fjárfestingar á þessu sviði og íslenskir ríkisborgarar og lögaðilar. En ég bendi á hinn bóginn á að í rétti EES er ekkert sem bannar virkjunar- og veitufyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga eins og þau fyrirtæki eru sem annast orkuvinnslu og orkudreifingu á Íslandi. Séu þau hins vegar seld er hér áskilnaður um að ekki megi mismuna á grundvelli þjóðernis þeim EES-borgurum eða lögaðilum sem kaupa vildu hlut í slíkum fyrirtækjum.

Það sem mér finnst mestu varða í þessu máli er hins vegar að tryggja ríkinu, almenningi, þau virkjunarréttindi vatnsfalla og rétt til auðlinda í jörðu sem mestu máli skipta og hafa frv. um þetta efni verið samin í iðnrn. og eru til meðferðar á vegum ríkisstjórnarinnar. Tilgangur þeirra er að tryggja að Alþingi og ríkisstjórn hafi forræði um nýtingu orkulindanna um alla framtíð. Með því móti tel ég tryggilega um þessi málefni búið.

Í 4. tölul. kemur fram sama takmörkun á eignarhlut erlendra aðila í innlendum viðskiptabönkum og er að finna í núgildandi lögum. Hins vegar er hér lagt til að hún falli úr gildi 1. jan. 1996 þegar hinn almenni aðlögunarfrestur Íslendinga samkvæmt viðauka XII rennur út.

Þá er hér lagt til að fellt verði niður núgildandi ákvæði um útibú erlendra banka á Íslandi enda er það ákvæði nú óþarft eftir að lögunum um viðskiptabanka og lögunum um Seðlabanka Íslands var breytt í þessu skyni á 115. löggjafarþingi og reyndar voru þær breytingar samþykktar samhljóða.

Í 5. tölul. er lagt til að haldið verði áfram banni við fjárfestingu erlends stjórnvalds hér á landi. En lagt er til að reglan verði samræmd reglum flestra annarra iðnríkja á þann hátt að ákvæðið taki aðeins til fjárfestingar erlends stjórnvalds en ekki einnig til fjárfestingar fyrirtækis í eigu erlends stjórnvalds. Með slíku ákvæði munu í upphafi einkum hafa verið höfð í huga fjárfestingarfyrirtæki í eigu austantjaldsríkjanna fyrrverandi en nýjar aðstæður hafa gert slík ákvæði úrelt og óþörf. Þá er lagt til í samræmingarskyni að bannákvæðið verði víðtækara en það er nú og nái ekki aðeins til fjárfestingar erlends ríkis heldur einnig til fjárfestingar erlends sveitarfélags eða annars erlends stjórnvalds þar sem ríkisvaldið kann að vera með öðrum hætti en algengast er hér, skipt í fleira en tvennt eða þrennt.

Þá er í þessu frv. gerð tillaga um það að niður falli 49% takmörkunin á fjárfestingu erlendra aðila í flugrekstri á Íslandi. Slík takmörkun er andstæð EES-samningnum og ekki þykir ástæða til þess að beita þar aðlögunarfresti þar sem slík takmörkun er áreiðanlega andstæð íslenskum atvinnuhagsmunum. Við eigum á Íslandi margt vel þjálfað fagfólk á þessu sviði sem ekki hefur næg verkefni og þess vegna ástæðulaust að útiloka erlenda eignaraðild að fyrirtækjum sem gætu skapað aukin umsvif á sviði flugrekstrar.

Þá er lagt til í þessu frv. að felld verði brott skilyrði í 7. tölul. núgildandi 4. gr. laganna um leyfisveitingu ráðherra, fari erlend fjárfesting fram úr tilteknu fjárhæðarmarki eða fari hún umfram 25% af heildarfjárfestingu í ákveðnum atvinnugreinum.

Í ljósi reynslunnar verður ekki séð nein þörf fyrir lögbindingu ákvæða af þessu tagi. Fjárfesting erlendra aðila hér á landi hefur yfirleitt verið langt undir þessum mörkum. Þá gegna almennt öryggisákvæði og ákvæði væntanlegra samkeppnislaga, sem reyndar eru á dagskrá þessa fundar, svipuðu hlutverki og ákvæðum af þessu tagi var á sínum tíma ætlað að gegna.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að ræða um brtt. frv. um næstu greinar enda er þar um fullkomlega tæknileg atriði að ræða eða samræmingu við ákveðin vel þekkt ákvæði EES-samningsins. Hins vegar vil ég víkja að brtt. við 10. gr. nokkrum orðum, en þar er orðalag öryggisákvæðisins samræmt orðalagi 33. gr. EES-samningsins og reyndar orðalagi í samþykkt OECD um afnám hafta á fjármagnshreyfingum.

Þá er lögð til breyting á ákvæði núgildandi laga um þingkjörna nefnd sem ætlað er að vera viðskrh. til ráðuneytis um tiltekna þætti fjárfestingarmála.

Í samræmi við önnur ákvæði í frv. fellur reyndar meginverkefni nefndarinnar brott, eins og ég hef þegar skýrt og fram kemur í athugasemdum við frv. Hins vegar er hér lagt til að áfram verði nefnd viðskrh. til ráðuneytis um beitingu öryggisákvæðis laganna og fylgist hún með því að ákvæði laganna um takmarkanir á fjárfestingum erlendra aðila í atvinnurekstri séu virt.

Þá er lögð til sú breyting að nefndin verði ekki kosin á Alþingi heldur skipuð af viðskrh. enda er hér fyrst og fremst um að ræða framkvæmdarvaldstilhögun. Tillaga er hér gerð um það að fjórir nefndarmanna verði tilnefndir af forsrh., dómsmrh., sjútvrh. og utanrrh., en einn af viðskrh. án tilnefningar.

Hæstv. forseti. Frv. sem við ræðum í dag er mikilvægt fylgifrv. samningsins um Evrópskt efnahagssvæði og að mínu áliti ekki síður mikilvægt framlag til efnahagsframfara á Íslandi, til þess að efla íslenskt atvinnulíf. Ég vona að þetta mál fái skjóta og örugga þingmeðferð og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. efh.- og viðskn.

Steingrímur Hermannsson:

Herra forseti. Frv. til laga um fjárfestingu erlendra aðila hér á landi, sem samþykkt var á Alþingi vorið 1991, hlaut mjög ítarlega meðferð í þeirri ríkisstjórn sem þá sat og var að sjálfsögðu flutt til þess að rýmka fyrir erlendri fjárfestingu hér. Þeir flokkar sem að þeirri ríkisstjórn stóðu voru á einu máli um það að slíkt væri æskilegt enda augljós þörf að fá beina þátttöku erlendra aðila meiri en verið hafði í stað erlendrar lántöku til uppbyggingar atvinnulífs hér á landi. Eins og kom fram í orðum hæstv. viðskrh., hefur þetta vissulega haft þessi áhrif. Fjárfestingar erlendra aðila hér á landi hafa vaxið og hafa gert það þrátt fyrir þau öryggisákvæði sem allir voru sammála um að setja í þau lög. Þessi öryggisákvæði sem þá voru sett voru vitanlega ákveðin með tilliti til þess að við Íslendingar erum ekki milljónaþjóð eða stórveldi. Við erum smáríki og þá voru allir sammála um það, að því er ég best veit, hæstv. viðskrh., að fyrir smáríki væri afar mikilvægt að setja slík öryggisákvæði. Það er ekki mikið fyrirtæki fyrir eitt alþjóðlegt framleiðslufyrirtæki erlendis að eignast meiri hluta í smáríkinu Íslandi. En nú er í því frv. sem hér er flutt til breytingar á þessum lögum verið að fella brott að því er ég fæ best séð öll slík öryggisákvæði. Kemur þar enn fram þessi ótrúlega mikla alþjóðahyggja sem einkennir núv. ríkisstjórn og ekki síst hæstv. viðskrh. og sem ágætur þingmaður sagði í umræðunni um EES-málið væri einkenni fyrir svokallaða Euro-krata. Því miður finnst mér það sem hér er verið að gera bera slík einkenni og mér finnst því miður gleymt það sem þá var samstaða um og hefur alltaf verið að nauðsynlegt væri að setja ýmis öryggisákvæði um leið og menn viðurkenna þörfina á því að fá inn erlent fjármagn eins og ég sagði áðan í stað erlendrar lántöku.

Það vekur nokkra undrun að nú höfum við samkvæmt EES-samningnum aðlögunartíma til 1996, en hann á augljóslega ekki að nýta, svo mikið liggur á. Mig langar til að spyrja í fyrsta lagi hvers vegna. Oft hef ég vitnað til þess sem mætur atvinnurekandi hér hefur sagt og margir tekið undir að íslenskt atvinnulíf verður að vera sterkt til þess að geta tekið þátt í því opna samstarfi sem gert er ráð fyrir í samningi um hið Evrópska efnahagssvæði. Íslenskt atvinnulíf er ekki sterkt í dag. Og ég verð að viðurkenna að ég óttast að veikburða atvinnurekstur hér kunni oft í örvæntingu sinni að grípa til erlendra aðila og bjóða þeim hlut í sínum fyrirtækjum á tiltölulega litlu verði til að bjarga sér úr því skuldafeni og feni hárra vaxta sem hér er. Ég held þess vegna að það væri afar mikilvægt, og segi ég það í mikilli alvöru, að nota þennan tíma vel til 1996 til þess að styrkja íslenskt atvinnulíf, halda enn ýmsum öryggisákvæðum sem við höfum fulla heimild til að halda en leggja alla áherslu á það að koma atvinnulífinu hér í gott horf, styrkja grundvöll þess og bæta, lækka vextina að sjálfsögðu verulega sem loksins er verið að taka undir og virðist eiga að gera með handafli þrátt fyrir allt en er þó ekki enn þá orðið. Og auka hér einnig þátttöku hins opinbera á ýmsan óbeinan máta í því að efla hér nýjar atvinnugreinar en treysta ekki eingöngu á það að erlendir fjárfestar, eins og nú er gjarnan kallað, komi veikburða íslensku atvinnulífi til bjargar. Ég óttast að það geti orðið okkur Íslendingum afar dýrkeypt.

Ég ætla síðan að rekja nokkur þau atriði sem á að breyta eftir þessi almennu orð. — Ég vildi gjarnan að hæstv. iðnrh. sjái sér fært að vera hér því að ég ætla að leggja fyrir hann nokkrar spurningar. Hæstv. forseti. — Ég sagði að mig langaði til að leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. iðnrh. og þykir því vænt um að hann geti verið hér.

Fyrsta mikilvæga breytingin er sú að breytt er ákvæði um algert bann, eins og segir, við erlendri fjárfestingu í íslenskum sjávarútvegi og í fyrirtækjum sem sinna frumvinnslu sjávarafurða. Hér er að vísu banninu við fjárfestingu í útgerð haldið en hins vegar ekki í fyrirtækjum sem geta átt í fyrirtækjum í útgerð og frumvinnslu sjávarafurða. Að vísu segir að ráðherra geti krafist þess að slík fyrirtæki sem eiga í íslenskum sjávarútvegi en verða að hluta með erlendri þátttöku losi sig við slíka aðild í sjávarútvegi. Hér er að sjálfsögðu eins og öllum má ljóst vera langtum lausara um hnútana búið. Áður var algert bann við því að erlendir aðilar gætu átt í fyrirtækjum sem áttu hlutafé í íslenskum sjávarútvegi og menn gengu þá að því vísu að ef eftir einhverjum leiðum menn eignuðust hlut í slíkum fyrirtækjum eða slík fyrirtæki sóttu eftir erlendum aðilum sem eignaraðila, þá urðu þau að losa sig við þá fjárfestingu sem um var að ræða í íslenskum sjávarútvegi. Ég held að það fari ekkert á milli mála að þarna var miklu hreinna til verks gengið áður heldur en nú er. Nú má segja að það sé undir duttlungum viðskrh. hverju sinni komið hvort hann gerir þá kröfu að fyrirtæki losi sig við hlut sinn í sjávarútvegsfyrirtækjum eða fyrirtækjum með frumvinnslu sjávarafurða. Þetta finnst mér vera heilmikið umhugsunarefni því að hér hefur að því er mér hefur skilist verið algert samkomulag um það að heimila ekki erlenda fjárfestingu í þessari meginauðlind okkar Íslendinga. Ég vil gjarnan spyrja hæstv. viðskrh. hver sé hans skoðun á þessu? Hann getur ekki svarað fyrir þá viðskrh. sem fylgja. Telur hæstv. viðskrh. að það eigi þarna að losa um? Ég viðurkenni að ég hef heyrt þær raddir að þarna sé fullhart að gengið og mjög takmarkaðar allar heimildir sjávarútvegsins til þess að nálgast erlent fjármagn, jafnvel í gegnum þriðja aðila, en ég vil gjarnan vita hvernig hæstv. núv. viðskrh. lítur á það mál. Lítur hann á það sem æskilega þróun að erlendir aðilar geti komið hér inn í fyrirtæki, t.d. olíufélög og fleiri sem eiga verulegan hlut í íslenskum sjávarútvegi, án þess að gripið sé í taumana? Það væri fróðlegt að vita. Eða hvað knýr menn til þess að gera þessa breytingu? Að vísu er það rétt að í samningi um hið Evrópska efnahagssvæði er slakað til og tekið svo til orða sem hérna er lagt til í frv. En mér væri satt að segja nokkur forvitni á að vita hvernig hæstv. viðskrh. lítur sjálfur á þetta mál.

Þá er það að aflétta hömlum á möguleikum erlendra aðila til að eiga virkjunarréttinn til vatnsfalla og jarðhita og hlut í fyrirtækjum á sviði orkuvinnslu og

orkudreifingu. Þetta er ekkert síður alvarlegt mál. Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. viðskrh. að ekki náðist sá fyrirvari okkar Íslendinga sem við vildum hafa í EES-samningnum um einkarétt Íslendinga til slíkra framkvæmda og slíks reksturs á orkugeiranum. Hins vegar var fullt samkomulag um það að út af fyrir sig, eins og ég held að hafi komið fram hjá hæstv. iðnrh. og viðskrh., gætum við varið okkur á þessu sviði með ákvæðum sem eru í lögum nú, þar sem ekki er heimilt að virkja vatnsfall nema með samþykki Alþingis ef virkjun er yfir ákveðna stærð, ég man ekki hvort það er yfir 2000 kw. eða af þeirri stærðargráðu eða 3000 kw. Nú hefur hins vegar ríkisstjórnin boðað í sinni hvítu bók að hún ætlar að einkavæða orkufyrirtækin. Og ef hlutabréf í þessum orkufyrirtækjum eru til sölu, þá sé ég ekki að ákvæði eins og hæstv. viðskrh. boðaði um ríkiseign á þessum auðlindum komi í veg fyrir að erlendir aðilar geti keypt þessi hlutabréf. Og jafnvel þótt ríkisvaldið kysi að halda í eigin hendi hlutabréfum við skulum segja t.d. í Landsvirkjun, þá getur ríkisvaldið alls ekki bannað öðrum eignaraðilum að Landsvirkjun að selja sín bréf, við skulum segja Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ. Ég vil gjarnan mega spyrja hæstv. viðskrh. hvort áform um einkavæðingu orkufyrirtækjanna eða fyrst og fremst Landsvirkjunar, hygg ég, sé enn á borði ríkisstjórnarinnar og hvenær megi gera ráð fyrir þá frv. um slíkt. Við hljótum að spyrja um það um leið og við fjöllum um þetta ákvæði sem nú opnar erlendum aðilum leið að orkulindum landsins.

Ég er sannfærður um að það yrði mikil eftirspurn eftir eignaraðild að orkulindum landsins, mikil eftirspurn, því vafalaust eru þessar tvær auðlindir, auðlindir sjávarins og orkunnar, þær sem mest eftirspurn er eftir erlendis og væri auðvelt að selja. Ég vona að enn þá sé full samstaða hins vegar um það að þessum auðlindum ætlum við Íslendingar ætíð að halda í eigin hendi og því vildi ég gjarnan vita hver séu áform ríkisstjórnarinnar á þessu sviði.

Þá er komið að bönkunum þar sem aflétta á hámarki á eignaraðild erlendra aðila að hlutafjárbönkum og mér er ljóst að þarna er enn þá verið að breyta lögum til samræmis við lög eða samþykktir Evrópubandalagsins og væntanlegs Evrópusvæðis en við sem sömdum frv. og fluttum það í síðustu ríkisstjórn töldum ekki hættu þarna því að þó að það væru mismunandi skoðanir um ríkisrekstur bankanna, þá hygg ég að það hafi verið sæmilegt samkomulag um það að hér yrði a.m.k. einn banki í ríkiseign. Nú hefur hæstv. ríkisstjórn og ekki síst viðskrh. boðað að einkavæða skuli ríkisbankana, þá vil ég gjarnan mega spyrja: Hvað líður því máli? Hvenær er það væntanlegt? Og ég vil líka gjarnan spyrja um það, ef þetta frumvarp eða frumvörp, hvort sem það verða eitt eða fleiri er væntanlegt, hvaða skilyrði verða um sölu á hlutabréfum bankanna? Er enn um það rætt að takmarka það við mjög litla eignaraðild, jafnvel 1% eins og ég hef heyrt fleygt og ég hygg að hæstv. viðskrh. hafi einhvern tíma nefnt slíka takmörkun? Ég vil hins vegar taka það fram að ég sé ekki hvaða gildi slík takmörkun hefur því að þótt upphaflega sé selt í litlum skömmtum, þá getur þetta safnast á fárra hendur mjög fljótlega. Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. viðskrh að því hvort hann sjái enga hættu í því fólgna að erlendir bankar eignist meiri hluta í íslensku bönkunum, hvort hann sjái enga hættu í því fólgna að við glötum eignaraðild okkar að hinu íslenska bankakerfi. Eins og ég hef oft nefnt sem dæmi, þá er að sjálfsögðu þarna enginn samanburður á jafnréttisgrundvelli þó að hæstv. utanrrh. tali hvað eftir annað um þennan jafnréttisgrundvöll sem samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði á að tryggja okkur. Það er vitanlega hin mesta firra. Það er enginn slíkur samanburður á milli þessara örlitlu íslensku banka og fjölmargra risastórra banka erlendis. Íslenskur banki kaupir ekki upp stóra banka í löndum Evrópubandalagsins en hið andstæða getur mjög auðveldlega gerst. Mér er satt að segja mjög mikil vorvitni á því, hvort þessi alþjóðahyggja, sem hefur gagntekið ýmsa menn hér, nær svo langt að menn telji enga hættu í því fólgna að erlendir aðilar nái undirtökunum í íslensku bankakerfi. Hvað yrði þá um það sem hér hefur ætíð tíðkast að íslenskir bankar hafa látið atvinnulífið að vissu leyti ganga fyrir og kannski teygt sig þar stundum lengra heldur en hörðustu bankamenn vildu gera? En íslensku bankarnir hafa talið það skyldu sína að hlaupa æði oft undir bagga og eiga þeir þakkir skilið fyrir það.

Þarna liggur svo mikið á að það má ekki einu sinni nota aðlögunartímann til 1996, ef ég skil rétt, heldur hefur því verið fleygt að það eigi að einkavæða bankana jafnvel á þessu þingi og vildi ég gjarnan fá nánari upplýsingar um það.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að fella niður öryggistakmarkanir sem menn voru sammála um að setja í hið fyrra frv., þ.e. um hámark fjárfestingar, að fara ekki fram úr 200 millj. kr. fjárhæðarmarki eða sé umfram 25% af heildarfjárfestingu í tilgreindum atvinnugreinum. Mig minnir að þessar 200 millj. hafi verið á einu ári, ég verð leiðréttur ef það er rangt, og hæstv. ráðherra sagði að í ljósi reynslunnar sé þetta ekki nauðsynlegt. Reynslan er nú satt að segja ekki mikil. Reynslan er frá vorinu 1991, hún er tvö ár. Það er nefnilega alveg hárrétt sem hæstv. ráðherra sagði að það hefur sáralítið verið gert af stjórnvalda hálfu til þess að kynna þá möguleika sem eru fyrir erlenda fjárfesta hér á landi og kem ég að því síðar. Mér sýnist þarna vera rasað um ráð fram og það sakaði ekki að hafa þarna visst öryggisákvæði. A.m.k. tel ég afar mikilvægt að fylgst sé nákvæmlega með því hvað erlend fjárfesting er mikil hér á landi á hverju ári og hvernig hún þróast. Eitt af því sem þessi þingkjörna nefnd átti að gera var að fylgjast með þessu.

Það skal viðurkennt að þegar upphaflegt frv. var flutt voru vissar efasemdir um það hvernig með þessu yrði fylgst. Það kom í ljós þegar Seðlabankinn var beðinn um upplýsingar um erlenda fjárfestingu hér á landi að þær upplýsingar voru mjög af skornum skammti og menn virtust hafa fylgst afar lítið með því hvað erlent fjármagn kynni að vera mikið í íslensku efnahagslífi og atvinnulífi. Það var talið að þarna hefði Alþingi betri

aðgang að nefnd sem ætti þá m.a. að hafa það hlutverk að fylgjast vandlega með þessu, m.a. með tilliti til þess hámarks sem var sett á ári hverju eða hundraðshluta í atvinnugreinum. Það eitt út af fyrir sig batt stjórnvöld þeim kvöðum að fylgjast með því hvað af erlendu fjármagni kæmist inn í landið. Nú er þetta fellt brott. Nú á Alþingi ekki lengur að kjósa slíka nefnd. Hún er algerlega á valdi viðskrh. og þeir eru breytilegir frá einum til annars. Mér sýnist með þessu að hvötin til þess eða krafan um að fylgjast vandlega með hvaða erlent fjármagn kemur inn í landið sé orðin æðilítil.

Ég man ekki hvort ég varpaði fram þeirri spurningu út af fyrir sig en ég vil þá gjarnan gera það nú: Af hverju liggur svona mikið á? Af hverju má ekki nota tímann til 1996 til að undirbúa íslenskt atvinnulíf undir þá opnun sem þá verður? Svo hafi ég ekki varpað þessu fram sem spurningu í upphafi, þá vildi ég gjarnan gera það nú.

Hæstv. viðskrh. sagði réttilega að við Íslendingar hefðum ekki leitað eftir erlendri fjárfestingu. Að vísu verðum við að taka undan álverin sem lítið hefur orðið úr, en eins og aðrar þjóðir flestar gera, þær leita eftir fjárfestingu ekki síst í ýmiss konar smáiðnaði og þekkingariðnaði, ef ég má kalla það það, iðnaði sem byggir á þekkingu. Allt tengist þetta þeirri miklu breytingu sem hefur orðið á öllu efnahagsumhverfi heimsins vil ég segja þar sem efnahagslandamæri hafa hrunið og fyrirtækin reka sína starfsemi um heim allan þar sem kjörin eru best. Ég man nú ekki hvað General Motors, það stóra ameríska fyrirtæki sem einu sinni var stolt Bandaríkjamanna, lætur nú vinna fyrir sig í mörgum ríkjum og hjá mörgum smáfyrirtækjum. Þau skipta þúsundum. Eitt sinn var þetta fyrirtæki eins og var sagt á ensku „The American Corporation" eða hið ameríska fyrirtæki. Risinn sem var stoltur af því að vinna allt innan sinna veggja en það er ekki lengur svo. Ég er sannfærður um það að ef við Íslendingar vinnum skipulega að því getum fengið unnið hér á landi einhvern hlut hjá slíku fyrirtæki, einhverju hátæknifyrirtæki, einhverju alheimsframleiðslufyrirtæki og það gæti orðið miklu, miklu mikilvægara fyrir okkur en álbræðsla, langtum mikilvægara. Hæstv. ráðherra sagði að það hefði vakið mikla athygli sína að í þeim kynningarritum sem ýmis lönd hafa gefið út fyrir erlenda fjárfesta er ekki síst lögð áhersla á rannsóknir og menntun. Þetta þarf ekki að vekja neina undrun. Það eru yfirleitt allar þróaðar þjóðir sem gera þetta. Ég þarf vonandi ekki að minna á það, svo oft hefur verið um það talað, að ný stjórn í Bandaríkjunum leggur höfuðáherslu á að auka þar þekkinguna. Og hinir þekktustu menn á þessu sviði, m.a. hinir ungu amerísku hagfræðingar, skrifa allir um það að þekkingin sé orðin mesta auðlindin, jafnvel meiri heldur en náttúruauðlindir eins og orka og fiskur og olía og svo fleira. Því er það sorglegt hvað við Íslendingar höfum dregist aftur úr á þessu sviði. Við drögum enn þá úr fjármagni til rannsókna. Þar er að vísu lofað einhverri aukningu þegar fyrirtæki seljast. Við höfum dregið stórkostlega úr fjármagni til menntunar svo að háskólinn er í miklum þrengingum. Með öðrum orðum, við höfum farið þá braut sem leiðir til fátæktar í nútímaþjóðfélagi en ekki þá sem leiðir til þess að við getum tekið þátt í slíkum atvinnurekstri.

Hvað ætlum við að auglýsa, ef við gæfum nú út slíkan bækling? Ætlum við að auglýsa það að við verjum hér minnstu fjármagni til rannsókna af öllum löndum OECD nema, ef ég man rétt, Tyrkland og Grikkland? Ætlum við að auglýsa það? Og ætlum við að auglýsa afrek ríkisstjórnarinnar í menntakerfinu í slíkum bæklingi?

Það eru miklu fleiri lönd en Danmörk og önnur sem hæstv. ráðherra nefndi sem vinna á þessu sviði. Það vakti mikla athygli mína þegar ég var á Möltu að jafnvel íhaldsstjórnin þar hefur sett á fót stofnun, svokallaða þróunarstofnun, öfluga þróunarstofnun, sem hefur það hlutverk að aðstoða fyrirtæki þar í landi að komast á lappirnar, getum við sagt, komast yfir þröskulduinn og líka það hlutverk að draga að erlenda aðila í fjárfestingu á ýmsum sviðum á Möltu. Ég get sýnt hæstv. ráðherra mjög fallegan bækling þaðan þar sem þessi tækifæri eru rakin og bent á ýmislegt sem er þar til hagsbóta. En hvað hefur hér verið gert? Jú, það hefur eins og ég sagði áðan verið dregið úr fjármagni til rannsóknarstarfseminnar, dregið úr fjármagni til menntakerfisins, Þróunarfélagið selt, ríkið tekur ekki lengur þátt í því. Sem betur fór voru það lífeyrissjóðirnir sem keyptu. En ef svona starfsemi á að blómgast hér og bera árangur, þá er það sannfæring mín að það hefði þurft að setja margfalt meira fjármagn inn í Þróunarfélag Íslands núverandi eða ef hæstv. ríkisstjórn vill setja á fót einhvern nýjan sjóð. Hún er orðin æðihænd að sjóðum. Bráðum fáum við hérna heilmikinn þróunarsjóð. En sem sagt, ég er sannfærður um það að það ætti að setja margfalt það fjármagn sem sett var 1985 í það félag og hefur þó komið mörgu mjög athyglisverðu til leiðar. Ríkisstjórnin er hætt að styrkja markaðsrannsóknir og markaðsleit nema þá markaðsskrifstofu sem hæstv. iðnrh. nefndi og er víst að leita að álverum eða álfyrirtækjum um heiminn. A.m.k. hef ég lítið heyrt frá henni annað. Ég held að það væri ekki skynsamlegt að styrkja þá skrifstofu. Ég held að svona stofnun og fyrirtæki eigi að vera sjálfstætt fyrirtæki en með öflugri þátttöku ríkisvaldsins en ýmissa aðila annarra í atvinnulífinu, bankana og hina ýmsu sjóða atvinnulífið t.d. eins og reyndar gert var þegar Þróunarfélag Íslands var sett á fót. Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. iðnrh. hvort hann telji ekki koma til greina að endurvekja Þróunarfélagið með verulegu opinberu fjármagni og fela því, eða ef hann vill endilega öðru slíku fyrirtæki með þátttöku sjóða og banka, að leita að erlendum aðilum til að starfa hér á landi.

Við Íslendingar getum boðið margt. Við höfum þrátt fyrir allt mikið af ungu fólki með margar góðar hugmyndir og verulega þekkingu og njótum þar ekki síst þess að hér hafa menntamenn eftir góðan grundvöll frá Háskóla Íslands, sem því miður er skertur núna verulega, flestir leita til færustu stofnana erlendis til framhaldsmenntunar og koma með mjög mikla þekkingu frá góðum stofnunum. Ég er sannfærður um það

að tækifæri hér til nýsköpunar eru ótal mörg og til þátttöku erlendra aðila í slíkri nýsköpun. Ég ætla ekki að fara að rekja það hér í löngu máli en mjög er í umræðunni núna t.d. hátæknibúnaður, hugbúnaður, sem verið er að reyna að selja erlendis og vafalaust mætti fá erlenda aðila til að taka þátt í að þróa slíkan hugbúnað hér á landi. Mikið hefur verið rætt um ýmislegt á sviði ferðaþjónustu, t.d. í kringum Bláa lónið og væri reyndar fróðlegt að heyra frá hæstv. ráðherra hvort hann getur upplýst okkur nánar um það hvað þar er að gerast. Ég veit að vísu að það er verið að stofna þar undirbúningsfyrirtæki og niðurstöður úr rannsóknum sem gerðar voru með Þjóðverjum á sl. ári eru komnar til landsins. Það væri gaman að vita hvað hæstv. ríkisstjórn hyggst gera til að stuðla að því að þessi áform geti komið til framkvæmda. Þetta er afar mikilvægt að sjálfsögðu fyrir atvinnuástandið á Suðurnesjum og raunar alla þá erfiðleika en einnig fyrir önnur slík fyrirtæki hér um landið sem gætu víða risið. Margt slíkt mætti spyrja en ég ætla nú ekki að lengja mitt mál að þessu leyti. Þó er það eitt atriði sem er dálítið forvitnilegt og væri fróðlegt að vita hvort hæstv. ráðherra veit eitthvað um. Það hafa verið uppi hugmyndir um það að við gætum nýtt okkar frábæru lækna með þá menntun eins og ég sagði áðan frá bestu stofnunum til að setja hér upp læknisaðstöðu fyrir erlenda aðila, t.d. munu Svíar hafa farið fram á það að fá hér gerðar hjartaskurðaðgerðir sem hafa tekist með mjög miklum ágætum. Mér var sagt af lækni að til þess þyrfti fjárfestingu upp á kannski 20–30 millj. og þá væri hægt að hafa af þessu mjög miklar tekjur. Getur hæstv. ráðherra upplýst mig um þetta, okkur hér í þinginu? Mér er að vísu ljóst að það er annar ráðherra sem fer með þau mál en þeir eru nú flokksbræður og hafa eflaust rætt slík atriði. Ég held að það væri sem sagt afar fróðlegt fyrir okkur að vita meira um ýmsar slíkar hugmyndir, svokallaðar smærri atvinnugreinar, iðnað eða í heilbrigðiskerfinu eða hvað sem það er og svo sömuleiðis hvort hæstv. ríkisstjórn hyggst snúa við blaðinu og hætta þessu afskiptaleysistali sínu og fara að taka þátt í því með atvinnulífinu að ýmis slíkur smáiðnaður geti risið hér og þróast.

Útbýting þingskjala:

Meðferð opinberra mála, 372. mál, stjfrv., þskj. 656.

Samkeppnislög, 9. mál, brtt. KÁ o.fl., þskj. 653.

Verðbréfaþing Íslands, 13. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 654.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru nokkur atriði sem ég vil gera að umtalsefni hér í tengslum við þetta frv. til laga um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Ég vil í fyrsta lagi segja út af orðum hæstv. viðskrh. að það er nærtækt að vitna til þessara laga um fordæmi fyrir því að okkur er engin nauðung að fá í öllum tilvikum á okkur utanaðkomandi þrýsting til að breyta fyrirkomulagi hlutanna á Íslandi. Ég held einmitt að sú breyting sem átti sér stað á lögunum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri árið 1991 sé ágætt dæmi um að við Íslendingar getum sjálfir á okkar eigin forsendum, hvenær sem okkur býður svo við horfa, gert þær breytingar á okkar löggjöf eða á okkar málefnum sem okkur þykir tilhlýðilegt. Þess vegna tel ég það ekki endilega í tengslum við þetta málefni sérstaklega vel til fundið að lofsyngja samninginn um Evrópskt efnahagsgsvæði einmitt vegna þess að hann hafi í för með sér svo miklar umbætur á íslenskum lögum. Í þessu tilviki tel ég a.m.k. að þær umbætur hafi þegar átt sér stað og það sem hér sé verið að breyta sé heldur til hins verra frá þeim lögum sem um margt voru ágæt og vel heppnuð og kannski mikilsverðust fyrir það að um þau tókst nokkurn veginn alger þverpólitísk samstaða. Er þetta þó mál sem oft hefur verið býsna viðkvæmt í umræðum á Íslandi, þ.e. spurningin um áhrif erlends fjármagns og aðgang erlendra aðila og réttindi til fjárfestinga hér.

Það tókst til að mynda alger samstaða um það eins og hér hefur þegar verið nefnt í umræðunni að í fiskveiðum og frumvinnslu íslenskra sjávarafurða ætti erlent fjármagn ekki að hafa aðgang. Þetta væri slíkur grundvöllur sjálfstæðs efnahagslífs og í raun og veru sjálfstæðis landsmanna að það kæmi ekki til greina að leyfa erlendu fjármagni að síast þar inn. Það er að vísu þakkarvert að í þessu frv. sem hér er flutt er ekki gerð tillaga um neina breytingu á þessu ákvæði. Þess vegna er í sjálfu sér ekki út af því tilefni til að gera þetta að umtalsefni hér, en ég leyfi mér þó að gera það vegna þess að stjórnskipuð nefnd á vegum hæstv. ríkisstjórnar hefur látið það sjónarmið koma fram að rétt sé að rýmka þær reglur sem nú gilda um fjárfestingartakmarkanir gagnvart erlendum aðilum í sjávarútvegi. Þetta er hin svonefnda margfræga tvíhöfða nefnd sem skipuð er sérstökum trúnaðarmönnum stjórnarflokkanna og hefur unnið að því undanfarna mánuði að endurskoða lög um stjórn fiskveiða og reyndar ýmislegt fleira í tengslum við sjávarútveg. Er nú orðið býsna erfitt að átta sig á því yfir höfuð hvað afmarkar verksvið nefndarinnar þegar hún er m.a. farin að senda frá sér í fjölmiðla álit sitt á hlutum eins og þessum. Þegar forustumenn tvíhöfða nefndarinnar komu á fund sjútvn. sl. miðvikudag höfðu þeir um þetta atriði þau orð að niðurstaða nefndarinnar væri sú að óhjákvæmilegt væri að skoða rýmkun á þessum fjárfestingartakmörkunum, einkum hvað varðaði óbeina fjárfestingu. Ég hjó sérstaklega eftir því og gekk á þá með það við hvað væri átt þegar svona væri tekið til orða, „einkum hvað varðar óbeina fjárfestingu“, hvort það fæli í sér að í hugum nefndarmanna væri ekki eingöngu um það að ræða að slík rýmkun ætti að taka til óbeinnar eignaraðildar heldur einnig beinnar í einhverjum mæli og svarið var já. Það þyrfti að skoða þetta mál í heild sinni, bæði hvað snertir óbeina og beina eignaraðild, einkum þó hina óbeinu. Þegar þessi sjónarmið koma fram um sama leyti og þetta mál er tekið til umræðu og það frá aðilum sem njóta sérstaks trúnaðar stjórnarflokkanna, eru í forustu fyrir endurskoðun á lögum um málefni sjávarútvegsins af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, þá finnst mér ómögulegt annað en gera þetta lítillega hér að umtalsefni.

Ég gef mér að vísu að framlagning þessa frv. og flutningur þess hér vísi á að hæstv. ríkisstjórn hafi það ekki í hyggju að taka tillit til þessara sjónarmiða forustumanna tvíhöfða nefndarinnar og það er vel, en þau eru komin fram og gera það að verkum að eðlilegt er að um þetta sé rætt.

Það ætti ekki að þurfa að taka það fram að sá sem hér talar er algerlega andvígur því að slakað verði á í þessum efnum og ég held að þá fyrst væru menn nú komnir út á hálan ís ef menn vildu ljá máls á slíku. Hitt er miklu meira áhyggjuefni og hefur reyndar verið til umræðu hvort þeir fjárfestingarfyrirvarar eða þessi fjárfestingarfyrirvari, sá eini í raun og veru sem eftir stendur í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði af okkar hálfu, og ákvæði þessara laga sem eru í samræmi við hann eða öfugt öllu heldur að fjárfestingarfyrirvarinn um sjávarútveginn í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði tekur mið af ákvæðum þessara laga, hvort hann haldi í reynd, hvort hann sé hægt að framkvæma þannig að það takist að verja fiskveiðar og frumvinnslu sjávarafurða á Íslandi fyrir áhrifum erlends fjármagns. Sjónarmið nefndarmannanna, forustumannanna í tvíhöfða nefndinni, benda til þess að þar sé hætta á ferðum því að þau endurspegla í rauninni ekkert annað en uppgjöf að sínu leyti gagnvart því að verja þennan fyrirvara. Að hinu leytinu geta menn svo haft það sjónarmið, þá skoðun, sem öðrum þræði virtist bryddað á í málflutningi forustumanna tvíhöfða nefndarinnar, að það eigi alls ekkert að vera með þessi takmörk. Spurningin sé sem sagt ekki tæknilegs eðlis hvort unnt sé í framkvæmdinni að tryggja þennan fyrirvara heldur pólitísks eðlis, þ.e. hvort það sé yfir höfuð rétt að viðhafa slíkar takmarkanir. Að sjálfsögðu snúa þá talsmenn þeirra sjónarmiða málunum þannig að spurningin snúist um það hvort eigi að meina íslenskum sjávarútvegi að hafa sama aðganginn að fjármagni eins og sagt er og öðrum atvinnugreinum. Þessu er þá snúið upp í það að vera einhver sérstök meinbægni í garð sjávarútvegsins að vilja verja hann fyrir erlendum áhrifum með þessum hætti.

Ég held að hvort tveggja sé ástæðulaust. Ég held að það sé með öllu ástæðulaust að gefast upp við það að verja þennan fjárfestingarfyrirvara. Fyrir því eru ótal fordæmi að slíkt er tryggt í framkvæmd og að hinu leytinu held ég að það byggi á miklum misskilningi um það hvað okkur Íslendingum í efnahagslegu og mér liggur við að segja í stjórnmálalegu tilliti sé fyrir bestu að við þurfum að byggja á því í framtíðinni að okkar sjávarútvegur og undirstöðuatvinnugrein okkar verði að reiða sig í auknum mæli á erlent fjármagn til þess að geta fjármagnað sína starfsemi. Því erlenda fjármagni fylgja að sjálfsögðu aðrir hlutir, ítök þeirra sem fjármagnið leggja til og áhrif með ýmsum hætti á okkar atvinnurekstur.

Ég vil aðeins spyrja hæstv. viðskrh. betur út í 2. mgr. 2. tölul. 2. gr. frv., þeirrar sem hann gerði reyndar að umtalsefni um úrskurðarvald viðskrh. til þess að skylda fyrirtæki sem að hluta eða að öllu leyti hafa verið keypt upp af erlendum aðilum og eiga í íslenskum sjávarútvegi, þeim sem hér um ræðir, þ.e. fiskveiðum eða frumvinnslu sjávarafurða, að úrskurða um með hvaða hætti þeir skulu losa sig við þá eignaraðild. Hér er væntanlega á ferðinni úrræði til þess að taka á þeim aðstæðum sem tímabundið geta komið upp í gegnum kaup á fyrirtækjum að erlendir aðilar verða með þeim hætti óbeinir eignaraðilar að íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Ég gef mér að um beina eignaraðild gæti ekki orðið um að ræða því slík viðskipti yrðu stöðvuð. Það þarf auðvitað að tryggja að til slíkrar beinnar eignaraðildar geti ekki komið fyrir slys eða misgáning, svo sem eins og með einhvers konar tilkynninga- eða upplýsingaskyldu um slíka hluti. Hitt er augljóst mál að óbein eignaraðild getur væntanlega fyrir sviptingar í viðskiptum með hlutabréf og fyrirtæki komið til og þá þurfa að vera fyrir hendi reglur, úrræði, varðandi slíkar aðstæður. Það hef ég áður gert að umtalsefni, m.a. á sl. vetri. Þegar talsmenn þeirra sjónarmiða að opna erlendu fjármagni leið inn í íslenskan sjávarútveg létu á sér kræla leyfði ég mér að halda því gagnstæða sjónarmiði fram að það væri ekki það sem við þyrftum á að halda heldur hitt að settar yrðu skýrar reglur um með hvaða hætti fyrirtækjum sem tímabundið lenda þannig í því að verða óbeinir eignaraðilar að íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum væri gert skylt að afsetja þá eign. Hér er væntanlega á ferðinni málsgrein sem á að beita í slíku skyni. Spurningin er sú hvort ekki þurfi að vinna þarna frekari vinnu, setja fyllri reglur um þetta og jafnvel binda í lög skýrari ákvæði um t.d. innan hvaða tímamarka eða eftir hvaða ákvæðum öðrum sé farið í svona tilvikum.

Það er líka spurning í mínum huga hvort þau mörk eiga að einhverju leyti að taka mið af því hversu stór hin óbeina eignaraðild tímabundið getur orðið. Það er alls ekki óvenjulegt að það gildi sérstök aðlögunarákvæði í slíkum tilvikum. Hliðstæð dæmi má taka til að mynda þegar bankar eða fjárfestingarlánasjóðir vegna hagsmunagæslu sinnar neyðast til að yfirtaka atvinnurekstur sem annars er ekki á þeirra verksviði og jafnvel ekki lögum samkvæmt ætlast til að þeir standi í en þeir hafa heimildir til að gera tímabundið og innan vissra marka til þess að gæta sinna hagsmuna þegar svo stendur á. Þá eru jafnan um það reglur innan hvaða tímamarka menn skuli afsetja þá eign og með hvaða hætti. Ég held að hér þurfi að koma til skýrar reglur um hvernig með það er farið þegar fyrir einhverjar sérstakar aðstæður kemur tímabundið upp eignaraðild, óbein eignaraðild erlendra aðila sem stangast á við þessi ákvæði íslenskra laga.

Ég sé það ekki sem nokkurt vandamál þó mönnum sé gert að afsetja slíka eign með tilteknum hætti. Ég á ekki von á öðru en um það gæti sömuleiðis tekist þokkalegt samkomulag um að útfæra slíkar reglur. Þá held ég að þeim útölumönnum væri svarað sem bera fyrir sig tæknileg rök í þessu sambandi að í hinu flókna og síbreytilega viðskiptaumhverfi nútímans þar sem fyrirtæki eiga endalaust hvert í öðru, kaupa upp framendann eða afturendann hvort af öðru sýknt og heilagt, sé ómögulegt að hafa svona reglur. Þá það. Það verður bara að hafa það þó því fylgi einhver takmörk á eignartilfærslum fyrirtækja þegar kemur að

eignarhaldi í sjávarútvegsfyrirtækjum. Að hinu leytinu yrðu þessi fyrirtæki einfaldlega að sæta því að um slíka eignaraðild sem upp kæmi giltu ákveðnar afsetningarreglur.

Um hin sjónarmiðin veit ég ekki hvort ég á að fara að ræða hér, þau sem ganga út á að það sé ósköp einfaldlega nauðsynlegt íslenskum sjávarútvegi að fá erlent fjármagn í sinn rekstur til þess að styrkja fjárhagsstöðu sína eða fjármagna fjárfestingar. Ég er því algjörlega andvígur. Ég held að ef svo sé komið að við Íslendingar höfum ekki lengur efni á því að fjármagna eignarhald og uppbyggingu í okkar undirstöðuatvinnuvegi sjálfir þá hljótum við að fara að setja fram miklu stærri spurningar um enn stærri mál, sjálfa tilvist efnahagslegs sjálfstæðis þjóðarinnar.

Ég minni líka á, eins og stundum vill gleymast í þessum efnum, að erlent fjármagn kemur hvorki í íslenskan sjávarútveg né aðrar atvinnugreinar í gustukaskyni. Það ætlar sér að hafa eitthvað fyrir sinn snúð. Ástæðan fyrir því að erlendir aðilar, eins og komið hefur fram til að mynda í samningaviðræðunum um Evrópskt efnahagssvæði, hafa fyrst og fremst áhuga á íslenska sjávarútveginum er sú að þar sjá þeir fyrir sér hina eiginlegu stóriðju Íslendinga og þá grein sem er undirstaða verðmætasköpunar í þessu þjóðfélagi umfram allt annað. Af þeim ástæðum hafa þeir áhuga á að fjárfesta hér en ekki öðru. Ekki vegna þess að þeir ætli af einhverri sérstakri greiðasemi vegna þess að þeir séu í góðgerðarhugleiðingum að leggja fé í íslenskan sjávarútveg heldur vegna þess að þar sjá þeir mesta arðsvon. Er það þá ekki einmitt á því sviði sem við Íslendingar eigum umfram allt að reyna að gæta okkar hagsmuna sjálfir? Það held ég.

Að öðru leyti ætla ég ekki að hafa um þetta fleiri orð á þessu stigi. Það kemur þá sjálfsagt til skoðunar hv. nefndar og ég fagna því þrátt fyrir allt að hér standa þessi ákvæði óhögguð og það afgreiðir að mínu mati það raus sem komið hefur frá forustumönnum tvíhöfða nefndarinnar í þessu sambandi að ríkisstjórnin er á sama tíma með frv. þar sem ekkert tillit er tekið til þeirra sjónarmiða sem þar komu fram.

Að öðru leyti vil ég nefna nokkuð þau ákvæði laganna um fjárfestingu erlendra aðila frá mars 1991 sem ætlunin er að fella á brott og hæstv. viðskrh. hljóp reyndar lítillega yfir í sínu máli. Þá vil ég í fyrsta lagi nefna 4. tölul. 4. gr. Hæstv. viðskrh. taldi með öllu ástæðulaust að halda inni því ákvæði sem sett var í lögin á sínum tíma, 1991, að erlendir aðilar í flugrekstri mættu ekki eiga meira en 49% af íslensku atvinnufyrirtæki sem stundaði flugrekstur á grundvelli íslenskra flugleyfa. Ég er hæstv. viðskrh. ekki sammála. Nú erum við að vísu ekki heldur sammála í sjálfu sér um stöðu Íslands gagnvart hinu Evrópska efnahagssvæði eða innri markaði Evrópubandalagsins en þar mun ekki vera samrýmanlegt ákvæðum Rómarsáttmálans að viðhalda slíkum eignartakmörkunum. Staðan er eftir sem áður sú í flugrekstri sem hin almenna regla í heiminum að flugreksturinn byggir á gagnkvæmnisréttindum samningsaðila þannig að menn gera samninga um gagnkvæm réttindi hvor á annars yfirráðasvæði. Síðan hefur verið mjög algengt að til varðveislu þeirra gagnkvæmnisréttinda heima fyrir hefðu menn takmarkanir sem tryggðu að forræði flugfélaga flyttist ekki úr landi í gegnum eignaraðild erlendra aðila. Auðvitað þarf ekki mörg orð um það hvers vegna menn hafa séð sínum hag best borgið með slíkum ákvæðum. Þannig hafa menn tryggt að þeir töpuðu ekki gagnkvæmnisréttinum að sínum hluta til í gegnum það að missa forræði á eða eignarhald á sínum flugrekstraraðilum úr landi. Enda væru loftferðasamningarnir, eins og þeir eru upp byggðir, nánast marklausir ef um slíkt væri að ræða.

Ég er að vísu þeirrar skoðunar að flugreksturinn og milliríkjasamgöngur séu að mörgu leyti svo alþjóðlegar í eðli sínu að þar þurfi að gilda um samræmdar reglur. Má segja að á fáum sviðum þjónustuviðskipta sé það jafnborðleggjandi og t.d. í flugrekstrinum þar sem menn þeytast ekki aðeins milli landa heldur heimsálfa á fáeinum klukkutímum. Þess vegna var ég því meðmæltur að við Íslendingar, ef ekki í gegnum einhverja heildarsamninga þá á sjálfstæðum grundvelli með tvíhliða samningum, tengdumst flugmálapökkum Evrópubandalagsins þannig að við gætum tekið fullan þátt í flugrekstrinum á jafnréttisgrundvelli við flugfélög þar. Með svipuðum hætti og þau Norðurlandanna sem eiga eignaraðild að SAS-flugfélaginu höfðu hugsað sér, óháð samningum um Evrópskt efnahagssvæði, að gerast aðilar að flugmálapökkum Evrópubandalagsins tel ég að við Íslendingar hefðum átt að gera það hvað sem líður EES því nú er óvissa uppi um það mál eins og allir þekkja.

Ég hef hins vegar ekki skilið það svo að ákvæði innri markaðarins um eignaraðild fyrirtækja væru tengd frjálsræði í flugrekstrinum sjálfum. Ef það er rétt hefðum við getað haldið þessu tvennu aðskildu. Á slíkt hefði a.m.k. mátt reyna í tvíhliða samningum ef þeir hefðu komið til og skyldi það eiga eftir að vera endirinn á þessari löngu vitleysu Evrópusamninganna allrar saman er það tvímælalaust mín skoðun að við ættum að leita eftir slíkum tvíhliða samningi sem tryggði okkur fullan aðgang að flugmálapökkum Evrópu hvað flugréttindin og flugrekstrarumhverfið snertir en halda eignaraðildinni aðgreindri og með þá hluti yrði farið á sama hátt og um fjárfestingar erlendra aðila í öðrum atvinnurekstri.

Þá er gert ráð fyrir því í frv. að 5. tölul. 4. gr. laganna falli brott, en þar er átt við það takmarkandi ákvæði sem er í gildandi lögum að erlendir aðilar megi eiga að hámarki 25% hlutafjár í íslenskum viðskiptabanka. Gert er ráð fyrir að þetta ákvæði falli niður frá og með 1. jan. 1996 og er það væntanlega með vísan til þess aðlögunartíma sem samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er á nokkrum þáttum aðlögunar okkar að frelsi á sviði fjármagnsflutninga og fjárfestinga.

Ég held að hér sé á ferðinni afar varhugavert ákvæði sem menn þurfi virkilega að hugsa sig vel um gagnvart og eitt af stóru atriðunum sem snúa að stöðu okkar fjármálalega sjálfstæðis. Það hlýtur að liggja í hlutarins eðli að sjálfstætt starfandi bankakerfi er stór

hluti af því að vera fjármálalega sjálfstæð þjóð og hlýtur að vera stutt í það fyrir þá þjóð sem tapar að öllu leyti forræði í sínum bankamálum að hún leggi niður sinn gjaldmiðil og hættir að skrá sig í þeim skilningi sem fjármálalega sjálfstæða einingu.

Nú skiptir líka máli í þessu sambandi hvernig umhverfið er í bankamálum hjá viðkomandi aðila. Þá kemur maður að þeim áformum hæstv. ríkisstjórnar að einkavæða ríkisbankana. Menn eru væntanlega nokkuð sammála um að ríkisbankarnir með þá markaðsaðstöðu og viðskiptavild sem þeir hér hafa og verandi áfram í eigu ríkisins ættu a.m.k. um fyrirsjáanlega framtíð að hafa það sterka stöðu, ef ekki verða einhver slys í þeirra afkomu, að ekki væri mikil ástæða til að óttast að í gegnum þá ættu Íslendingar ekki sjálfir ekki sterk tök a.m.k. í bankaheiminum þó svo að þessi fjárfestingartakmörk yrðu felld niður. En þar getur skipt snöggt um ef búið væri að hrinda í framkvæmd þeim áformum hæstv. ríkisstjórnar að einkavæða annan eða jafnvel báða ríkisbankana, gera þá fyrst að hlutafélagsbönkum og selja síðan hlutafé í öðrum þeirra eða jafnvel báðum á skömmum tíma.

Það er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. ríkisstjórn í tengslum við afgreiðslu þessa máls: Hvar eru þau áform á vegi stödd? Er það virkilega svo t.d. að enn standi til að einkavæða og selja Búnaðarbankann, jafnvel að verulegu leyti á þessu ári? Dettur mönnum virkilega í hug enn þá að gera alvöru úr því? En svo hefur verið látið í veðri vaka af og til. Það er að vísu dálítið mismunandi eftir því hvaða talsmaður hæstv. ríkisstjórnar á í hlut hverju sinni og eftir því hvar hann er að halda ræðurnar. Ef það er í fínustu klúbbum íhaldsins er þetta yfirleitt eitthvað sem á að gera, ef ekki í gærdag þá a.m.k. á morgun. En sums staðar annars staðar og hjá einstökum öðrum ræðumönnum, t.d. þegar þeir eru komnir eitthvað út á land eða eru að tala í sjávarútvegsbyggðum eða annars staðar þar sem menn hafa nokkuð aðra sýn til hlutanna, er jafnvel látið í veðri vaka að þetta séu einhver áform og orð á blaði sem ekki standi til að gera mikið með. Það er afar bagalegt að hafa þetta svona og ræða um þetta við afgreiðslu fjárlaga ár eftir ár ef svo ekkert verður úr þessu, sem við skulum vona. Það er bara til þess að spilla fyrir og skapa óróleika sem er með öllu ástæðulaus í þessum efnum.

Ég vil leyfa mér þess vegna að spyrja hæstv. viðskrh.: Getur hann eitthvað upplýst okkur um það hvar þessi áform eru nú á vegi stödd? Hefur t.d. ríkisstjórnin farið yfir þetta á nýjan leik í ljósi núverandi aðstæðna í íslenskum efnahags- og atvinnumálum, hvort það sé einmitt þetta sem skynsamlegt sé að stefna að eða vera með í undirbúningi að binda upp fé á íslenskum fjármagnsmarkaði svo milljörðum skiptir í það að kaupa hlut ríkisins í Búnaðarbankanum? Er það skynsamleg binding á lausu fjármagni ef eitthvert er til í landinu? Er það góð fjárfestingarpólitík hjá ríkinu að selja þessa ágætu mjólkurkú sem Búnaðarbankinn hefur verið undanfarin ár, nokkuð vel rekið fyrirtæki sem hefur verið að mynda myndarlegan eiginfjárreikning og auka eign ríkisins þar með talsvert á undanförnum árum? Síðast en ekki síst spyr ég: Er það mjög gáfulegt þegar við erum að taka þessi fyrstu ráðleysislegu skref, ef svo má að orði komast, út í opnara fjármagnsumhverfi að missa þá úr höndum okkar þá kjölfestu sem vissulega felst í eignarhaldi ríkisins á þessum bönkum?

Það í sjálfu sér ekki rekstrarformið sem mönnum er fastast í hendi í þessum efnum og má færa ýmis rök fyrir því að það geti verið skynsamlegt í sjálfu sér að gera ríkisbankana að hlutafélögum sem væru síðan alfarið í eigu ríkisins. Ég sé ekki að vísu að það breyti eiginlega nokkrum sköpuðum hlut. Ég held að þeir Stefán Pálsson og Sverrir Hermannsson verði ekkert öðruvísi bankastjórar þó þeir séu orðnir bankastjórar í hlutafélagi en í ríkisbanka, svo nefndir séu nokkrir ágætir menn í þessu sambandi. Ég er ekki viss um að það hafi nokkur einustu áhrif í sjálfu sér á það hversu vel eða illa eftir atvikum menn standa að rekstri í þessum fyrirtækjum. Ég held að allt slíkt sé meira og minna kjaftæði þegar menn eru að halda þessar heilögu ræður um að hlutafélög séu endilega alltaf betur rekin en bein ríkisfyrirtæki o.s.frv. Ég hef ekki komið auga á það. Ég veit ekki betur en ríkið eigi hlut í hlutafélögum sem eru í bullandi tapi og vandræðum á sama tíma og önnur hrein og bein og venjuleg gamaldags ríkisfyrirtæki eru ágætlega rekin. Það er því allur gangur á þessu.

Hitt er alveg ljóst að menn eru tortryggnir út í slík áform vegna þessarar umræðu um einkavæðingu á bönkunum og þá ekki síður þegar kemur að því að fella niður úr lögum allar takmarkanir sem hafa verið á eignarhaldi útlendinga í bankakerfinu. Menn verða að hafa í huga hversu agnarsmáar einingar þetta eru þegar komið er út í hinn stóra heim. Það sem okkur finnast óhemjulegar upphæðir, eiginfé í ríkisbönkunum upp á einhverja milljarða króna, er hrein skiptimynt í þeim „transaksjónum" þegar stórfyrirtækin eru að kaupa og selja fyrirtæki. Það er hrein skiptimynt. Þetta er eins og hvert annað útibú í hugum stórra banka eða stórra samsteypna þegar þær væru að skoða viðskipti af þessu tagi og það er aldrei að vita hvenær einhverjum dytti í hug að það væri gaman að kaupa Ísland.

Sú saga hefur gengið að japönskum aðila hafi einu sinni dottið í hug að reyna að kaupa Færeyjar og jafnvel gert þarlendum tilboð í fyrirtækið Færeyjar og þóttu ekki standa mikið í honum þær tölur sem þar voru nefndar. Jafnvel fyrirtæki eins og Landsvirkjun, sem skuldar eina 40–50 milljarða, sem þykir býsna myndarlegt á Íslandi, að skulda 40–50 milljarða, það hlýtur að vera nokkuð merkilegt fyrirtæki sem skuldar svo mikið í útlöndum. Það eru hreinir smáaurar þegar við berum það saman við veltuna og stærðir sem viðgangast í viðskiptalífinu meðal milljónaþjóðanna í kringum okkur.

Þess vegna held ég að það sé í raun og veru afar óvarlegt að menn skyldu ekki reyna að ná því fram að við Íslendingar mættum halda þarna áfram takmörkunum. Ég held að þegar skoðaður er t.d. sá fyrirvari sem forsrh. setti í málflutningi sínum í Ósló varðandi einmitt fjármagnsflutninga hafi svona hlutir ekki síst

verið þar hafðir í huga. Það vekur líka athygli manns að samningamenn Íslands virðast ekki einu sinni hafa séð ástæðu til þess að fara fram á aðlögunartíma sem væri í lengri kantinum. Staðreyndin er t.d. sú að Svisslendingar, sem að vísu hafa sett hala á bak sér og eru hættir við að taka þátt í þessu EES-samstarfi, ætluðu sér að hafa á fyrirvara allt til aldamóta um ýmis atriði. Jafnvel ekki í þessu tilviki þótti samningamönnum Íslands ástæða til að fara fram á slíkan aðlögunartíma. Mér finnst því að mörgu leyti að Íslendingar séu að taka spor út í óvissuna á ansi mörgum vígstöðvum samtímis eins og þetta ber að manni.

Við vorum að ræða hér áðan frv. um verðbréfaviðskipti, Verðbréfaþing og það dót allt saman. Þar er alveg ljóst að við erum að mörgu leyti að slíta barnsskónum og þau viðskipti eru rétt að komast á blað. Samtímis því að það er að gerast er verið að opna fyrir fjármagnshreyfingar inn og út úr landinu þannig að menn geta nú flutt fé úr landi og fjárfesta erlendis nánast að vild sinni. Meira að segja Seðlabankinn missir vald sitt innan skamms ef marka má orð hæstv. viðskrh. hér áðan og getur ekki eftir 1. mars, ef ég hef tekið rétt eftir, bannað Lífeyrissjóði bænda að fjárfesta í New York eða hvenær það nú var.

Svo komum við að atriðum eins og þessum þannig að allt ber að sama brunni. Í raun og veru er öllu sleppt lausu nánast samtímis hvað varðar tök okkar Íslendinga í þessum efnum. Það held ég að sé óvarlegt alveg burt séð frá því hvort menn hafa þá skoðun að þetta séu allt saman breytingar sem horfi til heilla eða ekki. Um það geta sjálfsagt verið skiptar skoðanir og mat manna mismunandi á því hvort þetta séu allt framfaraspor eða ekki. Það er eitt að hafa á því skoðun. Hitt er svo það með hvaða hætti svona breytingar eiga sér stað, á hvaða tíma og hvernig að þeim er staðið.

Ég er líka þeirrar skoðunar að að þeim fjárfestingarþökum sem gildandi lög kveða á um og eru til að mynda útfærð í 7. tölul. 4. gr. laganna sé mikil eftirsjá. Nú geta menn sagt, eins og hæstv. viðskrh. eða hvort það var hv. 7. þm. Reykn., að fjárfestingar erlendra aðila hér hafi verið svo litlar og svo langt undir þessum mörkum að þetta skipti ekki miklu máli. Það er ekki aðalatriðið í mínum huga heldur sú staðreynd að menn settu þetta vísvitandi í lögin og þar með lágu fyrir ákvæði sem takmörkuðu umsvif erlendra aðila. Gleymum svo ekki þeirri staðreynd að fyrir tilkomu EES-samninga eða áður en af þeim þá verður, þá gátum við hvenær sem er á grundvelli fullkomins sjálfstæðis okkar í þeim efnum sett viðbótarákvæði, gripið inn í með sérstakri lagasetningu ef okkur þótti ástæða til en sá réttur verður af okkur tekinn með samningum um Evrópskt efnahagssvæði ef af þeim verður.

Þess vegna er ekki bara það að gerast að þessar takmarkanir, sem settar voru eða voru fyrir í lögum 1991, hverfi heldur líka rétturinn til þess að grípa í taumana ef eitthvað fer úrskeiðis. Í því ljósi verðum við að skoða þessi ákvæði. Ég held að það hafi að mörgu leyti verið skynsamleg hugsun að viðhalda svona þökum. Bæði hefur það táknrænt gildi. Það sýnir að menn hafa þá stefnu, hún er bundin í lög, að missa ekki um of forræði eða eignarhald í einstökum greinum viðskipta úr landinu og hafa einhverja hemla á því hversu ört innstreymi á erlendu fjármagni getur orðið í einstakar greinar. Til viðbótar auðvitað þeim sjálfstæða rétti að grípa inn í með lagasetningu ef ástæða þykir til hvenær sem er.

Mér finnast það ekki nein rök að vísa í þessu sambandi til almennra öryggisákvæða, eins og hæstv. viðskrh. gerði, að þau hafi að einhverju leyti komið í stað fyrirvara sem samið hefði verið um og hefðu snúið beint að því að varðveita takmarkanir af þessu tagi og/eða réttinn til þess að grípa til takmarkana. Það er alveg fráleitt að bera til að mynda saman og nefna í sömu andrá öryggisákvæði í 111.–114. gr. samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, ef ég man rétt, og þær takmarkanir sem hér hafa verið bundnar í lögum og/eða beina fyrirvara sem við Íslendingar hefðum samið um, sbr. Óslóaryfirlýsingu fyrrv. forsrh.

Ég verð þess vegna, hæstv. forseti, að boða að ég vil hafa fullan fyrirvara á um þessar breytingar sem ég hef nefnt á þessum frumvörpum. Ég tel að efh.- og viðskn. hljóti að fara mjög vandlega ofan í saumana á því hvort þetta séu skynsamlegar ráðstafanir í sjálfu sér. Það er ekki síður ástæða til að gera það nú vegna þess að fyrir liggur sú óvissa um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði sem hefur verið að skýrast og koma betur í ljós síðustu dagana. Því á ekki að ganga út frá því að nauðsynlegt sé að fella niður allar þær takmarkanir sem ekki eru samrýmanlegar núverandi samningsdrögum eða tætlum, allt eftir því hvað menn vilja nú kalla það. Hv. 4. þm. Reykv. hefur gefið þessu ýmis nöfn á undanförnum mánuðum og oft reynst sannspár í þeim efnum að það sem menn hafa kallað samning og talað um eins og endanlega niðurstöðu hefur ekki alltaf reynst mjög haldgott. Ef til þess kæmi að þessi mál yrðu tekin upp og samið um þau á nýjan leik, ég tala nú ekki um ef málin enduðu í þeim farvegi að Íslendingar hæfu samningaviðræður við Evrópubandalagið um tvíhliða samning sem kæmi í stað þess hugsaða Evrópska efnahagssvæðis, sem aldrei yrði að veruleika, þá tel ég að við eigum alveg tvímælalaust að fara á nýjan leik yfir ákvæði af þessu tagi og skoða það sjálfstætt í hverju og einu tilviki hvaða ákvæði af þeim sem er lagt til að fella niður úr okkar lögum ætti að reyna að halda inni með sjálfstæðum samningum þar um. Ég hef í sjálfu sér ekki ástæðu til að ætla annað en skilningur gæti ríkt á því hjá viðsemjendum okkar að það getur kostað sérstaka árvekni að viðhalda og varðveita efnahagslegt sjálfstæði þjóðar sem ekki telur nema 260 þús. manns og býr við jafneinangrað og einhæft efnahagslíf og við Íslendingar gerum. Menn mega ekki tala út frá öðrum staðreyndum en þeim sem fyrir liggja í sambandi við okkar aðstæður og þá er ég ekki hræddur um að það sé svo erfitt að skapa skilning á þeim.

Hæstv. forseti. Ég held að það séu ekki fleiri ákvæði þessara laga sem ég sé ástæðu til að gera að umtalsefni við 1. umr. málsins, enda á ég þess kost ef að líkum lætur að fara yfir þau atriði í þeirri hv. þing-

nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar og skoða þau þar betur. Ég vil ítreka þann fyrirvara sem ég hef á um ýmis ákvæði þessa frv. Ég tel miður ef til þess kemur nú eftir ekki lengri tíma en lögin um fjárfestingar erlendra aðila hafa gilt að ágreiningur rís um meðferð þeirra því að þrátt fyrir allt var það nokkuð merkilegur atburður á sínum tíma þegar menn náðu saman um löggjöf af því tagi sem sett var í mars 1991.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég tel að hér sé um vandasamt og vandmeðfarið stórmál að ræða. Það er nú kynnt sem afleiðing af gerð samnings um Evrópskt efnahagssvæði. Nú er samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði þrátt fyrir allt sem á undan er gengið í mikilli óvissu og enginn okkar þess umkominn í dag að fullyrða að hann verði að veruleika.

Við búum við nýleg lög, þau eru nr. 34 frá 25. mars 1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Ég lít svo á að sú lagasetning hafi verið merkilegt skref. Lögin voru sett af brýnni þörf. Hér var ýmislegt í ólagi varðandi fjárfestingu erlendra aðila og lögin voru sett að bestu manna yfirsýn. Þau miðuðu til talsvert mikillar rýmkunar á þeim reglum sem í gildi höfðu verið og um þau náðist góð eining á Alþingi. Ég tel að eins og málum er háttað meðan a.m.k. samningur um Evrópskt efnahagssvæði er ekki nær því að verða fullburða en fyrirsjáanlegt er í náinni framtíð, þá liggi okkur ekki á að breyta þessum lögum. Ég teldi heppilegast að þegar þessari umræðu lýkur og málið gengur til efh.- og viðskn. fengi málið frið til þess að liggja þar, a.m.k. þangað til ljóst er að hvort samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði tekur gildi.

Að vísu eru ákvæði í frv. um að það öðlist ekki gildi fyrr en samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði öðlast gildi en það er hortittur í íslenskri lagasetningu að vera að berja lögin í gegnum Alþingi eins og á stendur og alla vega engin nauðsyn á að hraða meðferð þessa máls.

Raunar má segja að þetta frv. sé í góðu samræmi við fyrri gerðir núv. hæstv. ríkisstjórnar. Alþjóðahyggja hennar hefur borið á góma áður í þessum umræðum. Ég vil fremur kalla þetta Evrópuhyggju því að hæstv. ríkisstjórn virðist einbeitt í að hengja sig aftan í Evrópubandalagið, hvar sem hún nær taki á því og eins og hún líti svo á að Þjóðverjar hafi loksins komið á hinu langþráða 1000 ára ríki á meginlandi Evrópu. Þar muni verða sælan í framtíðinni. Ég er ekki sannfærður um það og tel að við Íslendingar eigum ekki síður að horfa til annarra stórvelda en Evrópubandalagsins. Við getum átt hagkvæm viðskipti við Norður-Ameríku og Austur-Asíu svo ég nefni einhver dæmi. Okkur stafar því talsverð hætta af þessari glórulausu Evrópuhyggju hæstv. ríkisstjórnar.

Mér finnst það fullkomin ástæða fyrir okkur þegar við erum að ræða þetta tiltekna þingmál um fjárfestingu erlendra aðila í íslenskum atvinnurekstri að reyna að hugleiða framtíðina. Hvert viljum við stefna með þetta þjóðfélag? Var kannski sjálfstæðisbarátta okkar á sínum tíma tómur misskilningur? Stjórnarfarslegt fullveldi var einn þáttur þessarar sjálfstæðisbaráttu. Það að ná eignarráðum á landinu og auðlindum þess og fiskveiðilögsögunni, hafinu kringum landið, var líka gildur þáttur í sjálfstæðisbaráttunni. Að færa verslunina inn í landið og tryggja Íslendingum bærilegt atvinnustig var líka þáttur í sjálfstæðisbaráttunni. Íslendingar hafa með þrotlausu starfi fjöldamargra af sínum bestu sonum og dætrum öðlast frumburðarrétt til landsins. Íslendingar eru búnir að vera hér æðilengi, sú þjóð sem hér lifir og talar þetta skrýtna tungumál og heldur uppi menningu og ég hygg að heimurinn væri fátækari ef hún legðist af.

Nú eigum við Íslendingar ekki önnur lönd og við höfum ekkert annað til að afhenda afkomendum okkar en þetta land sem við eigum. Ef við, eins og mér virðist hæstv. ríkisstjórn vera að gera, afsölum okkur stjórnarfarslegu og efnahagslegu fullveldi okkar, þá gerum við það ekki bara fyrir hönd okkar sem sitjum á þinginu eða í ríkisstjórninni þennan vetrarpart. Við gerum það fyrir hönd þjóðarinnar allrar, fyrir hönd barna okkar, barnabarna og afkomenda um ókomin ár.

Nú kann það að vera að í viðkvæmum hlustum hæstv. ráðherra og e.t.v. ýmissa fleiri hljómi svona ræðupartur eins og gamaldagsraus. Það verður bara að hafa það. Hæstv. viðskrh. er kominn það til aldurs eins og reyndar sá sem hér stendur að við erum báðir fæddir í konungsríkinu Íslandi og vorum komnir ofurlítið á legg þegar hér var stofnað lýðveldi.

Nú vil ég láta það koma alveg skýrt fram að ég er enginn einangrunarsinni og er fremur jákvæður gagnvart hóflegri erlendri fjárfestingu á Íslandi, vel að merkja ef við Íslendingar höfum vald á þeirri fjárfestingu og getum látið hana styrkja íslenskt atvinnulíf og mala Íslandi gull. En ef erlend fjárfesting tekur stjórnina úr höndum okkar þá er ég á móti henni. Ég tel að við eigum að keppa að því að afsala okkur ekki framtíðinni sem húsbændur í eigin landi. Það var svo með Esaú greyið að hann hefur sjálfsagt verið svangur þegar hann seldi sinn frumburðarrétt fyrir baunadisk. Það er kannski viðeigandi af því að í dag er sprengidagurinn að tala um þennan sérstaka rétt og ég efast ekki um að við alþingismenn fáum allir okkar baunadiska í dag. En ríkisstjórnin er ekki svöng. Hún fær engan baunadisk fyrir frumburðarréttinn. Hún er að afsala frumburðarrétti okkar og það fyrir ekki neitt. Það er út af fyrir sig fallegt að vinna fórnarstörf og gera góðverk og lítilmannlegt að vera með reikningsskaparkærleika þegar menn ætla að vera stórir í sér en ég tel að ríkisstjórn Íslands gangi of langt þessa dagana.

Lög nr. 34 frá 25. mars 1991 gefa okkur nægilegt svigrúm til þess að laða hingað erlenda fjárfestingu í þeim mæli sem okkur hentar. Okkur rekur engin nauður til að breyta þessum lögum og allra síst ef Evrópskt efnahagssvæði verður ekki að veruleika.

Mig langar, frú forseti, að drepa ofurlítið nánar á örfáar greinar í þessu frv.

Samkvæmt frv. fáum við að halda gildandi lögum og reyndar eftir samningnum um Evrópskt efnahagssvæði höfum við heimild til þess í samningnum að halda gildandi lögum um eignarhald í útgerð og frum-

fiskvinnslu. Þetta er eini fyrirvarinn af þeim sem settir voru fram í Ósló í mars 1989 sem entist út alla samningstíðina. Þetta er sá eini fyrirvari. Það skiptir engu máli þó að hæstv. utanrrh. segi að þeir séu allir inni. Þeir eru það ekki. Það er rangt hjá ráðherranum. En þessi fyrirvari er inni þó og það er vel og ber að þakka þeim sem að samningagerðinni komu að hann skuli vera inni.

En Adam var ekki lengi í Paradís. Það eru komnir menn og byrjaðir að draga lokur frá hurðum. Tvíhöfða nefndin er að vísu ekki búin að skila áliti, eða a.m.k. hef ég ekki séð það álit, en nefndarmenn hafa verið óbágir að greina frá viturlegum tillögum sínum, eða tillögum sem þeim sjálfsagt finnast viturlegar, í fjölmiðlum undanfarna daga. Ein er sú að brjóta niður meira að segja þennan fyrirvara. Því miður virðist þessi skoðun eiga líka hljómgrunn alla leið í ríkisstjórnina því hæstv. fjmrh. hefur hvað eftir annað í vetur látið sér um munn fara ákaflega glannaleg ummæli um þetta atriði.

Nú viðgengst nokkur óbein eignaraðild í útgerð og fiskvinnslu. Í þessu frv. er lögð í hendur viðskrh. heimild til að láta hana viðgangast. Ég tel að hjá þeim hv. formönnum tvíhöfða nefndarinnar sem hafa verið að tjá sig, sé háskalegur hugsunarháttur og þeir geti, ef þeirra sjónarmið verða ofan á, beinlínis brotið fjöregg íslensku þjóðarinnar.

Samkvæmt frv. á frumvinnsla íslensks sjávarafla að vera í höndum Íslendinga en það er eins með óbeinu eignaraðildina og útgerðina að málið er í höndum viðskrh. Nú veit ég ekki hvort manni leyfist að vitna í sálma því það fór illa fyrir leikaranum góðkunna, Flosa Ólafssyni, þegar hann fór að vitna í Hallgrím Pétursson. En það er svo með viðskrh. í þessu tilfelli eins og segir í sálminum:

> Í almáttugri hendi hans
> er hagur þessa kalda lands.

Viðskrh. hefur í þessu frv. býsna rúmar heimildir. Nú viðurkenni ég að þessi óbeina eignaraðild er mikið vandamál. Það er ekki einfalt að taka á því máli, það er alveg einfalt að losa hana, og það er ekki einfalt heldur að finna hana í öllum tilfellum. Það eru uppi getgátur um það, sem hafa verið settar fram í fjölmiðlum ítrekað í vetur, að í útgerð og fiskvinnslu séu erlendir peningar, erlend eignaraðild. Það hefur ekki verið borið til baka með sannfærandi hætti.

Ein meginorsök þess atvinnuleysis sem núna er á Íslandi er sú að við vinnum ekki allan þorskinn og alla ýsuna sjálfir. Verkalýðshreyfingin hefur látið reikna það út að ef hætt væri að sigla með þorsk og ýsu í gámum til Evrópubandalagsins væri hægt að veita atvinnu — ég man ekki hvað afskaplega mörgum Íslendingum en þetta væri atvinnuaukningarátak sem skipti verulega máli. Það hefur að vísu dregið úr þessum siglingum á síðasta ári og það er ákaflega vel. En hvers vegna halda menn þessu áfram? Hvers vegna halda menn áfram að sigla? Nú er fiskverð hátt á Íslandi og þyrfti að vera a.m.k. 20% hærra í útlöndum ef það ætti að borga sig að sigla að mati þeirra sem kunnugastir eru. Samt er enn þá fiskur fluttur óunninn út. Ég er ekki að tala um karfa sem er hagkvæmara að flytja út lítt eða ekki unninn.

Blaðamenn halda því fram, án þess að það sé borið til baka með sannfærandi hætti, að erlend fyrirtæki eigi í íslenskum útgerðarfyrirtækjum sem séu skuldbundin að afhenda fiskinn. Seinast í morgun var viðtal við fiskkaupmann — ég man ekki hvort hann var í Grimsby, líklega var hann í Hull — í Ríkisútvarpinu. Hann var inntur eftir þessu og hvers vegna tékkinn væri kominn til Íslands um leið og vigtað væri upp úr skipinu. Hans svör voru fremur loðin. Ég tel þversögn í því að barma sér yfir atvinnuleysi í ákveðnum landshlutum meðan svona ástand er látið viðgangast, meðan menn hafa ekki drift í sér eða manndóm til þess að láta vinna fiskinn hér á landi.

Mig langar að fara örfáum orðum um virkjunarréttinn en samkvæmt þessu frv. verður einkaréttur Íslendinga á virkjunarrétti fallvatna og jarðhita afnuminn 1. jan. 1996. Nú kann einhverjum að finnast mjög langur tími til 1. jan. 1996, en það er aldeilis ekki. „100 ár á hestbaki eru skjótt riðin hjá", segir í merkilegu kvæði. Það er ekki mjög langt þangað til 1. jan. 1996 rennur upp. Þá eiga íbúar Evrópska efnahagssvæðisins jafnan rétt á við okkur til þess að eiga vatnsorku og jarðhita.

Nú hefur ríkið enn þá vald á virkjunarréttinum og mig langar til að spyrja hæstv. viðskrh., sem reyndar er einnig líka iðnrh., hvað gildi með kalt neysluvatn. Ég tel að þar sé um auðlind að ræða sem við eigum að umgangast með fyrirhyggju og gát og vil beina huga hans að því atriði líka.

Uppi eru stórfelld plön í herbúðum ríkisstjórnarinnar og í grúppunni í kringum ríkisstjórnina um að einkavæða orkufyrirtæki. Þá er engin trygging til fyrir því að við höldum þessum auðæfum í höndum okkar Íslendinga.

Reyndar er eitt atriði óháð Evrópska efnahagssvæðinu sem gerir það óhjákvæmilegt fyrir okkur að ræða og hugleiða þetta með virkjunarréttinn. Það eru þær hugmyndir sem uppi eru um lagningu sæstrengs sem flytti orku frá Íslandi til Bretlands eða meginlandsins. Ýmsir hafa verið ákaflega spenntir að fylgjast með og þróa það mál. Það er sennilega tæknilega kleift a.m.k. innan örfárra ára að leggja þennan sæstreng og flytja eftir honum rafmagn þó að um lengri veg sé að ræða en áður hefur verið gert í veröldinni. Vafalítið er markaður fyrir orku á meginlandinu eða Bretlandseyjum, sé hún nógu ódýr, en eigi að reisa virkjanir á Íslandi til að framleiða þessa orku á næstu árum er það alveg tvímælalaust of stór biti fyrir Íslendinga. Landsvirkjun ræður ekki nokkurn skapaðan hlut við að reisa þær virkjanir sem þarf til þess að afhenda það rafmagn sem þyrfti til þess að einhver glóra væri í því að leggja sæstrenginn og skuldastaða þjóðarinnar mundi hallast ansi mikið ef Landsvirkjun réðist í það að standa fyrir svona framkvæmdum. Þá er sá kostur eftir að afhenda einhverju félagi, sem kynni að verða myndað og væntanlega að mestu leyti í erlendri eigu, réttinn til virkjunar á vatnsföllum, t.d. á Austurlandi.

Þetta eru pólitískar spurningar sem við þurfum að

svara og gera upp við okkur á næstu mánuðum. Það eru næstu skref í þessu sæstrengsmáli að svara þessum spurningum. Læt ég útrætt um það atriði. Ég vil þó láta það koma fram að í mínum huga eru miklar efasemdir um að það sé réttlætanlegt fyrir okkur — og hef ég þó alla tíð verið jákvæður í þeirri vinnu sem ég hef lagt fram í kringum þetta sæstrengsmál og fundist það athyglisvert — að hleypa útlendingum með þeim hætti sem nauðsynlegt er í virkjunarréttinn á fallvötnunum.

Það er rétt að geta þess að ef plönin gengju upp um sæstrenginn og virkjað væri á Austurlandi vegna hans og síðan reistar virkjanir í Þjórsá til þess að fullnægja orkuþörf álvers á sama tíma, þá værum við búnir með 60% af virkjanlegri nýtanlegri vatnsorku á Íslandi. Það er líka spurning í mínum huga hvort það er skynsamlegt að flýta sér svo að t.d. værum við árið 2020 búnir að virkja 60% af nýtanlegri vatnsorku.

Mig langar til að minnast aðeins á bankana. Frá og með hinum mikla dómsdegi 1. jan. 1996 mega erlendir aðilar ekki bara eiga 25% í íslenskum bönkum eins og þeir mega í dag heldur mega þeir eiga þá alla.

Nú tel ég að margt geti verið jákvætt við að erlendar peningastofnanir taki sér bólfestu og hafi hér starfsemi en það er ekki einhlítt ágæti. Ég vek athygli á því sem mér finnst nokkur galli að íslenskt bankaeftirlit hefur enga möguleika og má ekki skipta sér neitt af rekstri hinna erlendu peningastofnana hér á landi. Þær eiga að lúta eftirliti, ef eitthvert er, frá sínu heimalandi og sínum höfðuðstöðvum. Þetta þykir mér mikill galli. Hér er opnuð leið fyrir það að stjórnir innlendra fyrirtækja sitji úti í Evrópu og þurfi ekki að vera að ómaka sig hingað eða þeirra umboðsmenn til þess að stjórna fyrirtækjum á Íslandi.

Ég ætla ekki að orðlengja þeirra meira, frú forseti. Ég tel þetta vandasamt mál og nokkuð flókið. Það er afleiðing af samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Ég vil þó vonast eftir að hv. efh.- og viðskn. kanni ítarlega hvort ekki er hægt að komast af með að opna eitthvað minna en hér er lagt til því að hér er allt galopnað fyrir íbúa Evrópsks efnahagssvæðis. Ég spyr sjálfan mig: Ef á annað borð er tekin sú stefna að galopna hvers vegna að vera að binda það bara við íbúa Evrópsks efnahagssvæðis? Því þá ekki að opna fyrir öllum? Mér finnst að það sé verulegt umhugsunaratriði.

Frú forseti. Í þeirri mynd sem þetta frv. er þá er ég andvígur því.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið hjá líða að fara nokkrum orðum um málið sem er á dagskrá. Ég á sæti í þeirri nefnd sem mun fá málið til umfjöllunar og því ekki ástæða til að fara um það mörgum orðum. Hér er um það að ræða að með frv. eins og þessu er verið að horfast í augu við þann veruleika sem samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði felur í sér því að þrátt fyrir þær takmarkanir sem í því er að finna varðandi erlenda fjárfestingu er verið að opna fyrir fjárfestingar íbúa hins Evrópska efnahagssvæðis í ýmsum greinum.

Það sem mig langaði einkum til að koma inn á, virðulegi forseti, er einfaldlega sú athugasemd að við erum lítil þjóð í stóru landi og okkar land býður upp á ýmiss konar fjárfestingarmöguleika, bæði fyrir innlenda og erlenda aðila þótt okkur hafi gengið misjafnlega að nýta þá möguleika eins og raun ber vitni. Það sem mér finnst mikilvægast í þessu máli er fyrst og fremst það að við Íslendingar höfum stjórn á erlendum fjárfestingum í okkar landi. Ég er í sjálfu sér hlynnt því að fá erlent fjármagn inn í landið, bæði sem áhættufjármagn og einnig að erlendir aðilar hafi heimildir til að koma inn í ýmiss konar atvinnurekstur svo lengi sem við höfum stjórn á þeim fjárfestingum. Það er mikilvægast að við höfum stjórn á þessum erlendu fjárfestingum.

Þær spurningar sem vakna varðandi þá opnun sem hér er verið að leggja til eru auðvitað hvort við erum með þessu að missa þá stjórn úr okkar höndum. Ég vildi gjarnan heyra mat hæstv. viðskrh. á því hvað þetta þýðir í raun og veru. Hafa menn eitthvað spáð í hvers er að vænta? Hvað þýðir þetta? Ég ímynda mér að erlendir aðilar hafi fyrst og fremst áhuga á því að fjárfesta hér í því sem snýr að útgerð. Þeir hefðu eflaust líka áhuga á því að fjárfesta í ýmiss konar orkuvinnslu en hér er enn þá lokað fyrir það. Ég get líka ímyndað mér að erlendir aðilar hefðu áhuga á því að fjárfesta hér í ferðaþjónustu því að þrátt fyrir allt felur okkar atvinnulíf í sér margvíslega möguleika í ferðaþjónustu. Það er kannski einkum þar sem er að vænta erlendra fjárfestinga og spurningin er: Verður hún stjórnlaus, ef svo má segja, eða hvernig ætlum við að halda á málum? Ég veit að það er öryggisákvæði í þessu frv. en spurningin er hvort þau ná til greinar eins og ferðaþjónustu. Telst það einhvers konar ógnun við öryggið?

Ég vil endurtaka að ég sé í sjálfu sér ekkert að því að við fáum hingað erlenda aðila með fjármagn. Í ferðaþjónustunni skortir mjög á að við getum byggt hana upp með viðunandi hætti. Þar vantar fjármagn til þess að nýta alla þá möguleika sem við eigum. En mér finnst það skipta máli, virðulegi forseti, að við höfum stjórn á þessu.

Þessu vildi ég koma á framfæri og setja kannski í spurningarform það sem fram kom í máli síðasta ræðumanns: Er með þessu frv. verið að ganga eins skammt og hægt er eða er hægt að hafa þessa opnun eitthvað minni? Ég beini þeirri spurningu til hæstv. viðskrh. en við munum að sjálfsögðu athuga það mál í efh.- og viðskn.

Ég minni á það að nýlega kom fram í fréttum að þeir foringjar sem fara fyrir tvíhöfða nefndinni sem fjallar um breytingar á þeim lögum sem gilda um sjávarútveginn hafa nefnt að það væri æskilegt að opna sjávarútveginn fyrir erlendum fjárfestingum og það vanti fé inn í íslenskan sjávarútveg. Auðvitað getur maður tekið undir að það vantar fé inn í þann iðnað. Hér kemur nú annar hluti hins tvíhöfða ... (**Gripið fram í:** Þurs.) Ég ætla ekki að nota það orð heldur forustu þessarar nefndar. Hann gekk í salinn og væri fróðlegt að hann skýrði fyrir okkur hvað þeir eru að hugsa varðandi erlendar fjárfestingar í íslenskum sjávarút-

vegi því að það er greinilegt að þau sjónarmið eru komin upp að það beri að leyfa fjárfestingar í íslenskum sjávarútvegi. Þetta eru allt saman mjög stórar spurningar. Það vakna stórar spurningar um það hvernig við ætlum að reka okkar atvinnulíf og byggja það áfram upp. Getum við það án þess að fá erlent fjármagn eða getum við það ekki?

En ég ítreka að það sem mér finnst mikilvægt er að við höfum stjórn á erlendum fjárfestingum og göngum ekki lengra en við þurfum og förum af mikilli gát í þessum efnum eins og öðrum því að við megum ekki gleyma því að við erum lítið þjóðfélag með okkar sérstöku menningu og við höfum ekki leyfi til þess að glutra henni niður með óvarlegum ákvörðunum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Það er hverju orði sannara sem kom fram í máli hv. 1. þm. Norðurl. v. að hér er um vandasamt og vandmeðfarið stórmál að ræða. Ég heyri það af fjölmörgum athugasemdum og ábendingum þeirra sem talað hafa í umræðunum að hv. efh.- og viðskn. mun hafa ærið viðfangsefni í sínu starfi. Ég treysti því að hún muni huga mjög vandlega að efni frv. og þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið í þessari umræðu í starfi sínu eins og hún hefur gert við önnur frv. sem tengjast samningnum um Evrópskt efnahagssvæði.

Fyrst vil ég víkja nokkrum orðum að því sem kom fram í máli hv. 7. þm. Reykn. Mér fannst nokkurs misskilnings gæta í máli hans. Hann talaði eins og verið væri að breyta ákvæðunum sem banna erlenda fjárfestingu í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða. Það er ekki verið að breyta þeim ákvæðum. Reyndar kom það mjög skýrt fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. og reyndar í máli hv. 1. þm. Norðurl. v. að þeir litu svo á og beinlínis tóku fram að þeir væru samþykkir því að grundvallarreglan um bann við fjárfestingu erlendra aðila í þessum greinum okkar atvinnulífs væri staðfest.

Ég vil líka í þessu sambandi benda á 2. málsl. 1. og 2. tölul. í 4. gr. núgildandi laga sem er að finna í 2. gr. frv. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Viðskiptaráðherra getur með úrskurði skuldbundið fyrirtæki sem hafa að hluta eða öllu leyti verið keypt af erlendum aðilum eða íslenskum ríkisborgurum sem ekki eiga lögheimili á Íslandi til að losa sig við fjárfestingar í fiskiskipum.“ Síðan segir í sambærilegum málslið 2. tölul. það sama um fjárfestingu í vinnslu sjávarafurða.

Þetta ákvæði er beinlínis úrræði til þess að fást við það ef óbein eignaraðild kemur upp fyrir einhverra hluta sakir. Reyndar kom það glöggt fram í máli þeirra sem hér töluðu að menn viðurkenna, sem sjálfsagt er, að slík óbein eignaraðild hefur viðgengist um árabil, áratuga skeið, reyndar í þau 70 ár eða rúmlega það frá því lögin sem áður giltu um fiskveiðar í fiskveiðilögsögu Íslands voru sett. Upphaflega var þar bann við eignarhaldi erlendra manna á fiskiskipum en óbein eignaraðild hefur lengi viðgengist í einni eða annarri mynd án þess að það hafi verið talið valda vandræðum eða óæskilegum áhrifum erlendra manna á þennan mikilvæga atvinnurekstur.

Hér er sett inn úrræði, þ.e. heimild til þess að viðskrh. skyldi þá sem hafa með einhverjum hætti komist yfir þennan forboðna ávöxt að losa sig við hann. Reyndar er rétt að segja frá því að málið ris eiginlega frá hinni hliðinni, þ.e. viðsemjendum Íslendinga í samningaviðræðunum um Evrópskt efnahagssvæði sýndist að með því að íslenskt fyrirtæki í óskyldri atvinnugrein, t.d. í olíuverslun eða einhverri annarri atvinnustarfsemi, þess vegna vöruverslun hvers konar, gæti með því að eignast eitt hlutabréf í útgerðarfyrirtæki varið sig fyrir því að bréf þess gengju kaupum og sölum og í fyrirtækið kæmi erlent fjármagn. Að þessu var fundið af hálfu okkar viðsemjenda og úrræði líka fundið sem er það sem fram kemur í tilvitnuðu málsliðum 1. og 2. tölul. 2. gr. frv. sem varðar 4. gr. laganna.

Það vill reyndar svo til að með þessu er líka bætt í lögin úrræði sem ekki var í þeim áður til þess að breyta slíku eignarhaldi ef það er talið valda óæskilegum yfirráðum eða annarlegum sjónarmiðum í rekstri slíkra fyrirtækja.

Ég vil hafa þetta alveg skýrt og halda því aðskildu frá hugmyndum sem ýmsir hafa um að það sé þessum atvinnuvegi skaðlegt að hafa ekki sama aðgang að erlendu áhættufé og aðrar atvinnugreinar eiga og hafa átt og munu eiga í framtíðinni. Það sjónarmið er ekki til umræðu. Hér er fast fylgt eftir þeim sjónarmiðum sem frá upphafi viðræðna um EES voru ríkjandi af Íslendinga hálfu, þ.e. að gefa ekki aðgang að auðlindinni sjálfri, auðlind sjávar. Um það má síðan deila hvernig á þessu verður haldið, en ég tel að heimildin sé ótvírætt í þá átt sem mér virðist að hv. 7. þm. Reykn. væri að tala og reyndar aðrir sem talað hafa í umræðunni. Ég tók eftir því að ýmsir, bæði hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 1. þm. Norðurl. v. virtust eftir atvikum una þessari tillögugerð vel hvað sjávarútveginn varðar.

Um orkufyrirtækin sem margir ræðumanna viku að, bæði hv. 7. þm. Reykn., hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 1. þm. Norðurl. v. vil ég benda á það, sem reyndar kom fram í framsöguræðu minni, að með því að ekkert í EES-samningunum bannar opinbert forræði og eignarhald á orkufyrirtækjum, er ekkert sem segir að Alþingi Íslendinga geti ekki haldið áfram að hafa það skipulag sem hér hefur verið, þ.e. að fyrirtæki í orkugreininni séu í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Með því að bæta svo við, sem ég tel ákaflega mikilvægt, skipulegum reglum um eignarhald almennings á orkulindum á almenningum og virkjunarrétti vatnsfalla á almenningum og á auðlindum í iðrum jarðar, þá tel ég mjög vel tryggt að Íslendingar hafi um alla framtíð óskorað forræði þessara mikilvægu auðlinda. Síðan er það rétt athugað og þörf ábending frá hv. 1. þm. Norðurl. v. að menn þurfa í því sambandi að hyggja að neysluvatnsauðlindinni. Ég tel að það eigi samhliða þessu sem ég hef nefnt að huga að því máli.

Það er líka að sjálfsögðu rétt að hugmyndir um lagningu sæstrengs til annarra landa til þess að flytja orkuna beint fela í sér mikilvægar spurningar um lagalega stöðu m.a. fjárhagslega stöðu slíks fyrirtækis ef úr yrði gagnvart íslenskum stjórnvöldum. Ég er sann-

færður um að hægt er að finna á því lausnir sem virða fullkomlega okkar forræði á auðlindinni sjálfri og á virkjunarréttinum þótt við kynnum að þurfa að leita nýrra skipulagslausna á því risafyrirtæki sem í þessu fælist. Það er hárrétt athugað hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. að þing og stjórn munu á næstu missirum þurfa að taka afstöðu til mjög mikilvægra atriða í því máli sem eru ekki tæknilegs eðla fjárhagslegs eðlis heldur varða einmitt stjórnskipulag og lagalega stöðu slíkrar starfsemi og ekki síður umhverfisþætti málsins sem eru mjög mikilvægir. Ég tel þarft að það mál skuli koma upp í umræðunni og fagna því að þau sjónarmið skuli vera uppi að við þurfum að gæta þess að ganga ekki út frá því sem gefnum hlut að núverandi orkufyrirtæki annist þá starfsemi, enda yrði hér um að ræða í orðsins fyllstu merkingu landsfyrirtæki sem meta þyrfti á nýjum grundvelli.

Hv. 7. þm. Reykn. og reyndar aðrir sem hér hafa talað hafa vikið að stöðu bankanna. Þar var innt eftir, eins og um orkufyrirtækin, áformum um einkavæðingu. Því var slegið fram sem staðreynd að ríkisstjórnin stefndi að því að einkavæða orkufyrirtækin og einkavæða bankana. Það er alls ekki svo, t.d. hvað orkufyrirtækin varðar, að ákvörðun hafi verið tekin um það að ríkið ætli að losa sig við sinn hlut í orkuvinnslu eða dreifingu. Hins vegar eru uppi áform um að breyta rekstrarformi Rafmagnsveitna ríkisins og leita að þeirri skipulagslausn sem best svarar þörfum og kalli tímans og þörfum þeirra sem þjónustunnar eiga að njóta. Ég held að hv. þm. sem hér hafa talað séu mér sammála um að æskilegt sé að leita nýrra leiða. Þar kemur m.a. til greina hlutafélagsstofnun um Rafmagnsveitur ríkisins og um önnur orkufyrirtæki. En á þessu stigi hefur ekki verið þar til umræðu að selja úr opinberri eigu hluti í þeim fyrirtækjum. Það er að sjálfsögðu mál sem Alþingi getur hvenær sem er tekið ákvarðanir um en tillögur um það eru ekki á döfinni.

Um bankana er það vissulega rétt að mikið er um það rætt að finna þeim besta skipulagsform, m.a. hvort ekki sé skynsamlegt sjónarmið að rekstur allra fyrirtækja á því sviði atvinnulífsins lúti sömu reglum, sömu lögum, sömu skattakjörum og sömu starfsskilyrðum. Ég tók einmitt eftir því að á flokksþingi Framsfl. í nóvember í fyrra var ályktað um þetta efni mjög í þeim anda sem ég hef nú talað, þ.e. að æskilegt sé að fyrirtæki sem fást við sama viðfangsefni, hvort sem þau eru í opinberri eigu eða einkaeigu, starfi við sömu rekstrarskilyrði og það megi mjög vel huga að formi opinbers atvinnurekstrar og þar undir tel ég að sjálfsögðu bankana sem eru atvinnufyrirtæki og eiga að starfa sem slík fyrst og fremst. Ég tel ekki hættu í því fólgna að opna okkar bankamarkað með þeim hætti sem þegar hafa verið lögð að drög með samhljóða samþykkt Alþingis á nýjum ákvæðum um starfsemi erlendra útibúa á Íslandi og sem hér er gerð tillaga um að frá og með árinu 1996 sé erlendum aðilum heimilt, að sjálfsögðu undir sömu reglum og kröfum, eftirlitskröfum, og eignarhaldstakmörkunum sem kunna að gilda um bankahlutafélög hér á landi að taka þátt í bankastarfsemi á Íslandi. Ég teldi það feng að fá áhættufé, erlent áhættufé, í hlutafélagabanka á Íslandi. Slíkri þátttöku fylgir einatt markaðsþekking og kunnátta og ég vil taka það fram að ef um þátttöku í íslenskum hlutafélagsbanka er að ræða, þá lýtur hann að sjálfsögðu íslensku bankaeftirliti. Það er eingöngu ef hér kæmi til starfa erlendur banki sem væri algerlega í eigu erlends bankafyrirtækis, að þá mundu bankaeftirlitsreglur heimalandsins gilda. En það er einmitt mjög ör samræming á ferðinni innan hins Evrópska efnahagssvæðis. Nú tala ég að sjálfsögðu ekki með upphafsstöfum um svæðið heldur um þann veruleika í okkar efnahagslega umhverfi sem er mikilvægi Evrópuviðskiptanna fyrir alla Íslendinga og þjóðlífið yfirleitt.

Ég vil svo aðeins víkja að því sem hv. 7. þm. Reykn. kom hér að sem varðaði fjárhæðarmörkin og ég tek það aftur fram að ég tel að það sé ekki skynsamlegt að vera með þau fjárhæðarmörk sem voru og eru í lögunum frá 1991. Upplýsingaskylda um fjárfestingu erlendra manna hér í atvinnurekstri er áfram ótvíræð í 6. gr. laganna og mun verða fylgt eftir af gjaldeyriseftirliti Seðlabankans. Síðan spyrja bæði hv. 18. þm. Reykv. og hv. 7. þm. Reykn. í raun og veru sömu spurningarinnar. Hv. 18. þm. Reykv. spurði: Er hér gengið lengra en strangt tekið er nauðsynlegt vegna EES-samningsins? Þetta er svona önnur myndbirting þeirra spurninga sem í máli hv. 7. þm. Reykn. komu fram á forminu: Af hverju liggur svona mikið á? Þurfum við að aflétta þessum takmörkunum svona fljótt eins og hér er gerð tillaga um? Það varðar nú reyndar fyrst og fremst þátttöku erlendra manna í flugrekstrarfélögum á Íslandi. Það er gert fyrr en aðlögunarfresturinn krefst. Ég sagði deili á því í minni framsöguræðu að ég teldi það gagnlegt og nauðsynlegt vegna þess að við hefðum mjög mikið af vel hæfu og þjálfuðu fagfólki í flugi og flugþjónustu og það væri ótvíræður hagur okkar atvinnulífs að fá erlent fjármagn inn í félögin. Þetta er sjónarmið sem ég veit að menn skilja. Og það er í raun og veru líka svar við spurningu hv. 7. þm. Reykn.: Af hverju liggur svona mikið á? Það er af því að við þurfum að efla atvinnulífið. Það er af því að við þurfum að glæða nýsköpun. Það er af því að leiðin til þess að skjóta undir það fleiri stoðum og stofna til nýjunga er í samstarfi við erlenda aðila einfaldlega vegna þess hversu okkar markaður er smár vöxtum eins og kom nú mjög víða fram í ræðum manna hér áðan. Og eins og kom fram í máli hv. 7. þm. Reykn. og reyndar í framsöguræðu minni, þá leggja nú grannlönd okkar og þau lönd sem við helst lítum til um samanburð mjög að sér að laða að sér erlenda fjárfestingu. Vandamálið er ekki að við séum að opna hér allt upp á gátt. Vandamálið er að fá menn til þess að taka þátt í okkar atvinnulífi með áhættufé. Þar er að sjálfsögðu alls ekki rasað um ráð fram né sjálfstæðið selt fyrir baunadisk því að hér er mjög gætilega fram farið í öllum greinum.

Ég tek undir það með hv. 7. þm. Reykn. að það er mjög mikilvægt að byggja á þekkingarauðlindinni, að byggja á okkar hæfileikaríka fólki, sköpunargáfu þess, menntun og listrænum hæfileikum í okkar atvinnustefnu. Það er einmitt þess vegna sem ríkisstjórnin

lagði mikla áherslu á í sínum atvinnueflingaraðgerðum núna um ármótin að efla rannsóknir og þróunarstarf, að efla markaðssókn, að leggja fjármuni til þessara þarfa í meira mæli en áður. Þess vegna er ég alls ekki sammála hv. 7. þm. Reykn. að þar sé um afturför að ræða eða lægri fjárveitingar. Þvert á móti er verið að leggja til að tvöfalda framlögin til Rannsóknasjóðs á næstu tveimur árum, að færa til rannsókna og þróunarstarfa fimmtunginn af því sem fæst fyrir sölu á hlutum ríkisins í atvinnufyrirtækjum einmitt til þess að byggja upp nýja þekkingu, bæta við þá sem fyrir er og virkja nýsköpunarmáttinn sem býr með þjóðinni.

Ég tók eftir því að hv. þm. vitnaði í heimsókn sína til Alþfl. á Möltu sem ég veit að hafði um hríð afskipti þar af landsstjórninni, reyndar nú ekki um sinn. Ég veit að þeir Maltverjar hafa verið að reyna að kynna sitt land, m.a. höfða til hæfileika fólksins sem það land byggir. Það eigum við sannarlega líka að gera og það gerum við.

Ég tek það fram að það er einfaldlega rangt að lítið hafi heyrst frá markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar um annað en ál. Hún hefur þvert á móti lagt sig mjög eftir því að taka upp samstarf við fólk í hinum dreifðu byggðum, bæði á Austfjörðum og Norðurlandi og víðar, að hafa samband við fyrirtæki, stór og smá í orkufrekum iðngreinum hvort sem þau fást við málmbræðslu eða annað. Það eru vonir við það bundnar að það starf skili senn árangri. En auðvitað varðar þar mestu að það hefur verið almennur andbyr sakir efnahagslægðar í heiminum sem við vonum öll að fari senn að létta. En tækifærin til nýsköpunar eru ótal mörg og eins og ég vék að í minni framsöguræðu, þá eru hátæknigreinarnar, hugbúnaðargreinarnar, mjög vænlegir kostir til þess að sækja fram og ég heyri að hv. 7. þm. Reykn. er mér sammála um það að við þurfum að efla eins konar söluskrifstofu atvinnutækifæra á Íslandi gagnvart erlendum þátttakendum í okkar atvinnulífi. Ég heyri það að þar er góðs samstarfs að vænta um breytingar sem ég tel að sé skynsamlegt að byggja á grunni markaðsstarfs iðnrn. og Landsvirkjunar og tengja það öðrum slíkum störfum.

Hv. 7. þm. Reykn. nefndi líka Bláa lónið sem dæmi um sóknarmöguleika í ferðaiðnaði en reyndar tengist það annarri starfsemi líka. Ég vil taka það fram að það er í undirbúningi mjög myndarleg þátttaka Íslenskra aðalverktaka í undirbúningsfélaginu. Þar er þegar stuðningur frá iðnrn. og Iðntæknistofnun við þróun á vörum með lækningamátt úr örverunum í Bláa lóninu. Þar eru nú á ferðinni áform og áætlanir sem ég vona að breyti orðræðum margra ára í verklega framkvæmd. Þar held ég að sé nú einmitt að rætast það sem ég veit að bæði hv. 7. þm. Reykn. og ég höfum lengi talað fyrir að taka þar á myndarlega.

Hv. 7. þm. Reykn. nefndi líka heilbrigðisþjónustuna sem hugsanlega útflutningsgrein. Ég get staðfest að heilbrrh. og heilbrrn. hefur undirbúið það mál. Það hafa komið um það fyrirspurnir hvort hægt sé að veita sérhæfða læknisþjónustu á Íslandi vegna nágrannalandanna. Það er mjög ánægjulegt að hv. 7. þm. Reykn. nefndi einmitt hjartaaðgerðirnar og hjartasjúkdómana því að það er ekki mjög langt síðan ýmsir framámenn í íslensku þjóðlífi gerðust mjög til þess að efast um að hjartalækningar á Íslandi væru heppilegasti vettvangurinn ef þeir sjálfir fengju fyrir hjartað. Um það ætla ég nú ekki að segja fleira en ég fagna þessum sinnaskiptum og endurmati manna á því hvað það er sem við getum best og þar er hjartalagið alveg áreiðanlega það sama hjá mér og hv. 7. þm. Reykn. Það er ánægjuleg þróun.

Ég kem þá nokkrum orðum, virðulegi þingforseti, að því sem kom fram í máli hv. 1. þm. Norðurl. v. umfram það sem ég hef þegar nefnt. Ég er honum sammála um það að við eigum ekki að hyggja eingöngu að Evrópu og Evrópusamstarfi. Það virðist oft vaka í máli hv. 1. þm. Norðurl. v. að aðild okkar að væntanlegu Evrópsku efnahagssvæði girði á einhvern hátt fyrir það að við ræktum samband okkar við Vesturheim eða löndin í fjarlægu austri við Kyrrahaf. Ég get fullvissað hann um að svo er ekki. Það er ekki stefna ríkisstjórnarinnar heldur hefur hún þvert á móti lagt mikla áherslu á og meiri en fyrri stjórnir að taka þátt í samningaumleitunum á vettvangi GATT, að leita hófanna um fríverslunarsamstarf við Norður-Ameríkuríkin. Ég vil taka það mjög skýrt fram að ég tel það rétta skoðun hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. að við þurfum einmitt þegar við hugum að stöðu Íslands í viðskiptakerfi heimsins að hugleiða yfir hverju framtíðin kann að búa og hvert við viljum stefna. Sjálfstæðisbaráttan má ekki verða til einskis. Og það er nákvæmlega það sem liggur í því að treysta sem best stöðu Íslendinga í viðskiptakerfi heimsins. Sjálfstæði okkar byggist á efnahagslegu sjálfstæði. Því höldum við helst ef við stundum frjáls viðskipti við sem flestar þjóðir. Og af því að hv. þm. fór hér hátíðlegum orðum um okkar sjálfstæðisbaráttu og sögu sem ég er sammála honum um að megi mjög oft og gjarnan vitna til og sker alls ekki í eyru eins og hann virtist halda að mundi gera, vil ég minna á að okkar helsti sjálfstæðisbaráttumaður á öldinni sem leið talaði einmitt um það að versluninni á Íslandi væri eins háttað og annars staðar, að hún væri þá landinu hagfelldust þegar hún væri frjálsust. Það er gjörsamlega fjarstæðukenndur málflutningur að þetta frv. eða þau frumvörp sem tengjast hinu Evrópska efnahagssvæði séu á einhvern hátt vitnisburður um vilja til þess að framselja stjórnarfarslegt eða efnahagslegt fullveldi þjóðarinnar. Það styðst ekki við nein rök, hvorki formleg né efnisleg, en vegna þess að upp á þessu var hér fitjað vil ég taka það alveg skýrt fram að það er ekki unnt að halda fram af viti þeirri tvískiptu skoðun að í senn sé mjög æskilegt að laða erlent fjármagn að landinu til þess að efla og treysta íslenskt atvinnulíf og neita um leið að taka þátt í því samstarfi sem við erum hér að ræða. Auðvitað þarf að setja um þetta samstarf allt skynsamlegar og sanngjarnar leikreglur. Það er tilgangurinn með þessu frv. og ég vil með þessum orðum, hæstv. forseti, ljúka máli mínu og þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég veit að hv. efh.- og viðskn. mun sinna þeim málum sem hér hefur borið á góma með ágætum eins og hún hefur gert í öðrum málum.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tilefni af umræðum hæstv. viðskrh. um hugsanlegar breytingar á rekstrarformi ríkisbankanna, þá er auðvitað sjálfsagt að taka undir að það sé réttmætt og verðugt á hverjum tíma að rekstrarform alls bankakerfisins sé í sístæðri athugun. Þetta er sístætt viðfangsefni stjórnvalda á hverjum tíma, að skoða það hvort rétt sé að breyta og finna nýjar leiðir til þess að bæta rekstur bankanna. En ég vil skora á hæstv. ráðherra eigi að síður um leið og hann athugar aðra möguleika að horfa ekki fram hjá því hvort það rekstrarform sem ríkisbankarnir hafa búið við í alllanga tíð hafi ekki gefist mjög vel og hvort reynslan af því sé ekki jafnvel betri en reynslan af öðrum rekstrarformum sem blasa við okkur hér á landi. Hæstv. ráðherra ætti líka að horfa út fyrir landsteinana til nágrannalandanna, t.d. á Norðurlöndum, og læra kannski af þeirri reynslu sem t.d. Finnar eru núna að upplifa í sambandi við banka þar í landi og í Noregi þar sem bankar hafa farið illa vegna þess að þeir hafa búið við ótryggt rekstrarform. Hlutafélagaformið getur nefnilega verið ótryggt á köflum og spurningin er sú hvort það sé rétt að hætta svo miklum hagsmunum fámennrar þjóðar þegar sjálft bankakerfi þjóðarinnar er í húfi.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. 5. þm. Austurl. að það er ábyrgðarhluti að hætta svo miklu fé af hálfu fámennrar þjóðar í bönkum eins og við höfum gert án nokkurrar takmörkunar. Það er einmitt það viðfangsefni sem við þurfum að hugleiða vandlega og láta kanna. Það er nákvæmlega það sem vakir fyrir ríkisstjórninni í þeirri endurskoðun á rekstrarformi bankanna sem nú fer fram. Ég vil leyfa mér að benda á að það er ekki neitt samhengi á milli rekstrarforms bankanna á Norðurlöndum og þeim löndum öðrum sem lent hafa í mikilli bankakreppu og bankakreppunnar sjálfrar. Það má kannski segja að hún komi fyrr í ljós vegna þess að um takmarkaða ábyrgð er að ræða í þessum rekstri. Í því liggur einmitt kjarni málsins að slíkt má ekki leynast lengi því að þá verður það einmitt fámennri þjóð býsna skætt. Ég tek eftir því, ef við lítum til reynslu nálægra landa, að ekkert þessara ríkja hafa brugðið á það ráð að breyta hlutafélagsbönkum í beina ríkisbanka á því formi sem hér tíðkast þótt þau hafi í sumum tilfellum neyðst til þess að gefa ríkisábyrgð eða seðlabankastuðning á hlutafélagabönkum. Nei, menn vilja halda sig við takmarkaða hlutafélagsábyrgð þótt að sjálfsögðu megi jafnan velta því fyrir sér hvernig slík félög eru rekin. Það er aftur annað mál. Ég held að við eigum líka að líta til okkar eigin reynslu í þessari sögu. Því miður eru einmitt dæmi um það í okkar reynslu að ríkisreknir bankar sigldu heldur langt í fjárráðstöfunum áður en í taumana var gripið. Það eru þessi dæmi sem við skyldum hafa hugföst. Að sjálfsögðu verðum við að eta úr eigin aski og ekki apa eftir öðrum.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit að hæstv. iðnrh. tekur undir með mér um það að bankar geta gengið langt í veitingum sínum á lánsfé hvort sem þeir eru ríkisreknir eða reknir í hlutafélagaformi eða í einhvers konar sparisjóðsformi. Við getum fundið dæmi um það á öllum tímum að formið er ekki bein trygging um hvort banki stendur sig vel eður ei. Aðalatriðið náttúrlega er spurningin um það, gagnvart hverjum bera stjórnendur bankanna ábyrgð? Bera þeir ábyrgð gagnvart einhverjum fámennum hóp eða bera þeir ábyrgð gagnvart þjóðinni? Þetta er spurning um efnahagslegt lýðræði í landinu. Ég treysti Alþingi mjög vel til þess að kjósa stjórn í banka og ég veit að sú stjórn stendur undir mikilli ábyrgð gagnvart þjóðinni allri og hverjum er hægt að treysta betur en Alþingi Íslendinga til þess að fara með þetta dýrmæta vald?

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjals:

Samkeppnislög, 9. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 655.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Verður nú leitað afbrigða um þrjár brtt. þar sem of skammt er liðið frá útbýtingu þeirra. Það er brtt. á þskj. 653 við frv. til samkeppnislaga frá Kristínu Ástgeirsdóttur o.fl., brtt. á þskj. 654 við brtt. á þskj. 394, Verðbréfaþing Íslands, frá efh.- og viðskn. og brtt. á þskj. 655 við frv. til samkeppnislaga, einnig frá efh.- og viðskn. Það er of skammt liðið frá útbýtingu og verður því leitað afbrigða um allar þessar brtt. megi koma á dagskrá síðar á fundinum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GJH, GHelg, GunnS, HjálmJ, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, LMR, PP, SigG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

28 þm. (ÁMM, EgJ, FI, FrS, GAK, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JóhS, JBH, KSG, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PS, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Samkeppnislög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 9. mál. — Þskj. 401, brtt. 395, 647, 653 og 655.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. á þskj. 653 sem flutt er af mér og hv. þm. Steingrími J. Sigfús-

syni og Jóni Helgasyni. Þessi brtt. gengur út á það að XI. kafli laganna, þ.e. greinarnar frá 41–48 falli brott og samhliða verði gerðar tvær aðrar breytingar sem tengjast þessum kafla þannig að tengingin við stofnanakafla frv. falli þar með út úr frv. Rökin fyrir þessum brtt. eru þau sem ég rakti reyndar hér fyrr í dag í umræðunni um þingsköp en þau eru fyrst og fremst þau að hér er um að ræða afar stóran og merkan lagabálk sem felur í sér miklar breytingar sem náðst hefur verulega breið samstaða um í efh.- og viðskn. eins og reyndar kom fram í atkvæðagreiðslu við 2. umr. um málið.

En það fylgir böggull skammrifi sem er XI. kafli laganna um framkvæmd samkeppnisreglna og fleira samkvæmt samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Sá kafli felur í sér nokkurt valdaafsal af hálfu Íslendinga til stofnana hins Evrópska efnahagssvæðis sem flm. þessarar tillögu og fleiri vildu ekki hafa í þessum lögum. Sú brtt. að fella þessar greinar niður felur það í sér að hér megi nást breið samstaða um þetta mál og að þingheimur geti staðið saman um það, en að kaflinn sem felur í sér þessa tengingu við Evrópska efnahagssvæðið verði hreinlega látinn bíða og verði þá síðar fluttur hér sem sérstakt frv. ef þörf verður á. Þar kem ég að fleiri rökum fyrir því að fella niður þennan kafla, en þau eru m.a. sú mikla óvissa sem er varðandi gildistöku samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, en á þessari stundu er með öllu óljóst hvort hann verður nokkurn tíma að veruleika. Samkvæmt nýjustu fréttum eru menn heldur þeirrar skoðunar að hann verði að veruleika hvort sem það verður nú 1. júlí eða í lok þessa árs. Ég hlýddi á hæstv. utanrrh. í síðustu viku þar sem hann ræddi m.a. þessi mál og þar ítrekaði hann í tvígang að allt væri í óvissu um framgang málsins. Það má ljóst vera að verði samningurinn að veruleika, þá hefur Alþingi svigrúm til þess að taka aftur upp þann kafla sem snýr að framkvæmd samningsins og þar með geta þessi lög orðið í samræmi við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði ef vilji er til þess á hinu háa Alþingi.

Þá er einnig að nefna það sem kom fram fyrr í dag að það vakna auðvitað ýmsar spurningar varðandi orðalag í XI. kafla laganna þar sem minnst er á EFTA-dómstólinn og eftirlitsstofnun EFTA, en það kom fram á fundi efh.- og viðskn. í morgun, að ráðuneytisstjóri viðskrn., Björn Friðfinnsson, taldi að í rauninni þyrfti ekki að breyta þessu orðalagi, það væri ekki gert ráð fyrir því að því væri breytt í samningnum en okkur höfðu borist aðrar fréttir úr utanrmn. þannig að það má ljóst vera að það þarf að koma skýrlega í ljós áður en gengið verður frá þessum lögum hvort þetta orðalag er fullnægjandi. Það hlýtur að vakna sú spurning hvort Alþingi geti gengið frá lögum ef við vitum að á þeim þarf aftur að gera orðalagsbreytingar vegna breytinga sem kunna að vera á samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Það er margt sem mælir með því að þessi kafli verði látinn bíða eða falli brott og ekki síst til þess að við, sem teljum þetta frv. vera mjög af hinu góða ef þessi kafli er undanskilinn, getum staðið að samþykki þessa máls. En verði það ekki gert, þá lýsi ég því hér yfir að ég treysti mér ekki til þess að styðja þetta frv. en mun sitja hjá.

Það þarf ekki að nefna það að þessi mikli lagabálkur felur í sér verulegar skipulagsbreytingar varðandi eftirlit með samkeppnismálum í landinu og þar er verið að taka á ýmsum mikilvægum þáttum sem ekki var áður fjallað um af nægilegri alvöru og nefni ég þar t.d. vörn fyrir börn gagnvart áhrifamætti auglýsinga sem hér er tekið á í þessu frv. og ótal, ótal margt mætti nefna sem mjög er til bóta í þessum lagabálki, enda hefur mikil vinna verið í hann lögð. Ég vil að endingu þakka *mínum samstarfsmönnum* í efh.- og viðskn. fyrir það samstarf og ekki síður ráðuneytisfólkinu sem þar kom að máli og á allt hrós skilið fyrir mikla samvinnulipurð og gott starf. Það mætti halda að ég væri orðinn formaður efh.- og viðskn. en það er nú langt í frá en mér finnst samt ástæða til þess að þakka fyrir gott samstarf og ég fagna því mjög ef þetta frv. verður að lögum en vildi helst sjá XI. kaflann brott fallinn.

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur fyrir ágætt samstarf í efh.- og viðskn. varðandi þetta mál eins og svo mörg önnur, en eins og hún segir, þá er þetta mikið framfaramál og ég vil enn fremur ítreka þakklæti mitt til annarra nefndarmanna í efh.- og viðskn. og allra þeirra sem hafa að málinu komið, þar á meðal starfsmönnum í viðskrn. og ráðherranum sjálfum fyrir einstaka lipurð í meðferð málsins.

En ég ætla að mæla hérna fyrir brtt. á þskj. 655 frá nefndinni en hún er þannig, með leyfi forseta:

„Aftan við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Samkeppnisráð skal á árunum 1993 og 1994 gera úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja er starfa á íslenskum markaði. Skal þetta gert í því skyni að kanna hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna alvarleg einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað geti samkeppni eða hindrað frjálsa þróun viðskipta og skapi þar með hættu á brotum á lögum þessum.

Samkeppnisráð skal skila niðurstöðum sínum til viðskiptaráðherra er síðan leggi þær fyrir Alþingi í skýrslu.“

Meiningin með þessu er að hið nýja samkeppnisráð hefji sín störf á því að kanna markaðinn og gera sérstaka könnun á því í hvaða umhverfi íslensk fyrirtæki starfa og hvaða aðstæður og atburðir geta helst orðið til þess að ráðið þurfi að grípa inn í mál sem *tengjast brotum á lögunum.* Um þetta er samstaða í nefndinni og ég legg þetta því fram.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er nú búið að segja svo margt fallegt um hið frábæra samstarf í efh.- og viðskn. að ég held að ég láti nú nægja að vísa til þess. Það hefur svo sem ekkert verið ofmælt en ég held að vísan sé nógu

oft kveðin. Engu að síður er það nú niðurstaðan að nokkurn veginn alger samstaða hefur tekist um afgreiðslu á þessu máli, efnisþáttum þess, fyrir utan þann eina kafla sem hér er flutt sérstök brtt. um af okkur þremur þingmönnum og lagt er til hér að falli niður, þ.e. margræddur XI. kafli frv. Ég kem að honum síðar en ætla fyrst að víkja að tveimur brtt. sem fluttar eru af efh.- og viðskn. á þskj. 647 og 655.

Í fyrra tilvikinu er á ferðinni tillaga sem lætur ekki mikið yfir sér, er lítils háttar breyting á upphafi 17. gr. en er samt að mínu mati mikilsverð og er þar á ferðinni lagfæring sem nefndin varð sammála um að gera að lokum en láðist eða misfórst að kæmi inn með brtt. við 2. umr. Að skilgreina nánar og með aðeins opnari hætti en áður hefur verið gert þær aðstæður sem fela samkeppnisráði vald til íhlutunar vegna samninga, aðstæðna eða skilmála eða athafna sem upp koma og geta haft skaðleg áhrif á samkeppni.

Eins og greinin leit út í frv., þá hefði mátt túlka hana þannig að hún fæli ekki í sér heimild til handa samkeppnisráði að grípa inn í aðstæður þegar um kyrrstöðu væri að ræða og ekki væri hægt að vísa til einhverra tiltekinna skilmála, athafna eða aðgerða sem átt hefðu sér stað. Á það var bent að slíkt þyrfti ekki alltaf að vera fyrir hendi heldur gætu ósköp einfaldlega þær aðstæður skapast eða verið fyrir hendi sem ráðið teldi eftir sem áður nauðsynlegt að grípa inn í og þá þyrfti það að vera ótvírætt að lögin fælu í sér slíka heimild. Með brtt. á þskj. 647 er þessu kippt í liðinn og ég fagna því og tel að það styrki í raun og veru stöðu samkeppnisráðs og V. kafla frv. sem felur í sér úrræði og heimild samkeppnisráðs til þess að grípa til ráðstafana þar sem samkeppnishömlur eða önnur skaðleg þróun er í gangi á markaðnum.

Síðan er það brtt. á þskj. 655 sem í lokin tókst samstaða um í nefndinni að flytja og vil ég þá ekki síður fagna því. Hún felur það í sér, eins og reyndar hefur þegar komið fram í máli formanns nefndarinnar sem mælti hér fyrir tillögunum, að við frv. bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem feli samkeppnisráði að gera á árunum 1993 og 1994 úttekt á eins og þar segir, með leyfi forseta: „stjórnunar- og eignartengslum milli fyrirtækja er starfa á íslenskum markaði." Og þetta skal gert í því skyni að kanna hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna alvarleg einkenni hringamyndunar óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað geti samkeppni eða hindrað frjálsa þróun viðskipta og skapi þar með hættu á brotum á lögum þessum. Síðan skal samkeppnisráð leggja þessa niðurstöðu sína fyrir viðskrh og viðskrh. síðan koma þeim á framfæri við Alþingi í formi skýrslu.

Ég flutti ásamt fleiri þingmönnum á þingi í fyrra frv. til laga um breytingu á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, þau sem enn eru í gildi um þessi málefni en verða nú ekki öllu lengur ef svo fer sem horfir. Í því frv. voru ákvæði sem í raun og veru var ætlað að þjóna svipuðum tilgangi og þessi brtt. nú, þ.e. grípa á þeim málum sem mikið hafa verið til umræðu en minna hefur verið að gert í okkar viðskiptalífi, þ.e. meint tilhneiging til samþjöppunar, valds og fjármuna, ákveðinna hringamyndunareinkenna, sem menn hafa þóst greina hér í okkar viðskiptalífi. Hér er þetta fært í má segja almennan búning, þann búning að fyrst skuli fara fram vönduð úttekt á þessum þáttum í okkar viðskiptalífi og hið nýja samkeppnisráð hafi það verkefni með höndum. Það má kallast mjög eðlileg byrjun eða eðlileg nálgun á þessu viðfangsefni og hér eru ekki nefnd til sögunnar nein fyrirtæki öðrum fremur eða eitt svið viðskipta öðru fremur heldur skal þetta vera almenn úttekt, taka til allra greina viðskiptalífsins, allra fyrirtækja sem starfa á íslenskum markaði. Um þetta form varð sem sagt samstaða í nefndinni og ég bind vonir við að þetta verði svikalaust unnið á næstu árum, þessu og hinu næsta. Mér finnst miklu máli skipta að þessa úttekt skuli gera á grundvelli beinna fyrirmæla löggjafarvalds þar um til samkeppnisráðs. Út af fyrir sig má segja eins og bent hefur verið á að þetta sé sjálfkrafa á verksviði samkeppnisráðs og eigi að vera sjálfsagður hluti af starfsemi þess að fylgjast með þessum þáttum. Það má segja að hæstv. ráðherra hefði getað hrint slíku af stað með bréfi eða nefndaskipunum o.s.frv. og allt er það rétt. En það hefur aðra stöðu að þetta sé gert á grundvelli formlegra fyrirmæla í lögum frá löggjafanum og að afraksturinn skuli koma á nýjan leik fyrir Alþingi í formi skýrslu.

Ég bind vonir við að þessari úttekt verði lokið á þessum tíma sem þarna er nefndur þannig að Alþingi geti síðla næsta árs haft niðurstöðurnar í höndum og skoðað þær og brugðist við í samræmi við þær ef ástæða þykir til. Ég sé þetta dálítið í því ljósi að menn verða að gera það upp við sig þegar þeir velja sér fyrirkomulag eða leikreglur í viðskiptalífinu hvaða lögmál menn ætla að láta ráða og það hlýtur að vera nokkuð annaðhvort eða í þessum efnum. Annaðhvort láta menn frjálsa samkeppni um það að verðleggja vörur og þjónustu á markaði og tryggja þá með tilteknum ráðstöfunum að sú samkeppni sé fyrir hendi eða menn gera það ekki og viðhafa þá önnur úrræði til þess að tryggja að viðskiptahættir séu þá eðlilegir og verðlagning sanngjörn. Ég held að það sé allra versta fyrirkomulagið að vera hálfvolgir og hafa einhverja samblöndu af hvoru tveggju sem engin skýr mörk ríkja um. Ef ekki er fyrir hendi sú virka samkeppni sem er nauðsynleg til þess að tryggja eðlilega verðlagningu og eðlilega viðskiptahætti, þá eiga menn að horfast í augu við það. Menn eiga ekki að blekkjast. Menn eiga ekki að láta telja sér trú um eða plata sjálfa sig með því að hér ríki samkeppni ef hún gerir það ekki í reynd. Ef í reynd er á ferðinni fákeppni eða einokun þar sem menn skipta upp markaði og ástunda í raun á bak við tjöldin óeðlilega viðskiptahætti en bak við framhlið sem á að kallast frjáls samkeppni, þá er það að mínu mati einhver versta útgáfan af viðskiptaháttum sem menn geta haft. Hættan er sú að menn sofi á verðinum. Það er auðvitað hægt að setja merkimiðann samkeppni á alla skapaða hluti, það er minnsta mál í heimi. En hún þarf að vera það í reynd til þess að hægt sé að binda vonir við að á grundvelli þeirra leikreglna verði viðskiptahættirnir eðlilegir og verðlagning sanngjörn.

Þess vegna held ég að í tengslum við þessi nýju samkeppnislög sem í raun og veru kveðja hinn gamla hugsunarhátt opinberrar íhlutunar um verðlagningu og eftirlit með viðskiptum á þeim grundvelli, þá sé algerlega nauðsynlegt að fara í svona ráðstafanir, fara í svona úttekt og horfast í augu við það hvar eru á ferðinni svið í okkar viðskiptum þar sem ætla má eða hætta er á því að samkeppni sé of takmörkuð, markaðsráðandi aðilar í raun og veru skipti upp á milli sín eða drottni yfir markaðnum og skammti sér þar afrakstur í skjóli slíkrar stöðu. Menn hljóta að þurfa að horfast í augu við það samtímis því að menn gefa t.d. endanlega frjáls ýmist þau svið viðskipta sem hafa lotið verðlagseftirliti eða beinlínis verðlagsákvörðunum áður hvort aðstæður í þeim viðskiptum séu þannig að menn séu þar tilbúnir til þess að taka við algerlega frjálsri verðlagningu. Þetta skiptir líka máli þegar rætt er um t.d. lýðræði í sambandi við stjórnun fyrirtækja, þegar rætt er um viðskiptasiðferði og því um líka hluti að greina og afla upplýsinga um, birta upplýsingar um þau einkenni hringamyndunar eða óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem kunna að vera fyrir hendi og oft er rætt um að sé fyrir hendi í okkar litla viðskiptalífi. Með því að samstaða hefur tekist um þessa breytingu má segja að nánast sé búið að ná saman um öll þau einstöku efnisatriði sem rædd hafa verið eða komið hafa fram á fundum nefndarinnar í formi erinda þangað, í formi brtt. eða sjónarmiða sem þar hafa verið uppi fyrir utan e.t.v. eitt sem enn stendur eftir og brtt. er flutt um af hv. þm. Inga Birni Albertssyni. Fyrir svo utan enn fremur XI. kaflann um hina evrópsku eftirlitsstofnun og dómstól sem á að fá hér ákveðið verkefni samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og tekið er inn í þessa löggjöf. Við leggjum til eins og fram hefur komið að sá kafli falli brott og færum fyrir því ýmis rök, fyrst og fremst auðvitað þau sem margoft hafa komið fram í umræðum um þetta mál að þarna er á ferðinni það valdaframsal til erlendra stofnana sem langsterkust rök hafa verið færð fram fyrir að brjóta í bág við heimildir eða ákvæði okkar stjórnarskrár um endanlegt vald íslenskra dómstóla o.s.frv. og skiptingu valdsins hér á einstökum sviðum.

Í öðru lagi liggur það fyrir eftir þær sviptingar sem orðið hafa í meðferð þessa máls og brotthvarf Sviss úr samningnum eftir að svissneska þjóðin fékk sjálf að ráða sínum málum í þessu sambandi og afþakkaði þennan félagsskap, þá standast ekki þau ákvæði sem vísa til þátttöku EFTA sem stofnunar eða EFTA-ríkjanna sem slíkra þar sem a.m.k. eitt þeirra eða jafnvel fleiri verða ekki aðilar að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði verði hann að veruleika því nú munu áhöld um það hvort Liechtenstein geti heldur orðið með sökum tengsla sinna við Sviss, a.m.k. í byrjun. Og þá hafa auðvitað vaknað spurningar um það fyrir utan hina viðurkenndu óvissu sem er um afdrif samningsins og mönnum er að verða æ betur ljós þessa dagana vegna þess að viðsemjendurnir, þjóðir eins og Spánverjar og fleiri, hafa nú ekki beinlínis verið að flýta sér að ljúka sínum þætti málsins. Ætli það standi ekki um það bil óbreytt frá því í desember að frv. til staðfestingar á samningnum var kallað aftur af spænsku ríkisstjórninni og allur undirbúningur að fullgildingu samningsins frá þeirra hlið var lagður til hliðar. Mér er ekki kunnugt um að þar hafi orðið nein breyting á síðan og svipað mun það standa hjá fleiri EB-ríkjum. Þessi óvissa liggur auðvitað fyrir sem og það sem nú hefur verið upplýst að nú sé það nýjasta uppi, sem glöggir menn þóttust reyndar þegar sjá eftir þá atkvæðagreiðslu að Svisslendingar felldu samninginn, að gera þyrfti í raun og veru meiri háttar breytingar, efnisbreytingar, á fjölmörgum greinum samningsins sjálfs um Evrópskt efnahagssvæði sem og samnings EFTA-ríkjanna innbyrðis um eftirlitsstofnun og dómstól. Þar með hlýtur að draga til þess að einnig verður að gera breytingar á orðanna hljóðan í fjölmörgum lögum eða frumvörpum sem hér hafa verið til umfjöllunar á Alþingi um sama efni, þar með talið þessum XI. kafla um samkeppnislög. Eða er það ætlan manna að það muni geta staðið áfram þar sem talað er t.d. um samning EFTA-ríkja um eftirlitsstofnun og dómstól eða Eftirlitsstofnun EFTA og dómstól EFTA? (**VE:** En þetta heitir sömu nöfnum.) En þetta eru ekki sömu fyrirbærin, hv. formaður, eins og þau voru hugsuð þegar þessi samningur var settur niður. (**VE:** En textinn er samt óbreyttur.) Það má mikið vera ef þetta getur staðið svona eftir það að EFTA sem stofnun er ekki lengur aðili að þessum samningi heldur nokkur EFTA-ríki og ekki einu sinni ljóst kannski hve mörg þau verða í byrjun sem endanlega verða þátttakendur í samningnum komist hann á, samanber það sem ég sagði áðan um Liechtenstein.

Í öllu falli er það okkar skoðun sem þessar tillögur flytjum að langeðlilegast sé við þessar aðstæður að kalla kaflann til baka, afgreiða þessa löggjöf sem staðið getur sjálfstætt á eigin forsendum og þjónað sínum markmiðum og tilgangi hér í hinum íslenska viðskiptaheimi, en leggja til hliðar þennan kafla sem deilur eru um og bíða með frekari vinnu að honum þangað til niðurstaðan verður ljós um afdrif hins Evrópska efnahagssvæðis. Ég fullyrði að það væri hægur leikur að ná um það samstöðu hvernig farið yrði með þá lagavinnu sem í framhaldinu þyrfti þá að vinna og væri að mörgu leyti eðlilegast að viðkomandi þingnefndir og meiri hlutinn í viðkomandi þingnefndum flytti þá sem sjálfstæð frumvörp þá efnisþætti sem þyrfti að taka inn í löggjöf ef samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið ætti að verða að veruleika. Þetta hefði þann stóra kost í för með sér, a.m.k. hvað þetta mál snertir, að þar með hyrfi út úr því það eina atriði sem eftir stendur og ágreiningur er um. Ég vil nú leyfa mér að ítreka þá ósk til hv. stjórnarliða og ekki síst hæstv. viðskrh.: Er ekki eitthvað á sig leggjandi að geta nú lokið þessu máli eftir þá miklu vinnu sem í það hefur verið lögð og þá ágætu samstöðu sem hefur tekist um alla efnisþætti þess fyrir utan þennan kafla, að varðveita hana nú með því að leggja þennan kafla til hliðar, afgreiða málið að öðru leyti þannig að allir geti nú greitt því atkvæði eins og ég vænti að muni verða ef þessi kafli yrði tekinn út? Ég sé ekki annað en sú staða

sé uppi að langlíklegast sé að það þurfi hvort sem er að taka ákvæði kaflans upp og breyta þeim með sjálfstæðu lagafrv., þá e.t.v. síðar á árinu þegar búið verður að gera breytingar á hinum fjölmörgu ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði og samningsins milli EFTA-ríkjanna um eftirlitsstofnanir og dómstól sem í farvatninu eru. Mér er tjáð samkvæmt upplýsingum úr utanrrn. að þar séu menn búnir að afskrifa þann möguleika, sem fyrst var uppi hafður af utanrrh., að þetta væri einföld tæknileg lagfæring og þyrfti ekkert að gera nema flytja einhvers konar bókun eða smávægilegan viðauka við samninginn sem kippti þessu öllu í liðinn þó að Sviss væri á brottu hlaupið.

Nú munu menn á þeirri skoðun að þetta gangi ekki heldur verði að fara inn í samninginn sjálfan og breyta í hverri einstakri grein hans orðunum þar sem þau koma fyrir, stroka út Sviss alls staðar þar sem það stendur og breyta nafngiftum á stofnunum o.s.frv. Þá leyfir maður sér að álykta að með svipuðum hætti yrði að fara í gegnum þennan pakka á nýjan leik af okkar hálfu Íslendinga ef þau ósköp ganga þá yfir okkur, ef við erum ekki undan þessari kvöð leystir með einhverjum öðrum hætti eins og gerst hefur nú jafnan hingað til þegar á hefur átt að herða, þá hafa einhverjar ytri og innri aðstæður orðið þess valdandi að málið hefur frestast. Ég mundi mjög gjarnan vilja sjá það að þetta gæti orðið að samkomulagi, en þetta á auðvitað ekki aðeins við um þennan kafla þó að hann sé hér á dagskrá heldur öll önnur mál sem tengjast Evrópska efnahagssvæðinu og eru hér í sambærilegri stöðu. Það verður auðvitað hundleiðinlegt, svo ekki sé meira sagt, að standa þá í því skaki í hvert sinn sem mál kemur hér á dagskrá að þrefa um það hvort það sé nú eðlilegt að vera að afgreiða þetta svona, setja svona lög út í loftið sem standast ekki og munu aldrei verða að veruleika frekar en samningurinn sjálfur sem var píndur hér í gegn og í hausi hans stendur að einn af þátttakendum samningsins sé Sviss sem búið var að fella það í þjóðaratkvæði að taka þátt í samningnum. Þetta hefur einn ágætur þingmaður kallað sóðaskap í lagasetningu og er alls ekki ofmælt. Það er auðvitað alls ekki skemmtilegt að þurfa að standa svona að hlutunum að vera að setja hér inn í íslenska lagasafnið, eða a.m.k. inn í íslensk lög þó að lagasafnið sem slíkt verði nú kannski ekki gefið út á þeim tíma, hvert ákvæðið af öðru sem er marklaust í reynd að þessu leyti. En ef ekki næst um það neitt samkomulag, þá standa menn auðvitað frammi fyrir því. Hv. stjórnarliðum hefur verið annað betur lagið í þessu máli fram að þessu heldur en taka skynsamlegum rökum, sönsum ef svo má að orði komast, og hafa rembst við eins og rjúpan við staurinn að troða þessum hlutum í gegn í algeru tilgangsleysi eins og jafnoft hefur komið á daginn. Hverju þjóna nú, eftir á að hyggja, bolabrögðin hér við afgreiðslu EES-samningsins fyrir eða um áramótin? Hverju þjónar nú þjösnaskapurinn í sambandi við samninga við Evrópubandalagið um samskipti á sviði sjávarútvegs sem ríkisstjórnin hefur síðan sjálf ákveðið að láta liggja og ekki fullgilt með skjalaskiptum, nákvæmlega eins og við lögðum til við hana að gera áður en samningurinn var píndur hér í gegnum Alþingi? Er nú ekki hægt einu sinni að ná saman um þessa hluti áður en menn gangast á með atkvæðum heldur en láta það síðan birtast eftir á að í reynd hefði það verið réttara að fara að okkar ráðum En sem sagt, ég hef ekki þann sannfæringarmátt sem dugar til þess að snúa mönnum á réttan veg í þessum efnum og verður þá að hafa það og við neyðumst þá til að ganga til atkvæða um þennan kafla. Þær aðstæður eru fyrir hendi í mínum flokki og hvað mig varðar að ég treysti mér ekki til að styðja þetta frv. ef þessi kafli verður þarna inni, því miður, þó að ég sé samþykkur öllum efnisákvæðum þess öðrum en kaflanum og neyðist þá, liggur mér við að segja, til þess að sitja hjá við endanlega afgreiðslu málsins því að að vandlega athuguðu máli teljum við það ekki fært að greiða þessum kafla atkvæði, bæði vegna þess að það sé beinlínis rangt að vera að setja hann sem lög nú við þessar aðstæður og ekki síður þá vegna hins að hann tengist þeim efasemdum sem menn hafa í ríkum mæli um að afgreiðsla þessa samnings um Evrópskt efnahagssvæði samræmist ákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil láta það koma fram að ég tel að XI. kafli þessa frv. geti staðið óbreyttur og það sé ekkert það að gerast varðandi samninga EB-ríkjanna og EFTA-ríkjanna um EES-samninginn sem valdi því að þessi kafli geti ekki staðið óbreyttur. Það er þannig tekið til orða í honum að ég held að það breyti engu þar tæknilegu breytingar sem verið er að gera á EES-samningnum. Það eina sem hugsanlega mætti fetta fingur út í er 1. mgr. 44. gr. þar sem er talað um EFTA-ríkin með ákveðnum greini en ég held að það sé ekki þess eðlis að það komi til með að valda nokkrum misskilningi fyrir utan það að þessi kafli laganna tekur ekki gildi nema EES-samningurinn taki gildi. Ég held að þarna sé ekki um þau vandamál að ræða sem hv. síðasti ræðumaður gat um.

Ég vil aðeins láta þá skoðun mína í ljós hér að ég tel að brtt. á þskj. 655 frá efh.- og viðskn. sé óþörf. Ég held að það hljóti að teljast falið í 1. gr. frv. og í öðrum greinum frv. að samkeppnisráði sé skylt að halda uppi slíkum athugunum varðandi viðskiptalífið og það sé óþarfi að setja sérstakt árabil inn í það mál eða þá sérstaka skýrslu og kunni að verða til þess að menn skýri t.d. 1. gr. þrengra en þeir mundu ella gera. Þess vegna tel ég að þessi brtt. sé með öllu óþörf.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það sem hv. þm. sagði um XI. kaflann, þá tek ég fullt mark á því að þetta sé skoðun hv. 3. þm. Reykv. að þetta geti staðið svona. En ég minni á að það var líka skoðun hæstv. utanrrh. að það þyrfti eingöngu að gera minni háttar tæknilegar lagfæringar á samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, skoðun sem hann er nú fallinn frá. Annað hefur komið á daginn. Það hefur æðioft orðið niðurstaðan í þessu máli. Ég bendi á að í þessum lagagreinum,

þó það sé ekki endilega orðanna hljóðan hér sem skiptir þar máli, er verið að vísa í samninga EFTA-ríkjanna, fylgisamninga með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði milli EFTA-ríkjanna sem Sviss var aðili að en er nú farið út úr, samanber það sem segir t.d. í 44. gr. og vísar þar í bókun 4 um samning milli EFTA-ríkjanna. Þar var Sviss í hópnum en er nú ekki lengur þar. Það eru slík atriði sem ég tel að hljóti að koma til greina þegar forsendurnar hafa breyst sem bak við lagagreinarnar standa.

Varðandi brtt. á þskj. 655, þá er ég algerlega ósammála hv. 3. þm. Reykv. um hana að hún sé óþörf. Hún hefur bein efnisákvæði í sér fólgin sem eru óháð lögunum sem eru um sérstaka vinnu, úttekt sem skilað verði til Alþingis í formi skýrslu og hefur þess vegna sjálfstætt gildi til viðbótar 1. gr., markmiðsgrein og öðrum ákvæðum þessara laga sem að sjálfsögðu fela samkeppnisráði ýmsar skyldur í þessum efnum sem ráðið mun sinna gegnum tíðina að breyttu breytanda og hefur á sinni könnu, en það breytir ekki hinu að hvenær sem er getur Alþingi ef því sýnist svo mælt fyrir um sérstaka úttekt eða vinnu í þessum efnum. Fyrirmæli koma hér frá löggjafanum í formi þessarar tillögu og ég treysti því að hún hafi hér öruggan meiri hluta á Alþingi, enda flutt sameiginlega af allri efh.- og viðskn. og ég vona að þessi ummæli hv. 3. þm. Reykv. eigi ekki að vísa á það hér að það verði einhver samblástur í gangi gagnvart þessari tillögu sem við í efh.- og viðskn. töldum að samstaða væri um.

Steingrímur Hermannsson:

Herra forseti. Mér sýnist að frv. til samkeppnislaga hafi tekið miklum breytingum til bóta og líklega er það réttmætt sem komið hefur fram hjá þingmönnum í hv. nefnd að hún hefur unnið hið ágætasta starf. Ég fyrir mitt leyti vildi gjarnan greiða þessu máli mitt atkvæði en XI. kaflinn veldur mér vandræðum af tveimur ástæðum. Mér sýnist að það sé rétt sem hv. þm. Björn Bjarnason sagði hér áðan að samkvæmt þeim drögum sem við höfum fengið í utanrmn. að breytingum sem gera verður á EES-samningnum að mati embættismanna, sé ekki þörf annarra breytinga á þessum kafla sem hann nefndi, EFTA-ríkjanna. Mér sýnist þetta vera rétt mat. Hitt er svo annað mál að þetta eru bara drög og var skýrt tekið fram að um það ætti enn þá eftir að fjalla. Við sjáum ekki lok þessa starfs enn þá. Það má vel vera, eins og kemur fram í drögunum, að menn kjósi að nefna þessar stofnanir eftir sem áður eftirlitsstofnun EFTA og dómstól EFTA. En væri ekki að öllu leyti skynsamlegra að bíða með að setja slík heiti í íslensk lög þar til ljóst er hver niðurstaða verður af þeim breytingum sem verið er að gera á EES-samningnum? Það er alla vega ljóst að breytingarnar eru langtum meiri en utanrrh. taldi þegar um þær var rætt við afgreiðslu EES-samningsins. T.d. er breytingin á samningnum sjálfum og helstu viðaukum upp á 22 greinar. Þar að auki eru breytingar á fjölmörgum öðrum viðaukum í sérstöku samkomulagi sem verið er að vinna að. Þó ég sé sammála því sem kom fram hjá hv. þm. þá held ég að út af fyrir sig væri eðlilegra að bíða með samþykkt þessa kafla þar til lokaniðurstaða liggur fyrir.

Það veldur mér ekki síður erfiðleikum að í þessum kafla eru þau ákvæði sem æðimargir telja brot á íslenskri stjórnarskrá, þ.e. framsal valds til erlendrar eftirlitsstofnunar og dómstóls sem alls ekki fær staðist 2. gr. stjórnarskrárinnar. Ég ætla ekki að rekja hér þau þungu rök að mínu mati sem að þessu liggja. Að vísu má líka segja að það er búið að samþykkja þetta sem ég vil kalla stjórnarskrárbrot með samþykkt EES-samningsins. Hins vegar treysti ég mér ekki til að greiða því atkvæði í þessu máli sem ég að öðru leyti vildi gjarnan styðja.

Ég mun því greiða þeirri tillögu atkvæði sem hér er komin fram að fella þennan kafla á brott. Mér þykir afar leitt að ekki skuli fallist á þá auðveldu lausn að flytja þetta mál í tvennu lagi. Nefndin hefði getað flutt málið að öllu leyti nema þennan kafla og það hefði runnið í gegn án nokkurrar andstöðu og hlotið, hygg ég, atkvæði allra þingmanna. Ég hef engan heyrt mæla gegn þessu frv. til samkeppnislaga sem slíku. Þá hefði mátt flytja hitt sem annað mál þegar þar að kemur eða breytingu við þetta frv. og ekki skapa þau vandræði sem nú eru í atkvæðagreiðslunni. Mér þykir leitt að ekki skuli nást samkomulag um það.

Ég get tekið undir það með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að vitanlega væri eðlilegast að bíða með allar þessar breytingar á lögum vegna EES-samningsins þar til við sjáum endalok þess máls. Ég er alls ekki að mæla gegn því að breytingarnar verði gerðar. Mér er fullkomlega ljóst að breytingarnar verður að gera og ætla ekki að verða til neinna trafala að því leyti og mun ekki tefja það mál. Vitanlega verðum við eftir að EES-samningurinn er orðinn að lögum og við aðilar að Evrópsku efnahagssvæði að gera það sem við höfum skuldbundið okkur til með samningnum og breyta þeim lögum sem við verðum að gera. En hitt fyndist mér öllu eðlilegri málsmeðferð og meira til friðs á þinginu en sú sem kemur fram t.d. í þessu frv. Eins og ég sagði áðan er þetta frv. sérstaklega viðkvæmt vegna stjórnarskrárákvæðisins.

Ef tillaga um að fella þetta brott verður felld, þá mun ég sitja hjá við afgreiðslu málsins þótt ég sé samþykkur ákvæðum frv. öðrum en XI. kaflanum.

Jón Helgason:

Herra forseti. Ég mætti í forföllum í efh.- og viðskn. í dag þar sem fjallað var aðeins um þetta frv. og lýsti ég þar yfir stuðningi mínum við þá tillögu, sem hér er komin fram á þskj. 653 og ég stend að ásamt þingmönnunum Kristínu Ástgeirsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni, um að XI. kafla frv. verði frestað. Hér hefur verið bent á rök fyrir því og ég skal ekki endurtaka þau í löngu máli en vitna fyrst til þess sem hefur komið fram að hæstv. utanrrh. sagði tvívegis á opnum fundi í síðustu viku að ekki væri hægt að fullyrða neitt enn um það hvernig samningi um Evrópska efnahagssvæðið reiddi af. Ég býst við að við séum flest þeirrar skoðunar að fyrr eða síðar muni sá samningur verða að veruleika í einhverju formi. En úr því að

hæstv. utanrrh. setur fram þessa efasemd og hefur gert það opinberlega finnst mér fáránlegt að samþykkja ákvæði þessa kafla nú á Alþingi. Ef frv. verður samþykkt svona mun forseti Íslands staðfesta það sem lög og þau birtast í Stjórnartíðindum með þessum kafla. Og segjum svo að efi utanrrh. rætist þannig að af samningnum verði ekki þá stendur þessi kafli og á að koma í íslenskt lagasafn, hvenær sem það verður gefið út, þó fyrirvari sé um gildistöku þangað til Alþingi er búið að gera lagahreinsun og koma þessu út úr lögum. Lögin verða ekki felld úr gildi með einhverju pennastriki. Alþingi hlýtur að verða að gera það.

Mér finnst að lagasetning á Alþingi sé svo alvarlegur hlutur að ekki eigi að setja lög með þeim hugsunarhætti að við breytum þeim bara seinna. Það gildir að sjálfsögðu sama um það sem m.a. hv. 3. þm. Reykv. benti hér á, þ.e. orðalagið „EFTA-ríkjanna", sem stendur í 44. gr. eins og frv. er orðið núna. Það tekur ótvírætt til þeirra allra. (**Gripið fram í:** Það stendur EFTA-ríkja.) Ríkjanna. (**Gripið fram í:** Ekki eins og frv. er orðið eftir 2. umr.) Ég vænti þess að hv. 3. þm. Reykv. hafi lesið þetta rétt. Ég vildi líka benda á hitt að merkingin í eftirlitsstofnun EFTA og dómstóli EFTA verður a.m.k. önnur en hún var þegar frv. var lagt fram. Þ.e. þessar stofnanir taka ekki til EFTA-ríkjanna allra eins og ekki var neinn vafi um að þessi orð þýddu þegar þau voru sett fram.

Ég varpaði fram þeirri spurningu í efh.- og viðskn. í dag hvaða ástæða væri fyrir því að knýja fram samþykkt á þessum kafla í þessari óvissu um það hvernig samningurinn mun endanlega líta út. T.d. hefur hæstv. utanrrh. sagt að ítalska þingið var lengi vel ekki búið að fullgilda nærri öll ákvæði Rómarsáttmálans og samt virtist hann vera í gildi. Af hverju þurfum við á Alþingi Íslendinga að flýta okkur til að setja lög sem hugsanlega þarf að setja vegna samnings sem hæstv. utanrrh. hefur ekki enn þá sett stafina sína undir? Af hverju þurfum við að samþykkja þau áður en slíkur samningur liggur fyrir? Mér finnast slík vinnubrögð ekki sæmandi Alþingi. Eins og ég sagði tel ég að samþykkt laga sé það alvarleg athöfn að þar eigi ekkert að setja nema að vel yfirveguðu ráði og það sem menn eru vissir um að þeir geti staðið á en ekki eitthvað sem svífur í jafnlausu lofti.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég mun ekki halda langa ræðu um samkeppnislögin sem slík. Það hefur komið fram að um vinnslu málsins hefur ríkt mikil samstaða og samhugur í efh.- og viðskn. Við höfum fjallað um málið á fjölda funda, kallað til hagsmunaaðila og unnið frv. samviskusamlega að mínu mati og gert á því veigamiklar breytingar. Ef við förum út í höfundarrétt er spurning í mínum huga um hvers frv. er eins og það er núna. Að forminu til er það efh.- og viðskn. sem ber það inn í þingið aftur. Að mínu mati er það mikill prófsteinn á raunverulegan vilja manna til að taka upp nýja og breytta starfshætti á Alþingi hvernig menn brugðust við þeirri að mínu mati réttmætu kröfu að í afgreiðslu málsins yrði skilið á milli samkeppnislaganna fyrir hinn íslenska markað, sem er alger samstaða um, og væntanlega umdeildasta kafla fylgifrv. EES sem er XI. kaflinn í frv.

Það er góðra gjalda vert að ráðherrar komi hér upp og þakki nefndum fyrir vel unnin störf en séu síðan ekki tilbúnir á lokastigi til að koma til móts við aðila málsins og vinna á þeim grunni að hér sé hið sjálfstæða Alþingi að vinna og ekki unnið eftir beinum fyrirmælum og fyrirskipunum ráðherra eða ráðuneyta. Þetta er að mínu mati kjarni málsins og grundvallaratriði ef menn meina eitthvað með því að það eigi að breyta starfsháttum Alþingis. Ég hef reyndar margsinnis tekið undir það sjónarmið í ræðum á Alþingi í vetur en að mínu mati verður það ekki gert á þann hátt að sjálfstæði Alþingis verði skert heldur þannig að Alþingi og framkvæmdarvaldið verða að umgangast hvort annað með fullri virðingu. Að annar aðilinn geti ekki alltaf skákað í því skjóli að hann hafi meiri hluta hér og geti rúllað yfir, eins og í þessu tilfelli, þá aðila sem eru búnir að leggja fram alla sína starfskrafta og unnið í sameiningu að því að fá sem farsælasta lausn á málinu.

Það er svo annað mál, eins og ég sagði í þingskapaumræðu í dag, að að mínu mati væri hin rétta málsmeðferð varðandi EES-málin sem eru óafgreidd að forsætisnefnd og formenn þingflokka reyndu að ná samkomulagi um málsmeðferð því ég tek undir það með formanni míns flokks að þegar Alþingi er búið að staðfesta samninginn um EES ber því skylda til að framfylgja því sem fylgir með. En það er ekki sama hvernig að því er farið og að mínu mati væri það mikill prófsteinn á hvort menn vilja taka upp nýja starfshætti á Alþingi að menn gætu komist að samkomulagi um þá málsmeðferð. Hins vegar er ljóst að hæstv. ríkisstjórn ætlar að keyra þetta mál í gegn í því formi sem það er núna. Við því er ekkert að gera. Þeir hafa heiðurinn af því sem að því standa.

Ég ítreka við hæstv. forseta og hæstv. ríkisstjórn hvort ekki sé miklu meiri sómi að því bæði fyrir Alþingi og ríkisstjórn að menn ræði í einlægni hver sé hinn eðlilegi framgangsmáti varðandi EES-málin sem eftir eru. Ég tel hina einu réttu leið vera þá að við höldum áfram að mæla fyrir þeim frv. sem eftir eru, koma þeim til nefndar og vinna að þeim þar. Ég get alla vega sagt fyrir mína parta að ég hef ekki trú á að þar verði nein fyrirstaða gegn því að hin málefnalega vinna fari fram og síðan verði samkomulag um afgreiðslu málanna þegar ljóst verður hvað úr EES verður.

Mér finnst hins vegar að það sem hér er verið að gera sé fyrst og fremst einhver misskilinn metnaður og þrákelkni sem kannski bitnar ekki síst á þeim í hópi stjórnarandstæðinga sem vilja gjarnan vinna að því að samningarnir við Evrópu fái farsælan endi sem verði okkur til sem mestra heilla. Ég tek undir með þeim sem það hafa rætt að EES, þ.e. Evrópusamvinna og þá með litlum stöfum eins og hæstv. viðskrh. ræddi um áðan, er veruleiki sem við stöndum frammi fyrir og tökum þátt í í dag með okkar miklu viðskiptum við Evrópu.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en ítreka það sjónarmið mitt að ég tel að bæði Alþingi og ríkisstjórn væri sómi að því að komast að samkomulagi um það hvernig menn ætla að afgreiða fylgimál samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög, 1. umr.

Frv. KHG og EKJ, 332. mál (hlutabréf, stjórnarkosning, ársreikningur o.fl.). — Þskj. 604.

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að nota örfáar mínútur til að mæla fyrir frv. sem ég flyt ásamt hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 32/1978. Þau lög voru vissulega á sínum tíma mjög merkileg lagasmíð og hafa staðist tímans tönn nokkuð vel. Sérstaklega þegar tillit er tekið til hversu mikil þróun hefur verið á því sviði sem lögin taka til. Engu að síður hafa verulegar breytingar orðið hafa á viðskiptalífinu frá þeim tíma og nauðsynlegt að mati okkar flm. að leggja til breytingar á þeim lögum.

Frv. fjallar í raun og veru allt um einn ákveðinn þátt, þ.e. breytingar sem lúta að því að hlutafélög verði í ríkari mæli almenningshlutafélög en verið hefur. Markmið frv. er að auka trú almennings á hlutafélögum sem fjárfestingarkosti. Það má spyrja sig: Er það markmið sem er eftirsóknarvert? Við svörum því að við teljum svo vera af eftirgreindum ástæðum:

Í fyrsta lagi stuðlar það að auknum áhrifum og aðhaldi almennings á rekstri fyrirtækja.

Í öðru lagi. Með því að hlutafélög sæki meira fé með sölu á hlutabréfum en verið hefur er verið að draga lánsfjárþörf þeirra og þar með að stuðla að lækkun vaxta.

Í þriðja lagi, sem leiðir af öðru atriðinu, er verið að efla hlutabréfin sem fjárfestingarvalkost sem í sjálfu sér veitir bönkunum aðhald í samkeppninni um sparifé.

Í fjórða lagi er með því að hlutabréf eru gerð að valkosti sem fólk hefur trú á verið að veita einkaneyslunni aðhald en að mínu viti er mjög mikilsvert atriði að binda löggjöf þannig að hún stuðli sérstaklega nú um mundir eins og staðan er í íslensku atvinnulífi að því að fólk flytji fé frá einkaneyslu yfir í atvinnulífið.

Þá vil ég draga fram sem rökstuðning fyrir þessu markmiði að með því að styrkja hlutafélög eigum við þar frekari kosti en áður að treysta fyrirtæki á landsbyggðinni og treysta þar með byggðina.

Um hlutafélög má segja að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef munu um 8 þús. hlutafélög skráð um þessar mundir og þar af um 4–5 þús. sem eru virk eða í rekstri. Af þessum fjölda, 4–5 þús., eru hins vegar ekki nema um 300 hlutafélög sem eru með hömlulaus viðskipti á sínum hlutabréfum. Það er því ljóst að valkosturinn almenningshlutafélag er ekki mjög stór í hlutafélagaflórunni.

Í upplýsingum sem ég hef um fjármagnsmarkaðinn eins og hann leit út við árslok 1991 kemur fram að hlutabréf eru einungis um 13,5% af fjármálamarkaðnum samanborið t.d. við spariskírteini og ríkisvíxla sem eru 18,3%. Sparifé landsmanna virðist að mestu leyti ávaxtað í bönkum og sparisjóðum en það er um 48,6% af fjármálamarkaðnum. Ég tel nauðsynlegt að reyna með löggjöf að stuðla að því að hlutur hlutabréfa á fjármálamarkaði aukist frá því sem nú er og að sú aukning komi fram í almenningshlutabréfum.

Leiðin til að ná þeim markmiðum sem ég gat um í upphafi kemur fram í greinum frv. en þar eru lögð til eftirfarandi atriði:

Í fyrsta lagi er lagt til að gerðar verði frekari kröfur en nú eru um hömlulaus viðskipti með hlutabréf.

Í öðru lagi að stjórn hlutafélags verði öll kosin á sama hluthafafundi og víxlkosning afnumin.

Í þriðja lagi að það verði víðtækari skylda en nú er að hlutafélag hafi löggiltan endurskoðanda.

Í fjórða lagi að stjórn hlutafélags verði gert skylt að senda þeim hluthöfum er þess óska ársreikning og ársskýrslu stjórnar inna sex mánaða frá lokun reikningsárs.

Í fimmta lagi að almenningi verði heimill aðgangur hjá hlutafélagaskrá að ársreikningum þeirra hlutafélaga sem leggja engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum.

Það er skoðun flm. að með þeim efnisatriðum sem er að finna í frv. náist fram það markmið sem stefnt er að — að auka trú almennings á hlutafélögum sem fjárfestingarkosti.

Um 1. gr. frv. vil ég segja að þar er gert ráð fyrir að breyta 18. gr. núv. laga um hlutafélög þannig að í stað þess sem segir í lagagreininni að hömlur megi ekki leggja á viðskipti með almenn hlutabréf milli íslenskra aðila að hlutafélögum þar sem hluthafar eru 200 eða fleiri verði miðað við hluthafafjöldann 25 eða fleiri. Það er meginhugsunin í hlutafjárlögunum að viðskipti með hlutabréf séu frjáls. Hins vegar eru mörkin í þessari grein gildandi laga svo há að þetta snýst við og hömlur verða meginreglan. Það er nauðsynlegt að færa þennan hluthafafjölda niður til þess að ná fram því markmiði sem menn ætluðu sér með lögunum á sínum tíma, að meginreglan verði sú að viðskipti með hlutabréf séu frjáls. Talan 25 er valin með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 9/1984, þar sem er að finna ákvæði sem veitir mönnum skattaívilnun við það að fjárfesta í atvinnurekstri og þar með er reynt að tengja þessi tvenn lög saman einmitt í þeim tilgangi að ýta enn frekar undir það að almenningur leggi fram fé í hlutabréf.

Í 2. gr. eru breytingar tvíþættar. Annars vegar er gert skylt að kjósa alla stjórn hlutafélags á sama hluthafafundinum og leggja þannig niður svokallaða víxlkosningu. Það hefur tíðkast a.m.k. sums staðar að kjósa stjórnina í tvennu lagi þannig að á einum fundinum er hluti hennar kosinn og á næsta fundi afgangurinn. Það

gefur þeim sem hafa ákveðinn atkvæðastyrk tvisvar sinnum tækifæri til að beita honum á kostnað þeirra sem hafa minni atkvæðastyrk. Með þessu er leitast við að styrkja réttindi þeirra sem eru minni hluti í hlutafélögum.

Seinni breytingin í 2. gr. fjallar um að rýmka þau mörk sem nú eru í lögum til að krefjast margfeldiskosningar eða hlutfallskosningar. Þar er lagt til að lækka þann þröskuld sem er í lögum til að menn megi beita hlutfallskosningu og þannig treysta og tryggja rétt sinn samkvæmt hlutfalli atkvæða.

3. gr. fjallar um að skylda í fleiri tilvikum en nú er fyrirtæki til að hafa löggiltan endurskoðanda. Hugsunin er sú að treysta áreiðanleika upplýsinganna.

Í 4. gr. er nýrri málsgrein bætt við 93. gr. laganna sem er á þann veg að gera stjórn hlutafélags skylt að senda hluthöfum ársreikninga og ársskýrslur ef þeir óska þess sjálfir. Þarna er verið að lögfesta ákvæði sem á að tryggja aðgang hluthafa að upplýsingum.

Í 5. gr. er lögð til sú breyting á núgildandi lögum að skylt verði að veita almenningi aðgang hjá hlutafélagaskrá að ársreikningum hlutafélaga sem ekki leggja hömlur á meðferð hlutabréfa. Samkvæmt núgildandi lögum er það einungis heimilt en ekki skylt. Þarna er verið að undirstrika mikilvægi þess að upplýsingar liggi fyrir.

Í 6. gr. er lagt til að lög þessi öðlist gildi um næstu áramót, 1. jan. 1994. Verði þetta frv. að lögum þurfa hlutafélög af augljósum ástæðum ákveðinn tíma til að breyta sínum samþykktum til samræmis við ákvæði þess.

Ég vil svo, virðulegur forseti, ekki orðlengja frekar um þetta frv. sem tekur á einum þættinum í nauðsynlegum breytingum sem verða að eiga sér stað og eru að eiga sér stað, m.a. með löggjöf sem unnið hefur verið að á þinginu í vetur um samkeppnislög og Verðbréfaþing Íslands, til að stuðla að því að fjárfesting í atvinnulífinu verði valkostur til jafns við sparnað í bönkum því að íslensku atvinnulífi er mjög nauðsynlegt að fá fjármagn til að bæta sína eiginfjárstöðu sem er ekki góð, a.m.k. að miklu leyti, eins og landsmönnum er kunnugt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfaþing Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 13. mál. — Þskj. 13, nál. 393, brtt. 394 og 654.

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. frá efh.- og viðskn. við brtt. sem er á þskj. 394. Nefndin gerir það að tillögu sinni að 4. tölul. þeirrar brtt. verði svohljóðandi, með leyfi forseta.

8. gr. frv. orðist svo:

„Þingaðilar eru þeir nefndir sem hafa rétt til þess að setja fram tilboð og eiga viðskipti með verðbréf á Verðbréfaþinginu. Þingaðilar geta orðið:

1. Seðlabanki Íslands,

2. Verðbréfafyrirtæki, viðskiptabankar, sparisjóðir og aðrar lánastofnanir svo og aðrir lögaðilar sem heimild hafa til að stunda verðbréfaviðskipti lögum samkvæmt.

3. Erlendir lögaðilar sem hafa heimild til að stunda verðbréfaviðskipti hér á landi.

Þingaðilar einir hafa rétt til að setja fram tilboð og eiga viðskipti með verðbréf á Verðbréfaþinginu."

Í frv. eins og það var upphaflega lagt fram var gengið út frá því að verðbréfamiðlarar ættu rétt á að gerast þingaðilar. Í brtt. á þskj. 394 hafði efh.- og viðskn. gengið þannig frá málinu að verðbréfamiðlarar gætu ekki orðið aðilar að þinginu heldur einungis verðbréfafyrirtæki. Það komu fram athugasemdir við þetta frá Seðlabanka Íslands sem benti nefndinni á að æskilegt væri að viðskiptabankar, sparisjóðir og aðrar lánastofnanir og reyndar verðbréfamiðlarar ættu að hafa aðild að þinginu.

Niðurstaða efh.- og viðskn. er sú að leggja það til að verðbréfamiðlarar hafi almennt ekki aðild að þinginu eins og nefndin hafði upphaflega gert ráð fyrir en vill samt leggja til að viðskiptabankar, sparisjóðir og aðrar lánastofnanir svo og aðrir lögaðilar, sem hafa heimild til að stunda verðbréfaviðskipti lögum samkvæmt, geti orðið aðilar. Þar á meðal er aðili eins og Lánasýsla ríkisins sem fellur undir aðra lögaðila sem hafa heimild til að stunda verðbréfaviðskipti og þess vegna er gert ráð fyrir að hún geti orðið aðili að þinginu.

Umræðu frestað.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Stjfrv., 255. mál (EES-reglur o.fl.). — Þskj. 332.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Þegar þessi umræða var rofin fyrir stundarkorni hafði hæstv. iðnrh. lokið máli sínu. Ég þakka honum þau svör sem hann gaf. Það er út af fyrir sig þakkarvert á þessum síðustu og verstu tímum þegar ráðherrar leitast við að svara málefnalega gagnrýni eða ræðum þingmanna, grípa ekki til útúrsnúninga eða leiða hjá sér að svara þeim spurningum sem til þeirra er beint.

Nú er ég ekki að segja að ég sé sammála öllu því sem hæstv. viðskrh. sagði en að vanda setti hann skoðun sína skilmerkilega og skipulega fram. Ég hef út af fyrir sig ekkert við það að athuga. Hann hefur rétt á að hafa sínar skoðanir, frjálshyggjuskoðanir og markaðshyggju. Þó ég sé ekki sammála honum um allt sem hann sagði þá er ég þakklátur fyrir að hann skuli hafa flutt þá ræðu sem hann flutti því það er nokkur nýlunda af ráðherrum í ríkisstjórn Íslands, því miður.

Hann minntist á opinbera eign á orkufyrirtækjun-

um og taldi að ekkert bannaði það að þau héldu áfram að vera í ríkiseign. Það er að vísu ekkert sem bannar það í þessu frv. Það er mér alveg ljóst. Það sem veldur ótta mínum er einkavæðingarkjaftæði sjálfstæðismanna, sem reyndar alþýðuflokksmenn hafa sumir tekið undir í vissum tilfellum. Þar á meðal þessi hæstv. ráðherra. Í framhaldi af þeim orðum sem hann lét falla hér áðan skora ég á hann að beita afli sínu og berja niður þessar einkavæðingarhugmyndir sem Sjálfstfl. hefur haft uppi um orkufyrirtæki.

Hann taldi að hægt væri að setja lög um jarðhita og vatnsréttindi þannig að þau væru þjóðnýtt. Það er að vísu rétt að kannski er það eina leiðin til að halda þessum eignum í eigu Íslendinga. En það er náttúrlega eignaupptaka frá þeim sem landið eiga, einstaklingum eða sveitarfélögum. Það er ekki eðlilegt eignarnám því ekki er fyrirhugað að láta gjald koma fyrir. Það er sá fórnarkostnaður sem EES-samningurinn leiðir yfir landeigendur.

Ég tel mjög vandséð það fyrirkomuleg sem tryggi yfirráð Íslendinga á orkufyrirtæki sem stofnað væri til virkjana og til sölu raforku um sæstreng. Raunverulega held ég að það sé eina úrræði Íslendinga, ef við á annað borð hverfum að þessu ráði, að selja aðgang að auðlindinni, að úr henni megi virkja afl. Það er mér ekki geðfelld hugmynd en það getur vel verið að það sé eina leiðin til að koma þessari orku í verð.

Ég vil gjarnan láta það koma fram að ég tel að til þess að réttlætanlegt sé að selja orkuna úr landi þurfi að fást talsvert meira verð fyrir hana en ef hún væri notuð til iðnaðarframleiðslu innan lands því að þjóðarbúið hefur af því margvíslegan hag ef orkan er nýtt til framleiðslu hér. Orkuverin mala gull þar sem orkan er notuð en ekki þar sem þau eru staðsett.

Varðandi umræður um að breyta bönkunum í hlutafélag, þá vinnst það að vísu að ráðherra hefur væntanlega á hverjum tíma vald til þess að skipa stjórnir bankanna einn en þarf ekki að vera að burðast með þingkjörna stjórn fyrir bönkunum, þ.e. ef hlutabréfin eru öll í eigu ríkisins. Ég átti þess kost í vetur fyrir jólin, minnir mig, að sækja fund sem BSRB gekkst fyrir á Hótel Sögu. Þar ræddi erlendur fyrirlesari um einkavæðingu. Hann skipti einkavæðingu í það sem hann kallaði heiðarlega einkavæðingu og óheiðarlega einkavæðingu. Undir heiðarlegu einkavæðinguna flokkaði hann t.d. einkavæðingu Reagans og Thatcher þar sem þau opinberlega voru að einkavæða og engum blandaðist hugur um að þau vildu ríkisfyrirtæki úr ríkiseign og í hendur einstaklinga. Það sem hann kallaði óheiðarlega einkavæðingu var þegar formi ríkisfyrirtækja væri breytt undir því yfirskini að það væri skilvirkari rekstur ef því væri stjórnað með hlutafélagsformi en auðvitað væri hugmyndin sú að koma fyrirtækjunum í hendur einkaaðila þó að þetta millistig væri tekið. Með því væri verið að koma aftan að fólki.

Hann gat þess reyndar líka að það vitlausasta sem hægt væri að gera þegar menn væru að reyna að rétta af ríkishalla væri að rjúka til og selja ríkisfyrirtæki sem stæðu undir sér vegna þess að halli á ríkisrekstri læknaðist ekkert með því. Halli á ríkisrekstri lækkaði fyrst og fremst með því að draga saman kostnað eða með því að afla tekna. Þó að ríkisfyrirtæki væri selt og andvirðið gengi inn í ríkishítina stæði ríkið ekkert betur. Andvirðið væri fljótétið upp og þarfirnar minnkuðu ekki.

Hæstv. viðskrh. nefndi það nokkuð í fögnuði sínum við að bjóða erlenda aðila til samstarfs á Íslandi að þekking og kunnátta fengist af hinni erlendu þátttöku. Það er ekki einhlítt. Ég nefni sem dæmi að ég held að þekking og kunnátta útlendinga sem ruddust hér inn í laxeldi með brauki og bramli fyrir nokkrum árum hafi komið fyrir lítið. Norðmenn fóru hyggilega að og settu stærðarmörk á laxeldisfyrirtækin þannig að menn gátu ekki byggt eins stórt og þeim sýndist. Það var gert til þess að minnka áhættuna í hverju tilfelli. Þá komu sumir þessara manna hingað til lands og æstu upp Íslendinga til félags við sig. Reynsla þeirra, þekking eða kunnátta kom nú fyrir lítið því allt fór þetta lóðbeint á hausinn þegar þeir fengu að byggja og fjárfesta í því hömluleysi sem hér var.

Menn hafa rætt nokkuð um markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar og ég vil láta það koma fram, af því að ég er dálítið kunnugur þeirri starfsemi sem þar fór fram, að þar er ekki einungis verið að athuga álver og reyndar er starf markaðsskrifstofunnar að mjög litlu leyti helgað því verkefni nú um stundir. Þar er verið að kanna alls konar önnur fyrirtæki. En það er skemmst af því að segja að því miður ber sú leit býsna lítinn raunhæfan árangur enn þá en starfið er ekki eingöngu bundið við álvinnslu. Álvinnsla hefur hins vegar verið kannski álitlegasti kosturinn sem menn hafa verið að skoða en það er engin hreyfing á þeim málum eins og stendur.

Hæstv. ráðherra talaði um náin tengsl við Evrópubandalagið og við værum hræddir við þau. Ég get játað að ég tel að við megum passa okkur á of nánum tengslum við Evrópubandalagið, bæði sem meðlimir í Evrópsku efnahagssvæði eða þegar á dagskrá koma þær hugmyndir sem nú þegar er búið að hreyfa, m.a. af Verslunarráðinu, um inngöngu Íslands í Evrópubandalagið. Þá lokumst við innan tollmúra Evrópubandalagsins. Við þurfum að taka upp þeirra tæknilegu viðskiptahindranir. Evrópubandalagið er kannski í eðli sínu fyrst og fremst bandalag fyrirtækja sem eru að verjast samkeppni utan frá og með því að tengjast því samfélagi erum við að torvelda okkur viðskipti annars staðar í heiminum og gildir einu góður vilji ríkisstjórnarinnar. Það er bara eðli málsins samkvæmt að tengsl við Evrópubandalagið hafa þetta í för með sér.

Hæstv. iðnrh. vitnaði í nafna sinn, Jón Sigurðsson, um gildi frjálsrar verlsunar og ég er alveg sammála því. En við getum horft upp á það sem afleiðingu af þessari frjálsu verslun að hér verði aftur selstöðuverslun erlendra verslunarkeðja með svipuðum hætti að breyttu breytanda og var fyrir 150 árum.

Að endingu þetta, herra forseti. Mér er spurn: Hvers vegna er verið að setja þessi lög? Hvers vegna er verið að hafa þau svona? Hvers vegna er verið að stefna forræði Íslendinga yfir auðlindum sínum og landi í hættu með því að opna þetta enn frekar? Svarið er auð-

vitað það að ef við gerumst aðilar að Evrópsku efnahagssvæði, eins og meiri hluti Alþingis hefur lagt til og forseti Íslands undirskrifað, þá erum við ekki lengur sjálfum okkur ráðandi og höfum engin eða sáralítil áhrif á það hvernig lagasetningu er háttað á Íslandi og verðum að taka mið af Rómarsáttmálanum.

Steingrímur Hermannsson:

Herra forseti. Ég vil sömuleiðis þakka hæstv. viðskrh. fyrir svör hans. Ég held að hann hafi leitast við að svara þeim eftir föngum. Ég þakka hæstv. viðskrh. alveg sérstaklega fyrir að leiðrétta þann misskilning hjá mér að frv. gerði ráð fyrir að hleypa mönnum nokkuð óheft í frumvinnslu sjávarafurða. Ástæðan fyrir því að ég lagði þann skilning í þessar breytingar er einfaldlega sú að í athugasemdum með frv. segir að það sé flutt til að laga þessi lög að samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Með leyfi forseta stendur hér:

„Frumvarp þetta er flutt til að laga reglur um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi að ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði."

En um rétt ríkisborgara annarra ríkja til þess að fjárfesta hér í fyrirtækjum sem eiga aftur í sjávarútvegi segir í fskj. IV í g-lið 1. tölul. XII. viðauka við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir 40. gr. samningsins og ákvæði þessa viðauka er Íslandi heimilt að beita áfram þeim höftum sem eru í gildi við undirritun samningsins um eignarrétt erlendra aðila og/eða eignarrétt aðila sem ekki eru búsettir á Íslandi á sviði fiskveiða og fiskvinnslu." En síðan segir: „Þessi höft skulu ekki koma í veg fyrir fjárfestingar erlendra aðila eða ríkisborgara sem eru ekki með lögheimili á Íslandi í félögum sem taka aðeins á óbeinan hátt þátt í fiskveiðum eða fiskvinnslu. Þó hafa innlend yfirvöld rétt til að skuldbinda fyrirtæki sem hafa að hluta eða öllu leyti verið keypt af erlendum aðilum eða ríkisborgurum sem ekki eru með lögheimili á Íslandi til að losa sig við fjárfestingar í starfsemi á sviði fiskvinnslu eða í fiskiskipum."

Hér er „haltu-mér-slepptu-mér"-ákvæði sem vakið hefur a.m.k. furðu mína. Í fyrstu setningu er beinlínis sagt að ekki megi koma í veg fyrir svona fjárfestingu en síðan er ráðherra veitt heimild til að skylda slíkt fyrirtæki að losa sig við fjárfestingu í fiskvinnslu. Það er að vissu leyti mjög athyglisvert að hæstv. viðskrh. hefur fundið leið til þess að fara fram hjá þessu, textinn hér er ekki í samræmi við þennan viðauka, og ég vil óska honum til hamingju með það. Ég vona sannarlega að við getum gert þetta á miklu fleiri sviðum. Fróðlegt væri að vita hjá hæstv. ráðherra hvernig hann fær þetta skýrt gagnvart hinum háu herrum í Brussel.

Að öðru leyti í sambandi við svör ráðherrans er mér ekki enn ljóst hvernig hann hyggst komast fram hjá eignaraðild erlendra aðila í orkulindum. Hann sagði að vísu að hann væri að undirbúa frv. um eignarrétt Íslendinga á orkulindum en, með leyfi forseta, segir í 3. lið 2. gr. frv.:

„Íslenska ríkið, sveitarfélög, íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis mega einir eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita önnur en til heimilisnota. Sama á við um fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu." En síðan segir:

„Frá og með 1. janúar 1996 skulu ríkisborgarar aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins og lögaðilar með heimili á svæðinu hafa sama rétt til fjárfestingar á þessu sviði og íslenskir ríkisborgarar og lögaðilar."

Mér sýnist satt að segja að hér sé verið að opna frá 1996. Að vísu er gefinn nokkur frestur, sem er ekki í sambandi við flugið t.d. en ætlun er að veita ríkisborgurum hins Evrópska efnahagssvæðis öll sömu réttindi. Ég spurði áðan að því hvernig menn hygðust koma í veg fyrir að þessir ríkisborgarar fengju á grundvelli þessa jafnréttis ríkisborgaranna sömu heimildir og íslenskir til að kaupa hlutabréf í þeim hlutafélögum sem ætlunin er að stofna á sviði orkugeirans.

Nú vil ég taka það skýrt fram að ég geri mikinn greinarmun á því að breyta rekstrarformi í hlutafélag ef ríkið á öll hlutabréfin og þau eru bundin í ríkisins höndum og á hinu að selja hlutabréfin til einkaaðila. Einkavæðingin er ekki orðin nema hlutabréfin séu boðin til einkaaðila. Breytingin í hlutafélag út af fyrir sig er engin einkavæðing að sjálfsögðu og ég vona að við séum sammála um það.

Ég spurði sömuleiðis hvort ekki væri ætlunin samkvæmt hinni hvítu bók ríkisstjórnarinnar að breyta orkufyrirtækjunum í hlutafélag. Nú upplýsir hæstv. ráðherra að um það sé ekkert ákveðið. Mér þykir vænt um að heyra það. Hann segir sem sagt að framkvæmd ákvæða hvítu bókarinnar sé ekki ákveðin og það var gott að heyra. Hann upplýsti að eingöngu væri verið að leita að öðru rekstrarformi fyrir Rafmagnsveitur ríkisins.

Ef ætlunin er að breyta t.d. Landsvirkjun í hlutafélag, þó að ekki sé gert ráð fyrir að selja hlutabréfin, þ.e. einkavæða fyrirtækið og eins og ég sagði greini ég þar á milli, þá spyr ég jafnframt: Hvernig verður hægt eftir að búið er að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag að meina Akureyrarbæ eða Reykjavíkurborg að selja sín hlutabréf? Jú, það væri vitanlega hægt með forkaupsrétti ríkisins t.d. Mér er það ljóst. Því vil ég spyrja: Er ætlunin að breyta Landsvirkjun í hlutafélag og er ætlunin að setja þar inn ákvæði sem tryggja að þessi bæjarfélög geti ekki selt hverjum sem er sín hlutabréf? Ef það er ekki gert gætu þau að sjálfsögðu selt aðilum á hinu Evrópska efnahagssvæði sín hlutabréf. Þau gætu ekki komið í veg fyrir það ef þau settu hlutabréfin í almenna sölu.

Spurningin er því í fyrsta lagi: Er ætlunin að breyta Landsvirkjunin í hlutafélag? Ef það er ætlunin er þá ætlunin að setja þar inn ákvæði sem tryggja einkarétt ríkisins? Reyndar hlýtur maður að spyrja hvort slíkt ákvæði héldi gagnvart jafnrétti allra aðila til að kaupa hlutabréf.

Við í síðustu ríkisstjórn vorum fullvissaðir um að svo lengi sem ríkið hefði einkarétt á virkjun fallvatna og væntanlega jarðhita, sem hefur verið boðað lengi að eigi að innleiða, yrði því ekki mótmælt af háum herr-

um í Brussel. Ég vildi því gjarnan fá þetta upplýst eitthvað nánar ef hægt er.

Svör hæstv. ráðherra um bankana þóttu mér dálítið loðin. Ég tók ekki eftir því að hann svaraði þeirri spurningu minni hvort hömlur yrðu settar á sölu hlutabréfa eða hvort eingöngu væri ætlunin að breyta bönkunum í hlutafélög, þ.e. breyta rekstrarforminu sem er, eins og ég sagði áðan, allt annað en einkavæða banka. Ég hef nefnilega heyrt því fleygt að jafnvel sé verið að tala um að selja í upphafi stóran hluta af hlutabréfum bankanna til stórra aðila í þjóðfélaginu, jafnvel 25%, og það séu nýjar hugmyndir frá því sem áður var að selja aðeins í smáhlutum, 1% eða minna. Ég vil því spyrja beint út: Er einhver fótur fyrir þessum flugufregnum að einkavæðingarhugmyndin sé nú að selja jafnvel 25% í upphafi til stórra aðila? Þeir verða þá að vísu væntanlega í höndum innlendra aðila fram til 1. jan. 1996. Þó er erlendum aðilum heimilt samkvæmt lögum nú að kaupa allt að 25% í hlutafélagabönkum. Er þetta kannski við það miðað að erlendur aðili geti keypt þessi 25%?

Ef hæstv. ráðherra hefur lesið það í samþykktum flokksþings framsóknarmanna að Framsfl. væri því hlynntur að einkavæða bankana, þ.e. að gera þá að hlutafélögum og selja síðan, bið ég hann að lesa miklu betur. Framsfl. er ekki á móti einkavæðingu ýmissa ríkisfyrirtækja sem hann telur ekki þörf á fyrir ýmsa þá þjónustu sem við og a.m.k. jafnaðarmenn lengi töldu nauðsynlegt að ríkið hefði viss tök á til að jafna lífskjör í landinu og jafna aðstöðu bæði einstaklinga og atvinnuvega. Við teljum ríkisbanka í þeim hópi og teljum nauðsynlegt að ríkið geti haft viss áhrif á starfsemi ríkisbanka til jöfnunar í þjóðfélaginu, þ.e. til að jafna aðgang einstaklinga og fyrirtækja að fjármagni, að sjálfsögðu innan viðskiptamarka, þ.e. fyrirtæki sem hafa nægar tryggingar o.s.frv. En við vitum mætavel að víða á landsbyggðinni er ástandið þannig að fyrirtækjum þar hefði reynst erfitt að fá fjármagn ef ríkisbankar hefðu ekki sinnt þeim. Það er vitanlega ekkert leyndarmál í þessu sambandi.

Ég get að vísu spurt ýmislegt fleira um þessar hugmyndir að einkavæða ríkisbankana en ætla ekki að gera það hér.

Hæstv. ráðherra minntist á nokkrar greinar sem ég tel æskilegt að styðja með beinni þátttöku ríkisvaldsins eða óbeinni á einhvern máta. Ég minntist m.a. á hjartalækningar. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að ég hafði miklar efasemdir um það á sínum tíma að Íslendingar gætu sinnt því svo vel færi og byggði þær efasemdir á skýrslum frá World Health Organisation, WHO, sem taldi óráðlegt að leggja í slíkt þar sem ekki væru yfir 200 tilfelli á ári og þau voru ekki svo mörg hér þá. Ég er hins vegar með þeim eiginleika að ég viðurkenni mín mistök en það eru ekki allir sem gera það. Þetta var rangt hjá mér og mér er satt að segja mjög annt um að viðurkenna þetta því að það sýnir hvað íslenskir læknar í þessu tilfelli eru færir og í raun og veru afsanna þær reglur sem alþjóðastofnanir telja að eigi að gilda um þetta svið. Mér er mjög ljúft að fá tækifæri til að leiðrétta að mér skjátlaðist svo sannarlega í þessu. Og ég vona að mér skjátlist ef ég hef efast um aðra slíka hæfni íslenskra fagmanna.

Í ágætu riti sem ég var að lesa áðan, Vinnunni, er vakin athygli á því að hér í landi eru 600 gwst. ónotaðar þar sem búið er að fjárfesta í mjög dýrum framkvæmdum, þ.e. í vatnsaflsveri. Það er held ég á vitorði okkar beggja að kostnaður við slíka raforkuframleiðslu er líklega um 85% fjárfestingarkostnaður svo þarna glatast mjög mikil fjárfesting og fer mikið fjármagn til sjávar. Ég held að það væri afar athyglisvert að bjóða þessa orku á hagkvæmu verði, ekki bara erlendum aðilum en þó má gera það líka heldur innlendum aðilum sem geta aukið sína orkunotkun og alveg sérstaklega þeim sem geta nýtt hana nokkuð jafnt yfir sólarhringinn og ekki síður hinum sem geta þolað að orkan sé rofin á toppnum. Nú held ég að varla geti verið þeir toppar til nú sem krefjast þess að orkan sé rofin. Þarna er vitanlega fundin leið til þess t.d. að lagfæra fyrir útflutningsiðnað okkar landsmanna og gera hann samkeppnisfærari. Það getur enginn haft neitt á móti því, jafnvel ekki háu herrarnir í Brussel því að það er fundið fé að selja orkuna og mætti t.d. lagfæra þarna nokkuð fyrir fiskvinnsluna. Ég vil skjóta þessu hér inn í.

Að lokum er það Malta. Það er rétt að mér var boðið af krötum á Möltu, af Mintoff gamla sem var þar forsætisráðherra í 17 ár. Það var afar fróðleg heimsókn. En það sem vakti ekki síst athygli mína hjá þessu smáríki, sem er einnig í útjaðri Evrópu, var hvernig kratarnir þar líta á þessi mál og, ég verð að segja að mér þykir það leitt, allt öðruvísi en kratarnir hér. Það er svo ólíkt að þar er engu saman að jafna. M.a. eru þeir uppteknir af því að finna leiðir til að taka þátt í þessu evrópska samstarfi án þess að verða gleyptir og segja beinlínis að þeir sem smáþjóð hljóta að hafa allan varann á. Þeir staldra sérstaklega við tvö atriði. Það er frjáls innflutningur vinnuafls og frjáls fjármagnsflutningur þar sem þeir telja að smáríkinu Möltu sé mikil hætta búin. Þeir kunni að verða gleyptir eins og þeir orðuðu það. Ég get lánað hæstv. ráðherra athuganir þeirra á þessu og mjög fróðlega greinargerð sem þeir skrifuðu með. Það er ekki síður athyglisvert að hálærður hagfræðingur, dr. Sant frá Harvardháskóla, er formaður í þessum flokki og virðist hafa lært vestur í Bandaríkjunum það sem ungu hagfræðingarnir þar eru að kenna á þessum sviðum. Ég má ekki fara að teygja lopann út af þessu þó að það væri satt að segja afar fróðlegt. Ég vil gjarnan upplýsa hæstv. viðskrh. um þetta ef hann tæki þessa ágætu „flokksbræður sína“ á Möltu að einhverju leyti til fyrirmyndar.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Nokkur orð vegna þess sem fram kom í ræðum þeirra hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 7. þm. Reykn. Í fyrsta lagi vegna þess sem fram kom hjá hv. 7. þm. Reykn. um frumvarpstextann. Í 2. gr. frv. varðandi 1. og 2. tölul. 4. gr. laganna frá 1991, þá vil ég ítreka að textinn er í samræmi við bókun 4 með frv.

um EES og þar með viðauka XII við samninginn. Það eru ekki sömu orðin, það er rétt hjá hv. þm. En það sem þarna segir er í fullkomnu samræmi við samningstextann og bókunina sem fylgdi í fjórða lagi með frv. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Þarna er haldið til haga grundvallarreglunni um bann við erlendri fjárfestingu í fisveiðum og frumvinnslu sjávarafurða. Síðan vita allir raunsæir menn að þarna eru framkvæmdarörðugleikar. Þetta er vandasamt úrlausnarefni sem ákveðin tillaga er gerð um í frv. hvernig leysa skuli. Það þjónar reyndar líka tilgangi gagnaðila okkar í samningunum, sem sé þeim að í þessu felst viss vörn gagnvart því að fyrirtæki geti girt sig af fyrir erlendri þátttöku með því að eignast eitt bréf í Granda hf. Þetta er bakgrunnur tillögunnar sem þarna er gerð. Ég þykist vita að um hana geti menn eftir atvikum orðið sammála.

Um orkumálin vil ég taka fram að það hafa ekki verið í undirbúningi tillögur um að breyta Landsvirkjun í hlutafélag. Væri það gert er það algerlega í valdi Alþingis að búa svo um hnúta að það fyrirtæki yrði eingöngu í eigu opinberra aðila. Það sem ég vil leggja mikla áherslu á er að Alþingi hefur samkvæmt þessum tillögum í hendi sér hvernig framtíðarmálum orkuvinnslu og orkudreifingar verður skipað. Þar hljótum við að sjálfsögðu að leita að skipulagi sem skilar bestum árangri. Þar er sala ekki á dagskrá svo ég viti.

Ég vík í þriðja lagi að bankamálunum. Nú er í undirbúningi frv. um stofnun hlutafélaga um ríkisbankana. Ákvörðun um sölu á hlutum í þessum félögum er samkvæmt þeim hugmyndum alveg sjálfstæð ákvörðun og krefst atbeina og sérstakrar ákvörðunar Alþingis.

Vegna orða hv. 1. þm. Norðurl. v. þar sem hann vék að orðanotkun á einkavæðingarþingi BSRB um það hvað væri heiðarleg og hvað óheiðarleg einkavæðing, þá leynist ekki í þessum áformum neitt annað en heiðarleg afstaða, sú að það geti verið rétt og eðlilegt að fella rekstur allra fjármálastofnana undir sömu lög. Það var skilningur minn á samþykktum flokksþings Framsfl. frá því í nóvember á liðnu ári en að sjálfsögðu er það forustumanna þess flokks að túlka þau orð og skilja æðri skilningi en mínum. Við það geri ég enga athugasemd. Hins vegar virðist það gefa auga leið að þarna ríki þau skynsamlegu sjónarmið að ekki eigi að hafa mismunandi rekstrarform fyrir sömu athafnir í ríki sem vill hafa sanngjarnar og almennar leikreglur í sínu atvinnulífi og reyndar í sínu þjóðlífi yfirleitt.

Ég vildi svo loks segja um það sem kom fram hjá hv. 7. þm. Reykn. að ég fagna sinnaskiptum hans hvað varðar burði okkar heilbrigðisþjónustu. Ég var alls ekki að liggja honum á hálsi fyrir að hafa skipt um skoðun en vildi eingöngu draga athygli að því, af því að hann nefndi sérstaklega hjartaaðgerðirnar, að hann hefði áður og fyrr efast um getu okkar til þess arna. Ég tek undir það með honum að á mjög mörgum sviðum eiga Íslendingar á að skipa úrvalsmönnum sem geta staðist samkeppni á heimsmarkaði en til þess að sanna það þurfa þeir aðgang að honum. Það er aðall þessa máls að tryggja stöðu Íslendinga í viðskiptakerfi heimsins. Þannig og aðeins þannig nýtast hæfileikar þjóðarinnar og aðstaða hennar til að skapa hér farsælt mannlíf og hagsæld í landinu.

Það eru alveg réttar ábendingar hjá hv. 7. þm. Reykn. að það þarf að leita allra leiða til þess að koma þessum 600 gwst. sem eru á lausu eins og orkubúskaparmálum okkar er nú háttað. Það má hins vegar ekki gera þannig að það verðfelli alla orkusöluna hjá orkufyrirtækjunum, þá erum við engu bættari. En ég vil benda á það af því að fiskvinnslan var nefnd að nú stendur einmitt yfir sérstakt átak á vegum iðnrn., Landsvirkjunar og orkudreifingarfyrirtækja að finna leiðir til þess að nýta meiri raforku í fiskvinnslunni, ekki síst í fiskimjölsframleiðslunni þar sem er mjög veruleg orkunotkun. Reyndar eru fleiri mál í athugun einmitt á þessu sviði og hafa verið allt undanfarið ár. Ég tel að þar hafi Landsvirkjun m.a. gert ýmis tilboð í málinu sem eigi að geta laðað fram aukna innlenda orkunotkun sem við sannarlega þurfum á að halda.

Ég held að það sé vafalaust rétt að við þurfum að gæta okkar á því að verða ekki gleyptir af alþjóðasamtökum sem við gerumst aðilar að. Það var hérna einn ágætur bridsspilari um daginn frá Pakistan sem heitir Zia Mahmood. Mér segir hugur um að hv. 7. þm. Reykn., fyrrv. forsrh., hafi einhvern tíma slegið í spil við hann. Zia lýsti Íslendingum svo að þeir væru hörkuþjóð. Annars staðar ætu hákarlar menn en hér ætu menn hákarla. Það er samkvæmt því lögmáli sem við eigum að sjálfsögðu að starfa, að við erum hvergi smeykir við hákarlana. Með því hugarfari eigum við að nálgast okkar samstarf á alþjóðavettvangi en ekki með því að vera ofurseldir þeirri hugmynd að fámennið valdi því sjálfkrafa að við getum ekki haldið okkar hlut.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er það síður en svo að ég sé að finna að textanum eins og hann stendur í frv. um heimild erlendra aðila til að fjárfesta í fiskvinnslu og reyndar fagna ég þeim texta. En ég kem því ekki heim og saman að hann sé sá sami og í fskj. 4. (**Viðskrh.:** Í samræmi við.) Ég las áðan og með leyfi forseta lagði ég áherslu á þessa setningu: „Þessi höft skulu ekki koma í veg fyrir fjárfestingar erlendra aðila eða ríkisborgara sem eru ekki með lögheimili á Íslandi, félögum sem taka aðeins óbeinan þátt“ o.s.frv. Hins vegar stendur í frv.: „Íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis mega einir eiga og reka fyrirtæki ...“ Þetta er rétt, þetta er ágætt. Ég fagna þessu mjög. Reyndar sýnist mér þá að síðari málsgreinin, sem segir að viðskrh. geti með úrskurði skuldbundið fyrirtæki til að selja hlut í fiskvinnslu o.s.frv., sé óþörf því að fyrri málsgreinin er svo fortakslaus og skal ég ekki hafa fleiri orð um það.

Það er hins vegar ekkert svar út af fyrir sig hjá hæstv. ráðherra, sem styðst við meiri hlutann á Alþingi, að segja að það sé Alþingis að ákveða hitt og þetta. Spurningin er: Leggur ráðherra til við Alþingi

hitt og þetta, t.d. að selja 25% hlutabréfa í bönkunum strax í upphafi? Það er í raun og veru spurning mín. Hitt er bara útúrsnúningur að það sé Alþingis að ákveða. Svo að ég vil enn þá spyrja: Hyggst ráðherra leggja slíkt til?

Bridsspilarinn sem ráðherra nefndi er frábær og góður en ég held að menn verði þó að læra af honum og fleirum að sníða sér stakk eftir vexti og ráðast ekki á hamarinn þar sem hann er ókleifur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8.–11. mál.

Fundi slitið kl. 7.06 síðdegis.

---

115. FUNDUR

miðvikudaginn 24. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 11. mál, þskj. 11, nál. 389, brtt. 390. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 12. mál, þskj. 12, nál. 391, brtt. 392. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Verðbréfaþing Íslands, stjfrv., 13. mál, þskj. 13, nál. 393, brtt. 394 og 654. — Frh. 2. umr.
4. Samkeppnislög, stjfrv., 9. mál, þskj. 401, brtt. 395, 647, 653 og 655. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
5. Hlutafélög, frv., 332. mál, þskj. 604. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 255. mál, þskj. 332. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.,
Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.

Útbýting þingskjala:

Aukinn þáttur bænda í landgræðslu, 373. mál, fsp. MF, þskj. 657.
Kirkjugarðar, 375. mál, stjfrv., þskj. 659.
Samfélagsþjónusta, 374. mál, stjfrv., þskj. 658.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna um utandagskrárumræðu sem fyrirhuguð er að lokinni afgreiðslu á þeim dagskrármálum sem hér liggja fyrir. Sú utandagskrárumræða fer fram að beiðni hv. 11. þm. Reykv. fyrir hönd stjórnarandstöðunnar og fjallar um heilbrigðismál.

Verðbréfaviðskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 11. mál. — Þskj. 11, nál. 389, brtt. 390.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 390,1 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (ÁJ, EgJ, EKG, GÁ, GJH, HBl, JóhS, JGS, KÁ, PS, RA, RG, StG) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EKG, GÁ, GJH, HBl, JóhS, JGS, KÁ, PS, RA, RG, StG) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (ÁJ, EgJ, EKG, GÁ, GJH, HBl, JóhS, JGS, KÁ, PS, RA, RG, StG) fjarstaddir.

Brtt. 390,2 samþ. án atkvgr.
5. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
6.–9. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 390,3 samþ. án atkvgr.
10. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 390,4 samþ. án atkvgr.
11. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
12.–13. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 390,5 samþ. án atkvgr.

14. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
15.–16. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 390,6 samþ. án atkvgr.
17. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 390,7 (ný 18. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 390,8 (ný 19. gr.) samþ. án atkvgr.
20.–21. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 390,9 (ný kaflafyrirsögn VI. kafla) samþ. án atkvgr.
Brtt. 390,10 samþ. án atkvgr.
22. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
23.–28. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 390,11 samþ. án atkvgr.
29. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
30.–37. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 390,12 (38. gr. falli brott) samþ. án atkvgr.
39.–40. gr. (verða 38.–39. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 390,13 samþ. án atkvgr.
41. gr. (verður 40. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
Ákv. til brb. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁJ, EgJ, EKG, GÁ, GJH, GHelg, HBl, JóhS, JGS, JBH, KÁ, PS, RA, RG, StG, ÖS) fjarstaddir.

Verðbréfasjóðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 12. mál. — Þskj. 12, nál. 391, brtt. 392.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (ÁJ, EgJ, EKG, GÁ, GJH, GHelg, HBl, JóhS, JGS, JBH, KÁ, PS, RA, RG, StG) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (ÁJ, EgJ, EKG, GÁ, GJH, GHelg, HBl, JóhS, JGS, KÁ, PS, RA, RG, StG, VE) fjarstaddir.
Brtt. 392,1 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (ÁJ, EgJ, EKG, GÁ, GJH, GHelg, HBl, JóhS, JGS, KÁ, PS, RA, RG, StG) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (ÁJ, EgJ, EKG, GÁ, GJH, GHelg, HBl, JóhS, JGS, KÁ, PS, RA, RG, StG) fjarstaddir.

4.–13. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 392,2 samþ. án atkvgr.
14. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
15. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 392,3 samþ. án atkvgr.
16. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 392,4 samþ. án atkvgr.
17. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
18.–19. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 392,5 samþ. án atkvgr.
20. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
21.–22. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 392,6 samþ. án atkvgr.
23. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
24. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 392,7 samþ. án atkvgr.
25. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
26.–27. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 392,8 (ný 28. gr.) samþ. án atkvgr.
29.–30. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 392,9 samþ. án atkvgr.
31. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
32.–39. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 392,10 (40. gr. falli brott) samþ. án atkvgr.
41.–42. gr. (verða 40.–41. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 392,11 samþ. án atkvgr.
43. gr. (verður 42. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
Ákv. til brb. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS,

StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (ÁJ, EgJ, EKG, GÁ, GJH, GHelg, HBl, JÁ, JóhS, JGS, KÁ, PS, RA, RG, StG) fjarstaddir.

Verðbréfaþing Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 13. mál. — Þskj. 13, nál. 393, brtt. 394 og 654.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hygg að það sé ekki óeðlilegt þó að í tengslum við það frv. sem hér er flutt sé rætt um þá þróun sem átti að eiga sér stað í gjaldeyrisviðskiptum hjá Íslendingum. Það er verulegt umhugsunarefni þó ekki sé meira sagt að núv. hæstv. ríkisstjórn hefur ekki treyst sér til að standa við þá ákvörðun fyrri ríkisstjórnar að auka hér frelsi í viðskiptum með gjaldeyri. Hæstv. viðskrh. hefur dregið fæturna í þessum efnum og ekki þorað að framkvæma það frelsi sem þó er undirstaða þess að hægt sé að tala um að hér sé vestræn skipan á gjaldeyrismálum. Ég tel að það sé dálítið sérstætt að Jeltsín, forseti Rússlands hefur þegar farið langt fram úr Íslendingum varðandi markaðsvæðingu. Hann hefur leyft frjálsa sölu á rúblunni, frjása sölu. Hæstv. viðskrh. væri aftarlega á merinni í rússneska þinginu. Hann væri flokkaður undir verstu íhaldsmenn sem þar finnast innan veggja. Ég skil nánast ekki hvers vegna ríkisstjórn hæstv. forsrh., Davíðs Oddssonar, treystir sér ekki til að framkvæma það frelsi í gjaldeyrismálum sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, sem talin var vera mun lengri til vinstri, lagði til. Hvað er að gerast í þessu landi? Hafa stjórnendurnir tapað trúnni á kapítalismanum og ákveðið að yfirgefa hann algerlega hvað þetta snertir? Mig undrar þetta svo að ég skil nánast ekki hvaða tilgangi það þjónar að tala um verðbréfaþing ef ekki á að vera frelsi í viðskiptum með erlendan gjaldeyri. Hér er hvergi tekið fram að þau verðbréf sem verið er að tala um þurfi að vera í íslenskum krónum. Þau hljóta þess vegna að mega vera í hvaða gjaldmiðli sem er. Og eiga þá að gilda tvær stefnur í landinu? Annars vegar stefna hæstv. viðskrh. sem hefur komið fram í þeim breytingum sem hann lagði til af áður teknum ákvörðunum og hins vegar sú stefna sem hér á að samþykkja? Ég minnist þess að þegar ég flutti um það frv. á sínum tíma að hér yrði frjáls uppboðsmarkaður á gjaldeyri þá litu flestir sjálfstæðismenn út í horn og vildu helst ekki ræða slíka hluti. Það var ekki hægt að kenna slíkar hugmyndir við kommúnisma svo mikið var víst. En alveg fráleitt að þeir hefðu áhuga á stuðningi við málið, alveg fráleitt. Frjáls sala á gjaldeyri, það kom ekki til greina. Núna í öllu talinu um frelsið þá er það staðreynd að hæstv. viðskrh. hefur dregið lappirnar, hægt á ferðinni, hann treystir ekki á kapítalismann. Hvað er að gerast?

Ég verð að segja eins og er að ég held að þingið eigi heimtingu á að fá skýr svör frá hæstv. viðskhr.: Hvers vegna var sú ákvörðun tekin að breyta því frelsi sem búið var að ákveða að ætti að ganga í gildi núna um áramótin og ákveðið að setja hömlur á um viðskipti með gjaldeyri sem búið er að taka ákvarðanir um? Hver er tilgangurinn? Trúa menn því enn einu sinni að það sé hægt að semja um það í kjarasamningum hvert gengi íslensku krónunnar eigi að vera næstu tólf mánuðina? Er það það sem menn trúa að sé hægt að semja um? Það hlýtur þá alveg eins að vera hægt að semja um veðurfarið eftir að Alþfl. hefur tekið við stjórn Veðurstofunnar ef þetta er það sem menn hafa trú á. Auðvitað hlýtur það að vera lykilatriði ef við viljum líta svo á að hér eigi að vera vestrænt hagkerfi í þessum efnum að frelsið í gjaldeyrisviðskiptunum verði það mikið að það sé ekki hægt að falsa gengi íslensku krónunnar. En þeir sem í reynd eru í dag að vinna gegn frelsi í gjaldeyrisviðskiptunum eru um leið að lýsa því yfir að þeir vilji halda áfram á þeirri braut að falsa gegni íslensku krónunnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 394,1 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (ÁJ, EgJ, EKG, GHall, GÁ, GJH, HBl, JÁ, JóhS, JGS, KÁ, PS, RA, RG, StG, StH) voru fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (ÁJ, EgJ, EKG, GHall, GÁ, GJH, HBl, JÁ, JóhS, JGS, KÁ, PS, RA, RG, StG, StH) fjarstaddir.

Brtt. 394,2 samþ. án atkvgr.
2. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 394,3 samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
4.–7. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 654 (við brtt. 394,4; ný 8. gr.) samþ. án atkvgr.
9.–10. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 394,5 samþ. án atkvgr.
11. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 394,6 samþ. án atkvgr.
12. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
13.–14. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 394,7 samþ. án atkvgr.
15. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
16.–17. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 394,8 samþ. án atkvgr.
18. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

19.–24. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 394,9 samþ. án atkvgr.
25. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Ákv. til brb. I–III samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Samkeppnislög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 9. mál. — Þskj. 401, brtt. 395, 647, 653 og 655.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 395 kölluð aftur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Það hefur komið fram ósk frá formanni þingflokks Sjálfstfl. um að fresta þessari atkvæðagreiðslu. Verður orðið við því. Þessari atkvæðagreiðslu er frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög, frh. 1. umr.

Frv. KHG og EKJ, 332. mál (hlutabréf, stjórnarkosning, ársreikningur o.fl.). — Þskj. 604.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EKG, GÁ, GJH, HBl, JÁ, JóhS, JGS, KÁ, MF, PP, PS, RA, RG, StG) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (ÁJ, EgJ, EKG, GÁ, GJH, HBl, JÁ, JóhS, JGS, KÁ, MF, ÓÞÞ, PS, RA, RG, StG) fjarstaddir.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Stjfrv., 255. mál (EES-reglur o.fl.). — Þskj. 332.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (ÁJ, EgJ, EKG, GÁ, GJH, HBl, JÁ, JóhS, JGS, KÁ, ÓÞÞ, PS, RA, RG, StG) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, ÓE, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (ÁJ, EgJ, EKG, GÁ, GJH, HBl, JÁ, JóhS, JGS, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PS, RA, RG, StG) fjarstaddir.

Umræður utan dagskrár.

Heilbrigðismál.

Finnur Ingólfsson:
Virðulegi forseti. Stefna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í heilbrigðismálum hefur einkennst af handahófskenndum vinnubrögðum, vanhugsuðum og illa undirbúnum aðgerðum og samráðsleysi við heilbrigðisstéttirnar sem skapað hefur vantraust milli ríkisstjórnarinnar og þessara stétta.

Þessar fullyrðingar sem hér koma fram eru ekki komnar frá mér, ég hins vegar tek undir þær heils hugar. Þetta eru fullyrðingar sem birst hafa í fjölmiðlum á undanförnum dögum og vikum frá þeim sem þurfa á aðstoð heilbrigðisþjónustunnar að halda, frá þeim sem vinna í heilbrigðisþjónustunni og þeim sem best eiga til að þekkja í þessum málaflokki eins og hæstv. forsrh.

Hæstv. forsrh. lýsti því yfir á fundi sjálfstæðismanna hér í Reykjavík fyrir skömmu að aðgerðir ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum væru handahófskenndar. Þetta er auðvitað þungur áfellisdómur yfir verkum heilbrrh. og þetta er þungur áfellisdómur yfir verkum eigin ríkisstjórnar. Þó hefur nú Morgunblaðið sem sérstakur málsvari þessarar ríkisstjórnar gengið lengst í þessum efnum því að í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins 7. febr. sl. segir að það sé tímabært að segja það tæpitungulaust að eitt af þeim vandamálum sem við sé að etja í umbótastarfi í heilbrigðiskerfinu sé einfaldlega það að núv. hæstv. heilbrrh. hefur haft lag á því að espa þjóðina upp með öllum þeim breytingum

sem nauðsynlegt er að gera í stað þess að laða þjóðina til fylgis við þær. Morgunblaðið segir síðan í þessu sama Reykjavíkurbréfi:

„Sá stjórnmálamaður sem ekki hefur tilfinningu fyrir því hvað sé mögulegt og hvað ekki nær ekki miklum árangri í starfi og á ekkert erindi í stjórnmál. Það kemur sennilega skýrast fram munurinn á stefnu núv. ríkisstjórnar og þeirrar fyrri þegar við skoðum heilbrigðismálin ef við lítum fram hjá atvinnumálunum."

Þá lagði Framsfl., þ.e. í fyrri ríkisstjórn, höfuðáherslu á að taka á ýmsum skipulagsvanda sem við blasti í heilbrigðiskerfinu. Eins og að lækka álagningu á lyf og draga þannig úr tekjum lyfsalanna, eins og að taka á launahækkunum og tekjuhækkunum sem var stjórnlaus hjá sérfræðingunum og lækka það með skipulögðum hætti og sérstökum samningi. Hjá sérfræðingum sem hafa mörg hundruð þúsund á mánuði í laun umfram það sem þeir hafa í föstu starfi inni á stofnunum sem þeir eru í vinnu á. En Framsfl. lagði áherslu á að hlífa þeim sjúku, öryrkjum og gamalmennum með því að auka ekki álögurnar á þennan hóp. Heilbrrh. Alþfl. — Jafnaðarmannaflokks Íslands, státar nú af miklum sparnaði sem orðið hefur í heilbrigðismálum. Staðreyndin er hins vegar sú að sáralítill raunverulegur sparnaður hefur þar náðst. Útgjöld sjúkratrygginga hafa lækkað vegna þess að skattar hafa verið hækkaðir á öryrkjum, á ellilífeyrisþegum og á sjúklingunum. Þetta er gert eftir því sem hæstv. heilbrrh. segir til að auka kostnaðarvitund þessa hóps. En um leið hefur heilbrrh. fundið sig knúinn til þess að halda sérstökum hlífiskildi yfir lyfsölunum sem eru tekjuhæsta stétt þessa lands og hefur allt upp í 1.600 þús. kr. í mánaðartekjur samkvæmt upplýsingum sem fram koma í Frjálsri verslun. Hann heldur hlífiskildi yfir tannréttingasérfræðingunum sem eru með allt upp í 1,4 millj. á mánuði og sérfræðingunum sem vinna inni á stofnunum og hafa hundruð þús. kr. á mánuði. Mismunurinn á áherslu þessarar ríkisstjórnar og hinnar fyrri hefur auðvitað verið staðfestur.

Þegar Framsfl. fór með yfirstjórn heilbrigðismálanna þá geystist hver sérfræðingurinn á fætur öðrum, lyfsalinn og tannréttingasérfræðingurinn fram á ritvöllin og fagfélög þessara sömu aðila voru með ályktanir um allt það sem ætti að gera og stæði til að gera í heilbrigðiskerfinu til breytinga mundi brjóta heilbrigðiskerfið niður. Núna bregður hins vegar svo við að það heyrist ekkert til þessa hóps. Þessum hópum finnst ekki einu sinni taka því að fara í vörn fyrir skjólstæðinga sína. Nú geta hátekjustéttirnar í heilbrigðiskerfinu verið öruggar um sinn hag undir verndarvæng heilbrigðisráðherra. Nú heyrum við hins vegar í Þjóðarsálinni dag eftir dag í ellilífeyrisþegum og öryrkjum sem eru að leysa út lyfin sín og hafa ekki efni á því, geta það ekki. Við heyrum líka í sjúklingum sem þurfa að sækja læknisþjónustu sérfræðinga og greiðslugetunni er þar svo ofboðið að margir hverjir verða að hverfa frá. Ég spyr því hæstv. heilbrrh. hvort þetta séu þeir hópar í þjóðfélaginu sem helst þarf að vekja kostnaðarvitund hjá. Eru þeir ekki einhvers staðar annars staðar heldur en einmitt þarna? Í gærkvöldi kom það fram í Ríkissjónvarpinu á fundi Alþfl. á Hótel Sögu að hæstv. heilbrrh. sagði að hann hefði gert mörg og ýmiss konar mistök á sinni tíð. Þetta er nokkur breyting frá því sem áður hefur verið þar sem því hefur alltaf verið haldið fram að það hafi hvergi nokkurs staðar orðið mistök í framkvæmd allra þeirra reglugerða og lagabreytinga sem um hefur verið talað og hafa verið settar. En ráðherrann sagði um leið: Það þarf kjarkmikinn mann til að viðurkenna að þessi mistök hafi átt sér stað. Ég held hins vegar að það þurfi engan kjarkmann til að viðurkenna ef menn gera mistök. En látum það nú liggja milli hluta. Hitt skiptir auðvitað miklu meira máli hvort menn eru þá tilbúnir til þess að gera breytingar ef menn viðurkenna að það sem þeir hafa verið að gera séu mistök.

Hæstv. heilbrrh. hefur haldið því fram að sparnaður í lyfjaútgjöldum sé upp á 1.300 millj. kr., 1.100 millj. hafi sparast í sjúkratryggingunum og 200 millj. hafi verið lagðar í auknar álögur á sjúklinga. Þetta er rangt og þarf ekki að hafa um það fleiri orð vegna þess að í Morgunblaðinu föstudaginn 29. jan. 1993 staðfestir heilbrrh. sjálfur með þeim tölum sem þar koma fram að þessar fullyrðingar hans eru rangar. Sparnaðurinn hefur orðið, ef tölur hæstv. ráðherra eru notaðar, á bilinu 700–800 millj. kr. frá því í maí 1991 til ársloka 1992. En sjúklingarnir hafa verið látnir bera 300 millj. kr. af þessu á þessum sama tíma. Fyrir utan það að þær forsendur sem eru gefnar við þennan útreikning hjá hæstv. ráðherra eru auðvitað mjög hæpnar, að ganga út frá því að vöxturinn geti orðið allt upp í 13% milli ára án þess að neitt sé að gert. Þannig að forsendurnar eru hæpnar og barnalegar. En grundvöllurinn að raunverulegum sparnaði var lagður í lyfjaútgjöldunum í tíð fyrrv. heilbrrh. Guðmundar Bjarnasonar þar sem læknar og sjúklingar voru hvattir til að nota ódýrustu lyfin — læknarnir til að ávísa og sjúklingarnir til að nota þau — með því að setja upp svokallaðan bestukaupalista þar sem bestu kjör voru. Það var farið að skila verulegum árangri. Með því að lækka prósentuálagninguna bæði í heildsölu og smásölu hjá lyfsölunum. Þetta sparaði 400–500 millj. kr. Þá var sjúklingunum hlíft en nú þegar Alþfl. tók við þessu ráðuneyti var ákveðið að leggja lyfjaskatt á sjúklinga. Ef við tökum tímabilið frá miðju ári 1991 til ársloka 1993 og göngum út frá því að spár séu réttar sem gert er ráð fyrir að lyfjakostnaður muni verða á þessu ári þá er — notum tölur hæstv. ráðherra — gert ráð fyrir að lyfjakostnaður sé 550 millj. kr. Ef við notum hins vegar tölur sem ég fékk uppgefnar í morgun frá Alþýðusambandi Íslands þá er þarna um 750 millj. kr. álögur að ræða á þennan hóp. Eru þetta, hæstv. ráðherra, þær umbætur sem Alþfl. — Jafnaðarmannaflokkur Íslands, er nú að boða á sínum fundum um landið, umbætur til almannaheilla?

Það væri hægt að taka mörg einstök dæmi, sláandi dæmi. Hér ætla ég að nefna eitt. Fjörutíu og átta ára karlmaður, þriggja barna faðir, sem hefur verið óvinnufær síðan í júlí 1992 hefur í sjúkradagpeninga á mánuði 28.560 kr. Hann þarf að greiða vegna blóðfitulyfja, sem breyting varð á við síðustu reglugerð, 8.400

kr. á mánuði. Önnur lyf sem hann þarf að hafa vegna ýmissa kvilla kosta 4.900 kr., hann þarf að heimsækja sérfræðing tvisvar í mánuði, það kostar 4.300 kr. Til viðbótar þessu hafa útgjöld hans vegna breytinga á tannlækningum aukist um 2.300 kr. á mánuði á þau þrjú börn sem þessi maður á. Þessi maður hefur 8.860 kr. til að lifa af þegar lyfjaskattur og sjúklingaskattur þessarar ríkisstjórnar fyrir þennan mann hefur verið greiddur. 8.860 kr. hefur þessi maður til að lifa af með þrjú börn. Hann þarf að fara í aðgerð hjá sérfræðingi í maí að talið er, það mun kosta 8.150 kr. en kostaði áður 3.000 kr. Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hæstv. ráðherra það nauðsynlegt að grípa til frekari aðgerða gagnvart þessum manni til að vekja upp kostnaðarvitund hjá honum? Telur hæstv. ráðherra að það sé nauðsynlegt? Ef svo er ekki þá spyr ég ráðherrann: Hefur hann kjark til að viðurkenna að þarna hafi orðið mistök? Og hefur hann vilja til að gera breytingar sem þarf til að koma til móts við þennan mann og þann stóra hóp sem nákvæmlega er eins ástatt um og hér hefur verið tekið dæmi af? En lyfsalarnir fá áfram tæp 60% í álagningu í smásölunni með því að rétta yfir búðarborðið lyfjaafgreiðslurnar eftir lyfseðlum læknanna. Þetta hefur hins vegar farið lækkandi á undanförnum árum. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hvenær kemur frv. um breytt skipulag lyfjasölu og lyfjadreifingar inn á þing sem hæstv. ráðherra lofaði að kæmi mjög fljótlega, það var í júní 1991? Það hafa verið gerðar fimm breytingar á einu og sömu reglugerðinni sem sett var um mitt ár 1991. Þá var kominn hvati til þess hjá læknum að ávísa jafnan á ódýrasta lyfið. Það hefur nú hins vegar gjörbreyst vegna þess að það er búið að setja gólf, það er búið að setja sérstakt gólf þar sem lágmarksgjald er greitt, sem þýðir það að það dregur úr þessum hvata. Útgjöldin munu aukast við þessa breytinu. Þetta er enn ein staðfesting þess að þær aðgerðir og þær fullyrðingar sem hér voru settar fram í upphafi um að aðgerðir hæstv. ráðherra séu vanhugsaðar og illa undirbúnar. Það mætti nefna mýmörg önnur dæmi.

Eitt dæmi vil ég taka enn, raunverulegt, og það er vegna þeirra breytinga sem nú er verið að gera á reglugerðinni um sérfræðilæknishjálp. Námsmaður, ung stúlka í námi í háskólanum, einstæð móðir með eitt barn þurfti að fara með barnið í aðgerð hjá sérfræðingi til að taka úr því kirtla og setja rör í bæði eyru. Kostnaðurinn hefði verið fyrir reglugerðarbreytinguna 3.000 kr. fyrir þessa einstæðu móður en eftir breytinguna þurfti hún að leggja út 5.100 kr. Það er 70% hækkun. Þessi stúlka fékk engin námslán og fær engin námslán vegna þess að barnið var veikt allan desembermánuð og hún hafði engin tök á að sækja námið, engin tök á því og sýndi þess vegna ekki námsárangur og lánasjóðurinn hefur lokað og sagt: Þú sýnir ekki þann námsárangur sem með þarf. Til viðbótar þessu fékk hún í síðustu viku kveðju frá félmrh. af því að hún býr í félagslegri íbúð þar sem vextirnir eru hækkaðir um 150%. Um áramótin tilkynnti hæstv. heilbrh. henni það eins og öðrum einstæðum mæðrum að á mánuði ætti að lækka meðlagið og mæðralaunin um 1.000 kr. Heldur hæstv. heilbrrh. að það sé nauðsynlegt að vekja frekar upp kostnaðarvitund hjá þessari ungu stúlku? Heldur hæstv. ráðherra að þessi unga stúlka skilji þær umbætur sem þessi ríkisstjórn þykist vera að berjast fyrir til almannaheilla? Því spyr ég: Hefur hæstv. ráðherra kjark, sem hann virðist hafa nú um þessar mundir, til að viðurkenna að hér sé um ranglæti að ræða? Vill hann gera breytingar á?

Þessi reglugerð á að vera til þess eins og allar fyrri að spara. Hún sparar ekki neitt vegna þess að fólk hefur ekki efni á að fara á stofur sérfræðinganna út í bæ og það fólk sem ekki getur greitt krefst þess að leggjast inn á skúkrahús þar sem aðgerðirnar kosta ekki neitt. Það eru hins vegar aukin útgjöld fyrir sjúkratryggingarnar í heild sinni. Enn eitt dæmið um að þær aðgerðir sem hæstv. ráðherra er að grípa til og eru staðfesting á að þær eru vanhugsaðar og þær eru illa undirbúnar. Hvernig sem menn velta þessu fyrir sér og hversu oft sem hæstv. fjmrh. kemur fram í fjölmiðlum og segir: Hér er ekki um skattahækkanir að ræða. Það er verið að leggja á þjónustugjöld, og það sama hefur hæstv. heilbrrh. einnig gert. Og þó svo að hæstv. heilbrrh. skilji ekki eða skynji muninn á því að það er mikill munur á því hvort menn þurfa að fá lækni heim til sín eða fá sjónvarpsviðgerðarmann. Það er mjög mikill munur á þessu vegna þess að það getur verið spurning um líf eða dauða hvort menn hafa efni á að kalla á lækni eða ekki. Hins vegar geta menn hæglega frestað viðgerðinni á sjónvarpinu þar til menn hafa peninga til að láta gera við. Beinar skattálögur á sjúklinga, öryrkja og ellilífeyrisþega eru frá því að þessi ríkisstjórn tók við upp á 2.200 millj. kr. og skiptast þannig og ég nota þá tölu Alþýðusambands Íslands, þá hærri sem ég minntist á hér áðan:

Lyfjaskatturinn er 750 millj. kr., sérfræðikostnaðurinn hefur hækkað fyrir sjúklinga um 460 millj., innsangseyririnn á heilsugæslustöðina er 240 millj. kr., aukin þátttaka foreldra í tannlæknakostnaði er 510 millj. kr. og skerðingin sem hæstv. ráðherra beitti sér fyrir fyrir rúmu einu ári síðan á elli- og örorkulífeyri er 250 millj. kr. Samtals eru þetta 2.200 millj. kr.

Nú þarf hæstv. heilbrrh., meðan hann hefur kjark, að viðurkenna að stefnan er röng. Hún er ósanngjörn, hún sparar ekkert heldur skattleggur hún þá í þessu þjóðfélagi sem síst skyldi. Viðurkenni hann þetta þá er bara spurningin: Er vilji til staðar til að breyta?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Var ástæðulaust að grípa til aðgerða til að reyna að spara í heilbrigðismálum? Er það bara gert af mannvonskunni einni saman? Við skulum líta á það umhverfi sem við lifum við. Á aðeins tíu árum, frá 1981–1991, hafa heilbrigðisútgjöld vaxið úr því að vera 6,5% af landsframleiðslu, samanlögðu verðmæti framleiðslu þjóðarinnar, á þessum tíu árum uxu útgjöldin úr því að vera 6,5% upp í að vera 8,5%. Með öðrum orðum, útgjaldavöxturinn í heilbrigðisþjónustunni nam 7 milljörðum kr. á þessum tíu árum einum umfram það sem þjóðartekjur uxu. Allar horfur er á því, verði ekkert að gert, að árið 2000 muni

þessi útgjöld geta numið eitthvað á milli 9 og 10% af landsframleiðslu. Ég spyr einfaldlega þessarar spurningar: Halda menn að það sé hægt að á sama tíma sem tekjur þjóðarinnar eru að dragast saman þá geti hún risið undir greiðslum sem vaxa svona hratt umfram getu hennar til að greiða reikninga? Við höfum fordæmin um það hvað getur skeð ef heldur fram sem horfir. Engin þjóð í veröldinni notar meira af aflafé til heilbrigðismála en Bandaríkin, samt sem áður eru 30 millj. Bandaríkjamanna án verndar sjúkratrygginga. Það er ekki endilega víst að stöðugt aukin útgjöld í heilbrigðisþjónustunni færi okkur stöðugt betri þjónustu. Og það er mjög eðlilegt að þjóð sem á í vök að verjast velti því fyrir sér hvort ekki megi nýta betur þá fjármuni sem í slíka þjónustu er varið. En síst skal ég mæla því á mót að auðvitað eru þetta viðkvæm mál og vandasöm og eðlilegt og sjálfsagt að þær aðgerðir sem gripið er til séu gagnrýndar. Við frummælanda vildi ég aðeins segja að ef hann og hans flokksmenn hefðu staðið betur að áformum sínum á meðan þeir sátu við völd, þá hefði vandamálið sem þeir skildu eftir sig kannski ekki orðið jafnmikið vegna þess að þó að megi gagnrýna núv. ríkisstjórn fyrir það að hún hafi ekki náð öllum sínum áformum fram þá er það þó smáatriði ef litið er á væntingar þær sem fyrrv. ríkisstjórn gerði sér m.a. í heilbrigðismálum.

Hv. þm. hefur sagt að sparnaður fyrir ríkið hafi orðið harla lítill af þessum aðgerðum en hann segir í hinni andránni að með þessu hafi menn verið að velta milljónum og milljörðum af ríkinu yfir á bök sjúklinganna en samt sem áður kemst hann að þeirri niðurstöðu að sparnaður ríkisins sé enginn. Auðvitað sjá menn mótsagnirnar í þessum málflutningi.

Það liggur fyrir hver er niðurstaðan að þeim aðgerðum sem gripið var til í lyfjamálum. Það er ekki ég sem reikna það út, það er ekki ég sem hef heima á eldhúsborðinu reiknað út hvaða árangur hafi orðið af þeim aðgerðum. Það eru að sjálfsögðu þeir sérfræðingar sem um fjalla og niðurstaðan er sú að á árunum 1991 og 1992 hafa lyfjaútgjöld sjúkratrygginga lækkað um 1.300 millj. kr. Það liggur fyrir. Það liggur líka fyrir að af þessum 1.300 millj. má rekja 200 millj. kr. til aðgerða fyrrv. heilbrrh. Þakkir skal gjalda honum fyrir það. En það er því miður bara ekki meira.

Þá hefur það líka verið fullyrt að þessu hafi öllu verið velt yfir á bök sjúklinga. Það er rangt. Það liggur fyrir að milli 200 og 300 millj. kr. af þessum sparnaði ríkisins hefur komið fram sem aukinn kostnaður sjúklinga, en heildarsparnaður þjóðfélagsins vegna þessara aðgerða í lækkun lyfjakostnaðar á þessu tímabili hefur verið 1 milljarður kr. Það er ekki lítið fé. Það er álíka mikið fé eins og kostar að reka alla æðstu stjórnsýslu ríkisins, þ.e. Alþingi, ríkisstjórn, Hæstarétt og forsetaembættið. Það er ekki lítill árangur í aðgerðum heilbrrn. til lækkunar á lyfjakostnaði að ná á tveimur árum heildarlækkun fyrir þjóðarbúið sem samsvarar öllum rekstrarkostnaði æðstu stofnana ríkisins.

Í sambandi við aðra hluti hef ég óskað eftir því við Ríkisendurskoðun að hún meti árangur aðgerða á öðrum sviðum. Ég á von á því að fá þá niðurstöðu mjög fljótlega. Ég hef bráðabirgðatölur með höndum sem mér er ljúft að upplýsa þingheim um. Þar er gert ráð fyrir því eða talið, miðað við þær tölur sem nú liggja fyrir, að samanlagður heildarrekstrarkostnaður Ríkisspítala, Borgarspítala og Landakots hafi á árinu 1992 lækkað frá reikningum 1991 um 570 millj. kr. — um 570 millj. kr. Menn kynnu að segja: Er það ekki bara vegna þess að menn hafa dregið úr þjónustu sem því svarar? (**Gripið fram í:** Hvaða tölu nefndi ráðherra?) 570 millj. kr. Menn geta sagt: Er það ekki einfaldlega vegna þess að dregið hafi verið úr þjónustu þessara stofnana sem því svarar? Það er ekki. Við skulum aðeins líta á Ríkisspítalana. Á árinu 1991 komu 30.186 sjúklingar til meðferðar á Ríkisspítölum. Á árinu 1992 komu 32.634 sjúklingar til meðferðar á Ríkisspítölunum eða 2.500 fleiri en árið áður. Ef við lítum á aðgerðir þá eru skurðaðgerðir á Ríkisspítölum á árinu 1991 7.666 en á árinu 1992 7.816 og hefur fjölgað um 150 á þessu tímabili. Ef við lítum á Borgarspítalann þá koma þar 9.607 sjúklingar árið 1991 en 11.000 sjúklingar árið 1992. Og ef við lítum á fjölda aðgerða þá fjölgaði þeim á Borgarspítalanum úr 5.026 í 5.408. Ef við lítum á Landakot þá komu þangað 6.076 sjúklingar árið 1991 en 5.387 árið 1992 eða heldur færri. En aðgerðum á þeim spítala sem mældar eru í aðgerðareiningum fjölgaði úr 148.651 í 169.768.

Á sama tíma og lækkun verður á rekstrarútgjöldum þessara þriggja stærstu spítala landsins á einu ári um 570 millj. kr. stóreykst þjónustan. Bæði eru þeir að sinna fleiri sjúklingum og framkvæma fleiri aðgerðir en árið áður. Þannig að það er rangt að þessi sparnaður hafi náðst með niðurskurði á þjónustu við sjúklinga, þvert á móti hefur þjónustan verið aukin, það hefur orðið gríðarleg framleiðniaukning í þessu sjúkrahúsakerfi.

Mér er það auðvitað alveg ljóst að þetta hefur gerst m.a. með því að það hefur aukist álagið á starfsmenn sjúkrahúsa. Það er mér ljóst. En það er rangt að halda því fram að um þetta hafi ekkert samráð verið haft af hálfu heilbrrn. Við í heilbrrn., þar á meðal ég sjálfur, ræddum við stjórnendur allra sjúkrastofnana á Íslandi um þær aðgerðir sem gripið var til. Við höfðum samráð við stjórnendur allra sjúkrastofnana á Íslandi um hvaða aðgerðir voru valdar á hverjum stað og við áttum fundi með starfsfólki fjölmargra þessara stofnana. Við höfum fylgt þessu eftir með því að senda öllu þessu fólki spurningar um hvernig til hafi tekist á þeirra vinnustað, hvað þessir starfsmenn telja að hafi gengið vel, hvað þeir telja að hafi gengið miður og hvaða tillögur starfsfólkið hefur um aðrar framkvæmdir til að draga úr kostnaði við þennan rekstur. Við höfum fengið fleiri hundruð svör frá þessu starfsfólki þar sem lögð hefur verið mikil vinna í af hverjum og einum, ekki bara að svara þeim spurningum sem fram voru bornar heldur einnig að rita okkur frá eigin brjósti bæði umsagnir og tillögur um aðgerðir. Fleiri hundruð svör höfum við fengið. Það varð miklu meiri svörun heldur en ég átti von á. Það var svo mikil svörun að ég komst að þeirri niðurstöðu að það væri rétt að óska eftir því að Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að-

stoðaði heilbrrn. við að vinna úr þeim svörum þannig að menn gætu með aðstoð manna sem hafa sérþekkingu í að vinna úr slíkum svörum komist að niðurstöðu um hvað það væri sem þetta fólk legði til.

Það er því rangt að þessar aðgerðir hafi verið framkvæmdar án samráðs við aðila í heilbrigðisþjónustunni, það eru ósannindi. En ég skal fyrstur manna viðurkenna það að fólkið hefur orðið að leggja á sig mikið vinnuálag til þess að ná þessum árangri. Árangurinn hefur ekki bara orðið í sjúkrastofnunum og sjúkrahúsum í Reykjavík. Í sjúkrahúsunum úti á landi benda þær tölur sem við höfum yfir að ráða til þess að þar hafi kostnaður lækkað um u.þ.b. 200 millj. kr. á árinu 1992 og á heilsugæslustöðvunum um a.m.k. 100 millj. kr. þannig að við erum að tala um heildarrekstrarsparnað á einu ári um hvorki meira né minna en 800–900 millj. kr. bara hjá þessum stofnunum einum. Það er gjörsamlega ástæðulaust að gera eins og hér var gert — að gera lítið úr þessum árangri og þeirri vinnu og þeirri fórnfýsi starfsfólks sem liggur þar að baki.

Virðulegi forseti. Ég hef og við í heilbrrn. tekið saman upplýsingarit sem hefur verið dreift til þingmanna þar sem við reynum að svara ýmsum þeim spurningum sem fólk hefur eðlilega haft uppi vegna þessara aðgerða sem ég geri mér fyllilega ljóst að eru umdeildar og eðlilegt að séu gagnrýndar því þarna er verið að víkja að mjög viðkvæmum málum. Allt orkar tvímælis þá gert er. Auðvitað er það svo að þegar menn gera jafnmiklar breytingar og þarna er verið að gera þá mega menn eiga von á því að eitthvað kunni að fara úrskeiðis og sá heilbrrh. er aðeins maður að meiri sem þá lagfærir það, þannig að ég hef líka verið gagnrýndur fyrir það. Menn segja: Þú hefur breytt lyfjareglugerð fimm sinnum. Það er rétt. En tvær af þessum breytingum hafa eingöngu verið til þess að lagfæra hluti svo þeir kæmu sér betur fyrir sjúklinga og fyrir það er heilbrrn. líka gagnrýnt. Þannig að það er orðið erfitt að uppfylla þær kröfur sem hv. stjórnarandstaða gerir til heilbrrh. í þessum málum.

Ég ætla ekki að fara að deila við þá framsóknarmenn um ástandið í heilbrigðismálunum fyrr og nú en það get ég sagt að hver einasti lyfsali væri reiðubúinn til þess strax í dag að skipta á þeim hag sem þeir höfðu þá og þeirri aðstöðu sem þeim er búin nú. Hver einasti lyfsali væri reiðubúinn til þess að gera það strax í dag og þyrfti ekki einu sinni eftir þeim að ganga til þess að svo væri. Mér fannst það ansi hart af hv. síðasta ræðumanni að nefna það sem dæmi um árangur, samskipti heilbrrn. áður og fyrr, við tannréttingalækna. Hvernig var ástandið þegar ég tók þar við? Málin voru í algjörri upplausn. Engin niðurstaða hafði fengist og fólk sem sendi börnin sín til tannréttingalækna hafði mánuðum og missirum saman orðið að sætta sig við það að fá enga úrlausn sinna mála vegna þess að heilbrrn. — þar á meðal sá sem hér lauk máli sínu áðan — gat ekki leyst þau vandamál. Þau leystum við. Ég veit ekki til þess að innflytjendur á lyfjum hafi oft stefnt hv. alþm. Finni Ingólfssyni eða öðrum fyrrv. heilbrrh. fyrir aðgerðir til að lækka álagningu á lyfjum. Það var samt sem áður það sem við urðum við að búa þannig að fullyrðingar hv. þm. um það að aðstæður lyfsala, sérfræðinga og annarra slíkra væru eitthvað betri í tíð núv. ríkisstjórnar en þeirrar fyrrverandi er algjört öfugmæli því ég fullyrði það að hver og einn einasti þessara manna væri reiðubúinn til þess strax í dag að skipta á þeim aðstæðum sem þeir bjuggu við árið 1991 og þar áður og þeim aðstæðum sem þeim eru búnar núna. (**SvG:** Það á nú við fleiri.)

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið fer þessi umræða utan dagskrár um stöðuna í heilbrigðismálum fram vegna formlegrar beiðni stjórnarandstöðunnar en ég er nokkuð viss um að margir stjórnarsinnar á hv. Alþingi eru fegnir henni þó þeir treysti sér ekki til að láta það álit sitt í ljós og jafnvel ekki til þess að vera í salnum. Þar vísa ég sérstaklega til þeirra hv. þm. sem kenna sig við jafnaðarmennsku og stæra sig gjarnan af því að eiga heiðurinn af almannatryggingakerfinu.

Ég trúi því alls ekki að fulltrúar jafnaðarmanna séu sáttir við það að kjör sjúkra og aldraðra versni stöðugt í þessu þjóðfélagi okkar sem þrátt fyrir allt er í hópi þeirra sem best mega sín í heiminum í dag. Ég trúi því ekki að hv. þm. séu sáttir við eða loki augunum fyrir því að hér á landi er óumdeilanlega í fyrsta skipti í mörg ár, jafnvel áratugi, hópur fólks sem fær ekki notið eðlilegrar heilbrigðisþjónustu vegna þess að hún kostar of mikið. Þeir jafnaðarmenn sem hér eru og eru sáttir við þetta hljóta að vera lokaðir inni í eigin reynsluheimi sem takmarkast af eigin kaupmætti og úr öllum tengslum við aðra í þjóðfélaginu. En allt sem heyrist frá þeim er að það þurfi að spara, það séu erfiðir tímar, ríkissjóður og þar með þjóðin öll eru skuldum vafin og nú er þörf á verulegum niðurskurði. Ekki heyrist minnst á að einstakar fjölskyldur eða heimili geti verið í meiri vandræðum en önnur og þar er þó um að ræða það fólk sem tekið hefur á sig byrðar vegna síversnandi stöðu ríkissjóðs undanfarin ár. Á sama tíma og lagðar eru þyngri og þyngri byrðar á almenning í formi aukinna skatta, beinna og óbeinna, að ekki sé talað um svokölluð þjónustugjöld eða aðra feluskatta ríkisstjórnarinnar, þá hafa ýmis útgjöld ríkisins aukist verulega og þykir ekkert tiltökumál. Þar má t.d. nefna risnu ráðuneyta og stofnana ríkisins, ferðakostnað, tölvukaup og aðrar fjárfestingar sem vafasamt er að skili miklu til baka.

Útgjaldaliðurinn heilbrigðismál er vissulega stór þáttur í ríkisútgjöldum og þar má vissulega hagræða og spara. Um það hefur verið rætt á undanförnum árum og ýmsar tillögur þar að lútandi verið fram settar.

Heilbrigðiskerfið og framlög til þess hafa hins vegar verið einn viðkvæmasti þáttur ríkisútgjalda vegna þess að hann snertir aðallega þá sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. Þar á ég ekki eingöngu við þá sem minnst mega sín í efnahagslegum skilningi heldur ekki síður við hina sem eiga við alvarlega sjúkdóma að stríða. Frammi fyrir þeim erum við öll afskaplega lítil, sama hve mikið er í buddunni.

Auðvitað er það þó ákveðið öryggi að hafa efna-

hagslega burði til að geta veitt sínum nánustu alla þá aðstoð sem á þarf að halda og mögulegt er þegar veikindi ber að höndum. Ég er viss um að hver og einn þeirra hv. alþm. sem hér eru staddir í salnum, og líklega þeir sem eru utan salar, þekkir þá tilfinningu að vilja gera allt sem í hans valdi stendur til að létta nánustu ættingjum veikindastríð.

Ýmsum kann að þykja þetta tal mitt væmið en það er ástæða fyrir því að ég tala á þennan hátt í dag. Ástæðan er sú að á undanförnum áratugum hefur öllum verið kleift — og ég ítreka öllum kleift — að njóta þeirrar heilbrigðisþjónustu sem völ hefur verið á hér á landi og við höfum skiljanlega verið stolt af því. En því miður á þetta ekki við lengur. Það er smám saman verið að koma á því fyrirkomulagi að sífellt vaxandi hópur fólks hefur ekki efni á því að fá lækningu meina sinna þótt um sé að ræða tiltölulega einfalda læknisaðgerð í mörgum tilvikum. Í þessum hópi eru ekki aðeins atvinnulausir einstaklingar eða fjölskyldufólk sem ekki hefur haft vinnu mánuðum saman, að ekki sé talað um einstæða foreldra og aldraða, í þessum hópi er einnig fólk sem hefur vinnu en launin duga engan veginn fyrir nauðþurftum og þar á meðal nauðsynlegri læknisþjónustu. Sparnaðaraðgerðir ríkisstjórnarinnar sem hún hefur fengið samþykktar á Alþingi með stuðningi sinna manna hafa allar beinst í sömu átt. Færa skal útgjöld frá ríkinu og fyrirtækjum, burt séð frá því hvort þau eru vel eða illa stödd, til heimilanna í landinu. Þetta heitir á þeirra máli að efla kostnaðarvitund samborgaranna. Þegar útgjöld eru færð frá ríki til almennings í formi þjónustugjalda ætti eðlilega að lækka þá skatta sem áttu að standa straum af viðkomandi útgjöldum. Lágmarkskrafa er að þessir skattar hækki ekki við breytinguna. Það hefur hins vegar gerst og er flestum óskiljanlegt að skattar hafa hækkað í öfugu hlutfalli við aukna útgjaldabyrði almennings vegna þjónustu sem ríkið veitti endurgjaldslaust. Skattar hækka og hækka og hafa aldrei verið hærri en nú. Atvinnuleysi er meira en nokkru sinni áður hér á landi og tekjur heimilanna minni en áður, þjónustugjöld og vextir hækka, persónuafsláttur vegna skatta lækkar og flestum svokölluðum félagsmálapökkum sem samið hefur verið um í kjarasamningum hefur verið breytt til hins verra fyrir launþega og ekkert lát virðist vera þar á. Og til að kóróna allt saman þá virðist það helst til ráða hjá stjórnvöldum að bæta kostnaðarvitundina, sérstaklega þeirra sem alls ekki geta náð endum saman og þeirra sem haldnir eru alvarlegum sjúkdómum og hækka öll gjöld vegna veittrar heilbrigðisþjónustu í landinu. Það er ráðið. Það þarf að spara og hagræða í heilbrigðiskerfinu og þá skal það gert með því að draga saman rekstur á sjúkrahúsum, auka kostnaðarhlutdeild sjúklinga í lyfja- og lækniskostnaði. Væri ekki nær að setjast niður og meta rólega og yfirvegað í samráði við þá sem hlut eiga að máli hvar mætti hagræða í rekstri heilbrigðiskerfisins? Á hvern hátt mætti notfæra sér enn frekar en gert hefur verið þær miklu framfarir sem óneitanlega hafa átt sér stað í læknavísindum og hafa nú þegar fækkað verulega legudögum á sjúkrahúsum vegna rannsókna og aðgerða sem nú er hægt að framkvæma á læknastofum utan sjúkrahúsa. En í stað þess að staldra við og meta möguleikana til sparnaðar og hagræðingar er vaðið áfram og skorið niður, helst flatt, yfir allar stofnanir án tillits til þarfa og hlutverks þeirra og sífellt stærri hlutur í kostnaði færður frá ríki til sjúklinga. Ég vil þó ekki segja án alls tillits til efnahags því það væri ekki hárrétt. Ellilífeyrisþegar þurfa t.d. ekki að borga fullt gjald fyrir heimsóknir á heilsugæslustöð. Á móti kemur þó að þeir fá sinn skerf af kostnaðarvakningu ríkisstjórnarinnar með því að þeim er nú gert að greiða fyrir ákveðin lyf sem tekin hafa verið út af svokölluðum frílista. Í því sambandi má nefna blóðfitulyf og lyf sem notuð eru til að lækka blóðþrýsting og jafna hjartslátt, líklega til að aldraðir dragi úr notkun þeirra og meti hverju sinni hvort borgi sig betur að borga eða hafa hraðan hjartslátt. Það má vera að einhver efist um að þessi fullyrðing mín sé rétt og þess vegna ætla ég að rekja hér mál eins sjúklings af mörgum sambærilegum.

Viðkomandi er karlmaður, fæddur 23. sept. 1923, sem sagt á 70. aldursári. Hann þarf samkvæmt mati sérfræðinga í læknavísindum að nota þrjár mismunandi tegundir lyfja vegna hjartveiki sem hrjáir hann. Áður en heilbrrh. hóf sparnaðaraðgerðir sínar þurfti þessi sjúklingur að borga tæpar 250 kr. fyrir þriggja mánaða skammt af lyfjum. En nú er ástandið ansi mikið annað og áreiðanlega til þess fallið að vekja viðkomandi til kostnaðarmeðvitundar.

Sami sjúklingur fór 5. febr. sl. í Apótek Ölfyssinga til að ná í nýjan skammt af lyfjum og framvísaði sínu lyfjaskírteini eins og hann hafði áður gert. Samkvæmt stimpli gilti þetta skírteini til 1. okt. 1993. Á því stendur skrifað að sjúkratrygging greiðir að fullu lyf í flokki C 07 A samkvæmt gildandi reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði. Þessi aldraði maður sem hefur sín ellilaun og lífeyri til framfærslu framvísaði skírteininu í þeirri góðu trú að hann fengi lyfin sín eins og áður gegn 250 kr. greiðslu. Honum brá þess vegna verulega þegar honum var gert að borga 21.885 kr. fyrir umbeðinn skammt. Samkvæmt reikningnum var heildarverð lyfjanna sem duga átti næstu þrjá mánuði 24.958 kr. Þar af greiddi samlagið 3.073 kr. og hann þessi 21.885 kr. Þessi aldraði maður skilaði lyfjunum sínum aftur einfaldlega vegna þess að hann hafði ekki og mun ekki hafa efni á að borga fyrir þau. Kostnaðarvitund þessa sjötuga manns er áreiðanlega vöknuð en það nægir ekki til þess að hann fái lyfin sín.

Þetta dæmi er ekkert einstakt. Það á sér margar hliðstæður því miður og lýsir þess vegna því ástandi sem verið er að skapa með aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Ég tek þetta dæmi hér, sem er ekki einstakt, til að staðfesta það sem ég hef áður sagt og get sannreynt það með pappírum sem ég hef í mínum fórum. Vonandi verður þessi málflutningur þó ekki afgreiddur sem gapuxaháttur líkt og gert hefur verið þegar formaður BSRB hefur rakið lík dæmi. Dæmið mitt og þau sem formaður BSRB hefur rakið eiga sér öll festu í raunveruleikanum. Það skiptir litlu þótt sérfræðingar heilbr.- og trmrn. segi að rétt matarræði og leikfimi geti komið í stað þeirra lyfja sem hjartasjúklingar verða nú

að greiða dýru verði. Á viðkomandi einstaklingur eins og sá aldraði maður, sem ég nefndi hér áðan, að taka meira mark á þeim almennu línum sem heilbrrh. setur en þeim ráðleggingum um lyfjatöku sem hann fær frá sínum eigin lækni? Hver ber ábyrgðina ef illa fer?

Það er einnig sláandi að heyra viðtal sem tekið var við konu að nafni Selma Dóra Þorsteinsdóttir sem flutt var á Rás 2 í Ríkisútvarpinu nú fyrir skömmu þar sem hún greindi frá af eigin reynslu þeirri hækkun sem krabbameinssjúklingar hafa fengið á lyfja- og læknisþjónustu.

Ég efast ekkert um að þegar heilbrrh. hóf sínar aðgerðir hafi það verið hans einlægi ásetningur að efla kostnaðarvitund sjúklinga og þeirra sem við heilbrigðisþjónustuna vinna og ég efast heldur ekkert um að einhver þörf hefur verið á slíkri vakningu því vissulega má spara ýmislegt með því að koma í veg fyrir óþarfa bruðl á þessum vettvangi eins og öðrum. Aðferðir ríkisstjórnarinnar til að koma þessu í kring hafa hins vegar verið með þeim endemum og brussugangi að þær skila mjög takmörkuðum eða engum árangri og valda þeim miklum vandræðum sem síst skyldi.

Reglum um lyfjakostnað hefur verið breytt fimm sinnum frá því að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók við stjórnartaumum fyrir tæpum tveimur árum. Það þýðir að þessum reglum hefur verið breytt á fjögurra mánaða fresti fram til þessa.

Fyrsta reglugerðin var birt í júlí 1991 og í kjölfarið fylgdu tvær til að leiðrétta þá fyrstu. Sú seinni þeirra í janúar 1992. Hálfum mánuði síðar kom reglugerð sem hafði í för með sér verulega hækkun á greiðslu sjúklinga fyrir læknisþjónustu en í júlí sl. þótti ástæða til að leiðrétta hana og milda. Ný reglugerð var sett í ágúst sama ár en þá var hlé fram í janúar eða í heila fjóra mánuði. Nú eru boðaðar nýjar breytingar sem taka eiga gildi í næsta mánuði og aðrar sem þegar hafa tekið gildi. Í ljósi þessa held ég að það hljóti að koma til álita á hinu háa Alþingi að ganga þannig frá hnútunum að sjúklingar og aðrir sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda fái Stjórnartíðindi send heim til sín án endurgreiðslu.

Rétt er þó að ítreka að breytingar við reglugerðir nr. 2 og 3 voru gerðar til að leiðrétta og milda áður teknar ákvarðanir. Nú vona ég og spyr því hæstv. heilbrrh.: Mun hann falla frá þeirri sérstöku hækkun á lyfjakostnaði fyrir hjartasjúklinga, krabbameinssjúklinga og fleiri sem nota þurfa lyf að staðaldri sem ákveðin var með nýlegri reglugerð? Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra svari þeirri spurningu.

Dæmin sem ég nefndi áðan og hv. þm. Finnur Ingólfsson nefndi í sinni ræðu sanna svo ekki verður um villst að þessi nýjasta reglugerð ráðherrans hefur það í för með sér að margir sjúklingar eiga ekki lengur kost á að fá þau lyf sem þeim eru nauðsynleg. Varla hefur það verið ætlun hæstv. ráðherra við setningu reglugerðarinnar. Ef svar ráðherra verður á þann veg að hann ætli að láta umrædda reglugerð standa óbreytta þá munum við þingmenn Alþb. láta á það reyna með tillöguflutningi hvort meiri hluti sé fyrir þessum reglum á Alþingi.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa einkennst af vanhugsuðum skyndiákvörðunum og því að sjá svikara og svindlara í hverju horni. Hver er sjálfum sér næstur. Það er eins og gert sé ráð fyrir því að fólk leiti til læknis sér til ánægju og skemmtunar en ekki vegna þess að það þurfi þess heilsunnar vegna. Á annan hátt er ekki hægt að túlka það að nú á að taka upp á nýjan leik þá tilvísanaskyldu sem aflögð var fyrir nokkrum árum síðan. Ef menn eru ekki að svíkja kerfið á þennan hátt þá eru þeir að borða pillur og drekka meðalasull sem engin þörf er fyrir sér til ánægju á kostnað ríkisins. Það er þokkalegur lýður í landinu.

Þá eiga forsvarsmenn elliheimila vítt og breitt um landið að vera að hlunnfara gamalt fólk og láta það sjálft borga fyrir lyf sem það ætti að fá ókeypis. Reyndar lét aðstoðarmaður hæstv. heilbrrh., formaður tryggingaráðs og skrifstofustjóri í heilbrrn., hafa eftir sér að þarna væri nú e.t.v. ekki um svik að ræða, heldur aðeins misnotkun gamla fólkinu til hagsbóta.

Það eru alls staðar svikarar. Ef starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar fara fram á sanngjörn laun fyrir störf sín og ætla að leggja niður vinnu vegna þess að ekki er hlustað á kröfur þeirra og samningaviðræðum neitað, þá er þetta fólk kallað lögbrjótar og vænt um illmennsku fyrir að yfirgefa veikt fólk sem sárlega þarf á þjónustu þess að halda. Enginn nefnir að e.t.v. þarf einhver hópur fólks að vera á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur ekki haft efni á lyfjum eða læknisþjónustu í heimahúsum. Allir eru settir undir sama hattinn. Þannig eru að mati hæstv. ríkisstjórnar svik og prettir alls staðar. Með slíkum hugsanagangi og þeim vinnubrögðum sem honum fylgja er ekki von á árangri og þá leita menn ekki réttra leiða til hagræðingar og sparnaðar.

Hverju hafa t.d. allar þessar reglugerðir um lyfjakostnað skilað? Hefur reyndin orðið sú að verulega hafi dregið úr lyfjaneyslu vegna þess að áður hefur verið svo mikið um að fólk taki inn lyf að nauðsynjalausu? Nei, útkoman sýnir svo ekki verður um villst að þrátt fyrir aukna kostnaðarþátttöku sjúklinga hefur ekki dregið úr greiðslum ríkisins vegna þessa milli áranna 1991 og 1992, sem sýnir að mínu mati og sannar að menn eru á villigötum.

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisendurskoðun, sem ég fékk í gær, hæstv. heilbrrh., voru heildargreiðslur sjúkratrygginga vegna lyfjakostnaðar á árinu 1991 2.423 millj. kr. en 2.764 millj. kr. árið 1992. Mismunurinn er 341 millj. kr. eða 14,1% hækkun. Sé hins vegar miðað við fast verðlag er lyfjakostnaður ársins 1991 samtals 2.501 millj. kr. til samanburðar við 2.764 millj. árið 1992. Mismunurinn er 263 millj. eða 10,5% hækkun. Ef við horfum svo á þennan bækling sem var verið að dreifa á borð okkar, og ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir og ég hefði gjarnan viljað fá hann fyrir þessa umræðu, þá segir hér að meðalvöxtur á lyfjakostnaði Tryggingastofnunar ríkisins á árunum 1984–1990 á föstu verðlagi 1991 er 12,9% á ári. Það eru ekki réttar tölur í dálknum sem merktur er 1992 samkvæmt þeim tölum sem ég hef frá Ríkisendurskoðun. Ef við gefum okkur að þessi meðalvöxtur, 12,9% á ári, sé

réttur, hvað má þá segja um þennan 14,1% vöxt sem varð á milli áranna 1991 og 1992?

Þá má ekki gleyma þegar bornar eru saman tölur að í frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1992 er gert ráð fyrir að greiðslur sjúkratrygginga vegna lyfjakostnaðar verði allt að 300 millj. kr. umfram áætlun fjárlaga fyrir árið. Jafnframt er nú gert ráð fyrir að þau útgjöld muni koma til frádráttar heimildum þessa árs. Með hvaða hætti ætlar ríkisstjórnin að standa að afgreiðslu þeirra heimilda? Það er alveg óljóst enn nema ef vera skyldi með þessum 280 millj. sem nú þegar er búið að ákveða að velta yfir á sjúklinga með lyfjakostnaði eða með því að taka einhvern hluta þess rekstrar- og stofnkostnaðar sem hefur, ég segi innan gæsalappa, „sparast hjá sjúkrastofnunum og heilsugæslustöðvum á fjárlagaárinu 1992".

Það er vissulega hrósvert þegar stofnanir ríkisins halda sig innan ramma fjárlaga hvers árs og það hefur orðið reyndin með flestar stofnanir sem heyra til heilbrrn. Þeim hefur tekist með niðurskurði á þjónustu og með því að loka deildum að halda sig innan ramma fjárlaganna og sumar hverjar, líklega nokkuð margar, sýna rekstrarafgang í lok ársins 1992. Einstaka þingmaður er óskaplega ánægður með þennan stórkostlega árangur en þeir hinir sömu gleyma að spyrja af hverju það stafar að stofnanir sem fengu knöpp framlög í upphaf árs eiga afgang í lok ársins. Þegar ástæðurnar fyrir því eru skoðaðar eða um þær er spurt kemur í ljós að í flestum ef ekki öllum tilvikum er þetta vegna þess að menn hafa frestað nauðsynlegri endurnýjun á tækjakaupum, frestað eðlilegum viðhaldsframkvæmdum eða lokað deildum sjúkrastofnana lengur en þörf var á vegna ótta við að fara fram úr fjárlögum og draga þann hala með sér yfir á næsta fjárlagaár.

Nú þarf hins vegar að móta reglur um það hvernig þessar stofnanir skulu nýta þennan afgang þar sem ekki lá ljóst fyrir við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1993 hver rekstrarstaðan yrði og af hvaða ástæðum viðkomandi stofnun sýndi rekstrarafgang um áramót. Því var það ekki tekið inn í heildarfjárlagadæmi viðkomandi stofnunar fyrir þetta fjárlagaár. Rekstrarafgangur getur verið jákvæður en hann getur einnig verið neikvæður hafi viðkomandi stofnun svelt sig og viðskiptavini sína til að ná honum fram. Þetta þarf að skoða í hverju einstöku tilfelli með tilliti til þeirra heimilda sem viðkomandi stofnun hefur á þessu fjárlagaári. Menn verða að skoða dæmið til enda og fagna síðan ef ástæða er til. Árangur verður að mælast til framtíðar. Hann næst ekki með skammtímaúrlausnum og skammtímaniðurskurði sem eykur vandann á komandi árum.

Virðulegi forseti. Ráðstafanir þessarar ríkisstjórnar einkennast, eins og ég hef áður sagt, af óðagoti, flumbrugangi og skyndiáhlaupum í einstaka málaflokkum. Ekki er horft á ríkisfjármál, ráðuneyti og stofnanir sem eina heild og verkefnum forgangsraðað samkvæmt því. Oft veltir maður því t.d. fyrir sér hvort stöðuheimildir séu í mörgum tilfellum veittar án tillits til heildarþarfa. Er t.d. ekki alveg makalaust að á meðan tveir læknar í fullri stöðu og einn í hlutastarfi starfa í Rangárvallasýslu allri sem eiga að sinna öllum íbúum sýslunnar ásamt þeim fjölda sem flyst til sýslunnar um helgar og á sumrin í sumarbústaðabyggð eru starfandi þar miklu fleiri prestar, ég held sex. Þrátt fyrir að margoft sé búið að biðja um þó ekki væri nema eina heila stöðu læknis til viðbótar þá hefur það ekki fengist nema að hluta. Ég er ekki með þessu að segja að prestar séu ekki nauðsynlegir mannssálinni en væri ekki eðlilegt að jafna þarna og færa eina stöðuheimild á milli stétta. Það gæti t.d. í þessu tilviki gerst án þess að skerða þjónustu kirkjunnar en fullnægja þörfinni fyrir læknishjálp og kostnaðarauki ríkisins væri lítill sem enginn.

Ég nefni þetta dæmi aðeins til að koma því til skila hvað ég á við með því að nauðsynlegt sé að horfa á ráðuneyti og stofnanir þeirra að einhverju leyti sem heild við forgangsröðun verkefna og afgreiðsu fjárlaga. Þannig má ná bestum árangri í stjórnun ríkisfjármála til lengri tíma litið. Það verður ekki gert með skyndiákvörðunum og framkvæmdum byggðum á þeim líkt og á sér stað í heilbrigðismálum. Ákvarðanir sem flestar bitna harkalega á þeim sem búa við lökust kjörin og þeim sem eiga við erfiða sjúkdóma að etja. Væri ekki nær að forgangsraða niðurskurðarverkefni ríkisstjórnarinnar á annan hátt eða er meiri hluti hv. alþm. á því að þetta séu eðlilegar og réttlátar aðgerðir? Ef hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur ekki í hyggju að draga til baka þær hækkanir á lyfjakostnaði sem fylgdu síðustu reglugerðarbreytingum hans og þeir bera sem nota þurfa lyf að staðaldri, þá mun, eins og ég sagði áðan, þingflokkur Alþb. leggja fram tillögu þess efnis hér á hv. Alþingi.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin sem setið hefur núna tæp tvö ár hefur fundið fyrir því að í viðleitni sinni til þess að draga úr útgjöldum ríkisins og kostnaði hafa sprottið upp mjög margir vinir eyðslunnar og útgjaldanna en ríkissjóður á fáa vini eins og þekkt er. Ekki síst hefur þetta komið fram gagnvart viðleitni til þess að spara í heilbrigðismálum og hefur ríkisstjórnin, og auðvitað hæstv. heilbrrh. sérstaklega, þurft að sitja undir mjög miklum ómaklegum árásum vegna þessarar viðleitni.

Við hljótum að horfast í augu við þær staðreyndir að tekjur og gjöld ríkisins hafa vaxið mun hraðar hjá okkur en hagvöxtur hefur vaxið á undanförnum árum. Útgjöldin hafa vaxið mun hraðar en tekjurnar þó að tekjurnar til ríkisins hafi einnig vaxið meira en hagvöxtur hefur gefið tilefni til. Þessi mikli vöxtur útgjaldanna hefur leitt til þess að ríkissjóður hefur verið rekinn með sífelldum halla og skuldasöfnun hefur átt sér stað í stórum stíl.

Afleiðingar þessa eru auðvitað margar. Við þekkjum allmargar þeirra afleiðinga en sú beinharða sem blasir við er auðvitað sú að í þeim fjárlögum sem við afgreiddum fyrir ekki löngu síðan verðum við að verja 10 milljörðum kr. í vaxtagreiðslur eða tæplega tíundu hverri krónu sem við öflum verðum við að verja til vaxtagreiðslna. Ef við hefðum hagað okkur skynsam-

legar varðandi útgjöldin ættum við drjúgan hluta þessara peninga úr að spila.

Þegar við ræðum heilbrigðismálin sérstaklega og þær aðgerðir sem menn hafa gripið til þar er málum gjarnan lýst svo, og það hefur þegar verið gert í nokkuð þessari umræðu, eins og heilbrigðismálin séu komin í afskaplega erfiða stöðu og við getum ekki borið okkur saman lengur við það besta í veröldinni á því sviði eins og við höfum getað gert. Allar tölur segja þó allt aðra sögu og draga upp allt aðra mynd. Enn þá erum við í hópi þeirra þjóða sem verja mestum og hæstum fjárhæðum til heilbrigðismálanna. Það eru aðeins fjórar þjóðir sem verja meiri framlögum í þessu skyni en Ísland gerir. Ef eingöngu er litið til hins opinbera er reyndar aðeins eitt ríki sem af opinberri hálfu ver meiri fjármunum til heilbrigðiskerfisins en Ísland. Það er staðan sem menn horfa á í þessum málaflokki.

Önnur ríki hafa þess vegna rétt eins og við orðið að grípa til ráðstafana á þessu sviði, orðið að grípa til aðgerða til að hemja vöxt útgjalda heilbrigðismálanna. Við þekkjum nýjustu dæmi þaðan bæði frá Svíþjóð og Þýskalandi. Þessi ríki eru að glíma við nákvæmlega sama vandann og við en þar dettur stjórnmálamönnum auðvitað ekki í hug að blása á að hér sé um mikinn vanda að ræða og neita sumir hverjir að taka þátt í að leysa hann.

Ég tel reyndar að hæstv. fyrrv. heilbrrh. hafi haft mjög góðan vilja til þess að sporna við vexti þessara útgjalda, en þörfin er enn þá brýnni hjá okkur núna þegar hinar sameiginlegu tekjur þjóðarinnar hafa verið að dragast saman. Það var auðvitað þægilegra við að eiga meðan tekjurnar jukust jafnt og þétt en þegar samdráttur er er óhjákvæmilegt að draga saman í þessum efnum. Þegar við þurfum að rifa seglin, eins og menn geta varla deilt um að við þurfum að gera þarf það ekki að koma nokkrum manni á óvart að heilbrigðismálin hljóta að vera þar ofarlega á blaði vegna þess að heilbrigðismálin taka svo stóran hluta af öllum okkar útgjöldum að það er ekki boðlegt að segja: Við getum gripið til þess að draga úr útgjöldum ríkisins án þess að snerta þennan mikilvæga málaflokk.

Útgjöld heilbr.- og trmrn. eru áætluð 41,5% af heildarútgjöldum ríkissjóðs á þessu ári. Þessi útgjöld voru 35% fyrir örfáum árum síðan. Þarna hefur því orðið gríðarlegur vöxtur. Þrátt fyrir að ríkisstjórninni, og hæstv. heilbrrh. sérstaklega, hafi tekist að lækka nokkuð útgjöld til heilbrigðismála er staðreyndin sú að útgjöld ríkissjóðs til þessa málaflokks eru að raungildi hærri í ár en voru á síðasta heila ári ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar 1990. Menn eru sem sagt ekki að skera niður í þessum efnum heldur að sporna við að vöxturinn fari úr öllum böndum. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála hafa vaxið um 5–6% að raungildi á ári undanfarna áratugi og mönnum hefur aðeins tekist að draga úr þessum vexti. Útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála hafa lækkað um 2 milljarða frá 1991 til fjárlaga 1993 og umtalsverður sparnaður hefur náðst í almannatryggingum og þá helst í lyfjaútgjöldum. Það er staðreynd og athyglisverð staðreynd að tekist hefur að ná þessum árangri án þess að dregið hafi verið úr þjónustu að neinu marki og án þess að slakað hafi verið á hinum miklu gæðum sem heilbrigðisþjónustan hér á landi býr yfir.

Auðvitað er það svo að hluti af þessum árangri er vegna aukinnar kostnaðarþátttöku almennings í heilbrigðisþjónustunni. Þannig hefur eftirspurn verið stýrt til að mynda í ódýr lyf og komur til lækna af litlu tilefni takmarkaðar með afnámi fríkorta. Þrátt fyrir þessar breytingar — það verða menn að hafa í huga — er hlutur einstaklinga í heilbrigðisþjónustunni á Íslandi lægri en víðast hvar annars staðar í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Aukin þjónustugjöld eru ekki fyrst og fremst hugsuð til að auka tekjur ríkissjóðs, þó þau hafi þann ánægjulega fylgikvilla, heldur eru þessi gjöld fyrst og fremst hugsuð til að efla og auka kostnaðarvitund einstaklinganna og beina eftirspurninni að hagkvæmari lausnum. Það hefur tekist með aðgerðum hæstv. heilbrrh.

Við skulum hafa það í huga að flest eða öll ríki OECD eru að reyna markaðslausnir af þessu tagi og reyndar í miklu ríkari mæli en við Íslendingar erum að gera. Hlutur heilbrigðisþjónustunnar í framfærsluvísitölu er nú í febrúar 1993 2,8%. Til samanburðar var hlutfallið 2% 1968, 1,7% 1984, 2,3% árið 1988 og 2,5% í nóvember 1992. En nú er það sem sagt 2,8%. Til samanburðar er hægt að geta þess að orlofsferðir til útlanda vigta 2,9% í framfærsluvísitölunni.

Stjórnvöld hafa leitast við að koma á hóflegum notendagjöldum ásamt því að hagræða og færa til útgjöld innan heilbrigðisþjónustunnar til að mæta nýjum verkefnum. Þess hefur verið gætt að enginn þurfi að neita sér um þjónustu vegna óhóflegs kostnaðar og heilsugæslan er öllum opin með fyrirbyggjandi læknishjálp fyrir mjög hóflegar greiðslur, lágar greiðslur.

Það væri hins vegar bjartsýni að segja að því verki að hagræða í heilbrigðisþjónustunni sé lokið og verður sennilega seint eða aldrei lokið. Við hljótum að halda því verki áfram. Við hljótum að þurfa að koma í veg fyrir sóun og lækka verð á þjónustunni. Hvers vegna hljótum við að þurfa að gera það? Vegna þess að staðreyndirnar sýna að eins og aldurssamsetningu þjóðarinnar er háttað mun þessi kostnaður aukast verulega á næstu árum. Til þess að við getum borið þann kostnað og risið undir að veita þá heilbrigðisþjónustu sem við kjósum hljótum við að halda áfram að hafa mjög vakandi auga með öllum útgjöldum og reyna að gera þessa þjónustu hagkvæma í öllum myndum.

Við Íslendingar búum við eitt besta heilbrigðiskerfi sem þekkist. Við erum stolt af því heilbrigðiskerfi. Það heilbrigðiskerfi hefur í engu skaðast á undanförnum árum. Þvert á móti eru menn að tryggja að við getum áfram búið við traust og öruggt heilbrigðiskerfi í landinu. Ég tel að hæstv. heilbrh. hafi gengið fram vasklega í þessu máli. Hann hefur þurft að sæta mjög svo ómaklegum árásum slag í slag. Hann á miklu fremur heiður skilið fyrir það verk sem hann hefur tekið að sér að vinna. Og ég tel að hann vinni þau bæði með hagsmuni ríkissjóðs í huga en þó ekki síður og fyrst og fremst með hagsmuni þeirra í huga sem þurfa heilbrigðisþjónustu við í landinu.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hjó eftir því að hæstv. ráðherra var að lýsa því hér áðan að kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu hefði síðustu tíu ár aukist úr 6,5% af vergri landsframleiðslu í rúm 8%. Þetta munu raunar vera upplýsingar sem eru í pésa sem hann hefur látið dreifa hér. Ég vil gagnrýna að verið sé að miða hér við verga landsframleiðslu þegar verg landsframleiðsla dróst saman milli áranna 1991 og 1992 um 4,1%. Staðreyndin er að engin aukning hefur orðið í landsframleiðslu frá árinu 1985 og nú áttunda árið í röð. Því er ekki raunhæft þegar landsframleiðslan hefur dregst saman að bera það saman og tala um aukningu í heilbrigðisþjónustu miðað við verga landsframleiðslu. Að sjálfsögðu er það aukning þegar landsframleiðsla dregst saman þó það sé ekki raunaukning í heilbrigðisþjónustunni.

Virðulegur forseti. Þegar lagt var fram frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 var m.a. tilkynnt að sparnaði skyldi náð í heilbrigðiskerfinu. Í því skyni var byrjað að rótast í skipulagningu sjúkrahúsanna í Reykjavík. Það var rætt um sameiningu þeirra að einhverju leyti. Uppsagnir voru á Landakoti og á tímabili vissi starfsfólkið þar ekki sitt rjúkandi ráð. Landakot er í raun og veru í sárum eftir allar aðgerðirnar þá. Þar hefur legudögum fækkað um 22%, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra áðan, á milli áranna 1991 og 1992 og innlögnum fækkað um 650. Þar af leiðandi hefur auðvitað allur rekstrarkostnaður þess spítala minnkað um umtalsvert. Að færa bráðavaktirnar frá Landakoti hefur haft peningalegan sparnað í för með sér en eftir er að meta áhrifin á þjónustu spítalans, hvort sú þjónusta önnur sem þar er er hagkvæmari eða betri. Hefur hæstv. ráðherra skoðað framleiðnina á þeim spítala? Hvaða stefna er yfirleitt annars uppi í málefnum Landakots til lengri tíma litið?

Svo eru það allar breytingarnar á lyfjareglugerðunum. Það var boðað að koma ættu ný lög um breytingu á lyfsölulögum. Þau hafa ekki enn komið þannig að þær breytingar sem verið er að gera taka yfirleitt alltaf til reglugerðar.

Ef við lítum á tölulegar staðreyndir um framlög til heilbrigðismála í fjárlögum eru þær þessar:

Í frv. til fjárlaga árið 1992 er heildarfjárframlag til heilbr.- og trmrn. rúmlega 43 milljarðar og 384 millj. kr. Það varð síðan í fjárlögunum 43,9 milljarðar. Hækkun varð meðan verið var að vinna fjárlögin í kringum 600 millj. kr. Það var því strax sýnt að markmiðið náðist ekki í fjárlagagerðinni. Síðan komu fram fjáraukalög fyrir árið 1992 á sl. hausti þar sem gert er ráð fyrir hækkun til þessa málaflokks um 1,6 milljarða kr. Þó eru ekki öll kurl til grafar komin þar sem enn er ágreiningur um 400 millj. kr. hækkun til sjúkratrygginga einmitt vegna lyfjakostnaðar. Mesta hækkunin í fjáraukalögum er einnig til Tryggingastofnunar, tæpar 700 millj., og svo til Atvinnuleysistryggingasjóðs upp á 709 millj.

Það er því alveg ljóst að hækkun til heilbrigðis- og tryggingamála verður á heildina litið allmiklu hærri en fjárlögin gerðu ráð fyrir. Eins og ég sagði áðan er í fjárlögum ársins 1992 gert ráð fyrir tæpum 44 milljörðum til heilbrigðis- og tryggingamála almennt. Í fjáraukalögum þessa sama árs er svo gert ráð fyrir a.m.k. rúmum 2 milljörðum til viðbótar. Þá erum við komin með fjárlög ársins 1992 fyrir þennan málaflokk í rúma 46 milljarða. Síðan er í fjárlögum þessa árs gert ráð fyrir 46,1 milljarði.

Svo eru menn að tala um að það hafi orðið sérstaklega mikill sparnaður, 2 milljarða kr. sparnaður jafnvel á milli ára, og nefna sjúkrahúsin í Reykjavík með um 700 millj. kr. sparnað. Sá sparnaður er kannski tölulega fyrir hendi og ætla ég ekki að rengja það hvað varðar þann afmarkaða þátt en þá horfum við aðeins á beinan peningalegan sparnað. Hvernig hefur sá sparnaður náðst? Með því að sjúklingar greiða meira fyrir þjónustuna. Það er staðreynd. Það getur líka verið vegna þess að þjónustan hafi minnkað á sjúkrahúsunum og fleiri deildir séu lokaðar, sem dæmi eru um í sambandi við þann sparnað sem nú er verið að ræða um á sjúkrahúsunum yfirleitt yfir landið. Sá sparnaður hafi náðst með því að fleiri deildum hafi verið lokað en raunverulega hafi síðan þurft þegar árið er gert upp. Vonandi verður það til þess að þær deildir verði ekki lokaðar á yfirstandandi ári. Það er líka fólgið í því að sjúklingar eru sendir heim fyrr en áður var. Það getur líka verið í því fólgið að biðlistar séu lengri. Það var reyndar fullyrt í júní 1992 af hæstv. heilbrrh. að biðlistar á sjúkrahúsum hefðu ekki lengst miðað við árið áður. En þess ber að geta að þá var sumarleyfi fyrir höndum og lokanir deilda þannig að að listinn hefur vafalaust lengst seinni hluta ársins.

Ríkisendurskoðun hefur verið falið að gera úttekt á rekstri sjúkrastofnana og skoða þá hagræðingu sem þar á að vera komin á. Nú er auðvitað ekki nóg að segja að 700 millj. hafi sparast í rekstri ef það kemur niður á þjónustunni og í því er fólginn aukinn kostnaður sjúklinga og kostnaður Tryggingastofnunar hefur aukist að sama skapi. Ef fólk getur ekki komist að á sjúkrastofnunum þá leitar það til sérfræðinga og þeim er greitt frá Tryggingastofnun.

Lyfjakostnaðarmálið er svo kapítuli út af fyrir sig. Þar hefur reglugerðum verið breytt á nokkurra vikna fresti en í raun hefur aldrei fengist nein reynsla á hvernig þær breytingar virka. Þar er hringlandahátturinn í algleymingi hjá hæstv. heilbrrh. og virðist þar vera viðhöfð sú aðferð að reyna að skjóta í mark frí-hendis og tilviljun ræður hvort örin hittir og svo er reynt að nýju til að vita hvort betur tekst til.

Raunhæfan sparnað í heilbrigðiskerfinu er fyrst hægt að tala um ef gerð er áætlun til lengri tíma og verkefnum forgangsraðað. Einu ráðin sem hefur verið beitt eru niðurskurður á fjármagni til sjúkrahúsþjónustu og læknisþjónustu. Öruggasta leiðin til að lækka þessi gjöld væri að reyna að koma í veg fyrir sjúkdóma. Draga úr tíðni sjúkdóma eða afleiðingum þeirra. Fyrirbyggjandi aðgerðir ættu í mun meira mæli að vera hlutverk heilbrigðisþjónustunnar.

Það má líka nefna að sú hagstjórn sem kemur í veg fyrir atvinnuleysi skilar sér ekki aðeins í minnkandi framlagi til Atvinnuleysistryggingasjóðs og auknum

tekjum ríkisins af sköttum heldur stuðlar hún að betri heilsu borgaranna, bæði andlegri og líkamlegri, og dregur þar með úr aðsókn að heilbrigðisþjónustunni.

Ríkisstjórnin ætti að vera sér meðvitaðri um það takmark að stefna að heilbrigði sem flestra árið 2000 eins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur sett fram sem markmið. Hætta þeirri aðferð að höggva á báðar hendur og tilviljun ráði því hver fyrir verður. Með slíkri aðferð næst ekki árangur í að nýta fjármuni ríkisins skynsamlega og aðgerðirnar skila engu í bættri heilsu sem er það eina sem getur dregið úr kostnaði landsmanna við heilbrigðisþjónustuna þegar á heildina er litið og til lengri tíma.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegur forseti. Hæstv. forsrh. gaf tóninn áðan og kallar þá sem gagnrýna hæstv. heilbrrh. vini eyðslunnar. Hann talaði um hæstv. heilbrrh. sem hetju.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin hrósar sér af stöðugleika. Stöðugleiki þessi finnst ekki í heilbrigðiskerfinu. Í heilbrigðismálum er mikill verðbólgudraugur á ferðinni. Það þekkja þeir sem þurfa á lyfjum og læknishjálp að halda. Þeir hafa þurft að taka á móti í það minnsta átta breytingum á síðustu missirum. Ein reglugerð er ekki komin til framkvæmda þegar önnur birtist. Engin heildstæð stefna er í heilbrigðismálum önnur en sú að sjúklingurinn borgar meira og meira, meira í dag en í gær. Um hvaða stöðugleika eru menn að tala? Þegar þetta gerist á sama tíma og atvinna minnkar og kaupmáttur rýrnar skulu þeir borga sem hingað til hefur verið sátt um að hlífa.

Ýmsar kenningar eru uppi hjá hæstv. ríkisstjórn um að auka kostnaðarvitund sjúklinga. Ég segi það fyrir mig að ég gef lítið fyrir kostnaðarvitun hjartasjúklinga og krabbameinssjúklinga. Hér hefur verið áður rætt um það hvað þessir sjúklingar þurfa að borga í dag. Umbætur til almannaheilla kallar Jafnaðarmannaflokkur Íslands þessar „umbætur" og sjálfstæðismenn eru ekki með hávær mótmæli, langt frá því.

Í gær kom það fram á fundi hjá Alþfl., sem var að kynna þessar „umbætur til almannaheilla" að að jafnaði færi aðeins um 1% af heildartekjum heimilanna til læknisþjónustu. Hvað segir slíkt meðaltal okkur? Akkúrat ekki neitt. Jú, að að meðaltali eru Íslendingar heilbrigðir. En þegar einstaklingur þarf að leita læknis og er með langvarandi sjúkdóma getur það farið svo að allt að 100% af heildartekjum sama einstaklings fari til læknishjálpar. Það gerist æ oftar að sjúklingur hringir í apótek og spyr hvað ákveðið lyf kostar sem hann á að sækja og síðan er lyfið ekki sótt því sjúklingurinn á einfaldlega ekki fyrir lyfinu þrátt fyrir að þessi lyf séu lífsnauðsynleg sjúklingnum. Það gerist í æ ríkari mæli að mæður hringja sem eiga að fara með börn sín í ýmsar rannsóknir eða aðgerðir, t.d. setja rör í eyra sem er mjög algeng aðgerð, og spyrja hvað aðgerðin kostar. Hún kostar um 4.000 kr. Þessar mæður mæta oft ekki í þessar aðgerðir vegna þess að eftir aðgerðin þarf sjúklingurinn einnig að kaupa lyf sem kosta jafnvel jafnmikið og aðgerðin.

Virðulegur forseti. Hvernig líður móður sem ekki hefur efni á að leysa út fúkkalyf fyrir barnið sitt? Ég held, virðulegur forseti, að það þurfi ekki að örva kostnaðarvitund þessa fólks.

Lítum á áhrif reglugerðarbreytinga sem átt hafa sér stað undanfarið. Ég hef t.d. dæmi um barn sem fékk sýkingu í fót rétt eftir áramót og hefur nú þegar borgað 25.000 kr. fyrir fúkkalyf. Þessi lyfjameðferð hefur ekki gagnað þannig að grípa þar til enn dýrari lyfja. Foreldrarnir hafa ekki efni á að borga þessi lyf og læknirinn hefur engin önnur ráð en að leggja barnið inn á sjúkrahús því sjúkrahúsvist kostar ekkert fyrir sjúklinginn en kostar aftur á móti 18 þús. kr. á sólarhring fyrir ríkið. Það er ekki læknisfræðileg nauðsyn að leggja barnið inn en það er nauðsyn vegna þess að foreldrarnir hafa ekki efni á að greiða fyrir lyfið. Það er orðið mjög algengt að læknar grípi til þess að leggja inn sjúklinga sem hafa ekki efni á að fara í þær aðgerðir sem þeir þurfa að fara í en geta farið í á göngudeildum.

Skoðum nýlega reglugerð um svokölluð ferliverk. Það hefur ekki verið rætt hér um svokölluð ferliverk. En ég ætla í fáum orðum að segja hvernig þetta fer fram. Það fer þannig fram að læknir á sjúkrahúsi sem er á fullum launum, 100% launum frá sjúkrahúsinu, tekur að sér svokallað ferliverk. Inn kemur sjúklingur sem fer í aðgerð. Aðgerðin kostar sjúklinginn 10–14 þús. kr. Síðan getur læknirinn fengið laun eftir sérstökum taxta fyrir þetta verkefni þó hann sé á 100% launum. Við hliðina á þessum sérfræðingi sem rukkar sjúklinginn er hjúkrunarfræðingur og annað starfsfólk sem aðstoða lækninn en hafa auðvitað ekki neinar sérstakar aukagreiðslur fyrir. Það er ekki verið að spara neitt fyrir sjúkrahúsið heldur fá sérfræðingar þarna aukaborgun. Var það ætlunin, hæstv. heilbrrh.? Það er meira að segja svo langt gengið að á meðan hjúkrunarfræðingur svæfir sjúklinginn er læknirinn jafnvel að reikna út hvað hann fær mikið fyrir þetta ferliverk. Var þetta ætlunin hæstv. ráðherra? En það vill svo til að það eru margir læknar sem hafa svo mikla andstyggð á þessari reglugerð að þeir nýta hana ekki.

Ég er hér með dæmi um t.d. sjúkling sem fór í aðgerð sem flokkast undir svokallað ferliverk. Hann fór á sjúkrahús, borgaði fyrir aðgerðina 14.000 kr. en lagðist síðan inn. Það er allt í lagi samkvæmt þessari reglugerð. Það er hægt að liggja inni einn sólarhring. Það er eðlilegt. Þrátt fyrir það rukka læknar á fullum launum extra fyrir þessa aðgerð. Það er óeðlilegt.

Í hvítbókinni er talað um að skilja á milli einkareksturs og starfa lækna á sjúkrahúsum. Þetta eru mikil öfugmæli því hér er verið að rugla þessu saman, hæstv. heilbrrh. Ég vona að í þeirri endurskoðun sem enn á eftir að fara fram skoði hæstv. heilbrrh. þetta.

Mig langar að spyrja hæstv. heilbrrh. hvað það hefur sparað að loka Fæðingarheimilinu og hvað örtröðin á fæðingardeildinni hefur kostað. Hvað hefur hún kostað í aukavöktum o.s.frv.? Það er rétt að hæstv. heilbrrh. skoði það.

Að vísu sagði hæstv. heilbrrh. að hann hefði ekki búist við svo mörgum fæðingum sem orðið hefur. Það

fannst mér nokkuð merkilegt en hann lokaði eins og menn muna Fæðingarheimilinu til að koma í veg fyrir tvíverknað í fæðingum.

Tíma mínum er að ljúka hér en það er margt ósagt.

Virðulegi forseti. Ég fullyrði að enginn málaflokkur er jafnviðkvæmur fyrir sveiflum og illa ígrunduðum breytingum eins og heilbrigðismálin. Það hefur hingað til verið sátt um það í þjóðfélaginu að allir geti nýtt sér heilbrigðisþjónustuna án tillits til efnahags. Þessi mikilvæga samtrygging hefur verið brotin á bak aftur. Verkefni dagsins er að kveða þennan verðbólgudraug niður sem skapast hefur í heilbrigðismálum með vandaðri og faglegri vinnubrögðum en hér hafa átt sér stað undanfarið.

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Á undanförnum missirum hafa átt sér stað miklar umræður um heilbrigðismál, bæði hér á hinu háa Alþingi sem og úti í þjóðfélaginu. Það verður ekki svo fjallað um breytingar sem átt hafa sér stað í heilbrigðiskerfinu að ekki verði vikið almennt nokkrum orðum að efnahagsmálum.

Þegar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók við völdum fyrir tæplega tveimur árum setti hún sé það sem höfuðmarkmið að takast á við halla í ríkisfjármálum sem frekar hefur verið regla en undantekning sl. áratug og þó lengra væri litið til baka.

Það er synd og skömm að hvort sem verið hefur í góðæri eða við lakari efnahagsskilyrði hefur stjórnvöldum ekki tekist að hemja gjöld innan þess ramma sem tekjur hafa markað. Það þarf ekki að leita langt til að sjá hverjar afleiðingar slík óstjórn efnahagsmála kann að hafa í för með sér. Raunar er það svo að flest vestræn ríki búa um þessar mundir við kreppu í efnahagsmálum borið saman við þann uppgang og hagvöxt sem átt hefur sér stað síðustu áratugi. Víðast hvar leita menn leiða til að draga úr halla í ríkisfjármálum. Stærstu tíðindin af þeim vettvangi koma þessa dagana frá Bandaríkjunum þar sem nýkjörinn forseti, sem mér skilst að sé framsóknarmaður, flutti stefnuræðu sína í síðustu viku. Þar sagði Clinton m.a., með leyfi forseta:

„Ef við áræðum ekki að hefjast handa við að byggja upp framtíð okkar og hætta lántökum þá erum við að hörfa á vit margra ára samdrátta og stöðnunar."

Þetta eru ekki ný sannindi, a.m.k. ekki fyrir okkur Íslendinga. Þannig hefur ríkisstjórn Davíðs Oddssonar haldið á spilunum og bent á að ekki verði lengra gengið í erlendum lántökum sem ekki skila þjóðarbúinu arði. Hins vegar hafa menn leitast við að finna leiðir til að opna fyrir erlenda fjárfestingu hér í landi. Það hefur reyndar verið afar sérstætt að fylgjast með því í gegnum tíðina hversu íslenskir stjórnmálamenn hafa verið andvígir erlendum fjárfestingum þó svo andstaðan fari e.t.v. nokkuð dvínandi. Óttinn virðist hafa falist í því að eigendur fjármagnsins kynnu að hafa af því nokkurn arð sem ýmsum virðist hin mesta óhæfa. Helst hefur virst sem erlent fjármagn væri af hinu illa nema við fengjum að greiða af því vexti.

Efnahagsaðgerðir Bills Clintons byggjast fyrst og fremst á fernu: Í fyrsta lagi niðurskurði í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi skattahækkun á tekjum yfir 30.000 dollara. Í þriðja lagi að takast á við útgjaldavanda í heilbrigðiskerfinu. Í fjórða lagi í baráttu við atvinnuleysið.

Þetta heitir á máli Bandaríkjamanna bylting til umbóta í efnahagsmálum. Hér á Íslandi eru aðgerðir af þessum toga hins vegar kallaðar árásir á hag landsmanna, stríðsyfirlýsingar og annað í þeim dúr sem frekar minnir á atburði á ófriðarsvæðum, svo sem í fyrrum Júgóslavíu.

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hefur gætt mikillar sjálfvirkni í útgjöldum til heilbrigðismála. Þannig hafa útgjöldin stöðugt vaxið umfram verðbólgu hvað þá heldur tekjur ríkissjóðs. Við slíkt verður ekki unað enda ekkert lögmál að þjónusta heilbrigðiskerfisins batni með auknum útgjöldum einum saman. Þannig er talið að bandaríska heilbrigðiskerfið sé það fjárfrekasta í veröldinni á sama tíma og þjónustan er í molum. Á undanförnum árum hafa heilbrigðisyfirvöld séð hvert stefndi og haft uppi nokkrar tilraunir til að ná tökum á útgjaldaaukanum. Þær tilraunir hafa meira og minna runnið út í sandinn vegna þess að vilja hefur skort til að taka á fjármálum ríkisins í heild og öðrum og óskynsamlegri ráðum beitt sem hafa haft það í för með sér að hið opinbera er að greiða 10,5 milljarða í vexti af lánum á þessu ári. Sú upphæð er nálægt því að vera 65% af þeim fjármunum sem ríkið ver til rekstrar sjúkrastofnana á þessu ári. 10.500 millj. er u.þ.b. fjórðungur þess fjár sem varið er til heilbrigðis- og tryggingamála á þessu ári.

Það er fróðlegt að huga að heildarútgjöldum til heilbrigðis- og tryggingamála undanfarin fjögur ár. Árið 1990 var 40,55% af heildarútgjöldum ríkisins varið til heilbrigðis- og tryggingamála. Árið 1991 og 1992 var hlutfallstalan 40,7% og 40,13%. Svo ber hins vegar við að á þessu ári er 41,57% af heildarútgjöldum ríkisins varið til þessa málaflokks. Þetta er árásin sem gerð er á hag sjúkra, öryrkja og aldraða í þjóðfélaginu. Þannig verjum við tæplega 176 þús. kr. á þessu ári á hvern einstaklinga í landinu til heilbrigðis- og tryggingamála.

Á síðasta ári náðist mikilvægur árangur við að draga úr kostnaði í heilbrigðiskerfinu. Verulegur sparnaður náðist fram í rekstri sjúkrastofnana með sameiningu og ýmiss konar hagræðingu. Það gekk þvert á marga og mikla spádóma að þjónustan minnkaði ekki heldur varð um fjölgun á aðgerðum að ræða og skilvirkni varð meiri. Starfsfólk og stjórnendur sjúkrastofnana eiga heiður skilinn fyrir vaska framgöngu í þeim efnum.

Það sem mestur styrr hefur staðið um á síðustu vikum og mánuðum er hækkun á lyfjakostnaði einstaklinga. Því er ekki á móti mælt að hækkanir hafi átt sér stað. Þess hefur þó ávallt verið reynt að gæta að þeim sé hlíft sem mest þurfa á lyfjum að halda. Það fer hins vegar ekki hjá því að þegar viðamiklar breytingar eru gerðar í viðkvæmum málaflokki sem þessum skjóta upp kollinum dæmi sem menn sáu ekki fyrir þrátt fyrir mikinn vilja. Hæstv. heilbrrh. hefur ítrekað lýst því

yfir að hann muni gera breytingar í slíkum tilvikum sem upp kunna að koma.

Aðgerðir hæstv. heilbrrh. í lyfjamálum hafa langt í frá miðað eingöngu að því að auka kostnaðarhlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði. Náðst hefur árangur í notkun ódýrari lyfja sem skila sama árangri og auk þess hefur álagning lækkað. Því miður heyrðist lítið um stuðning almennings í landinu og stjórnarandstöðu við baráttu heilbrrh. fyrir lækkun álagningar á lyf sem varð að dómsmáli eins og kunnugt er þegar lyfjaheildsalar stefndu ráðherra fyrir dóm. Það mál vannst og við það sparast á þriðja hundrað milljónir í útgjöldum. Auk þess er væntanlegt eins og fram hefur komið á næstu dögum frv. um lyfjadreifingu sem fjallar um að einokun verði aflétt og frjálsræði verði aukið í lyfjadreifingu. Ég hef mikla sannfæringu fyrir því að verði frv. að lögum muni hagur samfélagsins og neytenda batna til muna hvað varðar lyfjakostnað. Það er hins vegar nokkuð ljóst að frv. mun eiga sér harða og sterka andstæðinga og fyrst og fremst þá sem fá notið einokunarinnar í dag.

Virðulegi forseti. Ef ekki hefði verið brugðist við vandanum varðandi útgjöld til lyfjamála hefði kostnaðurinn á síðasta ári numið um 3,3 milljörðum kr. í stað 2,6 milljarða eins og raunin varð. Miðað við þá sjálfvirkni útgjalda sem verið hefur undanfarin ár í þessum málaflokki má ætla að kostnaður ríkisins hefði numið 3,7 milljörðum á þessu ári hefði ekkert verið aðhafst. Slíkan sjálfvirkan vöxt útgjalda á sama tíma og tekjur minnka getur hið opinbera ekki leyft sér fremur en heimilin í landinu geta leyft sér að auka útgjöld á samdráttartímum.

Nokkuð hefur borið á því í umræðum að gagnrýnt hefur verið að ekki sé tekið á þeim starfsmönnum í heilbrigðiskerfinu sem sagðir eru skammta sér laun að eigin vild. E.t.v. er nokkuð ofsagt í þeim efnum. Ég gat um það fyrr í ræðu minni að náðst hefði fram nokkur lækkun álagningar á lyf og frv. til að brjóta upp einokunarkerfið í lyfjadreifingu. Þá fékkst heimild í lögum um áramótin til að koma á svonefndu tilvísanakerfi sem vonandi mun leiða til sparnaðar við sérfræðilækningar.

Ríkisendurskoðun hefur vakið athygli á því í nýlegri skýrslu að þörf sé að koma á stimpilklukkukerfi við sjúkrastofnanir þar sem gróf könnun bendir til að margir sérfræðingar vinni óeðlilega mikil störf utan spítalanna. Átak var hafið á Ríkisspítölum í því efni en nokkuð skortir á að tekist hafi að framfylgja skráningu. Það er verkefni stjórnenda og stjórnar spítalanna að koma þeim málum í viðunandi horf.

Virðulegi forseti. Tími minn leyfir ekki mjög langt mál við þessa umræðu. Þannig gafst ekki tóm til að víkja að kostnaði við læknisþjónustu og fleira. Af nógu er að taka enda vega heilbrigðis- og tryggingamál langþyngst í útgjöldum ríkisins og eru jafnframt sérlega viðkvæmur málaflokkur. Þess vegna er eðlilegt og nauðsynlegt að þau málefni séu í stöðugri endurskoðun og athugun. Við versnandi hag þjóðarbúsins er því enn meiri nauðsyn en ella að huga vel að. Þess ber þó ávallt að gæta að byrðum sé jafnað á sem réttlátastan hátt. Það eru þau sjónarmið sem hæstv. heilbrrh. á að hafa og hefur haft að leiðarljósi við vanþakklát skylduverk sín.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig ástæða til þess fyrir þingmenn og ráðherra Alþfl. að gagnrýna þjóðina um þessar mundir og flytja ræður um það að þjóðin sé sérstaklega vanþakklát einmitt í dag. Það er alveg óhætt að sjá því föstu að þjóðin er ekki sérlega þakklát í garð Alþfl. samkvæmt skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar. Það er fróðlegt finnst mér að hlýða á ræður hv. þingmanna og hæstv. ráðherra Alþfl. með hliðsjón af því að maður hefði kannski haldið að þessir þingmenn og ráðherrar hefðu eitthvað lært af þeim niðurstöðum sem nú birtast um viðhorf þjóðarinnar til vinnubragða þeirra. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að óvinsældir ríkisstjórnarinnar meðal þjóðarinnar eiga fyrst og fremst rætur að rekja til fyrirgangsins og flumbrugangsins í heilbrigðismálum. Það hefði þess vegna verið eðlilegt að hæstv. heilbrrh. og hv. formaður heilbr.- og trn. hefðu einmitt á þessum degi látið í það skína, þó ekki sé meira sagt, að eitthvað hefði kannski mátt betur fara í örlitlum efnum, þó ekki stór væru, í stjórnartíð Sighvats Björgvinssonar, hæstv. heilbrrh. Það kom hvergi fram. Það er með öðrum orðum bersýnilegt að þeir ætla að halda áfram á sömu braut enda hefur forusta Alþfl. reyndar sagt að eftir því sem fylgi Alþfl. mælist minna sé Alþfl. bersýnilega á réttari braut og samkvæmt því þá óskaði ég þeim velfarnaðar á sömu braut með hliðsjón af fylgi Alþfl. en ekki með hliðsjón af velferð íslensku þjóðarinnar. (**Gripið fram í:** Það er ekki mikið eftir.) Það er að vísu ekki mikið eftir, nei.

Virðulegi forseti. Í þessari umræðu hefur mjög margt komið fram varðandi heilbrigðismál og kostnað þeirra vegna. Ég ætla ekki að bæta þar mjög miklu við en ég ætla að benda á nokkur atriði sem hafa komið fram í málflutningi hæstv. ráðherra og ríkisstjórnar nú og að undanförnu sem hafa reynst vera röng.

Í fyrsta lagi hefur hæstv. heilbrrh. aftur og aftur sagt á Alþingi að allar áætlanir í þessum efnum hafi staðist. Hér á borði þingmanna er bók sem flytur mikil tíðindi og segir okkur allt aðra sögu heldur en þá sem hæstv. heilbrrh. hefur verið að segja enda er bókin rauð þó hún sé gefin út af hæstv. fjmrh. Í þessari bók kemur það fram á bls. 29 að áætlanir um lyfjakostnað ríkisins á síðasta ári fóru 490 millj. fram úr áætlun. — 490 millj. Áætlanir um lækniskostnað fóru á síðasta ári 300 millj. fram úr áætlun. Að áætlanir um tannréttingakostnað fóru 140 millj. fram úr áætlun. Að áætlanir um tannlækningakostnað fóru 155 millj. fram úr áætlun og að áætlanir um daggjaldakostnað fóru 200 millj. fram úr áætlun á síðasta ári. Samtals fóru þessir liðir fram úr áætlun 1.087 millj. kr. eða 12%. Og hvað segir fjmrh. í þessu riti, þessum vitnisburði sannleikans sem er rauður? Hann segir, með leyfi forseta: „Árangurinn varð ekki eins og til var ætlast."

Með öðrum orðum: Fullyrðing heilbrrh. að áætlan-

ir hans og hans starfsmanna hafi staðist er hrakin í þessu riti fjmrn.

Í öðru lagi er það fullyrt af heilbrrh. aftur og aftur, m.a. í ræðum í dag, að heilbrigðiskerfið á Íslandi sé eitt það dýrasta í heimi. Það hefur aftur og aftur verið hrakið, m.a. af landlækni sem í grein í Morgunblaðinu í síðustu eða næstsíðustu viku benti á að kostnaður við heilbrigðisþjónustu á Íslandi væri stórkostlega ofmetinn af því að inni í tölunum er hvers konar kostnaður sem erlendis er færður sem félagslegur kostnaður. Þessar upplýsingar heilbrrh. sem hann tönnlast á og endurtekur í þessum bæklingi eru líka rangar.

Það er í þriðja lagi fullyrt af hæstv. heilbrrh. að sérstaklega mikill árangur hafi náðst í sparnaði á lyfjum. Hv. 4. þm. Suðurl., Margrét Frímannsdóttir, hrakti það mjög eftirminnilega áðan. Það var sérstaklega eftirminnilegt vegna þess að sú ræða var flutt beint ofan í ræðu hæstv. heilbrrh. Í ræðu hæstv. heilbrrh. kom fram að sparnaðurinn hefði verið hvorki meira né minna en 1.200 millj. kr. á tveimur árum — niður í hvað og frá hverju? Jú, frá því sem ella hefði verið ef ekkert hefði verið að gert. Samkvæmt þessari hundalógík má auðvitað fullyrða á sama hátt að kostnaður við lyf að óbreyttu yrði um aldamótin ekki 3 milljarðar heldur 10 milljarðar. En auðvitað lá það fyrir, m.a. í tíð fyrrv. hæstv. heilbrrh. að á þessum málum var tekið og niðurstaðan er sú að kostnaður við lyf hækkaði á síðasta ári en lækkaði ekki. Samkvæmt upplýsingum Ríkisendurskoðunar sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir flutti áðan, þá fer kostnaðurinn á árinu 1991 úr 2.501 millj. kr. í 2.764 millj. kr., hann hækkar í rauntölum um 10,5%. Þar með er fyrsta síðan sem ég hef skoðað í þessum bæklingi frá heilbrrn. dæmd röng. Ef bæklingurinn er allur svona þá skora ég á heilbrrh. og aðstoðarmann hans sem situr hér til hliðar að afturkalla þennan snepil sem er væntanlega gefinn út á kostnað almennings og væri reyndar fróðlegt að reikna það út hvað allt bröltið, útgáfan, fundirnir, auglýsingarnar og annað hefur kostað í yfirvinnu og prentunar- og auglýsingakostnaði í heilbrrn.

Í fjórða lagi er rangt staðið að þessum vinnubrögðum öllum af hálfu ráðuneytisins. Í stað þess að laða heilbrigðisstéttirnar til samstarfs er ráðist að þeim. Dæmi má nefna í því sambandi einstakar stofnanir eins og St. Jósefsspítala. Muna menn eftir atlögunni að St. Jósefsspítala? Muna menn eftir atlögunni að Kristnesspítala? Muna menn eftir atlögunni að Landakoti? Muna menn eftir atlögunni að forstöðumönnum elliheimilanna í landinu sem væru allir saman þjófar ef taka mætti það trúanlegt sem hæstv. heilbrrh. hafði sagt? Það er rangt að þessu staðið og þess vegna er árangurinn með öðrum hætti en ella hefði getað orðið, vegna þess að það er rangt hjá hæstv. heilbrrh. að þjóðin vilji út af fyrir sig ekki spara í þessum efnum. Menn vilja spara en menn vilja að það sé tekið á því með allt öðrum hætti.

Það er í fimmta lagi rangt sem kom fram hjá hæstv. heilbrrh. og hæstv. forsrh. sem hafði svo mikið við að tala um heilbrigðismál. Og fjallið tók jóðsótt og það fæddist mús. Það fæddist mús, óskaplega ræfilsleg. Vegna þess að auðvitað er það þannig, virðulegi forseti, að það hefur dregið úr þjónustu og þjónustan hefur versnað. Vita menn ekki hvernig þjónustan er á fæðingardeildinni á Landspítalanum um þessar mundir? Vita menn ekki að ástandið þar er þannig að þar gerist það í stórum stíl að það verður að leggja konurnar á ganga eftir fæðingar og það hefur ekki gerst um langt árabil? Auðvitað hefur þjónustan versnað. Auðvitað hefur þjónustan versnað þó svo það fólk sem hér um ræðir hafi lagt mjög mikið á sig til þess að gera hlutina eins góða og mögulegt er.

Hæstv. heilbrrh. nefnir tölur um það að aðgerðum hafi fjölgað. Já, þeim hefur fjölgað. En af hverju hefur þeim fjölgað? Fyrst og fremst vegna stórfelldra tæknibreytinga af ýmsu tagi. T.d. er fyrirsjáanlegt að aðgerðum á Landspítalanum mun á næsta ári fjölga verulega, ekki vegna þess að heilbrrh. sé svo snjall að reka fólkið áfram. Nei, heldur vegna þess að þar verður tekin upp ný tækni, tæki sem heitir steinbrjótur og verður notað með sérstökum hætti og með fjölda aðgerðum. Aðgerðum hefur líka fjölgað vegna þess að það hafa verið teknar upp svokallaðar fimm daga deildir í verulegum mæli. Aðgerðum hefur líka fjölgað vegna þess að nú nota menn allt aðra tækni en áður var við gallsteinauppskurði svo að ég nefni dæmi. Og staðreyndin er sú að ef litið er yfir nokkurra ára sögu heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi hefur aðgerðum jafnt og þétt verið að fjölga og legutími hefur jafnt og þétt verið að styttast. Þess vegna er þetta ekki vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar heldur þrátt fyrir þær að menn hafa getað haldið þjónustunni sæmilegri víða þó hún sé lakari víða í heilbrigðiskerfinu. Því miður er það þannig og það vita þeir sem eru að veita þjónustuna, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, læknar, sjúkraþjálfarar.

Að lokum er það auðvitað svo, virðulegi forseti, að það er rangt að ætla sér að reka stefnu í heilbrigðismálum núna sem tekur mið af sömu forsendum og gert var fyrir mörgum árum, fyrst og fremst vegna þess að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hefur haft það í för með sér að hér er um að ræða stórfellt atvinnuleysi. Það er rangt sem hæstv. forsrh. sagði að enginn þyrfti að neita sér um þjónustu vegna lélegs efnahags, það er rangt. Ég veit sjálfur um fjölmörg dæmi um einstaklinga, t.d. einstæðar mæður, reyndar svipað tilvik og hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir nefndi, einstæðar mæður sem hafa ekki haft efni á því að fara með börnin sín í þá aðgerð sem nauðsynleg er vegna eyrnasjúkdóma. Ég gæti nefnt fleiri slík dæmi. Það liggur þannig að það eru þúsundir Íslendinga í dag sem hafa ekki efni á því að fara til læknis jafnvel þó að þjónustan kosti í hverju viðviki ekki nema 500 kr. eða 1.000 kr. eða 2.500 kr. Það er til svo fátækt fólk á Íslandi í dag að það hefur ekki efni á þessum hlutum. Þess vegna er það auðvitað umfram allt rangt að reka stefnu í heilbrrn. sem er ekki heilbrigðisstefna heldur ríkisfjármálastefna í þrengsta skilningi þess orðs. Það vantar stefnu í heilbrigðismálum sem ver það kerfi sem við höfum verið að byggja upp á undanförnum árum. (**Forseti:** Þingmaðurinn er búinn með þann tíma sem Alþb. var úthlutað.)

Virðulegi forseti. Ég vil ekki ganga á tíma annarra. Ég hélt að klukkan yrði sett hér á mig og ég sá að hún var unaðslega róleg, en ég skal senn fara að ljúka máli mínu og segja það að lokum að á undanförnum áratugum hefur verið góð samstaða um stefnu í heilbrigðismálum á Íslandi í grófum dráttum. Í heilbrm. hafa setið ráðherrar úr öllum flokkum nema frá Samtökum um kvennalista og í rauninni hafa menn haft samstöðu um grundvallaratriði stefnunnar þangað til núna. Nú er ekki verið að reka stefnu á sömu forsendum velferðar og jafnaðar og áður. Það er það hættulega. Nú þarf að mynda samstöðu um nýja stefnu í heilbrigðismálum sem byggist á forsendum jafnaðarstefnunnar og það er bersýnilegt að núv. heilbrrh. er ekki fær um að framkvæma þá stefnu þó hann komi frá flokki sem kennir sig við hana.

Útbýting þingskjals:

Ríkisfjármál 1992, 376. mál, skýrsla fjmrh., þskj. 663.

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Sú þróun sem hefur átt sér stað í heilbrigðisþjónustu nú á allra síðustu árum hefur verið afar ánægjuleg. Aðgerðir og lyfjagjafir halda nú niðri eða lækna sjúkdóma sem áður voru óviðráðanlegir og það má heldur ekki gleyma að nefna að við erum svo lánsöm að búa við einhverja bestu heilbrigðisþjónustu í heimi. En það er ekki einungis tæknilega eða læknisfræðilega hliðin sem hefur breyst. Það hafa orðið miklar breytingar á formi þjónustunnar, þ.e. að þjónustan sjálf við þessar framfarir hefur krafist breytts eða annars starfsumhverfis sem í flestum tilvikum hefur einnig verið jákvætt hvað snertir sjúklinga. Sjúklingar liggja nú yfirleitt skemur á sjúkrahúsum eins og fram hefur komið hér í dag og eru meðhöndlaðir utan þeirra. Aðgerðir sem áður þótti nauðsynlegt að gera innan sjúkrahúsanna eru nú gerðar utan þeirra og sjúkdómar sem áður kröfðust aðgerða eru meðhöndlaðir með lyfjum þannig að sjúklingurinn missir vart úr vinnudag.

En breytingar hafa einnig orðið á upplýsingastreymi til sjúklinga. Nú veit fólk mun meira en áður um sjúkdómseinkenni, hvernig bregðast skal við þeim og ekki síður hvaða nýjustu ráð eru tiltæk. Því gerir fólk mun meiri kröfur til skjótrar og góðrar læknisaðgerðar og meðhöndlunar og til þess sé notuð nýjasta tækni. Þessar breytingar eru eins og ég sagði áðan ánægjulegar því að þær lengja lífið og þær létta lífið. En slíkum breytingum fylgir einnig breyting á kostnaði við heilbrigðisþjónustu og sá kostnaður sem við mælum er útlagður kostnaður vegna þjónustunnar og sá kostnaður hefur aukist gífurlega síðustu árin jafnvel þótt ýmis ný form á heilbrigðisþjónustu, svo sem meðhöndlun utan spítala, hafi dregið úr þeirri kostnaðaraukningu sem orðið hefði ef öll fyrri þjónusta hefði haldið áfram innan sjúkrahúsanna.

Það er ljóst að sú þjónusta sem nú er veitt utan sjúkrahúsa er mun hagkvæmari og ætti að velja þá leið hvenær sem slíkt er tæknilega mögulegt. Þess vegna verður að gæta þess að greiðslukerfi fyrir utan spítalaþjónustu hafi ekki óhagstæð áhrif á þessa jákvæðu þróun.

En einu gleymum við oft í umræðunni og það er sá hagnaður sem skapast í þjóðfélaginu við það að geta nú læknað og meðhöndlað fólk á besta aldri og haldið því úti í atvinnulífinu. Við minnumst oft á tilfinningalegu hliðina sem tengist björgun mannslífa. Það er vinsælt að tala um þá hlið. En við skirrumst við að ræða þá fjárfestingu sem glatast er fólk á besta aldri leggur ekki lengur hönd á plóg í þjóðarframleiðslunni. Þessi þáttur er sjaldnast mældur og þrátt fyrir að ég bendi nú oft á þennan gleymda en jákvæða þátt, þá verðum við þó að viðurkenna að það er staðreynd að öll þau miklu úrræði sem við höfum nú til lækninga eru að verða okkur ofviða fjárhagslega. Við sjáum fram á að ef við ekki stöldrum við og leitum hagkvæmustu leiða til að viðhalda heilbrigði, þá muni kostnaðurinn aukast og jafnvel út í hið óendanlega. Þetta er sú hlið sem snúið hefur að ríkisvaldinu og er nú alls staðar reynt að snúa kostnaðarþróuninni við með öllum tiltækum aðhaldsleiðum, þó án þess að slíkt komi niður á heilbrigðisþjónustunni sjálfri eða mismuni fólki í þeim efnum. Ríkisvaldið hefur veitt aðhald, m.a. með því að festa það fjármagn sem fer til heilbrigðisþjónustu og beita þannig flötum niðurskurði til heilbrigðisstofnana. Þessi leið hefur verið farin nú í rúman áratug hér á landi og með misjöfnum árangri. Tel ég að ýmislegt hafi staðið árangri fyrir þrifum.

Lítið hefur gerst í innra skipulagi stofnananna, m.a. hvað snertir hvatningu og umbun vegna jákvæðs árangurs. Þá má einnig nefna staðnað ráðningarkerfi og launakerfi opinberra starfsmanna sem ekki gefur tilefni til sveigjanleika í takti við framþróun. Enn fremur vil ég halda því fram að fjármögnunarkerfi til sjúkrahúsa sem unnið hefur verið eftir fram til þessa hafi gengið sér til húðar. Við ákvörðun fjárframlags er nauðsynlegt að taka mun betur tillit til þeirrar „framleiðslu“ sem þar fer fram, ef ég má leyfa mér að nota það orð um starfsemi sjúkrahúsa.

Aukin eftirspurn eftir sérfræðilæknisþjónustu utan sjúkrahúsa er ekki eingöngu skrifuð á tækniframfarir og möguleika til að lækna utan sjúkrahúsa. Þegar sjúkrahúsin hafa þurft að spara hefur að sjálfsögðu verið lögð áhersla á að leggja inn eingöngu þá sem nauðsynlega þurfa á sjúkrahúsvist að halda. Hinum hefur verið sinnt utan sjúkrahúsa. Þetta er ein af meginskýringunum á aukinni sérfræðiþjónustu utan sjúkrahúsa en eins og ég hef áður nefnt úr þessum ræðustól, þá nemur svokölluð klínísk sérfræðiþjónusta aðeins 3% af heildarútgjöldum til heilbrigðisþjónustunnar. Sjúkrahúsaþjónustan tekur hins vegar til sín yfir 50% af kostnaðinum.

Í umræðu um sérfræðiþjónustu utan sjúkrahúsa hefur verið mikið talað um opinn krana, að aðgangur að þessari þjónustu sé algerlega óheftur og það að öllum sérfræðingum sé í raun heimilt að skrifa reikning á Tryggingastofnun. Það sem er hvað sérkennilegast í þessari umræðu er að hún ber keim af eins konar

áburði á þessa aðila um ábyrgðarleysi og jafnvel hirðuleysi um þann kostnað sem hlýst af heimsókn til þeirra. Ég vil alls ekki taka undir slík ummæli. Auðvitað finnast svartir sauðir í öllum fjárhúsum. En alhæfing í þessu efni er vægast sagt óraunhæf. Hins vegar vil ég í þessari umræðu leggja áherslu á valfrelsi einstaklingsins í heilbrigðisþjónustu. Í dag skoðast valfrelsi sjálfsögð mannréttindi og er slíkt stefna ýmissa aðila. M.a. vil ég vísa til EB og OECD sem hafa það á stefnuskrá sinni að sú regla sé í heiðri höfð og jafnvel í auknum mæli að lögð sé áhersla á valfrelsið og vil ég vísa sömuleiðis til 85. gr. Rómarsáttmálans. Því vil ég vara við mismunun eða ofstýringu sjúklingaflæðis í heilbrigðisþjónustu.

Eins og ég nefndi hér að framan hafa stórstígar framfarir í lyfjafræði gefið bæði möguleika á lækningu og meðhöndlun utan sjúkrahúsa og ekki síst hafa ný lyf linað óþægindi fjölmargra sem fram til þessa tíma máttu þola ævilöng óþægindi vegna krankleika. Í almannatryggingakerfi okkar hafa þessar framfarir þýtt gífurlega aukinn kostnað en eins og áður er sagt eru engar mælingar á þeim hagnaði sem fengist hefur vegna þessara framfara.

Mikil gagnrýni hefur komið fram undanfarið á stjórnun lyfjakaupa og lyfsölumála. Vissulega hefur talsvert af þessari gagnrýni átt rétt á sér, enda sýnir árangur undanfarandi ára að á þessum málum mátti taka.

Það er tiltölulega stutt síðan reynt var að taka markvisst á kostnaðarreikningum í heilbrigðiskerfinu, bæði hér á landi og erlendis. Þær leiðir sem helst hafa verið notaðar á flestum stöðum eru flatur niðurskurður af hálfu ríkis og breyttir samningar við þá aðila sem starfa sjálfstætt og senda reikninga til ríkisins. Minna hefur verið gert af því að auka kostnaðarmeðvitund innan heilbrigðisstétta, hvað þá heldur sjúklinga.

Allt fram til þessa hefur mér fundist að í aðhaldsaðgerðum hafi verið tekið mið af því mynstri í heilbrigðisþjónustu sem tíðkaðist hér áður fyrr en minna horft til framtíðarþróunar í tækni og upplýsingum til almennings, þ.e. hver framtíðareftirspurnin verður og hvernig hún verður. Það er ljóst að fólk mun halda áfram að óska eftir bestu og fullkomnustu heilbrigðisþjónustu. Læknar munu ekki í sama mæli og áður ákvarða um magn og gæði þjónustunnar. Sjúklingarnir munu hafa ákveðnari skoðanir hvað snertir eigin óskir. Þess vegna hefur verið nauðsynlegt að auka þekkingu almennings á hvernig kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu verður til. Slíkt hefur einnig verið gert með því að auka greiðsluþátttöku sjúklinga vegna þjónustunnar. Þessi breyting hefur haft þau áhrif að umræða um kostnaðinn hefur aukist gríðarlega meðal almennings og læknar hafa í ríkari mæli en áður hugað að kostnað áður en meðferðarúrræði eru valin. Þessi háttur hefur sérstaklega verið gagnrýndur að undanförnu, einkum hafa heyrst háværar raddir frá verkalýðsfélögum. Það er mikilvægt að allir landsmenn eigi jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustunni en ekkert síður er vert að undirstrika að þeim sem oft þurfa að leita heilbrigðisþjónustu sé ekki íþyngt um of með þjónustugjöldum, þ.e. að þök þjónustugjalda séu raunhæf í allri heilbrigðisþjónustu hvort heldur er um að ræða þjónustu á lækningastofu eða ef um lyfjakaup er að ræða.

Ég hef áður lýst því yfir að ég styðji hlutfallsgreiðslufyrirkomulagið og ég tel brýnt að það fyrirkomulag sé sanngjarnt þannig að það komi ekki í veg fyrir að fólk geti sótt sér nauðsynlega þjónustu. Breytingar innan heilla málaflokka hvort heldur eru stjórnunarlegar eða fjárhagslegar eru erfiðar. Þegar upp er staðið má telja eðlilegast að hinn almenni kjósandi ætti að hafa síðasta orðið um slíkar breytingar. Þess vegna mun ég styðja og hvetja til umræðu og breytinga á svo viðkvæmum málaflokki sem heilbrigðisþjónustan er. Heilbrigðismálin hafa þá sérstöðu að það er erfitt að kippa að sér hendinni eða loka pyngjunni til þessa málaflokks þó að landsframleiðslan minnki. Menn hætta ekkert að veikjast þótt þorskurinn sýni sig ekki. Þess vegna ber alvarlega að íhuga aðskilnað eða sérgreiningu framlaga til þessa málaflokks frá öðrum málaflokkum. Þannig mætti betur aðgreina og velja á milli t.d. framlaga til jarðgangagerðar eða aukningar á framlagi eða öllu heldur iðgjaldi til heilbrigðistryggginga. Þannig endurspeglast betur vilji þjóðarinnar til útgjalda, samdráttar eða aukningar til heilbrigðisþjónustu.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Það kom nú upp í huga mér þegar forsrh. kom í pontu áðan og tók til máls um heilbrigðismálin að þau tíðkuðust nú hin breiðu spjótin. Mér vitanlega hefur forsrh. ekki verið mjög afskiptamikill um slík málefni hér á þinginu né önnur málefni og mér sýnist því að nýjustu fréttir af niðurstöðum skoðanakannana um fylgi flokkanna bendi til þess að það sé heldur erfitt á ríkisstjórnarbænum núna þegar ekki aðeins forsrh. heldur líka Sigbjörn Gunnarsson, hv. 7. þm. Norðurl. e., og Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv., koma hér og hlaupa í vörn fyrir heilbrrh. eftir að hann hefur leikið af sér í hverri stórsóknarfórninni á fætur annarri. Ég held að það þurfi engum að blandast hugur um það að það er greinilega erfiður búskapurinn á ríkisstjórnarbænum núna.

En það er auðvitað ekkert auðvelt hlutskipti sem heilbrh.- og trmrh. hefur fengið í þessari ríkisstjórn sem er það að halda aftur af útgjaldaaukningunni í heilbrigðiskerfinu, ég held að það sé öllum ljóst og þarf svo sem hvorki ráðherra né þessa þingmenn til þess að benda á það. En núv. heilbrh.- og trmrh. er ekki sá eini sem hefur fengið þetta hlutskipti, hvorki hér á landi né í veröldinni allri því þetta er auðvitað hlutskipti sem menn glíma við í öllum löndum um þessar mundir. Hér hefur Clinton, nýkjörinn Bandaríkjaforseti, borið mjög á góma og verið oft til hans vitnað, en eins og allir vita var þetta eitt af stóru málunum í kosningabaráttu hans, að taka á heilbrigðismálunum í Bandaríkjunum, taka á því kerfi vegna þess að það kerfi er bæði dýrt og vont. Það er þá bæði spurningin um að reyna að draga þar úr útgjöldum og bæta þjónustu þess kerfis því að stór hluti Bandaríkjamanna

fellur þar algerlega á milli skips og bryggju og fær litla sem enga þjónustu.

En hvað hefur Clinton gert? Hann hefur boðað efnahagsráðstafanir og hann hefur skipað nefnd til þess að taka á heilbrigðismálunum og það undarlega hefur gerst að þrátt fyrir það að hann boði nú t.d. skattahækkanir, þá fær hann stuðning fólksins. Hann fær stuðning fólksins að því er virðist við þær aðgerðir og það er eitthvað allt annað en ríkisstjórnin og núv. heilbr.- og trmrh. tekst. Það furðulega er að eftir því sem maður heyrir í samfélaginu þá er mjög víðtækur stuðningur fyrir því að það þurfi að halda aftur af kostnaði í heilbrigðiskerfinu. Ég held að þingmönnum blandist ekkert hugur um það og almenningi blandist ekkert hugur um það að það þarf að reyna að halda aftur af þessum kostnaði. Það þarf að draga úr lyfjanotkun og þar með t.d. lyfjakostnaði, ekki bara vegna fjárhagslegra sjónarmiða heldur líka vegna þess að mikil lyfjanotkun er óæskileg út frá heilbrigðissjónarmiði. Ég held að það sé mjög víðtækur skilningur á þessu meðal almennings en samt sem áður tekst ráðherra ekki að fá fólk til liðs við sig í baráttu sinni við kostnaðaraukninguna í heilbrigðisþjónustunni og það er raunar alveg furðulegt miðað við þann víðtæka skilning sem ég held að sé.

Segja má að ráðherra sé sérstaklega laginn við að fá fólk upp á móti sér. Það er nánast sama hvenær ráðherrann grípur til aðgerða eða hvað hann segir. Honum tekst alltaf að fá fólk upp á móti sér. Fyrir því eru að mínu mati ákveðnar ástæður og ég ætla að nefna þær nokkrar.

Í fyrsta lagi eru það aðferðirnar sem ráðherra viðhefur, það er stjórnunarstíllinn sem ráðherrann hefur. Hann hagar sér eins og gamall patríark sem telur sig vita hvað öllum er fyrir bestu í samfélaginu. Ég heyrði í hádegisfréttunum í dag að það var verið að tala um Castro á Kúbu, hann væri orðinn svo geðillur og gerði ekkert annað en að skamma fólkið í landinu. Mér finnst að það megi nú segja svipaða sögu um marga ráðherra í þessari ríkisstjórn, þeir séu ansi stirðir orðnir á geðinu og gerðu ekkert annað en skamma fólkið fyrir heimsku þess og útgjaldaaustur. Ég var á ráðstefnu á vegum Kvennalistans um daginn þar sem var verið að fjalla um gæðastjórnun. Ég hef svo sem ekki mikið vit á því en mér heyrðist á því sem þar var sagt að heilbrrh. hefði a.m.k. mjög gott af að fara á námskeið í gæðastjórnun.

Þetta er ein ástæða þess hvað honum gengur illa að fá fólk til liðs við sig. Önnur ástæða er hinar stöðugu breytingar sem verið að gera á lyfjareglugerðum og öðrum reglugerðum um heilbrigðisþjónustu. Fólk hefur engin tök á að henda reiður á sífelldum breytingum á kostnaði í heilbrigðiskerfinu. Hér hefur verið bent á það að það er verið að tala um mikilvægi stöðugleika í samfélaginu. En ef það er einhvers staðar ekki stöðugleiki þá er það á kostnaði í heilbrigðisþjónustu. Það hefur líka verið bent á það hér að ráðherra hefur fimm sinnum breytt lyfjareglugerðinni. Ráðherra afsakaði sig með því að tvisvar sinnum hefði hann verið að gera lagfæringu sem hefði átt að koma fólki til góða en ekki verið íþyngjandi. Það er vissulega rétt hjá ráðherranum. Hann gerði tvær lagfæringar. En af hverju þurfti hann að gera tvær lagfæringar stuttu eftir að sett var mikil og stór reglugerð? Það var vegna þess að reglugerðin var vanhugsuð. Breytingarnar voru vanhugsaðar. Ef menn hefðu tekið sér aðeins rýmri tíma í að skoða það sem þeir voru að gera hefðu þeir ekki þurft að gera tvisvar með skömmu millibili breytingar á reglugerðinni. Slíkar breytingar gera ekkert annað en að rugla fólk í ríminu. Það tapar algerlega áttum og skynjar ekki hvað er að gerast.

Ég held að þingmenn hafi allir reynt það á eigin skinni, blaðamenn hafi reynt það líka á eigin skinni og ég veit að verkaýðsforkólfarnir hafa reynt það, að þeir eiga fullt í fangi með að setja sig inn í allar þessar breytingar og fá þó borgað fyrir að gera það. Hvað þá með allan almenning sem hefur takmarkaðan tíma og aðgang að upplýsingum og embættismönnum til að setja sig inn í málin? Ég held að það sé borin von að hægt sé að fá stuðning við aðgerðir sem almenningur ekki skilur.

Ég ætla aftur að vitna til skattahækkana Clintons í þessu sambandi vegna þess að það er greinilegt að hann kemur því skilmerkilega frá sér, fær fólk til að skilja hvað það er sem hann vill gera og fær stuðning fólksins við það. Af þessu mætti heilbr.- og trmrh. læra nokkuð.

Í þriðja lagi. Það sem veldur því hvað ráðherranum tekst illa að ná stuðningi fólksins er að fólki finnst eins og réttlætis- og sanngirnissjónarmið eigi undir högg að sækja hjá ríkisstjórninni og hjá ráðherranum í þeim aðgerðum sem gripið er til. Ég held að það sé almenn skoðun í þjóðfélaginu að þegar sjúkdóma eða slys beri að höndum eigi fólk að njóta góðrar þjónustu algerlega óháð efnahag. Þá eigi öryggisnetið í samfélaginu að grípa alla. Það er í rauninni algerlega óþolandi að sjá það að einstaklingur sem verður fyrir því t.d. að fá krabbamein, svo við tökum bara það dæmi, með öllum þeim andlega og líkamlega sársauka sem því fylgir, öllum þeim aukakostnaði sem fylgir því vegna vinnutaps, vegna erfiðara heimilishalds o.s.frv., skuli jafnframt verða fyrir auknum útgjöldum vegna sjúkdómsins sjálfs. En það verður hann samkvæmt þeim breytingum sem heilbr.- og trmrh. hefur staðið fyrir og eins og bent var á af fulltrúum BSRB og ráðherra hefur ekki hrakið. Þetta er ekki sanngjarnt og þetta er ekki réttlátt.

Ég held að fólki sé nokkuð misboðið líka þegar heilbr.- og trmrh. líkir, má segja, læknisverki við viðgerð á sjónvarpi eins og hann gerði í sjónvarpi ekki alls fyrir löngu. Hann tók dæmi af því hvað maður þyrfti að greiða ef maður færi til læknis og síðan hvað maður þyrfti að greiða ef maður fengi sjónvarpsviðgerðarmann. Læknirinn og sjónvarpsviðgerðarmaðurinn eiga viðgerðarþáttinn sameiginlegan má kannski segja. Þeir eru báðir kallaðir til til að gera við ákveðinn hlut. En þegar þeirri samlíkingu sleppir eiga þeir afskaplega fátt sameiginlegt. Maður getur út af fyrir sig ákveðið að láta bara sjónvarpið vera bilað og horfa ekkert á það ef maður á ekki fyrir viðgerðinni og kalla

ekkert á sjónvarpsviðgerðarmanninn. Það gegnir bara öðru máli um lækninn.

Mig langar í því sambandi að vitna til fyrirlesturs sem Vilhjálmur Árnason heimspekingur hélt á vegum Rannsóknastofnunar í siðfræði um heilbrigðisþjónustuna. Þar segir Vilhjálmur Árnason, með leyfi forseta:

„Heilbrigðisþjónusta er ólík flestum öðrum gæðum sem standa fólki til boða að því leyti að þeir sem hana nota gera það fremur af þörf en af duttlungum eins og persónulegum smekk eða skyndilegri löngun. Þörfin fyrir heilbrigðisþjónustu er almenn og nauðsynleg fyrir þá sem hennar leita til að þeir geti lifað og starfað í samfélaginu. Þannig er þörf manns fyrir staf til að styðjast við til gangs lífsþörf vegna þess að hann er nauðsynlegur til að bæta upp skerta tegundarbundna lífsstarfsemi. Hins vegar er þörf skíðamannsins fyrir skíðastaf háð einstaklingsbundnu áhugamáli sem hefur ekkert með lífsstarfsemi manneskjunnar að gera."

Þarna liggur þessi reginmunur. Annars vegar er þetta spurningin um lífsstarfsemi og hins vegar er þetta spurnigin um áhugamál eða eyðslu sem maður vill leggja út í sér til ánægju og yndisauka. Ráðherra vill hins vegar ekki vera gjörsneyddur öllu sanngirnissjónarmiði og þess vegna hefur hann haldið því fram að það sé sanngjarnt að allir sjúklingar sitji við sama borð. Það má út af fyrir sig taka undir það en hvernig birtist þetta sanngirnissjónarmið ráðherrans? Hann segir hér í Morgunblaðinu 28. jan. sl. og hann er að tala um krabbameinssjúklingana: „Auðvitað eru heimsóknir krabbameinssjúklinga á göngudeildir tíðar en þær eru miklu tíðari hjá ýmsum öðrum sjúklingum. Dæmi um það er fólk sem á við geðræn vandamál að stríða og kemur reglulega á göngudeild en það þarf að greiða þessi gjöld að fullu, sagði ráðherra." Þarna birtist sanngirnissjónarmiðið sem sagt: Ef þeir sem þurfa að leita sér lækninga vegna geðrænna sjúkdóma þurfa að greiða göngudeildargjaldið að fullu þá eiga hinir líka að gera það sem þurfa að leita sér lækninga vegna krabbameins. En þetta er bara ein hliðin á sanngirninni. Væri ekki sanngjarnara að allir sjúklingar með langvarandi sjúkdóma sætu við það borð að þurfa lítið sem ekkert að greiða fyrir meðferðina sem þeir þurfa að sækja sér vegna þessara sjúkdóma?

Kostnaðarvitund hefur borið hér mjög á góma. Þetta er töfraorð sem núna er notað til að útskýra og réttlæta allar aðgerðir í heilbrigðiskerfinu. Þetta kemur m.a. fram í nýlegri fréttatilkynningu frá heilbr.- og trmrn. sem var send út vegna síðustu reglugerðarbreytingar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Eins og fyrr segir hefur það verið meginþráðurinn í breytingum á greiðslufyrirkomulagi á heilbrigðisþjónustu í tíð núv. heilbrrh. að vekja kostnaðarvitund almennings" — sem er þá væntanlega eitthvað sem sefur — „og fá hann til að veita aðhald." Fá almenninginn til að veita aðhald. „Því er talið nauðsynlegt að sjá til þess að þjónustan sé aldrei alfarið ókeypis. Í samræmi við þetta verður fríkortunum breytt í afsláttarkort. Þannig að eftir að umræddu kostnaðarmarki er náð greiði sjúklingur gjald sem nemur einungis þriðjungi af venjulegu gjaldi." Þetta segir ráðherrann og þó er hann að leggja á gjald. Það var fríkort en nú á einungis að greiða þriðjung. Þetta er sérkennilegt og væri ástæða til þess fyrir íslenskufræðinga að fara svolítið ofan í textann í þessum fréttatilkynningum og sjá hvaða tilhneigingar gætir þar. En þetta átti að gera til að vekja kostnaðarvitundina sem er alltaf síblundandi hjá almenningi.

Mér datt það einmitt í hug vegna þess sem Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv., sagði áðan. Hún talaði um kostnaðarvitundina eins og nýja leið til að halda niðri útgjöldum í heilbrigðismálum. Þetta er ekkert ný leið. Þetta er bara nýtt hugtak, kostnaðarvitund. Þetta er ekki ný leið. Haldið þið ekki að það hafi verið kostnaðarvitund á ferðinni á árum áður þegar fólk þurfti að borga talsvert mikið fyrir heilbrigðisþjónustuna? Auðvitað var kostnaðarvitundin virkjuð þar og var á fullu. Það hét bara ekki kostnaðarvitund heldur eitthvað allt annað. Þetta er fyrst og fremst nýtt hugtak en ekki ný leið.

En tölum um kostnaðarvitundina og skoðum hvernig hún hefur komið við pyngju einstaklinganna frá því núv. ríkisstjórn tók við og við skulum ekki bara horfa á síðustu reglugerðarbreytingu ráðherrans. Ef við lítum á heilsugæsluþjónustuna á árinu 1990 þurfti fólk ekkert að greiða fyrir komu til heimilislæknis eða heilsugæslulæknis. Nú þarf það að greiða 600 kr. Fyrir vitjanir heilsugæslulækna á dagvinnutíma, og nú er ég að tala um almenning en ekki ellilífeyrisþega eða börn, þurfti fólk að greiða 400 kr. á árinu 1990 en þarf nú að greiða 1.000 kr. Þá þurfti fólk að greiða 900 kr. ef það fór til sérfræðings. Nú þarf það að greiða sérfræðingi að meðaltali 1.920 kr., sem er 113% hækkun bara á þessum lið. Það er kannski ástæða til að vekja athygli á því að þá var hlutur sjúklinga í kostnaði við komu til sérfræðings um 37% en nú er hlutur sjúklinganna um 63%. Þá var sjúklingagjald fyrir lyf utan bestukaupalista 750 kr. Ef lyfið var á bestukaupalista greiddi fólk 550 kr. Þetta eru „absalút" tölur vegna þess að þá var ekki hlutfallsgreiðsla í gildi. Sjúklingur greiddi 550 kr. eða 750 kr. Núna er meðalverð almenns greiðanda 926 kr. Þá er ég ekki með ellilífeyrisþegann í huga heldur einungis hinn almenna greiðanda. Þetta er meðalverðið sem segir út af fyrir sig ekkert vegna þess að greitt er ákveðið hlutfall af gjaldi og ef við tölum um meðaltöl þá koma þau mjög misjafnlega niður. Þannig er meðaltalið af 99 og 101 100 en meðaltalið af 50 og 150 er líka 100. Meðaltölin segja því út af fyrir sig ekkert. Það getur verið geysilega mikið hlaup í kostnaðinum. Sumir eru með mikinn kostnað en aðrir engan kostnað.

Þetta eru hækkanirnar sem almenningur hefur fengið á sig frá því að núverandi ríkisstjórn settist að völdum.

Talandi um kostnaðarvitundina vil ég vara við því og benda á að það er bæði erfitt og vafasamt að yfirfæra hugtök og aðferðir markaðsfræðanna yfir á heilbrigðiskerfið. Við getum tekið dæmi um þetta og það er kannski óbrigðulast, að hækkunin á þjónustu sérfræðinga í janúar 1992 úr 900 kr. í 1.500 kr. dró ekkert úr eftirspurn eftir sérfræðiþjónustu. Það dró ekkert

úr eftirspurn eftir sérfræðiþjónustu þrátt fyrir að gjaldið væri hækkað með þessum hætti.

Árið 1984 var gjaldið hækkað líka. Þá var gjaldtakan þrefölduð, úr 100 kr. í 276 kr. Það ár virðist notkun á sérfræðingum hafa aukist verulega. Það er kannski rétt að benda á í því sambandi að á sama tíma var tilvísanakerfið lagt niður. Ef eitthvað er að marka þetta þá virðist tilvísanakerfið vera betra stjórntæki en kostnaðarvitundin. Það væri kannski ástæða til að skoða það nánar, sem ég veit svo sem að ráðherra er að gera. Það er ekki það.

Lyfjamálin hafa komið nokkuð til umræðu. Þar var kostnaðarvitund almennings vakin upp með látum með sífelldum breytingum á reglugerðum. Engu að síður sáu ráðuneytisstarfsmenn fyrir sér að 17% hækkun yrði á lyfjaútgjöldum ríkisins á árinu 1993 ef ekki yrði gripið til einhverra aðgerða.

Hér hefur verði bent á að raunhækkun á útgjöldum til lyfja á milli áranna 1991 og 1992 hefur átt sér stað þrátt fyrir aðgerðir ráðherra og ríkisstjórnarinnar allrar því auðvitað ber hún öll ábyrgð á þessum aðgerðum. Sú virðist vera raunin að það dragi úr lyfjakostnaði fyrst eftir að hækkun hefur átt sér stað en síðan leiti lyfjaútgjöldin í sama farið aftur. Þetta virðist vera kúrfa þar sem kemur eins og „sjokk" þar sem hún fer niður og síðan leitar þetta upp á við í sama farið aftur. Ef marka má þessa reynslu sýnist manni að það þurfi að veita þessari svokölluðu kostnaðarvitund almennings árvisst „sjokk" ef þessi aðferðafræði ráðherrans á að duga og skila einhverjum árangri. Þá bið ég nú blessaðan ráðherrann vel að lifa ef hann ætlar að standa í því þar til stólnum verður svipt undan honum með einhverjum hætti. (Gripið fram í.) Það koma kosningar þó ekki verði annað.

Ef þetta er skoðað má líkja lyfjakostnaðinum við á sem leitar í nýja farvegi ef settar eru stíflur í þá sem fyrir eru. Þetta segir manni að það þarf að leita upptakanna. Það þarf að skoða málin frá öðrum sjónarhól en gert hefur verið. Það þarf að reyna að ná lyfjakostnaði niður í gegnum lyfjaframleiðendur, gegnum heildsölu, gegnum smásölu og gegnum lækna. Það eru þessir aðilar sem stjórna verði, framboði og eftirspurn á lyfjamarkaðnum en ekki sjúklingarnir í dag. Í flestum tilvikum gerir fólk það sem fyrir það er lagt þegar lyf og læknisþjónusta er annars vegar og það borgar það verð sem upp er sett svo lengi sem það getur tínt fram aurana. Það er því verið að róa á röng mið þegar sífellt er reynt að auka þessa svokölluðu kostnaðarvitund almennings í þessum málum.

Heilbrrh. verður að breyta um aðferðafræði í heilbrigðisþjónustunni. Hann nær engum varanlegum árangri með skyndiupphlaupum og stríðsyfirlýsingum gegn öllu og öllum. Það þarf samvinnu í heilbrigðismálunum. Það þarf samfélagssáttmála í heilbrigðismálum, eins og Vilhjálmur Árnason nefndi það. Ef menn ætla að ná samfélagssáttmála um heilbrigðisþjónustu þá þarf að beita sér fyrir mjög víðtækri umræðu sem er upplýsandi og eykur skilning almennings, stjórnmálamanna og annarra á því sem gera þarf. Ég óttast að núv. ráðherra sé ófær um að leiða þá vinnu sem fram undan er í þessu máli. Hann sé búinn að brenna brýr að baki sér og það þurfi ansi mikið til að koma ef hann á að geta unnið traust almennings og starfsfólks heilbrigðisþjónustunnar aftur.

Ég vil þess vegna beina þeim eindregnu tilmælum til ráðherra að hann snúi rækilega við blaðinu og taki upp nýja aðferðafræði. Ef hann treystir sér ekki til þess held ég að þessi ríkisstjórn eigi ekki annarra kosta völ en að skipta um heilbrrh.

Útbýting þingsskjals:

Endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda, 360. mál, þáltill. StB og KSG, þskj. 640.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Á tæpum tveimur árum hefur hæstv. ríkisstjórn gripið til ýmissa harkalegra aðgerða undir því yfirskyni að draga úr ríkisútgjöldum, lækka vexti og treysta atvinnulíf, svo eitthvað sé nefnt. Hæstv. ríkisstjórn reynir að gæta þess að „aðgerðirnar" komi sem réttlátast niður eða að hinir tekjulægstu verði fyrir sem minnstri kjaraskerðingu, svo vitnað sé í þennan nýútkomna áróðurspésa hæstv. fjmrh. sem ber yfirskriftina Aðgerðir gegn atvinnuleysi.

Þetta eru sannarlega öfugmæli. Atvinnuleysi er nú meira en um langt árabil, vextir eru að sliga atvinnulífið og heimilin, skattahækkanirnar eru mestar hjá þeim lægstlaunuðu meðan fjármagnseigendum með háu vaxtatekjurnar er hlíft og ríkisútgjöldin eru lækkuð með því að flytja skattálögurnar yfir í þjónustugjöld svokölluð sem bitna hvað harðast á þeim sem þurfa að nota heilbrigðisþjónustuna, þ.e. sjúkum, öldruðum og barnafólki, sem einnig þarf að greiða stórhækkuð skólagjöld. Oftar en ekki er þetta fólkið sem minna má sín í þjóðfélaginu. Ætli það séu kannski þeir sem hæstv. forsrh. kallaði hér áðan vini eyðslunnar? Ætli það séu sjúklingarnir og lítilmagnarnir í þjóðfélaginu?

Þetta kallar hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherrar að láta „aðgerðirnar" koma sem réttlátast niður. Þessar aðgerðir eru illa grundaðar, illa undirbúnar og það sem verst er, þær eru ranglátar.

Ég hitti um helgina sjómann, sem því miður hefur nú misst heilsuna aðeins 60 ára gamall og lifir aðeins á örorkubótum og framlagi úr lífeyrissjóði, rúmlega 60 þús. kr. á mánuði samtals. Hann sagðist þó reyna að hugga sig við það að í augum stjórnarherranna hefði hann við þetta sennilega eignast breitt bak því hann hefði á ný orðið skattgreiðandi um síðustu áramót. Hæstv. ríkisstjórn fann þarna eitt af breiðu bökunum til að bera þungann af efnahagsaðgerðunum. Hæstv. heilbrrh. ryður brautina fyrir samráðherra sína í þessum efnum.

Heildaryfirsýn vantar í þessum fljótfærnislegu og vanhugsuðu aðgerðum hæstv. ríkisstjórnar. Ég viðurkenni að sjálfsögðu nauðsyn þess að gæta aðhalds og sparnaðar, reyna að ná fram hagræðingu og draga úr ríkisútgjöldum svo sem nokkur kostur er. Það reyndi ég sannarlega að gera með reyndar nokkrum árangri

meðan ég sat í heilbrrn. og vannst þó ekki tími til að framfylgja ýmsu sem var á mínum borðum eins og hæstv. núv. heilbrrh. nefndi reyndar hér áðan. En ég tel að þetta verði að gerast án þess að rústa það velferðarkerfi öryggis og samhjálpar sem við höfum verið að reyna að byggja upp og án þess að skapa ný vandamál sem leynast í nútíðinni en koma fram síðar. Það er e.t.v. hættulegast við þessar vanhugsuðu aðgerðir þar sem yfirsýnina vantar. Þær mega heldur ekki bitna á þeim sem minnst mega sín.

Hæstv. heilbrrh. hælir sér m.a. af sparnaði í rekstri heilbrigðisstofnana. Og vissulega er rétt að þar hefur náðst nokkur árangur. Það er einnig nauðsynlegt að forstöðumenn opinberra stofnana, hvort sem það eru heilbrigðisstofnanir eða aðrar, haldi sig innan ramma fjárlaga. En ég hygg að ýmsar aðstæður hafi skapað þetta og gert mögulegt. Í fyrsta lagi höfum við búið við stöðugt verðlag sem auðveldar eftirlit og áætlanagerð forstöðumannanna. Í öðru lagi hafa útboð á ýmsum rekstrarþáttum dregið úr kostnaði umfram það sem áður var. Í þriðja lagi hygg ég að þetta hafi að nokkru leyti náðst með því að draga úr fjárfestingum og þá kannski fyrst og fremst viðhaldi sem mun bitna á stofnununum síðar. Hugsanlega þá með auknum útgjöldum. Svo ég nefni ekki þá hættu sem kann að vera í því ef biðlistar sjúklinga lengjast með ærnum kostnaði fyrir þjóðfélagið bæði í nútíð og framtíð.

Ég treysti mér ekki til að rengja góða reiknimeistara hæstv. heilbrrh. varðandi útgjöld í lyfjamálunum. Ég leyfi mér þó að efast um að þar sé alveg út reiknað og reyndar hafa komið fram upplýsingar í þessum umræðum sem staðfesta það að heildarsparnaðurinn í lyfjaútgjöldunum er, við skulum segja því miður, ekki sá sem hæstv. ráðherra hefur hælt sér af. Ég er reyndar sannfærður um það líka að útgjöld einstaklinganna hafa aukist um meira en þær 200–300 millj. kr. sem hann nefnir. Ég hefði gjarnan viljað fá að sjá það reikningsdæmi þeirra ágætu reiknimeistara sem finna þær tölur út fyrir hann. Samkvæmt mínum kokkabókum álít ég að það sé nær því að vera hálfur milljarður króna.

Mig langar að nefna eitt dæmi um sjúkling sem þarf að nota blóðfitueyðandi lyf en þar sem hann náði því ekki að vera í þeim áhættumörkum sem hæstv. ráðherra telur að menn þurfi að vera í til þess að fá þessi lyf niðurgreidd þá þarf hann að greiða lyf sitt að fullu. Í haust þurfti hann að greiða 3 þús. kr. fyrir síðasta skammt sem hann fékk en nú þegar hann þurfti að fá nýjan þriggja mánaða skammt eftir síðustu reglugerðarbreytingu kostaði sá skammtur tæplega 25 þús. kr. Það þýðir að þessi ágæti maður þarf að borga 100 þús. kr. á ári fyrir þessi blóðfitueyðandi lyf. Ég býst við að hann sé ekki í vandræðum með að svara spurningum hæstv. ráðherra hér í þessum ágæta nýja bæklingi: Er orðið dýrt að leita til læknis? Er orðið dýrt að nota okkar íslensku ágætu heilbrigðisþjónustu? Nú reynir viðkomandi að komast af án lyfsins og kannski tekst það með ráðleggingum læknis, breyttu líferni og matarræði og auðvitað er gott ef það tekst. En ef ekki þá sitjum við uppi með veikari einstakling og einstakling sem þar að auki kynni að þurfa skyndilega á hjartaaðgerð að halda sem kosta mun þjóðfélagið mörg hundruð þúsunda króna. Fyrir utan áfallið fyrir hann sem einstakling, fyrir fjölskyldu hans, vinnutap og fleira sem erfitt er að meta til fjár.

Hér er dæmi um þann ófyrirséða vanda og þá áhættu sem aðgerðir hæstv. ráðherra geta skapað.

Hæstv. ríkisstjórn verður að breyta um vinnubrögð. Grípa þarf til skipulagsbreytinga sem knýja fram raunverulegan sparnað á heildarútgjöldum kerfisins en ekki bara útgjaldaþátt ríkissjóðs. Talandi um þetta vil ég segja út af orðum hæstv. ráðherra áðan að við höfum talað um nauðsyn þess að knýja niður heildarútgjöldin. Við gagnrýnum það ekki og höfum hvergi sagt að ekki hafi náðst að knýja útgjöld ríkissjóðs eitthvað niður. Það sjá menn auðvitað en það er gert með því að láta einstaklingana borga þann mismun. Það þarf að koma á skipulagsbreytingum í lyfsölu og lyfjadreifingu. Það þarf að koma á betra skipulagi á samskiptum heimila og heilsugæslulækna annars vegar og sérfræðinga hins vegar. Það þarf að samræma eða sameina rekstur sjúkrahúsanna, einkum þeirra stærstu, svo að eitthvað sé nefnt af þeim aðgerðum sem ég tel að geti leitt til raunverulegs sparnaðar.

Því miður virðist stjórnarandstaðan hér á hinu háa Alþingi litlu fá áorkað til þess að lagfæra hroðvirknisleg vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar en vonandi tekst vaxandi stjórnarandstöðu í þjóðfélaginu, sem er nú reyndar að ganga að Alþfl. dauðum, að knýja á um nauðsynlegar breytingar sem allra fyrst.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra fyrir þátttökuna í þessari umræðu utan dagskrár og öðrum þingmönnum sem hér hafa talað. Erindi hæstv. forsrh. hingað í þennan stól hér áðan var býsna merkilegt. Hann kom hér fyrst og fremst til þess að bera blak af hæstv. heilbrrh. Mér fannst hins vegar vera dálítið falskur tónn í þeirri ræðu, ekki síst þegar haft er í huga að á fundi sjálfstæðismanna í Reykjavík fyrir fáum dögum síðan sagði hæstv. forsrh. að það þyrfti ekkert að fara í launkofa með það að ýmsar af þeim aðgerðum sem þessi ríkisstjórn hefði gripið til varðandi heilbrigðismálin væru handahófskenndar og vinnubrögðin lítið grunduð. Auðvitað er þetta sá dómur sem hæstv. forsrh. hefur gefið núv. hæstv. heilbrrh. og þá um leið sinni eigin ríkisstjórn.

Hæstv. heilbrrh. spurði að því í upphafi sinnar ræðu hvort það væri mat stjórnarandstöðunnar að ekki hefði þurft að grípa til aðgerða. Síðar en svo. Það var nauðsynlegt að grípa til aðgerða á mörgum sviðum. Það er nauðsynlegt að spara og nauðsynlegt að hagræða en það á ekki að gera með þeim hætti og eftir þeim leiðum sem hæstv. ráðherra hefur farið. Það á að taka á lyfsölunum, hæstv. ráðherra. Það á að spara í sérfræðilæknishjálpinni. Það á að taka á kostnaðinum í tannlækningunum og tannréttingakostnaðinum. Það á ekki að skattleggja sjúklingana og auka þannig tekjurnar. Það á að auka verkaskiptingu sjúkrahúsanna til

þess að ná þar raunverulegum árangri. Leiðin sem hæstv. ráðherra hefur valið til þess að spara í heilbrigðiskerfinu er röng.

Hæstv. ráðherra státar mjög af því í þessari umræðu að hann hafi unnið mál sem lyfsalar fóru farið í við hann og slær sig til riddara með því að með því muni sparast einhverjir tugir eða hundruð milljóna króna. Það er alveg hárrétt að eitthvað sparast. Málið snerist ekki um það hvort hæstv. ráðherra kæmi sínum tillögum fram heldur hvort sá maður sem hann skipaði í lyfjaverðlagsnefnd gæti setið þar vegna þess að hann væri of nákominn ráðherranum til þess að flytja tillögur þar.

Það er hart þegar hæstv. ráðherra ruglar saman grundvallaratriðum eins og þeim hvað sé sparnaður og hvað sé tekjuauki. Ráðherra sem ekki gerir greinarmun á því hvað er sparnaður og hvað er tekjuauki í kerfinu en fer með svo mikilvægan og dýran málaflokk eins og heilbrigðismálin eru er auðvitað á stórhættulegri braut. Hann segir: Það hefur sparast alveg stórkostlega með því að auka tekjurnar alltaf inn í sjúkratryggingakerfið með skattlagningu á sjúklinga. Það hefur ekkert sparast. Það hefur ekkert sparast, hæstv. ráðherra. Tekjurnar hafa aukist og það er niðurstaðan.

Ég skal þó viðurkenna að það er um tímabundinn sparnað, að mér sýnist, á sjúkrahúsunum í Reykjavík að ræða. Sá tímabundni sparnaður er knúinn fram með hótunum af hæstv. ráðherra um að ef ekki verði gengið að því sem hann vill, þá verði menn fyrir enn meiri niðurskurði. Þar er hins vegar um tímabundinn sparnað að ræða vegna þess að þegar búið er, eins og hæstv. ráðherra er að gera, að byggja upp tvær jafnstórar stofnanir í höfuðborginni, þ.e. sameinaðan Borgarspítala og Landakotsspítala og svo hins vegar Ríkisspítalana, mun hefjast mjög mikil fagleg samkeppni, samkeppni um takmarkaða fjármuni, samkeppni um tækjakaup og samkeppni um sérfræðinga á stofnanirnar sem mun auka stórkostlega útgjöld þessara stofnana þegar til lengri tíma er litið. Þarna er því hæstv. heilbrrh. einnig á rangri leið. Þó hægt sé að sýna sparnað á þessu ári er það enginn langtímasparnaður.

Upplýsingarnar um lyfjakostnaðinn sem komu fram hjá hæstv. ráðherra og ég vitnaði til og hann endurtók að væru réttar, að sparnaðurinn væri 1.300 millj., 1.100 millj. í sjúkratryggingunum og 200 millj. hefðu færst yfir á sjúklingana. Ef hæstv. ráðherra heldur þessu fram, þá verður hann líka að taka það til baka sem hann setur fram í grein sem birtist í Morgunblaðinu 29. jan. sl. vegna þess að hvernig sem hæstv. ráðherra fer með þær tölur sem hér eru á blaði og þó svo hann noti þá föstu aukningu, sem hann vill gera, sem vöxt í lyfjaútgjöldunum á milli ára, þá er útilokað að finna út úr þessum tölum að sparnaðurinn hafi orðið 1.300 millj. kr. Annaðhvort er rangt, það sem hæstv. ráðherra heldur fram eða það sem hann sendi frá sér í þessari blaðagrein þann 29. jan. sl.

Ég var ekki í upphafi að gera lítið úr því samráði sem nauðsynlegt er að hafa við heilbrigðisstéttirnar til þess að ná árangri. Ég veit að hæstv. ráðherra hefur haldið marga fundi, sent mörg bréf og gert margar kannanir. En eitt af því mikilvægasta, hæstv. ráðherra, er að staðið verði við það sem lofað er gagnvart þeim stofnunum sem margar hverjar hafa að vissu leyti náð tímabundum sparnaði með því að fá starfsfólkið með í leikinn með því að þrengja verulega að og leggja meira á sig. Þá er auðvitað mjög mikilvægt að staðið verði við að árangurinn sem menn hafa verið að ná geti flust til milli ára.

Í heilsugæslunni í Reykjavík hefur orðið sparnaður á bilinu 8–10 millj. kr. Stjórnendur heilsugæslunnar hér vissu ekki annað en sá sparnaður ætti að færast til milli ára. Staðreyndin er hins vegar sú að nú segir fjmrn.: Þetta var bara allt saman plat. Það á ekkert að standa við þetta. Þetta verður allt saman tekið af ykkur og sett í einhvern sameiginlegan sjóð sem á að dreifa hingað og þangað um landið. Halda menn að það sé hægt að ná árangri með starfsfólki heilsugæslunnar endalaust ef ekki verður staðið við þessa hluti? Eftir þessu mun verða gengið við hæstv. heilbrrh. og ég trúi ekki öðru fyrr en tekið verður á að hann standi við það því ég veit að þetta er ekki vilji í heilbrrn. Þetta er vilji þeirra í fjmrn.

Það sem ég átti við þegar ég sagði að fullkomið vantraust ríkti milli heilbrrh. og starfsfólksins í heilbrigðisþjónustunni, þá var ég að vitna í viðtal við Önnu Maríu Þórðardóttur, hjúkrunarfræðing á Akureyri, sem birtist í Dagblaðinu 15. jan. þar sem hjúkrunarfræðingurinn segir: „Við treystum ekki Sighvati fyrir þessum upplýsingum". Þetta átti ég við í upphafi minnar ræðu þegar ég segi: Það ríkir fullkomið vantraust á milli heilbrigðisstéttanna og heilbrrh.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil svara hér nokkrum efnisatriðum sem fram hafa komið í umræðunni. Aðeins þó, meðan það er mér í minni, vil ég skýra frá því að í tilvitnaðri grein, sem hv. síðasti ræðumaður vitnaði í, var því lýst yfir að svo mikið væri vantraustið á heilbrrh. að starfsfólk sjúkrahúsanna á Húsavík og að mig minnir Akureyri hafi tekið sig saman um að svara ekki fyrirspurnum ráðherrans í þeim bréfum sem ráðherrann hafði sent til fólksins. Mér er mikil ánægja að upplýsa það að á fáum sjúkrahúsum var jafngóð þátttaka hlutfallslega í svörum til heilbrrn. eins og á þessum tveimur sjúkrahúsum. Það var því ekki meira á bak við þessa grein en kannski framsóknarmennska. En það er ekki hægt að segja það miðað við þau svör og þær undirtektir sem við höfðum fengið í heilbrrn. að starfsfólk sjúkrastofnana hafi ekki virt okkur svars nema síður væri. Það hefur lagt sig fram og það hefur tekið virkan þátt í því að leggja okkur góð ráð í veganestið eftir þá aðgerð sem við beittum okkur fyrir til að lækka kostnað á sjúkrastofnunum í samráði við stjórnendur og starfsfólk þessara stofnana.

Hér hafa orðið talsverðar umræður um ýmis atriði og vildi ég gjarnan víkja að nokkrum þeirra. Í fyrsta lagi hafa menn rætt talsvert mikið um þær breytingar sem gerðar hafa verið á greiðslumeðferð svokallaðra

blóðfitulyfja eða lyfja sem eru til þess ætluð að lækka blóðfitu hjá sjúklingum.

Í ársbyrjun 1990 héldu sérfræðingar í hjartalækningum fund að tilhlutan landlæknis. Niðurstaða þess fundar var sú að ástæða væri til þess að hafa nokkrar áhyggjur af því hvað mikil aukning væri á neyslu mjög dýrra lyfja til lækkunar á blóðfitu á Íslandi. Sérfræðingarnir gerðu þá tillögu að þessi mál yrðu tekin til endurskoðunar og settar þær almennu reglur að ekki ætti að nota þessi dýru lyf nema um væri að ræða sjúklinga sem þyrftu þeirra með og gætu ekki náð árangri til lækkunar á blóðfitu með öðrum aðferðum. Þessum tillögum var fylgt í þeim breytingum sem nú eru gerðar í fullu samráði við þá sérfræðinga sem hér eiga hlut að máli. Reglan er einfaldlega sú að þeir sjúklingar sem að mati hjartalækna þurfi ekki á lyfjum til lækkunar blóðfitu að halda heldur geta tekist á við það vandamál með öðrum hætti fái ekki blóðfitulyfin niðurgreidd úr ríkissjóði. Þeir sjúklingar hins vegar sem eru með mjög háa blóðfitu þar sem há blóðfita er erfðaeigind eða þar sem breytt matarræði ber ekki árangur fá eftir sem áður blóðfitulyf sem hið opinbera greiðir að langmestu leyti fyrir þá. Þarna er því byggt á ráðleggingum sérfræðinganna sjálfra með nákvæmlega sama hætti eins og hv. 10. þm. Reykv., Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, var að ræða um áðan að ástæða væri til að gera, þ.e. að draga úr lyfjanotkun þar sem hún væri ekki æskileg að áliti lækna.

Þetta er nákvæmlega sama aðferð og Íslendingar hafa t.d. fengið mjög mikið lof fyrir á alþjóðavettvangi hvað varðar meðferð sykursýki. Hér eru lyf ekki gefin við of háum blóðsykri eins og mjög víða er gert í öðrum löndum nema í ljós komi að breytt matarræði og bættar lífsvenjur hafi ekki þann árangur að blóðsykur lækki. Þetta er talið okkur Íslendingum til mikillar fyrirmyndar. Nákvæmlega sama var uppi á teningnum hvað varðar greiðslumeðferð blóðfitulyfja. Þar erum við að vinna nákvæmlega sambærilegt verk í fullu samráði við hjartasérfræðinga.

Þó að það eigi ekki við að ræða einstök dæmi var einmitt þetta mál sem olli þessum mikla kostnaði við lyf sem hv. 4. þm. Suðurl., Margrét Frímannsdóttir ræddi um hér áðan. Þeir lyfjaflokkar sem hún nefndi, hjartalyf í flokknum C 07 A, eru greidd samkvæmt B-flokki þar sem ellilífeyrisþegi greiðir aðeins 150 kr. fyrir ávísunina og 5% af því verði sem umfram er, en þó aldrei meira en 400 kr. Mér kom því mjög á óvart sú háa fjárhæð sem nefnd var í þessu sambandi. En hún stafar einfaldlega af því að eitt af þeim lyfjum sem hér er um að ræða er blóðfitulyf sem er mjög dýrt og sjúklingur fær ekki greiðsluþátttöku ríkisins fyrir nema þeir hjartasérfræðingar sem um hann annast telji að hann geti ekki komist af nema hafa þetta lyf. Með öðrum orðum eigi hann frekar að reyna að ná niður blóðfitu með breyttu matarræði og eigi ekki að taka lyf nema annað dugi ekki.

Svona er skýringin á því dæmi. Það er mjög óþægilegt að tiltaka einstök dæmi hér uppi í ræðustól en því miður er það nú einfaldlega svo að þegar flestöll dæmi sem við höfum fengið upp á borðið, bæði nú og fyrr, þar sem menn tiltaka að einhver tiltekinn sjúkdómur valdi mjög háum lyfjakostnaði eru tekin til skoðunar kemur í ljós að allt aðrar ástæður liggja þar að baki.

Þá var spurt um krabbameinslyf og greiðslumeðferð þeirra vegna. Engar breytingar hafa á því verið gerðar. Krabbameinssjúklingur sem er í krabbameinsmeðferð fær sín krabbameinslyf ókeypis nú eins og hann hefur alltaf gert og engar breytingar voru á því gerðar. Hins vegar geta krabbameinssjúklingar að sjálfsögðu veikst af öðrum sjúkdómum en sínum krabbameinssjúkdómi og þá er það almenna reglan að um greiðslur þeirra fyrir slík lyf er farið eins og um greiðslur annarra sjúklinga. Þó með þeirri undantekningu að í þeirri reglugerð sem öðlaðist gildi þann 25. jan. sl. er í fyrsta skipti gert ráð fyrir því að ef um sjúkling er að ræða sem þarf á mörgum tegundum lyfja að halda á sama tíma sé heimilt að undanþiggja hann greiðslu fyrir þau lyf, annaðhvort hluta þeirra eða þau öll. Þar er því verið að opna möguleika til að létta greiðslum af sjúklingum sem ekki voru í reglugerðum áður.

Nokkrir hafa vakið athygli á því að það sé ekki samræmi á milli þeirra upplýsinga sem eru gefnar í bæklingi heilbr.- og trmrn. um lyfjakostnað á árinu 1992, þ.e. raunverulegan kostnað upp á 2.620 millj., og á þeim tölum sem Ríkisendurskoðun gefur upp upp á rúmlega 2.700 millj. og segja: Er ekki ástæðan sú að þið farið rangt með? Nei, ástæðan er ekki sú. Ástæðan er einfaldlega sú að sú ákvörðun var tekin að útgjöld vegna ákveðins hóps lyfja, sem áður fyrr voru færð með útgjöldum vegna hjálpartækja, hafa verið flutt inn á almennan lyfjakostnað Tryggingastofnunar ríkisins. (**Gripið fram í:** Tæpar 30 millj.) Nei, það var á annað hundrað millj. kr. Tillit til þess hefur verið tekið í þeim upplýsingum sem eru gefnar í bæklingi heilbr.- og trmrn. Þar er því verið að bera saman sambærilegar tölur á milli ára. Í upplýsingum Ríkisendurskoðunar er þetta hins vegar ekki gert. Hvorugar upplýsingarnar eru þess vegna rangar. Þær eru báðar réttar en innihalda þennan mismun.

Þá var einnig spurt um það hvernig á því stendur að þau súlurit sem við höfum látið frá okkur fara séu misvísandi. Ég hélt að menn gætu gengið úr skugga um það einfaldlega með því að lesa þann texta sem súluritunum fylgir. Annars vegar er um að ræða samanburð á lyfjakostnaði Tryggingastofnunar ríkisins á föstu gengi. Hins vegar er um að ræða samanburð á lyfjasölu á útsöluverði úr apóteki samkvæmt verðskrá 1. okt. 1992. Þ.e. hver er heildarsparnaður þjóðfélagsins af þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til miðað við lyfjasölu á útsöluverði frá apótekum annars vegar og hins vegar hver hefur orðið sparnaðurinn á lyfjakostnaði Tryggingastofnunar ríkisins. Þegar menn bera saman epli og appelsínur, eins og menn eru að gera í þessu sambandi, þá er náttúrlega mjög eðlilegt að niðurstaðan sé ólík því að menn eru ekki að bera saman sömu hlutina. Það kemur fram einfaldlega í textanum með þeim súluritum sem gefin eru á þessum tveimur stöðum.

Hv. 6. þm. Vestf. spurðist fyrir um nokkur atriði.

M.a. rakti hún sparnað á sjúkrahúsum og dró út af fyrir sig ekki í efa að sparnaður hefði orðið en vildi finna sínar skýringar á því sem eru aðrar en þær sem heilbr.- og trn. gefur. Í fyrsta lagi spurði hún: Getur þetta ekki verið vegna þess að sjúklingar hafi borgað meira? Svarið við því er nei. Sjúklingar borguðu ekkert meira á sjúkrahúsum á árinu 1992 en þeir gerðu á árinu 1991. Það voru engar breytingar gerðar á þeirri meðferð.

Í öðru lagi spurði hv. þm. hvort skýringin gæti verið sú að það væri verið að draga úr þjónustunni. Ég svaraði því hér áðan að það væri þvert á móti. Miklu fleiri sjúklingar hefðu verið teknir til meðferðar og miklu fleiri aðgerðir hefðu verið gerðar. Niðurstaðan er því sú að hér er um að ræða sparnað í rekstri á sama tíma og framleiðsla sjúkrahúsanna, ef má nota jafnófínt orð um þau verk sem þar eru unnin, hefur verið að aukast.

Í þriðja lagi spurði hún: Getur þetta ekki verið vegna þess að biðlistarnir hafi verið að lengjast? Svarið við því er líka nei vegna þess að eftir þeim upplýsingum sem við höfum fengið hafa biðlistarnir ekki verið að lengjast heldur að styttast. Það eru t.d. engir biðlistar í árslok á Landakotsspítala og biðlistar eftir hjartaaðgerðum á Landspítalanum hafa styst úr 70 í árslok 1991 í um 50, 46 ef ég man það rétt, í árslok 1992. Allar þessar heimatilbúnu skýringar hv. þm. sem eru bornar fram undir spurningunni „getur ekki verið ...“ eru einfaldlega út í hött. Þær skýringar sem heilbrrn. gefur og væntanlega mun Ríkisendurskoðun gefa þær skýringar síðar þegar hún hefur lokið sinni umfjöllun. Við skulum bíða eftir þeim en ekki vera að búa til einhverjar getgátur.

Þá var rætt hér um að með svokallaðri reglugerð um ferliverk hefði núv. heilbrrh. fundið upp á því að sjúkrahúslæknar stunduðu aðgerðir á sjúkrahúsum og sendu reikninga fyrir til Tryggingastofnunar ríkisins. Þetta er ekki kerfi sem ég hef fundið upp. Þetta kerfi er búið að vera við lýði í sjúkrahúsunum í mörg, mörg ár. Það sem við höfum hins vegar beitt okkur fyrir er að við höfum óskað eftir því að sjúkrahúsin gerðu þá kröfu til sérfræðinganna að þeir greiddu sjúkrahúsunum leigu fyrir afnot sín af þeirri aðstöðu sem þeir hafa þar, en margir sérfræðingar höfðu haft þann háttinn á að þeir tóku til sín allar þær greiðslur frá sjúkratryggingum sem fyrir þetta eru greiddar og hafa ekki greitt sjúkrahúsinu eina krónu í leigu fyrir þá aðstöðu sem þar er veitt. Við það var ekki gerð athugasemd af fyrrv. heilbrigðisyfirvöldum. (**Gripið fram í:** Hvar var það?) Það var t.d. í Vestmannaeyjum svo eitt dæmi sé nefnt. Ég hélt að hv. þm., sem var nú búinn að vera ansi lengi í heilbrrn., hefði grafið það upp.

Þá var sagt með réttu af hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu að fólk væri ruglað í ríminu. Það er alveg rétt. Stjórnarandstaðan hefur ekki hjálpað til að greiða úr því. Ég vil eingöngu minna á það ástand sem var í landinu um mitt ár 1991 eftir þá breytingu sem þá var gerð á lyfjakostnaði. Þá var andróðurinn sá að hér væri verið að gera breytingar sem mundu leiða til þess að gamalt fólk gæti ekki lengur keypt lyf, barnafólk yrði að neita sér um læknishjálp o.s.frv. Fólk var hrætt svo með þessum „upplýsingum“, sem m.a. komu frá hv. stjórnarandstöðu, að ég veit mörg dæmi þess að gamalmennin sem ætluðu sér í apótek tóku sparisjóðsbókina sína með vegna þess að það var búið að hræða þetta fólk upp úr skónum. Ekki hjálpuðu upplýsingar hv. stjórnarandstöðunnar til þess að greiða úr flækjunum vegna þess að sannleikurinn er einfaldlega sá að þó vissulega megi gagnrýna margar af þeim aðgerðum sem verið er að gera í heilbrigðismálum og verið er að gera af ríkisstjórninni til þess að börn okkar og barnabörn geti átt í jafngóðu þjóðfélagi að búa og við, til þess að við séum ekki að senda allan reikninginn af okkar tilveru til þeirra.

Vissulega má gagnrýna ýmislegt af þeim aðgerðum sem við erum að grípa til. En menn hafa ekki gagnrýnt þær út frá réttum upplýsingum. Margir hafa ekki einu sinni haft fyrir því að sækja þær upplýsingar sem þeir hafa þó sjálfir beðið um. Ég er ekkert andvígur því og hef ekkert við það að athuga þótt aðgerðir mínar séu gagnrýndar af stjórnarandstöðunni á grundvelli réttmætra upplýsinga og sanngirni. En ég hef vissulega ástæðu til að andmæla því þegar gagnrýnin er fyrst og fremst því markinu brennd að það sé verið að reyna að hræða fólk, það sé verið að reyna að æsa fólk upp, það sé verið að reyna að rugla fólk í ríminu, eins og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði hér áðan svo rétt.

Ég var ekki þegar ég tók dæmið um kostnað við heilbrigðisþjónustu að bera saman þau verk að gera við sjónvarpstæki eða gera við mannslíkama. Ég var að reyna að vekja athygli fólks á því að læknisþjónusta á Íslandi er ekki dýr. Ég var að reyna að vekja athygli fólks á því að sú þjónusta sem við fáum í íslenska heilbrigðiskerfinu er ekki dýr. Þar kostar 1.000 kr. að fá lækni með margra ára sérfræðimenntun heim á heimili til sín til þess að gefa sér ráðleggingar. Hvað fá menn mikla þjónustu í okkar þjóðfélagi fyrir 1.000 kr.? Ég var að benda mönnum á að bera það saman en ekki að bera saman mannslíkamann og sjónvarpstækið.

Virðulegi forseti. Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Hagstofunni eftir allar þær hækkanir sem orðið hafa eru 0,4% af útgjöldum vísitölufjölskyldunnar vegna lyfjakostnaðar og 0,6% af útgjöldum vegna læknishjálpar. Til heilbrigðisþjónustu, lyfja og læknismeðferðar, fer 1% af samanlögðum útgjöldum vísitölufjölskyldunnar. Hvað segir það? Það segir okkur það að þrátt fyrir allt er beinn kostnaður vegna heilsugæslu og heilbrigðisþjónustu samanborið við flestallar aðrar þjóðir mjög lítill. Hins vegar hafa þessir útreikningar að sjálfsögðu þann galla, sem allir meðaltalsútreikningar hafa, sem sé þann að sumir þurfa að borga meira og aðrir þurfa að borga minna.

Við höfum reynt að hlífa þeim sem helst þyrfti að hlífa sem er eldra fólk, börn og þeir sem eiga við langvinna sjúkdóma að stríða. Hvernig höfum við gert það? Við höfum gert það með því m.a. að það er meginreglan að lífeyrisþegi borgar aldrei meira en einn þriðjung af því sem aðrir þurfa að greiða. Við höfum reynt að gera þetta gagnvart þeim sem þurfa á mikilli hjálp

að halda. T.d. fær lífeyrisþegi sem er búinn að borga á almanaksárinu samtals 3 þús. kr. í læknishjálp hjá heilsugæslulækni og sérfræðingi afsláttarkort sem þýðir að eftirleiðis fær hann allar heimsóknir á heilsugæslustöð ókeypis og meðalkostnaður hans við að leita sérfræðilæknishjálpar er 200 kr. á heimsóknina.

Vissulega geri ég mér grein fyrir því að 200 kr. eru peningar. Það er betra að eiga 200 krónurnar en að vanta þær. En ég trúi því ekki að menn geti fullyrt með neinni sanngirni að það að borga 200 kr. fyrir sérfræðilæknishjálp sé almennum Íslendingi ofviða. Ef svo er og ég ætla ekki að draga í efa að það getur verið erfitt fyrir margan Íslendinginn að greiða slíka fjárhæð, en hans vandi er þá sá að launin hans eru svo lág, en ekki það að heilbrigðiskostnaðurinn sé svo mikill.

Ég vil aðeins benda hv. þm. á að það eru aðilar sem semja um kaup og kjör í okkar þjóðfélagi. Þeim hefur í stórum dráttum gengið mjög vel að semja um laun fyrir Íslendinga. Margir Íslendingar hafa það bara nokkuð gott fyrir tilverknað þeirra sem semja um kaup og kjör í þessu þjóðfélagi. En ef það eru aðilar sem eiga í erfiðleikum með að borga nokkur hundruð kr. fyrir heilbrigðisþjónustu, þá er ástæðan ekki sú að heilbrigðisþjónustan sé of dýr heldur að ekki hefur tekist að semja fyrir þetta fólk um laun sem það getur lifað af. Það er kannski ástæða fyrir hv. þm. og aðra sem mál mitt heyra að velta því fyrir sér.

Tilkynning vegna útsendinga Sýnar.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Í tilefni fyrirspurnar sem hv. 6. þm. Vestf. bar upp á þingfundi í gær varðandi útsendingar Sýnar hf. frá fundum Alþingis vill forseti upplýsa, að fyrirspurnin var tekin fyrir á fundi forsætisnefndar í hádeginu í dag.

Í sjálfu sér er ekki ýkja mikið um þetta mál að segja umfram það sem fram kom á sínum tíma þegar samningurinn milli Alþingis og Sýnar hf. var gerður hinn 8. apríl í fyrra. Þingflokkunum var þá gerð grein fyrir öllum atriðum málsins er leitað var viðbragða þeirra við málaleitan Sýnar hf. um beinar sjónvarpsútsendingar frá Alþingi. Á því var byggt í samningnum að smám saman yrði útbreiðslusvæði útsendinganna stækkað en það hefur verið takmarkað við höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Akranes og sunnanvert Snæfellsnes. Verið er að afla upplýsinga um þetta atriði og mun verða fylgst með framvindu málsins af hálfu forsætisnefndar.

Ég vænti þess að hv. fyrirspyrjandi telji þetta fullnægjandi svar að svo stöddu.

Fundi slitið kl. 5.03 síðdegis.

---

116. FUNDUR

fimmtudaginn 25. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til menntamálaráðherra:

1. Flutningur á rekstri grunnskóla til sveitarfélaga, fsp., 270. mál, þskj. 364.
2. Námsgagnastofnun, fsp., 271. mál, þskj. 365.

Til sjávarútvegsráðherra:

3. Dragnótaveiðar á Faxaflóa, fsp., 343. mál, þskj. 622.

Til forsætisráðherra:

4. Bætur vegna þorskaflabrests, fsp., 353. mál, þskj. 632.

Flutningur á rekstri grunnskóla til sveitarfélaga, ein umr.

Fsp. AKS, 270. mál. — Þskj. 364.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Anna Kristín Sigurðardóttir lagði fram þessa fsp. um flutning á rekstri grunnskóla til sveitarfélaga en þar sem hún er ekki lengur hér þá tók ég að mér að mæla fyrir fsp. en hún er svona, með leyfi forseta:

„Hvernig hyggst ráðherra hafa eftirlit með framkvæmd grunnskólalaga ef sveitarfélögin taka alfarið við rekstri grunnskólans?"

Frá því að fsp. var lögð fram eru liðnar margar vikur, ég hygg jafnvel mánuðir, og síðan hefur ýmislegt gerst. M.a. það að 18 manna nefnd menntmrh. hefur skilað greinargerð, almennri greinargerð um skólamál, sem er satt að segja dálítið erfitt að átta sig á, en þar stendur þó: „Rekstur grunnskóla færist að fullu til sveitarfélaga."

Síðan segir í þessu að sveitarfélögin eigi að hafa með þennan rekstrarþátt að gera en ráðuneytið muni sinna öðrum þáttum í rekstri grunnskóla, þ.e. samræmingarþáttum. Ráðuneytið mun auðvitað eftir sem áður, eftir því sem ég hef skilið þetta, ganga frá því að kennarar standist þær faglegu kröfur sem þeir þurfa að uppfylla til þess að vinna við skóla. Ef hægt er að skilja þessa bók, þá skil ég hana þannig að það sé gert ráð fyrir því að á vegum ríkisins verði Námsgagnastofnun rekin, a.m.k. einhvern tíma enn, og ráðuneytið hafi með þann rekstur að gera. Ég skil það líka svo, enda kemur það fram í áliti 18 manna nefndarinnar, að aðalnámsskrá grunnskóla verði að sjálfsögðu gefin út af ráðuneytinu, að ráðuneytið setji reglur um hámarksfjölda nemenda í bekk, að ráðuneytið setji reglur um hús- og tækjabúnað grunnskóla. Þess vegna er alveg ljóst að ráðuneytið mun í raun og veru í einu og öllu samkvæmt þessari skýrslu ákveða allan umbúnað

skólastarfsins ef farið verður eftir skýrslunni. Ef það er svo þá geta menn svo sem sagt að það sé sama hver borgar kennurunum út kaup, hvort það er ríkið eða sveitarfélögin eða Landsbankinn eða Sparisjóður Hafnarfjarðar, svo maður nefni hann sérstaklega til sögunnar í þessu efni.

Hins vegar hefur ráðherra ekki svarað því í raun og veru enn þá opinberlega hvernig hann hyggst haga faglegu eftirliti með framkvæmd grunnskólalaga ef skólinn verður alfarið á vegum sveitarfélaganna og þess vegna er þessi spurning lögð fram. En til viðbótar við öll þau atriði sem ég nefndi áðan og ráðuneytið ætlar að hafa með að gera, þá er meiningin að taka upp próf í fornum stíl í grunnskólum sýnist mér. Það á að hrúga inn samræmdum miðstýrðum prófum og mæla allt milli himins og jarðar hjá krökkunum. Auk þess á að byrja námsaðgreiningu strax eftir 7. bekk. Það á að koma upp unglingastigi. Það á að gera grunnskólann á seinni árum, í 7., 8., 9. og 10. bekk að eins konar flokkunarvél fyrir börnin upp á framtíðina. Ég sé ekki betur en þó að skólinn yrði fluttur til sveitarfélaganna, fjárhagslega, þá yrði hin faglega miðstýring skarpari en hún hefur nokkru sinni áður verið.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það er spurt hvernig ráðherra hyggist hafa eftirlit með framkvæmd grunnskólalaga ef sveitarfélögin taka alfarið við rekstri grunnskólans.

Ekki er að svo stöddu unnt að svara því endanlega hvernig eftirliti með framkvæmd grunnskóla yrði háttað ef sveitarfélögin tækju alfarið við rekstri grunnskólans. Nú reka sveitarfélögin grunnskólann að öðru leyti en því að launakostnaður kennara er greiddur af ríkinu. Áfangaskýrsla nefndar um mótun menntastefnu liggur nú fyrir. Í tillögum hennar er lögð áhersla á aukna valddreifingu í menntakerfinu. Slík valddreifing þýðir að verkefni eru færð nær starfsvettvangi og er m.a. lagt til að grunnskólinn flytjist alfarið til sveitarfélaga. Nefndin bendir á að forsenda aukinnar valddreifingar í menntakerfinu sé að mat á skólastarfi og opinbert eftirlit verði virkt. Einungis þannig verði unnt að tryggja að lögboðinni fræðsluskyldu sé framfylgt, að allir nemendur sitji við sama borð og fái kennslu við hæfi. Þannig er lögð áhersla á að tekið verði upp heildarmat á menntakerfinu á næstu árum. Lagt er til að gerðar verði reglulegar úttektir á skólum í landinu svo að heildarmynd fáist af skólastarfinu eins og það er á hverjum tíma. Nefndin leggur til að Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála verði falið að gera áætlanir um slíkar úttektir og stýra þeim.

Þá er lagt til að markvisst rannsóknar- og þróunarstarf á sviði skólamála verði eflt frá því sem nú er. Hlutverk ráðuneytis yrði að móta menntastefnu, gefa út viðmiðunarnámsskrár og hafa eftirlit með framkvæmd fræðslulaga.

Hjá öðrum ríkjum Norðurlanda hefur rekstur grunnskóla verið færður til sveitarfélaga á undanförnum árum. Eftirlit er áfram í höndum ráðuneytis þó að útfærslan sé á ýmsa vegu. Þannig heyra t.d. eftirfarandi málaflokkar undir ráðuneyti menntamála í Svíþjóð eftir tilfærsluna: Almennt eftirlit, mat, þróunarstarf, svo og að sjá um að fræðslulögum sé framfylgt. Þar er fyrirhugað að leggja fram skýrslu á þingi þriðja hvert ár sem greinir frá stöðu skólakerfisins. Ef misbrestur er á skólahaldi hjá sveitarfélögum grípur ríkið að sjálfsögðu inn í. Í Danmörku er eftirlit einnig í höndum ráðuneytis. Víst er að litið yrði til nágrannaþjóðanna um framkvæmd slíks eftirlits en í lokaskýrslu nefndar um mótun menntastefnu mun vænta nánari tillagna um hvernig eftirliti með framkvæmd grunnskólalaga væri best hagað.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna það að mér finnst að ég hafi ekki fengið mikil svör við þeim fyrirspurnum sem ég bar fram um þetta mál. Það er greinilegt að ráðuneytið hefur ekki gert það upp við sig hvernig það ætlar að haga þessu faglega eftirliti og þeim mun sérkennilegra er það þá að ráðuneytið skuli standa að tillögu um að flytja skólann til sveitarfélaganna. Það er afar sérkennilegt miðað við það að ekki er búið að gera upp línur að því er varðar hið faglega eftirlit með innra starfi skólanna.

Í þessari fsp. er heldur ekki spurt um það hvernig ráðherra sér það fyrir sér að rekstur skóla í litlum sveitarfélögum sem eiga ekki peninga til þess að borga allan rekstrarkostnað skólanna verði tryggur. Ég sé í salnum fyrir framan mig nokkra þingmenn sem þekkja vel til í litlum skólahverfum þar sem menn eru að reka skóla með 2–5 kennurum en bersýnilegt er að sveitarfélögin eru svo fátæk að þau geta ekki staðið undir launakostnaði við þessa skóla. Við þær aðstæður hlyti auðvitað að koma til einhvers konar jöfnun ef skólinn verður fluttur yfir til sveitarfélaganna. Ég held að ég verði að leyfa mér að hnykkja á þessari fsp. hv. þm. Önnu Kristínar Sigurðardóttur með því að inna eftir því hvort ráðuneytið sé kannski komið eilítið lengra að því er varðar fjármögnun rekstrar lítilla skóla í litlum skólahverfum heldur en það er komið að því er varðar hið faglega eftirlit.

Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að þessi skýrsla 18 manna nefndarinnar er afskaplega almenn. Það er ótrúlega lítið kjöt á beinunum í þessari skýrslu eins og hún lítur út. Það má segja að það gangi hins vegar sem rauður þráður í gegnum hana að það á að fjölga prófum og auka flokkun nemenda í skólunum. Það er í raun og veru samnefnarinn í allri skýrslunni en að öðru leyti er tekið undir það með ráðherra að það er flest óljóst í því plaggi, en leyfi mér að bera fram þessa fyrirspurn um fjármögnun á rekstri grunnskóla á vegum lítilla sveitarfélaga.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Virðulegi forseti. Ég hef kannski ekki verið nógu skírmæltur að fyrirspyrjandi taldi sig ekki hafa fengið svör við spurningum sínum. Varðandi það hvernig sveitarfélögunum, og þá kannski einkum hinum fámennari, verði gert kleift að standa undir þeim kostnaði sem fylgir yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna, þá er það auðvitað alveg augljóst mál að það

verður að yfirfæra tekjustofna til sveitarfélaganna. Tekjustofna sem duga til þess að standa undir rekstri grunnskólans eins og hann verður ákveðinn með nýrri löggjöf. Í dag eru þetta rúmir 5 milljarðar kr. og ég hef tekið það skýrt fram á fundum sem ég hef setið um þessi mál með sveitarstjórnarmönnum og skólamönnum að að sjálfsögðu verði hlutdeild sveitarfélaganna í tekjuskattinum að aukst sem því nemur sem áætlað er að þessi yfirfærsla muni kosta þegar hún á sér stað. Ég hef nefnt þá tölu sem núna er og sem við vitum að dugar ekki til þess að framkvæma lögin eins og þau eru. Til að þetta sé alveg ljóst: Sumir telja að það verði að vera forsenda fyrir þessari yfirfærslu til sveitarfélaganna, að samruni eða sameining sveitarfélaga eigi sér stað og tillögur eru uppi um það hjá nefnd félmrh. um sameiningu sveitarfélaga.

Það er ekki mín skoðun að það sé endilega nauðsynleg forsenda en ef samruni sveitarfélaga á sér ekki stað þá held ég að það sé alveg ljóst að samstarf hinna fámennari verður að koma til. Mér er vel ljóst að hin allra fámennustu verða ella í erfiðleikum en það kann að vera að hægt sé að leysa það með ákveðnum jöfnunaraðgerðum sem þarna yrðu tekin upp.

Varðandi prófin og fleira sem hv. þm. nefndi þá hef ég ekki tíma til að ræða það en það er ekki rétt að verið sé að leggja til að próf í fornum stíl, eins og hv. þm. orðaði, verði tekin upp.

Námsgagnastofnun, ein umr.

Fsp. AKS, 271. mál. — Þskj. 365.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þessi fsp. sem ég mæli fyrir er sama marki brennd og hin fyrri, það er löngu búið að leggja hana fram, hún var lögð fram fljótlega eftir að fjárlög voru kynnt þar sem kom fram að það átti að skera Námsgagnastofnun meira niður en nokkrar aðrar ríkisstofnanir. Þess vegna er hér spurt:

„1. Hvaða fagleg rök eru fyrir því að skera framlög til Námsgagnastofnunar niður umfram aðrar stofnanir á næsta ári?

2. Hvernig rökstyður ráðherra þá fullyrðingu sína að Skólavörubúðin sé „bara ritfangaverslun"?" — En þar er vitnað til orða hæstv. ráðherra.

„3. Er það ætlun ráðherra að beita sér fyrir því að lögð verði námsbókagjöld á nemendur í grunnskólum eða að afla tekna vegna námsbókaútgáfu með öðrum hætti?"

Tilefni þessarar fsp. er niðurskurðurinn til Námsgangastofnunar og líka hugmyndirnar um flutninginn til sveitarfélaganna. Menn velta því auðvitað fyrir sér hvernig skólunum verði tryggðar námsbækur ef svo fer að skólarnir verða fluttir til sveitarfélaganna.

„4. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að „einkavæða" útgáfu námsbóka handa grunnskólanum?"

Um þetta mál er að öðru leyti það að segja að í fjárlögum ársins 1992 fékk Námsgagnastofnun 247,4 millj. kr. og á verðlagi í janúar 1993 þá eru það 255,9 millj. kr. Stofnunin fékk 232,4 millj. kr. Hana vantar því í fyrsta lagi 23,5 millj. kr. Síðan vantar hana peninga vegna þess að það var ákveðið að leggja virðisaukaskatt á bækur frá miðju þessu ári. Það eru aukaútgjöld fyrir Námsgagnastofnun og samtals vantar hana 36,5 millj. kr. miðað við fjárlög síðasta árs og þennan virðisaukaskatt á bækur, sem á að taka gildi frá og með miðju þessu ári, ef ríkisstjórnin fer sínu fram í þeim efnum.

Námsgagnastofnun og stjórn hennar hefur velt því fyrir sér hvernig hún getur komið til móts við þessar kröfur ríkisstjórnarinnar um niðurskurð og það er greinilegt að það verður gert með því að skera verulega niður framleiðslu námsefnis. Það er ekki ljóst með hvaða hætti það gerist nákvæmlega en framleiðsla námsefnis verður skorin niður. Vörur Námsgagnastofnunar hafa verið óvenjulega ódýrar. Ég ætla að nefna dæmi, virðulegi forseti:

Á sl. ári þá dreifði Námsgagnastofnun 698 þús. eintökum af bókum í skóla landsins og meðalverð á hverja bók var 279 kr. 37 aurar. Til samanburðar má geta þess að Námsgagnastofnun var með svokallaðan sérkvóta til kaupa á efni frá öðrum aðilum og dreifði þannig 26.384 eintökum frá einkaaðilum. Þær bækur kostuðu hins vegar 605 kr. 84 aura, eða voru 114% dýrari hvert eintak en þær bækur sem Námsgagnastofnun sjálf framleiddi. Af þessum tölum sést að þessi stofnun hefur starfað með hagkvæmum og skynsamlegum hætti.

Hæstv. ráðherra komst þannig að orði að Skólavörubúðin væri bara ritfangaverslun. Ég vil leyfa mér að mótmæla þessum orðum sérstaklega vegna þess að Skólavörubúðin er ekki bara ritfangaverslun. Skólavörubúðin er fyrst og fremst verslun sem vinnur við það að útvega skólum landsins náms- og kennslugögn í tengslum við þær námsbækur og það námsefni sem að öðru leyti fer út frá Námsgagnastofnun.

Hæstv. menntmrh. tilkynnti það á afmæli kennaramenntunar á Íslandi fyrir allmörgum mánuðum að það væri ætlunin að flytja kennslumiðstöð Námsgagnastofnunar til Kennaraháskóla Íslands. Það mál hafði aldrei verið rætt við Námsgagnastofnun áður en ráðherrann tilkynnti það. Nú mun vera ætlunin að flytja þessa stofnun til Kennaraháskólans en að hún verði starfrækt í Námsgagnastofnun, þannig að hjá Námsgagnastofnun verði starfræktar tvær stofnanir, annars vegar kennslumiðstöð Kennaraháskóla Íslands og hins vegar Námsgagnastofnun. Ég hefði ekki haldið að það væri til einföldunar að haga hlutum þannig að það væru tveir húsbændur í þessu húsnæði sem Námsgagnastofnun hefur með að gera og ég hef engin fagleg rök heyrt fyrir því að það sé skynsamlegt að flytja þessa stofnun yfir.

Stjórn og starfsmenn Námsgagnastofnunar hafa sent bréf til ráðuneytisins og beðið um svör en hafa engin svör fengið. Fyrir liggur skýrsla frá fyrrv. bæjarstjóra í Garðabæ um þessa stofnun en hann hefur haft það verkefni, launað sjálfsagt vel, að skrifa skýrslur um eitt og annað á undanförnum mánuðum en fáir hafa séð

þær skýrslur og ekki starfsmenn Námsgagnastofnunar.

Af þessum ástæðum og mörgum fleirum er þessi fsp. borin fram og ég skora á hæstv. ráðherra að svara henni með skýrum hætti.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Fyrsta spurning er: „Hvaða fagleg rök eru fyrir því að skera framlög til Námsgagnastofnunar niður umfram aðrar stofnanir á næsta ári?"

Svar mitt er þetta: Á þessu ári er Námsgagnastofnun ætlað að draga úr útgjöldum líkt og aðrir. Ég hef þegar lýst því yfir að verkefni verða færð frá stofnuninni á þessu ári. Kennslumiðstöðin verður flutt til Kennaraháskóla Íslands. Það hefur í för með sér minni kostnað fyrir Námsgagnastofnun. Nefnd skipuð fulltrúum menntmrn., Kennaraháskólans og Námsgagnastofnunar vinnur nú að framkvæmd þessarar yfirfærslu. Ég vil bæta því við að það er rangt sem hv. þm. sagði að þetta mál hefði aldrei verið rætt við Námsgagnastofnun áður en ég tilkynnti það á afmælishátíð Kennaraháskólans. Það hafði ég rætt við forstöðumann Námsgagnastofnunar.

Í öðru lagi er spurt: „Hvernig rökstyður ráðherra þá fullyrðingu sína að Skólavörubúðin sé „bara ritfangaverslun"?"

Ég hef ekki haldið því fram að Skólavörubúðin sé bara ritfangaverslun. Þau orð eru slitin úr samhengi. Hitt er óumdeilt að hluti af starfsemi Skólavörubúðarinnar er á sviði ritfangaverslunar. Ég hef efnislega sagt að ég efist um réttmæti þess að ríkið annist rekstur sem einkaaðilar geta sinnt, þar á meðal sölu ritfanga.

Í þriðja lagi er spurt: „Er það ætlun ráðherra að beita sér fyrir því að lögð verði námsbókagjöld á nemendur í grunnskólum eða að afla tekna vegna námsbókaútgáfu með öðrum hætti?"

Svar mitt er þetta: Á þessari stundu eru engin áform uppi um slíkt. Eins og fyrrv. menntmrh. ætti að vera fullljóst þyrfti að breyta lögum til þess að hægt sé að leggja á námsbókagjöld í grunnskóla. Engin áform eru um slíkt í menntmrn. nú.

Í fjórða lagi er svo spurt: „Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að „einkavæða" útgáfu námsbóka handa grunnskólanum?"

Svar mitt er þetta: Ég hef látið fara fram úttekt á námsgagnagerð hér á landi. Einn þáttur í þeirri úttekt var að skilgreina hvaða hlutverki ríkið þyrfti að gegna í slíkri starfsemi. Niðurstöður og tillögur eru nú til athugunar hjá mér í ráðuneytinu en engar ákvarðanir liggja fyrir. Að sjálfsögðu kemur til greina að fela útgáfuna að einhverju leyti öðrum en Námsgagnastofnun.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hann veitti mér og vil um leið mótmæla klukkunni frá hæstv. forseta því að ég fær örugglega meira en 30 sekúndur, er það ekki forseti? Er það ekki ein mínúta? (**Forseti:** Ég bið hv. þm. afsökunar, forseti hafði hreinlega ekki ýtt á takkann og að sjálfsögðu hefur þingmaðurinn tvær mínútur.) Þannig að ég hef byrjað að tala í tíma fyrri ræðumanns væntanlega þannig að ég fæ hann þá líka, hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forseta.

Í fyrsta lagi segir hæstv. menntmrh. að Námsgagnastofnun sé skorin niður líkt og aðrir. Það er rangt. Hún er skorin niður í rauntölum um 13% þegar tekið er tillit til þess að hún á að borga virðisaukaskatt af bókum, sinni framleiðslu, frá og með miðju þessu ári. Þetta er rangt hjá hæstv. ráðherra. Hann segir að á móti þessu komi það að flytja eigi kennslumiðstöðina yfir til Kennaraháskólans. Hvað kostar kennslumiðstöðin? Hún kostar 9 millj. og það er gert ráð fyrir því að þeir peningar flytjist til Kennaraháskólans. Námsgagnastofnun verður ekkert betur sett þó að þessi stofnun verði flutt yfir til Kennaraháskólans af því að með henni eiga að fara peningar svo að það er auðvitað augljóst mál að Námsgagnastofnun fer mikið verr út úr niðurskurði á þessu ári en aðrar stofnanir.

Í öðru lagi varðandi Skólavörubúðina, þá finnst mér að það sé út af fyrir sig rétt að það sé ástæðulaust að ríkið sé að reka einhverja almenna ritfangaverslun, enda er Skólavörubúðin engin almenn ritfangaverslun. Það getur vel verið að það sem hæstv. ráðherra segir í þessum efnum eigi ágætlega við t.d. skólana og aðstandendur skólabarna á Reykjavíkursvæðinu, en það er alveg ljóst að Skólavörubúðin hefur gegnt þýðingarmiklu hlutverki fyrir landsbyggðina þar sem aðgangur að ritföngum og kennslugögnum af ýmsu tagi, hjálparefni af ýmsu tagi, er lakara en hér.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að lýsa því yfir að það verði engin áform um að leggja skatt á grunnskólanemendur. Ég tók hans yfirlýsingu þannig og ég vek athygli á því að fleiri ráðherrar mættu vera þessarar skoðunar, t.d. á sviði heilbrigðismála. Ég tók einnig eftir því að hæstv. ráðherra sagði í lok sinnar ræðu að hann teldi koma til greina að flytja hluta af starfsemi Námsgagnastofnunar yfir til einkaaðila. Það tel ég í raun og veru mjög alvarlega yfirlýsingu frá hæstv. ráðherra og það kallar á nýja umræðu í nýjum fyrirspurnatíma.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég sagði að Námsgagnastofnun hefði orðið að hlíta niðurskurði líkt og aðrir. Eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, þá var þessi fsp. borin fram skömmu eftir að fjárlagafrv. kom fram eða öllu heldur áður en það var endanlega afgreitt. Og ég bendi á að það var bætt við það sem var upphaflega í frv. í framlögum til Námsgagnastofnunar m.a. vegna áforma um að leggja virðisaukaskatt á bækur.

Varðandi þennan þátt í starfsemi Námsgagnastofnunar, sölu ritfanga, þá hefur það eflaust verið nauðsynlegur þáttur á sínum tíma þegar þessi stofnun hóf starfsemi sína, Skólavörubúðin sérstaklega. En það hefur margt breyst á þeim tíma sem liðinn er og m.a. verslun með ritföng. Það hafa risið upp verslanir miklu stærri en áður voru og sem geta sinnt pöntunarþjónustu m.a. og versla nú með ýmsar sérhæfðar vörur sem áður voru kannski eingöngu hjá Skólavörubúðinni og

Námsgagnastofnun. Ég bið menn að hafa það í huga þegar ég tala um að það sé auðvelt nú að sinna þessu af öðrum en ríkinu.

Út af dagskrá voru tekin 3. og 4. mál.

Fundi slitið kl. 10.56 árdegis.

---

117. FUNDUR

fimmtudaginn 25. febr.,
að loknum 116. fundi.

Dagskrá:

1. Samkeppnislög, stjfrv., 9. mál, þskj. 401, brtt. 647, 653 og 655. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 11. mál, þskj. 660. — 3. umr.
3. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 12. mál, þskj. 661. — 3. umr.
4. Verðbréfaþing Íslands, stjfrv., 13. mál, þskj. 662. —3. umr.
5. Skaðabótalög, stjfrv., 326. mál, þskj. 596. — 1. umr.
6. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 372. mál, þskj. 656. — 1. umr.
7. Almenn hegningarlög, stjfrv., 338. mál, þskj. 616. — 1. umr.
8. Ávana- og fíkniefni, stjfrv., 339. mál, þskj. 617. — 1. umr.
9. Samfélagsþjónusta, stjfrv., 374. mál, þskj. 658. — 1. umr.
10. Kaup á björgunarþyrlu, frv., 110. mál, þskj. 128, nál. 581 og 582. — 2. umr.
11. Happdrætti Háskóla Íslands, frv., 336. mál, þskj. 609. — 1. umr.
12. Ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna kynferðisbrota, þáltill., 352. mál, þskj. 631. — Fyrri umr.
13. Hvalveiðar, þáltill., 308. mál, þskj. 477. — Fyrri umr.
14. Könnun á nýtingu ígulkera, þáltill., 358. mál, þskj. 638. — Fyrri umr. — [Fundarhlé.]

Útbýting þingskjala:

Verðbréfasjóðir, 12. mál, þskj. 661.
Verðbréfaviðskipti, 11. mál, þskj. 660.
Verðbréfaþing Íslands, 13. mál, þskj. 662.

Fjarvistarleyfi:

Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Össur Skarphéðinsson, 17. þm. Reykv.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 25. febr. 1993:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varaþingmaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Þuríður Bernódusdóttir verkstjóri, Vestmannaeyjum, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta bréf ritar Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.

Þuríður Bernódusdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Samkeppnislög, frh. 3. umr. (frh. atkvgr.).

Stjfrv., 9. mál. — Þskj. 401, brtt. 647, 653 og 655.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kristín Ástgeirsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Með brtt. 653, sem nú kemur til atkvæða, er lagt til að XI. kafli samkeppnislagafrv. verði felldur niður auk tveggja annarra breytinga sem tengjast þessum kafla. Í XI. kaflanum eru veittar heimildir til eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins til að fylgjast með framkvæmd fjórfrelsisins og svo sem kunnugt er, þá erum við flm. á þeirri skoðun að þar sé um ákveðið valdaafsal að ræða sem við erum andvíg.

Þessi tillaga er flutt af fjórum ástæðum:

1. Til að full samstaða megi nást hér á Alþingi Íslendinga um samkeppnislagafrv., enda felur það í sér margar mjög þarfar og góðar breytingar ef undan er skilið það sem er að finna í XI. kafla frv.

2. Það leikur vafi á að það valdaafsal sem í XI. kaflanum er standist íslensku stjórnarskrána.

3. Allt er í óvissu um það hvort hið Evrópska efnahagssvæði verður að veruleika og því óskynsamlegt að samþykkja lagabálka sem síðar þarf að taka upp að nýju til að hreinsa úr þeim þau ákvæði sem tengjast EES. Verði samningurinn að veruleika verður létt verk og löðurmannlegt að setja fram nýtt frv. í samræmi við þann veruleika sem við þá stöndum frammi fyrir.

4. Við höfum fengið ólíkar túlkanir ráðuneytanna á því hvort orðalag XI. kafla stenst eftir að Svisslendingar felldu EES-samninginn. Því er einfaldasta leiðin að fella þennan kafla út úr frv. og skapa þannig samstöðu um ný samkeppnislög.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 653 felld með 29:19 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GJH, GHelg, HG, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, StH, SJS, SvG, VS, ÞBern.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HBl, HjálmJ, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

4 þm. (EH, EKJ, IBA, ISG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (FrS, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IP, JBH, ÓÞÞ, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 647 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GHelg, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (ÞBern) greiddi ekki atkv.

12 þm. (FrS, GB, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, IP, JBH, ÓÞÞ, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 655 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. II) samþ. með 50:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GHelg, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞBern.

nei: BBj.

1 þm. (GJH) greiddi ekki atkv.

11 þm. (FrS, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IP, JBH, ÓÞÞ, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, GAK, ÓE, HjálmJ, RG, SigG, PS, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHall, SalÞ.

21 þm. (GHelg, HG, ISG, JÁ, JGS, ÞBern, JónK, JVK, KHG, KÁ, GJH, MF, ÓRG, PP, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GÁ) greiddi ekki atkv.

10 þm. (GunnS, HÁ, IP, JBH, ÓÞÞ, RA, StG, ÖS, FrS, GB) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Efh.- og viðskn. er búin að leggja mikla vinnu í þetta frv. og um alla meginkafla frv., sem snúa að innlendum viðskiptum, er alger samstaða. Ég lýsti því hér yfir í umræðum við 3. umr. að ég hefði talið eðlilegt að til þess að hægt væri að afgreiða frv. í heild samkvæmt þeirri miklu samstöðu sem er um meginþætti þess, þá hefði verið eðlilegt að draga til baka XI. kaflann um Samkeppnisstofnun og eftirlitsstofnun EFTA semja um að síðan yrði sá þáttur afgreiddur þegar sést hefði fyrir endann á samningunum um EES. Því miður féllst stjórnarmeirihlutinn og ríkisstjórnin ekki á þessa málsmeðferð sem að mínu mati hefði sýnt vilja til þess að breyta starfsháttum Alþingis á jákvæðan hátt auk þess sem mér sýnist að það hnígi að því öll rök að þau frumvörp sem enn eru óafgreidd um EES verði hér unnin í nefndum, en síðan beðið með afgreiðslu þeirra þar til við sjáum fyrir endann á málinu. Þetta var ekki gert. Það var ekki orðið við beiðni okkar í minni hluta efh.- og viðskn. um þetta þrátt fyrir það að við höfum verið tilbúnir til þess að vinna að þessu máli, svo og öðrum málum sem tengjast EES eða öðru nánast á hvaða tíma sem farið hefur verið fram á á þessum vetri. Þarna er ríkisstjórnin og meiri hlutinn að sýna vilja sinn til samstarfs og samhugar Alþingis og ég mun þess vegna, þrátt fyrir að ég sé sammála meginefni frv., sitja hjá við atkvæðagreiðsluna til að leggja áherslu á mótmæli mín gagnvart þessum vinnubrögðum.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Að felldri þeirri brtt. sem hér var borin upp fyrir augnabliki síðan treysti ég mér ekki til þess að styðja þetta frv. og ég harma það mjög að svona fór því að hér er að öðru leyti um mjög gott mál að ræða og efh.- og viðskn. hefur lagt mikla vinnu í að gera þetta frv. eins vel úr garði og mögulegt er. Ég harma að ekki skuli vera meiri vilji til samstarfs milli stjórnar og stjórnarandstöðu en hér hefur komið í ljós. Ég greiði ekki atkvæði.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið hefur tekist ágæt efnisleg samstaða um alla meginþætti þessa frv. og nema þann kafla þess sem tengist samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þetta frv. myndar nútímalega heildarlöggjöf um viðskiptamálefni okkar Íslendinga og í því eru fjölmörg nýmæli til bóta. Ég leyfi mér að nefna þar sérstaklega ákvæði um auglýsingar og vernd barna og ungmenna fyrir innrætandi auglýsingum. Og ég nefni nýsamþykkt ákvæði til bráðabirgða um úttekt í íslenska viðskiptaheiminum þar sem kannað verði hvort um alvarleg einkenni hringamyndunar og valdasamþjöppunar sé að ræða í íslensku viðskiptalífi.

Þetta hvort tveggja eru tvímælalaust þörf nýmæli og í heild má segja að þarna sé markaður nútímalegur grundvöllur fyrir okkar viðskiptalíf. Það er því mjög dapurlegt að hv. stjórnarliðar skuli ekki hafa fengist til að vinna það til að kalla til baka hinn umdeilda XI. kafla frv. sem tengist samningnum um Evrópskt efnahagssvæði til að varðveita þá samstöðu sem að öðru leyti hefur tekist í málinu.

Þetta er sá kafli þar sem lengst er gengið í valdaframsali til erlendra stofnana og mestar efasemdir eru gagnvart að standist ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar.

Þar sem tillaga um að fella þennan kafla út úr frv.

hefur verið felld þá treystum við þingmenn Alþb. okkur ekki til að greiða frv. atkvæði í endanlegri mynd sinni þó svo við séum sammála því efnislega að öðru leyti en áhrærir ákvæði þessa eina kafla. Ég greiði ekki atkvæði, hæstv. forseti.

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem fram hefur komið ágætis samstaða tókst um alla efnisþætti málsins utan þennan kafla sem vitnað er til um Evrópska efnahagssvæðið. Ég lít svo á að þetta sé sparðatíningur hjá hinum ágætu félögum mínum í efh.- og viðskn. sem eru í stjórnarandstöðu og stjórnarandstöðuþingmönnum að geta ekki staðið að þessu frv. þrátt fyrir þennan kafla. Það liggur fyrir ef þessi kafli væri felldur út úr frv. væri það dálítið á skjön við eðlileg vinnubrögð þingsins að ætla sér að flytja hann nákvæmlega óbreyttan aftur á þessu þingi en orðalagið í kaflanum er þannig að það þarf í mesta lagi að fella út einn ákveðinn greini í kaflanum. Að öðru leyti getur hann dugað þrátt fyrir þá breytingu sem þarf að gera á EES-samningnum. Ef ekkert verður af EES-samningnum þá er ég viss um að félögum mínum þætti létt verk og löðurmannlegt að fella kaflann út úr lögunum þegar það lægi fyrir að ekkert yrði úr samningnum um EES. Ég segi því já.

Frv. afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 664).

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en hv. þm. fær orðið vill forseti láta þess getið sem fórst fyrir í upphafi fundar að fyrirhuguð er hálftíma utandagskrárumræða um kl. 15.30. í dag. Umræðan fer fram að beiðni hv. 3. þm. Suðurl. og er um stöðvun Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs.

Um þingsköp.

Samkeppnislög.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil benda virðulegum forseta á það að í atkvæðaskýringu sinni áðan staðfesti hv. 5. þm. Norðurl. v. það álit okkar í minni hluta nefndarinnar að XI. kaflann þurfi að bera aftur fram í formi nýs frv. og fara í gegnum þrjár umræður á Alþingi. Ég þakka hv. þm. fyrir að staðfesta þetta við atkvæðagreiðsluna. Þó ekki verði annað en það að taka þurfi út ákveðna greininn eða taka út EFTA-ríkin og setja í staðinn nöfn þeirra sem standa að samningnum þá þýðir það lagabreytingu sem þarf þrjár umræður í þinginu.

Þetta undirstrikar að mínu mati það sem ég sagði í umræðu í fyrradag að það er ekki hægt að skýra þessa afstöðu stjórnarmeirihlutans og ríkisstjórnarinnar nema sem einhvern misskilinn metnað og það að stjórnarmeirihlutinn vilji ekki á nokkurn hátt koma til móts við stjórnarandstöðuna um breytt vinnubrögð þegar um samstöðumál er að ræða.

Að öðru leyti þakka ég hv. þm. og formanni efh.- og viðskn. fyrir kveðjurnar til okkar nefndarmanna og ég tek þetta sem þakklæti fyrir það að við höfum verið, eins og ég sagði áðan, tilbúin til þess að mæta á nefndafundi nánast á hvaða tíma sem er. Ég tek þetta sem hug stjórnarmeirihlutans til þess og þakkir fyrir þau störf.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Vegna ummæla hv. 6. þm. Norðurl. e. um þetta mál vil ég taka fram að það hefur verið kannað af embættismönnum viðskrn. og utanrrn. hvort sú tilvísun til samninganna um Evrópskt efnahagssvæði sem er að finna í XI. kafla samkeppnislaganna standist þær aðstæður sem nú eru uppi. Þeirra ótvíræða svar er að svo sé. Þótt breytingar verði á aðild að samningnum af hálfu Svisslendinga, þá hafi það engin áhrif á gildi þessarar tilvísunar. Hún geti staðið nákvæmlega svo sem hún er og tilvísunin til stofnananna sé ótvíræð ef samningurinn verður staðfestur. Verði hann það ekki er yfir allan vafa hafið að þessi kafli laganna öðlast ekki gildi. Áhyggjur stjórnarandstöðunnar af þessu máli eru því fullkomlega óþarfar.

Ég vil að endingu, virðulegi forseti, nota þetta tækifæri til að þakka hv. efh.- og viðskn. enn á ný fyrir starf hennar að þessari merku löggjöf sem nú er fengin, nýrri samkeppnislöggjöf sem sannarlega treystir íslenskt efnahags- og viðskiptalíf.

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í tilefni af ræðu hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, míns ágæta félaga úr efh.- og viðskn., segja að ég ætlaði ekki að reita hann til reiði með því að segja honum þá skoðun mína að ég teldi það hálfgerðan sparðatíning af hans hendi að samþykkja ekki frv. þrátt fyrir XI. kafla. Ég segi honum það vegna þess að það er mín einlæga skoðun. Við höfum rætt þannig saman í þessari ágætu nefnd að við höfum sagt hvor öðrum okkar skoðanir á málunum og reynt að taka tillit til hvors annars. Yfirleitt hefur það verið hægt en hins vegar gerist það ekki í þessu máli. Ég veit að hann mun ekki verða langorður í umræðum ef — og ég segi með stóru ef-i — til þess þyrfti að koma að fella þyrfti niður ákveðinn greini í lögunum jafnvel þó að þrjár umræður þurfi til.

Ég treysti því að hv. þm. verði jafnduglegur og hingað til að mæta á fundi og við eigum eftir að eiga gott samstarf saman í nefndinni þrátt fyrir að okkur greini á um þetta mál sem mér finnst vera sparðatíningur en honum greinilega ekki.

Verðbréfaviðskipti, 3. umr.

Stjfrv., 11. mál. — Þskj. 660.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HjálmJ, HG, ISG, JÁ, JGS, JónS, JVK, KSG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞBern.
15 þm. (FrS, GB, GunnS, HÁ, IBA, IP, JóhS, JBH, JónK, KHG, ÓÞÞ, PS, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 665).

Verðbréfasjóðir, 3. umr.

Stjfrv., 12. mál. — Þskj. 661.

Enginn tók til máls.

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HjálmJ, HG, ISG, JÁ, JGS, JónS, JVK, KSG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞBern.
16 þm. (FrS, GB, GunnS, HÁ, IBA, IP, JóhS, JBH, JónK, KHG, ÓÞÞ, PS, RA, StG, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 666).

Verðbréfaþing Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 13. mál. — Þskj. 662.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HjálmJ, HG, ISG, JÁ, JGS, JónS, JVK, KSG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞBern.
15 þm. (FrS, GB, GunnS, HÁ, IBA, IP, JóhS, JBH, JónK, KHG, ÓÞÞ, PS, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 667).

Skaðabótalög, 1. umr.

Stjfrv., 326. mál. — Þskj. 596.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til skaðabótalaga. Fyrri gerð þessa frv. var til umræðu á síðasta þingi en að tilhlutan dómsmrn. tók Arnljótur Björnsson prófessor að sér það verk að semja frv. til skaðabótalaga sem er nýsmíði í íslenskri löggjöf. Þetta frv. var lagt fram á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt. Það var rætt hér og nefnd bárust um það umsagnir frá ýmsum aðilum. Flestir þeirra voru sammála meginstefnu frv. og mæltu með því að það næði fram að ganga en ýmsir lögðu þó til breytingar á einstökum atriðum. Frv. hefur verið yfirfarið og gerðar á því verulegar breytingar. Prófessor Arnljótur Björnsson tók að sér að yfirfara frv. í ljósi þeirra athugasemda sem hér komu fram.

Ýmsir þeir aðilar sem gerðu athugasemdir við einstök atriði hafa á ný gefið umsagnir um frv. og leggja til að það verði samþykkt í því formi sem það liggur fyrir. Til marks um þetta er álit Tryggingaeftirlitsins sem gefið hefur umsögn um frv. eins og það liggur fyrir og hvetur til að það verði samþykkt og afgreiðslu þess hraðað eins og kostur er. Áður hafði Tryggingaeftirlitið lýst sig í umsögn sammála meginmarkmiðum fyrri gerðar frv. en gagnrýnt að ekki var gert ráð fyrir örorkubótum ef varanleg skerðing á getu tjónþola til að afla vinnutekna var minni en 15%. Þá skyldi þó bættur allur sá kostnaður, bætur greiddar fyrir þjáningar og staðlaðar bætur fyrir varanlegan miska sem reiknaður skyldi út eftir svipuðum aðferðum og læknisfræðilegt örorkumat styðst við í dag.

Eins hafði Tryggingaeftirlitið gagnrýnt að ekki væri tekið nægjanlegt tillit til aldurs tjónþola við ákvörðun bóta. Bæturnar væru of staðlaðar. Er báðum þessum atriðum breytt í núverandi gerð frv.

Þannig hafa verið gerðar breytingar á frv. vegna þeirra athugasemda sem fram hafa komið frá umsagnaraðila.

Meginmarkmið frv. eru þrjú: Í fyrsta lagi að endurbæta reglur um ákvörðun bóta fyrir tjón á mönnum, þar á meðal tjón vegna missis framfæranda. Í öðru lagi að færa til nútímahorfs reglur um tengsl skaðabótaréttar og annarra bótaúrræða. Í þriðja lagi að setja lagaákvæði sem gera dómstólum kleift að taka eðlilegt tillit til hagsmuna þeirra sem valda tjóni eða bera af öðrum ástæðum skaðabótaábyrgð.

Helstu efnisbreytingar frá fyrri gerð frv. eru þessar:

Felldur er niður 2. málsl. 3. mgr. 5. gr. fyrri gerðar. Samkvæmt honum skyldi ekki greiða örorkubætur væri varanleg skerðing á getu tjónþola til að afla vinnutekna minni en 15%. Með breytingu þessari er úr sögunni sú regla sem olli mestum andmælum gegn frv. og má sjá nánar um þetta í athugasemdum við 5. gr. frv.

Þá er breytt reglum 6. og 9. gr. um ákvörðun bótafjárhæðar. Með því er dregið úr stöðlun bóta fyrir tjón

af varanlegri örorku. Breytingin er í samræmi við ábendingar í ýmsum umsögnum við frv.

Sama á við um bætur eftir 13. gr. fyrir tjónamissi framfæranda. Breyting þessi hefur í för með sér að við bótaákvörðun er meira litið til aldurs tjónþola en gert var eftir fyrri gerð frv. þannig að bætur hækka eftir því sem tjónþoli er yngri. Vísast um þetta nánar til athugasemda með frv.

Í þriðja lagi eru tekin upp ný heiti á fáeinum hugtökum og er tilgangur þess m.a. að draga úr hættu á að blandað sé saman hugtökum sem frv. tekur til.

Í fjórða lagi eru reglur 10. gr. um örorkunefnd gerðar skýrari, m.a. varðandi hæfi nefndarmanna.

Auk þeirra breytinga sem hér hafa verið taldar hefur orðalagi nokkurra greina verið breytt og enn fremur er bætt við skýringum í athugasemdir við ýmsar greinar frv., aðallega í tilefni af ýmsum athugasemdum sem komu fram í umsögnum með frv.

Um breytingar frá fyrri gerð má að öðru leyti vísa til upphafs inngangskafla almennra athugasemda í frv. Flestar athugasemdir umsagnaraðila beinast að ákvæðum I. kafla frv. en efni hans eru reglur um hvernig ákveða skuli bætur fyrir líkamstjón.

Skaðabótaréttur var áður fyrr eina úrræði tjónþola til þess að fá fébætur frá öðrum fyrir orðið tjón. Síðar komu til sögunnar önnur bótaúrræði, aðallega vátryggingar, almannatryggingar og lífeyrissjóðir. Á þessum bótaúrræðum er mikill munur þótt megintilgangur þeirra allra sé að veita tjónþola fjárgreiðslu fyrir tjón sem hann hefur orðið fyrir. Elsta bótaúrræðið, skaðabótarétturinn, er að sumu leyti takmarkaðra en hin nýrri því að reglur hans koma oft að engu eða litlu haldi fyrir tjónþola, einkum sökum þess að atvik að tjóni eru þannig að hann á ekki bótarétt eða hann verður að sæta frádrætti vegna eigin sakar. Ýmsir tjónþolar fá jafnvel ekki tjón sitt bætt þó að þeir eigi fullan skaðabótarétt vegna þess að hinn bótaskyldi getur hvorki greitt kröfuna sjálfur né hefur ábyrgðartryggingu til þess að greiða hana fyrir sig.

Þessir annmarkar skaðabótaréttar eru ein af ástæðum þess að hvarvetna í heiminum hefur verið stofnað til margvíslegra úrræða eða bótakerfa sem ætlað er að leysa betur úr þeirri þörf manna fyrir fébætur sem ekki er unnt að fullnægja með reglum skaðabótaréttar.

Þó að skaðabótareglur leiði í færri tilvikum til bótagreiðslna en önnur helstu bótaúrræði, svo sem vátryggingar, sem keyptar eru á frjálsum markaði, eða almannatryggingar, hefur skaðabótaréttur þann kost, sem önnur bótakerfi hafa almennt ekki, að reglur hans leiða yfirleitt til þess að sá sem á skaðabótarétt að lögum getur krafist fullra bóta fyrir tjón sitt svo framarlega sem hann er ekki meðvaldur að tjóninu.

Frv. það sem nú er lagt fyrir Alþingi tekur til annarra bótaúrræða en regla skaðabótaréttar. Frv. er ekki að neinu leyti ætlað að breyta rétti þeim sem þegnar þjóðfélagsins eiga á hendur velferðarkerfinu samkvæmt lögum um almannatryggingar eða lögum um lífeyrissjóði. Ákvæði frv. breyta heldur ekki rétti sjóðfélaga í ólögbundnum lífeyrissjóðum eða rétti þeirra sem keypt hafa vátryggingu á eignum eða öðrum fjárhagslegum hagsmunum sínum. Hins vegar felur frv. í sér nokkur nýmæli um tengsl hins hefðbundna skaðabótaréttar og annarra bótaúrræða, m.a. um brottfall eða takmörkun á endurkröfurétti vátryggingarfélaga, lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar ríkisins á hendur þeim sem tjóni hefur valdið eða ber af öðrum ástæðum skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem þessir tryggingaaðilar hafa greitt bætur fyrir.

Annars staðar á Norðurlöndum búa menn við vandaða löggjöf um skaðabætur utan samninga. Á Norðurlöndum hafa auk þess orðið miklar framfarir á sviði vátrygginga og annarra bótaúrræða, einkum úrræða til hagsbóta þeim sem beðið hafa tjón af slysum. Eins og fram kemur í athugasemdum með frv. hefur þróun í þessum málaflokki ekki orðið eins ör hér á landi og í öðrum norrænum ríkjum. Býr Ísland nú eitt ríkja Norðurlanda við almennar skaðabótareglur sem nánast eingöngu hafa mótast af framkvæmd dómstóla. Af hálfu dómsmrn. hefur verið fylgst með nýmælum í norrænni löggjöf og þróun skaðabótaréttar og annarra bótaúrræða. Ljóst er að miklum erfiðleikum er bundið að endurbæta skaðabótareglur með þeim hætti einum að láta dómstóla mynda reglurnar á löngum tíma. Hefur því verið til umræðu í ráðuneytinu og reyndar milli ráðuneyta um nokkurra ára skeið að grípa til lagasetningar á þessu sviði og hefur verið talið að brýnasta verkefnið sé að setja skaðabótalög sem feli í sér sambærilegar reglur og nú hafa verið lögfestar í grannríkjunum.

Í frv. því sem hér liggur fyrir eru reglur um bætur fyrir líkamstjón, reglur um tengsl skaðabótaréttar og annarra bótaúrræða og fleiri almennar bótareglur, þar á meðal ákvæði sem veita heimild til að lækka fébætur úr hendi tjónvalds með tilliti til efnahags hans og annarra atvika.

Í I. kafla frv. eru ákvæði um bætur fyrir líkamstjón. Þar er að finna ýmis nýmæli sem nauðsynlegt er talið að lögfesta. Í fyrri framsöguræðu gerði ég grein fyrir efni kaflans og verður sú greinargerð ekki endurtekin hér. Vegna umræðna sem farið hafa fram um þessi efni utan þingsins þykir þó rétt að víkja að einu að nýmælum I. kafla, þ.e. því hvernig meta skuli fjártjón manna sem búa varanlega við skerta getu til að afla vinnutekna.

Hér á landi hefur um langt skeið verið stuðst við svonefnt læknisfræðilegt örorkumat í málum um skaðabætur fyrir líkamstjón. Eitt meginatriði ákvæða I. kafla frv. er að ekki skal lengur leggja slíkt örorkumat til grundvallar þegar metið er fjártjón vegna missis tekna í framtíðinni. Örorkumat það sem hér hefur verið notað hefur í fæstum tilvikum þau áhrif á atvinnutekjur tjónþola sem matið gefur til kynna. Oft hefur metin örorka engin eða lítil áhrif á vinnutekjur tjónþola en í öðrum tilvikum verður tjónþoli fyrir meira tekjutjóni en metið örorkustig bendir til. Dómstólar hafa leitast við að taka tillit til þessa og hafa í ýmsum tilvikum vikið að meira eða minna leyti frá læknisfræðilegu mati. Hins vegar sýna íslenskar dómsúrlausnir að farið er í meginatriðum eftir læknisfræðilegum matsgerðum, enda er komin löng hefð á að nota slíkt mat í

skaðabótamálum. Er aðstaða dómstóla til að víkja frá langri venju mjög erfið. Er ekki að vænta stefnubreytingar í þessu efni án atbeina löggjafans.

Þeim sem gerst þekkja til skaðabótamála hefur lengi verið ljóst að því fer fjarri að örorkumat sem hér um ræðir gefi nægja vitneskju um fjártjón það sem af örorkunni leiðir. Á það mun einna fyrst hafa verið bent í skrifum íslensks fræðimanns fyrir 40 árum en það var Benedikt Sigurjónsson. Eftir það hefur í ritum lækna og lögfræðinga og tryggingafræðinga ítrekað verið minnt á að svonefnt læknisfræðilegt örorkumat henti ekki sem grundvöllur ákvörðunar bóta fyrir fjártjón af völdum líkamsmeiðsla. Er ekki ofmælt að lengi hefur verið almenn skoðun þeirra sem helst hafa fjallað um bætur fyrir líkamstjón að læknisfræðilegt örorkumat sé iðulega óraunhæfur mælikvarði á skerta starfsorku. Andmæli gegn breytingum á reglum um örorkumat ganga því þvert á ríkjandi skoðanir sérfræðinga á því sviði sem hér um ræðir. Ég vil varðandi þetta atriði vitna í umsögn Dómarafélags Íslands um fyrri gerð frv. frá því í apríl sl. en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Stjórnarmenn hafa fylgst með og tekið þátt í umræðum um frv. og uppgjörsreglur vátryggingarfélaga, einkum á fundum sem Lögfræðingafélag Íslands hefur efnt til um þessi efni. Þar hefur komið fram ákveðin gagnrýni frá einstökum lögmönnum á þær breytingar sem frv. boðar, svo sem um að miða við fjárhagslegt örorkumat í stað læknisfræðilegs. Vegna þeirrar gagnrýni vill stjórn Dómarafélags Íslands taka fram að hún telur það meginhlutverk sitt varðandi umsagnir um lagafrv. að vekja athygli á því sem betur mætti fara og sérstaklega gæta að því að nýmæli falli vel að grundvallarsjónarmiðum um réttarfar. Örorkumat er í framkvæmd grundvallarsönnunargagn um örorkutjón. Á þessum grundvelli byggjast áætlanir um skerðingu á starfsgetu í framtíðinni.

Í umræðum lækna og lögfræðinga á undanförnum árum hefur það orðið ljóst, sem a.m.k. sumir höfðu ekki gert sér grein fyrir áður, að læknisfræðileg örorka er þannig metin að hún mælir oftast illa raunverulega starfsorkuskerðingu þar sem ýmis önnur veigamikil atriði orka á matið. Það er því að mati stjórnarinnar hafið yfir allan efa að mikil réttarbót muni verða af því að aðilum veitist kostur á að afla matsgerða þar sem eingöngu er leitast við að mæla skerðingu á starfsgetu."

Það er meginregla í skaðabótarétti að eigandi bótakröfu skuli fá að fullu bætt fjárhagslegt tjón er hann hefur orðið fyrir. Með frv. er stefnt að því að styrkja þessa meginreglu. Þar eru nýmæli sem er ætlað að búa svo um hnútana að mat á varanlegri skerðingu á getu til að afla vinnutekna verði nákvæmara en nú er þannig að tryggt verði eftir því sem kostur er að allt raunverulegt fjártjón af völdum örorku fáist bætt. Á hinn bóginn stefnir frv. að því að koma í veg fyrir að menn fái bætur fyrir varanlega örorku sem ekki veldur í reynd fjárhagslegu tjóni. Að þessu leyti er verið að treysta þá grundvallarreglu íslensks réttar að menn hljóti ekki óréttmæta auðgun með skaðabótagreiðslu.

Þær endurbætur sem nú var getið eru í fullu samræmi við niðurstöður athugana sem gerðar hafa verið á síðustu áratugum um nauðsyn endurskoðunar reglna um ákvörðun fjárhæðar skaðabóta fyrir líkamstjón. Ég minni á að hér er verið að tala um varanlega skerðingu á möguleikum til að afla tekna. Bætur fyrir líkamstjónið sjálft, þjáningar og miska, sem kallað er í frv., eru greiddar samkvæmt annarri viðmiðun sem er að finna í 3. og 4. gr. en þær reglur hafa ekki verið ræddar sérstaklega hér.

Allar kröfur sérhagsmunahópa um að haldið verði í venjur er leiða til þess að menn fá örorkubætur eftir mati sem ekki tekur tillit til þess hvort áverki hefur í raun og veru fjártjón í för með sér ganga í berhögg við það meginmarkmið að bótareglur skuli stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu þeirra fjármuna sem þjóðfélagið og einstaklingar hafa yfir að ráða. Engin rök eru fyrir því að halda í bótakerfi er bakar almenningi stórfelld útgjöld vegna skaðabóta sem greiddar eru til manna sem ekki hafa orðið fyrir tjóni eða eru að miklum mun hærri en raunverulegt fjárhagslegt tjón. Skaðabótarétturinn þarf að tryggja mönnum sanngjarnar bætur fyrir tjón en hann á ekki að vera happdrætti.

Upphæð bóta hefur áhrif á greiðslubyrði skaðabótaskyldra aðila, hvort sem þeir eru ótryggðir eða tryggðir. Iðgjöld ábyrgðartrygginga eru í samræmi við þá áhættu sem vátryggingarfélög taka. Hækkun á heildarbótum vegna líkamstjón hlýtur að leiða til þess að iðgjöld ábyrgðartrygginga hækka. Á sama hátt verða félögin að lækka iðgjöld ef breytingar á skaðabótareglum leiða til heildarlækkunar bóta fyrir líkamstjón. Þess vegna eru það þeir sem greiða iðgjöldin sem græða eða tapa á breytingum á reglum um fjárhæð skaðabóta.

Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands tóku á síðasta ári saman yfirlit um bifreiðakostnað heimilanna. Bifreiðakostnaður er um 17% af útgjöldum vísitölufjölskyldunnar. Þar af nema slysatryggingar ökumanns og allar greiðslur til Bifreiðaskoðunar Íslands vegna skoðunar, númeraplatna o.fl. um 1,1%. Sá kostnaður hefur verið mikið til umræðu þótt hann virðist ekki af þessu vera ýkja hátt hlutfall. Hlutdeild lögboðinna tryggingaiðgjalda er hins vegar rúmlega 13%. Það er því augljóslega stórt hagsmunamál almennings að tryggingaiðgjöld geti lækkað.

Við skulum heldur ekki gleyma því að ef íslensk fyrirtæki eru beint eða í gegnum iðgjöld að greiða mun hærri skaðabætur en dönsk fyrirtæki vegna sams konar tjóna þá hefur það sambærileg áhrif á samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og ef íslensk fyrirtæki þurfa að borga veltuskatt eða annan kostanð sem fyrirtæki samkeppnislanda okkar þurfa ekki að greiða. Það dregur úr samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og sú staðreynd ætti að vera röksemd fyrir því að óheppilegt sé að íslenskur skaðabótaréttur sé verulega frábrugðinn skaðabótarétti nágrannalandanna.

Um fjárhagsleg áhrif frv. vísast svo til 5. kafla almennra athugasemda á bls. 22–23 í frv. og umsagnar fjárlagaskrifstofu fjmrn. á fskj. II. Í umsögn fjárlagaskrifstofunnar segir m.a., með leyfi forseta:

„Það hefur einnig mikilvæga en óbeina þýðingu fyrir kostnað ríkissjóðs að reikna má með að heildarútgjöld þjóðarinnar af skaðabótagreiðslum fyrir líkams-

tjón lækki verulega samkvæmt frv. Stafar það af því að meginábersla er lögð á getu tjónþola til að afla vinnutekna í stað læknisfræðilegs mats á örorku. Slys sem hafa í för með sér minni háttar örorku samkvæmt læknisfræðilegu mati eru svo mörg að lækkun skaðabóta vegna þeirra hefur verulega útgjaldalækkun í för með sér. Heildarútgjöld munu því samkvæmt frv. lækka þrátt fyrir hærri dánarbætur og örorkubætur til þeirra sem bíða raunverulegt fjárhagslegt tjón. Verði frv. að lögum má því reikna með að iðgjöld vegna bifreiðatrygginga og heimilis- og fjölskyldutrygginga lækki með tímanum."

Þessi umsögn er prentuð á baksíðu frv. eins og það hefur verið lagt hér fram. Það er ástæða til að vekja sérstaklega athygli á þessari umsögn vegna þess að því hefur ranglega verið haldið fram í umræðum utan þings að því hafi ekki verið haldið á lofti að samþykkt þessa frv. mundi leiða til lækkunar heildarbótagreiðslna og þar með auðvitað lækkunar iðgjaldagreiðslna fyrirtækja og alls almennings í landinu. Sumir hafa verið að skjóta á að skaðabótagreiðslur og uppgjörskostnaður geti með samþykkt frv. lækkað um allt að 15% en um það er ekki hægt að fullyrða nákvæmlega fyrr en reynslan sker þar úr. Aðalatriðið er auðvitað að allir sem eiga skaðabótakröfu fái bætur sem ákveðnar eru eftir raunhæfum reglum.

Frv. felur vissulega í sér stórfelldar breytingar á skaðabótareglum, þó einkum reglum um ákvörðun slysabóta. Mun frv., ef að lögum verður, marka tímamót á þessu sviði, ekki aðeins vegna þess að leiddar verða í lög reglur efni sem nú eru lítil sem engin ákvæði um í settum lögum, heldur einnig vegna þess að hinum nýju ákvæðum er ætlað að bæta úr helstu annmörkum núgildandi reglna sem mótast hafa fyrst og fremst með úrskurðum dómstóla. Nýmæli frv. um ákvörðun bóta fyrir ófjárhagslegt tjón, varanlega örorku og missi framfærenda einkennast af stöðluðum bótaákvæðum sem létta á og einfalda afgreiðslu bótamála innan réttar sem utan. Jafnframt draga staðlaðar reglur úr kostnaði við skaðabótamál og álagi á dómstóla.

E.t.v. kunna einhverjir að gagnrýna hinar stöðluðu reglur með þeim röksemdum að þær hafi ekki til að bera þann sveigjanleika sem nauðsynlegur er til þess að geta sniðið bætur eftir tjóni og aðstæðum hvers einstaks tjónþola. Þau rök eiga þó takmarkaðan rétt á sér vegna þess að ákvörðun bóta fyrir fjártjón vegna taps tjónþola í framtíðinni er alltaf háð mati sem í eðli sínu getur aldrei orðið annað en ónákvæm spá á grundvelli margra óvissuþátta. Reyndin hefur líka orðið sú að þær reglur sem nú gilda og myndast hafa fyrir dómvenju eru að nokkru staðlaðar, en hafa ýmsa ókosti sem reglum frv. er ætlað að draga úr. Svipuðu máli gegnir um ákvörðun bóta fyrir þjáningar og annað ófjárhagslegt tjón sem vitanlega verður ekki mælt eftir raunvísindalegum aðferðum.

Það frv. sem hér er mælt fyrir er efnismikið og því vanda bundið að fjalla ítarlega um það í stuttu máli. Verður að vísa til rækilegra athugasemda, bæði almennra athugasemda og athugasemda við einstakar greinar með frv. og fyrri umræðna um fyrri gerð þess. Sérstök athygli skal þó vakin á 4. kafla, sem fjallar um helstu breytingar sem felast í frv., samanber það sem fram kemur á bls. 12 og áfram, en styttra yfirlit um efni frv. er í 6. kafla athugasemda sem hefst á bls. 23. Þetta frv. snertir hagsmuni alls almennings í mjög ríkum mæli og það kallar á vandaða meðferð í þinginu, en væntanlega mun það flýta fyrir hversu ítarlega hefur þegar verið um það fjallað og umsagna aflað. Það á einnig að geta flýtt fyrir málsmeðferð að umræður urðu góðar um frv. á þinginu í fyrra og í sumarleyfi þingsins var unnið að breytingum á frv. í samræmi við þær athugasemdir af Arnljóti Björnssyni prófessor.

Frú forseti. Ég tel að ég hafi þá í öllum aðalatriðum gert grein fyrir þeirri nýju gerð frv. sem hér liggur fyrir. Ég minni á þá ósk sem fram hefur komið frá Tryggingaeftirlitinu að frv. verði sem fyrst að lögum til þess að skapa megi betri réttarvissu um framkvæmd þessara mála og mælist til þess við hv. allshn. að hún freisti þess að greiða fyrir framgangi málsins.

Ég legg svo til að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Þar sem ég á sæti í allshn. þarf ég ekki að hafa mjög langt mál um þetta frv. Ég tek undir með hæstv. ráðherra að frv. útheimtir eðlis síns vegna ítarlega og vandaða umfjöllun vegna þess að hér er verið að gera grundvallarbreytingu á skaðabótalögum og í rauninni að taka upp nýjan hátt. Í þeirri vinnu þarf að líta til margra atriða er miklu máli skipta og afla upplýsinga. En nú þegar liggja fyrir umsagnir og ýmsar ábendingar og ég sé ástæðu til þess að fagna flestum þeim breytingum sem gerðar hafa verið á þessu frv. frá því það var seinast lagt fram. Ég tel þær til bóta. Það eru atriði varðandi meiri sveigjanleika, meiri möguleika á mati vegna sérstakra aðstæðna og einnig vegna aldurs sem ég tel til bóta.

Það er alveg ljóst að hér munu verða verulegar og umtalsverðar breytingar á greiðslum bóta. Það þarf að gera sér grein fyrir hvernig þessi dæmi munu líta út og bera þau saman við núverandi mat þar sem að með þeirri grundvallarkerfisbreyting að miða ekki við læknisfræðilegar ástæður heldur við það tjón og þann tekjumissi sem gert er ráð fyrir að menn verði fyrir eftir slys eða annan skaða er að sjálfsögðu verið að taka upp allt annan hátt. Það er spurning hvernig matið verður á því hvað ætlað er að fólk tapi í tekjum. Viðmiðunin við tekjur á þeim tíma sem slys eða skaði verður hlýtur að vera dálítið varasöm. Það er undir aldri komið og meira að segja kynferði og því hvaða stétt fólk tilheyrir hverjir tekjumöguleikar þess eru á mismunandi aldri. Þarna er því ákveðin gildra ef gert er ráð fyrir því að í framtíðinni verði ástandið í launamálum nákvæmlega eins og það er nú. Sá grundvöllur er kannski það eina sem menn hafa en það hlýtur að koma til ákveðinnar kröfu um samræmingu og ákveðinnar réttlætiskröfu varðandi það að tekið sé tillit til fleira en tekna nákvæmlega á þeim tíma sem menn verða fyrir skaða. Eftir því sem ég best fæ séð er

nokkur sveigjanleiki í frv. en ég tel álitamál hvort hann þurfi ekki að vera meiri.

Það er einnig álitamál ef svo fer sem fyrirsjáanlegt er talið að það verði mjög mikil lækkun bóta vegna minni háttar áverka vegna þess að það hlýtur alltaf að vera matsatriði hvað er skaði hverju sinni og það þarf að taka ákveðið tillit til læknisfræðilegra atriða ekki síður en tekjumissis. Vissulega fer þetta eftir því hvernig ákvæði um miskabætur verða túlkuð og hvernig vinnureglur muni skapast. Einnig hlýtur að mega draga nokkurn lærdóm af því hvernig þessum málum er háttað í nágrannalöndum okkar en þetta frv. er vissulega skref í átt til samræmingar við þau kerfi sem þar eru notuð.

Ég held að það séu einkum þessi atriði sem mér finnst ástæða til að geta við 1. umr. málsins. Mér finnst eðlilegt og rétt að það verði fyrst og fremst innan hv. allshn. sem tekist verður á um þessi mál og aflað upplýsinga og reynt að ná því réttlæti og þeirri kerfisbót sem hér er verið að reyna að leiða í lög. Út af fyrir sig sé ég ekki ástæðu til að andmæla því að tekjumöguleikar framtíðarinnar séu allt eins góður ef ekki betri grunnur þegar ákvarðaðar eru örorkubætur en læknisfræðilegt mat. En ég held þó að full ástæða sé til að skoða hvernig einstök dæmi verða og í þeim lauslega áætluðu dæmum sem liggja fyrir eru nokkur atriði sem sérstaklega þarf að athuga.

Ég veit að hæstv. ráðherra er þetta jafnljóst og mér og ég sé ekki betur en þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. hafi verið nokkuð í þá átt þótt þeirri meginhugsun sé haldið að nú sé verið að breyta um kerfi og taka upp nýjan grunn í örorkumati.

Ég tel að það komi vel út að greina á milli örorku og miskabóta og verði það framkvæmt með skynsamlegum hætti sé það eðlileg breyting. Ég reikna með því að í frv. séu mjög mörg atriði sem snúi til betri vegar á okkar kerfi í skaðabótarétti. Eins og hæstv. ráðherra gat um í framsögu sinni er þetta mál mjög margslungið og full ástæða til að kanna nokkur atriði, sérstaklega kanna betur hvað liggur að baki umsagna. Það er ekki hægt í þingræðu að rekja það frá einum lið til annars en að því loknu sé ég ekki annað en það ætti að vera hægt að gera sér grein fyrir því nákvæmlega hvað frv. felur í sér, hvaða breytingar og til hvers þær leiða.

Það hefur verið haft á orði að tryggingafélögin hafi haft töluvert mikið að segja um það hvernig þetta frv. lítur nákvæmlega út. Ég heyrði á máli hæstv. ráðherra að það er vissulega tekið með í reikninginn að það hafa verið tiltölulega mikil útgjöld í þjóðfélaginu fyrir minni áverka. Þetta er atriði sem er ekkert sjálfgefið að þurfi að lagfæra með þeim hætti sem gert er í frv. en það er sjálfsagt að skoða það. Vissulega vilja allir borga lægri tryggingaiðgjöld en spurningin er þegar á reynir hvort menn eru almennt reiðubúnir og sáttir við það í okkar samfélagi að fá tiltölulega lítið bættan skaða sem er alla vega tímabundið býsna mikill þó hann komi kannski ekki þannig út í mati.

Það hlýtur alltaf að orka tvímælis þegar verið er að gera kerfisbreytingar. Eitthvað er hægt að læra af því sem reynsla annarra landa sýnir en jafnframt verðum við að taka tillit til þess hvernig þessum málum hefur verið háttað hér og það jafnvel þó við séum að gera umtalsverðar kerfisbreytingar eins og með þessu frv.

Þetta er vert að taka fram við þessa umræðu en ég ítreka það að innan nefndar munu e.t.v. fleiri álitamál koma upp og vera má að 2. umr. verði fróðlegri en sú fyrsta núna.

Ég tek undir það að í sjálfu sér voru ágætar umræður um þetta mál í fyrra en ég held að þær hafi ekki verið neitt umfram það sem eðlilegt er með svo margslungið mál. Það getur vel gerst að þetta mál muni verða áfram til umræðu hér því það hlýtur alltaf að koma nálægt mörgum og gæta þarf að mörgum sjónarmiðum.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta þingmál að þessu sinni en ég vil koma örfáum atriðum á framfæri.

Þegar ég blaða í frv. sýnist mér satt að segja að það sé samið af tryggingafélögunum. Mér sýnist hagsmuna tryggingafélaganna ágætlega gætt í þessu frv. og ég er ekki hissa á því að þau séu áhugasöm um að þetta verði lögfest því hagsmuna þeirra er áreiðanlega vel gætt.

Ég geri líka ráð fyrir því að hagsmuna ríkissjóðs sé gætt en ég er í meiri vafa um að hagsmuna neytenda, þ.e. hagsmuna tjónþola, sé gætt með svipuðum hætti. Það liggur fyrir að samkvæmt þessu frv., ef að lögum verður, dregur mjög úr bótagreiðslum. Það telur hæstv. ráðherra að hljóti að leiða til lækkunar á tryggingaiðgjöldum. Betur að svo væri. En reynslan hefur kennt okkur að það er ekki einhlítt. Það er alls ekki einhlítt að þjónusta eða útgjöld lækki þó því sé haldið fram þegar verið er að setja hér lög. Ég hygg að vöruverð í landinu t.d. hafi ekki lækkað til muna við það að aðstöðugjaldið var afnumið fyrir jólin og þó ber verslunin mjög stóran hluta af aðstöðugjaldinu. Og ekki lækkaði kostnaður bifreiðaeigenda við einkavæðinguna á Bifreiðaeftirliti ríkisins þó því væri haldið fram og lagðir fram ítarlegir útreikningar þar um við meðferð þess máls á árum áður. Ég trúi því varlega að tryggingaiðgjöld lækki. Ég tel víst að bótagreiðslurnar lækki hins vegar.

Nú liggur það fyrir að þetta frv. var sent til umsagna og nokkurt mark hefur verið tekið á a.m.k. sumum þeirra og frv. er í breyttri mynd. Það tel ég allt í rétta átt en því stend ég fyrst og fremst upp hér að ég tel nauðsynlegt fyrir hv. allshn. að fara ítarlega yfir þetta mál og senda það aftur til umsagnar til þess að fá álit umsagnaraðila á málinu í þeim búningi sem það er nú, láta ekki nægja, eins og oft er gert þegar frv. eru lögð fram þing eftir þing, að hafa í höndum umsagnir sem borist hafa á fyrri tíð. Málið er breytt og kann að vera að aðrar umsagnir komi um það nú.

Ég vona að þetta mál fái ítarlega meðferð í hv. allshn. og treysti henni prýðilega til að vinna það ef henni er gefinn til þess eðlilegur tími. Það er mjög viðkvæmt og vandasamt mál að ræða og almennt séð held ég að það sé gott vinnulag að flýta sér hægt með svona

mál og reyna að vinna þau þeim mun vandlegar. Það eru fjöldamörg dæmi þess að frv. sem mönnum þóttu góð þegar þau voru lögð fram og lögðu mikla áherslu á að fá afgreidd í hvelli hafa stórbatnað við ítarlega meðferð í nefndum þingsins.

Ég læt þetta duga að þessu sinni, frú forseti. Ég ítreka tilmæli mín til hv. allshn. að hún fari vandlega yfir frv. og afli ítarlegra umsagna, bæði frá þeim aðilum sem umsagnir hafa gefið áður og e.t.v. fleiri aðilum. Ég tel að fyrst og fremst þurfi að líta á hliðina sem snýr að tjónþolanum, að hún sé sanngjörn og eðlileg.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. hélt því fram í ræðu sinni að það væri augljóst að frv. væri samið af tryggingafélögunum. Nú hefur komið fram, bæði við umræður um þetta mál nú og á fyrra þingi, að frv. er samið af Arnljóti Björnssyni prófessor, sem viðurkenndur er sem færasti sérfræðingur okkar Íslendinga í skaðabótarétti.

Upphafleg gerð frv. var í öllum meginatriðum sniðin eftir sambærilegri danskri löggjöf og í samræmi við þá réttarþróun í skaðabótarétti sem átt hefur sér stað á Norðurlöndum á undanförnum árum og mætti frekar víkja að því að horft hefði verið til Danmerkur en sérstaklega til tryggingafélaganna.

Það er rétt og hefur aldrei verið dregin dul á það að í heild er gert ráð fyrir því að bótagreiðslur muni lækka samkvæmt þessari nýju skipan. En við verðum að hafa í huga í því sambandi að sú lækkun á sér einvörðungu stað í þeim tilvikum þar sem um minnst tjón er að ræða. Á hinn bóginn gerir frv. ráð fyrir mjög verulegri aukningu þegar um meiri háttar tjón er að tefla. Ég hygg að flestir geti verið sammála um að það er einkum í þeim tilvikum sem menn þurfa sérstaklega að gæta að hagsmunum þeirra sem af einhverjum ástæðum lenda í slysum eða verða fyrir tjóni og eiga af þeim sökum rétt á bótum.

Þarna er með augljósum hætti verið að bæta stöðu þeirra sem helst þurfa á að halda. Hitt er spurning hvort verja á stöðu hinna í ríkari mæli en þörf krefur á kostnað alls almennings sem verður að greiða iðgjöldin til tryggingafélaganna í samræmi við þær reglur.

Vegna ummæla hv. þm. er rétt að upplýsa það hér að eftir að ný gerð af frv. hafði verið samin að tilhlutan ráðuneytisins, og það verk vann prófessor Arnljótur Björnsson, var það sent til umsagnar tryggingafélaganna og Tryggingaeftirlitsins og ýmissa annarra aðila. Ráðuneytið fékk bréf frá tryggingafélögunum um þessa nýju útgáfu af frv. Með leyfi forseta ætla ég að lesa niðurlag þess, en þar segir svo:

„Stjórn Sambands íslenskra tryggingafélaga skorar á yður, herra dómsmálaráðherra, að leggja ekki fram á Alþingi frv. til skaðabótalaga í þeirri mynd sem það liggur fyrir nú."

Svo kemur hv. þm. og segir augljóst að frv. sé samið af tryggingafélögunum og með hagsmuni þeirra í huga. Það er samið af Arnljóti Björnssyni prófessor með hagsmuni þeirra sem hér eiga hlut að máli og verða fyrir slysum og hagsmuni þeirra sem eiga að greiða bótagreiðslurnar í huga.

Við starfrækjum sérstakt tryggingaeftirlit í landinu sem hefur eftirlit með tryggingafélögunum og gætir hagsmuna þeirra sem eiga rétt á bótum og eiga að greiða iðgjöld og er sá aðili í þjóðfélaginu sem við hljótum að reiða okkur helst á í aðhaldi með tryggingafélögunum. Tryggingaeftirlitið mælti með fyrri gerð frv. í meginatriðum en gerði athugasemdir við 15%-regluna. Nú hefur það skrifað á ný umsögn og niðurstaðan í bréfi Tryggingaeftirlitsins, sem ég ítreka að hefur það hlutverk að veita tryggingafélögunum aðhald og gæta hagsmuna almennings, er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Með tilliti til framanritaðs hvetur Tryggingaeftirlitið yður til þess að stuðla að því að afgreiðslu frumvarps til skaðabótalaga verði hraðað á Alþingi eftir því sem kostur er."

Telur hv. þm. að Tryggingaeftirlitið sé með þessu að ganga gegn því lögboðna hlutverki sem það hefur? Ég met það svo að það sé að rækja sitt eftirlitshlutverk gagnvart tryggingafélögum og hagsmunagæslu sína í þágu almennings í landinu, bæði tjónþola og þeirra sem iðgjöld eiga að greiða. Og þess vegna hafi Tryggingaeftirlitið komist að þeirri niðurstöðu eftir að frv. hafði verið breytt að skrifa ráðuneytinu sérstakt bréf og hvetja til þess að frv. verði afgreitt frá Alþingi í þeirri mynd sem það er nú svo fljótt sem nokkur kostur er á.

Ég hygg, frú forseti, að með þessu hafi ég eytt öllum efasemdum sem upp gætu komið vegna ummæla hv. þm. sem ég efa ekki að hafa frekar verið látin falla af ókunnugleika um aðdraganda málsins en óvilja í garð þeirrar réttarbótar sem hér er á ferðinni.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla alls ekki að fara í kappræður við hæstv. dómsmrh. hér eða nú. Ég reikna með að þetta frv. sé verulega til bóta. Og ég hef hið mesta traust á prófessor Arnljóti Björnssyni. Ég dreg ekkert í efa að hann sé okkar færasti maður á þessu sviði og mér var kunnugt um að hann hafði skrifað þetta frv. Samúð hans er sýnist mér ekki síður með tryggingafélögunum þó ég sé ekkert að væna hann um að vera neitt sérstaklega andsnúinn tjónþolum heldur.

Það sem ég var að biðja um var að málið yrði vandlega athugað og menn hröpuðu ekki að þessari lagasetningu. Ég dreg ekkert í efa að tryggingafélögunum lýst verr á þessa útgáfu en þá sem sýnd var í fyrra. Og ég fagna því að Tryggingaeftirlitið er spenntara fyrir þessari útgáfu. Ég ætla alls ekki að fara að mæla gegn því að ný skaðabótalög verði sett, heldur fer ég einungis fram á að hv. allshn. fari vandlega yfir þetta mál.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er mikilvægt í umræðu um svo veigamikið málefni sem samið er af fremsta sérfræðingi okkar í skaðabótarétti að menn standist þá freist-

ingu að gera því skóna að verið sé að draga taum ákveðinna aðila í þjóðfélaginu. Enda væri það skrýtið ef öll Norðurlöndin hefðu tekið einhverja sérhagsmuni tryggingafélaga fram yfir almannahagsmuni við mótun réttarreglna á þessu sviði. Við skulum líka hafa það í huga að samkvæmt gildandi lögum eru tryggingafélögin aldrei í neinni hættu. Þeim ber að innheimta iðgjöld í samræmi við þær reglur sem gilda um bótagreiðslur. Þeim er óheimilt að hafa iðgjöldin lægri þannig að því hærri sem bótagreiðslurnar eru þeim mun hærri eru iðgjöldin. Tryggingafélögin hafa þess vegna allt sitt á hreinu. Það sem hér þarf að fjalla um eru fyrst og fremst hagsmunir þeirra sem fyrir slysum verða og hvernig best verða tryggðir hagsmunir þeirra sem mest þurfa á aðstoð að halda og hvernig almannahagsmunir eru tryggðir gagnvart iðgjaldagreiðslum í þjóðfélaginu. Ég tel að á þessu sviði hafi tekist vel til með frv. sem hefur verið unnið af okkar fremsta fræðimanni á þessu sviði og er í fullu samræmi við þá réttarþróun í skaðabótarétti sem hefur orðið á Norðurlöndum og við hljótum að hafa til viðmiðunar bæði vegna almannahagsmuna og samkeppnisstöðu okkar.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef dálitlar áhyggjur af seinustu orðum hæstv. dómsmrh. Eins og ég sagði áðan þá ber ég hið fyllsta traust til prófessors Arnljóts Björnssonar. En að verk hans hljóti æ og ævinlega að vera hafin yfir alla gagnrýni og niðurstaða hans í öllum greinum sanngjörn finnst mér nokkuð djúpt í árinni tekið. Síðan þetta með hagsmuni tryggingafélaganna. Mér var ekki ljóst fyrr en ég skildi hæstv. ráðherra svo að tryggingafélögin hefðu einhverja sjálftöku á iðgjöldum. Eftir því sem þeim sýndist gætu þau bara hækkað taxtana. Ég hélt í ókunnugleika mínum að það væru ekki tryggingafélögin ein sem ákvæðu taxta og þau þyrftu leyfi til hækkana.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það ætti að vera unnt að bæta úr ókunnugleika hv. 1. þm. Norðurl. v. í þessu efni. Það er rétt að tryggingafélögin hafa enga sjálftöku í þessu efni. En þeim er skylt, eins og ég hélt að hv. þm. ætti að vera kunnugt, að hafa iðgjöldin nægjanlega há til að þau geti staðið undir þeim skuldbindingum sem bótagreiðslurnar og reglur um bótagreiðslur kveða á um. Ef löggjafinn tekur ákvarðanir um að hækka bótagreiðslur þá er tryggingafélögunum skylt að hækka iðgjöldin að sama skapi. Og Tryggingaeftirlitið á að hafa eftirlit með tryggingafélögunum að þessu leyti til að tryggja hagsmuni þeirra tryggðu. Á sama hátt hljóta tryggingaiðgjöld að lækka ef bótagreiðslurnar í heild lækka. Og Tryggingaeftirlitið á að hafa eftirlit með því. Þetta eru grundvallarreglur sem ég hélt að við þyrftum ekki að vera að deila um í þessu sambandi.

Aðalatriðið er það að mér finnst ósmekklegt að vera að væna prófessor Arnljót Björnsson um að hafa verið að draga sérstaklega taum tryggingafélaganna í þessu efni. Ég held að hvorki hann né ég getum haldið því fram að þetta frv. sé með öllu gallalaust frekar en nokkurt annað mannanna verk. Ég hef hvatt hv. allshn. til að kanna þetta mál og ræða það ítarlega en hér eru miklir hagsmunir í húfi og okkar réttarskipan með öðrum hætti en annars staðar á Norðurlöndum. Það hefur lengi verið kallað eftir því að koma þessum málum í fastara form og þess vegna er það ekki að ástæðulausu að Tryggingaeftirlitið hvetur til þess að Alþingi afgreiði málið svo fljótt sem kostur er vegna þess að það telur að það bæti réttarstöðu þeirra tryggðu í landinu.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það eru svo sem ekki afskaplega mörg orð sem ég þarf að hafa í viðbót. Ég saknaði þess þar sem hæstv. ráðherra var farinn að svara sumum efnisatriðum í athugasemdum mínum að hann svaraði ekki megingagnrýni minni — og geri ég hlé á máli mínu, hæstv. forseti, þar til hæstv. ráðherra losnar og getur hlustað. Virðulegur forseti. Ég sé að hæstv. ráðherra er laus núna og getur hlustað. Ég saknaði þess svolítið þar sem hæstv. ráðherra fór út í að svara einstökum athugasemdum að heyra ekki skoðun hans á því sem var mín megingagnrýni á þetta frv. og það er hvaða grundvöllur er lagður undir mat á því hvers vænst er að menn geti aflað sér, og þá meina ég bæði karla og konur, sem æviteknа í framtíðinni. Eins og fram kemur í frv. er grundvöllurinn þær tekjur sem viðkomandi hefur á þeim tíma sem hann verður fyrir slysi eða öðrum skaða og síðan er einhver sveigjanleiki sem erfitt er að átta sig á hvernig muni nýtast til þess að taka tillit til sérstakra aðstæðna og virðist þá sérstaklega vera miðað við fyrri reynslu. Það er að segja að ef atvinnutekjur eru e.t.v. lægri en tekjur undanfarinna ára þá mundi grunnurinn væntanlega verða leiðréttur í samræmi við það. En það vantar kannski að huga að því að hægt sé að gera ráð fyrir ákveðnum tekjum sem ungt fólk t.d. muni geta unnið sig upp í. Það er tekið meira tillit til aldurs núna en í upphaflegri gerð frv. og eins og ég lýsti yfir áðan þá tel ég það af hinu góða. Hins vegar sýnist mér að eftir sem áður geti það verið töluvert undir því komið hvernig viðkomandi er staddur í lífinu hverjar bætur verða og það er mikill munur frá því sem nú er þar sem læknisfræðilega matið gerir ekki slíkan mannamun.

Ástæðan fyrir því að ég hef sérstaklega áhyggjur af þessu er sú að enn er það svo en verður þó vonandi ekki í framtíðinni að verulegur launamunur er á milli karla og kvenna og verulegur launamunur er milli ákveðinna stétta, sem ég vona einnig að verði leiðréttur í framtíðinni. Því má ætla að það verði einnig töluverður munur á þeim bótum sem reiknaðar verða og eru tengdar örorku. Miskabæturnar aftur á móti verða eftir sem áður reiknaðar út frá læknisfræðilegum forsendum og þar mun þessa munar ekki gæta.

Ég held að það sé óuppgert mál að hve miklu leyti þetta muni þýða að verulegur munur verði á þeim fjárhæðum sem mönnum verða dæmdar fyrir varanlega mikla örorku eftir því hvernig á stendur hjá þeim, hvaða tekjur þeir hafa. Í rauninni er verið að gera því

skóna að fólk geti ekki bætt við sig í tekjum nema að einhverju takmörkuðu leyti. Þarna þyrfti e.t.v. að koma eitthvert annað mat en tekjur líðandi stundar þegar slys eða áfall verður.

Þar sem hæstv. ráðherra kom aftur upp í ræðustól og svaraði annarri athugasemd, sem ég út af fyrir sig ber líka svolitla ábyrgð á ekki síður en hv. 1. þm. Norðurl. v., fannst mér ástæða til að geta þessa. Ég ítreka að þótt ekki sé hægt að fullyrða eða ætla mönnum eitt eða neitt varðandi það hvernig þetta frv. verður til þá verður það niðurstaða þessa frv., eins og hæstv. ráðherra gat í framsögu sinni, að þær bætur sem greiddar verða af samfélaginu munu lækka. Spurningin er hversu rétt það er þar sem um verulega lækkun verður að ræða svo sem vegna minni háttar áverka. Eins og ég gat í fyrri ræðu minni er skilgreiningin „minni háttar áverki" alltaf háð mörgum atriðum en ekki einu. Það sem er einum minni háttar áverki getur verið meiri háttar áverki öðrum. Ég sé það ekki reiknað til enda hvernig það mál verður leyst hér.

Ég geri mér fulla grein fyrir að bæði þessi atriði sem ég nefni eru vandmeðfarin og læt mér ekki detta í hug að hér sé hægt að detta niður á einhverja einstaka patentlausn. Hins vegar held ég að það sé krafa okkar að reyna að horfa til framtíðar og skoða hvaða áhrif þessi lög muni hafa og hvort við erum sátt við þá niðurstöðu. Í því mun væntanlega vinna hv. allshn. liggja. Þar sem þar hafa verið ástunduð býsna góð vinnubrögð í velflestum málum kvíði ég þeirri vinnu ekkert. En ég bendi á að það samt sem áður að taka verður tillit til þessara atriða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Stjfrv., 372. mál (ákæruvald lögreglustjóra o.fl.). — Þskj. 656.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og varðar breytingin aðallega ákværuvald lögreglustjóra og takmörk þess. Er um þetta fjallað í 28. gr. laganna um meðferð opinberra mála.

Ákvæði 28. gr. laganna um ákæruvald lögreglustjóra voru nýmæli og í frv. því sem varð að lögum nr. 19/1991 var ákvæðið mótað á þann veg að ákværuvald lögreglustjóra var afmarkað við tilteknar tegundir minni háttar brota. Þegar gildistaka laganna var undirbúin hjá dómsmrn. á sínum tíma kom í ljós að ef ákvæði 28. gr. stæði óbreytt eins og greinin var samþykkt með lögum nr. 19/1991 mundi það þýða að embætti ríkissaksóknara fengi umtalsverðan fjölda af minni háttar málum til meðferðar sem ekki væri unnt að afgreiða með öðrum hætti en útgáfu ákæru af hálfu embættis ríkissaksóknara og síðan dómstólameðferð. Í flestum tilvikum væri hér um að ræða mál sem samkvæmt eldri lögum um meðferð opinberra mála voru afgreidd með dómsátt oft án afskipta embættis ríkissaksóknara.

Mörg þessara mála eru veigaminni en lögreglustjórum var falið ákværuvald um samkvæmt 28. gr. Því hlutaðist ráðuneytið til um þær breytingar á greininni sem samþykktar voru með 2. tölul. 107. gr. laga nr. 92/1991 þar sem rætt er um minni háttar mál. Í þessu sambandi var jafnframt haft í huga að skilyrði þess að unnt væri að ljúka máli án dómstólameðferðar skv. 2. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála er að lögreglustjóri hafi ákæruvald um það samkvæmt 28. gr.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 7. jan. 1993, var túlkað hvernig ríkissaksóknari mætti beita heimild 2. mgr. 28. gr. laga um meðferð opinberra mála til að fela lögreglustjórum ákæruvald samkvæmt þeirri málsgrein. Í dómi Hæstaréttar segir svo, með leyfi forseta:

„Í framangreindum c-lið 1. mgr. 28. gr. laga 19/1991 sker refsirammi brota úr um það hvort lögreglustjórar fara með ákæruvald vegna þeirra. Í 2. mgr. 28. gr. laganna, sbr. 2. tölul. 107. gr. laga nr. 92/1991, er einungis talað um „minni háttar mál" án nánari skilgreiningar. Þar sem þannig háttar til er rétt að sama viðmiðun gildi um afmörkun þessara brota og fram kemur í c-lið 1. mgr. Er það í samræmi við lögin að öðru leyti.

Með þeirri breytingu, sem gerð var á 28. gr. laga nr. 19/1991 með 2. tölul. 107. gr. laga nr. 92/1991, verður lögreglustjórnum samkvæmt framansögðu ekki fengið ákæruvald vegna brota gegn almennum hegningarlögum liggi þyngri viðurlög við þeim en sekt, upptaka eigna eða varðhald. Ríkissaksóknara var því eigi heimilt að fela lögreglustjórum ákæruvald vegna brota á 217. gr. almennra hegningarlaga eins og hann gerði í áðurnefndu bréfi 22. apríl 1992."

Í tilefni af þessari niðurstöðu Hæstaréttar ritaði ríkissaksóknari dómsmrn. bréf þar sem hann lýsti því að brýnt væri að leggja fram frv. til laga um breytingu á ákvæðum 28. gr. laga um meðferð opinberra mála til að taka af öll tvímæli um þá lagastefnu sem ætla yrði að hefði verið mörkuð með 2. tölul. 107. gr. laga nr. 92/1991 um breytingu á fyrrnefndri 28. gr. Enn fremur segir hann að sú lagabreyting, sem hann lagði til í bréfinu og hér er komin fram í frv. í meginatriðum, mundi að hans áliti tryggja þá málaflokka og starfsskiptingu sem komið var á og unnið hefur verið eftir á milli ríkissaksóknara og lögreglustjóranna í landinu í kjölfar réttarfarsbreytinganna er tóku fyrst gildi 1. júlí sl. og jafnframt mundi lagabreytingin afstýra þeirri miklu röskun og óhjákvæmilegu töfum er yrðu á rekstri mikils fjölda mála sem rekin eru af hálfu lögreglustjóranna um allt land samkvæmt þeim reglum sem settar höfðu verið og talið var að hefðu viðhlítandi lagastoð.

Í niðurlagi bréfins segir ríkissaksóknari, með leyfi forseta.

„Ég mælist eindregið til þess að dómsmrn. hlutist til um að umbeðin lagabreyting fái framgang svo fljótt sem mögulega verður við komið og það áður en hlé verður gert á störfum Alþingis."

Við þessi orð ríkissaksóknara mætti bæta langri tölu

um það hversu brýnt það er að sú breyting sem hér er lögð til nái fram að ganga vegna mikils fjölda mála sem mundu tefjast og hljóta kostnaðarsamari meðferð en nauðsyn krefur að öðrum kosti.

Þær efnisbreytingar sem lagt er til að gerðar verði á 28. gr. í samræmi við þá brýnu þörf sem lýst hefur verið hér að framan koma fram í 2. gr. frv. og eru helstar þessar:

1. Að umfang ákæruvalds lögreglustjóra byggist á almennri ákvörðun ríkissaksóknara en skv. 1. mgr. 28. gr. fara lögreglustjórar með ákæruvald fyrir brot á þeim ákvæðum sem tilgreind eru í a.–c.-liðum 1. mgr. og auk þess getur ríkissaksóknari falið þeim ákæruvald í öðrum málum skv. 2. mgr.

2. Að almenn heimild ríkissaksóknara til að fela lögreglustjórum ákværuvald er rýmkuð þannig að í stað þess að heimildin miðist við að brot varði sektum, upptöku eigna eða varðhaldi verði miðað við að brot varði sektum, upptöku eigna, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

3. Að auk brota þar sem refsimörk falla undir almenna viðmiðun í 2. lið hér að framan verði ríkissaksóknara heimilt að fela lögreglustjórum ákæruvald vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni, áfengislögum, tollalögum, lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda, lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun og 219. gr. almennra hegningarlaga ef brot á þeirri grein tengist jafnframt umferðarlagabrotum og 1. mgr. 259. gr. sömu laga að því er tekur til nytjastuldar á bifreið og öðrum vélknúnum farartækjum en þó ekki til nytjastuldar á skipi eða flugfari.

Auk þessarar breytingar sem fram kemur í 2. gr. frv. er í 3. gr. lagt til að aðild að kröfugerð um kyrrsetningu verði breytt á þann veg að í stað ákæranda geti sá sem rannsókn stýrir eða ríkissaksóknari gert kröfu um kyrrsetningu ef nauðsyn þykir bera til. Eins og greinin er nú geta lögreglustjórar ekki sett fram slíka kröfu nema brot sem til rannsóknar er heyri undir ákæruvald þeirra svo sem hugtakið „áríðandi" í 1. mgr. 85. gr. laganna um meðferð opinberra mála hefur verið túlkað í héraðsdómi frá sl. hausti. Líklegast er að á þetta ákvæði reyni í upphafi rannsókna á brotum sem almennt heyra undir ákæruvald ríkissaksóknara. Nauðsynlegt getur verið að slík tryggingarráðstöfun sé gerð strax og það kunni að spilla fyrir því að hún nái fram að ganga ef leita þurfi atbeina ríkissaksóknara í hverju einstöku máli.

Þá er í 5. gr. lagt til að 120. gr. um útgáfu fyrirkalls og birtingu ákæru verði breytt og vísast nánar til athugasemda við þá grein. Aðrar breytingar fela einungis í sér orðalagsbreytingar.

Ég legg til, frú forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn. En ég leyfi mér að minna á að brýn þörf er á að hraða afgreiðslu málsins sem nokkur kostur er til að koma í veg fyrir að mál tefjist um of á saksóknarstigi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Fyrir fram ætla ég ekki að slá því föstu að allt í þessu frv. sé óalandi og óferjandi. Vel má vera að skynsamlegt sé að framkvæma eitthvað af þeim breytingum sem hér er lagt til. En grundvallaratriði í réttarfari er að allir séu jafnir fyrir lögum og því aðeins verða allir jafnir fyrir lögum að lögreglustjórarnir framkvæmi sitt starf á hliðstæðan hátt hver í sínu umdæmi. Ég verð því miður að segja að án mikils aðhalds held ég að það verði aldrei og gæti nefnt dæmi þar að lútandi sem undirstrika að þeir eru mjög mishæfir til að fara með það vald sem þeim er ætlað í þessum efnum.

Ég mun því í meðferð þessa máls í nefnd leita grannt eftir því hvernig hæstv. dómsmrh. hefur hugsað sér að tryggja það aðhald að treysta megi því að menn verði jafnir fyrir lögum og eigi það ekki undir því hvort þeir búa í þessu lögsagnarumdæmi eða hinu hver niðurstaðan er í hliðstæðum málum og að það sé í reynd jafnframt tryggt að hið mikla fámennissamfélag á Íslandi verði ekki til þess að kunningsskapur og fleira hafi afgerandi áhrif á það hvort menn fylgi málum eftir skammlaust og sá sem fyrir broti verður geti treyst því að afgreiðsla málsins verði með eðlilegum hætti. Ég vænti þess að hæstv. dómsmrh. geri sér grein fyrir því að í þessum efnum er veikleiki fólginn í því frv. sem hér er flutt. Styrkleiki þess liggur aftur á móti í því, eins og réttilega kom fram hjá hæstv. dómsmrh., að vonandi verður þetta í mörgum tilfellum til þess að tryggja þann hraða í afgreiðslu mála sem einnig er mjög mikils virði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 338. mál (fíkniefnaviðskipti). — Þskj. 616.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum sem hefur það að markmiði að gera refsiverða háttsemi þeirra sem standa að fíkniefnaviðskiptum án þess að þeir eigi beina aðild að innflutningi eða dreifingu efnanna en þar sem unnt er að sanna að þeir hafi tekið á móti peningum eða öðrum ávinningi af viðskiptunum og einnig til þeirra sem aðstoða við undanskot ávinnings af fíkniefnum án þess að það sé skilyrði að viðkomandi hafi nokkurn ábata af aðstoðinni eða hafi ætlast til slíks ábata. Er lagt til að þau ofangreind brot sem refsað yrði fyrir eftir hegningarlögum geti varðað allt að 10 ára fangelsi og er það sami refsirammi og á við um hin alvarlegri fíkniefnabrot.

Lagatæknilega krefst þessi breyting þess að ákvæði þessa efnis sé bætt annars vegar við hegningarlögin og hins vegar við lög um ávana- og fíkniefni. Því eru lögð hér fram samhliða tvö frv. sem eru tvær greinar hvort um sig. Lagt er til að nýrri grein, 173. gr. b., verði bætt inn í almenn hegingarlög og nýrri málsgrein í 5. gr. ávana- og fíkniefnalaga sem yrði 2. mgr.

Rökstuðningurinn fyrir þessari breytingu kemur fram í athugasemdum með frv. til breytinga á hegningarlögum. Þar kemur fram að í umræðum á alþjóðavettvangi um aðgerðir gegn ólöglegum fíkniefnaviðskiptum hefur athyglinni undanfarin ár í auknum mæli verið beint að fjárhagshlið viðskiptanna. Alþjóðleg samstaða er um það að leggja aukna áherslu á fjárhagshlið viðskiptanna og er talið mikilvægt að ná til þeirra sem í reynd standa að viðskiptunum með því að skipuleggja eða fjármagna þau án þess að vera sjálfir neytendur eða koma að öðru leyti beint fram, t.d. sem innflytjendur eða dreifendur. Í þeim tilgangi, að ná til þeirra sem standa að skipulögðum fíkniefnaviðskiptum t.d. með fjármögnun eða með því að koma ágóða undan, hafa víða verið lögfest sérstök refsiákvæði.

Hinn 10. júní 1991 samþykkti ráð Evrópubandalagsins tilskipun nr. 91/308 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis sem svo hefur verið kallað. Tilskipun þessi öðlaðist gildi 1. jan. 1993. Samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði er Ísland skuldbundið til að hafa lagað löggjöf sína að þessari tilskipun Evrópubandalagsins fyrir gildistöku EES-samningsins.

Tilgangurinn með framangreindri tilskipun Evrópubandalagsins um peningaþvætti er aðallega sá að samræma aðgerðir aðildarríkjanna til að reyna að koma í veg fyrir að fjármálastofnanir verði notaðar til að þvætta ágóða afbrotastarfsemi og að hindra að aukið frelsi í fjármagnsflutningum og fjármálaþjónustu verði notað til peningaþvættis.

Skv. 2. gr. tilskipunarinnar skulu aðildarríkin tryggja að peningaþvætti sé bannað. Það er ófrávíkjanleg krafa að aðildarríkin hafi reglur um peningaþvætti vegna fíkniefnabrota.

Samkvæmt tilskipuninni er aðildarríkjunum í sjálfsvald sett með hvaða hætti þau setja reglur um peningaþvætti vegna annarra afbrota. Það er því ekki fortakslaus krafa að sett séu refsiákvæði um peningaþvætti en refsiákvæði er raunhæfasta leiðin til að tryggja að bannið við peningaþvætti verði virt.

Í tilskipun Evrópubandalagsins um aðgerðir gegn peningaþvætti er hugtakið skilgreint og vísast um það nánar til athugasemda með frv.

Á þessu þingi hefur verið lagt fram frv. til laga um aðgerðir gegn peningaþvætti en í því frv. er lagt til að lögfest verði ákvæði varðandi fjármálastofnanir sem nauðsynleg eru talin til að fullnægja skilyrðum í áðurgreindri tilskipun Evrópubandalagsins.

Íslensk refsilöggjöf um ávana- og fíkniefni er tvíþætt. Í fyrsta lagi eru sérrefsilög, þ.e. lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, og í öðru lagi eru ákvæði í 173. gr. a. almennra hegningarlaga um alvarlegri fíkniefnabrot.

Skv. 1. mgr. 2. gr. laganna um ávana- og fíkniefni er varsla og meðferð ávana- og fíkniefna óheimil á íslensku forráðasvæði samkvæmt því sem nánar segir í 4. mgr. greinarinnar en samkvæmt henni er innflutningur, útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla ávana- og fíkniefna bönnuð. Brot á lögunum varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. Heimilt er að refsa fyrir brot hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi og ákvæði almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild gilda einnig um brot á lögunum.

Í 1. mgr. 173. gr. a. er ákvæði um að sá sem andstætt lögum um ávana- og fíkniefni lætur mörgum mönnum í té ávana- og fíkniefni eða afhendir þau gegn verulegu gjaldi eða á annan sérstaklega saknæman hátt skuli sæta fangelsi allt að tíu árum.

Skv. 2. mgr. sömu greinar skal sá sæta sömu refsingu sem gegn ákvæðum nefndra laga framleiðir, býr til, flytur inn, flytur út, kaupir, lætur af hendi, tekur við eða hefur í vörslum sínum ávana- og fíkniefni í því skyni að afhenda þau á þann hátt sem segir í 1. mgr.

Vafi er talinn leika á því að hvaða leyti hægt sé að refsa þeim fyrir hlutdeild í fíkniefnabroti sem t.d. tekur við, geymir eða flytur ágóða af fíkniefnabroti.

Skv. 22. gr. hegningarlaga þar sem fjallað er um hlutdeild skal hverjum þeim refsað sem með liðsinni í orði eða verki, fortölum, hvatningu eða á annan hátt tekur þátt í því að brot samkvæmt lögunum er framið. Hlutdeildarákvæðið tekur fyrst og fremst til hlutdeildar í verknaði sem til er kominn áður en brot er framið eða samtímis framningu þess. Almennt er aðstoð sem veitt er eftir það tímamark refsilaus nema hún sé veitt samkvæmt samkomulagi sem gert var fyrir verknaðinn.

Með hliðsjón af framansögðu verður að telja að almennt sé ekki unnt samkvæmt gildandi lögum að refsa fyrir viðtöku ágóða af fíkniefnasölu. Það sama gildir um flutning, geymslu og aðra sambærilega aðstoð sem kemur til eftir að frumbrotið er framið. Í 1. gr. frv. er lagt til að lögfest verði refsiákvæði um viðtöku, geymslu, flutning ávinnings af fíkniefnabrotum o.s.frv.

Samhliða frv. þessu er svo flutt, eins og áður greinir, frv. til breytingar á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, þar sem lögð er til sams konar viðbót við þau lög og gert er ráð fyrir í þessu frv. Slíku refsiákvæði er ætlað að hamla gegn fíkniefnaviðskiptum og það getur einnig takmarkað möguleika milliliða og leppa að tryggja sér ávinning af fíkniefnaviðskiptum. Þá styrkir slíkt ákvæði réttarvörslu gagnvart þeim sem standa að baki fíkniefnabrotum með fjármögnun. Samkvæmt ákvæðinu verður einnig hægt að refsa þeim sem taka við ágóða af fíkniefnabrotum án þess að sannað verði að viðskiptin hafi verið fjármögnuð með peningaláni eða sambærilegri fyrirgreiðslu.

Í þessu sambandi er rétt að taka fram að kunnáttusamleg fíkniefnaviðskipti eru skipulögð í mörgum sjálfstæðum liðum þar sem sjaldnast liggur fyrir vitneskja um aðra sem taka þátt í þeim.

Frú forseti. Ég hef í aðalatriðum gert grein fyrir meginefni og tilgangi þessa frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allsh.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ávana- og fíkniefni, 1. umr.

Stjfrv., 339. mál (fíkniefnaviðskipti). — Þskj. 617.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Í þessu frv. um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni er lagt til að sams konar ákvæði verði fellt inn í lögin um ávana- og fíkniefni og kveðið er á um í frv. um breytingu á almennum hegningarlögum og ég hef gert grein fyrir undir fyrri dagskrárlið og vísa ég til almennra athugasemda með því frv. og greinargerðar minnar um það efni. Ég legg til að þessu frv., frú forseti, verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samfélagsþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 374. mál. — Þskj. 658.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um samfélagsþjónustu. Þetta frv. hefur efnislega verið flutt áður á nokkrum þingum og fengið talsverða umfjöllun, bæði í þingsalnum og hv. allshn. Eftir umfjöllun um frv. á síðasta þingi og þær athugasemdir sem fram komu í þeirri umræðu ákvað ég að skipa sérstaka nefnd til þess að yfirfara þær tillögur sem þar voru gerðar og meta þær athugasemdir sem fram hafa komið í þeim tilgangi að greiða fyrir framgangi þessarar tilraunar sem hér er mælt fyrir um og þeirrar nýlundu í framkvæmd refsidóma sem það felur í sér.

Þessi nefnd var skipuð Ara Edwald, aðstoðarmanni í dómsmrn., Haraldi Johannessen, forstjóra Fangelsismálastofnunar, og Margréti Frímannsdóttur alþingismanni.

Ein af grundvallarforsendum viðurlagakerfis er að refsing hafi almenn og einstaklingsbundin varnaðaráhrif í för með sér. Þegar dæmd er óskilorðsbundin refsivist eru ekki alltaf skýr mörk milli þess hvort við val á viðurlögum er byggt á því að þau hafi almenn eða einstaklingsbundin varnaðaráhrif. Meiri hluta fanga afplánar dóma vegna auðgunarbrota og skjalafals. Fyrir þessi brot er yfirleitt fyrst beitt skilorðsbundnum refsingum en ef þau úrræði duga ekki kemur til óskilorðsbundinnar refsingar.

Í frv. þessu er lagt til að gerð verði tilraun með samfélagsþjónustu hér á landi þannig að dóma um allt að þriggja mánaða óskilorðsbundna refsivist megi að uppfylltum ströngum skilyrðum þegar almannahagsmunir mæla ekki gegn því fullnusta með ólaunaðri vinnu í þágu samfélagsins. Almennt er gert ráð fyrir að dómþoli sinni jafnframt annarri vinnu eða námi. Ef dómþoli er ekki í vinnu eða námi þegar fjallað er um beiðni hans á það þó ekki að koma í veg fyrir að hann teljist hæfur til samfélagsþjónustu enda sé líklegt að hann fái vinnu eða séu tryggð önnur kjör er nægi honum til framfærslu.

Margir dómþolar eiga við áfengis- eða fíkniefnavandamál að stríða. Í slíkum tilfellum verður að meta á grundvelli persónuskýrslu, sem taka á af dómþola, hvort þessi vandamál séu þess eðlis að samfélagsþjónusta komi ekki til greina. Þar sem samfélagsþjónusta hefur verið tekin upp hefur verið lögð áhersla á einstaklingsbundin varnaðaráhrif þessa úrræðis og að beiting þess verði ekki til þess að almenn varnaðaráhrif refsinga minnki.

Hefur mikil umræða verið á Norðurlöndum og í Vestur-Evrópu á síðustu tveimur áratugum um stöðu refsivistar í viðurlagakerfinu. Sú stefna hefur verið ríkjandi að draga beri úr notkun óskilorðsbundinnar refsivistar eins og unnt er. Til að það sé hægt þarf að finna önnur úrræði í staðinn. Frjálsræðissvipting er alvarlegustu viðbrögð við afbrotum og hefur oft mikla röskun í för með sér fyrir brotamann og fjölskyldu hans. Frjálsræðissviptingu á ekki að beita meira en nauðsynlegt er til að stemma stigu við afbrotum og þá fyrst eftir að önnur og vægari úrræði hafa verið reynd eða þegar reynslan hefur sýnt að vægari úrræði koma ekki að gagni.

Samfélagsþjónusta er eina nýja viðurlagategundin sem náð hefur almennri útbreiðslu og hefur nú verið tekin upp sem varanlegt úrræði eða til reynslu með einum eða öðrum hætti í flestöllum ríkjum Vestur-Evrópu nema á Íslandi. Yfirlit um stöðu samfélagsþjónustu í viðurlagakerfinu og í nálægum löndum er birt sem sérstakt fskj. með frv.

Í frv. er lagt til að tilraun verði gerð með þetta úrræði en það að um tilraun er að ræða kemur fram með þeim hætti að lögunum er ætlað að gilda í tilgreindan tíma og gildistíminn styttur um eitt ár frá því sem ráð gert var í fyrra frv. og lagt til að hann verði tvö og hálft ár frá 1. júlí 1994 að telja. Hins vegar hefur nú verið horfið að því ráði að flytja frv. til sjálfstæðra laga um samfélagsþjónustu en ekki frv. um viðauka við almenn hegningarlög eins og áður var gert. Þetta þykir einfaldara en eðlilegt væri samt sem áður að fella ákvæði um samfélagsþjónustu inn í almenn hegningarlög ef ákveðið verður að marka samfélagsþjónustu varanlegan sess hér á landi að fengnum þeim reynslutíma sem hér er mælt fyrir um.

Það meginatriði eldra frv. að ákvörðun um samfélagsþjónustu sé stjórnsýsluákvörðun um tilhögun fullnustu er óbreytt í þessu frv. og reyndar undirstrikuð með breyttri framsetningu. Er nú t.d. ekki talað um að breyta refsivistinni þannig við fullnustu að í stað hennar komi ólaunuð samfélagsþjónusta heldur er lögð áhersla á að samfélagsþjónusta sé, eins og hún er hugsuð í frv., eitt af þeim úrræðum sem stjórnvöld hafa um fullnustu dóms um refsivist. Má benda á mörg dæmi þess að stjórnvöld geti ákveðið að fullnusta refsivistardóma fari fram utan fangelsis að meira eða minna leyti, t.d. þegar fanga er heimilað að stunda nám utan fangelsis.

Með því að ákvörðun um samfélagsþjónustu sé fullnustuákvörðun á vegum stjórnvalda má reikna með

að kostnaður við framkvæmd verði mun lægri en ef sú leið væri farin að leggja ákvörðun á dómstóla í hverju einstöku falli. Eins er mikilvægt ef vel á að takast til að hafa góða stjórn á þessari tilraun svo unnt verði að byggja upp, þróa og laga samfélagsþjónustu að aðstæðum hér á landi. Ekkert er því til fyrirstöðu að þessum málum verði skipað á annan veg í lok tilraunatímabilsins ef ákveðið verður að samfélagsþjónusta verði varanlegur hluti af viðurlagakerfinu en víðast mun dómstólaleið farin erlendis.

Þar sem um nýmæli er að ræða er gert ráð fyrir að fara mjög hægt í sakirnar í þeirri tilraun sem hér er lögð til. Varðar þar mestu að lagt er til að samfélagsþjónustu verði aðeins beitt varðandi fullnustu á dómum um allt að þriggja mánaða óskilorðsbundna refsivist og er það veruleg breyting þar sem í eldra frv. var gert ráð fyrir að þetta fullnustuúrræði gæti átt við vegna dóma um allt að tíu mánaða óskilorðsbundna refsivist. Þess skal getið að á árinu 1992 voru 63% allra refsidóma með þriggja mánaða refsitíma eða skemmri.

Af öðrum breytingum frá eldra frv. má nefna að í 3. gr. frv. er fastákveðið að 60 klukkustundir í samfélagsþjónustu samsvari eins mánaðar refsivist en í eldra frv. sagði að að jafnaði skyldi miðað við 20 klukkustundir. Þá er nú kveðið skýrar á um skipan samfélagsþjónustunefndar en áður. Kveður 5. gr. frv. nú á um að forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins skuli eiga sæti í nefndinni, enda gert ráð fyrir að sú stofnun hafi alla framkvæmd á hendi. Auk þess skal annar hinna nefndarmanna tveggja uppfylla skilyrði laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Í 8. gr. frv. er nú gert ráð fyrir því að samfélagsþjónustunefnd taki sjálf ákvörðun um hvort skilyrðum samfélagsþjónustu skuli breytt eða hvort refsivist komi til framkvæmda í tilefni af broti á skilyrðum. Áður var gert ráð fyrir að Fangelsismálastofnun tæki slíkar ákvarðanir og dagsetti kærur til nefndarinnar.

Loks er gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða að dómsmrh. skipi samfélagsþjónustunefnd skv. 5. gr. þegar við lögfestingu frv. sem hafi það hlutverk fram til 1. júlí 1994 að undirbúa gildistöku laganna.

Með samfélagsþjónustu tekur dómþoli út refsingu sína á jákvæðan hátt og má líta á hana sem bætur hans til samfélagsins fyrir afbrotið. Reynsla erlendis hefur sýnt að margir afbrotamenn halda tengslum við vinnustaði eftir að fullnustu dóms um samfélagsþjónustu er lokið. Þetta sýnir að samfélagsþjónusta hefur í mörgum tilfellum breytt lífsviðhorfum brotamannsins og vakið áhuga hans á nýjum málum.

Hér á landi hefur föngum fjölgað verulega síðustu tvo áratugi. Nú eru um 100 manns að jafnaði á dag í afplánun. Þetta þýðir að um 40 fangar eru á hverja 100 þús. íbúa. Þótt föngum hafi fjölgað hér á landi síðustu ár eru Íslendingar með einhverja lægstu fangatölu sem þekkist í Vestur-Evrópu. Í nágrannalöndunum er talið að samfélagsþjónusta geti komið í stað 5–7% óskilorðsbundinna refsivistardóma vegna hegningarlagabrota. Ef þetta hlutfall á við hér á landi þýðir það að samfélagsþjónusta geti þegar reynsla er fengin komið í stað 15–20 refsivistardóma. Ef gert er ráð fyrir að um 80% þeirra sem fá samfélagsþjónustu haldi skilyrði hennar og með hliðsjón af gildandi framkvæmd varðandi reynslulausn má gera ráð fyrir að þessir dómþolar tækju 4–6 fangarými á ári. Ekki er raunhæft að gera ráð fyrir að samfélagsþjónusta lækki kostnað við rekstur fangelsa svo neinu nemi, en hins vegar er gert ráð fyrir því að liðir eins og laun til eins starfsmanns, nefndarkostnaður og hugsanleg þóknun til eftirlitsmanna úti á landi geti leitt til viðbótarkostnaðar á bilinu 3,5–5 millj. kr. á ári á tilraunatímabilinu.

Samfélagsþjónusta er ekki úrræði sem leysir fangelsi af hólmi. Ef samfélagsþjónusta getur komið í stað 5–7% refsivistardóma vegna hegningarlagabrota telst það vera góður árangur. Margir brotamenn vilja og geta hætt á afbrotabrautinni og það eftirlit og aðhald og sú aðstoð sem veitt er meðan samfélagsþjónustan er innt af hendi getur snúið mönnum til betri vegar. Í trausti þess að þetta frv. geti stuðlað að því er lagt til að þessi tilraun verði gerð sem hér er mælt fyrir um. Ég legg til, frú forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Frv. sama efnis og það sem hér er til umræðu hefur eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra verið lagt fram tvisvar áður en var ekki afgreitt. Meginástæða þess var sú að mönnum þótti fulllangt gengið að heimila samfélagsþjónustu við fullnustu dóma um allt að tíu mánaða refsivist. Einnig að í stað eins mánaðar refsivistar kæmi aðeins 20 klukkustunda samfélagsþjónusta en það er að 20 tíma vinna jafngilti því að sitja einn mánuð í fangelsi. Þá voru gerðar athugasemdir við það hvernig skipa ætti í samfélagsþjónustunefnd sem taka á ákvörðun um hvort, hvernig og á hve löngum tíma samfélagsþjónusta skal innt af hendi. Í þeim frumvörpum sem áður hafa verið lögð fram var lagt til að dómsmrh. skipaði þessa nefnd en í engu kom fram hvaða skilyrði þeir þyrftu að uppfylla sem sæti tækju í nefndinni. Þar var gert ráð fyrir að dómsmrh. hverju sinni hefði algerlega frjálsar hendur um skipan þeirra.

Þá voru að sjálfsögðu skiptar skoðanir um það hvort samfélagsþjónustan væri dómstólaúrræði eða fullnustuákvörðun á vegum stjórnvalda. Þetta voru helstu atriðin sem fram komu í þeim athugasemdum sem bárust við þau frumvörp sem áður voru lögð fram. Í þeirri nefnd sem hæstv. dómsmrh. Þorsteinn Pálsson skipaði í október sl. til þess að fara yfir frv. eins og það var og gera tillögur að breytingum var farið mjög vandlega yfir allar umsagnir sem bárust um frv. sem lagt var fram á 115. löggjafarþingi en einnig þær sem bárust á 113. löggjafarþingi. Einnig ræddu nefndarmenn við ýmsa þá aðila sem komu að þessum málum, svo sem lögmenn og dómara. Full samstaða var í nefndinni um þær breytingar sem gerðar voru á frv. og þá afstöðu að leggja hér fram frv. til sjálfstæðra laga um samfélagsþjónustu í stað viðauka við almenn hegningarlög eins og áður var gert.

Það er von mín þar sem þetta frv. er nú lagt fram í

þriðja sinn að það fái fljóta og jákvæða afgreiðslu. Það er að vísu mjög breytt frá því sem var en þær breytingar eru nær allar í samræmi við þær umsagnir og athugasemdir sem gerðar voru við fyrri frumvörp. Þá má ekki líta fram hjá því að forstjóri Fangelsismálastofnunar átti sæti í þeirri nefnd sem hæstv. dómsmrh. skipaði til þess að fara yfir málið. Fangelsismálastofnun fær til sín alla dóma sem koma til fullnustu og sér um framkvæmdina. Þar er saman komin á einum stað vitneskja um fullnustuúrræði og framkvæmd þeirra og sú vitneskja og reynsla nýtist vel í starfi nefndarinnar. Fangelsismálastofnun mun fara með framkvæmd laga ef frv. þetta verður samþykkt.

Samfélagsþjónustan er nýmæli hér á landi. Hún er nútímalegt og heppilegt fullnustuúrræði ef vel tekst til um framkvæmdina. Því er nauðsynlegt að fara varlega af stað og undirbúa gildistöku laganna mjög vel. Því voru nefndarmenn sammála um að gildistími laganna verði aðeins tvö og hálft ár frá 1. júlí 1994 að telja. Hins vegar verði, ef frv. verður afgreitt, samfélagsþjónustunefndin skv. 5. gr. skipuð strax og starfi til 1. júlí 1994 að undirbúningi að gildistöku laganna.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja nánar þær breytingar sem gerðar voru eða nefndin lagði til enda yrði þar aðeins um að ræða endurtekningu á því sem hæstv. dómsmrh. sagði en vil aðeins að lokum hvetja hv. þm. til að kynna sér þetta frv. fljótt og vel þannig að það megi hljóta afgreiðslu á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kaup á björgunarþyrlu, 2. umr.

Frv. IBA o.fl., 110. mál. — Þskj. 128, nál. 581 og 582.

Frsm. meiri hluta allshn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Nú er svo komið þingstörfum að loks tekst að mæla fyrir áliti meiri hluta allshn. í þessu máli eftir nokkra bið, sem ég skil ósköp vel að hafi orðið vegna mikilla starfa og mála sem eru á þingi. Þó þykir mér óneitanlega skjóta nokkuð skökku við að á undan þessu máli mælir hæstv. dómsmrh. fyrir þingmáli sem útbýtt var fyrir aðeins tveimur dögum en mörgum sinnum tveir dagar eru liðnir síðan meiri hluti allshn. skilaði áliti sínu og málið var tilbúið til umræðu í þingsal. Eins og menn rekur minni til hefur þessu máli verið frestað að beiðni þingflokks Sjálfstfl. og ég skil málið svo úr því að umræðan er loksins hafin að þingflokkur Sjálfstfl. sé nú tilbúinn til að takast á við það verkefni að ræða hvort kaupa eigi nýja björgunarþyrlu eða ekki.

Nál. meiri hluta allshn. er stutt, gagnort og hnitmiðað og segir einfaldlega, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið og á fund hennar kom Albert Jónsson, deildarstjóri í forsrn. Enn fremur barst erindi frá forsrh.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frv."

Undir nál. rita auk mín hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Jón Helgason, Anna Ólafsdóttir Björnsson og Ólafur Þ. Þórðarson eða samtals standa sex nefndarmenn af níu að þessu áliti.

Málið var rætt nokkuð í nefndinni en þurfti í sjálfu sér ekki mikla yfirferð því að málsatvik og markmið lágu ljós fyrir. Engu að síður var því frestað um nokkra hríð að afgreiða málið frá nefndinni en fyrirhugað var að nefndin lyki störfum hvað þetta mál varðaði fyrir jól. Því var ítrekað frestað að ósk fulltrúa þingflokks Sjálfstfl., hv. þm. Björns Bjarnasonar, sem bað um það sérstaklega að málið yrði ekki afgreitt úr nefnd fyrr en það hefði verið rætt í þingflokki Sjálfstfl. og var að sjálfsögðu orðið fúslega við því og málið því geymt fram yfir áramót og afgreitt, eins og fram hefur, á fundi nefndarinnar 7. jan.

Ég vil aðeins rifja upp forsögu málsins því að hún er orðin allnokkur og rétt að geta hennar í grófum drættum þannig að mönnum sé ljóst að hér er ekki um nýtt mál á Alþingi að ræða. Það má rekja allt aftur á 113. þing, síðasta löggjafarþing sem sat fyrir síðustu alþingiskosningar, en þá var til umræðu þáltill. um kaup á nýrri björgunarþyrlu sem var afgreidd samhljóða sem ályktun Alþingis í marsmánuði árið 1991. Um það mál náðist víðtæk samstaða allra flokka og þingmanna á þeim tíma. Hef ég gætt að afgreiðslu málsins í þingskjölum og ræðuparti Alþingis og er ljóst að þeir sem tóku til máls um málið voru allir stuðningsmenn og eins hitt að í atkvæðagreiðslu var ekki getið um neinar hjásetur, andmæli eða mótatkvæði. Það er því ljóst að mál þetta átti á þeim tíma allan stuðning þingmanna og var afgreitt einum rómi á þinginu.

Efnisatriði ályktunarinnar var að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að á árinu 1991 yrði gerður samningur um kaup á fullkominni björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Það kom svo í hlut núv. ríkisstjórnar að taka við þáltill. til úrlausnar en því miður verður að segjast eins og er að ekkert var gert til að uppfylla efni ályktunarinnar á árinu 1991. Var þá gripið til þess ráðs á 115. þingi að flytja frv. til laga til að hnykkja fremur á fyrirmælum löggjafarvaldsins til framkvæmdarvaldsins um kaup á björgunarþyrlu. Stóðu að því frv. allmargir flm. úr öllum flokkum. Þeir voru eftirtaldir: Hv. þm. Ingi Björn Albertsson, Steingrímur Hermannsson, Guðrún Helgadóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Össur Skarphéðinsson, Guðmundur Hallvarðsson, Stefán Guðmundsson og Matthías Bjarnason. Frv. þetta varð ekki útrætt á síðasta þingi og var því endurflutt sl. haust og er nú komið til 2. umr. á hv. Alþingi.

Um rökstuðning fyrir efni málsins er í sjálfu sér óþarft að fara mörgum orðum. Ég hygg að hv. þm. sé öllum afar kunnugt um tilefnið og hver þörfin er. Ég bendi mönnum á að lesa afar skýra greinargerð með þáltill. frá þingvetrinum 1990–1991 sem lýsir hvers vegna nauðsynlegt er að keypt verði hið snarasta ný og fullkomin björgunarþyrla sem m.a. sé útbúin afísingarbúnaði.

Ýmsir aðilar í þjóðfélaginu hafa látið þetta mál til

sín taka og gerðu það með mjög snarplegum hætti á sínum tíma. Ég nefni ályktanir ýmissa hagsmunasamtaka sem voru sendar þingmönnum á þessum tíma. Ég vil líka vitna til landsfundar Sjálfstfl., sem haldinn var dagana 7.–10. mars 1991, og sendi forustumönnum síns flokks út í kosningabaráttuna með það vegarnesti sem í ályktununum felst. M.a. segir varðandi Landhelgisgæsluna í ályktun landsfundar Sjálfstfl., með leyfi forseta:

„Sjálfstfl. telur að Landhelgisgæsla og öryggismál sjómanna hafi setið um of á hakanum hjá núv. ríkisstjórn og að áformum um kaup á nýrri og stærri björgunarþyrlu með afísingarbúnaði beri að hrinda undanbragðalaust í framkvæmd.“ (**Gripið fram í:** Hver sagði þetta?) Þetta er úr samþykkt landsfundar Sjálfstfl. Þar er mjög fast að orði kveðið, bæði að í málið skuli ráðist og ekki bara eftir efnum og ástæðum heldur undanbragðalaust. Nú vill svo vel til fyrir þá sem stóðu að þessari samþykkt að Sjálfstfl. getur hrint henni í framkvæmd. Hann hefur öll þau tök á málinu sem til þess þarf. Hann hefur forsrn., fjmrn., dóms- og kirkjumrn. og sjútvrn., svo ég nefni þau fjögur ráðuneyti sem augljóst er að ættu að hafa mikla hagsmuni af því að hrinda þessu máli í framkvæmd og hafa tök á því að svo verði gert. (**EgJ:** Samgrn.) Svo að ég nefni nú ekki samgrn., hv. þm. Ég þakka þér fyrir ábendinguna því auðvitað er hér um mikið samgöngumál að ræða.

Engu að síður er staðreyndin sú að þrátt fyrir að liðinn séu rúmlega 21 mánuður frá því að núv. ríkisstjórn tók við völdum er ekki enn búið að hrinda þessu máli í framkvæmd. Ég veit að sönnu ekki hvað þingflokkur Sjálfstfl. telur „undanbragðalaust“ þýða en í minni málvitund, og ég hygg stórs hluta þjóðarinnar, er ekki hægt að skilgreina undanbragðalaust þannig að það skuli framkvæmt á tveimur til þremur árum. Því er eðlilegt að menn kalli eftir efndum frá þessum flokki, sem ber höfuðábyrgð á málinu, bæði því að hrinda því í framkvæmd og einnig á því að ekki er lengra komið en nú er, að málið er í sömu sporum og það var þegar þál. var samþykkt í mars 1991, fyrir tæpum tveimur árum.

Það kemur fram í áliti minni hluta nefndarinnar að þeir telja rétt að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Ég vil aðeins fara yfir það nokkrum orðum.

Málið hefur verið hjá ríkisstjórninni í tæplega tvö ár og hvað hefur hún gert? Hvar er málið á vegi statt? Er það handan við hornið að framkvæmdir verði í þessu máli og keypt verði þyrla? Við skulum gæta að því hvaða svör hafa borist frá ráðuneytunum um þetta efni. Í bréfi dags. 6. febr. 1992 frá dóms- og kirkjumrn. kemur fram að ráðherrann hefur skipað enn eina nefndina í málið sem á að kanna möguleika á samstarfi við björgunarsveit varnarliðsins. Þar er nú skriðurinn á málinu hjá hæstv. dóms- og kirkjumrh.

Í bréfi dags. 17. febr. ...(**Gripið fram í:** Hver var formaður nefndarinnar?) Allshn.? Í þessari nefnd sem ég var að geta um, ég vænti að hv. þm. sé að spyrja um hana, er Gunnar Bergsteinsson formaður. Í bréfi frá fjmrn. kemur fram að engar ákvarðanir hafa verið teknar enda umrætt mál enn í athugun á vegum ráðuneytanna þannig að það er ljóst að málið er ekki á neinum skriði til endanlegrar úrlausnar á vegum ráðuneytanna heldur er verið að þæfast með það á milli manna, ýmist að skipa nýjar nefndar eða fela mönnum að kanna möguleika á frekara samstarfi við svonefnt varnarlið á Suðurnesjum. Ég vil segja út af því að hæstv. ríkisstjórn hefur að mínu mati í efnistökum sínum farið inn á rangar brautir sem spilla málinu. Í stað þess að framfylgja þeirri stefnu, sem Alþingi hefur ályktað, að keypt verði þyrla er verið að þvæla því saman við herinn á Suðurnesjum.

Það er því ljóst að þess er ekki að vænta að hæstv. ríkisstjórn hrindi þessu máli í framkvæmd. Því get ég ekki fallist á það að vísa málinu þangað aftur þar sem það er og hefur verið í rúman 21 mánuð án nokkurs sjáanlegs árangurs. Við það verður ekki unað að fela framkvæmdarvaldinu úrlausn þess nema með frekari og fastari fyrirmælum en verið hefur. Það er að mínu viti alveg ljóst að ríkisstjórnin mun ekki koma þessu máli í höfn nema Alþingi sýni henni tennurnar svo um munar og ríkisstjórnin tekur eftir.

Ég tek hér af handahófi grein sem sýnir alvöru málsins frá sjónarhóli mjög margra í þjóðfélaginu. Mjög margir, eins og ég gat um í upphafi, hafa sýnt þessu máli áhuga, bæði hagsmunasamtök og einstaklingar og látið frá sér fara ályktanir og líka reitt af höndum fé til að safna til kaupa á björgunarþyrlu. Þannig stofnuðu nemendur Stýrimannaskólans í Reykjavík sjóð árið 1988 og hafa safnast í hann umtalsverðir fjármunir. Ég vil lesa stutta grein eftir einn áhugamann um þetta efni sem ég held að varpi því ljósi á alvöru málsins sem nauðsynlegt er að hv. þm. geri sér grein fyrir. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Löng umræða hefur farið fram um það hvort kaupa ætti öfluga og stóra björgunarþyrlu til landsins. Skipuð var nefnd í málið sem nú virðist hafa komist að þeirri niðurstöðu að stór og öflug björgunarþyrla sé nauðsyn við okkar erfiðu aðstæður. Björgunarþyrlan er ekki eingöngu öryggistæki sjómanna heldur alls fólks í þessu landi. Það vill oft verða svo í umræðum um einstök mál að þau eru eignuð einni stétt sérstaklega. Vissulega er það sameiginlegt baráttumál allra sjómanna og alls þess fólks í landinu sem áhuga hefur á slysavörnum að hér sé tiltæk góð, öflug og fullkomin björgunarþyrla. Nauðsynlegt er þó að vekja athygli á því að þyrluþjónusta Landhelgisgæslunnar og vel þjálfuð áhöfn hennar kemur í stað sjúkrabifreiðar í þágu landsmanna allra þar sem ekki er hægt að koma sjúkrabifreiðinni við eða meiri hraða er þörf en hún ræður yfir og iðulega er þyrlan eina tækið sem unnt er að grípa til, hvort heldur sem er inn til landsins, við ströndina eða úti á miðunum. Það var því stór áfangi í baráttunni fyrir endurnýjun þyrluflotans þegar Alþingi samþykkti að keypt yrði ný og öflug þyrla til björgunarstarfa.

Það er áskorun okkar að þessu máli verði hrint í framkvæmd sem allra fyrst. Við höfum orðið fyrir áföllum í þyrlurekstri og þeir sem nú sinna þessum málum hjá Landhelgisgæslunni af frábærum dugnaði

og áhuga verða að geta treyst því að allir hlutir í farkosti þeirra standist það mikla álag og tvísýnu sem neyðarstundin og björgun mannslífa krefst.

Vissulega fögnum við auknu samstarfi við björgunarsveit varnarliðsins í þessu máli. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að þyrlan okkar er farin að telja nokkur árin og skortir stundum afl við erfiðar aðstæður. Vel þjálfuð áhöfn þyrlunnar hefur þó fram að þessu látið sig hafa það að leggja allt í sölurnar til björgunar mannslífa. Höfum vaðið fyrir neðan okkur í þessu efni og kaupum nýja og öfluga þyrlu. Þjóðin á það skilið að öryggi hennar sé sett í öndvegi. Þær skuldir sem þannig er stofnað til skila arði fyrir landsmenn alla.

Á tímum fjárhagslegra erfiðleika þjóðarbúsins verður oft að velja á milli fjárfestinga í ríkisfjármálum. Hver af fulltrúum fólksins á Alþingi telur sig geta varið það að ekki skuli stigið skref til aukins öryggis fyrir þegna þessa lands? Öllum alþingismönnum hlýtur að vera ljóst að fyrir því er mikill vilji meiri hluta þjóðarinnar að semja nú þegar um kaup á öflugri björgunarþyrlu. Í því sambandi má vitna til ályktana frá öllum sjómannafélögum og stéttarsamböndum þeirra, frá Slysavarnafélagi Íslands og deildum þess um allt land, frá fiskiþingi, Fiskifélagi Íslands og deildum þess, frá útgerðarmannafélögum og fjölmörgum öðrum samtökum í þessu landi. Ég held að mér sé óhætt að fullyrða að landsfundir allra stjórmálaflokka hafi einnig lýst yfir eindregnum stuðningi við málið. Mér er spurn: Er eitthvert málefni sem víðtækari stuðningur er við með þjóðinni? Ég held að svo sé ekki. Þess vegna köllum við á framkvæmdir á málinu nú þegar."

Yfirskrift þessarar greinar í sjómannablaðinu Víkingi sem birtist sl. haust er „Að stjórnvöld taki af skarið og ákveði strax kaup á öflugri björgunarþyrlu." Höfundur þessarar greinar á þess kost um þessar mundir að sýna vilja sinn í verki og hug til málsins því hann er hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson. Því miður sé ég hann ekki í þingsal en ég vænti þess að hann muni koma og taka þátt í umræðum og fylgja eftir skorinorðri grein sinni í sjómannablaðinu Víkingi. Ég bið hæstv. forseta að gera hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni viðvart þannig að honum sé ljóst að hér fer fram umræða um þetta hjartans mál hans þar sem hann hefur sett fram þá kröfu að nú þegar verði snúið frá orðum til athafna.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, víkja að þeirri málsmeðferð sem hæstv. ríkisstjórn hefur haft í þessu máli, að taka upp viðræður og blanda saman í raun og veru óskyldum málum: sjálfstæðri íslenskri landhelgisgæslu og bandarískra hernum á Suðurnesjum.

Þannig háttar til að í allshn. er till. til þál. um flutning á starfsemi Landhelgisgæslunnar frá hv. þm. Árna R. Árnasyni. Í greinargerð með þeirri þáltill. er vikið að því að samþætta starf íslenskra björgunarsveita og bandarískra hersins. Það er fróðlegt að lesa þær umsagnir sem komið hafa um þessa þáltill. þar sem vikið er einmitt að björgunarþyrlumálum. Vil ég fyrst nefna umsögn Alþýðusambands Íslands, stærstu fjöldahreyfingar landsins. Í þeirri umsögn segir að þörfin fyrir nýja björgunarþyrlu sé brýn. Enn fremur segir, með leyfi forseta:

„Varðandi þá fullyrðingu að rétt væri að hafa allan þyrlukost sem til staðar er á Íslandi, þ.e. þyrlur Bandríkjahers og Landhelgisgæslunnar, staðsettar í Keflavík er það fráleitt. Dæmi eru um að þyrlur í Keflavík hafa ekki getað athafnað sig á sama tíma og þyrla úr Reykjavík hafi komist í hjálparflug. Þegar horft er til framtíðar í björgunarþyrlumálum er sýnin sú að ein þyrla verði í Reykjavík og önnur á gagnstæðu horni landsins eða sé staðsett sem næst fiskiskipaflotanum á hverjum tíma."

Í umsögn frá Landhelgisgæslu Íslands um þetta sama frv. er einnig vikið að þessu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Það hefur komið skýrt fram í viðræðum við fulltrúa varnarliðsins að útilokað er að Íslendingar yfirtaki þyrlusveit varnarliðsins, manni hana og stjórni henni. Sameiginlegur rekstur að einhverju eða öllu leyti er því einnig útilokaður þar eð slíkur rekstur yrði að lúta einni og sömu stjórn."

Ekki verður séð að flutningur flugdeildar Landhelgisgæslunnar til Keflavíkurflugvallar mundi breyta neinu þar um. Það má frekar segja að það sé kostur að hafa þyrlusveitirnar sína á hvorum flugvelli vegna mismunandi veðurskilyrða þótt ekki sé langt á milli. Það liggur því ljóst fyrir að Landhelgisgæsla Íslands leggst eindregið gegn þessum áformum.

Frá Farmanna- og fiskimannasambandinu hefur einnig borist umsögn þar sem tekið er fram að það sé ekki forgangsverkefni að flytja Landhelgisgæsluna frá Reykjavík til Keflavíkur heldur þvert á móti sé forgangsverkefnið það að kaupa og reka öfluga björgunarþyrlu svo sem Alþingi hafi ályktað um.

Að lokum nefni ég, af því að ég greip með mér af handahófi úr bunkanum sem umsagnirnar lágu í, umsögn frá sveitarfélögum í Þingeyjarsýslu. Þar segir stjórn Eyþings, en svo heita samtökin, eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Stjórnin vill jafnframt vekja athygli á því þegar rætt er um björgunarstörf að fiskiskip eru að veiðum allt í kringum landið. Þess vegna er staðsetning björgunartækis eins og þyrlu nauðsynleg víðar á landinu, t.d. á Akureyri."

Ég tel því ljóst, m.a. í ljósi þessara umsagna, að sú leið sem ríkisstjórnin er á í þessu máli, að þæfa það í viðræðum við fulltrúa bandarískra hersins, sé röng leið. Hún er röng pólitískt og röng faglega. Ég tel því að ríkisstjórnin eigi að halda sig við þá stefnu, sem Alþingi markaði með samþykkt þáltill. fyrir tæpum tveimur árum, að kaupa íslenska þyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands og gera það strax.

Frsm. minni hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir áliti minni hluta allshn. um 110. mál, frv. til laga um kaup á björgunarþyrlu. Nál. er á þskj. 582 og mun ég nú gera grein fyrir því, með leyfi virðulegs forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið og á fund hennar

kom Albert Jónsson, deildarstjóri í forsætisráðuneyti. Erindi barst frá forsætisráðherra, sjá fskj. I, í framhaldi af fyrirspurn nefndarinnar, ásamt bréfi til þyrlukaupanefndar frá Albert Jónssyni og Arnóri Sigurjónssyni, um stöðu mála varðandi kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Þar kom fram að unnið væri að undirbúningi málsins; m.a. væri verið að athuga nánar möguleika á kaupum á þyrlu af sömu gerð og þær sem varnarliðið notar en með ýmsum öðrum aukabúnaði. Þá ætti eftir að ræða við bandarísk stjórnvöld um hvernig haga mætti samstarfi um viðhald, samnýtingu á varahlutum, þjálfun o.fl. Enn fremur kom fram að svigrúm væri til þess að allir kostir yrðu kannaðir til hlítar þar sem björgunarsveit varnarliðsins hefði á að skipa fjórum nýjum þyrlum og von væri á nýrri þyrlu árið 1994. Við bættist svo þyrla Landhelgisgæslunnar.

Nefndin fjallaði um frumvarp til laga um kaup á björgunarþyrlu á 115. löggjafarþingi. Fékk hún álit frá Sigurði Líndal, prófessor í lagadeild Háskóla Íslands, um hvaða skyldur frumvarpið legði á ráðherra ef það yrði að lögum, sbr. fskj. II hér á eftir. Segir m.a. í álitinu: „Gildi slíkrar lagasetningar er raunar takmarkað ef það er þá nokkuð. Samningur felur í sér að samningsaðilar, tveir eða fleiri, komist að sameiginlegri niðurstöðu og verður ekki séð hvernig hægt er að lögskylda annan samningsaðila til þess. Slík fyrirmæli fá einfaldlega ekki staðist."

Heimild er í lið 6.13 í 6. gr. fjárlaga 1993 fyrir fjármálaráðherra að „ganga til samninga um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands og taka til þess nauðsynleg lán".

Undirritaðir nefndarmenn eru þess fullvissir að ríkisstjórnin vinni að framgangi þessa máls, enda afar mikilvægt að tryggja sem fullkomnast öryggi í björgunarþjónustu af því tagi sem hér um ræðir.

Með hliðsjón af framangreindu leggja undirritaðir nefndarmenn til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir álitið rita Sólveig Pétursdóttir, Sigbjörn Gunnarsson og Björn Bjarnason.

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að rifja hér upp í meginatriðum sögu málsins. Eins og kunnugt er og minnt var á hér áðan samþykkti Alþingi með þál. þann 12. mars 1991 að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að á árinu 1991 yrði gerður samningur um kaup á fullkominni björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Þetta var í tíð fyrrv. ríkisstjórnar en er ný ríkisstjórn tók við völdum ákvað hún að vinna áfram að málinu á þessum grundvelli og hinn 24. maí 1991 skipaði dómsmrh. nefnd til að vinna að undirbúningi málsins og skilaði hún niðurstöðum í formi ítarlegrar skýrslu þann 11. okt. sama ár.

Nefndin taldi að stjórnvöld ættu að vinna hratt að ákvörðun um kaup á öflugri þyrlu. Jafnframt var lagt til að heimild yrði veitt til formlegra viðræðna við bandarísk stjórnvöld um framtíðarskipan björgunarstarfsemi fyrir varnarliðið og að kannað yrði til þrautar hvort hinar nýju þyrlur varnarliðsins mundu hæfa íslenskum björgunaraðilum. Slíkar viðræður voru síðan hafnar. Fulltrúar dómsmrn. og utanrrn. skoðuðu þetta mál og töldu að vilji væri til ákveðins samstarfs, t.d. um viðhald, en það væri háð því að sams konar þyrlur væru notaðar.

Þá var sérstakur ráðgjafarhópur skipaður af dómsmrh. sem skilaði ítarlegri skýrslu í apríl 1992. Nokkru síðar var ákveðið að þriggja manna viðræðunefnd ynni að kaupum á þyrlu en fulltrúar tveggja ráðherra væru til ráðuneytis um viðræður við bandarísk stjórnvöld. Þær viðræður standa enn yfir jafnframt því að verið er að kanna nánar ákveðnar þyrlugerðir, eins og m.a. kemur fram í erindi forsrh. til allshn. í fskj. I og II.

Af framansögðu er ljóst að mikil vinna hefur verið lögð í að skoða þetta mál af hálfu ríkisstjórnarinnar og ekki síst af hálfu hæstv. dómsmrh., sem hefur haft forgöngu í þessu máli, enda um mjög háar fjárhæðir að ræða varðandi þyrlukaup, rekstur og viðhald enda þótt gildi slíkrar viðmiðunar sé vafalaust lítið þegar um er að ræða tæki til björgunar mannslífa. Í þessu sambandi er þó rétt að hafa það í huga að hér á landi er öflugur björgunarþyrlukostur, reyndar öflugri að áliti sumra en í nágrannalöndum. Til dæmis um það er að komið hefur fyrir að þyrlur frá Keflavíkurflugvelli hafa farið langt suður í haf þegar skemmra var á slysstað frá Bretlandseyjum. Þetta stafar af því að þyrlur varnarliðsins geta tekið eldsneyti á lofti frá sérstakri eldsneytisvél sem staðsett er á Keflavíkurflugvelli. Það gerir þyrlu varnarliðsins einnig kleift að krækja fyrir veður, fljúga án millilendingar með ströndinni, þegar það er nauðsynlegt vegna veðurs yfir landinu, á slysstaði fyrir austan, vestan eða norðan landið.

Um kostnað varðandi þyrlukaup má nefna að þyrla af sömu gerð og varnarlið notar mun að öllum líkindum kosta um það bil 600 millj. kr. ef hún er keypt gegnum útflutningsmiðstöð Bandaríkjahers en annars 800 millj. Ný þyrla af gerðinni Super Puma kostar um 800 millj. kr., notuð Super Puma, 8 ára gömul og án affsingarbúnaðar, kostar milli 530 og 600 millj. Bell-þyrla kostar tæpar 500 millj. kr. Bell-þyrlurnar eru raunar ekki lengur í framleiðslu og fáar í notkun. Raunar hafa verið nefndar tölur allt upp í 1.000 millj. þegar varahlutir og þjálfun er meðtalið og þá er rekstrarkostnaðurinn eftir. En það er auðvitað ekki á okkar verksviði hér að vera að ræða einstakar þyrlugerðir í sjálfu sér. Það er sérfræðinga að meta slíkt og koma með tillögur í þeim efnum.

Þá hefur verið rætt um aukið samstarf Landhelgisgæslunnar við varnarliðið, en ég get vel skilið að hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni sé það ekkert mikið kappsmál að ræða slíkt fyrirkomulag, enda þótt hann vitni nú talsvert mikið í landsfundarályktanir Sjálfstfl. máli sínu til stuðnings. En ég held að það væri ekki hjá því komist að minnast á helstu kosti slíks samstarfs sem væru hugsanlegir.

1. Landhelgisgæslan fengi afnot af fullkominni viðhaldsaðstöðu á Keflavíkurflugvelli.

2. Greiða mætti fyrir varahluti af birgðum varnarliðsins eftir því sem þeirra væri þörf þannig að Land-

helgisgæslan þyrfti ekki að eiga alla varahluti sjálf eða þurfa að bíða eftir varahlutum frá útlöndum.

3. Með aðgangi að fullkominni viðhaldsaðstöðu og varahlutabirgðum hér á landi má gera ráð fyrir að fækka mundi þeim dögum á ári hverju sem þyrla Landhelgisgæslunnar væri ónothæf vegna bilana.

4. Flugmenn Landhelgisgæslunnar fengju þjálfun í fullkomnum flughermum í Bandaríkjunum en í þeim má líkja eftir erfiðustu aðstæðum.

5. Annar og betri grundvöllur yrði fyrir samstarf milli Landhelgisgæslu og björgunarsveitarinnar á Keflavíkurflugvelli, bæði varðandi æfingar og björgunarleiðangra. M.a. kæmi hugsanlega til greina að í björgunarleiðöngrum yrðu blandaðar áhafnir íslenskra og bandarískra flugmanna. Þannig mundi nýtast staðháttaþekking sem íslenskir flugmenn hafa af skiljanlegu ástæðum fram yfir þá bandarísku.

6. Líkur ykjust á því að unnt yrði að halda úti þyrlu á landsbyggðinni, t.d. norðausturhorninu, vegna þess að íslenskir flugmenn gætu flogið öllum björgunarþyrlum á landinu en ekki bara einni þyrlu af ólíkri gerð.

Þetta síðastnefnda er að sjálfsögðu ákaflega mikilvægt og ætti að koma til móts við óskir margra og m.a. umsögn frá Alþýðusambandi Íslands sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson rakti hér áðan, en hann var þar að rekja umsagnir um allt annað mál heldur en hér er til umræðu. En þetta eru auðvitað atriði sem sjálfsagt er að kanna til hlítar þótt það sé ekkert meginmarkmið, enda ekki víst að slíkir samningar náist né heldur að starfsmenn Landhelgisgæslunnar og aðrir sem að björgunarmálum starfa sjái þess þörf, enda hafa þessir síðsttöldu aðilar unnið að björgunarstörfum hérlendis með miklum sóma. Starfsmenn Landhelgisgæslunnar búa yfir manna mestri þekkingu á björgunarstörfum á hafinu við Ísland. Þá hafa áhafnir flugdeildarinnar aflað sér mikillar reynslu af björgunarstörfum og sjúkraflugi inn til landsins. Segja má að hér á landi muni vandfundinn annar aðili sem betur væri hæfur til að reka þyrlur til svo fjölbreyttrar öryggis- og neyðarþjónustu en þessir aðilar hafa einnig unnið að því máli sem hér er til umræðu.

Við nefndarmenn í minni hluta allshn. gerum tillögu um það að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar og rekjum ástæður þess í nál. eins og ég gat hér áðan. Við leggjum áherslu á það að unnið hefur verið og er enn þá unnið að undirbúningi þessa máls í ríkisstjórninni og erum þess fullviss að undirbúningi og athugun af hálfu sérfræðinga ríkisstjórnarinnar verði lokið innan skamms, jafnvel eftir nokkrar vikur. Það er enn fremur ljóst að allar heimildir til þess að taka ákvörðun um þyrlukaup eru fyrir hendi, samanber heimild í fjárlögum fyrir þetta ár. Það er því ekkert, hvorki efnislega né formlega, því til fyrirstöðu að tekin verði ákvörðun á árinu í þessu mikla hagsmunamáli okkar Íslendinga að tryggja sem fullkomnasta björgunarþjónustu hér á landi.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er loksins á dagskrá, og þó fyrr hefði verið, fjallar fyrst af öllu um hvert gildismat hv. alþm. hafa, hvernig menn meta kostnað eða hvort menn meta kostnað eftir einhverjum lögmálum eða engum. Hér er verið að fara fram á að hafnir verði samningar um kaup á þyrlu til að bjarga fólki í neyð, bæði fólki til sjós og jafnframt fóki sem býr í fjarlægum byggðum. Það er ekki verið að biðja um mikla fjármuni hér og nú þannig að það er í raun og veru fullkomlega óskiljanlegt hvers vegna þetta mál þarf að velkjast svo mjög í þinginu. Það hvarflar að manni að sú gæti verið ástæðan að mönnum líkaði ekki l. flm. frv., kysu frekar að sjá þar einhvern annan. Ég kann enga aðra skýringu á þessu og ég tek það fram að ég er sjálf meðflm. að þessu frv.

Hv. 5. þm. Vestf. gerði hér ítarlega grein fyrir afstöðu sinni í hv. allshn. og ég ætla ekki að endurtaka það sem hann sagði. En við sem höfum búið við sjóinn og átt allt okkar undir þeim sem hann stunduðu þurfum ekkert að láta segja okkur hvers virði öflug björgunartæki eru. Ég býst við að fólk í hinum dreifðu byggðum landsins hafi oft fagnað því mjög að til skyldi vera þjónusta sem gat bjargað þegar ekkert annað gat komið til bjargar.

Það sem hér hefur verið sagt gegn þessu máli er satt best að segja málalengingar. Ég leyfi mér að fullyrða að það er ekkert verið að gera í alvöru í þessu máli og ég hef enga ómerkari fyrir mér í þeirri fullyrðingu en þá menn sem þessa vinnu vinna. Þannig vildi til að við nokkrir hv. þm. fórum á fund flugmanna Landhelgisgæslunnar ekki alls fyrir löngu og spurðum að því hvort verið væri að vinna þetta mál í samvinnu við þá og svarið var nei. Ósköp einfaldlega nei, það væri ekkert verið að því. Það er bara ekkert talað við þá.

Við töluðum við flugmennina Pál Halldórsson og Benóný Ásgrímsson. Þeir menn og þeirra lið björguðu svo óumdeilanlegt er 19 manneskjum úr lífsháska á sl. ári fyrir utan alla þá sjúklinga sem þeir komu milli staða og enginn veit hvernig farið hefði ef þessi þjónusta hefði ekki verið fyrir hendi. Ég held að allir hv. þm. ættu að fara og skoða vélina sem þetta var gert með. Ég verð að játa að ég hafði ekki með öllu mínu hugmyndaflugi ímyndað mér hvað þetta er lítil vél og mér er satt að segja óskiljanlegt hvernig læknir og hjúkrunarfólk geta komið þarna jafnvel fjórum slösuðum manneskjum fyrir. Það yfirgengur minn skilning. Og hafi ég haft áhuga á málinu áður, þá margefldist ég í þeirri trú við þessa heimsókn að við yrðum og það væri skylda okkar að kaupa öfluga vél sem boðleg væri. Ekki þarf að endurtaka það enn einu sinni hér að það getur skipt máli þegar um er að ræða t.d. áhöfn í neyð á sjó úti hvort fara verður þrjár ferðir eða hægt er að taka 12 manns í einu eins og er í þeirri vél sem þessir menn hafa mestan áhuga á. Ég veit ekki hvort menn gera sér grein fyrir hvernig þessi þjónusta er skipulögð og hvernig fólk hættir lífi og limum til að bjarga meðbræðrum og systrum. Ég veit ekki hvort menn hugsa oft til lækna sem taka að sér fyrir sáralitla greiðslu aukalega að síga niður í vitlausum veðrum úr þessari litlu vél til að hlúa að fólki sem þarf að draga upp í vélina. Ég held að það hljóti að vera skylda okkar að sjá um að lífi þess fólks sé ekki bók-

staflega hætt með því að hafa ekki sómasamlegt björgunartæki. Það mætti nefna þar mörg nöfn, konur og karla úr læknastétt, sem hafa unnið þetta verk. Flugmenn sem við töluðum við minntust einmitt á það að þeir hefðu stundum ekki skilið hvað ræki þetta fólk til að stunda þetta starf því að ekki væri greiðslunni fyrir að fara þannig að nokkrum manni dytti í hug að vinna þetta verk hennar vegna.

Ég er alveg sammála hv. 5. þm. Vestf. um að það er alger óþarfi að vera að rugla hér saman viðræðum við varnarliðið í Keflavík. Það er allt annað mál. Við höfum átt við það ágætt samstarf sem mér finnst nú eiginlega ekki þurfa að semja um. Það hefur verið til siðs í hinum siðmenntaða heimi að menn geri það sem þeir geta til að bjarga mannslífum og flugmenn þar suður frá hafa svo sannarlega oft brugðist vel við hafi verið til þeirra leitað og jafnvel án þess. En fyrir hefur líka komið að sú þjónusta hafi ekki nægt og það hefur margsinnis verið lögð á það áhersla að fyrir því séu ýmsar ástæður. Vélarnar sem þeir nota hafa t.d. ekki afísingarbúnað sem er alger nauðsyn fyrir vélar sem eiga að vera í þjónustu á Íslandi. M.a. sögðu þeir okkur flugmennirnir Páll Halldórsson og Benóný Ásgrímsson að oftlega komi það fyrir að þeir verða að taka stóran krók meðfram ströndinni af því að þeir hafa ekki afísingartæki og lengja þannig leiðina margfalt. Annað er það sem þeir minntust á og ég býst við að hv. 5. þm. Reykv. geri kannski nánari grein fyrir hér á eftir en það er að sú vél sem þeir hafa farið fram á að fá er þeim eiginleikum búin að hún getur staðið kyrr í loftinu sem er ómetanlegt. Hún hefur sjálfstýribúnað sem getur haldið henni kyrri hvað sem á dynur í loftinu og þannig auðveldast mjög að láta menn síga niður til þeirra sem hjálpar þurfa.

Við höfum því miður óþægileg dæmi um það í nánasta umhverfi okkar að menn hafa jafnvel misst lífið vegna þess að hjálp barst ekki nógu fljótt. Það kom einmitt fram sem er auðvitað þvert ofan í það sem verið er að tala um að hafa alla þessa þjónustu á einum stað að þeir menn sem best þekkja til þessara hluta telja afar mikilvægt eins og hér kom fram í máli hv. 5. þm. Vestf. að þyrla sé líka til staðar á hinum enda landsins vegna þess að oft er auðvitað óþarflega langt að fara þegar neyðin kallar.

Menn bera sjálfsagt fyrir sig kostnað eins og hv. 6. þm. Reykv. gerði hér áðan sem mér finnst nú persónulega satt að segja næstum ekki við hæfi. Auk þess er það misskilningur. Ég veit ekki hvort þetta góða fólk hefur reiknað út þann sparnað í grjóthörðum peningum sem vinnst við hvert mannslíf sem bjargist. Menn ættu að tala við tryggingafélög, Tryggingastofnun ríkisins og aðra slíka og vita hvort ekki hefði nú verið töluverður sparnaður í að þeir sem látnir eru hefðu fengið að halda lífi. Ég held að það geti aldrei verið kostnaður af því að bjarga mannslífi, það er hreint óhugsandi og satt að segja er ekkert tæki of dýrt sem keypt yrði í því skyni. Það er sama hvert maður lítur til að sjá hver áhugi Íslendinga er á þessu máli. Bara í morgun þegar ég opnaði Morgunblaðið sá ég litla klausu sem ber yfirskriftina, með leyfi hæstv. forseta: „Gjafir til þyrlusjóðs. Kvenfélagið Aldan, Félag eiginkvenna skipstjórnarmanna á íslensku fiskiskipunum, gaf nýlega 100 þús. kr. til þyrlusjóðs, björgunarsjóðs Stýrimannaskóla Íslands, en tilgangur hans er að safna fé til kaupa á fullkominni björgunarþyrlu til landsins.“ Ég er reyndar ekki í nokkrum vafa um að það yrði auðvelt að safna talsverðu fé frá einstaklingum og félagasamtökum í þessu skyni en fyrst af öllu ber okkur hér á hinu háa Alþingi að hafa frumkvæði um að þetta verði gert. Í fjárlögum, bæði nú í ár og raunar í fyrra líka, stendur skýrum stöfum í 6. gr. að ríkisstjórninni sé veitt heimild til að ganga til samninga um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.

Nú vill svo til að á þessu ári tel ég að þó að gengið væri til samninga hér og nú þyrfti engin lán að taka þannig að hér er ekki um að ræða nein mikil fjárútlát á þessu ári en þolinmæði manna er þrotin. Við viljum ekki láta fleira fólk farast við strendur landsins af því að við eigum ekki nógu öflug björgunartæki. Það má ekki gerast og það getur ekki nokkur manneskja með samvisku sætt sig við að hér sé verið að hafa í frammi alls kyns nefndarskipanir og orðhengilshátt um það hvort lög væru bindandi fyrir ráðherra. Þetta frv. er sett fram í því einu skyni að ýta á að þál. þeirri sem samþykkt var hér árið 1991, verði framfylgt. Það er nú svo með þingsályktanir að þær eru ekki bindandi fyrir ráðherra þó að það ætti nú að vera almennir mannasiðir vil ég segja að ráðherrar sæju sóma sinn í að hunsa ekki vilja þingsins. En hvað um það. Ráðherra getur svo sem ráðið því hvort hann framkvæmir þál. eða ekki. En hafi nú verið samþykkt lög um að hann skuli gera það, þá held ég að sé mjög erfitt að fara ekki að þeim vilja. Og satt að segja verð ég að segja alveg eins og er þó að ég vogi mér ekki að draga í efa hæfni Sigurðar Líndals í sínum fræðum, þá er ég hreinlega ekki sammála túlkun hans sem birtist hér í fskj. II því að það er ekki verið að binda neina tvo aðila með þessu frv. 1. gr. frv. hljóðar einfaldlega svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin skal á árinu 1993 gera samning við framleiðendur eða seljendur ...“ Þeir eru ekkert tilgreindir. Það eru þeir framleiðendur og seljendur sem niðurstaða fæst við.

Ég treysti því að þegar þetta frv. kemur til atkvæðagreiðslu, ég vænti þess að það gerist þegar þingheimi verður næst hóað saman, að forustumenn verkalýðssambanda og Farmanna- og fiskimannasambandsins, Sjómannafélags Reykjavíkur og fleiri félagasamtaka láti ekki sitt eftir liggja til þess að þetta frv. hafi meiri hluta í þinginu. Ég skora á hv. þm. að taka nú einu sinni höndum saman um svo brýnt mál sem þetta er og gleyma öllum flokkadráttum. Það getur ekki verið pólitískt mál að fólk missi lífið hér á landi sakir veðra, vinda og hvers kyns óláns vegna þess að við höfum ekki ráð á að eiga hér boðlega björgunarþyrlu. Slíkt og annað eins getur ekki átt sér stað. Ég vil mælast til að allt verði gert til þess að þetta mál nái fram að ganga og þegar í stað verði teknir upp samningar og ekki síst í samráði við það fólk sem mest og best hef-

ur unnið að þessum málum og þá fyrst og fremst Landhelgisgæsluna og þá flugmenn sem eiga að stjórna þessum tækjum. Með allri virðingu fyrir þeim ágætu deildarstjórum í forsætis- og utanrrn. þá treysti ég Páli Halldórssyni og Benóný Ásgrímssyni betur til að vita hvað hentar í þessum efnum hér í okkar landi en þeim.

Frsm. minni hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir talaði um málalengingar varðandi mitt mál áðan, álit minni hluta allshn. Ég get að sjálfsögðu ekki tekið undir þá skoðun hennar en ég fullvissa hana hins vegar um það að við erum ábyggilega ekki síður áhugamenn en hún um að tryggja að það verði öflug björgunarþjónusta á Íslandi. En þar sem hún nefndi að það væri óþarfi að rugla saman viðræðum við varnarliðið við þetta mál þá vildi ég bara ítreka að það er vegna þess að menn hafa rætt um það hvort hægt væri að kaupa þyrlu sem væri af sömu tegund og þær þyrlur sem varnarliðið notar. Það gæti verið hagkvæmara fyrir okkur.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér tæknileg atriði enda hef ég ekki til þess þekkingu en hins vegar held ég að það þurfi ekki að vera neitt vandamál í sambandi við þau mál sem hún ræddi, afísingarbúnað, sjálfstýringarbúnað og annað því um líkt, að þau tæki er öll hægt að fá í slíkar gerðir af þyrlum. Ég get að sjálfsögðu tekið undir það og nefndi það áðan í mínu máli að það hefði lítið gildi að vera að tala um kostnað í máli þar sem um er að ræða að kaupa tæki til björgunar á mannslífum. En ég tel hins vegar rétt og skylt að þær upplýsingar komi fram í umræðum um málið.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það vill svo til að það hefur margsinnis komið í ljós og verið látið í ljós af þeim sem best vita að þyrlurnar sem notaðar eru á Keflavíkurflugvelli henta alls ekki. Það er ástæða fyrir því. Slíkar þyrlur eru herþyrlur og þær eiga að þjóna allt öðrum markmiðum en við ætlum að nýta þær til. Þær hafa oft komið að góðum notum hér og það skal aldrei vanþakkað en þessi tæki eru til allt annarra hluta gerðar og á þetta hefur margsinnis verið bent. Að það geti skipt öllu máli, þó hægt væri að halda úti einhverju sameiginlegu viðhaldi, held ég að séu smámunir. Þeir flugmenn hjá Landhelgisgæslunni töldu að breytingarnar sem gera þyrfti á slíkri þyrlu yrðu mjög dýrar og alls ekki til þeirra bóta að jafnaðist á við þá þyrlu sem þeir hyggjast kaupa. Ég held og vil ítreka að best væri unnið að þessu máli í sem allra mestu samráði við þá. Þeir hafa lengst af unnið á þessum tækjum, þeir vita hvað til þarf ásamt læknum sem hafa farið í ferðir með þeim og ég held að stjórnvöld ættu að taka mið af því sem þetta fólk hefur lært af reynslunni og haga sér í samræmi við það heldur en að fela þessi verk annars ágætum ungum mönnum sem aldrei nokkurn tímann hafa komið hvorki á fiskibát né upp í þyrlu.

Frsm. minni hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að vísu sjálfsagt rétt að það sé um að ræða herþyrlur sem eru notaðar hjá varnarliðinu en ég vil benda á það að sá framleiðandi sem framleiðir þær þyrlur framleiðir einnig þyrlur sem eru af borgaralegri gerð og það er hægt að fá slíkar þyrlur strípaðar frá framleiðendum þannig að það er hægt að kaupa alls kyns aukaútbúnað þar í. En það er ekki rétt hjá hv. þm. að ekki hafi verið leitað eftir áliti þessara aðila sem hún nefndi áðan, m.a. yfirflugstjórans, vegna þess að það hefur verið gert. Hann hefur átt sæti í nefndum sem hafa verið að skoða þetta mál og að sjálfsögðu verður haldið áfram að leita eftir þeirra skoðunum og áliti þeirra sérfræðinga sem best þekkja til málsins.

Útbýting þingskjals:

Löndun á loðnu til bræðslu, 304. mál, nál. sjútvn., þskj. 668.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál sem nú hefur verið afgreitt úr allshn. með jákvæðri umsögn meiri hluta nefndarinnar. Það er í rauninni ekki eftir neinu að bíða að ganga frá því að samþykkja þetta frv. og það er það eina sem Alþingi gæti verið fullsæmt af. Ástæðan fyrir því að kostnaður hefur verið gerður að umtalsefni er einfaldlega sú að meðal annars er verið að kanna leiðir til þess að nýta einhvers konar samstarf við varnarliðið á Keflavíkurflugvelli. Í því tilviki hefur þessi athugun leitt til tafa. Það er sárgrætilegt þar sem þetta mál þolir enga bið. Vilji Alþingis liggur fyrir og þar að auki er þetta sárgrætilegt einfaldlega vegna þess að það er mikið óraunsæi að halda að það sé hægt að ganga til þessa samstarfs. Annað tveggja mun gerast samkvæmt því: Ef öllum kröfum um sómasamlega björgunarþyrlu er fullnægt þá er þarna um mun dýrari grip að ræða en ýmislegt af því sem hefur verið kannað áður og ég sé í rauninni ekki til hvers það mundi leiða að fara að halda áfram að reyna að finna einhvers konar niðurstöðu í því dæmi sem ætti að verða kostnaðarminni og hagnýtari. Það sem nú liggur fyrir af upplýsingum bendir ekki til þess að þetta sé gerlegt né æskilegt. Ef hins vegar á að spara einhvern kostnað þá sitjum við uppi með grip sem er ekki það sem okkur vantar. Okkur vantar fullkomna, góða björgunarþyrlu sem svarar grundvallarkröfum. Annars vegar þeirri kröfu að hægt sé að nota hana við allar þær veðurfarsaðstæður sem upp koma í þessum erfiða heimshluta og hins vegar að það sé í rauninni hægt að fara um þau svæði sem þarf, það sé hægt að fara yfir land ekki síður en lög, afísingarbúnaður sé í lagi og að þyrlan geti verið kyrr fyrir ofan slysastað því venjulega eru þetta slys sem eiga sér stað við erfiðar aðstæður. Það er alveg ljóst að við erum ekki að komast nær því að sjá einhverja niðurstöðu þarna ef við höldum áfram þessum viðræðum við varnarliðið sem einhverjar eru nú. Við getum ekki sætt okkur við að það verði annað tveggja, eytt meiri tíma

sem er það mikilvægasta í þessu og meiri peningum, bara vegna þess að þetta virðist vera orðið eitthvert sáluhjálparatriði að ná þarna einhverri tengingu eða hins vegar að það verði slegið af kröfum þannig að við séum ekki að tryggja okkar fólki á sjó og landi bestu mögulega björgun ef á reynir.

Þetta er í rauninni það sem skiptir máli. Tafir á þessu máli eru orðnar slíkar að það er þyngra en tárum taki að ræða það. Ég held að það sé alveg óþarfi að fara út í þá sögu, við þekkjum hana flest og fyrir þá sem ekki gera það, þá breytir í rauninni engu hvort þeir kynnast henni eða ekki. Ég held að nú þurfi bara að grípa til aðgerða og ganga í þetta verk og gera sér grein fyrir því með miklu raunsæi að við erum að fara á blindgötu ef við ætlum að bíða eftir því að einhver niðurstaða komist á einhvers konar samstarfi við varnarliðið. Það þýðir tímatöf sem við þolum ekki, frekari tímatöf, og það er ekki útlit fyrir að það leiði til nokkurs.

Frsm. minni hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi það atriði sem hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson nefndi áðan um að hugsanlega sætum við uppi með þyrlu sem ekki fullnægði öllum kröfum þá held ég að það sé ekki rétt athugað og tel að í þessu sambandi sé rétt að geta þess að svo virðist að hægt sé að uppfylla allar þær kröfur sem um hefur verið rætt, öryggiskröfur, bæði varðandi afísingarbúnað, neyðarflot og fleira og einnig líklega svonefnda fjögurra ása stýriútbúnað eða sjálfstýringu sem gerir það að verkum, að því að mér er sagt, að þyrlan geti haldið kyrru fyrir yfir björgunarstað. Í sjálfu sér tel ég það ekkert markmið að við séum að ræða það hér hvers konar þyrlu á að kaupa eins og ég nefndi áðan. Það ekkert markmið heldur í sjálfu sér að vera að ræða það nákvæmlega hvort hægt er að ná þessum samningum við varnarliðið. Þetta er allt í skoðun og ég er sannfærð um að við fáum niðurstöðu úr þeirri skoðun og þeim viðræðum fljótlega og þá gætum við tekið ákvörðun og reynt að finna þann kost sem öllum þykir best henta.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki að ástæðulausu að þolinmæli ýmissa, bæði sem nátengdir eru þyrlumálum hjá Landhelgisgæslunni og okkar sem viljum þetta mál í gegn núna, er á þrotum. Skoðun hefur staðið allt of lengi. Hún hefur ekki skilað neinu enn þá, ekki neinu sem við höfum ekki vitað nema kannski því að það liggur nokkuð ljóst fyrir að annað tveggja mun gerast: Í fyrsta lagi vek ég athygli á því að ég nefndi að það væri alveg raunsætt að ætla sér að geta fengið fullnægjandi þyrlu sem svaraði þeim kröfum sem við þurfum að gera og telst fullnægjandi frá varnarliðinu. Þá erum við hins vegar að tala um mjög dýran grip, alveg sama hvort við förum þá leið að fá strípaðan skrokk sem ýmis búnaður er settur á. Það kostar einfaldlega mjög mikla peninga, meiri en aðrar lausnir, og ég hef áreiðanlegar upplýsingar fyrir því. Í öðru lagi ef hér er um einhvern sparnað að ræða — og ég tel það ekki sáluhjálparatriði að við séum að ná fram sparnaði þarna — þá er staðan einfaldlega sú að þessi gripur uppfyllir ekki þær kröfur sem við verðum að gera til hans. Það er sérstaklega veikur hlekkur í keðjunni og það kom fram í störfum okkar í allshn. að það er ekki hægt að láta þyrlu af þessu tagi vera kyrra yfir stað í slæmum veðrum og þessar upplýsingar fengum við frá fulltrúum ráðuneytanna. Það þarf dýrari og meiri búnað til þess að það sé gert. Það skiptir máli að ræða þessi mál einfaldlega vegna þess að það er á þessum forsendum sem töf hefur orðið og þess vegna virðumst við enn þurfa að horfa upp á frekari töf ef þessi lína verður látin ráða.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að fara fram á það við virðulegan forseta að hún kalli á fundinn hæstv. forsrh., verkstjóra þessarar ríkisstjórnar. Ég tel alveg nauðsynlegt að hann verði viðstaddur umræðuna og upplýsi þingheim um hver stefna ríkisstjórnarinnar sé í þessu máli. Jafnframt ég tel einnig nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur þar sem hér hefur komið fram hjá formanni allshn. að ríkisstjórnin hyggist nýta þá heimild sem er í 6. gr. fjárlaga en á móti hef ég heyrt af vörum hæstv. fjmrh. að hann hyggist ekki nýta þá heimild. Ég tel alveg nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. verði kallaður til fundarins til að upplýsa hvort er rétt það sem hann hefur látið frá sér fara eða það sem hér var upplýst áðan eða það hvort hæstv. fjmrh. hefur skipt um skoðun. Þetta tel ég mjög mikilvægt upp á framhald þessarar umræðu að þessir tveir hæstv. ráðherrar séu viðstaddir og geri grein fyrir sínum sjónarmiðum, annars vegar fjmrh. og hins vegar hæstv. forsrh., verkstjóri þessarar ríkisstjórnar. (**Forseti:** Vegna orða hv. 5. þm. Reykv. vill forseti geta þess að hæstv. fjmrh. fór utan í morgun þannig að ekki er hægt að fá hann hingað en það er verið að athuga hvort hæstv. forsrh. geti komið til fundarins. Ég vil því spyrja hv. þm. hvort hann gæti gert hlé á máli sínu meðan það er athugað og forseti gæti þá leyft næsta hv. ræðumanni að tala áður en ljóst verður hvort hæstv. forsrh. getur komið hingað.) Ég þakka, hæstv. forseti, ég mun þá þiggja það og gera hlé á máli mínu uns hæstv. forsrh. mætir til fundarins.

Frsm. meiri hluta allshn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Það er dálítið merkilegt að fylgjast með umræðum um þetta mál. Ekki vegna þeirra sjónarmið sem fram hafa komið hjá ræðumönnum heldur vegna hins hverjir hafa ekki talað og hverjir hafa ekki verið viðstaddir í þessu máli. (**Forseti:** Forseti vill tilkynna hv. þm. að forsrh. er á leiðinni og bannar aðvitað ekki að hann haldi máli sínu áfram en á það hefur verið bent og getur sá forseti sem nú situr ekki að því gert að hv. 2. þm. Vestf. mun hafa beðið um orðið langt á undan þeim þm. sem ég hef þegar gefið orðið. Um það var ekkert að sjá á mælendaskrá svo ég bið auðvitað hv. 2. þm. Vestf. afsökunar á

því en gef eiginlega hv. 5. þm. Vestf. sjálfdæmi um hvort hann vill halda máli sínu áfram eða leyfa hv. 2. þm. Vestf. að taka til máls.) Ég mun þiggja það, virðulegi forseti, að gera hlé á ræðu minni og hleypa hv. 2. þm. Vestf. að því ég hef þegar talað einu sinni. (**Forseti:** Forseti vill þakka hv. 5. þm. Vestf.)

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu á sér allmerka sögu vegna þess að það efni sem frv. boðar að beri að framkvæma hefur verið samþykkt sem viljayfirlýsing á Alþingi í formi þáltill. Þá trúðu menn því að heimild í fjárlögum sem sett hafði verið inn í framhaldi af samþykkt þáltill. yrði notuð og ekki þyrfti að sækja þetta mál með töngum, ef svo mætti komast að orði. Ég hygg að allar umræður um það hvernig standa beri að rekstri þyrlunnar eða hvaða tegund eigi að kaupa séu annars eðlis. Við höfum aftur á móti horft á þá staðreynd að sjóslys og önnur slys ber skjótt að og íslenska þjóðin eyðir ekki miklum fjármunum til almannavarna eins og margar aðrar þjóðir þurfa að gera. Við búum við það að slysavarnafélög hafa létt af íslenskum skattgreiðendum verulegum fjárfúlgum, svo ekki sé meira sagt, með starfi sínu. Þetta hefur orðið til þess að það sem okkur aftur á móti finnst nauðsyn að fylgja eftir er að Landhelgisgæslan sé það vel búin að maður þurfi ekki að fyrirverða sig fyrir það öryggisleysi sem vissir þegnar þjóðfélagsins búa við.

Ég hef heyrt vegið að hv. 1. flm. þessa máls á þeirri forsendu að mönnum þótti að hann sækja sitt mál af of miklu kappi. Mér finnst að slíkar athugasemdir á sínum tíma eigi ekkert að koma því við hvernig menn standa að afgreiðslu svona máls. Auðvitað verður þingið að taka þessar ákvarðanir. Þegar við höfum horft upp á það að heimild í fjárlögum hefur ekki verið notuð sækir vissulega að manni efi um að hæstv. fjmrh. hafi hugsað sér að nota þá heimild. Hann er sagður erlendis en embættið fer aldrei út. Embættið er hér. Spurningin er aðeins: Hver af ráðherrum landsins fer með það embætti í dag að vera fjmrh. í fjarveru hæstv. ráðherra Friðriks Sophussonar? Sá ráðherra þyrfti að mæta hér og svara því hvað er það sem ríkisstjórnin ætlar að gera í þessu máli. Með því er ég ekki að gera lítið úr orðum hv. 6. þm. Reykv. Ég tel aftur á móti eðlilegt vegna þeirrar tortryggni sem vissulega ríkir í garð hæstv. fjmrh. í þessu máli að vafanum sé eytt. Það væri gleðistund fyrir Alþingi Íslendinga að slík yfirlýsing kæmi hér úr ræðustól að ákveðið væri að fara í þyrlukaup.

Ég vænti því þess að þrátt fyrir væringar, sem vissulega hafa verið um þetta mál, beri Alþingi Íslendinga gæfu til að breiðfylkja í þessu máli til stuðnings því frv. sem hér er og afgreiða það. Sá einn væri sómi þingsins, m.a. í ljósi þess að búið var að samþykkja þáltill. um þetta mál.

Í sjálfu sér mætti flytja langt mál og rekja þessa sögu. Ég hef ekki áhuga á því. Ég ætla ekki að fara að dreifa neinu salti í sár í þeim efnum en ég vil trúa því jafnframt að hv. 6. þm. Reykv. geri það í góðri trú að leggja það til sem hv. þm. leggur til. Það sem menn greinir fyrst og fremst á um er traustið á ráðherrunum. Traustið á ráðherrunum er ekki til staðar hjá stórum hluta þingsins í þessu máli.

Ég játa það að í fyrra trúði ég því ekki að mönnum væri alvara í því að halda þannig á þessu máli að þeir ætluðu að draga fæturna og koma málinu þannig fyrir kattarnef í bili.

Ég verð aftur á móti að viðurkenna að eftir að hafa horft á vinnubrögðin efast ég um að það sé verjandi að treysta þeim fyrir heimildinni einni saman án þess að hafa það skýrt hvað þeir eiga að gera. Þess vegna tek ég mjög undir það sem komið hefur fram hjá hv. 5. þm. Reykv. að forsrh. mæti hér og gefi skýr svör og sá hæstv. ráðherra sem fer með embætti fjmrh. þessa stundina geri það sömuleiðis. E.t.v. er þetta einn og sami maðurinn og gæti þá sparast ræðutími í púltinu.

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í tilefni orða síðasta ræðumanns, hv. þm. Ólafs Þórðarsonar, vil ég láta það sjónarmið mitt koma fram að ég treysti ráðherrum Sjálfstfl. í þessari ríkisstjórn til þess að fylgja þessu máli eftir og ég vona svo sannarlega að við getum öll staðið þannig að málum að við reynum það að þeir séu þess trausts verðir.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki á hverjum degi sem menn koma upp í þennan ræðustól til að lýsa yfir trausti á ráðherra landsins og það gera varla nema kjarkmenn núorðið. En það kom líka fram að hann hafði þann fyrirvara að hann sagði að það væri í þessu máli, svo rétt sé með farið. Ég vil ekki gera lítið úr því. Ég vona að hann hafi eitthvað fyrir sér í þessum efnum en því miður er það svo, og kannski sem betur fer fyrir mig, að ég þarf ekki að bera ábyrgð á hæstv. ráðherrum og játa það hreinskilnislega að ég treysti þeim ekki of vel í þessu máli.

Frsm. meiri hluta allshn. (Kristinn H. Gunnarsson) (frh.):

Virðulegi forseti. Það hefur þegar verið óskað eftir því að hæstv. forsrh. komi til þingfundar og enn hefur hann ekki sést hér svo ég býst við að ekki sé útséð með það hvort hann mætir eða ekki. Ég tel alveg nauðsynlegt, virðulegi forseti, að áður en umræðunni lýkur svari hæstv. forsrh. því hver áform ríkisstjórnarinnar eru. Hann er þess bær sem oddviti ríkisstjórnarinnar og einnig, sem ég hygg að ég fari nærri um, sem starfandi fjmrh. meðan hæstv. fjmrh. er erlendis.

Ég vil draga aðeins saman það sem vakið hefur athygli mína í þessari umræðu eins og hún hefur verið fram til þessa. Fram að andsvörum áðan áðan hefur ekkert komið fram í máli ræðumanna sem mér hefur komið á óvart eða vakið athygli mína sérstaklega heldur hitt hverjir ekki hafa talað og hverjir eru ekki eru viðstaddir umræðuna. Það hefur t.d. vakið mikla athygli mína að alla umræðuna hefur ekki einn einasti ráðherra Sjálfstfl. sést í þingsalnum. Ekki einn einasti. (**Forseti:** Hv. þm. skal bent á að hæstv. dómsmrh. hefur setið hér alla umræðuna. Að vísu í hliðarsal en hann

hefur hlýtt á umræðuna.) Akkúrat, forseti. Það sem ég sagði var að ég hefði ekki séð einn einasta ráðherra Sjálfstfl. í þingsal. Hitt er alveg rétt og ætlaði ég að koma að því að ég hef hins vegar séð hæstv. dómsmrh. álengdar í hliðarsal þar sem hann hefur setið að því er mér virðist mjög gneypur undir þessari umræðu. (**EgJ:** Það er fullt af þingmönnum Sjálfstfl. hér.) Ég er að tala um ráðherrana, hv. þm. Ég veit að hv. þm. Egill Jónsson er ekki ráðherra. (**Gripið fram í:** Því miður.) Því miður fyrir hann a.m.k.

Það hefur líka vakið athygli mína að einn af flm. málsins, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur, Guðmundur Hallvarðsson, hefur ekki sést í umræðunni. Ég hef reyndar ekki séð hann í þingsal og ég spyr: Hvar er hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur? Er hann ekki hér til að tala máli sinna umbjóðenda sem formaður Sjómannafélags Reykjavíkur eða skiptir hann um föt þegar hann kemur í þingsal og hættir að vera talsmaður fyrir þau sjónarmið og verður talsmaður fyrir önnur sjónarmið — og hvaða sjónarmið þá?

Ég hef tekið eftir því á viðverutöflu að hv. þm. er fjarverandi. Ég hef einnig tekið eftir því að formaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hefur ekki haldið ræðu í umræðunni þar til rétt áðan að hann fór upp í andsvör (**GAK:** Og flutti mína ræðu.) og tilkynnti þá afstöðu sína að hann ætlaði ekki að styðja frv. heldur sagði: Ég legg allt mitt traust á ráðherrana.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson verður að tala skýrar. Ætlar hann að greiða atkvæði með meiri hluta allshn. og með þeim sem vilja lögfesta þetta frv. eða ætlar hann að greiða atkvæði með minni hluta allshn. og þeim aðilum sem vilja vísa málinu til ríkisstjórnarinnar sem hefur verið með málið í 21 mánuð og 25 dögum betur án þess einu sinni að ljúka undirbúningi hvað þá að komið sé að framkvæmd?

Ég vil skora hv. 1. þm. Vestf. að halda myndarlega fullmektuga ræðu og skýra þingi og þjóð frá afstöðu sinni í málinu, hvort hún er sú sama og kom fram í ritstjórnargrein Sjómannablaðsins Víkings sl. haust og ég las upp eða hvort hún er sú sama og fram kom í máli frsm. minni hluta allshn.

Af orðum hv. þm. gat ég ekki annað ráðið en hann hygðist styðja sjónarmið minni hluta allshn. Þá segi ég: Þá er Bleik brugðið þegar hv. 1. þm. Vestf., þingmaður Sjálfstfl. af Vestfjörðum, er farinn að láta forustu flokksins setja sig í bönd. Það hefur ekki gerst svo mig reki minni til í jafnmikilvægu máli og hér er til umræðu að 1. þm. Vestf. láti forustu flokksins, Reykjavíkurvaldið, ráða gjörðum sínum í þingsal.

Það var einnig fróðlegt fyrir hv. þingheim og þjóðina, a.m.k. þann hluta þjóðarinnar sem á þess kost að fylgjast með umræðunum, að vita hver eru sjónarmið hv. 3. þm. Vestf. Ætlar hann að styðja þjóðina eða ætlar hann að styðja hæstv. forsrh.? Ætlar hann að styðja sjómennina á Vestfjörðum eða ætlar hann að styðja hæstv. forsrh.?

Þessari spurningu verða menn að svara í umræðunni. Það duga engin undanbrögð og ekkert hálfkák. Það eina sem dugar eru efndir á því sem menn hafa gefið fyrirheit um. Það eru ekki efndir, virðulegir þingmenn, af hálfu þingmanna Sjálfstfl. að ganga fram til kosninga fyrir tæpum tveimur árum undir því flaggi að undanbragðalaust verði ráðist í kaup á björgunarþyrlu og vera í dag, tæpum 22 mánuðum síðar, með málið enn á undirbúningsstigi og vera að þvæla því þannig að það er að verða komið í nánast óleysanlegan hnút. Meira segja að því er virðist í andstöðu við þá sem best þekkja málið, þ.e. Landhelgisgæslu Íslands. Það eru ekki efndir á fyrirheitum.

Hv. þm. Sjálfstfl., sem ítrekað hafa frestað framgangi þessa máls í vetur með beiðnum um að málinu verði frestað í nefnd og málinu verði frestað í þingsal vegna þess að þingflokkur Sjálfstfl. þurfi að ræða þetta í sinn hóp, verða að svara fólki því hvort þeir ætli að standa við sín fyrirheit og sínar skýru yfirlýsingar eða hvort þeir ætli að ganga á bak orða sinna. Er þetta kannski bara ómerkilegur þingflokkur sem segir eitt fyrir kosningar og gerir annað eftir kosningar?

Þingflokkur Sjálfstfl. verður að gefa skýr svör við þessari spurningu. Ekki hvað síst þegar hann gekk fram undir forustu nýs formanns sem sagði það vera verkefni númer eitt í íslenskri pólitík að bæta pólitískt siðferði.

Við skulum sjá hvernig það hefur batnað í tíð núv. ríkisstjórnar. Við sjáum það við atkvæðagreiðslu í þessu máli hvernig pólitískt siðferði hefur batnað undir forustu Sjálfstfl. Ég kalla það ekki framför í þeim efnum þegar menn gefa út skilmerkileg loforð fyrir kosningar en ganga á bak þeim eftir kosningar.

Hæstv. núv. ríkisstjórn hafði til þess allar heimildir sem þurfti á fjárlögum ársins 1991 til að ganga frá málinu og gerði það ekki. Hún hafði í annað sinn allar heimildir sem hún þurfti til þess í fjárlögum árið 1992 en gerði það ekki. Nú koma menn og segja: Hún hefur heimildir til þess nú í þriðja sinn á árinu 1993, og vilja að við trúum því að hún muni eitthvað frekar gera á þessu ári en hin tvö.

Ég get ekki tekið undir það með hv. 1. þm. Vestf. að ég treysti hæstv. ráðherrum til þess að efna orð sín og fyrirheit. Ég tel að þingið verði að taka af skarið með skýrum fyrirmælum til hæstv. ríkisstjórnar svo tryggt sé að orðið verði við vilja Alþingis sem liggur fyrir með þáltill. frá 12. mars 1991.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að segja fleira að sinni þar sem ég vænti þess að hinir þögulu þingmenn hins stóra þingflokks muni fá orðið og gera grein fyrir afstöðu sinni. Geri þeir það ekki þá mun mönnum verða það ljóst að þeir eru orðnir fangar kolkrabbans í Reykjavík.

Ingi Björn Albertsson (frh.)**:**

Hæstv. forseti. Ég hyggst ekki halda langt mál í fyrri ræðu minni þó vissulega sé tilefni til og kannski aukast þau tilefni þegar á umræðuna líður. Þá verður hægt að bæta úr lengd ræðunnar.

Ég vil byrja mál mitt á því að lesa stutta grein sem birtist í Gæslutíðindum, sem út kom í desember 1992, og ber yfirskriftina „Þyrlumálið". Greinin er rituð af Benóný Ásgrímssyni sem er flugmaður á stærri þyrlu

Landhelgisgæslunnar. Ég tel að þessi grein lýsi nefnilega ágætlega stöðu málsins og ætla því að lesa hana, með leyfi forseta, en hún er svona:

„Í þessari stuttu grein minni ætla ég að lýsa stöðu þyrlukaupamálsins eins og það lítur út frá mínum sjónarhóli í dag.

Það var árið 1987 sem fram var lagt á Alþingi tillaga um kaup á fullkominni björgunarþyrlu fyrir Íslendinga. Í framhaldi af því hafa síðastliðin fimm ár verið stanslausar umræður um þessi þyrlukaupamál með tilheyrandi fjölda nefnda sem hver af annarri hafa skilað áliti sínu til ríkisstjórnarinnar.

Sammerkt með niðurstöðu allra nefndanna var að kaupa þyrfti björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Þrátt fyrir þetta og að varla séu til þau sjómannasamtök, björgunarsveitir, ferðaklúbbar, og mér liggur við að segja saumaklúbbar í landinu, sem ekki hafa ályktað þessu máli til stuðnings stöndum við í dag, fimm árum síðar, án ákvörðunar í þessu máli.

Það var á vordögum 1991 er við, sem barist höfðum fyrir þessu máli, töldum það komið í höfn með samþykkt Alþingis Íslendinga á þáltill. þess efnis að keypt yrði fullkomin björgunarþyrla fyrir Íslendinga á árinu 1991.

Það er nú svo þegar stjórnmálamenn fyrir kosningar eru að lofa kjósendum hinu og þessu, þá kærum við okkur kollótt og ætlumst jafnvel ekki til þess að þeir standi við þau loforð. En þegar Alþingi Íslendinga samþykkir eitthvað þá viljum við staldra við og ætlumst til að framkvæmdarvaldið fari eftir þeim samþykktum. Þáltill. sem samþykkt var vorið 1991 var skýr og einföld og hljóðaði á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að á árinu 1991 verði gerður samningur um kaup á fullkominni björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna."

Í framhaldi af þessari samþykkt skipaði dómsmrh. nefnd sem átti, eins og kom fram í fréttatilkynningu, „að undirbúa málið". Þó að mörgum hafi þótt samsetning nefndarinnar nokkuð sérkennileg trúðu menn því að hún færi eftir fyrirmælum dómsmrh., þ.e. að undirbúa kaup á fullkominni björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna.

Þessi nefnd var að störfum í sex mánuði. Niðurstaða nefndarinnar var: Nefndin leggur til að formlegar viðræður verði hafnar við bandarísk stjórnvöld um framtíðarskipan björgunarstarfsemi varnarliðsins á Íslandi.

Ja, þvílík niðurstaða nefndar sem var sex mánuði að störfum til að undirbúa kaup á fullkominni björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna.

Næst gerist það í málinu að hafnar eru viðræður við Bandaríkjamenn í framhaldi af niðurstöðum nefndarinnar sem enduðu eftir nokkurra mánaða viðræður án sýnilegs árangurs.

Enn á ný var skipuð nefnd og nú skyldi í eitt skipti fyrir öll komast að niðurstöðu hvaða tegund björgunarþyrlna væri heppilegast að velja til björgunarstarfa hér á landi. Niðurstaðan úr þeirri nefnd kom ekki mörgum á óvart. „Super Puma" var það eins og mælt hafði verið með sl. fimm ár.

Stjórnmálamenn og aðrir hafa skírskotað til erfiðs árferðis og að þyrlur séu dýrar. Vissulega er hvort tveggja rétt, en þetta hefur ætíð verið svona. Það var ekki verið að tala um að menn þyrftu að veiða hér upp úr vasanum í fyrramálið eða eftir hádegið 600 millj. Það er verið að tala um svipaðar fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð eins og það mundi kosta fjölskyldu að kaupa sér eina ryksugu á 20–30 þús. kr. og borga hana á 10–15 árum.

Að lokum. Eins og fram hefur komið tekur allt að eitt og hálft ár frá pöntun þar til afhending á nýrri Super Pumu þyrlu gæti orðið samkvæmt upplýsingum umboðsmanns Super Puma þyrlna á Íslandi. Eru söluaðilar tilbúnir að samþykkja að engar greiðslur þurfi að inna af hendi við pöntun þyrlunnar eða við afhendingu. Ekki þyrfti að greiða fyrstu afborgun fyrr en eftir að þyrlan væri búin að vera í eitt ár í rekstri hér á landi. Enginn rekstrarkostnaður yrði af þessari vél á fjárlögum fyrir árið 1993 og ekki þyrfti að nota heimild sem nú er í lánsfjárlögum.

Með vísan til ofanritaðs eru að mínu mati engin efnahagsleg rök lengur fyrir því að slá þessu langþráða máli frekar á frest."

Undir þetta ritar Benóný Ásgrímsson þyrluflugmaður.

Hæstv. forseti. Í rauninni þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta mál en eins og ég sagði í upphafi er vissulega hægt að hafa um þetta mörg orð og tala langt mál.

Árið 1987 lagði ég fyrst fram þáltill. um þetta efni. Loksins árið 1991 fékkst sú till. samþykkt. Þá sat í sæti fjmrh. hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og má segja honum það til hróss að hann brást strax við og skipaði nefnd í málið. Síðan voru kosningar og ný ríkisstjórn tekur við völdum og heldur betur glaðnaði nú yfir mér sem 1. flm. þessarar till. Af hverju skyldi hafa glaðnað yfir mér? Jú, allir fagráðherrar þessa máls voru þingmenn Sjálfstfl. Við eigum forsrh., við eigum fjmrh., við eigum dómsmrh. Var ekki málið pottþétt í höfn? Var ekki málið bara pottþétt í höfn? Að ég tali nú ekki um þá landsfundarályktun sem hv. þm. Kristinn Gunnarsson rifjað upp og var alveg fortakslaus. Það átti undarbragðalaust að mati landsfundar Sjálfstfl. að gera samning um kaup á fullkominni björgunarþyrlu. En það er auðvitað mál sem landsfundur flokksins á að velta fyrir sér hvert gildi svona samþykktar yfirleitt er og af hverju er verið að kalla hundruð eða þúsundir manna til Reykjavíkur til þess að samþykkja gersamlega marklausar yfirlýsingar.

Nei, það var ekki lengi ástæða til þess að gleðjast. Málið var sett í þann farveg sem var lýst í þeirri grein sem ég las áðan: Nefnd ofan á nefnd ofan á nefnd. Niðurstaða og óskir þeirra sem nú virðast ráða ferðinni beinast suður á völl. Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að ég efast mikið um gildi þáltill. yfirleitt. Hér var alveg skýr og klár samþykkt Alþingis, skýr skilaboð til ráðherra í ríkisstjórn sem þeim ber að fara eftir. Þeir starfa í okkar umboði en ekki öfugt. Það held ég að menn mættu fara að átta sig á. Þessir menn starfa í okkar umboði og þeim ber að hlíta þeim fyrirmælum sem við setjum þeim en ekki öfugt. Tillagan var al-

veg skýr. Hún var sú að það átti að gera samning um kaup á fullkominni björgunarþyrlu á árinu 1991. Ekki bara gera tillögu sem síðan var hægt að stinga ofan í skúffu af því að hún var ekki tímasett. Það var auðvitað með opnum huga að sett voru tímamörk til þess að þessi vilji Alþingis yrði virtur og það yrði gengið til samninga á þessu ári.

Og ég leyfði mér að vera bjartsýnn. Að vísu dofnaði strax yfir bjartsýni minni þegar ég sá fyrstu nefndina skipaða. Þá sáu allir í hvað stefndi. Svo kemur einn tiltekinn þingmaður hér upp og talar um traust á ríkisstjórnina, traust á ráðherra. Hafa menn ekki fylgst með ferli þessa máls? Ég var að lýsa vilja Alþingis um að þessi samningur yrði gerður á árinu 1991 og hann var ítrekaður í fjárlögum. Í tvígang lýsti Alþingi yfir vilja sínum í þessu máli en ríkisstjórnin hirti ekki um það.

Af hverju halda menn að frv. sé lagt fram? Af hverju? Til þess að málið fái eðlilegan framgang af því að það fær það ekki í ríkisstjórninni. Þess vegna er frv. lagt fram. Það var lagt fram líka á síðasta þingi en fyrir orð ráðherra dró ég það til baka út úr nefnd á lokastigi málsins vegna þess að þá var mér tjáð að það yrði klárað innan tveggja, þriggja vikna. Hefur það verið gert? Nei, ekki aldeilis. Og svo koma menn hér upp og tala um traust. Ég held að menn verði að skoða forsöguna áður en þeir gefa svona yfirlýsingar.

Ég verð að segja það í fullri einlægni við þá sem eru að reyna að hefta framgang þessa máls: Gerið þið ykkur grein fyrir afleiðingunum? Ég vil benda mönnum á að ef þeir hefðu virt vilja Alþingis frá árinu 1991, þá væri ný björgunarþyrla að koma á þessu ári og sennilega um mitt þetta ár. Menn geta þá verið ábyrgir fyrir því sem skeður eftir þann tíma.

Ég ætla ekki að eyða tíma þingsins í það að ræða tegundir. Það er ekki málið. Málið er fyrst og fremst það að Landhelgisgæslan og íslenska þjóðin eignist öfluga björgunarþyrlu. En þetta Kanadekur þarna suður frá er gersamlega út í hött og það vita allir að það gengur aldrei upp. Það vita það allir. Og ég ætla ekki að eyða tíma þingsins í að tala um svona bull, metnaðarleysi, skort á stolti, að fara suður á völl. Mennirnir sem tala svona eru eins og köttur sem nuddar sér utan í lappirnar á manni. Ég er alveg hissa á þeim mönnum sem svona tala, t.d. formanni þeirrar nefndar sem fyrst var skipuð, að hann skyldi ekki styðja tillögu mína um það að enska yrði hér fyrsta tungumálið sem kennt yrði í grunnskólum. Það er það sem menn vilja. Maður ætti kannski bara að tala ensku við þessa menn. Aronskan svífur hér svoleiðis yfir að það er með ólíkindum. Auðvitað á svona tæki að vera í höndum Íslendinga og engra annarra.

Hv. formaður allshn. kom inn á að þetta væri mikill kostnaður. Vissulega er þetta mikill kostnaður. En menn heyrðu það tilboð sem gert hefur verið í eina ákveðna tegund án þess að ég ætli að taka afstöðu til tegunda. Þetta er engu að síður sú tegund sem flestir vilja fá, nema þeir sem stefna út á völl, og það tilboð er nú ekki dónalegt. Fyrsta afborgun ári eftir að hún hefur verið afhent. Og ætli greiðslubyrðin sé þá mjög þung? Hvernig keyptum við þá þyrlu sem við eigum í dag? Við tókum langtímalán fyrir henni og borguðum hana út, staðgreiddum hana og fengum hana á því betra verði í staðinn. Greiðslubyrðin dreifist auðvitað eftir lengd lánsins. En andstæðingar björgunarþyrlu fyrir íslensku þjóðina láta alltaf í veðri vaka að hér þurfi að reiða fram u.þ.b. milljarð. Það getur vel verið að það sé rétt ef menn ætla suður á völl. Ef menn ætla þangað getur vel verið að það sé rétt. En það er ekki svo. Þetta er ekki þung greiðslubyrði fyrir íslenska þjóð. Ef menn ætla í þessum sal að setja verðmiða á mannslíf, þá er illa fyrir okkur komið.

Ein af rökum hv. formanns allshn. fyrir því að fara suður á völl voru að við gætum þá hugsanlega staðsett aðra þyrlu einhvers staðar úti á landi. Hvað ætla menn að gera við þá þyrlu, sem við eigum í dag? Ætla þeir að henda henni? Að sjálfsögðu yrði hún staðsett úti á landi. Það liggur í augum uppi.

Talandi um kostnað hef ég margsinnis bent á kostnaðarliði sem má skera niður. Ég hef margnefnt það. Það er ferða- og risnukostnaður og bílakostnaður. Hann hátt í 4 milljarða kr. í þessu litla þjóðfélagi. En á það vildi enginn hlusta fyrr en núna allt í einu að Ríkisendurskoðun kemur með úttekt á því. Þá vilja menn allt í einu hlusta. En eru menn tilbúnir að taka á því? Það er hins vegar stóra spurningin eða á bara að láta þetta ganga yfir eins og flest annað?

Sú tillaga minni hluta allshn. að vísa málinu til ríkisstjórnar er algerlega út í hött og hefur verið rakið hér mjög vel af öðrum þingmönnum í umræðunum í dag. Hverju eru menn að vísa til ríkisstjórnarinnar? Máli sem er hjá ríkisstjórninni? Ég hef aldrei heyrt um svona afgreiðslu áður. Mér þykir það slappur minni hluti sem á ekki betri lausn en þá. Ég man reyndar ekki eftir því að þegar jafnstór meiri hluti er fyrir máli í nefnd að líkur séu á því að málið verði fellt í þinginu. Ég man ekki eftir því. Það eru sjálfsagt til dæmi. En maður hlýtur að spyrja sig: Hver er ástæðan? Hver er hin raunverulega ástæða?

Það liggur fyrir að þjóðin öll styður þetta mál. Það er mikill minni hluti sem styður Kanadekrið. Hér hafa verið samþykktar yfirlýsingar og fé safnað og ég veit ekki hvað á að nefna það sem fólkið í landinu hefur verið að reyna að sýna þessu máli stuðning. Það er ekki hlustað og ég lýsi mikilli ábyrgð á hendur þeim mönnum sem eru að þvælast fyrir. Allir flokkar í stjórnarandstöðu styðja málið og eftir því sem ég best veit hver einasti þingmaður. Ég veit ekki betur en þingflokksformaður Alþfl. styðji málið. Hann var meðflm. þessa frv. á síðasta þingi og hann hamaðist mikið í mér sem 1. flm. að hafa lagt frv. fram núna án þess að tala við sig. Við erum tveir þingmenn Sjálfstfl. sem flytjum þetta mál og auðvitað styðjum við okkar eigið mál. Ég veit um fleiri sem hafa hugsað sér að styðja það. Það er því vissulega von.

Ég hvet þjóðina: Fylgist þið vel með atkvæðagreiðslunni, hvernig menn greiða atkvæði og hvernig menn hafa talað áður. Fylgist þið vel með. Er samræmi þarna á milli? Ég hvet þjóðina, fylgist þið vel með og gleymið ekki. Málið snýst um þyrlu fyrir

Landhelgisgæsluna en ekki þyrlu fyrir varnarliðið.

Virðulegi forseti. Ég sagði í upphafi að ég ætlaði ekki að tala langt mál og við það stend ég. En maður hlýtur að spyrja sig í öllu þessu Kanadekri: Hvar ætla menn að enda? Er ekki alveg eins gott að Kaninn taki þá yfir Landhelgisgæsluna yfirleitt og fylgist með miðunum fyrir okkur? Og eru þá ekki björgunarsveitirnar næstar? Þetta er örugglega fjárhagslega hagkvæmt fyrir okkur. Menn með svona hugsunargang eru stórhættulegir.

Ég óskaði eftir því, virðulegi forseti, að hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. yrðu viðstaddir umræðuna. Hæstv. forsrh. til þess að upplýsa hug ríkisstjórnarinnar í þessu máli og hvað hún hyggst gera í málinu. Hyggst hún lenda málinu á þessu ári eða ekki? Skýr svör við því óskast. Það er hér með auglýst eftir skýrum svörum um hvað ríkisstjórn ætlar að gera. Ekki hverju hún ætlar að beita sér fyrir. Hvað ætlar hún að gera? Ætlar hún að virða vilja Alþingis eða ekki? Það er málið. Það er spurningin.

Spurningin til hæstv. fjmrh. er þessi: Ætlar hann að nýta þá heimild sem er í 6. gr. fjárlaga þar sem heimilað er að taka nauðsynleg lán til kaupa á fullkominni björgunarþyrlu? Ég hef heyrt fjmrh. lýsa því yfir að hann hygðist ekki gera það. Ég vona að hann hafi skipt um skoðun. Sé það svo að hæstv. forsrh. sé jafnframt núna starfandi fjmrh. fagna ég því því að þá get ég fengið svör við báðum spurningunum.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Þessi umræða um endurnýjun björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna er í sérkennilegum farvegi. Þegar mál sem hefur verið unnið að um allt land með miklum áhuga og þar sem markmiðið er það sama fer út í persónulegt níð og svívirðingar úr ræðustóli í Alþingi, svívirðingar á aðila sem hafa unnið að framgangi mála á ágætan hátt, svívirðingar á aðila sem hafa stundað björgunarstarfsemi við Ísland um langt árabil með miklum árangri sem gefur ekki ástæðu til þess að slengja fram orðinu „Kanadekur".

Það er ekkert skrýtið kannski miðað við spenntar taugar síðasta ræðumanns að hann hlægi þegar svo er tekið til orða. (**Gripið fram í:** Hver var að hlæja?) Þetta mál er nefnilega síst af öllu hlægilegt og menn ættu að sjá sóma sinn í því að keyra ekki úr hófi fram og fara offari. (**ÓÞÞ:** Hver er aksturshraðinn?)

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að sjálfstæðismenn hafa lagt mikla áherslu á þetta mál, til að mynda með landsfundarsamþykkt og þeir ásamt mönnum úr öllum flokkum hafa unnið að framgangi málsins. Það var nefnilega slys þegar menn ætluðu sér að gera þetta mál að pólitísku máli með því frv. sem hér liggur fyrir og beindist ekki í þá átt að ná árangri í endurnýjun á björgunarþyrlu. Það er mjög ólíklegt að nokkur forustumanna stjórnarandstöðuflokkanna hefði talið sér fært að vera fyrsti flm. á slíku frv. ef ekki var hægt að nota einhvern annan í staðinn.

Það eru mörg atriði sem er ástæða til að staldra við í þessari umræðu. T.d. er ástæða til að vara við því að tala of mikið um eina tegund við slíka endurnýjun. Af hverju er það óklókt í umræðu á Alþingi? Ef menn kynna sér markaði og allt söluferli þyrla í heiminum, þá hreyfist það mjög til. Það liggur fyrir niðurstaða ráðgjafanefndar sem vann faglega að málinu og skilaði niðurstöðu fyrir nokkrum mánuðum þar sem hún mælir með nokkrum tegundum til skoðunar og könnunar og hefur valkosti. Það er auðvitað þannig sem menn hljóta að vinna. (**Forseti:** Nú hlýtur forseti að minna hv. 3. þm. Suðurl. á að til stóð að hefja hér umræðu utan dagskrár kl. 3.30. Nú vill svo til að það er hv. 3. þm. Suðurl. sem um hana bað og forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann kjósi að ljúka máli sínu og fresta þar með umræðunni um einhverjar mínútur, og forseti skal sætta sig við það, eða hvort hann vill gera hlé á máli sínu og hefja nú þegar umræðu utan dagskrár.)

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan gera hlé á máli mínu.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Herjólfsdeilan.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Eins og áður hafði verið tilkynnt hafði hv. 3. þm. Suðurl. óskað eftir að fá að ræða málefni ferjunnar Herjólfs og var við því orðið. Fer umræðan fram skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaga og mun standa í hálfa klukkustund eins og þingsköp gera ráð fyrir. Þingmönnum til glöggvunar skal á það minnt að enginn má tala oftar en tvisvar um það mál sem um er rætt. Málshefjandi og viðkomandi ráðherra eigi lengur en fimm mínútur í fyrra sinn og eigi lengur en tvær mínútur í síðara sinn. Aðrir hv. þm. sem kjósa að taka til máls hafa einnig tvær mínútur til þess. Umræðan hefst þá með því að hv. 3. þm. Suðurl. tekur til máls.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Ég vil spyrja hvort hæstv. samgrh. sé ekki í húsinu. Ég hafði reiknað með að hann væri viðstaddur. (**Forseti:** Forseti skal kanna hvort hæstv. samgrh. sé í húsinu. — Hæstv. samgrh. mun ekki vera staddur í Alþingishúsinu en það er verið að kanna hvort hann muni vera á þeim stað sem til hans næst og geti e.t.v. komið hingað. Forseti vill biðja hv. þm. að halda áfram máli sínu þar sem ógerningur er að bíða með umræðuna. Það tekur hæstv. samgrh. auðvitað nokkurn tíma að komast hingað.)

Virðulegi forseti. Stöðvun á siglingum Herjólfs milli lands og Eyja hefur staði í um það bil einn mánuð og hefur mikið vandræðaástand skapast varðandi margvíslega flutninga milli lands og Eyja, einni fjölförnustu ferðamannaleið landsins. Fyrir Vestmanneyinga má segja að neyðarástand hafi skapast, bæði með tilliti til almennrar þjónustu, vöruflutninga og ferðamöguleika. Það vakna óhjákvæmilega spurningar um það hvort ekki sé verulega slösuð vinnulöggjöf þar sem

tveimur mönnum líðst að stöðva Herjólf, þjóðveginn milli lands og Eyja. Vöruverð hækkar í Eyjum vegna stöðvunarinnar, fiskur hefur skemmst vegna óstöðugleika í flutningum, mjólkurleysi hefur verið dag eftir dag, svo dæmi sé nefnt, og hundruðum saman hafa farþegar milli lands og Eyja verið tepptir, dögum saman vegna stopuls flugs á sama tíma og verkfallið hefur staðið.

Herjólfur er aðallíftaugin til og frá Vestmannaeyjum og þegar hún er stöðvuð á svo veikum forsendum sem raun ber vitni er komið að spurningunni um neyðarrétt. Samningaleiðina þarf vissulega að reyna til hlítar og menn reyna að þreyja þorrann en málið er í slíkum hnút að reyndustu samningamenn landsins segjast ekki hafa fengið annað eins mál á borðið, nánast óleysanlegt eins og það stendur í dag. Meira að segja hafa talsmenn sjómanna neitað að ræða við sáttasemjara um hugsanlega breytingu á fyrirkomulagi verktilhögunar um borð án þess að menn hafi orðað kauplækkun.

Meðal þess sérstæða við deiluna er að stýrimenn eru í rauninni ekki í verkfalli vegna lágra launa heldur vegna þess að þeim finnast laun undirmanna of há. Líklega eru flestir sammála um það að launakerfið um borð sé athugunarvert og rekstraröryggi skipsins er ekki meira en svo að einn maður getur stöðvað það.

Launaskiptingin sem um er deilt kom til í samningum árin 1981 og 1989 en miðað við stöðugildi í Herjólfi fyrir janúar hefur stöðugildi yfirstýrimanns 259 þús. kr. á mánuði, stöðugildi 2. stýrimanns 227 þús. kr. á mánuði, stöðugildi bátsmanns 247 þús. kr. og háseta 214 þús. Miðað við janúarstöðugildi er bátsmannsstaðan þannig 20 þús. kr. hærri en stöðugildi 2. stýrimanns og þar virðist hnífurinn standa í kúnni.

Kjaradeilur eru viðkvæm mál og vandmeðfarin og til hins ýtrasta verður að knýja á um að menn fari eðlilegar samningaleiðir. Það hlýtur að vera hagsmunamál skipverja á Herjólfi þegar til lengri tíma er litið að þokkaleg sátt sé í áhöfn. Þess vegna verður að krefjast þess að menn brjóti odd af oflæti sínu og ræði málið a.m.k. með tilliti til þeirrar ábyrgðar sem fylgir slíku þjónustutæki sem Herjólfur er, líftaug stærstu verstöðvar landsins, atvinnulífs, mannlífs 5 þús. íbúa og 60 þús. farþega á ári.

Það er vægast sagt óþolandi að hið nýja skip, Herjólfur, liggi bundið við bryggju í Vestmannaeyjum um hábjargræðistímann og sinni ekki hlutverki sínu vegna ósamræmis í kjarasamningum. Enn flæktist málið þegar undirmönnum var sagt upp í kjölfar verkfalls stýrimanna. Minni hagsmunir hljóta að víkja fyrir meiri þegar um líftaug heils byggðarlags á hávertíð er að ræða og því vaknar spurningin um hvort og hvenær stjórnvöld landsins eigi að grípa í taumana. Það eru mörg fordæmi um lagasetningu til að stöðva vinnudeilur vegna neyðarástands þótt slíkt hljóti ávallt að vera ill nauðsyn. Ef svo fer sem horfir verður að óska eftir því við ríkisstjórnina að hún kanni möguleika á lagasetningu til þess að leysa málið. Sérstaða þess er slík að með lagasetningu til þess að stöðva verkfall stýrimanna yrði væntanlega að skipa sérstakan gerðardóm til þess að fjalla um alla launaskiptingu um borð hjá þeim fimm verkalýðsfélögum sem eiga hlut að máli. Slík lög yrðu neyðarúrræði en ef ekki rofar til á næstu dögum í samningaviðræðum er vissara að hætti bjargmanna að hafa vaðinn fyrir neðan sig og leysa þessa deilu með þeim ráðum sem duga þótt fordæmi kunni að vera fá.

Ef sáttasemjari metur málið óleysanlegt er ekki eftir neinu að bíða en það þarf að koma í ljós. Þetta mál varðar samgrh., félmrh. og fjmrh. og reyndar forsrh. þegar um er að ræða líftaug eins öflugasta sjávarpláss í landinu. Bæjarráð Vestmannaeyja hefur hvatt til lausnar málsins og borgarafundur í Eyjum einnig. Mál er að knýja fram lausn. Það er ljóst að lagasetning er síðasta úrræðið og fyrst verður að knýja á til hins ýtrasta hjá viðkomandi verkalýðsfélögum en menn verða að vera við öllu búnir til þess að höggva á hnútinn snarlega. Spurningin til hæstv. ráðherra er: Hvernig horfið málið við ríkisstjórninni?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Það var hárrétt hjá málshefjanda að mál þetta er alvarlegt og mjög vandmeðfarið en til að svara síðustu spurningu hans strax í upphafi míns máls vil ég taka fram að ríkisstjórnin hefur ekki rætt í sinn hóp um möguleika á því að leysa þetta mál með lagasetningu. Satt best að segja hlýt ég að taka fram að það er afskaplega erfitt að finna á því flöt að leysa þetta mál með lagasetningu. Það er afskaplega vandmeðfarið fyrir ríkisvaldið og meiri hlutann hér á Alþingi að setja lög til lausnar á tiltekinni kjaradeilu sem hlyti að fela það í sér að til að koma til móts við verkfall tiltekinna starfsmanna yrði gengið á hlut annarra starfsmanna sem ekki hafa með neinum hætti gengið gegn þeim rekstri sem þarna er í húfi. Þetta mál er því afskaplega vandmeðfarið.

Ég tel mikilvægast að heimamenn, bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum sem þetta mál mestu varðar, leggi sig öll fram um að fá þessa aðila til þess að láta af þessu verkfalli, höfði til drengskapar þeirra og samkenndar með byggðarlaginu og vanda þess og láti af þessu verkfalli. Því þetta verkfall nær í rauninni ekki nokkri átt þegar það er þannig upp byggt að menn eru að finna að því sérstaklega að aðrir aðilar eru komnir með laun sem liggja of nærri þeirra launum eða jafnvel í einhverjum tilvikum hærri. Menn leysa ekki slík mál með verkfalli í þessari aðstöðu.

Við í þinginu og bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum hljótum því að beina þeirri eindregnu áskorun til þessara ágætu manna að þeir láti af þessu verkfalli en um leið væri sjálfsagt af hálfu stjórnar Herjólfs að lýsa því yfir, finnst mér, að menn muni leita leiða á góðum tíma til að ná sáttum í málinu.

Ég dreg ekki neitt úr því sem hv. þm. sagði að málið er afskaplega alvarlegt og vandmeðfarið en það er vandséð með hvaða hætti ríkisvaldið getur gripið inn í. Ég vil fyrir mitt leyti lýsa því yfir að það verður ekki gert nema um það sé veruleg samstaða hér á Alþingi.

Þuríður Bernódusdóttir:

Frú forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að vekja máls á því ófremdarástandi sem skapast hefur í Vestmannaeyjum vegna stöðvunar Herjólfsferjunnar. Þessi deila hefur svo sannarlega sett mark sitt á mannlífið og atvinnurekstur í Vestmannaeyjum og það er sorglegt að þetta mál skuli hafa fallið í þann farveg sem það nú er.

Tilefni þessarar deilu milli stjórnar Herjólfs hf. og stýrimanna virðist vera óánægja með samanburð á launakjörum innan áhafnarinnar. Stýrimenn boðuðu til verkfalls fyrir meira en þrem vikum. Það er orðin mikil óánægja í Vestmannaeyjum með þetta langa verkfall. Það hefur vakið undrun að stjórn Herjólfs hefur lagt meiri áherslu á viðræður við háseta, sem ekki eru í verkfalli, en stýrimenn. Sýnast þau viðbrögð síst hafa orðið til að leysa deiluna. Þá eru margir undrandi á því að bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur ekkert látið til sín heyra um þetta mikla hagsmunamál bæjarbúa.

Þessi deila sýnir glögglega hvað Vestmanneyingar eru háðir góðum samgöngum. Það hefur berlega komið í ljós að nauðsynlegt er að hafa gott og traust skip í ferðum milli lands og Eyja. Menn verða sennilega seint sáttir um það hvort skipið sé of stórt eða of dýrt. Vestmannaeyjaferjan er hins vegar komin í rekstur og svo mun áreiðanlega vera um nána framtíð. Við verðum að gera okkar besta til þess að rekstur hennar verði viðunandi. Ég vona að stjórn Herjólfs beri gæfu til þess að taka á þessum málum þannig að farsæl lausn finnist nú þegar og allir sem tök hafa á leggi því lið. Ég vona líka að þessi kjaradeila og rekstrarstöðvun ferjunnar leiði ekki til varanlegrar röskunar á þeirri þjónustu sem þetta fyrirtæki hefur veitt eða að dregið verði úr þjónustunni. Það má aldrei verða. Það er krafa okkar Vestmanneyinga að þessi deila verði leyst tafarlaust.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég held að allir landsmenn hafi ríka samúð með Vestmanneyingum og þeirra stöðu í þessu máli en það breytir því ekki að samningar sem eru í gildi og þau ákvæði sem eru í lögum um að verkfallsréttur sé tæki sem menn mega beita í sínum kröfum og deilum um kaup og kjör er mjög dýrmætur og má ekki skerða. Það er dálítið hættulegt viðhorf sem mér fannst örla á í máli hv. fyrsta ræðumanns að það þurfi að breyta vinnulöggjöfinni. Það þarf ekki að breyta vinnulöggjöfinni vegna þess að eitt verkfall er óþægilegra en annað. Það veldur aldrei einn þegar tveir deila og hér er deilan greinilega komin í hnút. Það er mjög sérkennilegt að þarna skuli sú staða vera komin upp, eins og seinasti hv. ræðumaður gat um, að meira virðist rætt við þá sem ekki eiga í deilu en hina sem eiga í deilunni. Það er einnig athyglisvert að undirmönnum er sagt upp en ekki öðrum yfirmönnum í þessari deilu núna. Ég sé ekki að það sé til þess fallið að bæta ástandið en við skulum vona að það muni batna. Ég legg mesta áherslu á að það má ekki á nokkurn hátt skerða þann rétt fólks sem það hefur í vinnudeilum og það verður að leita leiða sem rúmast innan þess réttar. Ég vek athygli á að það verður að fara með gát með þann rétt sem ríkisstjórnin gefur sér. Hún hefur oft verið ávítt, 10 eða 11 sinnum á seinustu 10–12 árum, fyrir að misnota rétt sinn með því að setja lög á frjálsa samninga og vinnudeilur.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að vekja athygli þingsins á alvöru þess máls sem hér er rætt. Verkfall stýrimanna um borð í Herjólfi hefur staðið í þrjár vikur og sér alls ekki fyrir endann á þeirri kjaradeilu. Þvert á móti virðist hún, ef dæma má af fréttum t.d. í Morgunblaðinu í dag, komin í enn verri hnút en í upphafi þar sem stjórn Herjólfs hefur sagt undirmönnum á skipinu upp störfum. Þó stóðu þeir ekki í vinnudeilum og höfðu lýst því yfir að þeir gerðu engar kröfur í komandi samningum samkvæmt tilboði sem lagt var fram og höfðu einnig lýst sig tilbúna til að vinna að gerð heildarkjarasamnings á komandi samningstíma. Eina svarið sem barst við þessi tilboði voru uppsagnarbréf undirmanna á Herjólfi. Ég tel að með því hafi stjórn Herjólfs sett þessar deilur í enn verri hnút en áður. Ég held ekki að lagasetning sé í dag eina eða rétta úrræðið sem eftir er og að reynt hafi verið til þrautar að semja. Hins vegar er það alveg ljóst að ef þessi kjaradeila verður ekki leyst fljótlega og uppsagnir undirmanna dregnar til baka, þá hlýtur að koma til einhvers konar íhlutunar utanaðkomandi aðila, jafnvel ríkisvaldsins, í ljósi þess hversu gífurlegt öryggistæki Herjólfur er fyrir Vestmanneyinga og það alvarlega ástand sem blasir við ef deilan leysist ekki.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Þeir mundu kippa kjöftum austur á Selfossi hefði vegurinn yfir Hellisheiði verið grafinn í sundur 3. febr. eða uppi á Akranesi og Borgarfirði ef vegurinn í Hvalfirði hefði verið rofinn fyrir þremur vikum síðan. Annars er í mínum huga stöðvun Herjólfs nú sönnun þess að vinnulöggjöfin er um margt úrelt. Um borð eru 16 starfsmenn í fimm verkalýðsfélögum. Tveir menn í einu þessara félaga hafa nú stöðvað skipið og rofið þjóðleiðina um sinn.

Stjórn Herjólfs hefur síðan í ein 12 ár flotið sofandi að feigðarósi, vitað sem var að allan þennan tíma töldu stýrimenn skipsins sig óréttí beitta í launakjörum. Hins vegar er það hámark klaufalegra vinnubragða stjórnarinnar þegar deilan er brostin á að í stað þess að ræða við stýrimennina sjálfa er ráðist að undirmönnum skipsins, hásetum og þernum, og þeim sagt upp störfum. Þetta er kórvilla í málinu og varla forsvaranlegt og til þess eins fallið að herða hnútinn.

Alþingi leysir ekki þessa deilu. Við setjum ekki lög á tvo eða þrjá menn. Við þurfum hins vegar að endurskoða vinnulöggjöfina. Herjólfsmálið verður að leysa í þessari viku. Ég tel að fulltrúar frá öllum starfshópunum fimm ásamt stjórn skipsins verði að setjast niður, meta vinnuframlag og ábyrgð. Ég get tekið undir það með hæstv. forsrh. að bæjarstjórnin verður að beita sér meira í þessu máli en hún hefur gert það sem af er deilunni. En forsenda þess að slíkt sé hægt hlýtur að

vera að uppsagnir undirmannanna verði dregnar til baka. Þeir hafa ekkert til saka unnið.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Mér þótti dálítið undarlegt að umræðan skyldi hefjast að hæstv. samgrh. fjarverandi en hann er nú hingað kominn og hefur fylgst með umræðunni undanfarnar mínútur.

Tilgangurinn með þessari umræðu er mér ekki alveg ljós. Mér skilst á frummælanda að hann telji það eitthvert umhugsunarefni fyrir ríkisstjórnina að setja lög í málinu en hann leggur það ekki til. Ég tel að það eigi að reyna til þrautar að ná samkomulagi um þessi mál. Ég held helst að ef á að nást sæmilega sanngjörn niðurstaða þurfi að fara fram einhvers konar starfsmat hjá starfsmönnum þessa fyrirtækis. Um það eru auðvitað til reglur og stundum hefur það farið farsællega að láta fara fram starfsmat. Þau verkalýðsfélög sem eiga þarna hlut að máli gætu gert samkomulag við Herjólf um að þannig mat færi fram á störfum starfsmanna og líka um það hvernig ætti að fara með þann mismun sem kæmi fram á þeim kjörum sem menn búa núna við og þeim kjörum sem kæmu út úr þessu starfsmati.

En það er annað sem ég vildi vekja athygli á og það er að kannski er til lítils að leysa þessa deilu með starfsmati eða einhverju öðru vegna þess að ég veit ekki betur en það sé yfirlýst stefna hæstv. samgrh. og ríkisstjórnarinnar að segja þessum starfsmönnum öllum saman upp eftir fáeina mánuði, fyrr en seinna a.m.k. Því hefur verið lýst yfir á fundum með samgn. af forráðamönnum Vegagerðarinnar að sú stefna væri í aðsigi og það ætti að taka yfir með þeim hætti að segja starsmönnum þessara fyrirtækja í samgöngum upp og bjóða út reksturinn. Og til hvers er þá barist?

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem kom hér fram hjá ræðumanni áðan að það er hámark klaufalegra vinnubragða hvernig hefur verið staðið að verki varðandi deilu stýrimanna á Herjólfi og að í þeirri deilu skuli hásetum skipsins og þernum vera sagt upp er með svo miklum ólíkindum að þessi ágæta stjórn Herjólfs ætti að sjá sóma sinn í því að víkja og aðrir menn ættu að koma að málinu til þess að leysa það.

Ef þessi umræða hér verður þess valdandi að menn telji nauðsyn á að endurskoða vinnulöggjöfina, þá þykir mér þessi deila vera farin að velta heldur þungu hlassi. Vissulega er það svo þá tveir deila að sitt sýnist hvorum þar um. Engu að síður er það rétt sem hefur komið fram að í ein 12 ár hefur þessi deila verið að magnast og hver sem sá þetta mál í fjarska mátti gera sér fulla grein fyrir því að þetta gæti ekki endað með öðru en ósköpum og með ólíkindum að stjórnarmenn Herjólfs skyldu sitja á þessu vandamáli í jafnlangan tíma og raun ber vitni, eins og ég kom að í upphaf máls míns.

Hér hafa menn verið að bera saman launamál áhafnar og tínt til einhverjar tölur. Talnaflóð og talnaleikur í þessu máli á ekkert skylt við deiluna sjálfa vegna þess að þegar menn eru að geta um mánaðarlaun verða menn líka að bera saman lengd vinnutíma og hvað á sig er lagt í því sambandi. Þess vegna tel ég ekki um nema tvennt að ræða: Að stjórn Herjólfs dragi uppsagnir háseta og þerna til baka og sjá svo sóma sinn í því að víkja úr stólum og leyfa öðrum mönnum að komast að.

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Deilan á Herjólfi snýst um kaup og kjör stýrimanna og auðvitað á hún alls ekki að valda því að undirmönnum skipsins sé sagt upp. Þarna er um samanburð í launum að ræða en það voru ekki undirmenn sem boðuð verkfall. Það voru stýrimenn og deilan snýr að þeim.

Það hafa verið nefndar tölur í þessu sambandi um kaup og kjör á þessu skipi og líka nefnt að menn yrðu að líta til vinnutímans. Ég held að það sé rétt að upplýsa hér, svo menn velkist ekkert í vafa um það, að fyrirkomulaginu á þessu skipi er hagað þannig að miðað við sama vinnutíma hafa undirmenn hærra kaup en stýrimenn. Um það held ég að þurfi ekkert að deila og skal skýrt tekið fram að það er fyrir sama vinnutíma. Það er því ekkert undarlegt þó stýrimenn í þessu tilviki séu mjög óánægðir með sína stöðu á skipinu og búnir að vera það lengi eins og hér hefur komi fram. Það á hins vegar ekki að verða til þess að deilan flytjist frá stýrimönnum yfir á undirmenn og þeim sé sagt upp og þeir settir í einhverja sérstaka stöðu. Þetta held ég að sé rétt að komi hér fram. Ég er alveg viss um að það er ekki vilji Stýrimannafélags Íslands, sem boðaði til verkfalls í þessu tilviki, að þannig sé farið með málið.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram og undirtektir manna við mikilvægi þess að þetta mál verði til lykta leitt. Þetta er meira en brýnt vandamál. Þetta er neyðarástand og verður að bregðast við því samkvæmt því. Það er eðlilegt að menn skoði allar leiðir til hins ýtrasta og hvað sé eðlilegast í því efni. Það má draga þessa umræðu saman með orðum hæstv. forsrh. sem sagði: Þetta verkfall nær í rauninni ekki nokkurri átt. Um það snýst málið.

Það er jafnframt rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að vandséð er hvernig hægt væri að grípa inn í með lagasetningum og víst er mikið vandaverk að vinna það. En það kann að vera að það þurfi að ganga til þess verks. Ýmsir hv. þm., til að mynda þingmenn Suðurlands, hafa tekið undir þau orð og eru þau samdóma því áliti sem kom fram í minni upphafsræðu.

Hér hefur gætt nokkurs misskilnings en án þess að ég fari að fjalla hér um innviði deilunnar er það ekki rétt að meira hafi verið rætt við undirmenn en yfirmenn. Aðalsamningaviðræðurnar hafa átt sér stað við stýrimenn og Stýrimannafélag Íslands en nær engar viðræður við undirmenn. Það er hið rétta.

Það er heldur ekki rétt að bæjarstjórn Vestmannaeyja hafi ekkert látið frá sér fara um málið. Bæjarráð Vestmannaeyja, sem er hluti af bæjarstjórn Vest-

mannaeyja, hefur ályktað um málið og hvatt til þess að gengið sé til samninga um gerð heildarkjarasamnings því þeir sem til þekkja sjá allir að eina lausnin í málinu er að ganga til samninga sem brúa alla þætti málsins.

Ég vil ítreka þakkir fyrir þessa umræðu. Málið er hjá sáttasemjara og þar brennur á að komi einhver niðurstaða. Ef málið er að dómi sáttasemjara óleysanlegt þá er komið að því að kanna aðra þætti svo sem lagasetningu.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Mér þykir slæmt að hæstv. samgrh. skuli ekki hafa tekið til máls. Ég nefndi hér áðan að ég hefði upplýsingar um að það væri stefna a.m.k. forráðamanna Vegagerðarinnar og ég vissi ekki betur en það væri stefna samgrh. og þá ríkisstjórnarinnar, að hætta að gera þessa ferju út með sama hætti og gert hefur verið og mannskapnum á henni yrði sagt upp og reksturinn boðinn út. Það hlýtur að skipta verulegu máli þegar menn eru að velta þessari deilu fyrir sér, sem hér er verið að tala um, hvort það á hvort sem er að segja öllum mannskapnum upp eftir tuttan tíma. Geta ekki forráðamenn Herjólfs leyst þessi mál til skemmri tíma ef það er virkilega niðurstaða og stefna ríkisstjórnarinnar að endi verði bundinn á þennan rekstur með þeim hætti sem ég er að lýsa hér. Ég óska eindregið eftir því að hæstv. samgrh geri grein fyrir þessu máli.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það verður að afsakast þó ég geti ekki vegna anna verið viðstaddur umræðu sem ég ekki vissi um. Ég man raunar ekki dæmi þess áður að efnt sé til utandagskrárumræðu á Alþingi þar sem beint er fyrirspurn til ráðherra án þess að honum sé tilkynnt um umræðuna en það eru ný þingsköp sem maður kynnist svona smátt og smátt. Má segja að þetta sé ekki í fyrsta skiptið sem við erum ekki sammála um þingsköp, ég og sú sem nú situr í forsetastóli.

Að öðru leyti vil ég segja um það sem hv. fyrirspyrjandi gerði hér að umtalsefni að auðvitað er það rétt að ég hef í hyggju að taka öðruvísi á málefnum ferja og flóabáta en áður hefur verið. Nú er svo komið að heildarskuldir á ferjum og flóabátum eru ríflega 2 milljarðar kr., 2,3 milljarðar kr. um síðustu áramót. Ef við förum þrjú eða fjögur ár aftur í tímann þá dugði á fjárlögum að ætla 1–2 millj. kr. til þess að greiða vexti og afborganir af lánum sem sýnir að myndarlega hefur verið staðið að í millitíðinni og kallar auðvitað á önnur vinnubrögð.

Þetta mál hef ég áður gert að umræðuefni en á þeim tveim mínútum sem ég hef til umráða get ég auðvitað ekki svarað þessu ítarlega.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hæstv. samgrh. er ég honum sammála um að vitanlega hefði átt að láta hann vita af þessari umræðu. Sá forseti sem nú situr hafði hins vegar engin tök á að annast það og því síður telur forseti að þetta óhapp hafi nokkuð með þingsköp þingsins eða uppbyggingu þess að gera heldur hefur einhverjum láðst að láta hæstv. ráðherra vita og ég harma það að sjálfsögðu.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það kemur stundum fyrir að mistök eigi sér stað. Ég hef ekki haft tíma til að kynna mér hvar þau liggja en ég hygg að hæstv. forseti hafi vel getað séð hvort ég væri í þingsalnum þegar hann leyfði umræðuna. Ég er ekki svo fyrirferðarlítill að það hefði átt að fara fram hjá forseta ef ég var fjarverandi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vona að það mál upplýsist hvernig á því stendur að hæstv. ráðherra var ekki kunnugt um umræðuna. Ég vil taka það skýrt fram að það var ekki skylda hv. frummælanda, hv. 3. þm. Suðurl., að annast það heldur er það venja. Tvímælalaust hefur þinginu einnig orðið á og ber að harma það en kannski ekki ástæða til að ræða það lengi hér.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að hæstv. samgrh. komi í salinn.

Það er leitt að hæstv. samgrh. skyldi sjá ástæðu til þess að hnýta í þann forseta sem hér situr og segja m.a. að það væri ekki nýtt að hann deildi við þann forseta sem í stólnum sat um þingsköp því það er alveg augljóst að það er innanbúðarvandi Sjálfstfl. sem hefur skapað þann vanda sem hér kom upp.

Hv. málshefjandi, Árni Johnsen, lýsti því yfir hér, hæstv. samgrh., í upphafi máls síns að hann óskaði eftir því að hæstv. samgrh. væri viðstaddur. Það var því þingmaður Sjálfstfl., Árni Johnsen, sem hóf mál sitt hér, hæstv. samgrh., og er nú vont að innanbúðarvandamálið sé orðið svo slæmt að ráðherrann haldist ekki við í salnum heldur sé rokinn út með reiðisvip til fundar við forsrh. í hliðarsal. Ég er að reyna að greiða aðeins úr þessari flækju svo að sitjandi forseti, sem hér var áðan, sé ekki borinn þeim sökum sem gert var áðan. Það var sem sagt hv. þm. Árni Johnsen, hæstv. samgrh., sem hóf mál sitt með því að undrast það að hæstv. samgrh. væri ekki mættur og skildu allir þingmenn þá ræðu hv. þm. Árna Johnsens á þann veg að hann hlyti að hafa óskað eftir því að hæstv. samgrh. væri hér mættur, enda er það venja sem við þekkjum öll hér í salnum að sá þingmaður sem ætlar að tala utan dagskrár um ákveðið mál og vill fá ákveðna ráðherra til viðræðna, hefur samband við þá ráðherra sjálfur og óskar eftir því að þeir komi. Það er að vísu hvergi skráð í þingsköpum en það er ein af þeim reglum sem við höfum öll fylgt hér um langt árabil. Það er nauðsynlegt að hæstv. samgrh. fái að vita það hvernig þessi umræða birtist hér í salnum. En hitt er aftur á móti mjög merkilegt að þeir treysta sér ekki til að tala saman, hv. þm. Árni Johnsen og hæstv. samgrh., en það er kannski ekki undarlegt eftir þau ummæli sem hv. þm. Árni Johnsen lét falla um hæstv. samgrh. í einum sterkasta fjölmiðli landsins fyrir nokkrum dögum

síðan, en þá sagði hv. þm. Árni Johnsen um hæstv. samgrh. að eins og alþjóð vissi, þá talaði hann nú iðulega áður en hann hugsaði.

Kaup á björgunarþyrlu, frh. 2. umr.

Frv. IBA o.fl., 110. mál. — Þskj. 128, nál. 581 og 582.

Árni Johnsen (frh.):

Virðulegi forseti. Ég var kominn þar í máli mínu sem ég fjallaði um niðurstöðu ráðgjafarnefndar um þyrlukaup og byggðist sú niðurstaða á því að mælt var með að kannaðir yrðu kostir á að kaupa eina af nokkrum tegundum sem til greina komu. Það var eðlileg og klók málsmeðferð, bæði með tilliti til þess að það er æskilegt að hafa svigrúm þegar komist er að niðurstöðu í þeim efnum og svo hitt að menn voru með því ugglaust að vinna leið til þess að ná sem hagkvæmasta verðinu.

Hv. þm. Ingi Björn Albertsson vísaði til þáltill. frá 1991. Þáltill. er ályktun, hún er ekki ákvörðun en hún er mjög ákveðin ábending og tilmæli og sem betur fer hefur verið unnið að því máli þó að menn hafi deilt um hraða málsins.

Ég nefndi fyrr í ræðu minni að það væri undarlegt að þessi umræða færi út í mjög harðskeyttar svívirðingar á menn sem hefðu sinnt ákveðnum verkefnum í framgangi þessa máls og aðdróttanir á þá sem fara með stjórn mála um að þeir bæru ábyrgð á einhverju, einhverju sem var þó ekki tilgreint en var eitthvað stórt. (**IBA:** Hvaða svívirðingar er maðurinn að tala um?) Ég vék einnig að því hvernig hv. þm. réðst á þá þjónustu sem varnarliðið hefur veitt á Keflavíkurflugvelli. (**IBA:** Hvernig réðst ég á hana? Er maðurinn ...) (**Forseti:** Engin frammíköll.) Það er ekki að túlka það öðruvísi en að ráðist sé á þjónustu þegar talað er með fyrirlitningu með orðinu „Kanadekur". (Gripið fram í.) Þessir menn sem beint var til orðið „Kanadekur" hafa rekið björgunarstarfsemi og frá 1971 hefur björgunardeild varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli bjargað 258 mannslífum og íslenskur þingmaður ætti að sjá sóma sinn í því að þakka fyrir slíkt starf frekar en væna menn um ónytjungshátt. (Gripið fram í.) Það er ótrúlegt á hvaða vettvangi og í hvaða farvegi þessi umræða er hjá hv. þm., hreint ótrúlegt. Það er á svo lágu plani að það er eiginlega til skammar að taka þátt í umræðunni. (**IBA:** Góði, farðu að hætta þessu.)

Það er kannski mergurinn málsins í þessari umræðu að það frv. sem hér er til umræðu er út í hött, það er óþarft. Það er illa þingtækt eins og það er byggt upp. Þess utan er það fyrst og fremst óþarft vegna þess að það hefur verið unnið að frágangi málsins á ágætis hátt. Það er alveg ljóst að sú vinna sem búið er að leggja fram mun leiða til þess að innan tíðar verður lokið því verkefni sem menn töldu þurfa að vinna í því sambandi. Þær athuganir, þær upplýsingar sem hafa verið að berast síðan ráðgjafarnefndin skilaði síðasta áliti hafa þétt netið í þessu mikla hagsmunamáli sem svo víða er mikill áhugi fyrir í þjóðfélaginu og stjórnvöld hafa fylgt því eftir og er fyllilega treystandi til þess að ljúka því máli á þessu ári, fyllilega treystandi. Upppot í málinu eins og átt hafa sér stað með þessu sýndarfrv., þessum málflutningi sem hefur byggst á níðsóknum, er ekki af hinu góða, það er alveg klárt mál. Og það er ekki í þágu málefnisins.

Það var líka sérkennilegt hjá hv. 1. flm. þess frv. sem hér um ræðir að hann talaði um að nýja þyrlan væntanlega ætti að vera staðsett hér í Reykjavík, á höfuðborgarsvæðinu, en gamla þyrlan átti að fara út á land. Gamla þyrlan var nógu góð til þess að fara út á land. Hvað er hv. þm. að meina? Hefur þingmaðurinn einhver rök fyrir því að eitt tæki frekar en annað eigi að vera staðsett úti á landi umfram það að vera staðsett í Reykjavík? Það væri fróðlegt að heyra faglegar upplýsingar um það hvers vegna ný þyrla, ef um það er að ræða að staðsetja gamla og nýja þyrlu hvora á sínum á stað á landinu, ætti endilega að vera í Reykjavík fremur en úti á landi? Ætli það ætti ekki að vera eftir aðstæðum? Ætli það væri til að mynda ekki æskilegra ef sá háttur yrði ofan á að staðsetja þyrlu hluta úr ári eða árið um kring úti á landsbyggðinni, ætli það væri ekki nær að öflugri þyrlan væri staðsett til að mynda á Vestfjörðum yfir vetrarmánuðina fremur en í Reykjavík? Þessi skoðun hv. flm. frv. sýnir einfaldlega í hvaða pytt hann er fallinn með yfirlýsingum og sleggjudómum.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það gætti greinilega nokkurs misskilnings eða vankunnáttu hjá hv. þm. Árna Johnsen á sögu þessa máls. Hann hélt því fram hér að það hefði þurft tvö ár til þess að safna saman upplýsingum og faglegu áliti í málinu. Það er rangt. Þegar Alþingi samþykkti 1991 eftir allmiklar umræður bæði hér í þingsölum og annars staðar þann vilja sinn að gengið yrði til kaupa á þyrlu, þá var skipuð nefnd af páv. dómsmrh. og fjmrh. til þess að skoða þetta mál. Í þeirri nefnd, sem fór m.a. til Bandaríkjanna, til Frakklands og til Noregs, var forstjóri Landhelgisgæslunnar og sérfræðingar Landhelgisgæslunnar ásamt ráðuneytisstjóra dómsmrn. og þeim skrifstofustjóra fjmrn. sem hefur yfirumsjón með eignakaupum ríkisins. Þessir sérfróðu menn, starfsmenn Landhelgisgæslunnar, forstjóri Landhelgisgæslunnar, ráðuneytisstjórinn í dómsmrn. og skrifstofustjóri fjmrn. skiluðu faglegri niðurstöðu á fyrri hluta árs 1991 og sú niðurstaða var alveg skýr. Það hefur þess vegna ekki þurft að bíða í tvö ár eða leita fram og aftur að einhverjum öðrum sjónarmiðum nema vegna þess að menn vildu tefja málið. Eða er hv. þm. Árni Johnsen að gefa það í skyn hér að forstjóri Landhelgisgæslunnar sem skilaði áliti á fyrri hluta árs 1991 hafi ekki verið bær um að skila því áliti? Það eru sérkennilegar aðdróttanir í garð forstjóra Landhelgisgæslunnar.

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Maður getur nú þakkað guði fyr-

ir að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er ekki löggilt orðskýringabók því að það bessaleyfi sem hv. þm. tekur sér í það að gera mönnum upp skoðanir er náttúrlega sérkapítuli í sögu Alþingis, að því leyti forvitnilegt en ekki til fyrirmyndar.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi stutta ræða var náttúrlega fyrst og fremst viðurkenning á því að hv. þm. gerir sér grein fyrir því að hann fór með rangt mál hér í ræðu sinni. Hann var að viðurkenna að það er efnislega rétt sem ég var að rekja. Á fyrri hluta árs 1991 lá fyrir fagleg niðurstaða í málinu, það lá fyrir tillaga frá yfirmönnum Landhelgisgæslunnar og frá þeim embættismönnum dómsmrn. og fjmrn. sem hafa með þetta mál að gera. Það er enginn orðhengilsháttur eða orðskýringaþáttur þar sem þarf leyfi frá guði almáttugum til þess að flytja. Það eru bara einfaldlega staðreyndir málsins.

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hljómar ekki sannfærandi hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að endanleg hin eina og sanna tillaga um endurnýjun björgunarþyrlu hafi legið fyrir í ársbyrjun 1991 (**ÓRG:** Fyrri hluta.) fyrri hluta 1991, þegar hann var fjmrh. Hann hefur þá væntanlega getað stýrt því máli þannig að það hefði farið farsællega stutt og laggott en það er ekki mergurinn málsins. Mergurinn málsins er sá að menn hafa verið að leita allra upplýsinga um þetta mál og það hefur auðvitað komið þar margt við sögu sem hér hefur ekki verið rætt svo sem það að menn gerðu glögga grein fyrir verkefnum og skiptingu verkefna sem Landhelgisgæslan á að sinna. Það hefur slugsast um árabil að taka á því máli. Nú er von á niðurstöðu nefndar sem hæstv. dómsmrh. hefur skipað, að hún skili tillögum í marsmánuði. Auðvitað er þetta fjölþætt mál og svo sem ekki við neinn að sakast, hvorki hv. þm. og fyrrv. fjmrh. Ólaf Ragnar Grímsson né aðra heldur snýst málið fyrst og fremst það að menn komist að farsælli niðurstöðu og taki sér þann tíma sem þarf í það. Það er ekki neyðarástand í þessum efnum. Það má segja að það sé þokkalegur kostur fyrir hendi. Það væri frekar ástæða til þess að hvetja til meiri samvinnu, en samt sem áður er brýnt og mikilvægt að endurnýja aðalþyrlu Landhelgisgæslunnar og um það eru menn sammála og alveg ljóst að mínu mati að ríkisstjórnin hefur verið að vinna að því máli ákveðið á undanförnum missirum og jafnljóst að niðurstaða liggur fyrir á næstu missirum.

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Árni Johnsen sló hér held ég öll met í ræðu sinni hér áðan. Ég vil leyfa mér að kalla ræðuna hreint og klárt bull. Það kallast bullræða. Hún var full af dylgjum og órökstuddum dylgjum. Þingmaðurinn talaði um það að ég hefði verið með persónulegt níð og svívirðingar. Það var reynt að biðja hann hér utan úr sal að rökstyðja það. Að sjálfsögðu gat hann það ekki. Hann eyddi nokkrum mínútum í það að segja að ég hefði ráðist á varnarliðið. Hann var beðinn að útskýra það héðan úr sal. Að sjálfsögðu gat hann það ekki. Hann segir að þetta frv. sem ég er 1. flm. að sé pólitískt mál og ég sé notaður af stjórnarandstöðunni. Að sjálfsögðu gat hann ekki rökstutt það. *Hann sagði að málið væri illa þingtækt. Hann var beðinn að rökstyðja það.* Að sjálfsögðu gat hann það ekki. Ræða hv. þm. var hreint og klárt bull og mér þykir illa farið með tíma þingsins þegar svona ræður eru fluttar.

Hv. þm. mun hafa sagt og það hefur komið hér fram í dag um samgrh. að hann talaði oft áður en hann hugsaði. Ég vil segja það samgrh. til hróss að hann hugsar þó. (**Gripið fram í:** Að lokum.)

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ingi Björn Albertsson er nú búinn að svara því sem hv. þm. Árni Johnsen sagði hér áðan að nokkru, en mér ofbauð sú ræða, ég verð að segja það eins og það virkaði á mig að hún var varla þinghæf. En að vera að tala um Kanadekur, það séu einhverjar árásir — við heyrðum önnur orð sterkari hér í gamla daga um hverjir væru með Kandekur og Kanadindlar og slíkt. Ég hef verið nefndur svona nöfnum og ekki tekið það neitt nærri mér og að það væru einhverjar aðdróttanir að Ameríkönunum fyrir það að hafa samvinnu við okkur sem þeir áttu að hafa haft um varnir landsins og þar á meðal auðvitað Landhelgisgæslu. Það er ekkert nýtt í því. Það hefur verið aðalliðurinn í þeirra starfrækslu og til þess að verja einhverjar vesældarnefndir sem hafa gefist upp í málinu þá þurfi að grípa til svona vandræðaskýringa, það finnst mér nú ekki við hæfi.

Út af fyrir sig þarf ég ekkert að ræða frekar um þetta. En ég vil benda á í þessu þyrlumáli að menn hafa tekið þetta mjög alvarlega og notað sterk orð um að það er alveg frá 1987 reyndar en fyrst og fremst þáltill. frá 1991 sem hér er rætt um. Í þeirri þáltill. sem einróma var samþykkt á Alþingi Íslendinga, einróma samþykkt og þótti engum mikið, segir orðrétt, hæstv. forseti:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að á árinu 1991 verði gerður samningur um kaup á fullkominni björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna."

Orðalag þingsályktana er með nokkuð mismunandi móti. Hérna er það eins sterkt og það getur verið. Það er fyrirskipun um að gera þetta og það hefur allt verið svikið.

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins undirstrika það að ég harma það að hv. þm. hér, flm. þess frv. sem hér liggur fyrir, hafi farið út á þann hála ís að ráðast á björgunardeild varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, deild, sem hefur bjargað 258 mannslífum á Íslandi. (**IBA:** Hver hefur ráðist á hana? Rökstyddu málið, maður.) (**Forseti:** Engin frammíköll.) Það er engin spurning þegar menn tala með vanvirðingu um Kanadekur, eltingarleik við Keflavíkurflugvöll, eltingarleik við Kanann, þá eru menn með lítilsvirðingu og það

þarf enga sérstaka umræðu um það. Það er einföld skýring á íslensku máli.

Það kom hér einnig fram hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að fyrir hefðu legið ákveðnar tillögur, endanlegar tillögur, um þyrluval fyrri hluta árs 1991. Það er líka hægt að upplýsa að það er rangt hjá fyrrv. hæstv. fjmrh. Það kom bréf til dómsmrh., Óla Þ. Guðbjartssonar, 16. apríl 1991, hálfum mánuði fyrir kosningar þar sem segir, með leyfi forseta: „Að ósk fjmrh. Ólafs Ragnars Grímssonar og yðar dómsmrh., hafa fulltrúar Landhelgisgæslu, dómsmrh. og fjmrh. heimsótt þyrluframleiðendur austan hafs og vestan til að kynna sér þær þyrlur sem líklegastar væru til að uppfylla þau skilyrði sem fram eru sett í greinargerð með þáltill. um kaup á fullkominni björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Auk þess var bandaríska strandgæslan heimsótt, norski flugherinn og Helikopter Service í Noregi sem hafa reynslu í rekstri þeirra þyrlna sem kannaðar voru.“ Með béfi þessu fylgja drög Þorsteins Þorsteinssonar flugvélaverkfræðings og Páls Halldórssonar yfirflugstjóra að faglegum samanburði að þeim þyrlum sem taldar eru komast næst því að uppfylla áðurnefnd skilyrði. Það er talað um Sikorsky, Aerospatiale, þ.e. Super Puma, það er talað um Bell Textron og það er talað um Sea King.

Það er niðurstaða þessa bréfs, virðulegur forseti, að áður en hægt sé að taka ákvörðun um kaup á stórri björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna þá telji undirritaður, Gunnar Bergseinsson, að það þurfi að gera úttekt á flugrekstri Gæslunnar í samráði við fjmrn. og að það liggi þá m.a. fyrir ákvörðun um það hve margar þyrlur skuli gerðar út til eftirlits og björgunarstarfa. Það er engin niðurstaða sem hv. fyrrv. fjmrh. hélt fram að væri til staðar, það er rangt. Hér er plaggið sem undirstrikar það. (**Gripið fram í:** Nei. Það undirstrikar það ekki.)

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 8. þm. Reykn. óskar eftir að bera af sér sakir.

Forseti gerir sér ekki ljósa grein fyrir hvaða sakir hv. þm. vill bera af sér. En hann getur hins vegar sett sig á mælendaskrá. Er það ekki skynsamlegri leið til að fjalla málefnalega um þetta mál? Ef hv. þm. telur sig þurfa að bera af sér sakir þá mun forseti gefa honum orðið og hlusta á þau.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst vekja athygli hæstv. forseta á því að sú regla er í þingsköpum um andsvör að ræðumanni er veitt tækifæri til að svara andsvari þess sem andsvarið flytur hverju sinni strax á eftir að það er flutt. Ekki rétt, virðulegur forseti? (**Forseti:** Það er rétt.) Já, það er rétt. Það gerði hv. þm. Árni Johnsen ekki þegar ég flutti mitt andsvar. (**ÁJ:** Var sárt að fá síðar?) Nú segir þingmaðurinn: Var sárt að fá það síðar? Þar fær forseti það upplýst að hv. þm. Árni Johnsen var vísvitandi að fara í kringum þingsköpin (**ÁJ:** Ég vakti máls á því ...) til að koma í veg fyrir að ég gæti svarað honum strax. Því hann vissi ósköp vel, eins og nú hefur komið fram að með því að neita að taka rétt sinn til að svara mér strax en bíða með að svara mér undir andsvari við ræðu Eyjólfs Konráðs Jónssonar sem hv. þm. vék ekki að einu orði í sínu andsvari, þá var hv. þm. Árni Johnsen að spila á þingsköpin til að koma í veg fyrir að ég gæti samkvæmt réttum og eðlilegum þingsköpum svarað honum. (**Gripið fram í:** Hann er vanur gítarleikari.) Hann bar það hins vegar á mig að ég hefði farið með ósatt mál, hæstv. forseti, en gerði það með þeim hætti að það var utan við þær leikreglur sem gilda hér í þingsalnum.

Það er auðvitað vont, virðulegi forseti, að forseti skuli ekki áminna þingmann sem brýtur þannig eðli andsvara umræðunnar hér í þinginu. Hv. þm. Árni Johnsen hafði rétt samkvæmt þingsköpum til að svara hv. þm. Eyjólfi Konráði Jónssyni í því andsvari sem hann fór upp. Það gerði hann ekki, ekki einu orði. (**Gripið fram í:** Það er rangt hjá þingmanninum.) En hann notaði hins vegar tímann til að lýsa því yfir að ég hefði farið með ósannindi. Mér var fullkunnugt um það bréf sem hann las hér upp, fullkunnugt um það. Ég þekki þessa sögu mæta vel, miklu betur en hv. þm. (**Gripið fram í:** Það sýnir sig.) Það kom fram í þessu bréfi, sem þingmaðurinn las hér, að starfsmenn Landhelgisgæslunnar, sérfræðingar Landhelgisgæslunnar, flugmenn Landhelgisgæslunnar, gerðu faglegan samanburð. Þeir gerðu faglegan samanburð á fyrri hluta árs 1991 á þeim þyrlum sem til greina komu. Sá faglegi samanburður lá fyrir fyrri hluta árs 1991. Þannig að það er staðfest með þessu bréfi sem ég sagði hér áðan að færustu faglegu sérfræðingar Landhelgisgæslunnar voru búnir að skila áliti á þessum tíma. Það sem forstjóri Landhelgisgæslunnar var hins vegar að fara fram á í þessu bréfi og öllum var kunnugt um var fullvissa um það að Landhelgisgæslan fengi af hálfu fjmrn. það rekstrarfé sem tengdist þeim breytingum á starfsemi Landhelgisgæslunnar sem yrðu samfara því að þyrlan yrði keypt.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég stend upp hér til að lýsa stuðningi mínum við þetta mál. Jafnframt langar mig til að þakka hv. 1. flm. frv., hv. þm. Inga Birni Albertssyni, fyrir hans elju í þessu máli. Það á sér orðið alllanga sögu eins og við þekkjum. Sú saga mun ekki verða afmáð. Það mun engu breyta hversu auðvirðilegan málflutning einn og einn hv. þm., eins og til að mynda hv. þm. Suðurl. Árni Johnsen, hefur hér í frammi um það að dugnaður hv. þm. Inga Björns Albertssonar í þessu máli er metinn að verðleikum út um allt þjóðfélagið. Ekki síst eru það sjómenn og björgunarsveitir og aðrir slíkir aðilar sem hafa fylgst vel með því og vita vel hverjum er helst að þakka forustu fyrir þessu máli.

Það mun hafa verið veturinn 1987–1988 sem ég var norður í landi og þá hittu mig m.a. að máli nokkrir loðnusjómenn á norðlenskum loðnuskipum og vildu færa í tal áhuga sinn á því að reynt yrði að knýja fram ákvörðun um endurnýjun á björgunarþyrlum Landhelgisgæslunnar. Þetta eru þeir sjómenn íslenskir sem við núverandi aðstæður í okkar sjávarútvegi eru

kannski hvað oftast að sigla drekkhlöðnum skipum um hávetur norður fyrir land eða vestur og jafnvel að veiðum langt úti í hafi. Þetta eru stór skip með það fjölmenna áhöfn að núverandi þyrla Gæslunnar tekur ekki áhöfn í einni ferð. Það er þess vegna ofur eðlilegt að þessi hópur sjómanna sýni þessu máli áhuga en hann er ekki einn um það.

Þegar ég kom suður eftir að hafa átt fund með þessum loðnusjómönnum þá vildi svo til að ég fór að taka saman drög að tillöguflutningi í þessu máli og var með hann í töskunni þegar hv. þm. Ingi Björn Albertsson kom og sýndi mér drög að sinni fyrstu till. til þál. um þessi þyrlumál. Ég tók því að sjálfsögðu fagnandi að slást í lið með honum í þessu máli. Síðan er mikið vatn runnið til sjávar. Þó hafa þeir áfangar náðst í þessu máli sem er satt best að segja ótrúlegt miðað við þau spor sem við stöndum í í dag að Alþingi hefur afdráttarlaust mælt fyrir um það fyrir hartnær tveimur árum að á því ári skyldi keypt björgunarþyrla eða gengið til samninga um björgunarþyrlu. Það er auðvitað mjög sérkennilegt og óvenjulegt þegar um svo afdráttarlausa samþykkt Alþingis er að ræða að hún skuli ekki vera komin til framkvæmda. Það er í ljósi þeirrar óvenjulegu aðstöðu sem nú er gerð tillaga um að Alþingi taki enn betur af skarið í þessu máli með lagasetningu. Það er að sönnu óvenjulegt að leggja til að einstök framkvæmd eða einstök ákvörðun af þessu tagi sé tekin með sérstakri lagasetningu á Alþingi. En úr því að annað dugar ekki á hæstv. ríkisstjórn þá er það tvímælalaust rétt og ég tel að virðing Alþingis sé að nokkru leyti í húfi að láta ekki fótumtroða vilja sinn svona ár eftir ár eins og hér hefur verið gert.

Það er alveg ljóst að tíminn hefur ekki staðið í stað í þessu máli frekar en öðrum og það hefur tapast dýrmætur tími til að fá þetta nýja björgunartæki í gagnið síðan Alþingi fjallaði um það og ákvað með þál. snemma árs 1991 að þá skyldi ráðist í endurnýjum. Nú er komið inn á það ár ef mig misminnir ekki þegar stórskoðun þarf að fara fram á þyrlu Landhelgisgæslunnar. Reynslan úr rekstri hennar síðan 1991 færir okkur því miður heim sanninn um það sem spáð var fyrir að frátafir hennar vegna bilana og skoðana mundu aukast ár frá ári úr þessu. Um slíkt geta reyndir menn í flugrekstri að sjálfsögðu borið og viðhaldsbók mælir fyrir um það að miklu leyti hversu miklar slíkar frátafir verða. Það er þess vegna enn brýnna en ella að nú verði ekki frekari tíma kastað á glæ í þessu máli.

Staðreyndin er sú að þetta mál hefur verið tilbúið til ákvarðanatöku að minnsta kosti í eitt og hálft til tvö ár. Það er rugl að halda því fram að það hafi þurft margra ára undirbúning að þessari einföldu ákvörðun eins og hér er í raun og veru reynt að gera af þeim sem eru í því ömurlega hlutskipti að verja frammistöðu hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli. Það er rugl. Það vita auðvitað allir að sérfræðingar Landhelgisgæslunnar hafa árum saman fylgst með þessum málum. Þeir voru ekki að vakna af neinum svefni hvorki árið 1991 né 1992 né 1990. Þar eru þeir menn íslenskir á ferð sem mesta sérþekkingu hafa á þessu máli. Eða hvert ætla Íslendingar að sækja reynsluna ef ekki í hóp þessara manna?

Ég hygg að það hafi verið árið 1990 sem yfirflugstjóri og flugmenn og sérfræðilegir ráðgjafar Landhelgisgæslunnar gengu á fund nokkurra ráðherra í páv. ríkisstjórn og kynntu þeim stöðu mála. Þeir sögðu auðvitað það sem augljóst mátti vera hverjum manni að þeir fylgdust með þessum málum frá degi til dags. Það kæmi ekki svo út bæklingur um þyrlumál að þeir læsu hann ekki spjaldanna á milli, eðlilega. Þannig að ég fullyrði að það er rugl sem hér er haldið fram. Af tæknilegum ástæðum þurfti meira en vikur, í mesta lagi mánuði, til að ganga frá ákvörðun í þessum efnum. Málið er ekki óskaplega flókið í sjálfu sér. Það eru sömu vélategundirnar á ferðinni og verið hafa ár eftir ár. Það er margbúið að framkvæma tæknilegan samanburð á þessum vélum. Sérfræðingar Landhelgisgæslunnar hafa allar upplýsingar um það. Síðan er reynt að blanda inn í þetta mál jafnfurðulegum hlutum eins og þeim að það þurfi að fara í sérstaka úttekt á mögulegu samstarfi við björgunarsveit hersins. Er hann ekki bölvanlega búinn að vera hér í landinu, þessi her, um áratugi. Er eitthvað nýtt í þeim samskiptum? Ég hélt ekki. Að það þyrfti að fara út í einhverja sérstaka úttekt á Landhelgisgæslunni. Til hvers? Til að finna út hver sé tilgangurinn með rekstri björgunarþyrlu? Tilgangurinn með rekstri björgunarþyrlu er að bjarga mannslífum. Einfaldara getur það ekki verið. Það þarf engar úttektir til að fá það á hreint. Þetta er einhver allra ömurlegasti og auðvirðilegasti málflutningur sem ég hef heyrt um langa hríð þegar talsmenn hæstv. ríkisstjórnar er að reyna að klóra í bakkann hér á þingi. Þeir munu ekki bæta málstað sinn meðal íslenskra sjómanna, björgunarsveitamanna eða almennings í landinu með þessari frammistöðu. Ef það á að verða lærdómur okkar af málflutningi sumra hv. þm. Sjálfstfl. hér, að það sé sökum öfundar í garð hv. þm. Inga Björns Albertssonar, sem þeir koma svona fram í málinu, ja ekki fegrar það nú málstað þeirra. Ekki gerir það vondan hlut betri, hæstv. forsrh., ef það er svoleiðis (**Forsrh.:** Hvað?) sem liggur í málinu. Að það sé vegna innanflokksástæðna sem Sjálfstfl. hamast svona gegn þessu máli, sem ríkisstjórn hæstv. forsrh. hefur dregið lappirnar í hartnær tvö ár í þessum efnum. Ekki gerir það vondan hlut betri.

Það er alveg augljóst mál, öllum ber saman um það sem fylgst hafa með þessum málum, sérfræðingum Landhelgisgæslunnar, þeim sem vinna að björgunarstörfum, sjómönnum og öðrum, að ekkert geti komið í staðinn fyrir rekstur á öflugri íslenskri björgunarþyrlu sem er mönnuð Íslendingum, staðkunnugum mönnum, þrautþjálfuðum við íslenskar aðstæður. Það eru mörg, mörg dæmi um það að staðkunnátta og reynsla íslenskra þyrluflugmanna hefur bjargað mannslífum þar sem erlendir aðilar urðu frá að hverfa. Ég man til að mynda eftir einu atviki sem ég fylgdist nánast með í beinni útsendingu, þegar þyrlan flaug undir skýjum nánast í 5–10 metra hæð yfir sjó norður með öllum Ströndum, og sótti þangað dauðveikan mann. Það var óhugsandi að við þær aðstæður hefðu aðrir en staðkunnugir og þrautþjálfaðir íslenskir flugmenn geta leyst verkefnið af hendi vegna þess að þeir einir höfðu

þá staðkunnáttu, þá þekkingu og þá þjálfun sem til þurfti við þær aðstæður. Þess vegna er deilan ekki um það að nauðsynlegt sé að reka íslenska björgunarþyrlu mannaða íslenskum flugmönnum. Tæknilega er ekkert að vanbúnaði og hefur ekki verið í a.m.k. eitt og hálft ár að taka þessa ákvörðun. Allt annað er undansláttur, allt annað eru tilburðir til að drepa málinu á dreif.

Nú er svo komið að Alþingi stendur öðru sinni frammi fyrir því að taka af skarið í þessu máli og vonandi gerir það það með svo myndugum hætti að þessu sinni að ríkisstjórnin komist ekki upp með frekari undanbrögð. Það er algerlega nauðsynlegt að afgreiðsla þessa máls verði með þeim hætti að ríkisstjórnin eigi engan annan kost en hunskast til þess, leyfi ég mér að segja hæstv. forseti, að virða vilja Alþingis og kaupa björgunarþyrlu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þetta er nú ekki kurteislegt orðalag. Forseta þykir vænt um ef hv. þm. vilja nota kurteislegt orðalag í sínum ávirðingum. (**Gripið fram í:** Það á nú ekki alltaf við.)

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það vakti nokkuð undrun mína eftir heldur landsföðurlega ræðu hjá hv. 3. þm. Suðurl. í utandagskrárumræðunni hvernig hann skipti um tóntegund þegar hann fór aftur að ræða um björgunarþyrlu. Það verður að segjast eins og er að ég tel að Sjálfstfl. hafi ekki haft hæfari talsmann fyrir þann málstað sem þeir vilja vera að verja í þeim efnum en hv. 6. þm. Reykv. Það vekur þess vegna mjög undrun mína hvers vegna hv. 3. þm. Suðurl. geystist hér fram á völlinn. Hann kvartaði yfir að það væri of hratt ekið. Hann kvartaði yfir því að það væri ógreiði gerður með því að flytja þetta mál. Nánast aðför að hæstv. dómsmrh. skyldi maður ætla. Ég minnist þess að hv. 3. þm. Suðurl. kom hér inn á Alþingi og flutti hvert frv. eftir annað, sem varaþingmaður, sem hann ætlaði hv. 1. þm. Suðurl. að koma í höfn. Hefði hann unnið að þeim öllum og leyst þau þá hefði ekki þurft neina ferju til Vestmannaeyja, þá hefðu menn náttúrlega farið veginn í gegnum jarðgöngin sem hv. 3. þm. Suðurl. taldi sjálfsagt að byggja skjótt. Að vísu komu fram hugmyndir hér í salnum hvort ekki bæri að halda áfram til Skotlands ef þetta væri svona einfalt að komast til Eyja.

Hv. þm. gat um að það væri keyrt of hratt. Ef ég man það rétt þá er þetta sami þingmaður og lagði til að ökuhraði á vegum landsins yrði 110 km, ég man ekki betur. Þannig að mig undrar það hvers vegna hann tekur dæmið um of hraðan akstur inn í þetta þegar hann víkur að flm. hv. Inga Birni Albertssyni.

Ég verð að segja eins og er að mér þykir það miður hvers vegna hv. 3. þm. Suðurl. hefur einhverra hluta vegna litið á það sem sitt hlutverk að ætla að gerast skjaldarberi fyrir ríkisstjórnina en endar svo þessa umræðu með því að liggja flatur undir skildinum, horfinn af vígvelli.

Annað atriði þótti mér einnig athyglisvert og verð nú að segja eins og er að menn geta deilt um skoðanir en þingmaður hefur vissan rétt í þessum sal. Hér gilda vissar samskiptavenjur. Þegar spurt er og þingmaður beinir spurningu til ráðherra, óskar eftir skýlausu svari og ráðherrann er á staðnum, þá er það náttúrlega ekki boðlegt, hvorki gagnvart þingmanninum né þingheimi, að ráðherra svari ekki undir þeim kringumstæðum. Það er ekki boðlegt. Það er alveg sama þó við e.t.v. hugsum sem svo að hæstv. forsrh. sé þeirrar skoðunar að hv. þm. Ingi Björn Albertsson sé nú ekki efstur á vinsældalistanum hjá sér þá er það ekki boðlegt að láta slíkt koma fram með þessum hætti. Menn smækka sem ráðherrar ef þeir eru staðnir að slíku. Þeir smækka vegna þess að svona persónulegar deilur, sem alltaf geta átt sér stað, á að leggja til hliðar í þingsalnum og hér eiga menn að líta hver á annan, annar sem hv. þm. og hinn sem hæstv. ráðherra. Ég tel að hæstv. forsrh. verði maður að meiri komi hann hér í ræðustól og geri grein fyrir sínu sjónarmiði í þessu máli og svari þeim spurningum sem til hans var beint. Ég held líka að þjóðin ætlist til þess. Þjóðin ætlast til þess. Þetta mál er nú einu sinni viðkvæmt mál. Ég hef ekki reynt að spila á tilfinningar eins eða neins í þessu máli. Ég stóð að því að samþykkja það á sínum tíma að hér yrði keypt þyrla 1991 eins og hv. 4. þm. Reykv. gat um sem er kjarni málsins. Alþingi Íslendinga fer fram á það með þeim stífasta hætti sem hægt er í þáltill. að fela framkvæmdarvaldinu að gera samning á árinu 1991. Það getur enginn maður út í bæ hvort heldur sem hann er forstjóri fyrir Landhelgisgæslunni eða einhverri annarri stofnun sagt sem svo: Mig varðar ekkert um þetta, það á ekki að framkvæma þetta. Alþingi Íslendinga hefur fjárveitingavaldið og það er þess að ákveða. Auðvitað var það eðlilegt sem kom fram hjá forstjóra Landhelgisgæslunnar að það þyrfti fé til að reka þessa þyrlu. En var sanngjarnt að ætla því þingi sem ákvað að það yrði farið út í kaupin að það gerði ráð fyrir að þyrlan ætti svo að standa án þess að hún yrði rekin? Auðvitað vissu það allir sem stóðu að þessu að það þurfti að reka björgunarþyrluna.

Ég verð að segja eins og er að mér finnst dapurlegt að búa við það að þegar mál eins og þetta er rætt þá þurfi menn af einhverri sérstakri ástæðu að reyna að ná vopnum sínum með persónulegu skítkasti í garð manna. Ég varð ekki var við þær fullyrðingar sem komu fram hjá hv. 3. þm. Suðurl., að hv. þm. Ingi Björn Albertsson hefði verið með eitthvert níð á einn eða neinn. Mig undrar þegar menn þurfa að grípa til vopna sem þessara. Mig undrar það.

Auðvitað hendir það okkur marga í hita leiks að við gætum þess ekki að stilla okkur en þá er nú yfirleitt nokkuð mikið búið að ganga á. Hér var ekki um það að ræða.

Herra forseti. Ég ætla ekki að verða til þess að tefja þessa umræðu en ég vænti þess að hæstv. forsrh. sýni þinginu þá virðingu og þjóðinni að svara þeim fyrirspurnum sem til hans var beint. Auðvitað höfum við

misjafnar skoðanir á þessu. Ég get vel skilið að menn hafi á því misjafnar skoðanir en svörin aftur á móti eru mikils virði, bæði fyrir þingheim og þjóðina.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Það kom fram fyrr í umræðunni af hálfu hv. 1. flm. þessa máls að honum fyndist tímaeyðsla að svara tilteknum ummælum frá hv. 3. þm. Suðurl. Á hinn bóginn er það svo að þessi lagasmíð og þetta lagafrv. og þessi umræða vegna þess er í sjálfu sér tímaeyðslan og sú hin eina.

Ég ætla ekki að öðru leyti að fjalla um ræðu hv. þm. því mér fannst satt best að segja að ræðan væri á því plani að hún væri nánast ekki svara verð. (**Gripið fram í:** Árna Johnsens?) Hv. 1. flm. till.

Varðandi hins vegar það efni sem menn hafa vikið að í tengslum við þetta frv. um kaup á þyrlu þá liggur það fyrir og það hefur verið samstaða um að veita allar heimildir til þess að slík þyrla sé keypt. Menn hafa viljað halda því fram að öll efnisatriði í þessu stóra máli hafi legið fyrir og frekari athugana hafi ekki þurft við og að þessar athuganir sem menn hafi haft uppi bendi til þess að menn vilji tefja málið. Það er ekki svo. Það hefur mjög mikið verið að gerast einmitt á þyrlumörkuðunum á síðustu missirum, mjög mikið verið að gerast á þeim mörkuðum. Og þeir sérfræðingar sem hæstv. dómsmrh. skipaði á sínum tíma til að fara yfir málið telja sig þurfa örfáar vikur nú til að fara yfir þær síðustu upplýsingar sem fyrir liggja í málinu. Það verður engin fyrirstaða og ekkert því til fyrirstöðu að því loknu, þegar í vor, að ganga til samningaviðræðna um þetta mál. Það liggur fyrir ríkur vilji hjá þinginu að þjóðin festi kaup á þessu björgunartæki. Að vísu er það svo, og það eiga menn að hafa í huga, að það ríkir ekkert neyðarástand í þessum efnum hér á landi sem betur fer. Við búum að þessu leyti við betri aðstöðu en flestir aðrir.

Hvað veru varnarliðs hér á landi áhrærir þá er það staðreynd, staðreynd sem við ættum að þakka en ekki vera með skens og þess háttar af því tilefni, að þyrluþjónusta varnarliðsins hefur komið að gríðarlegu gagni. Og það eru mjög margir Íslendingar sem hugsa til þeirrar þjónustu með mjög þakklátum huga. Staðreyndin er sú að þar eru fjórar öflugar nýjar þyrlur og hin fimmta á leiðinni. Staðreyndin er einnig sú að við búum við þyrlukost sjálfir sem er öryggistæki í þessum efnum. Þannig að það er alveg ljóst að það er ekkert neyðarástand á ferðinni. Það breytir ekki hinu að það er ríkur vilji til þess í landinu að festa kaup á öflugri þyrlu. Til þess hafa verið skapaðar heimildir bæði með þáltill. hér á Alþingi og eins með tillögu sem fjárveitingavaldið hefur til að hrinda slíku máli í framkvæmd.

Þegar menn tala um að verið sé að horfa til varnarliðsins sérstaklega og ýta málinu suður á völl, eins og það er svo smekklega orðað, þá eru menn annað hvort ekki inni í málinu eða að reyna að byggja hér upp umræður sem eiga ekki stoð í veruleikanum. Það eina sem menn hafa viljað skoða í þeim efnum og hafa algerlega fyrir framan sig er það hvort þyrla sem keypt yrði, ég vek athygli á því, keypt yrði og rekin af íslenskum aðilum þeim sem hafa slíka þyrlu rekið hingað til, hvort slík þyrla gæti verið sams konar eða sambærileg við aðrar þyrlur sem eru á þessu svæði þannig að menn gætu nýtt sér þá kosti sem slíku fylgja. Þetta er ekki gert í þeim tilgangi að slík þyrla sé endilega keypt heldur eingöngu í þeim tilgangi að menn hafi alla kosti fyrir framan sig.

Menn eru hér að tala um gríðarlega fjárfestingu. Sú þyrlutegund sem mest hefur verið nefnd og margir hafa mælt með, ég geri ekki lítið úr því, er talin kosta 800 millj. kr. ný. Með varahlutum og þjálfun nálægt 1 milljarði kr., 1.000 millj. kr. Það er algjört ábyrgðarleysi að finna að því að menn vilji vanda mjög vel til undirbúnings á slíkum kaupum á tæki sem á að duga okkur lengi og er fyrir 1 þús. millj. kr.

Hv. 1. flm. las hér í þinginu upp úr grein eftir þyrluflugmann. Þar kom fram að þetta mál hefði verið í vinnslu í fimm ár. Þar af fóru með stjórn ríkisins, forsrh. og fjmrh. á þeim tíma, sem eru tveir flm. að þessu lagafrv. Í þrjú ár af þessum fimm áttu þeir þess kost að hrinda þessu máli í framkvæmd en gerðu ekki.

Hv. 3. þm. Suðurl. vakti athygli á að þetta frv. væri auðvitað ekkert þingtækt. Og það var kallað fram í og hann beðinn að rökstyðja það. Það liggur fyrir í þingskjölum álit lagaprófessors við háskólann um það efni, mjög svo afgerandi, þannig að enginn vafi er í þeim efnum.

Það segir hér, með leyfi forseta: „Gildi slíkrar lagasetningar er raunar takmarkað ef það er þá nokkuð. Samningur felur í sér að samningsaðilar, tveir eða fleiri, komast að sameiginlegri niðurstöðu og verður ekki séð hvernig hægt er að lögskylda annan samningsaðilann til þess. Slík fyrirmæli fá einfaldlega ekki staðist þannig að framangreindar hugleiðingar um skyldur og ábyrgð ráðherra eru ástæðulausar," eins og hann síðan kemst að orði þar sem hann fjallar um það á undan. Þannig að lagafyrirmælin í þessum frumvarpsbúningi fá ekki staðist. Þess vegna stend ég við það að þetta lagafrv. kemur þessu máli ekkert við, hefur ekkert með þetta mál að gera. Það er fullur vilji á því að menn komist hér að sameiginlegri niðurstöðu um það að þyrla sé keypt af þeirri gerð sem ályktað hefur verið um með þeim eiginleikum sem við teljum þurfa á að halda við okkar aðstæður. Vilji ríkisvaldsins stendur til þess. Ríkisvaldið mundi ekki vera að láta vinna svo undirbúningsmikla vinnu, kostnaðarsama vinnu, ef þessi vilji væri ekki fyrir hendi. Auðvitað þurfa menn síðan að hafa fleiri en einn kost inni í myndinni. Og það er afskaplega heimskulegt að reyna að vinna að málinu þannig að aðeins einn kostur væri inni í þessari mynd. Ef fleiri en einn kostur væru í myndinni þá er líklegra, miklu líklegra en ella, að við fáum kjör sem okkur henta.

Það frv. sem hér er til umræðu breytir engu um þann vilja sem er á því að þetta öfluga björgunartæki verði til staðar í landinu. Breytir engu. Ég tel þó að þetta frv. sé þess eðlis að það geti heldur skaðað málið en hitt ef samþykkt yrði.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að spyrja einnar spurningar. Hæstv. forsrh. sagði að hér væri ekki neyðarástand. Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Finnst honum ekki vera neyðarástand þegar nokkrir ungir menn láta lífið hér við ströndina vegna þess að þyrla Landhelgisgæslunnar var biluð vestur á fjörðum og ekki náðist nógu fljótt í björgunarflugvél frá varnarliðinu? Hvað finnst hæstv. forsrh. vera neyðarástand?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta mál var eitt einu sinni áður dregið með dapurlegum hætti inn í þessa umræðu, mjög ósmekklegum og dapurlegum hætti og það er gert aftur núna. Við vitum öll að ástæður þess að ekki tókst þar að bjarga mannslífum að talið er að menn hringdu ekki í þann liðskost sem fyrir hendi var. Það er mjög ósmekklegt og langt fyrir neðan virðingu manna að draga þetta mál hér upp með þessum hætti eins og gert var hér á sínum tíma. Það er þingmanninum til stórlegs vansa.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er fleira dapurlegt. Ummæli hæstv. ráðherra hér áðan voru það líka.

Ástæðan fyrir því að þetta frv. er nú í umræðu er það að orðið hefur ófyrirgefanleg töf á þessu máli. Þetta er eina ástæðan í rauninni, því samþykktin liggur fyrir. Varðandi það hvort málið sé þingtækt eða ekki þá þykir mér mjög misjafnt hvað hæstv. ríkisstjórn tekur mikið mark á þessum tiltekna lagaprófessor. Ef hann tjáir sig um vald forseta Íslands og rétt hans til að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu með því að neita að skrifa undir lög þá er hann ekki eins marktækur og í þessu máli heyrist mér.

Varðandi það að gagnrýna að nú skuli vera leitað samstarfs við varnarliðið þá held ég að helsta ástæðan fyrir þeirri gagnrýni sé sú að þetta drepur málinu enn á dreif og það tefur það enn. Önnur ástæða er sú að hér er í rauninni ekki, eins og ég rakti fyrri í ræðu minni hér, um kost að ræða sem er álitlegur nema að valin sé gerð sem er töluvert mikið dýrari heldur en tvær helstu gerðir sem ella koma til greina. Þetta skiptir verulegu máli. Ef við erum að tala um ódýrari lausn þá erum við jafnframt að tala um kost sem er ófullnægjandi með öllu og það tel ég að við getum ekki verið þekkt fyrir að gera. Ef við erum hins vegar að tala um að fá, eins og hv. form. allshn. talaði hér um, einhvern strípaðan skrokk sem er hægt að fylla inn í þá fer það annaðhvort á kostnað gæða og tækjabúnaðar eða pláss í þyrlunni og þetta getum við heldur ekki sætt okkur við. Ég held því að það sé óhjákvæmilegt að taka til hendinni og samþykkja þetta frv.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er augljóst að hv. þm. hefur ekki nýjustu upplýsingar eins og þingmaðurinn talaði. En þannig er að nýjustu upplýsingar benda til þess að kostnaður sambærilegra þyrlna af báðum þessum tegundum sem helst hafa verið ræddar sé mjög svipaður og búnaðurinn svipaður, þannig er staðan. Ekki skal ég neitt um það segja af hverju hv. þm. dró inn í þetta mál umræður prófessors Sigurðar Líndal um forseta Íslands og það ákvæði sem stjórnarskráin geymir varðandi forseta Íslands og undirritun laga. Ég sá nú ekki hvað það átti við hér, það voru afskaplega athyglisverðar greinar vissulega. Kannski er þingmanninum það svo ofarlega í huga þar sem nú fyrir aðeins hálftíma síðan voru menn að ganga frá samkomulagi um hið Evrópska efnahagssvæði sem væntanlega þá hefur sinn gang nú allra næstu daga.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi prófessorinn þá held ég að það skýri sig sjálft og það skilji þeir sem skilja vilja. En varðandi það hvort um sambærilegan búnað sé að ræða þá hef ég ekki annað en það sem upp kom í umræðu innan allshn. þar sem það er alveg ljóst að hér er ekki um sambærilega þyrlu að ræða með sambærilegum búnaði ef kostnaður á að vera álíka eða minni en við aðrar tegundir þyrlna. Að sjálfsögðu verðum við ekki vitrari en þær upplýsingar eru sem við fáum í allshn. og ég hef rökstuddan grun um að þessar upplýsingar séu réttar vegna þess að ég veit ekki betur en innan Landhelgisgæslunnar hafi menn nákvæmlega sama mat á þessu máli. Ég tel að þar séu menn sem þekkja málið til hlítar, vilja því hið allra besta og hafi það kannski fram yfir aðra sem áreiðanlega vilja vel í þessu máli líka, að þeir hafa mjög ítarlega og yfirgripsmikla þekkingu á þessu. Þeir hafa kannað það lengi og vel og þeir þekkja það niður í smæstu smáatriði. Þeir vita hvað er framkvæmanlegt og þeir vita líka hvað er hyggilegt að gera og þeir vita það líka hvort um það er að ræða að hægt sé að athafna sig t.d. ef einhver aukabúnaður er kominn í þyrlu sem ekki er ætluð til þeirra nota sem hér á við, björgunarstarfa við erfið skilyrði á norðurhjara.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. færði fram sem skýringu á þeirri töf sem orðin er á því að framkvæma vilja Alþingis í þessu máli, og eru orðin hartnær tvö ár, að það hefði verið eins og ég held að hann hafi orðað það, mikið að gerast á þyrlumörkuðunum undanfarna mánuði og því þyrftu menn nú enn vikur til að vinna úr þeim upplýsingum. Hæstv. forsrh., ég leyfi mér að halda því fram að það muni verða svo áfram. Það muni verða heilmikið að gerast á þyrlumörkuðum næstu mánuði og næstu ár og það muni stanslaust berast nýjar upplýsingar og koma fréttir af nýjungum í þyrluframleiðslu og þannig hefur það verið undanfarin ár. Með svona málflutningi geta menn dregið það til aldamóta að endurnýja þyrluna. Það er því miður það sem virðist vera í sjónmáli.

Í öðru lagi, hæstv. forsrh., prófessorar í Háskóla Íslands fara ekki með lögsögu í því hvað sé þingtækt, það gerir Alþingi. Frv. sem meiri hlutinn á Alþingi ákveður að samþykkja er þar með orðin lög í landinu, hæstv. forsrh.

Ég vil líka spyrja hæstv. forsrh. í þessu sambandi:

Hvernig getur það spillt fyrir máli á Íslandi að meiri hluti Alþingis samþykki það? Hvenær hefur það gerst í samanlagðri stjórnmálasögunni að það spilli fyrir máli að meiri hluti Alþingis birtist sem stuðningsaðili við það? Er hæstv. forsrh. að segja okkur að hæstv. ríkisstjórn muni fara í enn meiri fýlu en hún er í nú þegar í þessu máli (**Gripið fram í:** Hvaða ríkisstjórn?) ef meiri hluti Alþingis ákveður að kaupa nú strax björgunarþyrlu? Ég bið um útskýringar á þessu furðulega atriði sem hæstv. forsrh. kom með að það gæti spillt fyrir máli að meiri hluti Alþingis styddi það. Ég hef aldrei áður í samanlagðri stjórnmálasögu þingræðisríkja í heiminum heyrt svona málflutning. Það er auðvitað Alþingi sjálft sem hefur endanlegt vald í þessum efnum, hæstv. forsrh., og það er alveg nauðsynlegt að maður sem stýrir þingbundinni ríkisstjórn átti sig á þessari staðreynd. (**Forseti:** Tíminn er búinn.) Hann má vera það.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla nú ekki að fara í einhverja leikfimi við hv. þm. um hvað hafi verið sagt í gjörvöllum þingræðislöndum fyrr og síðar. Þingmaðurinn virðist hafa fylgst með því. Meginmálið er þó það varðandi þetta atriði að samþykki menn lög sem standast ekki, ganga ekki upp, binda í lagafyrirmælum hluti sem ekki ganga upp, þá er ríkisstjórn mikill vandi á höndum. Það er staðreynd. Og rök prófessorsins standa í fullu gildi hvað það varðar. En meginmáli skiptir í þessum efnum það sem þingmaðurinn virtist ekki vilja heyra að ég hef sagt og segi enn að það eru örfára vikur þar til þessi efnisatriði liggja fyrir. Þá hefja menn samningaviðræður á þeim grundvelli sem þingið hefur þegar gefið. Ekki á grundvelli þessa vitlausa, marklausa frv.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það vekur sérstaka athygli að trekk í trekk kýs hæstv. forsrh. að haga þannig orðum sínum að hann sneiðir hjá því að gefa afdráttarlausa yfirlýsingu um að björgunarþyrla verði keypt á þessu ári. Nú hefur hæstv. forsrh. fengið beina spurningu í þá veru. Endurtekið kemur hann hér upp og hagar þannig orðum sínum að það er skilið eftir í fullkominni óvissu hvenær að því kemur ef að því kemur á þessu ári. Við hljótum að biðja hæstv. forsrh. að tala skýrar. Ekki síst í ljósi þess furðulega hugsunarháttar sem hæstv. forsrh. opinberar hér gagnvart þingræðinu og meirihlutavaldi Alþingis. Ég verð að segja alveg eins og er að ég minnist þess ekki að hafa heyrt neinn hæstv. forsrh. haga orðum sínum með þessum hætti. Fyrir nú utan hitt sem við erum orðin mjög vön á Alþingi að hæstv. forsrh. opinberi því miður verð ég að segja nánast, ja, virðingarleysi sitt fyrir þessari stofnun er nú vægt orð, ég ætla ekki að segja lítilsvirðingu en virðingarleysi er væg útgáfa af því sem manni kemur í hug þegar samskipti Alþingis við þennan hæstv. núv. forsrh. eiga í hlut. Útúrsnúningar hæstv. forsrh. breyta engu þar um. Ég held að allir landsmenn með þessari einu undantekningu þá hafi nú hinn rétta skilning á því að það er þingræði á Íslandi. Það er á Alþingi sem hið endanlega vald liggur í svona málefnum. Og ef Alþingi samþykkir hér lög um að ráðast skuli í tilteknar framkvæmdir eða gera einhverja tiltekna hluti á árinu þá á að gera þá, það er nú bara þannig. Mér er sama þó hæstv. forsrh. dragi fram þúsund prófessora og haldi tvö þúsund ræður eins og hann gerði hér áðan, ég stend á því fastara en fótunum að það sé Alþingi sem ráði í þessum efnum og ef það með afdráttarlausum hætti tekur af skarið í annað sinn þá verður hæstv. forsrh. að víkja úr núv. starfi sínu, þ.e. aðalstarfi sínu í forsrn., hann getur áfram verið borgarfulltrúi, ef hann ætlar að hunsa þann vilja áfram.

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ljóst að gagnfræðaskólinn er tekinn til starfa að nýju. Það kom bersýnilega fram hér áðan. Ég vil leyfa mér að inna hæstv. forseta eftir því hvort þetta frv. er þingtækt eða ekki. Hér hefur forsrh. fullyrt að málið sé óþinghæft. Ég tel náttúrlega að við það verði ekki unað og forseti geti ekki setið undir því að hér sé verið að eyða tíma þingsins í óþinghæf mál. Ég óska eftir úrskurði forseta hvort málið er þinghæft eða ekki? (**Gripið fram í:** Það er búið að úrskurða það. Það var gert með því að samþykkja málið.) Ég óska eftir formlegum úrskurði forseta. (**Forseti:** Það ætti ekki að þurfa að upplýsa hv. þm. um það að málið væri ekki komið þangað sem það er komið ef það hefði ekki verið þingtækt til að taka það til umfjöllunar. Síðan er það þingsins að úrskurða hvaða afgreiðslu það fær.) Gott, ég þakka hæstv. forseta fyrir svarið. En ég bað eingöngu um svarið fyrir hæstv. forsrh. Ég geri mér grein fyrir að hann hefur verið stutt á þingi, aðeins tvö ár, þannig að honum hefur greinilega ekki verið ljóst hvernig málum er háttað hér. Þannig að nú liggur það fyrir að hann fór með rangt mál hér áðan þegar hann sagði að málið væri óþinghæft.

Ég hins vegar fór hér upp í andsvör vegna þess að ég vil fá svar við þeirri spurningu sem ég lagði fram. Afdráttarlaust svar um hvort á að nýta heimildina í 6. gr. og ganga til samninga um kaup á björgunarþyrlu á þessu ári eða ekki. Þetta er mjög einföld og skýr spurning. En það voru afar loðin svör hér áðan þannig að ég óska eftir að það verði gefið skýrt svar við því: Hyggst ríkisstjórnin ganga til samninga um kaup á nýrri björgunarþyrlu á þessu ári eða ekki?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get skýrt frá því og sagt það sem ég þegar hef sagt. Það stendur ekki annað til heldur en að ríkisvaldið og ríkisstjórnin geri samninga um þyrlukaup á þessu ári alveg óháð því hvernig þessi hv. þm. lætur, óháð því hvernig hann reynir að slá sig til riddara með þessu máli, með mjög ósmekklegum og ómaklegum hætti.

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég bað um skýr svör. Ég tel mig ekki hafa fengið þau enn. Ég tel það ekki skýrt svar og

afdráttarlaust að það standi til að gera eitt eða annað. Ég óska eftir að fá skýrt svar. Á að ganga til samninga um kaup á nýrri björgunarþyrlu eða ekki? Ekki hvort ríkisstjórnin ætli að beita sér fyrir einhverju eða ætli að standa fyrir einu eða öðru, ég vil bara fá skýrt og hreint og klárt svar við mjög einfaldri spurningu.

Aðeins vegna þess að vitnað var hér í lagaprófessor og hans niðurstöðu í þessu máli þá vil ég nú gjarnan minna á umræðuna um EES þar sem fjölmargir lagaprófessorar gáfu sitt álit. Þá mátti aldeildis ekki hlusta á þá, ekki nema fáa útvalda. Það má sem sagt hlusta á lagaprófessora ef það hentar manni. Ef það hentar manni ekki þá er ekki hlustað á þá. Þannig er nú málið.

Ég tel að það sé rangt hjá hæstv. forsrh. að þetta frv. hafi skaðað málið. Ég held einmitt að hér í dag séum við að vinna áfangasigur, við sem viljum björgunarþyrlu, við sem raunverulega viljum hana, vegna þess að ríkisstjórnin er að láta undan þrýstingi. Hún er að láta undan þrýstingi. Og hún mun eins og ég skynja það reyna að ganga til samninga um kaup á nýrri björgunarþyrlu vegna þessa frv. ekki vegna neins annars.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Í raun og veru er sá tími liðinn sem þingsköp leyfa til andsvara en það hefur komið hér fram að forseta hefur yfirsést að hv. 8. þm. Reykn. bað um orðið um andsvör og er því ekki ljóst hvar í röðinni hann var. Þess vegna væntir forseti þess að það verði ekki tekið sem eitthvert fordæmi þó forseti fari aðeins út fyrir þingsköp núna og leyfi hv. 8. þm. Reykn. að veita andsvar.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að nýta allan þann tíma sem ég ella hefði til þess að bera fram mitt andsvar vegna þess að það var í raun og veru mjög stutt.

Það er löng hefði fyrir því að sé ráðherra, sem fær heimild í fjárlögum til að ganga til ákveðinna verka, spurður um það hvort hann muni nýta þá heimild á því ári eða ekki, þá er aðeins eitt svar sem er afdráttarlaust, það er svarið já. Hæstv. forsrh. hefur verið beðinn um það vegna þess að hann gegnir líka embætti fjmrh. að segja það alveg skýrt með hefðbundnum hætti hér í þinginu hvort ákveðið hefur verið að nýta heimildina. Í fyrri ræðum sínum var hæstv. forsrh. mjög loðinn. Það skal virt að hann var aðeins skýrari hér í sinni síðustu ræðu. En við biðjum um skýrt svar. Ætlar ríkisstjórnin að nýta þá heimild sem hún fékk í lið 6.13 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1991? Þar til sagt verður skýrt já, þá leikur vafi á því hvort ríkisstjórnin mun nýta þá heimild.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er nú skrípaleik líkast. Það er þannig að ég hef margítrekað hér bæði í minni fyrstu ræðu sem ekkert var loðin í þessum efnum og öllum þeim ræðum síðar að ríkisstjórnin mun innan fárra vikna meira að segja ganga til samninga um kaup á þyrlu. Þetta hef ég sagt hér inni. Allir þeir sem vilja heyra, a.m.k. allir þeir sem þessu máli fylgja af heilindum en ekki af einhverjum pólitískum skrípaleik, hafa skilið það sem sagt er.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það skal virt að hæstv. forsrh. hefur viðurkennt að ríkisstjórnin muni ganga til samninga. En þar með er texta heimildarinnar í fjárlögum ekki lokið því það stendur einnig „og taka til þess nauðsynleg lán", hæstv. forsrh. Því er spurt: Gildir það þá líka um þann lið heimildarinnar að taka til þess nauðsynlegt lán svo hægt sé að fjármagna gjörninginn? Ég óska eftir jafnskýru svari við því. Ef það kemur ekki, þá er auðvitað vafinn áfram.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það felst í mínu svari eins og hv. þm. veit mætavel að verði gengið til samninga um kaup á þyrlu eins og ég hef svarað að standi til af hálfu ríkisins án þess að það sé veitt fjármunum til þess á fjárlögum, þá eru menn með þeim hætti að notfæra sér þær heimildir sem þeir hafa til að binda ríkissjóð. Þetta veit þingmaðurinn sem er hæstv. fyrrv. fjmrh.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er til umræðu hefur átt sér býsna langan aðdraganda. Það hefur komið fram í máli hv. 1. flm. þessa frv. að hann hafi á árinu 1987 lagt fram þáltill. sem fól í sér heimild um það að kaupa hingað til lands björgunarþyrlu. Ég hlýt að vekja athygli á því að á þeim tíma sem leið frá því að þessi þáltill. var lögð fram og þar til hún var samþykkt á árinu 1991 liðu sem sagt um fjögur ár. Á þeim tíma sátu menn í stjórnarmeirihluta sem núna tala mjög um nauðsyn þess að hraða þessu máli. Það er nauðsynlegt að vekja athygli á þessu vegna þess að menn hafa hér uppi mjög digurbarkaleg ummæli og svigurmæli í þá átt að við, stjórnarmeirihlutinn núv., séum að reyna að bregða fæti fyrir það nauðsynjamál að kaupa hingað til lands fullkomna björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna til að nýta sem best við björgunarstörf hér á landi. Ég hlýt að mótmæla því að við þingmenn meiri hlutans séum með nokkrum hætti að vinna gegn því að það sé keypt hingað til lands þessi björgunarþyrla. Þvert á móti þá vita menn það að í hópi stjórnarþingmanna eru einmitt mjög ötulir baráttumenn fyrir því að bæta björgunarstörfin hér við land.

Kjarni þessa máls sem við erum hér að tala um er þetta: Með hvaða hætti er hægt að bæta björgunarstarfsemina hér við land? Málið snýst vitaskuld ekki um það hvort keypt sé þyrla, málið snýst um það hvort kaup á þyrlu muni bæta björgunarstarfsemina hér á landi. Ég lít þannig á að Alþingi með samþykkt þáltill. hafi komist að þeirri niðurstöðu á þeim tíma að kaup á björgunarþyrlu þjónuðu þessum tilgangi. Síðan hefur ýmislegt verið að gerast og menn hafa verið að skoða málin og auðvitað geta menn deilt um hvort hér hafi verið um að ræða óeðlilegan drátt á þessu

máli. Aðalatriðið er þó einfaldlega þetta, sem núna var að koma fram í máli hæstv. forsrh., að á næstu vikum er að ljúka vönduðum undirbúningi, vandaðri athugun á þessu máli og hæstv. ráðherra lýsti því yfir að þá yrði ekkert að vanbúnaði til að ganga til samninga um kaup á þyrlu. Skýrara getur þetta ekki verið. Þá er mönnum ekkert að vanbúnaði til að ganga til samninga um kaup á þyrlu. Um það hefur mér skilist að þetta mál snerist. A.m.k. hefur það blasað þannig við mér. Ég hef haft þennan skilning og ég hef litið þannig á að þetta mál snerist um að bæta björgunarstarfsemina með því að kaupa þyrlu. Nú hefur hæstv. forsrh. lýst því yfir að þegar þessum athugunum lýkur eftir örfáar vikur þá verði gengið til samninga á þessum grundvelli.

Vitaskuld er það þannig að það verður að vanda þessa mál sem allra best og vitaskuld er það þannig að það skiptir verulega miklu máli hvort sá árangur sem við erum að stefna að í björgunarmálum næst best með því að eiga samstarf við varnarliðið eða með einhverjum öðrum hætti. Að sjálfsögðu eigum við að skoða þann kost ofan í kjölinn. Og að sjálfsögðu er það fráleitt og mér liggur við að segja fyrirlitlegt þegar menn taka upp úr gömlum vígorðabókum andstæðinga vestrænna samvinnu orðalepp eins og „Kanadekur", þegar menn eru að velta því fyrir sér hvort þetta samstarf við varnarliðið t.d. í þessum efnum, geti á einhvern hátt styrkt björgunarstarfsemina í landinu. Ég hélt satt að segja að þetta gamla úrelta, lúna orð, hefði gengið sér til húðar og fallið nánast um leið og kommúnisminn hrundi. A.m.k. man ég varla eftir að hafa heyrt þetta orð á síðustu árum. En það er nú einhvern veginn þannig eins og menn vita úr gömlum sögum að draugar ganga aftur og það er þannig með þennan gamla, útelta, nytjalausa orðalepp líka.

Ég er því alveg sammála að þetta frv., sem hér um ræðir sem örugglega, sé flutt af góðum hug. hug. Og ég efast ekki um að hv. flm. hafa góðan hug í þessu máli, vilja eins og við aðrir hv. þm. vinna að því að hingað til lands sé keypt björgunarþyrla. Ég er hins vegar sammála prófessor Sigurði Líndal um að þetta frv. í sjálfu sér þjóni ekki þeim tilgangi að styrkja þetta mál. Ég er út af fyrir sig líka alveg sammála því sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði þegar hann leit á þingmanninn Ólaf Ragnar Grímsson, fyrrverandi prófessor, og sagði: Það er ekki alltaf takandi mark á þessum prófessorum. Ég get út af fyrir sig alveg tekið undir það að prófessorar eru fjarri því að vera óskeikulir eins og menn vita. Þess vegna eigum við að vega og meta orð þeirra eins og hver önnur. Það er hins vegar mín skoðun að í þessu efni hafi prófessorinn Sigurður Líndal á réttu að standa varðandi þetta frv. að það þjóni ekki þeim tilgangi sem því er þó væntanlega ætlað að treysta kaupin á björgunarþyrlunni. Ég ætla ekkert að fara út í það frekar. Ég tel að það sem blasir við sé í fyrsta lagi að það liggur fyrir að heimildin til að kaupa björgunarþyrlu er til staðar. Hún er fengin í heimildargrein fjárlaganna og með yfirlýsingu hæstv. forsrh., þá sé þannig frá þessum málum gengið að við það sé fyllilega unandi. Ég tel þess vegna að það væri síst af öllu til að styrkja málið að samþykkja þetta frv. Með öðrum orðum, aðalatriðið er einfaldlega þetta: Það hefur verið um það samstaða meðal þingmanna sem sést á því að fjárlögum. Alþingis lagði til þá brtt. við frv. til fjárlaga að setja inn þessa heimildargrein, tryggja það að heimildin væri til staðar til að hægt væri að ganga til samninga og kaupa þessa þyrlu. Og að því viðbættu að hæstv. forsrh. hefur lýst afstöðu ríkisstjórnarinnar í þessu máli þá tel ég að vel sé fyrir þessu máli séð og sá vilji okkar þingmanna að kaupa öfluga, góða og fullkomna björgunarþyrlu til þess að styrkja björgunarstarfið hér við land, því markmiði náum við með þeim hætti og þess vegna sé fullkomlega ástæðulaust að samþykkja þetta frv. en eðlilegt og sjálfsagt að vísa því til hæstv. ríkisstjórnar.

Frsm. meiri hluta allshn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ekki er þörf á því af minni hálfu að fara með langt mál að þessu sinni en þó tel ég nauðsynlegt að víkja að fáeinum atriðum sem hafa skýrst í umræðunni og öðrum sem hafa komið fram og er nauðsynlegt að útskýra betur fyrir þeim þingmönnum sem virðist ekki vera ljóst um hvað málið snýst.

Ég vík fyrst að því sem fram kom í máli hv. 3. þm. Suðurl. sem tók þannig til orða að málið fjallaði um endurnýjun björgunarþyrlu. Það fjallar ekki um endurnýjun björgunarþyrlu eins og þingmanninum ætti að vera ljóst eftir allar þær umræður sem hafa væntanlega farið fram innan þingflokks Sjálfstfl. sem hefur ótt og títt haldið fundi um þetta mál, svo mjög að það hefur tafið framgang þessa frv. um nokkra mánuði. Hins vegar harma ég það ekki ef það leiðir til þess að meiri hlutinn styður málið. Óhjákvæmilegt er að benda hv. 3. þm. Suðurl. á að málið snýst um að bæta nýrri björgunarþyrlu við núverandi flugflota.

Eins og niðurstaða málsins birtist mér núna virðist mér að það hafi þokast töluvert. Ég get ekki sagt að ég sé viss um að málið sé í höfn í þeim skilningi að fyrir liggi afdráttarlaus stuðningur meiri hluta þingmanna við frv. En eftir að umræðan hófst að nýju á fimmta tímanum má segja að hún hafi snúist áleiðis. Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur greinilega komið fram að viljinn hefur verið lítill og ráðherrarnir tregir í taumi. M.a. kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, hv. 3. þm. Vestf., að orðið hefði að setja inn heimildina í fjárlögin með brtt. Með öðrum orðum að frv. var ekki lagt þannig fram af hálfu ríkisstjórnarinnar að um heimildagrein væri að ræða. Ég held að sú staðreynd segi meira en mörg orð um vilja ríkisstjórnarinnar í málinu.

Ég vil líka benda á að engin rök hafa komið fram sem réttlæta töf málsins í tæplega tvö ár. Málið hefur legið fyrir mjög skýrt í hartnær tvö ár og einungis beðið pólitískrar ákvarðanatöku. Um það held ég að menn geti ekki deilt þegar þau rök eru skoðuð sem menn hafa fært fram fyrir seinagangi í málinu, þá hafa þau ekki verið af því gagni að sannfæra megi nokkurn mann um réttlætingu á þeirri töf.

Ég er ósammála hæstv. forsrh. í mati hans að frv. hafi skaðað málið. Þvert á móti. Það er ljóst að frv.,

umræðan í nefndinni og umræðan í dag hefur styrkt málið stig af stigi eins og við höfum heyrt með því að fylgjast með hvernig hæstv. forsrh. hefur breytt áherslum sínum í svari við sömu spurningunni í þrígang. Fyrsta svar hæstv. forsrh. við því hvort þyrla yrði keypt á þessu ári eða ekki var eitthvað á þessa leið, ekki orðrétt: Sérfræðingar þurfa ekki nema örfáar vikur til þess að meta fyrirliggjandi gögn og skila af sér. Þá er ekkert til fyrirstöðu að taka ákvörðun í vor. — Þetta er mjög veikt.

Lítum á næstu útgáfu hæstv. forsrh. Hún er eitthvað í þessa veru: ... stendur ekki annað til en að gera samning um þyrlukaup. — Það er mikill munur á þessu.

Þriðja útgáfan og sú síðasta var eitthvað í þessa veru: Ríkisstjórnin mun innan fárra vikna ganga til samninga um kaup á þyrlu.

Beri menn saman fyrstu útgáfuna og síðustu. (**Gripið fram í:** Þegar í vor, þegar í vor.) Þegar í vor. Það eina sem vantar er að hala fiskinn alveg inn fyrir borðstokkinn og nú eiga menn, fyrst lag er, að toga vel í færið og ná inn já-inu því það er svo lítið sem vantar upp á.

En ég vil vekja athygli þingmanna á og þar á meðal hv. 1. þm. Vestf. að já-ið er ekki komið og áskorun hans frá því síðla í haust, fyrir nokkrum mánuðum, um það að stjórnvöld taki af skarið strax og taki ákvörðun um kaup á björgunarþyrlu hefur ekki verið mætt að fullu. Ég vil því biðja hv. þm., sérstaklega stjórnarliða í Sjálfstfl., að gera sér grein fyrir því að málið er ekki að fullu unnið en ekki vantar mikið upp á og það er í þeirra höndum hvort úr því verður eða verður ekki að efndir verða á þeim loforðum sem margir hafa gefið og sumir gefið með skýrari hætti en aðrir. Þar dugar ekki annað en að halda sig við sannfæringu sína og þann vilja sem menn hafa ítrekað látið koma í ljós annars staðar en í þingsölum því að öðrum kosti náum við ekki þorskinum fullkomlega inn fyrir borðstokkinn.

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur farið fram ítarleg og löng umræða um þyrlumálið. Ég fagna því mjög sem forsrh. sagði en eftir því sem ég skrifaði niður þá sagði hann orðrétt: „Þegar í vor verður gengið til samningsgerðar um þyrlukaup.“

Þetta tel ég mjög merka og afdráttarlausa yfirlýsingu og ég skil það svo að það þýði að við fáum nýja og öfluga björgunarþyrlu fyrir íslenska þjóð og samningum ljúki á þessu ári.

Þetta tel ég fullnægjandi svar fyrir mig og ég get lýst því yfir að ég treysti forsrh. að ljúka málinu á þeim nótum sem hann hefur lýst yfir.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. forsrh. gaf fyrir skömmu um að gengið yrði til samninga um kaup á nýrri björgunarþyrlu strax í vor. Ég fagna því mjög og vona að sjálfsögðu að við það verði staðið. Hins vegar get ég ekki tekið undir það með hæstv. ráðherra að það frv. sem hér er til umræðu hafi verið tímaeyðsla. Ég tel að þetta frv. hafi leitt til þess mikla sigurs sem við, stuðningsmenn björgunarþyrlu, erum nú að vinna. Hefði frv. ekki komið fram þá hefði til að mynda ekki verið sett inn í 6. gr. fjárlaga heimild til að taka lán til kaupa á björgunarþyrlu. Það var vegna þrýstings frá þessu frv. sem sú grein var sett inn og engu öðru. Vissulega var þetta þarft mál. Hefði heimildargreinin ekki verið til staðar hefði ríkisstjórnin ekki haft í annað hús að venda. Sá áfangasigur, sem er nú vinnast, er vegna þessa frv., vegna þess þrýstings sem frv. veitti. Sem betur fer er ríkisstjórnin að láta undan þrýstingi í málinu. Sem betur fer. Ég óska henni til hamingju með það. Það er okkur öllum til góðs og þjóðinni til góðs.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu. Ég tel engu að síður að það sé alveg nauðsynlegt að samþykkja frv. vegna þess að það mun ekki gera neitt annað en að styðja ríkisstjórnina í viðleitni sinni til að ganga endanlega frá málinu. Það getur ekki á nokkurn hátt skaðað málið. Ég skora á þá menn, sem halda því fram, að koma og færa rök fyrir máli sínu á hvern hátt frv. getur skaðað málið. Það getur ekkert annað en styrkt málið og því skora ég á hv. þm. að veita frv. brautargengi.

Um ræðu hæstv. forsrh. ætla ég ekki að hafa mörg orð, ég mun setja hana í „fælinn“ á sama stað og ræðu hv. þm. Árna Johnsens fyrr í dag og ég mun því ekki eyða miklum tíma í það. Hann sagði að frv. hefði skaðað málið. Allir sem vilja sjá og átta sig á hver niðurstaða málsins er að verða sjá auðvitað að þetta er alrangt. Frv. verður til þess að íslenska þjóðin mun eignast björgunarþyrlu á árinu.

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa miklar umræður farið fram um þyrlumál og er ekki nema gott um það að segja. Allir hafa talað um að nauðsyn væri á að íslenska þjóðin eignaðist þyrluna og það hefur komið fram í máli hæstv. forsrh. að svo verði gert á vordögum. Ýmis orð hafa fallið sem kannski hefðu verið betur ósögð vegna þess að það skiptir öllu að málið nái fram að ganga með hvaða hætti sem er. Því miður þurfti ég að bregða mér frá áðan en af því ég sá hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson í hliðarsal og mér var sagt að hann hefði látið orð falla í minn garð í þá veru að ég ynni sjómönnum heilt utan veggja hins háa Alþingis en með öðrum hætti innan veggja. Ég óska eftir því, hæstv. forseti, að þessi hv. þm. endurflytji þá ræðu sem hann hafði í minn garð.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég er oft stuttorður en tala líklega enn þá styttra núna en venjulega. Ég horfi á hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson og Guðmund Hallvarðsson og ég held að við getum hrósað sigri. Sigurinn er fyrirsjáanlegur. Forsrh. hefur gefið þær yfirlýsingar sem hér hafa réttilega verið eftir honum hafðar áður og ég þarf ekki að endurtaka. Málið er í höfn og ég nota þetta tækifæri til þess að þakka okkur öllum og þjóðinni í

heild og óska okkur heilla. Við munum reyna að hafa samstöðu um þetta. Auðvitað er sjálfsagt að styrkja málið með því að helst allir samþykki það þegar það kemur til atkvæða. Það er ekki meginmálið. Fyrirheitin eru svo afdráttarlaus að málið er í höfn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna kynferðisbrota, fyrri umr.

Þáltill. SP o.fl., 352. mál. — Þskj. 631.

Flm. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna kynferðisbrota en flm. eru Sólveig Pétursdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Jón Helgason, Margrét Frímannsdóttir og Össur Skarphéðinsson.

Tillagan hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til þess að athuga hvort taka eigi upp það fyrirkomulag að ríkissjóður ábyrgist greiðslur dæmdra bóta vegna kynferðisbrota eða annarra grófra ofbeldisbrota.“

Með leyfi virðulegs forseta mun ég gera grein fyrir þeirri grg. sem fylgir þáltill.:

„Talsverð umræða hefur átt sér stað í þjóðfélaginu að undanförnu um þolendur kynferðisbrota sem fengið hafa dæmdar bætur en ekki getað innheimt þær. Því hefur sú spurning vaknað hvort ríkið ætti að tryggja greiðslur slíkra bóta í málum vegna kynferðisbrota eða annarra grófra ofbeldisbrota við ákveðin skilyrði, t.d. þar sem hinn bótaskyldi er eignalaus. Sérstaklega hefur verið rætt um nauðgunarmál í þessu sambandi og dæmdar miskabætur í slíkum málum. Slíkar bætur eru m.a. hugsaðar sem bætur fyrir andlegt tjón, þjáningar og óþægindi sem viðkomandi hefur orðið fyrir. Segja má að þær séu á vissan hátt hluti af viðurlögum fyrir dæmt afbrot. Kynferðisbrot eins og nauðgun eru í eðli sínu miklu viðkvæmari afbrot en mörg önnur, en þar eru konur langoftast fórnarlömbin. Það er vafalaust ákveðin auðmýking fyrir konu að þurfa að leita réttar síns með innheimtu bóta, rétt eins og um venjulegt skuldamál sé að ræða. Það hlýtur að vera nógu erfitt að takast á við afleiðingar nauðgunar þótt svona eftirmál komi ekki til.

Í skýrslu svonefndar nauðgunarmálanefndar, sem út kom árið 1989, er m.a. sett fram sú tillaga að ríkið tryggi bótagreiðslur í nauðgunarmálum. Orðrétt segir á bls. 50 í skýrslunni:

„Nauðsynlegt er að mati nefndarinnar að tryggja það með einhverjum hætti að brotaþoli/kona fái þær bætur sem dómstólar dæma henni. Sársaukaminnsta aðferðin fyrir brotaþola er sú að ríkið taki á sig að greiða slíkar bætur og endurkrefja síðan dómþola. Sanngjarnt hlýtur að teljast að ríkið taki á sig þetta aukaómak og jafnframt áhættuna ef svo skyldi fara að dómþoli reyndist ekki borgunarmaður fyrir bótum. Í stað þess að gera brotaþola/konu þá auðmýkingu að þurfa að rekast í innheimtu bóta sýnir samfélagið með umræddri tilhögun ákveðna viðurkenningu á því að brotið hafi verið alvarlega gegn henni og að það vilji stuðla að því í verki að hún haldi reisn sinni.“

Annars staðar á Norðurlöndum eru ýmis lagaákvæði sem kveða á um skyldu ríkisins til þess að tryggja greiðslu dæmdra skaðabóta við ákveðin skilyrði. Þessar reglur virðast vera svipaðar og í Evrópusamningnum frá 24. nóvember 1983 um bætur til fórnarlamba ofbeldisbrota en Ísland er ekki aðili að honum. Almennt virðast þessar reglur fjalla um kynferðisbrot og önnur gróf ofbeldisbrot og því hlýtur að teljast eðlilegt að athugun slíkra mála verði meginverksvið þeirrar nefndar sem hér er gerð tillaga um að skipuð verði. Athuga þarf umfang og tíðni slíkra afbrota hér á landi og dæmdar bætur og hvaða kostnað breytt fyrirkomulag hefði í för með sér fyrir íslenska ríkið. Í þessari tillögu er aðeins gert ráð fyrir að nefndin athugi hvort taka eigi upp ríkisábyrgð á bótagreiðslum því að e.t.v. geta önnur úrræði komið til greina. Hér þarf einnig að hafa í huga eðli refsiréttar og þau varnaðaráhrif sem honum er ætlað að hafa. Þetta mál þarf að íhuga vel og breytingar mættu ekki hafa þau áhrif að dregið yrði úr ábyrgð einstaklingsins/afbrotamannsins á gjörðum sínum.

Því verður ekki á móti mælt að fórnarlömb kynferðisbrota og annarra grófra ofbeldisbrota eiga oft um sárt að binda og svo virðist sem einnig séu því miklir erfiðleikar samfara að innheimta bætur er þeim hafa réttilega verið dæmdar. Því er hér gerð tillaga um það að leitað verði leiða til þess að bæta réttarstöðu þessa fólks.“

Virðulegi forseti. Hér er mælt fyrir tillögu um mál sem brýn þörf er á að kanna. Það eru lagaákvæði á Norðurlöndum sem tryggja ríkisábyrgð á bótagreiðslum við sérstakar aðstæður. Í Danmörku getur slík trygging komið til greina þegar um brot er að ræða á hegningarlögum og þegar afbrot er framið innan danska ríkisins. Einnig eru ýmis skilyrði önnur, en sérstök nefnd á vegum dómsmálaráðherra leggur mat á hvert tilvik. Í Noregi eru sambærilegar reglur og þær byggja m.a. á þeirri hugsun að sanngjarnt sé að ríkið eða hið opinbera veiti fjárhagslega aðstoð þeim sem eru fórnarlömb ofbeldisbrota og hljóta fjárhagslegt tjón af. Það er litið á ofbeldi sem vandamál samfélagsins en auðvitað eru ýmsir þættir sem hér geta haft áhrif eins og greiðslur bóta úr almannatryggingum og fleiri úrræði geta komið til sem bæta hag þeirra er um sárt eiga að binda.

Markmið þessara ákvæða á Norðurlöndum er svipað og í Evrópusamningi frá 1983 eins og getið er um í grg. með till. Ég held að mér sé óhætt að fullyrða það að öll Norðurlöndin séu aðilar að þessum samningi önnur en Ísland. Þetta þyrfti nefndin að skoða. Enn fremur erlendan rétt því að ýmis svipuð úrræði virðast vera í öðrum löndum, t.d. í Bretlandi.

Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um umfang þessara brota, fjölda dómsmála eða upphæð skaðabóta

utan þeirra upplýsinga sem fram koma í skýrslu nauðgunarmálanefndar. Þetta þarf vitaskuld að athuga, bæði efnislega og svo líka til þess að athuga þann kostnað sem hér getur verið um að ræða. Það geta komið fram mismunandi tölur og upplýsingar, t.d. hvort bara er litið á miskabætur eða skaðabætur, nauðgunarmál eða kynferðisbrot í heild sinni eða mál vegna líkamsárása, t.d. brot á 218. gr. almennra hegningarlaga. En í tillögunni er bæði talað um kynferðisbrot, þar með talin nauðgunarmál, og önnur gróf ofbeldisbrot.

Það er vissulega spurning hvort það sé sanngjarnt fyrirkomulag að þeir sem fái bætur dæmdar þurfi sjálfir að leita eftir innheimtu þeirra eins og talað er um í grg. T.d. að kona sem er fórnarlamb í nauðgunarmáli þurfi að leita réttar síns eins og í venjulegu skuldamáli. En það getur líka verið spurning hvort ekki þurfi að tekju- og/eða eignatengja þetta fyrirkomulag ef af verður og það ber vissulega að skoða.

Það er líka eðlismunur á miskabótum og skaðabótum því að í seinna tilvikinu er bara verið að tryggja fjárhagslegt tjón. Miski er hins vegar fólginn í skerðingu hugrænna gæða sem eru svo bundin við einstakling þann sem þessara gæða nýtur að erfitt er að meta þau til fjár. Hann fæst aðeins bættur að til þess sé sérstök heimild í lögum en víðtækasta heimildin er í 264. gr. hegningarlaga, m.a. bætur fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum.

Auðvitað getur verið erfitt að gera upp á milli tilvika og þess vegna þarf að athuga þetta mál vel og einnig með framkvæmdina. Það er spurning hvort slíkt mat geti jafnvel heyrt undir gjafsóknarnefnd þá sem starfandi er á vegum dómsmrn. Hugsanlegt er einnig að annað fyrirkomulag en ríkisábyrgð komi til greina, t.d. að greiðslur bóta séu á einhvern hátt tengdar viðurlögum við afbrotinu. Þá verður einnig að leggja á það áherslu að ríkið eigi endurkröfurétt á hendur tjónvaldinum og afbrotamanninum.

Það er ljóst að fólk hefur lent í miklum erfiðleikum með innheimtu bóta, enda er fjöldi tjónvalda og brotamanna eignalaus. Þeir sem lenda í tjóni af þeirra völdum geta því oft átt um sárt að binda einkum ef það sjálft er illa statt fjárhagslega.

Hér er um að ræða brýnt mál þar sem þingmenn úr öllum stjórnmálaflokkum eru meðflm. sem er þakkarvert og ætti því að skapast samstaða um það á hinu háa Alþingi.

Virðulegi forseti. Að lokum legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. flm. þessa máls fyrir það frumkvæði sem hún sýndi í því og tel mig geta fullyrt að um það hafi nú þegar myndast ágæt samstaða sem ég vona að sé víðtæk. Flm. eru úr öllum flokkum og ég sem einn flm. get m.a. fullyrt að í mínum stjórnmálasamtökunum, Kvennalistanum, styðjum við þetta mál allar heils hugar.

Í mínum huga er langsamlega mikilvægast að horfa á þetta mál út frá sjónarmiði fórnarlambsins, þ.e. að tryggja að niðurstaðan verði með þeim hætti að það verði ekki viðbótarálag, niðurlæging eða auðmýking að standa í því að ná þeim bótum sem fórnarlambinu eru dæmdar í slíku máli. Oft á tíðum er sú reynsla og það álag hreinlega salt í sárin í máli sem kannski er seint tilkomið. Það hlýtur að skipta miklu máli að ekki þurfi að bæta enn á mein orðið hefur verið eftir slíkt mál. Hvaða leið sem valin verður er þetta mikilvægasta veganesti sem ég held að nefnd sú sem hér er lagt til að verði skipuð þarf að hafa.

Það er áreiðanlega ástæða til að fara mörgum orðum um það hversu gott þetta mál er og brýnt að það hljóti skjóta og góða úrlausn. Ég held að ef þetta verður kannað með þetta að leiðarljósi og með því að horfa á málið út frá þessu sjónarmiði verði auðvelt að finna leið sem bæði er framkvæmanleg, réttlát og dregur ekki úr varnaðaráhrifum.

Ég er alveg sammála hv. 1. flm. þessa máls að enginn er að tala um að létta neitt eða að draga úr ábyrgð afbrotamannsins. Hins vegar er sjónarmiðið fyrst og fremst það í mínum huga að ekki sé verið að efna til viðbótarerfiðleika fyrir fórnarlambið og því sé rétt að aðskilja þetta þannig að fórnarlambið þurfi ekki að leita beint til árásarmannsins eða afbrotamannsins til þess að fá réttlátt dæmdar bætur.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er hreyft þörfu máli. Hins vegar er orðalagið á ályktuninni svo prúðmannlegt að ég hallast að því að það sé of veikt. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela dómsmrh. að skipa nefnd til þess að athuga hvort taka eigi upp það fyrirkomulag ...“

Mér sýnist að það sé ekki athugunarefnið og löngu tímabært í sjálfu sér að koma því fyrirkomulagi á að tryggja það að sá sem verður fyrir grófum ofbeldisverkum eigi að fá sínar bætur hvort sem það er gert með ábyrgðarsjóði, sem ríkið bæri ábyrgð á og sæi um að innheimta kröfurnar, eða hvort ríkissjóður sjálfur sæi beint um þessar greiðslur. Það hvarflar að mér að það væri skynsamlegra fyrirkomulag að hafa sérstakan sjóð sem hefði það verkefni. Þá væri það undir meira eftirliti, ef svo mætti komast að orði, að tryggt yrði að það yrði leitað eftir því að láta þann sem verkið vann greiða bæturnar sé nokkur kostur að koma því við. Það er líka mikils virði að það gerist ekki að menn sleppi á þann hátt að þeir fái dóminn en komist undan því að greiða.

Ég tek undir það sem sagt hefur verið hér að auðvitað er það auðmýking ofan á allt annað ef sá sem verður fyrir kynferðisafbroti þarf að standa í því að innheimta þessa kröfu. Ég held aftur á móti að það sé mjög erfitt að binda þetta ákvæði eins og sagt er hér í greinargerðinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Því hefur sú spurning vaknað hvort ríkið ætti að tryggja greiðslu slíkra bóta í málum vegna kynferðisbrota eða annarra grófra ofbeldisbrota við ákveðin skilyrði, t.d. þar sem hinn bótaskyldi er eignalaus.“

Ef þetta skilyrði væri bundið þessu yrði alltaf fyrst að fara í innheimtuaðgerðirnar til þess að fá það stað-

fest að aðilinn gæti ekki greitt. Ég tel því að þetta skilyrði eigi að falla út. Það eigi að standa þannig að þessu máli að ríkið eða ákveðinn sjóður sjái um að greiða þetta út til þess sem verður fyrir árásinni en krefji svo brotamanninn um greiðsluna. Mér sýnist að það eigi ekki að vera neitt vandamál að ná þessum fjármunum af þeim sem eignir eiga. Kosturinn við það að ríkið krefur í því tilfelli en ekki sá sem sótti málið er m.a. sá líka að hugsanleg hefnd þess sem verknaðinn fremur og finnst kannski dómurinn óréttlátur ætti þá frekar að beinast að dómaranum og hinu opinbera en þeim aðilum sem náðu fram rétti sínum.

Mitt erindi hér í ræðustól var ekki að reyna að smíða það hér hvernig ætti að útfæra þetta heldur að færa flm. þakkir fyrir að flytja þetta frv. og lýsa þeirri skoðun minni að það er löngu tímabært að við tökum upp ákvæði sem þessi. Satt best að segja er þetta e.t.v. eitt af því sem væri orðið að veruleika ef við hefðum borið gæfu til þess að ná samstöðu um endurskoðun á stjórnarskránni því að það er fyrst og fremst mannréttindamál að mínu viti að ná því heilu í höfn sem hér er verið að leggja til

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega get ég tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni að hér er tekið veikt til orða. Hins vegar er það mín skoðun að verði slík nefnd skipuð geti hún ekki komist að annarri niðurstöðu en þeirri að ríkissjóður eigi með einum eða öðrum hætti að ábyrgjast greiðslur dæmdra bóta vegna kynferðisafbrota og annarra grófra ofbeldisbrota. Þar af leiðandi tel ég mjög mikilvægt að þessi till. til þál. verði samþykkt og að störfum þessarar nefndar verði hraðað mjög vegna þess að þá er ég ekki í nokkrum vafa um að það mun fást mikilvæg réttarbót fyrir þolendur kynferðisafbrota og annarra grófra ofbeldisbrota.

Flm. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þeirra undirtektir á þessu máli og vona svo sannarlega að það fái góðar viðtökur hér í þinginu. Varðandi þau orð sem hv. 2. þm. Vestf. hafði um texta þáltill. áðan, þá vil ég m.a. benda á að það er tekið svona til orða til þess að vekja athygli á því að hugsanlega geta önnur úrræði komið til greina eins og ég nefndi áðan, t.d. að greiðsla bóta verði tengd viðurlögum. Það þarf því að athuga vel hvort einhver önnur úrræði koma til greina en að ríkið sé með þessa ábyrgð á sínum herðum. Hins vegar er þetta, eins og hér hefur komið fram áður, víða í lögum og alls staðar á Norðurlöndum og í sérstökum Evrópusamningi frá 1983. Það er því mjög trúlegt að niðurstaðan verði sú að það verði lagt til að þetta fyrirkomulag verði tekið upp að einhverju leyti.

Ég held að það mætti binda það fyrirkomulag einhverjum skilyrðum. Það yrði að sjálfsögðu að vera sanngjarnt. Hér var sérstaklega talað um það atriði þegar tjónvaldur er eignalaus og ég held að það sé hugsanlegt að það sé gert að skilyrði því innheimtuaðgerð þarf í sjálfu sér ekki að taka svo langan tíma. Aðalatriðið er að fólk fái sínar bætur sem því hafa verið dæmar með réttu. Einnig þarf að hafa hér í huga varnaðaráhrif refsiréttar og að sjálfsögðu þarf svo að kanna kostnaðinn í þessu efni.

Þetta er hins vegar mjög mikilvægt mál að mínu mati og ljóst að það eru mörg vandamál fyrir brotaþola þannig að ég tel brýna þörf á að þetta mál sé skoðað vel og vona að það komi sem fyrst í gegnum hið háa Alþingi sem ályktun þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Happdrætti Háskóla Íslands, 1. umr.

Frv. ÓÞÞ, 336. mál (greiðslur til annarra skóla á háskólastigi). — Þskj. 609.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. til laga um breytingar á lögum nr. 13/1973, um Happdrætti Háskóla Íslands, með síðari breytingum. Með leyfi forseta vil ég lesa upp þær tvær greinar sem eru í þessu lagafrv. Þær eru svohljóðandi:

„1. Síðasti málsliður e-liðar 1. gr. laganna orðist svo: Leyfishafi skal greiða 20% af nettóársarði til annarra skóla á háskólastigi í hlutfalli við fjölda nemenda í fullu námi á næstliðnu kennsluári og skal fénu varið til uppbyggingar skólanna.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994. Jafnframt fellur niður 2. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 48/1987."

Hvatinn að því að ég ákveð að flytja þetta frv. er sá að sé farið yfir sögu Happdrættis Háskóla Íslands, þá var einkaleyfið sem sett var á á peningahappdrætti hér á landi greiðsluskylt um 20% til ríkisins vegna þess að um raunverulegt einkaleyfi var að ræða. Nú hefur það gerst að ráðherrar sem farið hafa með dómsmrn. hafa vissulega verið nokkuð örlátir á að leyfa happdrætti og aðra starfsemi sem hefur gert það að verkum að Happdrætti Háskóla Íslands á í mikilli samkeppni. Ég ætla ekki að lasta það að svo hefur farið vegna þess að ég veit að fjármunir frá þessum happdrættum hafa allir farið til góðra mála. Mér finnst aftur á móti óeðlilegt að þessi 20% fari ekki eins og nú er ástatt til skólamála. Og mér finnst eðlilegt að það verði reynt að finna breiðari hóp velunnara happdrættisins. Hvernig er hægt að breikka þann hóp?

Er það ekki rökrétt að líta svo á að þeir sem stundað hafi nám í Háskóla Íslands hljóti að vera velunnarar happdrættisins vegna þess að þeir hafa notið þeirra húsakynna sem happdrættið sá um að væru byggð? Ég tel að svo sé. Það er nefnilega merkilegt að þegar þetta happdrætti verður að veruleika árið 1933, flutt af menntmn. neðri deildar Alþingis, átti Háskóli Íslands ekkert hús en hafði þó verið starfandi frá 1911. Það frv. var sniðið eftir frv., sem samþykkt hafði verið og gert að lögum árið 1926 og hafði það verkefni að afla fjár fyrir aðra aðila, ef svo mætti komast að orði. Það var happdrætti fyrir Ísland og hafði ekki það markmið

að vera stuðningshappdrætti fyrir háskólann.

Ég hygg að nú standi mál þannig að aldrei sem nú hafi Happdrætti Háskóla Íslands verið þörf á því að fá fleiri velunnara. Það er ekkert leyndarmál að háskólakennsla fer nú fram á nokkrum stöðum öðrum í landinu. Þeir skólar eru mjög veikir að nemendafjölda og aðbúnaði miðað við það sem þyrfti að vera en með því að veita þeim tekjur af þessum 20%, sem á seinasta ári gáfu um 74 millj. ef ég veit það rétt og árið þar á undan um 70 millj., þá er þeim það nokkurt kappsmál að veita happdrættinu stuðning. Það gæti farið svo að þó að við tækjum ákvörðun um að veita Happdrætti Háskóla Íslands þessi 20% og að velunnurum happdrættisins yrði ekki fjölgað þá stæði hann jafn vel að vígi með þeirri tillögu sem hér er gerð ef það tækist að auka umsvif happdrættisins í leiðinni.

Nú er mér ljóst að auðvitað hafa þessi 20% farið til góðra mála með því að fara í ríkissjóð. Um það er ekki deilt í sjálfu sér. Á seinustu árum hafa þau farið til að byggja upp vísindahúsnæði, ef svo mætti komast að orði, m.a. á Keldum. Það er m.a. þess vegna sem ég legg til að breytingin taki ekki gildi fyrr en árið 1994 að ég sé ekki að það sé skynsamlegt að ganga svo greitt fram í málinu að það raski þeim plönum sem nú liggja fyrir. En sá er á munurinn að í dag virðist varla nokkur stjórnmálamaður opna sinn munn í ræðustól án þess að lýsa því yfir að það eigi að veita fjármagn til vísindastarfsemi. Ríkisstjórnin er búin að setja stóran hluta ríkisfyrirtækjanna á sölu og stór hluti af því á að fara í það að byggja upp vísindastarfsemi. En þegar kemur að því að byggja upp húsnæði fyrir háskólana í landinu erum við aftur á móti í mun verri stöðu.

Það merkilega er að skilningur manna á því hvað skipti mestu máli í þessu samfélagi virðist vera fyrst og fremst sá að það eigi að nýta auðlindir landsins, en það gleymist sem sumir hagfræðingar hafa haft mjög á oddinum, m.a. japanskir, að mestur auður hvers lands er þjóðin sjálf. Athyglisvert er hvort heldur við horfum til Svisslendinga eða til Japans eða skoðum ýmsar aðrar þjóðir sem ekki eiga náttúruauðlindir að þær hafa komist ótrúlega vel af vegna þess að þjóðin sjálf leysti þau vandamál sem við var að etja og skóp löndunum auð. Ég held þess vegna að það sé mikið alvörumál að snúa þeirri umræðu við sem verið hefur og að ekki sé litið á skólastarf í landinu sem einhverja ölmusustarfsemi, sem mér finnst ég heyra allt of oft, heldur sé litið á hana sem fjárfestingu til meiri arðs fyrir þjóðina og til meiri farsældar fyrir einstaklingana en flest annað sem við getum gert.

Ég játa að mér hefur verið nokkur raun að því að stundum hefur það gerst eins og nokkurrar öfundar gætti á milli háskólamanna eftir því hvort þeir störfuðu við Háskóla Íslands eða t.d. Háskólann á Akureyri. Ég vona að slíkar raddir hljóðni allar. Þeir eru samverkamenn til góðra verka fyrir þetta samfélag og eiga að vera þeim gáfum og þroska búnir að þeir verði ekki til að valda deilum á milli háskólanna á Íslandi sem vissulega eru fleiri en þessir tveir. Verður mér þá ekki síst hugsað til míns gamla skóla, Kennaraháskólans. Að vísu var hann enginn kennaraháskóli þá aðeins kennaraskóli því ég hef aldrei farið í háskóla.

En burt séð frá því er mér ljóst að það geta verið misjafnar skoðanir á því hvernig eigi að standa að þessu máli. Þetta er aftur á móti það sem ég tel að beri að gera, að tryggja það að allur arðurinn af Happdrætti Háskóla Íslands fari til að efla háskólanám í landinu. Mér finnst einhvern veginn að í umræðu dagana, þeirra síðustu í það minnsta, sé miklu meiri hugur hjá atvinnuvegum og stjórnmálamönnum að styðja vísindastarfsemina, sem er vissulega góðra gjalda vert, en minni skilningur á því að það er maðurinn sjálfur sem er mesti auður hverrar þjóðar og því aðeins náum við Íslendingar langt í félagi þjóðanna að við gleymum því ekki. (**Forseti:** Hvert á að vísa málinu?)

Herra forseti. Svo upptekinn getur maður verið af eigin hugsun að maður gleymi því hvernig eigi að ljúka framsögu fyrir frv. og vil ég þakka forseta fyrir að minna mig á. Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Þetta frv. sem hér liggur fyrir á þskj. 609 er e.t.v. allra góðra gjalda vert og ég ætla raunar ekki að gera það beinlínis að umræðuefni. Hins vegar er það svo þegar mál koma fram að þingmönnum gefst ekki alltaf kostur á að þrautkanna hvert mál og það rann skyndilega upp fyrir mér þegar ég fór að lesa lög um Happdrætti Háskóla Íslands, lög nr. 13/1973, að þar segir afdráttarlaust að leyfishafi, þ.e. háskólinn, greiði í ríkissjóð 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald. Þetta þarf enginn að undrast. Um langt skeið hafði Háskóli Íslands einkaleyfi á rekstri happdrættis. Síðan fór ég að kanna hvort slíkt ákvæði væri í öðrum lögum um happdrætti sem síðar komu til. Í lögum um vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga, lögum um happdrætti dvalarheimilis aldraða sjómanna og lögum um getraunir er raunar ekki að finna neitt slíkt ákvæði um að þessi happdrætti eigi að greiða einkaleyfisgjald nema það sé að finna í reglugerðum sem ég hafði ekki tíma til að kynna mér.

En því segi ég þetta hér að ég vil biðja hv. nefnd sem fær málið til meðferðar að kanna hvort þetta einkaleyfisgjald sé ekki orðið úrelt. Ég fæ ekki séð með nokkru móti að Háskóli Íslands hafi neitt einkaleyfi nema þá að öll þessi happdrætti hafi einkaleyfi hvert á sinn hátt. Færi svo að það reyndist rétt hjá mér að þarna sé háskólinn að greiða gjald sem aðrir greiða ekki, þá sé ég ekki betur en komin séu 20% sem hv. 2. þm. Vestf. er að biðja um til annarra skóla.

Ég vildi koma þessu að vegna þess að ég fæ ekki séð að þessi kvöð sé á öðrum happdrættum. En, frú forseti, ég skal gera þann fyrirvara við þá fullyrðingu að mér hefur ekki gefist tími til þess, að ná mér í reglugerðir sem samkvæmt lögunum ber að setja um happdrættin. Ég vildi því biðja hv. 2. þm. Vestf. að verða til þess, þar sem hann er sá eini sem áhuga hefur á málinu og mál mitt heyrir, að óska eftir því að þetta verði sérstaklega kannað. Annað þarf ég ekki að leggja í þessa umræðu.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Vestf. hefur vakið máls á mjög athyglisverðu efni. Annars vegar því að Háskóli Íslands greiðir 20% í einkaleyfisgjald, sem kannski er í rauninni ekki réttlátt vegna þess að einkaleyfi er ekki lengur fyrir hendi, og hins vegar því að aðrir háskólar í landinu hafa ekki neinn möguleika á að efla tekjur sínar á sama hátt og Háskóli Íslands. Þarna stöndum við frammi fyrir tvíþættu máli. Annars vegar hvort háskólinn á yfirleitt að borga þetta einkaleyfisgjald og hins vegar því að aðrar stofnanir á háskólastigi en Háskóli Íslands hafa ekki slíkan möguleika á að auka sjálfstæðar tekjur sínar.

Fari svo að það verði álit menntmrn. og hins háa Alþingis að Happdrætti Háskóla Íslands eigi að greiða einkaleyfisgjald, sem ég efast ekki um að verði athugað í þessu sambandi, þá finnst mér þessu einkaleyfisgjaldi langbest varið í það að styrkja aðrar stofnanir á háskólastigi.

Auðvitað er góðra gjalda vert að styðja við alla vísindastarfsemi á íslandi eins og fram hefur komið, en vísindastarfsemi á Íslandi verður afskaplega takmörkuð ef háskólar okkar útskrifa ekki fólk sem er mjög fært til vísindastarfa. Grundvöllurinn fyrir vísindastarfi á Íslandi er í framhaldsskólum og háskólum landsins. Þess vegna erum við að leggja grunn að efldu vísindastarfi með því að efla skólana.

Ég vil aðeins undirstrika það að eigi Happdrætti Háskóla Íslands samkvæmt lögum og eðli málsins að borga þessi 20% í einkaleyfisgjald, þá finnst mér tillaga hv. 2. þm. Vestf. mjög réttmæt og rétt að þetta fé fari beint til hinna háskólanna sem eru í landinu núna eða kunna að koma fram á sjónarsviðið.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég þakka þeim sem hér hafa staðið upp og rætt þetta mál og lýst jákvæðu hugarfari til þess. Það er fyrst til að taka að aðrir aðilar greiða ekki einkaleyfisgjald vegna þess að þannig er litið á að þeir búi allir við þá kvöð að verða að hafa vöruhappdrætti nema lottóið. E.t.v. er ástæðan fyrir því að þar hefur ekki verið um gjaldtöku að ræða sú að tveir aðilar sóttu það fast að fara af stað með lottóið. Ég tel að íþróttahreyfingin og fatlaðir hafi átt mjög gott samstarf í rekstri þess. Ég lagði til þegar þessi deila hófst á sínum tíma að ekki yrði farið af stað með tvö lottó, menn gerðu ekki slíka hluti, heldur mundu þessir aðilar vinna saman. Ég mun ávallt verða hreykinn af því að sú niðurstaða fékkst. Um það má vissulega deila hvort þeir ættu að greiða eitthvert gjald af því að vera einu aðilarnir sem fá að reka lottó.

Hitt er annað mál að ég er ekki viss um að það væri góður hlutur fyrir Happdrætti Háskólans að taka einkaleyfið af, þ.e. heimila ráðherra að veita öðrum happdrættum leyfi til þess að reka peningahappdrætti. Það er þrátt fyrir allt nokkurt forskot sem felst í því að mega reka peningahappdrætti, menn hafa ekki alltaf mikinn áhuga á þeim hlutum sem þeir eiga í boði hinsegin og ég tel að farsæld happdrættisins felist m.a. í því að það hefur verið peningahappdrætti. Hinu er ekki heldur að leyna og það vil ég að komi fram þar sem hv. 14. þm. Reykv. innti grannt eftir þessu að þeir sem settu happdrættið af stað á sínum tíma vissu að þarna var um mikla fjármuni að ræða. Þeir vildu taka eitthvert einkaleyfisgjald í ríkissjóð fyrir að veita þetta.

Svona til gamans vil ég geta þess að þegar Fákur fékk leyfi til að reka veðbanka í sambandi við kappreiðar og kappróður, sem var líka heimilt að veita, var ætlast til þess að 10% af hagnaði hestamannafélaganna af slíkri starfsemi færi til reiðvega og 75% af hagnaði er yrði af kappróðri sjómannadagsráðanna, sem fari fram á sjómannadaginn, rynni í sjóminjasafn. En þá var líka gert ráð fyrir að menn veðjuðu en stæðu ekki bara og klöppuðu þegar menn væru búnir að ná rásmarkinu. Ég get þessa meira til gamans.

En það sem ég vildi undirstrika og bið hv. 14. þm. Reykv. að hugleiða mjög vel, af því það var stórt atriði í mínu máli, að Happdrætti Háskólans hefur heldur verið að dragast saman miðað við það sem var og það sem því ríður mest á er að fá fleiri velunnara. Ég hugsaði sem svo: Ef þessum 20% verður dreift til annarra skóla á háskólastigi þannig að gamla markmiðið að þessir fjármunir fari til að byggja upp kennslu á háskólastigi á Íslandi verður virt þá er ég sannfærður um að velunnurum happdrættisins mun fjölga verulega. Því er ekki víst að þetta sé neitt verri kostur fyrir Háskóla Íslands en ef hann hefði fengið að halda þessum 20% og að velunnurunum hefði ekki fjölgað. Auðvitað er þetta hugleiðingar mínar og mat mitt og auðvitað hefur hver sínar skoðanir á því.

En að lokum: Það var víst deiluefni á sínum tíma í hvaða nefnd þetta ætti að fara. Árið 1933 fór þetta til efnahagsnefndar en 1. flm. lagði þá til að það færi til allshn. Nú hagar þessu svo að það er dómsmrh. sem er æðsti yfirmaður og að ábendingu forseta vil ég breyta fyrri tillögu minni og leggja til að þetta fari ekki til menntmn. heldur að málinu verði vísað til allshn.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. 2. þm. Vestf. fyrir þær upplýsingar sem hann gaf mér varðandi þessi einkaleyfismál, en því hóf ég máls á þessu að ég hef áhyggjur af að nú sé mjög hert að Happdrætti Háskóla Íslands. Ég sé ekki betur en nú sé búið að gera samninga við norrænt happdrættisfyrirtæki, þ.e. nýtt lottó, þar sem dregið skal á miðvikudögum en í hinu lottóinu er dregið á laugardögum. Ég held að einhver möguleiki hljóti að vera á því að þessi markaður verði mettaður og mér sýnist að samkvæmt þessu verði t.d. þetta norræna lottó ekki krafið um ein eða nein leyfisgjöld. Það kom mér að vísu svolítið á óvart að leyfisveitingin virðist ekki þurfa að koma neitt fyrir þingið eins og almennt hefur verið um happdrætti þannig að ég er ekki eins bjartsýn eins og 2. þm. Vestf. að Happdrætti Háskóla Íslands verði sá tekjustofn í framtíðinni sem það hefur verið og ég tel það mikinn skaða. Ég held að við hefðum átt að gera allt til að efla það fremur en hleypa fleiri og fleiri stórhappdrættum inn í landið og eins og ég segi, einhvers staðar hljóta

að vera takmörk fyrir því hvað fólk getur látið af mörkum í slíkt.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur einmitt mjög skýrt fram í umræðu um þetta mál árið 1926 þegar fyrst er farið af stað með hugmyndina um að stofna happdrætti að menn vilja ekki leyfa erlendum aðilum að fara í það að selja hér happdrættismiða. Ég er sömu skoðunar og þeir voru árið 1926. Ég er andvígur því að hleypa erlendu lottói inn í landið. Þetta eru viðhorf mín og við erum vonandi sammála um það, hv. 14. þm. Reykv., að það er ekkert sem mælir með því að þetta sé gert. Ég vil bæta því við að þegar talað var um lögin um happdrætti og hlutaveltu árið 1926 var „lotterí" haft í sviga þannig að menn sjá hvað þetta er líkt. Það held ég að sé líka haft með í sviga 1933. En burt séð frá því þá er ég sannfærður um það að menn spila af tvennum hvötum í Happdrætti Háskóla Íslands og það vona ég að Íslendingar muni alltaf gera. Það er ekki bara upp á að fá peningana, það er upp á að fá stóra vinninginn sem happdrættið hefur líka hampað, þann ávinning sem íslenska þjóðin hefur af því að peningar fari til þess að efla háskólamenntun í landinu.

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að blanda mér í þessar umræður en þetta er vissulega athyglisvert mál sem hér er til umræðu og mun eflaust hafa það í för með sér að hv. allshn. mun fara yfir þá happdrættaflóru sem hér ríkir. En mér fannst nauðsynlegt að koma því hér á framfæri að ríkissjóður ver einkaleyfisgjaldinu, sem áætlað er að muni nema 60 millj. kr. á þessu ári, og síðan er varið jafnháu framlagi og einkaleyfisgjaldið gefur af sér til byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna, þannig að allar tekjur sem af happdrættinu eru renna til vísindastarfsemi. Mér þótti nauðsynlegt að þetta kæmi hér fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 13. og 14. mál.

Fundi slitið kl. 6.35 síðdegis.

---

118. FUNDUR

föstudaginn 26. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Skaðabótalög, stjfrv., 326. mál, þskj. 596. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 372. mál, þskj. 656. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Almenn hegningarlög, stjfrv., 338. mál, þskj. 616. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Ávana- og fíkniefni, stjfrv., 339. mál, þskj. 617. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Samfélagsþjónusta, stjfrv., 374. mál, þskj. 658. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna kynferðisbrota, þáltill., 352. mál, þskj. 631. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Happdrætti Háskóla Íslands, frv., 336. mál, þskj. 609. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 312. mál, þskj. 501. — 1. umr.
9. Stjórnsýslulög, stjfrv., 313. mál, þskj. 505. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseta hefur borist eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Austurl., Hrafnkell A. Jónsson, formaður Verkalýðsfélagsins Árvakurs á Eskifirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Egill Jónsson, 3. þm. Austurl."

Hrafnkell A. Jónsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Skaðabótalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 326. mál. — Þskj. 596.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, EH, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónS, JVK, KSG, KÁ, LMR, MF, PP, PS, SigG, SP, StH, SJS, SvG, VE, ÞorstP, ÞBern.

29 þm. (AÓB, ÁJ, BBj, DO, FI, FrS, GAK, GB, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HAJ, ISG, JBH, JónK, KHG, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SalÞ, SAÞ, StG, StB, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, EH, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónS, JVK, KSG, KÁ, LMR, MF, PP, PS, SigG, SP, StH, SJS, SvG, VE, ÞorstP, ÞBern.

29 þm. (AÓB, ÁJ, BBj, DO, FI, FrS, GAK, GB, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HAJ, ISG, JBH, JónK, KHG, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SalÞ, SAÞ, StG, StB, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Meðferð opinberra mála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 372. mál (ákæruvald lögreglustjóra o.fl.). — Þskj. 656.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónS, JVK, KSG, KÁ, LMR, MF, PP, PS, SigG, SP, StH, SJS, SvG, VE, ÞorstP, ÞBern.

28 þm. (AÓB, ÁJ, BBj, DO, FrS, GAK, GB, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HAJ, ISG, JBH, JónK, KHG, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SalÞ, SAÞ, StG, StB, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónS, JVK, KSG, KÁ, LMR, MF, PP, PS, SigG, SP, StH, SJS, SvG, VE, ÞorstP, ÞBern.

28 þm. (AÓB, ÁJ, BBj, DO, FrS, GAK, GB, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HAJ, ISG, JBH, JónK, KHG, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SalÞ, SAÞ, StG, StB, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 338. mál (fíkniefnaviðskipti). — Þskj. 616.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónS, JVK, KSG, KÁ, LMR, MF, PP, PS, SigG, SP, StH, SJS, SvG, VE, ÞorstP, ÞBern.

26 þm. (AÓB, ÁJ, DO, FrS, GAK, GB, GJH, GunnS, HBl, HAJ, ISG, JBH, JónK, KHG, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SalÞ, SAÞ, StG, StB, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónS, JVK, KSG, KÁ, LMR, MF, PP, PS, SigG, SP, StH, SJS, SvG, VE, ÞorstP, ÞBern.

25 þm. (AÓB, ÁJ, DO, FrS, GAK, GJH, GunnS, HBl, HAJ, ISG, JBH, JónK, KHG, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SalÞ, SAÞ, StG, StB, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Ávana- og fíkniefni, frh. 1. umr.

Stjfrv., 339. mál (fíkniefnaviðskipti). — Þskj. 617.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JVK, KSG, KÁ, LMR, MF, PP, PS, RG, SigG, SP, StH, SJS, SvG, VE, ÞorstP, ÞBern.

25 þm. (AÓB, ÁJ, DO, FrS, GAK, GJH, GunnS, HBl, HAJ, ISG, JBH, JónK, JónS, KHG, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SAÞ, StG, StB, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JVK, KSG, KÁ, LMR, MF, PP, PS, RG, SigG, SP, StH, SJS, SvG, VE, ÞorstP, ÞBern.

25 þm. (AÓB, ÁJ, DO, FrS, GAK, GJH, GunnS, HBl, HAJ, ISG, JBH, JónK, JónS, KHG, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SAÞ, StG, StB, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Samfélagsþjónusta, frh. 1. umr.

Stjfrv., 374. mál. — Þskj. 658.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JVK, KSG, KÁ, LMR, MF, PP, PS, RG, SigG, SP, StH, SJS, SvG, VE, ÞorstP, ÞBern.

25 þm. (AÓB, ÁJ, DO, FrS, GAK, GJH, GunnS, HBl, HAJ, ISG, JBH, JónK, JónS, KHG, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SAÞ, StG, StB, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JVK, KSG, KÁ, LMR, MF, PP, PS, RG, SigG, SP, SJS, SvG, VE, ÞorstP, ÞBern.

29 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EH, FrS, GAK, GÁ, GJH, GunnS, HBl, HAJ, ISG, JGS, JBH, JónK, JónS, KHG, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SAÞ, StG, StH, StB, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna kynferðisbrota, frh. fyrri umr.

Þáltill. SP o.fl., 352. mál. — Þskj. 631.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónS, JVK, KSG, KÁ, LMR, MF, ÓRG, PP, PS, RG, SigG, SP, StH, SJS, SvG, VE, ÞorstP, ÞBern.

23 þm. (AÓB, ÁJ, DO, FrS, GAK, GJH, GunnS, HBl, HAJ, ISG, JBH, JónK, KHG, ÓE, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SAÞ, StG, StB, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónS, JVK, KSG, KÁ, LMR, MF, ÓRG, PP, PS, RG, SigG, SP, StH, SJS, SvG, VE, ÞorstP, ÞBern.

23 þm. (AÓB, ÁJ, DO, FrS, GAK, GJH, GunnS, HBl, HAJ, ISG, JBH, JónK, KHG, ÓE, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SAÞ, StG, StB, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Happdrætti Háskóla Íslands, frh. 1. umr.

Frv. ÓÞÞ, 336. mál (greiðslur til annarra skóla á háskólastigi). — Þskj. 609.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JónS, JVK, KSG, KÁ, LMR, MF, ÓRG, PP, PS, RG, SigG, SP, StH, SJS, SvG, VE, ÞorstP, ÞBern.

24 þm. (AÓB, ÁJ, DO, FrS, GAK, GJH, GunnS, HBl, HAJ, ISG, IP, JBH, JónK, KHG, ÓE, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SAÞ, StG, StB, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónS, JVK, KSG, KÁ, LMR, MF, ÓRG, PP, PS, RG, SigG, StH, SJS, SvG, VE, ÞorstP, ÞBern.

24 þm. (AÓB, ÁJ, DO, FrS, GAK, GJH, GunnS, HBl, HAJ, ISG, JBH, JónK, KHG, ÓE, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Seðlabanki Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 312. mál (heildarlög). — Þskj. 501.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Fyrstu heildarlögin um Seðlabanka Íslands voru sett árið 1961. Með þeim lögum varð bankinn að sjálfstæðri stofnun en áður hafði hann um langt árabil verið önnur af megindeildum Landsbanka Íslands. Hugmyndir um sjálfstæðan Seðlabanka höfðu þó verið lengi til umræðu eða allar götur frá árinu 1934 að Erik Lundberg, kunnur sænskur hagfræðingur, gerði um það tillögur við skipulagsnefnd atvinnumála sem þá starfaði á vegum ríkisstjórnarinnar.

Lögin um Seðlabankann frá árinu 1961 voru svo endurskoðð um miðjan níunda áratuginn og ný lög tóku gildi í maí 1986. Með þeim lögum var starfsemi bankans takmörkuð í meira mæli en áður hafði verið við það sem kalla mætti hefðbundin verkefni seðlabanka. Þannig var t.d. lögfest sú meginregla að bankinn skyldi einungis eiga viðskipti við innlánsstofnanir og ríkissjóð og honum var bannað að skipta við almenning og keppa við innlánsstofnanir um viðskipti. Með lögunum voru tengslin milli bindiskyldu innlánsstofnana og endurkaupa Seðlabankans á afurðalánum af innlánsstofnunum endanlega rofin og bindiskyldan gerð að raunverulegu stjórntæki bankans í peningamálum. Jafnframt var bankanum í fyrsta skipti heimilað að setja innlánsstofnunum reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár sem þeim beri ætíð að ráða yfir. Þá var almenn heimild Seðlabankans til að ákveða innláns- og útlánsvexti innlánsstofnana felld niður. Þó var bankanum heimilað við tilteknar aðstæður að binda vaxtaákvarðanir innlánsstofnana. Með lögunum var fellt niður það hlutverk Seðlabankans að veita umsagnir um umsóknir innlánsstofnana til að opna útibú og stunda gjaldeyrisviðskipti, enda gert ráð fyrir því að ákvarðanir þar að lútandi færðust alfarið til stofnananna sjálfra á grundvelli nýrra laga um þær og starfsemi þeirra. Þá var lögfest að ríkissjóður endurgreiddi skammtímaskuld sína við bankann eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok hvers fjárlagaárs. Loks má nefna að ákvæði um eftirlit bankans með innlánsstofnunum voru gerð mun ítarlegri en í fyrri lögum.

Seðlabankalögunum frá 1986 hefur tvívegis verið breytt. Árið 1989 var m.a. orðalagi ákvæðisins um vaxtaíhlutun bankans breytt þannig að bankinn ætti einnig að líta til þess að raunvextir væru hóflegir en ekki aðeins að þeir skyldu eigi vera hærri en þeir væru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum. Einnig var bankanum heimilað að hlutast til um ávöxtunarkröfu á verðbréfamarkaði og hjá eignarleigufyrirtækjum. Í fyrra, eins og þingmenn muna, var lögunum svo breytt til samræmis við ákvörðun Alþingis í lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, þannig að erlendum hlutafélagsbönkum var heimilað að opna útibú hér á landi frá og með 1. jan. 1992. Jafnframt var gerð mikilvæg breyting á þeim ákvæðum sem fjalla um gengisskráningu þannig að unnt sé að láta gengi krónunnar ráðast á markaði.

Virðulegi forseti. Á þeim tæpu sjö árum sem liðin eru frá því að seðlabankalögin gengu í gildi árið 1986 hafa orðið róttækar breytingar bæði á innlendum og alþjóðlegum fjármagnsmarkaði. Viðskiptabönkum og sparisjóðum hefur fækkað. Eignarleigufyrirtæki og verðbréfamarkaður hafa fest sig í sessi hér á landi. Viðskipti með hlutabréf hafa margfaldast og Verðbréfaþing Íslands er að slíta barnsskónum. Hér á landi hefur myndast allöflugur markaður fyrir langtímaverðbréf þar sem spariskírteini ríkissjóðs og húsbréf eru fyrirferðarmest. Á allra síðustu missirum hefur markvisst verið byggður upp markaður fyrir skammtímaverðbréf, einkum ríkisvíxla. Þá hafa útboð ríkisverðbréfa leyst af hólmi beina sölu þeirra. Í gær voru svo samþykkt á Alþingi ítarleg lög um Verðbréfaþing Íslands, verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði sem setja þessari starfsemi allri nútímalega umgjörð.

Samhliða þessari öru þróun á innlendum fjármagnsmarkaði hefur markvisst verið dregið úr gjaldeyrishöftum, sérstaklega frá og með árinu 1990. Með nýjum gjaldeyrislögum sem Alþingi samþykkti í nóvember sl. og nýrri gjaldeyrisreglugerð sem tók gildi um sl. áramót er leiðin að afnámi síðustu gjaldeyrishaftanna vörðuð. Það mun gerast í nokkrum áföngum á næstu missirum.

Á undanförnum árum hafa fjármagnsmarkaðir um öll lönd tengst stöðugt nánari böndum. Þetta gildir ekki eingöngu í Evrópu þar sem þróunin hefur reyndar verið hvað örust, heldur einnig í Ameríku og Austurlöndum. Þá stefna öll ríki í Austur-Evrópu og fyrrum Sovétlýðveldi, a.m.k. í orði kveðnu, að fullri þátttöku í hinu alþjóðlega efnahags- og fjármagnskerfi Vesturlanda og Kyrrahafsríkja.

Samruni fjármagnsmarkaðanna skapar algerlega nýjar aðstæður fyrir hagstjórn. Hún verður vandasamari en áður. Ný sjónarmið koma til skjalanna. Stjórntæki, sem áður dugðu vel, missa gildi sitt þegar einstaklingar og fyrirtæki geta án takmarkana leitað eftir fyrirgreiðslu í öðrum ríkjum. Þessar aðstæður gera einnig auknar kröfur til eftirlits með rekstri og starfsemi fjármálastofnana. Slíkt eftirlit er vaxandi þáttur í starfsemi seðlabanka með öðrum þjóðum.

Aukið frjálsræði á fjármagnsmarkaði og í gjaldeyrismálum kallar á endurskoðun á þeim aðferðum sem seðlabankar beita til að hrinda stefnu sinni í peningamálum í framkvæmd. Þessar breyttu aðstæður krefjast aukins sjálfstæðis Seðlabankans og virkrar faglegrar stjórnunar hans til þess að bankinn geti brugðist skjótt við síbreytilegum aðstæðum í peninga-, gengis- og gjaldeyrismálum. Sérstaklega er mikilvægt við þessi nýju skilyrði að bankanum sé tryggt sjálfstæði í framkvæmd peningamála.

Að því hefur verið stefnt hér á landi um nokkurt skeið að gengi krónunnar ráðist í auknum mæli af framboði og eftirspurn á markaði. Það er sama fyrirkomulag og þekkist í öllum nágrannaríkjum okkar. Fyrsta skrefið í þessa átt var stigið í ársbyrjun 1992 þegar gjaldmiðlavogin, sem gengi krónunnar er miðað við, var einfölduð úr sautján gjaldmiðlum í einungis þrjá, Bandaríkjadollara, japanskt jen og evrópsku mynteininguna ECU. Vegna umróts og óvissu á gjaldeyrismörkuðunum að undanförnu hefur ekki þótt ráðlegt að hafast frekar að að sinni hvað varðar breytingar á gengisviðmiðum krónunnar. Hins vegar hefur undirbúningi að stofnun gjaldeyrismarkaðar hér innan lands miðað vel áfram. Þessi markaður yrði í upphafi fyrst og fremst millibankamarkaður. En allar þessar breytingar krefjast þess að stjórntækjum Seðlabankans verði breytt þannig að hann geti með kaupum og sölum á gjaldeyri, kaupum og sölum á verðbréfum, vaxtabreytingum og öðrum aðgerðum í peningamálum haldið gengi krónunnar innan þeirra marka sem ákveðin kunna að vera.

Af öllu því sem ég hef nú rakið má vera ljóst að miklar breytingar hafa orðið, bæði innan lands og utan á fjármagnsmörkuðum frá því að lögin um Seðlabankann gengu í gildi árið 1986. Á síðustu árum hafa jafnframt komið í ljós ýmis atriði sem betur mættu fara í seðlabankalögunum. Nægir þar að nefna ákvæðin um stjórntæki bankans í peningamálum, ákvæði um vaxtaíhlutun, samskipti bankans og ríkisstjórnar, aðgang ríkissjóðs að lánsfé í bankanum, takmarkandi ákvæði um fyrirkomulag á skráningu á gengi krónunnar, skort á heimildum til þess að hafa eftirlit með nýjum tegundum stofnana á fjármagnsmarkaði og skort á heimildum til þess að setja innlánsstofnunum reglur um jafnvægi á milli verðtryggðra eigna og skulda. Úr sumu af þessu hefur verið bætt smám saman en þörfin fyrir heildarendurskoðun seðlabankalaganna hefur stöðugt orðið skýrari.

Hæstv. forseti. Í ljósi þeirrar þróunar sem ég hef nú stuttlega lýst var skipuð nefnd í febrúar 1991 undir forustu Ágústs Einarssonar prófessors til þess að endurskoða lögin um Seðlabanka Íslands og til þess að gera tillögur um breytingar á þeim í samræmi við niðurstöður slíkrar endurskoðunar. Í nefndina voru skipaðir fulltrúar allra þingflokka að tilnefningu þeirra en nefndarmennirnir voru Ágúst Einarsson, tilnefndur af Alþfl., formaður, hv. þm. Geir H. Haarde og Ólafur B. Thors forstjóri, tilnefndir af Sjálfstfl., Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur, tilnefndur af Framsfl., hv. þm. Guðrún J. Halldórsdóttir, tilnefnd af Kvennalista, Már Guðmundsson hagfræðingur, tilnefndur af Alþb. og Guðmundur Ágústsson lögmaður, tilnefndur

af Borgaraflokki, en hann hætti störfum í nefndinni eftir þingkosningarnar vorið 1991.

Nefndin lauk störfum í apríl 1992 og lagði þá fram tillögur að frv. til nýrra heildarlaga um Seðlabankann. Skömmu síðar var þetta frv., óbreytt frá tillögum nefndarinnar, lagt fram til kynningar á Alþingi. Að loknu þinghaldi vorið 1992 var frv. sent fjölmörgum aðilum til umsagnar. Við endurskoðun á frv. hefur verið tekið tillit til margvíslegra ábendinga umsagnaraðila en í öllum veigamestu atriðunum, öllum stefnuatriðunum, er frv. sem nú er til umræðu byggt á tillögum nefndarinnar frá því í apríl 1991 sem góð samstaða náðist um.

Þetta frv. til nýrra heildarlaga um Seðlabanka Íslands felur í sér ýmsar grundvallarbreytingar frá gildandi löggjöf og mun breyta miklu um starfsemi bankans. Tilgangurinn er að mynda fjárhagslega traustan og sjálfstæðan banka sem hafi skýr og afmörkuð markmið og ráði yfir stjórntækjum sem dugi til þess að ná þeim markmiðum.

Í grófum dráttum má segja að hlutverk seðlabanka sé fjórþætt.

Í fyrsta lagi að gefa út seðla og mynt. Seðlabankar hafa yfirleitt einkarétt á þessu sviði.

Í öðru lagi að varðveita gjaldeyrisforða landsins.

Í þriðja lagi að vera banki ríkissjóðs.

Í fjórða lagi að vera banki innlánsstofnana og veita þeim lán ef fjárhagslegt öryggi þeirra er í hættu.

Vegna viðskipta sinna við innlánsstofnanir og útgáfu seðla og myntar hefur seðlabönkunum jafnframt verið falið í mörgum löndum að hafa eftirlit með starfsemi fjármálastofnana og eftirlit með greiðslumiðlun, bæði í landinu og við önnur lönd.

Þau stjórntæki, sem seðlabankar hafa yfir að ráða, eru því einkum á sviði peningastjórnar, gengis- og gjaldeyrismála. Algengustu stjórntæki seðlabanka á sviði peningamála eru bindiskylda, markaðsaðgerðir og ákvörðun vaxta í viðskiptum seðlabankans sjálfs. Með markaðsaðgerðum er að sjálfsögðu átt við kaup og sölu verðbréfa á markaði. Á síðari árum hefur mikilvægi slíkra aðgerða hér á landi farið vaxandi. Með þeim getur seðlabanki haft áhrif á lausafé innlánsstofnana og þar með bein og óbein áhrif á vexti. Meginstjórntæki seðlabanka á sviði gengis- og gjaldeyrismála eru ýmist bein ákvörðun um gengi gjaldmiðilsins eða kaup og sala á erlendum gjaldeyri á gjaldeyrismarkaði til þess að hafa þannig áhrif á gengið.

Á undanförnum árum hefur vaxandi áhersla verið lögð á gildi þess að tryggja stöðugt verðlag. Þetta á einkum rætur að rekja til reynslunnar af mikilli verðbólgu víða um heim á áttunda áratugnum. Talið er nauðsynlegt að tryggja aga við stjórn peningamála þannig að stjórn þeirra ráðist ekki af skammtímasjónarmiðum. Hér liggur að baki það sjónarmið að ríkisstjórnir á hverjum tíma kunni að freistast til þess að slaka á taumhaldi peningamála í því skyni að ná öðrum efnahagslegum markmiðum en stöðugu verðlagi með ýmis stjórnmálaleg sjónarmið í huga. Af þessum sökum kann að vera heppilegt að auka sjálfstæði seðlabankans og einfalda markmið hans og fela honum fyrst og fremst það markmið að stuðla að stöðugu verðlagi. Í þessu felst að sjálfsögðu að bankinn móti stefnu í peningamálum og beiti stjórntækjum sínum á því sviði án beinna afskipta ríkisstjórnar. Með þessu móti er komið á þeirri verkaskiptingu milli ríkisstjórnar og seðlabanka að bankinn einbeiti sér að stjórn peningamála í því skyni að stuðla að stöðugu verðlagi. Eðli seðlabankastarfseminnar gerir það að verkum að eðlilegast er að fela honum þetta verkefni. Þau stjórntæki, sem hann hefur yfir að ráða, hafa áhrif á vextina, vaxtabreytingarnar hafa aftur áhrif bæði á gengi viðkomandi gjaldmiðils þegar engar hömlur eru á fjármagnshreyfingum milli landa og á eftirspurn innan lands ef um einhverjar slíkar hömlur er að ræða. Breytingar á gengi gjaldmiðils og innlendri eftirspurn hafa síðan áhrif á verðlagsþróun innan lands. Öðrum efnahagslegum markmiðum sem eru mikilvæg, svo sem jöfnuði í viðskiptum við önnur lönd, háu atvinnustigi, góðum rekstrarskilyrðum atvinnuvega, er alls ekki fórnað á kostnað verðlagsmarkmiðs sjálfstæðs seðlabanka heldur verða þau fyrst og fremst á verksviði ríkisstjórnar sem starfar í umboði lýðræðislega kjörinna fulltrúa þjóðarinnar. Til að ná þessum efnahagslegu markmiðum getur ríkisstjórnin að sjálfsögðu beitt stefnu í gengismálum, ríkisfjármálum og launamálum að því leyti sem þau koma til kasta stjórnvalda. Það er álit flestra að með þessum hætti verði verkaskiptingin milli seðlabanka og ríkisstjórnar skýrari og eðlilegri.

Aukið sjálfstæði seðlabankans þýðir hins vegar ekki að seðlabankinn beri ekki ábyrgð á gerðum sínum gagnvart lýðræðislega kjörnum fulltrúum þjóðarinnar. Með auknu sjálfstæði bankans er eðlilegt að honum verði á herðar lagðar auknar skyldur til að upplýsa almenning og kjörna fulltrúa um stefnu sína og aðgerðir. Einnig er nauðsynlegt að fulltrúar kjörnir til eftirlits með starfsemi bankans fái aukið vald og hlutverk. Þessar breytingar hljóta að vera nauðsynlegt og eðlilegt mótvægi við sjálfstæði bankans.

Einn veigamesti gallinn á lögunum um Seðlabanka Íslands er sá að í þeim eru honum sett nokkur markmið sem oft og tíðum eru illsamrýmanleg. Þetta veldur því að Seðlabankinn þarf að velja á milli þeirra. Slíkt val er í eðli sínu stjórnmálalegt og á því með réttu að fara fram á vettvangi kjörinna fulltrúa almennings.

Til þess að skýra þetta ætla ég að rekja þau markmið sem seðlabankanum eru sett í gildandi lögum en þau eru þessi:

1. Að vinna að því að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt. Hér er því í rauninni um a.m.k. tvíþætt markmið að ræða.

2. Að varðveita og efla gjaldeyrisvarasjóð sem nægi til þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við.

3. Að vinna að því að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar nái tilgangi sínum.

Þessi markmið geta hæglega stangast á og nokkur þeirra eru í raun utan áhrifasviðs stjórntækja Seðla-

bankans en stjórntæki bankans eru á sviði peninga- og gengismála. Með þeim er ekki unnt að tryggja að framleiðslugeta atvinnuveganna sé nýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt. Þar verða að koma til önnur stjórntæki í efnahagsmálum auk aðgerða atvinnufyrirtækjanna sjálfra. Svipuðu máli gegnir um markmiðið að tryggja rekstrargrundvöll útflutnings- og samkeppnisgreina sem var í seðlabankalögunum þar til í fyrra að Alþingi felldi það brott. Einnig má benda á að Seðlabankinn getur ekki einn tryggt jöfnuð í viðskiptum við önnur lönd heldur skiptir þar ekki minna máli stefnan í ríkisfjármálum og launamálum.

Reynslan bæði hér á landi og erlendis sýnir svo ekki verði um villst að það þjónar engum tilgangi að fela Seðlabanka fleiri verkefni en hann hefur stjórntæki til að ráða við. Af eðlilegum ástæðum eru verkefni seðlabanka á sviði peningamála og hallast margir fræðimenn og stjórnvöld erlendis að því að binda verkefni þeirra við það svið og efla þess vegna stjórntæki þeirra og sjálfstæði til þess að ná settum markmiðum á þeim vettvangi. Jafnframt hefur þeirri skoðun vaxið fylgi að stöðugleiki í verðlags- og gengismálum sé mikilvægt skilyrði hagvaxtar og hagsældar. Æ fleiri halda fram þeirri skoðun að það sé aðeins tímabundinn ávinningur af því að auka nýtingu á framleiðslugetu atvinnuveganna með örvandi aðgerðum á sviði peninga- og gengismála. Þegar til lengri tíma sé litið hafi aðgerðir af þessu tagi takmörkuð áhrif á hagvöxt og hagsæld en geti hins vegar leitt til aukinnar verðbólgu.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, er í þessu frv. lagt til að markmið Seðlabankans verði einfölduð verulega og honum verði falið það eitt meginmarkmið að varðveita verðgildi íslenska gjaldmiðilsins og stuðla að stöðugu verðlagi. Jafnframt er lagt til að sjálfstæði bankans til að móta og hrinda í framkvæmd stefnu í peningamálum verði aukið verulega frá því sem nú er. Í þessu felst m.a. að beiting á stjórntækjum bankans er ekki háð samþykki ríkisstjórnar. Jafnframt er lagt til að brott falli núgildandi ákvæði þess efnis að bankastjórn Seðlabankans skuli telja það eitt sitt meginhlutverk að vinna að því að sú stefna sem ríkisstjórnin markar nái tilgangi sínum. Áfram verður hins vegar gert ráð fyrir því að fram fari náið samráð milli þessara aðila enda er slíkt samráð til þess fallið að tryggja samræmda efnahagsstjórn í landinu. Með þessari tillögu er verið að gera bankann sjálfstæðari. Ég ítreka að hér er fyrst og fremst um að ræða aukið sjálfstæði gagnvart ríkisstjórninni og bankinn mun eftir sem áður lúta valdi Alþingis, annars vegar vegna löggjafarvalds þess og hins vegar vegna bankaráðsins sem kjörið er af þinginu.

Auk fyrrgreinds meginmarkmiðs er í frv. lagt til að bankanum verði sett þrjú undirmarkmið.

Í fyrsta lagi að stuðla að virkri og öruggri starfsemi á fjármagnsmarkaði. Það er ljóst að aukið frjálsræði á fjármagnsmarkaði eykur þær hættur sem starfsemi fjármálastofnunar eru samfara. Mikilvægur þáttur á þessu sviði er eftirlit með starfsemi fjármálastofnana í þeim tilgangi að vernda hag neytenda og fjárfestingaraðila. Lagt er til að Seðlabankanum verði áfram falið að hafa eftirlit með starfsemi fjármálastofnana.

Í öðru lagi er Seðlabankanum falið að varðveita nægilegan gjaldeyrisvarasjóð til þess að greiða fyrir frjálsum viðskiptum við önnur lönd og treysta með því fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.

Í þriðja lagi er lagt til að bankanum verði falið að stuðla að greiðri, hagkvæmri og öruggri greiðslumiðlun í landinu og við önnur lönd. Hér er um mikilvægt verkefni að ræða sem eðlilegt er að fela Seðlabankanum í ljósi einkaréttar hans til þess að gefa út seðla og mynt.

Í núgildandi seðlabankalögum eru eins og ég hef þegar nefnt ákvæði sem heimila Seðlabankanum undir vissum kringumstæðum að hlutast til um vaxtaákvarðanir innlánsstofnana og ávöxtunarkröfu og annað endurgjald eignarleigufyrirtækja, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða. Nú er lagt til að íhlutunarákvæði af því tagi falli brott. Fyrir því eru einkum tvenns konar rök:

Í fyrsta lagi hefur ákvæðinu ekki verið beitt hingað til þrátt fyrir nær stöðugar deilur um raunvexti hér á landi samanborið við raunvexti erlendis allan þennan tíma.

Í öðru lagi hefur ákvæði af þessu tagi ekkert gildi þegar gjaldeyrishöft einangra ekki lengur innlendan fjármagnsmarkað frá erlendum. Eftir setningu nýrra laga um gjaldeyrismál í nóvember sl. og gildistöku nýrra gjaldeyrisreglna á grundvelli þeirra er ljóst að síðustu gjaldeyrishömlurnar falla úr gildi í náinni framtíð. Þess er því ekki langt að bíða að einangrun innlends fjármagnsmarkaðar verði að fullu rofin.

Þróun innlends fjármagnsmarkaðar hefur á undanförnum árum leitt til þess að nær ókleift er fyrir Seðlabankann að hlutast til um vexti á markaðinum með beinum fyrirmælum. Ástæða þess er aukið vægi verðbréfaviðskipta þar sem ákvöxtunarkrafa kemur í stað formlegra vaxta. Þrátt fyrir heimild Seðlabankans í núgildandi seðlabankalögum til að hlutast til um ávöxtunarkröfuna sýnir reynslan að ákvæðið er í reynd óframkvæmanlegt. Grípi Seðlabankinn til þess ráðs að hlutast til um vaxtaákvarðanir innlánsstofnana er næsta víst að fjármagn leiti frá innlánsstofnunum yfir á þann hluta fjármagnsmarkaðarins þar sem erfiðara er að beita slíkri beinni íhlutun. Þróun innlends fjármagnsmarkaðar og þær breytingar sem lagðar eru til með þessu frv. leiða hins vegar til þess að möguleikar Seðlabankans aukast til þess að hafa áhrif á vaxtaþróun með óbeinum hætti, fyrst og fremst með viðskiptum á verðbréfamarkaði.

Loks skal á það bent að ákvæði þess efnis að unnt sé að hlutast til um vaxtamun innlánsstofnana lýtur fremur að samkeppnis- og neytendamálum en peningamálum og samræmist ekki vel því hlutverk Seðlabankans að móta og framfylgja stefnu í peningamálum. Hin nýsettu samkeppnislög, sem samþykkt voru á þinginu í gær, eiga að tryggja að eftirlit sé haft með því hvort um óeðlileg samtök eða samþjöppun valds sé að ræða á þessu sviði viðskiptalífsins eins og öðrum.

Til þess að ná markmiðum í peningamálum er hér lagt til að stjórntæki Seðlabankans verði efld verulega

frá því sem nú er. Stjórntæki bankans hafa á undanförnum árum einkum verið bindiskyldan og lausafjárkvöð, en í miklu minna mæli vextir í eigin viðskiptum og kaup og sala á verðbréfum. Síðastnefndi þátturinn hefur þó eflst að undanförnu. Samkvæmt frv. verða helstu stjórntæki bankans í framtíðinni einmitt bindiskylda, kaup og sala verðbréfa, útgáfa eigin verðbréfa og ákvörðun vaxta í eigin viðskiptum. Hins vegar er lagt til að ákvæðum um laust fé innlánsstofnana verði breytt á þann veg að það þjóni sínum eiginlega og upphaflega tilgangi, þ.e. að tryggja að innlánsstofnanir hafi jafnan yfir nægu fé að ráða til að mæta úttektum og verði því ekki eitt af stjórntækjum bankans í peningamálum í framtíðinni. Ég ítreka að það verður bankans sjálfs að móta nánari reglur um beitingu þessara stjórntækja án atbeina ríkisstjórnar. Þetta er auðvitað liður í því að efla sjálfstæði bankans.

Ég bendi á að í 11. gr. frv. þar sem kveðið er á um lánveitingar til þeirra stofnana sem eru í innlánsviðskiptum við bankann er að finna mikilvæga breytingu frá gildandi seðlabankalögum. Samkvæmt greininni verður bankanum heimilt að veita lánastofnunum lán þótt fyrir þeim séu ekki endilega fullgildar venjulegar tryggingar þegar sérstaklega stendur á í þeim tilgangi að varðveita traust á fjármálakerfi landsins, þ.e. til að firra fjármálakerfið áhættu. Í núgildandi lögum er einungis heimilt að veita slík lán ef hefðbundnar tryggingar eru fullgildar. Hér er um að ræða öryggisákvæði, sem lagt er til í þessu frv., sem vonandi þarf sjaldan eða aldrei að beita en ákvæði af þessu tagi er nauðsynlegt til þess að geta forðað keðjuverkandi áhrifum á fjármagnsmarkaðnum við óvænt áföll. Þessa heimild má bankinn hins vegar ekki nýta án samþykkis ráðherra enda um slíkt undantekningartilfelli að ræða að eðlilegt er að fleiri komi að þeirri ákvörðun en bankinn einn.

Eitt af mikilvægustu ákvæðum frv. fjallar einmitt um lánafyrirgreiðslu bankans við opinbera aðila. Beinn aðgangur ríkissjóðs að skammtímalánum í Seðlabankanum hefur á undanförnum árum verið eitt af meginvandamálunum í stjórn peningamála. Sjálfdæmi ríkissjóðs um lántökur í bankanum í formi yfirdráttar á reikningum sínum hefur gert Seðlabankanum erfitt fyrir að reka sjálfstæða stefnu í peningamálum. Reynslan bæði hér á landi og annars staðar sýnir að nauðsynlegt er að fjármagna lánsfjárþörf ríkisins á markaði utan seðlabanka. Með þeirri aðferð er dregið úr sveiflum í peningaframboði og seðlabankinn kemst í þá aðstöðu að geta vegið og metið hvort hann skuli auka eða minnka lausafé á markaðinum með kaupum og sölu á verðbréfum í ljósi markmiðanna í peningamálum.

Í frv. er lagt til að bankanum verði ekki heimilt að lána ríkissjóði, sveitarfélögunum og ríkisstofnunum öðrum en lánastofnunum eins og ég hef þegar lýst. Í ákvæði til bráðabirgða er svo lagt til að ríkissjóður geti fengið takmarkaða fyrirgreiðslu á þessu ári. Með því er í raun verið að staðfesta þá breytingu sem orðið hefur á fyrirgreiðslu bankans við ríkissjóðs, fyrst á grundvelli samnings frá því í júní 1992 og síðan í framhaldi af því af samningi sem gerður var fyrr í þessari viku og fram hefur komið í fréttum. Sú breyting hefur þar með orðið að ríkissjóður mætir nú tímabundinni fjárþörf sinni með sölu markaðsverðbréfa í stað þess að yfirdraga reikninga sína í Seðlabankanum. Þetta er í samræmi við þá starfsaðferð sem tíðkast í flestum nágrannaríkjunum. Reynslan af þessu fyrirkomulagi er góð og engin ástæða til að ætla annað en að svo verði áfram. Ég bendi jafnframt á að samkvæmt frv. er Seðlabankanum heimilt að kaupa verðbréf ríkissjóðs á markaði. Með því móti getur hann komið í veg fyrir óæskilegar skammtímasveiflur í vöxtum sem rekja mætti til sveiflna í skammtímafjárþörf ríkissjóðs.

Ég vík þá að gengismálum en ákvæði frv. um gengismál og viðskipti fela ekki í sér neinar grundvallarbreytingar frá núgildandi lögum eftir að þeim var breytt á þinginu í fyrra. Bankinn ákveður samkvæmt tillögum frv. að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar hvernig gengi krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum skuli ákveðið. Talið er eðlilegt að ríkisstjórnin hafi lokaorðið í svo veigamiklu máli sem er nátengt almennri efnahagsstjórn. Þá hefur bankinn samkvæmt þessari tillögugerð fullar heimildir til að skipuleggja gjaldeyrismarkað eins og ég hef þegar nefnt.

Af öðrum atriðum vil ég nefna að hér er gerð tillaga um að gleggri skil verði gerð milli seðlabankalaga annars vegar og laga um gjaldeyrismál hins vegar. Því er lagt til að ákvæði um gjaldeyrisverslun og eftirlit með henni falli brott enda er ákvæði þar að lútandi að finna í lögum um gjaldeyrismál sem Alþingi samþykkti í nóvember sl.

Í þessu frv. er lagt til að starfsemi bankaeftirlitsins verði efld og staða þess í stjórnskipulagi bankans gerð skýrari en nú gildir. Samkvæmt núgildandi seðlabankalögum er bankanum falið að hafa eftirlit með því að innlánsstofnanir hagi starfsemi sinni í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra. Í sérlögum hefur Seðlabankinn jafnframt fengið það verkefni að hafa eftirlit með öðrum stofnunum en innlánsstofnunum, þ.e. eignarleigum, verðbréfafyrirtækjum og verðbréfasjóðum, auk þess sem honum hefur verið falið að setja reglur um gerð og endurskoðun á ársreikningum lífeyrissjóða.

Nú er lagt til að eftirlit Seðlabankans nái í rauninni til allra stofnana og fyrirtækja sem starfa á fjármagnsmarkaði sem veita almenningi og fyrirtækjum fjármálaþjónustu. Einkum er um að ræða bankana, sparisjóði, fjárfestingarlánasjóði, eignarleigufyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, verðbréfasjóði, lífeyrissjóði og tryggingafélög. Hins vegar er tekið fram í greininni að Seðlabankinn hafi því aðeins eftirlit með starfsemi þessara stofnana og fyrirtækja að eftirlitið sé ekki öðrum falið með sérstökum lögum. Þetta þýðir t.d. að eftirlit með tryggingastarfsemi tryggingafélaga heyrir ekki undir bankaeftirlitið. Þá felst í greininni að bankaeftirlitinu bér að hafa eftirlit með nýrri starfsemi sem upp kann að koma á fjármagnsmarkaðinum þótt engin sérstök lög hafi verið um hana sett. Þetta tel ég mikilvægt í ljósi þeirrar þróunar á fjármagnsmarkaðinum sem verið hefur undanfarin ár og reyndar örra breytinga víða um lönd í þeim efnum. Iðulega hafa þessar

breytingar verið á undan löggjafanum eins og oft gerist og eðlilegt hlýtur að teljast.

Tillögur eru gerðar um breytingar á skipun forstöðumanns bankaeftirlitsins. Hér er lagt til að hann verði ráðinn af bankaráðinu samkvæmt tillögum bankastjórnar. Samkvæmt gildandi lögum er hann skipaður af ráðherra. Þetta er liður í því að auka sjálfstæði bankans en ekki síður að gera skarpari skil milli ábyrgðarsviða og um stjórnskipulag innan bankans.

Nokkur orð um alþjóðasamstarf, hæstv. forseti. Seðlabankanum hefur frá upphafi verið falið að annast tengsl Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Seðlabankinn leggur fjárframlög af Íslands hálfu til sjóðsins samkvæmt reglum og ákvörðunum hans og að fenginni heimild Alþingis hverju sinni. Þessi fjárframlög greiðast því ekki úr ríkissjóði. Þá hefur bankinn tekið þátt í samstarfi seðlabanka, bæði hinna norrænu og á vettvangi Alþjóðlega greiðslubankans í Basel í Sviss en sá banki er í eigu seðlabanka iðnríkjanna, m.a. Seðlabanka Íslands. Þá hefur bankinn einnig ásamt fulltrúum ýmissa ráðuneyta og stofnana tekið þátt í starfi Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD. Þessi þáttur í starfi seðlabanka verður stöðugt mikilvægari með opnun fjármagnsmarkaða um allan heim.

Í frv. er gerð tillaga um ótvíræðar heimildir Seðlabankans til þess að eiga aðild að öðrum alþjóðlegum stofnunum en Alþjóðagjaldeyrissjóðnum en ákvæði núgildandi laga eru bundin við þá stofnun. Slíkt aðild verður þó að sjálfsögðu að samræmast hlutverki bankans sem Seðlabanka.

Einnig eru í frv. ákvæði sem heimila bankanum að taka þátt í samstarfi erlendra seðlabanka og alþjóðlegra stofnana sem felast í því að gerðir eru tvíhliða eða marghliða samningar um gagnkvæm lánsréttindi, þ.e. að einn banki geti fengið lán hjá öðrum ef gjaldeyrisvarasjóðurinn rýrnar. Slíkir samningar verða mikilvægari þegar gjaldeyrishömlur hverfa og gengi ræðst af framboði og eftirspurn á markaði. Þess má geta að nýr samningur af þessu tagi milli norrænu seðlabankanna tók gildi í upphafi þessa árs. Samkvæmt honum getur Seðlabankinn fengið að láni allt að 200 millj. ECU, evrópskar mynteiningar, eða jafnvirði allt að 15,4 milljarða kr. frá hinum bönkunum.

Hæstv. forseti. Ég hef nú farið yfir fjölmargar af þeim efnisbreytingum sem tillögur eru gerðar um í þessu frv. á starfsemi Seðlabankans. Ég mun nú fara nokkrum orðum um stjórnskipulag hans.

Í frv. er lagt til að bankaráðið verði skipað með sama hætti og nú gildir, þ.e. verði skipað af fimm mönnum, kjörnum af Alþingi til fjögurra ára í senn. Í ljósi þeirrar áherslu sem lögð er á sjálfstæði og fagleg vinnubrögð er lagt til í frv. að þess sé gætt við kjörið að bankaráðsmenn hafi víðtæka þekkingu á efnahagsmálum. Einnig er lagt til að nýr ráðherra geti skipað nýjan formann og varaformann bankaráðs kjósi hann það. Þetta er gert til þess að ávallt ríki sem best samband milli ráðherra og bankaráðs sem ekki er síst mikilvægt í ljósi þess að bein afskipti ráðherrans af ákvörðunum bankans eru takmörkuð verulega með frv. frá því sem nú er.

Í frv. er lagt til að bankastjórar Seðlabankans verði áfram þrír en að gerð verði sú breyting á stöðu formanns bankastjórnar og vali bankastjóra sem ég mun nú frá greina.

Núgildandi fyrirkomulag er þannig að ráðherra skipar bankastjóra til allt að sex ára að fengnum tillögum bankaráðs. Bankastjórarnir velja einn úr sínum hópi sem formann bankastjórnar til þriggja ára í senn. Í gildandi lögum eru hins vegar ekki ákvæði um það í nánari atriðum hvert hlutverk formanns bankastjórnarinnar skuli vera.

Í þessu frv. er lagt til að stöður bankastjóra verði auglýstar lausar til umsóknar. Gerð verði sú krafa að bankastjórar hafi víðtæka þekkingu á peningamálum og öðrum sviðum efnahagsmála. Telja verður eðlilegt að gera kröfu af þessu tagi, ekki síst í ljósi hlutverks bankans og þeirra tillagna um aukið sjálfstæði hans til stjórnunar peningamála sem felst í þessu frv.

Að fengnum umsóknum um stöðu bankastjóra er gert ráð fyrir að bankaráð greiði atkvæði um umsækjendur. Til þess að ráðgerra geti skipað mann bankastjóra verður hann samkvæmt tillögunum í þessu frv. að hafa fengið a.m.k. eitt atkvæði í bankaráði. Í þessu felst mikilvæg breyting frá núgildandi lagaákvæðum sem hefur verið túlkað þannig að ráðherra geti í raun skipað hvern þann í stöðu bankastjóra sem honum sýnist án þess að taka tillit til tillagna bankaráðsins. Eina skilyrðið sé að ráðherra hafi tekið við tillögum frá ráðinu. Í frv. er lagt til að skipunartímabil bankastjóra verði sjö ár í stað allt að sex ára samkvæmt núgildandi seðlabankalögum. Fastákveðið skipunartímabil skapar að sjálfsögðu ákveðna festu í stjórn bankans.

Í frv. er lagt til að formaður bankastjórnar gegni veigameira hlutverki en samkvæmt gildandi lögum og er beinlínis sagt að hann verði helsti talsmaður Seðlabankans sem komi fram fyrir hans hönd. Í ljósi aukins mikilvægis þessarar stöðu er lagt til að skipað verði sérstaklega í hana til sjö ára. Til að undirstrika mikilvægi stöðunnar er lagt til að umsækjandi um stöðuna verði að hafa fengið a.m.k. tvö atkvæði í bankaráðinu til þess að ráðherra geti skipað hann.

Samkvæmt núgildandi seðlabankalögum eru engar takmarkanir á því hversu oft má skipa sama mann í stöðu bankastjóra, en víða um lönd gilda slíkar takmarkanir. Hér er lagt til að meginreglan verði sú að óheimilt sé að skipa sama mann oftar en tvisvar í stöðu bankastjóra. Meginreglan er því sú að enginn geti gegnt slíkri stöðu lengur en í 14 ár. Maður sem gegnir stöðu bankastjóra verður að sækja um hana að nýju þegar skipunartímabil hans rennur út hafi hann hug á því að gegna henni áfram. Í frv. er þó lagt til að skipa megi sama mann í þriðja sinn í stöðu bankastjóra, enda sé þá um að ræða skipun í stöðu formanns bankastjórnar og viðkomandi hafi annaðhvort aldrei eða aðeins einu sinni áður gegnt slíkri stöðu. Samkvæmt þessum reglum er hugsanlegt að sami maður geti gegnt stöðu bankastjóra í 21 ár samfleytt þótt það verði að teljast harla ólíklegt. Hann gæti gegnt stöðu bankastjóra í eitt skipunartímabil og síðan stöðu formanns bankastjórnar í tvö skipunartímabil eða stöðu banka-

stjóra í tvö skipunartímabil og síðan stöðu formanns bankastjórnar í eitt skipunartímabil. Einnig gæti að sjálfsögðu komið upp tilvik þar sem sami maður er skipaður þrisvar en gegnir þó störfum í skemmri tíma samfleytt en í 21 ár. Þetta gæti gerst með þeim hætti að starfandi bankastjóri sækti um og væri skipaður í stöðu formanns bankastjórnar áður en sjö ára skipunartímabili hans væri lokið.

Þessar reglur fela að sjálfsögðu í sér mikla þrengingu á valdi ráðherrans frá því sem nú er og verður að telja það eðlilegt miðað við þá tillögu sem hér er gerð um aukið sjálfstæði bankans.

Hæstv. forseti. Það er eðlilegt að menn spyrji: Hvernig er hægt að bera þessar tillögur um seðlabankalöggjöf sem hér eru gerðar saman við sams konar löggjöf með öðrum þjóðum. Ég tek skýrt fram að við samningu þessa frv. voru gildandi lög um seðlabanka í flestum iðnríkjanna könnuð vandlega, ekki síst þau lög sem gilda á öðrum Norðurlöndum auk stofnskrár hins áformaða sameiginlega seðlabanka Evrópubandalagsins. Þá voru yfirfarnar margar greinargerðir alþjóðastofnana og fræðimanna um starfsemi seðlabanka. Nefndin sem undirbjó þetta frv., og ég vil nota þetta tækifæri til að þakka henni fyrir vel unnið verk, tók til sérstakrar athugunar ýmis mikilvæg atriði: Í fyrsta lagi markmið og hlutverk seðlabanka, í öðru lagi stjórntæki í peningamálum, í þriðja lagi stjórnskipulag seðlabanka, í fjórða lagi verkaskiptingu bankaráðs og bankastjóra, í fimmta lagi tengsl seðlabanka við ríkisstjórn, í sjötta lagi fyrirgreiðslu við ríkissjóð og í sjöunda lagi hvort og hvernig seðlabanki hafi bankaeftirlit með höndum.

Í þessum samanburðarathugunum kom í ljós að lög um seðlabanka í iðnríkjum geta á engan hátt talist einhlít fyrirmynd um efnisatriði í lögum um Seðlabanka Íslands. Þó má draga þá ályktun ef maður skoðar fyrst og fremst yngstu löggjöfina, ekki síst nýleg lög á Nýja-Sjálandi, stofnskrá hins sameiginlega seðlabanka Evrópubandalagsins og fyrirliggjandi tillögur um breytingar á lögum um Seðlabanka Kanada, að þeirri skoðun vaxi nú fylgi að æskilegt sé að seðlabanki hafi aðeins eitt meginmarkmið, þ.e. að stuðla að stöðugu verðlagi. Jafnframt er reynt að tryggja í þessari nýlegu löggjöf sem ég hef hér vitnað til og reyndar stofnskránni að hugsanlegum, sameiginlegum seðlabanka Evrópu og lagadrögunum að nýjum lögum fyrir Seðlabanka Kanada, að seðlabankinn geti mótað stefnu sína í peningamálum og beitt þeim stjórntækjum sem hann hefur yfir að ráða án beinna afskipta ríkisstjórnar.

Hæstv. forseti. Nokkur orð um löggjöfina í þeim löndum sem við berum okkur oftast saman við. Seðlabanki Danmerkur, Danmarks Nationalbank, starfar samkvæmt lögum frá árinu 1942. Hann hefur samkvæmt þeim lögum það hlutverk að viðhalda öruggu fjármálakerfi í landinu og greiða fyrir greiðslumiðlun og lánastarfsemi. Í Finnlandi, en þar heitir Seðlabankinn Suomen Pankki og starfar í grundvallaratriðum samkvæmt lögum frá árinu 1925, er bankanum ætlað að viðhalda stöðugu og traustu peningakerfi og tryggja lipra greiðslumiðlun í landinu. Í Noregi, Norges Bank, gilda lög frá árinu 1985 og voru þau samin á grundvelli mjög ítarlegrar könnunar á gildandi seðlabankalöggjöf um víða veröld. Þar er markmið bankans að stuðla að hagkvæmri greiðslumiðlun í landinu. Sama gildir í Svíþjóð um Sveriges Riksbank. Þar eru lögin líka nýleg, frá 1988. Athyglisverð eru seðlabankalögin frá Nýja-Sjálandi, Reserve Bank of New Zealand sem starfar samkvæmt lögum frá árinu 1989. Þar hefur seðlabankinn það eina markmið að tryggja stöðugt verðlag, en ríkisstjórnn getur þó ákveðið með sérstökum hætti að bankinn víki tímabundið frá því markmiði. Í Þýskalandi gilda lög frá árinu 1957 um Deutsche Bundesbank. Þar er markmið seðlabankans fyrst og fremst að tryggja verðgildi gjaldmiðilsins. Hann skal jafnframt styðja almenna efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar svo framarlega sem það gengur ekki gegn meginmarkmiði bankans. Svipað ákvæði er að finna í stofnskrá hins sameiginlega seðlabanka Evrópubandalagsins, The European Central Bank, sem samin var á árinu 1991, nema hvað þar er það meginmarkmið bankans samkvæmt skilgreiningu í stofnskránni að viðhalda stöðugu verðlagi.

Með því að setja seðlabanka það eina meginmarkmið að stuðla að stöðugu verðlagi er vitaskuld verið að gefa stöðugleika í efnahagsmálum vissan forgang. Rökin fyrir því eru fyrst og fremst að stöðugt verðlag sé til lengdar forsenda þess að öðrum mikilvægum markmiðum verði náð eins og auknum hagvexti og góðri atvinnu. Reynslan hefur sýnt, bæði hér á landi og erlendis, að til lengri tíma litið er enginn ávinningur af verðbólgu. Það er ekki unnt til lengdar að tryggja hátt atvinnustig og hagvöxt með verðbólgunni einni saman. Þvert á móti gerir verðbólgan einstaklingum og fyrirtækjum erfiðara um vik að horfa fram á veginn og vinna að ákveðnum framtíðarmarkmiðum sem er forsenda framfara í atvinnumálum. Þá fer, eins og Íslendingar þekkja manna best, mikil orka og tími einstaklinga og fyrirtækja í það að verjast áhrifum verðbólgunnar auk þess sem hún hefur einatt óæskileg áhrif á tekjuskiptinguna í samfélaginu.

Verðlagsmarkmið er í eðli sínu langtímamarkmið. Það er því nauðsynlegt að tryggja seðlabanka sjálfstæði til að geta beitt þeim stjórntækjum sem hann hefur yfir að ráða til að ná þessu markmiði.

Stjórnskipulag seðlabanka er með ýmsum og ólíkum hætti í iðnríkjunum. Víða eru bankaráðsmenn kosnir af þjóðþingum en annars staðar eru þeir skipaðir af ráðherra og ríkisstjórn. Sums staðar situr bankastjóri í bankaráðinu, er jafnvel formaður þess. Víðast er einn bankastjóri ásamt einum eða fleiri varabankastjórum, en einnig þekkjast dæmi um fjölskipaðar bankastjórnir, svo sem í Danmörku og Finnlandi.

Hér hefur í frv. verið valin millilausn. Í öðrum löndum eru bankastjórarnir ýmist valdir af bankaráði, ráðherra eða ríkisstjórn. Í sumum tilvikum er óheimilt að endurskipa bankaráðsmenn og bankastjóra nema í tiltekinn fjölda skipta en í öðrum tilfellum eru engar slíkar takmarkanir og bankastjórar jafnvel ráðnir til óákveðins tíma. Sums staðar tekur bankaráðið ákvarðanir um beitingu helstu stjórntækja bankans í peninga-

málum. Annars staðar er þetta vald falið bankastjórnunum. Í sumum ríkjum er seðlabanka bannað að veita ríkissjóði lán. Í öðrum ríkjum eru settar einhverjar skorður við lánum til ríkissjóðs og í enn öðrum gilda engar takmarkanir á þessu sviði.

Það er auðvitað mála sannast um þetta eins og margt annað að þar veldur hver á heldur. Hins vegar er það mín skoðun að með þeim tillögum sem hér eru fluttar, og samdar eru á vegum þessarar nefndar sem ég hef þegar lýst, er verið að reyna að sameina það besta sem þekkist í seðlabankalöggjöf iðnríkjanna um leið og sú löggjöf er löguð að íslenskum aðstæðum.

Virðulegi forseti. Ég tel það ákaflega mikilvægt að í nefndinni sem frv. samdi náðist víðtæk samstaða um meginatriði málsins. Fulltrúi Kvennalistans í nefndinni, hv. þm. Guðrún J. Halldórsdóttir, og fulltrúi Alþb., Már Guðmundsson hagfræðingur, skiluðu að vísu séráliti en þar kom ekki fram ágreiningur við grundvallaratriði frv. Fulltrúi Kvennalistans taldi rétt að bankaráðið yrði skipað sjö mönnum í stað fimm í því skyni að fulltrúar sem flestra þingflokka gætu setið í bankaráðinu. Einnig lagði hún til að í seðlabankalögum væri beinlínis tekið fram að bankaeftirlitinu bæri að fylgjast með og grípa til aðgerða ef það yrði vart við innherjaviðskipti í þeim stofnunum sem það hefur eftirlit með.

Fulltrúi Alþb. lagði til róttækari breytingar á núgildandi stjórnskipulagi bankans en gert er ráð fyrir í frv., einkum þannig að bankastjóri yrði einn í stað þriggja. Þá vildi hann veita skemmri aðlögunartíma fyrir ríkissjóð en meiri hluti nefndarinnar komst að niðurstöðu um að þeirri meginreglu frv., sem ekki var ágreiningur um, að lántökur ríkissjóðs og annarra opinberra aðila í Seðlabankanum verði óheimilar. Við endurskoðun frv. milli þinga var einmitt ákveðið að stytta þennan aðlögunartíma. Það hefur því verið komið til móts við þetta sjónarmið í séráliti fulltrúa Alþb.

Það var athyglisvert þegar tillögur nefndarinnar voru kynntar sl. vor að það kom fram í máli allra talsmanna stjórnmálaflokka í fjölmiðlum stuðningur við meginstefnu frv. Reyndar komu þá fram og hafa komið fram síðar efasemdir um tillögur um breytingar á stjórnskipulagi bankans sem felast í því að formaður bankastjórnar verði ráðinn sérstaklega en ekki valinn af bankastjórninni. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að menn staldri við þegar gerðar eru tillögur um breytingar á fyrirkomulagi sem hefur verið við lýði frá stofnun bankans. Ég vil hins vegar leggja á það áherslu að þessar breytingar eru liður í því að efla faglega stjórnun í bankanum í því skyni að treysta stjórn peningamála og þar með efnahagsstjórn hér á landi og eru, eins og fram kom í mínum orðum, málamiðlun milli þeirra sjónarmiða sem komu fram í nefndinni.

Seðlabankinn er ein af mikilvægustu stofnunum í stjórnkerfi hverrar þjóðar. Því er ákaflega brýnt að góð samstaða geti tekist hér á Alþingi um þetta frv. Miðað við þá samstöðu sem var í nefndinni sem samdi frv. og þau orð sem talsmenn stjórnmálaflokkanna hafa látið falla um málið er ég ekki í vafa um það þorri þingmanna getur sammælst um þetta frv. og veitt því brautargengi á yfirstandandi þingi. Ég vil, hæstv. forseti, einmitt vinna að slíku samkomulagi með hv. efh.- og viðskn.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að rekja efnisatriði þessa viðamikla frv. frekar en ég hef þegar gert og legg til að þessu frv. verði að umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Halldór Ásgrímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hér er um allumfangsmikið mál að ræða sem varðar löggjöfina um Seðlabanka Íslands og þarf að vísa til efh.- og viðskn. og hæstv. viðskrh. hefur þegar lagt það til. Ég vil benda á að í 23. gr. þingskapa er gert ráð fyrir því að mál eins og þetta geti komið til nefndar til athugunar áður en 1. umr. fer fram. Ég tel að þetta sé einmitt slíkt mál að mikilvægt sé fyrir nefndarmenn að fá upplýsingar um málið, fá skýringar frá þeim sem samið hafa frv. til þess að 1. umr. geti farið eðlilega fram. Ég vil því óska eftir því, virðulegi forseti, að þessari grein þingskapanna verði beitt og málið fari til athugunar í efh.- og viðskn. eins og segir í 23. gr. þingskapalaga, og að lokinni þeirri athugun haldi 1. umr. áfram. Ég vil því, virðulegi forseti, fara þess formlega á leit að þessi málsmeðferð verði viðhöfð, en það var einmitt ætlunin þegar þessi ákvæði voru sett í þingsköpin að auðvelda nefndarmönnum að fá upplýsingar um viðamikil mál áður en 1. umr. fari fram. Ég tel þetta mál vera af þeirri gerð að það sé nauðsynlegt fyrir okkur sem eigum að fjalla um málið að geta talað við þá aðila sem hafa unnið að undirbúningi málsins, geta rætt við fulltrúa Seðlabanka Íslands og fleiri áður en 1. umr. fer fram.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseta hefur borist formleg umsókn um þá málsmeðferð sem hv. 1. þm. Austurl. kynnti hér. Í 23. gr. þingskapalaga segir svo:

„Áður en 1. umr. fer fram um stjfrv. eða fyrri umræða um tillögur frá ríkisstjórninni getur forseti heimilað, ef ósk berst um það frá níu þingmönnum, að nefnd athugi mál í því skyni að afla frekari upplýsinga um það eða skýringa á efni þess. Slíkt er og heimilt að gera að lokinni framsöguræðu um málið. Forseti ákveður hve lengi athugun nefndarinnar má standa."

Eins og hv. þingheimur hlýtur að skilja vil ég að sjálfsögðu ráðgast við forseta Alþingis um þetta mál og hlýt því að óska eftir fundarhléi til að ræða við hæstv. ráðherra og virðulegan forseta Alþingis.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég er einn af þeim níu þingmönnum sem hef óskað eftir því að þeirri grein þingskapalaga, sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson gerði grein fyrir, verði beitt í þessu máli. Til viðbótar við þau rök sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson rakti hér þá vil ég færa fram tvenn til viðbótar.

Í fyrsta lagi er alveg ljóst, bæði á greinargerð frv. og eins ýmsum tillögum um breytingar á lögunum, að þar er verið að taka mið af hugmyndum og veruleika sem að mörgu leyti á ekki við í dag. T.d. á sú lýsing

á gjaldeyrismörkuðum og tengingu mynta Norðurlanda við gjaldmiðla aðildarríkja Evrópubandalagsins og meint gengisfesta á þeim gjaldeyrismörkuðum er eins og allur þingheimur veit með allt öðrum hætti nú en þegar greinargerð frv. var samin. Einnig er ljóst að hugmyndir manna um samspil peningastefnu, efnahagsstefnu stjórnvalda og seðlabanka, m.a. í Bandaríkjunum, eru nú með allt öðrum hætti heldur en á blómaskeiði frjálshyggjunnar sem með einum eða öðrum hætti hefur haft áhrif á hugmyndakerfi manna á síðustu árum. Það er auðvitað skynsamlegt að skoða þessa þætti vel annars staðar en hér í almennum umræðum áður en þær halda áfram.

Hitt atriðið sem mér finnst renna stoðum undir það að þessari grein verði beitt er að nauðsynlegt er að það verði alveg skýrt hér í þinginu áður en umræðan heldur áfram, hvort hæstv. viðskrh. er að mæla hér fyrir frv. um aukið vald aðalbankastjóra Seðlabankans og ætli sér síðan sjálfur að setjast í þá stöðu skömmu eftir að þessi lög hafa tekið gildi. Það er satt að segja afar óvenjulegt að ráðherra mæli fyrir veigamiklum breytingum af því tagi sem hér hefur verið mælt fyrir og ætli sér síðan sjálfur að vera fyrstur manna til þess að beita því valdi sem lagt er til í frv.

Nú hefur það verið rætt víða í þjóðfélaginu að hugmyndar séu um það að hæstv. viðskrh. verði síðar á þessu ári aðalbankastjóri Seðlabankans. Ég ætla ekki að knýja neitt á um svar við því nú, en ég tel að það sé alveg nauðsynlegt áður en þingið heldur áfram umfjöllun um málið að það liggi fyrir hvort sá ráðherra sem fer með þetta mál hér gagnvart þinginu er í reynd að biðja um aukið vald handa sjálfum sér síðar á þessu ári eða ekki. Ég mælist þess vegna til þess við hæstv. viðskrh. að meðan nefndin er að skoða málið, þá íhugi hann það að þegar 1. umr. heldur áfram, fyrst hann vék ekki að því í sinni framsöguræðu sem ég átti nú kannski von á vegna þess hve þetta hefur verið rætt mikið í þjóðfélaginu, að hann geri hann þinginu alveg skýra grein fyrir því hver ætlan hans er í þessum efnum, hvort hann hyggist áfram gegna störfum ráðherra eða sækjast eftir embætti seðlabankastjóra síðar á þessu ári. (**JGS:** Ætli honum hafi ekki dottið í hug að gegna hvoru tveggju?)

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Hér hefur komið fram ósk um sérstaka nefndarmeðferð á þessu máli áður en 1. umr. um það lýkur. Ég tel eðlilegt að fyllsta tillit verði tekið til óska þingmanna í slíku máli en vildi þó benda á að málið var lagt fram til kynningar á þinginu í apríl 1992. Frv. sem við ræðum nú var svo lagt fram á þingi fyrir jólaleyfi þingsins í góðan tíma, hefur þess vegna legið fyrir í þeirri mynd sem það er nú í allmargar vikur í höndum þingmanna og í þriðja lagi að það er samið af nefnd þar sem fulltrúar þingflokkanna voru beinlínis tilnefndir af þeim. Það er vart sjáanlegt að það sé hægt að vísa til þess að þingheimi hafi ekki gefist tækifæri til að kynnast málinu þegar þessi tillaga er gerð. En ég vil engu að síður láta þá skoðun mína í ljós að það sé eðlilegt að forseti taki fyllsta tillit til þessara óska og hugleiði þessa málsmeðferð en að sjálfsögðu hvílir það í hendi forseta að skera úr um það.

Ég vil koma aðeins að því sem hv. 8. þm. Reykn. vék að í sinni ræðu þótt það verði nú varla flokkað undir þingsköp. Fyrst vil ég nefna það sem hann vék að um gengis- og gjaldeyrismál og vil leyfa mér að vísa til þess sem fram kom í ræðu minni um það mál. Og svo að lokum bar hann upp þá spurningu hvort þetta mál tengdist mér persónulega. Ég vil vísa því fullkomlega frá. Það kemur þessu máli ekki við. Röksemdir hv. þm. eru af því taginu að það mætti eins segja að hv. alþm. gætu ekki tekið þátt í umræðum um kosningalög af því að þeir sækist eftir kosningu til Alþingis.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nokkrir hv. þm. hafa beðið um að fá að ræða þingsköp, en áður en lengra er haldið telur forseti rétt að lesa bréf, dags. 26. febr. 1993, sem hefur borist og gerir það hér með:

„Undirritaðir alþingismenn óska eftir að efh.- og viðskn. fái frv. til laga um Seðlabanka Íslands til athugunar til að afla frekari upplýsinga og skýringa um efni þess í samræmi við 23. gr. þingskapa. Fyrstu umræðu verði haldið áfram að lokinni þeirri athugun."

Undir bréfið rita Halldór Ásgrímsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Steingrímur Hermannsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Guðrún J. Halldórsdóttir, Páll Pétursson, Svavar Gestsson og Ingibjörg Pálmadóttir.

Ef það mætti nokkuð stytta umræðu hér vill forseti láta þá skoðun í ljós að hér sé um ótvíræðan rétt hv. þm. að ræða til þess að slík málsmeðferð verði heimiluð. En forseti kýs að fá að ræða við forseta Alþingis um staðfestingu á því og mun því gera örstutt hlé til þess þegar umræðunni hér lýkur.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það ákvæði sem hér er vitnað til í þingsköpum er nýtt og var sérstaklega tekið inn við endurskoðun þingskapalaga á árinu 1991 eins og margir muna eftir. Í þeirri nefnd sem hafði þær breytingar til athugunar — en það var á þeim vettvangi sem þessi tillaga um breytingu kom fram — var þetta mál sérstaklega rætt og á það fallist hjá þeim sem með þessa tillögu kom, sem var einmitt hv. 1. þm. Austurl., að það gæti verið gagnlegt í flóknum málum og mundi greiða fyrir slíkum málum að almennir nefndarmenn fengju tóm, til að mynda að lokinni framsöguræðu, til þess að ræða við ýmsa sérfræðinga og aðra sem hefðu komið að smíði umfangsmikilla frv. Það mundi greiða fyrir þingstörfunum og undirbúa menn betur til þess að taka þátt í umræðum á faglegum grundvelli við 1. umr.

Ég er þess vegna alveg sammála því að það gæti greitt fyrir þessu máli og sé eðlilegt að þessi leið verði farin og leggst ekki gegn því, tel reyndar að það sé algerlega á valdi forseta að úrskurða um það að fenginni þessari ósk. Ég tel reyndar að það gæti greitt fyr-

ir störfunum og gert það að verkum að nefndin þyrfti minni tíma eftir að búið er að vísa því formlega til hennar heldur en ella væri. Þetta vildi ég að kæmi hér fram. En e.t.v. er samt eðlilegt að gera hér stutt hlé til þess að allir þingflokkar og forsetar þingsins geti ráðgast um þetta því að þetta mun vera í fyrsta sinn sem formleg ósk kemur um að beita þessari heimild.

Ég vil síðan, virðulegi forseti, einungis taka það fram að ummæli hv. 8. þm. Reykn. hér og aðdróttanir í garð hæstv. viðskrh. eru auðvitað afskaplega ósmekklegar í þessari umræðu og eiga hér ekki heima.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Mér sýnist nú að þessi beiðni sé á góðum vegi og eðlilegt að búast við því að orðið verði við þeirri beiðni sem við níu þingmenn höfum lagt formlega fram. Hér er um ákaflega mikilvæga lagasetningu að ræða og er ástæða til að vanda hana. Ég ætla að biðja menn að dvelja ekki um of við það þó einhverjum kunni að finnast þetta frv. skreðarasaumað fyrir núv. hæstv. viðskrh. Seðlabankinn stendur lengi enn og það eiga sjálfsagt margir eftir að stjórna honum. Það er afar mikilvægt að nefndarmenn geti borið þær skýringar inn í þingflokkana og þingflokkarnir fái tækifæri til umræðu um svona mál. Ég hafði hugsað mér að taka til máls í þessari umræðu en það getur vel verið að mér nægi þær útskýringar sem nefndarmenn í efh.- og viðskn. koma til með að bera inn í þingflokk framsóknarmanna.

Ég ætlaði að bera fram spurningar. Ég held að þetta frv. sé nefnilega samið undir ofurlítið öðrum kringumstæðum en nú eru orðnar. Þetta frv. var samið áður en við gerðumst aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Ég vísa t.d. til kaflans um bankaeftirlitið. Um V. kafla frv. segir í 29. gr. t.d.:

„Bankaeftirlitið athugar bókhald og reikninga lánastofnana og annarra fjármálastofnana og kannar að öðru leyti fjárhag og starfsemi þeirra svo oft sem þurfa þykir."

Þetta er gott og blessað og nauðsynlegt hlutverk bankaeftirlitsins. En komi nú hér fjármálastofnanir af Evrópsku efnahagssvæði, þá skildi ég svo ráðuneytisstjórann í viðskrn. á fundi utanrmn. einhvern tíma í sumar að þær væru undanþegnar. Erlendar lánastofnanir sem settu upp útibú eða væru með starfsemi hér á landi væru undanþegnar hinu íslenska bankaeftirliti. Þetta atriði þarf að vera á hreinu og um þetta t.d. ætlaði ég að spyrja. Ég held að þetta frv., sem okkur þingmönnum er að vísu nokkuð kunnugt og við höfum séð, þarfnist skoðunar og vandaðra umræðna og þar af leiðandi held ég að það séu mjög sterk rök fyrir því að verða við þeirri beiðni sem við höfum lagt fram.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að formaður þingflokks Sjálfstfl. hefur tekið vel í þá tillögu sem hér er flutt. Eins og þegar hefur komið fram, þá er margt sem hefur verið að breytast á síðustu missirum sem gerir það nauðsynlegt að skoða þetta mál í öðru ljósi en unnið var að því á sínum tíma. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að í öflugasta forusturíki hagkerfis veraldarinnar, Bandaríkjunum, eru nú allt aðrar hugmyndir um samspil stjórnvalda og efnahagsstarfsemimótunar og um hlutverk peningastefnu og annarra þátta í efnahagmsálum en voru í 12 árin þar á undan. Það þarf ekki að lesa lengi, t.d. í greinargerð þessa frv., til þess að sjá áhrifin af hinum gömlu hugmyndum frá ráðatíma hinnar hörðu frjálshyggju í ýmsu í þessu frv.

Hv. þm. Geir Haarde sagði að ég hefði verið með aðdróttanir í garð hæstv. viðskrh. vegna þess að ég spurði að því hvort það væri rétt að hann hygðist taka við stöðu seðlabankastjóra. Það er nú sérkennilegt að kalla það aðdróttun að maður ætli að gegna einhverri valdamestu og mikilvægustu stöðu í þessu þjóðfélagi. En það stendur í þessu frv. hvað eftir annað að markmið þess sé að búa til sjálfstæðan og faglega sterkan seðlabanka sem starfi án tengsla við ríkisstjórnina að öðru leyti. Þetta frv. felur í sér þær meginbreytingar að menn vilji sjálfstæðan og faglegan seðlabanka. Það er þess vegna ósköp eðlilegt að við sem erum fylgjandi þeirri stefnu viljum fá að vita hvort það eigi kannski að framkvæma þessi lög með því að sá harðpólitíski ráðherra sem frv. ber fram eigi að verða hinn fyrsti, sjálfstæði og faglegi seðlabankastjóri eða ekki og hvort hann ætli þá að fara að starfa án tengsla við þá ríkisstjórn sem hann er búinn að sitja í og vera einn áhrifamesti maðurinn í og hefur verið hér á Alþingi á undanförnum árum. Þetta snertir auðvitað sjálft grundvallarinntak þessa frv., hvernig núv. ríkisstjórn hyggst framkvæma það.

Það hefur komið hér fram að fulltrúi Alþb. hefur lagt til í nefndinni þá grundvallarbreytingu á núverandi skipan að í stað þess að vera með hið gamla, pólitíska lénskerfi í stjórn Seðlabankans komi einn faglegur og sjálfstæður seðlabankastjóri sem stýri þessari stofnun. Það er tillaga sem við munum flytja hér á þinginu, hæstv. viðskrh., og snertir auðvitað grundvallaratriðið varðandi skipan peningamála á Íslandi. Ég tel að það muni greiða mjög fyrir þessu máli hér í þinginu hvort við fáum að vita það með alveg óyggjandi hætti, hvort ríkisstjórnin hyggst vinna að málinu á þeim grundvelli sem talað er um í frv. að menn ætli sér að styrkja faglegt sjálfstæði Seðlabankas eða hvort Seðlabankinn ætlar sér áfram að vera pólitískt útibú með því að einn af ráðherrum ríkisstjórnarinnar setjist í æðsta valdasæti bankans á miðju þessu ári.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill nú biðja hv. þingheim að eyða ekki þingskapaumræðunni í mannaráðningar í framtíðinni.

Rannveig Guðmundsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég var nú kölluð í símann þannig að ég heyrði ekki orsakir settar fram fyrir þeirri beiðni sem hér er til umræðu. Vissulega hefur það stundum heyrst í umræðu milli manna um meðferð mála á hv. Alþingi að það gæti jafnvel verið betra fyrir framvindu þeirra að mál færu beint til nefndar og jafnvel er sagt að það gerist hjá sumum þjóðþingum. Það er nú

einu sinni ekki þannig hjá okkur og þess vegna hefur það ekki gerst hjá okkur að mál fari almennt beint til nefndar en þau hafa hins vegar fengið umfjöllun við 1. umr. og farið síðan í nefndarvinnslu.

Hér erum við með mál sem er mjög skýrt með ítarlegri greinargerð. Það er vel unnið eins og slík mál gerast best sem hér koma inn til umfjöllunar og tilbúið í 1. umr. Ég man ekki að það hafi áður gerst að farið væri fram á það að mál, jafnvel þótt þau hafi verið umdeild, færu beint til nefndar án umræðu. Það þýðir ekki að ég sé að leggjast gegn þessu erindi nú, en þetta vekur furðu mína og mér finnst eðlilegt að þessar athugasemdir mínar komi hér fram. Það stendur í þingskapagreininni sem vísað er til að áður skal þó liggja fyrir samþykki þeirrar nefndar sem málinu er vísað til.

Nú er það þannig að formaður efh.- og viðskn. er ekki viðstaddur hér og mér er ekki kunnugt um það hvort þeir níu þingmenn sem sett hafa fram þetta erindi hafa rætt við hann. Sem varaformaður efh.- og viðskn. vil ég að það komi fram að mér er þetta mál algerlega ókunnugt. Það kemur mér á óvart að þessi beiðni hafi komið fram. Ég hefði haldið að ef menn ætluðu sér að setja fram ósk um að mál færi til nefndar áður en það yrði rætt við 1. umr., þá hefði slík ósk komið fram á öðrum tíma, þ.e. áður en málið hefði komið á dagskrá sem annað tveggja mála á dagskrá fundar sem settur er á sérstökum degi eins og þessum föstudegi sem er ekki hefðbundinn þingdagur. Við erum með atkvæðagreiðslur. Við erum með tvö mál á dagskrá, flm. mælir fyrir málinu og síðan kemur fram ósk um að það fari til nefndar. Mér finnst þetta svolítið undarlegt og eins og ég sagði hefði mér fundist það viðurkvæmilegt að það hefði aðeins verið rætt við nefndarmenn alla hvort þeim þætti það góður kostur að málið kæmi beint til nefndarinnar.

Þetta finnst mjög eðlilegt að a.m.k. fulltrúi frá stjórnarliði hér í nefndinni nefni, virðulegi forseti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. 11. þm. Reykn. vill forseti leiðrétta misskilning sem fram kom í máli þingmannsins. Ég held að ég kjósi að lesa greinina sem vitnað er til, þ.e. í 23. gr. Þar segir svo eins og áður hefur komið fram:

„Áður en 1. umr. fer fram um stjórnarfrumvörp eða fyrri umræða um tillögur frá ríkisstjórninni getur forseti heimilað, ef ósk berst um það frá níu þingmönnum, að nefnd athugi mál í því skyni að afla frekari upplýsinga um það eða skýringa á efni þess. Slíkt er og heimilt að gera að lokinni framsöguræðu um málið. Forseti ákveður hve lengi athugun nefndarinnar má standa."

Síðan segir, hv. þm.:

„Nefnd, sem fengið hefur mál til athugunar, skal heimilt að vísa því til annarrar fastanefndar telji hún við nánari athugun að málið eigi frekar heima í þeirri nefnd. Áður skal þó liggja fyrir samþykki þeirrar nefndar sem málinu er vísað til."

Þannig þarf einungis að leita samþykkis ef um nefndabreytingar verður. Þetta vildi ég að kæmi fram.

Halldór Ásgrímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski eðlilegt þegar þessu þingskapaákvæði er fyrst beitt að um það séu nokkrar umræður. En ég vil taka það fram vegna orða hv. 11. þm. Reykn. að ég tel að í máli sem þessu sé það eðlilegt að slík ósk komi fram, hvort eigi að ræða slíka ósk fyrir fram er sjálfsagt að taka til athugunar og skapa einhverjar fastar venjur um. En ég vil taka það skýrt fram að hér er á engan hátt verið að óska eftir þessu til þess að draga þetta mál á langinn þó að ég skilji hins vegar ekki hvað liggur mikið á í þessu máli. Það verður hæstv. viðskrh. að útskýra síðar. Ég tel að það hafi ekkert komið fram um það að Seðlabankann bráðvanti stjórntæki til þess að hjálpa núv. ríkisstjórn að ráða við efnahagsvandann. Ég tel að Seðlabankinn hafi þau stjórntæki ef vilji er til að beita þeim. En ef svo er, er sjálfsagt að greiða fyrir því að bankinn fái nauðsynleg stjórntæki. En það þarf ekki að þýða að það þurfi að hraða svo mjög heildarendurskoðun seðlabankalaganna. Við höfum í allan vetur verið að breyta löggjöf að því er varðar fjármagnsmarkaðinn og efh.- og viðskn. hefur starfað vel að þeim málum og með þeim breytingum hefur bankakerfið fengið ýmsar heimildir sem áður voru ekki fyrir hendi. Ég tel þetta því vera eðlilega beiðni og það ætti að beita þessari aðferð í mun fleiri tilvikum eins og hv. 8. þm. Reykv. kom inn á. Ég er viss um að það mundi oft og tíðum greiða fyrir málum og e.t.v. stytta umræður en mér hefur skilist að hæstv. ríkisstjórn og stjórnarmeirihlutinn væri mjög áhugasamur um það að stytta umræður á Alþingi svo ekki sé nú talað um forustumann ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh., sem talar um það annan hvern dag hvað umræður á Alþingi séu langar og hve mikið sé um málþóf. Ég hélt að þetta gæti nú allt saman þjónað betri störfum hér á Alþingi.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hv. 1. þm. Austurl. að hann vilji ekki á nokkurn hátt draga meðferð þessa máls á langinn með þeirri tillögu sem hann hér gerir. Það er auðvelt að taka undir það sem fram kom hjá hv. 1. þm. Austurl. að það geti oft flýtt fyrir málum að þau gangi til nefndar fyrir 1. umr. Þess vegna er ég honum sammála um aðferðina almennt talað. Það sem mér finnst hins vegar orka tvímælis fyrir þingið er að hafa slíka skipan á máli, veita slíka meðferð á máli sem hefur verið kynnt þinginu með jafnlöngum fyrirvara og raun ber vitni.

Frv. kom hér fyrst fram á þinginu — samið af nefnd þingflokkanna — fyrir tæpu ári, í apríl 1992. Í endanlegri mynd var það svo sent þinginu í desembermánuði sl. Þetta er til umhugsunar fyrir forseta þingsins, þótt ég geti tekið undir það sem hv. þm. tefldi hér fram máli sínu til stuðnings í almennum atriðum, þá á það ekki mjög vel við þetta sérstaka dæmi. Í þessu felst alls ekki að ég geti ekki fyrir mitt leyti fallist á þá tillögu sem hér er gerð. Ég tel að forseti þingsins og

forsætisnefnd hljóti að taka ríkt tillit til þeirra óska sem hér koma fram, ég vildi einungis benda á að fordæmi kynni að vera nokkurt umhugsunarefni.

Kristín Ástgeirsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt að hér er um nýmæli að ræða, að fram kemur skrifleg beiðni um það að taka mál fyrir í nefnd áður en umræðunni verður haldið áfram, en ég vil minna á það að við í efh.- og viðskn. höfum veitt okkar samþykki til þess að byrja á máli jafnvel áður en búið er að mæla fyrir því til þess að flýta fyrir framgangi mála jafnvel þó að þar sé á ferðinni ýmislegt sem okkur þykir harla vont. En vegna ummæla hæstv. viðskrh. hér áðan um það að þetta væri vel kynnt mál, þá er það vissulega rétt að það er langt síðan þetta mál kom fram og frv. er búið að liggja fyrir þinginu nokkurn tíma og vissulega hafa allir flokkar átt fulltrúa í nefndinni. En það breytir ekki því að hér eru á ferðinni margs konar álitamál og ég held að það mundi greiða mjög fyrir umræðum að fá skýringar frá þeim sem sömdu frv. á þeim niðurstöðum sem hér er að finna. Ég er nú búin að lesa greinargerðina vel og rækilega, en er engu nær um það hvers vegna menn komast að ákveðnum niðurstöðum. Ég get tekið sem dæmi að ég velti því nokkuð fyrir mér hvers vegna hlutverk bankans er ekki skilgreint í lögunum. Þar er fjallað um markmið en hlutverk bankans, sem er mjög margþætt, er ekki skilgreint í lögunum. Í greinargerðinni kemur fram að nefndin hafi komist að þeirri niðurstöðu að skilgreina ekki hlutverkið heldur dreifa því á einstakar greinar. Þetta er svona eitt af þeim álitamálum sem ég vildi gjarnan ræða um við nefndina en er kannski óþarfi að vera að beina einhverjum spurningum til ráðherrans um það mál þannig að ég held að það mundi mjög greiða fyrir málinu að við fengjum fyrir fram upplýsingar um ýmsar röksemdir sem liggja að baki og ýmis þau mál sem komið hefur verið inn á í umræðunni. Þess vegna legg ég til að við göngum í það verk að vísa þessu máli til efh.- og viðskn. og getum síðan haldið umræðunni áfram þegar sú könnun hefur farið fram.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Eins og þegar hefur fram komið hefur forseti lýst þeirri skoðun sinni að réttur þeirra nú hv. þm. sem fram hafa borið ósk um þessa málsmeðferð sé ótvíræður. En með tilliti til þess að það mun vera í fyrsta skipti sem á þetta ákvæði reynir eftir að þingsköpum var breytt, þykir mér við hæfi að taka slíka ákvörðun ekki hér úr forsetastóli fyrr en rætt hefur verið við forseta þingsins og aðra þá aðila sem eru réttbærir til slíkrar ákvörðunar og ég leyfi mér því ef því verður ekki mótmælt að fresta þessum fundi eða gera hlé á þessum fundi í 15 mínútur. — [Fundarhlé.]

Vegna bréfs þess sem barst forseta þingsins hér fyrr í morgun hefur verið haldinn samráðsfundur með forsetum þingsins, þingflokksformönnum og bréfriturum ásamt hæstv. ráðherra og fallist var á að verða við þeirri ósk að hv. efh.- og viðskn. fái mál þetta sem hér er á dagskrá, frv. til laga um Seðlabanka Íslands, til frekari athugunar og mun síðar verða rætt við hv. formann efh.- og viðskn. um hversu langan tíma nefndin þarf til þess að verða við beiðni bréfritara. Þess vegna er að þessari niðurstöðu fenginni umræðu um 8. dagskrármálið frestað þar til hv. efh.- og viðskn. hefur athugað málið.

Umræðu frestað.

Stjórnsýslulög, 1. umr.

Stjfrv., 313. mál. — Þskj. 505.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til stjórnsýslulaga sem dreift var hér á Alþingi laust fyrir jól. Í upphafi sl. árs skipaði ég nefnd sérfræðinga til þess að vinna að undirbúningi almennrar stjórnsýslulöggjafar. Í nefndina skipaði ég Eiríks Tómasson hrl., Gunnar Jóhann Birgisson hdl. og Pál Hreinsson lögfræðing, aðstoðarmann umboðsmanns Alþingis. Nefnd þessi hefur samið frv. það sem ég mæli nú fyrir, en nefndin vinnur áfram að undirbúningi löggjafar um upplýsingaskyldu stjórnvalda gagnvart almenningi og jafnframt hefur henni verið falið að kanna hvort æskilegt sé að setja á laggirnar sérstakan stjórnsýsludómstól.

Þetta er í þriðja sinn sem frv. til stjórnsýslulaga er lagt fyrir Alþingi af hálfu ríkisstjórnar til efnislegrar meðferðar. Frv. þessa efnis var fyrst lagt fram á vorþingi 1987 samhliða frv. til laga um umboðsmann Alþingis. Síðastnefnda frv. varð að lögum sem kunnugt er, en fyrrnefnda frv. varð ekki útrætt. Þá eins og nú er á það bent í athugasemdum með frv. að náin tengsl eru á milli markmiða þessara tveggja frv. Reglur um málsmeðferð í stjórnsýslulögum ná betur tilgangi sínum ef þeim er fylgt eftir af umboðsmanni Alþingis og að sama skapi mundu slíkar reglur styrkja starf umboðsmanns.

Umboðsmaður Alþingis hefur tvívegis beint þeim tilmælum til forsrh. að flutt verði frv. til stjórnsýslulaga. Þá hefur Alþingi tvisvar ályktað um nauðsyn þess að undirbúin verði almenn stjórnsýslulöggjöf, í síðara skiptið með atbeina allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi. Er þess því að vænta að góð og almenn samstaða geti náðst um framgang þessa þjóðþrifamáls og það megi afgreiða á því þingi sem nú situr.

Íslenskt þjóðfélag hefur tekið örum framförum og reyndar algerum stakkaskiptum á fáeinum áratugum. Þróun opinberrar stjórnsýslu hefur ekki verið með sama hraða og býr að mörgu leyti ekki yfir þeirri hagkvæmni og skilvirkni sem gera verður kröfu til í nútímaþjóðfélagi og réttaröryggi borgaranna er ekki nægilega tryggt eins og nú háttar. Skortur á skýrum málsmeðferðarreglum gengur ekki aðeins á rétt borgaranna heldur er hann og til baga fyrir starfsskilyrði stjórnsýslunnar við úrlausn mála. Skilyrði hafa ekki verið til að venjur myndist og fordæmi um afgreiðslu mála þar

sem skort hefur samhæfða framkvæmd og jafnvel einföldustu verklagsreglur. Réttaróvissa á þessu sviði er óþolandi orðin og býður heim hættunni á handahófskenndum vinnubrögðum og mismunun borgaranna. Óformleg úrlausn mála, jafnvel með munnlegum hætti, á ekki lengur við þegar stjórnvöld fjalla um stjórnarfarsleg álitaefni á margvíslegum sviðum. Oft og tíðum lýtur úrlausn stjórnvalds að málum þar sem í húfi eru miklir hagsmunir persónulegs og fjárhagslegs eðlis. Að þessu leyti er ekki mikill eðlismunur á þeim úrlausnarefnum sem koma í hlut stjórnvalda og dómstóla. Ítarleg réttarfarslöggjöf sem tekur fyllsta tillit til réttaröryggis borgaranna er hornsteinn sérhvers réttarríkis.

Nýlega hefur umfangsmiklum réttarfarsumbótum verið komið á hér á landi. Sjálfsagt er því að fylgja þeim umbótum eftir með viðeigandi stjórnarfarslöggjöf með réttindum borgaranna í skiptum við hið opinbera.

Við setningu reglna um málsmeðferð í stjórnsýslunni eru það öðru fremur tvö sjónarmið sem leikast á. Annars vegar réttaröryggissjónarmið og hins vegar sjónarmið um skilvirkni og hagkvæmni í störfum stjórnvalda. Réttaröryggissjónarmið býður að réttaröryggi borgaranna í skiptum þeirra við stjórnvöld sé tryggt með settum reglum um meðferð mála þeirra hjá hinu opinbera, bæði að formi og efni til, við undirbúning máls og úrlausn, þar á meðal til að fylgjast með meðferð mála og koma að sjónarmiðum sínum og andmælum. Of ítarlegar reglur geta á hinn bóginn orðið til að gera stjórnsýsluna þyngri í vöfum, hæggengari og kostnaðarsamari. Við gerð frv. hefur því verið leitast við að láta sjónarmiðin vegast þannig á að réttaröryggi verði tryggt án þess þó að draga verulega úr hagkvæmni eða skilvirkni í stjórnsýslunni.

Skiptar skoðanir hafa verið um það hversu ítarleg löggjöf af þessu tagi skuli vera og var síðasta frv. sérstaklega gagnrýnt fyrir að taka um of mið af sams konar löggjöf í Danmörku. Við gerð þess frv. sem nú er mælt fyrir hefur sérstaklega verið leitast við að taka mið af þeim veruleika sem aðstæður hér búa opinberri stjórnsýslu. Þær eru um margt ólíkar því sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndunum þó hliðsjón hafi að sjálfsögðu verið höfð af þarlendri stjórnsýslulöggjöf. Jafnframt hefur verið leitast við að gera frv. þannig úr garði að efni þess verði sem aðgengilegast fyrir almenning og starfslið stjórnsýslunnar. Með þessi markmið í huga er lagt til að einungis verði fest í lög helstu meginreglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni og skyld atriði. Texti frv. er einfaldur og skýr. Undantekningum er mjög í hóf stillt og orðaðar með almennum hætti. Mun ég nú, virðulegi forseti, fara nokkrum orðum um einstakar greinar. Geri ég það eins og ég tel tilefni til en vísa að öðru leyti til athugaemda við þær sem fylgja.

Eðlilegt er og rétt að stjórnsýslulög taki til allrar stjórnsýslu ríkisins og sveitarfélaganna, þ.e. þeirrar starfsemi sem handhafar framkvæmdarvaldsins hafa með höndum samkvæmt þeirri þrískiptingu ríkisvaldsins sem mælt er fyrir um í 2. gr. stjórnarskrárinnar. Skiptir þá ekki máli hvort stjórnsýslan er í höndum sérstakrar stofnunar á þeirra vegum né heldur hvort slíkar stofnanir lúti stjórn nefnda, ráða eða stjórna kjörinna af Alþingi eða sveitarstjórnum. Eðli málsins samkvæmt falla löggjafarstörf og starfsemi Alþingis og stofnana þess utan ramma laganna, svo og dómstörf. Rétt er að taka fram að lögin munu taka til stjórnsýslustarfa sýslumanna öðru leyti en þeirra sem töldust til dómstarfa fyrir réttarfarsbreytingarnar hinn 1. júlí. Um það starfssvið sýslumanna hefur verið sett ítarleg löggjöf og þykir því er ekki rétt að láta almennar reglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni taka til þess. Lögunum er einungis ætlar að gera lágmarkskröfur til stjórnsýslunnar, enda erfitt að gera mjög strangar kröfur til málsmeðferðar í stjórnsýslunni almennt svo margvísleg sem hún er. Því er sérstaklega tekið fram í 2. mgr. 2. gr. að þau sérákvæði í lögum sem hafa að geyma strangari málsmeðferðarreglur haldi gildi sínu og munu þannig ganga framar almennu lögunum. Með gagnályktunum frá þessu ákvæði víkja jafnframt að sérákvæði sem minni kröfur gera til stjórnvalda.

Í II. kafla er lagt til að lögfest verði ákvæði um sérstakt hæfi þeirra starfsmanna sem hafa stjórnsýslu með höndum. Í gildandi rétti eru nokkur dreifð og ósamstæð ákvæði um hæfi tiltekinna starfsmanna stjórnsýslunnar en ekki hefur þótt fært að draga af þeim almenna ályktun með réttarreglu sem hafi almennt gildi fyrir starfssvið stjórnsýslunnar. Deilt hefur verið um tilvist, gildissvið og efnisinntak óskráðra hæfisreglna. Hefur það valdið óvissu um þessi starfsskilyrði stjórnsýslunnar og leitt til þess að hæfisreglum er slælega framfylgt. Hér er um að ræða eitt grundvallarskilyrða fyrir eðlilegum samskiptum almennings og stjórnvalda og fyrir því trausti sem stjórnvöld verða að njóta hjá almenningi.

Rétt er að hafa hugfast að hinar sérstöku hæfisreglur hafa ekki eingöngu að markmiði að koma í veg fyrir að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á efni stjórnvaldsákvarðana heldur er þeim einnig ætlað að stuðla að því að almenningur og þeir sem hlut eiga að máli geti treyst því að stjórnvöld leysi úr málum á hlutlægan hátt.

Með ákvæðum II. kafla er vonast til af létti réttaróvissu af þessu atriði stjórnsýslunnar en eftir sem áður verði eftir atvikum hægt að setja tilteknum starfsmönnum strangari hæfisskilyrði ef þurfa þykir.

Í III. kafla er að finna almennar meginreglur sem ekki eiga undir sérstaka efniskafla í frv. Er þeim einkum ætlað að auka enn á réttaröryggi borgaranna í skiptum við hið opinbera.

Í 7. gr. er mælt fyrir um almenna leiðbeiningarskyldu þeirra sem við stjórnsýslu starfa. Hér er um að ræða almenna leiðbeiningarskyldu en ekki skyldu til að veita sérfræðilega ráðgjöf. T.d. ber starfsmönnum að veita almennar upplýsingar um hvert menn skuli snúa sér til þess að ná rétti sínum í skiptum við hið opinbera og leiðbeina þeim um hvernig leggja skuli mál fyrir.

Með 9. gr. er lagt til að lögfest verði sú óskráða grundvallarregla að ákvarðanir í málum skuli teknar

svo fljótt sem auðið er og aðila um það tilkynnt ef fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls taki lengri tíma en almennt má gera ráð fyrir. Samkvæmt ákvæðinu má kæra málsmeðferð sem dregst óhæfilega á langinn til æðra stjórnvalds sérstaklega.

Í 10. gr. er enn um að ræða hingað til óskráða grundvallarreglu sem leggur skyldu á stjórnvald til að rannsaka mál til hlítar áður en það er afgreitt. Skylda til gagnaöflunar fellur eftir atvikum á aðila máls annars vegar og stjórnvald hins vegar. En stjórnvald verður að geta staðreynt réttmæti gagna til þess að ákvörðun verði tekin á grundvelli þeirra. Þannig tengist rannsóknarreglan andmælareglunni í IV. kafla frv. þar sem mál verða stundum ekki að fullu upplýst nema aðila hafi verið gefinn kostur á að kynna sér gögn málsins og eftir atvikum svo og að koma frekari upplýsingum um málsatvik.

Í 11. og 12. gr. er að finna tvær efnisreglur. Annars vegar jafnræðisregluna sem gerir stjórnvöldum að skyldu að leysa með sams konar hætti úr sambærilegum málum í lagalegu tilliti og hins vegar meðalhófsregluna sem felur m.a. í sér að stjórnvald eigi ekki aðeins að líta til þess markmiðs sem starf þess stefnir að heldur einnig til hagsmuna og réttinda þeirra aðila sem athafnir þess snerta og leitast þannig við að taka ákvörðun að teknu tilliti til beggja sjónarmiða.

IV. kafli fjallar um andmælarétt málsaðila. Nauðsynlegt er að tryggja að ákvarðanir stjórnvalda séu löglegar og byggðar á réttum forsendum. Kjarni andmælareglunnar er að ekki verður tekin ákvörðun um réttarstöðu aðila fyrr en honum hafi í fyrsta lagi verið gefinn kostur á að kynna sér málsgögn og málsástæður sem ákvörðun byggist á og í öðru lagi að tjá sig um málið. Í þessum kafla er fjallað um alla þætti andmælaréttar, skyldu stjórnvalds til þess að tilkynna aðila að mál hans sé til meðferðar, rétt aðila til þess að kynna sér málsgögn og rétt aðila til þess að tjá sig um málsefni. Tilgangur andmælareglunnar er einnig sá að stuðla að því að mál verði betur upplýst og tengist hún þannig rannsóknarreglunni í 10. gr.

Í upphafi V. kafla er lagt til að lögfest verði óskráð meginregla sem nefnd hefur verið birtingareglan og leggur skyldu á stjórnvöld til að birta aðilum máls efni þeirrar ákvörðunar sem enda bindur á stjórnsýslumál. Jafnframt verður skylt að leiðbeina um réttindi aðila og úrræði vilji hann ekki una niðurstöðu stjórnvaldsins. Í beinu framhaldi er fjallað um rétt aðila til að fá ákvörðun máls rökstudda og lagt til að tekin verði í lög almenn regla um skyldu stjórnvalds til rökstuðnings ákvörðunar. Til að mæta jafnframt kröfunni um skilvirkni og hagræði í stjórnsýslunni er þó talið réttlætanlegt að takmarka skyldu stjórnvalds til að rökstyðja ákvörðun sína við að fram komi beiðni um það frá aðila máls eftir að ákvörðun hefur verið birt honum. Tekið skal fram að þegar um mjög mikilvægar eða íþyngjandi ákvarðanir er að ræða er eðlilegt að rökstuðningur fylgi ákvörðun. Er þá gengið út frá því að til þess verði tekin afstaða við setningu sérlaga hverju sinni samanber að þessu leyti fskj. 5 með frv. þessu.

Í VI. kafla er safnað saman ákvæðum er varða það álitaefni hvenær stjórnvald geti breytt ákvörðun sinni. Þannig eru í 23. og 25. gr. heimildir fyrir stjórnvald til þess að breyta, leiðrétta eða afturkalla ákvörðun að eigin frumkvæði en heimildin í 24. gr. er bundin við að fram komi beiðni um það frá aðila máls. Rétt þykir að hafa síðastnefnda heimild til endurupptöku máls nokkuð víðtæka, enda bæði fljótvirkari og kostnaðarminni ef endurskoða þarf ákvörðun.

Til þess að stuðla að því að ákvarðanir stjórnvalds verði réttar er oft reynt að hafa uppbyggingu stjórnkerfisins með þeim hætti að hægt sé að fá stjórnvaldsákvarðanir endurskoðaðar hjá öðrum aðilum en stjórnvaldi því er ákvörðunina tók. Í VII. kafla er gert ráð fyrir því réttarúrræði sem nefnt hefur verið stjórnsýslukæra og gerir ráð fyrir að aðili máls eða annar sá sem kærurétt á skjóti stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds sem þá sé skylt að endurskoða ákvörðunina.

Stjórnsýslukæra getur verið mjög áhrifaríkt úrræði til þess að auka réttaröryggi í stjórnsýslunni og er jafnframt ódýrari, skilvirkari og einfaldari leið til að fá ákvörðun endurskoðaða en að bera mál undir dómstóla. Er því lagt til að lögfesta verði nokkrar meginreglur til að marka kærumeðferð fastari skorður og gera hana að virkara úrræði en verið hefur. Í kaflanum eru ákvæði um kæruheimild, kærufresti, réttaráhrif kærðrar ákvörðunar og málsmeðferð í kærumálum, svo og form og efni úrskurða í kærumálum.

Verulegur misbrestur virðist vera á því að fylgt sé ýmsum óskráðum meginreglum um málsmeðferð hjá nefndum og ráðum og stjórnum innan vébanda stjórnsýslunnar. Í VIII. kafla hefur því verið safnað saman nokkrum meginreglum er varða stjórnsýslunefndir en með því hugtaki er átt við það sem hingað til hefur verið nefnt fjölskipað stjórnvald sem tekið getur ákvarðanir um rétt eða skyldu manna.

Hæstv. forseti. Ég hef gert grein fyrir meginmarkmiðum og aðalákvæðum frv. þessa. Ég hef ekki dregið dul á nauðsyn þess að sett verði lög af þessu tagi til að efla réttaröryggi borgaranna í samskiptum við stjórnvöld. Jafnframt tel ég að þegar til lengri tíma er litið verði frv., ef að lögum verður, til þess fallið að stuðla að aukinni hagkvæmni og skilvirkri stjórnsýslu sem full þörf er á. Mikil vinna hefur verið lögð í frv. þetta og til þess vandað á allan hátt. Frv. fylgja sjö skrár um dæmi um lögfest ákvæði á nokkrum sviðum stjórnarfarsréttar og hygg ég það vera nýmæli að slíkar skrár fylgi frv. til glöggvunar fyrir hv. þm. Það er einlæg von mín að þetta mál megi afgreiða á yfirstandandi þingi og full ástæða til að ætla að um það megi nást breið samstaða.

Ég legg til, hæstv. forseti, að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Með örfáum orðum vil ég fagna því að enn er komið fram frv. til stjórnsýslulaga. Ég vona að slíkt frv. fái afgreiðslu á þessu þingi og hefði mátt fyrr vera, satt að segja. Eins og kom fram í ræðu hæstv. forsrh. og kemur fram í grg. með frv., hefur

þessu máli verið hreyft á þingi má segja nokkuð jafnt og þétt í 30 ár. Ég hygg að það hafi verið Þórarinn Þórarinsson fyrrv. þingmaður sem flutti einna fyrstur manna þáltill. um þetta mál á árunum 1969 til 1970. Á þeim áratug sem eftir fylgdi voru flutt bæði mjög margar þáltill. og frv. Sjálfur flutti ég í fyrsta sinn frv. til laga um stjórnsýslulög á 109. þingi 1986–1987. Þá lagði ég einnig fram frv. til laga um umboðsmann Alþingis og það frv. hlaut samþykki en stjórnsýslulögin ekki. Það var þá sannfæring mín að afar nauðsynlegt væri að þetta tvennt fylgdist að en í önnum þingsins vannst ekki tími til að ljúka frv. til stjórnsýslulaga. Aftur á 112. löggjafarþingi sýndi ég slíkt frv. sem hafði þá verið töluvert ítarlegar unnið og enn á þinginu þar á eftir, 1990. Þá var það rætt en náði ekki lokaafgreiðslu.

Satt að segja undraðist ég það nokkuð og þótti mér skilningur á hinu háa Alþingi fyrir nauðsyn þess að setja stjórnsýslunni siðferðisreglur, ef ég má kalla það svo, reglur um hvernig hún á að starfa, heldur takmarkaður. Umboðsmaður Alþingis gerði sér hins vegar að sjálfsögðu grein fyrir nauðsyn þess að starf hans og slíkar reglur um starfsemi stjórnsýslunnar fylgdust að og lagði eftir tveggja ára starf ríka áherslu á það í bréfi til forsrh. að slík lög yrðu sett. Ég hef ekki skoðað nægilega þær breytingar sem hafa verið gerðar á þessu frv. nú frá því sem lagt var fram á 113. löggjafarþingi 1990. Það frv. var mjög ítarlega unnið og byggði að sjálfsögðu á því frv. sem unnið hafði verið fyrir þingið 1986–1987 en var töluvert ítarlegra. Má vel vera að talið hafi verið rétt að breyta því í veigamiklum þáttum. Ég ætla á engan máta að gagnrýna það. Ég sé að hinir ágætustu menn hafa komið að þessu frv., m.a. formaður nefndarinnar sá hinn sami sem vann slíkt frv. fyrir mig sem lagt var fram á 109. löggjafarþingi.

Ég vil aðeins með þessu lýsa ánægju minni með að slíkt frv. er á ný komið fram. Ég tel afar mikilvægt að slíkt mál fáist afgreitt á þessu þingi. Að sjálfsögðu er mikilvægt að sú nefnd sem fær málið til meðferðar fari ítarlega yfir það og gangi úr skugga um að það sé vel lagað að aðstæðum hér á landi, sem mér reyndar skilst í grg. með frv. að hafi verið ein meginhersla þeirrar nefndar sem þetta frv. hefur unnið.

Með þessum orðum einum vildi ég við umræðuna nú þakka fyrir framlagningu þessa máls.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta frv. til stjórnsýslulaga skuli vera komið fram og tek undir það sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði áðan að þetta er búið að vera í gangi meira og minna í 20 til 30 ár frá því að fyrst komu fram hugmyndir um þetta. Grannþjóðir okkar á Norðurlöndum hafa allar sett sér stjórnsýslulöggjöf og Ísland er eina landið sem það hefur ekki gert á sama hátt.

Það er ekki nokkur vafi á því að það að setja lög um stjórnsýsluna mun m.a. verða til að styrkja starf umboðsmanns Alþingis sem reynst hefur hið gagnlegasta og komið hinum almennu borgurum mjög til góða, en hann hefur mjög vantað að hafa nákvæm stjórnsýslulög til að styðjast við og hefur ítrekað gert grein fyrir þeirri skoðun sinni í bréfum sem hafa verið send um það mál til forsrh., m.a. því sem dagsett var í desember 1991. Það er því ekki nokkur vafi á að það er fyllilega tímabært að ræða þetta mál hér og ég vona svo sannarlega að eftir góða umfjöllun fái það afgreiðslu á þinginu. Mér finnst líka tímabært í framhaldi af því að ræða það sem hefur borið á góma af og til í umræðum á Alþingi, þ.e. hvort ekki þurfi líka að koma á fót stjórnsýsludómstóli. Það geta komið upp mál þar sem jafnvel stjórnsýslulöggjöf dugar ekki til og það sé þá stjórnsýsludómstóls að skera úr um ýmis ágreiningsmál.

Stjórnsýslulög munu styrkja stöðu hins almenna borgara til þess að ná rétti sínum. Það er m.a. nefnt í athugasemdum með frv. að þörf slíkrar lagasetningar hafi komið í ljós þegar hinn almenni borgari þarf að leita réttar síns gagnvart ákvörðunum sveitarfélaga. Það var einnig rætt nokkuð í umræðu um frv. um skipulagslög sem nýlega var 1. umr. um á Alþingi.

Ég tel því alveg tímabært að við fáum þetta frv. fram lagt og því muni verða vel tekið af öllum þingmönnum og að sjálfsögðu fjallað vel um það í hv. allsh.

Ég vil aðeins nefna eitt atriði í 4. gr. sem ég tel mjög mikilsvert einmitt til álita fyrir sveitarstjórnir landsins. Greinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sá sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess."

Nú eru sveitarstjórnir oft tengdar ýmsum málum sem þær eru að fjalla um þannig að ég tel alveg nauðsynlegt að taka á því, sem er gert í þessu frv., hvenær menn eru vanhæfir til þess að taka þátt í undirbúningi eða taka ákvörðun um afgreiðslu mála.

Ég ætla ekki að hafa um þetta mörg orð, virðulegi forseti en lýsi yfir ánægju minni með að þetta frv. skuli vera komið til kasta Alþingis og ítreka að ég vænti þess að það fáist afgreitt.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Ég vildi fagna undirtektum þeirra tveggja þingmanna sem um þetta mál hafa talað. Ég tel að sú vinna sem hefur verið lögð í frv. af þessu tagi hér áður og sú vinna sem hefur farið fram í þinginu muni nýtast mönnum vel í þessari vinnu þó hún hafi ekki skilað því að frv. yrði lögfest. Þess var gætt að hafa tengsl við fyrri vinnu og eins og fram kom hjá hv. þm. Steingrími Hermannsyni var formaður þeirrar nefndar sem undirbjó þetta frv. sá hinn sami og undirbjó frv. fyrir hann á sínum tíma. Í annan stað var tengiliður við umboðsmann Alþingis með þeim hætti að aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis átti sæti í þeirri nefnd sem undirbjó þetta frv. Ég tel til bóta að þannig hafi verið staðið að málum.

Varðandi það sem nefnt var um stjórnsýsludómstól þá hefur þeirri nefnd sem starfaði að undirbúningi þessa frv., og hefur unnið mjög gott starf, verið falið að huga sérstaklega að því hvort rétt sé að stofna til slíks dómstóls og þá í hvaða formi hann skyldi vera

jafnframt sem nefndinni hefur verið falið að undirbúa frv. til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda sem er þriðji hlekkurinn í þessari keðju sem þingið hefur verið að binda um stjórnsýslulegt réttaröryggi borgaranna í landinu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Mig langar til að fagna því, eins og aðrir ræðumenn sem hafa talað, að þetta frv. er fram komið. Það er angi af ýmsum réttarfarsbótum sem unnið hefur verið að eða hrint hefur verið í framkvæmd á undanförnum árum og tvímælalaust horfa til heilla. Ég vil þar sérstaklega nefna starf umboðsmanns Alþingis og þau áhrif sem það embætti hefur þegar haft óumdeilanlega í fjölmörgum tilvikum. Það er enginn vafi á því að almenn stjórnsýslulöggjöf og það að geta vitnað í lagafyrirmæli af þessu tagi mun styrkja mjög og auka vægi embættis umboðsmanns Alþingis og aðfinnslna sem umboðsmaður kann að gera vegna meðferðar mála hjá hinu opinbera.

Eftir stjórnsýslulögunum sem hér eru kynnt hefur víða verið lýst og er alls ekki óalgengt að þegar rædd er lagasetning af ýmsu tagi þá veki lögfróðir menn gjarnan athygli á því að ýmislegt væri óþarft í slíkri lagasetningu ef almenn stjórnsýslulög væru fyrir hendi. Staðreyndin er sú að með mismunandi skýrum hætti er mælt fyrir um framkvæmd á ýmsum málum í sérlöggjöf. Margt af því eru ákvæði sem ættu betur heima á einum stað í almennri stjórnsýslulöggjöf. Þess vegna verður það væntanlega svo að í kjölfar lagasetningar af þessu tagi verður unnt að endurskoða ýmis eldri ákvæði, fella þau brott og styðjast þess í stað við hinar almennu reglur stjórnsýslulaganna. Þetta mun væntanlega einnig hafa áhrif á lagsetningu í framhaldinu sem verður þá að ýmsu leyti einfaldari í sniðum þar sem nægir þá að vísa í almenn gildandi ákvæði í stjórnsýslulögum.

Það eru nokkur atriði sem ég vil aðeins nefna og aðallega til að fagna. Ég vil í fyrsta lagi nefna ákvæði 7. gr. um leiðbeiningarskyldu. Ég held að það sé mjög mikilvægt að stjórnvöld fái þannig skýrar skyldur til þess að aðstoða þá sem erindi eiga við stjórnvöld að bera þau upp og koma þeim á framfæri. Stjórnvöldum sé skylt að leiðbeina mönnum sem þurfa að leita ásjár hins opinbera og greiða þeim leið, ef svo má að orði komast, um kerfið sem mörgum manninum verður æðitorsótt að nálgast í gegnum allt það skrifræði og annað sem því fylgir.

Ég tel að ákvæði eins og í 9. gr. um málshraða og í 13., 14. og 15. gr. um málsmeðferð, andmælarétt og upplýsingaskyldu séu allt saman mjög mikilsverð ákvæði. Að sjálfsögðu hafa hefðir skapast að nokkru leyti í þessum efnum. Það er til að mynda svo að í öllum samskiptamálum stjórnvalda og almennings þykir það sjálfsögð regla að andmælaréttur sé virtur eða fyrir hendi og getur veikt t.d. málstöðu hins opinbera í dómsmálum ef honum hefur ekki verið sinnt. En það breytir því ekki að það er best að hafa um það ótvíræða lagaskyldu að fyrir honum skuli séð.

Það er aðeins eitt atriði sem ég við fljótan lestur á þessu frv. sakna og vil leyfa mér að koma á framfæri við 1. umr. málsins. Ég hef a.m.k. í þessu frv. ekki rekið augun í ákvæði sem ég hefði átt von á, kannski er það sökum þess að ég hef ekki lesið það nógu vel en þó á ég ekki von á því því þetta er ekki ýkja flókið frv. í sjálfu sér, en það eru fyrirmæli eða reglur um hvernig erindum skuli svarað eða mér liggur við að segja að erindum skuli svarað.

Í 7. gr. segir: „Berist stjórnvaldi skriflegt erindi, sem ekki snertir starfssvið þess, ber því að framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem unnt er."

Í 9. gr. er fjallað um málshraða en á hvorugum staðnum er beinlínis mælt fyrir um það með ótvíræðum hætti að það skuli vera ófrávíkjanleg regla í stjórnsýslunni að svara formlegum erindum sem berast. Við vitum það að á því er verulegur misbrestur. Til að mynda er það því miður svo að umboðsmaður Alþingis hefur á undanförnum árum margítrekað neyðst til að áminna ráðuneytin um að þau eigi að svara erindum. Jafneinfaldur hlutur og sá að tilkynna um móttöku á erindum er ekki fyrir hendi í öllum tilvikum.

Þetta er auðvitað góð stjórnsýsluvenja, samskiptavenja, sem þarf alveg tvímælalaust að virða og ef ekki verður annað til á einfaldlega að mínu mati að hafa um það lagaákvæði.

Ég hefði þess vegna talið, ef ég er þá ekki að misskilja þetta eitthvað eða mér hefur yfirsést eitthvað í þessu frv., að þarna væri á ferðinni atriði sem þyrfti sannarlega að athuga og setja einhvers konar reglur, jafnvel bæði um form og tímafresti í sambandi við það að formlegum erindum sem berast stjórnvöldum sé fortakslaust svarað. T.d. séu settar um það reglur í ráðuneytunum að móttaka erinda sé viðurkennd og síðan innan einhverra tímatakmarka fái menn fortakslaust svör. Þau svör geta að sjálfsögðu eftir atvikum ekki alltaf verið endanleg en þá er t.d. tilkynnt um að viðkomandi mál sé ekki sofnað í ráðuneyti eða stofnun eða annars staðar í stjórnsýslunni heldur sé til meðferðar, í vinnslu, í skoðun, og í fyllingu tímans verði það með einhverjum hætti afgreitt eða því lokið.

Bæði í fyrri störfum sem ráðherra og oft sem þingmaður held ég að það sé með því algengasta sem kvartað er yfir úr samskiptum stjórnvalda og almennings að erindi liggi lon og don og þeim sé svarað seint og illa eða jafnvel aldrei og það jafnvel formlegum skriflegum erindum þar sem enginn vafi leikur á að viðkomandi er að óska eftir svari, er að óska eftir úrskurði eða úrlausn af einhverju tagi. Auðvitað getur það í sumum tilvikum orkað tvímælis hvort erindið er þess eðlis að því beri að svara eða til þess ætlast að því sé svarað, en þá þarf að bregðast við samkvæmt því, flokka slík mál eftir því hvort þeim sé skylt að svara eða ekki o.s.frv.

Þetta atriði leyfi ég mér að nefna hér, hæstv. forseti, sem eiginlega það eina sem ég saknaði við fljótan yfirlestur á frv. af þeim ákvæðum til úrbóta sem maður hefði átt von á í frv. af þessu tagi. Af langri reynslu mundi ég telja að þetta væri eitt af því sem almenningi, þolendunum, þeim sem eiga viðskipti við

stjórnsýsluna, væri hvað kærkomnast að með ótvíræðum hætti yrði gengið frá.

Að öðru leyti, hæstv. forseti, ítreka ég það að ég fagna því að þessi löggjöf er fram komin og vonandi vinnst okkur tími til að afgreiða hana. Ef ekki nú á þessu þingi þá hinu næsta. Það er kannski ekki aðalatriði málsins nákvæmlega hvenær þetta gengur í gildi því það þarf auðvitað líka að vanda mjög svona löggjöf og „vel þarf að vanda það sem lengi á að standa" eins og þar stendur. Það er mikilvægara af tvennu að það sé gert en endilega að hraða afgreiðslu þess. En það er auðvitað engin spurning að það verður mikil framför af því að fá löggjöf af þessu tagi.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. undirtekir hans við þetta mál. Ég nefndi það í upphafi að það væri æskilegt að málið yrði afgreitt á þessu þingi. Ég get tekið undir með honum að það er ekki neitt sem knýr á um það nema bara hið almenna að því fyrr sem slíkar reglur eru settar þeim mun fyrr eykst öryggi borgaranna hvað þetta varðar. Ég vek reyndar athygli á því að það er heilmikið inntak í þessum málum að menn eiga að forðast í stjórnsýslunni að afgreiða ekki mál án ástæðulausrar tafar og sama mætti segja um okkur í þinginu ef um þetta mál getur reynst sæmileg sátt. Ég tek hins vegar undir með hv. þm. að ef mönnum finnst margt athugavert í frv. þá er betra að taka tíma til þess að fara yfir það en hraða því í gegn. Ég vænti þess og mér heyrist það á undirtektum hér að búast mætti við því að málið gæti gengið í gegn jafnvel þó á það yrði ekki lagður neinn ofurþrýstingur sem ekki verður gert af minni hálfu.

Varðandi það atriði sem hv. þm. nefndi þá má segja að í þessu frv. sé reynt að tryggja fyllilega að öll þau erindi sem ákvörðun kallar á sé svarað. Það er nákvæmlega tilgreint í hinum ýmsu greinum hvernig menn beri sig að ef ákvörðun dregst. Þá þarf að tilkynna um það, skýra dráttinn og skýra frá meðferð þess. Ef erindið hefur lent á villigötum þá getur stjórnsýsluaðili ekki notfært sér það til þess að setjast á málið. Honum ber að hafa frumkvæði að því að koma því í réttan farveg. Þannig er bæði varðandi þær almennu leiðbeiningarreglur sem þingmaðurinn nefndi er komið að þessum þætti, einnig varðandi málshraðann og jafnframt í 20. gr. varðandi birtingu ákvörðunar. Hins vegar er það svo að stjórnvöldum, ráðuneytum til að mynda, berst gríðarlegur fjöldi mála sem bera það með sér að í sjálfu sér er ekki óskað svara við slíkum erindum. Þetta eru alls kyns ályktanir þar sem vikið er almennt að málum sem jafnvel er sent í dreifiritum til mjög margra aðila. Í sjálfu sér er ekki bein ástæða til þess að slíkum erindum sé svarað nema þá eingöngu með þeim hætti, eins og hv. þm. nefndi, að með einföldum hætti sé kannast við að slíkt erindi hafi borist og staðfesting á því gefin. Ég tala ekki um ef eftir því er óskað. En þetta er sjálfsagt auðvitað að hv. nefnd skoði sérstaklega milli 1. og 2. umr.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig alveg rétt sem hæstv. forsrh. sagði að í frv. er með ýmsum hætti vikið að því og reynt að tryggja að menn fái úrlausn sinna mála og það innan hóflegs tíma. Það er sérstaklega 9. gr. sem kveður á um það og ég reyndar nefndi það að þar væri komið inn á þau atriði, sérstaklega hvað varðaði hraða við afgreiðslu mála. En ég endurtek þó það sem ég sagði. Ég hefði átt von á skýrari og fortakslausari ákvæðum sem tryggðu það í öllum tilvikum að erindum væri svarað, að móttaka erinda væri viðurkennd og það væri sett upp sem almenn stjórnsýsluvenja. Eins og þetta er tengt í 9. gr. má, a.m.k. ef menn vildu túlka það þröngt, líta svo á að þessi skylda hvíli eingöngu á stjórnvöldum þar sem um einhvers konar úrskurð sé að ræða. En nú er það ekki svo í öllum tilvikum og erindi eru af margvíslegum toga eins og reyndar kom fram, bæði í mínu máli og hæstv. forsrh. Að sjálfsögðu getur verið mikið álitamál í jaðartilvikum hvort beinlínis sé ætlast til að erindi sé svarað. Í öðrum tilvikum getur verið nægjanlegt að tilkynna um móttöku málsins, að menn hafi fengið viðkomandi sendingu og þar með sé málinu lokið, menn hafi tekið við því.

Þetta þyrfti að mínu mati að fara yfir og reyna að setja sem allra skýrust ákvæði um hvernig að þessum þætti sé staðið. Eins og ég segi þá er þetta eitt allra algengasta tilefni umkvartana sem maður þekkir þegar almenningur á samskipti við stjórnvöld.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 12.59 miðdegis.

119. FUNDUR

miðvikudaginn 3. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Stjórnsýslulög, stjfrv., 313. mál, þskj. 505. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Flutningar á járnbrautum, stjfrv., 316. mál, þskj. 554. — 1. umr.
3. Vegalög, stjfrv., 314. mál, þskj. 540. — 1. umr.
4. Áburðarverksmiðja ríkisins, stjfrv., 238. mál, þskj. 307. — 1. umr.
5. Tvöföldun Reykjanesbrautar, þáltill., 216. mál, þskj. 258. — Frh. fyrri umr.
6. Vegalög, frv., 293. mál, þskj. 425. — 1. umr.
7. Fjáröflun til vegagerðar, frv., 294. mál, þskj. 426. — 1. umr.
8. Endurskoðun slysabóta sjómanna, þáltill., 323. mál, þskj. 591. — Fyrri umr.
9. Atvinnumál farmanna, þáltill., 347. mál, þskj. 626. — Fyrri umr.
10. Rannsóknir og þróun fiskeldis fram til aldamóta, þáltill., 351. mál, þskj. 630. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:

Þingmannanefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu 1992, 379. mál, skýrsla Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA, þskj. 672.

Sjávarútvegsskóli, 380. mál, þáltill. FI og HÁ, þskj. 673.

Stjórnsýslulög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 313. mál. — Þskj. 505.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EKJ, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HAJ, IBA, IP, JÁ, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PS, SalÞ, SigG, TIO, VS, VE, ÞBern.

Alþt. 1992. B. (116. löggjafarþing).

30 þm. (ÁMM, DO, EH, EGuðn, FI, FrS, GHH, GAK, GB, GJH, HÁ, HG, ISG, JóhS, JGS, JónS, KHG, MF, ÓE, RA, RG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EKJ, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HAJ, IBA, IP, JÁ, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PS, SalÞ, SigG, TIO, VS, VE, ÞBern.

30 þm. (ÁMM, DO, EH, EGuðn, FI, FrS, GHH, GAK, GB, GJH, HÁ, HG, ISG, JóhS, JGS, JónS, KHG, MF, ÓE, RA, RG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Flutningar á járnbrautum, 1. umr.

Stjfrv., 316. mál. — Þskj. 554.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þetta frv. er ekki mikið í sniðum og yfirskrift þess er frv. til laga um flutninga á járnbrautum, skipgengum vatnaleiðum o.fl. vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Eins og þingheimi er kunnugt er samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði, meginmál hans, bókanir við hann og viðaukar bindandi að þjóðrétti fyrir samningsaðilana. Þær gerðir sem vísað er til í viðaukunum eru einnig bindandi að þjóðrétti. Til þess að einstaklingur í EFTA-ríkjunum geti byggt rétt sinn á ákvæðum samningsins, þar á meðal þeim gerðum sem vísað er til í viðaukum hans, verða ákvæðin að vera hluti af landsrétti aðildarríkjanna.

Í 7. gr. meginsamningsins um hið Evrópska efnahagssvæði er kveðið á um að gerðir sem vísað er til eða er að finna í viðaukum við samninginn eða ákvörðunum sameiginlegu nefndarinnar um hið Evrópska efnahagssvæði bindi samningsaðila og skuli teknar upp í landsrétt.

Í 7. gr. samningsins segir einnig að gerð sem samsvarar reglugerð Evrópubandalagsins skuli sem slík tekin upp í landsrétt samningsaðila. Gerð sem samsvarar tilskipun Evrópubandalagsins skal veita yfirvöldum samningsaðila val um form og aðferð við framkvæmdina. Þetta þýðir með öðrum orðum að þær gerðir sem í viðaukum eru taldar upp þarf að binda í íslenskan rétt og birta án tillits til mikilvægis fyrir Íslendinga.

Í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði eru veigamikil ákvæði fyrir efnahagssvæðið heild sinni um samgöngumál. Þannig er mikilvægi samgangna á hinum innra markaði undirstrikað. Flutningar á járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum eru mjög mikilvægar fyrir evrópskar samgöngur. Á árinu 1989 voru 995 millj. tonna af vörum fluttar um svæðið á járnbrautum og innan Evrópubandalagsins voru á sama tíma fluttar á skipgengum vatnaleiðum um 86 millj. tonna af

vörum. Þessar tölur ættu að undirstrika mikilvægi slíkra samgangna á svæðinu.

Í 6. kafla í III. hluta samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, 47.–52. gr., eru almenn ákvæði um flutningastarfsemi.

Í XIII. viðauka samningsins eru taldar allar þær gerðir eða samþykktir Evrópubandalagsins er lúta beint að flutningastarfsemi og lögfesta þarf hér á landi með beinum eða óbeinum hætti samkvæmt samningnum, samanber það sem áður er sagt.

Lagafrv. þetta nær einkum til I., og III. og IV. hluta XIII. viðauka um flutningastarfsemi. Flestar gerðir viðaukans fjalla um flutninga á landi og vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum. Íslensk flutningafyrirtæki starfa takmarkað á sumum þeim sviðum og hefur því gildistaka þeirra ekki raunhæfa þýðingu hér á landi.

Í ítarlegri greinargerð með frv. þessu eru taldar upp þær gerðir viðaukans sem falla undir frv. Alls er um að ræða 25 gerðir. Í greinargerðinni er auk þess greint frá meginefni hverrar gerðar og sérstök aðlögunarákvæði ef einhver eru að ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Vísað er til greinargerðarinnar um nánari umfjöllun um hverja reglugerð fyrir sig. Einnig er bent á að viðskiptaskrifstofa utanrrn. gaf út allar þessar reglur í júnímánuði 1992.

Meginefni lagafrv. þessa er tillaga um að lögfest verði heimild fyrir samgrh. til þess að setja í reglugerð þær gerðir samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði sem um er getið í 6. kafla III. hluta samningsins um Evrópskt efnahagsgsvæði og XIII. viðauka við samninginn og eigi verður skipað í önnur lög.

Stærstur hluti ofangreindra gerða, er fjalla um flutninga á járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum, eru reglugerðir og þurfa því að birtast sem slík í íslenskum rétti jafnvel þó flutningur á járnbrautum og eftir skipgengum vatnaleiðum hafi ekki raunhæfa þýðingu hér á landi. Einfaldara þykir í framkvæmd að þeim verði skipað í reglugerð með sérstakri lagaheimild. Ef farin yrði sú leið að skipa gerðunum öllum í sérstök lög yrði um mjög umfangsmikla lagasetningu að ræða. Aukin heldur er sennilegt að slík lagasetning hefði talsverðan kostnað í för með sér.

Í lagafrv. þessu eru einnig ákvæði um að samgrn. skuli tilkynna eftirlitsstofnun EFTA og fastanefnd EFTA áður en hafin er gerð samgöngumannvirkja ásamt þál. um vegáætlun, flugmálaáætlun og hafnaáætlun sem talið er að hafi umtalsverð áhrif á umferð milli aðildarríkja hins Evrópska efnahagssvæðis eða til landa utan hins Evrópska efnahagssvæðis. Þetta er lagt til í samræmi við það margvíslega samstarf sérfræðinga EFTA og Evrópubandalagsins sem komið er á fót með samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði.

Í VII. hluta samningsins er ákvæði um stofnanir. Þar fjalla greinar 97–104 um tilhögun ákvarðanatöku og samráð milli EFTA og Evrópubandalagsins. Sérfræðingar EFTA-ríkjanna taka almennt fullan þátt í þeim nefndum sem starfa við rammaáætlanir Evrópubandalagsins á hinum ýmsu sviðum fjórfrelsisins. Um þær nefndir er fjallað í 81. gr.

Aðrar nefndir þar sem mikilvægt er vegna góðrar framkvæmdar á samningnum að sérfræðingar aðildarríkja Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna taki þátt eru taldar upp í bókun 37 með samningnum skv. 101. gr. hans. Ein þessara átta nefnda sem taldar eru upp í bókuninni er nefnd um samgöngumannvirki.

Ein þeirra gerða sem lagt er til að lögfest verði með heimild fyrir samgrh. til þess að setja reglugerð fjallar um tilhögun samráðs og skipan nefndar um samgöngumannvirki. Hér er um að ræða ákvörðun ráðherraráðs Evrópubandalagsins nr. 78/174, frá 20. febr. 1978, en hún er nr. 5 í XII. viðauka.

Markmið þessarar EES-gerðar er að samhæfa þróun á flutningaleiðum innan svæðisins með því að veita upplýsingar um áform og áætlanir um samgöngumannvirki og verkefni sem eru þýðingarmikil fyrir svæðið. Samkvæmt henni skal aðildarríki tilkynna eftirlitsstofnun EFTA um ákveðnar þar til greindar framkvæmdir á sviði samgöngumála sem líklegt er að hafi áhrif á samgöngur utan landamæra ríkisins.

Nefndin sem skipuð er skal vinna að samræmdri þróun samgöngumála innan Evrópska efnahagssvæðisins. Eftirlitsstofnun EFTA mun senda sameiginlegu EES-nefndinni a.m.k. þriðja hvert ár skýrslur um þær upplýsingar sem henni hafa borist um gerð samgöngumannvirkja og starfsemi samgöngumannvirkjanefndar.

Gerð samgöngumannvirkja hér á landi hefur almennt mjög lítil áhrif utan landamæra Íslands og því hefur ákvörðunin væntanlega ekki mikil áhrif hér á landi. Þó er gert ráð fyrir samráði sérfræðinga ef um er að ræða framkvæmdir sem gætu haft umtalsverð áhrif við flutninga á milli ríkja til ríkja utan Evrópubandalagsins. Þess ber þó að geta að samgöngumannvirkjanefndinni er ekki veitt vald til ákvörðunar um hvort ríki ákveður að ráðast í framkvæmdir.

Hæstv. forseti. Ég legg til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og samgn.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því að hæstv. utanrrh. var hér í húsinu við upphaf þingfundar og ef hann er það enn teldi ég æskilegt að hann væri viðstaddur þessa umræðu.

Það frv. sem hæstv. samgrh. hefur mælt hér fyrir er á margan hátt merkilegt. Það er líka athyglisvert að þegar samgrh. hóf ræðu sína fór hlátur um þingsalinn. Þessi hlátur beindist ekki að hæstv. ráðherra. Þingið var að hlæja að sjálfu sér fyrir að þurfa að fást við þetta frv. Slíkt er alvöruleysið á bak við þann veruleika sem við erum hér að fást við.

Gerður hefur verið samningur um Evrópskt efnahagssvæði. Ég ætla ekki að ræða hér röksemdir með eða móti þeim samningi. Hins vegar var ætíð sagt, m.a. af hæstv. utanrrh. hvað eftir annað, að aðildin að Evrópsku efnahagssvæði mundi ekki í neinu breyta því grundvallarhlutverki sem Alþingi Íslendinga hefði haft í lagasetningu. Löggjafarvald Alþingis, starfsemi Alþingis að lagasetningu, mundi ekki taka grundvallarbreytingum. Gott og vel.

Hvert hefur verið hlutverk Alþingis í slíkri lagasetningu um langt árabil, hátt í aðra öld? Jú, það hefur verið að setja í texta þau lög sem þingmenn töldu nauðsynlegt að íslenskt þjóðfélag byggi við. Þingið hefur ekki verið að eyða tíma sínum í að setja lög um hluti sem alls ekki eru til í íslenskum veruleika. Það hefur t.d. ekki verið talið skynsamlegt að flytja á Alþingi frv. um undirbúning og skipulag tunglferða Íslendinga. Þingmaður sem flytti hér frv. um að skipuleggja tunglferðir Íslendinga væri örugglega talinn nokkuð sérkennilegur og þótt frv. stæðist formkröfur þá hugsa ég að flestum á þingi og utan þings þætti tímaeyðsla að setja slíkt í lagasafn þjóðarinnar.

Hér leggur hins vegar ríkisstjórn Íslands fram grafalvarleg á svip frv. um viðamikinn lagabálk sem á að taka gildi á Íslandi um flutninga á járnbrautum, skipgengum vatnaleiðum o.fl. Eru til skipgengar vatnaleiðir á Íslandi? Þær eru kannski til fyrir minni háttar báta. En það eru ekki til skipgengar vatnaleiðir á Íslandi fyrir vöruflutningaskip eða úthafsskip. Engu að síður kemur samgrh. ríkisstjórnar Íslands og ætlast til þess að Alþingi Íslendinga verji löngum tíma í að skoða þá flóknu lagabálka sem hæstv. ráðherra er nú að fara fram á að taki gildi á Íslandi um skipgengar vatnaleiðir.

Eru járnbrautir á Íslandi? Við vitum öll að svo er ekki. Það var að vísu rætt í upphafi aldar að byggja hér járnbraut en það var ekki gert. Endrum og sinnum hefur það verið nefnt að koma kannski upp járnbrautum frá Reykjavík um Reykjanesskagann eða til Suðurlands en ekkert slíkt er hins vegar í bígerð. Engu að síður er hér lagt fram frv. þar sem samgrh. Íslands er veitt heimild til að gera löggilt á Íslandi mjög flókið reglusafn um rekstur járnbrautafyrirtækja, bókhald járnbrautafyrirtækja, uppgjör járnbrautafyrirtækja, verðlagningu járnbrautafyrirtækja og fjölmargt annað.

Hæstv. samgrh.: Hver er tilgangurinn? Finnst hinum þjóðlega samgrh. Halldóri Blöndal ekki sérkennilegt að einmitt hann, Halldór Blöndal, með ætt sína og uppruna í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga skuli fá það hlutverk að flytja fyrsta frv. á Alþingi Íslendinga sem í engu snertir íslenskan veruleika og sem uppsker hlátur í þingsalnum? Ekki í garð ráðherrans heldur vegna þess skrípaleiks sem hér á að fara fram. Auðvitað er það ekkert annað en skrípaleikur að það sé nauðsynlegt fyrir okkur á Alþingi Íslendinga að festa í lög á Íslandi reglur um siglingaleiðir Rínarfljóts. Það er greinilega mjög nauðsynlegt að samgrh. íslenska lýðveldisins fái heimild til að lögtaka á Íslandi reglur um siglingar á Rínarfljóti.

Enn fremur er í þessu frv. og óskað eftir heimild til að mega löggilda á Íslandi það flókna reglukerfi sem hlaust af sameiningu Þýskalands vegna þess að sameining Þýskalands leiddi til þess að það varð að breyta ákvörðunum og reglugerðum varðandi flutninga á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum sem tengja fyrrum Austur-Þýskaland við hið sameinaða Þýskaland og hina nýju Evrópu aðildarríkja Evrópubandalagsins. Það er auðvitað mjög gagnlegt að breytingarnar á járnbrautakerfi hins sameinaða Þýskalands hafi einnig lagagildi á Íslandi. En er það ekki skrípaleikur, hv. Alþingi?

Auðvitað var okkur ljóst, sem mæltum gegn samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, að starfsemi Alþingis mundi taka breytingum. En þeir sem studdu samninginn, sérstaklega hæstv. utanrrh. sem ekki leggur í það að vera viðstaddur þessa umræðu, héldu því fram hvað eftir annað að starfsemi Alþingis mundi í reynd lítið breytast. Alla vega mundi inntakið, alvaran og efnisinnihaldið í lagasetningarstörfum Alþingis ekki taka breytingum. Alþingi mundi fá til meðferðar breytingar sem væru nauðsynlegar fyrir íslenskt efnahagslíf og þjóðfélag.

Þetta frv. ber ekki í sér neina slíka nauðsyn. Það mun akkúrat ekkert breytast á Íslandi við lögtöku þessa frv. annað en að pappírsframleiðsla ráðuneytanna mun aukast verulega þegar hæstv. samgrh. Halldór Blöndal fer að gefa út reglurnar um járnbrautafyrirtækin í hinu sameinaða Þýskalandi í íslensku Stjórnartíðindunum. Þegar hæstv. samgrh. Halldór Blöndal fer að undirrita reglugerðirnar um reikningsuppgjör járnbrautafyrirtækjanna og reglur um hvar aðaljárnbrautastöðin eigi að vera í Stjórnartíðindunum íslensku. Og þegar samgrh. Halldór Blöndal fer að gefa úr ítarlega stjórnartexta í íslenskum Stjórnartíðindum um skipgengar vatnaleiðir. (**Samgrh.:** Það er sameiginlegur uppruni þjóðanna.) Það er sameiginlegur uppruni þjóðanna, segir hv. þm. og ráðherra Halldór Blöndal. Já, sameiginlegur uppruni þjóðanna. Þá veit maður að hæstv. ráðherra mun þegar hann ritar nafn sitt undir þessa miklu bálka og gefur þá út í íslenskum Stjórnartíðindum hugga sig við að það er hinn sameiginlegi uppruni þjóðanna. Hinn germanski uppruni sem réttlætir það að ráðherrann getur sett nafn sitt undir löggildingu á Íslandi yfir járnbrautareglurnar sem leiddu af sameiningu Þýskalands.

Nei, hæstv. ráðherra. Auðvitað er þetta skrípaleikur það vitum við öll hér í salnum. Hvað ætlar Alþingi Íslendinga að gera við þetta frv.? Ætlar það að vísa því til nefndar og halda einn fund í nefndinni og vísa því svo hingað aftur og láta samþykkja það? Eða ætlar Alþingi Íslendinga að fara í gegnum allt þetta reglugerðasafn? Allar þessar nákvæmu tilskipanir um rekstur járnbrautafyrirtækja, reikningsuppgjör þeirra, samskipti, lagningu brautarteina, tengsl skipgengra vatnaleiða milli landa o.s.frv.? Ætlar einhver þingmaður hér í salnum að verja tíma sínum á næstu vikum og mánuðum til að fara yfir þetta allt saman? Nei, auðvitað ekki. Það er ekki til sá kjáni hér í salnum að hann fari að verja tíma sínum í þetta. Engu að síður er ætlast til að Alþingi Íslendingaýti hér á hnappa og láti þetta allt saman taka lagagildi á Íslandi.

Það er auðvitað skrípaleikur vegna þess að þá er verið að gefa lagagildi á Íslandi hlutum sem hafa akkúrat ekkert efnisinnihald fyrir íslenskan veruleika. Nú er vont að hæstv. forsrh. skuli ekki vera viðstaddur þó ég skilji hins vegar að hæstv. utanrrh. treysti sér ekki til þess að vera viðstaddur í ljósi fyrri ummæla sinna sem hv. þm. Páll Pétursson hefur gert að nokkru umtalsefni utan þings á síðustu vikum. Því auðvitað er

þetta frv. afhjúpun á því að það sem hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson sagði um hlutverk Alþingis eftir að hið Evrópska efnahagssvæði hefði verið fest í lög hefur allt saman reynst meira og minna rangt. Nú eigum við að fara að afgreiða hér á færibandi flókna og umfangsmikla lagabálka sem snerta ekki eitt einasta smáatriði í íslenskum veruleika.

Ég vil biðja hv. alþm. að fletta upp á bls. 2 í frv. Ég vil biðja hv. alþm. að fletta upp á bls. 7 í þessu frv., bls. 6 og sjá alla þessa löngu lista yfir tilskipanir ráðherraráðs Evrópubandalagsins og allar þær breytingar sem hér eiga að taka gildi. Er virkilega ætlunin að gefa þetta út í Stjórnartíðindum allt saman? Er það fyrir húmorista? (**ÖS:** Hvar eru þeir?) (**Samgrh.:** Ég held að ræðumaður hafi ekki húmor fyrir því.) Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði að því hvar húmoristar væru. (**ÖS:** Ekki eru þeir í ræðustólnum.) Nei, það er út af fyrir sig rétt, hv. þm., að ég hef tekið það dálítið alvarlega hverju ég greiði atkvæði hér á Alþingi. En það getur vel verið að þeir menn sem Ólína Þorvarðardóttir segir að hafi verið ginntir inn í Alþfl. telji helst sjálfum sér til huggunar að afgreiða hlutverk sitt sem húmor. (**ÖS:** Ég afgreiði þig sem húmor.) Forusta Alþfl. ætti ekki að afgreiða mig sem húmor, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. En þú ert nátturlega velkominn í stóra jafnaðarmannaflokkinn ef þú vilt. Þú getur haft þetta eins og Churchill. (**Forseti:** Nota rétt ávarpsorð.) (**ÖS:** Churchill skipti þrisvar um flokka.) Þú getur haft þetta eins og Churchill, hv. þm., sem var í Íhaldsflokknum fyrst, labbaði síðan í nokkur ár yfir í Frjálslynda flokkinn en kom síðan aftur. Ég tilkynnti þér, hv. þm., í fyrstu ræðu minni um stefnuræðu þessarar ríkisstjórnar að þú værir velkominn aftur og endurtek það hér. (**Forseti:** Kenna þingmanninn við kjördæmi en ekki ávarpa hann beint.) Hvað segir hv. þm.? (**ÖS:** Hvor er Churchill í myndlíkingunni, ég eða þú?) Það er hv. þm. Össur Skarphéðinsson samkvæmt vaxtarlaginu. En nú er svörum mínum við þessu innskoti lokið. Hins vegar er það mjög skiljanlegt að það skuli vera „spaugstofublær" á þingmönnum stjórnarliðsins, formanni þingflokks Alþfl. og hæstv. samgrh., í umræðunni um þetta frv. Því auðvitað er þetta spaugstofufrumvarp og ekkert annað.

Ég vil spyrja hæstv. samgrh.: Ætlast hann virkilega til þess að Alþingi afgreiði þetta frv.? Ég get skilið að ráðherrann, til að fullnægja einhverjum skrifstofuþrælum út í Brussel, hafi talið nauðsynlegt að leggja þetta fram, en það getur ekki verið ætlun hæstv. ríkisstjórnar að þetta frv. verði afgreitt. Með slíkri afgreiðslu væri verið að skapa fordæmi um það að ríkisstjórn á Íslandi og löggjafarþingið færi að afgreiða hér á næstu árum aragrúa af tilskipunum frá Evrópubandalaginu um hluti sem koma okkur ekkert við. Hitt er annað mál að það er sjálfsagt að taka til umfjöllunar þegar Íslendingar hafa samþykkt aðildina að Evrópsku efnahagssvæði það sem kemur okkur við, sem snertir íslenskan veruleika og getur breytt íslensku efnahagslífi. En að eyða dýrmætum tíma þings og þjóðar í hluti sem koma okkur nákvæmlega ekkert við er ekkert annað en skrípaleikur.

Ég beini því til hæstv. ráðherra, Halldórs Blöndal og hv. þm. stjórnarliðsins og hæstv. forseta reyndar líka þó ég viti að þetta heyrir ekki formlega undir hæstv. forseta að þeir hugi nú í alvöru að því að stöðva þennan skrípaleik strax í upphafi.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þykir leiðinlegt að taka þátt í þessum skrípaleik en ég vil leiðrétta hv. þm. Þetta er ekki fyrsta fjarstæðukennda frv. sem Alþingi hefur þurft að fjalla um vegna EES. Ég vil alla vega taka með 2. mál þingsins, sem hefur þegar verið rætt, um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum sem hér urðu nokkrar umræður um og t.d. forstöðumaður Iðntæknistofnunar er maður til að viðurkenna að hann viti ekkert um og telji ekki þörf á að vita nokkurn skapaðan hlut um. Í greinargerð með því frv. kemur skýrt fram að það frv. varðar Íslendinga ekki nokkurn skapaðan hlut og ekki fyrirsjáanlegt að það muni gera það í framtíðinni. Þessi skrípaleikur er líka mjög alvarlegur.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að vísu rétt hjá hv. þm. að umfjöllun þingsins um það frv. um hálfleiðara sem hún nefndi var þinginu ekki til sóma. Það kom í ljós að nefndin botnaði ekkert í frv. og það varð að fara aftur til meðferðar. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson tók að sér að hagnýta sér doktorsnám sitt til að reyna að útskýra fyrir þinginu hvað í frv. fælist eins og við munum. (**GHelg:** Hann gerði það ekki rétt.) Nei, og gerði það þó ekki rétt. Nei, akkúrat. (**Gripið fram í:** Þrátt fyrir doktorsprófið.) Þrátt fyrir doktorsprófið.

En hins vegar er sá munur að hér er verið að fjalla um hluti sem hver og einn landsmaður veit um. Járnbrautir og skip sem sigla eftir skipgengum vatnaleiðum. Hér er ekki verið að fjalla um eitthvað hátæknilegt atriði í framþróun vísinda og tækni. Hér er verið að fjalla um lykilþætti í samgöngukerfum annarra landa en Íslendinga sem snerta á engan hátt þann hversdagslega veruleika sem Íslendingar eiga við að búa þótt það sé mikilvægt atriði í hversdagslegum veruleika Þjóðverja, Hollendinga og annarra. Spurningin er þess vegna: Eigum við að fara að festa í fyrsta sinn í lögbókina hluti sem eru mikilvægir fyrir hversdagslegan veruleika og daglegt líf og efnahagslíf þessara þjóða en snerta ekki í neinu hversdagslegan veruleika og efnahagslíf okkar Íslendinga?

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að við hv. þm. getum þó verið sammála um að hér er að koma í ljós mjög leiðinleg hlið á þessum samningaviðræðum við Evrópubandalagið og myndun Evrópska efnahagssvæðisins sem sagt sú að þurfa að halda uppi einhverjum skrípaleik. Okkur getur greint á um hvar hann byrjar en ég held að okkur greini ekki á um hvert hann muni leiða okkur. Hann mun leiða okkur í það að tíma þingsins sé í æ ríkari mæli varið í vitleysu og/eða að við séum að taka afstöðu til mála sem við hvorki höfum vilja, getu

né tíma til að kynna okkur til hlítar og ef við gerðum það værum við ekki að rækja skyldu okkar heldur að taka tíma frá öðrum og nytsamari verkefnum.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það ríður ekki við einteyming hvernig hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur allt á hornum sér. Jafnvel í sakleysislegu frv. sem fjallar um eimreiðir og tilheyrandi þætti og minnir kannski á að hv. þm. talar æðioft sem eimreiður. Þetta er kannski sérstaklega furðulegt með tilliti til þess að hv. þm. minnir æðioft á það hvernig járnbrautir liðast um löndin með tilheyrandi hávaða gömlu kolakyntu eimreiðanna.

Það er kominn tími til að biðja virðulegan forseta að benda hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni á að hann sé ekki sjálfskipaður siðameistari Alþingis í orðskýringum. Til að mynda að þingið væri að hlæja að sjálfu sér. Það kann að vera skoðun hv. þm. en ég hef nú grun um að ýmsir þingmenn hafi brosað að öðru en því þegar þetta mál hófst.

Það má velta ýmsum hlutum upp í sambandi við þetta frv. Með tengingu við söguna og reynslu á Íslandi er auðvitað ekki svo galið að hafa slíkt frv. við að styðjast hvort sem framtíðin kallar á þörf fyrir það eða ekki. Auðvitað eru vatnaleiðir á Íslandi. Það eru skipgengar vatnaleiðir á Íslandi. Það eru vatnadrekar skráðir á Íslandi og þeir flokkast sem skip. Það er kannski óþarfi að vera að fjalla um þetta í þessu samhengi en það eru til svæði utan Reykjavíkur sem þarf að fara um á bátum og loftpúðum og vatnadrekum. Þetta flokkast undir það sama. Hv. þm. ætti því kannski að vanda orðaval sitt í þessum sjálfskipuðu orðskýringum.

Það hafa líka verið járnbrautir á Íslandi. Að vísu ekki með mjög löngum teinum. En til að mynda var járnbraut í Reykjavík á fyrri hluta þessarar aldar sem flutti efni úr Skólavörðuholti í hafnargerð. Eimreiðin er til enn þá. Það var járnbraut í Vestmannaeyjum við byggingu hafnarmannvirkja þar og á Ísafirði og reyndar víðar. Saga járnbrauta er því til á Íslandi hvað sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson segir. Þó þær séu ekki gangfærar enn þá er a.m.k. ein gangfær að því er virðist. Það hefur komið fram í ræðustól hér í dag.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hvar er nú hæstv. samgrh.? (**Gripið fram í**: Hann er í járnbrautarferð.) (**Gripið fram í:** Hann er á vatnaleiðum.) Ég vildi gjarnan að hann kæmi af sínum vatnaleiðum og tæki næstu járnbraut hér í salinn. (**Forseti:** Hann er ekki langt undan. Hann er hér í hliðarsal.)

Þrátt fyrir að mönnum hafi verið frekar létt í sinni meðan þeir hafa verið að ræða þetta frv., nema þá hæstv. samgrh. því hann var auðvitað skömmustulegur, þá held ég að þetta sé nú ekki gleðileikur sem hér fer fram. Þetta er miklu fremur drama. Niðurlæging Alþingis kemur alveg berlega í ljós í dag þar sem við fjöllum um jafnfjarstæðukennt frv. og þetta. Og þó enn frekar aumingjaskapur ríkisstjórnarinnar sem ber þetta mál fram og telur að það sé afleiðing af þátttöku okkar í Evrópsku efnahagssvæði.

Það þarf ekkert að koma mönnum á óvart þó eitthvað komi hér hv. þm. einkennilega fyrir sjónir í þeim nýja veruleika sem við erum nú að komast inn í með þátttöku í Evrópsku efnahagssvæði. Í samningnum felst mikið fullveldisafsal. Í 2. gr. stjórnarskrárinnar segir að Alþingi og forseti Íslands fari með löggjafarvaldið og mönnum hefur verið tíðræddara um stjórnarskrárbrotið sem felst í því að færa dómsvaldið úr landi að hluta, en auðvitað er löggjafarvaldið líka skert. Við erum skuldbundin eftir að Evrópskt efnahagssvæði er orðið að veruleika að taka við fyrirskipunum og lögfesta þær hér. Sumar þeirra kunna að vera bara til prýðis í íslenskum lögum. Ég neita því ekki að úti í heimi dettur mönnum margt gott í hug og gæti orðið til bóta á íslenskri löggjöf að taka upp ýmislegt sem Evrópubandalagið hefur í sínum lögum. Og Rómarsáttmálinn er hugsaður. Hann er ekkert vanhugsaður gerningur. Það er sú stjórnarskrá sem hv. þm. hafa ákveðið að lúta hvernig svo sem þeir brjóta þá íslensku án þess að blikna eða blána. Við erum sem sagt til þess knúin að taka við ekki bara þeim lögum sem þegar hafa verið sett án þess að fá að breyta þar stafkrók, heldur erum við líka búin að undirgangast það að í framtíðinni skulum við taka við því sem mönnum dettur í hug í Brussel og lögfesta það án þess að hafa nokkur minnstu áhrif á það eða Alþingi hafi nokkurn íhlutunarrétt um það hvernig sú lagasetning fer fram.

Þessu hefur verið jafnað við frv. til laga um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum sem hér var til meðferðar á haustþinginu. Þetta eru ekki um allt hliðstæð mál. Niðurlægingin er að vísu svipuð. Það er þó einn munur á eða ég gef mér að það sé einn munur á. Ég held að þetta frv. muni vera eða vil trúa því að þetta frv. sé rétt þýtt en flækjan í kringum vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum var fyrst og fremst út af því að textinn var óskiljanlegur vegna þess að hann var rangt þýddur. Á einum stað stóð þar „hálfleiðari" þar sem átti að standa „smárás". Þar af leiðandi var ekkert samhengi í textanum einu sinni, enda vissi hæstv. iðnrh. ekki nokkurn skapaðan hlut um hvað hann var að tala þegar hann var að þylja þessi ósköp og mæla fyrir frv. Við vissum það ekki hinir óæðri þingmenn sem sátum hér í salnum og hlýddum á mál hans. Og hv. iðnn. fjallaði um málið á mörgum fundum áður en það komst upp að textinn var vitlaust þýddur. En eftir að búið var að setja smárás þar sem stóð á þskj. hálfleiðari, þá var þó hægt að fá samhengi í textann og sjá svona hér um bil hvað átt væri við. Ég þykist sjá það á þessu frv. að það sé skiljanlegur texti þó hann komi okkur ekkert við, a.m.k. ekki í bili.

Ég held að það sé fullkomin ástæða fyrir okkur og þá ekki síst ríkisstjórnina og starfsmenn ríkisstjórnarinnar í ráðuneytunum að velta því nú fyrir sér hvort það væri nú ekki óhætt að draga lappirnar í einu og einu tilfelli þegar fyrirskipanirnar koma frá Brussel, hvort það er alveg vitanauðsynlegt, hvort það er stórvítavert að láta hjá líða eða draga það a.m.k. að lögfesta eitthvað af því sem kemur frá Brussel. Þetta frv.

gæti flokkast þar undir, reyndar líka smárásafrv. sem sumir héldu reyndar að ætti að fara til heilbr.- og trn. þegar þeir sáu það. En það var ekki hæstv. heilbrrh. Sighvatur Björgvinsson sem mælti fyrir því heldur iðnrh. þannig að þetta hlaut að vera iðnaðartengt málefni.

Nú skal ég ekki segja um það og ég sannarlega vona það að einhvern tíma komi að því að járnbrautarekstur verði hagkvæmur og skynsamlegur á Íslandi og hef ekkert á móti því að þær járnbrautir verði samkvæmt evrópskum staðli. En þá er að setja lög um það þegar þar að kemur. Ég tel t.d. að það sé mjög til álita hvort réttlætanlegt er að byggja höfn á Keilisnesi í samandi við hugsanlegt álver þar sem iðnrh. hefur með góðum árangri verið að byggja álver undanfarin ár. Það getur alveg eins komið til álita að mínu mati að nota höfnina í Straumsvík og flytja hráefni og framleiðslu eftir járnbraut eða með öðrum slíkum hætti frá Straumsvík á Keilisnes eða á annan þann stað þar sem verksmiðjan væri reist og það er nú sannarlega ekki fjarstæðukenndari samnýting hafna heldur en þegar menn hafa verið að ímynda sér að ætti að fara fram á Norðurl. v. Það getur vel verið að það komi til einhvern tíma í framtíðinni að það sé skynsamlegt að setja hér upp járnbrautir og þá eigum við að setja þar um lög ef á þarf að halda miklu fremur heldur en fara að lögfesta bálk eins og þennan sem hér er til umræðu.

Hvað vatnaleiðirnar varðar, þá á ég ekki von á því að þær verði raunhæfur möguleiki á næstu árum eða yfirleitt í framtíðinni. Þar af leiðandi höfum við fyrirsjáanlega aldrei neitt að gera með lagasetningu þar um. Ég tel sem sagt að þetta frv. beri vott um aumingjaskap ríkisstjórnar Íslands og skammsýni og niðurlægingu Alþingis. Þrátt fyrir það að þingmenn hafi verið hér í góðu skapi, þá treysti ég mér ekki til þess að benda á þetta þó það slökkvi e.t.v. gleðina hjá einhverjum. Þetta er bara forsmekkurinn að því sem koma skal og við komum til með að þurfa að vinna undir þessum kringumstæðum á komandi tímum.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vekur athygli að þær umræður sem hér hafa farið fram snúast að sjálfsögðu ekki um þá staðreynd að við höfum ákveðið að gerast aðili að hinu Evrópska efnahagssvæði og í samræmi við þá samninga ber okkur að samþykkja þau ákvæði sem frv. þetta fjallar um. Þetta er auðvitað mjög smátt mál en ef menn vilja endurtaka umræðurnar um málið í heild sinni undir þessum dagskrárlið, þá tekur það sinn tíma en það er ekki gert til þess að skýra efnið fyrir sjálfum sér og öðrum heldur eingöngu til þess að halda hér uppi málþófi.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skildi nú ekki vel þessa ræðu hæstv. samgrh. Við vorum hér að ræða um frv. og efni þeirra ræðna sem fluttar hafa verið um það hér eftir framsöguna er tvímælalaust ef hæstv. samgrh. hefði nú gefið sér tíma til þess að hlusta eða vitað um hvað þær snerust, að menn voru að leggja út af því hvað það kostaði að vera orðinn aðili að Evrópsku efnahagssvæði. Aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði er ekki á mína ábyrgð og ég tel mig geta gagnrýnt þá ákvörðun meiri hluta Alþingis fullum hálsi.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra segir að þetta sé ekki frv. sem sé stórt í sniðum og ég get vissulega tekið undir það að sumu leyti. Hér eru tilefndar 25 greinar sem fjalla um það að við eigum að samræma okkar lög þeim reglugerðum ráðsins eða framkvæmdastjórnar EB og af þessum 25 tilskipunum eða reglugerðum eru aðeins þrjár sem snerta okkur að einhverju leyti. Það er ekki einu sinni að þær snerti okkur að öllu leyti. Þetta eru reglugerðir nr. 1, nr. 2 og nr. 5 vegna þess að þær koma inn á vegamálin líka, þ.e. um bókhaldsyfirlit yfir útgjöld vegna samgöngumannvirkja, að samræma eyðublöð í því skyni, og síðan um tilhögun samráðs og skipan nefndar til að fjalla um samgöngumannvirki. Þetta er það eina sem snertir okkur eitthvað og kemur í raun og veru líka inn í bandorminn svokallaða sem lagður var fram í haust og tók til bæði vegamála, ferðamála, siglingamála og fleira. Þessi atriði sem ég nefni hér, þessi þrjú, eru í raun og veru þar inni líka þannig að það gerir þetta frv. hér, hvað okkur varðar, algerlega óþarft. Ég skil hreint ekki hvers vegna, ég hef ekki náð að skilja það þó hæstv. ráðherra hefði verið að reyna að útskýra það hér áðan að það væri nauðsynlegt fyrir okkur að taka þetta frv. hér til afgreiðslu og afgreiða það sem íslensk lög. Ég skil ekki að við þurfum að hlaupa upp til handa og fóta undir eins og afgreiða allar reglugerðir og tilskipanir EB þegar þær koma á engan hátt inn á það sem okkur varðar hér á Íslandi eins og menn hafa reyndar verið að gera grein fyrir hér á undan mér. Og hvað það varðar að samgn. eigi að fara að fjalla um þetta frv. og skoða allar þær reglugerðir sem tengjast skipgengum vatnaleiðum, járnbrautum o.fl., þá vísa ég því algerlega á bug. Ég á sæti í samgn. og ég sé ekki að tíma mínum sé vel varið með því að fjalla um annað eins frv. og þetta.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er til umræðu mál sem er allrar athygli vert, sérstaklega þó fyrir að það segir mikið um form á þeim lagafrumvörpum sem ætlunin er að Íslendingar hafi þegar þeir eiga samskipti við hið Evrópska efnahagssvæði. Formið er í sjálfu sér mjög einfalt. Fyrst er efnislegur haus sem er hugsaður til þess að segja eitthvað um það hvað innihald væntanlegrar reglugerðar gæti verið og ætti að fjalla um því að af ákvæðum laganna verður það ekki ráðið. Í annan stað er það heimild fyrir ráðherra til að setja reglugerð og í þriðja lagi er það tilkynningarskylda á ráðherrann að koma upplýsingum til Efnahagsbandalagsins. Það eru þessi þrjú atriði í hinni stöðluðu uppsetningu sem gera má ráð fyrir að verði notuð í framtíðinni.

Hv. þm. Páll Pétursson, hv. 1. þm. Norðurl. v., vildi halda því fram hér í upphafi að þetta frv. mundi vera rétt þýtt og það má vel vera en nokkuð sækir það samt á minn hug hvort hér sé verið að tala um flutninga

með járnbrautum eða á járnbrautum. Ef það er tilfellið að hér sé verið að tala um flutninga á járnbrautum, (**Samgrh.:** Á járnbrautarteinunum.) á járnbrautarteinunum, þá er það hugsanlegt að það sé verið að tala um að flytja jarnbrautarteina frá t.d. Frakklandi til Þýskalands eða frá Norðurlöndum til Íslands og er nú trúlega framkvæmanlegt, en hitt verður stórum alvarlegra ef ætlunin er að flytja vatnaleiðir á milli landa. Það sé ég nú ekki að sé auðvelt verk í framkvæmd þannig að ég efa mjög að þýðingin á þessu sé rétt.

Ég hallast nú mjög að því að menn hafi ekki ætlað að vera jafnstórvirkir og þessi texti ber með sér, heldur liggi þarna á bak við sú hugsun að það sé verið að tala um flutninga með járnbrautum eða menn tali um að það sé verið að tala um flutninga eftir skipgengum vatnaleiðum en ekki að menn ætli að flytja vatnaleiðirnar í heilu lagi frá einu svæði til annars. Hins vegar er nú ráðherrann ekki í salnum til að upplýsa hvort muni rétt vera í þessum efnum.

Ég tel að þegar svona frv. er flutt eins og hér er um að ræða, þá hljóti það mjög að reyna á hæstv. forseta þingsins hvort eðlilegt sé að svona frv. sé flutt án þess að reglugerðin liggi fyrir, sú reglugerð sem ráðherrann telur rétt að leggja fram þegar frv. yrði samþykkt, vegna þess að hér er í eðli sínu öllu löggjafarstarfi snúið við. Venjuleg lög eru á þann hátt að öll aðalatriði máls eru í lögunum, en reglugerðirnar eru til að fylla upp í það sem mönnum hefur þótt eðlilegt að ráðherra hefði sem smásvigrúm eftir að lögin hefðu verið sett. Hér er aftur á móti um það að ræða að veita ráðherranum heimild til að setja reglugerðir sem trúlega er það eina sem veitir upplýsingar um innihald málsins. Af þessum texta hér verður ekkert ráðið um hvaða reglur menn ætla að setja á járnbrautirnar eða á þá sem ferðast eftir vatnaleiðum. Ég held þess vegna að það hljóti að verða það fyrsta sem Alþingi Íslendinga fari fram á, hæstv. forseti, að reglugerðin liggi fyrir og ég ætlast til þess að samgn. Alþingis afgreiði þetta mál ekki út fyrr en reglugerð liggur fyrir eins og ráðherra telur að hún þurfi að líta út miðað við núverandi aðstæður.

Það má vel vera að menn vilji strax ganga frá því í reglugerðinni hvernig eigi að standa að byggingu járnbrauta milli Suðurlands og Norðurlands eða Austurlands. Menn vilji strax í reglugerðinni ganga frá því hvernig eigi að standa að siglingum eftir Þjórsá eða Hvítá eða eftir Lagarfljóti. Þá er rétt að það komi líka fram og þetta sé ekki haft sem óskrifað blað. Ef þetta verður niðurstaðan eins og hér er verið að tala um þá þarf ekki að vísa svona nálum til nefndar. Það hlýtur að vera hægt að koma upp í eitt skipti fyrir öll stöðluðum texta þar sem stendur: Ráðherra er heimilt að setja reglugerð samkvæmt samningi dagsettum þetta. Hlýtur að vera hægt að koma upp slíkri „klásúlu" þannig að það þurfi ekki að senda svona mál til nefndar. Það þurfi ekki að gera neitt meira en að samþykkja það eða fella það. Aftur á móti ef ráðherrann þarf að vinna það verk áður og reglugerðin fylgir með sem hluti af greinargerð frv. þá hefur nefndin eitthvert verksvið. Þá getur hún farið yfir þá reglugerð og metið hvort þetta sé í takt við það sem hún telur að nauðsynlegt sé að gera miðað við aðstæður.

Mér sýnist þess vegna að þetta mál snúist að verulegu leyti um formið. Hvaða form á að vera á lagasetningum í framtíðinni? Verður það þannig að þeir lagabálkar sem nú eru, t.d. í almennum hegningarlögum, verði bara breytt á þann veg og þar standi: Ráðherra er heimilt að setja reglugerð. Svo komi skýringar þar sem tekinn verði upp andi þessarar stefnu og þessara ríkja sem við erum komin í samstarf við, hvert innihaldið eigi að vera. Verða frv. um menntamál sett upp á sama hátt? Það er nánast þetta sem hlýtur að vera aðalatriði þeirra spurninga sem menn velta fyrir sér í sambandi við þessa hluti.

Það er nátturlega gífurleg gengisfelling á því þingi sem hættir að setja lög þar sem aðalatriði hins skrifaða texta í tilgangi laganna er í lögunum sjálfum en ekki í reglugerð. Ef við erum að flytja með þessu móti eins og hér er verið að gera þá erum við að flytja með dálítið sérstæðri aðferð, þó ekki sé meira sagt, löggjafarvaldið í hendur ráðherrunum. Og þeir, í reynd, eru að flytja það í hendur annarra aðila. Þess vegna held ég að það hljóti að reyna mjög á það hvort Alþingi Íslendinga geri þá þá gagnkröfu í þessu máli að reglugerðir fylgi með. Þær fylgi með, sýnishorn af þeim reglugerðum sem ráðherrann telur að nauðsynlegt sé að setja miðað við stund og stað þegar frv. er flutt.

Í 3. gr. þar sem vikið er að tilkynningarskyldunni, sem samgrn. hafi, þá fæ ég nú varla skilið að það sé nauðsyn að láta í það skína eins og sagt er á bls. 14, með leyfi hæstv. forseta:

„Þess ber þó að geta að samgöngumannvirkjanefndinni er ekki veitt vald til ákvörðunar um hvort ríki ákveða að ráðast í framkvæmdir." Það þarf nú varla að taka það fram að okkur er enn heimilt að leggja vegspotta í þessu landi án þess að það sé hægt að stöðva það en tilkynningarskyldan að láta vita er aftur á móti til staðar ef þetta er rétt skilið. Þó segir líka á bls. 14, með leyfi hæstv. forseta: „Gerð samgöngumannvirkja hér á landi hefur almennt mjög lítil áhrif utan landamæra Íslands. Því hefur ákvörðunin væntanlega ekki mikil áhrif hér á landi." Ég hygg nú að þetta sé nokkuð augljóst hvað vegina snertir. Það má vel vera ef menn byggðu hér risahöfn og norðurleiðin meðfram Síberíu yrði viðurkennd siglingaleið og hér yrði vöruskiptahöfn á Íslandi, flutt á milli skipa, þ.e. að öflugir ísbrjótar tækju við flutningnum úr venjulegum flutningaskipum, þá væri kannski verið að byggja hér höfn sem hefði áhrif fyrir utan Ísland og gæti átt rétt á sér þess vegna að þessi lagaákvæði væru hér til staðar. En stórt séð virðist þetta líka úr takt við veruleikann nema tilkynningarskyldan, hún er vissulega komin hingað inn ef þetta verður samþykkt.

Það sækir mjög á minn hug hvort menn séu ekki að oftúlka samninginn. Mér finnst það nánast út í hött að ganga út frá því sem vísu að hér verði farið að byggja slík mannvirki að þau hafi þessi áhrif og þessi tilkynningarskylda þurfi að vera inni. Ég tel að þekking ráðherrans á samningnum eigi að duga til þess að telji hann sig vera að brjóta eitthvað í honum þá tilkynni

hann þetta. Mér er heldur ekki ljóst að það sé neitt sem banni ráðherranum að tilkynna þetta þó Alþingi skipi honum ekki að gera það. Þetta hlýtur þá fyrst og fremst að vera hugsað á þann veg að það sé hægt að sækja samgrn. til saka fyrir að tilkynna ekki ef því væri að skipta. Hér eru engin ákvæði um refsingu svo ég sé nú ekki að það hafi mikinn tilgang. En vafalaust er búið að fara vel yfir þetta mál og hæstv. ráðherra búinn að lesa þessar greinar allar sem hér er vísað til, líka það sem telst óviðkomandi.

Það sækir aftur á móti mjög að mér sú hugsun að Alþingi Íslendinga þurfi að gera það upp við sig hvernig það ætlar að standa að þessum málum. Er það tilfellið að ráðherra telji að það sé ekkert um annað að ræða en að óska eftir reglugerðarheimildunum áður en hann kemur með hugmyndir um hvað hann ætlar að hafa í þessum reglugerðum? Eða metur hæstv. ráðherra það svo að reglugerðirnar yrðu almennt skemmtiefni ef þær yrðu birtar þannig að hann treysti sér ekki til að viðhafa þau vinnubrögð?

En vegna þess að menn hafa áður talað um að frv. þurfi að ná því að vera þingleg og þingtæk í þessum stól þá hlýt ég að spyrja sjálfan mig: Hefur löggjafarvaldið yfir höfuð rétt til að framvísa sínu valdi, lagasetningarvaldinu, á þennan hátt til ráðherrans til að setja reglugerðir? Hefur löggjafarvaldið það vald? Ég tel að löggjafarvaldið hafi ekki það vald. Mér sýnist að það væri hæpið hjá ráðherra og það hefur þegar komið í ljós í hæstaréttardómum Íslands að þeir hafa ekki heimildir til að framselja sitt vald út um borg og bý. Þeir verða að standa á sínu valdi og hafa það hjá sér og framkvæma það sjálfir en ekki framselja það. Það hefur líka fallið dómur sem undirstrikar að Alþingi Íslendinga getur ekki framselt sitt vald varðandi skattamál til stofnana úti í bæ. Þetta fjallar þess vegna að verulegum hluta um þrískiptingu valdsins og hvort það sé hægt að færa það til með einföldu lagafrv. Hvort það sé hægt að færa til þau réttindi sem þrískipting valdsins gerir ráð fyrir með einföldu lagafrv. Að mínu viti þarf að framkvæma breytingar á stjórnarskránni til að það sé hægt. Það er náttúrlega út í hött að tala um að það sé eðlileg uppsetning á lagafrv. þegar það eitt kemur fram að ráðherranum er heimilt að setja reglugerð. Svo koma heitin á erlendum tungumálum eins og hér er í stórum stíl þegar vikið er að því sem þetta á að fjalla um.

Herra forseti. Ef til vill þykir mönnum að það sé tímaeyðsla að ræða þetta. Ég tel aftur á móti að það hljóti á þessum tímapunkti að fara fram sú umræða hvort Alþingi Íslendinga vill una því formi sem hér er lagt til að verði viðhaft í lagasetningu.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, flutti hér athyglisverðar ábendingar um vinnubrögð Alþingis að málum af þessu tagi. Er nú mjög slæmt að hæstv. utanrrh., sem ber ábyrgð á samningum Íslands við erlend ríki, skuli ekki vera viðstaddur þessa umræðu og einnig miður að hæstv. forsrh. skuli ekki vera viðstaddur þessa umræðu. Það er auðvitað nauðsynlegt að forsetadæmið hér á Alþingi tryggi að viðkomandi ráðherrar séu til taks þegar þarf að ræða viðamikil mál í þinginu.

En ég kvaddi mér hér hljóðs til að vekja athygli hv. þm. á því og jafnframt hæstv. samgrh., að fram hafa komið upplýsingar um að mikið vanti á að aðildarríki Evrópubandalagsins hafi sjálf staðfest stóran hluta þeirra reglugerða sem ætlast er til að séu hluti af innri markaðinum sem Evrópska efnahagssvæðið tekur til. Það voru nýlega birtar upplýsingar sem sýna að mjög há prósentuhlutföll, talin í tugum prósenta, sem mæla þær reglugerðir og samþykktir Evrópubandalagsins sem ekki hafa fengið lagagildi í aðildarríkjunum. Þess vegna vekur það nokkra furðu ef ríkisstjórn Íslands ætlar að fara að kappkosta núna að biðja Alþingi að taka tíma í að ræða frv. sem felur í sér lögtöku reglugerða sem á engan hátt tengjast Íslandi þegar ljóst er að sjálf aðildarríki Evrópubandalagsins telja eðlilegt að skilja verulegan hluta reglugerðanna utangarðs a.m.k. nú og jafnvel á næstu árum. Þess vegna vil ég nú að hv. þm. hafi það einnig í huga og jafnframt hæstv. samgrh. sem er að bera þinginu á brýn málþóf, hugleiði þá staðreynd að jafnvel sjálf aðildarríki Evrópubandalagsins telja fullkomlega gerlegt að láta það bíða að lögtaka mikinn fjölda tilskipana og reglugerða.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það sé mjög eðlilegt að það komi fram hér eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gat um að innan EB er mikil tregða að samþykkja allt það sem topparnir hafa óskað eftir að yrði staðfest, það er mikil tregða. Annað slagið heyrast hróp frá Brussel þar sem kvartað er undan þessu. Jafnframt spyr maður sig líka þeirrar spurningar: Hvað er með þennan frjálsa markað ef atburðir eins og þeir sem gerðust á fiskmarkaðnum í Frakklandi eiga sér stað? Ég fæ nú ekki séð að það sé mikið frelsi í innflutningi ef slíkir atburðir gerast og enginn virðist ráða við neitt. Ég hef ekki nokkra trú á að þeir sem veltu þar um borðum verði nokkurn tímann dregnir til saka fyrir það tiltæki. Frakkar telja þetta sem hluta af sinni þjóðmenningu að mega verða vitlausir þegar þeim sýnist. Og það yrði talið árás á persónufrelsi manna ef einhverjir væru að skipta sér af þessu eftir á. Ég vona nú að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafi ekki metið mína ræðu svo að ég teldi það brýnasta verkefnið að hraða þessu máli í gegnum þingið.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég tók eftir að í andsvari hér áðan kallaði hæstv. samgrh. þetta mjög smátt mál. Það er það ekki í mínum huga. Ég tel að hér sé komið til umræðu mál sem á auðvitað að vekja upp þá umræðu sem hefur farið hér fram um hvaða stöðu Alþingi Íslendinga verður í í framtíðinni einmitt vegna þess að í öllum orðaflaumnum um EES hafa kannski drukknað þær ræður sem menn héldu um það hvernig þessi mál mundu ganga fyrir sig. Mér er ekki grunlaust um að sumir alþingismenn hafi ekki jafnvel enn fullkomlega

áttað sig á því í hvaða farveg ákvarðanatakan er að fara. Það er kannski ekki það versta sem við horfum framan í hér að hér skuli koma fram lagafrv. sem þingið á að rétta upp höndina með alveg burt séð frá því hvaða skoðanir menn hafa á því, eins og hér liggur fyrir að meiri hlutinn er búinn að ákveða að verði gert. Alþingi Íslendinga á engan annan kost en að samþykkja þetta frv. ef túlkun meiri hlutans á samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði er tekin gild. Þá verða menn að gjöra svo vel að renna þessu hér í gegnum þingið og það er ekkert annað hægt að gera. Ég tel að það væri full ástæða fyrir þingið að doka við og ákveða a.m.k. að á meðan stætt væri á því þá væru menn ekki að samþykkja lagafrv. hér sem hefðu engan annan tilgang heldur en að þjóna einhvers konar heimskulegum tiktúrum úti í Brussel. Að Íslendingar þurfi endilega að lögtaka allt mögulegt sem á ekki einu sinni við hér.

En það sem ég ælaði að vekja athygli á í tengslum við þessa umræðu er hvað gerist í framhaldinu. Það er að mínu viti enn þá meira niðurlægjandi fyrir þingið og þjóðina það sem á að taka við. Við eigum auðvitað að samþykkja þetta Evrópska efnahagssvæði eins og menn hafa ákveðið og þær reglugerðir og tilskipanir sem fylgja samningnum. Við eigum að taka aðra atrennu og samþykkja þær reglugerðir og tilskipanir sem hafa orðið til á þeim tíma sem umfjöllunin um samninginn hefur tekið hér í þinginu og mun taka hjá öðrum þjóðum til að staðfesta samninginn endanlega. Þar kemur annar pakki sem menn þurfa að fást við. Gott og vel, það geta menn auðvitað lesið og yfirfarið. En í framhaldi af því tekur við það sem mér finnst mest niðurlægjandi af þessu öllu saman: Það er verið að leggja það til hér og menn virðast ekki sjá aðra leið en hæstv. samgrh. í þessu tilviki og aðrir ráðherrar í öðrum tilvikum hafi rétt til og eigi að staðfesta reglugerðir og breytingar sem koma frá forustunni í EB í framtíðinni án þess að aðrir komi þar að með nokkru móti. Allar þessar reglur eiga að renna í gegnum ráðuneytin.

Ég vil nefna það að á fundi samgn. í haust kom þetta til umræðu. Þá sagði formaður samgn. sína skoðun á málinu. Ef ég hef skilið hann rétt þá var hann á þeim tíma á þeirri skoðun að við gætum samþykkt þessi mál eins og þau stæðu í dag, þ.e. þann pakka sem fylgir EES-samningnum, og staðfest síðan viðbótina en gæfum ekki ráðherrum okkar heimild til að staðfesta allar breytingar sem kæmu síðar heldur yrðu þær teknar sérstaklega fyrir. Nú hefur komið í ljós að menn hafa greinilega ekki talið stætt á þessari aðferð heldur á að halda því í framtíðinni að ráðherrar fái leyfi til að staðfesta allar breytingar sem koma frá Brussel. Þá er kannski ástæða til að velta fyrir sér stöðu þeirra ríkja sem eiga aðild að EES EFTA-megin frá og hinna, sem hv. 2. þm. Vestf. var að nefna hér áðan, þ.e. EB-þjóðanna sem stoppa það af að nýjar reglugerðir og nýjar tilskipanir taki gildi af því að þær hafa möguleika til þess. En EFTA-þjóðirnar, sem eiga aðild að EES-samningnum, geta með engu móti stöðvað af að nýjar reglur taki gildi. Þær verða að skrifa upp á þessar reglur og eru skyldugar til að láta þær koma til framkvæmda, annars eru þær að brjóta sinn samning. Þannig eru EB-þjóðirnar í allt annarri stöðu.

Ég held að það sé út af fyrir sig gott að menn fari yfir þessi mál hér í dag út frá þessum sjónarmiðum og draga þennan þátt dálítið út fyrir umræðuna um EES að öðru leyti.

Ég vonast til þess að hv. alþm. sameinist um að gera tilraun til að slíta sig út úr þessu og láta ekki hafa sig út í að samþykkja lög sem hafa engan tilgang annan en að þóknast þessu reglugerðafargani sem menn eru að skrifa hér upp á. Þó svo menn hafi verið að skemmta sér yfir því að nú væru menn loksins búnir að fá tækifæri til að koma lögum yfir eimreiðar á Íslandi og rökstyðja í ræðustól að hér væru skipgengar vatnaleiðir þá hefur það auðvitað enga þýðingu í þessari umræðu nema til að skemmta sér. Mér er ekki hlátur í hug og ég tel að í samgn. hljóti menn að ræða það mjög alvarlega hvort þeir skili nokkurn tímann af sér þessu máli ef það kemur þangað.

Steingrímur Hermannsson:

Herra forseti. Ég stend eiginlega fyrst og fremst upp til að taka upp vörn fyrir hæstv. samgrh. Það er alveg ósekju verið að deila á hann. Hann er ekkert nema verkfæri í höndum sinnar ríkisstjórnar sem hefur ákveðið að ganga í EES og honum hefur verið sagt að flytja þetta mál.

Það mætti vitanlega segja margt um járnbrautir og vatnavegi. Vitanlega verður þetta allt að vera í stíl og augljóst að járnbrautarteinar verða að vera þannig að unnt sé að skipta og keyra yfir á þá lest EES ef svo vill til.

Mér finnst hitt miklu alvarlegra mál að ekki skuli vera hægt að fá hingað utanrrh. og forsrh. Ég vil benda þeim á sem hafa krafist þess að þeir komast ekki með tærnar þar sem hv. þm. Halldór Blöndal hafði hælana fyrir tveimur til þremur árum. Hann hefði ekki farið úr ræðustól fyrr en þessir ráðherrar væru mættir. Það er töluvert annað en sú kurteisi sem nú er sýnd.

Ég vildi einnig nefna að í ræðu sem ég flutti hér í umræðu um EES lýsti ég furðu minni á því að til stæði að lögfesta hér mjög margar — þær skipta hundruðum — tilskipanir frá Brussel. M.a. nefndi ég tilskipun sem fjallar um ljós á bifreiðum. Utanrrh. lýsti undrun sinni á því að slíkt þyrfti að lögfesta eða virtist ekki kannast við það. Ég hefði getað nefnt þar fjölmargt fleira eins og dekk undir bílum og ég veit ekki hvað og hvað. Ég nefndi þá að þetta kom mér afar mikið á óvart því þegar við könnuðum í upphafi hvað fylgja mundi hugsanlegri aðild að EES þá var skýrt tekið fram að eingöngu yrði nauðsynlegt að krefjast þess að þær tilskipanir yrðu lögfestar hér sem hefðu eitthvert erindi til okkar, sem fjölluðu um eitthvað þar sem íslensk hagsmunamál og hagsmunamál Evrópu féllu saman. T.d. yrði alls ekki um það að ræða að lögfesta hér tilskipanir um einhverja staðla fyrir framleiðslu sem alls ekki væri framleidd hér og kæmi okkur þess vegna ekkert við.

Á þessu hefur orðið stórkostleg breyting og ég hygg miklu alvarlegri breyting en þetta fáránlega frv. sem

hér liggur fyrir. Því í tilskipunum frá Brussel, frá EB, eru fjölmargar tæknilegar viðskiptahindranir. T.d. er þetta með ljósin ekkert annað en tæknileg viðskiptahindrun til að gera Bandaríkjamönnum og Japönum erfiðara með að flytja inn á Evrópumarkað. Meira að segja, ef ég man rétt, er í þeirri bók sem við fengum með yfir 175 tilskipunum sem verið er að athuga hvort ekki verði nauðsynlegt að lögfesta hér sagt um ákveðin dekk sem á að nota undir ákveðnar bifreiðar að það verði að kanna hvort ekki sé hægt að heimila amerísk og japönsk dekk. Þetta er miklu alvarlegra mál en þessi vitleysa með járnbrautir og vatnavegi sem hæstv. samgrh. lætur hafa sig í að flytja. Það er eins og hvert annað skítverk.

Ég vil bara vekja athygli á þessu. Málið er í raun afar stórt. Við Íslendingar þurfum áreiðanlega að gæta okkar mjög á því að dragast ekki inn fyrir tæknilega viðskiptamúra EB sem eru gífurlega miklir og þar sem allt er gert til að vernda þá framleiðslu sem þar er. Þetta held ég að sé í raun hinn alvarlegi þáttur málsins. Það skiptir engu máli hvort þetta verður að lögum en ef allt hitt fylgir á eftir þá er það orðið hið alvarlegasta mál.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ýmsum tilmælum efur verið beint til hæstv. samgrh. í þessum umræðum. Hann hefur greinilega kosið að svara þeim ekki. A.m.k. ekki að sinni. Einnig hefur verið óskað eftir að hæstv. utanrrh., sem fer með samninga Íslands við önnur ríki, sé viðstaddur umræðuna vegna þess að einu rökin fyrir því að þingið eigi að fjalla um þetta frv., sem samgrh. var hér með, er samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði sem er á verksviði hæstv. utanrrh. Það eru einu rökin sem hér hafa komið fram fyrir utan þær fyndnu röksemdir frá hv. þm. Árna Johnsen að vegna þess að hér voru járnbrautir um aldamótin sé nú komið tilefni og tími til að setja lög um þá starfsemi.

Það hefur líka verið talið nauðsynlegt að hæstv. forsrh. kæmi til umræðunnar vegna þess að hér erum við að ræða hvaða form íslensk löggjöf eigi að taka almennt séð á grundvelli samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Þau mál heyra með margvíslegum hætti undir verkstjórn hæstv. forsrh. Ég vil þess vegna fara fram á það, hæstv. forseti, að þessari umræðu verði nú frestað. Ég á rétt til að tala hér aftur samkvæmt þingsköpum og hafði ætlað mér að gera það þegar hæstv. ráðherrar væru komnir til umræðunnar því málið er þess eðlis að það er ekki hægt að fullkomna skrípaleikinn með því að fara með þetta hér í gegn eins og þetta sé bara venjulegt frv. Ég ætla ekki að taka þátt í því, hæstv. forseti. Þess vegna fer ég fram á það um leið og ég bið um orðið, virðulegur forseti, að þessari umræðu verði frestað þar til hæstv. forsrh. og utanrrh. geta ásamt samgrh. verið viðstaddir framhald umræðunnar.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Það hefur komið fram ósk um að þessari umræðu verði frestað og verður forseti við þeirri ósk.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er bersýnilegt að fyrir hv. þm. vakir ekki annað en reyna að tefja þingstörf og efna til málþófs. Ef honum hefði verið alvara í því að óska eftir að umræðum yrði frestað vegna þess að viðkomandi ráðherrar eru fjarverandi hefði hann að sjálfsögðu rætt það við mig í upphafi þessa fundar eins og venja er til. Það eru kannski 14 dagar síðan flokksbróðir hans ræddi við mig um að fresta því að ég mælti fyrir stjfrv. þar sem menn væru fjarverandi þá umræðu. Ég varð góðfúslega við því enda eru fleiri mál á dagskrá í dag sem varða samgrn. en þetta eitt. En hitt að fara fram á að hann fái tækifæri til að endurtaka sömu ræðuna aftur er algerlega út í hött og óhjákvæmilegt, herra forseti, að óska eftir því við hv. þm. að hann reyni að fara eftir þeim venjum sem hér hafa viðgengist. Ef þess er óskað að umræðu sé frestað á að gera það áður en hún hefst með drengilegum hætti en ekki hlaupa síðar meir eftir umræðu í þeim tilgangi einum að halda uppi málþófi.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er óneitanlega dálítið spaugilegt þegar hv. þm. Halldór Blöndal er kominn hér upp til að segja að menn standi í málþófi og ráðleggja mönnum hvað þeir megi tala um og hvað ekki undir þingsköpum. Það er auðvitað ekki með neinum hætti hægt að tala um málþóf um þetta frv. Þessi umræða hefur staðið rétt rúman klukkutíma. Ef hv. þm. Halldór Blöndal er farinn að kalla það málþóf væri auðvitað fróðlegt að vita hvaða nafngift hann velur þeim ræðum sem hann flutti sjálfur hér á síðasta kjörtímabili.

Ég vil segja ráðherranum það einnig því hann hefur verið eins og jójó hér inn og út úr þingsalnum talandi við embættismenn í hliðarsölum og lesið dagblöð þannig að hann hefur lítið fylgst með hvað sagt hefur verið hér í ræðustólnum að áður en ég hóf mál mitt, hæstv. ráðherra, óskaði ég eftir því að hæstv. utanrrh., sem hafði verið í salnum einni mínútu áður, yrði kvaddur til umræðunnar á nýjan leik. Það getur hæstv. forseti staðfest. Þannig að áður en ég hóf að ræða málið efnislega bað ég um það að hæstv. utanrrh. yrði viðstaddur umræðuna. Auðvitað eru þessar ásakanir hæstv. ráðherra fullkomlega út í hött og koma málinu ekkert við. Það er bara sjálfsagt og eðlilegt að hæstv. utanrrh., sem var hér í þingsalnum örfáum mínútum áður en samgrh. hóf mál sitt, verði beðin um að koma til þessarar umræðu. Þar er ekki verið að tala um neitt málþóf. Þar er eingöngu verið að tala um að Alþingi Íslendinga geti gegnt þeirri skyldu sinni að ræða við ráðherra um þau mál sem eru á þeirra verksviði. Ég endurtek þess vegna ósk mína og frábið mér allar aðdróttanir frá hæstv. ráðherra í þeim stíl sem hann flutti hér áðan.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég tek undir þá ósk sem hér hefur komið fram um að fresta þessu máli þar til hæstv.

utanrrh. getur verið viðstaddur umræðuna. Mér finnst umræðan sjálf gefa tilefni til þessarar frestunar vegna þess að hér hefur verið spurt að því hvort nauðsynlegt sé að EFTA-ríkin sem aðilar að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði séu kaþólskari en páfinn, þ.e. lögtaki allar reglugerðir Efnahagsbandalagsins sem mikið vantar upp á að Evrópubandalagsríkin sjálf hafi lögtekið. Það nægir að minna á öll Suður-Evrópuríkin t.d. Ítalíu. Það er langur vegur frá að Ítalir hafi lögtekið allar þessar tilskipanir sem um er að ræða. Það eru reyndar Danir sem hafa kannski gengið lengst í því.

Við þessu hafa ekki fengist svör og það er greinilegt að þingmenn vilja gjarnan ræða þetta við hæstv. utanrrh. sem fer með samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Mér finnst mjög eðlilegt að við frestum þar með umræðunni þar til hann getur verið viðstaddur.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka það fram áður en lengra er haldið að umræðunni um 2. dagskrármál verður frestað.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég hlýt að endurtaka það sem ég sagði áðan að ég hef reynt eftir fremsta megni, ef stjórnarandstaðan hefur farið fram á að breytt sé dagskrá á fundum, að verða við þeirri beiðni. Það hefur komið fyrir af þeim sökum að það hefur dregist um nokkurn tíma að unnt sé að vísa málum til nefndar. Ég tel þess vegna ekki rétt að farið nú þegar það lá fyrir hér í upphafi fundar að forsrh. var ekki við og þegar það lá líka fyrir að utanrrh. var ekki hér við umræðuna. Ég geri ráð fyrir að þeir sem sjá til þeirra stóla þar sem þeim er ætlað að sitja og sjá að þeir eru ekki viðstaddir geti áttað sig á því að þeir séu fjarri. Þá hefði verið auðvelt að taka upp umræður um vegalögin eða umræður um áburðarverksmiðjuna til að nýta tímann. Það vill svo til að þingfundir hafa legið niðri í tvo daga vegna funda Norðurlandaráðs. Ég tel líka að það skipti máli fyrir fleiri en ráðherra að þingstörfin megi ganga vel. Þess vegna finnst mér eðlilegt að koma með þessa ábendingu.

Það kostaði stjórnarandstöðuna ekkert að óska eftir því við forseta að önnur röð yrði höfð á þeim málum sem hér eru á dagskránni. Þess vegna ítreka ég það sem ég sagði áðan að það hefði auðvitað verið bæði eðlilegt, þinglegt og skynsamlegt að bera þessar óskir fram í upphafi en koma þeim ekki fram á síðustu stundu og svo seint að mér virtist hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson rétt hanga í því að biðja um orðið um þingsköp áður en búið var að ljúka umræðunni. Ég varð því ekki var við það af þeim sökum að almennar óskir væru uppi meðal þingmanna um að þessari umræðu yrði slegið á frest og þess óskað að utanrrh. og forsrh. kæmu að málinu.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. samgrh. er eitthvað argur í sinni og er leitt að svo sé. Vona ég að það verði ekki langvarandi. Ég vil upplýsa hæstv. ráðherra um það að hæstv. utanrrh. var í salnum þegar hæstv. samgrh. hóf mál sitt og var að flytja framsöguræðu sína um þetta mál. Ég og fleiri héldum þess vegna að hæstv. utanrrh. ætlaði að vera áfram viðstaddur þessa umræðu. Nú segir hæstv. samgrh. að við hefðum átt að hlaupa til hans og segja honum frá því þegar utanrrh. var horfinn úr salnum að við vildum að hann væri hér. Þá var hæstv. ráðherra í ræðustól. Ég er eiginlega alveg hættur að skilja þetta, hæstv. ráðherra. Utanrrh. var í þingsalnum þegar umræðan hófst og ég hélt einfaldlega að hann ætlaði sér vegna tengsla málsins við Evrópskt efnahagssvæði að vera hér áfram.

Ég heyri nú að ráðherrann er farinn að berja í borið á þann táknræna hátt sem lýsir ákveðnu hugarástandi sem við öll þekkjum hér í salnum og ég ætla þess vegna ekki að ræða þetta mál frekar en aðeins upplýsa ráðherrann um það að ástæðan fyrir því að ég beið með að biðja um orðið var að hæstv. forseti hafði sagt mér að einn þingmaður væri enn á mælendaskránni. Það getur hæstv. forseti staðfest og hefur þegar gert núna með höfuðhneigingu sinni. Það var eina ástæðan. Þess vegna er veruleikinn oft miklu einfaldari, hæstv. ráðherra, og engar samsæriskenningar þurfa að vera hér í gangi um vinnubrögð okkar. Þetta er bara einföld ósk okkar um að ræða örfá atriði sem tengjast þessu máli. Nú vona ég að við getum öll verið glöð í sinni, hæstv. ráðherra, og hættum að berja í borðið með þessum hætti.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er mjög stutt. Hv. þm. óskaði eftir því nú, tók ég ekki rétt eftir, að forsrh. yrði við og hann var ekki hér í salnum þegar umræðan hófst. Ræða hans að öðru leyti hlýtur því að skoðast í því ljósi.

Umræðu frestað.

Vegalög, 1. umr.

Stjfrv., 314. mál (heildarlög). — Þskj. 540.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þessi umræða nú um vegalagafrv. er seinni en búist hafði verið við sem er vegna þess að stjórnarandstaðan kom að máli við mig og óskaði eftir því að umræðu yrði frestað til þess að ýmsir þingmenn hennar gætu komið að þeirri umræðu og varð ég að sjálfsögðu við þeirri beiðni enda staðið að henni með eðlilegum hætti.

Þetta vegalagafrv. hefur verið í undirbúningi um allnokkurt skeið. Árið 1990 var skipuð innanhússnefnd hjá Vegagerðinni til þess að hefja undirbúning að endurskoðun vegalaga. Þessi nefnd lauk störfum í árslok 1991 og voru tillögur hennar um breytt vegalög sendar samgrn. Í febrúar 1992 skipaði ég nefnd til

að endurskoða vegalögin. Í nefndinni áttu sæti Þórhallur Jósepsson, deildarstjóri í samgrn., sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Árni M. Mathiesen alþm., Gunnlaugur Stefánsson alþm., Karl Steinar Guðnason alþm., Pálmi Jónsson alþm., Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri, Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga, Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri hjá Vegagerðinni, og síðar Jón Rögnvaldsson, framkvæmdastjóri hjá sömu stofnun.

Núgildandi vegalög eru að stofni til frá árinu 1963 en þá fór fram gagnger endurskoðun á áðurgildandi vegalögum. Margar breytingar hafa verið gerðar á lögunum síðan, en síðast voru breytingarnar felldar inn í meginmál laganna árið 1977 og þau birt sem lög nr. 6 25. mars 1977. Síðan hefur lögum verið breytt alls sex sinnum, síðast árið 1989 er kaflanum um sýsluvegi var breytt vegna ákvarðana um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Þessar breytingar hafa verið á einstökum greinum eða köflum en heildarendurskoðun hefur ekki farið fram síðan 1963. Frá þeim tíma hefur bifreiðaeign stóraukist hér á landi og miklar breytingar orðið í landsamgöngum og þjóðfélaginu öllu. Er því ekki að undra þótt endurskoða og breyta þurfi vegalögum sem gilt hafa að stofni til í 30 ár.

Nefnd sú sem ég skipaði til að endurskoða vegalögin hefur farið yfir gildandi vegalög og áðurnefndar tillögur frá Vegagerðinni. Þá hefur hún einnig farið yfir önnur lög sem horfa þarf til við endurskoðun vegalaga. Niðurstöður nefndarinnar um breytt vegalög koma fram í þessu frv. sem ég mæli hér fyrir. Nefndin varð sammála í áliti sínu með þeirri undantekningu að fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga, Þórður Skúlason, skrifar undir nál með þeim fyrirvara sem kemur fram í séráliti hans á fskj. 3 með frv. Þá vek ég einnig athygli á fskj. 4 en þar kemur fram í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. að frv., ef að lögum verður, muni ekki eitt og sér hafa áhrif á heildarútgjöld til vegamála.

Frv. felur í sér verulegar breytingar á gildandi vegalögum. Þar er einnig að finna allmörg nýmæli. Loks eru ýmis ákvæði gildandi laga felld niður þar sem þau eiga ekki lengur við.

Meðal helstu nýmæla og breytinga í frv. vil ég nefna eftirfarandi:

1. Ákvæði þess um veghald og yfirstjórn vegamála. Vegahald er skilgreint með öðrum hætti en í gildandi lögum. Veghald er forræði yfir vegi og vegsvæði. Það er öllu víðtækari skilgreining en í gildandi lögum sem skilgreina veghald einungis sem vegagerð og viðhald vega. Samkvæmt gildandi lögum er Vegagerðin veghaldari allra opinberra vega. Þess utan er veghaldið eða forræði og ábyrgð á vegum ekki skilgreind í lögunum þó gera megi ráð fyrir að veghald einkavega sé í höndum eigenda þeirra. Um veghald ýmissa annarra vega, svo sem fjallvega, þjóðgarðavega og vega að fjölsóttum ferðamannastöðum hefur skort ákvæði í vegalög.

Með frv. er ráðin bót á þessu. Vegagerðin er veghaldari allra þjóðvega og þjóðvegir taka samkvæmt frv. til allra vega annarra en einkavega eins og nánar verður vikið að hér á eftir. Heimilt er vegamálastjóra að fela öðrum veghald einstakra vegarkafla eins og verið hefur og eru þær heimildir heldur rýmkaðar frá gildandi lögum.

Í framkvæmd hafa sveitarfélög að mestu annast veghald þjóðvega í þéttbýli og fengið úthlutað fé vegna þeirra samkvæmt vegáætlun. Ekki er ætlunin að þetta breytist í framkvæmd. Framsal veghalds annarra vega en þjóðvega í þéttbýli er nánast óþekkt þó heimilt hafi verið að framselja veghald sýsluvega. Framsalsheimildin verður almennari. Hún takmarkast ekki við tiltekna flokka þjóðvega. Enn fremur má fela einstaklingi, fyrirtæki, sveitarfélagi, stofnun eða samtökum þessara aðila veghald einstakra vegarkafla að nokkru eða öllu leyti.

Vegagerðin hefur á undanförnum árum í stóraukn um mæli fært verkefni frá ríkinu til aðila á almennum markaði. Þessar breytingar styrkja þá viðleitni og rýmka heimild til Vegagerðarinnar til að fela aðilum á almennum markaði einstök afmörkuð verkefni, sem vel eru til þess fallin að vera leyst af hendi á þeim. Veghald einkavegar er í höndum eiganda vegarins.

Nafni Vegagerð ríkisins er breytt í Vegagerðin. Nýja nafnið hefur þegar verið tekið upp innan stofnunarinnar og er notað í merki hennar á bréfsefni og öðrum skriflegum gögnum. Einnig er það yfirleitt þannig notað í almennri umræðu og daglegu tali.

Í gildandi vegalögum er fremur óljóst hvernig greint er formlega á milli verksviðs embættis vegamálastjóra annars vegar og Vegagerðarinnar hins vegar. Reynt er að draga skýrari línur að þessu leyti í frv. Embætti vegamálastjóra fer með samskipti við æðri stjórnvöld. Þegar ákvörðunarvald heyrir beint undir ráðherra leitar hann tillagna og meðmæla vegamálastjóra þegar slíkt er áskilið. Vegamálastjóri fer með vald til að framselja veghald. Önnur verkefni samkvæmt lögunum teljast vera almenn verkefni Vegagerðarinnar sem vegamálastjóri veitir forstöðu.

Í frv. er gerð veruleg breyting á flokkun vega. Í stað fjögurra vegflokka er nú aðeins gert ráð fyrir tveim, þ.e. þjóðvegum og einkavegum. Þá er sett fram sú stefna að þjóðvegakerfið skuli samfellt og tengja alla þéttbýlisstaði á landinu og býli í dreifbýli. Enn fremur skuli það tengja alla flugvelli og allar hafnir þar sem stundaðar eru reglubundnar áætlunarferðir. Þannig er undirstrikað að þjóðvegakerfið skuli vera hluti af heildarsamgöngukerfi landsins þar sem áætlunarsiglingar og áætlunarflug mynda hina þættina.

Með þessu eru felld niður sérstök ákvæði núgildandi laga um sýsluvegi og þjóðvegi í þéttbýli sem samkvæmt frv. eiga að falla undir almenn ákvæði um þjóðvegi. Sömuleiðis munu þeir vegir sem samkvæmt núgildandi lögum teljast aðalfjallvegir falla undir þessi almennu ákvæði.

Upphaflega voru sýsluvegir fjármagnaðir með fjárframlögum frá ríki samkvæmt vegáætlun og frá sýslum. Þetta hefur breyst þannig að fjármagn til þessara vega kemur nú alfarið frá ríkinu. Eru því naumast forsendur til þess að um þá gildi önnur ákvæði en aðra þjóðvegi. Hins vegar er lagt til að um skiptingu fjárveitinga á þessum vegum verði fjallað af héraðsnefnd-

um eða vegasamlögum, sbr. V. kafla lagafrv. þessa. Þetta er óbreytt frá gildandi tilhögun um sýsluvegi.

Í frv. er eins og áður sagði lagt til að þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum falli niður sem sérstakur vegflokkur. Þegar núgildandi lög voru sett voru aðstæður mjög frábrugðnar því sem nú er. Flestar þær götur sem hér um ræðir voru ófullgerðar og bundið slitlag vart til utan höfuðborgarsvæðisins og stærstu kaupstaða. Nú er svo komið að bundið slitlag er á nálega öllum þeim götum sem hér um ræðir og er gerð þeirra að langmestu lokið með þeirri undantekningu að vaxandi þörf er á gerð kostnaðarsamra umferðarmannvirkja á höfuðborgarsvæðinu.

Það hefur hins vegar sýnt sig að sveitarfélögin eru mjög misjafnlega í stakk búin til að annast viðhald vega þessara og er það mjög háð stærð þeirra og staðsetningu. Þá er sú aðferð sem núgildandi vegalög gera ráð fyrir að notuð sé við skiptingu fjármagns til vega þessara ekki heppileg þar eð lengd veganna fer ekki endilega eftir íbúafjölda sveitarfélaga og viðhaldsþörf er auk þess mjög sveiflukennd frá ári til árs. Er því gert ráð fyrir að vegir þessir falli undir almenna flokkun vegakerfisins að svo miklu leyti sem þeir falla undir ákvæði 1. mgr. 8. gr. frv. en falli ella undir gatnakerfi viðkomandi sveitarfélags. Athugun bendir til að mikill hluti núverandi þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum verði áfram þjóðvegir. Á nokkrum stöðum færast vegir til sveitarfélaga og fáeinir nýir þjóðvegir bætast við. Slíkar breytingar verða einkum á höfuðborgarsvæðinu.

Gert er ráð fyrir að Vegagerðin nýti sér heimild 5. gr. frv. og semji við viðkomandi þéttbýlissveitarfélög um viðhald þjóðvega innan þéttbýlis að meira eða minna leyti, gegn umsaminni greiðslu. Þó verður að gera ráð fyrir að samningar þessir geti verið mismunandi víðtækir og þannig tekið tillit til mismunandi aðstæðna á hverjum stað.

Framkvæmdir við nýbyggingar verða fjármagnaðar með fjárveitingum af vegáætlun hverju sinni. Sá háttur hefur í vaxandi mæli verið viðhafður undanfarið með sérstökum fjárveitingum til framkvæmda á þjóðvegum á höfuðborgarsvæðinu.

Eins og áður sagði eru almenn ákvæði um meginmarkmið þjóðvegakerfisins ákvarðandi um hvaða vegir skuli teljast þjóðvegir. Samkvæmt 8. gr. verða götur í þéttbýli á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags og tilheyra ekki þjóðvegakerfinu nema þær séu hluti af heildarsamfellu vegakerfis landsins. Lagt er til að þetta gildi án tillits til íbúafjölda þéttbýlis þar eð eðlilegast hlýtur að vera að almennt gatnakerfi þéttbýlisstaða sé alfarið á ábyrgð (einnig fjárhagslega) viðkomandi sveitarfélags án tillits til stærðar. Sama gildir um vegi til almennra atvinnufyrirtækja.

Lagt er til að nöfn vegflokka verði stofnvegir, tengivegir, safnvegir og landsvegir. Þrjú fyrstu nöfnin eru hliðstæð þeim sem notuð eru í skipulagsreglugerð.

Stofnvegir samsvara núverandi stofnbrautum eins og þeim er lýst í 12. gr. núgildandi vegalaga. Þó er breytt því ákvæði sem fjallar um tengingu þéttbýlisstaða með 200–400 íbúa og miðað við 5 km fyrir hverja 100 íbúa (50 m/íbúa) í stað 1 km gildandi lögum. Þá er og bætt við ákvæði um að stofnvegur nái til mikilvægasta athafnastaðar í þéttbýli ef vegurinn endar í þéttbýlinu. Hliðstætt ákvæði er að finna í 24. gr. gildandi laga, kaflanum um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum, en gera má ráð fyrir að langflestir núverandi þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum verði stofnvegir.

Tengivegir samsvara að mestu leyti þeim vegum sem samkvæmt gildandi lögum teljast þjóðbrautir, sbr. 12. gr. núgildandi vegalaga. Lagt er til að tengivegur nái að fjórða býli frá vegarenda en samkvæmt gildandi lögum nær þjóðbraut að þriðja býli frá vegarenda. Þetta hefur í för með sér að nokkrir vegarkaflar sem í dag teljast þjóðbrautir koma til með að verða safnvegir eins og komið verður að hér á eftir. Þeir þjóðvegir innan þéttbýlisstaða sem ekki yrðu stofnvegir féllu undir þennan vegflokk, sömuleiðis vegir að flugvöllum, höfnum og bryggjum.

Safnvegir samsvara sýsluvegum skv. 19. gr. núgildandi laga að svo miklu leyti sem þeir geta samrýmst ákvæðum um þjóðvegi. Þannig verður að gera ráð fyrir því, eins og áður sagði, að götur í þorpum með innan við 200 íbúa verði kostaðar af viðkomandi sveitarfélagi svo fremi að þær séu ekki hluti af samfelldu vegakerfi landsins. Einnig verða heimildarvegir samkvæmt d- og e-liðum 19. gr. núgildandi laga kostaðir af viðkomandi sveitarfélagi en geta þó í mörgum tilfellum notið styrkja af þjóðvegafé eins og síðar verður að vikið.

Landsvegir samsvara aðalfjallvegum og öðrum fjallvegum eins og ákveðið kann að verða, þjóðgarðavegum og vegum að fjölsóttum ferðamannastöðum, sbr. 38. gr. núgildandi laga. Nýtt ákvæði er um að ráð skuli gert fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og þjónustu á vegum þessum en á öðrum vegum. Ákvæði þetta er sett með tilliti til þess að enn sem komið er er tæknilega og fjárhagslega illmögulegt að halda vegum þessum opnum að vetrinum og einnig verður að krefjast sérbúinna bifreiða til aksturs á mörgum þessara vega.

Við gerð fyrstu vegáætlunar samkvæmt lögunum eins og þau liggja fyrir í frv. þessu þarf Alþingi að ákveða skrá um stofnvegi og tengivegi, héraðsnefndir eða vegasamlög þurfa að semja skrár um safnvegi og samgrh. að staðfesta skrá um landsvegi. Hjá Vegagerðinni hafa verið gerð frumdrög slíkra skráa. Á fskj. 2 með frv. eru sýndar vegalengdir hvers vegflokks eftir kjördæmum samkvæmt þessum frumdrögum og samanburður við lengdir vegflokka samkvæmt gildandi vegalögum.

Í ákvæðum frv. um flokkun vega felast bæði kerfisbreytingar og flutningar vega milli flokka. Ekki verður frekar farið út í þá sálma hér, en það kemur til kasta samgn. að fara yfir hinar nýju reglur og drög Vegagerðarinnar að vegaskrám samkvæmt þeim. Rétt er að taka fram að ákvæði frv. um þessi atriði geta samkvæmt eðli máls ekki öðlast gildi fyrr en við næstu reglulegu endurskoðun vegáætlunar eftir samþykkt frv. Ákvæði sem lúta að þessu eru sett fram í 61. gr. þar sem fjallað er um gildistöku laganna.

Svo sem að framan var getið er nú lagt til að einkavegir verði annar af meginflokkum vegakerfisins og að allir vegir aðrir en þjóðvegir verði einkavegir. Gert er ráð fyrir að einkavegirnir skiptist í tvo undirflokka, þ.e. vegi sem veita má fé til af vegáætlun, svokallaðir styrkvegir, og vegi sem alfarið eru kostaðir af eigendum sínum. Eigendur einkavega geta verið einstaklingar eða samtök þeirra, fyrirtæki eða stofnun, sveitarfélög eða samtök þeirra. T.d. er gert ráð fyrir að götur í þéttbýli verði einkavegir í skilningi vegalaga. Hins vegar gerir frv. ráð fyrir að Alþingi sé heimilt að styrkja gatnagerð í þéttbýli og framkvæmdir við aðra þá vegi sem taldir eru upp í 16. gr. frv. en flesta þeirra er samkvæmt gildandi vegalögum heimilt að taka í tölu sýsluvega. Heildarframlag til slíkra vega skal ákveðið í vegáætlun en gert er ráð fyrir að ráðherra skipti fjárveitingu til einstakra framkvæmdaflokka að fengnum tillögum vegamálastjóra.

Skýrt er kveðið á um að þeir sem sækja um og fá fé til framkvæmda við styrkvegi skuli annast viðhald þeirra og að engar skyldur hvíli á ríkissjóði þeirra vegna.

Reynsla af þeim ákvæðum sem núgildandi lög innihalda um gerð vegáætlunar er að flestu leyti mjög góð og gerir frv. ekki ráð fyrir neinum verulegum breytingum á þeim. Þá er lagt til að sú vinnuaðferð sem viðhöfð hefur verið við skiptingu fjárveitinga til stofnbrauta og þjóðbrauta undanfarna áratugi verði lögfest fyrir stofnvegi og tengivegi. Samkvæmt þessu er fjármagni skipt milli kjördæma miðað við hlutfall kostnaðar, notkunar og ástands vega. Sambærilegar reglur verða notaðar við skiptingu fjárveitinga til safnvega milli héraðsnefnda eða vegasamlaga.

Samkvæmt frv. haldast þau ákvæði að vegáætlun er gerð til fjögurra ára og endurskoðuð annað hvert ár. Þetta hefur í flestum tilfellum reynst vel. Þó tel ég að þegar vegáætlun hefur verið endurskoðuð á kosningaþingi hafi mönnum hætt til yfirboða sem í sumum tilfellum hefur þurft að afturkalla að kosningum loknum. Væri athugandi hvort ekki ætti að setja heimildarákvæði inn í lögin um að fresta megi endurskoðun þar til kosningar eru afstaðnar í þessum tilfellum.

Einn af þeim liðum sem tilheyrir vegáætlun eru ferjur og rekstur þeirra. Í gildandi vegalögum eru ýmis ákvæði um lögferjur sem ekki eiga lengur við vegna breyttra samgönguhátta og er gert ráð fyrir að þau falli niður nú. Þar er einnig heimild til að greiða kostnað við bifreiðaferjur yfir vötn og firði og bryggjur þeirra vegna af vegafé. Þessi heimild hefur ekki verið notuð hingað til. Með afgreiðslu fjárlaga 1993 á Alþingi í desember sl. var kostnaður ríkisins við ferjur og flóabáta tekinn með útgjöldum til vegamála. Í vegáætlun þeirri fyrir árin 1993–1996, sem nú liggur fyrir Alþingi, er þessi liður tekinn á sama hátt og önnur útgjöld í áætlun.

Í 23. gr. frv. er heimildarákvæði gildandi laga tekið efnislega upp. Jafnframt eru sett þau skilyrði fyrir þátttöku ríkisins í kostnaði að ferja komi í stað vegarsambands um stofnveg eða tengiveg a.m.k. hluta úr árinu. Slíkar ferjur þjóna þá byggðarlögum sem tengjast með stofnvegum eða tengivegum en búa við vetrareinangrun, svo og þeim eyjabyggðum sem ættu að tengjst með slíkum vegum ef unnt væri.

Flestar ferjur sem nú eru í rekstri falla undir skilgreiningu frv. og eru því styrkhæfar. Dæmi eru þó til um hið gagnstæða og má þar nefna Akraborgina. Verði frv. óbreytt að lögum þarf að taka þessar ferjur til sérstakrar skoðunar. Er eðlilegt að þær fái nokkurn aðlögunartíma að hinum nýju aðstæðum.

Í XIII. kafla laganna um gildistöku er ákvæði til bráðabirgða sem segir að taka megi þátt í kostnaði í slíkum tilvikum í allt að þrjú ár frá gildistöku laganna. Samkvæmt frumvarpsgreininni má líta á ferjur sem hluta af vegakerfinu. Ákvæði er um að gerð skuli grein fyrir fjárveitingum til einstakra ferjuleiða í vegáætlun. Er þá haft í huga að stofnkostnaður vega er sundurgreindur eftir vegum og vegarköflum en rekstrarþjónusta ekki.

Á Alþingi 1981 var samþykkt þál. um gerð langtímaáætlunar um vegagerð. Í framhaldi af því var unnið að gerð langtímaáætlunar árin 1982 og 1983. Tillagan hlaut mikla þinglega meðferð en ekki formlega afgreiðslu. Hið sama á við um síðari langtímaáætlanir sem gerðar hafa verið. Þótt langtímaáætlanir hafi ekki verið formlega afgreiddar, hefur reynsla af þeim verið góð og þær létt mjög vinnu við gerð vegáætlunar og stuðlað að markvissum vinnubrögðum. Því þykir rétt að lögfesta ákvæði um áætlunina og skapa henni þannig fastari grundvöll.

Efnislega er stuðst við þá reynslu sem fengist hefur við vinnu við gerð langtímaáætlunar á undanförnum árum. Lagt er til að lengd áætlunartíma verði 12 ár eða þrjú vegáætlunartímabil. Þá skal gera grein fyrir markmiðum áætlunarinnar sem líta má á sem meginmarkmið fyrir Vegagerðina hverju sinni. Gerð skal grein fyrir áætlaðri fjáröflun og skiptingu útgjalda til einstakra framkvæmdaflokka og liða. Áætlunin myndar þannig ramma fyrir gerð vegáætlunar.

Loks skal ákveða á hvaða tímabili skuli stefnt að framkvæmdum við einstaka vegarkafla á stofnvegum. Slík röðun er í raun ómetanleg til að stuðla að markvissum undirbúningi verka.

Þá er ákvæði um gildistöku áætlunarinnar og að endurskoða skuli áætlunina á fjögurra ára fresti og þá skuli bætt einu fjögurra ára tímabili við. Ákvæði þessi eru hliðstæð þeim sem gilt hafa og lagt er til að gildi áfram um vegáætlun.

Samkvæmt skipulagslögum frá 1978 eru öll sveitarfélög skipulagsskyld. Öll mannvirki önnur en byggingar á lögbýlum skulu byggð í samræmi við áður gerða skipulagsuppdrætti. Ný ákvæði eru tekin inn í frv. til að árétta þetta að því er varðar vegi. Vegir skulu lagðir í samræmi við skipulag en skylt er að hafa samráð við Vegagerðina þegar lega þeirra er ákveðin í skipulagi.

Sveitarfélög fara með skipulagsmál samkvæmt skipulagslögum undir yfirstjórn umhvrn. en það hefur skipulagsstjórn og skipulagsstjóra sér til ráðuneytis. Sveitarstjórnir hafa þar vald á legu vega án þess að því hafi fylgt fjárhagsleg ábyrgð.

Eðlilegt þykir að saman fari vald og ábyrgð og því skuli sveitarstjórnir samkvæmt 29. gr. frv. greiða mismun kostnaðar, ef dýrari lausnir eru sérstaklega valdar að þeirra ósk, náist ekki samkomulag milli Vegagerðarinnar og viðkomandi sveitarfélags.

Hingað til hefur Vegagerðin lagt bann við uppsetningu hvers kyns merkja og auglýsinga óviðkomandi veginum og vegsvæðum þjóðvega. Mikilvægt er talið að ekki séu auglýsingar eða merki óviðkomandi veginum á vegsvæðinu. Þau draga að sér athygli ökumanna og auka með því hættu á slysum á þjóðvegum landsins. Ekki hefur legið ljóst fyrir hvort Vegagerðin mætti banna uppsetningu auglýsinga og merki á mannvirkjum í eigu annarra en ríkisins sem reist er yfir veg. Frv. tekur af tvímæli um þetta atriði enda ástæðulaust að annað gildi um auglýsingar sem eru yfir veginum en auglýsingar sem eru annars staðar á vegsvæðinu.

Það er viðurkennd meginregla að eignarnámsbætur skuli því aðeins greiða að eignarnámsþoli hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni við eignarnámið. Ákvæði vegalaga eru gerð skýrari hvað þetta varðar, m.a. eftir fyrirmynd í skipulagslögum. Tekið er fram að hækki land í verði jafnmikið eða meira en sem nemur bótaskyldu tjóni skuli engar bætur greiða. Aðrar hagsbætur sem áhrif kunna að hafa á verðmæti eignanna geta komið til frádráttar bótum eða jafnvel leitt til þess að engar bætur skuli greiða. Er það í samræmi við fyrrgreinda meginreglu.

Að lokum nefni ég að bönnuð er lausaganga búfjár á vegsvæðum þar sem girt hefur verið báðum megin vegar, sbr. 56. gr. Í gildandi lögum hafa sveitarstjórnir heimild til að setja reglur um búfjárhald, þar á meðal að hafa búfé í vörslu. Í mörgum sveitarfélögum hafa verið settar reglur um vörslu búfjár. Víða er í gildi bann við lausagöngu búfjár á vegsvæðum fjölfarinna þjóðvega. Stefna ber að því að banna lausagöngu á vegsvæðum þjóðvega sem allra víðast vegna þeirrar slysahættu sem af hlýst. Núgildandi tilhögun leiðir til misræmis þar sem mismunandi reglur gilda eftir sveitarfélögum. Það skerðir mjög öryggi vegfarenda að ekki gildi sömu reglur um allt land. Frv. bætir að nokkru úr þessu og ætti að leiða til fækkunar allt of tíðra slysa á búfé og vegfarendum.

Ég hef farið yfir helstu nýmæli og breytingar í frv. Ýmis atriði eru þó enn ótalin enda er hér allmikill lagabálkur á ferðinni, 62 greinar í 13 köflum. Frv. fjallar um málaflokk sem skiptir mjög miklu fyrir atvinnulífið í landinu og þjóðlíf allt.

Í upphafi máls míns nefndi ég að gildandi vegalög væru að stofni til 30 ára gömul. Það er því mjög aðkallandi að endurskoða þau og færa að þörfum nútímans. Ég legg til, hæstv. forseti, að málinu verði vísað til samgn. og 2. umr. Ég vonast til að unnt verði að afgreiða það á þessu þingi.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegur forseti. Við erum að ræða mikilsvert mál þar sem eru breytingar á vegalögum. Þau eru að stofni til orðin 30 ára gömul enda þótt þeim hafi verið breytt margoft á tímabilinu.

Eins og kom áðan fram í ræðu hæstv. ráðherra þá var fyrst sett á laggirnar nefnd innan Vegagerðar ríkisins til að endurskoða vegalögin og gera frv. til nýrra vegalaga. En hæstv. samgrh. setti síðan á stofn nýja nefnd í febrúar sl. eins og segir í athugasemdum með lagafrv. Í þeirri nefnd eru settir átta menn, þar af eru fjórir alþingismenn sem eru allir úr stjórnarmeirihlutanum, þ.e. í nefndinni er enginn þingmaður úr minni hluta á Alþingi. Nú er ég ekki að deila á að þetta séu ekki ágætis menn sem hafa verið skipaðir í nefndina. Ég efa ekki að þeir hafi unnið af heilindum, en ég vil þó gagnrýna að aðeins skuli hafa verið teknir þingmenn úr stjórnarliði en enginn þingmaður úr stjórnarandstöðunni á Alþingi.

Ég tel að málaflokkur eins og samgöngumál og ekki hvað síst vegamál séu þverpólitísk mál enda hefur það sýnt sig að þingmannahópar hafa yfirleitt náð samstöðu um þau mál á þingi og getað lagt til niðurstöður sameiginlega um fjárveitingar til verkefna hver í sínu kjördæmi. Ég tel því að ekki hefði þurft að fara gjörsamlega pólitíska línu við að skipa nefnd til að endurskoða vegalög.

Þetta lagafrv. tekur á því að breyta vegakerfinu nokkuð, þ.e. heiti vega og skilgreiningum á þjóðvegum og stofnvegum. Þar eru nokkuð veigamiklar breytingar sem er ekki hægt að gera skil í ræðu í þinginu heldur verður að fjalla nánar um það í samgn., ekki hvað síst með tilliti til þeirra fjárframlaga sem eiga að fara í viðkomandi vegaflokka. Með frv. er greinilegt að verið er að auka vald Vegagerðarinnar til að ákveða hvaða flokkum hver vegarspotti tilheyrir. Greinilega er verið að færa það á þann veg að heimamenn og sveitarstjórnir á hverjum stað taki meiri þátt í uppbygginu vega og viðhaldi. Í 51. gr., sem er um vetrarþjónustu, er sagt að kostnaður við vetrarþjónustu skuli talinn með öðrum viðhaldskostnaði vega. Ef snjómokstur er talinn sem vetrarþjónusta er hann tekinn af óskiptu vegafé. Hér er sagt að kostnað við vetrarþjónustu skuli telja með öðrum viðhaldskostnaði vega. Mér er því spurn: Á að taka það af viðhaldskostnaði vega innan hvers kjördæmis og fer það þá eftir almennum skiptireglum? Einnig segir í greininni að Vegagerðinni sé heimilt „að binda vetrarþjónustu því skilyrði að allur kostnaður við hana eða hluti hans verði greiddur með framlagi úr héraði."

Ég vil einnig gera að það umtalsefni í sambandi við vetrarþjónustu að þegar við í samgn. og fjárln. ræddum um skiptingu á styrkjum til vetrarsamgangna kom fram ákveðin tregða við að deila þeim styrkjum út til vetrarsamgangna. Rekstrarstjóri Vegagerðarinnar sagði okkur að Vegagerðin greiddi ævinlega helminginn á móti því sveitarfélagi sem vildi láta moka innan sveitarfélags síns, þ.e. dreifbýlissveitarfélögin. Þegar ég spurðist fyrir um þetta í fámennum sveitarfélögum á Vestfjörðum var svarið það að þeir greiða vissulega helming en þeir vilja ráða því hvenær er mokað, þeir vilja meta það sjálfir hvort þörf er á að moka og þeir vilja leggja til sín eigin tæki til þess moksturs en ekki

þau tæki sem sveitarstjórnirnar hafa kannski með margra ára fjárframlögum komið sér upp til að hafa á staðnum. Það getur því verið erfitt um vik fyrir sveitarfélög að nýta sér það ákvæði að Vegagerðin greiði helming kostnaðar við snjómokstur innan sveitar.

Áreiðanlega er full þörf á því að endurskoða vegalög, ekki hvað síst með tilliti til þess hversu gömul þau eru orðin en ég tel að í frv. sé viss tilhneiging til að færa valdið frá heimamönnunum og meira til Vegagerðarinnar og án þess að Vegagerðin sé þá skyldug eða þurfi að hafa lögboðið samráð við heimamenn. Í því sambandi er hægt að vísa til sérálits Þórðar Skúlasonar sem var fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga í nefndinni sem endurskoðaði vegalögin. Hann gagnrýnir t.d. að flokkun stofn- og tengivega í þéttbýli, sem nú á að koma í staðinn fyrir þjóðvegi í þéttbýli, leiði til þess að stofn- og tengivegir í þéttbýli verði um þriðjungi styttri en þjóðvegir í þéttbýli eru nú og þar af leiðandi kemur meiri kostnaður yfir á sveitarfélögin. Þannig mundi þriðjungur stofn- og viðhaldskostnaður þjóðvega í þéttbýli færast yfir til sveitarfélaganna, auðvitað án þess að þeim yrði nokkuð bættur sá kostnaður eins og venjulega hefur gerst þegar verið er að færa meira af kostnaði yfir á sveitarfélögin. Hann leggur því áherslu á að skipuð sé sérstök samstarfsnefnd Vegagerðarinnar og Sambands ísl. sveitarfélaga til að fjalla um framkvæmd þessara laga ef frv. verði að lögum. Verkefni hennar á að vera að fylgjast með og móta samstarfsverkefni og samninga sveitarfélaganna og Vegagerðarinnar, sérstaklega hvað varðar stofn- og tengivegi í þéttbýli.

Ég vil taka undir það sem hann hefur bókað um málið og tel að sveitarfélögin hafi mikilla hagsmuna að gæta hvað varðar flokkun veganna. Þetta væri breyting frá því sem er í núgildandi vegalögum þar sem ákvæði í núgildandi lögum segir: „Við samningu tillagna sinna sinna skal vegamálastjóri leita álits hlutaðeigandi sveitarstjórnar og skipulagsnefndar ríkisins." Ekkert slíkt ákvæði virðist vera í frv.

Í þessu frv. er einnig ákvæði um gerð langtímaáætlunar sem var unnin í fyrsta sinn árið 1983 að mig minnir eftir þál. Alþingis frá 1981. Sú langtímaáætlun sem ætti að vera í gildi núna og menn hafa oft vitnað til í umræðum um vegamál var raunar aldrei samþykkt á Alþingi. En eftir henni hefur þó að miklu leyti verið farið. Tekið hefur verið tillit til hennar. Í þessu frv. er þetta 28. gr. og þar segir að áælunin skuli vera til 12 ára og endurskoðuð að liðnum hverjum fjórum árum á tímabilinu og hana skuli afgreiða í endanlegu formi sem þál. um langtímaáætlun í vegagerð.

Ég tel að það sé rétt stefna að taka þetta upp og setja þetta inn í vegalög. Ég held að gott sé að hafa það við að styðjast. Það hefur sýnt sig að sú langtímaáætlun sem hér var lögð fram síðast og tekur yfir það tímabil sem við erum á núna og lengur, eða til ársins 2002 að mig minnir, hefur sannað gildi sitt þó hún hafi ekki verið samþykkt.

23. gr. í þessu frv. er um ferjumálin. Í þá grein er sett að heimilt sé að greiða af vegáætlun kostnað við ferjur til flutnings á fólki og bifreiðum yfir sund og firði enda komi ferjan í stað vegasambands um stofnveg eða tengiveg, a.m.k. hluta úr ári. Einnig sé heimilt að greiða hluta af kostnaði við bryggjur. Í framsöguræðu hæstv. ráðherra áðan kom einnig fram að hann hugsar sér að verði þetta frv. að lögum hafi rekstur ferja- og flóabáta a.m.k. þriggja ára aðlögunartíma, jafnvel þó svo að þær uppfylli ekki þessi skilyrði. Hér segir í ákvæði til bráðabirgða að heimilt sé að greiða hluta kostnaðar við ferjur í allt að þrjú ár frá gildistöku laganna þótt skilyrðum sé ekki fullnægt að öllu leyti í þessari grein.

Nýlega er komin út skýrsla um ferjur og flóabáta sem unnin hefur verið af Ríkisendurskoðun og ekki farið að fjalla um hana að ég held á neinum vettvangi nema fjölmiðlar hafa eitthvað gert því skil. Fjallað verður um þá skýrslu í fjárln. og ég tel eðlilegt að fjárln. vísi þeirri umfjöllun síðan til samgn. því mjög miklar upplýsingar er að hafa í skýrslunni um ferjur og flóabáta og greinilegt að þar má ýmislegt betur fara. Hvort það verður til þess að mikill uppskurður verður gerður á ferjum og flóabátum í því frv., sem við erum að ræða, skal ég ekki segja um en ég tel að þetta sé mál sem þurfi allmikla umræðu og umfjöllun bæði innan nefnda þingsins og í þinginu.

Eins og ég sagði í upphafi er verið að breyta mjög heitum vega og skilgreiningum á þeim. Ég er ekki tilbúin að ræða það enda tæplega búin að bera það saman við núgildandi vegalög til að geta sagt fyrir um hvort það sé endilega það rétta sem hér sé verið að gera. Það tel ég að þurfi að skoða nákvæmlega. En í fylgiskjali 2 með frv. er tafla yfir það hverjir eru þjóðvegir, sýsluvegir og aðalfjallvegir 1. jan. 1992 og svo vegakerfið samkvæmt frv. og þessu er skipt niður á kjördæmi. Mér sýnist að þessir fjórir flokkar, stofnvegir, tengivegir, safnvegir og landsvegir, sem eiga að koma í stað þjóðvega, sýsluvega og aðalvega, muni vera þeir sem séu álitnir vera verkefni Vegagerðarinnar og hafi fjárframlög í samræmi við það.

Ef ég fer aðeins yfir niðurstöðutölur úr þessari töflu þá hefur Suðurland í þessum flokkum 2.494 km samkvæmt því sem gildir í dag en hefði 3.113 km samkvæmt frv. Reykjanes hefur 571 km samkvæmt því kerfi sem gildir en hefði 591 km samkvæmt frv. Vesturland hefur 1.874 km en hefði 1.932. Vestfirðir hafa 1.856 km samkvæmt þjóðvega-, sýsluvega- og aðalfjallvegakerfi í dag en fengju um 300 km minna eða 1.574 km í þessum fjórum flokkum samkvæmt frv. Norðurl. v. hefur 1.699 km samkvæmt núgildandi lögum en hefði 1.707 km samkvæmt frv. Norðurl. e. hefur 1.950 km samkvæmt núgildandi lögum en fengi 2.172. Austurland hefur 1.984 km en fengi 2.169 samkvæmt þessum flokkum. Því er greinilegt að flest kjördæmi landsins fá aukningu í þessum flokkum. Nú skal ég ekki segja um hvort þeir eru algerlega sambærilegir, ég hef ekki getað borið þá saman enn þá. En öll kjördæmin fá aukningu í þessum flokkum sem virðast samkvæmt töflunni eiga að vera sambærilegir nema Vestfirðir. Vestfirðir fá þarna 300 km styttri vegalengdir sem teljast til stofn-, tengi-, safn- og landvega. Ég vildi þess vegna biðja um skýringu á því hvort veg-

irnir á Vestfjörðum, sem þarf að telja til þjóðvega, sýsluvega og aðalfjallvega, hafi allt í einu styst. Kannski menn séu bara búnir að brúa firði og fara í gegnum fjöllin og þess háttar. Það getur svo sem vel verið að tiltæk skýring sé á þessu, en ég vildi gjarnan heyra þá skýringu og má vel vera að hún sé mjög eðlileg. En þetta stingur í augun þegar maður les töfluna.

Í 24. gr. er rætt um að a.m.k. einum hundraðshluta af tekjum samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar skuli varið til rannsókna og tilrauna við vega- og gatnagerð undir stjórn Vegagerðarinnar. Það tel ég að sé rétt stefna að hafa ákveðinn hluta af fjármagninu til rannsókna og tilrauna því að alltaf verður að fylgjast með því sem er að gerast og við höfum séð hversu miklar framfarir verða oft á stuttum tíma í vegagerð. Því tel ég rétt að ákveða einhvern hundraðshluta af tekjum til þess að standa fyrir rannsóknum og þróunarstarfsemi í þessu sem öðru.

Ég hef ekki hugsað mér að fara yfir hverja grein í frv. Til þess gefst að sjálfsögðu tími þegar frv. kemur til umfjöllunar í hv. samgn. og ég verð að láta þess getið að ég hlakka ólíkt meira til þess að fjalla um þetta frv. en það sem við vorum að ræða hér rétt áðan. Mér finnst þetta svolítið meira spennandi að takast á við að skoða, en það er kannski annað mál.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta miklu meira annað en það að ég vil nefna það í sambandi við dreifbýlissveitarfélögin og þá tengivegi, sem nú eiga að kallast svo og eiga að ná heim að bæjum, þ.e. sem líklega eru í dag sýsluvegir. Nú á að breyta því þannig að tengivegir eigi að ná að fjórða býli frá vegarenda í stað þriðja sem þjóðbrautirnar ná núna til, ekki sýsluvegir. Þarna er verið að lengja þá kafla sem teljast þá vera innansveitarvegir, þ.e. vegurinn nær yfir fjögur býli í staðinn fyrir þrjú sem hingað til hefur verið og það hlýtur líka að auka kostnað sveitarfélaganna á hverjum stað eða þeirra sjóða sem þeir hafa til þessarar vegagerðar þar sem hér er verið að lengja kaflann sem tilheyrir þá sveitarfélögunum að sjá um. Það má einnig geta þess að vegurinn getur lengst jafnvel enn þá meira vegna þess að ef aðeins þau býli, sem vegurinn liggur fram hjá, eru talin þá getur líka verið að inn á milli þeirra sé eitthvað farið í eyði. Þá lengist vegurinn enn þá meira. Ég held að þarna sé líka atriði sem þarf að skoða vel.

Ég ætla að öðru leyti ekki að lengja umræðuna og sé raunar að fundartími okkar núna er að verða búinn og vísa þessu þá til frekari umræðu af minni hálfu í samgn.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4.–10. mál.

Fundi slitið kl. 3.57 síðdegis.

---

120. FUNDUR

fimmtudaginn 4. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá (fyrirspurn):
Til fjármálaráðherra:
Frágangur fjárlaga 1993, fsp., 369. mál, þskj. 650.

Frágangur fjárlaga 1993, ein umr.

Fsp. GHelg, 369. mál. — Þskj. 650.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Í tíð síðustu ríkisstjórnar varð nokkur umræða um frágang fjárlaga og snerist sú umræða um að skuldbindingar sem ríkissjóður tæki á yfirstandandi fjárlagaári væru sýndar þó að þær kæmu ekki til greiðslu á því sama ári.

Sú fsp. sem liggur fyrir á þskj. 650 fjallar hins vegar um tekjuhlið fjárlaga og snýst um það að 4 milljarðar, sem lagðir voru aukalega í skatta á landsmenn skömmu fyrir jól, eru ekki sýnilegir í fjárlögum. Ég gerði því fsp. til formanns fjárln. sem sendi hana áfram til hæstv. ráðherra um hvort þetta gæti talist eðlilegt. Rök fjmrn. voru þau að skattahækkunin væri tekjur sveitarfélaganna þar sem henni sé ætlað að koma í stað aðstöðugjalds sem fellt hefur verið niður og sé einungis ráðstöfun til eins árs. Þó þetta væri rétt er fráleitt að sýna ekki tekjur og gjöld upp á 4 milljarða í fjárlögum ríkisins. Auk þessa er þetta heldur ekki rétt. Hér er ekki um að ræða tekjur sveitarfélaganna að mínu mati heldur greiðslu úr ríkissjóði til að bæta sveitarfélögunum missi aðstöðugjaldsins og greiðslur úr ríkissjóði eiga að koma fram í fjárlögum. Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. fjmrh. spurninga á þskj. 650 sem hljóða svo, með leyfi forseta:

„1. Telur ráðherra það samrýmast lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, nr. 52/1966, að auknar skatttekjur ríkissjóðs vegna efnahagsráðstafana ríkisstjórnarinnar, að upphæð 4 milljarðar króna, koma ekki fram í fjárlögum 1993?

2. Verða lögð fram fjáraukalög til leiðréttingar á fjárlögum ársins 1993 vegna þessa?

3. Hvernig koma umræddir 4 milljarðar króna fram í ríkisreikningi ársins 1993 ef þá verður ekki að finna í fjárlögum eða fjáraukalögum þess árs?“

Hæstv. fjmrh. beitti sér mjög á sínum tíma í tíð fyrrv. hæstv. fjmrh., Ólafs Ragnars Grímssonar, fyrir því að ríkisreikningur og fjárlög væru sem næst hvort öðru þannig að auðvelt væri að tryggja að eftirlit væri haft með ríkisfjármálum og auðvelt væri að sjá þær tölur sem að baki lægju. Ég taldi því rétt að leita svara hjá hæstv. ráðherra hvað hefur gerst sem hefur breytt þessu viðhorfi eftir því sem svar fjmrn. gefur til kynna.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Sem svar við fsp. vil ég segja eftirfarandi:

18. des. sl. var í fjárln. fjallað ítarlega um málið og það skýrt af hálfu fulltrúa fjmrn. Það er rétt sem á hefur verið bent að hér er um umdeilanlegt atriði að ræða hvernig færa skuli en þar sem hér er um bráðabirgðafyrirkomulag að ræða, sem einungis á að gilda fyrir yfirstandandi ár, var sú ákvörðun tekin að athuguðu máli og eftir umræður í ríkisreikninganefnd að færa um það bil fjóra milljarða með þeim hætti sem gert er í fjárlögum. Ástæðurnar eru bókhaldslegar að sumu leyti en eiga sér aðrar skýringar að öðru leyti.

Í fyrsta lagi er um að ræða viðurkenndar skatttekjur sveitarfélaganna og má líta á ástandið í ár sem bráðabirgðaástand meðan verið er að finna sköttum til sveitarfélaganna nýtt form. Sveitarfélögin hafa ekki afsalað sér þessum skatttekjum. Þetta er greitt út eins og um útsvar sé að ræða og fjármunirnir renna aldrei í ríkissjóð. Hins vegar renna þeir til sveitarfélaganna eftir álagningu aðstöðugjalds sem er ekki lagt á, en álagning á sér stað án þess að innheimt sé. Fjallað er um útsvar og aðstöðugjald í tekjustofnalögum sveitarfélaganna. Þannig á að tryggja sömu tekjur til sveitarfélaganna og sveitarfélögin munu ugglaust telja þetta til skatttekna hjá sér. Það eigi að líta á þetta sem framlag úr ríkissjóði og þar sem það kemur gjaldamegin í reikningi ríkissjóðs þá er auðveld leið fyrir ríkisstjórnina og meiri hluta á Alþingi að skerða þær tilfærslur frá ríkinu til sveitarfélaganna en því er ekki til að dreifa varðandi þetta tiltekna mál.

Það sem skiptir í öðru lagi miklu máli er að líta á heildarskatttekjur hins opinbera. Þegar þetta var kannað varð ljóst að til þess að fá mynd af heildarskatttekjum hins opinbera þarf að koma í veg fyrir að um tvítalningu sé að ræða. Þess vegna er óeðlilegt að ríkið teldi þetta fyrst tekjur hjá sér og síðan sveitarfélögin aftur hjá sér eftir að þessar skatttekjur sem áður voru hjá sveitarfélögunum renna ekki einu sinni gegnum ríkissjóð heldur í gegnum tekjuskattsinnheimtuna og aftur til sveitarfélaganna. Fyrir þessu er gerð ítarleg grein í fylgiriti með fjárlögum. Ég endurtek að hér er ekki um varanlega breytingu að ræða. Ef svo væri og ef það yrði þannig í framtíðinni finnst mér sjálfsagt að þetta sé fært með öðrum hætti. En að öllu samanlögðu var það niðurstaðan að þetta væri eðlileg færsla eins og gert er ráð fyrir í fjárlögum yfirstandandi árs. Þetta svarar reyndar einnig annarri spurningu að ekki ætlunin að leggja fram fjáraukalög til að leiðrétta þetta, enda var það skýrt tekið fram hinn 18. des. þegar málið var rætt í nefndinni hvernig fært yrði.

Varðandi ríkisreikninginn 1993 á ég von á því að þetta komi fram með ákvæmlega sama hætti og ég tel jafnframt eðilegt að gerð sé grein fyrir málinu líkt og gert er á bls. 100 og 101 í fylgiriti með fjárlögum 1993 þannig að öllum sé nákvæmlega ljóst hvernig bókhaldið er fært.

Það er svo önnur saga sem hv. þm. ræddi lítillega í máli sínu og mál sem nú er til skoðunar hvernig færa skuli tekjur og gjöld ríkisins og að því hlýtur að draga að mínu mati fyrr en síðar. Það er til skoðunar að tekin verði endanleg ákvörðun um það hve mikið á að færast á tekjuhlið og hve mikið á gjaldahlið fjárlaga yfirleitt. Að þessu sögðu vil ég t.d. benda á að það eru nettótölur sem finnast bæði gjaldamegin og teknamegin á fjárlögum þannig að sértekjur færast til tekna gjaldamegin en frádráttur og afslættir til frádráttar eða gjalda teknamegin. Því er um að ræða nokkurs konar nettóbókhald sem kemur fram í fjárlögum. Þetta hefur oft verið rætt, einkum og sér í lagi í gegnum OECD, og má búast við því að breyting verði gerð innan tíðar með þeim hætti að brúttó verði fært allt upp beggja vegna. Ég get giskað á að það hækkaði bæði gjalda- og tekjutölur fjárlaga um á að giska 20%.

Ég vil að síðustu, herra forseti, láta koma fram að í þessu tilliti var m.a. skoðað hvert væri álit Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og eftir að það var skoðað með sérstöku tilliti til færslu á tekjum sveitarfélaga annars vegar og ríkisins hins vegar þótti eðlilegt að færa þetta með þeim hætti sem nú hefur verið gert þó auðvitað megi deila um þetta eins og svo margt annað í bókhaldi eins og hv. þm. vita.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja það að ég tel mjög eðlilegt að þessi fsp. sé fram komin frá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur. Ég verð að lýsa því yfir að ég er hvorki fyllilega ánægður með svar hæstv. fjmrh. áðan né það svar eða þau rök sem eru fyrir því hvernig þetta er fært upp í fjárlögum og hafa borist fjárln. frá fjmrn. sem svar við fsp. hv. þm. Þar er talað um að ekki sé óeðlilegt að fara með þetta svipað og útsvarið, þ.e. að um nettófærslu sé að ræða. Það tel ég að sé ekki rétt. Með útsvarið gildir allt annað mál. Þar er um að ræða skatt sem rennur beint til sveitarfélaganna og er breytilegur eftir sveitarfélögum. Hér er um fasta upphæð að ræða sem kemur í gegnum ríkissjóð. Hvert sveitarfélag fær fyrir fram ákveðna upphæð þannig að það tel ég mjög ólíkt því sem háttar til með útsvarið, enda ákveðið að hafa tilfærsluna frá aðstöðugjaldi yfir í einhvern annan skatt með allt öðru móti en útsvarið. Það var hægt að taka ákvörðun um að þetta skyldi vera viðbótarútsvar en það er ekki gert. Það er ákveðið að þetta sé viðbótartekjuskattur og er því eðlilegt að hann komi í gegnum ríkissjóð og færist þar.

Auk þess segir í svari til fjárln. að ríkisreikningsnefnd hafi að undanförnu verið að gera athugasemdir um ýmislegt sem varðar uppsetningu fjárlaga. Við höfum reyndar rætt um það áður, en það varðar t.d. ýmsa útgjaldaliði sem eru færðir til frádráttar á tekjuhlið, en ýmir tekjuliðir sem færðir eru til frádráttar aftur á gjaldahliðinni. Ég nefni t.d. þjónustugjöldin. Ég hef oft talað um að ég teldi eðlilegt að þjónustugjöldin kæmu sem tekjur en ekki sem nettófærsla á gjaldahlið í fjárlögunum. Svo segir hér einnig ef ég má vitna til þessa svars, með leyfi forseta:

„Þá má þar nefna greiðslur barnabóta og vaxtabóta sem nú eru dregnar frá tekjuhlið en eiga samkvæmt tillögum ríkisreikningsnefndar að færast á gjaldahlið."

Hér er gerð tillaga um breytingu á þessu atriði og

ég tel að það hafi verið mjög eðlilegt að hafa það eins með þá 4 milljarða sem hér um ræðir, þeir komi fram í fjárlögunum. Ég trúi því að það muni verða gert þegar fjáraukalög verða lögð fyrir á árinu.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Á undanförnum missirum hafa staðið nokkrar deilur um hvernig ætti að færa ýmsar tölur í ríkisreikningi og ríkisbókhaldi. Þær deilur hafa einkum verið milli Ríkisendurskoðunar annars vegar og fjmrn. hins vegar. Ég hef bæði sem fjmrh. og einnig eftir að ég tók sæti í stjórnarandstöðu yfirleitt stutt faglegar röksemdir fjmrn. í þeim deilum. Ég verð hins vegar að segja eins og er að í þessu máli finnst mér fjmrn. vera komið í slíka stöðu að ég botna bókstaflega ekkert í því hvernig ráðuneytinu dettur í hug að halda fram þeim sjónarmiðum sem hæstv. fjmrh. var að gera grein fyrir hér áðan. Auðvitað er alveg fáránlegt að færa ekki tekjuskatt sem innheimtur er samkvæmt sérstökum tekjuskattslögum, sem er tekjustofn ríkisins, sem tekjur og halda því fram hér að það sé bara vegna þess að það hafi verið ákveðið í lögum að þetta gildi í eitt ár. Það er auðvitað gersamlega út í hött. Fjöldinn allur af lögum hefur ákvæði um að það sé bara til eins árs í senn. Ég nefni skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði sem var yfirleitt lagður á bara til eins árs í senn en var endurtekinn ár eftir ár eftir ár. Ég hef því miður ekki nægilega langan tíma til þess að greina frá afstöðu mini í þessu máli. Ég tel að hún veiki mjög málstað fjmrn. almennt í þeim deilum sem hér hafa verið um færslur í ríkisbókhaldi og það hlýtur að vera einhver önnur skýring á þessu máli en hér hefur komið fram og líklegast er eina skýringin sú að hæstv. fjmrh. hefur ekki viljað fá þennan tekjuskatt inn á sig vegna þess að hann mundi þá sýna það að í fjármálaráðherratíð sinni hefur tekjuskattur einstaklinga og skattbyrði einstaklinga hjá ríkinu vaxið svo stórkostlega að það er auðvitað í hrópandi mótsögn við stefnu Sjálfstfl.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli okkar á þessu og taka þetta fyrir, bæði hér og í fjárln. Ég verð að segja að ég er mjög hissa á svörum sem komu frá hæstv. fjmrh., sérstaklega þegar hann segir að það sé með öllu óeðlilegt að tvífæra þessar tekjur, þ.e. að þær séu fyrst færðar hjá ríkinu og þá hjá sveitarfélögum. Tekjuskatturinn er samkvæmt tekjuskattslögum tekjustofn ríkisins. Ríkið sér um að innheimta tekjuskattinn og síðan að greiða hann út. Á þá með þessum rökum að fara þá leið að þegar búið er að ákveða í hvað tekjur ríkisins skuli fara þá skuli þær aðeins færðar hjá viðkomandi stofnunum, sveitarfélögum og félagasamtökum sem þær fá en aldrei hjá ríkinu?

Ég vil líka spyrja að því hvernig á að meðhöndla framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem samkvæmt lögum á að fá 1,4% af heildarskatttekjum ríkisins.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Það er eðli ríkissjóðs að standa fyrir ýmiss konar millifærslum í þjóðfélagi okkar. Ríkið tekur og ríkið gefur. Það innheimtir skatta og það færir þetta fjármagn yfir til samtaka, stofnana og einstaklinga. Til þess að rétt mynd fáist af ríkisstarfseminni verður auðvitað að færa allt réttilega inn sem kemur inn og út sem fer út. Þar breytir að sjálfsögðu engu hvort um bráðabirgðaástand er að ræða eða ekki. Ég get ekki tekið undir með hæstv. ráðherra að þetta mál sé ekki umdeilanlegt. Það er alveg augljóst mál að hér hafa orðið mistök og það sem verra er að það virðist vera að þessi ranga færsla í fjárlögunum sé byggð á vísvitandi ákvörðun ráðuneytisins og fyrirskipunum. Ég verð því að segja alveg eins og er að ég sé ekki betur en hér sé vísvitandi verið að gefa ranga mynd af umsvifum ríkisins, væntanlega í ákveðnum pólitískum tilgangi og það þykir mér illt. Ég vænti þess fastlega að þetta verði hið fyrsta leiðrétt.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt sem hæstv. fjmrh. sagði áðan að lengi má deila um það hvernig bókhaldið eigi að vera, en mér finnst að fjmrn. sé ekki sjálfu sér samkvæmt í þessu. Þegar við byrjuðum að ræða fjárlög í haust var talað um að það þyrfti að taka skólagjöld og samræma þau í öllum skólum. Efnisgjöld, félagsgjöld námsmanna þyrftu öll að koma inn og sjást í ríkisreikningi og síðan vera færð út aftur til skólanna. Ef smámunir eins og þeir kalla skólagjöld framhaldsskólanna, efnisgjöldin og allt það á að koma inn í ríkisreikning sem tekjur gjaldamegin þá stangast þarna á fullyrðingar hjá ráðuneyti. Ég tel að allar umræðurnar, bæði þær sem urðu í haust og eins þær sem verða sjálfsagt í framhaldi af þessu, séu til þess fallnar að rugla fólk í ríminu. Ekki er hægt að bera saman fjárlög og ríkisreikning með eðlilegum hætti og alltaf er vísað í það að verið sé að skoða þessi mál. Ég veit eiginlega ekki hversu lengi á að skoða þessi mál áður en hægt er að setja einhverjar fastar reglur um þau.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þetta mál er alveg kristaltært í mínum huga. Það er enginn vafi á hvernig á að fara með þessa hluti út frá bókhaldslegu sjónarmiði og á engan hátt er þetta umdeilanlegt atriði. Ég vek athygli á því að ráðstöfun þessara skatta sem voru ákvarðaðir og mynda þessa 4 milljarða er á enga hátt bundin í lögunum til tiltekinna verkefna. Þetta er einfaldlega almenn tekjuöflun sem rennur í ríkissjóð og útgreiðslur fara síðan samkvæmt annarri ákvörðun.

Með þessum rökum er alveg ljóst að tekjur af þessum tekjuskattshækkunum sem um ræðir í þessu tilviki ber að færa að fullu teknamegin og síðan er það sem ríkissjóður færir sveitarfélögum einfaldlega framlag til sveitarfélaga og getur ekki verið neitt annað. Hér er ekki um að ræða skattheimtu sveitarfélaga sem þau geta með neinu móti fært sem skatttekjur. Ég vil benda hæstv. fjmrh. á það að fullyrðingar frá ráðuneytisins hálfu í svarbréfi þess til fjárln. um að aðstöðugjaldið

hafi verið lagt niður eru rangar. Aðstöðugjaldið hefur ekki verið lagt niður. Lögin um aðstöðugjald í lögum um tekjustofna sveitarfélaga eru enn í fullu gildi. Það eina sem hefur verið ákveðið er að innheimta ekki álagt aðstöðugjald árið 1993.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Þessi ákvörðun um að leggja niður aðstöðugjaldið er mjög flaustursleg og hefur auðvitað komið fram í umræðum á Alþingi áður með hvaða hætti hefur verið staðið að þessu og nú er auðvitað að sýna sig að menn hafa ekki hugsað sig nógu vel um og ekki undirbúið þetta mál á eðlilegan máta. Nú datt það upp úr hæstv. fjmrh. að ef svo færi að þetta yrði framlengt með einhverjum hætti, þá teldi hann að það ætti að koma þessu fyrir öðruvísi. Ég hygg að hann sé að segja þetta í fullri meiningu, að hann sé farinn að horfast í augu við það að hann muni ekki finna tekjustofna í staðinn fyrir aðstöðugjaldið á þessu ári handa sveitarfélögunum, enda er það ekki auðfundinn tekjustofn sem gefur 4,3 milljarða. Menn hafa nefnt ýmsar leiðir eins og það láta sveitarfélögin hafa tekjur af bifreiðum eða eitthvað slíkt. Það var gengið þó nokkuð langt í því að innheimta tekjur af bensíngjaldi í haust. Það gaf þó ekki nema 780 millj. og þó að sveitarfélögin fengju það allt saman, þá þarf að finna æðistóran tekjustofn í viðbót og það er því miður ekki neitt útlit fyrir að hann finnist. Nú er hæstv. fjmrh. farinn að horfast í augu við það.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið, þá er hér um umdeilanlega hluti að ræða. Við höfum deilt í þingsal um færslur eins og þessar áður og rétt eins og komið hefur fram að ríkisreikningsnefnd hefur verið að móta reglur um það hvernig með skuli fara.

Eins og fram kom hjá hæstv. fjmrh. þá er líklegt að þegar sú nefnd hefur skilað áliti, þá muni tekjur og gjöld hækka um allt að 20%. Ég tel að það hefði verið mjög gott ef þessi umræða hefði getað farið fram fyrir samþykkt fjarlaga. Það gerðist ekki og fann enginn að því að þessi háttur yrði á hafður, sjálfsagt vegna þess að það er svo margt sem hefði mátt taka upp og mörgu breyta, enda deilur verið uppi um það hvernig færslur eigi að eiga sér stað.

Það hefur þó komið fram að ríkisreikningsnefnd muni skila áliti eða ljúka störfum í lok þessa árs, 1993, og vænti ég þess að það geti orðið að þessu máli verði þannig breytt að menn þurfi ekki sífellt að vera að deila um það hvernig hlutunum verði fyrir komið. Ég veit að nefndin er að vinna af fullum krafti og ég legg áherslu á það að hún skili áliti sem allra fyrst.

En eitt er það sem ég vil þó segja að hér er ekki um neinn feluleik að ræða. Það er rangur málflutningur að mínu mati. Það verður gerð grein fyrir öllu sem fram fer er lýtur að þessum liðum og ætti því að vera mjög skýrt gagnvart hv. alþm.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Fyrst vil ég þakka þeim sem tekið hafa til máls og er ekki þar með að gefa í skyn að þeir kunni ekki að verða fleiri, en hér eru nokkur atriði sem ég vil gera athugasemd við sem komu fram í málflutningi hæstv. ráðherra.

Hér er auðvitað ekki um að ræða tekjur sveitarfélaganna heldur greiðslu úr ríkissjóði til að bæta sveitarfélögunum missi aðstöðugjaldsins og greiðslur úr ríkissjóði eiga að koma fram í fjárlögum. Auk þess er óvíst hvort þessi viðbótarskattlagning fer öll til sveitarfélaganna því að í athugasemd við frv. um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var fyrir síðustu jól segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessu bráðabirgðaákvæði er lagt til að á árinu 1993 verði aðstöðugjald lagt á með sama hætti og verið hefur og í fullu samræmi við ákvæði V. kafla laganna um tekjustofna sveitarfélaga. Sveitarstjórnir skulu þó ekki taka nýjar ákvarðanir um gjaldstig og gjaldflokka aðstöðugjaldsins heldur skal gilda óbreytt ákvörðun sveitarstjórna um þetta efni frá árinu 1992. Aftur á móti er lagt til að innheimta gjaldsins falli niður og til að bæta sveitarfélögunum upp það tekjustap er lagt til að þau fái hlutdeild í tekjuskatti ríkisins sem nemi 80% af álögðu aðstöðugjaldi samkvæmt aðstöðugjaldsstofni í öllum sveitarfélögunum miðað við árið 1992, með þeim breytingum til hækkunar eða lækkunar sem gerðar verða við yfirferð framtala og úrskurð á kærum."

Hér er því ekki um að ræða upphæð sem fer inn og út og þó að svo væri, þá áttu auðvitað þessar tekjur samt að sjást.

Ég vil einnig mótmæla þeirri fullyrðingu ráðherra þegar hann minntist á fundinn sem haldinn var í fjárln. 18. des. sl. Það var ekki bent á að þetta ætti ekki að koma í tekjuhlið fjárlaga, alls ekki. Það var farið yfir fyrirhugaða skattlagningu en ég hygg að allir meðnefndarmenn mínir í fjárln. geti staðfest það að ekki lá ljóst fyrir á þeim fundi að svona skyldi með fara og fylgirit með fjárlögum kom eftir að Alþingi var búið að samþykkja fjárlögin.

Hæstv. forseti. Ég skal ljúka máli mínu. Í endurskoðun ríkisreiknings, frá Ríkisendurskoðun og yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

Þeir telja að „nauðsynlegt sé að samræma enn betur en gert hefur verið uppsetningu fjárlaga og ríkisreiknings. Þeir leggja áherslu á að fjárlög og ríkisreikningur verði á sambærilegum grunni og að tölur á bak við hvern lið eigi sér sama uppruna."

Þessu erum við sammála. Þessu var hæstv. ráðherra sammála á meðan hann var ekki ráðherra og lagði mjög hart að hæstv. páv. fjmrh. Ólafi Ragnari Grímssyni þegar skuldbindingar ríkissjóðs á Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins voru á dagskrá, þá tóku þeir mjög upp í sig, hæstv. núv. ráðherra og hv. þm. Pálmi Jónsson. Munurinn á þeim tveimur var hins vegar sá að hv. þm. Pálmi Jónsson er enn sömu skoðunar og ég hef ævinlega verið sömu skoðunar og hann um þessi efni og ég tel það mikið alvörumál ef fjárlög íslenska ríkisins eru notuð til þess að blekkja skattborgarana svo

að prósentutala á skattálagningu verði lægri en hæstv. ráðherra líkar að sýna mönnum.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að mótmæla orðum hv. síðasta ræðumanns um að um blekkingar sé að ræða því að það hefur komið mjög glögglega fram að fyrir þessu er gerð grein í fjárlögum og fylgiritum með fjárlögum. Þetta hefur alltaf legið á lausu og ég held að það hafi ekki farið fram hjá nokkrum manni hvernig tilfærsla hefur átt sér stað í íslenska skattkerfinu að undanförnu þannig að ég vísa því algerlega á bug að hér sé verið að reyna að blekkja eins og hv. þm. gaf í skyn.

Ég vek athygli á því líka að þetta var rætt í fjárln. og það er meiri hluti fjárln. sem flytur brtt. sem þetta byggist á. Mér er að vísu kunnugt um það að 18. des. var hv. þm. Guðrún Helgadóttir ekki á viðkomandi fundi þannig að kannski hafa umræðurnar farið fram hjá henni sem urðu þá um nákvæmlega þetta mál.

Varðandi önnur atriði sem hafa komið fram langar mig að gera hér örstutta grein fyrir þeim. Í fyrsta lagi er hér ekki um að ræða fyrir fram ákveðna upphæð sem rennur til sveitarfélganna. Hún byggist á álagningu aðstöðugjaldsins og ég held að það séu kannski ein bestu rökin sem hafa komið fram hér í umræðunni, einmitt þau sem nokkrir hv. þm. hafa bent á, að hér er um bráðabirgðaatriði að ræða. Lögin um aðstöðugjald eru í gildi, en sveitarfélögunum er ætlaður hluti af tekjuskattstekjunum til sín með sama hætti og um útsvarsgreiðslur væri að ræða úr staðgreiðslunni. Þetta er auðvitað það sem mest styður þá niðurstöðu sem hér hefur verið talað um.

Í öðru lagi er hér nokkur misskilningur á ferðinni varðandi skólagjöldin því að skólagjöldin eru tekjur gjaldamegin og sýna fram á kannski hið gagnstæða við það sem ég held að hv. þm. hafi ætlað að sýna fram á. (**GHelg:** Ég benti á misræmi.) Það er misræmi í uppsetningu fjárlaga miðað við það sem víða gerist annars staðar og það er gamalt mál. Þessir fjármunir ganga aldrei inn í ríkissjóð og þess vegna er ólíku saman að jafna og þegar við tölum um skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði því að þeir peningar ganga inn í ríkissjóð til almennrar ráðstöfunar þar, en þessir fjármunir gera það aldrei.

Virðulegi forseti. Ég veit að ég hef ekki mikinn tíma og hann er reyndar liðinn, en ég vænti þess að þessi umræða hafi skýrt málið. Ég vil að endingu taka það fram að það var ekkert verið að blekkja. Það hafa rök verið færð fyrir þessu. Ég skal viðurkenna það fúslega að það eru rök fyrir því einnig að færa málið öðruvísi eins og sumir hv. þm. hafa bent á, en vonandi verða þær umræður sem fara fram í ríkisreikninganefnd til þess að í lok þessa árs verði hægt að færa fjárlögin upp og þau framsett með öðrum hætti heldur en hingað til. Um slíkt held ég að við verðum að ræða síðar.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Vegna þeirra ummæla sem hafa fallið um skýringar fjmrn. á þessu máli á fundi fjárln. 18. des. vil ég láta það koma fram að það er rétt sem hefur verið sagt hér í umræðum. Það var aðeins skýrt frá fyrirhugaðri skattlagningu, farið yfir þau mál, en það var ekki rætt um hvernig þetta yrði sett upp bókhaldslega í fjárlögum á þeim fundi. Ég vil að þetta komi fram í þessari umræðu án þess að ég sé að lengja hana að öðru leyti.

Fundi slitið kl. 11.04 árdegis.

---

121. FUNDUR

fimmtudaginn 4. mars,
að loknum 120. fundi.

Dagskrá:

1. Sveitarstjórnarlög, frv., 301. mál, þskj. 469. — 1. umr.
2. Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, stjtill., 232. mál, þskj. 289. — Fyrri umr.
3. Greiðslur úr ríkissjóði o.fl., frv., 321. mál, þskj. 585. — 1. umr.
4. Lífeyrissjóður sjómanna, frv., 241. mál, þskj. 310. — 1. umr.
5. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 337. mál, þskj. 610. — 1. umr.
6. Endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda, þáltill., 360. mál, þskj. 640. — Fyrri umr.
7. Ríkisreikningur 1990, stjfrv., 243. mál, þskj. 312. — Frh. 1. umr.
8. Veiðiheimildir í lögsögu annarra ríkja, þáltill., 267. mál, þskj. 357. — Fyrri umr.
9. Stuðningur við réttindabaráttu Eystrasaltsríkjanna á alþjóðavettvangi, þáltill., 278. mál, þskj. 388. — Fyrri umr.
10. Tvíhliða samningur við Evrópubandalagið, þáltill., 303. mál, þskj. 472. — Fyrri umr.
11. Réttindi og skyldur starfsmanna varnarliðsins, þáltill., 355. mál, þskj. 634. — Fyrri umr.
12. Fullgilding samnings um fríverslun milli Íslands og Færeyja, stjtill., 354. mál, þskj. 633. — Fyrri umr.

Útbýting þingskjala:

Barnasjónvarp, 384. mál, fsp. GunnS, þskj. 678.

Börn í áhættuhópum, 386. mál, fsp. AÓB, þskj. 680.

Dýravernd, 389. mál, stjfrv., þskj. 683.

Ferjuflug, 345. mál, svar samgrh., þskj. 674.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 390. mál, stjfrv., þskj. 684.

Íslenskukennsla fyrir fullorðna nýbúa, 381. mál, fsp. GJH, þskj. 675.

Leiðbeiningar og ráðgjöf við barnaverndarnefndir, 385. mál, fsp. AÓB, þskj. 679.

Námskeið og námsgögn fyrir nýbúabörn, 382. mál, fsp. GJH, þskj. 676.

Ólympískir hnefaleikar, 388. mál, þáltill. KHG og IBA, þskj. 682.

Ráðstafanir til að sporna við ólæsi, 383. mál, fsp. GunnS, þskj. 677.

Rekstur hjúkrunar- og dvalarheimila, 394. mál, fsp. HAJ, þskj. 688.

Stálvinnslan hf., 391. mál, fsp. SvG, þskj. 685.

Stálvinnslan hf., 392. mál, fsp. SvG, þskj. 686.

Unglingaheimili, 387. mál, fsp. AÓB, þskj. 681.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.,
Salome Þorkelsdóttir, 2. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Frv. KHG, 301. mál (sameining sveitarfélaga). — Þskj. 469.

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir frv. til laga á þskj. 469 um breytingu á sveitarstjórnarlögum. Breytingin er á 1. mgr. 109. gr. laganna, sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Lagt er til að málsgreinin orðist svo, með leyfi forseta:

„Sveitarfélag verður eigi sameinað öðrum sveitarfélögum nema fleiri kjósendur í atkvæðagreiðslu samkvæmt 108. gr. séu fylgjandi sameiningu en andvígir, enda hafi meiri hluti atkvæðisbærra íbúa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni."

Síðari grein frv. er gildistökugrein og lagt er til að lög þessi öðlist þegar gildi. Þessu frv. fylgir svohljóðandi greinargerð:

„Lögð er til sú grundvallarbreyting á núgildandi ákvæðum 1. mgr. 109. gr. sveitarstjórnarlaga að meiri hluti þeirra sem afstöðu taka ráði niðurstöðu í almennri atkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélags við annað eða önnur sveitarfélög. Samkvæmt tillögugreininni hafa þeir kjósendur ekki áhrif á úrslit í atkvæðagreiðslu sem koma ekki á kjörstað. Þeir sem skila auðu eða ógilda atkvæði sitt hafa ekki heldur áhrif á úrslitin að öðru leyti en því að þeir gætu tryggt nægilega þátttöku í atkvæðagreiðslunni með atkvæði sínu.

Ákvæði núgildandi laga eru þannig að meiri hluti kjósenda á kjörskrá þarf að greiða atkvæði gegn tillögu um sameiningu til þess að hún teljist felld. Þar með er í raun fyrir fram ákveðið að þeir kjósendur styðji sameiningu sem ekki koma á kjörstað og enn fremur að kjósendur, sem koma og greiða atkvæði en gera ógilt atkvæði sitt eða skila auðu, séu stuðningsmenn fyrirliggjandi tillögu.

Kjósendur, sem taka þátt í atkvæðagreiðslu en skila auðu atkvæði eða ógilda það, láta með því aðra ráða úrslitum, en núgildandi ákvæði 109. gr. virða þá afstöðu að vettugi.

Þessi ákvæði laganna brjóta gegn viðurkenndum sjónarmiðum um lýðræðislega afgreiðslu máls. Nægir að nefna ákvæði kosningalaga og laga um þingsköp því til stuðnings og enn fremur 51. gr. sveitarstjórnarlaganna sjálfra, en þar er kveðið á um að afl atkvæða ráði úrslitum. Í skýringum með 51. gr. kemur fram að hjáseta í atkvæðagreiðslu telst þátttaka þar sem afstaða er tekin, þ.e. sú afstaða að láta aðra ráða niðurstöðunni.

Almenna reglan er sú að þeir kjósendur einir, sem koma til atkvæðagreiðslu, hafa tekið afstöðu. Hinir, sem ekki taka þátt í atkvæðagreiðslunni, hafa ekki áhrif á niðurstöðuna þar sem þeir hafa ekki tekið afstöðu. Ákvæði 1. mgr. 109. gr. brjóta þessa meginreglu og í raun gera þeim upp ákveðna afstöðu sem engan þátt tók í atkvæðagreiðslunni. Slík lagasetning er fullkomlega út í hött og engan veginn samboðin lýðræðisríki.

Þessir annmarkar á 1. mgr. 109 gr. eru svo alvarlegir að óhjákvæmilegt er að breyta greininni.

Ákvæði tillögugreinarinnar um lágmarksþátttöku í atkvæðagreiðslunni er hins vegar í fullu samræmi við skilyrði þingskapalaga og 51. gr. sveitarstjórnarlaga fyrir afgreiðslu máls og þarfnast ekki frekari skýringar."

Þessu til viðbótar vil ég láta koma fram, virðulegi forseti, að þessi núgildandi málsgrein í 109. gr. sveitarstjórnarlaga á sér sínar sögulegu skýringar og hafði þann tilgang að stuðla að sameiningu sveitarfélaga. Það er rétt að líta aðeins yfir þessa forsögu og hver árangurinn hefur orðið. Þetta ákvæði núgildandi laga frá 1986 er orðrétt upp úr eldri lögum, sérlögum um sameiningu sveitarfélaga sem sett voru vorið 1970. Sú lagasetning var afrakstur af nefndarstarfi sem hafði farið fram fáum árum áður, en þáv. félmrh. Eggert Þorsteinsson hafði skipað sérstaka nefnd til að gera tillögur um sameiningu sveitarfélaga mjög hliðstæða þeirri nefnd sem nú starfar og sú nefnd hafði lagt til ákveðið frv. til þess að koma skriði á sameiningu sveitarfélaga. Frv. sem síðar varð að lögum nr. 70/1970 er unnið af þeirri nefnd. Í því frv. kemur þetta ákvæði fyrst fram að ef meiri hluti atkvæðisbærra íbúa sveitarfélags hefur synjað sameiningu við slíka atkvæðagreiðslu verður það sveitarfélag ekki sameinað öðrum sveitarfélögum að svo stöddu. Þetta ákvæði er í raun og veru vilhallt þeim sjónarmiðum sem lágu að baki skýrslunni og frv. að það ætti að stuðla að því með löggjöf að sveitarfélögum fækkaði. Út af fyrir sig er eðlilegt eða a.m.k. skiljanlegt ef menn eru þeirrar skoðunar að rétt sé að breyta skipaninni að setja lög sem hvetja til þess. En ég tel þetta ákvæði vera með þeim annmörkum að það verði ekki við það unað óbreytt, og vilji

menn setja vilhallt skilyrði eða vilhallt lagaákvæði til að stuðla að sameiningu, þá verði það að vera með öðrum hætti og skýrum, t.d. að aukinn meiri hluta þurfi til að fella, en ekki ákvæði af þessum toga.

Skýringin sem kemur fram fyrir þessu ákvæði er heldur snubbótt í frv. frá 1969, en þar kemur fram í athugasemdum að ákvæðið sé sett til þess að beita því í framhaldi af því að sveitarstjórn hafi fellt tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag, þá geti ráðherra ákveðið að fram fari atkvæðagreiðsla meðal íbúanna engu að síður og með þessu fylgiákvæði. Rökin sem lögð eru fram eru að þeir sem í sveitarstjórninni sitja og fella tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag, verði að sýna fram á að meiri hluti almennra kjósenda sé þeim sammála. Ég tel að þessi rök séu fremur veik og þau hafa sætt mikilli gagnrýni alla tíð, bæði í umræðu um það frv. sem fór fram þingveturinn 1969–1970 og eins síðar þegar þetta mál bar á góma 1984, 1985 og 1986. Enn fremur hefur þetta ákvæði verið nokkuð gagnrýnt í þeirri umræðu sem staðið hefur á annað ár um sameiningu sveitarfélaga. Segja má að niðurstaðan af umræðunum á þessum rúmlega aldarfjórðungi sé sú að það hefur verið geysileg andstaða við það sem menn kalla lögþvingun sveitarfélaga. Þar er bæði átt við þetta ákvæði sem ég geri hér að umtalsefni og eins aðrar hugmyndir sem fram hafa komið bæði núna og árið 1967 um að reka sveitarfélög saman í færri einingar með hætti sem byggðist á öðru en vilja íbúanna í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Þessi mgr. 109. gr. er í raun og veru arfleifð frá þeim tíma, 1967, þegar menn töldu að það yrði að koma til forsjárhyggja ríkisvaldsins og setja löggjöf sem þrengdi sveitarstjórnarmönnum og íbúum sveitarfélaga rétt sinn til að ákvarða um framtíð sína sjálfir.

Ég legg til að þessi arfleifð verði nú lögð til hliðar og er þeirrar skoðunar að öll lagaákvæði og hugmyndir í þessa veru torveldi alla umræðu um sameiningu sveitarfélaga sem er markmiðið, a.m.k. í hugum þeirra sem á það trúa og hafa gert á undanförnum tæpum þremur áratugum mikil ógagn þeim aðilum sem eru sannfærðir um að það sé nauðsynlegt að fækka sveitarfélögum. Það eru því tildrögin að ég legg fram þetta frv. sem útbýtt var 14. des. sl. Mér var það nokkurt gleðiefni að sjá það að um síðustu helgi kom fram í ályktun fulltrúaráðsfundar Sambands ísl. sveitarfélaga þar sem lagst er gegn lögþvingun eins og rætt er um í svonefndri sveitarfélagaskýrslu, og enn fremur er lagt til að lögum um sveitarfélög verði breytt þannig að einfaldur meiri hluti greiddra atkvæða ráði úrslitum kosninga. Með öðrum orðum, fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga hefur tekið sömu afstöðu og birtist í því frv. sem ég lagði hér fram fyrir tæpum þremur mánuðum. Fulltrúaráðið hefur í raun hafnað allri viðleitni með lögum til að reka sveitarfélög saman, allri svonefndri lögþvingun. Henni er hafnað og ég er sammála fulltrúaráðinu í því að ég tel að meðan einhver ákvæði eru í þessa veru, þá verki þau öfugt, þá verki þau málum til ógagns sem eru um sameiningu sveitarfélaganna. Það eru fleiri aðilar en fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga sem hafa ályktað um þetta ákvæði, bæði um lögþvingunina og um ákvæði 109. gr. og þar vil ég nefna Eyþing sem er Samband sveitarfélaga í Þingeyjarsýslu sem gerði um það sérstaka ályktun 8. febr., ef ég man rétt, þ.e. stjórn þess sambands, en þar segir í ályktun þeirra, með leyfi forseta:

„Stjórn Eyþings leggur til þá breytingu á fyrirkomulagi kosninga að meiri hluta atkvæðisbærra manna þurfi til þess að samþykkja eða fella tillögu um sameiningu."

Enn fremur Samband sveitarfélaga á Austurlandi sem 19. febr. ályktaði um þetta mál og þar segir, með leyfi forseta:

„Varðandi kosningar um málið í einstökum sveitarfélögum varð ekki samstaða um hvaða reglur skuli gilda. En m.a. komu fram þau sjónarmið að ákvæði núgildandi sveitarstjórnarlaga væru ólýðræðisleg, en þar kveður á um að meiri hluti atkvæðisbærra kjósenda verði að greiða atkvæði gegn sameiningartilögu til að hún teljist felld, en reglan er af öðrum talin eðlileg."

Það er ljóst að meðal þeirra manna sem starfa við sveitarstjórnarmál hefur þessi umræða komið mjög sterkt upp á síðustu vikum og samband þeirra hefur ályktað einmitt í þá veru með skýrum hætti að breyta þurfi sveitarstjórnarlögum hvað þetta varðar. Og allir taka það skýrt fram að ætli menn að vinna af einhverri alvöru að því að sameina sveitarfélög, þá verði það að vera á þeim grundvelli að kosning um slíkt mál fari fram í hverju sveitarfélagi fyrir sig, að réttur íbúa í sveitarfélaginu sé virtur, réttur til þess að ráða sinni framtíð. Eins og ég gat um fyrr, þá hefur Samband ísl. sveitarfélaga auk þess ályktað um að sú kosning þurfi að fara fram eftir venjulegum reglum en ekki sérstökum eins og nú er.

Þá liggur fyrir að það mun verða rætt innan svonefndrar sveitarfélaganefndar að gera breytingar á tillögum nefndarinnar og mér bárust í gær þær tillögur sem ætlað er að leggja fyrir nefndina á fundi hennar á morgun. Þær eru nokkuð ítarlegar en ég tek eftir því að í því uppkasti að lokaskýrslu sem útbýtt hefur verið til nefndarmanna er það sett fram sem grundvallaratriði að kosning um sameiningu sveitarfélaga fari fram þannig að hún verði í hverju sveitarfélagi fyrir sig og enn fremur að kosningarfyrirkomulagið verði með þeim hætti sem ég legg til í frv. á þskj. 469. Vil ég fagna því að þetta sjónarmið eigi nú orðið svo víðtækan stuðning sem raun ber vitni. Ég tel að verði þessi breyting gerð, þá muni það stuðla að því að umræðan um sameiningu sveitarfélaga komist á annað og skynsamlegra spor en hún hefur verið á fram til þessa.

Ég vil svo, virðulegi forseti, leggja til, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sú grein sveitarstjórnarlaganna sem hér er lagt til að breytt verði, það er 109. gr., fjallar um hvernig túlka eigi niðurstöður í atkvæðagreiðslum um svokallaða frjálsa sameiningu sveitarfélaga, þ.e. þegar ekki er skylt að sameina sveitarfélag öðru sveit-

arfélagi vegna þess að íbúatalan sé komin niður fyrir 50. Greinin fjallar einnig um ákvarðanir sveitarstjórna og ráðuneytisins í framhaldi af atkvæðagreiðslu, svo og hvernig með skuli fara ef sveitarfélög þau sem sameina skal eru í fleiri en einu lögsagnarumdæmi. Í athugasemdum með frv. til núgildandi sveitarstjórnarlaga er þessi grein ekki skýrð neitt eða rökstudd sérstaklega. Ég tel því rétt að líta til reynslunnar varðandi ákvæði greinarinnar sem hér er til umræðu. Á þetta ákvæði mun hafa reynt í tveimur tilvikum, annars vegar við sameiningu fimm sveitarfélaga í Vestur-Skaftafellssýslu, þ.e. Hörglandshrepps, Kirkjubæjarhrepps, Leiðvallahrepps, Skaftártunguhrepps og Álftavershrepps. Í einu þessara sveitarfélaga, Leiðvallahreppi, varð niðurstaðan sú að aðeins fleiri af þeim er atkvæði greiddu voru gegn sameiningunni. Sameiningin var hins vegar samþykkt í öllum hinum sveitarfélögunum.

Þarna hagaði þannig til landfræðilega að hagt var að sameina fjögur sveitarfélög en skilja Leiðvallahrepp eftir. Það var hins vegar mat sveitarstjórna á svæðinu og mat ráðuneytisins að sameina ætti öll fimm sveitarfélögin. Ákvæði þessa frv. sem hér er til umræðu hefði þýtt að hreppur með undir 50 íbúa hefði getað komið í veg fyrir sameiningu þessara fimm hreppa.

Sameining sveitarfélaga í Vestur-Skaftafellssýslu fór fram 1990 þannig að nokkur reynsla er komin á þá sameiningu. Ráðuneytið hefur fengið upplýsingar frá heimamönnum um reynsluna fyrir sameiningu og er hún mjög góð að mati heimamanna. Hitt dæmið þar sem reynt hefur á þetta ákvæði var við sameiningu þriggja sveitarfélaga í Suður-Múlasýslu, þ.e. Búlandshrepps, Beruneshrepps og Geithellnahrepps. Í einu þessara sveitarfélaga, Geithellnahreppi, voru 16 af þeim sem atkvæði greiddu andvígir sameiningunni en 15 með. Á kjörskrá voru 50. Þarna hagar einnig þannig til að hægt hefði verið að sameina tvö sveitarfélög en skilja Geithellnahrepp eftir. Niðurstaðan varð hins vegar sú að bæði sveitarstjórnirnar og ráðuneytið töldu rétt að sameina öll þrjú sveitarfélögin. Sama er hér uppi á teningnum. Einn hreppur hefði getað komið í veg fyrir sameiningu allra þessara þriggja hreppa hefði ákvæði þessa frv. gilt.

Ég tel rétt að benda á að verði frv. þetta sem hér er til umræðu samþykkt, getur það leitt af sér að minni hluti atkvæðisbærra íbúa í fámennu sveitarfélagi getur hindrað sameiningu margra sveitarfélaga á tilteknu landsvæði þó svo mikill meiri hluti atkvæðisbærra íbúa annarra hlutaðeigandi sveitarfélaga samþykki sameininguna. Ég mun alveg á næstunni eiga viðræður við fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga um næstu skref í sameiningarmálum sveitarfélaga. Í þeim viðræðum mun ég taka upp það atriði sem frv. sem við ræðum hér fjallar um.

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ekki annað að heyra á hæstv. félmrh. en ráðherrann væri ósammála trúnaðarmanni sínum, formanni sveitarfélaganefndar, og verð ég að segja að það er nokkuð furðulegt þegar ráðherrann talar í tvær áttir í sama málinu, annars vegar hér á þinginu og hins vegar í sveitarfélaganefnd. Rök hæstv. ráðherra eru í raun ómerk, þar sem sveitarfélag með færri en 50 íbúa er skylt að sameina öðru sveitarfélagi. Ráðherra hefur öll úrræði til þess.

Ég vil líka benda á að það er hægt að leggja fram margar tillögur um sameiningu sveitarfélaga og þó að ein tillaga sé felld, þá er hægt að leggja fram aðra þannig að þótt einhver tiltekin tillaga sé felld er ekkert sem útilokar að menn greiði atkvæði um aðra tillögu þar sem um önnur sveitarfélög er að ræða.

Ég vil benda á það hæstv. ráðherra til fróðleiks að þessi sérstök lög sem áttu að stuðla að fækkun sveitarfélaga úr 227 niður í 66, sem sett voru árið 1970, gáfu það af sér eftir að hafa gilt í 16 ár að þá voru sveitarfélögin enn 223. Sveitarfélögunum hafði aðeins fækkað um fjögur á gildistíma þessara sérstöku sameiningarlaga. Það er ekki fyrr en menn draga úr þessu lögþvingunarákæðum og setja ný sveitarstjórarlög árið 1986 að einhver skriður kemst á málið. Sveitarfélögum hefur fækkað úr 223 frá árinu 1986 niður í 197 núna eða um 26 eða rúm 12% á sex árum, vegna þess að menn drógu úr forræðishyggju í lögununum og lögþvinguninni. Lögþvingunin vinnur gegn markmiðunum um að sameina sveitarfélög. Það mundi ég vilja, virðulegur forseti, að hæstv. félmrh. áttaði sig á.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sannfærð um það og reyndar held ég að fleiri taki undir það sjónarmið að það fyrirkomulag sem á að hafa á kosningum varðandi sameiningu sveitarfélaga mun tefja fyrir stórum sameiningum sveitarfélaga. Ég vil minna á af því að hv. þm. talar um að formaður sveitarfélaganefndarinnar sé ekki sammála minni skoðun í þessu máli að í skýrslu sem var lögð fram um þetta efni, sameiningu sveitarfélaga, í október 1992, var lagt til allt annað kosningafyrirkomulag og ég veit ekki annað en þeir aðilar sem undir skrifuðu, nema þá hv. síðasti ræðumaður, hafi verið sammála um, þ.e. að það ætti að fara fram sameiginleg atkvæðagreiðsla í sveitarfélögunum um kosningafyrirkomulagið. Hér er alveg breytt um. Og ég geri ráð fyrir að ef umræður eru um það núna í sveitarfélaganefndinni að snúa þar frá og fara út í svo þröngt kosningafyrirkomulag þá sé það til að reyna að ná breiðri samstöðu um sameiningu sveitarfélaga á grundvelli ályktunar fulltrúaráðs sveitarfélaganna. Ég er alveg sannfærð um að formaður nefndarinnar er hins vegar í hjarta sínu sammála því að sú leið sem var lögð til í sameiningarnefndinni og ég lýsti hér áðan er sú rétta til að stuðla að frekari sameiningu sveitarfélaga. Maður getur auðvitað spurt hvort lýðræðið snúist ekki upp í andhverfu sína þegar eitt mjög fámennt sveitarfélag getur komið í veg fyrir óskir og vilja margra annarra sveitarfélaga um stóra sameiningu.

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef nokkur sveitarfélög vilja sameinast þá getur ekki eitthvert eitt fámennt sveitarfélag hindrað það. Sveitarfélögin munu einfaldlega samein-

ast og skilja þetta fámenna sveitarfélag eftir. Þannig að þessi röksemdafærsla er alveg út í hött. Ég vil enn fremur minna hæstv. ráðherra á það sem kom fram í fyrra andsvari að sameining gæti verið felld með minni hluta atkvæða. Það sjáum við hér í þinginu iðulega að lagafrv., stórir og miklir lagabálkar eru samþykktir með minni hluta atkvæða. Það eru innan við 32 þingmenn sem styðja stór og mikil frv. þannig að þessi rök ganga ekki heldur. Ég vil benda hæstv. félmrh. á að fyrir liggur og verður tekin til umræðu á morgun tillaga sem hlýtur að vera lögð fram með samþykki félmrh. um að falla frá lögþvingun, falla frá því að sameiginleg atkvæðagreiðsla fari fram yfir nokkur sveitarfélög, heldur að atkvæðagreiðslan verði í hverju einstöku sveitarfélagi. Enn fremur er í þessu skjali gerð sú tillaga og væntanlega með samþykki félmrh. um að breyta 109. gr. sveitarstjórnarlaganna eins og ég hef lagt til. Ég held að það væri meiri mannsbragur á því hjá hæstv. félmrh. að segja það hreint út að hún sé sammála því frv. sem ég hef lagt til. Ég var bara einfaldlega nokkrum mánuðum á undan henni að komast að þessari niðurstöðu.

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Þetta ákvæði sveitarstjórnarlaga sem frv. gerir ráð fyrir að breyta er hálfgerður bastarður. Ég vil fullyrða það varðandi sameiningarmálin og byggi það á reynslu minni í sveitarfélaganefnd, þar sem ég á sæti ásamt hv. flm., að þetta ákvæði hér flýtir ekki fyrir sameiningu sveitarfélaga. Þetta ákvæði er eitur í beinum fólks. Því finnst það stríða gegn lýðræðinu og það er nátturlega andstætt lýðræðishefð að sá sem situr hjá teljist greiða atkvæði með. Þetta ákvæði, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, mun tefja fyrir sameiningu sveitarfélaga og hleypa illsku í þau mál fremur heldur en flýta fyrir þeim. Þess vegna hafa menn auðvitað komist að þeirri niðurstöðu í fulltrúaráði Sambands ísl. sveitarfélaga og áreiðanlega hefur formaður nefndarinnar komist að þeirri niðurstöðu líka að það væri rétt að atkvæðagreiðsla færi fram í hverju og einu sveitarfélagi. Ef hv. þm. hafa skilið orð ráðherra þannig að fulltrúar í sveitarfélaganefnd væru búnir að skrifa undir einhverja lögþvingun með þessum hætti, að skrifa undir áfangaskýrsluna, þá er það rangt. Áfangaskýrslan var til þess að kynna leiðir til umræðu og niðurstöður þeirrar umræðu liggja nú fyrir og hafa leitt til verulegra breytinga sem munu væntanlega birtast í lokaskýrslunni. Ég tel að þær breytingar séu til góðs. Ég er þeirrar skoðunar. Ég er fylgjandi sameiningu sveitarfélaga. Ég tel að það sé þróun sem verður. En ég hef alltaf verið andvígur lögþvingun í þeim efnum. Ég tel að slíkt tefji fyrir sameiningu, tefji fyrir góðu samstarfi sveitarfélaganna sem á að sameina þó þetta hafi sloppið hingað til þar sem þessi tilvik hafa komið upp. En ef það ætti að fara að nota þetta kosningafyrirkomulag, sem þessi grein gerir ráð fyrir, í stórum sameiningum og þvinga kannski tvö eða þrjú sveitarfélög á stærri svæðum með þessum hætti til sameiningar þá held ég að það sé hin versta staða sem getur komið upp úr því í samstarfinu. Ég segi fyrir mig að það er miklu betra að þessi sameiningarmál taki einu, tveimur eða þremur árum lengri tíma en það sé allt í deilum og sárindum sem koma upp úr slíkum lögþvingunum. Ég held að sú stefna sem þessi mál hafa tekið nú sé til góðs og hef von um að þessi mál fái farsæla niðurstöðu. Ég vil undirstrika að áfangaskýrsla sveitarstjórnanefndar var plagg sem átti að leggja til umræðu og hefur verið rædd í sveitarfélögum víða um land og í samtökum sveitarfélaga sem hafa skilað um hana umsögnum. Fulltrúaráðið hefur sett fram ákveðnar hugmyndir þannig að ég er ánægður með það ferli sem hefur verið síðan skýrslan kom fram. Ég hygg að hún leiði til þess að menn hverfi frá þessum lögþvingunarhugmyndum sem ég hef alltaf verið andvígur og hef alls ekki skrifað undir þó áfangaskýrslan kynnti þessa leið, vegna þess að ég var með almennan fyrirvara við skýrsluna um að lokaafstaða yrði ekki tekin fyrr en að sú umræða hefði farið fram sem hefur farið fram á síðustu vikum.

Útbýting þingskjals:

Tilraunaveiðar og þróun veiðarfæra vegna veiða á ígulkerum, 393. mál, þáltill. StB o.fl., þskj. 687.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú breyting sem hér er verið að leggja til á sveitarstjórnarlögum kemur inn á það hvort lýðræðislegar kosningar eigi að gilda í hverju sveitarfélagi fyrir sig eða hvort það eigi að gilda í fjölda þeirra sveitarfélaga sem sameina á og þá á heildina litið. Það liggur í augum uppi að miðað við þá stöðu sem er í dag í sveitarstjórnarmálum þá hljótum við að líta svo á að hvert sveitarfélag sé svo sjálfstæð heild að það hafi ákvörðunarvald um það hvort það vill sameinast öðrum sveitarfélögum. Ég tel að sú breyting sem hér er verið að leggja til ítreki þann rétt sem hvert sveitarfélag hlýtur að hafa til að segja sitt álit og taka ákvörðun um hvernig það vill haga sínum málum í framtíðinni.

Nú vil ég taka það fram að ég er mjög sammála því að unnið sé að sameiningu sveitarfélaga og tel að það sé þróun sem hljóti að halda áfram. Hún hefur verið fremur hæg undanfarin ár og má ýmsu um það kenna, m.a. líka því að sveitarstjórnarmenn hafa sjálfir e.t.v. verið of tregir til að ræða sameiningu og ekki séð í fljótu bragði hvaða hagnaði sú sameining mundi skila þeim. En þessi umræða verður að fara fram í sveitarfélögunum miðað við þá stöðu sem er í dag. Ég tel að í framhaldi af þeirri umræðu, kynningu á kostum og göllum sameiningar, sé það sjálfsagt mál að hvert sveitarfélag geti síðan tekið ákvörðun fyrir sig. Þannig er stjórnsýslan í dag og við getum ekki breytt því að í dag hefur hvert sveitarfélag ákvörðunarvald um sína framtíð. Þessi breyting sem hér er lögð til hnykkir á því að þau hafi það vald. Að öðru leyti vænti ég þess að það verði árangur af starfi þeirrar nefndar sem hefur verið að vinna að sameiningu sveitarfélaga. Ég vil einnig benda á að fulltrúaráðsfundurinn í Keflavík núna fyrir helgina ræddi mjög sameiningu sveitarfélaga og gerði ályktanir í þá veru. M.a. er sú ályktun

sem þar var gerð um kosningu um sameiningu sveitarfélaga í hverju sveitarfélagi fyrir sig einmitt í sömu veru sem þetta frv. til laga gerir ráð fyrir. Ég tel að það sé það sem meiri hluti sveitarstjórnarmanna vill í dag. Til þess eigum við að taka tillit.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil lýsa stuðningi við þetta litla frv. Það er auðvitað fásinna að hjáseta eða ógilt atkvæði teljist stuðningur við mál og þarf svo sem ekki að hafa mörg orð þar um. Ég tel líka að það sé orðið tímabært að stinga við fótum vegna þess æðibunugangs sem uppi hefur verið varðandi sameiningu sveitarfélaga. Sameining sveitarfélaga á auðvitað rétt á sér og er í mörgum tilfellum öllum til hagsbóta en það þarf ekki að vera að hún sé lausnarorð í öllum tilfellum. Ég tel að grundvallaratriði þess að sameining sveitarfélaga eigi rétt á sér sé að meiri hluti kjósenda í hverju sveitarfélagi fyrir sig sé samþykkur sameiningunni. Það dugir ekki einfaldur meiri hluti á svæðinu og hvað þá einfaldur meiri hluti sem fenginn er með þeim hætti sem núgildandi lög kveða á um. Ég tel sem sagt að ef meiri hluti íbúa í sveitarfélögum, hverju fyrir sig, vill sameiningu þá sé það gott og blessað en alveg forkastanlegt að ætla að lögþvinga fram sameiningu sveitarfélaga. Þetta vildi ég að kæmi fram sem mín afstaða hér og nú. Sem betur fer virðist mér nú að æ fleiri átti sig á því að lögþvinguð sameining er ekki af hinu góða. Ég held að það sé fullkomin ástæða fyrir menn þar sem sameining er á döfinni að gera sér grein fyrir því hvað vinnst við sameininguna, hvað sparast við sameininguna, hvaða aukna þjónustu menn geta fengið með hagfelldari hætti í sameiningu o.s.frv. Það er náttúrlega mjög mismunandi eftir landsvæðum hvernig háttar til um hentugleika á sameiningu. Jafnframt ber að taka tillit til atvinnuhátta. Atvinnuhættir í sveitum og þéttbýli eru mismunandi og þar af leiðir að það er eðlilegt að viðfangsefni hvers sveitarfélags marki nokkuð starf sveitarfélaganna. Þéttbýlisbúarnir þurfa ekki að hugsa um fjallskil eða önnur sameiginleg mál þeirra sem í sveitunum búa. Þetta er meginatriði. Ég bið menn að líta ekki fram hjá því. Æ fleiri forráðamenn sveitarfélaga hafa áttað sig á þessu og það tel ég að sé af hinu góða.

Ég tel að núgildandi lög heimili sveitarfélögum og gefi þeim möguleika til samvinnu sín í milli, mjög víðtækrar samvinnu, og það sé sjálfsagt að ýta undir það fremur en bregða fyrir þá samvinnu fæti. En ég er sem sagt algerlega andvígur því að ætla að fara að lögþvinga sameiningu sveitarfélaga.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil nú mótmæla þeim orðum síðasta ræðumanns að hér hafi verið um einhvern æðibunugang — eins og hann orðaði það — að ræða í kringum sameiningu sveitarfélaga. Ég vil minna á að þessi mál hafa verið mjög lengi á döfinni og núna síðustu þrjú árin hefur verið mikil alvara í þeim málum. Á öllum stigum málsins hefur verið haft náið samráð við sveitarstjórnirnar í landinu. Þess hefur verið gætt að fulltrúar allra stjórnmálaflokka, stjórnar og stjórnarandstöðu, ættu sæti í þeim nefndum sem um þetta mál hafa fjallað. Það hafa verið gefnar út tvær eða þrjár skýslur um þetta mál. Það hefur í tvígang verið ferðast til að hitta flestar ef ekki allar sveitarstjórnir í landinu. Ég á ekki von á öðru en að það verði í öllu megindráttum farið að tillögu fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga og ályktun þess sem það samþykkti um síðustu helgi. Þannig að ég mótmæli þessum orðum, að um einhvern æðibunugang sé að ræða í þessum málum. Ég hygg að í fáum málum hafi verið haft eins náið og gott samráð vil ég segja um þetta stóra hagsmunamál sveitarfélaganna.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseta. Það getur skeð að orðið æðibunugangur fari eitthvað í taugarnar á hæstv. ráðherra en ég held að við getum ekki deilt um að það var farið hratt af stað og stemningin er að breytast. Ég hefði mjög gjarnan viljað heyra ráðherrann lýsa því yfir hér úr ræðustól að hún mundi ekki beita sér fyrir lögþvingaðri sameiningu sveitarfélaga.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarsyni fyrir að leggja fram þetta frv., sem er eins sjálfsagt og eðlilegt og nokkurt frv. getur verið eins og kemur fram á fulltrúaráðsfundi Sambands ísl. sveitarfélaga, sem einmitt er að ályktа í þessa veru. Það er auðvitað spurningin: Hvernig stendur á því að það gengur svona hægt að sameina sveitarfélögin? Það er vegna þess að það er viss neikvæð umræða í gangi. Það er neikvæð umræða. Ríkisvaldið er að þrýsta of hratt og það veldur vissri hræðslu hjá sveitarstjórnarmönnum og íbúum sveitarfélaganna. Þeir vilja fá að ráða þessum málum sjálfir. Hæstv. félmrh. sagði áðan — ég gat ekki skilið orð hennar öðruvísi — að fljótvirkasta leiðin sé að þetta komi ofan frá og menn séu ekkert að kjósa um sameiningu. Lýðræðið er nú einu sinni þannig að það er svolítið seinvirkt en við höfum kostið að hafa lýðræðislega skipan mála og við verðum að fylgja því eftir í öllu. Þess vegna er þetta „lapsus" í núverandi lögum og hér er gerð tillaga um breyta því á þann veg að einfaldur meiri hluti í sveitarfélagi ráði því hvort um sameiningu sé að ræða.

Fyrst ég er komin upp til að ræða um sameiningu á annað borð þá held ég að fundur fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga, sem haldinn var í Keflavík um sl. helgi, marki viss tímamót. Þar var m.a. verið að tala um, eins og kemur fram í ályktun, að komið verði á fót sérstökum umdæmisnefndum í landshlutum er leggi fram tillögur um skiptingu umdæmis í sveitarfélög að teknu tilliti til skoðana sveitarstjórna og íbúa svæðisins. Það hefur nefnilega allt of lítið verið gert af því að tala við íbúa svæðisins. Þetta hefur verið mjög „lókal" umræða. Þetta hefur verið umræða hjá ríkisstjórn og sveitarstjórnarmönnum en umræðan hefur ekki náð almennilega til íbúanna sjálfra og hvað þeir vilja.

Svo ég haldi áfram að vitna í þessa ályktun frá

þessum umtalaða fundi þá segir jafnframt:

„Umdæmisnefndirnar sjá um kynningu og kosningu tilhögunar í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir." — Það er búið að færa þetta nær íbúunum sjálfum. Það er búið að færa umræðuna frá ríki og mönnum sveitarstjórna til íbúanna. Það sem einmitt vantar er umræða um það hvaða hag hvert sveitarfélag hefur af sameiningunni. Það vita íbúarnir sjálfir heima fyrir best.

Ég vona að sú umræða sem fór fram á fundinum í Keflavík verði einmitt til að færa þessa umræðu heim í hérað. Það er mjög mikilvægt og eina ráðið til að um nokkra sameiningu verði að ræða.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil þakka Kristni H. Gunnarssyni fyrir að flytja þetta frv. Ég er einn af þeim sem telja að meiri hlutinn eigi að ráða í sambandi við sameiningu sveitarfélaga. Hins vegar er þetta erfitt mál viðfangs að því leyti til að það hefur verið ákveðið með lögum að meiri hlutinn fái ekki að ráða í ýmsum sveitarfélögum, eins og hv. 5. þm. Vestf. lýsti áðan. En það er líka annað sem hefur ekki verið rætt eins mikið á þessum fundi. Það er að fari íbúafjöldinn niður fyrir 50 þá eru sveitarfélög tilneydd að sameinast án þess að fram fari yfirleitt nokkur kosning um það. Ég hef ákveðnar áhyggjur af því að ég hef heyrt ýmsa þingmenn og reyndar aðra aðila í þjóðfélaginu líka halda því fram að það eigi að hækka þessa tölu. Það eigi að lögþvinga sameiningu lítilla sveitarfélaga með því að hækka þessa tölu úr 50 upp í jafnvel 200. Ég tel það mjög slæmt mál ef menn komast að þeirri niðurstöðu því þá er auðvitað verið að valta gjörsamlega yfir vilja fólksins í þessum sveitarfélögum. Ég held að það væri mjög slæmt ef menn gerðu það. Ég tel að það þurfi að ná samkomulagi með atkvæðagreiðslu í hverju sveitarfélagi fyrir sig en ég er ekki alveg sannfærður um að einfaldur meiri hluti eigi að ráða í öllum tilvikum. Þá á ég ekki við að hjáseta eigi að gilda sem atkvæði með sameiningu heldur sé það hugsanleg leið í málinu að atkvæðagreiðsla sé gerð ógild og þurfi að fara fram aftur ef meiri hluti atkvæðisbærra manna tekur ekki þátt í henni, þ.e. ef ekki er fyrirliggjandi meiri hluti atkvæðisbærra manna annaðhvort með eða á móti tillögunni. Ég tel það svo alvarlegt mál þegar menn eru að taka afstöðu til þess hvort sveitarfélag eigi að sameinast öðru að erfitt sé að sætta sig við að minni hluti atkvæðisbærra manna taki þá ákvörðun hvort af sameiningu verður eða ekki. Þá á ég við að þar verði báðum sjónarmiðum gert jafnhátt undir höfði.

Ég verð að taka undir með hv. 1. þm. Norðurl. v. Mér hefur fundist vera töluverður æðibunugangur á þessum sameiningarmálum. Ég tel ekki til góðs að ýta mjög hart eftir málum af þessu tagi. Ég vil meina að það hafi verið gert. Menn hafa sent nefndir allt í kringum landið og haldið fundi með stuttu millibili til þess að kynna hugmyndir um sameiningu og það er virkilega rekið á eftir þessu. Ég tel minni röksemdir fyrir sameiningu sveitarfélaga núna en voru fyrir nokkrum árum síðan. Fyrir svo sem 20 árum voru mörg af minni sveitarfélögunum alls ófær um að sjá um bókhald, fjármálastjórn og ýmsa tæknivinnu sem tilheyrir því að reka eitt sveitarfélag. Þessi þekking hefur vaxið mjög mikið í öllum sveitarfélögum en ég vil taka það strax fram að ég er ekki að mæla á móti sameiningu sveitarfélaga af þessum ástæðum. Ég er bara að benda á að menn eiga ekki að tala í dag eins og það sé enn þá meiri ástæða til þess að reka á eftir þessu en áður. Það er það nefnilega ekki. Fjárfesting sveitarfélaganna sem hefur orðið meiri en hún ætti að vera vegna þess að sveitarfélög hafa ekki staðið saman að hlutunum er í flestum tilfellum núna orðinn hlutur og verður ekki til baka tekin þó sveitarfélögin sameinist í dag. Vissulega er eftir miklu að slægjast til að koma í veg fyrir það óhagræði sem oft verður þegar fjárfest er í skólabyggingum, höfnum eða öðrum mannvirkjum eða þjónustu á vegum sveitarfélaga sem liggja hlið við hlið og geta komið þessum málum fyrir með hagkvæmari hætti sameiginlega. Það er því eftir miklu að slægjast.

En ég tek það aftur fram að ég tel minni ástæðu til þess að reka á eftir þessum málum í dag en var fyrir 20 árum síðan.

Annars finnst mér að það hafi komið skýrt fram í andsvari hæstv. félmrh. áðan að hún ætlar að taka fullt tillit til vilja Samtaka sveitarfélaga og á fundi hjá þeim sem var haldinn í Keflavík fyrir stuttu, eins og hefur verið minnt á hér, var einmitt samþykkt ályktun um að meiri hluti í sveitarfélögunum ætti að fá að ráða um sameiningu. Þar með tel ég að hæstv. ráðherra hafi verið að taka undir þau sjónarmið.

Ég vona að það náist eitthvert bærilegt samkomulag um hvernig staðið verður að þessum málum en ég minni á það sem ég sagði áðan. Við megum ekki lenda í því að fara að þvinga fámennustu sveitarfélögin með mjög afdrifaríkum hætti til sameiningar þó svo að við viðurkennum að meiri hluti eigi að fá að ráða í öðrum sveitarfélögum. Verði það niðurstaðan að það kosti að menn ætli að hækka núgildandi mörk, sem eru 50 manns, um það að sameinast öðrum sveitarfélögum finnst mér illa af stað farið.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Í tilefni af þeim umræðum sem hér fara fram vegna frv. hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar til laga þá langar mig til þess að leggja áherslu á það sjónarmið að aðalatriðið er að kjósendum, sem greiða atkvæði um sameiningu, sé ljóst hvaða reglur gildi í kosningum. Það má minna á í þessu sambandi að þegar atkvæðagreiðsla fór fram um sameiningu sveitarfélaga í Djúpavogshreppi kom það mjög mörgum kjósendum þar á óvart eftir að búið var að greiða atkvæði til hvers úrslitin leiddu. Þrátt fyrir að sameiningin hefði hugsanlega verið felld í sumum hreppum hjá þeim sem tóku þátt í atkvæðagreiðslunni þá réðu þeir úrslitum sem ekki tóku þátt. Þessi niðurstaða kom mörgum á óvart. Þess vegna legg ég áherslu á að þær reglur sem í gildi eru séu vel kynntar og öllum ljósar. Það er grundvallaratriði lýðræðisins að kosningareglurnar séu skýrar og ljósar. Hvort þeir sem ekki taka þátt í kosningum eigi að hafa einhver áhrif með heima-

setu sinni er svo aftur á móti annað mál og á því kunna að vera ýmsar hliðar. T.d. þeir sem ekki eiga heimangengt en búa eigi að síður í sínum hreppi. Á að taka tillit til þeirra áhrifa á einhvern hátt? Auðvitað vita allir að sameining sveitarfélaga hefur áhrif á lífsskilyrði allra íbúa.

Ég tel því rétt að í þeirri nefnd sem við sitjum í báðir, ég og hv. flm., skoðum við þetta mál mjög vandlega frá öllum hliðum. En ég held að við hljótum að vera sammála um að hver sem niðurstaðan verður, hvort sem áfram verður stuðst við gildandi reglur eða tekið verði mið af tillögum hv. flm., sé aðalatriðið að reglurnar séu öllum ljósar áður en kosið er.

Hv. þm. hafa einnig verið að ræða almennt um sameiningarmál sveitarfélaga. Þegar þau eru til umræðu er yfirleitt horft langt frá Reykjavík og út á land og reynt að greina þar einhver sveitarfélög í dreifingunni sem eru fámenn en kynnu að vera betur sett ef þau yrðu sameinuð í stærra sveitarfélag.

Ég horfi yfirleitt á þetta mál utan af landi og suður til Reykjavíkur, á höfuðborgarsvæðið. Ég undrast það hversu mörg sveitarfélög eru á Stór-Reykjavíkursvæðinu og í Reykjaneskjördæmi og mér segir svo hugur að íbúarnir sjálfir viti ekki einu sinni hvar landamæri sveitarfélaganna eru. Þar kem ég aftur að öðru atriði sem er mjög mikilvægt, að kynna fyrir íbúum hvers sveitarfélags, hvar sveitarfélagsmörk eru. Ég held nefnilega að þessar umræður um sameiningu sveitarfélaga ættu fyrst og fremst að fara fram á höfuðborgarsvæðinu því ef einhvers staðar má finna og leita eftir hagkvæmni og hagræðingu með sameiningu og aukinni samvinnu, sem vissulega er á milli sveitarfélaga, mætti ná henni fram fyrst og með fljótvirkustum hætti hér þar sem fjöll hindra ekki og samgöngur eru bestar í landinu og búið er að koma flestum málum best fyrir samanborið við að streða við. Nú er jafnvel rætt um það að gera það með lögum, þvingunum, stjórnvaldsaðgerðum, að koma sveitarfélögum á landsbyggðinni saman, jafnvel þar sem skilja í millum erfiðar náttúrulegar aðstæður. Auðvelt að reikna út í tölvu en erfitt að framkvæma þegar horft er á allar aðstæður og hvað þá ef við búum við þær aðstæður sem verið er að ræða í þessum efnum.

Þess vegna vil ég leggja áherslu á að forgangsverkefnið verði sameining sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Síðan verði reynslan metin út frá þeirri sameiningu hvort ástæða er til að stíga stærri skref til sameiningar og þá þar sem erfiðara er um vik með sameiningu í dreifðum byggðum landsins.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér heyrist það rétt sem nokkrir fulltrúar sögðu í nefnd sem hefur starfað að sameiningu sveitarfélaga að allir vildu sameina einhvers staðar annars staðar en hjá sjálfum sér. Það hefur sannast á máli hv. síðasta ræðumanns — án þess að ég vilji gera honum upp skoðanir — þar sem ég tel hann ekki búsettan á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar tek ég undir viðhorf hans um að það þarf að leita að hagkvæmnisástæðum við sameiningu sveitarfélaga og meðal þess sem augljóslega má taka til athugunar er okkar ágæta höfuðborgarsvæði og nágrannabyggðir þar sem sveitarfélagamörk liggja víða mjög óeðlilega og raunar hefur þessum mörkum að mörgu leyti verðið hrundið með samstarfi. M.a. má nefna það að Vesturbæingar í Reykjavík og Seltirningar reka saman heilsugæslu.

Ástæða fyrir því að ég kom hingað upp í andsvar er þó fyrst og fremst sú að ég held að það verði að skoða sérstaklega vandamál sem upp gæti komið ef sameinað yrði í of misstórar einingar. Mér hefur lengi þótt það vera bæði galli fyrir íbúa á höfuðborgarsvæðinu og fyrir önnur sveitarfélög hversu mikið misvægi er milli stærðar sveitarfélaga þar. Ég tel að við séum ekki fullkomlega búin að vinna okkur í gegnum þá umræðu og sérstaklega þann vanda sem er í samstarfi sveitarfélaga þegar þau eru mjög misstór.

Annað sem ég vil ekki síður nefna eru möguleikar íbúa í mjög stórum sveitarfélögum til þess að hafa áhrif innan síns sveitarfélags. Þar tel ég að víða sé pottur brotinn og dæmin hafa sannað það.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki mörgu að svara því andsvari sem hv. þm. flutti. Ég vil eigi að síður leggja áherslu á að ég var ekki að lýsa andstöðu minni við sameiningu. Þvert á móti tel ég sameiningu af hinu góða ef fólkið sem ætlar að sameinast vill það og hefur undirbúið það svo að það telji það framkvæmanlegt og það skili árangri. Þess vegna var ég að undrast það að ef fólkið sem býr á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjaneskjördæmi hefur ekki komið auga á hagkvæmni þess að sameinast og fækka sveitarfélögum þá séu stjórnmálamenn, jafnvel fyrir þessi tvö kjördæmi, Reykjaneskjördæmi og Reykjavík, að ræða hugmyndir um sameiningu sveitarfélaga sem eiga langtum erfiðara um vik út frá landfræðilegum og náttúrufræðilegum ástæðum og skammta þeim sameiningu og undrast svo að einhver sveitarfélög úti á landi sameinast ekki eða gangi hægt að sameinast.

Þess vegna segi ég við sömu þingmenn sem undrast þetta: Horfið ykkur nær. Hér er það best og hér á að reyna það til þrautar.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að við hv. þm. séum ekki sérlega ósammála í þessu máli og kannski er meginatriðið í máli okkar beggja að fyrst og fremst á að leita eftir hagkvæmni án þess að ganga á rétt íbúa. Það held ég að sé stærsta atriðið sem við getum verið sammála um að það verður að sjálfsögðu að gæta þess lýðræðis að íbúar hafi eitthvað með slíka sameiningu að segja.

Í öðru lagi er ég honum hjartanlega sammála um að það þarf að kanna mjög vel allt það sem til hagræðingar má verða og kannski til þess að uppræta ákveðna samstarfsörðugleika en það verður að gera það í fullri sátt við íbúa hér á þessu svæði sem annars staðar á landinu. Það er kannski grundvallaratriðið.

Ég held því miður að við eigum langt í land með að vinna heimavinnuna okkar í sameiningarmálum hér á

þessu svæði vegna þess að kynning hefur ekki legið fyrir. Hér er eitt geypistórt sveitarfélag og ég hef varpað fram mínum efasemdum um það hvernig samstarfi sveitarfélaga af mjög ólíkri stærð geti verið háttað og hvernig lýðræði geti verið háttað innan þessara sveitarfélaga. Ég er ekki að segja að það útiloki að hægt sé að sameina mjög stórt, heldur að benda á að það verður alltaf að gæta að hinum minnstu einingum sem eru íbúarnir sjálfir og að þeirra réttur sé virtur og ekki fótumtroðinn.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú kannski enn það sama og fyrr, ekki mörgu að svara, en hv. þm. gefur mér eigi að síður tilefni til þess að hugsa til Suðurnesja. Á þessu litla svæði, á þessu litla fallega nesi, skilst mér að séu sjö sveitarfélög og það skilur ekki eitt einasta fjall í millum og nánast hver vegur malbikaður. Ég bý aftur á móti í sveitarfélagi sem hefur líka verið í umræðunni vegna sameiningar við næsta sveitarfélag. Þar er ekki yfir fjall að fara heldur fyrir skriður og fjall að fara og svo ólíku saman að jafna. Eigi að síður hef ég setið á rökstólum með þingmanni Reykjaneskjördæmis sem hefur verið að gefa mér það í skyn að hugsanlega væri gott að sameina þessi tvö sveitarfélög. Meðan svo er þá hlýt ég að spyrja: Eigum við ekki að horfa okkur nær? Við erum að reyna að velta því fyrir okkur að ná fram lausn í sambandi við samvinnu sveitarfélaga, t.d. á Austurlandi, en þar sem aðstæður eru langsamlega bestar til sameiningar, t.d. á Suðurnesjum, hefur ekki náðst árangur. Við fylgjumst gjörla með því hvernig sameiningartilraunir á Suðurnesjum mættu takast. Ef ekki tekst þar hvar tekst það þá?

Útbýting þingskjals:

Ferða- og risnukostnaður, 395. mál, fsp. EKG, þskj. 689.

Pétur Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Aðeins í sambandi við þessa umræðu um sveitarstjórnarmál sem ég vildi leggja orð í belg. Mér finnst það ákaflega einkennileg framsetning hjá mönnum að segja að tilraunir hæstv. félmrh. til þess að sameina sveitarfélög í landinu einkennist af æðibunugangi. Ég held nefnilega að það sé alveg öfugt ef menn skoða þetta vel. Ég held að flestum hér inni sé kunnugra um þetta en þeir láta uppi. Á vegum ráðuneytisins hefur farið fram mjög víðtæk skoðun á þessum málum. Fjölmenn nefnd hefur farið um landið til þess að ræða við sveitarstjórnarmenn og síðan hafa verið settar fram ákveðnar tillögur og hugmyndir um sameiningu og dregnar ályktanir af því hvaða hagkvæmni fylgir því að reka stærri sveitarfélög frekar en fjölmörg og smærri sem við búum við í dag.

Það er skiljanlegt að það gæti ákveðinnar óþolinmæði hjá hæstv. félmrh. í sambandi við þetta mál, sérstaklega miðað við niðurstöðu fulltrúafundar sveitarfélaga sem var haldinn nýlega á Suðurnesjum þar sem viðbrögðin voru, reyndar eins og a.m.k. ég bjóst við, ákaflega neikvæð og menn reyndu að finna einhverjar leiðir til þess að dreifa málinu og setja það í fleiri nefndir og skoðanir þannig að a.m.k. væri öruggt að ekkert yrði gert í þessum málum fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar sem eru reyndar eftir rúmt ár. Þá er greinilegt að ef ekkert gerist fyrir þann tíma, þá gerist ekkert næsta kjörtímabil í sveitarstjórn. Það er alveg greinilegt miðað við alla umræðu sem hefur átt sér stað í þessu.

Það er augljóst og einkennilegt hvað það er neikvæð umræða um þessi mál hjá sveitarstjórnarmönnunum vegna þess að þeir viðurkenna allir ákveðna hagkvæmni í því að reka stærri sveitarfélög. Það er svo margt sem kemur upp í hugann í sambandi við það, bæði skipulagsmál, framkvæmdir, uppbygging atvinnuhátta í sveitarfélögunum og á svæðum o.fl., að það er óskiljanlegt að menn skuli vera að reyna að bregða fæti fyrir þær tilraunir sem eru uppi um að sameina sveitarfélög.

Ég sagði áðan að umræðan hefði að mestu leyti farið fram við sveitarstjórnarmenn. Það er kannski eðlilegt að ráðuneytið hafi beinan aðgang að sveitarstjórnarmönnunum sjálfum í sambandi við þessi mál en sá þáttur hefur gleymst sem er þýðingarmestur í þessu máli. Ef sveitarfélög eiga að sameinast á friðsamlegan hátt og það á ganga fyrir sig eðlilega og til frambúðar og menn búi þá í stærra sveitarfélagi í sátt og samlyndi í framtíðinni, þá þarf auðvitað að snúa sér til fólksins sjálfs. Það hefur ákaflega lítið verið gert í því að ræða þessi mál hjá hinum ýmsu félagasamtökum í minni sveitarfélögum og meðal einstaklinga. Það er ákaflega auðvelt að sá tortryggni meðal fólksins í sambandi við sameiningu sveitarfélaga. Gamlir fordómar og alls konar nágrannakrytur eru rifjaðir upp og magnaðir sem verða til þess að menn taka ekki afstöðu eða taka hreinlega afstöðu á móti.

Á norðanverðum Vestfjörðum hefur þetta verið tekið pínulítið alvarlega, þ.e. þegar sveitarstjórnarmenn hafa gefið sér tíma í sambandi við þessi mál. Sveitarstjórnarmenn eru auðvitað uppteknir í því að reka sín sveitarfélög og sinna þeim verkefnum sem hlaðast á þá. Það verður að segjast alveg eins og er að þeir hafa ekki gefið sér mikinn tíma til þess að sinna þessum málum. Það hefðu mátt vera enn þá tíðari heimsóknir frá starfsmönnum ráðuneytisins og þessari nefnd til þess að reka á eftir sveitarstjórnarmönnum vegna þess að þessir menn eru ekki búnir að loka á eftir sér hurðunum þegar sveitarstjórnarmenn eru komnir í önnur verkefni og hættir að hugsa um það sem var til umræðu þegar nefndarmenn stóðu við.

Á norðanverðum Vestfjörðum hefur verið skipuð starfsnefnd í þessi mál á vegum héraðssambandsins og reyndar líka kosnar nefndir í einu eða tveimur ef ekki fleiri sveitarfélögum til þess að ræða málin innan veggja og undirbúa það að menn komi með tillögur sem eru freistandi fyrir aðra þegar kemur að því að taka einhver skref í sameiningarmálum. Það er svo merkilegt við þessa umræðu að hún snýst auðvitað um ákveðin hagkvæmnisjónarmið og samrekstur á ýmsum þáttum en hún endar alltaf á einu. Hún endar alltaf á því: Hvaða tillögu hafa menn og hugmyndir um það

hvernig væntanleg sveitarstjórn þessa stóra sveitarfélags á að vera saman sett? Hvernig ætli stjórnmálaflokkum gangi að koma saman framboðslistum í sínu hinu stóra og nýja sveitarfélagi sem kannski nær yfir nokkuð stórt landsvæði? Þetta hindrar það að menn gangi alvarlega til verks. Það eru einmitt þau sjónarmið að hver er að passa sinn stól. Það er víða í þjóðfélaginu sem við rekumst á slíkt þegar um svona mál er að ræða eða skyld mál.

Ég hef sagt það á þessum fundum okkar að ég tel að ef við nálgumst það á mínu svæði — ég er að tala út frá því en auðvitað eru kringumstæður mismunandi í hinum ýmsu landshlutum og ég ætla ekki að blanda mér mikið í það í dag heldur það sem snýr að okkur — þá höfum við ákveðið að fara einmitt í herferð og kynna þetta hjá félagasamtökum og hvernig staða manna verður í þeim á eftir og eins að undirbúa fólkið og heyra hljóðið í því frekar en sveitarstjórnarmönnunum um þessi mál. Ég hef lagt það til í umræðunni hjá okkur að ef við komumst að þeirri niðurstöðu núna á þessu ári að þetta væri hagkvæmt og vilji væri fyrir því þá kæmi vel til greina að óska eftir því við félmrn. að kosningum til sveitarstjórna á þessu svæði yrði frestað þangað til sameining gengi fyrir sig. Ég held að menn hafi verið sammála mér um að það væri óráðlegt að undirbúa þetta mál mjög náið og fara með það síðan í kosningaslag í sveitarfélögunum. Það væri mjög auðvelt að búa til stjórnmálaflokka í þessum sveitarstjórnum sem byðu sig fram því augnamiði að koma í veg fyrir sameiningu.

Hvað varðar tillögur um kosningafyrirkomulag tel ég það enga spurningu um hvort hér sé um að ræða þvingun eða ekki þvingun. Við höfum þetta kosningafyrirkomulag eða atkvæðafyrirkomulag og vitum af því. Af einhverjum ástæðum hefur það verið lögfest að það væri ekki endilega meiri hluti sem réði úrslitum. Sannleikurinn er sá að meiri hlutinn af þeim sem eru í kosningum, eins og þeim sem við erum að huga að hér, og mundu ekki taka þátt í kosningunni eru menn sem eru frekar hlynntir málinu því að sannleikurinn er sá að þeir sem eru á móti svona máli eru fúsastir til þess að mæta á kjörstað. Ég held að sú reynsla sem við höfum frá Eyrarhreppi og á Ísafirði þegar þau sveitarfélög voru sameinuð í kosningunum um það mál sé mjög skýr. Það var tiltölulega lítil þátttaka en ég gef mér það að flestir af þeim sem sátu heima og nenntu ekki að taka afstöðu hafi raunverulega verið búnir að taka afstöðu með sameiningunni.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla bara að vekja athygli á því sem hv. síðasti ræðumaður sagði áðan að sameiningin strandaði fyrst og fremst á oddvita lýðræðis, svo ég orði það eins og ég skildi hv. þm. Það strandi ekki á öðru en því að menn vilja ekki missa spón úr aski sínum. Sveitarstjórnarmenn sem stjórna þessum sveitarfélögum eru þeir sem standa á bremsunni. Þá ætla ég að ítreka það enn og aftur sem ég var að segja hér áðan að kannski er fólk hrætt vegna þess að það koma vissar leiftursóknir ofan frá, frá ríkisstjórninni, sem valda því að allir fara í baklás. Þess vegna er svo mikilvægt að þessi umræða færist til íbúanna sjálfra og þeir fái að skoða það hvort sameining geti stuðlað að betri og aukinni þjónustu í sveitarfélaginu. Ef fólk fengi að skoða það t.d.: Á ég meiri möguleika á dagvistarplássi fyrir barnið mitt? Á ég meiri möguleika á dvalarheimilisplássi fyrir aldraðan einstakling o.s.frv.? Á þetta plan þarf að koma umræðunni vegna þess að ef um slík hagkvæmnismál er ekki að ræða, þá hefur sameining út af fyrir sig ekkert að segja. Þetta skiptir mestu máli að mínu áliti og ég vildi vekja athygli á því.

Pétur Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð hv. þm. að auðvitað eiga hagkvæmnissjónarmiðin að ráða. Það er það sem ég sagði áðan að ég tel að sveitarstjórnarmenn séu löngu búnir að átta sig á því og búnir að samþykkja það og eru sammála um að ótal hagsmunir er betur komið við það að sveitarfélögin verði stærri. Reyndar taldi þingmaðurinn upp ýmis atriði sem eru mismunandi í hinum ýmsu sveitarfélögum og mundu þá ná jafnræði og jafnrétti hjá íbúum á vissu svæði. Ég tek alveg undir það að auðvitað eru það hagkvæmnissjónarmiðin sem ráða fyrst og fremst. Menn eru búnir að komast að niðurstöðu um að það er hagkvæmt að sameina sveitarfélög. Það er bara framkvæmdin sem er eftir. Það er alveg rétt og ég undirstrika það aftur að það eru einmitt oddvitar og ekki bara oddvitarnir heldur oddvitar lýðræðis sem standa í vegi fyrir framþróun þessa máls.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur farið fram mjög athyglisverð umræða Hún hefur nú þegar leitt það í ljós að hæstv. félmrh. er í reynd búinn að klúðra algerlega áformum sínum um að koma einhverju í verk á þessu kjörtímabili um sameiningu sveitarfélaga. Svo afgerandi er klúðrið að einn helsti stuðningsmaður ráðherrans í þingflokki Alþfl., hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, lýsti hér áðan mjög afgerandi að ráðherranum væri nær að byrja heima hjá sjálfri sér í hennar eigin kjördæmi og nágrannasveitarfélögum áður en ráðherrann birtist í öðrum landshlutum eða sendi sendimenn sína í aðra landshluta til þess að hvetja íbúana þar til að sameinast.

Einhver ágætur maður valdi þessum starfsháttum ráðherrans þau orð fyrir nokkru síðan að þetta væri hinn nýi ráðstjórnarstíll forustu Alþfl. Hann byggði á því að láta einhverja kommissara segja fólkinu í landinu hvernig hlutirnir ættu að vera. Aðstoðarmður utanrrh., Þröstur Ólafsson, situr í nefnd til þess að segja mönnum hvernig sjávarútvegur á Íslandi eigi að vera. Hann birtist hvað eftir annað í fjölmiðlum og tilkynnir mönnum hvernig hlutirnir eigi að vera í sjávarútvegi. Aðstoðarmaður viðskrh. hefur fyrir hönd félmrh. verið að ferðast um landið í um það bil tvö ár til að segja mönnum hvernig þeir eigi að sameina sveitarfélög. Lítill hringur pólitískra fulltrúa og aðstoðarmanna þessara ráðherra hefur fengið það embætti að ráðskast

með stjórnskipulag mikilvægra þátta í okkar þjóðfélagi án þess að leita eftir lýðræðislegu samráði úti á vettvangi með afgerandi hætti.

Það þekkja það auðvitað allir hér að stefnumótun í sjávarútvegi hefur verið lokuð inni í þröngri nefnd og það hefur ekki einu sinni verið rætt við hagsmunaaðila, hvað þá heldur sjútvn. Alþingis, hvað þá heldur fólkið sem vinnur í sjávarútvegi.

Hvernig kaus hæstv. félmrh. að haga sér í þessu máli varðandi sameiningu sveitarfélaga sem er eitt viðkvæmasta málið í okkar stjórnskipan vegna þess að það felur í sér að leggja niður lýðræðislegar einingar? Stundum tala menn um þetta sem stjórnsýslueiningar sem er eitthvert kerfisorð. En í reynd er verið að tala um lýðræðiseiningar fólksins í landinu sem um aldir hefur haft rétt til þess að ráða sínum grenndarmálum sjálft.

Hvað er að gerast í lýðræðisþróun t.d. í Evrópu eða í Bandaríkjunum um þessar mundir? Það er verið að auka vald fólksins í gasrótinni og auka samráðið þannig að fólkið sjálft fari með frumkvæðið og ráði för. Það er ekki gert hér. Hér er valinn einn helsti atvinnufulltrúi ráðherra Alþfl., maður sem hefur haft það að lífsframfæri núna í nokkur ár að vera á jötunni hjá Alþfl. (**ÖS:** Er það Bragi Guðbrandsson?) Nei, það er ekki hann. Sá sem veitti forstöðu þessari nefnd fyrir hönd félmrh. rekur svo sjálfstætt ráðgjafarfyrirtæki, er úthlutað verkefnum á vegum Byggðastofnunar þannig að hann er einn af þessum kerfisköllum sem hafa lifað á þeirri kerfisaðstöðu sem Alþfl. hefur útvegað honum og kórónar svo ferilinn með því að vera gerður að aðstoðarmanni viðskrh. þegar hinum aðstoðarmanninum er parkerað í kerfið í Genf eða Brussel eða einhvers staðar í útlöndum. Þessi maður er svo sendur út um byggðir landsins til að tilkynna fólkinu: þetta er úrelt, þetta er úrelt. Þið eigið ekkert að vera að ráða ykkar málum eins og þið eruð búin að gera hér um aldir, nú skulið þið sameinast. Svo afgerandi hefur þessi hrokafulla framkoma verið í garð fólksins í landinu fyrir hönd félmrh. sem hefur auðvitað stutt við bakið á þessum leiðangri að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson sér sig tilknúinn til að koma hér upp og lýsa með afgerandi hætti fordæmingu á þessum vinnubrögðum hæstv. félmrh. Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson sagði: „Væri ekki nær fyrir þingmenn Reykv. og Reykn. að byrja heima hjá sjálfum sér.“ Rétt hjá þingmanninum. En hverjir eru þessir þingmenn Reykv. og þingmenn Reykn. sem hafa verið fremstir í flokki í umræðunni á undanförnum missirum að boða sameiningu sveitarfélaga ofan frá? Það eru tveir þingmenn, annar heitir Jóhanna Sigurðardóttir og er hæstv. félmrh., þingmaður Reykv. og hinn heitir Jón Sigurðsson, hæstv. viðskrh., þingmaður Reykn. Þessir tveir ráðherrar Alþfl. hafa verið fremstir í flokki þingmanna Reykv. og Reykn. á undanförnum missirum til að flytja þessa messu. Flytja þessa messu um 25 sveitarfélög. Jafnvel hefur verið gengið svo langt í þessum málflutningi að lýsa því að það kynni að vera nauðsynlegt að lögþvinga sameininguna ofan frá. Þannig að ráðherrarnir beittu þumalskrúfum sínum hér á Alþingi til að fara í stríð við fólkið úti í byggðarlögunum, lögþvinga lýðræðið burt úr grunneiningunum. Það er þess vegna auðvitað sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson — til að skapa sér varnarstöðu í þessari baráttu og til að slá skjaldborg um fólkið í þessum lýðræðislegu einingum — kemur hér upp og fordæmir þetta. Auðvitað veit hv. þm. að í hópi þingmanna Reykv. og Reykn. eru það fyrst og fremst þessir tveir þingmenn Alþfl. sem hafa haldið þessari umræðu uppi. Það er ekki hægt að nafngreina einn einasta þingmann Reykv. eða Reykn. sem kemst með tærnar þar sem þessir tveir ráðherrar Alþfl. hafa haft hælana í þessari umræðu og það þekki ég vel. Ég hef setið t.d. með hæstv. viðskrh. á fundi með sveitarstjórnarfulltrúum í minni heimabyggð, Seltjarnarnesi, þar sem hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson var eini maðurinn á þeim fundi sem var að tala fyrir sameiningu Seltjarnarness við Reykjavík, það hafði engan hljómgrunn á fundinum, ekki nokkurn. Það er auðvitað alveg rétt hjá hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni að fyrr en menn fara í gang með það að breyta skipuninni hér á höfuðborgarsvæðinu þá er auðvitað fullkomlega út í hött að koma til fólksins í landinu sem um aldir hefur haft sjálfstæðan, lýðræðislegan rétt til að ráða sínum málum og segja: Nú skulið þið þrátt fyrir fjöll, þrátt fyrir erfiðar landfræðilegar aðstæður, þrátt fyrir snjóflóð og skriðuföll hluta ársins, gjöra svo vel og fara að stjórna með þeim sem eru hér hinum megin við fjöllin. Hafnarfjörður? Hefur hæstv. félmrh. lagt mikið í að sannfæra bæjarstjórann í Hafnarfirði, 1. varaþingmann Alþfl. í Reykn., um að það eigi að leggja Hafnarfjörð niður sem stjórnsýslueiningu? Mér er ekki kunnugt um það. En þessi ráðherra Alþfl., sem leggur ekki í orrustu við bæjarstjórann í Hafnarfirði um að leggja Hafnarfjörð niður, er með kommissara á háum launum og væri fróðlegt að vita um launagreiðslurnar sem þessi flokkskommissar Alþfl. hefur fengið á undanförnum missirum fyrir að fara um landið til að flytja þennan boðskap. Það hefur verið gengið fram með þeim hætti að fólkið í sveitarfélögunum og fulltrúar þess hafa nú risið upp og sagt: Nei, takk.

Hæstv. félmrh. er gjörsamlega búinn að klúðra þessu máli. Það er vissulega hægt að færa fram ýmis hagkvæmnisrök fyrir því að það geti verið skynsamlegt að breyta mörkum sveitarfélaga. Það var gert t.d. vestur á fjörðum með Ísafjörð og Hnífsdal eins og sumir í þessum sal þekkja. En það var auðvitað gert vegna þess að íbúar beggja byggðarlaganna að lokinni ítarlegri umræðu höfðu sannfærst um að það var skynsamlegt. En þessi kommissarahugsunarháttur, þessi ráðstjórnarhugsunarháttur ráðherra Alþfl., sem telja það farsælt í nútímaþjóðfélagi að reyna að skipa sveitarstjórnarmálum með einhverjum tilskipunum ofan frá og kommissarakerfi, skipa sjávarútvegsmálunum með einhverju kommissarakerfi þar sem aðstoðarmaður utanrrh. er æðsti kommissar, og sveitarstjórnarmálum með kommissarakerfi þar sem aðstoðarmaður viðskrh. er æðsti kommissar, gengur ekki upp í nútímaþjóðfélagi. Það er ekki stjórnunaraðferð sem skilar árangri. Enda er það auðvitað að koma í ljós að þessu kjörtímabili mun ljúka án þess að félmrh. nái neinum árangri í

þessu máli. Og Alþfl. stendur frammi fyrir því að þótt það væri ein af höfuðréttlætingunum fyrir því að mynda núv. ríkisstjórn að það hefði náðst samkomulag um að breyta sjávarútvegsstefnunni og það ætti að gerast fyrir árslok 1992, þá er nú það ár liðið og það bólar ekki enn á tillögum frá kommissaranefndinni í sjávarútvegsmálum nema þeirri einu að setja trillukarlana líka í kommissarakerfið. Þannig að það sé fullkomnað, það sé fullkomnað. Ráðstjórnin úr sjútvrn. sé fullkomnuð í sjávarútvegsmálum. Það er eina tillagan sem hefur í raun og veru birst. Þess vegna er það eðlilegt að þingmaður eins og hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, sem kom hér inn í stjórnmálin þegar lýðræðisbyltingin hafði nokkur áhrif í Alþfl., þegar þáv. frambjóðandi Alþfl., og síðar þingmaður og ráðherra, Vilmundur Gylfason, flutti hér hverja lýðræðistillöguna á fætur annarri. Hverja opnunartillöguna á fætur annarri, hverja grasrótartillöguna á fætur annarri og mótaði þar með þá mynd af Alþfl., að hann væri í reynd flokkur sem vildi stjórnkerfi þar sem fólkið sjálft fengi í hendurnar valdið en kerfið gæti ekki haldið áfram að ráðskast með líf fólksins. Að einmitt þessi þingmaður, hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, skuli verða fyrstur þingmanna Alþfl. til að koma hér upp, eins og barnið í ævintýri H.C. Andersens, og benda á að hæstv. félmrh. sé ekki í neinum fötum pólitískt í þessu máli. Það var það sem þingmaðurinn gerði hér áðan.

Að þessu leyti má segja að flutningur þessa frv. hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni hafi þegar skilað miklum árangri, vegna þess að 1. umr. hér hefur afhjúpað að ráðherrann hefur ekkert bakland, ekki einu sinni í sínum eigin þingflokki, fyrir því sem hún hefur verið að gera. Hún hefur ekki bakland hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga fyrir því sem hún hefur verið að gera. Hún hefur ekki bakland hjá landshlutasamtökunum fyrir því sem hún hefur verið að gera og ekki heldur bakland hjá fólkinu í sveitarfélögunum fyrir því sem hún hefur gert. Hún hefur bara bakland hjá flokkskommissörum Alþfl. sem fá hundruð ef ekki milljónir í árstekjur fyrir að lifa á kerfinu.

Það væri mjög fróðlegt að fara ofan í saumana á því hvernig ráðherrar Alþfl. hafa stjórnað hér á undanförnum missirum í þessum efnum. Það væri mjög fróðlegt að skoða þennan þrönga hóp manna sem hefur verið í kringum ráðherra Alþfl. Hvernig þeim hefur verið úthlutað verkefnum og stöðum og embættum, hérlendis og erlendis. Ráðgjafarstörfum, nefndarstörfum, þröngur og lítill hópur sem er settur í þetta allt saman og er svo parkerað til útlanda þegar búið er að venja þá á svo háar tekjur hér innan lands að þeir vilja fá meira en það er ekki hægt að gefa þeim meira hér innan lands og verður þess vegna að setja þá á launaskrá erlendis. Ætli þetta sé nú ekki m.a. skýringin á fylgisleysi Alþfl.? Þetta er farið að lykta af gamla kerfinu sem hv. þáv. þm. Vilmundur Gylfason réðst gegn. **(Gripið fram í:** Þetta er ekki hún Jóhanna.) Nei, ég hef ekki gleymt hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni í því, ég hef ekki gert það enda gat ég hans hér áðan. Og ég ætla ekki í þessu máli að fara að ræða örlög hæstv. félmrh. í þessari sögu. Ég ætla ekki að gera það. Það er auðvitað alveg ljóst að nú um nokkuð langt skeið hefur hennar pólitíska framganga verið í algerri mótsögn við þetta. Það er held ég líka ein af skýringunum á því hvers vegna Alþfl. er farinn að missa tiltrú að menn vita að orðræður hæstv. ráðherra um réttlæti og lýðræði eru bara orðræður, verkin eru allt öðruvísi. Það er ekki svona sem nútímajafnaðarmannaflokkar starfa. Þetta eru gömlu kerfisflokkarnir sem starfa svona.

Við sem viljum innleiða nútímalega lýðræðislega stjórnarhætti í anda þeirra jafnaðarmannaflokka sem eru nýsköpunarafl og endurnýjunarafl í nútímastjórnmálum hljótum auðvitað að rísa gegn svona kommissarakerfi og svona ráðstjórnarrexi með fólkið í landinu þar sem sérstakir flokksgæðingar eru látnir reka þetta mál á háum verktakalaunum af hálfu ráðuneytisins. Það væri auðvitað mjög fróðlegt ef hæstv. félmrh. upplýsti það einhvern tímann hér á Alþingi hvað allt hefði kostað og hvað einstakir menn hafa fengið í laun fyrir þetta. Það væri satt að segja mjög fróðlegt að fá fram hvað þessi flokksgæðingar Alþfl., sem hafa verið í kringum ráðherrana, þessi fámenna sveit, sem hefur lifað á því að vera í aðstöðunni sem alþýðuflokksráðherrarnir hafa skaffað þeim hefur hlotið í tekjur á undanförnum missirum. Alþfl. verður ekkert stikkfrí í þeirri umræðu, engan veginn. Og hæstv. félmrh., þrátt fyrir að ýmsu leyti góðan orðstír verður heldur ekki stikkfrí í þeirri umræðu. Það verður farið ofan í það eins og annað. Embættaveitingar í félmrh. og kommissarakerfi sem hefur verið komið upp í kringum það. Ef Alþfl. heldur að hann sé sloppinn þá get ég sagt honum það að þetta er ekki einu sinni byrjað, ekki einu sinni byrjað að taka þessa hluti hér til umræðu. Því auðvitað er ferill flokksins í þessum málum á undanförnum missirum alveg hrikalegur. Það er hægt að taka ræðurnar sem hv. fyrrv. þm. Vilmundur Gylfason flutti á sínum tíma og heimfæra þær upp á Alþfl. í dag, nákvæmlega eins og stafur á bók, eins og hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson getur tekið guðspjöllin og flutt þau upp á nútímann eins og hann gerir eðlilega þegar hann er að flytja boðskap sinn og klæða hann í þann búning sem honum ber.

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni fyrir framlag hans til þessarar umræðu. Hann hefur sýnt það enn á ný að hann hefur til að bera meiri hreinskilni, meiri pólitíska djörfung, en ýmsir aðrir þingmenn stjórnarliðsins. Hann lætur ekki ráðherragengið segja sér fyrir verkum, heldur segir alveg hispurslaust sína meiningu. Fyrir það ber að þakka, það ber að virða það. Hæstv. félmrh. er hins vegar í þeim mikla vanda að hún er orðin strand með þetta verkefni sitt sem átti að vera stóra verkefni ráðherrans á síðari hluta þessa kjörtímabils og hefur nú verið fordæmt og í raun og veru blásið af, í fyrsta lagi af fólkinu í landinu, í öðru lagi af sveitarstjórnarmönnum og í þriðja lagi af þeim þingmönnum Alþfl. sem mest tengsl hafa við fólkið í landinu.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef áður látið það koma fram í þingræðu að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, er

hann gegndi ráðherraembætti, gekk fram í því að kalla til samstarfs og samráðs fjölda einstaklinga til að komast í botn á hverju máli eins og frekast var kostur og leita allra leiða svo að satt mætti reynast í hverju máli. Þannig skipaði hann nefndir ofan á nefndir, starfshópa ofan á starfshópa. Mér líkuðu þessi vinnubrögð vegna þess að þau voru í anda okkar sem komum inn á þing 1978, hæstv. ráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur, hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, mín, Vilmundar heitins Gylfasonar, Karls Steinars Guðnasonar hv. þm. o.fl. Þannig vona ég að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafi starfað í sínu ráðuneyti og þannig starfar hæstv. ráðherra Jóhanna Sigurðardóttir einmitt í því máli sem hér er til umræðu varðandi undirbúning að sameiningu sveitarfélaga, að kalla til samráðs, samstarfs og samvinnu eins marga og kostur er og fara sem víðast í staðinn fyrir að kalla fólk hingað suður til Reykjavíkur, kannski eins og hefur verið vani margra ráðherra í gegnum tíðina, en að fara á vettvang og kynna sér aðstæður eins og frekast er kostur og á Suðurnesjum líka, náttúrlega. Hæstv. ráðherra hefur ekki lögþvingað neina sameiningu. Hefur ekki beitt neinum bolabrögðum við neina sameiningu, þvert á móti reynt að undirbúa þetta mál eins og frekast er kostur.

Það sem ég var að leggja áherslu á var að heimafólk á að ráða hvort sveitarfélög sameinast. Ég talaði til Suðurnesjanna og tók það svæði sem dæmi þar sem sameining ætti að liggja beinast við. Að lokum er mikilvægt það er snýr að hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. Hver er hans afstaða til sameiningar sveitarfélaga á Suðurnesjum og t.d. til sameiningar sveitarfélaga eins og Reykjavíkur og Seltjarnarness? Ég er viss um að kjósendur á þessum svæðum bíða eftir að hann hafi skoðun á því.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála meginhlutanum í því sem hv. þm. var að segja. Ég tel að vísu að greining hans á framgöngu félmrh. í þessu máli sé á misskilning byggð. Sú framganga er ekki í anda þeirra lýðræðislegu vinnubragða sem við töluðum um hér 1978. Hún er miklu frekar í anda ráðríks stjórnkerfis sem er að reyna að beita aðferðum til að knýja menn inn í farveg sem ráðherrann er fyrir fram búinn að ákveða. Það var ekki lagt upp í þessa för með því að spyrja sveitarstjórnarmenn úti um allt land með víðtækri umræðu: Finnst ykkur skynsamlegt að fara í sameiningu? Það var ekki gert. Heldur var skipuð tiltölulega þröng nefnd, að vísu með fulltrúum frá einhverjum flokkum, en hún var látin komast að þeirri niðurstöðu að það væri kannski skynsamlegast að hafa 25 sveitarfélög. Og með þá tölu að vopni var farið í hringferðina. Menn hafa gjörsamlega farið öfugt í þetta. Mín skoðun er sú að það sé fólkið í sveitarfélögunum sem eigi að ákveða þetta. Þess vegna er þetta frv. hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar flutt. Það er ekki flutt að tilefnislausu. Það er til að festa í lögbókina rétt fulltrúa fólksins til að ráða þessu.

Í minni heimabyggð, Seltjarnarnesi, er ég þeirrar skoðunar að það eigi ekki að sameinast Reykjavík. Ég hef sagt það afdráttarlaust á opnum vettvangi, ég hef sagt það á fundi með þingmönnum og sveitarstjórninni þessu byggðarlagi, vegna þess að ég vil ekki fórna því lýðræði sem þrátt fyrir allt ríkir í þessu bæjarfélagi að mörgu leyti með ágætum þótt Sjálfstfl. hafi verið þar í meiri hluta í bæjarstjórninni svo lengi sem ég man. Hvað Suðurnesjamenn snertir er það nákvæmlega það sama. Ég hef sagt þeim það að það er þeirra ákvörðunarvald. Þeir hafa komið sér upp samvinnu á fjölmörgum sviðum en við höfum líka séð kostina í því að þeir hafa getað verið sér með ýmis mál í sjálfstæðum sveitarfélögum vegna þess að á Suðurnesjum eru bæði fáein stór en líka nokkur mjög lítil sveitarfélög.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Oft hefur nú málflutningur síðasta ræðumanns gengið fram af mér en kannski aldrei eins og nú. Hér er talað um að ég sé að klúðra sameiningunni, ég sé að beita ráðstjórnarstíl, hérna vanti lýðræðisleg vinnubrögð og samráð úti á vettvangi. Það er eins og hv. þm. hafi ekki fylgst með þessari umræðu eða meðferð á þessu máli. Hvernig stóð á að tekin var ákvörðun um að skoða þessa leið tvö um fækkun á sveitarfélögum niður í 25? Var það félmrh. sem ákvað það? Nei, aldeilis ekki. Ég hygg að fá mál hafi fengið eins lýðræðislega umfjöllun og meðferð og þetta mál. Það hefur verið í undirbúningi í þrjú ár í fullu samstarfi við alla stjórnmálaflokka á þingi, fullu samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga og það hafa verið gefnar út þrjár skýrslur um þetta mál. Það hefur verið fjalla um það á mörgum fundum. Tvisvar sinnum hefur verið farið í kringum landið til að fjalla um þetta mál. Það hefur verið fjallað um þetta mál á fjármálaráðstefnu Sambands ísl. sveitarfélaga og á hverju var svo niðurstaðan byggð sem hefur verið til skoðunar í rúmlega eitt ár? Ekki á ákvörðun minni. Nei. Á ákvörðun og tillögu Sambands ísl. sveitarfélaga. Þar voru lagðar til þrjár leiðir sem kæmu til skoðunar og hvað lagði Samband ísl. sveitarfélaga sjálft til? Fulltrúaráðið lýsir yfir stuðningi við hugmyndir um stækkun og eflingu sveitarfélaga með sameiningu þeirra sem taki eins og kostur er mið af leið tvö í áfangaskýrslunni sem var sameining niður í 25 sveitarfélög. Það var fulltrúaráðið sjálft sem tók þessa ákvörðun að það ætti að skoða þessa leið tvö, ekki félmrh. Þess vegna vísa ég þessu auðvitað á bug sem hér hefur komið fram af hálfu síðasta ræðumanns.

Varðandi höfuðborgarsvæðið eru líka tillögur í þessari skýrslu um það hvaða leiðir menn vilja sjá til þess að ganga til sameiningar varðandi sum sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Ég harma það að þingmaðurinn skuli láta út úr sér það sem hann sagði um formann nefndarinnar sem hefur að allra manna mati sem hafa setið í þessari nefnd staðið sig mjög vel og haft mjög vönduð vinnubrögð. Hann notar þau orð að hér sé um að ræða hrokafulla framkomu af hálfu formannsins, auðvitað vísa ég því á bug. Og hann fór ekki um landið til að tilkynna sveitarfélögunum hvernig þessu skyldi háttað heldur fyrst og fremst að ræða þá kosti

sem voru uppi í stöðunni. Ég ítreka að það var fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga sem mælti með þessari leið tvö, en það var ekki skipun ofan að frá ráðherra.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega fagnaðarefni að hæstv. félmrh. skuli vera að draga í land með þeim hætti sem hún gerði hér og vísa á það að Samband ísl. sveitarfélaga *eigi að hafa forræði á málinu. Hún fer þá* væntanlega eftir þeim vilja sem nýlega hefur komið fram hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga. En ég tók eftir því í sjónvarpi fyrir einum eða tveim dögum síðan, að ráðherrann var nú ekki aldeilis á því að það væri sjálfgefið að hún færi að vilja sveitarfélaganna sem þau lýstu yfir núna á fundi sínum sem haldinn var á Suðurnesjum. Þá þurfti ráðherrann að hugsa málið og var ekki reiðubúin að gefa nein svör um það að hún ætlaði að fara að vilja sveitarfélaganna. En það er vissulega fagnaðarefni ef þessi umræða hér í dag og atburðirnir upp á síðkastið hafa orðið til þess að ráðherrann hefur loksisn áttað sig á því að hún verður að *taka tillit til vilja allra sveitarfélaganna. Og þótt full*trúaráð sveitarfélaganna hafi lýst þessu yfir á sínum tíma, þá veit auðvitað ráðherrann manna best að það er langt innan við helmingur af sveitarfélögunum á landinu sem eiga þar fulltrúa og þorrinn af smæstu sveitarfélögunum á landinu sem mestra hagsmuna hafa að gæta í sameiningarmálum eiga þar ekki fulltrúa, þannig að fulltrúaráð sveitarfélaga var auðvitað enginn vettvangur til þess að leita eftir því lýðræðislega samstarfi sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson með réttu hefur minnt á að við mörg sem hingað komum inn á þing 1978 vorum talsmenn fyrir. Það samráð gerðist ekki í einhverjum lokuðum fulltrúasamkomum þar sem bara lítill hluti þeirra sem hlut áttu að máli átti sæti. Það var samráð sem varð að gerast úti á vettvangi með jafnri þátttöku allra sem þarna áttu hlut að máli.

Það vita hins vegar allir að formaður nefndarinnar var sérstakur pólitískur fulltrúi ráðherrans. Og það vita líka allir að hann fór um landið og hann flutti boðskap. Hann var ekki bara að stýra einhverri umræðu. Hann flutti boðskap og ráðherrann fór síðan með honum í ferðalög og ráðherrann flutti líka boðskap. Það vita líka allir sem þessa fundi sátu.

Hvað snertir aðgang þessa manns að úthlutunarkerfi ráðherra Alþfl. á embættum, stöðum og annarri aðstöðu, þá er ég vissulega reiðubúinn að ræða það mjög ítarlega. Ég hef aldrei sagt að maðurinn væri ekki hæfur. Ég hef bara sagt að það væri óeðlilegt að ráðherrar Alþfl. séu búnir að koma sér upp svona þröngu kommissarakerfi. Það minnir á allt of gamla tíma.

Pétur Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur nú komið fram og reyndar oft þessa fáu daga sem ég hef setið hér að menn furða sig oft á því hvernig ræðuhöld hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur hér frammi og reyndar var þessi ræða hans ekkert ólík öðrum sem maður hefur heyrt af og sagt frá. Það voru árásir á Alþfl. og þá sérstaklega ráðherra Alþfl. í núv. ríkisstjórn. Það var hvergi minnst á raunverulega kjarna málsins, það frv. sem var hérna til umræðu, heldur var þetta aðallega notað til þess að ráðast á Alþfl. og þá sérstaklega á þann mann sem þetta hvíldi nú mest á í sambandi við það að kynna þessi sameiningamrál fyrir sveitarfélögunum, þ.e. Sigfús Jónsson. Hann tók þann kost að uppnefna hann og kalla hann kerfiskarl og ég hefði nú talið að það væri ekki þinglegt heldur sýndi ákveðið eðli þess manns sem slíkt notar.

Ég vil nú samt spyrja hv. þm. að því, á hvaða kerfi hefur hann lifað frá því að hann hóf störf? Er það einhver skömm að menn séu í starfi fyrir hið opinbera? Hvað hafa menn verið að gera hér á Alþingi? Verið að byggja upp það stjórnkerfi sem við búum við. Ef allir sem vinna þar eiga svo að sitja undir uppnefnum á Alþingi og vera kallaðir kerfiskarlar.

Virðulegur þingmaður sagði líka að það væri út í hött að ræða sameiningu minni sveitarfélaga vegna þess að fyrst eigi að sameina í stærri sveitarfélögum og þá sérstaklega hér á Suðvesturlandi því að það þurfi endilega að varðveita úti á landi í minni sveitarfélögum *grasrótarlýðræðið. Ég er kannski ekki nógu næm*ur fyrir því og ekki nógu skilningsríkur á þessi orðatiltæki í pólitík, en ég hélt að við værum fyrst og fremst að fjalla um það að varðveita byggðirnar á þessum stöðum og varðveita byggðirnar einmitt með því lýðræði að hafa stærri sveitarfélög og gera menn megnugri til þess að mæta því að suðvesturhornið sækir að landsbyggðinni.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur Sigurðsson veit það ósköp vel að Alþfl. kaus á síðasta flokksþingi sínu ef ég man rétt frekar en hið næstsíðasta, það eru alla vega ekki nema örfá ár síðan, að skreyta nafn sitt með því að bæta orðunum „Jafnaðarmannaflokkur Íslands“ við nafnið. Það dugði sem sagt Alþfl. ekki lengur að hafa það nafn sem hann hafði haft nánast alla öldina, Alþfl., það þurfti að bæta við Jafnaðarmannaflokkur Íslands. Okkur sem höfum fylgt jafnaðarhugsjóninni um langan tíma er annt um þetta nafn og hv. þm. Pétur Sigurðsson þarf ekki að verða hissa þó að við tölum hispurslaust, miskunnarlaust og hreinskilið við þá ráðherra sem skreyta sig með þessu nafni, bæði hér í þingsalnum og opinberlega, sérstaklega við sem tengdum hér fyrir nokkuð löngu síðan nútímalýðræðislegan hugsunarhátt og vinnubrögð við jafnaðarstefnuna. Alþfl. verður bara að þola það þegar hann hefur kosið að skreyta sig með þessu nafni með röngu að vera tekinn fyrir hér í þingsalnum og annars staðar. Og eins og ég sagði hér áðan, við erum varla byrjuð á því, hv. þm., vegna þess að auðvitað mun það verða leitt hér fram á næstu missirum hvar hin raunverulega nútímalýðræðislega jafnaðarstefna á Íslandi á heima.

Ég hef ekki gert athugasemdir við það að menn væru í starfi hjá hinu opinbera. En sá maður sem ég hef hér rætt og gegnir formennsku í þessari nefnd var ekki í starfi hjá hinu opinbera. Hann rak verktakafyrirtæki úti í bæ og það verktakafyrirtæki fékk síðan

verkefni út á þessa opinberu aðstöðu. Hann var ekki opinber starfsmaður. Hann var verktaki á almennum markaði. En ráðherrar Alþfl. úthlutuðu honum síðan verkefnum í krafti ráðherraembættis síns og ekki bara nefndarformennsku af þessu tagi, heldur líka stjórnarsetu í ýmsum fyrirtækjum þar sem hann notaði síðan stjórnarsetu sína, t.d. í einu sjávarútvegsfyrirtæki, til þess að biðja sitt eigið verktakafyrirtæki um að gera úttekt á þessu sama sjávarútvegsfyrirtæki sem hann var formaður í. Það er því miður þannig að hægt er að rekja í löngu máli þessi vinnubrögð sem hafa verið vernduð af ráðherrum Alþfl. í anda þess flokkspólitíska kommissarakerfis sem ráðherrar Alþfl. hafa verið að festa í sessi í kringum sig á undanförnum missirum.

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Þessar umræður hafa nú orðið nokkuð miklar um það frv. sem hér liggur fyrir og ég ætlaði mér ekki að blanda mér í þær umræður meira. Ég sagði frá því í upphafi að mér fyndist þessi mál vera að fara í heppilegan farveg, en það var eitt í orðum hv. 8. þm. Reykn. um starf þeirrar nefndar sem ég átti sæti í sem ég kemst ekki hjá því að leiðrétta og skýra frá. Hann sagði eitthvað á þá leið að nefndin hefði verið látin komast að þeirri niðurstöðu að hafa 25 sveitarfélög. Nefndin komst aldrei að þeirri niðurstöðu að 25 sveitarfélög ættu að vera í landinu. Hún benti á þrjár leiðir sem til greina kæmu og gerði ekki upp á milli þeirra. Síðan voru þessar leiðir ræddar á fulltrúaráðsfundi eins og hefur komið hér fram. Ég leyndi því aldrei að landsþing hefði frekar átt að taka afstöðu til þessara leiða en hins vegar var sú nefnd leyst frá störfum eftir það og skilaði aldrei lokaniðurstöðu. Nefndin var endurskipuð með nýjum fulltrúum vegna þess að kosningar höfðu farið fram í millitíðinni og hún vann síðan áfangaskýrslu sem nú liggur fyrir, ný nefnd.

Ég vildi láta þetta koma fram vegna þess að ég átti sæti í nefndinni og ég hef aldrei verið látinn komast að niðurstöðu um 25 sveitarfélög eða hef komist að niðurstöðu. Sannleikurinn er sá að það hefur verið talað allt of frílega um að hitt og þetta í áfangaskýrslum nefndarinnar tveimur séu tillögur nefndarinnar. Þetta hefur glumið í eyrunum á manni að þetta séu tillögur þessara nefnda. Ég hef fyrst og fremst litið á það sem mitt hlutverk í þessum nefndum að vinna að þessum áfangaskýrslum að safna upplýsingum, benda á leiðir sem eru teknar til umræðu og síðan séu teknar afstöður í lokaskýrslu nefndarinnar. Það mun væntanlega verða gert nú á næstunni.

Ég ætla ekki að blanda mér í aðrar umræður sem hér hafa farið fram um formann nefndarinnar og þau mál. Ég ætla ekki að taka þátt í þeirri umræðu en vildi láta þetta koma fram. — [Fundarhlé.]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim þingmönnum sem tekið hafa þátt í þessari umræðu fyrir afar fróðlegar og gagnlegar umræður og oft og tíðum skemmtilegar og ég vil einnig þakka hæstv. félmrh. fyrir það að vera viðstödd umræðuna en það er ástæða til þar sem sá siður virðist vera hjá hæstv. núv. ríkisstjórn að ráðherrar eru almennt ekki að ómaka sig á því að vera viðstaddir umræðu þingmannamála sem lúta að þeim ráðuneytum sem þeir hafa umsjón með.

Hér hafa allnokkur atriði komið fram sem vert er að gefa gaum að, en ég vil fyrst víkja að efnisinntaki frv. um breytingu á því hvernig úrslit ráðast í atkvæðagreiðslu innan sveitarfélags um sameiningu þess við annað eða önnur sveitarfélög.

Það kom skýrlega fram hjá hv. 5. þm. Austurl., Gunnlaugi Stefánssyni, að núverandi fyrirkomulag sem er búið að vera í lögum síðan 1970 eða í rúm 22 ár, hartnær 23, er mönnum svo framandi þar sem til þess þarf að grípa eins og nýverið varð á Austfjörðum að menn komu nánast af fjöllum þegar úrslitin voru tilkynnt því að þeir höfðu auðvitað gert ráð fyrir því að úrslit væru þannig að meiri hlutinn réði, meiri hluti þeirra sem tækju þátt í kosningunni en komust að raun um að svo var ekki, sér til mikillar furðu. Ég tel það mjög sterka röksemd fyrir því að þurfi að breyta lögunum og þakka hv. 5. þm. Austurl. fyrir hans innlegg til rökstuðnings þessu frv., auðvitað verði löggjöfin að vera þannig að hún sé í samræmi við réttlætiskennd íbúanna.

Ég er þeirrar skoðunar að verði þetta frv., sem nýtur víðtæks stuðnings innan sveitarstjórnarstigsins eins og ég rakti í framsöguræðu minni, að lögum þá muni það gera okkur kleift að taka upp þessa umræðu um sameiningu sveitarfélaga á heilbrigðum og vitrænum grundvelli þar sem menn geta rætt málið án þess að þeir eigi yfir höfði sér hnútasvipu ráðherravaldsins sem þeim er hótað að skelli á þeim ef þeir verði ekki þægir og láti að stjórn eins og ætlast er til. Það er nefnilega alveg rétt sem fram kom hjá hv. 8. þm. Reykn. að í þessu máli hefur ráðherrann gengið fram með miklu offorsi, með mikilli miðstýringaráráttu svo að með ólíkindum er. Í raun og veru hefur málið verið þannig vaxið fyrir mig sem þekki þetta nú nokkuð vel, hef starfað að því, að maður hefur séð það glögglega að það var ákveðin fyrir fram niðurstaða og síðan var verið að skrifa skýrslu utan um fyrir fram gefna niðurstöðu til þess að reyna að finna réttlætingu og rökstuðning fyrir því. Það var verið og er verið að skrifa aftur á bak það sem menn ætla að gera. Ég vara menn við svona vinnubrögðum því að það er ekki hlutverk framkvæmdarvaldsins og einstakra ráðherra að tala við önnur stjórnsýslustig og íbúa landsins í boðhætti og segja: Þið skuluð. Menn eiga að fá að ráða sínu umhverfi í þessum efnum og ég hef aldrei léð máls á því að samþykkja nokkra þá ályktun eða löggjöf sem gerir hið gagnstæða. Ég tel að með því að samþykkja þetta frv. værum við að taka nokkuð heilladrjúgt spor til þess að „ballansera" umræðuna þannig að hún verði yfirveguð og markviss og rökstudd og víkja úr þessu fari sem hún hefur verið í undanfarin ár þar sem hefur einkennt hana óðagot og fyrirmæli.

Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra vék ekkert að því sem hann hafði boðað í fyrra, frv. sem hann ætlaði að leggja fram í vetur um lögþvingun sveitarfé-

laga. Hvar er það frv., virðulegi forseti? Frv. sem átti að vera þannig útbúið að það átti að kjósa um sameiningu sveitarfélaga í stórum heildum. Síðan átti að telja upp úr þeim heildum í einum potti. Þannig að sú staða gat komið upp að í sveitarfélagi greiddu allir atkvæðisbærir íbúar gegn tillögu en yrðu þvingaðir samt til að leggja niður sitt sveitarfélag.

Hvar er þetta frv.? Auðvitað vitum við sem höfum fylgst með umræðunni hvar það er. Það er dautt. Hugmyndin um hraðaksturinn í þessu máli er búin að vera. Það átti að leggja þetta fram öðru hvoru megin við áramót og ljúka þessu fyrir vorið og vera búið að kjósa landið niður í 27 sveitarfélög fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar. Þessi áform eru sem betur fer búin að vera vegna þess að þau fengu ekki hljómgrunn hjá fólkinu.

Það er nefnilega aldrei farsælt, virðulegi forseti, þegar handhafar framkvæmdarvaldsins líta þannig á sig að þeir séu Stórisannleikurinn — með stóru s-i. Miðstýring og forræðishyggja eiga ekki vel við Íslendinga og í þessu máli hefur verið nóg af hvoru tveggja. Yfrið nóg svo út úr hefur flætt á alla vegu.

Ég hef velt því fyrir mér hvaða tilgangi það markmið þjónaði að sameina sveitarfélög úr 223 niður í 27. Hver var leikurinn á bak við þetta prógram? Mér gekk dálítið illa að finna botn í það af því að menn sýndu ekki spilin sem þeir voru með á hendi. Það er ekki fyrr en með annarri skýrslu, sem er nýlega komin út og var send út til umsagnar frá Byggðastofnun um breyttar áherslur í byggðamálum, sem manni verður ljóst hvert ríkisstjórnin er að stefna. Þar birtist stefna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, Alþfl. og Sjálfstfl. um það hvernig landið eigi að vera byggt á næstunni. Þar er enginn skortur á forræðishyggju og miðstýringu. Þar skrifa menn bara upp hvar menn eigi að búa. Menn ætla að ákveða það frá kontór í Reykjavík hverjir eiga að lifa og hverjir eiga að deyja. Fólkið sjálft á ekki að ráða því eða kostir landsins sem það býr í eiga ekki að ráða því heldur einhver fimm ára áætlun, ráðstjórnaráætlun Sjálfstfl. og Alþfl., sem á að breyta landslaginu á næstu árum.

Þegar maður flettir upp í þessari skýrslu þá blasir við á bls. 8 eftirfarandi málsgrein sem mig langar til að lesa upp, með leyfi forseta:

„Við gerð þessarar áætlunar hefur í ýmsum atriðum verið stuðst við hugmyndir sem fram koma í skýrslu sveitarfélaganefndar til félmrn. frá október 1992 en hún ber heitið „Aukið hlutverk sveitarfélaganna". M.a. er svæðaskipting" — gætið að því — „í byggðaáætluninni sú sama og notuð er í skýrslu sveitarfélaganefndar."

Hér eru menn að teikna upp landakort í byggðaáætlun sem er með sömu landamerkjum og er gert í skýrslu sveitarfélaganefndar. Við skulum þá líta á landakortið, á vaxtarsvæðin. Það er á bls. 61 í þessari skýrslu. Þar eru dregnir upp dökkir dílar og sagt: Hér eru vaxtarsvæði. Hér lætur ríkið sína peninga og byggir upp þjónustu. En á hvítu svæðunum þar fyrir utan skulu menn deyja drottni sínum. Menn verða bara að bjarga sér sjálfir og ef þeir eru svo heimskir að vilja búa þar þá það. Þeir fá enga aðstoð frá ríkinu.

Þetta er stefna hæstv. félmrh. í byggðamálum sem hún er að undirbyggja með skýrslu sveitarfélaganefndar og er sérstaklega tekið fram á bls. 8 í skýrslu Byggðastofnunar um breyttar áherslur í byggðamálum sem er unnin samkvæmt fyrirmælum frá hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni með stuðningi hæstv. félmrh. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hvaða svæði eru það sem ekki eru vaxtarsvæði og á að leggja hér af? Það er fróðlegt fyrir hv. 4. þm. Vestf. sem ver hæstv. félmrh. og forræðishyggju hennar með kjafti og klóm að líta á Vestfjarðakjálkann. Þar er bara öll Strandasýslan eins og hún leggur sig — bara út af borðinu með hana. Hún er ekkert vaxtarsvæði. Maður spyr sig: Til hvers eru menn að leggja til að sameina öll þessi sveitarfélög í Strandasýslu í eitt? Er það bara til þess að það geti lifað pínulítið lengur? Hvað með Norður-Þingeyjarsýslu? Til hvers er verið að leggja til hér að sameina Raufarhafnarhrepp og Öxarfjarðarhrepp í eitt sveitarfélag og gefa síðan út annað kort þar sem er strikað yfir þetta svæði? Enga opinbera aðstoð fá þeir sem þar búa og eru svo vitlausir að vilja búa þarna nærri fiskimiðunum. Það passar ekki inn í byggðastefnu ríkisstjórnarinnar.

Það er ekki að ástæðulausu, virðulegi forseti, að það sem mest hefur vakið athygli mína í þessari umræðu er að enginn sjálfstæðismaður hefur tekið þátt í henni. Það er vegna þess að þeir vita upp á sig skömmina. Þeir vita hver stefna flokksins í byggðamálum er. Hún er sú að aftengja á vissum stöðum. Það á ekki að vera samfelld byggð. Það eiga bara að vera blettir og ný jaðarsvæði í kringum þá. (**Gripið fram í:** Eða skallar.) Skallar, sköllótt land. Það er hin nýja byggðastefna. Það er væntanlega af því að það er hagkvæmt. Menn hafa fundið það út á einhverju reiknilíkani að það væri óhagkvæmt að menn væru að búa í Strandasýslu. Þvílíkar skilgreiningar að segja að staður eins og Hólmavík sé ekki vaxtarsvæði. Sá staður sem á síðustu tveimur áratugum hefur vaxið jafnt og þétt og er alltaf að stækka. En staðir eins og Ísafjörður og Bolungarvík hafa ekki tommað nokkurn hlut. Þeir eru vaxtarsvæðin. Hvar er veruleikinn í þessari stefnu, virðulegi forseti?

Ég tel nauðsynlegt að minna á þessa skýrslu vegna þess að hún sjálf tengir sig við áformin sem hæstv. ríkisstjórn hefur uppi um sameiningu sveitarfélaga. Hún skýrir betur hver tilgangurinn er með þessu. Ég skora á alla hv. þm. að verða sér úti um eintak af þessari skýrslu og lesa hana spjaldanna á milli þannig að mönnum sé ljóst ef þeir vita það ekki nú þegar hvaða stefnu þeir eru að styðja í þessu máli.

Til að kóróna síðan ósvífnina í þessu eru ekki aðeins sendir menn til þess að messa yfir landsbyggðarfólkinu, sem býr á svo óhagkvæmum stöðum í óhagkvæmum einingum að það þarf að breyta því, fyrir milljónir króna á ári — og á kostnað hvers? Það er Jöfnunarsjóður sveitarfélaga sem borgar þessar 5 millj. kr. á ári sem það hefur kostað að skipta við tiltekið verktakafyrirtæki Alþfl. Hverjir eru það sem í raun greiða það sem jöfnunarsjóðurinn borgar? Það eru

þessi fámennu sveitarfélög úti á landi sem eiga að fá þessa peninga. Þau eru látin borga áróðurinn gegn sjálfum sér. Þetta kalla ég hámark ósvífninnar, virðuleg forseti. Lengra verður ekki gengið í forræðishyggjunni, miðstýringunni og ósvífninni.

Og meðan þessi stefna er uppi sem Alþfl. stendur fyrir enn sem komið er þangað til Sjálfstfl. kemur fram úr skúmaskotunum og sýnir byggðastefnu sína þá mun ekki tomma neitt í þessu máli því fólkið gerir uppreisn gegn svona áformum. Fólk er ekki tilbúið til þess að taka við mútufé til þess að flytja sig hreppaflutningum á milli svæða, hvorki nú né í fyrra, hvorki nú né í framtíðinni. Menn eiga að slá þessi áform niður á vitrænt plan þannig að menn séu ekki að eyða miklu fé og kröftum algjörlega til einskis.

Við sjáum það reyndar að landsbyggðinni hefur kannski boðið í grun hvert stefndi í þessum málum. Við sjáum það í skoðanakönnunum á fylgi Alþfl. á landsbyggðinni sem mælist 4,6%. Það er ekki mikla hrifningu að sjá í þessum tölum á sameiningu sveitarfélaga né stuðningur við að það sé eitthvert grundvallaratriði í sjálfu sér og forsenda fyrir því að menn öðlist nýtt líf.

Síðan koma menn hér upp alveg uppfullir og heilagir og skilja ekkert í því að menn séu að bregða fæti fyrir hagræðingu sameiningar. Þvílíkt og annað eins. Ég veit ekki í hvaða veruleika menn eru staddir sem tala svona. Ég held að þeir sem eru enn þá á þessari skoðun og hafa ekki víðari sjóndeildarhring en þetta ættu að líta í kringum sig. Hvað er húsfreyjan í Suðursveit betur sett þegar búið verður að sameina öll sveitarfélögin í Austur-Skaftafellssýslu? Er hún betur sett af því hún á kost á leikskólaplássi fyrir barnið sitt á Höfn í Hornafirði sem er tveggja tíma akstur í burtu? Hvað með ungu börnin í Ögurhreppi? Ætli það breyti miklu fyrir þau þó Ögurhreppur verði sameinaður Ísafirði varðandi leikskólapláss? Ég held að menn verði aðeins að gæta að því hvert menn eru að fara, virðulegi forseti. Menn mega ekki tala eins og fólk sé búfénaður sem hægt er að flytja fram og til baka.

En það er alveg undarlegt með þennan Alþfl. — Jafnaðarmannaflokk Íslands, litla flokkinn með langa nafnið, hvað hann er illa haldinn af þessari forræðishyggju og alveg með ólíkindum ef þeir þingmenn fyrirfinnast í Sjálfstfl. sem ætla að taka undir samþykktir Ceausescu eins og menn hafa skrifað gegn honum í gegnum tíðina. (Gripið fram í.) Það læt ég nú ósagt. Hér var sagt að það hafi verið ómaklega en ég treysti mér ekki til þess að bera það til baka.

Það má fleira um þetta segja en ég hygg að ég láti senn máli mínu lokið. Ég legg áherslu á tvennt sem menn ættu að hafa í huga í þessum málum. Það fyrra er að menn eiga að hafa lýðræðið í heiðri. Menn eiga að hafa í heiðri að virða vilja fólks í þessum efnum. Í öðru lagi eiga menn að leggja til hliðar að nýta stöðu sína til að viðhalda og koma upp kommissarakerfi. Það er alveg með ólíkindum að horfa upp á það hvað Alþfl. leyfir sér að setja marga menn á ríkisjötuna innan lands og utan.

Það mætti ætla að nú færu menn að klára þetta nefndarstarf í sveitarfélaganefnd því formaðurinn er orðinn aðstoðarmaður ráðherra. Ég býst því ekki við að hann þurfi á tveimur jötum að halda í senn og ekki tíma til að sinna þeim báðum.

En ég vil ljúka þessu, virðulegi forseti, með því að lesa upp kafla úr ræðu sem flutt var 1969 af góðum og gegnum Jafnaðarmanni — með stóru j-i — sem hét Björn Jónsson og margir bera virðingu fyrir, bæði í Alþb. og ekki síður í Alþfl. Hvað sagði hann um þessi mál, því menn hafa oft tekið snerru áður um þetta? Hann sagði, með leyfi, virðulegur forseti:

„Það er ýmislegt fleira sem manni þykir alleinkennilegt í þessu frv. eins og það, sem hér hefur verið komið inn á, að þessi sérstaki erindreki geti ákveðið á eigin spýtur að láta fara fram atkvæðagreiðslu í sveitarfélagi um sameiningu þó tillaga um sameiningu hafi engan stuðning hlotið frá neinum hlutaðeigandi sveitarstjórnarmanna. Þá er honum gefið vald til þess að ákveða einn stað og stund til slíkrar atkvæðagreiðslu.

Mér sýnist að hér sé raunverulega um það að ræða að lögfesta eins konar trúboðsstarfsemi til framdráttar þeirri skoðun höfundar frv. að sem víðtækust sameining sveitarfélaga horfi til hagsbóta og umbóta, væntanlega fyrir íbúa sveitarfélaganna alfarið.

Í greinargerð sem fylgir með frv. er hins vegar engan rökstuðning að finna fyrir þessari skoðun þó ég telji nú að vafalaust megi finna fullyrðingu í þá átt einhvern stað í einhverjum tilvikum. En það hefur a.m.k. ekki verið séð nein ástæða til þess af hálfu nefndarinnar“ — þ.e. sveitarfélaganefndar sem starfaði 1967 — „að kynna a.m.k. í greinargerð þau rök sem hún þarf þó að hafa í fórum sínum varðandi þetta atriði.

Það er líka athyglisvert að grundvallarhugsunin í þessu frv. á að vera sú að efla sveitarfélög. En hins vegar hafa þeir sem um það hafa fjallað ekki komið auga á neina aðra leið en að stækka umdæmin landfræðilega og íbúafjölda. Það er sem sagt mjög trúarkennt sýnist mér allt sem að þessu lýtur og lítið reynt að finna því stað í raunveruleikanum. En stefnan sem kemur í ljós af greinargerðinni er þó sú að það eigi að gerbreyta sveitarstjórnarkerfinu í landinu og í svo ríkum mæli að sveitarfélögunum verði fækkað úr nokkuð á þriðja hundrað, sem þau nú eru, og aðeins í rúmlega 60. Þetta telja frumvarpshöfundarnir, nefndin sem að þessu vann, ég vil segja án rökstuðnings, að muni reynast til mikilla bóta en nefndin telur á hinn bóginn ekki rétt að lögfesta þessa nýju og góðu skipan sem hún stefnir að heldur á að láta þessa trúboðsstarfsemi, sem ég nefni svo, og þessa sérstöku erindreka nægja a.m.k. í bili.“

Enn fremur segir þessi ágæti hv. fyrrv. þm. Björn Jónsson, með leyfi forseta:

„En ég tel alveg jafnaugljóst að mikil eða jafnvel stórfelld landfræðileg stækkun sveitarfélaga geti engu að síður valdið miklum erfiðleikum og sérstaklega að því er varðar samskipti íbúa sveitarfélaga við sveitarstjórnir og stofnanir þeirra. Er það að mínu viti bæði gömul og ný saga að dreifbýlisfólki reynist oft löng leiðin til keisarans og það er alveg ástæðulaust að bæta

þar á. Það eru tálmanir á þeirri leið sem margir verða að brjóta og ég álít líka að það sé mála sannast að stærð og íbúafjöldi sveitarfélaganna hafi í raun og veru ekki reynst neinn mælikvarði á það hvernig störf sveitarstjórnarmanna fara þeim úr hendi."

Hrafnkell A. Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef því miður ekki verið viðstaddur þessa umræðu frá upphafi hennar en ræða hv. síðasta ræðumanns gefur mér tilefni til þess að koma hér upp og gera örstutta athugasemd við hans mál. Út af fyrir sig getur lagagreinin sem hann gerir tillögu um breytingu á fyllilega átt rétt á sér. Það er umdeilanlegt hvort núverandi ákvæði sveitarstjórnarlaga hvað þetta varðar eru fyllilega réttlát. En það sem vakti hins vegar furðu mína í ræðu hv. þm. var að honum tókst að fjalla hér í löngu máli um eitthvað allt annað en það sem þessi lagagrein lýtur að og þá fyrst og fremst að skeyta skapi sínu á Alþfl. sem auðvitað er eitthvað sem ég ætla ekki að blanda mér í. Það er rétt og skylt að hann geri það þegar hugur hans stendur til þess.

En það sem ég vildi rifja upp er að ég man ekki betur en fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga hefði á síðasta ári samþykkt samhljóða þá stefnu sem svokölluð sveitarfélaganefnd hefur fylgt eftir. Ég man ekki betur en þessi samþykkt hafi verið gerð þvert á allar flokkslínur og ef mig misminnir ekki þeim mun meira greiddu tveir fulltrúaráðsmenn atkvæði gegn þeim tillögum sem sveitarfélaganefndin lagði til á þeim tíma. Út af fyrir sig er sú niðurstaða sem þessi ágæta nefnd hefur unnið eftir að mínum dómi umdeilanleg og langt í frá að vera sjálfgefin, en því fer víðs fjarri að það sé hægt að merkja hana einhverjum pólitískum línum.

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga ályktaði um málið á þingi sínu haustið 1991. Á nýafstöðnu þingi þessa sama fulltrúaráðs var sú samþykkt í raun og veru dregin til baka að verulegu leyti. Það var vegna þess að fulltrúaráðið sem er skipað 45 fulltrúum tæplega 200 sveitarfélaga hafði áttað sig á að það var ekki í takt við meirihlutavilja sveitarstjórnarmanna landsins og var að finna sér nýjan takt og gerði það með því að draga til baka stuðning sinn við öll áform um lögþvingun og lagði m.a. til að sú breyting yrði gerð á lögunum sem ég var hér að mæla fyrir því svo hittist á að ég hafði lagt þetta frv. fram um miðjan desember á síðasta ári.

En hv. þm. Hrafnkell A. Jónsson verður að átta sig á því hvert stefnir í byggðamálum vegna þess að þessi nýja skýrsla Byggðastofnunar um breyttar áherslur í byggðamálum er að nokkru leyti grundvölluð á skýrslu sveitarfélaganefndar. Hér er um að ræða annað birtingarform þeirrar byggðastefnu sem núv. ríkisstjórn stendur að. Það er ljóst þegar maður les þessa skýrslu hvert menn eru að stefna. Menn eru að stefna að því að leggja áherslur á ákveðin svæði en láta önnur lönd og leið.

Það væri fróðlegt fyrir hv. þm. sem á umræður hér hlýða að fá að heyra hver afstaða landsbyggðarþingmanna Sjálfstfl. er til þessarar stefnu hæstv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Þessi stefna er mótuð og skrifuð upp samkvæmt fyrirmælum hæstv. forsrh.

Hrafnkell A. Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er út af fyrir sig ekki svo mjög ósammála hv. síðasta ræðumanni varðandi það að þessi stefna sem sveitarfélaganefndin hefur fylgt geti orkað tvímælis. Það sem ég vil aftur á móti mótmæla er að hér sé um einhverja pólitíska stefnumörkun að ræða. Svo er ekki. Sveitarfélaganefndin starfar, eins og kom fram hjá hv. þm., samkvæmt samþykkt fulltrúaráðsins sem gekk þvert á pólitíska línu og starfsmenn Byggðastofnunar hafa ekki fengið önnur fyrirmæli en þau að gera þessa skýrslu. Þeim hafa ekki verið lagðar þær pólitísku línur sem hv. þm. hefur viljað gefa til kynna.

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það þarf ekki nema hálfa mínútu til þess að draga fram pólitískan veruleika málsins. Skýrslan er samin samkvæmt bréfi frá hæstv. forsrh. þar sem hann felur stofnuninni og stjórn að vinna að henni. Ég get gefið hv. þm. ljósrit af þessu bréfi forsrh. þar sem fyrirmælin eru gefin. Þau eru gefin þannig að svæðaskiptingin í þessari nýju byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar er sú sama og notuð er í sveitarfélagaskýrslunni sem ég hef aldrei skrifað upp á.

Pétur Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram hér og sannaðist á ræðu hv. 5. þm. Vestf. að hann sem sveitarstjórnarmaður undirstrikaði það sem ég sagði hér í fyrri ræðum mínum að það eru einmitt sveitarstjórnarmennirnir sem tefja framgang þessa máls að sameina sveitarfélög eða umræðuna um það og mótunina eða stefnuna í þeim málum. Þessi ræða hans var alveg dæmigerð fyrir það. Reyndar blandaði hann svo inn í skýrslugerð frá Byggðastofnun sem ég tel að stjórn Byggðastofnunar hljóti að bera ábyrgð á og þá fulltrúi Alþb. í þeirri stjórn eins og aðrir. Það er reyndar svo með skýrslur frá Byggðastofnun að þeim hefur nú rignt yfir menn í gegnum árin undir mismunandi forsæti ýmissa manna og auðvitað verða þeir aumingja menn sem þar eru að hafa eitthvað að gera og því eru þessar skýrslur tilkomnar að mestu leyti.

Hitt undraði mig mest og það er þetta furðulega afturhald hjá hv. 5. þm. Vestf. í sambandi við sameiningarmálin þegar hann segir: Hvað er aumingja konan í Suðursveit bættari með því þó að sveitarfélögin í Skaftafellssýslu sameinist? Á hún að leita til Hafnar með sína þjónustu? Hvað er konan í Ögurhreppi bættari gagnvart dagvistarplássi ef það er á Ísafirði. Dettur manninum ekkert í hug að sameiningin sé gerð líka með það í huga að þeir sterkari styðji hina veikari eða er jafnaðarmennskan hjá þingmanninum, sem segist vera sjálfstæðisflokksmaður með litlu s-i, svona lítil? Kemur hann ekki auga á það að sameiningin er einmitt líka jafnaðarmennska? Hún er til þess að þeir sterku

styðji hina veiku og það hlýtur að vera augljóst öllum mönnum.

Sú forræðishyggja sem menn eru alltaf að tala um hér og óttast og telja að félmrh. hafi sent menn út af örkinni með ákveðin skilaboð eða ákveðin fyrirmæli er alrangt eins og hefur komið fram hér áður. En ég undirstrika það sem ég hef sagt áður að það þarf að ýta á eftir sveitarstjórnarmönnum um umræðu og ákvarðanir í þessum málum.

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einmitt hið gagnstæða sem ég stend fyrir í þessu máli og það er að að málum verði þannig staðið og að þeim unnið að réttur hinna fámennari verði tryggður þannig að hinir fjölmennu gleypi ekki hina fámennu, að stóri fiskurinn éti ekki litla fiskinn. En þannig hefur málið verið sett fram og mælt fyrir því að hið fjölmenna, stóra sveitarfélag á að hafa öll forræði málsins í hendi sér og hinir fámennu, sveitarfélög sem á að leggja undir hið fjölmenna, hafi engin tök á því að ráða framvindu mála. Það er nákvæmlega það sem ég hef verið að gagnrýna hvað mest og benda hvað harðast á að ef menn ætla að ganga þessa braut, þá verður það að vera þannig að réttur allra íbúanna sé virtur, líka þeirra sem nú búa í fámennum sveitarfélögum. Það er nákvæmlega þetta sem er kjarninn í málinu og þetta kalla ég jafnaðarmennsku. Hitt kalla ég ekki jafnaðarmennsku heldur ójafnaðarmenn. Til forna voru þeir kallaðir ójafnaðarmenn sem kúguðu aðra undir sig. Við megum ekki vinna að þessum málum þannig að hinir fámennu séu réttlausir í framhaldi málsins ef sameining á sér stað. Við verðum að tryggja stöðu allra íbúanna.

Pétur Sigurðsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil bara taka það fram einu sinni enn að öll umræðan um sameiningu sveitarfélaga sem hefur farið fram, a.m.k. á því svæði þar sem ég bý, hefur einmitt verið um þetta. Það er að segja að styrkja sveitarfélögin í heild með sameiningu, gera reksturinn ódýrari og einmitt að þeir sterku komi til móts við hina veikari og gefi þeim möguleika í sameiginlegu sveitarfélagi sem þeir hafa ekki í dreifðum sveitarfélögum. Það er kjarni málsins og það er kjarni jafnaðarmennskunnar í þessari umræðu.

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sú umræða vestur á fjörðum er skammt á veg komin. Menn reyndu fyrir sér fyrir tveimur árum, ef ég man rétt, að byrja umræðu um samnýtingu hafna og sú umræða hefur nánast ekkert komist á flot af þeirri einföldu ástæðu að menn eru ekki tilbúnir í smáum sveitarfélögum eða stórum að gefa frá sér það sem þeir hafa. Þetta verðum við að horfast í augu við og viðurkenna þennan veruleika.

En ég vil minna hv. þm. á að eina tillagan sem hefur verið flutt um samstarf og samnýtingu mannvirkja á norðanverðum Vestfjörðum er tillaga sem ég flutti í bæjarstjórn Bolungarvíkur 1986 um samnýtingu og uppbyggingu sameiginlega á íþróttamannvirkjum. Hún var samþykkt og stofnuð viðræðunefnd milli Ísafjarðar, Bolungarvíkur og Súðavíkur um það verkefni í framhaldinu en því miður varð enginn árangur af því nefndarstarfi.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur því miður að mestu leyti farið fram hjá mér. Hins vegar vil ég ekki fyrir nokkurn mun sitja undir því að hv. 5. þm. Vestf. láti mig og aðra stjórnarliða bera ábyrgð á öllum tilskrifum einstakra embættismanna og einstakra stofnana jafnvel þó að við séum í stjórnarmeirihluta. Mig hefði satt að segja aldrei órað fyrir því þegar ég greiddi því atkvæði að ganga til stjórnarsamstarfs með Alþfl., og hef stutt það stjórnarsamstarf ævinlega síðan, að það þyddi að ég samþykkti og væri aðili að og það túlkaði sérstaklega stefnu mína öll skrif og allar skýrslur sem tilteknar stofnanir létu frá sér fara.

Ég vil vekja athygli á því að sú skýrsla Byggðastofnunar sem hv. 5. þm. Vestf. vitnar til er fylgiskjal með ályktun sem samþykkt var, að ég hygg samhljóða, í stjórn Byggðastofnunar. Sú ályktun er í sjálfu sér sjálfstætt plagg og það fylgiskjal og sú greinargerð sem þar fylgir er líka í sjálfu sér sjálfstætt plagg og hefur ekki fengið neinn þann pólitíska status, hvorki í þingflokki Sjálfstfl. eða Alþfl., sem gefur hv. 5. þm. Vestf. hið minnsta tilefni til að ætla að það þurfi endilega að túlka sjónarmið ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin hefur haft þá skoðun að það eigi að efla byggðir landsins með því að treysta samgöngur á milli þeirra og þess vegna er til komið hið mikla samgönguátak sem verið er að gera núna í vegamálum með því að hrinda í framkvæmd þeirri mestu uppbyggingu í vegamálum sem við höfum séð og verður á þessu ári og hefur það sérstaklega að markmiði að treysta samstarf einstakra byggða til þess að gera þær færari um það að verða þau vaxtarsvæði sem þau þurfa að vera.

Ég veit að hv. 5. þm. Vestf. getur vel staðfest það að ég hef ævinlega mjög goldið varhug við öllu tali um einhverja forræðishyggju í þeim efnum og haft stór orð uppi um þær hugmyndir sem fela í sér að það sé á hlutverki stjórnvalda, hvort sem það eru embættismenn eða stjórnmálamenn, að velja fólki búsetu með einum eða öðrum hætti.

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að upplýsa það svo að ekki valdi misskilningi að skýrsla Byggðastofnunar hefur ekki verið samþykkt í stjórn hennar. Þar hefur verið tekist á um innihald skýrslunnar milli stjórnarfulltrúa og stjórnarandstöðufulltrúa. Niðurstaðan varð sú að senda hana út til umsagnar og fá ábendingar og umsagnir áður en stjórnin tæki endanlega afstöðu.

En það var hyggilegt hjá hv. 3. þm. Vestf. að sverja af sér Alþfl., Jafnaðarmannaflokk Íslands, litla flokkinn með langa nafnið. Það var mjög hyggilegt. En það

er spurning hvort þingmaðurinn er tilbúinn að sverja af sér Davíð Oddsson, hæstv. forsrh. Því að skýrslan er unnin samkvæmt prógrammi. Það er sendur tölvukubbur á milli stofnana og sagt: Þið eigið að vinna úr þessum tölvukubb. Í honum er prógrammið og svo eigið þið bara að prjóna við og setja það í orð. Í bréfi hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar, formanns Sjálfstfl., sem ætlaði að reisa við landsbyggðina ef ég man rétt og sá þrumufyrirsögn í málgagni sjálfstæðismanna á Vestfjörðum um fyrirætlanir í þeim efnum, segir, með leyfi forseta:

„Erindi bréfs þessa er að kynna Byggðastofnun þau almennu markmið sem ríkisstjórnin leggur áherslu á varðandi framtíðarþróun og uppbyggingu hinna dreifðari byggða landsins.“ Og svo: „Ríkisstjórnin leggur áherslu á eflingu svonefndra vaxtarsvæða á landsbyggðinni.“

Svo er sýnt á bls. 61 í þessari skýrslu hver þessi vaxtarsvæði eru sem ríkisstjórnin ætlar að leggja áherslu á, ríkisstjórnin sem hv. 3. þm. Vestf. styður enn, og þar eru kalblettir. Það er öll Strandasýsla og allt Djúpið. Það er eyðimörk. Eyðimörkin er stefna Sjálfstfl. Svo ég held að hv. 3. þm. Vestf. verði nú að fara að sverja af sér Davíð Oddsson líka.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað veit hv. 5. þm. Vestf. betur heldur en hann lætur í þessari ræðu sinni. Auðvitað veit hann það að þessi kalblettamynd — sem er reyndar mjög keimlík mynd sem ég sá í plöggum Alþb. frá því fyrir nokkrum árum — úr herbúðum Alþb. er vitaskuld ekki á nokkurn hátt á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og alls ekki hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar, enda gæti hv. 5. þm. Vestf. þess vandlega að nefna það ekki nema undir rós, undir kratarós.

Málið var það að annars vegar las hann hér upp úr bréfi hæstv. forsrh. þar sem hann talar um hugtakið vaxtarsvæði án þess að skilgreina þau nokkuð í átt við það sem hv. 5. þm. Vestf. lætur líta út fyrir og hins vegar vitnar hann í einhverja mynd sem birtist aftar í skýrslu sem hæstv. forsrh. hefur að sjálfsögðu ekki skrifað og ber því að sjálfsögðu ekki ábyrgð á.

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Myndin sem þarna er upp dregin er samkvæmt þeirri forskrift sem hæstv. forsrh. hefur gefið með fyrirmælum sínum og bréfi til Byggðastofnunar. Það er ekkert annað en embættismenn sem teikna upp þau fyrirmæli sem sett eru niður á blað. Það þýðir ekki fyrir hv. 3. þm. Vestf. að sverja þetta af sér. Þetta er stefna ríkisstjórnarinnar í byggðamálum og heitir líka „Breyttar áherslur í byggðamálum“ og það eru svo sannarlega breyttar áherslur í byggðamálum fram undan undir ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, fyrri umr.

Stjtill., 232. mál. — Þskj. 289.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla tóku gildi í mars 1991. Í 17. gr. laganna er kveðið á um að félmrh. beri að leggja fyrir Alþingi till. til þál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta og Jafnréttisráðs. Með þessu ákvæði í lögum hafa jafnréttismálin fengið mun meira vægi innan stjórnkerfisins. Í eldri lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla var einnig kveðið á um skyldu ráðherra til að kynna fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Var það gert í annað sinn vorið 1991. Framkvæmdaáætlunin sem hér er lögð fram er endurskoðuð áætlun ríkisstjórnarinnar sem lögð var fyrir Alþingi í febrúar árið 1991 að fenginni umsögn og breytingartillögu Jafnréttisráðs, einstakra ráðuneyta og Hagstofunnar.

Í fyrstu framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar frá árinu 1986 voru m.a. sett fram markmið á sviði menntamála. Lögð var áhersla á jafnréttisfræðslu í skólum og hefur ýmislegt áunnist á því sviði. Árið 1987 skipaði þáv. menntmrh. starfshóp sem fjallaði um jafna stöðu kynja í skólum. Starfshópurinn skilaði skýrslu í maí 1990 og eru helstu tillögur hans m.a. að starfsfólk allra skólastiga eigi kost á fræðslu um jafnrétti og stöðu kynja í skólum, að viðfangsefni í öllum skólum höfði jafnt til og taki mið af reynslu beggja kynja, að starfsmannastefna í skólum verði mörkuð með hliðsjón af því að störf innan þeirra séu ekki kynbundin og að náms- og kennslugögn séu samin og endurskoðuð með jafnréttissjónarmið að leiðarljósi.

Í þeirri áætlun sem nú er lögð fram er lögð áhersla á að konur gegni trúnaðarstöðum og ábyrgðarstöðum til jafns við karla en konur eru enn í miklum minni hluta þeirra sem gegna trúnaðar- og ábyrgðarstöðum hjá ríki og sveitarfélögum. Í framkvæmdaáætlun frá 1986 var lögð áhersla á að ríki og sveitarfélög ynnu markvisst að því að tala kynja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum þessara aðila yrði sem jöfnust. Einnig var lagt til að konur sem starfa hjá hinu opinbera fái aukin tækifæri til að gegna ábyrgðarstöðum.

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er ákvæði um að leitast skuli við að hafa sem jafnasta tölu kynja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka þar sem því verður við komið. Í gildandi lögum er fastara að orði kveðið. Lagaákvæði frá 1985 hefur skilað nokkrum árangri á allra síðustu árum en fram kemur í úttekt Jafnréttisráðs á hlutverki kvenna og karla í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins að hlutur kvenna var um 11% á árinu 1985 og 1987 en í apríl 1990 var hlutur kvenna orðinn um 16,6%. Þetta hlutfall er þó mun lægra en í flestum hinna Norðurlandanna. T.d. er hlutur kvenna í opinberum stjórnum, nefndum og ráðum í Noregi orðinn 36%.

Rétt er að vekja einnig athygli á jafnréttisáætlun ráðuneyta og ríkisstofnana. Að frumkvæði Jafnréttisráðs og félmrn. samþykkti ríkisstjórnin vorið 1988 tillögu þess efnis að ráðuneyti og ríkisstofnanir með fleiri en 20 manns settu jafnréttisáætlanir til fjögurra ára í senn fyrir tímabilið janúar 1989 til desember 1992. Í áfangaskýrslu Jafnréttisráðs um jafnréttisáætlanir sem birt var í september 1991 kemur m.a. fram að 42 ríkisstofnanir urðu við tilmælum ríkisstjórnarinnar og gerðu jafnréttisáætlanir. Segja má að flestir forráðamenn hafi tekið jákvætt undir tilmælin en þeir töldu hins vegar að ytri ástæður sem þeir réðu ekki við, svo sem hefðbundið menntunar- og starfsval kvenna og karla, launakjör í almennum skrifstofustörfum og hefðbundin verkskipti kvenna og karla varðandi umönnun barna og ábyrgð á heimilisrekstri hafi hindrað að raunverulegt jafnrétti milli kynjanna væri orðið að veruleika. Líklegt er þó að starfsmannastefna innan þessara stofnana hafi haft töluverð áhrif en ekki eingöngu óviðráðanlegar ytri aðstæður. Jafnframt kemur fram í áfangaskýrslunni að þau ráðuneyti, sem settu sér það markmið að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum og tilgreindu leiðir til að ná því markmiði, náðu árangri umfram önnur ráðuneyti. Mikilvægt er að jafnréttisáætlanir séu unnar markvisst og að þær séu teknar alvarlega af hlutaðeigandi aðilum.

Nokkur félagsleg réttindi hafa áunnist á undanförnum árum sem skipta konur miklu. Fæðingarorlof hefur lengst. Þá hefur verið um það samið í kjarasamningum að eftir tveggja ára starf hjá sama vinnuveitanda teljist fjarvistir vegna fæðingarorlofs til starfstíma við mat á ýmsum réttindum. Flestallir launþegar eiga nú einhvern rétt til fjarveru frá vinnu vegna veikinda barna. Hins vegar er ekki tekið tillit til barnafjölda eða hjúskaparstöðu þegar rétturinn er metinn. Þessi atriði bæta vissulega stöðu kvenna á vinnumarkaði.

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 1991 er hér með lögð fram þáltill. um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Eins og áður var sagt lagði ég fram skýrslu um sama efni vorið 1992. Þessi framkvæmdaáætlun er að miklu leyti byggð á þeirri skýrslu en jafnframt er í henni nýr kafli um starfsmannamál ríkisins ásamt niðurstöðum úr launakönnun hjá opinberum starfsmönnum og kostnaðarmat frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. Endurskoðun á gildandi framkvæmdaáætlun fór þannig fram að í nóvember 1991 var öllum ráðuneytum, Hagstofunni og Jafnréttisráði sent bréf þar sem þeim var gefinn kostur á að gera á henni breytingar og/eða bæta við nýjum atriðum er þau töldu þörf á. Jafnframt var fjmrn. beðið um að meta sérstaklega kaflann um starfsmannamál ríkisins. Þá er einnig óskað eftir kostnaðarmati frá fjmrn. og fylgir það með þessari þáltill.

Nokkur ráðuneytanna gerðu engar athugasemdir við gildandi framkvæmdaáætlun. Önnur gerðu minni háttar athugasemdir og enn önnur lögðu til alveg nýja kafla. Farið var eftir tillögum ráðuneytanna í öllum helstu atriðum. Óskað var eftir umsögnum um þáltill. frá 11 aðilum, þeim samtökum sem láta sig jafnréttismál varða, nokkrum stéttarfélögum og Vinnuveitendasambandi Íslands. Þá er einnig verið að óska eftir upplýsingum frá einstökum ráðuneytum varðandi þann kostnað sem tillagan mun hafa í för með sér. Samráð var haft við Jafnréttisráð þegar ákvörðun um endurskoðun um framkvæmdaáætlun var tekin. Jafnframt tók framkvæmdastjóri ráðsins þátt í endurskoðun áætlunarinnar og undirbúningi þáltill. Jafnréttisráð lagði til að saminn yrði sérstakur kafli um starfsmannamál og var hann unnin samkvæmt tillögum ráðsins. Framkvæmdaáætlunin, sem hér er lögð fram, er því endurskoðuð áætlun ríkisstjórnarinnar frá því í febrúar 1991 að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta, Hagstofunnar og Jafnréttisráðs.

Framkvæmdaáætlunin byggir á því sjónarmiði sem fram kemur í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla að stjórnvöldum ber skylda til að vinna að bættri stöðu kvenna í samfélaginu. Í lögunum er jafnframt tekið fram að markvisst skuli unnið að því að jafna stöðu kvenna á vinnumarkaði og veitt er heimild til sérstakra tímabundinna aðgerða til að ná því markmiði. Með lagasetningunni var stjórnvöldum gert að sýna fordæmi og eiga frumkvæði að aðgerðum á þessu sviði. Í framkvæmdaáætluninni er lögð áhersla á skyldu ráðherra og ráðuneyta til að vinna að því að jafna stöðu kvenna og karla hvert á sínu sérsviði. Með þessu er ekki verið að draga úr mikilvægi þess að unnið sé að bættri stöðu á hinum almenna vinnumarkaði. Í áætluninni er einnig lögð áhersla á að verkefni ráðuneytanna tengist hinum almenna vinnumarkaði. Stjórnvöld geta og eiga á grundvelli frumkvæðisskyldu sinnar að vinna að bættri stöðu kvenna alls staðar í samfélaginu.

Meginmarkmið þessarar þáltill. er að bæta stöðu kvenna innan ráðuneytanna og undirstofnana þeirra, jafnframt því að hafa áhrif á stöðu kvenna almennt á vinnumarkaði. Áhersla er lögð á eftirfarandi þætti: Starfsmannamál ríkisins, aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna á öllum skólastigum, launamál kvenna, sérstakar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna í dreifbýli og ýmis félagsleg réttindi.

Ég vek athygli á nokkrum atriðum í þáltill. Kaflanum um starfsmannamál ríkisins er ætlað að gera ramma að starfsreglum sem hvert ráðuneyti og ríkisstofnun mundi útfæra nánar og hafa að leiðarljósi við gerð sérstakra jafnréttisáætlana til fjögurra ára í senn. Þessi rammi yrði þannig framhald að gildandi jafnréttisáætlunum sem ég hef þegar greint frá en þær falla úr gildi á þessu ári. Ég vil vekja athygli á því að öll ákvæði í kaflanum um starfsmannamálin byggja á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 1991. Í ákvæðum um auglýsingar á lausum stöðum er lagt til að stofnanir láti koma fram hvatningu í auglýsingu þess efnis að konur jafnt sem karlar sæki um þær. Þetta ákvæði byggir á 5. gr. jafnréttislaga en þar er kveðið á um að atvinnurekendur skuli vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Í 7. gr. sömu laga er kveðið á um að ef tilgangur auglýsenda sé að stuðla að jafnri kynjaskiptingu megi hann óska

eftir öðru hvoru kyninu til starfa. Þessi ákvæði geta haft veruleg áhrif í þá veru að jafna hlut kynjanna á vinnumarkaði.

Í starfsmannakaflanum er einnig ákvæði um hlut kvenna í nefndum, stjórnum og ráðum og er kveðið á um að ríkisstjórnin setji sér það markmið að hlutur kvenna í nefndum á vegum ríkisins nái 30% í lok gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar. Til að ná því markmiði er sérstakra aðgerða þörf og mikilvægt að 12. gr. jafnréttislaganna sé framfylgt og ávallt sé óskað eftir tilnefningu bæði karls og konu þegar skipa á í opinberar nefndir. Hlutur kvenna í opinberum nefndum er nú 17%, en í nefndum á vegum stærstu sveitarfélaganna er hlutfall kvenna orðið um og yfir 30%.

Ég tel að jafnrétti í raun náist ekki án þátttöku kvenna í almennri stefnumótun í samfélaginu og því mikilvægt að sjónarmið þeirra njóti sín í opinberum nefndum, stjórnum og ráðum. Af öðrum ákvæðum í starfsmannakafla vil ég vekja athygli á kerfisbundnu starfsmati sem fram fari í því skyni að framfylgja 4. gr. jafnréttislaganna en hún kveður á um að konum og körlum skuli greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf. Norræna jafnlaunaverkefnið er nú á þriðja ári og mér er kunnugt um að Jafnréttisráð hefur lagt mikla áherslu á kynningu og fræðslu á því að nota starfsmat sem eina leið í jafnlaunabaráttunni. Í kaflanum um félmrn. er m.a. ákvæði um heildarstefnumótun í fjölskyldumálum en landsnefnd hefur starfað til þess að undirbúa aðgerðir á ári fjölskyldunnar 1994, sem Sameinuðu þjóðirnar standa að, og mun hún m.a. leggja fram tillögu þar að lútandi. Landsnefndir huga sérstaklega að stuðningsaðgerðum varðandi uppeldi og umönnun barna og annarra fjölskyldumeðlima sem á þurfa að halda.

Í þessu samhengi vil ég einnig vekja athygli á ákvæði framkvæmdaáætlunar þess efnis að gerð verði úttekt á stöðu karla í breyttu samfélagi en mikilvægt er að feður eigi kost á að takast á við uppeldi barna sinna og heimilishald og er það ein af forsendum þess að jafnrétti kynjanna verði að veruleika. Skýrsla frá þeirri nefnd, sem hefur verið að skoða þetta mál og tillögur, er væntanleg innan skamms. Í kaflanum um félmrn. er lagt til að löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu verði nýtt sérstaklega til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaðinum og stuðla að auknu atvinnuróryggi þeirra. Á undanförnum árum hefur félmrn. stuðst við starfsmenntunarnámskeið fyrir ófaglærðar konur, t.d. sem annast ræstingar og standa að matvælaframleiðslu.

Af öðrum ákvæðum sem snúa að félmrn. vil ég vekja athygli á vinnuvernd. Í þáltill. er kveðið á um að gerð verði úttekt á nokkrum hefðbundnum kvennastörfum, svo sem umönnunar- og þjónustustörfum, með það að markmiði að draga fram tengsl milli atvinnu annars vegar og streitu, álags og slitsjúkdóma hins vegar. Sérstakur gaumur verði gefinn að einhæfum störfum. Niðurstöður úttektarinnar yrðu síðan notaðar til að leggja grunn að bættu vinnuumhverfi.

Í þáltill. er áhersla lögð á gagnasöfnun um jafnréttismál. Fjmrn., Hagstofan og Þjóðhagsstofnun skulu hvert með sínum hætti halda yfirlit yfir og gefa út upplýsingar um starfskjör, launamun og ýmsar aðrar upplýsingar um stöðu kvenna og karla. M.a. er kveðið á um að Hagstofan gefi reglubundið út litla handbók sem hafi að geyma upplýsingar um stöðu kvenna og karla hér á landi en Hagstofan tekur þátt í norrænu verkefni um útgáfu slíkra upplýsinga.

Varðandi einstök önnur ráðuneyti vil ég vekja athygli á kaflanum um dómsmrn. en þar er m.a. kveðið á um tillögu nefndar sem fékk það hlutverk að kanna rannsóknir og meðferð nauðgunarmála og sem komu til framkvæmda á gildistíma áætlunarinnar. Í þessu felast m.a. breytingar á XXII. kafla almennra hegningarlaga en kaflinn fjallar um kynferðisafbrot. Þar er m.a. lagt til að kynferðisafbrot verði ókynbundin, að ákvæði laganna verði samrýmd ríkjandi viðhorfum nú á dögum og refsivernd verði almennt aukin. Þar er einnig lagt til að haldin verði námskeið fyrir lögreglumenn og starfslið í heilbrigðisþjónustu.

Í kaflanum um menntmrn. er kveðið á um að ráðuneytið vinni samkvæmt tillögum nefndar um eflingu jafnréttis kynjanna á öllum skólastigum. Hér er um afar viðamikla áætlun að ræða og hef ég þegar greint frá nokkrum atriðum sem eiga að koma til framkvæmda á gildistímanum en nefnd á vegum menntmrn. hefur það verkefni að hrinda í framkvæmd þeirri stefnu sem mörkuð er í skýrslu nefndarinnar.

Í kaflanum um verkefni fjmrn. er ákvæði um að við setningu laga um lífeyrissjóði verði tillit tekið til jafnréttis kvenna og karla og jafnframt verði réttindi heimavinnandi fólks athuguð sérstaklega.

Í kaflanum um verkefni Hagstofunnar er að finna ákvæði varðandi eignarrétt á fasteignum. Er lagt til að Hagstofunni og Fasteignamati ríkisis verði falið að vinna að úttekt á því hverjir eiga fasteignir hér á landi. Tilgangur slíkrar úttektar er að vekja athygli kvenna á eignarstöðu sinni.

Í kaflanum um iðnrn. er ákvæði um námskeið fyrir konur um frumkvæði í atvinnulífinu þar sem fjallað yrði fyrst og fremst um stefnumótun. Þar er einnig að finna ákvæði um að lögð verði áhersla á endurmenntun og starfsmenntun fyrir konur sem vilja fara á ný út á vinnumarkaðinn og takast á hendur ný störf í iðnaði.

Að lokum nefni ég hér atriði sem snýr að heilbr.- og trmrn. Þar er ákvæði þess efnis að lögfesta verði reglur sem tryggja jafnan rétt foreldra til töku fæðingarorlofs og til greiðslna í fæðingarorlofi óháð því hvort um er að ræða opinbera starfsmenn eða starfsmenn á almennum vinnumarkaði. Jafnframt verði gildandi lög um fæðingarorlof endurskoðuð að því er varðar sjálfstæðan rétt feðra til töku fæðingarorlofs.

Ég hef aðeins nefnt nokkur ákvæðanna sem eru í þáltill. en í henni eru ýmis önnur atriði sem munu stuðla að auknu jafnrétti kynjanna í opinberum störfum og á almennum vinnumarkaði. Ég vona að þessi till. til þál. um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna fái hraða afgreiðslu og verði til þess að við náum meiri árangri í að jafna stöðu karla og kvenna hér á landi.

Ég vil að lokinni umræðunni leggja til að till. verði vísað til hv. félmn.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Ég vil minna á að hér er til umræðu till. til þál. sem táknar að flm. hefur 15 mínútur tvisvar og aðrir hv. þm. og ráðherrar 8 mínútur tvisvar.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. En slík áætlun náði ekki fram að ganga á síðasta þingi og vona ég að bragarbót verði gerð á því.

Í fljótu bragði er ekki annað að sjá en að mörg ágæt markmið séu sett í áætlununni en það er þeim mun dapurlegra að sjá að margt af því sem þarna er lýst sem markmiðum er í hróplegu ósamræmi við aðgerðir ríkisstjórnarinnar og hugmyndir um aðgerðir. Því hlýtur maður alltaf að spyrja hvert sé vægi slíkrar áætlunar. Þetta segi ég þrátt fyrir það að mér finnist sjálfsagt, eðlilegt og nauðsynlegt að gera slíka áætlun. Það verður að gera meira en áætlanir. Það verður líka að sjá til þess að þeim sé framfylgt.

Einnig langar mig að spyrja þar sem það er ekki alveg fullljóst af texta þáltill. sjálfrar hvort einungis umhvrn. hafi gert jafnréttisáætlun í sínu ráðuneyti eða hvort fleiri ráðuneyti hafi gert það. En það má skilja á textanum að svo sé.

Ég kem þá að einstökum atriðum. Í fyrsta lagi tek ég undir að mjög mikilvægt er að ríkisstofnanir sinni skyldu sinni og auglýsi allar lausar stöður til umsóknar. Þar með er auðvitað ekki björninn unninn en það er mjög hart að vita það að stöðum skuli enn vera ráðstafað án þess að öllum gefist færi á að sækja um þær og því er þetta ákvæði að mínu mati mjög mikilvægt.

Það næsta sem ég vil staldra við er það markmið að hlutur kvenna í nefndum á vegum ríkisins verði 30% í lok gildistíma áætlunarinnar en þetta er leið sem margar stofnanir og þjóðir
hafa sett sér, þ.e. að setja sér ákveðin markmið og reyna að fara eftir þeim og stjórnvöld hér á landi ætla greinilega að taka upp. Ég vil í því sambandi vísa til þess að Sameinuðu þjóðirnar hafa m.a. sett sér slík markmið.

Varðandi sveigjanlegan vinnutíma hlýt ég að fagna því að það markmið er hér vegna þess að ég flutti á þinginu þáltill. um sveigjanlegan vinnutíma og ég tek undir það mat að betur þurfi að samræma fjölskylduábyrgð og þátttöku í atvinnulífi og að sveigjanlegur vinnutími sé leið sem sé möguleg til þess að gefa starfsmönnum kost á því að gera slíkt. Ég tek fram að ekki er nóg að einungis konum verði gert þetta kleift heldur þarf líka að ítreka það að fjölskylduábyrgð er ábyrgð beggja foreldra en ekki einungis mæðranna.

Ég staldra aðeins við bifreiðastyrki þar sem ég held að það sé sérstaklega þörf á að taka þar á. Ég minni á að í lífskjarakönnun sem gerð var fyrir örfáum árum kom fram að 11,8% karla og 2,9% kvenna nutu fyrirtækisbíls eða embættisbíls sem hluta af starfskjörum sínum. Hér skakkar verulegu. Ef áfram er haldið með bílafríðindin þá njóta 18,3% karlar og 10,7% kvenna bílastyrks sem hluta af launakjörum sínum. Þetta er einungis lítið dæmi um það hversu mikill mismunur er þarna og full þörf á því að taka á þessu.

Varðandi breytingar á lögum um meðferð opinberra mála vil ég að það komi sérstaklega fram að enn er misbrestur á því að ábyrgð sé tekin, ríkið taki ábyrgð á greiðslum miskabóta í nauðgunarmálum og nú þegar liggur fyrir þinginu þáltill. um að stofnuð verði nefnd til að athuga þessi mál. Sjálfsagt þarf að ganga lengra því máli ef vel á að vera og taka af skarið og sjá til þess að þetta verði gert.

Varðandi samstarf jafnréttisráðgjafa við atvinnuþróunarfélög og atvinnuráðgjafa er það mál í rauninni tvíþætt. Annars vegar það að atvinnuskapandi starfsemi miðist við þarfir kvenna ekki síður en karla og hins vegar að jafnréttis sé gætt að öðru leyti. Eins og við þekkjum mjög vel úr umræðunni að undanförnu þá hafa mýmargar hugmyndir komið upp um atvinnusköpun fyrir karla en það lætur svolítið á sér standa að hugsa til kvennanna þó að þær séu í meiri hluta bæði á landinu og sérstaklega á einstökum landsvæðum í hópi atvinnulausra.

Varðandi lög um fæðingarorlof vil ég drepa á það að heilbr.- og trmrn. talar um samræmingu á milli opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Í ljósi reynslunnar af störfum ríkisstjórnarinnar, sem nú er við völd, er full ástæða til að óttast að sú samræming verði til þess að skerða rétt fólks en ekki auka hann og þá væri nú verr af stað farið en heima setið. Ég minni á umræður sem urðu í tengslum við efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar. Ég sé líka ástæðu til þess að gera sérstaka athugasemd við samfelldan skóladag, en þetta gullna markmið fá finna hér neðst á bls. 6 í þessu ágæta skjali og þar er sagt skýrt og skorinort: Stefnt verður að því að koma á samfelldum skóladegi í grunnskólum eins fljótt og unnt er samkvæmt lögum um grunnskóla frá 1991, en við vitum hvernig það mál hefur gengið fyrir. Í tvígang hefur framkvæmd þessara laga verið frestað eða þessum ákvæðu laganna og hér má segja að framkvæmdin sé í átakanlegri mótsögn við markmiðin sem sett eru. Það er sem sagt frekar verið að hamla gegn þessari þróun og það er á fullri ábyrgð ríkisstjórnar og þar með talið félmrh. Ég krefst því skýrra svara um það hvort þetta séu meira en orðin tóm.

Ég sé það að tíminn líður hraðar en heppilegt væri. Ég vil þó að lokum staldra við þróunaraðstoð en þar vil ég sérstaklega geta þess að það hefur verið sannað svo að ekki verður um villst að þróunaraðstoð sem beint er til kvenna hefur nýst mjög vel. Alþjóðabankinn hefur sérstaklega talið ástæðu til þess að geta þessa og því vil ég hvetja til þess að það verði lagður þrýstingur á að íslenskri þróunaraðstoð verði beint um hendur kvenna í þróunarlöndum.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það eru allmörg ár síðan teknar voru um það ákvarðanir í þessari virðulegu stofnun að það yrðu lagðar fyrir tillögur um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Ég man eftir því þegar þær áætlanir voru fyrst lagðar fram af þáv. hæstv. félmrh. Alex-

ander Stefánssyni. Þá töluðu í þeirri umræðu tveir stjórnarandstæðingar. Það var sá sem hér stendur og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Við gagnrýndum þessa áætlun fyrst og fremst fyrir það að hún væri almenn, segði lítið og breytti of litlu.

Nú er ég alveg sannfærður um að hæstv. núv. félmrh. eins og forverar hennar hafa vafalaust haft fullan áhuga á því að setja hér fram áætlanir sem í raun og veru gerðu eitthvað, breyttu einhverju, tækju á einhverju. Nú er nokkur reynsla komin á þessar áætlanir um nokkurt árabil og ég held að það sé komið svo að það þurfi að gera úttekt á því í félmn. sem fær þetta mál væntanlega til meðferðar, hvaða áhrif þessar áætlanir hafa haft. Hafa þær í raun og veru skipt einhverju máli? Hafa þær gert eitthvert gagn? Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um að þær hafa hrist upp í þeim þingmönnum sem hér hafa verið í salnum, yfirleitt fáir, þegar umræðurnar um áætlunina hafa farið fram. Þar fyrir utan óttast ég að þessi umræða hafi skilað átakanlega litlu og sérstaklega væri nauðsynlegt að ræða þetta mjög ítarlega núna vegna þess að í þessari jafnréttisumræðu er ekki sami kraftur, sami eldur, sami neisti og var hér fyrir allmörgum árum. Þess vegna hefði verið eðlilegt, virðulegi forseti, að hafa hér ótakmarkaðan tíma til að ræða þessa áætlun en ekki láta binda sig við hin þröngu tímamörk þingskapanna vegna þess að mér segir svo hugur um að það sé víðar en í Bandaríkjunum þar sem er talað um „backlash" eða afturför í jafnréttismálum, þeirra viðhorfa sem þar eru rakin mjög ítarlega í fróðlegri bók, þeirra viðhorfa gætir einnig hér á landi sem hefur komið niður á jafnréttisumræðunni og niður á átaki í jafnréttismálum yfirleitt.

Ég vil þess vegna nota þetta tækifæri í fyrsta lagi, virðulegi forseti, til að hvetja hv. félmn. til þess að gera úttekt á þessum áætlunum og þýðingum þeirra yfirleitt. Ég sé t.d. í þessari áætlun, sem hér er lögð fyrir að því er varðar menntmrn., að tíndir eru upp flestir þeir hlutir sem voru settir í áætlunina í minni tíð í menntmrn. Bersýnilegt er að ekkert hefur verið hugsað um þennan málaflokk í menntmrn. síðan, en í áætlunum ætti það auðvitað að vera þannig að þar væri í fyrsta lagi gerð grein fyrir áætlunum ráðuneytanna, í öðru lagi því sem hefði áunnist í ráðuneytunum á liðnum tíma í löggjöf eða tilteknum áföngum um jafnréttismál.

Ég tel því miður, virðulegi forseti, að það sé líka óhjákvæmilegt í þessari umræðu að rifja það upp að hin almenna stefna í efnahags- og atvinnumálum hefur verið mjög mótdræg konum á undanförnum árum, mjög mótdræg konum. Ég bendi t.d. á það að atvinnuleysið kemur mjög harkalega niður einmitt á konum, það sést t.d. vel í þeim tölum sem við erum að sjá frá Suðurnesjum og fleiri landshlutum. Það er alveg ógurlega ruggt mál að þessi veruleiki gerir strik í jafnréttisreikninginn með þeim hætti að það ætti að ræða það hér sérstaklega, hver er staða kvenna sérstaklega andspænis atvinnuleysi og hver er staða heimilanna sem svo aftur bitnar á konunum sérstaklega andspænis atvinnuleysinu.

Í öðru lagi ættu menn líka að ræða um það hér hvaða áhrif hefur það haft að það hefur verið ákveðið að skerða þjónustu grunnskólakerfisins við börn, hvaða áhrif það hefur í jafnréttismálum og á heimilum. Ég sé hér að í þessari áætlun er þessi setning: „Stefnt verður að því að koma á samfelldum skóladegi í grunnskólum eins fljótt og unnt er samkvæmt lögum um grunnskóla, nr. 49/1991." Það er gífurleg kokhreysti, virðulegi forseti, að leggja þessa setningu svona fram af hálfu ríkisstjórnar sem hefur ákveðið að breyta þessum lögum og skerða tímaframboð í grunnskólum og þar með að hægja á framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð er í jafnréttislögum 1991 auk þess sem núv. ríkisstjórn hefur tekið um það ákvörðun eins og allir vita að endurskoða lögin um grunnskóla. Í þeirri skýrslu 18 manna nefndar um menntastefnu sem birtist núna fyrir nokkrum dögum kemur það fram að nefndin á eftir að fjalla um ýmislegt og það er rakið og talið upp. Eitt af því sem nefndin hefur ekki fjallað um eru jafnréttismál, er jafnrétti yfirleitt, bæði kynjanna og jafnrétti til náms yfir höfuð. Og það sýnir kannski betur en allt annað grundvallarmismun í nálgun vandamála þegar heil 18 manna nefnd getur fjallað um stefnu í menntamálum án þess að taka á jafnréttisþættinum, en slíkt hefði verið óhugsandi, algerlega óhugsandi fyrir 3–4 árum þar sem menn lögðu áherslu á það að jafnrétti og jöfnuður væri í raun og veru inntak, hugmyndafræðilegt inntak, grunnskólalaganna og framkvæmdar þeirra. Og auðvitað hefði átt, virðulegi forseti, að taka á þessum breytingum á grunnskólalögunum og þeim áhrifum á þróun jafnréttismála á Íslandi.

Í þriðja lagi hefði auðvitað líka átt að fara sérstaklega yfir málefni leikskóla. Staðreyndin er sú að núverandi ríkisstjórn hefur stöðvað framkvæmd leikskólalaganna að svo miklu leyti sem það snýr að ríkisvaldinu. Hún hefur stöðvað framkvæmd leikskólalaganna með því að setja ekki reglugerð um leikskóla, með því að ráða ekki leikskólafulltrúa í eina einustu fræðsluskrifstofu, með því að grípa ekki til ráðstafana til þess að tengja saman starf leikskólans og grunnskólans. Með öðrum orðum, það sem ríkisstjórnin er að gera er í beinni lóðréttri mótsögn við það sem hér stendur t.d. um menntmrn.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að fara út í það að ræða einstök ráðuneyti vegna þess m.a., virðulegi forseti, að tíminn er búinn. Það er gert ráð fyrir því að menn hafi hér 8 mínútur til þess að ræða þetta mál sem er þó í raun og veru eitt af úrslitamálunum í þjóðfélaginu. Í þessu máli, jafnréttismálunum, er úrslitaspurningin um það hvort við búum í góðu eða vondu þjóðfélagi þegar upp er staðið. Hvort allir aðilar þessa þjóðfélags hafa jafna möguleika á því að hafa áhrif á stjórn þess, þróun og framvindu, það er ekki svo nú. Alþingi hefur þar miklar skyldur og það er augljóst að áætlanirnar um jafnréttismál hafa ekki dugað til að breyta í raun og veru neinu að þessu leytinu til. Þær gera það síst eins og sakir standa þegar stefna ríkisstjórnarinnar er í raun á móti öllu því sem heitir jafnrétti karla og kvenna.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Í tilefni af ummælum hv. þm. varðandi það að hér gæfist ekki nægur tími til umræðna um þessa tillögu til þál., þá er rétt að undirstrika það að forseti stjórnar samkvæmt þingsköpum og mun gera það hér eftir sem hingað til.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég var að sjálfsögðu enga athugasemd að gera við stjórn forseta. Málið er svo að samkvæmt þingsköpum er gert ráð fyrir því að þáltill. fái tiltekinn tíma að lágmarki í fyrri umræðu. Þegar nefnd skilar áliti er tíminn ótakmarkaður nema Alþingi taki ákvörðun um annað. Hins vegar er forseta heimilt að beiðni þingmanna eða án frumkvæðis frá þingmönnum og að eigin frumkvæði að ákveða að þáltill. fái ótakmarkaðan umræðutíma. Ég tel að það séu mistök okkar allra sem hér erum að hafa ekki farið fram á það við forsætisnefndina að það yrði lengri tími til umræðu um jafnréttismál.

Kristín Ástgeirsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir ummæli síðasta ræðumanns því að mér finnst það algerlega óviðunandi að þurfa að ræða þessa stóru, miklu og mikilvægu skýrslu hér og hafa til þess eingöngu 8 mínútur í fyrri umferð. Ef ég man rétt, þá má maður tala tvisvar um þáltill. Það kann rétt að vera að það hefði þurft að biðja um lengri tíma fyrir fram en því miður var það ekki gert. En ég vil nú biðja forseta að athuga hvort ekki sé hægt að finna leið til þess að lengja hér umræðutímann því að það er auðvitað algerlega óviðunandi þegar málefni kvenna loksins komast á dagskrá auk þess sem þessi skýrsla er búin að bíða í meira en ár, að þá skuli tíminn takmarkaður með þeim hætti sem raun ber vitni.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Varðandi beiðni hv. 18. þm. Reykv. um það að forseti reyni að finna leið til þess að gefa hv. þm. meiri tíma til að ræða þessa till. til þál., þá telur forseti sér skylt að stjórna fundi samkvæmt þingsköpum og gerir það samkvæmt 44. gr. þingskapa og mun gera það hér eftir sem hingað til og vonast eftir að hv. þm. uni þeim ákvæðum sem þar standa og þeir hafa gengist undir.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en unað því að hafa hér 8 mínútur, ég á ekki annarra kosta völ, en ég hefði svo sannarlega viljað hafa meiri tíma til þess að ræða þetta mikilvæga mál. Ég vil vekja athygli á því að hér eru engir ráðherrar í salnum annar en hæstv. félmrh. en þessi þál. snertir öll ráðuneytin og ég harma það að aðrir ráðherrar skuli ekki sýna málefnum kvenna og jafnréttismálum þá virðingu að koma hér og hlýða á umræðuna.

Það er margt í þessari skýrslu sem vert er að velta fyrir sér og við hljótum að leggja fram þá spurningu hvaða árangur hefur náðst hingað til í baráttu kvenna fyrir auknum réttindum og bættri stöðu og við hljótum líka að spyrja okkur hvað er mikilvægast nú. Að mínum dómi eru það mjög mörg mál sem þyrfti að taka á til þess að bæta stöðu kvenna og barna í okkar samfélagi. Það er ekki hægt að nálgast þessa skýrslu eða þessa framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar öðruvísi en að nefna að hér er margt um fögur markmið en svo horfir maður upp á það hvernig ríkisstjórnin gengur fram í niðurskurði og aðgerðum sem bæði gera konum og ekki síst fjölskyldum erfiðara um vik. Auðvitað hlýtur að vakna sú spurning, hvað verður um framkvæmdina? Hvað gerist í raun og veru með framkvæmdaáætlun eins og þessa?

Það eru nokkur atriði sem ég vil drepa á sérstaklega og ég gat nú ekki annað en glott þegar ég las hér fyrstu greinina þar sem er að finna ákvæði um auglýsingar á stöðum hjá ríkinu. Ég hlakka til að sjá þegar stöður seðlabankastjóra og bankastjóra Landsbankans verða auglýstar og þar verða konur sérstaklega hvattar til þess að sækja um. Ég ætla nú að biðja hæstv. félmrh. að fylgjast sérstaklega með því hvernig samráðherrar hennar haga sér í þeim málum, því að ef einhvers staðar vantar konu, þá er það í forustu bankakerfisins. Það hlýtur að vera komið að þeim í þeim mikilvægu störfum.

Hér er komið inn á starfsmannastefnu ríkisins og margt sem snertir þau mál og hér er mikilvægt markmið um sveigjanlegan vinnutíma. En maður hlýtur að spyrja sig, hver er viljinn í raun og veru? Hver er vilji stofnana til þess að koma til móts við konur og við fjölskyldur og gefa kost á að vinnutími verði sveigjanlegur? Ég spyr hæstv. ráðherra, hefur eitthvað á þetta reynt?

Hér er fjallað um starfsmat og starfslýsingar. Það hefur nokkuð verið unnið að athugun á þessu máli og við þekkjum það frá ýmsum öðrum löndum að þar hefur náðst töluverður árangur í launajafnrétti með nýju starfsmati. Ég þekki dæmi frá Washington í Bandaríkjunum, í ríkiskerfinu þar. Eins hefur töluvert verið gert í Kanada til þess að fara ofan í starfsmatið í þeim tilgangi að bæta launakjör kvenna. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvar þetta mál er statt hér, hvar hefur verið unnið kerfisbundið mat hjá ríkisstofnunum og hvað líður breytingum eða sér hún fyrir einhverjar breytingar í kjölfar þeirra rannsókna?

Ég get ekki látið hjá líða að minnast aðeins á dóms- og kirkjumrn. sem einkum horfir á hina formlegu hlið sinna stofnana, en í þessum málaflokkum, bæði hvað varðar dómsmálin og ekki síður kirkjuna, hljótum við auðvitað að spyrja um grunninn, um hugarfarið sem þarf að taka á bæði varðandi ofbeldi gagnvart konum og börnum og ekki síður hinn hugmyndalega grundvöll kirkjunnar og hvernig hann snertir konur og hvaða hugmyndum er dreift í gegnum kirkjuna um stöðu kvenna og hvernig kirkjan getur beitt sér til þess að breyta hinum ríkjandi hugmyndum um konur til betri vegar.

Ég vil líka spyrja hæstv. félmrh. hvað líður störfum svokallaðrar karlanefndar sem fátt hefur heyrst til á undanförnum mánuðum. Er sú nefnd búin að skila af

sér og ... (Gripið fram í.) Ég hef fregnir af því hvað er að gerast í þessari nefnd, en vil gjarnan fá það upplýst hér.

Það er svo margt sem ég vildi vekja athygli á hérna og spyrja um, en ég fæ ekki tíma til þess. En ég vil sérstaklega vekja athygli á vinnuvernd sem heyrir undir félmrn. Þar held ég að við komum inn á mikilvægt atriði sem er heilsa kvenna og líðan kvenna á vinnustöðum. Það eru atriði sem verulega þarf að gefa gaum og taka á í okkar samfélagi því að það er alþekkt staðreynd að atvinnusjúkdómar eru mjög algengir meðal kvenna, þeir eru algengari en meðal karla. Þar held ég að sé um mál að ræða sem við þurfum að taka á og er tiltölulega auðvelt að taka á og hefur reyndar verið gert á ýmsum vinnustöðum eins og í fiskiðnaðinum. Við þekkjum t.d. dæmin frá Akranesi. Við erum ekki bara að tala um launakjör kvenna og allt hið formlega sem snýr að ríkinu, heldur þurfum við líka að huga að andlegu hliðinni, hugmyndagrunninum sem við byggjum á í okkar þjóðfélagi og hvernig við getum bætt líðan karla og kvenna.

Að lokum, virðulegi forseti, þá finnst mér reyndar löngu tímabært að við í okkar umræðum snúum okkur meira að karlkyninu en við höfum gert. Það þarf margt að gera til að bæta stöðu kvenna, en við þurfum líka að huga að karlmönnum, við þurfum líka að breyta karlmönnum. Það líður mörgum karlmönnum illa eins og við vitum og það bitnar á konum og börnum og það er löngu tímabært að íslenskir karlmenn fari að huga að stöðu sinni og gera eitthvað í sínum málum vegna þess að við náum aldrei hinu æskilega jafnvægi öðruvísi en það sé tekið á öllum þeim hliðum sem snúa að okkar sambúð í nútíð og framtíð.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað góðra gjalda vert að hæstv. félmrh. er hér að gera tilraun til að bæta stöðu bæði karla og kvenna með þessari þáltill. En maður spyr sig náttúrlega hvort það sé ekki dálítið merkilegt að á árinu 1993 þurfi að leggja fram slíka till., að við skulum ekki vera komin lengra en þetta. Það eru 18 ár síðan kvennafrídagurinn var haldinn hér og þá sveif yfir vötnum mikill baráttuvilji, bæði hjá körlum og konum. En það hefur ýmislegt skeð á leiðinni sem gerir það að verkum að það er afturkippur í þessum málum og ég tel að það hafi aldrei verið meiri afturkippur í þessum málum en einmitt í dag og ástæðan ekki síst aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar. Hún stuðlar ekki að jafnrétti. Hér hefur verið rætt um atvinnuástandið sem er mjög slæmt og kemur mjög illa niður bæði á körlum og konum og sérstaklega konum og fjölskyldunni almennt.

Ég tel það ekki vera rétta leið í jafnréttisátt, t.d. þær breytingar sem hafa verið gerðar á almannatryggingalöggjöfinni. Ég tel það ekki styrkja konuna, sem yfirleitt er framfærandi barna sem einstætt foreldri, að skerða hennar tekjur um a.m.k. 1 þús. kr. á mánuði bara í sambandi við meðlagsgreiðslur. Ég tel það ekki vera í jafnréttisátt það sem er að ske hjá Lánasjóði ísl. námsmanna, þær skerðingar sem þar eru, enda sjáum við ekki nákvæmlega hvað þar er að ske í sambandi við nám kvenna við Háskóla Íslands sem var nokkurn veginn komið á jafnréttisgrundvöll. Alla vega voru lánsumsóknir kvenna allt upp í 49% þeirra sem sóttu um lán hjá Lánasjóði ísl. námsmanna. Nú þegar hefur þessi tala lækkað um 3% og ef við skoðum t.d. hefðbundna kvennastétt í Háskóla Íslands eða hefðbundið námsval kvenna, þá hefur bara í hjúkrunarfræði fækkað um 33% síðan breytingin var gerð á Lánasjóði ísl. námsmanna. Það hefur því afskaplega lítið að segja að leggja fram slíkt plagg sem hér er gert með ýmsum fögrum orðum ef orð og æði fara ekki saman. Það verður að fara saman. Ef allar aðstæður í þjóðfélaginu eru jákvæðar, þá náum við þessu jafnrétti, jafnvel með léttum leik vegna þess að ég held að grunninum sé náð vegna þess að það hefur orðið mikil viðhorfsbreyting bæði hjá körlum og konur. En aðstæður í þjóðfélaginu eru alls ekki þannig að við getum verið að fara yfir þessa kafla yfir höfuð.

Mér finnst t.d. óskaplega létt í vasa hér á bls. 3 um jafnréttisráðgjöf. Mér finnst næstum hlægilegt að lesa um jafnréttisráðgjöf, með leyfi hæstv. forseta: „Ráðinn verði jafnréttisráðgjafi á tímabilinu til reynslu. Hlutverk jafnréttisráðgjafa verði að vinna að leiðréttingu á stöðu kvenna í fyrirtækjum og stofnunum á sama tíma og konur eru að missa vinnu í þessum fyrirtækjum og stofnunum. Og láta eins og einhver atvinnuráðgjafi geti fjölgað störfum eins og kemur fram í þessum kafla, þetta er alveg út í hött. Það sem þarf að gera er að breyta hinni almennu stöðu í þjóðfélaginu. Það þarf að styrkja atvinnuna fyrir það fyrsta og það þarf að jafna fjárhagslega stöðu fólks. Það er talaði um að hv. félmn. sem fær þetta frv. til umræðu þurfi að kanna hvað hafi áunnist. Ég held að við þurfum fyrst og fremst að skoða hvað er raunverulegt jafnrétti. Raunverulegt jafnrétti er ekki bara jafnrétti milli karls og konu heldur bara jafnrétti allra einstaklinga.

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið, þá var ótakmarkaður tími til að tala hér um járnbrautir og skipagengar vatnaleiðir en það eru 8 mínútur til að ræða þetta mikilvæga mál.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Á síðasta þingi beið ég hérna a.m.k. tvo heila daga eftir að komast í ræðustól og ræða um þál. um framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Þetta mál var ævinlega aftast á dagskrá þingsins og það voru alltaf önnur mál sem fengu forgang, enda endaði það þannig að þetta mál fékkst aldrei rætt á síðasta þingi þrátt fyrir að hér biðu konur heilu og hálfu dagana eftir umræðu um það. Nú er það komið hér og hvað sjáum við þegar við *lítum yfir salinn? Áhuginn er greinilega mjög lítill á* þessu máli og maður spyr sjálfan sig, til hvers er verið að þessu? Til hvers er verið að leggja fram slíka framkvæmdaáætlun? Það er enginn áhugi á slíkri framkvæmdaáætlun. Ekki hafa ráðherrarnir áhuga á henni. Ég er sannfærð um að ekki einn einasti þeirra hefur skenkt þessari áætlun eina hugsun, þeir hafa ekki komið nálægt því að semja þessa áætlun, ég er alveg sann-

færð um það. Það hafa setið einhverjir skriffinnar uppi í ráðuneytum og þeim hefur verið sagt: Setjið eitthvað á blað um einhver átök eða einhverja áætlun eða eitthvað slíkt sem hægt er að gera í þessum jafnréttismálum. Þeir hafa gert það og síðan hefur það ratað hérna inn í þessa áætlun og þessir ráðherrar hafa ekki skenkt þessu eina hugsun og þeir hafa engan áhuga á þessu máli, ég fullyrði það. Það sýna tómu sætin þeirra hérna.

Ástæðan fyrir því að verið er að fjalla um þetta og gera svona áætlun er að það er verið að fullnægja formsatriði. Lögin segja: Þetta á að gera og þá skal það gert og sett hér á dagskrá. Svo er það undir hælinn lagt hvort þetta fæst rætt og svo er það undir hælinn lagt hvort það kemur hingað aftur inn og svo er það undir hælinn lagt hvort það verður yfirleitt framkvæmt. Það er ég sannfærð um. Ég er ekki að forsmá í rauninni ágætan vilja félmrh., það er í hennar verkahring að leggja þetta fram og ég er í sjálfu sér ekki að forsmá þessa áætlun, en ég er að benda á það að þeir sem ráða í stjórnkerfinu hafa engan áhuga á þessu máli, þeir eru bara að fullnægja formsatriði með því að gera þetta hérna.

Þetta er talsvert mikið plagg og það væri hægt að tala langt mál um þetta en það gefst ekki tími til þess og þess vegna verður maður að demba sér einhvers staðar inn í þetta. Mig langar vegna þess að hér hefur réttilega komið fram og verið á það bent að flest það sem þessi ríkisstjórn er að gera vinnur einmitt beinlínis gegn jafnrétti, er beinlínis til þess fallið að gera stöðu kvenna verri en hún er. Og það hefur verið bent á það með lánasjóðinn, það hefur verið bent á það með tryggingakerfið. Inni í þessari áætlun er ýmislegt sem kemur í sjálfu sér jafnrétti ekkert við og konum í sjálfu sér ekkert við. Það er eins og með leikskólann, að það eigi að láta fara fram einhverja endurskoðun þannig að saman fari skuldbindingar, ábyrgð og völd í fjárhagslegu og faglegu tilliti. Hvað kemur það jafnrétti við? Hefur það eitthvað með það að gera hvar mál skuli staðsett í stjórnkerfinu? Það kemur konum ekkert sérstaklega við og jafnrétti ekkert við. Þá verða menn að setja sér einhver önnur markmið en slík.

Það er líka eitthvað slíkt um fæðingarorlofið að jafna rétt foreldra til fæðingarorlofs óháð því hvort um er að ræða opinberan starfsmann eða starfsmenn á almennum vinnumarkaði. Það hefur margsinnis komið fram í máli m.a. hæstv. heilbr.- og trmrh. að hann hefur mikinn hug á því að jafna fæðingarorlofið niður á við, takmarka rétt þeirra sem hafa betri stöðu núna og jafna niður á við. Það er ekkert sem kemur konum til góða eða er til einhverra bóta í jafnréttismálum, það kemur jafnrétti ekkert við. Þannig er um fleiri hluti í þessari áætlun.

Á fremstu síðu er minnst á starfsmannamál ríkisins. Í lið nr. 2 segir:

„Ákvæði um ráðningar í störf.

Það kynið, sem er í minni hluta í viðkomandi starfsgrein, skal að öðru jöfnu ganga fyrir við ráðningar í störf þegar umsækjandi er jafnhæfur eða hæfari."

Og mig langar til að vekja athygli þingmanna á því hvernig þetta getur virkað núna á atvinnuleysistímum. Auðvitað eru svona mál hugsuð þannig að konur hafi einhvern aðgang að störfum þar sem karlar eru í meiri hluta sem eru þá vellaunuð störf, yfirleitt stjórnunarstörf eða einhver slík, en á atvinnuleysistímum getur þetta virkað þannig að konur verða að hrekjast úr kvennastéttum vegna þess að atvinnulausir karla fari að leita inn í illa launuð kvennastörf sem þeir hafa ekki haft nokkurn einasta áhuga á, ekki nokkurn áhuga á að fara í vegna þess að þeim finnst þetta ekki vera merkileg störf, þetta eru illa launuð störf en á atvinnuleysistímum vilja auðvitað menn gera ýmislegt. Og þá getur ákvæði eins og þetta virkað þannig að í rauninni ýti það konum út úr hefðbundnum kvennastörfum og þetta hefur verið að gerast hér í löndunum í kringum okkur. Ég var hérna einhvers staðar með úrklippu úr Aftenposten frá því í nóvember og þar kemur þetta einmitt fram að konur þar eru að segja nei eða hafna því að fá karla inn í kvennastörf vegna þess að þeir eru að ýta þeim út úr ýmsum umönnunarstörfum. Hér segir:

„Karlarnir hafa raunverulega aldrei verið beittir neinni mismunun. Þessi störf hafa alltaf verið þeim opin, þeir hafa bara ekki sótt í þau". Það er öðruvísi með störfin þar sem karlar hafa verið í meirihluta, stjórnunarstörfin. Konur hafa sótt í þessi störf en ekki fengið þau. Á því er mikill munur. Og það segir hérna: „Ef karlar eru ekki í umönnunarstörfum er það fyrst og fremst vegna þess að þetta eru láglaunastörf sem hafa haft litla skírskotun til karla." Og hér er einmitt á það bent að vegna atvinnuleysisins séu karlar í auknum mæli að sækja inn í hefðbundin kvennastörf til þess að fá eitthvað að gera. Og oft eru þeir teknir fram yfir, jafnvel þó þeir séu ekki hæfari. Þar með er takmarkaður aðgangur kvenna að þessum störfum og þetta verðum við að hafa í huga. Tímarnir eru allt aðrir núna heldur en þeir voru fyrir nokkrum árum þegar í rauninni vantaði fólk á vinnumarkaðinn og við verðum að hugsa þessi mál dálítið út frá því.

Annað sem mig langar til þess að gera hér örlítið að umtalsefni er dóms- og kirkjumrn. vegna þess að ég lagði fram fsp., líklega á síðasta þingi, um ofbeldi á heimili. Ég sé ekki neitt í þessu plaggi frá dóms- og kirkjumrn. um það hvernig það hefur hugsað sér að taka á þeim málum. Það er full ástæða til að ráðuneytið gefi nú þeim málum gaum. Þeir ættu að vísu að fjölga konum í starfi hjá RLR og það er auðvitað mikilvægt, ekki síst að fjölga þeim konum sem vinna að rannsóknum á kynferðisafbrotum. Þá er líka rétt að hafa það í huga að þær konur hafa oft átt dálítið erfitt uppdráttar hjá rannsóknarlögreglunni og m.a. ein kona sem var komin með talsvert mikla reynslu þar var flutt til í starfi og úr rannsóknum á kynferðisafbrotum. Þeir verða þá eitthvað að skoða sinn gang betur hjá rannsóknarlögreglunni. En ég vil fá að vita hvernig þetta ráðuneyti ætlar að taka á heimilisofbeldi. Í svarinu sem ég fékk við fsp. minni í fyrra kom fram að af 130 málum á ári þar sem lögregla þarf að hafa afskipti af líkamlegu ofbeldi á heimili endar yfirleitt eitt með kæru. Síðan var úr 130 málum á ári og niður í eina kæru.

Lögreglan lítur kannski svo á að þetta sé einkamál en ofbeldi er aldrei einkamál. Það skiptir engu máli þó að það fari fram inni á heimili. Það er jafnmikið andfélagslegt athæfi og jafnmikið brot gegn samfélaginu eins og það fari fram á götu úti. Ofbeldi er ógnun við samfélagið allt og okkur verður að lærast að líta þannig á málið og ekki sýna umburðarlyndi gagnvart því hvar sem það fer fram. Því miður er það nú svo að það virðist hafa verið litið á þetta ofbeldi inni á heimilum sem einkamál og ekki hafa verið tekið á því sem opinberum málum. Hins vegar vantar yfirleitt ekki snör handtök þegar um götuofbeldi eða ofbeldi á skemmtistöðum er að ræða, en það virðist fremur horft í gegnum fingur sér með ofbeldi á heimili. Ég vil fá að vita hvað ráðuneytið hyggst gera í þessu máli því að ég sé ekkert um það hér.

Þá er ástæða til að benda á að það er víða pottur brotinn varðandi skráningu á þessum málum og mig langar til að benda á, (Forseti hringir.) ég er að ljúka máli mínu, virðulegi forseti. (**Forseti:** Ég verð að vekja athygli hv. þm. á því að ...) Ég veit það, virðulegi forseti, ég ætla að nefna tvær tölur áður en ég fer úr pontu. Á fjórum árum voru skráð 11 slík mál hjá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, bæjarfógetanum á Akureyri og Dalvík samanlagt. (**Forseti:** Ég verð að biðja hv. þm. að ljúka máli sínu.) Á sama tíma voru skráð 105 mál í Hafnarfirði sem sýnir að það er eitthvað verulega athugavert við skráningu á þessum málum hjá lögregluembættunum.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Mikið lifandis skelfing finnst mér svona plagg klæða hæstv. félmrh. illa. Þetta plagg sem hér liggur fyrir á þskj. 232 minnir mig meira en nokkuð annað á mörg slík plögg sem lögð voru fyrir okkur í Norðurlandaráði á sínum tíma og okkur þótti nú sum hver harla efnislítil þó orðmörg væru. Fyrir nokkrum árum hefði mér þótt óhugsandi að hæstv. núv. félmrh. legði svona plagg fram. Hún átti það mjög til í þann tíð, skal upplýst fyrir þá sem ekki sátu þá á þingi, að vera hér með klár og skýr mál, oftast til bóta fyrir konur og fyrir ýmsa þá sem verr voru staddir í þjóðfélaginu. Það var auðvelt að styðja þau mál og mörg fluttum við saman, en aldrei held ég að mér hefði dottið í hug að sjá annað eins og þetta frá hæstv. núv. ráðherra. Ég skil satt að segja ekki til hvers svona plagg er. Í það vantar nú í fyrsta lagi, ef þetta á að ná til allra íslenskra borgara, ansi stóra hópa. Ég spyr: Hvar á að vinna að bættum kjörum aldraðra kvenna? Ég sé ekki að það sé neitt hugsað um þær hér. Ég sé heldur ekki að talað sé um börn nema jú, það er minnst hér á leikskólapláss. Fatlaðir, ég á erfitt að sjá hvar þeir eru staddir hér. Eitthvað er til af fötluðum konum býst ég við og heimavinnandi húsmæður gegna hér ekki stóru hlutverki heldur. Allt er þetta meira en yfirborðslegt og ég vil auðvitað taka undir hvert einasta orð sem hv. 2. þm. Vesturl. sagði hér áðan, Ingibjörg Pálmadóttir. Það er dálítið hallærislegt, liggur mér við að segja, að sjá svona plagg lagt fram sem heitir „Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna." Á sama tíma og hæstv. ráðherra hefur verið í ríkisstjórn í tvö ár sem er að vinna að því ljóst og leynt að gera kjör Íslendinga óbærileg, Íslendinga af báðum kynjum. Þegar lífskjör rýrna, þá bitnar það alltaf harðar á konum. Það hefur alltaf verið svo. Þær búa þegar við miklu lakari hlut og því verra sem ástandið verður í þjóðfélaginu, þá verri verða kjör kvenna. Það mætti svo sem þess vegna tæta niður hvert einasta orð sem hér stendur.

Strax í 1. lið er enn verið að tala um ákvæði um auglýsingar á lausum stöðum hjá ríkinu. Það eru engar lausar stöður hjá ríkinu. Hæstv. ráðherra þarf ekki að hafa minnstu áhyggjur af því. (**Gripið fram í:** Hvað um seðlabankastjórastöðuna?) Það er verið að segja fólki upp í hópum og fólk er að missa vinnuna. Hverjir skyldu nú missa vinnuna fyrst? Ætli það séu ekki einmitt konur þannig að það er auðvitað eins og brandari að leggja þetta fram fyrir okkur hér og nú.

Ég veit eiginlega ekki hvort maður á að vera að eyða miklu púðri í þetta. Það getur vel verið að það sé afskaplega nauðsynlegt nú eins og segir hér á bls. 2 að markvisst verði unnið að því að ráða fleiri konur í störf rannsóknarlögreglumanna hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Ég held að ég fari ekki rangt með það að það réðust þó nokkrar konur til lögreglunnar á sínum tíma og ég held að ég megi segja að þeim hafi þegar fækkað mjög aftur. Skal ég þó taka leiðréttingu ef það er misskilningur minn, en á tímabili a.m.k. hafði þeim fækkað. Ég kann svo sem engar skýringar á því. Ég býst við að það sé gamla sagan að það sé erfitt fyrir konur með fjölskyldu að vinna þau störf. Konur eiga ekki heimangengt á borð við karlmenn ef um er að ræða einhverja fjölskyldu hvort sem okkur líkar betur eða verr.

Það leiðir af sjálfu að ef konur eru með ung börn eða foreldrar eru með ung börn, þá mæðir auðvitað meira á konunni, a.m.k meðan barnið nýtur brjóstagjafar og allt annað raus um það mál er auðvitað einskis virði. Það vitum við allar sem höfum haft fjölskyldu og þurfum ekki að láta segja okkur það.

Það er ósköp fallegt að segja hérna á bls. 4 að efla skuli heimilisiðnað. Hvernig er búið að vinna að því? Það er með því að leggja handavinnukennslu í grunnskólunum svo til niður. Hún er hvorki fugl né fiskur eins og hefur verið sannað hér á hinu háa Alþingi. Í tilefni af því að ég bar hér fram fsp. fyrir nokkrum árum um hvaða áhrif það hefði haft að bæði piltar og stúlkur skyldu læra sömu handavinnuna, en um leið hefði verið gleymt að fjölga tímunum um helming, það kom auðvitað í ljós að handavinnu í grunnskólanum hefur hrakað svo að hún er ekki umræðuverð eins og sakir standa. Halda menn svo að upp úr því vaxi einhver heimilisiðnaður? Hvaðan á hann að koma? Ætli það væri ekki ráð að byrja á grunnskólanum. En hvernig gerir hæstv. ráðherra það? Með því að leggja blessun sína yfir að þar er allt skorið niður og ekkert gert í því þrátt fyrir að fyrrv. hæstv. menntmrh., Svavar Gestsson, kæmi hér með ítarlega skýrslu um þetta mál. Hefði honum enst embættisaldur þá hefði verið unnið

að því að bæta þarna úr. En það er öðru nær en að það hafi verið gert. Það þarf mikla vinsemd til að líta á þetta plagg með einhverju því hugarfari sem nálgast að taka þetta alvarlega.

Það er ekki aldeilis ónýtt heldur, hæstv. forseti, að hæstv. iðnrh. skipi sérstaka nefnd til að gera úttekt á stöðu kvenna í iðnaði og móta tillögur í þá átt að jafna hlut kynjanna á öllum starfs- og stjórnunarstigum. Ég spyr hæstv. forseta og hæstv. ráðherra: Hvað þýðir þetta? Þýðir þetta að hæstv. ráðherra ætli að vinna að því að karlarnir taki sér sæti við saumavélarnar á þeim launum sem þar eru boðin og taki nú til að sauma gallabuxur og skyrtur og barnaföt og guð má vita hvað? Ég skal segja hæstv. forseta að mér finnst svona lagað ekki boðlegt í þingskjali. Mér finnst þetta hlægilegt. Það er auðvitað ekkert að því að konur séu lagnari við saumaskap en karlar en það sem er að er að þær eru miklu verr launaðar fyrir þau störf en karlarnir fengju ef þeir sætu við saumavélarnar. Það getum við alveg gefið okkur.

Síðan er hér í annarri hverri grein talað um starfsmenntun og námskeið. Þetta er sjálfsagt unnið upp úr einhverjum skandinavískum plöggum þar sem menn hafa búið við það í áratugi að stór hluti þjóðarinnar sé atvinnulaus og eigi að vera það og verði það og þess vegna er verið að reyna að hafa ofan af fyrir þessu fólki með alls kyns námskeiðahaldi og menn heita ýmist „ledig" eða „langtidsledig" eða hvað þetta nú heitir og þar hefur málið gengið svo langt að ef einhver „langtidsledig" fær atvinnu þá verður hann að fara úr henni eftir nokkra mánuði því það þarf að koma öðrum „langtidsledig" að. Ég hélt að við ætluðum ekki að fara að búa til svona kerfi. Með allri virðingu fyrir námskeiðum og aukinni menntun þá held ég að sumt af þessu sé æðiyfirborðskennt og ekki mikil alvara á bak við. En það væri mér svo sem ekki til ama þó atvinnulausir af báðum kynjum færu á saumanámskeið eða prjónanámskeið til að efla íslenskan heimilisiðnað. (**Forseti:** Ég verð að vekja athygli hv. þm. á því ...) Ég hef þegar skilið, hæstv. forseti, að tími minn er búinn og ég skal hlýða því kalli. Einungis að lokum. Yfir tekur á bls. 8 kaflinn um konur í þróunarríkjunum. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. um að spara viðbætur við ræðu sína.) Nú bið ég hæstv. forseta að fylgja þeirri venju að hafa þolinmæði í nokkrar sekúndur. Þar er stungið upp á því að á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands verði sérstakur gaumur gefinn að stöðu kvenna í þróunarlöndunum. — Það er ekki bannað að hlæja.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Þessi þáltill. um framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna virkar þversagnarkennd á þingmenn. Ég þarf í rauninni ekki miklu við það að bæta sem komið hefur fram í þessari umræðu. Það ástand sem er í þjóðfélaginu gerir það að verkum að tillögugreinar eins og birtast í þessu þingskjali virka hálfhjákátlega á menn. Þær virka hjákátlega á menn t.d. í þjóðfélagi þar sem ástandið er þannig í skólamálum að konur hringja í háskólann og falla frá að greiða sín skólagjöld til að mennirnir þeirra geti haldið áfram námi. Svona þingskjal virkar hjákátlega þegar ástandið er svona. Og svona þingskjal um sveigjanlegan vinnutíma virkar hjákátlega þegar ástandið er þannig í þjóðfélaginu að það er verið að moka fólki út af vinnustöðum í hagræðingarskyni í stórum stíl, með réttu eða röngu. En tilgangurinn er sá að hagræða sem er mikið tískuorð. Undir þeim formerkjum er fólki mokað út af fjölmörgum vinnustöðum, körlum og konum. Svo kemur hér einhver tillgr. um sveigjanlegan vinnutíma. Hver trúir því að þessi ríkisstjórn muni halda svoleiðis á málum að þessi sveigjanlegi vinnutími verði að veruleika?

Það mætti tína lengi til upp úr þessari skýrslu. Hér er sjálfsagt ýmislegt sem væri til bóta ef það yrði framkvæmt. Hins vegar er mergur málsins sá að ástandið er þannig að svona tillögugerð, svona þingskjal, virkar á menn eins og grín. Það er slæmt að hér skuli aðeins hæstv. félmrh. vera viðstaddur því það væri svo sannarlega ástæða til að ræða þessi áform við aðra ráðherra ríkisstjórnarinnar og hvort þeir hafi virkilega trú á að nokkur af þessum áformun verði framkvæmd í einhverri alvöru.

Ég ætla ekki að eyða miklum tíma til viðbótar í þetta mál. Það er brýnasta málið eins og nú standa sakir að taka á í atvinnulífi þjóðfélagsins, reyna að bæta kjörin og hverfa frá því að leggja gjöld á fólk án tillits til efna eða ástæðna. Það er ekki í anda jafnréttis. Og svona plögg breyta því miður engu um ástandið. Það er stjórnarstefnan hverju sinni sem sker úr um árangurinn.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hér hefur orðið þó nokkur umræða um jafnréttismál og er það vel. Ég tek undir með þeim sem hér hafa talað að ástæða væri til þess að fleiri hefðu verið viðstaddir þessa umræðu og að hún hefði orðið lengri.

Sú þáltill. sem hér er til umræðu hefur nokkuð verið gagnrýnd. Ég held að það sé mikilvægt í því sambandi að þingmenn geri sér grein fyrir því að það form sem hér er tekið upp er með nokkuð öðrum hætti en hefur verið frá því að framkvæmdaáætlanir voru settar fram 1986. Þær hafa áður verið settar fram í formi skýrslu til þingsins þar sem þingið gat einungis rætt um tillöguna en ekki haft áhrif á innihaldið í nefndarstörfum eða með atkvæði sínu á þingi en nú er orðin sú breyting á. Vænti ég þess að sú nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar taki það til ítarlegrar skoðunar. Það er vissulega breyting að Alþingi getur hér haft áhrif á stefnumótun í jafnréttismálum.

Ég held að það sé líka mikilvægt að þingmenn geri sér grein fyrir hvernig þetta mál er unnið. Þetta mál er unnið á þann veg að Jafnréttisráð fjallar fyrst um þetta og leggur til frumdrög að tillögum sem einstök ráðuneyti fá síðan til umfjöllunar. Ég hygg að það séu nokkuð takmörkuð áhrif, þó að félmrh. beri ábyrgð á jafnréttismálum, sem ráðherra jafnréttismála getur haft áhrif á tillöguna eins og hún er lögð fram á Alþingi eins og þetta form er útbúið. Ég held að það þurfi að

koma til skoðunar hvort það sé rétta formið að setja þetta fram með þeim hætti sem Jafnréttisráð leggur hér til.

Þessi tillaga er, eins og kom fram í mínu máli, í meginatriðum byggð á skýrslu sem síðasta ríkisstjórn lagði til og var lögð fram á Alþingi á árinu 1991 þó hún hafi í nokkrum atriðum, t.d. í menntamálunum, tekið nokkrum breytingum.

Nokkrum spurningum var beint til mín. Það var t.d. varðandi jafnréttisáætlanirnar sem voru gerðar 1988, hvort aðeins umhvrn. hefði sett fram slíka áætlun. Það er rangt. Öll ráðuneytin hafa sett fram slíkar áætlanir. Umhvrn. var síðast eðli málsins samkvæmt vegna þess að því var ekki komið á laggirnar fyrr en síðar.

Varðandi sveigjanlegan vinnutíma þá tek ég undir að það er mjög mikilvægt að koma á sveigjanlegum vinnutíma. Ég hygg að í allflestum jafnréttisáætlunum hafi verið kveðið á um sveigjanlegan vinnutíma og væri vissulega ástæða til að gera úttekt á því núna þegar þetta hefur verið í jafnréttisáætlunum hvaða árangri það hefur skilað. Vil ég í því sambandi taka undir það sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði að vissulega er ástæða til að skoða það hjá hverju ráðuneyti og það komi þá fram í þessum áætlunum hvaða árangur hefur náðst.

Varðandi karlanefndina, sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurði um, þá vænti ég þess og ég hef mjög rekið á eftir því að sú nefnd skilaði af sér. Ég vænti þess að ég fái skýrslu núna innan fárra daga og þá tillögu frá þeirri nefnd um aðgerðir.

Ég vil einnig taka undir með sama þingmanni um nauðsyn vinnuverndar. Ég tel að Vinnueftirlitið hafi unnið nokkuð gott starf í því efni. Á því er reyndar hert í þeirri þáltill. sem hér er til umræðu.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fullyrti að hér væri aðeins verið að fullnægja formsatriðum. Ég get vissulega tekið undir það með þingmanninum að það er auðvitað undir framkvæmdinni komið hvort slíkar þál. skila sér. Það má vel vera og er kannski rétt að áhuginn er misjafn á jafnréttismálum, bæði hjá þingmönnum og einstaka ráðherrum. En ég hef fullan hug á því að verði þessi þáltill. samþykkt þá mun ég fylgja því fast eftir að þeim ákvæðum sem Alþingi samþykkir hér verði fylgt eftir í öllum ráðuneytum.

Ég get út af fyrir sig tekið undir það að ég hefði viljað sjá þessa áætlun, sem hér er lögð fram, markvissari og beittari en hún er. Ég vænti þess að nefndin sem fær málið til umfjöllunar skoði einstök atriði í því hvort herða megi á tímasetningum og gera hana markvissari.

Mér fannst hv. þm. Guðrún Helgadóttir gera nokkuð lítið úr starfsmenntamálum. Ég held að það sé óþarfi að gera það. Ég er alveg sannfærð um að starfsmenntun og öll fræðsla, ekki síst starfsmenntun og endurmenntun vegna tækniviðingar, mun skila sér til þess að tryggja fólki meira atvinnuöryggi. Ég hygg að á margan hátt megi segja að sú starfsmenntun sem verið hefur í gangi á undanförnum árum hafi skilað sér. Ef við tökum t.d. síðasta ár þá má segja að um 6 þús. manns hafi með einum eða öðrum hætti notið góðs af þeirri starfsmenntun sem í boði var með þeirri fjárveitingu sem ætluð var á fjárlögum.

Að lokum vil ég segja það af því að hv. þm. Guðrún Helgadóttir, sem er ekki hér stödd, virðulegi forseti, gerði í lokin á sínu máli grín að því sem fram kemur á bls. 8 og heyrir undir utanrrn. — hún las þar upp ákveðna setningu. Ég vil gera það að mínum lokaorðum að lesa sömu setningu í skýrslu fyrrv. ríkisstjórnar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára sem lögð var fyrir Alþingi 1990–1991, þegar Alþb. átti sæti í ríkisstjórn. Þar kemur fram að í öllum þróunarverkefnum á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands verði sérstakur gaumur gefin að stöðu kvenna.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þær undirtektir sem fram komu í máli hennar við ræðum þingmanna hér. Mér finnst að hún hafi í raun og veru fallist á það að áætlunin eins og hún lítur út sé of óljós, hún þurfi að vera miklu skýrari og skarpari en hún er. Hún tók undir hvatningar til þingnefndarinnar um að nefndin vandaði sig við verkið. Ég skora á hv. þm. sem eru í þessari nefnd að taka þessari hvatningu vel og endurmeta þessa áætlun. Og það að hæstv. ráðherra getur lesið upp úr áætluninni núna nákvæmlega sömu setningar og voru í henni fyrir mörgum árum bendir auðvitað til þess að menn hafi kannski ekki lagt ýkja mikla alúð við plaggið einmitt núna þegar það er lagt fram. Ég hef satt að segja grun um að menn hafi ekki gert það. Ég hef rökstuddan grun um að við meðferð málsins í einstökum ráðuneytum hafi menn yfirleitt ekki tekið á þessum tillögum af mikilli alvöru, svo ég segi nú ekki meira.

Það er einnig nauðsynlegt að taka á því hvað af þessum hlutum hefur verið gert sem er í raun og veru mjög auðvelt að gera. Hér er fjöldinn allur af hugmyndum um að skipa nefndir til kannana og athugana á ýmsu. Hefur þetta kannski staðið lengi í þessum jafnréttisáætlunum? Að skipuð verði nefnd til að gera úttekt á og setja fram tillögur um það hvernig tryggja megi sem best rekstrargrundvöll félagasamtaka sem aðstoða konur og börn sem eru þolendur ofbeldis og sifjaspella? Skipuð verði nefnd til að gera úttekt á stöðu kvenna í iðnaði og móta tillögur í þá átt að jafna hlut kynjanna á öllum starfs- og stjórnunarstigum? Hvað er að frétta af þessum málum?

Ég held að í rauninni sé það þannig að hér séu í fyrsta lagi almennar yfirlýsingar, í öðru lagi yfirlýsingar um nefndaskipanir, í þriðja lagi sjálfsagðir hlutir af ýmsu tagi og í fjórða lagi tillögur um ákvarðanir sem Alþingi hefur engin áhrif á og ekkert vald á nema í fjárlögum. Dæmi um það er t.d. varðandi Rannsóknarlögreglu ríkisins. Þar væri auðvitað hægt að setja inn í fjárlög ákvæði um að styrkja þá stofnun en það sem vantar sérstaklega er konur í rannsóknarlögreglustörf af fjölmörgum ástæðum og þeim sem hafa komið þar við hefur ekki verið vært þar mjög lengi eins og þeir þekkja sem hafa sett sig eitthvað aðeins inn í þau mál.

Í þessum umræðum ættu menn líka að velta því eitt-

hvað fyrir sér, sem hæstv. félmrh. nefndi, hvaða vald hefur ráðherra, hvaða möguleika hefur ráðherra á þessu sviði. Ég tel að ráðherra hafi í grófum dráttum tvenns konar meginmöguleika. Í fyrsta lagi hefur hann möguleika til að hafa áhrif á hina almennu pólitík sem fylgt er í landinu. Það er alveg ljóst að núv. ríkisstjórn hefur ekki stuðlað að jafnrétti með þeirri stefnu sem hér hefur verið fylgt á undanförnum tveimur árum eins og ég rakti í fyrri ræðu minni í dag. Það kemur fram í atvinnuleysinu, það kemur fram í grunnskólamálunum, það kemur fram í leikskólamálunum og alveg séstaklega fram í Lánasjóði ísl. námsmanna. Þar er bersýnilega um að ræða stefnu og ákvarðanir sem allar hafa haft það í för með sér að misrétti hefur aukist á Íslandi. Það er þannig. Það hefði verið eðlilegt að leggja hér fram tölur og upplýsingar um það hvernig misréttið hefur aukist og jafnrétti minnkað á Íslandi á undanförnum tveimur árum eða svo. Og það er auðvitað skylda nefndarinnar að taka á því.

Í öðru lagi geta einstakir ráðherrar haft áhrif á jafnréttismál með ráðningum í störf og með skipun í nefndir og ráð. Það er greinilegt að á því sviði varð nokkur breyting á árunum 1987–1990, þar sem hlutfall kvenna í ráðum og nefndum, sem skipað er í á vegum ríkisstjórnarinnar, jókst úr 11% í 17% á þeim tíma. T.d. í menntmrn. úr 16% í 29%, í fjmrn. úr 6% í 16%, það er merkjanlegur munur, í félmrn. var munurinn að vísu mjög lítill, aukning úr 21% í 23%. Þar var einna minnst aukning af þeim ráðuneytum þar sem einhver aukning verður. Það er bent á það í nýjustu skýrslu Jafnréttisráðs að vandinn fyrir ráðherrana er ekki síst sá þegar þeir eru að skipa nefndir að tilnefningaraðilarnir eru býsna fastir í þeirri rullu að gera tillögu um karla í allar nefndir. Þegar ég beitti mér fyrir því í menntmrn. á sínum tíma að allir tilnefningaraðilar voru beðnir um að tilnefna karl og konu þannig að hægt væri að gæta jöfnuðar í skipun nefndarinnar þegar hún var komin saman sem heild vissi ég satt best að segja ekki hvert sumir þeirra ætluðu þegar þeir hringdu í ráðuneytið og spurðu: Ætlið þið að fara að ráða því hverjir verða í nefndum fyrir okkur? Og þetta voru reyndar sumir þeir sem síst skyldi. Möguleikar ráðherranna til að hafa áhrif á þessa hluti eru því oft og tíðum mikið takmarkaðri en menn ímynda sér. Vegna þess að að lokum skiptir það höfuðmáli að vald ráðuneyta og ríkisstjórna í þjóðfélaginu hefur með markvissum hætti verið minnkað á síðustu árum, minnkað. Markaðurinn ræður meiru og meiru.

Í öllum þeim kærumálum um jafnrétti sem hafa verið kveðnir upp úrskurðir í á undanförnum árum hafa menn verið að fjalla um opinbera markaðinn. Einkamarkaðurinn er ekki ræddur. Það er aldrei spurt um það hvernig einkaaðilar sem reka fyrirtæki framkvæma jafnréttisreglur inni í sínum fyrirtækjum. Það er t.d. aldrei spurt um það hvernig það kemur sérstaklega niður á konum að í stærstu einkafyrirtækjunum er alger leynd um laun og kjör hvers einasta manns, honum eða henni er bannað að viðlögðum brottrekstri að segja frá því hvað viðkomandi hefur í laun. Það er óruggt mál að þetta pukur með launin sem einkamarkaðurinn hefur tekið upp kemur mikið verr niður á konum og það er óruggt að launamunurinn í einkageiranum hefur aukist, hann hefur m.a. aukist af þessum ástæðum og hann sést minna nú en áður út af þessu pukri með laun og kjör.

Þess vegna er alveg ljóst að það er mjög erfitt að berjast fyrir jafnrétti að ekki sé meira sagt á sama tíma og menn játa markaðinum alla sína trú og vilja beygja sig í duftið fyrir hverju sem markaðnum þóknast að innleiða í þjóðfélaginu, hvort sem það er í jafnréttismálum eða á öðrum sviðum. Þess vegna er það skrýtið að Jafnaðarmannaflokkur Íslands skuli ganga framar í því að heimta að markaðurinn ráði öllu heldur en mér liggur við að segja allir aðrir flokkar í landinu.

Aðalatriðið er að minna á það að lokum, virðulegur forseti, af minni hálfu að í rauninni sýnist mér vera full samstaða um það hér meðal fulltrúa þeirra flokka sem hafa talað — ég hef ekki orðið var við að hér hafi talað neinn frá Sjálfstfl. Hefur það gerst? Nei, ekki í þessu máli. En milli allra annarra flokka virðist vera full samstaða um að taka á þessu máli og setja sama burðuga jafnréttisáætlun, endurskoða þessa og setja saman burðuga og skýra jafnréttisáætlun og fara jafnframt yfir áhrifin af þeim áætlunum sem þegar hafa verið skrifaðar og ræddar hér á Alþingi.

Að lokum ætla ég að mótmæla því sem fram kom, virðulegur forseti, í ræðu hv. 10. þm. Reykv. sem sagði að konur hefðu beðið óþreyjufullar eftir umræðunni um þessi mál í fyrra. Það er bara hálfur sannleikur. Það vill svo til að það kemur fyrir að karlar eða a.m.k. karl fjallar um jafnréttismál úr þessum virðulega ræðustól. Og það má gjarnan nefna það stundum. Ég er ekki viss um að það sé jafnréttismálum til framdráttar að slá á það liðsinni sem kann að koma annars staðar að.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að biðja hv. 9. þm. Reykv. forláts ef ég hef stigið ofan á einhver líkþorn, eins og maður segir, þegar ég talaði um að konur hefðu beðið hér í fyrra óþreyjufullar eftir umræðunni. Ég veit að konur biðu óþreyjufullar og kannski hafa einhverjir karlar gert það líka. Þó ég nefni konurnar eru karlarnir ekki þar með undanskildir. Þannig vill nú til, virðulegur þingmaður, að þó maður vilji beita sér einhvers staðar í baráttu fyrir réttlæti þarf maður ekki endilega að hugsa að maður geti ekki beitt sér á einu sviði heldur verði að byrja á að frelsa allan heiminn. Þetta er kannski svipað þegar ég tek konurnar sem dæmi. Það þýðir ekki að karlarnir hafi ekki áhuga á málunum en ég held að það sé alveg ljóst og þingmaðurinn viti það jafn vel og ég að þetta er meira áhugamál fyrir konur en karla.

Það er líka eitt af því sem ég vildi nefna hér varðandi þessa áætlun sem mér finnst alveg sjálfsagt að minnast á. Það kemur einhvers staðar fram að gera eigi sérstaka úttekt á stöðu karla í breyttu samfélagi með það að leiðarljósi að jafna fjölskylduábyrgð kynjanna. Sérstök nefnd var sett á laggirnar og haldið sérstakt málþing út af þessu máli. Ég verð að játa að þegar ég sá þetta hugsaði ég með mér: Þetta er gott og ágætt en

hversu lengi skyldu konur hafa unnið í sínum málum? Hvað skyldu þær hafa lagt mikið af mörkum til að bæta sína stöðu áður en þær fengu ríkisskipaða nefnd og sérstaka fjármuni í málþing til að taka á málum sínum? Konur voru búnar að berjast í sínum málum ekki bara í ár og ekki bara í áratugi heldur í aldir áður en farið var að setja fjármuni í að styðja þær í sinni baráttu og setja á laggirnar sérstakar ríkisskipaðar nefndir til að vinna að þeim málum. Ég hef því miður ekki orðið vör við að karlar hafi tekið á sínum málum með sama hætti þó það sé vissulega löngu tímabært því auðvitað eru karlmenn fórnarlömb sinna kynhlutverka ekki síður en konur. Og þeim er sniðinn ansi þröngur stakkur í þessu samfélagi ekkert síður en konum. Þeir ættu auðvitað að sjá það og þeir verða að opna augu sín fyrir því og taka á þessum málum.

En þetta var ekki aðalerindi mitt hér upp öðru sinni. Ég stóðst ekki freistinguna að koma aftur vegna þess að það er svo margt í þessu sem mann langar til að gera að umræðuefni. Ég ætlaði aðeins að benda á hlut sem er undir kafla fjmrn. Þar er talað um stjórnsýslufræðslu ríkisins — sérstök námskeið fyrir konur, og segir: „Stjórnsýslufræðsla ríkisins skipuleggi sérstök námskeið fyrir konur sem starfa hjá ríkinu og hafi það að markmiði að auka hæfni þeirra og veita þeim möguleika á stöðuhækkunum."

Nú fúlsa ég ekki við því að skipulögð séu sérstök námskeið fyrir konur sem auki möguleika þeirra á vinnumarkaði en ég staldra við þegar talað er um að halda námskeið sem hafi það markmið að auka hæfni kvenna. Mér finnst það ansi lífseigt sjónarmið að það sé eitthvað að konum. Það þarf alltaf að breyta konum einhvern veginn til að þær passi inn í þetta kerfi. Við förum í skólana og við þurfum að taka stelpurnar fyrir og við þurfum að kenna þeim að ná athygli kennaranna, við þurfum að kenna þeim að taka þátt í samkeppninni, við þurfum að taka þær og breyta þeim vegna þess að það er eitthvað að þeim og þess vegna komast þær ekkert áfram. Og það er alveg sama á vinnumarkaðnum og annars staðar. Alltaf á að taka konur, breyta þeim og auka hæfni þeirra. Það er eitthvað að konum og við þurfum að laga þær að þessu kerfi en ekki kerfið að konunum.

Ég hlýt að spyrja hvenær við fáum endurmenntunarnámskeið fyrir kerfiskarla? Af hverju fáum við ekki inn í svona áætlun endurmenntunarnámskeið fyrir kerfiskarla til að kenna þeim að skilja og meta stjórnvisku og hæfileika kvenna? Ég held að það þurfi sérstaka endurhæfingu til að þeir skilji og sjái hvað konur hafa til að bera. Ég gæti nefnt mörg dæmi um það að konur eru t.d. sérfræðingar í því að gera marga hluti í einu sem ég verð vör við að karlar margir eiga afskaplega erfitt með. Nægir að nefna að mér sýnist karlar eiga í mestu brösum með að tala í þessa bílasíma sína og keyra um leið og eru í raun orðnir stórhættulegir í umferðinni í bænum.

Ég vek athygli á þessu vegna þess að mér finnst fólk verða að skyggnast bak við orðin og sjá hvað býr þar að baki. Sjálfsagt er þetta sett niður í góðri trú og með góðum hug. En samt sem áður bærist sú hugsun á bak við þetta að eitthvað sé að konum og það þurfi aðeins að lagfæra þær og breyta þeim svo þær passi inn í þetta kerfi þannig að kerfið geti metið þær ekki á þeirra eigin forsendum heldur forsendum kerfisins.

Af því að ég talaði um fæðingarorlof áðan og sagði að ég óttaðist að menn vildu jafna það niður á við þá vil ég ekki láta hjá líða að geta þess að mér finnst það jákvætt sem segir hér um fæðingarorlofið. Hér segir: „Jafnframt verði gildandi lög um fæðingarorlof endurskoðuð að því er varðar sjálfstæðan rétt feðra til töku fæðingarorlofs."

Ég held að það sé mikilvægt að fæðingarorlof feðra verði sjálfstæður réttur en ekki afleiddur réttur eins og hann er í dag. Annaðhvort taki karlmennirnir þetta orlof sitt eða það falli hreinlega niður. Í dag er það þannig að þeir geta tekið hluta af fæðingarorlofi móður. Ef þeir taka það ekki þá fær móðir það. Mín skoðun er sú að þetta eigi að vera sjálfstæður réttur. Þá vil ég auðvitað bæta við sjöunda mánuðinum, ég vil ekki taka af einn mánuð. Ef þeir taka ekki fæðingarorlofið þá falli þessi réttur niður en verði ekki framseldur fremur en annar réttur. Réttur á að byggjast á einstaklingum og á ekki að vera framseljanlegur. Þetta finnst mér mjög mikilvægt. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt jafnréttismál vegna þess að þetta er miklu líklegra til að gera það að verkum að karlar taki fæðingarorlof en það fyrirkomulag sem nú er.

Þá langar mig að minnast aðeins á vinnuverndina. Hún var reyndar gerð að umtalsefni áðan. Ég vil minna á að það hafa verið gerðar kannanir þar sem sýnt hefur verið fram á að konur t.d. í fiskvinnslu eru illa haldnar af ýmsum slitsjúkdómum. Það var gerð sérstök viðamikil könnun á þessu, ég held á árinu 1982—1983. Sú könnun leiddi til ákveðinna endurbóta í starfsumhverfi. En eftir sem áður veit ég ekki til þess að álagssjúkdómar séu viðurkenndir sem atvinnusjúkdómar. Það vantar mikið upp á það. Ég held að það eigi sérstaklega við um konur sem vinna við saumaskap og konur sem vinna í fiskvinnslu. Við getum gert könnun á þessum slitsjúkdómum og sjúkdómum í stoðkerfi en það er út af fyrir sig ekki nóg að komast að þeirri staðreynd. Hvað á síðan að taka við? Hvað gerist síðan þegar menn komast að því að stór hluti þessara kvenna — ég er alveg sannfærð um að ef gerð væri könnun þá kæmi það ljós — þjáist af slitsjúkdómum, slitgigt og ýmsum sjúkdómum í stoðkerfi líkamans? Hvað á síðan að taka við? Það þarf þá að viðurkenna að þetta sé atvinnusjúkdómur og það þarf þá með einhverjum hætti að taka á aðstæðum á vinnustað og gera þessum konum þá kleift að hætta í vinnu og að þær fái einhverjar bætur fyrir sinn sjúkdóm. Það þarf að fylgja þessu eftir með einhverjum hætti.

Tími minn er búinn hér öðru sinni þó ég gæti haldið áfram enn lengi. Ég er svo heppin að sitja í félmn. þannig að ég fæ þetta væntanlega til umfjöllunar þar og get þá haft eitthvað fleira um það að segja þegar þar að kemur.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem fram hefur kom-

ið hér í umræðunni að við höfum heldur horft á bakslag á undanförnum árum og ekki síst í kjölfar þeirra aðgerða ríkisstjórnarinnar sem við nú búum við. En spurningin sem við stöndum frammi fyrir er: Hvernig getum við snúið vörn í sókn og hvað þarf að gera?

Ég vil ítreka það sem ég sagði í fyrri ræðu minni að ég tel mjög mikilvægt að við horfum á hugarfarið sem ríkir í okkar þjóðfélagi, bæði í stjórnkerfinu og annars staðar. Það er alveg ljóst að það stendur konum fyrir þrifum. Konur eru að glíma við gamlar hefðir, venjur og fordóma og ýmsar hugmyndir um konur sem þarf að breyta. Þegar ég las þessa skýrslu fór ég að velta fyrir mér spurningunni: Hvað er mikilvægast að gera í þeirri stöðu sem við erum í nú? Að mínum dómi er það langsamlega mikilvægast að konur búi við efnahagslegt sjálfstæði. Efnahagslegt sjálfstæði kvenna er afar brýnt og í raun og veru mjög mikilvægt fyrir sjálfsvirðingu hvers einstaklings. En eins og málum háttar er heldur afturför á því sviði.

Í öðru lagi vil ég nefna réttinn til vinnunnar. Við stöndum einfaldlega frammi fyrir því að spyrja hvort fólk hafi lengur rétt til vinnu. Það er verið að taka frá fólki þann mikilvæga rétt að geta unnið fyrir sér og verið að beina æ fleirum inn til félagsmálastofnana og á atvinnuleysisbætur.

Þá er aðgangur að menntun. Það er líka verið að skerða hann eins og hér hefur komið fram í umræðunni. Þetta leiðir mig að þeim punkti sem er svo gegnumgangandi í þessari skýrslu og manni hefur fundist svo einkennandi við alla umræðu og allar aðgerðir þar sem jafnrétti kvenna kemur við sögu og það eru alls konar kannanir. Mér finnst að í rauninni sé stöðugt verið að gera kannanir en síðan gerist ekkert meir. Við þurfum að sjálfsögðu upplýsingar en við þurfum líka að fylgja þeim eftir. Ég beini þeirri tillögu til hæstv. félmrh., að hún láti gera verulega stóra og ítarlega könnun um hugarheim íslenskra kvenna. Um hugarheim og stöðu íslenskra kvenna. Vegna þess að ég held að okkur vanti mjög miklar upplýsingar um hvað konur vilja í raun og veru. Hvaða hugmyndir hafa konur um sjálfar sig og stöðu sína og hvað vilja þær? Vegna þess að okkar áætlanir og ákvarðanir þurfa auðvitað að vera í einhverju samræmi við vilja kvenna í landinu.

Í því sambandi vil ég líka nefna að ég held að það sé mjög brýnt að efla kvennarannsóknir. Við hér á Íslandi erum því miður býsna aftarlega á merinni í kvennarannsóknum sem m.a. hafa það markmið að gefa okkur upplýsingar um hugarheim kvenna. Í rauninni gildir alveg það sama um karla. Það væri mjög fróðlegt að fá ítarlega könnun á hugarheimi íslenskra karla. Hvernig þeir líta á sjálfa sig, hvað þeir vilja og ætla sér. (Gripið fram í.) Ég held að það væri mjög fróðlegt. (Gripið fram í.) Það kann vel að vera að það þyrfti ekki að rannsaka mjög marga en ég ætla ekki að gera því skóna. Við skulum ekki vera með neina fordóma í garð íslenskra karla.

Það er ýmislegt í þessum tillögum sem ég vildi nefna. Ég beini þeirri hugmynd til hæstv. félmrh. og nefndarinnar sem á eftir að kanna þetta mál að fjmrn. geti gert ýmislegt betur varðandi sína upplýsingaskyldu til almennings. Mér dettur í hug að ekki veitti af að halda skipuleg námskeið um skattamál og fjármál fyrir konur vegna þess að við vitum að mörgum konum finnst þar vera mikill frumskógur á ferðinni. Eins vil ég minna á að Kvennalistinn flutti fyrir nokkrum árum tillögu um að við Byggðastofnun yrði komið á fót sérstakri kvennadeild. Hér er nokkuð komið inn á byggðaþróun og flutning kvenna frá landsbyggðinni til Reykjavíkur sem hér er talað um að kanna. Ég held að það þurfi ekki að kanna það mikið. Við vitum alveg hvað þar býr að baki, einhæf vinna og fáir menntunarkostir og skortur á félagslegri þjónustu. Það eru kannski þeir meginþættir sem þar skipta sköpum. Reyndar hefur það alltaf verið svo að konur hafa verið í meiri hluta íbúa í Reykjavík frá því að Reykjavík varð kaupstaður og straumur kvenna hefur ávallt verið meiri til Reykjavíkur en karla. Enda eru konur fleiri hér í borginni en karlar og átakanlegur skortur á karlmönnum á vissum aldri.

Einu vildi ég líka vekja athygli á og það varðar heilbr.- og trmrn. Ég varpa þeirri hugmynd hér fram að ég held að full ástæða sé til að kanna sérstaklega stöðu gamalla kvenna og fatlaðra kvenna í landinu. Þar er reyndar norrænt verkefni í gangi sem verið er að kanna stöðu gamalla kvenna og margt mjög athyglisvert sem þar hefur komið fram. Ég held að við þurfum einmitt að huga að því að konur eru ekki bara konur á barneignaaldri eða konur úti á vinnumarkaði. Það eru ýmsir aðrir hópar kvenna sem þarf að huga að. Ég vil beina því til nefndarinnar að hún hugi að þessu máli.

Það væri hægt að tala lengi um stöðu kvenna úti á landsbyggðinni. Það er alveg sérstakt mál hvernig að þeim er búið og hversu rýrir möguleikar þeirra til atvinnu eru. Þar þarf virkilega að taka á. Að maður tali nú ekki um landbúnaðarbatteríið allt saman þar sem konur eru sjaldséðir gestir eins og sjá má á búnaðarþingi þessa dagana.

Að lokum, virðulegur forseti, ætla ég aðeins að nefna menntamálin. Ég held að við þurfum að huga þar miklu meira að inntaki námsins og námsefnisins. Ég get rifjað það upp hér að mér fannst það mjög athyglisvert sem ég sá í skýrslu um stöðu barna og unglinga í okkar samfélagi þar sem vitnað var í ákveðinn sálfræðing sem hélt því fram að íslenski grunnskólinn væri stelpuskóli. Hann væri fyrst og fremst stelpuskóli. Það kom mér spánskt fyrir sjónir en vekur auðvitað upp ýmsar spurningar um stefnu okkar í menntamálum.

Ég ætlaði allra síðast að vekja athygli á því varðandi umhverfismálin að á umhverfisráðstefnunni í Ríó — (Forseti hringir.) — ég er alveg að ljúka máli mínu, herra forseti — var sérstaklega vakin athygli á hlutverki kvenna í umhverfisvernd og því að það eru oftast konur sem stýra neyslu heimilanna og geta því haft mjög mikið að segja varðandi það að kaupa umhverfisvænar vörur og halda úrgangi og sorpi í algeru lágmarki. Ég held einmitt að þetta sé atriði sem við þurfum að huga að. Við eigum ekki að einblína á hina formlegu hlið og hvar hægt er að fjölga og bæta. Við

eigum auðvitað alls staðar að leggja áherslu á það en við þurfum líka að horfa á hugarfarið sem að baki býr og vinna að þeirri hugarfarsbyltingu sem þarf að eiga sér stað í íslensku samfélagi, hugarfarsbyltingu gagnvart konum og börnum og gagnvart körlum líka.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Til umræðu er ákaflega stórt mál og mikilvægt og fær það vonandi mikla og ítarlega umfjöllun í hv. félmn. Ég býst við því ef einhver vera kæmi frá annarri plánetu og færi yfir skýrsluna þá virkaði hún býsna vel. Þarna eru mörg fögur orð og fyrirheit en okkur sem þekkjum meira til mála og fylgjumst með finnst því miður að einhverja meiri meiningu og einhvern meiri vilja vanti á bak við þessi orð. Mér fannst koma áðan fram í máli hæstv. ráðherra að hún taki undir og sé sjálf ekki allt of bjartsýn á aukið jafnrétti á allra næstu árum. Tilfinning mín er sú að þó nokkuð mikið hafi gerst á ákveðnum áratug fyrir um 10 árum en núna sé að verða einhver stöðnun og ekkert sé að gerast. Náttúrlega vekur það ótta hjá manni og það er kannski spurning um það hvort við þurfum einhverjar aðrar aðferðir, hvort þær aðferðir, sem við höfum verið að reyna að beita, með því að semja m.a. einhverjar áætlanir og skrifa niður einhver fögur orð dugi ekki. Síðasti hv. ræðumaður kom inn á þá hugarfarsbreytingu og það er kannski orðið svolítið þreytt orð í umræðunni, hugarfarsbreyting á þessu og á hinu sviðinu, en það þarf eitthvað svoleiðis. Það þarf algerlega nýjan kraft og nýja hugsun. Mér er kunnugt um að mikið úrvalsfólk situr í hv. félmn. og vonandi finnur það þessa leið, finnur þennan kraft.

Ég ætla ekki að fara efnislega í gegnum skýrsluna. Ég hef hlýtt á alla umræðuna og mér finnst hún hafa verið að mörgu leyti ágæt og hv. þm. hafa verið nokkuð gagnrýnir sem er eðlilegt.

Ég þekki hvað best til í landbúnaðarmálunum því að ég kem úr þeim geira og mér fannst kaflinn undir landbrn. vera dálítið máttlaus. Það var eiginlega helst það að koma ætti á námskeiðum til þess að kynna konum félagslegt kerfi landbúnaðarins sem er miðað við fréttir síðustu dagana einhvern veginn allt öðruvísi en það á að vera. Ég vona að því verði breytt og nýja kerfið verði kynnt konum en staðreyndin er sú að staða kvenna í landbúnaði er mjög slæm. Það hefur verið gert of lítið af því hér á landi að reyna að bæta þar úr. Annars staðar á Norðurlöndum hefur markvisst verið unnið innan landbúnaðarmálanna að því að bæta stöðu kvenna. Ég sá nýlega ákaflega góðan bækling sem var gefinn út af norsku bændasamtökunum þar sem var verið að reyna að kafa svolítið dýpra inn í málið og velta því fyrir sér hvort ástæðan gæti að einhverju leyti komið frá uppeldinu, þ.e. að stúlkurnar fái til sveita allt annað uppeldi en strákarnir. Strákarnir ætla að verða bændur og berja sér á brjóst en stúlkurnar eru bara feimnar og hafa ekki sérstakar áætlanir, a.m.k. eins og þetta var lagt fram í þessari skýrslu. Þetta er kannski eitt af því sem væri hægt að rannsaka af því að það eru ýmsir hlutir rannsakaðir, þ.e. hvort uppeldi uppalenda er nægilega krefjandi og hvort við ölum stelpurnar upp eins og strákana. Á ýmsum heimilum þar sem eru eingöngu stelpur hefur sýnt sig að þær verða kraftmeiri, kannski fyrir það að þær eru settar svo snemma upp á traktorana. En þetta er kannski nóg í sambandi við landbúnaðarmálin.

Af því að síðasti ræðumaður kom líka inn á stöðu gamalla kvenna, sem að vísu hefur verið að batna en er ábyggilega margt sem þar mætti betur fara, þá rak ég augun í það á síðasta sumri, held ég að það hafi verið, að norræn ráðstefna gamalla kvenna var haldin, gott ef ekki hér á landi. Þá kom fram að þessar gömlu konur höfðu ekki átt sér stærri ósk og stærra markmið þegar þær voru ungar konur en það að giftast og öðlast efnahagslegt öryggi. Þetta eru því guði sé lof gamlir tímar og ég held að enginn sakni þess svo að ekki sé meira sagt, með fullri virðingu fyrir hjónabandinu.

Hæstv. forseti, ég vildi ekki lengja umræðuna en mig langaði til þess að segja nokkur orð til þess að sýna áhuga minn á málefninu og láta í ljós þá ósk mína að hv. félmn. geti unnið gott verk að þessum málum.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég hætti mér út á hálan ís þegar ég fer að tala hér og nú. Maður hefur verið kannski hvattur til að segja einhver orð hér en umræðuna hef ég hlýtt á eins og flest sem hér fer fram eftir mínum mætti en kunnáttan í þessu fagi er æðilítil. Ég verð að játa það þó að hún hafi farið vaxandi með því að hlusta á orð manna og sérstaklega kvenmanna í dag og raunar oft áður.

Ég held að eitthvað sé til í því sem hér var sagt að það hefur jafnvel verið fremur afturför í þessum málum en hitt nú upp á síðkastið hvað sem veldur. Þá er sjálfsagt ekki þó það yrði nú farið að lýsa inn í höfuð mannanna möguleiki á því að finna nákvæmlega hvað það sé.

Hitt er rétt að íslensk saga segir okkur það að konur hafi yfirleitt verið metnar af karlkyninu og oft og tíðum hafa þær afrekað meira en bóndinn. Þó að hann stæði í vígaferlum þá held ég að konan hafi vakað heima og séð um börn sín og kannski lært meira af því en standa í baráttunni út á við.

Ég ætla mér ekki að vera sá spámaður að segja eitt eða neitt um það hvað við getum akkúrat gert. Ég viðurkenni að það er nokkuð á reiki hvað minn flokkur eins og sjálfsagt allir flokkar hafa beint á stefnuskrá sinni. Við skiptumst ekki eftir flokkum í afstöðu til þessa mikla vandamáls. Að sjálfsögðu hefur Kvennalistinn riðið á vaðið og verið fordæmi fyrir aðra, líka erlendis, og hefur verið með því fylgst. Þó er ekki ljóst að hugsjónir flokksins hafi ræst miklu betur en hafi verið gert innan stjórnmálaflokkanna. Ég segi það eins og það er. Staðreyndir sýna að það hefur ekki orðið svo en hitt er náttúrlega alveg ljóst að við karlmennirnir erum illa settir kvenmannslausir í öllum skilningi.

Þegar ég hef verið að horfa yfir sal á þessu ári, síðasta ári, síðustu árum þá hefur það æðioft verið svo að það hafa verið fleiri konur í salnum en karlar við al-

varleg málefni eins og þetta. Þær hafa yfirleitt talað oftar en við, styttra og kannski gagnorðara. Ég hef gert það hér að gamni mínu að telja þetta saman. Oft eru konurnar fleiri en karlarnir í salnum. Það er æðioft svo þó að ekki sé verið að ræða sérstök málefni þeirra. Þetta sýnir manni nú a.m.k. að konurnar eru ástundunarsamari eða hvað á að kalla það. Þær eru áhugameiri. Þær taka kannski lífið alvarlegar en við karlarnir að sumu leyti. Þær sinna því starfi sem þær hafa tekið að sér og vafalaust hafa konurnar vakað lengur en karlarnir í gegnum árin og aldirnar. En ég ætla ekki að fara að hæla þessum elskum hér inni. Það þarf ekki. Þær standa fyrir sínu en þar sem eftir því var kallað að *minn flokkur og kannski einhverjir fleiri karlmenn* ræddu málið þá vil ég nú leggja þessi fáu orð í púkkið. Auðvitað má orða það svo að það megi horfa inn í hugarheim hvort heldur er karla eða kvenna og það er nú gert í þessum vísindum öllum saman sem bera samt takmarkaður árangur en sem betur fer stundum mjög glæsilegan. Oft er hægt að lækna þetta með menntuninni og menningunni og án þess værum við illa komin. En ég held að bæði konur og karlar þurfi að herða á og gera það að raunveruleika að á Íslandi eins og svo oft áður til forna þegar við vorum kannski ekki mikils megandi, þá eru konurnar ekki síður ráðandi afl en karlarnir. Oft hafa þær verið meira ráðandi en karlarnir og þess óska ég innilega að svo verði áfram í miklu ríkara mæli en verið hefur undanfarin ár.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðslur úr ríkissjóði o.fl., 1. umr.

Frv. KSG o.fl., 321. mál. — Þskj. 585.

Flm. (Karl Steinar Guðnason):

Virðulegi forseti. Að þessu frv. til laga um greiðslur úr ríkissjóði o.fl. standa þeir alþingismenn sem sæti eiga í fjárln. Það eru þingmennirnir Karl Steinar Guðnason, Sturla Böðvarsson, Guðmundur Bjarnason, Margrét Frímannsdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Jón Kristjánsson, Árni M. Mathiesen, Gunnlaugur Stefánsson, Guðrún Helgadóttir og Árni Johnsen.

Í öllum atriðum utan breytingar á gildistíma byggir frv. á frv. um sama efni sem sömu þingmenn fluttu á síðasta þingi og varð ekki útrætt. Fjárveitinganefnd hafði áður flutt frv. á tveimur þingum en þá sem í fyrra varð frv. ekki útrætt.

Þetta frv. á eins og þingheimi er kunnugt rætur að rekja til tillagna er undirnefnd fjárveitinganefndar gerði síðla árs 1989. Tillögur nefndarinnar voru á þá lund að brýnt væri að setja skýrar reglur um greiðslur úr ríkissjóði og þá einkum þau skilyrði sem yrðu að vera fyrir hendi til þess að inna mætti greiðslur af hendi. Á grundvelli þessara tillagna var útbúið frv. um greiðslur úr ríkissjóði sem nefndin öll stóð að og var það lagt fram og mælt fyrir því á 112. löggjafarþingi 1989–1990. Málið varð ekki útrætt á því þingi.

Eins og ég gerði grein fyrir í framsögu á síðasta þingi hafa allmargar breytingar orðið á frv. frá upphaflegri gerð. Frv. það sem nú liggur fyrir, sem er eins og frv. það sem lagt var fram á síðasta þingi, var yfirfarið og endursamið af nefndinni með aðstoð og náinni samvinnu við fjmrn. og Ríkisendurskoðun. Ágæt samstaða náðist um málið með nefndinni og fjmrh. og lít ég a.m.k. svo á að hann styðji flutning þess.

Frumskilyrði fyrir greiðslum úr ríkissjóði er skilmerkilega orðað í sjálfri stjórnarskránni, en skv. 41. gr. hennar má ekkert gjald greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Það er *hins vegar kunnara en frá þurfi að segja að um árabil* var framkvæmd ekki í neinu samræmi við þetta stjórnarskrárákvæði. Hinar svokölluðu aukafjárveitingar fjmrh. tíðkuðust mjög á árum áður. Segja má að aukafjárveitingavald þetta hafi fjmrh. öðlast með vitund og jafnvel vilja löggjafarvaldsins. Það kann að vera mjög hentugt að hafa heimildir af þessu tagi til að leysa úr brýnum vandamálum sem upp koma í rekstri ríkisins og stofnana þess og ekki er unnt að sjá fyrir við fjárlagaafgreiðslu. Einkum gat svigrúm af þessu tagi verið réttlætanlegt þegar ör verðþróun eða óðaverðbólga hafði í för með sér að fjárlagagerð var mjög ónákvæm. Hins vegar bauð kerfið upp á það að ýta mátti erfiðum, viðkvæmum og óþægilegum málum út af borðum þingmanna við fjárlagaafgreiðsluna til úrlausnar hjá fjmrh. í formi aukafjárveitinga. Með því móti mátti sneiða hjá erfiðri eða óþægilegri umræðu um ýmis vandamál.

Þegar litið er á þróun ríkisfjármálanna á síðasta áratug má sjá að hallinn á ríkissjóði var á þessu tímabili tugum millj. kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þannig var hallinn á árunum 1991 þrefalt hærri en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum. Hér er um ótrúlega miklar vanáætlanir að ræða sem hljóta að vekja upp ýmsar spurningar um fjárlagagerðina og framkvæmd fjárlaganna. Það vekur ekki síður eftirtekt að svo virðist vera að fjárlög lifi sjálfstæðu lífi og taki ekki mið af raunverulegum umsvifum ríkisins. Þannig hafa á árunum 1984–1992 verið að meðaltali um 8 milljarða kr. frávik milli fjárlaga og raunverulegrar niðurstöðu útgjalda hjá A-hluta ríkissjóðs á föstu verðlagi en frávik á tekjur hafa aftur á móti á sama tímabili orðið helmingi minni en frávik gjalda. Þessi mikli munur verður ekki skýrður nema með tvennum hætti. Annars vegar að ekki hafi verið tekið tillit til upplýsinga um óhjákvæmileg útgjöld sem gera verður ráð fyrir að hafi legið fyrir við fjárlagagerð hverju sinni. Þetta hefur síðan verið leiðrétt seint og um síðir við afgreiðslu fjáraukalaga og ríkisreiknings með vísan til þess að um vanáætlun hafi verið að ræða. Hins vegar skýrist munurinn á ákvörðunum framkvæmdarvaldsins um verkefni eða rekstrarumfang til viðbótar því sem Alþingi hefur ákveðið með fjárlögum hverju sinni.

Mýmörg dæmi eru til um það frá liðnum áratug að ríkisstjórnir hafi stofnað til útgjalda upp á tugi eða jafnvel hundruð millj. án þess að fjárveitingavaldið hafi nokkru sinni fengið að tjá afstöðu til þeirra. Reyndar

má einnig finna nokkur dapurleg dæmi um að framkvæmdarvaldið hafi heimilað útgjöld vegna verkefna sem Alþingi hafði áður hafnað að styðja með fjárframlögum.

Þrátt fyrir það sem að framan segir er rétt að geta þess að allra síðustu árin hefur mjög dregið úr aukafjárveitingum eða öllu heldur heimildarlausum greiðslum úr ríkissjóði. Kemur þar einkum til breytt afstaða þings og þjóðar til þessara mála og tíðari afgreiðsla fjáraukalaga. Frumkvæðis síðustu ríkisstjórnar í þessum efnum ber vissulega að geta sérstaklega og virða. Þá er og rétt að geta þess að núv. ríkisstjórn hefur fetað sömu braut og gætt meira aðhalds en verið hefur um langan tíma. Enda þótt þessi ánægjulega þróun hafi átt sér stað er ekki þar með sagt að frv. það sem er til umræðu sé af þeim sökum óþarft. Því er í sjálfu sér ekki aðeins stefnt til höfuðs aukafjárveitingunum einum sér. Frv. er almennt ætlað að marka þær meginreglur sem verður að fara eftir við að skuldbinda ríkissjóð fjárhagslega, svo og að undirstrika þau skilyrði sem fyrir hendi þurfa að vera til þess að greiðslur úr ríkissjóði geti átt sér stað. Frv. er með öðrum orðum ætlað að setja framkvæmdarvaldinu markvissari reglur með ráðstöfun opinbers fjár en áður hefur tíðkast. Auk þess sem því er ætlað að skerpa skilin á milli fjárveitingavaldsins og framkvæmdarvaldsins.

Einn megintilgangurinn að baki frv. er að girða fyrir greiðslur úr ríkissjóði sem ekki eiga sér stoð í fjárlögum eða eftir atvikum fjáraukalögum. Þess í stað gerir frv. ráð fyrir að í fjárlögunum sjálfum verði ákveðið með hvaða hætti bregðast skuli við þegar breytingar verða á fjárþörf vegna þess að forsendur fjárlaga standist ekki þegar á reynir. Í samræmi við þetta meginmarkmið er grunnregla 41. gr. stjórnarskrárinnar áréttuð í 1. gr. til áherslu, svo og til að eyða öllum vafa um greiðslur úr ríkissjóði án skýrra heimilda verði ekki réttlættar með skírskotun til venju sem hafi unnið sér svo mikinn sess að hún teljist hafa lagagildi.

Önnur ákvæði frv. fela í sér á sinn hátt annað hvort nánari skýringu á meginreglunni eða mæla fyrir um frávik frá henni þar sem slíkt þykir nauðsynlegt til þess að tryggja snurðulausa og eðlilega framkvæmd.

Áréttað skal að meginreglan tekur ekki einungis til greiðslna úr ríkissjóði í hefðbundnum skilningi heldur og til hvers konar fjárskuldbindinga ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja sem fela í sér aukið rekstrarumfang frá því sem fjárlög gera ráð fyrir. Þannig er ekki nægjanlegt að almenn lög heimili að skuldbinda ríkissjóð fjárhagslega heldur verður og að afla heimildar í fjárlögum eða fjáraukalögum til greiðslna í samræmi við nefndar skuldbindingar.

Eins og ég gat um áðan gerði ég sérstaklega grein fyrir einstökum greinum frv. á síðasta þingi. Þar sem nú er um sama frv. að ræða tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um einstakar greinar frv. Þó vil ég víkja sérstaklega að 9. gr. þess en þar segir:

„Fjármálaráðherra er á hverju fjárlagaári heimilt að stofna til tímabundins yfirdráttar í Seðlabanka Íslands vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins og semja, ef með þarf, um greiðslu yfirdráttarskuldar og um lánskjör. Hámark yfirdráttar skal ákveðið í fjárlögum ár hvert."

Nýlega gerði fjmrh. samning um fyrirgreiðslu í Seðlabanka við ríkissjóð á árinu 1993. Samningur þessi felur m.a. í sér að takist ríkissjóði ekki að mæta fjárþörfinni með útboði ríkisverðbréfa getur Seðlabanki hlaupið undir bagga fyrstu 3–5 daga hvers mánaðar. Því sem umfram verður þarf ríkissjóður að mæta með útgáfu ríkisvíxla sem hann afhendir Seðlabanka Íslands. Víxlarnir verða í vörslu bankans fram að næsta útboðsdegi ríkisvíxla og greiðast þá upp. Seðlabanki getur að öðrum kosti sett víxlana á verðbréfamarkað og selt. Sem stendur er jafnan miðað við að útboð ríkisvíxla fari fram ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði. Útboð ríkisbréfa til sex mánaða eru haldin einu sinni í mánuði, svo og spariskírteina.

Það má vissulega taka undir það að umræddur samningur, sem felur í raun í sér að yfirdrættinum er breytt í ríkisvíxla sem Seðlabankinn kaupir ef ekki tekst að afla fé með sölu ríkisbréfa á innlendum lánsfjármarkaði, er til þess fallinn að draga verulega úr yfirdrættinum. Hann breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að í raun er yfirdráttarheimild ríkissjóðs í dag ekki sett nein takmörk í fjárlögum. Það er algjörlega á valdi fjmrh. og Seðlabanka Íslands að setja yfirdráttarheimild ríkissjóðs einhver takmörk og þá í samningi, sbr. liður 2.1. í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1993.

Í þessu frv. er kveðið á um að heimild þessi verði áfram við lýði með þeirri mikilvægu breytingu þó að í fjárlögum verði mælt fyrir um hámark yfirdráttarins hverju sinni. Almennt eru menn sammála um að tímabært sé að takmarka heimildir ríkissjóðs til að stofna til yfirdráttar í Seðlabankanum ef ekki tekst að halda rekstri og lántöku ríkissjóðs innan ramma fjárlaga og þeirrar hámarksheimildar um yfirdrátt sem fjárlög mundu ákvarða á hverjum tíma ef þetta frv. yrði að lögum.

Ákvæði frv. miðast fyrst um sinn við að á hverjum ársfjórðungi hafi ríkissjóður heimild til yfirdráttar að hámarki 5% af heildargjöldum fjárlaga. Ljóst er að í kjölfar fyrrnefnds samnings fjmrh. við Seðlabankann er nauðsynlegt að taka þetta ákvæði til sérstakrar skoðunar í þeirri nefnd sem mun fjalla um frv. Meginatriði þessa máls er að Alþingi takmarki heimildir Seðlabankans til að veita ríkissjóði fyrirgreiðslu umfram heimildir hvort sem sú fyrirgreiðsla er í formi yfirdráttar á viðskiptareikningi ríkissjóðs hjá bankanum eða beinum kaupum hans á ríkisvíxlum.

Að öðru leyti vísa ég til útskýringa á greinum frv. til athugasemda sem í frv. koma fram og í lok þess. En að lokum vil ég geta þess að það er staðföst trú flm. að frv. þetta muni tryggja með viðunandi hætti að reglur stjórnskipunarlaga um fjárveitingavald Alþingis og eftirlitshlutverk verði í heiðri hafðar. Það muni jafnframt veita framkvæmdarvaldinu nauðsynlegt aðhald í öllu því er lýtur að fjárhagsmálefnum ríkisins og fjármálastjórn, jafnframt því sem reglur þess ættu að stuðla að vandaðri og raunhæfari vinnubrögðum í fjárlagagerð en tíðkast hafa til þessa.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og fjárln.

Ég vil geta þess að við vinnslu á síðasta þingi óskaði fjárln. einnig eftir umsögn efh.- og viðskn. en það er tillaga mín að frv. verði vísað til fjárln.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að hafa ýkja mörg orð um þetta mál enda er ég einn af flm. þessa frv. ásamt öðrum fjárlaganefndarmönnum. Eins og fram hefur komið er frv. endurflutt og var flutt á síðasta þingi og var þá til meðferðar. Eins og kom fram í framsöguræðu 1. flm., formanns fjárln., hefur nefndin farið yfir málið síðan.

Megintilgangur þess er að það er reynt eftir föngum að girða fyrir greiðslur úr ríkissjóði sem ekki eiga sér stoð í fjárlögum eða fjáraukalögum en eins og sagt er frá á bls. 4 í grg. með frv. er það ákvæði í stjórnarskránni að ekkert gjald megi greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Það er rétt sem kom fram í framsöguræðu hv. formanns fjárln. að það hefur verið unnið að því á undanförnum árum að koma þessum málum í betra horf en verið hefur. Það sem skiptir auðvitað sköpum í því hve vel tekst til í fjárlagagerðinni og hvað sú áætlun er nákvæm er að það takist að halda verðbólgunni í skefjum. Það er auðvitað allt önnur aðstaða fyrir fjmrn., fjárln. og Alþingi sem fjalla um þessi mál að gera áætlanir og raunhæf fjárlög ef verðbólgan helst í skefjum. Í því voru algjör þáttaskil með þjóðarsáttinni á sínum tíma. Ég vildi undirstrika að það er grundvöllur að því að hægt sé að framkvæma með einhverjum vitrænum hætti þá löggjöf sem vonandi verður í kjölfarið á þessu frv.

Þrátt fyrir ótvíræðan lagabókstaf og ótvíræð stjórnarskrárákvæði er það svo að það eru ákvæði, t.d. í 2. og 10. gr. frv. svo dæmi sé tekið, þar sem örlítið er slakað á miðað við þær aðstæður sem upp kunna að koma. Það þykir rétt og er um það ákvæði í 2. gr. að veita fjmrn. eða samningamönnum ríkisins nokkurt svigrúm til að semja um kaup og kjör án þess að Alþingi þurfi að samþykkja eða synja hvern og einn kjarasamning. Þetta atriði hefur mikið verið rætt en það þykir nauðsynlegt að hafa þetta ákvæði með þeim hætti sem er í 2. gr.

Í 10. gr. er m.a. gert ráð fyrir því að greiðsluskylda sem rekja má til óviðráðanlegra atvika geti fallið fyrirvaralaust á ríkissjóð. Þá er heimilt að fengnu samþykki fjárln. að inna greiðsluna af hendi, enda þoli hún ekki bið. Það eru þarna viss ákvæði sem taka tillit til þess að af ófyrirsjáanlegum orsökum falli greiðsluskylda á ríkissjóð.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta frv. Ég stend að flutningi þess og þeirri grg. sem með því er sem er allítarleg og hefur verið rædd ítarlega í fjárln. og mun verða rædd frekar og farið yfir frv. þegar það kemur aftur til nefndarinnar. Ég vildi því aðeins fylgja þessu úr hlaði með örfáum orðum frá okkur, fulltrúum Framsfl., í fjárln.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er mælt fyrir er gamalkunnugt. Það hefur komið fyrir Alþingi aftur og aftur á undanförnum árum. Það hefur hins vegar frá því að það var lagt fram í upphafi tekið mjög miklum breytingum og tel ég þær breytingar til bóta. Eins og frv. var í upphafi þá fannst mér það býsna óraunsætt, m.a. þau ákvæði þess sem fjölluðu um kjarasamninga sérstaklega. Ég tel að það hafi verið lagað og þær breytingar sem hafa verið gerðar séu til bóta.

Ég kvaddi mér hljóðs fyrst og fremst til að vekja athygli á því að þrátt fyrir að þetta frv. verði að lögum er býsna mikill vandi að tryggja framkvæmd þess og að menn átti sig á því hvað þeir eru að samþykkja hér og hvað það þýðir í verki.

Áður en ég kem að því og síðan athugasemdum yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1991 sem snerta þetta mál ætla ég aðeins að víkja að ákveðnum vanda sem er uppi í þinginu. Hann er sá að þetta frv. er flutt af fjárln. og það er lagt til að því verði vísað til fjárln. Ég skil það vel að fjárln. hafi mikið traust á sjálfri sér og tel enga ástæðu til að draga úr því trausti á nokkurn hátt. En það er dálítið sérkennilegt að nefnd sem semur frv. eða þeir sem flytja frv. fái það einir til nefndarmeðferðar í þinginu, jafnvel þó að hv. efh.- og viðskn. fái málið til skoðunar vegna þess að við vitum að hv. efh.- og viðskn. er almennt séð mjög störfum hlaðin og við vitum líka að hún telur fyrst og fremst skyldu sína að líta á tekjuhlið fjárlaganna, sem hún á að gera samkvæmt fjárlögum, frekar en útgjaldahliðina sem þetta frv. fjallar fyrst og fremst um.

Ég viðurkenni að það hlýtur að vera nokkur vandi fyrir fjárln. og flm. þessa frv. að ákveða til hvaða aðila á að vísa málinu. Ég viðurkenni það. Auðvitað er þetta mál sem hlýtur að fara til úrslitameðferðar í þingflokkunum. Jafnvel þó að fjárln. fjalli um það þá hlýtur mál af þessu tagi, sem snertir stjórnskipunina með jafnbeinum hætti og hér liggur fyrir, að fara til úrslitameðferðar í þingflokkunum. Mér finnst samt að ástæða hefði verið til að eyða aðeins orðum í þessar vangaveltur í máli hv. 1. flm. til þess að gera þinginu grein fyrir því, þó það væri ekki nema fyrir þingtíðindin af hverju fjárln., sem flytur málið, leggur til að það fari til fjárln.

Það hefur reyndar verið svo á síðari mánuðum að menn hafa haft tilhneigingu til þess að vísa eiginlega öllu sem menn vissu ekki hvert átti að fara til allshn. Það er misskilningur á hlutverki allshn. Allshn. hefur tiltekin verkefni samkvæmt lögum og venjum. Hún hefur þau verkefni sem falla almennt séð í stjórnskipun okkar undir dóms- og kirkjumrn., forsrn. og Hagstofu Íslands og sérstaklega hefur hún byggðamál. Þar að auki hafa menn verið að tína í allshn. alls konar mál sem eiga þar lítið eða ekkert erindi, t.d. frv. til laga um breytingu á stöðu Skálholtsskóla sem þó heyrir undir menntmrn. samkvæmt þeim lögum sem eru í gildi. Allshn. á því ekkert að vera með það mál. En þingið hefur komist að þessari niðurstöðu. Þó að þingið hafi komist að þessari niðurstöðu vil ég leyfa mér að segja að ég tel hana ranga og tel þetta ekki í samræmi við

strangasta skilning og túlkun á þingsköpum og ekki í samræmi við þær venjur sem mótast hafa á Alþingi. Ég tel að forsætisnefnd ætti að kanna svona hluti og reyna að móta almennar vinnulínur í þeim efnum.

Ég tek fram að ég er ekki að gagnrýna fjárlaganefndarmenn. Ég er viss um að þeir hafa rök fyrir tillögu sinni en ég tel engu að síður að hún sé umræðu virði.

Ég vík síðan með fáeinum orðum, virðulegi forseti, að þessu frv. og ætla að gera að umtalsefni 10. og 11. gr. frv. en í fyrsta lagi 2. mgr. 1. gr. Þar segir:

„Á sama hátt eru hvers konar samningar um fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð, stofnanir ríkisins og fyrirtæki, sem fela í sér aukið rekstrarumfang frá því sem ákveðið er í fjárlögum fyrir hvert reikningsár, óheimilir nema að fenginni heimild í fjáraukalögum enda sé ekki á annað veg mælt fyrir í lögum þessum eða öðrum lögum."

Ég geri ráð fyrir því að ég viti alveg við hvað er átt með þessari málsgrein, bæði þann tíma sem ég hef starfað hér sem þingmaður og sem ráðherra. Ég skil vel viðhorf fjárlaganefndarmanna og flm. þessa frv. í þessu sambandi. Ég bendi hins vegar á að það er dálítið erfitt stundum fyrir Alþingi að greina á milli hins formlega og lagalega valds ráðherrans annars vegar og hins pólitíska valds hans hins vegar. Ráðherra getur tekið þá pólitísku ákvörðun að beita sér fyrir því að kaupa hús eða gefa hús, auðvitað með fyrirvara um samþykki Alþingis, en í rauninni er valdið hans. Ef hann tekur þessa ákvörðun að beita sér fyrir henni og flokkarnir sem eru aðilar í ríkisstjórninni bakka hana upp, þá getur ekkert komið í veg fyrir það að þessi stjórnvaldsgerningur verði viðurkenndur nema meiri hluti Alþingis ákveði að setja ráðherrann af eða víkja honum til hliðar með einhverjum öðrum hætti, koma honum fyrir í einhverju embætti einhvers staðar í kerfinu, annaðhvort erlendis eða innan lands eins og þekkt er að gerist stundum.

Ég vek ekki athygli á þessu til þess að gera á neinn hátt lítið úr málinu eins og fjárln. flytur það heldur til að vekja athygli á því að ráðherrar geta gengið býsna langt í þessu efni. Mér finnst að menn þurfi að gera greinarmun annars vegar á pólitísku valdi, pólitískum yfirlýsingum sem gefnar eru með fyrirvara um samþykki Alþingis. Í rauninni er allt þetta frv. þannig að ráðherrar geta í grófum dráttum haldið uppteknum hætti frá því sem nú er með fyrirvara um samþykki Alþingis. Í sjálfu sér er það ekkert óeðlilegt en það er hlutur sem má kannski gjarnan segja í þessari umræðu að hið pólitíska vald framkvæmdarvaldshafans, ráðherrans, er ekki á neinn hátt skert með þessu en hinu formlega valdi eru hins vegar settar ákveðnar skorður og það er það sem hv. fjárln. er að gera.

Mér fannst hins vegar nauðsynlegt að benda á þetta til glöggvunar. Hliðstæðar athugasemdir eiga við líka um 10. gr. frv. en þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Falli fyrirvaralaus greiðsluskylda á ríkissjóð sem rekja má til óviðráðanlegra atvika sem ókleift var að sjá fyrir eða gera ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga er fjmrh. heimilt, að fengnu samþykki fjárln., að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið."

Hér er í raun og veru verið að móta starfsreglur en ekki að koma í veg fyrir neitt vegna þess að hið pólitíska vald er í höndum meiri hluta fjárln. á hverjum tíma. Það getur verið umdeilt hvort hér er um óhjákvæmilegar greiðslur að ræða. Einhverjir þingmenn eða jafnvel stór minni hluti Alþingis getur verið þeirrar skoðunar að ekki sé um óhjákvæmilegar greiðslur að ræða en meiri hlutinn getur beitt sínu pólitíska valdi í þessu efni og ákveðið að svo að segja hvaða greiðslur sem er séu óhjákvæmilegar greiðslur sem rekja megi til óviðráðanlegra atvika.

Ég sé að menn hafa gert tilraun til að skilgreina þetta pínulítið nánar en ég hygg að það sé óleysanlegt dæmi að finna orðalag sem er tæmandi leiðbeining í þessu efni. Ég geri ráð fyrir því. En ég vildi vekja athygli á því að hér er um pólitískt mat að ræða.

Nú getur svo háttað til við þingrof að engin fjárln. sé til þegar alþingismenn eru sviptir umboði sínu með þingrofi. Það hefur oft gerst, t.d. haustið 1979. Þá eru alþingismenn sviptir umboði sínu frá og með þingrofsdegi en það er ekki tekið fram í þingrofsákvörðuninni að alþingsmenn haldi sínu umboði til kjördags þó að þing hafi verið rofið, sem einnig eru dæmi. Hér er með öðrum orðum gert ráð fyrir því að alltaf þurfi samþykki fjárln. þegar beita á þessu ákvæði. Ég er ekki alveg viss um að það standist vegna þess að auðvitað geta hinar óhjákvæmilegu aðstæður komið upp þegar engin fjárln. er til og að ráðherrar þurfi að taka ákvörðun um fjárveitingar eða skuldbindingar því að þeir sitja og hafa fullt framkvæmdarvald þó svo að ríkisstjórnin sem þeir sitja í hafi sagt af sér. Eins og menn þekkja þá hefur starfsstjórn nákvæmlega sömu formlegu völdin og ríkisstjórn sem mynduð er með venjulegum þingræðislegum hætti. Ég held þess vegna að menn þurfi aðeins að velta því fyrir sér hvort þetta orðalag stenst þarna.

Ég gæti hér nefnt dæmi um að ráðherrar hafi talið óhjákvæmilegt að taka ákvarðanir um skuldbindingar fyrir ríkissjóðs vegna stöðu á tilteknu verkefni sem ella væri í uppnámi en gátu ekki ráðfært sig við neina fjárln. af því að hún var ekki til. Ég geri ráð fyrir því að t.d. þeir sem hafa setið í fjárlaganefndum á allmörgum undanförnum árum geri sér grein fyrir því að svona mál geta komið upp og það þarf að hafa það til hliðsjónar við umfjöllun málsins í nefnd, að ég tel, að á þessu verði tekið.

Í þriðja lagi ætlaði ég svo að nefna úr frv. sjálfu það ákvæði þess sem fram kemur í 11. gr. og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Með fjárlögum skal kveðið á um hvaða útgjaldaliðir taki verðlagsbreytingum og hvernig þeir skuli breytast.

Nú er óskipt fé veitt á fjárlögum til einstakra ráðuneyta eða ríkisstjórnar og skal í fjáraukalögum gera grein fyrir greiðslum á liðum þeim sem um ræðir í þessari grein, sundurliðuðum á viðfangsefni og málaflokka eftir því sem við á."

Þetta tel ég alveg sjálfsagðan hlut og að það komi

fram í fjáraukalögum og í ríkisreikningi nákvæmlega tiltekið í hvað peningarnir fara. Þá er ég að tala um hina almennu óskiptu liði en ég er einnig að tala um það sem hefur verið kallað ráðstöfunarfé ráðherra. Ég tel eðlilegt að þeir fjármunir séu færðir í ríkisreikningi og fjáraukalögum á þau verkefni sem peningarnir fara í en ekki með almennum hætti undir einhverjum safnlið sem heitir ráðstöfunarfé ráðherra.

Nú háttar hins vegar svo til að á milli Alþingis og ríkisstjórnarinnar hafa verið og eru deilur um þessa óskiptu liði. Ég held að það sé nauðsynlegt að fjárln. taki aðeins formlega á því máli sem hún hefur þó e.t.v. gert án þess að mér sé kunnugt um það. Þær deilur snúast um að hv. fjárln., og fjárveitinganefnd reyndar áður, ákvað að skipta fjárlagaliðum og sendi viðkomandi styrkþegum, ef um það var að ræða, bréf um það að fjárlagaliðnum hefði verið skipt án þess að viðkomandi ráðuneyti hefði nokkuð komið nálægt því. Ég er þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að þetta standist ekki. Ég tel að fjárln. hafi ekki heimild til þess að skipta neinu en hún hefur heimild til að gera tillögur til Alþingis um hvað sem er.

Ég held að það sé nauðsynlegt upp á samskiptin á milli framkvæmdarvaldsins og fjárveitingavaldsins að á þessu máli sé tekið með alveg skýrum hætti. Þessi mál hafa leitt af sér margvíslegar deilur á undanförnum árum á milli ráðuneytanna og Alþingis og valdið pirringi og leiðindum oft að óþörfu og ég held þess vegna að það sé nauðsynlegt að það sé tekið á þessu máli um leið og rætt er um almennar greiðslur úr ríkissjóði.

Virðulegi forseti. Í skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1991 er að sjálfsögðu komið inn á greiðslur úr ríkissjóði og framkvæmd fjárlaga. Á bls. 5 í þeirri skýrslu er fjallað um framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga. M.a. er í þeim kafla hreyft þeirri gagnrýni að framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs, sem var innt af hendi sannanlega á árinu 1992, er fært í ríkisreikninginn 1991 upp á 1.633 millj. kr. Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings, sem eru kosnir af Alþingi samkvæmt stjórnarskránni, telja þetta óeðlilegt. Í skýrslu þeirra segir enn fremur:

„Enn fremur telja yfirskoðunarmenn að athugasemdir Ríkisendurskoðunar er varða lánveitingar ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs og síðan endurlán hans til framkvæmda í Sandgerðishöfn séu réttmætar."

Í athugasemdum Ríkisendurskoðunar er fullyrt að færslurnar vegna Sandgerðishafnar standist ekki lög og undir þetta taka yfirskoðunarmenn ríkisreiknings. Ég held að það sé mjög mikilvægt að það komi fram hér af minni hálfu að ég skil frv. fjárln. svo, sem hér liggur fyrir, að hún sé sammála yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings í þessu efni og hún telji óeðlilega staðið að þeim færslum sem hér eru nefndar af yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings.

Þar með, virðulegi forseti, kem ég að öðru máli sem hv. 14. þm. Reykv., hæstv. forseti sem einnig á sæti í fjárln., hefur gert að umtalsefni á opinberum vettvangi. Það er spurningin um færslu á þeim 4 milljörðum kr. sem fara sannanlega í gegnum ríkissjóð til sveitarfélaganna. Það er mín skoðun og það er skoðun hv. 14. þm. Reykv. og fleiri aðila að þetta eigi auðvitað að færa í gegnum ríkissjóð þannig að tölurnar sjáist þar og það sé óeðlilegt að stinga því undir stól.

Hvað á að vera í fjárlögum, fjáraukalögum og ríkisreikningi? Í stuttu máli allt sem fært er fyrir atbeina fjmrn. í gegnum ríkissjóð til ýmissa stofnana og þar á meðal sveitarfélaga. Og ég vil láta það koma fram sem mína skoðun að ég tel að ekki einasta fallist fjárln. á sjónarmið okkar yfirskoðunarmannanna með þessu frv. heldur fallist fjárln. líka efnislega á þær athugasemdir sem hv. 14. þm. Reykv. hefur sett fram varðandi færslu á þeim 4 milljörðum sem fara í gegnum ríkissjóð til sveitarfélaganna en menn hafa ekki viljað taka með, fyrst og fremst af pólitískum ástæðum.

Þetta vildi ég nefna hér, virðulegi forseti, og enn fremur og að lokum benda á eitt atriði. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1991 kemur fram að eitt ráðuneytið hefur haft með að gera um árabil átta, ég endurtek, átta sjóði sem eru hvergi í fjárlögum eða ríkisreikningi undanfarandi ára. Þeir heita hvalasjóður, gengissjóður, sjávarútvegshús og guð má vita hvað.

Hér er fjallað um það sem heitir greiðslur úr ríkissjóði. Það er fyrsta takmörkun þessa frv. Í öðru lagi greiðslur sem eru samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum en í þessu frv. er að sjálfsögðu ekki orð um það ef menn eru að búa til sjóði utan þessa kerfis. Ég beini því til hv. flm., sem jafnframt fá málið til meðferðar í nefnd, hvort ekki er nauðsynlegt að taka á þessu máli með einhverjum hætti í þessum lögum þannig að allar greiðslur sem framkvæmdarvaldið ákveður skuli fara hina lögformlegu leið að lokum burt séð frá því hvernig sjóðurinn sem um er að ræða og greitt er úr hefur orðið til. Ég segi allar þannig að einstakir ráðherrar geti ekki rekið átta litla ríkissjóði hver í sínu ráðuneyti sem koma hvergi fram í hinu venjulega bókhaldi Alþingis og ríkisins á hverjum tíma.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, taka eindregið undir það sem fram kom hjá hv. 2. þm. Austurl. að það að ræða um þessi mál og eiga við þau er auðvitað allt annar hlutur eftir að menn náðu niður verðbólgunni. Ég þekki það m.a. af eigin reynslu að það að halda reglu á þessum málum í spanvitlausri verðbólgu er næstum að segja óvinnandi vegur. Ég er ekki að segja að nokkur maður hafi vísvitandi reynt að fela sig í verðbólgunni með hluti í ríkisrekstrinum. Ég er ekki að halda því fram en ég fullyrði að það er hægt. Þess vegna er það mikið framfaraspor sem við höfum náð í okkar efnahagsmálum og efnahagsstjórn almennt að koma verðbólgunni niður og halda henni niðri með góðu eða illu. Það er mikilvægt að menn lagi sig að þeim veruleika og það tel ég að síðasta ríkisstjórn hafi gert, m.a. með þeim ákvörðunum sem fyrrv. hæstv. fjmrh. tók, bæði varðandi ríkisreikninginn og uppsetningu hans og líka varðandi fjáraukalögin á hverjum tíma.

Ég held hins vegar, virðulegi forseti, að fyrir utan hin formlegu samskipti Alþingis og ríkisstjórnar á hverjum tíma, fyrir utan lögin, fyrir utan reikningana, fyrir utan umræðurnar þurfi menn að gera sér grein fyrir því að það hefur verið mikið togstreita á milli

fjárln. og fjárveitinganefndar annars vegar og allra ráðuneytanna hins vegar. Mikil og leiðinleg togstreita og oft og tíðum fullkomlega ófagleg geðvonsku- og fýlutogstreita. Menn eiga auðvitað að setja sér það um leið og þeir eru komnir með sæmilega reglu á þessa hluti, búnir að ná niður verðbólgunni, farnir að flytja fjáraukalög jafnharðan, leggja ríkisreikning fram fljótt og ræða ítarlega um skýrslu Ríkisendurskoðunar og Ríkisendurskoðun orðin sjálfstæð stofnun, þá eiga menn um leið að fara í dálitla vinnu við að leysa úr þessum samskiptavandamálum á milli Alþingis og ríkisstjórnar á hverjum tíma. Ég er ekkert að tala um þessa stjórn frekar en þær stjórnir sem t.d. ég hef verið í og þekki alls konar leiðindamál sem hafa komið upp á milli fjárln. og stjórnvalda.

Mér er sagt að á dögunum hafi það verið nefnt að til þess að leysa vaxtavandamálin væri eiginlega nauðsynlegt að ráða sálfræðing að Seðlabankanum. Mér finnst það góð hugmynd og mér finnst koma til athugunar að ráða slíkan fræðing til þess að leysa úr sumum samskiptum á milli fjárln. og ríkisstjórnarinnar, hver svo sem hún er.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um greiðslur úr ríkissjóði. Ég tel nauðsynlegt að hafa orð á því við þessa umræðu að hér er um afskaplega mikilvægt mál að ræða og ekki vonum seinna að slíkt frv. komi fram. Vonandi fær það góðar viðtökur í þinginu og bærilega afgreiðslu því ég tel nauðsynlegt að festa þá hluti sem hér er fjallað um, greiðslur úr ríkissjóði og meðferð ríkiseigna og fjármuna ríkisins. Það er afskaplega mikilvægt að öll sú meðferð og meðhöndlun framkvæmdarvaldsins og stjórnvalda almennt sé traust og færð eftir föstum og ákveðnum reglum. Ég held að það þurfi ekki að fara mörgum orðum um það.

Ég ætla ekki að halda langa ræðu um frv. sem slíkt. 1. flm. hefur gert ítarlega grein fyrir málinu, en vafalaust, eins og kom fram reyndar í máli hv. 9. þm. Reykv., eru mörg álitaefni þegar á að fara að fjalla um meðferð ríkisfjármálanna. Ég tala nú ekki um þegar farið er að fjalla um bókhaldshliðina. Það hefur komið í ljós að það eru mjög skiptar skoðanir meðal manna um það hvernig eigi að færa margt af því sem snýr að ríkisreikningi og upp hafa sprottið deilur. Ég tel að þetta frv. sé þannig úr garði gert að það ætti að gera þessa hluti markvissari og líklegri til þess að draga úr deilum sem þar hafa komið upp.

Ég vildi aðeins af því tilefni sem hv. 9. þm. Reykv. gaf velta því fyrir mér sem hann hafði á orði að upp hefðu komið og kæmu miklar deilur á milli ríkisstjórnar og fjárln. Ég verð að segja að ég kannast ekki við að mjög miklar deilur hafi verið uppi milli þessara aðila. Það kann að vera að svo hafi verið í gegnum tíðina og eigi eftir að verða. En út af fyrir sig er það kannski ekkert óeðlilegt. Framkvæmdarvaldið, ríkisstjórn á hverjum tíma, er að fást við mörg viðamikil verkefni. Ríkisstjórn og einstakir ráðherrar hafa áhuga á að ríkið leggi í ýmiss konar fjárfestingar, kaup á fasteignum og jafnvel gefa fasteignir, en auðvitað þarf leyfi Alþingis til þess að ráðstafa eignum ríkisins. Um þetta allt þurfa að gilda skýrar reglur. Ég tel eðlilegt að Alþingi, löggjafarvaldið, og framkvæmdarvaldið takist e.t.v. á stundum um slíka hluti og skoðanir skiptar en samt sem áður tel ég mikilvægt að það séu góð samskipti á milli fjárln., og Alþingis og svo hins vegar ríkisstjórnar á hverjum tíma. Ég tel að þetta frv. sem hér er til umfjöllunar eigi að auðvelda þau samskipti og setja þau í fastari og eðilegri farveg.

Hér var aðeins vikið að því að e.t.v. væri ekki eðlilegt að fjárln. fengi þetta til meðferðar að nýju þar sem flm. væru fjárlaganefndarfulltrúarnir. Um það má vafalaust deila. Ég tel samt sem áður ekki óeðlilegt að fjárln. fjalli áfram um þetta frv. og kalli til sín aðila sem eðlilegt er að fái tækifæri til þess að gefa umsögn um frv. en eins og kom fram í máli hv. 1. flm. frv., hv. 6. þm. Reykn., er eðlilegt að efh.- og viðskn. fái þetta mál til umfjöllunar og fái þá tækifæri til þess að veita umsögn til fjárln. Fjárln. hefur undirbúið þetta mál og það hefur verið til rækilegrar umfjöllunar í nokkurn tíma og fjárveitinganefnd hafði áður undirbúið þetta mál þannig að á þeim vettvangi liggja ýmsar upplýsingar og það er tiltölulega aðgengilegt að vinna vel að málinu. Ég sé því ekkert óeðlilegt við það að fjárln. fái frv. til frekari úrvinnslu milli umræðna og þar gefist færi á að kalla til aðila sem gætu veitt gagnlega umsögn um málið.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég ítreka að ég tel að þetta sé mikilvægt mál og það ætti að geta stuðlað að vandaðri meðferð ríkisfjármála okkar Íslendinga.

Flm. (Karl Steinar Guðnason):

Virðulegi forseti. Mjög gagnlegar umræður hafa farið fram um það frv. sem hér liggur fyrir um greiðslur úr ríkissjóði og bent á ýmis atriði sem væru umhugsunarverði. Fram komu hjá hv. 9. þm. Reykv. vangaveltur í sambandi við 2. gr. frv. Ég vil minna á að við höfum sótt ráð og hugmyndir til þinganna í nágrannalöndunum, t.d. í Noregi og annars staðar á Norðurlöndum og þar er svo málum háttað að ríkið getur ekki gert kjarasamninga öðruvísi en með samþykki þess þings sem situr hverju sinni. Þannig var það lagt til við fyrstu gerð frv. hér. Það vakti heilmiklar spurningar og var fallið frá því að hafa greinina þannig og er hún því í núverandi búningi.

Hann minntist á þær mótsagnir að ráðherra hefði ákveðið vald til að gera hlutina óháð skoðunum þingsins og það gæti farið svo að því yrði beitt þrátt fyrir þetta frv. Það er hins vegar skoðun mín að ráðherra hafi t.d. ekki vald til þess að selja hús, það er nokkuð sem þarf að gefa heimild til í 6. gr. fjárlaga og enn þá síður að gefa hús. Þannig er lögformlegi hátturinn á þessu og ég hygg að það sé eðlilegt að hafa hlutina þannig. En hvað varðar hin ýmsu tækifæri er ákveðið fé í fjárlögunum til þess að sinna því ef upp koma einhver sérstök viðfangsefni sem verður að sinna hið fljótasta.

Hann minntist einnig á 10. gr. og það var rétt hjá hv. þm. að það gæti komið upp við þingrof að engin fjárln. væri til en samkvæmt mínum skilningi þá er

ekki á því tímabili sem væntanlega er ekki langur tími þá er ekki fyrir hendi heimild til þess að taka afdrifaríkar ákvarðanir í fjárhagsmálum ríkisins utan þeirra fjárlaga sem gilda.

Málum er nú svo komið eftir breytingar á þingsköpum að fjárln. starfar allt árið sem er öðruvísi en var þegar frv. var fyrst sett fram.

Hann minntist aðeins á skiptingu safnliða og þá þróun sem átti sér stað í þeim efnum. Rétt er það að stundum hafa verið deildar meiningar um það hvernig með það skuli fara, en sú hefð hefur skapast að fjárveitinganefnd áður og síðan fjárln. hefur skipt ýmsum safnliðum, þó ekki öllum, og ég hef heyrt af því að a.m.k. áður fyrr hafi oft verið deilt um það hvernig það hefur verið gert. Mér er ekki kunnugt um það að ágreiningur sé um það núna enda höfum við freistað þess að hafa gott samráð við þau ráðuneyti sem um er að ræða hverju sinni.

Það er líka rétt að fjárln. hefur vald til þess að gera tillögur um meðferð þessara fjármuna og má vera að það sé skynsamlegt að breyta þessu á þann hátt að meira sé tilgreint í fjárlögunum en núna og safnliðir séu jafnframt því rýrari.

Hann minntist einnig á hina ýmsu sjóði sem munu vera til í ráðuneytinu. Ég er alveg sammála honum í því að auðvitað á að tilgreina þetta allt saman, það á ekki að vera neinn feluleikur með fjármuni ríkissjóðs og var þetta athugasemd sem á heima í umræðunni. Auðvitað á að greina frá öllu sem um ríkiskassann fer og ég minni á að til er sérstök nefnd sem er að fjalla um þessa hluti, hvernig skuli fara með bókhald ríkisins og vona ég að hún skili áliti hið allra fyrsta.

Hvað varðar það hvert vísa á frv. sáum við ekki leið til þess að vísa því neitt annað en til fjárln. en það verður reynt að hafa sem allra best samráð við efh.- og viðskn. Frv. hefur legið fyrir alllengi og lá fyrir í fyrra líka. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að auðvitað verða þingflokkarnir að skipta sér af þessu, þetta er mál þingsins fyrst og fremst. Þetta er mál löggjafans, reglur sem gilda gagnvart framkvæmdarvaldinu og er mjög mikils virði að sátt sé um það hvernig að málum er staðið.

Auðvitað er mikil ástæða til þess að laga sig að því efnahagsumhverfi sem við búum við, allt annað efnahagsumhverfi en var svo áratugum skipti með óðaverðbólgu og óráðsíu í ríkisfjármálum en það frv. sem hér liggur fyrir er eitt skrefið í þá átt að skapa betra efnahagsumhverfi og betri umgengni um ríkissjóð.

Ég hygg að ekki sé ástæða til þess að hafa fleiri orð um þetta en ég vænti þess að frv. þetta geti náð afgreiðslu. Ígildi þess hefur oft verið fyrir þinginu en ekki náð afgreiðslu. Það ættu að vera öll efni til þess núna að það takist.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Varðandi þær athugasemdir sem hv. 6. þm. Reykn. gerði við mál mitt í sambandi við pólitískt mat ráðherra, sem ræður bersýnilega úrslitum hvað sem þessu frv. líður, þá er það auðvitað þannig að þó að ráðherrar geti hvorki gefið eða selt eignir ríkisins endanlega nema samkvæmt heimild í fjárlögum, 6. gr., þá geta ráðherrar gefið pólitískar yfirlýsingar um að þeir muni beita sér fyrir að þetta eða hitt verði gert. Auðvitað er ekki á neinn hátt komið í veg fyrir það með ákvæðum þessa frv. enda er það ekki ætlunin. Það er engu að síður nauðsynlegt að taka það fram í umræðunni að hér er aðeins verið að fjalla um hina formlegu hlið málsins en hin pólitíska hlið er eftir sem áður á sínum stað. Það fyrirkomulag, sem verið er að tala um, breytir auðvitað ekki hinu formlega pólitíska valdi sem ráðherrar hafa á hverjum tíma og beita því auðvitað eins og gengur af mismunandi mikilli lagni en það er eftir sem áður svo að þeir geta beitt því.

Það sem ég var að leggja áherslu á við safnliðina, virðulegi forseti, og vil skýra er það að skiptingin á greiðslum og safnliðunum komi mjög skýrt fram í ríkisreikningi. Ég er ekki að segja að Alþingi eigi að skipta öllum liðum en ég er enn síður að segja að fjárln. eigi að gera það, vegna þess að ég tel að fjárln. hafi enga heimild til að skipta liðum. Hún hefur heimild til þess að gera tillögur til Alþingis um hvað sem henni sýnist en hún getur ekki skipt safnliðum, t.d. menntmrn. Ef einhver upphæð er í fjárlögum, t.d. til menningarmála þar sem stendur Ýmis menningarmál eða eitthvað því um líkt og fjárlögin eru þannig afgreidd hér, þá er skiptingin á ábyrgð menntmrh. en ekki á ábyrgð fjárln.

Ég tel að fjárln. og fjárveitinganefnd hér áður hafi í þessum efnum tekið sér óheyrilegt vald, reynt að taka sér vald sem hún ekki á og ekki hefur og það er nauðsynlegt að þessir hlutir séu skýrir. Auðvitað er það svo að Alþingi treystir ráðherrum oft og tíðum fyrir ákveðnum upphæðum, ekki aðeins til framkvæmda heldur líka til útdeilingar. Ég tel að sumt sé með þeim hætti að það sé alveg fráleitt að ætla Alþingi og fjárln. að vinna í skiptingu á smáupphæðum, niður í þúsundir króna eða eitthvað því um líkt. Það er algjör fjarstæða að mínu mati. Ég tel að fjárln. eigi að fjalla um hina stóru liði í ríkisbúskapnum. Þess vegna var nafninu breytt m.a. Ég man eftir að hv. 1. þm. Norðurl. v., sem hér situr skammt frá mér, útskýrði nafnbreytinguna mjög vel. Hann sagði: Nafnbreytingin felur það í sér að fjárveitinganefnd og þeir sem eru í henni eiga að hætta þessari veitingastarfsemi sem þeir hafa verið að stunda. Það er nákvæmlega það sem við var átt.

Ég hef ekki sett mig alveg í einstökum atriðum inn í vinnu fjárln. en mér hefur fundist, án þess að ég þekki það nógu vel, að hún sé enn þá talsvert í hinu gamla veitingafari. Það er kannski rangt og ósanngjarnt að vera að halda þessu fram og ég skil líka vel að það tekur tíma að skipta um vinnubrögð en ég vil að Alþingi eigi fjárlaganefnd sem sér yfir sviðið, samþykkir hinar stóru upphæðir og gengur frá þeim. Síðan er t.d. hugsanlegt að fagnefndirnar hafi einstök ráðuneyti.

Þá kem ég að því sem ég held að sé einn aðalvandi ríkisbúskaparins og það er sú staðreynd að öllum ríkisbúskapnum er eiginlega miðstýrt frá fjmrn. Fjmrn. getur ekkert miðstýrt þessum ríkisbúskap svo vit sé í. Það hefur ekki lið, það hefur ekki tækni, það hefur

ekki getu til þess að skipta sér af hverri einustu greiðslu sem fer í gegnum fagráðuneytin.

Ég vil af þessu tilefni þakka hv. fjárln. fyrir það að í grg. með frv. sem hér er til umræðu er farið mjög ítarlega yfir það hvernig þessu háttar til á hinum Norðurlöndunum. Hver er munurinn á hinum Norðurlöndunum að þessu leytinu til og Íslandi? Hann er sá að á öllum hinum Norðurlöndunum er ábyrgðin á framkvæmd fjárlaganna í viðkomandi fagráðuneyti. Þannig er það í Finnlandi, Noregi, Svíþjóð, Danmörku. Og fagráðuneytið kemur með sín mál fyrir þingið í fjárlagaumræðunni þegar hún fer fram. Heilbrrh. kemur og kynnir sín fjárlög og það er rætt kannski hálfan dag um fjárlög heilbrrn. Það er rætt í hálfan dag um fjárlög menntmrn. o.s.frv. En hér er þetta allt í einum graut undir þessum ægihjálmi fjmrn. sem í rauninni gengur ekki vegna þess að fjmrn. hefur ekki getu til þess. Jafnvel þótt þar séu yfirleitt allt mjög góðir, vandaðir og traustir menn þá hafa þeir ekki getu til þess að elta uppi hverja einustu bréfaklemmu sem menn þurfa að nota í ríkisbúskapnum. Það er bara óframkvæmanlegt.

Ég held að ein mikilvægasta breyting sem hægt var að gera á stjórnkerfinu, lögunum um Stjórnarráð Íslands og þar með á vinnubrögðum hér inni, væri m.a. að fagráðuneytin hefðu sína fjármuni og bæru ábyrgð á þeim. Það gerir fagráðherrana líka að betri ráðherrum en ella og ákvarðanir um útgjöld á ýmsum sviðum yrðu teknar á faglegum grunni. Vandi fagráðuneytanna í samskiptum við fjárln. hefur einmitt oft ekki síst verið sá að fagleg stefnumótun hefur verið að engu höfð. Það hefur iðulega komið fyrir að ráðuneyti hafa unnið ítarlegar áætlanir, t.d. um uppbyggingu sjúkrastofnana og heilsugæslustöðva eða skóla. Menn hafa kollvarpað því í fjárln. iðulega, eða fjárveitinganefnd, þessu batteríi, algjörlega án tillits til heildarfaglegra sjónarmiða. Við erum að súpa seyðið af því núna m.a. í okkar ríkiskerfi þar sem um er að ræða ofþenslu í þjónustunni sums staðar meðan hún er allt of lítil annars staðar.

Á það vil ég leggja áherslu, virðulegi forseti, að ef menn ætla að ná utan um þetta þá þarf að losa um þessar óskaplegu skrúfur sem fjmrn. er með á öllum ríkisrekstrinum. Ég er ekkert að kenna einhverjum einstökum fjármálaráðherrum um þetta, ekki núv. eða fyrrv. fjmrh. Málið liggur ekki þannig. þeir eru auðvitað bundnir af sínu kerfi og reyna að vinna þessa hluti eins vel og þeir lifandi geta. En ég þekki það að það er erfitt fyrir þá og embættismenn þeirra að ná utan um þessa hluti eins og nauðsynlegt er.

Varðandi önnur atriði sem fram komu í máli hv. 6. þm. Reykn. vil ég endurtaka það sem ég sagði áðan að ég tel mikilvægt að það er í raun og veru tekið undir þau viðhorf sem fram koma af hálfu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings varðandi færslu á fjármunum Framkvæmdasjóðs og Hafnabótasjóðs og vegna Sandgerðishafnar. Ég vil líka endurtaka að ég tel að þetta frv. sé sammála þeim sjónarmiðum þeirra sem hafa sagt um færsluna á þessum 4 milljörðum til sveitarfélaganna: Þessa peninga á að færa í gegnum ríkissjóð. Það á ekki að taka eins og út fyrir sviga í ríkisrekstrinum 4 milljarða og koma því til sveitarfélaganna án þess að það komi við í hinum almennu greiðslum ríkissjóðs.

Ég vil að síðustu taka sérstaklega undir það og þakka hv. 6. þm. Reykn. fyrir að hann tók undir þau sjónarmið sem ég tel mig hafa sett fram varðandi sjóði sem ekki eru í fjárlögum eða ríkisreikningi og verða til af ýmsum ástæðum í einstökum ráðuneytum. Þá á auðvitað að færa og um þá eiga að gilda algjörlega sömu reglur og allar aðrar greiðslur sem ráðherrar ákveða að inna af hendi. Þess vegna á þetta frv. kannski alveg eins að heita „Frumvap til laga um greiðslur sem ráðherrar ákveða" þannig að róið sé fyrir hverja vík og menn séu ekki að leika sér með aukasjóði í ráðuneytunum eins og við ræddum áðan.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég vil lýsa eindregnum stuðningi við þetta frv. og ég held að það væri til stórra bóta ef það yrði að lögum. Þetta er gamall kunningi og þegar við sáum þetta frv. í fyrsta skipti fyrir nokkrum vetrum síðan voru á því ágallar sem nú hafa verið sniðnir af og ég sé ekki neitt á móti því að þetta frv. verði að lögum og er þess reyndar mjög fýsandi þar sem þeir ágallar hafa verið sniðnir af sem ég setti einkum fyrir mig þá.

Á þskj. 215 er frv. sem ég flutti um hluta af því máli sem hér um ræðir, þ.e. það sem talað er um í 3. gr. frv. hv. þm. Karls Steinars og félaga. Ég flutti um það sérstakt frv. því mér finnst allra brýnast af öllu sem tekið er á í þessu frv. að það verði að lögum, þ.e. að banna sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda.

Ég get ekki neitað því að mér finnst að mín útgáfa betur orðuð en dagskrármálið en geri ekki neitt veður út af því. Meginatriðið er að ráðherrar verða að fá skynsamlegt aðhald, að þeir ekki geti farið með eignir ríkisins eins og þeim sýnist. Það er bannað að selja fasteignir í eigu ríkisins nema samþykki Alþingis komi til. Jafnvel skúrræfil í eigu ríkisins er ekki hægt að selja nema leita til þess lagaheimildar. En hins vegar er ráðherrum heimilt að fara með hlutabréf í stóreignum ríkisins akkúrat eftir sínum geðþótta og hafa gert það. Þess vegna er mjög mikilvægt að setja um þetta skynsamlegt skipulag eins og lagt er til í þessum tveimur frv.

Ég sé ekkert eftir því heldur þó að vasapeningar ráðherranna verði eitthvað minnkaðir. Það er ekki í einu ráðuneyti heldur í miklu fleirum þar sem ráðherrar hafa undir sér sjóði sem þeir geta gaukað að geðþótta sínum og styrkt ákveðin verkefni o.s.frv. Ég hygg að í þeim ráðuneytum sem hv. 9. þm. Reykv. hefur í gegnum tíðina stjórnað megi finna sjóði eða matarholur sem sé alveg óþarfi að hafa á valdi ráðherra að ráðstafa.

Varðandi það til hvaða nefndar þetta mál eigi að ganga þá minnir mig að frv. á þskj. 215 hafi verið vísað til efh.- og viðskn. Ég geri engar athugasemdir við að þetta frv. fari til fjárln. og tel að ýmsu leyti með tilliti til flm. líkur á því að það nái fremur fram að

ganga ef það fer til þeirrar nefndar. Þá gætu nefndirnar keppst við að afgreiða þessi tvö mál en meginatriðið er að annað hvort þeirra verði að lögum á þessu þingi.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þekki engin dæmi þess að ráðuneyti eða ráðherrar hafi haft með sjóði að gera sem ekki hafa verið færðir í ríkisreikning og fjárlög utan þeirra dæma sem tilgreind eru í einu ráðuneyti í ríkisreikningi fyrir árið 1991. (**Gripið fram í:** En iðnrn.?) Það er að vísu rétt að t.d. iðnrn. og menntmrn. hafa tilteknar upphæðir til ákvörðunar en það stendur í fjárlögunum hversu háar þær eru og á því er munurinn. Ég er ekki með umræðum mínum um þetta mál að gera kröfu til þess að ráðherrar verði gerðir fjárhagslega ómyndugir að einu eða neinu leyti. Ég er hins vegar að gera kröfu til þess að settar séu skýrar reglur um það hvernig þeir eiga að starfa og við hvað á að miða. Á sumum þeim óskiptum liðum sem hafa verið í fjárlögum hefur auðvitað verið um algjörlega óeðlilegt sull að ræða, eins og við t.d. bentum á í nál. iðnn. fyrir fjárlög ársins 1992.

Flm. (Karl Steinar Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins segja nokkur orð um starfshætti nefnda. Hv. 9. þm. Reykv. ræddi um að ástæða væri til að breyta vinnubrögðum, t.d. fjárln. Ég tek undir það. Þingsköpum var breytt fyrir nokkru og viðamiklar breytingar gerðar. Við sem sitjum í fjárln. ákváðum að skoða málin vel. Það tekur tíma að aðlaga sig nýjum þingsköpum og við höfum kynnt okkur hvernig þessum málum er háttað í öðrum þjóðþingum, t.d. í Noregi. Mér sýnist ástæða til að gera ýmsar breytingar.

Ég tel að það hafi náðst allmikill árangur í skipulagningu starfs fjárln. en það hefur verið svo að þrátt fyrir ný þingsköp þá hefur nefndin ekki komist yfir t.d. að taka lánsfjárlög. Ég tel ástæðu til að breyta því. Svo verð ég að játa það að sá háttur sem hafður er á í Noregi að fjárln. sjái bæði um tekju- og gjaldahlið sýnist mér til fyrirmyndar. Í raun starfar þar engin efh.- og viðskn. Það er undir fjárln. að sjá um tekjuhliðina einnig og mér finnst ástæða til að ræða hvort ekki sé ástæða til að breyta þessu á þann veg.

Þessar umræður fara nú fram í fjárln. og ég vænti þess að þegar þeim lýkur gerum við breytingar, bæði í tillöguformi og vinnubrögðum, eftir því sem okkur þykir skynsamlegast.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er á ný flutt frv. um greiðslur úr ríkissjóði og fleira. Ég vil fagna að þetta er gert en mig undrar hvers vegna það er gert svo seint á þinginu. Hér er ekki um mál að ræða sem undirbúningur að hefði þurft að vera svo langur vegna þess að hér er að mestu leyti um gamlan kunningja að ræða sem var árangur langrar baráttu sem m.a. sá sem hér stendur tók þátt í að setja af stað. Það var krafan um að aukafjárveitingum yrði hætt.

Ég verð að segja eins og er að meðan það ástand er að ekki er hægt með venjulegum lögum að hafa áhrif til þess að stöðva eitt og annað má gera ráð fyrir því að framkvæmdarvaldið hafi mjög frjálsar hendur, svo ekki sé meira sagt, því það er hægara sagt en gert að koma ráðherrum fyrir landsdóm.

Hér segja sumir að það eigi ekki að gera ráðherra ómynduga og finnst að það eigi ekki að herða svo mjög að þeim hvað fjármálaumsvif snertir. Ég ætla að nefna eitt dæmi um ráðstafanir ráðherra sem mér þykja harla merkilegar. Eitt dæmi úr fortíðinni sem mjög stór hópur ráðherra kom að. Það var að breyta Rúgbrauðsgerðinni í húsnæði fyrir veislur og fundahöld. Menn mega fletta fjárlögunum fram og aftur, e.t.v. ríkisreikningnum líka, án þess að finna nokkurt dæmi um að fé hafi verið veitt til þessa verkefnis.

Ég er sannfærður um að það er enn ærið umhugsunarefni hvort íslenskir ráðherrar halda sig innan þess ramma sem stjórnarskráin setur þeim varðandi þessa hluti. Ég veit raunar að enn gerist það að farið er af stað með framkvæmdir án þess að búið sé að ganga frá lagaheimild þar að lútandi. Verk eru boðin út án þess að búið sé að ganga frá heimildum til þess að greiða. Þess vegna fagna ég þessu frv. þó það sé því miður, að mínu viti, of seint fram komið en vona jafnframt að Alþingi Íslendinga beri gæfu til þess að vinna vel í þessu máli.

Hér er farið fram á að eignir séu ekki seldar nema heimildir séu í almennum lögum og þar er eignarhlutur settur inn, þ.e. hlutabréf. Mér finnst líka þó nokkurt umhugsunarefni varðandi sölu á eignum að það er oft sett inn að „ráðherra hefur heimild til að selja" en svo það er söluformið. Sumt er nánast sala til málamynda eins og menn þekkja. Jafnvel hefur það gerst að menn hafa í skálarræðum á góðum stundum gefið eignir ríkisins og viljað svo fá það staðfest seinna að þeim hafi verið heimilt að gera það. Sé ég nú að sumir muna eftir ýmsum atvikum úr liðinni tíð. Ég hugsa stundum um gamla kennaraskólahúsið í því sambandi en það er kannski ekki það stærsta sem gefið hefur verið af valdsmönnum vorrar þjóðar. (**SvG:** Það var afi Steingríms sem byggði húsið.) En ekki sakar að menn séu fróðir um fortíð húsa og hverjir stóðu að byggingu.

Þegar ég segi þessa hluti vil ég biðja hv. fjárln. að athuga það form sem er í dag á fasteignum ríkissjóðs, þ.e. að einhver sérstök undirdeild í fjmrn., sem ég hef aldrei vitað hver stjórnar, á rétt á því að leigja hinum einstöku ríkisstofnunum fasteignir. Þær fasteignir líta yfirleitt miklu betur út en allar aðrar fasteignir ríkisins vegna þess að það er tryggt með leigunni að hægt sé að sjá þar mjög myndarlega um viðhald og margt fleira. Þetta form er aftur á móti í reynd á þann veg að Alþingi neyðist í gegnum rekstrarframlög til þess að greiða fjármuni til viðhalds. Út af fyrir sig þarf að standa að viðhaldi en spurningin er aðeins þessi: Er ekki eðlilegt að það sé jafnræði á milli ríkiseigna í landinu hvað þetta snertir? Eiga einhverjar sérstakar eignir að vera undir náð fjmrn. hvað þetta snertir en aðrar eignir að vera undir náð Innkaupastofnunar ríkisins að stórum hluta hvort þar er sett fé í viðhald?

Ég kem þessu hér með á framfæri vegna þess að mér hefur stundum fundist dálítið skrýtið hvernig eignir, sem ég vissi ekki annað en væru eign viðkomandi stofnunar, hafa færst til í eignareikningi og allt í einu orðið eign þessarar undirdeildar í fjmrn. Sömu undirdeildar og er eigandi að Rúgbrauðsgerðinni. Ég sé að hv. formaður fjárln. kannast við þetta fyrirbrigði og veit sennilega þó nokkuð um þessa starfsemi.

En hvað um það. Hér erum við vonandi að taka gæfuspor ef þetta verður gert að lögum og enginn yrði glaðari en ég ef sá árangur yrði að við gætum nú endanlega sagt sem svo: Það er liðin tíð að veita aukafjárveitingar. Það hefur þokast mjög verulega í áttina til þess að það yrði liðin tíð. Þó hef ég grun um að það sé enn að gerast að greiðslur séu inntar úr ríkissjóði áður en heimildirnar eru fengnar hjá Alþingi.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Vestf. sem er þekktur af öðru en því að tala undir rós talaði mikið undir rósum í þessari ræðu sinni í nokkrum tilvikum og kunni ég lítil deili á því sem hann var að tala um *stundum. Þó þekkti ég eitt dæmið. Hann var að tala um* kennaraskólahúsið. Hann var að tala um það þegar ríkisstjórnin samþykkti að afhenda kennarasamtökunum kennaraskólahúsið. Hvað samþykkti hún? Hún samþykkti að beita sér fyrir því að Alþingi féllist á þennan pólitíska vilja hennar. Þetta vald er ekki hægt að taka af ríkisstjórn. Jafnvel þó að Steingrímur Hermannsson sé forsrh. í henni. Ég vil ekki gera hann ómyndugan næst þegar hann verður forsrh. hvað sem hv. þm. vill gera.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fréttirnar sem bárust af þessu voru mjög á misvíxl. Þeir sem þáðu húsið að gjöf báru fréttina á *þann veg að þeim hefði verið gefin þessi bygg*ing. Aftur á móti er hér ýjað að því að í fundagerðabók ríkisstjórnarinnar hafi þetta verið skráð á þann veg að ríkisstjórnin hafi lofað að beita sér fyrir því við Alþingi að þetta hús yrði afhent Kennarasambandi Íslands.

Ég var ekki við þegar hæstv. menntrmh. flutti sína ræðu á sínum tíma þannig að ég get ekki dæmt um þetta, en ég tók þetta dæmi vegna þess að þessar fréttir voru misvísandi á sínum tíma og þetta eru ekki einu fréttirnar sem hafa borist af slíkum hlutum.

Hvort ég hafi talað of mikið undir rós skal ósagt látið en ég fór ekki í ræðustólinn til þess að ýfa allt upp í fortíðinni. Ég man eftir ýmsum hlutum. Á sama tíma og verið var að vinna að undirbúningi fjárlaga birtust fréttir um að það væri búið að tryggja aukafjárveitingu í ákveðinn skóla á Íslandi á sama tíma og verið var að reyna að skera niður og ná jafnvægi og ekki var búið að leggja málið fyrir Alþingi.

En ég ætla ekki að fara að þrátta mikið við hv. 9. þm. Reykv. en vil þó undirstrika að það verða að gilda sömu lög og reglur hvort sem forsrh. er hv. Steingrímur Hermannsson eða einhver annar. Ríkið getur að sjálfsögðu tekið ákvarðanir um að beita sér fyrir ýmsu sem það leggur fyrir þingið en það er mjög óþægilegt að gefa út yfirlýsingar og koma svo til þingsins. Þá er verið að stilla þinginu upp við vegg, þá er verið að setja málið þannig fram að þingmenn eru nánast neyddir til að samþykkja ella gera þeir sína ráðherra menn að minni.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hins vegar rétt að halda því til haga að það var ég sem gerði tillöguna um það í ríkisstjórn að þetta hús yrði afhent kennarasamtökunum og ég skammast mín ekkert fyrir það.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég held að hér hafi farið fram mjög gagnlegar umræður og í ágætu framhaldi af þeim umræðum sem hafa átt sér stað, bæði við fyrri framlögn þessa sama frv. og einnig að hluta í fjárln. Ég held þó að hér skorti enn nokkuð á í þessu frv. að hlutur framkvæmdarvaldsins annars vegar og löggjafarvaldsins hins vegar séu skýrt afmarkaðir. Auðvitað er eðlilegt og sjálfsagt eins og hér hefur fram komið að sérhver ráðherra hafi yfir einhverju fé að ráða sem nota má ef eitthvað sérstakt kemur upp og ekki var hægt að gera ráð fyrir við gerð fjárlaga. En þá er auðvitað jafnnauðsynlegt að það liggi fyrir fjárln. í hvað það fé fór.

Af því að hv. 2. þm. Vestf. minntist á kennaraskólahúsið, sem ég tel að sé vel komið hjá Kennarasambandi Íslands, þá mætti minna á önnur dæmalaus fasteignakaup sem aldrei hafa komið neins staðar fram en ég hef gert að umræðuefni a.m.k. einu sinni ef ekki oftar. Það eru kaupin á jörðinni Flekkuvík á Vatnsleysuströnd fyrir 108 millj. sem hvergi hafa sýnt sig neins staðar á þeim plöggum sem hv. Alþingi hefur fengið að sjá. Þau voru greidd úr einum af þeim sjóðum sem hér var rætt um og ráðuneytin sum hver hafa yfir að ráða og lítil grein er gerð fyrir nema sjálfsagt til Ríkisendurskoðunar. Ég vænti þess þó að ég sé hreint ekki viss um það. Ég sé að hv. 9. þm. Reykv. hristir höfuðið og hann hefur setið í ríkisstjórn og sé virkilega svo þykir mér nú málið vera verra.

Nú hafa menn rekist á í skýrslu Ríkisendurskoðunar hvorki meira né minna en átta sjóði, minnir mig, sem sjútvrn. eitt hefur yfir að ráða. Ég bað fyrir alllöngu síðan, reyndar áður en sú skýrsla kom, um reikninga þessara sjóða því að sumir þeirra eru tiltölulega ungir, eins og hvalveiðisjóður og hvalasjóður sem eru nýlegir sjóðir. Ég hef ekkert svar fengið enn. Það er kannski þess vegna sem ég kom hér í ræðustól að það ríkir satt best að segja heldur lítil virðing milli hv. fjárln. og starfsmanna ráðuneytanna. Þó að við sem í fjárln. sitjum séum að bera upp spurningar um málefni sem við eigum auðvitað allan rétt á að fá að vita um, þá koma svörin hreinlega ekki alltaf. Þetta er auðvitað ekki hægt að búa við.

Fjárln. íslenska þjóðþingsins starfar allverulega öðruvísi en flestar aðrar. Nægir t.d. að nefna Noreg. Þar var hluti fjárln. í heimsókn núna fyrir skömmu og hygg ég að þeir hafi tekið eftir því að það er minnihlutamaður sem er formaður norsku fjárlaganefndar-

innar. Þar taka menn fjárlagagerð ríkisins nógu alvarlega til þess að hún sé sameiginlegt áhugamál alls Stórþingsins en ekki eitthvert sérverkefni meiri hlutans og þar er hlutverk nefndarinnar miklu skýrar afmarkað. Ráðuneytismenn eru ekki á fundum með fjárlaganefndinni í Noregi. Samskipti nefndarinnar við ráðuneytin fara fram formlega og bréflega. Þar lýsir hvert ráðuneyti fjárþörf sinni fyrir næsta fjárlagaár. Það er svo þingsins að ákveða hvort farið er að þeirra óskum.

Hér hefur miklu meira borið á því að meiri hluti fjárln. líti á sig sem afgreiðslustofnun fyrir ríkisstjórnina og þá eru mál auðvitað farin að snúast við því þá er það ríkisstjórnin sjálf sem setur sér sín eigin fjárlög en ekki þingið. Það var því ekki að ófyrirsynju að hér kom fram fyrirspurn í morgun um atriði í bókfærslu sem hreinlega voru ekki ljós þegar fjárlögin voru samþykkt hér. Það er með öllu rangt að nefndin hafi vitað um hvernig fyrirhugað var að ganga frá milljörðunum fjórum.

Þá komum við aftur að því að hluti af því vandamáli sem nefndin á við að stríða er sú tvískipting að efh.- og viðskn. annast tekjuhliðina en fjárln. gjaldahliðina. Auðvitað ætti fjárln. að vera með yfirsýn yfir öll fjárlögin. Það er auðvitað ótækt að verið sé að afgreiða, eins og gerðist fyrir áramótin, umtalsverðar skattbreytingar og alls kyns breytingar sem hafa áhrif á fjárlögin á sama tíma og við erum að ganga frá gjaldahliðinni sem er þar með gerbreytt eins og gerðist einmitt núna.

Síðan getum við komið að þriðja atriðinu. Við fáum í fjárln. Þjóðhagsstofnun í heimsókn og hún sýnir okkur afkomuspár. Það hefur margsinnis komið fyrir að þær breytast milli mánaða. Þegar við samþykktum fjáraukalögin fyrir 1992 var gert ráð fyrir fjárlagahalla upp á 9 milljarða. Með tilliti til þess gengum við frá fjáraukalögum. Síðan lesum við í Morgunblaðinu þegar fer að líða á janúar að fjárlagahallinn hafi alls ekki verið 9 milljarðar heldur 7,5 og það er allt annað.

Ég tel því alveg óhjákvæmilegt að þessi munur komi fram í fjáraukalögum sem eftir á að afgreiða þegar afkoman 1992 er ljós. Það er auðvitað ekki hægt að fara á svona léttúðugan hátt með 1,5 milljarða. Það er allnokkur fjárhæð og skiptir verulega máli.

Mín skoðun er sú, ég hef ekki setið í þessari nefnd nema á þessu kjörtímabili sem ekki er lengra komið en menn vita, að það hafi verið farið allléttúðlega með ríkisfjármál um langt, langt skeið. Menn hafa auðvitað viðurkennt þetta og á þessu var gert, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, mikið og gott átak í fjármálaraherratíð Ólafs Ragnars Grímssonar. Hann tók til í þessu róðarfi, ef ég mætti nota það orð. Ég man ekki betur en í hans tíð væru lögð hér fram fjáraukalög fyrir tíu ár aftur í tímann. Það má nærri geta hvaða áhuga þingmenn höfðu á fjáraukalögum sem voru vegna fjárlaga sem samþykkt voru löngu áður en þeir sjálfir komu á þing og vissu ekkert um. Þetta var því með hreinum endemum.

Á þessu hefur orðið mikil bót og ríkisreikningur liggur nú miklu fyrr fyrir. Hann er nær mönnum í tímanum þannig að þekking manna á þeim umræddu fjármálum sem ríkisreikningur sýnir er miklu meiri en áður var.

Auðvitað er ekki hægt að breyta þessu í einu vetfangi en það er ánægjuleg þróun að þetta er að færast til betri vegar. Ég vil taka það fram að sú breyting varð á síðasta kjörtímabili að forsetar þingsins gerðu sitt til þess að efla sjálfstæði þingsins gagnvart Ríkisendurskoðun og ráðuneytinu með því t.d. að beita sér fyrir því að starfsmaður yrði ráðinn að nefndinni. Ég er þeirrar skoðunar að það nægi engan veginn. Það kemst enginn einn starfsmaður yfir það verk sem þarna þarf að vinna. Sannleikurinn er nú sá að það skiptir engu máli hvort um er að ræða stórt eða lítið þjóðþing eða fámenna eða fjölmenna þjóð. Verkefni í nútímaþjóðfélagi og við fjárlagagerð þess þjóðfélags eru hinu sömu hvort sem um er að ræða fátt eða margt fólk. Og til þess að þetta verk sé unnið af verulegri ábyrgð þarf auðvitað fleiri starfsmenn að nefndinni. Með öllu því öðru sem við hv. þm. höfum að gera getum við engan veginn annast það eftirlit sem við þurfum í raun og veru að gera til þess að tryggt sé að farið sé með fé landsmanna á ábyrgan hátt.

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Það er farið að halla af degi og ástæðulaust að lengja þetta meira. Þetta mál á eftir að fara til nefndar og ég held að það verði ekki um það deilt að bæði efh.- og viðskn. og fjárln. verði að skoða þetta mál og ég vænti þess að það verði gert af ábyrgð og yfirsýn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, 1. umr.

Frv. PS og MF, 241. mál (innheimturéttur iðgjalda). — Þskj. 310.

Flm. (Pétur Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, með síðari breytingum, sem ég flyt ásamt hv. 4. þm. Suðurl., Margréti Frímannsdóttur. 1. gr. frv. hljóðar þannig:

„2. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1981, orðast svo:

Þá skulu sjómenn, sem lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum, vera utan við sjóðinn ef ráðherra hefur fyrir gildistöku laga þessara veitt þeim undanþágu frá þátttöku, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 78/1970. Um sjóði þá, er þessir sjómenn eiga aðild að, skulu gilda öll ákvæði þessara laga sem við geta átt og varða skyldur launagreiðenda til að halda eftir af launum iðgjaldagreiðslu og um innheimturétt, lögveð í skipum svo og önnur atriði sem tryggja rétt lífeyrissjóðs samkvæmt þessum lögum.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í athugasemdum frv. segir:

Á 103. löggjafarþingi 1980–1981 var lagt fram frv.

til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna. Í því frv. var sú breyting gerð aðallega að heimilað var að greiða sjómönnum lífeyri við 60 ára aldur og iðgjöld miðuð við heildarlaun en ekki hlutfall af kauptryggingu eins og lögin gerðu ráð fyrir.

Í frv. var gert ráð fyrir að óbreytt yrðu ákvæði um að sjómenn lögskráðir í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum skyldu vera utan við sjóðinn ef ráðherra hefði fyrir gildistöku laganna veitt slíka undanþágu. Þá var einnig í sömu málsgrein tryggður innheimturéttur iðgjalda og lögveð í skipum, sem og önnur atriði sem tryggja rétt lífeyrissjóðs samkvæmt lögunum.

Í meðferð þingsins breyttist þessi málsgrein á þann veg að innheimturéttur með lögveði í skipum var tekinn út úr lögunum þannig að aðeins Lífeyrissjóði sjómanna er tryggður þessi réttur. Í gögnum málsins er ekki hægt að sjá að hér hafi verið um ásetning að ræða, að mismuna þannig sjómönnum eftir því í hvaða lífeyrissjóði þeir tryggðu rétt sinn. Ekki er heldur hægt að finna að í umræðum um málið sé nokkurs staðar í máli þingmanna vikið að þessu atriði.

Í framkvæmd hefur alltaf verið litið svo á að lögveðsréttur væri fyrir hendi þegar grípa hefur þurft til harðra innheimtuaðgerða, svo og við gjaldþrotaskipti fyrirtækja o.fl.

Þegar inneign útgerðarfyrirtækja í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins var ráðstafað á þessu ári gerði framkvæmdastjóri sjóðsins athugasemdir við rétt annarra lífeyrissjóða til lögveðs á skipum og því höfðu þeir ekki forgang á greiðslum úr sjóðnum eins og Lífeyrissjóður sjómanna.

Frumvarp þetta er því flutt til að tryggja öllum sjómönnum sama rétt hvar í lífeyrissjóði sem þeir eru tryggðir.

Í grg. hér fylgir listi yfir þá lífeyrissjóði sem hafa sjómenn innan sinna vébanda og eru til viðbótar við Lífeyrissjóð sjómanna. Þeir eru: Lífeyrissjóður Vestfirðinga, Lífeyrissjóður Bolungarvíkur, Lífeyrissjóður verkamanna, Hvammstanga, Lífeyrissjóður Austurlands, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja.

Virðulegi forseti. Ég vil biðja hér um smáleiðréttingu. Hér er vant sjötta sjóðsins sem er Lífeyrissjóður verkafólks í Skagafirði.

Ég vil mælast til þess að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til efh.- og viðskn. Virðulegi forseti. Það er ósk mín og von að efh.- og viðskn., sem fær málið til meðferðar, hraði svo sem kostur er afgreiðslu svo þetta réttlætismál nái fram að ganga sem allra fyrst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. ÁRÁ, 337. mál (stofnfjárbréf). — Þskj. 610.

Flm. (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Á þskj. 610 hef ég lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Frv. hljóðar þannig:

„1. gr. Á eftir orðunum „sem við á“ í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, sbr. 23. gr. laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum (frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri) kemur: svo og stofnfjárbréf í stofnsjóðum sparisjóða samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Forsenda þessa frv. kemur fram í stjfrv. um viðskiptabanka og sparisjóði sem lagt hefur verið fram og er til umfjöllunar í hv. efh.- og viðskn. þingsins. Þar er lagt til að allir sparisjóðir verði stofnfjársjóðir með takmarkaðri ábyrgð. Þar er í raun lagt til að þeim verði gert að skyldu að ná til eigin fjár frá stofnendum eða öðrum eigendum með svipuðum hætti og gerist í hlutafélögum. Í því frv. er gert ráð fyrir að öll ákvæði um réttarstöðu þeirra eigenda og þeirra bréfa verði með sama hætti og er um hlutabréf í hlutafélögum og stöðu hluthafa eða eigenda þeirra.

Á skortir þó einn þátt sem hér er vikið að sem er að þeir sem kaupa hlutabréf í slíkum fyrirtækjum hafi rétt til þess að draga kaupverðið frá skattskyldum tekjum sínum. Það skapar hlutafélögum betri stöðu í samkeppni um fjármagn en sparisjóðunum að svo er ekki og þess vegna er þetta lagt til.

Mér er kunnugt um það, virðulegi forseti, að í hv. efh.- og viðskn. verður rætt um hvernig meta megi mismun á stöðu sparisjóða og hlutafjárbanka í samkeppni um fjármagn, einkum í samkeppni um eigið fé eða hlutafé og stofnfé. Með vissum rétti er unnt að meta það báðum til hags eftir því hvernig á er litið. Mér er kunnugt um að í umsögn Sambands viðskiptabanka um það frv. kemur fram það mat að hlutur hlutafjárbankanna sé lakari í þessari samkeppni en sparisjóðanna. Er bent á að tilteknar hömlur sem gert er ráð fyrir að verði á viðsiptum með stofnfjárbréf í sparisjóðum séu sparisjóðunum til hagsbóta. Ég er raunar þeirrar skoðunar að það sé á hinn veginn, að slíkar hömlur séu í raun hömlur á möguleika sparisjóðanna til þess að keppa um eigið fé.

Hvað svo sem fram kemur í umræðum nefndarinnar, þá vænti ég þess að hún hugi að þessu frv. sem ég mæli fyrir áður en hún lýkur umfjöllun um þetta sem ég hef gert að umtalsefni. Breytingin er í því fólgin, virðulegi forseti, að þeirri málsgrein ákvæðis til bráðabirgða sem um er rætt verði breytt á þann veg að sama gildi um kaup á stofnfjárbréfum í sparisjóðum og þar segir um kaup á samvinnuhlutabréfum og greinin vísar til um ákvæðin sem gilda um kaup á hlutabréfum.

Ég legg að lokum til, virðulegi forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og umfjöllunar í hv. efh.- og viðskn. þingsins.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er ákaflega bagalegt þegar frv. eins og þetta er flutt að ráðherra skuli ekki vera við. Í þessu tilfelli þyrftu í reynd bæði viðskrh. og fjmrh. að

vera við. Það er verið að flytja frv. sem þýðir að tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti verða lægri og það er verið að flytja frv. sem flm. segir að hafi áhrif á möguleika sparisjóðanna annars vegar og hlutafjárbanka hins vegar varðandi samkeppni.

Mér sýnist að í reynd sé unnið og hafi verið unnið að því að gera alla sparisjóði landsins að hlutafélagsbönkum sé horft til framtíðar. Menn séu aðeins að stíga þessi spor í smááföngum. Vegna þess að það er verið að vinna að þessu hefði ég talið mjög nauðsynlegt að hæstv. viðskrh. væri hér við. Hæstv. viðskrh. talaði um það sem sérstakt afrek í bankamálum og sérstakan árangur í bankamálum þegar þeir hlutafélagsbankar sem hér voru voru gerðir að einum banka og jafnframt þegar fækkun bankanna átti sér stað.

Nú má vel vera að það mál sem hér er til umræðu sé ekki svo stórt spor í þessum efnum að mönnum finnist að það skipti öllu máli. Ég tel engu að síður að hér sé um þó nokkuð stórt spor að ræða. Ég ætla engan dóm að leggja á það hér eða nú, hvort sú tillaga sem hér er, sé í reynd slíkt grundvallaratriði að menn vilji taka á sig þær ábyrgðir að vera áfram ábyrgðarmenn í sparisjóðum eða ekki. Það sækir nú á minn hug að það sé þó nokkur eftirspurn eftir því, því að það fylgir því valdaaðstaða til að ráða sparisjóðsstjóra og þar með kjósa stjórn fyrir sparisjóðinn og hafa áhrif á hans útlán. En það sem fyrst og fremst sækir á minn hug í þessu sambandi er það sem viðskrh. telur eðlilegt í stöðunni að við fjölgum í reynd hlutafélagsbönkum í landinu jafnört eins og þessi þróun ber með sér.

Mér er ljóst að þessi frádráttur til fjárfestingar í atvinnurekstri var settur fram á sínum tíma til þess númer eitt að reyna að stuðla að meiri nýsköpun í atvinnulífinu, að fleiri atvinnutækifæri yrðu til í landinu. En það er vissulega rétt að í framkvæmd hefur þetta þróast þó nokkuð á þann veg að menn eru kannski ekkert síður að verja fjármagni til fjárfestingar án þess að það leiði til nokkurrar aukningar á atvinnutækifærum. Þess vegna hefði verið ákaflega fróðlegt að fá það upp nú hvaða upphæðir er verið að tala um. Veit hv. 1. flm., Árni R. Árnason, hvaða upphæðir er verið að tala um í þessu sambandi? Hvaða upphæð er það sem ríkið mundi tapa í tekjuskattinum ef allir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, mundu hagnýta sér þetta? Í framhaldi af því þykir mér fróðlegt að fá að vita hvort þetta mál hefur verið rætt við fjmrh. Það er frekar sjaldgæft að það komi breytingartillaga frá stjórnarsinnum í skattamálum nema þær hafi verið ræddar við fjmrh. svo að þingheimur geti eitthvað áttað sig á því hvort hér sé í reynd um stjfrv. að ræða frá öðrum stjórnarflokknum sem ekki hafi hlotið náð hins stjórnarflokksins og þess vegna sé það flutt með þessum hætti. Er þetta mál sem stjórnarflokkarnir hafa tekist á um, hafa deilt um á bak við tjöldin og hæstv. fjmrh. t.d. ekki náð að koma fram en ákveðið að leita eftir að yrði flutt engu að síður til að fá úr því skorið hvort Alþingi Íslendinga væri reiðubúið að samþykkja þessa hluti þó að hinn stjórnarflokkurinn væri ekki reiðubúinn til þess?

Það er eitt og annað í þessa veru sem sækir á mann þegar maður skoðar þetta, en mér finnst að það væri mjög æskilegt að þessari umræðu yrði frestað þar til ráðherrar yrðu við og hægt væri að fá skýr svör við þessu.

Hér er vissulega hreyft merku máli. Það vil ég að hv. flm., Árni R. Árnason, geri sér grein fyrir að ég lít svo á að hér sé hreyft merku máli. En það er mjög óþægilegt að ráðherrar séu ekki við þegar svona mál eru á dagskrá.

Flm. (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Ég get vissulega tekið undir orð fyrri ræðumanns. Málið er nokkuð merkilegt. Ég er hins vegar ekki þeirrar skoðunar að það sé mikið að umfangi, þ.e. undir liggi mjög verulegt tap ríkissjóðs í skatttekjum. En vegna þeirra atriða sem hann gerði að umtalsefni, þá hlýt ég að benda á að það sem hér er um fjallað er að mínu mati sanngirnismál og í því formi hef ég sett það fram fyrst og fremst. Ég tel það sanngirni í garð sparisjóðanna sem eru yfirleitt fremur lítil fyrirtæki á fjármagnsmarkaði, að þau fái líkan rétt til að afla eigin fjár. Það skiptir miklu í því ljósi að nú eru í gildandi lögum um banka og sparisjóði og í frv. til laga um viðskiptabanka og sparisjóði gerðar sérstakar kröfur til eigin fjármögnunar. Staðreyndin er sú að þegar í dag er ábyrgðarmönnum sparisjóða gert að leggja fram áhættufé í takmarkaðri ábyrgð.

Það frv. sem nú er til umfjöllunar í hv. efh.- og viðskn. um viðskiptabanka og sparisjóði gerir ráð fyrir því að þeir haldi því sama fjárframlagi sem stofnfjárbréfum. Það er aðeins umbreyting á því sem þegar er búið að leggja fram. Ég sé ekki í hendi mér á hvaða tíma það fé hefur verið lagt fram, mér er ekki ljóst hvaða umfang gæti verið í því fjármagni varðandi hugsanlegt skatttekjutap ríkissjóðs. Staðreyndin er sú að sparisjóðir á landinu eru ekki mjög margir. Þeir skipta að vísu um það bil þremur tugum ef ég hef réttar upplýsingar, en þeir eru meðal hinna smáu á fjármagnsmarkaði. Ég hygg að það væri verulegt tap í þjónustu við almenning í landinu ef þeir hyrfu úr þessari starfsemi vegna þess að þeim er ekki gerður sæmilegur kostur í samkeppni. Í gangi er mikil samkeppni um fjármagn, bæði lánsfé og eigið fé, og ég tel skipta máli að við leyfum öllum formum ávöxtunar að starfa við eðlileg og sambærileg skilyrði.

Auðvitað hef ég borið þetta mál undir ráðherra stjórnarflokkanna og þeir tekið því vel, sérstaklega fjmrh., og það er engin ástæða til þess að álykta að stjórnarflokkarnir séu ekki sammála um að þetta mál fái eðlilega umræðu og það komi til álita við umfjöllun um hið stærra frv. sem ég nefni fremst í greinargerð og hef margnefnt í mínu máli. Ég sé ekkert óeðlilegt við það þó aðrir stjórnarliðar hafi ekki einnig gerst flm. og í mínum huga hefur það ekki vakið upp neina spurningu um það hvort einhverjir kynnu þar að vera sem telja það ekki eiga erindi.

Ég er sammála hv. 2. þm. Vestf. um að málið á erindi hingað inn, en mér finnst það fyrst og fremst

skipta máli sem sanngirnismál fyrir sparisjóði sem starfa víða um landið. Sums staðar starfa sparisjóðir þar sem bankar hafa ekki séð sér fært að efna til útibúa, veita heimamönnum merka þjónustu og hafa staðið sig vel. Þeir eiga verulegan þátt í fjármagnsfyrirgreiðslu við atvinnulíf og það verður líka að viðurkennast varðandi nýsköpun eða hugsanlega fjölgun starfa eða á hinn bóginn hugsanlega fækkun starfa að mikil sameining fyrirtækja hefur leitt til hagræðingar og fækkunar starfa. Í því ljósi líka skiptir máli að sparisjóðirnar, þessar smáu einingar, sem starfa við tiltölulega lakari kjör á suman hátt vegna lakari möguleika til hagræðingar, nái að starfa áfram.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að gera þessi atriði að meira umtalsefni, en það kemur mér ekki verr og ekki þessu máli ef rétt er álitið að fresta umræðunni þar til ráðherra getur tekið þátt í henni.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel að það hafi komið fram gagnlegar upplýsingar í svari hv. þm. Árna R. Árnasonar og sérstaklega að hann hefur rætt þessi mál við ráðherra þannig að hér eru hlutir sem þeir kannast við. En ég fagna því þó sérstaklega að hann samþykkti það fyrir sitt leyti að málinu yrði frestað. Ég vildi þó gjarnan vera á mælendaskrá þegar þar að kæmi til að spyrja um fyrst og fremst eitt atriði sem ekki kom fram. Mér er mjög vel við sparisjóði. Ég tel það hinar merkustu stofnanir. En ég vil aftur á móti fá stefnuna: Er verið að breyta þeim í hlutafélagsbanka? Það er sú spurning sem ég vil fá að spyrja ráðherra um því mér sýnist mjög stefna í það og þess vegna er óskin um að umræðunni yrði frestað þar til ráðherra yrði við borin upp til forseta.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill benda hv. þm. á að hann hefur talað tvisvar hann þarf því að fresta ræðu sinni. (**ÓÞÞ:** Þetta var andsvar, ég bað um andsvar.) Nú, leit þingmaðurinn svo á að hann væri að veita andsvar? (**ÓÞÞ:** Ég bað um andsvar.) Hvort tveggja væri til, en forseti skal virða það. *Forseti tók það nú svo og kynnti ræðu hv.* þm. á þann veg að hann væri að taka til máls. Ég hygg þess vegna að frá því verði varla vikist og vil ég því biðja hv. þm. um að fresta ræðu sinni og mun hann því halda henni áfram þegar umræða hefst að nýju.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hafi sá misskilningur orðið að ég hafi beðið um orðið aftur en ekki til að veita andsvar, þá er ég að sjálfsögðu reiðubúinn að þiggja það boð forseta að fresta ræðu minni.

Umræðu frestað.

Stuðningur við réttindabaráttu Eystrasaltsríkjanna á alþjóðavettvangi, fyrri umr.

Þáltill. BBj o.fl., 278. mál. — Þskj. 388.

Flm. (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég kynni hér till. til þál. um stuðning við réttindabaráttu Eystrasaltsríkjanna á alþjóðavettvangi sem við flytjum hér 13 þingmenn Hugmyndin að þessari tillögu vaknaði, frú forseti, þegar forseti sem nú situr lagði fram fyrirspurn í þinginu fyrir áramótin um þetta mál, þá þótti okkur flm. eðlilegt að stofnað yrði til umræðna á Alþingi um það mál sem hér er um að ræða, þ.e. ræða um það hvaða kosti setja beri Eystrasaltsríkjunum við aðild þeirra að alþjóðasamtökum. Við segjum í okkar tillögu að Eystrasaltsríkjunum verði ekki settir óeðlilegir kostir vegna stefnu þeirra gagnvart ríkisborgararétti þess fólks sem fluttist og flutt var til landanna í skjóli sovésks hernáms og viljum að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að stuðla að því að *slíkir óeðlilegir kostir verði ekki settir innan þeirra alþjóðasamtaka* sem Ísland á aðild að.

Síðan þessi tillaga var flutt hefur það gerst, t.d. á vettvangi Evrópuráðsins, að þar liggur nú fyrir að bæði Eistlandi og Litáen verður veitt aðild að ráðinu og í því felst mikil viðurkenning á stjórnskipun þessara landa og stjórnarháttum en það verður að líta þannig á að Evrópuráðið sé eins konar nálarauga sem ríki verði að komast í gegnum til þess að teljast gjaldgeng meðal lýðræðisríkja. Það hefur nú gerst varðandi Eistland og Litáen að þau verða væntanlega aðilar að ráðinu nú í vor, en í Lettlandi er þess beðið að fram fari kosningar til þings og líklegt er að eftir að þeim kosningum er lokið verði Lettland einnig talið gjaldgengt í Evrópuráðið þó að þar sé að vísu við sérstakan vanda að ræða vegna þess að þar er meiri vandi á ferðinni heldur en í hinum ríkjunum tveimur varðandi borgararéttindi þeirra Rússa sem eru í landinu.

Þessi tillaga hefur vakið nokkrar umræður í fjölmiðlum hér á landi og því hefur m.a. verið haldið fram að í henni fælist hrokafull afstaða á borð við þá að meiri hluti íbúa ríkis gæti vísað minni hlutanum á brott. En ég tek undir með Arnóri Hannibalssyni prófessor sem hefur sagt í blaðagrein að gagnrýni af þessu tagi sé þess eðlis að það sé engu líkara en línan sé sótt til Moskvu. En í Moskvu eru nú uppi vaxandi efasemdir um að unnt verði að halda stórrússneskum þjóðernisrembingi í skefjum og má segja að deilur þeirra Borisar Jeltsíns Rússlandsforseta og Rúslans Khasbúlatovs þingforseta endurspegli nokkuð þessar deilur sem nú eiga sér stað í Moskvu um það hvert eigi að vera framtíðarhlutverk Rússlands og hvernig Rússar ætla að halda á sínu máli. Sagt hefur verið að það hvíli eins og mara á Rússum og rússneska hernum að utan Rússlands, eða á því landsvæði sem áður laut Sovétríkjunum eða Sovétstjórninni, séu a.m.k. 25 millj. Rússa sem áður voru herraþjóð en eiga nú undir högg að sækja sem minnihlutahópur. Það er einnig sagt að það sé vísasti vegurinn til áhrifa í Rússlandi að sýna þessum Rússum samúð og stuðning. Og í Mosvku er

það talið af ýmsum að það sé árás á þetta fólk í Eystrasaltsríkjunum þegar það er krafið um það að sækja um ríkisborgararétt til þess að setjast að í þessum þremur ríkjum, Eistlandi, Litáen og Lettlandi.

Í ræðu á Norðurlandaráðsþingi nú á þriðjudaginn minnti hæstv. forsrh. á það að forsætis- og utanríkisráðherrar Norðurlandanna hefðu ályktað um brottflutning rússneskra hermanna frá Eystrasaltsríkjunum. Þar er um mál að ræða sem snýst um sjálfstæðisbaráttu ríkjanna og stöðu Rússa innan landamæra þeirra. Í grein í *Morgunblaðinu sem birtist hinn 15. des. sl.* sagði Iveda Gedane, sem er frá Lettlandi og stundar nám við Háskóla Íslands, að viss öfl í rússneskum stjórnmálum vildu helst halda úti her í Lettlandi til frambúðar. Og yrði þeim ekki stætt á því að ná markmiði sínu fram, þá vildu þeir leysa herdeildirnar upp án þess að flytja þær heim og hermennirnir yrðu eftir sem þegnar í Lettalandi og með þeim hætti yrði þeim auðveldara en ella að toga í strengi stjórnmála landsins. Við skulum minnast þess þegar þetta er sagt af lettneskum námsmanni við Háskóla Íslands, að þannig er ástandið í Riga, höfuðborg Lettlands, að 70% íbúanna þar eru Rússar og aðeins 30% Lettar og borgin öll er full af rússneskum herstöðvum. Og í næststærstu borg Lettlands minnir mig að ástandið sé þannig að 87% íbúanna — (Forseti hringir.) Eru það ekki 15 mínútur? forseti. En klukkan ... (**Forseti:** Nei, en hv. þm. tók til máls kl. eina mínútu yfir 6 og 15 mínúturnar eru liðnar og forseti biður afsökunar á að ég nýtti mér ekki kerfið að þessu sinni.) Ég held nú að klukkan hafi verið meira. Ég átta mig nú ekki á því, virðulegi forseti, en ég ætla þá að ljúka máli mínu fljótlega og mun þá nýta mér rétt til að tala hér síðar.

Það sem um er að ræða í þessu máli er það að þetta tengist ekki aðeins réttarstöðu þessara ríkja innan alþjóðasamtaka og á vettvangi alþjóðasamtaka, heldur spurningunni um það hvort í raun og veru sé hægt að líta á þau sem sjálfstæð ríki. Ef menn telja að það sé brot á mannréttindum að veita ekki íbúum eða fólki ríkisborgararétt í ákveðnu ríki, þá ættum við Íslendingar að líta í okkar eigin barm ef við lítum þannig á að það sé spurning um mannréttindi að menn fái sjálfkrafa ríkisborgararéttindi, því að hvergi eru ákvæði um ríkisborgararétt strangari heldur en einmitt hér á landi ef marka má þær upplýsingar sem ég hef aflað mér og kynnt mér, t.d. með hliðsjón af því sem viðgengst annars staðar á Norðurlöndum. Þessar reglur um skilyrðin sem menn verða að uppfylla til þess að fá ríkisborgararétt eru ekki settar hér í lögum heldur af þingnefnd þannig að ég tel að allar forsendur séu fyrir því að þessi tillaga nái fram að ganga og með henni sé ekki gengið á rétt neins heldur verið að tryggja réttindi Eystrasaltsríkjanna og auðvelda þeim þátttöku í samfélagi þjóðanna og samstarfi á alþjóðavettvangi.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Fram komin þáltill. er þess eðlis að ég held að allir þingmenn hljóti að styðja hana. Við höfum öll sömul sem í þessu þingi höfum verið viljað styðja við sjálfstæði og frelsi Eystrasalstsríkjanna. En það má spyrja: Hvað eru óeðlilegir kostir? Vandi Eistlendinga og Letta er að sjálfsögðu stór en vandi þessa þögla þungbúna minni hluta, eins og ég hef séð hann kallaðan á prenti einhvers staðar, er líka stór vegna þess að hinn almenni rússneski borgari sem kominn er til þessara landa er fórnarlamb aðstæðna og óheillastefnu sovéskra stjórnenda.

Það stendur í þessari greinargerð hér að fólk þurfi að kunna 1.500 orð í eistnesku til að fá ríkisborgararétt í því landi og 1.500 orð eru ekki mikið og ekki til mikils mælst að fólk læri þessi 1.500 orð og þó meira væri.

Sl. haust var ég á ráðstefnu í Gautaborg þar sem eistneskur prófessor sagði að rússnesk ungmenni sem ekki töluðu eistnesku stæðu líka höllum fæti gagnvart skólakerfinu og gætu ekki sótt sér þá menntun sem hin gætu. Þetta er náttúrlega líka vandamál þessa fólks og við verðum að vænta þess að Eistlendingar og Lettar nái lendingu í þessu máli, þeim takist að sýna þessu sovéska fólki sem vill vera í landinu það lýðræðislega réttlæti sem það á heimtingu á eins og allir aðrir. Þessar þjóðir eru að feta núna fyrstu sporin á lýðræðisbraut eftir að hafa verið undir oki einræðis nú um langa hríð og geta átt erfitt með að átta sig á því hvað er lýðræðislega rétt og hvað er það ekki og við eigum að styðja þau á allan hátt. Við eigum líka að styðja þau á alþjóðavettvangi. Ég verð að segja það eins og er að mér ógnar þessi rússneski her sem enn situr á fleti fyrir í þessum löndum og ég tel þar af leiðandi að þessi tillaga sé af hinu góða. Það versta sem gæti skeð væri að til vopnaðra átaka kæmi innan lands í þessum löndum. Það væri skelfilegt ef eitthvað sem minnti þó ekki væri nema örlítið á hið hryllilega ástand í Bosníu-Hersegovínu kæmi upp í Eystrasaltslöndunum.

Mér hefði líka þótt vel við hæfi að þeir stjórnarþingmenn sem hafa lagt fram þessa þáltill. kæmu með aðra þáltill. til þess að hvetja ríkisstjórnina okkar til þess að leggja eitthvað af mörkum á alþjóðavettvangi til að knýja stríðandi aðila þar, þ.e. í Bosníu-Hersegovínu, til að láta af þeim skelfingar hermdar- og níðingsverkum sem eru iðkuð í því landi. Við megum ekki eingöngu horfa til landanna sem eru næst okkur. Það sem er að gerast í Mið-Evrópu er svo stórt að það yfirgnæfir allt, allt annað. En þessa tillögu held ég að allir hljóti að styðja.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hafði nú nokkra samúð með þeim ræðutíma sem hv. flm. mátti hafa hér, en vil þó ekki deila við forseta um þá hluti og e.t.v. hefði komið fram í hans ræðu ef hann hefði talað lengra hverjar eru þessar óeðlilega þröngu kröfur. Eiga Íslendingar að vera talsmenn þess að mannréttindi séu ekki virt? Er íslenska þingið að leggja til að mannréttindi verði ekki virt á vissum svæðum? Er íslenska þingið að leggja til orrustu við stofnanir Evrópuráðsins vegna þess að þær vilja að mannréttindi séu virt? Er það stefnan? Ég segi nei. Fari það bara í logandi.

Við höfum tekið þátt í því að veita þjóðum eins og Ísrael sjálfstæði. Við settum engin skilyrði um að

mannréttindi væru virt. Hvernig er það eiginlega með Sovétríkin? Voru menn ekki að fagna því að kommúnisminn þjakar ekki lengur venjulega Rússa? Erum við ekki öll glöð yfir því? Þeir hafa sloppið undan oki kommúnismans. Eigum við að líta svo á að þeir Rússar sem undir oki kommúnismans voru settir inn í þessi lönd, eigi að bera syndabyrðina af því að það voru kommúnistar sem stjórnuðu Sovétríkjunum á sínum tíma? Er þetta fólkið sem á að taka út refsinguna fyrir það að Stalín stjórnaði eins og hann gerði? Er búið að finna blórabögglana? Eiga þeir allir heima í þessum löndum? Nei. Þetta fólk leið fyrir kommúnismann jafnt og aðrir. Það hefur sama rétt til lífsins eins og Einar Ben. orðaði svo vel:

Réttan skerf sinn og skammt
á hvert skaparans barn
allt frá vöggu að gröf.

Er það virkilega orðið svo að við förum að mæla með þjóðernishreinsunum? Ef þessi stefna yrði ofan á, hvað yrði þá að gerast í Suður-Afríku undir ógnarstjórninni sem þar hefur verið? Eiga þá þeir hvítu sem þar verða að sækja um borgaraleg réttindi, sækja um það að fá staðfestingu á því að þeir megi búa áfram í Suður-Afríku? Hefur nokkrum manni dottið það í hug? Er ekki aðeins verið að fara fram á það þar að þegnarnir verði jafnir? Höfum við tekið undir kröfu um að það megi víkja þeim öllum úr landi? Ég hef bara ekki heyrt þá kröfu. Og hvað með kröfurnar um Afríku alla, sem hafa verið nýlendur, eða Suður-Ameríku? Eiga þessar þjóðir að fá þá stöðu að geta sagt við þá hvítu sem þar eru: Gott og vel. Nú sækið þið um ríkisborgararétt og eigið það undir náð og miskunn hvort þið megið vera áfram í landinu. Við höfum ekki starfað á þennan hátt.

Eru hreinsanirnar miklu í Júgóslavíu sem Serbar standa fyrir ekki vítin til að varast? Eru þjóðernishreinsanir það sem menn eru að biðja um? Ég trúi því ekki að Íslendingar séu að biðja um þjóðernishreinsanir. Ég veit ekki til að nokkur maður verði sakamaður fyrir það að vera af öðru þjóðerni í þessum löndum.

Hvað með Ungverjana sem eru í mörgum löndum eftir skipti heimsstyrjaldarinnar? Verða þeir látnir sækja um vegabréf, ríkisborgararétt í þeim löndum ef þessi stefna verður ofan á? Ég trúi því ekki að mönnum sé alvara með það að halda því fram að vestrænar þjóðir séu með einhverjar ósanngjarnar kröfur um mannréttindi og strangar kröfur um mannréttindi. Mér finnst kröfurnar um mannréttindi of veikar ef eitthvað er. Ég hef aldrei heyrt það áður að Evrópa sé farin að gera of strangar kröfur um mannréttindi. Mér kemur það svoleiðis á óvart að ég er aldeilis undrandi yfir því að nokkur maður skuli halda því fram. Það er hægt að hugsa sér heiminn logandi í borgarastyrjöldum á flestum stöðum, ef það á að fótumtroða mannréttindi. Það stærsta sem þjóðir hafa í reynd verið að berjast fyrir á undanförnum árum á alþjóðavettvangi er krafan um það að þjóðir skuli ekki njóta fullrar virðingar í alþjóðlegum samskiptum nema þær virði mannréttindi. Það er grundvallaratriði.

Ég verð að segja eins og er að það þarf að skýra það vel fyrir mér hvaða strangar kröfur menn eru að tala um sem séu á slíkan veg að nú þurfi Íslendingar að fara að beita sér gegn því að menn geri kröfur til mannréttinda í Evrópu. Þetta er svoleiðis gersamlega út í hött og þeim mun fyrr sem allar þjóðir og þar á meðal Íslendingar setja það sem algert skilyrði fyrir að aðrar þjóðir fái að taka þátt í samstarfi við aðra, að þar séu mannréttindi virt, þeim mun betra. Við getum aldrei byggt upp það kerfi að ákveðið svæði sé aðeins byggt vissum þegnum, við getum aldrei byggt það upp. Það er búið að blanda þessu saman vítt og breitt um alla jörðina og grundvallaratriðið í stefnu Bandaríkjanna, ekki hvort það eru repúblikanar eða demókratar, hefur verið krafan um að mannréttindin séu virt gagnvart hverjum þjóðfélagshóp fyrir sig. Ég trúi því ekki að þeir Rússar sem voru í þessum löndum verði verri þegnar en aðrir á næstu árum, njóti þeir sömu mannréttinda og aðrir, ég trúi því ekki. En ef menn eru fyrir fram að reyna að búa sér til óvini, þá er lengi hægt að koma slíku til leiðar. Og ég tel að Íslendingar eigi að fylkja sér með öðrum vestrænum þjóðum í því að slaka hvergi á kröfum um mannréttindi.

Flm. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. 2. þm. Vestf. fyrir hans ræðu því að hún sannaði einmitt að það er nauðsynlegt að ræða þetta mál hér á þinginu. Ef hann lítur þannig á að með þessari tillögu sé verið að hvetja til þess að ekki sé gætt mannréttinda í þessum þremur ríkjum, þá hefur hann gersamlega misskilið málið. Spurningin snýst ekki um það. Spurningin snýst hins vegar um það, hvaða aðferðum eiga þessar nýsjálfstæðu þjóðir að beita til þess að laga sitt sjálfstæði og sína stjórnarhætti að þeirri staðreynd að t.d. í Eistlandi eru 600 þús. Rússar og það stendur í járnum hvort það eru fleiri Rússar í Lettlandi eða Lettar, um það snýst spurningin. Við lýsum hér í okkar greinargerð þeim reglum sem gilda í Eistlandi um það hvernig þessir Rússar geta öðlast ríkisborgararétt í Eistlandi, það séu ekkert ósanngjarnar kröfur, ég tel að það séu eðlilegar kröfur, enda hefur það nú verið viðurkennt af Evrópuráðinu ef aðild Eistlands verður staðfest eins og allt bendir til í vor að Eistlandi verði aðili að Evrópuráðinu, þá verðum við og önnur aðildarríki þess búin að viðurkenna að þetta eru sanngjarnar kröfur. Það er ekki brot á mannréttindum og um það snýst málið. Það er ekki brot á mannréttindum að setja ákveðin skilyrði fyrir því hvernig menn öðlast ríkisborgararétt í ríki og það er um það sem þetta mál snýst. Það er búið að setja þarna reglur. Það væru óeðlilegir kostir ef menn ætluðu að neita Eystrasaltsríkjunum þátttöku í alþjóðlegu samstarfi á þeim forsendum að þær reglur sem t.d. hafa verið settar í Eistlandi séu eitthvað óeðlilegar og ósanngjarnar.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér stendur með leyfi hæstv. forseta:

„Eystrasaltsríkin verða ekki fullgildir þátttakendur í samstarfi Evrópuríkja, t.d. innan vébanda Evrópu-

ráðsins, nema þau fullnægi ströngustu kröfum um virðingu fyrir mann- og borgararéttindum."

Ég styð það að þau verði að fullnægja ströngustu kröfum og mér er ekki enn ljóst hvað í þessum ströngustu kröfum er ósanngjarnt. Það hefur ekki komið fram hjá flm. Hvað er það í hinum ströngustu kröfum sem hann telur ósanngjarnt? Ég vil að það sé upplýst. Það kemur ekki fram hér.

Flm. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Eitt er það sem segir í greinargerð og annað um það hvað ályktunin snýst um. Hún snýst um það að þessum þjóðum verði ekki settir óeðlilegir kostir vegna stefnu þeirra gagnvart ríkisborgararétti þess fólks sem fluttist og flutt var til landanna í skjóli sovésks hernáms. Um það snýst þetta. Og ályktunin snýst um það. Hins vegar á ekki að slaka neitt á kröfum um mannréttindi. En það er ekki endilega hluti af mannréttindum að menn hljóti sjálfkrafa ríkisborgararétt í einhverju ríki og það verða menn að vera reiðubúnir til þess að átta sig á. Það eru sérstakar reglur sem þjóðir geta sett eigin lög um eins og við höfum gert og það er gert í þessum löndum. Ég tel að þær reglur sem settar hafa verið í Eistlandi séu ekki þess eðlis að þær brjóti á nokkurn hátt í bága við þær ströngustu kröfur sem unnt er að gera. Þetta vildi ég láta koma fram.

Hitt að fara að líkja þessu máli við það að við séum að lýsa yfir stuðningi við þjóðernishreinsanir eins og viðgagnast í fyrrverandi Júgóslavíu er náttúrlega gersamlega út í hött og er til þess fallið að drepa málinu á dreif og spilla fyrir málsstað þessara ríkja og baráttu þeirra fyrir því að sjálfstæði þeirra sé viðurkennt með því m.a. að þau verði fullgildir þátttakendur í alþjóðlegu samstarfi. Ef einhver liti þannig á að þær reglur sem gilda um ríkisborgararétt í þessum löndum séu sambærilegar við þjóðernshreinsanir, þá hefði náttúrlega engum dottið í hug að ljá máls á því að Eistlendingar fengju aðild að Evrópuráðinu, enda var Júgóslavíu vísað úr ráðinu eða sem gestaaðila að ráðinu um leið og þessar hörmungar hófust þar.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst það þunnur þrettándi þegar því er svarað til að greinargerðin sé ekki í samræmi við ályktunina sem hér er fram sett. Þess vegna sé ekki rökrétt að lesa upp úr greinargerðinni til þess að undirstrika nákvæmlega hvað maður er að spyrja um. Greinargerðin á að vera til skýringar á því efni sem ályktunin fjallar um og það stendur hér að skilyrðin eru að þau þurfi að fullnægja ströngustu kröfum um virðingu fyrir mann- og borgarréttindum. Og ég hef spurt að því: Hvað er það innan vébanda Evrópuráðins sem hv. flm. telur að sé of strangt?

Hér kemur það fram að þau fá ekki þennan rétt nema fullnægja ströngustu kröfum. Og þess vegna spyr ég: Hvað er það sem hv. flm. telur að sé of strangt innan vébanda Evrópuráðsins? Það er við því sem verður að fást svar. Hvort þetta leiðir til þjóðernishreinsana eða ekki kemur einfaldlega ekki í ljós fyrr en það kemur fram, hvort sá hópur sem þarna er, fær ríkisborgararéttinn eða ekki. Þess vegna hef ég ekki hugmynd um það á þessu stigi en það gæti leitt til þjóðernishreinsana.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Það er hægt að taka undir það með flm. að auðvitað er æskilegt að málefni Eystrasaltsríkjanna komist hér á dagskrá eins og reyndar málefni ýmissa fleiri ríkja sem vert væri að ræða. Það er allt of sjaldan sem okkur gefst tækifæri til þess að ræða utanríkismálefni á hinu háa Alþingi. En það má spyrja sig að því hvort þessi tillaga sem hér er flutt sé ekki að nokkru leyti orðin úrelt.

Það kom fram í máli 1. flm. að hjá Evrópuráðinu háttar málum þannig að það er nánast búið að samþykkja aðild Eistlands og Litáens og búist við að þau ríki verði aðilar að Evrópuráðinu á næstu þingum ráðsins. Þetta er gert eftir mjög gaumgæfilega skoðun á ástandi mála í þessum ríkjum.

Ég á sæti í þeirri nefnd Evrópuráðsins sem hefur m.a. það hlutverk að fylgjast með ástandi mála í ríkjum Austur-Evrópu og þangað hafa verið sendar sendinefndir og þar hefur verið fylgst með kosningum og þróun mála. Fulltrúar stjórnvalda og ýmissa annarra aðila hafa komið á fund nefndarinnar og skýrt sín sjónarmið og eftir því sem ég best fæ séð er ekki annað hægt af því að ráða en menn hafi farið nokkuð gaumgæfilega ofan í þessi mál. Það breytir því ekki að auðvitað getur mönnum yfirsést og má nefna að reyndar er eitt af ríkjum Evrópuráðsins iðulega undir smásjánni þar sem er Tyrkland. Þeir hafa verið bornir þeim sökum að virða ekki mannréttindi, m.a. af samtökunum Amnesty International, og hafa oft komið fram tillögur í Evrópuráðinu um að skoða þau mál nánar.

Menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að þróun sé þannig háttað í Eistlandi og Litáen að ríkin geti öðlast aðild að Evrópuráðinu en vandamálið er fyrst og fremst í Lettlandi. Það stafar af því, eins og hér hefur komið fram, að bæði hafa miklu fleiri Rússar sest að í Lettlandi en í hinum ríkjunum og mun fleiri Lettar voru fluttir frá sínu heimalandi til svæða m.a. í Síberíu en gerðist í hinum ríkjunum. Reyndar kann ég ekki sögulega skýringu á því hvort andstaðan var meiri í Lettlandi eða hvort annað réði. Menn eru greinilega í nokkrum vanda með hvernig skuli farið með þetta mál þar sem um það er að ræða að íbúar landsins skiptast nokkurn veginn til helminga.

En það hlýtur að vera grundvallarkrafa að mannréttindi séu tryggð hver sem í hlut á. Vissulega verð ég að viðurkenna að ég hef, m.a. eftir að hafa rætt við þingmenn frá Lettlandi sem sitja sem gestir í Evrópuráðinu, mikla samúð með þeirra málstað. Þeir verða að horfast í augu við staðreyndirnar. Þetta er ástandið í þeirra landi og þeir verða að finna lausn á þessu sem m.a. felst í því að virða mannréttindi allra.

Það sagði mér þingmaður frá Lettlandi, sem reyndar er hálfur Rússi, móðir hans er lettnesk en faðirinn Rússi, hann vildi meina að Rússarnir sem þarna búa séu býsna ráðalausir gagnvart sinni framtíð. Greinilega eru mjög margir þeirra ekki sáttir við að verða lett-

neskir ríkisborgarar. Þeir vilja ekki flytja heim til Rússlands, enda að litlu að hverfa þar, en hann vildi meina að mjög margir ættu sér þann draum að flytja til Vestur-Evrópu. Hann vildi nú skella nokkuð skuldinni á Rússana. Þeir hefðu einfaldlega ekki gert upp sinn hug, enda hefur grundvellinum að miklu leyti verið kippt undan þeim en þeir eru samt íbúar á þessu svæði. Margir þeirra eru fæddir í landinu og það hlýtur að vera lágmarkskrafa að þeirra mannréttindi séu virt.

Á síðasta þingi Evrópuráðsins var farið rækilega í gegnum ástandið í þessum löndum varðandi rússneska herinn sem þarna er. Það er sérdeilis í Lettlandi sem hann er vandamál. Það var mjög fróðlegt að sjá kort sem þeir voru með sem sýndu allar rússneskar herstöðvar í höfuðborginni. Þeir vildu meina að rússneski herinn gæti fylgst með öllu sem gerist í þinghúsinu með hlustunartæki. En þingmaðurinn sem ég hef vitnað til sagði að tregða Rússa við að flytja herinn í burtu væri meira og minna fyrirsláttur. Þeir segja að það sé ekki húsnæði heima fyrir fyrir herinn en eftir því sem hann sagði þarf ekki annað en fara um það bil 100 km út fyrir Moskvu til þess að finna nægjanlegt húsnæði. Fulltrúar Rússa og Lettarnir tókust einmitt á um þetta og sýndist þar sitt hverjum. Ég ætla ekki að fella hér dóm yfir þeim en ég held að það sé mjög þess virði að við reynum að setja okkur inn í þessi mál og að við fylgjumst með þróun mála.

Ég get tekið undir með síðasta ræðumanni sem spurði hvað átt væri við með „óeðlilegum kostum". Það er búið að leysa þessi mál í Eistlandi og Litáen með nokkuð viðunandi hætti að því er manni virðist en vandamálið er Lettland. Hvaða óeðlilegu kosti sjá menn fyrir sér þar? Ég held einfaldlega að menn ættu að fylgjast með þróuninni og hugsanlega reyna að aðstoða við lausn mála þarna. En það er staðreynd að Evrópuráðið hefur ekki samþykkt að veita Lettlandi aðild vegna þess að þetta er óleyst vandamál. Ég get sannast að segja ekki ímyndað mér að nokkrum detti í hug að setja Lettum einhverja óeðlilega kosti. Menn vilja einfaldlega ganga úr skugga um að reglur séu virtar og mannréttindi séu virt. Það eiga eftir að fara fram kosningar í Lettlandi og þær hafa dregist m.a. vegna þess að menn eru í vandræðum með það hvað gert skuli við Rússana.

Ég fagna því að Alþingi Íslendinga skuli ræða þetta mál og ég bíð spennt eftir því að sjá hvað kemur út úr umfjöllun utanrmn. þegar hún hefur kannað þetta. Ég treysti mér ekki til þess að lýsa yfir eindregnum stuðningi við tillöguna eins og hún er orðuð hér. Ég hlýt að vekja athygli á því að einvörðungu stjórnarþingmenn flytja þessa tillögu og það vekur furðu að ekki skuli reynt að ná samstöðu um mál af þessu tagi og væri fróðlegt að fá skýringu flm. á þeim einlita hóp sem er að finna á þessari tillögu.

Árni R. Árnason:

Virðulegur forseti. Þetta mál sem við ræðum er vissulega athygli vert en ég vek þó athygli á orðum hv. síðasta ræðumanns sem sagði að tillagan væri að vissu marki þegar úrelt. Mér finnst það næg ábending um hversu langan tíma það tekur að hefja umræðu um mál sem þingmenn bera fram. Ég hygg að það sé ekki ábending um að hún hafi ekki verið ómaksins virði og ekki verðskuldað umræðu. Raunar held ég að þingmaðurinn hafi svolítið mismælt sig þegar hún segir að málið varðandi Eistland og Litáen muni leyst nú þegar.

Ég hygg að það sé alveg ljóst af þeim fréttum sem við höfum frá þessum löndum að hinir rússnesku íbúar þeirra eru enn þá ekki að öllu leyti sáttir við þá stöðu sem orðin er. Það sem mér finnst skipta máli er okkar afstaða í málinu, ekki síst okkar sjálfra vegna. Mér finnst það skipta máli að við tökum afstöðu með þjóðum sem við höfum áður átt samleið með, hafa viljað nálgast okkur menningarlega, lýðræðislega og eiga vissulega samleið með okkur að mörgu leyti, en það eiga þessar þjóðir, Eistar, Lettar og Litáar. Þeir hafa fyrr á tíð meðan þeir voru frjálsir og réðu sjálfir ferðum sínum leitað eftir því að vera samferða okkur öðrum Norðurlandamönnum. Auðvitað hafa skipti okkar þjóða og þeirra og náinna grannþjóða okkar verið mikil í gegnum aldirnar. Það segir sig sjálft. Mér þykir eðlilegt að við tökum meira tillit til og höfum aðeins betri kynni af málefnum þeirra sem nær okkur eru en hinna sem eru fjær.

Mér finnst skipta máli að við hvetjum þessar þjóðir í þeirra baráttu fyrir eiginlegu sjálfstæði og viðurkenningu þess í samfélagi þjóðanna. Þær voru sjálfstæðar og rétt eins og okkur þótti það sjálfsagt um okkar baráttu, þá ætti okkur að þykja þeirra barátta sjálfsögð og sjálfsagt að standa með þeim, að taka undir og vinna að því ásamt þeim að þær hljóti viðurkenningu.

Menn hafa velt því fyrir sér hér í umræðunni hvort það kunni að vera einhver óeðlileg skilyrði og einhverjar óeðlilegar kröfur um mannréttindi. Ég tel ekki eðlilegt að spyrja þeirra spurninga í umræðunni. Þeim má leita svara við þegar málið kemur til athugunar í utanrmn. Staðreyndin er samt sem áður sú að í fréttum og umræðum sem okkar þingmenn hafa tekið þátt í við þingmenn annarra þinga, til að mynda á Evrópuþinginu, gætir þess að gerðar séu kröfur í orði, jafnvel á borði til þessara þjóða. Vandi þeirra er verulegur. Hann lýsir sér einna best í því að þó að Evrópuráðið hafi tekið afstöðu til umsókna Eista og Litáa hefur það ekki treyst sér til að taka afstöðu til umsóknar Letta, enda hefur komið fram aftur og aftur í þessari umræðu að ekki er með fullu ljóst hvort fleiri Lettar eða Rússar búa innan landamæra Lettlands.

Auðvitað er það svo þegar við lítum til baka yfir sögu þessara landa að svo miklu leyti sem við þekkjum hana á seinni áratugum að fullar efasemdir og átök verða um hverjir eru blórabögglar og hverjir hafa orðið fórnardýr og hvaða þjóðernishreinsanir hafa í raun átt sér stað. Er það ekki svo að við höfum mátt skilja það sem við höfum lært af sögubókum og fréttum undanfarna áratugi svo að Rússar hafi í raun framkvæmt raunverulegar þjóðernishreinsanir meðal þessara þjóða með flutningum þeirra á brott og með flutningum Rússa inn á meðal þeirra? Getur það ekki verið stað-

reynd að vera rússneskra hermanna þar í herstöðvum um lönd, um borgir og þéttbýli sé tilraun til þess að viðhalda ákveðinni þjóðernisblöndun og til að viðhalda rétti Rússa um leið og þeir neita að gerast ríkisborgarar með þessum þjóðum?

Mér virðist spurningin um kröfu til kunnáttu í ríkjandi tungu ekki vera spurning um mannréttindi. Ég hlýt að velta því fyrir mér hvort við Íslendingar teldum sjálfsagt að ef hingað kæmu öllu fleiri Englendingar, Þjóðverjar eða Rússar að við yrðum skyldaðir til að tala þeirra tungu vegna þess að þeir væru fjölmennari. Hvort eru það mannréttindi eða ekki? Ég raunar sé ekki réttindi fólgin í því.

Hins vegar finnst mér það eðlileg krafa fyrir þjóð sem er að berjast fyrir sjálfstæði sínu, stjórnarfarslega og menningarlega, að hún geti viðhaldið sinni þjóðtungu því að hún er lykillinn að menningararfi hennar sem aftur er grundvöllur menningarlegs sjálfstæðis.

Vissulega eiga sér stað í dag ljótar þjóðernishreinsanir í öðrum heimshlutum ekki langt undan, en það hygg ég að sé varla dæmi sem hægt er að heimfæra á aðrar þjóðir. Við getum ekki endilega átt von á því í senn að Rússar meðal Letta verði jafngóðir þegnar og Lettar um leið og við viljum álíta að Lettarnir verði jafnslæmir og Serbar í fyrrum Júgóslavíu. Við getum ekki verið svo bjartsýnir á kosti einnar þjóðar um leið og við erum svartsýnir á ókosti annarra. Spurningin hvort Rússar verði hugsanlega verri þegnar en aðrir á heldur ekki við. Við höfum fullar heimildir fyrir því að þeir hafa ekki allir afráðið hvers þegnar þeir vilja vera.

Ég er raunar viss um, virðulegi forseti, að vandinn í þessu máli er enn þá stærri en við kynnum að hafa upplýsingar um. Vissulega höfum við Íslendingar oft staðið frammi fyrir því þegar við þykjumst ræða mál grannþjóða okkar eða þjóða sem fjær eru að við vitum í raun miklu minna en við teljum okkur vita. Og við hneigjumst til þess að taka afstöðu sem byggð er á samúð með einhverjum sjónarmiðum sem við kynntumst kannski síðast eða höfum aðeins meira eða oftar heyrð nefnd en önnur sjónarmið. Það er kannski eðli mannsins í sjálfu sér að taka afstöðu byggða á forsendum sem hann þegar hefur upplýsingar um. Mér þykir, virðulegi forseti, að við eigum að kynna okkur þetta mál til hlítar og eigum eftir því sem við getum að standa með grannþjóðum okkar.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu er tímabært að fjalla um. Það er mál sem er mjög flókið í öllum atriðum. Ástæðurnar fyrir því eru fyrst og fremst þær að hér er verið að ræða um endurreisn sjálfstæðis þriggja ríkja sem hafa orðið að búa við það áratugum saman að það hefur verið gerð kerfisbundin tilraun til þess að útrýma þjóðlegri menningu þeirra. Það liggur í hlutarins eðli að þegar stundaður hefur verið kerfisbundinn innflutningur manna af öðru þjóðerni sem tala aðra þjóðtungu árum saman, þá er komin upp í þessum löndum afar viðkvæm staða, bæði að því er varðar þjóðmenningu og sjálfstæði þessara ríkja sem hefur verið endurreist, en einnig að því er varðar stöðu þeirra íbúa sem af erlendu bergi eru brotnir og þar búa nú. Þessi staða er svo eldfim og viðkvæm að það flokkast nánast undir kraftaverk ef tekst að leysa hana án þess að til hreinna vandræða komi.

Eystrasaltsríkin eru nú að þreifa fyrir sér um það með hvaða hætti þau geti treyst stöðu þjóðlegrar tungu og menningar um leið og þau eru að endurvekja lýðræði og lýðræðislega stjórnarhætti. Það sem þessi páltill. fjallar um, einkum og sér í lagi, er að þess sé gætt að þessi ríki fái ráðrúm til að leggja á ný grundvöll að þjóðlegri menningu án þess að þau séu beitt óeðlilegum þrýstingi.

Ég hjó eftir því áðan í ræðu hv. 2. þm. Vestf. að hann hafði misskilið greinargerð með tillögunni. Hann taldi að Evrópuráðið hefði sett það strangar kröfur að Eystrasaltsríkin væru ekki talin standast þær. Þessu er ekki þannig farið og er raunar hvergi sagt í greinargerðinni. Þvert á móti liggur það nú fyrir að þær kröfur sem Evrópuráðið setur eru ekki strangari en svo að Eistland og Litáen standast þær.

Að því er varðar Letta er löggjöf er varðar ríkisborgararétt skemmra komin þar en í hinum ríkjunum. Þar er raunar, held ég að ég megi fullyrða, enn í undirbúningi löggjöf varðandi ríkisborgararétt. Síðast þegar ég frétti af þessu máli var verið að undirbúa þessa löggjöf og var gert ráð fyrir því að hún mundi fara í mjög svipaðan farveg og löggjöf í Eistlandi. Því má gera ráð fyrir að í Lettlandi, þar sem staðan er raunar viðkvæmust, verði fundin svipuð lausn og í hinum Eystralandsríkjunum.

Að halda því fram að með flutningi tillögunnar sé verið að mæla með þjóðernishreinsunum er þess vegna ekki einungis ótrúlegur misskilningur á páltill. heldur verður að líta svo á að þar hljóti að vera einhver mismæli líka á ferðinni.

Ég vil hins vegar taka það fram að málið er ekki síst flókið vegna þess að ákveðnar landfræðilegar ástæður liggja til þess að þessar þjóðir eru beittar þrýstingi. Þær hafa verið beittar óeðlilegum þrýstingi og settir óeðlilegir kostir af ákveðnum þjóðum, einkum og sér í lagi af hálfu Rússa. Þeir hafa beitt þrýstingi innan Evrópuráðsins og á ýmsum öðrum alþjóðlegum vettvangi. Þeir telja þessa kosti sem eru settir í löggjöf um ríkisborgararétt óaðgengilega og telja þetta brot á mannréttindum.

Það ber að geta þess að það liggja landfræðilegar ástæður til þess að stjórnvöld í Rússlandi hafa á undanförnum öldum sóst eftir yfirráðum yfir landi við austanvert Eystrasaltið. Þessar landfræðilegu ástæður eru miklu gildari en svo að þær lifa ekki af fleiri en eitt stjórnkerfi. Þær lifðu t.d. af keisaradæmið og má leiða að því sterk rök að þessi sjónarmið lifi af Sovétríkin. Raunar er ekki loku fyrir það skotið að sú gagnrýni sem komið hefur fram á þróun lýðræðis í Eystrasaltsríkjunum eigi að mestu uppruna sinn í Rússlandi þar sem augun beinast að rússneska minni hlutanum í þessum ríkum. Þá er rétt að minna á að tilvera slíks þjóðernisminnihluta innan smáríkja, sem eiga landamæri að voldugum stórríkjum, hefur iðulega orð-

ið upphaf að landakröfum sem hafa leitt til mikilla blóðsúthellinga. Nægir þar að minna á hvernig þriðja ríkið gerði sér að efniviði minnihlutahópa bæði í Póllandi og Tékkóslóvakíu og gerði landakröfur í framhaldi af því sem enduðu með ósköpum.

Það ber þess vegna að líta svo á að um leið og fagnað er lýðræðisþróun í Rússlandi er ekki loku fyrir það skotið að landfræðilegar ástæður liggi til þess að þrýstingi verði beitt á þessi ríki. Sá þrýstingur sem þau eru beitt nú, sá þrýstingur sem er beitt á alþjóðlegum vettvangi ber vott um að þarna lifi pólitísk sjónarmið sem eru hafin yfir stjórnkerfið.

Ég vil hins vegar nota þessar örfáu mínútur sem ég á eftir til þess að undirstrika það að alveg öfugt við það sem hér kom fram í máli hv. 15. þm. Reykv., að Rússar yrðu að líða fyrir það að þeir stæðu höllum fæti í skólakerfinu, þá hygg ég hægt að leiða að því upplýsingar og rök að því að þessu sé öfugt farið. Það er mjög löng hefð fyrir því í Eystrasaltsríkjunum að sýna minnihlutahópum mikinn skilning í sambandi við skólakerfið. Ég hygg að ég geti fullyrt að einmitt þau skref hafi verið stigin núna sem miða að því að tryggja rétt rússneskumælandi Eistlendinga og Litáa í sambandi við skólakerfið.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir það sem fleiri hér hafa sagt að sú umræða sem nú fer fram um stöðu Eystrasaltsríkjanna og minni hluta Rússa í þessum ríkjum sé mjög þörf og tímabær og hefði átt að eiga sér stað fyrir löngu síðan. Ég reikna með að þessi tillaga sé búin að liggja nokkuð lengi og henni hafi kannski verið ætlað að koma upp fyrr en dregist eins og svo margt annað á þessu þingi. En umræðan er mjög þörf og mér finnst hún mjög fróðleg í rauninni og væri gaman að hafa hana lengri en tök eru á því að mér finnst að í þessu máli og þessari umræðu séum við í rauninni að snerta á ákveðnum kjarna sem varðar kannski alla umræðu um alþjóðamál á þessum áratugum og ekki síst þessum árum sem við erum nú að upplifa.

Í fyrsta lagi snýr þetta að mannréttindum og spurningunni um hvort hægt sé að aðskilja kosningarétt og kjörgengi frá einhverju sem heita mannréttindi. Mér virðist sá skilningur vera á ferðinni í tillögunni að hægt sé að tryggja fólki sem hefur ekki borgaraleg réttindi, hefur ekki kosningarrétt og kjörgengi, eitthvað sem heita mannréttindi. (**BBj:** Ríkisborgararétt.) Ríkisborgararéttinum fylgir kjörgengi og kosningarréttur. Sá sem ekki hefur ríkisborgararétt í tilteknu landi hefur væntanlega ekki þau borgaralegu réttindi að geta kosið og boðið sig fram til kjörs.

Ég hjó eftir því í máli hv. 3. þm. Reykv. að hann sagði að það væri ekki brot á mannréttindum að setja kröfur um hvernig menn öðlist ríkisborgararétt og það væri það sem menn væru að gera í þessum löndum. Það kann út af fyrir sig vera rétt en það er ekki sama hvort verið er að fjalla um einhvern sem er nýfluttur til lands, nýsestur að, eða einstakling sem er hugsanlega fæddur og alinn upp í viðkomandi landi og hefur alið þar allan sinn aldur. Það er auðvitað tvennt ólíkt. Við höfum komið inn á umræðu um kosningarréttinn og kjörgengið og það snertir ríki eins og Suður-Afríku. Þeir sem ekki hafa þar þennan rétt eru annars flokks borgarar og það eru borgarar sem setja það á oddinn sem mannréttindakröfu að öðlast fullan kosningarrétt og kjörgengi.

Þetta mál kemur líka inn á hugmyndina um þjóðríkið. Það er mjög athyglisvert einmitt í ljósi þess sem er að gerast í Evrópu og í ljósi þeirrar umræðu sem við höfum farið í gegnum á þinginu um sameininguna og samrunaþróunina í Evrópu vegna þess að þar er í rauninni verið að ganga þvert á hugmyndina um þjóðríki, þ.e. að í hverju ríki sé einungis ein þjóð og ríkið ekki samsett af þeim sem búa á tilteknu svæði.

Það var minnst hér á þriðja ríkið og að það hefði gerst að þriðja ríkið hefði í krafti þess að Þjóðverjar bjuggu í Póllandi og víðs vegar í kringum Þýskaland gert landakröfu vegna þess að þessi þjóðabrot bjuggu í öðrum löndum. Ástæðan fyrir því að þriðja ríkið gerði þessa landakröfu og ástæðan fyrir að þessi umræða kom yfirleitt upp var hugmyndin um þjóðríki, þ.e. að sameina innan sömu landamæra alla þýskumælandi menn. Hugmyndin er að þeir sem tala eitt tungumál eigi að búa í einu ríki og í krafti þeirrar hugmyndar gat m.a. þriðja ríkið sett fram þessar kröfur sínar. Menn eru auðvitað enn þann dag í dag með þessar kröfur á lofti. Ég hefði haldið að það væri kannski frekar akkur í að reyna að vinna aðeins gegn þessu og tryggja jafnrétti allra þeirra þegna sem búa á tilteknu svæði sem myndar eitt ríki.

Við höfum líka komið inn á þessa umræðu varðandi Ísrael og við höfum sagt: Ísrael á ekki bara að vera ríki gyðinga. Ísrael á að vera ríki þess fólks sem þar býr. Þar eiga ekki að vera neinir annars flokks borgarar. Þar eiga allir að njóta sömu réttinda.

Við erum því komin að mjög flókinni umræðu en umræðu sem er að mínu mati mjög spennandi. Hún er mjög flókin og það eru margir þræðir í henni og í rauninni ekki hægt að afgreiða þetta mál á mjög einfaldan máta.

Þetta mál er líka sérstaklega flókið vegna þess að við vitum að það áttu sér stað ákveðnar þjóðernishreinsanir, getum við sagt, þ.e. Rússar voru fluttir til þessra landa og íbúar þessara landa voru fluttir frá þeim. En að þessar þjóðernishreinsanir hafi átt sér stað á undangengum áratugum réttlætir í sjálfu sér ekki að menn komi þannig fram að fólk sem þangað hefur verið flutt og þarna hefur fæðst í kjölfar þess sé meðhöndlað eins og annars flokks borgarar.

Hv. 5. þm. Reykn., Árni R. Árnason, minntist á að það væri mjög mikilvægt að viðhalda þjóðtungu þessara ríkja og þjóðmenningu. Það er auðvitað mjög mikilvægt og rétt en við verðum líka að viðurkenna rétt minni hlutans. Við verðum að viðurkenna rétt annarra þjóðtungna líka. Ég reikna með að það sé ekkert sem komi í veg fyrir það að þessi ríki haldi mjög á lofti sinni þjóðmenningu og sinni þjóðtungu í skólakerfinu og víðs vegar, en það er varla hægt að gera þá kröfu til allra þeirra sem þarna búa að þeir láti þá af sinni þjóð-

tungu sem minnihlutahópur.

En eins og ég segi er þetta mjög flókið mál. Ég hjó eftir því m.a. í grg. að það er talað um að aðeins eistneskir ríkisborgarar skuli hafa kosningarrétt til þings. Allir útlendingar og þar á meðal Rússar geta sótt um ríkisborgararétt í Eistlandi. Þá vaknar sú spurning: Hverjir eru útlendingar? Hvenær er maður útlendingur í einhverju ríki og hvenær ekki? Ég vildi gjarnan fá skilgreiningu á því hér hverjir nákvæmlega eru útlendingar. Ég þekki ekki þessar reglur nákvæmlega um ríkisborgararétt og hverjir teljast útlendingar í þeim skilningi sem hér er settur fram.

Þetta er skemmtileg umræða og áhugaverð og við þurfum að skoða þetta mál mjög vandlega. Þetta er ekki einfalt mál. En mér finnst líka tillagan sem hér er flutt orka mjög tvímælis og sérstaklega það orðalag á henni „að Eystrasaltsríkjunum verði ekki settir óeðlilegir kostir" en þessir óeðlilegu kostir eru ekkert nánar skilgreindir. Það er ekki nánar sagt hvað er átt við með „óeðlilegum kostum".

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6., 10., 11. og 12. mál.

Fundi slitið kl. 7.07 síðdegis.

---

122. FUNDUR

föstudaginn 5. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Sveitarstjórnarlög, frv., 301. mál, þskj. 469. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, stjtill., 232. mál, þskj. 289. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Greiðslur úr ríkissjóði o.fl., frv., 321. mál, þskj. 585. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Lífeyrissjóður sjómanna, frv., 241. mál, þskj. 310. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Vegalög, stjfrv., 314. mál, þskj. 540. — Frh. 1. umr.
6. Flutningar á járnbrautum, stjfrv., 316. mál, þskj. 554. — Frh. 1. umr.
7. Áburðarverksmiðja ríkisins, stjfrv., 238. mál, þskj. 307. — 1. umr.
8. Tvöföldun Reykjanesbrautar, þáltill., 216. mál, þskj. 258. — Frh. fyrri umr.
9. Vegalög, frv., 293. mál, þskj. 425. — 1. umr.
10. Fjáröflun til vegagerðar, frv., 294. mál, þskj. 426. — 1. umr.
11. Endurskoðun slysabóta sjómanna, þáltill., 323. mál, þskj. 591. — Fyrri umr.
12. Atvinnumál farmanna, þáltill., 347. mál, þskj. 626. — Fyrri umr.
13. Rannsóknir og þróun fiskeldis fram til aldamóta, þáltill., 351. mál, þskj. 630. — Fyrri umr.
14. Kirkjugarðar, stjfrv., 375. mál, þskj. 659. — 1. umr.
15. Löndun á loðnu til bræðslu, stjfrv., 304. mál, þskj. 473, nál. 668. — 2. umr.
16. Hvalveiðar, þáltill., 308. mál, þskj. 477. — Fyrri umr.
17. Ríkisreikningur 1990, stjfrv., 243. mál, þskj. 312. — Frh. 1. umr.
18. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 337. mál, þskj. 610. — Frh. 1. umr.
19. Endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda, þáltill., 360. mál, þskj. 640. — Fyrri umr.
20. Stuðningur við réttindabaráttu Eystrasaltsríkjanna á alþjóðavettvangi, þáltill., 278. mál, þskj. 388. — Frh. fyrri umr.
21. Réttindi og skyldur starfsmanna varnarliðsins, þáltill., 355. mál, þskj. 634. — Fyrri umr.
22. Könnun á nýtingu ígulkera, þáltill., 358. mál, þskj. 638. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.,
Finnur Ingólfsson, 11. þm. Reykv.,
Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Hrafnkell A. Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv.,
Jón Baldvin Hannibalsson, utanrrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.,
Salome Þorkelsdóttir, 2. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.,
Stefán Guðmundsson, 4. þm. Norðurl. v.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjala:

Norrænt samstarf 1992 til 1993, 377. mál, skýrsla Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, þskj. 670.

Ráðgjafar- og fræðsluþjónusta fyrir nýbúabörn, 399. mál, þáltill. GJH o.fl., þskj. 693.

Vestnorræna þingmannaráðið 1992, 378. mál, skýrsla Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins, þskj. 671.

Vegalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 314. mál (heildarlög). — Þskj. 540.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegur forseti. Það hefur nú þegar orðið nokkur umræða um þetta frv. til vegalaga sem hér liggur

fyrir. Eins og fram hefur komið eru þetta 30 ára gömul lög sem nú eru í gildi og oft verið krukkað í þau en nú á að gera stóruppskurð á lögunum. Það hefur vakið athygli að enginn þingmaður stjórnarandstöðunnar hefur fengið að koma nálægt þessari lagasmíð. Það er auðvitað í takt við annað sem þessi hæstv. ríkisstjórn er að gera.

Ýmsar breytingar eru boðaðar í þessu frv. Það eru fyrst og fremst breytingar á skilgreiningu ýmissa vega, trúlega til einföldunar sýnist mér því nú er talað um þjóðvegi og einkavegi. Undir þjóðvegi eru stofnvegir, tengivegir, safnvegir og landvegir. En undir einkavegi eru vegir sem geta fengið styrk frá ríki og síðan vegir sem eru alfarið á ábyrgð eigenda.

Það sem vekur mesta athygli í þessu er að það er verið að breyta þjóðvegum í þéttbýli sem hafa hingað til verið styrktir af ríkinu. Það er út af fyrir sig eðlilegt að það séu endurskoðað. Ég tel ekki rétt t.d. að Bústaðavegur í Reykjavík sé reiknaður sem þjóðvegur í þéttbýli og fái til þess styrk frá ríki. Mér finnst mjög eðlilegt að það sé skoðað. En það kemur greinilega fram í frv. að það hefur lítil eða engin samvinna verið höfð við Samband ísl. sveitarfélaga, alla vega hefur fulltrúi þess við gerð þessara laga ekki fengið sínum málum framgengt og lítið eða ekkert tillit verið tekið til hans enda er hann með sérálit á fylgiskjali 4.

Það væri gott fyrir þingheim að heyra hvað hæstv. ráðherra er að hugsa í sambandi við þjóðvegi í þéttbýli. Það kemur alls ekki skýrt fram í þessu frv. hver breytingin er og hvernig skiptingin verður vera ef þetta frv. verður samþykkt.

Það er líka mjög áberandi að ekki á að taka tillit til íbúa sveitarfélaga almennt því ef Vegagerðin ákveður eitthvert vegarstæði og það koma athugasemdir frá íbúum verður sveitarfélagið alfarið að greiða kostnaðinn sem verður í mismun ef tekið er tillit til athugasemdanna. Samgrh. fær enn meira vald en hann hefur nokkru sinni haft og það verður sem sagt lögfest ef þetta frv. verður að lögum.

Við höfum svolítinn forsmekk af alræðisvaldi samgrh. í sambandi við þau flýtiverkefni sem nú þegar hafa verið ákveðin. Þar hefur enginn fengið að koma nálægt og ekki verið tekið neitt tillit til athugasemda sem komið hafa úr kjördæmunum heldur hefur samgrh. alfarið ráðið því og keyrt áfram á ótrúlegum hraða. Ef gerðar eru athugasemdir við þær framkvæmdir sem hann hefur ákveðið að fara í þá telur hann að það sé vegna þess að það vanti undirbúning við þær framkvæmdir sem áður hafa verið ákveðnar. Það var alveg furðulegt að heyra til hans í umræðunni um vegáætlun þegar hann var að skýra það fyrir þingmönnum af hverju var ekki farið í þau verkefni sem þegar er búið að ákveða að fara í á vegáætlun og farið í önnur á undan. Rökin voru þau að það vantaði hönnun á sama tíma sem hann er að fara í verkefni sem ekki er búið að hanna. Ég tel því að það alræðisvald sem samgrh. fær ef þetta frv. verður að lögum sé ekki til bóta.

Það er ýmislegt ágætt í frv. þó kannski mætti ganga lengra. T.d. í sambandi við lausagöngu búfjár. Það er örlítið tekið á því máli. Lausaganga búfjár verður bönnuð ef það er girt báðum megin vegar. En það er auðvitað alveg sérfyrirbrigði á Íslandi hvernig lausaganga búfjár er. Maður má alltaf eiga von á sauðfé á miðjum akbrautum og það er náttúrlega ólíðandi og hefur valdið mörgum slysum. (**Gripið fram í:** Það er sérstaklega vont fyrir sauðféð.) Ég heyri ekki hvað hv. þm. segir en hann er eitthvað að tala um sauðfé. (**Gripið fram í:** Hann hefur ekkert vit á því.) Nei, hann hefur sennilega ekki vit á því en það veldur honum sennilega jafnmiklum óþægindum og hverjum öðrum vegfaranda þegar búfé gengur laust á vegum.

Í 23. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er að greiða af vegáætlun hluta kostnaðar við ferjur til flutnings á fólki og bifreiðum yfir sund og firði, enda komi ferjan í stað vegasambands ...“ o.s.frv. Í ákvæðum til bráðabirgða við frv. segir þó að í allt að þrjú ár sé heimilt að greiða kostnað við ferjur þó þær uppfylli ekki skilyrði um að koma í stað vegasambands. Þannig mundu framlög til Akraborgar og Fagraness falla niður eftir þrjú ár að öðru óbreyttu og það fé nýtast til almennra vegamála þess í stað. Í fjárlögum 1992 fá þessar ferjur samtals 81,8 millj. kr. í framlög úr ríkissjóði, segir hér.

Það er frá því að segja ef ég tek Akraborgina sérstaklega að árið 1992 fóru með skipinu 230.000 farþegar og rúmlega það. Fjöldi gangandi farþega voru 67.000 og akandi farþega 163.182. Það væri kannski skoðandi hvað hver bíll kostar varðandi slit á vegum og það er spurning mín til hæstv. samgrh. hvort hann hafi ekki staðla um það hvað hver bíll kostar varðandi slit á vegum sökum þess að þarna sparast 163 þús. ferðir bíla um Hvalfjörð sem er alls ekki undirbyggður fyrir þá miklu umferð sem yrði ef þessi bílafjöldi kæmi til viðbótar. Hvalfjörður er alls ekki tilbúinn að taka við þessum mikla fjölda bíla sem þar mundi fara um. Ef við skoðum hvað það mundi kosta að gera þær vegabætur í Hvalfirði sem þyrfti til að taka á móti þessari umferð er ég nú hrædd um að dæmið yrði ansi þungt fyrir Vegagerðina.

En það sem málið snýst um er að það er skuld í Ríkisábyrgðasjóði upp á 130 millj. kr. sem er skuld vegna kaupanna á Akraborginni. Skipið var keypt árið 1982 og hefur reynst afskaplega vel, því hefur verið haldið mjög vel við og daglegur rekstur hefur borið sig þangað til í fyrra. En skipið hefur aftur á móti ekki haft fyrir afborgunum og vöxtum. Það er spurning hvort það yrði mikill hagnaður fyrir ríkið ef það tæki til sín skipið, sem er eflaust ekki mikil söluvara, og reksturinn stöðvaðist. Það dæmi held ég að sé alls ekki fullreiknað. Ég vil minna á að reksturinn stóð undir sér þangað til lagður var virðisaukaskattur á olíu. Það setti stórt strik í reikninginn fyrir rekstur Akraborgar. (**Samgrh.:** Það er ekki virðisaukaskattur á olíu.) Það er virðisaukaskattur á olíu, hæstv. samgrh. Það setti stórt strik í rekstur Akraborgar. Að sjálfsögðu hefur ferðum fækkað frá því þær voru flestar en samt sem áður fara enn þá yfir 230.000 farþegar með skipinu árlega.

Það er mjög löng hefð fyrir flóasiglingum milli

Akraness og Reykjavíkur. Það er 60 ára hefð. Þingið hefur gjarnan borið mikla virðingu fyrir hefðum — alla vega var þegar þingveislan var haldin talin mjög löng hefð fyrir því að þingmenn greiddu ekki fyrir sig sjálfir og þess vegna var ekki hægt að breyta þeirri hefð. Það er 60 ára hefð fyrir siglingum þarna á milli og auðvitað hefur þessi hefð skapað vissar forsendur sem erfitt er að grípa inn í í dag. Sérstaklega hafa menn í síauknum mæli sótt vinnu til Reykjavíkur frá Akranesi og einnig hefur atvinnurekstur treyst á að eiga von á föstum samgöngum þarna á milli. Þetta er eins og slagæð á milli Reykajvíkur og Akraness. Akraborg er eins og slagæð. Ég bið hæstv. samgrh. áður en hann klárar þennan stóruppskurð að undirbyggja þessar æðar vel áður en hann sker alfarið á þær. Mér fannst hann segja, ekki samt skýrum orðum, í umræðunni um daginn um vegamál að hann hygðist ekki leggja niður siglingar Akraborgar fyrr en Hvalfjarðargöng væru komin. Nú langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hvort það er ekki réttur skilningur hjá mér að það sem stendur í þessu frv. sé eitthvað sem hann ætli ekki að framfylgja, hvort hann ætli að bíða eftir göngum undir Hvalfjörð áður en hann leggur niður þessa ferjuflutninga.

Ef skoðað er hvort flóaskip almennt eigi rétt á sér þá hljóta menn að skoða hversu margir nýta sér þetta farartæki. Ég er margbúin að endurtaka það í þessari umræðu hversu margir nýta sér Akraborgina. Mér finnst það alls ekki liggja ljóst fyrir hvað það mundi spara ríkinu að stöðva þessa flutninga. Það verður að koma fram einhver betri arðsemiskönnun á því en hér liggur fyrir til að það sé trúverðugt og arðsamt fyrir ríkið. Það er mjög erfitt á sama tíma sem á þriðja hundrað manns eru atvinnulausir á Akranesi að fá slík skilaboð frá ríkisstjórninni um þá óvissu sem það hefur í för með sér að það eigi e.t.v. að klippa í sundur þessa slagæð. Ég endurtek að ég vona að ráðherra skoði það mjög vandlega áður en hann leggur út í þá aðgerð.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna ummæla hv. þm. vil ég segja það fyrst að það er laukrétt að stjórnarþingmenn komu að endurskoðun laga um vegamál. Það hefur verið hafður margvíslegur háttur á í þessum efnum. T.d. var skipuð nefnd allra flokka til þess að endurskoða hið sama fyrir síðustu kosningar en þegar til stykkisins kom þá fóru þingmenn ríkisstjórnarinnar inn í sína þingflokka og kváðu þar upp úr um það hver skyldi verða niðurstaða nefndarinnar og var auðvitað í lokasprettinum ekki haft neitt samstarf a.m.k. við Sjálfstfl. Þannig að það má nú gefa þessu ýmis nöfn.

Auðvitað geta menn látið sem svo að þeir hafi samstarf við stjórnarandstöðu og er auðvelt að gera það áður en til ákvörðunar kemur en kjarni málsins er sá hvernig staðið er að lokatillögum og hvort þá er tekið tillit til heildarsjónamiða.

Um Akraborgina vil ég segja að það er rétt sem hv. þm. sagði að á Akraborginni hvíla nú 132 millj. kr. sem er auðvitað kjarni vandamálanna. Það er búið að velta þessu á undan sér allan þennan tíma, þetta er fortíðarvandi, og það er út af þessum fortíðarvanda sem íbúar Akraness og Vesturlands eru áhyggjufullir vegna framhalds rekstrar Akraborgarinnar. Það er auðvitað ekkert nýtt því það kom nú í ljós að heildarskuldir á ferjum og flóabátum eru 2,3 milljarðar sem er í algjöru og hróplegu ósamræmi við þær fjárveitingar sem veitt hefur verið til þessa á fjárlögum undangenginna ára.

Það er rétt að það hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun um framhaldsrekstur Akraborgarinnar. Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir að til beins rekstrar þurfi hún ekki á styrkjum að halda úr ríkissjóði en á hinn bóginn er í athugun hvort ráðlegt þyki að ráðast í göng undir Hvalfjörð.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég skil hann þannig að stjórnarandstæðingar hafi ekki fengið að vera í þessari nefnd sem fjallaði um frv. til vegalaga vegna þess að þetta hafi verið vissar hefndarráðstafanir hjá hæstv. samgrh. og það er út af fyrir sig mér að meinalausu að hann sé í þvílíkum hefndarhug.

Í sambandi við Akraborgina þá talar hann um að þetta sé fortíðarvandi, þessi skuld sem er á Akraborginni. Þetta er auðvitað mjög löng saga vegna þess að Akraborgin sem þar var á undan og var seld var líka með skuldahala á eftir sér. Þetta er langvinnur vandi og það er mikið atriði að taka rétt framtíðarskref í þessu, gefast ekki upp á miðri leið vegna þess að ríkið mun ekkert græða á að hætta rekstri Akraborgar því að ríkið mun þurfa að innleysa skipið sem er með þessar áhvílandi skuldir. Og markaðsverð þessa skips er örugglega ekki 130 millj. kr.

En það sem ég var að reyna að hvetja ráðherra til að svara okkur hér það var að eyða þeirri óvissu sem er. Eyða þeirri óvissu sem er um það hvort rekstri Akraborgar verði haldið áfram. Ég veit að það er óvissa um Hvalfjarðargöngin og það er mikil óvissa um þau, um það var ég að spyrja. En spurningin er þessi: Á að nota næstu þrjú ár til að leggja niður rekstur þessa skips sem hér hefur verið til umræðu?

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði áðan þá er það skuldahalinn á Akraborginni sem skapar þessa miklu óvissu. Það sem nú liggur fyrir í sambandi við samgöngur milli Vesturlands og Reykjavíkur er að gera sér grein fyrir því hvort fyrir því séu forsendur að fela Speli að annast útboð og undirbúning þess og framkvæmd, ef ráðlegt þyki, um göng undir Hvalfjörð. Fyrirtækið Spölur er auðvitað mjög veikt og þessi mál eru nú í athugun og ég hef ekki sannfæringu fyrir því að það fyrirtæki hafi bolmagn til að standa að slíkum framkvæmdum hjálparlaust. Þá hlýtur maður að velta fyrir sér stöðu Spalar út af fyrir sig. Á þessari stundu liggur sem sagt ekki fyrir hvort ráðist verði í göng undir Hvalfjörð. Það liggur á hinn bóginn ljóst fyrir að ef það verður ekki gert þá er nauðsynlegt að ráðast í umfangsmiklar framkvæmdir á veginum fyrir Hval-

fjörð og jafnframt vakna þá spurningar um hvort rétt þyki í framhald af því að undirbúa veglagningu yfir Dragháls, jafnvel Hesthála og Grjóthála og stytta með því leiðina norður. Þessi mál eru auðvitað ekki á neinu undirbúningsstigi, þetta eru einungis gamlar hugmyndir sem ég er að tala um og hafa ekki verið ræddar milli Vegagerðar og samgrn. Ég er einungis að rifja upp hvernig þessi umræða hefur snúist. En hitt er auðvitað ljóst að ef ekki verður ráðist í göng undir Hvalfjörð þá hljóta menn að taka afstöðu til þess hvort þeir telji ástæðu til að reka áfram ferju milli Akraness og Reykjavíkur og þá á hvaða grundvelli. Það mál hefur ekki verið rætt við samgn. Alþingis af mér. Þessi mál eru sem sagt í undirbúning og vinnslu og ég hef í rauninni ekki meira um það að segja á þessari stundu.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því sem ég hef reyndar gert oft áður að kvarta undan því með hvaða hætti stjórnarmeirihlutinn stendur að málum. Hér hefur verið unnið eins og áður þannig að það hefur verið skipuð nefnd sem aðilar úr þingflokkum stjórnarandstöðunnar eiga enga aðild að og það mun auðvitað kosta það að málið tekur miklu lengri tíma. Það eru engin rök í málinu sem hæstv. samgrh. færði fram áðan að það hafi alltaf á lokasprettinum hvort sem er verið niðurstaða stjórnarflokkanna á hverjum tíma sem réði úrslitum í álitamálum. Það eru engin rök í málinu einfaldlega vegna þess að áður en kom að þeim lokaákvörðunum höfðu menn þó hlustað á sjónarmið hvers annars, vænti ég, í þeim nefndum og undirbúningshópum sem hafa unnið að málum. Þá hafa menn getað áttað sig á því hvað menn gátu náð samkomulagi um og hvað ekki og væntanlega þá færri álitamálin sem meiri hlutinn hefur orðið að skera úr að lokum. Þannig þarf auðvitað að vinna að málum. Ég er ekki einn af þeim sem heldur því fram að meiri hlutinn eigi ekki að fá að ráða úrslitum. En ég held því fram að hann eigi að starfa eðlilega að málum og það er auðvitað gert með því að kynna sér álit og afstöðu allra sem eiga að koma að málinu að lokum.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um þessi vegalög nú. Ég tel eins og ég var að koma að áðan að samgn. þurfi töluverðan tíma til að skoða málið og töluvert lengri tíma en hún hefði annars þurft. Því ef það hefðu verið fulltrúar frá öllum stjórnmálaflokkum sem hefðu fengið að koma að málinu áður þá hefði þurft að athuga færri atriði.

Það eru á ferðinni hér verulega miklar breytingar sem hlýtur að verða mikil vinna hjá nefndinni að fara í gegnum. Ég ætla ekki að fara að lýsa miklum efasemdum hér um margar greinar. Ég get þó bent á sem dæmi að ég hef efasemdir um að það sé rétt að flokka þessa vegi með þeim hætti sem hér er gert. Og t.d. að þessi flokkun í einkavegi sé eðlileg. Ég held að fyrir það fyrsta sé orðið rangt valið. Ég tel að orðið einkavegur hafi ákveðna merkingu í augum landsmanna og það sé óeðlilegt að yfirfæra þá merkingu á veg sem opinberir aðilar eiga eins og hér er t.d. lagt til á einum stað, þ.e. að vegir sem sveitarstjórnir eða bæjarfélög bera ábyrgð á séu kallaðir einkavegir. Ég held að þessi skilgreining geti út af fyrir sig verið til athugunar og gengið en menn verði alla vega að velta því fyrir sér að finna annað orð yfir þá vegi sem eru styrkhæfir af því opinbera og eru kallaðir einkavegir í þessari tillögu. En þar eru á ferðinni ýmsar tegundir af vegum. Þar eru t.d. þjóðvegir í þéttbýli sem eru kallaðir hér einkavegir. Það þætti nú ýmsum skrýtið að hafa það orð yfir vegi í gegnum kauptún og bæi. Þetta er eitt af dæmunum.

Hæstv. samgrh. gerði grein fyrir afstöðu sinni til ýmissa hluta. M.a. fjallaði hann um áætlanirnar sem slíkar. Hann talaði um að það þyrfti kannski að hafa þann hátt á að fresta áætlunum ef kosningar væru í nánd eða gera breytingar á þeim ef kosningar vofðu yfir. Ég verð nú að segja alveg eins og er að mér finnast þetta fáránlegar hugmyndir. Ég tel að þingið verði auðvitað að standa við sínar samþykktir og það verði síðan að koma í ljós hvort þeir sem kosnir eru á þing í kjölfarið eru því sammála sem gert hafði verið fyrr. En að menn hætti að taka ákvarðanir hér þótt kosningar vofi yfir. Það er nú æðierfitt að gera sér grein fyrir því t.d. hvenær kosningar eru fram undan. Ættum við t.d. að fara að hafa varann á okkur núna? Það hefur komið fyrir oftar en einu sinni að kosningar hafa farið fram fyrr en menn ætluðu. Kannski ættu menn þá að hafa vara á sér núna gagnvart þessari lagasetningu sem hér er vegna þess að einhverjir teldu að það væri líklegt að kosningar færu að nálgast. Ég tel sem sagt að þetta sé út í hött og menn ættu að halda sig við það að koma að þessum málum sem hér er auðvitað gert og reyna að gera áætlanir dálítið langt fram í tímann og endurskoða þær með eðlilegum hætti. Þannig held ég að væri gott að standa að málum.

Ég nefndi álitamálin áðan sem eru mörg í þessari tillögu. M.a. kemur það fram í bókun sem fylgir tillögu frá einum nefndarmanni, Þórði Skúlasyni, sem er fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga í nefndinni að þarna er auðvitað verið að flytja á milli í skilgreiningum veganna vegi sem kostar auðvitað töluvert að gera og með því yrði fluttur verulegur kostnaður yfir á sveitarfélögin ef þjóðvegir í þéttbýli yrðu gerðir miklu styttri heldur en þeir eru samkvæmt núverandi skilgreiningu. Það er mat Þórðar að þarna sé á ferðinni um það bil þriðjungur kostnaðar sem mundi færast í stofnkostnaði yfir á sveitarfélögin. Það er auðvitað ekki hægt að setja fram þannig breytingar öðruvísi en um leið sé gerð grein fyrir því með hvaða hætti á að bæta sveitarfélögunum það tap sem þau yrðu þá fyrir við þessa breytingu. Þórður gerir líka tillögu um að það verði skipuð sérstök samstarfsnefnd Vegagerðarinnar og Sambands ísl. sveitarfélaga, sem ég tel fulla ástæðu til að gefa gaum að og mun auðvitað koma til umræðu í nefndinni hvaða breytingar verði teknar inn í þetta því ég geri ráð fyrir að þær verði einhverjar vegna þess hvernig unnið hefur verið að málinu.

Það hlýtur líka að verða ævinlega rætt mikið um starfsemi Vegagerðarinnar í tengslum við endurskoðun af þessu tagi. Það eru líka skiptar skoðanir um ýmsa þætti í þessari starfsemi Vegagerðarinnar og við

höfum orðið vör við að sumt af því sem heyrir til nýjunga í vegagerð hefur valdið deilum. Þar má t.d. nefna sérdeildirnar sem Vegagerðin er með og er farin að láta bjóða í verkefni. Það er vissulega hugmynd sem er skoðunarverð og ég held að út af fyrir sig megi færa ýmis rök fyrir því að Vegagerðin eigi að hafa möguleika á að veita verktökum aðhald. En það er líka hægt að færa ýmis rök á móti þessu og ég tel að það þurfi að takast á um þessa hluti núna. Vegagerðinni hafa líka verið færð ný verkefni og þar er kannski það nýjasta að hún eigi að fara að sjá um útgerð á ferjum og flóabátum. Ég held að það þurfi að ræða alvarlega hvaða stefna á þar að vera. Ég hef heyrt að yfirmenn Vegagerðarinnar séu búnir að koma sér upp ákveðinni stefnu í því hvernig eigi að standa að þessum rekstri og í aðalatriðum sé sú stefna þannig að þeir telji að Vegagerðin eða ríkið eigi þá að eiga ferjurnar en reksturinn verði síðan boðinn út. Kannski ekki endilega skilyrði að Vegagerðin eigi ferjurnar heldur verði aðalatriði málsins það að þessi starfsemi verði boðin út. En þessi stefna hefur hvergi verið staðfest. Hæstv. samgrh. hefur þó sagt nokkurn veginn beinum orðum að það sé hans skoðun að það eigi að fara þessa leið. En það hefur hvergi komið fram nein ákvörðun frá hendi ríkisstjórnarinnar eða hér í þinginu sem staðfestir þessa stefnu. Það er mikil vöntun á því og ég tel að í tengslum við þessa umræðu hér um vegalögin hljóti menn að verða að gera upp svona hluti, þ.e. starfsemi Vegagerðarinnar yfirleitt og að það geti varla orðið til einhverjar nýjar stefnur sem Vegagerðin ætlar að fylgja öðruvísi en það séu teknar einhverjar ákvarðanir hér á Alþingi um það. Ég get ekki sætt mig við að stefnan verði til einhvern veginn utan við umræðu þingsins. Það er nú einu sinni þannig að Alþingi ber alla ábyrgð á fjárveitingum sem fara til vegamála. Og þá er ekkert af þessu undanskilið, hvorki ferjur né flóabátar eða neinir vegir.

Það hefur komið töluvert til umræðu í ræðum manna sem hafa talað hér á undan mér rekstur þeirra ferja sem nú eru í rekstri, m.a. Akraborgarinnar. Það kemur fram í 23. gr. þessa lagafrv., að það er stefna ríkisstjórnarinnar — hlýtur að vera þó ekki hafi verið gerð grein fyrir henni sem slíkri — að á leiðum þar sem vegur er fær yfir vetrartímann verði ekki reknar ferjur sem ríkið taki þátt í rekstri á. Og hæstv. samgrh. hefur jú talað hér eins og þessi lagagrein sé ekki alveg marktæk. Hann hefur í ræðum sínum verið að tala um að ef ekkert verði af göngum undir Hvalfjörð og ef eitthvað, þá þurfi menn að byggja upp veginn fyrir Hvalfjörð. Samt leggur hann fram frv. sjálfur þar sem stendur skýrum stöfum að það eigi að leggja niður þennan rekstur, einmitt þessa skips sem við erum hér að tala um. Mér finnst að það sé ekki hægt annars vegar að leggja fram frv. þar sem kveðið er mjög skýrt á um að það eigi að leggja niður þennan rekstur og þá burt séð frá því hvort einhver göng verði lögð undir Hvalfjörð eða ekki og koma svo hér í ræðustól og tala um að það séu einhver ef þarna á ferðinni. Hvernig ber að skilja þetta? Ég vil fá betri útskýringar á afstöðu ráðherrans til málsins. Ég tel að hann verði að svara því skýrt: Er það meiningin að leggja niður rekstur þessa skips að óbreyttum aðstæðum? Menn eiga ekkert að vera að velta sér upp úr hugmyndum eins og göngum. Auðvitað taka menn afstöðu til þess um leið og það liggur fyrir að farið verði að grafa einhver göng undir Hvalfjörð. Þá geri ég ráð fyrir að menn taki þá ákvörðun að leggja niður þessar skipaferðir þegar því verki væri lokið og hægt væri orðið að aka um göngin. En það verður bara að koma í ljós. Lagafrv. hlýtur að miðast við þær aðstæður sem við erum í núna og menn taka þá ákvarðanir þess vegna. Ég tel að þetta lagafrv. sé ekki nægilega vel undirbúið að því leyti til að ef það á að vera hluti af þessari lagasetningu að ákveða það að leggja niður þessa þjónustu innan þriggja ára sem þarna hefur verið rekin í yfir 60 ár, þá finnst mér að það sé lágmark að lagðar séu fram góðar rannsóknir á því hvert þjóðhagslegt gildi þessarar þjónustu er og í þeirri skoðun verði auðvitað allir hlutir. Þar komi m.a. fjárfestingarnar í veginum fyrir Hvalfjörðinn. Þar komi auðvitað slit á bílum landsmanna. Þar komi orkukostnaðurinn og þar komi minni mengun sem auðvitað er að því að sigla hér á milli en að keyra alla þá bíla fyrir Hvalfjörð sem annars mundu gera það.

Ég vil í sambandi við þessa umræðu um Akraborgina segja að það er eiginlega alveg ótrúlegt að ríkið, sem á 65% í fyrirtækinu, skuli hafa staðið með þeim hætti að rekstrinum, verandi með meiri hluta stjórnarmanna í fyrirtækinu allan tímann, að það hafi verið safnað upp óreiðuskuldum og þær látnar liggja á dráttarvöxtum. Stór hluti af þeim skuldum sem hvíla á skipinu eru dráttarvaxtareikningar frá ríkinu sjálfu, þ.e. frá Ríkisábyrgðasjóði. Og það er m.a. röksemdin fyrir því að þessi rekstur sé óhagkvæmur að hann dragnast með óreiðuskuldir sem svona eru til komnar. Ég tel að þarna þurfi að taka á málinu á einhvern skynsamlegri hátt og fara yfir það á eðlilegan máta og það verði þá borið vel saman ef allir þessir bílar eru keyrðir fyrir Hvalfjörð sem hlýtur að koma í staðinn fyrir rekstur Akraborgar.

En ég ætla ekki að hafa hér langt mál eins og ég sagði. Ég tel að samgn. þurfi góðan tíma til að skoða þetta frv. Ég á sæti í henni þannig að ég fæ tækifæri til að fjalla þar um einstakar greinar sem ég geri ekki hér og hef ekki farið nægilega vel ofan í frv. til þess heldur. Þannig að ég mun síðar gera betri grein fyrir mínum skoðunum á því sem fram kemur í þessu frv.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í ræðu minni og fram kemur í frv. þá er það samið af innanhússnefnd í Vegagerðinni. Sá sem hafði umsjón og stjórnaði því verki var fyrrv. vegamálastjóri, Snæbjörn Jónasson, þannig að hér er um faglegt frv. að ræða eins og ég hélt að hefði komið skýrt fram. Mér kemur það þess vegna mjög mikið á óvart ef hv. þm. ætlar að hafa það að yfirvarpi til að tefja fyrir málinu í nefnd eins og hann sagði í upphafsorðum sínum hér áðan þegar hann sagði að málið tæki lengri tíma af því að stjórnarandstaðan fékk ekki að koma að því. Þetta er yfirlýsing

hv. þm. um að hann ætli að tefja fyrir málinu í nefnd þó svo hann eigi að vita það sem samgöngunefndarmaður að hér er um faglegt frv. að ræða sem unnið var innan Vegagerðarinnar. Þetta lýsir að sumu leyti sumum þeim sjónarmiðum og vangaveltum sem hv. þm. var með hér áðan og í rauninni má segja að sé grunntónninn í málflutningi þingmanna um samgöngumál eins og fram kom á síðasta fundi þingsins.

Ég vil í öðru lagi frábiðja mér þess að ég hafi sem samgrh. reynt að stöðva Akraborgina. En úr því að farið var að tala um óreiðuna áður en ég kom í embætti samgrh. og það var gert af þingmanni Alþb. á Akranesi vil ég rifja það upp að í fjárlögum fyrir árið 1991 voru ætlaðar 25 millj. kr. til Akraborgarinnar. Þegar kom fram á haustið lá við að Akraborgin stöðvaðist og það varð að veita ríkisstyrki að fjárhæð 50 millj. kr. á því ári til að reyna að halda rekstrinum gangandi. Þannig var nú viðskilnaðurinn. Þetta er eitt með öðru skýringin á því hversu illa er komið fyrir rekstri flóabáta, hversu miklar skuldirnar eru. Og þetta er líka skýringin á því hvers vegna þingmenn Vesturlands eru svo kvíðnir yfir áframhaldandi rekstri Akraborgarinnar.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. samgrh. ber af sér þetta frv. Kallar þetta innanhússnefnd í Vegagerðinni og lætur eins og hann hafi ekki lesið það yfir. Ætli það trúi því nokkur lifandi maður að hæstv. samgrh. lesi ekki yfir svona frv. og geri sér grein fyrir því hvað það í aðalatriðum snýst um? Ég tel að framlagning hans á þessu frv. sé yfirlýsing um að það sé hans stefna að leggja niður þessa starfsemi sem við vorum að tala um áðan.

Um það sem hann sagði áðan að þetta væri yfirvarp mitt til að tefja málið vísa ég nú til föðurhúsanna. Ég hef ekki lagt í vana minn að reyna að koma í veg fyrir að mál nái fram að ganga í þinginu og mun taka þátt í því í samgn. að vinna að málinu þar af fullum heilindum. En ég segi það bara aftur sem ég sagði áðan að auðvitað tekur það lengri tíma fyrir okkur í samgn. að átta okkur á einstökum breytingum sem leiða af þessu frv. þegar ekki hefur verið komið að málinu frá okkar hlið. Það hlýtur hver maður að sjá að er rétt.

Um það að ekki hafi verið staðið nægilega vel að rekstri Akraborgar á þeim tíma sem alþýðubandalagsmenn hafi verið í ríkisstjórn ætla ég ekki að ræða neitt sérstaklega. Ég tel að það verði bara að horfa á málin eins og þau liggja fyrir. Það hefur verið safnað þarna upp óreiðuskuldum. Ríkið sem slíkt er þarna meirihlutaeigandi og hefur staðið að þessu með þeim hætti að safna upp óreiðuskuldum og dráttarvaxtareikningum á þetta fyrirtæki. Nú er það orðin röksemd í málinu að þessar skuldir séu svo miklar fyrir því að það eigi að leggja niður þessa starfsemi. Það er mjög miður. Það er alveg sama hver hefur komið að þessum rekstri. Það er mjög miður að svona skuli hafa verið staðið að þessu.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að lýsa ánægju minni yfir því að hv. þm. hefur að hluta til dregið til baka þá yfirlýsingu sína að hann muni reyna að draga úr að eðlileg vinnubrögð verði um þetta mál í nefndinni. Ég hlýt líka að láta í ljós undrun mína yfir því að hann skuli vera að reyna að gera lítið úr því að Vegagerð ríkisins skuli hafa komið að samningu þessa frv., sem er faglegs eðlis. Þeir sem eldri eru í þingsölum en hann vita mjög vel að það ríkir mjög mikið traust í þinginu einmitt til forustumanna Vegagerðar ríkisins, bæði þess vegamálastjóra sem nú er og þess sem áður var. Það er auðvitað alveg út í hött að halda því fram að ég kannist ekki við þeirra verk, vilji ekki við þau standa, jafnmikið og það er út í hött að halda því fram að það sé óeðlilegt að formaður samgn. og formaður fjárln. komi að máli sem varðar samgöngumál og fjármál áður en þau eru lögð fram í þinginu. Auðvitað á slíkt að verða til þess að greiða fyrir því að það fái eðlilegan framgang. Og það var auðvitað algerlega út í hött hjá hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur, 2. þm. Vesturl., hér áðan að Samband ísl. sveitarfélaga hefði ekki komið að málinu af því að fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga í þeirri nefnd sem yfirfór frv. hafi skilað séráliti. Auðvitað gat sá fulltrúi ekki skilað séráliti nema vegna þess að hann var hafður með í ráðum, var í þeirri nefnd sem fór yfir frv. og þar fram eftir götunum. Það þarf ekki að fara fleiri orðum um þetta. Þetta frv. er faglega lagt fram, þetta er faglegt frv., faglega undirbúið og ég vænti þess að það fái faglega umfjöllun í nefnd. Um hitt geta svo menn talað hvort mínar skoðanir í samgöngumálum séu réttar eða ekki. En það er algerlega fyrir utan þetta frv.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skil nú ekki alveg nógu vel hvernig hæstv. samgrh. hugsar það sem hann er að tala. Ég var ekki að gera lítið úr þeim hjá Vegagerðinni með nokkrum hætti og ég tel að þeir séu fulls trausts verðir. Ég sagði einungis það að hæstv. samgrh. hljóti að taka ábyrgð á því sem í frv. stendur. Ég dreg það ekki til baka, ég held að hann hljóti að gera það og verði að gera það og það hljóti að vera hans ákvörðun að standa að greinunum öllum sem eru þarna á ferðinni. Hann geti ekki umhugsunarlaust hafa lagt fram frv. um það t.d. að leggja niður þessa starfsemi. Hann hlýtur að hafa hugsað það mál. Ég held að ég þurfi ekki miklu við þetta að bæta. Ég gaf aldrei neina yfirlýsingu um að ég ætlaði mér að reyna að tefja þetta mál í þinginu. Einungis gaf ég yfirlýsingar um að ég teldi að við þyrftum góðan tíma til að fara yfir málið, meiri tíma heldur en við hefðum kannski þurft, það hef ég endurtekið hér, ef við hefðum fengið að koma að því fyrr. Ég tel þess vegna að hæstv. samgrh. sé óþarflega viðkvæmur fyrir því sem ég hef sagt um þá hluti. Hins vegar finnst mér allt í lagi að hann sé viðkvæmur fyrir því þegar hann er gagnrýndur fyrir að leggja fram frv. sem hann virðist ekki vera ákveðinn í að fylgja sjálfur að fullu.

Ingibjörg Pálmadóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég vil gera athugasemd við það að hæstv. samgrh. gerir efnislega athugasemd við ræðu mína hér áðan og ég hef ekki tækifæri til að svara honum í andsvörum þar sem hann er í andsvörum við annan hv. þm. Þetta þykir mér ekki rétt og vil gera athugasemd við það.

Hann talaði um að það hefði ekki komið fulltrúi úr sveitarfélögunum. (**Forseti:** Nú er hv. þm. að fara út í efnislega umræðu um málið.) Já, það kann að vera en ég ætla bara að endurtaka að sveitarfélögin virðast eiga að borga meira og ráða minna. Það er það sem er að gerast varðandi þetta frv.

En mér finnst mjög óeðlilegt að ráðherra geri hér efnislegar athugasemdir við ræður annarra þingmanna í andsvörum og líka það að ég ætla að minna á að þessar 130 millj. sem skuldin er á Akraborginni er eins og ein lítil brú.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það verður að segjast eins og er að þetta frv. er nokkur framför frá því frv. sem flutt var í gær um járnbrautir og skipaskurði. En þá er líka eiginlega allt sagt sem skiptir máli því til málsbóta. Hér hefur verið farið inn á þá braut sem er einhver sú forkostulegasta að tryggja það eitt að Vegagerðin hafi völd en ekki að fólkið komist eftir vegunum. Virðist það sérstæð lagasetning að leggja jafnmikið kapp á það t.d. með forræði yfir vegi að Vegagerðin sé orðin einkaeigandi að öllum snjó á veginum. Og hann megi alls ekki fjarlægja nema með leyfi Vegagerðarinnar. Það blasir við ef hæstv. samgrh. verður fastur í skafli þá er hann lögbrjótur ef hann fer að moka þennan snjó í heimildarleysi í stað þess að sækja um leyfi til vegamálastjóra og gildir þá einu hvort það er að nóttu eða degi og þætti mér gaman að sjá hvort hæstv. samgrh. færi eftir þeim lögum ef þetta yrði gert að lögum. Menn halda kannski að það sé verið að „djóka" þegar svona er talað en það er svo merkilegt að verkstjórar Vegagerðarinnar sumir hverjir hafa neitað sveitarfélögum um heimild til að opna vegi þegar þeir hafa haldið þeim lokuðum samkvæmt reglum um snjómokstur og sagst meira að segja hafa rétt til að skipa þeim að skila snjónum aftur á sinn stað ef þeir gerðust nú svo djarfir að fjarlægja hann. Þetta hefur aftur á móti hvergi verið skipulega sett upp í frv., eða lögum, fyrr en nú. Nú er þetta sett snyrtilega niður. Og svo skulum við skoða muninn á þeim rétti sem Vegagerðin ætlar sjálfri sér að búa við og það sem hún ætlar öðrum að búa við. Við skulum örlítið kíkja á þetta atriði.

Ef um einkaveg er að ræða þá kemur það hér fram í 10. gr. að lögreglustjóri getur skyldað eiganda til að gera úrbætur og stöðvað vegagerð eða bannað umferð um veginn þar til bót hefur verið á ráðin ef hann telur veghaldi svo áfátt að hætta geti stafað af. En hvað ef stofnbrautin sjálf er nú lokuð? Hver hefur þá sjálfdæmi um það? Þýðir að benda lögreglunni á að það sé ófært eftir stofnbrautinni til Ísafjarðar? Nei, það skiptir lögreglustjórann engu máli. Þá er ekki hægt að skipa lögreglustjóranum að sjá til að Vegagerðin komi veginum í lag. Þá hefur Vegagerðin sjálfdæmi um hvenær hún sér til þess að vegurinn verði opnaður. Hvers lags lagasetning er þetta? Hvers lags hugmyndir liggja á bak við svona rugl í uppsetningu?

Það er merkilegur hlutur þegar farið er yfir þetta að það er eins og það hafi gleymst gjörsamlega að það er nýbúið að gera samkomulag við sveitarfélögin um að ríkið taki við sýsluvegunum og í staðinn áttu sveitarfélögin að taka við öðrum verkefnum. Ríkið byrjaði á að svíkja mjög hvað það ætti að leggja til af fjármunum til sýsluveganna. Núna aftur á móti fer það svoleiðis á handahlaupum undan þessari skyldu sinni. En hvað með verkefnin sem sveitarfélögin tóku við á móti, hvað með þau? Hvar er klásúlan um að það eigi að skila þeim til baka? Hvar er sú klásúla? Hæstv. samgrh. hefur því miður látið ginna sig heldur illa þegar hann ákvað að tala fyrir þessu frv. án þess að hafa lesið það áður en hann talaði fyrir því. Því það fær ekki staðist að hæstv. ráðherra sem er stuðningsmaður einkaframtaks í þessu landi hafi látið sér detta það í hug að standa þannig að málum eins og hlutirnir eru hér settir upp. En sumt er þó svo skemmtilega skoplegt að maður skilur ekki einu sinni hvernig þeir hafa hugsað sér að það yrði framkvæmt. — Og nú bið ég hæstv. ráðherra að halda sig í salnum og fylgjast með. — Hér stendur í 14. gr.:

„Þegar helmingur þeirra sem afnotarétt hafa af veginum er sammála um hvernig mæta skuli sameiginlegum útgjöldum eru þær ákvarðanir bindandi fyrir hina ..."

Gott og vel. Annar helmingurinn gerir samþykkt um að svona skuli mæta útgjöldunum, með nefskatti, hinn helmingurinn gerir aðra samþykkt, hún er alveg jafnbindandi en bara ekki fyrir þann helming sem gerði hana heldur hinn helminginn, ef það á að fara eftir textanum. Það eru tvær löglegar ákvarðanir teknar á sama fundinum af sitt hvorum helmingnum sem völdin hafa á þessum fundi. Og auðvitað á að framkvæma báðar og báðar eru bindandi. Þetta eru nátturlega hugmyndir um lagasetningu sem eru svoleiðis út í hött að maður hefur aldrei séð jafnskemmtileg tilþrif í vitleysu eins og hér er verið að leggja til. (**Samgrh.:** Hvernig væri að þingmaðurinn útskýrði mál sitt betur?) Með leyfi hæstv. forseta, er guðvelkomið að taka að sér að lesa hér upp 14. gr. og fara hægt yfir hana.

„Nú verða þeir sem einkaveg nota ekki á eitt sáttir um hverjir hafi rétt til nota af veginum eða um greiðslu viðhaldskostnaðar og getur þá hver þeirra krafist mats samkvæmt reglum 46. gr.

Þegar helmingur þeirra sem afnotarétt hafa af veginum er sammála um hvernig mæta skuli sameiginlegum útgjöldum eru þær ákvarðanir bindandi fyrir hina, þar á meðal að kostnaður skuli að einhverju eða öllu leyti greiðast af umferðargjaldi."

Reglan hefur verið sú, hæstv. ráðherra, frá því að Alþingi var stofnsett á sínum tíma að það er meiri hlutinn sem ræður. Meiri hlutinn hefur samkvæmt lýðræðislegum leikreglum rétt til að hafa rangt fyrir sér var

það sem hæstv. fyrrv. forsrh. Bjarni Benediktsson boðaði á sínum tíma sem grundvallaratriði fyrir lýðræðinu. Meiri hlutinn hefur rétt til að hafa rangt fyrir sér. Núna er aftur á móti niðurstaðan sú að helmingurinn skal hafa rétt til að ráða. Gallinn er bara sá að það eru tveir helmingar. Ef maður skiptir 100 í tvennt þá koma tveir helmingar, 50 atkvæði í hvorum í þessu tilfelli, og báðir helmingarnir skulu hafa réttinn til að hafa rétt fyrir sér. Þetta er svo furðuleg hugsun að maður skilur ekki hvernig stendur á því að menn setja svonalagað inn í frumvarpstexta.

Svo kemur hér 15. gr. Þar hefur aftur á móti gerst það fádæma undur að aftur átta menn sig á því að það er reglan í fundarsköpum að það sé meiri hlutinn sem eigi að hafa réttinn en ekki helmingurinn. Ég trúi því hreint ekki að hæstv. ráðherra hafi lesið þetta án þess að gera sér grein fyrir hvað þetta var vitlaust.

En ég ætla að fara hér yfir 10. gr., með leyfi hæstv. forseta.

„Eigendur einkavega hafa veghald þeirra. Á einkavegum sem opnir eru fyrir almenna umferð getur viðkomandi lögreglustjóri skyldað eiganda að gera úrbætur og stöðvað vegagerð eða bannað umferð um veginn þar til bót hefur verið á ráðin ef hann telur veghaldi svo áfátt að hætta geti stafað af."

Þarna er valdið skýrt. Á einkavegaeigendurna skal senda lögregluna miskunnarlaust ef þeir ekki standa sig. Ekkert hik. Ætli sérsveitin verði ekki kölluð á vettvang til að sjá til þess að þetta verði í lagi? En hvað ef stofnbrautirnar eru ekki í lagi, hæstv. ráðherra? Hvað þá? Ég hef komið að stofnbrautum sundurgröfnum á Vestfjörðum? Hver ber þá ábyrgðina? Það er hvergi minnst á skyldur veghaldarans, það er hvergi minnst á þær. Ekki eitt einasta orð um að það megi þá senda dómsmrh. á Vegagerðina ef þetta er ekki í lagi. Þetta er nefnilega sett upp á þann furðulega hátt að ríkið ætlar sér allt annan rétt en þegnunum.

Ríkið ætlar ekki að búa við það, í þessu tilfelli Vegagerðin, að það sé hægt að skipa neinum sem hún hefur yfir að ráða að lúta lögum frá dómsvaldinu í þeim efnum að hér verði að gera úrbætur. Þeir hafa gengið svo grimmt fram í sumum tilfellum að þeir hafa breytt legu vega þannig að fjöldi manns hefur farið út af á viðkomandi stað, meira að segja vegaeftirlitið hefur farið þar út af, lögregluefirlitið. Það var gert við brú í Hrútafirði á sínum tíma.

Ég hygg að hæstv. ráðherra hafi heldur ekki áttað sig á því hvaða meðferð eignarrétturinn fær í kafla á bls. 6 í 32. gr. Ég ætla að lesa þessa grein fyrir hæstv. ráðherra:

„Nú er lagður vegur gegnum land manns þar sem skipulag er ekki fyrir hendi og á hann þá rétt á að fá óhindraðan aðgang að vegi, a.m.k. á einum stað frá landareign sinni. Landeigandi skal birta Vegagerðinni kröfu sína í þessu efni, áður en vegurinn er fullgerður á þeim stað sem hann vill hafa aðgang að og skal aðgangur gerður þar eða svo nálægt sem kostur er. Telst kostnaður við það verk með öðrum vegagerðarkostnaði.

Nú birtir landeigandi Vegagerðinni eigi kröfu sína um aðgang að veginum í tæka tíð og skal hann þá gera aðganginn á sinn kostnað."

Hvar er það land sem ekki er skipulagt á Íslandi? Samkvæmt skipulagslögum er allt land skipulagsskylt. Það er nú það fyrsta. En hér virðist eiga að veita Vegagerðinni rétt til að leggja vegi án þess að gengið sé frá skipulaginu fyrst. Og það merkilega er að þeim finnst þó sanngjarnt að setja það í lög að landeigandinn eigi rétt á því að komast af þessum vegi yfir á sitt land. En engu að síður, ef vegurinn liggur nú í gegnum mitt land hans, á hann kost á einum afleggjara upp á veginn. Það er honum tryggt með lögum. Hvernig á hann þá að komast yfir á hinn helminginn? Það skal hann þá gera á eigin kostnað. Og ef þetta væri nú gegnum 10 km langa spildu gæti farið svo að það þyrfti að gera nokkra slóða upp á þennan veg. Ég er alveg gáttaður á því hvað það er sem mönnum dettur í hug að setja í lög.

Svo er hér dálítið merkilegt í 33. gr.:

„Byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja nema leyfi Vegagerðarinnar komi til" — ég hef nú aldrei heyrt talað um laus mannvirki, en það er sama — „nær vegi en 30 metra frá miðlínu stofnvega og 15 metra frá miðlínu annarra þjóðvega.

Verði ágreiningur um hvar miðlína vegar muni verða sker Vegagerðin úr.

Loftlínur má ekki strengja yfir veg nema lægsti hluti línu sé a.m.k. 5 metra frá yfirborði vegar.

Ekki er heimilt að gera brýr yfir þjóðvegi nema að fengnu leyfi Vegagerðarinnar sem ákveður hvert lágmarksrými skuli vera undir þeim.

Ekki er heimilt að hengja á loftlínur eða brýr merki eða auglýsingar sem ekki eru leyfð annars staðar á vegsvæðinu."

Hérna er það fyrst og fremst þessir 30 metrar, annars vegar 30 frá miðlínu stofnvega og 15 frá miðlínu annarra þjóðvega. Þetta land skal allt á forræði Vegagerðarinnar og nú ætla ég að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað eru þetta margir ferkílómetrar? Ég bið hann nú að skrifa þetta niður, hæstv. ráðherra. Hvað eru þetta margir ferkílómetrar sem hér er um að ræða? Og hverjir eru eigendur þessa lands í dag? Er það Vegagerðin? Það hlýtur nefnilega að vera mikið umhugsunarefni þegar svona frv. kemur fram hvort það sé ætlunin að Vegagerðin eignist bara landið út frá þjóðvegunum eins og henni dettur í hug, verði veghaldari jafnt yfir veginum, snjónum sem grasinu á þessu svæði.

Ég verð að segja eins og er að hæstv. ráðherra hefur trúlega ekki vitað heldur hvað hann var að gera varðandi 39. gr. og er rétt að lesa hana hér upp:

„Skylt er eiganda girðinga að halda þeim við svo að aldrei geti þær hindrað eða bagað umferð um veginn. Þyki þessa ekki gætt er Vegagerðinni heimilt að framkvæma viðgerð á kostnað þess sem að réttu ber að halda girðingunni við.

Vegagerðinni er heimilt að flytja girðingar og fjarlægja tré og annan gróður ef nauðsyn ber til af öryggisástæðum eða til framkvæmdar viðhaldi, svo sem snjómokstri."

Það væri nú fróðlegt að fá að vita hversu mikið af skóglendi er ætlað að fjarlægja, en vissulega getur þetta átt rétt á sér í sumum tilfellum. En hitt er þó ekki síður athyglisvert að ef Vegagerðin er nú orðin eigandi að veginum og landinu í kring, þá eru í gildi þau lög í landinu að eigendur verða að girða á merkjum ef annar eigandi krefst þess. Og ef landeigandinn tilkynnir nú Vegagerðinni að hann vilji girða á merkjum milli síns lands og Vegagerðarinnar sem hún er orðin eigandi að samkvæmt þessu, þá er eins árs fyrirvari gagnvart almennum lögum að fara í verkið, eins árs fyrirvari. Svo einfalt er það. Þannig að nú þurfa bændur bara að tilkynna Vegagerðinni að þeir vilji girða á merkjum og það er einfalt mál. Það verður að fara í þá girðingu á næsta ári.

Og hvernig skyldi nú vera með viðhald á girðingu sem er sameign tveggja, þ.e. Vegagerðarinnar og landeiganda? Auðvitað borgast viðhaldið að hálfu, hæstv. ráðherra. Það er grundvallaratriði í samskiptum aðila sem eiga sameign að jöfnu.

Ég hygg nefnilega að það hafi gleymst þegar menn sömdu þetta frv. að það er nú svo að það er til þó nokkurt safn af lögum í landinu sem fjalla um hina ólíkustu hluti og það verður að taka tillit til þeirra. Þetta er alveg eins og með vegakerfið, það þarf að tengja það saman. En verði þetta frv. að lögum, þá hygg ég nú að viðleitni manna til að útbúa hringvegi muni stórkostlega aukast því að ef vegurinn er í hring, þá gilda allt aðrar reglur og allt aðrir möguleikar í túlkun hver á að borga kostnað heldur en ef um er að ræða veg sem endar í fjalladal, liggur fram dalinn öðrum megin, ef hann lægi nú fram dalinn hinum megin og aftur til mannabyggða, þá væri ástandið miklu betra varðandi allan kostnað, ef fara á eftir þeirri uppsetningu sem hér er lögð til. Satt best að segja held ég nú að hæstv. ráðherra geri sér grein fyrir því að Vegagerðin þarf að lifa í sátt við sitt umhverfi, bæði sveitarfélög og landeigendur, og það er náttúrlega algerlega út í hött ef sveitarstjórnir mega ekki láta moka veg þegar Vegagerðin neitar að moka. Það er gersamlega út í hött. Það minnir mest á hvíta snjóinn í Rússlandi á sínum tíma þegar einn valdsmaður þar taldi nú skynsamlegt að sannfæra bónda sem alltaf hafði getað staðið í skilum um það að hvítasti snjórinn væri á hans landareign og þeir mundu vafalaust heimta að hann yrði allur fluttur til Moskvu ef þetta fréttist út og fékk hann til þess að greiða sér vissa þóknun til að þegja yfir þessu. Ég trúi því ekki að Vegagerðinni sé þetta svo mikið kappsmál að mega eiga snjóinn að það þurfi að ganga frá þessu á þann hátt sem hér er lagt til gagnvart veghaldi.

Ég vona að það takist með vinnu í nefnd að sníða ýmsa agnúa af þessu frv. og ég vona líka að það verði meira sáttahljóð í mönnum því að þetta sem hér er verið að tala um er ekkert einkamál stjórnarandstöðunnar. Það er ekkert einkamál stjórnarandstöðunnar hvort þessi eða hin leiðin er opin og það er ekkert einkamál stjórnarandstöðunnar hvort hætt verður ákveðnum siglingum með ferjum. Hins vegar get ég vissulega tekið undir það að það þarf að gæta hagsýni í þeim efnum og kannski hef ég meiri samúð með hæstv. ráðherra varðandi ferjusiglingar en á mörgum öðrum sviðum, því að auðvitað þarf íslenska þjóðin að reyna að standa að málum á þann hátt að útgjöld hennar séu viðráðanleg. En menn hafa nú staðið að ferjusiglingum vegna þess að vegagerð hefur sums staðar verið það áfátt. Hún hefur hreinlega ekki verið í stakk búin til þess að takast á við það verkefni sem henni er ætlað.

Ég er sannfærður um það að, ef við gerum stórátak í vegagerð á ýmsum svæðum, getum við dregið úr kostnaði við ferjusiglingar. En það verður þá að gera þessi stóru átök. Og það er ekki leið til sparnaðar að halda ferjunum kyrrum vegna verkfalla.

Ég hef tekið eftir því að hæstv. ráðherra telur sér það mjög til gildis að hann hafi „tendensa" til þess að stjórna á svipaðan hátt og alnafni hans hér í þinginu, hann sé ráðríkur líka og vilji ráða og það má vel vera að hæstv. ráðherra hafi á þingmannsferli fundist oft að mikið vantaði á að hann hefði þau völd sem hann vildi hafa. Þess vegna telji hann rétt að nota tækifærið núna og stjórna með skörungsskap, nota valdið meðan hann hefur það. Ég hygg að þetta mat hæstv. ráðherra á eigin skapgerð sé nokkuð rétt og út af fyrir sig skiptir þá öllu máli hvort réttar ákvarðanir eru teknar. En ég vil jafnframt bæta því við að hæstv. ráðherra átti nú stundum í brösum með þingið þegar hann var óbreyttur þingmaður og ég veit að hann gerir sér grein fyrir því að varðandi lagasetningu þarf hann að eiga nokkurt samstarf við þingið. Það er nú einu sinni svo að hér verður að flytja málin og fá þau samþykkt. Þess vegna ætlast ég til þess að hann skoði þetta frv. til laga á þann hátt að hann ætli Vegagerðinni ekki sjálfdæmi í sínum málum en lögreglunni aftur á móti að dæma þegar aðrir eiga að vinna hliðstæð verk, hann ætli sér að hafa jafnræði í þessum lögum og það verði að koma fram í þessum lögum skyldur á hendur Vegagerðinni.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson er rökfastur og skýr í sínum málflutningi, en hitt er verra að honum láðist að bera þetta frv. sem hér liggur fyrir saman við gildandi lög og gerði þess vegna of mikið úr þeim breytingum sem hann uggði að samþykkt frv. gæti haft í för með sér. Um hina 14. gr. og þann helming sem tæpur helmingur ræðu hans fjallaði um vil ég aðeins segja það að samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir því að það vald sem í frv. er miðað við helming er miðað við aukinn meiri hluta eða 66,66% þannig að hér er komið nokkuð til móts við það sem þingmaðurinn hélt fram og hygg ég því að hann vilji styðja það mál.

Um 32. gr. þar sem hann talaði um land sem þjóðveg sem færi í gegnum, óskipulagt svæði, þá er það ákvæði 32. gr. samhljóða því ákvæði sem er í gildandi vegalögum. Þegar hann talar um 33. gr. og spyr hversu margir ferkílómetrar séu nær vegi 30 metra frá miðlínu stofnvega og 15 metra frá miðlínu annarra þjóðvega svara ég því hreinskilnislega að um það hef ég ekki hugmynd, enda hafði mér ekki dottið í hug að athuga það. Hitt liggur ljóst fyrir að greinin fjallar um

það að reyna að tryggja öryggi um vegi, bæði fyrir vegfarendur og þá sem eru nálægt vegunum, eiga leið þar um, þannig að hér er um öryggisákvæði að ræða sem eru mjög samhljóða 74. gr. vegalaga og og hið sama er raunar að segja um þau atriði sem hann ræddi í sambandi við girðingar og viðhald á þeim. Þau eru að mestu samhljóða 70.–73. gr. gildandi vegalaga. Ég býst við að eftir að þessar upplýsingar liggja fyrir verði hugur hv. þm. mildari til þessa frv. heldur en ella *mundi.*

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eitt af grundvallaratriðum hér á landi að við notumst bara við eitt tungumál í þessum sal. Og samkvæmt því tungumáli er helmingur helmingur ekki 60 eða 65%. Það breytist ekkert og verður ekki hægt að taka upp þá stefnu að helmingur þýði 65% hjá Vegagerðinni, helmingur þýði 30% hjá RARIK og helmingur þýði 20% þegar við komum í Flugmálastjórn. Það væri dálítið skrýtið ef slík regla yrði tekin upp. Helmingur er helmingur, hæstv. ráðherra. Þetta veit hæstv. ráðherra.

Varðandi skipulagslögin má hæstv. ráðherra vera það ljóst að við höfum verið að samþykkja eitt og annað í skipulagslögum að undanförnu sem í sumum tilfellum hefur gert það að verkum að ákvæði annarra laga hafa orðið úrelt. Það er gersamlega úrelt hugsun að hægt sé að leggja vegi á Íslandi án þess að skipulag komi þar að. Það er gersamlega úrelt. — Ég hefði gaman af að hafa hæstv. umhvrh. hér við hendina þessa stundina (**Gripið fram í:** Það er ekkert gaman.) og fá hans upplýsingar um það hvort hann telji æskilegt að Vegagerðin fái sjálfdæmi um það hvar hún leggi vegi um landið án skipulags. Ég gæti trúað því að þau undur og stórvirki mundu gerast að hæstv. samgrh. og hæstv. umhvrh. yrðu nú ekki alveg sammála um þetta atriði.

Mér þótti vænst um það sem hæstv. ráðherra minntist ekki á hér í ræðu sinni og sínu andsvari. Hann minntist ekkert á það að honum væri það kappsmál að Vegagerðin yrði einkaeigandi að snjónum og þess vegna vænti ég þess að það verði á því skilningur að sveitarfélög hafi heimildir til þess að láta moka snjó af vegum ef Vegagerðin telur sér ekki fært að gera það.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég tók eftir því að hæstv. samgrh. sagði hér við umræðuna að á undanförnum árum hefði verið byggt upp mjög gott samstarf og samskipti milli Alþingis og Vegagerðar ríkisins og í reynd tel ég að það séu jafnframt góð samskipti við sveitarstjórnir og aðra í landinu um þennan mikilvæga málaflokk. Ég tel að það skipti afar miklu máli að Vegagerð ríkisins sé í góðu sambandi við umhverfi sitt og þá aðila sem fjalla mikið um þessi mál og það fer ekki hjá því að alþingismenn á hverjum tíma eru þeir aðilar sem verða hvað mest varir við kröfur og beiðnir fólksins í landinu um bættar samgöngur. Menn halda nánast ekki þann fund að ekki sé fjallað með einum eða öðrum hætti um samgöngumál og þá ekki síst vegamál. Það er jafnframt ljóst að þingmenn kjördæmanna eru í góðu sambandi við sveitarstjórnir og fá oft og tíðum mikið af erindum um málefni sem snerta þennan málaflokk.

Ég veit ekki betur en um það hafi verið allgóð samstaða á Alþingi, a.m.k. svo lengi sem ég hef verið hér, að halda málum með þessum hætti. Virðulegi forseti. Ég vildi nú helst að hæstv. samgrh. gæfi sér tíma til að hlusta á mál mitt því ég er nú að tala við hann, en það má vel vera að það sé til of mikils mælst. En ég tel að hæstv. samgrh. leggi sig nokkuð fram um það að breyta þessum vinnuháttum og virðist vilja gera það vegna þess að hann hafi litlu ráðið í nefndum sem hann hafi komið að sem stjórnarandstæðingur og sagði hér áðan að það hefði nú ekkert verið á það hlustað og stjórnarliðið hefði ákveðið þessa hluti þegar málin voru að lokum gerð upp.

Nú er það svo að auðvitað er það stjórnarmeirihluti á hverjum tíma sem ákveður það hvernig málum skuli endanlega verða skipað. En í málaflokki sem þessum finnst mér það vera mikilvægt, hæstv. samgrh., að við reynum að hafa bærilega samstöðu um samskiptareglur til frambúðar þannig að það megi ljóst vera hvernig fjallað skuli um þessi mál og það sé mikil skammsýni að líta eingöngu til þess hverjir eru nú í stjórnarmeirihluta. Hæstv. samgrh. virðist vilja líta á þennan málaflokk eingöngu út frá þessum árum sem hann verður væntanlega við völd á þessu sviði. Og miðað við þá reynslu sem við höfum af hæstv. samgrh. í þessu sambandi og tilburðum hans til að breyta öllu þessu samskiptaformi og rífa það niður, þá er mjög mikilvægt að það séu settar alveg ákveðnar reglur um það hvernig þessu skuli háttað. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að það sé mikilvægt að inn í 18. gr. komi frekari ákvæði um verkefni þingmanna kjördæma í þessu sambandi og samskipta þeirra við Vegagerðina í ljósi þess að hæstv. samgrh. hefur viljað breyta þarna til og lagt sig þá fram um það að draga úr því trausti sem annars gæti ríkt á milli þessarar stofnunar og þingmanna. Ég vil biðja hæstv. samgrh. í fullri vinsemd að taka þetta til athugunar og láta ekki skammsýni og persónulegar skoðanir ráða um of í þessu sambandi. Það er sjálfsagt að líta fram hjá því þó hann hafi ekki viljað hafa neina stjórnarandstæðinga með í undirbúningi þessa máls. Það virðist vera að hæstv. samgrh. vilji það almennt ekki, það sé svona „prinsip" af hans hálfu að það skuli aldrei gert. Það er í reynd óskiljanlegt að hæstv. samgrh. skuli hafa komist að þessari niðurstöðu eftir langa þingreynslu. Ef samgrh. hefur orðið fyrir einhverjum vonbrigðum með samstarf við sinn þingflokk í gegnum tíðina, þá hefði ég nú haldið að hann mundi fremur snúast þannig við að reyna að bæta þar um og reyna að lagfæra það heldur en snúa því öllu upp í andhverfu sína. Þótt menn séu skapmiklir, þá er mikilvægt að menn reyni að stilla það þannig að skynsemin verði ofan á en mér hefur þótt að hæstv. samgrh. hafi farið þar aðeins yfir strikið.

Svo vildi ég aðeins gera athugasemd við eina grein sem ég rakst hér á hvað varðar heimildir Vegagerðarinnar. Ég tel mikilvægt að fara yfir það í þessu frv. hvaða heimildir Vegagerðin á að hafa. T.d. stendur hér

á einum stað að Vegagerðinni sé heimilt að flytja girðingar og fjarlægja tré og annan gróður ef auðsyn ber til af öryggisástæðum eða til framkvæmdar viðhaldi, svo sem snjómokstri. Nú er sjálfsagt mikilvægt að Vegagerðin hafi nokkrar heimildir en það má lengi deila um það hversu langt skuli ganga í að fjarlægja tré til þess að tryggja öryggi. Ég býst við því að það mundi miklu betur sjást fram fyrir bíla og til hliðar ef tekið yrði töluvert belti af trjám sitt hvoru megin við veginn í Hallormsstaðaskógi, en ég á ekki von á því að nokkrum manni detti í hug að gera það. En það gilda ákveðnar reglur um það hvernig umgengni skuli háttað, að því er varðar a.m.k. há tré, og þess vegna finnst mér nú nauðsynlegt að Vegagerðin hafi ekki alveg ótakmarkaðar heimildir í þessu sambandi og það sé eðlilegt að um þetta sé haft samstarf við skipulagsyfirvöld og sveitarstjórnir. Þótt ég sé á engan hátt að reikna með því að Vegagerðin muni misfara með slíkt vald við núverandi aðstæður, þá held ég að það sé rétt að takmarka allt slíkt vald þannig að umfjöllun um viðkvæm mál séu a.m.k. tryggð í þeim tilgangi að afstýra slysi sem gæti orðið.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja að mér þótti undarlegt þegar flokksbróðir hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar vék orðum að mér þar sem ég sat í mínum stól að biðja mig sérstaklega að hlýða á mál sitt og hafa þau orð um hegðun flokksbróður síns að segja: Ég tel að það sé ekki til of mikils mælst af samgrh. Þarna hefði hv. þm. auðvitað átt að ávarpa flokksbróður sinn en ekki mig.

Ég vil gera annað að umræðuefni í ummælum hv. þm. Við erum hér að fjalla um faglegt mál sem ég setti til sérstakrar umfjöllunar hjá sveitarstjórnarmönnum og jafnframt var sent til umfjöllunar hjá formanni fjárln. og formanni samgn. ásamt fulltrúa frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Í þessu felst ekki annað en eðlilegur pólitískur undirbúningur að því að leggja fyrir þingið nýtt frv. um vegamál sem er umgerð fyrir Vegagerð ríkisins metin út frá sjónarmiðum þess ráðherra sem fer með þessi mál. Það hefur ekki verið gefið í skyn eða með neinum hætti áformað að reyna að koma í veg fyrir eðlilegt samráð og samvinnu við stjórnarandstöðuna um það hvernig unnið skuli að þessu máli í samgn. og mér finnast þau ummæli sem hv. þm. var að gefa í skyn í því samband mjög óverðug. Hitt er vitað áður að hv. þm. er sár yfir því að hann skyldi ekki hafa komið að þeirri ákvörðun hvernig fjármagni var varið í sambandi við átak til atvinnuaukningar nú í haust. Það er annað mál en kemur auðvitað þessu frv. ekki við.

Ég vil svo að síðustu segja að auðvitað eru skiptar skoðanir um stefnu í samgöngumálum en við það verðum við báðir að una, ég og hv. þm. Við höfum áður rætt um þau efni en ég tel að það komi fleirum en þingmönnum Austurlands við hvernig staðið verði að t.d. veglagningu yfir Möðrudalsöræfi.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla nú ekki að fara að tala um það þótt ég hafi beðið hæstv. samgrh. að hlýða á mitt mál, en það þakka ég nú fyrir samt að hann hefur tekið eftir því sem ég sagði. En það er alger misskilningur hjá hæstv. samgrh. að ég sé eitthvað sár yfir því að ég hafi ekki komið að einhverju ákveðnu máli. Það kemur þessu máli ekkert við. Mín vegna persónulega má samgrh. ákveða alla þessa hluti ef hann kýs svo. Það er það sem hann virðist vilja. Ég tel það hins vegar mjög óskynsamlegt, hæstv. samgrh., ekki bara vegna dagsins í dag heldur fyrir alla framtíð. Og ég segi það í mikilli vinsemd. Ég tel að hæstv. samgrh. gangi þannig fram í málum að hann skapi ekki frið um viðkvæm mál. Ef hæstv. samgrh. vill sérstaklega leggja sig fram um það að skapa ófrið í þessum málum, þá er hann á réttri leið og hann ætti þá heldur að herða sig í því. Ef hann vill hins vegar reyna að skapa sátt um þessi erfiðu og viðkvæmu mál á hann að ganga öðruvísi fram og ég tel að það væri skynsamlegt að gera það upp á framtíðina. Ég tel að það hafi tekist allvel til í gegnum áratugina að byggja upp þessa vinnuhætti þótt oft hafi verið deilt um það. Ég tel mikilvægt að varðveita það sem hefur áunnist og horfa til lengri tíma og þá kemur það ekkert við endilega vegarkafla á Möðrudalsöræfum, það er sérstakt mál. En almennir samskiptahættir skipta miklu máli, hæstv. samgrh,. og ég bið þig um að taka þá til endurskoðunar.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki tekið til mín þau ummæli sem hv. þm. hafði hér. Ég hef þvert á móti í hvert skipti sem þingmenn stjórnarandstöðu hafa rætt við mig um samgöngumál reynt að greiða mjög fyrir því að slíkar viðræður gætu tekist og vil minna hv. þm. á viðræður sem við höfum átt m.a. um Flugfélag Austurlands í þeim efnum. Hitt liggur alveg ljóst fyrir að það var tekin ákvörðun um það af ríkisstjórninni nú í haust að leggja fram lista með ákveðnum framkvæmdum þegar farið var í vegarframkvæmdir í sambandi við sérstaka lántöku til atvinnuaukningar. Það er líka rétt að ýmsir þeir sem áttu sæti í fyrri ríkisstjórn hafa lýst yfir andstöðu sinni við það að ekki skuli hafa verið farið eftir þeim drögum að langtímaáætlun sem síðasta ríkisstjórn lagði fram á síðasta þingi fyrir síðustu kosningar. Og þar vík ég m.a. að framkvæmdum eins og brú yfir Jökulsá í Dal en eins og ég hef áður vikið að — þessi ákvörðun mín hefur mjög verið gagnrýnd, m.a. af hv. þm. ef ég hef réttar spurnir af því — var farið í þá brú m.a. vegna þess, eins og ég hef áður skýrt frá, að aðilar vinnumarkaðarins lögðu á það ríka áherslu að það yrði reynt að verja sumu af þessu fé til brúarframkvæmda vegna þess að þeir töldu að fleiri gætu komið að slíku. Það má á hinn bóginn vel vera að hv. þm. hefði verið sáttari við það ef ég hefði tekið þann kostinn t.d. að nota þetta stórverkefnafé til þess að ráðast í nýja brúargerð yfir Skjálfandafljót eða Héraðsvötn. Ég skal ekki um það segja. En ég hef lagt mig fram um að eiga gott samband við stjórnarandstöðuna

þó svo að milli okkar sé djúpur ágreiningur um þetta einstaka atriði.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara taka það fram að það er ekki nóg að hæstv. ráðherra telji að hann hafi afar gott samband við stjórnarandstöðuna og leggi sig mjög fram í þeim efnum. Aðalatriðið er nú að stjórnarandstöðunni finnist það og ég hef ekki heyrt það á stjórnarandstöðunni að þar sé sú skoðun uppi þannig að það hlýtur að vera nokkurt áhyggjuefni fyrir hæstv. ráðherra. En það þýðir náttúrlega lítið fyrir hann að vera að segja við sjálfan sig að þetta sé allt saman í mjög góðu lagi. Þetta kemur ekki einstökum verkefnum við, hæstv. ráðherra, og ég ætla ekki að fara að tala um þau hér en ég tel að það þurfi að ríkja góðar samskiptareglur, ekki aðeins undir stjórn þess ráðherra sem nú situr heldur samskiptareglur sem geti orðið til frambúðar til þess að áfram megi ríkja traust milli þingmanna, sveitarstjórna og Vegagerðar ríkisins og það sé engum ráðherra fært að grafa undan því. Þess vegna held ég að það sé mikilvægt að festa þessar reglur sem best í lögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áburðarverksmiðja ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 238. mál. — Þskj. 307.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins. Frv. þetta er samið í anda almennrar stefnu sem ríkisstjórnin hefur markað um einkavæðingu ýmislegrar starfsemi sem opinberir aðilar hafa með höndum. Þessi stefnumörkun á sér rætur m.a. í því að nauðsynlegt er talið að endurskoða fyrirkomulag og rekstrarumhverfi ýmissa fyrirtækja og stofnana hins opinbera.

Hin almennu rök sem hníga að því að breyta ríkisfyrirtæki á borð við Áburðarverksmiðjuna hlutafélag eru alkunn. Hér á landi jafnt og annars staðar á Vesturlöndum þykir yfirleitt eðlilegt að ríkið dragi sig sem mest út úr atvinnustarfsemi sem keppir við almennan atvinnurekstur. Jafnframt er talið við hæfi að opinber fyrirtæki sem þannig háttar um séu rekin í formi hlutafélaga. Ríkisfyrirtæki á Norðurlöndum eru yfirleitt rekin sem hlutafélag og mun óhætt að fullyrða að annað rekstrarform heyri til undantekninga.

Hér á landi, eins og í flestum löndum hins vestræna heims, hefur löggjafinn skilgreint starfsemi hlutafélaga vandlega og sett ítarlegar reglur þar að lútandi. Í lögum um hlutafélög er kveðið nákvæmlega á um starfssvið stjórnar framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Þar eru og ákvæði sem vernda rétt minnihlutaeigenda. Þar sem ríkið býður öðrum til samstarfs um atvinnurekstur hentar hlutafélagaformið því ákaflega vel.

Önnur veigamikil rök fyrir því að nýta hlutafélagaformið fyrir ríkisfyrirtæki felast m.a. í því að rekstur fyrirtækisins verði hagfelldari og sveigjanlegri á ýmsa lund. Stjórn og framkvæmdastjórn gera grein fyrir gerðum sínum og áformum um málefni fyrirtækisins á aðalfundi eða hluthafafundi og eru í þeim efnum ábyrgar gagnvart eigendum verksmiðjunnar. Fjárhagsleg uppbygging fyrirtækisins veldur því að æskilegt er að reka það í formi hlutafélags. Vilji fyrirtækið takast á hendur nýjar fjárfestingar, ráðast í nýjungar eða leitast á annan hátt við að treysta stöðu sína á markaði gefur hlutafélagaformið færi á að leita eftir framkvæmdafé með hlutafjáraukningu og laðar með henni til samstarfs nýja hluthafa sem kæmu inn með nýtt hlutafé.

Með frv. þessu er lagt til að Áburðarverksmiðju ríkisins verði breytt í hlutafélag sem í upphafi verður í eigu ríkisins. Almenn lög um hlutafélög gilda um fyrirtækið. Stjórn félagsins verður kosin á aðalfundi. Ábyrgð stjórnenda á fyrirtækinu og tengsl við eigendur fellur í þann farveg sem lög um hlutafélög mæla fyrir um.

Meðan engin breyting verður á eignaraðild Áburðarverksmiðjunnar þykir ekki ástæða til að leggja til að breyting verði á rétti verksmiðjunnar til einkasölu sem henni er tryggður samkvæmt gildandi lögum um Áburðarverksmiðju ríkisins. Samkvæmt bókun 8 um ríkiseinkarétt í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði stendur aðlögunartími vegna ríkiseinkaréttar til sölu á tilbúnum áburði eigi lengur en til 1. jan. 1995. Verði á hinn bóginn meiri hluti hlutabréfa í verksmiðjunni seldur fyrir þann tíma þykir rétt að einkarétturinn falli sjálfkrafa niður við eigendaskipti á verksmiðjunni.

Þrátt fyrir að fjárhagur Áburðarverksmiðju ríkisins standi traustum fótum ríkir óneitanlega óvissa um framtíð fyrirtækisins. Verksmiðjan hefur frá því um miðjan síðasta áratug staðið frammi fyrir samdrætti í notkun tilbúins áburðar hér á landi samfara samdrætti í framleiðslu sauðfjárafurða og mjólkurvara. Fyrirsjáanlegur er frekari samdráttur í notkun tilbúins áburðar af þessum sökum en um þessar mundir er unnið kerfisbundið að því að laga framleiðslu þessara afurða að sölumagni á innlendum markaði. Verði samþykktar nýjar reglur, sem nú er fjallað um á vettvangi GATT, má vænta enn frekari samdráttar í framleiðslu búvöru hér á landi sem búast má við að dragi úr notkun tilbúins áburðar. Loks ber að nefna að samkvæmt fyrrgreindum samningi um Evrópskt efnahagssvæði fellur niður ríkiseinkaréttur til sölu á tilbúnum áburði hér á landi frá og með 1. jan. 1995. Telja verður líkur á því að þessi atriði sem hér hefur verið drepið á kunni að leiða til umtalsverðs samdráttar í sölu á tilbúnum áburði hér á landi. Sú hætta blasir við að sala Áburðarverksmiðjunnar dragist verulega saman og að verksmiðjunni reynist ókleift að ná viðunandi rekstrarhagkvæmni miðað við framleiðslumagn.

Horfur á að afla megi erlendra markaða fyrir framleiðslu Áburðarverksmiðjunnar hljóta að verða að metast m.a. í ljósi þess að í Vestur-Evrópu standa áburð-

arverksmiðjur með mikla ónýtta framleiðslugetu. Jafnframt verður að gera ráð fyrir að búvörumarkaðir Vestur-Evrópu einkennist mjög á komandi árum af innflutningi landbúnaðarafurða frá nýfrjálsum Austur-Evrópuríkjum.

Ég hef drepið á helstu ástæður þess að talsverð óvissa ríkir um framtíð fyrirtækisins. Ég legg áherslu á að Alþingi geri sér ljósa stöðu þessa þýðingarmikla fyrirtækis. Mér þykir og mikilvægt að enginn gangi í grafgötur um ótrygga framtíð þess eins og nú blása vindar. Þess vegna þykir mér rétt að draga fram helstu óvissuþætti um framtíð verksmiðjunnar í þessari framsögu en vísa að öðru leyti til grg. með frv.

Áburðarverksmiðja ríkisins er langstærsta og þýðingarmesta fyrirtækið á sviði efnaiðnaðar hér á landi. Um er að ræða fyrirtæki sem býr yfir víðtækri reynslu og sérhæfingu á ýmsum sviðum efnaiðnaðar, svo sem í framleiðslu á vetni með rafgreiningu og meðhöndlun þess. Brýnt er að búa þannig um hnúta að verksmiðjunni verði sköpuð skilyrði til að takast á við óvissa framtíð. Sem stofnun í eigu ríkisins hlýtur hún að teljast vanbúin til þessa verkefnis. Þess vegna er hér lagt til að rekstrarformi verksmiðjunnar verði breytt í hlutafélag. Tilgangurinn er að skapa henni nauðsynlegan sveigjanleika, aðlögunarhæfni og viðbragðsflýti til að málum hennar megi ráða farsællega til lykta og tryggja hagsmuni ríkisins sem eiganda verksmiðjunnar. M.a. þarf að ákvarða fyrirtækinu nýjan starfsvettvang reynist ekki fjárhagslega hagkvæmt að halda áfram framleiðslu tilbúins áburðar á Íslandi. Jafnframt er nauðsynlegt að skapa betri færi á að ráðast í nýmæli og nýsköpun í starfseminni. Í þessu sambandi er mikilvægt að nýta megi þá tækniþekkingu sem fyrirtækið og starfsmenn þess búa yfir, svo og fjárfestingar sem í eignum þess eru fólgnar. Í þessu skyni verður verksmiðunni sett stjórn sem starfar eftir reglum hlutafélagalaga um ábyrgð gagnvart eiganda og eigendum. Þetta fyrirkomulag virðist best fallið til að ráða fram úr álitaefnum um rekstur fyrirtækisins í framtíðinni.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að rekja í framsögu efni einstakra greina frv. Mér þykir þó rétt til áherslu að víkja í sem stystu máli að bráðabirgðaákvæðum frv. Annars vegar er kveðið á um að Áburðarverksmiðjan hf. skuli, meðan hún er í eigu ríkisins, hafa sama einkarétt til sölu, framleiðslu og innflutnings á tilbúnum áburði og Áburðarverksmiðja ríkisins hefur haft samkvæmt gildandi lögum nr. 43/1971, um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Í fyrirliggjandi frv. er fylgt orðalagi þeirra laga um þetta efni. Meðan breyting verður ekki á eignaraðild Áburðarverksmiðjunnar þykja ekki efni til að breyta þessum einkarétti hennar. Þess ber þó að gæta að umræddur einkaréttur stendur ekki lengur en til loka aðlögunartíma sem kveðið er á um í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði.

Samkvæmt bókun 8 um ríkiseinkarétt í samningnum stendur aðlögunartími vegna ríkiseinkaréttar til sölu á tilbúnum áburði eigi lengur en til 1. jan. 1995. Hverfi meiri hluti hlutabréfa í verksmiðjunni úr eigu ríkisins fyrir þennan tíma þykir eðlilegt að einkarétturinn falli niður við eigendaskipti.

Í bráðabirgðaákvæði II er kveðið á um að ábyrgð ríkissjóðs á lánssamningum Áburðarverksmiðju ríkisins, sem stofnað hefur verið til fyrir gildistöku laga þessara, haldist til loka samningstíma umræddra skuldbindinga. Þetta er gert til að koma í veg fyrir að erlendir kröfuhafar nýti heimildir í lánssamningum til að gjaldfella lán vegna hlutafélagsstofnunarinnar. Jafnframt þykir rétt að árétta áframhald ríkisábyrgðar þeirra tveggja lána sem hér um ræðir og skýrt er frá í grg. með frv. Á hinn bóginn þykir eðlilegt að hið nýja félag veiti ríkissjóði fullnægjandi veð í eignum sínum sem tryggingu fyrir skaðleysi ríkissjóðs vegna ábyrgðarinnar.

Hæstv. forseti. Ég legg áherslu á að landbrn. geti átt gott samstarf við landbn. um efni frv. Ég vil um þetta frv., eins og um önnur frv. sem ég legg hér fram sem landb.- og samgrh., leggja áherslu á að framkvæmdarvald og löggjafarvald verða að vinna vel saman. Þó okkur kunni að greina á um einstaka efnisþætti verður að sjálfsögðu einnig að rifja upp hver forsaga mála er.

Ég vil leyfa mér að leggja til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn. Ég legg áherslu á að nefndin geti lokið athugun þess sem fyrst. Frv. hefur legið lengi fyrir í þinginu en ekki komist að vegna annríkis. Á hinn bóginn er það brýnt vegna Áburðarverksmiðjunnar, þess starfsfólks sem þar er og hagsmuna ríkisins að hægt sé sem fyrst að koma nýrri stjórn að Áburðarverksmiðjunni sem hafi svigrúm til þess að íhuga hvernig brugðist skuli við nýjum viðhorfum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Þar sem ég á sæti í hv. landbn. og hef þar tækifæri til þess að fjalla um þetta mál þá sé ég ekki ástæðu til að hafa um það langa ræðu en get þó fullvissað hæstv. ráðherra um að hann þarf ekki að hafa áhyggjur af því að sú nefnd muni ekki taka á þessu máli á málefnalegan hátt eins og öllum þeim málum sem þangað er vísað. Ég átta mig eiginlega ekki alveg á því hvers vegna hæstv. ráðherra taldi ástæðu til að taka þetta sérstaklega fram undir lok sinnar framsögu.

Almennt um stöðu Áburðarverksmiðjunnar get ég tekið undir með ráðherra að það er mjög mikilvægt að menn hyggi að framtíð þessa fyrirtækis og því betur hefur verið unnið þar mjög gott starf á síðustu árum. Áburðarverksmiðjan er tæknilega orðin mjög vel uppbyggð og fjárhagsstaðan er góð sem hefur leitt af sér að hlutfallslega hefur áburðarverð farið lækkandi á síðustu árum og það ber að þakka.

Ég vil reyndar ekki trúa öðru en því að það takist að búa þannig um hnútana að við getum haldið áfram áburðarframleiðslu innan lands. Til þess að menn átti sig á því hvað áburðarverð vigtar í innlendri búvöruframleiðslu og innlendri matvælaframleiðslu þannig að menn séu ekkert að ofgera þar varðandi hvað menn geti sparað, þá er mjög algengt í mjólkurframleiðslu að

áburðarverð sé u.þ.b. 10% og hefur á síðustu árum verið innan við 10% af heildarveltu búanna. Þegar við athugum síðan hvað innlenda matvaran vigtar í framfærsluvísitölunni, sem er eitthvað rúmlega 10%, sjáum við að þarna er ekki um að ræða hluti sem velta þungum hlössum í framfærsluvísitölunni innan lands. Ég er þó ekki með þessu að draga neitt úr því að það beri að stuðla að því að lækka aðföng og það verður að gera í áburðarframleiðslunni líka.

Sú spurning verður áleitin varðandi Áburðarverksmiðjuna og áburðarframleiðsluna í landinu hvort ekki mætti hugsa sér að lækka verðið og bjóða þannig upp á ódýrari áburð. Ég er sannfærður um að það mundi örva viðskipti við verksmiðjuna. Landbúnaður á Íslandi byggir á grasframleiðslu og bændur hafa á síðustu árum verið að ná tökum á því að nýta stöðugt meira og meira innlent fóður í framleiðslu sinni. Til þess að sú þróun geti haldið áfram og við getum sótt fram áfram á kostnað innflutts kornfóðurs, þá þurfa bændur í landinu að hafa aðgang að ódýrum áburði. Ég velti þessu upp í þessari umræðu.

Að lokum, virðulegi forseti, þá ætla ég ekki að taka neina afstöðu hér til þess meginákvæðis frv. að breyta Áburðarverksmiðjunni í hlutafélag. Mér sýnist hins vegar ekki miklar líkur á því á næstunni að aðrir aðilar en ríkið sýni áhuga á þessu fyrirtæki. Í það minnsta ekki eins og hæstv. landbrh. hefur lýst stöðu þessa fyrirtækis þegar hann hefur rætt um það fram að því að hann flutti þessa ræðu núna. Mér finnst þar kveða við eilítið annan tón. Áður hefur maður heyrt hæstv. ráðherra tala um það sem nánast gefinn hlut að áburðarframleiðsla hér muni líða undir lok á allra næstu árum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kirkjugarðar, 1. umr.

Stjfrv., 375. mál (heildarlög). — Þskj. 659.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Á þskj. 659 hefur verið lagt fram frv. til laga um kirkjugarða, greftrun líka og líkbrennslu sem kirkjulaganefnd hefur samið á grundvelli frv. sem samþykkt var af kirkjuþingi á sínum tíma. Frv. var lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi, 1991–1992, en varð þá ekki útrætt.

Frv. þessu er ætlað að leysa af hólmi lög um kirkjugarða frá 1963, með síðari breytingum, og lög um líkbrennslu frá 1915.

Kirkjulaganefnd, sem skipuð er biskupi Íslands, ráðuneytisstjóranum í dóms- og kirkjumrn. og dr. Ármanni Snævarr, samdi frumdrög að frv. um þetta efni eftir að tillögur og ábendingar höfðu borist frá ýmsum aðilum sem kunnugir eru framkvæmd laga um kirkjugarða.

Kirkjuráð lagði frv. fyrir kirkjuþing 1985 en málið var afgreitt endanlega af kirkjuþingi haustið 1986 eftir að tillögur höfðu borist frá ýmsum aðilum. Taldi kirkjuþing rétt að heildarfrv. yrði samið um þetta efni og tók saman slíkt frv. Þá var horfið að því ráði á kirkjuþingi að fella lög um líkbrennslu, nr. 41/1915, inn í frv.

Kirkjulaganefnd fjallaði að nýju um frv. eins og það kom frá kirkjuþingi og gerði nokkrar lagatæknilegar breytingar á því. Dr. Ármann Snævarr sá um endurskoðunina á vegum kirkjulaganefndar. Sérstök nefnd samdi frv. um kirkjugarðsgjöld og kirkjugarðssjóð sem breytir lögum um kirkjugarða og var það lögfest sem lög nr. 89/1987. Hafa þau lög verið felld inn í þetta frv. án efnislegra breytinga. Gengið var frá frv. til flutnings nú í dóms- og kirkjumrn.

Frá því að frv. þetta var síðast lagt fram hafa nokkrar breytingar verið gerðar á því í kirkjumrn. Breytingarnar varða 10., 20. og 21. gr. frv. og miða að því að skerpa línur um það hvaða verkefni í kirkjugörðum er ætlað að kosta með kirkjugarðsgjöldum.

Í 10. gr. frv. er nú lagt til að kirkjugarðsstjórn sjái ávallt um að láta taka grafir, auk þess sem hún annist árlegt viðhald legstaða en þannig mun þetta víða hafa verið framkvæmt. Að auki er lagt til það nýmæli að kirkjugarðsstjórn beri kostnað af prestsþjónustu vegna útfara. Þessum breytingum er ætlað að koma í veg fyrir mismunun um það hvaða þjónusta skuli vera kostuð af því kirkjugarðsgjaldi sem menn hafa þegar greitt eftir því hvar þeir búa á landinu eða hver annast útförina.

Í 2. mgr. 20. gr. er lagt til að kirkjugarðsstjórn sé heimilt að styrkja kostnaðarsamar framkvæmdir við útfararkirkjur. Þótt slíkt ákvæði sé ekki í lögum nú mun slíkur stuðningur hafa átt sér stað víða um land, enda oft mikil samstaða með kirkju og kirkjugarði og erfitt að greina þar á milli. Þykir nauðsynlegt að ætla fyrir þessu í lögunum. Þetta er þó aðeins heimildarákvæði og það er hverrar kirkjugarðsstjórnar fyrir sig að marka stefnu í þessu máli. Mætti svo kveða nánar á um þetta í reglugerð.

Í 1. mgr. 21. gr. er lagt til að leyfi dóms- og kirkjumrn. þurfi til að reka útfararþjónustu og að ráðuneytið afli sér umsagnar skipulagsnefndar kirkjugarða um umsóknir um slík leyfi. Var alls ekki ætlunin með þessu ákvæði að auka kröfur til þeirra sem nú stunda þessa starfsemi eða hafa í framtíðinni bein áhrif á fjölda þeirra sem þessa þjónustu stunda heldur leggja grunn að því að til þeirra aðila sem ætla sér að koma inn í starfsemina séu gerðar ákveðnar eðlilegar, faglegar kröfur.

Í 2. mgr. 21. gr. er svo lagt til að þar sem kirkjugarðsstjórnir annist útfararþjónustu skuli sú starfsemi vera aðskilin frá lögboðnum verkefnum kirkjugarðsstjórnar. Þetta ákvæði er í góðu samræmi við 10. gr. frv. eins og hún er nú, samanber það sem sagt hefur verið um þá grein, að skýrt skuli kveðið á um það til hvaða verkefna kirkjugarðsgjöldum er varið og þau skuli ekki notuð til annars. Þetta ákvæði miðar að því að útfararþjónusta á vegum kirkjugarðsstjórnar sitji við sama borð og útfararþjónusta á vegum annarra aðila.

Aðrar efnisbreytingar hafa ekki verið gerðar á frv.

þessu frá því það var síðast lagt fram og vísa ég til framsögu með frv. á síðasta þingi og athugasemda sem fylgja frv.

Í athugasemdum með þessu frv. er gerð grein fyrir sögulegri þróun á þessu sviði og gefið yfirlit yfir löggjöf fyrri tíma um þetta efni. Þar kemur enn fremur fram að þau lagasjónarmið sem búa að baki lögum um kirkjugarða og líkbrennslu eru þríþætt. Það eru í fyrsta lagi trúræn viðhorf, í öðru lagi heilbrigðissjónarmið og í þriðja lagi eru kirkjugarðar og góð umhirða þeirra menningarviðfangsefni. Út frá því sjónarmiði hefur lengi þótt eðlilegt að leggja nokkrar skyldur á sveitarfélög og er þetta frv. m.a. á því byggt að nauðsynlegt sé að auka samskipti sveitarstjórna og kirkjugarðsstjórna.

Ég vil að lokum taka fram að ekki er í frv. gerð breyting varðandi þann grundvöll sem aðstöðugjald er fyrir útreikningi ákveðinna tekna kirkjugarða, sbr. 38. gr. frv., þótt innheimta aðstöðugjalds hafi verið felld niður með lögum nr. 113/1992, um breytingu á lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga. Um þetta þarf að fjalla nánar þegar þeim atriðum sem lög nr. 113/1992 fjalla um, verður ráðið til lykta fyrir árið 1994.

Frú forseti. Ég hef þá í aðalatriðum gert grein fyrir efni frv. og þeim breytingum sem á því hafa orðið frá því að það var lagt fram á síðasta þingi og legg til að því verði vísað að lokinni þessari umræðu til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tvöföldun Reykjanesbrautar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 216. mál. — Þskj. 258.

Flm. (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Framhaldi umræðu um þessa tillögu hefur verið frestað með tilliti til þeirra þingmanna sem hafa kvatt sér hljóðs sem hafa verið fjarstaddir þingfundi að undanförnu. Þeir hafa hins vegar ekki komið fram tilmælum sjálfir um að fresta umræðunni frekar og ég er því sammála því, virðulegi forseti, að hún haldi áfram og málið komist til nefndar.

Ég hef áður við umræðuna gert grein fyrir helstu rökum sem mæla með þessari framkvæmd en það er skemmst að segja bætt öryggi umferðar og vegfarenda um Reykjanesbrautina. Í öðru lagi er þörf fyrir aukna flutningsgetu. En um öryggi vegfarenda verður að segjast að Umferðarráð, sem fjallar um öryggi í umferðinni, hefur hvað eftir annað á undanförnum árum bent á að þessi þjóðvegur sé einhver svartasti kafli þjóðvega landsins. Reykjanesbrautin er aðeins 0,6% af þjóðvegakerfinu, en þar gerast 12,3% allra umferðarslysa og hlutfall meiðsla og tjóna er enn þá hærra en þessu nemur.

Vegagerð ríkisins hefur gert nokkurn samanburð á óhöppum og slysum í umferð á Reykjanesbraut og á Suðurlandsvegi sem telst á ýmsan hátt sambærilegur þjóðvegur og þar kemur fram að Reykjanesbrautin er mun verri þegar tekið hefur verið tillit til vegalengdar og fjölda í umferðinni. Umferð um Reykjanesbraut er sérstök, einkanlega hvað varðar mikla næturumferð og hversu mjög hún er tímabundin sem kemur auðvitað fram í vissu álagi á ökumenn og aðra sem í umferðinni eru.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að gera frekar að umtalsefni þessi atriði. Þeim flestum eru gerð skil í greinargerð með tillögunni og ég lýk máli mínu með því að leggja til að henni verði vísað til síðari umr. og til hv. samgn. þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað. — [Fundarhlé.]

Réttindi og skyldur starfsmanna varnarliðsins, fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ, 355. mál. — Þskj. 634.

Flm. (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Á þskj. 634 hef ég lagt fram till. til þál. um réttindi og skyldur starfsmanna varnarliðsins á Íslandi. Hún er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á utanrrh. að undirbúa og setja reglur um réttindi og skyldur íslenskra starfsmanna varnarliðsins á Íslandi."

Það er svo, virðulegi forseti, að um kjör og réttindi íslenskra starfsmanna varnarliðsins fer að mestu eftir almennum kjarasamningum en þó er það svo að um skyldur þeirra eiga við ákvæði og eru í raun viðhöfð ákvæði og kröfur sem ekki eiga við á hinum almenna vinnumarkaði. Þegar þetta tvennt er borið saman kemur í ljós verulegt misræmi, en hins vegar er hægt að finna visst samræmi með skyldum og kröfum til þessara manna og með þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra manna er gegna stjórnunarstöðum í hinu íslenska stjórnkerfi. Þó er það svo að vegna stöðu varnarliðsins er ekki unnt að skapa eða veita íslenskum starfsmönnum þeirra slíka stöðu en þá hefur komið upp það vandamál að tilteknir starfsmenn varnarliðsins gegna ábyrgðarstöðum og hafa þess vegna ekki fengið fulla réttarstöðu sem aðilar á vinnumarkaði, sem aðilar að þeim réttindum sem starfsmenn venjulegra fyrirtækja og opinberra vinna sér inn vegna greiðslna í sjóði eins og Atvinnuleysistryggingasjóð. Nú eru þessar greiðslur allar inntar af hendi með skilum, en þar sem félag þessara manna hefur ekki hlotið réttindi sem stéttarfélag njóta þeir ekki bótanna ef til þess kynni að koma.

Nú er það svo að varnarliðið hefur undanfarin ár verið að draga saman umsvif sín og allar umræður sem við verðum áskynja um benda til þess að svo muni áfram halda. Þess vegna er ástæða til að huga að réttindum þessara manna og eðlilegt að þeim verði formlega gerð grein fyrir skyldum sínum. Ég tel nauðsynlegt að taka á þessu máli og tel engan færan um að

hafa forgöngu um það eða veita því brautargengi annan en hæstv. utanrrh. og af þeim sökum, virðulegi forseti, hef ég lagt fram þessa þáltill.

Nú er það svo að þessir starfsmenn sem um ræðir eru á annað hundrað talsins og þeir eiga allir á hættu að missa e.t.v. atvinnu vegna skipulagsbreytinga eða minnkandi umsvifa, en ganga núna að því vísu að þeir muni ekki njóta bóta eins og aðrir launþegar á vinnumarkaði. Að öðru leyti tel ég rétt að benda á, virðulegi forseti, að flest af þessu fólki hefur ílengst í starfi, hefur sem sé starfað lengi hjá þessum sama vinnuveitanda, hefur með mjög óvenjulegum hætti sérhæft sig, vinnur m.a. í vinnusamfélagi sem starfar á tveim tungumálum að öllu jöfnu og hefur kynnt sér framkvæmd starfa sem aðrir launþegar hér á landi eru ókunnugir, en þegar þessi störf falla brott, ef svo verður, njóta þeir í engu þessarar sérhæfingar sinnar eða sérstöku kunnáttu. Þess vegna hef ég einnig talið, virðulegi forseti, að þeim þurfi að búa sérstök starfskjör að þessu leyti.

Ég lýk máli mínu, virðulegi forseti, með því að leggja það til að málinu verði vísað til hv. utanrmn. þingsins og til síðari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað. — [Fundarhlé.]

Atvinnumál farmanna, fyrri umr.

Þáltill. GAK og GHall, 347. mál. — Þskj. 626.

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að mæla hér fyrir þáltill. um atvinnumál íslenskrar farmannastéttar. Þáltill. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita allra leiða til þess að tryggja störf íslenskra farmanna á íslenskum kaupskipum. Í því sambandi verði athugað hvaða opinberar ráðstafanir þurfi að gera til að bæta samkeppnisstöðu íslenskrar kaupskipaútgerðar."

Með tillögunni fylgir svofelld greinargerð:

„Það er álit flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu að ríkisstjórn á hverjum tíma beri að stuðla að stöðugleika og auka fjölbreytni í atvinnu landsmanna. Eflaust eru til margar leiðir að þessu marki, en nærtækast virðist að atvinnugreinum séu sköpuð eðlileg rekstrar- og samkeppnisskilyrði. Nágrannaþjóðir, t.d. aðrar Norðurlandaþjóðir, hafa brugðið á það ráð að gefa eftir skatta farmanna til að tryggja skráningu kaupskipa heima fyrir og um leið treysta mönnun skipanna með eigin fólki. Jafnhliða þessum ráðstöfunum hafa þessar þjóðir sett á laggirnar alþjóðlegt skráningarkerfi fyrir kaupskip. Ef Ísland færi svipaða leið og önnur ríki á Norðurlöndum í þessum efnum yrði það að vera tryggt að íslenskir farmenn hefðu forgang að störfum á skipum í eigu íslenskra útgerða í siglingum til og frá Íslandi.

Á síðasta áratug og því sem af er þessum hefur skipum, sem gerð eru út af útgerðum innan Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, fækkað úr 51 skipi í 30 skip (janúar 1993). Árið 1980 voru 48 þessara skipa skráð á Íslandi. Nú eru skipin, sem sigla undir íslenskum fána, einungis 11 en útgerðirnar gera nú út 19 skip sem sigla undir erlendum þægindafánum eða samtals 30 skip.

Á síðustu þremur árum hefur stöðum, sem Íslendingar hafa gegnt á skipum, fækkað úr 375 (janúar 1990) í 253 (janúar 1993) og hlutdeild Íslendinga í mönnuninni fallið úr 81,5% í 74,2%. Þetta þýðir að ársstörfum íslenskra farmanna hefur fækkað á síðustu þremur árum um 183 sé gert ráð fyrir að hver staða jafngildi 1,5 ársstörfum.

Ein af ástæðunum, og sú alvarlegasta, fyrir þessari fækkun atvinnutækifæra farmanna má rekja til svokallaðrar útflöggunar kaupskipa sem gerir útgerðunum kleift að manna skipin með erlendu ódýru vinnuafli. Aðra ástæðu má nefna, þann mikla kostnað í formi stimpil- og skráningargjalda sem fylgir skráningu kaupskipa á íslenska skipaskrá og rennur í ríkissjóð. Reyndar hefur verið starfandi nefnd á vegum samgönguráðuneytisins sem hefur það verkefni að kanna hagkvæmni þess að koma á fót alþjóðlegri skipaskrá hér á landi. Þessi nefnd hefur ekki lokið störfum.

Norðurlandaþjóðirnar, að Íslendingum undanskildum, hafa gert ýmsar ráðstafanir til bjargar þessari atvinnugrein. Þessar aðgerðir hafa verið af ýmsum toga og misjafnlega árangursríkar. Í þessu samhengi þykir flutningsmönnum ástæða til að benda á ráðstafanir danskra stjórnvalda til bjargar danskri „skibsfart".

Aðgerðir danskra stjórnvalda fólu m.a. í sér að þau komu á alþjóðlegri skipaskrá fyrir kaupskip og gerðu aðrar þær ráðstafanir sem voru nauðsynlegar í því sambandi. Samfara þessu ákváðu stjórnvöld í Danmörku að styrkja atvinnugreinina með þeim skattpeningum og launatengdum gjöldum sem danska ríkið hafði fengið af atvinnutekjum danskra farmanna sem störfuðu á skipum í utanlandssiglingum. Síðan gerðu útgerðirnar og stéttarfélögin kjarasamninga sem fólu í sér svokölluð „nettólaun" sem eru laun eins og þau voru í gamla kerfinu að frádregnum sköttum.

Um mitt ár 1988 voru nær öll kaupskip í eigu Dana, sem voru í utanlandssiglingum, skráð undir þægindafánum og næstum eingöngu mönnuð útlendingum frá láglaunalöndum. Þær aðgerðir Dana, sem að framan er lýst, sneru dæminu algjörlega við. Nú sigla næstum öll kaupskip í danskri eigu undir dönskum fána og með dönskum áhöfnum að 90–95% sem færa þjóðarbúinu stórfelldar gjaldeyristekjur í stað þess að þiggja atvinnuleysisbætur.

Það er orðið meira en tímabært að íslensk stjórnvöld og Alþingi leggist á eitt við að standa vörð um íslensk atvinnutækifæri. Auðvitað komumst við ekki hjá því að veita erlendu fólki atvinnu hérlendis ef Íslendingar fást ekki í störfin en hingað til hefur verið nægt framboð af íslenskum farmönnum. Aðrar þjóðir hafa staðið frammi fyrir því að útflöggunarstefna þeirra á kaupskipum og erlend mönnun þeirra hefur leitt til þess að engir nýliðar af eigin þjóð hafa hlotið starfsþjálfun á kaupskipum. Þetta þýðir einfaldlega að á

skömmum tíma hefur þróunin orðið sú að engir vilja fara til náms sem veitir réttindi til að gegna störfum yfirmanna. Skólar skipstjórnar- og vélstjórnarfræðslu líða hægt undir lok og þar með er einni atvinnustétt færra í landinu."

Til frekari glöggvunar á þessum málum er rétt að benda á bók sem gefin var út með samantekt á erindum sem flutt voru á ráðstefnu um mönnun, skráningar og rekstur kaupskipa sem haldin var 31. maí 1991. Má þar til vitna, með leyfi forseta, m.a. að starfsmenn kaupskipaútgerðanna innan Sambands ísl. kaupskipaútgerða voru 1.271 árið 1990 og hefur sjálfsagt fækkað verulega síðan.

Þar kemur einnig fram að fjármunavelta árið 1990 hjá öllum útgerðum var 12,3 milljarðar og að Eimskipafélagið og Samskip voru með um það bil 80% af heildarveltu fjármuna það ár. Búast má við að það hlutfall hafi vaxið seinni árin. Velta á hvern starfsmann var hæst hjá Samskipum árið 1990 um 12,7 millj. á hvern starfsmann en velta á hvern farmann var hæst hjá Eimskipafélaginu árið 1990 eða 25,8 millj. Þar kemur einnig fram að 12% af heildartekjum Eimskipafélagsins eru tekjur af vöruafgreiðslu en sama starfsemi, vöruafgreiðslur, eru 10% af heildartekjum Samskipa. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var um 11% hjá Eimskipafélaginu en um 9% hjá Samskipum árið 1990. Hæstur var skrifstofukostnaður sem hlutfall af tekjum Ríkisskipa árið 1990 eða 15% af tekjum. Þess verður að geta við þennan samanburð að reikningsskilavenjur útgerðanna voru ekki í öllum tilfellum þær sömu.

Í fróðlegu erindi Guðmundar Friðjónssonar frá Þjóðhagsstofnun kom m.a. eftirfarandi fram á ráðstefnunni, með leyfi forseta:

„Vinnuaflsnotkun í atvinnugrein nr. 715 sem eru flutningar á sjó, hafði dregist saman um 23% frá árinu 1980–1990, úr því að vera 2% af heildarvinnuaflsnotkun 1980 í það að vera 1,3% árið 1990."

Í öðru lagi höfðu vergar þáttatekjur, sem er mælikvarði á virðisauka í greininni, aukist helmingi minna í flutningum á sjó á þessu 10 ára tímabili en í þjóðarbúskapnum í heild eða um 15% á sama tíma og vergar þáttatekjur alls hækkuðu um 30%. Hlutfall vergra þáttatekna í flutningum á sjó og vergum þáttatekjum í þjóðarbúskapnum í heild lækkaði úr því að vera 2,5% árið 1980 í 1,8% árið 1989.

Í þriðja lagi minnkaði fjármunaeign í kaupskipum á föstu verði um 8% milli áranna 1980 og 1990. Hlutfall kaupskipa í þjóðarauði atvinnugreina lækkaði úr því að vera 4,8% árið 1980 í það að vera 3,3% árið 1990. Þessar niðurstöður ásamt þeirri staðreynd að rauntekjur í greininni hafa nánast staðið í stað síðustu 10 árin á meðan flutningar hafa aukist verulega í magni gefa til kynna verulega aukna nýtingu skipakostsins og að raunvirði flutningsgjalda hafi lækkað á tímabilinu. Þrátt fyrir þá staðreynd að hlutdeild flutninga á sjó hafi minnkað í þjóðarbúskapnum í heild hefur átt sér stað nokkur framleiðniaukning í greininni. Framleiðni vinnuafls jókst um 50% milli áranna 1980 og 1989. Framleiðni vinnuafls er raunaukning virðisaukans í greininni á hvert ársverk. Framleiðni fjármagns bundið í kaupskipum jókst um 18,5% á tímabilinu þrátt fyrir að hafa lækkað um 14% milli áranna 1987 og 1988 vegna mikilla fjárfestinga í kaupskipum það ár.

Allar þessar upplýsingar koma fram í samantekt erinda á ráðstefnunni sem birt voru í umræddri bók sem ég vitnaði til áðan og vil ég ítreka við þingmenn að þeir kynni sér þær upplýsingar.

Í öðru erindi sem Benedikt Valsson hjá Farmanna- og fiskimannasambandinu og Einar Hermannsson tóku saman um samkeppni í alþjóðlegum siglingum var borinn saman kostnaður við skráð skip undir íslenskum fána og undir þægindafána hins vegar. Þar segir:

„Hér munum við fyrst og fremst bera saman opinberar gjaldtökur af skipakostinum fremur en opinber gjöld almennt."

Eftirfarandi tölur birtust þar um samanburð við kostnað, skráningu og árleg opinber gjöld vegna skráningar skips af stærð sem algeng er í íslenska kaupskipaflotanum, og ég ætla að fara eingöngu að lesa niðurstöðutölur. Þar kemur fram að ef slíkt skip væri skráð hér á landi mundi skráning þess að meðtöldum árlegum gjöldum og stofnun fyrirtækisins vera 13 millj. 160 þús. á sama tíma og undir NIS-skráningu, sem er norsk alþjóðleg skipaskrá, væri það 623 þús. Á sama tíma og það kostaði að flagga viðkomandi skipi undir Kýpurfána væri kostnaðurinn 335 þús. og á Antigua væri kostnaðurinn 740 þús. kr. Þarna sjá menn að það er verulegur mismunur á þeim kostnaði að skrá skip á Íslandi annars vegar og undir þessa alþjóðafána. Og við þessu hafa Norðurlandaþjóðirnar brugðist með því að stofna til skráningar og reynt að tryggja um leið störf farmanna. En þar hafa Danir eins og ég gat um áður náð langbestum árangri.

Nú er ekki um það deilt að með því að flagga kaupskipum út er hægt að lækka launagreiðslur til áhafnar til viðbótar við lækkuð opinber gjöld. Ég tel hins vegar að íslenskar áhafnir séu betur færar til þess að vinna þessi störf og við eigum að reyna að tryggja okkur störfin og starfsöryggi sem fylgir vel menntaðri og vel starfsþjálfaðri íslenskri áhöfn.

Ég get ekki látið hjá líða að vitna í örstuttu máli til þess að fyrir stuttu birtist lítil fréttaklausa í Morgunblaðinu um skip sem hafði verið að sigla hér við suðurströnd landsins og hafði orðið vélarvana. Í þessari fréttaklausu sagði frá því að það hefði viljað svo til að á þessu skipi hefði verið vélstjóri í þessari ferð. Hann hefði verið með í þessari ferð vegna þess að nokkrar ferðir á undan hefðu verið gangtruflanir í vélinni. Það var sem sagt hægt að draga þá ályktun af fréttinni að það væri ekki jafnaðarlega ætlast til þess að vélstjórar væru á þessu skipi. Það kannski vekur upp ýmsar aðrar spurningar um hvað við vitum um ferðir erlendra skipa hér við land og ég held að það sé rétt að draga það örlítið inn í þessa umræðu að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég veit bestar eftir að hafa haft samband við Landhelgisgæsluna, þá vitum við ekkert um ferðir erlendra flutningaskipa hér við land, hvorki skipa sem eru með ferðir hér við land með hættuleg-

an farm eða vanmönnuð eða illa mönnuð. Sem sagt, við fréttum ekki af siglingum erlendra skipa hér við land fyrr en þau eru að nálgast hafnir sem segir okkur að hér gætum við átt von á slysum og ýmsum uppákomum án þess að hafa minnstu vitneskju um skipin. Ég vildi aðeins nefna þetta vegna þess að ég hjó sérstaklega eftir þessari framsetningu á fréttinni.

Að lokum vil ég mæla með því að þessi þáltill. fái *umfjöllun í samgn.*

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég tel að þessi þáltill. eigi mjög brýnt erindi. Það hefur nú á annað ár verið að störfum nefnd á vegum samgrn. til þess að reyna að leita tillagna og leiða til þess að tryggja störf íslenskra farmanna á íslenskum kaupskipum, en eins og báðum hv. flm. er ljóst hefur ekki náðst samstaða innan nefndarinnar um tillögur sem lagðar yrðu fram. Ég hef á hinn bóginn lagt á það ríka áherslu að þessi nefnd skilaði störfum. Nú er útséð um að nefndin verði sammála um leiðir, þess vegna hef ég lagt áherslu á að afstaða einstakra nefndarmanna komi skýrt fram þannig að hægt sé að vinna áfram að málinu. Ég mun þess vegna beita mér fyrir því áfram að nefndin ljúki störfum þannig að skrifleg afstaða einstakra nefndarmanna og þeirra sem þeir eru fulltrúar fyrir geti legið fyrir þannig að unnt sé að taka fastar á því í framtíðinni.

Ég tek undir orð flm. um að þetta er spurning um *framtíð íslenskrar farmannastéttar hér á landi og vil* gjarnan að það komi fram við þessa umræðu að ég vil gera það sem í mínu valdi stendur til þess að við Íslendingar getum áfram verið í forustusveit þeirrar þjóðar sem eiga góða farmenn innan sinna vébanda.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni mál sem að mínu mati er bæði mjög þarft og athyglisvert og nauðsynlegt að fái hraða og góða meðhöndlun í þinginu vegna þess að hér er um að ræða mál sem snertir mjög það sem núna er efst á baugi í okkar þjóðfélagi, þ.e. stöðu atvinnumálanna og þá alvarlegu þróun sem hefur átt sér stað í okkar landi, það er hversu atvinnutækifærum hefur verið að fækka. Það sem okkur hefur fyrst og fremst mistekist á undanförnum nokkuð mörgum árum er það að fjölga atvinnutækifærum í landinu. (Gripið fram í.) Því eins og hv. 2. þm. Vestf. veit mjög vel þá hefur sú þróun verið áberandi a.m.k. frá árinu 1987 að starfstækifærum í okkar landi hefur verið að fækka. *Þeim störfum sem hafa verið til reiðu hefur fækkað á* þessum tíma. Þetta er hið alvarlega í málinu og einn angi þess máls sem kemur sérstaklega skýrt fram og greinilega er frá greint í grg. þessarar þáltill. segir okkur frá því að einungis á síðustu þremur árum hafi atvinnutækifærum eða ársstörfum íslenskra farmanna fækkað um 183, sem er auðvitað ekki lítið þegar við höfum í huga að þessi starfsstétt er þó ekki fjölmennari en raun ber vitni um.

Ég held nefnilega þess vegna að við stöndum einfaldlega frammi fyrir því hvort við viljum að þessi þróun haldi áfram óbreytt, því það er ekkert, eða a.m.k. afar fátt sem bendir til þess að hún sé neitt að stöðvast. Við stöndum einfaldlega frammi fyrir þessum erfiða valkosti hvernig við ætlum að bregðast við.

Ég held að það hafi verið dálítill galli á þeirri umræðu sem hefur farið fram á síðustu missirum um atvinnumálin að þar hafa menn um of einblínt á það sem til nýsköpunar geti talist, þó hún sé að sjálfsögðu allra góðra gjalda verð, en hafa dálítið gleymt því að horfa til þess atvinnulífs sem er fyrir í okkar landi sem við þekkjum og höfum reynslu af og höfum kunnáttu til að stunda. Og jafnnauðsynleg og nýsköpunin er þá megum við heldur ekki gera lítið úr því atvinnulífi sem er fyrir. Ég held einmitt að sú þýðingarmikla atvinnugrein sem er farmennskan í landinu hafi dálítið gleymst í þessari umræðu.

Staðreyndin er sú að íslensk kaupskipaútgerð þarf að heyja sína samkeppni á alþjóðlegum mörkuðum og ef svo er sem ýmislegt bendir til að aðstæður kaupskipaútgerðarinnar séu lakari hér á landi en í þeim löndum sem hún þarf að glíma við þá fer það auðvitað þannig fyrr eða síðar að menn reyna að bregðast við með einhverjum þeim hætti að þeir geti unað við og geti lifað áfram. Þess vegna hefur þessi alvarlega, ískyggilega og neikvæða þróun orðið, útflöggunin, sem hefur gert það að verkum að ársstörfum í farmennskunni hefur fækkað á sl. þremur árum um 183. Mér finnst þess vegna að bréf, sem hv. alþm. barst frá stéttarfélögum viðkomandi atvinnugreina og var áminning til okkar í þessu sambandi, hafi verið mjög þarft og við eigum að taka þetta mjög alvarlega.

Ég lít þannig á að sú þáltill. sem hér er lögð fram dragi í fyrsta lagi mjög vel fram þennan vanda sem hér er við að glíma og í öðru lagi hitt, sem líka skiptir miklu máli, að því er varpað fram hvort ekki þurfi sérstaklega að kanna samkeppnisstöðu íslenskrar kaupskipaútgerðar í samanburði við kaupskipaútgerðir annarra þjóða. Það er auðvitað kjarni málsins vegna þess að íslensk kaupskipaútgerð er að berjast á alþjóðlegum mörkuðum og verður þess vegna að búa sem sambærilegust kjör við það sem gerist hjá samkeppnisaðilum erlendis. Við höfum að vísu stigið eitthvert skref í þessum efnum með afnámi aðstöðugjaldsins en að sjálfsögðu þurfum við að skoða aðra þætti og ég hlýt sérstaklega að vekja athygli á þeim hluta grg. sem fjallar um þá ákvörðun stjórnvalda í Danmörku að styrkja kaupskipaútgerðina þar með þeim skattpeningum og launatengdum gjöldum sem danska ríkið hefði fengið af atvinnutekjum danskra farmanna sem störfuðu á skipum í utanlandssiglingum. Þetta er auðvitað mjög athyglisvert mál, en hins vegar geri ég ráð fyrir því að ýmsir muni nema staðar vegna þess að þetta væri auðvitað afdrifarík ákvörðun sem kæmi sérstaklega til góða, einni tiltekinni atvinnugrein og innan hennar er vel að merkja þekkt skipafélag sem mjög hefur verið beint spjótum að í allri opinberri umræðu. (**ÖS:** Hvaða skipafélag er það?) Skipafélagið heitir Eimskip eins og hv. þm. væntanlega veit enda hefur hann nokkuð um það mál fjallað. Ég held hins vegar að það hafi verið að koma á daginn að við höfum mikla þörf fyrir öflug og góð atvinnufyrirtæki eins og

Eimskipafélag Íslands til þess að vera aflvaki og burðarás í þeirri atvinnulegu framþróun sem við þurfum að sjá í okkar þjóðfélagi.

Virðulegi forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að orðlengja þetta mál. 1. flm. þáltill. hefur rækilega gert grein fyrir því í sinni ágætu ræðu. Aðalatriði þessa máls er hins vegar það að við þurfum auðvitað að hyggja að öllum þeim störfum sem við getum varðveitt í okkar landi og farmennskuna þarf ekki síst að skoða í því sambandi. Ég held að það hafi verið fyllilega tímabært að við beindum sjónum okkar og þó fyrr hefði verið að þessari alvarlegu þróun, þeirri þróun að ársverkum farmanna í landinu hefur á síðustu þremur árum fækkað um 183. Það er ærið tilefni fyrir þessari þáltill.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla að byrja á því að taka undir með flm. frv. og segja að ég tel að þarna sé hreyft þörfu máli. En það sem fékk mig til andsvara við hv. síðasta ræðumann var það að hann sagði eitthvað á þá leið að hann vildi ekki að menn gerðu lítið úr þeirri atvinnustarfsemi sem fyrir væri í landinu og taldi að það ætti að styðja við hana. Nú er það svo að menn eru í raun og veru að setja flestalla atvinnustarfsemi sem fyrir er í landinu í beina samkeppni án þess að ríkið taki á nokkurn hátt afstöðu með innlendri atvinnustarfsemi með þeim samningum um EES sem liggja hérna fyrir. Er það tilfellið að hv. ræðumaður, sem hér talaði á undan, vilji að við förum út í það að fella niður skatta eða veita afslátt frá sköttum fyrir aðrar atvinnugreinar sem munu lenda í erfiðleikum vegna þessara samninga? Hvað t.d. um framleiðslu á áburði? Hvað um hjólbarðasólningu? Framleiðslu á tengivögnum og bílasmíði t.d. sem mun eiga undir högg að sækja miðað við þá samninga sem verið var að fjalla um í vetur? Og hvað um framleiðslu á fatnaði sem var í umræðunni? Eru menn tilbúnir að skoða það að fella niður skatta og gjöld af þeim fyrirtækjum sem standa í þessari framleiðslu og mundi það standast samninganna um EES? Mig langar að spyrja hv. þm. að þessu.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það felst auðvitað reginmisskilningur í máli hv. 3. þm. Vesturl. vegna þess að einmitt samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði felur í sér verulegan ávinning fyrir hið íslenska atvinnulíf eins og margoft hefur komið fram. Það sem við verðum hins vegar að gera og ættum auðvitað að gera hvort sem samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði verður að veruleika eða ekki, einfaldlega vegna þess að við viljum efla okkar atvinnulíf, þá þurfum við hvernig sem allt annað þróast og allt annað breytist, þá þurfum við auðvitað að búa þannig að okkar atvinnuvegum, m.a. með skattalegum aðgerðum að rekstrargrundvöllurinn í íslensku atvinnulífi sé sem sambærilegastur við það sem gerist í þeim löndum sem við þurfum að heyja samkeppni við. Ég trúi ekki öðru en að við hv. 3. þm. Vesturl. séum alveg sammála um þetta mál. Þetta svarar í raun og veru því sem hv. þm. sagði. Aðalatriði þessa máls er sem sagt það að með því að við erum að keppa á alþjóðlegum mörkuðum þá þurfa hinar skattalegu reglur að vera sem sambærilegastar milli atvinnugreinanna yfir landamærin.

Ég vek hins vegar athygli á því að það sem þessi þáltill. gerir sérstaklega ráð fyrir er að fara ofan í þessi mál. Það er auðvitað rétt að í Danmörku, eins og ég vakti athygli á, gilda ákveðnir skattafslættir. Nú þurfum við að fá þann samanburð upp á borðið, hvort við með einhverjum öðrum hætti búum þannig að okkar atvinnulífi á þessu sviði að það geti talist sambærilegt við það sem gerist í löndunum í kringum okkur. Ef við ekki gerum það þá horfum við einfaldlega fram á það, eins og hv. þm. veit, að atvinnutækifærin hverfi úr landi. Það getur hins vegar verið að þetta kalli á nýja hugsun en við eigum auðvitað ekki að vera hrædd við það að hugsa hlutina upp á nýtt ef það verður til þess að efla okkar atvinnustarfsemi í landinu.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð að viðurkenna að mér fannst ræða hv. þm. ekki svara spurningunni sem ég bar fram um það hvort hann teldi að við gætum veitt þessa skattafslætti í öðrum atvinnugreinum vegna samningsins um EES. Mér finnst það ákaflega ólíklegt að við getum gert það. Hins vegar er ég honum sammála um það að við eigum að leita allra leiða til þess að byggja upp okkar atvinnulíf og við eigum að fara mjög varlega í það að binda okkur við samninga sem taka af okkur möguleikana til að vernda okkar innanlandsframleiðslu og þeir atvinnuvegir sem byggjast á framleiðslu fyrir innanlandsmarkað eru auðvitað atvinnuvegir sem við eigum sérstaklega að vernda og þar með auðvitað flutninga að og frá landinu. Þess vegna er ég sannarlega sammála því að þessi mál verði skoðuð. En ég tel að við séum í miklum erfiðleikum og vanda vegna þeirra skuldbindinga sem við erum í þann veginn að taka á okkur um þessa samkeppni á öllum sviðum.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil að menn reyni að gæta þess að drepa ekki þessu tiltekna máli á dreif. Við höfum auðvitað rætt mjög ítarlega í þinginu ýmsa þætti hins Evrópska efnahagssvæðis og það getur vel verið að sérstök tilefni komi til þess og verða örugglega mörg tilefni sem koma til þess síðar á þinginu í vetur. Það sem þessi þáltill. felur í sér og mér finnst sérstök ástæða til að undirstrika er einfaldlega sú stefna að menn fari í þá vinnu að skoða með hvaða hætti sé hægt að tryggja það að þessi alvarlega þróun, fækkun ársverka í farmennsku um 183 á þremur árum, verði stöðvuð. Í þessu sambandi benda flm. á að það sé eðlilegt að athuga með hvaða hætti hvaða opinberar ráðstafanir þurfi að gera til þess að bæta samkeppnisstöðu íslensku kaupskipaútgerðarinnar. Ég vakti síðan athygli á því að í þessu sambandi hlytu menn náttúrlega alveg sérstaklega að skoða hinar skattalegu aðgerðir í þessu sambandi og það held ég að sé öllum alveg ljóst mál. Það getur verið að það út af fyrir sig

kalli á það að menn þurfi að hugsa hlutina upp á nýtt, kalli á einhverja nýja hugsun, að menn eigi ekkert að vera feimnir við það. Og menn eiga ekkert að vera að vísa í einhverja alþjóðlega samninga sem sannarlega mun ekki torvelda það enda er verið að vísa til samanburðar við ríki sem verða aðilar, verða á hinu Evrópska efnahagssvæði eins og Norðurlandaþjóðirnar, eins og Danmörk, sem er innan Evrópubandalagsins.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er hið þarfasta mál á ferðinni og ég minnist þess að á sínum tíma átti ég ágætt samstarf við annan hv. flm. meðan við sátum báðir í atvinnumálanefnd Reykjavíkurborgar. En mig langaði aðeins að drepa á nokkur atriði í máli hv. þm. Einars Kristins Guðfinnssonar. Hann ræddi sérstaklega um skipafélag sem hann að vísu tregðaðist við að nefna og þurfti nánast að klípa það upp úr honum með töngum. Hér átti þingmaðurinn vitaskuld við Eimskipafélagið. Hann talaði um það sem aflvaka framfara og burðarás í athafnalífi. En það er vitaskuld rétt, Eimskipafélagið er burðarás í klíku nokkurra fyrirtækja sem hafa hert tökin á íslensku fyrirtækjalífi því miður samfélaginu mjög til óþurftar. Hann talar um að það þurfi að huga að því hvort ekki ætti að bæta samkeppnisstöðu þess með því að hagræða skattareglum til samræmis við það sem er að gerast erlendis. Veit ekki hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson að hann hefur ásamt stjórnarliðinu og þeim þingmanni sem hér stendur, tekið þátt í því að breyta skattareglum sem m.a. og illu heilli voru líka til góða fyrirtækjum sem stóðu mjög vel, eins og Eimskipafélaginu? Skipti mörgum milljónum. Veit hann ekki að það er líka búið að fella niður aðstöðugjaldið af fyrirtæki eins og Eimskipafélaginu? Hefur það ekki bætt stöðu þess? Ætti það ekki að gera Eimskipafélaginu auðveldara með að ráða íslenska farmenn í vinnu?

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér finnst það mikil hneisa að fyrirtæki eins og Eimskipafélag Íslands sem hefur verið borið á höndum þessa þjóðfélags frá upphafi, skuli ekki ganga fram fyrir skjöldu og einsetja sér að ráða ekkert fólk á sín skip nema Íslendinga. Ég vænti þess að hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, sem er í hjarta sínu sammála mér, hafi kjark til þess að koma og segja það.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hélt að það lægi svoleiðis í augum uppi þegar ég nefndi ónefnt fyrirtæki daginn eftir að aðalfundur þess var haldinn að menn gæti rennt í grun um, þó ekki væri annað, hvaða fyrirtæki ég hefði átt við. En úr því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson kallaði fram í og opinberaði þar með vanþekkingu sína á þessu máli þá var það mér auðvitað bæði ljúft og skylt að upplýsa hann um það að hér hefði að sjálfsögðu verið átt við Eimskipafélag Íslands, það ágæta fyrirtæki.

Ég nefndi það alveg sérstaklega í minni ræðu áðan að við hefðum góðu heilli á síðasta hausti breytt skattareglum, fellt niður aðstöðugjald, sem sem betur fer kæmi þessu fyrirtæki eins og öðrum atvinnufyrirtækjum í okkar landi til góða. Ég vakti líka athygli á því í andsvari mínu áðan við hv. 3. þm. Vesturl. að við þyrftum hins vegar að fara í þann samanburð sem gert er ráð fyrir í þáltill. að bera saman skattalegt umhverfi þessa fyrirtækis við þau fyrirtæki sem það er að keppa við á alþjóðlegum mörkuðum. Það getur vel verið að eitthvað í okkar skattalegu löggjöf sé fyrirtækjarekstri eins og hjá Eimskipafélaginu hagstæðara en gerist og gengur í kaupskipaútgerð erlendis, en það hins vegar er ekki margt sem bendir til þess að svo sé þegar sú staðreynd blasir við okkur að Eimskipafélag Íslands eins og önnur kaupskipaútgerð í landinu hefur orðið að neyðast til þess að mál hafi þróast með þeim hætti að íslenskum ársverkum í kaupskipaútgerð hafi fækkað um 183. Það er sérstök athygli vakin á því í grg. þessarar ágætu þáltill. með hvaða hættir Danir hafi snúið þessari þróun við og það getur vel verið að þá leið verðum við að fara ella að tapa ársverkum úr landi. Það getur verið að við stöndum einfaldlega frammi fyrir þessum tveimur kostum og við verðum einfaldlega að vera menn til þess að taka ákvörðun um hvora leiðina við viljum fara.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson er Vestfirðingur og það er þeirra háttur að tala tæpitungulaust. Ég tel þess vegna rétt að tala tæpitungulaust. Þingmaðurinn veit það vel að þegar verið er að tala um íslenska kaupskipaútgerð þá eru menn fyrst og fremst að tala um Eimskipafélagið og þingmaðurinn þarf ekkert að koma hingað og halda því fram að Eimskipafélagið sé svo illa statt að það hafi ekki efni á að hafa íslenska menn í vinnu. Ég segi það þegar staðan er orðin þannig að Eimskipafélag Íslands, sem heldur hér uppi allt of háu verði á fragtflutningum til landsins og hefur grætt óhemjufé á síðustu árum, að ef þetta félag hefur ekki efni á því að ráða íslenska menn í vinnu, þá vil ég spyrja, virðulegi forseti: Hvaða erindi hefur þetta skipafélag inn í íslenskt athafnalíf lengur?

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Allt það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði hér áðan voru alveg sérstök rök fyrir því að tryggja það að rekstrargrundvöllur og rekstrarumhverfi skipafélaganna í landinu væri sem jákvæðast til þess einmitt að tryggja það að aðgangur manna í samkeppninni við Eimskipafélag Íslands væri sem greiðastur og bestur. Og sem betur fer er það nú ekki alls kostar rétt hjá hv. þm. að Eimskipafélagið sé alrátt hér á skipamarkaðnum. Sem betur fer eru enn þá til skipafélög sem veita því nokkra samkeppni og ég minni á hið ágæta skipafélag Samskip og fleiri eru þau skipafélögin sem einnig starfa á þessum markaði með bærilegum árangri þó að sú staðreynd blasi við og það er kjarni þessa máls — menn eiga ekkert að vera að reyna að drepa því á dreif með einhverju tali út í loftið um aðra hluti — að menn hafa neyðst til þess í þessari grein að haga málum þannig að ársverkum hef-

ur fækkað. Okkur ber skylda til þess að skoða allar hugsanlegar leiðir til þess að snúa þessari þróun við, m.a. með því að skoða á hvern hátt hægt sé, ef ástæða er til, að breyta skattareglum. Menn geti svo sem vel farið að túlka það með hverjum þeim hætti sem þeir kjósa sér, en menn komast ekkert hjá því að horfast í augu við þá alvarlegu þróun sem hefur orðið að ársverkum og starfstækifærum í þessari grein hefur fækkað og við verðum að spyrja okkur allra hugsanlegra spurninga: Hvernig getum við snúið þessari þróun við?

Útbýting þingskjala:

Framhaldsskólar, 397. mál, stjfrv., þskj 691.

Norður-Atlantshafsþingið 1992, skýrsla Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins, 398. mál, þskj. 692.

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að hlusta á þessar umræður sem hér hafa farið fram milli tveggja ágætra þingmanna um Eimskip og finnst mér eins og menn hafi aðeins misst af kjarna málsins sem er auðvitað atvinnuöryggi íslenskra farmanna. Mér þykir þó rétt í upphafi máls míns að geta þess að það er eitt fyrrv. íslenskt skipafélag sem enn er þó með skip í reglubundnum siglingum til landsins, hefur þó flutt alla sína starfsemi á erlenda grund, en ræður enn þá íslenska farmenn með sérstökum hætti til starfa, ræður þá til starfa sem verktaka. Þeir eru verktakar í þeim skilningi eins og nafnið segir til um, á föstum launum, án þess að nokkuð sé greitt til íslenska ríkisins, án þess að greitt sé af þeim í Atvinnuleysistryggingasjóð eða aðra þá sjóði sem gæfu þessum íslensku þegnum rétt til að sækja bætur ef illa færi og hafa menn þegar staðið frammi fyrir því að nokkrir hafi misst atvinnu sína vegna erlendra sjómanna sem taka lág laun. Þessir íslensku sjómenn komu svo hingað til lands og ætluðu að sækja atvinnuleysisbætur úr sjóðum samfélagsins en voru þá vissulega búnir að glata rétti sínum til þess.

Það er athyglisvert þegar menn eru að tala um að það þurfi að gera eitthvert verulegt átak fyrir íslenska kaupskipaútgerð svo að hún sé samkeppnishæf um farmflutninga erlendis. En hvaða íslenskt skipafélag er í beinni samkeppni í farmsiglingum milli hafna erlendis? Ég veit ekki til að það sé neitt íslenskt skipafélag til. Og þegar menn eru að tala um að það þurfi að búa svo um hnútana að íslensk skipafélög séu samkeppnishæf, þá hlýtur sú spurning að vakna, hvort verið sé að tala um það að þessi íslensku skipafélög, sem eru að sigla milli hafa erlendis en þó í reglubundnum siglingum til landsins, njóti sérstaklega einhverra skattaívilnana vegna siglinga milli erlendra hafna. Það er athyglisvert að lesa hér heilsíðuauglýsingar frá Eimskipi dag eftir dag þar sem m.a. kemur fram að Eimskip jók á síðasta ári flutninga milli hafna erlendis um 28% og vonandi vex þeim svo fiskur um hrygg að það megi aukast enn. Að þessu leytinu til eru íslensk skipafélög í samkeppni við erlenda aðila. En það hefur þó komið í ljós þá íslensku skipi hefur verið flaggað út og þægindafáni dreginn að hún að reynslan hefur sýnt útgerðarmönnum það að íslenskir farmenn eru öðrum farmönnum fremri hvað áhrærir þekkingu, reynslu og dugnað.

Það má sjá það líka hvar erlend skip hafa komið hingað til lands, að á skipum sömu stærðar og eru undir íslenskum fána enn, eru miklu fleiri í áhöfn en á íslenskum kaupskipum. Við sjáum það. Það eru miklu fleiri í áhöfn þá erlendir menn eru að störfum. Það eru aðallega Asíubúar, enda er það hinn ódýrari vinnukraftur sem oft og tíðum er talað um. Annarra þjóða sjómenn eru þó komnir til viðbótar, m.a. frá austantjaldslöndunum.

Hjá samgrh. kom það fram hér áðan að samgrn. vill leita allra leiða til þess að búa svo í haginn fyrir íslenska kaupskipaútgerð að hún verði hæfari til að takast á við erlenda samkeppni. Sú umræða hefur farið fram nokkuð lengi. Það sem hefur vakið athygli mína í þeirri umræðu er að útgerðir kaupskipanna telja það meginforsendu að breyta verulega kjarasamningum íslenskra farmanna og fækka fólki til að hægt sé að koma íslenskri kaupskipaútgerð í það samkeppnishorf sem þeir telja nauðsynlegt og eðlilegt. Og það ber enn við það sama sjónarmið sem ríkt hefur hér í gegnum árin. Á sama tíma og verið er að auka öryggi í landinu með því að tryggja fækkun slysa með minna álagi á hvern starfsmann er gerð krafa um að fækkað sé á skipum og vinnuálag aukið. Það sýnir sig líka í slysaskýrslum sem fram hafa komið frá sjóslysanefnd hvert stefnir. Það er með ólíkindum að svo hafi til tekist hvað áhrærir íslenska sjómannastétt sú mikla slysatíðni sem þar hefur orðið. Og ef við höfum í huga að sú nefnd sem samgrh. vitnaði hér til skuli vinna með þeim hætti að það sé fyrst og fremst nauðsynlegt að breyta kjarasamningum við borð samgrn. til hins verra, það eru náttúrlega starfshættir sem stéttarfélög farmanna geta ekki unað við. Og m.a. þess vegna hefur kannski farið sem raun ber vitni um, að menn hafa ekki almennt viljað taka þátt í umræðum um það mál hvar ýmis réttindi farmanna hafa áunnist í gegnum áratugina.

Ekki fyrir löngu sendi Samband ísl. kaupskipaútgerða frá sér fréttabréf þar sem alger uppgjöf kemur fram. Þeir telja að nú sé svo komið að þeir nenna nánast ekki að standa í því lengur að halda þeim fáu skipum sem enn flagga íslenskum fána undir okkar þjóðfána. Nú sé komið að því að flagga út eins og kallað er, flagga út til þess að standa betur gagnvart erlendri samkeppni. Hvaða erlendri samkeppni? (Forseti hringir.) Þegar það er grandskoðað, ég er alveg að ljúka máli mínu, þá kemur í ljós að tvö íslensk skipafélög, Eimskip og Samskip, eru alls ráðandi um fragtflutninga að og frá landinu. Þessir aðilar eru ekki í neinni samkeppni. Ef þeir eru í einhverri samkeppni, þá eru þeir í samkeppni við sjálfa sig vegna þess að þeir hafa tekið erlend leiguskip til flutninga að og frá landinu og þar af leiðandi hefði maður nú ætlað að farmgjöldin hefðu þá lækkað, a.m.k. á þeim skipum, eða vöruverð í verslunum væri lægra vegna þess að það voru svo „ódýr" skip sem fluttu vöruna en ég held að það hafi nú farið ákaflega lítið fyrir því. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég áttaði mig ekki á þeirri tímasetningu sem hér var sett á mig, en þetta er mikið mál ... (**Forseti:** Hv. þm. er heimilt að taka aftur til máls.) Takk fyrir, þá bið ég um orðið strax.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um atvinnumál farmanna. Og vissulega er það rétt að á seinustu missirum hefur mjög fækkað möguleikum Íslendinga til starfa á ýmsum sviðum. Það er undanhald samkvæmt áætlun. Og það mál sem hér er á dagskrá er í sjálfu sér angi af því.

Hv. 3. þm. Vesturl. gat um að það væru mjög margar starfsgreinar sem stæðu frammi fyrir því sama og hér er verið að tala um. Samningar í landinu eru lausir í dag og það er verið að semja og auðvitað væri það vafalaust lausn milli atvinnurekenda og launþega ef skattarnir yrðu skornir niður og athyglisvert er að fulltrúar Sjálfstfl. hafa nú tvo daga í röð flutt tillögur um það. (**ÖS:** Stjórnarandstaðan flutti líka slíka tillögu.) Og stjórnarandstaðan líka, segir hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem fylgist nú yfirleitt mjög vel með, stjórnarandstöðunni sérstaklega, og áttar sig strax á því að nú er Alþfl. kominn í minni hluta.

En burt séð frá því eru margar hliðar á þessu máli. Ein er sú að með EES-samningunum hefur Eimskip eða Samskip þá lausn að það á ekkert undir Alþingi Íslendinga í skattalegu tilliti varðandi skatta sjómanna. Þeir geta einfaldlega stofnað hlutafélag í Danmörku strax á morgun og þegar EES-samningurinn er kominn í gildi, þá sigla þeir bara undir dönskum fána með íslenska áhöfn og það er löglegt. (**Gripið fram í:** Siðlaust.) Siðlaust, heyrist hér utan úr salnum. Ég veit það ekki. Það eru nú sumir af ráðherrum vors lands afkomendur þeirra sem vildu nú aldrei að við yfirgæfum Danaveldi og héldum danska fánanum áfram þannig að það er ekki skrýtið þó að þessi „tendens" kæmi nú upp í stöðunni. Ég sé nefnilega ekki að það sé neitt sem kemur í veg fyrir það að við fáum þá stöðu að menn flytji starfsemi til útlanda í stórum stíl vegna þess að það er leyfilegt með fullu athafnafrelsi á Íslandi á eftir. Þetta var tekið fyrir varðandi prentiðnaðinn. Sá sem rak umsvifamestu útgáfustarfsemi hér á landi ræddi við þingmenn fyrir jólin og benti þeim á í hvaða stöðu menn væru að fara með virðisaukaskatt, sem þá var verið að leggja á. Menn lokuðu bara eyrunum. Það var verið að flytja atvinnu úr landi í stórum stíl.

Ég skil það ekki hreint út sagt hvernig menn stóðu að því að styðja EES en standa nú upp og segja: Við verðum að bjarga íslenskum atvinnutækifærum og koma í veg fyrir að menn séu atvinnulausir. Það er búið að leyfa frjálsan innflutning á starfsmönnum til landsins, jafnt farmönnum sem öðrum frá 350 millj. manna samfélagi. Þetta vita þessir ágætu þingmenn sem hér hafa talað. Það er alveg tómt mál að tala um það að atvinnuleysi á Íslandi, hvorki hjá farmönnum eða öðrum, geti verið á annan veg stórt séð en það er innan þessa svæðis, innan EES. Ef hér verður miklu betra atvinnuástand en þar, hljóta menn að flykkjast hingað. Ef þar verður miklu betra atvinnuástand en hér fara menn út. Það eru engar hömlur á þessu lengur. Það þýðir að menn geta ekki á nokkurn hátt leyst þessi mál á þann hátt, sem hér er verið að tala um, þannig að það breyti því sem við höfum áður gert í samningum um þessa hluti.

Það sem aftur á móti blasir við og væri sanngjarnt að *ríkisstjórnin gerði nú án þess að Alþingi þyrfti að* setja á hana sérstaka þáltill., að ríkisstjórnin færi yfir afleiðingar gerða sinna, settist niður og léti skoða það hjá hinum ýmsu starfsstéttum, jafnt farmönnum sem öðrum, hvert stefnir. Ég vil segja það t.d. hér og nú hreint út að ég er hlynntur því að allir þeir Íslendingar sem vinna á erlendri grund verði látnir borga skatta til íslenska ríkisins. Hvers vegna eiga þeir sem nú eru sendir til starfa úti í Brussel að komast undan því að greiða skatta til íslenska ríkisins? Ef þeir veikjast og þurfa á læknishjálp að halda hér á landi, eiga þá einhverjir aðrir að borga fyrir þá læknishjálpina? Hvers vegna eiga þeir sem verið er að ráða með laun upp á 600–800 þús. ekki að borga hér skatta af því að þeir eru að vinna fyrir íslenska ríkið úti í Brussel? (**Gripið fram í:** Er það svo?) Og hvað með sendiráðin? Hvers vegna eiga þau ekki að borga skatta? (**Gripið fram í:** Gera þau það ekki? Hvað með forsetann?) Þau gera það ekki, að ógleymdum forsetanum. Það er hneykslí, svo ekki sé meira sagt, að á sama tíma og konungar Evrópu eru farnir að borga skatta og forseti Bandaríkjanna hefur alltaf borgað skatta, þá skuli þjóðþing Íslendinga sameinast um það að forseti landsins eigi ekki að borga skatta. Það er nefnilega mjög auðvelt að koma hér upp í þennan stól og leggja til sér til vinsælda að menn eigi ekki að borga skatta. Það er mjög auðvelt. Ég hef séð menn gera það oft. En það þarf nefnilega þó nokkurt þrek til þess að þora að halda því fram að forréttindahóparnir eigi að borga skatta.

Ég vil taka undir allt það sem sagt hefur verið um ágæti íslenskra sjómanna og ég er sannfærður um það að það er mikið skammtímasjónarmið sem ræður ríkjum þegar menn eru að ráða erlenda aðila á farskip. Við sjáum mýmörg dæmi þess hvernig stórslys hafa orðið, alveg gífurleg mengunarslys, vegna þess að skip eru undirmönnuð og á þau ráðnir menn sem hafa ekki þekkingu á því hvað þeir eru að gera. Þess vegna er þetta mál mikið alvörumál, ekki bara út frá atvinnulegu tilliti. Það er mikið alvörumál út frá öryggissjónarmiði við strendur landsins. Ég held að það sé ekki ofverk íslensku ríkisstjórnarinnar að setja nefnd í þetta mál. Það þarf enga þál. Þeir geta sett nefnd í málið. Þeir stjórna þessu og geta tekið þessi mál fyrir á víðum grunni. Hvert stefnir með atvinnuöryggi þessarar þjóðar?

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég má til með að gera smáathugasemd við mál hv. þm. Ólafs Þórðarsonar. Það er nefnilega þannig að það gerðist ekki með EES-samningunum að það væri hægt að flagga út skipum og stofna

fyrirtæki erlendis. Það hefur verið hægt lengi. Ég hélt að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefði gert grein fyrir því svo allir skildu í salnum að það er skipafélag sem er búið að stofna fyrirtæki úti á Kýpur og ræður í gegnum það fyrirtæki jafnt íslenska menn sem erlenda til starfa á þeim skipum. Þeir greiða hins vegar enga skatta og engar skyldur til íslenska ríkisins. Þetta var hægt áður en við samþykktum EES-samninginn og þetta hefur verið hægt lengi. Það sem við stöndum frammi fyrir í þessu máli er því einfaldlega það að getum við ekki gengið þannig í þetta mál að við getum verið jafnfætis þeim þjóðum í þessu tilliti sem eru í samkeppni við okkur, og þá er nærtækast að vitna til Norðurlandaþjóðanna sem við erum jú alltaf að bera okkur saman við á ýmsum sviðum, og reyna að gera hlutina þannig úr garði að menn sjái sér ekki hag í því að fara með fyrirtækin og atvinnustarfsemina úr landinu.

Ólafur vék líka að því að búið væri að leyfa 350 millj. manna að sækja vinnu á Íslandi og átti þar við samninginn um EES og frjálsa för launafólks á milli landa. Samningurinn kveður hins vegar á um að það fólk sem þannig kemur starfar á íslenskum kjarasamningum, við þau kjör sem Íslendingar eru ráðnir á. Menn ná ekki að fara með kjörin niður samkvæmt EES-samningnum. Ef fólk kemur hingað til lands þá fer það á íslenska kjarasamninga. Það gerist hins vegar ef skipum er flaggað út að hægt er að fá þetta vinnuafl þrisvar til fjórum sinnum ódýrara en er almennt.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þarf mikla einföldun til að koma í ræðustól og segja: Það gerist ekki neitt með EES. (**GAK:** Það sagði ég aldrei.) Það er vel ef ræðumaður tekur það til baka því það gerðist mikið með EES. Eitt af því sem gerðist m.a. með EES er að það er hægt að reka ferju milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur sem er eign hlutafélags á Kýpur. Það er sú alvara sem blasir við þeim sem nú eiga í vinnudeilum. Ef Íslendingar slíðra ekki sverðin innbyrðis þá töpum við atvinnutækifærum úr landi. Ef Íslendingar bera ekki gæfu til þess að hafa það skynsamlega vinnumálalöggjöf að það sé hægt að halda uppi eðlilegri stöðu í atvinnurekstri í landinu þá töpum við atvinnutækifærum úr landi vegna þess að með þessum samningum sem gerðir voru er hægt að stofna hlutafélög úti í heimi um hvaða rekstur sem er hér heima.

Það er sagt að þeir eigi að starfa eftir íslenskum kjarasamningum. Það er nú nokkur reynsla fyrir því hvernig það kemur út í Þýskalandi gagnvart þýskum aðilum. Ég er ekki búinn að sjá að það sé mikið vandamál að fara í kringum það. Hvernig var þetta með sjómennina sem Eimskip var með í vinnu? Á hvaða kjörum voru þeir um borð? Var það ekki klagað hingað upp? Hvað var gert? Þeir voru bara reknir. Það var niðurstaðan. (**GHall:** Og Íslendingar settir um borð í staðinn.) Íslendingar settir um borð í staðinn. Spurningin er þessi: Verða þeir aftur til að klaga hingað heim ef útlendir aðilar lenda í slíkum aðstæðum? Þeir vita hvað gert er. Þeir verða reknir. Þeir munu ekki klaga næst. Það liggur ljóst fyrir.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur áður sýnt að hann hefur mikið hugmyndaflug. Í þeirri ræðu sem hann flutti áðan fór hann þó jafnvel fram úr sjálfum sér því ég hygg að það þurfi meira en einhaman mann til þess að koma því að í ræðu um íslenska kaupskipaútgerð hvað breska drottningin borgar í skatta. Hv. þm. orðaði það svo að sú þróun sem hefur átt sér stað innan íslenskrar kaupskipaútgerðar væri undanhald samkvæmt áætlun. Ég skal ekki mótmæla því, en hvenær hófst það undanhald? Það hefur verið í gangi síðustu 10–15 árin, þ.e. á hinum fræga framsóknaráratug. Það var undir stjórn þess flokks, sem hinn ágæti þingmaður Ólafur Þ. Þórðarson tilheyrir, sem undanhaldið hófst. Ég skal að vísu aðeins hugga hann með því að oft er það svo að skipulagt undanhald getur um síður leitt til sigurs. Það er hins vegar ekki sigurvænlegt þegar þessi þingmaður leggst í rauninni gegn því að þessi ályktunartillaga verði samþykkt. Skyndilega kemur þessi harðasti talsmaður stjórnarandstöðunnar, maðurinn sem ræðst hvað harðast gegn stjórninni og er skyndilega svo fullur af trú á íslensku ríkisstjórninni að hann telur að vilji þingsins skipti litlu máli. Það þurfi enga ályktunartillögu, ríkisstjórnin kippi þessu í lag. Ja, mikil er trú þín, kona.

Ég verð að segja það að ég deili ekki trú hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar á gæsku hæstv. samgrh. í þessu tiltekna máli. Hann hefur sýnt það því miður allt of oft að hann ber hagsmuni tiltekinna skipafélaga of mikið fyrir brjósti til þess að það sé rétt að láta það tækifæri fara fram hjá þinginu að samþykkja þessa tillögu.

Síðan verð ég að segja það, virðulegi forseti, að nú er það að renna upp fyrir mér hvernig stóð á því að þessi hv. þm. skipaði sér í fylkingu afturhaldsaflanna í Framsfl. sem lagðist þunglega gegn EES-samningnum. Málflutningur hans allur sýndi það að hann ber ekkert skyn á samninginn um EES. Hann veit hvorki hvaða reglur gilda um ráðningu útlendra manna til Íslands í krafti samningsins né á hvaða kjörum þeir eru. Og hann heldur því blákalt fram, eða það er a.m.k. ekki hægt að skilja mál hans öðruvísi en svo, að það hafi eitthvað með EES að gera að skip eru látin sigla undir þægindafána. (**Forseti:** Tíminn er búinn.) Það hefur ekkert með EES að gera. (**Forseti:** Tíminn er búinn.) En kannski, virðulegi forseti, sýnir það að hið pólitíska líf þessa hv. þm. og hans flokks byggist á einum allsherjarmisskilningi.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er það upplýst af hv. 17. þm. Reykv. að þetta mál er flutt sem vantraust á hæstv. samgrh. Það kom hvergi fram í máli frummælanda og ég náði því alls ekki að svo væri. Ef það hefði verið skýrt strax þá hefði ég að sjálfsögðu gert mér grein fyrir því að ríkisstjórnin gæti ekki gengið beint í málið. Hún þyrfti að fá hrísvönd til þess að taka við sér.

En varðandi Bretaveldið þá hélt ég að jafnvel hv.

17. þm. Reykv. vissi að þetta er ein mesta siglingaþjóð heimsins og Bretadrottning hefur náttúrlega gegnt sögulegu hlutverki hvað það snertir. Hins vegar hefur hún haft þann háttinn á í gegnum allar aldir, sem þetta var mesta siglingaveldi heimsins, að vera skattfrjáls sjálf en ætla farmönnunum að greiða skatta. Nú aftur á móti er farið að halla svo undan að hún hefur gert samkomulag um að greiða skatta.

Varðandi EES og þann stóra misskilning sem hann kvað að ég hefði í því sambandi, þá vil ég taka fram að ég geri mér fulla grein fyrir því að það var hægt að sigla undir þægindafána áður. En ég veit ekki til þess að hlutafélögum utan úr heimi hafi verið heimilt að stunda óáreitt atvinnurekstur á Íslandi áður. Það fylgdi EES. En nú er hæstv. samgrh. genginn í salinn og má gera sér grein fyrir því að hér er opinbert vantraust flutt á hann undir því yfirskini að hann sé slíkur verndari Eimskipafélags Íslands að það verði ekki hægt að koma lögum yfir það félag nema þingið samþykki þáltill. sem hér hefur verið flutt og reynir nú mjög á karlmennsku kappans hvort hann gerir meira en að snýta sér.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson getur ekki leitað skjóls undir pilsum Bretadrottningar í þessu máli. Það er alveg ljóst að það varðar ekkert EES og þann samning sem fylgir Evrópska efnahagssvæðinu hvort íslensk skipafélög eða önnur innan EES-svæðisins geta látið sín skip sigla undir þægindafána. Það er þróun sem hefur verið við lýði löngu fyrir þann samning og tillagan sem hér liggur fyrir gengur út á það að ríkisstjórninni verði falið að leita leiða til þess að sporna við þessari þróun. Ég tel að mikilvægi málsins sé slíkt að það sé alvörumál þegar þingmaður kemur hér og leggst gegn því að ályktunartillagan verði samþykkt. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég tel að sú afstaða hv. þm., sem mér kemur nokkuð á óvart, þjóni ekki hagsmunum íslenskra farmanna.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt ég hefði tekið það nægilega skýrt fram í mínu svari áðan að eftir að það er upplýst að þetta er vantraust á samgrh. horfir málið náttúrlega þannig við að þingið verður að samþykkja tillöguna. Ég hélt að hv. 17. þm. Reykv. gerði sér grein fyrir því. Er það tilfellið að ríkisstjórn Íslands telji ekki þörf að vinna þetta verk á miklu breiðari grundvelli? Það þarf að vinna hliðstætt verk á miklu breiðari grundvelli.

En varðandi EES og skjól undir pilsum Bretadrottningar þá veit ég að hv. 17. þm. Reykv. er það vel kunnugur á þeim slóðum að ég kemst ekki í hálfkvisti við hann og vil ekki þræta um möguleika sem þar eru. En EES hefur fært okkur inn í atvinnusvæði sem eru 350 millj. manna. Það þýðir að atvinnuleysi á Íslandi á næstu árum mun verða svipað og innan þess svæðis.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég bað um orðið þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson var að ljúka sinni ágætu ræðu, hinni fyrri. Raunar var sú síðari líka skemmtileg þó hin væri kannski meira alvörugefin. Við erum að fjalla um hagsmunamál farmanna og hverju það muni sæta að fremur fækki en fjölgi íslenskum farmönnum sem sigla um heimsins höf. Það er hlutur sem við horfum ekki á án þess að gera gagnráðstafanir eftir því sem okkur telst heppilegast. Við vitum að launakjör eru ekki orðin miklu betri hjá okkur en víðast annars staðar. Það eitt ætti að gera það að verkum að óskabarn þjóðarinnar ætti að einbeita kröftum sínum að því að bæta hag sinna farmanna og starfsmanna í staðinn fyrir að fækka þeim og efla siglingar í staðinn fyrir að draga úr þeim. — Hér er kominn hæstv. ráðherra þessa málaflokks og mun sjálfsagt taka einhvern þátt í þessari umræðu.

Um Eimskipafélagið var auðvitað allt gott að segja. Íslenska þjóðin sameinaðist um að koma því á laggirnar á sínum tíma og tók nánast hver einasti maður, hversu fátækur sem hann var, þátt í því verki. Þessi starfræksla mikilvægustu atvinnufyrirtækja, þ.e. opin og almenn hlutafélög, er gömul að árum en ekki ung, allt frá 17. öldinni. Við kynntumst þessu síðar og það reyndist mjög vel um langan aldur en síðan fóru menn að safna auðnum saman. Orðið burðarás kom inn í þessa umræðu af annarra hálfu og ætti kannski að vera mönnum til íhugunar um hver þessi burðarás sé nú. Það er fyrirtæki sem gjarnan mætti fá upplýsingar um hverjir eiga og hvernig þeir eignuðust það. Það er mál út af fyrir sig.

Ég var svo heppinn, vil ég segja, að vera beðinn um það af starfsmönnum Ríkisskipa á sínum tíma að aðstoða starfsmennina við það að geta eignast Ríkisskip. Svo varð nú ekki. Ég held að hæstv. samgrh. geti frætt okkur á því hvers vegna það varð ekki. Hins vegar var Samskip stofnað og það bjargaði þó nokkru því það er þó ekki algjör einokun í strandsiglingum eða millilandasiglingum eins og í stefndi á tímabili.

Það var gott að fá þessa umræðu, bæði er þetta þing með því leiðinlegasta sem ég hef setið a.m.k. þannig að það gerir ekkert til þó menn skvetti svolítið úr klaufunum, svo maður noti góða og gegna íslensku, og rífist ef því er að skipta. En hér er málefnalegt rifrildi, ef við köllum það rifrildi, eða málefnaleg umræða um einn af mikilvægustu þáttum í okkar atvinnulífi sem siglingarnar hljóta að vera. Við verðum auðvitað fyrst og fremst að berjast fyrir því að varðveita okkar fiskimið og nota þau sem við eigum. Því miður er ekki enn þá farið að nýta hafið og hafsbotnsvæðið suður af Reykjanesi, t.d. út í 350 mílur sem við eigum þar, Hatton-bankann eigum við o.s.frv. Þetta þekkja menn allir og ég hef sagt hér 150 þúsund sinnum eða hvað það er nú oft og þarf ekki að segja það öllu oftar. En ef þessi hugsjón okkar, almenningshlutafélögin — ég held ég hafi búið til það orð og það er gott orð og menn mættu gjarnan fara að hugsa hvernig þau félög eigi að vera byggð upp, hvernig verði gætt réttar minni hlutans og hvernig fyrirtæki geti þróast eðlilega ekki

síst í svo litlu þjóðfélagi eins og okkar er en raunar í miklu stærra landi en svarar til allra landanna í Vestur-Evrópu og Mið- og Suður-Evrópu. Við eigum stærra yfirborð og verðmætara yfirborð af jörðinni okkar en öll Vestur-Evrópa. Við höfum sem sagt nóg við að glíma að byggja upp okkar eigin óháðu atvinnuvegi og þurfum ekki að leita á annarra náðir um hvaðeina sem við hyggjumst gera.

Það er svo óteljandi margt sem við getum gert ef við sameinumst. Við deilum auðvitað um leiðirnar en í meginatriðum ættum við að geta verið sammála um þessa stefnu sem mótaðist af sjálfu sér þegar Eimskip var stofnað. Líklega merkilegasta almenningshlutafélag sem nokkurn tímann hefur verið stofnað í veröldinni að uppbyggingu og frjálsræði og nauðsyn þess að varðveita hag minnihlutaeigenda, en flestir áttu of smáa hluti. Menn lögðu gjarnan fram eitt lambsverð eða eitt kýrverð eða eitthvað slíkt og þeir fátækustu fengu að borga það á nokkrum tíma en allir voru með.

Ég vildi gjarnan fá að sjá það áður en maður hættir stjórnmálaafskiptum. En það þarf enginn að láta sig dreyma um að ég geri það fljótlega því það ætla ég ekki að gera. Ég ætla að vera lengi við hvort sem vel farnast á næstu árum eða ekki vegna þess að við eigum verk að vinna og einmitt Eimskipafélagshugsjónin, ég kalla það svo enn þó hún hafi breyst í burðarása. Það er fleira sem ég þarf ekkert að nefna og allir hér inni og allir Íslendinga raunar vita hvernig hefur verið farið að í því ágæta félagi.

En það var sem sagt þessi frábæra ræða Össurar Skarphéðinssonar sem hvatti mig til að fara í pontuna en ég get ekki orðað þessa hugsun alla saman betur en hann gerði og læt hér staðar numið.

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegur forseti. Það var eitt athyglisvert mál sem tengist siglingum erlendra skipa að og frá landinu og hv. 1. þm. Vestf. kom hér inn á. Það er sú ástæða sem vissulega er til að löggjafinn setji þær skyldur skýrt og afmarkað á erlend skip sem koma inn í efnahagslögsögu Íslands að þau tilkynni komu sína. Við höfum séð hvernig slys hafa orðið á stórum olíuflutningaskipum sem hafa siglt í strand eða rekið stjórnlaust að landi með ómældu tjóni fyrir nálæg lönd. Þar hefur komið í ljós að skipin sigla undir svokölluðum þægindafánum og áhöfnin jafnvel vanhæf til að stjórna skipi. Það er full ástæða til að veita þessu athygli. Það má segja að alþjóðleg samkeppni í kaupskipaútgerð sé komin á algerar villigötur þegar hún er í vaxandi mæli látin velta á því að miða kostnað við lægstu öryggiskröfur og þrælalaun erfiðismanna í fátækum löndum. Slíka þróun ber að stöðva áður en hún nær því stigi sem allt stefnir að. Hér er um málefni að ræða sem taka verður upp sem alþjóðlegt samstarfsverkefni enda ættu þegar að vera fyrir hendi alþjóðleg samtök og stofnanir sem gætu tekið þessi mál föstum tökum ef vilji er til.

Í bréfi frá Stýrimannafélagi Íslands í janúar til Sambands ísl. kaupskipaútgerða þar sem þeir eru að svara fréttabréfi þeirra, sem ég gat um hér í fyrri ræðu minni, kemur fram alger uppgjöf íslenskrar kaupskipaútgerðar á að halda íslenska kaupskipaflotanum sem slíkum, þ.e. undir íslenskum fána. Í bréfinu segir m.a., með leyfi forseta:

„Ef mannafjöldi þeirra skipa sem flaggað hefur verið út er borinn saman fyrir og eftir útflöggun kemur fram óverulegur munur á fjölda skipverja. Almennt talað er það staðreynd að við það að skipta frá íslenskum sjómönnum til erlendra fjölgar í áhöfn. Þetta er þó að nokkru háð þeim verkefnum sem skipin sinna hverju sinni.“

Stýrimannafélag Íslands tekur heils hugar undir og skilur þau vonbigði sem fram koma í dreifibréfi SÍK vegna þess hve lítið hefur fengist áorkað í sambandi við þá nefnd sem samgrh. kom hér inn á. Hins vegar harmar Stýrimannafélag Íslands þá stefnubreytingu sem nú hefur orðið hjá Sambandi ísl. kaupskipaútgerða og fram kemur í bréfinu þar sem því er lýst yfir að útgerðirnar muni ekki frekar hvetja til íhlutunar stjórnvalda hvað varðar rekstrarskilyrði íslensku kaupskipaútgerðanna heldur skrá skip sín undir erlenda þægindafána væntanlega með erlendum áhöfnum. Þá er sú fullyrðing að fyrirrætlun Sambands ísl. kaupskipaútgerða að íslenski fánin á kaupskipum muni innan tíðar heyra sögunni til svo afgerandi að ekki verður hjá því komist að taka það alvarlega.

Og í niðurlagi bréfins segir að í ljósi þessa — og reyndar alls niðurlags bréfsins þar sem í raun og veru er sagt berum orðum að ekki verði rúm fyrir íslenska farmenn á íslenskum kaupskipum í framtíðinni — muni Stýrimannafélag Íslands íhuga í fullri alvöru hvort því sé ekki rétt og skylt að hvetja félaga sína til að afla sér atvinnu á öðrum vettvangi svo fljótt sem kostur er. „Þá mun félagið enn fremur íhuga hvort ekki er rétt í nafni félagsins að vara unga menn við að afla sér menntunar til starfa á íslenskum kaupskipum.“

Þetta er alvarlegt bréf. Þetta eru alvarleg orð og þungur áfellisdómur yfir íslenska kaupskipaútgerð. Hvað með Stýrimannaskólann okkar og Vélstjóraskólann? Hvað með íslenska unga menn sem mennta sig á þessu sviði?

Hér er þessari atvinnugrein svo alvarlega ógnað að í sannleika sagt verð ég að segja að það kom mér mjög á óvart hve sumir þingmenn fóru á flug varðandi þessa þáltill. sem hér er til umræðu. Það er hins vegar um hugsunarefni þegar menn eru að tala um Eimskip að lesa þær heilsíðugreinar sem ég kom hér inn á áðan. Hvað er skipafélagið að fara og til hverra eru þeir að vitna? Hvað ætla þeir sér í framtíðinni þegar þeir segja í þessari ágætu heilsíðuauglýsingu: „Íslenskir inn- og útflytjendur verða að geta treyst á reglubundnar áætlunarsiglingar í dag og um ókomin ár.“ Hverjum á að treysta fyrir því? Á að teysta erlendum aðilum til að sjá um það? Erlendum skipafélögum sem mönnuð eru erlendum sjómönnum? Þeir segja líka: „Í viðskiptum gilda enn hin gömlu sannindi: „...orðstír deyr aldregi hveim er sér góðan getur.““ Svo djúpt er kafað. „Stöðugleiki og fagmennska eru undirstaða trausts í viðskiptum. Eimskip fyrir framtíðina.“ Hvaða framtíð? Hvað er Samband ísl. kaupskipaútgerða að senda út frá sér þegar það segist vera búið að gefast upp á því að

vera með íslenskan kaupskipaflota, þeim sé nákvæmlega sama hvort hann sigli undir dönskum fána eða Panamafána eða hvaða fána öðrum en íslenskum?

Í annarri ágætri auglýsingu segja þeir að Eimskip sé fyrir íslenska menningu vegna þess að þeir flytji inn til landsins pappír í bækur og þeir hafi flutt nóbelsverðlaunaskáldið okkar til landsins með Gullfossi árið 1955.

Nei, virðulegur forseti. Það er með ólíkindum hvernig íslensk skipafélög hafa löðrungað íslenskt atvinnulíf með því bréfi sem þeir standa að sem aðilar að Sambandi ísl. kaupskipaútgerða og segja að þeir nenni ekki og hirði ekki um það lengur að hafa áhyggjur af því hvort einhver kaupskipafloti sé til undir íslenskum fána eður ei.

Síðast en ekki síst ítreka ég það sem ég kom hér inn á áðan varðandi menntun íslenskra farmanna, bæði stýrimanna og vélstjóra. Þetta eru slík tíðindi að þessi þáltill. þarf að fá skjóta afgreiðslu á hinu háa Alþingi. Það eru orð í tíma töluð sem hér hafa komið fram varðandi það mál sem er til umræðu um að það verði að leita allra leiða, ekki núna heldur nú, svo íslensk farmannastétt og íslenskur kaupskipafloti heyri ekki fortíðinni til.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er ekki ómerk umræða sem hér fer fram. Ég hef á stundum ýjað að þessum málum á hinu háa Alþingi og satt best að segja ekki fengið allt of miklar undirtektir. En það er vissulega virðingarvert af hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni og Guðmundi Hallvarðssyni að flytja þessa tillögu. Hins vegar er ég ekki alveg viss um að þeir hafi vitað hvað þeir voru í raun að gera. Hvað eru þeir að leggja til? Þáltill. er jú beiðni til ríkisstjórnarinnar um að bæta úr í þessu tilviki ástandinu hjá farmannastéttinni. Hvernig er það? Þetta er deyjandi stétt á Íslandi. Einungis fjögur skip Eimskipafélagsins sigla undir íslenskum fána. 11 farskip sigla undir íslenskum fána, 19 undir erlendum. Og í umræðu hér hinn 12. jan. sl. þar sem ég gerði þetta að umtalsefni sagði hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, 1. flm. þessarar tillögu, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Það er rétt að það komi líka fram í þessari umræðu að það er þegar búið að flagga út skipum frá íslenskum útgerðum. Þau eru hreinlega rekin frá Kýpur. Það þýðir hins vegar ekki að það séu ekki ráðnir íslenskir menn til starfa. Þeir eru ráðnir að hluta, en þeir greiða engin opinber gjöld til íslenska ríkisins og af viðkomandi skipaútgerðum renna engin gjöld til íslenska ríkisins. Hér verða engin margfeldisáhrif eða nokkur atvinnuskapandi störf í kringum þessa útgerð."

Ég held að það sé þess vegna tími til kominn að menn hætti að tala um Eimskipafélag Íslands eins og íslenskt fyrirtæki. Þetta fyrirtæki kemur okkur ekkert við. Þetta er erlent fyrirtæki sem rekur fjögur skip undir íslenskum fána.

Hugur þessara ágætu flm. með þessari tillögu er eflaust góður. Á því er þó sá hængur að báðir greiddu þeir atkvæði með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og það er samhengi þarna á milli. Ég vil minna þá ágætu menn á að í öllu samkeppnistalinu verður auðvitað að bregðast við þægindafánaskipunum. Vissulega mega Evrópubandalagsskip sigla undir þægindafánum og þau mega einnig sigla undir eigin fána. En hvernig ætla þeir þá að keppa við þægindafánaskipin? Um það mál má lesa í plaggi sem heitir: „EES-samningurinn, Upplýsingablöð, Flugmál og Skipaflutningar *II.2* og *II.3*." Þetta plagg er gefið út af sjálfu utanrrn. Þar segir svo, með leyfi forseta á bls. 8:

„Stuðningsaðgerðir: Þegar ráðherranefnd EB staðfesti fyrrnefndar reglugerðir árið 1986" — en þær fjalla um frelsi í aðgangi að sjóflutningum og þjónustu o.s.frv. — „lagði nefndin jafnframt fyrir framkvæmdastjórn EB að hún legði fram nýjar tillögur um frekari stefnumótun í kaupskipaútgerð og til styrktar EB-útgerðum. Þessar tillögur hafa verið nefndar „jákvæðar aðgerðir". Framkvæmdastjórnin lagði slíkar tillögur fram 1989 og hafa þær verið til umræðu innan bandalagsins síðan. Tillögurnar ganga almennt í þá átt að vernda hagsmuni EB-útgerða gagnvart öðrum siglingaþjóðum, einkum þægindafánum, og eru í höfuðatriðum eftirfarandi:

1. Forgangur skipa EB-útgerða verði tryggður í flutningum á allri þróunaraðstoð bandalagsríkjanna.

2. Sameiginleg skráning allra skipa bandalagsins verði stofnuð, svonefnd EUROS-skráning." — Og nú vil ég biðja hv. flm. að hlusta.

3. Á EUROS-skipum verði heimilt að helmingur undirmanna verði frá þróunarríkjum á kjörum sem ríkja í heimalöndum þeirra og að EB-farmenn á EUROS-skipum verði að hluta eða að öllu leyti skattfrjálsir og skattar þeirra gangi til útgerðanna."

Hvað er hér verið að gera? Það er verið að gera EUROS-skipin sams konar skip og þægindafánaskip. Þetta hljóta hv. flm. þessarar tillögu að skilja. Hvaða þýðingu hefur þessi tillaga við þessi skilyrði? Nákvæmlega enga nema verið sé að biðja hæstv. samgrh. að reka 80 manns, sem eru af erlendu þjóðerni, frá Eimskipafélagi Íslands — 80 af 259 starfsmönnum er ærið há tala erlendra manna — og veita 80 atvinnulausum íslenskum mönnum þessi störf. Eru þingmennirnir að biðja um það? Það hlýtur að vera. Það er það eina sem hæstv. ráðherra gæti gert sem um munaði því að Alþingi Íslendinga er búið að samþykkja EES-samninginn. Sú er okkar einasta von að hann nái aldrei samþykki annars staðar og verði þess vegna aldrei veruleiki.

En þau skip sem kæmu hér eftir að EES-samningurinn væri samþykktur undir EUROS-fána mega hafa allt að helmingi undirmanna af erlendu þjóðerni. Ég hef því aldrei getað fengið það inn í kollinn hverju sá samningur breytir til bóta fyrir íslenska farmenn. Ég held að menn hafi ekki lesið allar lexíurnar sínar heima.

Það er nefnilega svo í heimi samkeppninnar og gróðafíknarinnar að menn finna sér aðrar leiðir til að græða . Ef þeir þykjast hafa látið af eða orðið að fara af einhverjum leiðum þá finna þeir einfaldlega aðrar. Ég fæ ekki betur séð en að EUROS-skráningin svonefnda komi beinlínis í staðinn fyrir þægindafánakerf-

ið. Mér þætti a.m.k. vænt um ef hv. flm. reyndu að segja mér eitthvað annað. Sé þetta rangt hjá mér þá skal ég svo sannarlega éta það ofan í mig aftur. En ég held einfaldlega að þetta sé rétt.

Mér er ekki alveg ljóst hvað hv. þm. eru að biðja hæstv. samgrh. að gera. Hvernig hann á að leita annarra leiða, eins og þar segir, til að tryggja störf íslenskra farmanna á íslenskum kaupskipum. Þeim mun fara fækkandi ekki síður eftir gildistöku EES-samningsins. Þetta horfðu menn upp á án þess að depla auga og sögðu já við þessum samningi.

Það er svo önnur saga að hér skuli menn líklega 80 árum seinna hafa Eimskipafélag Íslands í flimtingum, gera grín að því, óskabarni þjóðarinnar sem einu sinni var stofnað til með samskotum fátæks fólks. Enn er til á heimili mínu hlutabréf í Eimskip, sem bera held ég 75 kr. arð á ári, þar sem notaður var síðasti eyririnn til að stofna þetta félag sem nú er ekki lengur íslenskt félag heldur erlent.

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þm. Guðrún Helgadóttir hafi farið svolítið út úr kortinu í sínum málflutningi. Ég held að það verði ekki um það deilt að Eimskipafélag Íslands er íslenskt félag. Þegar verið var að tala um félag sem var búið að stofna atvinnurekstur á Kýpur var ekki átt við Eimskipafélag Íslands.

Hún telur að við hv. flm. Guðmundur Hallvarðsson vitum lítið um þetta mál. Það kann vel að vera að við vitum ekki um allar hliðar málsins en ég hugsa að við séum sæmilega heima á þessum sviðum þó við höfum aldrei haldið því fram hvorki hér í sölum Alþingis né annars staðar að við vissum alla skapaða hluti um öll möguleg og ómöguleg mál eins og mér finnst iðulega koma fram hjá öðrum sem koma hér og segja að þetta sé svona og hitt sé hinsegin.

Ég veit ekki til að við höfum gerst aðilar að Evrópubandalaginu. Málið snýst um EES-samninginn, sagði Guðrún Helgadóttir. Ég hélt að ég hefði svarað því hér áðan þegar Ólafur Þ. Þórðarson fór með þetta mál í sama farveg að EES-samningurinn hefur ekki áhrif á það hvort hægt er að flagga skipum út eða ekki. Hann hefur ekki áhrif á það hvort hér er hægt að flagga út skipum og vera með erlendar áhafnir. Það er vonandi að fæðast skýrsla á vegum samgrn. um samkeppnisstöðu íslenskra útgerða og um störf og starfsemi skipaútgerðanna. Það sem við erum að leggja til í þessari þáltill., svo það sé alveg skýrt í stuttu máli, er einfaldlega að tryggja atvinnu farmanna og koma því verki áfram, að málið fari hér beint til samgn. þingsins og reynt verði að vinna hratt úr því og koma því í þann farveg að íslenskir farmenn geti verið samkeppnisfærir og haldið samt sínum launum með því að gera sömu skattaráðstafanir og t.d. Danir hafa gert.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég harma hvað hv. 1. þm. Vestf. hefur tekið nærri sér það sem ég sagði hér. Ég held að það sé nú ekki rétt sem hann segir að ég hafi nokkurn tímann haldið því fram að ég vissi allt um alla skapaða hluti. Ég veit hins vegar eitt: Að af 259 farmönnum hjá Eimskipafélagi Íslands eru 80 erlendir. Af öllum skipum Eimskipafélagsins eru fjögur sem sigla undir íslenskum fána. Og rétt nýverið er búið að taka eitt skip undan íslenskum fána. Þannig að ég sé ekki annað en það góða skipafélag sé á hraðbyri í að verða erlent skipafélag sem greiðir ekki krónu til íslenska ríkisins.

Við erum ekki aðilar að EB sagði þingmaðurinn. Nei, en EES-samningurinn er allur á forsendum EB. Þetta vita menn mætavel og ég las hér orðrétt upp úr umræðum um reglur sem eru í gangi og að öllum líkindum verða samþykktar varðandi EUROS-skráninguna, þar sem heimilað er að helmingur áhafnar undirmanna á farskipum megi vera af erlendu þjóðerni og taki laun samkvæmt kjörum sem tíðkast í þeirra heimalöndum. Það þýðir ekkert að bera á móti þessu. Svona er þetta. Og til hvers er þetta gert? Þetta er auðvitað til þess að koma í samkeppnina.

Á undanförnum árum veit ég ekki betur en maður hafi lesið það í blöðunum að Eimskipafélag Íslands hafi skilað hundruð milljóna í gróða. (Gripið fram í.) Nú er það farið að tapa. Það má vel vera. Menn hafa sjálfsagt fundið einhverjar nýjar leiðir til þess. En að bera það á borð á Alþingi Íslendinga að það hafi verið nauðsyn fyrir þetta stóra og mikla félag að ráða einhverja ólæsa og óskrifandi menn til þess að komast hjá því að tryggja þeim félagsleg réttindi og sæmileg laun, það nær ekki nokkurri átt að bera það á borð á hinu háa Alþingi og ég held að niðurlæging Eimskipafélagsins blasi við hverjum manni.

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir kom að því í upphafi máls síns að ég og Guðjón A. Kristjánsson vissum ekki hvað við ætluðum og talaði um að hugur okkar væri góður en það væru kannski áhöld um hvort við vissum yfir höfuð hvað við værum að fara. Það kann vel að vera að það hljómi einkennilega í hennar eyrum að heyra málflutning okkar en það hefur oftar en ekki brunnið við að sá ágæti þingmaður hafi ekki alveg verið með á því sem er að gerast í heimi atvinnulífsins. Vegna þess að í fyrsta lagi er það svo að í ágætu fréttabréfi frá Eimskipafélaginu segir m.a. að í fyrsta lagi sé lögð áhersla á frekari vöxt félagsins hér á landi en þó einkum erlendis. Það er það, hv. þm., sem við erum að reyna að sporna við fyrst og fremst, að í frekari óáran fari en orðið er. Vissulega viljum við sækja fram og stöðva þá óheillaþróun sem orðið hefur hvað snertir atvinnutækifæri íslenskra farmanna. Svo einfalt er þetta.

Ég verð að segja að það er auðvitað líka svo með Eimskip að hvar svo sem má finna því stað í skráningu, hvort sem það er innlent eða erlent, þá vefst það ekki fyrir mér að Eimskipafélag Íslands er íslenskt fyrirtæki. Það er að vísu talsvert um það að Eimskip sé með nokkur skip á svokallaðri þurrleigu undir erlendum fána en með íslenska áhöfn. Mér þykir miður að svo skuli vera. En kaupin á eyrinni gerast nú þannig í æ ríkara mæli varðandi skip, enda er þar um allveru-

legar fjárupphæðir að ræða ef ekki tekst vel til um val á réttu skipi. Og kannski það líka, sem rétt er að upplýsa, að það er ekkert einfalt mál að skrá skip á Íslandi, alla vega ekki jafnauðvelt og flugvélar sem eru þó margfalt dýrari. Flugvél er hægt að skrá á Íslandi nánast með einu pennastriki á meðan það tekur viku eða vikur að skrá íslenskt kaupskip. Þess vegna m.a. hefur þetta farið í þennan farveg. En bara til að það fari ekki á milli mála: Hugur okkar er góður og við erum að reyna að byrgja brunninn áður en allur skaðinn er skeður og ég vona að okkur takist að snúa þessari óheillaþróun við.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki góður þingsiður að byrja á því að væna fólk um fáfræði án þess að færa fyrir því einhver rök. Ég held að hv. 16. þm. Reykv. hafi misskilið mig að því leyti, ég er ekki að kenna honum um ófarir Eimskipafélagsins. Margt má nú væna hann um en ekki það.

Það breytir hins vegar ekki því að ástandið er nákvæmlega eins og hann sagði núna. Æ fleiri störf í farmannastéttinni eru setin af erlendum mönnum. En það ættu að vera hæg heimatökin fyrir hæstv. samgrh. að líta ofan í þessi mál. Hann situr sjálfsagt í jólaboðum með stjórninni sakir kunningsskapar og skyldleika og það ætti að vera auðvelt fyrir hæstv. ráðherra að ráðgast við stjórn Eimskipafélags Íslands um hvað skuli gera til þess að bæta hag íslenskra farmanna og tryggja það að Íslendingar séu á íslenskum skipum og að íslensk skip greiði skatta sína og skyldur til íslenska ríkisins.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að koma hér upp og mótmæla þeim málflutningi hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur að Eimskipafélag Íslands sé ekki íslenskt skipafélag. Eimskipafélag Íslands er að sjálfsögðu íslenskt skipafélag. Eimskipafélagið er íslenskur lögaðili og greiðir auðvitað skatta sína og skyldur til íslenska ríkisins eins og aðrir íslenskir lögaðilar samkvæmt þeim skattalegu reglum sem við höfum sett á hinu háa Alþingi.

Það er að vísu rétt að Eimskipafélag Íslands hefur líka haslað sér völl erlendis í alls konar flutningum þar og hefur séð vaxtarmöguleika á því sviði. Ég vil í þessu sambandi vekja á því athygli að við höfum mjög mikið rætt hér einkanlega í sölum Alþingis um nauðsynina á því að íslenskt atvinnulíf reyni að finna sér nýjan farveg, ekki síst erlendis á ókunnum slóðum og það hefur Eimskipafélag Íslands getað gert, m.a. í krafti síns mikla afls sem ég var að víkja að áðan í máli mínu. Þess vegna hlýt ég að mótmæla því að Eimskipafélag Íslands sé ekki íslenskur lögaðili.

Hins vegar vil ég segja það að aðalatriði þessa máls er auðvitað ekki þetta og við megum fara að drepa þessari þörfu umræðu, sem var hafin af hv. flm. Guðjóni A. Kristjánssyni og Guðmundi Hallvarðssyni, á dreif með einhverju tali um einstakt skipafélag þó að mönnum sé það mjög ofarlega í sinni og þó að þetta skipafélag sé mjög sterkt á hinum íslenska flutningamarkaði. Við verðum hins vegar að beina sjónum okkar að því sem er aðalatriðið og efnisatriði þessarar tillögu, að fram fari gagnrýnin og skynsamleg athugun á því hver hin skattalega staða skipafélaganna í landinu sé í samanburði við skipafélög erlendis sem þau þurfa að etja kappi við og gera að því búnu þær tillögur sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja að íslensk störf séu áfram í fyrirrúmi og stöðva þá alvarlegu þróun sem hefur orðið og lýsir sér í því að ársverkum í farmennsku hefur fækkað um 183 á þremur árum.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þessi umræða hefur verið í senn athyglisverð, nauðsynleg og gagnleg. Það er að sjálfsögðu mikið kvíðaefni sú þróun sem hefur verið í sambandi við farskip hér á landi að æ fleiri skip eru skráð erlendis. Við erum að tala um mjög uggvænlega þróun sem við sjáum ekki fyrir endann á. Þessi mál, eins og ég sagði í minni fyrri ræðu hér áðan, hafa verið tekin upp af nefnd sem ég skipaði fyrir tæpum tveim árum. Þessi nefnd hefur hist á allmörgum fundum en þar hefur ekki komið niðurstaða. Á hinn bóginn hygg ég að óhætt sé að lýsa því yfir að álit nefndarinnar muni liggja fyrir í næstu viku. Ég hygg að ég geti staðið við þau orð. Það er a.m.k. ljóst að mér hefur verið heitið því. Ég hef mjög ýtt á eftir því að nefndin skilaði störfum en eins og ég vék að í minni fyrri ræðu, þá hefur tafið fyrir því að einstakir nefndarmenn hafa ekki talið sig hafa umboð eða vilja til þess að komast að sameiginlegri bindandi niðurstöðu.

Um þau ummæli hv. 14. þm. Reykv. áðan að það að ganga að samningum um hið Evrópska efnahagssvæði jafngilti því að samstundis væri heimilt að íslensku skipafélögin réðu helming háseta frá þriðja heiminum þá eru þau á misskilningi byggð. Sannleikurinn um það mál er að framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hafði leitað leiða til þess að styrkja stöðu kaupskipa gagnvart þeim skipum sem eru með þægindafána. M.a. var í þeim tillögum, sem kallaðar voru tillögur um hina Evrópsku skipaskráningu, EUROS, einmitt gert ráð fyrir því að 50% áhafnarinnar gæti verið á launakjörum sem ekki væri í heimalandinu. Þessum tillögum hefur þegar verið hafnað í Evrópubandalaginu og það hefur hvergi verið komið að neinu í þessu sambandi í tengslum við umræður um hið Evrópska efnahagssvæði. Hér er kannski um eðlilegan misskilning að ræða sem ástæðulaust er að gera veður út af en þetta er staðreyndin í málinu.

Ég hlýt að víkja aðeins að þeim þætti málsins sem veit að Eimskipafélaginu, Samskipum og öðrum skipafélögum hér á landi. Þessi skipafélög eiga í harðri samkeppni við erlend skipafélög, bæði skip sem sigla milli hafna erlendis og líka skip erlendra skipafélaga sem sigla hingað til Íslands hvort sem það eru leiguskip eða skip erlendra skipafélaga. Til þess að ná sem bestri nýtingu út úr íslenskum kaupskipum erlendis er nauðsynlegt að taka flutninga milli hafna þar sem verða þá að vera á verði sem sambærilegt er við það sem aðrir bjóða. Hitt liggur líka alveg ljóst fyrir, og hefur raun-

ar oft komið fram í umræðum hér á síðustu mánuðum, að þingmenn ætlast til þess að Eimskipafélagið flytji vörur til landsins á verði sem er sambærilegt er við það sem erlend skipafélög bjóða.

Ég man eftir umræðu um þetta efni sem var töluvert heit núna í haust og var þá m.a. talið, eins og raunar er löngum þegar ég tek til máls um þessa hluti, að ég sé einhver sérstakur fulltrúi kolkrabbans í þessum málum.

Við erum auðvitað hvorki að ræða hér um náttúrufræði né mannfræði. Ég ætla ekki að leggja neinn dóm á það hvort það sé endilega rétt hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að þeir erlendu menn sem hafa verið ráðnir á leiguskip Eimskipafélags Íslands þurfi endilega að vera ólæsir og óskrifandi. Mér finnst í þessu felast viss mannfyrirlitning sem mér fellur ekki. Menn geta verið frá fátækum þjóðum og af öðrum litarhætti og þó kunnað að lesa og skrifa. Hitt finnst mér vera kjarni þessa máls og hann er sá hvort við Íslendingar séum reiðubúnir til þess að veita kaupskipaútgerðinni sams konar skattfríðindi, rekstrarfríðindi, og hið opinbera hefur veitt þessari starfsemi í nálægum löndum.

Í greinargerð með þáltill. tala flm. sérstaklega um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til í Danmörku og lýsa sér í stuttu máli þannig að dönskum kaupskipaútgerðum er gert kleift að ráða til sín danska sjómenn, þó þannig að þeir skattar og þau launatengdu gjöld sem ella féllu á þessa sjómenn renni til útgerðarinnar. Með þessu er ekki verið að bæta kjör sjómannanna en á hinn bóginn verið að gera kaupskipaútgerðunum kleift að taka danska menn á skipin án þess að skattar hins opinbera íþyngi þeim í því. Þetta er vitaskuld ekki eini atvinnureksturinn sem er þess eðlis að nauðsynlegt er að hlúa sérstaklega að í skattalögum.

Ég vil í þessu sambandi víkja að öðru hliðstæðu dæmi þó þar sé ekki um tekjuskatt að ræða heldur virðisaukaskatt. Það er talið rétt að gefa sérstakar undanþágur í virðisaukaksatti til þess að viðgerðir og þjónusta geti farið fram þegar augljóst er að eigandi skipsins getur sótt hina sömu þjónustu til erlendra þjóða.

Við erum með okkar skattlagningu að gera hvort tveggja í senn. Við erum að reyna að afla fjár til sameiginlegra og nauðsynlegra þarfa. Til þess þurfum við tekjur í ríkissjóð en um leið og þessi skattlagning er farin að virka þannig að atvinnustarfsemin flyst úr landi þangað sem þessar álögur eru lægri en um leið jafnhagkvæmt að reka starfsemina frá viðkomandi landi, þá hefur það auðvitað í för með sér að þessi umsvif dragast saman hér. Þetta er vandinn. Ég hef þess vegna saknað þess í umræðunum sem hér hafa farið fram að þingmenn hafa ekki lýst þeirri skoðun sinni hvort þeir telji nauðsynlegt að ráðast í skattlegar aðgerðir til þess að snúa þróuninni við til að gera íslenskum skipafélögum kleift að ráða íslenska farmenn.

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þingmönnum fyrir að hafa tekið til máls. Ég held að allir sem hafa tekið til máls hafi lýst yfir stuðningi sínum við að reyna að taka á þessu máli með þeim hætti að reyna að tryggja hér störf íslenskrar farmannastéttar en það er aðalmarkmið okkar með tillögunni.

Hæstv. samgrh. tekur undir það og telur mjög brýnt að þetta mál fái skjótan framgang og hann staðfesti það áðan að sú nefnd sem hefur verið að störfum undanfarin missiri sé langt komin með það starf og muni skila skýrslu innan tíðar. Ég vænti þess að í framhaldi af því og í framhaldi af því að þessi tillaga fái umfjöllun og komist fljótt til samgn. verði unnið úr málinu og reynt að koma hér fram með þau sjónarmið sem mega verða til þess að tryggja störf íslenskra farmanna til framtíðar.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Sjálfsagt er nú þessi tillaga í góðri meiningu flutt og dreg ég það ekki í efa að hér eru miklir vinir farmanna á ferð. En það er raunar, eins og rækilega hefur komið fram í umræðunni, ekki tjaldað nema til einnar nætur þar sem eftir að gildistöku Evrópsks efnahagssvæðis mun verða torvelt fyrir íslensk stjórnvöld að beita einhverjum þvingunum á íslensk skipafélög til þess að halda Íslendingum á skipunum.

Auðvitað er Eimskipafélag Íslands íslenskt skipafélag og ég er dálítið undrandi á þeim staðhæfingum sem hér hafa komið fram í umræðunni. Eimskipafélag Íslands á einmitt töluvert mikið á Íslandi og í Íslandi. Það er einrátt á markaðnum og hefur blómstrað býsna vel á undanförnum árum með þeim hætti að fullkomin ástæða er til að gefa gaum að þeim rekstri.

Tillagan fjallar um að bæta samkeppnisstöðu þess og um það að lækka skatta þess fyrst og fremst, en ég sé ekki að hún tryggi með neinum hætti, þó samþykkt yrði, að skip Eimskipafélagsins yrðu mönnuð með Íslendingum. Þetta er fyrst og fremst tillaga sem hefði það í för með sér, ef samþykkt yrði og eftir henni unnið, að samkeppnisstaða fyrirtækisins batnaði, þ.e. gróði þess ykist fremur en á því sé tekið að skip þess yrðu mönnuð Íslendingum. Ég tel að þessi þróun sem hér hefur orðið á undanförnum árum sé ákaflega sorgleg. Við erum að hætta að reka þetta þjóðfélag sjálf. Við erum að eyðileggja iðnaðinn með innflutningi, hann er að stórdragast saman. Ef ég man rétt þá töpuðust í iðnaði á síðasta ári 1.000 störf. Skipaflotinn er orðinn mannaður útlendingum. Tvíhöfða nefndin er að gera tillögur um, eftir því sem fregnir herma, að hleypa útlendingum inn í útgerð og fiskvinnslu. Þetta er allt á sömu bókina lært.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stuðningur við réttindabaráttu Eystrasaltsríkjanna á alþjóðavettvangi, frh. fyrri umr.

Þáltill. BBj o.fl., 278. mál. — Þskj. 388.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseta urðu á þau leiðu mistök í gær, sem eru honum raunar óskiljanleg, að hringja bjöllu þegar hv. 1.

flm. var rétt hálfnaður með mál sitt og missti hann því átta mínútur af lögmætum ræðurétti sínum. Forseti harmar þetta að sjálfsögðu en getur ekki annað gert í því máli, en vill nú gera hv. 3. þm. Reykv. það tilboð að hefja mál sitt að nýju og hafa til þess eins og honum ber 15 mínútur. Ég vil spyrja hv. 3. þm. Reykv. hvort hann vill ekki þiggja þetta boð sem afsökun fyrir afleitri frammistöðu forseta og hefja nú mál sitt.

Flm. (Björn Bjarnason) (frh.):

Frú forseti. Ég þakka fyrir það tækifæri sem ég fæ til að ljúka máli mínu. Eins og forseta er kunnugt þá kom mér mjög á óvart í gær að ég skyldi hafa talað í 15 mín. þegar ég var staddur í rauninni í miðri ræðu minni og hafði ekki tök á því einu sinni að koma því frá mér að ég legði til að þessu máli yrði vísað til utanrmn. og síðari umræðu.

Umræðurnar hér í gær urðu líflegar og það eru ýmsir enn á mælendaskránni um málið. En mér finnst rétt að koma því hér á framfæri, vegna þeirra umræðna sem um þetta mál hafa orðið, að það hefur verið bent á það m.a. að þessi tillaga fæli í sér skerðingu á mannréttindum. Það hefur verið talið að með þessari tillögu væru tillögumenn að leggjast á sveif með öflum sem vildu í raun og veru að meiri hluti íbúa í landi gæti rekið minni hlutann á brott. Misskilningur af þessu tagi er með þeim hætti að ótrúlegt er. Því eins og fram kom í gær þá gengur tillagan út á það að Eystrasaltsríkjunum séu ekki settir óeðlilegir kostir vegna stefnu þeirra gagnvart ríkisborgararétti þess fólks sem fluttist til landanna í skjóli sovésks hernáms. Tillagan er um það að á alþjóðavettvangi verði þessum ríkjum ekki settir óeðlilegir kostir vegna þeirrar afstöðu sem fram kemur í löggjöf þeirra og lýtur að ríkisborgararétti og spurningunni um kosningarrétt þar með og almenn borgararéttindi.

Tillagan, eins og fram hefur komið, hefur kannski ekki sama gildi og hún hafði þegar hún var lögð fram vegna þess að það liggur nú fyrir að í Evrópuráðinu hefur verið tekin ákvörðun um að bera upp tillögu um aðild Eistlands og Litáens. Í raun og veru hafa þess vegna þær nefndir Evrópuráðsins sem fjalla um skilyrði þess hvort ríki geti gerst aðili að ráðinu komist að þeirri niðurstöðu að t.d. í Eistlandi sé löggjöf um borgararéttindi háttað með þeim hætti að samræmist ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu og öðrum þeim sáttmálum sem ríki þurfa að gangast undir til að geta orðið aðilar að Evrópuráðinu.

Þetta liggur nú fyrir sem lá ekki fyrir þegar tillagan var lögð fram. Engu að síður tel ég mikilvægt að þessi tillaga sé rædd í þinginu og mér finnst að umræðurnar sem urðu í þinginu í gær rökstyðji þá skoðun mína að um þetta mál þurfi að fara fram umræður á þingi. Bæði vænti ég þess að fleiri eigi eftir að taka til máls um málið í þingsalnum og einnig vona ég að einhverjar umræður verði um málið þegar það fer til utanrmn.

Það sem hér er um að ræða er að ríki sem voru sjálfstæð lentu síðan í þeim ógöngum að stórveldi, Sovétríkin og Þýskaland, ákváðu í leynilegum samningi einræðisherra, sem þá fóru með völd í Þýskalandi og Sovétríkjunum, að þessi ríki skyldu verða eins konar gjald til Sovétríkjanna fyrir að gera griðasáttmála við Þýskaland og löndin voru svipt sjálfstæði sínu. Þegar Sovétríkin höfðu tekið löndin var tekin upp sú stefna að reyna að þurrka út menningu Eystrasaltsþjóðanna. Þá voru fluttir á brott frá löndunum tugir þúsunda manna og til landanna voru síðan fluttir Rússar og ætlunin var að rússnesk menning upprætti menningu þessara þjóða. Nú þegar þessar þjóðir hafa fengið sjálfstæði að nýju og stjórnkerfi herraþjóðarinnar er hrunið eru eftir í löndunum mörg hundruð þúsund Rússar. Og spurningin er sú: Hvaða réttar eiga þessir Rússar að njóta?

Það hafa verið settar reglur um það í Eistlandi og verið er að smíða reglur um það í Lettlandi hvernig að ríkisborgararétti þessa fólks skuli staðið. Það er rakið í grg. með tillögunni. hvernig að þessu er staðið í Eistlandi. Og eins og nú liggur fyrir þá hafa reglurnar sem gilda í Eistlandi verið taldar þess eðlis að þær samrýmist þeim reglum sem gilda um lýðræðislega stjórnarhætti og Eistland verður vonandi tekið í hóp Evrópuráðsríkja nú í vor.

Þetta er kjarni málsins. Það er spurningin um það hvaða rétt hinir fornu íbúar Eystrasaltsríkjanna hafa til að ákveða með reglum stöðu hins rússneska fólks sem var flutt til landanna í skjóli Sovétstjórnarinnar. Vonandi tekst að leysa úr þessu með friðsamlegum hætti og að ekki verði þær deilur út af þessu máli að beinlínis komi til átaka. En það er augljóst að fyrir þá Rússa sem eru í Eystrasaltsríkjunum, eins og Rússa í öðrum fyrrverandi hlutum Sovétríkjanna sem eru taldir um 25 milljónir alls, er ákaflega erfitt að laga sig að þessum breyttu aðstæðum og sársaukafullt í mörgu tilliti.

Tillagan gengur út á það að ekki hafi verið staðið að því með þeim hætti í Eystrasaltsríkjunum að koma réttindum þessa fólks fyrir að það eigi að skerða þátttökurétt ríkjanna í alþjóðlegu samstarfi. Hvatt er til þess að ríkisstjórn Íslands sjái til þess að þjóðunum séu ekki settir óeðlilegir kostir í því sambandi. Nú má auðvitað deila um hvað eru óeðlilegir kostir. Þótt Evrópuráðið komist að þeirri niðurstöðu að það sé í lagi með löggjöfina í Eistlandi t.d. þá er vitað að Rússar sætta sig ekki við þetta og telja gengið fram með of mikilli hörku gagnvart Rússunum í aðallega tveimur löndum, Lettlandi og Eistlandi. Þetta er ágreiningsefni sem m.a. setur svip sinn á hörð stjórnmálaátök í Moskvu um þessar mundir.

En ég lít á það sem stuðning við sjálfstæðisbaráttu þessara þjóða að auðvelda þeim þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Við Íslendingar vorum í forustu þegar sjálfstæði þeirra var viðurkennt eins og kunnugt er og Alþingi Íslendinga hafði sérstaka forgöngu í því máli með ályktunum sem hér voru gerðar og vöktu mikla athygli. Ég tel að nú þegar þessar þjóðir eru að leita eftir viðurkenningu með þátttöku í alþjóðlegum samtökum sé mikilvægt að við fylgjum ákveðinni og skýrri stefnu varðandi þetta mál og leggjum okkar lóð á vog-

arskálina til að auðvelda ríkjunum þátttöku í þessum alþjóðasamtökum.

Frú forseti. Menn ræða um að í þessu sambandi sé verið að tala um ótilhlýðilega meðferð á minnihlutahópum en ég held að þetta eigi ekki beinlínis skylt við það. Þetta er spurning um uppgjör við hið sovéska hernám og eðlilegt uppgjör á þeim vanda sem skapaðist við það að þessar þjóðir urðu eins konar skiptimynt í viðskiptum Stalíns og Hitlers. Það er sá vandi sem við er að etja en ekki spurningin um sanngjarna löggjöf varðandi minnihlutahópa. Enda held ég að í þessum löndum sé meiri viðurkenning á rétti minnihlutahópa en menn átta sig á.

Og mig langar, með leyfi virðulegs forseta, að lesa úr grein í Morgunblaðinu frá 15. des. sl., eftir Ivedu Gedani sem er Letti og stundar nám við Háskóla Íslands. Þar segir:

„Þeim sem þykjast bera hag minnihlutahópa fyrir brjósti láist að nefna það að eftir að Lettland endurheimti sjálfstæði sitt hafa þjóðleg menningarfélög, t.d. Rússa, Þjóðverja, gyðinga og Pólverja verið endurlífguð og skólar þar sem kennt er á tungu minnihlutahópa hafa verið opnaðir á ný. Þeir horfa fram hjá fleiri staðreyndum sem ekki henta þeirra málstað. Þeir fullyrða að ungum Rússum sé bannað að stunda nám við háskólann í Lettlandi. Það er helber lygi því engar þjóðernishömlur eru á inngöngu í skólana. Þar eru reyndar ýmsar greinar aðeins kenndar á lettnesku en Rússum er frjálst að svara prófum á sínu máli. Það eina sem hindrar Rússa í að læra í Lettlandi er að þeir skilja ekki málið. En það má ekki horfa fram hjá því að Rússum standa opnir ótal skólar um allt Rússland þar sem þeir geta numið á eigin tungu, Lettum bjóðast aðeins sínir eigin skólar."

Þarna er því lýst að minnihlutahópar og réttindi þeirra eru viðurkennd í þessu ríki, Lettlandi, sem enn á eftir að ganga frá sinni löggjöf og fullnægja þeim skilyrðum sem Evrópuráðið gerir bæði að því er þetta varðar og einnig varðandi það að fram fari í landinu lýðræðislegar kosningar. En ég vænti þess að að loknum þeim kosningum verði flutt tillaga um það á vettvangi Evrópuráðsins að Lettland verði þar aðili.

Alls staðar í þessum löndum er því leitast við að taka tillit til minnihlutahópa. Hins vegar geta þjóðirnar í löndunum ekki sætt sig við að án þess að þær hafi eitthvað um það að segja og setji reglur um það verði allur sá stóri hópur Rússa sem til landanna flutti í skjóli sovéska valdsins ríkisborgarar þar. Eins og ég sagði hér í ræðu minni í gær þá verða menn, þegar þeir ræða um þetta mál og mannréttindi, einnig að gera sér grein fyrir því að reglur um ríkisborgararétt eru í sjálfu sér ekki taldar skerðing á mannréttindum. Hér á Alþingi vitum við að hér á landi gilda ákaflega strangar reglur um ríkisborgararétt en enginn sakar Íslendinga um að brjóta mannréttindi í því tilliti þó talið hafi verið jaðra við það á tímabili þegar strangar kröfur voru gerðar um að menn skiptu um nafn þegar þeir urðu íslenskir ríkisborgarar.

Þetta er, frú forseti, kjarni þessa máls sem ég hef hér reynt að lýsa. Það er spurningin um að við viðurkennum að þessar þjóðir hafi tekið skynsamlega á þessum mikla vanda varðandi hinn mikla fjölda Rússa sem býr í löndunum og að það verði viðurkennt að þær glími við sérstakan vanda og þeim verði ekki settir óeðlilegir kostir á alþjóðavettvangi vegna þess vanda heldur verði þeim auðveldað að laga sig að alþjóðlegu samstarfi, taka þátt í því og leysa þennan vanda með þeim hætti sem samræmist þeim kröfum sem við gerum almennt í mannréttindamálum.

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, þakka þá niðurstöðu sem varð á ágreiningi um lengd fyrri ræðu minnar og ítreka þá tillögu mína að málinu verði vísað til utanrmn. og síðari umr.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill taka fram, sem hann gerði ekki áðan, að þingmaðurinn fær að sjálfsögðu sínar átta mínútur ef hann óskar svo í frekari umræðu.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að enginn efist um þann mikla stuðning sem íslensk stjórnvöld, með utanrrh. í broddi fylkingar, hafa veitt réttindabaráttu þessara tilteknu ríkja á alþjóðavettvangi. Ég hygg að á því verði framhald.

Ég minnist þess að það kom upp umræða í þá veru að beita þessi ríki einhvers konar þvingunum, sem hv. flm. kallar óvenjulega kosti, fyrir nokkrum mánuðum. Ég velti því hins vegar fyrir mér hversu tímabær þessi tillaga er og hvort hún hafi raunverulegan tilgang í dag. Ég varð ekki þeirrar gæfu aðnjótandi, virðulegur forseti, að hlýða á fyrri ræðu hv. þm. Björns Bjarnasonar. Má vera að þar hafi hann skýrt eilítið betur í hverju hinir óeðlilegu kostir felist. Ég hjó hins vegar eftir því að í sinni framsögu þá orðaði hann það svo að e.t.v. væri þetta mál ekki jafnbrýnt nú og áður og þess vegna langar mig til að inna hv. þm. eftir því: Er það svo að á alþjóðavettvangi sé núna í bígerð að setja þessum þjóðum einhvers konar óeðlilega kosti?

Flm. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og ég sagði þá tel ég að umræðurnar um þetta mál í gær hafi sýnt að það eigi rétt á sér. Ég velti því fyrir mér, og vafalaust fleiri flm., hvort það hefði átt að halda þessari tillögu til streitu miðað við það t.d. að nú liggur fyrir að ríkin eru talin gjaldgeng í Evrópuráðið. En tillagan átti meðal annars þau upptök að hér urðu umræður í tilefni af fsp. fyrir áramótin. Þá töldum við flm. ástæðu til að efna til umræðu um þetta mál í Alþingi þannig að menn gætu glöggvað sig á höfuðþáttum í slíkum málum því þau snerta náttúrlega fleiri ríki en aðeins Eystrasaltsríkin. En það hefði að mínu mati verið óeðlilegur kostur ef Eistlandi hefði verið neitað um aðild að Evrópuráðinu þótt það hefði sett þá löggjöf sem hér er um að ræða. En það hefur ekki orðið þannig að það má segja, og ég get tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni, að tillagan er ekki jafnbrýn og hún kannski hefði orðið ef öðruvísi hefði verið staðið að málum. Það er þakkarvert í sjálfu sér. Engu að síður held ég að það sé nauð-

synlegt að við veltum þessu fyrir okkur og ræðum um þetta og það geti einnig orðið leiðsögn fyrir ríkisstjórnina í öðrum tilvikum ef ástæða þætti.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég held að út af fyrir sig sé þessi umræða á margan hátt þörf. En hún hefur sannfært mig enn betur um að Íslendingar eiga að fara varlega í að ráðleggja öðrum þjóðum í þeim miklu vandamálum sem þær eiga í vegna þjóðernisátaka. Ég tel að það hafi komið mjög vel fram í umræðunni að við erum ekki mjög vel fær um að dæma um með hvaða hætti eigi að bregðast við á svæðum þar sem svona vandamál eru eins og hér er um að ræða. Það er t.d. spurning um hvenær það er langur tími liðinn frá því að ofbeldið átti sér stað að menn vilji ekki reka í burtu þá sem settust að í skjóli ofbeldisins. Það væri hægt að benda á fjölmargar þjóðir sem búa á landsvæðum um allan heim og hafa sest þar að í skjóli hernaðarofbeldis og sitja þar enn og engum dytti í hug í dag að halda því fram að það væri skynsamlegt að taka þá afstöðu að reka þessar þjóðir í burtu. Það er því ekki auðvelt að leysa vandamál eins og þetta þar sem kannski tvær kynslóðir hafa alist upp á landsvæðum sem hafa verið byggð í skjóli hervalds.

Það sem mér finnst athugavert við þessa tillögu er að ég tel enga ástæðu til að efast um að ríkisstjórn Íslands standi fullkomlega nægilega vel með sjálfstæði Eystrasaltsþjóðanna. Það hefur verið sýnt fram á á undanförnum missirum og árum svo ekki verður um villst. En því er ekki að neita að tillgr. verður varla skilin öðruvísi en svo að ástæða sé til að ýta við ríkisstjórninni til að hún standi sig betur en hún hefur gert í því að koma í veg fyrir að óeðlilegir kostir verði settir gagnvart þeim þjóðum sem þarna eiga hlut að máli.

Það er þannig orðað í tillögunni, með leyfi forseta: „...óeðlilegir kostir vegna stefnu þeirra gagnvart ríkisborgararétti þess fólks sem fluttist og flutt var til landanna í skjóli sovésks hernáms." Nú er þetta ekki fullnægjandi orðalag að því leytinu til að þarna á líka hlut að máli fólk sem fæddist á svæðinu eftir að ástandið kom upp. Út af fyrir sig er það kannski ekki gagnrýni vert þó menn hafi ekki sett það á blaðið. En það eru þó þeir þegnar sem valda því að það verður meira umhugsunarefni hvað menn geti yfirleitt gert í svona málum.

Ég hef ekki ímyndað mér að það væri hætta á því að Evrópuríkin og samtök þeirra mundu ganga það hart fram vegna mannréttindamála sem sneru að þeim ríkjum sem þarna eiga hlut að máli að þau gætu ekki við það unað og tel að þær samkomur sem Evrópuþjóðirnar hafa til að móta sína stefnu í þessum málum muni komast vel frá því. Þess vegna tel ég að þessi tillaga hafi ekki verið þörf að öðru leyti en því að ég held að umræðan hér hafi verið ágæt þó kannski hefði mátt vekja hana upp með einhverjum öðrum hætti en tillögu eins og þessari. Ég tel að ríkisstjórnin þurfi ekki á því að halda að það sé ýtt á eftir henni í þessum málum. Samt hefur ýmislegt komið fram í umræðunni sem er vert til umhugsunar. Það er t.d. ítrekað sagt af flm. að það sé fyrst og fremst ríkisborgararétturinn sem sé þarna á ferðinni.

Hv. 3. þm. Reykv. lýsti því áðan að það væri skoðun þeirra sem byggju í landinu að Rússar ættu aðgang t.d. að skólum í sínu ríki. Þar með auðvitað var hann að taka þá afstöðu að það væru allt Rússar sem ættu hlut að máli, líka þeir sem hefðu fæðst í landinu eftir að þetta hernám hófst, afkomendur þeirra sem voru fluttir inn í skjóli hervaldsins.

Nú veit ég ekki hvernig á að líta á þetta mál en hins vegar hef ég mikla samúð með því fólki sem hefur fæðst og alist upp á einhverju landsvæði og vill eiga þar heima. Ég tel að það sé mikill vandi og hlýtur að vera algjört neyðarúrræði að reka mann í burtu af landsvæði þar sem hann er fæddur og uppalinn. Þess vegna mundi ég aldrei geta tekið undir að það gæti verið stefna sem Íslendingar gætu skrifað upp á sem felur í sér þá hugsun að það væri hægt að reka fólk í burtu sem í einlægni vildi gerast ríkisborgarar landsvæðis sem það er fætt og uppalið á. Ég get ekki skrifað upp á þá hugmynd.

Ég tók eftir því í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. að hann sagði að þjóðernisminnihluti gæti valdið vandræðum og það var ekki hægt að skilja það öðruvísi en svo að það úrræði að flytja þennan þjóðernisminnihluta allan í burtu væri kannski það sem menn yrðu að grípa til. Ég tel að það væri afar slæmt ef menn fyndu ekki leiðir sem væri meiri sátt um heldur en það að fara í þess konar þjóðernishreinsanir á þessum landsvæðum.

Ég heyri það samt og tók eftir því í ræðu hv. 3. þm. Reykv. áðan að hann hefur andað dálítið léttar vegna þess að það eru líkur til að þessi ríki fái aðild að Evrópuráðinu og það sýnir að kannski hafa áhyggjur manna sem stóðu að tillöguflutningnum verið óþarfar og þess vegna geti menn kannski látið nægja að þessi umræða fari fram án þess að tillagan verði látin verða að samþykkt Alþingis. En ég vildi fyrst og fremst láta þessar hugleiðingar koma fram sem ég hef verið með undir þeim ræðum sem hafa verið haldnar. Ég held að Íslendingar ættu að hugsa til þess að þeir hafa tekið þátt í því að samþykkja t.d. Ísraelsríki og sumir hverjir a.m.k. telja sig bera einhverja ábyrgð sem Íslendingar á afstöðu okkar þar. Það er mikið umhugsunarefni hvort Íslendingar hefðu átt að skrifa upp á þá hugmynd a.m.k. í ljósi reynslunnar. Það hefði átt að ganga betur frá þeim hugmyndum sem voru um það ríki og að þjóðernishreinsanir yrðu ekki að þeim raunverulega veruleika sem þær eru að verða, hverjum sem það er um að kenna.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hinn 26. nóv. sl. bar ég fram fsp. á hinu háa Alþingi til samstarfsráðherra norrænna málefna um mannréttindi í Eystrasaltsríkjunum og fram hefur komið af ræðum hv. 3. þm. Reykv. að sú fsp. hafi verið hvatinn að því máli sem við erum að ræða nú og verður að játast að sá var kannski ekki einmitt tilgangurinn með fsp. minni. Ég sagði í ræðu minni þegar ég talaði fyrir fyrirspurninni að mér væri ljóst að

mörg vandamál væru til staðar í þessum löndum og svo vitnað sé orðrétt í þá ræðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Ljóst er að mörg vandamál eru til staðar í þessum löndum, ekki síst vegna flutnings fólks af rússnesku þjóðerni til þeirra í lok heimsstyrjaldarinnar. Sú sambúð hefur verið öllum erfið eins og ævinlega er þegar sigurvegarar styrjalda skipta með sér löndum og þjóðum. Nú eru liðin nær 50 ár svo væntanlega gera allir kröfu til að búa áfram þar sem þeir hafa alið aldur sinn.

Nú hafa borist fréttir um óbilgjarna meðferð þessara innflytjenda sem hvorki kusu sjálfir að flytjast til þessara landa endur fyrir löngu, né geta farið aftur. Brottflutningar herja er annað vandamál en hermenn og fjölskyldur þeirra hafa búið í löndunum í áratugi og eru fjölmargir þeirra komnir á eftirlaun og hafa ekki annað að hverfa."

Í svari sínu rakti hæstv. umhvrh., sem er samstarfsráðherra, nokkuð þann fjárhagsstuðning sem þessi ríki mega vænta frá Norðurlöndunum en sagði reyndar, með leyfi forseta:

„Svarið við þessari spurningu er því að með beinum hætti hefur norræna ráðherranefndin ekki formlega vakið athygli yfirvalda, enda væri það kannski túlkað sem óeðlileg afskipti af innanlandsmálum þeirra ..."

Hv. 3. þm. Reykv. sagðist ekki geta tekið undir með fyrirspyrjanda um að þar væri um óbilgjarna meðferð að ræða og taldi að verið væri „að leita leiða með skynsamlegum hætti til þess að leysa mjög viðkvæmt og vandmeðfarið mál" eins og þar segir.

Sú tillaga sem hér liggur hins vegar fyrir er að mínu mati dálítið kyndug vegna þess að í fyrsta lagi þykir mér óeðlilegur texti á þáltill., að einhverju ríki „verði ekki settir óeðlilegir kostir". Ég held að það hljóti að vera afar vítt hugtak og erfitt að átta sig á hvað séu óeðlilegir kostir.

Greinargerðin veldur mér þó enn meiri heilabrotum og ég get einhvern veginn ekki varist þeirri tilfinningu hafandi lesið allmikið sem hv. 3. þm. Reykv. hefur skrifað, að hann kunni að hafa látið skrifa þessa grg. fyrir sig. En hvað um það, mér þykir þetta ekki vera stíll þingmannsins. En í grg. kemur ýmislegt fram sem maður hlýtur að reka augun í. Það er sagt frá því í fyrsta lagi, með leyfi hæstv. forseta:

„Eystrasaltsríkin verða ekki fullgildir þátttakendur í samstarfi Evrópuríkja, t.d. innan vébanda Evrópuráðsins, nema þau fullnægi ströngum kröfum um virðingu fyrir mann- og borgararéttindum."

Þetta stendur hér. En síðan hefur þingmaðurinn lýst því yfir að þessi ríki séu um það bil að fá þar sæti, en síðan segir í þessari sömu grg.:

„Allir útlendingar, og þar á meðal Rússar, geta sótt um ríkisborgararétt í Eistlandi og má geta þess að fyrir 1. júní 1992 höfðu 5.000 manns sótt um eistneskan ríkisborgararétt, þar af helmingur Rússar. Umsækjendur verða að uppfylla þau skilyrði að hafa í tvö ár átt fasta búsetu í Eistlandi, þ.e. frá sjálfstæðisyfirlýsingunni í mars 1990." Þannig að fólk sem e.t.v. hefur búið í landinu í 50 ár verður að bíða í tvö ár til að hafa búið þessi umræddu tvö ár í landinu frá sjálfstæðisyfirlýsingunni. Þá verða þeir að gangast undir tungumálapróf sem sýnir að þeir hafi 1.500 eistnesk orð á valdi sínu og deila má um það einnig, en síðan þykja mér kaupin gerast skrýtin á eyrinni: „Glæpamenn og eiturlyfjaneytendur eru ekki gjaldgengir," — hefur nokkurt Evrópuríki annað eins ákvæði varðandi ríkisborgararétt? — „tvöfaldur ríkisborgararéttur er bannaður og umsækjandi verður að lýsa yfir hollustu við Eistland."

Mér þykja þetta sérkennilegir kostir, verð ég að segja. Ekki eru það kannski ákjósanlegustu þjóðfélagsþegnar, glæpamenn og eiturlyfjaneytendur, en langt má ganga til þess að þeir séu sviptir ríkisborgararétti því það er auðvitað ekki hægt að sætta sig við þann samanburð sem fram hefur komið í máli hv. 3. þm. Reykv. að bera saman kröfur sem Íslendingar gera þegar erlendir menn flytjast inn í landið og sækja um ríkisborgararétt og bera það saman við fólk sem hefur búið allan sinn aldur í einhverju ríki. Það er auðvitað hreint ekki nokkur einasta leið að stunda þann samanburð.

Frú forseti. Þetta er vissulega mjög flókið mál og ég býst við að fæst okkar þekki það eins og vera bæri. Auðvitað þyrftu menn að kynnast þessum þjóðum og vera þar til þess að gera sér einhverja grein fyrir ástandinu. En eitthvað má glugga í sögu mannkynsins og þegar maður fer að kynna sér málin ofurlítið þá er auðvitað saga þessara þjóða mjög sérkennileg. Sjálfstæð hafa þau ekki verið nema mjög stuttan tíma sum hver. Litáen var hins vegar stórveldi og sú saga er ekki öll sem fegurst þannig að það er mikil einföldun, sem mér finnst mönnum hætta til í gleðinni yfir falli kommúnismans, að gera þessar þjóðir, ég vil leyfa mér að segja, öðrum þjóðum saklausari, eins og ungbarn sem allir eiga að vernda og gæta. Auðvitað eigum við að styðja við uppbyggingu í þessum löndum sem verið hafa undir oki hvort sem er einræðis eða kommúnisma eða hverjir sem kunna að hafa verið kúgararnir í hvert skipti. En við megum heldur ekki alveg missa sjónar á ósköp einföldum staðreyndum. Hér er ekki verið að ræða um innrás sem var gerð fyrir örstuttum tíma heldur fyrir hálfri öld. Það eru komnar líklega þrjár kynslóðir af Rússum í þessum löndum og öðrum útlendingum. Það kemur fram þarna að það er mikið af annarra þjóða mönnum en Rússum, ég geri ráð fyrir að það sé fólk frá hinum ýmsu Sovétríkjum. En þetta voru svo sem ekki velkomnir gestir en það er svo langt síðan að það er varla hægt að ætlast til að það verði lagt á þriðju kynslóð að bera það ok ef við ætlum að komast eitthvað áfram í baráttunni fyrir friði í Evrópu sem hingað til hefur verið erfiðleikum háð.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Þegar ég sá þessa tillögu gat ég ekki skilið hana öðruvísi en sem vantraust á hæstv. utanrrh. Það stakk mig sérstaklega í augun að það skyldi vera hv. 3. þm. Reykv., formaður utanrmn., sem réðst með þessum hætti á utanrrh. Það segir að vísu í grg. að flm. vilji árétta að ekki beri á nokkurn hátt að skoða tillöguna sem vantraust á þá stefnu sem íslenska ríkisstjórnin hefur fylgt í þessu máli. Það er ekki tekið

fram sérstaklega um utanrrh. þarna og ég geri ráð fyrir því að aðrir ráðherrar hafi líka skoðun á málefnum Eystrasaltslandanna þó að það sé hæstv. utanrrh. sem hefur þetta umboð ríkisstjórnarinnar að fara með utanríkismál Íslands. Mér er alveg lífsins ómögulegt annað en að skilja þetta sem vantraust á hæstv. utanrrh.

Nú verð ég að segja það að ég hef ekkert sérstakt traust á hæstv. utanrrh. og það hefur stundum hvarflað að mér hvort ekki væri eðlilegt að flytja vantrauststillögu á ráðherrann, en ekki hefði það hvarflað að mér að flytja vantraust á hann út af framgöngu hans í málefnum Eystrasaltslandanna. Ég vil rifja það upp að hæstv. utanrrh. sýndi djörfung og dug þegar hann var að liðsinna Eystrasaltsþjóðunum í sjálfstæðisbaráttu þeirra. Hann lagði sig meira að segja í feiknamikla lífshættu að því er fréttir herma eða hermdu á sínum tíma og þjóðin stóð á öndinni dægrum saman þegar í ljós kom að KGB hefði rænt hann töskunni með leyndarskjölum og ferðasjóði sem var hvorki meira né minna en 200 þús. kr. ef ég man rétt. Nú veit ég ekki um tölu leyndarskjalanna eða hvað á þeim stóð sem kannski er varla hægt að krefjast af mér. En ég held að hæstv. utanrrh. hafi sýnt mikla dirfsku, lofsvert framtak, í frelsisbaráttu Eystrasaltsþjóðanna svo ég tel maklegt að hv. formaður utanrmn. eða flokksbræður hans ráðist á ráðherrann því þetta er ekkert smálið sem þarna fylgir formanni utanrmn. á þessari tillögu. Ég sé ekki betur heldur en það sé verulegur partur af Sjálfstfl. Ég rek að vísu augun í tvo flokksbræður utanrrh., og kemur mér það nokkuð á óvart að þeir skuli vega svo að flokksformanni sínum og utanrrh.

Út af fyrir sig þá get ég svo sem fellt mig við tillgr. Ég tel að það eigi ekki að setja Eystrasaltsríkjunum óeðlilega kosti. Ég tel að það eigi hins vegar að setja þeim eðlilega kosti og ég er ekki alveg sannfærður um að mat okkar 1. flm. á hvað sé óeðlilegt og hvað sé eðlilegt fari alveg saman. Íslenska þjóðin stóð einhuga með Eystrasaltslöndunum í frelsisbaráttu þeirra og við lögðum þeim lið þar sem við gátum. Ekki bara utanrrh. heldur þjóðin öll þó hann færi þar fremstur í flokki sem kunnugt er og svo er guði fyrir að þakka að hann endurheimti tösku sína, leyndarskjöl og ferðasjóð á snyrtingu á hóteli eða bar í Riga í Lettlandi. Við væntum þess að í þessum löndum verði þróunin í lýðræðisátt og hún verði hröð, til blessunar fyrir íbúa þessara landa. Við ætlumst til þess að þar verði í heiðri höfð almenn mannréttindi og ég tel það eðlilegt að krefjast þess að svo sé og þessum löndum séu settir eðlilegir kostir. Við eigum ekki að líða það að gengið sé fram með einhverri feikna hörku gegn einhverjum minnihlutahópum íbúanna, hvorki í Eystrasaltslöndunum né annars staðar.

Hv. 1. flm. talaði um að þarna færi fram eitthvað sem hann kallaði eðlilegt uppgjör við Rússa. Ég veit ekki hvort það er eðlilegt orðaval. Ég vil a.m.k. vona það að þarna séu ekki hafðar í frammi sérstakar hermdaraðgerðir gegn Rússum. Auðvitað voru Rússar búnir að fara illa með þjóðir Eystrasaltslandanna en samt sem áður þá réttlætir það ekki að mínu mati að sérstakar hermdaraðgerðir séu hafðar uppi gegn afkomendum þeirra manna rússneskra sem þarna ruddust inn á sínum tíma. Afkomendum sem hafa ekkert til saka unnið annað en að eiga ættir sínar að rekja til fólks sem kom þarna í trássi við íbúa svæðisins.

Samskiptum þessara þjóðarbrota fylgja feiknaleg vandamál. Eystrasaltslöndin eiga öll við mjög alvarleg vandamál að stríða á mjög mörgum sviðum. Það vill svo til að áður heldur en hæstv. utanrrh. kippti frelsi þeirra í liðinn þá átti ég leið þarna um og hafði tækifæri til þess að kynnast nokkuð forustumönnum þessara þjóða og setja mig nokkuð inn í þessi vandamál. Eitt er það sem var mjög undan kvartað, það var hin mikla gjá varðandi menntun sem á milli þessara hópa var. (Forseti hringir.) Ég tel að það sé sjálfsagt mál, frú forseti, ég er að ljúka máli mínu, að hjálpa þessum þjóðum til þess að losna við rússneska herinn en ég er ekki tilbúinn að samþykkja það að í öllum greinum hafi Eystrasaltslöndin ævinlega farið rétt að í samskiptum sínum við þessa minnihlutahópa. Og hvert leiðir það okkur Íslendinga að fara að slaka sérstaklega á kröfum við þessar þjóðir? Hér hefur verið minnst á Ísraelsríki og við verðum að sjálfsögðu og eigum að sjálfsögðu að gera sömu kröfur til þeirra og annarra, jafnvel þó að þeir séu að hefna sín á Aröbum. Hvert leiðir það okkur í framtíðinni í viðurkenningu á ríkjum sem eru að spretta upp á rústum Júgóslavíu?

Flm. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég minnist þess þegar hv. 1. þm. Norðurl. v. fór til Eystrasaltsríkjanna eins og hann rifjaði upp að þá vöktu ýmsar yfirlýsingar hans mikla athygli þegar hann kom þaðan. Hann taldi að það ætti ekki endilega að taka mikið mark á þeim sem vildu sjálfstæði þessara ríkja. Ég man ekki hvort hann talaði um það sem einhver öfgasjónarmið. Þannig að ég minnist þess vel. En ég vil aðeins taka það fram hér að það eru þrír flm. þessarar tillögu úr Alþfl., flokki utanrrh. og það er algjörlega fráleitt að telja að þessi tillaga sé einhvers konar vantraust á ráðherrann. Ráðherrann vissi um það fyrir fram að hún yrði flutt. Hins vegar eru flm. allir þátttakendur í alþjóðlegu samstarfi þingmanna og það verður líka að hafa það í huga í þessu að það er ekki einungis ríkisstjórnin sem tekur afstöðu til þess hvort samtök eða ríki fái aðild að alþjóðasamtökum heldur er það oft borið undir þing viðkomandi samtaka eins og t.d. í tilviki Evrópuráðsins. Það er ekki aðeins gagnlegt fyrir ríkisstjórnina að vita hug Alþingis í málum sem þessum heldur er einnig nauðsynlegt fyrir þingmenn sjálfa að gera upp hug sinn og ég tel að við flm. höfum gert það með skýrum hætti með því að flytja þessa tillögu og það auðveldi okkur þátttöku í starfi fyrir hönd Alþingis á alþjóðavettvangi. Þannig ber að líta á þetta en ekki sem neitt vantraust á utanrrh. þó þessi tillaga sé flutt enda er fráleitt að draga þá ályktun þegar menn lesa hverjir eru flm. eða efni tillögunnar að í henni felist nokkurt vantraust á hæstv. utanrrh.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er gott að fá fram þessa yfirlýsingu hjá hv. 3. þm. Reykv. að hér sé ekki um vantraust að ræða. Ég held hins vegar að ókunnugir sem ekki hafa hlustað á hann hljóti að líta svo á.

Varðandi sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna þá er ég að sjálfsögðu, og hef allan tímann verið, hlynntur því. Ég gerði mér hins vegar ljósa þá erfiðleika sem viðkomandi ríki mundu lenda í þegar sjálfstæðið væri fengið, þau vandamál sem mundu skapast af upplausn Sovétríkjanna. Ég tel hins vegar að það hafi verið hárrétt skref að leysa upp Sovétríkin. Ég er á því að þjóðir eigi yfirleitt að ráða sér sjálfar og ég hef fullan skilning á vilja íbúa þessara svæða til þess að ráða sér sjálfir. Það gefur þeim hins vegar ekki rétt til þess að fara illa með aðra. Það er dálítið athyglisvert og á því vil ég vekja athygli að víðast hvar í veröldinni eru ríkjasamsteypur að gliðna í sundur og þjóðirnar að endurheimta sjálfstæði sitt á sama tíma og Íslendingar eru á fleygiferð inn í stórríki Evrópu.

Flm. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. ræðumanni fyrir ummæli hans, hann tók alveg af skarið varðandi stuðning við sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna. En eins og ég sagði, eftir för hans til þeirra ríkja sem hann sjálfur rifjaði upp þá gátu ýmsir efast um það hvort hann styddi það því hann talaði um að það væru öfgasjónarmið þegar menn væru að tala um sjálfstæði þeirra og sú för var eftirminnileg fyrir það, þótt hann minnist helst farar utanrrh. vegna einhverrar tösku sem ráðherrann hafði með sér í leiðangri sínum til ríkjanna, þannig að þessar ferðir eru minnisstæðar þó að ólíkum toga sé.

En hitt er rétt að það eru mörg vandkvæðin sem koma upp en við skulum minnast þess að þrátt fyrir að Eystrasaltsþjóðirnar eigi í þessum vandræðum út af Rússum innan sinna landamæra, þá efast enginn um þeirra sjálfstæði og þeirra rétt til að taka ákvarðanir sjálfar, t.d. um ríkisborgararétt innan sinna landamæra og mér heyrist allir vera sammála um það þótt það hafi að vísu komið fram hjá sumum að kannski séu þær kröfur sem gerðar eru of strangar en það getum við rætt. En við hv. síðasti ræðumaður vorum ekki í sjálfu sér ósammála um það atriði.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Út af síðustu orðum hv. þm. þá vil ég taka það fram að í þessari ferð minni var mér afar vel tekið og ég ber mjög hlýjan hug til bæði þáverandi ráðamanna þessara þjóða og þeirra sjónarmiða sem þeir börðust fyrir og þeirra þjóða sem þeir voru í forustu fyrir.

Varðandi þetta með öfgasjónarmiðin þá verð ég að segja að aðferðir og sú pólitík sem Lettar ráku í frelsisbaráttu sinni vakti alveg sérstaka aðdáun mína vegna þess að mér fannst þeir fara fram með sigurvænlegustum hætti og þó að ýmsu leyti við langerfiðustu aðstæðurnar því þar voru þjálfaðir stjórnmálamenn í fyrirsvari og mér fannst aðdáunarvert hvernig þeir tóku á málum. Þetta var mjög mismunandi eftir hinum einstöku ríkjum. Ég játa það að sumt af því sem t.d. Landsbergis sagði og gerði fannst mér jaðra við það að vera öfgakennt á sumum sviðum, enda var hann ekki stjórnmálamaður, hann var listamaður og mikils verður sem slíkur. Reyndar hefur hann nú öðlast sess í heimssögunni fyrir frækilega baráttu sína sem stjórnmálamaður líka.

Umræðu frestað.

Löndun á loðnu til bræðslu, 2. umr.

Stjfrv., 304. mál. — Þskj. 473, nál. 668.

Frsm. sjútvn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti sjútvn. um frv. til laga um afnám laga nr. 97 frá 27. des. 1973, um löndun á loðnu til bræðslu, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið en þar er lagt til að lög um löndun á loðnu til bræðslu frá 1973 verði afnumin. Lögin voru sett vegna sérstakra aðstæðna sem eru ekki lengur fyrir hendi.

Nefndin mælir öll með samþykkt frv. án fyrirvara. Undir nál. rita Össur Skarphéðinsson, Árni R. Árnason, Guðjón A. Kristjánsson, Guðmundur Hallvarðsson, Halldór Ásgrímsson, Jóhann Ársælsson, Stefán Guðmundsson, Steingrímur J. Sigfússon og Vilhjálmur Egilsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 400. mál, fsp. KÁ, þskj. 694.

Málaferli vegna kjarasamninga, 401. mál, fsp. KÁ, þskj. 695.

Nám og námskröfur innan EES, 131. mál, svar menntmrh., þskj. 669.

Endurskoðun slysabóta sjómanna, fyrri umr.

Þáltill. GHall og GAK, 323. mál. — Þskj. 591.

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég hef lagt fram tillögu til þál. um endurskoðun slysabóta sjómanna samkvæmt siglingalögum. Flm. ásamt mér er Guðjón A. Kristjánsson. Tillagan hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til þess að endurskoða reglur um bótarétt íslenskra sjómanna vegna líkamstjóns. Í nefndinni skulu m.a. eiga sæti fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna, Siglingamálastofnunar, rannsóknarnefndar sjóslysa, Sambands íslenskra tryggingafélaga og fleiri."

Flm. þessarar þáltill. eru þess fullvissir að mikil

nauðsyn sé á að endurskoða þau ákvæði siglingalaga sem lúta að bótum til sjómanna vegna slysa. Mér þykir rétt, með leyfi virðulegs forseta, að vitna til niðurstöðu nokkurra dóma sem til eru vegna slysa á sjómönnum og segja allt það sem segja þarf um nauðsyn þessarar endurskoðunar.

Það var háseti á togara sem þurfti vinnu sinnar vegna að hraða för sinni eftir þilfari skips en það var ógreið leið vegna fiskikassa. Steig hann þá upp á snúningsás en gætti þess ekki að yfirborð hans var sleipt af slori. Er hann var staddur uppi á ásnum reið alda undir skipið en við það missti hásetinn jafnvægið, féll á þilfar og handleggsbrotnaði. Hásetinn höfðaði skaðabótamál á hendur útgerð skips en hún var sýknuð og í dómi segir að eins og slysinu var háttað þyki það ekki vera rakið til vanbúnaðar skips, handvammar starfsmanna, útgerðar né annarrar áhættu sem hún eigi að bera ábyrgð á.

Í öðru tilfelli var háseti á togara sem var að veiðum. Hann var við vinnu sína á þilfari, slæmt var í sjó en eigi sannað að togveður hafi verið ófært. Reis sjóhnútur á bakborða á móts við stjórnpallinn um 10–20 m frá skipinu, vannst enginn tími til að snúa skipinu í því skyni að forðast sjóhnútinn. Háseti reyndi að forða sér undan sjóhnút sem skall á hann. Hann féll á þilfar og slasaðist. Skipstjóri sýnda enga vangæslu með því að láta veiða í því veðri sem var. Enginn tími vannst til að vara háseta við áður en sjóhnúturinn reið yfir en skipseigandi var sýknaður af skaðabótakröfu.

Í nýlegum dómi sem er nokkuð merkilegur segir svo, með leyfi forseta:

„Skipstjóri á skipi skýrir svo frá fyrir dómi að mikil þrengsli hafi verið í höfninni á þeim stað sem togarinn var að leggjast að. Þar hafi tvö önnur skip legið utan á hvort öðru og hafi því skipi sem að bryggju var að koma verið ætlað 60 m bryggjupláss en skipið sé 57 m langt. Þeir hafi verið komnir í algjöra klemmu og ekki hafi verið unnt að snúa til baka, þeir hafi verið komnir það nærri bryggjunni að ekki yrði aftur snúið, skipið sé án hliðarskrúfu. Skipstjórinn áleit að skipið hefði lent í miklum vandræðum, ef stefnandi, þ.e. sá háseti sem hér á hlut að máli, hefði ekki farið í land til að taka á móti landfestuvírum. Þá hefði skipið hugsanlega rekist utan í þau skip sem tiltekin voru að framan enda hafi vindur verið hvass og erfitt að eiga við stjórn skipsins. Þá hefði getað farið svo að skemmdir hefðu getað hlotist af.

Stýrimaður á umræddu skipi skýrir svo frá fyrir dómi að hann hafi verið fram á bakka ásamt háseta er skipinu var siglt upp að bryggju og hafi þá komið fyrirskipun úr brú um að maður ætti að fara í land til að taka á móti landfestum. Þessari skipun hafi verið beint til háseta sem vaktformanns. Háseti hafi síðan látið sig síga niður strax og hafi stýrimaðurinn séð háseta hverfa fram af bakkanum en ekki séð er hann lenti á bryggjunni. Þá hafi háseti horfið úr sjónmáli. Hann kvað yfirborð bryggjunnar hafa verið með klakahrönglum og erfitt að fóta sig á því."

Í kröfugerð háseta vegna þess líkamstjóns sem af hlaust, fótbrot og annað, gerir hann kröfu á hendur útgerð sem byggir sýknukröfu sína á því að ekki séu lagaskilyrði til að fella á hann skaðabótaábyrgð á slysi þess háseta sem hér um ræðir. Því sé sérstaklega mótmælt að skipstjórnarmönnum hafi orðið á einhver mistök, yfirsjón eða vanræksla sem valdið hafi slysinu. Skipstjórnarmenn hafi á leiðinni til lands kallað hafnarvörð uppi, fengið hafnarsvæði og boðað komu togarans og því ekki þeim að kenna að ekki voru menn á bryggjunni til að taka við landfestum. Eftir sem áður hafi hins vegar orðið að binda togarann við bryggju. Hafi því einhver skipverja orðið að fara í land eins og á stóð til að taka á móti landfestum. Tilmæli skipstjóra þess efnis hafi þannig verið fyllilega eðlileg og ósaknæm.

Síðar segir að slysið verði því ekki rakið til annars en óhappatilviljunar og ógætni stefnanda, þ.e. hásetans, við stökk niður á bryggjuna. Verði hann því að bera tjón sitt sjálfur enda telji háseti líklega skýringu á því að hann kom illa niður vera þá að hann var í flotgalla. Þá sé ekki ólíklegt að hreyfing togarans á öldu hafi einnig átt sinn þátt í því að háseti kom harkalega niður. Þannig sé um dæmigert óhappatilvik að ræða en útgerð ber ekki bótaábyrgð að lögum.

Hér er rakið lítil dæmi um aðdraganda niðurstöðu dómenda sem hljóðar svo að það hafi óvefengjanlega, þ.e. hásetanum sem vönum sjómanni sem þar að auki hafi áður farið í land með þessum hætti, en þá við betri aðstæður, að ráðast til landgöngu með þessum hætti við aðstæður sem honum máttu vera ljósar að hefðu talsverða hættu í för með sér. Með hliðsjón af atvikum öllum þykir því hæfilegt að hásetinn beri sjálfur ⅖ hluta tjónsins en útgerðin ⅗ hluta.

Hér hefur verið vitnað í fáeina dóma. Í framhaldi af þessu máli sem ég hef síðast vitnað til fór svo um þennan sjómann að hann hlaut varanlega örorku, 35%, en var illa bættur vegna þess líkamstjóns sem hann varð fyrir, eins og hér hefur komið fram, vegna þeirra ákvæða sem í siglingalögum eru um hina svokölluðu hlutlægu ábyrgð útgerðarmanns og hefur það nú oftar en ekki farið í vöxt að dómar falla á þann veg að hluta þess óhapps sem vill verða í slysum er nú beint í æ ríkari mæli á sjómenn sjálfa. Í grg. með þessari þál. segir svo:

„Samkvæmt 172. gr. siglingalaga ber útgerðarmaður ábyrgð á kröfum vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra sem ráðnir eru í skiprúm hjá honum hafi slys borið að höndum þegar hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í beinum tengslum við rekstur skips enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til sakar útgerðarmanns. Samkvæmt lagagreininni ber útgerðarmaður því hlutlæga ábyrgð (þ.e. ábyrgð án sakargrundvallar) með nánari skilmálum vegna lífs- eða líkamstjóns skipverja hans og er hann þá jafnframt með lagaráðstöfun hvattur til að kaupa tryggingar í þessu skyni.

Í 2. mgr. 172. gr. segir að útgerðarmanni sé skylt að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum eftir nánari reglum. Í lagagreininni eru nefndar ákveðnar fjárhæðir en samkvæmt niðurlagi greinarinnar taka þær fjárhæðir breytingum í samræmi við laun Dagsbrúnarverkamanna.

Samkvæmt 173. og 174. gr. siglingalaga hefur útgerðarmaður rétt til að takmarka ábyrgð sína eftir ákveðnum reglum. Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 175. gr. laganna nær þessi takmörkun ábyrgðar ekki til krafna vegna tjóns á mönnum eða munum sem þeir verða fyrir sem ráðnir eru hjá útgerðarmanni eða ábyrgðarmanni útgerðar og sem rækja starf í þágu skips eða í sambandi við björgun, þó þannig að verði lífs- eða líkamstjón á mönnum sem ráðnir eru í skiprúm hjá útgerðarmanni með þeim hætti sem frá er greint í 1. mgr. 172. gr. takmarkast hin hlutlæga bótaábyrgð útgerðarmanns við þær fjárhæðir sem um ræðir í 2. mgr. greinarinnar. Er í þessu efni byggt á sömu reglu og var í 2. mgr. 205. gr. eldri laga um hlutlæga ábyrgð útgerðarmanns á vinnuslysum. Hún veitti sjómönnum umtalsverða réttarbót frá því sem leiðir af almennum bótareglum.

Með þessari hlutlægu ábyrgðarreglu var komið á samræmi milli sjómanna og landverkafólks. Hluti af bótarétti landverkafólks vegna lífs- og líkamstjóns byggir á ákvæðum kjarasamninga um hlutlæga ábyrgð atvinnurekanda, þ.e. hinni svokölluðu slysatryggingu launþega. Í siglingalögum, eins og í almennum kjarasamningum, er þeirri reglu fylgt að útgerðarmanni sé skylt að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum eins og áður segir. Hin hlutlæga ábyrgð eða slysatryggingin er hjá íslenskum launþegum í öllum tilfellum takmörkuð við þak eða hámarksfjárhæð en útilokar ekki frekari bótaábyrgð á grundvelli sakar ef sök sannast. Ábyrgð útgerðarmanns á sakargrundvelli á þess háttar tjóni lýtur hins vegar ekki takmörkun, sbr. 5. tölul. 175. gr., sem þýðir í raun að sjómenn verða eins og landverkafólk að sækja bætur umfram hina hlutlægu ábyrgð eftir reglum skaðabótaréttarins. Í þeirri stöðu verður launþeginn, sjómaðurinn, að sanna sök atvinnurekandans. Bótaábyrgð fellur ekki á útgerðarmann án sakar hans eða starfsmanna hans, þ.e. án ásetnings eða gáleysis eftir reglum skaðabótaréttarins. Takist launþega ekki að sanna þessa sök fær hann ekki tjón sitt bætt að öðru leyti en sem nemur hinni hlutlægu ábyrgðarreglu og er það oftast aðeins lítill hluti heildartjónsins. Undir óbætt tjón falla öll þau fjölmörgu tilvik þegar slys verða fyrir óhappatilviljun og gildir í því efni það sama á sjó og í landi. Vinnuslys starfsmanna vegna óhappatilvika eru aðeins bætt að litlu leyti samkvæmt íslenskum rétti. Hinir slösuðu verða þá að bera tjón sitt sjálfir.

Það sem veldur því hins vegar að þessu máli er hreyft með þessari þingsályktunartillögu er að slys á sjó eru langtum algengari en slys í landi og miklu oftar verða þau rakin til óhappatilvika en í landi. Að sögn kunnugra verða vinnuslys í landi oftast vegna vanbúnaðar, leiðbeiningarskorts og gáleysis. Í sjómennsku er hins vegar meira um óhöpp sem eiga rætur að rekja til þess að sjómannsstarfið er hættulegra en störf í landi, vinnustaðurinn og hreyfing sjávarins er hættulegri lífi og limum sjómanna en vinnustaðir landverkafólks. Hlutlæg ábyrgð atvinnurekenda vegna hættulegs atvinnurekstrar hefur ekki verið viðurkennd í íslenskum skaðabótarétti til þessa. Venjulegt sakarmat er lagt til grundvallar hvort sem um er að ræða t.d. skrifstofustarf sem hefur engar sjáanlegar hættur í för með sér fyrir starfsmenn eða starf á skipi með tröllauknum og fjölbreytilegum vélbúnaði þar sem aðgátar er þörf við hvert fótmál.

Tilgangur nefndarskipunar af því tagi sem hér er ráð fyrir gert er sá að kanna bótarétt sjómanna með framangreint í huga og leggja fram tillögur til úrbóta. Samkvæmt framansögðu er varla um annað en tvennt að ræða, annars vegar að hækka hlutfall hinnar hlutlægu ábyrgðar skv. 172. gr. siglingalaga, sbr. 5. tölul. 175. gr., eða með þeim hætti að gera ábyrgð útgerðarmanns vegna vinnuslysa hlutlæga að öllu eða verulegu leyti með breyttri skaðabótareglu vegna hættulegs atvinnurekstrar og breyttri sönnunarreglu vegna fjölda óhappatilvika sem ekki eru bótaskyld samkvæmt núgildandi reglu."

Virðulegi forseti. Þannig hljómar sú greinargerð sem við flutningsmenn höfum lagt fram með þessari till. til þál. um endurskoðun slysabóta sjómanna samkvæmt siglingalögum.

Enn fjölgar slysum í sjómannastéttinni. Miklar kröfur eru gerðar til sjómanna, veruleg fækkun hefur orðið í áhöfnum og vinnuálagið aukist. Ég hef vitnað til þess áður hvar skipverji var að bjarga félaga sínum en ekki tókst betur til en svo að sá sem ætlaði að bjarga slasaðist verulega og hlaut af mikil örkuml. Vegna ákvæða í siglingalögum fékk sá sem ætlaði að bjarga engar bætur og er svo enn vegna hinnar hlutlægu ábyrgðar útgerðarmanns eins og kom fram í greinargerð. Þess er líka dæmi að sjómaður hafi stungið sér til sunds af skipi sínu og ætlað að bjarga félaga sínum en við það farist sjálfur og er umhugsunarefni hvort eðlilegt væri að ættingjar þess sjómanns fái ekki meiri bætur en raun ber vitni nú í siglingalögunum.

Að lokum er full ástæða til að taka til rækilegrar athugunar réttarstöðu íslenskra sjómanna gagnvart siglingalögum á þeim skipum sem sigla undir þægindafánum sem svo mjög var rætt um í þinginu áðan.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þáltill. verði vísað til síðari umr. og samgn.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem hér til að taka undir þá þáltill. sem hér er til umræðu og þann rökstuðning sem kemur fram í greinargerð með henni. Vissulega er löngu tímabært að taka þær greinar siglingalaga er snúa að bótarétti íslenskra sjómanna vegna vinnuslysa til endurskoðunar. Eins og fram kemur í grg. eru vinnuslys á sjó algengari en vinnuslys í landi og oftar en ekki er um að ræða slys sem hafa í för með sér varanlega örorku þess sem verður fyrir slysinu, enda vinnustaður sjómannsins erfiðari og hættulegri en flestir ef ekki allir vinnustaðir í landi. Það er með öllu óeðlilegt að sambærilegt sakarmat sé lagt til grundvallar á bótagreiðslum vegna slysa hvort sem um er að ræða hættulitla vinnustaði á landi eða vinnustað sjómannsins. Vinnustaður og vinnuaðstaða á landi og sjó er ekki sambærileg.

Ég ítreka stuðning minn við þessa tillögu sem ég

vona að fái jákvæða afgreiðslu, en vara þó við því að hafa nefndina til að endurskoða reglur um bótaréttinn of fjölmenna. Það mætti í greininni sjálfri koma punktur á eftir Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég get ekki tekið undir með þeim þingmanni sem talaði áðan, að hún tæki undir þær röksemdir sem koma fram í greinargerð með tillögunni. Ég verð samt að segja það þó að ég hafi starfað að tryggingamálum og um skeið verið aðstoðarforstjóri í tryggingafélagi þá á ég fullt í fangi með að skilja það orðalag sem er á sumum stöðum og jafnvel þeim veigamestu í greinargerðinni.

Að öðru leyti vil ég segja það, virðulegi forseti, að hér er um viðkvæmt mál að ræða og það er rétt að menn varpi upp öllum hugsanlegum flötum á því. Mér sýnist að í dag sé staðan sú að um sjómenn gildi hið sama og landverkafólk, að atvinnurekendur þeirra verða að veita þeim vissa vernd með því að kaupa slysatryggingu sem bætir tjón vegna slysa upp að tiltekinni hámarksupphæð. Um sjómenn gildir það sama og landverkafólk að ef menn vilja sækja sér bætur umfram það þak sem tryggingaverndin veitir þeim þá verða þeir að gera það eftir reglum skaðabótaréttarins og þeir verða að sýna fram á að atvinnurekandinn hafi orðið sekur að einhvers konar vanrækslu eða gáleysi. Þetta er vissulega rétt. Um þetta gildir nákvæmlega það sama og um landverkafólkið. Ég leyfi mér að hugsa upphátt: Á að búa til sérstakar reglur fyrir sjómenn? Ég get vel skilið það viðhorf að þetta þurfi að bæta, en hvers vegna einungis fyrir sjómenn? Eru það nægileg rök sem hér eru flutt að tíðni slysa á sjó er meiri en í landi? Ég dreg það í efa. Ég vil hins vegar fallast að einhverju leyti á þá röksemd að slys úti á sjó eru oft og tíðum miklu meiri og leiða til meira tjóns, meiri örkumla en slys á landi. En þá leyfi ég mér aftur á móti að hugsa upphátt: Hvað með þá einstaklinga sem vinna í landi og lenda í þeirri neyð að hljóta líka veruleg örkuml og eru þá í nákvæmlega sömu stöðu og þeir sjómenn sem hér hafa verið rakin dæmi um? Hvers vegna á ekki líka að veita því fólki einhverja vernd, jafnvel þó tíðni slysa sé minni hjá því og jafnvel þó tíðni þungra slysa sé líka minni?

Mér finnst því, virðulegi forseti, að verið sé að gera upp á milli starfsstétta. Ég fellst á það þarf að taka málið í heild sinni til endurskoðunar, en mér finnst að með nokkru sé verið að ganga á kjör eða hag og velferð landverkafólks með því að taka sjómenn út fyrir sviga í dæminu. Ég vil þó ekki leggjast gegn þessari tillögu. Ég vek hins vegar athygli á því, virðulegi forseti, að nefndarskipanin hefur e.t.v. takmarkaðan tilgang vegna þess að í niðurlagi greinarinnar er rakið næsta vel með hvaða hætti er hægt að bæta þessi mál. Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að halda því fram að ég hafi skilið þann hluta grg.

Síðan vil ég aðeins drepa á eitt atriði sem tengist málinu og hv. flm. gerði að umtalsefni. Það eru þeir menn sem af óeigingjörnum hvötum leggja sjálfa sig, líf sitt og limi í hættu til þess að bjarga öðrum sjómönnum. Ég hef sjálfur lent í þeirri reynslu sem fyrrv. sjómaður að vera í lífshættu og vera bjargað af mönnum sem lögðu sjálfa sig í lífshættu. Sem betur fer urðu engin slys. En þess eru sorgleg dæmi að sá sem ætlaði að bjarga hefur hlotið varanlegt tjón og engar bætur. Þetta er algerlega óviðunandi og ég velti þessu tiltekna atriði fyrir mér. Svo vill til að sá hópur er næsta fámennur og ég vil velta því upp hvort ekki sé rétt að gera sérstakar ráðstafanir með lagasetningu sem verndar menn sem með þessum hætti leggja sig í hættu til þess að bjarga öðrum og taka þá alveg sérstaklega fyrir.

Ég varpa þessu fram hér, virðulegi forseti. Ég er samþykkur því að þetta mál gangi til nefndar en áskil mér allan rétt til þess að kanna þetta til hlítar og koma síðar í umræðunni með ítarlegri og þaulhugsaðri röksemdir. Ég ítreka að lokum að mér finnst að með nokkrum hætti sé verið að gera upp á milli starfsstétta.

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem hafa tekið til máls. Vissulega er umhugsunarefni hvers konar nefnd eigi að skipa eða hve fjölmenna til þess að endurskoða þennan þátt siglingalaganna. Engu að síður þótti okkur flm. rétt t.d. að rannsóknarnefnd sjóslysa ætti hlut að máli svo mjög sem hún þekkir þessi mál af rannsóknum sínum. Því er ekki óeðlilegt að hún komi nálægt málinu.

Ég er ekki hissa á því þótt mönnum þyki orðalag grg. nokkuð sérstakt, en það mál segir kannski allnokkuð um orðalag siglingalaganna. Að vísu voru þau endurskoðuð síðast 1975 en það má segja að orðalag sé með sama hætti og var í upphafi þá Danakonungur réði hér lögum og lofum.

Vissulega er eðlilegt að það komi upp í huga manna hvers vegna ætti að tryggja sjómenn öðrum launþegum frekar. Á umliðnum árum hefur það verið almennt að 25% þeirra slysa, sem tilkynnt eru Tryggingastofnun ríkisins, eru slys á sjómönnum enda þótt þeir séu ekki nema rétt um 0,8% á vinnumarkaðnum. Það segir því sína sögu hve slysin eru tíð þótt kannski komi þar ekki nægjanleg skráning fram um hversu alvarleg þau eru. Vissulega væri umhugsunarefni og er náttúrlega mikil nauðsyn á að slysaskráning sjómanna verði bætt. Þar þyrfti t.d. að koma nákvæmar fram hvaða skip, við hvaða kringumstæður, hvar og hvernig tjónið var og hver var hin eiginlega örorka, náði viðkomandi sjómaður þeirri heilsu sem þarf til þess að geta stundað sjómennsku eða ekki.

Eins og ég las upp úr gömlum dómum þá hefur það verið með ólíkindum hve oft, og oftar þá en ekki, hve sjómanninum sjálfum hefur verið dæmd hlutdeild í slysi. Við vitum að á fiskiskipaflotanum hefur verið fækkað verulega í áhöfn. Tækni hefur þó fleygt fram að hluta til á móti, en engu að síður við fækkun í áhöfn er meiri hraði og meiri krafa er gerð til manna en áður var. Ef við tökum og berum saman síðutogara þar sem 24 eða 26 menn voru um borð eða nú á móti þeim skipum sem eru afkastameiri en gömlu síðutogararnir og algengt er að það séu 11–12 menn í áhöfn.

Enn eru gerðar kröfur um fækkun á þessum skipum.

Það segir líka sína sögu að í siglingalögunum er maður, sem slasast við að bjarga, eins og tiltekið er í siglingalögunum, góssi sem tilheyrir skipinu, betur tryggður en sá sem kastar sér til sunds til að bjarga félaga sínum og það er í hæsta máta óeðlilegt. Þess vegna, virðulegi forseti, leggjum við flm. þessa þáltill. fram um nauðsyn þess að endurskoða siglingalögin með það í huga að færa þau til nútímalegs horfs og síðast en ekki síst, til þess að skoða réttarstöðu þeirra sjómanna sem hafa lent í slysum. Því miður er saga sjóslysa hér við land skráð á of mörgum blöðum og ekki hvað síst þeirra staðreynda að mikill fjöldi sjómanna sem hefur lent í slysum hefur hlotið örkuml af.

Það hefur komið fram að eðlilegt sé og sjálfsagt að sjómenn leggi sig í hættu vegna félaga sinna. Það hlýtur þá að leiða af því að það sé eðlilegt og sjálfsagt að menn séu með sama hætti tryggðir betur en aðrir til þess að það sé hvati til björgunar á skipsfélögum sínum. Menn hugsa ekkert um það hvort þeir séu sæmilega tryggðir eða ekki áður en þeir henda sér til sunds eftir félögum sínum, menn ætlast hreinlega til þess.

Þegar störf landverkamanns og sjómanns eru borin saman og menn hugsa upphátt um það hvort ekki sé eðlilegt að jafnt skuli ganga yfir alla launþega landsins þá er rétt að taka inn í myndina aðstöðumun sjómanns og t.d skrifstofumanns sem hefur fast land undir fótum. Í rannsóknum sem hafa komið fram liggur ljóst fyrir að sjómaður sem stígur ölduna og stundar starf sitt eyðir 25% meiri orku en sá sem hefur fast land undir fótum. Það leiðir af því að eftir mikla vinnuönn eru þeir þannig á sig komnir að þreyta sækir að, aðgæsla er ekki sem skyldi vegna þess mikla vélbúnaðar sem er um borð í skipinu og þeirra vinnukrafna sem eru gerðar til þessara fáu manna þegar skip eru að veiðum.

Ég ítreka að ég vona að þessi þáltill. fái skjóta meðferð á hinu háa Alþingi, svo nauðsynleg sem endurskoðun siglingalaganna er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1.–4., 6., 9.–10., 13., 16.–19. og 22 mál.

Fundi slitið kl. 4.40 síðdegis.

123. FUNDUR

mánudaginn 8. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. 150 ára minning tilskipunar um endurreisn Alþingis.
2. Kaup á björgunarþyrlu, frv., 110. mál, þskj. 128, nál. 581 og 582. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Sveitarstjórnarlög, frv., 301. mál, þskj. 469. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, stjtill., 232. mál, þskj. 289. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Greiðslur úr ríkissjóði o.fl., frv., 321. mál, þskj. 585. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Lífeyrissjóður sjómanna, frv., 241. mál, þskj. 310. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Vegalög, stjfrv., 314. mál, þskj. 540. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Áburðarverksmiðja ríkisins, stjfrv., 238. mál, þskj. 307. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Tvöföldun Reykjanesbrautar, þáltill., 216. mál, þskj. 258. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Kirkjugarðar, stjfrv., 375. mál, þskj. 659. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Réttindi og skyldur starfsmanna varnarliðsins, þáltill., 355. mál, þskj. 634. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Atvinnumál farmanna, þáltill., 347. mál, þskj. 626. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Löndun á loðnu til bræðslu, stjfrv., 304. mál, þskj. 473, nál. 668. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
14. Endurskoðun slysabóta sjómanna, þáltill., 323. mál, þskj. 591. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
15. Iðn- og verkmenntun, þáltill., 218. mál, þskj. 260. — Frh. fyrri umr.
16. Tækniskóli Íslands, stjfrv., 327. mál, þskj. 598. — 1. umr.
17. Menningarsjóður, stjfrv., 306. mál, þskj. 475. — 1. umr.
18. Útvarpslög, stjfrv., 305. mál, þskj. 474. — 1. umr.
19. Sjávarútvegsskóli, þáltill., 380. mál, þskj. 673. — Fyrri umr.
20. Ólympískir hnefaleikar, þáltill., 388. mál, þskj. 682. — Fyrri umr.
21. Ráðgjafar- og fræðsluþjónusta fyrir nýbúabörn, þáltill., 399. mál, þskj. 693. — Fyrri umr.
22. Framhaldsskólar, stjfrv., 397. mál, þskj. 691. — 1. umr.

150 ára minning tilskipunar um endurreisn Alþingis.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. alþm. Í dag minnumst við þess að liðin eru 150 ár frá ákvörðun um endurreisn Alþingis. Hinn 8. mars 1843 undirritaði Kristján konungur VIII. „tilskipun um stiptun sérlegrar ráðgefandi samkomu fyrir Ísland, er á að nefnast Alþíng".

Tilskipunin var gefin út fáum árum áður en einveldisstjórn leið undir lok. Hún var gjöf frá konungi sem á margan hátt var hliðhollur Íslendingum.

Í tilskipuninni fólst í fyrsta lagi að landið fékk „sína eigin ráðgefandi samkomu" og þar með lauk þátttöku af Íslands hálfu í stéttaþinginu í Hróarskeldu. Í öðru lagi voru í henni ákvæði um skipun þingsins. Á þinginu skyldu eiga sæti 20 kjördæmakjörnir þingmenn og sex þingmenn tilnefndir af konungi úr hópi embættismanna landsins. Þá voru í þriðja lagi rækileg ákvæði um kosningar til Alþingis, kosningarrétt og kjörgengi. Hvort tveggja var vissulega mjög takmarkað miðað við nútímahugmyndir, en talið er að 5% landsmanna hafi notið þessa réttar. Í fjórða lagi segir í tilskipuninni: „Fyrst um sinn á alþíng að haldast í Reykjavík." Og loks voru í tilskipuninni hin fyrstu þingsköp Alþingis sem að flestu leyti voru sniðin eftir þingsköpum stéttaþinganna dönsku.

Aðdragandi þessara tíðinda var nokkur. Störf Alþingis hins forna, lögréttu og yfirréttar, voru lögð niður með konungsúrskurði 6. júní árið 1800. Síðustu fundir Alþingis við Öxará voru reyndar haldnir í júlímánuði 1798, en sökum lélegs aðbúnaðar þar voru fundir þess haldnir í Hólavallarskóla í Reykjavík 1799 og 1800. Þótt Alþingi hefði glatað sinni fornu frægð er yfir lauk sætti þjóðin sig ekki við að vera „alþingi svipt". Slitnað hafði þráður sem lá allt aftur til stofnunar allsherjarríkis á Íslandi árið 930. Einar Arnórsson segir í riti sínu, Réttarsögu Alþingis, um störf þingsins í lok 18. aldar: „Alþingi var orðið aðallega dómstóll, þinglýsingastaður og reikningsskilastaður sýslumönnum og öðrum gjaldheimtumönnum ríkisfjárhirzlunnar."

En í huga þjóðarinnar var Alþingi annað og meira. Þess vegna liðu ekki mörg ár þar til krafan um endurreisn Alþingis kom fram. Og eftir að stofnað var til stéttaþinganna dönsku árið 1831 hófu Íslendingar baráttu fyrir innlendri stjórn og innlendu þingi. Þar fór mest fyrir Baldvini Einarssyni og riti hans, Ármanni á Alþingi. Íslendingar áttu fulltrúa á þingi Eydana 1835–1842, en slíkt fullnægði í engu óskum landsmanna.

Árið 1837 stóðu Þórður Sveinbjörnsson, Páll Melsteð og Bjarni Thorarensen fyrir bænaskrá um innlent þing. Ári síðar var tekin ákvörðun um að boða til samkomu tíu æðstu embættismanna Íslands, embættismannanefndarinnar, sem kom tvívegis saman, 1839 og 1841.

Um þetta leyti urðu mikil umskipti í sögu Íslands. Friðrik konungur VI. lést undir árslok 1839, en við ríki tók Kristján konungur VIII. Hann var á marga lund

vinveittur Íslendingum og sýndi við mörg tækifæri að hann mat íslenskan menningararf mikils og vildi hlúa að honum eftir mætti.

Fornaldardýrkun var eitt af einkennum rómantísku stefnunnar sem þá var ofarlega á baugi, og hinn nýi konungur var barn síns tíma þegar hann árið 1840 gaf út úrskurð um að unnið skyldi að endurreisn Alþingis á Þingvöllum. Og nú kvaddi Jón Sigurðsson sér hljóðs á þjóðmálavettvangi, sá maður sem upp frá því hafði mest áhrif á stefnu Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni. Jón lét alþingismálið mjög til sín taka.

Embættismannanefndin samdi tillögur um innlent þing og urðu þær grundvöllur að tilskipun konungs 8. mars 1843. Þar var farin að mörgu leyti önnur leið en forvígismenn Íslendinga vildu, eins og Fjölnismenn, einkum Tómas Sæmundsson. Jón Sigurðsson átti samleið með embættismannanefndinni að því er varðaði þingstaðinn og þá meginstefnu að Alþingi yrði nútímaþing, sniðið að þörfum og aðstæðum síns tíma. Jón vildi hins vegar veita Alþingi meiri völd. Nú efast fáir um að stefna Jóns Sigurðssonar í alþingismálinu hafi verið rétt og orðið þjóðinni til farsældar.

Í dag, hálfri annarri öld síðar, er fánýtt að hugleiða hvort unnt hefði verið að sameina sjónarmiðin betur, t.d. tengja hið nýja Alþingi betur Þingvöllum, svo sem með því að setja þingið þar og slíta því, viðhalda fornum heitum, lögsögumanni og lögréttu, — og fleira mætti nefna, — en svo varð ekki og verður varla aftur snúið til horfinna alda úr þessu.

Það dróst í rúm tvö ár að hið endurreista Alþingi kæmi saman til fyrsta fundar. Það varð 1. júlí 1845. Vissulega voru völd Alþingis og störf takmörkuð, en án alls vafa voru áhrif þess strax mikil á þjóðina. Alþingi varð vettvangur forustumanna þjóðarinnar í sókn til þjóðfrelsis og framfara.

Þegar forseti sameinaðs Alþingis, Haraldur Guðmundsson, minntist þess hér á þessum stað árið 1943 að 100 ár voru liðin frá útgáfu alþingis-tilskipunarinnar varð honum tíðrætt um þá gagnrýni sem störf Alþingis sæta jafnan og hann taldi vera af tvennum toga spunnin: „Annars vegar eru þeir, sem í raun og veru óska, að vegur og sómi Alþingis sé sem mestur.“ Þeim svaraði Haraldur með því að vitna til orða Jóns Sigurðssonar: „Varla er sú list, að menn hafi jafnlengi þreytt með óvissum árangri og landsstjórnarlistina.“ Undir þetta getum við alþingismenn tekið: Alþingi og störf þess verða aldrei hafin yfir gagnrýni sem á rökum er reist. En síðan segir Haraldur: „Hins vegar eru þeir, sem hallmæla Alþingi og spá því illspám ... Gagnrýni þessara manna er ekki flutt til þess að koma fram umbótum á starfsháttum eða stefnu þingsins, heldur fyrst og fremst eða eingöngu í því skyni að svipta Alþingi trausti og tiltrú fólksins. Þeim er ljós sá sannleikur, að ef Alþingi nýtur ekki trausts þjóðarinnar, er það veikt og lítils megnugt.“

Þótt þessi orð séu mælt í miðjum hinum mikla ófriði, þá vil ég minna á þau því að þau virðast eiga við jafn vel nú, hálfri öld síðar.

Forsetar Alþingis hafa í nokkur ár stefnt að því að minnast þessara tímamóta í sögu Alþingis. Í dag kemur út fyrir samvinnu Alþingis og Sögufélagsins rit um endurreisn Alþingis og þjóðfundinn 1851 eftir dr. Aðalgeir Kristjánsson, fyrrverandi skjalavörð. Ritið verður afhent alþingismönnum við stutta athöfn hér í hliðarsal, setustofu, að loknum þingfundi og er þeim boðið að koma og vera við þá athöfn kl. 4. Þá var sl. laugardag opnuð ný minningarsýning um Jón Sigurðsson og konu hans, Ingibjörgu Einarsdóttur, í Jónshúsi í Kaupmannahöfn, húsi Alþingis í hinni gömlu höfuðborg Íslands. Í því húsi bjó Jón Sigurðsson og starfaði lengst af og minning hans mun tengjast því um ófyrirsjánalega framtíð.

Hv. alþm. Störf þessarar stofnunar, Alþingis, eiga sér djúpar rætur með þjóðinni. Við segjum oft — og með sanni — að Alþingi sé í senn elsta stofnun þjóðarinnar og hin æðsta. Á okkur alþingismönnum hvílir því mikil ábyrgð að gæta þess þjóðfrelsis sem Alþingi er skýrast vitni um, rækta arfinn og færa hann í hendur komandi kynslóðum. Minnumst þess í hita baráttunnar nú um stundir hvað mikils þurfti við á öndverðri 19. öld til að taka aftur upp þann þráð sem slitnað hafði um sinn, en það var gert í trausti þess að nýtt Alþingi mundi gegna forustuhlutverki við að leysa þjóðina úr viðjum ófrelsis og stöðnunar.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast starfa þeirra sem áttu hlut að endurreisn Alþingis og minnast þeirra tímamóta, sem við nú fögnum, 150 ára afmælis tilskipunar um endurreisn Alþingis, með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Fjarvistarleyfi:
Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Reykv.,
Guðrún Helgadóttir, 14. þm. Reykv.,
Hjálmar Jónsson, 5. þm. Norðurl. v.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.

Aðalmenn taka sæti á ný:
Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
Sighvatur Björgvinsson heilbrrh.,

Útbýting þingskjala:
Alþjóðaþingmannasambandið, 403. mál, skýrsla Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins, þskj. 697.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 402. mál, frv. MF og KHG, þskj. 696.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 8. mars 1993:
„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum er-

indum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Norðurl. v., Hjálmar Jónsson prófastur, Sauðárkróki, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti.

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v."

Hjálmar Jónsson hefur áður setið sem varamaður á þingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Það er rétt að forseti geti þess varðandi 2. dagskrármálið að það hefur komið fram ósk frá frsm. meiri hluta allshn., hv. 5. þm. Vestf., um að atkvæðagreiðslunni verði frestað. Því kemur það mál ekki til afgreiðslu í dag.

Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.

Frv. KHG, 301. mál (sameining sveitarfélaga). — Þskj. 469.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, HAJ, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞBern, ÖS.

1 þm. (GJH) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, EKJ, GHelg, HjálmJ, IBA, ISG, JBH, PP, PJ, RG, SAÞ, StG, StH, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, HAJ, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞBern, ÖS.

15 þm. (ÁJ, EKJ, GÁ, GHelg, HjálmJ, IBA, ISG, JBH, PP, PJ, RG, SAÞ, StG, StH, SvG) fjarstaddir.

Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, frh. fyrri umr.

Stjtill., 232. mál. — Þskj. 289.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, HAJ, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞBern, ÖS.

15 þm. (ÁJ, EKJ, GHelg, HjálmJ, IBA, ISG, JBH, MF, PP, PJ, RG, SAÞ, StG, StH, SvG) fjarstaddir.

Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Greiðslur úr ríkissjóði o.fl., frh. 1. umr.

Frv. KSG o.fl., 321. mál. — Þskj. 585.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, HAJ, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞBern, ÖS.

14 þm. (ÁJ, EKJ, GHelg, HjálmJ, IBA, ISG, JBH, PP, PJ, RG, SAÞ, StG, StH, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Lífeyrissjóður sjómanna, frh. 1. umr.

Frv. PS og MF, 241. mál (innheimturéttur iðgjalda). — Þskj. 310.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, HAJ, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞBern, ÖS.

14 þm. (ÁJ, EKJ, GHelg, HjálmJ, IBA, ISG, JBH, PP, PJ, RG, SAÞ, StG, StH, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Vegalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 314. mál (heildarlög). — Þskj. 540.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, HAJ, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SigG, SighB,

SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞBern, ÖS.
14 þm. (ÁJ, EKJ, GHelg, HjálmJ, IBA, ISG, JBH, PP, PJ, RG, SAÞ, StG, StH, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Áburðarverksmiðja ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 238. mál. — Þskj. 307.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, HAJ, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞBern, ÖS.
14 þm. (ÁJ, EKJ, GHelg, HjálmJ, IBA, ISG, JBH, PP, PJ, RG, SAÞ, StG, StH, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Tvöföldun Reykjanesbrautar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 216. mál. — Þskj. 258.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, HAJ, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞBern, ÖS.
14 þm. (ÁJ, EKJ, GHelg, HjálmJ, IBA, ISG, JBH, PP, PJ, RG, SAÞ, StG, StH, SvG) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Kirkjugarðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 375. mál (heildarlög). — Þskj. 659.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, HAJ, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞBern, ÖS.
16 þm. (ÁJ, EKJ, FI, GJH, GHelg, HjálmJ, IBA, ISG, JBH, JVK, PP, PJ, RG, SAÞ, StG, StH) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Réttindi og skyldur starfsmanna varnarliðsins, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ, 355. mál. — Þskj. 634.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, HAJ, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞBern, ÖS.
13 þm. (ÁJ, EKJ, GHelg, HjálmJ, IBA, ISG, JBH, PP, PJ, RG, SAÞ, StG, StH) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Atvinnumál farmanna, frh. fyrri umr.

Þáltill. GAK og GHall, 347. mál. — Þskj. 626.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, HAJ, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞBern, ÖS.
13 þm. (ÁJ, EKJ, GJH, GHelg, HjálmJ, IBA, ISG, JBH, PP, PJ, RG, SAÞ, StG) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Löndun á loðnu til bræðslu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 304. mál. — Þskj. 473, nál. 668.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, HAJ, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SigG, SighB,

SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞBern, ÖS.

12 þm. (ÁJ, EKJ, GHelg, HjálmJ, IBA, ISG, JBH, PP, PJ, RG, SAÞ, StG) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, HAJ, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞBern, ÖS.

13 þm. (ÁJ, EKJ, FrS, GHelg, HjálmJ, IBA, ISG, JBH, PP, PJ, RG, SAÞ, StG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, HAJ, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞBern, ÖS.

12 þm. (ÁJ, EKJ, GHelg, HjálmJ, IBA, ISG, JBH, PP, PJ, RG, SAÞ, StG) fjarstaddir.

Endurskoðun slysabóta sjómanna, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall og GAK, 323. mál. — Þskj. 591.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, HAJ, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞBern, ÖS.

12 þm. (ÁJ, EKJ, GHelg, HjálmJ, IBA, ISG, JBH, PP, PJ, RG, SAÞ, StG) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Iðn- og verkmenntun, frh. fyrri umr.

Þáltill. StG o.fl., 218. mál. — Þskj. 260.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu þáltill. um endurmat iðn- og verkmenntunar, sem er flutt af okkur fjórum þingmönnum Framsfl. og er 1. flm. hv. þm. Stefán Guðmundsson.

Ég held að það fari ekkert á milli mála að verkleg menntun hefur verið vanrækt á undanförnum árum og jafnvel áratugum og á sama tíma hefur samkeppnisstaða innlends iðnaðar verið að versna. Og á þessu öllu saman bera stjórnvöld að sjálfsögðu nokkra ábyrgð. Afstaða almennings til þess hvað framtíðin ber í skauti sér dregur síðan dám af þessu og það er ástæða til þess í tengslum við umræðu um verkmenntun að skoða reynslu þeirra þjóða sem hafa lagt raunverulega rækt við verklegt nám og tengt það tækniþróun á hverjum tíma, en staðreyndin er sú að þær þjóðir hafa í seinni tíð skarað fram úr og tryggt bestu kjör sinna þegna.

Almenningur í þessum löndum lítur á verkmenntun eða hvers konar verk- og tæknimenntun sem álitlegan valkost og hvetur ungmenni til að fara þá leið í námi. Þar heldur fólk því ekki fram, eftir því sem best ég þekki til, að verkmenntaskólar séu bara fyrir þá sem ekki hafa getu til þess að fara í menntaskóla og síðan í háskóla. En það eru fleiri sem eiga við svipuð vandamál að stríða á þessu sviði eins og við Íslendingar og eftir því sem mér hefur skilist og hef lesið, þá er það fræðsluyfirvöldum í Bandaríkjunum nokkurt áhyggjuefni hvernig komið er fyrir tæknimenntun og verkmenntun, en hins vegar er grunnskólamenntun þar fjölbreytt og háskólamenntun á háu stigi eins og allir vita. En Bandaríkjamenn hafa ekki náð því eins og t.d. Þjóðverjar og ýmsar Norðurlandaþjóðir og Japanir hafa gert að tengja saman hugvit og verkvit þannig að hvað styðji annað. Við Íslendingar megum ekki falla í þá gryfju að álykta sem svo að verkmenntun hafi það helst til síns ágætis að geta tekið við þeim sem einhverra hluta vegna kjósa að ganga ekki hinn gullna veg bóknámsins og ég held að það sé nú kannski að verða nokkur samstaða um það í þessu landi að þarna verðum við að taka okkur á.

Íslendingar og Bandaríkjamenn virðast hafa átt það sameiginlegt að vilja framleiða einhver ósköp af stúdentum. Með fullri virðingu fyrir þeim sem slíkum, þá er það ekki þægilegt og ekki æskilegt fyrir þetta þjóðfélag né önnur að nám sé á svo þröngu sviði og menntun.

Í þeirri áfangaskýrslu sem nýlega hefur komið út frá nefnd menntmrh. um mótun nýrrar menntastefnu er nokkuð tekið á þessum málum og á æskilegan hátt held ég að megi segja. A.m.k. ég vil á þessu stigi málsins ekki segja annað. Það var líka gert í þeirri skýrslu sem gefin var út í lok síðasta kjörtímabils í menntamálaráðherratíð hv. þm. Svavars Gestssonar, Til nýrrar aldar. Í báðum þessum skýrslum finnst mér að það komi fram að menn hafi áttað sig á því að þarna þurfi að taka á og vegna þjóðfélagsins sem slíks þurfi að auka menntun í verklegum greinum.

Samt kemst ég ekki hjá því að nefna það að fram til þessa hafa verk hæstv. ríkisstjórnar ekki beinlínis snúið að því að efla verkmenntunina og nefni ég Iðnskólann í því sambandi því að það var staðið mjög illa að framlögum til Iðnskólans við samþykkt síðustu fjárlaga. Eins má nefna það að úthlutunarreglur Lánasjóðs

ísl. námsmanna eru ekki jákvæðar í garð verkmenntunar. Nú veit ég ekki um það hvort hæstv. menntmrh. hefur algerlega gefið frá sér allt vald varðandi þessar úthlutunarreglur, en ég álít þó að hann þurfi að samþykkja þær áður en þær koma til framkvæmda. Við munum það að með setningu nýrra laga um lánasjóðinn var stjórninni falið mjög mikið vald sem ráðherra hafði áður og þetta gagnrýndi ég og fleiri og sögðum sem svo að þrátt fyrir allt og þrátt fyrir það að maður hefði kannski ekki mikla tilhneigingu til þess að styðja þá ríkisstjórn sem nú situr, þá hafi þetta vald verið betur komið í höndum hæstv. menntmrh. heldur en þeirrar stjórnar sem nú fer með Lánasjóð ísl. námsmanna og málefni hans.

Ég ætla, hæstv. forseti, ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. en langaði til þess að leggja nokkur orð inn í þá umræðu sem fer fram um verkmenntun og það er einlæg von mín að á þeim málum verði tekið sem allra fyrst að færa okkar menntakerfi meira inn á þá braut að það sinni þeirri hlið menntamála.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er auðvelt að taka undir það sem hér er sett fram sem megintilgangur þessarar tillögu að það sé þarft að vekja umræðu um iðn- og verkmenntun í landinu og leiðir til að laga hana að nýjum aðstæðum, bæði hér á landi og í okkar næsta umhverfi, í okkar samkeppnisumhverfi. Það er hverju orði sannara að við þurfum að huga vandlega að því að tengja sem best saman þá verkmenntun sem veitt er í skólum landsins og starfið í atvinnuvegunum. Það er t.d. athyglisvert að ýmsar atvinnugreinar eins og t.d. rafiðnaðurinn og nú síðast prentiðnaðurinn og ég veit að málmiðnaðurinn er inni á sömu brautum hafa tekið í sínar eigin hendur að bjóða upp á endurmenntun og símenntun og reyndar nokkra þætti í grunnmenntun í sínum starfsgreinum með því að koma á fót með samtökum fyrirtækjanna í greininni og félaga starfsmanna í þessum greinum sérstökum skólum eins og Rafiðnaðarskólanum og Prenttæknistofnuninni. Þetta tel ég vera vísbendingu um leiðir sem við eigum að huga vandlega að í þessu máli.

Það er með öllu ljóst að hið hefðbundna meistaranám hefur lifað sitt fegursta. En við þurfum að vera vel á verði og ekki síst er ástæða til að huga að því hvernig við búum að verkmenntaskólunum, hvernig við finnum þeim stað í okkar skólakerfi og hvernig við tengjum þá við atvinnulífið. Og það er t.d. mjög athyglisvert að Iðnskólinn í Reykjavík er líklega stærsti *framhaldsskóli landsins, fjölmennasti framhaldsskóli* landsins, og þar er sannarlega ástæða til að huga að því hvernig þeirri stofnun er komið fyrir í okkar skólakerfi og sambærilegum stofnunum. Að þessu leyti er þetta hin þarfasta tillaga.

Síðan kemur náttúrlega spurningin um það hvort þörf sé á að setja á starfshóp eins og hér er lagt til, sem hv. menntmn. mun vaflaust fjalla um þegar tillagan kemur til hennar. Ég vil leyfa mér að benda á að á *vegum menntmrn., að frumkvæði menntmrh., fer nú* fram endurmat á ýmsum þáttum í okkar skólakerfi. Mér er um það kunnugt að einmitt þau atriði sem ég hef hér vikið að í máli mínu eru þar til vandlegrar athugunar eins og ég þykist fullviss að menntmrh. muni koma hér að síðar í umræðunni.

Með þessum orðum, virðulegi forseti, vil ég taka undir þann tilgang tillögunnar að vekja umræður um málið og hvetja til þeirra aðgerða sem til framfara horfa í verkmenntun í landinu. Það er áreiðanlega rétt hjá hv. frsm. þessarar tillögu að þeim ríkjum sem hefur tekist best að tengja saman atvinnulíf og verkmenntun, hefur líka vegnað vel í atvinnumálum og efnahag þegar horft er til langs tíma. Dæmið sem nefnt var frá Þýskalandi er athyglisvert þótt þar steðji nú að tímabundinn vandi eins og víðar í iðnaði og atvinnulífi á Vesturlöndum.

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Sú till. til þál. sem hér er til umræðu er athyglisverð og tvímælalaust tímabært að fram fari endurmat iðn- og verkmenntunar í landinu. Flm. fluttu svipaða tillögu á síðasta þingi ef ég man rétt.

Iðnmenntun á Íslandi hefur tekið litlum breytingum undanfarna áratugi og hefur að vissu leyti ekki verið aðlöguð þeim miklu breytingum sem orðið hafa í sumum iðngreinum og þeim auknu kröfum sem gerðar eru til iðnaðarmanna. Því er tímabært að taka allt skipulag iðn- og verkmenntunar í landinu til endurmats. Ég tek undir það sem segir í tillögunni að ein af forsendum þess að innlendur iðnaður standist aukna samkeppni háþróaðra iðnríkja sé að nauðsynlegar úrbætur verði gerðar á iðn- og verkmenntun í landinu og að margvísleg rök hnígi að því að iðn- og verkmenntun verði nú skilgreind að nýju með tilliti til fjölbreytilegra nýjunga í verklegu og bóklegu námi, bættra tengsla skóla og almennings og aukinnar fræðslu til almenns rekstrar.

Ég vil leggja áherslu á að ekki verði rofin tengsl iðnfyrirtækjanna og iðnfræðsluskólanna. Ég tel það mjög mikilvægt að hluti iðnnámsins verði áfram hjá meisturum og iðnfyrirtækjum. Sá þáttur námsins er ekki hvað síst mikilvægur.

Á það er bent í greinargerð með tillögunni að iðnnemar hafi nú um þrjár leiðir að ræða til iðnnáms:

Að fara á fjögurra ára samning hjá meistara og sækja samhliða bóknám í iðnskóla,

að ljúka bóklegu og verklegu námi í skóla og fara síðan í starfsnám hjá meistara,

að ljúka bóklegu grunnnámi og fara síðan á þriggja ára samning hjá meistara.

Af þessum þremur leiðum held ég að sú leið að ljúka bóklegu og verklegu námi í skóla og fara síðan í starfsnám hjá meistara sé hvað best og hafi reynst mjög vel. Þeir nemar sem þannig koma til starfa hjá iðnfyrirtækjunum hafa lært undirstöðuvinnubrögð í viðkomandi iðngrein, kunna að nota helstu vélar og tæki og eru alla jafna vel undirbúnir undir sjálft starfsnámið.

Gamla meistarakerfið, þar sem nemar gera fjögurra *ára samning við meistara og sækja bóklegt nám sam*hliða, hefur að mörgu leyti reynst nokkuð vel í gegn-

um tíðina. Þó er það auðvitað svo að meistarar og iðnfyrirtæki eru misjafnlega í stakk búin til að leiða nema fyrstu skrefin í iðnnámi og finnst mér líklegt að það kerfi leggist af að mestu.

Það hefur lengst af verið svo að iðnaðarmenn hafa þurft að vinna í þrjú ár sem sveinar til að öðlast meistararéttindi. En á síðustu árum hafa sveinar orðið að ljúka námi í meistaraskóla til að verða meistarar, a.m.k. í sumum iðngreinum.

Í greinargerð með þessari tillögu er fagnað hugmyndum um að meistaraskólinn verði beint framhald iðnskóla og iðnmenntunar. Ég tel sjálfsagt að skoða þetta vel. En ég legg áherslu á að tryggt verði að menn hafi verulega starfsreynslu í viðkomandi fagi til að geta orðið meistarar.

Í greinargerð flm. er minnst á að kröfur um aukið bóklegt nám fari sífellt vaxandi. Í því sambandi vil ég vara eindregið við því að þeim sem eiga erfitt með að stunda strangt bóklegt nám sé gert ókleift að öðlast iðnréttindi. Ég tel að það þurfi að vera tvö stig í iðnnáminu líkt og er í málmiðnaði í dag þar sem menn geta með tveggja ára námssamningi orðið sveinar í rafsuðu. Í því námi eru mun færri bókleg fög en t.d. í vélvirkjun og plötusmíði. Þessir sveinar geta ekki orðið meistarar nema fara í frekara nám. Ég tel sjálfsagt að þeir sem vilja vinna við ákveðna iðngrein geti öðlast réttindi með þessum hætti og veit að margir afbragðs iðnaðarmenn hafa útskrifast úr rafsuðunáminu, bæði þeir sem ekki hafa treyst sér í það skólanám sem fylgir fullu iðnnámi og eins fjölskyldumenn sem ekki hafa haft efni á að sitja í skóla í fjórar annir. Sumir þessara manna hafa svo haldið áfram síðar og lokið þá námi í vélvirkjun, plötusmíði eða skyldum iðngreinum. Þessi þáttur iðnnámsins er mjög mikilvægur og fráleitt að mínu mati að iðnfræðsla miðist við það að allir þurfi að verða meistarar eða iðntæknar.

Varðandi iðnmenntunina í landinu er ástæða til að hafa áhyggjur af þeim samdrætti sem orðið hefur í sumum iðngreinum á undanförnum áratug. Ég nefni þar t.d. húsgagnaiðnaðinn og skipasmíðaiðnaðinn, en fyrirtæki í þessum greinum hafa verið mjög afkastamikil í verkmenntun landsmanna um áratugaskeið. Það er augljóst að nemar í málmiðnaði geta átt í miklum erfiðleikum með að komast í starfsnám ef skipasmíðastöðvarnar halda ekki velli.

Ég vil þakka hv. flm. fyrir að hreyfa þessu máli og tel nauðsynlegt að sem fyrst fari fram endurmat iðn- og verkmenntunar í landinu og eðlilegt, eins og hér er gert ráð fyrir, að fulltrúar samtaka iðnaðarins, iðnnema og iðnfræðslunnar í landinu komi að þeirri stefnumörkun.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég fagna umræðu um aukna verkmenntun og hversu menn virðast nú á einu máli um að leggja beri aukna áherslu á iðn- og verknám yfirleitt í landinu.

Raunar hefur þetta svo sem heyrst áður og svo lengi sem ég man. En mönnum þykir tiltölulega lítið hafa gerst. Þess vegna er ekki verið að hreyfa hér máli sem ekki hefur áður verið nefnt heldur er hér verið að hvetja til aðgerða. Það er vissulega góðra gjalda vert og ég styð það eindregið að nú verði farið að hefjast handa.

Tillagan er í raun og veru um það að menntmrh. verði falið að kveðja saman starfshóp sem hafi það verkefni að endurmeta iðn- og verkmenntun í landinu og gera tillögu að breyttu og bættu skipulagi, eins og segir í tillögugreininni.

Mér þykir sjálfsagt að hv. menntmn. athugi þetta mál og meti það hvort ástæða sé til að kveðja saman sérstakan starfshóp til þessa verks. Ég hef um það efasemdir vegna þess að þetta mál hefur fengið verulega umfjöllun að undanförnu í nefnd um mótun menntastefnu og endurmat iðn- og verkmenntunar fer nú fram einmitt á vegum þeirrar nefndar. Þessu eru gerð nokkuð ítarleg skil í áfangaskýrslu þessarar nefndar, skýrslu sem skilað var til mín í lok janúarmánaðar sl.

Í þeirri skýrslu er, eins og ég sagði, tekið töluvert ítarlega á þessu máli. Ég vil nefna nokkur atriði sem koma fram í skýrslunni, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir m.a.: „Með starfsmenntun og starfsnámi er átt við allt nám, bæði bóklegt og verklegt, sem skipulagt er sem markviss undirbúningur fyrir tiltekin störf eða starfssvið. Á síðustu árum hefur verið mjög einhliða áhersla á almennt bóklegt nám á kostnað verklegs náms og starfsnáms á framhaldsskólastiginu. Fáir nemendur skrá sig á starfsmenntabrautir framhaldsskólanna og eru ástæður þess ekki ljósar. Ólíkt því sem gerist í öðrum löndum, þar sem allt að 70% nemenda lýkur starfsmenntun, virðist stúdentspróf á bóknámsbrautum vera aðalmarkmið íslenskra unglinga. Þannig virðist sem starfsmenntun skipi ekki þann sess hér sem hún gerir annars staðar."

Þá segir hér síðar þegar talað er um mikið brottfall líka: „Að hluta til mætti skýra mikið brotthvarf af starfsnámsbrautum framhaldsskólans með því að nemendur hafi farið út á vinnumarkaðinn en trúlega má einnig leita skýringar í því að námið á þessum brautum er ekki miðað við nemendur með slakan námsárangur. Virðist því um annað tveggja að ræða að breyta náminu til að koma til móts við þá nemendur sem þangað sækja eða að veita nemendum betri undirbúning áður en þeir hefja starfsnám."

Nefndin segir svo áfram:

„Starfsnám í framhaldsskólum verði eflt til muna frá því sem nú er að gæðum og fjölbreytni. Endurmeta þarf uppbyggingu náms á einstökum starfsmenntabrautum. Taka ber mið af lokamarkmiði námsins í námsinnihaldi í stað þess að einstakir námsáfangar nýtist í námi á óskyldum námsbrautum eins og nú tíðkast. Loks ber að leita ráða til að auka áhuga ungs fólks á verkmenntun."

Um hefðbundnar iðngreinar segir svo:

„Iðnnám fer nú fram í fjölbrautaskólum víðs vegar um land, tveimur verkmenntaskólum og tveimur iðnskólum. Allir þessir skólar starfa eftir samræmdu áfangakerfi framhaldsskóla. Núverandi náms- og skólaskipan á framhaldsskólastigi hefur þróast í kjölfar mikillar umræðu sem fram fór á fyrri hluta 8. áratugarins.

En í dag skortir rannsóknir á því hvernig þessir skólar hafa náð að sinna verkmenntun í landinu.

Niðurstöður úr könnun Félagsvísindastofnunar, Námsferill í framhaldsskóla, sýna að einungis um 9,4% nemenda sem skrá sig í framhaldsskóla hefja strax starfsnám. Nemendur virðast ekki líta á það sem ákjósanlegan kost að loknum grunnskóla að fara beint í starfsnám þó ýmsir geri það síðar. Í skýrslunni má einnig sjá að einungis 37,7% þeirra nemenda sem einhvern tímann skrá sig í iðnnám hafa lokið því sex árum eftir grunnskólapróf. Lítill áhugi á starfsnámi og hátt brottfall af iðnnámsbrautum vekur grunsemdir um að einhverju sé ábótavant í iðnmenntakerfinu.

Samhliða þessum upplýsingum gerast nú kvartanir fulltrúa einstakra iðngreina um skilvirkni iðnmenntakerfisins æ háværari. Ýmsar iðngreinar á undanförnum árum hafa sótt mjög ákveðið um við ráðuneyti menntamála að bæta menntun í þessum greinum og má þar nefna prentiðnað og málmiðnað. Að mati forsvarsmanna þeirra er námið sem opinbera skólakerfið býður upp á allsendis ófullnægjandi og því fari fjarri að nýútskrifaðir iðnnemar uppfylli þær hæfniskröfur sem fagmenn og atvinnurekendur gera til þeirra. Telja þeir m.a. að stjórnun iðnmenntunar sé of þunglamaleg og möguleikar atvinnulífsins til að hafa áhrif á iðnnámið í gegnum fræðslunefndir séu takmarkaðir."

Þetta segir í skýrslunni og ýmsan annan fróðleik um þetta atriði er að finna í þessari áfangaskýrslu. Ég tek fram að 18 manna nefndin um mótun menntastefnu hefur ekki lokið störfum og á eftir að koma sérstaklega að þessu máli aftur og með beinar tillögur. Þetta er sem sagt allt í athugun nú þegar og ég vænti þess að endanlegar tillögur þessarar nefndar liggi fyrir í endanlegu formi á næsta Alþingi.

Vegna spurningar hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur um það hvort ráðherra hafi gefið frá sér allt vald yfir úthlutunarreglum Lánasjóðs ísl. námsmanna þá er ekki svo að ráðherra hafi gert það. Ég get upplýst hér að ég hef átt fundi með framkvæmdastjóra lánasjóðsins þar sem við höfum farið yfir ýmislegt sem má betur fara í úthlutunarreglunum. Nú er komin á þær fyrsta reynslan. Við munum raunar eiga fund seint í dag um þau efni. Það er allt saman í endurskoðun og einnig útgáfa á sérstökum reglum eða reglugerð fyrir lánasjóðinn og þeirri endurskoðun verður væntanlega lokið mjög fljótlega.

Ég hvet að lokum til þess að hv. menntmn. athugi þetta mál vandlega.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft máli sem í rauninni hefur margsinnis verið hreyft áður. Í öllum þeim heildarskýrslum um menntamál sem ég hef séð hefur verið rætt um að það þurfi að bæta verkmenntun og auka virðingu hennar. Það virðist eigi að síður ekki hafa tekist eftir þeim upplýsingum sem bæði komu hér fram og hæstv. menntmrh. var að lesa upp úr skýrslunni rétt áðan.

Árið 1962, þegar ég byrjaði að kenna, voru deildir sem kallaðar voru verknámsdeildir í gagnfræðaskólum landsins. Þær voru að mínum dómi a.m.k. sums staðar á landinu ein af orsökunum fyrir því að verkmenntunin hefur látið ofan. Vegna þess að svo virtist sem ýmsir litu þannig á að í þessar deildir ættu aðeins að fara þeir nemendur sem væru illa gefnir til bóklærinnar, það væru þá þeir sem hentuðu best í verknám og iðnnám. Þetta var slík firra og vitleysa sem mest mátti vera. Ég varð vör við að í ýmsum skólum var þessu hreinlega trúað og haldið fram. Hinir nemendurnir áttu að fara í stúdentsprófið því að það hefur alltaf verið sagt á Íslandi: skítt með alla skynsemi, gáfur eru gull og gáfurnar færa okkur upp í háskóla með stúdentsprófi en skítt með skynsemina sem þarf til þess að vinna almenn verk í landinu. Þessu hefur verið trúað á Íslandi. Við Íslendingar erum því miður óttalegir slóðar í þessum efnum og höfum lengi verið.

Það sem þarf fyrst og fremst að gera er að breyta viðhorfinu til iðn- og verkmenntunar. Það voru einstaka skólar sem ráku öðruvísi deildir. Ég kenndi í slíkum verknámsdeildum þangað sem komu nemendur sem virkilega höfðu áhuga á að fara í visst starfsnám og komu hvað sem öllum greindarvísitölum og prófum leið. Ég gat ekki betur séð en bæði þessir nemendur og þeir sem komu með lágu einkunnirnar sínar í þessar deildir stæðu sig miklu betur en almennur nemandi í gagnfræðaskólunum, vegna þess að þeir höfðu eitthvert markmið að stefna að og vegna þess að þeim var kennt eitthvað sem þau álitu að þau hefðu gagn af til viðbótar við það bóklega sem þeir urðu náttúrlega að læra eins og allir hinir. Í þessum hópum voru nemendur sem voru bráðvelgefnir og stóðu til þess að verða hinir mætustu iðnaðarmenn eða verkmenn hvar sem í starfsmennt var.

Ég held að við Íslendingar séum sjálf búin að skemma svo geysilega fyrir okkur með þessu viðhorfi sem við höfum haft. Það voru stofnaðar verslunardeildir. Þær blómstruðu þó nokkuð vegna þess að við höfum alltaf dýrkað peningana líka og þá var dálítið fínt að fara í verslunardeild og maður gat sætt sig við að þangað færi greindur nemandi. Síðan var stofnað til framhaldsdeilda gagnfræðaskólanna, sem var undanfari áfangakerfisins, sem nú hefur gagntekið skólakerfið um áratugi, eða réttara sagt í 20 ár. Þegar þessar deildir voru stofnaðar var líka verið að hugsa um að ýta undir verkmenntun í landinu vegna þess að þetta voru starfsnámsdeildir, hjúkrunardeildir, viðskiptadeildir og iðnaðardeildir. Þessar deildir voru hugsaðar beint til þess að ýta undir starfsnám vel gerðs fólks. Og það tókst. Í þessum deildum var aragrúi af ungu fólki sem hefur síðan haslað sér völl á ýmsum sviðum þjóðlífsins. Það er dálítið merkilegt með þessar deildir að í þær kom líka mjög mikið af ungu fólki sem hafði skapandi gáfur. Ekki fólk sem hin dauða hönd hins almenna menntakerfis í landinu hafði kúgað heldur fólk sem átti eftir að sýna að það hafði skapandi gáfur. Ég gæti nefnt fjölda fólks sem núna eru frammámenn í listum á Íslandi og einmitt kom inn í þessar deildir vegna þess að þær ýttu undir skapandi hæfileika.

Síðan komu áfangadeildirnar, þ.e. áfangakerfið. Ég er á þeirri skoðun að það þurfi nauðsynlega að endurskoða og meta árangurinn af áfangakerfinu í landinu. Ég er innilega sammála því sem áður var sagt um það. Það getur vel verið að það hafi heppnast mjög vel en ég er hrædd um að ýmislegt þurfi þar að endurskoða vandlega.

Það er talað um það í greinargerðinni að bæta þurfi námsráðgjöfina og vekja athygli á henni. Ég held að námsráðgjöfin þurfi að eflast mjög, bæði sú námsráðgjöf sem nemendur fá áður en þeir fara í framhaldsnám, eða velja sér leiðir í tilverunni, og líka eftir að komið er inn í skólakerfið. Nemendur þurfa virkilega að eiga völ á ráðgjöf um það hvernig þeir geti hagað námi sínu og störfum. Þar á ég ekki síst við í iðnnáminu. Mér er kunnugt um hve nemendur eru oft ráðlitlir þegar þeir eru komnir í framhaldsskóla verknáms. Þar eru svo fáir námsráðgjafar að þeir anna jafnvel ekki því sem þeir þurfa að gera. Þess vegna þarf að styrkja þessa hlið málsins.

En númer eitt er að við þurfum að breyta viðhorfi þjóðarinnar til verkmennta. Við þurfum að breyta viðhorfi þjóðarinnar til þess að það er virkilega mikilvægt og merkilegt að verða iðnaðarmaður ekki síður en fá hvítan koll sem bara opnar leið inn í einn eða tvo skóla. Um þetta mætti margt og mikið segja þegar maður lítur yfir langan skóla- og kennsluferil en það er sláandi að bara 9% skuli fara í starfsmenntun hér á Íslandi. Ef við gætum fundið leið til að breyta þessu viðhorfi, sem er grundvallaratriði í þessu máli, þá væri vel. Og ef þessi starfshópur sem þáltill. fjallar um verður settur á stofn, þá á eitt af störfum hans að vera að finna leið til þess að breyta þessu viðhorfi. Sú nefnd sem er að störfum á vegum hæstv. menntmrh. ætti líka að leggja í það mikla alúð að finna leiðir til að breyta þessu viðhorfi.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eins og flestir ræðumenn hafa getið um hér er búið að tala mikið um þennan málaflokk á síðustu árum og áratugum: Það þurfi að bæta og styrkja verkmenntun og auka og efla tengsl atvinnulífs og skóla o.s.frv. Og ég held að ef það á að skipa nefnd í eitthvað á þessu sviði, þá eigi að kanna af hverju þetta hefur ekki verið gert. Í raun og veru sé það lykillinn að lausninni á málinu að menn átti sig á því af hverju í ósköpunum hefur ekki tekist að tengja betur saman skóla og atvinnulíf en tekist hefur.

Við sem höfum unnið við þessi mál höfum ekki svörin við þessu. Ég hef þau a.m.k. ekki til hlítar vegna þess að báðum megin borðsins, ef svo mætti að orði kveða, heyrir maður jákvætt viðhorf. Menn vilja en gera ekki eða geta ekki. Mér finnst þessi tillaga til marks um jákvætt viðhorf sem oft hefur komið fram í óteljandi ræðum á Alþingi, óteljandi ályktunum, bæði hér og annars staðar hjá samtökum, óteljandi ræðum og yfirlýsingum allra menntmrh. sem ég man eftir en niðurstaðan er engu að síður sú að þátttaka í verknámi hér og fullnaðarpróf verknáms á framhaldsskólastigi nær til stöðugt færri ungra karla og kvenna. Það er þannig. Við vitum að hluta til skýringarnar á þessu en að hluta til ekki.

Ég held að það sé þrennt sem að einhverju leyti skýrir þennan vanda og ég ætla að nefna þær skýringartilgátur mínar hér. Í fyrsta lagi það að atvinnulífið hér hefur verið býsna veikt að því er varðar rannsókna- og þróunarstarfsemi. Menn hafa verið fastir í gömlum formum og ekki fengist til þess að taka upp nýjar áherslur. Með þessu er ég ekkert að flytja einhverjar árásarræður á atvinnurekendur yfir höfuð, en þetta er veruleikinn. Síðan hefur það verið að gerast að iðnríkið Ísland hefur verið á undanhaldi. Stefán Ólafsson, lektor við Félagsvísindastofnun háskólans, skýrði frá því á ráðstefnu núna á dögunum uppi í háskóla á vegum félagsins Samfélagið að það hefur fækkað stórkostlega, eins og við vitum reyndar öll hér, atvinnutækifærum í iðnaði. Það er alveg ljóst að hrun skipasmíðaiðnaðarins þýðir stórkostlega fækkun nema í málmsmíði, plötusmíði, blikksmíði, járnsmíði og skyldum greinum.

Önnur skýring sem ég ætla að nefna hér er sú sem hv. þm. Guðrún Halldórsdóttir kom að en hún þekkir sjálfsagt betur til þessara mála en við flest sem erum hér inni. Það er sú sterka bóknámshefð sem er með þjóðinni og er í sjálfu sér ekki neikvæð svo lengi sem hún hamlar ekki eðlilegri þróun á öðrum sviðum skólastarfsins.

Þá kem ég að þriðju ástæðunni sem ég held að sé kannski aðalástæðan fyrir því að verknámið hefur ekki náð að þróast. Það er peningaskortur. Bóknámið er svo ódýrt. Stúdentarnir hjá Guðna hérna hinum megin við lækinn, í skólanum sem í gríni hefur stundum verið kallaður fjölbrautaskólinn við útitaflið, Menntaskólinn í Reykjavík með öðrum orðum, eru ódýrari á höfuð en þeir trésmiðir, prentarar, rafvélavirkjar og aðrir sem eru að útskrifast úr Iðnskólanum. Þetta er svona. Hvert hefur svarið verið? Jú, það hefur verið að það þurfi að koma upp tækjum í skólunum og menn hafa gengið mjög vasklega fram í því stundum en stundum ekki. Það er alveg ljóst að reynslan sýnir okkur nú þegar að ríkið á ekki og mun ekki eignast nægilega mikla peninga til að koma upp öllum þessum tækjakosti í skólunum. Og menn eiga að hætta að reikna með því. Sem dæmi um hve þetta er yfirþyrmandi verkefni er sú staðreynd að í einum framhaldsskóla hér á landi er til tölvustýrður fræsari, það er í Fjölbrautaskólanum á Akranesi, öðrum verkmenntaskólum ekki. Og það er alveg augljóst mál að það er ekki hægt og væri meira að segja vitlaust að fara að kaupa tölvustýrðan fræsara í alla framhaldsskóla landsins.

Hvað á þá að gera? Þá á að taka upp skólastefnu, að mínu mati, sem semur við atvinnulífið um aðgang að þessum tækjum, ekki eftir meistara- og sveinsprófakerfinu heldur semur fyrir hvern nemanda um það að hann geti fengið aðgang að tækjum á mörgum vinnustöðum og þannig fylgst með því sem er að gerast og lært eitthvað. Fjötur um fót í þessu efni hefur auðvitað verið meistarakerfið eins og það hefur oft verið kallað en ég vil alveg eins segja að sveinsprófakerfið hafi verið fjötur um fót. Staðreyndin er sú að Alþýðu-

samband Íslands, sem hefur haft með að gera ákveðna hlið þessara mála í iðnfræðsluráði, hefur að mínu mati ekki komist að eðlilegri þróunarvinnu af því að menn hafa verið svo blýfastir, reyrðir í þetta gamla, staðnaða og seinvirka sveinsprófakerfi.

Hér er hægt að kenna söðlasmíði. Hér er hægt að kenna beykisiðn. En það virðist útilokað að taka hér upp t.d. iðngreinar sem snerta nútímaiðnað eins og plastiðnað af margvíslegu tagi sem þörf er fyrir í okkar atvinnulífi. Það virðist ekki vera hægt vegna þess að menn eru frosnir fastir í þessu gamla sveinsprófa- og/eða meistarakerfi.

Ég held að þetta séu skýringarnar að nokkru leyti. Þrátt fyrir þetta eru margir jákvæðir hlutir í málinu í dag. Í fyrsta lagi tel ég að sú skýrsla sem við ákváðum að láta vinna í menntmrn. á sinni tíð og unnin var í Félagsvísindastofnun og birt nýlega af Jóni Torfa Jónassyni sé leiðarvísir. Hún sýnir okkur alveg nákvæmlega hvernig þessir hlutir hafa þróast. Þar kemur t.d. í ljós að meðaleinkunn þeirra sem farið höfðu í verknám er 4,5 á grunnskólaprófi en þar stendur líka að 3% þeirra sem fóru í framhaldsnám og höfðu undir 5 á grunnskólaprófi luku stúdentsprófi. Þarna er með öðrum orðum ógrynni upplýsinga sem hægt er að vinna úr og ég tel að geti leiðbeint okkur á þessu sviði.

Í öðru lagi tel ég það jákvætt í þessu sambandi að alþýðusambandsþingið fjallaði um þessi mál. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að ég var ekki mikið sammála öllu því sem þar kom fram. Það verð ég að játa. Það fannst mér ekki allt mjög gott. En það var þó talað um málið og það er í fyrsta sinn sem Alþýðusambandið tekur á menntamálum í heild og ég tel ástæðu til að fagna því.

Í þriðja lagi vil ég nefna að atvinnulífsbrautirnar, sem við stofnuðum við nokkra framhaldsskóla fyrir nokkrum árum, hafa sums staðar gengið sæmilega, t.d. á Suðurnesjum og Selfossi. Mér skilst að þær hafi verið settar í gang jafnvel í einum eða tveimur skólum í viðbót, sem menntmrh. þekkir auðvitað betur, en þær hafa gengið sæmilega. Það sem vantar þar eru auðvitað samningar við atvinnulífið og sérstaklega Vinnuveitendasambandið og ég vil segja það af minni reynslu að í Vinnuveitendasambandinu eru jákvæð og opin viðhorf gagnvart óhjákvæmilegum breytingum á verkmenntakerfinu.

Að lokum, virðulegi forseti, eru fjögur atriði sem ég tel brýnast að verði farið í. — Og jákvætt atriði ætla ég líka að nefna, þ.e. áhuga atvinnulífsins, og ekki bara þá skóla sem hér hafa verið nefndir — ég veit að tíminn er búinn, hæstv. forseti. Ég er að ljúka máli mínu — heldur ætla ég líka að nefna Bílgreinaskólann og það sem þar hefur verið að gerast er mjög jákvætt. Ég ætla að nefna fjögur atriði á einni mínútu sem eru þessi: Það á að semja við atvinnulífið um námspláss. Það á að stytta brautir og gefa kost á að ljúka námi á eins til tveggja ára brautum í framhaldsskólum. Það á að taka upp virka náms- og starfsráðgjöf, bæði í framhaldsskólum og í grunnskólum. Og það á að stuðla að samstarfi við grunnskóla og framhaldsskóla þannig að skilin á milli skólastiganna verði ekki allt of skörp.

Útbýting þingskjals:

Evrópuráðsþingið, 396. mál, skýrsla Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins, þskj. 690.

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa þingmenn talað sem hafa mikla þekkingu og reynslu á sviði menntamála, einkum og sér í lagi hvað varðar iðnnám. Mér þykir þó rétt að blanda mér aðeins í þessar umræður vegna þess að hópur iðnaðarmanna, ef svo mætti kalla, hefur ekki verið tekinn inn í þessa mynd, en það eru netamenn á fiskiskipum sem hafa mikla reynslu að baki og mikla verklega þekkingu en eru þó ekki viðurkenndir sem slíkir. Þeir hafa oftar en ekki þá aldur færist yfir komið í land til starfa á netagerðarverkstæðum hjá netagerðarmeisturum sem hafa farið hina hefðbundnu iðnbraut og eru kannski ekkert lakar settir hvað varðar þekkingu og reynslu á þessu sviði.

Þá komum við kannski að enn einum þættinum í þessu kerfi sem lýtur að iðngreinum. Hér hefur verið komið inn á að eitthvað sé að í iðnnáminu og óneitanlega veltir maður vöngum yfir því hvort það geti verið að viðhorfið í þjóðfélaginu sé orðið þannig að menn telji að hin eina og sanna braut í menntakerfinu sé háskólinn. Er þá viðhorfið í grunnskólunum orðið þannig gagnvart iðnnáminu að það sé ekki talin menntun sem sé til farsældar fyrir okkur Íslendinga? Er viðhorfið að breytast í þá átt að menn eigi eingöngu að stunda verslunarskóla eða háskóla, að við Íslendingar eigum að lifa af því að raka og klippa hvern annan? Er það viðhorfið?

Ég verð að segja að ég hef ekki trú á því að enn gangi í grunnskólunum sú saga sem við höfum eflaust öll heyrt: Ef sá sem upp að töflu er tekinn kann ekki lexíu sína sé honum góðfúslega bent á af kennara sínum að það liggi ekkert fyrir honum annað en haki og skófla eða sjómennska. Ég trúi því ekki að þessi viðhorf séu enn við lýði í skóla eins og voru áður fyrr.

Hér hafa athyglisverð mál verið tíunduð, hvað mætti gera og hvað mætti betur fara. Ég tek heils hugar undir nokkur atriði og þá í fyrsta lagi viðhorfið til iðnmenntunar sem auðvitað er nauðsynlegt að breyta þannig að menn meti það að verðleikum vegna þess að við þurfum hvatningu. Við þurfum kraft í iðnaðinn og kraft í iðnmenntunina og við þurfum ungt fólk á þá braut frekar en hefur verið.

Það er líka umhugsunarefni hvort það sé eðlileg leið, eins hér hefur verið talað um, að menn sitji í iðnskóla í fjögur ár áður en þeir ljúka eða fá viðurkenndan hluta menntunar til iðnnáms. Ég tek nú undir það með hv. þm. Svavari Gestssyni þegar hann talaði um að eðlilegt væri að stytta námið eða að menn gætu náð iðnmenntun í áföngum. Það er fullt af hæfu fólki þó það sé ekki á bókina eins og kröfurnar eru til þá er það hins vegar á höndina svo hæft að með ólíkindum er.

Virðulegi forseti. Ég kom hér aðeins upp til þess að benda á þessa iðngrein sem mér þykir eðlilegt að verði tekin inn í umræðuna þá þetta frv. fer til nefndar, þ.e. að netagerð til sjós sé viðurkennd sem iðngrein.

Ég hjó eftir því að menntmrh. var að tala um

áfangaskýrslu sem nú er unnið að í 18 manna nefnd. Ég held að það sé mjög þarft og brýnt að sú ágæta nefnd hraði nú störfum svo hægt sé að taka iðnmenntun til endurskoðunar og ferilinn allan sem þarna er. Ég trúi því ekki að viðhorfin í grunnskólum séu andsnúin hinu almenna iðnnámi og ég trúi ekki öðru en að mat á iðnnámi og verkmenntun sé með þeim hætti að við getum stuðlað og hlúð að þeirri menntun betur en nú er.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er vissulega hreyft mjög mikilvægu máli og það vakna margar spurningar þegar við veltum fyrir okkur iðn- og verkmenntun í landinu. Ég held að það sé nokkuð almenn skoðun að það þurfi verulega að taka á í þeim efnum. En það er ákveðin hugmynd sem gengur í gegn í þessari umræðu og mér fannst glitta í í skýrslu svokallaðrar 18 manna nefndar. Hún er sú að það sé einfaldlega hægt að skipta fólki upp í þá sem annaðhvort passa í bóknám og verknám og að þetta tvennt fari ekki saman. Það hljóti eiginlega að vera hinir lakari námsmenn í bóknámi sem fara í verknám. Kannanir sýna að fólk getur haft mikla hæfileika bæði á verklegu sviði og bóklegu og fólk getur verið þannig úr garði gert að það hafi enga hæfileika, hvorki til bóknáms né verknáms, og þarf þá að leita á einhver önnur mið.

En þær spurningar vakna varðandi þetta mál hver staðan er varðandi verkmenntun þjóðarinnar. Við búum við það að hér er eins konar tvöfalt kerfi í þessu. Annars vegar búum við við leifar af meistarakerfinu sem á rætur að rekja allt til miðalda, hins vegar er hluti þess í framhaldsskólakerfinu. Mér þótti mjög fróðlegt sem fram kom í heimsókn okkar kvennalistakvenna til Iðntæknistofnunar nú nýlega þar sem velt var upp þeirri spurningu hvort einmitt þetta kerfi standi ekki verkmenntun fyrir þrifum og að hinum löggiltu iðngreinum og þeirra félögum hætti við að standa í vegi þess að kennsla sé tekin upp í ýmsum nýjum greinum og því sem er að koma upp nýtt í atvinnulífinu.

Hins vegar hefur iðnmenntun að hluta til verið beint í framhaldsskólakerfið og við hljótum að velta því fyrir okkur hverju það hefur skilað. Hverju hefur það skilað að setja upp þessar brautir í framhaldsskólunum? Ég þekki dæmi þess að menn hafa jafnvel verið í mjög merkilegri tilraunastarfsemi í verkmenntun og dettur mér þá í hug það sem ég skoðaði í fyrra uppi á Akranesi í framhaldsskólanum þar. En sú nefnd sem er að endurskoða menntakerfið hlýtur að verða að gera sér grein fyrir því hverju þetta kerfi hefur skilað og hvort við erum á réttri leið með því að fara inn í framhaldsskólann. Ég er ekki alveg viss um það. Ég er ekki viss um að við séum á réttum brautum í þessum efnum.

Þegar verið er að ræða menntamál, og þá vísa ég til fundar sem ég og fleiri höfum átt með fulltrúum hinnar margnefndu 18 manna nefndar, finnst mér fyrsta spurningin sem við þurfum að spyrja okkur þegar við horfum á menntakerfið vera: Hvaða menntun þarf þjóðin? Á hvaða menntun þurfum við að halda í framtíðinni? Ég held að þegar við hugum að iðn- og verkmenntun, þá séum við svolítið bundin við fortíðina. Við þurfum að huga að framtíðinni og þeim markmiðum sem við viljum setja okkur í atvinnumálum. Til hvers þurfum við að mennta fólk? Ég held t.d. að menntun starfsfólks í matvælaiðnaði hafi verið af allt of skornum skammti og að menntun þeirra sem vinna við sjávarútveg hafi líka verið af of skornum skammti því að við byggjum fyrst og fremst á matvælaiðnaði, bæði í sjávarútvegi og landbúnaði, og við þurfum að huga að því hvort ekki þurfi að taka þar verulega á.

Iðn- og verkmenntun er ekki bara það að gera við bíla eða klippa og raka eins og hér kom fram áðan. það er svo gríðarlega margt sem heyrir undir verkmenntun og við getum spurt okkur þeirrar spurningar: Á skólakerfið fyrst og fremst að veita fólki almenna góða menntun en sérhæfing síðan að fara fram annars staðar, á vinnustöðum eða í gegnum námskeið eða eitthvað slíkt? Ég bara velti þessu upp. Ég get ekki svarað þessu sjálf. En ég hef það á tilfinningunni að við séum fullmikið bundin við fortíðina í þessum efnum og við þurfum kannski að hugsa þetta svolítið upp á nýtt og ekki síst út frá spurningunni: Hvaða menntun þarf þjóðin á komandi áratugum, ekki bara fram að aldamótum heldur á komandi áratugum? Hvaða markmið ætlum við að setja okkur? Hvaða iðngreinar ætlum við að efla? Hvaða atvinnulíf ætlum við að byggja upp í landinu og hvers konar fólk þurfum við til þess að byggja það upp?

Við hugsum um ýmiss konar þjónustu við sjávarútveginn, eins og skipasmíðar sem hafa heldur verið að drabbast hér niður því miður og hafa verið fluttar úr landi. Viljum við gera eitthvað í því að efla þær iðngreinar sem að þeim snúa? Þannig getum við velt upp spurningum. Ég held að forsendan sé sú að við setjum okkur markmið sem tengjast atvinnumálum í leiðinni og menntunin tengist þeim markmiðum.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hvaða menntun þarf þessi þjóð? spurði hv. 18. þm. Reykv. rétt áðan. Það hefur verið rætt mikið á þeim fundum og þingum sem ég hef komið á hvaða menntun nútímamaðurinn þarf til þess að standast þær kröfur sem lífið gerir til hans, bæði starf og líf. Það er almenn skoðun að góð grundvallarmenntun í almennum fræðum sé undirstaða þess að við getum staðið í samkeppni við aðrar þjóðir. Þar af leiðandi er það númer eitt. Grundvallarmenntun verður að vera mjög góð.

Síðan er hægt að ræða um það, hvaða menntun þessi þjóð þarf sérstaklega. Ég vil undirstrika að hver starfsgrein þarf að fá þá þekkingu sem henni er nauðsynleg til að standa almennilega í stykkinu í störfum sínum og hún þarf fullvissu um mikilvægi og gildi þess starfs sem verið er að vinna. Til þess að fólkið, hvort sem það er í fiski eða hvar sem það er, vinni vel verður það fyrst og fremst að fá þekkingu á mikilvægi þess sem það er að vinna að. Það er grundvallarmenntunin sem fólkið þarf, þ.e. góð almenn menntun og að skilja hvað það er að vinna að og skilja hversu mikils virði það er fyrir það sjálft og þjóðina alla sem það er að

gera þegar það er að flaka þorskinn eða hvað annað sem það er að gera.

Til viðbótar við þetta vildi ég nefna í sambandi við það sem hv. 9. þm. Reykv. ræddi um, þ.e. að verkmenntun sé dýr. Það er alveg hárrétt og það hefur staðið skólunum mjög fyrir þrifum að þeir álíta sig þurfa að eiga öll tæki sjálfir til þess að kenna hinar ýmsu greinar en það er hlutur sem við munum aldrei geta. Þar af leiðandi verðum við að fara þessa leið sem hv. 9. þm. Reykv. nefndi að semja við hin ýmsu fyrirtæki og starfsgreinar um að fá að senda nemendur til kynningarnáms í störfunum. Það er eina leiðin sem þessi þjóð hefur því að við erum of fátæk til að setja annað á stofn og það er líka vitleysa að gera það. Það er verið að ræða mikið um það að tengja atvinnulíf og verkmenntun og starfsmenntun og það er einmitt ein af leiðunum að fá að senda fólk í kynningarstörf, ekki í starfskynningu heldur í kynningarstörf í hinum ýmsu fyrirtækjum og stofnunum.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég rakti þessi mál aðeins og viðhorf mín til þeirra áðan en ég átti eftir að tala pínulítið um skýrslu 18 manna nefndarinnar. Þar eru mjög falleg orð um þessi mál sýnist mér og mér sýnist að á mörgum sviðum sé 18 manna nefndin í grófum drættum sammála því sem kemur fram í ritinu „Til nýrrar aldar" og í svokallaðri grænni bók menntmrn. um innra starf í framhaldsskólum, sem við ræddum talsvert mikið í framhaldsskólum á síðasta kjörtímabili. Hins vegar finnst mér að komi fram í skýrslu 18 manna nefndar talsvert sterk flokkunarárátta í grunnskólum og í framhaldsskólum sem ég óttast að verði til þess að bóknáminu verði gert enn þá hærra undir höfði en gerist þó í dag vegna þess að sú flokkun sem gert er ráð fyrir í framhaldsskólana, bæði með fornámi og svokölluðu gagnfræðanámi, byggist samkvæmt textanum á þeirri forsendu að tilgangurinn sé aðallega sá að lyfta þeim sem ekki ná 6 á grunnskólaprófi og komast beint inn í framhaldsskóla og þar með bóknám upp í þá stöðu eftir grunnskólaprófið að þeir komust í bóknámskerfið líka. Ég tel því að í rauninni vanti allt kjöt á beinin í þessari skýrslu að því er það varðar að lyfta verknáminu á nokkurn hátt því að til þess þarf grundvallarbreytingu á þessu kerfi. Það er mín reynsla og þess vegna nefndi ég þetta með samning. Ég sé þetta þannig fyrir mér, virðulegi forseti, að það sé gerður samningur fyrir hvern nemanda. Hann fer í iðnskóla eða einhvern fjölbrautaskóla þar sem verknám er og skólinn gerir samning við marga vinnustaði um að þessi nemandi geti farið þar inn.

Síðan spyr maður auðvitað þeirrar spurningar. Þarf ekki að ganga þarna talsvert mikið lengra? Ég nefni þetta út frá því sem hv. 16. þm. Reykv. benti á. Hann nefndi netamenn. Þeir kunna allt til verka á því sviði en þeir eru ekki brúklegir á netagerðarverkstæðunum þegar þeir koma í land, ekki á sama hátt og aðrir. Af hverju er það? Það er vegna þess að þetta sveinsprófa- og meistarakerfi gerir ekki ráð fyrir neinu beinu flæði frá atvinnulífinu og inn í kerfið. Af hverju fær ekki maður sem hefur verið á sjó lengi að taka það sem heitir stöðupróf í bóknámsskólum í þeirri verklegu grein að gera við net og vinna við netagerð? Ég held að menn eigi að hugsa tiltölulega róttækar hugsanir á þessu sviði og velta því fyrir sér hvort ekki er hægt að brjóta þetta kerfi þannig talsvert mikið upp.

Auðvitað á það að vera þannig að sami maðurinn geti í raun og veru sett saman sitt verknámspróf úr ýmsum greinum. Auðvitað á það að vera þannig að einn og sami maðurinn geti sett saman sitt verknámspróf, segjum úr rafvirkjun, skipasmíði, netagerð eða hvað það nú er. Af hverju ekki? Staðreyndin er auðvitað sú að það sem skiptir máli upp á framtíðina er sveigjanlegur, opinn og almennur menntunargrundvöllur en ekki það að menn séu frystir inni í einhverju þröngu og tiltölulega lokuðu fagi sem úreldist ævinlega nema menn séu stöðugt á endurmenntunarnámskeiðum.

Þess vegna vil ég að lokum svara því aðeins sem hv. 18. þm. Reykv. sagði. Við þurfum að byrja á því að skilgreina hvers konar menntun þjóðin þarf og ég vil segja við hv. þm.: Ég tel að það sé ekki hægt að setja sér nein slík markmið því að við vitum ekki hvernig þjóðin, atvinnulíf hennar og efnahagslíf þróast. Aðalatriðið er þess vegna góð grunnmenntun, góður grunnskóli, góður barnaskóli þar sem fólk er menntað til þess að takast á við sem flest ný vandamál í lífinu. Menn átta sig á því að í raun og veru er það liðin tíð að nokkur maður ljúki nokkurn tíma námi. Í raun og veru er ekki hægt að ljúka námi lengur í neinni einni grein, sem betur fer. Þess vegna þurfa menn að tileinka sér það viðhorf að menn þurfi að vera í námi og endurmenntun og umskólun af ýmsu tagi svo að segja alla ævina. Og þetta kerfi, annars vegar grunnskólann og hins vegar verkmenntunarkerfið og endurmenntunarkerfið, þurfa menn auðvitað allt saman að horfa á í samhengi.

Aðalatriðið held ég að sé það að menn reyni að ná samningum, samvinnu við Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið um nýtt verkmenntakerfi því að það þýðir auðvitað ekki að vera að útskrifa fólk úr framhaldsskólunum með einhver próf í einhverju ef það er einskis metið í atvinnulífinu. Það segir sig alveg sjálft að það gerir illt verra að gera slíka hluti.

Á þetta legg ég fyrir mitt leyti mikla áherslu um leið og ég segi: Ég tel að það geti vel verið að þessi umræða geri eitthvert gagn. Ég veit ekkert um það. Ég geri ekki ráð fyrir því. Ég veit ekki hvort það verður tekin mikil lota á þessari tillögu þegar hún kemur til nefndarinnar. Því ræður auðvitað meiri hlutinn. A.m.k. finnst mér það hollt að fara í gegnum umræðu af þessu tagi og heyra margvísleg viðhorf úr ólíkum áttum til þessa mikilvæga máls sem getur ásamt öðru ráðið úrslitum um það hvort við höldum hér uppi sæmilegum lífskjörum á komandi árum eða ekki.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég held að það sé gott að þessi tillaga hefur komið fram og um hana getur orðið umræða sem vekur upp ýmislegt sem hefur oft verið rætt,

bæði á Alþingi og víða í þjóðfélaginu. Það sem ég vildi leggja í þessa umræðu er að ég tel að menn hafi of mikið skipt umræðunni niður í bóknám og verknám. Það virðist vera fullt af fólki í þjóðfélaginu sem gerir sér ekki grein fyrir því að í þessu svokallaða iðnnámi er oft og tíðum falið töluvert mikið bóknám og það getur orðið mörgum ofviða að fara í gegnum sumt það nám sem menn kalla í daglegu tali verkmenntabrautir. Nægir að minna á t.d. ýmsa tæknimenntun, vélstjóranám o.fl., sem felur í sér mikla þekkingu sem menn þurfa að tileinka sér og er oft og tíðum erfiður skóli. Þess vegna tel ég að menn verði að horfast í augu við að það er ekki hægt að skipta þessu á þann veg að tala annars vegar um bóknám og hins vegar um verknám. Ég held líka að það sé svolítið óhollt fyrir umræðuna sjálfa að flokka þetta allt of mikið í sundur. Það er hægt að benda á að í vísindastarfsemi, sem menn stunda eftir háskólanám oft og tíðum, sé á ferðinni verkkunnátta ekki síður en bóknám. Ég tel að það sé þess vegna svolítið vandamál við umræðuna sjálfa sem menn þurfa að komast út úr.

Það er enginn vafi á því að hluti af vandamálinu er að það er dýrara að mennta fólk í iðnaðarstörfum en í bóknámi. Það er náttúrlega vandamál sem hið opinbera á fyrst og fremst að glíma við. Þjóðfélagið sjálft, atvinnurekendur og þeir sem hafa áhuga á því að tileinka sér þá þekkingu sem við erum að tala um eiga hins vegar að leysa hin vandamálin. Það er engin spurning að það að menn eru ekki á leiðinni í gegnum verkmenntanám, t.d. í járnsmíði og öðru því um líku, í dag er að það er engin eftirspurn eftir fólki í þessum greinum. Það er einfaldlega þannig. T.d. hefur störfum í skipasmiðjunum fækkað stórkostlega á síðustu árum. Það er ekkert eðlilegt að menn skrái sig til náms í iðngreinum þar sem þeir hafa litla von um að fá atvinnu.

Það er þannig að menn hafa gripið það ráð ef þeir hafa ekki séð fyrir sér að geta komist í eitthvert verknám sem þeir hafa haft áhuga á, þá velja þeir frekar bóknám vegna þess að þeir vita ekki út í hvað þeir ætla sér að fara.

Það er enginn vafi á því að það þarf að taka þessi mál til endurskoðunar alveg frá grunni. T.d. er þetta meistarakerfi sem hefur verið í ýmsum iðngreinum orðið úrelt. Það er ekki í takt við tímann. Tæknin hefur t.d. breyst svo mikið. Ég get tekið skipasmíðar sem dæmi. Það er iðngrein sem menn voru mjög hreyknir af sumir hverjir sem lærðu hana og var í sjálfu sér töluvert mikil þekking saman komin hjá þeim sem unnu við þessar smíðar á sínum tíma. Ég get lýst því með því að segja frá samtali sem ég átti við gamlan skipasmið. Hann fussaði og sveiaði við mig þegar við vorum að ræða saman og sagði: „Þetta er ekki skipasmíði sem er í dag. Það þarf ekki nema málningarfötu og kúst til þess að framleiða skip. Ég kem ekki nálægt því.“ Og þá var hann að vísa til þess að menn væru farnir að framleiða skip úr trefjaplasti og þess vegna væri það ekki lengur iðngrein sem væri boðleg manni sem hefði lært það sem hann vildi kalla skipasmíði.

Auðvitað er þetta ekki þannig. Auðvitað verður ný tækni að fá að þróast og koma fram og við verðum að standa okkur í því að fylgjast með. Það er þetta sem ég ætlaði helst að leggja í þessa umræðu. Ég tel að við þurfum að þróa einhvers konar alhliða iðnmenntun þar sem menn geta lært að verða iðnaðarmenn, þar sem mönnum er kennt að tileinka sér nýjungar og veitt alhliða þekking. Ég veit ekki hvað svoleiðis iðnaðarmaður á að heita. Það þarf fyrst og fremst að kenna honum að tileinka sér nýjungar, kenna honum helstu þætti sem nýtast í flestum iðngreinum og gefa honum þannig tækifæri til þess að verða sveigjanlegur vinnukraftur í iðnaði. Það er kannski akkúrat það sem hv. 9. þm. Reykv. var að meina þegar hann var að tala um sveigjanleika í þessu.

Ég held að við þurfum hreinlega að búa til nýtt heiti yfir iðnaðarmenn. Það má kannski líkja því svolítið við heimilislækni eða alhliða menntaðan mann í einhverju fagi sem er fyrst og fremst búinn undir framtíðina með ákveðnu grunnnámi.

Ég held að menn þurfi fyrr en seinna að komast út úr þessu svokallaða meistarakerfi. Ég tel að það þurfi að vera fyrir hendi einhvers konar meistarakerfi að því leyti til að einhverjir aðilar beri ábyrgð á tiltekinni framleiðslu. Við skulum t.d. segja húsasmíðameistari sem ber ábyrgð á því að tiltekið hús er byggt. Það er ekki þar með sagt að allir sem vinna við húsbygginguna þurfi að vera sveinar í húsasmíði. Ég tel að eigi ekki að þurfa að vera þannig. Ég tel að það geti verið alhliða menntaðir iðnaðarmenn sem eigi að hafa sömu réttindi. Ég get bent á að sums staðar hefur þetta alls ekki tíðkast, t.d. í skipasmíðum. Þar tel ég reyndar að menn hafi gengið of langt því það þarf engin réttindi til að framleiða skip á Íslandi. Það þarf enginn menntaður skipasmiður eða skipasmíðameistari að vera ábyrgur fyrir framleiðslu á skipi. Það þarf ekkert annað en leggja fram teikningar og láta Tryggingamálastofnun fylgjast með því sem verið er að gera. Þar tel ég að við höfum gengið of langt. Ég tel að við eigum að hafa menntaðan iðnaðarmann sem ber ábyrgð á viðkomandi framleiðslu en ég tel ekki að við eigum að hanga í gömlu kerfi sem er fyrst og fremst ætlað til að loka viðkomandi grein fyrir aðgangi annarra að atvinnunni sem þar fer fram.

Hrafnkell A. Jónsson:

Virðulegur forseti. Sú tillaga sem hér er til umræðu hefur orðið tilefni mjög athyglisverðra umræðna um iðn- og verkmenntun. Á grundvelli þess ætla ég að leyfa mér að fjalla um þetta án þess kannski að koma mjög mikið að tillögunni sjálfri sem út af fyrir sig er þannig að hún á vafalaust fullt erindi til skoðunar í menntmn.

Það er talað hér um iðn- og verkmenntun og ræðumenn hafa lagt málið upp með þeim hætti að á þessu væri mikill skilsmunur í dag. Ég held að svo sé ekki. Ég get ekki séð annað en hin hefðbundna skilgreining sem var á þessu fyrir nokkrum árum sé liðin tíð. Það er ekki orðinn svo mikill munur á hinum bóklega þætti í verkmenntaskólunum og fagskólunum og því bóklega námi sem er í hinum almenna menntaskóla. Þess

í stað er kominn upp verulegur munur á milli þeirra sem hvorki sækja nám í hefðbundnum menntaskólum né verkmenntaskólum og hinna sem hafa einhverra hluta vegna farið á mis við þetta. Af þeirri ástæðu tel ég meginþörfina á því að ganga í að koma hér upp virkri fullorðinsfræðslu, fræðslu sem er þess eðlis að hún geri fólk bæði hæfara til að sinna því starfi sem það hefur valið sér og skilar þeim sem kaupir vinnuna betri vinnu og þjóðfélaginu væntanlega verðmætari störfum.

Það er þannig í dag að fullorðisfræðsla af ýmsu tagi er boðin fram á mörgum sviðum en er kannski misaðgengileg fyrir fólk m.a. eftir því hvar það býr á landinu. Ég vil við þetta tækifæri minna á mjög athyglisverðan þátt í þessari endurmenntun sem á sér stað í gegnum fjarnám í kennaramenntun og er nýlega komið af stað. Þar veit ég að fólk sem m.a. sækir þetta utan Reykjavíkursvæðisins veltir fyrir sér ástæðum þess að þetta fjarnám nýtur ekki sömu réttinda í Lánasjóði ísl. námsmanna og hefðbundið nám. (**SvG:** Hefur lánasjóðurinn neitað því?) Ég veit ekki annað en að hann hafi neitað því. En ég get ekki fullyrt það hér úr ræðustól. Til þess þyrfti ég að kanna það nánar. Hins vegar er mér sagt að þetta nám njóti ekki sömu fyrirgreiðslu í lánasjóðnum og hefðbundið nám.

Hlutur sem kemur mjög gjarnan inn á borð þar sem ég er að vinna eru ýmiss konar endurmenntunarnámskeið sem fólk er að sækja til að afla sér hærri launa. Fyrir nokkrum árum síðan var farið af stað með myndarlegt átak í endurmenntun fiskverkafólks. Það tengdist launahækkunum sem fólk fékk að loknum námskeiðum. Mönnum bar almennt saman um að þetta væri spor í rétt átt. Fiskvinnslunámskeiðin skiluðu hæfara starfsfólki og það var ánægðara með þá vinnu sem það var að vinna. Vinnan fékk annan tilgang þegar það hafði sótt þessi námskeið. Það þótti ýmsum dálítið hlálegt sem höfðu unnið í fiski í áratugi að þeir ættu að fara að taka sérstakt námskeið í því að læra að meðhöndla fisk. En þeir áttuðu sig á því þegar þeir höfðu sótt þessi námskeið að þau höfðu verulegan tilgang. Fólk fékk launahækkun þegar það hafði lokið námskeiðinu. Atvinnurekendurnir voru almennt, að ég hygg, ánægðir með starfsfólkið sem þeir fengu af námskeiðunum. Ríkið kom á móti aðilum með því að greiða kostnaðinn við námskeiðahaldið.

Nú lítur út fyrir að það eigi að draga úr þessum þætti. Ég óttast að ef það gerist þá muni þessi þáttur í endurmenntun dragast saman eða jafnvel falla niður. Þess vegna vænti ég þess ef farið verður af stað með endurmat á iðn- og verkmenntun í kjölfar samþykktar þessarar þáltill. eða að öðru leyti með starfi á vegum hæstv. menntmrh. þá gleymist ekki þessi þáttur í endurmenntuninni. Hann skiptir verulegu máli.

Ég held, svo ég endurtaki það sem ég sagði í upphafi, að það skipti verulegu máli að átta sig á því að hin hefðbundnu skil sem menn hafa haft á iðn- og verkmenntun eru að eyðast. Þess í stað er að verða verulegur munur milli þeirra sem hafa sótt sér annaðhvort fagmenntun eða menntun í gegnum hið hefðbundna skólakerfi og hinna sem ekki hafa þetta. Það vekur verulega athygli þegar skoðaður er sá ferill sem á sér stað í hinni svokölluðu verkmenntun að sá sem í dag hefur lokið sveinsprófi heldur í langflestum tilfellum áfram í meistaraskóla og jafnvel þaðan í einhvert háskólanám í sinni faggrein og endar kannski oft og tíðum þannig að hann er búinn að mennta sig það vel að hann á ekki erindi í hin hefðbundnu störf sem upphaflega var meiningin að læra að vinna. Eftir sitja þeir sem ekki hafa tekið skólann, ekki hafa lokið meistaraskólanum eða tækniháskólanum og það eru þeir sem síðan vinna við viðgerð á bílum eða í byggingariðnaði eða skipasmíðum.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd okkar flm. að þakka þeim tveimur hæstv. ráðherrum og fjölmörgu þingmönnum sem tóku til máls um þetta mál sem allir voru sammála um að á einhvern hátt væri brýnt að taka á. Ég vil lýsa mikilli ánægju með þessa umræðu. Ég held að hún hafi verið af hinu góða. Í framhaldi af henni finnst mér mjög eðlilegt að Alþingi álykti um iðn- og verkmenntun. Að sjálfsögðu verður tillagan til umfjöllunar í menntmn. þar sem ég á sæti. En miðað við hversu góðar undirtektir urðu hér við tillögunni og umræður miklar þá held ég að það hljóti að vera eðlilegt að Alþingi álykti. Ég er ekki að segja að það megi ekki breyta tillögugreininni sem hér er lögð fram en það er náttúrlega verkefni nefndarinnar að fjalla um það. Málið er brýnt og ég vil meina, þó ég geti tekið undir það með mörgum sem hér hafa talað að þetta er ekkert ný umræða, að viðhorfið sé að breytast í þjóðfélaginu almennt og ég er ekki frá því líka hér á hv. Alþingi. Viðhorfið er að breytast í þá átt að það sé ástæða til þess að hefja verkmenntun til virðingar og flokka fólk ekki niður í einhvers konar virðingarhópa eftir því hvort það fer í langtímanám í háskóla eða verknám.

Hæstv. forseti. Því miður gat 1. flm. ekki verið hér við framhald umræðunnar en hann mælti fyrir tillögunni fyrir nokkuð mörgum dögum síðan. Það hefði verið gott að hafa hans ræðu líka með í þessari umræðu hér í dag því hún var mjög merk og hann kom víða við.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess líka að fagna þessari umræðu og hversu málefnaleg hún hefur verið. Ég segi það ekki vegna þess að það hefði svo sem verið ástæða til að búast við einhverju öðru. Mér finnst ástæða til bara að taka þetta fram.

Hv. þm. Svavar Gestsson velti hér upp nokkrum atriðum sem hann taldi valda því að vegur verkmenntunarinnar væri ekki meiri en hann er. Ég get tekið undir flest af því sem hann sagði. T.d. það, eins og hann orðaði það, að iðnríkið Ísland væri á undanhaldi. Auðvitað eru sveiflur í íslensku efnahagslífi og það hefur kannski áhrif á val manna á námsbrautum. Og það er alveg ljóst, eins og kom t.d. fram í ræðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, að það er engin eftirspurn eftir fólki í tilteknum iðngreinum í dag. Einhvers staðar eru

takmörkin fyrir því hvað hinar ýmsu iðngreinar taka við á hverjum tíma en þar geta hins vegar verið sveiflur á milli ára.

Ég tek líka sérstaklega undir það sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði um nauðsyn samstarfs milli atvinnulífsins og skólakerfisins. Það held ég að sé afar mikilvægt að efla og ég skildi orð hans svo að hann væri þeirrar skoðunar. Hv. þm. nefndi hins vegar að honum þætti gæta sterkrar flokkunaráráttu, eins og hann orðaði það, í áfangaskýrslu 18 manna nefndarinnar.

Mér fannst það koma líka fram í máli hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur þar sem hún talaði um að fólki væri skipt upp eftir því hvort það færi í bóknám eða verknám. Mér finnst gæta nokkurs misskilnings þegar þetta er sagt. Ég hef heyrt það áður og séð það haft eftir ýmsum að þarna sé verið að flokka fólk niður eftir getu.

Þetta er mikill misskilningur. Það koma hins vegar fram tillögur um grundvallarbreytingar á framhaldsskólakerfinu en það er til þess að bregðast við þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir. Í dag er framhaldsskólinn þannig skipulagður að frá fyrsta degi er ætlast til þess að menn gangi til stúdentsprófs. Ég upplýsti nokkrar tölur áðan, þær þykja kannski nokkuð ótrúlegar, um hversu fáir ljúka þó stúdentsprófinu. Menn lenda nefnilega í öngstræti í þessu kerfi eins og það er í dag. Og 18 manna nefndin leggur fram hugmyndir, sem á að sjálfsögðu eftir að skoða betur, til að finna leiðir út úr þessu.

Nefndin gerir tillögur um þrjár mismunandi námsleiðir eftir grunnskólann. Það er í fyrsta lagi að nemendur sem hafa náð tilskildum árangri á grunnskólaprófi taki eins árs heildstætt stuðningsnám, sem kallað er fornám, að nemendum sem hafa náð grunnskólaprófi með lágmarkseinkunn verði gefinn kostur á eins árs almennu námi, gagnfræðanámi áður en þeir hefja nám á námsbrautum framhaldsskólans, og að nemendur sem hafa náð ákveðinni lágmarkseinkunn á grunnskólaprófi geti farið beint á námsbrautir framhaldsskólastigsins. Þarna er gerð tilraun til að setja fram tillögu um leiðir sem gefa mönnum frekari kosti en eru í dag. Miða þetta ekki allt frá byrjun við stúdentsprófið. En það er alls ekki ætlunin með þessu að fara að flokka menn í eitthvað betri og verri nemendur alls ekki. Á þetta vil ég leggja alveg sérstaka áherslu.

Hvort svo verði tekið eitthvert mark á þessari umræðu. Ég held að það verði gert alveg burt séð hvort tillagan í því formi sem hún er núna verður samþykkt eða ekki. Mér finnst þessi umræða vera jákvæð eins og ég sagði áðan. Hún ber vott um að það sé samstaða um að það þurfi að hefja verknámið til meiri virðingar, eins og menn hafa svo sem oft talað um. Að því leyti er ég sannfærður um að þessi umræða er af hinu góða og, eins og ég segi, alveg burt séð frá því hvort tillagan verður samþykkt í óbreyttu formi eða einhverju öðru. Um það verður að sjálfsögðu rætt í hv. menntmn.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég kvaddi mér hljóðs hér vegna þess að í þessari ræðu menntmrh., sem ég þakka fyrir, nefndi hann, eins og oft áður hér í þessari umræðu, skýrslu Jóns Torfa Jónassonar um framhaldsskólann. Mér er ekki kunnugt um að þingmenn hafi fengið þessa skýrslu. Ég hygg að menntamálanefndarmenn hafi ekki fengið hana. Ég vil því fara fram á það við hæstv. menntmrh. að hann útvegi þingmönnum þessa skýrslu, hina styttri útgáfu, og menntamálanefndarmönnum hina lengri útgáfu, hina þykku sem er til einhvers staðar í örfáum eintökum en er afar fróðlegt skjal hef ég trú á og nauðsynlegt fyrir menntamálanefndarmenn a.m.k. að hafa til að geta myndað sér skoðun á því máli sem hér er uppi.

Ég vil þakka menntmrh. fyrir að hann skyldi lýsa því yfir að það yrði hlustað á þessa umræðu og tekið mark á því sem hér er sagt. Ég teldi það til bóta ef ég mætti blanda mér í það mál að 18 manna nefndin fengi afrit af þessari umræðu sem hér hefur farið fram vegna þess að hér hafa komið fram mjög athyglisverð sjónarmið. Ég bendi t.d. á þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. 3. þm. Vesturl., sem þekkir til á þessu sviði, og hv. 3. þm. Austurl. varðandi fiskvinnslunámskeið sem hann nefndi. Það hafa verið vissir erfiðleikar við að tengja þau við hið almenna menntunarkerfi í landinu. Mér finnst verkalýðshreyfingin ekki hafa verið mjög tilbúin í þeim efnum. En það er kannski vegna þess að skólarnir hafa verið skilningsvana. En alla vega hefur það verið svo að menn hafa ekki náð saman og það er mjög slæmt. Kannski getur þessi umræða orðið til þess að menn næðu saman. Ef það væri þá hefði hér í dag orðið bylting.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ekki kunnugt hvort þessari skýrslu sem Jón Torfi Jónasson samdi hefur verið dreift. Hún er til í menntmrn. og mér finnst það alveg sjálfsagt mál að þingmenn fái hana og menntmn. í hinu ítarlega formi og það er sjálfsagt að ég beiti mér fyrir því. Þá býst ég nú ekki við að það þurfi neitt sérstaklega að hvetja til þess að 18 manna nefndin fái útskrift af þessari umræðu, það þykir mér líka sjálfsagt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Skuldastaða heimilanna, 404. mál, fsp. ÞBern, þskj. 698.

Tækniskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 327. mál (skrásetningargjöld). — Þskj. 598.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til breytinga á lögum nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands. Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því að lög þessi voru sett árið 1972. Skólakerfið og þjóðfélagið í heild hafa

breyst mikið á 20 árum og hefur þróuninni verið mætt með breyttri eða nýrri löggjöf á ýmsum sviðum. Þær breytingar sem hér eru lagðar til á tækniskólalögunum eiga sér hliðstæðu í nýrri lögum um hliðstæða skóla.

Frv. er lagt fram til að heimildir Tækniskóla Íslands til að innheimta skrásetningargjöld af nemendum verði í eðlilegu samræmi við heimildir hliðstæðra skóla í landinu, en þessar heimildir eru:

1. Ákvæði 11. gr. laga nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands, en þar segir m.a.: „Skrásetningargjöld, pappírsgjöld og önnur efnisgjöld skulu háð samþykki skólaráðs."

2. Ég nefni ákvæði 21. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, en þar segir m.a.: „Skrásetningargjöld skulu háð samþykki háskólaráðs og menntamálaráðherra."

3. Ákvæði 15. gr. laga nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri, en þar segir: „Skrásetningargjöld skulu háð árlegu samþykki háskólanefndar og menntamálaráðuneytisins."

4. Ákvæði 8. gr. laga nr. 57/1988, um framhaldsskóla, er gera ráð fyrir innheimtu gjalda af nemendum við innritun í námsáfanga.

Í gildandi lögum um Tækniskólann eru ekki ákvæði af því tagi sem hér hafa verið talin upp. Að auki er tekið fram í 1. gr. tækniskólalaganna að kostnað við stofnun og rekstur skólans skuli greiða úr ríkissjóði. Við setningu framangreindra laga um framhaldsskóla, Kennaraháskólann, Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri hefur Alþingi ekki séð ástæðu til að einskorða fjármögnun við framlög úr ríkissjóði.

Þegar Alþingi setti fjárlög fyrir árið 1992 var mörkuð sú stefna að skólar á háskólastigi skyldu afla sértekna, m.a. með innheimtu innritunar- og efnisgjalda að hámarki kr. 17 þús. á ári að frátöldum nemendasjóðsgjöldum. Miðað var við að tækist skólunum að lækka útgjöld eða afla annarra tekna mundu innritunar- og efnisgjöld lækka sem því næmi. Óbreyttri stefnu var fylgt af hálfu Alþingis við setningu fjárlaga þessa árs.

Við lögfræðilega athugun sem menntmrn. hefur látið gera hafa gildandi lög um Tækniskóla Íslands verið túlkuð á þann veg að skólanum væri að óbreyttum lögum óheimilt að innheimta skrásetningargjöld af nemendum. Þess vegna er frv. þetta lagt fram og felur það í sér breytingar á tveimur greinum tækniskólalaganna:

1. 1. gr. felur í sér að felld er niður síðari mgr. 1. gr. gildandi laga sem hljóðar svo: „Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði."

2. 2. gr. er um að á eftir 9. gr. gildandi laga komi ný grein og er hún svohljóðandi:

„Skrásetningargjöld í sérgreinadeildum skólans skulu háð árlegu samþykki skólanefndar og menntmrn. Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga í undirbúningsdeild og raungreinadeild skólans (frumgreinadeild), svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld."

Ég gat þess í upphafi að mikið vatn hefði runnið til sjávar síðan gildandi lög nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands, voru sett. Lögin eru um margt orðin úrelt og þarfnast endurskoðunar í heild sinni. Þetta frv. er eingöngu lagt fram til að eðlileg samræming náist við innheimtu skrásetningargjalda við skóla á háskólastigi. Hins vegar er full þörf á því að endurskoða tækniskólalögin í heild sinni og til þess verks skipaði ég þriggja manna nefnd á sl. hausti. Í nefndinni eiga sæti Jón Búi Guðlaugsson verkfræðingur, sem er formaður, Guðbrandur Steinþórsson, rektor Tækniskóla Íslands, og Stefán Stefánsson, deildarstjóri í menntmrn. Nefndinni er falið að skila tillögu að frv. til laga um Tækniskóla Íslands og taki mið af væntanlegu hlutverki og þróun tæknimenntunar hér á landi og í nágrannalöndunum í framtíðinni. Tekið er fram í erindisbréfi að þess sé vænst að nefndin hafi í störfum sínum samráð við kennara skólans og þá hagsmunaaðila er honum tengjast. Nefndin skal skila tillögum sínum til ráðuneytisins fyrir 1. okt. nk.

Ég vil að hlúð verði að Tækniskólanum í framtíðinni og fagna þeirri áherslu sem lögð er á mikilvægi hans í áfangaskýrslu nefndar um mótun menntastefnu sem lögð var fram í janúarmánuði sl. og fengið hefur mjög góðar viðtökur hvarvetna í þjóðfélaginu.

Að lokum vil ég leggja áherslu á mikilvægi þess að þetta frv. verði samþykkt nú á þessu þingi þannig að Tækniskóli Íslands standi jafnfætis hliðstæðum skólum við öflun sértekna og þurfi ekki að búa við rýrari kost en þeir.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er komið fram frv. til laga um breytingar á lögum um Tækniskóla Íslands og því miður verð ég að segja að þetta er svolítið dæmigert stjfrv. frá hæstv. menntmrh. sem gengur út á það að leggja álögur á nemendur. Það hefur því miður orðið hans hlutskipti fram til þessa í menntmrn. að leggja fram slík frv. sem ýmist minnka þjónustu við nemendur eða skerða hag þeirra á einhvern hátt, að vísu með undantekningum þó og er mér þá ljúft að nefna undantekninguna, frv. um Háskólann á Akureyri sem samþykkt var hér sem lög frá Alþingi á síðasta löggjafarþingi og eru mjög framsækin lög og þeirri stofnun til góða.

En það var fyrr á þessu þingi sem stjórnarmeirihlutinn ákvað það að leggja á nemendur í framhaldsskólum skólagjöld á þann hátt að þau taki þátt í rekstri framhaldsskólans eins og ég skil það mál og það er gert þrátt fyrir lög um framhaldsskóla, 32. gr. þar sem segir með leyfi forseta:

„Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað framhaldsskóla. Hver skóli er sjálfstæð rekstrareining og hefur sérstaka fjárveitingu á fjárlögum."

Hér erum við með frv. um Tækniskólann sem er að mestu leyti eða ég vildi segja að öllu leyti á háskólastigi þó að sennilega sé frumgreinadeildin flokkuð sem framhaldsskóli miðað við hvernig 2. gr. frv. er orðuð, því að eins og hv. þm. eflaust vita, þá er þessi frum-

greinadeild til þess að undirbúa nemendur undir nám í Tækniskólanum á háskólastigi og oft eru þeir sem þar stunda nám stúdentar. Þessar deildir, bæði í þessum skóla og eins í Samvinnuháskólanum á Bifröst lenda dálítið utanveltu í kerfinu, en miðað við það sem hefur komið fram, bæði hjá hæstv. ráðherra og eins kemur fram í áfangaskýrslu 18 manna nefndarinnar, er mælt með áframhaldandi námi eða áframhaldandi framboði á námi á þessu sviði og þannig að nemendur geti átt inngönguleið inn á háskólasviðið án þess að hafa stúdentspróf. Fólk sem kemur úr atvinnulífinu, oft og tíðum vel fullorðið fólk, telur sig þurfa að bæta við sig menntun og tekur þá þessa leið inn í háskólann. Þetta er mjög mikilvægt að verði boðið upp á áfram og ég hef ekki svo mikla ástæðu til þess að óttast að það verði ekki. En hins vegar er svo annað mál sem hæstv. ráðherra er kunnugt um og ég vil nú sérstaklega minna hann á núna vegna þess að það komu fram hjá honum í umræðu um síðasta dagskrármál að hann væri að fara beint að hitta framkvæmdastjóra lánasjóðsins, að þessar frumgreinadeildir eru ekki lánshæfar eins og er, en eiga að mínu mati endilega að vera það eins og þær voru samkvæmt gömlu lögunum. En nú hefur það sýnt sig einmitt í sambandi við Tækniskólann, það nám sem þar hófst á þessu ári, ný önn, að þar var 60% samdráttur í aðsókn að frumgreinadeild og það held ég að sé alveg óhætt að setja að mestu leyti í samband við það að hún er ekki lengur lánshæf. En þetta var nú kannski útúrdúr og ekki beint í tengslum við það sem þetta frv. gengur út á, en það er sem sagt þetta að setja á skólagjöld sem ekki hefur verið hemilt samkvæmt lögunum fram að þessu.

Ég hef í mínu máli oft látið það koma fram að ég lít ekki sömu augum á skólagjöld á framhaldsskólastigi og á háskólastigi. Mér finnst þau algerlega afleit á framhaldsskólastiginu vegna þess gífurlega kostnaðar sem það hefur í för með sér fyrir fjölskyldur sem kosta sín börn í nám í framhaldsskóla sem allir vita að er ekki lánshæft. Það þarf oft að stofna til annars heimilis, sérstaklega landsbyggðarfólk, en varðandi háskólastigið finnst mér í sjálfu sér ekki hægt annað en segja að það komi til greina að innheimta einhver gjöld sem eigi að vera fyrst og fremst innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld. En með þessu frv. sýnist mér að hæstv. ráðherra ætli sér eitthvað meira því að það að taka út úr lögunum grein sem segir að kostnaðurinn við stofnunina og rekstur skólans skuli greiddur úr ríkissjóði, þá er verið að segja manni að það eigi að fara að láta nemendurna kosta rekstur skólans og hvar getur það endað?

Það læt ég vera mín síðustu orð og þætti mér vænt um ef hæstv. ráðherra gæti svarað því, hvar mun það enda?

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er verið að samræma enn einn skólann því að geta tekið skólagjöld á framhaldsskólastiginu. Hingað til hefur orðið að setja þetta inn í fjárlög til hvers árs að Tækniskólinn gæti innheimt skólagjöld. Við í stjórnarandstöðunni höfum yfirleitt mótmælt þessu harðlega og vitum raunar að þau mótmæli eiga hljómgrunn líka meðal stjórnarliðanna þannig að þetta er mjög umdeilanlegt atriði að vera að setja það fast inn í lög Tækniskólans að hann geti innheimt skólagjöld. Ég vil taka undir orð hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur hér á undan mér að mér finnst gegna öðru máli um framhaldsskóla heldur en um háskóla, þar sem í háskóla er yfirleitt komið fullorðið fólk sem tekur þá ákvörðun sjálft, sér um sig sjálft að því leyti til, en í framhaldsskóla er oft um að ræða börn eða fólk sem enn er á framfæri foreldra og jafnvel fleiri en eitt og fleiri en tvö og þetta er mjög mikill kostnaðarauki og ekki hvað síst fólks sem kemur utan af landi.

Hvað varðar Tækniskólann, þá hefur einmitt nemendum utan af landi verið gert það því nær ómögulegt að sækja það nám vegna þess að þeir eiga ekki lengur rétt á námslánum þar. Það hafa mjög margir komið að máli við mig, t.d. nemendur frá Vestfjörðum, og sagt að það væri gersamlega búið að útiloka það að þeir gætu sótt þetta nám. Það væri ekki nægilegt að segja að nemendur ættu að sækja sér framhaldsnám í skólum í heimabyggð þegar ekki væri boðið upp á það nám sem þeir vildu sækja í heimabyggð. Það er ekki nema einn tækniskóli á Íslandi og þeir sem vilja stunda það nám sem þar er boðið fram, verða að sækja það til Reykjavíkur. Og að útiloka þá síðan frá námslánakerfinu, ég á eiginlega engin orð yfir það. Mér finnst það svo furðuleg ráðstöfun að draga það út úr námslánakerfinu að nemendur sem eru í Tækniskólanum geti fengið þar námslán, þar með er algerlega verið að útiloka þá frá þessu námi. Það sýnir sig líka í þeim samdrætti sem hefur orðið á nemendum í skólanum. Ég er alveg sannfærð um það að orsök þess að nemendum hefur fækkað m.a. í undirbúningsdeildunum er að kenna þeim breytingum sem gerðar voru á Lánasjóði ísl. námsmanna á síðasta ári.

Það er spurning um hversu há þessi skólagjöld eiga að vera. Það hefur ekki komið fram og kemur ekki fram í þessu frv. en það má alveg búast við því að þau séu a.m.k. 5–6 þús. kr. á önn og það munar talsvert um það hjá þeim sem ekki einu sinni eru lánshæfir í Lánasjóðnum.

Það var mikið rætt um stöðu iðn- og verkmenntunar í máli sem var hér á undan þessu og menn töluðu þar fjálglega um að efla iðn- og verkmenntun, en gerðirnar fylgja ekki þeim orðum því að eins og búið hefur verið að Tækniskólanum yfirleitt, þá er það ekki í samræmi við það að hér sé verið að styðja við iðn- og verkmenntun í landinu. Það má líka geta þess að í þessum skóla, Tækniskólanum, er mikið af fullorðnu fólki sem er að ná sér í réttindi og bæta við sig þekkingu. Það er fullorðið fólk og fjölskyldufólk og það þarf að taka sig upp og sækja þennan skóla, eins og ég sagði áðan, jafnvel á annað landshorn. Það hlýtur að draga úr því að fók leiti þeirra leiða þegar ekki er boðið upp á neina aðstoð til þess.

Ég vil að öðru leyti gagnrýna það mjög að hér sé verið að halda áfram þeirri stefnu og festa þá stefnu í sessi að setja á skólagjöld á framhaldsskólastiginu, því að ég held að það muni ekki góðri lukku stýra í sam-

bandi við framhald skólastefnu hér yfirleitt.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að spyrja hæstv. menntmrh. að því hvort Alþfl. standi að þessu frv. og hvort þaðan hafi ekki komið neinir fyrirvarar við þetta frv. Ég man ekki betur en formaður þingflokks Alþfl. hafi greitt atkvæði á móti skólagjöldum hér þegar þau voru til meðferðar við 2. umr. fjárlaga. Mig minnir að við stjórnarandstæðingar í menntmn. höfum þá beitt okkur fyrir því að skólagjöldin í framhaldsskólunum yrðu felld niður og að hv. þm., formaður þingflokks Alþfl., hafi þá staðið með okkur í því að það væri óeðlilegt að leggja skólagjöldin á í framhaldsskólum. Með hliðsjón af því finnst mér þessi spurning vera rökrétt að spyrja hæstv. menntmrh. að því hvort Alþfl. stendur að þessu frv.?

Eins og kunnugt er hefur Alþfl. leikið þann leik í menntamálum að reyna að kenna núv. menntmrh. og Sjálfstfl. einum um það sem aflaga fer í menntamálum í þessu landi. Formaður þingflokks Alþfl. notaði t.d. tækifærið á fundi sem var haldinn úti í Háskóla um rannsóknastefnu núna fyrir nokkrum mánuðum þar sem hann kvað svo að orði: „Ekki ber ég ábyrgð á ykkur Ólafi Garðari“ — og mun þar hafa átt við hæstv. menntmrh. Þannig hefur hv. þm. aftur og aftur afneitað ráðherranum og það væri fróðlegt að vita hvort Alþfl. stendur að þessu frv. vegna þess, virðulegur forseti, að það felur í sér samþykki við því að tekin séu upp skólagjöld. Það felst ekki í 2. gr. heldur 1. gr. frv., þar stendur: „Síðari mgr. 1. gr. falli niður.“ Þar með punktur. En hvað stendur í síðari mgr. 1. gr. laganna um Tækniskóla Íslands nr. 66/1972? Þar stendur, með leyfi forseta, eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. minnti á: „Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.“ Þetta á að strika út algerlega. Þannig að það er hvergi minnst á það í lögunum, ef þetta verður samþykkt, að ríkissjóður borgi fjármuni til Tækniskóla Íslands og rekstrar hans. Í rökstuðningi með frv. og greinargerð þess, sem við erum hér með fyrir framan okkur er talað um að það hafi ekki þótt ástæða til að setja slík ákvæði inn varðandi Háskólann á Akureyri og ég hygg varðandi einn skóla enn sem nefndur er í greinargerðinni. Það eru ekki rök í málinu að mínu mati, virðulegur forseti, fyrst og fremst vegna þess að þetta frv. er flutt í tilteknu samhengi, þ.e. skólagjaldasamhengi, því í 1. gr. stendur að það sé fellt út að ríkissjóður eigi að borga, en í 2. gr. stendur að það eigi að taka upp þessi skólagjöld. Það er því augljóst mál að ef Alþingi samþykkir þetta frv. þá er Alþingi að leggja blessun sína yfir þá lagatúlkun sem hæstv. menntmrh. hefur haft að því er varðar framhaldsskólann að þar væri heimilt að nota skólagjöld til að borga í rekstur. Hér er auðvitað um að ræða frv. sem markar ákveðin pólitísk þáttaskil í þessari þrætu um skólagjöld til framhaldsskólanna sem hefur staðið núna allan tímann frá því að núv. ríkisstjórn tók við og frá því að hæstv. utanrrh. og formaður Alþfl. lýsti því yfir fyrstur manna að það væri rétt að taka skólagjöld í framhaldsskólum sumarið 1991.

Þetta frv. sem hér liggur fyrir, virðulegur forseti, er að vísu ekki eina frv. sem komið hefur af þessu tagi hér inn. Annað frv. er til meðferðar í hv. landbn. þar sem um er að ræða frv. til laga um breytingu á lögum nr. 55/1978, um búnaðarfræðslu o.fl. Þar er gert ráð fyrir því að breyta ákvæðum um búnaðarskólana, þ.e. bæði Hvanneyri og Hóla, og um Garðyrkjuskóla ríkisins og um rannsóknir í þágu atvinnuveganna þannig að það verði heimilt að leggja á skólagjöld til að reka tiltekna þrjá skóla. Garðyrkjuskóla ríkisins og báða búnaðarskólana. Það er athyglisvert í því sambandi sem er smáatriði í þessu efni, virðulegur forseti, að uppsetningin á þessum breytingartillögum er aðeins öðruvísi í þessu frv. heldur en í búnaðarfræðslufrv. og ég hef talið að ef menn ætli sér að fara inn á þessa vafasömu braut á annað borð þá ættu menn að hafa takt í hlutunum án þess að ég sé svo sem að gera mér rellu út af því. Það er ríkisstjórnarinnar að gera það en ekki okkar í stjórnarandstöðunni.

Í lögum um framhaldsskóla stendur, með leyfi forseta, í 3. mgr. 8. gr.:

„Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld.“ Í lögunum um framhaldsskóla segir síðan í 32. gr.:

„Ríkissjóður greiðir allan launakostnað við kennslu sem fram fer og skipulögð er í samræmi við áætlun sem samþykkt er af menntamálaráðuneytinu.“ Þar stendur líka:

„Auk kostnaðar við kennslu greiðir ríkissjóður launakostnað við stjórnun, námsráðgjöf, störf í skólasafni, á skrifstofu, félagsstörf, eftirlit og umsjón með heimavistum og eignum skóla og annarra þeirra starfa er nauðsynleg teljast vera.

Ríkissjóður greiðir enn fremur laun prófdómara á lokaprófi á þann launakostnað sem stafar af lækkun kennsluskyldu samkvæmt ákvörðun menntmrn. og annan þann kostnað er leiðir af kjarasamningum.“

Með öðrum orðum: Það er algerlega klárt að í lögunum um framhaldsskóla er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði að fullu allan, ég endurtek, allan rekstrarkostnað sem til fellur og samþykktur er af ráðuneytinu og yfirvöldum viðkomandi skóla.

Í þessu frv. er aftur á móti gert ráð fyrir því að fella algerlega út greiðsluskyldu ríkissjóðs um leið og tekin eru upp skólagjöld og það er athyglisvert að ráðuneytið notar hér í þessu frv. sama orðalag og um er að ræða varðandi innritunargjöldin í framhaldsskólunum þar sem segir hér: „Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga í undirbúningsdeild og raungreinadeild skólans (frumgreinadeild), svo sem innritunargjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld“ nákvæmlega sömu gjöldin og talin eru upp í lögunum um framhaldsskóla. En þar sem málið er sett fram í þessu samhengi að það á að fella niður stuðning ríkisins við tækniskóla þá er útilokað annað en mótmæla þessu frv. sérstaklega og spyrja: Hefur Alþfl. samþykkt þetta? Hefur hann samþykkt að flytja hér á Alþingi og standa að hér á Al-

þingi lögum um skólagjöld í framhaldsskólum og að fella niður ríkisstuðning við framhaldsskóla? En hér er uppi tillaga um að fella niður ríkisstuðning við Tækniskóla Íslands. Og það er dálítið skrýtið að fá slíkt frv. inn í þingið til umræðu nokkrum mínútum eftir að búið er að halda langar, góðar ræður um nauðsyn þess að efla verkmenntun hér í þessu landi, þá er næsta mál á dagskrá — hvað er það virðulegur forseti? Jú, það er að fella niður ríkisstuðning við Tækniskóla Íslands og taka upp skólagjöld í staðinn. Ég hlýt að ítreka þetta, virðulegur forseti, um leið og ég legg áherslu á að mér finnst auðvitað nauðsynlegt þó að hitt málið um búnaðarfræðsluna liggi fyrir í landbn. þá séu þessi mál skoðuð í einhverju samhengi. Hér er bersýnilega verið að lögfesta skólagjöldin bakdyramegin án þess að ríkisstjórnin vilji breyta framhaldsskólalögunum vegna þess að hún þorir ekki af stað með þau af því að kratarnir hafa talið sig geta stoppað þau en svo hafa menn smyglað inn þessum frv. hér um búnaðarfræðslu og tækniskóla. Vonandi er málið þannig að Alþfl. hafi bara sofið á verðinum en vonandi er það ekki svo að Alþfl. hafi samþykkt að fella niður ríkisstuðning við Tækniskóla Íslands.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af því að fundartími er úti þá vil ég aðeins nota andsvar til að svara einni spurningu af mjög mörgum sem ég þarf hins vegar að svara og það er spurningin um það hvort Alþfl. hafi samþykkt að þetta frv. yrði flutt. Svarið við því er já. Þingflokkur Alþfl. samþykkti framlagningu þessa frv. Ég hef hins vegar engar nýjar fréttir af því hvort formaður þingflokks Alþfl. er farinn að bera ábyrgð á núv. menntmrh. Ég hef engar nýjar fregnir af því og skiptir svo sem ekki öllu máli fyrir mig.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er athyglisvert að hæstv. menntmrh. skuli vera sama um það hvort formaður þingflokks Alþfl. styður hann eða ekki. Það er afar fróðlegt að heyra. En það sem ég spurði um var ekki það hvort Alþfl. hefði samþykkt að flytja frv., heldur hvort það lægju fyrir einhverjir efnislegir fyrirvarar frá Alþfl., varðandi stuðning við þetta frv. sem gengur út á að strika út ríkisstuðning við Tækniskóla Íslands.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. spurði um það hvort Alþfl. væri með aðild að þessu frv. að breyta um stefnu gagnvart skólagjöldum. Svo er alls ekki. Það kemur greinilega fram í athugasemdum við lagafrv. þetta að það er verið að samræma hér ákvæði er varða Tækniskóla Íslands við gildandi lög um framhaldsskóla — og háskólastig eins og segir hér í athugasemdum að í 8. gr. laga nr. 57/1988, um framhaldsskóla, er gert ráð fyrir innheimtu gjalda á nemendur við innritun í námsáfanga. Hvort þau lög voru sett í tíð fyrrv. menntmrh., hv. þm. Svavars Gestssonar, er mér ekki kunnugt eða hver afstaða hans hafi þá verið til þeirrar lagasetningar en um það er verið að fjalla hér að samræma lög um Tækniskóla Íslands m.a. við fyrrnefnda 8. gr. laga nr. 57/1988, um framhaldsskóla.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var satt að segja fjarska lítið merkileg athugasemd hjá hv. 5. þm. Austurl.

Staðreyndin er sú að það er 1. gr. í þessu frv. sem skiptir máli. Þar stendur: „Síðari málsgrein 1. gr. falli niður." Hvað stendur í síðari málsgrein 1. gr.? Þar stendur: „Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði". Það er verið að strika þetta út. Þessi setning á að fara út. Og um leið er flutt tillaga um skólagjöld. Og ég spyr: Er það með fullum stuðningi Alþfl. að það er fellt út að það eigi að taka fé úr ríkissjóði til að styðja Tækniskóla Íslands?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 5. þm. Austurl. óskar eftir að veita andsvar að nýju. Tíminn er nú hlaupinn frá okkur en forseti mun leyfa honum að nota hálfa mínútu til andsvara.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er nú ekki langur tími til andsvars í svo stóru máli sem þessu. En hér er hv. þm. Svavar Gestsson að blanda saman tveimur skyldum málum. Hvað varðar afstöðu Alþfl. til skólagjalda þá er engin breyting á afstöðu Alþfl. með þessu frv. Það hlýtur hv. þm. Svavari Gestssyni að vera ljóst og hann hefur heldur ekki svarað spurningu minni um það hvort það var hann sem hafði forustu um að setja lögin nr. 57/1988, um framhaldsskóla, þar sem heimilað var í fyrsta sinn að setja skrásetningargjöld í framhaldsskóla.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og ég sagði áðan þá finnst mér þetta svo ómerkileg athugasemd hjá hv. þm. að hún sé nú varla svaraverð. En staðreyndin er sú að lögin um framhaldsskóla með þessu ákvæði voru sett í menntamálaráðherratíð Birgis Ísleifs Gunnarssonar. En ég tel lögin ekkert verri út af fyrir sig við það, virðulegur forseti, og fagna því að þessari umræðu heldur áfram hér væntanlega á næsta fundi þingsins og skora þá á hv. 5. þm. Austurl. að vera viðstaddan þá umræðu.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2. og 17.–22. mál.

Fundi slitið kl. 4.03 síðdegis.

124. FUNDUR

þriðjudaginn 9. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Iðn- og verkmenntun, þáltill., 218. mál, þskj. 260. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Löndun á loðnu til bræðslu, stjfrv., 304. mál, þskj. 473. — 3. umr.
4. Tækniskóli Íslands, stjfrv., 327. mál, þskj. 598. — Frh. 1. umr.
5. Menningarsjóður, stjfrv., 306. mál, þskj. 475. — 1. umr.
6. Útvarpslög, stjfrv., 305. mál, þskj. 474. — 1. umr.
7. Framhaldsskólar, stjfrv., 397. mál, þskj. 691. — 1. umr.
8. Sóttvarnalög, stjfrv., 258. mál, þskj. 335. — 1. umr.
9. Þvottahús Ríkisspítalanna, stjfrv., 277. mál, þskj. 385. — 1. umr.
10. Íslensk endurtrygging, 307. mál, þskj. 476. — 1. umr.
11. Vátryggingarstarfsemi, stjfrv., 350. mál, þskj. 629. — 1. umr.
12. Almannatryggingar, frv., 257. mál, þskj. 334. — 1. umr.
13. Almannatryggingar, frv., 268. mál, þskj. 359. — 1. umr.
14. Fræðslustörf um gigtsjúkdóma, þáltill., 225. mál, þskj. 273. — Fyrri umr.
15. Neyðarráðstafanir gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna, þáltill., 253. mál, þskj. 328. — Fyrri umr.
16. Sjávarútvegsskóli, þáltill., 380. mál, þskj. 673. — Fyrri umr.
17. Ólympískir hnefaleikar, þáltill., 388. mál, þskj. 673. — Fyrri umr.
18. Ráðgjafar- og fræðsluþjónusta fyrir nýbúabörn, þáltill., 399. mál, þskj. 693. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Guðrún Helgadóttir, 14. þm. Reykv.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Jóhanna Sigurðardóttir félmrh.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.

Útbýting þingskjala:

Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, 406. mál, stjfrv., þskj. 700.

Löggjöf um réttindi og skyldur manna sem stunda reikningsskil, 405. mál, þáltill. ÁRÁ, þskj. 699.

Norræna ráðherranefndin 1992–1993, 407. mál, skýrsla samstarfsráðherra Norðurlanda, þskj 701.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Stjórnarfrumvörp um heilbrigðismál.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í fjölmiðlum undanfarna daga hafa birst fréttir um verulegan ágreining á milli stjórnarflokkanna um frv. til laga um breytingar á lyfsölu í landinu. Að því er talsmenn Alþfl. segja benda upplýsingar fjölmiðlanna til þess að Alþfl. sé frjálshyggjulegri en Sjálfstfl. og kemur það þingmönnum yfirleitt ekki á óvart. Fyrir utan frv. um breytingu á lyfsölulögum eru þrjú önnur frv. á sviði heilbrigðismála afvelta á milli stjórnarflokkanna. Það er í öðru lagi frv. um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, þar sem teiknar til mikils ágreinings á milli stjórnarflokkanna um stjórnarfyrirkomulag svokallaðra sveitarfélagaspítala, t.d. Borgarspítalans. Í þriðja lagi er um að ræða frv. til laga um varnir gegn vímuefnum, þar sem ekki hefur tekist samkomulag á milli flokkanna, og í fjórða lagi er um að ræða tóbaksvarnafrv. sem mjög lengi hefur verið tilbúið og flokkarnir hafa ekki komið sér saman um hvernig flutt verði.

Ég hafði hugsað mér, virðulegi forseti, að leggja spurningu fyrir hæstv. heilbrrh. en hann er fjarri og það breytir kannski ekki miklu í þessari stöðu. Hins vegar vildi ég beina máli mínu til hæstv. forsrh. og spyrja hann: Gerir hann sér vonir um að þessi fjögur frumvörp verði flutt sem stjfrv. og afgreidd á yfirstandandi þingi?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Þau frumvörp sem hv. 9. þm. Reykv. nefndi eru mjög umfangsmikil, a.m.k. sum þeirra, og er ljóst að þó að báðir stjórnarflokkarnir hafi ekki enn þá gengið frá þeim fyrir sitt leyti er ekki um að ræða neinn meiri háttar ágreining á milli flokkanna. Hins vegar er mjög áríðandi að þessi frumvörp fái mjög vandaða meðferð af hálfu stjórnarflokkanna áður en þau eru endanlega tekin til afgreiðslu í þinginu. Sjálfstfl. hefur lagt mikla vinnu í þessi mál eftir að þau hafa borist frá heilbrrh. og ég á von á því að góð sátt náist um þau. Ég skal ekki um það spá á þessu stigi hvort þessi mál fái afgreiðslu í þinginu á þeim tveimur mánuðum sem starfsáætlun þingsins gerir ráð fyrir að við höfum til starfa enn þá. En það hefur verið unnið vel í málinu og verður það áfram.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Þau staðfesta það sem mönnum hefur sýnst vera að þróast að undanförnu, að á milli stjórnarflokkanna í

þessum málum öllum er djúptækur ágreiningur. Það er ekki aðeins varðandi lyfsölumálin þar sem þeir hv. þm. Geir Haarde og hæstv. heilbrrh. hafa skipst á skotum síðustu daga heldur einnig að því er varðar frv. um heilbrigðisþjónustu, að því er varðar frv. um tóbaksvarnir og að því er varðar frv. um vímuefnavarnir. Þetta er fróðlegt til umhugsunar og ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að hafa verið svo hreinskilinn að staðfesta ágreininginn á milli stjórnarflokkanna. Eins og kunnugt er ætlast hæstv. heilbrrh. ekki aðeins til að öll frumvörpin verði lögð fyrir þingið í vetur og rædd heldur líka afgreidd en hæstv. forsrh. telur bersýnilega öll vandkvæði á því þar sem Sjálfstfl. eigi eftir að vinna mikið í þeim málum sem ég nefndi.

Mótmæli við stríðsglæpum í fyrrverandi Júgóslavíu.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. 17. febr. sl. söfnuðust konur saman á Austurvelli til að mótmæla þeim skelfingum og hörmungum sem dynja yfir kynsystur þeirra í Mið-Evrópu á þessum mánuðum. Á fundinum var hæstv. forsrh. fært mótmælaskjal og áskorun um að beita sér fyrir því að farið yrði með nauðganir sem og stríðsglæpi. Hvernig hugsar hæstv. forsrh. sér að verða við þeirri áskorun, hefur hann gert eitthvað nú þegar og hvernig hugsar hann sér að framfylgja þeim tilmælum sem hann tók mjög ljúfmannlega á móti 17. febr.? Konur úr öllum flokkum, úr öllum stéttum og alls konar félögum söfnuðust þarna saman og ég get fullyrt það að allar íslenskar konur hafa staðið heils hugar á bak við áskorunina.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með hv. 15. þm. Reykv. að þessi fundur, sem haldinn var í rigningarveðri 17. febr., var áhrifamikill og táknrænn og fréttir um hann hafa auðvitað borist frá landi okkar. Samsvarandi fundir og mótmæli voru á sama tíma annars staðar í veröldinni. Þar sem þessi mál hafa verið til umræðu hefur þess verið gætt af hálfu íslenskra stjórnvalda að láta þess getið að við höfum áhyggjur af ástandinu í fyrrverandi Júgóslavíu. Þetta efni hefur vakið sérstakan viðbjóð allra vel meinandi manna um alla veröld. Við munum halda áfram að koma þessu á framfæri þar sem við getum, en við skulum ekki ímynda okkur að við getum verið nein forustuþjóð í þessum efnum. En ég tek undir með hv. þm. að það er mikilvægt að við leggjum lóð okkar á vogarskálar hvað það snertir.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka greinargott svar hæstv. ráðherra. Ég er sannfærð um ekki aðeins íslenskar konur heldur konur um víða veröld eru farnar að bíða langeygar eftir því að málin í Bosníu-Hersegovínu og raunar víðar í veröldinni verði tekin svo alvarlegum tökum að stillt verði til friðar. Við horfum fram á þær skelfingar sem í framtíðinni munu dynja yfir þau börn sem fæðast núna á næstu mánuðum og kannski árum og það verður að stoppa þessa ógnaröld sem þarna er.

Verkaskipting í ríkisstjórninni.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Síðan núv. ríkisstjórn tók við hafa af og til verið gefnar yfirlýsingar m.a. af hæstv. forsrh. um að til greina gæti komið að verkaskiptingu í ríkisstjórninni yrði breytt. Nýlega birtist löng grein um þetta mál í öðru málgagni stjórnarflokkanna, Alþýðublaðinu. Því vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Er á döfinni að breyta verkaskiptingu og skipan í ráðherrastóla í ríkisstjórninni? Telur forsrh. að slík endurskipulagning muni styrkja ríkisstjórnina og er þá á döfinni að fækka ráðherrum í tengslum við þá breytingu. En nokkur umræða hefur verið um það að undanförnu að það væri ráð til betri stjórnarhátta að fækka þingmönnum og ráðherrum.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Eins og hv. 2. þm. Austurl. gat réttilega um hafa verið vangaveltur og getsakir í fjölmiðlum um að til stæði að gera breytingar innan ríkisstjórnar, annaðhvort innbyrðis hjá hvorum stjórnarflokki fyrir sig eða jafnvel milli flokka. Allar þessar umræður hafa verið að mestu leyti ótímabærar. Hitt er rétt að þegar til þessarar stjórnar var stofnað fyrir tæpum tveimur árum þá var þess getið af hálfu þeirra sem stjórnarmyndunarviðræðurnar leiddu af hálfu flokkanna að til álita gæti komið svo sem um mitt kjörtímabil að gera breytingar á ráðherraliði stjórnarinnar, slíkt væri ekki útilokað. Lögð var á það áhersla að flokkarnir hvor fyrir sig gæti haft um þetta nokkuð frjálsar hendur ef menn kysu að grípa til þeirra ráða sem stundum hefur verið gert annars staðar. Það má vera að slík breyting geti styrkt stöðu ríkisstjórnar, það þarf þó ekki að vera. Ég tel að þessar umræður hafi farið langt fram úr því efni sem til hafi verið varðandi þær því að milli flokkanna hafa engar formlegar umræður átt sér stað í þessum efnum. Hins vegar tel ég að vegna umræðna af þessu tagi sé nauðsynlegt fyrir ríkisstjórnarflokkana að ræða þessi mál og ljúka umræðum um þau ekki seinna en helst í kringum tveggja ára afmæli ríkisstjórnarinnar.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Við stjórnarandstæðingar erum að sjálfsögðu ekki aðilar að þessum viðræðum. Hins vegar mun það tæplega styrkja ríkisstjórnina í verkefnum hennar að þjóðin viti ekkert um hverjir verða ráðherrar út árið og hverjir ekki. Það er mín skoðun.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Vegna síðustu orða hv. þm. þá er það nú svo í stjórnmálum að ekki er hægt að gefa þjóðinni neitt garantí hversu lengi stjórnir sitja yfir-

leitt eða hversu lengi ráðherrar eru í stjórnarsætum en á þessu augnabliki er ekkert sem bendir til annars en að sú stjórn sem nú situr sitji út kjörtímabilið. Samstarf hefur verið afskaplega gott og farsælt og ég tel að ráðherrar í ríkisstjórninni hafi hver fyrir sig staðið afskaplega vel að málum.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil að enginn misskilningur sé í því sambandi að ég var ekki að biðja um að mér væri gefin trygging fyrir því að ríkisstjórnin sitji út kjörtímabilið. Náttúrlega væri best að ríkisstjórnin færi frá sem allra fyrst, ekki aðeins nokkrir ráðherrar heldur ríkisstjórnin öll. Það vildi ég að kæmi fram áður en umræðunni lýkur.

Afstaða Spánar til EES-samningsins.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hugðist beina máli mínu til hæstv. forsrh., hann er kominn í þingsal aftur. Efnið varðar þann fund sem haldinn var í ráðherraráði Evrópubandalagsins í gær þar sem samþykkt var viðbótarbókun við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. En síðan kom fram að loknum ráðherrafundinum af hálfu utanríkisráðherra Spánverja að hann teldi að ekki gæfist svigrúm til þess að leggja samninginn fyrir þing Spánar til staðfestingar fyrir 1. júlí nk. og að líkindum ekki fyrr en að loknum kosningum þar í landi á komandi hausti, í október nk. Utanríkisráðherra Spánar tengir þetta mál við staðfestingu á Maastricht-samkomulaginu innan Evrópubandalagsins í tilkynningu eða yfirlýsingu sem hann lagði fram á sérstökum fréttamannafundi.

Nú er það svo að á þingi Norðurlandaráðs þar sem við forsrh. vorum staddir í síðustu viku, þá spurði ég utanrrh. Svíþjóðar sérstaklega um þetta efni, hvort hann teldi — það var Ulf Dinkelspiel, utanríkisviðskiptaráðherra Svía — að það væri samhengi á milli afgreiðslu á EES samningnum af hálfu Evrópubandalagsríkjanna og meðferðar Maastricht-samkomulagsins innan Evrópubandalagsins. Tilefni þess að ég spurði um þetta var að ég varð var við það á þingi Norðurlandaráðs og í tengslum við það að viss ótti væri upp um að þetta gæti komið upp. (Forseti hringir.) En sænski ráðherrann aftók það með öllu í sínu svari eða sagði að sér vitanlega væru engin slík tengsl á milli og hann teldi ekki að það væri ástæða til að ætla að þau yrðu upp tekin. (Forseti hringir.) Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh., virðulegur forseti, hvert sé mat hans á þessari stöðu og hvort hann telji ekki tímabært að hætta þessu samfloti sem þarna er stefnt að innan Evrópsks efnahagssvæðis og snúa sér að því að semja *með beinum hætti um hagsmuni Íslendinga við* Evrópubandalagið.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég tel ekki tímabært eða ástæðu til þess að hætta þessu samfloti sem við höfum átt um samninga um hið Evrópska efnahagssvæði. Á hinn bóginn get ég ekkert neitað því að þessar fréttir koma auðvitað á óvart með hvaða hætti fulltrúar Spánar hafa gengið fram á þessum fundi. Á hinum formlega efnislega fundi var samþykkt og staðfest sú viðbótarbókun sem hv. þm. gat um og einnig er ítrekuð sú staðfesta samningsaðila að samningurinn megi fullgildast og komast í framkvæmd um mitt þetta ár. Síðan eru gefnar á blaðamannafundi yfirlýsingar sem ganga í gagnstæðar áttir og talað um að yfirlýsing af því tagi sem gefin er á hinum formlega fundi sé pólitísks eðlis. Auðvitað vekur þetta áhyggjur. Við höfum áður lent í því að EES hefur hnotið á sinni leið þó það hafi komist á lappirnar aftur. Þessi nýjasta vending Spánar hlýtur að vekja áhyggjur og ugg vegna þess að EFTA-ríkin höfðu sérstaklega teygt sig til að koma til móts við kröfur og óskir Spánar. Sums staðar, til að mynda í Finnlandi, hafa menn teygt sig afskaplega langt og Evrópubandalagið gengið mjög hart fram í sinni kröfuhörku gagnvart EFTA-ríkjunum.

Ég var sammála því svari sem Dinkelspiel, utanríkisviðskiptaráðherra Svíþjóðar, gaf hv. þm. í Norðurlandaráði. Ég hef ekki talið vera neitt samhengi á milli afgreiðslu EES og Maastricht og mér kemur líka á óvart að heyra spánska utanríkisráðherrann tengja þetta saman með þessum hætti. Mér er ekki kunnugt um að aðrir Evrópubandalagsráðherrar, utanríkisráðherrar, eða forustumenn bandalagsríkjanna geri það með þessum hætti.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svar hans. Það er satt að segja nokkuð einkennilegt að þetta skuli koma talsmönnum EFTA-ríkjanna og forustumönnum í EFTA-ríkjunum svona í opna skjöldu, þessi viðbrögð Spánverja, því ég hef talið að þarna gæti verið um gagnkvæm áhrif að ræða og mætti búast við einmitt að Maastricht-málin innan Evrópubandalagsins gætu haft áhrif á þessa afgreiðslu. Ástæðan fyrir því að ég er að hvetja hæstv. forsrh. til að endurskoða gang ríkisstjórnar sinnar varðandi Evrópskt efnahagssvæði er einmitt að reynslan, sem hann og aðrir sem hafa haft áhuga á því að tengja Ísland inn í þetta samstarf, í Evrópska efnahagssvæðið, ætti að vera farin að sýna mönnum í hvaða samkvæmi er verið að halda því þetta eru ekki nein lok á samskiptum við Spánarstjórn eða aðra í Evrópubandalaginu. Þar verða menn í stöðugu samningaþófi við Evrópubandalagsríkin um áframhaldandi löggjöf og í aðstæðum eins og menn hafa verið að reyna hér. Þannig að ég ítreka hvatningu mína til ríkisstjórnarinnar að draga sig út úr þessu samkvæmi.

Endurskoðun laga um stjórn fiskveiða.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það kom fram í fréttum ekki alls fyrir löngu hjá forstjóra Þjóðhagsstofnunar að hallarekstur sjávarútvegsins væri nú orðinn meiri en hann var þegar gripið var til efnahagsaðgerða í nóvember á

liðnu ári, eða á bilinu 7–9%. Fyrir utan þetta býr sjávarútvegurinn við mjög mikla óvissu um þessar mundir og hefur reyndar búið við allt síðan þessi ríkisstjórn tók við. Hið lögbundna starf um endurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða fór af stað og því átti að ljúka fyrir árslok 1992. Því hefur hins vegar enn ekki verið lokið. Tvíhöfða nefndin er með þetta í vinnslu enn en ýmsar þær tillögur sem nefndin er að velta fyrir sér hafa komist í fjölmiðla og skapað þar af leiðandi enn þá meiri óvissu fyrir þessa undirstöðu atvinnugrein heldur en að annars væri.

Því beini ég spurningu minni til hæstv. sjútvrh. og spyr hann:

1. Hvenær má búast við því að þetta lögbundna samráð sem gert er ráð fyrir í lögunum um stjórnun fiskveiða hefjist m.a. í sjútvn. Alþingis?

2. Hvenær má búast við því að nefndarstarfinu ljúki, þ.e. endurskoðuninni á lögum um stjórn fiskveiða og þá um leið hvenær þeirri óvissu verði létt af sjávarútveginum sem hann þarf nú að búa við?

3. Hvers vegna var ekki hægt að ljúka endurskoðuninni á lögum um stjórn fiskveiða fyrir árslok 1992 eins og lögin gera ráð fyrir og hvað er það sem tefur nefndina í sínum störfum?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Tvíhöfða nefndin, sem svo hefur verið kölluð, hefur í öllum meginatriðum lokið sínum störfum. Því miður tókst ekki að ljúka því fyrir síðustu áramót eins og til stóð. Þetta er umfangsmikið verk sem ég veit að hv. þm. þekkir til og það er meginástæðan fyrir því að ekki tókst að ljúka þessu fyrir áramót.

Samhliða niðurstöðu tvíhöfða nefndarinnar, skýrslu hennar og tillögum, kom ríkisstjórnin sér saman um að leggja fram hugmyndir um svokallaðan þróunarsjóð sjávarútvegsins. Það hefur ekki enn tekist að ljúka öllum atriðum varðandi þá frumvarpsgerð, í öllum meginatriðum eru þær tillögur til en enn er eftir að hnýta nokkra enda. Ég vænti þess að það taki ekki langan tíma en um leið og því starfi er lokið þá er unnt að leggja fyrir lögbundna samráðsaðila, hagsmunaaðila og sjútvn. þingsins, bæði skýrslu tvíhöfða nefndarinnar og frumvarpsdrögin að þróunarsjóðnum sem eru og verða þannig eitt heildstætt mál.

Mér er kunnugt um að tvíhöfða nefndin hefur átt einn fund með sjútvn. þingsins og gert munnlega grein fyrir höfuðatriðum í þeirra skýrslu og tillögum en þess er að vænta að það dragist ekki mjög lengi úr þessu að ljúka verkinu. Ég tek undir með hv. þm. að það er auðvitað miður að það skuli hafa dregist fram yfir hin lögboðnu mörk, en ég veit að hv. þm. skilja að í svo umfangsmiklu máli geta nokkrar vikur ekki talist mjög langur tími þó að við förum eitlítið fram yfir tímamörkin.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. svarið. Mér fannst það skína í gegnum hans svar að það eina sem raunverulega stendur á að ganga frá til þess að nefndin geti skilað sínu verki er að menn þurfa að ná saman um það hvernig þessi þróunarsjóður sjávarútvegsins skuli verða og með hvaða hætti hann skuli starfa þrátt fyrir það að tilkynnt hafi verið í nóvember þegar efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar voru kynntar að þetta væri eitt af þeim höfuðverkfærum sem ríkisstjórnin hefði nú til þess að tryggja stöðu sjávarútvegsins. Því vil ég í framhaldi af þessu spyrja hæstv. ráðherra: Mun það verða svo þegar nefndin skilar af sér og menn hafa náð samkomulagi um það hvert hlutverk þessa þróunarsjóðs skuli vera að rekstrarafkoma sjávarútvegsins verði tryggð um leið?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er rétt, það er fyrst og fremst afmarkað atriði varðandi þróunarsjóðinn sem enn stendur út af í þessari vinnu. Þróunarsjóðnum er ætlað að annast núverandi hlutverk Hagræðingarsjóðs að því er varðar úreldingu fiskiskipa en til viðbótar að greiða fyrir þróun til aukinnar hagkvæmni í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja með úreldingu á fiskvinnslustöðvum. Þess er ekki að vænta og alls ekki að því stefnt að þróunarsjóðurinn leysi þann mikla og almenna rekstrarvanda sem atvinnugreinin stendur frammi fyrir, heldur er sjóðnum ætlað að greiða fyrir þeirri hagræðingu sem fram fer í atvinnugreininni og hún þarf að takast á við á næstu missirum.

Eftirlit með störfum bústjóra og skiptastjóra.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil beina spurningu minni til hæstv. dómsmrh. Mig langar að benda á að nú að undanförnu hefur verið allmikið skrifað um það í blöðin að þeir aðilar sem eru bústjórar eða skiptastjórar í þrotabúum séu kannski ekki alltaf starfi sínu vaxnir vegna þess að þeir gæti þess ekki að allt það fé komi inn sem hugsanlega væri hægt að fá fyrir ýmsa muni úr þrotabúinu.

Mig langar af því tilefni að spyrja hæstv. dómsmrh. hvernig staðið sé að endurskoðun og eftirliti með störfum þessara mætu manna, bústjóra og skiptastjóra. Ég veit að störf þeirra eru ákaflega vandunnin og ákaflega ábyrgðarmikil og þegar slík umræða um störf þeirra fer fram í blöðunum og kemur raunar upp meðal almennings þá væri þeim mjög mikill styrkur í því að hægt er að vísa til þess að með þeim væri gott og strangt eftirlit líka. Mig langar sem sagt að spyrja dómsmrh. um þetta.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Skiptastjórar í þrotabúum eru auðvitað fyrst og fremst hagsmunagæslumenn kröfuhafa og ákvarðanir eru teknar á skiptafundum um öll meginatriði varðandi ráðstafanir á eignum og innheimtu á kröfum. Ef einhver sérstök alvarleg tilvik koma upp þá geri ég ráð fyrir því að eftir því verði leitað að hafa eftirlit með því en almennt eru það kröfuhafarnir sjálfir sem taka hinar veigamestu ákvarðanir og eiga mestra hagsmuna að gæta varðandi skipti á búunum og þeirra

er að fylgja því eftir á fundum, skiptafundum, að gengið sé eftir því að öllum kröfum sé til skila haldið.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Er það þá þannig að af hálfu hins opinbera er ekkert sérstakt eftirlit með þessu? Þetta sé einkamál hvers aðila fyrir sig, er þessum málum þannig háttað? Ef svo er þá held ég að þetta sé rangt fyrirkomulag, það ættu að vera einhverjir opinberir aðilar eða einhverjar stofnanir sem hægt væri að vísa slíkum málum til.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Skiptastjórarnir eru skipaðir til þess að fara með stjórn þrotabúsins og stýra því að réttra reglna sé gætt við skipti og lok þessara búa sem hér eiga hlut að máli. En enn hefur engum dottið í hug að setja sérstaka eftirlitsstofnun yfir skiptastjórana.

Iðn- og verkmenntun, frh. fyrri umr.

Þáltill. StG o.fl., 218. mál. — Þskj. 260.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EGuðn, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GJH, HÁ, HjálmJ, HG, HAJ, IP, JÁ, JGS, JónK, KÁ, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞBern, ÖS.

28 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, ISG, JóhS, JBH, JónS, JVK, KSG, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SAÞ, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EGuðn, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GJH, HÁ, HjálmJ, HG, HAJ, IP, JÁ, JGS, JónK, KÁ, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞBern, ÖS.

27 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EH, EKG, EKJ, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, ISG, JóhS, JBH, JónS, JVK, KSG, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SAÞ, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

Löndun á loðnu til bræðslu, 3. umr.

Stjfrv., 304. mál. — Þskj. 473.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BBj, EGuðn, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HÁ, HjálmJ, HG, HAJ, IP, JÁ, JGS, JónK, KÁ, LMR, MF, ÓE, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞBern, ÖS.

1 þm. (GJH) greiddi ekki atkv.

29 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, ISG, JóhS, JBH, JónS, JVK, KSG, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SAÞ, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 709).

Tækniskóli Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 327. mál (skrásetningargjöld). — Þskj. 598.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Í umræðum sem áttu sér stað í þinginu þegar þetta mál var fyrst reifað í gær, þá kom það fram að þeir sem eru í frumgreinadeild í Tækniskólanum eiga ekki aðgang að námslánum og nú er líka verið að leggja á þá möguleg skólagjöld. Ég hef verið prófdómari í þessum skóla um árabil og fylgst með því hvaða fólk það er sem kemur í þennan skóla. Ég hef séð að mikið af þessu er ungt fjölskyldufólk, aðallega karlmenn, ungir fjölskyldufeður og ég tel hörmulegt að þeir skulu hafa verið sviptir möguleikanum til að fá námslán. Það hefur ábyggilega verið geysilega mikilvægt fyrir þá að geta fengið þau og það var hörmulegt að það úrræði skyldi vera af þeim tekið. Ef líka á að bæta á þá greiðslum núna til viðbótar við önnur útgjöld sem þeir hafa, þá finnst mér í óefni stefnt.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það voru nokkur atriði sem komu fram í umræðunum í gær sem ég vildi aðeins gera að umræðuefni. Í fyrsta lagi þau ummæli hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur að hér væri á ferðinni dæmigert frv. um álögur á nemendur og svo sem ekki annað en við mátti búast frá minni hendi. Mér dettur nú í hug að spyrja hv. þm. hvar hún hafi verið og flokkur hennar þegar samþykkt voru lög nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands. Í öðru lagi lög nr. 131/1990, um Háskóla Íslands. Í þriðja lagi lög nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri og í fjórða lagi lög nr. 57/1988, um framhaldsskóla. Hér er nefnilega ekki á ferðinni neitt dæmigert frv. um álögur á nemendur heldur er hér um að ræða frv. til samræmis við þá lagabálka sem ég taldi upp. Það er ekkert annað sem hér er á ferðinni. Af einhverjum ástæðum, sem ég ekki kann að rekja, voru þessi ákvæði ekki í lögunum um Tækniskóla Íslands. Þau eru auðvitað langelst af þessum lögum sem ég taldi upp. Þau eru frá 1972 og það kann að vera skýringin. Ég veit það ekki. En þarna er sem sagt eingöngu verið að samræma lög um Tækniskólann ákvæðum í þeim lögum sem ég taldi hér upp.

Ég nefndi hér lögin um framhaldsskóla og hv. þm.

vitnaði þar í 32. gr. framhaldsskólalaganna, að mér skildist, til að renna stoðum undir þá skoðun sína að það væri óheimilt að taka gjöld af nemendum til þess að standa undir einhverjum kostnaði við skólana. Það er vissulega rétt að í 32. gr. eru mjög ákveðin ákvæði: „Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað framhaldsskóla" o.s.frv. sem þar segir. Í þessa grein vitnaði hv. þm. en nefndi ekki 8. gr. Það gerði hins vegar hv. þm. Svavar Gestsson. Í 8. gr. er heimildarákvæðið um innheimtu gjalda sem nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga, svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld eins og þar er talið. Þar er heimildin. Og mér sýnist alveg óþarfi að vera að deila um þetta.

Hitt er annað mál að þeir lagabálkar sem ég taldi hér upp áðan eiga við skóla á háskólastigi. Ég minnist orða hv. þm. þar sem hún sagði að hún liti ekki sömu augum á skólagjöld á framhaldsskólastigi og háskólastigi. Þegar af þeirri ástæðu finnst mér að hv. þm. ætti að geta stutt þetta frv.

Það kom hér fram, ég held hjá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, að nám í frumgreinadeild Tækniskóla Íslands væri ekki lengur lánshæft hjá Lánasjóði ísl. námsmanna. Ég vil í því sambandi geta þess að það mál er í athugun. Það hafa átt sér stað viðræður við lánasjóðinn og þær viðræður eru enn í gangi. Ég hef sérstaklega rætt þetta við framkvæmdastjóra lánasjóðsins og óskað eftir því að það verði kannað til þrautar hvort ekki sé hægt að halda frumgreinadeild Tækniskólans inni sem lánshæfu námi vegna þess að mér finnst það ekki alveg sambærilegt við annað framhaldsnám þó þetta geti verið undirbúningur að stúdentsprófi og mér sé alveg ljóst að það þarf að gæta jafnræðis. Það er vandinn í þessu efni varðandi Tækniskólann og það sama á kannski við um Samvinnuháskólann á Bifröst. Þessi mál eru til sérstakrar athugunar hjá lánasjóði núna.

Það sama má segja um fjarnám Kennaraháskólans sem líka kom fram í umræðunni, ég man ekki alveg hjá hverjum. Það er líka í athugun. Það hafa átt sér stað viðræður og standa raunar yfir, en í því sambandi verð ég að geta þess að það hefur aldrei verið í reglum lánasjóðsins að lána út á hlutanám, þ.e. nám sem ekki nær 75% af fullu námi samkvæmt skipulagi skóla. Það er ástæðan fyrir því að það hefur ekki verið viðurkennt sem lánshæft. Það hefur verið óheimilt frá upphafi, eins og ég segi, en núna eiga sér stað viðræður og niðurstaðan gæti orðið sú að skipulagi námsins yrði breytt þannig að það væri mögulegt, án þess að ganga á svig við reglur sem eru í gildi og hafa verið í gildi, að lána til þessa náms. Þetta er enn í athugun.

Það kom líka fram, ég held hjá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, að það liti út eins og ég ætlaði mér eitthvað annað og meira þar sem tekið væri út ákvæðið í 1. gr. um að kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði. Sú einfalda skýring er þarna á að þetta er nákvæmlega eins og er í þeim lagabálkum sem ég taldi upp um skóla háskólastigi. Það liggur ekki þar á bak við að ég ætli mér að seilast eftir einhverri heimild til þess að láta nemendur við þennan skóla greiða almennan rekstrarkostnað eða laun kennara við Tækniskólann. Það er ekki það sem liggur þarna á bak við heldur er þetta eingöngu til samræmis og eins og ákvæðin eru í hinum lögunum sem ég gat um. Ég vona að þetta verði ekki á nokkurn hátt misskilið.

Þess vegna finnst mér það líka vera röng fullyrðing sem kom fram hjá hv. þm. Jónu Valgerði Kristjánsdóttur um að í þessu frv. fælist einhver stefna um að taka skólagjöld á framhaldsskólastigi. Ákvæðin um skólagjöld varðandi skóla á framhaldsskólastigi, aðra en þá sem eru á háskólastigi, eru í lögunum um framhaldsskóla. Við getum kannski átt eftir að deila eitthvað um það hvað megi greiða með innritunar- eða skólagjöldum, en það stendur til að setja um það reglugerð eins og raunar er kveðið á um í framhaldsskólalögunum. Nefnd hefur verið að störfum á vegum menntmrn. með starfsmönnum ráðuneytisins og hún er að ljúka sínu starfi.

Annars kemur það fram við afgreiðslu fjárlaga hver ætlunin er að innheimta af skólagjöldum á háskólastiginu þannig að við getum rætt það þegar þar að kemur. Þó er að vísu víðtæk heimild núna í þessum lögum fyrir skólanefndirnar og stjórnendur skólanna að innheimta skólagjöld. Heimildin er býsna víðtæk meðan ekki hefur verið sett um það reglugerð.

Ég held að það sé ekki mikið annað sem hefur komið fram sem ég tel mig þurfa að nefna. Það er ekki ætlun mín á nokkurn hátt, af því að það kom hér fram í umræðunum um lánasjóðinn sem fléttast nokkuð inn í þetta, að reisa einhverjar girðingar varðandi lánshæfni hins verklega náms eða iðnnáms. Iðnnámið hefur alltaf verið stutt mjög dyggilega af lánasjóðnum bæði fyrr og síðar og er enn. Þeir sem eru við iðnnám geta notið lána frá lánasjóðnum yngri en í öðru sérnámi sem er bundið við ákveðinn aldur. Þetta vil ég leggja sérstaka áherslu á.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég heyri að hæstv. menntmrh. hefur tekið nærri sér upphafsorðin í ræðu minni í gær. Ég skal leiðrétta hann því að ég tók ekki það upp í mig að það hafi ekki verið við öðru að búast af hæstv. ráðherra heldur orðaði ég þetta á annan veg sem hann getur þá séð síðar.

Hér segist hann eingöngu vera að samræma og benti á að ég hefði vitnað til 32. gr. laga um framhaldsskóla en ekki tekið fyrir 8. gr. Sannleikurinn er sá að ef hæstv. ráðherra hefði ekki annað í hyggju en að innheimta efnisgjöld og pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld, þá skyldi ég samþykkja þetta frv. En það er annað sem býr að baki. Það er að nemendur eigi að taka þátt í því að hluta til að reka skólann og þessu vil ég leyfa mér að halda fram, hæstv. forseti, þó að annað hafi komið fram í máli ráðherrans hér áðan. Þetta er bara það sem er að gerast út um allan skólann. Við getum tekið sem dæmi Háskólann á Akureyri. Háskólanum á Akureyri er ætlað að afla sér sértekna og hann gerir það með því að leggja gjöld á nemendur, skólagjöld. Þessir peningar eru síðan notaðir að hluta til til þess að reka skólann. Það má segja það sama um Sam-

vinnuháskólann og fleiri skóla. Það er því miður verið að láta nemendur borga hluta af rekstri skólanna og það er það sem ég sætti mig ekki við. Þess vegna, eins og ég sagði í gær og get endurtekið það nú lít ég ekki sömu augum á gjaldtöku eftir því hvort um er að ræða framhaldsskóla eða háskóla. Mér finnst að þessi gjöld, ef þau eru innheimt, eigi að vera fyrst og fremst til þess að ná yfir ákveðinn kostnað í sambandi við pappír eða annað slíkt og ef hægt er að bjóða upp á eitthvað annað umfram og þetta sé einhvers konar bónus ofan á reksturinn. Það getur átt sér stað að það þurfi fjármagn til þess að fara eitthvað í rútuferð í sambandi við skólann eða annað slíkt. Þá séu nýttir fjármunir sem aflað er á þennan hátt. En þarna skilur á milli að mínu mati, hvort verið er að nota fjármagn til þess að reka skólana eða til einhverra sérþarfa. Þess vegna hef ég allan fyrirvara um það, hæstv. forseti, hvort ég styð þetta frv. og reyndar sé ég ekki að ég muni styðja það nema því verði gerbreytt í hv. menntmn.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er fullyrt þrátt fyrir mínar yfirlýsingar að eitthvað annað búi að baki, þ.e. að nemendur taki þátt í almennum rekstri skólans. Ég verð að láta það þá eiga sig hvort hv. þm. tekur mark á orðum mínum eða ekki.

En í sambandi við þessa innheimtu skólagjalda sem fer svona fyrir hjartað á hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur. Ef ég veit rétt þá á hún sæti í skólanefnd Samvinnuháskólans á Bifröst og hún mundi kannski vilja upplýsa hver skólagjöldin eru þar, hver það er sem ákveður þau og hvort menntmrn. eða menntmrh. komi eitthvað nærri þeirri ákvörðun.

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil í fyrsta lagi nefna að ef þetta er eins sakleysislegt og hæstv. ráðherra vill af láta, hvers vegna þarf þá að taka út þá málsgrein þar sem segir að kostnaður við stofnun og rekstur skólans skuli greiðast úr ríkissjóði? Þá er ég að tala um Tækniskólann. Ef það er meiningin að gera það áfram þá skil ég ekki hvers vegna hæstv. ráðherra leggur til að taka út þessa málsgrein.

Varðandi Samvinnuskólann, þá er það rétt að ég sit þar í skólanefnd og þar eru innheimt skólagjöld. Þó ég ætli ekki að fara með það hér hversu há þau eru, þá veit ég að þau eru allhá. Ríkissjóður leggur ekki fram nema 70–80% af kostnaði við rekstur skólans. Hitt þurfa nemendur að greiða. Það er ekkert annað. Og það er dýrt. Þetta veit ég ekki hvort hæstv. ráðherra er kunnugt um.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hélt ég hefði verið búinn að svara því hvers vegna þessi málsgrein var tekin út. Það er vegna þess að það er verið að samræma þetta þeim lagabálkum sem ég hef margtalið upp og gilda um skóla á háskólastigi. Þannig var það nú.

Ég held að ég sé ekkert að upplýsa hver skólagjöldin eru við Samvinnuháskólann fyrst skólanefndarmaðurinn vill ekki gera það.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði hugsað mér að ræða við hv. 5. þm. Austurl. en hann er eins og kunnugt er í Alþfl. Hann er nú fjarri og sagði mér í morgun að hann yrði tepptur fram undir kl. 3 og kæmist ekki til fundar. En ástæðan var sú að ég vildi inna hann eftir því hvort Alþfl. hefði breytt um afstöðu með því að samþykkja það að fella niður 2. mgr. 1. gr. laganna um Tækniskólann. Það er stefnubreyting eins og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir var að eiga hér orðastað um við ráðherrann fyrir örfáum mínútum. En ég get út af fyrir sig notað tímann þangað til hv. 5. þm. Austurl. gengur í salinn sem verður vonandi fyrr en seinna og ætla þá að byrja á því að víkja að þessu með skólagjöldin í Samvinnuháskólanum. Það fannst mér satt að segja athyglisverð spurning hjá hæstv. menntmrh.

Staðreyndin er sú að um Samvinnuskólann og Verslunarskólann gilda sérstök lagaákvæði. Þegar lögin voru sett 1988 var það tekið fram að um þessa tvo skóla giltu alveg sérstök ákvæði. Ég verð að segja alveg eins og er að þó ég hafi verið andvígur þeim ákvæðum og hefði gjarnan viljað breyta þeim þannig að þessir skólar féllu undir hið almenna skólakerfi og þær reglur sem þar gilda, þá finnst mér það ekki sanngjarnt af hæstv. menntmrh. að spyrja þessarar spurningar við þær aðstæður að við erum hér að ræða um framhaldsskólann og þá skóla á sérskóla- eða háskólastigi sem eru reknir og hafa verið reknir að fullu af ríkinu og hafa verið með skólanefndir sem skipaðar hafa verið samkvæmt sérstökum lögum. Mér finnst satt að segja ekki sanngjarnt af hæstv. ráðherra að setja hlutina þannig upp og ætla sér þar með að skjóta hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur í kaf vegna þess að hún á sæti, að mér skilst, í skólanefnd Samvinnuháskólans. Um þann skóla gæti ég svo sem ýmislegt sagt og líka þá skólanefnd og ég tel að skipan hennar og tilnefning í hana sé með nokkuð sérkennilegum hætti, segi ég alveg eins og er. Ekki það fólk sem þar situr, allt góðra gjalda vert, heldur tel ég að sá skóli svo lengi sem hann heitir háskóli eigi að lúta almennum reglum um háskólanám í landinu og þar af leiðandi að vera með stjórn sem miðast við akademískar forsendur, innri forsendur þess skóla, rétt eins og á við t.d. um Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands, svo að ég nefni dæmi. En það á í sjálfu sér ekki heima í þessari umr. að ræða sérstaklega um skólanefnd Samvinnuháskólans nema vegna þess að hæstv. menntmrh. var svo smekklegur, liggur mér við að segja, að fara að draga hann sérstaklega inn í þessa umræðu þó að hann komi henni í raun og veru ekki nokkurn skapaðan hlut við.

Ég get hins vegar bætt við spurningu til hæstv. menntmrh. í framhaldi af því að hann tók hér upp málefni Samvinnuháskólans og þar með Verslunarskólans líka. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. að því: Er hann tilbúinn til að beita sér fyrir lagabreytingu þannig að

Verslunarskólinn verði eins og aðrir framhaldsskólar, t.d. með sams konar skólanefnd, sem tryggir aðild nemenda að skólanefndinni, sem tryggir aðild kennara að skólanefndinni? En Verslunarskólinn er eini framhaldsskólinn í landinu þar sem kennarar og nemendur hafa ekki fengið að eiga aðild að skólanefnd. Finnst hæstv. menntmrh. eðlilegt að hlutirnir séu þannig að hér sé framhaldsskóli, Verslunarskóli Íslands, sem er rekinn að öllu leyti fyrir peninga úr ríkissjóði, skuli vera með skólanefnd sem er allt öðruvísi en aðrar skólanefndir, skólanefnd sem er í raun og veru í valdi Verslunarráðs Íslands? Það er auðvitað afar sérkennilegt að ekki sé meira sagt að vera með skóla sem er kostaður af ríkinu þar sem Verslunarráð Íslands ræður skólanefndinni. Þegar ég segi kostnaður af ríkinu, þá þarf ég að rökstyðja það aðeins nánar.

Hvernig háttar til um kostnaðinn við Verslunarskóla Íslands? Það háttar þannig til að ríkið greiðir allan rekstrarkostnað með hliðsjón af rekstrarkostnaði við bóknámsmenntaskólana hér í Reykjavík en að auki borgar ríkið Verslunarráði húsaleigu fyrir Verslunarskólann í húsinu sem Verslunarráðið á. Ríkið borgar Verslunarráðinu húsaleigu fyrir Verslunarskólann í húsinu sem Verslunarráðið á, í skólanum sem Verslunarráðið rekur. Ég er ansi hræddur um t.d. að Menningar- og fræðslusamband alþýðu, Félagsmálaskóli alþýðu, yrði býsna hrifinn af því ef svona kjör væru í boði eða einhver önnur samtök. En á undanförnum árum hefur það verið þannig að það hefur ekki verið hægt að skapa þingmeirihluta á Alþingi fyrir að meðhöndla Verslunarskólann með eðlilegum hætti. Þess vegna hefur hann notið algerlega óeðlilegra forréttinda í framhaldsskólakerfinu. Þegar ég gerði reka að því í síðustu ríkisstjórn að reyna að breyta þessu að því er varðar Verslunarskólann, þá fékk ég ekki mikinn stuðning við það og varð var við heiftarlega andstöðu í stjórnarandstöðuliðinu í Sjálfstfl. um það leyti sem það mál var til meðferðar vegna þess að það spurðist að menntmrh. hefði leyft sér að nefna þann möguleika að fríðindi Verslunarskólans yrðu af honum tekin. Það voru óðara komnar fréttir í Morgunblaðið, útvarpið og guð veit hvar, um að það stæði til að vega sérstaklega að Verslunarskólanum og sauma að honum. Einn og einn maður í stjórnarflokkunum, samstarfsflokkum okkar, fór að skjálfa eins og gengur og niðurstaðan varð sú að menn lögðu ekki í það að breyta þessum forréttindum Verslunarskólans.

Úr því að hæstv. menntmrh. telur ástæðu til að taka upp málefni Samvinnuháskólans í þessari umræðu, þá tek ég upp málefni Verslunarskólans og spyr hann: Er hann tilbúinn til þess að beita sér fyrir breytingum á réttarstöðu Samvinnuháskólans þannig að hann lúti almennum reglum um rekstur skóla á sér- og háskólastigi? Og er hann tilbúinn að beita sér fyrir breytingu á lögum um Verslunarskólann þannig að hann lúti almennum reglum um skóla á framhaldsskólastigi?

Þessar spurningar held ég að sé nauðsynlegt að hæstv. menntmrh. gaumgæfi vegna þess að forréttindi Verslunarskólans hljóta að hafa verið honum alveg sérstakt umhugsunarefni. Þessi forréttindi hefur síðan Verslunarskólinn notað til þess að velja sína nemendur með allt öðrum hætti en aðrir framhaldsskólar í landinu og hefur notið að þessu leytinu til algerlega óeðlilegra forréttinda og er svo með skólanefnd, eins og ég sagði, virðulegi forseti, þar sem nemendur fá ekki að eiga fulltrúa og þar sem kennarar fá ekki að koma inn fyrir dyr.

Það er fornaldarkerfi og það er auðvitað svo sem eftir öðru að þeir sem stjórna þessari sjoppu sem heitir Verslunarráð Íslands skulu ekki hafa uppgötvað hvað er lýðræði í landinu. Það kemur manni svo sem ekki á óvart. Hægri menn hafa alltaf verið á móti lýðræði þegar þannig stendur á hjá þeim. Það má ekki einu sinni hafa eftirlit með valdasamþjöppun hjá þessum stórlöxum í atvinnulífinu og væri fróðlegt reyndar, úr því að Alþingi samþykkti að skoða sérstaklega vald stórlaxanna, Eimskip og þessa aðila, að kanna líka í leiðinni hvernig þeir tengjast Verslunarskólanum og hvaða áhrif þeir hafa í Verslunarráði Íslands. Það væri fróðlegt að skoða það. Það væri líka fróðlegt fyrir hv. alþm. að skoða hvað stofurnar heita í Verslunarskólanum og t.d. hvað fer fram í stofunni sem heitir Hafskip, svo dæmi sé nefnt. En eins og kunnugt er þá gáfu nokkur fyrirtæki stofur í Verslunarskólann á sinni tíð. M.a. heitir ein stofan Hafskip og það er víst það eina sem er eftir af því fyrirtæki. (Gripið fram í.) Formaður Sjómannafélags Reykjavíkur telur líklegt að þarna sé verið að fjalla sérstaklega um farskipaútgerðina og stöðu Íslendinga á farskipum. Það getur vel verið að það sé rétt. Ég þekki það ekki.

Virðulegi forseti. Hæstv. menntmrh. hefur borið það fyrir sig að í raun og veru sé engin breyting á ferðinni með þessu frv. vegna þess að það sé búið að taka þessi mál inn, bæði varðandi lögin um Háskólann á Akureyri og lögin um Kennaraháskóla Íslands. Ég vísa því algerlega á bug. Í raun og veru er hér um að ræða mjög róttæka breytingu vegna þess að það á að taka upp skólagjöld í Tækniskólanum, eins og stendur hér í þessu frv. Jafnframt því sem tekin er ákvörðun um að taka upp skólagjöld, þá á að fella niður ríkisstyrk. Það er auðvitað alveg augljóst hvert er verið að fara.

Ef hæstv. menntmrh. vill vera sjálfum sér samkvæmur, miðað við þau orð sem hann lét falla, þá á hann að falla frá 1. gr. frv., hætta við að flytja hana og halda sig bara við 2. gr. frv. Ef hann gerir það ekki, þá er hann í raun og veru að kollvarpa sínum eigin málflutningi í sambandi við framhaldsskólalögin. Þar stendur að vísu að ríkissjóður eigi að kosta þetta og þetta skv. 32. gr. en það stendur líka að það megi innheimta skólagjöld. En í hinum nýju lögum um Tækniskólann, ef þetta verður samþykkt, standa hlutirnir allt öðruvísi. Þá verður strikað út ákvæðið um kostnaðarhlutdeild ríkisins en um leið eru tekin upp skólagjöld. Ég get sagt það algerlega fortakslaust fyrir sjálfan mig að ég mun greiða atkvæði á móti þessari tillögu eins og hún liggur hér fyrir vegna þess að með henni er verið að samþykkja að draga mjög verulega úr kostnaðarhlutdeild ríkisins og opna fyrir það að gjöldin skv. 9. gr. standi að verulegu leyti undir kostnaðinum við rekstur Tækniskóla Íslands.

Hæstv. menntmrh. ber því við í þessum umræðum að að því er varðar framhaldsskólann, þá standi að vísu í 32. gr. að það eigi að greiða allan rekstur hans en svo sé líka gert ráð fyrir innritunargjöldum í 8. gr. Hvað sagði hæstv. menntmrh. þegar hann mælti fyrir frv. um framhaldsskóla? Hafa menn lesið það? Hvað stóð í grg. með frv. til laga um framhaldsskóla? Hafa menn lesið það? Hver flutti það frv. hér á Alþingi? Það var Birgir Ísl. Gunnarsson, þáv. hæstv. menntmrh. Hvað stóð í grg. með því frv. um 8. gr.? Hvað stóð þar? Stóð þar að það mætti taka þessa peninga í rekstur skólans? Nei, það stóð ekki. Í grg. með 8. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Í 3. mgr. er skólanefnd veitt heimild til að ákveða upphæð ýmissa gjalda sem nemendur greiða, svo og meðferð þeirra. Gjöld af þessu tagi eru nú þegar innheimt við flesta skóla og teljast hluti af fjárreiðum skólanna. Hér er því ekki um að ræða neina breytingu frá ríkjandi ástandi."

Þegar hæstv. menntmrh. Birgir Ísl. Gunnarsson lagði þetta frv. fyrir Alþingi á sínum tíma sagði hann með öðrum orðum ekki bara: Það eru innritunargjöld í 8. gr., heldur segir hann líka: Þetta eru sömu gjöld og alltaf hafa verið innheimt og þau fóru ekki í rekstur skólanna. Þetta er ekki breyting frá því sem verið hefur. Ég tel þess vegna að í rauninni sé gjaldtakan í framhaldsskólunum að svo miklu leyti sem hún fer upp í rekstur þeirra ólögleg. En ég tel hins vegar að fái menntmrh. þetta frv. sem hér er til umræðu samþykkt, þá sé hann auðvitað að styrkja sína stöðu við skólagjaldatöku af öðrum skólum ef Alþingi lætur þetta frv. fara mótmæla- og möglunarlaust í gegn.

Hvað sagði síðan í ræðu hæstv. ráðherra, Birgis Ísl. Gunnarssonar og í grg. um 32. gr. á sínum tíma? Í 32. gr. segir, með leyfi forseta: „Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað framhaldsskóla ... Ríkissjóður greiðir allan launakostnað við kennslu ... Auk kostnaðar við kennslu greiðir ríkissjóður launakostnað við stjórnun, námsráðgjöf, störf í skólasafni, á skrifstofu, félagsstörf, eftirlit og umsjón með heimavistum og eignum skóla og annarra þeirra starfa er nauðsynleg teljast vera."

Bókstaflega allt er tiltekið og til þess að þetta sé alveg pottþétt þá segir í einni málsgreininni: „Auk launakostnaðar [sem búið er að telja upp áður] greiðir ríkissjóður annan rekstrarkostnað af starfsemi skólans," — þ.e. annan en launin sem búið er að telja upp — „viðhaldi húsa og tækja" að frátöldu því sem fram kemur í 33. gr. Hvað stendur þar? „Þar sem talið er nauðsynlegt að reka heimavist vegna framhaldsskóla greiðir ríkissjóður kostnað við umsjón og almennan rekstur. Nemendur bera sjálfir hluta sérgreinds kostnaðar í heimavistum, rekstri mötuneyta, skipulögðum skólaakstri og efniskaupum vegna verklegrar kennslu o.fl. samkvæmt ákvörðun skólanefndar, sbr. 8. gr., og sérstökum reglum sem menntmrh. setur."

Með öðrum orðum, þetta er svo samansúrrað í lagatextanum sjálfum að það getur ekki farið fram hjá nokkrum manni að það er óheimilt að leggja á skólagjöld í rekstur skólans. Og þegar Birgir Ísl. Gunnarsson lagði þetta mál fyrir þingið sem menntmrh., þá sagði í grg. með frv. um 32. gr.:

„Í 1. mgr. þessarar greinar er því slegið föstu að ríkissjóður greiði allan rekstrarkostnað framhaldsskóla." Það stendur ekki greiðir rekstrarkostnað framhaldsskóla heldur allan rekstrarkostnað framhaldsskóla. Og til að hnykkja enn frekar á þessu segir: „Hér er gert ráð fyrir þeirri breytingu að ríkissjóður einn skuli greiða rekstrarkostnað framhaldsskóla."

Það er því svo kristaltært að ef spurt er hver var vilji löggjafans þegar þessi lög voru sett á sínum tíma, þá er engin spurning um það, virðulegi forseti, að það var alveg klárt að Alþingi Íslendinga taldi að ríkið ætti greiða allan rekstrarkostnað framhaldsskóla. Menn skulu ekki halda hér í þessari virðulegu stofnun að þetta mál hafi ekki verið rætt á sínum tíma. Það var rætt vegna þess að áður var það þannig að ríkissjóður borgaði rekstrarkostnað sumra framhaldsskólanna að fullu, eins og menntaskólanna. En hann hafði hins vegar samvinnu við sveitarfélögin um rekstur ýmissa skóla, eins og t.d. Fjölbrautaskólans á Sauðárkróki, Fjölbrautaskólans í Breiðholti og fleiri slíkra skóla. Það var tekin um það ákvörðun að flytja þetta allt saman frá sveitarfélögunum og öðrum slíkum aðilum 100% yfir á ríkið.

Virðulegi forseti. Í þessu máli geta menn auðvitað verið þeirrar skoðunar að það sé í lagi að leggja á einhver skólagjöld en þetta mál snýst ekki bara um það. Það snýst ekki bara um hvort það er rétt eða rangt að leggja á skólagjöld. Það getur vel verið að menn hér í salnum og í þingliði stjórnarflokkanna séu þeirrar skoðunar að það sé í lagi að leggja á skólagjöld. Við erum ekki aðeins að tala um það, virðulegi forseti. Við erum að tala um hitt hvort Alþingi Íslendinga ætlar að líða lagafúsk, hvort Alþingi ætlar að líða það að framkvæmd laganna sé öll önnur en stendur í texta lögbókarinnar annars vegar og í ræðum viðkomandi ráðherra og í greinargerðum sem fylgt hafa viðkomandi frv. Ef ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar að það eigi að leggja á skólagjöld, þá á ríkisstjórnin auðvitað að hafa kjark til þess að breyta lögunum í samræmi við það og ekki að vera að teygja lögin í allt aðrar áttir en upphaflega ar stofnað til. Það er ekki verið að gera það hér, virðulegi forseti.

Ríkisstjórnin þorir nefnilega ekki að leggja til atlögu við breytingar á framhaldsskólalögunum sjálfum. Í staðinn ætlar hún að smygla inn skólagjaldaákvæðum í lög um búnaðarfræðslu og í lög um Tækniskóla Íslands. Ég held þess vegna að menn þurfi að gera greinarmun á því í þessari umræðu hvort annars vegar er verið að tala um hvort það er rétt eða rangt að leggja á skólagjöld og hins vegar hvort það er löglegt að standa að hlutunum eins og ríkisstjórnin gerir. Ég tel varðandi síðara atriðið að ríkisstjórnin eigi, ef hún vill hafa skólagjöld, að breyta framhaldsskólalögunum í samræmi við það.

Þá kemur að lokakaflanum í minni ræðu. Það er að ríkisstjórnin þorir ekki að reyna að breyta framhaldsskólalögunum af því að það er ágreiningur um það í stjórnarflokkunum. Alþfl. hefur ekki verið tilbúinn til

þess að breyta 32. gr. Alþfl. vill hafa það þannig að það standi í lögunum: „Ríkið greiðir rekstrarkostnað framhaldsskóla." Alþfl. hefur neitað að breyta því. Þess vegna þorir hæstv. ráðherra ekki með það mál hér inn í þingið af því að kratarnir hafa stoppað það. En Alþfl. hefur hins vegar fundið leið í þessum sálarkvöllum sínum og er honum sannarlega vorkunn á þessu sviði eins og flestum öðrum reyndar um þessar mundir jafnvel þó að hann hafi ratað í það víti sem er verst og heitir sjálfskaparvíti. Það er að Alþfl. ætlar að sveifla sér í land eins og á hundasundi út á 8. gr. sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson vitnaði hér til á dögunum. Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson spurði m.a.: Hver var það sem flutti á frv. á sínum tíma? Og ég upplýsti að það var Birgir Ísl. Gunnarsson, fyrrv. hæstv. ráðherra. Þessi grein var samþykkt af öllum þingmönnum hér, meira að segja þingmönnum Kvennalistans sem bera yfirleitt ekki ábyrgð á neinu hér í þessu vonda stjórnkerfi. Þeir samþykktu líka 8. gr. Þannig var nú það. Það er því hægt að veiða Kvennalistann líka inn í þessa voðalegu 8. gr. (Gripið fram í.) Nei, vegna þess að í 8. gr. er bara talað um tiltekinn kostnað nemenda í þrengsta skilningi en ekki rekstrarkostnaðinn, hv. þm.

Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson þekkir 32. gr. Þar sem stendur: „Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað framhaldsskóla." En ég ætla að rifja það upp, af því að hann var að koma í salinn, hvað stóð í greinargerðinni með frv. um framhaldsskóla á sínum tíma um 32. gr.? Þar stendur, með leyfi forseta:

„Í 1. mgr. þessarar greinar er því slegið föstu að ríkissjóður greiði allan rekstrarkostnað framhaldsskóla." Og síðan segir, með leyfi forseta í máli hæstv. menntmrh. á þeim tíma: „Hér er gert ráð fyrir þeirri breytingu að ríkissjóður einn skuli greiða allan rekstrarkostnað framhaldsskóla."

Ég held því fram að með því að gera tilraun til að smygla þessu máli inn núna séu menn að brjóta lögin og þá stefnu, hv. þm., sem mótuð er í ræðu menntmrh. Birgis Ísl. Gunnarssonar og í umsögn ráðherrans sjálfs um greinina.

Hvað stóð í greinargerð með 8. gr., hv. þm.? Það er hún sem kratarnir ætla að reyna að bjarga sér í land á, sveifla sér yfir gilið. Stóð að það ætti að nota peningana í rekstur út og suður? Nei, nei. Ég ætla að lesa það upp fyrir hv. þm. vegna þess að ég veit að hann hefur ekki lesið það sjálfur. Þar stendur:

„Gjöld af þessu tagi eins og talað er um í 8. gr. eru nú þegar innheimt við flesta skóla og teljast hluti af fjárreiðum skólanna. Hér er því ekki um að ræða neina meginbreytingu frá ríkjandi ástandi" stendur í frv. á sínum tíma. Við vitum að þessir peningar voru teknir í almennan rekstur skólafélaganna með ýmsum hætti eins og við þekkjum báðir meira og minna til eftir atvikum. (**GunnS:** Og engin breyting á þessari stefnu.) Það er breyting á þessari stefnu, hv. þm., vegna þess að núna eru þessi skólagjöld tekin í annan rekstur. Hefur hv. þm. kynnt sér það? Er hv. þm. að segja með þessu frammíkalli núna að hann muni snúast gegn þessum skólagjöldum ef þessir peningar eru teknir í annan rekstur en hér er tiltekið? Er hann að segja það? Það er skurðarpunktur í málinu. Ef hann er tilbúinn til að segja: Ég skal standa að þessu enda verða peningarnir ekki teknir í annan rekstur en þann sem talinn er upp í 8. gr., erum við sammála um málið. En núna er verið að taka peningana í annan rekstur en heimilaður er í 8. gr. Það er skurðpunkturinn í málinu. Ég skora á hv. þm. að kynna sér þetta til hlítar vegna þess að ef hann heldur að þetta sé sama framkvæmd og í gömlu 8. gr. þá hefur Sjálfstfl. verið að plata hann. Ég er alveg sannfærður um það að hann kærir sig ekkert um að láta Sjálfstfl. plata sig þó hann sé með honum í stjórn og er reyndar einn af örfáum þingmönnum Alþfl. sem hefur stundum þorað að æmta eða skræmta gagnvart ríkisstjórninni. Ég skora því á hv. þm. að kynna sér það hvort menn hafa ekki bara verið að plata hann. Það er ljótt að plata þingmenn, hæstv. ráðherra. Það er ljótt, það er ekki fallegt. (**Menntmrh.:** Það er rétt.) Það er rétt, segir hæstv. ráðherra. Það er ljótt. (**Menntmrh.:** Ég er heldur ekki að því.) Ja, það er nefnilega það, mér heyrist að hv. þm. hafi verið gabbaður. Það er vandinn. (**Menntmrh.:** Þingmaðurinn er búinn að ... í ræðustól núna.) Ég er alveg tilbúinn til þess að reyna að leysa þessi vandamál á milli stjórnarflokkanna úr ræðustólnum úr því að ég stend hérna mitt á milli þingmannanna, það er alveg guðvelkomið. Það er alveg greinilegt að hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni finnst að hann hafi verið plataður dálítið í málinu af því að það er verið að taka peninginn í annað. Það er verið að fara aftan að Alþingi og þeim vilja sem Alþingi tjáði í þessum skjölum þar sem eru umsagnir um 8. gr. og 32. gr. á sínum tíma.

Við skulum hins vegar segja að við köstum öllum þessum syndum á bak við okkur eins og segir í tilteknum texta og hv. þm. þekkir örugglega enn þá betur en ég, og skoðum bara þetta litla stjfrv. um Tækniskóla Íslands. Í fyrsta lagi gert ráð fyrir því, hv. þm., að taka upp ákveðin gjöld og þar er orðalagið nákvæmlega eins og í 8. gr. í framhaldsskólalögunum. En að auki, hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, er verið að fella niður 2. mgr. 1. gr. tækniskólalaganna, en þar stendur, með leyfi forseta: „Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði." Af hverju er verið að fella þetta niður? Ég skora á hv. þm. að kynna sér þetta líka því að það er þannig, hv. þm. og hæstv. forseti, ef það fer svo að þetta verður fellt niður þá stendur bara einn þáttur eftir, þ.e. skólagjöldin, til þess að bera uppi kostnaðinn við Tækniskólann. Nú hefur hæstv. menntmrh. sagt að hann ætli sér ekkert að hafa það þannig að ríkið hætti að borga í Tækniskólann. Ég veit allt um það, hæstv. ráðherra sagði það. En af hverju er þá verið að fella 1. gr. niður? Ég tel að sú staðreynd sé nægilegt tilefni spurningar minnar í gær. Er hæstv. ráðherra að smygla þessu inn með 1. gr.? Ég er í rauninni ekki að tala um 2. gr. í þessu frv. heldur 1. gr. Er hann að smygla þessu inn og alþýðuflokksmennirnir hafa ekki gert sér grein fyrir því? Ég tel að það séu rök fyrir því, hvað sem hver segir, að halda því fram að með því að samþykkja 1. gr. væru menn

að fallast á skólagjöld með beinni hætti en þeim að hafa 2. gr. eina hér inni.

Ég spurði að því í gær, virðulegi forseti, stendur Alþfl. að þessu frv.? Hæstv. menntmrh. sagði: Alþfl. samþykkti að þetta frv. yrði lagt fram sem stjfrv. Ég hlýt að endurtaka spurningu mína og spyrja hæstv. menntmrh.: Var það fyrirvaralaust af hálfu Alþfl.? Var það fyrirvaralaust? Kom enginn fyrirvari fram í bréfi Alþfl.? Ég veit ekki hvort það er þannig í þessari ríkisstjórn en þannig hefur það verið í þeim stjórnum sem ég hef setið í að viðkomandi ráðherra sendir bréf til viðkomandi þingflokks og þingflokkarnir svara með bréfi. Það var sérstaklega nauðsynlegt í síðustu ríkisstjórn af því að þingflokkarnir voru nú að sögn sumra stundum fjórir og hálfur eða svo sem studdu þá stjórn, þannig að það var eins gott að hafa reiðu á þeim hlutum. Nú eru flokkarnir að vísu ekki nema tveir þannig að það getur vel verið að þetta sé öðruvísi núna en ég hefði þó haldið að upp á röð og reglu væri skynsamlegra að skiptast á formlegum bréfum og erindum um svona mál. Ég spyr þess vegna: Hvað sagði Alþfl. í svari sínu? Hafði hann einhvern fyrirvara? Styður Alþfl. málið fyrirvaralaust? Er hann þar með að breyta um stefnu í þessum málum?

Ég vildi, virðulegi forseti, vekja athygli á nokkrum atriðum og tel mig hafa gert það í þessari tölu minni. Ég ber sérstaklega fram ákveðnar fyrirspurnir og ábendingar til hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar. Okkur gafst ekki kostur á því að skiptast á skoðunum í ræðustóli í gær nema í andsvaratíma sem er gagnslítið og þess vegna hlýt ég að ítreka það að ég óska eftir því að hann geri grein fyrir viðhorfi sínu í málinu og hvort hann hefur ekki áttað sig á því að með því að afgreiða 1. gr. eins og hér er gert ráð fyrir, eru menn að stíga feti framar en gert er ráð fyrir í 2. gr. í frv.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ástæðulaust að endurtaka það sem kom fram í andsvari mínu við ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar í gær þess efnis að hér væri ekki verið að leggja ný gjöld á nemendur í Tækniháskóla Íslands. Þvert á móti væri að samræma í frv. lög um Tækniháskólann því sem gildir um aðra skóla og nú hefur hv. þm. upplýst að hann hafi átt aðild að slíkum ákvæðum í öðrum lögum um aðra skóla og þess vegna er vart annað að skilja á máli hans en hann taki því undir þetta sjónarmið sem kemur hér fram í 2. gr. frv. Um það þarf því ekki lengur að deila.

Í öðru lagi er alveg ljóst af þessum tillögum sem liggja til breytinga í þessu frv. að ekki er verið á neinn hátt að breyta til um kostnaðarábyrgð ríkissjóðs af Tækniháskólanum. Það kemur t.d. greinilega fram í umsögn fjmrn. og er rétt að vekja athygli á skilningi þess á þessu frv. þar sem segir greinilega að hér sé ekki um að ræða nein áhrif á útgjöld ríkissjóðs vegna skólans. Eins og kemur fram í grg. með þessu frv. mun skólinn áfram verða á rekstrarábyrgð ríkissjóðs, en það verði ákveðið í fjárlögum eins og t.d. gildir um Kennaraháskóla Íslands með hliðsjón af lögum sem sett voru um hann árið 1992 og trúi ég því að hv. þm. Svavar Gestsson hafi einhverja aðild átt að þeim málatilbúnaði líka. Ég held að það þurfi því ekki að vera með neinar stórar yfirlýsingar um að hér sé verið að marka tímamót. Það er ekki. Aftur á móti er ég sammála hv. þm. um að við þurfum að taka skólamálin til umfjöllunar á öðrum grundvelli og það með heildarendurskoðun í huga og ég veit að við erum sammála um það að þar þarf að taka á ýmsu.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fór eins og mig grunaði að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson er líka að leka niður. Þegar annar hver stuðningsmaður Alþfl. sem eftir er er á móti stjórninni þá herðast þeir kratar heldur í stuðningi við stjórnina og skólagjaldastefnu hennar sem hafa þó verið að amla af og til eins og hv. 5. þm. Austurl. Hann gerir sér ekki grein fyrir því að þetta frv. eru tímamót af því að það er verið að fella út greinina um ríkisframlag og að ríkið standi undir kostnaði við Tækniskólann. Það eru tímamót. Ef þingmaðurinn skilur það ekki núna, þá mun ég hafa einhver ráð með það þótt síðar verði að rifja það upp fyrir bæði honum og öðrum að á þessari stundu hafi Alþfl. kastað þessu litla sem eftir var af stefnu hans í skólamálum líka fyrir róða.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átti síst af öllu von á því að hv. þm. Svavar Gestsson mundi snúa þessari orðræðu upp í tilfinningasemi og setja hana undir annað sjónarhorn en hér er verið að fjalla um. Það er alls ekki verið að fjalla um það að leggja á nemendur í skólunum nýja skatta eða ný gjöld. Þvert á móti er verið að samræma stefnu í skólamálum að þeirri stefnu sem hv. þm. Svavar Gestsson hefur sjálfur fylgt og lýst yfir að hann hafi greitt atkvæði með og stutt dyggilega. Ef eitthvað er verið að gera hér þá er einmitt verið að fylgja því eftir að breyta til samræmis við það sem hv. þm. hefur verið stuðningsmaður að, a.m.k. á meðan hann var sjálfur í ríkisstjórn. Það veit hann vel að við reynum að taka afstöðu hér til mála út frá málefnum og efnisatriðum og ég trúi því að hv. þm. muni halda því áfram í stjórnarandstöðu eins og í stjórn eins og mér hefur fundist hann hafa gert allt fram að þessu. Veldur það mér vonbrigðum ef á að fara að reyna að snúa einföldum málum, sem liggja ljós fyrir, upp í einhverja stjórnarandstöðu sem gerir ekki neitt annað en draga úr þeirri samstöðu sem við þurfum að byggja upp núna umhverfis skólana á þrengingartímum.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er greinilega erfitt mál. Hv. þm. skilur ekki hvað hann er að gera og það á kannski að fyrirgefa þeim sem vita ekki hvað þeir gera og það skal ég gera. En ég mun halda áfram að leiða honum fyrir sjónir að hann er á algerum villigötum. Hann er að kenna börnum nú um þessar mundir að þau eigi að leitast við af fremsta megni að gera tiltekna hluti. Ég tel að hann eigi eins og við allir hv. þm. að leitast við

af fremsta megni að segja satt og snúa ekki vísvitandi út úr hlutunum.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Hv. þm. Svavari Gestssyni þótti ekki sanngjarnt af mér eins og hann orðaði það að spyrja um skólagjöld við Samvinnuháskólann og talaði um að ég hefði dregið málefni Samvinnuháskólans inn í umræðuna. Tilefnið var það að í umræðum í gær var rætt um lánshæfni vissra námsbrauta og við vissa skóla. Þar var bæði nefnt Samvinnuháskólinn og fjarnámið við Kennaraháskóla Íslands og það var ástæðan til þess að ég kom inn á málið.

Hv. þm. spurði mig hvort ég væri tilbúinn að beita mér fyrir breytingum á lögum þannig að Verslunarskólinn og að mér skildist Samvinnuháskólinn líka heyrðu undir hina almennu löggjöf um framhaldsskólann. Þessi mál eru öll núna í endurskoðun þannig að ég ætla ekki að vera með neinar sérstakar yfirlýsingar í þeim efnum, en í fljótu bragði sé ég enga ástæðu til að vera að breyta þarna til. Ég sé ekkert óeðlilegt við að ríkið greiði þann kostnað sem það gerir t.d. við Verslunarskólann. Þar er ákveðin viðmiðun sem er grundvöllur að greiðslum ríkissjóðs. Það er í sem stystu máli kostnaður við skólahaldið í Menntaskólanum í Reykjavík og Menntaskólanum við Sund og auk þess er af mjög eðlilegum ástæðum greidd húsaleiga vegna þess að ríkið á ekki húsið og ég skil ekki hvers vegna er verið að agnúast út í það. Ríkið greiðir húsaleigu á fjölmörgum stöðum og m.a. vegna skólahalds. Það er ekkert einsdæmi að ríkið greiði húsaleigu vegna Verslunarskólans, það er fjarri því að vera einsdæmi. Mjög margir skólar eru í leiguhúsnæði.

Ég ætla ekki að draga skipan skólanefndanna inn í umræðuna. Það er eitt af því sem er ástæða til að endurskoða. Ég er ekki viss um að þær séu eðlilegast skipaðar eins og þær eru í dag. Mér finnst t.d. ekkert eðlilegt að kennarar séu allt í einu orðnir yfirmenn skólastjóranna vegna þess að þeir eiga sæti í skólanefnd. Ég tel að það þurfi endurskoðunar við og þess vegna ekkert sjálfgefið að það eigi að færa kerfið í Verslunarskólanum í sama horf eins og er í öðrum framhaldsskólum.

Ég á satt að segja svolítið erfitt með að átta mig á því hvers vegna við erum að deila um þetta. Eins og hefur komið fram hjá hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni og margsinnis hjá mér erum við að færa þessi ákvæði laganna um Tækniskóla Íslands til samræmis við það sem gildir um aðra skóla á háskólastigi. Það er það sem við erum að gera og það er ekkert verið að læða hér neinu inn eða reyna að gabba einhvern og síst af öllu samstarfsflokkinn. Það er aldeilis ekki verið að því. Þeir eru alveg með opin augu fyrir því sem þeir eru að gera og hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson hefur alveg skýrt það út. Það er verið að samræma en ekkert verið að fara hér á bak við neinn og því síður að það sé verið að gera hér einhverja mjög róttæka breytingu eins og hv. þm. Svavar Gestsson segir. Það er ekki verið að því.

Mikið er gert úr því að með 1. gr. sé verið að fella niður síðari mgr. 1. gr. í gildandi lögum sem segir að kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði. Þessi ákvæði eru ekki í lögunum um þá skóla sem ég taldi hér upp áðan, um Háskóla Íslands, um Háskólann á Akureyri, um Kennaraháskólann.

Ég tel liggja í augum uppi að frumgreinadeildin í Tækniskólanum fer eftir ákvæðum um framhaldsskóla þannig að það er ekki hin minnsta hætta á því að farið verði að leggja á skólagjöld vegna frumgreinadeildarinnar við Tækniháskólann eftir einhverjum öðrum lögum. (**SvG:** Af hverju stendur það ekki í frv.?) Það leiðir af sjálfu sér og ég er að segja það að við erum að færa þessi ákvæði til sama horfs og eru í lögunum um skóla á háskólastigi. Ég hef ekkert á móti því að hv. menntmn. athugi málið ef mönnum sýnist nauðsynlegt að taka þarna af öll tvímæli. Ég hef lýst því yfir að það er ekki verið að læða hér neinu inn, alls ekki.

Annað sem ég á afskaplega erfitt með að skilja í málflutningi hv. þm. Svavars Gestssonar er að það er alveg eins og það sé verið að leggja á skólagjöld í fyrsta skipti. Ég spurði einhvern tíma í fyrra hvar hv. þm. Svavar Gestsson hefði verið á meðan hann var í ráðherrastóli og horfði þá upp á það væntanlega þegjandi að það voru innheimt skólagjöld í nálægt öllum framhaldsskólum landsins. Ég lagði fram upplýsingar um það. Ég er með nýjar upplýsingar enn. (**SvG:** Þetta er útúrsnúningur.) Nei, þetta er enginn útúrsnúningur, hv. þm. Það er stundum látið að því liggja að innheimta skólagjalda í framhaldsskólakerfinu hafi eingöngu runnið til skólafélaganna, til nemendafélaganna. Ég hef það allt saman sundurliðað. Að vísu er í mörgum skólum miklu hærri upphæð sem rennur til skólafélaganna en skólanna sjálfra. Því miður er það svo eða hefur verið svo til skamms tíma að ýmsir þessara framhaldsskóla létu þessa ekki getið í fjárlagatillögum sínum að þeir innheimtu skólagjöld. (**KÁ:** Hvað var gert við þessa peninga?) Hvað var gert við þessa peninga? Við vitum það ekki nákvæmlega vegna þess að ráðuneytinu var ekki gerð grein fyrir því. Ég held að hv. þm. Svavar Gestsson geti staðfest það að hann vissi ekki nákvæmlega í ráðherratíð sinni hvað var gert við þessa peninga. Ég efast ekki um að þeir hafi allir runnið til hinna þarflegustu viðfangsefna í skólanum. (**SvG:** Fullkomin fölsun á veruleikanum.) Ég er með ýmsar upplýsingar um innheimtu gjalda í framhaldsskólakerfinu. Til er reglugerð um framhaldsskóla. Hún er nr. 105/1990. Hver ætli hafi verið ráðherra menntamála þá? Er nokkur vafi á því? Ég held ekki. Þar segir:

„Skólanefnd skal að fengnum tillögum skólameistara ákveða upphæð þeirra gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga, svo sem innritunargjalda, efnisgjalda, pappírsgjalda og nemendasjóðsgjalda ..“ og einnig þeirra gjalda „er nemendur skulu greiða vegna sérgreinds kostnaðar við rekstur mötuneytis, skipulagðan akstur, efniskaup til verklegrar kennslu, vegna leigu í heimavist“ o.s.frv.

Þetta eru gjöld sem hafa verið innheimt og það er enn þá verið að innheimta þau. (**SvG:** Skv. 33. gr. Þetta er allt annað mál, hæstv. ráðherra.) Þetta er líka

samkvæmt heimildum í 8. gr. framhaldsskólalaganna, það veit hv. þm. og ætti ekki að rugla þessu saman við ákvæði 32. gr. framhaldsskólalagnna sem taka af öll tvímæli um það að skólagjöld verða t.d. ekki innheimt til þess að greiða kennslukostnað. (**SvG**: En reksturinn?) Það liggur alveg ljóst fyrir. Rekstur? Það er ekki nægilega skilgreint. Það veit líka hv. þm. Hann beitti sér ekki fyrir því í ráðherratíð sinni að sett yrði reglugerð um innheimtu skólagjalda. Það er ég að láta undirbúa samkvæmt ákvæðum í gildandi lögum um framhaldsskóla. Sú reglugerð hefur aldrei verið sett þannig að mér finnst alltaf eins og verið sé að fara inn á braut núna með innheimtu skólagjalda sem aldrei hafi verið gengin áður. Það er bara rangt. Skólagjöld hafa a.m.k. verið innheimt frá því að framhaldsskólalöggjöfin var sett. Ég þekki ekki málið lengra aftur í tímann. Þessar upplýsingar liggja nú alveg fyrir. (**SvG:** Ekki reksturinn.)

Hefur hv. þm. sannanir fyrir því hvernig þeim skólagjöldum, sem hafa verið innheimt í hinum einstöku framhaldsskólum landsins frá 1988 og kannski fyrr, hefur verið varið? Ég hef þær ekki. (**SvG:** Ekki í rekstur.) Ekki í rekstur. Hefur hv. þm. alveg skýra greiningu á því hvað er rekstur og hvað eitthvað annað? (**SvG:** Er ráðherrann að bera þjófnað á ...) Nei, ég er ekki að því. Ég er ekki heldur að bera á þá lögbrot, alls ekki. En ég er að segja að reglugerð um innheimtu skólagjalda hefur ekki verið til og í raun og veru eru engin sérstök takmörk fyrir því hvað skólarnir hafa mátt innheimta og heldur ekki hvað þeir hafa innheimt. Ég hef allar þessar upplýsingar. Þetta er mjög misjafnt. Hæsta tala sem ég sé í innritunargjöldum í framhaldsskólakerfinu sýnist mér vera 16 þús. kr. og þá er ekki verið að tala um efnisgjöld, húsaleigu eða annað slíkt sem eru í mörgum tilvikum miklu hærri upphæðir. 11 þús., 10 þús. er í þó nokkuð mörgum skólum, 9 þús., 6 þús. o.s.frv. Í skólasjóð sé ég að fer hér mest í 12.700, ekki 16 þús., 12.700 en 3.300 til nemendafélags. Þannig er þetta og því er ekki neitt nýtt að sjá hér dagsins ljós, alls ekki og með þessum tillögum um breytingu á lögum um Tækniskóla er ekki verið að gera neina róttæka breytingu.

Hv. þm. spurði enn og aftur af hverju væri verið að fella niður ákvæðið í 1. gr. Ég er margbúinn að svara því. Það er einfaldlega vegna þess að verið er að samræma þetta löggjöf annarra skóla á háskólastigi en það er ekkert verið að læða einu né neinu hér inn. Þess vegna þarf heldur ekki að spyrja hvort það eigi að líða eitthvert lagafúsk eins og hv. þm. Svavar Gestsson spurði. Þetta er ekkert lagafúsk. Enn og aftur, hér er verið að samræma lögin um Tækniskólann annarri löggjöf.

Svo aðeins sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson er svo sem búinn að svara varðandi afstöðu Alþfl. Jú, við höfum þann hátt á eins og hv. þm. Svavar Gestsson þekkir vafalaust frá ráðherratíð sinni að það er skipst á bréfum milli flokka um hvort þeir samþykki framlagningu frumvarpa eða ekki. Ég hef hér afrit af bréfi Alþfl. varðandi þetta mál og það er svona:

„Þingflokkur Alþfl. hefur samþykkt að frv. til breytinga á lögum um Tækniskóla Íslands verði flutt sem stjfrv. með fyrirvara um breytingar á frv. í meðferð þingsins."

Þetta er hinn venjubundni fyrirvari sem þingflokkarnir hafa þegar þeir eru að samþykkja framlagningu frv. og er ekki neitt sérstakt um það að segja. Þetta er hið venjulega.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðalatriðið er það í þessu máli að skv. 32. gr. framhaldsskólalaganna stendur: „Ríkissjóður greiðir allan rekstrarkostnað framhaldsskólanna." Það hafa verið tekin skólagjöld í ýmislegt, bræðrasjóð í menntaskólanum og alls konar starfsemi á vegum skólafélaganna. Það gerist ekki bara frá 1988, heldur um áratuga skeið. En núna ...(gripið fram í). Ýmislegt slíkt, en núna 1993 og 1992, hv. þm., er það í fyrsta sinn sem þessi gjöld eru tekin inn í þessa bók sem heitir fjárlög íslenska ríkisins og notuð til að lækka ríkisframlögin til skólanna. Hv. þm. er líka í fjárln. og af hverju segir hann ekki satt? Af hverju gerir hann sér ekki grein fyrir því að það er búið að gera skólagjöldin upptæk í ríkissjóð? (**Forseti:** Forseti bendir hv. þm. á að hann er að veita andsvar við ræðu ráðherra, ekki hv. þm.) Ég er nákvæmlega að veita andsvör við ræðu ráðherra, hæstv. forseti, og mér þykir athyglisvert að hæstv. forsetar skuli vera farnir að beita sér fyrir því að menn séu svo nákvæmir í andsvörum sem hæstv. núv. forseti gerir og spyr hvort hv. forsætisnefnd hafi tekið það mál sérstaklega fyrir. (**Forseti:** Það segir í þingsköpum, hv. þm.) Já, ég kannast við þau vegna þess að ég átti aðild að því að þau voru skrifuð á sínum tíma, en ég kann ekki að meta ábendingu hæstv. forseta. Ég verð að segja það.

Aðalatriðið er það að menn eru að leggja á skatta á nemendur í framhaldsskólum. Það verður Alþfl. að skilja þó að hæstv. menntmrh. hafi platað Alþfl. að sinni, en ég bendi þingmanninum á það sem kom fram hjá hæstv. menntmrh. að Alþfl. hefur í bréfi sínu fyrirvara við samþykki þessa frv. óbreytts þannig að hann getur enn þá sloppið fyrir horn með þetta tímamótamál þar sem verið er að strika út stuðning við skóla úr ríkissjóði.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er beinlínis rangt hjá hv. þm. að það sé í fyrsta sinn sem skólagjöld séu tekin inn í fjárlög. Hins vegar er rétt að það gengur núna yfir alla skólana. Einstakir skólar á framhaldsskólastigi hafa í gegnum árin, ég veit ekki hve langt aftur, greint frá við fjárlagatillögur sínar innheimtu skólagjalda og að sjálfsögðu hefur það komið inn í fjárlög. En nú er í fyrsta sinn sem þetta er tekið inn í fjárlögin í öllu framhaldsskólakerfinu. Þetta vildi ég að kæmi fram.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Nú mun ég hlíta ábendingum hæstv. forseta mjög nákvæmlega og þakka hæstv. menntmrh. fyrir það að hann staðfestir tímamótin. Í fyrsta sinn í sögunni eru

gjöld sem tekin eru af nemendum tekin inn í fjárlög íslenska ríkisins til að lækka framlög til skólanna frá því sem ella hefði verið. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að viðurkenna það að hér eru tímamót á ferðinni, hafa birst í fjárlögum en núna á að staðfesta með nýjum lögum um Tækniskóla Íslands.

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna ákvæða í fjárlögum þess eðlis að Tækniskólanum sé gert að afla sér sértekna upp á 7,1 millj. kr., sem dregst þá frá rekstrarkostnaði skólans þegar sú upphæð er reiknuð út hvað skólinn þarf að fá á fjárlögum, vil ég spyrja hæstv. menntmrh. hvort þetta séu ekki skólagjöldin sem þessi upphæð hljóðar upp á. Þar sem það hefur komið fram í umræðunni að Verslunarskólinn fær leigutekjur frá ríkinu þá spyr ég hæstv. ráðherra hvort Samvinnuháskólinn fái einnig tekjur frá ríkinu þar sem hann er ekki rekinn í ríkishúsnæði. Það er skömm að ég skuli ekki vera betur að mér þar sem ég sit í skólanefnd Samvinnuháskólans eins og margoft hefur komið hér fram, en ég viðurkenni að ég veit þetta ekki.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki við höndina sundurliðun á sértekjum Tækniskólans en það er alveg ljóst að það sem reiknað kann að hafa verið með í fjárlögum vegna skólagjalda verður ekki innheimt nema þessi heimild fáist. Það liggur alveg ljóst fyrir. Ég hef heldur ekki upplýsingar um framlag ríkisins til Samvinnuháskólans við höndina.

Guðrún J. Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur komið í ljós í umræðunum að skólagjöld sem nú eru innheimt eiga ekki að vera notuð til rekstrar eða byggingar skóla. Í Tækniskóla Íslands eru 476 nemendur á haustönn og borgar hver nemandi 3.600 kr. í skólagjöld eða innritunargjöld eða hvað það kallast, nema nýnemar. Þeir borga 4.100 kr. Það er vegna þess að þeir fá námsvísi. Þeir fá líka að greiða 800 kr. í bókasjóð og svo er borgað í nemendafélagið 2.150 kr. en svo kemur skrýtin tala. Þeir borga 550 kr. í byggingarsjóð. Getur hæstv. ráðherra skýrt það fyrir mér hvernig stendur á því að nemendur eru nú þegar byrjaðir að borga í byggingarsjóð í Tækniskólanum?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, ég get því miður ekki upplýst hvaða byggingarsjóður þetta er, en ég hef einhvern veginn ekki trú á því að þeir séu að safna í sjóð fyrir ríkið til þess að byggja yfir Tækniskólann. Ég get því miður ekki upplýst hvaða byggingarsjóður þetta er. En þetta gefur mér tilefni til þess að kanna það.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er að mínum dómi mjög þörf umræða sem hér á sér stað vegna þess að það er ekki rétt sem fram hefur komið hjá hæstv. menntmrh. að hér sé verið að gera einfalda breytingu á lögum um Tækniskóla Íslands til samræmis við aðra skóla á háskólastigi. Hér erum við að fara í gegnum mjög mikla grundvallarumræðu um skólagjöld og stefnuna í þeim málum.

Við höfum lengi vitað það eða frá því að þessi ríkisstjórn tók til starfa að hún hefur haft í hyggju að koma á skólagjöldum. Það kom fram strax sumarið 1991 eftir að þessi stjórn tók til starfa. **(GunnS:** Skólagjöldin hafa verið innheimt í 20–30 ár.) Ég bið þingmanninn að hafa biðlund. Ég ætla að koma að því máli hér síðar.

Það kom fram í máli hæstv. menntmrh. þegar sumarið 1991 að hann hafði í hyggju að koma á skólagjöldum, en þegar þing tók til starfa kom í ljós að mikil andstaða var við slíkt í Alþfl. sem við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1992 kom í veg fyrir að sérstök skólagjöld yrðu innheimt í framhaldsskólum landsins. Sú vörn féll við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1993. Þá komum við að því sem hv. þm. var að kalla hér fram í að skólagjöld hafi verið innheimt hér áratugum saman. Þarna er að mínum dómi um miklar rangfærslur að ræða. Þetta getur að vísu verið spurning um það hvað við köllum hlutina og hvernig við skilgreinum skólagjöld, hvort við erum að tala um einstök gjöld sem hafa verið innheimt í framhaldsskólunum og hér hafa mikið verið til umræðu eða hvort við erum að tala um það að nemendur fari að borga rekstur skólanna. Þannig hefur það ekki verið í langsamlega flestum tilvikum. Í fyrra þegar umræða um skólagjöld hófst eða fyrir afgreiðslu fjárlaganna 1992 þá hringdum við nokkrir þingmenn í hvern einasta framhaldsskóla á landinu og spurðum um það hvernig þessum peningum væri varið, við hringdum í hvern einasta framhaldsskóla. Ég hef ekki trú á því að þeir sem þar urðu fyrir svörum hafi verið að gefa okkur rangar upplýsingar vegna þess að þeim upplýsingum bar mjög saman, bæði við það sem ég þekki úr framhaldsskólunum og við það sem maður vissi að gengur og gerist í skólunum. Þessi mál hafa einfaldlega verið með þeim hætti að það hafa verið innheimt gjöld sem að mestum hluta hafa runnið í sjóði nemenda. Í þeim skóla, þar sem ég kenndi áður en ég komst á þing, voru innheimtar 1.000 kr. fyrir leikhúsmiða. Það þótti rétt að gera það að hausti til meðan nemendur ættu einhverja peninga og væru búnir að borga miðann fyrir fram og síðan minnir mig að 2.000 kr. hafi farið í svokölluð pappírsgjöld eða innritunargjöld. Nú vil ég fá að upplýsa hv. þm. um það til hvers þeir peningar voru notaðir ef hann vildi nú vera svo vænn að hlusta, en þeir voru m.a. notaðir til þess að styðja nemendur sem áttu í erfiðleikum. Þeir voru notaðir til þess að styðja leiklistarsýningu skólans. Þeir hafa verið notaðir til þess að efla kór. Það sama gildir um aðra framhaldsskóla á landinu og get ég þar nefnt sem dæmi Menntaskólann við Hamrahlíð sem heldur uppi einhverju merkilegasta kórstarfi sem um getur hér á landi en aðrir nemendur hafa lagt sitt af mörkum í svokölluðum innritunargjöldum til þess að styðja þessa starfsemi. Peningarnir hafa verið

notaðir til slíkra hluta. Það sem er að gerast hér er einfaldlega það að farið er að gera ráð fyrir því að skólarnir innheimti ákveðnar upphæðir í svokallaðar sértekjur og farið er að reikna þær tekjur inn í rekstur skólanna.

Þó eru hér afar sérkennilegir hlutir sem ég kann ekki að skýra og væri gott ef hæstv. menntmrh. gæti skýrt það fyrir okkur. Hér hefur nokkuð verið rætt um Verslunarskólann og Samvinnuháskólann í Bifröst. Ég veit ekki hver skólagjöldin eru í Verslunarskólanum núna fyrir þennan vetur en í fyrra voru þau 37 þús. kr. á nemanda. Ef hæstv. menntmrh. er að rökstyðja það hér að fjárlögin eigi að spegla kostnaðinn við skólann hlýtur það að gilda varðandi Verslunarskólann líka og er honum samkvæmt fjárlögum ætlað að innheimta 4,6 millj. kr. í sértekjur. Það er ljóst að skólagjöldin eru ekki inni í þeirri tölu. Það er alveg augljóst mál því að Verslunarskólinn er mjög stór skóli sem á samkvæmt fjárlögum að afla sér 4,6 millj. en Tækniskólinn sem hér er til umræðu á að afla sér 7,1 millj. Ég spyr hver er skýringin á þessu. Það er alveg augljóst að skólagjöld Verslunarskólans sem eru m.a. notuð í rekstur, í tækjakaup og fleira, enda er hann einkaskóli, hann er skilgreindur sem einkaskóli þó að ríkið borgi megnið af kostnaðinum.

Ég er ekki alveg sammála hv. þm. Svavari Gestssyni um þessa skóla. Ég get út af fyrir sig samþykkt það að menn reki skóla ef þá langar til. Ef menn reka einkaskóla og hafa aðstöðu til þess að afla til þess mun meiri fjár en aðrir fá þá eiga þeir líka að borga það sjálfir. Þá á ríkið ekkert að standa undir þeim rekstri. Ég sé engin rök fyrir því.

Hitt er annað mál að það er auðvitað ágætt og gott mál að hafa hér verslunarskóla en menn verða bara að gera svo vel að greina á milli ríkisskóla annars vegar og einkaskóla hins vegar. Auðvitað er hægt að hugsa sér einhvern blandaðan rekstur en þá er líka eðlilegt að ríkið komi að stjórn skólans.

Mér finnst að í þessari umræðu um skólagjöld sé verið að blanda tvennu saman. Það er alveg augljóst mál hvað gerðist með fjárlögunum 1992 að þá var háskólanum gert samkvæmt fjárlögum að afla sér aukinna sértekna. Fé til hans var skorið svo mikið niður að skólinn átti ekki annarra kosta völ og hér er einfaldlega verið að opna fyrir það, hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, að hið sama gerist í Tækniskólanum. Það er verið að opna fyrir það að Tækniskólinn fari að innheimta skólagjöld í svipuðum mæli og gert er í Háskóla Íslands. Ég veit reyndar ekki hvað skólagjöldin eru há í Kennaraháskólanum en ég veit þess dæmi að fólk hefur hætt við að innrita sig í Háskóla Íslands vegna þess hve skólagjöldin eru orðin há. Skólinn tekur til sín 17 þús. kr. af hverjum nemanda. Það finnst kannski sumum ekki há upphæð en þegar fólk er að reka heimili og ala upp börn þá munar um slíkar upphæðir. Þegar búið er að skerða lánasjóðinn og þrengja að námsmönnum með þeim hætti sem raun ber vitni þá munar fólk um slíkar upphæðir. Ég veit þess dæmi og það gildir fyrst og fremst um konur að þær hafa orðið að hætta við að fara í nám vegna þess hvernig ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. er að herða að þessu fólki. Ég þarf ekki að taka það fram að ég er algerlega mótfallin þessari stefnu. Ég er þeirrar skoðunar og við kvennalistakonur að í því skólakerfi, sem við teljum til ríkisskóla, eigi fólk að eiga frjálsan aðgang að námi og það sé röng stefna að sækja sífellt meira í vasa nemenda.

Það hefur komið fram að nú eru innheimtar 4.100 kr. af nemendum í Tækniskóla Íslands og samkvæmt upplýsingum þaðan telur skólinn sig ekki hafa haft neinar heimildir til þess að innheimta önnur gjöld. Þessar 4.100 kr. hafa fyrst og fremst runnið til nemenda eins og hér kom fram. En á fjárlögum tvö ár í röð hefur verið gert ráð fyrir sértekjum fyrir Tækniskólann og ég hlýt að spyrja hvernig það bil hefur verið brúað. Hvernig hefur Tækniskólinn brúað það bil sem þarna hefur greinilega vantað upp í tekjuöflun skólans? Hvernig stendur á því að ár eftir ár eru settar inn í fjárlög sértekjur á þennan skóla og hann hefur engar heimildir til þess að afla sér þeirra sértekna? Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Hvers konar lagasetning er þetta? Fjárlög eru lög. Ég horfi á hv. þm. Gunnlaug Stefánsson sem situr í fjárln. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Það er alveg makalaust að horfa upp á svona lagað. Hér er loksins undir vor árið 1993 verið að reyna að afla skólanum þessarar heimildar sem ég er reyndar algerlega á móti að veita honum. En þetta eru auðvitað alveg fráleit vinnubrögð.

Við minnumst þess að fyrir síðustu jól komst í gegn að innheimt yrðu skólagjöld í framhaldsskólanum, þ.e. aukin gjöld miðað við það sem verið hefur. Gert er ráð fyrir 3.000 kr. gjaldi á nemanda. Það bætist auðvitað ofan á það sem fyrir er því að ekki stendur til að skerða nemendasjóðinn, eða hvað? Stendur það til? Ætlar ríkið að fara að skipta sér af því? Ætlar ríkisstjórnin að fara með puttana í það? Það væri fróðlegt að fá það upplýst hér. (**Menntmrh.:** Það stendur ekki til.) Nei, það er gott að vita það, enda kemur það ríkinu ekkert við hvernig nemendur afla sér tekna meðan það er gert með löglegum hætti. Ég harma það að ríkisstjórnin skuli vera að færa sig inn á svið skólanna með þessum hætti og koma hugsanlega í veg fyrir það að nemendum sem eiga í erfiðleikum verði hjálpað því að auðvitað er verið að skerða fé til skólanna. Auðvitað er verið að gera þeim að afla sér tekna með öðrum hætti en verið hefur.

Ég get ekki látið hjá líða að koma aðeins inn á það sem kom fram í máli hæstv. menntmrh. varðandi skólanefndirnar. Það er reyndar annað mál og heyrir svo sem ekki undir Tækniskólann en hér hefur ýmislegt komið til umræðu sem varðar skólana almennt. Ég hef heyrt þetta sjónarmið frá skólameisturum að þeim þyki hart við það að búa að kennarar sitji í skólanefndum og lendi þar hugsanlega í meiri hluta, en ég tel það nú svo sjálfsagt mál að kennarar eigi aðild að skólanefndum og starfsmenn skólanna aðrir og nemendur og foreldrar að það þurfi bara ekki að tala um svoleiðis lagað. Það reynir auðvitað á þegar menn lenda kannski í einhverjum deilum hvar meiri hlutinn liggur. En skólameistarar eru auðvitað ekki neinir ókrýndir stjórnend-

ur. Við erum að tala um lýðræðislega stjórnarhætti í stórum fyrirtækjum sem skólar eru auðvitað. Þar koma margir að og því betri sem samvinnan er og því fleiri sem koma að stjórn skólanna, því betra. Það er a.m.k. mín reynsla og það er ekki síst sem hlutur nemenda er oft afar góður þegar þeir koma með ýmsar góðar tillögur og þeir eru auðvitað í hópi nemenda og heyra um ýmislegt sem aflaga fer og það hefur að mínum dómi verið mjög til góðs að nemendum var veitt aðild að stjórnum skólanna.

Ég vil að lokum minna á það, virðulegi forseti, að reynslan úr Háskóla Íslands hefur sýnt okkur það að þegar einu sinni er búið að setja skólunum stólinn fyrir dyrnar með þeim hætti sem raun ber vitni á undanförnum tveimur árum þá eiga skólarnir auðvitað ekki annarra kosta völ en að fara út í það að innheimta há skólagjöld. Ég kalla það ekki skólagjöld, sem innheimt hafa verið, vegna þess að þau hafa ekki farið í rekstur skólanna. Menntmrh. kom inn á það hvað er rekstur og hvað er ekki rekstur. Í umræðu sem varð um skólamál haustið 1991 rakti sú sem hér stendur hvernig málum er háttað í Háskóla Íslands. Ég kynnti mér alveg sérstaklega hvernig þeim málum var háttað áður en skólagjöld voru hækkuð þar og ég held að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson hefði afar gott af því að hlusta á það. Þá voru innheimt gjöld upp á 7.700 kr. í Háskóla Íslands en þau eru nú um 23.000 kr. Af þessum 7.700 kr. runnu 5.700 til stúdenta og skiptust á milli stúdentaráðs og Félagsstofnunar stúdenta þannig að háskólinn fékk 2.000 kr. í sinn hlut. Þeir peningar voru notaðir til þess að borga skólaskírteini, myndatöku, kennsluskrána og vottorð sem nemendur þurftu að fá. Peningarnir fóru til þjónustu við nemendur. Það má kannski kalla það rekstur. Þetta er auðvitað hluti af nauðsynlegri þjónustu en samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk þegar ég var að kanna þetta dugðu þessir peningar hvergi nærri fyrir þessu. Menn geta rétt ímyndað sér hvað kennsluskrá Háskólans kostar, það er engin smábók. Við þurfum auðvitað að skilgreina hvað við meinum með orðinu skólagjöld. Við sem erum andstæðingar skólagjalda og teljum ríkisstjórnina vera á mjög rangri braut í þessu erum auðvitað fyrst og fremst að tala um að ekki verði farið lengra inn á þá braut að láta nemendur standa undir almennum rekstri, svo sem tækjakaupum, kennslu og öllu því sem er í kringum rekstur eins skóla. Við erum að tala um það hvaða stefna eigi að ríkja hér í skólamálum og það er alveg ljóst að um það eru skiptar skoðanir. Hér er ríkisstjórn sem dreymir um að einkavæða á öllum sviðum og dreymir um það að koma á svokölluðum þjónustugjöldum sem víðast og hefur reynt allt hvað hún getur og er því miður búin að vinna mikið tjón, m.a. í heilbrigðiskerfinu. Það er auðvitað í samræmi við þá stefnu sem verið er að færa sig upp á skaftið í skólagjöldunum. Þetta er stefna sem ég er andvíg. Ég tel að við eigum að hafa góða ríkisskóla til þess að halda hér uppi almennri og góðri menntun til að tryggja það að fólk hafi jafnan aðgang að námi en ég get líka samþykkt það að fólk fái að reka hér skóla af ýmsu tagi ef það hefur til þess vilja. En það getur ekki ætlast til þess að aðrir séu að borga fyrir ýmiss konar sérréttindi. Það get ég ekki fallist á.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta eru orðnar allsérstakar umræður og kannski var ástæða til að ræða það nákvæmlega hvaða skilning stjórnarandstæðingar eins og síðasti hv. þm. og fleiri leggja í þessi svokölluðu skólagjöld. Ég hef litið svo á að þau gjöld sem stundum voru nefnd nemendagjöld og innritunargjöld og alls konar gjöld og nemendur greiddu áður en þessi ríkisstjórn kom til valda hafi oft verið nefnd skólagjöld. Það sem ég var að leggja áherslu á þegar það kom til umræðu að hækka skólagjöldin í framhaldsskólunum var að við mundum ekki leggja meiri byrðar á skólafólkið í framhaldsskólunum en fyrri ríkisstjórnir hafa gert hingað til.

Kjarni þessa máls sem nú er til umræðu fjallar ekki um það hvort verið er að hækka gjöld á nemendur í Tækniháskóla Íslands, hann fjallar ekki um það. Það hefur enginn hv. þm. bent á það að verið sé að hækka gjöld í Tækniháskóla Íslands. Í öðru lagi hefur enginn hv. þm. haldið því fram að nemendagjöldin í framhaldsskólunum í framhaldi af þeirri breytingu að skrá þau í fjárlög, hafi hækkað. Enginn haldið því fram hér í ræðu og það er athyglisvert að það hefur enginn verið með upplýsingar um slíkt. (**SvG:** Hvað fer í rekstur?) Þá er spurt um það, hvað er rekstur í framhaldsskólunum? Þegar ég var í barnaskóla og gagnfræðaskóla, það eru orðin allmörg ár síðan, þá borgaði ég pappírsgjald og ég borgaði prófgjald. Kannski getur hv. þm. Svavar Gestsson upplýst þingið um það hvort það er rekstur. En ef það er ekki rekstur, hvað er það þá?

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég benti á það í ræðu minni áðan hver þróunin hefur orðið í Háskóla Íslands. Menntmrh. heldur því fram að verið sé að samræma lög og ég dreg af því þá ályktun að með því að breyta þessum lögum sé einfaldlega verið að opna fyrir það að Tækniskóli Íslands komi á háum skólagjöldum. Eins og hér hefur komið fram hafa verið innheimtar 4.100 kr. sem hafa runnið í nemendasjóð og við skulum halda nemendagjöldunum fyrir utan umræðuna. Gjöld til skólans hafa ekki verið innheimt í Tækniskólanum. Þeir hafa ekki talið sig hafa heimild til þess samkvæmt því sem mér var sagt í skólanum í gær. Með frv. er verið að opna fyrir það að farin verði sama leiðin í Tækniskóla Íslands og í Háskóla Íslands að skólagjöldin séu stórhækkuð. Ég er því andvíg. Við höfum horft upp á það að nemendum hefur stórfækkað í Tækniskóla Íslands vegna þess hvernig Alþfl. og fleiri hafa staðið að því að breyta lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Telja menn að það sé þetta sem við þurfum? Við erum að tala um það að við þurfum að mennta þjóðina, okkur vanti tæknimenntað vinnuafl og við þurfum að byggja hér upp atvinnulíf. Svo eru menn að sauma að skólum eins og Tækniskóla Íslands. Hvert leiðir þetta, hv. þm.? Þetta er röng stefna. Við eigum að útvega þessum skólum það fé sem þeir þurfa og

þegar hv. þm. gengur með mér í það að spara í heilbrigðiskerfinu með fyrirbyggjandi aðgerðum þá skulum við tala um það hvernig við skipuleggjum aðra málaflokka í þjóðfélagi okkar. Það þýðir ekkert að benda á það að menn geti ekki sagt hvaðan peningarnir eiga að koma eða hvert menn ætla að sækja þá og það sé ekki verið að hækka skólagjöld. Það er verið að opna fyrir það að innheimta há skólagjöld í Tækniskóla Íslands. Við getum náð okkur í peninga með öðrum hætti og við skulum gera það, hv. þm.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér talar hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir eins og hæstv. ríkisstjórn hafi tekið upp á því fyrst allra ríkisstjórna að leggja á skólagjöld eða nemendagjöld í landinu. (**Gripið fram í:** Í rekstur.) Það virðist ekki hafa þurft nein lög allt frá því að þessi ríkisstjórn kom til valda til þess að innheimta skatta af nemendum til skólastarfsins. Við skulum þá hætta að tala um rekstur og við skulum þá bara kalla það skólastarfið. Það er langtum viðtækara og eðlilegra og réttlátara.

Hv. þm. Svavar Gestsson, þáv. menntmrh., tók ekki einu sinni eftir því að það voru einhver gjöld borguð í þessum skóla og það hefur komið fram hér í umræðunum og það þurfti engin lög til. Þess vegna spyr ég hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur sem á eftir að svara hér í andsvari: Hvaða ástæða er til að ætla að þessi lagabreyting muni hvetja til þess að innritunargjöld í Tækniháskóla Íslands verði hækkuð ef Tækniháskóli Íslands og aðrir skólar fram að þessu hafa hvorki þurft að spyrja kóng né prest hvort þeir hækki eða lækki skólagjöldin yfir höfuð? Það kemur greinilega fram á þeim mismunandi skólagjöldum sem í gildi eru. Sums staðar eru þau mjög lág. Sums staðar eru þau mjög há. Skólarnir virðast hafa þetta alveg á sínu valdi hversu há þessi gjöld eru þannig að við erum í raun og veru ekki að tala hér um kjarna málsins og lög hafa ekkert haft um þetta að segja fram að þessu.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn einu sinni verðum við að greina annars vegar á milli einkaskóla og ríkisskóla, á milli skólagjalda sem renna að hluta til til reksturs skóla og hins vegar á milli gjalda sem nemendur eru að innheimta. Það hefur staðið um það deila í Háskóla Íslands hvort nemendum beri skylda til þess að greiða þau gjöld sem þar er verið að innheimta. Sumir hverjir telja sig geta staðið þar utan við. En staðreyndin er sú eins og hér hefur margoft komið fram að nemendur hafa innheimt gjöld og ég get ekki séð hvað bannar þeim það. Reyndar hafa skólarnir séð um þessa innheimtu. Síðan renna þeir peningar í sjóði nemenda og síðan hefur þetta ákveðna pappírsgjald verið tekið. (**Gripið fram í:** Ekki nema hluti af því.) Megnið af upphæðinni, virðulegi þingmaður. (**GunnS:** Varðar það ekki helming?) Hann verður að gera svo vel og nefna mér dæmi um það. Eins og ég sagði hér í ræðu minni áðan, þá hringdum við í hvern einasta framhaldsskóla á landinu. Þegar þingmaðurinn kemur út í skóla eins og Verslunarskóla Íslands gilda þar bara allt önnur lögmál vegna þess að það er einkaskóli sem innheimtir nálægt 40 þús. kr. eða jafnvel meira núna í nemendagjöld sem eru m.a. notuð í tækjakaup og ýmiss konar rekstur. Það er mjög vel búið að Verslunarskóla Íslands. Það er best búni skóli á landinu. Það er vegna þess að þeir hafa getað innheimt há skólagjöld. Þeir virðast hafa til þess heimild. Ég þekki ekki lögin um Verslunarskóla Íslands það vel að ég viti hvernig því er varið. Ég þarf að fletta því upp í lagasafninu. En við verðum að greina þarna á milli. Það eru einkaskólar og það eru ríkisskólar og ástæðan fyrir því að ég er á móti þessu er sú að reynslan frá Háskóla Íslands sýnir okkur það að þannig er búið að skólunum að þeir verða að hækka skólagjöldin.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Hv. 9. þm. Reykv. hefur óskað að bera af sér sakir.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Austurl., sem er kominn í mjög krappa stöðu blessaður, fullyrti áðan að menntmrh. hefði í minni tíð ekki tekið eftir því að það hefðu verið lögð á innritunargjöld í skólum. Ég þarf ekki annað en vísa til þeirrar reglugerðar sem ég setti um starfsemi framhaldsskóla til þess að staðfesta að þetta er afskaplega ómerkilegur áburður og til marks um að hv. þm. er holdi klætt rökþrota bú hér í ræðustólnum og vandi hans liggur í því að hann hefur samþykkt að það verði tekin skólagjöld í rekstur skólanna sem hann vill núna kalla skólastarfið eins og hann orðaði það. Þar er auðvitað nákvæmlega um það sama að ræða.

Ég held, virðulegi forseti, að þessi umræða hafi leitt mjög skýrt í ljós að nemendur framhaldsskólanna í landinu hafi ákveðið í skólafélögunum að taka tiltekin gjöld, eins og félagsgjöld og algengt er að taka. Stundum hefur þetta verið notað í annað. Það er alveg rétt hjá hæstv. menntmrh. Þetta hefur verið notað t.d. í bræðrasjóð Menntaskólans í Reykjavík sem hefur verið notaður til þess að styrkja nemendur utan af landi sem hafa stundað þar nám. En það er jafnrétt sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði að ef það á að taka peninga af þessum innheimtum í almennan rekstur, þá þýðir það minna svigrúm til að styrkja efnalitla nemendur og það er skrýtin jafnaðarstefna að fallast á fyrirkomulag af því tagi sem dregur úr jöfnunarmöguleikum að þessu leytinu til.

Ég taldi og tel að það hafi verið eðlilegur hlutur að setja ákvæði 8. gr. í framhaldsskólalögin á sínum tíma, en mig óraði ekki fyrir því að sú grein yrði misnotuð eins og núna er verið að gera, misnotuð með þeim hætti að það er verið að taka peninga samkvæmt þessari grein í almennan rekstur skólanna. Út á þetta gengur málið og það er vandinn sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson stendur frammi fyrir, að hann hefur samþykkt að skattleggja nemendur framhaldsskólanna með sérsköttum sem ganga til þess að greiða rekstrarkostnað skólanna. Jafnaðarmannaflokkur Íslands hefur sam-

þykkt að leggja sérstaka skatta á nemendur framhaldsskólanna og það er eðlilegt að hann geri tilraunir til þess að sverta störf annarra af því tilefni, en ég vísa því algerlega frá mér um leið og ég lýsi því yfir, virðulegi forseti, að vissulega finn ég til með hv. þm. því að hann er í vonlausri stöðu.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrr í þessum umræðum í dag upplýsti hæstv. menntmrh. að það væri verið að endurskoða stöðu frumgreinadeildarnema í Tækniskólanum og viðlíka nema í skólanum á Bifröst og víðar. Ég undirstrika að mér finnst þetta vera ljós punktur í þessum umræðum. Mér finnst ánægjulegt að heyra að þarna sé hugsanlega að koma leiðrétting sem svo sannarlega er mikilvæg. Fólkið sem fer í það nám sem hér er um að ræða er yfirleitt eldra en það sem er í hinum vanalegu framhaldsskólum landsins og á hreinlega ekki skilgreiningarsamleið með því. Þess vegna vildi ég fagna því.

Það að setja skólagjöld á þetta fólk er náttúrlega mjög vafasamur hlutur. Ég get ekki betur séð en ef það er rétt að Tækniskóli Íslands eigi að hafa 7,1 millj. í sértekjur á þessu ári, þá sé það um það bil 15 þús. kr. á hvern nemanda skólans. Auðvitað getur vel verið að Tækniskólinn geti fengið tekjur á einhvern annan hátt en innheimta þær af nemendum, en ég get ekki séð hvaða leið það er. Hvað það er sem þeir hafa til að hafa tekjur af annað en hreinlega skólagjöld?

Mér finnst alveg einboðið að gera stóran greinarmun á þeim innritunargjöldum sem nú eru við lýði og hugsanlega 15 þús. kr. skólagjöldum til viðbótar við þau því það er greinilegt að það fé sem nú kemur inn getur aldrei farið í rekstur skólans eða orðið að sértekjum skólans nema ef það gætu verið þessar umræddu 550 kr. í byggingarsjóð sem mér finnst sérkennileg tala.

Þegar ég sá að það voru greiddar 550 kr. í byggingarsjóð hvarflaði að mér sá hugsanlegi möguleiki að þetta væri fyrir sumarbústað nemenda eða eitthvað því um líkt, en ef þessar 550 kr. eru vísir að því að verið er að innheimta fé af nemendum í byggingu skólans sjálfs þá er þarna kominn vísir að því sem ekki má gerast, þ.e. að nemendur séu farnir að standa undir rekstri skólans. Það er sárt til þess að vita ef á að fara að herða eitthvað að nemendum einmitt í Tækniskólanum á sama tíma og við erum að hafa miklar áhyggjur af því að tækni- og iðnnám og verkmenntun almennt í landinu eigi undir högg að sækja.

Þetta vildi ég undirstrika við ráðherra og hvetja hann til að standa góðan vörð um endurskoðunina á möguleikum nemenda á fyrstu árum þessara skóla til að fá námslán. Það er ábyggilega grundvallaratriði til þess að nemendur komi í þessa skóla.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Menningarsjóður, 1. umr.

Stjfrv., 306. mál (heildarlög). — Þskj. 475.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um Menningarsjóð á þskj. 475. Frv. felur í sér að menntamálaráð verður lagt niður og hlutverk nýs Menningarsjóðs skilgreint með markvissari hætti en áður var. Lögð er áhersla á að hlutverk Menningarsjóðs er að veita fjárhagslegan stuðning til útgáfu þeirra bóka á íslenskri tungu sem verða mega til eflingar íslenskri menningu, eins og segir í 1. gr. Það er ekki gert ráð fyrir að Menningarsjóður standi sjálfur í útgáfu bóka.

Á síðari hluta ársins 1991 varð ljóst að fjárhagserfiðleikar þeir, sem Bókaútgáfa Menningarsjóðs hefur átt við að stríða um nokkurt skeið, voru svo alvarlegir að í rekstrarþrot stefndi. Menntamálaráð, sem kjörið var að loknum alþingiskosningum 1991, hafði gert allt sem í valdi þess stóð til að rétta af fjárhag útgáfunnar en sýnt þótti að á árinu 1992 stefndi í þrot ef ekki yrði gripið til róttækra aðgerða.

19. sept. 1991 samþykkti menntamálaráð m.a. að óska eftir því við menntmrh. að lögum um menningarsjóð og menntamálaráð, nr. 50/1957, yrði breytt og hlutverk hans skilgreint að nýju.

Þetta væri auðvelt að skilgreina með tilliti til breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu. Aðrar stofnanir hefðu tekið við hlutverkum sem skilgreind eru í fyrrnefndum lögum. Þar vó þyngst að losna við útgáfuna í núverandi mynd, eins og sagði efnislega í samþykkt menntamálaráðs.

Þessari samþykkt var komið á framfæri við menntmrh. í bréfi formanns menntamálaráðs frá 19. sept. 1991.

2. okt. 1991 ritaði menntmrh. bréf til formanns menntamálaráðs þar sem fallist var á tillögur ráðsins og að skipaður yrði sérstakur starfshópur til að vinna að framgangi málsins.

Af hálfu menntamálaráðs voru formaður, Bessí Jóhannsdóttir, og varaformaður, Helga Kristín Möller, tilnefndar í starfshópinn sem ráðherra skipaði 10. okt. 1991. Frá menntmrn. kom Ólafur Arnarson, aðstoðarmaður ráðherra, sem var formaður hópsins.

Starfshópnum voru falin tvö verkefni:

1. Endurskoða lög nr. 50/1957, um menningarsjóð og menntamálaráð.

2. Gera verkáætlun varðandi útgáfustarfsemi Menningarsjóðs er miði að því að hún verði lögð niður á árinu 1992 og hefja framkvæmd í samráði við menntmrh.

Í fjárlögum 1992, sem voru samþykkt á Alþingi 22. des. 1991, er í 6. gr. lið 6.13 heimild til handa fjmrh. „Að semja um ráðstöfun eigna og skulda Menningarsjóðs". Þar kom fram skýr vilji Alþingis til að gera upp Bókaútgáfu Menningarsjóðs og ganga frá eignum og skuldum sjóðsins.

Í ljósi framangreinds vann starfshópurinn verkáætlun þar sem miðað var við að ganga frá eignum og skuldum Menningarsjóðs á árinu 1992. Lokaatriðið í

þeirri verkáætlun var að leggja frv. fyrir Alþingi sem fæli í sér að Bókaútgáfa Menningarsjóðs yrði lögð niður.

Starfshópurinn hefur unnið að gerð þessa frv. Eftir fráfall Helgu Kristínar Möller tók Hlín Daníelsdóttir sæti hennar í starfshópnum, enda hafði hún tekið við varaformennsku í menntamálaráði.

Svo kann að vera að nauðsyn hafi verið á beinni þátttöku ríkisins í útgáfu á menningarbókmenntum á þeim tíma sem lög nr. 50/1957 voru samþykkt. Ljóst má vera að engar slíkar forsendur eru fyrir hendi núna. Það sýnir metnaðarfullt starf sjálfstæðra bókaútgefenda á undanförnum árum.

Hinu er ekki að leyna að oft og tíðum eru vönduð verk, með menningarlegt gildi, dýr í útgáfu og sölumöguleikar takmarkaðir. Því er nauðsynlegt að ríkið hafi einhver ráð til að styrkja útgáfu slíkra verka. Með þessu frv. er lagt til að ríkisvaldið geti styrkt útgáfu vandaðra verka, án þess að vera beinn aðili að útgáfu þeirra, og að þeir fjármunir sem til slíks eru ætlaðir nýtist sem best í verkefnin sjálf.

Um einstakar greinar frv. get ég verið stuttorður. Í 1. gr. er hlutverk Menningarsjóðs skilgreint. Sjóðnum er ætlað að veita fjárhagslegan stuðning til útgáfu þeirra bóka á íslenskri tungu sem eiga að verða til eflingar íslenskri menningu. Markmið eru skýr. Þetta er sjóður sem styrkir útgáfu bóka en stendur ekki sjálfur í bókaútgáfu.

Í 2. gr. kemur fram breyting frá lögum nr. 50/1957. Í stað þess að Alþingi kjósi menntamálaráð er gert ráð fyrir að ráðherra skipi stjórn Menningarsjóðs. Eðlilegt er að menntmrh., sem ber stjórnskipulega ábyrgð á störfum stjórnarinnar, skipi hana. Þá er í þessari grein tryggt að stjórn Menningarsjóðs endurspegli á hverjum tíma þær áherslur sem í gildi eru í mennta- og menningarstefnu ríkisstjórnar. Það tryggir ákvæðið um að stjórnarmenn sitji ekki lengur en sá ráðherra sem skipaði þá. Gert er ráð fyrir að menntmrn. sjái stjórninni fyrir fundaraðstöðu og annarri þeirri þjónustu sem þörf er á til að hún geti gegnt hlutverki sínu.

3. gr. er efnislega samhljóða 3. gr. laga nr. 50/1957.

Skv. 4. gr. er ekki lengur gert ráð fyrir Menningarsjóður styðji listgreinar sem aðrir sjóðir og stofnanir hafa með að gera samkvæmt ýmsum lögum. Megináhersla er á það lögð að sjóðurinn styðji útgáfu bóka án þess þó að stunda sjálfur bókaútgáfu eins og áður hefur komið fram. Þá er veitt svigrúm til stuðnings við aðra menningarstarfsemi líkt og gert er í lögum nr. 50/1957, þó háð reglugerðarákvæðum.

5. og 6. gr. þarfnast ekki skýringa.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að 15 millj. kr. frá uppgjöri á Bókaútgáfu Menningarsjóðs renni til Menningarsjóðs á árinu 1993.

Með því að lög nr. 50/1957 eru felld úr gildi með þessu frv., ef að lögum verður, fellur jafnframt úr gildi skerðingarákvæði í fjárlagafrv. 1993 á mörkuðum tekjustofni Menningarsjóðs. Hér er því gert ráð fyrir að a-liður 3. gr. komi ekki til framkvæmda á árinu 1993. Áhrif þessa eru óbreytt frá því sem orðið hefði að óbreyttum lögum.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér hefur hæstv. menntmrh. mælt fyrir frv. til laga um Menningarsjóð. Ég get sagt það strax að ég hef ýmislegt við þetta frv. að athuga og kannski þá sérstaklega við vinnubrögðin við að leggja niður menntamálaráð og Menningarsjóð hinn forna. Þar voru einstök vinnubrögð viðhöfð. Ég hef líka sitthvað að athuga við stjórnskipan þessa nýja sjóðs og hvernig hugmyndir eru uppi um að afla honum tekna. Ég get hins vegar tekið undir það sem kemur fram í 1. gr. að það sé ástæða til að styðja útgáfu þeirra bóka á íslenskri tungu sem verða megi til eflingar íslenskri menningu.

Hæstv. ráðherra komst svo að orði áðan að það hefði sjálfsagt verið ástæða til þess að ríkið tæki þátt í bókaútgáfu þegar gömlu lögin um menningarsjóð voru samþykkt. Mér fannst eins og það lægi í orðunum að það væri ekki meiningin að ríkið gerði það áfram, en þó gengur þetta frv. reyndar út á að svo verði áfram þó það verði með öðru sniði.

Ég ætla ekki að fara í mjög löngu máli yfir forsöguna. Við höfum á hv. Alþingi nokkrum sinnum tekið fyrir málefni Menningarsjóðs og menntamálaráðs í tengslum við það að meiri hluti stjórnar lagði niður starfsemina án þess að lög væru felld úr gildi um að menntamálaráð og Menningarsjóður skyldu standa fyrir bókaútgáfu. Þessi vinnubrögð hafa verið gagnrýnd, ekki bara af okkur stjórnarandstæðingum á hv. Alþingi heldur einnig af — hæstv. ráðherra gæti kannski sagt sem svo — virtari mönnum í þessu þjóðfélagi. Það kom t.d. fram í áliti frá umboðsmanni Alþingis að í þessu sambandi nægði ekki heimild í fjárlögum fyrir fjmrh. til þess að semja um ráðstöfun eigna og skulda sjóðsins, en slík heimild var samþykkt með fjárlögum árið 1992 eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra.

Þá hefur Sigurður Líndal einnig látið sig þetta mál varða. Hann skrifaði grein í Morgunblaðið, laugardaginn 16. maí 1992, þar sem hann fjallar mjög ítarlega um þetta mál og hefur ýmislegt við vinnubrögð meiri hluta Menningarsjóðs og hæstv. ríkisstjórnar að athuga í þessum efnum. Ég hef grun um að hv. 18. þm. Reykv. ætli að fara nánar í þau mál og ætla því ekki að gera það.

Ég sagði að ég hefði líka ýmislegt við stjórnskipan að athuga. Mér finnst ekki eðlilegt að hæstv. menntmrh. skipi alla stjórnin þannig að sjóðurinn sé í sjálfu sér pólitískt verkfæri í höndum ráðherra. Um mál sem þessi, menningarmál, á að geta ríkt mikil samstaða í þjóðfélaginu og ég tel æskilegra að þarna komi fleiri að og aðilar í þjóðfélaginu tilnefni t.d. í stjórnina heldur en að þetta sé gert á þennan hátt. Nú veit ég að hæstv. menntmrh. gerir sér grein fyrir því að Sjálfstfl. kemur ekki alltaf til með að fara með menntmrn. og ég vil biðja hann að hugsa til þess tíma — þá verður skipt algerlega um stjórn — og hvort hann telji þetta fyrirkomulag æskilegt fyrir menningu þessa lands. Þegar um svo viðkvæm málefni er að ræða sem útgáfu bóka

þá finnst mér alveg sjálfsagt að þar komi fleiri að og vil endilega beina því til hæstv. ráðherra hvort þetta sé ekki mál sem við getum tekið til endurskoðunar í menntmn. og komið með brtt. við og hann hugsanlega stutt.

Svo er það í sambandi við tekjuhliðina. Þar er lagt til að gamla fyrirkomulagið gildi eins og kemur fram í a-lið 3. gr., með leyfi forseta: „Gjald af aðgöngumiðum að kvikmynda- og skuggamyndasýningum og dansleikjum skv. 8. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt." Og í öðru lagi: „Fjárveiting sem veitt er á fjárlögum hverju sinni."

Um þennan skemmtanaskatt lagði ég fram fyrirspurn á 113. löggjafarþingi vegna þess að þetta eru mjög gömul lög, frá 1970, og ekki í nokkru samræmi við það þjóðfélag sem við lifum í í dag. Ég leyfði mér þá að spyrja hæstv. fjmrh. hvort það stæði ekki til að breyta reglum og lögum um skemmtanaskatt í samræmi við aðrar breytingar og einföldun í skattkerfinu. Þá var svarið þetta, með leyfi forseta: „Það er óhjákvæmilegt að taka núverandi tilhögun skemmtanaskatts til athugunar í tengslum við hinar umfangsmiklu skattbreytingar sem nú hafa átt sér stað. Mun þess óskað að fjmrn. eigi um það samvinnu við menntmrn. að undirbúa slíka athugun."

Síðan hefur ekkert gerst að því er ég best veit. Nú ætlar hæstv. menntmrh. að fara að gera þessi úreltu lög að aðalatriðinu í tekjuöflun fyrir þennan nýja sjóð. Af því að hann var að gera sérstaklega lítið úr gömlu menningarsjóðslögunum vegna þess að þau væru svo gömul og hefðu kannski verið í takt við þann tíma þegar þau voru sett þá vil ég beina því til hans hvort það megi ekki vera að þessi lög um skemmtanaskatt, þó ég viti að þau heyra ekki undir hann, séu orðin það úrelt að ekki sé ástæða til að byggja á þeim varðandi þetta nýja frv. og væntanlegu þessi nýju lög.

Það kom m.a. fram í svari við fyrirspurn minni um skemmtanaskattinn að það eru nær eingöngu kvikmyndahúsin sem skila einhverjum skemmtanaskatti. En veitingahús skila svo til engu þrátt fyrir að í lögum um skemmtanaskatt standi í 2. gr., með leyfi forseta:

„2. flokkur. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

Af skemmtunum, sem til þessa flokks teljast, greiðist 15% skattur af brúttóverði seldra aðgöngumiða.

3. flokkur.

a. Dansleikir allir, hvort sem einstök félög eða danskólar stofna til þeirra eða þeir eru haldnir fyrir allan almenning, enn fremur dansæfingar, er standa fram yfir kl. 11 að kvöldi. Haldi félag dansleik og sé aðgangur ókeypis er lögreglustjóra heimilt að ákveða skattinn."

Í 8. gr. þessara laga kemur fram, með leyfi forseta:

„Leggja skal sérstakt gjald á alla selda aðgöngumiða samkvæmt 2. flokki 2. gr., að undanteknum kvikmyndasýningum fyrir börn, og að dansleikjum skv. a-lið 3. flokks sömu greinar. Nemur gjald þetta 1,5% af brúttóverði seldra aðgöngumiða að kvikmyndahúsum og 3% af brúttóverði seldra aðgöngumiða að dansleikjum."

Þetta er nú tekjustofninn sem hæstv. menntmrh. hugsar sér að nýta sér í þessu sambandi. Sannleikurinn er sá að þessi löggjöf er algerlega úrelt. Það skilar sér ekki sem veitingahúsin ættu að skila. Auk þessi gildir þetta ekki um öll kvikmyndahús. Tvö kvikmyndahús eru undanskilin, bæði Háskólabíó og Laugarásbíó.

Mér finnst það veikja svo stöðu þessa frv. að ætla að byggja tekjuöflunina á þessum úreltu lögum að mér finnst þetta eiginlega vera allt saman hálfgert grín. Ef sjóðurinn, sem er þó til staðar samkvæmt lögum í dag, hefði fengið, því hann átti líka að fá þessar tekjur, þessar tekjur sem honum bar samkvæmt lögum þá hefði sú staða með Menningarsjóð og menntamálaráð aldrei komið upp, sem hæstv. ráðherra kom inn á hér í sínu máli, að þar hefði allt verið komið í þrot. Þá hefði sú staða hreinlega ekkert komið upp.

Það væri athyglisvert ef þessar tekjur færu allt í einu núna að skila sér til Menningarsjóðs þó það séu komin einhver ný lög. Mér segir svo hugur að þetta sé allt saman hálfgert grín og þetta sé fyrst og fremst til að leggja niður gömlu lögin og þessi menningarsjóður verði „jafnlamaður" og hinn fyrri innan mjög stutts tíma.

Hitt er annað mál að þessar 15 millj. sem urðu til vegna uppgjörs Bókaútgáfu Menningarsjóðs eiga að renna til bókaútgáfu þó á þessu ári. (**Menntmrh.:** Nei, ekki á vegum ríkisins. Því verður hætt.) Með leyfi forseta, stendur hér: „Ákvæði til bráðabirgða. Á árinu 1993 skulu 15 millj. kr. frá uppgjöri Bókaútgáfu Menningarsjóðs renna til Menningarsjóðs í stað framlags á fjárlögum." Ég get ekki skilið þetta öðruvísi en að þessar 15 millj. eigi að renna til sjóðsins í ár og síðan á næsta ári eigi ákvæði 3. gr. að taka gildi. (**Menntmrh.:** Við hættum bókaútgáfunni.) Hætta bókaútgáfu, já, mér er kunnugt um það. En hæstv. ráðherra hyggst taka hana upp að nýju væntanlega. (**Menntmrh.:** Nei.) Nei, ekki bókaútgáfu, að styrkja ákveðna útgáfu. Það er ekki það sama. Rétt skal rétt vera.

Hæstv. forseti. Mér finnst þetta vera hálfgert yfirklór eins og hefur komið fram í máli mínu. Ég hef samt fullan hug á að skoða þetta mál í hv. menntmn. þar sem ég á sæti með jákvæðu hugarfari því að vissulega hljómar 1. gr. fagurlega. Stjórnina vildi ég sjá einhvern veginn allt öðruvísi og tekjuöflunina öruggari.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Í frétt sem birtist í DV, 5. maí 1992 hygg ég muni vera, er haft eftir menntmrh., með leyfi forseta: „Áður en hægt er að leggja fram lagafrv. þess efnis [þ.e. að leggja niður Menningarsjóð] þarf að ganga frá eignum og uppgjöri Menningarsjóðs. Þegar því er lokið legg ég frumvarpið fram." Þetta er haft eftir hæstv. menntmrh. Í dag er 9. mars 1993 og þá loks hefst umræða um þetta frv. En það finnst mér ekki skipta mestu máli í þessu efni heldur hitt að ég tel að það hafi verið staðið afar sérkennilega að þessu máli. Ég er algerlega ósammála þeirri aðferð sem hér hefur verið viðhöfð að byrja á að ráðstafa eignum Menningarsjóðs og gera upp skuldir og koma síðan með frv. sem felur það í sér að leggja niður mennta-

málaráð og Menningarsjóð. Alþingi stendur þá frammi fyrir gerðum hlut. Við stöndum einfaldlega frammi fyrir gerðum hlut. Ef í ljós kæmi að það væri alls ekki meiri hluti á Alþingi fyrir þessu frv. hvað gætum við þá gert? Það er búið að ráðstafa húseignunni. Það er búið að selja burtu útgáfuréttinn á öllum gullkálfum Menningarsjóðs. Hvar stæðum við þá? Við yrðum að byrja algerlega frá grunni. Nú getur menntmrh. að sjálfsögðu haldið því fram að hann hafi meiri hluta fyrir þessu máli en það á eftir að koma í ljós.

Málið er það að mér finnst þetta vera að byrja á öfugum enda. Það á að sjálfsögðu að byrja á að afla sér lagaheimilda til að leggja þessa stofnun niður ef vilji er til þess. Eins og hér hefur komið fram þá hefur verið vitnað bæði í umboðsmann Alþingis og Sigurð Líndal lagaprófessor sem töldu að hér væri staðið rangt að málum. 6. gr. fjárlaga hefur ekki gildi umfram önnur lög í landinu. Ég tel að hér hafi einfaldlega verið um lagabrot að ræða af hálfu stjórnar meiri hlutans í menntamálaráði og menntmrh. Það er óhjákvæmilegt að við í menntmn. förum rækilega ofan í gang þessa máls vegna þess að eftir því sem ég þekki til er hér um alveg einstaka málsmeðferð að ræða. Maður hefur aldrei séð eða heyrt annað eins og það hvernig staðið hefur verið að þessum málum.

Ég ætla aðeins að rekja sögu þessa máls. Það var árið 1928 sem Jónas Jónsson frá Hriflu, þáv. menntmrh., lagði fram lagafrv. á Alþingi, frv. til laga um menntamálanefnd Íslands eins og það hét þá. Með því frv. var einfaldlega verið að ná undir einn hatt ýmiss konar menningarstarfsemi og úthlutunum af hálfu ríkisins til þess að einhvers staðar væri yfirsýn yfir það mál. Eins og sjá má á núgildandi lögum hafa ýmis verkefni haldist inni hjá menntamálaráði sem löngu er búið að vísa annað og í rauninni alveg furðulegt að menn skuli ekki fyrir löngu hafa farið út í það að breyta þessum lögum. Það gildir m.a. um starfsemi Listasafns Íslands, styrki til námsmanna og annað slíkt. En það er svolítið skemmtilegt að geta þess, þó ég sé svo sem ekki í neitt sérstaklega góðu skapi út af þessu máli, að á þessum tíma naut Eimskipafélag Íslands skattfrelsis og í staðinn veitti Eimskipafélagið ungum stúdentum ókeypis far sem voru að fara til Kaupmannahafnar í háskóla. Það var afnumið með lagabreytingum árið 1956.

Þá gerðist það að þáv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, lagði fram tillögur um breytingar á menntamálaráði og Menningarsjóði. Það væri afar fróðlegt fyrir alþýðuflokksmenn að lesa þá ræðu að maður tali nú ekki um hæstv. núv. menntmrh. Það kemur í ljós að þá höfðu menn aðrar hugmyndir um hlutverk ríkisins í menningarmálum en hægt er að lesa út úr stefnu núv. ríkisstjórnar. Það er augljóst að menn töldu m.a. skyldu sína þá að styðja við bakið á bókaútgáfu. Enda er það svo að það á sér stað töluvert mikil bókaútgáfa á vegum ríkisins og ríkisstofnana svo og sjálfstæðra opinberra stofnana eins og hins háa Alþingis. Við fengum í gær í hendur bók sem Alþingi hefur staðið að í samvinnu við Sögufélagið. Ég er reyndar að leggja fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um bókaútgáfu á vegum ríkisins. Það væri afar fróðlegt að fá yfirlit yfir hana. Það vaknar einmitt sú spurning hvort ekki sé nauðsynlegt að það sé til samræmd bókaútgáfa á vegum ríkisins sem er reyndar svolítið annað mál en menningarleg útgáfa af því tagi sem var hjá Menningarsjóði.

Þegar kemur að okkar dögum var alveg ljóst um leið og nýtt menntamálaráð hafði verið kosið vorið 1991 að þar væri von ýmissa tíðinda. Það fór að vísu hægt af stað og ef litið er í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, Velferð á varanlegum grunni, er þar ekkert sem gaf til kynna hvað var yfirvofandi í menntamálaráði og hjá Menningarsjóði. En það var afar sérkennilega að þessum málum staðið af hálfu meiri hluta menntamálaráðs. Þáverandi formaður menntamálaráðs — sem reyndar er nú aftur orðin formaður en henni var vikið frá með vantrausti en tók síðan völdin að því er sumir telja með ólöglegum hætti — skrifaði bréf til menntmrh. sem er reyndar ódagsett en hefur verið haldið fram að hafi verið skrifað 19. sept. 1991. Formaðurinn skrifar það á sinn eigin sérmerktan pappír og það er því ekki á vegum menntamálaráðs. Ég vil benda á að það er ekki rétt með farið í grg. frv. þar sem er vitnað í þetta bréf eins og um samþykktir menntamálaráðs sé að ræða. Í grg. frv. segir, með leyfi forseta:

„19. sept. 1991 samþykkti menntamálaráð m.a. að óska eftir því við menntmrh. að:

„Lögum um Menningarsjóð og menntamálaráð nr. 50/1957 verði breytt og hlutverk hans skilgreint að nýju.““

Þetta er beint upp úr bréfi formannsins. Reyndar urðu miklar deilur út af fundargerð þessa fundar vegna þess að formaðurinn vildi halda því fram að eitthvað í þessa veru hefði verið samþykkt en fundarritari, Helga Kress, var á allsendis annarri skoðun, enda eru þessar fullyrðingar í algerri andstöðu við þær tillögur sem formaðurinn lagði fram í menntamálaráði 19. sept. og er getið í fundargerð og eru í mörgum liðum. Tillögur upp á þrjár blaðsíður þar sem um er að ræða endurskipulagningu á starfsemi sjóðsins. Ekki er hægt annað að skilja en að það standi mikið til í menntamálaráði og í bókaútgáfunni. Alls konar markaðsvæðing og endurskipulagning á þessari bókaútgáfu. Ég fæ því ekki betur séð en að formaðurinn hafi gert eitt með vinstri hendinni og annað með þeirri hægri. En upp úr þessu spruttu miklar deilur. Menntmrn. svaraði þessu bréfi formannsins og þá strax kom fram að menntmrn. leit svo á að þarna hefði verið um samþykkt ráðsins að ræða sem hvergi er staðfest í fundargögnum. Á grundvelli þess var settur af stað starfshópur, eins og kom fram í máli hæstv. menntmrh., sem greinilega var falið það hlutverk að leggja bókaútgáfuna niður, þvert á þær uppbyggjandi tillögur sem formaðurinn hafði lagt fram á þessum fundi 19. sept.

Í framhaldi af því hófst það starf að leggja niður starfsemina. Það hófst með þeim hætti að farið var að kanna lager bókaútgáfunnar og það var haldin útsala um áramótin 1991/1992 sem skilaði allverulegum fjármunum. Síðan var farið að undirbúa að selja útgáfu-

rétt og ganga frá ýmsum skuldum.

Í athugasemdum með þessu frv. segir, með leyfi forseta: „Á síðari hluta ársins 1991 varð ljóst að fjárhagserfiðleikar þeir, sem Bókaútgáfa Menningarsjóðs hefur átt við að stríða um nokkurt skeið, voru svo alvarlegir að í rekstrarþrot stefndi.“ Hér er stórt fullyrt en það kom í ljós þegar farið var að vinna í málunum og uppgjör liggur fyrir að 15 millj. kr. hagnaður er af öllu dæminu. Ef rétt hefði verið að málum staðið er ekki víst annað en það hefði verið hægt að rétta við fjárhaginn. Það var ekki betur haldið á málum en svo að Orðabók Menningarsjóð, sem hefur verið ein helsta sölubók forlagsins, var ekki til. Bækur, sem greinilega voru góðar sölubækur á jólabókamarkaði, voru prentaðar í svo litlu upplagi að þær seldust upp eins og skot og voru ekki einu sinni svo margar að það næði upp í kostnað. Þarna var náttúrlega staðið svo fráleitlega að málum að það tekur engu tali og það fólk sem þarna var í forustu, fyrst og fremst formaður ráðsins, hagaði sér með þeim hætti og tók slíkar ákvarðanir að það var alveg ljóst hvað henni gekk til. Það átti að leggja þessa útgáfu niður án þess að til þess væru nokkrar lagaheimildir.

Fulltrúar Kvennalistans og Framsfl. í menntamálaráði voru afar ósáttar við þau vinnubrögð sem þarna voru viðhöfð og fulltrúi Kvennalistans, Helga Kress, varð að grípa til þess ráðs að senda langan spurningalista til formannsins til þess að reyna að fá svör við því hvað væri eiginlega að gerast og hvað stæði til því ekki fengust þau svör á fundum. Að lokum leituðu þær Helga Kress og Áslaug Brynjólfsdóttir til umboðsmanns Alþingis vegna þess að þær töldu sér einfaldlega ekki fært að sinna þeim störfum sem þeim var gert af hálfu Alþingis þar sem þær voru kjörnir fulltrúar.

Í umræðunni um þessi mál hefur gjarnan verið vísað til heimilda á fjárlögum en eins og ég nefndi áðan er auðvitað hægt að kyrkja stofnanir og starfsemi með því að veita engu fé til þeirra en það breytir ekki því að það gilda ákveðin lög um þessa starfsemi og þeim sem eru kjörnir af hálfu Alþingis til þess að halda utan um þessar stofnanir ber auðvitað að fara eftir lögum. Í lögum um Menningarsjóð og menntamálaráð kemur fram að hlutverk þess er m.a. að annast bókaútgáfu. Þegar fólk horfir upp á það að fulltrúar meiri hlutans vinna jafnt og þétt að því að brjóta lög og leggja niður bókaútgáfuna án heimilda þá er auðvitað ekki von á öðru en að fólk búist til varnar. Það er afar merkilegt í þessu máli að fylgjast með og velta fyrir sér þætti hæstv. menntmrh. Mér er það minnisstætt að hæstv. viðskrh. hefur haft við orð þegar menn hafa borið undir hann ákvarðanir bankaráða, t.d. Landsbankans, að hann skiptir sér ekki af því sem þar fer fram. Það séu stjórnir sem eru kjörnar af Alþingi og hann segi þeim ekki fyrir verkum. En það gildir nú eitthvað annað um menntmrh. þegar menntamálaráð er annars vegar því það verður ekki betur séð en að meiri hlutinn í menntamálaráði hafi fyrst og fremst þjónað skipunum menntmrh. og ekki farið að lögum. Formaður ráðsins lagði fram tillögu á fundi í menntamálaráði sem gekk út á það að menntamálaráð samþykkti þvert á gildandi lög að leggja niður bókaútgáfuna. Það leiddi til þess að það var lýst yfir vantrausti á formanninn, einfaldlega vegna þess að formaðurinn lagði fram tillögu sem aðrir í ráðinu, meiri hluti ráðsins á þeim tíma, töldu ganga gegn lögum.

Þessi gangur mála varð til þess að það var kjörin ný stjórn í menntamálaráði og varð af mikill bægslagangur en mér er spurn: Hvað vildi hinn nýi meiri hluti? Hver var stefna hans? Það var ekki verið að kynna sér það, menntmrh. var ekki að kynna sér það hver sú stefna var. Það urðu umræður um þingsköp þegar Alþfl. kaus nýjan fulltrúa í menntamálaráð vegna þess að varamaðurinn sem tók sæti aðalmanns vildi ekki hlýða þeim skipunum að samþykkja tillögur sem gengu á móti gildandi lögum. Þá urðu umræður og það kom greinilega fram í þeim að það væri nánast alveg sama hvað væri gert. Það átti bara að vaða áfram og menn höfðu ekkert kynnt sér hvað hinn nýi meiri hluti vildi gera. Fékk Alþingi tækifæri til þess að kynna sér það hvað þeirra kjörnu fulltrúar ætluðu að gera þarna — hinn nýi meiri hluti? Nei. Það var bara kjörinn nýr fulltrúi og síðan var byrjað að pressa og pressa til þess að reyna að ná völdum á nýjan leik enda var, að því er ég best veit, búið að segja upp starfsfólkinu og allt að komast í eindaga af hálfu meiri hlutans, en hinn nýi meiri hluti fékk ekki einu sinni tækifæri til þess að kynna stefnu sína hvað þá annað. En eins og menn muna var síðan boðað til fundar í byrjun ágústmánaðar 1992 og, að því er margir telja, algjörlega á ólöglegan hátt var formaðurinn, sem hafði verið lýst vantrausti á, kjörinn á nýjan leik. Formaður menntamálaráðs sem hafði verið settur af vegna ólöglegrar tillögu var kjörinn að nýju.

Þetta eru náttúrlega vinnubrögð sem eru afar sérkennileg. Það var gagnrýnt í blöðum að þáv. formaður Helga Kress væri að þrjóskast við og vildi ekki kalla saman fund og hún sleit fundi eftir að það hafði verið lögð fram vantrauststillaga á hana. En fyrir hvað var það vantraust? Út á hvað gekk það? Algjörlega órökstutt. Það er ekki hægt að lýsa vantrausti á fólk sem er kjörið af Alþingi fyrir ekki neitt, fyrir það að reyna að sjá til þess að lögum sé framfylgt. Þetta eru afar sérkennileg vinnubrögð og þessari ríkisstjórn til háborinnar skammar. Við sem sitjum á hinu háa Alþingi og erum að kjósa í stjórnir og ráð, og erum auðvitað að fá fólk úr okkar röðum til þess að taka sæti í slíkum stjórnum, hljótum að velta því fyrir okkur þegar fólk lendir í vinnubrögðum af þessu tagi, hvað maður á að segja við þá sem við erum að biðja um að taka sæti í stjórnum. Hvað á maður að segja? Viltu gjöra svo vel að búa þig undir það að það verði framið lagabrot? Viltu gjöra svo vel að vera viðbúinn því að það sé stöðugt verið að beita bolabrögðum? Fólk á auðvitað að fara að lögum. Ef það er stefnan að leggja niður menntamálaráð og Menningarsjóð þá á auðvitað að byrja á því að breyta lögunum. Ég skil ekki vinnubrögð af þessu tagi.

En það sem gert hefur verið síðan er að það er búið að selja útgáfuréttinn að bókum Menningarsjóðs sem

sumar hverjar eru algjörar gullnámur, m.a. Orðabók Menningarsjóðs. Það leið auðvitað ekki á löngu þar til hún birtist á markaðnum á nýjan leik enda gulltryggð söluvara. Það var seldur upp lagerinn og síðan var húsinu ráðstafað til Listasafns Íslands. Ég spyr: Með hvaða heimild var það gert? Ég efast um að þar sé löglega staðið að verki þó að það standi í 6. gr. fjárlaga að fjmrh. sé heimilt að semja um ráðstöfun skulda og eigna menntamálaráðs og Menningarsjóðs. Ég efast um að það sé heimilt vegna þess að ef ég hef séð það rétt út úr þeim gögnum sem ég hef farið í gegnum þá var á sínum tíma stofnaður sérstakur sjóður sem er reyndar að finna ákvæði um í núgildandi lögum og hann var notaður til þess að kaupa þetta hús. Húsið — „Næpan" eins og það hefur verið kallað — bústaður Magnúsar Stephensens landshöfðingja, var ótvírætt eign menntamálaráðs. Stjórn menntamálaráðs er kjörin af Alþingi en ég er ekki það vel að mér í stjórnskipunarrétti að ég geti áttað mig á því hvort þarna er rétt að málum staðið, hvort menntmrn. hefur einfaldlega heimild til þess að ráðstafa eignunum með þessum hætti, en það þurfum við svo sannarlega að kanna í menntmn. Þetta er býsna flókið fyrirbæri.

En það vakna mjög margar spurningar í framhaldi af þessu máli og þeim makalausu vinnubrögðum sem við höfum horft upp á og fyrsta spurningin er auðvitað: Hver er menningarstefna þessarar ríkisstjórnar? Hvaða stefnu les maður út úr aðgerðum af þessu tagi?

Eins og ég nefndi áðan þá á sér stað töluvert mikil bókaútgáfa á vegum ríkisins og ríkisstofnana og ef við horfum á skólana í því samhengi þá er einmitt spurningin hvort það hefði ekki verið nær að huga að því að sameina þessa bókaútgáfu annarri bókaútgáfu og búa til eins konar samvinnustofnun um rekstur bókaútgáfu. Ég vildi mjög gjarnan sjá fyrir mér einhvers konar háskólaforlag þar sem ríkið kæmi inn í, því eins og ég nefndi fyrr þá eru gefin út ýmiss konar menningarverk sem ríkið stendur að og í rauninni enginn annar hefur bolmagn til. Ég get nefnt sem dæmi að ýmsar bækur sem teljast til menningarverðmæta seljast afar hægt og bítandi og geta reynst forlögum úti á hinum frjálsa markaði býsna þung í skauti. Það á kannski ekki beinlínis erindi inn í þessa umræðu en ég get nefnt t.d. Sögu Reykjavíkur. Eitt bindi af fimm kom út fyrir jólin 1991, annað bindi er tilbúið til útgáfu, en það er svo hæg sala í þessari bók og staðan það slæm að það verður ekki annað séð en að bókaútgáfan hafi varla bolmagn til þess að halda þessu áfram í bili. Þó er Reykjavíkurborg þarna á bak við sem er nú enginn smá aðili. Það er að vísu engin hætta á því að þessi útgáfa haldi ekki áfram, þetta tekur sinn tíma, en það sýnir að mínum dómi að þörf er á forlagi sem ríkið stendur á bak við og ekki síst þarf að efla útgáfu ýmiss konar námsbóka og bóka sem tengjast háskólanum. Í því sambandi vil ég rifja það upp að háskólinn var í samvinnu við Bókaútgáfu Menningarsjóðs og ýmsar deildir háskólans gáfu út ritraðir í samvinnu við Bókaútgáfu Menningarsjóðs. Það voru þrjár ritraðir, ein í samvinnu við Sagnfræðistofnun og tvær í samvinnu við Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.

Það má kannski segja að Bókaútgáfa Menningarsjóðs hafi ekki endilega átt að vera í samkeppni við almennar útgáfur á bókmenntaverkum þó að það hafi reyndar verið gefin út mjög mörg rit sem aðrir treystu sér ekki til að gefa út eða höfðu ekki áhuga á og það kom í ljós þegar lagerinn var opnaður að það var mikill áhugi á þessum bókum. Mikill áhugi á því sem þar var að finna. Að mínum dómi hefðu menn auðvitað átt að setjast við það á sínum tíma að skoða möguleika Bókaútgáfu Menningarsjóðs, huga að breyttu formi, huga að samvinnu við háskólann í stað þess að ráðast á þessa stofnun með offorsi og látum eins og er einkenni á vinnubrögðum þessarar ríkisstjórnar. Menn hefðu átt að kanna grundvöllinn.

Eins og ég nefndi fyrr í ræðu minni þá gáfu tillögur formanns menntamálaráðs ekki annað til kynna en að það ætti að kanna ýmsa möguleika en síðan var farið af stað með það verk að leggja þetta allt saman niður og niðurstaðan er það frv. sem hér liggur fyrir.

Ég spurði áðan um það hver væri menningarstefna ríkisins. Að mínum dómi þá gæti það vel verið hlutverk menntamálaráðs að móta menningarstefnu. Hér er að mínum dómi afar sundurleit menningarstefna, ef nokkur, það er helst að menn snúi sér að byggingu einstakra stofnana eða leikhúsa eða einhverjum ákveðnum verkefnum sem menn eru með og síðan er fé deilt út um hvippinn og hvappinn, mest í gegnum ráðuneytið og fjárlögin, en ég spyr: Væri ekki full ástæða til þess að hér væri til fyrirbæri sem héti menntamálaráð og hefði það hlutverk að móta menningarstefnu? Það þyrfti ekki endilega að vera í bókaútgáfu eða styrkveitingum eða öðru slíku heldur hreinlega að það sé einhver vettvangur þar sem menningarstefna er mótuð, að sjálfsögðu í samráði við Alþingi. Það rifjar upp fyrir mér að hér fyrir skömmu var í heimsókn norska menntamálanefndin sem hingað var komin til að kynna sér menningarstefnu Íslendinga og menningarlíf. Það var vegna þess að nefndin hafði til umfjöllunar tillögu um menningarstefnu norska þingsins og norsku ríkisstjórnarinnar á næstu árum. En hér ríkir að mínum dómi algjört stefnuleysi í menningarmálum. Ég fæ ekki séð að þessi ríkisstjórn sem nú situr hafi neina sérstaka menningarstefnu.

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að víkja að sjálfu frv. eftir að hafa farið í gegnum málið. En eins og hér hefur komið fram þá finnst mér að hér hafi verið afar sérkennilega að verki staðið og ég er algjörlega ósammála því að stilla Alþingi upp á þann hátt sem hér er gert frammi fyrir gerðum hlut. Við hljótum að spyrja hvað verður um ýmis þau verkefni sem Menningarsjóður hafði á sinni könnu og þar má t.d. nefna almanak Þjóðvinafélagsins. Getur menntmrh. upplýst það hvort það hefur verið samið um útgáfu þess með einhverjum hætti?

Ég veit ekki til þess að háskólinn sé búinn að finna lausn á því hvernig hann hagar sínum útgáfumálum og ég vil gjarnan fá að heyra álit menntmrh. á þeirri hugmynd að það beri að stuðla að myndun eins konar háskólaforlags í samvinnu ýmissa aðila.

Ef ég vík að frv. sjálfu þá er auðvitað um mikla

breytingu að ræða. Hér er verið að leggja menntamálaráð niður en í staðinn á að stofna lítinn sjóð sem á að stuðla að útgáfu bóka, eins og hér segir, með leyfi forseta: „...útgáfu þeirra bóka á íslenskri tungu sem verða mega til eflingar íslenskri menningu."

Ef við hugsum til gildandi laga þá er auðvitað verið að þrengja mjög verkefni Menningarsjóðs og ég get ekki annað en lýst áhyggjum mínum yfir því hvað verða muni um ýmsa fræðimenn og þá ekki síst það sem við höfum kallað alþýðufræðimenn sem hafa haft aðgang að Menningarsjóði og hafa fengið styrki frá honum til þess að vinna sín verk. Ég dreg það mjög í efa að sú sjóðstjórn sem hér á að koma á fót líti á það sem sitt hlutverk að styðja slíka alþýðufræðara eða fræðimenn. En þeir hafa margir haft margt mjög merkilegt til málanna að leggja.

Þá vil ég taka undir það sem fram kom í máli hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur um stjórn þessa sjóðs og mér þykir afar furðulegt að vera að blanda því inn í Menningarsjóð af þessu tagi að það sé skipt um stjórnarmenn þó skipt sé um ráðherra. Mér finnst greinar af þessu tagi eða setningar af þessu tagi eigi ekki að sjást í frv. um menningarmál. Bókaútgáfa eða útgáfa á merkum verkum hlýtur að vera hafin yfir það hvaða ráðherra situr hverju sinni. Mér finnst þetta algjörlega út í hött og reyndar svo sem í mörgum fleiri tilvikum. Hér er um það að ræða að í stað þess að Alþingi kjósi menntamálaráð þá eiga þarna að taka sæti þrír fulltrúar sem menntmrh. skipar til tveggja ára í senn og skipar einn þeirra sem formann stjórnar. Það er sem sagt um að ræða einhvers konar verkfæri menntmrh. þó ég sé ekki þar með að segja að hann fari að segja þeim fyrir verkum en að fenginni reynslu af samskiptum hæstv. menntmrh. við núverandi menntamálaráð þá veit ég svo sem ekki hvers er að vænta.

Þá get ég tekið undir það að fjáröflunin er afar ótraustvekjandi og þegar maður hefur horft upp á það hér ár eftir ár að upphæðirnar sem áttu að renna til Menningarsjóðs hafa verið skertar ár eftir ár, þá veit ég ekki hvað ætti að tryggja það að þessi skemmtanaskattur renni óskiptur í þennan sjóð. Samkvæmt því sem fram kemur í frv., þá ættu það að vera 12 millj. á árinu 1993. Ef ég man rétt, þá var það mjög svipuð upphæð sem hefði átt að renna í sjóðinn á síðasta ári, en hún var skorin niður um helming og strikuð út í fjárlögum þessa árs. Og hvað þá um fjárveitingar á fjárlögum. Þetta eru auðvitað mjög ótryggar upphæðir.

Ég get ekki látið hjá líða að benda á villu sem er hér í frv. Það er afar klaufaleg villa, en við ættum að minnast þess eftir þær umræður sem hér urðu á nætur þeli um fulltrúa Alþfl. sem hér er kölluð Hlín Agnarsdóttir hér í frv. en hún er Daníelsdóttir og ég harma að það sé verið að draga Hlín Agnarsdóttur hér inn í umræður af þessu tagi. Hún hefur verið ofarlega í huga þess sem ritaði greinargerðina af einhverjum ástæðum, en þetta er náttúrlega slæmur prófarkalestur sem hér er á ferð.

Ég ætla aðeins að víkja hér að enn einu sem fram kemur í grg. og sem varðar einmitt þau ummæli að ekki sé nú þörf á því að ríkið standi að bókaútgáfu. Það segir hér á bls. 3 í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Ljóst má vera að engar slíkar forsendur eru fyrir hendi núna [að ríkið standi að bókaútgáfu], það sýnir metnaðarfullt starf sjálfstæðra bókaútgefenda á undanförnum árum."

Hér er mikið fullyrt og ég get tekið undir það að við eigum metnaðarfullar og góðar bókaútgáfur, en eftir að ríkisstjórnin, og þar með talinn hæstv. menntmrh., hefur nú staðið að því að setja 14% virðisaukaskatt á bókaútgáfu í landinu, þá spyr maður sig nú, hvað verður eftir af þeim þegar upp verður staðið? Hverjir verða hér til þess að annast metnaðarfulla útgáfu, sem m.a. kemur í staðinn fyrir þau merku verk sem Bókaútgáfa Menningarsjóðs hefur staðið að? Hér rekur sig nú hvað á annars horn.

Virðulegi forseti. Ég ætla að fara að ljúka máli mínu. Samkvæmt því sem fram kemur hér í frv. er nú býsna óljóst hvað þessi sjóður mun hafa til ráðstöfunar þegar og ef til kastanna kemur. Það eru 15 millj. kr. a.m.k. í afgang frá Bókaútgáfu Menningarsjóðs og hafa þá allar skuldir verið gerðar upp að því er best verður skilið og síðan er auðvitað algerlega óljóst hvert framlagið verður af hálfu ríkisins. Hugsanlega er verið að tala þarna um einhverjar 25 millj. og það auðvitað er góðra gjalda vert ef það er veitt í styrki en það dugar auðvitað ekki langt.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég ítreka það sem ég sagði hér áður að ég tel að við þurfum að athuga þetta mál mjög rækilega í hv. menntmn. og fara ofan í það hvernig hér hefur verið að málum staðið. Ég hef miklar áhyggjur af því hvernig ráðherrar stilla Alþingi upp eins og þetta mál ber með sér, þannig að Alþingi á fárra kosta völ og ég hef miklar áhyggjur af því hvernig ráðherra og ráðuneyti í þessu tilviki kemur fram við kjörna fulltrúa Alþingis. Ég tel þetta vera mjög af hinu vonda og ég tel að við í menntmn. þurfum að skoða ýmsa möguleika varðandi niðurstöðu þessa máls. Það er ljóst að það er búið að leggja bókaútgáfuna niður, það er búið að ráðstafa eignunum hvort sem þar er nú löglega staðið að málum eða ekki. Ég get ekki með nokkru móti lýst yfir stuðningi við þetta frv. eins og málum háttar, en ég tel að við eigum að snúa okkur að því hér á hinu háa Alþingi að móta menningarstefnu og að ræða það af mikilli alvöru hvert hlutverk ríkisins eigi að vera í menningunni. Það er öllum ljóst að margt það sem tilheyrir okkar menningarlífi er þannig vaxið að það væri ekki til ef stuðningur ríkisins kæmi ekki þar að. Við verðum að vera raunsæ og muna það að við lifum í afar litlu samfélagi og ef við ætlum að stuðla hér að áframhaldandi bókmenningu og mikilvægum útgáfum, bæði á erlendum og innlendum bókmenntaverkum, þá kann að vera nauðsynlegt að ríkið komi þar að málum. Hvort sjóður af þessu tagi leysir þann vanda, það ætla ég ekki að fullyrða um en mér finnst þetta allt lýsa því að hér vantar menningarstefnu og heildarstefnumótun og að hér sé um að ræða vinnubrögð sem ættu ekki að sjást.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Hér hafa hv. tveir síðustu ræðumenn gagnrýnt sérstaklega vinnubrögðin í kringum þennan málatilbúnað allan og ég hlýt að fara nokkrum orðum þá sagnfræði sem hér var borin á borð, sérstaklega af hv. síðari ræðumanninum, hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, (**Gripið fram í:** Sem er sagnfræðingur.) *sem er sagnfræðingur, já, en mér þykir satt að segja mun verra þegar sagnfræðingur fer svona með söguna eins og hér var gert og þarf að eyða kannski nokkrum orðum í þessa sögu eins og hún var sögð hér áðan.*

Fyrst nokkur orð um ræðu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur sem hafði ýmislegt að athuga við vinnubrögðin sérstaklega, en tók þó undir ákvæði 1. gr. frv. Það er þakkarvert og í lokin sagði hv. þm. að hún mundi vilja skoða þetta mál með jákvæðu hugarfari og það þykir mér líka virðingarvert og svo sem ekkert við öðru að búast heldur en það yrði gert. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir eins og raunar Kristín Ástgeirsdóttir talaði hér nokkuð um fyrirhugaðar tekjur Menningarsjóðs og þótti heldur ómerkilega að því staðið þar sem um væri að ræða skemmtanaskattinn sem er innheimtur samkvæmt nokkuð gömlum lögum eða frá því 1970 held ég sé rétt. Ákvæðin um tekjur þessa nýja Menningarsjóðs eru efnislega eins og er í gildandi lögum um menntamálaráð og Menningarsjóð, þ.e. gjald af aðgöngumiðum kvikmyndasýningum, skuggamyndasýningum og dansleikjum samkvæmt 8. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt. Það þótti eðlilegt að halda þessum ákvæðum þótt menn séu út af fyrir sig sammála um það að lögin um skemmtanaskatt þarfnist endurskoðunar, en meðan þau hafa ekki verið endurskoðuð sýndist rétt að hafa þennan sama hátt á og gilt hefur. Og svo í öðru lagi að þarna kæmi til fjárveiting sem veitt er í fjárlögum hverju sinni. Um það get ég að sjálfsögðu ekki spáð frekar en aðrir hver væntanleg framlög á fjárlögum kunna að verða til þessa sjóðs.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir talaði líka um að þessi staða í Menningarsjóði hefði aldrei komið upp ef tekjur hefðu skilað sér eins og þær hefðu átt að gera ef ekki hefði komið til skerðing á þessum tekjustofni eins og svo mörgum öðrum og menn þekkja og ég þarf ekki að rekja. Stjórnum eða menntamálaráði á hverjum tíma átti svo sem að vera kunnugt úr hvaða fjármagni var að spila og það hefur verið því miður svo í gegnum árin að menntamálaráð hefur ekki gætt þessi nægilega að fara í sínum fjármálaumsvifum eftir því sem fjárlög ákváðu. Þess vegna var svo komið sem raun ber vitni að þarna stefndi í algert þrot.

Það er gagnrýnt af báðum hv. ræðumönnum ákvæðið um skipan stjórnarinnar þar sem talað er um að menntmrh. skuli skipa til tveggja ára í senn þrjá fulltrúa í stjórn Menningarsjóðs. Ég veit vel að um þetta má deila. Þetta er þó ekkert einsdæmi. Það er skipað í ýmsar stjórnir, nefndir og ráð af viðkomandi ráðherra og það þekkjast líka dæmi þess þó að það sé kannski ekki eins algengt að viðkomandi stjórnir sitja þó ekki lengur en viðkomandi ráðherra í embætti. Ég nefni sem dæmi tiltölulega nýja breytingu á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það var komið áður í lögum um lánasjóðinn heldur en hin nýju lög sem sett voru í fyrra, að þeir stjórnarmenn sem ráðherra skipar sitja ekki lengur en viðkomandi ráðherra situr.

Ég nefndi í ræðu minni nokkur rök fyrir þessu ákvæði, að það væri tryggt að stjórn Menningarsjóðs endurspegli á hverjum tíma þær áherslur sem í gildi eru í mennta- og menningarstefnu viðkomandi ríkisstjórnar. Það tryggir einmitt ákvæðið um að stjórnarmenn sitji ekki lengur en sá ráðherra sem skipaði þá.

Það voru svo nokkur atriði í ræðu hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur sem ég þarf að fara aðeins í gegnum og ég satt að segja undrast það hvað mér þótti vera mikil geðvonska einhvern veginn í þessari sögu allri hjá hv. þm. (**KÁ:** *Já, það var það.*) *Já, var það ekki það? Það var geðvonska, var það ekki?* (**KÁ:** *Já.*) *Já, ég hef þá ekki neitt misskilið það. En ég er satt að segja mjög hissa á þessari sögu allri sem hv. þm. hérna rakti. Ég er afskaplega undrandi á þessu. Sannleikurinn er sá að allur ferill þessa máls er bara mjög eðlilegur. Þetta hefst þannig að menntmrh. fær bréf frá formanni menntamálaráðs. Ég kann ekki þessa sögu eins og hv. þm. rakti hana um að það hefði ekki verið samþykkt menntamálaráðs á bak við bréfið sem ég fékk. Ég kann bara ekki þá sögu. Þetta er eitthvað sem ég er að heyra í fyrsta skiptið núna. En alla vega fékk ég bréf frá formanni menntamálaráðs. Þannig kemur þetta inn á borð til mín 19. sept. 1991. Ég svara því bréfi 2. okt. 1991 og fellst á meginefnið. Síðan skrifa ég bréf aftur 10. okt. 1991, þar sem ég skipa starfshópinn og fel honum ákveðið viðfangsefni, þ.e. að endurskoða lögin um Menningarsjóð og menntamálaráð og í öðru lagi að gera verkáætlun varðandi útgáfustarfsemi Menningarsjóðs er miði að því að hún verði lögð niður á árinu 1992 og hefja framkvæmd í samráði við menntmrh. Síðan gerist það að Alþingi lætur í ljós alveg ótvíræðan vilja sinn með ákvæðinu í 6. gr. fjárlaga 1992, alveg ótvíræðan vilja, þ.e. fjmrh. fær heimild til þess að eins og segir í textanum í grein 6.13 að semja um ráðstöfun eigna og skulda Menningarsjóðs. Þarna er í raun og veru komin alveg fram skýr vilji Alþingis. Þetta samþykkti Alþingi.*

Síðan er sett fram ákveðin verkáætlun og unnið eftir henni á sl. ári, 1992, Menningarsjóður gerður upp og lokaskrefið var alveg frá byrjun hugsað þannig að lögin yrðu numin úr gildi eða sett ný lög. Um þetta höfum við að vísu deilt, það veit ég og sú deila hefur komið upp áður. Hvort það hefði átt að vera fyrsta skrefið eða hið síðasta. Ég tel að það hafi verið rétt ákvörðun að hafa það síðasta skrefið að fella lögin úr gildi.

Ég nefni aðeins eitt. Hvað er eðlilegra heldur en lögin gildi á meðan unnið er að þessu uppgjöri á eignum Menningarsjóðs, m.a. með tilliti til starfsfólksins sem vann að þessu? Það var bara alveg sjálfsagður hlutur. Ég minnist þess þegar var verið að ræða hér í fyrra um málefni Skipaútgerðar ríkisins sem ákveðið hafði verið að leggja niður. Þá kom allt önnur skoðun upp hjá einum stjórnarandstæðingi. Ég geri enga kröfu til þess að stjórnarandstaðan fallist öll á skoðanir þess

þingmanns. Það var Ólafur Þ. Þórðarson. Ég má ekki gera kröfu til ... (**Gripið fram í:** Hann er býsna góður talsmaður.) Já, hann um það, en hann er bara allt annarrar skoðunar heldur en hv. þm. sem hér hafa talað í dag, allt annarrar. Hann taldi það bara tímaeyðslu að vera að ræða um að fella niður lögin um Skipaútgerð ríkisins vegna þess að það væri búið að ákveða þetta allt saman. (Gripið fram í.) Það var nú ekkert annað. Svona fer þetta stundum svolítið á skjön, álit stjórnarandstöðunnar, en það er ekkert óeðlilegt. Ég er alls ekki að finna að því. Enginn má skilja orð mín svo og alls ekki að stjórnarandstæðingar séu allir á sama máli og Ólafur Þ. Þórðarson, með fullri virðingu fyrir honum og hans skoðunum.

Þetta var ferill málsins og hann var alveg eðlilegur, þessi ferill sem ég hef hér rakið. Ég sé þess vegna enga ástæðu fyrir hv. menntmn. þó að ég ætli ekkert að fara að segja henni fyrir verkum, enda yrði sjálfsagt ekkert farið eftir því. En fara að eyða tíma í það að fara eitthvað rækilega ofan í gang þessa máls, þetta liggur allt saman alveg ljóst fyrir, alveg ljóst. (**Gripið fram í:** Löglega staðið að þessu öllu.) Já, já, það er löglega staðið að þessu öllu saman. Það er ekki minnsti vafi með fullri virðingu líka fyrir lagaþekkingu Sigurðar Líndals og fleiri mikilhæfra lögfræðinga, þá hefur fyllilega verið löglega staðið að þessu máli, það fullyrði ég.

Varðandi það að ég hafi ekki haft fyrir því að vera að kynna mér stefnu hins nýja meiri hluta sem myndaðist í menntamálaráði í fyrra. Ég held að það hafi ekkert farið á milli mála hvað sá nýi meiri hluti vildi. Hann vildi halda áfram bókaútgáfunni, en það var bara alveg þvert á vilja Alþingis. Og er það virkilega svo, er það skoðun t.d. Kvennalistans að tveir fulltrúar af þremur í menntamálaráði eigi að geta gengið á svig við vilja Alþingis? Er það virkilega svo, þótt þessir fulltrúar í menntamálaráði séu kjörnir af Alþingi? Eiga þeir að hafa vald til þess að ganga gegn yfirlýstum vilja Alþingis og ákvörðunum ríkisstjórnar? Er þetta ekki dálítið einkennilegur flötur á lýðræðinu? Ég spyr. Þetta er svona til umhugsunar fyrir hv. þm. hvort þetta sé virkilega skoðun þingmannsins að svona geti tveir menn gengið yfir vilja Alþingis. Er það virkilega svo? Ég bíð eftir svari.

Það var síðan spurt með hvaða heimild Landshöfðingjahúsið hefði verið afhent Listasafni og látið að því liggja að það eins og annað væri gert með ólögmætum hætti. Það var gert með fullkomlega lögmætum hætti. Fjmrh. hafði heimildina til þess að semja um ráðstöfun eigna Menningarsjóðs. Landshöfðingjahúsið gekk til Fasteigna ríkisins í þessu uppgjöri öllu, til Fasteigna ríkisins og það voru Fasteignir ríkisins sem ráðstöfuðu húsinu til Listasafns Íslands, að vísu samkvæmt tillögu menntmrn. því að það var sannfæring okkar í menntmrn. að þetta merkilega hús væri mjög vel komið undir umsjón Listasafns Íslands. Um það varð fullt samkomulag við Fasteignir ríkisins að Listasafnið fengi húsið til afnota og Listasafninu var vissulega mjög brýn þörf á þessu húsnæði. Það hafði í mörg ár, eins og þingmönnum er vafalaust kunnugt, reynt að fá keyptar einhverjar húseignir í næsta nágrenni við sig og um tíma, í mörg ár reyndar, voru heimildarákvæði í fjárlögum um að Listasafninu væri heimilt að kaupa húseignir en þær hafa einfaldlega ekki verið falar í næsta nágrenni. Þess vegna held ég að það sé hafið yfir alla gagnrýni að Listasafnið hafi fengið þetta hús til afnota og það var gert með fullkomlega lögmætum hætti.

Það er sjálfsagt ágreiningur á milli okkar um það hvort ríkið eigi að vera í bókaútgáfu beint eða ekki. Það er mín skoðun og skoðun ríkisstjórnarinnar að ríkið eigi ekki að standa í bókaútgáfu beint eins og það hefur gert í gegnum Menningarsjóð. Hins vegar viðurkennum við að það beri að styðja við merkilega bókaútgáfu í landinu, útgáfu bóka sem m.a. seljast hægt og eru dýrar. Ríkið hefur raunverulega gert þetta oftar en einu sinni og áreiðanlega oftar en tvisvar þó ég hafi ekki dæmi á takteinum. Ég man þó eftir einu nýlegu dæmi. Það var ákvörðun fyrrv. ríkisstjórnar að styðja við útgáfu íslensku alfræðibókarinnar, sem er mjög merkilegt framtak, með því að kaupa 200 eintök af bókinni. Það kom í hlut þessarar ríkisstjórnar að standa við það loforð og við vorum alveg sammála því. Þetta er eitt dæmi af áreiðanlega mörgum sem eru til um stuðning ríkisins við merkilega útgáfustarfsemi. Mér þykir miklu auðveldara að veita slíkan stuðning með beinum fjárframlögum, í þessu tilviki gegnum Menningarsjóð þegar Menningarsjóður er hættur að standa sjálfur í bókaútgáfu. Þá mundi það eðlilega gerast þannig í gegnum Menningarsjóðinn en ekki í gegnum menntmrn. eins og það hefur oft gert og áreiðanlega oftast gerst þannig.

Ég ætla ekki að fara út í neinar umræður við hv. þm. um það hvort ríki eigi að standa í bókaútgáfu eða ekki. Mér finnst að það eigi ekki að gera það og ekki að efla slíka útgáfu á nokkurn hátt. Háskólaforlagið er til og er undir stjórn háskólans og er þar ágætlega komið.

Ég veit ekki hvort það eru mikið fleiri atriði sem ég þarf að koma inn á. Ég held ég megi segja vegna spurningarinnar um hvað yrði um útgáfu á almanaki Þjóðvinafélagsins að um það hafi þegar verið samið að Sögufélagið yfirtaki þá útgáfu. Ég veit að það óskaði eftir því og ég held að það hafi verið samið um það í sambandi við ráðstöfun á eignum Menningarsjóðs.

Hv. þm. var að velta því fyrir sér hvað yrði um fræðimannastyrki. Mér er satt að segja ókunnugt um hvað menntamálaráð var þar umfangsmikið. Ég veit að fræðimannastyrkir hafa verið veittir beint á fjárlögum og m.a. á safnliðum til menntmrn. og með ákveðinni viljayfirlýsingu til menntmrn. um hvernig þeim styrkjum yrði ráðstafað. Ég sé ekki neina sérstaka breytingu á því. En eins og ég segi veit ég ekki hvað menntamálaráð veitti af slíkum styrkjum. Ég hef það ekki á takteinum.

Mér þykir leitt með þessa prentvillu. Hún verður að sjálfsögðu leiðrétt á nafni Hlínar Daníelsdóttur.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð. Mér þykir satt að segja heldur leitt að þetta frv. skuli fá heldur neikvæðar undirtektir. Ég held að það

sé verið að hreyfa merku máli, að eiga þennan sjóð, sem vonandi verður sem stærstur, til þess að styðja útgáfu þeirra bóka á íslenskri tungu sem verða mega til eflingar íslenskri menningu, eins og segir í 1. gr. frv.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. menntmrh. er undrandi á því hvernig honum er tekið í þinginu og mér þykir leitt til þess að vita að honum skuli leiðast hér í þessari góðu stofnun þar sem hann kunni alla jafna vel við sig áður man ég var. (**Menntmrh.:** Það er misskilningur að mér leiðist.) Svona er það nú að menn hafa auðvitað skiptar skoðanir á málum af því tagi sem hér er verið að ræða eins og gengur.

Fyrst vil ég aðeins víkja að aðdraganda þessa máls sem hér er uppi og segja að það hefði verið miklu eðlilegra að byrja á því að flytja lagafrv. Það er að öllu leyti miklu heppilegra og um það getur í raun og veru ekki verið neinn ágreiningur. Það sjá það allir sanngjarnir menn að það er skynsamlegra að Alþingi móti stefnu í máli en að menn séu að pína þetta fram eða smygla stefnunni inn bakdyramegin.

Í þessu menningarsjóðsmáli þá kynntumst við í þessari virðulegu stofnun og sérstaklega fulltrúar Alþingis í menntamálaráði kynntust pólitískum vinnubrögðum sem ég hef kallað „borgarstjórastílinn" en þau ganga út á það að ráðherranum eða „stjóranum" dettur eitthvað í hug og það er gert. Það er alveg sama hvað lögin segja eða reglugerðirnar. Það er vesen og má leiðrétta það eftir á og laga það að ákvörðununum eftir á. En það er ekki svo mikið verið að vesenast í lagabókstafnum og reglugerðunum fyrr en hlutirnir eru búnir og gerðir.

Við höfum kynnst mörgum dæmum um þetta í tíð hæstv. núv. ríkisstjórnar eins og við ræddum t.d. fyrr í dag í sambandi við Tækniskólann þar sem er verið að smygla inn skólagjöldum án þess að lög standi til þess með þeim rökum að þar sé verið að samræma það framhaldsskólunum og þó að ríkisstuðningurinn sé strikaður út í lögunum þá er það ekkert nýtt, segir ráðherrann. Það er bara samræming. En sama ríkisstjórn hefur ekki svo mikið við að samræma það í öðrum frv. sem hún er að flytja um sama mál. Það er t.d. ekki felldur niður ríkisstuðningur við Bændaskólann á Hvanneyri eða Bændaskólann á Hólum eða Garðyrkjuskóla ríkisins í frv. sem hér liggur fyrir frá sömu ríkisstjórninni. Röksemdirnar sem eru fluttar fyrir vinnubrögðunum reka sig því hverjar á annarra horn.

Ég tel að það hefði verið eðlilegra að byrja á því að fara lagaleiðina. Ég segi það a.m.k. fyrir mig að ég hefði tekið því afar vel vegna þess að ég var þeirrar skoðunar og hef mjög lengi verið, löngu áður en ég fór til starfa í menntmrn. árið 1988, að það væri óhjákvæmilegt að endurskoða lögin um Menningarsjóð eins og þau voru vegna þess að þar voru gefin hátimbruð fyrirheit um eitt og annað sem var komin full reynsla á að ríkissjóður mundi aldrei standa við. Þess vegna var full þörf á því að endurskoða þessi lög og hefði verið skynsamlegra að byrja á því áður en, með leyfi forseta, „djöfulgangurinn" byrjaði í kringum þessa stofnun.

Hæstv. menntmrh. vill verja sig í þessu máli með nokkuð sérkennilegum hætti tel ég vera. Þ.e. með heimildargrein 6. gr. fjárlaga árið 1992 þar sem segir svo, með leyfi forseta: „Fjmrh. er heimilt að semja um ráðstöfun eigna og skulda Menningarsjóðs." Ég skil það svo að þetta séu eignir og skuldir og takmarkað við þær.

Ég tel að í þessu ákvæði hafi ekki falist sá vilji að Alþingi væri að lýsa því yfir að það ætti að leggja bókaútgáfuna niður. Ég tel ekki felast í þessu ákvæði að það sé verið að segja: Menningarsjóður á að leggja niður bókaútgáfuna.

Hæstv. menntmrh. vísað til ummæla tveggja stjórnarmanna í menntamálaráði sem hefðu viljað halda bókaútgáfunni áfram og verið þannig í raun og veru andvígar þeirri stefnu sem hæstv. menntmrh. vildi framkvæma í þessu máli. Hæstv. ráðherrann orðaði þetta áðan, með leyfi forseta, orðrétt: „Þær vildu halda áfram bókaútgáfunni en það var þvert á vilja Alþingis."

Þetta er ekki rétt uppsetning hjá hæstv. ráðherra. Vilji Alþingis stóð aldrei til þess að leggja bókaútgáfuna niður. Sú ákvörðun var ekki tekin með þessari heimildargrein árið 1992. Þetta segi ég hér, virðulegi forseti, vegna þess að ég held að það sé alveg nauðsynlegt að menn viti hvað þessar heimildargreinar þýða. Í fjárlögum ársins 1993 er mýgrútur af alls konar heimildum fyrir fjmrh. að semja um eignir og skuldir en það þýðir ekki að honum sé heimilt að leggja niður viðkomandi stofnanir. Honum er heimilt að selja t.d. tiltekin hús sem heilsugæslan hefur haft í notkun. Það þýðir ekki að fjmrh. sé heimilt eða heilbrrh. að leggja niður heilsugæslu í viðkomandi umdæmi. Þessi uppsetning hjá hæstv. menntmrh. er því ekki nákvæm, hún er ekki rétt, hún er ekki sönn og ég vísa henni algjörlega á bug.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því að heimildarákvæði í 6. gr. dugir ekki í þessu efni. Heimildarákvæði 6. gr. dugir til þess að gera upp skuldir Menningarsjóðs og gera það upp með eignum Menningarsjóðs, tel ég vera, en það þýðir ekki að heimilt sé að leggja niður bókaútgáfu og starfsemi Menningarsjóðs. Það tel ég vera útúrsnúninga á heimildargreinum fjárlaga og mér finnst það satt að segja dálítið alvarlegt mál ef hæstv. ráðherrar ætla að túlka allar heimildargreinarnar svona, virðulegi forseti. Ætla ráðherrarnir í þessari ríkisstjórn, þar sem borgarstjórastíllinn er uppivaðandi, að túlka 6. gr. alla svona að um leið og það stendur að það sé heimilt fyrir fjmrh. að gera eitt eða annað varðandi eignir eða skuldir viðkomandi stofnana þá megi leggja niður alla starfsemi þeirra? Má leggja niður starfsemi skóla t.d. þar sem heimilað verður í 6. gr. fjárlaga að selja skólastjórabústað? Má leggja niður heilsugæslustöð af því að heimilað er í 6. gr. fjárlaga að selja gamlan héraðslæknisbústað, eða hvað? Þetta er auðvitað ekki rétt. Þetta er ekki nákvæmt og þetta er ekki rétt hjá hæstv. ráðherra.

Alþingi hafði aldrei tjáð sig um það að Alþingi vildi leggja niður þessa bókaútgáfu. Það hafði aldrei gert það.

Bókaútgáfa Menningarsjóðs og sú starfsemi sem þar hófst árið 1928 hefur alltaf verið Sjálfstfl. mikill þyrnir í augum. Sjálfstfl. var alltaf mjög þversum í sambandi við þessa stofnun á sínum tíma og taldi hana vera eina af mörgum tilraunum Jónasar Jónssonar, dóms- og menntamálaráðherra, til þess að leggja undir sig Ísland. Um þessa stofnun voru skrifaðar margar lítið fallegar greinar í Morgunblaðið fyrir nokkrum áratugum. Væri út af fyrir sig fróðlegt að rifja upp úr þessum ágæta ræðustóli það sem þar var skrifað en verður ekki gert að sinni.

Sjálfstfl. grætur það þess vegna þurrum tárum þó að Menningarsjóður og starfsemin sem þar er sé aflögð í tíð núv. ríkisstjórnar og jörðuð. Einhverjum sem horfa á hlutina í því samhengi kemur það ekki á óvart þó að Sjálfstfl. leggi á það áherslu að koma þessari útgáfu og þeirri starfsemi allri fyrir kattarnef.

Hitt er hins vegar ljóst, virðulegi forseti, að íslenska ríkið hefur staðið í margs konar útgáfustarfsemi og stuðningi við útgáfustarfsemi. Ég hef mjög lengi verið þeirrar skoðunar að það eigi að samstilla það með einhverjum hætti. Ég tel það hagkvæmara og ódýrara og skynsamlegra fyrir ríkið. Þá er ég t.d. að tala um útgáfu á vegum Árnastofnunar, svo ég nefni dæmi, útgáfu sem er á vegum háskólans og þá útgáfu að einhverju leyti sem hefur verið á vegum Menningarsjóðs.

Ég get verið sammála hæstv. menntmrh. um að það er dálítið sérkennilegt líka að setja hlutina þannig upp að ríkið sé sjálft að gefa út bækur. Satt að segja kann ég ekki almennilega að meta það fyrirkomulag. Þess vegna fannst mér það skrýtið t.d. þegar Alþingi ákvað að gefa út kristnisögu. Ég hélt að það væri búið að leggja það niður fyrir löngu annars staðar í heiminum að ríkið eða þingi eða hver það nú er sé að gefa út sögu. Það eru auðvitað aðrir aðilar, fræðimenn og rannsóknastofnanir, sem eiga að standa í slíkri útgáfu en Alþingi á ekki að vera að stjórna því hvernig bækur eru skrifaðar. Mér skilst að það sé ákveðin ritnefnd starfandi á vegum Alþingis í sambandi við þessa kristnisögu og allt gott um það, en ég held að Alþingi eigi ekki að vera að þessu vegna þess að það er ekki hlutverk Alþingis að standa í því að gefa út bækur. Sem betur fer. Mér líst ekki á það ef Alþingi ætlaði sér að standa í því að koma frá sér bókum í verulegum mæli eða öðrum menningarverkum, t.d. kvikmyndum um sögu Alþingis. Ég treysti ekki Alþingi til þess. Ég get þess vegna út af fyrir sig verið sammála því að það er óeðlilegt að ríkið standi í slíku.

Hitt er aftur annað mál að það er stórkostleg þörf fyrir það að ríkið hjálpi til við útgáfu á menningarverkum af ýmsu tagi og það hefur ríkið gert. Ég gæti nefnt fjölmörg dæmi um það frá síðustu árum þar sem ríkið hefur lagt peninga í útgáfustarfsemi fyrir utan Menningarsjóð þó að um það mætti margt spyrja hvað verður um þá útgáfu sem þar var. Ég heyrði ekki að hæstv. ráðherra svaraði spurningunni varðandi almanak Þjóðvinafélagsins sem hv. 18. þm. Reykv. bar fram áðan en það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það.

Hvaða bækur eru það sem Alþingi er að gefa út um þessar mundir eða hefur verið að gefa út síðustu tvö árin eða svo? Ég hripaði niður hjá mér á blað sex bækur og meiri háttar verk sem Alþingi eða ríkisstjórnin hafa með einhverjum hætti komið að. Það er í fyrsta lagi kristnitökusagan. Í öðru lagi iðnsaga Íslands, sem hefur verið í smíðum um alllangt skeið eða frá því að Sverrir Hermannsson var iðnrh. Hann flutti það verk síðan með sér yfir í menntmrn. og hefur það verið vistað þar síðan og komið hafa út fjölmargar bækur um iðnsögu Íslendinga á undanförnum árum og eru að flestu leyti hinar ágætustu bækur og hin gagnlegustu rit. Má kannski segja að iðnsaga Íslands sé þar með orðin sjálfstæð stofnun sem lýtur sínum lögmálum án þess að ríkið sé allt of mikið með puttana í því frá degi til dags hvað þar er gefið út þó ráðuneyti menntamála komi að þeirri útgáfu með óbeinum hætti, þ.e. að því er varðar samninga við þá aðila sem skrifa iðnsögu Íslands.

Ég hefði talið að Menningarsjóður hefði átt að yfirtaka þetta verkefni, iðnsögu Íslands. Það hefði verið eðlilegt að Menningarsjóður hefði gert það og haft með það að gera.

Í þriðja lagi nefni ég dönsku orðabókina, sem kom út ekki fyrir löngu. Menntmrn. styrkti þá útgáfu m.a. með, að mig minnir, því að verja til þessarar útgáfu tvennum launum framhaldsskólakennara í ein sex til átta ár eða frá því að Ragnhildur Helgadóttir gegndi starfi menntmrh. og þar til bara á síðasta ári líklega. (**Menntmrh.:** Og er enn.) Og er enn.

Í fjórða lagi nefni ég þýska orðabók, sem menn hafa verið með í undirbúningi og hefur verið kostað til framhaldsskólakennaralaunum af almennum launalið menntmrn. án þess að það hafi nokkurn tímann verið borið undir Alþingi sem sérstakt verkefni.

Í fimmta lagi þá hygg ég að það sé verið að vinna að útgáfu á franskri orðabók líka á vegum menntmrn. með sams konar stuðningi, minnir mig reyndar, og við dönsku orðabókin, þ.e. að tvennum kennaralaunum framhaldsskólakennara hafi verið varið til þessa verkefnis frá árinu 1990, gæti ég trúað og ég geri ráð fyrir að það sé enn í gangi.

Í sjötta lagi, eins og hæstv. menntmrh. minnti á áðan, var varið til þess úr ríkissjóði þó nokkrum upphæðum að kaupa 200 eintök af alfræðiorðabókinni samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar á árinu 1991.

Hér nefni ég það sem ég man eftir í fljótu bragði sem sýnir að ríkið er að styðja útgáfu bóka hér og þar og allt gott um það að segja. Ég er hins vegar ekki viss um að það sé ákvörðun sem eigi að takast á hverjum tíma endilega á borði ráðherra hvaða bækur og útgáfur eru styrktar á vegum ráðuneytisins. Ég held að það væri miklu eðlilegra að sjálfstæð stofnun hefði með það að gera sem ráðherra gæti á hverjum tíma vísað til. Því þó að þeir menn sem sitja við borð menntmrh. á hverjum tíma slysist til að taka skynsamlegar ákvarðanir í þessum efnum þá er það í rauninni óeðlilegt að framkvæmdarvaldshafinn sé að gera upp á milli verk-

efna af þessu tagi. Það er alla vega mín skoðun.

Síðan ætlaði ég að nefna í sjöunda lagi verkefni, sem var komið svo að segja hálfa leiðina inn í ríkiskerfið en var sett þaðan út aftur og er veruleg eftirsjá að. Það er bókaröðin Íslensk þjóðmenning, sem Hafsteinn í Hólaprenti setti af stað á sínum tíma, og eru afar merkar bækur um uppruna og sögu Íslands og íslenskrar menningar. Mig minnir að það séu komnar út einar þrjár eða fjórar bækur og gert hafði verið ráð fyrir því að þær yrðu samtals tíu. Það var búið að semja við fjölda höfunda um framhald bókanna. Það hafði verið gert ráð fyrir að útgáfan yrði sett að einhverju leyti inn í Þjóðminjasafnið og rekin í tengslum við útgáfustarfsemi þess. En ég hygg að þetta mál sé meira og minna afvelta eins og sakir standa. Ef það eru nýjar fréttir af því þá væri gott að heyra þær.

En allt bendir þetta til þess, virðulegur forseti, að í þessu fámenna þjóðfélagi okkar sé markaðurinn svo lítill að hann ræður ekki við að standa undir stærri verkefnum af þessu tagi. Hann ræður ekki við það. Þess vegna verðum við, ef við ætlum að heita menningarþjóð, bókmenningarþjóð, að kosta þarna nokkru til úr sameiginlegum sjóðum og þess vegna á auðvitað að vera til öflugur menningarsjóður.

Nú er það hins vegar spurning hvort það frv. sem hér liggur fyrir tekur á þessu máli eða ekki. Ég held í sjálfu sér að það megi halda því fram að frv. geri það ekki. Sérstaklega vegna þess að kostnaður við útgáfu bóka hefur aukist stórkostlega í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það er búið að taka um það ákvörðun að leggja virðisaukaskatt á bækur. Það er ekkert smávegis sem ákveðið hefur verið að leggja þar á bækur og íþyngja þannig útgáfustarfsemi. Virðisaukaskatturinn á bækur gefur mörg hundruð milljónir króna í ríkissjóð á ári. Auðvitað hljóta menn að beita sér fyrir því að virðisaukaskattur á bækur verði felldur niður. Það er reyndar alveg voðalegt til þess að vita að Íslendingar skuli leggja virðisaukaskatt á bækur einmitt sama árið og verið er að taka um það ákvörðun að Ísland verði aðili að Evrópsku efnahagssvæði þegar samkeppnin við erlenda bókaútgáfu mun fara vaxandi á komandi árum. Þeir sem kaupa bækur og fara í bókabúðir þekkja að verðlagningin á okkar bókum er þannig að það er vandséð að okkar bókaútgáfa geti verið samkeppnisfær við það sem gerist erlendis á þessum stóru milljóna, milljónatuga og ég tala nú ekki um milljónahundraða mörkuðum.

Þess vegna held ég að í rauninni hefði verið skynsamlegast í þessu máli úr því að menn fóru á annað borð að breyta lögunum um Menningarsjóð að ákveða, ef menn ætla að taka þennan virðisaukaskatt af bókum, að verulegur hluti af virðisaukaskattinum fari í þennan menningarsjóð til bókaútgáfu. Þá hefði verið einhver mannsbragur á þessu frv. Ef menn hefðu verið með í 3. gr. ákvæði um það t.d. að eins og einn fjórði af virðisaukaskattinum sem kemur af bókum renni í þennan Menningarsjóð. Þá voru menn komnir með umtalsverðar fjárhæðir sem hefðu getað orðið til að styðja við bakið á okkar bókaútgáfu með myndarlegum og glæsilegum hætti, bæði að því er varðar bókaútgáfu hér og einnig að því er varðar kynningarstarf og þýðingar á íslenskum bókmenntaverkum á erlendum vettvangi.

Í þessu sambandi og í sambandi við málið og aðdraganda þess vil ég aðeins áður en ég kem að frv. sjálfu, virðulegur forseti, einng ítreka það sem hér kom lauslega fram áðan. Í aðdraganda málsins kemur fram þessi ofboðslega ofstjórnartilhneiging hjá núv. ríkisstjórn. Það á að stjórna öllu alveg nákvæmlega ofan frá lið fyrir lið. Það kemur t.d. fram í frv. sem á að tala fyrir hér á eftir í sambandi við framhaldsskólana að það á að stjórna öllu ofan frá. Þetta er gömul aðferð hjá íhaldsflokkum og hægri flokkum víða. Þeir vilja stjórna öllu ofan frá á félagslega sviðinu, menningarsviðinu og menntasviðinu en að því er fjármagnið varðar á að vera frelsi. Það er svo skrýtið í raun og veru í þessari ríkisstjórn, sem nú situr hér í landinu, að við erum með Sjálfstfl. og líka Alþfl. í því að stjórna öllu ofan frá á félagssviðinu, heilbrigðissviðinu, menntasviðinu og menningarsviðinu. En þegar kemur að fjármagninu þá á allt að vera svo óskaplega frjálst, eins og Rósa í Sumarhúsum sagði. Fjármagnið á að vera svo frjálst. Og þegar talað er um vexti við hæstv. viðskrh. má aldrei anda á bankaráðin af því að þau ráða þessu öllu saman og markaðurinn á að ráða. Þar á að vera frelsi. Um þessi mál snúast allar hugmyndafræðilegar umræður á milli íhaldsmanna og sósíaldemókrata niðri í Evrópu þó kratarnir hér á Íslandi hafi ekki frétt af því frekar en öðru.

Þetta frv. hér undirstrikar í raun og veru þessa sterku miðstjórnartilhneigingu af hálfu Sjálfstfl. Ég ætla að víkja að nokkrum efnisatriðum þess. Það er í fyrsta lagi 2. gr. frv. þar sem talað er um að í stjórn Menningarsjóðs eiga sæti þrír fulltrúar sem menntmrh. skipar til tveggja ára í senn og skipar hann einn þeirra formann stjórnar. Varamenn í stjórn skulu skipaðir með sama hætti og til jafnlangs tíma. Skipunartími stjórnunarmanna skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipaði þá sitji hann skemur en sem nemur reglulegum skipunartíma stjórnar. Ég tel út af fyrir sig eðlilegt að stjórnir í stofnunum af þessu tagi fylgi ráðherrum og starfstíma ráðherra. Auðvitað getur ráðherra framlengt þá stjórn sem hefur verið en ég tel almennt skynsamlegt að það sé losað um svona samninga þegar um er að ræða ráðherraskipti.

Hitt get ég aftur á móti ekki fellt mig við að sú aðferð við skipan stjórnarinnar sem hér er lögð til sé viðhöfð þegar við skipan stjórnar af þessu tagi eru nokkrir möguleikar. Fyrsti möguleikinn er sá að menntmrh., eða ráðherra hver sem hann er, skipi alla stjórnina eigin hendi án allra viðmiðana. Það stendur ekkert hér um það hvaðan þessir menn eiga að vera komnir. Annar möguleikinn er sá að Alþingi kjósi stjórnina og það út af fyrir sig kemur til greina. Þriðji möguleikinn er sá, eins og þetta er t.d. í þýðingarsjóði og bókmenntakynningarsjóði og fleiri sjóðum, að einhverjir tilnefningaraðilar tilnefni menn í stjórnina en ráðherra síðan skipi. Ég tel t.d. varðandi þessa stjórn að það komi til greina alveg eins og að Alþingi kjósi hana að nokkrir aðilar tilnefni menn í stjórnina. Ég nefni í því sam-

bandi Félag bókaútgefenda, Rithöfundasamband Íslands og Háskóla Íslands, svo ég nefni þrjú dæmi um aðila sem gætu hugsanlega tilnefnt menn í þá stjórn sem hér er verið að tala um yfir Menningarsjóð í staðinn fyrir að láta menntmrh. einan um að ganga frá þessu í einstökum atriðum. Hér stendur ekkert um það að þessir stjórnarmenn menntmrh. eigi að koma úr menningargeiranum eða bókaútgáfunni eða neitt þess háttar. Það er alveg hægt að draga þarna inn menn hvaðanæva að úr þjóðfélaginu. Ég held að það væri þó eðlilegra að það væri sett einhver takmörkun á þessu sviði en það er ekki gerð tillaga um það.

Í öðru lagi varðandi þetta frv. vil ég gera sérstakar athugasemdir við 3. gr. vegna þess að mér finnst hún aumingjaleg. Það er búið að lækka mjög mikið framlög til menningarmála af núv. ríkisstjórn. Sem hlutfall af ríkisútgjöldum hafa framlög til menningarmála ekki verið lægri um langt árabil. Það er vegna þess að það er búið að taka af menningunni mörg hundruð milljónir króna í gegnum virðisaukaskatt sem á að taka gildi á þessu ári. Þess vegna hefði ég talið að ef menn ætla að taka virðisaukaskatt á annað borð hefði átt að setja um það ákvæði að á meðan virðisaukaskattur er innheimtur á bókum verði hluta af honum, t.d. einum fjórða, skilað í Menningarsjóð. Það held ég að menn eigi að athuga mjög vandlega við meðferð þessa frv.

Í greinargerð þessa frv. er vikið að efni sem mér hefur ekki verið alveg ljóst og væri fróðlegt að fá upplýst hér. Það er afskaplega ánægjulegt að menn skuli koma því inn í greinargerð sem maður hefur satt að segja verið að velta fyrir sér mjög lengi hvort væri til. Það er gefið í skyn að ákveðið fyrirbæri sé til sem maður hefur ekki séð og það er merkilegt. Þetta er dálítið eins og í þjóðsögunum. Það stendur um 2. gr. á bls. 3. „Þá er í þessari grein tryggt að stjórn Menningarsjóðs endurspegli á hverjum tíma þær áherslur sem í gildi eru í mennta- og menningarstefnu ríkisstjórnar."

Ég hefði viljað spyrja að því: Hvaða menningarstefnu hefur ríkisstjórnin núna? Við höfum séð virðisaukaskattinn á menninguna. Við höfum séð niðurskurðinn í skólunum. Við höfum ekki séð framkvæmdaáætlanir um fjármuni til rannsókna- og þróunarverkefna. Hvar er þessi menningarstefna?

Það er alveg upplagt verkefni, virðulegur forseti, í tengslum við umræðu um þetta ágæta mál um Menningarsjóð að ræða ítarlega um menningarstefnu ríkisstjórnarinnar. Hver er hún? Hvernig birtist hún Alþingi? Hvernig birtist hún þjóðinni? Hvernig kemur hún fram t.d. gagnvart áhugaleikfélögum? Hvernig kemur hún t.d. fram gagnvart leikhópum, atvinnuleikhópum? Hvernig kemur hún fram gagnvart Kvikmyndasjóði, sem nú eru ætluð meiri verkefni en áður, m.a. að standa undir alls konar rekstrarútgjöldum af sínu takmarkaða fé? Hvernig kemur þessi menningarstefna fram? Ég held að það væri afar fróðlegt að fá um það upplýsingar í þessari umræðu um þetta frv. um Menningarsjóð.

Ég tel með öðrum orðum, virðulegur forseti, að aðdragandi að frv. þessu sé gangrýni verður. Það hefði átt að flytja hér frv. um Menningarsjóð í upphafi málsins en ekki í lok þess. Í öðru lagi tel ég að frv. sé með þeim hætti að það þurfi verulegrar lagfæringar við og tel ekki ástæðu til að eyða frekari orðum að því þar sem ég á sæti í menntmn. og á kost á að fara yfir málið þar. En bæti því svo við að lokum að ég tel nauðsynlegt að til sé í landinu stofnun, sjóður eða annað sem geti með myndarlegum hætti styrkt útgáfustarfsemi sem þörf er á að styðja, eins og orðabækur, alfræðiorðabækur og slíka þætti og meiri háttar sagnfræðileg verk líka. Ég tel að að sé eðlileg hugsun í því að gera ráð fyrir að ríkið eða þessi sjóður eða stofnun styðji þessi verkefni vegna þess að ég hef mjög lengi haft illan bifur á því að ríkið sé að skrifa sögu og hvað þá heldur bókmenntir.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. menntmrh. fannst gæta geðvonsku í ræðu minni hér áðan. Ég vil upplýsa hann um að ég er að jafnaði nokkuð geðgóð. En því er ekki að leyna að ég er afar hneyksluð yfir því hvernig staðið hefur verið að málum varðandi Menningarsjóð og menntamálaráð eins og heyra mátti í minni fyrri ræðu hér.

Ég ætla að reyna að svara ýmsu því sem hæstv. ráðherra beindi til mín og reyna að vera stuttorð því það líður á daginn.

Í fyrsta lagi vil ég nefna að þegar við skoðum þetta mál í heild þá snýst það um býsna margt. Í fyrsta lagi snýst það um hvort löglega hafi verið staðið að málum. Eins og ég rakti hér þá taldi meiri hluti menntamálaráðs að formaður ráðsins hefði lagt fram tillögu sem ekki átti við lög að styðjast og sem gekk gegn gildandi lögum og því var lýst vantrausti á þáverandi formann. Ég hlýt að spyrja: Finnst hæstv. menntmrh. það eðlilegur gangur mála þegar lýst hefur verið yfir vantrausti á sitjandi formann að hann sé svo kosinn aftur? Formaður er sakaður um lögleysu og síðan er hann aftur kjörinn formaður. Mér finnst mjög hæpið að standa þannig að málum.

Síðan er hefur stór spurning komið upp í þessu máli og valdið allmiklum bréfaskriftum, m.a. til Alþingis, en hún er: Hvert er hlutverk kjörinna fulltrúa? Fulltrúar, sem eru kjörnir á hinu háa Alþingi til að framfylgja lögum og standa frammi fyrir því sem þeir telja vera lögleysu, hvert eiga þeir að snúa sér? Hvert er hlutverk þeirra? Ég tel að fulltrúar Kvennalistans og Framsfl. og á tímabili Alþfl. hafi talið það skyldu sína að sjá til þess að lögum væri framfylgt svo sem þeim bar og þeir töldu að það væri verið að framkvæma hluti sem ekki var heimild fyrir.

Í þessu máli vaknar einnig sú spurning hvert vald ráðherra er gagnvart stjórnum sem kjörnar eru af Alþingi. Ég nefndi það hér áðan að ég hef tekið eftir því að viðhorf hæstv. menntmrh. í þeim efnum er mjög á annan veg en það sem ég hef heyrt í máli t.d. viðskrh.

Síðan er það atriði sem varðar túlkunina á heimildargreininni, þ.e. 6. gr. fjárlaga. Það er alveg augljóst að okkur greinir á um það og hæstv. ráðherra, og væntanlega hans lögfræðinga, greinir á við það sem fram

hefur komið, m.a. í áliti Sigurðar Líndal. Þarna er greinilega um ágreining að ræða. Hæstv. menntmrh. kom inn á það á hverju væri eðlilegt að byrja. Ég er honum algerlega ósammála. Ég tel að það hefði verið eðlilegast og réttast að byrja á því að breyta lögunum og ganga síðan frá málum í stað þess að fara hina leiðina sem óhjákvæmilega þýðir það, eins og ég hef margsinnis nefnt hér í dag, að Alþingi stendur frammi fyrir gerðum hlut. Ég tel hina leiðina miklu eðlilegri. Ef það hefði verið gert þá hefði eflaust verið spöruð hér mikil umræða og menn hefðu þá reynt að móta einhverjar hugmyndir varðandi framtíð bókaútgáfu og hlutverk ríkisins í þeim efnum.

Hæstv. menntmrn. kom hér inn á mínar söguskýringar varðandi gang þessa máls. Ég kemst ekki hjá því að fara aðeins í gegnum hluta af því aftur til að skýra hvað ég á við. Ég hef undir höndum mikið af gögnum sem varða þetta mál enda tel ég þetta að mörgu leyti vera mjög alvarlegt mál þegar horft er á stjórnsýsluhliðina. Og ég vil endurtaka það sem ég sagði hér áðan að hinn 19. sept. var haldinn fundur í menntamálaráði. Samkvæmt fundargerð, sem reyndar var ekki samþykkt vegna þess að formaðurinn var ekki sáttur við það eftir á hvað þar hafði verið skrifað, var skráð, með leyfi forseta, liður tvö:

„Bessí Jóhannsdóttir lagði fram skýrslu Ríkisendurskoðunar um Menningarsjóð ásamt ítarlegum tillögum sínum um endurskipulagingu sjóðsins á þremur blöðum. Tillögurnar varða markmið og verkefni sjóðsins og fjalla einkum um það hvernig stefna megi að arðbærri bókaútgáfu, ná lágmarkskostnaði í rekstri, efla markaðssetningu, bæta starfsmannahald og auka tekjur. Urðu töluverðar umræður um tillögurnar og gerður að þeim góður rómur. Var síðan einróma samþykkt að vinna eftir þeim. Formaður skýrði frá því að ljóst væri að margboðaðar tillögur mundu ekki koma frá Einari Sigurjónssyni."

Einari hafði verið falið að endurskoða starfsemi sjóðsins. Sama dag skrifar Bessí Jóhannsdóttir, þáv. formaður menntamálaráðs, bréf á eigin bréfsefni og í eigin nafni til menntmrh. Þetta var ódagsett bréf en í því segir m.a., með leyfi forseta:

„Á grundvelli athugana minna og endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1987–1989, dags. í sept. 1991, sjá fylgiskjal, eru eftirfarandi hugmyndir settar fram:

1. Lögum breytt og hlutverk skilgreint að nýju." — Lögum breytt og hlutverk skilgreint að nýju.

„Þetta er auðvelt að rökstyðja með tilliti til breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu. Aðrar stofnanir hafa tekið við hlutverkum sem skilgreind eru í lögum nr. 50/1957, 7. gr. Vegur hér þyngst að losna við bókaútgáfuna í núverandi mynd", segir formaðurinn.

Þetta er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi en þannig að hún vilji láta breyta lögunum og skilgreina hlutverk menntamálaráðs upp á nýtt í ljósi þess að búið var að flytja ýmis verkefni frá því og losna við bókaútgáfuna í núverandi mynd. Þennan sama dag hafði hún lagt fram tillögur í mörgum liðum um endurskipulagningu bókaútgáfunnar, fyrst og fremst, þar sem m.a. eru sett upp markmið svo sem að stefna að arðbærri bókaútgáfu, gefa út auðseljanlegar bækur — þ.e. bækur sem hafa nógu stóran markhóp til að geta staðið undir sér — ná lágmarkskostnaði, efla markaðssetningu, bæta starfsmannahald, auka tekjur o.s.frv. o.s.frv.

Af þessu er ekki hægt að ráða að formaður ráðsins hafi haft þær hugmyndir þegar hún skrifar þetta bréf og þegar fundur menntamálaráðs stóð yfir 19. sept. að leggja Bókaútgáfu Menningarsjóðs niður. Hins vegar virðist menntmrn. hafa skilið þetta eitthvað öðruvísi eða þeir ætla sér eitthvað annað því í bréfi menntmrn. frá 2. okt. 1991 segir, og þar kemur þessi margumtalaði misskilningur:

„Menntmrn. hefur móttekið bréf yðar dagsett 19. september sl. þar sem gerð er grein fyrir samþykkt menntamálaráðs er varðar starfsemi ráðsins." — Hér verð ég að stöðva því það kemur alls ekki fram í bréfinu að um neinar samþykktir sé að ræða af hálfu ráðsins. Þetta er bréf formannsins þar sem hún er að segja „á grundvelli athugana minna" — þetta eru hennar eigin tillögur. Það skiptir kannski ekki máli hvers vegna menntmrn. leit þannig á en síðar segir í bréfinu: „Ráðuneytið fellst á tillögur ráðsins um að lögum verði breytt og að hlutverk þess verði skilgreint að nýju. Jafnhliða því sem útgáfustarfsemi, a.m.k. í núverandi mynd, verði lögð niður." — Hér er það ráðuneytið sem kveður upp úr að útgáfustarfsemi, a.m.k. í núverandi mynd, verði lögð niður. — „Ráðuneytið hyggst skipa sérstakan starfshóp til að vinna að framgangi þessa máls og fer þess á leit við menntamálaráð að það tilnefni tvo fulltrúa í starfshópinn." — Segir í bréfi menntmrn.

Þannig að hér er það greinilega ráðuneytið sem kveður upp úr.

Síðan fór þessi hópur af stað og hann skilaði niðurstöðu á hálfu blaði og þar segir, með leyfi forseta:

„Hópurinn hefur hist tvisvar og sameinast um eftirfarandi:

Ljóst er að ekki er pólitískur stuðningur við þá hugmynd að blása lífi í starfsemi Menningarsjóðs með endurfjármögnun, sbr. lið 2 í þeim tillögum sem lagðar voru fram á fundi menntamálaráðs 19. sept. 1991.

Menntmrh. leggur áherslu á að farin verði sú leið menntmrh." — ég vek athygli á því — „sem kemur fram í lið 1 í sömu tillögugerð sem miðar að því að lögum um Menningarsjóð verði breytt og bókaútgáfan lögð niður. Hópurinn hefur starfað samkvæmt þeirri ákvörðun og ályktaði að úr því sem komið er væri réttast að leggja starfsemi Menningarsjóðs niður og fella lögin úr gildi.

Í framhaldi af ofangreindu var sett fram tímasett verkþáttagreining sem kynnt var á fundi með framkvæmdastjóra Menningarsjóðs og hefur framkvæmdum verið hagað í samræmi við þá tímaáætlun."

Sem sagt, það er byrjað að framkvæma áður en búið er svo mikið sem leggja þetta fyrir í ráðinu.

Hér er verið að vísa í tillögur sem eru eingöngu tillögur formannsins og voru ekki samþykktar á þessum fundi, hvað sem síðar gerðist.

Aðeins varðandi 6. gr., þ.e. heimildargreinina, 6.13

þar sem segir „að semja um ráðstöfun eigna og skulda Menningarsjóðs“ og ráðherra túlkar sem eindreginn vilja Alþingis til þess að leggja bókaútgáfuna niður.

Í skýringum með þessari grein segir varðandi Menningarsjóð í fjárlögum fyrir árið 1992 á bls. 301, með leyfi forseta:

„Áætlaðar markaðar tekjur eru um 11,5 millj. kr. en þrátt fyrir ákvæði laga verða skil tekna til sjóðsins aðeins 6 millj. kr. Menntmrn. hefur í hyggju að endurskoða lög um sjóðinn og endurmeta starfsemi hans þar sem yrði m.a. stefnt að því að leggja útgáfufyrirtækið niður á árinu 1992.“ Þetta er sem sagt stefna menntmrn., að leggja útgáfufyrirtækið niður á árinu 1992.

Við getum lengi deilt um það hvernig ber að skilja þessa setningu „að semja um ráðstöfun eigna og skulda Menningarsjóðs“. Ég hefði ekki skilið þetta þannig að um það væri að ræða að leggja niður bókaútgáfuna. Við hverja átti að semja? Átti að semja við skuldunauta? Átti að semja við ríkið? Við hverja átti að semja?

Það er alveg ljóst hvað úr þessu varð og að okkur greinir á um túlkanir á því sem gerðist. Ég tel að Alþingi hafi með þessu, þ.e. meiri hlutinn, lýst yfir ákveðnum vilja til þess að endurskoða þetta fyrirtæki, þessa starfsemi, en að það feli í sér að leggja bókaútgáfuna alfarið niður er ég ekki tilbúin til að samþykkja enda hefði auðvitað þurft að fara fram umræða um það mál.

Hæstv. menntmrh. beindi þeirri spurningu til mín hvort það væri mín skoðun að tveir fulltrúar í menntamálaráði ættu að hunsa vilja Alþingis. Að sjálfsögðu er það ekki mín skoðun. Meiri hlutinn á að sjálfsögðu að ráða för. En spurningin var, hvenær var hvaða meiri hluti og vilji hvaða meiri hluta var virtur? Ég varð ekki vör við það að vilji hins nýja meiri hluta sem myndaðist eftir að lýst var yfir vantrausti á Bessí Jóhannsdóttur væri virtur. Það var hins vegar gerð tilraun til þess að sundra honum þegar í stað.

En hitt er svo annað mál, hvert er hlutverk kjörinna fulltrúa? Hvert er hlutverk þess fólks sem er kjörið af Alþingi til þess að framfylgja lögum? Ber þeim fulltrúum ekki að koma í veg fyrir lögleysu? Ég tel að þeir tveir fulltrúar sem eftir stóðu, eftir að Ragnheiði Davíðsdóttur hafði verið kippt út úr ráðinu gegn hennar vilja að sjálfsögðu, hafi verið að reyna að koma í veg fyrir lögleysu. En að sjálfsögðu stóð það aldrei til, það get ég fullyrt, það stóð aldrei til að draga það eitthvað óeðlilega á langinn að kalla saman fundi í menntamálaráði. Helga Kress var erlendis og það var boðaður fundur af þremur fulltrúum menntamálaráðs meðan hún var erlendis, hún vissi ekki einu sinni af þeim fundi og ég dreg það stórlega í efa að þar hafi verið löglega staðið að málum. Það er einmitt sú stóra spurning sem við stöndum frammi fyrir og mér finnst að okkur beri skylda til að kanna í menntmn. hvort þarna hafi verið löglega staðið að málum. Ef það reynist niðurstaðan þá sætti ég mig auðvitað við það en ég leyfi mér að hafa efasemdir meðan annað er ekki komið í ljós. Mér fannst ég greina ótta í rödd menntmrh. við að við færum að fara of djúpt í þessi mál, en mér finnst fyllilega vera ástæða til þess og ekki síst í ljósi þess að við munum væntanlega halda áfram að kjósa okkar fulltrúa í hinar ýmsu stjórnir og mér finnst í rauninni erfitt að standa að því að biðja konur á vegum Kvennalistans að taka að sér slík stjórnunarstörf ef þær mega eiga von á bolabrögðum af þessu tagi.

Ég varpaði fram tveimur spurningum í fyrri ræðu minni varðandi hugmyndir um háskólaforlag og eins varðandi menningarstefnu ríkisstjórnarinnar og hvort ekki væri ástæða til þess að setjast niður við mótun slíkrar menningarstefnu. Ég spurði: Hver er menningarstefna ríkisstjórnarinnar? Mér sýnist hún heldur vera af niðurrifstaginu ef eitthvað er en ég vil gjarnan fá að heyra álit menntmrh. á því hvort ekki sé fyllilega þörf á forlagi vegna þess að ríkið kemur að ýmsum menningarstofnunum, m.a. háskólanum og skólabókaútgáfu, og að efla slíkt forlag vegna þess að þarna er oft um útgáfur að ræða eins og námsbækur sem ekki eru endilega spennandi fyrir aðrar bókaútgáfur á frjálsum markaði. Þetta eru oft bækur sem ganga á milli nemenda og vilja fara illa og er stundum ekki eins vandað til þeirrar útgáfu og annarra. Eins er með ritgerðir sem verið er að fjölrita eða gefa út með tiltölulega ódýrri tölvutækni en eru rit sem þarf að koma á framfæri. Mér finnst háskólinn, eftir því sem ég þekki til, að miklu leyti svífa í lausu lofti hvað þetta varðar og við séum einfaldlega að dreifa kröftunum um of. En þar fyrir þá vil ég nefna það að ég óska auðvitað íslenskri bókaútgáfu alls hins besta og vona að hún lifi af þá hrikalegu árás sem ríkisstjórnin, þar með talinn menntmrh., hefur gert á hana með nýrri skattheimtu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Bókaútgáfa á vegum ríkisins, 410. mál, fsp. KÁ, þskj. 704.

Efling heimilisiðnaðar, 409. mál, fsp. KÁ, þskj. 703.

Endurskoðun laga um mannanöfn, 415. mál, fsp. HjálmJ, þskj. 710.

Fasteignamat ríkisins, 414. mál, fsp. JVK, þskj. 708.

Kostnaður við tölvuvinnu, 408. mál, fsp. ÖS, þskj. 702.

Leiga fiskveiðiheimilda, 412. mál, fsp. KSG, þskj. 706.

Lögregluskóli ríkisins, 411. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 705.

Útboð hjá Vegagerð ríkisins, 413. mál, fsp. JVK, þskj. 707.

Útvarpslög, 1. umr.

Stjfrv., 305. mál (EES-reglur). — Þskj. 474.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á útvarpslögum nr. 68/1985. Frv. þetta er samið

af nefnd sem ég skipaði hinn 29. apríl 1992 til þess að endurskoða útvarpslög og er um fyrsta áfanga í nefndarstarfinu að ræða. Mun nefndin halda áfram störfum við endurskoðun annarra atriða í gildandi útvarpslöggjöf í samræmi við erindisbréf nefndarinnar. Í endurskoðunarnefnd útvarpslaga sitja Tómas Ingi Olrich alþingismaður, formaður, Baldvin Jónsson útvarpsstjóri, Guðni Guðmundsson rektor, Hjálmar Jónsson prófastur, Jóhann Óli Guðmundsson framkvæmdastjóri, Karl Steinar Guðnason alþingismaður og Sólveig Pétursdóttir alþingismaður.

Í frv. þessu er einkum fjallað um þær skuldbindingar sem fylgja aðild Íslands að hinu sameiginlega Evrópska efnahagssvæði. En með vísan til 36. gr. EES-samningsins, sbr. viðauka X, fellst Ísland á að taka inn í sína löggjöf tilskipun ráðsins frá 3. okt. 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur. Auk skuldbindinga samkvæmt þessari tilskipun eru í frv. þessu settar reglur um endurvarp erlendra sjónvarpsstöðva hér á landi.

Meginmarkmið fyrrgreindrar tilskipunar Evrópubandalagsins eru að afnema höft á dreifingu sjónvarpssendinga innan Evrópu.

Í tilskipuninni er í fyrsta lagi fjallað um leiðir til að greiða fyrir og afnema höft á dreifingu sjónvarpssendinga innan Evrópu.

Í öðru lagi eru settar lágmarksreglur á tilteknum sviðum til þess að tryggja samræmingu á reglum sem gilda um sjónvarpsrekstur og til að tryggja frelsi til sjónvarpssendinga.

Í þriðja lagi er fjallað um leiðir til þess að örva framleiðslu á evrópsku efni, einkum hjá sjálfstæðum kvikmyndaframleiðendum og auka hlut evrópsks dagskrárefnis í sjónvarpi.

Meginefni frv. þess sem hér er lagt fram er þetta:

Í fyrsta lagi eru ýmis hugtök sem fjallað er um í útvarpslögum skilgreind á skýrari hátt en nú er.

Í öðru lagi er gerð breyting á reglum um skyldu til að þýða erlent dagskrárefni í sjónvarpi og heimild til þess að endurvarpa dagskrám erlendra sjónvarpsstöðva hér á landi.

Í þriðja lagi er gerð breyting á tilhögun auglýsinga.

Í fjórða lagi er breyting á ákvæðum um kostun.

Í fimmta lagi er breyting á reglum um andsvarsrétt einstaklinga.

Verður nú vikið að einstökum ákvæðum frv.

Til glöggvunar er lagt til í 1. gr. frv. að skilgreind séu helstu hugtök útvarpslöggjafarinnar. Styðjast skilgreiningar frv. við ákvæði tilskipunarinnar.

Skilgreining á útvarpi er breytt frá ákvæði 1. gr. núgildandi laga. Hugtakið tekur enn sem fyrr bæði til hljóðvarps og sjónvarps og er átt við hvers konar útsendingu dagskrárefnis innan íslenskrar lögsögu sem ætluð er almenningi til beinnar móttöku og dreift er með rafsegulöldum, hvort heldur í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust. Gildir einu hvort útsendingar eru læstar eða ekki.

Er með þessari breyttu skilgreiningu lögð áhersla á þann ásetning að útvarpssendingar séu ætlaðar almenningi en ekki eins og nú er að miða við það hvort almenningur hafi raunverulega tök á að hagnýta sér útvarpssendingar og er hér vísað til þess að í stað orðalagsins „handa almenningi“ komi orðalagið „ætlað almenningi“. Getur þetta m.a. haft þýðingu ef til þess kemur að íslenskar sjónvarpsstöðvar sendi dagskrárefni sitt um gervitungl til dreifingar hérlendis eða hér á landi sé upptenging í gervitungl án þess að móttaka þess efnis sé möguleg hér á landi. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er ljóst að slíkar sendingar falla undir íslenska lögsögu og þeim aðilum sem stunda slíka starfsemi er gert skylt að hlíta íslenskum útvarpslögum.

Orðalagi núgildandi 2. mgr. 1. gr. er einnig breytt til glöggvunar þannig að ljóst sé að ef útsending nær einungis til þröngs hóps og takmarkast við byggingar eða húsakynni á samfelldri lóð, þá falli slíkar útsendingar ekki undir ákvæði laganna. Núgildandi ákvæði 2. mgr. 1. gr. og 3. tölul. 5. gr. útvarpslaga stangast á að hluta til. Með breytingu á þessari málsgrein og breytingu á 5. gr. laganna er þetta misræmi lagfært. Þessi breyting er fyrst og fremst gerð af lagatæknilegum ástæðum og ekki með vísan til tilskipunar Evrópubandalagsins.

Við skilgreiningu á auglýsingu, dulinni auglýsingu og kostun er stuðst við skilgreiningar tilskipunarinnar.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um það að útvarpsréttarnefnd fjalli auk annarra leyfisveitinga um veitingu leyfis til starfrækslu útvarps, svokallaðra endurvarpsstöðva, þar sem einvörðungu fer fram viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp á heildardagskrám útvarpsstöðva en ekki skipulagning og mótun eigin dagskrárefnis leyfishafa.

Ákvæði af þessu tagi um starfsemi endurvarpsstöðva er nýmæli í löggjöf hér á landi. En með þessu ákvæði, auk þeirrar breytingar á 1. tölul. 3. gr. sem hér er gerð tillaga um, er leitast við að samræma þá aðstöðu til útvarps, sem hefur verið að mótast hér á landi á undanförnum árum, við þau ákvæði tilskipunar Evrópubandalagsins um að tryggja frelsi til viðtöku á sjónvarpssendingum frá öðrum ríkjum markaðssvæðisins og jafnframt að setja ekki hömlur á endurútsendingar þeirra innan lögsögunnar. Er hér miðað við að gangast undir þessar skuldbindingar án þess að raska óhóflega þeirri aðstöðu sem er á innlendum útvarpsmarkaði.

Það að útvarpsréttarnefnd veitir rekstrarleyfi til slíkra endurvarpsstöðva byggist á þeirri niðurstöðu endurskoðunarnefndarinnar að það sé skynsamlegt að sami aðili, útvarpsréttarnefnd, fari með veitingu allra leyfa til útvarpsstarfsemi og hafi yfirsýn yfir útvarpsrekstrarmál hér á landi. Er til þess ætlast að umsóknir um veitingu leyfis til endurvarps fái sömu meðferð hjá útvarpsréttarnefnd og aðrar umsóknir þannig að þær verði sendar til Pósts og síma til umsagnar áður en frá leyfisveitingu er gengið.

Í 3. gr. frv. er gerð tillaga að breytingu á 1. tölul. 3. gr. núgildandi útvarpslaga í þeim tilgangi að bregðast við afleiðingum tilskipunar Evrópubandalagsins og ná

fram tilteknum menningarlegum markmiðum. Felld er niður takmörkun á því hvaða senditíðni Póst- og símamálastofnun sé heimilt að úthluta leyfishöfum. Tilgangur þessarar breytingar er að veita stofnuninni meira frjálsræði en nú er í þessum efnum og gera henni þannig kleift að nýta sem mest tíðnisviðið. Þær takmarkanir sem nú gilda samkvæmt útvarpslögum eru strangari en alþjóðasamþykktir miða við og hafa ákvæði útvarpslaga þannig t.d. girt fyrir að unnt sé að úthluta tíðni á stuttbylgjusviði. Það felst í þessu ákvæði frv. að sú senditíðni sem nú hefur verið nýtt til sjónvarps á metra- og desímetrasviðinu sé takmörkuð að gæðum og því sé rétt að þessi tíðnisvið verði eingöngu nýtt til útsendinga á dagskrár stöðva sem fengið hafa leyfi til útvarps hér á landi, en hér er átt við dagskrá útvarpsstöðva sem skipulögð er og mótuð af leyfishöfum sem fengið hafa leyfi til útvarps. Með þessu móti skapast leyfishöfum til útvarps innan íslenskrar lögsögu ákveðinn forgangur að tíðnisviðinu, en nefndin telur það réttmætt til þess að ná menningarlegum markmiðum.

Jafnframt er lagt til að allt endurvarp, bæði innlendra og erlendra sjónvarpsstöðva, fari fram um þráð eða þráðlaust á örbylgjusviði. Með hliðsjón af því að örbylgjusviðið er ætlað fjarskiptum en ekki útvarpi samkvæmt alþjóðasamskiptum er lagt til að leyfi samgrn. eða Pósts og síma sé áskilið ef ætlunin er að nota örbylgjusviðið til útvarpsdreifingar.

Í 4. gr. er fjallað um tvo þýðingarmikla þætti tilskipunar Evrópubandalagsins sem eiga efnislega samstöðu með ákvæði 3. tölul. 3. gr. núgildandi laga, það er ákvæði um menningarlegar skyldur útvarpsstöðva og rétt til andsvars. Þar sem um yfirgripsmikið efni er að ræða er hér lagt til að efni núgildandi tölul. 3. gr. verði skipt upp í tvo töluliði sem verði tölul. 3.a og 3.b.

Í tölul. 3.a er kveðið á um menningarlegar skyldur útvarpsstöðva og er lögð ríkari áhersla á að útvarpsstöðvar sem leyfi fá til útvarps hér á landi efli íslenska menningu og útvarpi að meginstefnu til á íslensku eða með íslenskri þýðingu. Jafnframt er lögð áhersla á að innlendar útvarpsstöðvar sinni innlendri dagskrárgerð og dagskrá þeirra endurspegli evrópskan menningararf. Í reglugerðum útvarps samkvæmt tímabundnum leyfum er nú sú skylda lögð á sjónvarpsstöðvar að allt erlent efni sé að meginstefnu til þýtt yfir á íslensku. Þýðingarskyldu þessa er ekki að finna í útvarpslögunum sjálfum og er hér lagt til að ákvæði 6. gr. fyrrgreindrar reglugerðar um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum verði lögfest.

Þýðingarskyldan nær einvörðungu til dagskrár innlendra sjónvarpsstöðva, þar með talið Ríkisútvarpsins, og er þessi tillaga gerð með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. tilskipunar Evrópubandalagsins þar sem heimilað er að setja strangari reglur varðandi sjónvarpsdagskrár þeirra útvarpsstöðva sem aðildarríkin hafa lögsögu yfir telji þau það nauðsynlegt vegna tungumálastefnu sinnar. Þetta ákvæði heimilar ekki að áskilja þýðingarskyldu á dreifingu erlendra sjónvarpssendinga frá aðildarríkjum EES í endurvarpi, sbr. 2. tölul. 2. gr. tilskipunarinnar, sbr. og 56. gr. Rómarsáttmálans. Þýðingarskyldan nær því ekki til viðstöðulauss, óstytts og óbreytts endurvarps á dagskrá erlendra sjónvarpsstöðva sem dreift er þráðlaust um örbylgju eða um þráð, en með þeirri tillögu sem hér hefur verið gerð grein fyrir, er lagagrundvöllur þýðingarskyldunnar gerður traustari.

Í tölul. 3.b er fjallað um andsvarsrétt þeirra sem telja á sig hallað af útvarpsstöð. Grein um þetta efni er í núgildandi útvarpslögum, en með þeim breytingum sem hér er lagt til að gerðar verði, er réttur þessi gerður skýrari í samræmi við ákvæði 23. gr. tilskipunarinnar.

5. gr. frv. vísar til 4. gr. gildandi útvarpslaga en lagt er til að fellt verði niður ákvæði um að gjaldskrár fyrir auglýsingar skuli háðar samþykki útvarpsréttarnefndar. Þessi tillaga byggist ekki á tilskipun Evrópubandalagsins en reynsla undanfarinna ára sýnir að ákvæði af þessu tagi er ekki raunhæft. Jafnframt er hér lagt til að settar verði nákvæmari reglur um efni og tilhögun auglýsinga og byggist þessi tillaga frv. á ákvæðum tilskipunarinnar. Hvað auglýsingar varðar er efni núgildandi lagaákvæða gert gleggra varðandi þá skyldu að auglýsingar séu afmarkaðar frá öðru dagskrárefni og sett er fortakslaust bann við duldum auglýsingum, enda verður að gera þá fortakslausu kröfu til útvarpsstöðva að dagskrárgerð sé hagað þannig að neytendum sé ljóst hvenær um auglýsingar sé að ræða og hvenær ekki.

Í frv. eru sett skilyrði fyrir því hvenær heimilt sé að rjúfa dagskrárliði með auglýsingum. Auglýsingar eru að meginstefnu til einungis heimilaðar í auglýsingatímum á milli dagskrárliða, en þó er heimilt í vissum tilvikum að rjúfa dagskrárlið með auglýsingum.

Útvarpsréttarnefnd hefur litið svo á að núverandi útvarpslög girði ekki fyrir að auglýsingum sé skotið inn í dagskrárliði, en ef það sé gert skuli haga þeim þannig að ekki leiði til afbökunar á dagskrárefni, sbr. ákvæði 3. gr. reglugerðar um auglýsingar í útvarpi. Líta má svo á að tillaga sú sem felst í 3. mgr. 5. gr. frv. feli í sér skýrari reglur en gilt hafa um innskot auglýsinga í dagskrárefni og er t.d. lagt til að innskot auglýsinga í útsendingu frétta, fréttatengds efnis, guðsþjónustu eða barnaefnis verði bannað.

Í 5. mgr. 5. gr. eru sett takmörk á hlutfall auglýsingatíma af heildarútsendingartíma. Fortakslaust bann samkvæmt 6. og 7. mgr. þessarar greinar um bann við duldum auglýsingum og auglýsingum neðan marka meðvitaðrar skynjunar er nýmæli í íslenskri útvarpslöggjöf og eru þessi ákvæði í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópubandalagsins.

Í 6. gr. frv. er lagt til að sett verði skýrari skilyrði um kostun í útvarpi og tilhögun hennar, en samkvæmt núgildandi útvarpslögum er heimilt að utanaðkomandi aðilar kosti gerð einstakra dagskrárliða, sbr. ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 3. gr. gildandi útvarpslaga og 13. gr. reglugerðar um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum. Þetta ákvæði frv. er í samræmi við ákvæði 17. gr. tilskipunarinnar. Í niðurlagi 1. mgr. 6. gr. þessa frv. er lagt til að heimilað verði að setja sérstakar reglur um kostun dagskrárliða sem líknar- og góðgerðarfélög standi að. Félög af þessu tagi hafa í ríkari mæli sótt til ljósvakafjölmiðla um liðsstyrk til fjáröflunar og því

óhjákvæmilegt að efnistök við dagskrárgerðina beri þess merki. Lagt er til að sett verði ákvæði um að kostun megi ekki hafa áhrif á sjálfstæði sjónvarpsstöðva þannig t.d. að efnistök beri merki áhrifa frá kostunaraðila. Samkvæmt þessum reglum er óheimilt að kosta fréttir eða fréttatengt efni.

Með þeirri breytingu sem lagt er til að gerð verði með 7. gr. frv. á 2. mgr. 1. gr. núgildandi útvarpslaga, sbr. 2. mgr. 1. gr. frv. þessa, sem og þeirri rýmkun sem gerð er á heimild til viðstöðulauss endurvarps á óbreyttri og óstyttri heildardagskrá erlendra sjónvarpsstöðva með breytingum á gildissviði þýðingarskyldunnar er það mat endurskoðunarnefndarinnar að ákvæði 3. tölul. 5. gr. núgildandi útvarpslaga sé óþarft. Breytingin á 2. tölul. 5. gr. er gerð í samræmi við 3. mgr. 4. gr. frv. þessa sem verði 3. mgr. tölul. 3.a.

8. gr. frv. er efnislega samhljóða ákvæðum 6. gr. núgildandi útvarpslaga, en með þeirri breytingu sem hér er gerð tillaga um er leitast við að greina betur á milli mismunandi sendinga um gervihnött. Um er að ræða þrenns konar tilfelli:

1. Útvarpssendingar um gervitungl sem gagngert eru ætlaðar almenningi til einkanotkunar.

2. Flutning um gervitungl á útvarpsefni milli útvarpsstöðva og ekki eru ætlaðar almenningi fyrr en eftir vinnslu í viðkomandi útvarpsstöð.

3. Endurvarp í kapalkerfum eða í loftinu á fullunnum dagskrársendingum útvarpsstöðva um gervitungl.

Með ákvæði 9. gr. frv. er tekið sérstaklega fram að ákvæði útvarpslaga um kostun eigi einnig við um starfsemi Ríkisútvarpsins og er miðað við það að slíkt sé ákveðið með reglugerð. Vísast í þessu sambandi til athugasemda við 5. gr. frv. Með 10. gr. frv. er tekinn af vafi um að þýðingarskyldan á jafnt við um Ríkisútvarpið og stofnanir þess eins og aðrar sjónvarpsstöðvar í landinu.

Hæstv. forseti. Ég hef nú gert í stuttu máli grein fyrir efni frv. til laga um breytingu á útvarpslögum og þeim meginforsendum sem að baki þessu frv. liggja. Ég árétta að hér er einungis um fyrsta áfanga í endurskoðun útvarpslaganna að ræða, áfanga sem tekur nánast einvörðungu mið af tilskipun Evrópubandalagsins um sjónvarpsrekstur. Endurskoðun útvarpslaganna er orðin fyrir löngu tímabær, enda er gert ráð fyrir því í bráðabirgðaákvæði útvarpslaganna að þau skuli endurskoðuð innan þriggja ára frá gildistöku þeirra. Sá tími er löngu liðinn og enda þótt reynsla okkar af útvarpslögunum hafi í meginatriðum reynst góð er það vafalaust að taka þarf meginefni þeirra til endurskoðunar. Þó að þá endurskoðun sem þetta frv. felur í sér hafi borið að með öðrum hætti en menn hugðu við setningu útvarpslaganna er það mat mitt að efni frv. feli í sér skýrari reglur um einstaka þætti útvarpslöggjafarinnar án þess að kalla á of mikla röskun á fjölmiðlaumhverfi okkar. Þetta segi ég þrátt fyrir að þetta frv. gerir ráð fyrir rýmkun á endurvarpi erlendra stöðva hér á landi, enda er nú þegar umtalsverður fjöldi fólks sem á beinan og greiðan aðgang að erlendu sjónvarpsefni sem dreift er um gervihnetti. Þýðingarskyldan, svo víðtæk sem hún hefur verið, var vafalaust góð og gild á sínum tíma, en nú hefur tækninni fleygt svo fram að nær ógerningur er af tæknilegum ástæðum að girða fyrir með þessum hætti að einstaklingar geti náð erlendum sjónvarpsdagskrám sem dreift er um gervihnetti.

Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn. að lokinni þessari umræðu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þegar dreift var á borð þingmanna fyrir nokkrum vikum frv. til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985, þá varð ég auðvitað skelfingu lostinn eins og margir aðrir þingmenn með hliðsjón af yfirlýsingum sem fram höfðu komið frá hæstv. menntmrh. og þó kannski frekar ýmsum öðrum aðstandendum núv. ríkisstjórnar. Og líka með hliðsjón af því hvernig nefndin er skipuð sem samdi frv. vegna þess að þar var bersýnilega gengið fram hjá starfsmönnum Ríkisútvarpsins og að sjálfsögðu gengið fram hjá liðsmönnum stjórnarandstöðuflokkanna og valdaeinokun stjórnarliðsins tryggð í einu og öllu. Þess vegna get ég ekki neitað því að þegar ég fór í gegnum frv. í upphafi var mér nokkuð létt miðað við þessar tvær forsendur sem ég hef hér nefnt, vegna þess að hér er fyrst og fremst tekið á tæknilegum atriðum sem í fyrsta lagi hefur verið lengi nauðsynlegt að taka á í útvarpslöggjöfinni hér á landi og hefur út af fyrir sig kannski ekki verið kostur að taka á fyrr en nokkur reynsla væri komin á hin nýju útvarpslög og í öðru lagi er hér um að ræða breytingar sem leiða að nokkru leyti af aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði auk þess sem hér er skotið inn fáeinum öðrum breytingartillögum sem ég hygg að sé tæplega hægt að telja stórvægilegar og eru flestar þess eðlis að út af fyrir sig á að vera hægt að ná um það sæmilegu samkomulagi.

Það er alveg ljóst og var það hygg ég á árinu 1991 þegar sjónvarpsstöðin CNN hóf beinar útsendingar á efni frá Persaflóastríðinu í gegnum Stöð 2 að það yrði erfitt að ekki sé fastar að orði kveðið að halda mjög fast við þýðingarskylduna. Niðurstaðan varð sú að menntmrn. brást við þessum tíðindum með því að setja í samráði við Íslenska málnefnd reglugerð um breytingu á reglugerð um útvarpsleyfi tímabundið þar sem var opnað fyrir það að þegar um viðstöðulausar sendingar væri að ræða, þá væri heimilt að fella þýðingarskylduna niður um skeið. Ég tel satt að segja að ég hafi setið undir býsna ósanngjörnum ámælum í tilefni af þessari reglugerð á sínum tíma vegna þess að rétt eins og í þessu frv. voru menn að bregðast við veruleika sem er hinn tæknilegi veruleiki umhverfisins sem kemur því ekkert við hvaða skoðanir menn hafa á rekstri útvarps að öðru leyti, hvort það eru einkaaðilar, ríkisstöðvar eða hvað það nú er. Tæknin er þarna og hún er þessi og hún hefur bæði góðar hliðar og neikvæðar eins og gengur. Ég minnist þess að þegar þessi reglugerð var sett og reyndar áður á árinu 1991, þá var mér það alveg ljóst að ákvæði núgildandi útvarpslaga varðandi þýðingarskyldu eru veik. Segja má að ákvæðin um þýðingarskyldu eins og þau eru í gildandi reglu-

gerð séu alveg á ystu mörkum þess sem lögin skjóta stoðum undir.

Ég mat það mikils og met það mikils við Sverri Hermannsson, sem var menntmrh. þegar reglugerðin var sett á sínum tíma, að hann skyldi vera tilbúinn til að ganga jafnlangt varðandi þýðingarskylduna og kveðið er á um í reglugerðinni og ég tel að það sé mjög mikilvægt og það hafi skipt miklu máli upp á þann frið sem þrátt fyrir allt tókst um framkvæmd útvarpslaganna svo umdeild sem þau voru að öðru leyti þegar þau voru sett.

Hér í þessu frv. er tekið á þýðingarskyldunni eins og ég mun koma að hér á eftir og ég hygg að það sé mikilvægasta málið að mörgu leyti í þessu frv. Þegar umræðurnar stóðu yfir um aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði í síðustu ríkisstjórn fram til 1991, þá voru uppi um það kröfur af hálfu utanrrn. að þýðingarskyldan yrði felld niður. Þær kröfur komu mjög skýrt fram af hálfu þáv. og núv. hæstv. utanrrh. og þeim kröfum hafnaði menntmrn. á þeim tíma, ekki með þeim rökum sem hér eru notuð og eru þó auðvitað fullgild og ágæt svo langt sem þau ná í tilskipun Evrópubandalagsins heldur fyrst og fremst með þeim rökum að með því að hafa þýðingarskyldu á öllum útvarpsstöðvum sem framleiða efni og starfræktar eru hér á landi, þá sé ekki verið að mismuna einum eða neinum vegna þess að menn geti auðvitað komið þeim reglum við jafnvel þó að um sé að ræða erlenda eignaraðila að viðkomandi stöðvum, þá er eftir sem áður hægt að gera kröfur um þýðingarskyldu. Ég taldi að þessi krafa utanrrn. væri á misskilningi byggð og hafnaði henni þess vegna hvað sem leið afstöðu manna að öðru leyti til hins Evrópska efnahagssvæðis. Og ég vil halda þeirri röksemd til haga hér af því að ég tók ekki eftir að hún kæmi fram í máli hæstv. menntmrh. vegna þess að mér finnst það mikilvægt líka að Íslendingar verji sig ekki aðeins með sérákvæðum þessarar tilskipunar, heldur líka með almennum atriðum sem eiga rætur í almennum grundvallaratriðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Það má setja reglur sem gilda fyrir alla á því svæði sem hér um ræðir, svæðinu Íslandi. Og það er engin mismunun að hafa hér kröfu um þýðingarskyldu jafnvel þó að einhverjir erlendir aðilar eigi í hlut, enda sé ekki um að ræða þessa viðstöðulausu dreifingu á efni sem er svo sem ekkert eða lítið hægt að gera við eins og sakir standa.

Í tengslum við þessa umræðu er auðvitað rétt að minna á að vörnin fyrir íslenska menningu getur heldur aldrei falist eingöngu í þýðingarskyldu svo mikilvæg sem hún er. Þýðingarskylda er mikilvæg, hún er mjög mikilvægt atriði. En vörnin fyrir íslenska menningu fæst aldrei að fullu með þýðingarskyldu að mínu mati. Vörnin fyrir íslenska menningu getur aldrei að þessu leytinu til orðið önnur en sú að íslenskar stöðvar séu með almennilegt íslenskt efni og að þjóðin vilji frekar horfa á eða heyra það sem frá þessum stöðvum kemur heldur en það sem kemur frá hinum erlendu stöðvum. Það er eini möguleikinn til að tryggja eðlilega þróun íslensks útvarps og sjónvarps að þær stofnanir sem útvarpið og sjónvarpið reka séu með myndarlegt íslenskt menningarefni. Þess vegna er það manni dálítið áhyggjuefni að horfa upp á það að staða Ríkisútvarpsins sé fjárhagslega mjög knöpp. Hún hefur verið það mjög lengi. Sem betur fer er Ríkisútvarpið ekki núna stórkostlega skuldum vafið eins og það var 1988 þegar launaskuldir Ríkisútvarpsins við ríkissjóð voru um 300 millj. kr. En ég tel að það eigi að gera allt sem hægt er til þess að knýja Ríkisútvarpið til að framleiða mikið af innlendu dagskrárefni og eigi að ganga býsna langt í því að setja fram kröfur af þessu tagi, býsna langt.

Ég tók eftir því þann tíma sem ég vann í menntmrn. að Ríkisútvarpið hafði tilhneigingu til þess að verja sig með margvíslegum rökum andspænis kröfum um íslenskt efni. Þau rök voru út af fyrir sig öll gild en breyta hins vegar ekki því að íslensk útvarpsstöð á að hafa íslenskt efni rétt eins og í íslenskum bæ eiga menn að tala íslensku. Ég tel að Ríkisútvarpið eigi að hafa forustu á þessu sviði og ganga þar lengra en hægt er að gera kröfur um til annarra.

Varðandi svo spurninguna um það, sem menn geta velt fyrir sér, hvort þetta margumtalaða frelsi í útvarpsmálum hafi auðgað íslenska menningu, þá vil ég segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að ég set spurningarmerki um það. Ég hef ekki orðið var við það og rökin eru auðvitað m.a. kostnaðarleg. Það eru kostnaðarleg rök fyrir því og þess vegna var ákveðið að stofna Menningarsjóð útvarpsstöðva á sínum tíma sem hefur verið umdeildur allan tímann, en hann hefur samt gert dálítið gagn.

Við vorum hér að ræða áðan undir síðasta dagskrármáli á þessum fundi um Menningarsjóð. Ég teldi að það væri að mörgu leyti eðlilegt að tengja saman þá hugsun, sem er í frv. um Menningarsjóð með öllum fyrirvörum um það, og þá hugsun sem er á bak við Menningarsjóð útvarpsstöðva þannig að menn horfi á þetta í einum farvegi og séu með myndarlega fjármuni til að efla íslenska menningu, hvort sem það er í formi bókaútgáfu eða í því að framleiða íslenskt sjónvarpsefni.

Ég vildi í framhaldi af þessu inna hæstv. menntmrh. eftir því hvort haft hefur verið samráð við Íslenska málnefnd um frv. og þýðingarskyldu. Mikilvægt er að hafa sem mest samband við Íslenska málnefnd um það mál og ég mun a.m.k. óska eftir því að hún fái að tjá sig um frv. og efni þess.

Varðandi einstök atriði í frv. ætla ég ekki að vera margorður á þessu stigi málsins. Í 1. gr. eru fjöldamörg ný atriði. Þar er reynt að orða hluti eins og „dulin auglýsing“ og „kostun“. Ekki er einfalt mál að orða þetta þannig að það sé almennilegt og sæti síst á mér að vanda um við höfunda frv. í þeim efnum. Ég skil að þó þar séu orðhagir menn er eðlilegt að þeir komist í krappan dans við að koma þessum textum saman og sérstaklega þessu skelfilega tæknimáli sem ekki nokkur maður skilur nema eftir margra ára nám í verkfræðideild við Háskóla Íslands.

Hvernig hugsa menn sér að framkvæma það eftirlit sem talað er um í 1. gr.? Hvernig á að tryggja að eðlilega verði staðið að þessu með duldar auglýsing-

ar? Í 5. gr. kemur t.d. fram: „Í auglýsingum skal ekki beita tækni til að hafa áhrif á fólk neðan marka meðvitaðrar skynjunar.“ Virðulegi forseti, ef ég má orða það svo, ég fatta ekki alveg hvað menn eru hér að fara. Hvað er „neðan marka eðlilegrar skynjunar“? Fróðlegt væri að fá það aðeins nánar útskýrt. Er þá eitthvað „ofan marka eðlilegrar skynjunar“? Ekki væri síður fróðlegt að frétta af því og ég sé einn nefndarmann mér á vinstri hönd sem gæti kannski frekar en aðrir upplýst þingheim um hvað er „ofan marka meðvitaðrar skynjunar“? Ég átta mig ekki alveg á því hvað er „neðan marka meðvitaðrar skynjunar“. Ég verð því miður að játa það, hæstv. forseti, að ég skil þetta ekki alveg. (**Gripið fram í:** Svona næstum því.) Nei, ég skil mjög lítið í þessu, ég verð að viðurkenna það.

Kostunin er auðvitað um mjög flókið atriði og mætti segja margt um það. Ég held að mjög erfitt geti verið að framkvæma þessar kostunarreglur og þá er ég kominn að spurningunni varðandi 1. gr.: Hver á að passa upp á þetta? Ef einhver heyrir sérkennilega dagskrá á Bylgjunni þar sem ætla má að einhverjir hagsmunaaðilar, Kóka kóla eða guð veit hvað, eru á bak við, við hvern á þá að tala? Hver ætlar þá að hafa eftirlit með því? Hér er sagt útvarpsréttarnefnd. Það er nú meiri stofnunin, þessi útvarpsréttarnefnd, ef hún á að fylgjast með þessu öllu. Hvað á hún að gera? Mig vantar pínulítið skýrari hugmyndir um það hvernig menn ætla að framkvæma þá góðu hluti, það eftirlit sem menn ætla að hafa í þessum efnum. Satt að segja sé ég ekki alveg í fljótu bragði hvernig menn ætla að koma þessu eftirliti við þannig að það verði virkt. Þá er ég líka að tala um andsvarsréttinn sem er ágætt ákvæði hér í þessu frv. í 3. lið b í 4. gr.

Ég vil einnig víkja aðeins að því atriði í 4. gr. sem lýtur að hlutföllum efnis. Það er mjög merkilegt ákvæði. Þar stendur: „Útvarpsstöðvar ...skulu kosta kapps um að meiri hluti útsendrar dagskrár sé íslenskt dagskrárefni og dagskrárefni frá Evrópu.“ Þetta er skýrt aðeins nánar efst á bls. 7 í greinargerðinni þar sem segir, með leyfi forseta: „Jafnframt er lögð áhersla á að innlendar útvarpsstöðvar sinni innlendri dagskrárgerð og að dagskrá þeirra endurspegli evrópskan menningararf.“

Ég tel enga þörf á að taka það fram að þetta skuli endilega vera frá Evrópu á þann hátt sem þarna er verið að tala um. Hins vegar skil ég textana þannig að menn séu að reyna að smeygja sér fram hjá ógnarlegum yfirgangi engilsaxneskrar tungu og að það sé í raun og veru aðalatriðið og ég er alveg sammála því. Þetta yfirþyrmandi flóð af engilsaxnesku efni, sem er nú reyndar líka framleitt í Evrópu, er aðalvandamálið og mætti gjarnan segja það einhvers staðar í greinargerðinni. Þetta ákvæði á auðvitað uppruna sinn í Evrópubandalaginu og þar sem Þjóðverjar og Frakkar hafa lagt mjög mikla áherslu á að ná upp hlut innlends efnis í sjónvarpsstöðvum sínum — og það er eðlilegt og sjálfsagt — þá spyr ég: Af hverju má ekki setja ákvæði um það að tiltekinn hluti af efni stöðvanna skuli vera íslenskur? Hér stendur að meiri hluti útsendrar dagskrár sé íslenskt dagskrárefni og dagskrárefni frá Evrópu. Ég spyr: Af hverju má ekki miða við að þetta efni sé að verulegum hluta til íslenskt efni? Þegar tilskipun Evrópubandalagsins er skoðuð þá opnar hún fyrir það að menn setji sér allákveðin markmið í þeim efnum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort menn hafi ekki hugleitt það við samningu frv. eða undirbúning þess.

Þetta ákvæði styðst við 5. gr. tilskipunarinnar þar sem segir að „aðildarríki skuli leitast við að ná því marki að hlutfall evrópsks myndefnis sé 50% af heildarútsendingartíma að frátöldum þeim tíma sem varið er til frétta, íþróttaviðburða, leikja, auglýsinga og textavarps.“ Staðreyndin er sú að þegar verið er að tala um hlutfall íslensks efnis í íslensku sjónvarpsstöðvunum þá telja þeir með fréttirnar og íþróttirnar. Þeir hleypa því hlutfalli gífurlega hátt þegar t.d. stendur yfir gagnmerkur handboltaleikur eins og nákvæmlega á þeirri stundu sem við erum hér stödd í þessum sal. (**Gripið fram í:** Hvernig stendur?) Því miður hef ég ekki upplýsingar um það, hv. þm. (**Gripið fram í:** 9:9) Það stendur 9:9 samkvæmt upplýsingum frá hv. 3. þm. Norðurl. e., sem er sérstaklega á útkikki í þessu alvarlega máli. En spurningin er sem sagt sú: Hvaða skilgreiningu eru menn að tala um að því er varðar íslensku stöðvarnar? Erum við að segja að við tökum *íþróttirnar, fréttirnar, auglýsingarnar og textavarpið* frá? Erm við að segja að þegar við verðum aðilar að þessu þá verði það sem eftir er að vera að meiri hluta til evrópskt efni, þar með talið íslenskt? Ég áttaði mig ekki alveg á því að þeir hlutir væru svona í framsöguræðu hæstv. ráðherra. En það hefur kannski bara farið fram hjá mér og ég endurtek þá spurninguna: Af hverju getum við ekki sett inn í þessi lög ákvæði um það að tiltekinn hluti af efninu skuli vera íslenskur? Ég tel að það styðjist við þann anda sem kemur fram í tilskipun Evrópubandalagsins.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um verkefni útvarpsréttarnefndar og þar er þersýnilega gert ráð fyrir að hún verði allviðamikil. Ég sé ekki betur en að þetta verði þó nokkur stofnun ef hún ætlar að fylgjast með og taka við kvörtunum ef þetta á að vera virkt þetta eftirlit, þá sýnist mér að hún verði að vera það. Mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherra vildi útskýra aðeins betur fyrir okkur hvernig hann hugsar þar.

Að svo miklu leyti, virðulegi forseti, sem ég hef vit á þessum málum þá sýnist mér að ákvæði 3. gr. varðandi tíðnisviðin og úthlutun á þeim séu til bóta. Þau eru skýrari en eru í núgildandi lögum. Mætti ekki hugsa sér að skerpa aðeins á þessum kröfum um íslenskt efni?

Í 5. gr. er fjallað um auglýsingar. Ég hef ekki alveg séð rök fyrir því af hverju það er fellt niður að gjaldskrár fyrir auglýsingar skuli háðar samþykki útvarpsréttarnefndar en sjálfsagt eru einhver rök fyrir því. Eins og þetta er núna þá er gjaldskrá Ríkisútvarpsins í raun og veru menntmrh. Ef ég man rétt hefur hann a.m.k. að gera með afnotagjöldin. Það verður að ganga í gegnum menntmrn. Ég held að eðlilegast sé að því er varðar auglýsingaskrárnar að þau lögmál sem eru á markaðnum gildi á hverjum tíma. Úr því að þetta

er fellt niður að því er varðar útvarpsréttarnefnd er spurning hvort þetta gildi þá um Ríkisútvarpið líka. Mér finnst að ég þyrfti að fá pínulítið nánari upplýsingar um það hvað felst í þessu frá hæstv. menntmrh.

Ég fagna því sem fram kemur hér að setja í lög ákvæði um það að auglýsingar verði afmarkaðar skýrt frá öðru dagskrárefni. Ekki hefur gengið vel að fylgja því eftir, ég er ansi hræddur um að misbrestur sé á því. Sömuleiðis er lagt fortakslaust bann við duldum auglýsingum enda verður að gera þá kröfu til útvarpsstöðva að dagskrárgerð sé hagað þannig að neytendum sé ljóst hvenær um auglýsingar sé að ræða og hvenær ekki. Þetta finnst mér góður tónn í skjalinu. Það kemur að vísu aðeins fyrir að manni finnst að það hafi ekki verið hent úr öllum skúffum í ráðuneytinu árið 1991, heldur hafi fundist þar ein og ein lína sem hafi þótt brúkleg frá fyrri tíð. Þetta finnst mér a.m.k. góð málsgrein.

Síðan kem ég að þessu með meðvitaða skynjun sem er eiginlega fyrir neðan mörk meðvitaðrar skynjunar ræðumanns og ég endurtek spurningar mínar um það.

Ég skil það ekki svo að í frv. sé verið að gera neinar breytingar að því er varðar auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins, það séu engar tillögur um það eins og frv. lítur úr. Ég sé það í salnum að það virðist vera rétt skilið.

Með öðrum orðum tel ég að ýmislegt í frv. sé ágætt og það megi ganga lengra, jafnvel með hliðsjón af þessari tilskipun Evrópubandalagsins í þá veru að treysta grunn íslenskrar menningar. Auðvitað er að mörgu leyti gott að fá inn ákvæði IV. kafla tilskipunarinnar um sjónvarpsauglýsingar og kostun. Það hefur ekki mátt nefna svona höft, sérstaklega ekki gagnvart Sjálfstfl. En hér er auðvitað verið að setja reglur um auglýsingar og þess háttar og ég verð að játa að ég tel að það sé nokkuð sama hvaðan gott kemur ef það er brúklegt á annað borð.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, vekja athygli á 22. gr. tilskipunarinnar, sem fjallar um vernd barna og ungmenna. Ég tel að þessi ákvæði hljóti einnig að ná til auglýsingaefnis og spyr að því hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér. Ég tel að þessi ákvæði séu þannig hliðstæð lagaákvæðum sem samþykkt voru fyrir nokkrum dögum í samkeppnislögunum um vernd barna fyrir skaðlegu auglýsingaefni. Ég bendi á að í landinu eru í gildi lög um bann við ofbeldiskvikmyndum. Ég hygg að þau ákvæði sem þarna er um að ræða séu síst veikari en þau ákvæði sem eru í gildi um bann við ofbeldiskvikmyndum. Þá spyr ég einnig um þessa grein: Hver á að fylgjast með þessu ákvæði sem við erum að nokkru leyti að taka inn í lagagrunn okkar? Er það útvarpsréttarnefnd eða hvað? Það hefur gengið illa að passa upp á stöðvar sem hér hafa verið og þess vegna þurfum við að fá um það nánari upplýsingar hver á að fylgjast með því að þessum ákvæðum um vernd barna og ungmenna sé framfylgt.

Eins og ég gat um áðan, virðulegi forseti, þá á ég sæti í hv. menntmn. og á kost á að ræða málið þar en það er ekki, eins og ég sagði í upphafi, nærri eins vont og ástæða var til að ætla þegar maður frétti af því að Sjálfstfl. og stjórnarflokkarnir ætluðu að einoka nefndina og frétti af ýmsum hugmyndum sem uppi höfðu verið að því að selja Ríkisútvarpið eða a.m.k. hluta af því.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir síðustu orð síðasta ræðumanns. Ekki endilega að það sé ekki nærri því eins vont og ég hefði átt von á en ég get sagt að mér finnst þetta vera hið þokkalegasta frv. og engin sérstök ástæða til að hafa mjög mörg orð um það á þessu stigi málsins. Nú vill svo til að formaður þeirrar nefndar sem samdi frv. situr í hv. menntmn. þannig að þar munum við geta átt orðastað við hann þegar við förum að vinna málið í nefnd.

Því er ekki að neita að þetta frv. gengur svolítið í frjálsræðisátt en þó innan þeirra marka sem mér finnst að séu ásættanleg. Útvarpsréttarnefnd fær með þessu frv. aukin verkefni og t.d. það að veita leyfi til starfrækslu svonefndra endurvarpsstöðva auk eftirlitshlutverksins sem síðasti hv. ræðumaður nefndi.

Ég velti því fyrir mér þegar talað er um að meiri hlutinn sé íslenskt eða evrópskt dagskrárefni hvort ekki sé hægt að hafa það bara þannig að 45% væri frá hinum Evrópuþjóðunum og íslenskt um 6–7%, svo maður taki öfgafullt dæmi. Þetta ákvæði, sem kemur fram í 4. gr. frv., sló mig svolítið. Svo kemur þarna alveg yndisleg setning eða málsliður þar sem segir: „Skal lögð áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalausu íslensku máli.“ Þá er spurningin: Hvað telst lýtalaust íslenskt mál? Er ekki því miður æðimikið af því sem er sent í loftið í dag eitthvað annað en lýtalaust íslenskt mál? Mér finnst því miður að áherslur í ýmsum þessum útvarpsstöðvum og jafnvel Stöð 2 líka séu að verða dálítið útlenskar. Það er svo einkennilegt að þegar nýtt fólk kemur til starfa á þessum stöðvum byrjar það strax með þessar sérkennilegu áherslur sem mér finnast ekki hljóma íslenskt. Þetta verð ég ekki vör við á ríkisstöðvunum og ég hef náttúrlega sérstakt uppáhald á þeim stöðvum. Það er allt í lagi að það komi fram. En þetta er mál sem ég hefði gjarnan viljað ræða í hv. nefnd.

Í 5. gr. er svo nokkuð sem ég átta mig ekki alveg á vegna þess að þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Auglýsingar skulu vera auðþekkjanlegar sem slíkar og vera skýrt afmarkaðar frá öðru dagskrárefni, með myndskilti eða hljóðmerki og skulu þær fluttar í sérstökum almennum auglýsingatímum á milli dagskrárliða.“ Svo kemur: „Heimilt er að rjúfa einstaka dagskrárliði með auglýsingatíma ...“ Mér finnst þetta reka sig hvað á annars horn. Ef það er heimilt að rjúfa dagskrárliði — sem er nýmæli, það er ekki í gildandi lögum — erum við þar með ekki með þessa auglýsingatíma á milli dagskrárliða? Þetta er kannski einhver meinloka í mínu höfði en hv. 5. þm. Norðurl. e. getur eflaust sagt okkur eitthvað meira um þetta.

Núna er í fyrsta sinn verið að setja inn ákvæði um hlutfall auglýsingatíma, að hann sé ekki yfir 15% daglegs útsendingatíma. Það hefði verið fróðlegt að vita upp í hvað auglýsingatíminn getur farið hjá okkur eins

og þetta hefur verið t.d. þegar jólaauglýsingarnar hafa verið hvað mestar. E.t.v. hefur það verið athugað og hægt að fá upplýsingar um það. En mér segir svo hugur að það geti verið þó nokkuð hátt hlutfall.

Ég var búin að gera athugasemd við síðasta málsliðinn í 5. gr. um að hafa áhrif á fólk neðan marka meðvitaðrar skynjunar. Mér fannst það eitthvað sem ég áttaði mig ekki á. En eins og ég segi ég vil ekki vera að lengja þessa umræðu. Það er orðið nokkuð áliðið dags og við fáum tækifæri til að fjalla um málið í nefnd. En ég vildi taka það fram að mér sýnist að það séu allar líkur á því að ég geti stutt þetta frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íslensk endurtrygging, 1. umr.

Stjfrv., 307. mál. — Þskj. 476.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Frv. það sem ég mæli hér fyrir er samið að tilhlutan Íslenskrar endurtryggingar, en stjórnin óskaði eftir því við heilbr.- og trmrh. að hann beitti sér fyrir lögfestingu frv.

Samkvæmt ákvæðum frv. skal stofna hlutafélagið Íslenska endurtryggingu hf. og skal það taka við rekstri, eignum og skuldum félagsins Íslensk endurtrygging, sem nú starfar samkvæmt lögum nr. 43/1947, með síðari breytingum. Ástæðan fyrir þessari breytingu er m.a. sú að auðvelda ríkisstjórninni að selja eignarhlut ríkisins í félaginu. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu ríkisstofnana hefur unnið að því að selja þennan eignarhlut en að mati stjórnar félagsins er slíkt ekki unnt nema að lögum um félagið sé breytt.

Í frv. til laga um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði er gert ráð fyrir tveimur breytingum á lögum nr. 43/1947. Þetta frv. er enn til meðferðar í hv. heilbr.- og trn. en ég vænti þess að það komi fljótlega til 2. umr. í þinginu. Annars vegar er gert ráð fyrir að felld verði úr gildi ákvæði um skattfrelsi félagsins og hins vegar er gert ráð fyrir að niður falli einkaréttur félagsins á stríðsslysatryggingum.

Með tilliti til þess að þetta frv. hljóti samþykki telur stjórnin rétt að breyta rekstrarformi félagsins þannig að einstakir eigendur áhættufjár í félaginu eigi auðveldara um vik að ráðstafa eignarhlut sínum í félaginu og gera félagið jafnframt hæfara til þess að starfa í breyttu rekstrarumhverfi.

Í greinargerð með frv. er rakin í stuttu máli saga löggjafar um Íslenska endurtryggingu og tel ég ástæðulaust að fara fleiri orðum þar um en vísa hv. þm. til þess sem þar segir.

Megintilgangur frv. er hins vegar sá, eins og fram hefur komið, að breyta Íslenskri endurtryggingu í hlutafélag og var miðað við að breytingin ætti sér stað 1. jan. 1993. Þetta er gert með þeim hætti að stofna hlutafélag sem yfirtekur rekstur, eignir og skuldir Íslenskrar endurtryggingar. Gert er ráð fyrir að heilbr.- og trmrh. hafi veg og vanda af framkvæmdinni en heimilt er honum að fela núv. stjórn að annast þennan þátt. Þá skal jafnframt frá og með áramótum, eins og frv. er úr garði gert, gefa út hlutabréf til allra áhættufjáreigenda í félaginu og verður nafnverð bréfa hvers þeirra jafnt nafnverði áhættufjárskírteina þeirra í félaginu. Stjórnarmenn verða væntanlega stofnendur hins nýja hlutafélags með undirritun stofnsamnings og samþykkta.

Tilgangurinn var að boða til aðalfundar hluthafa fyrir lok febrúar 1993 og átti þar að kjósa nýja stjórn sem taka átti við stjórnartaumum. Hins vegar verður einhver bið á því þar sem frv. hefur ekki enn hlotið afgreiðslu eins og gert var ráð fyrir þegar frv. var samið. Það kemur fram í greinargerðinni og víðar að stefnt var að því að frv. gæti hlotið samþykki fyrir febrúarlok.

Þá er gert ráð fyrir að starfsmenn félagsins hafi rétt til starfa hjá hlutafélaginu en starfsmenn þess eru nú tíu.

Á árinu 1992 hefur áhættufé félagsins verið þrefaldað með heimild í lögum og þar sem gert er ráð fyrir að áhættufjáreigendur fái sömu fjárhæð í hlutafé og þeir eiga í áhættufé verður heildarhlutafé hins nýja hlutafélags 338.353.200 kr. Eigið fé félagsins að meðtöldum áhættusjóði nam í árslok 1991 424.933.436 kr. Helstu eigendur áhættufjár í félaginu nú eru eftirtaldir aðilar: Ríkissjóður 37,20%, Sjóvá-Almennar tryggingar hf. 15,47%, Tryggingamiðstöðin hf. 11,14%, Burðarás hf. 7,12%, Samvinnutryggingar gt. eiga 5,06%, Brunabótafélag Íslands 3,94% og Tryggingastofnun ríkisins 2,73%.

Í greinargerðinni eru athugasemdir við einstakar greinar frv. og tel ég ástæðulaust að lesa þær upp hér í framsöguræðu en mun að sjálfsögðu reyna að svara spurningum um einstakar greinar ef einhverjar eru.

Þá er fylgiskjal með frv. frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. umsögn um frv. til laga um stofnun hlutafélags um Íslenska endurtryggingu og vísa ég einnig til þeirrar umsagnar.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um málið á þessu stigi en legg til að að lokinni þessari umræðu verði því vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Frv. það sem hér er til umræðu fjallar um stofnun hlutafélags um Íslenska endurtryggingu og eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra og í greinargerð er frv. flutt að tilhlutan stjórnar Íslenskrar endurtryggingar.

Eins og fram kemur einnig í greinargerðinni þá eru eigendur áhættufjár í félaginu tryggingafélögin í landinu, eins og þar er til greint, ásamt ríkissjóði. Ríkissjóðurinn er með rúmlega einn þriðji hluta af þessu áhættufé.

Ég tel rétt að málum staðið eins frv. gerir ráð fyr-

ir, að breyta þessu tryggingafélagi í hlutafélag og eðlilegt að það séu tryggingafélögin sem trúlega muni innan tíðar eignast þetta félag enda þeirra hagsmunir fyrst og fremst að reka slíka sameiginlega endurtryggingu. Ég býst við að það megi segja að þetta sé kannski eitt af þeim fyrirtækjum eða félögum sem ríkissjóður á aðild að sem eðlilegt sé að einkavæða, ef má nota það orð um það sem hér er að gerast og tek undir þá meginstefnu frv. þó ég sé hins vegar ekki sammála öllum einkavæðingarhugmyndum og tillögum hæstv. ríkisstjórnar. Ég tel reyndar að sum tilvik þar sem ríkisstjórnin hefur farið fram með einkavæðingarhugmyndir séu nær því að nálgast trúarbrögð heldur en að hlutunum sé skynsamlega staðið eða að það sé gert í ljósi þess að um eðlilega og sjálfsagða hagsmuni sé að ræða og verið að breyta þeim fyrirtækjum eða stofnunum í einkavædd fyrirtæki af því að það séu hagsmunir fyrirtækjanna sjálfra eða ríkisins. Mér finnst það ekki alltaf hafa verið alveg ljóst. En hér hygg ég að það sé og hef í sjálfu sér ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um málið.

Ég hef aðeins fylgst með þróun þessa máls í undirbúningnum í gegnum einn af stjórnarmönnum í Íslenskri endurtryggingu og ítreka það sem ég sagði hér áðan að ég tel að hér sé rétt að málum staðið.

Í greinargerð frá fjárlagaskrifstofu fjmrn., sem hér fylgir með, er ekki gert ráð fyrir að kostnaður ríkisins af þessari breytingu sé nokkur eða muni verða óverulegur því kostnaður greiðist af félaginu sjálfu og þá nemur kostnaður ríkisins aðeins eignarhlutfalli ríkisins í félaginu.

Að öðru leyti sýnist mér að ég geti stutt frv. en að sjálfsögðu verður það skoðað í þeirri nefnd sem fær það til umfjöllunar og þá kunna að koma fram einhverjar fyrirspurnir eða athugasemdir sem ég hef ekki fram að færa til hæstv. ráðherra á þessu stigi málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þvottahús Ríkisspítalanna, 1. umr.

Stjfrv., 277. mál. — Þskj. 385.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Þetta mál var kynnt í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og rætt talsvert mikið þá þannig að ég tel ástæðulaust nema sérstakt tilefni gefist til að fara mjög mörgum orðum um þetta frv.

Í fjárlagafrv. var boðað og afgreitt í áætlun um tekjur Ríkisspítala við fjárlagaafgreiðsluna að Þvottahúsi Ríkisspítala yrði breytt í hlutafélag í eigu Ríkisspítalanna og síðar mundu Ríkisspítalar selja hluta af því hlutafé á frjálsum markaði til tekjuöflunar.

Þvottahús Ríkisspítalanna hefur verið starfrækt um árabil. Það skiptist í þvottadeild og saumastofu. Þvottadeildin annast þvott á öllu líni fyrir Ríkisspítala, Borgarspítala og að ég hygg flestallar einkastofnanir sérfræðilækna á höfuðborgarsvæðinu sem þurfa slíkrar þjónustu með. Einnig eru líkur á að þvottahúsið taki innan skamms við fleiri viðfangsefnum en afkastageta þar er mjög mikil umfram það sem nú á sér stað.

Árið 1990 voru 1.225 tonn af þvotti þvegin í þvottahúsinu og tekjur voru liðlega 111 millj. kr. Þvottahús Ríkisspítalanna er til húsa að Tunguhálsi 2, Reykjavík. Hluti hússins var byggður 1967 og er hann notaður af þvottahúsinu. Stærð húshlutans er 2.162 m^2. Brunabótamat húshlutans er 165 millj. kr., fasteignamat er 48,6 millj. kr. og áætlað söluverð 88 millj. kr.

Yngri hluti hússins var byggður 1975 og er hann að mestu notaður af birgðastöð og sótthreinsunardeild. Stærð yngri hlutans er 1.505 m^2. Brunabótamat þess húshluta er 105 millj. kr. og fasteignamat 50,5 millj. kr. Ekki liggur fyrir mat á tækjum þvottahússins. Sum eru ný en önnur allt að 25 ára gömul. Lauslega má áætla að verð tækja sé um 100 millj. kr.

Um einstakar greinar er það að segja að í 1. gr. er ríkisstjórninni falið að stofna hlutafélag um rekstur Þvottahúss Ríkisspítalanna og heimilað að leggja hinu nýja hlutafélagi til þvottahúsið sjálft ásamt öllu fylgifé þess, sem lýst hefur verið í máli mínu hér að framan. Það er gert ráð fyrir að heilbrrh. annist undirbúning að stofnun félagsins fyrir hönd ríkisstjórnarinnar enda lúta Ríkisspítalar yfirstjórnar hans. Sérstaklega skal fram tekið að auðvitað verður haft fullt samráð og samstarf við stjórnarnefnd og stjórnendur Ríkisspítala um þann undirbúning.

Nefnd, sem ráðherra skipar, skal meta eignir og skuldir þvottahússins. Matið skal leggja til viðmiðunar um andvirði hlutafjár og upphaflega eiginfjárstöðu hins nýja félags.

Í 2. gr. er megintilgangur hlutafélagsins skilgreindur og gert ráð fyrir að þvottahúsið skiptist áfram í tvær deildir eins og nú er, þ.e. þvottadeild og saumastofu. Í lagagreininni er gert er ráð fyrir að þvottadeild sjái um þvott á öllu líni fyrir Ríkisspítala og aðra aðila sem við er samið en saumastofa sjái um viðgerð, merkingu og endurnýjun á líni sem notað er á Ríkisspítölum og hjá öðrum sem semja um þessa þjónustu við félagið. Þá er einnig gert ráð fyrir að nánar megi kveða á um hlutverk félagsins í samþykktum þess og að samþykktum megi breyta á hluthafafundi samkvæmt almennum reglum.

Hér er að sjálfsögðu um nokkurt álitamál að ræða, þ.e. hvort gera eigi ráð fyrir því í lagatexta að fyrirtæki, sem er verið að stofna með þessum hætti og verður þá hlutafélag, sem a.m.k. fyrst um sinn verður að vísu í meirihlutaeign Ríkisspítala en gæti hugsanlega síðar komist í eign annarra utanaðkomandi aðila, eigi fortakslaust að þvo allan þvott fyrir Ríkisspítala og öðlast þar nokkra einokunaraðstöðu. En á hitt er að líta, eins og ég sagði hér áðan, að það er gert ráð fyrir því af minni hálfu að Ríkisspítalar eigi a.m.k. til að byrja með meiri hluta hlutafjárins og þarna er raunverulega verið að kveða á um að það sé ekki gert ráð fyrir því að Ríkisspítalar stofni við hliðina á þessu fyrirtæki annað fyrirtæki eða vísi að fyrirtæki á vegum Ríkisspítala sem annist þessa þjónustu að einhverju leyti eða hluta til.

Um 3. gr. er það að segja að þar er kveðið á um að Ríkisspítalar skuli eiga öll hlutabréf félagsins við stofnun þess. Er það undantekning frá almennum reglum hlutafélagalaga sem gera ráð fyrir a.m.k. tveimur eigendum hlutafjár í hlutafélagi. Þar er einnig kveðið á um að heilbrrh. skuli fara með eignarhlut Ríkisspítalanna í félaginu og er honum heimilað að selja öll hlutabréfin í félaginu eða hluta þeirra. Gert er ráð fyrir að yrðu hlutabréf seld í félaginu mundu tekjur af slíkri sölu renna beint til Ríkisspítalanna.

4. gr. frv. er ætlað að tryggja fastráðnum starfsmönnum Þvottahúss Ríkisspítalanna rétt til sömu starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og þeir gegndu áður hjá Þvottahúsinu. Sambærileg ákvæði um réttindi starfsmanna hafa áður verið sett í lög þegar ríkisfyrirtækjum hefur verið breytt í hlutafélög, sbr. t.d. lög nr. 45/1989, um stofnun hlutafélags um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg.

Í október 1992 störfuðu 55 manns hjá þvottahúsi og saumadeild Ríkisspítalanna. Í 32,3 stöðugildum er 41 einstaklingur í Verkakvennafélaginu Sókn og í 14 stöðugildum eru 14 einstaklingar í Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Þeir starfsmenn Þvottahúss Ríkisspítalanna, sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, munu halda þeim réttindum sínum við þá formbreytingu í rekstri sem hér er stefnt að. Vísast í því sambandi til ákvæðis í 17. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Í 5. gr. eru ákvæði um að þar eð Ríkisspítalar eru í upphafi eini hluthafinn í félaginu sé nauðsynlegt að veita undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaga um lágmarkstölu stofnenda og hluthafa. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að ákvæði hlutafélagalaga gildi um félagið. Hér er og gert ráð fyrir að stofnfund skuli halda eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistöku laganna og þar skuli leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið.

Í 6. gr. er lagt til að að hlutabréf, sem gefin eru út við stofnun félagsins, skuli undanþegin stimpilgjöldum. Í umsögn um frv. frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. er talið eðlilegt að slík undanþága sé veitt.

Í 7. gr. eru síðan gildistökuákvæði sem kveða á um að lögin öðlist þegar gildi eftir að þau hafa verið samþykkt og Þvottahús Ríkisspítalanna hf. yfirtekur eignir og rekstur Þvottahúss Ríkisspítalanna 1. jan. 1993, segir þar. Þessu ákvæði þarf að sjálfsögðu að breyta og miða við gildistöku frv. Eins og fram kemur eru gefnir þrír mánuðir frá því að frv. er samþykkt, ef svo verður, og þar til að framkvæmdin er að fullu komin í hendur á hinu nýja hlutafélagi.

Virðulegur forseti. Í þessu frv. eru að sjálfsögðu ýmis álitamál. Sum þeirra hef ég þegar bent á og ég geri ráð fyrir að hv. heilbr.- og trn., sem ég mun leggja til að fái þetta mál til meðferðar, skoði þau álitamál og ræði m.a. við þá aðila sem borið hafa og bera enn ábyrgð á rekstri Þvottahúss Ríkisspítalanna.

Að lokinni þessari umræðu leyfi ég mér að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og til meðferðar hv. heilbr.- og trn.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Með það mál sem hér er nú til umræðu hagar nokkuð öðruvísi en það mál sem við ræddum næst á undan, þ.e. um Íslenska endurtryggingu og ég lýsti stuðningi mínum við. Við þetta frv. get ég ekki lýst yfir stuðningi.

Ég tel að þetta frv., sem er til umræðu, um að stofna hlutafélag um rekstur á Þvottahúsi Ríkisspítalanna sé einmitt dæmigert fyrir það sem ég kallaði áðan einkavæðingartrúarbrögð hæstv. ríkisstjórnar. Mér sýnist að stundum sé farið fram meira af kappi en forsjá í því efni að ætla það að öðrum aðilum takist ávallt og alla jafnan betur og ódýrar að reka fyrirtæki sem þjóna hinu opinbera en þau séu rekin af ríkinu sjálfu eða fyrirtækjum eða stofnunum í eigu hins opinbera. Um þetta geta að sjálfsögðu verið skiptar skoðanir og þarf að skoða hvert einstakt tilvik og meta það, en ég leyfi mér að efast um að slíkt mat hafi farið fram nægjanlega gaumgæfilega áður en ákvörðun var tekin um þessa breytingu sem nú er boðuð og áður en það frv. var samið sem hér liggur fyrir okkur til umræðu.

Ég vil í því sambandi nefna að mér er kunnugt um að á undanförnum dögum og kannski vikum hefur fyrirtæki hér í bæ sem sérhæfir sig í rekstrarúttekt á fyrirtækjum og hagræðingarmálum, Hagvangur, verið að skoða þetta mál fyrir ríkisstjórnina eða líklega fyrir einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar. Hefði kannski verið skynsamlegra að byrja á slíkri athugun og sjá hvað út úr henni kæmi áður en málinu er hrundið svo langt á veg sem það virðist nú vera komið. Eins og kom fram í framsöguræðu hæstv. ráðherra var gerð grein fyrir þessum hugmyndum í greinargerð fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár þegar það var lagt fram í þinginu á haustdögum og urðu reyndar allnokkrar umræður um málið þá eins og hæstv. ráðherra nefndi.

Ég benti m.a. þá á að ég teldi að hér hefði ekki verið staðið nægilega vel að undirbúningi og mál ekki skoðuð eins og ég taldi að hefði átt að gera. Fyrir svo utan það, sem ég kem kannski að hér aðeins síðar, að það er þó reynt að beita fyrir stjórnendur Ríkisspítalanna í sambandi við hugsanlega sölu á þessum rekstrarþætti þeirra stofnana með því að tekjur af sölu hlutafjárins renni til reksturs spítalans. Með þessari beitu fylgir jafnframt sú hótun að ef stjórnendum tekst ekki að selja, þá skulu þeir líka skera niður rekstur sinn. Þá skuli það bitna á þeirri þjónustu sem þar er rekin. Aðeins nánar um það síðar.

Mig langar fyrst að fara nokkrum orðum um efnisatriði sjálfs frv. og kannski að beina nokkrum spurningum til hæstv. ráðherra.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því að undir þetta hlutafélag skuli heyra rekstur Þvottahúss Ríkisspítalanna. Nú hagar svo til að þvottahúsið sem slíkt er rekið að Tunguhálsi 2, í húsnæði sem Ríkisspítalar eiga, ásamt ýmsum öðrum þáttum úr starfsemi spítalanna, svo sem dauðhreinsunardeild á ýmsum varningi, þvotti og fatnaði, sem frá Ríkisspítölunum kemur og þarf að vera undir sérstöku eftirliti. Þar starfa t.d. sýklafræðingar við að sjá um að þar sé málum framfylgt eins og best verður að staðið. Auk þess er í þessu húsnæði einnig

birgðastöð Ríkisspítala og hafa mér tjáð tæknimenn Ríkisspítalanna að það kunni að verða nokkuð erfitt að greina alveg á milli þessara rekstrarþátta ef þvottahúsið verður gert að sjálfstæðri rekstrareiningu og selt utanaðkomandi aðilum.

Því má kannski mín fyrsta spurning til hæstv. ráðherra vera sú: Hvernig hefur hann hugsað þetta mál og hvernig hefur verið fyrir hugað að standa að þessari skiptingu? Sérstaklega á það við um annars vegar rekstur þvottahússins og hins vegar dauðhreinsunardeildarinnar. Einnig má spyrja hvað sé hugsað með húsnæðið. Eða er kannski fyrirhugað að sú starfsemi sem Ríkisspítalar reka og hlýtur að vera áfram á ábyrgð þeirra, eins og þessi dauðhreinsunardeild, eigi að fara í annað húsnæði með þeim kostnaði sem hlýtur að fylgja að þurfa að byggja slíkt upp?

Í 2. gr. frv. er síðan talað um það hvernig þessi starfsemi skuli skiptast, þ.e. hver skuli vera tilgangur félagsins og hvernig starfsemin skuli niðurgreind. Má e.t.v. velta því fyrir sér hvort það er eðlilegt að kveða svo á í lögum um hlutafélag, sem enginn veit eftir skamman tíma hver kemur til með að eiga, að það skuli sjá um að gera þetta og hitt eins og þar er tilgreint. Saumastofa skal sjá um viðgerð á fatnaði starfsfólksins og sjá um að merkja fatnaðinn starfsfólki Ríkisspítalanna og fleira sem þar er tínt til. Ég veit ekki hvort nýir eigendur, ef verða og ef þetta verður að lögum og nær fram að ganga eins og hæstv. ráðherra virðist óska, verða alveg sáttir við að í lögum sé kveðið svo á í einstökum smáatriðum um verkefni þessarar stofnunar.

Í 4. gr. er síðan fjallað um réttindi þeirra sem starfað hafa hjá Þvottahúsi Ríkisspítalanna og að þeir skuli hafa rétt til starfa hjá hinu nýja hlutafélagi. Þar virðist vera tekið nokkuð fortakslaust á að þessir fastráðnu starfsmenn skuli fá þarna starfsrétt og þeim skuli boðin sambærileg staða hjá hinu nýja félagi. Þá getur maður auðvitað spurt fyrir hönd væntanlegra nýrra eigenda: Hvernig eiga þeir að koma að þessu máli? Eiga þeir ekki að hafa neitt um það að segja hvernig rekstrinum skuli hagað, hvaða mannskapur skuli starfa þarna og er þeim gert að skyldu að taka við þessu starfsfólki hvað sem tautar og hvað stendur þá sú skylda lengi? Geta þeir kannski með þriggja eða sex mánaða uppsagnarfresti síðan sagt þessu fólki öllu upp? Þá er þessi grein orðin heldur tilgangslítil. Eða skýrar spurt: Hver verður staða þessa starfsfólks eftir að fyrirtækið hefur lent að mestu eða öllu leyti í einkaeigu og hvað halda þá svona lagaákvæði? Ef ráðherra heldur að þetta sé kvöð eða skylda sem hinu nýja hlutafélagi sé lögð á herðar, hversu lengi heldur þá slík kvöð gagnvart nýjum eigendum eða skylda gagnvart starfsfólki?

Hér segir síðan í grg. frv. að þessi ákvörðun sé m.a. tekin til þess að efla starfsemi Þvottahúss Ríkisspítalanna. Og þá spyr ég líka: Hvað er átt við með því að efla starfsemina? Er meiningin að þvottahús þetta, þegar það er orðið að hlutafélagi, fari að þjóna hinum ýmsu aðilum öðrum og sé ekki lengur bundið við það að gegna fyrst og fremst því hlutverki sem 2. gr. frv. kveður þó á um? Að vísu segir þar „a.m.k." þegar talið er upp hver skuli vera tilgangur félagsins og sjálfsagt má hugsa sér að þar komi þá fleira til greina en það sem er tilgreint.

Nú er það svo að þvottahúsið hefur verið rekið að sjálfsögðu fyrst og fremst sem þjónustustofnun við Ríkisspítalana og ekki ætlað það hlutverk að skila ágóða. Það hefur ekki verið starfseining innan Ríkisspítala sem ætlað hefur verið að afla tekna til þess að standa undir hluta af rekstri þeirrar stofnunar, heldur fyrst og fremst að annast þessa þjónustu, bæði fyrir Ríkisspítalana, Borgarspítalann og nokkra aðra aðila sem ráðherra nefndi hér í framsöguræðu sinni, en alls ekki verið gert ráð fyrir því að þvottahúsið hefði af því sérstakar tekjur, t.d. seldi Borgarspítalanum þjónustu sína með hagnaði sem gæti síðan staðið undir hluta af rekstri Ríkisspítalanna. Því er það svo að á undanförnum árum, þó velta þessarar rekstrareiningar hafi verið allnokkur, 112 millj. kr. árið 1990 og 140 millj. kr. árið 1991, þá hefur reksturinn verið gerður upp nánast á núlli eða með örlitlu tapi á árinu 1990 upp á 2,5 millj. kr. og með örlitlum hagnaði á árinu 1991 upp á 5,9 millj. kr. samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið frá skrifstofu Ríkisspítalanna. Þess vegna hlýtur maður að spyrja sig og kannski spyrja hæstv. ráðherra að því líka hvers virði telur hann að slíkt þvottahús sé fyrir utanaðkomandi kaupanda ef því er ekki ætlað að skila neinum arði. Ef því er hins vegar ætlað að skila arði til nýrra eigenda, þá hlýtur það að liggja nokkuð í augum uppi að allur sá aukni kostnaður hlýtur að þýða aukin útgjöld fyrir ríkið og fyrir ríkissjóð í stað þess að reka þessa rekstrareiningu áfram með svipuðum hætti og gert hefur verið.

Mér sýnist að það að selja fyrirtækið og fá nýja eigendur að því hljóti að þýða að það er verið að endurfjármagna þær eignir sem Ríkisspítalar eiga nú, fasteignin er að sjálfsögðu gjaldfærð eins og aðrar eignir ríkisins. Nú er mér ekki nákvæmlega kunnugt um hvort einhverjar skuldir hvíla enn á tækjabúnaði, hversu nýr hann er. Sjálfsagt er það eins og gengur. Sumt af búnaðinum er gamalt og annað nýrra eins og gerist með rekstur af þessu tagi. Í fyrsta lagi við það að einkavæða stofnunina og selja a.m.k. tækjabúnað og rekstrurinn og kannski eitthvað af fasteignunum, þá hlýtur nýr eigandi að þurfa að fá í gegnum rekstur þess fyrirtækis rekstrarfé og hagnað til að standa undir þeirri fjárfestingu. Að öðru leyti er ekki óeðlilegt að ímynda sér að hann hljóti að krefjast arðs af hlutafé sínu og hlýtur þetta hvort tveggja að leiða til þess að kostnaður við þessa þjónustu hlýtur að hækka og þýða í raun þegar upp er staðið hærri fjárveitingar úr ríkissjóði.

Þá langar mig líka að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki hafi verið hugsað út í það og hvaða upphæðir kunna að liggja í því að nú þarf hið nýja fyrirtæki, sem verður hlutafélag, að greiða ýmiss konar gjöld til ríkisins sem þvottahúsið hefur ekki þurft að greiða, þ.e. rekstur Ríkisspítalanna, t.d. fasteignaskatt, eignarskatta, aðstöðugjald og svo hugsanlega tekjuskatta af sínum hagnaði ef hann verður einhver. Þó svo að þeir skattar renni að einhverju leyti í ríkissjóð, sumir kannski til sveitarfélaga, þá hlýtur það líka að þýða að

það þarf að sjá til þess að þeir skattar renni aftur til Ríkisspítalanna til þess að geta greitt þessu hlutafélagi kostnaðinn við að standa undir þessum skattgreiðslum.

Hér er verið að fjalla um og fara með kannski háar upphæðir, ég veit ekki hversu háar, ég veit ekki hvort nokkurt mat hefur verið lagt á það, í afkáralegan hring sem þýðir þá enn aukin útgjöld fyrir Ríkisspítalana sem slíka þó að það komi kannski ekki út í miklum mismun fyrir ríkissjóð.

Enn hlýtur að þurfa að hækka framlög til sjúkrahúsanna til að standa undir viðbótarkostnaði við bókhald og reikningsgerð og stjórnun þessa nýja fyrirtækis sem í dag fellur vel að starfsemi skrifstofu Ríkisspítalanna og hefur verið fellt þar inn. Ég ímynda mér að það verði vart gert öllu ódýrara en það er gert nú þegar það er fellt inn í svo viðamikinn rekstur að öðru leyti. Ýmsar slíkar spurningar hljóta að vakna.

Nú ætla ég svo sem ekki að gera lítið úr því að það kunni að vera að ýmsar opinberar stofnanir séu betur komnar sem hlutafélög eða í einkavæddum rekstri eins og ég nefndi áðan þegar við vorum að ræða fyrra frv. sem hér var til umræðu næst á undan og sjálfsagt að skoða þá þætti ítarlega með ríkisrekstur. Ég er ekki að segja að það hefði ekki mátt líta á þau mál hvað varðar þvottahúsið því að auðvitað er það fyrst og fremst hlutverk og markmið með rekstri Ríkisspítala að lækna, hjúkra og þjóna hinum sjúku en ekki að þvo þvott. En það er nú einu sinni svo að það tilheyrir sem hluti af rekstri sjúkrastofnunar sem þessarar og sá rekstur er þar að auki dálítið sérhæfður. Ég hygg að þegar leitað hefur verið eftir tilboðum í þvott þessara stofnana hjá öðrum aðilum hafi þau tilboð ekki verið sérstaklega hagstæð. Nú langar mig til að spyrja ráðherra hvort hann þekki dæmi þess og viti hvort það hafi e.t.v. *í tímans rás verið leitað eftir því hjá Ríkisspítölum* og Borgarspítala að bjóða þennan rekstur út. Líklega hefur þá reynslan sýnt að menn hafa talið að þessi rekstur væri betur kominn sem hluti af starfsemi sjúkrahúsanna sjálfra en hjá þvottahúsum. Nú þegar eru auðvitað til stór þvottahús sem veita alhliða þjónustu en hafa ekki getað veitt þessum stofnunum þjónustu á betra verði en með þeim rekstri sem nú fer fram innan stofnunarinnar sjálfrar.

Ég leyfi mér þess vegna, hæstv. forseti, að efast um að kostnaðurinn geti orðið miklu minni en hann er nú við þennan rekstur og sé þá ekki hvaða tilgangi það þjónar að gera þá breytingu sem hér er lögð til með þó þeim fyrirvara sem ég nefndi hér í upphafi að það er sjálfsagt að skoða hvað kann að koma út úr rekstrarúttekt fyrirtækis sem nú vinnur að því og líta til málsins að þeirri athugun lokinni. En ítreka að ég tel að það hefði verið skynsamlegra að fara í það fyrst og skoða málin ítarlegar og betur en mér sýnist að hafi verið gert áður en þessar ákvarðanir sem hér eru nú til umræðu voru teknar.

Ég leyfði mér að leiða líkum að því í vetur við umræðuna um fjárlögin fyrir þetta ár að það kynni að fara svo *eftir einhver ár þegar búið væri að einkavæða* þvottahúsið og það búið að vera í einkarekstri um tíma og hluthafar komnir með, við skulum segja, sérhæfðan rekstur sem búið væri að leggja niður hjá þessum stóru sjúkrastofnunum, Ríkisspítölum, Borgarspítala og öðrum sem þarna leita eftir þjónustu, að hið nýja hlutafélag væri komið með svo sérstaka stöðu að það gæti gætt nokkurrar einokunar í rekstri þess þvottahúss. Þá kæmu menn að því eftir einhver ár, fimm til tíu ár, að skoða það upp á nýtt hvort ekki væri ódýrara og skynsamlegra fyrir Ríkisspítalana að reka sitt eigið þvottahús. Ef svo færi þá finnst mér hlutirnir vera komnir í einkennilegan hring og væri nánast hlálegt að hafa verið þátttakandi í því að koma málunum í þann farveg. Þetta er auðvitað framtíðarhugsun sem e.t.v. á ekki eftir að verða að raunveruleika. Þó sýnist mér að það gæti vel farið svo miðað við það hvernig að málunum hefur verið staðið.

Í grg. með frv. er, eins og með öðrum frv. sem hæstv. heilbrrh. hefur lagt hér fyrir þingið, umsögn frá *fjárlagaskrifstofu fjmrn.* og ber að þakka það. Það er virðingarvert og reyndar er það líka lögum samkvæmt að slíkt umsögn skuli fylgja frv. Þar hefur fjárlagaskrifstofan fyrst og fremst skoðað það hver kynni að vera kostnaður ríkissjóðs vegna þessara breytinga, svo sem við breytingar á reikningshaldi fyrirtækisins, um verðmætamat og almenna úttekt á starfseminni og gerir ráð fyrir að það kosti kannski 0,5–1 millj. kr. Ekki kæmi mér á óvart þó reikningur frá Hagvangi kynni að verða eitthvað hærri en auðvitað er of snemmt að spá um það. Ég held að það hefði verið verðugra verkefni fyrir fjárlagaskrifstofu ráðuneytisins að skoða það hvaða áhrif þessi breyting kynni að hafa á rekstur spítalanna og reyna að leggja eitthvert hagkvæmnismat á þær hugmyndir sem hér eru fram settar, en ekki velta fyrir sér smáaurum eins og þessum, hvort það kunni að kosta 0,5 eða 1 millj. á gera úttekt á þessum rekstri. *Hitt er auðvitað miklu mikilvægara;* Hvað ber framtíðin í skauti sér? Hvernig er hægt að meta þann kostnað til framtíðar litið sem fellur á ríkissjóð af þessari breytingu með hærri fjárframlögum til þeirra sjúkrastofnana sem fá nú þjónustu sína á Þvottahúsi Ríkisspítalanna?

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa öllu fleiri orð um frv. á þessu stigi. Ég hygg að það hafi komið nokkuð fram í máli mínu að ég er lítt hrifinn af hugmyndinni, þó með þeim fyrirvara sem ég hef tekið fram áður að ég vil auðvitað skoða málið þegar nákvæm úttekt liggur fyrir. Ég hef reynt að afla mér upplýsinga, bæði í gegnum tæknideild Ríkisspítalanna, sem hefur séð um reksturinn, og almenna athugun á málinu. Ég leyfi mér að efast um að hér sé þannig staðið að málum að líklegt sé að það verði til hagsbóta fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir eins og þau sjúkrahús sem þarna fá þjónustu.

Að lokum kem ég aftur að þessu máli, sem tengist því þó auðvitað ekki alveg beint, hvort Þvottahúsi Ríkisspítalanna er breytt í hlutafélag eða ekki, þ.e. því máli sem sett er fram við fjárlagagerðina að söluandvirði þessara hlutabréfa, ef af verður, skuli renna sem *sértekjur inn til Ríkisspítalanna* og leiða til þess að ef ekkert verður úr þessum áformum eða tekjur af sölu hlutabréfanna verða minni en áætlað er við afgreiðslu

fjárlaganna, þá skuli það bitna á starfsemi Ríkisspítalanna. Þetta finnst mér vera algerlega óásættanlegt. Ég hef reyndar látið það koma fram áður og því miður er búið að samþykkja fjárlög með þessu ákvæði inni og verður auðvitað ekki breytt úr því sem komið er. Ég beini því þó til hæstv. ráðherra og fer eindregið fram á það við hann að hann skoði málið á ný vegna þess að mér finnst svo óeðlilegt og svo ósanngjarnt að standa svo að málum eins og hér var gert. Ég beini því til hans að málið verði tekið til sérstakrar athugunar aftur þegar kemur að framlagningu fjáraukalaga sem mér þykir nú ekki ólíklegt að muni eiga eftir að líta dagsins ljós einhvern tíma á árinu. Það sem ég tel að hæstv. ráðherra þyrfti að gera nú þegar er að sjá a.m.k. til þess að greiðsluáætlun fjmrn. til Ríkisspítalanna sé ekki með þeim hætti að nú þegar sé farið að gera ráð fyrir því að spítalinn sé að innheimta sértekjur af sölu hlutabréfanna. Í dag er það svo og þess vegna hefur komið í ljós á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs að Ríkisspítalar ná ekki þeim sértekjum, sem þeim er ætlað og greiðsluáætlun spítalanna gerir ráð fyrir, af því að greiðsluáætlun gerir ráð fyrir þessum sértekjum inni eins og öðrum. Þá eru Ríkisspítalarnir strax farnir að mynda halla þó ekki sé hann stór, en það eru þó 60 millj. á ári sem gert er ráð fyrir að þessi hlutabréf skili Ríkisspítölunum í sértekjum. Þegar eru liðnir tveir mánuðir og þýðir það að Ríkisspítalarnir eru einhvers staðar farnir að safna skuldum eða vanskilum eða mynda rekstrarhalla. Auðvitað leiðir það síðan til aukinna útgjalda, t.d. með vaxtakostnaði ef þannig þarf að standa að málum, ef ekki er klipið af öðrum rekstrarþáttum sem spítalarnir eiga að standa undir. Þá er auðvitað komið að hinni hliðinni á málinu, þ.e. þeim afarkostum sem spítölum og stjórnendum þeirra eru settar að draga úr starfseminni ef ekki verður hægt að selja hlutabréfin og þessar sértekjur skila sér ekki. Þá skal það bitna á þeirri þjónustu sem þar er veitt.

Þetta vildi ég láta koma alveg skýrt fram og vildi gjarnan fá að heyra afstöðu ráðherra til þessa máls, hvort hún er óbreytt frá því að við afgreiddum fjárlög. Ef svo er þá hugi hann a.m.k. að því hvort ekki sé hægt að semja um það að greiðsluáætlun til spítalanna sé breytt meðan málið hefur ekki fengið afgreiðslu í þinginu.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er verið að leggja fram frv. til laga um stofnun hlutafélags um Þvottahús Ríkisspítala svo sem boðað hafði verið við fjárlagagerðina. Ég get tekið undir margt af því sem fyrri ræðumaður sagði um þá áætlun að spara stórkostlega í rekstri ríkisins með því að stofna hlutafélag um þvottahúsið. Ég get ekki séð að það muni leiða til neins sérstaks sparnaðar. Vel má vera að það takist að selja eitthvað af þessum hlutabréfum þegar þau yrðu orðin að veruleika, en þá má líka búast við að þeir aðilar, sem keyptu bréfin, væru að gera það til þess að geta rekið þvottahúsið og hagnast á því. Það hlýtur þá að leiða til þess að þjónustan yrði seld eitthvað dýrar en gerist í dag.

Í 2. gr. er rætt um tilgang félagsins og að samþykktum félagsins megi breyta á hluthafafundi samkvæmt almennum reglum. Síðan segir í 3. gr. að heilbr.- og trmrh. fari með eignarhlut Ríkisspítala í félaginu, þ.e. á fyrstu hluthafafundum félagsins sem hljóta að verða því ekki er nú strax búið að selja félagið, þá verða haldnir hluthafafundir. Hæstv. heilbr.- og trmrh. er þá sá sem á að sitja þann hluthafafund fyrir hönd ríkisins og getur á þeim fundi breytt samþykktum félagsins. Ef þessar tvær greinar, 2. gr. og 3. gr., verða samþykktar óbreyttar þá hlýtur honum að vera heimilt að sitja þar og breyta samþykktum þar sem hann er eini aðilinn sem situr á hluthafafundinum.

Einnig er nokkuð athyglisvert að í umsögn fjmrn. er ekki nefnt að það verði neinn sparnaður fyrir ríkissjóð. Það er svolítið undarlegt að ef þetta á að vera til sparnaðar skuli það ekki vera nefnt í umsögn fjmrn. Hins vegar er sagt að kostnaður ríkissjóðs verði einhver vegna framkvæmdar frv. og hann sé fólginn í breytingum á reikningshaldi o.s.frv. sem þurfi til þess að breyta þessu í þetta horf. Kostnaður muni verða á bilinu 0,5–1 millj. kr. og þætti mér ekki ótrúlegt að hann yrði meiri. Þar að auki vill fjmrn. fá eitthvað í sinn hlut og vill ekki undanþiggja þetta væntanlega félag stimpilgjöldum. Þeir ætla sér að ná inn stimpilgjöldum af hugsanlegri sölu hlutabréfa og einnig gera þeir ráð fyrir því að kostnaður verði einhver við þessa breytingu. Það er það eina sem fjmrn. lætur frá sér heyra um þetta.

Í athugasemdum við 4. gr. segir að 55 manns vinni í þvottahúsinu í október 1992. Þar af er 41 einstaklingur í verkakvennafélaginu Sókn. Það er dálítið undarlegt að í 4. gr. skuli kveðið á um það að fastráðnir starfsmenn Þvottahúss Ríkisspítalanna skuli hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi. Náttúrlega væri mjög gott ef þessir starfsmenn gætu reiknað með því að þeir hefðu áfram og ótímabundið vinnu hjá hinu nýja fyrirtæki ef af verður, en mér finnst skjóta skökku við að á sama tíma og verið er að einkavæða fyrirtæki þá skuli ekki líka verið sett þau skilyrði að það geti ekki sjálft skipulagt rekstur sinn heldur verði samkvæmt ákvæðum í 4. gr. að ráða allt það fólk sem þar starfar núna. Ég held líka að óöryggi þessa fólks verði talsvert því það getur ekki reiknað með því að ákvæði 4. gr. standi. Það hlýtur að kalla á það að þetta fólk geti alveg eins reiknað með því að það hafi ekki þessa vinnu til frambúðar og bætist þá í hóp hinna atvinnulausu.

Fjmrn. vekur athygli á þeim ákvæðum frv. að binda nafn félagsins við opinbera stofnun um ókomna tíð og að þvottahúsið skuli annast þvotta fyrir Ríkisspítalana. Margar mótsagnir eru í frv. Þarna á að einkavæða til að hæstv. ríkisstjórn sé trú stefnu sinni, en á sama tíma skal fyrirtækið kenna sig við opinbera stofnun. Það fyrirtæki, sem hér á að koma á fót, skal heita Þvottahús Ríkisspítalanna.

Ég ætla ekki að hafa mjög langt mál um þetta frv., virðulegi forseti. Ég geri ráð fyrir að það þurfi allmikla umræðu og umfjöllun í heilbr.- og trn., en ég vil endurtaka að ekkert bendir til þess að þetta verði ódýrari kostur fyrir ríkið. Það hlýtur að skapa því fólki sem

þar vinnur mjög mikið óöryggi því að það getur tæpast treyst því að nýir eigendur muni sætta sig við tilskipun í starfsmannahaldi.

Þetta er dæmigert um átrúnað á frjálsa samkeppni sem ríkisstjórnin predikar. Það er verið að einkavæða, en jafnframt að skylda hugsanlega eigendur til þess að kenna sig við opinberan rekstur eða opinber fyrirtæki og skylda það til að sjá um þvott á öllu líni fyrir Ríkisspítalana. Mér finnst þetta frv. vera með þeim eindæmum að ég get varla ímyndað mér að það geti farið í gegnum Alþingi. Ég verð að lýsa því yfir að lokum.

Virðulegi forseti. Ég held að ég taki þetta ekkert frekar fyrir, en ég sé ekki fram á það að þetta frv. sé Ríkisspítölunum til hagsbóta, spari neitt fyrir ríkið eða sé því starfsfólki til hagsbóta sem þarna vinnur.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð sérkennilegt hvernig fundahöldum er hagað hér. Talað er í málum fram í matartímann og ég hafði nú frétt af því að það stæði til að ljúka þessu um áttaleytið en ég verð að segja það að hér hafa verið löng og ströng fundahöld í dag. Fjöldamörg stjfrv. eða stjórnartillögur af ýmsu tagi hafa verið afgreidd í dag, rædd ítarlega. Það er eins og það liggi líf við, það er eins og það eigi að fara að ljúka þinginu alveg næstu daga, helst fyrir páska. Ég veit vel að ríkisstjórnin hefur fullan hug á því að klára þetta þing sem fyrst og leiðist röfl í stjórnarandstöðunni. Ég átta mig ekki alveg á því hvernig þinghaldinu er háttað hér í seinni tíð og mætti setja á smáræður um það ef þörf krefur því að ég sé ekki að það sé samkomulag um nokkurn hlut. Það er bara tilkynnt að það eigi að halda fundi og menn fá dagskrá, 10–20 mál og vita ekkert hvað kemur fyrir af þessu.

Það frv., sem er á dagskrá, hefði líka þurft sérstaka umræðu vegna þess að þetta er mjög mikið mál sem hér er á dagskrá, frv. um Þvottahús Ríkisspítalanna. Það snertir náttúrlega margt. Það snertir heilbrigðismál, það snertir ríkisfjármál. Þetta einkavæðingarkast sem gengur núna yfir þjóðfélagið snertir að sumu leyti kjarnann í stjórnarstefnunni. Það á að markaðsvæða allt, það er alveg sama hvað það er og mönnum dettur í hug að selja Þvottahús Ríkisspítalanna og halda að það sé lausn á einhverjum vanda. Ég held reyndar að málið liggi ekki alveg þannig að því er varðar hæstv. heilbrrh. Ég held að málið sé þannig að hann hafi lofað að skera svo mikið niður að hann hafi ekki getað staðið við það og að lokum í kastþröng í ríkisstjórninni samþykkt að selja eins og eitt þvottahús upp í það sem á vantaði hjá honum og nota tekjurnar af því sem sértekjur Ríkisspítalanna. Ég held að þetta hafi verið svona einfalt. En þetta er náttúrlega ekki mjög góð latína að færa, eins og hv. þm. Guðmundur Bjarnason benti á, færa tekjurnar af Þvottahúsi Ríkisspítalanna, sem er ekki búið að selja, sem sértekjur Ríkisspítalanna sem eru þegar orðnir öfugir um 10 millj. kr. það sem af er þessu ári af því að það er ekki búið að selja Þvottahús Ríkisspítalanna.

Samkvæmt yfirliti sem liggur fyrir um fyrstu tvo rekstrarmánuði Ríkisspítalanna er það þannig að sértekjur vantar upp á 10 millj. af því að ekki er búið að selja þvottahúsið og á meðan eru auðvitað Ríkisspítalarnir reknir með halla. Á meðan eru menn jafnvel að borga vexti. Á þessum tveimur mánuðum er t.d. búið að borga vexti upp á nokkrar millj. kr. hjá Ríkisspítölunum. Auðvitað er farið mjög illa með Ríkisspítalana, ekki síst vegna þess að þar var staðið sæmilega vel að hlutunum á sl. ári.

Þannig var á Ríkisspítölunum árið 1992 að þeir skiluðu afgangi. Þegar upp er staðið, eru það kringum 100 millj. kr. sem Ríkisspítalarnir skila í afgang og þar er um að ræða raunverulegan sparnað upp á 300–400 millj. kr. frá því sem var. Því má segja að nær allur sparnaður spítalakerfisins í Reykjavík sé hjá Ríkisspítölunum. Ég hef reyndar ekki heyrt að stjórnvöld hafi talið ástæðu til þess að geta þess sérstaklega í lofræðum sínum um heilbrigðiskerfið að Ríkisspítalarnir hafi staðið sig rekstrarlega vel á síðasta ári sem hefði þó verið full ástæða til.

En Ríkisspítalarnir geta ekki farið út í það eins og Borgarspítalinn að veita starfsfólki sínu verðlaun upp á nokkra tugi þúsunda kr. á mann, þeir hafa ekki fengið leyfi til þess. Staðan er því sú að í staðinn fyrir að verðlauna Ríkisspítalana og starfslið þeirra þá standa Ríkisspítalarnir núna frammi fyrir því að þeir verða að selja þvottahúsið. Annars verði þeir 60 millj. kr. undir þegar árinu öllu er lokið. Þetta er náttúrlega óeðlilegt og ég vil taka undir áskoranir hv. 1. þm. Norðurl. e. í þessum efnum og heita á hæstv. fjmrh. að endurskoða greiðsluáætlun fjmrn. til Ríkisspítalanna þannig að það verði þá a.m.k. ekki farið að gera ráð fyrir þessum peningum fyrr en þeir eru komnir. Það er auðvitað fyrst og fremst ósanngjarnt að setja hlutina svona upp gagnvart Ríkisspítölunum eins og þarna er gert.

Auðvitað kann vel að vera að það sé vit í því að bjóða eitthvað út og einkavæða eitthvað af þessum rekstri. Það má alveg skoða það. Eitt af því sem Ríkisspítalarnir hafa gert á þessu ári er að efna til útboða á margvíslegum rekstrarvörum á síðasta ári eins og matvörum. Þar fengust inn ótrúleg tilboð miðað við það sem gert hafði verið ráð fyrir í áætlun. Nú er ég ekki að segja að það standist mjög lengi, vegna þess að mín trú er nú sú að þessi tilboð hafi mörg verið býsna óraunsæ og beri fyrst og fremst vitni um örvæntingarfulla samkeppni sem er í gangi í matvöruverslun í Reykjavík og þéttbýlissvæðinu um þessar mundir. En það er alveg ljóst að mjög myndarlegur sparnaður hefur náðst að frumkvæði tæknideildar Ríkisspítalanna þar sem starfsmenn eiga miklar þakkir skildar af hálfu ríkisvaldsins fyrir gríðarlegan árangur á þessu sviði án þess að það hafi bitnað á þjónustunni. En að mínu mati hafa ýmsir aðrir þættir sparnaðar hafi bitnað á þjónustunni eins og það að loka Fæðingarheimilinu í Reykjavík.

Reyndar er býsna athyglisvert í þessu sambandi, virðulegi forseti, að þetta frv. er lagt fram fjótlega eftir að þingið kemur saman og reiknað er með því í fjárlagafrv. Núna er verið að skoða málið á vegum einhvers hagræðingarfyrirtækis eða ráðgjafarfyrirtækis og

mér skilst að það sé á vegum þessarar einkavæðingarnefndar, en það er eitthvert skrímsli sem á heima uppi í forsrn. Einkavæðingarnefnd er undir forustu manns sem heitir því athyglisverða nafni Hreinn Loftsson. Þar situr nefnd sem hugsar sér að einkavæða helst alla skapaða hluti milli himins og jarðar og hún er núna að láta gera úttekt á því hvernig á að standa að því að einkavæða Þvottahús Ríkisspítalanna. Hefði nú verið skynsamlegra að byrja á því fyrst áður en frv. var lagt fram. En það er auðvitað eins og annað. Það er „borgarstjórastællinn" á þessum frv. sem við ræðum hér í dag, bæði í heilbrigðismálum og menntamálum. Það er byrjað á því að leggja niður Menningarsjóð og menntamálaráð. Svo er flutt frv. Það er byrjað á því að leggja á skólagjöld í Tækniskólanum. Svo er flutt frv. Og það er byrjað á því að ákveða að selja og leggja niður Þvottahús Ríkisspítalanna. Svo er flutt frv. Þetta eru auðvitað óeðlileg vinnubrögð sem sýna mikið virðingarleysi við þessa stofnun.

Auðvitað getur það komið til greina, eins og ég sagði, ef menn eru sannfærðir um að það skili t.d. betri heilbrigðisþjónustu eða ódýrari og jafngóðri að einkavæða eitthvað eða bjóða eitthvað út. En það er ekki því að heilsa í sambandi við Þvottahús Ríkisspítalanna. Hv. 1. þm. Norðurl. e., Guðmundur Bjarnason, flutti mjög skýr rök fyrir því að það er nokkurn veginn gefið að þvotturinn og línið verður dýrara fyrir Ríkisspítalana ef þessi leið verður farin og má færa fyrir því margvísleg rök en ég ætla ekki að endurtaka neitt af því sem hann sagði í þeim efnum hér áðan. Auðvitað geta menn svo verið þeirrar skoðunar að þeir ætli sér að láta slag standa og keyra málið í gegnum þingið hvað sem tautar og raular og mér heyrist að það sé viðhorf hæstv. ráðherra eða hæstv. ríkisstjórnar. Ég var hálft í hvoru farinn að gera mér vonir um að menn væru hættir við þetta frv. Það var búið að liggja svo lengi hérna dautt án þess að talað væri fyrir því að ég var farinn að gera mér vonir um að menn væru hættir við þetta frv. En það er ekki. Það er komið með þetta á síðkvöldi til þess að tala fyrir því í þessari virðulegu stofnun.

Þá kemur að frv. sjálfu og það er satt að segja alveg dæmalaus smíð. Ég held að það verði að flokka þetta frv. undir afrek eða a.m.k. brautryðjendastarf í frumvarpsgerð. Má þar margt til taka. Hér fyrr í dag ræddum við um auglýsingar sem væru hugsanlega neðan marka mannlegrar meðvitundar, (**Heilbrrh.:** Skynjunar.) nei, meðvitundar og væri rétt að banna þau þess vegna. Mér sýnist að þetta mál sé handan við öll mörk mannlegrar skynjunar, meðvitundar og vitundar því að það er svoleiðis fullkomlega ga-ga, með leyfi forseta, ef ég má nota það orð.

Í 1. gr. frv. segir að það eigi að stofna hlutafélag og það eigi að heita Þvottahús Ríkisspítalanna hf. Þegar einkaaðilarnir eru búnir að kaupa þetta hús á það samt að heita Þvottahús Ríkisspítalanna. Ég er ansi hræddur um að það verði erfitt að fá menn til að kaupa húsið þó það væri ekki nema vegna þess, en líka af öðrum ástæðum sem ég mun hér rekja, þó að þetta gæti af öðrum ástæðum orðið allgott fyrirtæki.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því að setja lög um starfsemi þessa í smáatriðum. Þar segir að þetta félag eigi að reka þvottahús sem skiptist a.m.k., kemur fram, a.m.k. vel að merkja, virðulegi forseti, í þvottadeild og saumastofu. Það á að vera þarna bæði þvottadeild og saumastofa. Flestir hefðu talið að það væri nóg að eitt væri þvottadeild og annað væri saumastofa. Nei, það er sko ekki nóg heldur er þetta barnað með því í 2. gr. að segja: Hvað á þvottadeildin að gera? Það er alveg stafað ofan í þingheim nákvæmlega í textanum því þar segir: „Þvottadeildin skal sjá um þvott á öllu líni fyrir Ríkisspítala og aðra þá aðila sem um slíka þjónustu semja við félagið." Þvottadeild á að sjá um þvott. Mér finnst þetta skarplega skrifað. Það verð ég að segja, virðulegi forseti. En ekki nóg með það, heldur á saumadeildin líka að hafa alveg tiltekin lögbundin verkefni. Ég held að saumastofu hafi aldrei verið sýnd önnur eins virðing í samanlagðri sögu Alþingis, en við vorum að minnast þess í gær að það eru 150 ár liðin frá því að Kristján konungur VIII. tilkynnti okkur það að við mættum stofna hérna þing. En nú á 150 ára afmæli Alþingis, tilkynningarinnar, er brotið í blað. Það er flutt stjfrv. um það hver eigi að vera verkefni saumastofu. Og hvað ætli saumastofan eigi að gera? Hvað á saumastofan að gera? Hún á að sauma. Það er tilfellið. Hún á að sauma. Hún á að sjá um viðgerðir líka, ekki bara nýsköpun og sauma flíkur. Hún á að sjá um viðgerðir líka. Og það er ekki nóg með að það sé kveðið á um að saumastofan eigi að sauma og sjá um viðgerðir. Hún á að sjá um merkingar líka á tauinu.

Það mætti auðvitað hugsa sér, virðulegi forseti, að þessi ríkisstjórn beitti sér fyrir því að það yrðu sett svona lög yfirleitt um landsmenn alla. Að þeir eigi að reka þvottadeild og saumastofu og heimilin í landinu eigi að skiptast í þvottadeild og saumastofu og tiltaka síðan hvað þau eiga að gera. Þessi lagasmíð er satt að segja með ólíkindum og mikil nákvæmni að ekki sé fastar að orði kveðið og verður sérkennilegt að reka þetta hlutafélag þegar þar að kemur, sérstaklega fyrir þá sem koma aðvífandi að þessu.

Nú getur auðvitað hugsast að hæstv. heilbrrh. hafi flutt þetta frv. og 2. gr. þess aðallega til að vera fyndinn en ekki af neinni annarri ástæðu. Þá er það fyrirgefanlegt ef hann hugsar 2. gr. bara sem brandara sem verði svo hent í nefndinni. Þá er það allt í lagi. Þá finnst mér að hann ætti að gera meira af slíku. En þó er vandi að halda áfram á þessari braut vegna þess að þetta er svo fyndið að það er mjög erfitt að bæta þar miklu við. Þetta er svo gríðarlega snjallt að þvottadeildin eigi að sjá um þvotta og saumastofan um sauma. Alls ekki öfugt. Það kemur ekki til greina að þvottadeildin saumi og saumastofan þvoi. Nei, nei, það má ekki. Þá færi allt í steik og vitleysu í Þvottahúsi Ríkisspítalanna hf.

Síðan segir hér í 3. gr.: „Heilbr.- og trmrh. fer með eignarhlut Ríkisspítala í félaginu." Það er mjög óvenjulegt. Yfirleitt er það fjmrh. sem fer með slíkan hlut ríkisins. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvernig hann hugsar sér að koma því fyrir og hvaða rök eru fyrir því.

Þá kem ég að 4. gr. sem er gamalkunn hér. Það er

búið að flytja svona frv. um að selja eða einkavæða svona fyrirtæki aftur og aftur af núv. ríkisstjórn. Það strönduðu fjögur eða fimm svona frv. í fyrra. Það var Sementsverksmiðjan, það voru Síldarverksmiðjur ríkisins, það var Staðlaráð Íslands og fleiri frv. Nú er hér flutt frv. með nákvæmlega sama texta og þessi frv. strönduðu á í fyrra. Þau strönduðu vegna þess að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja sömdu um það við ríkisstjórnina að réttarstöðu opinberra starfsmanna yrði ekki breytt á samningstímanum þannig að þessi mál voru í raun og veru öll stoppuð.

Þá man ég eftir því að ég lagði það til úr þessum ræðustól að hæstv. fjmrh. færi í viðræður við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja um það hvernig á að einkavæða fyrirtæki vegna þess að auðvitað þarf að vera til leið til að einkavæða fyrirtæki. Það er engin spurning um það. En í staðinn er það mál látið dankast og ekkert í því gert og flutt hér frv. eftir frv. með nákvæmlega sama ákvæði sem stenst ekki. Það er ekki bara ég sem segi það. Þar eru ekki ómerkari aðilar á bak við en t.d. Hæstiréttur. Hæstiréttur hefur fellt dóma um að það sem segir í 2. línu þessarar greinar, „sambærileg staða hjá félaginu", sé ekki til. Það sé ekki hægt að bjóða sambærilega stöðu. Í greininni segir svo, með leyfi forseta:

„Fastráðnir starfsmenn Þvottahúss Ríkisspítalanna skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir gegndu áður. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn."

Hvað er sambærileg staða? Það er staða sem er að öllu leyti eins. Hver er munurinn á stöðu opinberra starfsmanna annars vegar og þeirra sem eru á einkamarkaði hins vegar? Hann felst í tvennu. Í fyrsta lagi því að opinberir starfsmenn hafa lífeyrisréttindi sem eru verðtryggð með tilteknum hætti hjá ríkinu og það er ljóst að einkaaðilar geta ekki boðið upp á slíkt. Ef þeir reyndu það væri það svo dýrt að enginn slíkur aðili mundi við slíkar aðstæður kaupa hlut í þessu fyrirtæki á móti ríkinu. Það er algerlega óhugsandi.

Í öðru lagi felst sérstaða opinberra starfsmanna í því að þeir hafa ákvæði um biðlaun í sínum samningum og samkvæmt hæstaréttardómi, sem kveðinn hefur verið upp, þá er það einnig svo að það er ekki um það að ræða að einkaaðilar geti boðið sambærileg kjör að því leytinu til. Um þetta eru til ekki bara einn dómur í Hæstarétti heldur fleiri.

Í fyrravetur fengum við í viðtöl í iðnn. fulltrúa frá fjölmörgum lögfræðingum og öðrum aðilum og ræddum við lögfræðinga fjmrn. um málið. Þeirra niðurstaða varð sú að þetta stæðist ekki. Fjmrn. reyndi auðvitað að verja þetta en niðurstaða hinna lögfræðinganna var sú að þetta stæðist ekki fyrst og fremst eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Af því að þeir starfsmenn sem hér er um að ræða eiga þennan lífeyrisrétt. Þeir hafa greitt inn á hann með launum sínum og það er ekki hægt að svipta þá þessum rétti. Það jafngildir broti á eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar.

Þess vegna gengur þetta ekki. Þess vegna er óþarfi og í raun og veru vitleysa að vera að flytja þetta frv. vegna þess að þetta ákvæði stenst ekki. Það getur vel verið að hæstv. ráðherra ætli að vitna í einhver lög sem hafa verið sett hér fyrr, t.d. lög um Jarðboranir ríkisins og ríkisprentsmiðjuna Gutenberg en það gengur ekki upp. Það dugir ekki í þessu sambandi vegna þess að þar var ekki um hliðstæða starfsmenn að ræða. Að því er varðar ákvæðið um sambærilega stöðu þá liggur fyrir mjög ítarlegur og vandaður hæstaréttardómur þar sem var felldur úrskurður um að ritara hjá tiltekinni opinberri stofnun var boðin staða ritara hjá annarri opinberri stofnun en það var samt ekki talið sambærilegt af því að stöðurnar voru ekki að fullu eins, hvað þá heldur ef það á að fara að flytja þessa starfsmenn eins og kvikfé, selja þá á fæti yfir til einkaaðila án þess að þeir fái neina rönd við reist.

Með öðrum orðum er frv. lagafúsk. Frá sjónarmiði Ríkisspítalanna þýðir þetta að þvottur verður dýrari en hann er núna. Það verður dýrara fyrir ríkið og óheppilegra bæði frá fjárhagslegu sjónarmiði og heilbrigðislegu sjónarmiði. Þess vegna er auðvitað langsamlega skynsamlegast að gleyma þessu frv. og láta það sofna svefninum langa í heilbr.- og trn. þannig að í rauninni standi bara eitt eftir þegar upp er staðið: Að hér hafi verið flutt frv. með 2. gr. sem var brandari sem menn skemmtu sér við einu sinni í matartímanum, hinn 9. mars 1993. Að öðru leyti fari þetta á ruslahauga sögunnar með öðru drasli sem þar er.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í 4. gr. umrædds frv. segir orðrétt:

„Fastráðnir starfsmenn Þvottahúss Ríkisspítalanna skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir gegndu áður."

Þann 23. maí árið 1989 voru samþykkt hér á Alþingi lög um stofnun hlutafélags um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg. Í 3. gr. þeirra laga segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Fastráðnir starfsmenn ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir gegndu áður."

Þetta ákvæði var samþykkt með atkvæði hv. þm. Svavars Gestssonar.

Í 3. gr. frv. til laga um stofnun hlutafélags um Þvottahús Ríkisspítalanna segir svo orðrétt, með leyfi forseta: „Heilbr.- og trmrh. fer með eignarhlut Ríkisspítala í félaginu."

Í 5. gr. laga um stofnun hlutafélags um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg nr. 45 23. maí 1989, segir svo orðrétt, með leyfi forseta: „Iðnrh. fer með eignarhluta ríkisins í félaginu." Þetta lagaákvæði var samþykkt með atkvæði hv. þm. Svavars Gestssonar.

Það er háttur hv. þm. að gleyma sínum fyrri verkum. Mörg þeirra ásamt þeirri stefnu sem hann tileyrði hafa þegar lent á ruslahaugi sögunnar.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fer að óttast að hæstv. heilbrrh. lendi á ruslahaugum sögunnar með þessu áframhaldi. Ég segi það alveg eins og er. Staðreyndin er auðvitað sú að sú lagagrein sem var inni í lögunum um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg og um Jarðboranir ríkisins er sett þar inn, ég hygg árin 1988 og 1989 eða 1990. Menn töldu þá að þær héldu. Eftir það hefur Hæstiréttur fellt sinn dóm og ég skora á hæstv. ráðherra að lesa dóma Hæstaréttar áður en hann flytur fleiri frv. hér á Alþingi sem lenda í versta falli á ruslahaugum sögunnar, í besta falli í næsta riti af Íslenskri fyndni.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þær orðréttu tilvitnanir sem ég las úr lögum um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg frá þeim tíma þegar hv. þm. Svavar Gestsson var ráðherra standa óbreytt í íslenska lagasafninu. Það hefur enginn aðili fellt þessi ákvæði úr gildi. Hv. þm. gaf fordæmi með samþykki sínu við þessum ákvæðum á meðan hann var ráðherra. Þau ákvæði sem hann greiddi atkvæði eru orðrétt tekin upp í það frv. sem hér er flutt.

Að sjálfsögðu geri ég ráð fyrir því að hv. þm. Svavar Gestsson, sem er fastheldinn mjög á sín gömlu viðhorf, sé sömu skoðunar árið 1993 og hann var árið 1989.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst vissulega vænt um það að hæstv. heilbrrh. ætlar að fylgja ýmsum þeim niðurstöðum og vill gjarnan sem ég hef komist að fyrr á minni ævi. Mér finnst vænt um það og það er nýlunda fyrir mig að heyra það. En ég skora á hann að gera það ekki alveg blint. Ég mundi a.m.k. ekki gera það sjálfur að því er þessi ákvæði varðar vegna þess að Hæstiréttur Íslands hefur fellt þau úr gildi í raun.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst gera, ef ég má með leyfi forseta, fyrirspurn varðandi fundarhaldið. Ég hafði reiknað með því að forseta væri kunnugt að um þetta mál kynnu að verða nokkrar umræður þar sem það tengist mjög svo pólitísku álitamáli um einkavæðingu eða ekki einkavæðingu fyrirtækja og í því er einnig þetta umdeilda ákvæði í 4. gr. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sem hefur þegar orðið að miklu deiluefni í þinginu. Með vísan til þess að nú er klukkan farin að ganga 9 og ekki hefur verið gert kvöldmatarhlé, þá langar mig að vitna í ræðu sem flutt var um þingsköp við umræður um fjárlög 26. okt. 1989, en þá fórust núv. hæstv. landbrh. og samgrh. svo orð, með leyfi forseta:

„Hæstv. forseti. Klukkan er orðin hálfátta og mér þykir tími til kominn að taka matarhlé. Það veit enginn hversu lengi þessar umræður dragast."

Síðan rakti hæstv. núv. ráðherra nokkuð fundarhaldið eins og það hafði gengið til þennan dag, en sagði svo síðar í þessari ræðu um þingsköp: „Ég geri ráð fyrir því, hæstv. forseti, að sú regla verði virt í vetur að þingmenn fái matarhlé og vil mælast til þess að fundi verði nú frestað þannig að þingmönnum gefist svigrúm til þess að ganga til snæðings."

Þáv. hæstv. forseti sameinaðs þings, Guðrún Helgadóttir, hv. alþm., svaraði og upplýsti að forseti hefði gert sér vonir um að umræðunni lyki nú senn því aðeins tveir menn væru á mælendaskrá og hefðu upplýst að þeir ætluðu að halda stuttar ræður.

Þá tók hæstv. núv. landbrh. og samgrh. aftur til máls um þingsköp og sagði, með leyfi forseta:

„Hæstv. forseti. Það er auðvitað svo að það er á valdi forseta að haga störfum með þeim hætti að einstakir þingmenn viti aldrei hvernig að fundarhöldum verði staðið. Það hefur verið sú venja og hún hefur verið föst hér í gegnum árin að réttur þingmanna til kvöldmatar hefur verið virtur. Á hinn bóginn hefur komið los á þetta upp á síðkastið sem er óþolandi."

Síðan héldu áfram nokkur orðaskipti þáv. hæstv. forseta og hæstv. núv. landbrh. og samgrh. sem lauk þannig að hæstv. forseti, Guðrún Helgadóttir varð við eindregnum tilmælum hv. 2. þm. Norðurl. e., núv. hæstv. landbrh. og samgrh., og frestaði fundi.

Með vísan til þessa og þess rökstuðnings sem hv. þm. Halldór Blöndal, þáv. 2. þm. Norðurl. e., núv. hæstv. landbrh. og samgrh., flutti um langa hefð fyrir kvöldmatarhléinu, þá leyfi ég mér að spyrja, hæstv. forseti, hvernig þessu sé nú varið. Ef hæstv. forseti gæti e.t.v. svarað áður en ég held áfram máli mínu. (**Forseti:** Varðandi fundarhaldið hér hafði forseti gert ráð fyrir því, og væntir þess að það hafi hv. þm. almennt vitað, að halda hér áfram fram eftir degi og fram á kvöldið eftir því hvað þingmenn hefðu þörf fyrir langar umræður í hverju einstöku dagskrármáli fyrir sig. Það hefur ekki gengið sérstaklega greiðlega því að það hafa verið þannig mál á dagskrá að umræðan hefur tekið nokkuð lengri tíma en búist var við. Forseti hefur hugsað sér að ljúka umræðu um þetta mál og láta þar við sitja, þó að forseta þyki miður að geta ekki tekið fleiri mál á dagskrá. En það að ekki var gert kvöldmatarhlé var fyrst og fremst gert til þess að reyna að koma í veg fyrir það að þingmenn þyrftu að vera hér á fundi langt fram á kvöldið með því að slíta fundinn í sundur með klukkutíma kvöldmatarhléi eins og iðulega hefur verið gert. Hins vegar vill forseti benda hv. þm. á að þriðjudagarnir eru þeir dagar sem þingmenn mega reikna með að fundir standi fram eftir degi og fram á kvöld ef þörf krefur. Hér eru 18 mál á dagskrá í dag og fyrir utan atkvæðagreiðslur sem fóru fram í upphafi fundar, þá hefur nú þegar tekist að ljúka umræðu um fjögur mál sem eru til 1. umr. og er þá aðeins eftir atkvæðagreiðsla sem fer þá væntanlega fram á næsta fundi. Þetta er 1. umr. um 5. dagskrármálið sem hér fer fram og forseti var að gera sér vonir um að hægt mundi verða að ljúka þeirri umræðu og fresta síðan atkvæðagreiðslu. Þetta er það sem forseti vill gjarnan upplýsa hv. þm. um svo hann geti þá tekið til við sína ræðu.) Ég þakka hæstv. forseta kærlega fyrir þessar upplýsingar og ég leyfi mér að láta það álit mitt í ljós að þetta sé orðið bærilegt dagsverk þannig

að ég sé enga ástæðu til að gera lítið úr því að menn hafa rætt og lokið umræðum um nokkur stór mál.

Það vill okkur til happs, hæstv. forseti, að hæstv. landb.- og samgrh. er ekki til að fylgja fram sjónarmiðum sínum um óvefengjanlega helgi á kvöldmatarhléinu og með tilliti til allra aðstæðna þá ætla ég ekki að hafa um þetta frekari orð (**GB:** Það er nú mikil blessun að vera laus við það.) en hef nú komið þessum sjónarmiðum á framfæri. E.t.v. hafa orðið nokkur sinnaskipti hjá einstaka manni í þessum efnum í ljósi breyttra hlutverka en ég hef ekki gert og mun ekki gera neinar aðrar kröfur en þær sem ég hef gert í formi þess að óska eftir upplýsingum um tillögu fundahaldsins og hef þá að ræða dagskrármálið sem er þetta frv. til laga um stofnun hlutafélags um Þvottahús Ríkisspítalanna — *það nú orðið fræga fyrirtæki sem ég er ekki viss um* að þjóðin hafi vitað svo sem stórkostlega mikið um fyrr en upp á síðkastið.

Ég vil segja það, hæstv. forseti, að að mínu mati er hér á ferðinni ákaflega sérkennilegt mál. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að fá um það upplýsingar af því að ekki er þær að finna í dagskrármálinu hvernig þetta mál hefur verið undirbúið. Ég verð satt best að segja að segja fyrir mitt leyti að ég hef varla séð jafnknappan rökstuðning, ef rökstuðning á að kalla, fyrir flutningi eins þingmáls í háa herrans tíð. Í raun og veru er hann einungis ein og hálf lína í athugasemdum við frv. þar sem segir að eftir að fram hafi farið nokkur lýsing á starfsemi Þvottahúss Ríkisspítalanna, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ákveðið hefur verið að breyta Þvottahúsi Ríkisspítalanna í hlutafélag með það fyrir augum að efla starfsemi þess."

Það er nú ekki meira sem þarna er sagt. Ég flokka það ekki undir rökstuðning fyrir þessari pólitísku aðgerð eða stefnubreytingu að það er lýst í örfáum línum rekstri þvottahússins, stærð húsnæðisins í fermetrum, aldri þess að hluta til og öðrum slíkum örfáum praktískum staðreyndum komið á framfæri. Í því felst enginn rökstuðningur fyrir því að þetta sé skynsamleg og gáfuleg breyting á þessu rekstrarformi að taka þarna eina deild Ríkisspítalanna, anga af starfsemi þeirra, stofna um hana hlutafélag og opna heimildir til þess að einkavæða eða selja jafnvel að öllu leyti einkaaðilum til reksturs og í ágóðaskyni þessa starfsemi.

Ég vil því leyfa mér að spyrja um það hverjir hafa unnið hinn faglega undirbúning að þessu máli. Hvar til að mynda liggur fyrir úttekt á rekstri þvottahússins og rökstuðningur fyrir því að þetta muni spara peninga eða betrumbæta rekstur eða jafnvel efla þvottahúsið sem er það eina sem sagt er í þessum tíu til fimmtán orðum sem um þetta eru látin falla í grg. Ég hef ekki séð hann. Hann er a.m.k. ekki reiddur fram með þingmálinu og þá eru það ekki nógu vönduð vinnubrögð.

Ég vil hins vegar upplýsa hæstv. heilbr.- og trmrh. um það ef hann ekki veit það, sem kann að vera, að það var farið í gegnum þetta mál einu sinni fyrir nokkrum árum síðan, a.m.k. einu sinni svo ég veit til. Á þeim tíma sat ræðumaður í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna, undir býsna traustri forustu núv. hæstv. fjmrh. sem var eins og kunnugt er einn af forustumönnum í Eimreiðarhópi og stuttbuxnadeild Sjálfstfl. sem hafði forustu um það að kynna til Íslandssögunnar svokallaða frjálshyggju og hafði hug á því satt best að segja að láta til sín taka sem formaður stjórnar Ríkisspítalanna, ungur maður á uppleið í Sjálfstfl., og lét fara af stað og út af fyrir sig með ágætu samþykki allra stjórnarnefndarmanna athugun á ýmsum þáttum í rekstri Ríkisspítalanna, þar á meðal þvottahúsinu. Mér er þetta nokkuð í minni vegna þess að um þetta urðu allmiklar umræður í stjórnarnefnd og það var farið í býsna vandaða vinnu að ég tel á fjölmörgum rekstrarþáttum Ríkisspítalanna og mætti ræða það við annað tækifæri sem betur á við þegar svona almenn málefni þeirrar stofnunar væru á dagskrá. Þar á meðal var þvottahúsið. Það var safnað tæknilegum upplýsingum um þvottahúsið, stærð þess í hlutfalli við einkafyrirtæki á sambærilegum markaði eða þeim markaði sem helst var sambærilegur sem var rekstur þvottahúsa og efnalauga hér í bænum. Niðurstaðan varð sú, sem stjórnarnefnd gerði að sinni, að það væri ekki skynsamlegt að einkavæða eða bjóða út rekstur þvottahúss spítalanna. Það væri ekki skynsamlegt. Fyrir því voru færð ýmis rök sem frjálshyggjumaðurinn Friðrik Sophusson, hæstv. núv. fjmrh., var maður til að taka mark á og láta skynsemina ráða. Þess vegna var það að hugmyndir um útboð, sem þá voru reyndar aðallega skoðaðar en ekki beinlínis stofnun hlutafélags eða einkavæðing, á starfsemi þvottahússins voru lagðar til hliðar í ágætu samkomulagi allra sem þá sátu í stjórnarnefnd.

Ég spyr: Hvað hefur breyst? Hvað hefur breyst síðan þá? Ég hef ekki séð nein ný rök færð fram fyrir því að sú niðurstaða sem menn komust að fyrir nokkrum árum síðan, eftir vandaða úttekt, sé ekki gild enn þann dag í dag. Það var til að mynda bent á það sem vó kannski hvað þyngst í úttekt tæknimanna og skoðun sérfræðinga á þessum málum á þessum tíma að rekstur þvottahúss af þessari stærð og með þessa sérhæfingu væri þess eðlis að sá aðili sem kæmist yfir tækjakost og aðstöðu Þvottahúss Ríkisspítalanna yrði sjálfkrafa í einokunaraðstöðu um leið og hann hefði náð þeirri stöðu. Þess vegna væri það misskilningur að það *væru fyrir hendi samkeppnisforsendur til þess að bjóða* þessa starfsemi út. Ég spyr þá enn: Mun þá ekki nákvæmlega það sama eiga við um einkaaðila sem hefur komið höndum yfir þetta fyrirtæki, fengið aðstöðu til að búa einnig við tækjakost og afköst og sérhæfingu til þess að geta þvegið þetta mikla magn af sérhæfðum þvotti og veitt aðra þjónustu sem hér til heyrir?

Það er nákvæmlega það sem mér sýnist vera á ferðinni vegna þess að í raun og veru viðurkennir frv. þá staðreynd nema það sé sérstakt markmið í sjálfu sér að fela þessu væntanlega einkafyrirtæki einokun á starfseminni. En það segir í 2. gr. að tilgangur þessa hlutafélags sem á að stofna skuli vera að reka þvottahús sem skiptist a.m.k. í þvottadeild og saumastofu. Þvottadeild skuli sjá um þvott á öllu líni fyrir Ríkisspítala og saumastofa skuli sjá um viðgerð, merkingu og endurnýjun á líni sem notað er á Ríkisspítölum.

Þannig sé ég ekki betur en það sé verið að fela þessu nýja fyrirtæki einokun á þessum markaði til frambúðar. Þá skil ég bara ekki lengur málið, það verð ég að segja alveg eins og er, hversu góðan vilja sem ég hefði til þess vegna þess að eitt hélt ég að flestir væru sammála um, bæði þeir sem eru mestir talsmenn einkavæðingar og hinir sem eru það síður, að eitt hefði a.m.k. gefist illa í þessu einkavæðingarfári öllu og það væri einkavæðing og einokunarstarfsemi. Meira að segja grjótharðir íhaldsmenn breskir viðurkenna nú að þar hafi þeirra stefna lent út í mestu ógöngur og mistekist herfilega þegar menn voru komnir út á þá braut jafnvel að einkavæða og afhenda einkafyrirtækjum til rekstrar í hagnaðarskyni einokunarstarfsemi eða aðstöðu sem fæli í sér einokunarmöguleika. Hér er nákvæmlega sambærilegt dæmi á ferðinni. Ég sé ekki annað en það sé verið að leggja til að búa til einkafyrirtæki um starfsemi sem sjálfkrafa á í sömu lögum að tryggja einokun í tilteknum rekstri. Það finnst mér svo fráleitt að ég verð að segja eins og er, ég botna bara ekkert í því hvað menn eru að fara.

Síðan er það þannig að í 3. gr. er sem sagt gert ráð fyrir því að heilbr.- og trmrh., sem fer samkvæmt þessu með eignarhlut Ríkisspítala í félaginu, sé heimilt að selja að eigin geðþótta án samráðs við nokkurn mann hlutabréfin í félaginu, ýmist hluta þeirra eða þau öll. Það er ekkert því til fyrirstöðu og það er beinlínis tekið fram að heilbrrh. sé þess vegna heimilt að afhenda einum aðila öll hlutabréfin í hinu nýja fyrirtæki og útbúa þannig í hendurnar á einhverjum einum aðila algjöra einokunaraðstöðu á þessum markaði. Og hvers konar hugsun er það þá eiginlega?

Ég verð að segja alveg eins og er að ég fæ ekki almennilega skilið hvað vakir þarna fyrir mönnum. Hér er um mjög ósambærilega hluti að ræða og menn hafa stundum blandað inn í þessa umræðu þegar t.d. á ferðinni hefur verið einkavæðing einhvers rekstrar sem er hvorki þannig settur að hann sé svo sérhæfður eða svo fáir starfi á þeim markaði að ástæða sé til þess að ríkið hafi þar sérstaklega hönd í bagga. Ég nefni til að mynda þegar Ferðaskrifstofu ríkisins var í áföngum breytt yfir í einkafyrirtæki sem var breyting sem mörg rök hnigu til að gera þar sem auðvitað fjölmargir einkaaðilar störfuðu á þeim markaði, að vísu fleiri þá en gera nú, vegna þeirrar fákeppni sem verið hefur vaxandi á þeim markaði, því miður. En flest rök voru að mínu mati horfin fyrir því að ríkið væri að standa beinlínis fyrir rekstri innan ferðaþjónustunnar eins og Ferðaskrifstofa ríkisins hafði verið. Þá fóru menn líka skynsamlega í sakirnar, tóku þetta í áföngum og bundu það í lögin að með eignarhlutinn skyldi þannig farið að kappkosta skyldi að starfsfólkinu yrði gert kleift að eignast fyrirtækið. Það er nú ekki aldeilis því að heilsa þarna. Það er nú ekki mikið minnst á starfsfólkið nema það sem snýr að því að taka af því lögbundin og stjórnarskrárvarinn rétt þess samkvæmt lögunum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Hér er auðvitað um alveg ósambærilegar aðstæður að ræða, sömuleiðis til að mynda þegar prentsmiðjunni Gutenberg var breytt, þannig að ég tel að þetta eigi ekkert skylt við umræður um það hvort ríkið á að standa í hreinum samkeppnisrekstri sem ekki er þannig sérhæfður eða sérstaklega settur að á því séu nein vandkvæði að einkaaðilar sinni honum alfarið í þjóðfélaginu. Það á ekki að rugla þessum hlutum saman við það.

Ég vil þá líka spyrja hæstv. heilbrrh., eins og þegar hefur reyndar verið gert, um hina efnahagslegu hlið þessa máls, af því eins og ég hef þegar nefnt skortir allan rökstuðning fyrir málinu í heild sinni. Engar tölulegar upplýsingar eru reiddar fram um t.d. eitthvert hagræði í rekstri stofnunarinnar eða betra skipulag sem á þetta komist með þessum breytingum. En mér skilst að samkvæmt forsendum fjárlagafrv. sé gert ráð fyrir því að rjúka til samstundis og þessi heimild er fengin, án þess að það sé sagt í þessu frv., og selja fyrirtækið í eitt skipti fyrir öll og það sé meira að segja byrjað að ráðstafa þeim ókomna söluhagnaði sem er auðvitað alveg furðuleg röð á hlutunum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra af því hann var á seinni tíð formaður fjárveitinganefndar: Er þetta virkilega ráðslag sem menn geta verið þekktir fyrir að standa að? — Að byggja upp fjárlög ríkisins þannig að það sé farið að ráðstafa ótilkomnum, hugsanlegum söluhagnaði fyrirtækja af eignum ríkisins? Og að það séu í sjálfu sér einhver tímamót, eitthvað sem eigi að taka alvarlega, að ríkið sé að taka inn í reksturinn í eitt skipti fyrir öll einhverjar eignir sem það á í fyrirtækjum af þessu tagi eins og að í því felist í sjálfu sér einhver breyting sem einhverju skiptir er alveg broslegt. Það er enginn vandi í sjálfu sér að éta upp eignir sínar. Ríkið getur gert það alveg eins og aðrir. Það geta allir lifað á eignum sínum um skeið ef þeir eiga þær. Það geta menn gert hjá Ríkisspítölum eins og annars staðar. Það þarf að vísu fyrst helst að koma þeim í verð, það þykir ekki mjög skynsamleg fjármálastjórnun að byrja á því að taka út á þær og lifa fyrir þær og eiga svo eftir að láta á það reyna hvort þær eru einhvers virði og komist yfirleitt í verð, en það er það sem verið er að gera og er auðvitað alveg kostulegt að éta þannig fyrir fram upp efni sín.

Hér vantar hvert einasta orð um áætlaðan sparnað eða áætlaða hagræðingu í þessum rekstri. Það er ekki minnst einu orði á það að fyrirtækið eða starfsemi Þvottahúss Ríkisspítalanna sé illa rekin, að það sé eitthvað að þar í rekstri, að það sé eitthvað að þar í skipulagi, að þar séu einhver vandkvæði uppi nú sem geri það að verkum að rétt sé að fara út í þessa breytingu. Ekki eitt orð. Ekki minnst á það einu orði enda er mér ekki kunnugt um að svo sé. Þar sem ég hef fylgst með þessu þá veit ég ekki annað en þessi starfsemi hafi verið í ágætu lagi, sinnt sínu verkefni vel, skilað líni Ríkisspítalanna þokkalega hreinu og sæmilega viðgerðu eftir þörfum.

Það er ekki eitt orð um það hvernig menn sjá það fyrir sér að samskiptin við einkafyrirtækið, ef af verður, komi til með að ganga. Nú liggur það í hlutarins eðli að það koma upp alls konar mál þegar viðskiptin fara að verða á milli óskyldra aðila. Það var þó skoðað á sínum tíma þegar hugmyndin um útboð var til

meðferðar hjá stjórn Ríkisspítalanna. Hvernig mundu menn leysa praktísk mál eins og þau sem sneru að gæðum þjónustunnar sem veitt væri þegar það væri orðið um viðskipti milli óskyldra aðila að ræða? Hvernig mundu menn leysa vandamál eins og þau sem upp kæmu varðandi endingu og slit og meðferð vörunnar og varðandi verðlagningu og fleira og fleira? Ekki eitt orð um þetta. Nú er það eðli máls samkvæmt þannig að fyrir slíkum hlutum þarf auðvitað að sjá. Hér eru nokkuð svo sérhæfð verkefni á ferð og samskiptin við notandann, þ.e. Ríkisspítalana, eru þess eðlis að menn verða auðvitað að hafa það sæmilega kortlagt að þetta gangi þokkalega fyrir sig.

Það hefur þegar verið gerð ítarleg grein fyrir þeim ágreiningsefnum sem uppi eru varðandi 4. gr. frv. og þess hvernig standa á að því að setja inn í lög, að því er virðist að tillögu ríkisstjórnarinnar, fyrirmæli um það að tiltekinn réttur opinberra starfsmanna samkvæmt öðrum lögum skuli ekki eiga við. Þetta er alveg fáránleg lagasetning. Það liggja fyrir ítarleg lögfræðileg álit þar sem í fyrsta lagi er sagt að þessi ákvæði standist ekki og í öðru lagi er auðvitað bent á það sem augljóst er, að það er ekki hlutverk Alþingis að mæla fyrir um það í sérlögum að tiltekinn réttur opinberra starfsmanna skuli ekki eiga við. Það er hlutverk dómstóla að leysa úr ágreiningi ef uppi er um það hvort rétturinn eigi við en ekki Alþingis. Dómendunum ber ekki að taka tillit til fyrirmæla af þessu tagi þó þau séu með kauðalegum hætti sett inn í lög ef Alþingi skyldi verða svo ógæfusamt að staðfesta þetta. Það ber þeim einmitt ekki að gera, heldur dæma út frá hinum almennu réttarvenjum og lagafyrirmælum sem réttinn veita og fella úrskurð sinn á þeim grundvelli. Hér er með mjög kauðalegum hætti verið að grípa inn í og mæla fyrir um það að tiltekinn réttur skuli af mönnum tekinn eins og reynt sé með þeim hætti að gefa dómstólum landsins, ef til þeirra kasta kemur, fyrirmæli um það hvernig þeir eigi að meðhöndla málin. Sem betur fer er hér um óháð valdstig í þjóðfélaginu að ræða og samkvæmt öllum réttarvenjum gilda ekki svona fyrirmæli heldur almenn ákvæði laga og stjórnarskrár þegar þau eiga við, eins og er í þessu tilviki.

Til viðbótar því sem þegar hefur komið fram í máli fyrri ræðumanna vildi ég upplýsa að í sjútvn. Alþingis var á sl. vetri sambærilegt frv. til meðferðar þar sem eru Síldarverksmiðjur ríkisins, hugmyndir um að breyta þeim í hlutafélag. Sjútvn. hafði þessi mismunandi álit uppi, annars vegar frá ríkislögmanni eða ríkisstjórninni, þá fullyrðingu að þetta stæðist. Hins vegar frá lögmanni viðkomandi stéttarfélags sem stangaðist algerlega á við þessa stefnu ríkisstjórnarinnar og ítarlega rökstutt. Nefndin brá þá á það ráð að leita eftir lögfræðiáliti óháðs aðila og til þess var valin virt lögfræðistofa starfandi hér í bænum. Formaður sjútvn. féllst óskir nefndarmanna um það að rétt væri að nefndin sjálf hefði forustu um það að leita sér að óháðu lögfræðiáliti eða lögfræðilegri ráðgjöf við þessar aðstæður og hver varð niðurstaðan? Hún var alveg skýr. Hún var sú sem hér hefur komið fram í máli manna. Þetta ákvæði í fyrsta lagi standist ekki og í öðru lagi sé það ekki hlutverk Alþingis að vera með einhvers konar túlkun og fyrirmæli á því að við þessar aðstæður eigi opinberir starfsmenn ekki þennan rétt. Það sem á að gera ef hæstv. ríkisstjórn telur sig geta unnið það mál er ósköp einfaldlega að ríkisstjórnin, framkvæmdarvaldið í framkvæmd sinni, láti á það reyna hvort henni sé stætt á því að neita opinberum starfsmönnum starfsmönnum þessa réttar. Fjmrh. á þá að neita því að greiða biðlaun eða með öðrum hætti framkvæma þessi ákvæði með þeim rökstuðningi að hann telji að starfsmönnum hafi boðist sambærilegt starf. Uni viðkomandi starfsmenn því ekki geta þeir leitað til dómstóla og þar fellur hinn endanlegi úrskurður. Alþingi á ekki með þessum kauðalega hætti að blanda sér inn í það mál. Vilji hins vegar ríkisstjórnin taka á þessu með almennum hætti, sem er náttúrlega enn einn agnúi þessa máls að hér er verið að afnema þessi réttindi gagnvart takmörkuðum hópi opinberra starfsmanna, tilteknum fáum einstaklingum, þá á auðvitað að breyta lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sem væri þá almenn aðgerð og tæki jafnt til allra ríkisstarfsmanna og síðan mundi þá á það reyna við þá lagasetningu hvernig hún kæmi út í framkvæmdinni gagnvart starfsmönnum á komandi árum. Hér er auðvitað mjög vandræðalega að þessu máli unnið og satt best að segja varð ég mjög hissa og ekki einn um það væntanlega að ríkisstjórnin skyldi á þessu þingi koma með þessi frumvörp með ákvæðunum óbreyttum eins og þau voru í fyrra. Líka vegna þess að nú eru útrunnir þeir kjarasamningar sem ríkisstjórnin bar fyrir sig í fyrra að gerðu það að verkum að hún gæti ekki með almennri aðgerð breytt lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna því að þeim lögum hefði hún lofað í bókun í tengslum við viðkomandi kjarasamninga að hrófla ekki við. Og þess vegna væri valin sú leið að taka á þessu sértækt gagnvart hverjum eintökum hópi sem hér ætti undir. Sú röksemd er a.m.k. ekki fyrir hendi lengur þar sem útrunninn er sá kjarasamningur og enginn reyndar í gildi sem stendur eins og kunnugt er.

Ég tel líka, hæstv. forseti, að umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. um þetta mál sé harla vandræðaleg miðað við flutning þess síðan hér af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Það hefur greinilega vakið athygli fjárlagaskrifstofunnar að einn tilgangur félagsins skuli vera sá að sjá um þvott á öllu líni fyrir Ríkisspítala. Þeir velta þá þess vegna upp þeirri spurningu eða vekja á því athygli að ákvæði frv. bindi nafn félagsins við opinberar stofnanir um ókomna framtíð og að þvottahúsið skuli annast þvotta fyrir Ríkisspítalana og segja í framhaldinu að ef ástæða þyki til að hafa þessi ákvæði, þá sé rétt að takmarka þau við tiltekinn tíma. Ég tel auðvitað að þessi hugsun fjárlagaskrifstofunnar sé alveg eðlileg í framhaldi af þeim rökstuðningi sem ég hafði hér uppi. Það er auðvitað ákaflega sérkennilegt að vera í öðru orðinu að leggja til einkavæðingu og sölu á fyrirtækinu yfir til einkaaðila til reksturs í ágóðaskyni, en í hinu orðinu að fela þessu einkavædda fyrirtæki um ókomna framtíð einokunarrétt á þessari starfsemi. Ég tel að þessi hugsun gangi ekki upp. Annaðhvort a.m.k.

verður að víkja og að mínu mati mæla hin faglegu rök og tæknilegu rök sem liggja í málinu miklu frekar með því að það sé heppilegast að hið opinbera sjálft ráði yfir þessari starfsemi sem hluta af þeim rekstri sem undir heilbrigðismálin flokkast. Ég held að það sé ákaflega vanhugsað að taka út úr þeim flókna og fjölþætta rekstri, sem auðvitað fingrast saman á margvíslegan hátt sem er rekstur á stóru sjúkrahúsi, einn svona rekstrarþátt og ætla að fara að stofna um hann sérstakt félag, einkavæða hann og fara svo að standa í samningum við það einokunarfyrirtæki um þessa þætti.

Ég bendi á ákvæði nýsamþykktra samkeppnislaga sem mér er til efs að hæstv. ríkisstjórn hafi skilið sjálf og m.a. ákvæði sem efh.- og viðskn. kom inn í þau lög gagngert til þess að opna þann möguleika að þegar um væri að ræða einhvern anga af opinberri starfsemi sem í vissum mæli væri í samkeppni við einkarekstur, þá er nú í nýsamþykktum lögum mælt sérstaklega fyrir um það hvernig með bókhaldslegum aðskilnaði og öðrum slíkum ráðstöfunum sé unnt að tryggja að sá þáttur starfseminnar sem undir opinbera aðila heyrir eða aðila sem starfa á grundvelli einkaleyfa eða einkaaðstöðu eins og þar segir hafi ekki truflandi áhrif á samkeppnismarkaðinn. Ef menn telja að rekstur Þvottahús Ríkisspítalanna hafi með einhverjum hætti, sem ég hef reyndar aldrei heyrt, verið ósanngjarn gagnvart einkaaðilum í þessari grein, þá er búið að bæta úr því með nýsamþykktum lögum að unnt er nú að taka á slíkum málum sem ekki var áður hægt, a.m.k. ekki með vísun til neinna sérstakra ákvæða í gömlu lögunum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Ég leyfi mér að spyrja að því, hefur ríkisstjórnin ekki áttað sig á þeim tímamótum að það er búið að afgreiða hérna ný samkeppnislög sem m.a. gefa færi á því að taka á svona þáttum öðruvísi en áður hefur verið? Menn voru að vísu með í huga kannski ýmsa aðra þætti svo sem þjónustusvið Pósts og síma og slíka hluti sem hafa verið til umræðu og hafa fengið gagnrýni vegna þess að þeir nytu góðs af sambúðinni við stórt og öflugt opinbert fyrirtæki sem að hluta til starfaði á grundvelli einkaleyfa eða einokunar og væri þess vegna með óeðlilega samkeppnisstöðu. Ég veit ekki til þess að slík gagnrýni hafi í raun og veru verið höfð í frammi á Þvottahús Ríkisspítalanna og þó svo væri, þá bendi ég á það að nú væri hægt að taka á því eða mæta því með öðrum hætti en áður var hægt.

Hæstv. forseti. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég tel þetta frv. vera óskaplega illa undirbúið og lélega smíð satt best að segja. Það vantar gersamlega í það allan rökstuðning. Mér finnst þetta vera „af því bara", það er af því bara að hæstv. ríkisstjórn var svo ógæfusöm að lenda með það í farteskið frá byrjun að einkavæðing væri enn á dagskrá og væri enn í tísku einhvers staðar úti í heimi og dragnast með þennan draug ennþá, hefur ekki getað losað sig við hann og situr uppi með einhverja nefnd og einhverja stráka sem eru að vinna í því að reyna að tína upp einhver svona smáatriði í rekstri ríkisins sem hægt sé að einkavæða. Og hæstv. heilbrrh. lætur nota sig í það að vera að flytja svona vitleysu hér inn, maður sem hefur meira en nóg að gera í öðru, miklu, miklu þarfara en þessu og margt hefur nú á honum mætt og allt það og ætla ég ekki að fara út í það hér. En ég segi alveg eins og er, að ég sé eftir tíma hæstv. heilbrrh. í svona vitleysu. Hann getur örugglega fundið sér mikilvægari verkefni en að eltast við svona fráleitan málflutning og ég tel að það sé langskynsamlegast út af fyrir sig að leggja þetta mál til hliðar vegna þess að ég tel að fyrir nokkrum árum síðan hafi menn farið í gegnum skoðun á þessu og komist að skynsamlegri niðurstöðu. Ef menn vilja gera það aftur og telja sig hafa tíma til þess, þá hef ég svo sem ekkert á móti því en ég skora þá á viðkomandi þingnefnd að láta ekki bjóða sér framsetningu á málinu eins og hér er á dagskrá, fara þá í gegnum það rækilega. Er einhver skynsemi í því yfir höfuð að breyta þessari starfsemi, bjóða hana út eða einkavæða hana og hreyfa ekki við málinu fyrr en að undangenginni slíkri ítarlegri úttekt á þessum þáttum.

Það kom fram hér í fyrri ræðu og ég get staðfest það að ýmsir þættir í rekstri Ríkisspítalanna hafa á undanförnum árum tekið breytingum og það er orðin allnokkurra ára þróun að baki í þeim efnum að bjóða út eða leita tilboða í ýmsa afmarkaða rekstrarþætti, innkaup á vörum, útboð á leiguakstri o.s.frv. En menn hafa borið skynsemi til þess að draga þar skynsamleg mörk og gera það eingöngu í þeim tilvikum að það væri sannanlega skynsamlegt og hagkvæmt. En hér er enginn slíkur rökstuðningur fram færður og ég tel þess vegna best að við þessu máli verði ekki hreyft, a.m.k. ekki fyrr en unnið hefur þá verið ítarlega í því af hálfu hv. nefndar að afla þeirra gagna og færa fram þann rökstuðning með og á móti málinu sem flytjandi þess, hæstv. ríkisstjórn, hefur algerlega svikist um að gera.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls og vissulega get ég tekið undir það með þeim að það eru álitamál í þessu frv. Vegna þess að það virðist vera að hv. síðasti ræðumaður hafi ekki heyrt framsögu mína, þá vil ég ítreka það og endurtaka að ég tók sjálfur fram í upphafi þegar ég mælti fyrir þessu máli að það væru tvö atriði sérstaklega í mínum huga sem væru álitamál og ég bað hv. heilbr.- og trn. að skoða. Það væri í fyrsta lagi að sjálfsögðu heiti frv., hvort rétt væri ef fallist yrði á meginefni frv. að skíra hið nýja fyrirtæki Þvottahús Ríkisspítalanna og um það ræddi hv. síðasti ræðumaður, en ég hafði áður bent á að þetta væri álitamál sem ég bæði nefndina að skoða. Hitt álitamálið sem ég nefndi var seinni mgr. 2. gr. frv. þar sem verið er einmitt að ræða um það, ekki þessi skilgreining sem þar er gefin sem hv. þm. Svavar Gestsson ræddi um, heldur hvort ástæða væri til að ganga frá í lagatexta nálægt því einkarétti hins nýja fyrirtækis til þess að standa að þvottahússtarfsemi fyrir Ríkisspítala. En ég gerði líka grein fyrir því, virðulegi forseti, af hverju þetta var sett inn í þennan lagatexta. Það var vegna þess að við sem sömdum þetta frv. vildum taka af öll tvímæli um að við gerðum ekki ráð fyrir því að Ríkisspítalar byggðu upp vísi að þvottahúsi eða þvottahús við hliðina á þessu, a.m.k.

væri það ástæðulaust svo lengi sem meirihlutaeign hlutabréfa í þessu fyrirtæki væri í höndum Ríkisspítalanna. En eins og allir vita, virðulegi forseti, þá gerðist það ekki alls fyrir löngu að einn af spítölum í Reykjavík reisti mjög dýrt þvottahús á sama tíma eins og var verið að byggja upp Þvottahús Ríkisspítalanna án tillits til þess að Þvottahús Ríkisspítalanna gat hæglega annað öllum þvotti fyrir það þvottahús og að bæði fjárfestingin og reksturinn á því tvöfalda kerfi kostaði ríkissjóð fé sem betur hefði verið notað með öðrum hætti. En ég ítreka það enn og aftur að þessi atriði eru álitamál sem mér finnst rétt að hv. heilbr.- og trn. skoði.

Sjálfsagt má alltaf finna að öllum málum að þau hafi ekki verið skoðuð nægilega vel. Hins vegar kom fram í máli ræðumanna að hugmyndir um breytt rekstrarform á þvottahúsinu hafi verið til skoðunar áður og eftir því sem ég best veit hafi það verið tvívegis. Það hefur verið skoðað áður hvort möguleiki væri á því að bjóða þvott á vegum Ríkisspítala út á almennum markaði og gefa einkaaðilum sem starfrækja þvottahús kost á að gera tilboð í þvottinn. Niðurstaðan af þeirri athugun varð sú að það væri ekki líklegt að slíkt útboð mundi skila árangri vegna þess að engin þvottahús önnur en Þvottahús Ríkisspítalanna hefðu yfir þeim tækjabúnaði að ráða að þau gætu tekið við þessum þvotti.

Hin athugunin sem hefur farið fram var hvort það væri þá rétt að bjóða út rekstur Þvottahúss Ríkisspítalanna með þeim tækjum og þeim búnaði sem þar er fyrir. Niðurstaðan af þeirri athugun varð sú að væri ekki talið rétt að gera það. Og þá er eðlilegt að menn spyrji eins og menn hafa spurt hér, hver er þá ástæðan? Hver er ástæðan fyrir því að það er talið rétt að reyna þessa leið, þ.e. að stofna sérstakt hlutafélag um þennan rekstur? Fyrsta ástæðan er að sjálfsögðu sú sem kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. e. að það er ekki hlutverk spítala að starfrækja þvottahús og enn síður er það hlutverk spítala að starfrækja þvottahús þegar það í síauknum mæli er að færa sig frá því að veita þeim einum spítalaþjónustu sem stofnaði það og byggði það upp, en er farið að taka við þvotti frá þriðja aðila í sívaxandi mæli. Þvottahús Ríkisspítalanna hefur verið að gera það á undanförnum árum að taka í sívaxandi mæli við þvotti frá þriðja aðila, meira að segja að þjóna einkareknum stofum lækna úti í bæ, hugsanlega í samkeppni við einkarekin þvottahús. Og það vill nú einfaldlega svo til að tækjabúnaður Þvottahúss Ríkisspítalanna er það öflugur að afkastageta þvottahússins er langt í frá fullnýtt þannig að það er mjög líklegt að þvottahúsið geti mjög aukið við starfsemi sína og boðið í þvott fyrir ýmsar stofnanir, þar á meðal stofnanir í heilbrigðisþjónustu sem eru að rísa eða eru í smíðum og það er ekki eðlilegt að slík almenn þvottahússtarfsemi skuli vera stunduð af þvottahúsi á vegum ríkisins sem er þarna komin í samkeppni við einkaaðila en þarf ekki að borga sömu skatta og skyldur og þeir, er t.d. undanþegið þeim kröfum um greiðslu opinberra gjalda sem einkaaðilar sem eru í samkeppni við þetta þvottahús þurfa að gangast undir. Það er mjög eðlilegt að stjórnendur Þvottahúss Ríkisspítalanna vilji nýta sinn tækjabúnað til þess m.a. að ná til sín verkefnum og geta þá boðið ódýrar en aðrir í þvott af ýmsum stofnunum. En það er óeðlilegt að þeir geri það á öðrum og hagstæðari grunni heldur en samkeppnisaðilarnir. Út frá því sjónarmiði er einboðið að það er rétt að breyta Þvottahúsi Ríkisspítalanna í hlutafélag hvort svo sem það hlutafélag verður í eigu hins opinbera eða það verður selt að öllu leyti eða hluta til einstaklinga þannig að þvottahúsið starfi undir sömu skilmálum um rekstur, skatta og skyldur og önnur fyrirtæki sem það á hugsanlega í samkeppni við. Ég held að þetta hljóti að nægja mönnum sem skýring á því af hverju ég tel rétt og skynsamlegt að gera þá formbreytingu á starfsemi þessa þjónustuþáttar að stofna um það sérstakt hlutafélag.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. spurði einnig: Hvað með dauðahreinsunardeild og birgðadeild sem er í sama húsnæði og Þvottahús Ríkisspítalanna? Það gefur auðvitað auga leið að þvottahússrekstur getur aldrei samrýmst rekstri birgðadeildar fyrir Ríkisspítala þannig að það er með öllu útilokað að birgðadeild Ríkisspítala geti orðið hluti af þvottahúsi sem starfrækt væri af hlutafélagi. En hins vegar kemur mjög vel til skoðunar og það er eitt af því sem þarf að athuga nánar í samráði við Ríkisspítalana ef sú meginstefna frv. verður samþykkt að breyta þessum rekstri yfir í hlutafélagsform hvort það sé eðlilegt að dauðhreinsunardeildin fylgi með í þeim skiptum. Þess vegna er líka sagt í 2. gr. orðrétt, með leyfi forseta:

„Tilgangur félagsins skal vera að reka þvottahús sem skiptist a.m.k. í þvottadeild og saumastofu í samræmi við samþykktir félagsins."

Þarna er gert ráð fyrir því að ef skynsamlegt þykir að flytja dauðhreinsunardeildina líka til með þessum hætti og gera starfrækslu hennar að hluta af starfrækslu Þvottahúss Ríkisspítalanna hf., hvað svo sem það félag mundi heita, þá girti frv. ekki fyrir að að væri hægt. En við treystum okkur hins vegar ekki til þess að taka ákvörðun um það í frv. sjálfu að það skyldi gert eins og gert er um tvær deildir þvottahússins í þrengri merkingu þess orðs.

Menn hafa rætt hér nokkuð um ákvæði 4. gr. um réttindi og skyldur starfsmanna. Ég vil aðeins ítreka það sem kemur fram í athugasemdum við þá grein að af þeim 55 manns sem starfa nú hjá þvottahúsi og saumadeild Ríkisspítalanna er 41 einstaklingur í Verkakvennafélaginu Sókn og taka þá laun samkvæmt taxta þess félags og kjör þeirra, þar á meðal ráðningakjör, eru ráðningakjör samkvæmt samningum þess félags. Á því verður engin breyting. En í 14 stöðugildum eru hins vegar jafnmargir einstaklingar í Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Það er gert ráð fyrir því í texta þessarar lagagreinar að þeim eins og hinum verði boðin sambærileg störf hjá hinu nýja fyrirtæki.

Hv. síðasti ræðumaður, 4. þm. Norðurl. e., taldi mjög óeðlilegt að sett væri inn í lagatexta ákvæði um að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins skyldu ekki gilda í tilviki eins og þessu þegar rekstrarformi fyrirtækis er breytt og starfsmönnum boðin

sambærileg störf við hið nýja fyrirtæki og þeir höfðu hjá því eldra. En þetta er einfaldlega líka sótt orðrétt í afgreiðslu þeirrar ríkisstjórnar sem hv. þm. sat í. Vegna þess að í margræddum lögum um stofnun hlutafélags um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg, sem eru nr. 45 23 maí 1989, segir svo orðrétt, með leyfi foreta:

„Ákvæði 14. gr. laga nr. 38 frá 1954, um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, á því ekki við um þá starfsmenn." Orðrétt tilvitnun úr lagatexta sem settur var af tilhlutan ríkisstjórnar sem hv. þm. sat í og var samþykktur með hans atkvæði og er tekinn orðréttur upp í það frv. sem hér er flutt. Ekkert hefur gerst í millitíðinni sem hefur orðið þess valdandi að sú ákvörðun sem þarna var tekin og gefið fordæmi með, virðulegur forseti, af þeirri ríkisstjórn og þeim ráðherrum sem þá sátu að þetta ákvæði haldi ekki sínu fulla gildi. Öll þau rök sem hér hafa verið nefnd með og á móti því að setja slík ákvæði voru þekkt á þeim tíma þegar lög nr. 45/1989 voru afgreidd. Niðurstaða ríkisstjórnarinnar, sem bar ábyrgð á þeirri lagasetningu og þingmeirihlutans sem samþykkti þá lagasetningu og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon átti sæti í, bæði í ríkisstjórninni og í þingmeirihlutanum, voru þau að þau sjónarmið sem ríkislögmaður hefur lýst væru rétt en önnur sjónarmið sem fram höfðu komið væru ekki rétt.

Ég tel að ég hafi svarað flestöllum þeim spurningum sem til mín hefur verið beint. Það stendur ekki til, svo ég svari spurningu hv. 9. þm. Reykv., að keyra þetta mál í gegn hvað sem tautar og raular. Ég hef þvert á móti óskað eftir því að heilbr.- og trn. skoðaði málið vel. Það kann vel að vera að niðurstaðan kunni að verða sú að heilbr.- og trn. vilji einhverju breyta í frv., eins og ég hef þegar bent á bæði hvað varðar fyrirsögn frv. og ákvæði 2. gr. Ég tel hins vegar rétt að heilbr.- og trn. afgreiði málið og komist að niðurstöðu um það. Ég tel eðlilegt að hún skoði þær ábendingar sem hér hafa komið fram.

Um ábendingu hv. 9. þm. Reykv. um texta 2. mgr. 2. gr. þá get ég ekki skilið að þau ákvæði að þvottahús eigi að sjá um þvott séu handan mannlegrar skynjunar. Hv. þm. orðaði það svo að þessi ákvæði væru handan mannlegrar skynjunar. Ég held að það geti ekki verið. Ég held að þau séu svo einföld að þvottahús skuli þvo og saumastofa sauma að öll mannleg skynjun hljóti að ná til slíks texta. Ég get því ekki, virðulegur forseti, séð að hægt sé að hafa texta öllu einfaldari en svona og tel eitthvað athugavert við skynjun aðila sem ekki skynjar slíkan texta en ekki við textann.

Auðvitað mætti orða þetta öðruvísi en sama merking er þó. Það er að þvottadeildin taki við allri þeirri starfsemi sem þvottadeild Ríkisspítalanna annast nú og saumastofan taki við allri þeirri starfsemi sem saumastofa Ríkisspítalanna annast nú. Merkingin er nákvæmlega sú hin sama, orðalagið kannski svolítið stofnanalegra ef menn velja seinni leiðina en merkingin nákvæmlega sú sama, sum sé að þvottadeildin yfirtaki rekstur þvottadeildar Ríkisspítalanna eins og hann er nú og saumadeildin rekstur saumadeildar Ríkisspítalanna eins og hann er nú. Það má ekki heldur skilja þetta svo að þó ekki sé sérstaklega tekið fram að saumastofan eigi að sjá um að festa á tölur ef þær detta af þá eigi það ekki að heyra undir rekstur hennar. Ég vona að þó það sé ekki tekið sérstaklega fram þá rúmist það innan marka mannlegrar skynjunar að menn geti af sjálfu gefið sér að ekki sé líklegt að það sé verið að taka festingar á tölum út úr þeirri starfsemi sem saumadeild Þvottahúss Ríkisspítala annast um þessar mundir.

Virðulegur forseti. Ég hef ekki ástæðu til að segja mikið meira um þetta mál. Ég held að það sé satt að segja svo einfalt og auðskilið að það sé mætavel innan mannlegrar skynjunar flestallra ef ekki allra þingmanna og flestallir ef ekki allir þingmenn muni treysta sér þegar þar að kemur til að afgreiða málið hvort sem þeir fylgja því óbreyttu eða telja réttara að breyta því eitthvað sem er auðvitað þeirra mál.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna þess sem hæstv. heilbrrh. sagði um að nauðsynlegt væri að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag að það væri í tiltekinni samkeppni úti á markaðinum þá vísa ég í það sem ég sagði hér áðan um ákvæði nýrra samkeppnislaga um slík tilvik. Þau eru alveg skýr. Hin nýju ákvæði samkeppnislaganna leysa að mati efh.- og viðskn., sem kannski hefur ekki jafnmikið vit á þessu og hæstv. heilbrrh. en taldi sig þó hafa farið nokkuð vel yfir það, með fullboðlegum hætti úr slíkum tilvikum þar sem ósköp einfaldlega er kveðið á um algeran bókhaldslegan aðskilnað og eftirlit samkeppnisyfirvalda með slíkum rekstri þannig að fyrir því verði séð að það hafi ekki samkeppnisbjagandi áhrif.

Það að breyta síðan fyrirtæki í hlutafélag er auðvitað allt annað heldur en að selja það. Og að skjóta sér á bak við að þetta sé nauðsynleg breyting til að sjá fyrir þessari hættu og svara svo ekki þeirri spurningu hvers vegna er verið að rjúka til og selja fyrirtækið og jafnvel að nota söluhagnaðinn áður en hann verður til sem er auðvitað algert heimsmet.

Það sem hefur breyst, hæstv. ráðherra, varðandi ákvæðin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eru einfaldlega nýfallnir hæstaréttardómar sem túlka þau ákvæði og skýra þau með þeim hætti og talar sá sem valdið hefur, þ.e. Hæstiréttur Íslands, að menn horfa nú á þetta í nýju ljósi. Sömuleiðis hafa lögmenn farið í að gera lögfræðilegar úttektir á þessu máli sem ekki lágu fyrir þegar sams konar lagaákvæði voru hér á dagskrá fyrir einhverjum árum síðan. Og mönnum er skylt að taka mark á slíkum nýframkomnum upplýsingum og eru menn að meiri að gera það. Þannig að þó svo einhverjir hafi einhvern tímann fyrr á öldinni greitt skyldum ákvæðum atkvæði sitt þá eiga þeir ekki að skammast sín fyrir að taka mark á nýframkomnum upplýsingum. Og það er sérkennilegt ef alþingismenn telja sig yfir það hafna að taka mark á dómum Hæstaréttar.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst mál að ný-

samþykkt samkeppnislög munu einfaldlega koma í veg fyrir að aðili eins og Þvottahús Ríkisspítalanna, sem er rekið sem hluti af Ríkisspítölunum sem er kostað með fjárframlögum af Alþingi og þarf ekki að sæta sömu skattalegri meðferð og einkafyrirtæki í sambærilegum rekstri, getur boðið í verk í samkeppni við félög sem meðhöndluð eru skattalega sem hlutafélög og þurfa að standa öðruvísi að verki í sambandi við sín framtalsmál, ekki bara bókhaldsmál heldur sín framtalsmál og skattagreiðslur en hlutar af Ríkisspítölum sem reknir eru af opinberu fé og eru undanþegnir sköttum og skyldum sem einkaaðilar þurfa að borga.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvaðan hæstv. heilbrrh. telur sig hafa umboð fyrir svona afdráttarlausri túlkun á þessu máli. Það var ekki í sjálfu sér endilega það sem var í huga efh.- og viðskn. þegar þessi ákvæði voru útfærð í samkeppnislögunum heldur hitt að tryggja það að að svo miklu leyti sem verksvið og viðskipti fyrirtækja sköruðust og um væri að ræða starfsemi sem væri í skjóli af eða tengslum við stóran opinberan aðila eða stóran aðila sem nyti einhvers konar einkaleyfisbindingar á sinni starfsemi, þá yrði ósköp einfaldlega tryggt með tilteknum reglum að ekki væri um samkeppnisbjagandi aðstæður að ræða.

Það er alveg rétt hjá hæstv. heilbrrh. að þetta gæti vel hafa kostað ákveðnar breytingar á tengslum þvottahússins við afganginn af Ríkisspítölunum og e.t.v. kröfur um að þau samskipti yrðu höfð með öðrum hætti. A.m.k. að um algerlega fjármálalegan aðskilnað væri að ræða og það væri tryggt að ekki væru færðar á milli tekjur til að hafa samkeppnistruflandi áhrif. En að þetta þýddi fortakslaust að slíkum aðilum yrði algerlega meinað að taka að sér verkefni stendur hvergi í þeim ákvæðum laganna. Ég a.m.k. treysti mér ekki til fyrr en á það hefur þá reynt og samkeppnisráð hefur mótað sér reglur um það, reglugerð hefur verið sett o.s.frv., að fullyrða fyrir fram að slík yrði afleiðingin.

Að öðru leyti vil ég segja, hæstv. forseti, að hæstv. ráðherra tók hér út af fyrir sig undir það og ég vil þakka honum fyrir það að margt þyrfti að skoðast í þessu frv. og að heilbr.- og trn. ætti að gera það og taka sér til þess tíma. Ég fagna þeim ummælum og vona að það muni leiða menn að viturlegri niðurstöðu í þessu máli.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil því einu bæta við mitt fyrra andsvar að niðurstaðan hlyti óhjákvæmilega að verða sú að það væri ekki nægilegt að það yrði bókhaldslegur aðskilnaður á milli deildar í Ríkisspítölum eins og Þvottahús Ríkisspítala er og spítalanna að öðru leyti til að Þvottahús Ríkisspítala gæti farið á almennan útboðsmarkað í samkeppni við einkafyrirtæki heldur yrði líka gerð sú krafa að skattalega meðferðin væri svipuð. Það þýðir í almennum orðum að það yrði að gera þá breytingu sem hér er verið að leggja til eða aðra sambærilega.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mikið. Mig langar að þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans við nokkrum spurningum í seinni ræðu en gera þó athugasemdir við það sem fram kom í máli hans.

Í fyrsta lagi vil ég undirstrika að hann sagði aftur, eins og í framsöguræðu, að hann teldi nokkur álitamál í frv. og það þyrfti að skoða það ítarlega. Sérstaklega nefndi hann það sem ég talaði um bæði í minni fyrri ræðu og eins í fjárlagaumræðunni í haust að það kynni að reka að því að stjórnendur og forsvarsmenn heilbrigðismála sæju sér einhvern tímann síðar, að einhverjum árum liðnum, hag í því að byggja nýtt þvottahús því það væri líklega þrátt fyrir allt, ódýrara og hagkvæmara en að kaupa þjónustu af þessu einkavædda fyrirtæki sem ráðherra hyggst nú koma á fót.

Hann nefndi að vísu sem víti til varnaðar að önnur sjúkrahús á svæðinu hefðu reist sér nýtt þvottahús með ærnum tilkostnaði í stað þess að leita eftir þjónustu þessa húss. Þá vil ég minna á þær hugmyndir sem ég hef margsett fram, bæði hér í þessum ræðustóli og annars staðar, að það væri nauðsynlegt að heilbrigðisyfirvöld beittu sér fyrir meira og betra samstarfi og e.t.v. samruna þessara stóru sjúkrahúsa. En ég ætla ekki að fara frekar út í það, hæstv. forseti, á þessu stigi því ég ætlaði ekki að hafa þetta langt mál.

Aðeins varðandi þessar röksemdir sem ráðherra setti hér fram um hvers vegna hann teldi eðlilegt að breyta fyrirtækinu í hlutafélag. Það sem hann talaði um síðast í sínu svari við seinna andsvari hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar var að þetta þvottahús, sem væri hugsanlega orðið samkeppnisaðili nú þegar við einkareknar stofnanir, ætti að greiða opinber gjöld. Með því að gera það að hlutafélagi þá kæmi það sjálfkrafa. Þá vil ég undirstrika það og beina því til hæstv. ráðherra að þá verði jafnframt séð til þess að þær opinberu stofnanir, Ríkisspítalar og Borgarspítali, og þau sjúkrahús sem eiga eftir að kaupa þjónustu af þessu fyrirtæki að fái það þá metið í sínum fjárveitingum því það hlýtur að þýða aukin útgjöld fyrir þessar stofnanir. Ég minni á að stofnanirnar hafa nú þegar lent í nokkrum erfiðleikum við yfirvöld fjármála að fá viðurkennda skattálagningu, t.d. virðisaukaskattsálagningu á vinnu iðnaðarmanna, svo ég nefni eitthvað. Fjármálayfirvöld hafa því miður skellt við skollaeyrum og sagt: Það stendur bara ekki til að bæta það. Það stendur bara ekki til að bæta stofnunum þetta upp í fjárveitingum og það hefur síðan leitt til þess að þær hafa lent í rekstrarerfiðleikum eða þurft að skera niður aðra þætti þjónustunnar.

Að lokum, hæstv. forseti, þá fannst mér vanta svar hjá hæstv. ráðherra við spurningu minni til hans hvort ekki væri hugsanlegt að hann breytti afstöðu sinni til þess að sértekjur af hugsanlegri sölu hlutabréfa bitnuðu svo á rekstri Ríkisspítalanna sem fjárlög nú gera ráð fyrir, eins og þau eru nú samþykkt, eða a.m.k. að hugsanlegt væri að breyta greiðsluáætlun fjmrn. þangað til séð yrði hverju fram yndi með þær hugmyndir sem er verið að ræða í þessu frv. sem til umræðu er.

Ef hæstv. ráðherra kemur í stólinn til að svara mér

einhverju um þetta þá vil ég bæta við einni spurningu sem ég gleymdi áðan: Hvort það sé heimilt að Ríkisspítalar eigi í hlutafélagi sem sé í almennri samkeppni og séu hluthafar með öðrum aðilum. Ég minni á það að í úttekt sem Ríkisendurskoðun gerði á rekstri Ríkisspítala á árinu 1991 gerði Ríkisendurskoðun athugasemd við það að Ríkisspítalar væru hluthafar í fyrirtæki sem heitir Tölvuþekking hf. Og ein tilvitnun í þessa úttekt Ríkisendurskoðunar, með leyfi forseta. Þar segir: „Ríkisendurskoðun telur það ekki samræmast markmiðum Ríkisspítala að taka þátt í slíkum rekstri. Þá gerir Ríkisendurskoðun einnig athugasemd við það að Ríkisspítalar eigi fyrirtæki með starfsmönnum sínum sem vinna samtímis fyrir spítalana og viðkomandi fyrirtæki."

Auðvitað er hugsanlegt að einhverjum starfsmönnum Ríkisspítala þætti fýsilegt að gerast hluthafar í þessu nýja fyrirtæki ef af verður. Engu skal ég spá um það fyrir fram. Ég ætla ekki að segja fleira að sinni, hæstv. ráðherra, enda verður tími til að ræða málið nánar í nefndinni og þá hugsanlega þegar það kemur aftur til umræðu eftir umfjöllun nefndar um málið.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er álitamál og umhugsunarmál hvort það teljist ekki vera innherjaviðskipti af því tagi sem ætti að greiða virðisaukaskatt af þeim viðskiptum sem eiga sér stað milli sjúkrahúsa sem við Þvottahúss Ríkisspítala skipta. Mér er nær að halda að það gæti að því dregið að fjmrn. teldi eðlilegt að þau viðskipti væru innherjaviðskipti sem bæri að greiða virðisaukaskatt af.

Hvað varðar hugsanlega endurskoðun á greiðsluáætlun Ríkisspítala þá vil ég sjá hver verður niðurstaða heilbr.- og trn. um það mál sem hér um ræðir áður en ég tjái mig um það.

Hvort eðlilegt sé að Ríkisspítalar eigi hlutafé í þvottahúsi þá finnst mér vera talsverður munur á því hvort opinber stofnun stofnar fyrirtæki til nývinnslu með starfsmönnum sínum eða hvort um er að ræða að breyta deild í opinberum rekstri sem hefur verið hluti af rekstri opinberrar stofnunar eins og Ríkisspítala í hlutafélag og að hin opinbera stofnun eigi til að byrja með a.m.k. meiri hluta eða allt það hlutafé sem í félaginu er. Það er hin eðlilega leið sem valin hefur verið þegar opinberum stofnunum hefur verið breytt í hlutafélög. Þær eiga í byrjun allt hlutaféð en síðan er það selt, stundum að hluta og stundum allt. Aðrar leiðir eru nú vart til til að breyta opinberum rekstri í hlutafélagarekstur en að gera ráð fyrir því að í upphafi sé það hin opinbera stofnun sem eigi allt hlutaféð en síðan kynni það að vera selt að hluta eða öllu leyti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7., 8. og 11.–18. mál.

Fundi slitið kl. 9.13 síðdegis.

---

125. FUNDUR

miðvikudaginn 10. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tækniskóli Íslands, stjfrv., 327. mál, þskj. 598. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Menningarsjóður, stjfrv., 306. mál, þskj. 475. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Útvarpslög, stjfrv., 305. mál, þskj. 474. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Íslensk endurtrygging, stjfrv., 307. mál, þskj. 476. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Þvottahús Ríkisspítalanna, stjfrv., 277. mál, þskj. 385. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Dýravernd, stjfrv., 389. mál, þskj. 683. — 1. umr.
7. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 390. mál, þskj. 684. — 1. umr.
8. Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 302. mál, þskj. 471. — 1. umr.
9. Umhverfisskattar, þáltill., 331. mál, þskj. 603. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.,
Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Jón Sigurðsson viðskrh.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.,
Stefán Guðmundsson, 4. þm. Norðurl. v.

Útbýting þingskjals:

Ráðstafanir til orkusparnaðar, 416. mál, fsp. JÁ, þskj. 711.

Tækniskóli Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 327. mál (skrásetningargjöld). — Þskj. 598.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GJH, GunnS, HjálmJ, HG, HAJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

20 þm. (AÓB, ÁJ, EKJ, FI, FrS, GAK, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, JGS, JónS, KHG, ÓRG, RG, SalÞ, StG, StH, ÞorstP, ÞBern) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GJH, GunnS, HjálmJ, HG, HAJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.
20 þm. (AÓB, ÁJ, EKJ, FI, FrS, GAK, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, JGS, JónS, KHG, ÓRG, RG, SalÞ, StG, StH, ÞorstP, ÞBern) fjarstaddir.

Menningarsjóður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 306. mál (heildarlög). — Þskj. 475.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GJH, GunnS, HjálmJ, HG, HAJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.
20 þm. (AÓB, ÁJ, EKJ, FI, FrS, GAK, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, JGS, JónS, KHG, ÓRG, RG, SalÞ, StG, StH, ÞorstP, ÞBern) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GJH, GunnS, HjálmJ, HG, HAJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.
20 þm. (AÓB, ÁJ, EKJ, FI, FrS, GAK, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, JGS, JónS, KHG, ÓRG, RG, SalÞ, StG, StH, ÞorstP, ÞBern) fjarstaddir.

Íslensk endurtrygging, frh. 1. umr.

Stjfrv., 307. mál. — Þskj. 476.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GJH, GunnS, HjálmJ, HG, HAJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.
20 þm. (AÓB, ÁJ, EKJ, FI, FrS, GAK, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, JGS, JónS, KHG, ÓRG, RG, SalÞ, StG, StH, ÞorstP, ÞBern) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GJH, GunnS, HjálmJ, HG, HAJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.
20 þm. (AÓB, ÁJ, EKJ, FI, FrS, GAK, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, JGS, JónS, KHG, ÓRG, RG, SalÞ, StG, StH, ÞorstP, ÞBern) fjarstaddir.

Þvottahús Ríkisspítalanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 277. mál. — Þskj. 385.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 41:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GJH, GunnS, HjálmJ, HG, HAJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS.
nei: MF.
21 þm. (AÓB, ÁJ, EKJ, FI, FrS, GAK, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, JGS, JónS, KHG, ÓRG, RG, SalÞ, StG, StH, ÞorstP, ÞBern, ÖS) fjarstaddur.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. með 37:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HjálmJ, HG, HAJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, ÓE, PP, PJ, RA, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS.
nei: ÓÞÞ.
3 þm. (KSG, MF, SJS) greiddu ekki atkv.
22 þm. (AÓB, ÁJ, EKJ, FI, FrS, GAK, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HBl, JGS, JónS, KHG, ÓRG, RG, SalÞ, StG, StH, ÞorstP, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 1. umr.

Stjfrv., 390. mál. — Þskj. 684.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):
Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 81 frá 3. ágúst 1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Frv. er á þskj. 684 og er 390. mál þingsins. Þetta frv. er flutt vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið þannig að við getum uppfyllt þær skyldur sem fylgja aðild að svæðinu.
Þetta frv. er einungis tvær greinar. Í 1. gr. frv. er lögð til breyting á 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og í 2. gr. eru gildistökuákvæði.
Í 74. gr. EES-samningsins er vísað til viðauka sem merktur er XX, en í viðaukanum eru sérstök ákvæði

um verndarráðstafanir sem skulu gilda skv. 73. gr. samningsins. Þessar ráðstafanir eru byggðar á þeim meginreglum að girt skuli fyrir umhverfisspjöll, að áhersla sé lögð á úrbætur þar sem tjón á upphaf sitt og að bótaskylda sé lögð á þann sem mengun veldur. Þetta eru í rauninni þær grundvallarreglur sem verið hafa að festast í sessi í umhverfismálum á alþjóðavettvangi.

Í þessum sama viðauka eru fjölmargar tilskipanir sem varða mengunarmál, t.d. varnir gegn mengun, viðmiðunarmörk vegna mengandi efna, gæði viðtaka, framkvæmd eftirlits og endurskoðun starfsleyfa. Laga þarf íslenska mengunarvarnalöggjöf að efni þessara tilskipana og þykir eðlilegt að útfæra ákvæðið þar að lútandi í mengunarvarnareglugerð, enda eru þar nú þegar sambærileg ákvæði.

Mengunarvarnareglugerð er sett skv. 3. gr. laga nr. 81/1988. Þessi lög eru á verksviði tveggja ráðuneyta og eru mengunarvarnir og mengunarvarnaeftirlit á verksviði umhvrn. en framkvæmd og eftirlit með heilbrigðisþættinum er á verksviði heilbrrn.

Eins og 3. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nú er orðuð, þá er reglugerðarheimildin að sumu leyti talin of takmörkuð fyrir þá þætti sem kveða þarf á um vegna gildistöku samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Þess vegna er nauðsynlegt að breyta henni. Sú lagabreyting sem hér er lögð til miðar fyrst og fremst að því að styrkja grundvöll mengunarvarnareglugerðar með því að kveða nánar á um einstaka þætti en nú er gert og gera orðalag nokkru skýrara.

Ég mun nú, virðulegi forseti, víkja að þeirri meginbreytingu sem þetta frv. hefur í för með sér. Við 1. mgr. 3. gr. laganna um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit er lagt til að bætt verði tilvísun til alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Þetta er einkum gert í þeim tilgangi að styrkja grundvöll reglugerðarinnar með tilliti til þeirra alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að og fjalla um mengunarmál.

Breytingarnar sem lagt er til að gerðar verði á 2. mgr. 3. gr. eru sem hér segir:

1. Lagt er til að nýjum tölulið verði bætt við 2. mgr., þ.e. um endurskoðun starfsleyfa. Í nokkrum þeirra tilskipana sem taldar eru upp í XX. viðauka við EES-samninginn eru ákvæði þess efnis að starfsleyfi fyrirtækja verði endurskoðuð ef verulegar breytingar verða á starfsemi þeirra vegna breyttrar tækniþróunar. Breyting þessi þykir einnig nauðsynleg burt séð frá aðild Íslands að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði.

Starfsleyfum hér hefur fjölgað verulega á síðari árum í kjölfar aukinna krafna um mengunarvarnir fyrirtækja og virkara eftirlit. Í mörgum tilvikum eru ekki heimildir til endurskoðunar, en eðlilegt hlýtur að vera að hægt sé að endurskoða starfsleyfi verði veruleg breyting á starfsleyfi eða tækniþróun.

Þá er lagt til að nýjum tölulið verði bætt við 2. mgr. 3. gr. um áhættumat vegna tilskipunar nr. 82/501/EBE, um hættu á stórslysum í tengslum við tiltekna atvinnustarfsemi. Tilskipuninni fylgja viðaukar þar sem skilgreindar eru aðferðir og talin upp efni sem notuð eru við starfsemina og marka viðaukarnir gildissvið hennar. Í tilskipuninni er enn fremur kveðið á um að rekstraraðilar í iðnaðarstarfsemi, sem þessar reglur gilda um, verði að veita ítarlegar upplýsingar um starfsemina og skilgreina hættu á meiri háttar óhöppum með tilliti til framleiðsluaðferða, notkunar hættulegra efna, svo og geymslu þeirra ásamt lýsingu á aðstæðum öllum.

Í þriðja lagi er lagt til að hugtök verði samræmd. Lagt er til að hugtakið viðmiðunarmark verði notað í stað viðmiðunarregla í 7. tölul. 2. mgr. 3. gr. og að við 4. tölul. sömu málsgreinar verði bætt ákvæðum um viðmiðunarmörk að því er varðar gæði vatns. Eins og 4. tölul. er nú orðaður er einungis fjallað um meðferð vatns og sjávar í iðnaði en ekki vísað til viðmiðunarmarka.

Loks er lagt til að bætt verði við 6. tölul. 2. mgr. 3. gr. reglum um hreinsun skolps og viðmiðunarmörk en orðalag þess töluliðar er nú takmarkað við frárennsli og skolp en ekki er vísað til hreinsunar eða viðmiðunarmarka eins og nauðsynlegt þykir. Að öðru leyti er þessi 3. gr. laganna um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit óbreytt.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. umhvn.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. ráðherra og reyndar í grg. með frv. sem hér liggur nú fyrir um breytingu á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit er það að meginhluta til fram komið vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og sjálfsagt óhjákvæmilegt, eins og margt annað, að lögtaka hér ný ákvæði ef sá samningur á eftir að taka endanlegt gildi með þeim breytingum sem þó er nú þegar vitað að eiga eftir að koma aftur fyrir Alþingi.

Vissulega hljótum við að vilja ganga svo frá okkar málum á sviði hollustuhátta og heilbrigðiseftirlits varðandi mengunarvarnir og umhverfismál, eins og hér er aðallega til umfjöllunar, að viðunandi sé og við getum verið sátt við það bæði fyrir okkar hönd, fyrir okkar daglega starf og atvinnulíf, og svo auðvitað líka að það sé svo að málum staðið að við getum borið höfuðið hátt og kinnroðalaust gagnvart öðrum þjóðum. Það leiðir þó hugann að því að sjálfsögðu þegar fjallað er um mál sem þessi að við þurfum að gæta að því að það sem við erum að lögtaka sé framkvæmanlegt og við þurfum einnig að gera okkur grein fyrir því hvernig að því verður staðið og hvað það muni kosta að ganga til verkefna eins og hér er gert ráð fyrir.

Nú er það svo að verulegur kostnaður fylgir nú þegar settri mengunarvarnareglugerð sem byggist á gildandi lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Stærstu kostnaðarliðirnir þar eru sjálfsagt samfara því að ganga svo frá frárennsli og skolpi, svo og sorpi, að viðunandi sé og sá kostnaður leggst allra þyngst á sveitarfélögin. Í grg. sem frv. fylgir er fyrst og fremst gerð grein fyrir þeim breytingum sem eru á lagatextanum og ekki mikið fjallað um þær verkanir og þau áhrif sem frv. kann að hafa og um þann kostnað sem af því kann að leiða. Það er hins vegar gert nokkuð ít-

arlega í umsögn sem fylgir greinargerðinni frá fjármálaskrifstofu fjmrn. eins og lög gera ráð fyrir að slíkt kostnaðarmat fylgi nýjum frumvörpum sem eru lögð fyrir hv. Alþingi.

Hvað varðar nýju þættina í lagatextanum er, eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra, verið að tala um að í okkar lagasetningu séu ákvæði um að samræma okkar reglugerðir og okkar lagasetningu alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að annars vegar og svo nokkur atriði um endurskoðun starfsleyfa um áhættumat og um frekari ákvæði er varða viðmiðunarmörk varðandi gæði vatns og frágang um hreinsun skolps og viðmiðunarmörk hvað það varðar.

En ef við lítum aðeins á þær afleiðingar sem af þessu kunna að verða, þá langar mig að spyrja ráðherra svolítið nánar út í það hvað hæstv. ráðherra og ráðuneyti hans hafi skoðað þau mál nánar. Þrátt fyrir það, sem kemur ítrekað fram í umsögn fjmrn., að þetta leiði ekki til mikils kostnaðarauka ríkisins, er hins vegar gert ráð fyrir að það kunni að verða verulegur kostnaðarauki bæði fyrir atvinnulífið og sveitarfélögin. Þá langar mig að spyrja hvort hæstv. ráðherra og ráðuneyti hans hafi eitthvað velt því fyrir sér hvort hið opinbera, ríkið sjálft, geti að einhverju leyti komið inn í það mál og aðstoðað við útvegun fjármuna. Er hugsanlegur aðgangur að einhverjum lánasjóðum til þess að standa undir slíkum kostnaði og annað sem þessum útgjaldaþáttum hlýtur að fylgja?

Það er ljóst að þessar lagabreytingar munu hafa nokkur áhrif á framkvæmdir vegna fiskvinnslunnar í landinu, þ.e. frárennsli vegna fiskvinnslustöðva. Við vitum að því miður er svo háttað eins og sakir standa að það eru miklir erfiðleikar í þeirri atvinnugrein og hætt við að það sé ekki auðvelt fyrir fiskvinnsluna og sjávarútveginn að leggja á sig auknar byrðar af þessum sökum. Þá má líka spyrja hæstv. ráðherra um það hvaða tímafrestur sé af hans hálfu hugsaður í sambandi við framkvæmd þessa frv. ef það verður að lögum.

Það segir í grg. frá fjárlagaskrifstofunni að þessar breytingar komi ekki til framkvæmda fyrr en umhvrh. hefur sett nýja mengunarvarnareglugerð. Þó held ég, ef ég hef skilið rétt við lestur í gegnum þessa viðauka sem fylgja EES-samningnum, að þar sé á nokkrum stöðum tekið fram að ákvæði sem þetta varða skuli koma til framkvæmda á Íslandi frá 1. jan. 1995. Þá langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé sá frestur sem við höfum til þess að ganga frá málunum þannig að viðunandi sé og í samræmi við lög eða hvort hægt sé að gefa þar eitthvað lengri frest á.

Nú kemur það líka fram að í tilskipunum sem settar hafa verið af hálfu Evrópubandalagsins og við erum að undirgangast með samningnum um EES og með þessari lagasetningu, t.d. hvað varðar hreinsun skolps frá þéttbýli, er frestur ýmist gefinn til ársins 2000 eða 2005 eftir því hve áhættan er mikil eða mengunin talin mikil frá þéttbýlinu. Það fer eftir íbúafjölda og öðrum slíkum viðmiðunum. Þá er a.m.k. sýnilegt að varðandi ákveðna þætti þessarar reglugerðar og lagasetningar höfum við lengri frest en til 1995, en eitthvað af þessu kann að þurfa að vera búið að framkvæma innan tveggja ára.

Eins og ég nefndi áðan er ljóst að verulegur hluti af kostnaði fellur hér til og er því miður ekkert litlar upphæðir. Eftir því sem mér telst til eru það kannski 6 til 7 milljarðar kr. sem sýnilegir eru fyrir utan það sem kann síðan að vera í rekstrarkostnaði og kostnaði til lengri tíma litið sem erfitt er að reikna út og átta sig á á þessu stigi. Þá þegar er sýnilegt að ýmiss konar stofnkostnaðarframkvæmdir kosta marga milljarða kr. og stærstur hlutinn af því er vegna þegar settrar reglugerðar og gildandi laga en kannski u.þ.b. 2 milljarðar kr. sem álitið er að tengist beint þeim ákvæðum sem fylgja þessu frv. og er lagt til að lögfesta í viðbót. Þá langar mig aftur að ítreka þá spurningu til hæstv. ráðherra hvernig hið opinbera getur komið að því að auðvelda aðilum, einkum sveitarfélögum en einnig atvinnulífi, að standa við þessar kröfur sem hér eru fram settar.

Ég man eftir því að við höfum áður rætt það á hinu háa Alþingi að það sé nauðsynlegt með einhverjum leiðum að aðstoða sveitarfélögin eða samræma vinnubrögð og finna farveg fyrir þessar framkvæmdir, sérstaklega hvað varðar frágang á sorpi, urðun og brennslu sorps. Það eru stór verkefni. En stærsti kostnaðarliðurinn er þó að koma frárennsli út fyrir stórstraumsfjöruborð sem er auðvitað ekki nýtt mál en vissulega mál sem við þurfum að huga að og skoða ítarlega.

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins nefna þessa þætti og þau atriði sem mér finnst við þurfum að skoða nánar við þessa lagasetningu. Nú er mér ljóst að þetta mál verður auðvitað skoðað betur í nefnd sem fær málið til umfjöllunar og þá sjálfsagt leitað svara við spurningum sem upp kunna að koma en fróðlegt væri ef hæstv. ráðherra gæti farið örlítið nánar yfir framkvæmdaatriðin. Mér fannst hann fyrst og fremst gera í framsöguræðu sinni grein fyrir þeim tæknilegu breytingum sem eru á lagatexta en það sem skiptir máli er auðvitað hvernig okkur gengur síðan að standa við hann og hvernig við stöndum straum af þeim kostnaði sem hlýtur að fylgja framkvæmdinni.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það frv. sem hæstv. umhvrh. hefur mælt fyrir um breytingu á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og það heitir í fyrirsögn, er allrar athygli vert hvað efnisinnihald snertir þar sem verið er að taka þar á málum sem nauðsynlegt er að tekið sé á af okkar hálfu að því er varðar hreinlætismálefni, varnir gegn mengun, gegn áhættu af atvinnurekstri og fjölmargt fleira. Ég tel að um þessi efni eigi Alþingi að fjalla alveg óháð því hvað verður um samning um Evrópska efnahagssvæðið og engin ástæða til þess að tengja þetta mál sérstaklega þeim samningi þó að vegna okkar hagsmuna í sambandi við framleiðslu og markaðssetningu á okkar framleiðsluvörum geti verið nauðsyn vegna krafna sem móttakendur á íslenskum vörum setja að standa við ákveðin skilyrði sem sett

eru í reglum aðila eins og Evrópubandalagsins.

Ég tel sjálfsagt að lögfesta þau ákvæði sem hér er verið að gera tillögur um að yfirveguðu og athuguðu máli á vegum Alþingis algjörlega óháð því hvað verður um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði en eins og hv. þm. þekkja er sá samningur enn ekki frágenginn, ekki staðfestur og þar með ekki kominn í gildi og enn ríkir óvissa um afdrif hans.

Ég hvet til þess að alveg óháð því þá verði um þetta mál fjallað á Alþingi og sett nútímaleg löggjöf út frá eðlilegum og í raun sjálfsögðum kröfum um mengunarvarnir, eftirlit og öryggisþætti sem snerta hollustu og heilbrigði. Við eigum að taka á slíkum málum með myndarbrag því það sýnir sig að þó hægt sé að syndga gagnvart umhverfinu um ákveðinn tíma án þess að það komi í bakið á mönnum, eins og mætti orða það, án þess að það valdi mönnum með beinum hætti óþægindum eða tilkostnaði, þá stendur slík dýrð ekki lengi heldur kemur fljótlega að því að náttúran gerir vart við sig og slær til baka þegar gengið er yfir eðlileg þolmörk í sambandi við umhverfið. Þetta gildir einnig varðandi heilbrigði fólks og áhrif á heilsufar og heilbrigði. Það leiðir til kostnaðarauka og óhollustu, sjúkdóma og styttri ævialdurs í ýmsum tilvikum.

Ég skal ekki leggja mat hér og nú á einstök ákvæði þessa frv. Ég hef ekki farið ofan í saumana á því. Ég á sæti í umhvn. þingsins sem mun fá þetta mál til meðferðar og leggja mig þar fram um það að meta einstök ákvæði frv. og þörf á hugsanlegum breytingum frá því sem hér er lagt til. Vissulega er hér um afar kostnaðarsamar breytingar að ræða í mörgum tilvikum, mælt á okkar kvarða í krónum talið, geri ég ráð fyrir. Sá sem síðast talaði um málið giskaði á 6 til 7 milljarða kr. í beinum útgjöldum og er þá engan veginn allt talið. Á það vil ég ekki leggja mat en hæstv. ráðherra hefur kannski eitthvað meira um málið að segja en fram kom í framsögu sem og um þau tímamörk ef hann vill skoða málið út frá samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, eins og hér var spurt um áðan.

Ég held það sé að ýmsu að hyggja til hliðar við þetta mál en þó tengt því. Það er möguleiki okkar á því að fylgjast með og standa við framkvæmd mála af þessum toga, ekki aðeins vegna fjárhagslegra þátta og tilkostnaðar heldur einnig að tryggja eftirlit með því að við sett lögákveðin fyrirmæli sé staðið. Í þeim efnum skortir allverulega á að ríki og sveitarfélög hafi búið svo um hnútana í sambandi við starfslið til að vinna að þessum málum og aðbúnaði að þeim stofnunum sem við höfum falið þar verkefni að það vantar talsvert á, svo ekki sé dýpra í árinni tekið, að þessir aðilar geti rækt þegar lögákveðið hlutverk, hvað þá tekið á sig mjög auknar skuldbindingar í þeim efnum. Á þetta er auðvitað nauðsynlegt að litið sé af raunsæi.

Það er fátt ömurlegra en að það sé verið að setja lög á Alþingi um skyldur af opinberri hálfu og af hálfu sveitarfélaga sem síðan er ekki staðið við vegna þess að að því er ríkisvaldið snertir er ekki séð fyrir nauðsynlegum lágmarksfjárveitingum til þess að framfylgja lögunum. Þar á meðal eftirlitshlutverkinu sem þau taka til. Ég er hér m.a. með í huga Hollustuvernd ríkisins sem er hvað snertir mannafla og sumpart búnað mjög vanbúin í rauninni að rækja það hlutverk sem henni er ætlað og það er sannarlega tilfinnanlegt og nauðsynlegt að á þau efni sé litið með öðrum hætti en gert hefur verið.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar og vænti að það sjónarmið eigi vaxandi fylgi að fagna að við framleiðslustarfsemi í landinu og við íbúabyggð og það sem af henni leiðir beri að taka með í reikninginn þann kostnað sem því fylgir að tryggja að umhverfi hljóti ekki skaða af. Það er hið eina gilda sjónarmið í þeim efnum og þar mega menn ekki láta svokölluð samkeppnissjónarmið varðandi framleiðslu keyra sig niður og hrekja sig frá því að standa við slík markmið eins og fjölmörg dæmi eru vissulega um og eins og liggur raunar fyrir í samningnum, sem hér er verið að taka mið af, um Evrópskt efnahagssvæði, þar sem þannig er kveðið á að frjálst vöruflæði skuli vera umhverfinu æðra og þeim gildum sem þar að lúta. Það er aldeilis hörmulegt til þess að vita að á sama tíma og það liggur fyrir hvað fylgir nútímaframleiðslustarfsemi í iðnaði og mörgu sem lýtur að nútímalífi, og í orði er tekið undir það sjónarmið að menn verða að tryggja sjálfbæra þróun, þá er gengið svo frá hnútunum í sambandi við viðskiptaþáttinn að umhverfissjónarmiðin eru í öðru sæti ef ekki á þriðja farrými. Þessu verður auðvitað að snúa við.

Ef menn eru að binda sig í alþjóðlegum samtökum og samskiptum varðandi viðskiptamál og halda þeirri stefnu fram, sem vissulega er umræðuverð, sem hefur rutt sér til rúms á síðari áratugum um frjáls og óhindruð viðskipti og samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði á að fylgja því markmiði sem og samningar sem ganga undir nafninu GATT sem hafa verið gerðir og á að færa út — ég ætla ekki að taka það efni til sérstakrar umræðu — og menn ætla að fylgja fram þeirri stefnu til hins ýtrasta og meina eitthvað með aðgát varðandi umhverfið og sjálfbæra þróun samfélaganna þá verða menn að láta umhverfisgildin vera ráðandi fram yfir frelsi vörudreifingar og nýtingu auðlinda, ágang á auðlindir. Því verður að snúa við. Og m.a. vegna þess hvernig um hnútana er búið í EES-samningi að því leyti almennt séð, ég er ekki að tala um einstakar tilskipanir, þá er sá samningur ekki nútímalegur samningur og ekki samningur sem leiðir til heilla fyrir þá sem ætla sér að bindast honum í víðara samhengi fremur en sú tilhögun framleiðslustarfseminnar sem gerir ráð fyrir því að efnislegur vöxtur verði að ganga fram, sé forsenda framfara, forsenda fullrar atvinnu o.s.frv. Efnislegur vöxtur sem leiðir til þess á lengri eða skemmri tíma að menn kaffæra sig í úrganginum, í mengun. Því þó menn fari að hirða betur sorp og draga úr mengun frá einstökum atvinnurekstri þá er einu sinni eðli framleiðslustarfsemi og orkunotkunar það að því fylgir mengun.

Við skulum gefa því gaum að það eru fleiri sem óska eftir því að lyfta lífskjörum sínum en fólk á Vesturlöndum. Það eru þeir ⅔ eða ¾ hlutar mannkyns sem búa við hin bágustu lífskjör og mikill hluti þar á fátæktarmörkum og undir þeim. Hvaða möguleika halda

menn að þeir milljarðar hafi til þess að ná þeim lífskjörum eða lífsháttum, væri réttara að segja, sem tíðkast á Vesturlöndum? Hvar haldið þið að við værum þá stödd? Hvert væri svigrúmið fyrir sjálfbæra þróun ef menn ætla þjóðunum að koma undir sig fótum efnalega eitthvað í áttina við það sem við þekkjum á Vesturlöndum? Það er ekkert svigrúm til slíks. Jafnvel þó að menn ástundi hinar fyllstu mengunarvarnir sem menn hafa tæknilega völ á og kosti því til sem þarf vegna þess að menn ráða ekki við það. Það fylgir allri framleiðslustarfsemi mengun, allri orkunotkun fylgir mengun, sem er farin að hafa áhrif á almenn lífsskilyrði á jörðunni.

Samt hljótum við að bregðast við út frá nærtækum möguleikum til þess að draga úr og á þeim forsendum tek ég undir þau sjónarmið sem liggja að baki þessu frv. varðandi úrbætur og mun fjalla um málið í þingnefnd út frá því sjónarhorni.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Í umræðunum um EES-samninginn var ítrekað á það bent af okkur ýmsum andstæðingum þess samnings að hann hefði ekki eingöngu galla í för með sér heldur líka kosti og einn af þeim er lagasetning af því tagi sem hér er á ferð. Við höfum alltaf vitað það að EES-samningnum mundu fylgja margvísleg lagasetning og að á ýmsum sviðum er Evrópubandalagið komið lengra en við. En það breytir auðvitað ekki því að við höfum sjálf getað tekið það frumkvæði að setja lög af þessu tagi en það kann vel að vera að hér verði nokkuð flýtt fyrir.

Það var líka oft bent á kostnaðinn í umræðunni og lagðar fram spurningar varðandi hann sem fylgir samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Hér er einmitt að koma í ljós það sem maður þóttist vita, að þessum samningi mundi fylgja töluverður kostnaður, bæði fyrir ríki og sveitarfélög. Eins og kemur fram í greinargerð fjmrn. þá fylgir þessu frv. verulegur kostnaður einkum fyrir sveitarfélögin í landinu.

Í sjálfu sér er ég sammála efni frv. og tel að hér sé margt mjög gott á ferð. Auðvitað þarf að efla mengunarvarnir hér því á ýmsum sviðum erum við langt á eftir öðrum þjóðum, sérstaklega í Evrópu, en að mínum dómi ættum við auðvitað sjálf að geta ráðið hraðanum og að lenda ekki í þeirri stöðu eins og hér kemur upp að við þurfum að uppfylla skilyrði fyrir ákveðinn tíma.

Nú vildi ég að sjálfsögðu að við gætum bara kippt þessu öllu í liðinn á svo sem einu eða tveimur árum ef það væri möguleiki. En við búum við töluverða erfiðleika í okkar efnahagslífi, bæði í ríkisfjármálum og hjá sveitarfélögunum og ekki síst hjá fyrirtækjunum í landinu, en það er alveg ljóst að kostnaðurinn sem af þessu hlýst mun að hluta til lenda á atvinnufyrirtækjunum.

Það má kannski koma með þau rök þarna á móti að hér séu ýmis verkefni sem skapi vinnu og það er auðvitað af hinu góða. En við hljótum að spyrja þeirrar grundvallarspurningar hvernig eigi að standa undir þessum mikla kostnaði sem þessu fylgir, upp á 6–7 milljarða. Við hljótum líka að spyrja hvaða möguleika við höfum á því að fylgja eftir öllum þeim ákvörðunum sem felast í þessu frv. og öllum þeim reglugerðum sem ráðherra á að setja.

Ef ég lít aðeins á sjálft frv., þá er hér farin sú leið að það verði sett reglugerð eða reglugerðir um hin einstöku atriði í stað þess að binda í lög og sennilega er það betri leið að sinni. Það er þá hægt að læra af reynslunni og breyta því sem þarf að breyta, ef eitthvað kemur upp, en auðvitað verður þetta að vera í samræmi við ákvæði í tilskipunum EB. Ég tel það vera mjög af hinu góða að eftirlit með fyrirtækjum sé hert og að starfsleyfi þeirra séu bundin því að fylgst sé með mengun af þeirra völdum, en það hefur auðvitað verið í gildi. Ég skil það nú svo að hér sé heldur verið að herða á og að fylla upp í þau ákvæði. Eins er þetta atriði með áhættumat fyrir nýjan og starfandi atvinnurekstur þar sem hætta er á stórslysum vegna aðferða og efna sem notuð eru við starfsemina. Þetta er hið besta mál, að herða þarna á og fylgjast betur með og að maður tali nú ekki um hertar reglugerðir við meðferð vatns og sjávar í iðnaði því að við vitum það að bæði fiskeldi og fiskvinnsla hefur í för með sér töluverða mengun.

Þá er það líka augljóst mál að frágangur sorps er víða mjög slæmur og það er einkum á því sviði sem sveitarfélögin munu þurfa að leggja í mikinn kostnað til að koma þeim málum í lag. En þetta tengist auðvitað því að við erum ekki eingöngu að ræða hér um umhverfið og þær kröfur sem gerðar eru til umhverfis og umhverfisverndar, heldur er um það að ræða að sú framleiðsla sem á sér stað í landinu uppfylli settar kröfur, hún sé með þeim hætti að hún uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í Evrópubandalaginu. Og að mínum dómi veitir nú ekki af að fylgjast þar betur með og herða á.

Ég vil líka hvetja hæstv. umhvrh. til þess að hafa undanþáguheimildirnar heldur með minna móti þó að það kunni auðvitað að vera nauðsynlegt að fara hægt í sakirnar á meðan við erum að uppfylla þessi skilyrði, einkum með tilliti til þessa mikla kostnaðar sem þessu mun fylgja. En í greinargerð fjárlagaskrifstofu fjmrn. koma fram merkar upplýsingar varðandi þetta mál og hér segir á bls. 3, með leyfi forseta:

„Kostnaður fyrirtækja og annarra aðila sem gert verður að hlíta reglunum er mjög óviss,...“ Og ég vil spyrja hæstv. umhvrh.: Hvernig verður þessu fylgt eftir? Hvað verður gert til þess að kanna betur kostnaðinn sem þessu mun fylgja? Menn geta auðveldlega gert sér grein fyrir þeim kostnaði sem fylgir m.a. bættum skolplögnum og því sem snýr að sveitarfélögunum, en annar kostnaður er nokkuð óviss. Það segir hér líka með leyfi forseta: „Ekki er talið að leggja þurfi í mikinn kostnað til að starfsemi ríkisstofnana uppfylli hert ákvæði um mengunarvarnir, en sveitarfélög munu á hinn bóginn þurfa að leggja í fjárfrekar framkvæmdir í fráveitukerfum til að standast kröfur um hreinsun skolps.“

Síðan eru nefndar hér aftar í greinargerðinni tölur sem þetta varðar og þetta er m.a. mjög athyglisvert fyrir okkur þingmenn Reykjavíkur hvað það mun

leggjast mikill kostnaður á Reykvíkinga, en hér segir á bls. 4, með leyfi forseta: „Kostnaður vegna úrbóta í Reykjavík er áætlaður 4,5 milljarðar kr., eða um 52 þús. kr. á hvern íbúa." — Síðan segir um nágrannabæ okkar: „Í Hafnarfirði er heildarkostnaður áætlaður um 230 millj. kr." Og 750 millj. á Akureyri.

Þetta er sem sagt vegna hreinsunar skolps frá þéttbýli. Og í heild áætlar fjmrn. að hreinsun skolps frá þéttbýli kosti rúmlega 6 milljarða kr. þannig að við erum ekki að tala um neinar smáupphæðir og maður hlýtur að velta því fyrir sér, hvernig eigi að fjármagna þetta. Síðan segir hér í greinargerðinni á bls. 5, greinargerð fjmrn.: „Fyrirhugaðar framkvæmdir þessara sveitarfélaga og þær úrbætur sem þegar eru hafnar taka mið af gildandi mengunarvarnareglugerð, en til viðbótar þeim kröfum verður settur upp hreinsibúnaður sem áætla má að kosti um 1.000 millj. kr. fyrir Reykjavík, um 100 millj. kr. fyrir Hafnarfjörð og um 120 millj. kr. fyrir Akureyri. Má líta á kostnaðinn fyrir hreinsibúnaðinn, alls 1220 millj. kr., sem þann hluta fjárfestingarinnar sem skylt yrði að efna til samkvæmt ákvæðum tilskipunar EB."

Það er ekki ástæða á þessu stigi til þess að fara ítarlegar út í þetta mál, en ég get þó ekki annað en bent á það undir lok máls míns að fjmrn. telur að nokkur kostnaður verði lagður á fiskvinnsluna í landinu og í sjálfu sér er það ekki annað en eðlilegt því að hún er mengunarvaldur. En miðað við hennar fjárhagsstöðu spyr maður sig að því hvernig fiskvinnslufyrirtækin í landinu eigi að standa undir þessu.

Þetta er hin dökka hlið sem ég sé á þessu máli, þ.e. hvernig fyrirtækjum og sveitarfélögum muni ganga að standa undir þessum kostnaði, en efnislega er ég að sjálfsögðu hlynnt því að kröfur um mengunarvarnir séu hertar, en við verðum auðvitað að búa við ákveðið raunsæi í þeim efnum og taka mið af því efnahagsástandi sem er í landinu.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið þátt í þessari umræðu fyrir mjög jákvæðar undirtektir við þetta mikilvæga mál og get í rauninni tekið undir mjög margt af því sem þeir hafa sagt. Það er auðvitað eðlilegt að hér komi til umræðu sá kostnaður sem þessu er samfara því að hann er nokkur, en þá er auðvitað brýnt að menn hafi í huga að sá kostnaður er ekki nema að tiltölulega litlu leyti tengdur aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu vegna þess að margt af þessu eru aðgerðir sem við þyrftum hvort sem er að ráðast í og aðgerðir sem þegar eru komnar á framkvæmdastig. En það er talið að í stærri sveitarfélögunum sé kostnaðurinn við þessar umbætur í fráveitumálum um 6 milljarðar kr. en þar af séu kannski 1.100–1.200 millj. sem megi segja að sé viðbótarkostnaður vegna aðildarinnar að Evrópska efnahagssvæðinu sem þó er ekki í öllum tilvikum rétt vegna þess að tæknilega mun í sumum tilvikum ekki hægt að komast fram hjá þeim kostnaðarauka hvort sem menn telja hann brýnan á þessu stigi eður ei, þannig að í rauninni hefur samningurinn um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu tiltölulega lítil áhrif að því er varðar stærri sveitarfélögin.

Meginbreytingin sem reglur Evrópska efnahagssvæðisins í fráveitumálum hafa í för með sér eru í fyrsta lagi auknar kröfur um hreinsun og hins vegar þessir tímasettu áfangar sem hv. þm. Guðmundur Bjarnason spurði nú raunar um. Tímasetningarnir eru víða miðaðar við árið 2005 í smærri sveitarfélögunum, en í stærri sveitarfélögunum eru algengustu viðmiðunarmörkin árið 2000. Af 65 þéttbýlisstöðum hér á landi, þ.e. sem hafa yfir 200 íbúa samkvæmt skilgreiningu þessa samnings um Evrópska efnahagssvæðið, þá snerta þessar breytingar 38 staði.

Það hefur verið vikið sérstaklega hér að fiskvinnslunni og þeim vandamálum sem þetta kynni að valda fyrir hana. Þar má sjálfsagt segja að ýmsu sé ósvarað eða erfitt að svara og erfitt að meta þann kostnað sem þetta muni hafa í för með sér fyrir fiskvinnsluna, en hin almenna reynsla er sú að þar sem gerðar eru breytingar og dregið úr mengun, þá leiðir það til betri nýtingar hráefnis og dregur þannig úr kostnaði. Ég minni á að fyrir nokkrum dögum var frásögn í dagblaði hér sem ég hef nú ekki við höndina, því miður, af fiskvinnslufyrirtæki austur á fjörðum sem setti upp fitugildru á frárennsli frá fiskvinnslunni. Þessi fitugildra leiddi auðvitað til þess að mengun í frárennslinu stórminnkaði og ekki bara það, heldur reyndist þetta svo hagkvæm framkvæmd að hún borgaði sig upp á tiltölulega stuttum tíma því að það var auðvitað hægt að nýta fituna sem hráefni til annarrar framleiðslu. Þetta er mjög athyglisvert dæmi vegna þess að yfirleitt er það svo að þar sem um mengun er að ræða, þá gefur það oft til kynna slæma nýtingu hráefna og með því að bæta mengunarvarnir og fyrir því eru mörg, mörg skýr dæmi, þá bæta fyrirtækin sína afkomu enda þótt því fylgi einhver milljónakostnaður í fjárfestingu. Ég hygg að hjá fiskvinnslunni muni það allvíða verða raunin án þess að ég skuli kannski gerast of fullyrðingasamur um það á þessu stigi.

Það er sem betur fer mjög vaxandi skilningur á mikilvægi þessara mála hjá sveitarfélögunum í landinu, mjög vaxandi skilningur. Við erum þarna eins og kom fram í umræðunni áðan á eftir grönnum okkar og við verðum að taka okkur á því að við erum matvælaframleiðsluþjóð og við verðum að hafa strangar reglur og strangar kröfur um hollustu og heilbrigðishætti og heilbrigðiseftirlit vegna þess að við erum að selja héðan hrein matvæli. Um þetta held ég að enginn velkist í vafa, en þessu fylgir kostnaður og um það hefur verið spurt, hv. þm. Guðmundur Bjarnason spurði m.a. um það og það gerðu fleiri, hvernig eigi að mæta þessum kostnaði. Hyggst ríkið aðstoða sveitarfélögin í þessum efnum?

Nú er það svo að samkvæmt verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga eru þessi mál tvímælalaust, og um það er ekki deilt, verkefni sveitarfélaganna. Auðvitað getur það komið til álita þegar þau mál eru tekin til skoðunar að ríkið komi með einhverjum hætti að þessum málum en það yrði þá að mínu mati að vera í tengslum við endurskoðun á þessum verkaskiptum ríkis og

sveitarfélaga. Það var minnst á útvegun fjármagns til þessara framkvæmda. Sveitarfélögin ráða raunar yfir mjög sterkri lánastofnun, Lánasjóði sveitarfélaga, sem sennilega er einhver sterkasta lánastofnun landsins. Auðvitað á sá sjóður að sinna verkefnum af þessu tagi. Það kann að vera að breyta þurfi lögum og reglum eitthvað til þess að það verði unnt, en það ætti nú ekki að standa mjög í mönnum.

Þá hefur Iðnlánasjóður að ég hygg tekið upp sérstakan lánaflokk til umhverfismála og látið þau mál hafa vissan forgang. Þá nefni ég það líka að Norræni fjárfestingarbankinn, þar sem Íslendingar hafa átt tiltölulega greiðan aðgang að lánum, veitir lán með góðum kjörum til umbóta í umhverfismálum og hafa einhverjir aðilar þegar notfært sér það hér, en hyggja á fyrir tilstilli samtaka sveitarfélaga að nota það í enn ríkari mæli en gert hefur verið til þessa. Það eru ýmsar leiðir til fjárútvegunar í þessum efnum og hjá lánastofnunum er áreiðanlega vaxandi skilningur á mikilvægi þess að lána fé til framkvæmda í umhverfismálum og ég get tekið undir það sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði hér áðan, að auðvitað ber að horfa á þessi verkefni þó að nú séu samdráttar- og erfiðleikatímar í ljósi þess að hér er ekki aðeins um mjög atvinnuskapandi verkefni í flestum tilvikum að ræða, heldur mjög þörf umbótaverkefni sem við komumst ekki hjá að framkvæma.

Það hefur líka verið spurt um hvað gert hafi verið til að kanna kostnað í þessum efnum. Á vegum umhvrn. er starfandi nefnd sem er að gera sérstaka úttekt á frárennslismálunum um allt land. Hún hefur þegar lokið hluta af sínu verki og skilað um það áfangaskýrslu, en hvenær hún endanlega lýkur störfum skal ég ekki fullyrða um, en þess verður vonandi ekki mjög langt að bíða. Ég held að menn eigi ekki að láta sér vaxa í augum þann kostnað sem er samfara því að koma þessum málum í bærilegt horf. Vissulega er hann mikill. Hann dreifist á langan tíma, en þetta er kostnaður sem við komumst ekki hjá að greiða.

Ég get tekið undir margt af því sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði í sinni ræðu, að við getum auðvitað haldið áfram að ganga á inneignina ef svo má segja, við getum haldið áfram að sóða út, og það kemur óhjákvæmilega að skuldadögunum. Og því fyrr sem við gerum okkur grein fyrir því og því fyrr sem við byrjum að borga þá skuld sem við stöndum í gagnvart umhverfinu, því betra. Og þetta frv. er einmitt liður í því.

Ég held þá, virðulegi forseti, að ég hafi svarað flestum þeim fyrirspurnum sem til mín var beint og ítreka þakkir til þeirra þingmanna sem tóku jákvætt undir þetta í umræðum hér áðan.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans við þeim fyrirspurnum sem við hv. þm. nokkrir bárum fram til hans. Þó fannst mér aðeins vanta á og mig langar að árétta. En ég vil fyrst segja að það er auðvitað rétt eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra að verulegur hluti þess kostnaðar, sem við erum að ræða hér um og höfum nokkrar áhyggjur af, tilheyrir þeim ábyrgðum sem við höfum þegar tekið, lögum sem í gildi eru og reglugerðum sem þegar hafa verið settar og varða frárennslismálin og förgun sorps, urðun eða brennslu eins og ég reyndar gat um í fyrri ræðu minni. Mér er það fyllilega ljóst að það tilheyrir ekki þessum samningi beinlínis, en þó eru hér auðvitað viðbótarkvaðir allnokkrar og ég held að hæstv. ráðherra hafi nefnt 1.100–1.200 millj. En mér finnst það nú reyndar vera meira. Það er út af fyrir sig ekki aðalatriðið í þessu. Það segir hér í greinargerðinni að þegar allt sé tínt til, þá muni þetta líklega vera 1,9 milljarðar eða nær 2 milljörðum sem megi segja að tilheyri beint því sem hér er lagt til fyrir utan auðvitað ýmiss konar rekstrarkostnað. Þetta þýðir auðvitað aukið eftirlit, þetta þýðir viðbótarmannskap hjá Hollustuvernd ríkisins, fólk sem þarf að starfa við þetta eftirlit og fylgjast með því sem hér er gert ráð fyrir og svo auðvitað líka hjá sveitarfélögunum. Það er ekki tilgreint hér sérstaklega hvað þetta kann að þýða hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna. Það eru viðbótarþættir sem að sjálfsögðu er erfitt að spá fyrir um eða gera sér grein fyrir á þessu stigi og verður að koma í ljós. Ég vil taka undir það með hæstv. ráðherra og öðrum þeim hv. þm. sem hér hafa talað, að þetta er auðvitað verkefni sem við verðum að takast á við og það er enginn að segja það að þrátt fyrir þennan kostnað getum við skotið okkur undan í því efni. Spurningin er auðvitað fyrst og fremst nú eins og svo oft áður, hvernig menn forgangsraða. Hvaða tíma höfum við til þess að takast á við þetta og hver er fjármögnunin innan þeirra tímamarka sem við höfum sett okkur?

Það sem kom fram í máli hæstv. ráðherra varðandi tímasetningar er nú kannski það sem segir m.a. í greinargerðinni um dagsetningar eða ártöl varðandi hreinsun skolps frá þéttbýli. Þar er talað um árið 2000 og árið 2005. En í viðaukanum, þessum viðauka sem merktur er viðauki XX við EES-samninginn, er fjallað um ýmsar tilskipanir og kröfur sem þar eru settar fram og þessum kafla skipt í nokkra undirkafla. Það fjallar einn t.d. sérstaklega um vatn, annar um loft, sá þriðji um efni ýmiss konar og sá fjórði um úrgang almennt. En í öllum þessum köflum eru margar tilskipanir og í flestum köflunum eru ákvæði sem hljóða eitthvað á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Á Íslandi skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun koma til framkvæmda frá 1. jan. 1995."

Eða þar sem ekki er talað um Ísland sérstaklega, þá segir, með leyfi forseta: „Í EFTA-ríkjunum skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun koma til framkvæmda frá 1. jan. 1995 með fyrirvara um endurskoðun fyrir þá dagsetningu."

Það var þetta sem ég ræddi um hér áðan, hæstv. ráðherra, að mér sýndust vera þrengri tímatakmarkanir heldur en þó er gert ráð fyrir hér í greinargerðinni, mér sýndust vera þrengri tímatakmarkanir í þessum tilvitnunum sem ég hef lesið upp og eru margar og ég hirði ekki að lesa allar eða taka fram sérstaklega um hvað verið er að ræða í hverju tilviki, það er mjög mis-

munandi. Hér eru t.d. viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri, svo bara eitt dæmi sé nefnt, og ýmiss konar efni sem ég kann út af fyrir sig ekki skil á. Hér er t.d. talað um tilskipun, svo ég lesi nú eina tilvitnun orðrétt, með leyfi forseta, tilskipun ráðsins nr. 91/271/EBE frá 21. maí 1991, um hreinsun skolps frá þéttbýli, og þar kemur síðan þessi fylgifiskur:

„Á Íslandi skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun koma til framkvæmda frá 1. jan. 1995."

Það var þetta sem ég var að spyrja hæstv. ráðherra að áðan hvort við værum bundin við þessi mörk sem eru ekki nema tvö ár eða hvort við höfum tíma til 2000 eða 2005 sem auðvitað munar verulega um. Ef hæstv. ráðherra kemur aftur í ræðustól — auðvitað má þetta út af fyrir sig mín vegna bíða skoðunar í nefnd og síðari umræðu — þá eru hér tvö atriði sem ég gleymdi að nefna úr fyrri ræðu minni og hefði viljað heyra aðeins álit ráðherra á. Það er varðandi hin nýju ákvæði í 3. gr. laganna um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit skv. 1. gr. þessa frv. sem hér liggur fyrir um endurskoðun starfsleyfa og áhættumat fyrir nýjan og starfandi atvinnurekstur, þ.e. endurskoðun starfsleyfa sem eru í gildi og nýtt áhættumat og ný ákvæði fyrir starfandi atvinnurekstur. Hvað kann þetta að þýða? Hafa starfsmenn hæstv. ráðherra og þeir sem hafa unnið að þessu velt því fyrir sér hvaða áhrif þetta getur haft fyrir starfsemina sem er í gangi? Getur þetta þýtt að það verði nýjar kvaðir lagðar á fyrirtæki eða getur þetta hugsanlega í einhverjum tilvikum, ef menn átta sig á því eða hafa velt því fyrir sér hvað er verið að tala um, þýtt að það geti torveldað atvinnustarfsemi sem nú þegar er í gangi?

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegur forseti. Ég held varðandi það síðara sem hv. þm. Guðmundur Bjarnason spurði um að það sé ekki hugsað í þá veru að það torveldi sérstaklega atvinnurekstur sem þegar er í gangi þó þarna verði heimild til endurskoðunar starfsleyfa. Þarna er m.a. verið að taka tillit til hugsanlegra breytinga á tækni og hugsanlegra breytinga í kröfugerð. Það kann að vera að það megi finna dæmi þar sem slíkt veldur einhverjum erfiðleikum. Ég get nú nefnt dæmi um atvinnurekstur þar sem breytt var kröfum, gerðar strangari kröfur, þar sem er fiskimjölsverksmiðjan í Örfirisey, þar sem stóðu töluvert miklar deilur og lagt var hart að okkur í umhvrn. að fallast ekki á að þar yrði atvinnurekstur af því tagi. Reynslan hefur hins vegar leitt í ljós að með strangari kröfum hefur tekist að koma í veg fyrir það að þeir sem búa þarna í grenndinni verði fyrir nokkrum óþægindum af þeirri starfsemi sem þarna fer fram. Þetta er einmitt dæmi um það sem vel hefur tekist. Það var í rauninni svo að löngu eftir að þarna var byrjað að bræða fisk að nýju þá var verið að beina spurningum til okkar um það hvenær yrði byrjað. Menn biðu allir eftir lyktinni.

Varðandi þau mörk sem hv. þm. nefndi áðan, og vissulega eru rétt, að í sumum tilvikum er talað um 1. jan. 1995. Almennt talað og eftir bestu vitneskju þá er það mat þeirra sem hafa skoðað þessi mál að þetta valdi okkur ekki vandræðum. Þarna sé um að ræða atriði sem annaðhvort eiga ekki við hér, nánast alls ekki eða að mjög litlu leyti, og að auki sé sá kostnaður sem hugsanlega væri því samfara mjög lítill, hlypi kannski á bilinu einhver hundruð þúsunda króna. Að þeirra yfirsýn sem yfir þetta hafa farið er ekki talið að þessi tímatakmörk muni valda sérstökum vandræðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dýravernd, 1. umr.

Stjfrv., 389. mál. — Þskj. 683.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um dýravernd. Frv. þetta var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt. Það er nú endurflutt með nokkrum breytingum sem fæstar eru þó efnislegar en ég geri nánari grein fyrir hér á eftir.

Aðdragandi þessa máls er orðinn alllangur. Það var í febrúar 1974 eða fyrir 19 árum að menntmrh. fól páv. dýraverndarnefnd að endurskoða lög um dýravernd frá 1957, með síðari breytingum. Sex og hálfu ári síðar skiluðu meiri hluti og minni hluti nefndarinnar hvor sínu frv. ásamt greinargerðum. Hvorugt þessara frv. var hins vegar lagt fram á Alþingi. Í mars 1983 fól menntmrh. þá nýskipaðri dýraverndarnefnd að fara yfir tvö fyrrgreind frv. og semja nýtt. Sú nefnd skilaði frv. til ráðherra þremur árum síðar í maí 1986. Menntmrn. sendi það frv. til umsagnar til ýmissa aðila og var því breytt nokkuð með tilliti til umsagnanna. Þetta frv. dýraverndarnefndanna var aldrei lagt fram hér á hinu háa Alþingi. En eftir að málefni er varða dýravernd voru lögð til umhvrn. fékk ráðuneytið þetta frv. til meðferðar. Páv. umhvrh. fól þá dýraverndarnefnd að endurskoða frv., m.a. vegna þess að það þótti of viðamikið og ítarlegt að mati ráðuneytisins og mörg ákvæði í því þóttu raunar fremur eiga heima í reglugerð en lagatexta. Dýraverndarnefndin skilaði styttri útgáfu af frv. til ráðherra í janúar 1991. Í ráðuneytinu voru gerðar nokkrar breytingar á því áður en það var lagt fram á Alþingi til kynningar skömmu fyrir þinglok á 113. löggjafarþingi. Það var svo í ágúst árið 1991 að sá sem þetta mælir skipaði nefnd sem fékk það verkefni að fjalla um þessa síðustu útgáfu frv. og endurskoða lögin um dýravernd. Í nefndina voru skipuð þau Árni M. Mathiesen alþingismaður, Margrét Haraldsdóttir menntaskólakennari, Páll Hersteinsson veiðistjóri, Sigurður Richter dýrafræðingur og Jón Gunnar Ottósson, skrifstofustjóri í umhvrn., sem var formaður nefndarinnar. Starfsmaður nefndarinnar var Þórir Ibsen í umhvrn.

Nefndin skilaði fullbúnu frv. 27. nóv. 1991 sem lagt var fram á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Það frv. tók í aðalatriðum mið af tillögum dýraverndarnefndar

frá 6. jan. 1991, greinargerð sem fylgdi frv., sem skilað var til menntmrh. í maí 1986, svo og athugasemdum einstakra aðila sem fengið höfðu málið til meðferðar á undanförnum árum.

Frv., eins og það nú liggur fyrir hér á hinu háa Alþingi, er að mestu óbreytt en í ljósi þeirra athugasemda sem fram komu þótti ástæða til að gera nokkrar lagfæringar og þær eru helstar sem nú skal greina:

Í 5. gr. er gerð sú breyting að í stað síðasta orðs greinarinnar sem var orðið daglega kemur reglulega en daglega eða oftar ef nauðsyn krefur að mati forðagæslumanns, ráðunautar eða dýralæknis.

Hér er sem sagt sú breyting gerð að ekki er lengur krafist daglegs eftirlits með búfé nema nauðsyn beri til.

Þá er sú breyting gerð að síðari mgr. 6. gr. fellur alveg brott en í stað hennar er kveðið á um að það skuli fara að reglum settum samkvæmt lögum um búfjárhald, nr. 46/1991, þegar búfé á í hlut.

Í 7. gr. hefur orðinu „deyfilyf" verið bætt í 2. málslið vegna þess að ekki þótti nægilegt að tilgreina hormóna og hliðstæð efni þegar kveðið er á um efni sem bannað er að nota til að hafa áhrif á afkastagetu dýra í keppni.

Í 8. gr. er fellt út almenna ákvæðið um að mörkun dýra skuli gera á þeim sem yngstum en í stað þess er kveðið á um að eyrnamarka skuli dýr sem yngst.

Breyting þessi er gerð vegna þess að nú eru notaðar ýmsar aðferðir við mörkun stálpaðra dýra sem ekki valda sársauka.

Þá er síðari liður málsgreinarinnar felldur brott en í hans stað er kveðið á um að óheimilt sé að eyrnamarka fullorðin dýr án deyfingar.

Frá fyrra frv. er einnig sú breyting gerð að við 11. gr. bætist, og vil ég þá vitna til hér, með leyfi forseta, „og lögum um varnir gegn smitandi búfjársjúkdómum". Kemur þessi viðbót í beinu framhaldi af síðasta orði greinarinnar.

Í fyrra frv. var í 17. gr. lagt bann við tilraunum með dýr en umhvrh. var þó heimilt að veita undanþágu frá því ákvæði. Í ljósi þeirra athugasemda sem fram komu þótti rétt að breyta þessu þannig að sérstök tilraunadýranefnd geti veitt leyfi til slíkra tilrauna. Hér var bæði tekið tillit til þess að efnislega voru ákvæði greinarinnar ekki í samræmi við núverandi stöðu og framkvæmd mála, sem reynst hefur nokkuð vel, né heldur í fullu samræmi við alþjóðlegan samning sem Ísland er aðili að. Auk þeirra breytinga frá fyrra frv., sem ég hef hér nú gert grein fyrir, eru örfáar orðalagsbreytingar sem ekki hafa neitt með merkingu eða efni að gera sem ekki er ástæða til að rekja hér.

Þessu frv. er ætlað að koma í stað gildandi laga um dýravernd, nr. 21/1957. Helstu breytingarnar sem gerðar eru varða stjórn og skipulag þessara mála og eftirlit með framkvæmd laganna. Lagt er til að í stað þeirrar dýraverndarnefndar sem starfar samkvæmt gildandi lögum komi dýraverndarráð sem taki til landsins alls. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að settar verði á stofn dýraverndarnefndir í héruðum landsins til að auka og tryggja eftirlit með framkvæmd laganna. Jafnframt er opinberum aðilum fengið aukið vald til að grípa til aðgerða vegna illrar meðferðar á dýrum.

Auk þessara helstu breytinga eru ýmis ákvæði gildandi laga umorðuð og bætt til að gera þau markvissari. Einnig eru mörg ný ákvæði í frv. sem ekki eru í gildandi lögum. Í 1. gr. er gildissvið skilgreint og er það nýmæli. Samkvæmt greininni er lagt til að lög um dýravernd taki til allra hryggdýra. Eðlilegt þykir að leggja sérstaka áherslu á þau dýr sem eru í vörslu manna eða umsjá, einfaldlega vegna þess hversu erfitt er að láta sum ákvæði frv. ná til villtra hryggdýra eins og t.d. fugla og fiska. Nokkur ágreiningur hefur verið um þetta atriði og hafa ýmsir talsmenn dýraverndar viljað ganga enn lengra og láta lög um dýravernd ná til allra dýra. Að mati meiri hlutans í þeirri nefnd sem gekk frá frv. er slíkt hins vegar ekki framkvæmanlegt. Í athugasemd með greininni er áhersla lögð á að þrátt fyrri þessa takmörkun á gildissviðinu beri öllum augljóslega að fara vel með öll dýr.

3. gr. frv., sem er sambærileg við 2. gr. gildandi laga, er hins vegar nokkuð ítarlegir en nú er. Áhersla er lögð á að aðbúnaður dýra og umhirða sé fullnægjandi með tilliti til tegundar dýrs og aldurs. Það er auðvitað álitamál hversu nákvæmur lagatextinn þarf að vera þannig að tryggt sé að hann gegni því hlutverki sem honum er ætlað. Í fyrri gerðum frv., sem dýraverndarnefnd samdi, hefur textinn verið mun ítarlegri en er nú í þessari gerð sem ég mæli fyrir. Það hefur verið reynt að hafa einstakar greinar frv. stuttar í stað þess að útskýra öll efni í smáatriðum og áhersla lögð á að setja almennar reglur í stað þess að tíunda öll hugsanleg dæmi sem fyrir kunna að koma.

Í 4. gr. eru ný ákvæði sem eru mikilvæg. Svokallaður verksmiðjubúskapur þar sem störfin eru vélvædd hefur færst í vöxt hér á landi hin síðari ár. Þetta gildir kannski helst um búskap með hænsnfugla og svín, kálfa, loðdýr og fiska. Eftir því sem vélvæðingin er meiri því meiri er hættan á að virkt eftirlit með líðan einstakra dýra minnki. Þess vegna þótti nauðsynlegt að setja fyrirmæli í lög, bein fyrirmæli um eftirliti með dýrum á verksmiðjubúum. Í 2. mgr. er kveðið á um að héraðsdýralæknir eða fulltrúi yfirdýralæknis skoði og samþykki vistarverur sem ætlaðar eru dýrum á tæknivæddum stórbúum.

Í 5. gr. er fjallað um þarfir og meðferð búfjár sem gengur úti, er haldið til beitar eða látið liggja við opið að vetrarlagi. Í þeim tilvikum er skylt að hafa á staðnum vistarverur við hæfi að teknu tilliti til ólíkra þarfa hinna ýmsu tegunda og er áhersla lögð á að dýrin hafi öruggt og hentugt skjól. Orðalag greinarinnar ber þess merki að þarfir hinna ýmsu dýrategunda eru auðvitað misjafnar. Hugtökin vistarverur og öruggt skjól fela í sér mjög ólíkar kröfur eftir því um hvaða tegund dýra er að ræða. Ekki er kveðið á um daglegt eftirlit með dýrum sem látin eru liggja við opið að vetrarlagi eins og var í fyrra frv. og var ekki síst til komið vegna þekktra einstakra dæma um slæma meðferð á hrossum. Þess í stað er nú kveðið á um reglubundið eftirlit.

Í 6. gr. er kveðið á um að umhvrh. setji í reglugerð, í samráði við landbúnaðarráðherra, nánari fyrir-

mæli um vistarverur og aðbúnað dýra. Slíkar reglur yrðu settar í samráði við landbrn., samkvæmt lögum um búfjárhald.

Í 7. gr., sem er samsvarandi 3. gr. gildandi laga og fjallar um umgengni við dýr þar segir að þeim skuli sýna vægð og nærgætni í brúkun og kveðið er á um að einungis sé heimilt að nota í keppni dýr sem eru heilbrigð og vel þjálfuð.

8. gr. samsvarar 5. gr. gildandi laga. Þar hefur engin breyting verið gerð frá fyrra frv.

9. gr. er nýmæli í lögum um dýravernd. Hún er tilkomin vegna þess hversu algengt það er að skepnur verði fyrir ökutækjum á vegum úti. Hliðstætt ákvæði er í 1. mgr. 10. gr. umferðarlaga frá 1987.

10. gr. samsvarar 6. og 16. gr. gildandi laga og fjallar um skyldur gagnvart sjúkum, lemstruðum eða bjargarvana dýrum. Til álita kemur að fella 9. og 10. gr. saman í eina efnisins vegna. Og ég beini því til hv. umhvn. sem fær þetta mál til meðferðar að athuga það.

Í 11. gr. eru nýmæli en þar þykir eðlilegt að leggja þá skyldu á herðar eigendum og umsjónarmönnum dýra að þeir geri ráðstafanir til að hafa upp á dýrum sem villast eða strjúka frá heimkynnum sínum. Löggæslumönnum er heimilt samkvæmt greininni að taka þessi dýr í sína vörslu. Jafnframt er áréttað að sérreglur um skil á sauðfé samkvæmt lögum um afréttarmál og fjallskil ganga framar þessu ákvæði. Einnig er minnt á lög um varnir gegn smitandi búfjársjúkdómum þegar búfé á í hlut.

12. gr. samsvarar 7. gr. gildandi laga og kveður á um flutning dýra en ávallt skal þess gætt að útbúnaður farartækis sé góður og eftirlit sé með dýrum meðan á flutningi stendur. Gert er ráð fyrir að umhvrh. setji nánari reglur um flutning dýra.

III. kafli frv. fjallar um sérstakt dýrahald í atvinnuskyni, annað en í landbúnaði.

Í 13. gr. er kveðið á um að sérstakt leyfi þurfi til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tamningar, geymslu og leigu dýra í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald. Einnig þurfi sérstakt leyfi til að setja á stofn dýragarða, dýrasýningar eða dýrahappdrætti. Sérstakt leyfi þarf einnig til að veiða villt dýr fyrir dýragarða eða önnur söfn lifandi dýra.

Þessi grein er nokkuð ítarlegri en 4. gr. gildandi laga en samsvarar henni annars að öðru leyti.

Varðandi hugtakið dýrahald í atvinnuskyni hefur sú leið verið valin hér að miða við að tekjur af viðkomandi starfsemi nái lágmarki virðisaukaskattslaga en þessi mörk þurfa að vera skýr svo hægt sé að framfylgja lögunum. Hér er hugsað til ýmiss konar starfsemi og má m.a. nefna ræktun hunda til sölu og tamningu hrossa. Gert er ráð fyrir að umhvrh. setji nánari fyrirmæli um leyfisveitingar í reglugerð.

IV. kafli er um aðgerðir á dýrum og aflífun. 14. gr. svarar til 10. gr. og 11. gr. gildandi laga. Þar er kveðið á um að dýralæknum einum sé heimilt að framkvæma læknisaðgerðir á dýrum en lyfjagjafir eru þó undanþegnar þessu ákvæði.

Gert er ráð fyrir að umhvrh. setji nánari fyrirmæli í reglugerð varðandi aðgerðir á dýrum sem eru framkvæmdar án læknisfræðilegra ástæðna.

15. gr. samsvarar að mestu 9. gr. gildandi laga. Umhvrh. getur samkvæmt frv. einnig sett nánari reglur um hvernig skuli staðið að aflífun dýra við slátrun.

V. kafli fjallar um veiðar á dýrum. Í honum er aðeins ein grein, 16. gr. Hún er nýmæli og er til að árétta að ávallt skuli staðið þannig að veiðum að þær valdi dýrum sem minnstum sársauka.

Þá er hér minnt á lög um vernd, friðun og veiðar dýra en þar á ég við frv. til laga sem lagt hefur verið fram á Alþingi og verður væntanlega mælt fyrir þar sem settar eru reglur um veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Orðalag þessarar greinar er þó með þeim hætti að það ætti ekki að vera ástæða til að breyta því þó umrætt frv. um veiðar, vernd og friðun dýra nái ekki fram að ganga á þessu þingi.

Í VI. kafla 17. gr. er kveðið á um tilraunir á dýrum og eins og ég sagði áður hefur verið fallið frá banni á tilraunum með dýr sem kveðið var á um í fyrra frv. Þess í stað er gert ráð fyrir að sérstök nefnd geti veitt leyfi til slíkra tilrauna. Þar sem hér er um að ræða sérhæfð og viðkvæm mál sem valdið geta deilum eins og dæmin sanna, þá er eðlilegt að lögfesta ákvæði þess efnis að þessi nefnd skuli skipuð sérfróðum mönnum.

Í VII. kafla er fjallað um skipan og stjórn dýraverndarmála. 18. gr. svarar til 17. gr. gildandi laga. Ráðherra til aðstoðar er dýraverndarráð sem skipað er til fjögurra ára í senn. Þar eiga sæti fimm menn. Einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, einn af Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, einn af Dýralæknafélagi Íslands og einn af Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands. Umhvrh. skipar formann ráðsins. Dýraverndarráð kemur í stað dýraverndarnefndar sem starfar samkvæmt gildandi lögum og er hlutverk þeirra sambærilegt.

Þessi nafnbreyting er gerð til að aðgreina dýraverndarráð frá dýraverndarnefndum sem ákveðið er að skipa samkvæmt 19. gr. Kveðið er á um að við setningu reglugerðar, við leyfisveitingar og önnur stjórnvaldsfyrirmæli er varða dýravernd skuli ætíð leita eftir tillögum eða umsögnum frá dýraverndarráði. Jafnframt skal dýraverndarráð láta dýraverndarnefndum, héraðsdýralæknum, löggæslumönnum, ákæruvaldi og dómstólum í té umsagnir um málefni er varða dýravernd. Kostnaður af starfsemi ráðsins greiðist úr ríkissjóði.

Í 19. gr. er kveðið á um að í hverju umdæmi héraðsdómstóls skuli skipa sérstaka dýraverndarnefnd. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um skipan þessara nefnda og hlutverk. Stofnun þessara nefnda er nýmæli og meginástæðan fyrir því að þær fylgja umdæmum héraðsdómstóla, sbr. lög nr. 92/1988, er að nauðsynlegt er talið að náið samstarf verði með dýraverndarnefndum og dómsvaldi.

Nokkur misbrestur hefur áreiðanlega verið á því á undanförnum árum að lögum um dýravernd hafi verið framfylgt. VIII. kafli frv. fjallar um eftirlit með framkvæmd og viðurlög. 20. gr. svarar til 14. gr. gildandi laga. Þar er m.a. kveðið á um skyldur þeirra sem varir verða við illa meðferð á dýrum að tilkynna það til viðkomandi aðila.

Í 3. og 4. mgr. eru heimildir til handa dýraverndarnefndum, héraðsdýralæknum og löggæslumönnum til að grípa til aðgerða vegna brota á lögum.

Í 21. og 22. gr. eru ákvæði þess efnis að brot á lögunum varði sektum eða varðhaldi. Jafnframt mun, ef frv. hlýtur hér jákvæða afgreiðslu, verða heimilt að svipta mann með dómi leyfi til þess að hafa dýr í umsjá sinni hafi viðkomandi gerst sekur um stórfellt eða ítrekað brot á lögunum eða þeim reglum sem settar verða með stoð í þeim.

Í 23. gr. eru ákvæði þess efnis að foreldrum eða forráðamönnum barna er skylt að sjá til þess að börn þeirra hlýðnist fyrirmælum laganna.

Um rannsóknir og meðferð mála vegna brota á lögum þessum skal fara samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir efnisatriðum frv. Ég tel að hér hafi raunar heldur vel til tekist með þessa endurskoðun og kann þeim sem að því verki unnu þakkir. Það var löngu tímabært og er löngu tímabært að endurskoða þessi lög og færa þau til nútímans. Gildandi lög eru að mörgu leyti úrelt og það er nauðsynlegt að breyta þeim í samræmi við breytt þjóðfélag og breytta tíma og ráðuneytinu hafa víða borist tilmæli um að samþykkja ný lög um dýravernd.

Það er eindregin von mín að þetta frv. fái jákvæðar undirtektir á hinu háa Alþingi og að það fái afgreiðslu á yfirstandandi þingi og geti öðlast gildi á þessu ári.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. umhvn.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil lýsa stuðningi við þetta frv. í stórum dráttum og fagna því að það skuli vera flutt. Ég tel að í því séu nýmæli sem séu góðra gjalda verð. Ég tel að meðferð á hefðbundnu búfé hafi stórbatnað á undanförnum áratugum og sé í stórum dráttum komin í gott horf á Íslandi. Ég hef hins vegar ekki sannfæringu fyrir því að sama sé að segja um sumar tegundir dýra sem höfð eru í búrum eða í verksmiðjubúskap og er fullkomin ástæða til að skýra þar ákvæði og setja nánari viðurlög.

Dýravernd á Íslandi á sér langa sögu og ég vil í þessu sambandi minnast á Dýraverndunarfélag Íslands sem fyrr á árum vann afar þarft og merkilegt starf til þess að bæta meðferð á dýrum á Íslandi. Verksvið þess félags hefur breyst nokkuð og satt að segja held ég að sumt af því sem dýraverndunarfélagið skiptir sér af núna sé smávægilegra og ekki eins merkilegt og félagið taldi hlutverk sitt á árum áður.

Ég vil líka geta útgáfustarfsemi dýraverndunarfélagsins sem fyrr á árum gaf út tímarit sem hét „Dýraverndarinn" og var ákaflega merkilegt rit og fullkomin ástæða til þess að nefna það í þessari umræðu. Ég minnist þessa rits með mikilli ánægju frá bernsku minni. Mér þóttu alltaf góð tíðindi þegar pósturinn kom með Dýraverndarann. Þar var margt vel skrifað og vel hugsað.

Ég held að sú nefnd sem hefur samið þetta frv. hafi unnið gott starf. Ég geri þó athugasemd við það að í nefndinni var enginn starfandi bóndi. Mér er að vísu sagt að menntaskólakennari sem þarna átti sæti hafi einhvern tímann stundað búskap en mér finnst að það hafi verið gengið fram hjá bændastéttinni og eðlilegt að hafa hana með í ráðum við þessa frumvarpsgerð. Ég er ekki að segja að þó að einhver bóndi hefði verið í nefndinni væri frv. í stórum dráttum betra en nokkurs ókunnugleika finnst mér kenna í sumum þáttum frv. Þó að þetta frv. gangi til hv. umhvn. tel ég alveg einboðið og vil fara formlega fram á það að hún sendi hv. landbn. þetta mál til umsagnar þegar hún er að vinna að því.

Það eru nokkur almenn atriði sem ég tel að þurfi að hafa í huga. Ég held að það þurfi að lesa þetta vandlega saman við önnur lög. Það eru í þessu ákvæði sem mér finnst ástæða til að nefndin fullvissi sig um að ekki stangist á við önnur lög. Það er t.d. um leitarheimildina í 20. gr., að þar sé farið eftir eðlilegum lagaramma. Hér er heimild til eftirlits og húsleitar í útihúsum en íbúðarhús undanskilin. Mér finnst að þetta þurfi ofurlítið nánari athugunar við.

Í 11. gr. um búfjárhald er að sjálfsögðu nauðsynlegt að þarna sé samræmi á milli og eins og hæstv. umhvrh. tók fram er þessum lögum væntanlega ekki ætlað að hnika til lögunum um búfjárhald. Bara að það sé skýrt.

Enn fremur má setja út á þetta frv. þær mjög víðtæku heimildir sem ráðherra eru fengnar til reglugerðasetninga. Það á kannski ekki sérstaklega við um þetta frv. Það er orðin almenn tíska í lagasetningu, og hefur borið sérstaklega á því í sambandi við EES-frumvörpin, að ráðherrum er ætlað að setja reglugerðir um hvað eina. Með því er Alþingi að afsala sér íhlutunarrétti í lagasetninguna, þ.e. það eru sett einhver rúm lög og síðan er ráðherrum ætlað að setja nánari reglugerðir. Nú treysti ég hæstv. núv. ráðherra til þess að fara skynsamlega með þetta vald en það gæti vel farið svo, þó vel hafi tekist til um báða þá sem valist hafa til að vera umhvrh., að einhvern tímann kæmi í það starf aðili sem væri smámunasamur og færi með þetta reglugerðavald af gáleysi.

Ég vil gera athugasemd við 8. gr. frv. sem hljóðar svo:

„Eyrnamarka skal dýr sem yngst og á þann hátt að valdi sem minnstum sársauka. Óheimilt er að eyrnamarka fullvaxið dýr án deyfingar."

Þetta getur átt við í sumum tilfellum. T.d. er ég algjörlega samþykkur því að ekki sé heimilt að marka fullorðið hross án deyfingar því það hefur tvímælalaust af því varanlegan skaða. Hins vegar tel ég að t.d. þegar marka á sauðfé sé algjörlega ástæðulaust að beita deyfingu. Þetta er málefni sem skiptir dálitlu máli vegna þess að það er töluvert um það að verslað sé með sauðfé og er þar skemmst að minnast þar sem riðuniðurskurður fer fram. Bóndi kaupir lömb einhvers staðar að og þarf undantekningarlítið að marka þau upp undir sitt mark, mark hins nýja eiganda. Nú vita það allir sem markað hafa fullorðið sauðfé að það er ekki mjög sársaukafullt fyrir sauðkindina. Sauðkindin hef-

ur taugakerfi þannig að hún er mjög hörð af sér. Ég held að þetta sé af vangá haft fortakslaust í 8. gr. og vil láta það koma fram að ég tel algjörlega ástæðulaust að beita deyfingu við mörkun á fullorðnu sauðfé.

Ég vil líka lýsa ánægju minni yfir því að dýraverndarráð skuli sett á fót skv. 18. gr. og geri engar athugasemdir við það. Þar sem umhvrh. á að skipa einn mann í ráðið án tilnefningar og hann er jafnframt formaður sé ég að þarna er jafnframt kjörið tækifæri til þess að „plasera" einhverjum kratanum og gera hann að formanni dýraverndarráðs. Forustumenn Alþfl. eru mjög á faraldsfæti og sitja mjög fyrir embættum sem ráðherrar Alþfl. hafa vald á og þarna tel ég að gæti verið bara þokkalegur biti fyrir einhvern þeirra. Þetta er að vísu miklu minna en að vera seðlabankastjóri eða jafnvel yfirbankastjóri Seðlabankans eða forstjóri Tryggingastofnunar eða sendiherra í París eða New York eða hvað þau nú heita öll þessi lönd. (**SvG:** Er ekki hægt að hafa þetta með einhverju?) Það er einmitt hægt að hafa þetta með einhverju og þá gæti jafnvel formaður dýraverndarráðs, ef kratar eru uppurnir, líka orðið formaður villidýranefndar sem verður til umræðu væntanlega síðar á fundinum.

Ég mun ekki að þessu sinni gera tillögu um krata í þessa stöðu en ég fagna frv. Ég veit að hæstv. umhvrh. verður ekkert í vandræðum að finna „kvalifíseraðan" krata til þess að taka að sér þetta verk. Ég styð þetta frv. en vildi láta þessar athugasemdir koma fram við 1. umr. málsins og biðja fyrst og fremst um það að málið verði sent landbn. til umsagnar af umhvn. og hugað verði að þessum atriðum öðrum sem ég hef nefnt.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Páll Pétursson taldi ástæðu til að umhvn. sendi þetta frv. til umsagnar í landbn. Hann bar þessa ósk fram í framhaldi af áhyggjum sínum um að hugsanlega væri frv. ekki nógu gott af því að ekki væru bændur í þeirri nefnd sem undirbjó frv. Nú vil ég minna hv. þm. á það að í umhvn. sitja a.m.k. tveir bændur, ef ekki þrír, þannig að þess vegna er málið í mjög góðum höndum ef það er einasta áhyggjuefnið að ekki hafi bóndi komið að undirbúningi málsins.

Hvað áhyggjur hv. þm. varðar um það að formennska í dýranefnd og þá líka í villidýranefnd gæti hugsanlega verið ágætur bitlingur fyrir einhvern krata eða samflokksmann hæstv. umhvrh. þá er það oft svo að þegar stjórnmálamenn eru á leið út úr pólitík þá leggja þeir fram óskir sínar um önnur störf í óeiginlegri merkingu. Það er því ekki hægt að túlka orð hv. þm. Páls Pétursonar öðruvísi en þannig að þarna hafi hann verið að leggja fram ósk um að þetta mundi henta honum mjög vel þegar hann hættir í pólitík. Ég skildi ekki orð hans öðruvísi en svo að það kynni að verða fyrir næstu kosningar.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Bara til að taka af öll tvímæli þá er ég ekki að hætta í pólitík og reikna með því að ef svo vel vill til að kjósendur í Norðurlandskjördæmi vestra vilja hafa mig áfram á þingi, þá er ég reiðubúinn að starfa hér lengi enn. Ég er ekki að panta það að setjast í villidýranefnd, síður en svo. Mér fyndist það nú ekki passa heldur fyrir vígðan manninn, séra Gunnlaug, að taka sæti þar og á heldur ekki von á því að hæstv. umhvrh. fari að treysta framsóknarmönnum til að standa þar að verki.

Ég er ekki að vantreysta bændum í hv. umhvn. Ég veit að hún er skipuð ágætu fólki sem er út af fyrir sig vel hæft til að fjalla um lagafrv. en ég bar fram þá ósk að frv. yrði sent til landbn. til undirumsagnar til enn frekari styrkingar og til þess að fullvissa mig um að frv. yrði vel unnið. Það finnst mér að hv. formaður umhvn. ætti að geta látið eftir mér.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það mál sem við ræðum hér er komið til þings öðru sinni. Það hefur verið til meðferðar í þingnefnd eins og hæstv. ráðherra gat um og hefur tekið nokkrum breytingum frá því að það lá fyrir hér í þinginu. Mér sýnist að þær breytingar sem hafa verið gerðar á frv. séu í skynsamlega átt og á þar ekki síst við 17. gr. frv., sem ljóslega var umdeild eins og málið lá fyrir á síðasta þingi, í sambandi við nýtingu dýra á tilraunastofum. Ég vænti þess að um þá breytingu sem hér er gerð tillaga um megi takast friður eða hægt verði að finna þeim málum skynsamlegan farveg. Að sjálfsögðu að teknu tilliti til sjónarmiða dýraverndar eftir því sem réttmætt er talið.

Það er sannarlega tími til kominn að endurskoða löggjöf sem síðast var breytt 1968 og hafa verið gerðar margar atrennur að breytingum á vegum stjórnvalda en ekki borið árangur. Ég geri ráð fyrir því að af hálfu umhvn., sem fær málið til meðferðar, verði unnið í málinu með tilliti til þess að það verði hægt að ná fram afgreiðsu á þessu máli, jafnvel á þessu þing þó að ekki sé mjög langur tími til þingloka, en vegna þeirrar málsmeðferðar sem fór fram á síðasta þingi og vinnu sem fór fram í málinu ætti það þó að vera unnt.

Ég ætla ekki að fara að kveða upp úr um vinnubrögð umhvn. í einstökum atriðum en mér sýnist það nú vera útlátalaust að verða við frómum óskum hv. 1. þm. Norðurl. v. fyrir hönd landbn. að sú nefnd fái að segja eitthvað um frv. á meðan það er í athugun í nefnd. Það er alveg rétt athugasemd að eðlilegt er að sjónarmið bænda komi að máli sem þessu, jafnmikinn hlut og þeir eiga í málum sem þetta frv. varðar. Hafi þar orðið einhverjir meinbugir á við undirbúning málsins, þá ætti að mega úr því bæta við þá skoðun sem málið mun fá.

Ég held að hér sé stefnt í rétta átt í öllum aðalatriðum í þessu máli. Það er vafalaust nauðsynlegt ef menn ætla í reynd að framfylgja ákvæðum laga í þessum efnum að styrkja umsýslu málsins, eftirlit með löggjöfinni, eins og gerðar eru hér tillögur um þótt nokkur kostnaður fylgi. Ég kann ekki betri ráð að gefa en hér er gerð tillaga um nema kannski það eitt að það

mætti e.t.v. hugsa sér að finna aðila sem væru bærir til þess að fjalla um málið í héruðum landsins þó ekki væru sérstaklega til kvaddir. Ég á við stofnanir eða aðila sem fyrir eru, en er þó engan veginn að leggja neitt slíkt til hér og nú. Hér er vissulega um nokkuð sértæk mál að ræða og því ofur eðlilegt að það sé reynt að finna þeim sérstakan farveg.

Þessi mál varða búfé í hefðbundnum skilningi en einnig iðnaðarstarfsemi þar sem verið er að framleiða í fæðuskyni afurðir dýra eða til þess að nýta afurðir þeirra með því að halda dýrum í búrum. Þar hafa orðið miklar breytingar frá því að áður voru sett lög um þessi efni og áreiðanlega fyllsta nauðsyn á að setja þeim málum ákveðnar skorður lagalega séð og hvað eftirlit snertir. Hér er um að ræða mál þar sem oft og tíðum vísað er til samkeppnissjónarmiða aðila í sambandi við framleiðslu að því er varðar dýrahald í búrum. Þar þurfa menn auðvitað að kunna sér eitthvert hóf og einhver takmörk í sambandi við þær aðstæður sem skepnum eru búnar við slíkt uppeldi, eða slíkt eldi eins og væri nú kannski réttara að nefna það.

Það eru ýmis atriði hér bæði stór og smá sem er auðvitað skylt að gaumgæfa áður en lögfest verða betur en þegar hefur verið gert. Ég get bent hér á örfá atriði sem tengjast þessari löggjöf. Ég held t.d. að ákvæði 5. gr. þurfi athugunar við og ekki síst hvernig eigi að tryggja þar nauðsynlegt eftirlit.

Hæstv. ráðherra vék að hrossum og hrossabúskap. Ég man ekki hvort það var í samhengi þessarar greinar en held að það hafi þó verið. Útigangur hrossa er eitt af þeim efnum sem oft hefur verið gagnrýnt og vafalaust er þar þörf á breytingum frá því sem nú er tíðkað í einhverjum tilfellum. Í rauninni er það svo að hrossabúskapur í landinu kallar á endurmat eins og að þeim málum er staðið, ekki eingöngu í sambandi við meðferð á hrossum út frá dýraverndarsjónarmiðum heldur ekki síður með tilliti til ágangs á gróðurlendi landsins og þess mikla álags sem stafar af hrossabeit á bithaga í landinu. Þarna er um gífurlega fjölgun að ræða og breytingu mikla frá því sem áður var, ekki síst að því er varðar hrossahald í þéttbýli og nágrenni þéttbýlis. Þessi mál er brýnt að taka föstum tökum af hálfu stjórnvalda til þess að setja þar eðlilegar leikreglur og reisa eðlilegar skorður við slíku. Þetta á einnig við nýtingu hrossa í breyttum skilningi í sambandi við ferðamennsku, bæði umferð á hestum og meðferð bithaga sem tengist slíku, ekki síst um hálendi landsins en einnig um önnur svæði sem viðkvæm eru fyrir slíkri umferð. Þarna er margs að gæta og ætlaði ég ekki að fara langt út í þessa sálma sérstaklega.

Ég ætla líka að varast að fara að ræða hér um efni einstakra tegunda til þess að kveikja ekki óþarfa umræður en vil þó leyfa mér að nefna eitt atriði sem er athugunarefni að því er varðar gæludýr. Þar á ég við kattaeign og meðferð á köttum, fyrst og fremst í þéttbýli. Mér sýnist að það hafi ekki fengið þá athygli sem vert væri í sambandi við reglur og virðist gilda þar t.d. allnokkuð annað en í sambandi við hundahald sem mjög var umrætt og er umrætt í sambandi vð meðferð og reglur þar um. En um blessaða kettina virðast kröfur að því er varðar meðferð og aðhald af hálfu eigenda vera allt annað en gildir um ýmsar aðrar skepnur. Er það þó svo að af þeim er veruleg truflun fyrir fólk í þéttbýli ef kettir ganga lausir og ekki síður fyrir önnur dýr. Þá á ég sérstaklega við fugla og fuglalíf sem fólk vill laða að sér sem tengist trjárækt og görðum. Þarna finnst mér að þurfi að gefa gaum að, ekki til þess að hindra slíkt skepnuhald út af fyrir sig ef það er látið lúta eðlilegum leikreglum þar sem ekki er um að ræða áníðslu á eðlilegan grannarétt. Þetta vildi ég leyfa mér að nefna hér í samhengi við þetta frv.

11. gr. þessa frv. kveður á um það að ef dýr villast eða strjúka að heiman, þá sé leyfilegt að taka þau úr umferð og löggæsla geti tekið slík dýr í vörslu sína. Hér er auðvitað spurning hvort eigi að kveða fastar að orði því að þarna er aðeins um heimild að ræða að löggæslan geti tekið slíkt dýr í vörslu sína. Spurning er hvort ekki eigi að lögbjóða að hún skuli gera það, vegna þess að hvers er rétturinn? Hafa þá löggæsluyfirvöld heimild til þess að neita ef eftir er leitað og þörf er talin á? Auðvitað kallar þetta á aðstæður fyrir löggæslu að geta orðið við slíkum kröfum. Þetta er ábending um eitt atriði sem ástæða er til að athuga.

Í 7. gr. frv. er kveðið á um að óheimilt sé að nota hormón, deyfilyf eða hliðstæð efni til að hafa áhrif á afkastagetu dýra í keppni. Það er auðvitað mjög eðlilegt að einnig séu settar kvaðir á skepnurnar ekki síður en reynt er að koma böndum á mannfólkið í sambandi við þessar keppnisþróttir þar sem allt er nú að ganga úr böndum satt að segja og komið langt út fyrir öll skynsamleg mörk, bæði að því er snertir álag og eins það sem hér er að vikið og gildir auðvitað alveg eins um mannskepnuna og önnur dýr, svo að ég leyfi mér að hafa þetta allt undir einu þaki sem þar á heima. Þetta vísar á það að þarna er full ástæða til að reyna að setja skorður við einnig að því er dýrin varðar og þeirra afkastagetu en bendir á eitt af þessum vandamálum sem fylgja nútímaaðstæðum.

Í 13. gr. er að finna orðalag sem er kannski heldur óljóst. Einhver kann að segja hæfilega óljóst eins og stundum verður ekki komist hjá í löggjöf, að skilja eftir eyður. Þar er kveðið á um það að tryggja þurfi hæfilega meðferð dýra og orðið „hæfilegur" er ekki nánar skilgreint. Það verðum við að meta sem um fjöllum í þingnefnd hvort nothæft sé í þessu samhengi sem þarna er. Einnig kann að vera erfitt að skera úr um það í sambandi við tamningu dýra til sýnis almenningi eða heimild til að taka af þeim kvikmyndir þannig að ekki valdi sársauka eða ótta. Hér er komið að dýrasálfræði og er einnig eitt af þessum markamálum þar sem auðvitað verður að byggja á rannsóknum og reynslu til þess að setja almennar leikreglur.

Það er eitt efni til viðbótar, virðulegur forseti, sem ég vildi að lokum aðeins koma að og mér finnst tengjast þessu máli með óbeinum hætti þó. Það er í sambandi við líftæknina. Sumt af því sem hér er um fjallað snertir með vissum hætti líftækni. Ég tók eftir því að í athugasemd við eina af greinum þessa frv. var vísað til reglugerðarheimildar ráðherra í sambandi við að setja megi fyrirmæli um erfðatæknilegar aðgerðir á

dýrum og líftækni er erfðatæknileg aðgerð. Svo nauðsynlegt sem það er að setja löggjöf og færa lög varðandi dýraverndarmál í nútímahorf með tilliti til áorðinna breytinga, þá er ekki síður þörf á því að taka til hendi í sambandi við það stóra svið, líftæknina, og taka á því í sambandi við löggjöf og leikreglur því að það svið er nánast ónumið að því er varðar lög og reglur í landinu.

Ég vil inna hæstv. umhvrh. eftir því í sambandi við þetta mál hvort á vegum hans ráðuneytis sé ekki hafin vinna til þess að undirbúa almenna löggjöf sem snertir líftæknimál og meðferð lifandi efnis og framleiðslu, jafnvel framleiðslu á nýjum erfðaeindum og breytingum á lífverum sem geta leitt til mjög verulegrar röskunar ef illa tekst til, fyrir utan hin siðrænu gildi sem þar þurfa skoðunar við.

Líftæknimálefnin hafa fengið miklu minni athygli erlendis og miklu minni umræðu en gerist í grannlöndum okkar þar sem mikið hefur verið um þau rætt og fjallað jafnvel á þjóðþingum landanna. Ég hygg því að við getum sitthvað sótt í þessum efnum til nágrannalanda, til annarra Norðurlanda, til þess að hraða skoðun þessara mála hér heima fyrir.

Í samhengi umhverfismálanna er talsvert mikið rætt um líftæknimál og suðræn gildi og leikreglur hvað snertir meðferð lifandi efnis og erfðatækni. Í undirbúningsgögnum umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem haldin var í Rio de Janeiro á síðasta ári, lá fyrir allmikið af efni sem varðaði líftæknimálefni og nokkuð var um það fjallað í undirbúningshóp sem starfaði hér heima í aðdraganda þeirrar ráðstefnu. Ég vildi hvetja til þess að það yrði tekið til hendi á þessu sviði. Auðvitað getum við þingmenn reynt að leggja þar eitthvað af mörkum, en hér þarf að koma til víðtæk vinna að mínu mati. Því inni ég hæstv. ráðherra eftir þessu atriði sérstaklega.

Í umræðunni komu fram ábendingar, m.a. frá hv. 1. þm. Norðurl. v., sem gagnlegar geta talist fyrir nú utan það sem varðaði stöðuveitingar og annað þess háttar. Ég hélt að þingmaðurinn ætlaði að fara að fitja upp á því að það yrði sett löggjöf til að vernda krata frá útrýmingu. Mér fannst mál hans hníga í þá átt en það var ekki tillaga þingmannsins samt. En einhvern ákveðinn ugg bar hann þó fyrir brjósti í sambandi við örlög Alþfl. og gæti orðið erfitt að fylla í stöðurnar og störfin. Ég ætla ekki að hætta mér út á þetta svell að sinni en ég vil taka undir það sem hv. þm. nefndi í sambandi við starf Dýraverndunarfélags Íslands á liðinni tíð og vafalaust einnig í nútíð. Þar hefur verið unnið mikið og gott starf og það var þarfleg ábending, a.m.k. minnti hún mig á ljúfan lestur á æskudögum í því tímariti sem kom til umræðu og barst einnig inn á mitt heimili. Og held að það hafi verið heldur holl lesning, flest sem þar var að finna. Sumt er mér minnisstætt enn í dag úr því riti, bæði máli og myndum.

Það er nú svo að á tímum breyttrar prenttækni og alveg gífurlegs magns og fjölda rita sem berst inn um dyrnar að það er ekki víst að þar fari menn í fótspor þeirra sem á undan gengu í þessum efnum að öllu leyti, að því er snertir innihald og gæði. Ætla ég þó ekki að fara í neinn samjöfnuð þar að lútandi enda magnið mjög ólíkt.

Þetta frv. sem hæstv. ráðherra hefur mælt fyrir og lagt fram verðskuldar alla athygli og umfjöllun og við skulum reyna að setja okkur það mark að afgreiða þetta sem lög frá Alþingi enda er sem betur fer ekki reynt að hengja þetta aftan í einhverja stóra vagna aðkominnar löggjafar sem við ættum að reyna að gjalda varhug við og reyna að hafa eðlilegt frumkvæði á Alþingi Íslendinga að færa okkar löggjöf í nútímalegt horf á sem flestum sviðum.

Árni M. Mathiesen:

Frú forseti. Það er hárrétt sem fram kom hjá hæstv. umhvrh. að það er löngu tímabært að endurskoða löggjöf um dýravernd. En eins og dæmin sanna hefur það ekki reynst auðvelt verk og sennilega er það vegna þess að þegar við erum að fjalla um þessi mál þá byggjum við að mestu leyti annars vegar á tilfinningum hins vegar á siðferðisvitund. Það getur oft verið erfitt að fá þetta til þess að passa við raunveruleikann og vera raunhæft en ekki að hluta til „útópískt" ef svo má að orði komast. Alla vega fannst mér sem nefndarmanni í þeirri nefnd sem þetta frv. samdi nokkuð erfitt að reyna að samræma þetta tvennt og þess vegna m.a. eru þær greinar sem í frv. eru margar hverjar þannig að það má hártoga þær á ýmsa vegu og um þær deila. En það hefur verið reynt af fremsta megni að uppfylla það skilyrði að siðferðisvitund manna fái að koma þar fram en samt sem áður í samræmi við þann raunveruleika sem við búum við.

Ég geri mér hins vegar fullkomlega grein fyrir því að það þarf ekki nema í meðallagi góðan húmorista til þess að fara í gegnum þetta frv. og snúa út úr fjöldamörgum greinum sem þar eru og sá húmor væri að sjálfsögðu á kostnað þeirra dýra sem ætlunin er að vernda. Ég fagna því að hv. þm. hafa í þessari umræðu ekki fallið í þá gryfju.

Frv. þetta er að mínu mati í tveimur meginhlutum. Það er annars vegar sá hluti sem fjallar um þá siðferðislegu staðla sem varða umgengni okkar við dýr, hvernig við viljum að hlutirnir gangi fram og það er okkur til leiðbeiningar um það hvernig við eigum að umgangast dýrin. Hinn hlutinn er það sem varðar eftirlit með framferði okkar og framkomu við dýrin og hvernig hægt er að koma í veg fyrir að dýrum sé misboðið og koma höndum yfir þá sem slíkan verknað fremja.

Það er kannski þessi hluti sem hefur verið hvað erfiðastur að undanförnu og þar hefur skort á lagaheimildir til þess að hægt sé að grípa inn í í tíma og forða því að dýrum sé misboðið, jafnvel síendurtekið hjá einstökum aðilum sem oft og tíðum hafa ekki verið sjálfráðir gerða sinna.

Ég er eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. alinn upp við „Dýraverndarann". Jafnvel þó hann sé töluvert eldri en ég og ég hafi ekki lesið alla sömu árganga og hann hefur lesið þá er ég sannfærður um það að hann hefur ekki lesið það í „Dýraverndaranum" að það væri í

lagi að marka fullorðið sauðfé án deyfingar. Eða þá að tilfinninganæmi eyrna sauðfjár sé á einhvern hátt líffræðilega öðruvísi heldur en annars þess búfjár sem hann þekkir svo vel til. Sú skýring og skilgreining sem hann gerði áðan á því hver munurinn væri á því að marka hross án deyfingar og marka sauðfé án deyfingar helgast eingöngu af notagildi þessara búfjártegunda þar sem sauðfé er notað til þess að hafa af því afurðir, aðallega til matar, en við notum hrossin til þess að temja þau og hafa af þeim skemmtun. Það er augljóslega á þeim vettvangi að það hamlar því að við getum haft eðlilega umgengni og tamið hrossin á eðlilegan hátt ef við höfum hvekkt þau á þann hátt að eyrnamerkja þau án deyfingar. En þess konar umgengni höfum við ekki við sauðfé og nýtum sauðfé ekki í þeim sama tilgangi. Ég er honum algjörlega ósammála um það að forsvaranlegt sé að eyrnamerkja fullorðið sauðfé án deyfingar.

Hv. 4. þm. Austurl. ræddi aðeins um ketti og kattahald og hvernig því væri öðruvísi farið heldur en með ýmsar aðrar skepnur sem við eigum og höfum á heimilum okkar og þá á hann væntanlega við hunda. Hundar og kettir eru hvorttveggja ákaflega skemmtilegar skepnur sem gaman er að fást við en þetta eru afskaplega ólíkar dýrategundir og af því væntanlega helgast það mismunandi viðhorf og sá mismunandi háttur sem við höfum á því að umgangast og halda þessar skepnur.

Því var lýst fyrir mér að mér fannst á mjög skemmtilegan hátt að hundurinn þarfnaðist félagsskapar við húsbónda sinn og umgengni við hann en köttur inn léti sig hafa það að umgangast manninn. Ég held að þetta lýsi nokkuð vel þeim mun sem er á því að umgangast þessar skepnur.

Ég get tekið undir að ýmislegt mætti betur fara í sambandi við kattahaldið og sérstaklega hvað varðar það hvað kettir eiga það til að týnast. Það hefur verið gerð gangskör að því alla vega á höfuðborgarsvæðinu að kettir væru eyrnamerktir þannig að það væri hægt að þekkja þá á númerum sem hægt er að lesa úr húðflúri í eyrunum á þeim og held ég að það sé til fyrirmyndar og eftirbreytni og ætti að hvetja til þess að það væri gert sem oftast og sem víðast. Vegna þess sem fram hefur komið á undan þá er rétt að taka fram að allar þessar eyrnamerkingar hafa farið fram undir deyfingu.

Ég tel að það hvernig við förum með dýr sé merki um það á hvaða menningarstigi við erum sem þjóð og ég er sannfærður um það að þetta frv., ef það verður að lögum, mun gera okkur auðveldara að umgangast skepnurnar á réttan og viðeigandi hátt og koma í veg fyrir það að þeim sé á nokkurn hátt misboðið.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til 1. umr. hefur þann tilgang að leitast verði við að tryggja góða meðferð á dýrum og búa þannig úr garði reglur og lög sem fara beri að við umgengni við dýr að mannsæmandi sé. Ég tel þetta góðan tilgang og ég get tekið undir það að frv., eins og það er úr garði gert, eigi að geta þjónað þessum tilgangi, a.m.k. að verulegu leyti og vonandi í sem bestu horfi.

Ég vil gjarnan taka undir það sem komið hefur fram í umræðunni að almennt séð tel ég að meðferð á dýrum, a.m.k. meðferð á húsdýrum, hafi farið batnandi hér á landi á síðari árum og síðari áratugum og sé auðvitað allt annar svipur á því en það var fyrir mörgum áratugum. Ég er hins vegar ekkert viss um að þetta sé alveg algilt þannig að það finnast oft undantekningar frá þessari meginreglu og ég er enn fremur uggandi um að í sumum tilvikum sé meðferð ekki sem skyldi á þeim dýrategundum sem ekki eru kölluð hin venjulegustu húsdýr.

Hvað sem þessu líður þá tel ég að við höfum heyrt af nokkrum dæmum sem sanna að það er full þörf dýraverndar og full þörf eftirlits eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ég ætla ekki að ræða þetta frv. í mörgum efnisatriðum, aðeins benda á örfá atriði sem e.t.v. hafa komið fram, en ég gat ekki verið við alla umræðuna. Það er einkum að frv. þetta skarast við aðra löggjöf í býsna ríkum mæli. Það skarast við landbúnaðarlöggjöfina og verkefni landbrn. og það skarast jafnvel við verkefni sem eru á verksviði dómsmrn.

Þetta er atriði sem ég teldi ástæðu til að væri tekið aðeins til athugunar í meðferð málsins í þingnefnd að kanna það hvort unnt væri að skera að einhverju leyti skarpari línur á milli verksviða ráðuneyta heldur en þetta frv. gerir. Ég þarf ekki að skýra það í mörgum efnum að þetta skarar mjög verksvið landbrn. og landbúnaðarlöggjöfina, það nægir að nefna t.d. 5., 6. og 11. gr. o.s.frv. Það er t.d. í 5. gr. kveðið á um eftirlit með því að búfé hafi nægilegt fóður og vatn og síðan er vitnað til þess að það þurfi að líta eftir búfé reglulega og daglega ef nauðsyn krefur að mati forðagæslumanns, ráðunautar eða dýralæknis. Allt eru þetta starfsmenn á verksviði landbrn. og falla undir landbúnaðarlöggjöfina.

Í 6. gr. er talað um samráð við landbrh. um setningu reglugerðar um tiltekin atriði og í 11. gr. er fjallað um málefni sem að hluta til falla inn í lög um afréttarmálefni. Þessi efni eru nokkuð flækt saman og ég hefði talið að þrátt fyrir vandaða vinnu við samningu þessa frv. væri ástæða til að kanna það hvort hægt væri að gera þarna skýrari skil á milli og það er nú þó svo að í sumum tilvikum virðist vera nokkuð erfitt að greina umhvrn. frá öðrum ráðuneytum eða verksvið þess frá verksviðum annarra ráðuneyta.

Af því ég nefndi verksvið dómsmrn. þá sýnist mér að 12. gr. frv. falli nokkuð að verksviði þess ráðuneytis, þ.e. umferðarlaga, því þar segir að við flutning á dýrum skuli þess gætt að útbúnaður farartækis o.s.frv. sé góður og við hæfi hverju sinni. Síðan segir að umhvrh. setji í reglugerð nánari fyrirmæli um flutning á dýrum.

Að því er lýtur að tækjabúnaðinum þá er það tvímælalaust á verksviði dómsmrn. samkvæmt umferðarlögum og væri einnig ástæða til þess að líta á það hvort hægt væri að gera skarpari skil á milli. Nú er mjög tíðkaður flutningur búfjár á bílum og yfirleitt

hefur það gengið þannig að ekki hafa orðið óhöpp af eða slys, ekki þar sem ég þekki. Ég sé að dýralæknir hér, hv. þm. Árni M. Mathiesen grettir sig, en ég veit ekki mikið um að það hafi orðið slys eða óhöpp af flutningi búfjár í mínu byggðarlagi og er það vel. Ég get auðvitað ekki sagt um hvernig það er annars staðar á landinu. En ég sé það hins vegar og verð þess var að það er sífellt verið að setja reglur af hálfu dómsmrn. sem torvelda öryggi slíkra flutninga þrátt fyrir það að ekki verði beint séð að það tryggi eitthvað sérstaklega hagkvæmni dýranna sem flutt eru. Það tel ég illa farið og ég er þess vegna ekkert að drótta því að umhvrn. kynni að setja einhverjar vitlausari reglur um þetta efni heldur en dómsmrn. En ég vildi samt sem áður að það væri litið á það hvort þessi efni sem skarast við verksvið annarra ráðuneyta, væru könnuð frekar en gert hefur verið.

Þetta kom fram í máli hv. 1. þm. Norðurl. v. að því leyti, að því er varðar landbúnaðinn, að hann óskaði eftir því að frv. yrði sent til umsagnar landbn. þingsins og ég tel að það sé ekkert nema gott um þá tillögu að segja.

Þetta var aðalefni þess sem réði því að ég óskaði eftir að taka þátt í þessari umræðu, en ég sé t.d. í 19. gr. um dýraverndarnefnd sem setja skal í hverju umdæmi héraðsdómstóls að þá hefði ég talið fara betur á því að það væri sett í lögin hvernig sú nefnd skuli skipuð, en ekki eins og í frumvarpsgreininni segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um skipan nefnda þessara og val manna í þær."

Þetta er óvenjulegt í lagasetningu og miklu réttara að setja í lögin hverjir skuli tilnefna eða frá hvaða aðilum séu tilnefndir menn í þessar nefndir. Ég geri ráð fyrir að það hljóti að koma til álita búnaðarsambönd, héraðsnefndir eða einhver slík samtök á heimavettvangi sem tilnefna menn í slíkar nefndir og fer betur á því í lagasetningu að það sé kveðið þar á um málið heldur en það sé í lausu lofti og látið í hendur ráðherra að fara með það án nánari skilmála. Í þessu felst vitaskuld ekki vantraust á núv. hæstv. umhvrh. eða nokkurn annan sem kynni að gegna því starfi, en lög eru auðvitað sett án þess að það sé verið með þeim að taka tillit til einhvers tiltekins ráðherra sem gegnir starfi á þeirri stundu svo að það kemur því máli ekkert við.

Ég skal ekki fara um málið að öðru leyti fleiri orðum en ég tel að tilgangur frv. sé tímabær, nauðsynlegur og þarfur og ég tel að það sé eðlilegt að reynt sé að vanda þessa lagasmíð eins og kostur er til þess að tilganginum verði náð.

Hrafnkell A. Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég get sagt strax í upphafi að ég tel að í meginatriðum sé þetta frv. gagnlegt og sjálfsagt, þó að eins og hefur komið hér fram í umræðum hjá hv. þm., það séu einstök atriði sem þarf að taka til athugunar. Það er alveg ótvírætt að meðferð dýra hefur farið verulega batnandi á undanförnum áratugum, ekki síst vegna þeirra aðila sem hv. þm. hafa verið að vitna hér til, talsmanna dýraverndunarfélaga og þeirra sem stóðu að því ágæta riti, Dýraverndaranum.

Ég hef hins vegar trú á því að á sama tíma og meðferð búfjár hefur farið batnandi, þá hafi kannski frekar hallað á gæludýrin sem eru orðin algeng og ég hef ekki alltaf sannfæringu fyrir að þeir sem eiga þau viti nákvæmlega hvað þeir eru með í höndunum.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. gerði athugasemd við 8. gr. frv. og þar greindi þá á, hann og hv. 3. þm. Reykn., um það hvort það væri eðlilegt eða ekki að eyrnamarka fullvaxin dýr án deyfinga. Ég lít nú þannig á að athugasemdir hv. 1. þm. Norðurl. v. hafi verið fyllilega réttmætar og finnst eðlilegt að hv. umhvn. taki tillit til þeirra athugasemda. Einhvern veginn sé ég nú fyrir mér annan brag á réttum þegar bændur fara að huga að ómerkingum sem koma af fjalli á haustin þegar þeir þurfa að ganga með deyfisprautuna í öðrum vasanum og kannski vasapelann í hinum.

Það sem ég ætlaði að gera hér að umtalsefni er í raun og veru það sem ekki stendur í frv. Ég minntist á það að meðferð dýra hefur farið stórbatnandi. Það er hætt sem betur fer að setja á guð og gaddinn. Þó er það nú þannig að það er einn aðili í landinu sem gerir það án þess að ég ætli honum það að gera það vísvitandi, en það er hæstv. umhvrh. með hreindýrin sín sem vissulega eru sett á guð og gaddinn. Fyrir þann sem er alinn upp í návist þessara dýra, þá er það býsna minnisstætt að sjá þau tugum og hundruðum saman við það að falla í hörðum vetrum. Það er nefnilega þannig að þó að sem betur fer hafi þessi dýr alla jafna nægjanlegt til sín af fóðri, þá er fjöldi þeirra langt yfir það að vera of mikill þegar harðnar á dalnum og tekur fyrir jörð. Þá leita þau út á lágsveitir og það er ekki óalgengt fyrir þá sem búa í næsta nágrenni við helstu heimahaga hreindýra að finna þau tugum saman horfallin á hæstu hnjótum. Ég mælist til þess við hv. umhvn. að hún velti því fyrir sér við umfjöllun frv. hvort ekki muni vera nauðsynlegt að setja einhvers konar ítölu í það land sem á fæða hreindýrin. Ég tel að það sé ekki forsvaranlegt núna á þeim tímum sem hvers konar umhverfisvernd er í hávegum höfð, að þá sé umhvrh. og umhvrn. eini aðilinn í landinu sem hefur til þess formlegt leyfi að setja á guð og gaddinn og horfella sinn búpening.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að vera knúinn til að mótmæla þessum furðulegu, röngu og órökstuddu ummælum hv. þm. sem hann viðhafði í ræðustóli áðan. Það er nú svo að það er embætti veiðistjóra sem fylgist með hreindýrastofninum hér á landi og gerir tillögur um það hvað skuli felld mörg dýr á ári hverju og hvað talið er að þau landsvæði, þar sem dýrin ganga, þoli. Það hefur verið farið eftir þeim tillögum og ég vísa algerlega á bug þeim ummælum sem hv. þm. lét sér sæma að viðhafa hér í þessum ræðustóli, að umhvrh. sem hann vildi útmála sem sérstakan fjandmann hreindýranna, væri eini aðilinn sem hefði leyfi til þess, eins og hann orðaði það svo smekklega, „að setja á guð og gaddinn". Ég vísa þessum röngu, órökstuddu ummælum

auðvitað algerlega á bug. Þau eru hv. þm. ekki til mikils sóma sem hér hefur nú um stundarsakir viðdvöl á hinu háa Alþingi.

Hrafnkell A. Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er það fyllilega ljóst að þau ummæli sem ég viðhafði hér áðan kunna að koma illa við hæstv. umhvrh. Ég tók fram að ég hélt að ég beindi þeim ekki persónulega gegn honum, en hins vegar er það fyllilega ljóst öllum sem hafa umgengist hreindýr og verið á þeim slóðum þar sem þau eru, að þau eru sett á guð og gaddinn. Þegar harðnar á dalnum, þá er ekki nægjanlegt fóður fyrir þessa dýrategund þar sem henni er ætlað að vera og ég tel það stóralvarlegt mál að það skuli vera látið viðgangast á ábyrgð ríkisvaldsins. En að ég sé persónulega með þessu að veitast að hæstv. umhvrh. er mikill misskilningur. Ég er ekki að útmála hann sem sérstakan fjandmann hreindýranna eins og hann orðaði það, en ég hins vegar ítreka það að ég fer fram á það við hv. umhvn. að hún skoði þennan þátt í dýravernd.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3., 8. og 9. mál.

Fundi slitið kl. 4 síðdegis.

---

126. FUNDUR

fimmtudaginn 11. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til sjávarútvegsráðherra:

1. Verndun keilustofnsins, fsp., 292. mál, þskj. 424.
2. Dragnótaveiðar á Faxaflóa, fsp., 343. mál, þskj. 622.

Til dómsmálaráðherra:

3. Endurskoðun laga um mannanöfn, fsp., 415. mál, þskj. 710.

Til heilbrigðisráðherra:

4. Ár aldraðra, fsp., 319. mál, þskj. 583.

Til menntamálaráðherra:

5. Námsstyrkir doktorsefna, fsp., 362. mál, þskj. 642.
6. Endurskoðun laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, fsp., 365. mál, þskj. 645.
7. Íslenskukennsla fyrir fullorðna nýbúa, fsp., 381. mál, þskj. 675.
8. Námskeið og námsgögn fyrir nýbúabörn, fsp., 382. mál, þskj. 676.
9. Barnasjónvarp, fsp., 384. mál, þskj. 678.
10. Ráðstafanir til að sporna gegn ólæsi, fsp., 383. mál, þskj. 677.
11. Lánasjóður íslenskra námsmanna, fsp., 400. mál, þskj. 694.

Til iðnaðarráðherra:

12. Stálvinnslan hf., fsp., 391. mál, þskj. 685.

Til umhverfisráðherra:

13. Stálvinnslan hf., fsp., 392. mál, þskj. 686.

Til félagsmálaráðherra:

14. Skuldastaða heimilanna, fsp., 404. mál, þskj. 698.

Verndun keilustofnsins, ein umr.

Fsp. ÖS, 292. mál. — Þskj. 424.

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Sá ágæti fiskur keilan var til skamms tíma álitinn lítils virði og mestmegnis veiddur sem aukaafli í net eða troll. Þetta hefur hins vegar breyst á tiltölulega skömmum tíma. Keilan hefur verið utan kvóta en með takmörkunum á þorskveiðiheimildum hefur sóknin í hana vaxið jafnt og þétt. Þessi aukna ásókn hefur á síðustu árum leitt til þess að á örfáum árum hefur aflinn tvöfaldast. Afli Íslendinga hefur farið úr tæpum 3.200 tonnum árið 1989 í 6.400 tonn 1991 og svipað magn var síðan veitt árið 1992.

Það segir hins vegar ekki alla söguna. Erlend skip, og þá fyrst og fremst færeysk, hafa einnig á þessum tíma veitt frá tæpum 2.000 og upp í tæp 4.000 tonn þó að aflinn hafi að sönnu farið minnkandi síðustu árin. Eftir stendur eigi að síður, virðulegi forseti, að heildarafli keilu jókst frá 5.000 tonnum árið 1985 upp í næstum því 9.000 tonn árið 1991.

Þetta er mikil aukning og það er vafamál hvort keilustofninn, sem er viðkvæmur og auk þess lítt rannsakaður, þoli þessa miklu sókn til lengdar. Raunar hefur ýmislegt komið fram sem bendir til þess að svo sé ekki. Þannig halda reyndir keiluveiðimenn því fram að afli á sóknartíma fari dvínandi, meðalþyngdin minnki sömuleiðis og það er sláandi að þrátt fyrir það sem krókaveiðimenn kalla verulega aukningu í sókn á milli áranna 1991 og 1992 hefur afli Íslendinga ekki aukist heldur minnkað örlítið og heildaraflinn þegar veiði erlendra skipa er tekin með í reikninginn hefur sömuleiðis minnkað. Keilan er hins vegar tiltölulega viðkvæm tegund eins og ég gat um áðan. Hún er nokkuð staðbundin og það er líklega auðvelt að skemma stofninn tiltölulega hratt með of mikilli veiði.

Sjómenn sem stunda veiðarnar eru alfarið þeirrar skoðunar að keilan fari smækkandi. Þeir halda því jafnframt fram að afli á sóknareiningu sé minni en áður. Hvort tveggja bendir vitaskuld til ofveiði. Á sumum svæðum, þar sem auðvelt er að leggja línu, segja sjómenn t.d. að afli hafi stórminnkað og tala um t.d. að hann sé kominn niður í örfáa tugi kílóa af smákeilu á bala. Önnur svæði, þar sem erfitt er að koma við línu vegna botnlags, gefa hins vegar enn drjúga veiði af stórkeilu á þá króka sem á annað borð nást upp.

Virðulegi forseti. Það sem ég hef rakið hér bendir sterklega til þess að keilustofninn sé ofsóttur. Það er hins vegar um dýrmætan stofn að ræða og mikilvægan fyrir krókabáta. Ég hef því spurt hæstv. sjútvrh. hvort hann hyggist beita sér fyrir einhverjum aðgerðum til verndar stofninum. Sérstaklega hef ég áhuga á því að vita hvort hann hyggst enn frekar takmarka sókn útlendinga í stofninn.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Í tilefni af þessari fsp. hv. 17. þm. Reykv. hef ég óskað eftir áliti Hafrannsóknastofnunar um þetta álitaefni. Þar segir m.a. þetta:

„Það er ekki fyrirsjáanlegt hver viðbrög stofnsins verða við skyndilegri aflaaukningu, en aflinn á árinu 1991 fór fram úr sögulegu hámarki. Það eru dæmi til þess að skyndileg sóknaraukning í fiskstofn með takmarkaða afrakstursgetu leiði til mikillar aflaaukningar um skamman tíma, en afli hrapi svo skyndilega niður aftur og verði mjög lítill. Hafrannsóknastofnun lagði því til við sjútvrn. að keiluafli færi ekki yfir 10 þús. tonn á ári meðan viðbrögð stofnsins við þeirri veiði væru að koma í ljós. Stærðardreifing hennar er mismunandi eftir veiðarfærum. Af lengdarmælingum á keilu síðustu árin verður ekki ráðið að farið sé að ganga á stofninn. Stutt er síðan Íslendingar gáfu sig að sérstökum keiluveiðum. Fyrsta árið var aflinn á sóknareiningu mestur en tvö næstu árin, 1990–1991, stóð hann í stað. Að svo miklu leyti sem gögn frá árinu 1992 eru fyrir hendi benda þau til verulegs samdráttar í afla á sóknareiningu. Það verður vart af því ráðið að vegna þess eins sé keilustofninn ofveiddur.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að keila er mjög útbreidd við Ísland og fæst á línu og í botnvörpu við annan veiðiskap á ýmsum svæðum allt í kringum landið. Sókn hinna sérstöku keiluveiða hefur hins vegar aðallega beinst að takmörkuðu svæði út af suðurströndinni. Þótt afli á sóknareiningu minnki á þessu afmarkaða svæði þarf það ekki að þýða að stofninn sem slíkur sé ofveiddur."

Þetta segir í áliti Hafrannsóknastofnunar að gefnu tilefni þeirrar fsp. sem hér hefur verið borin fram. Hafrannsóknastofnun mun halda áfram að fylgjast gaumgæfilega með þessum stofni og ráðuneytið bregðast við í samræmi við ráðgjöf stofnunarinnar að þessu leyti.

Að því er varðar afla útlendinga og þar á meðal Færeyinga hefur það sjónarmið verið ríkjandi af hálfu ráðuneytisins að ganga ekki um of nærri Færeyingum á þessum tímum þar sem þeir hafa átt og eiga við mjög alvarlegar efnahagsþrengingar að etja. Eigi að síður hefur kvóti þeirra hér í landhelginni verið minnkaður tvö undangengin ár.

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. svör hans. Það sem upp úr stendur er að það er staðfest af samantekt Hafrannsóknastofnunar að það hefur verið umtalsverður aflasamdráttur á sóknareiningu. Ég er alveg ósammála þeirri ályktun sem ráðherrann og Hafrannsóknun dregur af þessari staðreynd, þ.e. að það bendi ekki til ofveiði. Ég tel að það bendi til ofveiði.

Ég vil líka, virðulegi forseti, láta það koma fram að ég fékk forsvarsmenn Landssambands smábátaeigenda til þess að hafa samband við talsvert marga sjómenn sem stunda keiluveiðar og það virðist vera sameiginleg niðurstaða flestra þeirra, ekki þó allra, að meðalþyngd veiddrar keilu fari minnkandi. Þeir eru sammála stofnuninni um það að aflasamdrátturinn sé verulegur.

Ég bendi líka á það að í máli ráðherrans kom fram að stofnunin hefði lagt til hámarksafla upp á 10 þús. tonn á meðan verið væri að kanna stofninn, að því er mér skildist á ráðherranum. Eigi að síður liggur það fyrir að þessi afli hefur ekki náðst. Aflinn hefur þvert á móti farið örlítið minnkandi og það þykir mér benda til þess að hérna séum við komin e.t.v. að endimörkum þessarar miklu veiði sem hefur orðið á síðustu árum. Ég tel einsýnt að það þurfi með einhverjum hætti að grípa til einhvers konar takmarkana á sókn. Ég er ekki að leggja það til, sem til að mynda tvíhöfða nefndin hefur gert af afskaplega óljósum fregnum í gegnum fjölmiðla, að keila verði tekin undir kvóta. Ég bendi hins vegar á að það kemur fram í máli sjómanna og ráðherrans, sem augljóslega er sérfræðingur í keilu eins og kom fram í ítarlegu yfirliti hans, að keilan er staðbundinn stofn þannig að það er vafalaust kleift að draga línu um þau svæði og takmarka sóknina á þessi svæði. Til að mynda það svæði fyrir suðurströndinni sem hann gat um sérstaklega.

Ég vil líka, virðulegi forseti, láta það koma fram að ég met Færeyinga mikils og ég vil gera allt sem hægt er til þess að vernda þá en ég vil líka vernda keiluna.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að draga of skjótlegar ályktanir af þessu mati Hafrannsóknastofnunar eins og mér fannst örla örlítið á hjá hv. 17. þm. Reykv. Ég vil vekja á því athygli, sem fram kom í máli hæstv. sjútvrh., að keilan hefur veiðst annars staðar þó að veiðin hafi einkanlega beinst núna að tilteknu svæði fyrir suðurströndinni. Ég vil vekja á því athygli að það hefur oft verið þannig að okkar veiði hefur aukist tímabundið á tilteknum tegundum eins og blálönguunni. Síðan hefur veiðin farið niður án þess að endilega sé ástæða til að ætla að sá stofn sé ofveiddur.

Ég vil líka vekja á því athygli að samkvæmt þeim gögnum sem fram koma í svari hæstv. ráðherra við fsp. sem ég lagði fram hér fyrr í vetur, þá t.d. blasir það við að við höfum nánast ekkert árið náð þeim heildarafla sem gert var ráð fyrir að mætti veiða af ýsu. Engum dettur samt sem áður held ég í hug að ýsan sé ofveidd. Mér finnst því að við verðum að fara mjög varlega í að draga ályktanir af þessu máli. Mér finnst mjög margt benda einmitt til þess að það sé ástæða til þess núna að reyna að örva veiðina sem víðast til þess að fá upplýsingar um hver staða stofnsins er í kringum landið.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rétt að árétta það að í áliti Hafrannsóknastofnunar segir að þrátt fyrir að afli á sókn-

areiningu hafi minnkað á afmörkuðu svæði, þá þurfi það ekki að benda til þess að stofninn sé í hættu. En stofnunin hefur vakið athygli á þessari þróun og talið nauðsynlegt að takmarka veiðarnar við ákveðið mark. Það hefur ekki enn komið til þess að ákveðið yrði að setja þennan stofn í aflamark. Ég tel að þó að það geti alveg komið til álita, þá hafi það ekki verið tímabært fram til þessa.

Dragnótaveiðar á Faxaflóa, ein umr.

Fsp. IP, 343. mál. — Þskj. 622.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Fsp. mín er á þskj. 622 og er til sjútvrh. Hún er svohljóðandi:

„Hyggst ráðherra banna dragnótaveiðar í Faxaflóa?"

Það er gömul og ný saga að mjög skiptar skoðanir eru um ágæti þess að leyfa dragnótaveiðar í Faxaflóa en í Faxaflóa eru mjög mikilvægar uppeldisstöðvar bolfisks. Af þessum ástæðum var sú ákvörðun tekin 1971 að banna dragnótaveiðar með lögum. Þeir sem stunduðu veiðar í Faxaflóa á bannárum dragnótar segja að fiskveiði hafi glæðst þá verulega og mokfiskaðist af ýsu og þorski á línu og í net. Veiðar í dag eru ekki taldar sambærilegar og voru þá en fyrir tíu árum síðan voru veiðar með dragnót leyfðar á ný í Faxaflóa og þá í tilraunaskyni. Fjórir til fimm bátar fengu leyfi á kolaveiðar. Nú hafa þessar tilraunaveiðar staðið yfir í tíu ár og í stað fjögurra báta sem fengu reynsluleyfi stunda 15 bátar nú dragnótaveiðar í Faxaflóa. Þessar kolaveiðar eru án efa ábatasamar og góð búbót fyrir þá sem stunda þessar veiðar því að verð á sandkola og skarkola hefur verið gott og eflaust miklir hagsmunir í veði fyrir þessa aðila, en það eru líka miklir hagsmunir í veði fyrir þá 100 smábáta sem stunda þarna veiðar á bolfiski.

Aðalatriði er að mínu mati að ekki eru til nægilegar rannsóknir og samanburðartölur á veiðum á bannárunum og eftir til að ljóst liggi fyrir hvort verið er að skemma uppvaxtarskilyrði bolfisksins. Því er það eina leiðin að mín mati að draga úr og jafnvel banna dragnótaveiðar í tíu ár nú til að skoða hvort sá tími sem dragnót hefur verið leyfð sé ekki einmitt valdur að því að bæði ýsu- og þorskveiðar hér hafa minnkað.

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt að sanna að ekki sé verið að eyðileggja mikilvægar uppeldisstöðvar með dragnótaveiðum í Faxaflóa og því legg ég þessa fsp. fram til hæstv. sjútvrh.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Dragnótaveiðar voru bannaðar í Faxaflóa árið 1971 og á árunum 1976, 1977 og 1978 gerði Hafrannsóknastofnun tilraunir til skarkolaveiða með dragnót í Faxaflóa. Þessar tilraunir gengu vel og þótti sýnt að hægt væri að veiða umtalsvert magn af skarkola án þess að tekinn væri bolfiskur sem einhverju næmi. Var tveimur bátum veitt leyfi til tilraunaveiða haustið 1979. Eftir að bann við dragnótaveiðum var fellt úr gildi með lögum 1985 og með auknum afla og reynslu af dragnótaveiðum á skarkola í Faxaflóa var bátum fjölgað nokkuð og árin 1985–1991 stunduðu tíu bátar þessar veiðar flest árin auk þess sem fjórir til fimm voru við veiðar á sandkola í utanverðum Faxaflóa hin seinni ár. Á síðustu vertíð var ekki greint milli þeirra báta sem stunduðu skarkolaveiðar og þeirra sem stunduðu sandkolaveiðar og voru 15 bátar við veiðar.

Eins og áður segir voru forsendur fyrir þessum leyfum fyrst og fremst veiðar á skarkola en hin seinni ár hafa veiðar á sandkola farið vaxandi. Ákvarðanir um veiðisvæði, veiðitíma og veiðimagn hafa verið teknar á grundvelli tillagna frá Hafrannsóknastofnun. Hefur heildarkvótinn á skarkola verið á bilinu 1.300–1.500 lestir en ekki hefur verið ákveðinn heildarkvóti á veiðum á sandkola.

Varðandi þessar veiðar er rétt að benda á að þær eru háðar mjög ströngum skilyrðum, einkum varðandi hlutfall bolfisks í afla og möskvastærð í dragnót. Hlutfall bolfisks af skarkola má ekki fara yfir 15% og fari bolfiskur yfir þau mörk er andvirði hans gert upptækt. Lágmarksstærð möskva er 155 mm en 135 mm við veiðar á öðrum svæðum utan Faxaflóa, enda eingöngu mjög stór bolfiskur sem í dragnótina veiðist. Eftirlit með þessum veiðum er mjög mikið og má fullyrða að engar veiðar séu undir eins ströngu eftirliti.

Ráðuneytinu er ljóst að dragnótaveiðar sæta nokkurri gagnrýni frá smábátamönnum en hins vegar verður að hafa í huga að við þessar veiðar eru fyrst og fremst teknar fisktegundir sem ekki fást í önnur veiðarfæri sem leyfilegt er að nota í Faxaflóa. Það má að vísu segja að hægt væri að ná hluta skarkolans í botnvörpu á öðrum tíma árs, einkum eftir að kolinn gengur út úr flóanum en þá er hann horaðri og þar af leiðandi lélegra hráefni sem mun minna verð fæst fyrir. Enn fremur er dýrara að ná honum í vörpu en dragnót. Má og minna hér á að þeir bátar sem dragnótaveiðarnar hafa stundað eru með háan skarkolakvóta sem mundu vart gagnast þeim nytu þeir ekki heimildar til veiða í Faxaflóa. Jafnframt hafa þessir bátar í raun sætt skerðingu í öðrum veiðiheimildum vegna þessara veiða.

Til þess að sýna þýðingu þessara veiða og jafnframt það hve lítið er tekið af bolfiski við þessar veiðar skal þess getið að á árinu 1991 voru 1.250 lestir af skarkola og 800 lestir af sandkola veiddar í Faxaflóa en aðeins rétt um 150 lestir af þorski og ýsu samtals. Á síðasta sumri voru veiddar um 1.060 lestir af skarkola og 1.020 lestir af sandkola en aðeins 160 lestir af þorski og ýsu.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið verður ekki séð að neinar forsendur séu fyrir því að hætta þessum veiðum og tel ég því einsýnt að þeim verði haldið áfram með svipuðum hætti og undir ströngu eftirliti eins og gert hefur verið til þessa.

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 2. þm. Vesturl. fyrir að hreyfa þessu máli með fsp. Dragnótaveiðar í

sunnanverðum Faxaflóa hafa í marga áratugi verið mikið deilumál og sitt sýnst hverjum um ágæti þeirra. Á Akranesi, þar sem smábátaútgerð er mjög öflug, er mikil og almenn andstaða gegn þessum veiðum. Sú andstaða speglast vel í þeirri samþykkt sem gerð var í bæjarstjórn Akraness í síðasta mánuði þar sem ráðherrann er hvattur til þess að banna þessar veiðar í tilraunaskyni næstu tíu árin. Það er mjög almenn skoðun þeirra sem stunda veiðar á smábátum á þessum slóðum að veiðar í dragnót séu mjög skaðlegar á viðkvæmum hrygningarsvæðum í Faxaflóa og sjómenn hafa í gegnum árin talið sig sjá fylgni milli fiskigengdar í flóanum og þess hvort dragnótaveiðar hafa verið leyfðar eða ekki. Það er hárrétt sem segir í samþykkt bæjarstjórnar Akraness að þarna er ekki um neinar tilraunaveiðar að ræða. Þessar veiðar hafa staðið í áratug og hafa ekkert með tilraunir að gera. Það eru sömu 13 eða 14 bátarnir frá Reykjavík og Keflavík sem stunda þessar veiðar ár eftir ár og þeir eru ekki að stunda neinar tilraunaveiðar. Það er athyglisverð ábending sem kemur fram í ályktun bæjarstjórnar Akraness að gera nú tilraun með að banna þessar veiðar í tíu ár og ég er ekki í vafa um að slíkt bann væri til bóta, alla vega á viðkvæmustu svæðum flóans.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég tel alveg fráleitt að banna dragnótaveiðar. Þetta er fiskur sem er ónýttur ella og veita þessar veiðar mikla atvinnu og mikil verðmæti koma upp úr sjó.

Ég tel að varla sé nokkuð eins mikið rannsakað og þessar veiðar. Þær hafa verið rannsakaðar mjög lengi og ítarlega. Ég tel hins vegar að bátarnir séu of margir sem hafa stundað þessar veiðar. Það var byrjað á veiðunum með tveim bátum. Síðan var þeim aðeins fjölgað og nú eru þeir 14 sem er dæmigert um stefnu framsóknarmanna í þessum málum að eyðileggja þessar veiðar með því að fjölga bátum. (Gripið fram í.) Þeir eru of margir. Ég bendi á að þetta var gert í tíð fyrri ráðherra, hv. þm.

Ég vil líka koma inn á það (**Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að tími hans er liðinn og bið hann að ljúka máli sínu.) að 15% af veiðunum má vera bolfiskur. Ég vil geta þess að útgerðarmaður á Suðurnesjum stóð í löngu stappi við sjútvrn. á sínum tíma um það að (**Forseti:** Ræðutíminn er liðinn, hv. þm.) skata væri ekki bolfiskur.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Það hefur verið deilumál lengi hvort leyfa ætti þessar dragnótaveiðar. Ég verð að segja eins og er að mér finnst að vísindamenn ættu að taka meira mark á sjómönnum sem þekkja miðin best af öllum. Þarna hefur það verið ítrekað reynt. Það er ekki eins og það sé í fyrsta skipti verið að reyna dragnót á Faxaflóa. Þetta er þriðja tilraun og það sækir alltaf í sama farið í hvert skipti sem menn reyna þetta. Menn telja að það dragi úr öðrum veiðum.

Ég batt nokkrar vonir við það þegar hæstv. sjútvrh., sem reyndar hefur ekki sýnt það af sér að hann vilji breyta mikið út af stefnu framsóknarmanna sem áður stjórnuðu sjútvrn., tók upp á því að færa út landhelgina fyrir suðurströndinni einmitt af þeim ástæðum, sem við erum að tala hér um, að það þurfi að hætta dragnótaveiðum í Faxaflóanum, og hann mundi halda því áfram. Ég vil enda á því að spyrja, hæstv. forseti, hæstv. sjútvrh. hvort sú nefnd sem átti að skila tillögum um þessa útfærslu landhelginnar sé ekki að fara að skila af sér tillögum vegna þess sveðis.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Ég verð að minna hv. þm. á að þeir hafa eina mínútu til að gera stutta athugasemd utan ráðherra er svarar og fyrirspyrjanda og fer fram á að þeir haldi sig innan tímamarka. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að í ræðupúltinu er ljós. Það kemur gult ljós nokkru áður en tíminn er liðinn. Ég bið hv. þm. um að veita þessu ljósi athygli og gott að fylgja því á stundum.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. svörin. Þau voru skýr. Hann ætlar að festa þessar reynsluveiðar á dragnót í sessi ef ég skil hans orð rétt. En ég vil spyrja hann: Finnst hæstv. ráðherra 14 bátar á dragnótaveiðum í Faxaflóa ekki fullmikið og hyggst hann ekki fækka þessum leyfum?

Það kom fram í ræðu hv. þm. Karls Steinars áðan að það hefði verið framsóknarmönnum að kenna hversu mörgum bátum var leyft að veiða þarna í dragnót. Nú er þá tækifæri til að fækka þeim. Ekki er það Framsókn sem stjórnar nú í sjútvrn. og því spyr ég hæstv. ráðherra: Hyggst hann fækka þessum bátum?

Mér finnst því ekki vera svarað hvort hér sé verið að eyðileggja uppvaxtarskilyrði þorsks og ýsu. Það kemur greinilega fram í aflatölum að ýsuveiði fer hraðminnkandi í flóanum og ég held að það sé engin spurning að það þurfi að loka flóanum í tíu ár, eins lengi og dragnót hefur verið leyfð í flóanum, til að sanna hvort hér sé verið að eyðileggja uppvaxtarskilyrði þorsks og ýsu.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í umræðurnar um dragnótaveiðar. Hins vegar vil ég í tilefni af því sem fram kom hjá hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur segja þetta: Hún vísar til þess að afli á sóknareiningu hefur minnkað en það hefur komið hér fram fyrr í umræðum að það er stefna hæstv. sjútvrh. og Hafrannsóknastofnunarinnar að taka ekki mark á því. Það er bersýnilegt, eins og kom hér fram í umræðum um keiluna áðan, að þegar afli minnkar á sóknareiningu þá draga þeir ekki sömu rökréttu ályktun af því og aðrir.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Fyrst þetta. Það er auðvitað alrangt og röng fullyrðing, sem stenst ekki við neitt af því sem hér hefur verið sagt, af hv. 17. þm. Reykv. að Hafrannsóknastofnun og ráðuneyti taki ekki neitt mark á því þó að afli minnki á sóknareiningu. Á hinn bóginn

hefur stofnunin sagt það í áliti sínu að það þurfi ekki að benda til þess að keilustofninn sé ofnýttur þó að afli hafi minnkað á sóknareiningu.

Eins og hér hefur komið fram í umræðunum þá eru mjög skiptar skoðanir um það meðal sjómanna við Faxaflóa hvort leyfa eigi dragnótaveiðar. Andstaða Akurnesinga gegnum tíðina við þessar veiðar í flóanum er kunn. Sjómenn frá öðrum bæjarfélögum við flóann hafa lengi haldið því fram að það sé nauðsynlegt að nýta kolastofninn. Ráðuneytið er þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt að nýta þennan stofn og taka þau verðmæti í þjóðarbúið sem hann gefur.

Varðandi þá fyrirspurn sem hér kom fram um starfslok svokallaðrar nefndar um umgengni um fiksveiðiauðlindina þá hefur nefndin lokið störfum. Í kjölfar þess, eins og hv. þm. benti á, hafa togveiðar og dragnótaveiðar verið bannaðar innan þriggja mílna við suðurströndina og umhverfis Vestmannaeyjar og veiðisvæðum lokað með reglugerðum víða kringum landið. Eigi að síður var það tillaga nefndarinnar að það væri rétt og skylt að hagnýta mikilvægar kolaveiðar við suðurströndina. Þess vegna eru ákveðin svæði innan þriggja mílna við suðurströndina opin ákveðinn tíma ársins til þess að geta hagnýtt kolann. Nákvæmlega sömu sjónarmið eiga við í Faxaflóanum og þess vegna hefur nefndin ekki lagt til að þeim veiðum varði hætt. Þrátt fyrir mjög miklar og ítrekaðar rannsóknir bendir ekkert til þess að þessar veiðar valdi neinni óeðlilegri röskun á lífríki í flóanum.

Endurskoðun laga um mannanöfn, ein umr.

Fsp. HjálmJ, 415. mál. — Þskj. 710.

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég beini fsp. til hæstv. dóms- og kirkjumrh.:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir endurskoðun laga um mannanöfn í ljósi reynslunnar sem af þeim er fengin?"

Ný lög um mannanöfn hafa nú gilt frá 1991 og af þeim fengist nokkur reynsla. Nafnið er hverjum manni mikilvægt. Það verður hluti af manninum, persónunni sem ber það, einkenni sem hann ber alla ævina. Því er mikilvægt að nafnavalið sé gott og vandað og fólki þyki sæmd að nöfnum sínum.

Nafngjöfin er fyrsta stóra gjöfin sem barn fær á lífsleiðinni í okkar landi tengd hinni helgu skírn kirkjunnar og í vitund flestra verður þetta tvennt ekki sundur skilið, nafngjöf og skírn þó það sé vissulega tvennt. Allir foreldrar velta nafni barni síns rækilega fyrir sér áður en ákvörðun er tekin. Þegar horft er til þróunar nafngifta á Íslandi sést að hún hefur á þessari öld verið mjög í rétta átt. Furðuleg dæmi eru til um skringileg nöfn á fyrri öldum. Það er kannski ekki ástæða til þess að taka mörg dæmi en ég nefni nafn eins og Jólavía sem stúlka fékk vegna þess að hún fæddist á jólum. Hún breytti þessu einfaldlega og þegjandi og hljóðalaust að því er virðist í Kristín sem er ágæt tilvísun til Krists sem fæddist á jólum, eins og þingheimi er auðvitað kunnugt.

Drengur fékk nafnið Á, fékk úthlutað einum bókstaf. Hann breytti því sjálfur og sagðist heita Árni. Það virðist hafa verið lausn sem hafi verið látin gilda eðlilega. En löggjafaravaldið hefur á þessari öld sett fastari skorður gegn notkun ónefna af ýmsu tagi og það er vel.

Í 2. gr. núgildandi laga segir, með leyfi forseta: „Eiginnafn skal vera íslenskt eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Það má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi."

Um gæslu þessa hefur mannanafnanefnd úrskurðarvald og endanlegt vald samkvæmt lögunum. Nefndin vinnur vissulega starf sitt eftir reglum og vinnur eftir býsna stífum lögum. Mörg góð nöfn eru ekki íslensk þótt notuð séu. Mörg brjóta í bág við íslenskt málkerfi. Ég nefni t.d. nafnið Jón. Það brýtur í bág við íslenskt málkerfi. Það ætti að vera eftir ströngum reglum Jónn eins og Brjánn og Sveinn. Svona langt er ekki gengið í að framfylgja lögunum en hinu er ekki að leyna að álitamál hafa hlaðist upp að undanförnu. Fólk skilur ekki suma úrskurði nefndarinnar og sættir sig illa við þá. Prestar eru þar ekki undanskildir þótt ég tali hér ekki fyrir hönd stéttarinnar. En engin stétt er nær skírn og nafngjöf en prestastéttin.

Virðulegi forseti. Það var til bóta að fá nefnd til stuðnings og ráðuneytis um nafngjafir en spyrja má hvort nefndin þurfi ekki að axla of mikla ábyrgð, ekki síst þegar tekið er til hendinni við hreinsun í hinum íslenska nafnasið svo sem nú er gert. Yfirgnæfandi meiri hluti íslenskra nafna er góður og gildur og hefur hér að mínu viti þróast í rétta átt þótt ég geti ekki neitað því að ýmis nýnefni veki mér furðu.

Ég vil aðeins, virðulegi forseti, ljúka með því að nefna að nefndin hefur hafnað sumum endingarlausum nöfnum. Ásberg, Valberg, Svanberg og Eðvarð. Með sömu rökum ætti þá að banna nöfn eins og Ármann, Kristmann og Guðmann og líka er nafnið Albert endingarlaust. Það ætti að vera Aðalbjartur. (**Forseti:** Ég verð að vekja athygli hv. þm. á að það er ljós sem logar.) Virðulegi forseti. Það er búið að banna Haukdal líka.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hér er hreyft mjög vandmeðförnu máli. Ég hygg að það sé almenn samstaða um það meðal íslensku þjóðarinnar að varðveita íslensk mannanöfn og þær heiðir við mannanöfn sem myndast hafa. Sú löggjöf sem síðast var sett um þetta efni miðaði að því að fylgja þessari stefnu fram. Hinu er ekki að leyna að talsverðrar óánægju hefur gætt varðandi framkvæmd laganna og til ráðuneytisins hafa borist mjög margar kvartanir af þessum sökum og mér er einnig kunnugt um það að málum hefur verið skotið til umboðsmanns Alþingis.

Nýlega gerðist það að mannanafnanefnd sagði af sér og tekur sú afsögn gildi 15. mars nk. Ástæða afsagnarinnar, eins og fram kemur í bréfi nefndarinnar til

ráðuneytisins, er fyrst og fremst óánægja með þá starfsaðstöðu sem nefndin telur að henni hafi verið búin. Nefndin fær á fjárlögum 400 þús. kr. á ári til þess að sinna sínum verkum auk þess sem ráðuneytið hefur boðið fram alla venjulega skrifstofu- og ritaraaðstöðu vegna starfa nefndarinnar. En af þessu tilefni og vegna þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið hefur ráðuneytið tekið þá ákvörðun að láta endurskoða lögin með tilliti til þeirrar reynslu sem fengin er. Í bréfum til tilnefningaraðila, heimspekideildar háskólans og lagadeildar háskólans þar sem óskað var eftir tilnefningu nýrra manna í mannanafnanefnd, var greint frá þessari ákvörðun en það bréf var sent viðkomandi háskóladeildum 5. mars sl.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þegar lögin um mannanöfn voru sett á sínum tíma varð um þau í öllum meginatriðum ágæt samstaða hér á Alþingi. Þeim var breytt dálítið í meðförum þingsins, m.a. fyrir atbeina hv. 8. þm. Reykv. og fleiri komu þar við sögu, og það varð ágæt samstaða um málið. Ég tel að það sé mikilvægt að framkvæma lögin þannig að það sé samstaða um þau. Ég held að það sé nauðsynlegt að mannanafnanefnd taki tillit til þess sem viðgengist hefur um leið og hún fylgir hinum almennu reglum 2. gr. laganna um mannanöfn.

Ég harma það hins vegar að aðstöðuleysi skuli hafa orðið til þess að nefndin hefur sagt af sér. Mér sýnist að það hafi verið veruleg brotalöm í aðbúnaði stjórnvalda að mannanafnanefnd og ég tel það stóralvarlegt mál og hvet hæstv. dóms- og kirkjumrh. til að bæta úr því.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu hér. Þetta er mikið mál eins og fram hefur komið og ég vil líka þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að upplýsa hér að það eigi að endurskoða þessi lög. Það er mjög mikilvægt.

Mig langar að spyrja hæstv. dómsmrh. í hvaða stöðu foreldri er sem hefur skírt barn sitt t.d. nafninu Svanberg og búið er að skrá það í kirkjubækur. Skírnin átti sér stað í nóvember en Hagstofan neitar að skrá nafnið vegna þess að það er ekki löglegt. Nafnið er auðvitað, eins og hv. fyrirspyrjandi sagði áðan hluti af persónu hvers og eins, og þegar búið að skíra og sú stóra gjöf sem barnið fær. Því finnst þeim sem hafa skírt þessum nöfnum útilokað að breyta um nafn eftir að skírn hefur átt sér stað og búið að skrá í kirkjubækur.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Þegar lög um mannanöfn voru sett hér á Alþingi fyrir tæpum tveimur árum síðan vorum við margir sem létum í ljósi ákveðinn ugg um hvernig framkvæmd þessara mála yrði háttað þó að um síðir hafi náðst samkomulag hér í þinginu um frv. Það hefur komið á daginn að sá uggur var á rökum reistur vegna þess að það er mjög mikilvægt að túlka þessi lög rúmt og af víðsýni en ekki af þröngsýni. Hvað á að gera í því tilfelli sem hv. síðasti ræðumaður nefndi? Mér er kunnugt um önnur slík dæmi þar sem búið er að skíra börn nöfnum en þau fást ekki skráð á Hagstofunni þar eð mannanafnanefnd telur að slík nöfn, jafnvel þó notuð hafi verið hér áratugum og öldum saman, séu ekki íslensk nöfn. Þetta gengur auðvitað ekki og þessu verður að breyta, annaðhvort með því að knýja fram rýmri túlkun á vegum mannanafnanefndar eða einfaldlega endurskoða og breyta lögunum.

Ég minni á að við deildum hér hart á sínum tíma um það hvort leyfa ætti millinöfn. Niðurstaðan varð sú að gera það ekki. Þó að ég hafi fengið samþykkta brtt. í neðri deild á sínum tíma um að leyfa slík nöfn var það fellt í efri deild og það varð endanleg niðurstaða. Mér er kunnugt um ágreining og deilur út af þessu atriði líka og bendi á það til viðbótar því sem þegar er fram komið.

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dóms- og kirkjumrh. fyrir svörin og þakka umræðuna. Ég fagna því að nú á að hefja endurskoðun laganna og tel nauðsynlegt að lögin séu túlkuð rúmt. Eins og áður sagði eru nafnalögin skýr og býsna afdráttarlaus, en þau þarf að túlka með umburðarlyndi og mildi. Ég þakka umræðuna.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. fyrirspyrjanda og þakka þá stuttu umræðu sem hér hefur farið fram. Það er sannarlega ástæða fyrir Alþingi að horfa á þetta mál og taka á því. Það er mikilvægt að um þetta efni skapist samstaða og gildandi löggjöf og framkvæmd hennar leiði ekki til ósættis í þjóðfélaginu.

Ég hygg að sá ágreiningur sem uppi er um framkvæmd laganna stafi ekki af aðstöðuleysi mannanafnanefndar og þar komi aðrir hlutir til. Þess vegna sé óhjákvæmilegt að endurskoða lögin eins og nú verður gert í ljósi þeirrar reynslu sem fengin er og í þeim tilgangi að skapa meiri sátt um framkvæmdina. Ég hygg að við þurfum ekki að deila hér um meginmarkmiðið en í framkvæmd laganna hafa komið upp svo mörg álitaefni sem orka tvímælis að undan því verður ekki vikist að hefja þessa endurskoðun.

Með því að hv. 6. þm. Vestf. situr beint fyrir framan mig kemur það upp í hugann að eitt af þeim álitaefnum sem skotið var til ráðuneytisins, þó að það hefði auðvitað engin tök á að gera nokkurn hlut í því, var að fjölskylda sem notað hafði millinafnið Vestfjörð, ekki aðeins í áratugi heldur eina eða tvær aldir, gat það allt í einu ekki lengur vegna þess að það var talið stríða gegn íslenskri mannanafnahefð. Ég hef ekki enn skilið þá niðurstöðu. Augljóst dæmi eins og þetta sýnir hversu brýnt það er að endurskoða lögin.

Ár aldraðra, ein umr.

Fsp. SvG, 319. mál. — Þskj. 583.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Árið 1982 var alþjóðlegt ár aldraðra. Á því ári efndu stjórnvöld til mikils átaks í þágu málefna aldraðra, m.a. með framkvæmdaáætlun í málefnum aldraðra sem hafði það í för með sér að það hafa verið byggð síðan á árinu 1982 mörg hundruð rými fyrir aldraða hér á landi, bæði hjúkrunarrými og almenn vistrými.

Það er hægt að halda því fram með góðri samvisku að þetta ár aldraðra 1982 hafi þannig séð markað tímamót á Íslandi. Nú er það svo að fyrir nokkru ákváðu Evrópubandalagið og EFTA-ríkin að efna til árs aldraðra í Evrópu. Síðan rofnaði það samstarf. EFTA-ríkin klufu sig út úr því. En Norðurlöndin hafa engu að síður ákveðið fyrir sitt leyti að helga þetta ár málefnum aldraðra.

Hér á landi hefur því miður ekki orðið vart við jákvæða stefnumótun í málefnum aldraðra á þessu ári. Mér er ekki kunnugt um að neinar stefnumarkandi áætlanir í málefnum aldraðra liggi fyrir umfram það sem komið hefur fram í ákvörðun stjórnvalda á öðrum sviðum sem bitnar á öldruðum, m.a. að því er varðar lyf og læknisþjónustu og fleiri slíka þætti, sömuleiðis verðlag á sérfræðiþjónustu lækna. Göngudeildargjöld hafa hækkað o.s.frv. og allt bitnar þetta á gömlu fólki.

Mér er kunnugt um að þau samtök sem sinna málefnum aldraðra hafa lagt mjög mikla áherslu á að reyna á árinu að efna til alls konar viðburða til að kynna hluta aldraðra í þjóðfélaginu, m.a. menningarstarfsemi á vegum aldraðra sem mun birtast með málverkasýningum síðar á þessu ári. Þá verður sérstakur hátíðisdagur helgaður málefnum aldraðra í sumar þar sem hápunkturinn verður hér m.a. í miðbæ Reykjavíkur. En stjórnvöld hafa hins vegar ekkert aðhafst að þessu leyti til og ekki lagt fram neina stefnumarkandi áætlun og samtök aldraðra og samstarfsnefndin um málefni aldraðra hefur ekki verið „beðin um neitt" eins og það er orðað af hálfu stjórnvalda. Stjórnvöld hafa ekki virt samtök aldraðra viðlits á þessu ári til þessa að því er varðar tillögur í tilefni af ári aldraðra.

Þess vegna er fsp. borin fram um leið og hún er borin fram til að skora á hæstv. heilbrrh. að láta ekki lyfjahækkanirnar einar nægja, heldur að ákveða einhverja stefnumarkandi framkvæmdaáætlun í málefnum aldraðra sem gæti orðið til að halda áfram því mikla átaki sem efnt var til frá og með árinu 1982 og hefur sannarlega valdið kaflaskilum í málefnum aldraðra hér á landi.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi foreti. Fyrri fsp. hljóðar svo:

„Til hvaða ráðstafana hyggst heilbrrn. grípa til þess að bæta kjör og aðbúnað aldraðra í tilefni af ári aldraðra 1993?"

Þessi fsp. virðist vera á misskilningi byggð. Þeim misskilningi að Ísland sé aðili að ákvörðun um ár aldraðra 1993. Svo er ekki. Svokallað öldrunarár Evrópu 1993 er hugmynd á vegum Evrópubandalagsins. EFTA-þjóðirnar hafa ekki tekið þátt í þeim undirbúningi að öðru leyti en því að sumar þeirra hafa sent áheyrnarfulltrúa á undirbúningsfundi Evrópubandalagsins en aðrar, og þar á meðal Íslendingar, fengið fundargerðir af þessum fundum.

Hér er því alls ekki um að ræða ár aldraðra í þeim skilningi sem hv. fyrirspyrjandi virðist halda, því hér er aðeins um að ræða ákvörðun Evrópubandalagsríkja og eins og kunnugt er er Ísland ekki aðili að Evrópubandalaginu og aðild að Evrópubandalaginu ekki einu sinni á dagskrá hér á Íslandi.

Síðasti undirbúningsfundur Evrópubandalagsins um þetta mál var haldinn 14. des. sl. og okkur er ekki kunnugt um að nein EFTA-þjóð hafi tekið formlega afstöðu til málsins sem sérstaks árs Evrópuþjóða. Með vísan til þess sem hér hefur verið sagt ítreka ég að ár aldraðra í Evrópu er aðeins ákvörðun Evrópubandalagsríkjanna en ekki með aðild EFTA-þjóða og ekki heldur með aðild þeirra þjóða í Evrópu sem utan þessara bandalaga standa.

Í öðru lagi spyr hv. þm. hvort heilbrrn. hafi uppi ákvörðun sem líkist því á einhvern hátt sem gripið var til í tilefni af ári aldraðra árið 1982. Svo er að sjálfsögðu ekki vegna þess að engin ákvörðun hefur verið tekinn um það af hálfu Íslendinga eða annarra EFTA-þjóða um það atvik sem hv. þm. spyr um. Þannig að þetta er fsp. á misskilningi byggð.

Hins vegar eru öll ár á Íslandi ár aldraðra. Ég vil gjarnan upplýsa hvað verið er að undirbúa í sambandi við árið 1993. Í fyrsta lagi vil ég upplýsa að á fyrsta heila ári ríkisstjórnarinnar árið 1992 voru teknar í notkun á annað hundrað þjónustu- og hjúkrunarrými fyrir aldraða. Á síðasta ári fráfarandi ríkisstjórnar sem hún lagði grundvöll að, þ.e. árinu 1991 voru tekin í notkun sjö rými. Á árinu 1992 tókst í fyrsta skipti að uppfylla allar þarfir fyrir heimahjúkrun og hvíldarinnlagnir aldraðra á Reykjavíkursvæðinu. Það hefur verið lagður grundvöllur að því að það verði áfram unnt að gera á árinu 1993.

Í upphafi þess árs hefur verið samið við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri um sérstakt tilraunaverkefni um starfrækslu fimmdagadeildar fyrir aldraða og verður það tilraunaverkefni í þrjá mánuði. Það er í fyrsta skipti sem slík tilraun hefur verið gerð.

Þá er verið að undirbúa að hefja kennslu í öldrunarfræðum, bæði við læknadeild Háskóla Íslands og einnig í framhaldsskólum. Þá hefur samstarfsnefnd aldraðra verið að kanna hvernig megi koma á alþjóðlega viðurkenndum mælingum á þjónustustörf innan stofnana líkt og komið hefur verið á um vistunarmat. Árið 1993 verður fyrsta árið þar sem liggur fyrir vistunarmat á vistunarþörf aldraðra í öllum kjördæmum landsins.

Í september nk. er gert ráð fyrir að samstarfsnefnd Norðurlanda í öldrunarmálum þingi hér á landi og þá mun ráðuneytið nota tækifærið og boða til fundar með þeim aðilum sem vinna að öldrunarmálum hér á landi

og þeim norrænu gestum sem hér verða. Þá má minna á að ýmis rannsóknarverkefni eru í gangi, svo sem samnorræn rannsókn á högum 80 ára og eldri svo og samanburðarverkefni fimm bæja á Norðurlöndum með 15–20 þús. íbúa þar sem Akureyri hefur verið valin sem fulltrúi Íslands. Þá greiðir ráðuneytið einnig kostnað af sérstöku rannsóknarverkefni á vegum Akureyrarbæjar og yfirvalda þar um samstarf um heimahjúkrun og heimaþjónustu og liggur niðurstaða fyrir af þeim athugunum.

Virðulegur forseti. Ég hef hér rakið þær aðgerðir sem eru í undirbúningi og er verið að framkvæma á árinu 1993. En ég ítreka að fsp. hv. þm. byggist á misskilningi.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegur forseti. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra og Öldrunarráð Íslands eru nú að undirbúa ýmsa viðburði á ári aldraðra 1993. Það verður efnt til verulega myndarlegrar hátíðar hér í miðbæ Reykjavíkur í tilefni ársins, það verður efnt til menningarviðburða í tengslum við málefni aldraðra á árinu 1993 um allt land. Þannig að allir þeir sem sinna málefnum aldraðra frá degi til dags gera sér grein fyrir því að hér er Ísland aðili eins og ég sagði áðan að fjölþjóðasamstarfi, upphaflega Evrópuþjóðanna allra en síðan Norðurlanda um málefni aldraðra.

Það er hins vegar svo dapurlegt, virðulegi forseti, og ég ætla ekki að orðlengja um það frekar, að það er einn aðili á Íslandi sem veit ekki að það er ár aldraðra 1993, en það er slæmt að það skuli vera hæstv. heilbrrh.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegur forseti. Það er mjög slæmt að hv. þm., sem manna harðast hefur barist gegn samstarfi Íslands við Evrópubandalagið, skuli ekki gera sér grein fyrir því að ár aldraðra 1993 er einvörðungu bundið við þau lönd sem í Evrópubandalaginu eru. Ekkert EFTA-land hefur tekið ákvörðun um að gerast aðili að því samstarfi um ár aldraðra sem á sér stað innan Evrópubandalagsins. Eina aðferðin til að tryggja það að Ísland gerðist aðili að því átaki sem á sér stað í málefnum aldraðra á vegum Evrópubandalagsins væri að sjálfsögðu að Ísland gerðist eitt af aðildarríkjum Evrópubandalagsins.

Ég vænti þess vart að hv. þm. sé að mæla fyrir því. En það sýnir bara á hvílíkum misskilningi og vanþekkingu fsp. hans er byggð. Ég ítreka að ekkert ríki utan Evrópubandalagsins hefur ákveðið að standa að því sem kallað er Öldrunarár Evrópu 1993 í löndum Evrópubandalagsins. Hv. þm. ætti að gera sér fulla grein fyrir því að eini möguleikinn fyrir Ísland til að gerast aðili að Öldrunarári Evrópu 1993, væri ef það gerðist aðili að Evrópubandalaginu sem hingað til hefur verið aðeins akademískt spursmál hér á landi.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Hv. 9. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegur forseti. Mér þykir leitt til þess að vita að Öldrunarráð Íslands og samstarfsnefnd um málefni aldraðra séu að fást við verkefni sem er tómur misskilningur og það sé verið að undirbúa verulega menningarviðburði í tengslum við ár aldraðra á Íslandi en hafi farið fram hjá hæstv. heilbrrh. Kannski er það miðað við allar aðstæður í raun og veru trygging fyrir því að ár aldraðra geti orðið vel heppnað á Íslandi að hæstv. núv. heilbrrh. komi ekki hvergi nálægt því.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Hæstv. ráðherra hefur þegar talað tvisvar í þessum umræðum og samkvæmt þingsköpum er honum ekki leyft að tala aftur.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla bara að spyrjast fyrir um það hjá forseta: Hvaða sakir var hv. þm. að bera af sér í ræðu sinni hér áðan?

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Í tilefni af spurningu hæstv. heilbrrh. þá er oft erfitt fyrir forseta að meta innihald ræðna hv. þm. og telur forseti að það sé ekki í hlutverki hans að gera það þegar ræðum er lokið. Hv. 9. þm. Reykv. óskaði eftir því skv. 55. gr. þingskapa að bera af sér sakir og það er heimilt og honum var veitt það.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Bara til glöggvunar voru þær sakir sem ég vildi bera af mér þær að hæstv. heilbr.- og trmrh. hélt því fram að fsp. væri á misskilningi byggð og ekki á rökum reist sem ég hef þó hrakið hér í seinni athugasemdum mínum.

Mér finnst hins vegar til umhugsunar úr því að heilbrrh. var þeirrar skoðunar að fsp. væri röng þá átti hann að gera athugasemdir við hana um leið og hún kom fram. Það gerði hann ekki. Ég tel að hér sé um að ræða handvömm hæstv. ráðherra og til hennar stofnað vísvitandi til að geta haft í frammi útúrsnúninga skipulega hér í fyrirspurnatíma í stað þess að fjalla um það hvaða stefnu ríkisstjórnin hefði í málefnum aldraðra. Ég gagnrýndi því heilbrrh. á grundvelli þingskapa í þessu efni.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Ég verð að biðja hv. þm. um að halda umræðum um þingsköp í skefjum eins og þeir frekast mega á þessum fundi. Það er hér verið að svara fyrirspurnum og margar fyrirspurnir á dagskrá nema þá hv. þm. vilji gera athugasemd við stjórn forseta á fundinum og ef hann telur þingsköp hafa verið brotin á einhvern hátt. Hæstv. heilbrrh. óskar eftir því að gera athugasemd við þingsköp.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þessi fsp. er fyllilega þingleg, en það er líka ekkert óþinglegt við vanþekkingu. Fsp. er þingleg en vanþekkingin getur verið það líka.

Námsstyrkir doktorsefna, ein umr.

Fsp. ÖS, 362. mál. — Þskj. 642.

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Í umræðum sem fóru fram hér í þingsölum og tengdust breytingum á Lánasjóði ísl. námsmanna var bent á það, bæði af stjórnarliðum og þingmönnum stjórnarandstöðunnar, að mjög hertar reglur um endurgreiðslur lánanna kynnu að leiða til þess að mjög erfitt yrði fyrir námsfólk að fara út í langt og dýrt sérfræðinám. Ég benti til að mynda á að það gæti leitt til þess að það yrði skortur á tilteknum vísindamönnum sem að öðru jöfnu hverfa til starfa hjá hinu opinbera en eiga þess ekki kost að afla sér hálaunaðra starfa í einkageiranum sem gæti gert þeim kleift að borga niður þetta langa og dýra nám. Það hefur komið fram á undanförnum árum að það er að verða skortur á ákveðnum fræðimönnum, til að mynda leit um tíma út fyrir að enginn námsmaður væri í námi sem tengdist fiskifræðum.

Í umræðunni svaraði hæstv. menntmrh., m.a. hér á þingi þann 11. febr. 1992, að hann hygðist beita sér fyrir lagabreytingum sem gerðu kleift að veita styrki til námsmanna í langskólanámi og drap þar sérstaklega á doktorsefni. Ég vil í tilefni af þessu inna ráðherra eftir því hvenær sé að vænta tillagna um þessar lagabreytingar.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Það er eðlilegt að líta á styrki til námsmanna í langskólanámi í samhengi við vísindastefnu stjórnvalda og skipan vísindamála. Með bréfi dags. 24. apríl sl. var samstarfsnefnd Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins falið að endurskoða lög nr. 48/1937, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögunum skal endurskoða þau innan 5 ára frá gildistöku. Í fyrrnefndu bréfi var þess sérstaklega óskað að við endurskoðun lagaákvæða um Vísindasjóð verði hugað sérstaklega að því hvernig gera megi sjóðnum kleift að veita í stærra mæli en nú styrki til þeirra sem leggja stund á vísindalegt framhaldsnám að loknu háskólaprófi. Samstarfsnefndin taldi rétt að vinna við endurskoðun laganna biði eftir niðurstöðu OECD-athugunar á stöðu vísinda, tækni og nýsköpunar hér á landi og stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki.

Í framhaldi af birtingu OECD-skýrslu síðla árs 1992 um stöðu vísinda, tækni og nýsköpunar hér á landi þar sem m.a. var fjallað um eflingu rannsóknamenntunar fól ég Ólafi Davíðssyni, ráðuneytisstjóra í forsrn., og Þórólfi Þórlindssyni prófessor að gera tillögu til ríkisstjórnarinnar um mótun vísinda- og tæknistefnu. Í erindisbréfi þeirra er m.a. tekið fram að tillögurnar skuli fjalla um rannsóknamenntun og tengsl hennar við nýsköpun í atvinnulífi. Gera má ráð fyrir að þessir embættismenn skili tillögum á næstu vikum sem verða þá kynntar fyrir ríkisstjórn og Alþingi. Í kjölfar þessa starfs verður lokið við endurskoðun laga nr. 48/1987 og m.a. bætt við þau nauðsynlegum ákvæðum um styrki til nemenda í langskólanámi. Gert er ráð fyrir að þessari endurskoðun verði lokið í sumar og lagafrv. verði lagt fram á Alþingi næsta haust.

Mér er kunnugt um hluta tillagna nefndarinnar þar sem gert er ráð fyrir þrenns konar styrkjum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að veita nemum styrki við rannsóknatengt framhaldsnám sem nefndin leggur til að komið verði á fót við Háskóla Íslands á næstunni. Í öðru lagi er gert ráð fyrir styrkjum sem veittir yrðu til rannsóknarverkefna ungra vísindamanna sem eru að hasla sér völl hér á landi að loknu doktorsnámi erlendis. Samhliða þessu er svo í þriðja lagi verið að vinna að tillögum um styrki fyrir doktorsnema.

Styrkveitingar til námsmanna í langskólanámi hafa einnig verið til umfjöllunar á öðrum vettvangi. Nefnd ríkisstjórnarinnar sem hefur fjallað um ráðstöfun hluta tekna af sölu ríkisfyrirtækja til rannsókna- og þróunarstarfs hefur lagt til að hluti þessara sölutekna gangi í sérstakan sjóð sem verði í vörslu Vísindaráðs. Hlutverk þess sjóðs sé tvíþætt: Sjóðurinn skal efla verkefnatengt framhaldsnám í samvinnu við Háskóla Íslands með því að koma á fót styrkþegastöðum þar sem námsmenn vinna undir leiðsögn fræðimanns að rannsóknarverkefnum í tengslum við atvinnulífið, t.d. í samvinnu við rannsóknastofnanir eða fyrirtæki. Og í öðru lagi: Sjóðurinn skal veita ungum vísindamönnum styrk sem eru að hasla sér völl hér á landi að loknu námi erlendis. Fjármunir sjóðsins verði aðgreindir frá fjárhag Vísindaráðs og Vísindasjóðs. Sérstakri matsnefnd skal falið að meta umsóknir og mikilvægi þeirra fyrir nýsköpun í vísindastarfsemi hér á landi. Leggja skal áherslu á að aðstaða og mótframlög stofnana háskólans, rannsóknasjóða rannsóknastofnana atvinnulífsins og/eða fyrirtækja nýtist sem best á móti styrkjum úr sjóðnum. Gert er ráð fyrir að á þessu ári verði 37,5 millj. kr. til ráðstöfunar í þessu skyni ef sala ríkisfyrirtækja gengur samkvæmt áætlun.

Tekið skal fram að enn hafa ekki verið mótaðar tillögur um styrki til doktorsefna sem eru í námi erlendis, en ég legg áherslu á að um þær verði fjallað í fyrrgreindu lagafrv. um skipan vísindamála.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli því að þegar lög um Lánasjóð ísl. námsmanna voru til umræðu vorið 1992 var vísað á Vísindasjóð varðandi þá sem eru í doktorsnámi og ýmsu framhaldsnámi. Þaðan áttu að koma styrkir sem áttu að koma í veg fyrir það að fólk þyrfti að taka námslán mjög lengi og skapa sér þannig byrðar sem ekki yrði staðið undir. En það hefur ekkert

bólað á þessum styrkjum og árin líða. Samkvæmt þeim upplýsingum sem hér komu fram hjá hæstv. menntmrh. sýnist mér að ef við bregðumst nú skjótt við hér á þingi og afgreiðum þessar tillögur, sem vonandi verða nú góðar, sé það hugsanlegt að þessir styrkir komist í gagnið veturinn 1994–1995. Það þýðir að hér munu líða a.m.k. nokkur ár sem nemendum verður gert að leita til lánasjóðsins.

En hér féll líka gullvæg setning í lok ræðu hæstv. menntmrh. þar sem hann sagði „ef sala ríkisfyrirtækja gengur samkvæmt áætlun". Í gær var það upplýst í fréttum að menn eru að gefast upp við það að selja Búnaðarbankann sem átti að skila ríkissjóði 1 milljarði og við höfum reynslu af því ... (**Forseti:** Ég verð að biðja hv. þm. að ljúka máli sínu.) Ég er að ljúka máli mínu, forseti. Ég ætla bara að segja það að einkavæðing ...(**Forseti:** Hv. þm. er kominn hálfa mínútu fram yfir tíma sinn og það er meira en helmingurinn af ætluðum tíma til að ræða hér málin úr ræðustól.) Ég verð að hlýða hér úrskurði forseta, en mér þykir leitt að fá ekki að ljúka hér máli mínu. (**Forseti:** Spurningin fjallar ekki um það að hlýða úrskurði forseta heldur að lúta þingsköpum.)

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi einmitt skjóta að hæstv. menntmrh. viðbótarfyrirspurn sem er sú: Hvað er gert ráð fyrir mikilli fjármunalegri aukningu til þeirra verkefna sem hér er verið að tala um? Þetta er auðvitað bara spurning um peninga, hversu mikla fjármuni menn vilja setja í þau verkefni sem hér eru á ferðinni og þýðir auðvitað ekkert að vísa á þessa einkavæðingarnefnd í því sambandi. Í öðru lagi er það náttúrlega til umhugsunar, að mér og fleiri þingmönnum er kunnugt um að það er fjöldinn allur af námsmönnum sem ekki tekst að ljúka námi núna, að keyra nám til lykta og enda, vegna þess hverng búið er að fara með námslánakerfið. Þá verður lítið um doktorsnámið þegar búið er að eyðileggja Lánasjóð ísl. námsmanna.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Mér er kunnugt um það að ungir og efnilegir vísindamen og námsmenn eru nú þegar byrjaðir að ígrunda það hvort þeir eigi ekki að hætta við að fara í doktorsnám af því að þeir treysta sér ekki til þess að taka á sig meiri byrðar í lánum heldur en þegar er orðið. Ég held að þetta sé afskaplega varhugaverð þróun og vil aðeins undirstrika nauðsyn þess að bæta aðstöðu þessara manna sem eru mjög nauðsynlegir fyrir íslensku þjóðina. Þetta stefnir sem sagt í hálfgerðan voða eins og er.

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hann veitti hér og ég tek það svo að hann hafi gefið hér yfirlýsingu um að þegar á næsta löggjafarþingi verði lagðar fram lagabreytingar sem geri styrki til doktorsefna að veruleika. Staðreyndin er auðvitað sú að í því háþróaða þjóðfélagi sem við búum við er þörf og mikil nauðsyn á sérfræðingum sem hafa mjög mikla menntun í tilteknum fræðum. Ég tel að eins og búið er að herða endurgreiðslureglur lánasjóðsins sé það sanngjarnt, vegna þeirra þarfa sem samfélagið hefur fyrir krafta þessa fólks, að hið opinbera veiti því einhvers konar beina styrki til þess að framfleyta sér meðan á náminu stendur.

Ég vil fagna því að hæstv. menntmrh. hefur þennan sama skilning. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að það verður hlutverk Vísindasjóðs að taka að sér þessa styrki. Jafnframt kom fram að Vísindasjóður ætti líka að standa straum af rannsóknum sem eiga að fara fram hjá námsmönnum í rannsóknatengdu framhaldsnámi sem ráðherrann góðu heilli hyggst beita sér fyrir innan skamms við Háskóla Íslands. Þetta vekur hins vegar upp spurningar. Þetta hlýtur að þýða verulega aukin framlög til Vísindasjóðs og ég tel að í þessari yfirlýsingu ráðherrans felist vilji til þess og ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því að það verði mikill stuðningur við hann hér í þinginu þegar hann fer fram með tillögur um auknar fjárveitingar til Vísindasjóðs sökum þessa.

Ég vil hins vegar, virðulegi forseti, þó að ég sé sjálfur mjög tengdur atvinnulífi og mitt nám, vara við því að menn tengi styrkveitingar sem þessar einungis við nám sem tengist beint við atvinnulífið. Mér fannst gæta verulega mikillar áherslu á þann þátt í máli hæstv. ráðherra. Ég tel að það sé ekki hægt að færa út jaðar þekkingarinnar bara í þeim greinum. Ég held að það sé samfella milli þeirra og annarra grunnfræða eins og heimspeki til að mynda sem ég tel afskaplega mikilvæga í tengslum við þróun atvinnulífsins og líka annarra fræða, íslenskra fræða, sagnfræða ... (**Forseti:** Ég verð að biðja hv. þm. að ...) Virðulegi forseti. Ég mun andstætt við ýmsa aðra þingmenn hlýða þér í einu og öllu.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Við höfum ítrekað orðið vitni að því þegar hæstv. forseti sem nú situr í forsetastól vill fylgja reglum um þingsköp sem í sjálfu sér er mjög eðlilegt, ekkert nema gott um að segja, virðist ekki hafa alveg sömu reglu á því að fylgja því fram eins og aðrir forsetar. Hann hefur bent á það að við höfum hér ljós í borði og hann slær í bjöllu til þess að vekja athygli á því að menn séu búnir með tíma sinn, en hann gerir þá undantekningu sem yfirleitt ekki aðrir forsetar gera að grípa ítrekað fram í fyrir ræðumanni á meðan hann talar. Ég vil spyrja hvort hæstv. forseta finnist það eðlilegt þegar hann er að áminna þingmenn um kurteisi og að fylgja settum reglum að fara þannig að.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Í tilefni af fyrirspurn hv. 6. þm. Vestf. verð ég að vekja athygli hans á 49. gr. þingskapa þar sem greinilega er kveðið á um það hver ræðutími skuli vera þegar fyrirspurnir eru á dagskrá. Forseta er falið það verkefni að stjórna fundi. Hann hefur til þess ýmis ráð, m.a. að vekja athygli hv. þm. á því að ræðutími þeirra sé úti með því að gefa hljóðmerki með bjöllunni eins og hann hefur gert, vekja athygli hv. þm. á því, eins og

hann hefur ítrekað gert áður, að það eru ljós í borði sem gefur hv. þm. til kynna hvað tíma líður og einnig er klukka í ræðupúlti. Þegar allt um þrýtur, þá er forseta falið af hv. þm. að hafa stjórn á fundi og hann grípur ekki fram í mál hv. þm. fyrr en honum sýnist hann hvorki hafa tekið eftir klukku, ljósi né bjöllu.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Mér fannst eins og hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur og Svavari Gestssyni þætti það eitthvað undarlegt að ég hefði fyrirvara um það að fjármunir skiluðu sér, það færi sem sagt eftir því hvernig sala ríkisfyrirtækja gengi. Mér finnst það eðlilegt að hafa þann fyrirvara. Við vitum ekki nákvæmlega enn þá hvað kemur inn fyrir sölu ríkisfyrirtækja á næstunni og þess vegna hlýt ég að hafa þann fyrirvara á í mínu máli.

Hv. þm. Svavar Gestsson sagði að það væri nú svo að mönnum tækist ekki að ljúka námi vegna þess hvernig farið hefði verið með Lánasjóð ísl. námsmanna. Þarf ég að nefna það einu sinni enn að þær aðgerðir sem við gripum til í sambandi við Lánasjóð ísl. námsmanna voru einmitt gerðar til þess að tryggja það að námslán yrðu ekki lækkuð? Það hefur orðið nokkur tilfærsla eins og t.d. sú að það er minna fjölskyldutillit en áður þó að það sé það hæsta sem við þekkjum í nokkru landi hér í kringum okkur.

Ég skil heldur ekki þann tón sem er í ræðum manna. Þetta er í fyrsta skipti sem talað er um að veita beina styrki til náms, það er í fyrsta skipti. Það hefur ekki verið gert áður. Það eru engir beinir styrkir vegna þessa. Að vísu úthluta bæði Rannsóknaráð og Vísindasjóður styrkjum, það er rétt. En hér er verið að brydda upp á alveg nýjum flokki til rannsóknatengds náms og til doktorsnáms. Það er það sem verið er að gera.

Vísindasjóður þarf auðvitað að fá mjög aukin framlög og það er gert ráð fyrir að Vísindasjóður fái 150 millj. kr. í tillögum sem að vísu hafa ekki enn verið staðfestar í ríkisstjórninni og við vonum auðvitað að það gangi eftir. Það er rétt sem hv. fyrirspyrjandi Össur Skarphéðinsson hafði hér eftir mér að ég treysti því að á næsta þingi verði lagt fram frv. sem fjallar um þessi efni og ég legg áherslu á það eins og fyrirspyrjandi að það er mikil þörf á sérfræðingum á ýmsum sviðum og hafi orð mín verið misskilin, þá leiðrétti ég þau. Þetta má ekki eingöngu tengjast atvinnulífinu. Ég er alveg sammála því.

Kristín Ástgeirsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Eins og hér hefur komið fram, þá búum við þingmenn við afar þröngan tíma í þessum fyrirspurnatímum og þegar það gerist að það veldur misskilningi, þegar maður fær ekki einu sinni að ljúka setningunum héðan úr ræðustóli, þá hlýt ég að biðja hæstv. forseta leyfis að mega svara hér menntmrh. til að leiðrétta misskilning. Vill forseti leyfa mér það? (**Forseti:** Nei, forseti getur ekki leyft það að hv. þm. svari efnislega menntmrh. Hún hefur óskað eftir því að gera athugasemdir við þingsköp og hún hefur orðið til þess.) Ég vil gera athugasemd við þessa ströngu stjórn forseta hér á þessum fundi. Það hefur nú iðulega verið leyft að svara því sem fram hefur komið og fólk a.m.k. fengið að ljúka setningunum. Forsetar hafa nú sýnt þá biðlund. En ég að sjálfsögðu hlýði því að fá ekki að svara hér, til að virða þingsköpin.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Ég verð að upplýsa hv. þm. að gefnu tilefni um það að stjórn forseta er ekki ströng. Ef eitthvað er strangt, þá eru það þingsköpin sem eru ströng. Forseti getur tekið undir þær athugasemdir sem fram hafa komið oft hér í þinginu að einnar mínútu ræðutími er mjög stuttur. Ef hv. þingmenn telja að hann sé ekki boðlegur til umræðna, þá verður að breyta þingsköpum en ekki gera athugasemdir við stjórn forseta á fundum vegna þess að hann getur ekki annað en stjórnað samkvæmt þingsköpum sem hv. þm. bjóða forseta að starfa eftir.

Endurskoðun laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, ein umr.

Fsp. VS, 365. mál. — Þskj. 645.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Eins og flestum mun vera kunnugt, þá stendur nú yfir af hálfu menntmrn. vinna við mótun nýrrar menntastefnu. 18 manna nefnd sem hæstv. menntmrh. skipaði hefur skilað áfangaskýrslu sem hefur fengið frekar jákvæðar móttökur í þjóðfélaginu þó að þar sé ýmislegt sem ekki er fullmótað og annað umdeilanlegt eins og gengur.

Hæstv. menntmrh. mun sennilega á næsta þingi leggja fram frv. til breytinga á lögum um skólakerfið í landinu. Nú þegar hefur hæstv. menntmrh. lagt fram frv. til laga um breytingar á lögum um framhaldsskóla sem heimilar ráðherra, ef að lögum verður, að efna til tilraunastarfs í starfsnámi og víkja þá frá ákvæðum laga um framhaldsskóla ef þörf krefur. En það sem einkennir þá áfangaskýrslu sem nú liggur fyrir um mótun nýrrar menntastefnu er m.a. það að lagt er til að fallið verði frá þeirri stefnu að allt almennt nám í framhaldsskóla sé byggt þannig upp að það nýtist sem hluti af stúdentsprófi og þróað verði stutt og langt starfsnám í einstökum greinum með virkri þátttöku atvinnulífsins. Þá kemur fram að tryggja þurfi að nemendur eigi kost á markvissum undirbúningi undir nám á háskólastigi í framhaldi af iðn- og starfsnámi og vitna ég þar til tæknistúdentsprófsins.

Þá er í skýrslunni lögð aukin áhersla á starfsnám og sagt að leita beri ráða til að auka áhuga ungs fólks á verkmenntun. Öllum má vera ljóst að það skiptir miklu máli þegar nemandi velur sér námsbraut, hvort viðkomandi nám sé lánshæft hjá Lánasjóði ísl. námsmanna. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 645 til hæstv. menntmrh. um endurskoðun laga um Lánasjóð ísl. námsmanna og hljóðar fsp. svo, með leyfi forseta:

„Mun ráðherra beita sér fyrir breytingum á lögum

um Lánasjóð ísl. námsmanna í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á menntastefnu þannig að lögin samræmist þeim nýjungum?"

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Nefnd um mótun menntastefnu og endurskoðun á grunn- og framhaldsskólalöggjöfinni hefur skilað áfangaskýrslu. Áfangaskýrslan hefur verið send samráðsaðilum til umsagnar og eru þær að berast nú. Að fenginni lokaskýrslu mun verða unnið að frv. um grunn- og framhaldsskóla. Ef í ljós kemur að nauðsynlegt verði að endurskoða lög um Lánasjóð ísl. námsmanna vegna breytinga á menntastefnunni, mun ég að sjálfsögðu beita mér fyrir því. Á þessu stigi málsins get ég því ekki veitt annað svar en þetta. Meðan ekki er vitað hvaða breytingar verða gerðar á löggjöfinni, þá get ég ekki farið nánar út í það mál nú.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þetta svar. Mér finnst mikilvægt að það komi fram að það geti átt sér stað breyting á lögum ef þörf krefur því mér sýnist að nú þegar hafi það sýnt sig að þær úthlutunarreglur sem settar hafa verið samræmist ekki því sem kemur fram í þessari skýrslu.

Ég vil leyfa mér í þessu sambandi að benda á 2. gr. í lögunum um lánasjóðinn, en þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórn sjóðsins" þ.e. lánasjóðsins „setur nánari reglur um til hvaða sérnáms skuli lánað." Mér segir svo hugur að það væri eðlilegra að þetta vald væri í höndum ráðherra væri hverju sinni þannig að ekki væri hætta á að ósamræmi yrði milli stefnu stjórnvalda í menntamálum og úthlutunarreglna lánasjóðsins.

Það hefur t.d. sýnt sig núna á þessum vetri að úthlutunarreglur lánasjóðsins samræmast illa þeim áherslum sem koma fram í þessari áfangaskýrslu og hafa komið fram í máli hæstv. menntmrh. hvað eftir annað.

Það kom fram í máli hæstv. ráðherra fyrir nokkrum dögum í þinginu að frumgreinadeildir Tækniskólans og Samvinnuháskólans væru til sérstakrar meðferðar og þar sem þær teljast ekki lánshæfar núna samkvæmt úthlutunarreglunum og ég þakka það, en þessar brautir hafa að miklu leyti nýst fólki úr atvinnulífinu til þess að sækja stutt og starfstengt nám og einnig iðnaðarmönnum til þess að afla sér viðbótarmenntunar. Hér er eiginlega um að ræða dæmigert tæknistúdentspróf samkvæmt tillögum 18 manna nefndarinnar.

Þá má nefna að fornámsdeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Myndlistaskólans á Akureyri eru ekki lánshæfar. Allir sem hyggja á nám í þessum skólum þurfa að fara í fornámsdeildirnar nema þeir komi úr listadeild Fjölbrautaskólans í Breiðholti eða samsvarandi deild í Menntaskólanum á Akureyri. Það má taka fram að flestir nemendur, sem stunda nám í sérgreinum Myndlista- og handíðaskólans, eru með stúdentspróf, um 40 talsins. Mér er kunnugt um að það var gerð undanþága á þessum vetri en eftir því sem úthlutunarreglurnar kveða á um er ekki útlit fyrir annað en að það verði ekki gert síðar. Það má segja að söng-, tónlistar- og leiklistarnámi hafa verið settar mjög þröngar skorður hvað lánshæfi varðar.

Þá vil ég í þessu sambandi líka benda á að engin langskóladeild hefur verið skorin niður og má því segja að verið sé að beina fólki enn frekar í langskólanám. Ég vil í því sambandi minna á að háskólarektor lýsti þeirri skoðun sinni á síðustu háskólahátíð að langskólanámi hafi verið gert of hátt undir höfði. Í háskólanum eru svokallaðir núlláfangar sem eru í sjálfu sér ekkert annað en framhaldsskólanám en þeir eru lánshæfir vegna þess að þeir eru í háskólanum og þarna er ósamræmi. (**Forseti:** Ég verð að grípa fram í fyrir hv. þm.) Ég vil benda hæstv. forseta á það að það hefur tíðkast hér í þinginu og er fyrir því allnokkur hefð að bjallan sé notuð við tækifæri sem þetta. (**Forseti:** Ég verð að benda hv. þm. á að tími hennar er liðinn og enn frekar að ítreka að bjalla er hér notuð en þegar hv. þm. virðast ekki heyra í henni, þá verður forseti að grípa til annarra ráða og hann á þá ekki annað en röddina eftir.)

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Það hefur nokkrum sinnum í umræðunni um Lánasjóð ísl. námsmanna komið fram gagnrýni á það ákvæði laganna hversu mikið vald, eins og það er kallað, stjórn sjóðsins er falið. Það er rétt að hún hefur meira vald en var í fyrri lögum. Ég tek ekki undir þá gagnrýni sem hér hefur oft komið fram vegna þessa ákvæðis. Ég vil geta þess í þessu samhengi þó að ég hef ákveðið að setja reglugerð um lánasjóðinn. Það gerði ég ekki þegar lögin voru sett vegna þess að sú lagaskylda hvíldi ekki á mér. Það var líka breyting frá fyrri lögum. En heimild er til að setja reglugerð. Þá heimild ætla ég mér að nota og geri ráð fyrir að reglugerð verði sett nú á allra næstu vikum. Jafnframt mun ég þá staðfesta endurskoðaðar lánareglur og vinnureglur sjóðsins. Ég upplýsti það hér fyrir fáum dögum að þær reglur væru í endurskoðun. Nokkur reynsla er komin af fyrstu úthlutunum og sú reynsla verður nýtt til þess að yfirfara reglurnar og breyta þeim eftir því sem þörf gerist. Þetta vildi ég upplýsa vegna orða hv. þm.

Íslenskukennsla fyrir fullorðna nýbúa, ein umr.

Fsp. GJH, 381. mál. — Þskj. 675.

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Á síðustu 14 til 15 árum hefur nýbúum á Íslandi fjölgað mjög. Árið 1979 kom fyrsti hópurinn af flóttamönnum til landsins á seinni tímum. Það komu að vísu flóttamenn áður en bátaflóttamenn komu hingað 1979 og hafa í kjölfar þeirra komið æðimargir flóttamenn frá Asíu. Síðar hefur flóttamönnum frá Evrópulöndum fjölgað mjög eftir öll þau umskipti sem orðið hafa í Evrópu. Núna í júlí sl. munu hafa ver-

ið um 11.400 útlendir ríkisborgarar eða Íslendingar fæddir erlendis hér á landi. Af þeim voru 2.840 sem töluðu tungumál sem er mjög fjarlægt íslensku.

Það getur verið mikill gróði fyrir íslenska þjóð að fá fólk frá fjarlægum löndum hingað sem bera með sér nýja menningarstrauma, ný viðhorf og ýmislegt nýtt og gagnlegt sem við getum lært af, en við lærum því aðeins af þessu góða fólki að við getum haft eðlileg samskipti við það. Auk þess getur þetta fólk, sem við höfum heimilað veru í landi okkar og jafnvel boðið til okkar lands, ekki notið eða nýtt veru sína hér nema að hluta til ef það getur ekki átt eðlileg tjáskipti við þjóðina. Eftir því sem fólkið kemur úr fjarlægari málaumhverfi þeim mun erfiðara er auðvitað fyrir það að nýta sér að vera hér í þessu gjöfula landi. Þess vegna er það að verða brýnna og brýnna að íslenskukennslu og kennslu um íslenskt þjóðfélag og íslenska þjóðfélagshætti fyrir útlendinga sé komið vel á veg og í gott horf á Íslandi. Ég hef því lagt þessa fsp. fyrir ráðherra:

„Hvernig hefur ráðherra hugsað sér að íslenskukennslu fyrir fullorðna nýbúa verði skipað í framtíðinni? Hefur heildarstefna verið mótuð í því efni?"

Á síðustu þremur árum hafa flust til landsins tæplega 3.000 erlendir ríkisborgarar. Helmingur þeirra er úr málaumhverfi sem er mjög fjarlægt okkar. Sumir tala meira að segja tungur sem enginn Íslendingur skilur.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Spurt er um framtíðarskipun íslenskukennslu fyrir fullorðna nýbúa og hvort heildarstefna hafi verið mótuð í því máli. Í október sl. skilaði starfshópur, sem ég hafði skipað vorið 1992, tillögum um íslenskukennslu fyrir nýbúa, bæði börn og fullorðna. Í skýrslunni kemur fram að á síðustu árum hefur nýbúum fjölgað mjög hér á landi. Ekki hvað síst hefur þeim einstaklingum fjölgað sem koma frá málasvæðum sem eru mjög frábrugðin því íslenska eins og hv. fyrirspyrjandi rakti. Sumir þessara einstaklinga virðast líka hafa stutta skólagöngu að baki og eiga jafnvel í erfiðleikum með lestur og skrift á sínu eigin móðurmáli.

Starfshópurinn gerði tillögu um að nýbúar sem kæmu frá öðrum mála- og menningarsvæðum en því germanska og sem höfðu fengið dvalar- og atvinnuleyfi hér í a.m.k. sex mánuði skyldu eiga kost á allt að 240 kennslustunda byrjunarnámskeiði í íslensku samkvæmt námsskrá sem menntmrn. setti. Skyldu þátttakendur eiga kost á styrk til að sækja námskeiði sem næmi um ⅔ hlutum af meðalnámskeiðsgjaldi. Menntmrn. skyldi árlega ákveða styrkupphæðina.

Starfshópurinn taldi að kostnaður vegna kennslunnar yrði fyrir fullorðna 8–20 millj. kr. á ári, háð því hversu stórum hópi þeirra nýbúa sem þegar búa í landinu væri gefinn kostur á styrk til að sækja 240 stunda íslenskunámskeið.

Við gerð fjárlaga fyrir þetta ár þar sem beita varð ýtrasta sparnaði og skera niður ýmis útgjöld tókst ekki að fá þetta fjármagn. Það hefur þó verið tekið frá fé af fjárveitingu til almennrar fullorðinsfræðslu til þessa viðfangsefnis. Er um 1,5 millj. kr. að ræða. Þó að ekki sé um stóra upphæð að ræða, þá vona ég að hún komi að gagni. M.a. er ætlað fé í námsefnisgerð en nokkrir kennarar við Námsflokka Reykjavíkur eru að semja byrjunarnámsefni, svo sem fyrirspyrjanda er eðlilega kunnugt. Ráðuneytið styrkti þetta verk á síðasta ári og mun væntanlega gera hið sama nú á þessu ári.

Þá eru um 1.100 þús. kr. ætlaðar í styrki fyrir svonefnda forgangshópa. Til álita hefur einnig komið að hluta þessa fjár yrði varið til sumarnámskeiðs fyrir fullorðna sem haldið yrði í tengslum við námskeið fyrir nýbúabörn.

Mér er ljóst, eins og ég hef reyndar sagt við annað tækifæri á hv. Alþingi, að við getum komið til með að standa frammi fyrir félagslegum vanda ef við getum ekki aðstoðað þetta erlenda fólk sem er hér sest að. Það gildir ekki hvað síst um það fólk sem er að ala upp börn. Við finnum líka tilfinnanlega fyrir vandanum í grunnskólanum en þetta kallar allt á aukið fjármagn. Ég mun beita mér fyrir því að reynt verði að auka framlagið á næstu fjárlögum þannig að hægt verði að einhverju marki a.m.k. að hrinda í framkvæmd tillögum starfshópsins um byrjunarnámskeið.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu mjög svo brýna máli. Erindi mitt hingað í ræðustólinn er fyrst og fremst það að hvetja menntmrh. til þess að gera allt sem í hans valdi stendur til að taka á þessu máli. Við hljótum að geta lært af reynslu Evrópuþjóðanna og ekki síst Norðurlandaþjóðanna í þessum efnum þar sem menn hafa lent í miklum vandamálum vegna innflytjenda, ekki síst vegna mismunandi trúarbragða og þess að menningarheimar rekast á. Því fyrr sem gripið er til aðgerða þeim mun betra.

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Það gleður mig að heyra að hæstv. menntmrh. er allur af vilja gerður að greiða sem best úr þessum vanda sem við stöndum frammi fyrir. Mér finnst ánægjulegt að vita að hann skuli ætla að beita sér fyrir auknum fjárframlögum til þessa verks því að það er fyrirsjáanlegt að það fé sem nú er fyrir hendi til þess að greiða bæði námsefnisgerðina, sem hæstv. ráðherra nefndi, og líka kennsluna er aðeins dropi í hafið.

Eins og ég sagði áðan þegar ég var í ræðustól þá er því þannig varið að sumt það fólk sem kemur hingað til Íslands talar tungu sem enginn á Íslandi skilur og er afskaplega brýnt að geta komist í samband við það og veitt því þá mögulegu þjónustu að geta tjáð sig við þá sem það þarf. Ég nefni t.d. að hingað fluttu sex Albanir og þó að leitað væri með logandi ljósi um allt Ísland, þá fannst ekki nokkur maður sem gat talað við þá. Vandinn í þessum málum er því geysistór auk þess sem menntunarstaðall margra þeirra sem hingað flytja er mjög veikur eins og hæstv. menntmrh. nefndi og þarf að gera sérstakt átak vegna þess. Það eru mjög oft mæður barna sem eiga eftir að alast upp í þessu þjóð-

félagi sem ekki eru vel skrifandi eða læsar jafnvel á móðurmálið. En betur má ef duga skal en það sem komið er. Þó er gott að reynt skuli að gera eitthvað og ég vonast til að því verði haldið áfram og aukið sem mest.

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég vil taka undir með þeim sem hér hafa talað um mikilvægi þess að vel sé tekið á þessum málum. Ég er þeirrar skoðunar að það sé mjög hollt og gott fyrir íslenskt samfélag að fá svolítið af erlendum menningarstraumum sem berast með þessu ágæta fólki. Ég vil líka vekja athygli á því að það hefur tekist afskaplega vel að fella þetta fólk inn í íslenskt samfélag. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að vera framhald á þeirri stefnu íslenskra stjórnvalda að bjóða erlendu flóttafólki hingað til lands og gera það sem stjórnvöld geta til þess að fella það inn í atvinnulíf og menningarlíf landsmanna.

Ég hjó eftir því að hæstv. menntmrh. gat þess að það væri talin ákveðin hætta á því að ef ekki tækist að gera þetta með bærilegum hætti þá mundi það leiða til einhvers konar félagslegra vandamála. Hann gat þess einnig að þeirra hefði þegar orðið vart í barnaskólum landsins. Þá vil ég vekja athygli á því að menn verða að horfa til framtíðar. Ef við erum að tala um, eins og kom fram í máli hæstv. menntmrh., nauðsyn á sparnaði og það hefði verið nauðsynlegt á síðasta fjárlagaári að spara í þessum lið, þá er það mjög ógrundaður sparnaður vegna þess að ef þetta leiðir til félagslegra vandamála, þá mun það einungis hlaða upp kostnaði í framtíðinni.

Námskeið og námsgögn fyrir nýbúabörn, ein umr.

Fsp. GJH, 382. mál. — Þskj. 676.

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Fsp. sú sem ég legg nú fyrir hæstv. menntmrh. er nátengd síðustu fsp. Þannig er að með öllum þeim útlendingum sem flytja hingað til landsins, öllum þeim nýbúum sem hér hafa sest að, er auðvitað mikill skari barna. Þau geta lent í og eiga oft í erfiðleikum í námi vegna þess að þau eiga erfitt með að ná tökum á íslensku og eru kannski ekki búin að öðlast mjög gott vald á erfiðari hluta þess máls sem þau hafa upphaflega talað. Þetta getur jafnvel orðið til þess að börnin verði ómálga bæði á móðurmál sitt og svo hið nýja fósturmál. Þetta er vandamál sem við verðum að horfast í augu við strax og er eitt af þeim félagslegu vandamálum sem hæstv. menntmrh. hefur án efa verið að ýja að áðan fyrir utan öll önnur félagsleg vandamál sem geta upp komið. Því er mjög nauðsynlegt að búa vel að nýbúabörnunum, sem kölluð eru svo. — Nýbúabörn eða nýbúar eru nýyrði á íslensku og tákna þá sem setjast hér að og ætla að búa hér áfram. — Ég hef því lagt fram fsp. í tveimur liðum.

Í fyrsta lagi: „Mun ráðherra standa fyrir sumarnámskeiðum fyrir nýbúabörn í samvinnu við Reykjavíkurborg á sumri komanda?"

Meiri hluti nýbúabarna á Íslandi er á Reykjavíkursvæðinu. Samkvæmt skýrslum munu þau vera á annað hundrað á Reykjavíkursvæðinu en 201 nýbúabarn á Íslandi á skólaskyldualdri í heild. Ég veit að Reykjavíkurborg hefur áhuga á því að efna til sumarnámskeiða fyrir nýbúabörn. Það hefur komið í ljós að börnum fer jafnvel aftur á sumrin í íslensku vegna þess að þá hafa þau lítil samskipti við Íslendinga. Þess vegna er mjög brýnt að auka kunnáttu þeirra frekar en láta henni fara aftur. Þess vegna hefur Reykjavíkurborg gripið til þess ráðs að leita eftir samvinnu við ríkið um að halda slík námskeið.

Í öðru lagi spyr ég: „Hversu miklu fé mun ráðherra láta verja til námsgagnagerðar í íslensku fyrir nýbúabörn á árinu 1993?" Þannig er mál með vexti að sáralítið námsefni fyrir nýbúabörn er til á Íslandi og fyrir nýbúa almennt og þarf brýnar úrbætur í þeim málum líka.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það er spurt hvort ráðherra muni standa fyrir sumarnámskeiðum fyrir nýbúabörn í samvinnu við Reykjavíkurborg á sumri komanda. Hugmyndir í þessa veru hafa verið til umræðu og hafa m.a. verið kynntar borgarstjóranum í Reykjavík. Engar ákvarðanir hafa enn verið teknar. Hins vegar er ákveðið, sem ég vil upplýsa í sambandi við þessa fsp., að Kennaraháskóli Íslands standi fyrir námskeiði sumarið 1993 fyrir kennara sem kenna nýbúum íslensku.

Í öðru lagi er spurt: „Hversu miklu fé mun ráðherra láta verja til námsgagnagerðar í íslensku fyrir nýbúabörn á árinu 1993?" Því er til að svara að það er ekki ætlað fé sérstaklega til námsgagnagerðar vegna íslenskukennslu nýbúabarna. Hjá Námsgagnastofnun er hins vegar hægt að fá efni af ýmsu tagi sem nýtist vel í þessu skyni. Fé sem ríkið ætlar til að sjá nemendum grunnskóla fyrir námsgögnum rennur til Námsgagnastofnunar. Stofnunin hefur tekið vel í óskir um að útbúa sérstök námsgögn fyrir íslenskukennslu nýbúa á grunnskólaaldri. Samning slíks efnis tekur hins vegar tíma og er ýmsum vandkvæðum bundin vegna þess að notendahópurinn er afar sundurleitur.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu þarfa máli. En mig langar að spyrja í framhaldi af svari hæstv. menntmrh. í ljósi þeirra áforma hans að flytja grunnskólann yfir til sveitarfélaga hver muni þá greiða þennan kostnað við að útbúa námsgögn, hvort ríkið muni áfram taka það hlutverk að sér eða með hvaða hætti hann telur að sveitarfélögin geti sinnt þessu verkefni. Mér sýnist að framkvæmd málsins sé þannig að það sé nánast ómögulegt að dreifa þessu verkefni á margar hendur og það hljóti að vera ríkisins að annast þennan kostnað sem fylgir námsgögnum og námskeiðahaldi af þessu tagi.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér þótti afar merkilegt það sem fram kom í máli fyrirspyrjanda varðandi það atriði að nýbúabörnum færi aftur í íslenskukunnáttu yfir sumarið. Það bendir til þess að þessi börn séu þá einangruð yfir sumarið og séu ekki að leika sér með íslenskum börnum. Í tilefni af því sem kom fram hjá hv. 17. þm. Reykv. um að þeir nýbúar sem hingað hafi flutt hafi aðlagast vel íslensku samfélagi, þá hljóta auðvitað að vakna spurningar. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. menntmrh.: Hefur verið gerð úttekt á því hvernig innflytjendum eða nýbúum hefur vegnað hér á landi? Ef það hefur ekki verið gert, stendur til að gera slíka könnun?

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð hv. 17. þm. Reykv., Össurar Skarphéðinssonar, þar sem hann sagði að innflytjendur hefðu margir hverjir aðlagast mjög íslensku þjóðfélagi. Það er á vissan hátt rétt. Innflytjendur eru yfirleitt mjög vinnusamir, a.m.k. þeir sem ég hef haft nokkuð með að gera og passa þar af leiðandi mjög vel inn í íslenskt samfélag, en skera sig að því leyti úr að þeir hafa miklu betri kostnaðarvitund en við *Íslendingar og gætum við Íslendingar kannski lært heilmikið af þeim í þeim efnum* og mundi það sjálfsagt gleðja ýmsa ráðherra að frétta um kostnaðarvitund a.m.k. sumra þeirra sem á Íslandi búa.

Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin þó að þau hafi ekki glatt mig því að ég sé ekki að það séu líkur á að mjög mikið verði lagt í námsefnisgerð fyrir nýbúabörn á komandi tíma. Það er alveg rétt að í Námsgagnastofnun er til sérkennsluefni sem nýtist allvel fyrir kennslu nýbúabarna og það er mjög gott efni en það þarf miklu meira. Sérstaklega er eitt sem ég vil nefna að bæði nýbúabörnin og raunar fullorðnir líka þyrftu að fá betri fræðslugögn um. Það eru hugtök og hugtakaskilningur. Fólkið kemur úr hugarheimi, þjóðfélagsgerð og trúarbrögðum sem eru mjög ólík okkar og hugtök og orðtök í íslensku eru þeim mjög mörg framandi af því að þau byggja á allt öðrum hefðum. Þetta er kennsluefni er alls ekki til og þyrfti endilega að koma á bæði fyrir börn og raunar fullorðna líka. Ég þakka svarið.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson spurði hver mundi greiða námsgögn ef svo færi sem tillögur eru uppi um að flytja grunnskólann alfarið til sveitarfélaganna. Nú er það svo, eins og menn vita en þó sýnist mér eins og ekki viti það allir, að það er ekkert annað eftir af grunnskólanum hjá ríkinu en kennaralaunin og stjórnunarkostnaður. Allur annar rekstur er kominn til sveitarfélaganna fyrir nokkru.

Um námsgögnin hefur ekki verið tekin nein sérstök eða endanleg ákvörðun. Það verður auðvitað rætt og koma vafalaust fram tillögur um það í lokaskýrslu nefndarinnar um mótun menntastefnu. Mér er alveg ljóst að það skiptir mjög miklu máli hvernig með þetta atriði er farið. Það eru engar hugmyndir uppi um að hið opinbera, skulum við orða það, hætti að greiða námsgögn í grunnskólum. Það er mín skoðun að það eigi að vera svo áfram en spurningin er hvort það viðfangsefni á að flytjast með til sveitarfélaganna. Því get ég ekki svarað ákveðið á þessari stundu en tel ekki að það atriði ætti að standa í vegi fyrir þessum flutningi sem ég veit þó að er umdeilt mál.

Mér er ekki kunnugt um hvort úttekt hafi verið gerð á því hvernig nýbúum hefur vegnað eins og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurði, en það er sjálfsagt viðfangsefni sem væri vert að kanna.

Barnasjónvarp, ein umr.

Fsp. GunnS, 384. mál. — Þskj. 678.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. menntmrh. um barnasjónvarp á laugardags- og sunnudagsmorgnum:

„Hver er kostnaður Ríkissjónvarpsins á ári af barnasjónvarpi á laugardags- og sunnudagsmorgnum? Hvaða ástæður liggja til grundvallar slíkri tímasetningu barnaefnis í sjónvarpi?“

Ástæðan til þess að ég spyr um þetta á Alþingi er sú að það kom vissulega á óvart þegar Ríkisútvarpið var í stakk búið fjárhagslega til þess að auka við dagskrá sína með því að hefja útsendingar á laugardags- og sunnudagsmorgnum. Á tímum þegar við heyrum um það að ríkisstofnanir eru að draga saman og reyna að koma á fót hagræðingu og sparnaði, þá virðist Ríkisútvarpið vera svo vel í stakk búið að það geti lengt dagskrá sína. En það er ekki það sem mér er kannski efst í huga, heldur hitt að ég hef verið Ríkisútvarpinu mjög þakklátur í gegnum árin fyrir að gefa fjölskyldum landsins frið frá sér á laugardags- og sunnudagsmorgnum. Þetta eru þeir tímar vikunnar sem fjölskyldan hefur getað verið saman og þar leynast dýrmætar stundir þar sem foreldrar hafa getað talað við börnin sín. Mér finnst mikið frá fjölskyldum tekið með því að sjónvarpið ætli að fara að keppa við foreldrana um það að tala við börnin í landinu.

Þá er einnig til þess að geta að fjölmargir aðilar, kirkja, íþróttafélög og ýmis önnur tómstundafélög, hafa einmitt haft mjög fjölbreytilegt starf með fjölskyldunni allri á laugardags- og sunnudagsmorgnum. Þess vegna kom mér það á óvart að það skyldi verða mat Ríkisútvarpsins að þetta væri sá tími vikunnar þegar börn hefðu mestan áhuga eða mundu helst þiggja að sjónvarpið yki við þjónustu sína.

Þess vegna er mikilvægt að við fáum að vita hvað barnasjónvarpið kostar í fjármunum til þess að geta metið það m.a. hvort hér sé verið að verja fjármunum vel í þágu barnanna og einnig hvað réði sérstaklega að þessi tímasetning skyldi verða fyrir valinu. Ég er mjög hlynntur því að sjónvarpið þjóni börnum vel, ekki endilega í magni heldur að gæðum. Það er kjarni málsins.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Vegna fsp. hv. þm. leitaði menntmrn. eftir umsögn Ríkisútvarpsins um mál þetta og er umsögnin svohljóðandi:

„Heildarkostnaður Ríkisútvarpsins vegna morgunsjónvarps barnanna á laugardags- og sunnudagsmorgnum verður 30 millj. kr. árið 1993. Er þá talin efnisöflun og tilreiðsla efnis, innlent efni, samsetning og kynningar. Það hefur í mörg ár verið ljóst að næsta skrefið í eðlilegri dagskrárlengingu sjónvarpsins yrði morgunsjónvarp um helgar. Sjónvarpsdagskrá er víða með svipuðu sniði og í nágrannalöndum okkar er barnaefni nær hvarvetna sýnt árdegis á laugardögum og sunnudögum.

Hér á landi varð morgunsjónvarp barnanna einnig til þess að skapa jöfnuð. Nú eiga öll íslensk börn þess kost að njóta sömu ánægju þessar stundir. Morgunsjónvarp barnanna hefur farið einkar vel af stað og er mjög vinsælt dagskrárefni sem eykur enn á fjölbreytni Ríkisútvarpsins/sjónvarps."

Þetta er það svar sem ráðuneytið fékk frá Ríkisútvarpinu um þessa nýbreytni og ég hef svo sem engu við þessi orð að bæta. Ég held að þarna komi fram sem um er spurt, kostnaðurinn og hvað lá að baki því að þessi tími var valinn. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að það er víða keppt um athygli manna og ekki síst barna og unglinga.

Ég vil svo aðeins bæta því við að þessi ákvörðun er auðvitað alfarið Ríkisútvarpsins. Ef það telur sig hafa efni á því að leggja í þessa lengingu, þá gerir það það án nokkurra afskipta ráðuneytisins. Það er hlutverk útvarpsráðs að taka slíkar ákvarðanir.

Hjálmar Jónsson:

Virðulegi forseti. Barnasjónvarp Ríkisútvarpsins á ekki að koma á óvart. Það hefur verið á dagskrá í mörg ár. Stöð 2 hefur sýnt á laugardags- og sunnudagsmorgnum og það hefur gefið góða raun. Fólk er yfirleitt ánægt með það. Hins vegar nær Stöð 2 ekki til allra landsmanna og því er það einnig jafnréttismál að öll börn njóti þess sama réttar. Í útvarpslögum frá 1985 segir í 15. gr. kafla um Ríkisútvarpið, með leyfi forseta:

„Sérstaklega skal þess gætt að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi og sjónvarpi."

Hvað varðar fjárhaginn er þess að geta að Ríkisútvarpið skuldar ekki háar fjárhæðir. Það eru einkum eftirstöðvar húsbyggingarinnar að Efstaleiti 1 en nú er unnið að því að grynnka á þeirri skuld og verður tekið úr rekstri eftir því sem mögulegt er. Það er fylgt mjög strangri sparnaðaráætlun og þess verður gætt að hún standist.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegur forseti. Það er svo sjaldan sem maður hefur tækifæri til að hrósa og þakka að ég vil hrósa þeim sem hafa komið því af stað að það skuli vera sjónvarpsefni fyrir börn á sunnudags- og laugardagsmorgnum. Ég hef opnað fyrir sjónvarpið undanfarna sunnudagsmorgna og tekið eftir því að það er mjög gott efni í sjónvarpinu og góður talaður texti. Hér er talað um að það sé hætta á því að verið sé að keppa við foreldrana um athygli barnanna. Ég vil meina það að ef foreldrarnir eru á annað borð skemmtilegir, þá vilja börnin heldur slökkva á sjónvarpinu og tala við foreldrana en oft er það þannig að foreldrar eru ekki skemmtilegir um helgar og þetta er kannski það skemmtilegasta sem barnið getur gert. Við verður bara að horfast í augu við það.

En mér fannst rétt að það kæmi fram þakklæti fyrir þetta efni því að það sem ég hef séð af því er verulega gott og mér finnst þeim 30 millj. sem varið er til þessa efnis vel varið.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þegar frjáls útvarps- og sjónvarpsrekstur hófst hér fyrir nokkrum árum, þá var því mjög haldið á lofti að hann yrði ekki til þess að auka fjölbreytni í útsendingum útvarps- og sjónvarpsefnis. Hið gagnstæða kom á daginn með því að Stöð 2 hafði allt frumkvæði að talsetningu góðs barnaefnis sem sent var út á ýmsum tímum yfir vikuna, m.a. á laugardögum og sunnudögum. Maður hefði getað vænst þess þegar Ríkisútvarpið hafði til þess fjárhagslegt ráðrúm að auka barnaefni sitt að Ríkisútvarpið hefði kosið að gera það með þeim hætti að auka á fjölbreytnina fyrir börnin og t.d. kosið að hafa útsendingu á öðrum tíma en þegar Stöð 2 sýnir efni fyrir börn. Þess vegna vekur það mikla athygli og mikla undrun að á sama tíma og Stöð 2 er, nánast á þessum mánuðum, að auka mjög útbreiðslu sína með því að ljósleiðarasamband er að komast á við æ fleiri sveitarfélög hafi Ríkisútvarpið ekki tekið þann kostinn að hafa þetta barnaefni á öðrum tímum. Það gerði það ekki og þess vegna vekur það mjög mikla undrun að Ríkisútvarpið skyldi ekki kjósa annan hátt en þann að hafa þetta sjónvarpsefni í kapp við annað á laugardags- og sunnudagsmorgnum. (**ÖS:** Hvað með frjálsa samkeppni?)

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin og þær upplýsingar sem hér hafa að auki komið fram. En ég hef verulegar áhyggjur af því ef Stöð 2 á að ráða uppeldis- og menntastefnu Ríkisútvarpsins. Að Ríkisútvarpið ætli sér að hafa það að grundvallarreglu og markmiði að gera alltaf nákvæmlega eins og Stöð 2. Ég spyr um sjálfstæði Ríkisútvarpsins. Það er kannski kominn tími til að spyrja: Ætlar t.d. Ríkisútvarpið, sem virðist hafa mjög miklar áhyggjur af því að allir eigi að fá að sjá það sama og er á Stöð 2, að tryggja það að ég fái yfir höfuð að sjá Stöð 2 þar sem ég á heima og þar sem Stöð 2 næst ekki? Og það væri ástæða til þess að spyrja hæstv. menntmrh. hvernig hann ætli að tryggja að svo geti orðið í þágu Ríkisútvarpsins.

30 millj. kr. eru vissulega miklir peningar og ég set spurningarmerki við það hvort þeim sé best varið með þeim hætti að rjúfa þann heimilisfrið sem hefur verið afar dýrmætur á laugardags- og sunnudagsmorgnum

(**SvG:** Ekki á Akranesi.) og ég held að sé einmitt í þágu þess að efla fjölskylduböndin.

Þá hefur það einnig komið fram í fjölmiðlum að þessir fjármunir eru teknir að láni. Þetta er fjármagnað m.a. með því að auka á yfirdráttarreikning Ríkisútvarpsins sem var 167 millj. um áramót. Er það stefna Ríkisútvarpsins að þenja út dagskrá sína og fara svo hratt í samkeppnina við Stöð 2 að það þurfi að gera með sívaxandi lánum? Þurfum við þá ekki að beita Ríkisútvarpið sömu kröfum og við erum að gera t.d. með sjúkrahúsin og sjúklingana í landinu?

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að ég vil í lengstu lög koma í veg fyrir að Ríkisútvarpið lendi í sömu hremmingum og spítalarnir. Ég segi það alveg eins og er. Þá er ég að hugsa um hæstv. heilbrrh. Það væri voðalegt til þess að vita.

En mér finnst hafa komið fram í máli hv. þm. og hv. 3. þm. Vestf. og fleiri hér reyndar, að Ríkisútvarpið eigi að vera afgangsstærð. Ríkisútvarpið eigi ekki með myndugum hætti að geta tekið þátt í þeim veruleika sem er hér í kringum okkur og hver er hann? Hann er samkeppni. Og að banna Ríkisútvarpinu að taka þátt í samkeppninni er í raun og veru að segja: Ríkisútvarpið þrengir svo að sér að það getur ekki sinnt þeirri almennu þjónustu sem því er að öðru leyti ætlað að gera. Það er rangt að Ríkisútvarpið hafi tekið þessa peninga af rekstri og stofnað til yfirdráttar út af þessum fjármunum. Það er beinlínis rangt. Ríkisútvarpið hefur skorið niður aðra hluti á móti þeim kostnaði sem hér er um að ræða.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það hefur löngum verið ljóst að ekki er um of búið að Ríkisútvarpinu. Það hefði mátt ræða málefni þess fyrr og oftar í þingsölum en gert hefur verið, en mér þykir það afar sérkennilegt af hálfu stjórnarþingmanna að þeir skuli taka málefni þess upp og gera athugasemdir við það að útvarpið sé að verja fé til barnaefnis. Það er alveg með ólíkindum ef menn eru haldnir slíkri forræðishyggju að þeir vilji stuðla að því að börn á landsbyggðinni njóti ekki sama valfrelsis og möguleika á efni og börn á höfuðborgarsvæðinu. Það er sérlega undarlegt að heyra það af hálfu stjórnarþingmanna að Ríkisútvarpið eigi ekki að vera í samkeppni við Stöð 2.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Stefánsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil spyrja virðulegan forseta af hverju ekki er fylgt dagskrá fundarins. Ég er með fsp. næst á eftir og hef litið svo á að þær séu settar svo á dagskrá bæði með tilliti til þess hvenær þær eru lagðar fram og að þær eru líka tengdar á ákveðinn hátt. Ég óska eftir því við virðulegan forseta, að sú fsp. sem næst er á dagskrá verði tekin fyrir.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill geta þess í þessu sambandi að hæstv. menntmrh. fór fram á það við forseta að bíða aðeins með þær fyrirspurnir sem hann á eftir að svara og var það af sérstökum ástæðum þar sem hæstv. ráðherra gerðist skyndilega hás. En nú mun hann hafa náð svo röddinni að hann treystir sér til þess að svara hv. þm. (Gripið fram í.) Forseti mun því fara að dagskrá og taka næst fyrir 10. dagskrármálið.

Ráðstafanir til að sporna gegn ólæsi, ein umr.

Fsp. GunnS, 383. mál. — Þskj. 677.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég vissi ekki um að þær voru ástæður að dagskrá hefði verið breytt, en ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. sem hljóðar svo:

„Eru í undirbúningi sérstakar ráðstafanir til þess að sporna gegn vaxandi ólæsi á meðal barna og unglinga og í hverju yrðu slíkar ráðstafanir fólgnar?"

Ég held að flestir séu sammála um að ólæsi á meðal barna og unglinga fari vaxandi. Um það má m.a. lesa í greinum fræðimanna að þeir hafi áhyggjur af að svo sé og það komi m.a. fram í minnkandi bókhneigð ungmenna. Það er ekki gott ef sú er þróunin af annars ágætu skólakerfi að ólæsi sé vaxandi á meðal barna og unglinga. Nú veit ég vel að skólakerfið ber ekki eitt og sér ábyrgð á lestrarkunnáttu barna og unglinga. Þvert á móti. Heimilin bera þar mjög mikla ábyrgð líka og ekki minni en skólakerfið sjálft.

Ég tel því mjög brýnt að þetta mál sé tekið upp á Alþingi og að hæstv. ráðherra megi um það segja og svara hvort einhverjar ráðstafanir séu annaðhvort hafnar eða verið að undirbúa ráðstafanir sem sporni gegn þessum vaxandi vanda.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég hef átt í vandræðum með röddina undanfarnar vikur og þegar ég þarf að tala meira en venjulega lendi ég í enn meiri vanda. En við skulum sjá hvernig þetta tekst.

Lestrarmiðstöð Kennaraháskóla Íslands hóf starfsemi sína haustið 1992 og starfar á grundvelli laga um Kennaraháskólann. Hún starfar að hluta til skv. 3. gr. reglugerðar um sérkennslu, nr. 98/1990, og 31. gr. reglugerðar um framhaldsskóla, nr. 23/1991. Lestrarmiðstöðin er til húsa í Kennaraháskólanum.

Hlutverk lestrarmiðstöðvar Kennaraháskólans er í fyrsta lagi að þjóna nemendum á grunn- og framhaldsskólastigi víðs vegar um landið sem eiga við sérstaka lestrarerfiðleika að etja. Þessi þjónusta getur falist í greiningu og kennslu nemenda ásamt ráðgjöf og leiðbeiningum til kennara. Í öðru lagi að bjóða fullorðnu fólki með lestrarörðugleika greiningu, kennslu og ráðgjöf. Og í þriðja lagi að standa fyrir rannsóknum á læsi, lestri og lestrarkennslu eftir því sem aðstæður leyfa.

Við lestrarmiðstöðina starfar nú einn starfsmaður,

sérkennari, en annar starfsmaður verður ráðinn frá og með hausti 1993. Í vetur hefur forstöðumaður veitt nemendum í grunnskólum og framhaldsskólum, mest á höfuðborgarsvæðinu, ráðgjöf og kennslu en hefur ekki getað sinnt nærri öllum beiðnum sem hafa borist. Með haustinu verður væntanlega hægt að sinna betur aðstoð við fullorðna og auka greiningu, ráðgjöf og kennslu grunn- og framhaldsskólanemenda. Greiningarstöð ríkisins stundar enn fremur greiningu og ráðgjöf varðandi lestrarerfiðleika.

Árið 1989 stóð menntmrn. fyrir málræktarátaki þar sem m.a. var lögð áhersla á mál og máluppeldi barna, lestur o.fl. Árið 1990 stóð ráðuneytið fyrir ári læsis að frumkvæði Sameinuðu þjóðanna og UNESCO. Í því átaki var mikil áhersla lögð á mikilvægi læsis og reynt að ná til almennings með ýmsum ráðum, ekki síst foreldra og annarra fullorðinna auk skóla. Reynt var m.a. að virkja fjölmiðla til samstarfs. Margar greinar birtust í dagblöðum og tímaritum og einnig tóku margar útvarpsstöðvar vel við sér. Dreift var upplýsingum um læsi og gildi lestrar ásamt lestrarhvatningu til skóla, foreldra og félagasamtaka. Ráðuneytið gekkst fyrir fjölsóttri og þarfri ráðstefnu síðla árs 1990 undir heitinu „Lestrarörðugleikar í nútímasamfélagi" í samstarfi við samtök foreldra barna með leserfiðleika. Fyrirlestrarnir frá ráðstefnunni voru síðar gefnir út í bæklingi.

Önnur ráðstefna um lestrarörðugleika er nú í undirbúningi á vegum menntmrn. og verður hún haldin 27. mars nk. Ráðstefnan er ætluð íslenskukennurum í efri bekkjum grunnskólans, framhaldsskólans og námsráðgjöfum. Með henni er ætlunin að hjálpa kennurum að greina lestrarerfiðleika nemenda þegar þeir verða þeirra varir, hvort sem þeir eru litlir eða miklir, benda á leiðir og leiðbeina kennurum um hvað sé hægt að gera og hvert eigi að leita um aðstoð. Lestrarerfiðleikar hafa áhrif á allt nám nemenda og því er brýnt að bregðast við þeim strax og þeirra verður vart.

Ég held að með þessari upptalningu megi sjá að af ráðuneytisins hálfu hefur verið unnið vel að þessum málum. Ég nefndi hérna fimm þætti, málræktarátakið 1989, ár læsis 1990, ráðstefnu um lestrarörðugleika í nútímasamfélagi árið 1990, lestrarmiðstöð Kennaraháskólans, sem tók til starfa á sl. hausti, og svo þessa ráðstefnu sem er í undirbúningi og ég nefndi hér síðast.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það kemur sífellt betur og betur í ljós hversu alvarlegt vandamál ólæsi ungmenna og raunar fullorðinna líka er. Mig langar aðeins að benda á einn þátt þessa máls sem ekki hefur komið svo upp á yfirborðið núna. Það er að það eru a.m.k. tvær ólíkar ástæður fyrir því að ungmenni eiga erfitt með að læra að lesa. Önnur er félagsleg en hin er meira háð líkamlegum vanköntum. Ég vil undirstrika að í því þjóðfélagi sem býr ekki betur að börnum sínum og fjölskyldum landsins en raun ber vitni getum við ekki átt von á öðru en ólæsi í stórum stíl og það mun versna ef kjör fjölskyldna í landinu batna ekki.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil einnig benda á í framhaldi af þessari umræðu um að sporna gegn ólæsi að þær ákvarðanir að fækka kennslustundum í viðmiðunarstundaskrá, sem voru liður í niðurskurði í ríkisfjármálum og gert með samþykkt fjárlaga tvö ár í röð, hefur m.a. bitnað á íslenskukennslu. Það hefur verið staðfest í viðtölum við kennara og er alveg örugglega ein ástæða þess að ólæsi fer vaxandi.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin sem hann flutti hér. Í framhaldi af þeim tel ég afar brýnt núna að taka á þessu vandamáli og að það verði m.a. gert með því að fram fari nákvæm könnun á því hvernig ástandið er raunverulega í þessum efnum. Mér skilst að engin slík könnun hafi farið fram. Hvort hún er í undirbúningi veit ég ekki.

Í öðru lagi þarf að kanna það mjög gaumgæfilega hvaða ástæður kunna að liggja að baki vaxandi ólæsi og minnkandi bókhneigð barna og ungmenna. Þetta er eitt af okkar stærstu mennta- og félagsmálum. Hér hljóta mjög margir að koma að máli, ekki einvörðungu skólakerfið heldur heimilið líka og síðast en ekki síst sjónvarpið. Fræðimenn hafa t.d. haldið því fram að vaxandi sjónvarpsgláp dragi úr lestrarkunnáttu barna og unglinga. Þessar tvær fyrirspurnir, sem ég hef hér gert að umræðuefni, annars vegar sjónvarpshorfun barna og unglinga á laugardags- og sunnudagsmorgnum og hins vegar ólæsi á meðal barna og unglinga, kunna að vera tengdar í þessum efnum. Það er líka spurning hvort 30 millj. kr. sem varið er til þess að hafa ofan af fyrir börnum á laugardags- og sunnudagsmorgnum kynni að vera betur komið t.d. í gerð fræðsluefnis í sjónvarpi til þess að auðga skilning barna á því að þau þurfa að læra að lesa og líka að hjálpa börnum að gera það. Þetta held ég að sé nokkuð sem við ættum að hugleiða í stað þess að láta Stöð 2 og einkafyrirtækin í landinu eflast í áhrifum á uppeldis- og menntastefnunni almennt í landinu.

Stálvinnslan hf., ein umr.

Fsp. SvG, 391. mál. — Þskj. 685.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Um nokkurt skeið hefur verið veruleg óvissa varðandi rekstur og starfsemi Íslenska stálfélagsins. Fyrirtækið varð gjaldþrota. Þar mun vera um að ræða eitthvert stærsta gjaldþrot sem orðið hefur hér á landi. Fyrirtæki, sem kostaði um 2 milljarða kr., reyndist standa svo illa að það töpuðust langt til allir þeir peningar eða um 90% af þeim fjármunum. Það munu aðallega hafa verið erlendir bankar sem áttu kröfur í bú Íslenska stálfélagsins. Innlendir kröfuhafar voru aðallega Iðnþróunarsjóður og Búnaðarbankinn. Þegar það lá fyrir að fyrirtækið lagði niður störf var ljóst að það var mikil vá fyrir dyrum vegna þess að

þetta er mjög brýnt fyrirtæki. Þetta er í margföldum skilningi mikið þjóðþrifafyrirtæki.

Viðræður munu hafa farið í gang við Búnaðarbankann og Iðnþróunarsjóð. Mér er ekki kunnugt um hvernig þær standa nákvæmlega og beini spurningu til hæstv. ráðherra um það sérstaklega. En bæjarstjórn Hafnarfjarðar og verkalýðsfélögin í Hafnarfirði og Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík, hafa sýnt þessu máli mjög mikinn áhuga og ýtt á eftir því að starfsemi færi af stað að nýju undir hvaða nafni sem væri.

Mörgum sýnist að það hafi orðið óheppilegur drátt-ur á því að það fengist botn í málið, að starfsemin færi af stað á ný. Nú liggur það hins vegar fyrir að tætarinn var settur í gang í gær og vinnur á því hráefni sem kemur til verksmiðjunnar. Það eru milli 16 og 18 þús. tonn á ári hér á landi, hvorki meira né minna. Það er alveg ljóst að það er hægt að starfrækja þann hluta starfseminnar, þ.e. tætarann, án þess að annað komi til þó að auðvitað sé skynsamlegra að önnur starfsemi sé starfrækt líka.

Það er ekki ljóst hvað verður um starfsemina þarna að öðru leyti enn þá og þess vegna hef ég leyft mér að beina þessari fsp., sem hér er á dagskrá, virðulegi forseti, til hæstv. iðnrh.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda beinir hann þeirri spurningu til mín hvort ég hafi beitt mér fyrir því að stálbræðslan við Straumsvík í Hafnarfirði, sem var í eigu Íslenska stálfélagsins, taki til starfa á nýjan leik. Svarið við spurningunni er já.

Ég rifja upp að í mars 1991 beitti ég mér fyrir því að ósk stærsta íslenska hluthafans í Íslenska stálfélaginu að myndaður væri hópur með fulltrúum stálfélagsins, viðskiptabanka þess og ráðuneytisins til þess að fara yfir stöðu fyrirtækisins sem þá var að komast í greiðsluþrot. Ráðuneytið kostaði m.a. gerð rekstrar- og afkomuathugunar fyrir fyrirtækið á vegum þessa hóps. Það fór svo að sumarið 1991 tókst sænskum hluthöfum að fá aukið erlent lánsfé inn í þetta fyrirtæki. Því miður fór það svo í nóvember á því ári, 1991, að fyrirtækið varð gjaldþrota.

Allt frá þeim tíma hefur ráðuneytið reynt að stuðla að áframhaldandi rekstri þess. Að sjálfsögðu dvínaði sá áhugi ekki þótt félagið væri lýst gjaldþrota. Iðnrn. og markaðsskrifstofa þess og Landsvirkjunar lýstu sig reiðubúin til að aðstoða bústjóra þrotabúsins við leit að aðilum til að kaupa þrotabúið og hefja rekstur þess að nýju. Iðnrn. hefur verið í sambandi við bústjóra þrotabúsins allan þennan tíma og lánastofnanir og átti fundi með mörgum íslenskum og erlendum aðilum sem sýndu búinu áhuga og hefur veitt þeim aðstoð eftir því sem eðlilegt gat talist.

Í þessum viðræðum hefur jafnan verið lögð á það áhersla að rekstur verksmiðjunnar geti hafist sem fyrst. Ég nefni m.a. í þessu sambandi að sl. sumar fóru fram viðræður við forráðamenn bandarísks fyrirtækis St. Louis Cold-drawn um endurreisn verksmiðjunnar. Framkvæmdastjóri markaðskrifstofunnar fór m.a. í september sl. haust gagngert til fundar í höfuðstöðvum þessa fyrirtækis í St. Louis í Bandaríkjunum þar sem gerð var lokatilraun til að gera hugmyndir þessa fyrirtækis um endurreisn stálbræðslunnar að veruleika. Í þessum fundi tóku einnig þátt ýmsir aðilar sem að málinu höfðu komið. Framkvæmdastjórinn hafið þá heimild iðnrn., Landsvirkjunar og Hafnafjarðarbæjar til að bjóða fram ýmiss konar aðstoð ef það mætti verða til þess að reksturinn hæfist að nýju. Það tókst hins vegar ekki einkum af því að flutningskostnaður innan Bandaríkjanna virtist of hár til að hugmyndir hins bandarísku fyrirtækis gætu orðið að veruleika.

Eins og kom fram í máli fyrirspyrjanda eignuðust Búnaðarbanki Íslands og Iðnþróunarsjóður eignir þrotabúsins á uppboði í lok október sl. Eignirnar hafa síðan verið auglýstar til sölu. Tilboð hafa borist frá tveimur innlendum aðilum auk þess sem nokkrir erlendir aðilar hafa spurst fyrir um verksmiðjuna með niðurrif hennar í huga. Þá hefur, eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda, Hafnarfjarðarbær og nokkur verkalýðsfélög sýnt því mikinn áhuga að reksturinn geti hafist á ný og verið tilbúin til að leggja nokkurt fé í þennan rekstur.

Ég vil taka það fram að um þessar mundir er til athugunar hjá eigendum þrotabúsins bæði tilboð og rekstraráform annars íslenska aðilans sem hefur boðið í verksmiðjuna og er niðurstöðu að vænta innan skamms í þeim samningaumleitunum. Reyndar er aðallega beðið álits sérfræðings í stáliðnaði á tæknilegum búnaði og ástandi verksmiðjunnar og mati á kostnaði við að gera hana starfhæfa að nýju.

Verði það niðurstaða þessa sérfræðimats að ástandið sé í samræmi við forsendur tilboðsgjafa má ætla að af kaupunum geti orðið. Reyndar er mikilvægt að taka fram að það þarf umtalsverða fjármuni til að gera verksmiðjuna starfhæfa og tryggja henni nauðsynlegt rekstrarfé. Hins vegar er líklegt að kaupverð hennar í þessum viðskiptum verði aðeins lítið brot af upphaflegum fjárfestingarkostnaði. Þess vegna ættu að vera betri forsendur en ella fyrir hennar rekstri. Niðurstöðu í þessum viðræðum er að vænta á næstu dögum.

Ég hef átt viðræður við málsaðilana og vil benda á að lokum að það hefur verið tekið á móti brotajárni þrátt fyrir gjaldþrot fyrirtækisins, bæði á vegum þrotabúsins og seinna á vegum nýju eigendanna sem eru Búnaðarbankinn og Iðnþróunarsjóður. Brotajárnstætarinn var ekki hluti af eigum þrotabúsins þar sem hann var á kaupleigu. Hann hefur hins vegar verið seldur á kaupleigu að nýju einum af áhugaaðilunum. Kaupleigutakinn hefur keypt allt það brotajárn sem hefur verið safnað og á föstudag í síðustu viku eignaðist hann svo á uppboði það sem eftir var af brotajárnshaugnum í eigu annarra. Undanfarnar vikur hefur verið unnið að því að gera tætarann starfhæfan að nýju og reksturinn hófst í gær eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda. Þeim rekstri einum fylgja allmörg störf, ellefu væntanlega.

Ég vona að með þessu sé stigið nokkurt skref til þess að koma rekstri bræðslunnar af stað að nýju og vil taka það fram að ég hef undanfarna daga átt viðræð-

ur við eigendur verksmiðjunnar og áhugaaðila um rekstur hennar og vona að það finnist fjárhagsgrundvöllur fyrir rekstrinum því auk atvinnunnar sem honum fylgir er auðvitað mikilvægt umhverfisins vegna að það verði unnið á þessum stóra haug af brotajárni.

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þann áhuga sem hann sýnir þessu máli. Það er hins vegar ekki örgrannt um að mér finnist hann ætlast til of mikils af hæstv. iðnrh. og iðnrn. því að þetta mál snýr fyrst og fremst að bönkum og öðrum lánastofnunum sem eiga kröfur í búið. Það er hins vegar ekki óeðlilegt að það hafi verið leitað til þingmanna kjördæmisins um aðstoð við að koma þessum rekstri af stað aftur. M.a. hefur verið leitað til mín og ég hef haft ánægju af að leggja málinu lið, m.a. í samskiptum við bankana. Mér sýnist að nú séu mál komin í þann farveg að allir viðkomandi aðilar eigi að geta að lokum unað við góða niðurstöðu og vonast ég til þess að við fáum stuðning bæði fyrirspyrjanda, ráðherra og annarra þingmanna til þess að svo muni örugglega verða.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin sem ég tel að hafi verið skýr og í sjálfu sér ekki neinu við þau að bæta. Hér er um að ræða ein 30–40 atvinnutækifæri og það munar um minna við þær aðstæður sem nú eru uppi. Hér er auðvitað um að ræða mjög sérkennilega sögu sem væri fróðlegt að fara yfir síðar við tækifæri þar sem um er að ræða 2.000 millj. kr. fyrirtæki sem endar kannski með því að verða selt á innan við 100 millj. kr. Það er hins vegar ekki verkefni þessa fyrirspurnatíma að fjalla um það.

Varðandi það hvort ég hafi gert of miklar kröfur til iðnrn. má það kannski til sanns vegar færa. Hins vegar eru hæg heimatökin fyrir hæstv. iðnrh. þar sem er sú staðreynd að hann fer einnig með viðskrn. Viðskrn. fer með málefni bankanna þar á meðal Búnaðarbankans. Auðvitað reynir á Búnaðarbankann í þessu máli. Þess vegna vilja menn hafa þjóðbanka hér að þeir skilji heildarhagsmuni þjóðarinnar.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegur forseti. Eins og fram hefur komið í umærðunum um þessa fsp. hefur flest það verið gert af opinberri hálfu sem eðlilegt getur talist til þess að tryggja endurreisn þessa rekstrar á vitrænum fjárhagslegum grundvelli. Eins og fram hefur komið bind ég vonir við að það takist. Ég vil taka það sérstaklega fram að lánastofnanirnar, sem þarna eiga hlut að máli og hafa kannski nokkuð óvænt eignast þetta fyrirtæki fyrir lítið brot af fjárfestingakostnaðinum, Búnaðarbankinn og Iðnþróunarsjóður, hafa sýnt á því góðan vilja að finna þarna skynsamlega lausn um leið og þær gæta að sjálfsögðu hagsmuna sinna stofnana.

Stálvinnslan hf., ein umr.

Fsp. SvG, 392. mál. — Þskj. 686.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegur forseti. Um nokkurra áratuga skeið var það svo hér á landi að eitt fyrirtæki hafði það verkefni aðallega að safna saman brotajárni. Það var fyrirtækið Sindri hf. í Reykjavík. Fyrirtækið hafði aðstöðu til þess að tæta járnið og síðan var það flutt út þannig en var ekki brætt eða unnið frekar hér á landi. Þegar undirbúningur hófst að stofnun stálfélagsins á sínum tíma varð niðurstaðan sú að það má segja að stálfélagið hafi yfirtekið þessa starfsemi. Ákvörðunin um það var í raun og veru tekin eftir að samningar höfðu náðst við fyrirtækið Sorpu hér í Reykjavík sem hefur gegnt mjög þýðingarmiklu hlutverki í umhverfismálum í byggðarlaginu.

Þegar fyrirtækið fór af stað á sínum tíma kom m.a. hæstv. þáv. umhvrh. við sögu með formlegum hætti við það að fyrirtækið fór af stað. Það varð auðvitað til að undirstrika að þetta er ekki eingöngu og ekki fyrst og fremst atvinnufyrirtæki heldur er þetta umhverfisvænt fyrirtæki. Það leiðir hugann að því að það þarf, eins og kostur er, að huga að stefnu í atvinnumálum þar sem saman fer annars vegar umhverfisstefna og hins vegar atvinnustefna. Það er hægt að nefna mýmörg dæmi um það að þessir þættir geta farið fjarska vel saman þó svo mönnum hætti við að líta á atvinnurekstur og umhverfisvernd sem andstæður hvors annars með beinum hætti.

Af þessum ástæðum er það, virðulegur forseti, sem ég hef beint þessari fsp. til hæstv. umhvrh. Það háttar þannig til að hér munu falla til á ári um 16–18 þús. tonn af brotajárni. Núna liggur í umsjá þrotabúsins til skamms tíma um 30.000 tonna haugur sem verður unnið úr á næstunni. Það er því nauðsynlegt af umhverfisástæðum að þetta fyrirtæki verði starfrækt. Þess vegna fannst mér ástæða til að spyrja hæstv. umhvrh. að því hvort hann hefði haft afskipti af því sem ráðherra að reyna að knýja á um það að starfsemi þessa fyrirtækis héldi áfram með sem bestum hætti.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegur forseti. Í þessari fsp. frá hv. þm. Svavari Gestssyni er talað um fyrirtækið Stálvinnsluna hf. Það hefur hins vegar komið fram að hann á við það fyrirtæki sem Íslenska stálfélagið hf. rak á sínum tíma í hrauninu við Hafnarfjörð.

Umhvrn. hefur ekki beitt sér með sérstökum aðgerðum gagnvart málsaðilum í þessu tilviki til að hafa áhrif á það að verksmiðjan taki á ný til starfa, enda samrýmist það tæplega verkefnum ráðuneytisins og langtímastefnumótun varðandi þróun endurvinnslu að hafa bein afskipti af rekstri einstakra fyrirtækja. Hins vegar hefur ráðuneytið að sjálfsögðu fylgst með þeim viðræðum sem iðnrn. hefur átt við ábyrgðaraðila þrotabúsins og aðra áhugaaðila um framtíðarrekstur og framtíðarhorfur þessa fyrirtækis hér á landi.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að auka endur-

vinnslu og endurnýtingu úrgangs en framkvæmd þeirrar stefnu verður hins vegar ekki best tryggð til langframa með sértækum aðgerðum fyrir einstök fyrirtæki heldur fyrst og fremst með almennum aðgerðum sem skapa þessu starfi framtíðargrundvöll. Notkun skilagjalda og eftir ástæðum umhverfisgjalda sem taka mið af þeim kostnaði sem er óhjákvæmilegur til að koma í veg fyrir óviðunandi förgun úrgangs er meðal úrræða sem umhvrn. hefur verið að skoða til að leggja hér grunn að vaxandi endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs.

Í þessu sambandi tek ég fram að nú er til meðferðar hjá þingflokkum ríkisstjórnarinnar frv. til laga um meðferð brotamálma og skilagjald af ökutækjum sem ég hyggst leggja fram hér á hinu háa Alþingi, vonandi innan skamms. Frv. þetta hefur þau meginmarkmið að tryggja skipulega söfnun brotamálma um land allt og að brotamálmar verði endurunnir með einum eða öðrum hætti. Verði það frv. að lögum má fullyrða að það muni valda straumhvörfum í söfnun og endurvinnslu brotamálma hér á landi.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir svörin. Út af fyrir sig er ekki margt um þau að segja á þessu stigi málsins í fyrirspurnatíma nema það að mér fannst glitta í ákveðnar kreddur í viðhorfum til stefnumótunar í atvinnu- og umhverfismálum. Hann hafnaði sértækum aðgerðum. Út af fyrir sig er gott að komast hjá sértækum aðgerðum eins og kostur er. Væri það að setja þetta fyrirtæki af stað sértækar aðgerðir t.d.? Mitt svar er nei. Þessi starfsemi, þ.e. að safna saman brotajárninu og að tæta það og bræða síðan og flytja það út sem verðmæti, eru almennar þjóðþrifaaðgerðir. Það flokkast ekki undir sértækar aðgerðir að neinu leyti. Hér er sem sagt ekki um það að ræða að menn séu fyrst og fremst að horfa á stuðning við einstakt fyrirtæki þegar menn eru að skoða þetta frá umhverfissjónarmiði. Menn eru að tala um að landið sé allt sem hreinast og það sé sem skynsamlegast tekið á umhverfisstefnumótun yfirleitt bæði í orði og verki. Ég held að þessi orð umhvrh., án þess að ég vilji vera að ræða þau neitt ítarlega hér, gefi tilefni til þess að Alþingi velti því rækilega fyrir sér þó síðar verði svo og stjórnvöld hvernig best er unnt að samtengja stefnumótun í umhverfismálum og atvinnumálum þannig að það sem gert er í umhverfismálum verði atvinnuskapandi, ekki aðeins varðandi þetta fyrirtæki heldur fjölmörg önnur.

Skuldastaða heimilanna, ein umr.

Fsp. ÞBern, 404. mál. — Þskj. 698.

Fyrirspyrjandi (Þuríður Bernódusdóttir):

Virðulegi forseti. Samkvæmt opinberum upplýsingum hafa skuldir heimilanna aukist úr 101 milljarði kr. 1989 í 236 milljarða kr. í upphafi þessa árs. Aukningin er hvorki meiri né minni en 2,1 millj. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu. Spyrja má hvort hagsmunum heimilanna hafi verið fórnað á síðustu árum og kannski ekki síst í ráðherratíð hæstv. núv. félmrh. Ríkisstjórnin jók enn á vanda heimilanna með skattastefnu sinni í vetur. Það var dæmalaust því fyrir liggur að á tíu ára tímabili höfðu skuldir heimilanna aukist um 135% en skuldir fyrirtækjanna aðeins um 1%. Samt voru skattar stórgróðafyrirtækjanna færðir yfir á herðar fjölskyldnanna í vetur.

Seðlabanki Íslands sendi frá sér varnaðarorð og telur það varhugaverða þróun að hreinn sparnaður heimilanna hefur reynst neikvæður um 15 milljarða kr. á ári í tíð núv. ríkisstjórnar. Þ.e. skuldir heimilanna hafa aukist árlega 15 milljörðum kr. meira en þau hafa sparað.

Á árunum 1986–1990 virðast lántökur og sparnaður heimilanna hafa staðið nokkurn veginn í stað. Síðan hefur skuldaaukningin tekið verulegt stökk. Í þessari úttekt segir Seðlabankinn svo, með leyfi forseta:

„Hér er vissulega um varhugaverða þróun að ræða sem nauðsynlegt er að greina betur en gert hefur verið til þessa. Líklegt er að samhengi hreins fjársparnaðar heimilanna og aðgerða ríkisins á sviði skattamála og húsnæðismála skipti þarna miklu máli."

Í sjónvarpsfréttum sl. þriðjudagskvöld var greint frá umtalsverðri fjölgun gjaldþrotabeiðna hjá einstaklingum vegna vangreiddra opinberra gjalda. Þar er enn ein vísbending um stöðu heimilanna og sýnir þær þrengingar sem yfir þau ganga núna.

Heimilin eru hornsteinn hvers þjóðfélags. Þau leggja til verulegan hluta þess sparnaðar sem nýttur er til fjárfestingar fyrirtækja og opinberra aðila. En nú blasir alvarleg staða við. Sparnaður heimilanna er hruninn og heimilin sokkin í skuldir. Því spyr ég hætsv. félmrh. á þskj. 698:

„Hvernig hyggst ríkisstjórnin bregðast við hinni ógnvænlegu skuldastöðu heimilanna í landinu?"

Atvinnuleysi brýtur niður viðnámsþrótt einstaklinga, sundrar fjölskyldum og molar hornstein þjóðfélagsins. Slíkt er nægjanlegt böl þótt ekki komi til fjöldagjaldþrot heimilanna í landinu.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Upplýsingar frá Húsnæðisstofnun ríkisins gefa til kynna að enn þá hefur ekki borið mjög á lakari skilum á lánum úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna. Miðað við gjalddaga lána í febrúar sl. voru skilin 2% lakari nú en fyrir ári síðan. Um 63% afborganna höfðu skilað sér í febrúarlok samanborið við 65% í fyrra.

Samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er húsnæðismálastjórn heimilt að fresta greiðslum hjá einstökum lánþegum Byggingarsjóðs verkamanna ef greiðslubyrði afborgana vaxta og verðbóta fer yfir tiltekið hlutfall af heildartekjum greiðanda. Hjá Byggingarsjóði ríkisins og húsbréfadeild eru engar heimildir til að fresta greiðslum eða bæta við þegar veitt lán.

Ekki verður séð að tillögur aðila vinnumarkaðarins um að lækka hámarksfjárhæð í húsbréfakerfinu um 1 millj. kr. dragi úr líkum á greiðsluvanda.

Rétt er að undirstrika mikilvægi þess að nú er greiðslumat forsenda fyrir allri fyrirgreiðslu í húsnæðiskerfinu og það hefur eflaust mikið að segja miðað við stöðuna í dag. Frá því á árinu 1983 til ársloka 1991 hafa verið í gangi aðgerðir til að leysa greiðsluvanda íbúðareigenda. Á tímabilinu 1985–1991 voru veitt lán vegna greiðsluerfiðleika og húsbréfafyrirgreiðslu fyrir um 5,5 milljarða kr. á verðlagi 1991. Mesti vandi íbúðareigenda á hverjum tíma hefur verið að standa undir skammtímalánum hjá bönkum og sparisjóðum.

Ég tel að nauðsynlegt sé að gera úttekt á umfangi og eðli greiðsluvanda heimilanna. Nú er í undirbúningi á vegum félmrn., fjmrn. og viðskrn. athugun á stöðu þessara mála. Ef gripið verður til aðgerða er mikilvægt að þær verði samræmdar með bönkum og lífeyrissjóðum. Þegar athugaðar eru skuldir heimilanna er ljóst að rúmlega helmingur eru lán frá opinberu íbúðalánasjóðunum. Eðli málsins samkvæmt hefur hlutverk þeirra aukist á undanförnum árum vegna þess að verið er að færa íbúðafjárfestingu í einn farveg hjá hinu opinbera og hverfa frá dýrum skammtímalánum hjá bönkum. Um leið og opinberu íbúðalánin hafa aukist hefur dregið úr lánveitingum lífeyrissjóða til sjóðfélaga. Þannig voru lán til sjóðfélaga 11,9% af heildarráðstöfun fjármagns lífeyrissjóðanna árið 1991 samanborið við 14% 1989. Einnig hefur dregið úr lánum banka og sparisjóða til einstaklinga vegna íbúðarkaupa og húsbygginga.

Árleg útlánaaukning innlánsstofnana vegna íbúðalána var um 1,1 milljarður á árinu 1991 samanborið við 4,3 milljarða á árinu 1989. Þessi þróun sést einnig vel þegar borin eru saman árin 1991 og 1992. Þá kemur í ljós að útlánaaukning vegna íbúðalána einstaklinga var 800 millj. milli 1991 og 1992 samanborið við rúma 4 milljarða 1989. Hins vegar varð aukning á þessum tímabili um 4,5 milljarða lán til einstaklinga vegna annarra þarfa.

Af því sem ég hef sagt sést vel á þessum tölum hvaða áhrif húsbréfakerfið hefur haft til þess að draga úr dýrum skammtímalánum í bönkum sem fyrst og fremst hafa leitt til greiðsluvanda heimilanna. Með hliðsjón af þessu og að nú fer fram greiðslumat hjá öllum ættu forsendur í slæmu árferði að vera betri en ella. Ljóst er þó að vegna atvinnuástandsins og minni yfirvinnu hafa vanskil fólks aukist og er þar einkum um að ræða í bankakerfinu. Ég tel því mjög mikilvægt að kannað verði hvernig vanskil hafa þróast hjá bönkum, lífeyrissjóðum og byggingarlánasjóðnum. Athuga þarf sérstaklega hvort íbúðum hefur fjölgað sem fara á nauðungarsölu. Jafnframt þarf að skoða vanskil fólks hjá byggingarlánasjóðum og bönkum með tilliti til búsetu og hve margar íbúðir Húsnæðisstofnun hefur leyst til sín af þessum sökum. Þessi atriði eru nú í skoðun og í framhaldi af því mun ég taka þetta mál til nánari umfjöllunar milli mín, fjmrh. og viðskrh. og væntanlega í framhaldi af því í ríkisstjórn.

Hrafnkell A. Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Sívaxandi skuldasöfnun heimila í landinu hjá venjulegu alþýðufólki er að ég hygg að verða að þjóðarharmleik. Við sem vinnum við þessi mál verðum í auknum mæli vör við að skuldasöfnunin er að leiða til eignamissis og upplausnar í fjölskyldum. Það er kannski ekki talað eins mikið um það og erfiðleika í atvinnulífi en ég hygg að afleiðingarnar séu á margan hátt alvarlegri og brýnna að taka á þeim málum heldur en því að leysa tilfallandi gjaldþrot hjá fyrirtækjum þó að þetta haldist nú gjarnan í hendur, erfiðleikar atvinnulífsins og erfiðleikar heimilanna í landinu. Ég treysti hæstv. ráðherra til þess að hafa forgöngu fyrir því að gripið verði til raunverulegra aðgerða til þess að leysa þessi alvarlegu mál sem sívaxandi skuldasöfnun heimilanna í landinu er að verða.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að ég varð dálítið hissa á svörum hæstv. ráðherra vegna þess að ég hélt að hér hefði verið spurt almennt um skuldastöðu heimilanna í landinu en ekki einungis um skuldasöfnun vegna húsnæðiskaupa hvort sem um er að ræða í verkamannakerfinu, félagslega kerfinu eða almenna kerfinu. Skuldastaðan nær langt, langt út fyrir það og hún hefur stórversnað á síðasta ári í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það eru afleiðingar þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin hefur farið í á síðasta ári. Þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. ráðherra allra að ráðstafanirnar bitni alls ekki á þeim verst settu, þá hefur útkoman orðið sú að fátækt hefur stóraukist hér. Fjöldi þeirra sem eru núna að missa heimili sín, ráða ekki við eðlileg útgjöld heimila í hverjum mánuði, hefur stórvaxið og skólafólk hefur staðfest það, starfsmenn skólanna, að sívaxandi fátækt kemur fram í starfi skólanna. Börnin hafa ekki mat með sér, koma svöng í skólann og þetta er vandamál sem við getum ekki horft fram hjá. Ég vil endilega heyra það frá hæstv. ráðherra hvort hann ætlar ekki að hugsa aðeins til þessa.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Þessi fsp. hljóðar svo: „Hvernig hyggst ríkisstjórnin bregðast við hinni ógnvænlegu skuldastöðu heimilanna í landinu?“ Og henni er beint til hæstv. félmrh. Ég verð nú að inna hv. fyrirspyrjanda eftir því hvernig í ósköpunum stendur á því fyrst hér er verið að spyrja um mál sem varðar stefnu ríkisstjórnarinnar, að henni er ekki beint til forsrh.

En það er rétt að það komi fram, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir aðgerðum einmitt til þess að draga úr vaxandi skuldasöfnum heimilanna. Það er alveg ljóst að skuldastaðan hefur aukist vegna þess að atvinnustigið hefur versnað í landinu. Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir aðgerðum til þess að treysta atvinnustigið í landinu og þar með til þess að draga úr þessari þróun. Ríkisstjórnin hefur líka beitt sér fyrir aðgerðum til þess að ná tökum á ríkisfjármálunum. Það er að leiða til þess núna að senn verður hægt

að lækka vexti og vaxtalækkun hefur þegar hafist. (Gripið fram í.) Og við væntum þess, hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, að hún verði enn meiri. Það er þetta sem ríkisstjórnin hefur gert til þess að draga úr þessu.

Varðandi síðan það, virðulegi forseti, að þessi ríkisstjórn hafi tekið skatta af stórgróðafyrirtækjum og fært yfir á fólkið í landinu vil ég segja eftirfarandi: Hverjir voru það sem byrjuðu fyrst með það? Hverjir voru það sem komu fram með hugmyndir um það? Var það ekki forusta verkalýðshreyfingarinnar? Var ekki tekið undir það af forustumönnum stjórnarandstöðuflokkanna? Ég man ekki betur. Ég vek athygli á því að eitt af því sem væri hægt til þess að létta heimilunum róðurinn væri að bankarnir beittu sér fyrir lánalengingum og ég verð því að segja það að ég varð fyrir miklum vonbrigðum þegar verkalýðsforustan kom fram með sína kröfugerð og gerði þetta ekki að mikilvægu atriði í henni.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þegar þessi tímabæra umræða fer fram um alvarlega skuldastöðu heimilanna sem fyllilega er ástæða til þess að vekja athygli á, þá verðum við samt sem áður að hafa það í huga að á sama tíma hefur líka orðið mikil eignamyndun í þjóðfélaginu. (Gripið fram í.) Fjárfesting í íbúðarhúsnæði almennings hefur aukist gríðarlega mikið. Þetta verðum við auðvitað að hafa í huga. Það hins vegar breytir því í sjálfu sér ekki sem er aðalatriði, og ég hygg aðalástæða fyrir því að hv. fyrirspyrjandi leggur fram þessa fsp., að skuldastaða heimilanna er jafnalvarleg fyrir vikið. Þær upplýsingar að heildarskuldir heimilanna í landinu nemi núna 250 milljörðum kr. segja okkur einfaldlega að það sem mestu máli mun skipta núna í þessum kjarasamningum og í framtíðinni er það hvort það takist að lækka vextina í landinu. Ég vek athygli á því að 3% raunvaxtalækkun eins og er hin skynsamlega og eðlilega og sjálfsagða krafa sem uppi er m.a. frá talsmönnum atvinnulífsins mun þýða 7,5 milljarða tilfærslu til heimilanna í landinu. Og þess vegna skiptir það öllu að okkur takist að varðveita hér þann stöðugleika sem við höfum verið að skapa og mynda þannig svigrúm til þessarar nauðsynlegu vaxtalækkunar til að koma þannig til móts við hin skuldsettu heimili í landinu.

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli því að hér er svo sannarlega um áhyggjuefni að ræða. Það er náttúrlega fyrst til að taka að atvinnuleysi í landinu fer hraðvaxandi og fólk á góðum starfsaldri með miklar skuldir og skuldbindingar verður atvinnulaust og hefur engar tekjur nema atvinnuleysisbætur. Þetta er hin ískyggilega staða og þetta er það sem ríkisstjórnin hefur horft upp á í tvö ár, þessa þróun, og það er þetta sem aðilar vinnumarkaðarins sjá og eru að reyna að hysja upp um ríkisstjórnina þessa dagana með tillögum. En allar tillögur varðandi þetta mál fram að þessu hafa einkennst af miklu fáti og fumi og ráðleysi. Eitt er ákveðið í dag og dregið til baka á morgun. Það er þetta sem er alvarleg staða í þessu hvað svo sem hv. stjórnarliðar segja í sínum athugasemdum.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Svör hæstv. félmrh. vöktu undrun, vonbrigði og reiði vegna þess að hæstv. félmrh. er ekki að svara spurningunni, heldur aðeins hluta spurningarinnar. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson var undrandi á því að hæstv. félmrh. væri spurður. Er það ekki rétt skilið hjá mér að hæstv. félmrh. sé ráðherra atvinnumála í landinu og heldur hv. þm. virkilega að það haldist ekki í hendur atvinnuástandið og fjárhagsstaða heimilanna? Það er ekki hægt að taka þetta tvennt úr samhengi.

Um leið og vinnan minnkar hjá fólki, þá eykst kostnaður í allri almennri þjónustu. Hvað hefur hækkunin orðið mikil í heilbrigðisþjónustunni? Hún hefur komið mörgum heimilum afar illa. Það eru ekki bara húsnæðismálin, hæstv. félmrh. Það eru allir þeir miklu skattar og álögur sem verið verið að leggja á heimilin í landinu sem verður að líta á líka.

Fyrirspyrjandi (Þuríður Bernódusdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Því miður verð ég að segja að svar hæstv. ráðherra olli mér miklum vonbrigðum, ekki síst fyrir það að engin viðbrögð virðast hafa orðið hjá ríkisstjórninni þrátt fyrir að þær upplýsingar sem ég reifaði áðan hafi legið fyrir um langt skeið. Unga fólkið er mjög skuldsett og ekki sér fram úr skuldabyrðinni.

Árið 1991 jukust húsbréfalán, urðu það ár 16 milljarðar kr. Þá verða afföll á bilinu 15–24%. Hefur hæstv. félmrh. velt þeim vanda fyrir sér að sumt af þessu fólki greiðir nú af 4 millj. kr. láni en fékk aldrei nema 3 millj. kr. í hendurnar? Afföllin hirtu 1 millj. kr. vegna þess að vaxtakrafan var það há og útgáfan mikil. Ég spyr hæstv. félmrh.: Hefur þessi staða verið rædd í félmrn. og ríkisstjórninni? Ríkisstjórnin getur greitt fyrir kjarasamningum og komið í veg fyrir átök á vinnumarkaði. Hún getur einnig komið með úrræði til að stemma stigu við atvinnuleysi ef vilji væri fyrir hendi. Forseti ASÍ hefur bent á að hér verði að marka vaxtastefnu sem sé hliðholl ungu fólki og atvinnulífinu og sagði að lífeyrissjóðirnir hefðu gengið of langt í vaxtatöku síðustu ár. Heimilin stæðu öðruvísi ef ríkisstjórnin drægi til baka verstu skattálögurnar frá því í vetur. Skattleysismörk þurfa að hækka. Ég nefni vaxtabætur sem skertar voru um 400 millj. kr. og ráða miklu um það hvort fólk getur staðið í skilum. Ég nefni mikilvæga niðurgreiðslur á tannlæknakostnaði barna svo að ekki sé nú talað um þann niðurskurð sem hæstv. heilbrrh. hefur staðið að.

Margt er hægt að gera til að greiða úr vanda heimilanna og fjölskyldnanna en fyrst er að setja sér markmið og skilja að hér er um þjóðfélagslegan vanda að ræða sem getur orðið óleysanlegur ef ekki er brugðist strax við. Þann skilning skortir algerlega hjá þessari ríkisstjórn.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. ætla mér mikið að koma hér með úrlausnir um það hvernig eigi að bregðast við skuldastöðu heimilanna og rekja þetta til félmrn. og þeirra málaflokka sem þar er farið með, atvinnumálin, húsnæðismálin o.fl. Það er nú einu sinni svo að skuldastaða heimilanna og skuldavandi heimilanna á sér miklu lengri sögu heldur en í tíð þesarar ríkisstjórnar. Ég minnist þess þegar ég átti sæti í síðustu ríkisstjórn að þá var oft og iðulega rætt um skuldavanda heimilanna og erfiðleika í framfærslu heimilanna þannig að það var alveg eins í tíð síðustu ríkisstjórnar sem verið var að tala um framfærsluerfiðleika heimilanna og varð ég ekkert vör við þá að páv. stjórnarflokkar ættu eitthvað betri úrræði til þess að leysa þann vanda heldur en núv. ríkisstjórn. Það sem hefur gerst núna á þessum undanförnu tveimur árum er að atvinnuleysi hefur aukist og það kemur auðvitað fram í erfiðleikum í framfærslu heimilanna. Það er ljóst að vandamálið, sem við höfum búið við í langan tíma og aldrei hefur tekist að leysa, eru þessi lágmarkslaun sem fólk þarf að búa við í landinu og sem duga ekki fyrir framfærslu.

Varðandi það sem fyrirspyrjandi nefndi um húsbréfalánin. Mér fannst á orðum hennar að hún væri að kenna þeim um vaxandi skuldastöðu heimilanna. Ég held að hv. þm. verði að horfa á málin í nokkuð víðara samhengi. Ég sagði það áðan að útlán í bönkum hafi dregist verulega saman frá því að húsbréfakerfið var tekið upp eða úr 4 milljörðum niður í 800 millj. kr. Með húsbréfakerfinu hefur því verið komið í veg fyrir þau dýru skammtímalán sem fólk átti í erfiðleikum með að greiða og ollu oft greiðsluvanda heimilanna og leiddi til gjaldþrots þeirra. Ég held að ef menn skoða það mál af sanngirni vildi enginn skipta og taka upp það kerfi sem menn bjuggu áður við í húsnæðismálum. Ég vil líka minna á það af því að verið er að tala um erfiðleika heimilanna og skuldastöðu að kaupmáttur heimilanna var mjög lágur t.d. 1989. Þá var gripið til aðgerða sem leiddu til þess að kaupmáttur rýrnaði um 7–8%. Kaupmáttarrýrnunin er þó ekki meiri en 4–5% núna sem er vissulega allt of mikið. En við höfum séð þessa stöðu áður og líka í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og ekki voru þá til lausnir á þeim vanda sem um er spurt núna.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég get nú ekki orða bundist vegna seinni ræðu hæstv. félmrh. en fyrirspyrjandi kom í sinni síðari ræðu inn á mjög merkilegt atriði þar sem hún vakti athygli á því hér í þinginu að það er kominn nýr misvísunarhópur, fólkið sem tapaði einni millj. af fjórum út um gluggann vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar í vaxtamálum árið 1991. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. Hyggst hún skoða stöðu þessa fólks? Það tapaði einni milljón af fjórum og verður að bera hana næstu 25 árin eins og hv. fyrirspyrjandi spurði hér um. (**ÖS:** Hún ætlar að lækka vexti.) Það er mjög mikilvægt að lækka vexti og til þess er fullur vilji alls staðar nema hjá ríkisstjórninni. Hún hækkaði þá og stendur fast á því að gera ekki þær aðgerðir sem þarf til þess að þeir lækki. En það er verða dálítið einkennilegt eins og kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda, ef Seðlabankinn er nú orðinn stærra móðurhjarta heldur en allir ráðherrarnir hafa til að bera og þar með talinn hæstv. félmrh. sem ég hef nú haft fulla trú á. En ég tel mjög mikilvægt að hæstv. félmrh. standi við þau orð sem hún sagði hér í sinni ágætu ræðu í upphafi að skoða þessi mál af gaumgæfni.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Þessar umræður eru svolítið sérkennilegar. Veit hv. fyrirspyrjandi það ekki að Framsfl. var í stjórn í 20 ár samfellt? Er hv. fyrirspyrjandi ekki búinn að spyrja flokkssystkini sín að því, ef hún veit það ekki, hvort Framsfl. með aðild sinni að stjórn í 20 ár hafi skilað heimilunum skuldlausum að loknu því tímabili? Það væri fróðlegt ef fyrirspyrjandi mundi lesa fyrir okkur tölur um skuldsetningu heimilanna í lok þessa 20 ára stjórnartímabils. Ef Framsfl. hefði skilað góðu búi heimilanna, þá væri aldeilis ekki við þennan vanda að etja nú þó að það séu þrengingartímar vegna þess að Framsfl. beitti sér kannski frekar fyrir því en margur annar að þrengja að heimilunum með alls konar álögum á góðæristímum, meðan ríkisstjórnin nú er að verja heimilin á þrengingartímum.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér inn í þessa umræðu. En síðasta ræða var með þeim hætti að ég sé mér ekki annað fært en standa upp hér og benda honum á að á tíma núv. ríkisstjórnar hefur nú sigið ansi mikið á ógæfuhliðina. Þetta mundi hann finna ef hann væri ekki guði sé lof vel settur með peninga, bæði sem dúnbóndi, guðsmaður, hrossaræktandi og þar á ofan með aukastarf hérna í þinginu, þá finnst mér að hann tali af ótrúlegu miskunnarleysi um það fólk sem berst nú í bökkum í þjóðfélaginu og ætlar að kenna Framsfl. um það sem hefur skeð hér á síðustu tveimur árum.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Hv. 5. þm. Austurl. óskar að bera af sér sakir. Forseti vill biðja hann um að hefja sína ræðu með því að tilgreina hvað það var í ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. sem hann þarf að bera af sér.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það skal ég sannarlega gera. Mér þótti það afar óviðeigandi en kannski skiljanlegt að hv. þm. og mjög þingreyndur þingmaður skyldi þurfa að grípa til þess ráðs að verja sinn flokk og sjálfan sig með því að gera persónu mína að meginumtalsefni í ræðu sinni. Það er mjög skiljanlegt fyrir þá sem hafa vondan málstað að verja að gera persónu þess sem umræðu vekur á máli að aðalefni máls síns. Ég skil þetta og ég hef samúð með manni sem er í slíkum aðstæðum. Það veit hv. þm. að ég ræddi akkúrat ekkert um það fólk sem á í þeim vandræðum nú eins og áður, sem stendur undir skuldsetningu heimilanna um þess-

ar mundir. Það sem ég var að tala um var ábyrgð Framsfl. gagnvart þessu fólki í 20 ár. (**PP:** Á síðustu tveimur árum?) Mér er kunnugt um það jafn vel og hv. þm. Páli Péturssyni og öðrum hv. þm. hver skuldastaða heimilanna er og hvernig fólki líður. En mér er líka kunnugt um það hvað ríkisstjórnin er að reyna að gera við mjög þröngar aðstæður til þess að verja eins og kostur er fólk gagnvart skuldum sínum.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti verður að benda hv. þm. á að hún telur að hann hafi ekki verið að bera af sér sakir, þar sem það geti ekki verið saknæmt það sem hv. 1. þm. Norðurl. v. bar á þingmanninn en það er kannski spurning um hvort það var smekklegt.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ræða hv. 5. þm. Austurl., Gunnlaugs Stefánssonar, var nú alveg með endemum, ótrúleg þessi athugasemd hans hér áðan. Þegar hann er að tala um viðskilnað framsóknarmanna gagnvart því sem hér er verið að spyrja um, skuldum heimilanna. Hann hefur líklega ekki heyrt það sem kom fram, opinberar tölur hjá fyrirspyrjanda þegar hann hóf mál sitt hér áðan, þegar verið er að bera saman annars vegar skuldir upp á um 100 milljarða og hins vegar skuldir upp á 236 milljarða á tveimur árum. Heyrði hv. þm. þetta ekki eða hvað eiginlega var það sem hann var að tala um? (**PP:** Honum er vorkunn. Hann man ekki svo langt.) Og svo mætti kannski spyrja hann hvort hann haldi að sú stjórnarstefna sem nú er við lýði, hafi engin áhrif á atvinnustigið í landinu, hvort það sé ekki kannski það sem hafi ráðið einhverju um hvað hér er að gerast. Og hvað með fyrsta efnahagsúrræði þessarar hæstv. ríkisstjórnar, að hækka vexti um þriðjung í landinu. Heldur hann líka að það hafi ekki haft nein áhrif á það sem hér er til umræðu?

Út af dagskrá var tekið 11. mál.

Fundi slitið kl. 1.33 miðdegis.

---

127. FUNDUR

fimmtudaginn 11. mars,
að loknum 126. fundi.

Dagskrá:

1. Útvarpslög, stjfrv., 305. mál, þskj. 474. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 390. mál, þskj. 684. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Þingmannanefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu 1992, skýrsla, 379. mál, þskj. 672. — Ein umr.
4. Evrópuráðsþingið, skýrsla, 396. mál, þskj. 690. — Ein umr.
5. Norður-Atlantshafsþingið 1992, skýrsla, 398. mál, þskj. 692. — Ein umr.
6. Alþjóðaþingmannasambandið, skýrsla, 403. mál, þskj. 697. — Ein umr.
7. Vestnorræna þingmannaráðið 1992, skýrsla, 378. mál, þskj. 671. — Ein umr.
8. Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1992, þáltill., 237. mál, þskj. 301. — Frh. fyrri umr.
9. Almannatryggingar, frv., 257. mál, þskj. 334. — 1. umr.
10. Almannatryggingar, frv., 268. mál, þskj. 359. — 1. umr.
11. Fræðslustörf um gigtsjúkdóma, þáltill., 225. mál, þskj. 273. — Fyrri umr.
12. Sóttvarnalög, stjfrv., 258. mál, þskj. 335. — 1. umr.
13. Vátryggingarstarfsemi, stjfrv., 350. mál, þskj. 629. — 1. umr.
14. Umhverfisskattar, þáltill. 331. mál, þskj. 603. — Fyrri umr.
15. Dýravernd, stjfrv., 389. mál, þskj. 683. — Frh. 1. umr.
16. Umhverfismál og upplýsingamiðlun, stjfrv., 42. mál, þskj. 43, nál. 401, brtt. 405. — 2. umr.
17. Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 302. mál, þskj. 471. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 11. mars 1993:

„Þar sem ég vegna aðkallandi starfa get ekki lengur setið á Alþingi í veikindaforföllum Kristínar Einarsdóttur, 15. þm. Reykv., fer ég fram á að Þórhildur Þorleifsdóttir, 3. varaþm. Samtaka um kvennalista í Reykv., taki sæti á Alþingi, en Guðný Guðbjörnsdóttir, 2. varaþm. listans getur ekki vegna sérstakra anna tekið sæti á Alþingi.

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti."

Undir þetta bréf ritar Guðrún J. Halldórsdóttir, 1. varaþm. Samtaka um kvennalista í Reykjavík.

Þá hefur borist eftirfarandi bréf, dags. 9. mars 1993:

„Vegna anna get ég undirrituð ekki tekið sæti á Alþingi í fjarveru Kristínar Einarsdóttur."

Undir það bréf ritar Guðný Guðbjörnsdóttir, Granaskjóli 19, Reykjavík.

Kjörbréf Þórhildar Þorleifsdóttur hefur áður verið rannsakað og hún hefur undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins og er nú boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Útbýting þingskjala:

Bótaréttur atvinnulausra í veikindum, 417. mál, fsp. ISG, þskj. 713.

Fasteignamat, 259. mál, svar fjmrh., þskj. 712.

Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, 421. mál, stjfrv., þskj. 717.

Heilbrigðisþjónusta, 422. mál, frv. AÓB o.fl., þskj. 718.

Heimili fyrir börn og ungmenni, 419. mál, fsp. ISG, þskj. 715.

Meðferð og eftirlit sjávarafurða, 420. mál, stjfrv., þskj. 716.

Skráning og bótaréttur atvinnulausra, 418. mál, fsp. ISG, þskj. 714.

Útvarpslög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 305. mál (EES-reglur). — Þskj. 474.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EGuðn, EKG, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HjálmJ, HG, HAJ, IBA, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, LMR, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, ÞÞ, ÖS.

28 þm. (ÁJ, DO, EH, EKJ, FI, FrS, GHH, GAK, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JGS, JónS, JVK, KSG, KHG, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SighB, SP, StG, StH, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EGuðn, EKG, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HjálmJ, HG, HAJ, IBA, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, LMR, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, ÞÞ, ÖS.

28 þm. (ÁJ, DO, EH, EKJ, FI, FrS, GHH, GAK, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JGS, JónS, JVK, KSG, KHG, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SighB, SP, StG, StH, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frh. 1. umr.

Stjfrv., 390. mál. — Þskj. 684.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EGuðn, EKG, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HjálmJ, HG, HAJ, IBA, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, LMR, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, ÞÞ, ÖS.

28 þm. (ÁJ, DO, EH, EKJ, FI, FrS, GHH, GAK, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JGS, JónS, JVK, KSG, KHG, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SighB, SP, StG, StH, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til umhvn. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EGuðn, EKG, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HjálmJ, HG, HAJ, IBA, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, LMR, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, ÞÞ, ÖS.

28 þm. (ÁJ, DO, EH, EKJ, FI, FrS, GHH, GAK, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JGS, JónS, JVK, KSG, KHG, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SighB, SP, StG, StH, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

Þingmannanefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu 1992, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA, 379. mál. — Þskj. 672.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Formaður sendinefndarinnar, hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, er utan þings sem stendur og varamaður situr fyrir hann þannig að hann er ekki í aðstöðu til þess að mæla fyrir þessari skýrslu og mun ég því segja nokkur orð í fjarveru hans. En Vilhjálmur Egilsson, hv. 5. þm. Norðurl. v., hefði að sjálfsögðu mælt fyrir þeirri skýrslu sem prentuð er á þskj. 672, þar sem greint er frá starfsemi Íslandsdeildar þingmannanefndar Fríverslunarsamtakanna. Vilhjálmur gegndi stöðu formanns þingmannanefndar EFTA fram í júní 1992 og þá hafði hann gegnt því embætti í eitt ár. Nú á hann sæti í forsætisnefnd þingmannanefndarinnar sem formaður sendinefndarinnar og fráfarandi formaður EFTA-þingmannanefndarinnar.

Hvert EFTA-ríki hefur mátt senda fimm aðalmenn og tvo áheyrnarfulltrúa á fundi þingmannanefndarinnar þótt Íslandsdeildin hafi ekki alla jafna nýtt þessa heimild til fulls. Á vegum þingmannanefndarinnar starfa þrír vinnuhópar auk dagskrárnefndar. Í vinnuhóp um fjármál situr Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og til vara Guðrún Helgadóttir, í vinnuhóp um landbúnað og sjávarútveg situr Eyjólfur Konráð Jónsson og til vara Páll Pétursson, í vinnuhóp um umhverfismál situr Páll Pétursson en til vara Össur Skarphéðinsson.

Umsvif og starfsemi á árinu báru merki þess aukna vægis sem þingmannanefnd EFTA hefur öðlast innan EFTA á undanförnum árum. Meginverkefni nefndarinnar á árinu 1992 var að fylgjast með framvindu mála varðandi samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og

vinna að undirbúningi að skipun þingmannanefndar EES í samvinnu við þingmenn Evrópuþingsins auk þess að treysta og auka samstarfið við þingmenn ríkja Mið- og Austur-Evrópu sem EFTA á samskipti við.

Ég mun, frú forseti, ekki fara mikið nánar út í það sem stendur á þessu þskj. þar sem greint er frá starfsemi hinna einstöku nefnda en vil láta það koma fram að ég tel að formaður sendinefndarinnar, hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, hafi sinnt formennskunni af dugnaði og mikilli ábyrgðartilfinningu og kann ég honum bestu þakkir fyrir, svo og öðrum nefndarmönnum sem þar hafa starfað.

Ég verð þó að játa að þessi starfsvettvangur hefur valdið mér nokkrum vonbrigðum. Ég er kannski ekki mjög reyndur í erlendu samstarfi en hef þó aðeins komið þar að og mér finnst þetta samstarf t.d. ákaflega ólíkt Norðurlandaráði. Þarna er miklu minna frumkvæði hinna einstöku þingmanna. Þetta eru miklu léttvægari sendinefndir en þær sem starfa í Norðurlandaráði og starfið allt með minni glæsibrag en hefur verið hjá Norðurlandaráði fram að þessu.

Þá kunna menn að spyrja: Er eftirsóknarvert eða ástæða til fyrir Alþingi að vera að gera út sendinefnd á slíkan vettvang? Ég tel það óhjákvæmilegt og það er mjög fróðlegt að kynnast viðhorfum erlendra þingmanna sem við eigum í samstarfi við og jafnframt að heyra hvað kontóristarnir eru að bauka. Því satt að segja finnst mér þetta evrópska samstarf markast mjög af því að þingmennirnir eru áhrifalitlir. Ég held að ráðherrarnir séu áhrifalitlir líka í þessu samstarfi og fyrst og fremst starfsmennirnir eða apparatið sem gengur með einhverjum hætti af sjálfu sér en það er nauðsynlegt fyrir þingmennina að reyna að fá einhverja nasasjón af því hvað kontóristarnir ætla að láta okkur gera að nafninu til.

Mikið af starfi þessa árs í þingmannanefndinni markaðist af fæðingarhríðum Evrópsks efnahagssvæðis. Ég vil láta það koma fram að í þingmannanefndinni var það viðhorf mikils meiri hluta þingmanna að mikilvægt væri að mynda þetta Evrópska efnahagssvæði og þar fundust margir baráttumenn fyrir því þó þar eigi ekki allir þingmenn áskilið mál.

Eins og greinir í þskj. höfum við átt nokkurt samstarf við þingmenn frá Evrópubandalaginu. Þar finnst mér aftur mikið tómlæti ríkja varðandi myndun Evrópsks efnahagssvæðis. Það hefur farið mikill tími í það hjá nefndinni að reyna að fá form á framtíðarsamstarf þingmanna á Evrópsku efnahagssvæði. Samkvæmt samningnum er hugmynd um 66 fulltrúa í þingmannanefnd, sameiginlegri þingmannanefnd EFTA-ríkjanna og EB, þ.e. 33 frá EFTA og 33 frá EB. Drög höfðu verið gerð að samkomulagi um að Austurríki, Svíþjóð og Sviss hefðu sex hvert af þessum EFTA-fulltrúum, Finnland fimm og Noregur fimm, Liechtenstein tvo og Ísland þrjá. Þ.e. hlutur okkar rýrnaði frá núverandi EFTA-nefnd niður í þrjá. Síðan gerðist það, eins og menn vita, að Sviss gekk úr skaftinu og tekur ekki þátt í Evrópsku efnahagssvæði og sem afleiðing þar af hefur innganga Liechtenstein í efnahagssvæðið frestast. Þá var verkefnið að koma sér saman um skiptingu á þeim fulltrúum sem losnuðu við fráhvarf Sviss. Það hefur orðið um þetta töluvert mikil togstreita sem mig langar til að greina þingheimi frá, með leyfi forseta.

Þar er fyrst að tillögugerð var uppi um nokkra valkosti í þessu sambandi og þeir gengu yfirleitt út á það að Ísland yrði sett hjá og hin löndin skiptu sætum Sviss á milli sín. Þessi tillaga vakti náttúrlega engan fögnuð í íslensku sendinefndinni og formaður sendinefndarinnar, Vilhjálmur Egilsson, mótmælti þessu kröftuglega og hlaut til þess að sjálfsögðu stuðning allrar sendinefndarinnar.

Þann 7. mars héldu formenn sendinefndanna síðan fund og gerðu tillögu um að deila þessum sætum Sviss þannig niður að Austurríki fengi átta, Svíþjóð átta, Finnland og Noregur sex eða sjö til skiptis og Ísland hefði fjögur og tóku þá með í reikninginn sæti Liechtenstein sem væntanlega verður síðar aðili að Evrópsku efnahagssvæði.

Við þessa tillögu, sem við Íslendingar gátum ágætlega sætt okkur við, kom samt fyrirvari frá formanni finnsku sendinefndarinnar, sem heitir Jörn Donner. Þetta var lagt fyrir fund EFTA-nefndarinnar þann 8. mars í Genf og er skemmst frá því að segja að þar var gjörsamlega keyrt yfir okkur þrátt fyrir einarða baráttu hv. þm. Vilhjálms Egilssonar og stuðnings sendinefndar Íslands við hann.

Mér þótti fyrir því að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson náði ekki að hafa nein áhrif á niðurstöðu í þessu Evrópusamstarfi jafnvel þó hann væri dyggilega studdur af sinni sendinefnd. Það náðist ekki um þetta samkomulag eins og æskilegast hefði verið. Eftir langt þóf var gengið til atkvæða og okkur Íslendingum var ljóst að við yrðum að una þeirri niðurstöðu. Norðmenn höfðu stutt okkur dyggilega, að við fengjum einn af þessum fulltrúum frá Sviss, og en Svíar lögðust hins vegar gegn okkur ásamt Finnum. Austurríkismenn létu ekki uppi sína afstöðu og svo fór að tillaga Noregs sem hljóðaði upp á það að við hefðum fjóra fulltrúa féll en tillaga frá sænskum þingmanni var samþykkt. Það var sem sagt ekki tekið tillit til okkar. Við fáum hins vegar tímabundið að manna annað sæti Liechtenstein en það er ósköp lítil sárabót. Gera verður ráð fyrir því að Liechtenstein verði aðili að Evrópsku efnahagssvæði þegar þeir hafa leyst sín tæknilegu vandamál innan skamms.

Nú skiptir það út af fyrir sig ekki meginmáli að mínum dómi hvort við höfum þrjú eða fjögur sæti í þessari nefnd en það er sóma okkar vegna og ástæða til að standa á rétti okkar. Þetta er nokkurt jafnréttismál. Við vorum órétti beittir og kúgaðir af þessum samstarfsaðilum. Ég verð að segja fyrir mig að mér þykir ógeðfellt að láta bera mig atkvæðum og þoli illa yfirgang af því tagi sem þarna var hafður í frammi.

Frú forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira. Skýrslan liggur fyrir og þingmenn geta kynnt sér hana eftir því sem þeir vilja. Mér finnst hins vegar mikið umhugsunarefni og mikið áhyggjuefni að ríkisstjórn Íslands og sá þingmeirihluti sem hana styður skuli vera jafnákafur að sökkva okkur niður í þetta Evrópusamstarf og raun ber vitni því í Evrópubandalaginu og evr-

ópska samstarfi er allt í vandræðum. Þar er atvinnuleysi og hagvöxtur enginn, efnahagsástand dökkt og pólitískt andrúmsloft leiðinlegt og mér er óskiljanlegur sá ákafi sem ríkisstjórnin sýnir í að tengjast þessu svæði sem nánustum böndum. Læt ég máli mínu lokið, frú forseti.

Guðrún Helgadóttir:

Frú forseti. Aðeins örfá orð til viðbótar því sem hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur sagt í fjarveru virðulegs formanns nefndarinnar, hv. 5. þm. Norðurl. v.

Ég vil taka undir orð hv. síðasta ræðumanns um það að samstarf í nefndinni hefur verið með ágætum og enginn getur annað sagt en að formaður nefndarinnar hafi unnið af ýtrustu samviskusemi. En ég vil einnig taka undir það með síðasta ræðumanni að þessi störf eru satt að segja ekki sérlega skemmtileg. Þeir fundir sem ég hef sótt í þessari ágætu nefnd hafa farið í það að ræða hvernig næsti fundur skuli fara fram og allt starf nefndarinnar hefur einkennst af þeirri óvissu sem ríkir í þessum málum. Svo dæmi séu tekin þá sóttum við um helgina, hv. 10. þm. Reykv., Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, og ég, fund í fjárhagsnefnd og sá fundur snerist um það að hleypa upp öllum fjárhagsáætlunum EFTA-ríkjanna vegna þess að nú þarf að leggja drög að því að flytja eftirlitsstofnunina væntanlegu, sem þegar var búið að vinna að, yfir til Brussel eftir að Sviss hætti við að vera með í þessu starfi.

Annað kom fram þar, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. vissi kannski ekki um þar sem hann sat ekki þann fund. Á þeim fundi drógu menn mjög í efa að Liechtenstein gæti yfir höfuð komið inn í þetta samstarf jafnvel þó þeir næðu einhverjum samningum við Sviss. Það yrði afar erfitt fyrir þá að vera með bæði tvíhliða samning og vera innan EES-samningsins. Þar töluðu menn því af töluverðum efasemdum um að það yrði nokkurn tímann að veruleika.

Síðan eru Spánverjar sí og æ að hleypa hrolli í menn vegna yfirlýsinga sinna. Þetta sýnist því allt vera í óttalegri óvissu. Fundi okkar í þessari nefnd lauk með því að við spurðum, eftir að hafa rætt þessa flutninga eftirlitsstofnunarinnar frá Genf hvað yrði svo ef ekkert yrði af neinum samningi og þá ypptu menn bara öxlum. Það er bara út í blámanum hvort eitthvað af þessu öllu verður.

Þetta eru satt best að segja, frú forseti, sérkennilegustu erlend samskipti sem ég hef tekið þátt í. Ég tek undir það með hv. 1. þm. Norðurl. v. vegna þess að ég átti einnig sæti í Norðurlandaráði á sama tíma og hann að það voru harla ólík erlend samskipti. Úrslit atkvæðagreiðslunnar sem þurfti að fara fram um hlut Íslendinga í samstarfsnefndinni, eða „Joint Committee", sýndu ekkert annað sem það sem við höfum alltaf vitað að hinir smáu verða yfirbugaðir af hinum stóru og menn skeyta ekki um skömm né heiður þegar kemur að því. Þetta kom okkur svo sem ekkert á óvart þó við reyndum á skandinavískan og lýðræðislegan máta að sækjast eftir að hafa þessi fjögur sæti. En ég tek undir það með síðasta ræðumanni líka að ég held það skipti ekki ýkja miklu máli. Það var meira þjóðarsómi sem við vorum að verja heldur en einlægur áhugi á að við yrðum sem flest þarna.

Að öðru leyti vil ég þakka fyrir þessa skýrslu og ítreka að þrátt fyrir alla þessa erfiðleika hefur nefndin svo sannarlega reynt að vinna af heilindum saman eins og vera ber á erlendum vettvangi. Þó við séum með ólíkar skoðanir á tilganginum með þessu öllu saman þá höfum við unnið vel með formanni okkar og er ekkert nema gott um það að segja. Ég hef lokið máli mínu, frú forseti.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vekur nokkra furðu að heyra í fulltrúum þessarar ágætu nefndar hve þeim þykir þetta starf ómerkilegt og gott ef ekki leiðinlegt sem á sér stað á þessum vettvangi. Það hljóta að vakna spurningar um það hvort það sé yfir höfuð nauðsynlegt að taka þátt í þessu starfi og hvort ekki sé betra að hlífa þingmönnum við þessum leiðindum og ósigrum og spara þar með fé á vegum Alþingis. En ég spyr í fullri alvöru: Er ástæða til að taka þátt í þessu samstarfi ef þingmenn eru þeirrar skoðunar að það skili harla litlu?

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að Alþingi taki þátt í þessu. Annað er auðvitað ekki hægt úr því að búið er að koma sér í þetta. Ég held að það skipti ekki miklu þó einhverjir aðrir þingmenn sinntu þessum störfum. Ég held að þau væru í jafnmikilli óvissu hver svo sem sinnti þeim. Hv. 18. þm. Reykv. getur svo sem rætt um það við hv. 10. þm. Reykv., Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, hvort henni finnst þetta mjög gefandi starf.

Það er alveg hárrétt sem kom fram í fyrstu ræðu áðan að þingmenn hafa sáralítil áhrif á það sem þarna er að gerast. Þetta er embættismannakerfi og verður það þar sem allt er einhvern veginn fyrir fram lagt fyrir fundina og litlar breytingar mögulegar á því. Ég hef sagt það áður og segi það enn að ég held að það fari fyrir Efnahagsbandalaginu og afsprengi þess eins og Sovétríkjunum, hvort tveggja deyr úr leiðindum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þessi skýrsla sem hér hefur verið mælt fyrir af varaformanni eða staðgengli formanns nefndarinnar ... (**Gripið fram í:** Það er enginn varaformaður.) Það er enginn varformaður en af hv. þm. Páli Péturssyni gefur tilefni til þess að ræða ögn þau mál sem tengjast þessu samstarfi, formi þess og innihaldi. Ég tel það góðra gjalda vert að það komi skýrsla og það komi árlega skýrslur frá þeim nefndum sem Alþingi kýs til starfa á alþjóðvettvangi og því góður siður að þetta sé hér á dagskrá. Það var þannig til skamms tíma að aðeins voru tveir þingmenn virkir í þessum EFTA-nefndum og voru takmarkaðar fregnir af þeim vettvangi árum saman en það voru Sjálfstfl. og Alþfl., sem skiptu þessu alþjóðasamstarfi bróðurlega á milli sín um alllangt skeið. Ég er ekki að sakast við þá flokka. Það hefur vafalaust verið með þegjandi samkomulagi annarra þingflokka. Ég held að ég hafi vak-

ið athygli á því fyrir einum tveimur árum síðan að þetta væri dálítið einkennilegt hvernig háttað væri samstarfinu í hinni svokölluðu EFTA-nefnd að þessu leyti. Á þessu hefur orðið breyting og nú eru allir flokkar sem með einhverjum hætti taka þátt í starfi nefndarinnar þó við beitum þar ekki heimildum að fullu um jafnræði varðandi þátttöku við önnur EFTA-ríki varðandi starfið sjálft. Það má heyra á þeim fulltrúum sem hér hafa mætt að það sé ekki eftir mjög miklu að slægjast.

Ég tek orð þeirra gild sem þetta votta og geri ráð fyrir að þarna sé í rauninni ekki hægt að þoka miklu til leiðar fyrir Íslands hönd. En auðvitað þurfum við að vera vakandi á slíkum vettvangi hverju sinni og hverju nafni sem hann nefnist á meðan landið er þátttakandi í viðkomandi samtökum, um það er engin spurning.

Varðandi form skýrslunnar þá er dálítið óljóst yfir hvaða tíma þessi skýrslugjöf nær. En væntanlega er henni ætlað að taka við af þeirri síðustu skýrslu sem lögð var fyrir af hálfu nefndarinnar. Henni lýkur í rauninni í desembermánuði ef ég hef litið rétt á dagsetingar hér. Það kemur sem sagt ekki fram það sem bætt var úr hér af hv. 1. þm. Norðurl. v. sem rakti gang mála nú alveg upp á síðkastið í sambandi við þennan þingmannavettvang fyrirhugaðs Evrópsks efnahagssvæðis, sem hefur verið eitt aðalviðfangsefnið að mér skilst í þessu þingmannasamstarfi EFTA og Evrópubandalagsins og verið tekist þar á um hluti nokkuð. Það var gott að fá þessar viðbótarupplýsingar. En það var eitt sem ég vil spyrja um sérstaklega í þessu sambandi og það er um sjálfstæðan þingmannavettvang EFTA, hvernig þeim málum víkur við, hvort það sé sjálfgefið að þarna verði um tvær nefndir að ræða sem mér sýnist stefna í ef Evrópskt efnahagssvæði verður að veruleika sem auðvitað er ekki ráðið enn sem komið er. Sviss hefur dregið sig út úr en er enn EFTA-ríki og Liechtenstein er úti enn sem komið er og er enn þá í EFTA-samtökunum. Hvernig víkur þessu við? Verður sem sagt sjálfstæð þingmannanefnd EFTA starfandi og önnur sjálfstæð EES þingmannasendinefnd af hálfu Alþingis ef EES-samningurinn verður staðfestur og kemst á? Um þetta væri gott að fá vitneskju og hvaða viðhorf ríkja í þeim efnum.

Það er auðvitað svo að þessi þingmannasamkoma sem ráðgert er að tengist EES-samningnum og því starfi sem fer fram undir hans hatti, skiptir ekki miklu máli í raun, vegna þess að þar er eingöngu um upplýsingastarf að ræða, upplýsingagjöf og þá kannski óbeina ráðgjöf af hálfu þingmanna, en valdið er ekkert. Það er svo sem ekki að undra þegar málum er þannig fyrir komið í sjálfu Evrópubandalaginu að þingmannasamkunda Evrópubandalagsins hefur lítið að segja nema í algerum undantekningartilvikum, aðeins varðandi fjármál og varðandi viðbótarsamninga nýrra ríkja. Það er eina viðfangsefni Evrópuþingsins þar sem þingið getur gert sig í raun gildandi, þó það geti hreyft eða óskað eftir breytingum á framkomnum lögum. Þetta er auðvitað allt saman umhugsunarefni en ég ætla ekki að ræða það frekar sérstaklega hér.

Í lok þessarar skýrslu er vikið að annarri starfsemi. Þar er greint frá því að innan Evrópuþingsins starfar svokallaður kengúruhópur, The Kangaroo Group, The Movement for Free Movement, sem vinnur að frjálsum flutningum á sem flestum sviðum innan Evrópu. Mér finnst þetta sérkennilegt, virðulegur forseti, sérkennileg lýsing á þessum hópi sem þarna er að starfi, þessum kengúruhópi. Ég vil spyrja hv. 1. þm. Norðurl. v., sem er helst til svara af þeim sem hér eru viðstaddir í þingsal, nánar um þennan hóp sem vinnur að frjálsum flutningum á sem flestum sviðum, Movement for Free Movement. Ég hef grun um að þessi farandhópur, áhugahópur um flutninga á öllum sviðum, ætli að halda ráðstefnu eigi litla hér á Íslandi innan ekki langs tíma. Mér hefur skilist að þetta sé svona sá liðsafnaður sem hefur mestan áhuga á því að gera veldi Evrópubandalagsins sem mest og Rómarsamningsins og færa út kvíar Evrópubandalagsins. Það er kannski táknrænt að þessi kengúruhópur ætlar að nema land hér á landi með ráðstefnu ef ég hef numið það rétt sem einhvern tímann fló fyrir í fregnum í vetur. Ég vil inna fulltrúa úr EFTA-nefndinni eftir þessu af því að það er hér fjallað um þennan hóp í skýrslu þeirra. Með hvaða hætti Ísland eða EFTA-þingmannanefndin tengist þessum kengúruhópi, hvaða Íslendingar það eru sem koma við sögu á þessu fyrirhugaða þingi kengúruhópsins hér á landi að vori. Það væri æskilegt að fá einhverja vitneskju um það og að hverju er stefnt með þessu fundahaldi.

En ég vildi sem sagt leyfa mér að bera þessa fyrirspurn hér fram þó formaður nefndarinnar sé hér ekki til svara en ég treysti hv. 1. þm. Norðurl. v., að svara þeim fyrirspurnum sem ég hef borið fram eftir því sem hann telur sér fært.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég mun reyna að svara sumu af því sem hv. 4. þm. Austurl. spurði um. Þá er það fyrst að ég lít svo á að Íslendingar hafi verið jafnsettir öðrum EFTA-þjóðum í því þingmannasamstarfi sem ég hef tekið þátt í fram að þessu innan EFTA. Þ.e. við höfum átt rétt á að senda fimm fulltrúa eins og hin ríkin. Og við höfum mæst þar algerlega á jafnréttisgrundvelli. Það hefur ekkert hallað á okkur í þeim samskiptum. Hins vegar höfum við af sparnaðarástæðum ákveðið það innan sendinefndarinnar að fylla ekki öll þessi sæti þegar lítið hefur verið um að vera og ekki hafa verið svo afdrifaríkar ákvarðanatökur fram undan. Atkvæði hafa ekki verið greidd þarna fyrr en núna og þá vildi nú svo til að við vorum með fullmannaða sendinefnd. En það er bara af sparnaðarástæðum sem við höfum setið heima eða ekki nema sumir farið þegar fundir hafa verið haldnir.

Um nauðsyn þessa samstarfs vil ég að gefnu tilefni endurtaka það sem ég sagði hér áðan að ég tel að það sé alveg óhjákvæmilegt fyrir Alþingi og þá þingflokkana sem slíka að fá veður af því hvað kontóristarnir ætla að gera í framtíðinni og það er í mínum augum gildi þessa samstarfs. Auðvitað eru persónuleg kynni manna af ólíkum þjóðernum líka mjög mikilvæg og gerir öll samskipti liprari ef menn kannast hverjir við

aðra. Og það er líka gagnlegt. Við fáum þarna iðulega fróðlegar ræður um gang mála frá embættismönnum og ég tel mikinn feng í því að þær eru kannski ekki nákvæmlega í takt við það og sennilega réttari heldur en ýmsar upplýsingar sem við höfum fyrir satt hér heima. Þ.e. veröldin lítur talsvert mikið öðruvísi út í huga þessara fyrirlesara eða þegar þeir eru að greina frá þróun mála heldur en þegar við erum að frétta úr fjölmiðlum eða frá ráðamönnum um hvernig hlutirnir gangi fyrir sig.

Varðandi tímasetningu skýrslunnar þá er hún um árið 1992. Og það var alls ekki við því að búast að hún mundi ná yfir það sem gerðist á fundi 8. mars, þá var meira að segja búið að prenta hana og leggja hana hér fram. En ég taldi eðlilegt að láta það fljóta með hér í umræðunni af því að það er nýskeð og greina þingmönnum frá því sem gerðist á þessum fundi því það hefur ekki verið gert með formlegum hætti fyrr.

Varðandi spurninguna um hvað yrði um þingmannasamstarf EFTA sem slíkt eftir að sameiginlega nefndin hefur tekið til starfa þá er það atriði sem ekki hefur verið rætt svo ég viti til. Nú má segja að við séum eiginlega að verða aðilar að tvennum samtökum. Annars vegar Evrópsku efnahagssvæði en samt sem áður verður EFTA til í einhverri mynd. Það hafa menn held ég ekki enn þá komið sér niður á. Sviss verður áfram EFTA-þjóð, Sviss hefur ekki gengið úr EFTA þótt það gerðist ekki aðili að Evrópsku efnahagssvæði og svo er og um Liechtenstein. EFTA hefur talsverð samskipti austur á bóginn til Austur-Evrópuríkjanna og það er hægt að hugsa sér að það haldi áfram en um þingmannasamstarf hefur ekki verið rætt enda var ekki gert ráð fyrir öðru í þessum hóp en Sviss yrði aðili að Evrópsku efnahagssvæði. Þannig að það kemur upp ný staða 6. des. þegar Sviss fellir inngönguna í Evrópskt efnahagssvæði. Þetta er mál sem er allt í lausu lofti enn þá eftir því sem ég best veit.

Hv. þm. spurði um kengúruhópinn. Ég er ekki rétti maðurinn til að svara honum ítarlega þar um. Kengúruhópurinn er samtök innan Evrópuþingsins, að mér skilst frjáls samtök áhugamanna um málefni. Ég kann ekki við þetta nafn, The Movement for Free Movement, en þetta eru miklir frjálshyggjumenn. Svo vildi til að þingmönnum EFTA-nefndarinnar barst boð um að sitja ráðstefnu í París á sl. vori um orkumál sem þessi hópur efndi til. Við Vilhjálmur Egilsson þágum þetta boð. Þetta var töluvert fróðlegur fundur og þeir höfðu fengið ýmsa fyrirlesara til að ræða um orkumál. Ég er alveg sannfærður um að hv. 4. þm. Austurl. hefði haft ánægju af að vera á þessum fundi og afla sér þar mikils fróðleiks eða hlusta á þá fyrirlestra sem þarna voru. Þarna voru pótentátar úr ýmsum orkugeirum sem lýstu sínum viðhorfum til orkumála. Ég verð nú að játa það að ýmislegt gekk alveg yfir mig af því sem ég heyrði þarna á þessari ráðstefnu. Ég hef komið til Póllands og ég veit af því að í héraðinu í kringum borgina Katowice þar sem eru aðalkolanámur Pólverja er bókstaflega orðið helvíti á jörð. Þar er barnadauði óskaplegur, vanskapanaður og heilsufar orðið þannig að það er alveg augljóst mál að þarna er ólíft, beinlínis stórhættulegt að vera. Yfirmaður kolamála í Katowice hélt ræðu á þessari orkumálaráðstefnu og hann taldi að það væri alger fjarstæða, alger fjarstæða að stíla upp á aðra orkugjafa en kol, auðvitað væru kolin langbesti orkugjafinn. Þarna voru „kjarnorku"-karlar sem fluttu erindi líka sem gengu í þá átt að það væri enginn orkugjafi sem þjónaði mannkyninu af þvílíkri dyggð og væri jafnhollur og góður og kjarnorkan. Það var eitt sem þeir voru sammála um að gleyma á ráðstefnunni, það var vatnsorka og jarðhiti. Það hvarf alveg í skuggann af hagsmunum olíuiðnaðarins, kolaiðnaðarins og kjarnorkuiðnaðarins.

Ég hef frétt af því að þessi hópur Evrópuþingsins hafi ákveðið að efna til ráðstefnu hér á Íslandi í vor. Ég hef ekki tekið neinn þátt í undirbúning þeirrar ráðstefnu að sjálfsögðu þar sem ég er ekki í Evrópubandalaginu og veit ósköp lítið um þennan fund. Ég hef þó séð dagskrá að honum en er ekki með hana handbæra og er ekki viss um að ég muni hana en það eru margir fyrirlesarar og þó nokkuð þekktir sem þar eru til kynntir. Viðfangsefni þessa fundar sem Evrópubandalagsþingmenn efna til, er stækkun Evrópubandalagsins til norðurs. Þess er getið sérstaklega að Reykjavík sé valin sem fundarstaður og þetta sé í fyrsta sinn í sögu Evrópubandalagsins sem það efni til slíks fundar utan núverandi endimarka sinna. Þ.e. að landvinningar Evrópubandalagsins, þeir hafa hingað til haldið sig við sína núverandi landvinninga. Kann að vera að þetta boði ekki gott. En við bíðum og sjáum hvað setur og ég hef hugsað mér að fara ef ég hef tækifæri til og hlýða á þá fyrirlesara sem þarna koma á Hótel Sögu í vor eða hvar sem þeir ætla að hittast hér í Reykjavík. Ég býst við að ég eigi eftir að verða ekki minna hissa heldur en þegar ég var að hlusta á kolakarlinn frá Katowice.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir greið svör til að svala forvitni minni um þessi efni sem óljós eru. En eftir þær upplýsingar sem hér komu fram þá liggur það fyrir að fullkomin óvissa er um frekara samstarf þingmanna á vettvangi EFTA. Það þykja mér nokkur tíðindi vegna þess að þau samtök eru vissulega áfram við lýði og ekki hefur heyrst um að það ætti að slá þau af. Þau eiga samskipti í austurátt og víðar og er kannski möguleiki að halda uppi víðara samstarfi í sambandi við fríverslunarmál í gegnum þau samtök heldur en gefst innan Evrópsks efnahagssvæðis ef af því verður. Ég vil hvetja þá þingmenn sem eru í EFTA-nefndinni nú til þess að taka þetta mál til umræðu hið fyrsta til þess að það verði ljóst í hvað stefnir í þessum efnum. Í rauninni er það mjög illt til þess að vita sem hér var upplýst í sambandi við það hvernig keyrt er yfir Ísland í sambandi við þetta EES-samstarf og boðar það út af fyrir sig ekki gott.

Það var fróðlegt að heyra um fundarefni frá fundi kengúruhópsins á vordögum, en hv. þm. sagði ekkert um þátttöku Íslands í þeirri dagskrá. Eru einhverjir Íslendingar sem taka þátt í þessum trúboðssamkomum um landvinninga Evrópubandalagsins í norðurátt og

hvernig tengist Ísland ráðstefnuhaldi þessara samtaka, The Movement for Free Movement?

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki rétti maðurinn til þess að svara þessu vegna þess að það er nokkuð um liðið síðan ég sá dagskrá þessarar ráðstefnu. Hún er kostuð af Evrópuþinginu eða Evrópubandalaginu með einhverjum hætti. Ég held að Íslendingar eigi ekki að bera af henni kostnað nema einhver matarboð munu vera eða einhver risna frá Íslands hendi.

Nú man ég ekki hér og nú hverjir voru íslenskir fyrirlesarar þarna en ég man nokkurra Íslendinga var getið í þessari upptalningu. Sumir þeirra voru gestgjafar og kannski allir. Mig minnir að formaður utanrmn. hafi verið þar nefndur — það mun ekki vera. En gott ef forsrh. og utanrrh. ætluðu ekki eitthvað að sinna þessum gestum. Ég segi þetta með öllum fyrirvara vegna þess að ég er ekki með þessa skrá með mér handbæra og nokkuð langt síðan ég las hana.

Evrópuráðsþingið, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins, 396. mál. — Þskj. 690.

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég kynni hér skýrslu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins um 44. þing Evrópuráðsþingsins sem er á þskj. 690. Ég vil með leyfi frú forseta lesa innganginn að þessari skýrslu, en þar segir:

„Störf 44. þings Evrópuráðsins (ER) einkenndust af því að þátttökuríkjum fjölgar og náið er fylgst með framvindu stjórnmála í ríkjunum í Mið- og Austur-Evrópu. Þingmenn eru þeirrar skoðunar að samhliða því sem þjóðirnar, sem nú eru að þróa með sér lýðræðislega stjórnarhætti, fái góðar viðtökur hjá Evrópuráðinu megi ráðið ekki slá af hinum ströngu kröfum um mannréttindi, lýðræði og virðingu fyrir lögum og rétti í aðildarríkjunum.

Boðað hefur verið til leiðtogafundar aðildarríkja Evrópuráðsins í Vínarborg 8. og 9. október 1993. Er þess vænst að í tengslum við fundinn verði teknar ákvarðanir um stjórnskipun Evrópuráðsins og stofnana þess sem auðveldi þeim að takast á við ný verkefni við breyttar aðstæður. Má í því sambandi geta þess að með samþykkt tillögu 1194 lagði þingið til við ráðherranefnd Evrópuráðsins að Mannréttindadómstóll og mannréttindanefnd Evrópu, þar sem fulltrúar ríkjanna gegna hlutastarfi, verði sameinuð í einn dómstól þar sem dómarar verði í fullu starfi.

Átökin í Júgóslavíu fyrrverandi og þjóðernisdeilur víðar í hinum nýfrjálsu ríkjum Mið- og Austur-Evrópu hafa vakið miklar umræður á þingi Evrópuráðsins og aukið stuðning við tillögur um að samþykktur verði viðauki við Mannréttindasáttmála Evrópu um réttindi minnihlutahópa og vernd þeirra. Jafnframt er ljóst að huga verður betur að rétti og vernd þeirra sem hafa neyðst til að yfirgefa heimili sín eða þurft að leggja á flótta. Nauðsynlegt er að snúast til varnar gegn þjóðernishroka og útlendingahatri sem brýst út í ofbeldisverkum.

Umræður á þingi Evrópuráðsins bera þess skýr merki að þingmenn hafa fullan hug á því að auka hlut sinn í starfi ráðsins. Þingið og nefndir þess gegna miklu hlutverki við rannsókn á því hvort ríki, sem sækja um aðild að ráðinu, fullnægi skilyrðum samkvæmt stofnskrá þess. Þannig hefur t.d. verið fylgst *náið með þróun mála í Eystrasaltsríkjunum* með hliðsjón af umsóknum þeirra um aðild að Evrópuráðinu. Nú að loknum almennum kosningum í Eistlandi og Litáen er líklegt að ríkin verði aðilar að Evrópuráðinu í vor. Þess er beðið að kosið verði í Lettlandi. Þá hafa lög Eytrasaltsríkjanna um borgararéttindi verið könnuð sérstaklega.

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins hefur starfað í samræmi við starfsreglur sem hún setti sér 16. janúar 1992. Framkvæmd á starfsreglunum ræðst af því fé sem Íslandsdeildin fær til ráðstöfunar hverju sinni. Á árinu 1992 voru útgjöld á vegum deildarinnar innan útgjaldarammans. Meginreglan er að fjórir þingmenn sæki hvert þing ráðsins, þ.e. þrír aðalmenn og varamaður, auk ritara. Þingmenn sitja í fleiri en einni nefnd og leitast við að sækja fundi í þeim eftir föngum.

Aukin umsvif Evrópuráðsþingsins og nefnda á vegum þess gera ríkari kröfur til Íslandsdeildarinnar. Að mati hennar er brýnt að bregðast við þessum kröfum á þann veg að enginn geti dregið í efa áhuga Alþingis á því að rækta sem best tengsl við Evrópuráðið. Þetta er þeim mun mikilvægara þegar haft er í huga að aðild Íslands að Evrópubandalaginu er ekki á dagskrá. Þing Evrópuráðsins er vettvangur sem Íslendingar geta nýtt sér til að kynna viðhorf sín til þeirra mála sem snerta hagsmuni þeirra í evrópsku samstarfi eða ber hæst í samstarfi Evrópuríkja."

Þetta var tilvitnun í inngang þeirrar skýrslu sem hér liggur fyrir en eins og menn sjá þegar skýrslan er skoðuð þá eru í henni rakin atriði sem snerta framkvæmd mála á sl. starfsári og snerta 44. þingið sem lauk í febrúar. Þar er einnig birt yfirlit yfir þátttöku Íslendinga *í þeim 15 nefndum sem starfa á vegum* Evrópuráðsþingsins og síðan yfirlit yfir samþykktir og ályktanir sem gerðar voru á þessu þingi. Loks eru í skýrslunni frásagnir af þátttöku Íslandsdeildarinnar í hinum einstöku þingum.

Það hefur nú gerst í fyrsta sinn að Evrópuráðsþingið kemur saman fjórum sinnum á ári og verður þannig framvegis og sumir telja að með vaxandi fjölda aðildarríkja þá muni þingfundir jafnvel verða tíðari en nú, þ.e. oftar en fjórum sinnum á ári. Hver lota þinghaldsins tekur eina viku þannig að menn sjá af þessu að þátttaka aðeins í störfum þingsins krefst töluverðs tíma af þeim þingmönnum sem valdir eru til þessara starfa, en við erum sex eins og fram kemur í skýrslunni, og skiptumst á að fara á þingfundina nema hvað sú regla gildir að formaður sækir alla fundi til þess að samhengi sé í störfum Íslandsdeildarinnar.

Ég vil nefna einstök atriði sérstaklega og gera þing-

heimi grein fyrir nokkrum atriðum. Efnislega finnst mér ástæða til þess að nefna það að á vettvangi Evrópuráðsþingsins er fjallað um mál sem snertir hagsmuni okkar Íslendinga sérstaklega og vísa ég þar til hvalamálsins því á vegum þingsins er unnið að því að semja skýrslu og væntanlega ályktun um það mál sem líkindi eru til að tekið verði fyrir á þinginu næsta haust.

Með þátttöku Íslandsdeildarinnar var efnt til ráðstefnu hér á landi um sjávarspendýr í maí sl. og komu hingað sérfræðingar og þingmenn á vegum Evrópuráðsþingsins og tóku þátt í þessari ráðstefnu sem ég held að allir telji að hafi heppnast mjög vel. Vil ég sérstaklega þakka meðnefndarmanni mínum, hv. þm. Sigbirni Gunnarssyni, fyrir hans hlut að því máli en hann er nú formaður í undirnefnd sem undirbýr þessa ályktun og þessa skýrslu sem tekin verður fyrir næsta haust.

Við í Íslandsdeildinni teljum ákaflega mikilvægt fyrir málstað okkar, þeirra þjóða, sem eiga mikið undir nýtingu sjávar, nýtingu auðæfa hafsins, jafnt sjávarspendýra sem annarra dýra sem í hafinu lifa, að það verði unnt að samþykkja á þinginu ályktun sem hindrar ekki eðlilega nýtingu á hvölum eða öðrum sjávarspendýrum. Við höfum komið okkur saman um það að beita okkur fyrir því á næstu mánuðum og kanna hvort við getum ekki kynnt málstað Íslands sérstaklega í þessu sambandi m.a. með því að bjóða hingað til lands þingmönnum eða öðrum sem ástæða er til að kynni sér betur þau sjónarmið sem uppi eru hjá okkur í þessu máli.

Almennt erum við einnig þeirrar skoðunar, frú forseti, að það eigi að nota Evrópuráðsþingið og þann vettvang sem þar er betur, ef þannig má að orði komast, til þess að kynna íslensk málefni og við ættum t.d. að okkar mati að stuðla að því að einhverjar af þeim nefndum sem starfa á vegum þingsins haldi fundi hér á landi og komi hingað og það gefist tækifæri þannig til þess að kynna okkar sérmál eins og við gerðum á þessari ráðstefnu sem haldin var sl. vor, því ráðstefnugestir fóru m.a. í kynnisferð norður á Akureyri og kynntust þar útvegsmálum og starfsemi á sviði sjávarútvegs.

Við teljum að þetta sé ákaflega mikilvægt og vildum gjarnan leggja rækt við þetta og í því sambandi mætti nefna að það væri mjög æskilegt að forseti Evrópuráðsþingsins kæmi í heimsókn hingað til lands og hafa verið lögð drög að því og vonandi kann það að rætast á þessu ári.

Einnig væri æskilegt að okkar mati — það kemur fram í skýrslunni á bls. 4 þar sem rætt er um störf þingsins, að þjóðarleiðtogar, bæði forsetar og forsætisráðherrar koma og ávarpa Evrópuráðsþingið — að virðulegur forseti Íslands eða hæstv. forsrh. hefðu tök á því að koma til Strassborgar, ávarpa Evrópuráðsþingið og svara fyrirspurnum. Ég held ég mæli fyrir hönd Íslandsdeildarinnar allrar þegar ég segi að við mundum stuðla að því að slíkt mætti takast.

Varðandi þátttöku okkar í störfum þingsins þá sækjum við þarna þingfundi, störfum innan þingflokka, a.m.k. þeir okkar af þingmönnum sem tökum þátt í því, en það á ekki við um Kvennalistann eða Alþb., og hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir var framsögumaður sinnar nefndar, heilbrigðisnefndar, um málefni Tsjernóbíl. Þannig höfum við tekið þátt í störfum nefndanna og sótt fundi utan Strassborgar og annars staðar og það er gerð grein fyrir þessu öllu í skýrslunni.

Ég vil láta þess getið hér að okkur var falið í byrjun síðasta árs að koma fram fyrir Íslands hönd varðandi þing Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu. Það var ákveðið í byrjun síðasta árs að efna til þingfundar í Búdapest, fyrsta fundar þings Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu. Forsætisnefnd Alþingis fól Íslandsdeild Evrópuráðsins að taka þátt í þessu starfi og áttum við þrír sæti í þeirri nefnd Alþingis sem sat þingið, auk mín þeir Guðmundur Bjarnason hv. þm., varaformaður Íslandsdeildarinnar, og hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson. Við tókum þátt í þessum fundum í Búdapest 28. júní til 1. júlí sl. Þeir fundir voru haldnir í beinu framhaldi af sumarþingi Evrópuráðsþingsins þannig að það féll alveg saman. Það hefur ekki verið samin sérstök skýrsla um það mál en ég vildi greina frá því að höfðu samráði við hv. meðþingmenn mína sem tóku þátt í þessu í Búdapest að ég hef lagt til við forsætisnefnd Alþingis að stofnuð verði sérstök Íslandsdeild RÖSE-þingsins. Ég gerði það eftir að ég sat fund stjórnarnefndar þingsins í Kaupmannahöfn 15. jan. sl. Ég sendi um það skýrslu og greinargerð til forsætisnefndarinnar og ef mín vitneskja er rétt þá mun forsætisnefnd þingsins hafa ákveðið að slík Íslandsdeild skuli skipuð en Íslendingar eiga þrjá fulltrúa á þessu RÖSE-þingi. Næsti fundur þess verður haldinn um mitt sumar í Helsinki.

Það er ekki sama regla þarna eins og á Evrópuráðsþinginu, þar eru ekki varamenn, það eru kjörnir þrír fulltrúar í þessa Íslandsdeild og tel ég að með þessu sé málið komið úr höndum Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins og að stofnuð verði þessi sérstaka deild sem muni taka þetta mál að sér, þátttöku í þessu þingi.

Mér finnst einnig rétt að það komi fram, frú forseti, að umræður hafa verið um það að Íslendingar tækju þátt í starfi á vettvangi Vestur-Evrópusambandsins. Alþingi á eftir að fjalla um það mál, en á vegum þeirra samtaka, Vestur-Evrópusambandsins, starfar einnig þing, þar er sérstök þingmannasamkunda og sú venja mun vera og þær reglur um þá þingmannasamkundu að það eru sömu menn sem sækja hana og sitja á þingi Evrópuráðsins. Þannig að störf þingmanna Evrópuráðsins eiga tvímælalaust eftir að aukast mjög á næstu missirum ef svo fer fram sem horfir, bæði vegna starfa á vettvangi þings Evrópuráðsins og einnig vegna annarra starfa sem tengjast þátttökunni í því.

Ég hef ekki, frú forseti, rakið neitt efnislega þau málefni sem hæst hefur borið á þinginu, þessu 44. þingi. Menn hafa glímt þar við mörg mál sem snerta sérstaklega hrun kommúnismans, fjölgun aðildarríkja Evrópuráðsþingsins og spurninguna m.a. um það hvar á að draga hin landfræðilegu mörk þegar rætt er um Evrópuráðið, hve langt í austur teygir Evrópa sig. Á þar að miða við landfræðilegar forsendur, menningar-

legar, sögulegar eða hvernig eiga þau mörk að dragast? Þetta mál er óljóst, einnig hitt hvernig stofnunum Evrópuráðsins verði breytt. Eins og vikið er að í inngangsorðum skýrslunnar þá stendur fyrir dyrum að efna til leiðtogafundar Evrópuráðsins næsta haust og það eru töluverðar vonir við það bundnar að í tengslum við þann fund verði tekið af skarið um breytingar á stofnsáttmálanum og stofnskrá samtakanna, m.a. varðandi hinar mikilvægu stofnanir Mannréttindadómstólinn og mannréttindanefndina og uppi eru hugmyndir um það að það verði ein stofnun, Mannréttindadómstóll, með fast skipuðum dómurum en ekki dómurum í hlutastarfi eins og nú er og þessi dómstóll verði endanlegur þannig að ákvæðin eins og þau eru núna í sáttamálanum um það að eftir að dómstóllinn hefur kveðið upp úrskurði sína þá fari þau til ráðherranefndarinnar, að slík ákvæði hverfi og dómstóllinn verði sem sagt einn og fastskipaður og fái skýrara verksvið heldur en nú er. Þetta eru hugmyndir sem uppi eru og ýmsir telja æskilegt að smiðshöggið í því máli verði rekið á leiðtogafundinum í Vínarborg. Einnig eru fleiri hugmyndir uppi sem tengjast þeim fundi og munu þær vafalaust setja svip sinn á þinghaldið og störf Evrópuþingsins á komandi vikum og mánuðum.

Varðandi starfsreglurnar setti Íslandsdeildin sér þessar reglur í janúar 1992 og hefur starfað samkvæmt þeim. Það var, frú forseti, ekki búið að ganga formlega frá þeim í forsætisnefnd þingsins vegna þess að þingflokkar vildu kanna málið. Nú er það upplýst að þeirri könnun er lokið og ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að frá þessu máli yrði gegnið í forsætisnefnd og hvet ég eindregið til þess að hún staðfesti þessar starfsreglur þannig að það verði meiri festa þá í okkar störfum eftir að slík opinber staðfesting á þessum reglum liggur fyrir.

Ég vil í lokin þakka samstarfsmönnum mínum í Íslandsdeildinni fyrir gott samstarf á þessu liðna starfsári og vona að við megnum það á komandi þingum að halda þannig á málstað Íslands að hann verði ekki fyrir borð borinn í þessu mikilvæga samstarfi.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð formanns Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins um gott samstarf sem við höfum átt í þessari nefnd. Ég held að við getum ekki eins og þeir sem ræddu hér fyrr í dag kvartað undan leiðindum eða tilgangsleysi því að mínum dómi er unnið mjög merkilegt og gott starf á vegum Evrópuráðsins þó mál gangi stundum hægt. Það hefur verið afar fróðlegt að fylgjast með þessu starfi og fá að taka þátt í því. Það sem vakið hefur mesta athygli mína þetta síðasta ár er að mér hefur fundist tvö mál liggja á þinginu eins og mara ef svo mætti segja. Það er annars vegar ástandið í Júgóslavíu og þær hörmungar sem við höfum horft upp á þar og hvernig menn hafa staðið frammi fyrir máttleysi Evrópu í þeim efnum þar sem margt hefur verið reynt og áhersla lögð á samningaleiðina og menn reynt allt til að forðast íhlutun með vopnum í málefni Júgóslavíu en ekkert hefur dugað. Málefni Júgólavíu hafa komið til umræðu á hverju einasta þingi allt sl. ár. Mér er alveg sérstaklega minnisstæð kvöldstund sem við áttum á nefndarfundi, sú sem hér stendur og hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir, ég hygg að þar hafi ekki fleiri Íslendingar verið viðstaddir, þegar þar var kominn utanríkisráðherra Bosníu-Hersegovínu og hans fólk og greindi okkur frá ástandi mála þar og spáði í framtíðina. Ég hygg að flest af því sem hann sagði hafi ræst. En það var gríðarlega áhrifamikið að hlusta á hann og ég held að allir sem þar voru hafi skynjað þann óskaplega þunga og þá miklu sorg og harm sem þessi maður bar með sér vegna hins voðalega ástands í hans landi. En eins og við vitum þá koma þar fleiri að málum og það er ekki bara einn sekur þegar slíkar deilur eiga sér stað. En hömungin er söm og jöfn að við Evrópubúar skulum ekki hafa fundið leið til að leysa þessa deilu. Vonandi sér fyrir endann á henni.

Hitt sem mér hefur fundist ganga eins og rauður þráður í gegn um umræðuna í Evrópuráðinu og þá ekki síst nú á síðasta þingi voru þungar áhyggjur vegna vaxandi útlendingahaturs og kynþáttamisréttis og átaka í því sambandi. Þetta kom upp í hverri ræðunni á fætur annarri og ekki síst hjá þeim þjóðarleiðtogum sem ávörpuðu þingið. Í því sambandi vil ég nefna það að Gro Harlem Brundtland, forsætisráðherra Noregs, sem ávarpaði þingið nú í febrúar, kynnti þá tillögu Norðmanna að leiðtogaráðstefnan sem haldin verður í Vínarborg í haust taki þessi málefni sérstaklega til umræðu og geri þau að einu meginviðfangsefni þess fundar. Vegna þess að menn hugsa sem svo: Er sagan að endurtaka sig, sagan frá millistríðsárunum? Hvað getum við gert til að koma í veg fyrir að það skapist aftur slíkt ástand þar sem ofsóknir gegn útlendingum og þeim sem teljast til annarra menningarhópa en hins evrópska með endalausum átökum og öllu því sem fylgir, meiðslum og jafnvel manndrápum? Ég á sæti í tveimur nefndum á vegum Evrópuráðs eins og fram kemur hér í skýrslunni. Annars vegar nefnd sem fjallar um málefni flóttamanna og hins vegar nefnd sem fjallar um þau ríki Evrópu sem standa utan Evrópuráðsins. Það hefur verið afar fróðlegt að fylgjast með starfi þessara nefnda því hin miklu vandamál sem styrjöldin í Júgóslavíu hefur valdið og hið erfiða ástand í Austur-Evrópu leiðir af sér hefur auðvitað verið þar mjög á dagskrá.

Nefndin sem fjallar um ríki Austur-Evrópu sem standa utan Evrópuráðsins hefur margsinnis og ítrekað farið í gegnum ástandið í þessum löndum. Annars vegar til þess hreinlega að fylgjast með þróuninni og hins vegar vegna þess að þessi ríki eru ýmist að sækja um aðild að Evrópuráðinu eða um gestaaðild. Þessu hafa fylgt mikil ferðalög nefndarmanna sem ég hef reyndar ekki séð mér fært að taka þátt í. En það er merkilegt að þeir sem þarna hafa farið og hitt ráðamenn og aðra þá sem koma að málum telja jafnvel að heimsóknir þessara nefnda hafi haft afgerandi áhrif á þróun mála vegna þess að í þessum ríkjum, sem eru að stíga sín fyrstu skref í lýðræðisátt flest hver, eru menn vankunnandi og reynslulitlir. Að segja þeim frá

vinnuaðferðum og reglum sem gilda í lýðræðislegum samfélögum getur hreinlega skipt miklu máli.

Í flóttamannanefndinni hafa menn auðvitað orðið sífellt meira varir við þann mikla flóttamannastraum og þau gríðarlegu vandamál sem átökin í Júgóslavíu hafa skapað. Menn eru auðvitað að reyna að finna leiðir til að taka á þeim málum. Þá vil ég nefna það sérstaklega að í umræðunni í Evrópuráðinu verður maður ekki mikið var við að málefni kvenna séu til umræðu. Þó er búið að leggja fram skýrslu um stöðu kvenna innan Evrópuráðsins. Það er eitt og annað að gerast í þeim efnum. Í samvinnu við Evrópuráðið var haldin sérstök kvennaráðstefna sem við sátum, hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir og ég. Þangað hafði verið boðið konum frá Austur-Evrópu. Það var mjög fróðlegt að heyra það sem þær höfðu fram að færa. Þær lýstu ástandinu í sínum löndum og þar kom skýrt í ljós við hve gríðarlega erfiðleika þær eiga að etja, bæði andspænis gömlum fordómum og því mikla karlveldi sem einkennir þessi ríki, en ekki síður vegna mikilla efnahagsörðugleika, vöruskorts, sem m.a. leiðir af sér langar biðraðir og það að fólk þarf, sérstaklega konur, að verja hluta dagsins til að standa í biðröðum til að reyna að finna mat handa fjölskyldunni og ýmislegt annað mætti nefna í því sambandi. Reyndar fannst okkur nokkuð undarlegt, þeim Evrópukonum sem þarna vorum, að ráðstefnan var haldin í samvinnu við bandaríska stofnun og þarna voru mættar bandarískar konur sem okkur fannst sumum hverjum að hefðu ekki eins mikið fram að færa og evrópskar. T.d. hafa Norðurlöndin auðvitað af miklu meiri reynslu að miðla en Bandaríkin þegar jafnréttissókn eða frelsissókn kvenna er annars vegar. En sem betur fer eru nú bandarískar konur að sækja í sig veðrið eins og kom fram í síðustu kosningum í Bandaríkjunum.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég ítreka að mér hefur þótt þetta starf vera afar gefandi og merkilegt. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að við Íslendingar tökum þátt í þessu starfi og að við reynum að vera eins virk og við getum. En þær þröngu fjárveitingar sem við höfum búið við setja okkur auðvitað skorður. Ekki síst það að það er mjög mikið starf sem er unnið í Evrópuráðinu og maður getur eiginlega ekki skilið annað en að þeir þingmenn sem þar eru og eru hvað virkastir geti tæplega gert mikið annað en að sinna þessum störfum. Þeir eyða greinilega miklum tíma í Evrópuráðið en við eigum þess auðvitað ekki kost hér á okkar fámenna þingi. Við þurfum að sinna okkar starfi heima fyrir. En ekki þar fyrir þá tel ég að þetta sé afar lærdómsríkt og fáum sé eins nauðsynlegt og okkur Íslendingum hér úti í miðju Atlantshafi að fylgjast með stefnum og straumum að ekki sé nú talað um að við tökum þátt í að standa vörð um mannréttindi og lýðræði.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu en vil aðeins þakka frsm. þessarar skýrslu, hv. þm. Birni Bjarnasyni fyrir hans framsögu fyrir málinu og hans vinnu við að útbúa skýrsluna og svo ritara nefndarinnar vegna þess að þau hafa borið hitann og þungann af því að koma þessu í það form sem það liggur hér fyrir hv. þingi fyrst og fremst til upplýsingagjafar og til umræðu eftir atvikum eftir því sem hv. þm. vilja og sjá ástæðu til. Þá vil ég einnig nota tækifærið og þakka öllum samstarfsmönnum mínum í Íslandsdeild Evrópuráðsins fyrir ágætt samstarf. Ég vil taka undir með hv. seinasta ræðumanni að þveröfugt við það sem kom hér fram í umræðum um 3. dagskrármálið, skýrslu þingmannanefndar Fríverslunarsamtaka Evrópu, erum við alveg sammála um það og ég býst við að við séum það öll í þessari Íslandsdeild að þetta sé æðimikilvægt starf og fróðlegt. Og það sé þar að auki í bland dálítið skemmtilegt að fást við þetta og eiga aðild að því að fylgjast með þeirri umræðu sem nú fer fram í Evrópu um hin ýmsu mál. Ég held líka að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur að gefa þessu starfi í Evrópuráðinu aukið vægi miðað við það sem er að gerast og þá þróun sem er að gerast í Evrópu og þær breytingar sem kunna að verða á samstarfi Norðurlandaþjóðanna í framhaldi af þeim breytingum. Ég hygg að það geti aukið vægi starfs okkar í Evrópuráðinu og mikilvægi þess að við tökum fullan þátt í því starfi eins og við treystum okkur til á hverjum tíma.

Þeir sem nú skipa Íslandsdeildina eru allt saman nýir þingmenn utan einn, hv. þm. Ragnar Arnalds, sem hafði setið í Íslandsdeildinni áður. Við hin erum ný í þessu starfi. Það hefur auðvitað tekið nokkurn tíma að setja sig inn í það, kynna sér hvernig þing af þessu tagi vinna og virka. Mér hefur þótt það fróðlegt fyrir mína parta.

Eins og fram kemur í skýrslunni þá hefur kannski meginumræðan einkennst af breytingum og framvindu stjórnmála í Mið- og Austur-Evrópu eins og segir hér í upphafi skýrslunnar. Það er vissulega rétt. Það hefur verið mjög áberandi og þá auðvitað líka umræðan um það hvernig þátttökuþjóðirnar í Evrópuráðinu og þá Vestur-Evrópuþjóðirnar geta aðstoðað við þær umfangsmiklu skipulagsbreytingar, efnahagsbreytingar og þá miklu þjóðlífs- eða þjóðfélagsbyltingu sem í raun á sér stað í Mið- og Austur-Evrópu.

Ég á sæti í tveimur nefndum sem hafa fjallað nokkuð mikið um málin á því svæði, þ.e. annars vegar efnahagsnefnd Evrópuráðsins og hins vegar nefnd sem fjallar um umhverfis-, skipulags- og sveitarstjórnarmál. Báðar þessar nefndir hafa, eins og menn geta kannski ímyndað sér, æðimikið fjallað um málin og ástandið á þessu svæði og þróunina sem þar á sér stað. Við höfum reynt að taka þátt í þessu nefndarstarfi eftir því sem fjárhagur Íslandsdeildarinnar hefur leyft. Þó svo það hafi reyndar betur tekist að halda sig innan fjárlagaramma á síðasta ári þá gerðist það þó auðvitað með því að við reyndum að halda verulega í við þann kostnað sem því er að sjálfsögðu samfara að taka eins mikinn þátt í þessu starfi, og þá einkum nefndastarfi, og við höfum e.t.v. viljað og ég tel æskilegt. Mig langar aðeins í örstuttu máli að gera frekari grein fyrir því. Ég hef gert samstarfsmönnum mínum í Íslandsdeildinni grein fyrir því og ef við ætlum að sitja fundi þannig að við getum fylgst nægjanlega vel með

umræðunni og tekið þátt í undirbúningi mála fyrir þingin áður en mál koma til umræðu á þinginu sjálfu þá þurfum við auðvitað að geta sótt nefndafundina nokkuð reglulega.

Nú er það svo að sumar þessar nefndir, eins og t.d. þær tvær sem ég nefndi og á sæti í, halda kannski 5–7 fundi á ári utan þinganna en við erum með það í okkar starfsreglum að sækja ekki nema þrjá fundi eða hafa það svona sem meginreglu. Það þýðir að við getum kannski ekki sótt nema einn eða tvo fundi í hverri nefnd utan þeirra nefndarfunda sem haldnir eru samhliða þinghaldinu. Þetta finnst mér í raun vera of lítið til að við getum fylgt eftir málum, lagt á þau þær áherslur sem við teljum að sé nauðsynlegt að koma á framfæri og vildum koma á framfæri fyrir okkar hönd. Einnig ef við viljum eins og ég nefndi áðan og kom fram einnig í máli framsögumanns fyrir skýrslunni, hv. þm. Björns Bjarnasonar, leggja áherslu á það að okkar sjónarmið komi fram og að við getum hugsanlega boðið okkur fram sem meiri og virkari þátttakendur í þessu starfi og e.t.v. tekið að okkur fleiri verkefni, bæði með því að halda fundi hér heima á Íslandi eða bjóða fulltrúum nefnda til funda hér heima og annað slíkt. Nú er ég ekki þar með að segja að við höfum ekki tekið virkan þátt í þessu. Eins og fram kom í máli frsm. og skýrslunni sjálfri þá hafa þingmenn sem sæti eiga í Íslandsdeildinni tekið virkan þátt í starfinu. Hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir var framsögumaður fyrir skýrslu og hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson hefur verið formaður undirnefndar. Þetta vildi ég láta koma fram hér, hæstv. forseti, sem mitt sjónarmið og örstutt innlegg í þessa umræðu um skýrsluna án þess að fara um hana mjög mörgum orðum. Ég gæti auðvitað sagt líka ofurlítið frá því nefndarstarfi sem ég hef sótt og þeim upplýsingum sem mér finnst að hafi þar komið fram en tímans vegna geri ég það ekki. Það eru til um það skýrslur af þeim fundum ef hv. þm. hefðu áhuga á að kynna sér það nánar, þau viðhorf sem þar hafa komið fram og verið helst til umræðu. En ég nefni t.d. mjög fróðlega fundi sem ég sótti á vegum efnahagsnefndarinnar bæði í Tallin í mars í fyrra og eins annan fund í Berlín og í Austur-Þýskalandi, í Rostock sem fór fram í september á sl. ári. Þar kom einmitt mjög til umræðu ástandið í þessum löndum og þau gífurlega stóru, miklu og erfiðu viðfangsefni sem þessar þjóðir eru að fást við á kannski má segja öllum sviðum, en þó líklega fyrst og fremst á sviði efnahagsmála sem hlýtur auðvitað að verða undirstaðan fyrir því að hægt sé að þróa þarna áfram lýðræðislegt þjóðfélag.

Að lokum vil ég aðeins segja það, hæstv. forseti, að þó að ég hafi verið að kvarta yfir því að við hefðum ekki rýmri fjárráð og gætum ekki tekið virkari þátt í þessu starfi, þá tel ég þó að það víkki sjóndeildarhringinn mikið, bæði hjá okkur sem þátttakendum í þessu og vonandi með því að gera samstarfsmönnum okkar á hv. Alþingi grein fyrir því sem við erum að fást við, gefi okkur, a.m.k. mér, betri innsýn í hin ýmsu mál og viðfangsefni og viðhorf í þeim löndum sem við höfum ferðast til og ástandið í þeim löndum sem verið er að fjalla um á hverjum tíma og auðvitað þeim málaflokkum sem verið er að fjalla um hverju sinni. Síðast en ekki síst er auðvitað í þessu fólgin mikil kynning á mönnum og málefnum með því að eiga samstarf við þingmenn annarra þjóða. Það er kannski ekki síst mikilvægt í þessu starfi.

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að taka undir orð fyrri ræðumanna um það starf og þann góða starfsanda sem ríkir innan Íslandsdeildar Evrópuráðsins og ég vil þakka kærlega fyrir það samstarf.

Fram til þessa hefur ekki farið mikið fyrir umræðu um störf Evrópuráðsins á íslenskum vettvangi. Slíkt má jafnvel einnig segja um aðrar stofnanir sem við erum aðilar að á alþjóðlegum vettvangi og ekki hef ég orðið vör við reglulegar fréttir um dagskrá og umræður á þingi Evrópuráðsins. Almenningur á því fremur erfitt með að gera sér grein fyrir mikilvægi þátttöku okkar í slíku starfi og enn fremur mikilvægi þess að þingmenn taki virkan þátt í því.

Sú skýrsla sem hér hefur verið til umræðu um störf Evrópuráðsins gefur þó fullt tilefni til að blása lífi í umræður um hlutverk ráðsins og hlutverk Íslands innan þess. Evrópuráðið hefur nú starfað í um 40 ár. Hlutverk þess hefur verið að móta stefnu eða gera tillögu um samræmingu aðildarríkja þess um ýmiss konar löggjöf um mannréttindi, félagsmál, heilbrigðismál, efnahags- og atvinnumál eða einfaldlega flesta þá þætti sem heyra til starfa þjóðþinga. Áhrif ráðsins á löggjöf aðildarríkjanna og samræmingu milli þeirra hafa því verið mikil þótt ekki hafi verið jafnhátt um störf þess.

Á undanförnum árum hefur hlutverk Evrópuráðsins breyst. Þar má helst nefna það hlutverk sem ráðið gegnir gagnvart nýfrjálsum ríkjum í Evrópu. Segja má að lýðræðisstimpillinn sem þessi ríki sækjast eftir liggi innan Evrópuráðsins. Evrópuráðið hefur haft forustu um að viðurkenna hin nýfrjálsu ríki í Mið- og Austur-Evrópu og t.d. var Evrópuráðið fyrsta alþjóðlega stofnunin til þess að viðurkenna sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna með því að veita þeim gestaaðild að ráðinu. Hin nýfrjálsu ríki sækjast eftir inngöngu í Evrópuráðið til að efla tengsl við lýðræðisríkin í Vestur-Evrópu og þær samstarfsstofnanir sem þær hafa sín á milli. Þannig telja þau að efla megi skilning og viðskipti en ekki síst er mikilvægt fyrir þessi nýfrjálsu ríki að læra af umræðum um löggjafarmál til að þrýsta á um að flýta fyrir raunverulegu lýðræði heima fyrir. Evrópuráðið hefur sett ákveðnar reglur um gestaaðild þessara ríkja gegn ákveðnum skilyrðum. Ráðið hefur einnig sett þau skilyrði fyrir hugsanlegri fullri aðild að slíkt verði ekki fyrr en að undangengnum lýðræðislegum, almennum fjölflokkakosningum til þings. Rík áhersla er lögð á framkvæmd slíkra kosninga og því gerir Evrópuráðið sérstakar eftirlitsnefndir út af örkinni til að fylgjast með því að rétt sé að staðið.

Ég átti þess kost að taka þátt í slíku eftirlitsstarfi sl. haust í Litáen og eftir þá reynslu vil ég leggja sérstaka áherslu á það hversu mikilvægt er að aðstoða hin nýfrjálsu ríki Evrópu á göngu sinni í átt til lýðræðis. Slíkt starf mun koma í veg fyrir óþarfa spennu milli ríkja og

flýta fyrir endurreisn efnahagslífs og því að jafnvægi komist á milli allra ríkja Evrópu.

Við væntanlega inngöngu Íslands í EES tel ég að mikilvægi þátttöku okkar í starfi Evrópuráðsins muni margfaldast. Í ráðinu eru þingmenn frá öllum ríkjum Efnahagsbandalagsins og EFTA og þar ræða þeir mótun löggjafar á svæðinu. Virk þátttaka Íslendinga er því bráðnauðsynleg til þess að við náum sem mestum áhrifum á þá stefnu sem aðildarríkin setja hverju sinni og ég tel mig hafa þá reynslu að á okkur sé vel hlustað í tillögugerð. En við nauman fjárhag er oft erfitt að standa jafnfætis þátttöku þingmanna annarra þjóðþinga. Allir fulltrúar Íslandsdeildar Evrópuráðsins, varamenn jafnt sem aðalmenn, eru aðalmenn í hinum ýmsu nefndum. Hver íslenskur fulltrúi getur verið í 2–3 nefndum en hver nefnd heldur jafnan 5–8 fundi á ári utan þinganna. Reglur Íslandsdeildarinnar hafa verið sniðnar að því fé sem henni er skammtað. Hefur þumalfingursreglan verið sú að hver fulltrúi sæki samtals um tvo nefndarfundi utan fastaþinga ráðsins, en aðeins fjórir fulltrúar sæki flest þing, en meðan á þingum stendur halda nefndir einnig fundi sína. Þetta setur íslensku fulltrúunum að sjálfsögðu mikil takmörk í þátttöku sinni. Þessar skorður eru að mínu mati alvarlegrar íhugunar verðar miðað við það aukna mikilvægi fyrir Ísland að efla áhrif sín á þessum vettvangi og ég vona að okkur muni takast á næstu árum að bæta þar úr þannig að orð okkar fái að vega þyngra á þessum vaxandi mikilvæga vettvangi.

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Félagar mínir í Íslandsdeild Evrópuráðsins hafa farið hér nokkrum orðum um skýrslu okkar frá sl. starfsári og þau störf sem við höfum unnið að, en þáttur minn hefur að undanförnu fyrst og fremst verið í því máli sem helst tengist hag okkar Íslendinga, þ.e. ályktun um hvalveiðar sem unnið er að á vegum Evrópuráðsins um þessar mundir. Mér þykir rétt að greina örlítið frá því starfi.

Forsagan er sú að allt frá 1988 hefur verið unnið að ályktunum um þessi efni og 1989 var samþykkt ályktun þar sem 1. flm. var Kjartan Jóhannsson, núv. sendiherra, þar sem titill var „Um framtíð hvalveiða". Inntakið í þeirri ályktun var að rannsóknum hvalveiða væri sinnt ekki síður en annarra tegunda í lífríki hafsins. Það var síðan í september 1991 sem samþykkt var ályktun um fiskveiðar á þingi Evrópuráðsis og þar var inntakið þess efnis og lögð á það áhersla að við stjórn og nýtingu auðlinda hafsins verði hugað að sjálfbærri þróun og var þar jafnframt tekið fram að það ætti jafnt við um sjávarspendýr sem og aðrar tegundir í hafinu.

Það var hins vegar í apríl 1991 sem breskur þingmaður, Tony Banks, og nokkrir fleiri rituðu undir drög að ályktun um það að Evrópuráðið samþykkti að hvetja til þess að leggja bann við hvalveiðum Japana, Íslendinga og Norðmanna. Í framhaldi af því var ákveðið að efna til ráðstefnu um framtíð hvalveiða eða framtíð veiða á sjávarspendýrum og við buðumst til þess, íslenska sendinefndin, að sú ráðstefna yrði haldin hér heima. Það var síðan fyrsta verk mitt sem formaður undirnefndar landbn., þeirrar nefndar sem fer með fiskveiðimál, að standa fyrir þessari ráðstefnu í maí á sl. ári. Það er óhætt að segja að ráðstefnan, sem hér var haldin, vakti talsvert mikla athygli innan Evrópuráðsins og embættismenn þar fullyrða að undirnefndarráðstefna hafi aldrei verið svo fjölsótt sem þessi var. Eftir þennan fund var gefin út skýrsla sem er reyndar nýkomin á prent en ætti að vera og er fáanleg hjá ritara nefndarinnar, Þóru Guðnadóttur. Síðan hefur verið unnið áfram að framgangi málsins og við búumst við því að ályktun verði lögð fyrir þingið á komandi hausti eins og formaður minntist á hér áðan, þ.e. í september. Þeir sem þess óska geta fengið hjá mér fyllri upplýsingar og aðrar upplýsingar um þetta mál, en inntakið í plagginu eins og það lítur út á þessari stundu er eitthvað á þá leið að það sé nauðsynlegt að frekari rannsóknir fari fram á sjávarspendýrum til að afla aukinnar þekkingar á lífríkinu og einstökum stofnum.

Þá vantar einnig fræðslu til almennings um lífríki sjávar og um mikilvægi þess fyrir lífið á jörðinni. Það er hvatt til samhæfðra aðgerða í Evrópu með stofnun evrópskrar hafrannsóknastofnunar sem menn telja að mundi verða skref í rétta átt. Það er tekið fram að sjávarspendýr séu hluti auðlindalífríkis sjávar sem beri að vernda þegar þeim er ógnað og einungis veidd þegar öryggt er að stofnstærð leyfi. Veiðar kunni einnig að vera nauðsynlegar til þess að forðast offjölgun sem leiði til ójafnvægis í lífríki hafsins. Að miklu leyti er hluti þess texta sem í þessari ályktun er eins og hún liggur fyrir byggður á þeim niðurstöðum sem komu fram á Ríó-ráðstefnunni um þessi efni.

Ég vil taka það fram að starfið í Íslandsdeild Evrópuráðsins hefur verið afar ánægjulegt þvert á móti því sem talað var um hér áðan um EFTA-nefndina og ég er sannfærður um það að þau kynni sem myndast hafa milli okkar, fulltrúa Íslands, og ýmissa annarra þingmanna á vettvangi Evrópuráðsins eru af hinu góða og vonandi verður þess ekki langt að bíða að okkur takist að halda hér aðra ráðstefnu eða nefndarfund á Íslandi á vegum Evrópuráðsins.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vænti að mér fyrirgefist það að blanda mér inn í þá umræðu sem fram fer um skýrslu fulltrúa Alþingis á Evrópuráðsþinginu, en ég vil jafnframt geta þess að mér finnst dálítið á skorta að fylgst sé með þessum málum af hálfu Alþingis af þeirri athygli sem þau verðskulda, þ.e. þátttöku okkar í alþjóðlegu samstarfi. Gildir það í rauninni um hvað eina þar sem Alþingi á hlut að máli að það varðar miklu að þingið í heild átti sig á mikilvægi þess starfs sem þar er unnið og þingmenn séu eðlilegir þátttakendur í því. Ég vil út af fyrir sig ekki draga neinar sérstakar ályktanir af þátttöku í þessari umræðu eða fjölda þeirra sem með henni fylgjast nú og vona að í reynd sé nú áhuginn á þessu starfi meiri en það ber vott um.

Ég held, virðulegur forseti, að það væri hins vegar þörf á því fyrir Alþingi að reyna að stuðla að skipulegri skoðanaskiptum þeirra fulltrúa sem sitja sem fulltrúar í hinum ýmsu alþjóðlegu nefndum eða stofnun-

um fyrir Alþingis hönd til þess að miðla reynslu og til þess að samræma með vissum hætti störf af hálfu þingsins á þessum vettvangi. Nú er það vissulega verulegt framför að hinar einstöku nefndir eða deildir hafa mótað sér sérstakar reglur eða fastar reglur um starfshætti. Það er nýmæli frá allra síðustu árum að frá því sé gengið með þeim hætti sem vera ber í rauninni þannig að ljóst sé eftir hvaða reglum unnið sé á hverjum vettvangi af hálfu þingsins. Ég vil varpa því fram sem hugmynd hér í tengslum við þessa umræðu hvort það væri ekki ómaksins vert fyrir þá þingmenn og þá hópa sem taka þátt í alþjóðasamstarfi að setjast niður þó ekki væri nema dagsstund til þess að fara yfir málin og bera sig saman því að þarna er að sjálfsögðu margt á hreyfingu eins og við þekkjum og hér hefur borið á góma í umræðunni af hálfu hv. þm. Guðmundar Bjarnasonar m.a. sem minnti á breytingar sem væru á norrænu samstarfi og hann lét að því liggja að hugsanlega mundi það breyta einhverju um gildi þátttöku Íslands í starfi Evrópuráðsins. Ég vil ekki fara að ræða það efni sérstaklega. Skýrsla Norðurlandaráðs sem fyrirhugað var að væri einnig á dagskrá þessa fundar verður rædd síðar og ég vil hvetja þá sem eiga þátt í samstarfi á víðara vettvangi í Evrópu að fylgjast með því sem fram kemur í þeirri skýrslu, sem þegar hefur verið fram lögð af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, vegna þess að það er vissulega ástæða til þess að átta sig á þeim breytingum sem í gangi eru og sem við ekki nema að litlu leyti fáum ráðið í hvaða farveg stefna.

Ég nefni hér undir þessum dagskrárlið þessa hugmynd, einnig vegna þess að formaður nefndar okkar, Íslandsdeildarinnar í Evrópuráðinu, er jafnframt formaður í utanrmn. þingsins og væri ekkert óeðlilegt þó að það yrði rætt hugsanlega á þeim vettvangi eða að formenn hinna ýmsu deilda bæru sig saman um þetta, því að ég hugsa að það væri vissulega þörf á því að bera saman bækurnar í raun fyrr en seinna með þeim hætti og hreyfi því þessari hugmynd hér.

Það er margt sem væri ástæða til að ræða í sambandi við þessa skýrslu að því er varðar Evrópuráðið. Ég vil fyrst aðeins fjalla um viss atriði sem snerta form. Það hefur verið upplýst hér og má lesa það í skýrslunni að ramminn um þetta samstarf á vegum Evrópráðsins er breytingum háður. Það er verið að fjölga aðildarríkjum og það liggja fyrir umsóknir. Og formaður deildarinnar, hv. þm. Björn Bjarnason, gat þess að til stæði að ræða það mál sérstaklega, hvar ætti að draga mörkin um Evrópuráðið, hvar væru mörk Evrópu í þessu samhengi. Ég sé það í skýrslunni að Rússland hefur sótt um aðild og spannar nú víðar landfræðilega séð en til Úralfjalla, sem sumir hafa tengt sem mörk Evrópu til austurs. Ég vil inna eftir því hér, hvort það hafi verið mótuð einhver stefna um það af hálfu Íslandsdeildar Evrópuráðsins hvernig við ætlum að taka á því máli, hvernig litið er á það mál af okkar hálfu og hvaða meðferð líklegt sé að þessi umsókn Rússlands hljóti á vettvangi Evrópuráðsins því að það er auðvitað áhugavert að átta sig á því í hvert efni þar stefnir. Ég geri ráð fyrir það það kunni að ráðast að einhverju leyti af þeirri þróun sem verður í Rússlandi á næstunni að því er snertir þau málasvið sem Evrópuráðið fjallar um og sem varðar stofnsáttmála Evrópuráðsins og þá ekki síst spurninguna um lýðræðisþróun í Rússlandi en eins og við vitum, þá er þar ýmislegt í deiglu nú sem áður og ekki er hægt að fullyrða í raun á þessari stundu í hvert efni stefnir á allra næstu tímum.

Annað atriði sem varðar form var til umræðu af hálfu formanns Íslandsdeildar Evrópuráðsins, þ.e. þátttaka Alþingis í þingmannasamtökum á vegum RÖSE og hvernig henni væri fyrir komið. Það er auðvitað nauðsynlegt að það verði rætt og afráðið hvernig að því verður staðið að svo miklu leyti sem það hefur þegar verið gert á milli þingflokka. En einnig vék þingmaðurinn að spurningunni um þátttöku í þingmannasamstarfi Vestur-Evrópusambandsins sem er hugtak sem ég er ekki viss um að allir hv. alþm. séu alveg vissir um, og á ekki við þá sem hér sitja sem ég geri ráð fyrir að átti sig á hvaða samtök það eru sem ganga undir nafninu Vestur-Evrópusambandið, WEU. Það er eitt af þessum „union"-fyrirbærum, „West-European Union" minnir mig að þetta heiti á enskunni og kom aðeins við sögu hér á Alþingi, líklega í nóvembermánuði þegar það gerðist með fárra daga fyrirvara að upplýst var að Ísland ætlaði sér að gerast aukaaðili, eins og kallað er, að þessu hernaðarsamstarfi Evrópubandalagsins sem er inntak þessa Vestur-Evrópusambands. Það er hernaðararmur Evrópubandalagsins sjálfs. Formaður utanrmn. viðraði þá sjónarmið að Íslendingar ættu — ég tók ekki alveg eftir hvernig hv. þm. hagaði orðum sínum — að tengjast þingmannasamstarfi á vegum þessa hernaðarsamstarfs sem þarna er undir hatti Evrópubandalagsins þó ekki séu öll Evrópubandalagsríki beinir aðilar þar að enn sem komið er.

Ég tel þetta vissulega vera umræðuvert og hef ekki verið hvetjandi þátttöku okkar, hvorki sem aðili eða aukaaðili að þessum hernaðararmi Evrópubandalagsins og ég set vissulega spurningarmerki við það að hve miklu leyti við eigum að fara að tengjast þessu enn frekar í gegnum þingmannasamstarfið o.s.frv.

Mér finnst rétt í þessu sambandi að nefna að þegar okkur var skotið þarna inn af ríkisstjórninni án samþykkis og formlegrar umfjöllunar á Alþingi — því að málið var eingöngu rætt utan dagskrár daginn áður en aðild okkar að Vestur-Evrópusambandinu var „signeruð" úti í löndum — þá var því heitið innan utanrmn. að leitað yrði eftir á samþykkis Alþingis við þessum gjörningi. Ég hef ekki orðið var við að slíkt mál kæmi fram í formi ályktunartillögu til þingsins og vek á því athygli af þessu tilefni en ræði þetta ekki frekar í tilefni þessarar skýrslu.

Þetta var um form. Svo aðeins um innihald og þau verkefni sem verið er að vinna og ég heyri og sé að eru mjög fjölþætt og varða hagsmuni okkar á margvíslegan hátt og ég þakka fyrir þær upplýsingar sem fram hafa komið um þessi efni. Ég tel t.d. að það sé ekkert smáræðisverkefni sem Ísland átti í raun frumkvæði að að upp var tekið innan Evrópuráðsins þar

sem eru sjávarspendýrin og hvalveiðar í því samhengi. Það er mikil ábyrgð sem í rauninni hvílir á fulltrúum okkar í Evrópuráðinu, hvernig á því máli er haldið og það er jafngott að menn, sem í því standa, njóti nauðsynlegs stuðnings bæði við að undirbúa tillögur og mál og kynna mál innan Evrópuráðsins fyrst að menn eru að færa þau inn á þann vettvang. Ætla ég Íslendingum þó ekki einum að hafa verið frumkvæðisaðilar um það en átt þó hlut að því máli að ég hef skilið. Ég tel mikla þörf á því og þykist vita að reynt verði að samræma þessi mál í einhverju í gegnum utanrmn. þingsins sem fjallar auðvitað um þessi þýðingarmiklu atriði og þarna þurfi að vanda vel til málafylgju því vissulega gæti þetta farið á annan veg en til er stofnað og ætlað af okkar hálfu og er ég þó engan veginn að lasta það að þessi mál eru tekin þarna upp.

En við þekkjum það landslag sem þarna er um að ræða í sambandi við hvalina og að við allramman reip er að draga á alþjóðavettvangi að tryggja skynsamlega nýtingu á þeim dýrastofnum með viðlíka hætti og út frá fyllstu sjónarmiðum umhverfisverndar eins og við höfum reynt að vera talsmenn fyrir varðandi nýtingu dýrastofna almennt og ekki síst stofna í hafinu.

Hv. þm. Lára Ragnarsdóttir ræddi um nokkur atriði sem tengjast starfinu í Evrópubandalaginu og minntist á sinn hlut þar að nokkru. Hún kom ekki að því sem lítillega er getið um hér sem varðar kjarnorkumálefni og hlut hennar á þeim vettvangi sem ég tel allra góðra gjalda verðan og vildi að því tilefni, vegna þess að þessi mál eru umræðuefni og umfjöllunarefni í Evrópuráðinu, inna eftir því hversu langt menn seilast í umfjöllun um þessi mál á vettvangi Evrópuráðsins og hvort íslenska sendinefndin í Evrópuráðinu ætlar sér þar einhvern verulegan hlut að því er snertir kjarnorkumálefni.

Slysið í Tsjernóbíl og afleiðingar þess eru mál út af fyrir sig og auðvitað víti til varnaðar eins og fjölmörg óhöpp sem orðið hafa í sambandi við kjarnorkuiðnað í svokölluðum friðsamlegum tilgangi þó að það minni mest á vegna þess að það er nálægt okkur í tíma og líka einna alvarlegast af því sem gerst hefur það við þekkjum til. Við vitum að ástand þessara mála er geigvænlega alvarlegt víða í Austur-Evrópu og að neyðarástand blasir við á mörgum svæðum vegna þess hvernig staðið var að kjarnorkumálum, bæði í hernaðartilgangi og eins í svokölluðum friðsamlegum tilgangi, til orkuframleiðslu, á því svæði. Það er víða verið að ræða þau efni. En við skulum ekki gleyma því að hér er við stóran almennan vanda að fást sem snertir öll þau ríki sem fást við orkuframleiðslu í formi kjarnorku, þ.e. standa fyrir kjarnorkuiðnaði. Pottur er mjög víða brotinn í þessum efnum og grundvöllur kjarnorkuiðnaðarins er óheilbrigður og ótækur að margra mati og ég er í hópi þeirra sem telja að það sé gjörsamlega óforsvaranlegt fyrir heimsbyggðina að ætla að byggja orkubúskap sinn til lengri tíma litið á kjarnorku. Með það í huga tel ég að við Íslendingar eigum að standa mjög ákveðið að því á alþjóðavettvangi að beita okkur gegn kjarnorkuiðnaðinum sem slíkum, beita okkur fyrir því að menn reyni að komast út úr þessum vanda fyrr en seinna og að sjálfsögðu að reyna að draga sem mest úr þeim hættum sem þar er við að fást og þar blasa við. En þær eru ekki bara í Austur-Evrópu, þær eru einnig þótt í öðru formi sé í því sem við köllum Vesturlönd og þarf ekki annað en að minna á t.d. þann gífurlega vanda sem tengist úrganginum frá kjarnorkuiðnaðinum, meðferð úrgangsefna og endurvinnslu á hágeislavirkum efnum úr þessum úrgangi. Reyndar veldur þessi endurvinnsla margföldun á úrganginum að umfangi til. Þetta er ekki bara eins og hjá Sorpu þar sem menn geta gert eitthvað nytsamlegt úr úrgangi og nýtt heldur er í rauninni ókleift að komast út úr þessu vegna hins gífurlega endingartíma þessara efna.

Hér er um að ræða vá sem snertir okkur Íslendinga sem aðrar þjóðir mjög náið. Önnur Norðurlandaríki eru í nágrenni við fyrrverandi Sovétríki, kjarnorkuiðnaðinn á Kólaskaga og viðskilnaðinn þar en eru einnig með kjarnorkuiðnað innan eigin vébanda eins og Finnar og Svíar. Málið er þannig t.d. á vettvangi Norðurlanda að það er engan veginn einboðið að Norðurlönd séu þar samferða og þekkjum við það af norrænum vettvangi. En engu að síður hljótum við að beita okkur í málinu. Kjarnorkuverið í Barsebäck í næsta nágrenni Kaupmannahafnar er auðvitað gífurlegt áhyggjuefni fyrir þá sem nálægt því búa.

En í þessu sambandi vildi ég minna á Bretland og þá endurvinnslu sem þar fer fram og það hvernig þar er að málum staðið af breskum stjórnvöldum með gersamlega óforsvaranlegum hætti og af frönskum stjórnvöldum að því er varðar plútonflutninga og endurvinnslu á geislavirkum úrgangi yfir í plúton og flutninga á slíku efni. Þarna eru það aðildarríki að Evrópuráðinu sem í hlut eiga og Frakkarnir hafa auðvitað reynt að halda lokinu yfir þessu og tekist það furðanlega gagnvart sínu fólki en þó minni ég á þá öflugu hreyfingu Græningja sem er að gera sig meira og meira gildandi í frönsku stjórnmálalífi og beitir sér a.m.k. að hluta til hart á móti kjarnorkuiðnaðinum.

Ég leyfi mér að nefna þetta um leið og ég hvet Íslandsdeildina til þess að fylgja þessum málum eftir af fyllstu alvöru og í fullri breidd, þ.e. taka málin fyrir heildstætt og reyna að þoka málum þar til skynsamlegs vegar að því er þetta varðar.

Virðulegur forseti. Ég geri mér grein fyrir að þau mál sem varða mannréttindi og verndun lýðræðis og það sem að því lýtur sem og menningarsviðið er kannski burðarás og hefur verið það í sambandi við starf Evrópuráðsins og eru auðvitað gífurlega þýðingarmikil, þar á meðal jafnréttismálin sem hér er minnst á í umræðunni. Ég bið um að mitt innlegg verði ekki skilið þannig, þótt ég fari ekki að ræða þau málasvið, að ég geri minna úr þeim atriðum. En ég taldi ástæðu til þess að nefna þessi atriði sérstaklega vegna þess að þau hafa verið á dagskrá hjá Evrópuráðinu.

Í lokin vil ég nefna að ég rakst í þessari annars ágætu skýrslu á ónákvæmni á bls. 11 sem ég vildi nefna ef það er rétt skilið hjá mér. Það er verið að vísa til þings sem haldið verði í Palanga í Litáen 29.–31. maí 1992 og talað um það í framtíð. Þarna er einhver smá ónákvæmni á ferðinni sem hefur yfirsést sem og

í sambandi við hvalamálin og undirnefndir landbúnaðarmála þar sé ég að innan sviga er getið samtaka sem mér eru að nokkru kunn með ensku heiti og mætti misskiljast þar sem þau eru tengd með einni kommu Alþjóðahvalveiðiráðinu, en þarna er um að ræða „World Wildlife Fund for Nature" og það er ekki þýtt. Þetta eru alþjóðanáttúruverndarsamtökin sem munu hafa verið kölluð svo á íslensku máli og heita nú á ensku ekki World Wildlife Fund for Nature eins og þau hétu til skamms tíma heldur öðru nafni sem ég er ekki viss um að fara rétt með án þess að horfa eftir því en mig minnir að World Wide Fund for Nature sé nafn þessara samtaka og við köllum þau Alþjóðanáttúruverndarsamtökin á íslensku máli.

Þetta vildi ég aðeins nefna hér og þakka um leið það framlag Íslandsdeildar Evrópuráðsins sem hér liggur fyrir og málflutning talsmanna deildarinnar.

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Mér finnst sjálfsagt að athuga þá tillögu hv. síðasta ræðumanns að fulltrúar Alþingis í hinum ýmsu Íslandsdeildum í alþjóðasamstarfi þingsins ráðgist meira heldur en gert hefur verið og væri hægt að kanna hvernig að slíku samráði yrði staðið.

Þar sem hv. ræðumaður spurði um afstöðu Íslandsdeildarinnar til hinna einstöku mála þá finnst mér rétt að árétta þá skipan sem er á þessu starfi. Íslandsdeildin kemur fram í sumum málum varðandi þátttöku Íslands í Evrópuráðsþinginu en á þinginu sjálfu starfa þingmenn í þingflokkum og deildin leysist kannski upp eftir pólitískum sjónarmiðum þannig að það er ekki alltaf unnt að tala um að Íslandsdeildin hafi mótað sér afstöðu til hinna einstöku mála og ekki eðlilegt að hún geri það heldur er þessi afstaða mótuð innan þingflokkanna á þinginu sjálfu og deildin sem slík tekur ekki afstöðu til mála nema um þau sem sérstaklega snerta Ísland.

Það má náttúrlega segja að spurning um stærð Evrópuráðsins sé málefni sem snerti Ísland en þá er tekin afstaða til þess af íslenskum stjórnvöldum í ráðherranefnd Evrópuráðsins sem einnig þarf að taka ákvarðanir um þessi efni, en í þinginu koma þingmenn frekar fram sem fulltrúar ákveðinna pólitískra sjónarmiða heldur en Íslandsdeildarinnar sem slíkrar.

Það liggja fyrir mismunandi viðhorf varðandi stækkun ráðsins austur á bóginn eftir því hvort að menn eru í þinginu eða í ráðherranefndinni. Ég held að þarna sé ágreiningur á milli kannski að einhverju leyti og málið hefur ekki verið rætt til þrautar á þinginu og Íslandsdeildin hefur ekki gert upp sinn hug og þingið sjálft hefur ekki gert upp sinn hug í þessu máli. Það hafa legið fyrir hugmyndir um að draga mörkin t.d. við *Úralfjöll og þaðan í suður. Varðandi Rússland er* alveg ljóst að rannsóknir á því hvort Rússland yrði tækt í þessi samtök eru rétt að fara af stað og þróunin í Rússlandi lofar því miður ekki góðu um að þar þróist endilega á næstunni þeir stjórnarhættir að landið verði gjaldgengt í samtökin. Það er alveg ljóst t.d. að það er fyrst eftir kosningar í Eystrasaltsríkjunum sem þau ríki eru gjaldgeng og enn hefur ekki verið kosið í Lettlandi með þeim hætti að ráðið telji að það sé viðunandi og enn lengra virðist slíkt eiga í land í Rússlandi.

Einnig er það náttúrlega spurning sem hv. ræðumaður vísaði til hvort Rússland kemur yfirleitt þarna inn. Það getur enginn svarað því. Rússar hafa sótt um en það eru mörg sjónarmið sem geta komið upp á þeirri leið. Það er fjölmenn rússnesk sendinefnd núna sem gestanefnd á þinginu. Þeir láta töluvert að sér kveða en umræður um þátttöku Rússlands í Evrópuráðinu eru tiltölulega skammt á veg komnar. Íslandsdeildin hefur ekki gert upp hug sinn í þessu og spurning er hvort hún geri það. Það getur vel verið að það komi síðan til kasta Alþingis sjálfs að gera það í sambandi við umræður um málefni ráðsins ef einhverjar breytingar verða á stofnskrá þess eða samþykktum. Eins og við vitum þá er stofnskráin fullgilt á grundvelli ályktunar Alþingis og nú er unnið að því að undirbúa lögfestingu Mannréttindasáttamálans þannig að það kann að vera að Alþingi sem slíkt komi meira að málefnum er varða Evrópuráðið heldur en það hefur gert um nokkurt skeið.

Varðandi Vestur-Evrópusambandið þá finnst mér ástæðulaust að setja hér á umræður um það. Það mun koma fram, eins og var heitið í nóvember, till. til ál. um aðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu og ég held að það sé frekar tímaspursmál en nokkuð annað hvenær hún kemur hér fram.

Varðandi sjávarspendýrin þá vil ég láta það koma fram að það var ekki að frumkvæði Íslendinga sem þetta mál kom upp með þeim hætti sem það er nú til umræðu. Hins vegar var unnt að haga málum þannig að Íslendingar koma verulega að málinu og vonandi verður það niðurstöðunni til góðs á þinginu. En auðvitað getur ekkert okkar sagt um það hver sú niðurstaða verður á þessu stigi en undirbúningsvinnan lofar góðu fyrir málstað þeirra sem telja að það eigi að vera réttur þjóða að nýta sjávarspendýr eins og önnur dýr sjávar.

Um kjarnorkumálin vil ég aðeins vísa til þess sem ég sagði hér áður. Það er mál sem Íslandsdeildin tekur í sjálfu sér ekki afstöðu til. Það gera einstakir þingmenn. Það hafa verið bornar upp tillögur og ég hvet hv. 4. þm. Austurl. til þess að kynna sér þær tillögur sem þegar hafa verið samþykktar á Evrópuráðsþinginu um þessi mál og þær ítarlegu greinargerðir sem þar hafa verið lagðar fram varðandi kjarnorkumálin. Það hafa verið samdar mjög greinargóðar skýrslur um þau mál og tillögur samþykktar og ályktanir um þau efni nú þegar þannig að þingmaðurinn hefði þar góðan fróðleiksbrunn að ausa úr ef hann vill kynna sér einstök atriði varðandi þau málefni sem hann gerði hér að umtalsefni.

Ég þakka þingmanninum ábendinguna varðandi ráðstefnuna í Palanga. Að sjálfsögðu átti orðalagið ekki að vera í framtíð því að þessi ráðstefna var á síðasta ári.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil skilja orð hv. þm. varðandi hugsanlegt samráð þeirra deilda, Íslandsdeilda í alþjóðasamstarfi sem fyrir eru um jákvæðar undirtekt-

ir við þá hugmynd og tel að þó að það væri ekki gert nema í tilraunaskyni í fyrstu, þá væri það þess virði að bera sig saman með þeim hætti. Mér er auðvitað fyllilega ljóst að um hin ýmsu efni eru ekki teknar bindandi ákvarðanir í þingmannahópnum og skoðanir geta þar verið skiptar, en hins vegar er auðvitað mjög æskilegt ef menn ná saman um mál, stór mál á slíkum vettvangi og geta unnið að þeim sameinað og með samhljómi á slíkum vettvangi sem þessum. Ég tel raunar að kjarnorkumálin og spurningin um viðhorf til kjarnorkuiðnaðar ætti að geta verið slíkt viðfangsefni þar sem Íslendingar gætu náð saman þvert á flokka og þyrftu að ná saman og þyrftu að beita sér á alþjóðavettvangi með samræmdum hætti á móti þeim ófögnuði og fyrir því að menn fyrr en seinna komi sér út úr kjarnorkunotkun til orkuframleiðslu því að þar eru menn að safna eld að eigin höfði, komandi kynslóða, þannig að augljóslega stefnir í hreinan voða ef menn ekki geta snúið af þeirri braut.

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér er bæði ljúft og skylt að svara hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni örlítið og gefa upplýsingar um það sem verið er að ræða í Evrópuráðinu um kjarnorkumál. Ég á sæti í þremur nefndum. Þar af hafa tvær, vísinda- og tækninefnd og nefnd um svokölluð félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumál, fjallað um kjarnorkumál. Vísindanefndin fjallar um öryggi kjarnorkustöðva og kjarnorkumála almennt og var skilað skýrslu um þau mál á síðasta þingi þar sem var kveðið á um aukna áherslu á öryggismál í þessu sambandi og þingmaðurinn getur fengið afrit af þeirri skýrslu hjá Íslandsdeildinni. Hins vegar var það sú skýrsla sem ég var flm. fyrir og vann að sem snerist um kjarnorkuslysið í Tsjérnóbíl og heilsufarslegar afleiðingar af því slysi. Þetta var upphaflega beiðni um að kanna heilbrigðisástand barna og verkamanna sem urðu fyrir áföllum vegna þessa slyss, en skýrslan heitir í raun inni „Heilsufarslegar afleiðingar af Tsjérnóbíl-slysinu og þörfin fyrir auknar alþjóðlegar aðgerðir," þannig að í sjálfu sér segir það svolítið um niðurstöður skýrslunnar. En vissulega þarf ástand íbúa á þessu svæði íhugunar við og það hefur alls ekki verið nægilega rannsakað. Það var gerð forrannsókn á rúmlega 800 þús. íbúum á þessu svæði sem bjuggu þó ekki næst staðnum þegar slysið varð. Það var ekki gerð nein rannsókn hvorki á verkamönnum, börnum né öðrum þeim sem bjuggu næst þessu svæði. Skýrslan fjallaði m.a. um það að hvetja til þess að prógramm sem samþykkt var að setja í gang fyrir tveimur árum síðan, þar sem 8 sjúkrahús, dreift um þetta svæði sem varð fyrir geislun allt frá Tyrklandi og norður í Hvíta-Rússland, áttu að safna saman upplýsingum um ástand fólks, væri sett í gang og fjármagnað því að enn hefur ekki fengist nema brot af því fjármagni sem lofað var til þessa verkefnis. Ég vil gjarnan upplýsa það fyrir hv. þm. að ég lýsti því yfir að ég mundi fylgja þessu máli fast eftir á næstu þingum.

Ég vil líka lýsa því yfir að ég tel að kjarnorkumál komi okkur svo sannarlega við, hvort sem slysin gerast í Tsjérnóbíl eða einhvers staðar nær okkur hér á Íslandi, þetta kemur okkur öllum við hvar sem við búum á hnettinum.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur fyrir hennar viðbrögð og upplýsingar varðandi þessi málefni og ég fagna því að hún hefur verið að setja sig inn í þessi efni sérstaklega í tengslum við störf sín í Evrópuráðinu. Ég vænti þess að hún nýti þá vitneskju sem hún vafalaust þegar hefur fengið til viðbótar við það sem áður var til þess að taka á þessum málum í víðu samhengi eins og full nauðsyn er á. Það er eitt af því sem ég vildi leyfa mér að nefna þar að lútandi og það er sú stofnun sem kallast Alþjóðakjarnorkumálastofnunin. Það er stofnun sem ég tel nauðsynlegt að gjalda varhug við. Það er rík tilhneiging yfirvalda þeirra ríkja sem stunda orkuframleiðslu með kjarnorku að vísa sem flestum málum til Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. Ég tel mig hafa þekkingu til þess að fullyrða að sá andi sem svífur yfir vötnunum í þeirri stofnun lýtur fyrst og fremst að því að vernda hagsmuni kjarnorkuiðnaðarins til lengri tíma litið. Vissulega er ekki allt slæmt eða ótækt sem þaðan kemur í viðbrögðum við bættu öryggi o.s.frv. Þeir sem eru að verja hagsmuni kjarnorkuiðnaðarins átta sig á því að þeir verða að bregðast við með einhverjum hætti, ekki bara neikvætt. Kjarni málsins er þó þessi og það heyrði ég t.d. á umhverfisráðstefnunni í Rio de Janeiro frá talsmanni Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. Það mátti glöggt heyra út frá hvaða sjónarhorni þar var talað.

Þetta vildi ég leyfa mér að nefna og aðeins að lokum, virðulegi forseti, bæta því við sem fram kom í ræðu hv. þm. hér áðan varðandi þýðingu á þátttöku Íslands í starfi Evrópuráðsins. Ég tel að sú þýðing sé mikil, hún vaxi ekki sérstaklega ef við skyldum illu heilli fara inn í Evrópskt efnahagssvæði. Hún er einmitt alveg sérstaklega mikilvæg fyrir okkur ef við höfum vit á því að standa utan EES og nýta þennan vettvang til samevrópskra tengsla.

Alþjóðaþingmannasambandið, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins, 403. mál. — Þskj. 697.

Enginn tók til máls.

Vestnorræna þingmannaráðið 1992, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins, 378. mál. — Þskj. 671.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er lögð fram skýrsla um starf

Vestnorræna þingmannaráðsins fyrir árið 1992. Það verður að geta þess í því sambandi að á sl. ári var hið svokallaða vestnorræna ár sem ákveðið hafði verið á aðalfundi ráðsins í Stykkishólmi árið 1989 að haldið skyldi. Í tilefni þess voru haldnar þrjár ráðstefnur, ein í hverju landi, og hér á Íslandi var haldið vestnorrænt kvennaþing á Egilsstöðum dagana 20.–23. ágúst sl. Það þing fór mjög vel fram í alla staði. Það var vel staðið að undirbúningi þess og formaður þeirrar nefndar sem sá um það var Ragnheiður Harðardóttir en framkvæmdastjóri ráðstefnunnar var Guðrún Ágústsdóttir. Það voru 350 konur sem sóttu þetta þing og meiri hlutinn auðvitað frá Íslandi en 48 frá Grænlandi og 63 frá Færeyjum.

Það var mjög skemmtilegt andrúmsloft á þessu þingi. Þessar þrjár þjóðir náðu mjög vel saman og ég gat þess raunar í umræðum um till. til þál. um ályktanir vestnorræna þingmannaráðsins sem var hér fyrr til umræðu að það hefði verið svolítið sérstakt að þarna náðu grænlenskar konur saman í fyrsta skipti. Þær höfðu aldrei náð saman í sínu eigin landi en náðu þarna saman frá hinum ýmsu hlutum Grænlands.

Yfirskrift þingsins var vinnumarkaðurinn og um möguleika kvenna til áhrifa í samfélaginu, og ýmis önnur mál eins og sjávarútvegsmál og umhverfismál, menningarmál o.fl. Ég mætti á þessu vestnorræna kvennaþingi sem fulltrúi Vestnorræna þingmannaráðsins og þar mættu einnig Steingrímur J. Sigfússon sem þá var formaður og Rannveig Guðmundsdóttir. Það voru gerðar nokkrar samþykktir á þessu þingi og meðal annars það að stefnt skyldi að því að halda annað slíkt þing árið 1995 og þá helst Færeyjum. Það er að sjálfsögðu ekkert farið að undirbúa það mál en það er vonandi að hægt verði að fylgja því fram.

Það var einnig nokkuð rætt um málaerfiðleika og því beint til ríkisstjórnar landanna að þær mundu sjá til þess að túlkur væri til staðar þegar haldið yrði næsta Nordisk forum sem fyrirhugað er að halda í Finnlandi næst.

Önnur ráðstefnan, sem ákveðin var í tilefni af þessu vestnorræna ári, var um umhverfismál og var haldin í Qaqortoq á Suður-Grænlandi í ágúst. Árni Johnsen sótti hana fyrir hönd Íslandsdeildarinnar og ályktun ráðstefnunnar er kynnt hér í fskj. I í þessari skýrslu. Sú ályktun gengur að miklu leyti út á verndun hafsins svo sem eðlilegt er þar sem þar er það landssvæði sem skiptir þessi lönd öll mjög miklu máli og fiskstofnarnir þar í hafinu. Það voru gerðar samþykktir eða ályktanir í tengslum við það og minnt þar á lífríki sjávar og hversu mikið atriði það væri að stjórna nýtingu allra fiskstofna og alls lífríkis sjávar í samhengi. Það þyrfti að stjórna henni og taka ekki eingöngu tillit til einstakra stofna heldur væri skoðað samspilið milli allra stofna og tekið tillit til allra þátta. Í því sambandi er náttúrlega oft verið að ræða um sjávarspendýrin þar sem mjög mikill ágreiningur er innan Norðurlandanna, ekki vestnorrænu landanna heldur innan Norðurlandanna, um það hvernig eigi að nýta sjávarspendýr. Ég minni á það að við höfum hafið samstarf innan Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins, svo langt orð sem það nú er, og vonandi verður það til þess að skynsamleg nýting verði þá í framhaldi af því á þessum stofnum sem taki tillit til bæði annars lífríkis og byggist einnig á vísindalegum rannsóknum.

Menn geta svo sem lesið þetta fskj. sem fylgir hér sem ályktun frá umhverfisráðstefnu Vestur-Norðurlanda á Grænlandi en það sem í lokaorðum segir þar að það verði unnið úr þeim gögnum sem lögð voru fram á ráðstefnunni á skrifstofum Vestnorræna þingmannaráðsins m.a. í því skyni að lögð verði fram tillmæli um það sem þar var fjallað um á næsta þingi eða næsta aðalfundi Vestnorræna þingmannaráðsins. Það er mjög sjálfsagt og eðlilegt að á næsta fundi ráðsins verði fjallað um ályktanir frá öllum þessum ráðstefnum og það yrði þá mótað í tillögur sem kæmu frá aðalfundi ráðsins sem haldinn verður líklega í Færeyjum á þessu ári og þeim þar af leiðandi fylgt eftir inn á landsþing þessara landa.

Þriðja og síðasta ráðstefnan var vestnorrænt ungmennaþing og haldin í Færeyjum 12.–14. september sl. Hana sótti Steingrímur J. Sigfússon fyrir hönd Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins. Þar var einnig gerð ályktun sem fylgir hér með sem fskj. 2 þar sem þátttakendur minna á það að aðstæður séu nokkuð mismunandi í þessum löndum. Þeir kvarta yfir því að stjórnvöld eða stjórnmálamenn hlusti ekki á unga fólkið og taki ekki nægilegt tillit til þeirra skoðana í sínum ráðstöfunum og þeir minna einnig á húsnæðisvanda unga fólksins. Þeir benda þar á að það sé mjög mikil frjáls æskulýðsstarfsemi í öllum þessum löndum og það sé spurning hvort ekki sé hægt að styrkja vestnorrænt samstarf innan þessarar starfsemi með því að haldin væri vestnorræn æskulýðsráðstefna annað hvert ár til skiptis í þessum þremur löndum.

Þeir benda einnig á atvinnuleysið sem hafi vaxið mjög og ekki hvað síst meðal unga fólksins. Við vitum að það er mjög mikið unga fólkið og konur sem sérstaklega verða fyrir barðinu á vaxandi atvinnuleysi og það er eðlilegt að unga fólkið lýsi þarna yfir áhyggjum þess vegna og þeir klykkja út með stóru letri um það að vandamálið sé alvarlegt. Það er vitaskuld full ástæða til þess að taka mark á þessu unga fólki sem hér er að ályktа um atvinnuleysið og vita hvort ekki er hægt að finna sameiginlegar lausnir til þess að stöðva það og koma í veg fyrir þetta vaxandi atvinnuleysi.

Æskulýðsráðstefnan ályktaði einnig um fiskstofnana og sel- og hvalveiðar og bendir á að það þurfi að nýta sjávarspendýrin á vísindalegan, sjálfbæran hátt og bendir á að það þurfi kynningarátak, sérstaklega hjá þeim löndum sem við erum að flytja út til, það þurfi kynningarátak til að kynna sjónarmið og stefnu þessara þriggja landa.

Þetta voru þessar þrjár ráðstefnur sem haldnar voru í tengslum við verstnorrænt ár 1992, og það má eiginlega segja að starf Vestnorræna þingmannaráðsins á síðasta ári hafi mjög borið merki þess vegna þeirra uppákoma sem þar voru áætlaðar og það var fjallað um hin ýmsu mál sem raunar hafa verið á dagskrá Vestnorræna þingmannaráðsins allt frá upphafi og maður

sér yfirleitt ályktanir þess koma aftur og aftur um svipuð mál og sömu málin. Þetta var 8. ársfundurinn. Ráðið er búið að starfa síðan árið 1985 og ég hygg að það hafi sjaldan verið starfað meira en á þessu síðasta ári svo að það er gott að starfið fer vaxandi og það er greinilega þörf fyrir það að þessi þrjú lönd vinni saman og reyni að halda fram sínum skoðunum sameiginlega, ekki síst vegna þess að í norrænu samstarfi hefur áherslan beinst meira frá norðrinu, það fer ekki á milli mála, og því full ástæða til þess að halda á lofti sjónarmiðum þessa hluta hinna norrænu landa.

Ályktanir sem gerðar voru á aðalfundinum er búið að leggja fram til umræðu. Þeirri umræðu er ekki lokið þannig að ég á von á því að það verði kannski meiri umræða um þáltill. hér á eftir þó að ég viti það ekki, en ég ætla ekki að ræða þær að þessu sinni. Það er búið að mæla fyrir þeim og ræða þær nokkuð, en ég vil enn og aftur ítreka það að ég tel að þetta starf sé nauðsynlegt, það hafi skilað allmiklum árangri í gegnum árin og ekki hvað síst þetta vestnorræna ár sem nú er nýliðið. Ég held að það hafi haft þau áhrif að auka samstarf og kynningu milli landanna sem ég tel mjög nauðsynlegt.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil nota þetta tækifæri og láta hér fáein orð falla um vestnorrænt samstarf og þessa skýrslu eða út frá þessari skýrslu, ekki vegna þess að ég þurfi neinu við framsögu hv. 6. þm. Vestf. að bæta, heldur fremur atriði sem ég kýs að nota þetta tækifæri til að koma aðeins inn á. Þá vil ég í fyrsta lagi nefna starfsemi Vestnorræna þingmannaráðsins almennt séð. Það er lítill vafi á því í mínum huga sem hef fylgst allvel með starfsemi þess frá upphafi eða frá stofnun að sl. ár, árið 1992, var það atburðaríkasta í starfsemi ráðsins frá upphafi vega og kemur þar auðvitað fyrst og fremst til að það var tekin sú ákvörðun og studd síðan af þjóðþingum eða ríkisstjórnum vestnorrænu landanna að gera árið að vestnorrænu ári og halda af því tilefni ráðstefnur og vera með fleiri atriði á dagskrá sem tengdust árinu sérstaklega. Ég tel að þetta hafi í raun allt heppnast vonum framar miðað við það að tiltölulega litlir fjármunir og mannafli er nú settur í það beinlínis að sinna þessu samstarfi, þá hafi þetta tekist vonum framar að halda þetta ár og standa fyrir þeim atburðum sem þar voru undir án þess að til væri kostað miklu fé. En það var í raun og veru ekki, enda byggist starfið heilmikið á fórnfúsu sjálfboðaliðastarfi eða lítt launuðu starfi fjölmargra aðila sem lögðu því stuðning.

Í öðru lagi vil ég nefna, eins og reyndar fram í ræðu framsögumanns, að á sl. ári kom það í hlut Íslendinga að halda ársfund ráðsins og var hann haldinn á Akureyri í júnímánuði. Hann tókst í alla staði vel og þó dagskrá hans væri að mestu leyti með hefðbundnu sniði og viðfangsefnin mörg hver gamalkunn, þá eru þar líka nýir hlutir á ferð. Til að mynda vil ég nefna þá ályktun sem samþykkt var um það að gefa gaum að sameiginlegri sögu vestnorrænu þjóðanna á sviði fiskveiða og sjávarútvegs, afla upplýsinga um þá þætti og skrá þessa samskiptasögu. Enginn vafi er á að nauðsyn er að gera það fyrr en síðar áður en ýmsar dýrmætar upplýsingar glatast og þeir menn sem áttu hlut að máli á fyrri hluta þessarar aldar hverfa yfir móðuna miklu. Þarna er á ferðinni tiltekinn sameiginlegur menningararfur þessara þriggja þjóða sem ég held að sé tilvalið verkefni að skrá og safna saman og halda til haga. Það má kannski segja að það standi Færeyingum næst að stýra slíku starfi eða standa fyrir því þar sem þeir eiga mestan sameiginlegan hlutinn að máli, sóttu mikið sjó og unnu jafnvel í sjávarútvegi grannlandanna, Íslands og Grænlands meira heldur en þetta væri gagnkvæmt. En óhjákvæmilega hlýtur að koma til kasta Íslendinga að leggja þarna eitthvað af mörkum í formi fjármuna og stuðnings og upplýsinga. Ég tel að einmitt verkefni af þessu tagi, þar sem spurningin snýst ekki fyrst og fremst um fjárútlát heldur vilja og það að beina þá þeim kröftum sem fyrir eru í hópi fræðimanna og áhugamanna á þessu sviði í þennan farveg, sé kjörið verkefni til samstarf.

Margt fleira mætti nefna sem þarna kom fram á ársfundinum en ég læt þetta tiltekna atriði nægja. Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins frá fundi þess á sl. ári eru nú til umfjöllunar í hv. utanrmn. og fá þar vonandi góða afgreiðslu bráðlega.

Eins og oft áður voru samgöngur milli landanna nokkuð til umræðu á síðasta ári, bæði á ársfundinum og eins starfaði Íslandsdeildin nokkuð að þeim málum, fór yfir þau. Það gengur því miður hægt að hrinda í framkvæmd ýmsum þeim áformum og væntingum sem menn hafa haft um bætt samskipti og bættar samgöngur milli landanna þótt það sé sífellt á dagskrá. Þeir erfiðleikar og sú endurskipulagning þessara mála sem yfir hefur staðið eða er í gangi nánast í öllum löndunum þremur ætti þó að opna ýmsa möguleika til þess á næstu missirum að þessi sjónarmið, að mynda betri innbyrðis tengsl og tengsl út á við frá hinu vestnorræna svæði, yrðu höfð í huga þegar ákvarðanir eru teknar af hálfu samgönguyfirvalda og einnig af hálfu rekstraraðila.

Í fjórða lagi vil ég nefna það almenna ástand í efnahags- og atvinnumálum sem ríkir nú í vestnorrænu löndunum og er á margan hátt alvarlegra en við höfum horfst í augu við um árabil eða jafnvel um áratuga skeið. Það á við um þau öll, einnig Ísland þar sem eins og kunnugt er atvinnuleysi hefur farið mjög vaxandi og mikið umtal er nú um erfiðeika. Þó eru það smámunir borið saman við þær hremmingar sem hafa verið að ganga yfir, sérstaklega frændur okkar Færeyinga, og segja má að Grænlendingar hafi að nokkru leyti glímt við um árabil. Ég held að það verði ekki hjá því komist að þessar aðstæður í löndunum hljóti að setja mark sitt á þetta samstarf eins og í raun og veru öll önnur samskipti landanna út á við. Það þarf ekki endilega að hafa neikvæði áhrif í þeirri merkingu séð að það dragi úr gildi samstarfsins eða dragi úr umfangi þess. Þvert á móti má auðveldlega sjá það fyrir sér að menn öðlist meiri skilning á og viðurkenni betur en fyrr gildi þess og þörf að menn standi saman og styðji hver annan í lífsbaráttunni hér í norðvestanverðu Atlantshafinu þeg-

ar efnahags- og atvinnuástandið er eins og raun ber vitni, erfiðleikar ganga þar yfir. Það hlýtur til að mynda að koma á dagskrá með auknum þunga sem oft og mikið hefur verið rætt í þessu samstarfi og þessum samskiptum, bæði í Vestnorræna þingmannaráðinu sem og í samskiptum ríkisstjórna, að reyna að auka innbyrðis viðskipti og efla efnahagsleg samskipti af ýmsum toga á þessu svæði, til að mynda greiða fyrir því að iðnaður og framleiðsla sem stundaður er í þessum löndum fái sem stærsta markaðshlutdeild í hinum vestnorrænu löndunum og þannig geti efnahags- eða viðskiptajöfnuður þessa svæðis út á við orðið hagstæðari í gegnum aukin innbyrðis viðskipti.

Ég get nefnt í því sambandi ferðaþjónustuna. Mér finnst að í ljósi þess að vestnorrænu löndin eiga í skipulegu samstarfi á því sviði, að ferðamálaráð landanna eru með formlegt samstarf sín í milli, halda sameiginlega ferðakaupstefnu og talsvert hefur miðað í þá átt á síðustu 5–10 árum að gera vestnorrænu löndin að einu sameiginlegu markaðssvæði gagnvart umheiminum á sviði ferðaþjónustu, þá eigi tvímælalaust að taka þar upp stóraukna áherslu á innansvæðisferðaþjónustu eða beina viðskiptunum í ferðalög innan svæðisins. Rétt eins og við Íslendingar reynum gjarnan að hvetja landann til að ferðast um eigið land þá mundum við í öðru lagi reka þá stefnu á vestnorræna svæðinu að menn beindu ferðalögum sínum innan þess. Slíkt væri auðvelt að gera í gegnum einfalda stefnumörkun og einhverja fjármuni sem í það yrðu lagðir af hálfu hins skipulagða ferðamálasamstarfs sem í gangi er.

Ég vil þá í fimmta lagi lítillega nefna þá ferð sem farin var af þingmönnum frá vestnorrænu löndunum þremur auk þingmanna frá sjávarútvegs- og umhverfisnefnd Noregs til hinna Norðurlandanna, þ.e. Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands, á sl. vori til þess að kynna þingmönnum eða þjóðþingum þessara landa, viðkomandi þingnefndum viðhorf okkar til nýtingar auðlinda hafsins og þá m.a. til nýtingar eða veiða á sjávarspendýrum. Ég tel að þessi ferð hafi tekist í alla staði vel og hún ætti að verða okkur hvatning til þess að gera mun meira af slíku tagi, koma okkar sjónarmiðum á framfæri, nota þau stjórnmálalegu sambönd sem við höfum við hin Norðurlöndin og út á við til þess að kynna okkar viðhorf og okkar sjónarmið á þeim vettvangi og út af fyrir sig alls staðar þar sem tækifæri gefast.

Ég tel að okkur hafi á ýmsan hátt verið mislagðar hendur í því sem hér heima hefur oft verið kallað baráttan við umhverfisverndarsamtök og hópa af ýmsu tagi sem hafa gerst gagnrýnir á eða beinlínis barist gegn ákveðnum þáttum í hefðbundini nýtingu okkar á auðlindum hafsins hér á þessum slóðum. Í stað þess að stimpla þá fyrir fram sem óvini okkar og slíta við þá stjórnmálasambandi ef svo má að orði komast, þá tel ég að við hefðum í gegnum tíðina betur reynt að rækta við þá viss sambönd, nota þann vettvang sem okkur gæfist til þess að eiga við þá skoðanaskipti og útskýra okkar sjónarmið og í trú á skynsemi manneskjunnar ímynda ég mér að með því hefði mátt ná fullt eins miklum og væntanlega meiri árangri en þeim að setja sig fyrir fram í skotgrafastellingar. Til að mynda var það mjög sláandi þegar komið var til Finnlands og á fund með umhverfismálanefnd finnska þingsins, eftir þær framsögur eða þá kynningu á okkar málstað og okkar erindi sem fram fór af hálfu sendinefndarinnar, þá stóð þar upp hver fulltrúinn á fætur öðrum og nánast lýsti því yfir að þar væru á ferðinni sjónarmið og viðhorf sem menn hefðu yfirleitt ekki heyrt minnst á á þeim slóðum. Í raun og veru hefðu allar upplýsingar sem menn hefðu haft, öll mötun sem þar hefði átt sér stað komið frá svokölluðum andstæðingum okkar í þessum efnum og mönnum fannst fróðlegt sem sagt að heyra og fá kynningu á gagnstæðum viðhorfum.

Ég held að sá málstaður sem við höfum að flytja í þessu efni um skynsamlega og sjálfbæra nýtingu á lífrænum auðlindum sem þurfa að vera í jafnvægi, taka til allra tegunda jafnt, sé þess eðlis og það góður að hann eigi að vera auðvelt að kynna og rökstyðja. Ég get að vísu sagt að mér finnst margt teikna til breyttra aðstæðna í þessum efnum og það sé nú meiri hljómgrunnur en áður fyrir því að heyra og hlusta á rök og gagnrök í þessum málum heldur en var um tíma þegar segja mátti að rödd veiðimannasamfélaganna væri gersamlega kæfð, drukknaði og heyrðist ekki í öflugri áróðursstöðu og uppgangi þeirra hópa sem fóru fyrir áróðri gegn selveiðum, hvalveiðum o.s.frv. En þá er að fylgja því lagi eftir og það tel ég að menn geti m.a. gert með upplýsingamiðlun af þessu tagi í gegnum þau samskipti og stjórnmálasambönd sem við höfum. Og þar hlýtur samstarf þjóðanna við Atlantshafið sem þarna eiga mestra hagsmuna að gæta, og inn í það koma að sjálfsögðu fleiri en vestnorrænu löndin þrjú, þ.e. einnig þjóðir eins og t.d. Noregur og Kanada, að þurfa að koma til.

Þá að lokum, hæstv. forseti, um norrænt samstarf í almennu samhengi. Það er að sjálfsögðu nokkuð á dagskrá vestnorrænu landanna hvernig staða þeirra verði í framtíðinni á komandi árum í evrópsku og norrænu samhengi sem eðlilegt er. Nú síðast á miðsvetrarfundi Vestnorræna þingmannaráðsins í Kaupmannahöfn sl. föstudag var þetta talsvert til umræðu. Eitt af því sem hefur gert alla umræðu um þetta erfiða undanfarin missiri hefur auðvitað verið sú óvissa sem í gangi hefur verið vegna yfirstandandi viðræðna um samninga um Evrópskt efnahagssvæði og/eða inngöngu eintakra Norðurlanda í Evrópubandalagið. Nú horfir e.t.v. til þess að á næsta hálfa ári eða e.t.v. einu til tveim árum skýrist þau mál nokkuð þannig að menn fái að einhverju leyti fast land undir fætur um það hver verði staða til að mynda Íslands og e.t.v. Noregs í því sambandi. Þá mun að sjálfsögðu þurfa að fara fram umræða í ljósi vonandi einhvers framtíðarlandslags í þessum efnum. Hvernig á að styrkja hið vestnorræna samstarf? Hvernig á það að tengjast því sem þá verður, einhverju norrænu samstarfi sem vonandi verður nú til þrátt fyrir Evrópuþróunina? Ég held að það sé útbreidd skoðun, a.m.k. meðal þeirra sem staðið hafa að vestnorræna samstarfinu undanfarin ár að mikilvægi þess hljóti frekar að aukast heldur en hitt í ljósi þróunarinnar eins og hún horfir.

Eitt að lokum um þetta. Það er að mínu mati lítill vafi á því að hver sem úrslit mála verða í Noregi í framhaldi af umsókn þeirra um aðild að Evrópubandalaginu og miklum deilum í því landi um það mál, þá mun Noregur, a.m.k. ákveðin svæði í Noregi, á næstu árum leita eftir aukinni þátttöku í samstarfi við Vestur-Norðurlönd. Það er þegar fyrir hendi mikill áhugi, t.d. í Vestur-Noregi, á því að tengjast með einhverjum hætti mun formlegar og fastar en hingað til hefur verið veiðimanna- og fiskveiðiþjóðfélögunum við vestanvert Atlantshafið. Og jafnvel útvíkka það samstarf enn frekar þannig að Kanadamenn og e.t.v. fleiri þjóðir sem liggja nyrst á hnettinum gætu tengst saman í einhverju slíku skipulögðu samstarfi. Ég gæti því vel séð það fyrir mér að hugtök eins og „arktiskt" eða vestnorrænt samstarf í víðum skilningi þar sem Noregur allur eða a.m.k. svæði þar kæmu inn í myndina yrðu talsvert á dagskrá næstu árin í fram haldi af þeirri þróun í tengslum Evrópuríkja sem við öll þekkjum að er í gangi. Ég held þess vegna að það séu verkefni framundan í þessu samstarfi sem þurfi að sinna og þar muni engin kyrrstaða ríkja, hvorki hvað formið né innihaldið snertir á komandi árum og það er auðvitað vel því að þannig er samstarfið bráðlifandi og sofnar ekki einhverjum þyrnirósarsvefni sem einhver vingjarnlegur ferðaklúbbur þar sem menn hittist einu sinni á ári. Ég vildi mjög ógjarnan sjá þetta samstarf daga þannig uppi, jafnmiklar vonir og eru við það bundnar.

Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1992, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 237. mál. — Þskj. 301.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. ISG o.fl., 257. mál (meðlagsgreiðslur). — Þskj. 334.

og

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. ISG o.fl., 268. mál (barnalífeyrir). — Þskj. 359.

Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að spyrja virðulegan forseta hvort ekki sé von á hæstv. heilbr.- og trmrh. í salinn því að ég vil helst ræða þessi mál að honum viðstöddum, ef það væri hægt að fá einhverjar upplýsingar um það hvort hann væri í húsinu eða væntanlegur í húsið. (**Forseti:** Forseti vill taka fram af þessu tilefni að hæstv. heilbr.- og trmrh. hafði beðið um það að hann yrði látinn vita þegar færi að styttast í að hann ætti að verða hér, en þar sem forseti átti von á að það yrðu umræður um síðasta dagskrármál, þá hafði forseti ekki komið til hans boðum, en það verður gert nú þegar.) Já. Ég ætla nú engu að síður að hefja þessa umræðu en ekki að fresta henni þó ráðherrann sé ekki viðstaddur því að svo lengi hef ég beðið eftir því að ræða þetta mál að ég held að það væri til þess að æra óstöðugan að bíða öllu lengur.

Þetta eru tvö mál eins og forseti tilkynnti hér. Annars vegar er um að ræða frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, og það er á þskj. 359 og hins vegar er um að ræða frv. til laga um breyting á þrennum lögum, þ.e. lögum um almannatryggingar, um Innheimtustofnun sveitarfélaga og barnalögum og það er á þskj. 334.

Ég ætla fyrst að víkja að því frv. sem er á þskj. 359 og varðar almannatryggingalöggjöfina. Það má kannski segja um þetta frv. að allt er þegar þrennt er vegna þess að það á uppruna sinn á 113. löggjafarþinginu þegar Málmfríður Sigurðardóttir, þingkona Kvennalistans, var 1. flm. að frv. sem var efnislega samhljóða þessu frv. en hún náði aldrei að mæla fyrir frv. á því þingi og það fékkst því ekki rætt. Síðan kom það fyrir á 115. löggjafarþinginu. Þá var ég 1. flm. þessa frv. Það komst þá til nefndar og fékk umsagnir í nefndinni en komst aldrei út úr nefndinni aftur. Þetta er sem sagt í þriðja sinn sem þetta frv. kemur fyrir hér á þingi og ég bind sannarlega vonir við að það fáist samþykkt á þessu þingi og má reikna með að það geti gengið fljótt og vel þar sem þessar umsagnir liggja nú fyrir.

Forsendur hafa nokkuð breyst frá því að þetta frv. var fyrst flutt. Þannig hefur meðlag nú verið hækkað umtalsvert en það var síðast þegar ég talaði fyrir þessu máli 7.551 kr. en er nú 10.300 kr. Þessi breyting á meðlaginu hefur þó ekki áhrif að mínu mati á mikilvægi frv. heldur hefur það fyrst og fremst áhrif á innihald greinargerðarinnar því að þessi greinargerð var sett saman þegar meðlagið var enn þá 7.551 kr. en ekki 10.300 kr. þannig að það má segja að að ýmsu leyti séu ákveðnir hlutir í greinargerðinn orðnir úreltir. En við því er ekkert að gera. Þegar bíða þarf lengi eftir því að fá að tala fyrir málum, þá geta svona hlutir gerst, þ.e. að mál verði hreinlega úrelt að hluta til af því að bíða hér.

Aðalatriðið í þessu máli er hins vegar það að frv. gengur út á það að barnalífeyrir og þar með lágmarksmeðlag verði reiknað út frá rauntölum, þ.e. raunkostnaður við það að framfleyta barni en ekki út frá ímynduðum tölum eða pólitískt ákvörðuðum tölum sem taka þá fyrst og fremst mið af því sem hentar ríkisvaldinu á hverjum tíma. Það er með öðrum orðum lagt til að árlegur barnalífeyrir með hverju barni sé ákvarðaður og byggist á könnun á kostnaði við framfærslu barns og eins og segir í 1. gr. frv. „að frádregnum bótum fyrir einstæða foreldra og skal barnalífeyrir aldrei nema lægri upphæð en sem nemur helmingi þess kostnaðar", þ.e. helmingi kostnaðar við framfærslu að frá-

dregnum bótum til einstæðra foreldra. Með þessu móti ætti að vera tryggt að framlög til barns nægi barninu til framfærslu, þ.e. samanlögð framlög foreldra og opinberra aðila. Mig langar í þessu sambandi að benda á þó að ég selji það nú reyndar ekki dýrar en ég keypti það, að mér hefur verið sagt að í þýsku stjórnarskránni sé kveðið á um það að skylt sé að taka tillit til framfærslukostnaðar barna. Með öðrum orðum, það eigi að tryggja fjölskyldum ákveðinn lágmarksframfærslulífeyri og það sé í rauninni stjórnarskrárbrot ef fjölskyldum sé ekki tryggður þessi lífeyrir.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að fá raunhæft mat á framfærslukostnað barna. Slíkt mat liggur ekki fyrir. Ýmsir hafa reynt að meta þetta. Þannig hefur lánasjóðurinn ákveðnar tölur um framfærslukostnaðinn og Félag einstæðra foreldra hefur gert kannanir á þessu, en mér vitanlega hafa opinberir aðilar aldrei gert raunhæfa könnun á því hver sé framfærslukostnaður barna. Könnun Félags einstæðra foreldra sem vitnað er til hér er nýleg. Það er meðaltal á árinu 1991. Þar kemur fram að framfærslukostnaður barns sé um 30 þús. á mánuði fyrir börn að 10 ára aldri og um 37 þús. á mánuði fyrir börn 10–16 ára. Ég held að þetta sé ekki fjarri lagi sem kostnaður við framfærslu barns og hugsa ég það nú bara og met það út frá minni eigin reynslu í þessum efnum og hef svo sem ekki við annað að styðjast. Ef við getum gefið okkur að þessi könnun og þessi kostnaður sé nærri lagi, þá má hugsanlega segja að meðlag sé eftir þá hækkun sem gerð var núna um áramótin kannski svolítið á réttu róli núna sem það alls ekki var fyrir nokkrum mánuðum, þ.e. 10 þús. kr. hlutur föður í flestum tilvikum komi þá á móti 10.300 kr. hlut móður eða framfæranda og síðan koma þá barnabætur og hugsanlegur barnabótaauki. Það má kannski segja að meðlagið sé á réttur róli um þessar mundir. Það breytir þó ekki tillögunni, hún á fullt erindi vegna þess að í rauninni segir tillagan ekkert um upphæð meðlags hvorki til hækkunar né lækkunar. Frv. segir aðeins hvernig hlutdeild meðlagsgreiðanda skuli reiknuð út eða hvernig barnalífeyririnn, sem Tryggingastofnun greiðir með börnum þar sem foreldri er látið eða þar sem ekki hefur verið feðrað eða í öðrum slíkum tilvikum, skuli ákvarðaður.

Á síðasta þingi fór þetta frv. til umsagnar hjá ýmsum aðilum og voru flestir jákvæðir í umsögnum sínum. Nægir þar að nefna Félag einstæðra foreldra sem var mjög jákvætt, barnaverndarráð var líka jákvætt en benti á í umsögnum sínum að eins og segir hér, með leyfi forseta:

„Barnaverndarráð fær ekki séð að það væri til bóta að skipa sérstaka nefnd til þess að gera tillögur til ráðherra um fjárhæð barnalífeyris.“

En í frv. eins og ég lagði það fram á síðasta þingi gerði ég ráð fyrir því að sett yrði á laggirnar sérstök nefnd til þess að gera þessa könnun. Ráðið telur að það væri einfaldara og líklegra til árangurs að fela tryggingaráði það hlutverk að meta þennan kostnað. Ráðherra mundi síðan ákveða lífeyrinn á grundvelli mats tryggingaráðs. Ég hef tekið mið af þessari umsögn í frv. mínu og eins og það liggur nú fyrir er gert ráð fyrir því að tryggingaráð láti gera könnun á kostnaðinum og geri síðan tillögu á grundvelli þess til ráðherra sem ákveði upphæðina. Þá segir einnig í umsögn barnaverndarráðs og það er um frv. eins og það lá fyrir hér síðast:

„Barnaverndarráð hefur einnig athugasemd við síðustu setningu frv. en þar stóð: „Ekki skal greiða barnalífeyri vegna þeirra barna er njóta örkurkulífeyris.““

Eins og bent er á í umsögn barnaverndarráðs er þessi setning tekin óbreytt í frv. úr 6. mgr. 15. gr. laga um almannatryggingar og ég sem 1. flm. þessa frv. velti svo sem ekkert sérstaklega fyrir mér þessari tilteknu grein, en ég hef að ábendingu barnaverndarráðs og eins að ábendingu Öryrkjabandalags Íslands að sjálfsögðu fellt þessa setningu út, enda á hún ekkert erindi inn í þetta frv. og er bara arfur frá gömlum tíma, þess vegna hefur þetta verið tekið út.

Þá er Kvennaráðgjöfin mjög jákvæð. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja var með jákvæða umsögn en tvær neikvæðar komu og var önnur frá Innheimtustofnun sveitarfélaga og hin frá Tryggingastofnun. Rökin sem þar koma fram eru m.a. þau að þetta leiði til hækkunar væntanlega á meðlagi og það var samþykkt eftirfarandi bókun í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga sem hljóðar svo:

„Með skírskotun til þeirra erfiðleika sem margir foreldrar eiga í við að standa í skilum með endurgreiðslu meðlaga með börnum sínum, svo sem þeir sem eru með börn á framfæri á heimilum sínum og njóta lágra launa, treystir stofnunin sér ekki til að mæla með hækkun meðlaganna.“

Þegar Innheimtustofnun sveitarfélaga tók afstöðu til frv. míns þá var hún fyrst og fremst að taka afstöðu til þeirrar hækkunar, sem af frv. leiddi en nú hefur ríkisvaldið gengið fram fyrir skjöldu, hækkað meðlagið þannig að ég lít svo á að rök Innheimtustofnunar sveitarfélaga og Tryggingastofnunar ríkisins séu í rauninni fallin því að rökin gegn frv. mínu byggðust fyrst og fremst á hækkuninni sem mundi af því leiða við þáverandi aðstæður. Mér finnst að þau rök séu ekki lengur gild þar sem búið er að hækka meðlagið og það var gert af ríkisvaldinu og frv. mitt, það sem eftir stendur, er þá fyrst og fremst um að það verði ákvarðað með skipulegum hætti hvernig barnalífeyrir skuli fundinn út og hvernig meðlag skuli ákvarðað.

Virðulegur forseti. Áður en ég lýk umræðu um þskj. 359, þá vil ég að sjálfsögðu leggja til að það frv. fari til skoðunar í hv. heilbr.- og trn. þingsins.

Hitt frv. er á þskj. 334 og eins og ég sagði er það frv. til laga um breyting á þrennum lögum, almannatryggingalögum, lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga og barnalögum. Í stuttu máli sagt felst raunar í þessu frv. að auðvelda að semja um og úrskurða um aukið meðlag með börnum og auðvelda forræðisaðila barns að sækja þetta aukna meðlag eftir að það hefur verið úrskurðað eða samið um það. Eins og málum er háttað í dag er það þannig að ef foreldrar semja um aukið meðlag eða ef það er úrskurðað um aukið meðlag með barni, þá verður það foreldri, sem fer með forræði barnsins og fær lágmarksmeðlag greitt í gegnum

Tryggingastofnun sem sækir það síðan til Innheimtustofnunar sveitarfélaga sem aftur innheimtir það hjá meðlagsgreiðandanum, að sækja sjálft hið aukna meðlag fáist það ekki greitt um hver mánaðamót eins og samningar eða úrskurðir segja til um, og verður þá einfaldlega að leita sér lögfræðilegrar aðstoðar til þess að innheimta þetta meðlag. Í lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga er gert ráð fyrir því að stofnuninni sé heimilt að taka að sér að innheimta aukið meðlag en þá aðeins gegn greiðslu, þ.e. þá þyrfti forræðisforeldrið að greiða Innheimtustofnun sveitarfélaga fyrir það að innheimta þetta aukna meðlag.

Ástæðan fyrir því að ég fór að velta þessu máli fyrir mér var kannski ekki síst sú umræða sem átti sér stað á síðasta ári um meinta misnotkun á því kerfi sem byggt hefur verið upp hér á landi til stuðnings einstæðum foreldrum. Það er kunnara en frá þurfi að segja að sl. sumar skipaði hæstv. heilbr.- og trmrh. sérstaka nefnd til að kanna þessa meintu misnotkun og af skýrslu nefndarinnar sem kom út 15. sept. á sl. ári má ráða þó að það sé reyndar hvergi sagt berum orðum, að nefndin telji að talsverð brögð séu að þessari misnotkun. Eitt af því sem nefndin nefnir til sögunnar í þessu sambandi er fjölgun bótaþega mæðra- og feðralauna um 3,5% milli áranna 1989 og 1990 og um 2,8% milli áranna 1990–1991, þ.e. nefndin segir að það sé talsverð aukning hjá bótaþegum mæðra- og feðralauna og gefur sér að það muni væntanlega þýða einhvers konar misnotkun.

Í fyrsta lagi er það að segja að ég reikna með því að hækkun meðlags um síðustu áramót, þ.e. tilflutningur úr mæðra- og feðralaunum yfir í meðlagið ætti að breyta þessari mynd að einhverju leyti. Í öðru lagi vil ég benda á að það er vafasamt að álykta út frá þeim tölum sem nefndin hefur að um mikla misnotkun sé að ræða vegna þess að ef maður lítur á töflu sem kemur fyrir í þessari skýrslu nefndarinnar, þá er ekki aðeins um að ræða fjölgun í hópnum „Einstæðir foreldrar“ um 2,6% heldur eru að eiga sér stað samkvæmt þessum upplýsingar miklar breytingar á sambýlisformum. Þannig vekur það auðvitað athygli að á 20 ára tímabili, milli áranna 1971 og 1991, fækkar foreldrum í hjónabandi með börn um 20,5%. Foreldrum í óvígðri sambúð með börn fjölgar um 8,9% á sama tímabil. Einstæðum foreldrum fjölgar um 2,6% á milli þessara ára. Á barnlausum hjónaböndum er athyglisverð fjölgun því að hún er um 7,2% og í sambúð án barna er fjölgun um 2%. Í rauninni verður meiri fjölgun í sambúðarformunum foreldri í óvígðri sambúð með börn og barnlaus hjónabönd heldur en í hópnum einstætt foreldri. Mér finnst út frá þessu fyrst og fremst að þessar tölur gefi til kynna ákveðnar breytingar í sambýlisformum í okkar samfélagi sem hafa verið að eiga sér stað á undanförnum 20 árum en ekki endilega misnotkun. Mér finnst það vera oftúlkun á þessum tölum að tala um misnotkun.

Ef breyting um 2,6% á þessum 20 árum er til marks um misnotkun, þá vil ég líka halda því fram hér og tel mig geta staðið á því fastar en fótunum að þetta er miklu minni misnotkun heldur en í ýmsum öðrum kimum kerfisins eins og t.d. í skattamálum og í rauninni furðulega lítil miðað við það hversu illa er búið að sambúðarfólki með börn í okkar samfélagi. Og það kæmi ekkert á óvart þó að fólk reyndi að gera út á þetta kerfi í raun ef við miðum við þann fátæklega stuðning sem barnafjölskyldur almennt njóta, t.d. í formi barnabóta og dagvistunar en það þekkja þeir sem eiga börn hér í Reykjavík að þar hefur ekki verið um áratuga skeið á vísan að róa þegar kemur að dagvistun barna. Og þeir sem þurfa á henni að halda meira en hálfan daginn hafa þurft að greiða hana dýrum dómum hjá dagmæðrum. Það eitt gæti bara verið þess valdandi að fólk reyndi að misnota, eins og kallað er, þetta kerfi.

Umræðan um þessi mál hefur því miður ekki snúist um þetta, þ.e. um það hversu illa er í rauninni búið að eða hversu fátæklegur stuðningurinn er almennt við barnafólkið í þessu samfélagi, heldur hefur umræðan miklu meiri tilhneigingu til að beinast gegn einstæðum foreldrum og þá fyrst og fremst gegn einstæðum mæðrum. Og margir hafa séð ofsjónum yfir þeim stuðningi sem einstæðar mæður eða einstæðir foreldrar njóta af opinberu fé. Þess verður ekki eins vart eins og ég hef nú reyndar áður bent á hér í umræðu að menn beini spjótum sínum að meðlagsgreiðendum sem flestir hverjir, þó vissulega séu frá því heiðarlegar undantekningar, greiða aðeins lágmarksmeðlag með börnum sínum. Þetta hefur átt við og á svo sem enn við þó að búið sé að hækka meðlagið. Aukið meðlag með börnum er afskaplega fátítt. Það er afskaplega fátítt að meðlagsgreiðendur greiði aukið meðlag með börnum sínum.

Ég lagði fram fyrirspurn fyrr á þessu þingi sem ég fékk svarað þann 4. jan. sl. einmitt um þessi mál, um meðlög, úrskurð og samninga um aukið meðlag. Það var til dómsmrh. og var spurning um hversu margir samningar hefðu farið til staðfestingar í dómsmrn. og hversu margir úrskurðir þar hefðu verið gefnir út um aukið meðlag og þar kom fram að á tímabilinu frá 1. júlí 1991 til 1. júlí 1992, þ.e. einu ári, höfðu verið gefnir út 27 meðlagsúrskurðir og gerðir 423 samningar um meðlag í ráðuneytinu. Af þessum 27 meðlagsúrskurðum var úrskurðað um aukið meðlag í 14 málum, í helming mála. En úrskurðirnir komu auðvitað til ráðuneytins vegna þess að það var ágreiningur, vegna þess að forræðisforeldri var að sækja á um aukið meðlag og meðlagsgreiðandi var að reyna að komast hjá því að greiða aukið meðlag. Þetta voru 27 mál sem komu þannig til meðhöndlunar í ráðuneytinu á þessu eina ári og ráðuneytið úrskurðar um aukið meðlag í helmingi tilvika eða í 14 málum.

Það komu 423 samningar inn í ráðuneytið á þessu tímbili til staðfestingar. Aðeins í 33 tilvikum var staðfestur samningur um aukið meðlag með börnum, þ.e. í 7,8% tilvika var staðfestur samningur um aukið meðlag og það eru þá foreldrarnir sem koma sér saman um þetta aukna meðlag. Það sem vekur líka athygli í þessu sambandi er hvað viðbótarmeðlagið var í rauninni lítið, þetta meðlag sem greitt var til viðbótar lágmarksmeðlaginu. Þannig kemur í ljós að ef við tökum úr-

skurðina sem voru 14, þá var samkvæmt þeim meðalupphæð aukins meðlags eitt meðlag og ¾ hlutar meðlags, þ.e. 1¾ hlutar meðlags. Meðalupphæð aukins meðlag samkvæmt staðfestum samningum foreldra var hins vegar aðeins hærra, rúmlega tvöfalt meðlag. Þegar fólkið samdi sjálft virtist það semja aðeins betur en þegar ráðuneytið fékk mál til úrskurðar.

Það er líka athyglisvert að sjá líka hvernig dómsmrn. metur greiðslugetu meðlagsgreiðenda vegna þess að ráðuneytið úrskurðar að foreldri þurfi að fara yfir meðallaun karla á aldrinum 20–60 ára til þess að hafa fjárhagslega getu til þess að greiða viðbótarmeðlag. Og það er ekki fyrr en foreldri hefur um 235 þús. kr. í mánaðartekjur að það telst geta greitt 20.600 kr. með einu barni samkvæmt úrskurðum ráðuneytisins. Foreldri þarf síðan að fara upp í 343.600 kr. á mánuði til þess að geta talist hafa greiðslugetu sem nemur 30.900 kr. með einu barni á mánuði, þ.e., það er mat ráðuneytisins að foreldri sem er með tæplega 350 þús. kr. tekjur sé með greiðslugetu í meðlagi upp á 30.900 kr. ef ég met þetta út frá rauntölum í dag. Þetta er auðvitað athyglisvert þegar þess er gætt að þetta er mat ráðuneytisins á greiðslugetu meðlagsgreiðenda og ef við berum það saman við það sem fólk sem er bara með lágmarkstekjur og miðlungstekjur þarf að greiða unnvörpum í barnapössun og í framfærslu barna sinna án þess að mæta nokkrum skilningi frá opinberum aðilum á þeim útgjöldum. Og ég vil fullyrða það að foreldrar almennt mæta mjög litlum skilnilngi hjá opinberum aðilum á þeim kostnaði sem þeir hafa af börnum sínum eins og lækkanir núv. ríkisstjórnar á barnabótum á síðasta þingi eru til marks um.

En umræðan um einstæðu foreldrana og einstæðu mæðurnar er enn dapurlegri fyrir þá sök að allar kannanir sýna að fjölskyldur einstæðra foreldra, og konur eru yfir 90% þeirra sem teljast til einstæðra foreldra, eru almennt mun verr settar bæði fjárhagslega og félagslega en þær fjölskyldur þar sem eru tvær fyrirvinnur á heimili. Þannig eru meðaltekjur einstæðra foreldra um 90 þús. kr. á mánuði en meðaltekjur foreldra í sambúð um 230 þús. kr. á mánuði og þarna er auðvitað gífurlegur aðstöðumunur sem börn verða fyrir, eftir því hvort þau búa hjá einstæðu foreldri eða foreldrum í sambúð.

Markmiðið með opinberu stuðningskerfi við þessar fjölskyldur hefur því alla tíð verið að veita þeim þá félagslegu og efnahagslegu vernd án tilits til hjúskaparstéttar og fjölskyldutengsla sem Félagsmálasáttmáli Evrópu kveður á um að mæður og börn skuli njóta og það er einmitt eitt af því sem nefndin fjallar um, nefndin sem ráðherra skipaði. Hún leggur mikla áherslu á það að allar fjölskyldur án tillits til hjúskaparstéttar og fjölskyldutengsla skuli njóta félagslegrar og efnahagslegrar verndar. En hins vegar kemst þessi sama nefnd að því, sem í mínum eyrum eru eins og hver önnur öfugmæli og alls ekki samboðið ríkisskipaðri nefnd að láta frá sér fara, að það stuðningskerfi sem hér er rekið til stuðnings einstæðum foreldrum og börnum sé í ósamræmi við markmið Félagsmálasáttmála Evrópu því að það geti mismunað mæðrum og börnum eftir hjúskapargerð. Með öðrum orðum, það veiti börnum einstæðra foreldra einhver forréttindi eftir því sem nefndin segir. En auðvitað var þetta kerfi alla tíð hugsað og sett á laggirnar til þess að bæta þessum börnum upp þá efnahagslegu og félagslegu mismunun sem þau verða fyrir vegna þess að þau njóta aðeins annars foreldrisins eins og meðaltöl um tekjur einstæðra foreldra benda til, en eins og ég sagði eru þær um 90 þús. kr. á mánuði.

Eftir tölum sem ég hef aflað mér, og reyndar eru þær tölur fengnar úr skýrslu þessarar nefndar, þá telst mér til að um 6.600 börn séu hjá einstæðum foreldrum sem hafa undir 100 þús. kr. í tekjur, en um 2.500 börn séu hjá sambúðarfólki með undir 100 þús kr. á mánuði. Þarna er reginmunur á. 6.600 börn annars vegar hjá einstæðum foreldrum sem hafa undir 100 þús. kr. á mánuði í tekjum, en hins vegar 2.500 börn hjá sambúðarfólki og þetta segir auðvitað meira en mörg orð um þá mismunun sem þarna er á ferðinni.

Það má auðvitað bæta úr þessu, m.a. með því að ef annar meðlagsgreiðandi er vel aflögufær, þá leggi hann meira af mörkum til framfærslu barna sinna en bara lágmarksmeðlagið. Nú er staðan reyndar sú að þó að það séu ekki margir sem greiða meira en lágmarksmeðlag með börnum sínum, þá er ástæðan fyrir þessu ekki sú að ekki séu lagaheimildir til að semja um eða úrskurða um að meðlag taki mið af efnum og aðstæðum. Í 2. mgr. 10. gr. barnalaga segir:

„Framfærslueyri skal ákveða með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra."

Það er alveg skýrt kveðið á um það að það eigi að ákveða meðlag með hliðsjón af efnum og aðstæðum foreldra. Og í 2. mgr. 11. gr. barnalaga segir: „Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyrir nemur eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar."

Þarna er með öðrum orðum tryggt ákveðið lágmarksmeðlag, en engar takmarkanir settar á aukið meðlag. Á framkvæmdinni er þó sá hængur að ábyrgð hins opinbera á meðlagsgreiðslum takmarkast við lágmarksmeðlag eins og ég gat um hér áðan. Ef meðlagsúrskurður eða staðfestur samningur foreldra kveður á um hærra meðlag en lágmarksmeðlag verður það foreldri sem fer með forsjána að innheimta það sem umfram er hjá meðlagsgreiðandanum en fær þá upphæð ekki greidda í gegnum Tryggingastofnun ríkisins eins og lágmarksmeðlagið.

Ég minntist hér áðan á að í lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga væri stofnuninni að vísu heimilt að taka að sér innheimtu aukins meðlags fyrir forsjáraðilann gegn greiðslu, en hins vegar virðist sem stofnunin hafi ekki boðið upp á notkun þessa heimildarákvæðis frá því að hún tók til starfa. Þetta fyrirkomulag á greiðslu aukins meðlags er bundið í 25. gr. barnalaga, 73. gr. laga um almannatryggingar og 3. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Öllum þessum lagagreinum þarf því að breyta til að auðvelda innheimtu aukins meðlags. Er þetta ekki síst mikilvægt nú þar sem í aðskilnaði dóms- og framkvæmdarvalds í

héraði 1. júlí sl. varð sú breyting að sýslumenn taka nú til úrskurðar kröfu um viðbótarmeðlag en áður þurfti að vísa slíkum málum til úrskurðar í dómsmrn. og ég held að þessi breyting geti hugsanlega leitt til þess að við sjáum á næstunni fleiri úrskurði um aukið meðlag og það muni ganga hraðar fyrir sig en áður og þess vegna sé líka mikilvægt að hafa ekki bara úrskurðarþáttinn í lagi heldur líka innheimtuþáttinn þannig að forsjáraðilinn þurfi ekki að eyða miklum tíma, kröftum og fjármunum í það að ná í þetta aukna meðlag.

Ég held að ef lagaheimildir sem eru núna í barnalögunum og víðar um aukið meðlag eiga að koma að fullum notum, þá þurfi að einfalda innheimtuna og koma henni þannig fyrir að forsjáraðilinn þurfi ekki að standa í stöðugu skæklatogi við meðlagsgreiðandann.

Við sem erum flm. þessa frv. leggjum það fram til þess að ná þessum breytingum sem ég hef lýst og þess vegna er þetta frv. nokkurs konar bandormur, þ.e. þetta er frv. til laga um breytingar á þrennum lögum og þessi lög eru öll samtengd hvað varðar greiðslu meðlags til foreldris. Markmið frv. er að afnema lagalegar hindranir gegn því að opinberir aðilar hafi milligöngu um greiðslu aukins meðlags.

Ég veit ekki hvort ég þarf að hafa nokkuð fleiri orð um þetta frv. Í 1. gr. er í rauninni bara löggilt sú breyting á almannatryggingalögunum að greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins á meðlagi til foreldris verði ekki bundin við lágmarksfjárhæð meðlags, heldur taki hún einfaldlega mið af úrskurðinum eða samningnum. Foreldri leggur þá fram sinn meðlagsúrskurð eða sinn samning um meðlag og Tryggingastofnun borgar það út, fær það síðan hjá Innheimtustofnun sem aftur innheimtir það hjá meðlagsgreiðandanum.

Í 2. gr. er lagt til að felld verði niður heimild Innheimtustofnunar sveitarfélaga til að taka gjald fyrir innheimtu þess hluta meðlags sem er hærri en lögmætur barnalífeyrir. Um innheimtu stofnunarinnar og kröfu vegna meðlags með börnum fer þó að öllu leyti eftir 1. mgr. 3. gr. laganna eins og ég sagði áðan. Hún innheimtir einfaldlega í samræmi við úrskurð eða samning.

Síðan er í 3. gr. lagt til að fellt verði brott ákvæði í 1. mgr. 25. gr. barnalaga, sem takmarkar skyldu Tryggingastofnunar ríkisins til greiðslu framfærslueyris, annars vegar við 18 ára aldur og hins vegar við barnalífeyri. Um aldurstakmarkið er það að segja að ég sé ekki að það sé ástæða til þess að hafa það þarna inni þar sem það er skýrt kveðið á um það í 13. gr. barnalaganna að framfærslu skyldu ljúka við 18 ára aldur og fyrr ekki og þá vil ég auðvitað ekki hafa í barnalögunum núna að skylda Tryggingastofnunar sé takmörkuð við lágmarksgreiðslu.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það kom fram hjá hv. 1. flm. þessa máls í upphafi að þetta mál er búið að liggja lengi hér í þinginu og þær breytingar sem það gerði ráð fyrir hafa gengið eftir með þeim hætti þó að þær hafa gengið í þveröfuga átt við það sem flm. vildu fara en ríkisstjórnin hefur vanalega farið allt, allt aðra leið. Sú leið sem ríkisstjórnin valdi að fara um síðustu áramót þegar gerð var breyting á meðlagi, barnalífeyri og mæðra- og feðralaunum, hafði auðvitað mjög mikil áhrif á kjör einstæðra foreldra og sérstaklega á kjör framfærenda barnsins, en einnig líka þess sem á að greiða meðlagið. Í 1. gr. þessa frv., sem er 268. mál á þskj. 359, finnst mér að mörgu leyti vera valin skynsamleg leið til þess að finna út hver þessi upphæð á að vera, hver árlegur barnalífeyrir á að vera og hvert árlegt meðlag á að vera.

Það má endalaust deila um það og hægt að gera hverja könnunina á fætur annarri í þá veru að leita eftir hvað sé sanngjarnt í þeim efnum, en sú leið sem hér er bent á að farin skuli er að mörgu leyti skynsamleg og ég get tekið undir. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það er mjög mikil þörf á því að hækka meðlag og barnalífeyri frá því sem það var og menn verða reyndar að líta á mæðra- og feðralaunin og meðlagið sem eitt og hið sama í raun og veru vegna þess að hvort tveggja er aðstoð við einstæða foreldra, því staðreyndin er sú að mikil þörf var á því að hækka þessar upphæðir frá því sem verið hefur, hvort sem menn líta á það fyrir breytinguna sem varð um áramótin eða eftir, enda varð um verulega skerðingu að ræða hjá þessum hópi eftir breytingu ríkisstjórnarinnar um síðustu áramót þannig að þörfin er mikil en ríkisstjórnin eins og ég sagði áðan hefur gengið í þveröfuga átt.

Aðeins til að rifja upp þær breytingar sem gerðar voru á meðlagi, barnalífeyri og mæðra- og feðralaunum um síðustu áramót, í stað þess að reyna að bæta kjör einstæðra foreldra, þá voru kjör einstæðs foreldris með eitt barn skert um 9.750 kr. á ári eða 983 kr. á mánuði. Fyrir tvö börn var þessi skerðing upp á 22.800 kr. á ári, með þremur börnum upp á 35.328 kr. Þ.e. þó svo meðlagið hafi verið hækkað í 10.300 kr. úr 7.551, þá voru mæðra- og feðralaun lækkuð þar á móti. Hins vegar er miklu eðlilegra, að mér finnst, þegar menn eru að tala um hver þessi skerðing hafi orðið um síðustu áramót og hvaða áhrif þær breytingar sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir hafi haft á einstæða foreldra að líta á framfærendur barnsins sem þá eru bæði forræðisaðilinn og eins meðlagsgreiðandinn vegna þess að staðreyndin er sú að það eru auðvitað báðir þessir aðilar sem taka þátt í framfærslu barnsins, þó með mjög mismunandi hætti. Það er reyndar staðreynd. Framfærandinn, þ.e. forræðisaðilinn, verður óhjákvæmilega fyrir meiri útgjöldum eða hefur a.m.k. orðið óhjákvæmilega fyrir meiri útgjöldum en meðlagsgreiðandinn. Ég held að það sé ekki nokkur vafi á í þeim efnum og menn þurfi nú lítið að deila um það. Hins vegar er það svo að oft og tíðum þegar forræði er úrskurðað, þá gera foreldrar barnsins með sér samkomulag um það með hvaða hætti meðlagsgreiðandinn hugsanlega geti tekið átt í ýmsum kostnaði er tengist framfærslu barnsins. Það er vitað um marga slíka samninga, kostnaður við fermingu, afmælisgjafir, jólagjafir eða hvað eina, við skólagöngu og þar fram eftir götunum. Hins veg-

ar þegar meðlagið er hækkað eins og gert var nú um síðustu áramót, þá setur það auðvitað meðlagsgreiðendur í talsvert mikla erfiðleika. Og hættan er auðvitað sú að við þessa breytingu falli slíkir samningar, sem voru í gildi um þátttöku meðlagsgreiðandans í framfærslu barnsins umfram það sem meðlagið gerir ráð fyrir, brott og þess vegna verði skerðingin nú langtilfinnanlegust fyrir barnið sjálft. Hins vegar þegar þetta er skoðað saman, hver skerðing framfæranda barnsins eða framfærendanna hafi verið og lítum á þetta fyrir eitt barn, þá er það skerðing fyrir þessa framfærendur upp á 44.784 kr. á ári með einu barni, með tveimur börnum upp á 88.776 og með þremur börnum upp á 134.292 kr. Þetta verður einnig til þess, og það var staðfest í þeirri umræðu sem hér fór fram í desember, að vanskil við Innheimtustofnun sveitarfélaga munu aukast mjög verulega. Innheimtustofnun gerði ráð fyrir því að hugsanlega gætu vanskil hækkað úr 265 millj. kr. upp í 600 millj. kr. á ári. Það hefði lent á Jöfnunarsjóði og til þess að tryggja að svo færi ekki, þá gerði ríkisstjórnin samning við Samband ísl. sveitarfélaga um það að ríkisstjórnin bæri ábyrgð á öllum þeim milljónum sem færu umfram 300 millj. kr. Það er hins vegar hvergi gert ráð fyrir neinu slíku í fjárlögum þannig að ég veit í raun og veru ekki á hverju ríkisstjórnin byggir þá ábyrgð sína sem hún hét Sambandi ísl. sveitarfélaga á sínum tíma. Það er ekki gert ráð fyrir ábyrgðinni eða heimild til þess í 6. gr. Það er ekki heldur gert ráð fyrir neinum beinum fjárframlögum á fjárlögum til þess að mæta þessari hugsanlegu ábyrgð sem þarna mun verða. Og af því að hæstv. heilbrrh. er nú staddur hér í salnum þá væri fróðlegt að fá að heyra það frá honum hvort hann vissi til að vanskil hefðu aukist við Innheimtustofnunina við þessa breytingu sem gengin er í gildi þó að reynslutími sé reyndar skammur.

Ég get tekið undir það sem felst í 1. gr. og einu grein þessa frv. felst, fyrir utan 2. gr., þar sem gert er ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi og að frv. verði skoðað nánar í heilbr.- og trn., og mun gera það með opnum huga þar, en efnislega get ég tekið undir hana og er sáttur við hana.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fræðslustörf um gigtsjúkdóma, fyrri umr.

Þáltill. IP o.fl., 225. mál. — Þskj. 273.

Flm. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegur forseti. Það gleður mig mjög að hæstv. heilbrrh. skuli vera hér innan dyra því hér er ég með frv. sem á að auka kostnaðarvitund hans og spara í heilbrigðiskerfinu.

Þessi tillaga er á þskj. 273 og er flutt auk mín af Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttir, Svavari Gestssyni, Láru Margréti Ragnarsdóttur og Jóni Helgasyni. Hún fjallar um forvarnir og fræðslu um gigtsjúktóma og er ætlað að spara þjóðfélaginu þegar til lengri tíma er litið nokkra milljarða árlega.

Sá sjúkdómur, sem þessi þáltill. fjallar um, þ.e. gigtsjúkdómar, er talinn kosta íslenska ríkið tíu milljarða árlega. Inni í þeirri upphæð eru m.a. sjúkrahúslega, heilsugæslukostnaður, endurhæfing, lyfjakostnaður og vinnutap, hjálpartæki og ýmis sérfræðikostnaður.

Sem dæmi má taka að árið 1990 voru greiddir sjúkradagpeningar fyrir gigtsjúklinga í samtals 51.511 daga. Þá fær fimmti hver öryrki örorkubætur vegna gigtsjúkdóma. Þegar giskað var á að spara mætti 15% af þjóðarútgjöldum Íslendinga eða allt að tíu milljörðum kr. árlega ef unnt væri að koma í veg fyrir gigt er auðséð að hér er til mikils að vinna. Bandarískir arðsemisútreikningar hafa leitt ljós að hver króna til gigtlækninga skilar sér fertugfalt til baka og er þá ekki talað um þá miklu þjáningu sem sparast ef koma má í veg fyrir sjúkóminn eða halda honum í skefjum.

Fullnægjandi skýringar hafa ekki fengist á hvað veldur þessum sjúkdómi en vitað er að margir samvirkandi þætti, bæði meðfæddir og ytri þættir, orsaka gigt. Fullnægjandi skýringar hafa hins vegar ekki fengist og er frekari rannsókna því þörf. Íslenskir fræðimenn hafa lengi stundað rannsóknir á gigtsjúkdómum og hlotið alþjóðlega viðurkenningu fyrir störf sín. Rannsóknir þeirra hafa hins vegar að mestu verið stundaðar í hjáverkum sökum fjárskorts. Gigtarfélag Íslands stóð nýverið fyrir söfnun fjár í Vísindasjóð félagsins sem nota á til að kosta rannsóknir á gigtsjúkdómum. Að mati flutningsmanna er mikilvægt að ríkisvaldið aðstoði félagið eftir föngum við framkvæmd og fjármögnun rannsóknanna. Er því lagt til að heilbrigðisráðherra verði falið að móta tillögur um eflingu rannsókna á gigtsjúkdómum í samráði við Gigtarfélagið. Að sögn sérfræðinga nýtur Ísland nokkurrar sérstöðu sem gerir það að verkum að rannsóknir á gigtsjúkdómum eru að mörgu leyti auðveldari hér á landi en víða erlendis. Kemur þar til hversu fámenn þjóðin er en það m.a. auðveldar faraldurs- og erfðafræðilegar rannsóknir, svo og nálægð og náin samvinna vissra sérgreina læknisfræðinnar sem oft einangrast á stórum stofnunum erlendis. Þá eru ættartölur góðar og almennur ættfræðiáhugi ríkjandi, en eins og ég sagði hér áðan er sjúkdómurinn að hluta arfgengur, svo og skilningur á nauðsyn læknisfræðilegra rannsókna. Er því brýnt að gerðar verði tillögur um eflingu rannsókna á þessu sviði, enda kosta gigtsjúkdómar þjóðfélagið ómælt fé og sjúklinga miklar og varanlegar þjáningar.

Það er að mati flutningsmanna mikilvægt að fræða fólk um gigtsjúkdóma og þá þætti sem leitt geta til þeirra. Forvarnastarf með áherslu á réttri hreyfingu og réttu mataræði skiptir hér mestu. Rannsóknir sýna t.d. að neysla mjólkur og lýsi dregur verulega úr hættu á beinþynningu sem einkum hrjáir miðaldra fólk og einkum konur.

Beinþynningin er mjög dýr sjúkdómur því hann veldur því að fólki verður hættara við að beinbrotna en ella og ef við lítum á það hvað hvert brot kostar þá væri hægt að spara hér verulega ef hægt væri að koma

í veg fyrir beinþynningu eða draga úr þeim sjúkdómi.

Þegar talað er um gigtsjúkdóma er talað um sjúkdóma í bandvef svo og sársaukafulla kvilla í stoðkerfi líkamans. Gigtsjúkdómar eru flokkaðir í marga flokka eins og kemur fram í greinargerðinni með þessari þáltill. Í greinargerðinni eru taldir upp margir þeir flokkar sem teljast til gigtsjúkdóma. Alls er talað um tvöhundruð sjúkdóma sem flokkast undir gigt. Algengustu sjúkdómarnir eru slitgigt og iktsýki. Iktsýki er bólgusjúkdómur en slitgigt eins og nafnið bendir til er annars eðlis. Þetta eru tveir ólíkir sjúkdómar og þurfa ólíka meðferð.

Árið 1992 var eins og fyrr segir norrænt gigtarár. Markmið norræns gigtarárs var annars vegar að vekja athygli á gigtinni, tíðni sjúkdómsins og áhrifum hans og hins vegar að efla forvarnir. Ákvörðun Norðurlandaráðs má rekja til hins mikla fjölda gigtsjúklinga á Norðurlöndum og þess gríðarlega fjárhagslega tjóns og þeirra þjáninga sem af gigtinni hljótast. Talið er að á Norðurlöndunum séu fimm milljónir gigtsjúklinga og þar af um fimmtíu þúsund hér á landi. Ætla má að gigtsjúkdómar hafi í för með sér beinan og óbeinan kostnað fyrir Norðurlöndin sem nemur þúsund milljörðum árlega, eitt þúsund milljörðum árlega.

Samhliða þessum tillögum um auknar rannsóknir, forvarnir og fræðslustörf um gigtsjúkdóma kemur einnig fram í greinargerð með tillögunni mikilvægi endurhæfingar gigtsjúkra en slík endurhæfing krefst mikils sérhæfðs mannafla, góðrar aðstöðu, tækjabúnaðar og húsnæðis. Markmið endurhæfingar er að hjálpa gigtsjúkum til að lifa sem eðlilegustu lífi. Endurhæfingin er einkum fólgin í sjúkra- og iðjuþjálfun og meðferð hjá kírópraktor. Til er hér í landi hópur sérfræðinga sem vinna að þessum málum og eflaust er hægt að samhæfa störf þeirra meir en gert er í dag. Til þess þarf stefnumótun frá heilbrigðisyfirvöldum.

Við Landspítalann í Reykjavík er rekið stærsta sérhæfða gigtardeildin hér á landi. Auk þess starfa sérfræðingar í gigtlækningum á Landspítala, Greinsásdeild, Borgarspítalanum, Vinnuheimili SÍBS á Reykjalundi, Heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri svo og á einkastofum. Greining, meðferð og endurhæfing gigtsjúkra fer fram á þessum stöðum og á Gigtlækningastöðinni í Reykjavík sem rekin er af Gigtarfélagi Íslands. Þá var nýlega stofnuð endurhæfingardeild á Kristneshæli í Eyjafirði, hver sem verður nú framtíð þess hælis. Aðstæður til endurhæfingar eru þó ekki fullkomnar þrátt fyrir þessa upptalningu. Þannig er engin endurhæfingarlegudeild nú rekin við Landspítalann og hugmyndir hafa verið um að fækka gigtarsérfræðingum þar. Að áliti flm. er mikilvægt að haldið verði áfram öflugri þjónustu við gigtsjúka hér á landi um leið og enn frekar verði ráðist að rótum vandans. Er því æskilegt að heilbrrh. móti tillögur um þetta efni og leggi fyrir Alþingi, en út á það gengur þessi þáltill.

Að undanförnu hefur fátt verið rætt meira almennt en um heilbrigðismál og sparnað í heilbrigðiskerfinu. Minna er rætt um hvernig spara megi peninga á varanlegan hátt með því að koma í veg fyrir sjúkdóma. Það er minna rætt um heilsteypta stefnu í heilbrigðismálum almennt. Miklar breytingar hafa verið gerðar að undanförnu varðandi kostnaðarþátttöku einstaklinga. Flestar þessar breytingar eru gerðar, að sögn hæstv. ráðherra, til að auka kostnaðarvitund einstaklinga. En ég fyllyrði að þessar sífelldu breytingar auka ekki kostnaðarvitund sjúklinga enda tel ég það ekki brýnast í heilbrigðismálum nema síður væri. Það verður ávallt dýrara að vera sjúkur en heilbrigður. Ég tel að ódýrasta lausnin til að spara í heilbrigðismálum almennt sé að gera sér ljóst hvernig á að halda í gott heilsufar með því að koma í veg fyrir veikindi og slys. Það er t.d. hægt að miklu leyti í þessu tilviki sem ég hef verið að ræða um með því að auka rannsóknir, forvarnir og fræðslustörf varðandi gigtsjúkdóma sem eru taldir kosta þjóðina 15% af íslenskum þjóðarútgjöldum. Ég held að það sé einmitt þessi kostnaðarvitund sem vantar hjá heilbrigðisyfirvöldum um gildi aukinna rannsókna til að koma í veg fyrir sjúkdóma en ég hef litla trú á því að það skili ríkinu til lengri tíma miklum fjárupphæðum að láta sjúkt fólk greiða meira en góðu hófi gegnir fyrir heilbrigðisþjónustuna. Það eykur ekki kostnaðarvitund, það bætir ekki heilsuna, það leiðir aðeins til ójöfnuðar í þjóðfélaginu.

Virðulegi forseti. Gigtsjúkdómar og gigtareinkenni eru algengustu vandamál sem valda því að fólk leitar læknis. Einungis kvef og hliðstæðir kvillar eru algengari. Bara þær athuganir sem gerðar hafa verið varðandi óþægindi frá hálsi og herðum sem eru mest vegna atvinnusjúkdóma hafa kostað okkur nálægt hálfum milljarði árlega um langan tíma. Þennan hálfa milljarð mætti spara að mestu leyti með því að gefa fólki betri leiðbeiningar um eðli og orsakir og gera meiri kröfur til hollustu á vinnustöðum.

Virðulegur forseti. Við Íslendingar getum verið í fararbroddi á þessu sviði. Að umræðu lokinni legg ég til að þessari tillögu verði vísað til hv. heilbr.- og trn.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Flm. hefur gert ítarlega grein fyrir efni þessarar þáltill., en tilgangur hennar er að benda á leiðir til að koma í veg fyrir þjáningar og tjón sem gigtarsjúkdómar valda. Eins og fram kom í máli flm. þá er það því miður of algengt að hyggja ekki nægilega vel að því að reyna að koma í veg fyrir að illa fari og því þurfum við um of að eyða kröftum og fjármagni til þess að reyna að lagfæra það sem úrskeiðis hefur farið.

Ég ætla aðeins að víkja að einum þætti þessara gigtarsjúkdóma og það er beinþynning. Það kemur fram í upplýsingum frá sérfræðingum að hún orsakar u.þ.b. 15% af öllum gigtarsjúkdómum sem hér eru. Þarna er því um mjög mikinn orsakavald og dýran að ræða. En jafnframt benda sérfræðingarnir á það að rétt mataræði er einfaldasta og besta vörnin gegn þessum sjúkdómi. Þá er það fyrst og fremst mjólk og mjólkurvörur sem eru þar úrræðið. Sem betur fer hefur fjölbreytni þeirra mjólkurvara sem hér eru á boðstólum aukist mjög mikið á undanförnum árum þannig að neytendur eiga kost á að velja úr því sem heppilegast

er fyrir hvern og einn þannig að ekki verði um of mikla neyslu að ræða sem veldur of mikilli fitusöfnun. Því miður hafa stundum komið fram órökstuddar fullyrðingar um að það sé jafnvel varasamt að neyta of mikils af þessari fæðu. Staðreyndirnar virðast nú tala öðru máli. Vil ég benda á nýlegar upplýsingar frá Vinnueftirliti ríkisins þar sem fram kemur að engin stétt í landinu mun neyta meira af þessari vöru heldur en bændastéttin. Jafnframt að lífslíkur hennar eru miklu meiri eða horfur á lífaldri langt fyrir ofan meðaltal hjá þjóðinni. Ekki vildu sérfræðingarnir fullyrða hversu mikið það væri en þar væri um mikinn mismun að ræða þrátt fyrir að þessi stétt sé talin neyta mjólkurvara miklu meira en aðrar stéttir.

Vissulega er margt fleira sem hefur þar áhrif að þeirra mati. En það virðist vera að fullyrðingarnar um hættu frá því fæði sem þar er mest neytt eigi ekki við rök að styðjast. En því miður eru allt of algengir gigtarsjúkdómur sem stafa af völdum beinþynningar. Þar verður að hafa fyrirhyggju til að koma í veg fyrir slíkt því það gerist ekki í einu vetfangi að slíkur sjúkdómur birtist heldur má rekja það ár og jafnvel áratugi aftur í tímann, þ.e. vegna þeirrar fæðu sem neytt hefur verið og skorts á kalki.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta en vildi vekja athygli á þessari augljósu staðreynd og jafnframt þeirri einföldu leið að mati sérfræðinganna að neyta þeirrar fæðu sem holl er og þannig er hægt að koma í veg fyrir bæði miklar þjáningar sem margir verða fyrir og gífurlegar fjárhæðir sem fara í það að reyna að bæta úr þegar skaðinn er orðinn.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu svo neinu nemur, enda er greinargerð og rökstuðningur með þessari þáltill. afar vel unnin. Ég kem hér fyrst og fremst til þess að lýsa stuðningi mínum við þessa þáltill. Ég trúi ekki öðru en hæstv. heilbrrh. sýni henni fullan skilning og stuðning því hann þekkir síendurtekin beinbrot betur en flestir aðrir og ef marka má orð hv. þm. Jóns Helgasonar, þá hefur hæstv. heilbrrh. ekki borðað nægjanlega hollan mat eða drukkið nógu mikla mjólk og er þess vegna beinþunnur.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil hér í örfáum orðum lýsa yfir stuðningi mínum við þessa tillögu. Hér er að mínum dómi mjög gott mál á ferðinni en svo sem kunnugt er, eru gigtsjúkdómar mjög útbreiddir hér á landi og að því er mér skilst, þá er meira um það hér en annars staðar og ræðst það líklega af miklu vinnuálagi og líklega einnig þeirri köldu veðráttu sem við búum við. En jafnframt er þetta sjúkdómur eða sjúkdómar sem hægt er að gera mikið til að fyrirbyggja og ég vil einmitt taka undir það sjónarmið að hér er um það að ræða að finna leiðir til að fyrirbyggja sjúkdóma af þessu tagi.

Ég vil ekki síst minna á það að gigtsjúkdómar eru mjög algengir meðal kvenna, ekki síst vöðvabólgur af ýmsu tagi. Við þekkjum dæmi þess að fyrirtæki hafa gripið til sinna ráða og boðið upp á líkamsrækt. Þó ekki sé það nú í miklum mæli, þá verður það jafnan til þess að bæta heilsu starfsmanna og sýnir þá að það þarf ekki mikið til til þess að draga úr þessum sjúkdómi sem kostar þjóðfélagið miklar upphæðir á ári hverju. En auðvitað þarf að byrja á því að rannsaka þennan sjúkdóm eða þessa sjúkdóma og efla þær rannsóknir til þess að geta betur áttað sig á því hvar þarf að grípa inn í. Þess vegna vona ég að þessi tillaga nái fram að ganga og að heilbrrh. veiti þessu máli brautargengi á sínum vettvangi því að ég er alveg viss um að hann, sem gengur nú hart fram í sparnaðaraformum, mun auðvitað glaður taka við þessari tillögu sem mun leiða af sér verulegan sparnað í heilbrigiskerfinu ef úr verður að efla rannsóknir á þessu sviði og síðan að grípa til aðgerða í kjölfar þess.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti. Eins og fram kemur í þessari þáltill. og raunar einnig í framsöguræðu flm., þá er það að sjálfsögðu rétt að árið 1992 var sérstakt gigtarár á Norðurlöndum. Á því ári var varið fé úr samnorrænum sjóðum til sameiginlegra viðfangsefna, en meginreglan var sú að hvert land fyrir sig átti síðan að greiða fyrir þau sérverkefni sem unnin væru í löndunum.

Ég vil aðeins upplýsa að af ráðstöfunarfé því sem heilbr.- og trmrh. hefur til ráðstöfunar varði ég allverulegum hluta á árinu 1991 til Gigtarfélags Íslands til þess að undirbúa gigtarárið og á árinu 1992 veitti Alþingi auk þess umtalsvert fjármagn á fjárlögum til félagsins til þess að vinna að ýmsum viðfangsefnum hér heima auk þess sem á því ári veitti ég einnig umtalsvert fjármagn af mínu ráðstöfunarfé til Gigtarfélagsins í því skyni. Í því sambandi vil ég gjarnan geta þess að Gigtarfélagið og þeir sem að fræðslunni og verkefnunum stóðu, sem unnin voru hér á landi, gerðu það af einstakri fyrirmynd og notuðu þá takmörkuðu fjármuni sem þeir höfðu til ráðstöfunar mjög vel auk þess sem þessir aðilar lögðu á sig mikið sjálfboðastarf. Á árinu var unnin mikil fræðslustarfsemi, bæði á vegum gigtarlækna og á vegum Gigtlækningafélags Íslands. Ég minni t.d. á í því sambandi að það voru reglulega skrifaðar greinar í Morgunblaðið um vandamál gigtsjúkra og þær aðferðir og aðgerðir sem gætu gagnast þeim til hjálpar og til að koma í veg fyrir slíka sjúkdóma. Nú er unnið að því, bæði á vegum innlendra aðila og samnorrænna, að taka saman skrá yfir árangur þessara aðgerða og undirbúa hvernig úr því skuli unnið. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherrar á Norðurlöndum hafa átt fundi með framkvæmdaaðilum gigtlækningarársins og ég vil að það komi fram að á þeim fundum kom mjög vel í ljós að þeir sem unnu að þessum málum á Íslandi á árinu 1992 hafa gert það af einstökum glæsibrag.

Eins og ég segi er nú verið að vinna að því að taka saman árangurinn af árinu 1992 og þau atriði sem þar megi læra af og halda fræðslunni áfram og þessir aðilar mega að sjálfsögðu reikna með því að heilbrrn. styðji þá áfram til þeirra starfa sem þar er verið að

vinna, en umsvifin ráðast að sjálfsögðu af þeim fjárveitingum sem hv. Alþingi treystir sér til að láta af hendi til þeirra mála.

Flm. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég stend nú aðeins upp til þess að þakka þessi jákvæðu viðbrögð sem þessi tillaga hefur fengið hér. Ég heyri það að menn hafa mikinn skilning á þessu máli. Hæstv. ráðherra talaði um það hér að ríkið hefði látið á norrænu gigtarári 1992 verulegar fjárhæðir renna til þessa málefnis og það er alveg rétt, en ég vil vekja athygli á því að að því ári liðnu þarf að halda þessu áfram og ég vil minna ráðherra á það að hver króna sem hann setur til þessa málaflokks skilar sér fertugfalt til baka þannig að hann mun græða stórar upphæðir með því að leggja til þessa málaflokks. Eins og ég sagði áðan þá er þetta langalgengasti sjúkdómur á Íslandi fyrir utan kvef.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Endurskoðun laga um vinnumiðlun, 425. mál, fsp. ÖS, þskj. 723.

Ráðstafanir vegna afnáms aðstöðugjalds, 423. mál, fsp. EKG, þskj. 719.

Samvinna barnaverndaryfirvalda og annarra stofnana, 424. mál, fsp. AÓB, þskj. 720.

Tilsjónarmenn og stuðningsfjölskyldur, 426. mál, fsp. AÓB, þskj. 724.

Sóttvarnalög, 1. umr.

Stjfrv., 258. mál (heildarlög). — Þskj. 335.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Þetta er í fjórða sinn sem gerð er til raun til þess að ná fram á Alþingi samþykktum á nýjum lögum um sóttvarnir. Fyrrv. hæstv. heilbrrh. mælti tvívegis fyrir slíku frv. hér á Alþingi án þess að það fengist samþykkt og það er í annað sinn nú sem sá sem hér stendur mælir fyrir frv. í von um að hv. Alþingi sjái sér færi á því að samþykkja málið og vona ég að fullreynt sé í fjórða sinn.

Um nokkurt skeið hefur það verið skoðun manna að nauðsynlegt sé að endurskoða lagaákvæði um farsóttir og sóttvarnir. Það var fyrrv. heilbr.- og trmrh. sem skipaði nefnd í október 1988 sem fékk það verkefni að endurskoða sóttvarnalögin sem eru orðin allgömul eða frá 1954. Þar að auki farsóttalögin frá 1958 og svo loks ýmis sérlög um varnir gegn tilteknum smitsjúkdómum, svo sem berklavarnalögin frá 1939, lög um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978 og lög um varnir gegn holdsveiki frá síðustu aldamótum. En eins og hv. þm. sjá á þessari upptalningu, þá er hér um allgamla lagasmíð að ræða sem vissulega er kominn tími á að endurskoða.

Í nefndina voru skipaðir Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri og var hann formaður, Guðjón Magnússon skrifstofustjóri, Haraldur Briem, sérfræðingur í smitsjúkdómum, Skúli Johnsen, héraðslæknir í Reykjavík og Dögg Pálsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrrn.

Nefndin skilaði fullbúnu frv. ásamt fylgiskjölum í september 1989 og var frv. lagt fram óbreytt frá tillögum nefndarinnar á 112. löggjafarþinginu en náði ekki fram að ganga. Haustið 1990 endurskoðaði farsóttanefnd frv. m.a. með hliðsjón af þeim umsögnum sem borist höfðu Alþingi. Í farsóttanefnd eiga sæti Ólafur Ólafsson landlæknir, sem er formaður nefndarinnar, Haraldur Briem læknir, Skúli Johnsen héraðslæknir, Ólafur Steingrímsson læknir, Hrafn Tulinius prófessor, Margrét Guðnadóttir prófessor og Sigurður B. Þorsteinsson læknir.

Farsóttanefndin gerði nokkrar breytingar á frv. og var það lagt fram í þeirri mynd sem farsóttanefnd var sammála um að Margréti Guðnadóttur undanskilinni á 113. löggjafarþingi vorið 1991. Frv. náði ekki þá heldur fram að ganga. Frv. var enn lagt fram á 115. löggjafarþinginu, síðasta þingi, nánast óbreytt sem það var lagt fram á 113. löggjafarþinginu að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir í þessu frv. að kostnaður vegna sóttvarna verði greiddur eins og annar sjúkrakostnaður.

Frv. er nú lagt fram í fjórða sinn óbreytt frá síðasta vori að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir gildistöku 1. jan. 1994. Þau nýmæli helst sem koma fram í frv. frá fyrri lögum eru eftirfarandi:

1. Gerð er tillaga að rammalöggjöf þar sem samin verði í ein lög ákvæði um farsóttavarnir, sóttvarnir og varnir gegn tilteknum smitsjúkdómum. Hér er fylgt fordæmi annarra nágrannaþjóða, svo sem Norðurlanda og Bretlands. Verði frv. að lögum mun það hafa í för með sér umtalsverða lagahreinsun þar sem gert er ráð fyrir að a.m.k. 9 lög og sérlög falli úr gildi við setningu laganna.

2. Gert er ráð fyrir í frv. að ábyrgð á sóttvörnum verði áfram hjá embætti landlæknis. Samkvæmt gildandi lögum eru héraðslæknar sóttvarnalæknar hver í sínu héraði og auk þess skulu sóttvarnanefndir starfa í öllum kaupstöðum og er tollstjóri á hverjum stað formaður. Í ljósi gerbreyttra samgangna þykir eðlilegt að fella sóttvarnanefndina niður. Jafnframt þessu þykir nauðsynlegt að hjá embætti landlæknis verði ráðinn til starfa sérstakur læknir sem hefur sem aðalstarf að vinna að sóttvarnamálum. Þetta er talið nauðsynlegt til að tryggja nauðsynlegt samræmi í sóttvörnum um landið allt, en að sjálfsögðu bera héraðslæknar eftir sem áður ábyrgð á sóttvörnum hver í sínu héraði undir yfirstjórn sóttvarnalæknis og heilsugæslulækna og aðrir læknar eftir því sem við á.

3. Í skýrslugerð vegna smitsjúkdóma er fylgt mjög sambærilegum reglum og nú þegar gilda samkvæmt hinum ýmsu lögum um þessi efni, en þó er ákvæði um skýrslugerð mun skýrara en í gildandi lögum.

Ég tel ekki ástæðu til að fjalla ítarlegar um þetta frv. að þessu sinni. Það hefur þegar verið gert þrívegis á Alþingi og ég gerði það sjálfur á síðasta Alþingi auk þess sem breytingarnar sem gerðar hafa verið eru

ekki þess eðlis að efni frv. hafi breyst svo að neinu nemi. Ég vil þó sérstaklega leyfa mér að undirstrika þá lagahreinsun sem samþykkt þessa frv. hefur í för með sér.

1. Berklavarnarlög frá 1939.
2. Lög um ráðstafanir til varnar gegn fýlasótt frá 1940.
3. Lög um eyðingu á rottum frá 1945.
4. Lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki frá 1953.
5. Sóttvarnarlög frá 1954.
6. Farsóttalög frá 1958.
7. Lög um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978 með breytingu frá 1986.

Með frv. er eitt fskj. þar sem taldir eru þeir smitsjúkdómar sem vænta má að reglugerð geri ýmist tilkynningarskylda eða skráningarskylda. Með frv. sem lagt var fram 1989 voru ítarleg fskj. um þróun íslenskrar löggjafar á þessu sviði sem og erlendrar löggjafar. Ekki var talin ástæða til að endurprenta þessi fskj. að þessu sinni.

Vegna umsagnar fjárlagaskrifstofu fjmrn. sem fylgir með frv. vil ég taka fram að þar er ekki tillit tekið til þess að vísir að göngudeildum eins og frv. gerir ráð fyrir er þegar fyrir hendi. Sömuleiðis munu ýmis sérgreind embætti lækna leggjast niður. Við kostnaðarmat fjmrn. er ekki heldur tekið tillit til þessa. Ég tel því að kostnaðarmat fjárlagaskrifstofunnar vegna frv. sé of hátt en óska eftir því að hv. heilbr.- og trn. sem væntanlega fær frv. þetta til meðferðar yfirfari þau mál.

Ég hef nú í stuttu máli gert grein fyrir því lagafrv. sem hér er lagt fram. Ég tel að hér hafi tekist vel til um að endurskoða og einfalda löggjöf um smitsjúkdóma og sóttvarnir og flestir eru sammála um að löngu var tímabært að gera breytingar á lagaákvæðum okkar í samræmi við breytta tíma. Ég vona að frv. fái nú jákvæðar undirtektir á Alþingi þannig að það þurfi ekki að leggja það fram í fimmta skipti og að það geti síðan gengið í gildi eins og gert er ráð fyrir í ársbyrjun 1994.

Frú forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði afgreitt til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það virðist nú vera ljóst að sóttvarnir hljóta að flokkast með mjúkum málum miðað við fjölda þeirra hv. þm. sem hér eru og kyn að frátöldum hæstv. heilbrrh. en handboltinn hins vegar flokkast þá með hörðum, karlmannlegum málum.

Frv. sama efnis og reyndar nánast sama frv. og hér er til umræðu var lagt fram á 113. löggjafarþingi. Það frv. var undirbúið og samið af farsóttanefnd og náði nefndin að prófessor Margréti Guðnadóttur undanskilinni samstöðu um málið. Þessa var getið sérstaklega í greinargerð með því frv. Aftur í greinargerð með frv. til sóttvarnalaga sem lagt var fram á 115. löggjafarþingi og enn er þetta fullyrt í greinargerð þessa frv. á bls. 8, að farsóttanefnd hafi náð samstöðu um frv. að Margréti Guðnadóttur undanskilinni og hæstv. ráðherra gat þess hér í ræðu sinni áðan.

Ástæða þess að *ég nefni þetta hér í upphafi umræðu* er sú að í mars 1991 sendi Margrét Guðnadóttir að beiðni heilbr.- og trn. inn umsögn um frv. sem þá var til umræðu. Í umsögninni mótmælir hún þessari fullyrðingu sem fram kom þá og er enn í grg. með frv. Margrét segir á fyrstu síðu umsagnar sinnar, með leyfi forseta:

„Athugasemdir sem fylgja frv. get ég ekki skilið á annan veg en þann að farsóttanefnd hafi fengið frá Alþingi eldri gerð frv. ásamt ýmsum umsögnum og endurskoðað frv. og gert á því sínar breytingar." Þá stendur í greinargerðinni: „Farsóttanefnd að Margréti Guðnadóttur undanskilinni er sammála frv. í þeim búningi sem það er nú lagt fram á 113. löggjafarþingi. Þetta þykja sömu Margréti þó nokkur tíðindi. Hún hefur nefnilega aldrei áður séð þetta frv. í þessum búningi og er fyrst að berja það augum núna að beiðni skrifstofu Alþingis." Þetta er skrifað í mars 1991. Jafnframt segir Margrét í umsögn sinni: „Hafi farsóttanefnd haldið fundi um endurskoðun eldra frv. var ég ekki boðuð á þá." Og síðar í umsögninni segir hún þetta, með leyfi forseta: „Þar sem ég var ekki látin vita um þessa endurskoðun frv. í farsóttanefnd tel ég að enginn í nefndinni geti fullyrt hvort ég er sammála eða ósammála öðrum nefndarmönnum. Nefndarálit sem ég hef aldrei séð, hvað þá unnið, get ég auðvitað ekki undirritað."

Þrátt fyrir að þessi yfirlýsing prófessors Margrétar Guðnadóttur liggi fyrir síðan í mars 1991, þá má enn lesa í greinargerð með þessu frv. að öll farsóttanefndin hafi náð samstöðu að Margréti Guðnadóttur undanskilinni. Mér finnst því full ástæða til þess að láta athugasemdir hennar við þessa fullyrðingu koma fram við þessa umræðu.

Í I. kafla frv. er skilgreining á hlutverki laganna. Í fljótu bragði virðist ekkert við þessa grein að athuga. Þó velti ég því fyrir mér að ef skoðaður er listi yfir þau lög sem fella á úr gildi ef frv. verður samþykkt hvort skilgreining laganna er ekki of þröng til þess að geta að fullu yfirtekið hlutverk þeirra laga.

Í II. kafla frv., 4. gr., er kveðið á um yfirstjórn sóttvarna en þar segir að landlæknir beri ábyrgð á framkvæmd sóttvarna og ráða eigi sérstakan sóttvarnalækni með verksvið samkvæmt 5. gr. Þá skal sóttvarnalæknir vera ritari sóttvarnaráðs. Mér hefði fundist að verkefni landlæknis væru ærin nú þegar og vildi ég beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort ekki væri *eðlilegra að ráðinn væri sérstakur yfirmaður sóttvarna* sem færi alfarið með þetta verksvið. Slíkur yfirmaður og slíkur yfirlæknir sóttvarna væri ráðinn með sérstöku tilliti til þekkingar á sóttvörnum og ónæmisaðgerðum og bæri fulla faglega ábyrgð á framkvæmd sóttvarna í landinu undir yfirstjórn heilbrrh. Sóttvarnalæknir yrði þá jafnframt formaður sóttvarnaráðs. Þegar ráðið er í embætti landlæknis er erfitt að binda veitingu þess embættis þeim skilyrðum að sá eða sú sem stöðuna hlýtur búi yfir þeirri sérþekkingu sem nauðsynleg er þeim sem fer með yfirstjórn sóttvarna í land-

inu. Samkvæmt 5. gr. frv. er verksvið sóttvarnalæknis mjög viðamikið og heyrst hafa þær raddir að ýmsir þættir þess séu svo sérhæfðir að varla sé á færi eins manns að leysa þá alla. Ef vel á að takast þurfi að koma á virku samstarfi nokkurra aðila.

Í 6. gr. er kveðið á um skipan sóttvarnaráðs sem ætlað er að móta stefnu í málum sóttvarna og vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir. Að sjálfsögðu er af hinu góða að slíkt ráð verði sett á laggirnar. Þó hefði ég viljað sjá þar fulltrúa með sérþekkingu á ónæmisaðgerðum barna því að ráðið hlýtur að fjalla um þær ónæmisaðgerðir, stefnu og framkvæmd þeirra. Eins og ég sagði áðan þykir mér eðlilegt að sóttvarnalæknir veiti ráðinu formennsku. Heilbrrh. skipar samkvæmt frv. sóttvarnaráð og þar eiga að sitja sjö menn. Kveðið er á um frá hvaða starfsstéttum fulltrúarnir koma en þó virðist vera að ekki sé um tilnefningu starfsstéttanna sjálfra að ræða sem mér finnst þó eðlilegra.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra aðeins um 16. gr. frv. sem kveður á um starfrækslu göngudeilda og einangrun á sjúkrahúsum. Hvernig er einangrunaraðstaða á sjúkrahúsum hugsuð? Er þar átt við að aðstaðan verði einungis á sjúkrahúsum í Reykjavík, er um að ræða öll sjúkrahús á landinu eða nokkur þeirra? Í umsögn fjmrn. kemur hvorki þetta fram né heldur hver heildarkostnaðurinn verður. Það sama gildir um hvernig hlutverk göngudeildanna er hugsað. Er þar verið að tala um göngudeildir í tengslum við sjúkrahús eða heilsugæslustöðvar í Reykjavík eða víðar, hversu margar þá og hversu sérhæfðar?

Í 3. mgr. 16. gr. segir að ráðherra geti falið ákveðnum rannsóknastofum að ábyrgjast greiningu örvera eða sníkjudýra úr sýnum frá sjúklingum með smitsjúkdóma og fylgjast með ónæmisástandi einstaklinga gegn þýðingarmiklum smitnæmum sjúkdómum. Ég vil af þessu tilefni beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hver sé aðstaða á þeim rannsóknastofnunum sem við höfum nú þegar. Erum við sjálfum okkur nóg í þessum efnum eða er það þannig, sem ég tel líklegra, að efla þurfi aðstöðu til rannsókna langt umfram það sem er í dag til að geta tekið við þessu hlutverki?

Í upphafi nefndi ég efasemdir mínar um það að skilgreiningarkafli laganna væri nógu víðtækur til að geta að fullu tekið þau lög sem skv. 20. gr. laganna eiga að falla úr gildi. Lög um eyðingu á rottum, nr. 27/1945, eiga að falla úr gildi og hef ég velt því fyrir mér undir hvaða lið efni þeirra gæti fallið, þ.e. þar sem fyrst og fremst er verið að fjalla um eyðingu á rottum. Í 2. gr. þeirra laga segir:

„Eyðing á rottum skal fara fram tvisvar á ári, haust og vor, í öllum sveitarfélögum á landinu, þar sem þeirra verður vart. Bæjar- og sveitarstjórnir láta framkvæma eyðinguna á kostnað bæjar- eða sveitarsjóðs." Í 3. gr. segir: „Rottum skal eyða með eitrun eða á annan hátt ..." Ég sé ekki alveg hvar í skilgreiningarkaflanum við gætum sett lög um eyðingu á rottum nema ef væri við 3. lið þar sem opinberar sóttvarnir eru þær ráðstafanir sem skal beita vegna hættulegra smitsjúkdóma þegar smitaður einstaklingar skapar hættu á útbreiðslu smits með framferði sínu. Lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki nr. 7/1953 falla úr gildi. Þar sem segir í 2. gr.:

„Sérhver skattgreiðandi skal á skattframtali geragrein fyrir þeim hundum, sem hann eða aðrir, er hann hefur á framfæri sínu, eiga um áramót.

Hreppstjóri í hverjum hreppi, en skattstjóri eða skattanefnd í hverjum kaupstað, skulu gera skrá yfir hunda þá, sem í sveitarfélaginu eru, og afhenda hana sýslumanni eða bæjarfógeta (í Reyjavík tollstjóra) í aprílmánuði ár hvert."

Í 4. gr. laganna segir svo: „Skyldur er hver sá, er lætur slátra skepnum, er sullur finnst í, að grafa þegar í stað það slátur, sem sollið er, svo og hausa af höfuðsóttarkindum, það djúpt í jörð niður, að hundar geti eigi náð því, eða brenna það."

Eftir að hafa skoðað þessi lög er ég ekki sannfærð um að skilgreiningarkaflinn nái að yfirtaka öll þau lög sem eiga að falla úr gildi og velti fyrir mér hvort ekki þurfi að setja önnur lög eins og um hundahald í þéttbýli eða eitthvað að koma í staðinn. Ef ég hef tekið rétt eftir kom fram í ræðu hæstv. ráðherra að ýmis sérgreind læknisembætti muni leggjast niður ef þetta frv. verður samþykkt sem ég vona að verði eftir umfjöllun nefndar. Þó að ég sé ekki með ákveðnar spurningar þá vildi ég gjarnan fá að vita hvaða embætti það eru.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. til sóttvarnalaga. Ég tel það mjög til bóta og vera nútímalegra en gömlu sóttvarnalögin sem voru eins og hæstv. ráðherra nefndi áðan sjálfkrafa fallin úr gildi. Ég vona að frv. verði að lögum á þessu þingi.

Nýir og nýir sjúkdómar hrjá mannkynið og þegar einn sjúkdómur hverfur kemur annar í staðinn. Þess vegna verða lög sem þessi sífellt að vera í endurskoðun. Það hvað við erum komin mitt í alheiminn með breyttum samgöngum gerir það einnig að verkum að það eru allt aðrar aðstæður en áður þegar þessi gömlu lög voru sett.

Það má kannski deila um það, og ég býst nú við að við tökumst nú á um það í hv. heilbrn., hvort sérstakan lækni þurfi inn í landlæknisembættið til þess að halda utan um þessi mál. Ég held að við ættum að skoða það. Þetta er dýrt og við þurfum að skoða hvort þetta sé nauðsynlegt. Ég skildi hv. síðasta ræðumann þannig að henni fannst ýmislegt skorta í þessum lögum sem var í gömlu lögunum, t.d. í sambandi við sullaveiki sem gæti komið upp í sláturhúsi. Þar er nú sú breyting á að ég held að ávallt sé dýralæknir við slátrun í sláturhúsum sem sér um þetta atriði ef upp kemur. Í sambandi við hundahald þá eru hundaeftirlitsmenn í öllum stærri bæjarfélögum og í sambandi við rotturnar þá eru komnir meindýraeyðar líka í stærri byggðarlög þannig að ég held að þetta sé nokkurn veginn tryggt. En eins og ég sagði áðan finnst mér meginatriði frv. til bóta en mér finnst alveg sjálfsagt að heilbr.- og trn. kalli til dr. Margréti Guðnadóttur sem ég fullyrði að hafi mestu þekkingu á þessum málum

hér á landi og við munum taka fullt tillit til þess sem hún hefur þar fram að færa. Meira segi ég ekki um þetta frv. í bili.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég gerði þetta frv. allítarlega að umtalsefni þegar það var síðast lagt fram á þingi og ætla ekki að endurtaka alla þá umræðu núna. Það er hægt að líta í Alþingistíðindin og sjá hvað ég hafði þar fram að færa og ég mun að sjálfsögðu koma því á framfæri í heilbr.- og trn. þingsins. Ég vil hins vegar benda á það og ítreka það sem ég sagði þá að mér finnst það dálítið undarlegt að nánast eingöngu læknar komi að samningu þessa frv. en ekki annað hjúkrunarstarfsfólk. Að vísu kom að frv. Dögg Pálsdóttir úr heilbrrn. en að öðru leyti eru það eingöngu læknar, það eru engir hjúkrunarfræðingar eða fólk sem vinnur að umönnun þeirra sem haldnir eru smitsjúkdómum. Þetta finnst mér galli og ég sé að hver nefndin á fætur annarri hefur verið skipuð til þess að fjalla um þessi mál og þær eru allar þessu sama marki brenndar.

Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir að stofnað verði sóttvarnaráð og í því sýnist mér líka að eingöngu sé gert ráð fyrir læknum, en ekki t.d. eins og ég hef bent á áður hjúkrunarfræðing eða þá félagsráðgjafa sem eru fólk sem hefur auðvitað miklu hlutverki að gegna í því að koma í veg fyrir smitsjúkdóma og eru auðvitað á sinn máta sérfræðingar í því. Ekki síst núna þegar við erum að tala um nýja smitsjúkdóma eins og eyðni þá held ég að hlutverk hjúkrunarfræðinga og félagsráðgjafa aukist.

Þá vil ég enn og aftur ítreka það sem ég sagði hér síðast varðandi 14. og 15. gr. þessa frv. þar sem er verið að fjalla um aðgerðir vegna hættu á útbreiðslu smits frá einstaklingum. Ég óttast að þær greinar eins og þær eru þarna geti að vissu leyti skapað réttaróvissu og í rauninni felst ákveðin mannréttindaskerðing í þessum greinum eins og framkvæma á nauðungarinnlögn. Í 15. gr. segir:

„Ef maður, haldinn smitsjúkdómi, fellst ekki á að fylgja reglum um umgengni við aðra eða rökstuddur grunur er um að hann hafi ekki fylgt slíkum reglum getur sóttvarnalæknir ákveðið að hann skuli lagður inn á sjúkrahús í einangrun eða að hann skuli einangraður með öðrum hætti. Um þessa dvöl skulu gilda ákvæði lögræðislaga, nr. 68 30. maí 1984, sbr. 3. mgr. 13. gr.

Þurfi einangrun að vara lengur en 15 daga skal gera kröfu fyrir dómi um sjálfræðissviptingu, sbr. 19. gr. lögræðislaga."

Nú er það svo að í lögræðislögum er kveðið mjög skýrt á um það í hvaða tilvikum hægt sé að svipta einstakling frelsi sínu og sjálfræði. Það er eingöngu samkvæmt þeim lögum ef um geðsýki er að ræða eða um mikla neyslu ávana- eða fíkniefna. Með öðrum orðum er gengið út frá því að einstaklingurinn sé í raun ekki sjálfum sér ráðandi vegna geðsjúkdóma eða fíkniefnaneyslu og þá megi taka af honum ráðin, hann sé í rauninni búinn að missa þau. Þeir einir geta samkvæmt lögræðislögunum lagt fram beiðni um nauðungarvist sem eru tengdir sjúklingnum eða einstaklingnum með þeim hætti að þar er um að ræða maka, ættingja, lögráðamann eða félagsmálastofnun. Skýrt er kveðið á um þetta í 14.–17. gr. lögræðislaganna og þar kemur hvergi fram að smitsjúkdómur geti verið orsök nauðungarinnlagnar eða að læknir geti átt frumkvæði að nauðungarinnlögn. Nú er ég ekki að segja að það geti ekki verið full ástæða til þess að koma hlutum þannig fyrir, við vitum það vel að það geta komið upp tilvik og það hafa komið upp tilvik þar sem smitaður einstaklingur hagar sér á mjög óábyrgan máta og það getur verið að það þurfi að vera einhvers staðar heimild til þess að taka á því. En þá á líka að taka á lögræðislögunum. Það á ekki að vera hægt í einstökum lögum eins og sóttvarnalögunum að takmarka frelsi fólks eða í rauninni stuðla að frelsissviptingu án þess að það sé tekið á því í lögræðislögunum. Það hefur verið mitt sjónarmið. Ég er auðvitað alveg fús að ræða það og mun sjálfsagt ræða það ítarlega í heilbr.- og trn. en mér finnst þetta vissulega hættulegt fyrir réttaröryggið að hægt sé í einstökum lögum eins og sóttvarnalögunum að kveða á um frelsissviptingu einstaklinganna. Ef menn vilja koma á slíkum ráðstöfunum þá held ég að þeir verði fara í lögræðislögin. Ég sé enga ástæðu til annars en það sé þá gert. Þetta vil ég að komi skýrt fram og ég mun leggja á það áherslu í heilbr.- og trn. að fá ítarlega umræðu um þennan þátt málsins.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki frekar en hv. síðasti ræðumaður að endurtaka þá umræðu sem fór fram fyrir um það bil ári í þinginu þar sem ýmis álitamál komu til umræðu, en það er auðvitað nauðsynlegt að það sé ekki árviss viðburður á Alþingi að menn endurtaki sömu ræðurnar um sama málið. Það er hlutverk heilbr.- og trn. að afgreiða mál eins og þetta, m.a. með því að taka tillit til þeirra ábendinga og umræðna sem koma fram við 1. umr. málsins. Það er auðvitað ekki verjandi fyrir Alþingi að endurtaka ár eftir ár sömu umræðurnar um sama málið og nefndin sem á að fjalla um málið afgreiði það síðan ekki frá sér, annaðhvort þannig að gengið sé út frá því að það sé ekki gert ráð fyrir því að umrædd lagabreyting eigi sér stað eða þá lagabreytingin eigi sér stað og þá að teknu tilliti til þeirra ábendinga og sjónarmiða sem fram hafa komið. Ég ætla því aðeins að takmarka ræðutíma minn hér við að reyna að svara þeim spurningum sem hefur verið sérstaklega til mín beint út af þessu máli en endurtaka ekki umræðurnar frá því fyrir einu ári.

Í fyrsta lagi var spurt hvernig stæði á því í grg. frv. stæði að Margrét Guðnadóttir væri ekki aðili að þeirri niðurstöðu sem orðið hefði í farsóttanefnd. Um það veit ég ekki. Um það verður að sjálfsögðu að spyrja farsóttanefndina. Hún skilar ráðuneytinu niðurstöðu sinni með þessum ummælum að allir nefndarmenn eru sammála en Margrét Guðnadóttir sé ekki í þeim hópi. Það er því málefni farsóttanefndar hvernig unnið hefur verið að málinu á vettvangi hennar en heilbr.- og trmrn. verður að sjálfsögðu að taka gilda niðurstöðu sem nefndin sendir ráðuneytinu.

Þá var spurt hvort ekki væri ástæða til þess að skipa sérstakan yfirlækni sóttvarna sem væri þá í heilbrrn. fremur en slíkt viðfangsefni væri á vegum landlæknis. Það tel ég ekki vera. Landlæknir er sérfræðingur í embættislækningum. Hann er ekki sérfræðingur í öllum þeim sérfræðigreinum innan læknisfræðinnar sem kunna að koma til hans kasta. Þess vegna er það sem landlæknir hefur sérfræðinga sér til ráðuneytis. Ef hann þarf að fást við mál er t.d. varða geðlækningar þá hefur hann ráðunauta sem hann kallar á sér til trausts og halds sem eru sérfræðingar í þeirri grein. Ef hann þarf á að halda áliti manna sem varðar t.d. bæklunarskurðlækningar þá kallar hann á slíka sérfræðinga sér til trausts og halds. Landlæknir er því ekki sérfróður læknir um allar sérfræðigreinar læknisfræðinnar heldur er hann embættislæknir sem hefur ákveðnum embættisskyldum að gegna. Sóttvarnir falla einfaldlega undir embætti landlæknis, eitt af því sem landlæknir á að sinna lögum samkvæmt og ég tel ekki ástæðu til þess að flytja sóttvarnir frá landlæknisembættinu og inn í heilbrrn. Þvert á móti hef ég gert ráðstafanir til þess að flytja skólayfirlækningarnar úr heilbrrn. og til landlæknis. Ég tel ekki rétt að heilbrrn. sé að sinna slíkum sérstökum vandamálum öðruvísi en þá sem ráðuneyti þeirra mála, en framkvæmdin sé falin landlæknisembættinu.

Þá var spurt um hve mörg sjúkrahús hefðu göngudeildir vegna smitsjúkdóma og hver mörg sjúkrahús hefðu lokaðar einingar til þess að vista fólk sem er haldið alvarlegum smitsjúkdómum. Eins og ég segi er aðeins eitt sjúkrahús sem hefur slíka möguleika á lokaðri vistun. Hins vegar eru göngudeildir eða vísir að göngudeildum á nokkrum sjúkrahúsum. Það verður að ráðast af þeim fjármunum sem Alþingi treystir sér til þess að verja á hverju ári hve langt menn treysta sér til þess að byggja upp göngudeildir sjúkrahúsa fyrir smitsjúkdóma. Þær göngudeildir eru til hér í Reykjavík og vísir að þeim norður á Akureyri. Það er til ein lokuð sérdeild fyrir hættulega smitsjúkdóma en hversu víðtæk sú starfsemi er verður annars vegar að ráðast af þörfinni og hins vegar af fjárveitingum hins háa Alþingis.

Þá var spurt hvaða sérgreind læknisembætti legðust af ef þessi lög yrðu samþykkt. Í lögum um berklavarnir frá 1939 er t.d. gert ráð fyrir því eins og segir í 3. gr. laganna, með leyfi forseta: „Framkvæmdastjórn berklavarnanna skal falin sérfróðum berklalækni, berklayfirlækni landsins." Þetta er eitt sérgreint læknisheiti sem fellur út úr lögum með breytingu og niðurfellingu þessara laga.

Annað dæmi er t.d. í sóttvarnalögum sem eru frá 1954. Þar er gert ráð fyrir því að skipaðir séu sérstakir sóttvarnalæknar í hverju héraði. Það hefur ekki verið gert lengi. Það er annað dæmi um sérgreint læknisverk sem fellur út úr lögum.

Í þriðja lagi eru héraðslækni falin ýmis tiltekin viðfangsefni í þessum sérstöku lögum. Embætti héraðslækna hafa gerbreyst frá því að þessi lög voru sett. Þeir sem áður hétu héraðslæknar heita nú heimilislæknar eða heilsugæslulæknar en héraðslæknar eru hins vegar ákveðnir stjórnsýsluaðilar í kerfinu og eru þar aðeins tveir sem eru í fullu starfi sem slíkir, héraðslæknirinn í Reykjavík og héraðslæknirinn í Norðurl. e. Aðrir héraðslæknar eru embættislæknar í héraði í hlutastarfi þannig að bæði hin gömlu sóttvarnalög, berklavarnarlög og önnur lög, sem rætt er um að falli út, eru ekkert í takt við þá skipan þessara mála sem nú er í gildi í landinu. Þetta eru nokkur dæmi sem hv. þm. spurði um sem munu breytast til hins betra og til samræmis við það skipulag sem við búum við ef þetta frv. verður samþykkt.

Það er mjög eðlilegt að það séu fyrst og fremst læknar sem koma að farsóttavörnum sem stjórnendur vegna þess að það eru einfaldlega læknar hvað svo sem menn vilja um það segja og hversu ánægðir sem menn eru með það sem verða að hafa stjórn sóttvarna með höndum.

Með þessu er ég ekkert að draga úr mikilvægi hjúkrunarfræðinga í heilbrigðiskerfinu en menn verða einfaldlega að gera sér það ljóst að það er munur á menntun hjúkrunarfræðinga og lækna. Sá munur er slíkur að með farsóttavarnir og stjórnun þeirra hljóta læknar að fara sem eru sérmenntaðir í þeim málum þó svo að hjúkrunarfræðingar séu mjög mikilvægir í sambandi við framkvæmd þessa.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það gætti dálítils misskilnings hjá hæstv. heilbr.- og trrh. þegar hann var að tala um nauðsyn þess að það væru læknar sem sæju um þessi mál, sóttvarnamál. Það er algjör misskilningur ef hann heldur það að læknar hafi meiri menntun á þessu sviði en hjúkrunarfræðingar vegna þess að það eru til hjúkrunarfræðingar hér á landi sem eru með sérmenntun varðandi sýkingavarnir. Mér er ekki kunnugt um að það séu læknar með þá sérmenntun sem þessir hjúkrunarfræðingar eru með. Auðvitað sakna ég þess sérstaklega að þeir hafa hvergi komið þarna nálægt þó ég styðji frv. og þakka hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur sérstaklega fyrir að minnast á þetta því þetta er auðvitað til skammar. En ég held að þetta sé vegna þess að menn sem um þessi mál fjalla vita einfaldlega ekki betur. Þeir vita ekki að til eru sérfræðingar á þessu sviði sem heita hjúkrunarfræðingar.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mitt andsvar við ræðu ráðherrans er á svipuðum nótum og síðasta þingmanns sem hér talaði, hv. 2. þm. Vesturl. Ingibjargar Pálmadóttur, vegna þess að mér fannst gæta líka misskilnings hjá ráðherra varðandi verkaskiptingu lækna og hjúkrunarfræðinga. Mér fannst eins og ráðherra liti svo á að hjúkrunarfræðingar bæru einhvern veginn ekki sjálfstæða og faglega ábyrgð á sínum störfum heldur heyrðu með einhverjum hætti undir læknana, væru hálfgildings læknar en þó ekki með réttindi. Hjúkrunarfræðingar hafa alveg sérstakt verksvið og margir hjúkrunarfræðingar hafa mjög mikla menntun að baki í sínu fagi og m.a. í smitsjúkdómum. Það er annars konar menntun en menntun læknanna og alveg jafn-

gild menntun og þeir hjúkrunarfræðingar hafa alveg jafnmikla sérfræðiþekkingu þó að hún sé annars eðlis heldur en læknanna.

Þetta vil ég að komi hér fram og ég vil benda á það að hjúkrunarfræðingar hafa einmitt haft samband við fulltrúa í heilbr.- og trn. og bent á það að það vanti mikið upp á það að hjúkrunarfræðingar séu yfirleitt skipaðir í nefndir á vegum heilbr.- og trmrn. heldur sé fyrst og fremst einblínt á lækna.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að taka landamærastríð heilbrigðisstéttanna til umræðu á Alþingi en það er auðvitað alþekkt. Staðreyndin er hins vegar einfaldlega sú að það eru læknar sem taka ákvarðanir um meðferð sjúkra. Læknar taka ákvarðanir um meðferð sjúkra og læknar taka ákvarðanir um meðferð sjúkdóma. Það liggur alveg fyrir. Það er þeirra hlutverk eins og það er skilgreint í læknalögum. Það eru ekki aðrar stéttir en læknar sem það gera. Þeir taka ákvörðun um meðferð sjúkra og þeir taka ákvörðun um meðferð sjúkdóma og þeir mæla fyrir um hvernig það skuli gert. Það eru þau einföldu sannindi sem menn verða að una við því þau eru lögfest í læknalögum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég veit ekki hvaða þrjóska þetta er í ráðherra og mér finnst eins og honum sé alveg fyrirmunað að geta gefið þeim sjónarmiðum sem hér koma fram hjá einhverjum öðrum en honum sjálfum einhvern rétt. Ég vil benda á það í 6. gr. þessa frv. er ekki verið að tala um meðferð sjúkra sem slíkra. Það er verið að tala um að ráðið, þetta sóttvarnaráð á að móta stefnu í málum sóttvarna og skal verða heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma, ekki endilega um meðferð sjúkra sem einstaklinga, það er ekki verið að tala um það, fyrir utan það að þótt hjúkrunarfræðingar segi ekki fyrir um læknismeðferð þá hafa þær allt um umönnun sjúkra að segja. Þess vegna eiga þær auðvitað fullt erindi í þetta ráð. Þá má líka benda á að það er ekki eins og hér sé verið að leggja það til eða koma þeirri hugmynd á framfæri að það eigi að hreinsa út læknana úr sóttvarnaráði og setja bara inn hjúkrunarfræðinga. Það er alls ekki svo. Þarna eiga að sitja sjö menn og það væri engin goðgá þó það slæddist þarna með eins og einn hjúkrunarfræðingur í þetta sjö manna heilaga ráð.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka það enn að ég ætla ekki að taka þessa landamæradeilu heilbrigðisstéttanna til umræðu en ég bendi bara hv. síðasta ræðumanni á það að hjúkrunarfræðingur er karlkynsnafnorð og um hjúkrunarfræðinga segja menn ekki „þær" heldur „þeir".

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var um annað atriði sem ég ætlaði að ræða því hæstv. heilbrrh. sagði í upphafi ræðu sinnar að við ættum ekki að koma og endurtaka ræður sem hefðu verið fluttar á síðasta ári, það væri aðeins til að tefja málið og e.t.v. að koma í veg fyrir afgreiðslu þess. Ég var ekki við þessa umræðu á síðasta ári og tek þetta ekki til mín en ég vil þá líka benda á það að ef það hafa komið fram ábendingar á síðasta ári og athugasemdir, sem eflaust hefur verið, þá hefur ekki verið tekið tillit til þeirra vegna þess að frv. er lagt fram óbreytt ef frá er talið gildistökuákvæðið.

Ég er líka viss um að hv. formaður heilbr.- og trn. mun örugglega safna saman fyrir okkur helstu punktum úr umræðunni á síðasta ári og örugglega þeirri sem hér fer fram og mér finnst þetta svolítið óréttlátt vegna þess að við sýnum þessu máli það mikinn áhuga að við erum hér til þess að ræða það og við viljum fá góða löggjöf um sóttvarnir og þess vegna sitjum við hér og ræðum þetta af einskærum áhuga á málefninu.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er það ljóst að hv. 4. þm. Suðurl. var ekki viðstödd þegar málið var rætt síðast. Þess vegna lagði ég mig fram um það að svara því sem hún kom fram með því það hafði ekki verið rætt áður. Ég tók hins vegar fram um ýmislegt sem fram kom í máli annarra að ég ætlaði ekki að fara að endurtaka umræðurnar frá því síðast fremur en t.d. hv. 10. þm. Reykv. gerði. Ég tel ekki að hv. 4. þm. Suðurl. þurfi að kvarta yfir því að ráðherra hafi ekki svarað því sem hún kom fram með eða gert nokkrar athugasemdir við það sem hún sagði.

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var ekki að kvarta yfir þeim svörum sem ég fékk, þau voru skýr og góð, en hins vegar fundust mér þessi ummæli ekki vera rétt að við ættum ekki að endurtaka þá umræðu sem hefur farið fram áður þegar við sjáum að frv. er lagt fram algjörlega óbreytt þrátt fyrir umræðu á síðasta ári.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dýravernd, frh. 1. umr.

Stjfrv., 389. mál. — Þskj. 683.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Erindi mitt í þennan ræðustól er fyrst og fremst það að lýsa yfir stuðningi við þetta frv. en þrátt fyrir það hafa vaknað ýmsar spurningar við lestur þess sem mig langar að beina til hæstv. umhvrh.

Það kom fram í umræðunni í gær að meðferð á dýrum og aðbúnaður dýra er auðvitað mælikvarði á siðmenninguna, á það menningarstig sem er í okkar samfélagi. Það er staðreynd, eftir því sem ég þekki til og hef lært í mínu sögunámi, að aðbúnaður dýra hér á landi hefur auðvitað stórbatnað. Maður þarf ekki ann-

að en að hugsa nokkra áratugi aftur í tímann til þess er hús sem ætluð voru dýrum, gripahús, voru þannig að þar var varla nokkur gluggi og dýrin urðu að búa við myrkur mánuðum saman og voru oft svo vannærð að þau rétt náðu að skjögra út í vorið og gróandann. Um þetta má m.a. lesa í íslenskum bókmenntum. En sem betur fer hafa orðið á miklar bætur en ég held samt að það sé ljóst að betur má ef duga skal.

Mín fyrsta spurning til hæstv. umhvrh. er: Hvað vita menn um aðbúnað dýra almennt? Hefur verið gerð á því einhver úttekt eða stendur til að gera slíka úttekt? Þó að lögin séu góð og gild þá er auðvitað spurningin hvernig ástandið er í raun og veru.

Ég spyr vegna þess að ég varð fyrir vægast sagt óskemmtilegri reynslu ásamt fleiri þingmönnum úti í Strassborg á síðasta ári þegar við kynntum okkur mynd sem hafði verið sýnd í þýska sjónvarpinu og mig langar til að segja aðeins frá. Þetta tengist reyndar umræðunni um málefni hvala því það hefur verið á það bent að þeim sem vilja stuðla að vernd dýra hættir til að vera býsna einsýnir og horfa út í höfin en horfa ekki á það sem nær þeim er.

Sjónvarpið í Munchen, Süddeutsche Fernsehen, hafði látið gera þessa mynd og fjallaði hún um aðbúnað dýra í Þýskalandi og um flutning á dýrum, einkum var þar um að ræða loðdýr í búrum og flutning á kjúklingum og hænsnum á markaði á milli landa svo og flutning á sauðfé og nautgripum. Ég verð að segja það að þetta er með því óhugnanlegasta sem ég hef séð. Þrátt fyrir góða löggjöf í Þýskalandi þá kom í ljós að pottur var brotinn og það var verið að flytja dýr á milli markaða eða jafnvel á milli landa sem höfðu fótbrotnað á báðum framfótum og gátu sig hvergi hrært. Það var svo að þeim þrengt við flutningana að einmitt fótbrot áttu sér stað. Kjúklingar voru troðnir undir o.s.frv. Þetta var mjög óhugnanlegt. Því vaknar auðvitað sú spurning hvernig að þessum málum er staðið og hvort ekki sé ástæða til þess að gera á því könnun.

Þegar fólk, sem gerði þessa mynd, gekk á stjórnvöld í Þýskalandi og spurði hvernig stæði á því að lögum væri ekki framfylgt, þá voru svörin þau að þegar á reyndi þá væru það hagsmunir markaðarins og þeirra sem væru að flytja dýrin sem sætu í fyrirrúmi. Mér þætti afar fróðlegt að kynnast því hvernig þessum málum er háttað hér en ég vona svo sannarlega að það sé ekkert í líkingu við það sem gat að líta í þessari þýsku mynd.

Varðandi þetta frv. þá vaknar auðvitað sú spurning hvernig því verður fylgt eftir, hvernig framkvæmdinni á því verður fylgt eftir.

Það var komið aðeins inn á verkaskiptingu milli ráðuneyta í umræðunni í gær en að mínum dómi eru verkefni umhvrn. þess eðlis að þau koma inn á svið mjög margra ráðuneyta. Í mínum huga eiga málefni umhvrn., hvort sem þau snerta mengun eða dýravernd, að hafa forgang og vera svolítið yfir öðru því þetta skiptir auðvitað gríðarlegu máli og vegna þess að þetta er málaflokkur sem teygir arma sína í allar áttir þá hlýtur þeim að vera gefið og á að vera gefið mikið vægi.

Í þessu frv. vakna spurningar um orðalag og hvort þar er nógu fast að kveðið. Hér er t.d. í 3. gr. talað um „fullnægjandi vistarverur" og „eðlilegar þarfir". Þarna er auðvitað spurning um skilgreiningar.

Varðandi 4. gr. þá langar mig til þess að velta upp spurningu eða sjónarmiði. Hér segir í 4. gr.: „Sérstakt eftirlit skal haft með dýrum sem haldin eru á tæknivæddum stórbúum." Ég hef sannast að segja velt fyrir mér þeirri spurningu hvort það sem hér er kallað tæknivædd stórbú, og þá erum við einkum að tala um svínabú, kjúklingabú og eggjaframleiðslu, hvort framleiðsla af því tagi standist hreinlega kröfur um dýravernd. Ég verð að segja að mér finnst þetta svo andstyggilegt, mér finnst þetta svo andstyggileg meðferð á dýrum sem á sér stað í þessum verksmiðjum og þegar maður hugsar líka til loðdýraræktar þá er þetta allt svona heldur af hinu vonda og ég velti því fyrir mér hvort það ætti ekki að banna slík stórbú. — Nú bankar dýralæknirinn og vonandi hefur hann rök fyrir því að þetta sé allt í lagi því það er hræðilegt til þess að hugsa að þarna eigi sér stað slæm meðferð á dýrum.

Ég vil benda á það að víða erlendis er mikil þróun í þá átt að kaupa ekki vörur sem eru framleiddar á svona stórbúum. En sjálfsagt er hægt að koma þessu þannig fyrir að þetta sé í lagi.

Í 10. gr. er að finna að mínum dómi sjálfsagt ákvæði sem snertir það að verði dýr fyrir skaða t.d. af völdum ökutækis þá beri fólki skylda til þess að aflífa dýrið ef það er mjög kvalið. En maður spyr sig auðvitað hvernig á það að gerast. Nú er hætt við því að þeir sem eru á ferð t.d. um vegi landsins eða þó menn séu einhvers staðar úti í náttúrunni hafi ekkert með sér sem hægt er að nota til þess að aflífa dýr. En kannski er það bara sjálfsagt að hafa svona ákvæði og að skylda fólk til þess að gera ráðstafanir eins fljótt og hægt er til þess að dýrin verði aflífuð því við þekkjum auðvitað dæmi þess að fólk bara keyrir í burtu frá særðum eða lemstruðum skepnum og slíkt á auðvitað ekki að líða.

Það er margt í þessu frv. sem ég tel mjög af hinu góða en það vakna þessar spurningar sem ég hef velt upp sem eru kannski meira vangaveltur en beinar spurningar og ekki ætla ég að blanda mér inn í deilur bænda og dýrlæknisins um það hvert sársaukastig er að finna í eyrum mismunandi dýrategunda. Ég hef ekkert vit á því en finnst auðvitað sjálfsagt að merkingar séu framkvæmdar með sem kvalaminnstum hætti.

Það skiptir svo sem ekki máli heldur að menn vitnuðu mikið í Dýraverndarann í umræðunni í gær, hann var nú ekki keyptur á mínu æskuheimili, en það breytir ekki því að ég hef mikla samúð með dýrum og sérstaklega eru mér fuglar kærir, kannski ekki síst vegna þess hve mikið var af þeim á mínum æskuslóðum og ég vil ekki síst beina sjónum að þeim og meðferð þeirra og að fuglaveiðar séu með þeim hætti að sómasamlegt sé. En mínar spurningar til umhvrh. varða úttekt á stöðu þessara mála og hvað menn vita um þau og varðandi eftirlitið með lögunum, hvernig hann sér það fyrir sér. Hér eru ákvæði í frv. um ráð sem eiga að fylgja þessum lögum eftir og fylgjast með en ég held

einmitt að til þess að aðbúnaður dýra sé sem bestur, þá skipti framkvæmd laganna mjög miklu máli.

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil aðeins nefna hér tvö atriði sem hv. síðasti ræðumaður kom inn á. Það var hvernig ætti að standa að því að deyða dýr. Byssueign er ótrúlega algeng hér á landi og því þó nokkuð margir sem hafa slíkt tól til þess að deyða dýr. Svo er það reynsla mín að lögregla hefur yfirleitt þessi tæki og er viljug að koma á staðinn og bjarga málunum ef þannig stendur á.

Hún nefndi einnig svokallaðan verksmiðjubúskap. Það er auðvitað höfuðnauðsyn að við búum vel að þeim dýrum sem við erum að ala til þess að hafa af þeim afurðir, ekki bara til þess að þeim líði ekki illa heldur tel ég einnig að eftir því sem þeim líður betur, þeim mun meiri afurðir fáum við af þeim. Því er það skynsamlegt frá sjónarmiði markaðarins að búa vel að dýrunum. En það er hins vegar mjög erfitt að ákvarða það hvað þeim er fyrir bestu um aðbúnað. Það var einu sinni gerð tilraun með svokallaðar batteríhænur, eða hænur sem eru í stórum og miklum verksmiðjubúum, á því hvers konar undirlag í búrunum væri heppilegast. Prófað var gamalt og venjulegt hænsnanet sem kallað er og allir töldu náttúrlega að væri það versta og síðan voru prófaðar ýmsar aðrar tegundir sem áttu að gefa betri fótfestu fyrir hænurnar. Mælikvarðinn á það hvar þeim liði best skyldi vera hvar þær verptu flestum eggjunum. Niðurstaða tilraunarinnar varð sú að hænurnar verptu flestum eggjunum á gamla hænsnanetið sem allir töldu ómögulegt. En þetta er einungis til þess að benda okkur á það hversu erfitt getur verið að meta hvað það er sem er dýrunum fyrir bestu.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst af öllu þakka þeim þingmönnum sem tekið hafa þátt í umræðunni mjög jákvæðar undirtektir við meginefni þessa frv. Það hafa ekki komið fram í rauninni mjög margar athugasemdir sem ástæða er til að svara. Þó vil ég nefna það að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spurði í ágætri ræðu hvort í ráðuneytinu væri í gangi undirbúningur almennrar löggjafar um líftæknisviðið. Því er til að svara að þar er unnið að gerð frv. um það sem nefnt hefur verið erfðabreyttar lífverur og það frv. verður væntanlega lagt fram hér síðar á þessu þingi.

Ég get tekið undir mjög margt af því sem kom fram í ræðu hv. þm. eins og það að breytingin á hrossaeign og hrossabúskap hér í landinu kallar auðvitað á athugun á því máli og endurmat. Ég er honum sammála um það.

Hv. þm. Pálmi Jónsson vék nokkuð að því, og það gerði raunar síðasti ræðumaður líka, að þessi mál og þær reglur sem verið er að setja sköruðust við aðra löggjöf og eins og umhverfismálin gera á öllum sviðum. En því er þá til að svara varðandi það sem hv. þm. Pálmi Jónsson vék að um reglur og lög á verksviði landbrn. að við undirbúning þessa frv. var haft fullt samráð við lögfræðing landbrn. og yfirdýralækni og þá var sérstaklega athuguð skörun við önnur lög, m.a. sem varða búfé og voru þá gerðar nokkrar breytingar á frv.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurði hvað menn vita um aðbúnað dýra hér og hvernig ástandið væri. Því er til að svara að það hefur engin sérstök úttekt farið fram á því. Hins vegar held ég að í okkar þjóðfélagi eins og það er gert og ekki stærra en það er, þá komist slík mál fljótlega í hámæli. Mér hefur sýnst það a.m.k. ef um er að ræða illan aðbúnað eða illa meðferð á dýrum og m.a. hafa fjölmiðlar verið sérstaklega vel vakandi oft á því sviði og raunar almenningur allur. Ég skal ekki um það dæma, útiloka það ekkert að það væri ástæða til að kanna þetta sérstaklega, en sé þó ekkert sem bendir til þess að nauðsyn þess sé mjög knýjandi.

Varðandi framkvæmd laganna beini ég því til hv. þm. að lesa sérstaklega 20. gr. og athugasemdir og skýringar við hana. Það er auðvitað meginbreyting að nú er ætlunin að koma upp dýraverndarnefndum í öllum umdæmum héraðsdómstóla og dýraverndarráði. Um þetta hefur verið gott samkomulag í undirbúningi og aðdraganda þessa máls. Það er eitt atriði þar sem var ekki fullt samkomulag um. Sú skoðun var uppi að fulltrúar dýraverndarnefndar eða löggæslumanni eða héraðsdýralækni ætti að vera heimilt að fara inn í íbúðarhúsnæði án samþykkis húsráðenda og án þess að hafa fengið dómsúrskurð eins og gert er í öðrum málum. Ég gat ekki fellt mig það að slík heimild væri hér í þessum lögum vegna þess að ég taldi það ekki eðlilegt.

Ég sé ekki ástæðu til, virðulegi forseti, að hafa um þetta öllu fleiri orð en ítreka þakkir til þeirra þingmanna sem hér hafa talað og allir hafa tekið jákvætt undir meginefni málsins. Ég held að það skipti mjög miklu máli að við tökum nú til hendinni hér á hinu háa Alþingi og samþykkjum ný lög um dýravernd. Það er tímabært og ég veit að hv. umhvn. sem fær þetta mál til meðferðar mun gaumgæfa það. Auðvitað er það hér eins og annars staðar, að hér eru álitamál sem mönnum getur sýnst sitt hvað um, en í heild heyrist mér þó að menn séu í stórum dráttum sammála um öll meginatriði málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umhverfisskattar, fyrri umr.

Þáltill. ÁMM o.fl., 331. mál. — Þskj. 603.

Flm. (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Nú þegar líta má svo á að jafnvel sé lokið þeirri tvískiptingu heimsbyggðarinnar í hugmyndafræðilega tvo hluta, þá tel ég að helstu verkefnin sem blasa við allri heimsbyggðinni séu umhverfismálin, endurreisn ríkjanna í Austur-Evrópu og þróunarmálin og þó sérstaklega framþróun ríkjanna á suðurhveli jarðar. Afstaða okkar Íslendinga til umhverfismála hefur oft og tíðum verið frekar kæruleysisleg. Við höfum talið að hjá okkur væri allt í góðu lagi og

engin ástæða til þess að hafa neinar áhyggjur og þannig mundi ástandið vera um alla framtíð. Því miður er það ekki svo. Það eru sömu blikur á lofti hjá okkur, í grófum dráttum, eins og annars staðar í heiminum. Það gæti verið að um þessar mundir sé ástandið kannski heldur betra hér en annars staðar. Að því leytinu til erum við afar heppin og það er þess vegna skylda okkar að reyna ekki bara að varðveita það ástand heldur líka bæta þar úr.

En þau vandamál sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir tengjast sérstaklega afkomu þjóðarinnar. Þá á ég við þau vandamál sem við blasa í fiskveiðum vegna ástandsins í stærð fiskstofna, ástands í landbúnaði vegna hættu á gróðureyðing og jarðvegsfoki og þeim umhverfisspjöllum sem við verðum vör við þar sem ágangur ferðamanna er meiri en aðstæður bjóða upp á hverju sinni. Þetta tengist allt mengun lands, lofts og sjávar en við eigum einnig okkar hlut í þeim stóru vandamálum sem blasa við um allan heim og oftast eru tengd iðnríkjunum því að staðreyndin er sú að útblástur á koldíoxíði á Íslandi, mælt á hvern íbúa, er álíka mikill og hjá iðnríkjum Vestur-Evrópu. Það er þess vegna sem stefna ríkisstjórnarinnar hefur verið sú að fylgja sjálfbærri þróun eða stefnu sjálfbærrar þróunar og reyna að vinna að því að við getum lifað og starfað í landinu í sem mestu samræmi við þá stefnu og á þann hátt varið gæði lands, lofts og sjávar, bæði fyrir okkur sjálf og fyrir afkomendur okkar.

Eitt aðalatriði í því að fylgja stefnu sem þessari er að ákvörðunartakan sé sem réttust, að við getum tekið réttar ákvarðanir út frá réttum forsendum. Því miður hefur á það skort, ekki bara hér á landi heldur víðast hvar, að allir þættir séu teknir með í reikninginn þegar menn leggja niður fyrir sig mál og taka ákvarðanir og þá sérstaklega þeir þættir sem ekki eru augljóslega beint tengdir rekstrarafkomu fyrirtækja eða beint tengdir afkomu t.d. ríkisins og ríkissjóðs. Þetta hefur verið kallað á erlendu máli „internalizing the cost" og sem ég mundi vilja orða sem svo að taka tillit til allra þátta. Það er þess vegna sem ég hef ásamt samflm. mínum, Árna R. Árnasyni, Sturlu Böðvarssyni og Sigríði A. Þórðardóttur lagt til að Alþingi álykti að fela umhvrh. og fjmrh. að athuga hvort og þá á hvaða hátt umhverfisskattar geti komið í stað núverandi skatta, svo sem tekjuskatta, eignarskatta, útvars og aðstöðugjalds. Við leggjum til að þessi athugun verði gerð samfara því að undirbúnar verði breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga vegna afnáms aðstöðugjalds.

Við leggjum til að til grundvallar þessari athugun verði það lagt að umhverfisskattar komi í stað annarra jafngildra skatta en verði ekki viðbótarskattheimta.

Umhverfisskattar teljast til svokallaðra hagrænna stjórntækja, en hagrænum stjórntækjum er beitt til þess að við efnahagslega og viðskiptalega ákvarðanatöku sé tekið tillit til þess kostnaðar sem við höfum af því að skaða umhverfið og ella væri ekki tekinn með í reikninginn. Þetta er m.a. leið til þess að beita hinum frjálsa markaði til þess að aðlaga neyslu, viðskipti og framleiðslu að markmiðum umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar. Með þessu móti verður það fjárhagslega hagkvæmt að framleiða, bjóða til sölu og neyta umhverfisvænnar vöru.

Í þessum efnum er um margar leiðir að ræða, en hér er gert ráð fyrir því að athugað sé hvort umhverfisskattar geti orðið hluti af skattkerfi hins opinbera, komið í stað annarra skatta sem við nú búum við. Þetta er auðvitað víðtækt mál. Það má bera víða niður og þetta er mál sem er tiltölulega nýtt í umræðunni og því kannski rétt að af hálfu flm. sé þetta talsvert opið til þess að stjórnvöld geti leitað sem víðast fanga og fengið upplýsingar og hugsanlega notið að einhverju leyti þeirrar reynslu sem þó er lítil frá nágrannalöndum okkar sem þetta hafa reynt.

Við vonum að málið fái jákvæða umfjöllun hér á Alþingi hjá hv. nefnd og leggjum til að málinu verði vísað til hv. umhvn.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins til þess að fá að beina tveim, þrem spurningum til hv. flm. og frsm. hér. Það er í fyrsta lagi hvernig hann sér það fyrir sér að það geti gerst að umhverfisskattar í því formi sem hann hér leggur til komi í stað þekktra tekjustofna eins og tekjuskatts, eignarskatts, útsvars og aðstöðugjalds vegna þess að mér sýnist að þessu hagræna stjórntæki eigi að beita á þann veg að greiðslan fari eftir magni og umfangi mengunar og verði þá hvetjandi til þess að menn dragi úr mengun og þar af leiðandi hljóta tekjur ríkissjóðs að verða minni. Mig langar bara til að spyrja hann að því hvernig hann sér þetta geta gerst, að þessir umhverfiskattar geti komið á einhvern hátt í stað þessara þekktu tekjustofna og jafnframt hvort það sé sjónarmið flm. að ef menn hafa ráð á því að menga, ef menn geta borgað fyrir mengunina, þá sé það allt í lagi. Svo lengi sem þeir greiða fyrir hana, þá megi þeir menga.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Sú þáltill. sem hér hefur verið mælt fyrir um umhverfisskatta er vafalaust sprottin af góðum hug almennt til málefnisins. Það dreg ég ekki í efa. Það mátti skilja á hv. 1. flm. þessarar tillögu en hitt verð ég að viðurkenna að mér finnst þetta mál vera allflaustурslega hér fyrir lagt og í rauninni skorta mjög á það að flm. geri einhverja skilmerkilega grein fyrir því hvernig það kerfi, sem þeir eru að óska eftir að athugað verði af hálfu umhvrh. og fjmrh., eigi að virka.

Víða um lönd er verið að kanna möguleika á því að beita skattlagningu eða gjaldtöku til að hafa áhrif á þróun vöruframleiðslu til bóta út frá umhverfislegum sjónarmiðum, draga úr mengun, gera það dýrara að ganga á hlut umhverfisins. Það er allt saman góðra gjalda vert svo langt sem það nær. Þar sem þetta hefur verið til umræðu, eins og t.d. innan Evrópubandalagsins að því er varðar koltvísýring og varðandi hættuleg eða mengandi efni af ýmsu tagi á Norðurlöndum þar sem talsvert hefur verið um þetta fjallað og gjaldtöku verið beitt í ýmsum tilvikum, þá hefur það ekki verið undir því formerki sem hér er fyrir lagt í

þessari tillögu að þetta leiði í rauninni til einhverrar allsherjarskattkerfisbreytingar og á móti geti komið að ríkið dragi úr öðrum sköttum. Þetta komi sem sagt sem nýir skattstofnar og jafnhliða verði dregið úr álagningu skatta sem fyrirtæki almennt og einstaklingar bera.

Ég held að þarna sé talsverður misskilningur á ferðinni um það a.m.k. ef menn eru að taka mið af því sem gert hefur verið víða erlendis í þessum efnum og sé verið að vekja vonir um það að með því að beita svokölluðum umhverfissköttum þá geti menn farið í kerfisbreytingar á skattlagningu almennt og enginn þurfi eiginlega að blæða fyrir þetta nema þeir sem stunda einhverja mengandi framleiðslu eða framleiðslu sem gengur á umhverfishagsmuni. Það kann að vera sem sagt góð hugsun sem er þarna að baki, það ætla ég ekki að vefengja, og góður tilgangur af hálfu flm. en mér finnst undra lítill rökstuðningur fylgja þessari tillögu og það gildir jafnt um þingmálið sjálft og þingskjalið sem og framsögu fyrir málinu því það bætti í rauninni afarlitlu við það sem er að finna á þessari hálfu blaðsíðu sem fylgir þessu út af fyrir sig stóra máli. Ég fæ nú ekki ráðið heldur í þennan stutta texta nema að takmörkuðu leyti. Hér segir í greinargerð, með leyfi forseta:

„Umhverfisskattar teljast til svokallaðra hagrænna stjórntækja sem beitt er í æ ríkari mæli til þess að ná markmiðum í umhverfismálum. Hagrænum stjórntækjum er beitt til þess að við efnahagslega og viðskiptalega ákvörðunartöku sé tekið tillit til þess kostnaðar sem við höfum af því að skaða umhverfið og ella væri ekki tekinn með í reikninginn."

Ég verð að viðurkenna að ég fæ ekki heila hugsun út úr þessari framsetningu. Síðan segir í seinni hluta þessarar greinargerðar.

„Í þessum efnum eru margar leiðir en hér er gert ráð fyrir að athugað sé hvort og þá á hvaða hátt umhverfisskattar geti orðið hluti af skattkerfi hins opinbera og komið í stað annarra skatta sem við nú búum við. Flutningsmenn leggja áherslu á að umhverfisskattar verði ekki notaðir til þess að afla hinu opinbera aukinna tekna heldur til þess að breyta og beita skattkerfinu á jákvæðan hátt."

Það er ekkert minna. Það er ekkert minna sem hér er á ferðinni. Og í rauninni er hér ekki vísað til neins af því sem hefur verið til umræðu á alþjóðlegum vettvangi í sambandi við að beita umhverfisgjöldum til að draga úr mengun og verið sem sagt að vekja vonir um að hér sé hægt að finna einhverjar patentlausnir eða einhverja nýja skattstofna og breyta því og nú eigi í rauninni þeir sem ganga á umhverfishagsmuni að vera aðalskattstofn hins opinbera, ríkis sem sveitarfélaga. Ég vara við þessari hugsun. Ég vek hins vegar athygli á því að fyrir þinginu liggur önnur þáltill. á þskj. 639 sem flutt er af þingmönnum Kvennalistans og hv. þm. Kristín Einarsdóttir er 1. flm., þáltill. um umhverfisgjald. Þar er dregið fram að því ég best fæ séð, í þeirri tillögu sem raunar hefur ekki verið mælt fyrir enn þá, dregið fram margt úr alþjóðlegri reynslu í þessum málum og vakin athygli á því hvernig þessu hefur verið beitt allvíða um lönd og ekki til þess að auka á skatttekjur ríkisins heldur til þess að nýta þær tekjur sem innheimtast en væntanlega dregur úr vegna þess að ætlunin er jú sú að framleiðendur og markaðurinn bregðist þannig við að það dragi úr slíkri framleiðslu að það verði notað sem sagt til hagsbóta fyrir úrbætur í umhverfismálum en ekki til að koma í veg fyrir eða vera patentlausnir í skattheimtu hins opinbera. Á þessum sjónarmiðum vildi ég vekja athygli, virðulegur forseti. Ég tek fram að ég efast ekkert um góðan hug flm. í sambandi við málið. En ég hefði gjarnan viljað sjá tillöguna öðruvísi fram lagða og rökstudda en hér er gert en mun að sjálfsögðu fjalla um málið í þingnefnd sem fær þetta mál þar sem ég á sæti.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu neitt að ráði. Hér er auðvitað tekið á mjög stóru máli, þ.e. umhverfissköttum eða hagrænum stjórntækjum eins og menn kjósa gjarnan að segja. Það er hvernig eigi að beita skattlagningu til að vinna að umbótum í umhverfismálum. Ég viðurkenni að ég lýsi nú kannski svolitlum efasemdum um að það markmið sem hér er sett, þ.e. á hvaða hátt umhverfisskattar geti komið í stað núverandi skatta svo sem eignarskatta, tekjuskatta, útsvars og aðstöðugjalds. Ég held að það verði seint, það er mín skoðun. En ég tek undir það sem hér hefur verið sagt og ekki efast ég um þann góða hug sem fylgir málinu eins og það er lagt hér fram. Ég hef sem sagt efasemdir um þessa hlið málsins. En ég hef að sjálfsögðu ekkert á móti því að þetta mál verði athugað eins og hér er óskað eftir. Ég nefni það þá í þeirri andrá að bæði umhvrn. og fjmrn. hafa í samvinnu reynt eftir megni að fylgjast með því sem er að gerast í þessum efnum í Evrópulöndunum. Við höfum að vísu ekki komið því við að sækja alla þá sérfræðingafundi sem við höfum vitað af og haldnir eru um þetta en við höfum þó reynt að fylgjast með eftir mætti.

Sú meginregla hefur mótast í umhverfisrétti að sá sem mengar skal borga. Og í framhaldi af því eru umhverfisskattar og gjöld auðvitað eðlileg afleiðing. Það má segja að hin hagrænu stjórntæki, þ.e. skattar og gjöld, hafi þrenns konar hlutverki að gegna. Í fyrsta lagi að auka hagkvæmni og draga úr kostnaði við að ná þeim markmiðum sem menn hafa sett sér í umhverfismálum. Í öðru lagi að bæta markaðsstöðu þeirra fyrirtækja sem eru vistvæn á kostnað hinna með því að láta skatta og opinber gjöld fara lækkandi með minni mengun og betri nýtingu hráefna. Í þriðja lagi er slíkum gjöldum ætlað að draga úr neyslu á einstöku vörum og þjónustu með því að hækka verð þeirra eða færa til neysluna að því er varðar vörur sem taldar eru hafa skaðleg áhrif á umhverfið.

Við höfum auðvitað hér á landi í svolitlum mæli byrjað að beita þessum hagrænu stjórntækjum. Þó lýsi ég því alveg hiklaust að við eigum að ganga miklu lengra í þeim efnum en við nú höfum gert. Við höfum t.d. hvatt til að menn notuðu blýlaust bensín með verðmun á blýbensíni og blýlausu. Það hefur skilað

mjög góðum árangri og mælingar hafa sýnt það rækilega að það hefur mjög dregið úr blýmengun, t.d. í höfuðborginni, vegna þess að notkun á blýlausu bensíni hefur aukist. Skilagjöld á einnota umbúðum undir gosdrykki og því um líkt hafa valdið því að þessar umbúðir sem áður voru eins og hráviði um allt sjást nú varla lengur. Þar hefur náðst mjög góður árangur. Og eins og áður hefur komið fram hér þá er væntanlegt inn í þingið, vona ég alveg á næstunni, frv. til laga um skilagjöld á bíla þannig að þegar þeir hafa lokið sínu hlutverki, eru orðnir ónýtir eins og sagt er, fái eigandinn eða umráðamaður hluta skilagjaldsins greiddan til baka. Það þarf að gera meira af því að leggja gjöld á efni sem mynda hættulegan úrgang. Þar hafa sérstaklega t.d. verið nefndar rafhlöður. En nú er það sem betur fer svo að tækniþróunin hefur orðið til þess að nú eru komnar á markaðinn rafhlöður sem ekki eru skaðlegar umhverfinu og munu væntanlega verða allsráðandi á markaðnum áður en langt um líður. En það gildir þó ekki um alla rafgeyma, t.d. ekki þá sem notaðir eru í bílum, þeir verða að skaðlegum úrgangi þegar þeir hafa lokið sínu hlutverki en þeir eru hins vegar endurnýtanlegir.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að hafa um þetta fleiri orð. Mér finnst sjálfsagt að þetta mál sé athugað eins og tillagan gerir ráð fyrir. En ég lýsi hins vegar nokkrum efasemdum um hvort þessir skattar geti komið í staðinn fyrir núverandi skatta en ég tek undir þá hugsun að í auknum mæli á að fara inn á braut skattlagningar og gjaldtöku af þessu tagi vegna þess að ég held að það muni skila árangri í umhverfismálum.

Flm. (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég vil þakka þeim sem hafa tekið þátt í þessari umræðu svo áliðið sem er orðið í dag. Ég þakka þeim sem hafa tekið jákvætt undir tillöguna og einnig þeim sem hafa lýst því yfir að þeir telji að hún sé flutt með góðum hug.

Það hefur verið spurt hvernig umhverfisskattar geti komið í stað annarra skatta og menn hafa jafnvel lýst yfir efasemdum um að það sé hægt. En það er einmitt efni þessarar tillögu að það verði athugað. Þegar við ræðum um það þá er rétt að við höfum það í huga að við erum nýbúin að gera veigamiklar aðgerðir til að létta skattbyrði af atvinnulífinu. Það er einmitt í ljósi þess og þeirrar endurskoðunar sem í kjölfar þess mun fara fram á tekjustofnum sveitarfélaga sem þessi tillaga er lögð fram.

Ég hef ekki miklar áhyggjur af því þó að sú staða kæmi upp að umhverfisskattar, sem á væru lagðir, færu óðum þverrandi og sá tekjustofn mundi minnka mjög fljótt. Það væri vel því þá hefði skattlagningin náð tilgangi sínum. Þá væri gjaldstofninn orðinn minni og þar með væri mengunin orðin minni. Þannig að ég held að það sé alls ekki áhyggjuefni fyrir okkur hér á hinu háa Alþingi því sagan hefur sýnt að okkur hefur yfirleitt ekki skort hugmyndaflug til að finna upp nýja skatta þegar gjaldstofnar hafa minnkað allverulega. Svo mjög hefur hugmyndaflugið fengi lausan tauminn stundum að það hefur verið verulega gagnrýnivert.

Ég get alls ekki verið sammála hv. 4. þm. Austurl. að tillagan sé flaustursleg unnin. Hér er um þáltill. að ræða þar sem því er beint til framkvæmdarvaldsins að fram fari tiltekin athugun. Hér er ekki um frv. að ræða og á því er auðvitað gríðarlega mikill munur. Það kemur mér kannski ekki sérstaklega á óvart þó hv. 4. þm. Austurl. skilji mig ekki því ég verð að viðurkenna að oft og tíðum skil ég hann ekki heldur. En það hefur fram til þessa ekki hindrað að við gætum átt sæmileg samskipti á einhverjum sviðum.

Það má auðvitað segja líka að okkar lífsskoðanir og okkar skoðanir á sköttum séu þess eðlis og svo ólíkar að það sé ekkert skrýtið þótt honum finnist einkennilegt að aðrir skattar gætu huganlega lækkað vegna þess að nýir skattar væru lagðir á. Það er ekkert lögmál að skattar þurfi að vera óumbreytanlegir um aldur og ævi og það sé ekki hægt að lækka þá eða taka þá af og taka upp nýja í staðinn eftir því sem við teljum henta hverju sinni.

Ég vona, hæstv. forseti, að þáltill. fái fljóta umfjöllun í nefndinni til að hún geti orðið innlegg í það starf sem hæstv. umhvrh. sagði frá að fram færi nú þegar á vegum umhvrn. og fjmrh. og jafnvel orðið til þess að því starfi yrði hraðað og það tengt þeirri endurskoðun sem fer fram eða verður að fara fram á allra næstu mánuðum á tekjustofnum sveitarfélaga.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins koma hér til að benda á að þessi tillaga til þál. um umhverfisskatta virðist vera frekar í þá átt að fyrirtækin eigi að skila tekjum til sveitarfélaga og þá hlýtur það að verða til þess að sveitarfélögin hafi ekki hag af því að fyrirtækin dragi úr mengun. Mér sýnist að þessi tillaga hljóti að vera í þá veru. Og ég vil vekja athygli á að hún er allt öðruvísi upp byggð heldur en sú þál. sem við kvennalistakonur höfum lagt fram um umhverfisgjald þar sem það á að hvetja menn til að draga úr eða hætta notkun hættulegra efna og það miðar að því að eftir því sem mengunarvarnir væru bættar þá lækki gjaldið eða sé fellt niður. Mér sýnist að þessi tillaga gangi í öfuga átt þannig að hún getur ekki hvatt sveitarfélögin til að láta fyrirtækin minnka sína mengun því þá missa þau að sjálfsögðu sína skatta.

Flm. (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Tillagan miðar að því að hvetja fyrirtækin til að minnka sína mengun. Eftir því sem mengunin minnki þá þurfi fyrirtækin að greiða minni skatta.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við erum greinilega ekki á sama máli vegna þess að ég held að það þurfi líka þrýsting frá sveitarfélögunum á fyrirtækin til að draga úr mengun. Ef sá þrýstingur er ekki fyrir hendi sem mér sýnist ekki vera í þessari þál. þá held ég að þetta muni ekki skila þeim árangri sem hv. þm. virðist þó vera að stefna að.

Flm. (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vona nú að sveitarfélögin gleymi ekki alveg sínum skyldum þó þrýstingurinn á minnkandi mengun hjá fyrirtækjunum verði annar. En ég held að það sé langsamlega sterkasti og áhrifaríkasti hvatinn til þess að minnka mengun að það hafi kostnað í för með sér fyrir fyrirtækin og með því að minnka mengunina, þá losnum við við útgjöld. Ég held að það hljóti að vera áhrifaríkari hvati heldur en einungis þrýstingur frá sveitarfélögunum.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vildi nú ekki í mínu máli áðan að vera sérstaklega að skerpa andstæðurnar í sambandi við mat á málum. En ég verð að segja það að eftir að hafa heyrt aðra ræðu hv. flm., þá finnst mér nú sannarlega vera holt undir þessum málflutningi og þessari tillögugerð. Ég skil það vel að einstakir þingmenn Sjálfstfl. komi með tillögu sem veki upp einhverjar vonir hjá fólki að það létti á annarri skattheimtu eins og málin hafa gengið fram undir forustu Sjálfstfl. í sambandi við ríkisfjármál og skattheimtu. Það hefðu verið tíðindi ef allur Sjálfstfl. hefði verið með á þessari tillögu, fjmrh. meðtalinn. Það væru nokkur tíðindi. En ég vil nú spyrja hv. flm., sem ég veit ekki betur en sé stuðningsmaður samnings um Evrópskt efnahagssvæði, hvernig hann haldi að það gengi nú að taka upp þá stefnu sem hér er verið að boða miðað við ákvæði þess samnings. Heldur flm. að það séu í rauninni heimildir fyrir því að taka upp skattlagningu með þeim hætti sem hér er verið að gera ráð fyrir út frá ákvæðum EES-samningsins? Ég held að það þurfi ekki langt að leita til þess að átta sig á því að það muni fljótt mæta andspyrnu og ná skammt að ætla að framfylgja slíkri stefnu miðað við þann samning. Hitt er annað mál að skilagjöld á vörur, afgang og þess háttar virkar með öðrum hætti heldur en hér er gert ráð fyrir.

Flm. (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég sé nú alls ekki að það þurfi að stangast á nokkurn hátt á við EES-samninginn að taka upp umhverfisskatta eins og hv. 4. þm. Austurl. hefur nefnt hérna. Það er ekki langt síðan mikil umræða varð einmitt um það innan Evrópubandalagsins að taka upp slíka skattheimtu í verulega miklum mæli þannig að ég sé alls ekki að það sé nein þverstæða þarna á milli.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Spurningin er um það hvort einstökum ríkjum, aðildarríkjum að Evrópsku efnahagssvæði, mundi líðast það að taka upp álagningu af því tagi sem hér er verið að gera ráð fyrir sem ætti að koma í veg fyrir aðra almenna skattlagningu í landinu. Heldur flm. virkilega að menn kæmust langt með slíka stefnu? Það er náttúrlega eitthvað annað ef Evrópubandalagið sem heild er að taka ákvörðun sem öll lönd þess standa að og gengi þar jafnt yfir öll fyrirtækin. En ég er ansi hræddur um að þessi tillögugerð hér opinberi það nú að hv. flm. áttar sig lítið á hvaða skuldbindingar það eru sem menn eru að taka á sig með þeim samningi sem þegar hefur verið frágenginn af stjórnvalda hálfu en vonandi kemst ekki mikið lengra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 1. umr.

Stjfrv., 302. mál. — Þskj. 471.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum öðrum en hvölum. Þetta er 302. mál á þskj. 471.

Þetta frv. var lagt fram á 115. löggjafarþingi en varð ekki útrætt á því þingi og það er endurflutt nú með nokkrum breytingum sem ég geri grein fyrir hér á eftir. Forsaga máls er sú að fyrrv. umhvrh. skipaði þriggja manna nefnd í sept. 1990 til að undirbúa frv. til laga um stýringu á stofnstærðum villtra dýra. Frv. sem var byggt á fyrstu tillögum þessarar nefndar var lagt fram á Alþingi skömmu fyrir þinglok á löggjafarþingi 1991, en kom ekki til meðferðar þingsins.

Með bréfi 4. júlí 1991 fól sá er þetta mælir nefndinni sem unnið hafði að málinu að taka það fyrir að nýju og skila um það sem fyrst heildstæðum tillögum. Á síðari stigum nefndarvinnunnar voru drög að frv. send Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Náttúruverndarráði, fuglafriðunarnefnd, dýraverndarnefnd og Skotveiðifélagi Íslands til umsagnar og bárust margar gagnlegar ábendingar frá þessum aðilum. Samkomulag varð í nefndinni um frv. sem lagt var fram á síðasta þingi með smávægilegum breytingum sem gerðar voru í ráðuneytinu eftir að nefndin lauk störfum. Frv. eins og það liggur fyrir við þessa umræðu er að mestu óbreytt, en í ljósi þeirra athugasemda sem fram komu voru gerðar nokkrar lagfæringar og varð samkomulag um þær í starfshópi sem yfirfór frv. Í þeim starfshópi voru þingmennirnir Árni Ragnar Árnason, Gunnlaugur Stefánsson, Pálmi Jónsson og Jón Gunnar Ottósson, skrifstofustjóri í ráðuneytinu, starfaði með hópnum. Helstu breytingarnar eru þær sem hér skal nú greina:

Í fyrra frv. var ráðgjafarnefnd sú er koma skal á fót til að vinna að ýmsum málum sem tengjast stefnumörkun og stýringu stofnstærða kölluð dýranefnd. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að nefnd þessi beri heitið villidýranefnd. Við fyrstu sýn kann þetta orð að vekja nokkra furðu, sérstaklega vegna þess að í hugum margra þýðir orðið „villidýr“ óargadýr en hin rétta og eiginlega merking orðsins eins og fram kemur í orðabókum er ótamið dýr. Þessi tillaga starfshópsins um þessa breytingu á heiti nefndarinnar á einnig rætur að

rekja til þess að lögum um friðun Þingvalla frá árinu 1928 er kveðið á um friðun villidýralífs þannig að þessi nafngift á sér þegar nokkra stoð í lögum og sjálfsagt vekur hún athygli á nefndinni.

Þá er sú breyting gerð að Samband ísl. sveitarfélaga skal tilnefna fulltrúa í nefndina í stað Líffræðistofnunar Háskólans.

Í 4. gr. var áður kveðið á um að embætti veiðistjóra skuli reka hundabú eins og það hafði gert um áratugi. Hér er hins vegar gert ráð fyrir því að embættið hafi heimild til að reka slíkt bú.

Með frv. er verið að setja þá grundvallarreglu að öll villt spendýr og villtir fuglar skuli njóta verndar. Sú beyting er gerð frá fyrra frv. að mýs, rottur og minkar eru nú undanskilin þessu ákvæði eins og fram kemur í 6. gr., 13. gr. og 15. gr. Tveimur orðum hefur verið skotið inn í tölul. 14 í 9. gr. Ákvæði þessa töluliðar, „hálfsjálfvirk eða sjálfvirk skotvopn", er til að fylgja eftir samsvarandi ákvæði í Parísarsamningnum frá 1956. Við samningu þessa ákvæðis gleymdist að geta um svonefndar pumpur sem margar eru fimm skota byssur, hálfgerðar hríðskotabyssur í rauninni. Nokkur umræða varð um þetta ákvæði í fjölmiðlum fyrir skömmu. Hún var byggð á misskilningi og mun ég nánar greina frá því hér á eftir.

Þá hefur breyting verið gerð á tölul. 4. í sömu grein til samræmis við breytingu á 19. gr. sem ég geri nánar grein fyrir á eftir.

Í ljósi þeirra athugasemda sem fram hafa komið í ljósi 1. mgr. 11. gr. var gerð sú breyting að ekki er lengur gerð krafa um að veiðikort gildi á tilgreindu svæði og ekki er lengur ætlast til þess að heimild sé veitt fyrir fjölda veiddra dýra. Jafnframt er tekinn af vafi um það að hægt sé að gefa út takmörkuð veiðikort sem eru ódýrari og þá einkum til landeigenda sem ætla sér að nýta hlunnindi eða þurfa að verjast tjóni af völdum villtra dýra með veiðum. Í 1. málsl. 4. mgr. hefur verið bætt tilvísun til 2. mgr. sömu greinar. Þetta er í samræmi við gildandi lög, en hætta er á röngum upplýsingum um veiðistað verði verðlaun ekki lengur veitt fyrir unninn ref á þeim svæðum sem friðun hefur verið aflétt á með öllu. Samsvarandi breyting hefur einnig verið gerð á 13. gr. um minkaveiðar.

Frá fyrra frv. hefur sú breyting einnig verið gerð á 13. gr. að nú er kveðið á um að umhvrh. skuli setja reglur um framkvæmd veiðanna og um framkvæmd endurgreiðslna á kostnaði við þær. Þetta atriði þótti ekki nægjanlega skýrt áður.

15. gr. hefur verið breytt í samræmi við breytinguna um gerð var á 6. gr. Í 17. gr. hefur málsgreinum verið víxlað til áherslubreytinga. Þá er einnig sú breyting gerð að ekki er lengur skylt að færa unninn hvítabjörn til Náttúrufræðistofnunar nema þess sé krafist.

Í 19. gr. er gerð sú breyting að heimild til að leggja net í sjó nærri friðlýstu æðarvarpi verður í samræmi við ákvæði gildandi laga. Er það gert vegna athugasemda sem með réttu komu fram við greinina eins og hún var í fyrra frv. Þá hefur nýrri málsgrein verið bætt við til að taka af allan efa um það að ekki sé ætlunin að sporna gegn veiði svartfugla með háf í Vestmannaeyjum og Grímsey en prentvilla í fyrra frv. olli nokkrum misskilningi varðandi þetta.

Auk þeirra breytinga frá fyrra frv. sem ég hef nefnt eru einnig örfáar orðalagsbreytingar sem ekki hafa áhrif á efni máls. Þetta frv. gerir ráð fyrir verulegum breytingum á skipan þessara mála frá því sem verið hefur. Meginbreytingin er fólgin í hinni almennu afstöðu til villtra spendýra. Segja má að fyrri lög hafi byggt á nokkru virðingarleysi gagnvart tilverurétti sumra þeirra og miði að eyðingu þeirra og útrýmingu ef hreindýr og selir eru undanskilin. Í þessu frv. er sú grundvallarafstaða tekin að öll villt dýr að músum, rottum og minkum undanskildum skuli njóta verndar.

Í frv. er nokkur áhersla lögð á útgáfu reglugerða og er þetta fyrirkomulag í samræmi við þá staðreynd að í tímans rás breytist staða einstakra dýrastofna í vistkerfinu. Fjöldi dýra í stofni getur verið mjög breytilegur milli ára eins og rjúpan er gott dæmi um og þess vegna getur verið ástæða til þess að grípa til tímabundinna friðunaraðgerða þegar stofn er í lágmarki þótt veiðar séu leyfðar úr honum að öðru jöfnu. Þekking og afstaða manna til villtra dýra og nytja af þeim er einnig breytingum háð eins og reynslan sýnir. Því er skynsamlegt að setja rammalög um þetta efni og byggja að nokkru á reglugerðum. Þannig fæst meiri sveigjanleiki.

Í frv. er m.a. gert ráð fyrir að ráðherra geti sett eða skuli setja reglugerðir um atriði eins og aðild að Alþjóðafuglaverndunarráðinu, víðtækari friðun fágætra tegunda, sölu, inn- og útflutning villtra dýra, hluta þeirra, egg og starfsemi hamskera, veiðar erlendra ferðamanna á Íslandi, veiðikort, veiðigjald og hæfnispróf, refaveiðar, minkaveiðar, hreindýraveiðar, fuglaveiðar og auðvitað er ekkert því til fyrirstöðu að sameina sum þessara atriða við setningu reglugerðanna.

Ég mun nú, virðulegi forseti, víkja að nokkrum atriðum sem ég tel máli skipta og rétt að nefna í framsögu. Markmið þessara laga er að skapa grundvöll fyrir því að maður geti lifað í sátt við hið villta dýralíf í landinu. Auk þess að vera friðunarlög taka lögin til atriða sem geta valdið árekstrum við hagsmuni mannsins, svo og að því er varðar nytjar af villtum dýrum. Það er gert ráð fyrir því að umhvrh. hafi umsjón allra mála er varðar villt spendýr og fugla að hvölum undanskildum. Áður en umhvrn. var stofnað voru þessi mál í þremur ráðuneytum a.m.k., landbrn., menntmrn. og heilbrrn. Segja má að málefni sela hafi verið utan ráðuneyta þó bæði landbrn. og sjútvrn. hafi talið sér málið skylt vegna hlunninda bænda og meints tjóns af völdum sela við laxveiðiár annars vegar og vegna hringorma í sjávarafla hins vegar. Með fækkun þessara málaflokka til ráðuneytis umhverfismála má ætla að meira samræmi myndist í afstöðu hins opinbera gagnvart hinum ýmsu og ólíku tegundum.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir ráðgjafarnefnd sem vinni að ýmsum málum er tengjast stefnumörkun og stýringu stofnstærða, sérstaklega að því er varðar setningu reglugerða, leyfisveitingar og undanþágu frá lögunum og áður hef ég vikið að þessari nefnd og nafni hennar. Gert er ráð fyrir að lög nr. 52/1957, um eyðingu

refa og minka, verði felld úr gildi verði þetta frv. að lögum. Þar er m.a. fjallað um embætti veiðistjóra og þess vegna er að finna í þessu frv. ákvæði um það embætti. Það er fagleg stofnun og ætlast er til að veiðistjóri hafi sérmenntun á sínu sviði. Honum er ætlað að annast stýringu á stofnum villtra dýra sem valdið geta tjóni og aflétta má friðun á samkvæmt VI. kafla frv.

Áhersla er lögð á að bæta þurfi þekkingu á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra sem valdið geta tjóni og leita leiða til að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum. Eðlilegt þykir að rannsóknir á þessu sviði fari fram á vegum veiðistjóraembættisins í nánu samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands. Gert er ráð fyrir að merkingar á fuglum verði eins og áður í höndum þeirrar stofnunar einnar.

Frv. gerir ráð fyrir að fuglafriðunarnefnd verði lögð niður, en áður nefnd villidýranefnd taki við störfum hennar. Við val á fulltrúum í þá nefnd er tekið mið af öðrum sjónarmiðum en höfð hafa verið að leiðarljósi við val manna í fuglafriðunarnefnd. Þá þykir rétt að kveða á um það að til sé fulltrúaráð sem komi fram fyrir Íslands hönd gagnvart Alþjóðafuglaverndarráðinu, samanber auglýsingu í Lögbirtingablaði frá árinu 1948.

Í 6. gr. er sett sú grundvallarregla að öll villt dýr önnur en mýs, rottur og minkar og allir villtir fuglar á Íslandi og innan íslenskrar lögsögu njóti verndar. Í þessari grein er einnig sett fram sú grundvallarregla að menn skuli sýna öllum dýrum og lífsvæðum þeirra nærgætni, taka tillit til villtra dýra og lífsvæða þeirra við gerð skipulags.

Skv. 7. gr. skal tvennt lagt til grundvallar því að heimilt sé að veiða villt dýr. Í fyrsta lagi skuli þess gætt að viðkoma stofns vegi upp á móti veiðum þannig að ekki sé hætta á útrýmingu. Í öðru lagi skal vera gild ástæða fyrir veiðunum, t.d. til nytja eða til að koma í veg fyrir tjón eða vegna rannsóknar eða til ræktunar og undaneldis. Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. skal umhvrn. hafa umsjón með útflutningi á villtum dýrum. Eðlilegt er talið að sama ráðuneyti hafi einnig yfirumsjón með innflutningi í samráði við landbrn. ef um er að ræða dýr sem gætu sest hér að eða dýr sem talin eru vera í útrýmingarhættu annars staðar í heiminum. Nauðsynlegt er talið að umhvrh. hafi heimild til að veita undanþágu frá friðunarákvæðum vegna vísindalegra rannsókna. Einnig þykir rétt að veita Náttúrufræðistofnun heimild í lögum til að veiða fugla, friðaða sem ófriðaða, vegna þess starfs sem þar fer fram samkvæmt þeim lögum sem um stofnunina gilda.

Víða um heim eru dæmi um að dýrategundir, sem menn hafa flutt til nýrra heimkynna, hafi valdið miklum usla í náttúrunni þar sem lífríki var ekki aðlagað tilvist þeirra. Þrátt fyrir grundvallarsjónarmið frv. um vernd villtra dýra og villtra spendýra getur sú staða komið upp að rétt þyki að útrýma tegund eða stofni dýra á Íslandi sem ekki teljist til íslenska dýraríkisins vegna tjóns, sem þessi tegund kunni að valda á náttúru landsins. Hugsanlegt er t.d. að villiminkur fylli þennan flokk síðar ef tækist nú að finna aðferð til að útrýma honum.

Varðandi 8. gr. er rétt að taka fram og leggja sérstaka áherslu á að efni hennar breytir ekki neinu þeim reglum sem gilda um aðgang almennings að veiðilendum né neinu því er varðar veiðirétt landeigenda. Eignarréttarmál í almenningum og afréttum taka til mun fleiri þátta en nytjaréttar á dýrum. Það þarf að taka á þeim málum í heild og það er mjög brýnt að það verði gert, en til þess að nytjarétturinn verði ekki til þess að tefja framgang þessa máls er ákvæði þessarar greinar efnislega samhljóða sambærilegum ákvæðum í gildandi lögum. Eina efnislega breytingin er fólgin í því að heimildin til veiða í almenningum og á afréttum utan landareigna lögbýla og utan netalaga landareigna er víkkuð þannig að hún er ekki lengur bundin við íslenskan ríkisborgararétt heldur við það að viðkomandi eigi lögheimili hér á landi. Í 8. gr. er einnig heimild fyrir umhvrh. til að setja reglur um veiðar erlendra ferðamanna en það hefur færst í vöxt að útlendingar komi hingað til veiða.

Í 9. gr. eru taldar upp veiðiaðferðir sem eru óheimilar. Þessi upptalning byggist að mestu á ákvæðum alþjóðasamþykktar um fuglavernd, hinum svonefnda Parísarsamning, og enn fremur á samningi Evrópuráðsins um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu sem kenndur er við Bern í Sviss. Gert er ráð fyrir að undanþágur megi veita vegna veiða í vísindaskyni eða ef dýr valda tjóni. Í 14. tölul. greinarinnar segir að óheimilt sé að nota hálfsjálfvirkt eða sjálfvirk skotvopn, svo og pumpur með skothylkjahólfum er taka fleiri en tvö skothylki. Þetta ákvæði er í fullu samræmi við gildandi reglur sem settar eru fram í reglugerð um skotvopn og skotfæri nr. 16/1978, með breytingum frá árunum 1979 og 1988.

Í 4. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar sem fjallar um leyfi fyrir margskota byssum segir að leyfi fyrir skotvopnum samkvæmt þessari grein megi aðeins veita þeim sem sýni fram á að hann hafi þörf fyrir að eiga þau og sýnir jafnframt fram á sérstaka hæfni í meðferð skotvopna. Enn fremur segir: „Að jafnaði skal ekki veita leyfi fyrir haglabyssum er taka fleiri en tvö skothylki."

Það er ljóst af þessu að ekki er gert ráð fyrir því í dag að veitt sé leyfi fyrir margskota byssum sem taka fleiri en tvö skot í skothylkjahólf nema sýnt sé fram á sérstaka þörf fyrir slíkt og vart geta skotveiðar talist til slíkra sérþarfa. Hér er því ekki — og ég legg áherslu á það — verið að leggja til breytingu á gildandi reglum um skotvopn og alls ekki um að ræða stórfellda eignaupptöku eins og ranglega hefur verið gefið í skyn í fjölmiðlum.

Í 3. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar segir að lögreglustjóri hafi heimild til að veita leyfi fyrir hálfsjálfvirkum byssum sem fluttar voru til landsins fyrir gildistöku laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda frá 1977 til manna að fullnægðum ákveðnum skilyrðum. Einhverjar af þessum byssum eru í dag skráðar fjögurra til fimm skota og bannar frv. sem slíkt ekki að menn eigi þær og noti til að skjóta í mark t.d. en ef menn vilja nota slíkar byssur til veiða þarf að gera á þeim minni háttar breytingu sem felst í því að setja í þær plasttappa sem mér er tjáð að kosti svona 500 kr.

og breytir í engu eiginleikum byssunnar að öðru leyti en því að ekki komast í hana nema tvö skot í skothylkjahólf.

Gildandi reglur um þetta eru skýrar. Veiðimaður á ekki að geta fengið leyfi fyrir haglabyssum sem taka þrjú eða fleiri skot í magasín eða eru hálfsjálfvirkar. Hitt er svo annað mál hvernig gildandi ákvæðum um skotvopn hefur verið framfylgt af yfirvöldum.

Samkvæmt upplýsingum frá Jóni Bjartmarz, aðalvarðstjóra í Reykjavíkurlögreglunni, sem hefur með þessi mál að gera, hefur lögreglan í Reykjavík ekki skráð nema tveggja og einskota haglabyssur í nokkur ár en einhver brögð hafa þó verið af því að leyfi hafa verið veitt fyrir fimm skota byssum annars staðar á landinu.

Í viðtali sem birtist í einu dagblaðanna 2. mars sl. segir Jón Bjartmarz lögregluvarðstjóri m.a., með leyfi forseta:

„Þar hefur einmitt verið skýrt kveðið á um að allar þær byssur sem eru fluttar til landsins eigi að vera með magasíntúbu þar sem aðeins tvö skothylki rúmast. Fólk hefur hins vegar brotið mjög mikið gegn þessu með því að taka svokallaðan stoppara úr.

Reglurnar um þetta hafa í raun verið alveg skýrar. Þetta er því ekki stórfelld breyting á þeim heldur spurning um að framfylgja þeim betur — kveða skýrar á. Ætlunin er væntanlega að framkvæmdin verði betri en verið hefur. Ég held að maður hafi alla tíð verið fylgjandi þeim ákvæðum sem verið hafa. Menn hafa í raun og veru ekkert með fleiri skotafjölda að gera á fuglaveiðum."

Í 10. gr. er sú grundvallarregla sett að veiðar á villtum fuglum og landspendýrum séu óheimilar á svæðum sem hafa verið friðlýst vegna dýralífs á grundvelli laga um náttúruvernd.

Í V. kafla frv., 11. gr., er fjallað um veiðikort og hæfnispróf veiðimanna. Sett eru ákvæði sem miða að því að afla upplýsinga á skipulegan hátt um veiðar úr einstökum stofnum og breytingar á veiði milli ára svo hægt sé að meta ástand stofna og áhrif veiðanna. Hér er um nýmæli að ræða en benda má á að sambærilegar reglur eru í gildi um aðrar veiðar. Ég læt nægja að minna á lög og reglur um fiskveiðar í sjó og lög nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði. Þar er kveðið skýrt á um að hver sá sem veiði stundar skuli gefa skýrslu um veiði sína og kveðið nánar á um skýrslugjöfina og eftirlit og þykir raunar sjálfsagt mál.

Það er hins vegar alveg ljóst að við Íslendingar erum eftirbátar annarra þjóða að því er varðar eftirlit með stofnum spendýra og fugla sem veiðar eru stundaðar á. Þar getum við getum tekið rjúpuna sem dæmi. Hún hefur um áratuga skeið verið tilefni deilna um áhrif veiða á stofnstærð, m.a. hér í sölum hins háa Alþingis. Vandinn í þessu sambandi er sá að það eru mjög litlar upplýsingar fyrir hendi um árlega rjúpnaveiði eða fjölda þeirra veiðimanna sem rjúpnaveiðar stunda.

Víða erlendis er eftirlit með slíkum veiðum tryggt með því að lögbinda að þeir sem stunda veiðarnar skuli árlega afla sér veiðikorts sem er sönnun þess að þeir hafi skilað skýrslu um veiðar síðasta árs og greitt gjald í veiðisjóð.

Grænlenska landsstjórnin er nú með það á prjónunum að taka upp slíkt kerfi sem allir veiðimenn á Grænlandi þurfa að hlíta. Öðruvísi er að mati ráðamanna þar í landi ógerlegt að fylgjast með veiðum á þeim 47 tegundum spendýra og fugla sem veiðar eru stundaðar á hjá grönnum okkar á Grænlandi.

Það er brýnt að koma á skipulegri veiðiskráningu hér á landi hið allra fyrsta og þess vegna er þessi heimild veitt í 11. gr. til að ákveða með reglugerð að menn skuli afla sér veiðikorts. Á kortinu skal getið nafns handhafa, gildistímabils og þeirrar tegundar sem viðkomandi hefur heimild til að veiða. Það skal einnig koma fram hvort handhafi hefur leyfi til að nýta hefðbundin hlunnindi á tilteknu svæði eða verjast tjóni af völdum villtra dýra á bújörðum. Kveðið er á um að korthafi skuli árlega skila skýrslu um veiðarnar áður en nýtt kort er útgefið.

Frá fyrra frv. hefur sú breyting verið gerð sem ég áður nefndi að ekki skuli lengur tilgreina fjölda dýra eða svæði. Einnig er gert ráð fyrir að hægt verði að gefa út takmarkaðri veiðikort til landeigenda. Ýmsir hafa bent á að veiðiskýrslur verði hugsanlega óáreiðanlegar en á móti hefur verið sagt að skekkjan sé þá sennilega sú sama frá ári til árs og komi ekki svo sérstaklega að sök.

Gert er ráð fyrir að greiða þurfi ákveðið gjald fyrir veiðikortið og það renni í veiðisjóð sem notaður yrði til að standa straum af kostnaði við útgáfu kortanna til að greiða fyrir rannsóknir á villtum dýrum og til stofnstýringar. Gjald þetta getur auðvitað verið mishátt eftir því hve víðtækt veiðikortið er eða hvaða tegundir veiðimaður hyggst veiða.

Mér þykir líklegt að margir veiðiréttarhafar telji að veiðigjald sé skattur á hlunnindi og auk þess komi engum við hvað þeir veiði á eigin landi. Því er þá til að svara að niðurstöður rannsókna sem stundaðar eru fyrir tekjur af veiðigjaldi munu koma öllum veiðimönnum til góða hvort sem þeir eru landeigendur eða ekki, og eru raunar fæstir þeirra eigendur lands. Auk þess er eðlilegt að veiði landeigenda verði skráð eins og önnur veiði enda er um að ræða veiðar úr sameiginlegum stofni og landeigandi á ekki villt dýr á sinni landareign enda þótt hann eigi nytjaréttinn. Eðlilegt getur verið að takmarkaðri veiðikort til landeigenda verði gefin út gegn lægra gjaldi en önnur.

Þegar þetta mál var til umræðu á Alþingi í fyrra varð nokkur umræða um frv. og var m.a. rætt um framkvæmdina á útgáfu veiðikorta. Þess vegna er rétt að það komi fram að ég hef skipað nefnd með aðild skotveiðimanna og fulltrúa bænda til að leggja drög að þeim reglum sem gert er ráð fyrir að settar verði samkvæmt frv. ef og þegar það verður að lögum. Hún fékk það forgangsverkefni að móta fyrst reglur um veiðikort og veiðiskýrslur og er sú vinna allvel á veg komin og það er sjálfsagt mál að sú þingnefnd sem tekur frv. til meðferðar nú fái aðgang að þeim tillögum og fái að heyra um þær hugmyndir sem þar eru nú uppi.

Þá er einnig heimild til að ákveða í reglugerð að

þeir sem stundi veiðar á villtum dýrum skuli hafa lokið sérstöku prófi um villt dýr, umhverfi þeirra og hafi sýnt fram á hæfni í að veiða.

Við Íslendingar höfum líka dregist aftur út varðandi þær kröfur sem gerðar eru um hæfni veiðimanna. Stundum er því haldið fram að menn séu í rauninni fæddir veiðimenn og þurfi einungis lágmarkstilsögn í meðhöndlun skotvopna en hæfni veiðimanna er auðvitað fólgin í fleiru en því einu að kunna að skjóta af byssu.

Árin 1990 og 1991 voru haldin í Reykjavík námskeið að tilstuðlan dómsmrn. þar sem m.a. var veitt tilsögn varðandi vistfræði og náttúruvernd. Og þá nefni ég líka að sérstakt námskeið hefur verið haldið fyrir hreindýraeftirlitsmenn einmitt þar sem sérstök áhersla var lögð á þetta atriði.

Í 12. og 13. gr. eru ákvæði um refi og minka. Þar er gert ráð fyrir því að óheimilt sé að eyðileggja greni. Ástæðan fyrir því er tvíþætt. Eyðileggingu grenja má líta á sem náttúruspjöll enda hafa sennilega mörg þeirra verið í notkun öldum eða jafnvel árþúsundum saman. Í öðru lagi gerir það grenjaskyttum erfitt um vik ef þekkt greini eru eyðilögð.

Þá eru ákvæði um greiðslu kostnaðar þar sem segir að umhvrh. ákveði árlega viðmiðunartaxta launa og verðlauna fyrir unna refi sem veiddir eru skv. 3. mgr. 12. gr. Stjórnir sveitarfélaga skulu árlega gefa skýrslu um refaveiði og kostnað við þær og endurgreiðir ríkissjóður þá helming kostnaðar við veiðarnar eftir viðmiðunartöxtum.

Um þessa kostnaðarskiptingu hefur áður verið rætt í þinginu og ætla ég ekki að fara mörgum orðum um hana. Það er öllum ljóst að það þarf að stýra þessu betur en gert hefur verið. Áður fór kostnaður vegna eyðingar refa og minka á hverju ári langt fram úr öllum áætlunum og hann þurfti að greiða með aukafjárveitingum. Það er ætlunin að ná betri stjórn á þessum málum og mér sýnist að sú vinna sem þegar hefur verið unnin í því efni gefi tilefni til að ætla að svo geti orðið.

Í 14. gr. eru ákvæði um hreindýr sem hafa nokkra sérstöðu í lífríki landsins. Samkvæmt áliti Lagastofnunar Háskóla Íslands frá í apríl 1991 sem unnið var að frumkvæði umhvrn. er hreindýrastofninn á Íslandi ekki háður beinum eignarrétti í einkaréttarlegum skilningi, hvorki ríkisins né annarra.

Á sl. ári var gefin út sérstök reglugerð um veiðar og rannsóknir á hreindýrum sem gott samkomulag varð um og það er ekki fyrirhuguð breyting á því skipulagi sem þar er.

Engin heildarlöggjöf er í gildi varðandi seli og rostunga eða veiðar á þeim við Ísland. Samkvæmt frv. eru rostungar alfriðaðir en ráðherra getur samkvæmt tillögum sjútvrh. sett reglugerð sem heimilar skotveiðar á fjórum tegundum sela. Ætlast er til að þar verði tilgreind þau svæði og árstímar þegar veiði er heimiluð á hverri tegund og að teknu tilliti til hefða og staða þar sem selur getur valdið tjóni eins og t.d. í og við laxveiðiár. Sjútvrh. er ætlað að hafa umsjón með og stjórna þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu sela eða tjón af þeirra völdum.

Í 17. gr. er fjallað um ísbirni. Eftirlit með veiðum á ísbjörnum í þeim löndum þar sem þeir eiga heimkynni er mjög strangt og gerðu Norðmenn, Danir, Kanadamenn, Bandaríkjamenn og Sovétmenn með sér samkomulag um vernd þeirra árið 1973. Ísbirnir slæðast stundum til Íslands með hafís. Rétt þykir að styrkja viðleitni fyrrgreindra þjóða með því að banna veiðar á ísbjörnum á hafi eða sundi en gangi ísbirnir á land gegnir öðru máli. Þá er eðlilegt að heimilt sé að fella þá en áhersla er lögð á að notuð séu heppileg vopn eftir því sem hægt er.

Ólíkt því sem gilt hefur fram til þessa er felldur ísbjörn eign þjóðarinnar og skal samkvæmt því færður Náttúrufræðistofnun til rannsókna ef þess er krafist enda beri ríkissjóður kostnað við veiðarnar og flutning dýrsins.

Í 18. gr. eru tilgreindar þær fuglategundir sem aflétta má friðun á og rammi settur um þann tíma árs sem umhvrh. er heimilt að aflétta friðun.

Reglurnar eru að mestu leyti sniðnar eftir gildandi reglum um veiðitíma fugla og gert er ráð fyrir að sett verði reglugerð þar sem í einhverjum tilvikum verði leyfður styttri veiðitími en heimilaður er samkvæmt frv. Þá þykir rétt að ítreka að varúð og nærgætni skuli sýnd í námunda við fuglabjörg.

19. gr. fjallar um nýtingu hlunninda en þau hafa frá aldaöðli verið mikilvægur þáttur í lífsafkomu þjóðarinnar og skipt sköpum fyrir sum byggðarlög. Flest þessara hlunninda skipta að vísu litlu máli fyrir afkomu manna nú um stundir. Þrátt fyrir það er ekki ástæða til að afnema rétt veiðiréttarhafa til þeirra enda ekkert sem bendir til þess að heföbundin nýting hafi stefnt stofnunum í hættu, sé litið til landsins í heild, enda þótt einhvers staðar kunni að vera um staðbundin vandamál að ræða vegna ofnýtingar.

Í eldra frv. féllu tvö orð úr fyrsta málsl. 4. gr. brott fyrir slysni í prentun og olli nokkrum misskilningi. Hefur þetta verið lagað og ætti að vera öllum skýrt. Þar er tekinn af allur vafi um að ekki var ætlunin að sporna gegn veiði svartfugla í Vestmannaeyjum og Grímsey eins og lengi hefur tíðkast.

Í 1. mgr. 19. gr. er fjallað um friðlýst æðarvarp. Áður hafði sú breyting verið gerð frá 9. gr. gildandi laga að banna án leyfis varpeiganda að leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en hálfan km frá stórstraumsfjöruborði í stað fjórðungs úr km. Í ljósi þeirra athugasemda sem fram komu þykir rétt að láta ákvæði gildandi laga gilda áfram.

Um töku gæsar- og andareggja gilda þau ákvæði að minnst skuli skilin eftir fjögur egg í andarhreiðri og tvö í gæsarhreiðri. Auk skeiðandar, skutulandar og straumandar sem eru undanskildar þessu ákvæði samkvæmt gildandi lögum eru samkvæmt frv. gargönd, hrafnsönd og gulönd einnig undanskildar samkvæmt þessu heimildarákvæði. Þá er heimilað að taka heiðargæsaregg samkvæmt þessari grein en það er ekki heimilt að gildandi lögum.

Bann er lagt við því að veiðiréttarhafi dreifi eggj-

um þessum til annarra, hvort sem er með sölu eða gjöf. Þetta er breyting frá gildandi lögum, en til þessa hefur fáum aðilum verið heimilt að flytja út andaregg en þó ekki æðaregg.

Gert er ráð fyrir óbreyttum heimildum til hefðbundinnar nýtingar ýmissa fuglategunda svo og til hefðbundinnar veiði landsels og útselskópa en eigandi veiðiréttar skal afla staðfestingar viðkomandi sveitarstjórna og sýslumanns á rétti sínum.

Í 20. gr. er fjallað um refisákvæði og réttarfar.

Í 22. gr. er ákvæði um gildistöku og brottfall þeirra laga sem þessi lög koma í staðinn fyrir.

Gert er ráð fyrir að lög þessi öðlist gildi 1. jan. 1993 en augljóslega þarf að breyta því ákvæði og þarf ekki að skýra það frekar.

Með frv. er prentað sem fskj. umsögn fjmrn. um kostnað vegna frv. ef að lögum verður eins og það er hér prentað.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa um þetta fleiri orð að sinni en legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. umhvn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það mætti auðvitað ræða spurninguna um það hvort taka eigi svo gild mál til umræðu á þessum tíma þegar fátt er orðið eftir í þingsal, en ég ætla ekki að gera það að umtalsefni nú. Ég skil það svo að það sé áhugamál hæstv. ráðherra að koma þessu máli til nefndar og þar sem þetta mál var lagt fram og rætt á síðasta þingi þá ætla ég ekki að tefja það að svo geti orðið á þessum degi ef það er markmiðið að ljúka umræðunni. Ég var ekki á þinginu þegar þetta mál var fram lagt í fyrra og rætt hér nokkuð, ég heyrði aðeins enduróminn af þeirri umræðu og mér fannst hún ekki að öllu leyti vera markviss eða beinast að því að reyna að koma á skikkanlegri löggjöf og breytingum á lögum, heldur meira einkennast af smásmyglni um einstök atriði og jafnvel útúrsnúningum. Þess gætir því miður á stundum þegar um er að ræða efni þar sem tiltölulega er auðvelt að setja fram spurningar og taka út úr einstök atriði. Ég er ekki þar með að segja að með þessu frv. hér liggi fyrir fullkomin tillaga sem ekki væri hægt að gagnrýna eða sé með ýmsum álitaefnum. Það er engan veginn svo. En ég tel hins vegar mjög góðra gjalda vert að það er viðleitni til að breyta löggjöf og samræma ákvæði í löggjöf eins og hér er að stefnt og vil vinna að málinu út frá því að það verði hægt að ganga frá lögum sem líkur séu á að nái þeim markmiðum sem um er að ræða og sæmilegur friður geti tekist um í landinu sem auðvitað er nauðsynlegt þegar um svo viðamikið mál er að ræða sem varðar marga.

Ég ætla aðeins að beina einni fyrirspurn til hæstv. umhvrh. varðandi málið en það snertir ákvæði 16. gr. sem er um seli og rostunga. Þar er tekið fram að umhvrh. geti sett reglugerð og aflétt friðun tiltekinna tegunda sela og það sé á tilteknum svæðum og árstímum samkvæmt tillögum sjútvrh. Síðan segir í greininni: „Sjávarútvegsráðherra stjórnar nýtingu selastofna og hefur umsjón með þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu sela eða tjón af þeirra völdum."

Vegna þessa ákvæðis fór ég að rýna í aðrar greinar eins og varðandi refi, hvort það væri ekki einnig skírskotun til landbrn. og hliðstæðra ákvæða þar að lútandi af því að refurinn hefur löngum talist heimagangur í bithaga hjá bændum og þeir viljað nokkuð um véla hvernig á þeim málum er haldið og landbrn. sem fagráðuneyti í landbúnaðarmálum. En ég finn ekki slík ákvæði og ég spyr hæstv. umhvrh. hvers vegna er verið að halda ákvæðum inni eins og hér er í 16. gr. að ætla sjútvrh. sérstaka umsýslu að því er varðar selastofninn. Mér finnst það ekki skynsamleg tilhögun eða nauðsynleg. Ég sé enga nauðsyn til þess að það sé verið að halda slíku innan sjútvrn. Í rauninni er það svo að ég teldi æskilegt að menn fikruðu sig inn á þá braut að ráðuneyti umhverfismála setji almennan ramma um nýtingu náttúruauðlinda og það sama hvort um er að ræða nýtingu náttúruauðlinda á sjó eða landi innan íslenskrar efnahagslögsögu. Mér er fullkomlega ljóst að það er ekki pólitískur stuðningur við það efni og það þarf vafalaust að fara fram talsverð umræða áður en menn sameinuðust um að lögbjóða slíka tilhögun. En ég held að ramminn um nýtingu auðlindanna og rannsónir á auðlindunum eigi að vera á forræði umhvrn. fremur en á forræði þeirra ráðuneyta sem kölluð eru fagráðuneyti og stýra nýtingunni í einstökum atriðum og engin ástæða til að taka það verkefni af þeim, enda sé ramminn ákveðinn af umhvrn. á grundvelli fyllstu vitneskju og rannsókna. Ég þykist vita að þróunin verði í þessa átt en til þess þarf þá auðvitað að vera hugur og metnaður hjá þeim sem fyrir málum mæla að undirbúa slíkt, að skapa skilning á slíkum viðhorfum.

Ég vísa t.d. til að hér er um að ræða nýtingu á okkar fiskveiðilögsögu og þeim auðlindum lífrænum sem eru innan hennar og á nýtingu á gróðurlendi landsins og ég tel að þarna gildi í rauninni alveg hliðstætt um þetta þó að auðvitað þurfi að sníða reglur að því sem sértækt er að því er varðar þessar náttúruauðlindir. En því nefni ég þetta að þessi hortittur sem ég leyfi mér að nefna svo er hér inni í þessu frv. og ég tel fulla ástæðu til þess að kippa honum út úr málinu og fela umhvrh. umsýslu selastofna og rostunga. Síðan gætum við tekið tíma til þess að vinna fylgi þeim sjónarmiðum sem ég nefni hér og ég tel að horfi til framtíðar að almenn umsýsla og rammi um nýtingu náttúruauðlinda landsins og sjávarins þar með innan efnahagslögsögunnar sé á hendi umhvrn.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get fúslega tekið undir það með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að ég er honum sammála um það að umhvrn. ætti í miklu ríkara mæli að koma að þessum málum sem hann nefndi, þ.e. auðlindastjórninni og nýtingu auðlindanna og umsjón með því.

Varðandi það atriði sem hann spurði sérstaklega um hér, þ.e. 16. gr. frv. um seli og þau ákvæði að sjútvrh. stjórni nýtingu selastofna en umhvrh. hafi hér hið formlega reglugerðarvald, þá var þetta á annan veg í

frv. upphaflega. Hins vegar eins og ég nefndi hér í framsögu minni, þá má segja að málefni sela hafi að nokkru verið utan ráðuneyta eða milli ráðuneyta vegna þess að bæði landbrn. og sjútvrn. gerðu til þess tilkall að hafa forræði fyrir þessum málum. En auðvitað er hið rétta eins og við hv. þm. erum sammála um að það sé hjá umhvrn. eins og eðlilegt er.

Orðalagið í 16. gr. er hins vegar niðurstaða málamiðlunar sem varð milli okkar sjútvrh. áður en þetta frv. var lagt fram og um það var gert samkomulag. Ég skil hins vegar mætavel þau sjónarmið sem hv. þm. setti hér fram og býst raunar við að ýmsir fleiri þingmenn séu honum sammála um það.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5., 13. og 16. mál.

Fundi slitið kl. 7.54 síðdegis.

128. FUNDUR

mánudaginn 15. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kaup á björgunarþyrlu, frv., 110. mál, þskj. 128, nál. 581 og 582. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1992, þáltill., 237. mál, þskj. 301. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Almannatryggingar, frv., 257. mál, þskj. 334. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Almannatryggingar, frv., 268. mál, þskj. 359. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Fræðslustörf um gigtsjúkdóma, þáltill., 225. mál, þskj. 273. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Sóttvarnalög, stjfrv., 258. mál, þskj. 335. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Umhverfisskattar, þáltill., 331. mál, þskj. 603. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Dýravernd, stjfrv., 389. mál, þskj. 683. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Ríkisreikningur 1990, stjfrv., 243. mál, þskj. 312. — Frh. 1. umr.
10. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 337. mál, þskj. 610. — Frh. 1. umr.
11. Afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum, þáltill., 272. mál, þskj. 368. — Fyrri umr.
12. Endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda, þáltill., 360. mál, þskj. 640. — Fyrri umr.
13. Löggjöf um réttindi og skyldur manna sem stunda reikningsskil, þáltill., 405. mál, þskj. 699. — Fyrri umr.
14. Umhverfismál og upplýsingamiðlun, stjfrv., 42. mál, þskj. 43, nál. 404, brtt. 405. — 2. umr.
15. Könnun á nýtingu ígulkera, þáltill., 358. mál, þskj. 638. — Fyrri umr.
16. Hvalveiðar, þáltill., 308. mál, þskj. 477. — Fyrri umr.
17. Tilraunaveiðar og þróun veiðarfæra vegna veiða á ígulkerum, þáltill., 393. mál, þskj. 687. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Jóhanna Sigurðardóttir félmrh.,
Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.

Útbýting þingskjala:

Afli krókaleyfisbáta, 357. mál, svar sjútvrh., þskj. 722.

Afli línubáta, 356. mál, svar sjútvrh., þskj. 721.

Fullorðinsfræðsla, 230. mál, svar menntmrh., þskj. 725.

Pappírsnotkun þjóðarinnar, 427. mál, fsp. GunnS, þskj. 726.

Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1992, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 237. mál. — Þskj. 301.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

11 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GAK, HÁ, HG, JóhS, JGS, MF, StG, VS) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. ISG o.fl., 257. mál (meðlagsgreiðslur). — Þskj. 334.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

11 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GAK, HÁ, HG, JóhS, JGS, MF, StG, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. ISG o.fl., 268. mál (barnalífeyrir). — Þskj. 359.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg,

GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

12 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GAK, HÁ, HG, JóhS, JGS, MF, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Fræðslustörf um gigtsjúkdóma, frh. fyrri umr.

Þáltill. IP o.fl., 225. mál. — Þskj. 273.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

11 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GAK, HÁ, JóhS, JGS, MF, PJ, StG, VS) fjarstaddir.

Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Sóttvarnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 258. mál (heildarlög). — Þskj. 335.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

10 þm. (ÁJ, EgJ, GAK, HÁ, JóhS, JGS, JVK, MF, StG, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Umhverfisskattar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁMM o.fl., 331. mál. — Þskj. 603.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

9 þm. (ÁJ, EgJ, GAK, HÁ, JóhS, JGS, MF, StG, VS) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er tillaga um að vísa þessu máli til umhvn. (**ÓÞÞ:** Forseti. Það er athugasemd við að vísa málinu til umhvn. Það er út í hött.) Það er tillaga um að vísa málinu til umhvn. og ef gerðar eru athugasemdir við það þá fer nú fram atkvæðagreiðsla um þá tillögu. (**Fjmrh.:** Ég óska eftir að atkvæðagreiðslunni verði frestað.) Eftir því sem forseti heyrir hefur hæstv. fjmrh. óskað eftir því að fresta þessari atkvæðagreiðslu og verður orðið við því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dýravernd, frh. 1. umr.

Stjfrv., 389. mál. — Þskj. 683.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

9 þm. (ÁJ, EgJ, GAK, HÁ, JóhS, JGS, MF, StG, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Ríkisreikningur 1990, frh. 1. umr.

Stjfrv., 243. mál. — Þskj. 312.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er nú orðið nokkuð langt síðan mælt var fyrir þessu frv. þannig að það liggur nú við að ég sé búin að gleyma hvað ég ætlaði að segja, en ég er nú með einhverja punkta hér á blaði.

Þessi reikningur fyrir árið 1990 ber það með sér að breytt hefur verið um uppsetningu á reikningnum og það kom reyndar fram í máli fjmrh. þegar hann mælti fyrir frv. að núna eru teknar með uppfærðar skuldbindingar ríkissjóðs sem gerðar voru á árinu. Það kom reyndar einnig fram í ársreikningi 1989 og þetta var

allveruleg upphæð í ríkisreikningi fyrir það ár og var þá verið að taka inn margra ára gamlar skuldbindingar. Þetta uppgjör sem hér er vitnað til er því ekki sambærilegt við fjárlög þessa sama árs, hvorki fyrir árið 1989 né 1990 sem hér er verið að ræða.

Það hefur mikið verið deilt um uppgjörsaðferðir á ríkisreikningum á þessu þingi og kannski oft áður líka og menn eru ekki á eitt sáttir þar um og ágreiningur uppi bæði milli þingmanna, milli Ríkisendurskoðunar og fjmrn. og starfsmanna þar og raunar er þeim ágreiningi yfirleitt vísað inn í ríkisreikningsnefnd sem starfar og ætlar sér að móta ákveðnar tillögur um þá uppgjörsaðferð sem nota skuli en það er ekki enn farið að líta dagsins ljós hvernig þær tillögur verða.

Halli á þessum ríkisreikningi er tæplega 11,3 milljarðar kr. en halli fjárlaganna á greiðslugrunni var 4,4 milljarðar og tek ég þá ekki með samþykkt síðustu fjáraukalaga þessa árs þar sem bætt var á gjaldahlið fjárlaganna tæpum 1,5 milljörðum kr. vegna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Þar var ekki um að ræða greiðslu heldur skuldabréf sem undirritað var vegna yfirtöku skuldar hjá Seðlabanka vegna Verðjöfnunarsjóðsins. Þar var því ekki farið eftir þeirri reglu sem gilt hafði um fjárlög, að þau væru sýnd á greiðslugrunni. Nú er ekki um það deilt að hvort sem þessi upphæð er í fjáraukalögum eða ekki, þá mundi hún eftir sem áður vera inni í ríkisreikningi. Hins vegar má á það deila að þessi upphæð skuli hafa verið sett inn í fjáraukalög þau sem afgreidd voru í febrúar á síðasta ári. Þar var verið að taka inn einn afmarkaðan þátt skuldbindinga án þess að heildarsamræming væri í þeim málum. Ég er hins vegar út af fyrir sig sammála því að það sé upplýst í hverju fjárlagafrv. til hvaða skuldbindinga er verið að stofna en það getur þó verið erfitt í sumum tilfellum eins og hvað varðar búvörusamninginn, lífeyrisgreiðslur og ýmislegt fleira. Það er því í raun eðlilegra að engar slíkar skuldbindingar séu sýndar í fjárlögunum sjálfum sem eru í raun eins konar sjóðbók ríkisins.

Benda má á að skuldbindingar A-hluta ríkissjóðs vegna lífeyrissjóða jukust um rúma 3 milljarða á þessu ári og það er nálægt þeirri upphæð sem allur greiðsluhalli ríkissjóðs er á árinu 1990. Hins vegar finnst mér að fjárlögum þyrftu að fylgja upplýsingar um skuldastöðu ríkisins, þ.e. uppfærsla lána og annarra skuldbindinga sem ríkinu ber að greiða á tilteknum tíma, en þá ber á að líta að ekki hefur verið tekið á eignarstöðu ríkisins. Stofnframlög ríkisins til byggingar og viðhalds eru ekki færð til eignar nema sem beint framlag. Ríkið á miklar eignir en eign eins og stofnfé Landsbanka Íslands er metin á 48 þús. kr. þó að í ársreikningi bankans sé eigið fé metið á 5,7 milljarða kr. Og eignarhluti ríkissjóðs í Landsvirkjun og Búnaðarbanka er ekki færður sem eign í ríkisreikningi. Landsvirkjun og Búnaðarbanki, sem ríkið hefur þó uppi áætlanir um að selja, eru einskis virði í ríkisreikningi. Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings gera athugasemd við þetta í skýrslu sinni og vitna til 41. gr. laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald og gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Sú grein er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Mat eigna og skulda skal, eftir því sem við verður komið, miða við raunverulegt verðmæti í lok reikningsárs, en heimilt er þó að fylgja reglum skattalaga ef þær víkja ekki verulega frá ofangreindum reglum."

Í þessu sambandi má minna á það að nú hefur ríkisstjórnin uppi hugmyndir um allverulega sölu ríkiseigna eða eignarhluta og fyrirtækja og það þarf því að móta heildstæðar reglur um það hvernig þessar eignir eru metnar áður en að sölu kemur. Því hefur verið fleygt hér í umræðum á Alþingi að selja eigi Búnaðarbankann á hálfvirði þó að nýjustu fréttir í fjölmiðlum segi að nú sé ríkisstjórnin hætt við að selja Búnaðarbankann, a.m.k. í bili. Hann er ekki talinn til eigna hjá ríkissjóði og hvernig á þá að meta söluverðið? Ég spyr hæstv. fjmrh. að því.

Nýlega er komin út eignaskrá ríkisins sem hefur að geyma yfirlit yfir húseignir, lóðir og jarðir svo að nú þarf að hefjast handa og meta þessar eignir inn í ríkisreikning. En jafnframt þarf þá að gera skrá yfir aðrar eignir ríkisins. Það má líka benda á að ríkið hefur sáralitlar tekjur af þessum eignum sumum hverjum og nægir í því sambandi að minna á fjaðrafok það sem hér varð á síðasta þingi þegar upplýst var hvernig húsaleigugreiðslum til ríkisins væri háttað. Þar virtist ekkert samræmi vera í leigukjörum þeirra sem búa í húsnæði í eigu ríkisins. Það er ekki óeðlilegt að hugað sé að þeim tekjustofni sem þar væri hægt að hafa fyrir ríkissjóð og ég vænti þess að unnið sé að því máli.

Í þessum ríkisreikningi hefur mjög aukist skuldsetning ríkissjóðs eða um 18,3 milljarða kr. á milli ára. Eignir hafa ekki hækkað nema um 3 milljarða samkvæmt reikningnum og það veldur svo því að hlutfall skulda á móti eignum versnar auðvitað stöðugt. En eins og ég benti á hér áðan, er eignauppfærsla ríkisins ekki í samræmi við raunveruleikann. Þetta sýnir því ekki rétta mynd af skuldsetningu ríkisins þar sem eignauppfærslan er ekki rétt.

Ef við miðum við hvern íbúa landsins, þá var skuld hvers landsmanns rúmar 640 þús. kr. í árslok 1989, en í þessum reikningi, 1990, er fullyrt að það séu rúmar 707 þús. á hvern íbúa, hefur sem sagt hækkað þarna um 67 þús. á milli ára. Það er reyndar ekki hægt um vik að gera samanburð lengra aftur í tímann vegna þess að það eru svo miklar skuldbindingar uppfærðar í ríkisreikningi fyrir árið 1989. Hér vantar aftur á móti að gera grein fyrir því sem hver landsmaður á í eignum sem ríkissjóður ber ábyrgð á og skyldi ekki vera full ástæða til þess að gleðja landsmenn með því nú á tímum bölmóðs og svartsýni? Ég er þó engan veginn að gera lítið úr skuldastöðu ríkisins. Það er vissulega alvarlegt mál þegar svo til allur tekjuskattur einstaklinga á árinu fer í að greiða vexti af skuldum eða skuldbindingum. Vaxtakostnaður ríkissjóðs var 11,3 milljarðar á þessu ári, á árinu 1990 sem við erum hér að ræða um.

Þá vil ég einnig nefna það og taka undir athugasemdir yfirskoðunarmanna ríkisreiknings þar sem þeir leggja áherslu á að almennar reglur séu settar um risnukostnað opinberra stofnana og fyrirtækja. Ég tel að það sé full þörf á að taka þau mál miklu fastari tökum heldur en gert hefur verið. Ég vil einnig minna á

það sem ég hef áður sagt í umræðum um ríkisfjármál að ég tel að í 6. gr. fjárlaga felist svo víðtæk heimild til handa framkvæmdarvaldinu að Alþingi geti þar ekki mikið rönd við reist. Það hefur enda oft gerst að þar er farið verulega fram úr heimildum hvað upphæðir varðar. Það er heldur ekki um það að ræða að tilgreint sé hvaða fjármunum má verja til hverrar heimildar. Öll 6. gr. er kannski miðuð við einhverja ákveðna upphæð en það ekki tilgreint nánar. Yfirskoðunarmenn lýsa einnig þessu sjónarmiði og telja það ekki samrýmast kröfum um nútímaleg vinnubrögð í ríkisfjármálum. Að öðru leyti fagna ég því að ríkisreikningur fyrir árið 1990 er þó loks kominn til umfjöllunar á Alþingi þó það hefði verið æskilegt að hann kæmi fyrr. Það er ekki óeðlilegt að það taki um það bil ár að ganga frá svo viðamiklum ársreikningi. En þetta er þó bót frá því sem mér er sagt að hafi verið fyrir nokkrum árum þegar ríkisreikningur kom ekki út fyrr en mörgum árum eftir að honum var lokað og stundum fimm ár af honum í einu fyrir hv. Alþingi.

Ég hef reyndar ekki hugsað mér að fjalla nánar um einstaka liði þessa frv. um samþykkt á ríkisreikningi. Það hefur verið fjallað mjög um einstaka liði í umræðum um fjárlög og fjáraukalög fyrir þetta ár. Ég geri ráð fyrir að ríkisreikningi verði síðan vísað til fjárln. þar sem ég hef aðstöðu til að skoða hann frekar og ætla því ekki að ræða það frekar á þessu stigi málsins.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. fjmrh. 2. des. sl. hafa nokkrar umræður farið fram á undanförnum missirum um það hvernig eigi að færa m.a. langtímaskuldbindingar ríkissjóðs í fjárlögum og ríkisreikningi á því ári þegar ákvörðun er tekin um viðkomandi skuldbindingar. Það þarf ekki að útskýra það mörgum orðum hér í þessum sal að það er auðvitað lykilatriði að í fyrsta lagi þjóðþingið og í öðru lagi þjóðin geti búið við það að almenn samstaða sé um hvernig eigi að færa lykiltölur í ríkisfjármálum. Því miður hafa mál skipast á þann veg á undanförnum missirum að sú samstaða er ekki fyrir hendi. Það hefur verið milli fjmrn. og Ríkisendurskoðunar um nokkurt skeið ágreiningur um það hvernig eigi að færa langtímaskuldbindingar ríkissjóðs. Sá ágreiningur hefur birst með ýmsum hætti og hann kemur m.a. fram í framsöguræðu hæstv. fjmrh., sem hann flutti hér 2. des. Í þeirri umræðu kom jafnframt fram að þegar greidd voru atkvæði um fjáraukalög í janúar eða febrúar 1992 þá hefði fjárln. flutt einróma tillögu um að 1,5 milljarðar vegna Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins væri teknir þar inn. Þjóðþingið samþykkti þá tillögu með öllum greiddum atkvæðum gegn einu. Það mótatkvæði var atkvæði þess sem hér stendur. Hæstv. fjmrh. upplýsir síðan í andsvari 2. des. að ef hann hefði verið viðstaddur þá atkvæðagreiðslu þá hefði hann setið hjá. Í framsöguræðu sinni lýsir hins vegar fjmrh. að því að ég fæ séð sams konar afstöðu og fólst í mótatkvæði mínu við ákvörðun þingsins um það hvernig eigi að færa í þessu tilviki skuldbindinguna vegna Verðjöfnunarsjóðs.

Með framsöguræðu sinni 2. des., tekur hæstv. fjmrh. eindregna afstöðu með þeim sjónarmiðum sem fjmrn. hefur flutt á undanförnum árum og átelur Ríkisendurskoðun sérstaklega fyrir það hvernig hún hefur fjallað um greiðsluuppgjör ríkissjóðs í nýbirtri skýrslu — sem þá var nýbirt, 2. des. — um framkvæmd fjárlaga árið 1992 og harmar að Ríkisendurskoðun skuli þannig, svo vitnað sé orðrétt í ræðu hæstv. ráðherra, „ala á tortryggni um uppgjörsaðferðir þegar fyrir liggja tillögur ríkisreikningsnefndar um þetta efni sem stofnunin hefur sjálf unnið að." Síðan hafa um þetta mál orðið nokkrar umræður og þær urðu einnig sl. haust og mér vitanlega hefur ekki fengist nein niðurstaða milli fjmrn. og Ríkisendurskoðunar í málinu. Mín fyrsta spurning til hæstv. fjmrh. er því sú: Er málið enn þá óleyst? Það mundi auðvitað greiða nokkuð fyrir umræðunni hér ef hæstv. ráðherra gæti upplýst það áður en umræðan héldi áfram hvort fengin er sameiginleg niðurstaða milli fjmrn. og Ríkisendurskoðunar og hver sú niðurstaða er. Ef svo er ekki þá blasir það við að enn þá er uppi ágreiningur milli fjmrn. og Ríkisendurskoðunar. Hins vegar hefur orðið sú breyting á að frá því að ég túlkaði hér á sínum tíma það sjónarmið, sem enn þá er mitt sjónarmið um það hvernig eigi að færa langtímaskuldbindingar, hefur Alþingi greitt atkvæði. Alþingi hefur greitt atkvæði. Það var gert um tillögu fjárln. um færslu yfirtöku skuldbindingar vegna Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins. Þar með liggur það fyrir að Alþingi hefur tekið afstöðu í málinu. Ég er að vísu ósammála þeirri afstöðu eins og atkvæðagreiðslan ber með sér. En þá vaknar sú spurning: Ætlar fjmrn. að taka mark á þeirri afstöðu Alþingis? Ég gat ekki skilið framsöguræðu hæstv. fjmrh. á annan veg en þann að Alþingi ætlaði ekki að gera það, að ráðuneytið hefði ekki skipt um skoðun og ætlaði að halda áfram sínum málflutningi. Þetta er auðvitað allt saman á þann veg að mjög er óheppilegt því að niðurstaðan verður auðvitað sú að almenningur í landinu, fjölmiðlar og aðrir ruglast mjög í ríminu.

Ég leyni því ekki að ég tel að ein af röksemdunum gegn því sjónarmiði sem Ríkisendurskoðun hefur flutt í þessu máli sé sú að með því sé eiginleg efnisumræða um rekstrarhalla ríkissjóðs á hverju ári í venjulegum skilningi þess orðs, þ.e. tekjur ársins og gjöld ársins, gerð með þeim hætti að almenningur botnar hvorki upp né niður í málinu þar sem tölurnar geta tekið risavöxnum breytingum einfaldlega vegna tilviljana um það hvort Alþingi samþykkir eða ríkisstjórn langtímaskuldbindingu fyrir áramót eða eftir. Þetta hefur síðan leitt til þeirrar sérkennilegu uppákomu að fjmrn. er nú önnum kafið við að reyna að flytja breytingu sem sannanlega var samþykkt eftir áramóti varðandi Framkvæmdasjóð ríkisins fram fyrir áramót til þess að skapa einhvern sérstakan blæ á niðurstöðutölur þess árs sem ráðuneytinu er þóknanlegur á þeim forsendum að það hafi verið tekin efnisákvörðun um að gera þetta fyrir áramót. Þannig er líka búið að rugla málið hvað það snertir hvaða dagsetning gildir. Gildir sú dagsetning þegar lögin eru samþykkt á Alþingi og forseti undirritar þau eða gildir sú dagsetning þegar einhver efn-

isafstaða var tekin í ríkisstjórn? Ef svo er þá vil ég segja við hæstv. ráðherra: Það getur nú orðið nokkuð flókið. (**Fjmrh.:** Þetta er misskilningur. Þetta eru bara almennar bókhaldsvenjur.) Almennar bókhaldsvenjur, segir hæstv. ráðherra. Það hefði ég haldið að væri í samræmi við almennar bókhaldsvenjur hvenær samningar eru undirritaðir, hvenær þeir taka gildi. (**Fjmrh.:** Það er rangt líka.) Ef það er rangt líka að það sé í samræmi við bókhaldsvenjur hvenær samningar eru undirritaðir þá er það auðvitað alveg orðið ljóst að með því er verið að opna möguleika á að spila á þetta áfram. Þannig að þá gildir bara alls ekkert hvenær Alþingi gerir einhvern tiltekinn hlut að lögum heldur eru einhverjar bókhaldsvenjur orðnar æðri lagasetningu Alþingis. Ef Alþingi samþykkir að yfirtaka fjárskuldbindingar t.d. í febrúar, þá gildir það ekki heldur skuli það fært í nóvember árið áður af því að það sé í samræmi við einhverjar bókhaldsvenjur.

Af því að ráðherrann segir hér í frammíkalli að það séu bókhaldsvenjur þá vil ég nú segja við hæstv. ráðherra að ég hef hlustað á bæði embættismenn fjmrn. og embættismenn Ríkisendurskoðunar halda fram alveg gjörólíkum „teoríum" um hinar svokölluðu bókhaldsvenjur. Þannig að það segir mér nú satt að segja harla lítið um að það séu einhver ákveðin sannindi. Þess vegna hefði ég talið heppilegra að halda sig við það sem allur almenningur skilur: hvenær lög eru samþykkt á Alþingi. Það er þó alla vega ljóst. Um það er ekki hægt að deila. Það er tiltekinn dagur þar sem forseti lýsir því yfir á forsetastól að frv. sé samþykkt og verði sent hæstv. ríkisstjórn til staðfestingar.

Nei, því miður er nú allt þetta mál þannig að mjög erfitt er að fóta sig á því. Það er auðvitað mjög brýnt að greitt sé úr þessari flækju. Ég sagði það hér af öðru tilefni fyrir skömmu síðan að mér hefðu fundist síðustu ákvarðanir ráðuneytisins varðandi færslu hluta tekjuskatts sem ákveðinn er fyrir árið í ár og útgjalda til sveitarfélaga veikja þetta mál allt saman. Því það hefur það í för með sér að til viðbótar við ágreininginn um það hvernig eigi að færa langtímaskuldbindingar og til viðbótar við ágreininginn um það hvort eigi að gilda sú dagsetning þegar lög eru samþykkt á Alþingi eða hvort það eiga að gilda einhverjar svokallaðar bókhaldsvenjur þá er í þriðja lagi kominn ágreiningur um það hvort eigi að færa hjá ríkissjóði þann hluta tekjuskatts sem lýst er yfir að eigi að vera ígildi aðstöðugjalds og borgast út til sveitarfélaganna. Þegar allt þetta þrennt er lagt saman þá er auðvitað orðið ljóst að niðurstöður á rekstri ríkisins, hver sé hallinn og hver ekki, hver sé hlutur ríkisins í hagkerfinu á hverjum tíma og hver sé hlutur annarra, er orðin fullkomlega marklaus umræða.

Ég vil þess vegna segja við hæstv. fjmrh. að mér finnst málið hafa versnað upp á síðkastið. Það er auðvitað mjög brýnt að þessu ljúki á þann hátt að niðurstaða fáist sem er í senn skynsamleg, rökrétt og allir aðilar sætta sig við. Og ég vil óska eftir því að hæstv. fjmrh. tjái sig í þessari umræðu um málið og hvað hann hyggst gera á næstunni til þess að stuðla að því fyrir sitt leyti að niðurstaða fáist í málið. Því mér sýnist allt stefna í það að á þessu ári verði áfram alvarlegur ágreiningur milli Ríkisendurskoðunar og kannski hugsanlega meiri hluta Alþingis annars vegar og fjmrh. og fjmrn. hins vegar.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessar umræður sem hér hafa farið fram. Því miður var framsöguræðan flutt fyrir rúmum þremur og hálfum mánuði þannig að það er ekki að undra þótt eitthvað hafi slitnað umræðan en ég efast nú um að þær ræður sem hér hafa verið fluttar frekar en kannski framsöguræðan sjálf, hafi skýrt málið verulega fyrir almenningi. Ég vil þó gera tilraun til þess þótt hér sé um hin svokölluðu bókhaldsmál að ræða að reyna að gera grein fyrir sjónarmiðum fjmrh. og ráðuneytisins í þessu máli.

Fyrst vil ég þó, vegna orða hv. 6. þm. Vestf., Jónu Valgerðar, þar sem hún fjallaði um eignir taka undir það sem kom fram í hennar málflutningi að í framtíðinni hljóta þeir sem færa bókhald ríkisins og setja upp ríkisreikning að reyna með öllum tiltækum ráðum að setja upp eignir ríkisins eins og fyrirtæki mundu setja eignir upp á efnahagsreikning sinn þegar árið er gert upp.

Um þetta fara nú miklar umræður fram á milli alþjóðastofnana ekki síst á vegum OECD en einkum á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og sumar þjóðir hafa þegar ákveðið að færa upp efnahagsreikning sinn þannig að það er hvort tveggja hægt að finna þar skuldbindingar, þ.e. uppfærðar þær kröfur sem aðrir en ríkið telja sig eiga hjá ríkinu, og hins vegar eignir. En vandinn er auðvitað sá að það er mjög erfitt að færa eignirnar til verðs sem ríkissjóður á en tiltölulega auðveldara er að færa upp verð á eignum sem eru í fyrirtækjum sem ríkissjóður á aðild að eða á að öllu leyti eins og t.d. Landsbanka Íslands eða aðra banka eða hlut ríkisins í Landsvirkjun svo dæmi séu tekin. Þetta er auðvitað tiltölulega auðvelt. Kemur þó til greina hvernig skuli afskrifa slíkar eignir. Vandinn er hins vegar sá að ríkið og eignaraðild ríkisins að öðrum eignum er ekki jafnskýr og hjá fyrirtækjum almennt. Í raun veit held ég enginn hvað ríkið á nákvæmlega.

Það er rétt sem hv. þm. sagði að menn hafa verið að fjalla um það og reynt að setja fram eignaskrá ríkisins sem er þó fyrst og fremst skrá yfir svokallaðar fasteignir sem ríkið hefur eignast með kaupum eða annarri yfirtöku á slíkum eignum. Enn meiri vandi og sá mesti er þegar um er að ræða mannvirki eins og t.d. vegi sem lagður hefur verið kostnaður í, ríkið hefur staðið að uppbyggingu á, en ekki er nokkur leið að sannreyna markaðsverð slíkra eigna. Það eru auðvitað til í bókhaldsfræðunum ýmsar aðferðir til að ákveða hvernig færa skuli þessar eignir upp. Það má t.d. hugsa sér að taka stofnkostnaðinn og afskrifa hann síðan með tilteknum hætti. Spurning er hvort bæta eigi þá viðhaldi við vegina, a.m.k. varanlegu viðhaldi ætti að bæta við vegina eins og t.d. ef klæðning eða slitlag er sett á þá sem eykur verðgildi þeirra.

Það eru ýmsir slíkir hlutir sem koma til álita og eru

auðvitað mjög kostnaðarsamir ef menn ætla að fara alveg ofan í saumana á eignastöðu ríkisins. Ein brú sem í dag kann að vera ákaflega verðmæt verður verðlaus ef vegurinn færist. Tökum sem dæmi brú yfir Kúðafljót sem hefur auðvitað verulegt verðgildi í dag. Ef einhver ætti þá brú væri ljóst að það væri hægt að hafa talsvert upp úr henni, en um leið og menn færa veginn getur sú brú orðið nánast verðlaus. Þetta er auðvitað vandamál sem allar ríkisstjórnir standa frami fyrir, ef færa skal upp efnahagsreikning ríkisins með sama hætti og fyrirtæki gera, en ég tek undir það sem mér heyrðist koma fram í máli hv. þm. að það er auðvitað eðlilegt að reynt sé að líkja sem mest eftir því hvernig efnahagsreikningur sem hefur að geyma skuldir og eignir er færður upp hjá ríkinu eins og öðrum. Mest um vert er þó að ríkið átti sig á því hverjar eru skuldbindingar þess, framtíðarskuldbindingar því að það hefur auðvitað verulega þýðingu fyrir þá sem þurfa að greiða þessar skuldbindingar í framtíðinni. Ég vil taka fram að mér finnst auðvitað skipta máli og kannski er það galli á allri framsetningu fjárlaga að ekki er nægilega skýrt gengið frá því, a.m.k. í vitund þjóðarinnar eða þeirra sem kynna sér fjárlög, hvernig útgjöldin skiptast til eignamyndunar og síðan reksturs og tilfærslna, en þó var frá því gengið að sjálfsögðu í fjárlögum á hverjum tíma hvernig framlög renna til þessara mismunadi þátta.

Með öðrum orðum, það sem ég vildi fyrst segja er er að ég tel að það eigi að vinna að því að hægt sé að setja upp eign ríkisins. Það hlýtur þó að taka talsverðan tíma og er ekki eins nauðsynlegt fyrir ríkið að átta sig á eignastöðunni og að átta sig á skuldastöðunni því að skuldbindingarnar þarf að greiða. Eignirnar koma að notum hvort sem við vitum hvers virði þær eru eða ekki. (**Gripið fram í:** ... selja þær núna.) Já, já. Það er hárrétt hjá hv. þm. sem ég hafði nú bara ekki tekið eftir en átti auðvitað að koma að, þ.e. hvernig skuli færa eignasölu ef eignin reynist vera meira virði en færð er upp í bókhaldi ríkisins. Það gerist auðvitað með venjubundnum hætti því að það eru fjölmörg dæmi þess að eignir hjá fyrirtækjum og öðrum aðilum eru bókhaldslega á öðru verði heldur en markaðsverði og séu slíkar eignir seldar, þá er það fært sem tekjur inn í bókhaldið og hreinar sölutekjur ef söluverð er umfram bókfært verð þannig að í raun og veru er það ekki bókhaldslegur vandi að fást um það en ég býst við að hv. þm. hafi fyrst og fremst verið að vekja athygli á því í sinni ræðu að eignirnar eru að mörgu leyti vanmetnar í bókhaldi ríkisins og undir það skal ég taka.

Þá kem ég að ræðu hv. 8. þm. Reykn. sem er fyrrv. fjmrh. Það er auðvitað margt rétt og flest rétt sem kom fram í hans máli og sérstaklega það að okkur hefur tekist hér á hinu háa Alþingi — og hefur hann ekki látið sinn hlut eftir liggja — að ræða þannig um þessi mál að það er ekki nokkur maður held ég sem skilur lengur upp né niður í þeirri umræðu. Og ekki hjálpaði til umræðan sem varð hér um daginn um færslu á sköttum og til að afgreiða það mál hér þannig að það sé a.m.k. fyrir mitt leyti afgreitt — það var samt ekki ætlunin að kveikja hér í öllum þingmönnum — en þá vil ég taka fram og nú hef ég staðreynt það að bókhaldsnefnd sveitarstjórnanna hefur lagt til við sveitarstjórnir að þær færi aðstöðugjaldsígildið, þ.e. endurgreiðsluna sem fer í gegnum staðgreiðsluna, svo að allir skilji nú við hvað átt er, færi það hjá sér sem skatttekjur. Ég vek athygli á þessu og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson ræddi þetta einnig hér. Auðvitað er þetta umdeilanlegt en vegna þess að þetta er gert til bráðabirgða þá er algjörlega óeðlilegt að þetta færist fyrst sem skatttekjur ríkisins og síðan sem skatttekjur sveitarfélaganna því að það gefur ranga mynd af því hverjar eru heildarskatttekjur hins opinbera. (**GHelg:** Það eru ekki skatttekjur sveitarfélaga.) Ja, ég veit auðvitað að hv. 14. þm. Reykv. kann miklu meira í bókhaldi heldur en flestir aðrir þingmenn, það mætti a.m.k. halda það af ræðum hennar, en svo er nú samt sem áður, hv. þm., sem kallar hér fram í og segir að þetta sé með ákveðnum hætti, að þetta er umdeilanlegt, en ég er að koma því til skila að nefndin á vegum sveitarfélaganna óskar eftir því að þetta sé fært með tilteknum hætti sem styrkir auðvitað það að ríkið geri það ekki jafnframt því að þá kæmi röng mynd af umsvifum hins opinbera.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson ræddi hér um tvö atriði sem ég held að séu mjög mikilvæg í umræðunni og ég skal aðeins víkja að. Í fyrsta lagi ræddi hv. þm. um færslu á svokallaðri yfirtöku á skuldbindingum Verðjöfnunarsjóðs og minnti á sem fram hefur komið oftar en einu sinni hér á hinu háa Alþingi að þingið samþykkti með yfirgnæfandi meiri hluta að fella þessa skuldbindingu inn í fjáraukalög á sínum tíma. Auðvitað er það Alþingi sem ræður hvernig hlutir eru færðir. Alþingi er í þessum skilningi sem við ræðum nú eins konar aðalfundur sem þarf að samþykkja reikningana. (Gripið fram í.) Já, það má kannski orða það þannig. Við því er í rauninni ekkert að segja. En ég skal fallast á það sem kom fram hjá hv. þm. að mér finnst það umdeilanlegt að setja skuldbindingar á borð við þessa inn í fjáraukalög. Ég hefði heldur viljað fallast á að þessi skuldbinding hefði verið færð inn í ríkisreikning. Og þá skal ég enn á ný reyna að skýra út, sem kannski veldur enn þá meiri ruglingi í þessum málum, að málið snýst um það að fjárlög íslenska ríkisins sem eru sett upp á greiðslugrunn eru sett með þeim hætti upp til þess að hægt sé að fylgjast mjög náið með því hvort áætlunum Alþingis til greiðslu á tilteknum liðum sé fylgt eftir. Hins vegar er ríkisreikningurinn þegar allt dæmið er gert upp með allt öðru sniði. Hann er settur upp á reikningsgrunni og þar eru teknar inn allar skuldbindingar. Þar á meðal er enginn vafi á því að þessi skuldbinding um Verðjöfnunarsjóðinn hlaut að koma inn í ríkisreikninginn. Deilan stendur hins vegar um það hvort eðlilegt sé að taka þessa skuldbindingu inn þegar fjáraukalög eru afgreidd af því að þá liggi fyrir svo mikið af upplýsingum að eðlilegt sé að breyta fjárlögunum á greiðslugrunn yfir í skuldbindingauppgjör eins og gert er í ríkisreikningi.

Um þetta mál er fjallað í ríkisreikningsnefnd og sú nefnd, sem starfar nú mjög ötullega, mun skila niðurstöðu á þessu ári og þar verða lagðar til lausnir á þessu

máli þannig að það á að vera auðveldara eftir það fyrir okkur alþingismenn og almenning í landinu að fylgjast með því hvernig staða ríkissjóðs er á hverjum tíma. Ég tek undir að það er hárrétt sem kom fram hjá hv. 8. þm. Reykn. að það veldur verulegum erfiðleikum að nota ekki sama mælikvarðann þegar verið er að bera saman niðurstöðu frá einu ári til annars.

Hitt málið sem hv. þm. ræddi er skylt en ekki sama málið. Það snýst um það hvenær skuli færa skuldbindingarnar til bókhalds. Á að gera það þegar Alþingi samþykkir skuldbindinguna eða á að gera það, eins og ég sagði í minni framsöguræðu í desember, þegar vitað er um skuldbindingarnar? Og um þetta stendur líka deila, því miður. Fjmrn. aflaði sér upplýsinga um það hjá endurskoðendum og niðurstaða þeirra varð sú að það væri eðlilegt að færa þessar skuldbindingar á reikning þess árs þegar vitað var að skuldbindingin var fyrir hendi, að skuldirnar voru til og það varð ekki hjá því komist að ríkissjóður yrði að taka þær yfir. Þetta er nákvæmlega eins og þegar bankarnir í dag setja hjá sér og telja til skuldbindinga tapaða kröfu jafnvel þótt aðalfundur þeirra eða stjórn hafi ekki samþykkt það endanlega heldur vegna þess að það liggur í eðli sínu fyrir að krafan innheimtist ekki. Um þetta má að sjálfsögðu deila ef menn vilja deila um bókhald ríkisins og ríkisreikning á hverjum tíma, en það er nú orðin nokkurs konar þjóðaríþrótt hér á Alþingi.

Niðurstaða fjmrn. varð sú og það á auðvitað eftir að koma til umræðu við næsta ríkisreikning, þ.e. ríkisreikninginn 1991, að okkur bar að færa skuldbindinguna á það ár sem vitað var að hún varð til. Og það er alveg ljóst, og um það deilir enginn, ekki einn einasti maður, að á árinu 1991 lá það fyrir, bæði með frv. hér á Alþingi og með yfirlýsingum og með uppgjöri í Framkvæmdasjóði, að þessi skuldbinding var orðin. En það var rétt að hún hafði ekki verið samþykkt á Alþingi. Og þá kem ég að því sem skiptir afar miklu máli varðandi bókhaldið. Það er þetta: Ef bíða á eftir samþykki Alþingis — eða í fyrirtækjum ef bíða á eftir því að aðalfundi þóknast að samþykkja hluti — þá gæti svo farið að það frestaðist um margra ára bil að skuldbindingar yrðu settar inn á reikning og í þessu tilviki ríkisreikning. Þetta segi ég hér til þess að skýra frá sjónarmiðum fjmrn. Ég ætla ekkert að fela það eða draga dul á það að um þetta eru deilur. Ríkisendurskoðun hefur önnur sjónarmið. Það er hins vegar stjórnarfarsleg skylda og á ábyrgð fjmrn. og fjmrh. að koma fram með frv. inn til Alþingis eins og hann telur að þau séu rétt úr garði gerð og það hef ég kappkostað að gera þótt mér sé það ljóst að það getur að sjálfsögðu verið ágreiningur um það hvenær og hvernig færslurnar eiga að gerast.

En til þess að svara fyrirspurn hv. þm. þá vil ég aðeins ljúka máli mínu með því að ég tel að næsta haust, strax við upphaf þings, muni liggja fyrir frv. til laga þar sem tekið verður á þessu máli þannig að eftir það eða á næsta ári, kannski þarnæsta, megi gera ráð fyrir að menn verði nokkuð sammála um það hvernig færa skuli skuldbindingar á ríkisreikning.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er einstaklega hvimleiður siður sem hér hefur verið tekinn upp að þegar menn eru rökþrota í einhverju máli, þá tala þeir um að þessi og þessi þingmaður, einkum og sér í lagi sá sem hér stendur, telji sig vita allt betur en allir aðrir. Ég vil mælast til, herra forseti, að menn verði ávítaðir fyrir svona órökstuddar dylgjur.

Það mál sem ég hreyfði hér við, um 4 milljarðana sem ekki koma fram í fjárlögum, varð þó a.m.k. efni til þess að Ríkisendurskoðun mun á næstunni, samkvæmt upplýsingum ríkisendurskoðanda á fjárlaganefndarfundi í morgun, skila ítarlegri skýrslu um það mál og önnur þau mál er varða bókhald ríkisins og ég held að ég geti fullyrt að hann muni verða mér sammála í því máli. Það þarf ekkert að vera að þrasa um það að auðvitað eru þetta skatttekjur ríkisins, þessir 4 milljarðar. Þeir fara hins vegar að hluta sem greiðslur úr ríkissjóði til þess að mæta niðurfelldu aðstöðugjaldi hjá sveitarfélögunum. Þetta er ekkert óskaplega flókið en hins vegar getur það stundum komið hæstv. ráðherrum vel að gera einfalda hluti flókna.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég biðst afsökunar á því að hafa orðað mína hugsun eins og ég gerði og átti nú ekki von á því að (**GHelg:** Kvenfyrirlitning, ráðherra.) en það er nýtt fyrir mér að það að hafa sagt að hv. þm., hvort sem hann er kvenkyns eða karlkyns, hafi gott vit og meira vit en aðrir á málinu, að í því felist einhverjar dylgjur. Málið er það að hv. þm. kallaði hér fram í og sagði að staðreyndin væri önnur en ég hélt fram og þá vil ég aðeins að það komi hér fram að auðvitað er Ríkisendurskoðun ekki hæstiréttur í þessum málum. Ég hef margoft sagt og það veit hv. þm. og það vita hv. þm. að færslan er umdeilanleg. Ég nefndi það einungis í minni ræðu hér áðan, og ég vona að það hafi ekki farið fram hjá neinum, að það styður enn málstað fjmrh. að bókhaldsnefnd sveitarfélaganna telur að sveitarfélögin eigi að færa þessar tekjur sem skatttekjur og auðvitað á hið opinbera ekki að færa skatttekjurnar tvisvar. Þetta er niðurstaða sem ég ætla mér að standa við og þá skiptir auðvitað engu máli þótt Ríkisendurskoðun sé á öðru máli. Hún er ekki hæstiréttur í þessu frekar en öðru.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér hafa komið fram sérkennilegar skoðanir og ég vil ítreka spurningu um það mál hér: Telur hæstv. fjmrh., er hann að segja Alþingi það að bókhaldsnefnd sveitarfélaganna sé æðri dómstóll í fjármálum ríkisins en Ríkisendurskoðun? Hafi hæstv. ráðherra sagt það hér, þá vil ég biðja hann að staðfesta það því þá held ég að tími sé til kominn fyrir hið háa Alþingi að endurskoða stöðu Ríkisendurskoðunar í stjórnkerfinu.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég skal enn einu sinni reyna að skýra þetta út. Skatttekjur renna annars vegar samkvæmt tekjustofnalögum til sveitarfélaga og hins vegar til ríkisins samkvæmt tekju- og eignarskattslögum og öðrum skattalögum. Það væri rangt að tvítelja þessar skatttekjur. Við höfum áður deilt um það og rætt um þessar færslur sem slíkar. Það eina sem ég hef sagt hér er nýtt í þessu máli er að bókhaldsnefnd sveitarfélaganna hafi lagt til við sveitarfélögin að þau færðu þessa færslu sem skatttekjur hjá sér sem auðvitað styður þann málstað sem ég hef stutt í þessu máli. Í því felst enginn dómur um það hvort bókhaldsnefnd sveitarfélaganna sé einhver hæstiréttur frekar en Ríkisendurskoðun. Það eina sem ég vildi segja með þessu og það einasta sem hefur verið sagt er að þetta er nýr stuðningur við minn skilning á þessu máli sem áfram heldur að sjálfsögðu verða umdeildanlegt.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því miður sýnist mér nú hæstv. fjmrh. frekar auka á vandann í þessum umræðum heldur en hitt. Ég beindi þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvernig hann hygðist reyna að ná sáttum í þessu máli. Mér finnst hann tala þannig hér að hann ætli bara áfram í þessa orrustu við Ríkisendurskoðun og er nú kominn með einhvern nýjan bandamann sem heitir bókhaldsnefnd sveitarfélaganna. En ég hef nú aldrei heyrt á hana minnst. Það má vel vera að í henni sitji hinir mætustu menn. Það væri fróðlegt að vita það hverjir sitja í þessari merku nefnd. Eru það sveitarstjórnarmenn sjálfir eða eru það einhverjir löggiltir endurskoðendur? Hverjir sitja í þessari merku bókhaldsnefnd sveitarfélaganna?

Þótt hún hafi komist að þeirri niðurstöðu að það beri að færa hluta af tekjuskattinum sem skatttekjur hjá sveitarfélögunum, þá breytir það því ekki að tekjuskatturinn er samkvæmt lögum tekjustofn ríkisins en ekki tekjustofn sveitarfélaganna. Það mætti með svipuðum rökum fara að færa barnabæturnar og vaxtabæturnar sem skatttekjur hjá einstaklingum og breyta svo ríkisbókhaldinu í samræmi við það. Því miður held ég nú að þessi umræða sem þegar hefur farið fram hér bendi til þess að litlar horfur séu á því að niðurstaða fáist í þessum málum fyrir haustið og mér sýnist fjmrn. vera ákveðið í að fara í enn einn stríðsleiðangurinn við Ríkisendurskoðun, nú út af því hvernig eigi að færa þessa 4 milljarða. Ég tel það mjög slæmt af því að umræða um ríkisfjármál hér á landi þarf að vera með skýrum og afdráttarlausum hætti. Þetta er einn mikilvægasti þátturinn í efnahagslífi okkar Íslendinga og þegar verið er að efna til sífelldra deilna um færslur í þessum málum, þá verður það bara til þess að það yppa allir aðrir en þeir sem kunna þessa þrætubókarlist öxlum yfir því og treysta sér ekki í umræðuna. En ég vil nú biðja hæstv. fjmrh. og fjmrn. að huga vel að því hvernig þeir haga sér í þessum málum á næstunni.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við höfum þegar fyrr í þessum mánuði rætt þetta mál mjög ítarlega. Ég vil fyrsta segja það að ég tel mig vera að beita mér fyrir sáttum þegar ljóst er að ríkisreikningsnefnd er að fjalla um þessi mál öll og í þeirri nefnd eiga sæti m.a. fulltrúar Ríkisendurskoðunar og ég er að vonast til þess að niðurstaðan verði þannig að allir geti við unað.

Varðandi þetta eina mál, um 4 milljarðana og færsluna á þeim í fjárlögum yfirstandandi árs, en þau fjárlög eru að sjálfsögðu ekki hér til umræðu, þá vil ég segja það að hér er um bráðabirgðatilhögun að ræða til eins árs. Það hefði gefið ranga mynd af málinu að færa þetta upp til fulls sem skatttekjur ríkisins og síðan aftur sem skatttekjur sveitarfélaganna. Þetta gerist samkvæmt breytingu sem samþykkt var á tekjustofnalögunum og útdeilingin fer samkvæmt áætlaðri álagningu aðstöðugjalds, greiðist af staðgreiðslufé sem aldrei rennur í ríkissjóð, sem aldrei hefur viðkomu í ríkissjóði. Eftir miklar bollaleggingar varð niðurstaðan sú að færa þetta með þessum hætti og var haft samráð við fjárveitinganefnd um það og meiri hlutinn flutti þá tillögu eins og allir vita og hún var samþykkt hér sem tekjuniðurstaða í fjárlögunum. Þetta er skýring mín á málinu. Um það hefur verið fjallað hér áður en ég vona að þetta svar skýri kannski fyrir einhverjum enn betur hver afstaða ráðuneytisins er.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst nú hæstv. fjmrh. vera kominn inn á dálítið hættulegar brautir. Í fyrsta lagi eru rökin fyrir því að það eigi að færa þessa 4 milljarða með þessum hætti þau að þetta sé bráðabirgðaráðstöfun til eins árs. Gott og vel. En segjum nú að það takist ekkert samkomulag um það, annars vegar hér á Alþingi eða við sveitarfélögin um nýja tekjustofna sveitarfélaganna fyrir áramót og niðurstaðan verði þá sú þrautalending að hafa þetta aftur í gildi á árinu 1994. Á þá allt í einu að fara að færa þetta sem tekjur hjá ríkinu og hætta að færa það sem tekjur hjá sveitarfélögunum af því að þetta er þá gert í annað sinn? Það verða skrýtnar kúnstir að fara þá að færa þetta af því að það hefur verið samþykkt að gera það í annað sinn.

Í öðru lagi sagði hæstv. ráðherra hér að þessi hluti tekjuskattsins færi aldrei í ríkissjóð. Auðvitað fer það í ríkissjóð. Það stoppar þar augnablik af ýmsum ástæðum, m.a. vegna þess að tekjuskattsálagningin liggur ekkert ljóst fyrir á þeim tíma sem staðgreiðslan er innt af hendi af ýmsum ástæðum, m.a. vegna þess að ef menn kæra álagninguna, þá getur það breyst. Staðgreiðslan er leiðrétt þannig að það á sér stað einhvers konar uppgjör inni í ríkissjóði og því ekki hægt að tengja þetta þannig af því að upphæðirnar eru breytilegar og það liggur ekki fyrir í upphæð ársins hver tekjuskatturinn endanlega verður. Svo að rökin finnst mér þess vegna ekki vera góð, hæstv. fjmrh., fyrir þessari skipan þannig að ef fjmrn. ætlar að halda sér fast við þessa skipan, þá tel ég nú brýnt fyrir ráðu-

neytið að fara að finna sér einhver betri rök.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið nokkuð þvælt hér, en hv. þm. beitir nú þeim rökum að þessir fjármunir renni í ríkissjóð einhvern tiltekinn tíma eða með öðrum orðum að farið sé með þessa fjármuni eins og staðgreiðsluféð sem rennur til sveitarfélaganna og kallast útsvar en er heimt inn ásamt tekjuskattinum. Mér finnst þetta ekki góð rök hjá hv. þm. vegna þess að honum er það ljóst jafn vel og mér og öllum öðrum þingmönnum að staðgreiðsluféð, þ.e. útsvarið sem er heimt inn með tekjuskattinum, þótt það staldri einhverja daga í ríkissjóði, þá eru þeir fjármunir aldrei taldir til tekna ríkissjóðs. Það er farið nákvæmlega eins með þessa peninga og þá fjármuni sem hér er verið að greiða út.

Á bls. 263 í fjárlagafrv. er sagt að staðgreiðslan öll, þ.e. ef allt væri innheimt, þá fengjust 82,3 milljarðar af staðgreiðslunni ef engir afslættir og frádrættir væru fyrir hendi. Nú er það ljóst að þeir eru verulegir, fyrst náttúrlega persónuafsláttur, þá sjómannaafsláttur, síðan útsvar sveitarfélaga sem er 14,1 milljarður. Ef við ætluðum að fara þessa aðferð sem hv. þm. er að benda á, þá hefðum við þurft að bæta 14,1 milljarði við tekjuskattinn og tekjur ríkisins og borga síðan sveitarfélögunum til baka með þeim hætti sem hann er að stinga upp á. Það dettur auðvitað ekki nokkrum manni í hug.

Ég endurtek: Það er auðvitað umdeilanlegt hvernig farið er með þessar færslur. Undir það skal ég taka en það er ekkert óeðlilegt og það er engan verið að blekkja og ég held að flestallir séu farnir að skilja út á hvað þetta gengur.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Sú umræða sem hér stendur hófst með framsöguræðu hæstv. fjmrh. þann 2. des. sl. og er nú væntanlega komið undir það að henni ljúki. Ég verð að taka fram að það er auðvitað afskaplega hvimleitt þegar svo langur tími líður frá því að framsöguræða er flutt og þangað til hinar eiginlegu umræður fara fram. Við þessu er ekkert að gera héðan af og síst að saka hæstv. fjmrh. um það. Ég tel hins vegar rétt að minna á það að hér er um að ræða 1. umr. um ríkisreikninginn fyrir árið 1990. Hér hafa umræður hins vegar farið um nokkuð víðan völl og ég vil taka það fram að ég ætla hér ekki að ræða þau efnisatriði sem verið hafa áberandi í þessari umræðu og snerta ríkisreikninginn 1991, 1992 og jafnvel 1993. Ég mun láta það algerlega bíða betri tíma.

Ég tel að Alþingi beri að styðja hæstv. fjmrh. hverju sinni í viðleitni til þess að leggja fyrir gögn er varða ríkisfjármál, þar á meðal ríkisreikning, fjárlagafrv. og fjáraukalagafrv. með þeim hætti að þessi gögn séu eins skýr og verða má og það geti því orðið ekki einungis Alþingi heldur og þjóðinni allri eins ljóst og verða má hver er hin raunverulega staða ríkisfjármála á hverjum tíma. Ég tel að þessum tilgangi hafi núgildandi lögum um þetta efni verið ætlað að þjóna en það eru lög um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga sem að stofni til eru frá 1966 en var síðan breytt með lögum nr. 84/1985. Þessi lög kveða á um það hvernig haga skuli þessu uppgjöri og ég vil strax taka það fram að þó ég sé ekkert að gera lítið úr því að fram fari á vegum núv. hæstv. fjmrh. og einnig í tíð fyrrv. hæstv. fjmrh., hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, vinna í fjmrn. og á vegum ríkisreikningsnefndar um það hvernig beri að breyta þessum lögum, þá er ég ekkert að gera lítið úr þeirri vinnu og hef tekið það fram úr þessum ræðustól að þá vinnu beri að sjálfsögðu að vanda.

Á hinn bóginn vil ég líka taka það skýrt fram að ég tel að þau lög sem við búum nú við að stofni til frá 1966, með breytingum frá 1985, séu býsna góð lög og skýr og það sé engin ástæða til þess að tala um þessa hluti eins og þau lagaákvæði og þær reglur sem ber að fylgja séu svo óljósar og óskýrar að framsetningin á þessum gögnum um fjármál ríkisins verði nánast öllum mönnum óskiljanleg. Ég held að þess vegna beri okkur í fyrsta lagi að haga þessum málum í samræmi við lögin eins og þau eru á hverjum tíma og samkvæmt gildandi lögum meðan þeim er ekki breytt. En verði lögunum breytt skulum við vona að það verði til þess að gera hlutina einfaldari og þá ber auðvitað að færa þessi gögn í samræmi við hin nýju lög. En það er tilefnislaust í sjálfu sér og ég er orðinn dálítið þreyttur á þeirri umræðu hér á hinu háa Alþingi að það skuli alltaf vísað í þá vinnu sem fram fer á vegum ríkisreikningsnefndar um það hvernig beri að leysa þessi mál eins og það sé ekki sjálfsagður hlutur að fara að þeim lögum sem gilda þangað til þeim er breytt. Það er auðvitað sjálfsagður hlutur.

Nú liggur það fyrir að um þessi efni hafa staðið deilur og hæstv. fjmrh. hefur sagt um ýmis efni í þessu að þau séu umdeilanleg. Víst er það svo að löngum verður ýmislegt í þessum efnum umdeilanlegt og þessi efni sum hver verða auðvitað aldrei sérlega einföld, en það er þó engin ástæða til að gera þau miklu flóknari en sýnist þörf á.

Ég hlýt að rifja það upp að ég hef deilt um þessi efni við fyrrv. fjmrh., núv. hv. 8. þm. Reykn., a.m.k. frá árinu 1990, líklega frá árinu 1989 og mér er engin launung á því að ég hélt þar fram tilteknum skoðunum sem sumpart hafa verið viðurkenndar af Alþingi eins og hann hefur hér vitnað til. Mínar skoðanir um þetta efni hafa ekkert breyst þó að flokksbróðir minn, Friðrik Sophusson, sé nú kominn í embætti fjmrh. Þær eru gjörsamlega óbreyttar og alveg án tillits til þess hver skipar embætti hæstv. fjmrh.

Ég held að ég þurfi í sjálfu sér ekki að fara mjög mörgum um í hverju þessi ágreiningur er fólginn í megindráttum. Ég er búinn að rekja það hvað eftir annað úr þessum ræðustól. Hann er fólginn í því að ríkisreikningur er settur upp með allt öðrum hætti heldur en fjárlög og fjáraukalög. Ríkisreikningur er settur upp að ég held a.m.k. flestra ef ekki allra dómi í samræmi við ákvæði laganna um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, en á hinn bóginn hefur mér þótt nokkuð á skorta að lagaákvæðunum væri alltaf fylgt að því er varðar gerð fjárlaga. Og þá kemur að því að það

verður mismunur á útkomu samkvæmt ríkisreikningi annars vegar og samkvæmt fjárlögum eða fjáraukalögum hins vegar. Ég hef talið þetta flækja málin og ekki vera til þess að þau séu skýrari fyrir Alþingi né fyrir almenningi í landinu, en því miður hefur hvorki fyrrv. hæstv. fjmrh. né núv. hæstv. fjmrh. viljað að öllu leyti á þetta fallast.

Í gamalli ræðu, þ.e. í framsöguræðu fyrir þessu frv. hér frá 2. des., segir hæstv. núv. fjmrh. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Því er fyrst til að svara að ákvæði laga nr. 52/1966, um uppgjör ríkissjóðs, eiga við um ríkisreikning." Ég endurtek: „Ákvæði laga nr. 52/1966, um uppgjör ríkissjóðs, eiga við um ríkisreikning." Síðar segir: „Greiðsluuppgjör ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum byggir á starfsvenjum, en um þau gilda ekki jafnótvíræð lagaákvæði og um rekstraruppgjör ríkissjóðs." Ég tel þessi orð hæstv. fjmrh. vera a.m.k. umdeilanleg vegna þess að lögin fjalla um hvort tveggja, gerð ríkisreiknings og fjárlaga um leið og þau fjalla um ríkisbókhaldið. Og lögin segja það tvímælalaust að þessi gögn skuli setja upp með sambærilegum hætti, alveg tvímælalaust. Í 66. gr. laganna segir og ég hef lesið þetta fyrr hér úr þessum ræðustól og ég ætla að gera það enn, með leyfi forseta:

„Fjárlagaárið skal afmarka eftir reglum sem um ræðir í II. kafla og allar sömu meginreglur skulu gilda um efni, skipun og sundurliðun fjárlaga og þær er gilda um ríkisreikning að svo miklu leyti sem við á. Þó má sundurliðun í fjárlögum vera minni en í ríkisreikningi."

Hér er þetta auðvitað ótvírætt í lögunum að allar sömu meginreglur skulu gilda um uppsetningu þessara gagna að svo miklu leyti sem við á vegna þess að fjárlagafrv. og fjárlög verður aldrei hægt að setja upp með nákvæmlega þeim tölum sem koma fram í ríkisreikningi, en það er á hinn bóginn hægt að ganga svo frá fjáraukalögum að þar komi fram allar þær tölur og allar þær sömu niðurstöður og koma fram í ríkisreikningi. Þetta vita auðvitað allir að fjárlagafrv. og fjárlögin eru sumpart áætlun og ekki hægt fyrir fram að segja til um nákvæmar tölur, en þegar útkoman úr árinu liggur fyrir, þá er það öllum ljóst að það er hægt að setja þetta upp eins og lögin kveða á um. Og það er þetta sjónarmið sem réði því að þegar skuldbindingar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins voru teknar inn í fjáraukalög fyrir árið 1989, að ég ætla, vegna þess að það lá fyrir að sú fjárhæð var í ríkisreikningi.

Ég ætla ekki að fara í fleiri atriði í þessum lögum en ég minni á það vegna þess að ég var vel kunnugur þeirri breytingu sem gerð var á lögunum árið 1985, að sá sem vann mest að undirbúningi þeirra breytinga og var áhugamaður um að þær breytingar kæmust fram, var einmitt núv. ráðuneytisstjóri í fjmrn. Og ég var eins og ég sagði vel kunnugur þessum breytingum vegna þess að þær höfðu áhrif á uppsetningu fjárlagafrv., þ.e. fjárlagafrv. breyttist frá því að það var lagt fram um haustið áður en lögin voru afgreidd og þangað til það var afgreitt fyrir jól, en þá höfðu þessar breytingar verið afgreiddar. Ég er þess vegna mjög kunnugur þeim breytingum sem urðu á fjárlagafrv. þeirra vegna, en ég var þá formaður fjárveitinganefndar.

Ég held að það sé ekki neitt tilefni til þess að ég sé að fjalla um þessi efni lengur eða meira. Ég vil aðeins ítreka það að ég tel hvorki vera tilefni til þess að hæstv. ráðherra, hver sem hann er, eða hv. alþm., eða starfsmenn ríkisins, fjmrn., eða aðrir starfsmenn séu að flækja þessi mál fyrir sér. Ég tel að eftir þær breytingar, sem fyrrv. hæstv. ráðherra kom á góðu heilli, að flytja fjáraukalagafrv. á sama ári og ljúka svo fjárlagaárinu með fjáraukalögum snemma á næsta ári, þá hafi orðið mögulegt og raunar skylt að fara eftir þeim ákvæðum sem ég hef hér lesið og engin ástæða til að vefja þessi mál neitt sérstaklega fyrir sér.

Ég vil svo aðeins segja það að mér þótti miður hjá flokksbróður mínum, hæstv. fjmrh., að heyra í framsöguræðu hans setningar sem eru með óþarfa tón í garð ríkisstofnunar, Ríkisendurskoðunar, sem heyrir undir Alþingi eins og þar segir, með leyfi forseta, „að Ríkisendurskoðun skuli kjósa að fjalla um greiðsluuppgjör ríkisstjórnarinnar með þeim hætti sem hún gerir í nýbirtri skýrslu um framkvæmd fjárlaga 1992 og ala þannig á tortryggni um uppgjörsaðferðir þegar fyrir liggja tillögur ríkisreikningsnefndar um þetta efni sem stofnunin hefur sjálf unnið að." Stofnunin á þátt í því starfi sem unnið er á vegum ríkisreikningsnefndar og er auðvitað þar að byggja upp eða taka þátt í að byggja upp hugsanlegar brtt. að því er varðar lög sem um þetta fjalla. Enn fremur það sem kom fram í ræðu hæstv. ráðherra að það sé ábyrgðarhluti „að efna til umræðna um afkomu ríkissjóðs og uppgjör með þeim hætti sem gert hefur verið. Það er til þess eins fallið að grafa undan trausti manna á uppgjöri ríkissjóðs eins og tekist hefur." Mér þykir miður að heyra setningar af þessu tagi og ekkert tilefni til þess að láta þær falla í garð stofnunar, Ríkisendurskoðunar, sem með lögum er falið það hlutverk að hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga og endurskoða ríkisreikning eins og hv. Alþingi er kunnugt um, en stofnunin heyrir undir Alþingi.

Enn fremur verð ég að segja það að þessi orð fjalla alveg nákvæmlega með sama hætti um þann sem hér stendur og mínar skoðanir vegna þess að í nokkur ár, a.m.k. 3–4 ár hef ég haldið fram þessum sömu sjónarmiðum sem ég hef skýrt hér og með þessum hætti auðvitað snertir það mig með sama hætti og Ríkisendurskoðun og það er út af fyrir sig saklaust. En ég vildi láta þessari ræðu minni ljúka með því að lýsa því yfir að mér þykir miður að þessi orð skyldu falla í ræðu hæstv. ráðherra.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru örfá atriði sem mig langar til þess að fá tækifæri til þess að fjalla um og komu fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns og get ég þó verið sammála honum um flest og ekki síst það að margir hlutir í þessu eru umdeilanlegir. Ég vil þó fyrst vegna orða hans um ræðu mína og orðalag í henni benda á að orð mín átti að skilja með tilliti til þess að fyrir lágu til-

lögur ríkisreikningsnefndar um þetta atriði og Ríkisendurskoðun átti aðild að þeirri niðurstöðu sem m.a. er fjallað um í greinargerð með fjárlögunum og frá því var gengið áður en skýrsla Ríkisendurskoðunar kom þannig að það skýrir hvers vegna sárindi eru og ég tel þau vera eðlileg þegar búið er að bindast fastmælum um ákveðna niðurstöðu að þá skuli eftir á koma athugasemd við þessar færslur í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Það má vel vera að þetta sé fullfast upp í sig tekið, en þetta er skýringin.

Í öðru lagi vil ég segja að túlkun á lögunum er einmitt erfið vegna þess að í lok lagaákvæðisins sem hv. þm. minntist á stendur: „...að svo miklu leyti sem við á." Deilan snýst um það hvort við samþykkt og meðferð fjáraukalaga skuli færa tölur upp á reikningsgrunni eins og ríkisreikningur er færður upp eða hvort færa skuli fjáraukalög með sama hætti og fjárlög. Það er alveg sama hvora leiðina við förum. Báðar munu skapa nokkurn rugling. Ef við færum fjáraukalögin upp á reikningsgrunn, þá verða fjáraukalögin ekki sambærileg við fjárlög. Ef við færum hins vegar fjáraukalögin eins og nú er gert á greiðslugrunn, þá verða fjáraukalögin ekki sambærileg við ríkisreikning. Ég þori nú varla að segja: svo augljóst og einfalt er þetta mál. Það er þetta sem þarf að leysa og það ætlar ríkisreikningsnefnd að gera. Hún starfar núna með fundahöldum tvisvar í viku og mun ljúka sínum störfum síðar á þessu ári.

Útbýting þingskjals:

Mótun stefnu í umhverfismálum, 429. mál, skýrsla umhvrh., þskj. 729.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð í framhaldi af því sem hér kom fram nú síðast. Hæstv. fjmrh. hefur í raun og veru áréttað það sem lesa mátti úr orðum hans 2. des. að Ríkisendurskoðun hafi að vissu leyti gengið á bak þess samkomulags sem fjmrn. taldi að hefði orðið í ríkisreikningsnefnd. Fjmrh. sagði það mjög skýrt hér áðan að Ríkisendurskoðun hefði verið aðili að þeirri niðurstöðu sem náðst hefði í ríkisreikningsnefnd, en síðan hefði Ríkisendurskoðun gefið út skýrslu um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 1992 þar sem lýst er allt öðrum skoðunum. Þetta er auðvitað mjög alvarlegur hlutur. Ef skipan mála er þannig að menn telja að ríkisreikningsnefnd sé vettvangurinn til að leysa þetta mál, þá þjónar það auðvitað litlum tilgangi ef önnur aðalstofnunin í þessu máli, Ríkisendurskoðun, fer engu að síður eigin leiðir eins og hæstv. ráðherra var að lýsa hér. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hefur það komið fram að Ríkisendurskoðun sé reiðubúin að lúta þeirri niðurstöðu sem verður í ríkisreikningsnefnd? Mér er ekki kunnugt um að svo sé.

Þá vaknar auðvitað upp sú spurning af því að ráðherrann sagði hér áðan að Ríkisendurskoðun væri ekki hæstiréttur í þessu máli, segjum að sú skoðun ráðherrans sé rétt, þá spyr ég: Hver er hæstiréttur í málinu? Augljósasta svarið við því er að segja: Það er Alþingi sem með atkvæðagreiðslu úrskurðar í málinu. Vandinn er hins vegar sá, hæstv. ráðherra, að Alþingi hefur úrskurðað í málinu. Það er að vísu úrskurður sem ég er ósammála. En það breytir því ekki að í atkvæðagreiðslu sem hér fór fram um tillögu fjárln. varðandi færslu Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins var kveðinn upp dómur hér í þessum sal. Og það var nú þess vegna sem ég sl. sumar dró hæstv. fjmrh. inn í þá umræðu vegna þess að ég hafði saknað hans skýrt í þeirri umræðu eins og fram kemur og hefði gjarnan viljað hafa atkvæði hans á hreinu úr því að hann var ekki þátttakandi í atkvæðagreiðslunni.

Þarna finnst mér vera nokkur mótsögn hjá fjmrn. og hæstv. fjmrh. að segja: Ríkisendurskoðun er ekki hæstiréttur, Alþingi er hæstiréttur. En Alþingi hefur úrskurðað í málinu en það er bara niðurstaða sem fjmrn. getur ekki sætt sig við og fjmrh. flytur hér framsöguræðu 10 mánuðum eftir að Alþingi hefur kveðið upp sinn úrskurð þar sem ráðherrann lýsir því yfir að hann sé ósáttur við það að Ríkisendurskoðun skuli fylgja þeim úrskurði.

Þetta þarf þess vegna að komast á hreint, hæstv. ráðherra, og ráðuneytið að átta sig á því að þótt meiri hluti Alþingis kjósi að fylgja Ríkisendurskoðun, þá verður auðvitað ráðuneytið að gera það upp við sig hvort það ætlar að fylgja þeirri niðurstöðu eða vera áfram í stríði við þingið og við Ríkisendurskoðun.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta mál snýst ekkert um það sem hv. þm. var að tala um hér síðast í sinni ræðu því að ríkisreikningurinn sem við erum að ræða hér er í fullu samræmi við það sem Alþingi samþykkti, einfaldlega vegna þess að inni í ríkisreikningnum eru að sjálfsögðu þessar milljónir kr. sem snúa að Verðjöfnunarsjóðnum. Þetta mál sem við erum að fjalla um hér í dag snýst þess vegna ekkert um það atriði.

Hitt er svo annað mál að í framsöguræðu minni gagnrýndi ég skýrslu Ríkisendurskoðunar. Gagnrýni mín snýst ekkert um fjáraukalög, snýst ekkert um ríkisreikning heldur snýst um það hvort í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga eigi að fjalla um framkvæmd fjárlaganna á grundvelli þess sem Ríkisendurskoðun vill gera með fjáraukalög og ríkisreikning eða hvort fjalla eigi um fjárlög á grundvelli fjárlaga og greiðslugrunns. Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að ég varð stórhissa að hlusta á hv. síðasta ræðumann því að ef hann hefur meint það sem hann var að spyrja mig að, þá hefur hann gjörsamlega misskilið þessa umræðu alla því að það er alveg ljóst að ríkisreikningurinn er settur upp með sama hætti og Alþingi samþykkti.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst nú hæstv. fjmrh. vera almennt í þannig ham í þessu máli að hann sæki þetta eins og þetta sé eitthvert stefnumál ríkisstjórnarinnar sem hann þurfi að verja hér í einhverjum kappræðum á Alþingi. Ástæðan fyrir því, hæstv. ráðherra, að þessi mál hafa komið hér til umfjöllunar með þeim hætti

sem ég og aðrir hafa gert að umræðuefni er að hæstv. ráðherra kaus sjálfur að flytja framsöguræðu þar sem ekki var fjallað nánast „tekníkst" um ríkisreikninginn fyrir 1990 heldur kaus hæstv. ráðherra að hefja hér almennar umræður um samskipti Ríkisendurskoðunar, fjmrn. og Alþingis og þær almennu niðurstöður sem þar falla. Það er ráðherrann sjálfur sem varði ég held meira en helmingi af sinni framsöguræðu til þess að ræða um þá þætti, þær almennu reglur sem þar gilda. Ef ráðherrann hefði haldið sig við hreina „tekníska" framsöguræðu fyrir ríkisreikningnum 1990, þá er mér mjög til efs að þessi umræða hefði nokkurn tíma orðið.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla nú bara að þakka hv. þm. fyrir þær ábendingar sem hann hefur gefið mér um það hvernig semja skuli framsöguræður.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er athyglisvert þegar verið er að fjalla um ríkisreikninginn sjálfan hversu tiltölulega fáir hv. þm. eru hér í umræðunni og ég sakna þorrans af hv. fjárln. og kann það nú að vera enn þá undarlegra. Það er nú einu sinni svo að fjárlög þjóðarinnar og meðferð fjármála eru mælikvarðinn á hvernig til tekst um rekstur þjóðfélagsins og það hlýtur því að sæta furðu hversu lítill áhugi manna er á þessari umræðu. En því tek ég hér til máls að mér þykir, og tek undir það með síðasta hv. ræðumanni, það vera orðið mjög óljóst hver staða Ríkisendurskoðunar er. Undir Alþingi Íslendinga heyra tvö embætti, embætti umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðun. Báðar þessar stofnanir eru þannig settar, það er rétt, að þær eru ekki dómur. En í öllum þeim þjóðfélögum sem ég þekki til eru orð þessara stofnana tekin mjög alvarlega. Svo hefur verið frá því að embætti umboðsmanns Alþingis tók til starfa að menn hafa hlustað þegar umboðsmaður Alþingis lýsir skoðun sinni á einhverju máli og með örfáum undantekningum hefur verið farið að hans ráðum og tillögum og lögum breytt ef hann fór fram á það eða hans embætti þannig að menn taka mjög alvarlega álit umboðsmanns Alþingis. Hið sama ætti auðvitað ekki síður að gilda um Ríkisendurskoðun, en ég fæ ekki betur séð en Ríkisendurskoðun sé komin í þá stöðu að ef þaðan koma gagnrýnisraddir, þá er bókstaflega talað um að Ríkisendurskoðun sé að auka tortryggni.

Hæstv. forseti. Ef ég gegndi þessu virðulega embætti ríkisendurskoðanda væri ég búin að segja af mér. Ég sé ekki að ríkisendurskoðandi geti setið undir þessu. Til hvers er ætlast af honum? Að hann sé að gera einhverjar málamiðlanir við fjmrh. hverju sinni um hvernig sé hægt að möndla með ríkisreikning og fjárlög? Ég held að Alþingi verði að taka þetta mál mjög föstum tökum því að Alþingi Íslendinga er ábyrgt fyrir embætti Ríkisendurskoðunar og ríkisendurskoðanda. Og það er auðvitað gjörsamlega óþolandi fyrir þá stofnun að sitja undir því að hún sé heldur til vandræða fyrir sitjandi ríkisstjórn. Það er kannski, hæstv. forseti, ekki úr vegi að benda á það að áhugi hefur ekki verið mikill fyrir ársskýrslum Ríkisendurskoðunar, því að ég leyfi mér að fullyrða hér að hvorki skýrsla síðasta árs né ársins þar áður hefur verið tekin til umræðu hér í þinginu eins og siður var áður. Ég bið hæstv. forseta að leiðrétta það ef þetta er rangt hjá mér, en ég leyfi mér næstum því að fullyrða að svo sé.

Sannleikurinn er sá að það er afskaplega mörgu áfátt í meðferð ríkisfjármála, afskaplega mörgu og það er erfitt jafnvel fyrir þá sem í fjárln. sitja að afla upplýsinga. Það er sama þó verið sé að bera fram fyrirspurnir um ákveðin mál. Það líður langur tími þar til svör fást og stundum eru svörin á þann veg að þau eru beinlínis gerð til að leyna þeim upplýsingum sem beðið er um og ég gæti nefnt dæmi um það.

Það er líka athyglisvert hversu rólegir menn eru þegar um er að ræða fjármál ríkisins og þegar augljóslega er farið illa að ráði sínu þar. Ég get ekki stillt mig um, hæstv. forseti, að upplýsa það að í morgun kom fram í fjárln. — og þar sat virðulegur ríkisendurskoðandi og hans starfsmenn — að búið væri að setja Hríseyjarferjuna Sæfara á söluskrá erlendis. Og hverjir höfðu gert það? spurðu nefndarmenn. Vegagerð ríkisins. Eins og við munum öll var Vegagerð ríkisins falið að dreifa 300 millj. kr. milli þeirra aðila sem reka ferjur í landinu, en ég veit ekki betur en ýmsir aðrir en íslenska ríkið séu eignaraðilar að bæði umræddri ferju og öðrum ferjum þannig að ég fæ ekki betur séð en þarna sé Vegagerð ríkisins að selja hlut sem hún hefur engin yfirráð yfir. Menn urðu dálítið langir í framan, verður að segjast, í nefndinni. En fyrir mér er það samt undarlegt hversu menn tóku þessu rólega. Ég hefði búist við að menn hefðu flýtt sér að leiðrétta hér mjög alvarlega misnotkun á annarra manna eignum og mér þætti gaman að vita hvað þeir aðilar sem rekið hafa umræddа ferju segja þegar þeir heyra það að hún sé til sölu í útlöndum án þess að þeir hafi nokkurs staðar komið við það mál. Og þetta er ekki einsdæmi. Því miður er þetta ekki einsdæmi. Menn sullast með hina ýmsu sjóði, leggjandi fram fé hingað og þangað eftir geðþótta og ef beðið er um upplýsingar um slík mál þá er ekki annað að heyra en maður sé heldur til óþæginda, heldur leiðinlegur og sínöldrandi. En að maður fái fljótt og vel upplýsingar um það sem maður er að spyrja um, það tilheyrir algjörlega undantekningum. Síðan geta menn svo rætt hér fram og aftur hvort það sé sjálfsagt eða ekki sjálfsagt að tína til nokkra milljarða hér og nokkra milljarða þar svo einhver leið sé að botna í samhengi á milli fjárlaga og ríkisreiknings.

Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði hér áðan í mjög neikvæðum tóni. Það vill svo til að sá þingmaður sem hér stendur veit svolítið um bókhald, hefur meira að segja lært svolítið í bókhaldi og ég leyfi mér að fullyrða að það eru svo sem engin yfirskilvitleg málefni. Það er hægt að skilja bókhald ef fólk hefur einhverja smáskynsemi til að bera og ofurlitla kunnáttu. En að það sé verið að pexa hér hvernig eigi að ganga frá ríkisreikningi og hvort eigi að sýna í fjár-

lögum tekjur ríkisins, þetta er auðvitað fyrir neðan allar hellur en þetta er einfaldlega eftir öðru.

Ég vil því mælast til þess, hæstv. forseti, að því verði komið á framfæri og mun reyna að beita mér fyrir því sjálf í forsætisnefnd hins háa Alþingis að málefni Ríkisendurskoðunar verði hreinlega tekin til umræðu á forsætisnefndarfundi og farið fram á að ársskýrslur Ríkisendurskoðunar verði ræddar hér í þessum sal. Í tíð fyrri hæstv. ríkisstjórna skiptu forsetar með sér verkum á þann veg að hv. núv. 2. þm. Suðurl. var þá forseti efri deildar og var milligöngumaður fyrir hið háa Alþingi við Ríkisendurskoðun, aðrir forsetar önnuðust embætti umboðsmanns Alþingis og önnur þau verk sem þar til heyra, og því mælti hann á hverju ári fyrir skýrslu Ríkisendurskoðunar. Ég fæ ekki betur séð en þessi siður sé aflagður og það telji enginn umræðuvert að ræða Ríkisendurskoðun. Nú veit ég ekki hvort það er af því að núverandi virðulegur ríkisendurskoðandi er ekki nógu þægur ríkisstjórninni eða hvað er ...(**Forseti:** Má forseti grípa fram í fyrir hv. ræðumanni og rifja það upp að ársskýrsla Ríkisendurskoðunar hefur verið tekin hér til umræðu. Forseti man nú ekki nákvæmlega hvenær.) Hvaða árs, virðulegur forseti? (**Forseti:** Síðasta árs en þeirri umræðu er ekki lokið.) Ég þakka virðulegum forseta fyrir þessar upplýsingar sem segja nú ekki annað en hversu mikil virðing er borin fyrir þessari skýrslu. Sjálfsagt hefur einhver sagt nokkur orð um hana og síðan umræðu snarlega verið frestað og sennilega verður það að játast á þann þingmann sem hér talar að hafa ekki verið í salnum nákvæmlega þær mínútur sem þessi mikla umræða fór fram. Það væri því ástæða til að biðja þá um að þessari umræðu yrði haldið áfram sem allra fyrst því að ég hygg að það sé alllangt síðan umræðunni var hleypt af stað og sjálfsagt enginn fengið tækifæri til að taka til máls við þá umræðu, en ég þakka forseta samt.

En ég vil leggja á það áherslu að ég held að það sé afar óheppilegt ef svo er komið að fjmrn. er komið í opið stríð við Ríkisendurskoðun. Við það verður ekki unað. Þar verður að ganga hreint til verks og leiðrétta þá tortryggni sem þar ríkir á milli.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki setið undir þessari ræðu hv. þm. án þess að veita andsvar. Ég tel fyllstu ástæðu til þess að hér komi fram að ég treysti Ríkisendurskoðun fullkomlega í þeim störfum sem Ríkisendurskoðun er ætlað og ég tel að ríkisendurskoðandi sé sínu starfi vaxinn. Ég vil að það komi hér fram því að það mátti skilja annað á orðum hv. þm. Ef talað er um opið stríð, þá hefur það stríð átt sér langan aðdraganda og staðið lengi yfir, um margra ára skeið eins og við vitum. Ég vil ekki kalla þetta opið stríð. Það er ágreiningur um viss efni og sá ágreiningur hefur opinberast. Ríkisendurskoðun hefur gefið fjölmargar ábendingar og veitt gagnrýni og margt af því og sjálfsagt flest er mjög gott og hefur orðið til þess að gera það gagn að starfsháttum hefur verið breytt. Framlagning frumvarpa er hins vegar alfarið á ábyrgð ráðherrans og það er einungis Alþingi sjálft sem getur breytt þeim frumvörpum áður en þau verða að lögum. Þannig er það Alþingi sem í raun er æðsta valdið í þessum málefnum.

Ég vil aðeins vekja athygli á því að það stendur yfir samstarf fjmrn. og ýmissa stofnana þess og Ríkisendurskoðunar til þess að leysa þetta margra ára gamla deilumál og ég leyfi mér að vona og enn fremur að aðrir hv. þm. taki undir það að hægt verði að leysa þau mál með þeim hætti að fram komi frv. sem allir þessir aðilar eru sáttir við.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. ÁRÁ, 337. mál (stofnfjárbréf). — Þskj. 610.

Ólafur Þ. Þórðarson (frh.):

Herra forseti. Ég var í minni ræðu að fjalla um þetta mál og hafði borið fram þá ósk að hæstv. viðskrh. yrði við þegar umræðunni yrði fram haldið því að hér er verið að fjalla um frv. sem er bein afleiðing af frv. til laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Ég heyrði hugmyndir hæstv. iðnrh. um nýjan hlutafjárbanka sem hann hyggst stofna, en í frv. til laga um viðskiptabanka og sparisjóði að því frv. viðbættu sem hér hefur verið flutt af hv. þm. Árna R. Árnasyni verður ekki annað skilið en allir sparisjóðir Íslands séu gerðir að hlutafélagsbönkum. Mér þykja það nokkur tíðindi og vildi þess vegna gjarnan ítreka það við forseta hvort hugsanlegt væri að hæstv. viðskrh. hefði tíma aflögu fyrir þingið til að vera viðstaddur þessa umræðu og mun nú gera hlé á máli mínu til þess að hlýða á hvað forseti hefur um það að segja. (**Forseti:** Forseti hefur þegar leitað eftir því hvort hæstv. viðskrh. geti verið við umræðuna og bíður eftir svari, en forseti tekur það fram að hann vissi ekki um ósk hv. 2. þm. Vestf. frá þeim tíma er hann frestaði ræðu sinni fyrir nokkrum dögum.)

Herra forseti. Ég vil þakka það svar sem hér hefur borist. Mér er það ljóst að ekki berast allar fréttir á milli hinna fjölmörgu forseta þingsins, en ég hygg að það sé óhjákvæmilegt að fara örlítið yfir þetta mál í samhengi.

Nú er það svo að mörgum hinum ungu finnst sem þeir komi inn í „veröld hinna fráteknu stæða" þar sem þeir sem fyrir eru hafi með ýmsu móti komið sér mjög kyrfilega fyrir, verið ákaflega hagsýnir í því að leggja undir sig þá möguleika sem eru til staðar í samfélaginu, búa um sig á ýmsa vegu. Við sjávarsíðuna í þorpum landsins eru margir sem horfa á „veröld hinna fráteknu stæða" þegar þeir horfa á þær leikreglur sem þar hafa verið upp settar. Hið sama má segja að gildi að nokkru leyti í landbúnaði og það má segja að það sama eigi nú að taka við varðandi íslenska sparisjóði.

Sparisjóðirnir íslensku voru stofnaðir með þeim hætti að ákveðnir menn lögðu í þá áhættu að gerast

ábyrgðarmenn að sparisjóði. Þeir áttu ekkert víst í þeim efnum að þeirra sonur eða dóttir tæki við þeirri ábyrgð eða þeirri virðingu sem stundum fylgdi en jafnframt áhættu. Þeir gerðu þetta aftur á móti sumpart af þegnskap til þess að láta gott af sér leiða í því samfélagi sem þeir voru þegnar í. Margir þessara manna unnu mikið og óeigingjarnt starf fyrir sín byggðarlög með þátttöku sinni sem ábyrgðarmenn í sparisjóðunum. Þeir hafa sumir hverjir verið að kveðja og margir horfið yfir móðuna miklu, frumkvöðlarnir sem stóðu að þessu. Aðrir hafa verið að taka við. Þeir sem taka við gera það ekki vegna þess að ákveðinn maður kom til þeirra og sagði: Heyrðu góði minn, vilt þú vera ábyrgðarmaður í sparisjóðnum af því að ég er að hætta? Nei. Þeir tóku við vegna þess að á stofnfundi viðkomandi sparisjóðs var tilkynnt að þessi eða hinn léti þar af ábyrgðum en fundurinn mælti með því að nýir aðilar yrðu teknir inn og að viðkomandi aðilar hefðu samþykkt að gerast ábyrgðarmenn í sparisjóðnum. Þannig hafa þessir hlutir gengið fyrir sig. En jafnframt var það sjálfkrafa að sýslufélög eða bæjarfélög áttu fulltrúa í stjórnum viðkomandi sparisjóða. Það sem hér er að gerast aftur á móti er það, séu þessi tvö frumvörp skoðuð, að ábyrgðin sem menn tóku að sér á að verða þeirra eign.

„Veröld hinna fráteknu stæða" er skipulögð. Það sem einu sinni átti ekki að fara eftir erfðum skal nú fara eftir erfðum og blóðsuppruna. Svo einfalt er það mál. Af því að Jón Jónsson er í dag orðinn ábyrgðarmaður í þessum sparisjóði þá á hann sjálfkrafa að fá stofnhlutann sem hlutafé gagnvart framtíðinni með sömu réttindum og skyldum og erfingjar hans að gerast erfingjar að þessu.

Ég tel að sú hugsun sem hér kemur fram sýni alveg sérstaklega hugsunarhátt eins manns á Íslandi sem hefur verið mjög iðinn við það að tryggja það að „veröld hinna fráteknu stæða" tæki við á sem flestum sviðum.

Einu sinni átti öll þjóðin stofnun sem sá um að hafa eftirlit með skoðun á bílum. Öll þjóðin átti þá stofnun. Henni var breytt í hlutafélag. Það var afhent á silfurfati og í dag er það orðið spurning um arðgreiðslu til ákveðinna aðila hvaða skatt menn greiða þegar þeir eru að láta skoða bílinn sinn. „Veröld hinna fráteknu stæða" hefur tekið við. Ég vara við þeim hugsunarhætti að setja allt þjóðfélagið upp á þennan hátt. Ég vara við þeim hugsunarhætti. Og ég skil ekki hvaða heilbrigð skynsemi getur legið á bak við það ef maður sem gerðist ábyrgðaraðili að sparisjóði, segjum í fyrra, eigi núna í ár að vera skoðaður sem einn af eigendum sparisjóðsins. Hvaða hugsun liggur á bak við þetta? Ber honum þá að telja það fram á sinni skattskýrslu að honum hafi ekki áskotnast arfur heldur hafi honum áskotnast gjöf frá hæstv. viðskrh. eða Alþingi Íslendinga þar sem honum hafi verið úthlutaður viss hluti í sparisjóðnum sem eign og það er búið með þessu móti að gera alla sparisjóði Íslands að hlutafélagsbönkum í reynd? Hafa ábyrgðarmennirnir beðið um þetta? Ég þekki þó nokkuð marga svona ábyrgðarmenn og ég held að þeir hafi ekki beðið um þetta. Það má vel vera að í þeirra röðum sé að finna menn sem hafi dreymt um það að breyta ábyrgðarhluta sínum við sparisjóðinn í eignaraðild að sparisjóðnum. En þá er líka orðið stutt í að það verði Ísland hf. sem taki við á öllum sviðum. Þjóðkirkjan hf., Ísland hf. Er það það sem menn vilja? Er það nefnilega tilfellið að hugsunin sem kom fram í ágætri bók og var orðuð á svo snilldarlegan hátt að allir eigi að vera jafnir, aðeins mismunandi jafnir? Var það ekki George Orwell sem setti þetta fram í sinni uppsetningu þegar hann hafði svínin með misjöfnum lit eftir því hvaða skoðanir þær höfðu á vissum málum?

Ég er undrandi á því að menn skuli ganga svo blygðunarlaust fram í að gefa eignir sem urðu til með samstöðu Íslendinga, gefa þær einstökum aðilum og leggi nú hvað mest kapp á það að tryggja það að í skattalögum sé þess gætt að þeir geti eignast þessa hluti á sama hátt og menn hafi verið að kaupa sér hlutafé í hlutafélagsbönkum. Auðvitað hafa þeir menn sem gerðust ábyrgðarmenn verið að taka á sig vissa áhættu. Það fer ekkert á milli mála. En þeir tóku þá áhættu á sig af fúsum og frjálsum vilja og það er ekkert sem bendir til þess að ekki sé hægt að fá ábyrgðarmenn í sparisjóðina sem séu reiðubúnir að taka þessa ábyrgð á sig af fúsum og frjálsum vilja. En „veröld hinna fráteknu stæða" er kerfið sem hér skal koma á. Og hvaða lönd hafa náð einna lengst í því að koma á „veröld hinna fráteknu stæða"? Ætli Indland með sitt lagskipta kerfi hafi ekki komist næst því að koma á „veröld hinna fráteknu stæða" þar sem það var bundið við fæðingu inn í hvaða stéttir menn fóru og var nánast vonlaust að komast út úr þeim stéttum. Það var búið að lagskipta þjóðfélaginu í hólf og gólf. Það var búið að tryggja það nánast að menn héldu sig í ákveðnum stöðum í samfélaginu og brytust ekki út úr þeim. Ég hélt satt best að segja að með lýðræðisþróun Vesturlanda hefðu menn verið með á því að þetta væri ekki sú veröld sem við vorum að óska eftir. Við höfnuðum því að einvaldskonungarnir hefðu þegið vald sitt frá guði. Nú eiga menn að þiggja heila sparisjóði að gjöf frá hæstv. viðskrh. með blessun Alþingis. Og hæstv. viðskrh. telur sig ekki hafa tíma til þess að því er virðist að vera við í sölum þingsins þegar slík mál eru rædd.

En svo merkilegt sem það er, þá er það alveg á hreinu að sú réttindagjöf sem hér er verið að framkvæma er út af fyrir sig á valdi Alþingis Íslendinga. Það skal ekki dregið í efa. Þingið getur samþykkt þessa hluti. Þingið hefði líka getað samþykkt það með almannatryggingakerfið á sínum tíma að loka því. Þingið hefur ýmsa möguleika til að setja upp margvíslegar gildrur sem stoppa það að sá sem kemur á eftir geti fetað þá leið sem sá fór sem var á undan.

Ég tel að það meinleysislega frv. sem hér er flutt af hv. þm. Árna R. Árnasyni hafi blessunarlega orðið til þess að vekja athygli mína á því hvað hæstv. viðskrh. var í raun að gera. Það er ekki svo lítil eign að gefa ákveðnum hóp í þjóðfélaginu alla sparisjóðina á Íslandi. Það er ekki svo lítil eign. Þetta er þokkalegasta fermingargjöf. Ég vona að hv. sóknarprestur af Aust-

urlandi, hv. 5. þm. Austurl., séra Gunnlaugur Stefánsson, geti skrifað undir að það væri hin þokkalegasta fermingargjöf að fá það staðfest að hann yrði eigandi að sparisjóðnum að sínum hlut þegar hann hefði vit og heilsu til, ákveðinn þegn sem væri að ganga fyrir gafl. Ekki veit ég nú hvort hæstv. viðskrh. hefur hugsað sér að þetta yrði almennt í fermingargjafaflóðinu eða í jólagjafaflóðinu. En það væri fróðlegt að fá það upp, hvaða fjármuni er verið að gefa. Hvaða eignir eru þetta samtals sem verið er að gefa? Hve mörg hundruð milljónir er verið að gefa? Og er ætlunin að menn geti tekið við þessum gjöfum án þess að borga þá af þeim tekjuskatt? Án þess að borga þá af þeim eignarskatt? Hvernig er þetta hugsað? Ja, það eru margir örlátir á annarra fé, ég verð að segja það. Það vill loða við marga að þeir eru örlátir á annarra fé.

Hv. þm. Árni R. Árnason hefur einfaldlega áttað sig á því að ef þessi gjöf er afhent og það er búið að breyta þessu öllu í hlutafélag, þá vill hann hafa sömu réttindi og skyldur hjá þessum aðilum og hinum. Hann vill hafa sömu réttindi og skyldur. — Og er nú hæstv. viðskrh. genginn í salinn. — Ég var, hæstv. viðskrh., að vekja á því athygli að við mörgum blasti „veröld hinna fráteknu stæða" sem þeir sem nú eru uppi vilja koma sér fyrir í á mjög hagstæðan máta. Ég var að rekja það hér að á sínum tíma stóðu þjóðhollir Íslendingar að því að stofna sparisjóði. Þeir gengu í ábyrgð fyrir þessa sjóði. Flestir þessara manna eða mjög margir eru nú komnir undir græna torfu, aðrir hafa tekið við. Og hafi maður gerst ábyrgðaraðili að sparisjóði, t.d. í fyrra, þá er verið að veita viðkomandi aðila gjöf í dag. Það er verið að leggja til að hann sé að verða eigandi að sparisjóði á Íslandi ásamt mörgum öðrum. Og hv. þm. Árni R. Árnason vill í skattalögum tryggja það að hlutafélagsbankarnir hinir nýju sem verið er að stofna með þessum hætti, sparisjóðirnar á Íslandi, að stofnfjáraðilarnir þar séu í reynd með sömu réttindi og skyldur, sömu aðstöðuna og þeir sem eiga hlutafé í bönkunum. Hann hefur þess vegna flutt frv. til laga um tekju- og eignarskatt með síðari breytingum.

Ég hef varpað fram þeirri spurningu: Hvaða eignir eru það sem verið er að gefa mönnum með þessum hætti? Hvaða upphæðir er hér um að ræða? Verða þeir látnir greiða tekjuskatt af gjöfinni eða eignarskatt í framhaldi af því? Ég segi fyrir mitt leyti að ég tel það alveg út í hött að ábyrgðaraðilar sparisjóðanna eigi að gerast eigendur þeirra. Ég tel það algerlega út í hött. Er ekki hugsanlegt að þetta samfélag eigi einhverja hluti áfram? Er ekki hugsanlegt að það hafi orðið samkomulag hjá íslenskri þjóð í reynd um að það fyrirkomulag að Bifreiðaskoðun Íslands hf. sé ekki fyrirmyndin að öllu sem við eigum að koma hér upp í landinu? En það er siglt undir þeim merkjum. Ég hef ekki heyrt neinar hugmyndir um að Seðlabankinn eigi að verða að hlutafélagsbanka. En það getur vel verið að það komi á næsta þingi þó það sé ekki komið fram enn. Og samfélag sem hefur sett sér upp þá stefnu að það eigi nánast að breyta öllu í hf., er samfélag sem ég tel vera í eðli sínu andlýðræðislegt. Það er samfélag hinna fráteknu stæða, hæstv. viðskrh. Það er samfélag þar sem æskumaðurinn finnur að hinir sem á undan komu, hreiðruðu um sig, komu sér fyrir og ætla hinum yngri aðra kosti og aðra möguleika en þeir höfðu sjálfir. Þeir sem á sínum tíma stofnuðu sparisjóðina áttu ekkert víst í þeim efnum að þeirra synir eða dætur yrðu erfingjar að sparisjóðunum, enda hefur ekki svo orðið í reynd. En núna á það allt í einu að gerast að þeir sem í dag, nákvæmlega í dag eru ábyrgðarmenn, eiga að verða eigendurnir. Og í beinu framhaldi af því og í ljósi þess hefur hv. þm. Árni R. Árnason flutt hér frv. um tekju- og eignarskatt. Hann vill einfaldlega að menn gangi í takt í þessu máli. Hann vill að það sé ekkert skilið út undan í þeim efnum að hér sé um hlutafélög í reynd að ræða.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson óskaði eftir því að hæstv. viðskrh. yrði viðstaddur þessa umræðu. Tilefnið var það að hæstv. viðskrh. sé að beita sér fyrir breytingum á íslensku fjármagnslífi og þjóðfélagi sem hæpið sé að séu skynsamlegar eða að gerðar séu með réttum hætti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að vekja máls á þessu hér. Það er hins vegar mjög leitt hve fáir eru viðstaddir í salnum en vissulega væri einnig tilefni til þess að hæstv. forsrh. kæmi til þessarar umræðu.

Í gær birtist í Morgunblaðinu ítarleg grein „Íslenski fjárfestingarbankinn" eftir Agnesi Bragadóttur. Dómurinn sem hæstv. viðskrh. fær í þessari grein, ef hún er rétt, er auðvitað þannig að helst er hægt að líkja greininni við pólitíska aftöku. Verði þessi grein ekki hrakin, þá er alveg ljóst að hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson er orðinn marklaus á opinberum vettvangi á Íslandi. Agnes Bragadóttir, sem almennt er talin sá blaðamaður Morgunblaðsins sem bestan aðgang hefur að ráðherrum í ríkisstjórn Íslands og hefur það hlutverk á ritstjórn Morgunblaðsins að skrifa fréttir og yfirlitsgreinar af þeim vettvangi, rekur í þessari grein hvernig hæstv. viðskrh. hafi greint rangt frá opinberlega varðandi ákvarðanatöku og umræður í ríkisstjórn Íslands um hinn væntanlega fjárfestingarbanka. Í greininni segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Hann [þ.e. viðskrh.] greindi afmælisbörnunum frá samkomulagi iðnrn. við FÍI og Landssamband ísl. iðnaðarmanna um stofnun slíks fjárfestingarbanka með yfirtöku Iðnlánasjóðs og sameiningu hans við Iðnþróunarsjóð í ársbyrjun 1996. Nú sl. miðvikudag áréttaði ráðherrann þessa stefnu sína í ræðu á ársþingi Félags ísl. iðnrekenda, jafnframt því sem hann var búinn að gefa bankanum sínum nafn, Íslenski fjárfestingarbankinn hf., og boðaði að nú væri unnið að gerð lagafrv. um stofnun banka sem yrði í eigu samtaka iðnaðarins og ríkisins."

Síðan er rakið í þessari fréttaskýringargrein hvernig hæstv. fjmrh. og hæstv. sjútvrh. hafi komið af fjöllum þegar iðnrh. lýsti því yfir á afmælisfundinum að það hefði orðið niðurstaðan í ríkisstjórn að skipa málum með þessum hætti. Og greint er frá því að síðan hafi málið verið tekið upp í ríkisstjórn þar sem það hafi verið upplýst að engin umræða hafi farið fram í

ríkisstjórninni um málið, hvað þá heldur að ríkisstjórnin hafi samþykkt það. Það eina sem sé flugufótur fyrir þessari opinberu yfirlýsingu hæstv. viðskrh. um ráðstöfun á opinberum fjármunum, þessum sjóði, sé símtal við hæstv. forsrh. Síðan segir í fyrrnefndri grein, með leyfi virðulegs forseta:

„Svo er að heyra sem almennt sé nú litið þannig á í stjórnarflokkunum að Jón Sigurðsson, iðn.- og viðskrh., hafi ákveðið að láta af ráðherradómi í sumar og taka sæti dr. Jóhannesar Nordals í Seðlabankanum á miðju sumri. Samstarfsmenn hans í ríkisstjórn segja að kannski þvælist það fyrir ráðherranum þegar hann lítur um öxl og skoðar eigin afrekaskrá að á þeirri vegferð séu ekki þeir pólitísku minnisvarðar sem hann vildi reisa sér í ráðherratíð. Hann hafi iðulega rekið í vörðurnar í stað þess að reisa þær. Nú sé hver að verða seinastur fyrir ráðherrann og með afmælisgjöfinni „góðu" til iðnrekenda hafi hann kannski náð, a.m.k. í hugum sumra, að gera eins og einn minnisvarðann fokheldan.

Þótt menn séu ærið harðir í gagnrýni sinni á ráðherrann, eru þó einstaka menn sem taka upp hanskann fyrir hann og benda á að ekki sé alfarið hægt að sakast við ráðherrann þótt stefnumál hans hafi ekki orðið að veruleika, samanber álmálið." Síðan segir: „En jafnvel málsverjendur ráðherrans á þessu sviði segja þó að ráðherrann hafi mjög skemmt fyrir sér með stöðugum og ótímabærum yfirlýsingum um að þetta málið eða hitt væri í höfn, þegar það var kannski enn ekkert nema hugmynd sem búið var að setja á blað."

Það er ánægjulegt að hæstv. forsrh. er kominn hér í salinn. Ég var, hæstv. forsrh., að lýsa þeirri skoðun minni að sé sú frásögn sem birtist í Morgunblaðinu í grein Agnesar Bragadóttur rétt um meðferð hæstv. viðskrh. og iðnrh. á lánasjóðum iðnaðarins, þá er alveg ljóst að yfirlýsingar ráðherrans eru orðnar marklausar á opinberum vettvangi. Það er greint frá því mjög nákvæmlega í þessari grein af þeim blaðamanni Morgunblaðsins sem talinn er hafa best sambönd við forustusveit stjórnarflokkanna að hæstv. iðnrh. hafi beinlínis farið með rangt mál, svo ekki sé nú sterkara til orða tekið, á opinberum vettvangi þegar hann greindi frá umfjöllun í ríkisstjórn um þessi mál. Það eina sem hafi síðan reynst vera flugufótur fyrir yfirlýsingu hæstv. ráðherra, sem ég og aðrir, þjóðin öll hlustaði á í fjölmiðlum sem góðar og gildar yfirlýsingar, væri símtal við hæstv. forsrh. Og síðan er það rakið í greininni að hæstv. iðnrh. hafi þannig grafið undan kröfu ríkissjóðs um að vera eigandi að Fiskveiðasjóði og þannig skapað Landssambandi ísl. útgerðarmanna, sérstaklega Kristjáni Ragnarssyni, alveg ákjósanlega stöðu fyrir útgerðarmenn til þess að gera sams konar kröfur í gjöf Fiskveiðasjóðs til þeirra eins og iðnrh. hafi afhent iðnaðinum úr þessum opinbera sjóði. Hæstv. forsrh. hefur staðið í ákveðnum deilum við forsvarsmenn útgerðaraðila um eignarhaldið á Fiskveiðasjóði og því hefur verið haldið fram hvað eftir annað að Fiskveiðasjóður væri ekki eign útgerðarinnar í landinu heldur væri þar um að ræða opinberan sjóð.

Það er auðvitað afar sérkennilegt að ráðherra í ríkisstjórn Íslands skuli tilkynna á aðalfundi samtaka iðnaðarins, sérstökum afmælisfundi, að ákveðið hafi verið að afhenda iðnaðinum opinbera sjóði til ráðstöfunar og meðferðar nánast að gjöf og fyrir liggi samkomulag um slíkt í ríkisstjórn, þegar í salnum sitja fjmrh. og sjútvrh. sem samkvæmt þessari frétt hafa aldrei heyrt um málið. Fara síðan inn í ríkisstjórn og segja: Hvað er eiginlega hér á seyði? Fá þau svör að það eina sem sé á bak við þetta sé símtal við hæstv. forsrh. og fyrir liggi engin samþykkt í ríkisstjórninni í málinu, hvað þá heldur í þingflokkum stjórnarflokkanna.

Fjármálakerfi lands er nú einu sinni þannig að það er hættulegt að leika sér með það og enn hættulegra þegar í hlut eiga ráðherrar sem samkvæmt þessari frétt eru komnir í kapphlaup um orðstír sinn á stjórnmálavettvangi vegna þess að þeir séu innan tíðar að yfirgefa hann. Hæstv. viðskrh. hefur nú stofnað tilvist Búnaðarbankans og Landsbankans í fullkomna óvissu. Hæstv. viðskrh. er hvað eftir annað að lýsa því yfir að hann ætli að gera Landsbankann og Búnaðarbankann að hlutafjárbanka. Þar með er hann að veikja stöðu þessara banka til lántöku erlendis og í viðskiptum vegna þess að rekstrarform bankans er í óvissu. Hæstv. ráðherra hefur hins vegar engu svarað í þeim efnum, ef hann ætlar að selja Landsbankann, ætlar hann þá að dæla úr ríkissjóði peningum inn í Landsbankann til þess að bankinn standist BIS-reglurnar eða ekki áður en til þess kemur að breyta bankanum í hlutafélag og selja hann?

Ráðherra hefur síðan lagt fram frv. um Seðlabankann og það er hvað eftir annað sagt í Morgunblaðinu og líka í þessari grein að um það frv. sé ekki heldur samkomulag innan stjórnarflokkanna. Gott ef forsrh. hefur ekki staðfest það opinberlega í viðtali við Morgunblaðið að innan Sjálfstfl. séu efasemdir um einhverja þætti í frv. Og nú bætist það við að í heilli tveggja síðna grein í Morgunblaðinu er af þeim blaðamanni sem allir vita að hefur öruggst sambönd í forustusveit ríkisstjórnarinnar rakið nákvæmlega að hæstv. viðskrh. hafi farið með fleipur, rangt mál og staðlausa stafi þegar hann var að greina frá á opinberum vettvangi ákvörðunum ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun sjóða iðnaðarins.

Það er ekki hægt að búa við það að menn í ábyrgðarstöðum, viðskiptaráðherra Íslands, leiki sér svona í yfirlýsingum. Þess vegna er auðvitað nauðsynlegt að hér komi fram, fyrst þessi mál komu á dagskrá í ræðu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, þó frv. sjálft sem hér er til meðferðar gefi kannski ekki tilefni til þess, ræðan gerði það áðan, og fyrst þessir tveir ráðherrar eru hér staddir, að við hér á Alþingi sem höfum hlustað á þessar yfirlýsingar fáum skýr svör við því hvort þetta sé rétt. Er þetta rétt? Ef eitthvað í þessari frásögn Morgunblaðsins af stjórnarheimilinu er rangt, hvað er þá rangt? Því að það er auðvitað ekki við það búandi að fyrst sé hæstv. viðskrh. með sífelldar yfirlýsingar sem ekki standast um Búnaðarbankann, síðan sé hann með sífelldar yfirlýsingar sem ekki standast um Landsbankann. Svo sé hann með sífelldar yfirlýsingar sem ekki standast um Seðlabankann og nú sé hann búinn að

bæta við lánasjóðum iðnaðarins og farinn að flytja yfirlýsingar um þá sem ekki standast heldur.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég átta mig nú ekki alveg á því af hverju þetta mál er rætt með þessum hætti undir þessum dagskrárlið. Ég var að vísu ekki inni við upphaf umræðunnar, en vil aðeins taka fram vegna þess sem ég hef heyrt eftir að ég kom í salinn að ég fyrir mitt leyti tel ekkert athugavert við málatilbúnað hæstv. viðskrh. í máli þessu. Mál þetta er í réttum farvegi í ríkisstjórninni, hefur verið rætt þar. Það kemur síðan í frumvarpsformi til þingsins og þingið tekur efnislega afstöðu. Ég hef ekki farið yfir grein þessa ágæta blaðamanns lið fyrir lið, en ef hv. þm. getur dregið slíkan áfellisdóm um hæstv. viðskrh. eins og hann gerði af greininni, þá er þessi grein ekki á réttu róli.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað afar sérkennilegt ef hæstv. forsrh. hefur ekki lesið þessa grein, annar eins áhugamaður og hann er nú um stjórnmál almennt og um sína eigin ríkisstjórn, þá er það satt að segja mjög sérkennilegt að hann skuli ekki hafa lesið þessa gerin. Það er að vísu hugsanlegt að ráðherrann hafi verið svo önnum kafinn að annað hafi haft forgang. En ég vil hins vegar segja ráðherranum það að í þessari grein eru slíkar ásakanir og svo nákvæmar um gang mála í ríkisstjórn Íslands og frásögn af fundi í ríkisstjórn Íslands að ef þær eru ekki bornar til baka, ekki með almennum orðum og almennri traustsyfirlýsingu í garð viðskrh. eins og hæstv. forsrh. gerði hér áðan, þá standa þær auðvitað óhaggaðar. Þær eru þess eðlis að hæstv. viðskrh. hafi farið með rangt mál á afmælisfundunum og fundi iðnaðarins og mín spurning, hæstv. forsrh., var um það: Fór hæstv. viðskrh. með rangt mál á þessum fundum eins og ítarlega er rakið í greininni í Morgunblaðinu? Við því verður að fást alveg nákvæmt svar. Það kemur í sjálfu sér þessu máli ekki við hvort hæstv. forsrh. vill gera athugasemdir við málsmeðferð viðskrh. á málinu, það er svo annar handleggur. Það sem við þurfum að fá að vita og það sem þjóðin þarf að fá að vita er þetta: Er hægt að treysta opinberum yfirlýsingum viðskrh. eða fer hann með rangt mál og það meira að segja vísvitandi eins og haldið er fram í þessari grein?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega ekki þannig þó að skrifaðar séu blaðagreinar um eitthvað sem á að hafa gerst inni í ríkisstjórn að sé því sem þar er skrifað ekki svarað lið fyrir lið, þá standi þær greinar. Það veit hv. þm. sem verið hefur ráðherra sjálfur.

En vegna þeirra ummæla og spurninga um það sem fram kom hjá hæstv. viðskrh. á hátíðarfundi iðnaðarins, þá var ekki bara svo að mér væri kunnugt um þau orð sem þar féllu, heldur las ég þann texta yfir, hvert einasta orð áður en hæstv. viðskrh. gaf þá yfirlýsingu þannig að hún var í fullu samráði við mig gefin.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. hefur nú sagt hér að hann hafi lesið yfir þennan texta. Það hefur hugsanlega gerst sérstaklega eða í því samtali sem vísað er til í blaðagreininni. Hins vegar er því haldið fram í blaðagreininni að hvorki fjmrh. né sjútvrh. hafi nokkuð vitað af málinu. Þess vegna hafi þeir sem voru viðstaddir á þessum fundi komið af fjöllum þegar því var lýst yfir fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands að það ætti að gefa iðnaðinum þessa sjóði og sú stefna væri flutt án þess að það hefði nokkru sinni verið rætt í ríkisstjórninni, heldur hefði minnisblaðið eingöngu verið lagt fram í ríkisstjórn eftir að búið var að tilkynna opinberlega að það ætti að gefa iðnaðinum þessa sjóði. Og þetta er auðvitað það sem er kjarni þessa máls, ekki hvort hæstv. forsrh. les yfir ræðurnar nema það sé búið að taka upp þá skipan í ríkisstjórn Íslands að forsrh. fari með alræðisvald í stjórninni. Hæstv. forsrh. hristir höfuðið við þeirri fullyrðingu og ég hugsa að það sé rétt hjá honum. Það er auðvitað ekki sú skipan hér. Og þá dugir ekki að forsrh. lesi einhverja texta eða heyri þá í símanum ef verið er að tilkynna ráðstöfun á veigamiklum, opinberum sjóðum í hendur einkaaðila. Þess vegna finnst mér að hæstv. forsrh. þurfi að kynna sér rækilega þessa grein. Auðvitað er það almennt rétt hjá honum að menn bera kannski ekki til baka allt það sem sagt er. En þessi grein er einstök fyrir þá sök að hún er gagngert skrifuð af helsta stjórnmálablaðamanni Morgunblaðsins, víðlesnasta blaði landsins, til þess að rekja það nákvæmlega að orðum hæstv. viðskrh. sé ekki treystandi. Það er boðskapur greinarinnar. Og við sem þekkjum nú dálítið til í fjölmiðlaheiminum á Íslandi vitum það auðvitað að Agnes Bragadóttir og Morgunblaðið fara ekki að skrifa grein af þessu tagi nema ærin ástæða sé til og þess vegna verður þjóðarinnar vegna og okkar og þingsins vegna að rekja það nákvæmlega hvað er rangt í þessari grein — ef eitthvað.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er vissulega ekki verkefni þessa þingfundar að fjalla um blaðagreinar í Morgunblaðinu um efni sem eru alveg óskyld frv. sem hér er til umræðu. En vegna orða hv. 8. þm. Reykn. vil eg taka það skýrt fram að yfirlýsingar mínar í þessu máli, málefnum lánasjóða iðnaðarins, og yfirlýsingar mínar um stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum Seðlabanka Íslands og viðskiptabanka í eigu ríkisins, sem gefnar hafa verið á opinberum vettvangi, eru byggðar á sameiginlegri stefnu ríkisstjórnarinnar. Það gildir um þetta mál og það gildir um hin tvö sem nefnd voru. Síðar mun að sjálfsögðu koma í ljós þegar þessi málefni ber fyrir þingið eins og eðlilegt er hvernig þingið afgreiðir þau. En það er fjarri öllu lagi að tala á þann hátt sem hv. þm. gerði hér, að á einhvern hátt hafi verið ráðskast með málefni þessara stofnana án þess að það

væri að réttum lögum og leikreglum gert. Því vísa ég algjörlega á bug og skil reyndar ræðuna svo, sem hér var flutt áðan, að það sé reyndar aðaltilgangur hennar að gefa slíkt í skyn. Það er að sjálfsögðu fjarri öllu lagi og ósæmilegur málflutningur á Alþingi Íslendinga.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. viðskrh. treysti sér ekki til þess að segja það hér áðan að tilkynning hans á aðalfundum iðnaðarins hefði verið samþykkt í ríkisstjórninni áður en hún var flutt. Það var auðvitað það athyglisverða í ræðu hans hér áðan. Það kom ekki fram heldur kom í staðinn almenn yfirlýsing um að það sem hann hefði sagt um bankana og þessa sjóði og fleira væri í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar. Um það snýst ekki þetta mál. Málið snýst um það hvort hæstv. viðskrh. hafi greint þjóðinni rangt frá þegar hann greindi frá því að ríkisstjórnin hefði ákveðið að gera þetta með þessum hætti. Og það er upplýst í Morgunblaðinu að það mál hafi aldrei verið rætt í ríkisstjórninni og meira að segja tilgreint sérstaklega að hæstv. fjmrh. hafi þá fyrst heyrt af því þegar iðnrh. tilkynnt það opinberlega. Væri nú fróðlegt að hæstv. fjmrh. bæri líka vitni í þessu máli því að það er auðvitað mjög alvarlegur hlutur fyrir hæstv. fjmrh. þegar því er haldið fram eins og ég hef hér rakið að hæstv. viðskrh. sé farinn að gefa eigur ríkisins — sé farinn að gefa eigur ríkisins án þess að hafa fyrir því í fyrsta lagi formlegt samþykki í ríkisstjórn og þar með fjármálaráðherrans og auðvitað í öðru lagi samþykkt þingflokka og helst Alþingis. Ef ákvörðunartakan er orðin með þeim hætti að menn fara út á völlinn og tilkynna gjafir á eigum ríkisins bara eftir símtal við hæstv. forsrh., hvar erum við þá stödd í þessu stjórnkerfi? Er þá bara kerfið orðið „Ríkið, það er ég" sem hæstv. viðskrh. fer eftir? Það væri auðvitað fróðlegt að heyra í hæstv. fjmrh. í þeim efnum. Ég vek enn athygli á því að það sem sagt er í þessari grein um samhengið við Fiskveiðasjóð er auðvitað alveg hárrétt því með nákvæmlega sömu rökum og hæstv. iðnrh. virðist vera að gefa upp á sitt eindæmi, a.m.k. opinberlega samkvæmt eigin yfirlýsingum eigur iðnaðarins, eigur ríkisins til iðnaðarins, geta forsvarsmenn sjávarútvegsins gert kröfur í Fiskveiðasjóð. Þessi ákvarðanataka er auðvitað öll með eindæmum og það væri auðvitað réttast í málinu að ríkisstjórnin gæfi út formlega yfirlýsingu í málinu til þess að fá það alveg á hreint hvernig það er vaxið.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að vísu ekki unnt að segja að þessi ræðuflutningur hv. 8. þm. Reykn. sé einsdæmi, en hann er með endemum. Einsdæmi er hann ekki vegna þess að hann hefur áður flutt slíkar ræður hér í þinginu. Ég vil að þessu sinni, virðulegi forseti, eingöngu ítreka það sem ég sagði hér áðan. Ég hef ekki gefið rangar yfirlýsingar um stöðu þessara mála á opinberum vettvangi, hvorki um það mál sem hér er sérstaklega nefnt af hv. 8. þm. Reykn. um málefni lánasjóðs og lánasjóða iðnaðarins. Þar hef ég hvergi skýrt frá öðru en rétt er og ég mun ekki una því að hv. þm. komi hér hvað eftir annað og haldi öðru fram. Ósannindamaðurinn þar er hv. 8. þm. Reykn.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki farið með nein ósannindi. Ég hef spurt hæstv. viðskrh. og vegna þess að það hafa ekki komið svör, þá er málið enn þá jafnóljóst, líka eftir þessa ræðu. Hæstv. viðskrh. er búinn að hafa ærin tækifæri hér og hæstv. forsrh. til að upplýsa það hvort fjmrh. vissi um þessa ákvörðun þegar iðnrh. tilkynnti hana opinberlega. Það er búið að spyrja að því hvað eftir annað. Það hefur ekkert svar fengist við þeirri spurningu. Í staðinn koma almennar yfirlýsingar um stefnu ríkisstjórnarinnar og af hverju treystir hæstv. viðskrh. sér ekki til að svara því? Er það kannski vegna þess að frásögnin í Morgunblaðinu er rétt og hæstv. fjmrh. hafi ekkert vitað um að það ætti að gefa iðnaðinum þennan opinbera sjóð fyrr en hann heyrði iðnrh. gera það opinberlega? Og fyrr en því verður neitað stendur auðvitað fullyrðing Morgunblaðsins og almennur dans hæstv. viðskrh. og að nokkru leyti hæstv. forsrh. hér í ræðustólnum breytir engu um það.

Það er auðvitað líka athyglisvert að hæstv. fjmrh. situr hér í salnum og segir ekki neitt. (**Gripið fram í:** Ekki orð.) Er það vegna þess að það er rétt sem stendur í Morgunblaðinu? (**Fjmrh.:** Hann hefur nú rétt til að þegja.) Já, hæstv. fjmrh. kallar fram í að hann hafi rétt til að þegja. Það er alveg rétt, hæstv. fjmrh. Ég hef ekki beðið um það að hann kæmi hér sérstaklega upp í þessu máli. En það hljóta auðvitað allir að túlka þögn hans á einn veg. Það er ekki hægt að túlka hana öðruvísi.

Þetta er auðvitað orðið þannig með hæstv. viðskrh. að þetta gengur ekki. Nú ætla ég ekkert að fullyrða það hvort sú kenning er rétt sem sett er fram í þessari grein að þessi æðibunugangur stafi af því að ráðherrann sé að hætta og hann sé kominn í kapphlaup við tímann um að reisa sér einhverja minnisvarða. En það er ekki hægt að leika sér svona með fjármálakerfi heillar þjóðar, hæstv. viðskrh. Þú ert búinn, hæstv. ráðherra, í tvö ár að skapa algera óvissu með Búnaðarbankann, algera óvissu, hún er jafnmikil í dag og hún var fyrir tveimur árum og nú á að halda áfram og teygja sig yfir í fjárfestingarlánasjóðakerfið þannig að allt fjármálakerfi landsins verði í uppnámi ef marka má yfirlýsingar hæstv. viðskrh.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hafa verið gefnar nokkuð merkilegar yfirlýsingar. Það verður að segja fyrst hæstv. forsrh. til hróss að hann hefur reynst meiri línudansari en menn almennt áttu von á og áttu kannski ekki von á að hann stæði sig svo vel að dansa á þeirri hálu línu, hvað hefði verið vitað og hvað hefði ekki verið vitað í þessu máli. Þá yfirlýsingu sem hæstv. iðnrh. gaf

segist hæstv. forsrh. hafa lesið yfir og ég rengi það ekki. Hvort hann las ræðuna alla yfir hefur ekki komið fram, gæti þó verið að það væri venja en ég skal ekkert um það fullyrða.

Hæstv. iðnrh. aftur á móti fullyrðir hér að hann hafi ekkert ósatt sagt í þessu máli. Það ætla ég ekki að dæma um. Hann hefur alfarið komið sér undan því að svara aðalatriði málsins, aðalatriðinu hvort hann hafði ríkisstjórnarsamþykkt á bak við sig þegar umrædd yfirlýsing var gefin eða hvort hann hafði ekki ríkisstjórnarsamþykkt á bak við sig. Yfir því hefur hæstv. iðnrh. þagað eins og um sjálfsmorð væri að ræða og hefur þó tvívegis komið í þennan ræðustól og enginn efar vitsmuni hæstv. viðskrh. til að muna hvað spurt var um.

Hæstv. fjmrh. veit svarið. Hann veit hvort þetta mál hefur verið tekið upp í ríkisstjórninni eða ekki. (Forseti hringir.) Hæstv. fjmrh. hefur rétt til að þegja alveg eins og hæstv. forseti til að berja í bjölluna. En ég vil nú skora á hæstv. fjmrh. að gera nú þinginu þann greiða að segja frá því hvað sé satt í þessum efnum.

Flm. (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Ég verð að segja um ræðu hv. 2. þm. Vestf. um 337. mál þegar hann nefndi frv. til laga um viðskiptabanka og sparisjóði vera úr „veröld hinna fráteknu stæða", að þá var hann að tala úr „veröld hins víðfeðma misskilnings" því það mál var alls ekki til umræðu. Ég er hugsi, virðulegi forseti, yfir því að menn skuli hér komast upp með það að taka til umræðu önnur mál en þau sem eru á dagskrá, þó ekki sé umræða utan dagskrár sem mér virtist þó helst vera tækifæri til í þingsköpum. En vegna þeirra orða sem hann viðhafði og byggði á 337. máli, sem ég er flm. að, skal ég svara honum því til að þar er er engin nýbreytni sköpuð að menn séu misjafnlega jafnir. Það er meira að segja eldra en George Orwell sem hann vísaði til að á Íslandi sé séra Jón eitthvað jafnari en Jón þannig að þar er hvorki komin fram ný kenning né ný staðhæfing né nokkurt nýnæmi. Hann segir það vera með frv. til laga um viðskiptabanka og sparisjóði staðfest að ábyrgð og hlutverk ábyrgðarmanna í sparisjóðum verði arfgengt. Ég hygg að það hafi komið fram við 1. umr. um það mál að hún hefur verið það allengi.

Hins vegar er frv. það sem er til umræðu lagt fram til þess að það verði rætt og leitast við að skapa sparisjóðunum jafna stöðu í samkeppni um eigið fé, um fjármagn til sinnar eigin starfsemi eins og bönkum. Frv. til laga um viðskiptabanka og sparisjóði gerir ráð fyrir þessu að öllu öðru leyti. Hann veltir því fyrir sér hvort gengið verði til þess að gefa mönnum eignir sparisjóðanna. Það er a.m.k. ekki samkvæmt ákvæðum frv. sem hann gerði að umtalsefni. Þar er gert ráð fyrir því að menn geti keypt stofnfé, þeir geti fengið arð af því stofnfé og það fari eftir ákvörðunum tryggingarsjóða sparisjóðanna hver sá arður verði hið mesta. En þeir eiga engan annan aðgang að fá af hagnaði eða arði sparisjóðanna. Um þetta er getið í 17. og 60. gr. þess frv.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, geri ég ekki þær ræður sem hér hafa orðið að umræðu- eða umtalsefni. Þær voru að mínu viti úr „veröld hins víðfeðma misskilnings".

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1. og 11.–17. mál.

Fundi slitið kl. 4.13.

---

129. FUNDUR

þriðjudaginn 16. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Umhverfisskattar, þáltill., 331. mál, þskj. 603. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Ríkisreikningur 1990, stjfrv., 243. mál, þskj. 312. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 312. mál, þskj. 501. — Frh. 1. umr.
4. Framkvæmd útboða, stjfrv., 363. mál, þskj. 643. — 1. umr.
5. Samvinnufélög, stjfrv., 364. mál, þskj. 644. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Jóhanna Sigurðardóttir félmrh.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.

Útbýting þingskjala:

Dagpeningar, 432. mál, fsp. KÁ, þskj. 732.

Endurskoðun á lögum um lífeyrissjóði, 433. mál, fsp. GunnS, þskj. 733.

Endurskoðun laga um ferðamál, 435. mál, fsp. SJS, þskj. 735.

Innheimta virðisaukaskatts, 367. mál, svar fjmrh., þskj. 727.

Launagreiðslur ríkisins, 431. mál, fsp. KÁ, þskj. 731.

Samkeppnisráð, 434. mál, fsp. SJS, þskj. 734.

Starf og eignir húsmæðraskóla, 430. mál, fsp. KÁ, þskj. 730.

Starfsskilyrði ferðaþjónustunnar, 436. mál, fsp. SJS, þskj. 736.

Umhverfisskattar, frh. fyrri umr. (frh. atkvgr.).

Þáltill. ÁMM o.fl., 331. mál. — Þskj. 603.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Árni M. Mathiesen *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Mér hefur verið bent á að það sé eðlilegra að sú tillaga sem hér um ræðir fari til efh.- og viðskn. fremur en til umhvn. Með vísun til 25. gr. þingskapa get ég fallist á það en þó með því fororði að með vísun til 23. gr. muni efh.- og viðskn. vísa málinu einnig til umsagnar umhvn.

Rannveig Guðmundsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Við höfum í nokkrum tilfellum fengið til nefnda mál af þessu tagi sem í raun heyra til á fleiri en einum stað. Ég get nefnt það að félmn. fær til sín mál varðandi tekjustofna sveitarfélaga og fyrir jól var slíkt mál á ferðinni og þá var skattahlið þess máls, aðstöðugjöldunum, vísað til efh.- og viðskn. sem vann málið í samvinnu við félmn. Ég mun sem varaformaður efh.- og viðskn. beita mér fyrir því í nefndinni að þetta mál fari til umsagnar umhvn. og get þar með fallist á þá ósk flm. sem hér hefur komið fram.

Hjörleifur Guttormsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Það er greinilega orðið mikið feimnismál hjá stjórnarflokkunum að láta mál ganga til umhvn. þingsins. Það kemur hér tillaga eftir tillögu frá flm. um að vísa málum til umhvn. en jafnóðum rísa upp stjórnarliðar til að andmæla og gera tillögur um eitthvað annað eða einstakir þingmenn gera athugasemdir. Nú hefur hv. 1. flm. þessa máls fallist á þetta sjónarmið. Ég tek í rauninni tillögu hans þannig að hér sé um skattamál að ræða en ekki umhverfismál. (**Gripið fram í:** Það er þannig vaxið.) Það kann að vera að málið sé þannig vaxið. Ég benti reyndar á það við umræðu um þetta mál að það snerti afar lítið umhverfismál þó að þannig væri látið út líta á pappírnum. Það er kannski í ljósi þess sem hv. flm. hefur nú valið þann kost að gera tillögur og athugasemdir annarra um þessa tillögu sína um umhvn. að sinni. En hitt er annað mál að mér finnst það mjög sérkennilegt ef mál sem a.m.k. að formi til líta þannig út að þau varði umhverfismál, séu umhverfismál fyrst og fremst, eigi ekki heima í umhvn. þingsins og ég leyfi mér að gera athugasemd við þetta sem hér er að endurtaka sig æ ofan í æ í þingsölum að þessu leyti.

Geir H. Haarde *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að leiðrétta hv. síðasta þingmann. Eins og þeir muna sem hér voru í þingsalnum í gær, þá var það hv. 2. þm. Vestf., Ólafur Þ. Þórðarson, sem benti á það úr sal að sennilega ætti þetta mál betur heima í annarri nefnd en umhvn. og að athuguðu máli var það að mínum dómi rétt ábending frá honum. Þetta mál snýst um það með hvaða hætti beita megi sköttum og gjöldum til að ná tilteknum markmiðum í umhverfismálum. Þetta er skattamál sem skírskotar til þátta á umhverfissviðinu og það er nákvæmlega hárrétt tillaga sem flm. hefur nú komið hér með um það að vísa þessu til efh.- og viðskn. sem síðan leiti umsagnar umhvn. Það er mjög eðlileg og rétt málsmeðferð í þessu tilviki.

Árni M. Mathiesen *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Það er nú svo með þessa tillögu að hún fjallar bæði um umhverfismál og einnig um skattamál. Því miður er heimurinn ekki eins klipptur og skorinn og hv. 4. þm. Austurl. virðist vilja að hann sé, að það sé hægt að skipta öllum málum svo nákvæmlega niður á nefndir að ekki verði um deilt. Ég sé fyrir mér að ef við höfum þann hátt á sem ég hef hér lagt til og hv. varaformaður efh.- og viðskn. hefur tekið undir, þá muni þessi tillaga fá meiri og betri umfjöllun heldur en hún hefði ella fengið og það hljóti að verða málinu og umhverfismálum til framdráttar.

Páll Pétursson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég tel að hin nýju þingsköp gefi svigrúm til þess að fara mjög formlega og eðlilega með þessa tillögu. Hér er um að ræða skattamál, þ.e. á hvern hátt umhverfisskattar geti komið í stað núverandi skatta, svo sem tekjuskatta, eignarskatta, útsvars og aðstöðugjalds, og að ætla að fara með það fram hjá efh.- og viðskn. finnst mér ekki vera rétt. Ábending hv. 2. þm. Vestf. í gær var að mínu mati hárrétt. Hér er þó einnig um umhverfismál að ræða, a.m.k. að nafninu til, þannig að það er eðlilegt að umhvn. hafi tækifæri til að gefa álit á málinu og vinna í því. Ég tel að það sé alveg einboðið að efh.- og viðskn. sendi málið til álits hjá umhvn. og það álit verður væntanlega prentað með nál. þannig að ég sé ekki betur en þessi tillaga mundi með þessu móti fá eðlilega og vandaða meðferð. En mér finnst útilokað að ganga fram hjá efh.- og viðskn. í þessu tilfelli.

Hjörleifur Guttormsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það var enginn misskilningur uppi af minni hálfu um það hver gerði tillögu eða athugasemd við þetta á þingfundi í gær og lét ég það koma fram í máli mínu áðan og þess vegna þarflaust fyrir hv. þm. Geir Haarde að vera með ábendingar þar að lútandi. Hitt er ljóst að 1. flm. hefur nú vent kvæði sínu í kross í sambandi við tillögu um það hvert vísa beri þessu máli og mér finnst að flutningsmenn tillagna eigi að vega nokkuð þungt í sambandi við það hvert þingmáli er vísað og ætla ekki að gera athugasemd við það að þetta mál fari til efh.- og viðskn. Ég vakti reyndar athygli á því þegar málið var rætt í þinginu að hér væri í rauninni ekki um umhverfismál að ræða heldur væri Sjálfstfl. að leita að alveg nýjum skattstofni til þess að gefa til kynna að hann væri að breyta eitthvað til í skattamálum. Og ég hvet nú þingmenn til þess að lesa þessa tillögu, greinargerðina alveg sérstaklega.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til efh.- og viðskn. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞÞ.

2 þm. (EgJ, SvG) greiddu ekki atkv.

13 þm. (AÓB, ÁJ, DO, GAK, GB, GHall, GÁ, HÁ, JóhS, JBH, LMR, ÓÞÞ, ÖS) fjarstaddir.

Ríkisreikningur 1990, frh. 1. umr.

Stjfrv., 243. mál. — Þskj. 312.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞÞ.

14 þm. (AÓB, ÁJ, DO, GAK, GB, GHall, GÁ, HÁ, JóhS, JBH, LMR, ÓÞÞ, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárln. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞÞ.

13 þm. (AÓB, ÁJ, DO, GAK, GB, GHall, GÁ, HÁ, JóhS, JBH, LMR, ÓÞÞ, ÖS) fjarstaddir.

Um þingsköp.

Samskipti fjármálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hér í gærð var allnokkur umræða um samskipti fjmrn. og Ríkisendurskoðunar. Hæstv. fjmrh. lýsti því þá yfir að þar væru engir meinbugir á, hann bæri fyllsta traust til Ríkisendurskoðunar þó að fram hefði komið í hans máli að það væri nú kannski ekki mælt af heilu hjarta.

Nú ber svo við að hér hefur borist á borð okkar svar við fsp. hv. 3. þm. Reykn., Árna Mathiesens, fsp. til fjmrh. um innheimtu virðisaukaskatts og staðgreiðslu opinberra gjalda. Svarið sem hér liggur fyrir á þskj. 727 hlýtur að kalla á ítarlega umræðu um þessi mál því að svarið við síðari hluta fsp. er svo alvarlegur áfellisdómur á Ríkisendurskoðun að ég held að forsætisnefnd þingsins og hæstv. forseti þess komist ekki hjá að taka það mál upp til alvarlegrar umræðu. Þar er vikið að endurskoðun ríkisreiknings 1991, skýrslu Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings. Og bara svo að lesnar séu nokkrar setningar úr svari fjmrn. þá segir á bls. 6, hæstv. forseti:

„Mat Ríkisendurskoðunar á innheimtu hefur að áliti fjmrn. veilur sem óhjákvæmilega leiða til rangrar niðurstöðu og hæpinna ályktana. Eins og þegar hefur verið gerð grein fyrir liggur veilan í þeirri aðferð að blanda saman innheimtutölum margra ára og bæta eftirstöðvum fyrri ára við innheimstustofn þess árs sem fjallað er um hverju sinni og notaður er við að reikna innheimtuhlutfall." Til að tefja nú ekki tíma of lengi ætla ég að hlaupa yfir nokkrar setningar. Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta, svolítið síðar:

„Sú aðferð, sem Ríkisendurskoðun notar til að meta innheimtuárangur, leiðir til vafasamrar niðurstöðu a.m.k. í tveimur veigamiklum atriðum."

Og svo segir hér enn á bls. 7, og ég vil ekki taka tíma, hv. forseti, í að lesa þetta allt, ein lítil setning: „Ástæðan er þó ekki sú sem Ríkisendurskoðun telur." Og enn segir hér neðarlega á bls. 7:

„Niðurstöður þessar, sem nánar eru sýndar og rökstuddar hér að framan, sýna að mat Ríkisendurskoðunar á innheimtu virðisaukaskatts er ekki rétt og gefur sem slíkt ekki tilefni til sérstakra aðgerða."

Þetta er í mínum augum svo alvarlegur áfellisdómur á það virðulega embætti Ríkisendurskoðun að við þetta verður ekki unað, hæstv. forseti, og ég vil fara fram á það að þegar í stað við fyrsta mögulegt tækifæri verði tekin hér til umræðu umrædd skýrsla Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreikninga svo að úr því verði skorið hvort Ríkisendurskoðun nýtur trausts Alþingis eða ekki.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að það sem hv. 14. þm. Reykv. hóf máls á verður að flokkast undir stórtíðindi. Hér er um að ræða mjög heiftarlega árás fjmrn. á Ríkisendurskoðun. Ég hefði haldið að það væri skynsamlegra fyrir fjmrn. að reyna að leysa ágreiningsmál sín við Ríkisendurskoðun með öðrum hætti en að kasta inn í þingið sprengjum af þessu tagi. Ég bendi einnig á, virðulegi forseti, að þetta mál snertir ekki aðeins fjmrn. heldur einnig yfirskoðunarmenn ríkisreiknings sem eru kosnir samkvæmt stjórnarskránni af Alþingi Íslendinga og hljóta auðvitað að gera tilkall til þess að þeirra orð séu metin ekki síður en niðurstöður fjmrn. á hverjum tíma. Alþingi verður með öðrum orðum að gera það upp við sig hvort það tekur mark á fjmrn. í þessu máli eða yfirskoðunarmönnum ríkisreikninga sem Alþingi hefur sjálft kosið og taka undir þessar ábendingar Ríkisendurskoðunar í einu og öllu að því er varðar innheimtu á tekjum ríkissjóðs og sérstaklega virðisaukaskatti.

Ég tel þess vegna, virðulegi forseti, og vil fara fram á það að fá að taka undir þau sjónarmið hv. 14. þm. Reykv. að það verði rækilega kannað hvort ekki er

hægt að koma við alveg sérstakri umræðu um þetta skriflega svar sem hér liggur fyrir frá hæstv. fjmrh. þannig að Alþingi geti gert það upp við sig hvaða aðili það er sem Alþingi telur rétt að styðja í þessum efnum, yfirskoðunarmenn ríkisreikninga eða fjmrn. Það er ekki sitjandi undir þessum áfellisdómi fyrir Ríkisendurskoðun og enn síður fyrir yfirskoðunarmenn ríkisreikninga, verð ég að segja. Og ég undrast það að fjmrh. skuli láta frá sér fara svar af þessu tagi.

Það eru uppi mörg ágreiningsmál milli fjmrn. og Ríkisendurskoðunar, en sú aðferð sem hér er viðhöfð af hálfu ráðuneytisins er ekki skynsamleg til að leysa mál. Hún kveikir nýja elda og fjölgar vandamálunum.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Vegna þeirra orða sem hér hafa fallið tel ég það sjálfsagt og eðlilegt að hið fyrsta verði tekinn hér til umræðu ríkisreikningurinn fyrir árið 1991 og það segir sig sjálft að í tengslum við þá umræðu verður rædd skýrsla Ríkisendurskoðunar og skýrsla yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir það ár. Þar með koma þessi mál formlega til þingsins.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Mér finnst nú þessi umræða ganga nokkuð fram úr efninu. Það er þannig að hér liggur fyrir fsp. og svar við henni og í þessari fsp. kemur greinilega fram að ýmislegt af því sem Ríkisendurskoðun hefur bent á er hið þarfasta mál. Það má nefna ýmislegt í þessum texta sem bendir til þess að ábendingar Ríkisendurskoðunar hafi verið teknar til greina og þeim sinnt. En það sem málið snýst um er það að í skýrslu Ríkisendurskoðunar er farið þannig að að meta innheimtuárangur ríkissjóðs og það er óviðunandi og því er að sjálfsögðu mótmælt.

Ég vil eins og aðrir hv. þm. beita mér fyrir því og tel það bara algjörlega sjálfsagt, og mun að sjálfsögðu fagna því að hér verði umræða um þessi mál því að það er kominn tími til að þjóðin fái af því rétta mynd hver innheimtuárangur ríkisins er. Það er nefnilega ekki — og þar veit ég að við erum ýmsir sammála sem um þessi mál höfum fjallað — það verður að taka hvert ár fyrir sig og meta það. Það gefur ekki rétta niðurstöðu þegar safnað er upp öllum eftirstöðvum hvort sem þær eru frá gjaldþrota búum uppreiknuð með dráttarvöxtum og fleiru og síðan er stokkurinn borinn saman frá ári til árs. Það vita allir þeir sem til að mynda hafa starfað í bankaráðum eða verið fjármálaráðherrar að gefur ekki rétta mynd af samanburði á innheimtuárangri. Um það fjallar þetta svar sem nauðsynlegt var auðvitað að kæmi fram hjá þingmönnum til þess að það lægju ekki fyrir einhliða athugasemdir um þetta mál sem væri látið ósvarað af hendi þeirra sem bera ábyrgð á því að skattgreiðendur greiði þann skatt sem þeir eiga að greiða. Og ég fagna því og vona að sem allra fyrst verði tækifæri hér í þingsalnum til þess að ræða þessi mjög svo mikilvægu mál því að það er kominn tími til að menn átti sig á því að það er tekið á þessum málum í fjmrn. með fullri einurð og innheimtuárangur í virðisaukaskatti er með þeim hætti að það er ekki hægt að sjá með nokkru móti að hann sé eins lakur og Ríkisendurskoðun vill vera láta með sínum ranga samanburði.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mun stuðla að því að það verði hægt að taka þessi mál til umræðu hér í þinginu undir öðrum lið en gæslu þingskapa.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa þráfaldlega komið upp umræður í þinginu um samskipti fjmrn. og Ríkisendurskoðunar og bókhaldsaðferðir og til viðbótar núna matsaðferðir. Ég ætla ekki að vera langorður um þessi mál undir liðnum um þingsköp. Það er nauðsynlegt að ræða þessi mál hér undir liðnum um ríkisreikning, en ég vildi aðeins undirstrika að það er mjög brýnt að hraða störfum svokallaðrar ríkisreikningsnefndar og komast að niðurstöðu um þessi mál svo að þessir hvimleiðu árekstrar og umræður um bókhald víki til hliðar út úr þessari umræðu um ríkisfjármálin. Þetta er alveg óviðunandi og grefur náttúrlega undan því trausti sem menn hafa á ríkisfjármálunum yfirleitt. Ég vildi aðeins nota þetta tækifæri til að undirstrika að það verður að komast niðurstaða í þessi mál og taka heildstætt á þeim.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil út af fyrir sig fagna því sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan að hann vilji beita sér fyrir því að fram fari umræða um þessi mál hið fyrsta. Ég læt mér svo sem í léttu rúmi liggja hvort það gerist í umræðum um ríkisreikninginn eða á öðrum vettvangi, en aðalatriðið er að það gerist fljótt vegna þeirra upplýsinga sem hér liggja fyrir.

Ég held að það sé einnig mikilvægt fyrir þingheim að átta sig á því að hér er ekki einasta um að ræða deilur um tæknilega uppsetningu ríkisreikninga. Hér er líka um að ræða pólitíska deilu, þá deilu að virðisaukaskatturinn reyndist ekki vera sá kínalífselexír gegn skattsvikum sem þáv. fjmrh. vildi vera láta á sínum tíma.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka forseta fyrir að taka af skarið með að lýsa því yfir að hún muni beita sér fyrir að fram fari umræða um þessi mál. Ég vil benda hæstv. forseta á að það kom fram í gær í umræðu að ársskýrsla Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1992 hefur legið óræddd mánuðum saman frá því að mælt var fyrir henni og þeirri umræðu þarf að halda áfram og ljúka henni. En auk þess vil ég taka undir það með hv. 9. þm. Reykv. að ég tel að það sé nauðsynlegt að umrædd skýrsla Ríkisendurskoðunar og endurskoðunarmanna ríkisreikninga komi hér á dagskrá á allra næstu dögum því að það er auðvitað ekki unandi við það að hæstv. ráðherra segi hér æ ofan í æ setningar eins og hann sagði nú hér síðast í máli sínu: „eins og Ríkisendurskoðun vill vera láta með sínum ranga samanburði.“ Harðari áfellisdóm er varla hægt að fella um

þessa stofnun sem heyrir undir hið háa Alþingi og það er þess vegna ekki í valdi hæstv. ráðherra að beita sér fyrir einni eða neinni umræðu um þessi mál hér. Það er eins og hæstv. forseti réttilega tók af skarið um í valdi forseta og forsætisnefndar og ég treysti því, frú forseti, að það verði gert sem allra fyrst.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill leiðrétta hv. þm. Skýrsla Ríkisendurskoðunar 1992 hefur ekki verið rædd enda ekki borist Alþingi en það voru skýrslur fyrir árin 1990 og 1991 sem hér voru til umræðu á sínum tíma og var frestað.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil biðja afsökunar á þessu en þetta voru upplýsingar sem ég fékk hér úr forsetastóli í gær en það er þá kannski til umhugsunar að hér skuli liggja óræddar þrjár skýrslur Ríkisendurskoðunar því fátt ætti nú að vera áhugaverðara fyrir hv. þingheim en að fylgjast með afkomu þjóðarbúsins og endurskoðun á henni. En ég þakka fyrir þessar upplýsingar og þeim mun heldur er mál að ræða málefni Ríkisendurskoðunar.

Um dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill upplýsa að 3. dagskrármálið verður ekki tekið fyrir á þessum fundi. Ástæðan er sú að þessum fundi mun ljúka kl. 4 í dag.

Framkvæmd útboða, 1. umr.

Stjfrv., 363. mál. — Þskj. 643.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um framkvæmd útboða á þskj. 363. Vegna smávægilegra mistaka í prentun er nauðsynlegt að prenta þetta þskj. upp og mun skrifstofa þingsins sjá til þess að það verði gert í dag.

En svo ég snúi mér að efni frv. þá felur það í sér nýmæli sem er lögfesting reglna um framkvæmd útboða, en fram til þessa hafa menn einkum stuðst við ákvæði íslensks staðals, ÍST 30, um útboð verklegra framkvæmda og byggist gildi þessa staðals á því að þeir aðilar sem staðið hafa að samningu hans hafa orðið um það sammála að nota hann og mæla með því að hann verði notaður óbreyttur. Staðallinn hefur tvívegis verið endurskoðaður og einnig hafa verið settir fleiri staðlar um sérstök svið en reynslan af notkun staðalsins hefur leitt í ljós að jafnframt stöðlum er nauðsynlegt að hafa almenn lög um framkvæmd útboða. Þetta frv. fjallar einmitt um slíkan almennan lagaramma fyrir útboð, verk, vöru og þjónustu útboða. Þar nær þó ekki til útboða á fjármagns- og verðbréfamarkaði sökum þeirra sérstöku aðstæðna sem þar ríkja. Frv. hefur að geyma reglur um allt ferlið frá því að útboð er auglýst og þar til endanlegur samningur er kominn á milli kaupenda og bjóðenda.

Ég ætla ekki að vera margmáll um einstök ákvæði frv. Þau skýra sig að mestu leyti sjálf, en hér er bæði stuðst við þær venjur sem skapast hafa við útboð vöru og verka og einnig er hér reynt að móta nýjar og sanngjarnar reglur þar sem framkvæmdin hefur verið á reiki. Sem dæmi um þetta nefni ég ákvæði 17. gr. frv. þar sem mótuð er regla um það hvernig kaupandi skuli standa formlega að því að tilkynna bjóðanda það að hann hyggist ekki taka tilboði hans.

Þá vil ég sérstaklega nefna ákvæði 18. gr. frv. en því hefur oft verið haldið fram á undanförnum árum að útboðsfyrirkomulagið hafi verið misnotað í allríkum mæli. Hefur verið staðhæft að kaupendur hafi efnt til útboða til þess eins að kanna markaðinn og afla sér hugmynda um verð og aldrei hafi staðið til að semja við neinn þeirra sem tilboðin gerðu. Það hefur jafnvel gerst að efnt hafi verið til útboða eftir að búið hafi verið að ákveða að ganga til samninga við ákveðinn aðila. Þannig hafi útboðið farið fram undir fölsku flaggi og eingöngu hafi verið um verðkönnun að ræða til þess að skapa kaupandanum betri samningsaðstöðu gagnvart þeim aðila sem þegar var ákveðið að ganga til samninga við. Með ákvæðum 18. gr. þessa frv. er þrengdur að mun möguleikinn til þess að misnota útboðsfyrirkomulagið á þennan hátt. Samkvæmt þessum ákvæðum er óheimilt að bjóða út að nýju eða semja um framkvæmd eftir öðrum leiðum en útboðsgögn kveða á um fyrr en öllum þátttakendum hefur verið gerð rækileg og ítarlega rökstudd grein fyrir ástæðum þess að öllum tilboðum hafi verið hafnað.

Í 20. gr. er lagt til að brot á ákvæðum laganna leiði til bótaábyrgðar, jafnframt því sem útboðið í heild verði lýst ógilt. Ekki er að efa að slík bótaábyrgð mun stuðla að heilbrigðari viðskiptaháttum hvað útboð varðar.

Þetta frv. er samið af nefnd sem ég skipaði sl. haust í framhaldi af þál. sem samþykkt hafði verið um vorið. Í nefndinni sátu þeir Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, sem var formaður, Andrés Magnússon, lögfræðingur Landssambands iðnaðarmanna, Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Innkaupastofnunar ríkisins, Pálmi Kristinsson, framkvæmdastjóri Verktakasambands Íslands, og Stefán Hermannsson, borgarverkfræðingur í Reykjavík.

Þetta frv. er afrakstur af starfi þessarar nefndar. Ég tel að þeir nefndarmenn hafi unnið ágætt starf. Með þessu frv. er leitast við að koma til móts við þá í íslensku atvinnulífi sem telja að framkvæmd útboða hafi einatt hallað á innlenda tilbjóðendur.

Virðulegi forseti. Þetta frv. hefur að geyma tillögur um mikilvæga lagasetningu sem ég hygg að geti framvegis fært íslensku atvinnulífi sanngjarnari leikreglur en við búum við nú. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta frv. skuli vera komið fram. Ég hafði flutt þáltill. um að unnið skyldi að því að semja frv. til útboðslaga og fékkst hún samþykkt eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra 20. maí 1992. Þess vegna fagna ég því að frv. skuli nú vera komið fram því að svo vissulega var mikið þörf á að kveða hér fastar að heldur en áður hafði verið eftir þeim staðli sem menn höfðu þá áður unnið eftir.

Mér var það fyrir nokkru og reyndar löngu ljóst af fyrri störfum mínum að um útboð þurfti að skapa betri reglur, ef svo mætti segja. Það fór margt þar úrskeiðis og enginn efi er í mínum huga að með útboðum, ef að þeim er staðið á eðlilegan hátt, er um mikinn sparnað að ræða fyrir þjóðfélagið og þá sem að útboðum standa, enda hefur það mjög sýnt sig í dag. Ég ætla ekki að segja um hve háar upphæðir er að ræða, en það fer ekki á milli mála að þar eru menn að tala um verulega mikið fé.

Ég ætla ekki fremur en ráðherrann að fara fyrir einstakar greinar frv. Ég held að það sé rétt að hinir hæfustu menn hafa verið kallaðir til starfa til að smíða þetta frv. og ég vona þess vegna að löggjöfin standist. Ég tek undir það að mistök hafa orðið eins og hæstv. ráðherra vék að og minntist þar á 17. gr. frv. sem á að fyrirbyggja að slíkt verði. Og þá datt mér einmitt í hug, vegna þess að mér varð þá litið á hæstv. heilbrrh. þar sem hann sat í sæti sínu, umræður sem hér höfðu farið fram ekki fyrir löngu síðan um ákveðið verk á Ísafirði. Ef þetta frv. hefði þá verið komið fram, þá hefðum við losnað við þá umræðu því að þá hefði auðvitað viðkomandi ráðherra orðið að ganga um þann garð *eins og siðuðum mönnum sæmir.*

Það sem vakti fyrst og fremst áhuga minn fyrir þessu máli voru fyrri störf mín og ekki síst hitt að ég hafði fylgst með ráðstefnu sem fór fram á vegum Staðlaráðs Íslands og kynnti mér þar ítarlega erindi sem Sigurður Gissurarson flutti um útboð og er hið merkasta plagg og það var kveikjan að því að ég flutti þessa þáltill.

Ég þarf ekki að segja fleiri orð. Ég er kominn hér fyrst og fremst upp til að þakka það að við þessari þál. var orðið og nú búum við vonandi fljótlega við ákveðin og markvissari lög og reglur um útboð. En menn verða að átta sig á því að útboð eru ekki aðeins til þess að nota við stærri mannvirkjagerð. Þau eru ekki síður orðin tæki í dag í hinni almennu þjónustu, verslun og hvers konar viðskiptum. Það er því mjög brýnt að þetta mál fái farsæla afgreiðslu á þessu þing og geti orðið að lögum áður en við förum heim í vor.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Breyting á dagskrá.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það sem knýr mig til að ræða hér um gæslu þingskapa er sú breyting sem hér hefur orðið á dagskrá þessa fundar. Samkvæmt drögum að dagskrá Alþingis fyrir þessa viku sem við þingmenn fengum í hendur fyrir helgi og samkvæmt dagskrá sem hér lá fyrir í morgun mátti ætla að það mál sem yrði þungamiðja umræðunnar í dag yrði seðlabankalögin. Nú hefur það mál verið tekin af dagskrá í dag og sú eina skýring gefin að það verði ríkisstjórnarfundur kl. 4 í dag. Ég spyr því virðulegan forseta: Síðan hvenær er hæstv. ríkisstjórn farin að stýra fundum á þennan hátt? Og ég spyr einnig hæstv. viðskrh. hvort það sé að kröfu ríkisstjórnarinnar að það mál sem hér átti að vera á dagskrá, seðlabankafrv., sé ekki tekið fyrir. Þetta segi ég, virðulegi forseti, kannski fyrst og fremst vegna þess að í fyrsta skipti var beitt því ákvæði þingskapa að fresta umræðu og fara fram á að mál yrði tekið fyrir í viðkomandi nefnd áður en 1. umr. yrði fram haldið. Þá lá svo mikið á að sá fundur var knúinn í gegn án þess að forvígismaður þess að fá málinu frestað gæti verið þar og þá hélt maður að það væri vegna þess að það lægi á því að taka málið fyrir hér á í þinginu. Þetta er mjög bagalegt fyrir okkur þingmenn sem erum að reyna að skipuleggja tíma okkar út frá því sem við teljum að dagskráin bjóði upp á. Sá sem hér stendur hafði til að mynda notað þann tíma sem gafst til undirbúnings í gær og í dag fyrir þingfund í dag fyrir seðlabankafrv.

Ég spyr því, virðulegi forseti, um nánari skýringar á því hvers vegna á þennan hátt er hér brugðið út af dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta er ljúft að upplýsa það og gefa skýringar á því. Skýringin er sú að forseti fékk upplýsingar um það í hádeginu í dag að ríkisstjórnin þyrfti að halda fund á óvenjulegum tíma, kl. 4 í dag. Forseti hafði hins vegar gert ráð fyrir að þetta yrði langur fundardagur á Alþingi sem yrði notaður fyrst og fremst til þess að ljúka umræðu um það mál sem hv. þm. var að tala um, 3. málið á dagskrá, sem er Seðlabanki Íslands. En það er alveg ljóst að það er ekki hægt að ljúka umræðu um það mál á þeim tæpum tveimur tímum sem eru eftir af þessum þingfundi. Það er jafnframt ljóst að það gengur ekki að halda hér þingfund um stjfrv. þegar ráðherrar geta ekki verið viðstaddir þar sem þeir eru á fundi. Forseti er alveg viss um að hv. þm. virða það, ef ríkisstjórnin þarf að halda fund á óvenjulegum tíma og lætur vita af því og óskar eftir að það sé tekið tillit til þess. Og það er ekkert við þessu annað að gera en að reyna að taka þau tvö mál fyrir sem eru á dagskránni í dag önnur en Seðlabankinn, þ.e. 4. og 5. dagskrármálið, og þar á meðal það mál sem nú þegar er hafin umræða um.

Þetta eru skýringarnar og það var engin krafa frá ríkisstjórninni til forseta um að fresta umræðunni um 3. dagskrármálið. Það vill forseti upplýsa. Það var ákvörðun forseta sjálfs og það var vinnuhagræðing í huga forseta að taka frekar þau mál sem væntanlega yrði hægt að ljúka 1. umr. um heldur en mál þar sem margir þingmenn eru á mælendaskrá og vitað er að

munu taka langan tíma. Þetta eru svör forseta.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það eitt er víst að þetta var ekki vinnuhagræðing fyrir okkur þingmenn sem þurfum að búa okkur undir þau mál sem á dagskrá eru á hverjum tíma. Og ég get sagt það fyrir mig, meðal annars vegna þess sem virðulegur forseti nefndi hér áðan, að ég hafði talið að þessi dagur færi allur undir Seðlabankann og því ekki haft tök á að búa mig undir hin tvö málin sem eru á dagskrá nú sem koma til þeirrar nefndar sem ég sit í. Það eru því margar hliðar á vinnuhagræðingunni.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, vil ég spyrja hvenær sé meiningin að halda seðlabankaumræðunni áfram því að það lá svo mikið á henni að það var ekki hægt að bíða með umfjöllun í nefnd eftir því að nefndin væri fullskipuð.

Þá vil ég einnig, virðulegi forseti, benda á að það má alveg snúa við því sem virðulegur forseti sagði hér áðan þegar hún sagði að það gengi ekki að Alþingi væri að halda fund á þeim tíma sem ríkisstjórnin væri að funda. Ég mundi nú hafa tilhneigingu til að orða það þannig, virðingu Alþingis vegna, að það gengi ekki ríkisstjórnin tilkynni í hádegi að hún ætli að halda fund seinni part dags á þriðjudegi sem er einn starfsamasti dagur þingsins í vikunni og mér finnst þetta reyndar ekki við hæfi og það hefði þá átt að vera virðulegs forseta að láta Alþingi sitja fyrir fundatíma ríkisstjórnarinnar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti boðaði þingflokksformenn á fund í hádeginu og tilkynnti um þessa breytingu og það komu engar athugasemdir fram á þeim fundi nema síður væri. Þeir sýndu skilning á þessari stöðu sem upp var komin.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Mér sýnist nú að það sé dálítið merkileg staða hérna uppi. Það er greinilegt að það er ekki áhugi á því fyrir hönd ríkisstjórnarinnar eða forustu þingsins að ræða seðlabankafrv. því að það voru meira en tveir tímar til stefnu. Annað eins hefur komið fyrir og það að umræðu um mál hafi verið frestað og mér finnst í hæsta máta einkennilegt að það sé hægt að tilkynna um ríkisstjórnarfund í hádegi á óvenjulegum tíma. Mér er spurn hvert tilefnið er. Það er sjálfsagt að leggja niður fundi þingsins ef ríkisstjórnin þarf af mjög brýnum ástæðum að halda fundi. En það er ekki ástæða til þess ef ríkisstjórnin hefur einhverja þörf að halda fundi á óvenjulegum tíma að fella niður þinghald þess vegna. Er ríkisstjórnin að fara frá? Eða er öryggishagsmunum landsins ógnað? Hvað er að gerast? (**Gripið fram í:** Það er stórtíðinda að vænta.) Hvaða tíðinda er að vænta af þessum ríkisstjórnarfundi sem þarf að tilkynna skyndilega í hádegi og halda á alls óvenjulegum tíma á miðjum þingdegi? Ég veit ekki hvort það er sanngjarnt að beina þessum fyrirspurnum til forseta, en hún er þó ... (**Gripið fram í:** Til ráðherrans í salnum.) Já, það er einn ráðherra í salnum og ég spyr: Hvað er að gerast í þjóðfélaginu sem kallar á þessi skyndilegu fundahöld?

Framkvæmd útboða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 363. mál. — Þskj. 643.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Það þarf ekki að hafa langt mál um þetta frv. til laga um framkvæmd útboða. Mér sýnist eftir yfirferð yfir efnisatriði frv. að þar séu öll aðalatriði sem þurfa að vera lögtekin til þess að útboð geti farið fram með lagalegum stuðningi og ég vil almennt lýsa yfir stuðningi mínum við frv. Þó kann að vera að hv. nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar rekist á eitthvað sem vantar eða þurfi að breyta og að sjálfsögðu mun ég þá taka afstöðu til þess þegar að því kemur. Að vísu var verið að dreifa nýrri útgáfu af frv. núna rétt áðan, en ég sé enga breytingu á þeirri nýju útgáfu miðað við þá fyrri aðra en að gildistökugreinin hafi fallið niður og ég vænti þess að hæstv. ráðherra muni þá leiðrétta mig ef mér hefur sést yfir aðrar leiðréttingar í þessari nýju útgáfu.

En það er óþarft af minni hálfu að hafa mörg orð um efnisatriði frv. Það er fyrir löngu tímabært og að mínu viti hefðu efnisatriði frv. átt að vera komið í lög fyrir mörgum árum. Það hefði sparað bjóðendum a.m.k. tíma og fyrirhöfn ef ákvæði ÍST 30 hefðu haft lagagildi eins og lagt er til nú.

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með það að þetta frv. skuli vera komið fram. Ég spurði hæstv. iðnrh. á síðasta þingi um hvort mætti vænta frv. frá ráðuneytinu um þessi útboðsmál og fékk þau svör að málið væri í athugun í ráðuneytinu sem e.t.v. gæti leitt til þess að lagt yrði fram frv. Nú er þetta frv. komið og mér sýnist það nokkuð vel úr garði gert. Það hefur verið mikið baráttumál Landssambands iðnaðarmanna og fleiri aðila í háa herrans tíð að fá skýrar leikreglur um útboðsmálin og mér sýnist að þetta frv. sé ágætlega úr garði gert og fullnægi þeim óskum sem þessir aðilar hafa haft.

Íslenski útboðsmarkaðurinn veltir mörgum milljörðum á ári og það er því mikilvægt að hafa skýrar leikreglur og skýrari heldur en verið hafa varðandi útboð. Menn hafa oft og tíðum farið ansi frjálslega með þessi mál og notað útboð sem eins konar verðkönnun og það eru mörg dæmi um það að menn hafi notað lægsta tilboð til þess að pína niður verð hjá öðrum sem jafnvel hafa ekki tekið þátt í útboðinu. Það er því mjög tímabært að setja lög um útboð en ég held að einnig þyrfti í framhaldinu að setja skýrari leikreglur en nú eru um gerð verksamninga í framhaldi af útboðum því að oft og tíðum er nú mikil brotalöm hvað varðar verksamningana líka. Og ég held að það væri ástæða til þess að skoða það í framhaldinu.

Ég vil ítreka ánægju mína með það að þetta frv. skuli vera komið fram. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það hér en ég ræddi þetta mál nokkuð ítarlega á síðasta þingi og sé ekki ástæðu til þess að ítreka þau ummæli. Ég vona að við fáum þetta frv. fljótlega til umræðu í efh.- og viðskn.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Forseti. Vegna orða hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar um framgang þessa máls vil ég að það komi alveg skýrt fram að 20. maí 1992 samþykkti Alþingi Íslendinga að fela iðnrh. að skipa nefnd til að vinna að þessu máli þannig að það var Alþingi Íslendinga sem samþykkti þáltill. um að iðnrh. kæmi með frv. til útboðslaga og hann varð góðfúslega við því og láir honum það enginn.

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skildi nú ekki alls kostar þetta andsvar eða tilganginn með því. Mér er alveg kunnugt um hvaða gang þetta mál hefur haft hér í þinginu, þetta er gott og þarft mál sem nú hefur fengið ágætan framgang. Það var eins og hv. þm. Stefán Guðmundsson tekur fram, samþykkt þáltill. sem hann var held ég 1. flm. að. Fsp. mín í fyrra gekk út á það hvaða framgang þetta mál mundi hafa hjá hæstv. ráðherra. Ég sé enga ástæðu til þess að við séum að karpa um það hér hvaða gang þetta hefur haft. Aðalatriðið er að nú er málið komið fram, þarft mál og gott sem allir fagna.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er eins og margir sem hér hafa talað á undan mér mjög ánægð með það að hér skuli vera komið fram frv. til laga um framkvæmd útboða og vil taka það fram að ég studdi eins og margir aðrir tillögu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar á síðasta þingi. Hefði þurft að vera komið fram frv. til laga um þetta fyrir löngu síðan því að það hefur sýnt sig að þó að í útboðum hafi verið byggt á ÍST 30, þá hefur það ekki nægt til þess að þeir sem hafa stundað útboð hafi farið eftir þeim reglum sem þar gilda. Vonandi kemst þetta frv. áfram í þinginu þannig að menn hafi þá lagaákvæði að byggja á.

Það má nefna að í 17. gr. frv. segir um höfnun á tilboði, með leyfi forseta:

„Vilji kaupandi ekki taka tilboði sem borist hefur skal hann skýra bjóðanda frá því formlega eigi síðar en í lok þess frests sem hann hefur til að taka tilboði."

Fresturinn er samkvæmt íslenskum staðli þrjár vikur og ég minni á það að núna síðast í vetur þegar við ræddum utan dagskrár um tilboð í sjúkrahúsið á Ísafirði, þá voru komnar sex vikur frá því að tilboð höfðu verið opnuð og þá var enn hvorki búið að taka tilboðum né hafna. Það liðu rúmar sex vikur þar til það gerðist.

Það má einnig nefna það að í 18. gr. segir að hafi útboð farið fram, þá sé kaupanda óheimilt að efna til útboðs að nýju eða semja um framkvæmd þess eftir öðrum leiðum en útboðsgögn kveða á um fyrr en öllum þátttakendum hafi skriflega verið greint ítarlega frá ástæðum þess að öllum tilboðum hafi verið hafnað. Þetta ákvæði hefur einnig verið brotið. Það voru að vísu ekki lög um það en ef þetta hefðu verið lög á þeim tíma sem ég ræddi hér um áðan, þá hefði þetta lagaákvæði einnig verið brotið. Svo að ég nefni aftur útboð í sjúkrahúsið á Ísafirði, þá fóru fram útboð í utanhússviðgerðir á sl. sumri. Það barst fjöldi tilboða en þeim var ekki svarað áður en ákveðið var að fara aðra leið en þar var boðin út.

Ég vænti þess að hæstv. iðnrh. sem hér er að leggja fram þetta frv. muni hafa kynnt þetta mjög vel í sínum ríkisstjórnarflokki og allir ráðherrar séu því samþykkir og vilji vinna að framgangi þessarar lagasetningar.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil nú eins og fleiri ræðumenn fagna því að þetta frv. er hér komið fram og þakka þeim sem eiga þátt í því eða hafa átt á undanförnum árum að koma þessu máli á dagskrá og stuðla að því að frumvarpssmíð hefur farið fram. Ég held að það sé engin spurning um að það er þarft og til bóta að fá skýr lagafyrirmæli um svona almennan framkvæmdaramma á þessu sviði og fljótt á litið sýnist mér að sú tillaga sem hér er um það gjörð sé í alla staði eðlileg. Það má sjálfsagt skoða það og ræða í viðkomandi þingnefnd hvaða ástæða sé til að hafa þessi fyrirmæli ítarleg og í miklum smáatriðum, en í öllu falli eru hérna ákvæði sem ættu að tryggja vandaðri framkvæmd þessara hluta en oft hefur orðið raunin á og nýleg dæmi og eldri færa okkur heim sanninn um að þyrftu að vera í lögum þannig að ótvírætt væri hver réttarstaða verkkaupa og bjóðenda væri í hverju tilviki.

Hér hefur verið minnt á t.d. framgöngu hæstv. heilbrrh. sem stóð með afar sérstæðum hætti í verkkaupum nú á dögunum og þarf í raun og veru ekki að fara fleiri orðum um það. Það minnir hins vegar á það að þó svo að þetta komist nú í lög, sæmilega skýr ákvæði um framkvæmd útboða, þá held ég að það sé enn talsvert verk óunnið að koma skikk á þennan málaflokk í heild sinni hjá hinu opinbera. Og þar tel ég að vanti alveg sérstaklega verklagsreglur eða lagafyrirmæli um það hvenær skuli viðhafa útboð og hvenær ekki og þá hvers konar útboð. Hér er að sjálfsögðu ekki verið að taka á þeim þætti málsins, enda ekki ætlunin. Hér er verið að setja lagaramma um framkvæmdina, mér er það mjög vel ljóst. En ég vil nota þetta tækifæri til að vekja athygli á þessu í leiðinni. Í 1. gr. segir einfaldlega:

„Lög þessi gilda þegar útboði er beitt til þess að koma á viðskiptum milli tveggja eða fleiri aðila um verk, vöru eða þjónustu." Ég tel a.m.k. hvað opinbera aðila snertir, ríkið sjálft og allar stofnanir þess sem eru nú einu sinni með viðamestu framkvæmdir í landinu á sínum snærum, þar sem eru til að mynda hinar stóru framkvæmdastofnanir sem heyra undir samgrn., þá þurfi að móta miklu skýrari verklagsreglur og laga-

ákvæði um þessi mál í heild sinni, þar á meðal það hvenær útboð eru viðhöfð og hvers konar útboð. Og þar held ég að þurfi að vera fyrir hendi viss sveigjanleiki. Sú venja sem hefur skapast, að taka að vissu leyti tillit til laga um skipan opinberra framkvæmda en að öðru leyti ekki, viðhafa útboð í ákveðnum tilvikum en öðrum ekki og hafa það jafnvel í mati einstakra stofnana eða starfsmanna ríkisins, er ekki nógu góð.

Á sínum tíma, ég hygg að það hafi verið á árinu 1989 frekar en 1990, var reynt að koma skikk á þessi mál innan samgrn. með því að setja einfaldlega sérstakar verklagsreglur þar á bæ sem stofnunum er undir það ráðuneyti heyrðu bæri að fara eftir og það var unnið eftir þeim a.m.k. árin þar á eftir, en hvernig þau mál standa síðan núna er mér ekki nákvæmlega kunnugt um. Ég held að það sé í þeim tilvikum fyrst og fremst nauðsynlegt að samræmi sé á um framkvæmd þessara mála milli einstakra stofnana og innan hvers málaflokks, en það hefur ekki verið svo og nægir þar að nefna dæmi um t.d. einstök umdæmi Vegagerðar ríkisins. Tilhögun útboða eða hvort útboð eru viðhöfð og þá hvernig hefur verið með nokkuð mismunandi hætti innan hinna einstöku umdæma. Þetta skapar ýmiss konar árekstra og leiðindi sem hægt væri að komast hjá ef í gildi væru annaðhvort lagafyrirmæli ef ástæða þætti til eða þá a.m.k. skýrar verklagsreglur í þessum efnum.

Mér sýnist nákvæmlega sama dæmið á ferðinni í raun og veru þegar hin sérstæða byggingardeild heilbrrn. ef ég man rétt sem allt í einu varð heimsfræg í umræðum sl. vetur vegna framkvæmda á Ísafirði virðist þess umkomin að yfirtaka hlutverk Innkaupastofnunar ríkisis og taka forræði varðandi framkvæmdir á vegum heilbrrn. í einstökum tilvikum en svo öðrum ekki, þá er auðvitað verið að dreifa þessum málaflokki út um dal og hól. Þetta skapar hættu á misræmi í framkvæmd sem ekki á að eiga sér stað.

Ég held þess vegna að það sé þörf á því að í beinu framhaldi af setningu laga um framkvæmd útboða, sem eins og margoft hefur komið hér fram er þarft mál í sjálfu sér, þá þurfi að taka til endurskoðunar lög um skipan opinberra framkvæmda og í raun og veru líka ákvæði sem gilda um opinber innkaup að svo miklu leyti sem við höfum þá eitthvert sjálfdæmi í þessu lengur ef samningur um Evrópskt efnahagssvæði gengur í gildi, en þar eru jú upp á okkur settar reglur utan að frá í verulegum mæli í þessum efnum.

Ég legg þess vegna áherslu á það að menn líti ekki einangrað á þetta frv. og gangi ekki að því gruflandi að það eitt og sér, svo þarft sem það er, leysir ekki ýmsa þætti þess vanda sem uppi er í sambandi við tilhögun framkvæmda. Og sérstaklega hvað hið opinbera snertir, þá held ég að það sé löngu tímabært að framkvæma heildarendurskoðun eða úttekt á því hvernig þessum málum er fyrir komið hjá hinum einstöku ráðuneytum og einstöku stofnunum ríkisins með það að markmiði að tryggja þarna samræmi og heilbrigða framkvæmd í hvívetna, en þetta mál, þarft í sjálfu sér, getur vel orðið hluti af réttarfarsbótum eða úrbótum á þessu sviði.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þann stuðning sem fram hefur komið við þetta frv. í umræðunum. Ekki síst vil ég þakka þeim hv. 4. þm. Norðurl. v. og hv. 5. þm. Vesturl. sem báðir hafa sýnt þessu máli mikinn áhuga á fyrri stigum málsins og sannarlega flýtt fyrir því að þetta mál er nú hingað komið.

Vegna spurningar frá hv. 5. þm. Vestf. vil ég taka það fram að í útgáfunni sem prentuð hefur verið upp eru leiðrétt þau mistök að niður hafði fallið gildistökuákvæðið og kostnaðarumsögn frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. Þetta tvennt hefur nú verið leiðrétt. Þetta eru þær einu breytingar sem gerðar hafa verið á frv. frá þeirri gerð sem það hefur legið hér í þinginu um nokkurt skeið.

Ég tel ekki ástæðu á þessu stigi til þess að hafa fleiri orð um efni frv. Ég fagna því að þingmenn virðast almennt taka tillögunum vel og bendi á að hv. efh.- og viðskn. mun að sjálfsögu fjalla vandlega um þetta mál og mér segir hugur um að það kynni að vera skynsamlegt, þótt sú nefnd ákveði það að sjálfsögðu sjálf, að leita álits hv. iðnn. á málinu því að það er hverju orði sannara sem hér kom fram hjá hv. 5. þm. Vesturl. að það hefur lengi verið mikið kappsmál iðnaðarmanna og Landssambands iðnaðarmanna að koma á betri leikreglum á þessu sviði athafna- og viðskiptalífs.

Vegna orða hv. 4. þm. Norðurl. e. um gildissvið laganna, þá er það að sjálfsögðu afmarkaður tilgangur þessa frv. að gera tillögur um lög sem gilda skuli þegar útboði er beitt. Í þessum lagagreinum er hvergi að því vikið orði hvenær eða með hvaða hætti skuli fara með einstök tilefni slíkra viðskipta. Það er annað mál og ekki ætlunin að taka á því með þessu frv.

Ég vil svo að lokum vegna orða hv. 6. þm. Vestf. taka það fram að sjálfsögðu hefur þingflokkur Alþfl. fjallað um þetta mál og er alls ekki ráð fyrir öðru gert en lögin gildi á Vestfjörðum líka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu, 437. mál, stjtill., þskj. 737.

Samvinnufélög, 1. umr.

Stjfrv., 364. mál (innlánsdeild). — Þskj. 644.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 22 frá 27. mars 1991, um samvinnulög. Frv. er á þskj. 644.

Þegar hin nýju samvinnulög voru samþykkt árið 1991 var bætt við þau ákvæði til bráðabirgða sem lagði viðskrh. þá skyldu á herðar að skipa nefnd sem hafa skyldi það hlutverk að gera tillögur um framtíðarskipan innlánsdeilda samvinnufélaga. Jafnframt skyldi

nefndin gera tillögur um þær lagabreytingar sem nauðsynlegar kynnu að vera til þess að fella reglur um rekstur innlánsdeilda að almennum reglum sem gilda um aðrar innlánsstofnanir og jafnframt taka tillit til sérstöðu starfandi innlánsdeilda og þýðingar þeirra fyrir hlutaðeigandi samvinnufélög.

Í samræmi við þetta ákvæði skipaði ég síðan nefndina og frv. sem hér liggur fyrir þingheimi er árangur af starfi nefndarinnar og tillögugerð hennar.

Auðvitað var þessari nefnd nokkur vandi á höndum. Annars vegar er ljóst að innlánsdeildirnar hafa haft miklu hlutverki að gegna innan samvinnuhreyfingarinnar á Íslandi. Hins vegar hafa menn lengi haft áhyggjur af stöðu innlagseigenda í innlánsdeildum eins og reyndar er allítarlega rakið í athugasemdunum við frv. Af þessum ástæðum þótti nauðsynlegt að tryggja betur stöðu þeirra sem innstæður eiga í innlánsdeildunum.

Það er skylt að taka fram að það hafa að vísu ekki orðið stóráföll í þessu efni ef litið er á heildarfjárhæðir en minni áföll þó og það síðasta líklega í sambandi við gjaldþrot kaupfélags vestur í Önundarfirði. Þótt þar væri ekki um háar fjárhæðir að ræða var það að sjálfsögðu mjög tilfinnanlegt tjón fyrir þá einstaklinga og þá aðila sem urðu fyrir því. Til þess að gefa hugmynd um mikilvægi innlánsdeildanna er rétt að það komi fram að innstæður í innlánsdeildunum námu rúmlega tveimur milljörðum kr. í árslok 1991 og hér er því um verulega hagsmuni að ræða þegar litið er á heildina.

Það varð niðurstaða nefndarinnar að það mætti ekki jafna innlánsdeildunum í samvinnufélögunum við venjulegar innláns- og lánastofnanir. Áhættan er meiri, einkum af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi er lántakinn aðeins einn, samvinnufélagið, og hins vegar er fjármunum deildanna ekki haldið aðskildum frá atvinnurekstri, áhætturekstri, sem er alls óskyldur rekstri venjulegra innlánsstofnana en það er einmitt þetta tvennt sem markar innlánsdeildum kaupfélaganna sérstöðu.

Nefndin mat þá hagsmuni sem hér eru í húfi og gerði síðan um það tillögu í frv. að samvinnufélögum verði áfram heimilað að reka innlánsdeildir, en gerðar verði strangar kröfur til þessara félaga um eigið fé og eiginfjárhlutfall í innlánsdeildunum. Jafnframt yrðu þau að vera aðilar að Tryggingarsjóði innlánsdeilda. Þessar kröfur koma fram í 1. gr. frv. en þar er lagt til að nýrri grein, 2. gr. a. verði bætt við samvinnulögin og þar séu talin skilyrði fyrir því að samvinnufélag megi starfrækja innlánsdeild. Eigið fé slíks samvinnufélags skal vera a.m.k. 100 millj. kr. og hlutfall eigin fjár af heildareignum eigi lægra en 20%. Lágmarksfjárhæð eigin fjár breytist í takt við verðbreytingar og er mælt fyrir um hvernig við skuli bregðast þegar eigið fé eða eiginfjárhlutfall samvinnufélags fer niður fyrir lágmarkskröfu laganna.

Þá er gerð sú krafa að reikningar félagsins séu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og einnig sú krafa að það sé aðili að Tryggingarsjóði innlánsdeilda og enn fremur að samþykktir sjóðsins skuli staðfestar af ráðherra líkt og gildir t.d. um sparisjóði. Í greininni segir að til tryggingar því fé sem lagt er í innlánsdeild séu eignir félagsins, þar með taldar eignir í Tryggingarsjóði innlánsdeilda og ábyrgð félagsmanna samkvæmt 18. gr. samvinnulaga.

Þá er innlánsdeild óheimilt að veita lán í eigin nafni eða reka aðra fjármálastarfsemi en um getur í upphafi greinarinnar og hún teljist ekki innláns- eða lánastofnun í skilningi laganna um Seðlabanka Íslands. Til nánari skýringa á því sem ég nefndi hér síðast vil ég geta þess að samþykktir Tryggingarsjóðs innlánsdeilda eru nú til endurskoðunar, og þar með krafan um staðfestingu ráðherra, eru sett fram til þess að tryggja vissar lágmarkskröfur til starfsemi sjóðsins. M.a. þykir eðlilegt að gera þá kröfu að samvinnufélag sem er aðili a þessum sjóði eigi sem séreign í honum a.m.k. ígildi bindiskyldrar innstæðu í sama hlutfalli og Seðlabankinn beitir á ráðstöfunarfé lánastofnana á hverjum tíma.

Það að innlánsdeild teljist ekki innláns- eða lánastofnun í skilningi laganna um Seðlabankann þýðir m.a. að hún þarf þá ekki að fullnægja almennum kröfum til innlánsstofnana, m.a. þeim kröfum sem gerðar eru í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, en á móti nýtur hún heldur ekki sömu fyrirgreiðslu í Seðlabanka og innlánsstofnanir eiga að geta notið. Hún fellur hins vegar undir eftirlit bankaeftirlits Seðlabankans samkvæmt fyrirliggjandi frv. til nýrra seðlabankalaga sem ég bendi á og var nú á dagskrá þessa fundar, en þar er einmitt áskilnaður um það að innlánsdeildir samvinnufélaga falli undir bankaeftirlitið. Þetta ákvæði tel ég mjög mikilvægt.

Í 2. gr. frv. er að finna tillögu um nýtt bráðabirgðaákvæði við samvinnulögin þar sem samvinnufélögum er veittur aðlögunarfrestur að þessum nýju kröfum til 31. jan. 1994. Fullnægi þau ekki kröfunum skulu þau leggja niður innlánsdeildir sínar hinn 1. jan. 1995 og má reikna með því að þar sem slíkt gerist verði það yfirleitt gert með samningum við banka eða sparisjóði sem tryggi hag innlagseigenda og komi a.m.k. í mörgum tilfellum til móts við þarfir félaganna. En stærstu og öflugustu samvinnufélögin munu án efa áfram geta rekið sínar innlánsdeildir ákveði stjórnir þeirra að gera það.

Þá er loks í 2. gr. mælt fyrir um að ákvæði framangreindrar innskotsgreinar í samvinnulögin verði tekin til endurskoðunar ekki síðar en 1. jan. árið 2000. Eru þá hafðar í huga þær öru breytingar sem nú eru að verða í atvinnu- og efnahagsstarfsemi þjóðarinnar.

Ég vil taka það fram að í nefndinni sem samdi þetta frv. sátu þeir Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, Guðbrandur Þ. Guðbrandsson fulltrúi, Jón Adólf Guðjónsson bankastjóri, Ragnar Hafliðason, aðstoðarforstöðumaður bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, Sigurður Hafstein framkvæmdastjóri og Þórir Páll Guðjónsson kaupfélagsstjóri. Þessar tillögur eru samdar af þeim og þeir standa sameiginlega að þeim.

Ég vil ljúka ræðu minni í þetta sinn, virðulegi forseti, með því að bera fram þá ósk að þetta frv. verði að lögum á þessu vori og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég vil fagna því að þetta frv. er komið fram og treysti því að á grundvelli þess megi finna innlánsdeildum samvinnufélaganna stað í fjármálakerfi okkar á næstu árum. Það er rétt sem ráðherra nefndi hér að innlánsdeildirnar hafa gegnt mikilvægu hlutverki í þessu rekstrar- og félagsformi þó að það sé kannski ekki eins stórt í dag og það var þegar best lét.

Það er einnig rétt hjá hæstv. ráðherra að það má leiða að því líkur að B-deildir samvinnufélaganna muni að einhverju leyti geta komið í stað innlánsdeildanna, en þó að mínu mati ekki að öllu leyti. Ég er þeirrar skoðunar að þetta form hafi á umliðnum árum í langsamlega flestum tilfellum verið báðum aðilum hagstætt, þeim sem trúðu viðkomandi samvinnufélagi fyrir sínum fjármunum og félaginu þó að það hafi getað greitt fyrir það fyllilega sambærilega vexti við það sem aðrir hafa gert, þrátt fyrir það hafa þetta verið ódýrari peningar, því að á þá hefur ekki fallið vaxtamunur eins og hefði verið ef það hefði farið í gegnum aðrar lánastofnanir.

Ég ætla ekki að gera athugasemdir við einstaka liði frv. Ég hef tækifæri til þess í nefndinni. Ég get tekið undir það með hæstv. ráðherra að það er mjög æskilegt að takist að ganga frá þessu á vorþinginu núna og eyða þeirri óvissu sem hefur verið um framtíð innlánsdeildanna.

Að lokum, virðilegi forseti, svona rétt til að menn átti sig á hvað þessar innlánsdeildir eru þó stórar, þá eru í þeim samtals 2.176 millj. kr. eða 2,1 milljarður kr. og það er af um 450 milljarða kr. peningalegum sparnaði í okkar þjóðfélagi. Og ef við tökum bankakerfið sem heild, þá eru það, ef ég man rétt, eitthvað í kringum 150 milljarðar kr. sem eru í bönkunum þannig að þetta eru þó umtalsverðir fjármunir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 3. mál.

Fundi slitið kl. 2.49 miðdegis.

---

130. FUNDUR

miðvikudaginn 17. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Framkvæmd útboða, stjfrv., 363. mál, þskj. 643. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Samvinnufélög, stjfrv., 364. mál, þskj. 644. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, stjfrv., 406. mál, þskj. 700. — 1. umr.
4. Neyðarráðstafanir gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna, þáltill., 253. mál, þskj. 328. — Fyrri umr.
5. Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 302. mál, þskj. 471. — Frh. 1. umr.
6. Umhverfismál og upplýsingamiðlun, stjfrv., 42. mál, þskj. 43, nál. 404, brtt. 405. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.,
Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.,
Össur Skarphéðinsson, 17. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Eiginfjárstaða innlánsstofnana, 439. mál, stjfrv., þskj. 740.

Staðsetning björgunarþyrlu, 438. mál, þáltill., JónK o.fl., þskj. 738.

Framkvæmd útboða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 363. mál. — Þskj. 643.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞÞ.

17 þm. (DO, EH, FrS, GÁ, HBl, IBA, JGS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, ÓÞÞ, SP, StG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞÞ.

15 þm. (DO, EH, FrS, GÁ, IBA, JGS, JVK, KHG, LMR, MF, ÓÞÞ, SighB, StG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Samvinnufélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 364. mál (innlánsdeild). — Þskj. 644.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn,

EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞÞ.

13 þm. (EH, FrS, GÁ, IBA, JGS, JVK, KHG, LMR, MF, ÓÞÞ, StG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞÞ.

14 þm. (EgJ, EKJ, FrS, GÁ, IBA, JGS, JVK, KHG, LMR, MF, ÓÞÞ, StG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Út af dagskrá voru tekin 3.–6. mál.

Fundi slitið kl. 1.35 miðdegis.

---

131. FUNDUR

miðvikudaginn 17. mars,
kl. 2.07 miðdegis.

Dagskrá:

Eiginfjárstaða innlánsstofnana, stjfrv., 439. mál, þskj. 740. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Eiginfjárstaða innlánsstofnana, 1. umr.

Stjfrv., 439. mál. — Þskj. 740.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞÞ.

8 þm. (EgJ, GB, JVK, LMR, MF, ÓÞÞ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um ráðstafanir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana. Þetta frv. er á þskj. 740.

Þessar ráðstafanir eru tvíþættar. Annars vegar er lagt til að eiginfjárstaða Landsbankans verði bætt sérstaklega og hins vegar að sett verði í lög ákvæði um almennan viðbúnað til þess að bæta eiginfjárstöðu banka og sparisjóða fyrir milligöngu tryggingarsjóða innlánsstofnana ef þörf krefur.

Virðulegi forseti. Langvinnir efnahagserfiðleikar hér á landi og í okkar næsta umhverfi, stöðugar fréttir af erfiðleikum innlánsstofnana í ýmsum nágrannaríkja okkar gera það að verkum að það er afar mikilvægt að grípa til slíkra ráðstafana til þess að auka traust á bankakerfi landsins og viðhalda því.

Ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum að Landsbanki Íslands er mikilvægasta lánastofnun þessa lands, flaggskip íslenska bankakerfisins. Hlutur hans í heildarútlánum banka og sparisjóða er rúmlega 40% og um 37% af öllum innlánum. Landsbankinn er næstum helmingi stærri en næststærsti banki landsins. Hann gegnir mikilvægu hlutverki fyrir allar atvinnugreinar, er sannkallaður atvinnuvegabanki, en þó er hlutverk hans sem umsvifamestu bankastofnunar sjávarútvegsins einna mikilvægast. Það er af þessum sökum sem það er alveg sérstaklega mikilvægt að eiginfjárstaða Landsbankans sé trygg.

Um síðustu áramót gengu í gildi ný lagaákvæði um eiginfjárkröfur sem gerðar eru til banka. Kröfur þessar eru byggðar á alþjóðareglum sem seðlabankar og eftirlitsstofnanir á Vesturlöndum hafa komið sér saman um. Það var þegar á liðnu ári ljóst að þessar nýju reglur voru sérlega kröfuharðar gagnvart Landsbankanum vegna samsetningar á viðskiptum hans og útlánum. Enda þótt bæði Landsbankinn og aðrir bankar virtust geta mætt þessum kröfum um sl. áramót var ljóst að þessar nýju reglur færðu Landsbankanum sérstakan vanda að höndum. Ekki síst af því að á undanförnum missirum hefur eiginfjárstaða Landsbankans farið versnandi sem stafar bæði af almennum samdrætti í efnahagslífi í landinu og ekki síður sérstaklega af samdrætti í sjávarútvegi og vegna afleiðinga af útlánastefnu fyrri ára. Sem stærsti og mikilvægasti atvinnuvegabanki landsins hefur Landsbankinn orðið að axla þungar byrðar af þessum sökum.

Þrátt fyrir að bankinn hafi lagt umtalsverðar fjárhæðir til hliðar á afskriftareikning útlána á mánuði hverjum á árinu 1992 er nú ljóst orðið að það dugar ekki til. Nýjustu upplýsingar um afkomu helstu viðskiptavina bankans benda til þess að síðasta ár hafi verið mörgum þeirra þungt í skauti. Þá skiptir einnig máli í þessu sambandi að bankinn lánaði verulegar fjárhæðir til fiskeldis og loðdýraræktar, tveggja atvinnugreina sem landsmenn bundu miklar vonir við, vonir sem því miður hafa ekki ræst. En það fé er nú að mestu glatað.

Í ljósi þessarar þróunar ákvað ríkisstjórnin undir lok síðasta árs að beita sér fyrir því að Seðlabanki Íslands veitti Landsbankanum víkjandi lán að fjárhæð 1.250 millj. kr. til að bæta eiginfjárstöðu hans.

Aðdragandi að þessari ákvörðun voru viðræður milli viðskrn., Landsbanka og Seðlabanka um leiðir til að

tryggja hag og stöðu bankans. Í samþykkt ríkisstjórnarinnar var tekið fram að stuðningur við bankann tengdist áformum um að breyta bankanum í hlutafélag í eigu ríkisins og ekki síður almennum aðgerðum til að styrkja stöðu atvinnulífsins í landinu. Ríkisstjórnin setti það skilyrði fyrir fyrirgreiðslunni að Landsbankinn hrindi í framkvæmd á því ári sem nú er að líða skipulegri áætlun til þess að bæta eiginfjárstöðu og afkomu sína, m.a. með almennri hagræðingu í rekstri, fækkun útibúa, aðhaldi að útlánum og í lækkun erlendra endurlána.

Greinargerð bankastjórnar Landsbankans um aðgerðir til að bæta afkomu og eiginfjárstöðu bankans barst ríkisstjórninni og Seðlabankanum í lok janúarmánaðar sl. Það náðist um það samkomulag milli viðskrn. og bankastjórnar Landsbankans að sérfræðingar úr Landsbankanum og Seðlabankanum færu yfir einstaka þætti í þessari greinargerð bankastjórnarinnar og gerðu síðan viðskrn. og bankastjórn og bankaeftirliti Seðlabanka grein fyrir því hvernig þessi áform Landsbankans yrðu framkvæmd í nánari atriðum. Þessari vinnu er ekki lokið en að þessu verki er nú kappsamlega unnið. Þegar að því kom að ganga frá ársreikningum Landsbankans fyrir árið 1992 varð það niðurstaðan að til þess að þessi ársreikningur gefi viðunandi mynd af stöðu hans, þessa helsta banka okkar lands, þannig að endurskoðendur bankans, ríkisendurskoðandi og viðskrh., sá sem hér stendur, geti staðfest reikninginn er nauðsynlegt að lágmarki að afskriftareikningur útlána verði 4.500 millj. kr. miðað við árslok 1992. Yrði að því ráði farið yrði hlutfall eigin fjár undir lögbundnu 8% lágmarki þrátt fyrir 1.250 millj. víkjandi lán sem Seðlabankinn með atbeina ríkisstjórnarinnar veitti Landsbankanum um áramótin síðustu.

Í athugasemdum með áritun endurskoðenda, ríkisendurskoðanda og ráðherra verður þess nú getið að ríkisstjórnin hafi lýst því yfir að hún muni beita sér fyrir því að eiginfjárhlutfall bankans verði hækkað ríflega yfir lögbundið lágmark og að frv. þar að lútandi hafi verið lagt fram á Alþingi — það frv. sem við ræðum hér í dag. Þetta er nauðsynlegt til að engar efasemdir vakni meðal innlendra og erlendra viðskiptavina og lánardrottna bankans um að ríkissjóður axli ábyrgð sína á starfsemi þessa banka.

Ég hef þegar nefnt það sem segja má að endurskoðendur hafi sett fram sem lágmark fyrir afskriftareikning útlána. En að mati endurskoðenda bankans og ríkisendurskoðanda er reyndar æskilegt að auka afskriftir útlána enn frekar á þessu ári en þegar hefur verið nefnt eða allt að 5.800 millj. kr. Það er með öllu ljóst að bankinn getur ekki staðið undir svo miklum afskriftum án utanaðkomandi fyrirgreiðslu. Ríkisstjórnin hefur því ákveðið að höfðu samráði við bankastjórn Seðlabankans og eftir viðræður við bankastjórn Landsbankans og forustu bankaráðsins að bregðast við versnandi eiginfjárstöðu Landsbankans með tvennum hætti og leitar nú heimildar Alþingis fyrir þeim ráðstöfunum.

Í fyrsta lagi að bankanum verði veitt allt að 2.000 millj. kr. fjárhagsaðstoð úr ríkissjóði. Þessi aðstoð getur verið með ýmsum hætti. En helst koma til greina framlag í reiðufé eða ríkisskuldabréfum eða víkjandi lán úr ríkissjóði.

Í öðru lagi að bankanum verði veitt allt að 1.000 millj. kr. víkjandi lán úr Tryggingarsjóði viðskiptabanka. En til þess að slíkt sé unnt þarf að breyta lagaákvæðum um sjóðinn í viðskiptabankalögunum. Að meðtöldu láninu og víkjandi láni frá Seðlabankanum um áramótin síðustu um 1.250 millj. kr. felst í þessum tillögum allt að 4.250 millj. kr. heildarfyrirgreiðsla við Landsbankann.

Hér er um háar fjárhæðir að ræða og að sjálfsögðu yrði slík fyrirgreiðsla við bankann háð skilyrðum. Í fyrsta lagi að viðræður hefjist milli Landsbanka og Búnaðarbanka í því skyni að bankarnir skiptist á eignarhlutum sínum í greiðslukortafyrirtækjum og eignarleigum þar sem þeir eiga báðir hlut þannig að fyrirtækin komist að meiri hluta í eigu annars hvors bankans í stað þess að þeir séu báðir minnihlutaeigendur í þessum fyrirtækjum öllum.

Með breytingum af þessu tagi mundu eignir af þessu tagi nýtast betur við útreikning á eigin fé. Telja verður að það sé í hæsta máta óeðlilegt að þeir fjármunir sem bundnir eru í fyrirtækjum með eignaraðild ríkisbankanna nýtist þeim ekki til eigin fjár, og þar með ekki eigandanum, með sem hagkvæmustum hætti. Fyrirgreiðslan yrði einnig háð því skilyrði að gerður verði samningur milli viðskrh. og fjmrh. annars vegar og Landsbankans hins vegar um það til hvaða ráðstafana bankinn skuldbindi sig til að grípa í því skyni að bæta afkomu sína og þar með eiginfjárstöðu.

Í slíkum samningi yrði kveðið á um eftirlit með framkvæmd hans. Veruleg hagræðing í rekstri bankans er mikilvæg forsenda fyrir því að eiginfjárstaða hans haldist góð til frambúðar. En það er einmitt undirbúningur að slíku samkomulagi sem unnið hefur verið að frá því að víkjandi lán frá Seðlabankanum var veitt Landsbankanum um áramótin síðustu.

Það er kveðið á um þau atriði sem ég hef nú gert að umtalsefni í frv., þ.e. fjárhagsstuðning ríkissjóðs við Landsbankann, heimild fyrir hugsanlegri lántöku ríkissjóðs í því skyni og skuldbindingar stofnana sem njóta vilja fyrirgreiðslu af þessu tagi, í 1., 2. og 6. gr. þessa frv. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla nánar um þessar þrjár greinar frv. en vísa að öðru leyti til athugasemda við það og athugasemda við einstakar greinar þess.

En hver er almennur bakgrunnur þessa máls? Því er auðvitað ekki að leyna að efnahagserfiðleikar undanfarinna ára hafa haft slæm áhrif á afkomu lánastofnana og jafnt annarra lánastofnana sem Landsbankans. Í því skyni að auðvelda innlánsstofnunum að bæta eiginfjárstöðu sína ef sú þörf kynni að rísa er hér lagt til að Tryggingarsjóði viðskiptabanka og Tryggingarsjóði sparisjóða verði heimilað að taka lán með ríkisábyrgð að fjárhæð samtals 3.000 millj. kr. til að þeir geti veitt víkjandi lán til innlánsstofnana í því skyni að bæta eiginfjárstöðu þeirra. Til að sjóðunum sé þetta heimilt verður að breyta lagaákvæðum um Tryggingarsjóð við-

skiptabanka í viðskiptabankalögunum frá 1985 og sparisjóðalögunum frá sama ári. Reyndar er það svo að í sparisjóðalögunum og lögunum um Tryggingarsjóð sparisjóða eru rýmri ákvæði um heimildir sjóðanna til að lána sparisjóðunum til eflingar eigin fjár. Um þessi atriði sem ég hef nú nefnt er fjallað í 3. og 4. gr. frv. og um ríkisábyrgðina á slíkum lántökum í 5. gr. frv.

Það er gert ráð fyrir því í þessu máli eins og fram kemur í athugasemdunum að Tryggingarsjóður viðskiptabanka veiti á þessu ári Landsbankanum víkjandi lán að fjárhæð allt að 1.000 millj. kr. Ég tel rétt að undirstrika að þessi tvenns konar starfsemi tryggingarsjóðanna, þ.e. annars vegar innstæðutryggingarnar sem þegar eru í lögum og hins vegar lántökur og endurlán lánsfjár í formi víkjandi lána, að þessu tvennu verði haldið algjörlega aðgreindu. Ég legg áherslu á að víkjandi lán úr tryggingarsjóðum innlánsstofnana til að bæta eiginfjárstöðu þeirra yrði að sjálfsögðu háð því skilyrði að viðkomandi lánastofnun geri samning við viðskrh. og fjmrh. um nauðsynlegar ráðstafanir til þess að bæta afkomu og eiginfjárstöðu með sama hætti og gert er ráð fyrir í dæmi Landsbankans.

Það er einnig þáttur í þessu máli að margir bankar á Norðurlöndum hafa á síðustu árum lent í svo miklum erfiðleikum að þeir hafa orðið að fá ríkisaðstoð til að bjarga sér. Vandamál flestra þessara banka eiga rætur að rekja í útlánastefnu á undanförnum árum sem hefur leitt til of mikilla útlána með veði í fasteignum, en verð á fasteignamörkuðum í þessum löndum hefur víða hrunið sem hefur leitt til mikilla afskrifta vegna útlánatapa. Þetta er aðalundirrót hins norræna bankavanda. Að þessu leyti er staða íslensku viðskiptabankanna önnur og að mínu áliti betri. En það er hins vegar ekki óeðlilegt að staða innlánsstofnana hér á landi og aðgerðir til að bæta eiginfjárstöðu þeirra séu bornar saman við þessa atburði annars staðar á Norðurlöndum. Um þetta vil ég segja tvennt:

Í fyrsta lagi glímum við sem betur fer alls ekki við jafnumfangsmikla erfiðleika. Í öðru lagi er með þeim aðgerðum sem hér er gerð tillaga um tekið á þessu máli með almennari, markvissari og að mínu áliti raunsærri hætti en gert hefur verið annars staðar. Í sumum dæmunum úr bankakreppu Norðurlanda hefur auk framlags úr ríkissjóði, víkjandi lána og í sumum tilfellum yfirtöku ríkisins verið gripið til þess ráðs að ríkið kaupi slakar eignir bankanna, einkum vonlítil útlán og fasteignir sem þeir kunna að hafa yfirtekið til fullnustu á kröfum en geta svo ekki losað sig við eða haft af neinar leigutekjur. Í staðinn hafa bankarnir fengið reiðufé eða skuldabréf. Ríkið hefur því í raun og veru verið að stofna það sem kalla mætti úrgangssjóði bankakerfisins. Ókosturinn við þessa leið er sá að ríkið situr þar með uppi með fjölda eigna sem sinna þarf og reyna að losna við eftir því sem aðstæður leyfa. Auðvitað eru bankar miklu betur til þess fallnir að sinna verkefnum af þessu tagi auk þess sem slík yfirtaka skuldbindinga frá einum banka en ekki öðrum kynni að valda óþolandi misræmi milli bankastofnana. Og í því tilfelli þegar um ríkisbanka er að ræða tel ég ekki leika neinn vafa á því að eðlilegast sé að eigandinn, ríkið, leggi fram aukið fé til bankans fremur en að yfirtaka eignir af þessu tagi.

Um þetta mál má að sjálfsögðu margt ræða og hafa á því ýmsa skoðun. Ég held hins vegar að hér sé gerð tillaga um það sem er skynsamlegasta leiðin og bendi á að á undanförnum árum hafa bankar í einkaeigu freistað þess, af því að þeir vissu af því að fram undan væru eiginfjárkröfur á grundvelli BIS-samkomulagsins, að auka sitt eigið fé með útboði lánsfjár til eigenda sinna eða á almennum hlutabréfamarkaði. Þetta hefur m.a. Íslandsbanki gert á liðnu ári.

Ég tel einnig að það sé hyggileg leið að breyta reglunum um Tryggingarsjóð viðskiptabanka og Tryggingarsjóð sparisjóða þannig að þeir geti tekið lán og veitt síðan bönkum og sparisjóðum víkjandi lán til að bæta eiginfjárstöðu þeirra. Með þessu erum við að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í. Þessir sjóðir voru upphaflega settir á laggir fyrst og fremst til að tryggja skil á innstæðum þótt Tryggingarsjóður sparisjóða hafi reyndar, eins og ég hef þegar nefnt, lagaheimildir til ýmissa annarra ráðstafana til að aðstoða sparisjóðina. Að mínu áliti fellur það því vel að hlutverki þessara sjóða, sem er óvenjulegt fyrirkomulag í bankalöggjöf Norðurlanda, að þeim sé gert kleift að styðja við bakið á innlánsstofnunum og þannig hugsanlega forða því að til gjaldþrots komi og að sjóðurinn verði að greiða innstæðueigendum.

Ríkisstjórnin telur því rétt að grípa nú einnig til almennra aðgerða sem geri það mögulegt að efla eiginfjárstöðu annarra innlánsstofnana án þess að á þessari stundu sé fyrirsjáanleg þörf á því. Í því skyni hefur ríkisstjórnin ákveðið að Tryggingarsjóði viðskiptabanka verði á hliðstæðan hátt og nú gildir um Tryggingarsjóð sparisjóða heimilt að veita viðskiptabönkunum víkjandi lán. Í því skyni verður sjóðunum heimilt að taka lán með ríkisábyrgð að fjárhæð allt að 3.000 millj. kr. samanlagt. Af þessari fjárhæð er fyrir fram gert ráð fyrir því að Tryggingarsjóður viðskiptabanka veiti Landsbankanum allt að 1.000 millj. kr. víkjandi lán.

Þá er ákveðið að skipa nefnd til að semja tillögur um eflingu þessara sjóða í framtíðinni og hugsanlega sameiningu þeirra og rifja ég í því sambandi upp umræður sem urðu hér við 1. umr. um það bankafrv., frv. til laga um viðskiptabanka og sparisjóði, sem liggur hjá hv. efh.- og viðskn.

Virðulegi forseti. Þótt flutning þessa frv. kunni að virðast hafa borið brátt að á málið sér langan aðdraganda. Endurskoðendur bankans og bankaeftirlitið hafa um nokkurt skeið verið uggandi yfir eiginfjárvanda Landsbankans. Það er reyndar svo að á sl. hausti töldu stjórnendur bankans og endurskoðendur að staðan væri mun betri, mun skárri en síðar hefur komið í ljós. Síðan í haust hefur verið unnið að því að leita heppilegustu lausna en um leið að kanna mjög vandlega eignastöðu bankanna. Mál af þessu tagi er hins vegar þess eðlis að þegar allir aðilar hafa orðið sammála um hver staðan sé og hver sé besta lausnin, er afar áríðandi að slíkri lausn sé hrint í framkvæmd án tafar. Þess vegna var atburðarásin jafnhröð og raun ber vitni þessi síðustu dægur. Langdregnar opinberar umræður um slíkt

mál án þess að það væri á enda kljáð væru málinu sjálfu næsta skaðlegar. Ég held að það sé nægilegt að vitna til þeirrar fjölmiðlaumræðu sem varð síðdegis í gær og á þessum morgni og um hádegið til þess að menn skilji hvað hér er í húfi. Það er þess vegna mjög mikilvægt að Alþingi afgreiði þetta mál með skjótum og öruggum hætti.

Eftir þessar aðgerðir stendur íslenska bankakerfið traustum fótum. Eiginfjárstaða bankanna er góð og fullnægir í öllum greinum hinum alþjóðlegu kröfum sem til þeirra eru gerðar. Þá standa langflestir sparisjóðanna vel þótt einn þeirra hafi reyndar þurft á fyrirgreiðslu frá Tryggingarsjóði sparisjóða að halda á sl. ári.

Reyndar er það svo að eiginfjárstaða íslenska bankakerfisins hefur löngum verið traust og traustari en í mörgum nágrannalanda okkar. Menn hafa t.d. á það bent að ein mikilvæg orsök erfiðleika bankanna í Finnlandi hafi einmitt verið sú að eiginfjárstaða þeirra var tiltölulega veik þegar bankakreppan skall á og þeir því illa í stakk búnir að mæta andbyr.

Þá vil ég geta þess að lausafjárstaða bankakerfisins, lausafjárstaða banka og sparisjóða er mjög góð um þessar mundir. Í því sambandi er ekki síst mikilvægt að lausafjárstaða Landsbankans er betri en oftast áður og bankinn á því alls ekki við greiðsluvanda að etja. Innstæður í Landsbankanum eins og öðrum íslenskum bönkum eru því fullkomlega öruggar.

Hæstv. forseti. Þær ráðstafanir sem hér eru til umræðu snúast ekki einungis um það að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana og Landsbankans sérstaklega, þær snúast í reynd ekki síður um að að styrkja stöðu atvinnulífsins á þessum óvissutímum. Atvinnulífið og bankakerfið er í raun og veru tvær hliðar á sama peningi. Þessar aðgerðir eru því ekki síst atvinnuöryggismál.

Virðulegur forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Hæstv. viðskrh. hefur lýst fyrirliggjandi frv. sem hér er til umræðu og er óþarfi fyrir mig að fara ofan í saumana á hverri grein fyrir sig. Ég vil lýsa því yfir að þingflokkur Sjálfstfl. hefur komið saman og styður að sjálfsögðu þetta frv. og vill greiða fyrir því að það fái eðlilega, hraða og örugga málsmeðferð á hinu háa Alþingi.

Það er ljóst að frv. sem hér er til umræðu, sem tekur að sjálfsögðu fyrst og fremst mið af stöðu Landsbankans, á sér nokkurn aðdraganda eins og fram kom í ræðu hæstv. viðskrh. Aðalatriðið er nú að málið fái hraða og örugga meðferð í þinginu þannig að ekki sé nein óvissa um það hver örlög þess verða. Mér finnst ástæða til að þakka hv. stjórnarandstæðingum fyrir að hafa brugðist við með þeim hætti að hægt er að flýta málsmeðferðinni og afgreiða það eins fljótt og mér skilst að fram hafi komið í þeirra svörum við þeirri beiðni í gær. (**Gripið fram í:** Í gær?) Í gær og í morgun. Það var í gær talað við formann Framsfl., ef það kemur einhverjum á óvart, um þetta atriði, en í morgun mun hafa verið talað við formenn annarra flokka eða fyrirliða hér á þingi og ég vildi láta það koma fram ...(**Gripið fram í:** Þetta er einhver misskilningur.) Ég vona að ég megi skilja orð þannig að menn séu sammála um að eðlilegt sé að hraða þessu máli í gegnum þingið og ætlaði að þakka fyrir það. Komi það hins vegar í ljós að formenn einstakra þingflokka hafi aðra skoðun, þá kemur það að sjálfsögðu fram í þeirra máli. En það kæmi mér satt að segja á óvart ef einhver flokksformaðurinn eða einhver flokkurinn teldi það vera farsælt í þessu máli að tefja framgang þess. Ég vona að ég megi ekki skilja frammíkall hv. 8. þm. Reykn. með þeim hætti.

Eins og allir vita þá hafa verið erfiðleikar í íslensku efnahags- og atvinnulífi að undanförnu og bankarnir hafa allir verið að leggja fé til hliðar til þess að mæta hugsanlegum útlánatöpum sínum. Þetta er auðvitað ákaflega mikilvægt vegna þess að ef þeir gera það ekki þá hlýtur það að lenda fyrr eða síðar á skattgreiðendum. Það kann að vera upplýsandi að greina frá því að samkvæmt upplýsingum frá Íslandsbanka þá lagði bankinn í rekstrarreikningi sínum árið 1990 til hliðar vegna útlánatapa, til afskrifta, 565 millj., 1991 800 millj. kr. en 1992 hvorki meira né minna en 1.512 millj. kr. Og samkvæmt skýrslu bankaeftirlitsins munu um það bil 2.500 millj. kr. hafa verið lagðar til hliðar 1990 og sömuleiðis 1991. Hér er um gífurlega háar fjárhæðir að ræða sem ég hygg að ástæða sé til að leggja áherslu á að mætt hefur verið innan bankakerfisins og sýnir að íslenska bankakerfið hefur brugðist við með þeim hætti sem eðlilegt verður að teljast. Og ég tek það skýrt fram að auðvitað er einungis hér með aðgerðum ríkisstjórnarinnar og Alþingis verið að tryggja að Landsbanki Íslands standist þær kröfur sem til bankastarfsemi eru gerðar samkvæmt reglum, ekki síst alþjóðlegum reglum, svokölluðum BIS-reglum.

Í 6. gr. frv. er sagt frá því að gerður skuli samningur milli annars vegar viðskrh. og fjmrh. og hins vegar hlutaðeigandi stofnunar sem fær fyrirgreiðslu og þar segir að í samningi þessum skuli geta um það til hvaða ráðstafana innlánsstofnunin skuldbindur sig til að grípa í því skyni að bæta afkomu sína og eiginfjárstöðu.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á þetta því það er mjög mikilvægt frá mínum bæjardyrum séð að þegar slíkur samningur verður gerður verði honum fylgt eftir með þeim hætti sem eðlilegt er því að hér er verið að leggja fram verulegt fé úr ríkissjóði af fjármunum skattgreiðenda til þess að koma rekstrarstöðu og efnahagsstöðu viðkomandi lánastofnunar í viðunandi horf.

Ég tel að það sé ástæðulaust að lýsa því hér í einstökum dráttum hvaða atriði þarf að leggja áherslu á. En upp í hugann hlýtur þó að koma að lögð sé áhersla á að rekstrinum sé hagrætt og þess gætt í hvívetna að þeir fjármunir sem lagðir verða til viðkomandi innlánsstofnun verði ekki nýttir til þess að samkeppnisstaða hennar verði óeðlilega góð miðað við aðrar stofnanir eftir að fjármagn hefur verið veitt til stofnunarinnar. Þetta segi ég hér vegna þess að það hlýtur að

hafa þýðingu í ráðstöfunum eins og þessum að ekki sé verið að leggja fram fjármuni sem beinlínis verða notaðir til þess að styrkja slíka samkeppnisstöðu heldur til þess fyrst og fremst að ná þeim markmiðum sem auðvitað eru í sjálfu sér eðlileg og þarf að ná en það er að viðkomandi innlánsstofnun nái að uppfylla þau skilyrði sem sett eru í alþjóðlegu viðmiðuninni. Þetta vil ég að komi skýrt fram. Ég tel að ráðherra, bæði viðskrh. og þó einkum og sér í lagi fjmrh., eigi að sjá til þess að þessu sé fylgt eftir. Með þessu er ekki verið að segja að stjórnvöld ætli að stilla upp stefnu fyrir viðkomandi lánastofnun heldur er það að sjálfsögðu á borði viðkomandi stofnana hjá stjórnendum hennar, yfirleitt bankastjórum. En það er nauðsynlegt að þeim stefnumiðum sem þar koma fram sé fylgt eftir í hvívetna.

Ég held, virðulegi forseti, að það sé ástæðulaust fyrir mig að hafa mikið fleiri orð um þetta frv. Ég held þó í lokin að það sé rétt að geta um það að þetta hefur að sjálfsögðu áhrif á ríkissjóð eins og gefur auga leið. Tveir milljarðar sem færðir verða til bankans, ef af þessum lögum verður og þeim fylgt, þýða auðvitað það að staða ríkissjóðs rýrnar að sama skapi. Það liggur ekki fyrir nú í hvaða formi þessi ráðstöfun verður gerð en gera má ráð fyrir því að það verði gert með framlagi, t.d. skuldabréfa sem ríkið mundi þá greiða í tímans rás, t.d. á nokkurra ára bili eftir nokkur ár. Aðalatriðið er að hér er verið að styrkja eiginfjárstöðu bankans en ekki lausafjárstöðu innlánsstofnana eins og margoft hefur verið rætt um.

Það hefur þess vegna þýðingu og það er nú alkunnugt mál hér á Alþingi hvort verið er að tala um greiðsluhalla eða reikningshalla í þessu sambandi. Það er ljóst að ef ekki er greitt með peningum þá verður ekki um aukinn greiðsluhalla að ræða á þessu ári en það breytir ekki því að reikningshallinn, niðurstaðan í ríkisreikningi verður a.m.k. 2 milljörðum lakari en ella. Þetta þýðir þegar lauslega er litið til ríkissjóðs að gera má ráð fyrir því að reikningslegur halli á ríkissjóði verður talsverður á þessu ári og talsvert meiri en á sl. ári eða a.m.k. 10 milljarðar, ef ekki hærri tala, og sýnir að ríkissjóður hefur rýrari möguleika en áður til að nota útgjaldastefnu til að mynda til að fara af stað með framkvæmdir eða að nota í öðru skyni. Ég leggja áherslu á þetta vegna þess að nú er eins og menn vita nokkuð sótt á ríkissjóð um að auka framkvæmdir og draga úr tekjum hans eða auka útgjöld á öðrum sviðum. Þá ber að hafa í huga að þessi ráðstöfun sem hér mun eiga sér stað er auðvitað ráðstöfun sem er gerð til að styrkja atvinnulífið í þessu landi því öllum er ljóst að Landsbankinn er stærsti og öflugasti banki landsmanna, öflugasti atvinnuvegabanki landsmanna og það er ekkert betra sem ríkissjóður getur gert en styrkja stöðu þess banka, styrkja stöðu bankastarfseminnar í landinu og skapa það traust sem þarf að vera því það er frumskilyrði þess að hér í landinu sé eðlilegt og heilbrigt atvinnulíf.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. að við framsóknarmenn munum styðja það að eiginfjárstaða Landsbankans verði styrkt. Ég skýrði frá því reyndar þegar í gær. Ég vil hins vegar taka það skýrt fram að við höfum fyrirvara um einstakar greinar þessa frv. og teljum að þær þurfi að skoða mjög vandlega í nefnd. En ég ætla ekki að ræða það hér. Nefndin hefur reyndar þegar fengið frv. til meðferðar.

Ég hlýt hins vegar að gagnrýna mjög hvernig á þessu máli hefur verið haldið. Ég tel að það hafi verið þyrlað upp moldryki sem hafi verið algerlega óþarft og geti jafnvel enn, þó úr því hafi nokkuð dregið, skaðað þessa mikilvægu lánastofnun mjög. Ég mun því í ræðu minni hér fyrst og fremst leitast við að draga úr þeim margs konar misskilningi sem komið hefur fram og kom mjög greinilega fram t.d. í sumum fjölmiðlum í gær og kemur fram t.d. í öðru stjórnarblaðanna í morgun.

Ég tel að það hefði verið hægt að halda á þessum málum á allt annan máta og miklu eðlilegri og vísa þar m.a. strax til þeirra viðræðna sem, eins og kom fram hjá hæstv. viðskrh., hafa farið fram, að við héldum í fullri tiltrú á milli bankastjóra og viðskrh. og Seðlabankans og trúðum satt að segja að væru enn í gangi. Það var skýrt frá því að það var sett á fót nefnd í samráði við Seðlabankann til að skoða stöðu Landsbankans betur og hvernig hann ætti að mæta þeim nýju skilyrðum sem eru í þjóðfélaginu. Okkur hafði verið tjáð að það væri líklegt að sú nefnd skilaði áliti í maí. Ég vil gjarnan spyrja hæstv. viðskrh. hvort ekki sé rétt að hann hafi átt fund með bankastjórum Landsbankans í gærmorgun. Þeim fundi lauk þannig að hæstv. viðskrh. sagði sjálfur að það lægi ekki svo á, það væru nokkrir dagar til stefnu.

Ég tel að það hafi ekki legið svo á. Landsbankinn er mjög öflug stofnun. Arðsemi af rekstri Landsbankans var á síðasta ári um 30% eða um 1,8 milljarðar kr. áður en hann lagði fé í afskriftasjóð og greiddi u.þ.b. 580 millj. kr. til ríkissjóðs í ýmsum opinberum gjöldum. Það er sannarlega ekki illa rekin stofnun sem hefur 30% arð.

Sömuleiðis er rétt að geta þess að samkvæmt fyrri mæling á eiginfjárstöðu bankans þar sem krafist er að eigið fé sé ekki lægra en 5% þá mun eiginfjárstaða bankans nú vera yfir 6%. Hvað hefur þá valdið öllum þessum látum sem nú hafa orðið og ég ætla í stuttu máli að rekja?

Í fyrsta lagi, eins og komið hefur fram, hafa verið settar nýjar kröfur um mat á eiginfjárstöðu innlánsstofnana. Ég er út af fyrir sig ekki að gagnrýna það að nauðsynlegt er að samræma mat á eiginfjárstöðu bankanna í því alþjóðlega umhverfi sem bankarnir starfa nú í. En Seðlabanka og ég hygg hæstv. viðskrh. hefur mjög oft verið á það bent í viðræðum bankastjóra og starfsmanna bankans á sl. ári og reyndar þessu að þessar reglur eru afar óhagkvæmar Landsbankanum eins og reyndar hefur komið fram í þessari umræðu hér nú og hæstv. viðskrh. sjálfur rakti.

Af hverju eru þessar BIS-reglur svokallaðar svo óhagstæðar bankanum? Ég ætla aðeins að fara hér í

fáum orðum yfir greinargerð sem ég hef fengið frá Landsbankanum um þessi mál, svokallaðar BIS-reglur. Samkvæmt BIS-reglunum þá er krafa um eigið fé hækkuð úr 5% í 8% en til móts er gengið hins vegar með því að lækka áhættugrunninn að vissu mati, þ.e. samnefnarann í þeirri jöfnu sem er notuð til að reikna út eigið fé bankans. En áhættugrunnurinn er lækkaður samkvæmt ákveðnum reglum. Þ.e., það er mismunandi mat á því hver áhættan er mikil í hinum ýmsu lánaflokkum. Áhættuflokkarnir eru fimm. Flokkur með 0% áhættustuðul og má þá draga að öllu leyti frá áhættugrunninum, 20% áhættustuðli, 50% áhættustuðli og 100%, þ.e. 100% áhætta eins og talað er um. Í 0% áhættugrunni eru peningaeign bankans og kröfur á ríki og seðlabanka innan OECD, kröfur á ríki utan OECD og seðlabanka með vissum takmörkunum. Áhættustuðull 20%, þar eru kröfur á fjölþjóðaþróunarbanka, kröfur á sveitarfélög innan OECD, kröfur á innlánsstofnanir innan OECD, kröfur á opinber fyrirtæki og stofnanir innan OECD sem eru rekin án hagnaðarvonar og keppa ekki við einkaaðila. Áhættustuðull 50%, þá er leyfilegt að draga helminginn af útlánum þess flokks frá áhættugrunninum og kröfur eru tryggðar með veði í íbúðarhúsnæði innan 80% fasteignamats. Áhættustuðull 100%, allar aðrar eignir. Þ.e. öll veð í atvinnurekstri landsmanna eru 100% áhætta, öll. Þegar menn hugleiða að Landsbankinn er með 70% af sjávarútveginum í viðskiptum, 70%, og Landsbankinn hefur undanfarin ár gengið mjög ötullega fram í því að tryggja sig vel með því að taka veð í fiskiskipum en fiskiskipin okkar nýju sem eru að koma til landsins með fullan kvóta eru 100% áhætta. Eða t.d. afurðalán sem veitt eru út á fullunna vöru hjá okkar samtökum, við skulum segja SH eða Íslenskum sjávarafurðum, eru jafnvel á leiðinni til útlanda til öruggs kaupanda, eru 100% áhætta.

Ég held að það hljóti allir að sjá að þetta veldur náttúrlega Landsbankanum gífurlega miklum erfiðleikum. Nú segja menn eflaust: Þetta eru alþjóðlegar reglur og svo framvegis og ekkert við þessu að gera. Jú, þetta eru alþjóðlegar reglur en samkvæmt grein sem ég hef fengið í hendurnar úr alþjóðlegu tímariti þar sem þetta er rakið þá er vissulega lögð áhersla á að hinar ýmsu þjóðir hafa útfært þessar reglur með tilliti til aðstæðna í sínu landi. T.d. er þar upplýst að franski seðlabankinn kallar 0% áhættu lán til nýlendna sem áður voru franskar. Ég hefði nú talið það æðimikla áhættu að lána þessum þróunarlöndum. Hér erum við hins vegar kaþólskari en páfinn og af því að EB hefur kosið að segja: Það er 100% áhætta að veita lán til ryðdallanna sem liggja í höfnunum þar úti, og ég áfellist þá ekki fyrir það, þá segjum við líka að það sé 100% áhætta að veita lán til þess atvinnuvegar sem stendur undir öllu íslensku þjóðfélagi, sjávarútvegsins. Og eins og ég segi: Það er margsinnis búið að vekja athygli á þessu. Eins og endurskoðandi bankans upplýsti í morgun, aðspurður, hann sagði: Jú, ég er búinn að gera það mjög oft, ég hef fengið mjög kaldar móttökur og mér hefur verið sagt: Þessu verður ekki breytt því það er svo mikil áhætta að veita lán til íslenskra atvinnuvega. Jú, ég get skilið að seðlabankinn segi það þegar við völd er ríkisstjórn sem byrjar með að segja: Nú ætlum við engin afskipti að hafa af atvinnulífinu og segir það enn og ætlar ekkert að gera til að styrkja þess starfsgrundvöll. Það er líklega eina ríkisstjórnin í heiminum í dag sem þannig heldur á þeim málum. (**SvG:** Ríkisstjórnin er áhætta.) Já, hún er áhætta, það er rétt og það er verið að hengja hér bakara fyrir smið. Það er ríkisstjórnina sem á að taka á hvalbeinið en ekki bankann. En hvað um það, þetta er ein af ástæðunum.

Og af þessari ástæðu, um síðustu áramót, þá var talið að það yrði að taka víkjandi lán til að ná þessum svokölluðu BIS-reglum, þ.e. ná 8% í eiginfjárstöðu bankans. Og bankaráðinu var sagt að það væri þar með gert.

Ég tel satt að segja að það hljóti að vera skylda eigenda bankans að gera bankanum kleift að standast þessar nýju reglur sem eigendur bankans með Seðlabankann í farteskinu hafa ákveðið að innleiða hér, það er skylda þeirra. Að sjálfsögðu er ekkert við því að segja og reyndar ber að þakka að það er gert.

Nú, þetta er ein ástæðan fyrir því að þessu moldryki öllu er nú þyrlað upp sem ég hélt satt að segja að væri liðið hjá. Að vísu sagði hæstv. viðskrh. áðan, ég hygg að það hafi verið hann frekar en fjmrh., að það væri kosið að færa þessa eiginfjárstöðu upp í 9% og eigendurnir um það. Ég geri sannarlega ekki minnstu athugasemd við það.

Ég vil aðeins taka fram, og geri það með leyfi endurskoðanda, að lesa hér hugleiðingar endurskoðanda bankans um þetta atriði. Hann segir hér, með leyfi forseta:

„Ef reglur þær sem gilda um eiginfjárútreikning eru virtar virðast þær bankanum um margt andsnúnar. Þannig er eigið fé bankans lækkað um 574 millj. kr., sem nemur hlut hans í hlutdeildarfélögum þótt þar sé að finna nokkrar arðbærustu eignir hans."

Ég þarf að skjóta hér inn í, ég gat þess ekki áðan, að það er bannað samkvæmt nýju reglunum að telja til eigin fjár hlutdeild í sumum mestu gróðafyrirtækjum þessa lands eins og VISA af því að Landsbankinn á þar ekki meiri hluta. Og síðan segir endurskoðandinn, með leyfi forseta:

„Bankinn hefur leytast við að lækka þessa fjárhæð með því að selja eignarhlut sinn í Útflutningslánasjóði og einnig hefur verið gerð úttekt á stöðu Lýsingar hf. og Lindar hf., sem gefa til kynna að bankinn eigi kost á að minnka fjárbindingar sínar enn frekar. Að því er varðar nefnarann, áhættugrunninn, eru reglurnar andsnúar þeim lánastofnunum sem sinnt hafa atvinnulífinu. Þeim mun meira af útlánum sem tryggð eru af því opinbera og þeim mun meira sem tryggt er með veði í íbúðarhúsnæði eða fjölnota atvinnuhúsnæði þeim mun lægri mælist áhættugrunnurinn og áhættuhlutfallið hækkar samsvarandi. Eigi eiginfjárhlutfall bankans að hækka verður hann bæði að leitast við að minnka umfang sitt og breyta áherslum í útlánamálum. Þrátt fyrir það sem hér hefur verið rakið breytir það ekki þeirri staðreynd hvernig reglurnar hljóða í dag og við því verður að bregðast. Sú spurning gerist hins vegar æ

áleitnari í okkar huga hvar það muni enda ef bankar draga markvisst úr útlánum til atvinnulífsins til að bæta stöðu sína við eiginfjárútreikning."

Á þetta hafa hæstv. ráðherrar ekkert minnst. Þeir fengu þó þetta fyrir viku, þessi skýrsla kom 10. mars sl., og ég kem síðar að meðferð þess máls alls. Er þetta ekki eitthvert áhyggjuefni? Er ekki ástæða til að skoða hvað verður hér um atvinnulífið ef Landsbankinn bregst við þessu eins og lagt er upp í hendurnar á honum, að hætta nú að veita afurðalán, hætta að veita flýtilán hjá Fiskveiðasjóði? Reyndar mætti maður spyrja: Er ekki ætlunin að meta Fiskveiðasjóð samkvæmt þessum nýju BIS-reglum og hvar stendur hann þá? Hann er að vísu ekki banki. Það væri ástæða til að gera það. Hvar ætli hann standi þá, sem á að heita sterkasti sjóður landsmanna og er það. Ég hef fulla trú á sjávarútvegi þessa lands.

Enn fremur segir hér, með leyfi forseta:

„Skoða þarf vandlega allar mögulegar leiðir til útbóta, t.d. hvað annað unnt er að gera strax til að bæta úr eiginfjárhlutfalli án viðbótarframlags, hvað raunhæft sé að ætla bankanum sjálfum að leysa á næstu árum og hvað þurfi að koma af nýju fjármagni."

Þetta héldum við í einfeldni okkar að væri verið að gera, að skoða hvað væri hægt að gera af hálfu bankans sjálfs.

En þá er það hinn þátturinn sem krefst þess að eigið fé bankans sé aukið og þar með afskriftareikningur. Ársreikningur bankans var gerður eins og venja er og ítarlega um hann rætt. Þegar hann kom til lokaframlags í bankaráði þá var upplýst að endurskoðendur teldu þá 1,2 milljarða kr. sem lagðir höfðu verið í afskriftareikning of lítið og vildu að bætt yrði við 330 millj. kr. og það var að sjálfsögðu gert. Þeir vöktu líka athygli á því að athugun þeirra á, maður getur raunar sagt ástandinu í þjóðfélaginu því að bankinn er ekkert annað en spegilmynd af því, ástandi hinna ýmsu útlána bankans og lántakenda bankans þá væri nauðsynlegt á árinu 1993 að auka enn verulega í afskriftasjóði eða líklega um 160 millj. kr. á mánuði. Það er vitanlega gífurleg upphæð og var ekki séð hvernig það yrði gert. Það var meginástæða fyrir því að farið var að ræða um það við Seðlabankann. Mér er ekki heimilt að upplýsa hvað er á þessari úttekt endurskoðendanna. En þeir segjast telja á grundvelli hennar að í afskriftasjóðnum þurfi að vera á milli 4 og 6 milljarðar kr. til að mæta þessum hugsanlegu skakkaföllum. Ég legg mikla áherslu á það — hugsanlegu skakkaföllum. Þarna eru fjölmörg fyrirtæki sem ég veit ekki betur en séu í ágætum rekstri í dag og ég vona að komi aldrei til að það þurfi að afskrifa neitt hjá þeim. En ég ætla ekki að deila þar við dómarann, við þessa endurskoðendur, sem þekkja þetta miklu betur en ég. Ég tel sjálfsagt að leitast við að verða við þessu. Og ég fagna því að ríkisstjórnin hefur ákveðið að gera það og bakka þannig bankann upp, ef ég má orða það svo.

En mér finnst dálítið skrýtið sumt sem er sagt í þessu sambandi. Það er reynt að skella skuldinni á fiskeldið. Vitanlega hefur tjón af fiskeldinu verið töluvert. En í þessari úttekt endurskoðenda er talið að þurfi að afskrifa 851 millj. kr. vegna fiskeldis. Það er nú ekki nema brot af þessu. Það er jafnvel verið að nefna loðdýraræktina í þessum tillögum endurskoðenda og — ég tel mér frjálst að nefna það þar sem ég nefni engin fyrirtæki — er talið að það þurfi að afskrifa 111 millj. kr. Er það ástæðan fyrir því að svona þarf að hlaupa undir bagga? Það er jafnvel ýjað að því að samvinnuhreyfingin væri sökudólgur. Sambandið hefur verið nefnt í þessu sambandi. Ég gæti trúað því að sú hefði verið ástæðan fyrir ári. Þá var talað um að það þyrfti jafnvel að setja í sjóð til að mæta hugsanlegu allt að 2 milljarða tapi af Sambandinu. Vita menn hvað þeir telja að tapið verði nú, þessir endurskoðendur? Hvað halda menn? 5 millj. Þessi aðgerð hefur að mínu mati tekist alveg sérstaklega vel og varla er ástæða til að setja, hvað var það kallað, hæstv. fjmrh., tilsjónarmenn, á bankann til að fylgjast með svo frábærri aðgerð sem ég kalla svo og þar var gripið til.

Ég hef farið yfir allan listann og reynt að gera mér grein fyrir hvað það er mikið sem talið er í hættu hjá samvinnufélögum í landinu. Það er samtals að því ég fæ séð, í fljótu bragði að vísu, 25 millj. kr., svo ekki er ástæðan þar. En ég nefni þetta af því að mér finnst vera látið að þessu liggja að þar sé m.a. grunnurinn að þeim vandræðum sem nú eru.

Það er líka talað um að þetta sé fortíðarvandi o.s.frv. Ég ræddi bæði við Þjóðhagsstofnun og bankann um það t.d. hver er lánastaða sjávarútvegsins sem hefur, það er ekki því að leyna, verið hvað erfiðust. Útlán til sjávarútvegs 1989 voru 28 milljarðar 338 millj. kr., 1990 lækka þau niður í 25 milljarða 976 millj. kr., en haldast nokkurn veginn í stað 1991 en eru nú vaxandi og eru árið 1992 komin upp í 26 milljarða 258 millj. kr. Þjóðhagsstofnun segir mér að afkoma sjávarútvegsins 1990 hafi verið með því besta allan áratuginn, svipuð og hún var árið 1985. Reyndar er mér sagt að þá hafi skuldir sjávarútvegsins aðeins lækkað. Afkoma iðnaðarins var einnig sú besta sem hún var allan áratuginn. Svo það er, hygg ég, alveg ljóst að þá var komið a.m.k. á rétt ról, rétta braut, í þessum málum sem við erum að ræða nú með lækkandi skuldum þessara atvinnuvega. Staðreyndin er náttúrlega sú að það hefur keyrt um þverbak núna í tvö ár. Menn skulu bara hugleiða hvort ekki megi rekja það að einhverju leyti til þess ástands sem hér hefur skapast með hávaxtastefnunni m.a. og því afskiptaleysi sem ríkisstjórnin hefur sett sér að skuli vera af stöðu atvinnulífsins.

Reyndar er það dálítið fróðlegt að skoða hér hvað endurskoðandi segir um þessa versnandi afkomu, með leyfi forseta. Þar segir hann:

„Leggst margt á eitt í því sambandi, svo sem almennt lakari afkoma lánþega, veðsettar eignir hafa fallið í verði og að lánin hafa að sama skapi vaxið vegna verðtryggingar, hárra raunvaxta og greiðsluvandræða."

Það skyldi nú ekki vera að greiðsluvandræðin stafi að verulegu leyti af háum raunvöxtum? En hæstv. fjmrh. gerði sér lítið fyrir og hækkaði þá með einu pennastrki í upphafi síns starfsferils um einn þriðja eða um það bil. Og það eru náttúrlega ískyggilegar fréttir sem

við fáum af skuldastöðu heimilanna. Það birtist nú í Fréttabréfi Samvinnubankans að skuldastaða heimilanna sem hlutfall af ráðstöfunartekjum sé orðin hærri hér en í nokkru öðru landi. Og samkvæmt upplýsingum sem ég fékk frá Þjóðhagsstofnun eru skuldir heimilanna nú í ár taldar um 255 milljarðar kr. en er áætlað að verði á þessu ári 280 milljarðar kr. Það skyldi nú ekki vera að þessi gífurlega vaxtabyrði sem hér er sé það sem þessu veldur? Menn verða að athuga það að þessar skuldir eru að meðaltali á hvern íbúa um 1 millj. Þær eru að meðaltali um 4 millj. á meðalfjölskyldu sem er náttúrlega miklu meira að meðaltali ef teknar eru þær fjölskyldur sem skulda því sumar skulda ekki neitt. Þetta er miklu meira áhyggjuefni heldur en komið hefur fram hingað til. Ég nefni þetta í leiðinni því eflaust þurfa bankarnir að koma sér upp varasjóði til að mæta þessu ef þeir eignast flest íbúðarhúsin í landinu og þau eru að vísu vonandi einhvers virði en það er ekki góð leið út úr þessum vanda.

Ég get út af fyrir sig tekið undir það að fara má ýmsar aðrar leiðir í rekstri banka, því hef ég kynnst. En ég hef gífurlegar áhyggjur af því hvert stefnir í sambandi við innlánsvexti sem bankarnir eru að binda sér. Ég held ég fari rétt með að Landsbankinn er með eitthvað í kringum 7–8 milljarða á bankabréfum sem eru með föstum innlánsvöxtum 9%. Hvar ætli það þekkist í heiminum að greiða 9% innlánsvexti? Og ég get sagt það hér að mér brá þegar ég sá að yfirborgun á vöxtum í Landsbankanum nemur 156 millj. samkvæmt ársreikningi. Hér hafa menn spurt: Hver er yfirborgun á vöxtum? Það er samkeppni um innlánsfé stórfjármagnseigenda sem nota sér skortinn og ganga á milli og láta bjóða í sitt innlánsfé. Kannski lífeyrissjóðirnir, kannski Aðalverktakar, menn sem eiga stórt og mikið innlánsfé. Ég segi fyrir mitt leyti að ég mun beita mér gegn því að tekið verði þátt í því kapphlaupi. Það getur vel orðið til þess að Landsbankinn hafi minna innlánsfé. En það er best að leyfa hinum að axla þær byrðar.

Ég held nefnilega að með þessu vaxtakapphlaupi séum við komnir út í gífurleg vandræði að vissu leyti og inn á götu sem er afar erfitt að snúa frá. Bankinn hefur líka að sjálfsögðu orðið við þeirri ósk bankaráðs að leggja fyrir ítarlegar tillögur um það hvernig eigi að vinna að meiri hagræðingu í bankanum. T.d. er það staðreynd samkvæmt athugun endurskoðanda að það eru fleiri starfsmenn í Landsbankanum miðað við veltu heldur en í öðrum bönkum. Það er vitanlega áhyggjuefni. Og það hafa verið gerðar ýmsar róttækar breytingar sem eiga að verða til hagræðingar. En ég hlýt þó að verja bankastjórana að því leyti til að þeir hafa verið ragir að segja upp starfsfólki og vilja láta það koma eðlilega miðað við starfsaldur. Það eru líka fleiri ástæður til þess. Bankinn eða bankastarfsmenn njóta ekki greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði og þó borgar bankinn í sjóðinn. Það er í mörg ár búið að leita eftir að þessu verði breytt. Og það er ábyrgðarhluti að senda starfsmenn bankans í atvinnuleysi þegar þeir njóta ekki greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Þetta kemur m.a. fram í þessari skýrslu endurskoðandans og hann bendir á að þetta er óhagræði sem stendur gegn því að bankinn geti að vissu leyti hagrætt með því að fækka starfsfólki.

Bankinn hefur að sjálfsögðu orðið við þeirri beiðni að leggja fyrir ríkisstjórn hugmyndir um það hvernig lagfæra megi ýmislegt í rekstri bankans. Hún var til meðferðar í Seðlabankanum og ég held ég hafi sagt áðan að það var talað um að skilað yrði áliti í maímánuði.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu þótt hér mætti fjöldamargt annað nefna. Ég legg hins vegar áherslu á að það sem hér er verið að gera mun ekki endast lengi ef umhverfið er óbreytt, ef sjávarútvegurinn er rekinn með 8–10% halla, ef bókstaflega ekkert er gert til að draga úr atvinnuleysinu, þá mun fljótlega halla undan fæti því miður, það má bara alls ekki gerast.

Ég hef gagnrýnt það hvernig á þessum málum hefur verið haldið. Ég hlýt að svara því hvernig ég tel að hefði verið hægt að halda á þessu máli. Ríkisstjórn og Seðlabanka hafa verið gerð glögg grein fyrir þessu ástandi öllu eins og ég hef rakið, hvert þessar BIS-reglur stefna. Skýrsla endurskoðenda, þar með ríkisendurskoðanda kom fyrir viku, kom 10. mars og var strax sýnd ríkisstjórninni og það var strax farið að ræða hana. Það er gripið til svona sem sumir kalla flugeldasýningar, m.a. ég, án þess að bankastjórarnir viti nokkuð af því að því ég best veit. Mér er tilkynnt það kl. eitt í gær, ég þakka fyrir það, mér þótti gott að fá það ekki alveg óvænt. En var ekki hægt að gera þetta á einhvern annan máta? Viðskrh. minntist á að til umræðu hefði komið að ríkissjóður yfirtæki eitthvað af eignum bankans, og ja, maður getur kallað það að fryst yrðu einhver útlán bankans sem eru hættulegust talin og bankinn fengi í staðinn skuldabréf. Ég tel að þetta hefði verið miklu, miklu skynsamlegri aðgerð heldur en nú er gerð. Ég tel reyndar að langsamlega skynsamlegast hefði verið að eigandi bankans hefði bara gefið út fréttatilkynningu og sagt: Eigandanum, ríkissjóði, er fullkomlega ljóst að bankinn á erfitt með að mæta BIS-reglunum, honum er fullkomlega ljóst að ástandið í atvinnulífinu er þannig að það mun lenda mjög illa á þessum stærsta banka landsins. Eigandanum er hins vegar fullkomlega ljóst að bankinn stendur mjög sterkt, hann er með góða eiginfjárstöðu og er að afskrifa eins og hann frekast getur. En til frekara öryggis þá hefur ríkissjóður ákveðið að standa á bak við víkjandi lán úr Seðlabanka sem er þegar búið að veita og mun tryggja það í framtíðinni að bankinn geti staðið við sínar skuldbindingar. Þetta hefði verið hreinleg leið og svo hefðu menn tekið þennan tíma eins og endurskoðendur leggja til á árinu til að athuga hvernig það verður gert. Þetta hefði ekki þurft að vekja upp þá umræðu sem varð í gær í fjölmiðlum sem ég óttast að stórskaði bankann.

Mig langar til að spyrja viðskrh. að því: Hvernig hugsar hann sér að koma þessu framlagi yfir á afskriftareikning bankans? Ég sé ekki betur en að það verði að fara í gegnum reikning bankans sem þýðir það að þá verður að gera bankann upp með halla á síðasta ári upp á 2–3 milljarða kr. Og ég spyr líka viðskrh.: Er

honum ekki kunnugt um það að ýmis þau lán sem bankinn hefur fengið erlendis eru með þeirri kvöð að þau megi endurskoða ef mikill halli verður á bankanum? Það er engin ástæða til að sýna halla á bankanum. Ég sagði áðan að hann kom fyrir skatta og afskriftir með afgang upp á 1,8 milljarða. Ég vildi gjarnan vita hvernig viðskrh. hefur hugsað sér þessa framkvæmd.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt. Ég vona sannarlega að það takist að leiðrétta þann misskilning sem orðið hefur af þessari fljótfærnislegu og vanhugsuðu aðgerð ríkisstjórnarinnar. Ég vona svo sannarlega að það takist. Og ég met það að það kom fram í fréttum í gær m.a. hjá hæstv. forsrh., að Landsbankinn væri langt frá því að vera gjaldþrota. Það mátti skilja svo í einni útvarpsstöðinni að hann væri nánast orðinn annar Sjóvinnslubanki, en ég met að það var þó leiðrétt. Og mér fannst reyndar í gærkvöldi eins og ráðherrar væru farnir að átta sig á því sem þeir væru að gera. Ég vil veita a.m.k. minn stuðning og vona að aðrir geri það til þess að leiðrétta þann misskilning sem hér hefur orðið. Þessu verður að sjálfsögðu líklega ekki breytt nema nefndinni takist að fá fram breytingu á þessu og hv. Alþingi en ég vona að ég geti lagst á eitt með það að skýra rétta stöðu Landsbankans.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er margt í ræðu hv. þm. sem gefst tækifæri til að svara síðar en það eru þó tvö atriði sem ég vil gjarnan fá að ræða hér í örstuttu andsvari.

Í fyrsta lagi sagði hv. þm. að sá sem hér stendur hafi hækkað raunvexti með einu pennastriki um einn þriðja. Auðvitað veit hv. þm. mætavel að vextir á markaði á þeim tíma sem stjórnarskiptin urðu voru með allt öðrum hætti og það eru hinir eiginlegu raunverulegu vextir. Nafnvextir skuldabréfa sem ekki seljast hafa auðviðta enga þýðingu. Einmitt á þeim tíma sem ég tók við embætti þá streymdi fé úr ríkissjóði og skuld ríkissjóðs var þá tíu milljarðar við Seðlabankann, ég endurtek, tíu milljarðar króna vegna þess að peningar streymdu út af því að engir keyptu skuldabréfin. Þetta veit hv. þm. því að hann var forsrh. í þeirri ríkisstjórn sem þá fór með völd. Þannig að ég bið nú hv. þm. um að vanda aðeins betur þegar hann er að skýra frá því sem hann telur vera staðreyndir í þessu máli.

Í öðru lagi minntist hann á moldviðri. Ég skal fúslega taka undir það með honum að fjölmiðlamoldviðrið sem af þessu hlaust var auðvitað mjög slæmt. Ég var mjög hissa á því t.d. að á leið minni á ríkisstjórnarfundinn í gær kl. rétt fyrir fjögur þá var hv. þm. í fjölmiðlum að skýra frá efni ríkisstjórnarfundarins og fór þar þeim orðum um það efni að það hlaut auðvitað að vekja upp nokkuð sérkennilegar umræður í þjóðfélaginu.

Nú ætla ég ekki að halda því fram að það sé hv. þm. sem fékk að vita um þetta kl. þrettán í gær sem hafi sagt fjölmiðlum frá þessu en hann var sá fyrsti sem a.m.k. fjallaði um þetta mál opinberlega og það áður en ríkisstjórnin hafði haft nokkur tök á því. Mér finnst að hv. þm. mætti a.m.k., án þess að ég geri honum upp nokkrar sakir, líta örlítið í eigin barm annað slagið þegar fjallað er um moldviðri því það kann vel að vera að nokkru valdi sá sem upphafinu veldur. (**Gripið fram í:** Upphaflega.)

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við getum eflaust deilt lengi um vextina og út af fyrir sig er það rétt að sala var lítil á skuldabréfum ríkissjóðs í kringum stjórnarskiptin. En skyldi nú ekki vera að einhverja hafi grunað eða a.m.k. bundið við það vonir að Sjálfstfl. beitti sér fyrir stórhækkun vaxta? Skyldi ekki vera að einhver hafi haldið að sér höndum af þeirri ástæðu? Ég hygg að svo sé. Það gefst náttúrlega ekki tími í andsvörum til að ræða um afleiðingarnar af þessu en þær hafa orðið hroðalegar. Ég segi aftur að þær eru að koma fram. Ég rakti það lítillega.

Um moldviðrið og að ég hafi átt upptökin að því, það þóttu mér vissulega tíðindi. Ég hygg að ég hafi ekki sagt nema einum manni, sem er hér í þingsalnum frá því sem til stæði, ég taldi mér það varla heimilt. Hins vegar ruku hér á mig fjölmiðlar og sögðu: Hvað segir þú um það að nú þarf að bjarga Landsbankanum með 4 milljörðum? Báðar sjónvarpsstöðvarnar stóðu hér og virtust vita miklu meira um það heldur en jafnvel ég þó ég væri að koma af fundi forsrh. Að sjálfsögðu hlaut ég að leiðrétta þann misskilning sem þá þegar var kominn í loftið, að það væri verið að bjarga Landsbankanum. Hvaðan það kom veit ég ekki. Ég veit að það hefur ekki komið frá hæstv. fjmrh. sem fyrrv. bankaráðsmanni sem hlýtur að bera hag Landsbankans þó mjög fyrir brjósti. Hvaðan kom það? Það vildi ég gjarnan fá upplýst. Það var bókstaflega ekki friður út af þessu. Spurt var: Erum við á Færeyjaleið, eða Sjóvinnslubankaleið, o.s.frv.? Það getur hver áfellst mig fyrir það sem vill að ég gerði mitt besta til að draga úr þessari lýsingu á stöðu Landsbankans.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er vissulega ánægjulegt að hv. þm. staðfesti það að hann taldi ástæðu til þess þá þegar að hann var spurður til að fara í fjölmiðla og matreiða þannig sinn málstað sem hann gerði og alþjóð fylgdist með. Það sem auðvitað skiptir máli þegar svona lagað gerist er að réttkjörin stjórnvöld fái tækifæri til að fjalla um málið og birta tillögur sínar áður en farið er að fjalla um slíkar tillögur í fjölmiðlum. Ég tók það fram áðan að ég teldi það ekki hafa verið hv. þm. sem lak þessu í blöðin en hins vegar var hann fyrstur stjórnmálamanna til að fjalla um þetta mál opinberlega og því verður ekki breytt.

Í öðru lagi — ég held að okkur gefist nú tækifæri til að ræða um vextina síðar — vil ég spyrja hv. þm., vegna þess að í hans máli komu fram athyglisverðar upplýsingar um þá vexti sem Landsbankinn býður þeim sem leggja inn mikla fjármuni í bankann, milli 160 og

170 millj. kr.: Eru þetta opinberar tölur eða eru þetta tölur sem birtast í reikningi Landsbankans? Hvar er hægt að fá sundurliðun á þessum tölum? Er þetta almenningi til sýnis?

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hefði nú gjarnan viljað heyra frá hæstv. fjmrh. hvað það var í mínu máli sem hann hafði svona miklar áhyggjur af út af fyrir sig. Ég kannast ekki við það og náttúrlega voru ítarlegustu viðtölin við mig í sjónvarpinu í þessu sambandi og að halda að það hafi ekki verið í fréttum þótt ég hefði neitað að nefna málið. Ég taldi bara nauðsynlegt að verða við þeirri beiðni. (**Fjmrh.:** Neyðarfundur.) Já, er þetta ekki neyðarfundur? Hvað er það annað? Það er lýst hér að það verði að fresta fundum Alþingis. (**Fjmrh.:** Hvern notaðir þú til að ...) Fresta fundum Alþingis vegna mjög áríðandi fundar í ríkisstjórninni. Það var þó fundur í ríkisstjórninni í gærmorgun. Eitt af því sem ég heyrði hér frammi var: Er þetta neyðarfundur, er ríkisstjórnin að segja af sér? Ég sagði nú, því miður er það ekki svo, það var óskhyggja. Vitanlega fóru menn að stinga saman nefnum. Hvers vegna mátti ekki afgreiða þetta á fundinum um morguninn eða á fundinum á fimmtudaginn? Og ég hef reyndar sagt að það lá ekkert á, það mátti afgreiða þetta í næstu viku. Það var hér stofnað til flugeldasýningar og það er staðreynd.

Þessar tölur Landsbankans — já, þeir vextir sem Landsbankinn greiðir af innlánum eru ekkert leyndarmál. Að sjálfsögðu ekkert leyndarmál. Það getur ekki verið það. Að sjálfsögðu kemur það fram í ársreikningum hvað hann greiðir af innlánum. (**Fjmrh.:** Sundurliðað?) Ég skal nú ekki fara með það hvort það er sundurliðað í árskreikningnum eins og hann endanlega liggur fyrir. Ég skal ekki fara með það en það getur ekki verið leyndarmál.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegur forseti. Fátt er viðkvæmara í efnahagslífi þjóða heldur en peningakerfið og fjármálastofnanirnar. Fátt er erfiðara fyrir stjórnvöld en að stýra málum þannig að orðstír Íslendinga á alþjóðlegu fjármagnsmarkaði haldist traustur og góður. Hvers vegna er það erfiðara og mikilvægara að vanda sig, og ég legg áherslu á það, að vanda sig, þegar menn eru að fást við málefni banka og fjármálastofnana en flest annað í efnahagsstjórninni? Svarið er einfalt. Svarið er: Á alþjóðlegum peningamarkaði ræður orðstírinn lánakjörunum og fjármagnskostnaðinum. Þær greiðslur sem Íslendingar verða að inna af hendi, bæði fyrirtæki, einkaaðilar, sjóðir og opinberir aðilar vegna fjármálaskipta landsins, fyrirtækja og opinberra aðila við útlönd, eru háðar mati lánveitenda og alþjóðlegra matsstofnana á því hve traustur lántakandi Ísland sé.

Því nefni ég þetta hér í upphafi, vegna þess að á einum sólarhring hefur ríkisstjórn Íslands unnið orðstír Íslands á alþjóðlegum fjármagnsmarkaði slíkan skaða að það mun taka mörg ár að vinna til baka það traust sem Ísland hefur haft. Sá kostnaður sem getur fallið á þjóðina vegna þessara vinnubragða ríkisstjórnarinnar síðasta sólarhring getur numið milljörðum. Og hann mun ekki bara falla á íslenska ríkið. Nei, hann mun falla á sérhvert íslenskt fyrirtæki sem leitar í hinu opna hagkerfi nútímans út á alþjóðlegan fjármagnsmarkað um fyrirgreiðslu, eðlilega. Halda menn virkilega í ríkisstjórn Íslands að við lifum ekki í opnum fjölmiðlaheimi? Halda menn virkilega að þegar atburðarás gærdagsins blasir við öllum að þá muni ekki fjölmiðlamenn sem starfa samkvæmt nútímavinnubrögðum senda úr í heim fréttaskeytin um að fundir hafi verið rofnir í Alþingi Íslendinga, ríkisstjórn hafi verið kvödd saman til skyndifundar kl. fjögur, þingflokkar stjórnarflokkanna til aukafundar kl. hálf sex og forsrh. boðað skyndiblaðamannafund kl. sex til að kynna sérstakar, óvæntar ráðstafanir ríkisstjórnar Íslands til að bjarga stærsta viðskiptabanka þjóðarinnar? Vita menn ekki að við lifum í opinni fjölmiðlaveröld þar sem allur heimurinn er eitt? Og allir helstu fjölmiðlar heimsins hafa hér fréttamenn og allar fjármálastofnanir, bankar, lánasjóðir, hvort sem það er í Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi eða Japan, lesa samstundis á hinum alþjóðlegu fréttaskeytum hvað ríkisstjórn Íslands er að gera. Davíð Oddsson, hæstv. forsrh., er ekki einn í heiminum. Við búum við opið lýðræðislegt fjölmiðlakerfi. Hið alþjóðlega peningakerfi er hluti af því. Hún er mikil ábyrgð þeirra manna sem á einum sólarhring hafa skaðað íslensk fyrirtæki, hafa skaðað orðstír stærsta viðskiptabanka þjóðarinnar og hafa skaðað lánstraust Íslendinga á erlendum mörkuðum með þeim hætti sem ríkisstjórn Íslands hefur gert. Það eru upphæðir sem eru í reynd mun hærri heldur en þær upphæðir sem verið er að meta hér í dag í þessu frv. Sjálfsagt munu þeir sem aðallega koma til með að greiða þetta tjón vera fyrirtækin, einkafyrirtækin, sem leita út á hinn alþjóðlega markað, íslensku fyrirtækin í sjávarútvegi og þjónustugreinum og fjármálastofnanirnar í eigu einkaaðila sem verða að greiða skaðann af fljótfærnislegum, fáránlegum og barnalegum vinnubrögðum hæstv. ríkisstjórnar.

Það er eðlilegt að spurt sé: Var þörf, var brýn nauðsyn? Þurfti að rjúfa fundi Alþingis? Þurfti ríkisstjórnin að koma saman til skyndifundar? Þurfti að kalla þingflokkana saman? Þurfti að gera þetta með þessum hætti? Og svarið er afdráttarlaust: Nei. Það bar enga brýna nauðsyn til að taka á þeim vanda sem hér er við að glíma með þessum hætti. Og það undrar mig, það undrar mig, að maður eins og hæstv. viðskrh., með þekkingu hans á hinni alþjóðlegu fjármagnsveröld, með reynslu hans af störfum hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðum, með samskiptum hans við hinn alþjóðlega bankaheim, skuli taka á málum með þessum hætti. Og það verður enn undarlegra þegar það hefur nú komið fram opinberlega á fundi þingnefndar Alþingis að hæstv. viðskrh. tilkynnti bankastjórum Landsbankans það í gærmorgun kl. ellefu að það stæði ekki til að grípa til neinna aðgerða næstu daga. Málið væri ekki „akut" svo notað sé orðalag hæstv. viðskrh. á þeim fundi við bankastjóra Landsbankans. Menn hefðu nokkra daga til að ræða málið. Þetta hefur verið staðfest á fundi efh.- og viðskn. þingsins og í viðræðum við forustumenn

bankans. Þess vegna er eðlilegt að spurt sé: Vissi hæstv. viðskrh. ekki kl. ellefu í gærmorgun að þetta stæði til eftir hádegi? Eða var hæstv. viðskrh. vísvitandi að greina bankastjórum Landsbankans ósatt frá? Hver er sannleikurinn í þessu máli? Aðeins tveimur dögum eftir að við þurfum hér á Alþingi að ræða falskar yfirlýsingar hæstv. viðskrh. um stofnun fjárfestingarbanka þar sem fram hefur komið og verið staðfest með þögn hæstv. fjmrh., að hæstv. viðskrh. hafi farið með rangt mál varðandi hinn nýja fjárfestingarbanka, blasir það nú við að bankastjórar Landsbanka Íslands urðu fyrir þeirri reynslu fyrir hádegi í gær að viðskrh. í ríkisstjórn Íslands greindi þeim frá því að ekki stæði til að gera neitt næstu daga í málefnum bankans. Og bæði hann og bankastjórarnir hefðu góðan tíma í þessari viku til að ræða hvaða leiðir væri hægt að fara til að styrkja bankann til að valda sem minnstum skaða. Til að gera þetta með þeim hætti að bæði bankinn yrði traustari eftir og orðstír Íslands á alþjóðlegum mörkuðum biði ekki tjón. Aðeins rúmum tveimur tímum síðar tilkynnir forseti Alþingis af forsetastól að fundir þingsins verði rofnir fljótlega vegna skyndifundar í ríkisstjórninni. Hvað gerðist í þessu hádegi? Eða greindi hæstv. viðskrh. ekki rétt frá?

Nei, málið allt er auðvitað þannig að það er nánast furðulegt að ábyrgir aðilar í ríkisstjórn Íslands skuli starfa með þessum hætti. Við skulum aðeins nefna nokkrar staðreyndir í málinu til að varpa ljósi á þá fáránlegu uppákomu sem hér hefur orðið.

Fyrir tæpum þremur vikum var lagt fram í bankaráði Landsbankans lokauppgjör, ég legg áherslu á það, lokauppgjör bankans fyrir árið 1992. Á þeim bankaráðsfundi gerði enginn bankaráðsmaður, ekki heldur formaður bankaráðsins, Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstfl. og sérstakur trúnaðarráðgjafi forsrh., eina einustu athugasemd við þetta lokauppgjör Landsbankans fyrir árið 1992. Og hverjar voru tölurnar í þessu lokauppgjöri? Voru þær þannig að Landsbankinn stæðist ekki BIS-reglurnar? Nei, þvert á móti. Landsbankinn stóðst BIS-reglurnar samkvæmt þessu lokauppgjöri fyrir árið 1992. Það var eigin þörf á að grípa til skyndiaðgerða til að láta bankann standast BIS-reglurnar og er það þó sér kapítuli eins og hv. þm. Steingrímur Hermannsson rakti með réttu hér áðan að þessar BIS-reglur eru auðvitað hvað snertir íslenskan atvinnuvegabanka svo fáránlegar að það er fullkomlegt álitamál hvort það sé eðlilegt að við förum eftir þeim. Hverjar voru tölurnar úr ársreikningi Landsbankans fyrir árið 1992? Þær voru þessar:

Í afskriftasjóð bankans átti að leggja 1.500 millj. kr. þannig að afskriftasjóðurinn nam samtals 2,8 milljörðum. Eiginfjárstaða bankans var 6 milljarðar kr., lausafjárstaða bankans hafði ekki í áraraðir verið betri og bankinn var svo vel staddur að hann greiddi ekki krónu í refsivexti til Seðlabankans og er þó leitun langt aftur í tímann þar til menn finna það ástand að Landsbankinn þurfi ekki að greiða refsivexti til Seðlabankans og BIS-hlutfallið var að minnsta kosti 8,3% jafnvel 8,4% eða 8,5%, eftir því hvernig á það var litið, alla vega örugglega vel yfir þeim 8% mörkum sem áskilið er. Þar að auki bættist það við að í þessu reikningsuppgjöri var bankinn búinn að nýta sér allar þær skattaheimildir sem hann hefur til að færa hagnað til hliðar, þannig að fyrir skatta var hagnaður bankans eins og hér hefur komið fram 1,8 milljarðar kr. Og á síðustu tveimur árum, 1991 og 1992, hefur staða bankans verið með þeim hætti að hann hefur samtals skilað sjálfstæðri fjármunamyndun af þessu tagi að upphæð tæpir 4 milljarðar. Er þetta peningastofnun sem er þannig stödd að það þurfi að rjúfa fund í Alþingi, halda neyðarfund í ríkisstjórn og kalla þingflokka saman til að geta á einum sólarhring snúið einhverri þróun við? Nei, auðvitað ekki.

Þess vegna hefur maður auðvitað mikla samúð með því að eitt aðalatriðið sem hæstv. viðskrh. sagði hér áðan var að biðja þingið um að tala ekki mikið um málið, tala ekki mikið um málið. Það væri afar mikilvægt að ræða málið ekki mikið. Helst bara hætta þessu á þessum sólarhring og gleyma því svo. Og hæstv. fjmrh., sem óvænt kvaddi sér hér hljóðs og ég hélt nú satt að segja að þá ætlaði hæstv. fjmrh. að fara að flytja hér sérstaka ræðu um áhrif þessara aðgerða á ríkisfjármálin, stöðu ríkissjóðs og horfurnar í þeim málum á þessu ári, nei, það var nú ekki. Það var ekki nema fáeinar setningar sem komu fram hjá hæstv. fjmrh. um það. Sagði hann þá eitthvað um efnisþátt málsins? Nei, nánast ekki neitt. Málið er meira að segja svo fáránlegt að hæstv. fjmrh. sagði það hér í ræðustólnum áðan að hann vissi það ekki, hann vissi það ekki núna, hvort þessir 2 milljarðar til Landsbankans yrðu í formi greiðslu eða í formi ríkisskuldabréfs, það væri sem sagt alls ekki búið að ákveða það hvernig eða hvenær eða með hvaða hætti Landsbankinn ætti að fá þessa greiðslu. Eða með öðrum orðum hæstv. fjmrh. er að opna á það að Landsbankinn fái ekki í reynd krónu, ekki eina einustu krónu frá ríkissjóði inn í bankann, heldur fái hann bara ríkisskuldabréfapappír sem hann getur bókfært í bankanum án þess að ein einasta ný króna komi inn í bankann. Þá getur hæstv. fjmrh. áfram bókað ríkissjóð þannig að það eru engin bein útgjöld á þessu ári og innan Landsbankans verður hægt að bókfæra eigið fé með tilteknum hætti. Ef málið var svona brýnt, svona nauðsynlegt, og helst þarf að afgreiða það á þessum sólarhring, er þá ekki tími til kominn að hæstv. fjmrh. fari að gera það upp við sig hvernig hann ætlar að láta bankann fá þessa greiðslu. Því væntanlega er það það sem skiptir máli, hæstv. ráðherra.

Nei, hæstv. fjmrh. var ekki að fjalla um ríkisfjármálin hér. Það var eiginlega bara tvennt sem hann sagði. Annað var það að hann lagði líka áherslu á það að þingið mætti helst ekki tala mikið um málið. Og hann var að ýja að því að helst hefði nú verið samið um það milli flokkanna að lítið yrði talað um málið. Hann lagði sérstaka áherslu á að rætt hefði verið við hv. þm. Steingrím Hermannsson um að lítið hefði verið talað um málið. Og lítið yrði talað um málið. Svo kom auðvitað það sem var aðalerindi hæstv. fjmrh. hér upp í ræðustólinn. Það var mjög skýrt. Það minnir á barnaþuluna þar sem sérstaklega er greint frá því að

einn tiltekinn aðili fái það hlutverk að hlaupa heim og segja sannleikann. Hæstv. fjmrh. sagði það nefnilega sérstaklega ... (**Heilbrrh.:** Ekki að segja sannleikann, heldur: „kjaftaði öllu frá", segir í þulunni). Hæstv. heilbrrh. fer hér úr sæti sínu með hið rétta form þulunnar sem ég af kurteisi við hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnina kaus að hafa ekki yfir. En hæstv. heilbrrh. þekkir auðvitað allan gang málsins og vissi þess vegna það sem segir í barnaþulunni um lillaputta sem hljóp heim og kjaftaði frá. Það er auðvitað það rétta í málinu því hæstv. fjmrh. kom hér og sagði: Þessi aðgerð verður þess vegna til þess að ríkisstjórnin hefur enga möguleika til að koma til móts við þá aðila sem eru að biðja hér um fjármagn í framkvæmdir og atvinnuskapandi tækifæri eða eru að biðja hér um skattabreytingar til tekjujöfnunar. Eða með öðrum orðum: Leikritið í gær hefur leitt til þess að hæstv. fjmrh. kemur hér á Alþingi og tilkynnir verkalýðshreyfingunni og ASÍ: Því miður, því miður, það eru engir peningar til í atvinnuskapandi tækifæri, engir peningar til að ráða bót á atvinnuleysinu, engir peningar til að draga úr ójöfnuðinum í landinu og leiðrétta verðlagningu á matvælum því það hafa allir peningarnir farið í Landsbankann. En þó ætlar þessi sami ráðherra ekki að láta eina einustu krónu væntanlega í Landsbankann á þessu ári heldur bara láta Landsbankann fá kvittun frá ríkinu um að það megi bókfæra í bókhaldi Landsbankans tiltekna 2 milljarða. En þessi kvittun sem verður bókfærð hjá Landsbankanum á að duga til þess að segja nei við Benedikt Davíðsson, nei við Ögmund Jónasson, nei við Svanhildi Kaaber, nei við þúsundirnar sem eru í ASÍ, nei við þúsundirnar sem eru í BSRB, nei við þúsundirnar sem eru í Kennarasambandinu. Og síðan auðvitað nei við hina atvinnulausu um möguleika ríkisstjórnarinnar til að ráða bót á atvinnuleysinu. Þetta var hið eina efnislega innlegg hæstv. fjmrh. í þessum umræðum. Það var að tilkynna það skýrt í ræðustól á Alþingi að því miður vegna þessa frv. yrðu engir peningar til til að leggja inn í aðgerðir gegn atvinnuleysi, til að koma til móts við verkalýðshreyfinguna eða launafólkið í landinu.

Og það verður að segjast eins og er að frá leikrænu sjónarmiði verðskuldar ríkisstjórnin dálítið háa einkunn fyrir að fara þessar krókaleiðir til að geta í einu frv. komið því þannig fyrir að það verði ekki látin króna úr ríkissjóð í Landsbankann, ekki ein einasta króna, og um leið verði hægt að segja nei við verkalýðhreyfinguna. Svo er ætlast til að við hér á Alþingi bara tölum ekki um málið. Og hæstv. fjmrh. var að búa sig undir að þeir sem leyfðu sér að tala um málið væru að stunda málþóf og helst vinna gegn þjóðarhag og ég veit ekki hvað annað af verra. Nei, þetta er bara rétt að byrja, hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh., vegna þess að þær spurningar sem þið þurfið að veita svör við eru svo margar og knýjandi að það verður ekki gert hér á einum sólarhring.

Frv. sjálft er að minnstu leyti um Landsbankann. Það er í hæsta lagi tvær greinar í þessu frv. sem hægt er að tengja Landsbankanum. Allar aðrar greinar frv. eru um Tryggingarsjóð viðskiptabankanna. Hvaða fyrirbæri er það: Tryggingarsjóður viðskiptabankanna? Jú, það er einn af þessum óþekktu sjóðum inni í kerfinu þar sem þrír valinkunnir menn geta heimilað viðskrh. með einu bréfi á kontórnum hjá sér að setja nokkra milljarða úr opinberum sjóðum inn í viðskiptabanka án þess að þurfa að ræða það hér á Alþingi. Og í frv. kemur fram að það eru ekki þessir 2 milljarðar til Landsbankans sem eru hæsta talan í frv., nei ekki aldeilis. Hæsta talan í frv. eru 3 milljarðar að láni með ríkisábyrgð fyrir Tryggingarsjóð viðskiptabanka. Hvað á Tryggingarsjóður viðskiptabankanna að gera við 3 milljarða lán sem hann fær með ríkisábyrgð þannig að ef það tapast allt þá borga skattgreiðendur, þá borgum við, þjóðin öll, ASÍ og BSRB og Kennarasambandið, sjómennirnir, bændurnir borga þessa 3 milljarða? Það er veruleikinn á bak við orðið ríkisábyrgð. Jú, 1 milljarður af því á að fara í Landsbankann. Bara einn. Hvert eiga hinir 2 milljarðarnir að fara? Það eru þrír viðskiptabankar í landinu. Búnaðarbankinn stendur vel eins og allir vita. Hann þarf ekki á neinu slíku að halda. Þá er bara eftir einn, Íslandsbanki, einkabankinn, eitt af óskafyrirtækjum fjölskyldnanna 14, kjarnapunkturinn í valdakerfi þeirrar fyrirtækjasamsteypu sem stundum hefur verið kennd við kolkrabbann. Eitt af höfuðtáknum þess hóps sem aðallega gerði Davíð Oddsson, hæstv. forsrh., að formanni Sjálfstfl. Það er vitað að Íslandsbanki á í ýmsum erfiðleikum. Jú, jú, bankastjóri bankans hefur komið fram og sagt opinberlega: Ja, bankinn mun skila góðri útkomu á árinu 1992, það er vissulega ánægjulegt en það vita líka allir að ýmsir af stærstu viðskiptavinum bankans, ég nefni nú bara Hagvirki, eiga í miklum erfiðleikum svo vægt sé til orða tekið. Hver er staða Íslandsbanka ef Hagvirki fer með þeim hætti sem margir óttast eða fjölmörg önnur verktakafyrirtæki sem eru í viðskiptum við bankann? Eða stóru frystihúsin eða fiskvinnslufyrirtækin í Vestmannaeyjum?

Það vita auðvitað allir að í Íslandsbanka eru slíkir erfiðleikar að það væri mjög fróðlegt að sjá sams konar mat á Íslandsbanka og endurskoðandi, Árni Tómasson, hefur skilað Landsbankanum. Sú skýrsla sem liggur á bak við töluna 4,5. Það væri mjög fróðlegt að sjá sams konar mat á Íslandsbanka. En það hefur ekki verið lagt fram. Engu að síður er þetta frv. samið þannig að ef það verður samþykkt hér á Alþingi, m.a. með atkvæði hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar og hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, þá getur hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson fært á fimm mínútum 2 milljarða af almannafé í Íslandsbankann án þess að spyrja Alþingi að því. Eitt af því sem felst í þessu frv. er óbein uppáskrift Alþingis um að viðskrh. geti fært Íslandsbanka sem víkjandi lán 2 milljarða á ábyrgð skattgreiðenda í landinu. Kóróna einkavæðingarinnar, Íslandsbanki, á þannig samkvæmt þessu frv. að eiga rétt á aðgangi að þessum tveimur milljörðum. Því er látið fullkomlega ósvarað hvort það verður notað eða ekki en heimildin er þar.

Við þekkjum auðvitað öll þessa einkavæðingarsögu. Við þekkjum valdabaráttuna sem er búin að eiga sér stað í Alþfl. um að breyta Landsbankanum og Bún-

aðarbanka í hlutafjárbanka. Við þekkjum öll útreiðina sem hæstv. viðskrh. hefur orðið fyrir. Við þekkjum öll að hæstv. fjmrh. hefur reiknað 1 milljarð í tekjur af sölu Búnaðarbankans inn í fjárlög þessa árs. Við þekkjum öll átökin sem hafa verið síðustu mánuði um það hvort það ætti að hrinda þessari stefnu í framkvæmd.

Auðvitað þarf ekki mikla stjórnmálavisku til að átta sig á því að ef á næstu vikum þyrfti að koma til Alþingis og biðja um 2 milljarða ríkisábyrgð fyrir Íslandsbanka þá væri auðvitað allt einkavæðingarprógramm ríkisstjórnarinnar gagnvart Landsbanka og Búnaðarbanka búið. (**GunnS:** Það er búið.) Það er búið, segir hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson. Það segir ekki hæstv. viðskrh. en það er út af fyrir sig ekki nýtt að hv. þm. Gunnlaug Stefánsson og hæstv. viðskrh. greini á um þetta efni. Það þekkjum við öll sem höfum hlustað á þá í þingsalnum og utan þingsalarins í heilt ár. Engu að síður ætlar hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson að heimila viðskrh. samkvæmt þessu frv. að færa af peningum Austfirðinga og annarra Íslendinga allt að 2 milljörðum inn í Íslandsbanka af því að við öll í þessum sal vitum að hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh. Davíð Oddsson, Sjálfstfl. og einkavæðingararmurinn í Alþfl. geta bókstaflega ekki fengið sig til þess að þurfa að koma inn í þingsalinn og biðja beint um ríkisábyrgð fyrir Íslandsbanka vegna þess að pólitísku afleiðingarnar yrðu auðvitað með þeim hætti fyrir hæstv. ríkisstjórn, fyrir Sjálfstfl., fyrir Davíð Oddsson og fyrir Jón Sigurðsson að það þyrfti ekki glöggskyggnan mann til að sjá hvers konar gengisfall það yrði. Þess vegna er meginhluti greinanna í þessu frv. ekki um Landsbankann, bara alls ekki um Landsbankann. Meginhluti greinanna í þessu frv. eru breytingar á Tryggingarsjóði viðskiptabanka og heimildir fyrir hann til þess að taka 3 milljarða lán með ríkisábyrgð til þess að hafa það opið fyrir hæstv. viðskrh. að geta fyrir hádegi sett 2 milljarða frá almenningi í landinu inn í Íslandsbanka.

Virðulegi forseti. Auðvitað er hægt að færa fyrir því ýmis rök að staða Landsbankans gæti verið sterkari þegar til lengdar væri litið. Þó er það nú þannig að þegar verið er að tala um þessa 4,5 milljarða þá er það ekki eins og fram hefur komið í fjölmiðlum að Landsbankinn hafi tapað þessum 4,5 milljörðum. Það er auðvitað mjög mikilvægt að leiðrétta þann misskilning að Landsbankinn hafi tapað eða sé að tapa þessum 4,5 milljörðum.

Í ágústmánuði í fyrra skiluðu Árni Tómasson og fleiri, sömu endurskoðendur og skiluðu skýrslu núna í mars, skýrslu til Landsbankans þar sem þeir fóru fögrum orðum um það hvað staða Landsbankans færi batnandi og hældu bankanum fyrir það fyrir aðeins rúmum fjórum mánuðum að staða bankans væri með þeim hætti að í raun og veru ætti bankastjórnin skilið marga plúsa fyrir framgönguna. Fjórum mánuðum síðar eða 10. mars koma þessir sömu endurskoðendur og segja: Við höfum farið í gegnum útlán bankans og við höfum reynt að meta eftir bestu getu hvort bankinn kynni hugsanlega í framtíðinni að tapa einhverju af þessu fé og þess vegna sé rétt að afskrifa það með ákveðum hætti. Í fjölmiðlum hefur verið sagt að þarna sjái menn hvað refaræktin, ullariðnaðurinn, rækjuvinnslan og fiskeldið hafi verið þjóðinni dýr. En hverjar eru tölurnar í skýrslunni frá 10. mars? Er það þannig að það sé stórkostlegt tap vegna loðdýraræktar inni í þessari tölu? Svarið er nei. Af þessu 4,5 milljarða mati eru 100 millj. vegna loðdýraræktar, ekki meira. Það eru 300 millj. vegna rækjufyrirtækjanna sem allir vita að hafa staðið mjög illa og vegna ullariðnaðarins sem hefur upplifað samfellda hörmungarsögu eru bara 200 millj. og hjá fiskeldinu 800. Eða með öðrum orðum, aðeins 1,1 milljarður af þessu mati á 4,5 milljörðum er tengdur fiskeldinu, rækjufyrirtækjunum, loðdýraræktinni og ullariðnaðinum. Hitt er mat þessara endurskoðenda hvað hugsanlega kynni að gerast hjá Pétri og Páli og alls konar fyrirtækjum sem kannski kunna að tapa þessu fé gagnvart bankanum ef stefnan í efnahagsmálum á næstu missirum verður með þeim hætti sem hún hefur verið undanfarna mánuði. Með öðrum orðum, þessir 4,5 milljarðar, sem ég legg aftur áherslu á að er mat, er auðvitað yfirlýsing um það að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar muni ekki takast að snúa efnahagsmálum Íslendinga við og vegna þess að engar horfur séu á því að dómi þessara endurskoðenda að ríkisstjórninni takist það þá verði Landsbankinn að búa sig undir það að sams konar ófarnaður og ríkt hefur síðustu fjóra mánuði muni ríkja áfram. Svo kemur þessi sama ríkisstjórn sem fær svona vantraustsyfirlýsingu í þessari skýrslu og segir við Alþingi: Fyrir alla muni, við skulum gæðastimpla þessa skýrslu.

Mér hefur verið tjáð að á þessum lista sé að finna hina furðulegustu hluti. Þar sé að finna t.d. yfir 150 aðila, einstaklinga og fyrirtæki sem þessir endurskoðendur telja að bankinn muni tapa á 1 millj. á hverjum, 2 millj., 3 og 4. Með öðrum orðum, að í þessari skrá sé aragrúi af smáum upphæðum þar sem samtals yfir 150 aðilar eru með 6 millj. eða minna, t.d. einhvers staðar á milli 20 og 30 aðilar sem metið er að bankinn muni tapa um 1 millj. kr. á. Svo að ég taki bara eitt dæmi þá sé ég í skýrslunni mat á því að það glæsilega hús fyrrv. fyrirtækis Bílaborgar, sem Landsbankinn tók upp í veð — og er rétt hjá Stöð 2 og er auðvelt að mynda — og metið er í reikningunum upp á 160 millj. þá er lagt til að bankinn afskrifi nú þegar 100 millj. af þessu húsi þannig að í reynd sé það ekki nema um 60 millj. kr. virði. Það vita auðvitað allir að það að fara að stimpla það nú að Landsbankinn muni ekki fá nema 60 millj. fyrir þetta glæsilega hús Bílaborgar er auðvitað út í hött. (**Fjmrh.:** En Þjóðviljinn?) Hann er ekki á þessari skrá, hæstv. fjmrh., eftir því sem mér hefur verið sagt. En það er auðvitað athyglisvert að hæstv. fjmrh. skuli vera að spyrja út í þetta hér vegna þess að ég hélt að hann hefði kynnt sér þetta. Ef undirbúningur fjmrh. Íslands er þannig að hann veit ekki hvers konar bakgrunnur er þarna fyrir hendi, hvaða mat liggur á bak við þessa endurskoðendaskýrslu, og veit heldur ekki í hvaða formi hann ætlar að hafa þessa greiðslu þá hefði verið skynsamlegra hjá ráðherranum að biðja ekki um orðið hérna áðan.

Auðvitað má geta sér til að það sé ýmislegt fleira forvitnilegt í þessari skrá, en ekki er hægt að birta hana opinberlega vegna þess að þar eiga í hlut einstaklingar og fyrirtæki. En það sem er auðvitað stóra fréttin í því er að það eru ekki stóru sjávarútvegsfyrirtækin sem þarna er um að ræða. Það er ekki loðdýraræktin, rækjuvinnslan og ullariðnaðurinn sem þarna er um að ræða. Það er allt annað flókið og margbrotið mat það sem tínt er til sitt úr hverri áttinni. Og þetta er það eina sem hefur í raun og veru gerst frá því að allir í bankaráði Landsbankans fyrir tæpum þremur vikum voru þeirrar skoðunar að gera ætti upp bankann fyrir árið 1992 og eiginfjárstaðan væri 6 milljarðar, í afskriftareikning gefa þeir 2,8 milljarða og BIS-hlutfallið væru töluvert yfir 8%.

Var þá ekki hægt að fara aðrar leiðir, hæstv. viðskrh.? Jú, það var nefnilega hægt að fara aðrar leiðir, hæstv. viðskrh. Leiðir sem hefðu ekki skapað þetta ófarir, hefðu ekki orðið tilefni til fréttaskeytanna til hinna erlendu peningamarkaða, hefðu ekki skapað þessa óvissu um Landsbankann og hefðu ekki leitt til þess að yfirmaður bankaeftirlitsins á Íslandi dæmir vinnubrögð ríkisstjórnarinnar skrípaleik. Æðsti embættismaður bankaeftirlitsins á Íslandi hefur dæmt vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í gær skrípaleik. Ég veit af viðtölum við fjölda forustumanna í íslensku bankakerfi að þeir eru sömu skoðunar. Þeir eru gersamlega gáttaðir á vinnubrögðum ríkisstjórnar Íslands í málinu. Þeir hvorki skilja né geta skýrt hvað vakir fyrir mönnum sem meðhöndla viðkvæma þætti í peningakerfi þjóða með þessum hætti af því að það lá fyrir að það var hægt að fara aðrar leiðir.

Innan Landsbankans sjálfs hafði verið gert ráð fyrir því að á sama hátt og á síðasta ári voru lagðar 100 millj. á mánuði í afskriftareikning, yrðu á þessu ári lagðar 150 millj. á mánuði í afskriftareikning. Ég vek athygli hv. þm. á því að ef því yrði fylgt þá væri aðeins með aðgerðum Landsbankans sjálfs án nokkurs utanaðkomandi sjónleiks eða flugeldasýningar búið eftir 9 mánuði að koma því þannig fyrir að til viðbótar við 2,8 milljarðana sem eru í afskriftareikningnum við árslok hefðu bæst 1,5–1,7 milljarðar á þessu ári þannig að eftir 9 mánuði væri Landsbankinn af eigin ramleik kominn upp í þessa 4 milljarða sem talað er um. Auðvitað lá það ljóst fyrir að bankinn hafði hug á því að fara þá leið, m.a. vegna þess að bankinn vildi gera þetta skynsamlega og örugglega, án truflana. En það pólitíska leikrit passaði ekki sem ríkisstjórnin virtist þurfa að leika gagnvart verkalýðshreyfingunni og öðrum aðilum í landinu. Það var hægt að gera fleira. Það var hægt að selja ýmsar eignir Landsbankans eins og hæstv. ríkisstjórn hefur lagt til hjá ýmsum aðilum þannig að bankinn hagræddi eins og önnur fyrirtæki með því að selja eignir og fá þannig inn viðbótarfé. Fleira var hægt að gera. Það var hægt að breyta eignarhaldinu í leynd og lýsingu sem eru bókfærð með ákveðnum hætti vegna samstarfsins við aðra banka þannig að það yrði metið á annan veg. Ef hæstv. viðskrh. hefði haft vit og vilja til þess að taka upp viðræður við Seðlabanka Íslands um það mál sem er auðvitað kjarnaatriðið í þessu máli, að þótt einhverjum kontóristum úti í heimi — og ég legg áherslu á það vegna þess að BIS-reglurnar eru bara ættaðar frá kontóristum úti í heimi sem þekkja ekki íslenskan sjávarútveg — detti það í hug að það eigi að meta afurðalán sem eru á bak við afurðir sem selja á eftir um tvær vikur öruggum kaupanda sem keypt hefur viðkomandi afurðir í 20 ár og alltaf staðið í skilum þá skuli það metið sem 100% áhætta. Og glæsilegu fiskveiðiskipin, sem við Íslendingar eigum, með kannski 500, 600, 700 eða þúsund tonn í kvóta á bak við hvert skip séu metin sem 100% áhætta. Auðvitað er alveg ljóst að slíkar reglur eru á engan hátt skynsamlegar til þess að kveða upp dóm yfir stöðu stærsta viðskiptabanka Íslendinga.

Hver er sagan á bak við BIS-reglurnar? Það væri fróðlegt fyrir hv. alþm. og íslensku þjóðina að gera sér grein fyrir því. Ég skal hins vegar segja fyrst að ég tel alveg nauðsynlegt að vera með alþjóðlegar matsreglur. Ég beitti mér fyrir því þegar ég var fjmrh. að Ísland væri metið samkvæmt alþjóðlegum matsreglum. En það verður auðvitað að vera skynsemi og sveigjanleiki sem tekur tillit til veruleikans. Hverjir voru upphafsmennirnir að þessu máli? Það voru Bandaríkjamenn sem voru í glímu við fjármálastofnanir Japana, banka og tryggingafélög og hið mikla offramboð af peningum sem er í japanska hagkerfinu. Út frá hagsmunum Bandaríkjanna í hinu alþjóðlega viðskiptakerfi töldu Bandaríkin þannig skynsamlegt að búa til alþjóðlegar matsreglur sem settu Japönum stólinn fyrir dyrnar. Auðvitað var það þannig að Japanir sáu við þeim og þess vegna hefur Japan ekki liðið neitt fyrir þessar BIS-reglur. En það er hins vegar þannig ef menn framkvæma þær samkvæmt bókstafnum að sjávarútvegurinn á Íslandi er 100% áhætta. Lífsakkeri íslensku þjóðarinnar, tilverugrundvöllur okkar framtíðar og fortíðar um aldir, tekjur 70% útflutnings okkar, er 100% áhætta.

Hvað gera Frakkar? Frakkar eru auðvitað miklir kerfiskarlar eins og allir vita. En Frakkar kunna líka að snúa hlutunum sér í hag. Franskir bankar hafa lánað mikið til nýlendnanna, Afríkuríkjanna, sumra fátækustu ríkja í heimi sem allir vita að eru þannig stödd efnahagslega að þau eru nánast á alþjóðlegu framfæri. En Frakkar hafa hins vegar komist upp með það samkvæmt alþjóðlegu BIS-reglunum að meta lánin til þessara fátæku afrísku ríkja, sem eru nánast á alþjóðlegu framfæri, sem öruggari en afurðalánin hjá íslenskum sjávarútvegi og lánin til togaranna sem eru kannski með 1000 tonna kvóta á bak við sig. Eigum við virkilega, hæstv. viðskrh., að fara að snúast eins og skopparakringlur hér á Íslandi, búa til neyðarfund í ríkisstjórn, krefjast þess að Alþingi afgreiði neyðarfrv. á einum sólarhring bara af því að kontóristarnir í Seðlabankanum eru ekki tilbúnir að sýna sams konar sveigjanleika varðandi túlkun BIS-reglnanna og t.d. Frakkar leyfa sér? Hvers konar er þetta eiginlega? Það hefur verið upplýst að séu lánin til öruggra fjárfestinga í sjávarútvegi og sjálfra afurðanna sem eru með örugga kaupendur metin eðlilega þá sé eiginfjárstaða Lands-

bankans nú í dag gagnvart BIS-reglunum kannski 9,5%. Öll þjóðin hlustaði á bankastjóra Íslandsbanka segja það í fjölmiðlunum í dag að Íslandsbanki þyrfti enga aðstoð vegna þess að samkvæmt BIS-reglunum væri hann með tæp 10%. Með öðrum orðum, sé skynsemin látin ráða af útlánum Landsbankans til sjávarútvegsins þá stendur hann alveg eins og Íslandsbanki þar sem bankastjórinn segir: Það þarf ekki að gera neitt. Ef Landsbankinn hins vegar starfar rökrétt og BIS-reglunum er ekki breytt þá hlýtur bankinn auðvitað að draga úr lánum til sjávarútvegsins, draga verulega úr afurðalánum og fara að flytja sig eins og Búnaðarbankinn yfir í íbúðarhúsnæði og ýmislegt annað. Þjónar það þjóðarhag? Auðvitað ekki. Hver á þá að fjármagna afurðalánin? Á einhver banki að taka það að sér og láta BIS-hlutfallið þar með falla? Nei, auðvitað ekki. Málið er auðvitað þannig vaxið að væri hér við völd ríkisstjórn sem hefði vit, rólegheit, skynsemi og yfirvegun til þess að taka á vandamálunum eins og þau koma fyrir þá hefði ekkert upphlaup orðið hér í gær. Þá sætu menn ekki úti í alþjóðlegum fjármálastofnunum og væru að velta því fyrir sér hvernig þeir ættu að skrúfa niður öryggismatið á Íslandi. Þá hefði verið tekið á þessu máli annars vegar með því að fara þær leiðir sem ég hef nefnt og hins vegar með því að komast að niðurstöðu um skynsamlegan þátt sjávarútvegslánanna í hinum alþjóðlegu BIS-reglum. Þegar það væri búið væri hægt að skoða það hvort og þá hve mikið Landsbankinn þyrfti í sérstökum aðgerðum.

Auðvitað munu forráðamenn Landsbankans fagna þessu framtaki. Að sjálfsögðu fagna þeir því. Það styrkir eiginfjárstöðu bankans. En við erum þegar farin að heyra bankastjóra Íslandsbanka segja: Það verður að jafna samkeppnisstöðuna. Ætli það sé ekki upptakturinn að því að Íslandsbanki komi innan tíðar og segi: Ja, við verðum að fá það sama. Að vísu stöndum við kannski ekki illa en bara út af samkeppnisstöðunni verðum við að fá það sama. Eða með öðrum orðum: Þetta frv. heimili viðskrh. með einu bréfi að hefja ríkisstyrki til Íslandsbanka. Er það virkilega ætlun ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar að biðja Alþingi Íslendinga um að heimila sér að hefja ríkisstyrki til einkabankans því að um það er þetta frv. að meginhluta? Er það niðurstaðan af öllu einkavæðingartalinu að biðja Alþingi um heimildir til að setja ríkisstyrki inn í einkabankann? Ég vænti þess að hæstv. viðskrh. verði til viðræðu um að taka þetta ákvæði út úr frv. til að það liggi alveg ljóst fyrir að hann muni ekki ætla sér og hefur ekki til þess lagaheimild að veita einkabankanum Íslandsbanka ríkisstyrki án þess að spyrja Alþingi. Það væri hægt t.d. með því að taka þessar greinar úr frv. út fyrst ríkisstjórnin segir sjálf að málið snúist eingöngu um Landsbankann. Eða þá að skilyrða það þannig að ekki megi veita meira en t.d. 100 millj. úr Tryggingarsjóði viðskiptabanka til eins og sama bankans án heimildar Alþingis. Þá væri a.m.k. tryggt að hæstv. viðskrh. verður að koma til Alþingis ef hann ætlar að ríkisstyrkja einkabanka.

Nei, virðulegur forseti. Þetta mál er einfaldlega þannig vaxið að það vekur satt að segja upp miklu fleiri spurningar en það svarar. Hef ég þó ekki vikið að öllu sem er sérkennilegt í þessu máli. Ég verð að segja alveg eins og er að mér fannst ekki við hæfi að Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi, sem á að vera sjálfstæður embættismaður, ábyrgur gagnvart Alþingi en ekki framkvæmdarvaldinu, sjáist í sjónvarpinu sitja á skyrtunni uppi á efri hæðinni í forsrn. við að semja þetta frv. ásamt embættismönnum forsrh. og viðskrh. Það er ekki hlutverk hæstv. ríkisendurskoðanda að sitja uppi í Stjórnarráði og semja frv. fyrir ríkisstjórnina. Ríkisendurskoðun er sjálfstætt embætti. Ríkisendurskoðandi er ekki háður framkvæmdarvaldinu og hann er eingöngu undir Alþingi. Og ég spyr: Heimilaði forseti Alþingis að ríkisendurskoðandi, Sigurður Þórðarson, væri kallaður upp í Stjórnarráðið til að setjast eins og hver annar vinnumaður hjá ríkisstjórn Davíðs Oddssonar? Ég tel að framkvæmdarvald geti ekki kallað ríkisendurskoðanda þannig til vinnu af því tagi nema með formlegu samþykki forseta Alþingis af því að það er grundvallarþátturinn í þeirri skipan sem við erum með að Ríkisendurskoðun var gerð óháð framkvæmdarvaldinu með því að flytja hana undir Alþingi og gera forseta þingsins að yfirmönnum hennar. Þetta er bara ein spuning af mörgum sem er ósvarað í þessu sérkennilega máli.

Auðvitað mætti líka ræða sérstaklega hina sérkennilegu uppsetningu ríkissjónvarpsins á þessu máli í gær, sjónvarpið sem kannski sumir í léttu tali eru farnir að kalla ríkisstjórnarsjónvarpið. Það var auðvitað stórkostlegt hugmyndaflug hjá fréttastjóra ríkissjónvarpsins að kalla þá í beina útsendingu og láta þá sitja þar félagana, hæstv. forsrh. og nánasta ráðgjafa hans Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóra Sjálfstfl., formann bankaráðs Landsbankans og láta þá sitja þar í 20 mínútur og gefa komment. Meira að segja var hugmyndaflugið svo stórkostlegt að síðan voru filmuð viðtöl við flokksbræður þeirra, hæstv. fjmrh. og formann þingflokks Sjálfstfl. Geir H. Haarde og síðan Kjartan Gunnarsson og hæstv. forsrh. látnir kommentera á Friðrik Sophusson og Geir H. Haarde í settinu. Hvílík fréttamennska, hvílík fréttamennska. Að búa við þetta árið 1993 að fjölmiðill sem vill láta taka sig alvarlega starfi með þessum hætti. Við skulum vona að þetta hafi bara verið eitt af fáum slysum sem hendi á fréttastofu sjónvarpsins. Vegna þess að ríkisstjórnin var búin að búa til þessa panik með neyðarfundinum, með því að slíta fundi Alþingis með hinum sérstaka blaðamannafundi þá hlaut fréttastjóri ríkissjónvarpsins að álykta sem svo að hér væri eitthvað stórt á ferðinni og þess vegna kallaði hann þá fóstbræður í settið og lét þá vera þar í 20 mínútur til að gefa komment á Friðrik Sophusson og Geir H. Haarde.

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram að hæstv. forsrh. hafi kallað á hv. þm. Steingrím Hermannsson kl. eitt í gær til að greina honum frá þessu máli. Ekki ætla ég að gagnrýna það. En það er a.m.k. mjög sérkennilegt að kalla ekki fulltrúa hinna flokkanna á Alþingi sem ekki styðja ríkisstjórnina til fundar til að greina þeim frá málinu. Það er líka sérkennilegt vegna þess að þá, kl. eitt, voru ekki liðnir nema einn og hálf-

ur klukkutími frá því að hæstv. viðskrh. fullvissaði bankastjóra Landsbankans um að ekki stæði til að gera neitt í málinu næstu daga. Tímasetningar og viðtöl og aðgerðir ráðherranna á þessum sólarhring eru auðvitað þannig að það er satt að segja stórfurðulegt að menn sem valdir hafa verið til forustu í íslensku þjóðfélagi skuli haga sér á þennan hátt. Svo kemur hæstv. fjmrh. og segir í gær að það sé e.t.v. nauðsynlegt að setja tilsjónarmenn með bankanum, banka þar sem Sjálfstfl. valdi einn af sínum áhrifamönnum sem bankastjóra fyrir nokkrum árum, Sverri Hermannsson. Þar sem Sjálfstfl. hefur farið með formennskuna í bankaráðinu í reynd núna í rúmt ár þá kemur ráðherra Sjálfstfl. og segir: Nú verðum við að setja tilsjónarmann inn í bankann vegna þess að eftir að okkar bankastjóri kom í bankann og eftir að okkar maður varð formaður bankaráðsins þá hefur þetta allt farið á þennan verri veg. Það verður satt að segja mjög gaman að fylgjast með þeirri glímu hvort ráðherrar Sjálfstfl. setja tilsjónarmenn á bankastjóra Sjálfstfl. og starfandi formann bankaráðsins, framkvæmdastjóra Sjálfstfl. Þá ætlum við hinir að vera á áhorfendapöllunum þegar Sjálfstfl. fer að skipa þannig tilsjónarmenn með sjálfum sér. Svo leyfir hæstv. forsrh. sér að koma og tala um það eins og þetta mál komi bara Sjálfstfl. ekkert við, það séu bara einhverjir aðrir sem beri aðalábyrgð á málinu. Einhverjir svokallaðir pólitískir aðilar sem séu auðvitað utan og ofan við Sjálfstfl. í málinu. Ef þessi „krísa" er búin til af einhverjum stjórnmálaöflum á Íslandi þá er hún auðvitað búin til af Sjálfstfl.

Virðulegur forseti. Það sem ég hef rakið sýnir auðvitað að málið er allt þannig vaxið að Alþingi hlýtur að gefa sér þann tíma sem þarf til að skoða það og til þess að menn geti samið brtt. við það frv. sem hér liggur fyrir og til þess að þingmenn sem greinilega höfðu enga hugmynd um málið í gær, a.m.k. ekki þingmenn stjórnarflokkanna sem voru boðaðir í skyndingu til þingflokksfundar upp úr klukkan tvö í gær, hafi tíma til að átta sig á því sem hér er raunverulega að gerast. Auðvitað er það ekki ætlun okkar að tefja fyrir málinu. En ráðherrunum verður ekki að ósk sinni að þetta feimnismál, þetta afglapamál, fari í gegnum þingið án gaumgæfðrar skoðunar og án þeirrar gagnrýni sem óhjákvæmilegt er að málið fái.

Hæstv. viðskrh. á sér málgagn. Eitt blað á Íslandi er sérstakt hirðblað hæstv. viðskrh. Svo mikið hirðblað að hann skrifaði í það sérstaka áramótagrein. Þótt formaður Alþfl. skrifi áramótagrein eins og hinir þá dugir það ekki Alþfl. heldur birtist ávallt í sama Alþýðublaði á gamlársdag sérstök áramótagrein eftir hæstv. viðskrh. Síðan eru reglulega gefnir út „kálfar" í þessu blaði með hátíðarviðtölum og hátíðarræðum eftir hæstv. viðskrh. þannig að sendiráðin sem starfa hér, sendiráðin sem semja frásagnir af því sem er að gerast á Íslandi og fréttamennirnir sem senda skeytin til hinna alþjóðlegu fjármagnsstofnana og inn á hinn alþjóðlega peningamarkað vita þó eitt að Alþýðublaðið er málgagn hæstv. viðskrh. Hvert er innlegg þessa málgagns hæstv. viðskrh. í þessa „krísu"? Í dag birtist blaðið með risafyrirsögn: „Landsbankanum bjargað. Eiginfjárstaðan var að hruni komin." Að hruni komin, 6 milljarðar í eigin fé. „Vonast er til afgreiðslu á frv. samdægurs til að koma í veg fyrir að rýrt verði traust bankans." Ég ætla bara að biðja hæstv. viðskrh., sem ég veit að er mikill málamaður, að þýða í huganum þessi orð yfir á ýmsar alþjóðlegar tungur hins alþjóðlega peningakerfis og vita hver viðbrögðin verða í bönkunum og fjármálastofnununum úti í New York og Frankfurt, Tókíó og London þegar þeir fá á skeytunum frásagnir af því að málgagn viðskrh. á Íslandi hafi talið eiginfjárstöðu stærsta viðskiptabanka landsins að hruni komna og það þurfi að fara að hleypa í gegnum Alþingi Íslendinga á einum sólarhring með neyðarfrv. til að koma í veg fyrir að traust bankans sé rýrt. Auðvitað munu þeir aðilar sem fá þannig frásagnir í hinum opna fjölmiðlaheimi af málgagni viðskrh. draga sínar ályktanir. Því segi ég við hæstv. viðskrh.: Ég öfunda hann ekki af því verki sem hann á fyrir höndum að vinna upp þann skaða sem hann og ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hafa á einum sólarhring unnið hagsmunum Íslands. Sá skaði er mikill. Það mun taka marga mánuði ef ekki ár að vinna á ný það traust fyrir hönd Íslands sem fákunnandi menn í írafári hafa skert með svo mikið eins og fram hefur komið í málinu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um vandasamt viðfangsefni og þingið ber þess vegna mikla ábyrgð í því máli eins og mörgum sem það sinnir en sjaldan meiri en nú. Þess vegna segi ég að það er ábyrgðarhluti af hv. 8. þm. Reykn. að ganga hér fram og halda því blákalt fram að frv. fjalli alls ekki um vanda Landsbankans, að greinar þess eigi að litlu leyti við vandamál þess banka og það fjalli í reynd um eitthvert allt annað mál. Má ég vekja athygli á því að af sjö efnisgreinum frv. snerta fimm málefni Landsbankans. Af 5 milljarða fjárheimildum í frv. eru 3 beinlínis merktar Landsbankanum og aðgang ætti hann að hinum tveimur ef á þyrfti að halda. Málflutningur eins og þessi er gersamlega út í hött.

En því miður verður þó annað enn verra að segja um málflutning hv. 8. þm. Reykn. því hann er sjálfur Írinn sem talar um írafárið. Hverjir voru það sem kölluðu þinghaldið eða tilhögun þess í gær rof á þinghaldi og að kallað væri til neyðarfundar? Það voru hv. 8. þm. Reykn. og hv. 7. þm. Reykn. Ég segi því í þeim spurningaleik sem hv. þm. jafnan stundar, hvort sem rædd eru alvörumál eða önnur mál: Þurfti hv. 8. þm. Reykn., Ólafur Ragnar Grímsson, að halda þessa ræðu? Svarið er að sjálfsögðu nei.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar hæstv. viðskrh. kvaddi sér hljóðs til andsvara hélt ég að hann ætlaði að upplýsa þingið um það sem hefur verið sagt bæði af mér og hv. þm. Steingrími Hermannssyni, hvort það væri rétt að hann hefði kl. 11 í gærmorgun skýrt bankastjóra Landsbankans frá því að ekki stæði til að gera neitt í málinu næstu daga. Að hæstv. viðskrh. mundi upplýsa

það hér hvort hann sagði ósatt á fundum sínum með bankastjóra Landsbanka Íslands eða hvort hann vissi það ekki kl. 11 í gærdag að þetta yrði gert síðdegis. Það er auðvitað eitt af kjarnamálum þessa máls, hæstv. viðskrh., vegna þess að því miður er það svo að hæstv. viðskrh. hefur starfað þannig undanfarið að vart er að treysta orðum hans. En ef málin eru þannig að bankastjórar Landsbankans geta ekki treyst orðum hæstv. viðskrh. þá er lítil von til þess að málin batni jafnvel þótt þetta frv. verði samþykkt.

Hæstv. ráðherra vék í staðinn að greinum þessa frv. Það er alveg skýrt. 1. og 2. gr. fjalla um Landsbankann, 3., 4., 5. og 6 gr. fjalla um Tryggingarsjóð viðskiptabanka. Það er alveg skýrt og því verður ekki breytt nema hæstv. ráðherra vilji breyta frv.

Það er síðan líka rangt hjá hæstv. ráðherra að ég hafi eitthvað sagt við fjölmiðla í gær um fund ríkisstjórnarinnar. Ég sagði ekki eitt einasta orð — ekki eitt einasta orð á síðasta sólarhring við fjölmiðla um þetta mál. Einhverjir allt aðrir en ég hafa búið til orðið „neyðarfundur" vegna þess að ég tjáði mig ekki um málið við fjölmiðla fyrr en í morgun þegar öll þjóðin var búin að hlusta á forsrh., viðskrh. og fjmrh. ég veit ekki í hvað mörgum lotum í fjölmiðlakerfi landsins. Hæstv. viðskrh. Er nú ekki tími til kominn að fara að hafa það sem sannara reynist í málinu?

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Með óvenjulegum og ósvífnum hætti vænir hv. 8. þm. Reykn. mig enn á ný um ósannindi. Þar hygg ég að sök hljóti sekan að bíta því fáir menn fara með ósannara mál úr þessum ræðustól en hv. 8. þm. Reykn. Á fundi mínum með bankastjórum Landsbankans í gær, sem mér er ekki kunnugt um að hv. þm. eigi aðgang að, var ekki fjallað nákvæmlega *um tímasetningar í málinu.* Það orkar flest tvímælis þá gert er. En hafi einhverjir efast um að nauðsynlegt væri að ljúka málinu skjótt þá hvarf sá efi allur eftir að menn heyrðu framgöngu þeirra hv. 8. þm. Reykn. í dag í fjölmiðlum og hv. 7. þm. Reykn. í gær. Þá var þetta náttúrlega orðið alveg ljóst að það var rétt ráðið því að sá bylur sem þar var á brostinn mátti ekki standa lengi. Það él varð að stytta upp og það mun líka gera það.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er háttur þeirra sem í erfiðleikum eiga og við þekkjum það stundum hjá börnum að þegar þau geta ekki byggt vörn sína á staðreyndum þá segja þau bara: Þú skrökvar, þú platar. Fyrir nokkrum dögum treysti hæstv. viðskrh. sér ekki til að rekja staðreyndir varðandi málið um fjárfestingarbankann en hæstv. fjmrh. staðfesti eins og alþjóð veit með þögn sinni staðfesti að það sem ég sagði um það mál var rétt.

Nú kemur hæstv. viðskrh. og ætlar að flytja frásögn af þessum fundi í gærmorgun kl. 11. Hæstv. viðskrh., einn af bankastjórum Landsbankans, mætti á fundi efh.- og viðskn. Alþingis áður en þessi fundur hófst og ég vænti þess að nefndarmenn í fjh.- og viðskn. muni skýra frá því í umræðunum hvað bankastjóri Landsbankans, Halldór Guðbjarnason, sagði á formlegum fundi sínum með þingnefndinni.

Ég hef líka einnig rætt við bankastjóra Landsbankans, reyndar alla, hvern fyrir sig til að kynna mér málið og enginn vafi er í *mínum huga hver segir satt*, bankastjórar Landsbankans eða viðskrh. um þennan fund í gærmorgun.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Vegna orða hæstv. fjmrh. sem féllu í ræðu hans fyrr í dag þá get ég ekki annað en tekið fram að ekkert samkomulag hefur verið gert milli þingflokksformanna um annað en það að ljúka 1. umr. hér í dag enda má öllum ljóst vera að hv. efh.- og viðskn. þarf nokkurn tíma til þess að fara í gegnum málið. Við höfum yfirferð í morgun. Það var reyndar að beiðni eins þingmanns stjórnarandstöðunnar að sú umræða hófst þannig að þó að setið væri við frá kl. 10.15 og til kl. 13.30 þá er þeirri athugun langt í frá lokið. Ég tek þetta fram vegna þess að mér þykir gæta mikillar pressu í máli stjórnarsinna. Auðvitað þarf þetta mál að fá eðlilega og alvarlega vinnslu þannig að menn viti hvað hér er á ferð, hvað í þessu frv. felst og hvað liggur á bak við. Ég vil taka fram í upphafi að ég geri þá kröfu að við fáum þann tíma sem við þurfum í þetta mál.

Hér er til umræðu frv. til laga um ráðstafanir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana. Eins og fram hefur komið þá er það að sjálfsögðu vandi Landsbankans sem liggur að baki þessa frv. Það þarf í sjálfu sér ekki að koma neinum á óvart að gripið skuli til aðgerða til þess að rétta hag Landsbankans. Það má öllum ljóst vera að í kjölfar þeirra miklu erfiðleika sem á okkur hafa dunið þá hlytu þeir að bitna á bönkum landsins og þá ekki síst *Landsbankanum sem hefur atvinnulífið á* sínum herðum. Þær upplýsingar sem okkur hafa borist á undanförnum mánuðum hafa gefið til kynna að það kæmi að því að það yrði að styrkja stöðu bankans. Það er auðvitað ríkið sem stendur á bak við þennan stóra og gamla banka okkar og því er það að sjálfsögðu skylda þess að koma til aðstoðar þegar erfiðleikar steðja að.

Það sem býr að baki þess ástands, sem nú er komið upp, eru auðvitað þeir miklu erfiðleikar sem dunið hafa á íslensku efnahagslífi á undanförnum árum. Við höfum horft upp á það að staða atvinnulífsins hefur farið hríðversnandi með hverjum mánuðinum sem liðið hefur og því miður virðist ekki vera bjart fram undan ef marka má nýjustu fréttir af lækkun fiskverðs, þeim aukna samdrætti sem fylgja mun og þeim auknu erfiðleikum sem lækkun fiskverðs hefur í för með sér fyrir sjávarútveginn, en Landsbankinn er einmitt fyrst og fremst banki sjávarútvegsins.

Það er um það að ræða að hér er uppsafnaður vandi á ferð. Landsbankinn hefur staðið á bak við ýmsar fjárfestingar sem hafa brugðist og hér í dag hefur verið nefnt fiskeldi og loðdýrarækt en það er ekki síður í útgerðinni þar sem fjárfestingar hafa átt sér stað, oft og tíðum misheppnaðar og vanhugsaðar eða grunninum

hefur hreinlega verið kippt undan útgerðarfyrirtækjum, ekki síst vegna aflasamdráttar.

Þá er einnig um það að ræða að breyttar reglur um eiginfjárstöðu bankans og reyndar fleiri banka í landinu samkvæmt nýjum lögum valda því að styrkja þarf eiginfjárstöðu bankans.

Almennur samdráttur í þjóðfélaginu kemur auðvitað líka við sögu, aflasamdrátturinn sem ég nefndi áðan og ýmsar ytri aðstæður sem eru að valda okkur erfiðleikum. Síðast en ekki síst er það stefna ríkisstjórnarinnar sem á hér nokkurn hlut að máli, sá samdráttur sem ríkisstjórnin hefur verið að ýta undir með aðgerðum sínum, niðurskurður og hávaxtastefnan sem því miður hefur allt of lengi verið við lýði en vonandi fer að hilla undir það að vaxtalækkanir fari að skila sér.

Við okkur blasir að staða Landsbankans er slæm. Bankinn hefur tapað gífurlegu fé og hefur orðið að leggja mikið fé í afskriftasjóði til að mæta þessu mikla tapi og það er ekki síst þess vegna sem nú er verið að grípa til aðgerða.

Í því frv. sem er til umræðu felst fyrst og fremst tvennt að mínum dómi. Annars vegar er verið að undirbúa aðgerðir strax, aðgerðir sem verður gripið til strax. Hins vegar felst í þessu frv. eins konar fyrirbyggjandi kerfi, þ.e. það á að opna Tryggingarsjóð viðskiptabanka þannig að hann verði bakhjarl bankanna ef aftur þarf að grípa til ráðstafana til þess að styrkja stöðu þeirra. Þessar aðgerðir felast í því, eins og hér hefur komið fram, að meiningin er að veita til Landsbankans 2 milljörðum kr. beint úr ríkissjóði og það er auðvitað fyrsta spurningin hvaðan hann á að taka þá peninga, hvaðan koma þeir. Eftir því sem mér heyrðist á máli hæstv. fjmrh. í dag þá eykst halli ríkissjóðs við þetta þannig að það má líklega ljóst vera að hér verður um lánsfé að ræða.

Þá er rætt um það að Landsbankinn fái 1 milljarðs kr. víkjandi lán úr Tryggingarsjóði viðskiptabankanna þegar búið verður að breyta lögum hans og þetta kemur til viðbótar þeim 1.250 millj. sem bankinn fékk um síðustu áramót til að styrkja stöðu sína. Það lán var bundið þeim skilyrðum að bankinn tæki til við að endurskipuleggja sitt starf og stöðu og ég vil spyrja hæstv. viðskrh. hvernig hann metur það hvernig bankanum hefur tekist til að bæta stöðu sína.

Það kom fram í máli Halldórs Guðbjarnasonar á fundi efh.- og viðskn. í morgun að hann telur að bankinn hafi unnið mikið starf í þeim efnum en hann hefur þó orðið að fara nokkuð varlega og ekki síst vegna starfsfólks bankans. Það er ekki auðvelt að segja upp fólki á okkar tímum og senda það beint á vit atvinnuleysisins og hefur bankinn því verið að leita ýmissa leiða til að leysa þann vanda. Samt sem áður er spurningin hvort menn telja að bankinn hafi verið á réttri leið og sé á réttri leið í því að endurskipuleggja starf sitt. Þetta tengist auðvitað 6. gr. þessa lagafrv. þar sem kveðið er á um að það beri að gera samning milli fjmrh. og viðskrh. annars vegar og viðkomandi banka hins vegar ef þeir eiga að fá fyrirgreiðslu til þess að styrkja stöðu sína. Sú spurning kom upp á fundi efh.- og viðskn. hvort nauðsynlegt væri að setja í lög að þeim beri að gera slíkan samning, hvort bönkunum er ekki einfaldlega treystandi til þess að bæta stöðu sína upp á sitt eindæmi.

Eins og ég hef sagt þá held ég að ekki sé nokkur vafi á að aðgerðir í málefnum bankans eru nauðsynlegar. Ég minnist þess að við kvennalistakonur áttum fund með hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh. sumarið 1991, skömmu eftir kosningar þegar Álafossmálið var á döfinni, og ég minnist þess að þá beindi ég þeirri spurningu til hæstv. viðskrh. hvort hann teldi stöðu Landsbankans vera í hættu. Álafossdæmið var stórt og mikið mál og fulltrúi okkar í bankaráði Landsbankans hafði nokkrar áhyggjur af stöðu bankans ef allt færi á versta veg. Það er augljóst að á þeim tveimur árum sem ríkisstjórnin hefur setið hefur sífellt hallað undan fæti þó ég ætli ekki að kenna ríkisstjórninni alfarið um það, þar hafa fleiri þættir komið inn í. Þetta leiðir hugann að því hvað er fram undan og hvernig menn meta stöðuna fram undan. Því miður tel ég að harla fátt bendi til þess að það muni birta upp á næstu mánuðum, jafnvel ekki á næstu árum. Því miður bendir fátt til þess og þess vegna er auðvitað meginspurningin sú: Hve lengi duga þessar aðgerðir til þess að styrkja stöðu bankans og hvað gerist ef enn heldur áfram að halla undan fæti? Það beinir sjónum að lækkun fiskverðs og því mikla tapi sem henni fylgir sem kann að verða til þess að fella sjávarútvegsfyrirtæki víða á landinu. Við verðum því að gera okkur grein fyrir því þrátt fyrir þessar aðgerðir, þrátt fyrir það að hér eigi að styrkja stöðu Landsbankans, að enn meiri erfiðleikar geta verið fram undan þó ég voni að svo verði ekki.

Ef við lítum aðeins á þetta frv. sem hér er til umræðu þá er fyrsta spurningin sem vaknar varðandi tryggingarsjóðinn sú hvort verið sé að eyðileggja enn einn sjóðinn. Við höfum búið áratugum saman við ýmiss konar sjóði og höfum horft upp á það hvernig menn hafa notað þá þegar á herðir og kemur þá í hug Atvinnuleysistryggingasjóður. Síðan þegar tók að reyna á hann með vaxandi atvinnuleysi kom auðvitað í ljós að hann gat ekki staðið undir skuldbindingum sínum. Ég varpa fram þeirri spurningu: Hvað er verið að gera með því að opna þennan sjóð með þessum hætti? Verður það tryggt að hann verði áfram sá tryggingarsjóður sem honum ber að vera samkvæmt lögum?

Samkvæmt 51. gr. núgildandi laga um viðskiptabanka segir, með leyfi forseta:

„Yfirstjórn Tryggingarsjóðs er í höndum viðskiptaráðherra og skal hann setja nánari ákvæði um sjóðinn í reglugerð, svo sem um skipan stjórnar og verksvið hennar, ávöxtun á fé sjóðsins og tilhögun greiðslna úr sjóðnum er tryggi eigendum innlánsfjár sem skjótasta endurgreiðslu innlána þegar úrskurður um töku bús viðskiptabanka til skipta er genginn."

Samkvæmt þessu er vald hæstv. viðskrh. mjög mikið í þessum efnum og sú spurning vaknar auðvitað hvort ekki sé eðlilegt að Alþingi komi að málum, þ.e. að þessi alvarlegu mál heyri undir Alþingi með skýrari hætti en stefnt er að með þessu frv. Ég set mikið spurningarmerki varðandi það vald sem hæstv. viðskrh. hefur í þessum málefnum.

Í grg. frv. kemur fram að í þeim samningum sem ætlað er að gera og í þeim skilyrðum sem ríkisstjórnin setur fyrir fyrirgreiðslu við Landsbankann er verið að draga Búnaðarbankann inn í dæmið. Hér segir að það skilyrði verði sett að viðræður hefjist milli Landsbankans og Búnaðarbanka Íslands í því skyni að bankarnir skipti á eignahlutum sínum í greiðslukortafyrirtækjum og eignarleigufyrirtækjum sem þeir eiga báðir hlut í þannig að fyrirtækin komist að meiri hluta í eigu annars hvors bankans. Spurningin er: Hvað þýðir þetta fyrir Búnaðarbankann? Ég spyr hæstv. viðskrh.: Hefur verið haft samráð við Búnaðarbankann um málið?

Það gefur auga leið að við í efh.- og viðskn. munum að sjálfsögðu kalla á fulltrúa Búnaðarbankans enda þótt ljóst sé að slík eignaskipti yrðu til þess að styrkja stöðu bankanna ef þessi fyrirtæki komast í meirihlutaeign en við verðum samt að gera okkur grein fyrir því hvað þetta þýðir fyrir hvorn banka fyrir sig. Þarna vantar okkur upplýsingar.

Ég spyr einnig hæstv. viðskrh. hvaða aðrar leiðir en sú sem hér um ræðir komu til umræðu innan ríkisstjórnarinnar. Var rætt um aðrar leiðir? Ljóst er að Landsbankinn lagði áherslu á að farin yrði svipuð leið og farin var á Norðurlöndunum, þ.e. þar sem bankarnir hafa átt í miklum erfiðleikum, en hún felst í því að stofnaður sé eins konar sjóður eða fyrirtæki sem keypti af bankanum ýmsar eignir og skuldir til þess að létta á honum og síðan var það hugmynd Landsbankans að bankinn sæi sjálfur um að koma þessum eignum í verð samkvæmt samkomulagi við ríkisstjórnina. Ég spyr: Hvers vegna var sú leið Landsbankans ekki fyrir valinu? Hvaða gallar voru svo stórir á þessari leið sem farin hefur verið á Norðurlöndunum að ríkisstjórnin hafnaði henni?

Það gefur auga leið að hefði sú leið verið valin að stofna sjóð eða fyrirtæki hefði það komið miklu betur út í bókhaldi Landsbankans, en með þeirri leið sem hér er valin verða reikningar ársins 1992 með tveggja til þriggja milljarða kr. halla sem er auðvitað mjög slæmt fyrir stöðu bankans út á við. Auðvitað vaknar sú spurning hvort er mikilvægara að reikningar Landsbankans sýni lítinn sem engan hallarekstur eða bókhaldið hjá ríkissjóði. Hvort er mikilvægara?

Ég ætla að víkja nokkrum orðum að gangi mála undanfarinn sólarhring og við hljótum að velta því fyrir okkur hvers vegna hér hefur verið farið fram af slíkum hraða og óðagoti sem mér finnst hafa einkennt málið. Ég get ekki annað en lýst þeirri skoðun minni að ég tel að svona hamagangur og sjónarspil eins og ríkisstjórnin setti á svið í gær geti orðið til þess að ekki eingöngu að skaða Landsbankann heldur einnig lánstraust Íslendinga út á við. Menn geta skapað panik með slíkum aðgerðum og eins og þetta horfir við mér var það ríkisstjórnin sem skapaði mikla spennu í gær með því að fresta fundum Alþingis, boða ríkisstjórnarfund á mjög óvenjulegum tíma, boða síðan þingflokksfundi og svo blaðamannafund. Þetta varð auðvitað til þess að skapa mikla spennu. Við kvennalistakonur höfðum ekki hugmynd um hvað þarna var á ferðinni enda var ekki hringt í okkur um hádegi í gær, eingöngu í Steingrím Hermannsson, formann Framsfl., að því er virðist og það var heldur ekki haft samband við okkur í dag til þess að ræða gang mála, ekki fyrr en haldinn var forsetafundur, þ.e. fundur forseta og þingflokksformanna. Hér hefur því ekki verið um neitt samráð af neinu tagi að ræða. Við hljótum auðvitað að spyrja hvaða ástæða er fyrir því að ríkisstjórnin hefur eingöngu samband við formann Framsfl. Þó Framsfl. sé stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn þá er hann ekki einn í stjórnarandstöðu. Ég held að það hafi bara verið til þess að bæta meðferð málsins og hraða henni ef eðlilegt samráð hefði verið haft við stjórnarandstöðuna. En ég vil lýsa því hér að ég tel ekki nokkra ástæðu og ég held ekki nokkur maður hafi áhuga á því að tefja þetta mál með nokkrum hætti en það þarf bara einfaldlega að fá eðlilega umfjöllun.

Við hljótum að velta því fyrir okkur hvaða afleiðingar það hefur ef þetta frv. verður að lögum. Ég held í fyrsta lagi að ekki sé nokkur vafi að með þessum aðgerðum verður staða Landsbankans mun styrkari en hún er núna og ég vil spyrja hæstv. viðskrh. hvort hann telji að þessi aðgerð — ég ætti kannski frekar að beina spurningunni til hæstv. fjmrh. sem hér er mættur — muni skapa Landsbankanum forsendur fyrir vaxtalækkun. Telur hann að þetta geti leitt til vaxtalækkunar bankans?

Á fundi efh.- og viðskn. í morgun kom fram að menn telja að fréttir af þessari uppákomu geti orðið til þess að hækka vexti á lánum erlendis sem Íslendingar þurfa að taka og það væri auðvitað mjög slæmt ef svo færi. Ég vildi gjarnan heyra álit þeirra ráðherra sem hér eru á þeirri fullyrðingu.

Í þriðja lagi þá munu þessar aðgerðir að sjálfsögðu hafa áhrif á stöðu ríkissjóðs, hjá því verður ekki komist. Fyrst hæstv. fjmrh. er sestur í salinn að nýju vil ég endurtaka þá spurningu sem ég bar fram áðan um þessa tvo milljarða kr. sem á að taka úr ríkissjóði, og spyrja hvaðan eigi að taka þá peninga. Að vísu er bent á fleiri leiðir en beint framlag.

Í ljósi þess ástands sem við erum að ræða þá hef ég velt því mikið fyrir mér hvort ekki sé full ástæða til þess að fara rækilega ofan í útlánastarfsemi Landsbankans, skoða það hvernig þeirri starfsemi hefur verið háttað á undanförnum árum. Við höfum fengið upplýsingar um það í hvaða greinum tapið hefur einkum átt sér stað en ég held það væri vissulega ástæða til þess að fara mjög rækilega ofan í þetta.

Ég get ekki látið hjá líða að nefna það að ég tel að stjórn Landsbankans og reyndar fleiri banka en þó einkum og sér í lagi Landsbankans árum saman hafi verið að mörgu leyti óviðunandi. Ég tengi það því að bankastjórastöður hafi verið veittar eftir pólitískum leiðum. Þar hefur ekki legið faglegt mat að baki og ég tel þetta algerlega óviðunandi og að það hafi skaðað Íslendinga og íslenskt efnahagslíf mikið hvernig staðið hefur verið að því að skipa stjórnir helstu fjármálastofnana landsins og þarna verður breyting að verða á. Það verður að hætta að úthluta bankastjórastöðum til fyrrverandi stjórnmálamanna eða leysa einhver innan-

flokksvandamál með því að gera menn að bankastjórum og það ber að gera miklar, faglegar kröfur til þeirra sem stjórna bönkunum. Við vitum það að í gegnum bankana hefur fé verið veitt í alls konar fyrirtæki og fjárfestingar sem aldrei áttu nokkurn grundvöll. Þessu verður að linna. Ég held reyndar að það hafi nú orðið töluverð bót á og fagmennskan sé heldur að sækja á í bönkunum, en það er mikil vinna fram undan í þeim efnum.

Varðandi rás viðburða hér í gær, þá er það rétt sem hér hefur komið fram að stjórnendur Landsbankans töldu sig hafa nokkurn frest og áttu ekki von á því að atburðarásin yrði með svona miklum hraða og ég spyr auðvitað: Hvað gerðist eftir fund hæstv. viðskrh. með stjórnendum Landsbankans í gær? Hvað var það sem olli því að ákveðið var að fara í þetta mál með svona miklum hraða og hver var það sem tók þá ákvörðun, hvar var sú ákvörðun tekin? Þetta kemur okkur býsna spánskt fyrir sjónir sem fylgdumst hér með rás viðburða í gær. Og í ljósi þessa hraða hljótum við að velta því fyrir okkur, hvaða skilaboð ríkisstjórnin sé að senda þjóðinni með þessum aðgerðum og með þessu óðagoti. Er ríkisstjórninni að sýna þjóðinni að hún sé svona einhvers konar „súpermann" sem birtist á ógnarhraða á neyðarstundu og bjargar málunum? Hér sitji ríkisstjórn sem grípur til aðgerða þegar á þarf að halda. Ég held nú reyndar að það sé nokkuð til í þeirri skýringu að ríkisstjórnin sé að reyna að sýna þjóðinni að hún geri eitthvað því að hún hefur ekki haft það orð á sér að bregðast við þeim erfiðleikum sem við okkur blasa. Maður veltir því líka fyrir sér hvort ríkisstjórnin sé fyrst og fremst að senda samtökum launafólks skilaboð sem nú standa í kjarasamningum. Eru þetta skilaboð um það að hér ríki svartnættisástand sem boði hvorki launhækkanir né kaupmáttaraukningu? Er kannski verið að boða skerðingu og launalækkun í anda Færeyjaleiðarinnar? Hvaða skýringar eru á þessu? Ég held að það geti ekki farið á milli mála að hér hefur verið farið fram af of miklum hraða og hefur verið skapaður nokkur órói sem ég vona svo sannarlega að hafi ekki mikil áhrif þegar til lengri tíma verður litið.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ekki ástæða til þess að fara nánar út í þetta mál að sinni. Við kvennalistakonur erum efnislega sammála því að nauðsyn hafi borið til þess að grípa til aðgerða en ég ítreka það að ég hef ákveðinn fyrirvara við einstakar greinar þessa frv. og ég geri þá kröfu að í efh.- og viðskn. fáum við þann tíma sem við þurfum til þess að vinna þetta mál því ég fæ ekki með nokkru móti séð að það liggi svo mikið á að það þurfi að keyra þetta frv. hér í gegn á einum sólarhring eða svo. Ég held að það skipti miklu meira máli að málið sé vel unnið og traust þannig að öllum megi ljóst vera að Landsbankinn standi styrkur.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kann að greiða fyrir umræðum að gefa hér örstutt svör við fyrirspurnum sem komu fram af hjá hv. síðasta ræðumanni. Í fyrsta lagi vil ég taka það fram að það liggur ekki fyrir hvaða samningur verði gerður milli ríkisins og Landsbankans. Til að gefa dæmi um það hvernig slíkur samningur gæti verið varðandi fjármagnstilfærsur, þá gæti hann verið á þá leið að ríkið afhenti Landsbankanum skuldabréf sem síðan yrði greitt af á einhverju tilteknu bili. Það mundi þýða að útgreiðslur úr ríkissjóði mundu dreifast á nokkur ár. Hins vegar rýrir það auðvitað stöðu ríkissjóðs til þess að takast á við önnur verkefni. Með því er ekki verið að senda nein önnur skilaboð en þau að staða ríkissjóðs versnar við þessa aðgerð.

Í öðru lagi er spurt um forsendur fyrir vaxtalækkun. Það eru bankaráðin sem ákveða vexti hjá bönkunum, þar á meðal yfirvexti sem hafa verið nokkuð til umræðu hér í dag. Ef um vaxtalækkun er að ræða, þá gæti auðvitað vaxtalækkunin verið bæði á innlána- og útlánshliðinni hjá bönkunum og ég tel að það séu fullar forsendur til þess alveg burt séð frá þessari aðgerð sem hér er verið að ræða um. Ef hins vegar spurningin gekk út á það hvort bankinn mundi sér nýta þennan aukna styrk til þess að lækka vextina, þá tel ég að svo eigi ekki að vera því að þar með væri fjármagnið notað til þess að styrkja óeðlilega samkeppnisstöðu gagnvart öðrum bönkum. Fjármagnið á að nota fyrst og fremst til þess að styrkja bankann og hagræða í bankanum og gera hann betur hæfan til þess að starfa með eðlilegum hætti í framtíðinni.

Í þriðja lagi er ég sammála hv. ræðumanni um það að hraðinn og fjölmiðlafárið eru auðvitað hlutir sem við hljótum að ræða hérna. Ríkisstjórnin sagði ekki eitt einasta orð um þetta mál fyrr en að loknum ríkisstjórnarfundi kl. að verða 7 í gærkvöldi, en þá höfðu aðrir rætt um málið með þeim hætti að ... (Gripið fram í.) það var auðvitað nauðsynlegt að flýta málinu sem allra fyrst.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir það undarleg ræða hæstv. fjmrh. að Landsbankinn eigi ekki að nota þessa stöðu til þess að lækka vexti vegna þess að það gefur honum ákveðið forskot umfram aðra. Ég hélt að það væri stefna ríkisstjórnarinnar að lækka vexti og það bæri að nota þetta tækifæri til þess.

Varðandi gang mála þarf ég ekki að endurtaka það að með þeim aðgerðum og þeirri atburðarás sem ríkisstjórnin setti hér á svið í gær, þá var auðvitað alveg ljóst að það var eitthvað mikið að gerast. Frestun þingfundar og ríkisstjórnarfundur á þessum óvenjulega tíma gaf það til kynna að eitthvað mikið væri á ferð. Það var mikil spenna hér í þinghúsinu í gær um leið og það fréttist að það ætti að fresta þingfundi þannig að ég get nú ekki séð annað en að það sé ríkisstjórnin sem hér veldur.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einungis ástæða til þess að fjalla hér um vexti bankanna. Það sem skiptir auðvitað máli er hver verður vaxtamunurinn á milli innlána- og útlánsvaxtanna. Það er sá vaxtamunur sem hefur

verið nokkuð mikill að undanförnu í íslenska bankakerfinu því að líklega hefur bankakerfið lagt á að giska 4 milljarða til hliðar á sl. ári til þess að mæta hugsanlega töpuðum kröfum bankanna og sparisjóðanna. Ég get ímyndað mér að talan sé í kringum 4 milljarða eða þar um bil. Þær hafa þó ekki allar verið gefnar upp að sjálfsögðu því að enn hafa ársreikningar ekki komið fram.

Það sem ég er að segja er að það sé tækifæri nú til þess að lækka vextina, bæði útlánsvexti og innlánsvexti, og það er auðvitað það sem skiptir máli að þessir vextir geti lækkað. Auðvitað hlýtur þetta að styrkja Landssbankann til þess að gera slíkt á sama hátt og aðrir bankar gætu gert það, en ég vek athylgi á því að það er ekki ætlunin að innspýting á fjármagni leiði til þess að Landsbankinn geti öðrum bönkum fremur dregið úr sínum vaxtamun. Það er það sem ég er að reyna að segja hér í kannski heldur óskýru máli.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst taka fram vegna spurningar sem hv. 18. þm. Reykv. beindi til mín að það er unnið að útfærslu á aðgerðaáætlun til sparnaðar og hagræðingar í rekstri Landsbankans, m.a. í samstarfi Seðlabanka og Landsbanka að tilmælum viðskrn. Það starf er á góðum vegi og reyndar í framhaldi af góðu starfi innan bankans sem unnið hefur verið af því tagi.

Það var spurt hvort þessar aðgerðir dygðu, þær sem við ræðum hér í dag. Ég tel að með þessum ákvörðunum sé verið að setja traustan grundvöll fyrir Landsbankann. Ég vildi svara því líka með eignaskiptin að þau hafa verið rædd við bankastjórn Búnaðarbankans af minni hálfu og reyndar við fleiri af eigendum þeirra félaga sem þarna koma við sögu, en það er mjög mikilvægt að ríkið nýti þessar eigur sínar til þess að gefa sínum lánastofnunum það mesta traust sem út úr þeim má hafa.

Hv. þm. spurði líka hvers vegna ekki hefði verið litið á þá leið að ríkið keypti kröfur og eignir sem kyrrstæðar væru í reikningum bankans og bankanna. Ég tel að það sé ekki heppileg leið eins og ég fjallaði um í alllöngu máli í framsöguræðu minni og ég vísa til þess.

Síðan vék hv. þm. að því eins og reyndar ýmsir þingmenn aðrir hér fyrr í dag hvers vegna tímasetningar funda, viðræðna og ákvarðana hefðu verið með þeim hætti sem varð í gær. Ég vil leyfa mér, með mikilli virðingu fyrir hv. 18. þm. Reykv. og öðrum sem hér hafa talað, að benda á að þetta eru aukaatriði. Það er fagnaðarefni að hv. 18. þm. Reykv. eins og hv. 7. þm. Reykn. lýsir almennum stuðningi sínum við þessar aðgerðir og fagna þeim. Það er virðingarvert en ég bið menn nú að tala um kjarna málsins, ekki aukaatriði.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er nú ekki sammála hæstv. viðskrh. um það að atburðarásin í gær sé eitthvert aukaatriði í þessu máli. Það skiptir miklu máli fyrir banka hvernig að svona aðgerðum er staðið og hvort það lítur þannig út út á við að um eitthvert neyðarástand sé að ræða. Það skiptir auðvitað máli bæði fyrir sparifjárfeigendur sem eiga sína peninga í bankanum og fyrir erlenda viðskiptavini og þá sem bankinn á viðskipti við og tekur lán hjá, hvort verið er að skapa óvissu, „panik" eins og ég komst að orði hér áðan, og því er ég alls ekki sammála því að þarna sé um aukaatriði að ræða. Það á eftir að koma í ljós hvort þessi hamagangur í ríkisstjórninni hefur einhverjar alvarlegar afleiðingar fyrir bankann. Ég vona svo sannarlega að svo verði ekki, en hér hefur að mínum dómi verið undarlega að málum staðið.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðferðin sem valin var var einmitt til þess valin að taka fljótt af skarið svo almenningur og viðskiptavinir bankans, bæði lánardrottnar hans og skuldunautar væru ekki í vafa um að hann stæði traustum fótum. Þetta varð að gerast skjótt þegar lausn og niðurstaða var fengin. Þetta er kjarni málsins og að tala um hamagang í því sambandi er alveg frá hinni hliðinni. Ríkisstjórnin lýsti ekki yfir neinu neyðarástandi, kallaði ekki til neinna skyndifunda eða neyðarfunda. Það eru allt orð úr orðasafni stjórnarandstæðinga. Ég tek fram að þetta á ekki við hv. 18. þm. Reykv.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það að ég held að það hafi verið þörf á því að bregðast skjótt við, en spurningin er, hve skjótt? Mér finnst að atburðarásin hafi endurspeglað helst til mikið óðagot í ríkisstjórninni og ég hefði heldur viljað sjá að menn hefðu farið svolítið rólegar í sakirnar.

Útbýting þingskjala.

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 261. mál, nál. allshn., þskj. 744.

Skálholtsskóli, 297. mál, nál. allshn., þskj. 745.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar ber að á vægast sagt afar sérstakan hátt og málatilbúnaður allur af hendi ríkisstjórnarinnar með eindæmum. Hæstv. ráðherrar tala um það hér að það verði að flýta þessu máli og helst átti að koma því í gegn á Alþingi í dag.

Nú vil ég taka það skýrt fram að ég hef gert mér fulla grein fyrir því um nokkurt skeið að það þurfti að grípa til ráðstafana til að styrkja eiginfjárstöðu Landsbankans og efh.- og viðskn. hafði reyndar farið fram á að fá að fylgjast með því máli. Það er því eitt af því sérstaka og ég vil leyfa mér að segja furðulega í allri þessari málsmeðferð að ríkisstjórninni skyldi ekki hugkvæmast að það gæti verið snjallræði að kynna þetta mál um leið og það var unnið fyrir efh.- og viðskn. Alþingis. Eftir að mér varð það ljóst á sjötta tímanum í gær hvað var að gerast, þá fór ég strax fram á það við starfandi formann efh.- og viðskn. að nefndinni yrði nú þegar gerð grein fyrir málinu og því hvað væri að ger-

ast. Ég veit ekki til þess að hæstv. ríkisstjórn eða hæstv. viðskrh. hafi haft neina tilburði uppi til þess að gera ráðstafanir til þess að kynna efh.- og viðskn. Alþingis málið og stöðu þess. Það virðist hafa átt að koma með þetta bara hér beint inn í dag. Svona vinnubrögð eru ekki til þess að flýta fyrir framgangi mála.

Hæstv. ráðherrum þessarar ríkisstjórnar er tamt í sinni umfjöllun að leita til erlends samanburðar. Ég leyfi mér að fullyrða að í engu af þeim löndum sem okkur er tamt að bera okkur saman við hefðu verið viðhöfð vinnubrögð sem hér er gert. Alls staðar annars staðar hefði málið verið unnið á þann hátt að kynna það fyrir þjóðþingi viðkomandi þjóðar og ná samstöðu með stjórnarandstöðu um svo viðkvæmt og brýnt mál sem hér er farið fram með. Hæstv. ríkisstjórn Íslands kaus að fara ekki þannig að — og þó. Kannski átti hún ekkert val, kannski missti hún tök á atburðarásinni í einhverri „panik" í gær. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra sem hér eru staddir, hvað átti að ræða á skyndifundi ríkisstjórnarinnar í gær sem boðaður er í hádeginu og það þarf að breyta fyrir fram ákveðinni dagskrá Alþingis, fresta fundum til að ríkisstjórn geti haldið fund kl. 4 á þriðjudegi. Hvað átti að ræða á þeim fundi í gær ef það voru ekki þessar aðgerðir?

Ég veit reyndar að ráðuneytisstjóri í forsrh. og seðlabankastjóri kölluðu bankastjóra hinna viðskiptabankanna á sinn fund í hádeginu í gær til þess að tilkynna það að þetta stæði til seinni part dagsins. En það þótti engin ástæða til þess að kalla til og upplýsa efh.- og viðskn. Alþingis um hvað til stæði.

Ég vil einnig benda hæstv. viðskrh. á að ég get staðfest það hér að á fundi efh.- og viðskn. í morgun sagði bankastjóri Landsbankans, Halldór Guðbjarnason, að á fundi bankastjóranna með hæstv. viðskrh. í gærmorgun, eins og bankastjórinn sagði, sagði viðskrh. orðrétt „að það væri ekkert sem ræki á eftir, menn hefðu einhverja daga til þess að ákveða með hverjum hætti eiginfjárstaða Landsbankans yrði styrkt". Síðan segir bankastjórinn: „Um það sem gerðist eftir það vissum við ekkert frekar en þið."

Það þótti sem sagt hvorki ástæða til þess að upplýsa efh.- og viðskn. Alþingis né bankastjóra viðkomandi banka um það hvað var að gerast í raun. Nú dettur mér ekki í hug að halda því fram að hæstv. viðskrh. hafi vísvitandi sagt bankastjórum Landsbankans ósatt í gærmorgun. Ég held að það sem raunverulega gerðist var það að í hádeginu og seinni partinn í gær þá tók hæstv. forsrh. völdin af viðskrh. í þessu veigamikla bankamáli.

Þetta er sú eina skýring sem ég get fundið á atburðarásinni eftir að við í efh.- og viðskn. erum búnir að yfirheyra flesta þá aðila sem að málinu komu í morgun. Af þeim viðræðum var okkur ljóst að það hefðu um nokkurt skeið átt sér stað viðræður milli viðskrh., bankaeftirlits og bankastjórnar Landsbankans um aðgerðir sem byggðust á greinargerð Landsbankans frá því í janúar. Þessar viðræður snerust að mestu leyti um þá leið að ríkissjóður eða félag í eigu ríkissjóð yfirtæki skuldbindingar þannig að Landsbankinn þyrfti ekki að vera gerður upp með því reikningslega tapi sem fylgir þeirri leið sem hér hefur verið valin. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh.: Hvað þýðir þessi leið mikið bókfært tap á Landsbankanum á síðasta ári þegar hann verður endanlega gerður upp með þeim afskriftum sem þarna eru lagðar til?

Hæstv. ríkisstjórn hlýtur að hafa í sinni undirbúningsvinnu, ef hún var þá einhver að þessum skyndiaðgerðum í gær, lagt mat á þessa þætti og reynt að meta hvor aðferðin væri heppilegri upp á stöðu okkar út á við og út á lánstraust okkar.

Það var upplýst í efh.- og viðskn. að ýmsir af erlendum lánasamningum Landsbankans væru þannig að ef bankinn væri gerður upp með verulegu tapi þá væri heimild til að segja þeim upp og það yrði að semja um þá upp á nýtt.

Virðulegi forseti. Mér rennur til rifja að málsmeðferð skyldi þurfa að fara í þennan farveg því eins og ég benti á fyrr í ræðu minni, þá hefði verið afar nauðsynlegt í svona viðkvæmu máli að ríkisstjórnin hefði leitað samstöðu með stjórnarandstöðu og Alþingi í heild um það hvernig ætti að standa að lausn svo viðkvæms deilumáls í stað þess að efna til þess uppþots sem hér varð í gær. Ég vil ekki kalla þetta flugeldasýningu, ég held það sé miklu nær að líkja þessu við það að á langferð dytti mönnum það snjallræði í hug að bera eld að bensíntanki. Ég held að sé miklu nærtækari og gleggri lýsing á því sem þarna var á ferðinni.

Ég vil hins vegar leggja mitt af mörkum til þess að Alþingi geti lágmarkað þann skaða sem af þessu frumhlaupi hæstv. ríkisstjórnar kann að leiða og legg áherslu á það að þetta mál fái vandaða og málefnalega umræðu í nefnd.

Að lokum varðandi þessa kostulegu umfjöllun alla saman í gær sem endaði með því að hæstv. forsrh. með framkvæmdastjóra síns flokks, starfandi formanni bankaráðs, sat nánast allan sjónvarpsfréttatímann í gærkvöldi fyrir svörum. Ef það var eitthvað til þess að undirstrika glæfraskapinn í málinu þá var það sú framganga. Áður um kvöldið í fréttum á Stöð 2 lýsti hæstv. forsrh. því yfir að ein af meginástæðunum fyrir því hvernig komið væri fyrir Landsbankanum væri annars vegar uppgjör við Samband ísl. samvinnufélaga og hins vegar erfiðleikar vegna kaupa á Samvinnubankanum. Hvað hæstv. forsrh. gekk til með þessari yfirlýsingu er mér hulin ráðgáta, ég leyfi öðrum að ráða í það, en sannleikur málsins er sá að endurskoðendur bankans upplýsa okkur um það í morgun að þeir telji að varðandi uppgjör skulda Sambandsins hafi verið staðið á afar farsælan og góðan hátt og á allan hátt til fyrirmyndar þó ekki væri enn útséð með hvort af því hlytust einhver skuldatöp. Það getur eingöngu framtíðin skorið úr um. Bankastjóri Landsbankans og endurskoðandi upplýstu okkur í nefndinni einnig um það að kaupin á Samvinnubankanum hefðu styrkt tryggingalega stöðu Landsbankans, þ.e. þær skuldbindingar sem Landsbankinn tók yfir með kaupum á Samvinnubankanum voru betur tryggðar að meðaltali heldur en það sem fyrir var. Þetta er nú sannleikurinn í þessu máli. Það er fróðlegt að bera þetta saman við yfirlýsingar hæstv. forsrh. í sjónvarpi í gærkvöldi og spyrja sig

þeirrar spurningar hvað í ósköpunum kom hæstv. forsrh. til með þessum yfirlýsingum. Það væri fróðlegt að beina þeirri beinu spurningu til hæstv. fjmrh. sem, ef ég man rétt, sat í bankaráði Landsbankans þegar Samvinnubankinn var keyptur — er það fyrir hans tíma? — alla vega hefur setið í bankaráði Landsbankans, spyrja hann beint að því hvort hann telji að kaup Landsbankans á Samvinnubankanum hafi verið til þess að veikja stöðu bankans.

Ég ætla að fara nokkrum orðum um frv. sem slíkt og hvaða breytingar ég tel að þar verði að gera ef um það eigi að geta náðst einhver sátt eða samstaða á Alþingi.

Í fyrsta lagi, virðulegi forseti, um heimildir varðandi 3. og 4. gr., sem lúta að Tryggingarsjóð viðskiptabankanna, þá tel ég að það sé eðlilegt að þar komi heimild til þess að hann geti tekið lán sem hann endurláni sem víkjandi lán til viðskiptabankanna en ég tel það grundvallaratriði ef menn eru í alvöru í þessu frv. að fást við vanda Landsbankans að lántökuheimildin þar verði ekki upp á annað en þann milljarð sem á að fara í Landsbankann. Það verði að koma fyrir Alþingi aftur ef menn telja ástæðu til þess að auka þær heimildir. Þetta tel ég algjört grundvallaratriði.

Í öðru lagi tel ég að 6. gr. eigi ekkert erindi inni í þessu frv. Eins og fram kemur í grg. þá snýst hún um það að setja nánast yfirfrakka yfir stjórn Landsbankans. *Ég held að þetta sé afar óheppilegt.* Landsbankinn starfar eftir ákveðnu lögformi, hann hefur bankaráð sem starfar í umboði Alþingis og bankaeftirlitið er síðan sá lögskipaði eftirlitsaðili sem á að hafa eftirlit með allri bankastarfsemi í landinu og þessari ekkert síður en annarri. Það hefur komið fram á fundi efh.- og viðskn. í morgun að bankastjórnin, bankaráðið, er að vinna að þeim hlutum sem í greinargerðinni er rætt um. Það kom einnig fram hjá formanni bankaeftirlitsins að það væri mjög óæskilegt og í raun ruglaði myndina um það hver bæri ábyrgð á viðkomandi stofnun að fara að setja einhvern viðbótareftirlitsaðila yfir bankann. Enda kemur það fram þegar við göngum á fulltrúa ráðuneytanna að það hefur ekkert verið skýrt út hvernig að þessu ætti að standa.

Það er svo enn ein skrautfjöðurin í hlutskipti stjórnarliðsins í þessu máli, yfirlýsingar hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, formanns þingflokks Alþfl., í dagblöðum í morgun um að þarna þurfi hugsanlega að setja inn tilsjónarmenn og e.t.v. sé staðan þannig að það sé best að stefna að samruna Landsbankans við Búnaðarbankann.

Þetta tel ég vera algjör grundvallaratriði ef menn ætla að fara að ræða um einhverja samstöðu um afgreiðslu þessa máls og að heimildir tryggingarsjóðsins snúi eingöngu að því sem þarf vegna Landsbankans núna og 6. gr. fari út varðandi tilsjónaraðila yfir bankanum og sérstakan samning ríkisstjórnar og bankans.

Til viðbótar við þetta vil ég nefna atriði sem ég tel að ætti að afgreiða samhliða þessu ef menn í alvöru eru að tala um aðgerðir sem bæti stöðu bankakerfisins.

Í umfjöllun nefndarinnar í morgun kom það mjög skýrt fram, bæði hjá bankastjóra og endurskoðanda Landsbankans og forstöðumanni bankaeftirlitsins að það væri mjög brýnt að bankarnir fengju rýmri heimildir til þess að yfirtaka fyrirtæki í rekstri til þess að reyna að gera það úr því sem hægt væri og lágmarka tapið. Tillaga að heimild þessa efnis er í 45. gr. frv. að nýjum lögum um viðskiptabanka og sparisjóði sem nú er til umfjöllunar í efh.- og viðskn. og ég tel að það væri þá æskilegt að til þess að Alþingi sýndi vilja sinn í verki hvað þetta snertir, að taka þessa 45. gr. með í þá umfjöllun sem nú fer fram. Það kom fram í máli bankamannanna, eins og þeir sögðu, að þeir hefðu staðið í stríði við hið opinbera til þess að fá að vinna á þennan hátt, eins og gert var með Álafoss, eins og gert var og er í vinnslu með Sambandið og eins og verið er að gera norður á Akureyri núna með K. Jónsson. Það var ekki, eins og kom fram í viðtali við forstöðumann bankaeftirlitsins, vegna þess að bankaeftirlitið teldi það óæskilegt heldur vildu þeir tryggja að allt sem þar væri gert stæðist lög. Þetta tel ég á margan hátt miklu heilbrigðari leið heldur en það að keyra allt í gjaldþrot sem þýðir þá oft og tíðum að fyrirtækin eru komin fljótt í rekstur aftur, búið að afskrifa allar skuldbindingarnar, engin tilraun gerð til þess að ná því út sem hægt væri og þar með fyrirtækin í raun komin í óeðlilega samkeppnisaðstöðu við önnur þau sem eru að reyna að standa við sínar skuldbindingar.

Ég vil, með leyfi forseta, benda á það að í umræðu um atvinnumál og stöðu atvinnulífsins utan dagskrár, sem sá sem hér stendur hóf þann 7. sept., þá lagði ég áherslu á þetta atriði sem eitt af því sem yrði að grípa til þá þegar. Ég vil, með leyfi virðulegs forseta, lesa upp úr ræðu minni þá:

„Varðandi skuldsetninguna ætla ég að lokum að nefna eitt atriði sem e.t.v. er öllu umdeildara. Ég sé ekki annað en að það verði að skoða þann möguleika mjög vandlega að bönkunum verði veitt víðtækari heimild en nú er til þess að eiga hlutafé í fyrirtækjum og því nefndi ég að bankarnir yrðu að koma inn í samráð núna."

Ég benti á það í máli mínu þarna að um þetta yrði að koma sérstök löggjöf.

Það fór nú svo, virðulegi forseti, að í þessari umræðu gerði hæstv. forsrh. lítið úr þessu svo sem öðru sem sneri að erfiðleikum atvinnulífsins og sagði, með leyfi virðulegs forseta:

„Þegar menn eru að tala um stöðu sjávarútvegsins eru menn að horfa á spár fyrir næsta ár. Afkoman er ekki slök eða mjög slæm á þessu ári vegna þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til."

Hvar var framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar og hæstv. forsrh. á þessum tíma þegar við nú, í þriðja mánuði næsta árs, erum að horfast í augu, með því frv. sem hér liggur fyrir, hríðversnandi afkomu grunnatvinnuveganna á seinni hluta síðasta árs. Það er það, hæstv. viðskrh., sem við erum að fást hér við. Það hefur komið fram í umfjöllun efh.- og viðskn. að í ágúst á síðasta ári þegar verið er að gera upp fyrri hluta uppgjör síðasta árs þá gera endurskoðendur bankans engar at-

hugasemdir við það sem þá var búið að færa á afskriftareikning. Það sem við erum að horfast í augu við núna er það sem hefur snúist til verri vegar frá miðju síðasta ári og hæstv. ríkisstjórn neitaði að horfast í augu við á síðasta hausti. Hæstv. forsrh. sagði: Stjórnarstefnan er að skila sér, þetta mun allt koma af sjálfu sér á næstu mánuðum.

Það var inntakið í ræðu hæstv. ráðherra á þeim tíma.

Þetta leiðir síðan aftur, virðulegi forseti, til stöðunnar í peningamálum í þjóðfélaginu og til þeirra ummæla hæstv. ráðherra úr ræðustólum í dag að með þeim aðgerðum sem hér er verið að gera sé verið að treysta stöðu undirstöðuatvinnuveganna. — Nú kinkar hæstv. forsrh. kolli — nei, hæstv. fjmrh. og varaformaður Sjálfstfl. og tók réttilega fram að hann væri ekki orðinn forsrh. enn þá þannig að greinilegt er að hann ber þar nokkrar væntingar í brjósti.

Þá verð ég að segja það að mér sýnist að hæstv. forsrh. eins og ýmsir aðrir í fjármálamusterum okkar sé komninn á þá skoðun að það sé peningakerfið sem sé undirstaða atvinnuveganna en ekki öfugt. Ég hef litið þannig á að peningakerfið sé veikt vegna þess að atvinnulífið er veikt. Peningakerfið verður ekki öflugt fyrr en við erum búin að búa þannig um hnútana að grunnatvinnuvegirnir hafi úr einhverju að spila, það skapist fjármagn í þjóðfélaginu til ávöxtunar. Það var nöturlegt að hlusta á það sem eina af helstu skýringum fulltrúa ráðuneytanna í morgun á fundi efh.- og viðskn. að aðalástæðan fyrir því hversu illa væri komið fyrir Landsbankanum væri að þeir væru með svo mikil viðskipti við grunnatvinnuvegina, sjávarútveginn. Þetta segir meira um efnahags- og atvinnustefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar en nokkuð annað því það hefur verið rakið hér að í því dæmi sem hér er verið að tala um, eru afskriftir frá tíð fyrri valdhafa einungis lítið brot.

Því miður hafa verið gerð allt of mörg mistök í stjórn peningamála á síðustu árum. Það stóð til hér í gær að fjalla um ný lög um Seðlabanka Íslands. Því var frestað vegna skyndifundar ríkisstjórnar og ég hef þá trú að í orðabókum framtíðarinnar verði skyndifundur ríkisstjórnar túlkaður einhvern veginn á þann hátt að það sé þegar í flýti sé boðað til fundar og þurfi meira að segja að fresta fundum Alþingis til þess að rýma til fyrir ríkisstjórninni. Ef það er ekki skyndifundur, þá veit ég ekki hvað skyndifundur er. En það var ekki hægt að ræða um ný lög um Seðlabankann þar sem m.a. er fjallað um þau stjórntæki sem þurfi að vera til staðar þar sem frjáls peningamarkaður ríki. Og það læðist að manni sá grunur að á síðustu árum hafi því miður verið farið akkúrat aftan að hlutunum og menn séu nú að enda á því sem hafi þurft að byrja á, að setja sér markmiðin og koma upp stjórntækjunum sem þyrfti á að halda til þess að geta stýrt frjálsum peninga- og gjaldeyrismarkaði. Í upphafi skal endinn skoða.

Menn hafa sagt það og m.a. fyrrv. formaður Vinnuveitendasambandsins, núv. formaður samstarfsaðila í sjávarútvegi, Einar Oddur Kristjánsson, sagði það fyrir nokkru að vextir á Íslandi væru fjórðungi of háir, þeir þyrftu að vera 2–3 prósentustigum lægri en þeir eru í dag ef það væri einhver von til þess fyrir grunnatvinnuvegina að standa undir þeim. Ég gerði það því að gamni mínu í gær að reikna lauslega út hvað það þýðir fyrir viðskiptaráðherraferil núv. hæstv. viðskrh. að vextir hafi að jafnaði verið 3 prósentustigum hærri en væri eðlilegt og atvinnuvegirnir gætu staðið undir. Innlendur peningalegur sparnaður samkvæmt úttekt Seðlabankans 8. sept. sl. var ef ég man rétt 447 milljarðar. 3% af því á ári eru rúmir 13 milljarðar. Í vor þegar hæstv. núv. ríkisstjórn verður tveggja ára, þá hefur hæstv. viðskrh. setið 6 ár sem slíkur. Ég vona að ég fari rétt með þar. Það þýðir að á þessum 6 ára tíma með 3% of háum vöxtum hafa 80 milljarðar verið fluttir frá skuldurum, frá atvinnulífinu og frá heimilunum til þeirra sem eiga fjármagnið.

Nú getur einhver sagt að hér sé eingöngu um að ræða leik með tölur sem séu ekki mjög marktækar. En ef við skoðun þróun eiginfjárstöðu atvinnuveganna á þessu árabili og ef við skoðum skuldsetningu heimilanna, þá sjáum við að fyrir þessum 80 milljörðum í 3% hærri vöxtum en raunhæft var, var engin innistæða. Menn eru nefnilega að átta sig á því að til lengri tíma litið stendur fjármagnið ekki undir hærri vöxtum en atvinnulífið í viðkomandi landi getur greitt og eins og ég sagði, eiginfjárstaða sjávarútvegsins segir allt sem segja þarf um þessa þróun síðustu ára.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. hreyfði í sínu máli þeirri hugmynd að litið yrði á það hvort 45. gr. í bankalagafrv. sem liggur nú fyrir hv. efh.- og viðskn. gæti orðið að liði í því viðfangi að styrkja stöðu bankanna. Ég er sammála honum um að það gæti hún orðið. Sú tillaga liggur hér í þinginu og ég vænti þess að þingið samþykki það frv. innan tíðar en hins vegar má vel vera að rýmri heimildir fyrir bankana að eiga í fyrirtækjum í rekstri til að tryggja kröfur sínar sé skynsamlegt úrræði og ég treysti því að hv. efh.- og viðskn. hugi að þessu líkt og öðru máli sem reyndar hefur komið fram hér í umræðunni og oft hefur áður verið rætt að það sé ekki alls konar eðlilegt að bankarnir borgi tryggingagjald atvinnurekenda en starfsfólkið njóti ekki atvinnuleysisbóta. Þessi mál bæði sem hér hefur borið á góma í umræðunni gætu orðið að liði og ég treysti því og veit að hv. efh.- og viðskn. mun huga að því.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. viðskrh. vék hér að einni af þeim spurningum sem ég bar fram. Hann svaraði því hins vegar ekki hvort hann væri tilbúinn til þess að beita sér fyrir því að þær heimildir sem væru til Tryggingarsjóðs bankanna væru bundnar eingöngu við þann milljarð sem á að fara í Landsbankann núna. Ég tel að það sé afar mikilvægt ef á að nást samstaða um málið að það verði gert.

Hæstv. ráðherra svaraði heldur engu um málsmeðferðina í gær. Ég gerði tilraun til þess að hann gæti

þvegið hendur sínar af því að hann hefði sagt bankastjórum Landsbankans ósatt hér í gær. Það er mín skoðun að hæstv. forsrh. hafi tekið völdin af viðskrh. í málinu seinni partinn í gær og ég vænti þess að hæstv. ráðherra greini okkur frá því hér í seinna andsvari hvað það var sem honum og bankastjóra Landsbankans fór á milli á þeirra fundi í gærmorgun.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi langar mig til þess að minnast hér á samskipti Landsbankans og SÍS sem hv. þm. gerði að umræðuefni. Ef ég tók rétt eftir í fréttum í gærkvöldi og eins vegna þekkingar minnar á málinu, þá er fyrst og fremst átt við það að viðskipti Landsbankans og SÍS eru þess efnis að þau hafa bundið mikið fé Landsbankans. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að ég held að það sé ógerlegt að átta sig á á þessari stundu hvernig þeim viðskiptum mun lykta.

Varðandi kaup á Samvinnubankanum sem áttu sér stað rétt áður en ég kom í bankaráðið, þá get ég staðfest að því miður var ekki fylgt nægjanlega eftir þeim áætlunum sem fyrir lágu um að fækka útibúum og ná fram hagræðingu í rekstri sem var forsenda þess að kaupin gætu staðið undir þeim væntingum sem ætlað var. Hefði bankinn verið hlutafélag, þá hefði þetta verið auðveldara verk því að það var fyrst og fremst hlutur Sambandsins sem hefði þá þurft að kaupa en annað fé hefði getað bæst við eigið fé bankans.

Varðandi 6. gr. sem hv. þm. minntist á þá er eftirlit, ef hann kýs að kalla það svo, samkomulagsatriði samkvæmt þeirri grein og auðvitað er það skylda fjmrn. að fylgja eftir þeim áætlunum sem bankinn lofar að grípa til og fylgja. Ég tek það fram að í 5. gr. er verið að takmarka ríkisábyrgðina við 3 milljarða vegna tryggingarsjóðsins. Loks tel ég að það standist fullkomlega sem sagt hefur verið að heilbrigt peningakerfi er undirstaða þess að atvinnulífið geti starfað. Og það vita auðvitað allir sem fylgst hafa með og lesið sögu að sú bylting sem varð fyrir atvinnulífið þegar bankakerfið kom til sögunnar var slík að það er öllum ljóst að heilbrigt og gott banka- og peningakerfi er undirstaða þess að blómlegt atvinnulíf geti verið til.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekki vil ég draga úr gildi þess að hér sé heilbrigt bankakerfi. En ég ítreka það sem ég sagði hér áðan að það er til lítils ef atvinnulífið stendur á þeim brauðfótum sem það stendur núna og þar er meinsemdin. Og eins og ég rakti hér áðan, þá stöndum við núna frammi fyrir afskriftum í atvinnulífinu vegna mjög bágrar stöðu þess á seinni hluta síðasta árs. Það er kjarninn og sannleikurinn í málinu.

Varðandi 6. gr. er það mjög sérkennilegt samkomulag milli aðila sem er þannig að staðið að annar aðilinn nýtir sér afl sitt til þess að lögfesta samkomulagið í því horfi sem hann telur sig þurfa að hafa það. Og ég ítreka það sem ég sagði hér áður að stjórnunarlega séð er það mjög óæskilegt að fara að bæta viðbótareftirlits- eða tilsjónaraðilum við.

Að lokum varðandi Samvinnubankann ítreka ég það sem kom fram frá fulltrúum bankans á fundi okkar í efh.- og viðskn. í morgun að kaup bankans hefðu tryggt tryggingarlega stöðu bankans. Ég vil einnig nefna það að þær einu skuldbindingar þess utan sem bankinn er að afskrifa núna er sú viðskiptavild sem þar var keypt með upp á um það bil ef ég man rétt 50 eða 51 millj. á ári.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi varðandi samning á milli ríkis og banka, þá held ég að öllum hljóti að vera ljóst að þegar ríkið leggur banka til 2 milljarða úr ríkissjóði, þá sé það skylda ríkisstjórnarinnar frekar en annað að fylgjast með því að sá banki fylgi eftir sínum eigin áætlunum vegna þess að málið er viðkvæmt gagnvart samkeppnisaðilum bankans. Menn verða að átta sig á því. Og ég tel þess vegna að það sé nauðsynlegt að halda þessari 6. gr. inni í lögunum verði þetta frv. að lögum.

Í öðru lagi verðum við að átta okkur á því varðandi atvinnulífið að atvinnulífið og atvinnufyrirtækin i sjávarútvegi voru stórkostlega skuldsett eins og hv. þm. Steingrímur Hermannsson rakti í sinni ræðu og þegar framleiðslan síðan dettur niður, þá skapast þau vandamál sem orðið hafa og skuldirnar sýna sig þá verða of miklar.

Í þriðja lagi um Samvinnubankann og kaup á honum, þá ber að geta þess að það átti að fylgja því eftir hraðar með fækkun útibúa og jafnvel sölu þeirra til annarra bankastofnana, en því miður gekk það ekki eins hratt eftir og æskilegt hefði verið sem hefur valdið nokkrum erfiðleikum í rekstri Landsbankans.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi Samvinnubankann held ég að mér sé óhætt að fullyrða að af þeim afskriftum sem menn eru að dekka núna er ekkert vegna kaupa á Samvinnubankanum. (**Viðskrh.**: Hann er ekki undanskilinn í málinu.) Nei, það er hárrétt, hæstv. viðskrh. Um það snýst ekki málið og þess vegna var það fáránlegt hjá hæstv. forsrh. að draga þetta fram sem meginrök í viðtali í sjónvarpi í gærkvöldi og væntanlega liggur þar eitthvað annað að baki en umhyggja fyrir Landsbankanum.

Annað varðandi 6. gr. Hæstv. ráðherrum er tamt að bera sig saman við hlutafjárbanka. Ef þeir auka hlutafé sitt, setja þeir þá einhverja tilsjónarmenn eða eftirlitsnefnd yfir stjórninni? Að sjálfsögðu ekki. Annaðhvort skipta þeir um stjórn ef þeir treysta ekki stjórninni ... (**Fjmrh.**: Þeir kjósa hana árlega.) Já, þá gera þeir það, við kjósum hér bankaráð líka, — annaðhvort skipta þeir um stjórn eða þá í mesta lagi gera með sér hluthafasamkomulag þannig að þessi röksemdafærsla, hæstv. fjmrh., er algerlega út í hött. (**Fjmrh.**: Hefur ríkisstjórnin meiri hluta í bankaráði Landsbankans?) Hæstv. fjmrh. Ég verð því miður að fá að taka þessa umræðu við þig seinna, en það dugir ekki í öðru orðinu að taka samanburðinn við hlutafélagaformið og

ætla síðan í hinu orðinu að vera með eitthvert allt annað stjórnkerfi sem hvergi þekkist hér. (**Fjmrh.:** Þetta er bara útúrsnúningur.) Þetta er, hæstv. fjmrh., ekki útúrsnúningur og það er margsannað mál að það er öllum rekstri til trafala hvort sem það er ríkisbanki eða hver annar, ef á að fara að koma upp einhverju stjórnkerfi þar sem er hver silkihúfan upp af annarri og enginn veit hver ber ábyrgð sem mundi gerast ef ætti að fara að setja einhverja nýja tilsjónarmenn yfir bankann.

Útbýting þingskjala:

Hjúskaparlög, 273. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 742; brtt. meiri hluta allshn., þskj. 743.

Innflutningur á gröfupramma, 239. mál, nál. samgn., þskj. 741.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Mig langar til að byrja á því að spyrja hvort einhverjar fréttir er að hafa af hæstv. forsrh. Það væri mjög æskilegt ef hægt væri að upplýsa að hann kæmi a.m.k. hér til umræðunnar áður en henni lyki. Öllum var nú ljóst sem fylgdust með þessu máli í gær að það var hæstv. forsrh. sem tók forustu fyrir ríkisstjórninni á þessum einstæða degi og fór með bankamálin eða a.m.k. forsvar ríkisstjórnarinnar í þeim málum og var aðaltalsmaður ríkisstjórnarinnar í fjölmiðlum. Aðalástæðan fyrir því að ég tel nauðsynlegt að hæstv. forsrh. komi hér til umræðunnar þannig að hægt sé að leggja fyrir hann spurningar áður en henni lýkur, er málsmeðferðin í gær og hvernig að þessu máli var staðið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Þar hefur væntanlega hæstv. forsrh. ráðið mestu um, svo sem varðandi ákvörðun um boðun hins einstæða ríkisstjórnarfundar á fundartíma Alþingis o.s.frv. Efnislega held ég að ég geti látið mér nægja viðveru hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh. en varðandi þætti sem snerta málsmeðferðina, þá hefði verið mjög æskilegt að forsrh. hefði komið hér til umræðunnar þannig að það er spurning, hæstv. forseti, hvort af þessu er einhverjar fréttir að hafa. (**Forseti:** Það er upplýst vegna fyrirspurnar hv. ræðumanns að forsrh. er upptekinn með forseta Litáens sem hér er í heimsókn og það var vitað áður en þessi umræða hófst. Mér er ekki kunnugt um það hvenær hæstv. forsrh. getur komið hingað til umræðunnar.) Hæstv. forseti. Það er e.t.v. hægt að kanna það þá á meðan ég flyt mína tölu hvað líður prógramminu hjá hæstv. forsrh.

Ég ætlaði að fara hér yfir nokkra þætti þessa máls, byrja á því að ræða lítillega um stöðu Landsbankans, síðan aðferð, eða aðfarir er mér nú nær að segja, hæstv. ríkisstjórnar. Í þriðja lagi þá aðferð sem hér er lögð til eða áformuð varðandi það að styrkja eiginfjárstöðu Landsbankans. Í fjórða lagi afleiðingarnar af þessum atburði fyrir bankann og fyrir efnahagslíf landsmanna og lánstraust út á við sem inn á við og snerta lítillega nokkra fleiri þætti.

Varðandi stöðu Landsbankans hefur það út af fyrir sig legið lengi fyrir að hún væri tæp bæði gagnvart þeim reglum sem áður giltu um nauðsynlegt eiginfjárhlutfall banka og ekki síður þó með tilkomu hinna nýju BIS-reglna um sl. áramót. Reyndar var það svo að efh.- og viðskn. eyddi miklum tíma í það á síðasta ári að skoða hvort bankinn mundi ráða við að uppfylla þessar reglur að óbreyttu um áramótin og hafði um það efasemdir. Það var óskað eftir því reyndar í nefndinni að hún fengi að fylgjast með því hvernig þeim málum mundi miða og hvernig þau mundu standa um síðustu áramót. Af því varð nú reyndar ekki, því miður, og nefndin var ekki höfð með í ráðum, hvorki um ákvörðun rétt fyrir áramótin að veita bankanum víkjandi lán frá Seðlabanka né heldur um þessa atburði nú. Ég vil láta þetta koma fram hér í byrjun, hæstv. forseti. Ég tel það gagnrýnivert að sú nefnd þingsins sem og þingið sjálft skuli ekki hafa verið haft með í ráðum í þessum vandasömu og miklu málum.

Um það er ekki að deila að það er æskilegt að styrkja eiginfjárstöðu bankans, þ.e. miðað við óbreytt hlutverk hans og óbreytt umsvif í íslenska bankakerfinu. Bankinn á að sjálfsögðu þá leið og á það hefur verið bent að draga einfaldlega saman efnahagsreikning sinn og gera þar af leiðandi það eigið fé sem hann á hærra hlutfall af veltunni eins og hún þá yrði. En það þarf væntanlega ekki að rekja fyrir hv. alþm. og öðrum hvaða afleiðingar það mundi hafa ef forráðamenn Landsbankans tækju um það ákvörðun og framfylgdu henni að draga svo stórlega saman efnahagsreikning bankans og hækka með þeim hætti hlutfall eigin fjár miðað við útlán. Þetta væri væntanlega einna einfaldast að gera fyrir bankann með því að minnka erlend endurlánaumsvif sín verulega. Staðan er sú að erlend endurlán Landsbankans til sjávarútvegsins krefjast þess að 8 kr. í eigin fé standi á móti hverjum 100 sem lánaðar eru út og það gefur auðvitað auga leið að banki með jafnumfangsmikið þjónustuhlutverk við atvinnuvegina og þá ekki síst sjávarútveginn er með þessu settur í mjög erfiða stöðu. Aðrir hafa hér farið yfir það hvernig BIS-reglurnar koma út gagnvart Landsbankanum eins og valið hefur verið að túlka þær hér eða framkvæma og hef ég engu við það að bæta, en tel eftir á að hyggja að menn hafi alls ekki ígrundað það mál nógu vel áður en ákveðið var að skella reglunum í gildi með þeim hætti sem gert var og viðhafa þar þá túlkun sem Seðlabankinn notar.

Það merkilega er, hæstv. forseti, að í bráð og í núinu hefur staða Landsbanka Íslands sjaldan ef nokkurn tíma verið betri. Eiginfjárstaða hans er traust, hann á á sjöunda milljarð kr. samkvæmt síðustu ársskýrslu, þeirri fyrir árið 1991. Lausafjárstaða Landsbankans er sú besta um langt árabil eða 1,7 milljarðar kr. Á sl. ári borgaði Landsbankinn í fyrsta skipti um langt árabil ekki krónu í refsivexti Seðlabankans vegna þessarar góðu lausafjárstöðu. Þetta er þess vegna þeim mun merkilegra að sú staða skuli hafa komið upp í gær sem raun ber vitni þegar haft er í huga að rekstrarstaða bankans er í prýðilegu lagi um þessar mundir. Bankinn er ekki í vanskilum með sín mál nokkurs staðar svo að vitað sé, hefur nægt lausafé og er ekki í vandræðum af einu eða neinu tagi gagnvart viðskiptavinum sínum, hvorki út á við né inn á við. Og þeim mun

merkilegra hlýtur auðvitað að vera að upp skuli koma óðagot af því tagi sem gerðist í gær.

Varðandi langtímastöðu bankans, hlutfall hans í útlánum til sjávarútvegsins og stöðu hans gagnvart svonefndum BIS-reglum um eiginfjárhlutfall er ekkert nýtt á ferðinni, ekkert sem átti að koma mönnum á óvart, ekkert sem ekki hefur í raun og veru legið fyrir um mánaða og missira skeið. Það hefur engin breyting á orðið. Það hlýtur því að þurfa einhver fleiri rök, einhverjar nýjar upplýsingar til þess að útskýra hvers vegna málin tóku þá stefnu, sem þau gerðu í gær, en þau sem hafa komið fram efnislega. Það er það sem ég kalla aðfarir hæstv. ríkisstjórnar og ég tel að séu ákaflega ámælisverðar.

Enginn vafi er á því að margs konar misskilningur hefur verið í gangi og rangfærslur hafðar uppi bæði um stöðu Landsbankans og eins þegar leitað er skýringa á því hvers vegna þörf er á því að styrkja eiginfjárstöðu hans eins og rætt er um. Ég tel að a.m.k. fjórar draugasögur hafi þar verið í gangi sem allar hafi afsannast í dag.

Sú fyrsta og sú heimskulegasta er sú sem hæstv. forsrh. fullyrti í gær í viðtali við fjölmiðla að væri ein veigamikil skýring á vanda Landsbankans, sem sagt sú að kaupin á Samvinnubankanum hefðu reynst Landsbankanum dýr. Þetta er rangt. Þetta er akkúrat öfugt. Samkvæmt upplýsingum frá Landsbankanum sjálfum, sem hafa ekki verið hraktar, styrktist staða Landsbankans við kaupin og sameiningu hans við Samvinnubankann. Heildarstaða samsteypunnar Landsbankans/Samvinnubankans var eftir kaupin og sameininguna betri en Landsbankans hafði verið fyrr. Svo kemur hæstv. forsrh., sá sem er málflytjandi ríkisstjórnarinnar í málinu, og heldur hinu gagnstæða fram, færir það fram sem skýringu á bráðaaðgerðum ríkisstjórnarinnar að kaupin á Samvinnubankanum hafi verið Landsbankanum dýr. Þetta er út í hött. Ef rökstuðningurinn í málinu er að öðru leyti á þessum nótum er ekki von á góðu.

Hæstv. forseti. Viðskrh. er nú horfinn úr salnum. Hæstv. fjmrh. er í símanum í hliðarherbergi. Finnst hæstv. forseta þetta fullnægjandi frammistaða af hálfu hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar sem bera ábyrgð á málinu?

Í öðru lagi hefur því verið haldið fram og nefnt jafnvel af málsmetandi mönnum, sem væntanlega ætlast til þess að þeir séu teknir alvarlega, að Landsbankinn hafi orðið fyrir miklum áföllum vegna loðdýraræktarinnar í landinu. Það eru nú meiri ósköpin. Niðurstöðutala efnahagsreiknings Landsbankans er 100 milljarðar kr. Rekstrarreikningurinn er hátt á annan tug milljarða kr. Eigið fé Landsbankans er á sjöunda milljarð kr. Svo er upplýst að Landsbankinn hafi afskrifað um 100 millj. vegna loðdýraræktar. Er það þá merkileg ástæða fram að færa að loðdýraræktin eigi mikinn þátt í vanda Landsbankans? Ég segi ekki. Það eru auðvitað smámunir og sú atvinnugrein í heild sinni hefur kostað bankann minna en tugir ef ekki hundruð fyrirtækja í hinum ólíklegustu atvinnugreinum sem hafa farið á höfuðið undanfarin ár.

Í þriðja lagi hefur gjarnan verið nefnt að vandi fiskeldisins sé gríðarlegur og það sé ekki síst þess vegna sem Landsbankinn eigi í erfiðleikum. Þetta er líka rangt. Þótt lagt sé saman og reiknað upp allt tap Landsbankans bæði á þessu ári og það sem á undan er gengið vegna fiskeldis þá dugar sú upphæð hvergi nærri til að skýra þennan vanda og kallar ekki á ráðstafanir neitt í líkingu við þetta þó svo menn vildu bæta bankanum það sem hann hefur tapað vegna fiskeldis. Staðreyndin er sú að væntanlega eiga aðrir bankar, bæði sparisjóðir og gott ef ekki einkabankinn fíni, Íslandsbanki, ekkert síður um sárt að binda vegna fiskeldis ef það er skoðað hlutfallslega. Þannig var til að mynda Iðnaðarbankinn sálugi, sem rann inn í Íslandsbanka, þegar búinn að taka á sig eða átti fyrir dyrum stórfelld töp vegna fiskeldis þegar sameiningin stóð yfir.

Fjórða draugasagan, sem hefur verið í gangi um erfiðleika Landsbankans og ég tel að hafi einnig afsannast í umræðunum á grundvelli upplýsinga sem fram hafa komið, er um Sambandið. Það er Sambandið sem er að setja Landsbankann á hausinn. Landsbankinn hafi lent í svo miklum erfiðleikum, tapað svo miklu vegna Sambandsins. Það er upplýst að heilar 5 millj. kr. hafi komið til gjaldfærslu hjá Landsbankanum af þessum sökum. Þau mál eru að sjálfsögðu ekki uppgerð en það er nú allt tapið allt sem komið er. Að flestra dómi hefur Landsbankinn staðið sig mjög vel í því að bjarga þeim hlutum með inngripi sínu í rekstur Sambandsins og yfirtöku á eignum og rekstri þeirra og síðan væntanlega afsetningu eftir því sem efni og aðstæður leyfa.

Auðvitað er það þannig að þegar svona mál koma upp að menn þurfa að finna sér einhvern sökudólg. Ég tel að þessar fjórar draugasögur hafi nú allar afsannast. Ríkisstjórnin hefur reyndar reynt að finna nýja sökudólga fyrir óðagoti sínu í gær og jafnvel dregið þar fram hv. þm. Steingrím Hermannsson. Mér skildist á köflum í málflutningi hæstv. fjmrh. og gott ef ekki viðskrh. að í raun og veru hefði hv. þm. Steingrímur Hermannsson knúið ríkisstjórnina til að gera það sem hún gerði í gær. Ég beið nú bara eftir því að reynt væri að koma þessu á Færeyinga, að þetta væri í raun og veru þeim að kenna. Það var það eina sem vantaði að mínu mati til þess að fléttan væri fullkomin hjá hæstv. ríkisstjórn. Nei, staðreyndin er nefnilega sú og hana held ég að þurfi að draga fram í dagsljósið að ekkert af þessu kallar á þessar ráðstafanir. Staða Landsbankans í augnablikinu kallar ekki á þessar ráðstafanir. Það eru horfurnar. Það er útlitið í efnahags- og atvinnumálum Íslendinga sem kallar á þessar aðgerðir. Það er tapið í undirstöðuatvinnuvegum landsmanna og það eru erfiðleikarnir sem menn horfast þar í augu við og væntanleg áföll ef svo heldur sem horfir sem kalla á þessar ráðstafanir. Eins og málin standa í dag þarf ekki að gera neitt vegna banka sem á á sjöunda milljarð í eigin fé, sem stendur alls staðar í skilum, sem er með góða lausafjárstöðu og sem þrátt fyrir allt fær hátt í 2 milljarða kr. út úr rekstri sínum á sl. ári. Landsbankinn skilar út úr rekstri í skattgreiðslur,

iðgjaldagreiðslur, inn á afskriftareikning útlána og til annarra þarfa á árinu 1992 hátt í 2 milljarða kr. Það er ekki lélegur rekstur.

Landsbankinn borgaði á sjötta hundrað millj. í opinber gjöld, iðgjöld og ýmsar slíkar greiðslur á því ári. Landsbankinn áformaði að leggja 1.200 millj. á afskriftareikning útlána. Landsbankinn leggur til hliðar 150 millj. vegna lífeyrisskuldbindinga. Landsbankinn afskrifar 50 millj. vegna keyptrar viðskiptavildar Samvinnubankans. Þetta samtals eru tæpir tveir milljarðar kr. Það þarf því að leiða fram einhver önnur rök en þau að þessi staða í sjálfu sér kalli á neyðarfund í ríkisstjórn Íslands, kalli á það að dagskrá Alþingis sé rofin og að óðagot og uppnám verði eins og hér gerðist í gær.

Enginn vafi er á því í mínum huga, og ætla ég þá að koma lítillega að afleiðingum þessa máls, að ríkisstjórnin valdi með framgöngu sinni í gær allra óheppilegustu leiðina sem hægt var að fara til þess að koma í kring annars æskilegri aðgerð til að styrkja eiginfjárstöðu Landsbankans. Einn af bankastjórum Landsbankans orðaði það svo á fundi efh.- og viðskn. í morgun að jafnvel þó svo aðgerðir af þessu tagi hefðu farið fram í kyrrþey, verið tilkynntar eftir á með rökstuðningi fyrir þeim þá hefði það getað bakað Landsbankanum erfiðleika. Einfaldlega sú staðreynd að tilkynnt hefði verið að eigendur Landsbankans hefðu gripið til þess ráðs að auka skyndilega eigið fé hans að miklum mun hefði kallað á spurningar erlendra viðskiptavina bankans svo ekki sé nú minnst á þegar það er gert með þessum hætti, bætti svo bankastjóri Landsbankans við og það held ég að sé sönnu nær. Auðvitað mundi það vekja spurningar erlendra banka og erlendra lánveitenda Landsbankans ef þeir fá skyndilega upplýsingar um það að af einhverjum ástæðum hafi eigandinn talið sig knúinn til að auka eigið fé hans um marga milljarða kr. eða koma honum til aðstoðar með einhverjum sambærilegum hætti. En það væri væntanlega öllu viðráðanlegra að róa þá menn, svara þeim, útskýra og rökstyðja aðgerðina ef hún hefði fengið að gerast í kyrrþey með rólegum og yfirveguðum hætti og menn hefðu samtímis getað komið rökstuðningi sínum á framfæri. Því er ekki að heilsa í þessu máli. Landsbankinn hefur ekki enn, eða hafi a.m.k. ekki eftir hádegið, getað sent frá sér eitt einasta orð til erlendra viðskiptavina sinna um aðgerðirnar. Hann taldi sig ekki hafa stöðu til þess. Er það mjög heppilegt að erlendir viðskiptavinir Landsbankans þurfi að fá í gegnum Reuter og aðrar erlendar fréttastofur upplýsingar um þessa atburði en geti ekki fengið þær frá fyrstu hendi, frá viðskiptabanka sínum? Ég held ekki.

Í öðru lagi held ég að sú aðferð sem hér er lögð til sé afar hæpin. Sú aðferð að leggja Landsbankanum þetta til í einu eða öðru formi sem eigið fé, gera honum síðan að færa þá fjárhæð yfir í afskriftareikning útlána og sýna þá í rekstrarreikningi þess árs sambærilegt tap er að mínu mati mjög varhugaverð. Ég hef ekki heyrt neinn þann rökstuðning koma fram sem sannfærir mig um að hún sé heppilegri en aðrar sem koma til greina. Ef þetta verður niðurstaðan þá verður afleiðing af þeirri aðferð ósköp einfaldlega sú að í enskri útgáfu ársskýrslu Landsbankans fyrir árið 1992 kemur það til með að standa á alþjóðatungumáli að rekstrartap Landsbankans hafi verið á þriðja milljarð kr. á árinu 1992. Það verður væntanlega að verða niðurstaðan. Og hvað þýðir það? Það er náttúrlega eins og allir menn sjá ekki mjög góð auglýsing fyrir eitt fyrirtæki að þurfa að senda það frá sér að hann hafi tapað þvílíkum fjárhæðum á árinu. En það hefur líka áhrif að öðru leyti í gegnum það að í lánsskilmálum bankans, sérstaklega varðandi ýmsar skammtímaskuldbindingar, eru uppsagnarákvæði sem eru beint tengd rekstrarafkomunni, þ.e. ef umtalsvert og óvænt tap verður á bankanum þá hafa hinir erlendu lánardrottnar heimild til þess að segja lánssamningunum upp. Ekki þarf að leiða að því neinum getum hvaða áhrif það hefði á lánskjörin þegar endursemja þyrfti um þau mál. Ekki þarf að fara í neinar grafgötur með það. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að skoða aðrar aðferðir miklu betur til þess að styrkja eiginfjárstöðu Landsbankans með einhverjum sambærilegum hætti eða í þeim mæli sem nauðsynlegt verður talið. Þá hafa menn auðvitað fyrst og fremst bent á þá möguleika að eigandinn taki að sér einhverjar þær byrðar sem bankinn ber sem komi honum að sambærilegu gagni hvað eiginfjárstöðuna snertir.

Þessi aðferð hefur þann kost í för með sér að bankinn þarf ekki að taka breytinguna í gegnum rekstrarreikning sinn og sýna hann sem tap eins og ella virðist blasa við. Ég held að það þurfi ekkert að fjölyrða um það hvers virði það væri fyrir bankann að losna við þá neikvæðu auglýsingu sem í því felst. Hvers vegna á að pína banka, sem er í raun og veru að fá hátt í 2 milljarða kr. út úr rekstrinum á árinu, til að færa það yfir í tap á þriðja milljarð kr.? Það er engin smásveifla þegar öllu er til haga haldið.

Önnur aðferð hafði að því er ég best vissi a.m.k. verið til skoðunar á liðnu ári og hún var sú að til greina gæti komið að sameina fjársterkar stofnanir Landsbankanum og styrkja þannig eiginfjárstöðuna með því að leggja t.d. saman fjárhag fjárfestingarlánasjóða eða annarra slíkra aðila sem ríkið gæti lagt bankanum til. Ég hef til að mynda ekki heyrt minnst á slíkan möguleika í dag.

Herra forseti. Ég held því miður að þessi aðgerð sé ákaflega illa undirbúin og vanhugsuð enda kemur það á daginn að þeir sem eðlilegast hefði verið að ráðið hefðu a.m.k. einhverju um útfærsluna og hraðann, þ.e. stjórnendur Landsbankans, voru gersamlega teknir í bólinu. Það er auðvitað það undarlegasta í þessu máli öllu að þeir skuli fara út frá hæstv. viðskrh. rétt fyrir hádegið í gær með þau orð hans síðast í farteskinu að það liggi ekki meira á þessu máli en svo að menn hafi a.m.k. nokkra daga til að ræða saman um það hvernig í þetta verði farið. Þetta upplýsti bankastjóri Landsbankans okkur um í efh.- og viðskn. í morgun og taldi sig muna óbreytt orð viðskrh. um þetta efni. Hann bætti svo við að hann hefði að sjálfsögðu orðið jafnundrandi og margir fleiri á þeim atburðum sem síðan sigldu í kjölfarið eftir hádegið. Mér finnst það allt bera

að sama brunni sem og ummæli forstöðumanns bankaeftirlitsins sem lá ekki á þeirri skoðun sinni í viðtali við fjölmiðla að hann teldi að þarna hefði allt of mikið óðagot verið á ferðinni sem hefði verið með öllu ástæðulaust og auðvitað gæti haft í för með sér að tjón hlytist af þessum atburðum og aðgerðum langt umfram það sem efni stæðu til.

Út af fyrir sig held ég að það sé nokkurn veginn samdóma álit manna að hér hafi ekki verið tilefni til neinnar taugaveiklunar af þessu tagi sem betur fer. Eitt af því fáa sem við Íslendingar höfum þó getað glaðst yfir í þrengingum okkar undanfarin missiri er það að öfugt við t.d. hinar Norðurlandaþjóðirnar hefur íslenska bankakerfið nokkurn veginn staðið á löppunum og gerir það enn. Taugaveiklunarviðbrögð af þessu tagi voru því ástæðulaus og skaðleg.

Ég er þeirrar skoðunar að vegna þess að staða Landsbankans í bráð kallaði ekki á neinar sérstakar aðgerðir hefði það verið hyggilegra að fara sér rólega í þessi mál og gera það ekki fyrr en að vel yfirveguðu og yfirlögðu ráði, líka vegna þess að norræni bankaheimurinn að öðru leyti er að ganga í gegnum miklar sviptingar. Við Íslendingar höfum þurft á því að halda að reyna að losna við að vera dregnir með niður í almenningsáliti heimsins, ef svo má að orði komast, annars staðar á Norðurlöndum hvað þetta snertir. Staðan hér hefur þrátt fyrir allt verið önnur og betri þangað til núna. Ég tel að þetta sé eins og yfirlýsing út í umheiminn um það að ástandið í íslenska bankakerfinu sé komið á sambærilegt hættustig og það er annars staðar á Norðurlöndum. Það er vitlaust að gefa slíka yfirlýsingu út við þessar aðstæður. Það er ekki þörf á því. Íslensku bankarnir eru ekki í dag og hafa ekki verið þannig staddir að ástæða væri til þess með taugaveiklun af þessu tagi að gefa það til kynna að við værum komnir í sambærilega stöðu og Finnar, Norðmenn eða Danir eða aðrir þeir sem hafa þurft að dæla peningum inn í bankakerfi sitt. Sérstaklega auðvitað Finnar, en einnig í verulegum mæli annars staðar á Norðurlöndum.

Ég tel að bankaeftirlit Seðlabankans, sem nokkuð hefur komið til umræðu í tengslum við þetta mál, sé að mörgu leyti haft fyrir rangri sök þegar verið er að reyna að gera þess hlut tortryggilegan í þessu efni. Ég bendi á það að líklega allt frá árinu 1988 hafa legið fyrir varnaðarorð bankaeftirlitsins í þessu efni og nú síðast í september er í skýrslu frá bankaeftirlitinu fjallað um stöðu Landsbankans og bent á nauðsyn þess að styrkja eiginfjárstöðu hans. Engin önnur lánastofnun hefur jafnmikið verið til skoðunar bankaeftirlitsins og Landsbankinn, eðlilega, mikilvægasti banki landsmanna sem er undirstöðubanki atvinnulífs í landinu. Ég tel þess vegna að allar þær upplýsingar hafi legið fyrir og ábendingar bankaeftirlitsins sem gerðu það að verkum að það var óþarfi að málin færu í þennan hnút og inn í þetta öngþveiti sem raun bar vitni í gær.

Varðandi þau ummæli sem forstöðumaður bankaeftirlitsins hefur haft um atburði gærdagsins þá tel ég rétt að það komi fram að hann var auðvitað spurður álits á þeim og beðinn um rökstuðning fyrir býsna hörðum ummælum sem hann hafði uppi til að mynda í viðtali við dagblaðið Tímann í morgun og síðan einnig í viðtali við Dagblaðið Vísi en við höfðum ekki séð það þegar hann var á okkar fundi um hádegið. Forstöðumaður bankaeftirlitsins rökstuddi þessi ummæli og dró þau ekki til baka. (**Forsrh.:** Hann hefur borið þau öll til baka.) Þá er verið að bera inn nýjar upplýsingar, hæstv. forsrh., og það er auðvitað gagnlegt að fá þetta fram í umræðunni að forstöðumaður bankaeftirlitsins hafi dregið öll þessi ummæli til baka klukkan fjögur, því að það var ekki á honum að heyra um hádegisbilið í dag að hann teldi sig ekki geta staðið við orð sín. Þvert á móti rökstuddi hann það hvað hann ætti við þegar hann sagði að þarna hefði verið með óþarflegum hætti sköpuð óró og uppnám og jafnvel valdið tjóni sem komast hefði mátt hjá með því að vinna þessi mál af meiri yfirvegun en gert var.

Að vísu kom það einnig fram að bæði viðskrh. og forsrh. hefðu kallað forstöðumann bankaeftirlitsins á teppið eða a.m.k. haft samband við hann í framhaldi af þessum ummælum. Það kann að vera að einhvers staðar hafi síðan verið skrúfaðar þær þumalskrúfur að forstöðumaður bankaeftirlits hafi talið sig knúinn til að draga til baka ummæli sín. En það var ekki á honum að heyra á fundi efh.- og viðskn., um það eru fleiri til vitnis en ég að hann teldi sig ekki geta rökstutt ummæli sín og sjónarmið í þessum efnum. Það er fróðlegt að heyra hvaða atburðir hafa átt sér stað í samskiptum við forstöðumann bankaeftirlitsins, sem heyrir reyndar ekki undir forsrn., frá því að hann var á fundi efh.- og viðskn. í dag og þangað til þessi ummæli hafa komið fram í fréttum klukkan fjögur sem verið er að vitna til.

Allt er þetta mál hið sérstæðasta, hæstv. forseti, hvað aðferðafræðina snertir og ætla ég ekki að hafa öllu fleiri orð um það. Þá eru það lítillega önnur ákvæði frv. sem ég vil aðeins koma að og þá sérstaklega það sem lýtur að tryggingarsjóðnum. Ég tel að verið sé að blanda saman í frv. með fremur óheppilegum hætti tveimur í raun aðskildum málum þar sem eru annars vegar aðgerðir eigenda Landsbankans til að styrkja eiginfjárstöðu hans og hins vegar breytingar á löggjöf um viðskiptabanka og sparisjóði eins og það heitir víst, sitt í hvorum lögunum, sem þurfa alls ekki að vera neinn fylgifiskur þessa máls og eiga ekki að vera það að mínu mati nema hér liggi fiskur undir steini eins og reyndar hefur verið spurt um og menn jafnvel leitt getum að í dag.

Nú vill svo til að hv. efh.- og viðskn. er einmitt um þessar mundir að fjalla um frv. til laga um viðskiptabanka þar sem sameina á í eina löggjöf öll lagaákvæði um viðskiptabanka og sparisjóði og allar innlánsstofnanir. Ég tel miklu eðlilegra að þessi ákvæði um Tryggingarsjóð viðskiptabanka og Tryggingarsjóð sparisjóða verði þá tekin til skoðunar í tengslum við afgreiðslu þess frv. og hverfi út úr þessu frv. og hér verði ekkert annað afgreitt en það sem lýtur beint að aðgerðunum gagnvart Landsbanka Íslands þó ekki væri nema vega þess að það er alveg ljóst að eins og að þessu hefur verið staðið er það Landsbanki Íslands sem

greiðir herkostnaðinn af vinnubrögðum hæstv. ríkisstjórnar. En ef meiningin er síðan að taka í gegn lagaheimildir sem eiga að nýtast öðrum stofnunum er það auðvitað mjög ósanngjarnt og bersýnilega í garð Landsbankans að standa þannig að málum. Látum hann þó ekki þurfa að greiða nema herkostnaðinn vegna sín og tökum hitt með sem almennar breytingar á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði þegar það yrði afgreitt síðar á þessum vetri. Auk þess eru þar á ferðinni ákvæði sem ég tel að séu fráleitt nógu vel ígrunduð eins og hin opna heimild til viðskrh. — að vísu í samráði við fjmrh. — um allt að tveggja milljarða fyrirgreiðslu óskilgreint til einhverra þeirra innlánsstofnana sem eiga í vanda. Ég hélt að það þætti almennt séð ekki góð latína að afgreiða slíka óútfyllta víxla frá Alþingi og einhvern tímann hefði þótt muna um minna en tveggja milljarða sem þarna eru óeyrnamerktir að frádregnum þessum eina sem Landsbankinn á að fá samkvæmt grg. frv. af þriggja milljarða kr. heimild Tryggingarsjóðs viðskiptabanka.

Ég held að það einfaldaði líka meðferð þessa máls og gerði það auðveldara sem út af fyrir sig er orðið óhjákvæmilegt eins og staða málsins er orðin að afgreiða þetta mál tiltölulega rösklega frá þinginu. Svo dapurlegt sem það er þá er þrátt fyrir allt og því miður enginn annar kostur eftir skárri en sá að ljúka þessum aðgerðum tiltölulega fljótt þannig að ekki bætist við ósköpin að málið standi opið og sé deiluefni mörgum sólarhringum saman á þinginu. Þó svo að margt sé óútkljáð og óútrætt í sambandi við þessa aðferð og þessar aðgerðir allar saman þá held ég að það væri ekki til bóta að láta það taka of langan tíma að ljúka umfjöllun um það á þinginu. Í öllu falli má a.m.k. ekki leika neinn vafi á því að af þessum aðgerðum verði úr því að búið er að boða til þeirra með þvílíkum endemum og raun ber vitni.

Ég mundi mjög gjarnan vilja, og skal láta það verða næstum því að segja mín síðustu orð, að sérstaklega þetta tvennt yrði skoðað. — Ég sé að hæstv. forsrh. brosir og hefur gaman af þessu og það er gott, hann hefur sennilega átt ánægjulegan dag með gestum sínum og ekki þurft að hafa miklar áhyggjur af þeim smámálum sem hér eru á ferðinni enda tók það ekki langan tíma fyrir ríkisstjórn Íslands að hrista þennan smáskít fram úr erminni sem eru aðgerðirnar í bankamálunum eins og kunnugt er.

Ég mundi gjarnan vilja, ef menn á annað borð hafa einhvern áhuga á því, að vinna þetta mál að einhverju leyti efnislega í þinginu að tvennt yrði þá sérstaklega skoðað.

Það er annars vegar aðferðin við það að koma þessu aukna eigin fé til Landsbankans. Ég tel að stórkostlega skorti á um rökstuðning fyrir því að fara þessa leið en ekki þá sem til að mynda mér skildist á bankastjóra Landsbankans í morgun að hefði verið sjónarmið Landsbankans. Þeir hefðu heldur kosið af skiljanlegum ástæðum, tel ég, að aðstoðin hefði verið á formi þess að létta skuldbindingum af bankanum með jafngildum hætti. Vísa ég til þess sem ég áður sagði um það að ella verður bankinn píndur til að sýna þetta mikla tap og auglýsa þannig út um allan heim vonda afkomu sína á árinu.

Hitt eru svo þessi ákvæði um Tryggingarsjóð viðskiptabanka að einangruð yrði út heimild til handa tryggingarsjóðnum að veita Landsbankanum þennan einn milljarð kr. sem honum er sérstaklega merktur en afgangurinn yrði skilinn eftir og tekinn til umfjöllunar í tengslum við frv. til laga um viðskiptabanka sem liggur fyrir þinginu.

Eins og ég sagði í upphafi, hæstv. forseti, þá er auðvitað verið að hengja bakara fyrir smið. Í raun og veru er verið að finna sökudólga og hafa menn þar seilst býsna langt um hurð til lokunnar eins og þegar kaupin á Samvinnubankanum eru jafnvel dregin fram, sem upplýst er svo að hafi styrkt stöðu Landsbankans. Verið er að finna blóraböggla til að skella skuldinni á í stað þess sem er auðvitað niðurstaðan að það er hið almenna efnahags- og atvinnuástand sem veldur vandanum. Landsbanki Íslands endurspeglar auðvitað í afkomu sinni stöðu atvinnuvega og heimila í landinu og ekkert annað. Langstærsti banki þjóðarinnar með 40% bankaviðskiptanna getur ekki annað en deilt kjörum með atvinnuvegunum og heimilunum og það endurspeglast í afkomu hans. Þar er auðvitað snarversnandi ástand á síðustu mánuðum sl. árs og þó fyrst og fremst horfurnar sem gera það að verkum að til þessara atburða hefur dregið. Það er mat endurskoðenda bankans og annarra sem að því hafa komið sem birt er í grg. með frv. að á nýbyrjuðu ári þurfi framlag bankans í afskriftareikning útlána að verða hátt í 6 milljarðar kr. Það er auðvitað þetta sem er á ferðinni en ekki loðýraræktin, ekki Samvinnubankinn, ekki Sambandið, ekki fiskeldið. Það er hið almenna efnahags- og atvinnuástand og horfurnar í þeim efnum sem eru samkvæmt þessu enn verri á árinu 1993 en þær þó voru eða urðu í reynd á árinu 1992. Auðvitað er það þessi sannleikur sem ríkisstjórn Íslands og hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, reynir fyrst og fremst að fela og fer í skógarferðir af því tagi sem hann gerði í viðtölum við fjölmiðla í gær þegar kaupin á Samvinnubankanum voru einn aðalrökstuðningur hans fyrir þessum aðgerðum sem, eins og upplýst er og margendurtekið, styrktu Landsbankann.

Nei, það er þessi niðurstaða að í valdatíma ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar er afkoman þannig í atvinnulífinu og hjá heimilunum að á tveimur árum á Landsbanki Íslands að afskrifa 10,3 milljarða kr. Það er vandinn. Það er framan í það sem menn eiga að horfa, út frá því eiga menn að ræða þetta en ekki öðru.

Að lokum segi ég þetta, hæstv. forseti: Það allra dapurlegasta við þetta eru auðvitað þessi vinnubrögð. Þessi ófagmannlegu og óábyrgu, flaustursleg vinnubrögð sem við höfum orðið vitni að. Ég segi það hiklaust að ég hef aldrei haft það jafnsterkt á tilfinningunni og sl. sólarhring að ég byggi í bananalýðveldi. Þegar ég hef fylgst með þessum farsa sem þarna birtist, þegar ég fæ upplýsingar sannorðra manna um það að viðskrh. sagði þeim undir hádegið í gær að ekki lægi meira á en svo að menn hefðu a.m.k. nokkra daga til að ræða saman um útfærslu þessa máls og skoða

síðan það sem gerðist þá fæ ég það dapurlega á tilfinninguna að maður búi í bananalýðveldi. Ég segi það að ríkisstjórn sem ræður ekki við svona verkefni reynist ekki vanda af þessu tagi vaxinn, ríkisstjórn sem fer á taugum gagnvart slíku máli á að segja af sér, hún dugar ekki. Taugar ríkisstjórnar brugðust í gær. Það er í öllu falli alveg tandurhrein niðurstaða í málinu. Ríkisstjórnin fór á taugum og við getum ekki við þær aðstæður sem við búum í þjóðmálum okkar, efnahags- og atvinnumálum, setið uppi til langframa með ríkisstjórn sem hefur ekki taugar í verkefni sitt.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Menn, sem geta hlustað á ræðu eins og þessa lengi dags, hafa sæmilegar taugar. Ég gat ekki hlustað á nema hluta af henni en var það nóg samt. Þessi ágæti hv. þm. sem talaði sagði mjög margt sérkennilegt og var margur ruglandinn í ræðu hans. M.a. sagði þessi hv. þm. að Landsbankinn yrði að borga herkostnaðinn af því að eigið fé hans yrði aukið um tæpa 4,5 milljarða. Síðan sagði þessi hv. þm. líka, og það var mjög merkilegt, að aðgerð eins og þá að auka eigið fé bankans um tæpa 4,5 milljarða ætti að gerast í kyrrþey. Ég bið þingmanninn að skýra út fyrir mér hvernig hann mundi auka eigið fé Landsbankans um 4,5 milljarða í kyrrþey.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi varðandi herkostnaðinn af þessu þá var ég þar að fjalla um aðferðir sem hæstv. ríkisstjórn viðhafði. Að sjálfsögðu er það svo að ef bankinn verður fyrir álitshnekki, athygli er dregin að því að staða hans sé að veikjast og hann þurfi sérstakra björgunaraðgerða við, felst í því ákveðinn herkostnaður. Að breyttu breytanda, burt séð frá því hvort eigið fé er aukið meira eða minna þá kostar sú rýrð á áliti bankans hann eitthvað í óhagstæðari lánskjörum o.s.frv. Það er alveg ljóst. Það var þetta sem ég var að fjalla um og það er náttúrlega æskilegt að hæstv. forsrh. hlýði á ræður sem hann ætlar sér svo að veita andsvör við. Ég er ekki viss um að hæstv. forsrh. hafi verið kominn í salinn þegar ég var aðallega að fjalla um þetta mál og rökstuddi það hvers vegna ég teldi að þessi aðferð ríkisstjórnarinnar og vinnubrögð hefðu skaðað bankann.

Varðandi það að gera þessar ráðstafanir í kyrrþey, þá er það alveg rétt hjá hæstv. forsrh., það má segja að það sé nokkuð sérkennilega til orða tekið, en þannig vill nú til að ég var að hafa eftir óbreytt orð bankastjóra Landsbankans sem sagði að jafnvel þó svo að þessi ákvörðun hefði verið tekin í kyrrþey, hún tilkynnt eftir á og rökstudd samtímis þá mundi aðgerðin ein og sér vekja spurningar erlendra viðskiptavina og kalla á það að Landsbankinn yrði að svara og útskýra fyrir lánardrottnum hvers vegna þurfti að grípa til þessara aðgerða. — Heyrið þið félagar, er eitthvað að hjá ykkur? — Þetta skilja allir menn. Orða það í kyrrþey vísar fyrst og fremst til þess að menn hefðu reynt að taka þessa ákvörðun rólega og með sem allra mestri yfirvegun án þess að það yrði sérstakt umfjöllunarefni fyrr en hægt var samtímis að kynna hana og rökstyðja. Á því gafst ekki færi að þessu sinni eins og ég m.a. vék að og upplýsti að Landsbankinn hefur ekki enn getað svarað viðskiptavinum sínum neinu um þessa aðgerð eða útskýrt hana.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað gat ekki hv. þm. rökstutt að þetta hefði átt að gerast í kyrrþey svo fráleitt var það sem hv. þm. hélt fram áðan. Málið var afgreitt með þeim hætti sem var mjög skipulegur og góður þannig að málið var tekið fyrir á ríkisstjórnarfundi sem hófst klukkan fjögur þann dag eftir að bankanum var lokað, aðgerðinni var lokið af hálfu ríkisstjórnar fyrir klukkan sjö þann dag. Það er afskaplega mikilvægt og það ættu menn að vita, ekki síst menn sem hafa verið ráðherrar — reyndar talaði hann ekki eins og hann hefði nokkurn tímann verið ráðherra — að það er afskaplega mikilvægt að ákvörðun sem hefur verið undirbúin vandlega sé ekki í umfjöllun fjölmiðla fyrr en komið er að ákvörðun hennar. Reyndar var sá fyrsti sem fjallaði um málið opinberlega maður sem fjallaði um það klukkutíma fyrir ríkisstjórnarfundinn í fjölmiðlum. Það segir hér að hv. þm. Steingrímur Hermannsson byrji að fjalla um þetta mál opinberlega í útvarpsviðtali kl. 3, áður en ríkisstjórnin kom til fundar. Á Bylgjunni var sagt, með leyfi forseta: „Steingrímur Hermannsson segir að það sé kannski of djúpt í árinni tekið að segja að Landsbankinn sé á barmi gjaldþrots.“ Það sé kannski of djúpt í árinni tekið. Þetta er ekki óábyrgt tal af hálfu ríkisstjórnar. Þetta er gert klukkutíma áður en ríkisstjórnin kemur saman til að ganga frá máli sínu. Enginn vafi er á því að ríkisstjórnin hefur tekið mjög fast, ákveðið og örugglega á málinu og það hefur styrkt stöðu Landsbankans. Það hefði á hinn bóginn veikt stöðu Landsbankans ef fram hefði komið að endurskoðandi bankans og ríkisendurskoðandi hefðu ekki treyst sér til að árita reikninga bankans með þeim afskriftatölum sem bankinn gerði ráð fyrir. Það hefði veikt bankann út á við. Allt annað tal um þessar aðgerðir er gersamlega út í hött og það sýnir manni það að þeir ágætu þingmenn, sem hér hafa talað, eru óviðbúnir ákvörðun af þessu tagi og þeir hrökkva af hjörum þegar ákvörðun af þessu tagi kemur og taka skakkan pól í hæðina eins og þessir hv. þm. hafa gert.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Málnotkun hæstv. forsrh. kemur manni nú enn á óvart. Ég hef aldrei áður heyrt tekið svona til orða að menn geti hrokkið af hjörum, en hvað um það. Ég held að það sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan séu öfugmæli dagsins um aðferðir eigin ríkisstjórnar. Ég held að það séu örugglega öfugmæli dagsins. Það er nú bara þannig og það vita allir, hæstv. forsrh., nema þá ríkisstjórnin og þeir sem hafa verið uppteknir með gestum sínum í dag að gjörvallur íslenski fjármálaheimurinn er forundrandi á þessum atburðum. Það er bara þannig. Stjórnendur Landsbankans gátu ekki leynt því að þeir hefðu gersamlega orð-

ið agndofa yfir atburðum gærdagsins frá og með hádegi, agndofa, forundrandi. (**Forsrh.:** Stjórnin.) Stjórnendur Landsbankans nema þá kannski starfandi bankaráðsformaður sem fékk að vera í settinu með forsrh. í sjónvarpinu í gær. Bankaeftirlitið gaf þessu ekki háa einkunn fyrr en það var þá þumalskrúfað til að skipta um skoðun sídegis sem kann að vera. Mér er vel kunnugt um það að stærstu innlendu viðskiptavinir Landsbankans höfðu ekki hugmynd um það sem var að gerast. Þeir vissu ekki hvaðan á þá stóð veðrið þegar þeir fengu um það fréttir í gegnum fjölmiðla að til slíkra neyðarráðstafana ætti að grípa gagnvart þeirra viðskiptabanka. Aðilum sem eiga milljarðaviðskipti við Landsbankann hefur ekki verið mjög rótt í dag eða í gær þegar þessar fréttar birtust. Ég endurtek það sem ég hef áður sagt: Það þýðir náttúrlega ekki fyrir hæstv. forsrh. að láta eins og kjáni og reyna að halda því fram að það beri heppilega að að Landsbankinn skuli ekki sjálfur geta með einum eða neinum hætti upplýst stærstu viðskiptavini sína erlenda og innlenda um það sem er í vændum. Það þýðir ekki fyrir hæstv. forsrh. að reyna að halda því fram að þetta séu einhver vinnubrögð til fyrirmyndar. Það er svo fráleitt, hæstv. forsrh, að ég er alveg sannfærður um að það er sjálfum þér, hæstv. forsrh., fyrir verstu að vera að endurtaka þau öfugmæli.

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Erfiðleikar Landsbankans sem eru hér til umræðu stafa aðallega af töpuðum lánum bankans til fyrirtækja og heimila. Landsbankinn er þar ekki einn á báti. Aðrir bankar og raunar sparisjóðirnir líka hafa sín töpuðu lán. Þetta er ekki ný bóla.

Þegar í byrjun þessa áratugar stefndi í óefni eins og á var bent og varað við af nokkrum hagfræðingum. Landsbankinn sem er elstur banka og í eigu ríkis hefur sérstöðu því að stjórnvöld hafa ætlast til þess að hann kæmist til hjálpar þegar á móti blési í atvinnulífinu. Það hefur hann gert um langan tíma. Hann hefur t.d. á sinni könnu yfir 70% af sjávarútvegsfyrirtækjunum og m.a. vegna þeirra hluta stendur hann höllum fæti. Það er ekki sökum þess að hann sé verr rekinn en aðrir bankar. Má minna á það að eini bankinn sem við höfum í hlutafélagsformi kom út með verulegu tapi sl. ár. Búnaðarbankinn, sem er ríkisstofnun, stóð sig betur en hann. Einmitt vegna þessarar sérstöðu Landsbankans er hvorki sanngjarnt né heiðarlegt að meðhöndla hann eins og peningastofnun í greiðsluþrot. Það yrði í reynd gert með frv. sem fyrir liggur, en það felur í sér eins konar neyðarlán með skilyrðum. Hugmyndin um tilsjónarmenn með störfum bankans eftirleiðis er móðgun við hann. Mér er nær skapi að segja að Landsbankinn ætti fremur að setja tilsjónarmenn með ríkisfjármálunum. Það hefði hann e.t.v. þurft að gera hjá mörgum fyrrv. ríkisstjórnum, þar á meðal hjá þeirri ríkisstjórn sem hv. 8. þm. Reykn., Ólafur Ragnar Grímsson, var fjmrh. í. Ég sé að hann brosir hér fyrir framan mig.

Hér hafði e.t.v. átt í stað þess frv., sem fyrir liggur, að gera annað tveggja: Hið fyrra er að ríkisstjórn taki að sér hluta af skuldbindingum bankans, t.d. þeirra sem tengjast fiskeldi, loðdýrarækt og fleira, enda beint og óbeint orðnar til fyrir atbeina stjórnvalda. Auðvitað voru sumar þessar framkvæmdir mikil mistök. En það er hægt að vera vitur eftir á. Á hitt ber að líta að sú reynsla sem fengin var í þessum greinum kann að nýtast síðar.

Hinn kosturinn er að Seðlabankinn veiti Landsbankanum tímabundna yfirdráttarheimild. Í þeirri haglægð, kreppu og atvinnuleysi, sem nú ríkir, er engin hætta á verðbólgu af þeim sökum. En sá vandi sem við stöndum frammi fyrir knýr okkur til að skoða orsakir hans. Ekki er með nokkrum rétti unnt að kenna aflaskerðingu um erfiðleikana því að hún hefur oft verið meiri og þó ekki valdið þvílíkum usla. Orsök vandans verður fyrst og fremst rakin til verðtryggingar fjárskuldbindinga samkvæmt lánskjaravísitölu. Hún hefur leitt til slíkrar uppsöfnunar skulda að útflutningurinn og einnig heimilin í landinu fá ekki lengur risið undir henni. Meðan við höfum þetta kerfi verður ekki hjá því komist að lækka gengið með reglulegu millibili og láta kaupgjaldsvísitölu gilda samhliða lánskjaravísitölunni eins og Ólafslög gerðu ráð fyrir.

Hæstv. fyrrv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, lét afnema kaupgjaldsvísitöluna án þess að afnema lánskjaravísitöluna og þess vegna vofa nú nauðungaruppboð íbúða yfir þúsundum heimila til viðbótar þeim sem þegar hafa átt sér stað og atvinnufyrirtækin eru í sömu nauðum. Því segi ég: Burt með lánskjaravísitöluna.

Ég get ekki varist þeirri skoðun að viðskrh. sem vill breyta ríkisbönkum í hlutafélög hyggist með frv. veikja stöðu Landsbankans. Það er illt verk því að Landsbankinn er eini bankinn hérlendis sem nýtur trausts og virðingar á erlendum vettvangi. Með tilsjónarmönnum og skipun þess efnis að Landsbankinn dragi saman seglin er ráðherrann að veifa atvinnuleysisvofunni framan í launþega.

Sökum þeirra atburða, sem nú hafa átt sér stað, er rétt að menn hætti endanlega við að selja eða breyta ríkisbönkunum í hlutafélög. Þess í stað má skoða þær hugmyndir að sameina Landsbankann og Búnaðarbankann í einn sterkan ríkisbanka.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vekur vissulega athygli að þegar þessi umræða hefur staðið hátt á fimmtu klukkustund þá skuli loksins einn af þingmönnum stjórnarflokkanna biðja um orðið. Það vekur líka sérstaka athygli að hv. þm. Eggert Haukdal var með mun skynsamlegri hugmyndir um það hvernig ríkisstjórnin hefði átt að taka á þessum vanda en koma fram í því frv. sem ríkisstjórnin flytur. Það vakti óneitanlega athygli að hæstv. forsrh. leið svo illa undir ræðu hv. þm. Eggerts Haukdals að hann gat ekki setið í sæti sínu heldur þurfti að ganga á milli hirðmanna sinna, hv. þm. Björns Bjarnasonar og hins hv. unga nýja sveins úr Hafnarfirði, Árna M. Mathiesen, til þess að reyna að segja þeim einhverja brandara á kostnað þess þingmanns sem hér var að tala. (**Forsrh.:** Hvernig veist þú það?) Það heyrðist hér um salinn, hæstv. forsrh., enda

hló hinn ungi maður í Hafnarfirði mikið og sýndi hollustu sína með því að hlæja ansi mikið og er alveg greinilegt hvernig hirðsiðirnir eru við þessa hirð. Hver leikur í senn kónginn og hirðfíflið í einum og sama manninum.

Ég vildi hins vegar spyrja hv. þm. að því hvort hann hefði kynnt ráðherrunum þessar hugmyndir sínar og tillögur á þingflokksfundi Sjálfstfl. eða í gærdag til þess að hægt hefði verið að afstýra þessu óðagoti sem hefur gerst með því að ráðherrarnir hefðu farið að ráðum hv. þm. Eggerts Haukdals sem greinilega hefur mun meiri visku og hugarró til að bera gagnvart þessum vandamálum en hæstv. ráðherrar.

Eggert Haukdal *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið umræða í allan dag um þetta mál og það hefur enginn, ekki fyrr en ég talaði, þar á meðal ekki hv. 8. þm. Reykn., Ólafur Ragnar Grímsson, velt upp í umræðunni þeim höfuðvanda sem við stöndum frammi fyrir og rakið ástæðurnar hvers vegna við stöndum í þessum sporum. Árið 1979 voru sett Ólafslög fyrir forgöngu Framsóknar, Alþb. og Alþfl. Vegna þeirra atburða stöndum við frammi fyrir þessari stöðu í dag. Með þeirri stefnu sem fylgt hefur verið síðan er búið að kollsigla atvinnufyrirtækjunum og heimilunum í landinu og flokkur hv. þm. og hv. þm. ber á þessu drjúga ábyrgð. Flokkur hans hefur komið til valda í ríkisstjórn, en hefur ekki hreyft hönd né fót við lánskjaravísitölunni. Hins vegar hefur hann setið í ríkisstjórnum og sett lög á að kaupgjald má ekki hækka. En fjármagnið og lánin mega vaða upp úr öllu valdi samkvæmt vísitölunni. Er ekki orðið mál fyrir flokk hv. þm., fleiri flokka og okkur alla hér, hv. alþm., að gera okkur grein fyrir hvers vegna íslensk þjóð stendur í þessum erfiðleikum í dag þegar skuldir hafa hrannast upp um tugi og hundruð milljóna? Í ræðu hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar var vakin athygli á að á 6 ára ráðherratíð hæstv. viðskrh. hafa verið fluttar að mig minnir um 80 milljarðar frá skuldurum, þ.e. atvinnulífinu og heimilunum, til þeirra sem eiga fjármagnið vegna þess að hæstv. ráðherra hefur alla sína ráðherratíð haldið uppi margföldu vaxtastigi umfram það sem átti að vera, þar á meðal stundum í samráði við hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, sem sat með honum í ríkisstjórn og gerði hvorugur athugasemdir þótt vextir væru í hæstu hæðum.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er margt athyglisvert sem þingmaðurinn sagði um þróun vaxta og lánamála á undanförnum árum og ég er alveg reiðubúinn að ræða það við þetta tækifæri eða annað. Við hljótum auðvitað öll að draga vissar ályktanir af þeirri reynslu og efasemdir um það kerfi sem verið hefur í gildi. Má ég í því sambandi minna á að í tíð síðustu ríkisstjórnar voru lögð ákveðin drög að því að afnema lánskjaravísitöluna þegar verðbólgan hefði verið undir ákveðnum mörkum um ákveðinn tíma og er nú langt um liðið síðan hún fór að vera viðvarandi undir þeim mörkum. Það er því enginn ágreiningur milli mín og hv. þm. um það að í ljósi þess verðlagsstöðugleika sem hér hefur verið um nokkuð langt árabil, a.m.k. í ein þrjú ár, er fyllilega tilefni til þess að rjúfa þá tengingu sem sett var í Ólafslög á sínum tíma. Hitt er svo annað mál að þegar verið er að stofna bankakerfi landsins í hættu eins og gert er með þessum aðgerðum kann vel að vera að menn vilji viðhalda þessu tryggingakerfi vegna þess óöryggis sem skapast hefur í bankakerfinu.

Ég bar hins vegar fram ákveðna spurningu til hv. þm. um það hvort hann hefði kynnt ráðherrum ríkisstjórnarinnar hugmyndir sínar um það hvernig hefði átt að taka á þessum vanda sem að ýmsu leyti eru svipaðar og þær hugmyndir sem við einstakir þingmenn annarra flokka höfum sett fram hér í dag. Það sýnir mér einfaldlega að þegar sá eini þingmaður stjórnarliðsins, sem hefur treyst sér til þess að tala í umræðunni, kemur með hugmyndir af þessu tagi hefði verið skynsamlegra að hafa víðtækt samráð milli þingmanna og flokka en láta þennan æðibunugang ráða ferðinni. Það er greinilegt af framíköllum hæstv. forsrh. hér á síðustu mínútum að hann er mjög vanstilltur í umræðunni.

Eggert Haukdal *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér láðist að svara spurningu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og skal tjá honum það að þessi mál voru til umræðu í þingflokknum. Ég gerði þá grein fyrir afstöðu minni og meira er ekki um það að ræða.

Ég vil undirstrika og endurtaka þau orð sem ég viðhafði áðan: Hvers vegna hefur hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, bæði sem þingmaður, formaður Alþýðubandalagsins og ráðherra, hvorki hreyft hönd né fót við ægivaldi lánskjaravísitölunnar? Hann vakti athygli á að það hefði staðið til í síðustu ríkisstjórn að fara að breyta og draga úr þessu. Nýverið var í Morgunblaðinu viðtal við viðskrh. þar sem hann segist ætla að fara að framkvæma hugmyndir sínar og hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, þ.e. að draga úr vægi lánskjaravísitölunnar, draga úr vægi verðtryggingarinnar. Þó kom fram í þessu viðtali að þegar þessi nýi boðskapur er lesinn á það að vera á sameiginlegu valdi lántaka og þess sem lánar hversu mikið verður verðtryggt. Hver skyldi nú ráða þegar hæstv. viðskrh. fer að framfylgja þeim nýju hugmyndum hans og hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar? Hver skyldi ráða meiru, sá sem ætlar að taka lánið eða sá sem lánar? Skyldi ekki sá ráða sem lánar, þ.e. með nýju hugmyndum er verið að koma öllum lánum, skammtíma- og langtímalánum, bókstaflega öllu í fullkomna verðtryggingu og lánskjaravísitalan á að halda áfram.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hæstv. viðskrh. sagði fyrr í dag þegar hann mælti fyrir þessu frv. að efni þess væri tvíþætt, þ.e. sú hliðin sem vissi að Landsbankanum öðrum megin og hin sem vissi að tryggingarsjóðnum. Þetta er að minni hyggju meira en tvíþætt mál, þetta er margþætt mál og flutt í margvíslegum tilgangi. Að vísu er

rétt að Landsbankinn á í dálitlum vanda, ekki miklum vanda samt, og ég held að ríkisstjórnin hafi búið til storm í vatnsglasi. En um það er ekki að deila að Landsbankinn átti við ofurlítinn vanda að etja. Hvers vegna er þessi vandi til kominn? Í fyrsta lagi höfum við tekið upp þessar svokölluðu BIS-reglur og bundið okkur við túlkun á þeim sem gera lán til atvinnulífsins að 100% áhættulánum. Þetta er náttúrlega fjarstæða miðað við íslenskar aðstæður vegna þess að lán til sjávarútvegs eru ekki 100% áhætta. Það sökkva ekki öll skipin og það fara ekki allar fiskvinnslustöðvarnar á hausinn.

Auðvitað er okkur mikilvægt að viðhalda lánstrausti okkar erlendis og haga útlánum með skikkanlegum hætti, en það hefði allt eins verið ástæða til að eyða kröftunum í að vekja athygli á og kynna hinar sérístensku aðstæður þar sem sjávarútvegur er svo mikill þáttur í efnahagslífi okkar.

Í öðru lagi er Landsbankinn í vandræðum vegna þess að hæstv. ríkisstjórn, ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, er bráðum búin að þjarma að þessu þjóðfélagi í tvö ár. Hún hefur staðið fyrir stórfelldum tilflutningi fjármuna frá hinum efnaminni til hinna efnameiri. Atvinnulífið er komið í mikinn vanda og heimili fjölda Íslendinga komin í þrot. Bara á þessu eina ári, 1993, er búist við að skuldir heimilanna aukist um allt að 50 milljarða. Bara á þessu eina ári spáir Þjóðhagsstofnun því að skuldir heimilanna aukist um nærri 50 milljarða. Þetta eru ógnvænlegar tölur. Eigið fé Landsbankans er of lítið samkvæmt þessum fjarstæðukenndu BIS-reglum og verkefnið var að setja undir þann leka og bæta þar úr skorti á eigin fé. Eigendum ber náttúrlega að gera það með einhverju móti, þ.e. ríkinu. Hægt er að hugsa sér margar aðferðir til þess, sumar hljóðlegar eins og þá að auka eignir bankans, létta af honum skuldbindingum o.s.frv. en ríkisstjórnin hefur kosið hávaðasama aðferð sem er ekki æskileg. Af hverju kaus ríkisstjórnin þessa hávaðasömu aðferð? Ég held að það hafi verið vegna þess að hún ætlaði að gera fleira í leiðinni. Ég held að fyrir ríkisstjórninni hafi vakað að ná fleiri markmiðum en að laga til fyrir Landsbankann og leysa vanda hans.

Efnt var til mikillar flugeldasýningar eða bensínsprengju. Þingfundur í gær var rofinn kl. 3, neyðarfundur boðaður í ríkisstjórn og þingflokkar stjórnarliðsins boðaðir til fundar á óvenjulegum tíma. Forsrh. hélt blaðamannafund og æddi á milli fjölmiðlanna. Ég tel að forsrh. hafi í gærkvöld yfirdrifið mjög þann vanda sem við er að etja og viðskrh. reyndar einnig að sumu leyti. Í umræðunum hefur verið upplýst skilmerkilega að komið hefur verið harkalega aftan að stjórnendum Landsbankans. Það hefur ekki verið borið til baka að í samtölum sem bankastjórn Landsbankans átti við hæstv. viðskrh. rétt fyrir hádegið í gær var bankastjórninni ekki greint frá því hvað til stæði.

Nú kann að vera að hæstv. viðskrh. hafi ekki vitað betur og í fullum heiðarleik talið bankastjórninni trú um að nokkrir dagar væru til stefnu. Vel getur verið að hæstv. viðskrh. hafi ætlað um hádegi að gera allt annað en hann gerði eftir hádegi eða tók þátt í að gera.

Hvað kann að hafa hangið fleira á þessari spýtu heldur en að hjálpa Landsbankanum? Ég tel að með þessari aðgerð hafi líka verið stílað upp á að slá á fingur launþeganna í landinu, fá þá til þess að stöðva kröfur um launahækkanir. Tækifærið var notað til þess að hnýta í fyrrv. ríkisstjórn. Fyrrv. forsrh. hefur áður í umræðunum borið það rækilega til baka og ég ætla ekki að endurtaka það. Hann benti á að vandinn er fyrst og fremst núv. ríkisstjórn að kenna. Skuldasöfnun einstaklinga og fyrirtækja er fyrst og fremst til komin á síðustu tveimur árum og það hefur verið rakið rækilega í umræðunum hvaða mislukkaðar aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar hafa fyrst og fremst orðið til þess að kippa fótunum undan atvinnulífinu í landinu og fjárhag fjölskyldnanna. Reynt að gera dauðastríð Sambands ísl. samvinnufélaga tortryggilegt og kasta sök á það. Síðan er á lofti sú kenning sem mér finnst ekki ótrúleg að verið sé að reyna að bjarga Íslandsbanka hljóðlega út úr vandræðum hans en nota Landsbankann sem blóraböggul. Íslandsbanki var einkavæddur illu heilli fyrir nokkrum árum. Ríkið tók á sig gífurlegan fórnarkostnað til þess að koma þessu hugsjónamáli hæstv. viðskrh. í kring og Íslandsbanki byrjaði með svo til hvítskúrað gólf. Í umræðunum hefur verið að gera samanburð á stöðu Búnaðarbankans og Íslandsbanka og stöðu Landsbankans og Íslandsbanka. Þar er sá munur á að fyrir örfáum árum byrjaði Íslandsbanki með hreint gólf vegna þess að verstu skuldbreytingar Útvegsbankans fóru ekki með inn í Íslandsbankabúið og ríkið tók á sig þar að auki stórfelldar byrðar út af lífeyrisgreiðslu. Samt sem áður þarf Íslandsbanki samkvæmt upplýsingum fjmrh. og upplýsingum frá bankanum sjálfum sem lögð hafa verið í hólf þingmanna í dag að leggja 1.500 millj. í afskriftasjóð á árinu. Komið hefur fram að 7 af hverjum 10 kr. af hlutafé bankans eru glataðar og þessi fyrirmyndarbanki er rekinn með 200 millj. halla. Ekki eru þó vextirnir þar lægri en annars staðar. Ég held sem sagt að ríkisstjórnin hafi ekki bara verið að huga sér að bjarga Landsbankanum eða laga til fyrir Landsbankanum því björgun þurfti hann enga. Hann var sjálfbjarga og ágætlega rekinn þrátt fyrir það að hann ætti í nokkrum erfiðleikum út af efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og hinum harðleiknu BIS-reglum. Ég vonast eftir því að ríkisstjórninni verði nú ekki úr því að ná þessum hliðartilgangi sínum sem hún sýnilega hefur ætlast til. Afleiðingarnar af þessu írafári ríkisstjórnarinnar eru ákaflega kostnaðarsamar og það er mjög bagalegt. Þetta skapar óróa um Landsbankann. Þessar aðgerðir koma til með að hækka vexti að einhverjum mun svo framarlega sem lögmál markaðarins eru látin danka áfram og stjórna eins og hæstv. ríkisstjórn hefur að leiðarljósi. Ég held þó að það tjón sem er unnið Landsbankanum innan lands sé bætanlegt. Ég held að fólkið í landinu viti að Landsbankinn er traustur banki og ekki nálægt neinu gjaldþroti og ég tel að viðskiptamenn hans innan lands geti verið rólegir. Þeir þekkja bankann. Þeir vita að þetta er traustur ríkisbanki. Það er ekki eins og þetta sé einhver einkabanki sem stendur á völtum fótum. Hins vegar er það tjón, sem unnið er

út á við, miklu verra fyrir þjóðfélagið því að slíkar uppákomur hljóta óhjákvæmilega að rýra lánstraust þjóðarinnar erlendis, hækka vexti og þrengja lánskjör.

Hæstv. forsrh. hefur manna mest varað við erlendum lántökum og hættulegri skuldasöfnun erlendis. Hann hefur reyndar gert það á sama tíma og hann hefur staðið að því í borgarstjórn Reykjavíkur að taka stórlán fyrir borgarsjóð í útlöndum en það kann að vera að hér eftir verði Íslendingum ekki eins greiður aðgangur á erlenda lánamarkaði og verið hefur hingað til. Ég tel að þetta skapi ónauðsynlega tortryggni útlendinga í garð Íslendinga. Verið er að skipa okkur óbeint á bekk með Færeyingum með þessum aðförum og ég tel að ríkisstjórnin hafi í þessu máli hagað sér af miklu ábyrgðarleysi, skaðað hagsmuni Íslendinga og skaðað hagsmuni Landsbankans þegar upp er staðið, hagsmuni íslenskra fyrirtækja og hagsmuni heimilanna í landinu. En skaðinn er skeður og við framsóknarmenn viljum taka á þessu máli af ábyrgð. Héðan af tel ég að verkefnið sé það að reyna að gera það skásta úr málinu sem mögulegt er.

Ég tel sjálfsagt að greiða fyrir eðlilegri afgreiðslu frv. á þskj. 740, sem er til umræðu, og ljúka 1. umr. um málið í dag og senda það til nefndar og ég vona að nefndin gefi sér tíma til þess að kanna málið rækilega. Ég tel að nefndin eigi að hugleiða það mjög vandlega að breyta frv., þ.e. að taka annan þáttinn út úr og heimila ríkisstjórninni að bæta eiginfjárstöðu Landsbankans með heimildinni til lántöku Tryggingarsjóðs viðskiptabanka, ekki um 3 milljarða heldur um 1 milljarð. Landsbankinn þarf ekki nema 1 milljarð og ástæðulaust er að gefa heimild fyrir þeim 2 milljörðum sem væntanlega er hugsað að renni til Íslandsbanka. Ef svo illa fer að Íslandsbanki þurfi á fyrirgreiðslu að halda þá er það sérstakt mál. Þar að auki er til meðferðar í þinginu frv. um viðskiptabanka og þetta á heima þar en ekki í frv. á þskj. 740.

Ég vil því styðja 1., 2. og 8. gr. frv., breyta 5. gr. þannig að 1 milljarður standi í staðinn fyrir 3 milljarða. Ég sé enga ástæðu til óðagots í málinu og við getum gefið okkur eðlilegan tíma til að afgreiða málið vandlega. Efh.- og viðskn., sem fær málið í kvöld, hlýtur að verða að fá tíma til þess að hugsa sinn gang og ræða við þá sem hún þarf að fá til viðtals. Tryggingarsjóðsmálið á heima í öðru frv. sem líka er hjá efh.- og viðskn. og er eðlilegt að það mál verði athugað við meðferð þess máls. Ég held að það sé því ástæðulaust að afgreiða annað en það sem að Landsbankanum snýr í þessari lagasetningu.

Að lokum, frú forseti, guði sé lof fyrir að Landsbankinn er ríkisbanki en ekki einkabanki og viðskiptamenn hans geta verið rólegir.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Rétt er að vekja athygli á nokkrum atriðum undir lok umræðunnar. Eitt er það að hæstv. forsrh. hefur upplýst að nauðsynlegt hafi verið að halda ríkisstjórnarfundinn eftir að Landsbankanum var lokað í gær. Þar með er hæstv. forsrh. að gefa til kynna að einhver „akút" vandi hafi verið á ferðinni sem þurft hafi að taka á eftir að afgreiðslu bankans var lokað og er það enn eitt sérkennilegt innleggið í umræðuna.

Aðalástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs er það að hæstv. fjmrh. hefur hvað eftir annað í umræðunni nefnt það sem merki um góða stöðu Íslandsbanka að hann hafi lagt á árinu 1992 1.500 millj. í afskriftasjóð. Ég hef vakið athygli á því að með frv. sé viðskrh. veitt heimild til þess að setja allt að 2 milljörðum inn í Íslandsbanka af ríkisfé, peninga skattborgaranna, almannafé, eins og hæstv. forsrh. hefur orðað það. Auðvitað er mjög mikilvægt að ríkisstjórnin hefur talið nauðsynlegt að hafa frv. með þeim hætti að hún hefði eftir samþykki þess heimild án þess að koma til Alþingis til að setja allt að 2 milljarða af ríkispeningum inn í Íslandsbanka. (**Forsrh.:** Stendur það?) Það stendur ekki „í Íslandsbanka", hæstv. forsrh., en auðvitað vita allir að það eru aðeins þrír viðskiptabankar í landinu. Hvað eftir annað hefur það komið fram í umræðunum að Búnaðarbankinn standi svo vel að ekki séu nokkrar líkur á því að hann þurfi aðstoð. Landsbankinn á að fá 1 milljarð af þessum 3 milljörðum samkvæmt greinargerðinni og þá eru eftir 2 milljarðar og einn viðskiptabanki. Það er því alveg ljóst að a.m.k. samkvæmt frv. er opnað á það, hæstv. forsrh., að þetta verði gert og það eru reyndar hindranir í frv. sem koma í veg fyrir að það gerði gert. Í svörum við þessu m.a. hefur hæstv. fjmrh. vakið athygli á því sem eins konar andsvar við þessum umræðum að Íslandsbanki sé að leggja 1.500 millj. í afskriftasjóð og það sé merki um að bankinn standi vel.

Ég vil þvert á móti benda hæstv. fjmrh. á það að í raun er hin rétta ályktun hið gagnstæða. Íslandsbanki er álíka stór og Búnaðarbankinn. Er Búnaðarbankinn að leggja 1.500 millj. í afskriftir? Nei. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef, telur Búnaðarbankinn ekki þörf á því að leggja nema í kringum 500 millj. í afskriftasjóð. Íslandsbanki telur sér nauðsynlegt að leggja þrefalt hærri upphæð í afskriftasjóð en Búnaðarbankinn þótt bankarnir séu jafnstórir.

Enn fremur hefur það komið fram í umræðunni og annars staðar að Landsbankinn sjálfur var að ráðstafa 1.500 millj. í afskriftasjóð úr rekstri sl. árs og er þó Landsbankinn tvöfalt stærri en Íslandsbanki. Þessi tala, 1.500 millj., er því auðvitað ábending um það að stjórnendur Íslandsbanka telja hugsanleg töp bankans svo mikil að bankinn standist það ekki nema leggja í afskriftasjóð á síðasta ári þrefalt hærri upphæð en Búnaðarbankinn. Auðvitað er ekki hægt að draga aðra ályktun af þessu en þá að í samanburði á þessum einkabanka annars vegar og þeim ríkisbanka, sem ríkisstjórnin hefur viljað selja hins vegar, Búnaðarbankanum, sé Búnaðarbankinn örugglega mun betur staddur en Íslandsbanki.

Í öðru lagi, hæstv. fjmrh., hefur það komið fram að um það bil 7 af hverjum 10 kr., sem hluthafar hafa lagt til Íslandsbanka, muni vera tapað fé. Mér vitanlega hefur það ekki verið borið til baka.

Í þriðja lagi er ljóst að ýmis veigamikil viðskipta-

fyrirtæki Íslandsbanka, ég nefni t.d. Hagvirki, standa nú þannig að mjög tvísýnt er hvort þau fyrirtæki lifa. Augljóslega er í vændum mikið tap á vettvangi Íslandsbanka á næstunni. Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. fjmrh. að því ef hann er í raun og veru þeirrar skoðunar að Íslandsbanki standi eins vel og hann hefur hvað eftir annað sagt í umræðunum og fært fyrir því rök, sem ég tel nú að vísu ekki mjög skynsamleg eins og ég hef lýst hér, hvort hann sé reiðubúinn til þess að breyta frv. í meðferð þingsins sem skref í samkomulagsátt á þann veg að ekki verði mögulegt eftir samþykkt frv. fyrir viðskrh. einan að setja 2 milljarða af skattpeningum almennings inn í Íslandsbanka án þess að málið komi fyrir Alþingi.

Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. hugleiði þetta. Ég er ekki endilega að biðja um svar við því hér og nú en að hann hugleiði það að frv. verði breytt í meðferð þingsins á þann veg að þessi ríkisstyrkur til Íslandsbanka verði ekki mögulegur án þess að Alþingi fjalli áður um það mál.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það stórkostlega óábyrgt af þessum hv. þm. að nota þetta frv. og aðstoðina við Landsbankann til að reyna að grafa eins og hann lifandi getur undan trausti á tiltekinni fjármálastofnun í landinu en það gerði hann í ræðu sinni áðan. Þetta er framkoma sem er algjörlega óafsakanleg af hálfu þingmannsins, gjörsamlega fyrir neðan virðingu hans. Algjörlega er óafsakanlegt að hann skuli nota stöðu sína í ræðustól í tilefni þessa frv. til að reyna með öllum tiltækum ráðum að grafa undan trausti á þessari lánastofnun. Þetta er framkoma sem er óafsakanleg af þingmannsins hálfu.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því ber að sýna skilning að hæstv. forsrh. er dálítið strekktur yfir þessu öllu saman og ég ætla mér þess vegna að bera það með umburðarlyndi að hann er að fara upp með þjósti og ávíta mig á þann veg sem hann gerði. Hæstv. forsrh. hefur ekkert fylgst með umræðum í dag nema lítillega síðasta klukkutímann eða svo þannig að hann veit ekki hvað hefur verið rætt hér í dag. Væri skynsamlegra fyrir hæstv. forsrh. að kynna sér það áður en hann kemur upp með þessum þjósti og hortugheitum. Ætli það sé ekki hæstv. fjmrh. sem oftar en ég hefur rætt stöðu Íslandsbanka í dag? Ég hugsa að það sé þannig að hæstv. fjmrh. sé sá ræðumaður í dag sem oftast hefur rætt um Íslandsbanka.

Ég vil einnig benda hæstv. forsrh. á að það var einmitt einn af hans helstu trúnaðarmönnum, framkvæmdastjóri Sjálfstfl., formaður bankaráðs Landsbankans sem tilkynnti þjóðinni það í gærkvöldi í sjónvarpi að menn yrðu að átta sig á því að þetta frv. væri ekki bara fyrir Landsbankann. Alls ekki. Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstfl., benti sérstaklega á það í sjónvarpi í gær að þessu frv. væri ætlað að greiða úr vanda annarra. Þannig að sá sem fyrstur var til þess að draga aðra viðskiptabanka inn í þessa umræðu op-

inberlega var framkvæmdastjóri Sjálfstfl., Kjartan Gunnarsson, sérstakur trúnaðarvinur forsrh.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að menn muni gæta sín á því sem þeir segja úr þessum ræðustól gagnvart stofnunum af þessu tagi. Hv. þm. nefndi að ég hefði getið þess að ríkisstjórnin hefði komið saman eftir að Landsbankanum var lokað og væri það mjög sérkennilegur punktur í viðbót í málinu, eins og hv. þm. sagði. Þannig var að eftir fréttir klukkan þrjú og eftir viðræður, eftir viðtöl við hv. þm. Steingrím Hermannsson, var mikið hringt í Landsbankann og spurt og fólk var óróleglt, eftir tilkynningar ríkisstjórnarinnar og í dag hafa engar slíkar hringingar átt sér stað.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson er alveg fær um að svara fyrir sig en það hefur auðvitað vakið athygli að bæði í andsvörum við minni ræðu og andsvörum við ræðu Steingríms J. Sigfússonar hefur hæstv. forsrh. séð sérstaka ástæðu til þess að koma upp nokkrum sinnum og ráðast á hv. þm. Steingrím Hermannsson þar sem hann hefur samkvæmt þingsköpum enga möguleika til að svara fyrir sig í þeirri lotu.

Ég vil benda hæstv. forsrh. á það að sá þingmaður sem fyrstur kveikti á öryggisbjöllunni í málinu og tilkynnti allri þjóðinni að eitthvað mikið hlyti að vera á seyði var hæstv. forseti sameinaðs þings sem stóð upp af stóli sínum um klukkan tvö og tilkynnti þingheimi og þjóð það að fella yrði niður fundi á Alþingi vegna sérstaks ríkisstjórnarfundar og þess vegna væri ekki hægt að taka fyrir frv. um Seðlabanka. (**Forseti:** Forseti sameinaðs þings er ekki til lengur.) Það er að vísu alveg rétt, ég bið forláts á því, það var forseti Alþingis, sá sem situr hér fyrir aftan mig sem gerði þetta. Eftir þá tilkynningu var því öllum ljóst að eitthvað mikið hlaut að vera á seyði.

Hæstv. forsrh. segir að ég eigi að gæta að orðum mínum. Hæstv. forsrh. er alveg frjálst að mælast til þess en það hefur verið rakið hvað eftir annað í ræðum í dag, sem hæstv. forsrh. hefur ekki getað hlustað á, hvernig hæstv. forsrh. fór með fleipur í sjónvarpinu í gær í máli eftir máli eftir máli. Ef einhver ætti að líta yfir málflutning síðustu 20 klukkustunda eða svo og hugleiða svo hver eigi að gæta að orðum sínum, sýna hugarró og stillingu, vanda málfar sitt, sýna ábyrgð og gæta að peningastofnunum og orðstír þeirra þá er það hæstv. forsrh. Íslands, Davíð Oddsson.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi síðasta ræða hv. 8. þm. Reykn. lýsir því hve langt hann er kominn frá efninu og hann hlýtur að viðurkenna það eins og flestallir aðrir sem hafa tekið til máls í dag hve mikilvægt það er að það sem við segjum í ræðustól sé ekki gert til þess að veikja stöðu íslenska bankakerfisins. Það er ljóst að 5. og 6. gr. í því frv., sem hér liggur fyrir, er m.a. ætl-

að að vekja almennt traust á íslenska bankakerfinu. Það er líka ljóst að hæstv. viðskrh. getur ekki veitt lánið einn. Hér er um að ræða ríkisábyrgð og hvert mál verður skoðað hverju sinni og það er engin hin minnsta ástæða til þess að halda að sparisjóðir eða aðrir viðskiptabankar en Landsbankinn þurfi á slíkri fyrirgreiðslu að halda. Jafnljóst var það að þessi aðgerð ætti að vera almennari en svo að eingöngu væri verið að hugsa um Landsbankann í því sambandi því hér er verið að byggja upp traust.

Hv. þm. hefur bent á og sagt að ég hafi manna oftast rætt um málefni Íslandsbanka. Það kann vel að vera. En hafi ég gert það oftar en aðrir þá hefur það verið gert til þess að sýna fram á að sá banki stendur vel. Ég er með upplýsingar fyrir framan mig um afkomu bankans á síðasta ári og miðað við síðustu áramót þá er staða bankans þegar mælt er á mælikvarða BIS-reglnanna sú að svonefnt BIS-hlutfall er 10% eða fjórðungi hærra en þarf sem er 8%. *Til* þess að koma með samanburð við Landsbankann þá er hlutfallið þar 8,5–9% eftir þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hyggst gera samkvæmt þeim lögum sem hér eru til umræðu. Ég bið hv. þm., og ég ætlaði að fara að höfða til sómatilfinningar hans en ég skal ekki gera það, ég bið hann samt sem áður að athuga það vel að jafnvel gæti það farið svo að nokkrir menn sem hlýða á mál okkar hér tækju mark á því sem hv. þm. segir í ræðustól og bið hann að *haga orðum sínum með tilliti til* þess.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað alveg skýrt mat Íslandsbanka sjálfs á það hvernig útlánastefnu bankinn hefur rekið að hann skuli telja nauðsynlegt að setja í afskriftasjóð þrefalt hærri upphæð en Búnaðarbankinn. Það þarf ekki að segja neitt meira. Búnaðarbankinn telur nauðsynlegt að setja um 500 millj. í afskriftasjóð, Íslandsbanki telur nauðsynlegt að setja 1.500 millj. Þar með er Íslandsbanki að segja það að mun meira af útlánum Íslandsbanka sé hugsanlega tapað fé en af útlánum Búnaðarbankans. Hluthafar Íslandsbanka hafa síðan orðið að grípa til þess að reyna að auka hlutafé bankans vegna þess að sjö af hverjum tíu krónum sem settar hafa verið inn í bankann eru tapað fé. Þetta eru bara staðreyndir, hæstv. fjmrh., og sá maður sem situr í embætti fjmrh. hlýtur að verða að gera sér grein fyrir staðreyndum viðskiptalífsins og peningakerfisins ef hann telur nauðsynlegt að opna heimildir á það að opinberir fjármunir séu settir inn í bankann, þar með Íslandsbanka, til þess að styrkja stöðuna.

Hæstv. fjmrh. vék að því að hann hefði nokkuð oft rætt um Íslandsbanka og viðurkenndi það að hann hefði manna oftast rætt um Íslandsbanka. Það er staðreynd.

Varðandi BIS-reglurnar hefur það komið fram í umræðunum að væri sjávarútvegurinn á Íslandi metinn til álíkrar áhættu og t.d. lán frönsku bankanna til afrísku ríkjanna, fyrrverandi nýlendna Frakka sem eru meðal fátækustu ríkja í veröldinni, og sams konar áhættumat væri á öllum lánum til sjávarútvegs á Íslandi eins og til fátækustu ríkjanna í Afríku, þá stæði Landsbankinn þannig að hann væri með álíka hlutfall samkvæmt BIS-reglunum eins og Íslandsbanki. Þá þyrfti ekkert að grípa til neinna aðgerða. Þess vegna hafa ýmsir bent á það að nær væri að láta Seðlabankann framkvæma BIS-reglurnar skynsamlegar hér á landi en að rýra traust alls íslenska bankakerfisins erlendis eins og verið er að gera með aðgerðum ríkisstjórnarinnar.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að taka að mér að kenna hv. þm. neitt, ég veit að það tekst ekki á örfáum mínútum. Ég vil hins vegar minna á það að Íslandsbanki hefur í viðskiptum fjöldamörg sjávarútvegsfyrirtæki þannig að ef það er rétt sem hv. þm. er að segja um Landsbankann þá gildir það sama um Íslandsbanka að efnahagsstaða hans er sterkari heldur *BIS-reglurnar gefa vísbendingu um af því* Íslandsbanki er arftaki Útvegsbankans og fjöldamörg stór sjávarútvegsfyrirtæki eru í viðskiptum við hann.

Það er athyglisvert, virðulegi forseti, hvernig hv. þm. hefur reynt að búa til leikrit í dag. Hann er að búa til það leikrit að ríkisstjórnin ætli að færa „kolkrabbanum" í gegnum Íslandsbanka einhverja 2 milljarða kr. Þetta þjónar sögu og leikriti hv. þm. sem hann hefur haft hér uppi með hléum sl. 10 eða 12 ár á þinginu. Nú er kominn nýr kafli í þetta leikrit sem heitir að nú eigi að færa 2 milljarða til „kolkrabbans" með þessum hætti, eins og hann kýs að kalla það.

Ég vona að hv. þm. átti sig á því að hann sjálfur hefur kannski sagt þá hluti í dag sem við skulum gefa gaum, það voru upphafsorðin hans sem hann flutti í fyrstu ræðu sinni í dag, þegar hann sagði: Við skulum átta okkur á því að gæta orðstírs íslenska bankakerfisins erlendis. Hluti af því er að taka mark á BIS-reglunum því það eru BIS-reglurnar sem eru mælikvarði á getu íslenska bankakerfisins og stöðu þess. Þess vegna hangir það saman, virðulegi þingmaður, ef við viljum gæta að orðstír íslenska bankakerfisins tökum við mark á alþjóðlegum stöðlum og komum þannig í veg fyrir það að komið sé fram við íslenska banka og íslenskt bankakerfi með öðrum hætti en gert er gagnvart erlendum bankastofnunum. Þetta skulum við hafa í huga og ég skora á hv. þm. að standa með okkur í því að koma trausti á íslenskt bankakerfi á nýjan leik.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru vissulega tíðindi þegar fjmrh. opnar á það undir lok umræðunnar að menn fari að koma sér saman um það hvernig eigi að túlka BIS-reglurnar á Íslandi. Það höfðu ýmsir sagt í dag að væri eitt af þeim verkefnum sem við blasa. Ráðherrarnir hafa hins vegar ekki viljað ræða það að í nánast flestum nágrannalanda okkar taka seðlabankar og *stjórnvöld sér ákveðið frjálsræði í því hvernig* BIS-reglurnar skuli túlkaðar og dæmið af Frökkum, sem hér hefur verið nefnt, er einkar skylt í þeim efnum. Það væri auðvitað hægt að komast hjá þessu öllu saman að verulegu leyti með því að setjast niður og

koma sér saman um túlkun BIS-reglnanna gagnvart íslenskum sjávarútvegi sem við vitum öll að er ekki 100% áhættuatvinnugrein heldur stendur undir 70% af gjaldeyristekjum íslensku þjóðarinnar. Hvernig er hægt að dæma atvinnuveg í bankakerfinu, sem stendur undir 70% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar, sem 100% áhættugrein? Það er auðvitað fáránlegt. En það er gert samkvæmt þeim BIS-reglum sem hér eru lagðar til grundvallar. Auðvitað er það rétt hjá hæstv. fjmrh. að með því að breyta því mati þá kæmi Íslandsbanki til með að styrkja stöðu sína eins og Landsbankinn og það væri kannski það skynsamlegasta sem ráðherrarnir gætu gert í þessum efnum og hafa allan okkar stuðning til þess.

Hæstv. fjmrh. er að segja að ég sé að gera það tortryggilegt að samkvæmt þessu frv. verði heimilað að láta 2 milljarða í Íslandsbanka. Það er heimilað samkvæmt frv. Ef það er svo fáránleg kenning þá verð ég fyrstur manna til að fagna því ef ráðherrann tekur höndum saman með okkur um að breyta frv. á þann veg að það verði ekki hægt. Ég beindi fyrirspurn til ráðherrans um það hvort hann vildi ekki breyta frv. á þann veg og hann hefur sem betur fer ekki svarað því enn. Ég vona að hann hugsi málið. Þannig getum við náð saman um það að afgreiða frá Alþingi frv. sem kemur í veg fyrir það að hæstv. viðskrh., Jón Sigurðsson, geti afhent kolkrabbanum 2 milljarða af almannafé.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég mun ekki lengja þessa umræðu mikið en ástæða þess að ég fór hér upp er sú að ég ætlaði að eiga orðastað við hæstv. forsrh. vegna síendurtekinna ummæla hans um þátt formanns Framsfl. í atburðarásinni í gær. Nú vil ég spyrja hæstv. forseta hvort hæstv. forsrh. sé ekki í húsinu. — Er hæstv. forsrh. farinn?

Virðulegur forseti. Ég verð að segja að mér finnst þetta ganga furðu næst að meðan við þingmenn stjórnarandstöðunnar lýsum yfir vilja okkar hér ... (**Forseti:** Því miður þá varð hæstv. forsrh. að yfirgefa fundinn þar sem hann þurfti að sinna skyldum sínum gagnvart þeim gesti, sem er hér í dag, eins og hv. þingmenn vita, forseta Litáens, og gat því miður ekki verið hér lengur. Væntir forseti þess að hv. þm. taki tillit til þess.) og virðulegur forseti væntir þess væntanlega að stjórnarandstæðingar sitji áfram og hjálpi til við að koma þessu máli til nefndar þó hæstv. forsrh. geti ekki beðið í 5–10 mínútur eftir því.

En ég vil þá nefna það hér að síendurtekin ummæli hæstv. forsrh. um þátt Steingríms Hermannssonar að málatilbúningi í gær eru vægast sagt furðuleg. Það lá alveg ljóst fyrir í gær þegar boðað var til ríkisstjórnarfundar og þingfundi frestað að eitthvað mikið lá í loftinu og fréttamenn og aðrir voru komnir á eftir því um leið. Að ætla síðan að skella þessu klúðri hæstv. ríkisstjórnar yfir á formann Framsfl. er ekki stórmannlegur málatilbúnaður.

Virðulegur forseti. Ég ætlaði líka að ítreka það við hæstv. forsrh., sem ég sagði fyrr í dag, að ráðherrar hæstv. ríkisstjórnar, sem er mjög tamt að bera okkur saman við þjóðþing og ríkisstjórnir annars staðar, hefðu átt að velta því fyrir sér hvernig hlutir sem þessir hefðu verið unnir þar, væntanlega í nánu samráði við viðkomandi þingmenn og stjórnarandstöðu. Ekkert af því var gert hér. Það er ekki fyrr en sá sem hér stendur fer fram á það undir kvöld í gærkvöldi að málið verði tekið fyrir og kynnt í efh.- og viðskn. að einhver hreyfing kemur á það mál. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. viðskrh. hvort það hafi ekki hvarflað að ráðherranum eða ríkisstjórn í gær að það hefðu verið eðlileg vinnubrögð og hvort það hefðu ekki verið eðlilegri vinnubrögð að vinna að þessu á slíkan hátt. Ef hæstv. ríkisstjórn meinti eitthvað með því að þetta hefði átt að gerast í samvinnu og á þann hátt að það skaðaði bankakerfið sem minnst þá hefði verið hægur vandinn að geyma málið og vinna þetta yfir helgi. En væntanlega hefur hæstv. ríkisstjórn ekki haft hugmyndaflug til slíkra hluta.

Virðulegur forseti. Ég vil að lokum ítreka það sem ég sagði í dag að við eigum að einskorða málið og umfjöllun þess við Landsbankann og þann vanda sem menn telja að þar þurfi að leysa. Þess vegna ítreka ég það sem ég sagði fyrr í ræðu minni að því væri eðlilegt að ekki yrðu veittar aðrar heimildir til Tryggingarsjóðs viðskiptabanka en það sem þarf vegna Íslands ... fyrirgefið, manni er orðið þetta nafn svo tamt eftir allar umræður undanfarið, sérstaklega hjá hæstv. fjmrh., heldur en það sem er nauðsynlegt vegna Landsbankans. Um það er ég viss um að gæti náðst samstaða. Ég ítreka einnig að 6. gr. er algjörlega óþörf og úr takt við allar stjórnunarvenjur, hvort sem um er að ræða ríkisstofnanir eða aðrar og ég mundi leggja einnig áherslu á að sú grein yrði á brott.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Í þessum löngu umræðum finnst mér það athyglisvert að í máli hv. þingmanna Framsfl. og Kvennalista, sem hér hafa talað, hefur komið fram eindreginn skilningur á og því reyndar fagnað að fram skuli komin ákveðin tillaga um lausn á eiginfjárvanda Landsbankans. Ég vil þakka fyrir þann stuðning og skilning sem þarna hefur komið fram.

Því miður hefur mér virst að afstaða þingmanna Alþb., sem hér hafa talað, hafi verið miklu óskýrari. Í þessu máli hafa þeir slegið úr og í, talað þannig að kannski þyrfti ekkert að gera, þessar BIS-reglur væru líklega ekki réttar og út af fyrir sig þyrfti enga peninga í málið. Mér þykir þetta leitt.

Um hinn málsþáttinn, þann sem snýr að tryggingarsjóðum innlánsstofnana, Tryggingarsjóði viðskiptabanka og Tryggingarsjóði sparisjóða eru skoðanir skiptar. Tillagan sem gerð er í frv. um eflingu þessara sjóða er að sjálfsögðu um almennan viðbúnað til að auka traust á bankakerfinu ef á það skyldi reyna. Þetta er alls ekki tillaga eins og hv. 8. þm. Reykn., Ólafur Ragnar Grímsson, þrástagast á um það sem hann kallar ríkisstyrk til Íslandsbanka, enda hefur Íslandsbanki ekki þörf fyrir slíkan styrk eins og fram hefur komið í umræðunum. Þetta er hins vegar tillaga um það að

hafa fyrirhyggju og almennan viðbúnað á óvissutímum sem er trygging fyrir allt bankakerfið. Enda þótt á þessum langa fundi hafi að mínu áliti of stór hluti farið í umræðurnar um atburðarás og tímasetningu funda á einu dægri, síðdeginu í gær, þá ættum við ekki að gleyma því að þetta mál er ekkert dægurmál, ekki eins dægurs og ekki nokkurra dægra, heldur er þetta mikilvægt hagsmunamál fyrir alla alþýðu í landinu. Þetta er spurning um traust á bankakerfi okkar, og um atvinnuöryggi í landinu. Þess vegna er mjög mikilvægt að Alþingi taki röggsamlega á því, vandlega og yfirvegað. Ég veit af reynslunni að hv. efh.- og viðskn. mun taka þannig á málinu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 40 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 7.26 síðdegis.

---

132. FUNDUR

fimmtudaginn 18. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til félagsmálaráðherra:

1. Heimili fyrir börn og ungmenni, fsp., 419. mál, þskj. 715.
2. Leiðbeiningar og ráðgjöf við barnaverndarnefndir, fsp., 385. mál, þskj. 679.
3. Börn í áhættuhópum, fsp., 386. mál, þskj. 680.
4. Unglingaheimili, fsp., 387. mál, þskj. 681.
5. Samvinna barnaverndaryfirvalda og annarra stofnana, fsp., 424. mál, þskj. 720.
6. Tilsjónarmenn og stuðningsfjölskyldur, fsp., 426. mál, þskj. 724.
7. Ráðstafanir vegna afnáms aðstöðugjalds, fsp., 423. mál, þskj. 719.
8. Endurskoðun laga um vinnumiðlun, fsp., 425. mál, þskj. 723.

Til fjármálaráðherra:

9. Ferða- og risnukostnaður, fsp., 395. mál, þskj. 689.
10. Fasteignamat ríkisins, fsp., 414. mál, þskj. 708.

Til dómsmálaráðherra:

11. Lögregluskóli ríkisins, fsp., 411. mál, þskj. 705.

Til umhverfisráðherra:

12. Ráðstafanir til orkusparnaðar, fsp., 416. mál, þskj. 711.

Heimili fyrir börn og ungmenni, ein umr.

Fsp. ISG, 419. mál. — Þskj. 715.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Eins og flestir vita væntanlega, er vistun barna í sveit um lengri eða skemmri tíma orðin nokkuð algengt úrræði, bæði fyrir barnaverndaryfirvöld og eins fyrir almenna foreldra. Þarna er fyrst og fremst um að ræða sumardvöl í sveit sem er þá almennt notuð bæði af foreldrum og barnaverndaryfirvöldum til þess að koma borgarbörnum, ef svo má segja, af götunni þegar skóla lýkur og fá úrræði bjóðast hér í bænum. Þarna getur bæði sem sagt verið um að ræða að foreldrar kjósi að senda börn sín í sumardvöl um lengri eða skemmri tíma og eins er þetta notað sem barnaverndarúrræði, stundum sem fyrirbyggjandi barnaverndarúrræði, stundum líka vegna þess að börn sem eiga í vandræðum eiga hreinlega betra athvarf í sveit heldur en annars staðar. Ef um er að ræða dvöl í meira en sex mánuði, þá er hún orðin nokkurs konar fóstur og þá á að gera samkvæmt gildandi barnaverndarlögum fóstursamning eins og segir í 31. gr. þeirra laga. En þetta á ekki við ef um sumardvöl er að ræða, þá er ekki gerður neinn sérstakur fóstursamningur. Þess má geta að bara frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar fóru á síðasta sumri 176 börn til sumardvalar í sveit. Þetta er ekki svo lítill fjöldi og við skulum gera okkur grein fyrir því að sveitarfélögin hér í kring, Kópavogur, Hafnarfjörður og fleiri þéttbýlissveitarfélög, nota þetta úrræði líka.

Í sveitum eru starfandi Landssamtök vistforeldra í sveit sem starfa í tengslum við Stéttarsamband bænda og er afskaplega mikilvægur félagsskapur sem leggur metnað sinn í að búa sem best að þessum börnum og lítur á umönnun dvalarbarna sem sérstakt starf, ekki bara sem aukagetu.

Ég veit að mörgum sem starfa að þessum málum, þ.e. þessum vistforeldrum, finnst að það gæti ákveðinna fordóma í þeirra garð hjá mörgu borgarfólki, að það sé svona hálft í hvorku litið á þetta sem eitthvert gustukavert bændakvenna, sem séu að reyna að koma einhverjum umframkvóta í mjólk eða kjöti í lóg og þær noti þetta sem einhvers konar gróðaveg. Það er hins vegar mjög rangt að líta þannig á málin. Það er auðvitað fyllilega eðlilegt að bændakonur vilji fá laun fyrir sína vinnu og greiddan útlagðan kostnað vegna annarra rétt eins og annað fólk. Og þær eiga auðvitað ekki að þurfa að verja það þó að þær verðleggi sína vinnu.

Ég veit vegna starfa minna í félagsmálaráði Reykjavíkurborgar að samskipti hafa oft verið mjög stirð milli þessa félagsskapar og barnaverndaryfirvalda og ég held að það gæti breyst ef fastara form væri á þessum samskiptum. Þess vegna vil ég nú spyrja hæstv. félmrh. hvað líði útgáfu reglna og leiðbeininga um heimili eins og þessi og með hvaða hætti félmrh. hyggist tryggja gagnkvæm réttindi og skyldur í samskiptum barnaverndaryfirvalda og þeirra heimila sem rekin eru af öðrum aðilum, svo sem vistforeldrum í sveit.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Varðandi fyrsta lið í fsp. hv. þm. vil ég upplýsa að í janúarmánuði sl. staðfesti ég á grundvelli 51. gr. laga um vernd barna og ungmenna endurskoðaða reglugerð um Unglingaheimili ríkisins. Þá hef ég skipað nefnd til að semja allar þær reglugerðir sem setja á með hinum nýju lögum um vernd barna og ungmenna, þar með taldar reglur um sumardvalarheimili barna og sumarbúðir sem settar verða samkvæmt 51. gr. barnaverndarlaga.

Núgildandi reglur um sumardvalarheimili og sumarbúðir barna voru settar árið 1986 af menntmrh. sem þá fór með málefni barna og ungmenna. Endurskoðun þeirra reglna er raunar hafin og má búast við að ný reglugerð taki gildi í næsta mánuði.

Varðandi aðrar reglugerðir sem settar hafa verið og lúta að þeim atriðum er 52. gr. laganna kveður á um má nefna reglur vegna vistheimilisins að Árbót og heimili Barnaheilla fyrir vegalaus börn. Vistheimilið að Árbót er nú rekið undir hatti Unglingaheimilis ríkisins með líkum hætti og meðferðarheimilið að Torfastöðum í Biskupstungum. Ekki hefur verið sett sérstök reglugerð um starfsemi meðferðarheimilisins að Torfastöðum og ekki er kveðið sérstaklega á um þá starfsemi í reglugerð um Unglingaheimili ríkisins. Hins vegar var gerður sérstakur samningur við rekstraraðila meðferðarheimilisins og hefur hann að geyma ákvæði er lúta m.a. að atriðum sem 52. gr. barnaverndarlaga kveður á um. Sá samningur er hins vegar orðinn gamall og þarfnast endurnýjunar. Um vistheimilið að Árbót er það að segja að þar eru í gildi ný lög og rekstrarsamningur sem félmrn. átti þátt í að gera sl. haust, enda þótt málaflokkurinn væri þá ekki enn kominn í umsjá ráðuneytisins, og kveður hann á um sömu atriði og mælt er fyrir um í 52. gr. barnaverndarlaga. Unnið hefur verið að undirbúningi að starfsemi heimilisins fyrir vegalaus börn í samvinnu við Barnaheill. Í þeirri undirbúningsvinnu hefur verið gert ráð fyrir sérstökum rekstrarsamningi sem kveður á um stjórn, starfsfólk og aðbúnað líkt og þeim sem gilda um Torfastaði og Árbót. Hvort sérstakar reglugerðir verða settar um þessi þrjú vistheimili skal ég ekki segja um á þessu stigi. Eðlilegra kann að vera að kveðið sé á um þau atriði sem um ræðir í starfs- og rekstrarsamningum, svo sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

Varðandi lið 2 í fsp. hv. þm. er því til að svara að nokkurs misskilnings gætir í fsp. þar sem starfsemi á vegum vistforeldra barna í sveitum getur ekki fallið undir 51. gr. barnaverndarlaganna. Sú grein laganna fjallar um stofnanir, svo sem ráða má af heiti þessa kafla laganna. Starfsemi vistforeldra barna í sveitum eða annarra þeirra einkaaðila sem taka börn til vistunar í lengri eða skemmri tíma fyrir barnaverndarnefndir fellur undir kafla laganna um fósturráðstafanir.

Sú nefnd sem ég hef skipað til að semja reglugerðir með lögunum mun kanna sérstaklega það atriði sem spurt er um, en þá í tengslum við reglugerð sem sett yrði samkvæmt 39. gr. laganna. Á þessu stigi treysti ég mér ekki til að fullyrða um hvort lögin heimili sérstök ákvæði í reglugerð um gagnkvæm réttindi og skyldur í samskiptum barnaverndaryfirvalda og þeirra heimila sem rekin eru af öðrum aðilum, svo sem vistforeldrum í sveitum, svo að vitnað sé orðrétt í fsp. Mér hefur borist erindi um þetta atriði frá Landssamtökum vistforeldra í sveitum og mun ég óska eftir því að nefndin sem semur reglugerðirnar kanni það mál sérstaklega.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka ráðherra fyrir skýr svör við fyrri lið þessarar fsp. Þar kom mjög skýrt fram að í undirbúningi eru reglugerðir varðandi ýmis þessara heimila eða rekstrarsamningar eins og í tilvikinu með Barnaheill, Árbót og Torfastaði. Ég tel að í einstöku tilvikum eins og þar voru talin upp geti rekstrarsamningur komið í staðinn fyrir reglugerð.

Ég get hins vegar ekki sætt mig við það svar við 2. lið þessrar fsp. að hún sé byggð á misskilningi og þetta falli ekki undir 51. gr. laganna heldur falli þetta undir 31. gr. sem kveður á um fóstursamninga eða fóstur, vegna þess að ég hef litið svo á að VI. kafli laganna um ráðstöfun barna í fóstur eigi fyrst og fremst við þegar um lengri tíma er að ræða. Ég veit að barnaverndaryfirvöld í Reykjavíkurborg túlka það sem svo að það verði að vera um 6 mánaða vistun eða lengri að ræða.

Nú vitum við að sumardvöl í sveit er notuð mjög mikið fyrir börn til skemmri tíma og þá erum við að tala um minna en 6 mánuði, jafnvel bara þrjá mánuði. Það skiptir auðvitað máli hvernig að þessum börnum er búið vegna þess að þetta er ekki svo lítill fjöldi eins og ég nefndi hér áðan því að bara á vegum barnaverndaryfirvalda í Reykjavík fara 176 börn til sumardvalar í sveit fyrir utan börn af öðrum þéttbýlisstöðum og fyrir utan börn sem foreldrar hafa milligöngu um að senda sjálfir. Stundum er engin ástæða til þess að skipta sér af því eða gera neinar kröfur um reglur þegar foreldrar koma börnum sínum sjálfir í sumardvöl, enda er það oft hjá ættingjum, vinum eða kunningjum. En ef vistforeldrar í sveit eru farnir að auglýsa sína starfsemi, þá er auðvitað eðlilegt að gera kröfu um að þeir uppfylli ákveðin skilyrði og ákveðnar reglur. Ég vil minna á í þessu sambandi að ég veit ekki betur en það hafi verið settar reglur um dagmæður sem er kannski svipaðs eðlis að mörgu leyti. Þess vegna finnst mér að þetta svar ráðherra byggi að vissu leyti á misskilningi.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma fram vegna síðustu orða hv. þm. að það er fullur vilji fyrir því í félmrn. að taka á þessu máli. Ég get tekið undir það með hv. þm. að það er mikilvægt að koma skipulagi og festu á þessi mál. Þetta mál varðandi vistforeldra barna í sveitum var skoðað sérstaklega þegar málið var til meðferðar í þinginu og þetta hefur verið skoðað í ráðuneytinu og er verið að skoða í þeirri nefnd sem á að fjalla um þessi mál. Ef niðurstaðan verður sú að ekki er hægt að taka á þessum málum og koma skipulagi á þau á grundvelli þessara laga, þá þarf auðvitað úr að

bæta. En ég vil ítreka að það er fullur vilji til að taka á þessu máli í ráðuneytinu því ég er sammála ræðumanni um að þetta er mjög brýnt úrræði að hafa til staðar sem er vistforeldrar fyrir börn í sveitum.

Leiðbeiningar og ráðgjöf við barnaverndarnefndir, ein umr.

Fsp. AÓB, 385. mál. — Þskj. 679.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Fá lög varða jafnviðkvæm mál og lög um vernd barna og ungmenna. Misvönduð umfjöllun um barnaverndarmál í fjölmiðlum og manna á meðal vitnar um hve viðkvæma strengi slík lög snerta og þá ekki síður framkvæmd þeirra en lagabókstafurinn sjálfur. Það fólk sem starfar að barnaverndarmálum þarf að vinna eftir skýrum og sanngjörnum reglum og með setningu nýrra barnaverndarlaga á sl. ári voru gerðar margvíslegar breytingar sem að margra mati voru til bóta. M.a. færðist málaflokkurinn milli ráðuneyta og í framhaldi af því væntu ýmsir að hægt væri að gera ákveðið átak til að sinna þessum málefnum sérstaklega.

Í framhaldi af lagasetningunni er gert ráð fyrir að settar séu reglugerðir um nánari framkvæmd einstakra lagagreina og einnig að fram fari ítarleg kynning fyrir starfsfólk barnaverndarnefnda og fleiri sem koma að barnaverndarmálum. Ég er hér í dag með nokkrar fyrirspurnir er varða þessi mál og sú fyrsta sem ég ber upp varðar 3. gr. laganna og þá sérstaklega þau ákvæði greinarinnar sem ég ætla, með leyfi forseta, að fá að lesa hér upp, en það er í 2. mgr. laganna:

„Ráðuneytið skal hafa frumkvæði að þróunarstarfi og rannsóknum á sviði barnaverndarmála. Það skal enn fremur veita barnaverndarnefndum leiðbeiningar og ráðgjöf varðandi fjölskylduvernd og úrlausn barnaverndarmála.“ Í lokasetningu þessarar greinar segir: „Það [þ.e. ráðuneytið] annast fræðslustarfsemi fyrir þá sem starfa að barnaverndarmálum, m.a. með útgáfustarfsemi og námskeiðum.“

Í framhaldi af þessu finnst mér rétt að minna á að er ný barnaverndarlög tóku gildi í Noregi var ákveðið að gera þar þriggja ára átak í barnaverndarmálum og því var fylgt eftir með myndarlegum fjárframlögum og ítarlegri kynningarstarfsemi. Þetta þykir nú til fyrirmyndar. En mín spurning varðar ekki annað en það hvernig að þessum málum er staðið hér og nú og því ber ég eftirfarandi fsp. upp til hæstv. félmrh.:

„Hvernig hefur félmrn. staðið að kynningu, leiðbeiningum og ráðgjöf við barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra, sbr. 3. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992?“

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er tóku ný lög um vernd barna og ungmenna gildi um síðustu áramót og því er ekki langur tími liðinn síðan yfirstjórn þessa málaflokks fluttist frá menntmrn. til félmrn. Í tilefni fsp. hv. þm. vil ég varpa ljósi á helstu viðfangsefni ráðuneytisins í barnaverndarmálum frá því að málaflokkurinn færðist á mitt ábyrgðarsvið.

Rétt er að taka það fram að félmrn. hófst þegar handa á liðnu ári við undirbúning þess að takast á við þennan málaflokk. Helstu viðfangsefni voru þrjú: Samstarf við Barnaheill vegna reksturs heimilis fyrir vegalaus börn, undirbúningur að rekstri vistheimilis að Árbót og afnám daggjalda sveitarfélaganna vegna vistunar unglinga á deildum Unglingaheimilis ríkisins.

Tveimur síðarnefndu þáttunum er lokið en enn er unnið að undirbúningi heimilis fyrir vegalaus börn í samvinnu við samtökin Barnaheill. Frá áramótum hefur einkum verið unnið að eftirtöldum verkefnum: Skipun barnaverndarráðs Íslands samkvæmt nýjum lögum. Sett var ný reglugerð fyrir Unglingaheimili ríkisins og skipuð ný stjórn þess. Unnið hefur verið að undirbúningi þess að setja á stofn lokaða deild fyrir síbrotaunglinga, en ríkisstjórnin hefur ákveðið að verja til þess 20 millj. kr. á þessu ári.

Varðandi það atriði sem fyrirspyrjandi spyr um, þ.e. leiðbeiningar og ráðgjöf við barnaverndarnefndir vil ég upplýsa eftirfarandi:

Félmrn. hefur staðið fyrir námskeiðum víða um landið fyrir félagsmálanefndir og barnaverndarnefndir um framkvæmd laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Á þessum námskeiðum hafa hin nýju barnaverndarlög verið kynnt í aðalatriðum, einkum þau ákvæði er lúta að breyttri stjórn og skipulagi, svo og stækkun barnaverndarumdæma. Námskeiðin hafa verið haldin á Patreksfirði, Ísafirði, Höfn í Hornafirði, Egilsstöðum, Blönduósi, Sauðárkróki, Borgarnesi og Stykkishólmi. Framhald verður á þessum námskeiðum á þessu ári.

Í janúarmánuði var sent til allra sveitarfélaga sérstakt umburðarbréf þar sem vakin var athygli á ákvæðum 6. gr. barnaverndarlaganna varðandi stækkun barnaverndarumdæma og ákvæðum um kosningar í barnaverndarnefndir. Frá áramótum hefur félmrn. sinnt ráðgjöf við barnaverndarnefndir varðandi meðferð einstakra barnaverndarmála eftir því sem eftir hefur verið leitað og í samræmi við ákvæði hinna nýju laga. Ýmis áform eru uppi af hálfu ráðuneytisins um frekara starf á þessu sviði. T.d. verða haldin sérstök námskeið um meðferð barnaverndarmála fyrir fulltrúa í barnaverndarnefndum og starfsfólk þeirra. Jafnframt er stefnt að útgáfu handbókar í barnaverndarmálum. Þegar reglugerðir með lögunum verða tilbúnar verða þær að sjálfsögðu kynntar sérstaklega. Þá gerir ráðuneytið ráð fyrir því að aðstoða sveitarfélögin í að sameinast um kosningu barnaverndarnefnda og stækkun barnaverndarumdæma í samræmi við 6. gr. laganna þannig að grundvöllur skapist fyrir því að þær hafi aðgang að fagfólki til að sinna þessum málum en það er undirstaða þess að unnið sé að framkvæmd hinna nýju laga og er því forgangsmál.

Ég vænti þess að ég hafi svarað því sem um er spurt í þessari fsp.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir skýr og greinargóð svör. Því miður get ég ekki fagnað innihaldi svarsins á sama hátt og umbúnaði. Ég tel að það sé rétt að hafa það í huga að þegar er byrjað að starfa eftir þessum lögum og ég held að það sé óhjákvæmilegt að gera betur en bara að kynna þessa lagasetningu á námskeiðum um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem hér er bæði um viðamikinn, viðkvæman og erfiðan málaflokk að ræða. Það kom að vísu fram í svari hæstv. ráðherra að það stæði til að gera betur, en ég heyrði ekki tímasetningu á því og mér er kunnugt um það að mörgum er starfa að barnaverndarmálum þykir mjög brýnt að úr þessu verði bætt og það hið snarasta og það hefði í raun þurft að gerast áður en lögin tóku gildi. Það held ég að engum geti blandast hugur um.

Eftir því sem ég kemst næst voru þessi lög kynnt á einu námskeiði í Reykjavík í haust en opinberir aðilar munu ekki hafa staðið að því eftir því sem ég best veit. Því hlýt ég að bæta við spurninguna: Hvenær stendur til, ef það er rétt að það standi til, að bæta úr og hafa betri kynningu á þessu? Ég held að það sé mjög aðkallandi.

Að lokum vil ég geta þess að ég tek heils hugar undir að það er þörf á því að stækka og sameina barnaverndarumdæmi. En til þess að svo verði þarf einnig leiðbeiningar og ráðgjöf.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ástæða til þess að ítreka að það eru ekki nema liðlega tveir mánuðir síðan félmrn. tók við þessum málaflokki og ég tel að það sé að fullu verið að vinna að því að framkvæma þessi lög eins og best verður á kosið. Það að þetta sé kynnt á fundum um leið og lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga tel ég að sé hagkvæmt vegna þess að að mörgu leyti tengjast þessi lög og því hlýtur að vera hagkvæmt að nota tækifærið þegar verið er að kynna fyrri lögin að kynna barnaverndarlögin í leiðinni.

Ég nefndi hér útgáfu sérstakrar handbókar um barnaverndarmál. Ég held að það sé mikilvægt að við fáum aðeins reynslu af þessum lögum og að tilbúnar verði þær mörgu reglugerðir sem á að setja um lögin áður en af útgáfu slíkrar handbókar verður. En ég get fullvissað hv. þm. um að það er unnið af fullum krafti að þessum málum í ráðuneytinu, m.a. að kynna þessi lög og halda sérstök námskeið um meðferð barnaverndarmála fyrir fulltrúa í barnaverndarnefndum og verður því haldið áfram eins og kostur er.

Börn í áhættuhópum, ein umr.

Fsp. AÓB, 386. mál. — Þskj. 680.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Svo sem fram kom í máli mínu hér áðan um fyrstu fsp. er ég flutti um þessi mál, þá er hér um röð fyrirspurna að ræða varðandi framkvæmd barnaverndarmála og önnur fsp. er ég ber fram í dag varðar börn í áhættuhópum. Fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvað líður setningu reglugerðar um fyrirkomulag skráningar barna í áhættuhópum og meðferð upplýsinga, sbr. 20. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, og kynningu á efni laganna fyrir barnaverndarnefndum og starfsmönnum þeirra?"

Þarna er raunar ekki síst átt við þessa grein en 20. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Barnaverndarnefnd skal halda sérstaka skrá um þau börn og ungmenni í umdæmi sínu sem hún telur að sé hætta búin skv. 1. mgr. 18. gr. og 1. mgr. 19. gr. í þeim tilgangi að tryggja yfirsýn og samfellda málsmeðferð í slíkum málum. Nú breytast aðstæður þannig að mati nefndar að barn telst ekki lengur í áhættuhópi og skal nafn þess þá ekki standa lengur í skránni. Foreldrum skal jafnan gerð grein fyrir að barn þeirra sé á skrá, sbr. 3. mgr. 43. gr., nema það komi í bága við hagsmuni barnsins að mati nefndarinnar. Ráðuneytið setur reglugerð um fyrirkomulag skráningar og meðferð upplýsinga í samræmi við lagaákvæði þetta og lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989."

Það þarf ekki að fjölyrða um það hversu viðkvæmt og stórt mál það er að lenda á slíkri skrá og jafnframt að það séu til skýrar reglur um hvernig slík skrá sé notuð börnunum í hag og einnig að það sé ekki hætta á því að slíkar upplýsingar berist víða, en jafnframt að fylgt sé ákvæðum þessarar lagagreinar á þann hátt að tryggð sé þessi yfirsýn og samfellda málsmeðferð sem brýnt er í þessum málum en það er jú markmið lagagreinarinnar. Ég held því að það sé nauðsynlegt bæði fyrir þá sem hér stendur og aðra að vita hvernig ráðuneytið hyggst standa að þessum málum og því ber ég eftirfarandi fsp. fram.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Eins og þegar hefur komið fram í svörum mínum við fsp. hv. þm. á þskj. 679 tóku lög um vernd barna og ungmenna gildi 1. jan. 1993. Frá þeim tíma hefur verið unnið jafnt og þétt að því að fylgja þeim úr hlaði af hálfu ráðuneytisins í þeirri forgangsröð sem talin hefur verið eðlilegust.

Varðandi samningu þeirrar reglugerðar sem hér er spurt um vil ég geta þess að ég hef nýlega skipað nefnd til að semja allar þær reglugerðir sem setja á með hinum nýju lögum. Nefndin er þannig skipuð: Þórhildur Líndal lögfræðingur, formaður, Guðjón Bjarnason, fyrrv. framkvæmdastjóri Barnaverndarráðs Íslands, Anni Haugen, yfirmaður fjölskyldudeildar Félagsmálastofnunar Reykjavíkur, Sólveig Reynisdóttir félagsmálastjóri, Akranesi, og Benedikt Bogason, formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Svo vitnað sé í skipunarbréf nefndarinnar, þá er um eftirtaldar reglugerðir að ræða:

1. Reglugerð um starfshætti barnaverndarráðs.

2. Reglugerð um samvinnu barnaverndaryfirvalda við aðrar stofnanir. Við samningu þessarar reglugerð-

ar skal hafa samráð við heilbrrn., menntmrn. og dómsmrn.

3. Reglugerð um fyrirkomulag skráningar barna í áhættuhópum og meðferð upplýsingar samkvæmt ákvæðum 20. gr. laganna.

4. Reglugerð um að útvega barni eða fjölskyldu tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu.

5. Reglugerð skv. 39. gr. laganna um framkvæmd laganna varðandi fóstur og jafnframt skal nefndin láta útbúa sérstök eyðublöð fyrir fóstursamninga.

6. Reglugerð skv. 52. gr. laganna að því er varðar sumarbúðir og sumardvalarheimili.

Svo sem fram kemur í skipunarbréfi nefndarinnar er gert ráð fyrir að haft sé samráð við dómsmrn. við samningu þeirrar reglugerðar sem spurt er um. Hér er um mjög mikilvæga reglugerð að ræða þar sem með öruggri skráningu barna í áhættuhópi öðlast barnaverndarnefndir nauðsynlega yfirsýn. Slík yfirsýn er forsenda þess að unnt sé að sinna skipulögðum forvörnum auk þess sem hún gefur kost á markvissari ákvörðunum og eykur líkur á samfelldri málsmeðferð í málefnum einstakra barna.

Um kynningu á efni laganna fyrir barnaverndarnefndum og starfsmönnum þeirra svo sem fram hefur komið í svari mínu við fsp. hv. þm. á þskj. 679 hefur ráðuneytið staðið fyrir námskeiðum um framkvæmd laga um félagsþjónustu sveitarfélaga víða um land þar sem meginatriði nýju barnaverndarlaganna hafa verið kynnt.

Eins og kunnugt er fara félagsmálanefndir í kaupstöðum yfirleitt jafnframt með hlutverk barnaverndarnefnda. Jafnframt hefur ráðuneytið ritað öllum sveitarstjórnum umburðarbréf þar sem breytt skipan barnaverndarmála hefur verið kynnt. Áform eru uppi um frekari kynningu og vil ég vísa til svara minna við fsp. á þskj. 679 í þeim efnum.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör sem voru skýr að vanda og fagna því að sett hefur verið á laggirnar nefnd með þessu starfssviði sem hún taldi upp. Ég harma það hins vegar að það skuli ekki hafa gerst fyrr. Út af fyrir sig er það gefið hér sem skýring að lögin hafi nýverið tekið gildi, en þó að þau hafi ekki verið samþykkt á Alþingi fyrr en sl. vor, þá hefur engu að síður verið þarna umþóttunartími sem ég tel að hefði verið nauðsynlegt að nýta, en það þýðir ekki að sýta það núna heldur hugsa um hvernig framhaldið verði. Því hlýt ég að spyrja í framhaldi hvort einhver tímaáætlun sé varðandi störf þessarar nefndar. Mér er fullljóst að það þarf að vanda vel til þessa verks, en þrátt fyrir það held ég að það sé óhjákvæmilegt að það gerist einnig eins hratt og unnt er. Því miður munu vera brögð að því að t.d. ákvæði þessarar greinar laganna um skráningu og meðferð upplýsinga um börn í áhættuhópi eru ekki kunn barnaverndarstarfsmönnum og er það að sjálfsögðu miður. Hér er eitthvað ekki eins og það á að vera og því nauðsynlegt að bæta þar um.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt voru ýmis nýmæli sett í lögunum um vernd barna og ungmenna og ég held að það sé ástæða til þess að hlaupa ekki strax til við setningu reglugerðar heldur að fá reynslu af lögunum áður en hlaupið er til og strax á fyrsta degi sem lögin eru samþykkt sé sett reglugerð. Ég minni enn á að það eru nú ekki nema tveir mánuðir síðan þessi lög tóku gildi.

Varðandi það hvenær verði lokið við samningu þessarar reglugerðar er erfitt að segja um. Þær verða gefnar út jafnóðum og þær verða tilbúnar, en ég mundi áætla að innan hálfs árs verði búið að setja allar þær reglugerðir, sex talsins, sem ég taldi upp hér áðan.

Unglingaheimili, ein umr.

Fsp. AÓB, 387. mál. — Þskj. 681.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Enn held ég áfram að spyrja um barnaverndarmálefni og framkvæmd hinna nýju laga um vernd barna og ungmenna og þá er röðin komin að unglingaheimilunum, en sú fsp. sem ég ber fram er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Hvaða unglingaheimili og meðferðarheimili eru rekin hér á landi fyrir börn sem eiga við hegðunarerfiðleika að stríða, sbr. 51. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992? Hvar á landinu eru þau? Er fyrirhugað að fjölga slíkum heimilum og dreifa þeim víðar um landið?"

Svo sem fram kemur í þessari fsp. er ég einkum að leita eftir upplýsingum um það hvort fyrirhugað sé að koma slíku unglingaheimili á laggirnar, t.d. norðan lands, og þá má alveg hugsa sér að það starfi innan Unglingaheimilis ríkisins. Það er talið mjög mikilvægt ef til þess kemur að unglingur vistast á unglingaheimili að ekki séu miklar fjarlægðir frá heimili vegna þess að hluti þess starfs sem fer fram í slíkri meðferð er að byggja upp betri tengsl við fjölskyldu unglings sem þar er. Og þótt slíkt sé því miður ekki unnt í öllu tilvikum, þá er mjög mikilvægt að hafa möguleika til þess og eftir því sem fjarlægðir verða meiri, þeim mun erfiðara er að framkvæma þetta. Ég held að það dyljist ekki að í þessari fsp. er sérstaklega verið að leita eftir þessu en jafnframt að fá upplýsingar um það hvaða heimili eru starfandi og hvernig þessari 51. gr. laga er framfylgt yfir höfuð.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Árið 1972 var sett á laggirnar Unglingaheimili ríkisins en innan vébanda þess eru nú starfræktar fjórar deildir auk opinnar unglingaráðgjafar, göngudeildar að Síðumúla 13 í Reykjavík. Þær fjórar deildir sem um er að ræða eru unglinga- eða meðferðarheimili í þeim skilningi sem fsp. ber með sér. Þessar deildir eru eftirfarandi:

1. Móttökudeild sem rekin er að Efstasundi 86 í

Reykjavík. Móttökudeildin er í reynd tvískipt. Annars vegar er um að ræða rannsóknarvistun en þar eru fjögur rými fyrir unglinga á aldrinum 13–15 ára. Hins vegar er svonefnd bráðavistun en þar eru tvö rými fyrir unglinga á sama aldri. Bráðavistunin er ætluð til að vista unglinga gegn vilja sínum í stuttan tíma, oftast 1–2 sólarhringa á meðan lögregla rannsakar mál þeirra eða barnaverndarnefndir finna varanlega lausnir í málum þeirra.

2. Meðferðarheimili að Sólheimum 7 í Reykjavík. Á þessu meðferðarheimili er langtímameðferð og þar er að finna rými fyrir sjö unglinga á aldrinum 13–15 ára.

3. Unglingasambýli að Sólheimum 17 í Reykjavík. Hér er um að ræða svonefnt fjölskylduheimili. Fjölskylda býr á staðnum og eru hjónin leiðandi í meðferðarstarfinu. Um fimm rými er að ræða, en hér er um framhaldsmeðferð að ræða fyrir unglinga sem hafa verið í meðferð á öðrum deildum en eiga ekki afturkvæmt heim.

4. Tindar. Meðferðarheimili fyrir unga vímuefnaneytendur að Kjalarnesi. Um er að ræða meðferðarheimili fyrir unglinga 13–18 ára. Þeir sem ljúka þar meðferð eiga kost á eftirmeðferð að Síðumúla 13. Tindar eru ætlaðir fyrir 12 unglinga.

Auk ofangreindra deilda Unglingaheimilis ríkisins eru tvö meðferðarheimili rekin með faglegri umsjón þess, þ.e. meðferðarheimilið á Torfastöðum og vistheimilið að Árbót í Aðaldal. Á vegum Reykjavíkurborgar eru rekin nokkur heimili fyrir börn og unglinga en önnur sveitarfélög reka ekki slíkar stofnanir. Það er vistheimili barna að Hraunbergi 15 í Reykjavík, vistheimili barna að Mánagötu 25, fjölskylduheimilið Ásvallagötu 14 og unglingasambýli að Búðagerði 8.

Samkvæmt þessu yfirliti eru stofnanir fyrir börn og unglinga í landinu öllu nú 10 talsins og er þá neyðarathvarf Rauða krossins ekki talið með þar sem það getur ekki talist til unglingaheimilis, enda þótt unglingum bjóðist þar gisting.

Í fsp. er spurt hvort til standi að fjölga slíkum heimilum og dreifa þeim víðar um landið. Í undirbúningi er nú rekstur tveggja slíkra meðferðarheimila. Annars vegar er um að ræða heimili fyrir vegalaus börn sem samtökin Barnaheill söfnuðu fé til á sl. ári. Hins vegar er um að ræða svonefndar lokaðar meðferðardeildir við Unglingaheimili ríkisins. Ljóst er að meðferðarheimili Barnaheilla verður valinn staður úti á landsbyggðinni en á fjárlögum hefur verið veitt til þess 17,3 millj. kr. til reksturs á þessu ári. Unnið hefur verið að undirbúningi þess heimilis í allan vetur en því miður slitnaði upp úr samningaviðræðum við sérfræðinga sem höfðu lýst áhuga á að taka að sér rekstur þessa heimilis. Verður því enn töf á því að starfsemi þess geti hafist en ákveðið er þó að væntanlegt heimili taki til starfa ekki seinna en næsta sumar.

Eins og komið hefur fram er í undirbúningi að reka lokaða meðferðardeild fyrir unglinga sem nauðsynlegt er að veita hjálp, en ríkisstjórnin hefur veitt 20 millj. kr. til reksturs þessarar deildar í tilraunaskyni út þetta ár. Með þeirri ákvörðun var verið að bregðast við bráðaástandi svo sem flestum er kunnugt um. Stjórn Unglingaheimilis ríkisins hefur verið falinn undirbúningur málsins og er gert ráð fyrir að starfsemin verði úti á landi.

Ljóst er að þörf er á fleiri meðferðarheimilum en nú eru rekin og áformað er að reka á næstunni. Einkum er þörf fyrir skammtímameðferðarheimili fyrir barnaverndarnefndir utan Reykjavíkur sem ekki hafa aðgang að neinni skammtímavistun þegar um bráðatilvik er að ræða. Skapar þetta oft mjög mikinn vanda í barnaverndarstarfi. Úr þessu þarf að bæta og gera áætlanir um rekstur fleiri úrræða en hér hefur verið gerð grein fyrir.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og ítreka það að ég tel að sú starfsemi sem hún taldi upp hér sé öll mjög brýn og einnig það sem er í farvatninu núna. Það er leitt að heyra að það skuli hafa orðið töf á uppbyggingu heimilisins sem Barnaheill standa að, en ég fagna því að það er ætlun ríkisstjórnarinnar að bregðast við þeim bráða vanda sem er vegna unglinga sem eru í e.t.v. erfiðasta og vandmeðfarnasta hópnum.

En það sem fyrst og fremst vakir fyrir mér með þessari fsp. er að vekja athygli á því að þessi heimili eru nánast öll á sama stað á landinu og það er brýnt ef byggja á upp meðferð að hún geti farið fram ekki langt frá heimabyggð.

Samvinna barnaverndaryfirvalda og annarra stofnana, ein umr.

Fsp. AÓB, 424. mál. — Þskj. 720.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Þetta er ekki síðasta fsp. sem sú sem hér stendur ber fram um barnaverndarmál í dag heldur sú næstsíðasta. En ég vil þá bera fram þessa fsp. án mikilla málalenginga og hún hljóðar svo:

„Hvað líður setningu reglugerðar um samvinnu barnaverndaryfirvalda við aðrar stofnanir, sbr. 16. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992?"

Til þess að skýra þetta held ég að það sé óhjákvæmilegt að lesa hér einnig upp 16. gr. laga sem vísað er til til þess að ljóst sé nákvæmlega hvers konar samstarf er við að eiga en, með leyfi forseta, stendur þar:

„Öllum þeim, sem stöðu sinnar vegna hafa afskipti af málefnum barna og ungmenna, svo sem starfsfók heilbrigðisþjónustu, skóla, dagvistarheimila barna og löggæslu, er skylt að stuðla að því að barnaverndarstarf komi að sem mestum notum og skulu hafa samvinnu við barnaverndaryfirvöld í því skyni.

Barnaverndaryfirvöld skulu með sama hætti hafa samstarf við þá sem stöðu sinnar vegna hafa þekkingu á málefnum barna og ungmenna.

Skylt er skólum og dagvistarheimilum að hafa náið

samstarf við barnaverndarnefndir varðandi stuðning við börn og fjölskyldur þeirra sem standa höllum fæti félagslega.

Stofnanir á sviði félags- og heilbrigðismála, svo sem áfengismeðferðarstofnanir og geðdeildir, skulu skipuleggja þjónustu sína við foreldra barna þannig að tillit verði tekið til hagsmuna barnanna.

Skylt er lögreglu, dómstólum og fangelsismálayfirvöldum að hafa samvinnu við barnaverndarnefndir og veita þeim aðstoð við úrlausn barnaverndarmála.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um samvinnu barnaverndaryfirvalda við aðrar stofnanir í samráði við þau ráðuneyti sem viðkomandi stofnanir heyra undir."

Ástæðan fyrir því að ég tíunda þetta hér með þessum hætti er sú að hér er um mjög metnaðarfulla grein að ræða og að mínu mati mjög góða, ef í framkvæmd er, en þar mun skipta langmestu máli hvernig til tekst að koma slíku samstarfi á laggirnar. Það er ekki einfalt mál að koma því svo fyrir að lög mæli fyrir um samstarf við skóla og dagvistarheimili svo dæmi séu tekin. Þetta er ekki eitthvað sem kemur af sjálfu sér. Vissulega eru margir sem starfa að uppeldismálum í skólum og dagvistarheimilum sem hafa mjög gott frumkvæði og góðan skilning á þessum málum, en það er alveg ljóst að það þarf að koma á einhvers konar formlegu samstarfi og skipulegu ef vel á að vera og öllum að vera gert jafnt undir höfði.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Fsp. hljóðar svo:

„Hvað líður setningu reglugerðar um samvinnu barnaverndaryfirvalda við aðrar stofnanir, sbr. 16. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992?"

Eins og þegar hefur komið fram í svörum mínum við fsp. hv. þm. á þskj. 680 um setningu reglugerðar um börn í áhættuhópum vil ég einungis ítreka að ég hef nýlega skipað nefnd til að semja allar þær reglugerðir sem setja á með hinum nýju lögum. Sú reglugerð sem hér er spurt um er ein af þeim veigamestu sem settar verða með nýju barnaverndarlögunum. Eins og fram kemur í skipunarbréfi nefndarinnar og ég vísaði til hér áðan í svari mínu við annarri fsp. er gert ráð fyrir að haft verði samráð við heilbrrn., menntmrn. og dómsmrn. um setningu þessarar reglugerðar. Að öðru leyti vísa ég til svara minna við fsp. þingmannsins á þskj. 680.

Tilsjónarmenn og stuðningsfjölskyldur, ein umr.

Fsp. AÓB, 426. mál. — Þskj. 724.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Þá er komið að síðustu fsp. minni er varðar sérstaklega barnaverndarmál og í þessu tilviki raunar önnur mál einnig þar sem ákvæði um tilsjónarmenn, stuðningsfjölskyldur o.fl. hefur þegar verið framkvæmt og þar á ég við lög um málefni fatlaðra. En liðveisla, persónulegir ráðgjafar og stuðningsfjölskyldur eru úrræði sem ég held að óhætt sé að fullyrða að litið sé til með vaxandi áhuga og þá á ég bæði við í barnaverndarmálum og einnig að nú þegar hefur skapast reynsla og hefð af starfi stuðningsfjölskyldna er styðja og styrkja fatlaða og fjölskyldur þeirra.

Í sumum tilvikum getur liðveisla hreinlega skipt sköpum um það hvort geðfatlaður einstaklingur getur búið utan stofnunar. Stuðningsfjölskylda getur ráðið úrslitum um það hvort mikið fatlaður einstaklingur hefur tök á því að búa í heimahúsum og persónulegir ráðgjafar geta t.d. veitt barni eða ungmenni sem á í erfiðleikum þann stuðning sem nauðsynlegur er til að breyta erfiðu mynstri í lífi þessa barns eða ungmennis. Því held ég að það velkist enginn í vafa um hversu mikilvæg slík þjónusta er og hér eru þó aðeins tekin sárafá dæmi.

Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því hvernig landið liggur nú, hve margir njóta nú stuðnings af þessu tagi, hve mikill hann er og hvernig greitt er fyrir hann. Þessar tölur gætu verið nýtilegar bæði til samanburðar við eldri tölur, þ.e. til þess að bera saman þróunina og eins til viðmiðunar í framtíðinni. Það er sérstakt áhyggjuefni raunar að það hefur heyrst að nú sé farið að skattleggja þá lágu upphæð sem greidd hefur verið fyrir þjónustu stuðningsfjölskyldna og það hlýtur að vekja spurningar um hvort ekki verði að hækka greiðslur sem því nemi eða með einhverjum öðrum hætti að leysa þau mál því að ég heyrði t.d. á námskeiði sem félagsmálastjórar héldu núna í upphafi þessarar viku, tveggja daga námskeiði um liðveislu og sjálfræði, raunar í tveggja manna tali en ekki í ræðu, af einni stuðningsfjölskyldu sem var að fá bakreikning frá skattinum upp á 90 þús. kr. Þetta er átakanlegt mál og ef fleiri slík dæmi eru, þá er ég hrædd um að fólk, hversu góðan vilja sem það hefur, hafi einfaldlega ekki efni á því að vinna þetta þarfa starf og þá held ég líka að þau úrræði sem til stendur að byggja upp í barnaverndarmálum muni aldrei verða barn í brók.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Fsp. er tvíþætt. Annars vegar er spurt um ráðningu stuðningsfjölskyldna sbr. 21. gr. laga um málefni fatlaðra og hins vegar um ráðningu tilsjónarmanna, persónulegra ráðgjafa og stuðningsfjölskyldna. Varðandi ráðningu stuðningsfjölskyldna hafa svæðisskrifstofur málefna fatlaðra milligöngu um að finna stuðningsfjölskyldur og annast samningsgerð við þær um tilhögun dvalar og greiðslu. Í samningi við stuðningsfjölskyldur er kveðið á um ákveðinn fjölda dvalarsólarhringa í mánuði og eru greiðslur til þeirra sólarhringsgjald. Greiðsla tímakaups eins og fyrirspyrjandi spyr um þekkist því ekki. Sólarhringsgjaldið er 5,5% af launaflokki 227, 1. þrepi í kjarasamningi BSRB og er í dag 2.434 kr.

Varðandi 3. lið fsp. um það hversu margar stundir þjónustan er veitt í mánuði er það að segja að í reglugerð 345/1985, um stuðningsfjölskyldur fatlaðra, er kveðið á um að hámark samfelldrar dvalar skuli vera þrír sólarhringar í mánuði en heimilt sé að víkja frá

því, enda fari dvöl ekki fram yfir 15 sólarhringa á þriggja mánaða tímabili. Í samningnum við stuðningsfjölskyldur er þannig samið um vistun frá tveim sólarhringum til fimm sólarhringa í mánuði. Í dag eru samningar við stuðningsfjölskyldur alls 120. Af þeim hljóða sex samningar um vistun í tvo sólarhringa í mánuði, 68 samningar um vistun í þrjá sólarhringa í mánuði, 8 samningar um vistun í fjóra sólarhringa í mánuði og 38 samningar um vistun í fimm sólarhringa í mánuði.

Í 4. lið fsp. er spurt um skattlagningu á greiðslum til stuðningsfjölskyldna. Því er til að svara að greiðslur til stuðningsfjölskyldna teljast að fullu til skattskyldra tekna hjá mótttakanda. Heimilt er að færa til frádráttar þessum tekjum beinan kostnað vegna umönnunar dvalar barnanna, séu lagðar fram fullnægjandi upplýsingar um útlagðan kostnað. Liggi hins vegar ekki fyrir tölulegar upplýsingar um kostnað er heimilt að færa til frádráttar fjárhæð sem samsvarar til tvöfalds barnalífeyris sem greiddur er af almannatryggingum. Mánaðarleg fjárhæð tvöfalds barnalífeyris reiknast hlutfallslega miðað við þann dagafjölda sem greiðslurnar eru inntar af hendi fyrir.

Í 5. lið fsp. er spurt um hvort sett hafi verið reglugerð um nánari framkvæmd lagaákvæðis um stuðningsfjölskyldur. Í ráðuneytinu er nú unnið að samningu reglugerðar um lögin um málefni fatlaðra. Lögin gera m.a. ráð fyrir að sett verði reglugerð um þjónustu stuðningsfjölskyldna fatlaðra. Þar til sú reglugerð lítur dagsins ljós er stuðst við reglugerð 345/1985, um stuðningsfjölskyldur vegna fatlaðra, við framkvæmd lagaákvæðis.

Spurt er um stuðningsfjölskyldur í barnavernd. Barnaverndarnefndir í stærri sveitarfélögum hafa um árabil skipað heimilum tilsjónarmenn. Þetta var gert með stoð í 26. gr. laga frá 1966, þar sem kveðið var á um að skipa mætti heimili eftirlitsmann þegar uppeldi og umönnun barna væri ábótavant. Í reglugerð með gömlu barnaverndarlögunum er nánar kveðið á um hlutverk eftirlitsmanna en þar segir:

„Hlutverk eftirlitsmanna er að veita skjólstæðingum sínum þá leiðsögn og þann stuðning er þeir mega. Tilgangi eftirlits verður því aðeins náð að milli eftirlitsmanns og skjólstæðings, heimilisföður eða ungmennis myndist gagnkvæm vinátta og traust."

Í nýjum lögum um vernd barna og ungmenna þar sem fjallað er um stuðningsúrræði í samvinnu við foreldra og barn er m.a. kveðið á um að útvega megi barni eða fjölskyldu tilsjónarmann, ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu. Skal félmrn. setja reglugerð um það úrræði og verður hún sett á næstunni. Fram til þessa hefur framkvæmd þessarar þjónustu verið nokkuð mismunandi hjá sveitarfélögum, en ég vænti þess að með nýrri reglugerð verði hún samræmd yfir allt landið.

Ég hef aflað mér upplýsinga hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur um það hvernig ráðningu stuðningsfjölskyldna og tilsjónarmanna er þar háttað. Við ráðningu tilsjónarmanna er hæfni þeirra og hugsanleg sérþekking metin. Ef um er að ræða geðfötluð börn er samráð haft við hlutaðeigandi meðferðarstofnun.

Félagsmálastofnun Reykjavíkur hefur haldið námskeið fyrir verðandi tilsjónarmenn auk þess sem tilsjónarmenn funda mánaðarlega og fá reglubundna ráðgjöf frá félagsráðgjöfum eða öðrum sérfræðingum. Þegar stuðningsfjölskyldur eru ráðnar er farið á heimilin og aðstæður þar allar metnar. Einstaklingar koma í viðtal og hæfni þeirra er metin. Farið er fram á sakavottorð fyrir fullorðna heimilismenn, læknisvottorð og umsjón barnaverndarnefndar og stuðningsfjölskyldur fá ráðgjöf hjá félagsráðgjöfum. Tímakaup tilsjónarmanna er samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkur. Ef um er að ræða ómenntaða, þá er það launaflokkur 232 sem er 366 kr. á tímann í dagvinnu. Ef um er að ræða kennara, þá er það launaflokkur 236 sem er 408 kr. á tímann og ef um er að ræða félagsráðgjafa eða sálfræðinga, þá er það launaflokkur 239 sem er 443 kr. á tímann í dagvinnu.

Stuðningsfjölskyldur fá greitt 2.400 á sólarhring samkvæmt ákvörðun Félagsmálaráðs Reykjavíkur. Ef börn er með miklar sérþarfir er greiðslan hækkuð og er það metið í hverju einstöku tilviki.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég hygg að þessi svör gefi greinargott yfirlit yfir það hvernig þessi úrræði eru nýtt nú og ég held að engum blandist hugur um það að í þessum upplýsingum kemur fram að þær greiðslur sem tilsjónarmenn og stuðningsfjölskyldur fá eru ekkert til að hrópa húrra fyrir, raunar alveg smánarlega lágar fyrir mjög ábyrgðarmikið og gott starf. Fram til þessa hefur ekki verið heimtur skattur af þessu, en það er nýtt og skal ég ekki setjast í dómarasæti um hvort það sé rétt eða ekki, en hitt er ljóst að verði það til þess að fólk, sem hefur tekið þetta hlutverk að sér, oft og tíðum með afskaplega mikilli fyrirhöfn og ég vil segja tilkostnaði, geti ekki sinnt þessu hlutverki lengur, bara telji sér það hreinlega ekki fært, þá er afskaplega illa farið og þetta óttast ég að sé að gerast hér og nú.

Þá getum við heldur ekki litið á stuðningsfjölskyldu sem úrræði í barnaverndarmálum eins og hljóðan nýju laganna segir þó til um. En ég vil benda á það að þetta er e.t.v. það úrræði sem helst er litið til, bæði í málefnum fatlaðra og málefnum barna sem eiga í erfiðleikum og það sem helst þyrfti að hlúa að og þróa en ekki að haga málum svo að fólk fáist ekki í þessi störf og jafnvel verði, eins og brögð eru að, að borga með sér í þessum störfum. Það er einfaldlega ekki hægt að hafa hlutina með þeim hætti. Þetta eru vandasöm störf sem þyrfti að launa vel.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda að bera þessa fsp. fram og treysti því að hæstv. félmrh. geri það sem í hans valdi stendur til þess að hægt verði að viðhalda þeirri starfsemi sem hefur farið fram samkvæmt því sem hér er til umræðu. Ég hef átt þess kost núna um á annars árs skeið að fylgjast einmitt með starfsemi sem þessari hjá stuðningsfjölskyldu og í gegnum það áttað mig mjög vel á því hvað þetta er mikilvægt og ég vil leyfa mér að segja hagkvæmt fyr-

ir ríkisvaldið að viðhalda þessari starfsemi. Þessi starfsemi hefur ekki verið hátt launuð og því er allt það sem skerðir kjör þeirra sem að þessu vinna afar óæskilegt. Hún hefur ekki verið hátt launuð en ég tel hins vegar að þessi starfsemi sé á margan hátt gefandi fyrir þá sem taka þessi verkefni að sér. Ég vil því taka mjög ákveðið undir það með fyrirspyrjanda að það sé mjög áríðandi að þannig sé staðið að málum að hægt verði að halda þessari þjónustu við.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með þeim sem hér hafa talað um mikilvægi þess að hafa þetta úrræði sem stuðningsfjölskyldur er og ég vil einnig taka það fram að ég tel að það sé algjörlega óviðunandi miðað við hvað hér er um lágar greiðslur að ræða að þær skuli vera skattskyldar. Við höfum í þrígang í félmrn. á sl. ári skrifað til ríkisskattstjóra út af þessu og varað við því að þetta yrði gert með þessum hætti, en áður voru þessar greiðslur einungis framtalsskyldar en ekki skattskyldar. Ég óttast það að ef ekki verður breyting á geti verulega dregið úr þessum mikilvæga stuðningi sem stuðningsfjölskyldur eru. Hér er líka mikið ósamræmi á ferðinni vegna þess að t.d. dagmæður, sem kannski má segja að sé hliðstætt, fá 50–60% viðurkennt sem frádráttarlið meðan einungis er hér um að ræða 20% af kostnaði sem viðurkenndur er sem frádráttarliður hjá stuðningsfjölskyldum, þannig að hér er mjög mikið ósamræmi á ferðinni. En það hefur ekki borið árangur að félmrn. hafi í þrígang skrifað til ríkisskattstjóra varðandi þetta mál og hef ég því óskað eftir og skrifað til fjmrh. um það að haldinn verði fundur um þetta mál og þá í samráði við skattyfirvöld vegna þess að það er óviðunandi að búa við það að af svona lágum greiðslum skuli þurfa að greiða skatt. Ég ítreka það að ég óttast að verði ekki breyting á þá dragi úr þessari mikilvægu þjónustu sem er kannski eitt af þeim ódýrustu úrræðum sem við höfum í aðstoð við fatlaða.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til að taka undir það sjónarmið sem kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda og eins máli hæstv. félmrh. og hv. 6. þm. Norðurl. e. að hér er mjög mikilvægt mál á ferðinni. Ég held að það sé rétt ábending sem hæstv. félmrh. kom með að hér er örugglega um að ræða þá ódýrustu lausn á mjög miklum samfélagslegum vanda sem þessar umsjónarfjölskyldur eru að takast á við og ég held að það sé mjög mikilvægt að löggjafinn búi þannig um hnútana að það sé alveg ljóst að vilji okkar standi til þess að breyta þessum lögum varðandi skattlagningu tekna sem stuðningsfjölskyldurnar hafa af því að taka þessi börn til sín. Ég held að hér sé um að ræða réttlætismál og ekki síður hitt sem löggjafinn ætti að hafa í huga að hér er örugglega um að ræða bæði mjög skynsamlega aðferð og ódýra til þess að sinna mjög mikilvægu máli sem skiptir mjög margar fjölskyldur í landinu mjög miklu.

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég vil einungis taka undir með þeim ræðumönnum sem hér hafa talað í þessu máli. Ég vil segja það í tilefni af þeim orðum hæstv. félmrh. að sé það rétt að ríkisskattstjóri skirrist við að færa skattlagningu þessara tekna til samræmis við það sem gerist hjá öðrum tengdum aðilum t.d. dagmæðrum, þá held ég að það sé alveg ljóst að Alþingi þurfi að taka af skarið. Og ég vil lýsa því yfir við hæstv. félmrh. að ég held að það yrði hægur leikur fyrir hana að fá Alþingi til að samþykkja breytingar á lögum sem mundu tryggja þetta, og sem mundu þá tryggja að þessar stuðningsfjölskyldur vildu halda áfram að gegna því mikilvæga hlutverki sem þær hafa nú.

Ráðstafanir vegna afnáms aðstöðugjalds, ein umr.

Fsp. EKG, 423. mál. — Þskj. 719.

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Nú fyrir áramótin var stigið það merkilega og nauðsynlega skref að afnema aðstöðugjald af fyrirtækjum. Löngum hefur þessi skattur verið til mikillar óþurftar og því orðið tímabært fyrir löngu að hann hyrfi að fullu og öllu. Í raun skapaðist býsna góður pólitískur friður um afnám aðstöðugjaldsins á Alþingi. Á það var líka litið að afnám þess nú væri liður í þeim ásetningi stjórnvalda að treysta stöðu atvinnulífsins og skapa þannig svigrúm til aukinnar atvinnu í landinu.

Afnám aðstöðugjaldsins er varanleg aðgerð en núverandi tekjuöflun sem sveitarfélögin fá í staðinn er eingöngu hugsuð til eins árs, en á þessu ári verður unnið að nýjum tillögum um hvernig megi skipa þeim málum til frambúðar eins og kunnugt er. Það er gert ráð fyrir því að í stað aðstöðugjalds gjaldársins 1993 skuli sveitarfélögin fá sérstakt framlag úr ríkissjóði eins og orðrétt segir í texta laganna, með leyfi forseta:

„Framlag ríkissjóðs skal vera fjárhæð sem svarar til 80% af álögðu aðstöðugjaldi gjaldárið 1993 sem hefði fallið til hvers sveitarfélags ef ekki hefði komið til niðurfelling gjaldsins.“

Í máli frsm. minni hluta félmn., hv. 5. þm. Vestf., kom fram 21. des. sl. að minni hlutinn gerði ekki athugasemd við þetta hlutfall af álögðu aðstöðugjaldi sem sveitarfélögin skuli fá greitt.

Þá var enn fremur gert ráð fyrir því í lögunum að sérstakt 120 millj. kr. framlag skyldi renna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og varið til jöfnunarframlaga, sbr. 14. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Við 1. umr. málsins á Alþingi 7. des. sl. kom fram að um þetta mál væri fullt samkomulag við Samband ísl. sveitarfélaga. Þó er ekki að fullu ljóst með hvaða hætti þessar greiðslur mundu skila sér til sveitarfélaganna, en hæstv. félmrh. tiltók sérstaklega að þeim málum yrði ráðið með samkomulagi við Samband ísl. sveitarfélaga. Markmið okkar sem stóðum að afnámi aðstöðu-

gjaldsins núna var einfaldlega á þessu ári að afnema hinn óréttláta skatt, en tryggja jafnframt einstökum sveitarfélögum greiðslur í staðinn svo að þau stæðu hvert og eitt, en ekki bara að meðaltali, jafnrétt á eftir.

Nú er það auðvitað ljóst að ýmis sveitarfélög hafa betra innheimtuhlutfall en 80% miðað við innheimtu sem hlutfall af álagningu aðstöðugjalds á sama ári. Meðaltalsútreikningur er því lítil sárabót fyrir þau sveitarfélög. Þess vegna gefur það auga leið að til þess að hlutur þeirra sé ekki fyrir borð borinn þarf að ganga þannig frá málum, e.t.v. með reglugerðarbreytingu, að það sé tryggt að þær 120 millj., sem Alþingi varði sérstaklega í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga núna í ár, skili sér til þessara sveitarfélaga sem eiga í hlut. Því hef ég leyft mér á þskj. 719 að leggja fyrir hæstv. félmrh. eftirtaldar tvær spurningar:

„1. Hvaða sveitarfélög í landinu innheimtu meira en 80% af álögðum aðstöðugjöldum árið 1992?

2. Með hvaða hætti verður komið til móts við þessi sveitarfélög nú í ár vegna afnáms aðstöðugjalds?"

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Álögð aðstöðugjöld árið 1992 voru samkvæmt álagningarskrá 5 milljarðar 350 millj. kr. Hjá ríkisbókhaldi liggja fyrir upplýsingar um innheimtu þessara gjalda hjá 100 sveitarfélögum þar sem innheimtukerfi ríkisins sér um innheimtu. Samtals var álagning í þessum sveitarfélögum 4 milljarðar 466 millj. kr. Til viðbótar hefur ráðuneytið aflað upplýsinga hjá þeim kaupstöðum sem ekki eru í innheimtuþjónustu hjá ríkinu en þeir eru átta talsins. Ráðuneytið hefur því upplýsingar um innheimtu aðstöðugjalda í 108 sveitarfélögum sem samtals voru með álagt aðstöðugjald að upphæð 5 milljarðar 38 millj. kr. en það er um 94,2% af heildarálagningunni og ætti að gefa góða mynd af innheimtu aðstöðugjalds á árinu 1992. Að meðaltali innheimtu þessi sveitarfélög á árinu 1992 74,1% af álögðu aðstöðugjaldi 1992 og hefur þá verið tekið tillit til skattbreytinga sem aðeins leiddu til um 11 millj. kr. nettólækkunar á álagningu. Af þeim sveitarfélögum sem ráðuneytið hefur upplýsingar um voru eftirtalin 48 sveitarfélög með meira en 80% innheimtu á álögðu aðstöðugjaldi 1992: Hafnarhreppur, Sandgerðishreppur, Borgarnes, Stykkishólmur, Snæfjallahreppur, Patrekshreppur, Árneshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur, Óspakseyrarhreppur, Sauðárkrókur, Skarðshreppur, Akrahreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Blönduós, Grímseyjarhreppur, Svarfaðardalshreppur, Hríseyjarhreppur, Arnarneshreppur, Öxnadalshreppur, Eyjafjarðarsveit, Ólafsfjörður, Húsavík, Vopnafjarðarhreppur, Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Tunguhreppur, Borgarfjarðarhreppur, Neskaupstaður, Eskifjörður, Skriðudalshreppur, Vallahreppur, Eiðahreppur, Mjóafjarðarhreppur, Norðfjarðarhreppur, Reyðarfjarðarhreppur, Búðahreppur, Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur, Bæjarhreppur, Borgarhafnarhreppur, Vestmannaeyjar, Skaftárhreppur, Fljótsdalshlíðarhreppur og Selfoss.

Í nóvember sl. tók ríkisstjórnin þá ákvörðun að beita sér fyrir niðurfellingu aðstöðugjalds og það yrði gert með bráðabirgðabreytingum á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem giltu á árinu 1993 meðan unnið væri að því að finna sveitarfélögunum varanlegan tekjustofn í stað aðstöðugjaldsins. Fullt samkomulag var á milli ríkisstjórnarinnar og Sambands ísl. sveitarfélaga um framkvæmd málsins. Það var að tillögu fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga sem ákveðið var að taka 120 millj. kr. af framlagi ríkisins vegna niðurfellingar aðstöðugjaldsins og verja því til greiðslu jöfnunarframlaga skv. 14. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga en jöfnunarframlögin skiptast í tekjujöfnunar- og þjónustuframlög. Fyrirséð var að sú upphæð sem til ráðstöfunar var í þessi framlög á árinu 1993 mundi ekki duga til fullrar úthlutunar samkvæmt reglum sjóðsins. Þessi viðbótarupphæð bætir þar verulega úr. Í þessu sambandi er rétt að minna á það að aðstöðugjaldið var sveitarfélögunum misjafn tekjustofn og hvað það átti mikinn þátt í því að auka þörfina fyrir tekjujöfnunarframlög.

Ljóst er að jöfnunarframlögin tryggja ekki tekjuháum sveitarfélögum, sem hafa jafnframt verið með mjög góða innheimtu aðstöðugjaldsins, sömu tekjur og áður. Hins vegar er jafnljóst að í heild munu sveitarfélögin fara vel út úr þessari breytingu árið 1993. Til viðbótar við tryggar greiðslur frá ríkinu á ákveðnum gjalddögum á 80% af álögðu aðstöðugjaldi fá þau líka eftirstöðvar innheimtu frá fyrri árum. Ekki hefur af hálfu ráðuneytisins verið nein fyrirætlun um að koma sérstaklega til móts við þau sveitarfélög sem voru með meira en 80% innheimtu aðstöðugjalds 1992, en mörg þeirra fá hlut sinn bættan með hækkuðum jöfnunarframlögum.

Ráðuneytið hefur undanfarið orðið vart við óánægju örfárra sveitarstjórna þar sem aðstöðugjaldsinnheimtan hefur verið mjög góð. Af því tilefni hefur Sambandi ísl. sveitarfélaga verið skrifað og óskað eftir upplýsingum um hvort afstaða þess í málinu hafi tekið einhverjum breytingum og hvort þar hafi einhverjar nýjar tillögur fram að færa. Ég er að sjálfsögðu reiðubúin að skoða slíkar tillögur en ég hygg að þær yrðu þá að byggjast á tilflutningi tekna milli sveitarfélaga og þá með einhverjum hætti í gegnum Jöfnunarsjóðinn.

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Ljóst er af svörum ráðherrans að það er ekki ætlunin að bæta sveitarfélögunum upp tekjumissi vegna aðstöðugjaldsins á yfirstandandi ári. Einn aðalþröskuldurinn í samstarfi ríkis og sveitarfélaga á undanförnum árum hefur verið trúnaðarbrestur milli þessara aðila. Þetta mun ekki laga þann trúnaðarbrest því að forsvarsmenn þessara sveitarfélaga stóðu auðvitað í þeirri meiningu að þeir fengju aðstöðugjaldið bætt til bráðabirgða á þessu ári og þeir stæðu sléttir eftir. Nú er komið í ljós að þeir standa ekki sléttir. Það eru auðvitað athyglisverðar upplýsingar og það greiðir náttúrlega ekki fyrir samskiptum ríkis og sveit-

arfélaga. Ljóst er að þetta er enn einn þröskuldurinn í þeim samskiptum.

Síðan er auðvitað annað mál hvaða tekjustofnar verða til frambúðar og á fulltrúaráðsfundi Sambands ísl. sveitarfélaga eru upplýstar hugmyndir um það að leggja 1 milljarð á atvinnulífið aftur af þessum aðstöðugjöldum í formi fasteignagjalda. Það er svo aftur annar hlutur. Þá eru stjórnvöld komin hringinn í þessum efnum.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því þegar hæstv. félmrh. las upp þau sveitarfélög sem hafa haft yfir 80% af innheimtuhlutfalli af aðstöðugjöldum að þar var mjög mikið af fámennum sveitarfélögum sem hafa þar af leiðandi ekki miklar tekjur af útsvörum og fasteignagjöldum. Nú á að skerða tekjur þeirra með þessum breytingum á aðstöðugjaldinu.

Einnig má minna á það í sambandi við það áhugamál sem hæstv. ráðherra og raunar fleiri hafa lýst, þ.e. að sameina sveitarfélög, að þá hafa fámennustu hreppparnir þar heldur dregið úr og ekki verið áfjáðir í sameiningu. Ég er sannfærð um það að ef þetta atriði verður ekki bætt mun það enn þá frekar draga úr því að til sameiningar sveitarfélaga komi.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að leggja fram þessa fsp. Það hefði kannski verið gaman að sjá þriðja liðinn í þeirri fsp., þ.e. hvaða úrræði það væru sem stjórnvöld væru að skoða til þess að bæta til frambúðar upp tekjutap sveitarfélaganna vegna niðurfellingar á aðstöðugjaldi. En það sem hefur komið fram sýnir auðvitað það sem var augljóst í upphafi að að þessu máli hefur verið staðið með miklum flumbrugangi. Í raun og veru hefur ekkert það sem verið var að gera verið undirbúið. Það er ömurlegt að þurfa að horfast í augu við það að þegar þessi mikilvægi tekjustofn upp á um 4 milljarða er lagður niður er ekkert vitað hvað á að taka við. Það eru óljósar hugmyndir og þetta er afgreitt með bráðabirgðaráðstöfunum. Svo hafa neytendur horft framan í það að þegar þessi tekjustofn er lagður niður þá er gengið fellt um leið og enginn veit enginn hvað varð um niðurfellingu aðstöðugjaldsins í verðlagi í landinu.

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Ég vil sérstaklega vekja á því athygli að 45% þeirra sveitarfélaga sem ráðuneytið hafði hér upplýsingar um og komu fram í máli hæstv. ráðherra að hafa innheimtuhlutfall yfir 80% og verða þess vegna fyrir barðinu á þessu fyrirkomulagi ef það verður ekki komið sérstaklega til móts við þessi sveitarfélög.

Í máli hæstv. ráðherra kom fram, sem ég hlýt að harma, að það hefur ekki verið ætlunin af hálfu ráðuneytisins að koma neitt til móts við þessi sveitarfélög sérstaklega. Ég harma það vegna þess að ég hafði alltaf staðið í þeirri trú og það var alltaf álit mitt að yrði búið þannig um hnútana að þetta ár í ár ylli engri innbyrðis röskun milli sveitarfélaganna. Ég geri mér alveg grein fyrir því að hér er um að ræða fullkomna bráðabirgðaráðstöfun sem átti ekki að leiða til neinnar röskunar. Það var a.m.k. þannig sem menn ræddu málin og það var mjög áberandi í umræðunni, sem fram fór þegar frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga var rætt hér fyrir jólin, það var það sem menn voru að tala um.

Hins vegar hlýt ég að fagna um leið yfirlýsingu hæstv. ráðherra um það að hún hafi skrifað til Sambands ísl. sveitarfélaga þar sem vakin er athygli á þessu máli og spurt hvort Samband ísl. sveitarfélaga vilji koma til viðræðna um einhverjar breytingar á þessum málum. Ég hlýt að fagna þessu mjög og um leið hlýt ég að láta í ljós mjög mikla undrun á því ef það getur virkilega verið svo að Samband ísl. sveitarfélaga kjósi það að gæta ekki hagsmuna þeirra umbjóðenda sinna, 44% umbjóðenda sinna sem þannig er ástatt um að hafi haft meira eða betra innheimtuhlutfall en 80% og verði þess vegna fyrir barðinu á þessari framkvæmd. Ég held að það sé nefnilega rétt sem hv. 2. þm. Austurl. sagði um það ef menn vandi sig ekki mjög í þessu máli og gæta þess að raska ekki innbyrðis aðstæðum sveitarfélaganna með lagasetningu sem þessari. Ég óttast mjög að það að raska þessu innbyrðis kunni að torvelda samstarf sveitarfélaganna við ríkið og það þætti mér mjög slæmt og það væri mjög slæmt því það nauðsynlega mál sem hæstv. félmrh. er nú að vinna að er sameining, stækkun og efling sveitarfélaganna í landinu.

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Mig langar að gera örstutta athugasemd í tilefni af orðum hv. þm. Jóhans Ársælssonar. Hann furðar sig á því að aðstöðugjaldið hafi verið aflagt og spyr: Átti ekki að gera neitt annað? Staðreyndin er sú að aðstöðugjaldið var aflagt með tiltölulega litlum fyrirvara. Hvers vegna var það? Vegna þess að það komu fram mjög skýrar og afdráttarlausar kröfur um það, ekki síst frá forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar og ekki síður frá ýmsum forustumönnum stjórnarandstöðuflokka. Ég minni til að mynda hv. þm. Jóhann Ársælsson á merka ritgerð sem lögð var fram í þinginu, að vísu ekki sem opinbert þskj. heldur í hólf þingmanna. Höfundur þeirrar ritgerðar var hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og ég veit að hv. þm. Jóhann Ársælsson kannast talsvert við hann. Þar var rætt um þetta. Þar var gerð tillaga um þetta. Svo kemur hér hv. þm. og er undrandi á þessu. Vitaskuld er það svo að ríkisstjórnin tók vel á þessum hugmyndum sem komu frá formanni Alþb. og forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, og tók þá ákvörðun, e.t.v. af nokkurri skyndingu, að leggja aðstöðugjaldið af. Þess vegna er ekkert óeðlilegt þó að það þurfi svolítið ráðrúm að finna hvaða tekjustofna sveitarfélögin eigi að fá í staðinn.

Varðandi það sem þingmaðurinn sagði um að verðlagsáhrif afnámsins kæmu ekki fram vegna gengisfellingarinnar þá er það eigi að síður svo að það hefur verið reiknað út að verðlag sökum þess á að lækka um

1,5%, er 1,5% lægra en það hefði ella verið. Því hefur ekki verið mótmælt. Höfundur ritgerðarinnar, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, hefur ekki mótmælt því heldur.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram vegna þeirra orða sem hér hafa fallið að sú bráðabirgðaráðstöfun um aðstöðugjaldið, sem er á þessu ári, var gerð í fullu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga. Af því að hér er notað orðið flumbrugangur er vissulega ástæða til þess að nefna það. Fyrir lágu ýmsar tillögur um hvað ætti að taka við af aðstöðugjaldinu en um það náðist ekki samkomulag m.a. hjá sveitarstjórnarmönnum sjálfum hvað ætti að koma í staðinn, en núna er nefnd starfandi sem er að vinna að því máli.

Varðandi umræddar 120 millj. sem hér hafa verið nefndar þá tel ég að það sé mjög skýrt í lögunum sjálfum hvernig á að verja þeim vegna þess að talað er um eins og hér er orðað að þeim skuli verja til greiðslu jöfnunarframlaga skv. 14. gr. og ef 14. gr. er lesin, þá er þar um að ræða tvo liði, þ.e. þjónustuframlög og tekjujöfnunarframlög. Ég held því að lögin séu mjög skýr í þessu þó að vera kunni að það hafi verið einhver misskilningur uppi um ráðstöfun á þessu hjá einstaka þingmönnum. Orðalagið á þessari grein varðandi ráðstöfun á þessu fjármagni var unnið í fullu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga. Ég hef ekki orðið vör við annað en að sá skilningur sem ég hef sett hér fram varðandi ráðstöfun á þessu fjármagni sé sá sami og stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur lagt í þetta mál. Ég vil ítreka að ef það eru einhverjar breytingar uppi af hálfu Sambands ísl. sveitarfélaga varðandi ráðstöfun á þessu og ef það hefur einhverjar nýjar tillögur fram að færa um ráðstöfun á þessu fjármagni er auðvitað sjálfsagt að skoða það.

Endurskoðun laga um vinnumiðlun, ein umr.

Fsp. ÖS, 425. mál. — Þskj. 723.

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég hef lagt fram fsp. til hæstv. félmrh. um það hvort hann hyggist beita sér fyrir endurbótum á núverandi löggjöf um vinnumiðlun. Fyrir því liggja eftirfarandi ástæður:

Núverandi löggjöf er síðan 1985. Hún er að mörgu leyti úrelt. Í henni er tekið fram að vinnumiðlun eigi í senn að sjá um atvinnuleit og jafnframt atvinnuleysisskráningu en í raun hefur þróunin orðið sú að vinnumiðlunin sér fyrst og fremst um skráningu atvinnulauss fólks. Sú þróun hafði raunar orðið áður en það mikla atvinnuleysi, sem við búum við núna, varð að veruleika.

Á síðustu árum hafa jafnframt í vaxandi mæli komið upp nýjar einkareknar vinnumiðlanir, en í rauninni ná engin lög yfir þær. Að vísu er svo að í 17. gr. laganna er örlítið drepið á þessar einkareknu vinnumiðlanir en engar sérstakar reglur eða ákvæði gilda um þær. Ég hygg, virðulegi forseti, að kominn sé tími til þess að setja slík lög, setja nýja löggjöf sem fellir saman opinberu og einkareknu vinnumiðlanirnar.

Ýmislegt þarf líka að hugsa upp á nýtt. Í því vaxandi atvinnuleysi sem nú ríkir er til að mynda afskaplega niðurlægjandi fyrir atvinnulaust fólk sem er að sækja um vinnu, hvort heldur er hjá hinum einkareknu eða opinberu vinnumiðlunum, að það veit ekki hjá hverjum það sækir um vinnu. Menn skrifa bréf, atvinnuumsóknir, og fá engin svör. Þetta er auðmýkjandi fyrir fólk. Þetta brýtur það niður og það hefur komið fram í viðtölum í fjölmiðlum við talsmenn samtaka atvinnulauss fólks að þeir telja að á þessu þurfi að taka með löggjöf.

Ég held líka að það sé í rauninni óviðunandi fyrir fólk sem er að berjast við að leita sér að vinnu að það veit ekki hjá hvaða fyrirtæki það er að sækja um vinnuna og það veit ekki heldur hvort það á von á nokkrum svörum. Það veit enginn um afdrif þessara umsókna.

Ég vil líka vekja athygli á því, virðulegi forseti, að í þessum lögum er heimild til vinnumálaskrifstofu félmrn. að setja reglur sem skylda öll fyrirtæki sem eru með fjóra starfsmenn eða fleiri til þess að láta upplýsingar af hendi til vinnumiðlunar þegar þar verða laus störf. En ég hygg að þetta sé ekki notað og í vaxandi mæli er hin raunverulega atvinnuleit, hin raunverulega vinnumiðlun, komin yfir í hendur einkarekinna aðila. Ég er ekki að leggjast gegn því en ég vek einfaldlega athygli á því að það þarf að setja strangari reglur og lög um starfsemi þeirra og þess vegna tel eg tímabært að hefja nú endurbætur á núverandi löggjöf um vinnumiðlun og hef því lagt fram þessa fsp.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef skipað nefnd til þess að endurskoða lög nr. 18/1985, um vinnumiðlun, með aðild Sambands ísl. sveitarfélaga, ASÍ, VSÍ og ráðgjafarnefndar vinnumálaskrifstofu félmrn. Hlutverk nefndarinnar er að endurskoða markmið og skipulag vinnumiðlunar í landinu, verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, starfsemi vinnumiðlunar, hlutverk og þjónustu vinnumiðlana, samstarf vinnumiðlana á hverju atvinnusvæði og milli atvinnusvæða, hlutverk, þjónustu og skyldur annarra vinnumiðlana og önnur þau ákvæði sem nefndin telur þörf á að endurskoða.

Markmiðið með endurskoðuninni er:

að koma upp samræmdu heildarskipulagi vinnumiðlunar í landinu,

að vinnumiðlanir verði ávallt í stakk búnar til að taka á þeim framboðs- og eftirspurnavanda sem iðulega kemur upp á vinnumarkaðinn,

að taka af allan vafa um hvar beri að starfrækja raunverulega vinnumiðlun, hvar atvinnuleysisskráning fer fram og hvert atvinnuveitendur og atvinnurekendur eiga að bera sig eftir tiltekinni þjónustu,

að hlutverk vinnumiðlana og þjónustuskylda sé vel skilgreind þannig að ekki sé nokkur vafi á því hvað þær eigi að gera og hvað þær geta gert,

að öll upplýsingamiðlun í vinnumiðlunarkerfinu sé

vel skilgreind þannig að ekki sé nokkur vafi á því hverjum beri að senda eða kalla eftir upplýsingum, greinargerðum og tillögum og þess háttar,

að leggja mat á hvort þau þjónustuúrræði, sem starfrækt eru hjá vinnumiðlunum erlendis, henta við íslenskar aðstæður,

að leggja mat á hvort tímabært sé að kveða á um sérstaka þjónustu fyrir þá sem hafa verið atvinnulausir um lengri tíma og

að athuga tengsl laga um vinnumiðlun við aðra löggjöf sem snertir vinnumiðlun, svo sem lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, lög um málefni fatlaðra og lög um atvinnuleysisskráningar.

Gildandi lög um vinnumiðlun gera hverju sveitarfélagi með 500 íbúa eða fleiri skylt að annast vinnumiðlun en hins vegar skulu öll sveitarfélög óháð íbúafjölda annast atvinnuleysisskráningu. Sérstakar vinnumiðlanaskrifstofur skulu starfræktar þar sem búa fleiri en 10.000 íbúar en þar er um að ræða fjögur sveitarfélög. Sá sem er í atvinnuleit á að geta snúið sér til vinnumiðlunar í því sveitarfélagi þar sem hann á lögheimili og óskað eftir upplýsingum um laus störf og jafnframt óskað eftir aðstoð vinnumiðlunar við að finna starf við sitt hæfi. Engin skylda hvílir hins vegar á atvinnurekendum að tilkynna laus störf til vinnumiðlunar. Reynslan er því sú að vinnumiðlanir sveitarfélaga skrá atvinnuleysi en miðla aðeins í takmörkuðum mæli lausum störfum.

Nefndinni sem ég hef skipað til að endurskoða lögin er einkum ætlað að huga að því hvernig vinnumiðlunin getur orðið virkari og nauðsynlegt er að efla samstarf við aðila vinnumarkaðarins á þessu sviði. Lögin um vinnumiðlun gera ráð fyrir því að unnt sé að starfrækja vinnumiðlun á vegum fyrirtækja og einstaklinga svo framarlega sem það er gert á kostnað atvinnurekenda. Á meðan atvinnuleysi var nánast óþekkt hér á landi voru atvinnurekendur tilbúnir að greiða fyrir útvegun starfsfólks. Væntanlega hefur það breyst nokkuð og má búast við að atvinnurekendur leiti í auknum mæli til opinberra vinnumiðlana þar sem þjónusta er veitt endurgjaldslaust. Hins vegar er ljóst að vinnumiðlanir verða að veita fullnægjandi þjónustu ef þær eiga að gera sér vonir um að atvinnurekndur leiti eftir þjónustu þeirra við atvinnuráðningar. Þá hlýtur að verða að skilgreina nánar hvaða þjónustu vinnumiðlanir eiga að veita atvinnulausum, ekki síst þeim sem búa við langvarandi atvinnuleysi.

Félmrn. hefur undanfarið í samstarfi við ýmsa aðila einnig undirbúið að taka í notkun nýjan gagnagrunn til tölfræðilegrar úrvinnslu úr gögnum atvinnuleysisskráningar. Þessi gagnagrunnur verður einnig nýttur til vinnumiðlunar milli sveitarfélaga og hugsanlega verður hluti þessa gagnagrunns tengdur vinnumiðlunarkerfi sem þjóna á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Í tengslum við þetta verkefni hefur jafnframt verið unnið að því að uppfæra atvinnuleysisskráningar og vinnumiðlunarkerfi fyrir vinnumiðlanir í nútímalegra horf.

Enn fremur er í undirbúningi að bótaútreikningar tengjast þessu tölvukerfi. Þessar breytingar gera kleift að tengja saman alla atvinnuleysisskráningu og vinnumiðlun í landinu með fljótvirkum hætti. Breytingarnar fela enn fremur í sér að hægt verður að fá miklu nákvæmari upplýsingar um atvinnuleysið þannig að auðveldara verður að meta hvar þörfin fyrir vinnumarkaðsaðgerðir eru brýnastar hverju sinni. Þegar hefur verið haldinn fundur með starfsmönnum vinnumiðlana til að fjalla um fyrirhugaðar breytingar og fulltrúar þeirra tekið þátt í að undirbúa þessa gagnavinnslu.

Þess má að lokum geta að núgildandi lög um vinnumiðlun gera ráð fyrir að unnt sé að taka upp véltæka gagnavinnslu að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila. Leitað var til Sambands ísl. sveitarfélaga og óskað eftir áliti stjórnar sambandsins á því hvort ekki sé tímabært að beita þessu ákvæði. Stjórn sambandsins hefur lýst sig samþykka þessu. Það er því ósk félmrn. að allar vinnumiðlanir undirbúi sig undir að taka upp tölvustýrða atvinnuleysisskráningu og vinnumiðlun á þessu ári.

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég er nokkuð tekinn að reskjast og einbeitingu minni að verða áfátt þannig að ég náði ekki öllu því mikla efni sem kom fram í hröðu máli hæstv. félmrh. En þó verð ég að lýsa því yfir að það sem ég þó náði vakti gleði mína. Ég tók líka eftir því að hæstv. félmrh. er afskaplega bjartsýn kona. Hún talaði um það að hlutverk hinnar nýju vinnumiðlunar yrði að ráða bót á þeim framboðs- og eftirspurnarvanda sem væri á vinnumarkaðinum. Því miður er það svo að hvað vinnuafl áhrærir þá er einungis um framboðsvanda að ræða, því miður, og ekkert bendir til þess að mikil breyting verði á því.

Ég hjó enn fremur eftir því, virðulegi forseti, að hæstv. félmrh. hyggst beita sér fyrir því að það verði nokkurt nýmæli í starfsemi vinnumiðlana í framtíðinni, þ.e. hún vill láta leggja mat á það hvort það eigi af hálfu vinnumiðlana að koma til einhvers konar þjónustu við atvinnulaust fólk — fólk sem hefur verið lengi atvinnulaust. Ég tel að það sé mjög þarft og fagna þessari yfirlýsingu hæstv. ráðherra.

Ég tók enn fremur eftir því, virðulegi forseti, að ráðherrann orðaði það svo að það væri engin skylda á fyrirtækjum í landinu til þess að gefa upplýsingar um laus störf. Eigi að síður er það svo að í 14. gr. núgildandi laga, sem voru sett 1985, er talað um það að ráðherra geti með reglugerð ákveðið að öllum sem hafa atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli sem hafa fjóra eða fleiri starfsmenn í þjónustu sinni, verði gert skylt að tilkynna hlutaðeigandi vinnumiðlunum um laus störf. Ef einhver dráttur verður á því að frv. að nýjum lögum verði lagt fyrir þingð þá tel ég að ráðherrann eigi að hlutast til um það að nýta þessa heimild, setja reglugerð sem gerir fyrirtækjum það skylt.

Að lokum, virðulegi forseti, fannst mér gæta í máli hæstv. félmrh. sama áhersluleysis á hlutverk einkarekinna vinnumiðlana og er enn að finna í þessum lögum. Ég beini því til ráðherrans að hann komi sínum ágætu starfsmönnum í skilning um það að mjög mikilvægt sé að taka sérstaklega vel á hlutverki hinna

einkareknu vinnumiðlana vegna þess að það er allt svo laust í reipunum með það.

Fasteignamat ríkisins, ein umr.

Fsp. JVK, 414. mál. — Þskj. 708.

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Herra forseti. Ég er með fsp. til hæstv. fjmrh.

„1. Hefur Fasteignamati ríkisins verið skipuð sérstök stjórn þar sem sveitarfélög eigi fulltrúa?

2. Má vænta þess að starfsemi stofnunarinnar verði færð í meira mæli af höfuðborgarsvæðinu og út á land og þar með nær þeim sem hún þjónar?"

Til nánari skýringar vil ég taka fram að í frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 er því lýst í greinargerð að Fasteignamat ríkisins sé nú sett í B-hluta fjárlaga og stofnuninni verði sett stjórn sem skipuð verði fulltrúum sveitarfélaga og ríkisins. Um það verði flutt frv. á haustþingi en mér vitanlega er það ekki enn komið inn í þingið.

Ef það frv. yrði samþykkt og sveitarfélögin fengju meira um það að segja hvernig stofnunin vinnur má ætla að starfsemi stofnunarinnar verði færð í meira mæli út um landið og þar með nær þeim sem hún þjónar. Ég minni á að t.d. hafa bæði Fjórðungssamband Vestfirðinga og sveitarstjórnir þar ítrekað lýst vilja sínum til þess að fá þjónustu Fasteignamatsins færða inn í fjórðunginn og hafa þau sameinast um að leggja til að það yrði staðsett á Hólmavík.

Í dag eru 34 starfsmenn á skrifstofunni í Reykjavík, einn starfsmaður í Borgarnesi, einn á Egilsstöðum, tveir á Selfossi og þrír á Akureyri. Nú er starfsmaður í Reykjavík sem þjónar Vestfjörðum, en hann var áður í Borgarnesi og þegar sú starfsemi óx svo að hann hafði nóg að gera með að vinna fyrir Vesturlandsumdæmi þá voru verkefni sem tilheyrðu Vestfjörðum færð til Reykjavíkur. Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli og bréfaskriftir frá Vestfirðingum hefur ekkert gerst í málinu. Það má raunar segja að það sé með eindæmum hvernig opinber stofnun leyfir sér að svara bréfum og ætla ég að taka hér nokkur dæmi um það.

Á fjórðungsþingi 1991 var samþykkt að óska eftir því að starf við mat fasteigna á Vestfjörðum væri flutt til Vestfjarða en ekki til Reykjavíkur frá Borgarnesi eins og þá var ráðgert. Síðar óskaði hreppsnefnd Hólmavíkur eftir því að starfsemin yrði flutt þangað og bauð fram aðstoð við húsnæði og starfsaðstöðu. Fjórðungssambandið studdi þá tillögu og óskaði eftir liðsinni þingmanna við það og var það gert með bréfi þingmanna til Fasteignamats ríkisins. Þetta var síðan ítrekað í bréfi 20. febr. 1992 frá Fjórðungssambandinu til Fasteignamatsins. Svar barst síðan frá stofnuninni 20. febr. 1992 eða fyrir ári og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Svo sem áður hefur verið rakið var sú ákvörðun að gera Vestfirði að sérstöku matsumdæmi tekin til þess að bæta þjónustu við Vestfirði. Þá var það og haft í huga að sérstök umdæmisskrifstofa yrði staðsett á Vestfjörðum til að skilyrði sköpuðust." Svo segir: „Frá stofnun Fasteignamats ríkisins 1976 hefur það verið stefna stofnunarinnar að staðsetja umdæmisskrifstofunar í þjónustumiðstöðvum þeirra byggða er þær þjóna." En svo kemur í restina: „Það eru engin rök sem mæla með því að drita þjónustustofnunum hins opinbera um allar trissur í byggðarlögunum. Það stuðlar einungis að því að þær veiti lakari þjónustu en ella og menntaðir og hæfir menn fáist ekki til starfa."

Þetta finnst mér alveg furðulegt svar frá einni stofnun og ég beini því þessum spurningum sem ég bar fram til hæstv. fjmrh.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Sem svar við fyrri fsp. vil ég segja þetta: Samkvæmt frv., sem lagt verður fyrir Alþingi alveg á næstunni, jafnvel í dag, eða næsta þingdag, er gert ráð fyrir að stofnuninni verði sett stjórn. Hlutverk hennar verður að hafa eftirlit með störfum stofnunarinnar, móta starfsemina og innra skipulag og gera tillögur um gjaldskrá. Gert er ráð fyrir að Samband ísl. sveitarfélaga tilnefni einn mann af þremur í stjórnina, enda hafa sveitarfélög verulegra hagsmuna að gæta af starfi Fasteignamats ríkisins þar sem fasteignagjald sem er mikilvægur tekjustofn þeirra er reiknað út frá fasteignamati.

Svar við síðari fsp. er þetta: Stofnunin er nú með útibú á fjórum stöðum á landsbyggðinni, þ.e. í Borgarnesi, á Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi. Þar starfa 10 af 35 starfsmönnum hennar. Það hefur verið til skoðunar hjá stofnuninni að fjölga útibúum. Umfang matsstarfanna á þeim stöðum sem til greina hafa komið hefur hins vegar ekki verið nægjanlegt að mati Fasteignamats ríkisins til þess að fjárhagsgrundvöllur væri fyrir fleiri útibúum, t.d. á Hólmavík, en sá staður var nefndur í ræðu hv. fyrirspyrjanda.

Ég lýsi því yfir að lokaorð bréfsins sem lesið var hér áðan hafa ekki borist á borð ráðherrans og ég ætla ekki að bera ábyrgð á því orðalagi sem þar er valið sem ég skal viðurkenna að er harla sérkennilegt svo ekki sé nú dýpra í árinni tekið þegar um opinbera stofnun er að ræða nema það sé skrifað á milli kunningja þar sem þetta sé einhvers konar húmor og þá gæti verið að bréf, sem sent hafi verið stofnuninni, gæti gefið tilefni til þessa orðalags. Um það get ég ekki dæmt því að ég hef ekki séð þessi bréfaskipti.

Ég vil hins vegar að lokum segja það að með þessu frv. hyggst ríkisstjórnin fylgja eftir því sem lesa má á bls. 334 í fjárlagafrv. Frv. til breytinga á lögum um Fasteignamatið verður vonandi til umræðu í næstu viku og þá gefst að sjálfsögðu betri tími til umræðna um Fasteignamatið og starfsemi þess.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Um leið og ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að leggja fram þessa fsp. verð ég að segja að það er mikið fagnaðarefni að verið er að vinna að endurskoðun á starfsemi Fasteignamats ríkisins og

koma í veg fyrir það sem nú á sér stað að verið er að margvinna sömu hluti sem varða fasteignatengdar upplýsingar, bæði hjá Fasteignamatinu, hjá sveitarfélögum, hjá tryggingafélögum og bönkum svo að ég taki sem dæmi. Ég tel að það sé stórmál og mjög mikilvægt einmitt fyrir starfsemina hvað varðar fólkið úti á landi að dregið sé úr umfangi starfsemi Fasteignamats ríkisins hér í Reykjavík og ekki síst vegna þess, sem kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda, þess dæmalausa embættishroka sem fram hefur komið í afstöðu þessarar stofnunar til fólks á landsbyggðinni og kom alveg sérstaklega fram í upplesnum tilvitnunum sem hv. 6. þm. Vestf. las hér upp. Það er auðvitað gersamlega óþolandi að finna og heyra og sjá afstöðu valdamikils embættismanns í stofnun af þessu tagi til fólksins á landsbyggðinni sem lýsir sér með þessu fráleita og afkáralega orðalagi að tala um að „drita stofnunum út um allar trissur" þegar verið er að tala um að færa einn starfsmann til starfa hjá því fólki sem hann á að sinna.

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og er ánægð með að heyra það að hér skuli eiga að leggja fram það frv. sem e.t.v. tekur á því að sveitarfélögin hafi þá a.m.k. meira um það að segja hvernig þessi stofnun starfar. En af því að hann tók það sem endinn á því bréfi, sem ég las hér upp frá Fasteignamati ríkisins, þá vil ég leiðrétta það, það er ekki endirinn á bréfinu heldur svona um það bil miðja. Síðan er rakið að óskir Fjórðungssambandsins um að staðsetja skrifstofu Fasteignamatsins á Hólmavík hljóti að stafa af ókunnugleika á starfinu og að bein þjónusta sé vaxandi í starfi stofnunarinnar og það hljóti því að verða frekar að staðsetja skrifstofuna á Ísafirði þar sem séu flestar þinglýstar eignir sem Fasteignamatið fjallar um. Rökin fyrir því að vera ekki á Hólmavík eru þó eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Fyrir utan þau almennu rök sem áður eru rakin fær undirritaður ekki séð nein önnur rök mæla með því að staðsetja umdæmisskrifstofu á Hólmavík og t.d. er ófært þaðan um meginhluta umdæmisins meira en hálft árið. Einungis af þessi ástæðu yrði þjónusta stofnunarinnar við Vestfirði slök."

Það er eins og þeir viti ekki að það er fært til Ísafjarðar um Steingrímsfjarðarheiði og þó nokkur ár síðan vegur kom þar á milli og það er um það bil þriggja tíma akstur á milli Ísafjarðar og Hólmavíkur að sumarlagi. Yfir veturinn er mokað þarna tvisvar til þrisvar í viku og fólk á Vestfjörðum lætur sér það nægja og kemst þarna eftir því sem það þarf. Mér finnst það stangast á við fullyrðingar að ekki sé hægt að þjóna Vestfjörðum frá Hólmavík en það sé hægt frá Reykjavík. Frá Reykjavík til Hólmavíkur er reyndar heldur ekki nema um það bil þriggja tíma keyrsla.

Þá telja þeir það einnig mótrök að Hólmavíkurhreppur hefur boðist til þess að aðstoða við þetta með því að ráða tæknimenntaðan mann á móti Fasteignamatinu, en þá tala þeir um að hann muni hafa svo mikið að gera við starf fyrir Hólmavíkurhrepp að hann geti ekki sinnt Fasteignamatinu. Það stangast þarna á hver fullyrðingin af annarri.

Lögregluskóli ríkisins, ein umr.

Fsp. ÁRÁ, 411. mál. — Þskj. 705.

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Á þskj. 705 hef ég lagt nokkrar spurningar fyrir hæstv. dómsmrh. um Lögregluskóla ríkisins. Ég vil skýra spurningarnar nokkrum orðum áður en ég vík að þeim beint.

Á undanförnum mánuðum hefur það vakið athygli mína að meðal afleiðinga af sparnaðar- og aðhaldsaðgerðum í ríkisrekstrinum eru raunverulegar fækkanir í stöðugildum lögreglumanna. Þetta virðist hins vegar hafa bitnað nokkuð áberandi á ungum, efnilegum lögreglumönnum, sem hafa verið sendir á vegum embætta sýslumanna og lögreglustjóra til náms í Lögregluskóla ríkisins, en vel að merkja þar koma ekki aðrir til náms en þessir embættismenn velja til. Þrátt fyrir að þeir hafi verið valdir til þessa náms, lokið fyrri hluta, hafi engar athugasemdir um frammistöðu í því námi eða starfi, reynast þeir síðan ekki koma til álita eða a.m.k. ekki vera valdir til framhaldsráðningar eða framhaldsnáms, jafnvel valdir aðrir einstaklingar sem ekki höfðu lokið fyrri hlutanum sem eftir mínum upplýsingum er hinn dýrari hluti þessa náms.

Ég hef velt fyrir mér hvort þessir menn kunni að hafa einhvern rétt til að stunda námið og ljúka því, hvort þeir hafi einhvern rétt til að sækja um stöður sem kunna að losna og þess vegna, virðulegur forseti, ber ég fram fyrir hæstv. dómsmrh., eftirfarandi spurningar um Lögregluskólann:

1. Bera embætti lögreglustjóra eða sýslumanna kostnað af námi þeirra lögreglumanna sem eru í Lögregluskólanum á þeirra vegum?

2. Hve margir hafa lokið fyrri hluta skólans en ekki sótt síðari hluta? Hafa þeir einhvern rétt við umsókn um lögreglustörf sem losna?

3. Hversu margir hafa ekki lokið námi af þeirri ástæðu að þeim hefur verið sagt upp starfi áður en námi í skólanum lauk? Það er áður en kom til síðari hluta námsins.

4. Býðst þeim að sækja beint um skólavist?

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Sem svar við fyrstu spurningunni er þetta að segja: Embætti sýslumanna og lögreglustjóra greiða þeim lögreglumönnum laun sem á þeirra vegum stunda nám í Lögregluskóla ríkisins. Hins vegar fá embættin þennan kostnað endurgreiddan af sérstakri fjárveitingu sem dómsrn. hefur vegna þessa kostnaðar. Starfsmannaskrifstofa fjmrn. annast allar greiðslur vegna launa og annars útlagðs kostnaðar samkvæmt kjarasamningum.

Að því er aðra spurninguna varðar er þetta að segja: Frá því að Lögregluskóli ríkisins var gerður að sjálf-

stæðri stofnun, 1. júlí 1988, hafa 13 nemendur lokið fyrri önn með fullnægjandi árangri sem ekki hafa lokið síðari önn auk 15 nemenda sem luku fyrri önn í desember 1992 og eiga kost á, sé ráðningu þeirra ekki slitið, að hefja nám á síðari önn í janúar 1994. Af ofangreindum 13 mönnum eiga 7 ólokið starfsnámi þar sem þeir hættu störfum á starfsnámstímanum. Að því er snertir rétt þeirra við umsókn um lögreglustörf sem losna skal það tekið fram að þeir hafa ekki rétt umfram aðra umsækjendur en ýmsir lögreglustjórar munu væntanlega sjá sér hag í að ráða mann sem lokið hefur hluta af grunnnámi lögreglumanna.

Að því er varðar þriðju spurninguna er þetta að segja: Um sundurliðun og ástæður þess hvers vegna 13 menn eiga eftir að sækja síðari önn skal þetta tekið fram samkvæmt þeim upplýsingum sem dómsmrn. hefur fengið: Sex voru ekki taldir standa sig nægjanlega vel í starfsnámi og voru af þeim sökum ekki sendir í síðari önn. Fjórir þeirra hafa nú verið endurráðnir í kjölfar álitsgerðar umboðsmanns Alþingis. Einn hætti störfum vegna barneigna. Einn flutti úr heimabyggð sinni og var honum boðið að ljúka námi en þáði ekki. Ekki reyndust til stöður fyrir þrjá menn er þeir luku fyrri önn og einn til viðbótar var ekki endurráðinn hjá embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli. Einn var ekki endurráðinn þar sem hann var ekki talinn uppfylla skilyrði um lögreglumenn. Að auki sótti einn fyrri önn skólans sem er í öðru föstu starfi og gegnir lögreglustörfum sem varamaður og héraðslögreglumaður og aldrei stóð til að færi í síðari önn. En þess má geta að frá árinu 1951 hafa alls 62 lokið fyrri hluta náms án þess að hafa lokið þeim síðari.

Að því er varðar fjórðu spurninguna er þetta að segja: Allar umsóknir um skólavist í Lögregluskóla ríkisins verða að berast frá sýslumönnum eða lögreglustjórum með staðfestingu dómsmrn. um að stöðuheimild sé fyrir viðkomandi nemanda og að hann hafi fengið jákvæða umsögn valnefndar Lögregluskólans og staðist inntökupróf í íslensku og þrekpróf.

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin við þessum spurningum og vænti þess að mér takist að vinna úr þeim eftir því sem til stóð.

Þær eru að vísu nokkuð margbrotnar og ég er ekki viss um að fram hafi komið hvort þessir einstaklingar eiga þess kost að sækja beint um skólavist. Ef ég skil hæstv. ráðherra rétt þá er það bundið því að þeir séu þar á vegum embætta. Ég ætla ekki að óska þess að ráðherrann beiti sér fyrir breytingum að svo stöddu en mér virðist umhugsunarefni hvort unnt verður í framtíðinni að móta þennan skóla líkt og aðra hér á landi eða líkt og þær starfsmenntabrautir sem fyrir eru í okkar skólakerfi sem bjóða í dag nánast öllum stéttum upp á fullnaðarnám innan hins almenna skólakerfis.

Nú er það hins vegar svo að störf lögreglumanna eru mjög sérstök og því hugsanlegt að ekki verði unnt að koma þessu við um þeirra starfsnám. En mér virðist samt sem áður að það sé fyrirliggjandi að einhverjir lögreglumenn hafi verið sendir til fyrri hluta náms á vegum embætta, hafi lokið námi svo að fullnægjandi sé, hafi ekki athugasemdir við frammistöðu í starfi, en samt sem áður ekki átt þess kost að ljúka náminu eða hljóta fastráðningu. Og mér virðist hugsanlegt enn þá að aðrir hafi verið valdir til fastráðningar án nokkus náms en síðar verið sendir í námið.

Ráðstafanir til orkusparnaðar, ein umr.

Fsp. JÁ, 416. mál. — Þskj. 711.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Virðulegur forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 711 til umhvrh. um ráðstafanir til orkusparnaðar og til að draga úr mengun frá bensín- og dísilvélum.

Fsp. er í þremur liðum.

„1. Hvaða úrræði til orkusparnaðar og til að draga úr mengun frá bensín- og dísilvélum eru til athugunar á vegum ráðuneytisins?

2. Hvaða tillögur hefur umhverfisráðherra lagt fram í ríkisstjórn um aðgerðir sem spara orku og draga úr mengun?

3. Hefur sú nefnd, sem umhverfisráðherra skipaði fyrir ári til að kanna notagildi brennsluhvata á bensín- og dísilvélar til að minnka mengun og spara orku, skilað áliti? Hver var niðurstaðan af starfi nefndarinnar?"

Ég verð að segja í upphafi að það hefur dálítið vafist fyrir mér undanfarið hvort það væri eitthvað að gerast til þess að vinna að orkusparnaði og til að minnka mengun frá vélum í bílum og skipum á Íslandi. Það var þess vegna sem ég ákvað að bera fram þessa fsp. En það vildi svo til að fjórum til fimm dögum eftir að ég lagði þessa fsp. inn til þingsins þá birtist skýrsla sem hæstv. umhvrh. hafði gert um mótun stefnu í umhverfismálum. Það er vissulega margt í þeirri skýrslu athyglivert og merkilegt og markmiðin eru reyndar sett þar mjög hátt því í markmiði sem sett er fram í skýrslunni stendur: „Markmið ríkisstjórnarinnar er að Ísland verði um næstu aldamót hreinasta land hins vestræna heims." Ekkert minna. Ég vona að þetta markmið sé raunhæft og það náist. Orð eru að vísu til alls fyrst en gerðir eru líka nauðsynlegar ef orðin eiga að öðlast eitthvert innihald. Ég vil segja að það var von mín að við þessum fyrirspurnum kæmu svör þar sem það kæmi fram að verið væri að vinna raunhæft að málunum, það væru einhverjar orkusparandi aðgerðir að líta dagsins ljós, aðgerðir sem munu minnka mengun frá þessum vélum sem ég nefndi hér áðan.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Varðandi fyrsta lið fyrirspurnarinnar vil ég segja þetta: Kannaðar hafa verið og bornar saman upplýsingar frá ýmsum löndum um leiðir til að draga úr mengun frá útblæstri bensín- og dísilvéla. Reglur um hámark mengandi efna í útblæstri bifreiða hafa í framhaldi af því verið endurskoðaðar, m.a. með

hliðsjón af bestu fáanlegri tækni. Þær reglur sem eru í gildandi mengunarvarnareglugerð fela m.a. í sér að allri fólksbílar, sem hafa verið fluttir til landsins eftir 1. júlí 1992 og knúnir eru bensínvél, eru með svokallaða hvarfakúta sem draga mjög verulega út mengun. Verið er að kanna og undirbúa hvaða reglur er raunhæft að setja um mengun frá bifreiðum sem eru knúnar dísilvélum.

Einnig má nefna að ráðuneytið hefur lagt áherslu á að auka notkun á blýlausu bensíni og að framfylgja banni við lausagangi bifreiða. Þá skipaði ég í ágúst sl. nefnd til að gera tillögur um aðgerðir til að auka notkun rafbíla á Íslandi með það fyrir augum að draga úr mengun og auka um leið notkun innlendra orkugjafa. Ég geri ráð fyrir að fá skýrslu frá þessari nefnd nú alveg á næstunni.

Hvað varðar önnur úrræði sem miða að orkusparnaði þá heyrir það nú kannski ekki síður undir iðnrn. en í samráði við það ráðuneyti erum við að kanna möguleika á að nýta innlendar orkulindir til eldsneytisframleiðslu. T.d. er nefnd sem skipuð var af iðnrh. og umhvrn. á aðild að að kanna niðurstöður rannsókna og tilrauna er lúta að nýtingu orkugjafa sem geta í einhverjum mæli komið í stað olíu og bensíns.

Varðandi annan lið fyrirspurnarinnar vildi ég þetta sagt hafa: Eins og fram kemur í þeirri skýrslu sem hv. þm. vitnaði til, stefnu ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum og leið til sjálfbærrar þróunar, þá er stefnt að því að draga úr olíunotkun fiskiskipaflotans svo og bensín- og olíunotkun samgöngutækja og vinnuvéla og stuðla að aukinni notkun raforku í iðnaði. Það má nefna að nýlega skilaði nefnd áliti sem miðar að því að auka notkun rafmagns í skipum sem liggja í höfnum landsins. Þá er að störfum önnur nefnd, sem iðnrh. skipaði í samráði við umhvrh., sem leitar leiða til að draga úr notkun olíu í fiskimjölsiðnaði og nota raforku í stað olíu.

Um þriðja liðinn vildi ég segja þetta: Eins og fram kom í svari mínu hér áðan við fyrstu spurningunni þá er það á verksviði umhvrn. að setja reglur um hámark mengandi efna í útblæstri bifreiða. Þær reglur sem settar voru miðast við bestu fáanlega tækni á hverjum tíma og þar verður ráðuneytið að styðjast við upplýsingar frá viðurkenndum innlendum og erlendum stofnunum á því sviði. Þannig er að hvorki ráðuneyti né stofnanir þess hafa möguleika á að prófa einstök tæki eða annan búnað sem notaður er í þessu skyni. Það er hins vegar á verksviði dómsmrn. að setja reglur um gerð og notkun bifreiða.

Nokkur umræða hefur orðið um notkun brennsluhvata í bensín- og dísilvélar til að minnka mengun og spara orku, m.a. hefur ráðuneytinu borist mikið af gögnum um svokallaða „powerplus"-hvata. Starfshópur á vegum ráðuneytisins hefur verið að kanna þessi gögn og önnur sambærileg og í þessum starfshópi eru fulltrúar ráðuneytisins, Hollustuverndar og Bifreiðaskoðunar Íslands. Endanlegar niðurstöður liggja ekki fyrir en þær upplýsingar og prófanir sem borist hafa frá söluaðila benda til þess að tekist hafi að minnka mengun og draga úr orkunotkun þar sem þessi búnaður hefur verið notaður. Gagna hefur verið aflað hjá óháðum aðilum um þennan búnað, m.a. vegna þess að samkvæmt þeim upplýsingum sem Hollustuvernd ríkisins hefur um loftmengun frá bifreiðum og leiðir til að draga úr henni er hvergi mælt með þessum eða sambærilegum búnaði. Niðurstöðu þessa starfshóps er að vænta innan tíðar.

Að lokum vil ég taka fram að enginn dómur hefur verið lagður á gildi þessa „powerplus"-hvata enn þá enda að mörgu að hyggja. Það þarf að kanna t.d. mjög rækilega hvort þessi búnaður kunni að hafa skaðlegar aukaverkanir í för með sér, t.d. hvort þau lífrænu tinsambönd sem eru í þessum búnaði gætu hugsanlega borist út í andrúmsloftið en það liggja ekki fyrir neinar upplýsingar. Tel ég þá, virðulegi forseti, að með þessum orðum sé fyrirspurnum hv. þm. svarað.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. svörin. Ég tel að í umhvrn. sé verið að vinna að gagnlegum málum hvað varðar mengun og orkusparnað. En ég tel að það þurfi að taka dálítið öðruvísi á þessum hlutum heldur en gert er. Mér finnst að það eigi að vera hlutverk umhvrn. að benda á leiðir til sparnaðar. Það hefði mjög gjarnan átt að vera hluti af því sparnaðarprógrammi, sem hæstv. ríkisstjórn er núna með á prjónunum og búin að vera undanfarið, að draga úr mengun og um leið minnka orkukostnað við skip og bíla landsmanna. Ég held að þarna sé geysilega mikið verkefni fram undan þar sem vikilega er hægt að spara mjög háar fjárhæðir auk þess sem um leið næðist verulegur árangur við það að minnka mengun.

Það sem ég vil láta verða mín síðustu orð um þetta mál hér er að mér finnst að ráðuneytið þurfi að bregðast eins fljótt við öllum nýjungum og öllum erindum sem til þess berast og mögulegt er og svara þeim. Ég geri mér grein fyrir því að ráðuneytið hefur ekki möguleika til að ákveða að það sé farið í einhverjar ákveðnar framkvæmdir tengdar nýjungum sem koma fram eða slíkt en það á auðvitað að vera hlutverk ráðuneytisins að benda öðrum aðilum í þjóðfélaginu á það sem hægt er að gera til að ná þeim markmiðum sem við erum að ræða um.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að það er vissulega ástæða til að leita leiða til að spara orku og minnka mengun. Ég nefni í þessu sambandi að iðnrn. beitti sér fyrir allmörgum árum fyrir verulegu átaki til að auka orkusparnað, t.d. við upphitun íbúðarhúsnæðis, það skilaði mjög verulegum árangri. Það er auðvitað alveg rétt að það þarf að halda þessu áfram og gera það á fleiri sviðum.

Af því sem mér er í minni á þessu augnabliki þá man ég og veit að umhvrn. skrifaði t.d. forráðamönnum Strætisvagna Reykjavíkur og benti á að það væri óþarfi að láta vagnana vera í lausagangi allan þann tíma sem þeir bíða á aðalmiðstöðinni inni á Hlemmi og í öðru lagi væri líka algjör óþarfi að láta vagnana vera

í lausagangi inni á Kirkjusandi allar frostnætur, það mætti auðveldlega halda olíunni og vélunum volgum eins og betra er í miklum kuldum með því að nota rafmagnshitun. Það væri tilölulega mjög auðvelt og einfalt að koma því fyrir. Þessum ábendingum komum við á framfæri. Ég nefni þetta bara sem eitt lítið dæmi um það að við fylgjumst með og reynum að bregðast við og bregðumst við þeim erindum sem til okkar berast. En það er líka rétt að á þessum sviðum má sjálfsagt ævinlega gera betur.

Út af dagskrá var tekið 9. mál.

Fundi slitið kl. 12.28 miðdegis.

---

133. FUNDUR

fimmtudaginn 18. mars,
að loknum 132. fundi.

Dagskrá:

1. Kosning 8 manna í landsdóm og jafnmargra varamanna til sex ára, frá 18. mars 1993 til jafnlengdar 1999, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 2. gr. laga nr. 3 19. febrúar 1963, um landsdóm.
2. Umhverfismál og upplýsingamiðlun, stjfrv., 42. mál, þskj. 43, nál. 404, brtt. 405. — 2. umr.
3. Innflutningur á gröfupramma, stjfrv., 239. mál, þskj. 308, nál. 741. — 2. umr.
4. Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, stjfrv., 261. mál, þskj. 342, nál. 744. — 2. umr.
5. Skálholtsskóli, stjfrv., 297. mál, þskj. 462, nál. 745. — 2. umr.
6. Hjúskaparlög, stjfrv., 273. mál, þskj. 369, nál. 742, brtt. 743. — 2. umr.
7. Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 302. mál, þskj. 471. — Frh. 1. umr.
8. Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, stjfrv., 406. mál, þskj. 700. — 1. umr.
9. Neyðarráðstafanir gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna, þáltill., 253. mál, þskj. 328. — Fyrri umr.
10. Húsnæðisstofnun ríkisins, frv., 402. mál, þskj. 696. — 1. umr.
11. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 420. mál, þskj. 716. — 1. umr.
12. Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, stjfrv., 421. mál, þskj. 717. — 1. umr.
13. Hvalveiðar, þáltill., 308. mál, þskj. 477. — Fyrri umr.
14. Könnun á nýtingu ígulkera, þáltill., 358. mál, þskj. 638. — Fyrri umr.
15. Tilraunaveiðar og þróun veiðarfæra vegna veiða á ígulkerum, þáltill., 393. mál, þskj. 687. — Fyrri umr.
16. Norræna ráðherranefndin 1992–1993, skýrsla, 407. mál, þskj. 701. — Ein umr.
17. Norrænt samstarf 1992 til 1993, skýrsla, 377. mál, þskj. 670. — Ein umr.
18. Norður-Atlantshafsþingið 1992, skýrsla, 398. mál, þskj. 692. — Ein umr.

Fjarvistarleyfi:

Davíð Oddsson, forsrh.,
Margrét Frímannsdóttir 4. þm. Suðurl.,
Ólafur Þ. Þórðarson 2. þm. Vestf.,
Sigbjörn Gunnarsson 7. þm. Norðurl. e.,
Tómas Ingi Olrich 5. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:

Aukinn þáttur bænda í landgræðslu, 373. mál. svar landbrh., þskj. 739.

Evrópskt efnahagssvæði, 440. mál, stjfrv., þskj. 749.

Síldarverksmiðjur ríkisins, 115. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 746; brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 747.

Umhverfismál og upplýsingamiðlun, 42. mál, brtt. umhvn., þskj. 748.

Umhverfismál og upplýsingamiðlun, 2. umr.

Stjfrv., 42. mál. — Þskj. 43, nál. 404, brtt. 405 og 748.

Frsm. umhvn. (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir hönd umhvn. fyrir nál. um frv. til laga um aðgang að upplýsingum um umhverfismál og upplýsingamiðlun.

Í upphafi vil ég segja frá því að um þetta nál. náðist góð samstaða í umhvn. eins og öll vinna í sambandi við þetta frv. vitnaði um.

Nefndin hefur fjallað um frv. sem miðar annars vegar að því að tryggja aðgang almennings að gögnum og upplýsingum um umhverfismál og hins vegar að kveða á um upplýsingamiðlun stjórnvalda varðandi þennan málaflokk.

Á fund nefndarinnar komu fjölmargir aðilar eins og nál. vitnar um og vísa ég til þess sem þar stendur.

Í grg. með frv. hæstv. umhvrh. segir m.a. svo:

„Markmiðið með frv. eins og kemur fram í 1. gr. þess, er annars vegar að tryggja aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál og hins vegar að tryggja upplýsingamiðlun stjórnvalda til almennings. Talið er eðlilegt að einstaklingar og lögaðilar geti óskað tiltekinna upplýsinga um umhverfismál án þess að hafa sérstakra hagsmuna að gæta. Enn fremur er talið að auka megi áhuga og vitund almennings gagnvart umhverfi sínu með aðgangi að upplýsingum og aukinni upplýsingamiðlun um umhverfismál."

Það má segja að vinnan í umhvn. hafi tekið mið af þessari markmiðslýsingu auk þess sem þar var lögð áhersla á að frv. breyti ekki núgildandi venjum og hefðum um að upplýsingar séu gefnar um ýmis mál

sem beðið er um munnlega af almenningi og fjölmiðlum.

Á undanförnum árum hafa verið lögð fram á Alþingi frv. til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Lengi hefur verið starfandi nefnd á vegum forsrn. sem hefur m.a. það hlutverk að semja slíkt frv., en sú nefnd hefur ekki lokið störfum. Þrátt fyrir að verið sé að vinna að almennum lögum um þetta efni telur nefndin rétt að nú verði sett í lög ákvæði um aðgang að upplýsingum og upplýsingamiðlun um umhverfismál.

Ég vil nú í fáeinum orðum geta þeirra breytinga er nefndin varð sammála um að gerðar yrðu á frv. og eins og segir frá í nál.:

1. Lagt er til að síðari málsgrein 1. gr., þar sem hugtakið „stjórnvald" er skilgreint falli brott og vísast um það til breytingartillögunnar í 2. tölul.

2. Breyting sú, sem lögð er til á fyrri málsgrein 2. gr., felur í sér rýmkun á gildissviði hugtaksins „stjórnvald" þannig að ljóst verði að ekkert stjórnvald verður undanskilið hvað varðar aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál. Nauðsyn þykir bera til að frv. taki til fleiri aðila en þeirra sem hafa að lögum vald til að kveða á um réttindi eða skyldur manna á sviði umhverfismála, svo sem rannsóknastofnana sem vinna að gagnaöflun og úrvinnslu gagna en hafa ekki vald til að taka stjórnsýsluákvarðanir. Brtt. við síðari málsgrein 2. gr. byggist á því að ætla má af upptalningu ákvæðisins að það taki ekki til ýmissa upplýsinga, svo sem um hið byggða umhverfi. Er því lögð til sú breyting til rýmkunar ákvæðinu að í stað upptalningar á vatni, lofti, jarðvegi, dýralífi, gróðri, landi og náttúruminjum verði notuð hugtökin „umhverfi" og „náttúruauðlindir" sem taka einnig til fyrrgreindra atriða. Þá er felld brott upptalning á formi upplýsinga enda illmögulegt að telja slíkt upp á tæmandi hátt með tilliti til tækniværðingar nútímans.

3. Breytingin á 3. gr. felur í sér að í stað þess að hugtakið „aðili" sé skilgreint og notað í frv. verði 1.–3. mgr. felldar saman í eina málsgrein auk þess sem áréttað er að sá sem óskar upplýsinga skuli beina skriflegri beiðni sinni til þess stjórnvalds sem hefur upplýsingarnar í vörslu sinni. Þá er fellt brott það skilyrði 2. mgr. greinarinnar fyrir veitingu upplýsinga að þær hafi orðið tiltækar eftir að lög þessi taka gildi. Þess í stað er lagt til að stjórnvaldi verði veitt heimild til að synja um slíkar upplýsingar í undantekningarákvæði 4. gr. frv.

4. Lagt er til að ný grein, er verði 4. gr., bætist við frv. í stað samþykkisreglna þeirra sem koma fram í e- og g-liðum 4. gr. frv. Stjórnvald skal ætíð leita álits viðkomandi þegar um er að ræða mál er varða mikilvæga viðskiptahagsmuni einstaklinga og fyrirtækja eða einkahagi manna.

5. Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á 4. gr.:

a. Upphafsorðum fyrri málsgreinar verði breytt til áréttingar því að um er að ræða undantekningarákvæði frá meginreglunni um upplýsingaskyldu stjórnvalda og að þessum heimildum til að synja um upplýsingar skuli aðeins beitt þegar sérstaklega stendur á.

b. Í a-lið fyrri málsgreinar falli orðin „og varnarmál" brott þar sem varnarmál hljóta að falla undir hugtakið „öryggi *ríkisins*".

c. C- og f-liðir fyrri málsgreinar verði felldir saman vegna tengsla þeirra atriða er þar heyra undir.

d. D-liður fyrri málsgreinar falli brott, enda standa ekki rök til þess að hindra upplýsingar á þessum grundvelli.

e. Orðin „nema með samþykki viðkomandi" í e-lið fyrri málsgreinar falli brott en þess í stað bætist við ný grein, sbr. 4. tölul. brtt.

f. F-liður fyrri málsgreinar falli brott í samræmi við brtt. í c-lið.

g. Orðin „nema sá samþykki sem í hlut á" í g-lið fyrri málsgreinar falli brott, en þess í stað bætist við ný grein, sbr. 4. tölul. brtt.

h. Í stað síðari málsgreinar komi tvær nýjar málsgreinar. Þannig er í samræmi við athugasemdir í 3. tölul. lagt til að stjórnvald hafi aðeins heimild til að synja um upplýsingar sem aflað hefur verið fyrir gildistöku laga þessara. Í nýrri 3. mgr. er síðan lögð til sú breyting að stjórnvaldi skuli í öllum tilvikum skylt að rökstyðja synjun um upplýsingar.

6. Í breytingum þeim, sem lagðar eru til við 5. gr., felst í fyrsta lagi að fyrri og síðari málsgreinar greinarinnar verði að einni málsgrein. Þá er lagt til að málskotsfrestur lengist í sex vikur þar sem sá frestur, sem settur er fram í frv., þykir veita málsaðila of lítið ráðrúm. Jafnframt er lagt til að í stað þess að miða upphaf málskotsfrests aðila við þau tímamörk, er honum varð kunnugt um synjun, verði miðað við tilkynningu, en slík viðmiðun auðveldar sönnun um upphaf frests. Loks er lagt til að við greinina bætist ný málsgrein þar sem ráðherra er gert skylt að gefa aðilum kost á að koma sjónarmiðum sínum að áður en ákvörðun er tekin í viðkomandi máli.

7. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 6. gr. sem fjallar um heimild stjórnvalds til gjaldtöku fyrir upplýsingar. Með þessum breytingum ætti að vera tryggt að gjaldtaka, sem aðeins skal beita hóflega og í undantekningartilvikum, fæli fólk ekki frá að leita sér upplýsinga. Þá er lagt til að stjórnvald skuli gera þeim er upplýsinga óskar fyrir fram grein fyrir því gjaldi sem hann getur komið til með að þurfa að greiða.

8. Við 7. gr. eru lagðar til orðalagsbreytingar sem ættu að gera ákvæðið skýrara og ekki eins víðtækt og áður án þess að um beinar efnisbreytingar sé að ræða.

9. Við fyrri málsgrein 8. gr. er lagt til að skýrsla um ástand og þróun umhverfismála verði birt á árs fresti. Auk þess er lagt til að á brott falli orð þau er kveða á um að skýrsla þessi skuli birt í fyrsta skipti þremur árum eftir gildistöku frv. Helgast þessar tillögur m.a. af því að árleg skýrslugerð þykir vera markvissari og fremur í tengslum við atriði eins og fjárlagagerð en skýrslur sem einvörðungu eru gefnar út á margra ára fresti. Á grundvelli þessara brtt. þykir eðlilegt að slík skýrsla verði í fyrsta skipti birt á árinu 1994. Breytingin á 2. mgr. byggist á því að eins og ákvæðið er orðað í frv. er stjórnvöldum nánast í sjálfsvald sett hvort þau gera grein fyrir lagasetningu, úrskurðum og ákvörðunum á sviði umhverfismála. Með því að fella

brott orðin „og ástæða er til hverju sinni“ er matssvið stjórnvalda um þetta efni þrengt. Sú skylda mun hvíla á stjórnvöldum að láta af hendi úrskurði á sviði umhverfismála verði þess óskað og sama mun gilda um ákvarðanir varði þær almannahagsmuni. Umhvn. Alþingis telur eðlilegt að fylgst sé með framkvæmd frv. þessa, ef að lögum verður, á þann hátt að nefndin fái afrit af úrskurðum ráðherra skv. 5. gr. frv. (er verður 6. gr.). Mun nefndin á grundvelli þessa ákvæðis óska eftir að fá slíka úrskurði eftir gildistöku frv.

10. Lagt er til, með nýrri brtt. sem nú hefur verið dreift, að lögin taki gildi 1. jan. 1993 þar sem full þörf þykir vera á lagasetningu þessari, óháð samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

11. Lagt er til að yfirskrift frv. breytist og heiti þess verði: Frumvarp til laga um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál.

Hv. þm. Árni M. Mathiesen og Lára M. Ragnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en aðrir nefndarmenn undirrita þetta nál.

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég segja að það eru sannarlega tímamót og fagnaðarefni að um jafnbrýnt og stórt mál og þetta skuli hafa náðst góð og traust samstaða. Ég hef áður sagt frá því að löngum hafa staðið yfir umræður þess efnis að sett yrðu lög um upplýsingaskyldu og upplýsingamiðlun stjórnvalda gagnvart almenningi. Nú hefur okkur tekist að ná samkomulagi um þetta, upplýsingamiðlun og upplýsingaskyldu stjórnvalda um umhverfismál gagnvart almenningi, og er þetta stórt skref í því að skapa traust á milli stjórnvalda og almennings andspænis umhverfismálum og síðast en ekki síst stórt skref til þess að efla umhverfisvitund almennings.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til að þakka hv. umhvn. þingsins þá vinnu sem hún hefur lagt í umfjöllun þessa frv. jafnframt því sem ég lýsi því yfir að ég hygg að þær breytingar sem hún leggur til séu flestar til betri vegar og veit raunar að í starfi nefndarinnar hefur hún haft samráð við fulltrúa ráðuneytisins um þessi mál og þar hefur tekist gott samstarf. Ég lýsi stuðningi við þessar breytingar og vona að þetta frv. sem markar tímamót eins og hv. formaður umhvn. og frsm. raunar sagði hér. Ég vona að þetta verði sem fyrst að lögum og ítreka þakkir til nefndarinnar fyrir hennar starf.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innflutningur á gröfupramma, 2. umr.

Stjfrv., 239. mál. — Þskj. 308, nál. 741.

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. samgn. um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa Sveinbirni Runólfssyni sf. innflutning á gröfupramma.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv. á fundum sínum og fengið til fundar til þess að afla upplýsinga Ara Guðmundsson frá Siglingamálastofnun ríkisins og Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgrn.

Frv. þetta er flutt vegna þess að það tæki sem hér um ræðir fellur undir lög um eftirlit með skipum, nr. 51/1987. Samkvæmt skilgreiningu laganna er skip sérhvert fljótandi far, þar með talið svifskip, skíðaskip og önnur skip sérstakrar gerðar nema annars sé getið. Í lögum þessum er kveðið svo á um að ekki megi flytja inn skip sem er eldra en 11 ára, eða eins og þar segir sem er 12 ára eða eldra.

Sá prammi sem hér um ræðir er hins vegar 22 ára gamall. Þessi prammi er vélarlaus og stendur á fótum við vinnu til þess að bera þau tæki sem notuð eru við gröft.

Það eru ýmis fordæmi fyrir því að slík frv. hafi verið flutt á Alþingi og samþykkt sem lög og tel ég ekki ástæðu til að rekja þau fordæmi. Jafnframt eru fordæmi fyrir því að ráðherra hafi gefið heimild til innflutnings á viðkomandi tækjum eða skipum fyrir fram með fyrirvara um samþykki Alþingis síðar.

Að því er þetta tæki varðar þá hefur Siglingamálastofnun ríkisins skoðað prammann og fyrir sitt leyti fallist á innflutning hans þrátt fyrir þau ákvæði laganna nr. 51/1987 sem ég hef þegar vitnað til.

Í þeim upplýsingum sem nefndin aflaði sér kemur fram að þessi prammi var fluttur til landsins, að vísu í pörtum, þann 22. júní 1992. Samgrn. veitir heimild til innflutnings hans með fyrirvara um samþykki Alþingis þann 10. ágúst 1992 og hann er skráður hjá Siglingamálastofnun ríkisins þann 22. sept. 1992.

Í skilmálum Siglingamálastofnunar ríkisins kemur fram að gert var ráð fyrir að gera þyrfti á prammanum smávægilegar lagfæringar. Það liggur ekki nákvæmlega fyrir hvort í þær viðgerðir hefur verið ráðist enda er það álit Siglingamálastofnunar ríkisins að það sé á ábyrgð eiganda prammans að því sé framfylgt og kæmi væntanlega fram í því að tryggingar væru ekki fullgildar ef ekki er fylgt þeim skilmálum sem settir eru.

Það hefur enn fremur komið fram að óhapp varð við notkun prammans. Hann sökk um miðjan nóvember 1992 en var kominn á flot þrem dögum síðar.

Þrátt fyrir að hér sé um atburðarás að ræða sem ekki er í samræmi við það sem æskilegt hefði verið, og er þó ekki fordæmislaus, er það skoðun nefndarinnar í heild að eðlilegt sé að samþykkja þetta frv. og stendur nefndin öll að því áliti. Á hinn bóginn rita fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í samgn. undir nál. með fyrirvara.

Ég legg því til, hæstv. forseti, fyrir hönd samgn. að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Frú forseti. Hér er komið til 2. umr. frv. um að leyfa innflutning á gröfupramma sem reyndar er búinn að vera hér síðan í júní í fyrra og virðist hafa verið einkennilega staðið að því máli að leyfa þann inn-

flutning. Að vísu heimilar samgrn. það fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki Alþingis en þess samþykkis er ekki leitað fyrr en með þessu frv. sem var lagt fram fyrir síðustu áramót en er nú til afgreiðslu.

Ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara og sá fyrirvari er í því fólginn að mér finnst að hér hafi verið nokkuð einkennilega að málum staðið, ekki hvað síst það, sem kemur fram í bréfi samgrn. við spurningum okkar í samgn. frá 15. þessa mánaðar, að pramminn hefur verið skráður hjá Siglingamálastofnun þann 22. sept. 1992 þrátt fyrir að ekki liggi þá fyrir lög frá Alþingi sem heimili innflutninginn en það þarf samkvæmt þeim lögum sem í gildi eru um innflutning skipa þar sem óheimilt er að flytja inn skip sem eru eldri en 12 ára.

Það má einnig geta þess í því sambandi að í nýju frv. til laga um eftirlit með skipum, sem liggur fyrir hinu háa Alþingi, er heldur ekki slík heimild fyrir hendi þannig að þetta er ekkert hugsað til framtíðar. Það virðist vera að í hvert einasta skipti sem slík mál koma upp þurfi að leita eftir lagaheimild frá Alþingi til þess að flytja inn skip sem þetta því samkvæmt skilgreiningu Siglingamálastofnunar er þetta skip þó hér sé um pramma að ræða. Hvert það fley sem á sjó er látið flokkast sem skip.

Ég geri, eins og hv. frsm. gat um áðan, ekki athugasemd um að málið verði afgreitt en ég vil vekja athygli á því að hér hefur verið mjög óvanalega að málum staðið og þetta virðist allt hanga í lausu lofti hvað framtíðina snertir. Það virðist heldur ekki eiga að taka á þessu máli með því frv. til laga um eftirlit með skipum sem hér er til umfjöllunar. Ég get ekki varist því að álykta sem svo að Siglingamálastofnun hafi farið út fyrir sitt verksvið með því að skrá þennan pramma hinn 22. sept. án heimildar Alþingis.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þetta mál sem hér er komið til 2. umr. er dæmi um mál þar sem Alþingi er notað sem stimpilstofnun. Maður getur ekki varist því að hugsa til þess ef þau lagaákvæði sem hér um ræðir eru þess eðlis að ekki þarf að fara eftir þeim fyrr en eftir á, hvers vegna þeim er þá ekki breytt. Það er hálfhjákátlegt að vera að samþykkja lög sem leyfa innflutning gröfupramma sem er búið að flytja inn. Hann er búinn að vinna sitt verk og sökkva einu sinni og síðan erum við með frv. í þinginu um að leyfa innflutning á þessu tæki.

Þetta leiðir hugann að mörgu öðru og ég hálfvorkenni hv. 2. þm. Norðurl. v. að mæla fyrir þessu máli því ég veit að það er ekkert í hans anda að standa svona að málum. Hins vegar leiðir þetta hugann að fjölmörgum öðrum málum þar sem farið er á svig við settar reglur í samskiptum framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Ég get ekki að mér gert, einmitt við umræðu þegar við erum að afgreiða þetta mál, að minna á að það er náttúrlega alveg óhæfa að framkvæmdarvaldið sniðgangi löggjafarvaldið með þeim hætti sem verið hefur undanfarið. Það er t.d. alveg óhæfa að fara að framkvæma lög um Húsnæðisstofnun ríkisins sem eru til meðferðar í félmn. Alþingis eins og er raunin á þar sem hönnunardeild Húsnæðisstofnunar er seld meðan lögin sem heimila niðurlagningu hennar eru fyrir Alþingi. Sjávarútvegsstefnuna á að endurskoða í samvinnu við sjútvn. Alþingis. Sú samvinna hefur alls ekki verið fyrir hendi. Það er af nógu að taka í þessum efnum. Það má minna á vegagerð, skiptingu vegafjár og útboð á framkvæmdum sem er ekki í samræmi við gildandi vegalög.

Ég vil bara við þessa umræðu minna á að auðvitað verða handhafar framkvæmdarvaldsins að taka upp einhverjar skikkanlegar umgengnisreglur við þingið. Það ætti að vera hlutverk forustu þingsins að hafa frumkvæði í því að spyrna við fótum vegna þess að umgengnishættir við Alþingi eru að verða algjör óhæfa af hálfu framkvæmdarvaldsins.

Þetta vildi ég að kæmi fram. Að öðru leyti ætla ég ekki að orðlengja um þetta mál. Ég tek sjálfsagt þátt í því í þetta sinn með öðrum þingmönnum að reka stimpilinn á þetta mál en þetta er að verða svolítið þreytandi.

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara vegna þess að ég ætlaði að gera grein fyrir skoðunum mínum á því. Þær skoðanir fara reyndar saman við skoðanir þeirra þingmanna sem hafa talað á undan mér. Ég vil vekja athygli hv. 2. þm. Norðurl. v. á því að það hefur alla vega ekki verið yfirlýst opinberlega að Guðni Ágústsson væri orðinn hluti af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar því hann lýsti því yfir að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna hefðu skrifað undir með fyrirvara en það gerði Guðni ekki. En það er nú kannski til gamans að tala um það. (**PJ:** Ég biðst afsökunar á því.)

Ég tel að þetta mál beri með sér að það skorti á að menn beri virðingu fyrir lagasetningu. Kannski er ástæða til þess að svoleiðis fer þegar svona er staðið að málum ár eftir ár eins og gert hefur verið, þ.e. í gildi eru lög um eftirlit með skipum en síðan flytja menn, að mér finnst, tiltölulega mörg lagafrv. á þingi vegna einstakra skipa sem flutt eru inn. Þar er sérstaklega um að ræða pramma eins og hér er verið að tala um og reyndar líka önnur skip. Það er vegna þess að þau ákvæði í lögunum um eftirlit með skipum, um að skip megi ekki vera eldri en 12 ára, þykja of ströng og Siglingamálastofnun hefur ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að hún geti mælt með því að flutt séu inn eldri skip.

Nú vill svo til að það liggur fyrir frv. til laga um eftirlit með skipum og þar er tekin afstaða til þessa máls á nýjan leik. Í því frv. kemur fram tillaga um það að í staðinn fyrir 12 ára megi skip vera 15 ára og þar að auki geti Siglingamálastofnun fallist á að skip séu flutt inn sem séu allt að 20 ára gömul.

Ég er að vekja athygli á þessu vegna þess að á sama tíma er þetta frv. til umfjöllunar þar sem verið er að flytja inn skip sem er 22 ára gamalt. Mér finnst að

þarna skorti á yfirsýn hjá mönnum að leysa ekki málin þannig að í algjörum undantekningartilvikum þurfi að flytja lög vegna innflutnings á einstökum skipum.

Ég vil svo vekja athygli á því að í svokölluðum bandormi vegna samgöngumála sem fylgir EES-lagasetningunni kemur fram að Íslendingar eru skuldbundnir til þess að skrá skip á Íslandi sem hafa hlotið haffærisskírteini í einhverju landi EES-svæðisins og geta þá ekki gert aðrar kröfur til skipsins en þær að það hafi hlotið haffærisskírteini í viðkomandi landi. Það mun óhjákvæmilega bjóða því heim að erlendir aðilar geti flutt inn skip, sem eru eldri en þarna er um að ræða, á þessum forsendum og líka skip sem Siglingamálastofnun ríkisins á Íslandi hefði, ef hún hefði fjallað um viðkomandi skip, kannski gert kröfur um að uppfylltu ákveðin skilyrði til þess að fá haffærisskírteini, kröfur sem ekki eru gerðar í þeim löndum sem þau koma frá. Það eru mörg dæmi um að Siglingamálstofnun ríkisins á Íslandi gerir strangari kröfur til skipa og báta en gert er í löndunum í kringum okkur sem er út af fyrir sig eðlilegt vegna aðstæðna við landið eins og allir Íslendingar þekkja. Hér eru miklu erfiðari aðstæður og það þarf að gera strangari kröfur til skipa sem eru gerð út eða sigla í kringum landið. Það hefur reyndar komið fram og er ástæða til þess að vekja athygli á því að það er umhugsunarefni að akkúrat svona skip, eins og þessi gröfuprammi sem við erum að fjalla um, hafa þó nokkuð mörg sokkið við landið á undanförnum árum.

Ég held að það sé full ástæða til þess fyrir Siglingamálastofnun að þar velti menn því alvarlega fyrir sér hvort það þurfi ekki að gera meiri kröfur til þessara pramma sem verið er að leyfa innflutning á eða smíði í landinu því þó svo að þeir séu ætlaðir til notkunar í höfnum þarf að draga þá á milli hafna til þess að þeir geti komið að gagni annars staðar en þar sem þeir fara upphaflega á flot. Það hefur boðið þeirri hættu heim að þeir hafa sokkið og eru því miður þó nokkuð mörg dæmi um að það hafi gerst.

Ég tel þess vegna að það sé full ástæða til að menn hugsi þessi mál betur. Það þarf að fara fram umræða í samgn. um það hvort lögin sem verið er að fjalla um núna eigi að vera akkúrat eins og þau eru sett fram. Ef það verður niðurstaðan þá tel ég að líta eigi á það sem fyrirmæli til Siglingamálastofnunar og yfirlýsingu um það frá hv. Alþingi að ekki sé meiningin að hægt sé að flytja raðir af einhverjum skipum til landsins með því að renna í gegn lagafrv. eins og þessu. Ég tel að ef frv. verður samþykkt eins og það liggur fyrir sé það yfirlýsing um að Alþingi Íslendinga sé ekki að reikna með því að í framtíðinni verði fluttur inn prammi eins og sá sem við erum að tala um og er orðinn yfir 20 ára gamall.

Ég er alveg tilbúinn að ræða þessi mál í samgn. og í þeirri von að þar geti orðið skynsamleg niðurstaða en ég tel einsýnt að þarna hljóti menn að doka við og sú niðurstaða sem verður í umfjöllun um þetta mál verði látin miðast við það að í framtíðinni ættu menn ekki að standa í því að flytja frv. fyrir einstök fyrirtæki allt í kringum landið sem telja sér einhvern hag af því að flytja inn eitthvert gamalt brotajárn frá löndunum í kringum okkur.

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að bæta við neitt það sem ég sagði varðandi þá atburðarás sem hér hefur orðið í sambandi við þetta mál og aðdragandann að þessari afgreiðslu. Ég tók fram að það væri ekki eins og við hefðum helst kosið.

Hv. 3. þm. Vesturl. sagði réttilega frá því að fyrir Alþingi liggur frv. til laga um eftirlit með skipum sem við höfum til meðferðar í samgn. og við eigum þar báðir sæti. Ég taldi ekki ástæðu í framsögu að fara að fjalla um það frv. en varðandi þau aldursmörk sem þar er gert ráð fyrir að kveða á um og kveðið er á um í gildandi lögum, þá er það skoðun þeirra manna sem ég hef rætt við og teljast vera kunnáttumenn í þessum efnum að aldursmörk þurfi ekki endilega að ráða um gæði eða haffæri skipa. Ég hygg að við nefndarmenn í samgn. munum ræða það mjög ítarlega á hvern máta við kjósum að skipa þeim ákvæðum í okkar tillögum. En ég get sagt fyrir mitt leyti að ég tel ástæðu til þess að þau aldursmörk verði a.m.k. rýmkuð eða felld burtu varðandi tæki af þessum toga og ýmis slík skip sem ekki teljast til fiskiskipa og e.t.v. til farskipa. Það munum við ræða frekar.

Það er út af fyrir sig hægt að geta þess að fyrir samgn. liggur beiðni frá Slysavarnafélagi Íslands þess efnis að fá heimild til þess að flytja inn björgunarbát sem félagið á kost á á mjög lágu verði og sem, að þeirra dómi, er góður björgunarbátur sem mundi henta starfsemi félagsins vel. Það hefur ekki verið tekin nein afstaða til þess máls enn þá en þannig geta komið upp tilvik sem sanna að það er óheppilegt að hafa þessi aldursmarkaákvæði allt of þröng að því er varðar ýmis slík skip og tæki eins og þau sem hér eru nefnd og t.d. þau sem nefnd eru í ýmsum þeim fordæmum sem verið hafa um lagasetningu af því tagi sem við erum að leggja til að hér verði afgreidd.

Þetta munum við fjalla nánar um og vænti ég að við komumst þar að viturlegri niðurstöðu.

Ég get svo aðeins beðist afsökunar á því að ég tók ekki eftir því að einn fulltrúi stjórnarandstöðuflokkanna hafði skrifað undir nál. án fyrirvara en var ekki með því að drótta neinu að honum um það að hann hefði skipt um flokk eða fylkingu og hygg ég að afsökunarbeiðni mín hljóti að verða tekin til greina.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get út af fyrir sig fallist á það sem hv. 2. þm. Norðurl. v. var að segja um aldursmörkin. Þau eru vissulega umhugsunarefni og ég tel að það eigum við að ræða vel í nefndinni. En ég tek það aftur fram að ég tel að sú niðurstaða sem þar verður hljóti að verða eitthvað sem menn ætli sér að standa við og ekki verði gert ráð fyrir því að það sé nema í algjörum undantekningartilvikum, og það ætla ég að taka sérstaklega fram að þau geta auðvitað komið upp, og það er einmitt rétt að benda á þetta glæsilega skip þótt gamalt sé sem Slysavarnafélag Íslands hefur ósk-

að eftir að fá leyfi til að flytja til landsins.

Vegna þess að það féll niður hjá mér áðan vil ég nefna að það sem er auðvitað ákaflega ádeiluvert og Siglingamálastofnun ríkisins þarf að taka til alveg sérstakrar athugunar, það er að Siglingamálastofnunin skráir þennan gröfupramma í sínar bækur og gengur frá skráningu hans sem íslensks skips án þess að búið sé að samþykkja þessi lög í þinginu. Það er augljóslega lögbrot og mér finnst mikið umhugsunarefni að það skuli hafa gerst. Ég vona að ekki hafi verið fleiri dæmi um það því það getur auðvitað valdið ýmsum erfiðleikum og vandræðum ef slíkt gerist að skip er ólöglega skráð í landinu. Ég veit t.d. ekki hvernig hefði farið gagnvart tryggingafélögum ef þessi prammi hefði sokkið, eins og hann gerði, og það hefði síðan komið upp í kjölfarið að hann hefði verið ólöglega skráður og tryggingafélögin hefðu á þeim forsendum kannski neitað að greiða tryggingabætur.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja umræðuna um afgreiðslu þessa máls. Ég tek undir það með formanni og frsm., hv. þm. Pálma Jónssyni, að hér er auðvitað ekki um skip að ræða í þeim skilningi heldur vinnupramma sem flokkast undir skip við þessar aðstæður. Ég styð að málið fái þennan framgang. Ég vil þó skýra frá því og skrifa þess vegna ekki undir með fyrirvara undir þetta mál. Ég tel sjálfsagðan hlut að verða við því. Við höfum fengið svör við öllu því sem við spurðum um í nefndinni. Það sem ég gagnrýndi í nefndinni og taldi óeðlilegt er það sem hér hefur komið fram, hvernig staðið hefur verið að málinu af hálfu samgrn. og Siglingamálastofnunar. Það hlýtur að vera mjög óeðlilegt þegar það þarf lög að það skuli hafa gerst í júlí í fyrra að þetta skip er flutt inn með leyfi samgrn. en þó þeim fyrirvara að það þurfi lög til, en nokkrum vikum síðar er Siglingamálastofnun búin að skrá prammann löglegan og hann hefur hafið störf í landinu. Þetta er eins og að fremja glæp og biðja svo um lagabreytingu á eftir. Með þessari röð eiga mál ekki að fara fram. Ég vænti þess að það hafi komið fram í framsöguræðu framsögumanns að við þessar aðstæður væri eðlilegt að áminna Siglingamálastofnun um að skrá prammann.

En ég tek undir það sem ég sagði í upphafi að hér er ekki um skip að ræða, hér er vinnuprammi sem sjálfsagður hlutur er að gefa leyfi fyrir og það gangi í gegnum þingið en ég tel mjög mikilvægt að Alþingi sé ekki einhver afgreiðslustofnun þar sem menn geti gert hitt og þetta, komið síðan og beðið um að málið fari í gegn þegar verkfærið er búið að vera marga mánuði í vinnu í landinu.

En ég lýk máli mínu með því, forseti, að ég styð stjórnarliðana og þarf engan fyrirvara um það hvað þetta mál varðar. Ég tel eðlilegt að það fari í gegnum þingið úr því sem komið er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað. — [Fundarhlé].

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 2. umr.

Stjfrv., 261. mál (sigling um strandleið). — Þskj. 342, nál. 744.

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 744 frá allshn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 7/1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sbr. lög nr. 56/1986 og lög nr. 25/1990.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir hún með samþykkt þess.

Frv. var sent til umsagnar utanrmn. sem gerði ekki athugasemdir við það.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Ingi Björn Albertsson og Ólafur Þ. Þórðarson.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Undir álitið skrifa Sólveig Pétursdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Björn Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Jón Helgason, Kristinn H. Gunnarsson og Sigbjörn Gunnarsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skálholtsskóli, 2. umr.

Stjfrv., 297. mál (heildarlög). — Þskj. 462, nál. 745.

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 745, 297. mál, um frv. til laga um Skálholtsskóla, frá allshn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Þorbjörn Hlyn Árnason biskupsritara. Umsagnir bárust frá biskupi Íslands, Collegium musicum, guðfræðideild Háskóla Íslands, héraðsnefnd Árnesinga, menntamálaráðuneytinu, Prestafélagi Íslands, prófastinum í Árnessýslu og söngmálastjóra þjóðkirkjunnar.

Markmið frumvarps þessa er að treysta starfsemi skólans og efla tengsl kirkju og þjóðlífs. Gert er ráð fyrir að Skálholtsskóli heyri undir þjóðkirkjuna en ríkið taki þátt í kostnaði af rekstri hans samkvæmt samkomulagi þar um (sjá fskj. I með frumvarpinu). Lagt er til að kirkjuráð skipi skólaráð til fjögurra ára í senn og að skólinn starfi einkum á þremur sviðum: guðfræði-, kirkjutónlistar- og fræðslusviði.

Málið var einnig lagt fram á 115. löggjafarþingi en því hefur verið breytt og mestu ágreiningsefnin sniðin af.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Ingi Björn Albertsson og Ólafur Þ. Þórðarson. Undir álitið skrifa Sólveig Pétursdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Björn Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Jón Helgason, Sigbjörn Gunnarsson og Kristinn H. Gunnarsson. Sá síðastnefndi með fyrirvara.

Virðulegi forseti. Ég vil nefna fáein atriði varðandi Skálholtsskóla, m.a. um þau ákveðnu svið sem frv. gerir ráð fyrir og biskupsritari lagði áherslu á við nefndina.

Frv. um Skálholtsskóla felur í sér breytt rekstrarform frá því sem gildandi lög gera ráð fyrir. Forsendur fyrir hefðbundnu lýðháskólaformi eru ekki lengur fyrir hendi. Skólinn hefur þess vegna undanfarin ár starfað sem námskeiða- og ráðstefnumiðstöð.

Með staðfestingu þessa frv. verður unnt að varðveita og þróa áfram það sem best hefur gefist í starfsemi skólans undanfarin ár. Enda þótt ekki verði starfræktur lýðháskóli í Skálholti verða tengsl við lýðháskólahreyfingar á Norðurlöndum rækt áfram. Skólinn mun þannig geta gegnt mikilvægu hlutverki í norrænu samstarfi.

Innan guðfræðisviðsins verður lögð áhersla á þjálfun guðfræðikandítada. Samkvæmt lögum nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, skulu guðfræðikandítatar undirgangast fjögurra mánaða þjálfun á vegum biskupsembættisins áður en þeim er heimilt að sækja um prestsembætti innan þjóðkirkjunnar. Skálholtsskóli mun geta gegnt mikilvægu hlutverki í þessu tilliti. Í febrúar voru þrír guðfræðikandítatar á vikunámskeiði í Skálholtsskóla þar sem fjallað var um messuna, helgihald og fleira. Þá er áformað að stofna til endurmenntunarnámskeiða fyrir starfandi presta þjóðkirkjunnar og hafa um það samstarf við guðfræðideild háskólans og Prestafélag Íslands.

Varðandi fræðslusviðið er einkum um tvennt að ræða: Að í Skálholtsskóla verði áfram boðið upp á fræðslu fyrir starfsfólk kirkjunnar, þ.e. starfsfólk í barna- og æskulýðsstarfi, meðhjálpara, kirkjuverði, sóknarnefndarfólk og þá einnig fræðslu um kirkju og kristna trú í formi námskeiða og ráðstefna er miðast við þarfir almennings. Námskeið fyrir fermingarbörn á Suðvesturlandi hafa verið ríkur þáttur í starfsemi skólans síðustu ár og áfram verður hann staður fyrir þau. Kyrrðardagar verða áfram á dagskrá skólans.

Þá er áformað að kanna hvernig Skálholtsskóli getur starfað að fræðslumálum til gagns fyrir byggðirnar í nágrenninu.

Varðandi kirkjutónlistarsvið verður haldið áfram samstarfi við embætti söngmálastjóra þjóðkirkjunnar en undanfarin ára hafa verið haldin námskeið fyrir kirkjukóra og organista í Skálholti. Þar hafa einnig verið söngbúðir fyrir kirkjukóra. Þjálfun og leiðsögn fyrir stjórnendur barnakóra í kirkjum er nýr þáttur í starfi Skálholtsskóla á þessum vetri. Reynt verður að auka samstarf yfir sumartónleikana í Skálholti.

Meginhlutverk Skálholtsskóla verður að þjóna kirkju og þjóð og það gerði Skálholtsstaður um aldaraðir. Í þessum skóla verður leitast við að styrkja innviði og kirkjulega starfsemi. Einnig verður þar vettvangur fyrir almenna fræðslu, vettvangur fyrir skoðanaskipti, trú, lífsviðhorf og menningu þar sem þeir er orðastað vilja eiga við kirkjuna verða velkomnir. Áhersla verður lögð á tengsl kirkju og skóla, skólum er starfa í skjóli helgidómsins og helgihald verður ríkur þáttur í allri starfsemi skólans. Öflug fræðslustofnun í Skálholti er þó einnig vitaskuld liður í uppbyggingu Skálholtsstaðar þannig að í Skálholti verður lifandi starfsstöð íslensku þjóðkirkjunnar, athvarf og heimili er gagnist kirkjunni allri.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég skrifa undir nál. allshn. eins og aðrir nefndarmenn þar þar sem nefndin er sammála um að æskilegt sé að auka það svigrúm sem þarf til þess að gera rekstur Skálholtsskóla mögulegan og efla starf hans á ný. Hins vegar er það ljóst að til þess að hægt sé að vinna að slíku þarf auðvitað fjármuni auk slíks svigrúms sem þarna er gefið kirkjunni. Ég vildi aðeins leggja áherslu á það sem áður hefur komið fram í umræðum um málið að það er ekki mikið fyrirheit, sem ríkisstjórnin eða ráðherrar þeir sem undirrituðu samkomulag við kirkjuna, gefa um fjárhagslegan stuðning. Ég tel nauðsynlegt, ef þarna tekst að koma upp öflugu starfi, þá verði aukið við hann af hálfu ríkisvaldsins. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að þarna komi upp öflugt starf, ekki aðeins fyrir kirkjuna heldur einnig fyrir þjóðfélagið í heild. Ég legg því áherslu á að ríkisvaldið skilji ekki þessa stofnun eftir án þess að hún fái það fjármagn sem til þarf að ná því markmiði. Að sjálfsögðu mun það fara eftir því hversu vel kirkjan stendur sig að ná góðum árangri hversu miklar kröfur hún getur gert til ríkisvaldsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 302. mál. — Þskj. 471.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Í fyrra varð mikil umræða um þetta frv. og þá lýsti ég ýmsu af því sem ég vildi koma þar á framfæri og mér finnst engin ástæða til að endurtaka það allt saman aftur. En ég vildi koma einu á framfæri í sambandi við markmið laganna, eða eins og segir í II. kafla um markmið og gildissvið og skýring á 2. gr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Markmið laganna er að skapa grundvöll þess að maðurinn geti lifað í landinu í sátt við villt dýralíf þess. Auk þess að vera friðunarlög taka lögin til atriða sem valdið geta árekstrum við hagsmuni mannsins, sem og nytja af villtum dýrum."

Ástæða þess að ég geri þetta að umtalsefni er það að í frv. er fyrst og fremst verið að taka á friðun,

vernd og veiðum en lítið tekið á því þegar árekstrar verða milli mannsins og hinna friðuðu dýra, þ.e. þegar hagsmunir þeirra rekast á. Hagsmunir sem jafnvel eru tengdir því að nytja þessa friðuðu fugla og aðrir friðaðir fuglar koma til þess að trufla þær nytjar.

Eins og hæstv. umhvrh. sjálfsagt veit þá er ég að vitna til þess að margir æðarbændur hafa síðustu ár orðið fyrir talsverðum búsifjum af völdum arnar og á þetta sérstaklega við um þau bú sem eru við Breiðafjörð og Strandir þar sem örninn hefur aðallega aðsetur. Það er ekkert í þessum lögum, að mér sýnist, sem tekur á því hvernig eigi að koma fram í því tilfelli og ekkert sem segir hvert þeir æðarbændur eigi að snúa sér og hvaða rétt þeir eigi raunverulega ef þeir verða ítrekað fyrir ágangi arnar og telja að þeir hafi orðið fyrir umtalsverðum skaða þess vegna.

Það segir hér í 4. gr. frv. að veiðistjóraembættið hafi umsjón með og stjórn á aðgerðum á opinberri hálfu sem sé ætlað að hafa áhrif af stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra eða tjón af þeirra völdum. Ég vil samt sem áður aftur lýsa því að ég tel að hvergi í kerfinu sé tekið á því þegar þessir hagsmunaárekstrar verða, og fólk sem hefur lent í þeim árekstrum telur að ekki sé þarna samræmi á milli villtra fugla, þeir séu hvorir tveggja friðaðir og það fólk sem vinnur að því að friða æðarfuglinn og nýta hann hafi ekki til þess ráðrúm eða frið vegna þess að annar friðaður fugl, þ.e. örninn, gangi mjög mikið á þeirra rétt. Ég vildi benda á þetta og ég veit ekki hvort hæstv. umhvrh. hafi hugsað sér að skoða þetta eða hvort væntanleg er viðbót í sambandi við þá skaðabótaskyldu hugsanlega sem einhver aðili ætti þá að hafa eða hvað eiginlega er til ráða í þessu sambandi. Ég mundi vilja óska eftir því að hv. umhvn. skoðaði þetta mál alveg sérstaklega og hvort ekki er hægt að leita einhverra leiða til þess að koma í veg fyrir þessa árekstra eða a.m.k. koma til móts við sjónarmið æðarbænda í þessu tilfelli.

Útbýting þingskjals:

Sementsverksmiðja ríkisins, 211. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 753.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Þetta frumvarp til laga um vernd og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum er nú lagt hér fram á Alþingi í annað sinn. Hv. þm. muna það eflaust að þegar þetta frumvarp var lagt fram á síðasta þingi þá urðu alllíflegar umræður um efni þess og ekki allir á eitt sáttir um fjölmörg ákvæði. Ég vil nú segja samt að þær umræður allar voru mjög málefnalegar. Nú hefur hæstv. umhvrh. lagt frumvarpið fram í annað sinn og tekið tillit til mjög margra ábendinga sem fram komu í þeim umræðum. Frumvarpið í þeirri gerð sem það er lagt fram nú svarar einmitt mörgum þeim gagnrýnisorðum sem þá voru lögð fram og er tillit til þeirra tekið á margan hátt þannig að ég vænti þess að nú gæti orðið betri og meiri samstaða um þetta mál. Það er mjög brýnt að sett verði heildarlöggjöf um þessar veiðar og hér er einmitt hvort tveggja í senn verið að samræma í lög ákvæði laga og svo hins vegar að færa þessi lög til nútímahorfs.

Ég vil eigi að síður gera að umtalsefni í örstuttu máli 11. gr. frv. en um þá grein hef ég fyrirvara og hæstv. umhvrh. er kunnugt um þann fyrirvara en 11. gr. fjallar einmitt um hið svokallaða veiðikort og gjald sem greitt er fyrir það.

Ég er sammála því markmiði sem lagt er til grundvallar um það að gefin verði út veiðikort og þau afhent fyrir hóflegt gjald. Hæstv. umhvrh. hefur lýst því og það segir frá því í greinargerð með frv. að grundvöllurinn undir útgáfu veiðikorta og gjaldinu er sá að koma á fót eftirliti með stofnum dýra sem veiðar eru stundaðar á. *Með öðrum orðum, að reyna að virkja* veiðimenn til samstarfs um það að auka rannsóknir og eftirlit með þeim dýrategundum sem fjallað er um.

Ég er mjög sammála því að það þurfi að leita allra ráða til þess að kalla veiðimenn til samstarfs um að efla rannsóknir og síðast en ekki síst, reyna að fá þá til liðs við það að þessar upplýsingar geti legið fyrir. Það verður að segjast eins og er að við höfum harla litlar upplýsingar um fjölmarga stofna sem við stundum veiðar á og það þarf að finna einhvers konar fyrirkomulag sem getur virkjað veiðimennina til samstarfs um þetta markmið. Ég hef efast um það að sú aðferð að skylda menn til þess að endurnýja veiðikort sitt árlega og borga fyrir það hóflegt gjald geti tryggt að árangur náist um það að fullnægja þessu markmiði. Ég *óttast það mjög að þessi veiðikortaútgáfa verði í tímans ráðs* hefðbundin og að lítt mark verði takandi á þeim veiðiskýrslum sem veiðimönnum er gert að skila, ekki vegna þess að ég treysti ekki veiðimönnum mjög vel til að halda dagbækur, sem þeir gera mjög margir, um veiði, stað og stund o.s.frv. heldur hitt að þetta verði fremur spurning um afgreiðslu en um það að veita þessar upplýsingar eins og ætlast er til.

Þá hefur það einnig vakið ugg á meðal veiðimanna varðandi gjaldtökuna að þetta eigi að verða einhver tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Ég er þess fullviss að sá er alls ekki tilgangurinn með gjaldinu að hér sé verið að skapa einhvers konar tekjugrundvöll fyrir ríkissjóð. Kann að vera að skapist einhverjar tekjur sem ég treysti mjög vel að verði nýttar til þess að efla rann*sóknarstarfið. En þarna gætir eigi að síður uggs og það* er hægt að taka undir það að hugsanlega yrði í starfi umhvrh. og hugsanlega væri hér við völd ríkisstjórn sem ekki væri jafnvinveitt veiðimönnum eins og raun ber vitni. Hún freistaðist til þess þar sem heimildin væri til staðar að nýta þennan stofn til tekjuöflunar. Þetta þurfum við að skoða mjög gaumgæfilega.

Ég hef verið að spyrja veiðimenn um það hvort til sé einhver önnur aðferð til þess að virkja þá til samstarfs í sambandi við upplýsingaöflunina og rannsóknastarfsemina. Þeir hafa enn ekki getað bent mér á neina afgerandi leið sem hér gæti komið í staðinn en þetta þurfum við að skoða mjög vandlega í nefndinni þegar málið kemur þar til umfjöllunar.

Virðulegi forseti. Það er annað ákvæði í þessum lögum sem ég vil vekja athygli á og það er að samkvæmt 6. gr. frv. eru öll villt dýr nú í raun og veru

friðuð önnur en mýs, rottur og minkar. Ég veit ekki hvort hv. þm. hafa tekið eftir því, en áður þegar þetta frv. var lagt hér fram á síðasta þingi, þá voru í þessum hópi dýra einungis mýs og rottur en nú eru minkar komnir í þennan hóp réttdræpra dýra. Það mætti halda hér langt mál um skaðvaldinn, minkinn, í náttúru landsins sem ég held að sé meiri skaðvaldur en margan grunar og vil af þessu tilefni beina þeim orðum mínum til hæstv. umhvrh. að hann haldi áfram að standa dyggan vörð um það að minkastofninum verði haldið í skefjum eins og kostur er. Það er álit sérfræðinga og þeirra sem gleggst þekkja, að honum verði tæpast útrýmt úr þessu en þar sem skipulega hefur verið staðið að veiðum hefur árangurinn sýnt að þessum stofni megi halda verulega í skefjum og þar með þeim skaða sem minkurinn veldur í náttúru og umhverfi landsins.

Þá er það annað atriði sem mig langaði líka til að nefna, virðulegi forseti, og það er í sambandi við 14. gr. frv. sem fjallar um hreindýrin. Um þau mætti hafa langt mál. Síðasta setning þessarar greinar hljóðar svo: „Eignarréttur á landi, þar sem hreindýr halda sig, veitir ekki rétt til veiða á hreindýrum." Nú ætla ég ekki með þessum orðum að boða það að hér þurfi að taka öðruvísi á málum heldur þurfi að athuga það mjög gaumgæfilega hvort þetta ákvæði frumvarpsins kann á einhvern hátt að brjóta í bág við önnur lög er kveða á um eignarrétt og nytjar lands. Það er nú svo, alla vega gagnvart þeim sem til þekkja og umbera hreindýrin yfir veturinn, að þeir geta borið af þeim mikinn skaða. Þetta eru falleg dýr, en fyrir þá sem þurfa að búa í nábýli við þau og sjá allan þann umhverfisskaða sem hjarðirnar valda á vetrurna og bera af því kostnað líka, og þá á ég við landeigendur, þeir hljóta að spyrja sig að því þegar öll umræðan stendur sem hæst um beitarmál þjóðarinnar hvort ekki megi beita einhverjum aðgerðum til að sporna við ofbeit hreindýra sem er víða stórt vandamál. Hv. þm. hafa heyrt sagt frá því í fréttum og séð myndir af því í sjónvarpi hvernig hreindýrin hafa farið með skóga víða á Austurlandi en það er ekki einvörðungu gagnvart trjánum sem þau geta verið skaðvaldar heldur líka viðkvæmu landi.

Þetta vildi ég nefna og einnig velta upp þeirri spurningu að ef eignarréttur á landi veitir ábúanda ekki einhvern rétt gagnvart því að nýta hreindýrin, nýta þessi hlunnindi, þá er spurningin sú hvort ríkissjóður eða réttara sagt ríkisvaldið sé ekki með einhverjum hætti skaðabótaskylt gagnvart landeigendum sem umbera hreindýrin vetur eftir vetur og bera umhyggju fyrir sínu landi. Þetta er ég ekki að segja til þess að gagnrýna þessa grein heldur vekja athygli á að þetta þurfi að skoða mjög gaumgæfilega. Það hefur verið mjög gott samkomulag um það að landeigendur sem umbera hreindýrin nytu góðs af hlunnindum þeirra og sú hefð hefur skapast í gegnum tíðina og er staðfest í þeirri reglugerð sem hæstv. umhvrh. hafði að töluverðu leyti forustu um að setja. Spurningin er sú hvort til þessa þurfi að taka tillit í sambandi við lagagerðina sjálfa.

Virðulegi forseti. Það er rétt að vekja athygli á því að það eru í gildi mjög góð lög um lax- og silungsveiði. Til þeirra er vitnað hér í umsögn varðandi 11. gr. frv. og tekið tillit til þeirra þegar verið er að tala um hin svokölluðu veiðikort og veiðiskráningu. Einn er þó munur á ákvæðum þessa frumvarps og ákvæðum laga um lax- og silungsveiði að þar er það landeigandinn eða veiðifélagið sem ber ábyrgð á upplýsingaskyldunni en ekki veiðimaðurinn. Þá verðum við að hugsa til þess hvort það sé orðinn grundvöllur til að í lög verði sett ákvæði er heimili stofnun veiðifélaga um veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Þetta er hugmynd og þetta er nokkuð sem ég held að verði að taka afstöðu til, hv. umhvn. verði að skoða þegar þetta frv. verður tekið þar til umfjöllunar.

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. fyrir það að leggja þetta mál fram aftur og tel það mjög brýnt að hægt verði að ná samstöðu um lög er fjalli um þessi efni. Ég vil líka þakka hæstv. umhvrh. fyrir það að hafa tekið jafnríkulegt tillit til hinna fjölmörgu athugasemda sem komu fram í annars málefnalegum umræðum þegar þetta frumvarp var fyrst flutt.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil einnig þakka hæstv. umhvrh. fyrir að leggja þetta mál fram að nýju. Ég er þeirrar skoðunar að mikil þörf sé fyrir frumvarp til laga um það sem hér er til umfjöllunar, vernd og friðun og reyndar veiði á villtum fuglum og spendýrum. Að vísu eru til lög sem um þetta fjalla frá 1966, nr. 33. Þau eru um margt góð en ég er samt þeirrar skoðunar að það sé þarft að endurskoða þau og færa þau í heillegri búning.

Mér sýnist að það frumvarp sem hér er lagt fram hafi að mjög mörgu leyti tekið breytingum til hins betra frá því sem var á síðasta þingi. Ég sagði þá nokkur orð um það mál og lýsti almennt stuðningi mínum við slíkan flutning og gerði þar athugasemdir við nokkur atriði sem mér sýnast að séu flest færð til betri vegar. Þó eru örfá atriði í frv. sem ég vildi nefna.

Í 7. gr. er fjallað um heimild umhvrh. til að setja reglugerð um friðun, vernd og veiðar villtra dýra og þar segir að reglugerðir skuli m.a. kveða á um, og svo er það upptalið. Ég hef ekki fundið í þessu frumvarpi heimild fyrir ráðherra til að setja ákveðna takmörkun á fjölda dýra sem eru veidd. Það kann að vera að það hafi farið fram hjá mér. En það tíðkast mjög erlendis að, við skulum segja, hver skotmaður hefur heimild til þess að veiða svo og svo mörg dýr eða svo og svo marga fugla. Reyndar hygg ég að það sé reglan frekar en undantekningin að svo er gert. Og ég get ekki neitað því að sem veiðimanni, a.m.k. var ég það og er það að sumu leyti enn og hef ánægju af því, ofbýður mér stundum þegar menn eru að koma með tugi og jafnvel hundruð gæsa og fugla og sé satt að segja ekki að það geti talist réttlætanlegt nema þá í einhverjum algerum undantekningartilfellum þar sem um einhverja plágu er að ræða. Ég tek að vísu eftir því að hér segir „reglugerðir skulu m.a. kveða á um" en ég vildi gjarnan vita hvort ráðherra lítur svo á að honum sé ekki heimilt að ákveða fjölda sem hver veiðimaður má veiða af hverju dýri, fugli o.s.frv.

Þá segir í 8. gr.:

„Öllum íslenskum ríkisborgurum og mönnum með lögheimili hér á landi ...“ o.s.frv. Við ræddum í fyrra um frv. sem var tengt hinu Evrópska efnahagssvæði og fjallaði um heimild íbúa landa hins Evrópska efnahagssvæðis til þess að stunda veiðar í óbyggðum, í almenningi, og mig langar til þess að spyrja ráðherra hvernig það tengist inn í það. Er tekið fyrir það hér? Ég lýsti þeirri skoðun þá að ég sæi ekki þörf á þessu og ég sæi ekki hvernig samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði gæti falið í sér þá heimild sem sýndist gert ráð fyrir í því frv. Ég man ekki reyndar hvort það fór í gegn, en er það ekki alveg ljóst af 8. gr. að aðeins íslenskum ríkisborgurum er heimil slík veiði? Nú geri ég fastlega ráð fyrir því að erlendir ríkisborgarar geti líka fengið hér leyfi til að veiða en að það sé ekki svo fortakslaust eins og hér er sagt. Hvaða reglur gilda með öðrum orðum um erlenda ríkisborgara og heimildir til þess að veiða hér á almenningi?

9. gr. fjallar um ýmis skilyrði og ýmislegt sem ekki er heimilt að nota við veiðar og er að mínu mati ákaflega mikilvægt. Ég var reyndar að fletta upp í lögum frá 1966 en hafði ekki lokið því. Ég man að við fyrrv. þm. Stefán Jónsson fluttum fyrir allmörgum árum frv. um þessi mál þar sem voru takmarkanir á notkun á t.d. sjálfvirkum skotvopnum. Ég man ekki betur en það væri samþykkt en staðreyndin er sú að það hefur ekki nokkurn skapaðan hlut verið eftir þessu farið. Í verslunum hér eru seldar sjálfvirkar haglabyssur allt upp í fimm skota. Hér hafa líka verið seld í verslunum segulbandstæki og rafknúnir hljóðgjafar.

Ég er þessu mjög hlynntur. Ég tel að það eigi að banna slíka hluti en spurning mín er: Hvernig á að fylgjast með þessu? Hvað verður gert í þessu sambandi? Verða slík tæki gerð upptæk? Hvað verður gert við það sem til er í verslunum og fleira þess háttar? Getur komið til mála, ef mig rangminnir ekki að þetta er bannað nú í lögum, að það þurfi að greiða skaðabætur fyrir það sem af veiðimönnum er tekið og er þessa kyns sem ég hef hér rakið? Ég vil taka fram að ég er þessu fullkomlega hlynntur. Það má kannski deila um það hvað á að ganga langt í að banna. T.d. geri ég mikinn mun á pumpu eða sjálfvirkri haglabyssu. Ég held að það hljóti flestir að gera og jafnvel þó pumpan taki fleiri en tvö skot.

Þá eru það veiðikortin og hæfnisprófin. Ég er hlynntur veiðikortum og hæfnisprófi. Reyndar er nú krafist prófs áður en menn fá byssuleyfi og sú spurning vaknar hvort það nægir ekki. Ef menn fá byssuleyfi á annað borð, þá hljóta menn að hafa fullnægt því hæfnisprófi sem veiðimanninum er gert hér að gangast undir. Hér er gert ráð fyrir því að greiða gjald sem ég er líka hlynntur. Hins vegar hlýt ég að taka undir það sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að það má ekki verða tekjustofn fyrir ríkissjóð. Sú spurning hlýtur að koma upp hvort ríkissjóður muni með því draga úr framlagi sínu til rannsókna t.d. hjá Náttúrufræðistofnun. Verður þetta látið koma í staðinn?

Ég tala af nokkurri reynslu. Oft hefur þetta orðið niðurstaðan. Menn hafa sagt: Þarna er annar tekjustofn og dregið úr nauðsynlegu framlagi hins opinbera. Það má ekki gerast. Og sú spurning vaknar hvort æskilegt er að bjóða upp á þetta með því að slíkt fjármagn eigi að renna til rannsókna. Ég tel mjög mikla þörf fyrir sjóð, t.d. í þeim tilgangi sem þarna er nefndur til „stýringar á stofnum villtra dýra“, ég veit ekki hvernig á að leggja það út, en til að hafa eftirlit með framkvæmd þessara laga ef að lögum verða. Það er ekki nóg að setja reglur, sem eru góðar, ef ekkert eftirlit er haft með.

Það er raunar það sem ég hef hvað mestar áhyggjur af. það er ekki nefnt undir þessari grein og í sambandi við þetta gjald að gjaldið skuli renna til þess að hafa eftirlit með framkvæmd laganna Það má kannski fella það undir þetta með stýringar á stofnum villtra dýra. Ég veit það ekki. Ég verð að viðurkenna að mér er ekki fullkomlega ljóst við hvað er átt með þessu. En ég tel afar mikilvægt að það fáist tekjur til að hafa eftirlit með framkvæmd svona laga. Annars eru þau nánast verri en ekki neitt.

Þar rætt er um veiðikortin eru einnig ákvæði þar sem segir að á þau skuli skrá gildistíma og hef ég ekkert við það að athuga. Spurning er hvort það á að vera til eins árs og hvort ekki er skynsamlegra að hafa hann til eitthvað lengri tíma en eins árs. Ég er hræddur um að það verði töluvert verk að endurnýja þau á ársfresti. Ég slæ því hér fram hvort ekki mætti hugsa sér að hafa gildistímann t.d. tvö eða þrjú ár.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í frv. að skrá á kortið þær tegundir sem viðkomandi hefur heimild til að veiða. Um þetta hef ég nokkrar efasemdir því að mér finnst að maður sem hefur á annað borð staðist hæfnispróf um meðferð skotvopna og ég tala nú ekki um um veiðipróf eigi að hafa heimild til að veiða það sem á annað borð er leyft að veiða eins og t.d. er talið upp í 18. gr. Ég get tekið mína eigin reynslu á þeim árum þegar ég stundaði veiðar mikið. Það var kannski skotinn mávur á förnum vegi af því það var talið að það ætti að fækka honum. En á að skrá það á veiðikort að hann hafi heimild til að skjóta máv? Eða miklu fleira sem hér er nefnt. Hér eru alls konar tegundir anda. Á að skrá þær allar á veiðikortið? Ég hef reyndar afar lítið stundað andaveiðar en ég hef stundað gæsaveiðar og það hefur kannski flogið önd fram hjá o.s.frv. Verða menn þá að hafa þetta á veiðikortinu eða skreppa niður á skrifstofu og fá það fært inn?

Mér líst ekki á þetta. Ég held að þeir sem á annað borð stunda veiðar að einhverju ráði hljóti þá að hafa allt fært inn á veiðikortið sem leyft er að veiða. Ég spyr: Er þetta nauðsynlegt ef maðurinn hefur á annað borð staðist þær kröfur sem gerðar eru? Ég leggst a.m.k. að svo komnu máli gegn því að krafist sé að færa allt inn á veiðikortið.

Svo er eitt atriði sem ég hljóp óvart yfir í 9. gr. um vélknúin farartæki sem ég er einnig hlynntur eins og æðimargt sem ég hef nefnt í þessu frv. Hér segir, með leyfi forseta: „Vélknúin farartæki á landi má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Skotvopn skulu vera óhlaðin meðan á því akstri stendur. Þau

skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu frartæki á landi en 50 metra."

Þetta er mjög gott að flestu leyti. En þegar menn aka á sinni bifreið þá hlaða þeir venjulega þegar þeir koma út. Þeir stika ekki 50 metra og segja svo: Nú má ég hlaða. Um leið og ég segi að þetta sé að sumu leyti gott ákvæði, þá er þetta að sumu leyti dálítið hlálegt þó það sé vitanlega framkvæmanlegt.

Ég vil þó ekki síður ræða um önnur vélknúin farartæki á landi t.d. fjórhjól og snjósleða. Nú er það svo að þegar vetur er og snjór yfir öllu, þá eru nánast engar merktar brautir utan þjóðvega og til þess eru snjósleðarnir að komast um land sem ekki er með merkta vegi. Ég hef orðið vitni að því við rjúpnaveiðar að komið hefur maður á fjórhjóli, brunað yfir hjarnið skjótandi í báðar áttir. Vitanlega er það hlutur sem er forkastanlegur og verður að koma í veg fyrir. Engu að síður eru þessi tæki til þess að komast um landið þar sem ekki eru vegaslóðar.

Ég hef ekkert ráð við þessu. Það er erfitt að banna snjósleða og fjórhjól og ekki hægt hygg ég. Hins vegar hygg ég að það sé heldur ekki hægt að banna þeim að fara út af merktum vegum. Ég held að það sé afar erfitt. Mér er ekki ljóst hvernig hæstv. ráðherra hyggst framkvæma þetta að sumu leyti ágæta ákvæði. Ég hygg að þetta með að ekki megi hlaða fyrr en 50 metra frá muni ekki síst vera sett til þess að sporna einmitt gegn því sem ég nefndi áðan, að menn eru með hlaðnar byssur á tækjum eins og snjósleðum og fjórhjólum. Ég tek undir það. Það má alls ekki eiga sér stað. Eflaust er þetta hugsað sem varnagli, að menn séu komnir þetta langt frá en aki ekki, eins og ég sá í þessu tilfelli, inn í rjúpnahópinn skjótandi í báðar áttir.

Ég held því að það þurfi að skoða þetta pínulítið nánar og sú spurning hljóti að vakna í meðferð nefndarinnar: Er þetta framkvæmanlegt? Er framkvæmanlegt að banna mönnum á snjósleðum og fjórhjólum að aka utan merktra vegaslóða? Vitanlega er það svo að jeppar á stórum dekkjum fara þvers og kruss um landið þar sem engir vegaslóðar eru. Stundum eru vitanlega snjóalög þannig að vegir sjást ekki og þá fara þessi tæki engu að síður.

Ég held að þetta þurfi að skoðast og ég endurtek um leið og ég styð heils hugar harðar takmarkanir á notkun vélknúinna tækja við veiðar. Reyndar er ég algerlega á móti því að þau séu notuð við veiðar heldur bara til komast að veiðilendum. Ég held að eftirlitið hljóti að verða óframkvæmanlegt. Það þyrfti þá að hafa lögreglu um hálendið nokkurn veginn allan rjúpnatímann grunar mig.

Ég skal ekki lengja umræðu um þetta. Ég endurtek að ég fagna því að þetta frv. er komið fram og tel að það hafi tekið miklum lagfæringum frá því í fyrra og að flestu leyti viðunanlegt. Þó hef ég gert nokkrar athugasemdir sem ég óska mjög að sú nefnd sem fær málið til meðferðar skoði.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Frv. um þetta efni var flutt á síðasta Alþingi eins og hér hefur komið fram. Þá voru gerðar við það frv. allmargar athugasemdir og m.a. gerði ég ýmsar athugasemdir við það. Frv. er nú endurflutt og hefur verið tekið til athugunar áður en það var flutt að nýju. Ég hef tekið þátt í því að lesa frv. yfir og leggja til þar ýmsar breytingar og ég hef fyrir mitt leyti samþykkt ásamt öðrum þingmönnum stjórnarflokkanna að þetta sé flutt sem stjfrv. á hv. Alþingi.

Frv. hefur tekið ýmsum breytingum frá þeim búningi sem það var í á síðasta þingi. Þær breytingar eru að mínum dómi til bóta og ég vil þakka hæstv. umhvrh. fyrir þá vinnu sem hann hefur staðið fyrir að lögð hafi verið í þetta mál. Ég tel ástæðu til að þegar reynt er að verða við ýmsum athugasemdum, þá sé það þakkarvert.

Þrátt fyrir það sem hefur komið fram í mínum orðum standa enn eftir efnisatriði í þessu frv. sem eru mér ekki geðfelld. Ég á mjög erfitt með að sætta mig við þau grundvallaratriði í frv. sem að mínu áliti hefði þurft að vera á annan veg. Þar á ég við það grundvallaratriði frv. að öll villt dýr og fuglar séu friðuð nema mýs, rottur og minkar, sem nú hefur góðu heilli verið bætt í þann hóp villtra dýra sem eru ófriðuð, en síðan er það algerlega á valdi hæstv. ráðherra með tiltekinni umsögn svokallaðrar villidýranefndar hvort friðun er aflétt eða ekki. Mér finnst það grundvallaratriði í lagasetningu að setja slíkt vald í hendur ráðherra, hver sem skipar það embætti hverju sinni, sé ekki sérlega aðgengilegt, svo ekki sé meira sagt. Mér finnst að í þessu sé fólgið of mikið miðstýringarvald rétt eins og ég sagði í umræðu um þetta mál á síðasta þingi og mér finnst að þetta bjóði upp á að það sé ekki eins skýrt fyrir veiðimönnum eða öðrum og ella væri ef friðunartími væri bundinn í lögum og jafnframt væri þá bundið í lögum hvenær mætti veiða og hvaða dýr mætti veiða hverju sinni. Þetta er grundvallaratriði sem ég bið hv. umhvn. enn um að taka til athugunar í sinni vinnu. Skal ég þá gjarnan viðurkenna að það er til hægðarauka að þurfa ekki alltaf að breyta lögum ef talin er ástæða til að breyta friðunartíma, t.d. ef menn vildu nú stytta veiðitíma rjúpunnar, sem ég tel fulla ástæðu til, frá því sem er í gildandi lögum eða eitthvað annað slíkt vegna sveiflna í fuglastofnum eða dýrastofnum. Þrátt fyrir það læt ég ekki af þeirri skoðun minni að hér sé um óeðlilegt lagaform að ræða og betra að hafa lög einföld og skýr um þessi efni en að þau séu opin og að í öllum meiri háttar atriðum hvað þetta snertir sé framkvæmd þeirra á valdi tiltekins ráðherra.

Þetta er annað af þeim atriðum sem ég vildi láta hér koma fram við þessa umræðu og óska eftir að sé tekið til athugunar af hálfu hv. umhvn.

Ég skal ekki fara í ýmis þau atriði sem hér hafa verið nefnd af fyrri ræðumönnum og sem ég get að ýmsu leyti tekið undir. Sumt af því er þannig að þrátt fyrir að bætt hafi verið í umfjöllun um málið áður en það var nú flutt er ólíklegt að það takist að framfylgja því til hins ýtrasta í öllum atriðum en skal ég samt ekki vera að teygja tímann við að elta slíkt uppi.

Annað atriði sem ég vil hins vegar gera að umtalsefni er 16. gr. frv. sem fjallar um seli og rostunga. Nú

verð ég að játa að mín dýrafræðikunnátta er ekki meiri en svo að ég hélt að rostungar væri selategund og þyrfti þess vegna ekki að taka það fram sérstaklega, að eins og er hér er tekið fram um landsel, útsel, blöðrusel og vöðusel, þá væri ein selategundin enn sem héti rostungur. En látum það nú vera. Í þessari grein er gert ráð fyrir því að umhvrh. geti sett í reglugerð ákvæði þar sem aflétt er friðun ýmissa selategunda á tilteknum svæðum og árstíðum samkvæmt tillögum sjútvrh. Síðar segir að sjútvrh. stjórni nýtingu selastofnsins og hafi umsjón með þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð þessara dýra.

Nú vill svo til að selir og selveiði fellur undir starfssvið landbrn. og landbúnaðarlöggjöfina, a.m.k. að mestu leyti. Selveiði er að mestu leyti stunduð við árósa og nálægt fjöruborði. Landareignum jarða fylgir svokölluð landhelgi sem nær 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði. Það svæði fellur því, eins og ég aður sagði undir landbúnaðarlöggjöfina, undir jarðalög, undir ábúðarlög sem er hluti landbúnaðarlöggjafarinnar, og að því er tekur til veiða í árósum sumpart í tengslum við lax- og silungsveiðilöggjöfina. Mér er því alveg fyrirmunað að skilja hvernig hæstv. sjútvrh., hver sem hann er, á að hafa stjórn á þessum málum og að lúta skuli forræði hans innan verksviðs allt annars ráðherra. Umsýsla hæstv. sjútvrh. getur að mínum dómi ekki verið á öðrum svæðum en þeim sem eru utan landhelgi sjávarjarða. Það má svo sem vel vera að í ýmsum tilvikum megi stunda selveiðar á þeim svæðum en það mun þó vera miklu fátíðara en er á þeim landsvæðum sem tilheyra algerlega landbúnaðarlöggjöfinni og verksviði landbrn. Þessi grein finnst mér vera algert klúður og ég held að það verði ekki hjá því komist að taka þessa grein til sérstakrar athugunar, og væntanlega þannig að henni verði breytt í umfjöllun hv. umhvn. sem fær málið áður en það gengur til 2. umr.

Það er út af fyrir sig gamalt mál á hv. Alþingi hvernig á þessum málum er tekið og Alþingi hefur áður fengist við frumvörp sem flutt hafa verið í sambærilegu horfi við það sem hér er, þ.e. að flækja forræði þessara mála á milli ráðuneyta og Alþingi hefur hafnað slíkri lagasetningu til þessa. Ég á þess vegna von á því að þessi atriði verði tekin til nánari athugunar á milli umræðna og á því er að mínum dómi full þörf.

Ég skal svo ekki lengja umræðuna. Ég tel eðlilegt og þarft að setja saman löggjöf um veiðar og friðun á villtum dýrum og villtum fuglum að svo miklu leyti sem það fellur undir verksvið umhvrn. Það er auðvitað vandasamt verk en ég vil gjarnan þakka að það hefur að ýmsu leyti verið nokkuð vandlega að því unnið þó að ágallar séu enn á frv. sem hljóta og þurfa að koma til athugunar í þingnefnd og e.t.v. þarf að leita umsagnar um ýmis þau atriði sem þar sýnast vera álitamál annars staðar í þjóðfélaginu en hér á hinu háa Alþingi.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð þarft mál að reyna að setja saman heildstæða löggjöf um það efni sem hér er til umræðu og frv. er ætlað að taka á. Ég fylgdist af athygli með umræðum um frv. það sem lagt var fram á síðasta þingi og athugasemdum sem menn gerðu þá og hef síðan kynnt mér þetta frv. nokkuð sem við erum með núna. Það er ljóst að nokkuð hefur verið gengið til þess að taka tillit til athugasemda sem menn höfðu fram að færa á síðasta þingi. M.a. hefur ákvæði 19. gr. verið breytt um hversu nærri æðarvarpi megi leggja net en það gat haft mjög slæm áhrif fyrir grásleppuveiðar á tilteknum stöðum á landinu ef ákvæði frv. eins og þau voru í fyrra hefðu farið óbreytt í gegn. Og það ber að fagna þessari breytingu og öðrum sem ég læt hjá líða að nefna þar sem það hefur komið fram í ræðum manna fyrr.

Ég vil fara yfir örfá atriði sem ég vildi biðja hv. nefnd að hafa til umhugsunar. Það fyrsta sem ég vil nefna er ákvæði í 14. tölul. 9. gr. sem bannar hálfsjálfvirk eða sjálfvirk skotvopn. Á það ber að líta að menn eiga þessi skotvopn og ég veit ekki betur en menn hafi eignast þau með löglegum hætti. Ef notkun þeirra yrði síðan algerlega bönnuð núna, þá vaknar upp spurningin um eignarrétt manna með lögum og hvort menn séu að ógilda verðmæti og eigur sem menn eiga til ákveðinna nota. Ég tel að það verði að gefa gaum að þessu sjónarmiði og treysti því að hv. nefnd muni gera það.

Annað sem ég vil nefna og hef nokkrar efasemdir um er 11. gr. sem er um útgáfu veiðikorta. Ég er ekki mjög sannfærður um að það sé nauðsynleg aðferð til þess að hafa yfirsýn yfir veiðar manna að allir skuli skrásettir í umhvrn. með nafni og númeri og jafnvel þar til viðbótar hvað þeir mega veiða. Mér þykir þessi aðgerð fullyfirgripsmikil miðað við tilgang hennar. Markmiðið er auðvitað að halda veiðum í skefjum innan tiltekinna marka þannig að veiðar á stofnum sem eru leyfðar verði innan þeirra marka sem sett eru. Mér þykir þessi veiðikortahugmynd ganga of langt og raunar skjóta yfir markið, ef svo má að orði komast, og verkar á mig sem fullmikil miðstýringarárátta.

Annað atriðið er um veiðikort gegn gjaldi. Ég hef líka efasemdir um það að krefjast gjalds fyrir þetta veiðikort. Ég tel að það verði menn að athuga mjög vandlega áður en á það verði fallist þó að ég geti tekið undir að það sé sjálfsagt og eðlilegt að þeir sem veiðar stunda haldi skýrslur um sínar ferðir og veiðar ef óskað er eftir því og þeim verði skylt að skila slíkum gögnum til að halda utan um umfangið.

Þá velti ég fyrir mér ákvæði um veiðikortin þar sem *mér sýnist að hafi menn leyfi til að nýta hefðbundin* hlunnindi á tilteknu svæði, t.d. jörð, þá þurfi menn veiðikort. Það er spurning hvort menn eru ekki að ganga of langt þar jafnvel þó menn séu með veiðikortakerfið almennt. Ég velti því fyrir mér hvort þetta eigi við t.d. við landeigendur, hvort þeir þurfi að hafa veiðikort í vasanum til þess að nýta sín hlunnindi. Ég hef allan fyrirvara á með ákvæði 11. gr. og vænti þess að umhvrn. fari vel yfir efnisatriði þeirrar greinar.

Þá vil ég nefna 18. gr. um það tímabil sem lögum samkvæmt er heimilt að veiða tilgreindar fuglategund-

ir. Þar vil ég nefna rjúpuna. Mér sýnist miðað við þær upplýsingar sem ég hef aflað mér og liggja fyrir og hafa komið fram í blöðum og öðrum fjölmiðlum að rjúpan sé illa á sig komin sem stofn. Mér virðist víða um land vera svo báglega komið fyrir rjúpunni að hún sé varla veiðanlegur stofn. Ég tel að miðað við þær upplýsingar komi vel til álita að banna veiðar á rjúpu frekar en verið hefur. Það mætti gera með mismunandi hætti. Það mætti stytta tímann sem veiðarnar eru leyfðar en samkvæmt frv. er heimilt að leyfa veiðar frá 15. okt. til 22. des. Það mætti stytta það tímabil. Það má gera með tvennum hætti, annaðhvort stytta þann tíma framan frá, þ.e. að byrja veiðar síðar eða stytta hann aftan frá þannig að veiðunum ljúki fyrr en 22. des., t.d. 1. des. Þetta er atriði sem ég tel nauðsynlegt að skoða gaumgæfilega og að hv. nefnd verði að gæta að ástandi stofnsins þegar hún gengur frá þessu ákvæði greinarinnar.

Ég vil svo að lokum taka undir það að nokkru leyti sem fram hefur komið sem nokkur gagnrýni á frv., þó þar sé margt ágætlega gert, að það er of mikið ófrágengið. Það er of mikið í frv. sem ætlað er öðrum en löggjafanum að ganga frá. Eins og kemur fram í grg. með frv. á bls. 10 er gert ráð fyrir að settar verði reglugerðir um ein 12 atriði sem eru upp talin. Það er við 5. gr., við þrjú atriði í 7. gr., við 8., 11., 12., 13., 14., 16., 18. og 19. gr. Þetta er óhemjumikið reglugerðarvald sem umhvrh. er fært í þessu frv. og of margar ákvarðanir að mínu mati sem löggjafinn framselur til framkvæmdarvaldsins. Ég er ekki með því að víkja að núv. ráðherra heldur er þetta almennt sjónarmið sem ég hef varðandi löggjöf. Ég tel að hún eigi að vera nákvæmari og betur frá gengin og eins lítið og hægt er að komast af með af reglugerðarheimildum. Mér þykir frv. þannig frá gengið að í því eru allt of mikið af atriðum sem öðrum er ætlað að ljúka.

Að öðru leyti ætla ég að spara mér frekari umræðu um þetta frv. að sinni og læt máli mínu lokið, virðulegi forseti.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Mér hefur nú unnist tími til að skoða gildandi lög og vildi leiðrétta eitt atriði sem ég fór með áðan enda rifjast það upp fyrir mér að frv. það sem við Stefán Jónsson heitinn fluttum náði víst aldrei nema í gegnum efri deild og komst aldrei inn í lög. Við fylgdum því hins vegar ætíð. (**Umhvrh.:** Efri deild var nú alltaf miklu betri.) Já, það er rétt, en það komst ekki lengra. Við sátum þar þá. Nú er í lögum þess eingöngu krafist að hlaupvídd haglabyssu sé ekki meiri en 12 kalíber og ekkert segir þar um bann við sjálfvirkum skotvopnum svo að ég vil leiðrétta það. Hins vegar vil ég um leið benda á að í gildandi lögum er ákvæði sem skylda ríkissjóð að greiða bætur fyrir veiðitæki sem bönnuð verða. Með leyfi forseta segir svo:

„Nú hefur maður komið sér upp veiðitækjum samkvæmt fuglaveiðisamþykkt, sbr. síðasta málslið 51. gr. o.s.frv., sem óheimilt verður að nota eftir þessum lögum og skal þá ríkissjóði skylt að greiða honum bætur ef hann krefst þess fyrir veiðitækin samkvæmt mati."

Ég hygg að slíkt ákvæði sé ekki í þessu frv. en það væri forvitnilegt að vita hvernig hæstv. ráðherra lítur á það. Þarna er a.m.k. boltinn gefinn upp í gildandi lögum og mér er ekki ljóst hvort það stæðist að banna þessi veiðitæki, sem menn hafa keypt í góðri trú, án skaðabóta.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil þakka fyrir flutning þessa frv. Ég tel að það hafi tekið talsverðum endurbótum síðan við sáum það síðast og það sé tvímælalaust fengur og mikil nauðsyn á því að fá lagasetningu um þetta efni. Ég tel að þetta frv. sé samið í góðri meiningu en það eru örfá atriði sem mig langar til þess að biðja hv. nefndarmenn í umhvn. að hugleiða og e.t.v. taka til umræðu við meðferð málsins.

Í fyrsta lagi er þetta mikið miðstýringarfrv. og það er í því leyfafargan. Nú er ég ekki að segja að leyfisveitingar geti ekki verið nauðsynlegar. Ég held að til sumra veiða eigi skilyrðislaust að krefjast leyfis og jafnvel hæfnisprófs, þar á ég t.d. við hreindýraveiðar. Mér finnst ekki gilda alveg það sama um allar veiðar og ég vil biðja menn að hugleiða hvort ekki sé tiltækilegt að skilja þarna eitthvað á milli.

Ég er út af fyrir sig sammála 8. gr. frv. en það leiðir hugann að netlögum og rétti landeigenda. Nú er kannski ástæða til að vekja athygli á því að nýjasti gróðavegur í sjávarútvegi eru ígulkeraveiðar og væntanlega eru ígulkerin að mestu leyti innan netlaga. Þetta mál er kannski ekki að öllu leyti skylt þessu frv. en ég hef orð á þessu vegna þess að þarna geta hæglega orðið verulegir árekstrar milli veiðimanna, þ.e. þeirra sem stunda ígulkeraveiðar og landeigenda. Á þessu þyrfti að finna skynsamlega lausn.

Ég er alveg ákveðinn stuðningsmaður siðsamlegra veiða og tel að í 9. gr. sé ýmislegt talið upp og bannað sem er algerlega forkastanlegt. Ég nefni eitur- og svefnlyf. Ég ætla ekki að fara að telja það upp. Ég get þó um sjötta liðinn þar sem bann er við snörum og snöruflekum. Það vill svo til að við Drangey á Skagafirði hefur í gegnum aldirnar verið veitt á snörufleka. Ég er ekki viss um að það sé verri eða ómannúðlegri veiðiaðferð en ýmislegt annað. Menn gerðu þetta vegna þess að þeir höfðu ekki önnur haldbetri tæki til veiðanna en mér er sagt af mönnum sem þekkja þetta mál að eftir að flekaveiðarnar við Drangey voru bannaðar hafi fuglinum stórfjölgað þannig að nú sé orðið allt of mikið af fuglinum. Og fortakslaust bann á flekaveiðum kann að orka tvímælis vegna þess að þarna var ákveðið samræmi í umgengni mannsins við náttúruna. Síðan breyttist það og skapaðist ósamræmi því að allur þessi ónýtti Drangeyjarfugl þarf náttúrlega mikið að éta og er í samkeppni við aðrar lífverur í Skagafirði.

Þetta er nú ekki stórt atriði. Hins vegar sýnist mér að í þessu frv. felist gerbylting á refaveiðum þannig að ýmsar þær veiðiaðferðir sem tíðkaðar hafa verið við refi eru nú bannaðar, þ.e. t.d. að nota lifandi dýr sem bandingja, segulbandstæki til þess að gagga tófu í færi og jafnvel að svæla greni. Nú er ég ekki veiðimaður en

mér er kunnugt um að öllum þessum aðferðum hefur verið beitt við grenjavinnslu. Menn geta svo deilt um hvort þetta eru mannúðlegar aðferðir eða ekki, en ef tófu fjölgar um of og henni er ekki haldið niðri með veiðum, þá getur hún orðið töluvert mikil plága. Ég hef reynslu af því að þegar dýr fara að bíta, þá eru þau ekkert mannúðleg í sinni umgengni við sauðfé eða sína bráð þegar þau eru á annað borð grimm og blóðþyrst.

Í þessu frv. er refurinn friðaður í stórum dráttum að mér sýnist. Ég tel að það væri mikill sjónarsviptir ef refnum yrði útrýmt á Íslandi og ég er alls ekki að hvetja til þess en ég vitna til skýringar við 12. gr.:

„Samkvæmt 1. mgr. er óheimilt að eyðileggja greni. Ástæðan er tvíþætt. Í fyrsta lagi má líta á eyðileggingu grenja sem náttúruspjöll, enda hafa mörg þeirra sennilega verið í notkun öldum eða jafnvel árþúsundum saman." — Þetta er nokkuð djúpt í árinni tekið. — „Í öðru lagi gerir það grenjaskyttum erfitt um vik ef þekkt greni eru eyðilögð því að þá aukast líkur á að tófan notfæri sér óþekkt greni. Truflun af öllu tagi, sérstaklega með hundum, er einnig á allan hátt óæskileg og því er bann við truflun á grenjum sérstaklega áréttað hér. Þá er gert ráð fyrir að stjórnir sveitarfélaga haldi skrár um þekkt greni líkt og núgildandi lög um eyðingu refa og minka, nr. 52/1957, mæla fyrir um."

Því sem ég hef hingað til lesið er ég algerlega sammála. En síðan segir:

„Samkvæmt 2. mgr. er það grundvallarregla að refir skuli friðaðir á grenjatíma þótt friðun hafi verið aflétt."

Mér finnst það nokkuð stórt spor og orki tvímælis að gera það að grundvallarreglu að friða ref á grenjatíma. Ég les ekki meira úr þessum skýringum en hér er frv. um friðun refa í stórum dráttum. Ég tel að menn verði að fá að bera hönd fyrir höfuð sér og halda refastofninum í ákveðinni stærð, ekki hafa refastofninn mjög stóran því að þá fer fyrir honum eins og hreindýrunum að hann hefur ekki nóg að éta og deyr úr hungri, a.m.k. þar sem hann er ekki við sjávarsíðuna og getur lifað á sjávarfangi.

Varðandi hreindýrin þá ætla ég ekki að blanda mér í þá umræðu en ég hygg nú samt að hreindýraveiðar séu þær veiðar sem kannski eru vandasamastar og kannski, án þess að ég þekki það nú nægilega vel af persónulegri reynslu, stundaðar af nokkru gáleysi í einhverjum tilfellum.

Ég sakna þess reyndar í þessu frv. að þar er hvergi getið um áfengismál. Ég stend í þeirri meiningu að e.t.v. væri ástæða til að banna mönnum að vera fullir við veiðar. Ég vona að það sé ekki algengt að menn séu mjög við skál við veiðiskap en þó hygg ég að þess muni finnast dæmi og það finnst mér fast að því refsivert.

Jafnframt væri e.t.v. ástæða til þess að setja skýrari ákvæði varðandi gæsaveiðar til verndar búpeningi manna. Gæsaveiðar eru mér ógeðfelldar á mínu landi a.m.k. út af búpeningi. Ekki fyrir það að ég geti ekki unnað veiðimönnum að veiða gæsina heldur hitt að veiðin fer fram í ljósaskiptunum fyrst og fremst og þá getur búpeningi stafað hætta af þegar menn eru farnir að skjóta út í myrkið.

Ég bið hv. nefndarmenn að hugleiða þetta í góðu. Jafnframt rek ég augun í það að hér á að fara að nema úr gildi ákvæði Jónsbókar er fjalla um seli, rostunga og hvítabirni og það finnst mér ákaflega mikil afturför. Ég held að við eigum að halda í þessi fáu fornu lagaákvæði sem enn eru í gildi á Íslandi þar sem við getum. Ég tel prýði í lagasafninu að hafa þar ákvæði Jónsbókar í gildi um seli, rostunga og hvítabirni.

Annað var það ekki, frú forseti.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið þátt í þessari umræðu fyrir mjög jákvæðar undirtektir og þá ekki síst við þær breytingar sem hafa verið gerðar á frv. frá því að það var síðast til umræðu. Ég er þess fullviss að hv. umhvn., sem þetta mál fær nú til meðferðar, muni fjalla um og eftir því sem efni standa til taka tillit til þeirra athugasemda sem hér hafa verið fram settar. Ég þarf ekki að víkja að mjög mörgum atriðum en þó örfáum sem til mín var beinlínis beint varðandi efni þessa máls.

Hv. 6. þm. Vestf., Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, fjallaði um búsifjar sem æðarbændur kynnu að verða fyrir af völdum arnarins. Ég geri ráð fyrir að ekki hafi átt að skilja hennar ræðu sem svo að aflétta ætti friðun af arnarstofninum. Hitt er svo að ekki eru mörg dæmi um tjón af þessu tagi, a.m.k. ekki neitt verulegt tjón, en þó eru þau til. Um þetta mál hefur nýlega verið lokið við skýrslu sem var afhent umhvrn., málið var unnið á þess vegum, þar sem er mikinn fróðleik um þetta að finna. Auðvitað hlyti viðkomandi æðarræktandi eða bóndi að leita til nefndar þeirrar sem gert er ráð fyrir í frv. og kölluð er villidýranefnd eða snúa sér til ráðuneytisins eins og gert hefur verið í þeim tilvikum sem upp hafa komið. Það er auðvitað erfitt ef ekki ókleift að setja reglur um þetta, en það er vandamál þar sem saman fer æðarvarp og arnarvarp. Það er alveg ljóst. En ég held að það sé mjög erfitt að setja um þetta fastar reglur vegna þess að sönnunarbyrði í málum af þessu tagi er ekki alltaf einföld.

Hv. 5. þm. Austurl., Gunnlaugur Stefánsson, gerði athugasemdir við nokkur atriði. Ég tek undir það með honum að ég held að útgáfa veiðikorta eigi alls ekki og megi alls ekki vera hugsuð sem einhvers konar tekjuöflun fyrir ríkissjóð, enda er það alls ekki hugsunin hér. Ég held hins vegar að veiðiskýrslur muni gefa nokkuð rétta mynd af veiðinni því ég hef þá trú að þær mundu samviskusamlega haldnar og reynslan hefur, hygg ég, orðið sú þar sem þessu hefur verið beitt að menn telja þá að skekkjan sé svipuð frá ári til árs þannig að það komi ekki að svo mikilli sök.

Varðandi hreindýrin er það nú svo að um nýtingu hreindýranna og stjórn á veiðunum hefur tekist mjög bærilegt samkomulag. Ég tel það raunar umhvrn. til tekna að hafa stuðlað að því samkomulagi sem bærileg sátt virðist ríkja um þannig að ég hef svolitlar efasemdir um að hrófla mikið við þeim málum meðan þar

ríkir þokkalega gott samkomulag.

Hv. 7. þm. Reykn., Steingrímur Hermannsson, nefndi hér nokkur atriði. Varðandi réttindi erlendra borgara þá er breytingin frá því sem nú er eingöngu sú að það er bætt við því skilyrði að viðkomandi eigi lögheimili hér á landi. Útlendingar þurfa að sjálfsögðu að uppfylla önnur skilyrði að því er varðar leyfi fyrir skotvopnum og því um líkt.

Þá ræddi hv. þm. nokkuð um veiðikortin. Það var nú raunar svo að í fyrri gerð frv. var ákvæði um að í sambandi við veiðikortin mætti tiltaka fjölda þeirra dýra sem heimilt væri að veiða. Það var reyndar eitt af því sem sætti mikilli gagnrýni hér í umræðunum í fyrra og það var fellt niður en ég segi þá skoðun mína að mér finnst fyllilega koma til álita að það verði tekið upp að nýju a.m.k. að því er varðar sumar tegundir.

Þá vék hv. þm. einnig að reglunum um skotvopn, hinar svokölluðu pumpur eða hinar næstum því sjálfvirku hríðskotabyssur, ef svo mætti segja, og fleiri þingmenn hafa vikið að þeim, og hugsanlegum skaðabótum. Ég fjallaði nokkuð um þetta í framsögu með málinu en hygg að hv. þm. sem gerðu þetta að umtalsefni hafi ekki verið viðstaddir þá umræðu og skal ég því efnislega endurtaka það sem ég sagði þá. Í 14. tölul. 9. gr. er talað um að það sé óheimilt að nota hálfsjálfvirk eða sjálfvirk skotvopn, svo og „pumpur" með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki. Þetta ákvæði er í fullu samræmi við gildandi reglur í reglugerð um skotvopn og skotfæri, nr. 16/1978, með breytingum sem gerðar voru 1979 og 1988. Í 4. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar, sem fjallar um leyfi fyrir margskotabyssum, segir, með leyfi forseta:

„Leyfi fyrir skotvopnum samkvæmt þessari grein má aðeins veita þeim sem sýnir fram á að hann hafi þörf fyrir að eiga þau og sýnir jafnframt fram á sérstaka hæfni í meðferð skotvopna." Enn fremur segir í 6. mgr.: „Að jafnaði skal ekki veita leyfi fyrir haglabyssum sem taka fleiri en tvö skothylki."

Það er ljóst af þessu að það er ekki gert ráð fyrir því í dag að leyfi sé veitt fyrir margskotabyssum sem taka fleiri en tvö skothylki í skothylkjahólf nema sýnt sé fram á sérstaka þörf fyrir slíkt og varla geta sportveiðar talist til slíkra sérþarfa. Hér er því alls ekki verið að leggja til breytingu á gildandi reglum um skotvopn og alls ekki um að ræða einhverja eignaupptöku eins og gefið hefur verið í skyn í sumum fjölmiðlum.

Í 7. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar segir að lögreglustjóri hafi heimild til að veita leyfi fyrir hálfsjálfvirkum byssum sem fluttar voru til landsins fyrir gildistöku laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46/1977, að fullnægðum ákveðnum skilyrðum. Einhverjar af þessum byssum eru í dag skráðar sem fjögurra til fimm skota og bannar frv. sem slíkt ekki að menn eigi þær og noti til að skjóta á mark en ef menn vilja nota slíkar byssur til veiða, þá verður að gera á þeim smávægilega breytingu. Hún felst ekki í öðru en því að setja í þær plasttappa, sem kostar sennilega innan við 500 kr., og breytir í engu eiginleikum byssunnar að öðru leyti en því að ekki komast nema tvö skot í skothylkjahólfið. Þetta er í samræmi við alþjóðareglur sem við erum aðilar að. Gildandi reglur um þessi atriði eru því skýrar. Almennur veiðimaður á ekki að geta fengið leyfi fyrir haglabyssum sem taka þrjú eða fleiri skot í magasín eða eru hálfsjálfvirkar.

Hitt er svo annað mál hvernig gildandi ákvæðum um skotvopn hefur verið framfylgt af lögregluyfirvöldum en samkvæmt upplýsingum frá þeim aðalvarðstjóra Reykjavíkurlögreglunnar sem hefur með þessi mál að gera, hefur lögreglan í Reykjavík ekki skráð nema tveggja plús eins skota haglabyssur í nokkur ár en einhver brögð munu hafa verið að því að annars staðar á landinu að leyfi hafi verið veitt fyrir fimm skota byssum. Og raunar í viðtali við þennan umrædda lögregluvarðstjóra, Jón Bjartmarz, sem birtist hér í blöðum fyrir skömmu, segir m.a.:

„Reglurnar um þetta hafa í raun verið alveg skýrar. Þetta er því ekki stórfelld breyting á þeim heldur spurning um að framfylgja þeim betur — kveða skýrar á um þær. Ætlunin er væntanlega að framkvæmdin verði betri en verið hefur. Ég held að maður hafi alla tíð verið fylgjandi þeim ákvæðum sem verið hafa. Menn hafa í raun og veru ekkert við fleiri skotafjölda að gera á fuglaveiðum."

Hér er minni breyting á ferðinni en ýmsir hafa gert ráð fyrir og gengið út frá í umræðum um málið.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson spurði einnig um nokkur önnur atriði og spurði hvort þau væru framkvæmanleg. Hér komum við að töluvert miklu kjarnaatriði í málinu. Auðvitað má halda því fram að ýmislegt af því sem hér er tiltekið sé illframkvæmanlegt og kalli á mikið eftirlit. En þá komum við líka að því atriði að það verður að treysta mönnum að ákveðnu marki og það verður að treysta mönnum til að fara eftir þeim reglum sem eru í gildi. Það er t.d. alkunna, eins og ég veit að hv. þm. veit, að í sumum bandarískum háskólum tíðkast ekki sú regla að setið sé yfir nemendum í prófi. Það er byggt á þeirri heiðursmannareglu að menn hafi ekki rangt við. Ég held að við verðum að horfa líka svolítið á þetta frá sama sjónarmiði. Það verður að treysta því að menn séu heiðarlegir og ganga út frá því. En auðvitað eru þeir til sem telja reglurnar gilda um alla aðra en sig, það veit ég. Þess vegna þarf að fylgjast með þessu. En það verður auðvitað aldrei framkvæmanlegt að á öllum stundum sé hægt að fylgjast með öllum veiðum.

Hv. þm. Pálmi Jónsson vék hér að því að honum þætti of mikið vald flutt til ráðherra. Það er auðvitað skoðun sem sjálfsagt er auðvelt að rökstyðja með tilliti til málsins og ég ætla ekki að hafa mörg orð um það en varðandi 16. gr. um nýtingu selastofnsins, sem hann vék að, þá er það nú ekki alveg nákvæmt að það mál hafi að öllu leyti fallið undir landbrn. Ég hygg að frekar megi segja að þetta hafi verið að nokkru leyti milli ráðuneyta. En ég endurtek það sem ég sagði áðan að orðalag 16. gr. er málamiðlun, tilraun til þess að ná samkomulagi um að þetta sé með ákveðnum hætti. Mér er alveg ljóst að menn geta haft ólíkar skoðanir á því. En það verður þá nefndarinnar og meiri hluta Alþingis að ákveða hvernig með þau mál skuli farið.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefndi nokkur -

atriði. Ég tel mig þegar hafa svarað því sem snýr að byssunum. Varðandi veiðikortin hafa menn ýmsar skoðanir. Ég er þeirrar skoðunar að brýnt sé að koma þessu á, þetta sé aðhaldsatriði og þegar Grænlendingar, grannar okkar hér í vestri, telja þetta óhjákvæmilegt þar sem eru stundaðar miklar veiðar á mörgum tegundum, þá er ég þeirrar skoðunar að þetta sé engu að síður brýnt hjá okkur. Í rauninni er hluti af siðfræði góðra veiðimanna að skrá það sem þeir veiða, skila um það skýrslum alveg eins og þeir sem veiða fisk á stöng gera þó að það sé eins og hér hefur komið fram að þeim skýrslum sé skilað til veiðifélaganna. Ég á svolítið erfitt með að skilja þá andstöðu sem þessi hugmynd mætir vegna þess að ég held að hún sé rétt og ég held að hún eigi fullan rétt á sér og sé skynsamleg.

Að lokum, virðulegi forseti, hv. 1. þm. Norðurl. v. gerði nokkur atriði að umtalsefni, m.a. veiðar á snörufleka eins og voru tíðkaðar við Drangey á sínum tíma. Því er enn til að svara að það er í samræmi við Parísarsáttmálann sem við bönnum veiðar af því tagi. Þær eru bannaðar þar alveg eins og þau vopn sem hér hafa verið til umræðu. En ég ítreka að lokum, virðulegi forseti, þær mjög jákvæðu undirtektir sem frv. hefur fengið við þessa umræðu og þrátt fyrir þær tiltölulega smávægilegu athugasemdir sem fram hafa komið og lýsi þeirri von að okkur megi takast á hinu háa Alþingi að afgreiða frv. sem lög áður en störfum lýkur hér í vetur með þeim breytingum sem hv. umhvn. og Alþingi telur eðlilegt að á því séu gerðar.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Hann svaraði kannski ekki alveg öllu, en það skiptir mig ekki máli. Við getum komið inn á það síðar eins og að skrá þurfi öll dýr sem maður hugsanlega veiðir á veiðikorti. Ég held að það hafi ekki komi fram en það er smáatriði. En ég fagna því að það er þá í reglugerð bann við notkun á sjálfvirkum skotvopnum. Þótt við Stefán heitinn næðum því ekki fram hér á 8. áratugnum þá hafa menn séð að sér síðar, enda hélt ég að það væri svo. Staðreyndin er hins vegar önnur og ég hugsa að þau séu fullt eins algeng og tveggja skota og það er bókstaflega ekkert minnsta eftirlit með þeim. Hver maður, sem hefur byssuleyfi, getur að því er ég best veit gengið inn í verslun og keypt þau í dag. Ég hef sjálfur gengið undir svona heiðursmannapróf við nám í Bandaríkjunum en því miður óttast ég að það sé ekki á það treystandi í þessum efnum. Ég nefndi alveg sérstaklega líka þetta með vélknúin ökutæki sem óheimilt yrði að aka utan merktra slóða. Ég á erfitt með að sjá hvernig því verður fylgt eftir og þetta kom ekki fram hjá hæstv. ráðherra. Ég held að það sé afar mikilvægt að setja inn heimild til að nota einhvern hluta af þeim tekjum sem af þessu fást til þess að hafa eftirlit með ýmsum ágætum ákvæðum þessa frv.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að æskilegt væri að hafa meira fjármagn til umráða til þess að halda uppi slíku eftirliti og ég er honum sömuleiðis sammála um það sem hann sagði um þessi vélknúnu ökutæki og notkun þeirra við veiðar. Það er rétt sem hann segir með skotvopnin, þau hafa verið og eru seld hér, en þar þurfum við að koma á breytingum. Ég er ekki veiðimaður, ég skal viðurkenna það. En ég sé ekki rök fyrir því að nota það sem sumir kalla hríðskotabyssur við fuglaveiðar, þ.e. þessar sjálfvirku eða hálfsjálfvirku 5 skota byssur. Það er ekki leyft og það á ekki að gera og það gera áreðanlega góðir veiðimenn ekki og um þetta atriði erum við hv. 7. þm. Reykv. algerlega sammála.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Mig langar í tilefni af orðum hæstv. umhvrh. að leggja áherslu á og líka til að forðast allan misskilning þá á hæstv. umhvrh. eins og ég sagði í ræðu minni fyrr mikinn heiður skilinn fyrir framgöngu hans varðandi setningu reglugerðar um nytjar á hreindýrum. Það sem ég var aftur á móti að leggja áherslu á og ræða var að skv. 14. gr. er umhvrh. heimilt að setja reglugerð sem er aldeilis allt öðruvísi, getur litið allt öðruvísi út en sú ágæta reglugerð sem núv. hæstv. umhvrh. hefur sett. Það verður að segja hæstv. umhvrh. til hróss að þegar hann kom að þessu máli var það í slíku uppnámi að það þurfti að grípa þar til hendi strax og honum tókst að ná um þetta viðkvæma mál mjög víðtækri samstöðu og sátt sem nú ríkir um veiðarnar. Það er nú svo að frv. kann að verða að lögum og persónur skipta um sæti ráðherrans. Þó að ég viti að hæstv. umhvrh. Eiður Guðnason sé farsæll í störfum sínum og muni sitja lengi í þessu embætti, þá er það svo vegna eðli málsins að einn tekur við af öðrum. Ég treysti hæstv. umhvrh., Eiði Guðnasyni, til þess að sjá um að verja þá sátt sem gildir nú á þessum vettvangi en skv. 14. gr., ef hún yrði óbreytt, er spurningin sú hvort reglugerð eigi eftir að líta dagsins ljós sem væri allt öðruvísi en sú reglugerð sem er núna. T.d. er í þeirri reglugerð, sem nú er við lýði, heimilað að landeigendur og ábúendur megi njóta arðs af veiði hreindýra. Að vísu er það sett í vald sveitarfélaga að ákveða um það, en ef ætti að taka þetta ákvæði 14. gr. frv. bókstaflega þá mætti hugsanlega ritskýra einhverjar setningar svo að það væri jafnvel óheimilt. Ef við ætluðum að ritskýra bókstaflega það sem stendur þá mætti ritskýra að það væri óheimilt. Ég veit að það er ekki skilningur hæstv. umhvrh. en ef við lesum textann þá má fá þá merkingu út fyrir þann sem ætlaði sér að gera það.

Ég ætlaði að leggja áherslu á þetta hér og einnig það sem ég sagði áður að töluverð þyngsli eru víða fyrir landeigendur að umbera hreindýrin. Þau valda skaða á girðingum, á túnum og ég nefni ekki á viðkvæmum gróðri landsins. Þetta þurfum við allt að hafa að leiðarljósi.

Í öðru lagi vil ég nefna það sem hér hefur verið nefnt af nokkrum hv. þm. að þetta frv. sé eitt allsherjarleyfafargan og miðstýring. Það er nú svo að þess er getið mjög víða í frv. að ráðherra sé heimilt að setja reglugerðir til þess að kveða nánar á um framkvæmd

laganna. Ég vil velta upp þeirri spurningu hvort það sé ekki einmitt mjög gott og eðlis málsins vegna nauðsynlegt. Er það skynsamlegt að ríghinda nákvæmlega í lög ákvæði um jafnviðkvæma hluti og hér eru til umfjöllunar og í öðru lagi, er skynsamlegt að njörva þetta svo niður að stjórnvaldið, framkvæmdarvaldið hafi ekki einhvern sveigjanleika til þess að stjórna veiðunum? Ég held nefnilega að lögin þurfi að taka mið af margbreytileika náttúrunnar, fjölbreytileika náttúrunnar og alls þess sem þar er að gerast. Ég get nefnt sem dæmi veiðar á minkum. Þá er það mjög mikilvægt að hægt verði að beita sveigjanlegum aðferðum og að ráðherra geti gripið til sérstakra ráðstafana á sérstökum svæðum ef svo ber undir og hann hafi til þess töluvert mikið svigrúm. Ég held að þetta mál sé þannig vaxið að það geri kröfu til þess að stjórnvaldið geti beitt og hafi svigrúm til að beita sveigjanlegum aðferðum í ljósi eðlis náttúrunnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Neyðarráðstafanir gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna, fyrri umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 253. mál. — Þskj. 328.

Flm. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Um þessar mundir snúast umræður í þjóðfélaginu mest um alvarlegar afkomuhorfur einstaklinga og atvinnuvega. Hver fréttin af annarri dynur yfir um afleiðingar af kreppustefnu ríkisstjórnarinnar í atvinnu- og efnahagsmálum. Í hverri viku berast uggvænlegar fréttir af helstríði stórra fyrirtækja sem oftast endar með stöðvun þeirra og gjaldþroti. Afleiðingin er vítahringur sívaxandi atvinnuleysis og minnkandi þjóðarframleiðslu sem stefnir afkomu heimila, ríkis og þjóðarbúsins í heild í voða.

En þrátt fyrir þessi yfirþyrmandi tíðindi berast öðru hverju svo válegar fréttir að þær grípa fólk enn þá sterkari tökum, í augnablikinu a.m.k. Þar á ég við þau ömurlegu örlög sem þjóðfélagið hefur búið sívaxandi fjölda barna og unglinga. Því heyrist að vísu stundum haldið fram að hver og einn eigi að bera ábyrgð á sjálfum sér, óþarfi sé að hugsa um náungann. En hljóta samt sem áður ekki allir að vera sammála um það að barnið sem fæðist í þennan heim beri litla ábyrgð á því umhverfi sem því hefur þá verið skapað? Þar eru það foreldrarnir og heimili þeirra sem skapa aðstæðurnar. En engum dylst að heimilin draga í ríkara mæli en nokkru sinni fyrr dám af því ástandi og viðhorfum sem ríkja í þjóðfélaginu í heild, enda veggir heimilisins ekki nema takmörkuð vörn. Þegar þannig er komið er það samfélag fólksins á hverjum stað og forráðamenn þar og í þjóðfélaginu í heild sem bera ábyrgðina að miklu leyti. Um ástandið hjá börnunum tala staðreyndirnar sínu máli. Sívaxandi fjöldi barna hefur ekki aðeins beðið meira og minna tjón á sálu sinni þegar kemur inn í grunnskólann, heldur jafnvel einnig á líkama sínum vegna vannæringar og vanhirðu. Þess er ekki að vænta að skólinn geti bætt þar úr þrátt fyrir góðan vilja og viðleitni kennara, enda ríkisvaldið sífellt að gera meiri kröfur til kennaranna um aukin afköst og framleiðni við skólastarfið og afleiðingarnar blasa við.

Frásögn af píslargöngu eins þessara ógæfusömu barna birtist í Morgunblaðinu um síðustu helgi. Eftir skilnað foreldra og upplausn heimilis byrjaði áfengisneysla um 12 ára aldur en hún er að mati þeirra sem til þekkja nær undantekningarlaust undanfari annarrar vímuefnaneyslu sem að þessu sinni fylgdi í kjölfarið.

Í greinargerð þáltill. sem ég mæli hér fyrir er m.a. vitnað í bæklingi sem foreldrasamtökin Vímulaus æska sendu frá sér á sl. hausti og ber bæklingurinn nafnið „Lítil hjálparhandbók". Þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Neysla áfengis og annarra vímuefna eru ekki tvö aðskilin mál. Neysla áfengis er alltaf forsenda neyslu annarra vímuefna."

En forráðamenn í þjóðfélaginu verða að skilja að það leysir ekki vanda þeirra sem illa eru farnir af þessum sökum eða réttara sagt, það kemur ekki í veg fyrir að ótalinn fjöldi lendi í þessum vandræðum að byggja sífellt fleiri hæli og meðferðarstofnanir eins og gjarnan er talið úrræði þeirra þegar illa er komið. Of sjaldan heyrist tekið undir það að þjóðin þurfi að sameinast um að draga úr hættunni á því að börn og unglingar hljóti þessi örlög með því að fara í krossferð gegn sívaxandi áfengisneyslu. Ég tel að það stafi fyrst og fremst af of mikilli eigingirni þeirra sem neyta áfengis í litlum eða miklum mæli til að fá að halda áfram í friði sinni eigin áfengisneyslu, en ekki það að þeir vilji ekki bjarga þessum börnum sem reynslan sýnir að eiga voðann vísan vegna þess að alls staðar í kringum okkur sjá þau fordæmið sem beinir þeim á þessa hálu braut.

Í Morgunblaðinu fyrir skömmu birtist grein eftir Súsönnu Svavarsdóttur sem bar fyrirsögnina „Svik, vantraust og reiði". Þar var verið að fjalla um afleiðingar áfengisneyslunnar fyrir áfengissjúklinga og aðstandendur þeirra og andrúmsloftinu sem ríkir þar var lýst með þessari fyrirsögn. Í greininni segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Smám saman hættir fjölskyldan að treysta orðum alkóhólistans. Börn sem alast upp við aðstæður sem þessar læra aldrei að treysta öðru fólki, ekki einu sinni sínum nánustu, enda hafa svik þeirra verið sárust. Þau læra óheiðarleika, þau læra að það sem aflaga fer sé öðrum að kenna, þau læra að vera fórnarlamb aðstæðna og gera sér enga grein fyrir að þau beri ábyrgð á eigin lífi."

Sú spurning hlýtur að vera áleitin, hvert það þjóðfélag stefnir sem býr sívaxandi fjölda barna sinna þetta umhverfi. Sjálfsagt er það tilviljun að fyrirsögn greinar sem er við hliðina á þessari fyrrnefndu grein Súsönnu Svavarsdóttur endar á orðinu „helstefna". En forráðamenn í þjóðfélaginu verða að skilja að stóra vandamálið er þjóðfélagið sem við höfum byggt upp og skapar því miður þessar hættur sem þessir unglingar verða að alast upp við. Það er því augljós ástæðan

fyrir því að ég hef ásamt fjórum öðrum hv. þm. flutt eftirfarandi tillögu til þál. um neyðarráðstafanir gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að grípa nú þegar til neyðarráðstafana til að vinna gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna í því skyni að draga úr þeirri bylgju ofbeldis, innbrota, nauðgana og annarra afbrota sem nú hvolfist yfir þjóðfélagið og veldur ólýsanlegum þjáningum og neyð. Leitað verði eftir því að koma á víðtæku samstarfi ríkisvalds, sveitarstjórna, lögreglu, skóla, kirkju, foreldrasamtaka og annarra aðila sem vilja vinna gegn þessum mikla vágesti með breyttu viðhorfi til vímuefnaneyslu."

Þessi málefni sem þáltill. varðar snertir mörg ráðuneyti og e.t.v. er það ástæðan að einhverju leyti fyrir of miklu aðgerðaleysi á þessum sviðum. En ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umræðu og allshn. og vænti þess að hún fái þar jákvæða afgreiðslu og ríkisstjórnin muni svo taka hana alvarlega og vinna að því að gera allar þær ráðstafanir sem hægt er í þessu mikilvæga máli.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 1. flm. fyrir að hreyfa þessu mikilsverða máli hér. Aðalinntak þessarar þáltill. er, eins og hv. flm. sagði, að sameina þessa krafta, ríkisvalds, sveitarstjórna, lögreglu, skóla, kirkju og foreldrasamtaka til að taka saman höndum og vinna gegn þessum mikla vágesti sem áfengis- og vímuefnavandinn leiðir yfir fólk. Það er rétt sem hv. flm. segir að það berast æ oftar slæm tíðindi af ungu fólki og jafnvel börnum sem beita slíku ofbeldi að jafnvel dauði hlýst af. Orsakir slíkra voðaverka eru oft vegna þess að raunveruleikaskyn barna er skert af ýmsum orsökum. Þessi börn hafa ekki kynnst hlýju og ekki ástúð en eru alin upp við aðstæður sem eru ekki börnum bjóðandi. Foreldrar geta ekki sýnt þá ábyrgð sem fylgir því að vera uppalandi og foreldri og sú fyrirmynd sem þessi börn hafa er því miður oft fengin úr sjónvarpi og kvikmyndum sem þau horfa á. Það eru gjarnan ofbeldismyndir sem villa um fyrir börnum þannig að raunveruleikaskyn þeirra verður enn þá skertara og afleiðingarnar jafnhræðilegar og raun ber vitni. Því er það von þeirra sem flytja þessa þáltill. að þessir hópar sem hér hefur verið talað um sameini nú krafta sína til að finna leiðir til úrbóta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð og eftirlit sjávarafurða, 1. umr.

Stjfrv., 420. mál (aðgreining afurða og skoðunarstofur). — Þskj. 716.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Á þskj. 716 liggur fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. Í nýsettum lögum um þetta efni er fortakslaus krafa um að innflutningi á sjávarafurðum sé haldið aðgreindum frá innlendri framleiðslu uns þær eru á ný fluttar úr landi. Í ljós hefur komið að þetta er ýmsum örðugleikum háð og einnig er rétt að benda á að samkvæmt fríverslunarsamningi Íslands og Evrópubandalagsins er heimilt að nota bókhaldslega aðgreiningu í stað hlutlægrar aðgreiningar í tilvikum sem þessum. Með hliðsjón af þessum aðstæðum þykir rétt að breyta þessu lagaákvæði þannig að sjútvrh. hafi heimild til að krefjast aðgreiningar innflutts hráefnis í vinnslu ef þurfa þykir en þess verði ekki undantekningarlaust krafist. Og frv. sem hér liggur fyrir mælir fyrir um slíka breytingu.

Jafnframt er lagt til að heimilt verði fyrir ráðherra að setja gjaldskrá vegna þjónustu Fiskistofu og að tekið verði sérstakt gjald vegna útgáfu leyfa til þess að starfrækja skoðunarstofur.

Frú forseti. Ég legg svo til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér nú hljóðs vegna þess að ég tel að þarna sé Rússafiskurinn á ferðinni, það sé ástæða til að vekja athygli á því að menn séu að opna með þessu möguleikann til þess að slaka á kröfunni um það að hráefnið sem kemur að land hér verði aðgreint frá því hráefni sem flutt er að af öðrum miðum og ég tel að það sé í því fólgin ákveðin glötunarleið. Við eigum að halda þessu hráefni a.m.k. aðskildu frá okkar hráefni og krefjast þess að þeir sem kaupa fisk af öðrum miðum aðgreini hann frá Íslandsfiski. Ég held reyndar að öll þessi mál þurfi að skoða upp á nýtt, það þurfi að gera miklu meiri kröfur til þess að fiskur sé flokkaður og aðgreindur líka í gæðaflokka betur en gert hefur verið. Það er mikið víxlspor finnst mér þegar við sjáum núna fram á að það er mikið verið að flytja fisk að landinu af öðrum miðum, fisk sem erlendir sjómenn veiða og fara allt öðruvísi með en gert er hér, fisk sem við eigum ekki að selja sem íslenskan fisk heldur láta það koma mjög skýrt fram hvaðan er og reyna að gera úr þá bestu vöru sem hægt er, en við megum ekki um leið eyðileggja ímynd íslensks fisks með því að fylgja þessum málum ekki nægilega vel eftir. Nú veit ég það ósköp vel að hæstv. sjútvrh. hefur tæki til þess að fylgja því eftir og ég vona satt að segja að hann geri það þrátt fyrir að þessar heimildir verði rýmkaðar. Ég geri mér grein fyrir því að það er ekki hægt að fylgja þessum reglum út í æsar. Það er ekki hægt að aðgreina t.d. loðnu úr erlendu skipi og íslenskum skipum eða afurðir af þeim fiski en það er hægt og það er mjög nauðsynlegt að greina á milli þess fisks sem ég var tala um hér áðan og þess fisks sem kemur að landi af íslenskum skipum úr íslenskri landhelgi.

Þetta vildi ég láta koma fram, hæstv. forseti, og ég vonast til þess að í sjútvn. ræði menn þetta mál í þessu ljósi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, 1. umr.

Stjfrv., 421. mál (aðfararhæfi eldri úrskurða). — Þskj. 717.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Á þskj. 717 liggur fyrir frv. um breytingar á lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Þannig háttar til að þegar ný lög um þetta efni tóku gildi og eldri lög féllu úr gildi var ljóst að úrskurðir kveðnir upp samkvæmt ákvæðum eldri laga héldu gildi sínu en nokkur vafi hefur þótt leika á því hvort hinir eldri úrskurðir væru aðfararhæfir á grundvelli nýrra laga. Og til þess að taka af öll tvímæli um það efni er þetta frumvarp flutt þannig að það megi vera alveg vafalaust að hinir eldri úrskurðir, sem eru í gildi samkvæmt nýju lögunum, séu einnig aðfararhæfir.

Ég legg svo til, frú forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hvalveiðar, fyrri umr.

Þáltill. GuðjG og MB, 308. mál. — Þskj. 477.

Flm. (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um hvalveiðar. Flm. ásamt mér er hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason. Till. sem er á þskj. 477 hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að hvalveiðar geti hafist næsta sumar á grundvelli rannsókna Hafrannsóknastofnunar á stærðum og veiðiþoli hvalastofna."

Hvalveiðar hafa ekki verið stundaðar af Íslendingum síðan sumarið 1985. Bann Alþjóðahvalveiðiráðsins við hvalveiði tók gildi árið 1986 og gerðu Íslendingar þau reginmistök að mótmæla ekki banninu en aðildarþjóðum hvalveiðiráðsins er heimilt að mótmæla ákvörðunum ráðsins innan 90 daga frá ákvarðanatöku sjái þau sér ekki fært að fara að viðkomandi samþykkt eða telji hana ekki samrýmast vilja sínum. Þennan rétt færðu Norðmenn, Japanar og Sovétmenn sér í nyt og voru þar með óbundnir af samþykkt ráðsins. Íslensk stjórnvöld lýstu yfir vilja sínum til að nýta sér réttinn til mótmæla með fyrirvara um afstöðu Alþingis til málsins. Á Alþingi skiptust menn í tvo jafnstóra hópa. Annars vegar voru þeir sem vildu gæta hagsmuna Íslands sem strandríkis, er byggði afkomu sína á aðdrætti úr sjó, og hagsmunum ábatasamrar atvinnugreinar og þess fólks sem byggði atvinnu sína á veiðunum sem stundaðar höfðu verið um áratuga skeið án sýnilegrar rányrkju. Hins vegar voru svo þeir sem óttuðust skýlausa kröfu ýmissa fiskkaupenda í Bandaríkjunum, erlendra og innlendra þrýstihópa er hafa friðun hvala að markmiði og opinberra erlendra aðila um að mótmælum við stöðvun veiða yrði ekki hreyft. Fór svo að samþykkt var með eins atkvæðis meiri hluta að mótmæla ekki ákvörðun hvalveiðiráðsins. Þar með sá ríkisstjórn Íslands sér ekki fært að bera fram mótmæli og féllst um leið á fyrirhugaða veiðistöðvun sem tók gildi árið 1986.

Ég tel að þessi ákvörðun Alþingis hafi verið mikil mistök og geri okkur erfiðara að hefja hvalveiðar að nýju en t.d. Norðmönnum sem nú hafa aftur hafið hrefnuveiðar og eru til þess í fullum rétti vegna þess að þeir mótmæltu hvalveiðibanninu. Í viðauka við samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins segir:

„Hvalveiðar í atvinnuskyni skulu leyfðar á hvalastofnum sem eru í jafnvægi og þær skulu stundaðar í samræmi við tillögur vísindanefndarinnar."

Stefna og starfshættir hvalveiðiráðsins hafa verið með þeim hætti á undanförnum árum að þessi markmið hafa verið gjörsamlega sniðgengin. Hvalveiðiráðið hefur á undanförnum árum orðið að eins konar hvalfriðunarstofnun.

Þetta leiddi til þess að Ísland gekk á síðasta ári úr Alþjóðahvalveiðiráðinu. Í 65. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna sem Ísland er aðili að segir m.a.:

„Ríki skulu starfa saman með verndun sjávarspendýra í huga og skulu hvað hvali snertir einkum starfa á vettvangi viðeigandi alþjóðastofnana að verndun og stjórnun þeirra og rannsóknum á þeim."

Síðasta haust voru stofnuð samtökin NAMMCO, Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið sem eru svæðisbundin samtök um verndun og stjórnun nýtingar hvala- og selastofna, en að þeim standa auk Íslands Noregur, Færeyjar og Grænland. Á þessum vettvangi verðum við að vinna að því að hvalveiðar hefjist að nýju og stjórnun skynsamlegrar nýtingar hvalastofna í Norður-Atlantshafi.

Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Rio de Janeiro sl. sumar var samþykkt að reglur um sjálfbæra nýtingu skuli gilda bæði um fiskstofna og sjávarspendýr með þeim takmörkunum að ekki verði veitt úr þeim stofnum sem taldir eru í hugsanlegri útrýmingarhættu.

Eins og ég hef hér nefnt er gert ráð fyrir nýtingu hvalastofna í samþykktum Alþjóðahvalveiðiráðsins, hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna og samþykktum ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun. Við Íslendingar leggjum upp úr því að halda alþjóðlegar samþykktir sem við höfum staðið að, en við verðum einnig að gera þær kröfur að aðrar þjóðir geri slíkt hið sama. Auðvitað er ekki hægt að sætta sig við það að liggja undir hótunum frá öðrum þjóðum sem einnig standa að þessum sömu alþjóðlegu samþykktum, hótunum um áróðursstríð og viðskiptaþvinganir ef við leyfum okkur að hefja hvalveiðar að nýju sem við höfum þó skýlausan rétt til. Ég tel að við getum ekki og megum ekki láta undan slíkum hótunum ef við ætlum að standa undir því að vera sjálfstæð þjóð.

Ég minni á það að þegar við færðum út fiskveiðilögsöguna vorum við beittir viðskiptaþvingunum og ýmiss konar hótunum. Hefðum við hopað er óvíst að fiskveiðilögsaga okkar væri 200 mílur í dag. Íslend-

ingar brutu þessar þvinganir á bak aftur með einurð og festu og fengu með því aðrar þjóðir til að viðurkenna óskoraðan rétt okkar yfir fiskveiðilögsögunni.

Við vitum að andstaða gegn hvalveiðum er talsverð í Bandaríkjunum og sumum ríkjum Evrópu. Sumir andstæðingar veiðanna svífast einskis í áróðri sínum og kynda mjög undir andstöðu gegn veiðunum, oft á tíðum með hreinum blekkingum eins og glöggt kemur fram í hinni ágætu kvikmynd Magnúsar Guðmundssonar, „Lífsbjörg í norðurhöfum", sem vakið hefur mikla athygli víða um lönd. Þess vegna er öflugt kynningarstarf nauðsynlegt. Þar þurfa þjóðirnar sem standa að NAMMCO að hafa samvinnu. Við þurfum að eyða þeim misskilningi að verið sé að útrýma hvalastofnum. Staðreyndin er að engar hvalategundir sem veiddar hafa verið við strendur Íslands undanfarna áratugi eru í útrýmingarhættu. Það er viðurkennt af öllum sem til þekkja að Íslendingar hafa verið í fararbroddi hvað varðar rannsóknir og skynsamlega nýtingu hvalastofna.

Meðan Íslendingar stunduðu hvalveiðar var ávallt farið að ávörðunum Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun veiða og verndun friðaðra hvalategunda. Auk þess var stuðst við ýmsar reglur um veiðarnar sem Íslendingum var gert að fylgja, svo sem um lágmarksstærð veiddra dýra og friðun mjólkandi hvalkúa. Síðasta áratuginn sem veiðarnar voru stundaðar í atvinnuskyni var fulltrúi Alþjóðahvalveiðiráðsins til eftirlits meðan á veiðunum stóð til að tryggja að farið væri að settum reglum en þessu eftirliti var komið á með samkomulagi við norsk, kanadísk og spænsk stjórnvöld. Þá hefur Hafrannsóknastofnun um langt árabil stundað umfangsmiklar hvalarannsóknir sem beindust einkum að því meðan hvalveiðar voru stundaðar að auka þekkingu á ástandi og veiðiþoli þeirra hvalastofna sem nýttir voru hér við land og áhrifum veiðanna á þá. Þessar rannsóknir voru m.a. unnar í samstarfi við erlenda rannsóknaraðila. Gerðar voru ítarlegar líffræðilegar athuganir á öllum lönduðum stórhvölum, framkvæmdar nákvæmar úttektir á sambandi afla og sóknar í hvalveiðunum og framkvæmdar umfangsmiklar hvalamerkingar og talningar.

Árið 1980 skuldbundu íslensk stjórnvöld sig til að taka á móti og útvega viðurkenndum erlendum vísindamönnum aðstöðu til rannsókna á ýmsum þáttum líffræði stórhvela sem þeir höfðu sérþekkingu á. Með þessari samþykkt og framkvæmd hennar næstu árin skapaðist vísir að rannsóknamiðstöð hér á landi sem gaf vísindamönnum víða að úr heiminum tækifæri til að stunda athuganir sem óvíða hefði verið unnt að framkvæma og komu yfir 20 erlendir aðilar hingað í þessum tilgangi á árunum 1980–1984 og stunduðu rannsóknir sem ýmist höfðu beinan hagnýtan tilgang eða snerust um almenna þekkingu á líffræði hvala. Það hefur því verið staðið mjög vel að hvalarannsóknum og nýtingu hvalastofna hér við land. Þessar staðreyndir þurfum við að kynna ráðamönnum í þeim löndum þar sem andstaðan við hvalveiðar er mest og ekki síður fyrir fjölmiðlum í sömu löndum.

Einnig þarf að minna á þá staðreynd að a.m.k. 20% jarðarbúa búa við fátækt og hungur. Jarðarbúum fjölgar jafnt og þétt og þeir eru orðnir hálfur sjötti milljarður og því er knýjandi nauðsyn að auka stórlega matvælaframleiðslu í veröldinni og óverjandi að nýta ekki hvalastofna í þeim tilgangi. Það er hárrétt sem hæstv. umhvrh. sagði í blaðagrein nýlega að hvalastofnunum stafar ekki hætta af takmörkuðum veiðum þar sem farið er fram með gát, heldur miklu fremur af þrávirkum lífrænum efnum sem í höfin berast frá ýmiss konar atvinnustarfsemi í þeim löndum þar sem andstæðingar hvalveiða hafa hæst.

Samfara ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni var ákveðið að efna til heildarúttektar á ástandi hvalastofna heims sem ljúka átti árið 1990. Í samræmi við þetta ákváðu íslensk stjórnvöld að efna til hvalveiða í vísindaskyni árin 1986–1989 samkvæmt áætlun Hafrannsóknastofnunar um víðtækar hvalarannsóknir. Rannsóknir þessar miðuðust við að efla þekkingu á ástandi og veiðiþoli hvalastofna við Ísland og að kanna þátt stórra og smárra hvala í lífkerfi hafsvæðisins hér við land. Þær fólust m.a. í skipulegri talningu hvala árin 1986, 1987 og 1989. Samstarf var við aðrar þjóðir við Norður-Atlantshaf í tveimur stórum leiðöngrum sem tóku til hafsvæðisins frá Vestur-Grænlandi að ströndum Noregs og frá Svalbarða að ströndum Spánar þar sem mest voru 15 skip og tvær flugvélar samtímis við talningu.

Af hálfu Íslands tóku þrjú skip og ein flugvél þátt í verkinu sumarið 1987 og fjögur skip sumarið 1989. Við talninguna fengust miklar upplýsingar um útbreiðslu hvala og stærð hvalastofna á rannsóknasvæðinu, ekki síst hvað viðkemur hvalastofnum sem nýttir hafa verið hér við land á undanförnum áratugum. Þessar rannsóknir leiddu m.a. í ljós eftirfarandi niðurstöður: Um 28 þús. hrefnur voru á Mið-Atlantshafssvæðinu, þar af tæpur helmingur á íslenska strandsvæðinu. 15.600 langreyðar voru á hafsvæðinu Austur-Grænland/Ísland/Jan Mayen, þar af um 8.900 langreyðar á svæðinu milli Austur-Grænlands og Íslands norðar 50. gráðu norður. 10.800 sandreyðar voru á leitarsvæði íslensku skipanna. Tæplega 2.000 hnúfubakar voru á íslenska strandsvæðinu. Vegna sérstakrar köfunarhegðunar búrhvals liggja ekki fyrir áreiðanlegir útreikningar á fjölda dýra. Eftir talningar 1987 og 1989 telja sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar vafalítið að búrhvalir skipti nokkrum þúsundum á íslenska talningarsvæðinu.

Af þessari upptalningu má sjá að mikil hvalamergð er í hafinu við Ísland og hefur þeim vafalaust fjölgað talsvert á þeim árum sem liðin eru síðan talningin var gerð. Það er því deginum ljósara að Íslendingum er ekki bara óhætt heldur nauðsynlegt að hefja hvalveiðar að nýju til að raska ekki frekar en orðið er lífkerfi hafsins. Til langtíma séð hlýtur offjölgun hvala að bitna á fiskstofnunum og valda samdrætti í fiskveiðum, en talið er að árleg neysla þeirra nemi meiru í tonnum talið en heildarársafli Íslendinga.

En hvalveiðar eru líka mikilvægar hvað varðar verðmæti og ekki síður í atvinnuskyni. Hvort tveggja skiptir okkur Íslendinga miklu, ekki síst á tímum minnk-

andi þjóðartekna og mikils atvinnuleysis. Framleiðsluverðmæti hvalaafurða síðustu fimm árin sem veiðarnar voru stundaðar í atvinnuskyni voru að meðaltali nokkuð á 2. milljarð kr. á ári miðað við verðlag í dag. Hlutfall hvalaafurða var þá á bilinu 1,5–2,5% af útflutningsverðmæti sjávarafurða. Þá var aflaverðmæti hrefnuveiðibáta nokkuð á 2. hundrað millj. kr.

Árið 1985, sem var síðasta árið sem hvalveiðar voru stundaðar í atvinnuskyni, störfuðu um 250 manns hjá Hval hf. á hvalvertíðinni og margir þeirra allt árið. Hér var um að ræða áhafnir hvalveiðiskipanna, starfsmenn í hvalstöðinni í Hvalfirði og starfsmenn frystihúss Hvals hf. í Hafnarfirði. Þá eru ótaldir þeir sem stunduðu veiðar og vinnslu á hrefnu. Þarna er því um að ræða störf fyrir nokkuð á fjórða hundrað manns frá vori til hausts eða um 150 ársverk. Eins og atvinnuástandið er um þessar mundir getum við ekki horft á þessi störf fara forgörðum. Á þingi Alþýðusambands Íslands sem haldið var á Akureyri í nóvember 1992 var samþykkt svohljóðandi ályktun, með leyfi forseta:

„37. þing ASÍ skorar á íslensk stjórnvöld að beita sér nú í vetur fyrir því að hafnar verði hvalveiðar og vinnsla á afurðum á Íslandi á næstu vertíð að sumri.

Í hvalstöðinni í Hvalfirði og reyndar víðar, þar sem t.d. hrefnuveiðar hafa verið stundaðar, leynast tugir atvinnutækifæra fyrir íslenskt verkafólk að ógleymdum þeim útflutningstekjum sem þessar afurðir geta skilað til ríkis og sveitarfélaga. Að láta slík tækifæri liggja milli hluta er hreint forkastanlegt og því skorar þingið á alla sem geta beitt sér í málinu að taka undir og knýja það fram."

Áður höfðu mörg stór samtök á vinnumarkaðnum samþykkt ályktanir þar sem eindregið er hvatt til þess að hvalveiðar verði hafnar að nýju og má þar t.d. nefna Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Verkamannasamband Íslands, Landssamband ísl. útvegsmanna, Landssamband smábátaeigenda og fiskiþing. Ég tel að eindregnar ályktanir þessara fjölmennu samtaka lýsi best þeim almenna stuðningi sem er við það meðal þjóðarinnar að hvalveiðar hefjist á ný. Í stefnu- og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, Velferð á varanlegum grunni segir, með leyfi forseta:

„Langvarandi friðun sjávarspendýra mun raska jafnvægi í lífríki hafsins og valda samdrætti í fiskveiðum. Íslensk stjórnvöld telja að fiskveiðiþjóðir þurfi að snúa vörn í sókn og vinna sameiginlega gegn stefnu sem leiðir til ofverndunar einstakra tegunda, enda er það stefna ríkisstjórnarinnar að nýta beri sjávarspendýr undir vísindalegu eftirliti á sama hátt og fiskstofnar eru nýttir."

Ályktanir þeirra fjölmennu samtaka á vinnumarkaðnum sem ég gat um og samþykkt þeirrar þáltill. sem ég mæli hér fyrir munu tvímælalaust styrkja hæstv. ríkisstjórn í því að snúa vörn í sókn og hrinda í framkvæmd stefnu sinni um nýtingu sjávarspendýra.

Hæstv. forseti. Ég legg til að þessari till. verði að lokinni fyrri umræðu vísað til síðari umræðu og hv. sjútvn.

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni fyrir að flytja þessa tillögu í þinginu. Ég held að nauðsynlegt sé að við ræðum þetta mál og fjöllum um það hvernig best verði staðið að því eins og hann réttilega komst að orði og vitnaði þar í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, að við snúum vörn í sókn í þessu mikilvæga máli. Staðreynd er að þær þjóðir, sem hafa stundað hvalveiðar og telja rétt að allar þjóðir hafi rétt til þess að stunda slíkar veiðar, enda sé tekið fullt tillit til stofnstærðar og ástands í hafinu, eru ekki aðeins í vörn heldur hafa þær verið á miklu undanhaldi á undanförnum árum og eiga við mjög óljósa andstæðinga að etja sem birtast í mörgum myndum og koma fram við hin ólíklegustu tækifæri og valda þessum þjóðum tjóni með þeim hætti að það er ákaflega erfitt að verjast í þeirri baráttu. Engu að síður er nauðsynlegt að halda henni áfram og finna leiðir til þess að fá almennt viðurkennt á alþjóðavettvangi að menn eigi að hafa rétt til þess að nýta sjávarspendýr, hvali, eins og annað sem í sjónum syndir.

Það er merkilegt og er til marks um stöðu málsins á alþjóðavettvangi að litið var á það sem mikilvæga fótfestu í þessu máli að það náðist að fá það samþykkt á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Ríó sem vitnað er til í greinargerð með tillögunni að reglur um sjálfbæra nýtingu skuli gilda bæði um fiskstofna og sjávarspendýr með þeim takmörkunum að ekki verði veitt úr þeim stofnum sem taldir eru í hugsanlegri útrýmingarhættu. Jafnvel var talið áður en til þessa fundar kom í Ríó að samþykkt sem þessi næði ekki fram að ganga, að svo langt væru ýmsir reiðubúnir til að ganga til að koma í veg fyrir að þessi eðlilega samþykkt yrði gerð. Við þingmenn og fulltrúar Alþingis á þingi Evrópuráðsins stöndum nú í þeim sporum þar að fá vonandi eitthvað svipað samþykkt á þeim vettvangi. Þar var nýlega í heimsókn forsætisráðherra Noregs, Gro Harlem Brundtland og átti verulega undir högg að sækja gagnvart ýmsum þingmönnum vegna fyrirspurna sem til hennar komu um stefnu Norðmanna varðandi hvalveiðar. Því er ákaflega mikilvægt að ræða það hér á Alþingi eins og annars staðar meðal okkar Íslendinga hvernig við stöndum best að því að verja rétt okkar í málinu og koma í veg fyrir að þeir nái sínu fram sem vilja alfarið og um aldur og ævi banna þjóðum að nýta sjávarspendýr og hvali í hafinu.

Ég verð að lýsa því yfir, frú forseti, að ég er ekki viss um að rétta leiðin sé sú að gera nú tafarlaust ráðstafanir til að hvalveiðar geti hafist hér við land næsta sumar. Ég er ekki alveg sannfærður um að það sé það rétta skref sem við eigum að stíga nú í þessu máli, en ég hlýddi á rök hv. síðasta ræðumanns um það mál og er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að breyta þessu viðhorfi mínu við nánari umhugsun og umræður í þinginu ef þær verða. Eins og hv. flm. gat um held ég að þannig hafi verið sótt að okkur hvalveiðiþjóðum að undanförnu að það sé meira sem við þurfum að vinna og ýmis verkefni kannski brýnni til þess að tryggja rétt okkar en hefja hvalveiðar strax á næsta sumri. Og það sem mér finnst að þessar umræður í þinginu og í hv.

sjútvn. þurfi m.a. að snúast um er að meta þessa stöðu, hvaða skref eru skynsamlegust næst. Á síðasta ári var það talið skynsamlegt af mörgum og ákveðið að við segðum okkur úr Alþjóðahvalveiðiráðinu. Ég tel að þar hafi verið vettvangur sem við gátum unnið þessum málstað fylgis og við hefðum e.t.v. verið betur settir að gera það á þeim vettvangi því að þessi barátta þarf að fara fram jafnt á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, á þingi Evrópuráðsins, innan vébanda Alþjóðahvalveiðiráðsins og hvarvetna þar sem rödd Íslands heyrist og þetta mál er til umræðu, að vinna að þessu og standa vörð um þetta grundvallarsjónarmið til þess að brjóta það á bak aftur að þessi réttur okkar verði takmarkaður.

Ég vildi aðeins, frú forseti, koma hér upp og lýsa þessari skoðun minni. Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því að þessi málstaður á verulega undir högg að sækja og það þarf með samræmdum aðgerðum mjög víða að gera ráðstafanir til þess að verja hann og standa á þessum rétti. Síðan þurfum við að velta því fyrir okkur hvaða leiðir séu bestar í þessari baráttu, hvort það er að hefja nú þegar hvalveiðar eða hvort stíga eigi einhver önnur skref til þess að við höfum þennan rétt óskoraðan og getum nýtt hann og í góðri sátt við aðrar þjóðir þegar vísindalegar forsendur eru því til stuðnings að hvalir séu veiddir eins og vissulega er nú umhverfis landið og hv. ræðumaður gat um. En við verðum að skoða málið í heild og velta stöðunni fyrir okkur í heild.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft brýnu hagsmunamáli Íslendinga. Það sorglega við þá stöðu sem hvalveiðar við Ísland eru í í dag er að baráttan gegn hvalveiðum Íslendinga byggist ekki á rökum heldur einfaldlega móðursýki. Baráttan gegn hvalveiðum Íslendinga hefur átt sér stað innan veggja ýmissa öfgasamtaka erlendis, austan hafs og vestan. Það er kannski mestur vandi í þeirri þróun sem Íslendingar vilja stuðla að, þ.e. að hefja hvalveiðar aftur, að það sé hægt að skapa þá stöðu að ekki verði röskun á okkar mörkuðum eins og sýnt var þegar baráttan stóð sem hæst og hvalveiðar Íslendinga stóðu.

Það er ljóst af reynslu íslenskra fiskimanna í dag að hvarvetna á fiskimiðum er mun meira af hval en verið hefur um áratuga skeið. Sérstaklega á þetta við um fiskimið fyrir Norðurlandi allt frá svæðunum út af Vestfjörðum og til svæðanna austur af Langanesi. Þar má segja að séu vaðandi hvalir í ríkum mæli og auðvitað sorgleg staðreynd að það skuli hafa orðið að stöðva hvalveiðar Íslendinga á ekki sterkari rökum en þeim sem raun ber vitni, ótta og viðbrögðum gegn öflum sem hafa troðið á okkar markaðssvæðum.

Það sama er að segja um veiðisvæðin við Grænland. Hvalagengd er þar mun meiri en verið hefur lengi og að mati hinna rótgrónu veiðimanna þar eins og á Íslandi allt of mikið af hval miðað við eðlilegt jafnvægi og miðað við að ekki sé gengið óeðlilega mikið á fiskstofnana og það sambýli og það hlutfall sem hlýtur að vera æskilegt milli manna og dýra í veiðimannasamfélagi. Það er einmitt það sem er kannski mest um vert að við getum skapað okkur á ný stöðu með því að taka upp hvalveiðar með eðlilegum hætti þar sem ekki er gengið á stofnana, ekki frekar en staðreyndin hefur sýnt varðandi íslenska hvalveiðimenn.

Það er í jákvæða og markvissa átt hvernig hæstv. sjútvrh. hefur átt frumkvæði að því að byggja upp samstöðu og samskipti við aðrar norðlægar þjóðir til þess að hefja á ný hvalveiðar og skapa alþjóðlegan farveg fyrir þær veiðar og þá stöðu sem við þurfum að tryggja okkur í samskiptum við aðrar þjóðir. Það er mikil ástæða til þess að hvetja til þess að þessari vinnu sé hraðað eins og kostur er.

Það má segja að um langt árabil höfum við Íslendingar ekki sinnt sem skyldi áróðursþættinum varðandi hvalveiðar. Við höfum setið undir dylgjum og dónaskap öfgasamtaka erlendis frá sem hafa misnotað aðstöðu sína, sem hafa stundað fjárplógsstarfsemi og náð að rugla fólk í ríminu með því að búa til tilfinningar í garð hvala. Það má nefna bandarísk samtök sem fóru nánast að ættleiða hvali og festa við þá ákveðin nöfn. Þar með var einhver einstaklingur, hvort sem það var í Massachusetts, New York eða einhvers staðar annars staðar, orðinn ábyrgur fyrir ákveðnum hval sem hét ákveðnu nafni og var skráður í bækur þessa félags og bar að sjálfsögðu eftirnafn einstaklingsins sem greiddi þúsundir eða milljónir dollara í skemmdarverkasjóði þessara samtaka.

Þetta er mergurinn málsins í þessum aðferðum og ég hygg að á þeim tíma sem baráttan stóð sem hæst og Íslendingar urðu að þola margs kyns opinber mótmæli af hálfu þessara samtaka erlendis, þá hefði átt að súast við með öðrum hætti en gert var. Í stað þess til að mynda að segja, eins og gert var, að Greenpeace væri óalandi og óferjandi í einu og öllu — þá er það auðvitað ekki rétt. Greenpeace-samtökin eru margþátta samtök og sumt af því sem þau eru að gera bæði þjónar okkar hagsmunum og er ekki óskynsamlega unnið svo sem ýmsir þættir er varða verndun hafsins og baráttu gegn mengun. En þar sem þessi samtök hafa farið offari, eins og til að mynda varðandi selveiðar við Grænland eða hvalveiðar við Ísland, var ástæða til að taka upp þráðinn og taka sókn gegn þeim á því sviði.

Ég hygg að það sé augljóst mál þegar maður skoðar þetta í heild að það er ástæða til að taka upp nýjar aðferðir í áróðri fyrir eðlilegum hvalveiðum Íslendinga, áróðri sem snýr beint að fræðslu, fréttum, sjónvarpi og öðru erlendis sem hefur beint samband við fólk. Við þurfum í þessari baráttu að leggja fram rök skynsemi og staðreynda, rök sem sýna fram á að hvalveiðar eru ekki óeðlilegur kostur ef ekki er gengið á stofn tegundanna, að hvalveiðar eru nauðsynlegur hlekkur í lífi, starfi og almennri efnahagskeðju ákveðinna þjóða og að taka verður tillit til þess. Það er mikill tvískinnungur í þessum efnum víða í heiminum, ekki hvað síst af hálfu Bandaríkjamanna sem tala tungum tveim og vinna ekki rökrétt miðað við það sem þeir eru sjálfir að gera í ýmsum veiðum en nota svo stór orð varðandi hvalveiðar. Við verðum bæði að taka okkur tíma og leggja peninga í það að vinna okkar

málstað fylgi og vinna okkar málstað þekkingu hjá almenningi þessara þjóða því að það hlýtur að vera sá farvegur sem við þurfum að leggja áherslu á til þess að tryggja að ekki verði gengið gegn okkar markaðsmöguleikum. Það er mikil ástæða til þess, virðulegi forseti, að hvetja til þess að þessu máli sé fylgt eftir eins og frekast er kostur.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir nánast allt það sem hv. 3. þm. Suðurl. sagði í ræðu sinni en vil aðeins nefna eitt sem mér fannst örla á í hans máli og það var þegar hann talaði um að við gætum hugsanlega átt samleið með Greenpeace í sumu af því sem þeir væru að gera. Ég vara mjög við því að við séum yfir höfuð að leggja lag okkar við samtök af þessu taginu sem hafa orðið ber að því í svo stóru máli eins og hvalveiðimálinu að rugla vísvitandi saman staðreyndum, ljúga að fólki, fara frjálslega með upplýsingar og fleira af því taginu. Því miður bendir ýmislegt til þess að í sumu af því sem þeir eru að fjalla um á öðrum vettvang fari þeir nákvæmlega þannig með staðreyndir sem fyrir þá eru lagðar. Þeir hafa orðið berir að því og uppvísir að því að leika sér að því að nota upplýsingar sem þeir fá, slíta þær úr öllu vísindalegu samhengi en klæða þær hins vegar í gervivísindabúning og segja: Þetta eru staðreyndir málsins. Menn sem þannig vinna eru auðvitað mjög hættulegir í samstarfi og ég held að þrátt fyrir að hægt sé að finna, ef vel er leitað, eitthvað jákvætt í fari þessara samtaka, þá sé það þannig með þessi samtök að eftir að þau hafa unnið með þessum hætti sé það okkar málstað hættulegt að vera nokkuð að leggja okkar lag við þau og þess vegna eigum við einfaldlega að slást fyrir okkar góða málstað í umhverfismálum án þess að hnýta okkur aftan í þessi vafasömu samtök sem Greenpeace eru.

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til að taka af öll tvímæli, þá er það ekki mín skoðun að við eigum að ganga til liðs við Greenpeace á neinn formlegan hátt. En ég sagði að á þeim tíma sem þessi barátta stóð sem hæst og þróunin gekk hraðast fyrir sig var Greenpeace reyndar aðeins hluti af fjölmörgum öðrum alþjóðlegum samtökum sem tóku tak á ýmsum sviðum umhverfismála og náttúruverndarmála og ég held að það hafi verið á þeim tíma órökrétt að afgreiða það allt undir einn hatt. Það er hins vegar jafnljóst að fjáröflun þessara samtaka byggðist í rauninni á fölskum forsendum, sérstaklega með tilliti til þess að peningaausturinn inn í þessi samtök kom í gegnum sérstaklega hvalveiði- og selveiðiþættina. Þar var fjárstreymið inn í starfsemina sem síðan var veitt til annarra hluta einnig. Þar var hægt að spila á tilfinningar gagnvart dýrum og breyta í rauninni staðreyndum varðandi almennar veiðar.

Ég hygg að það hafi ekki verið klókt á þeim tíma að gera þetta. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og Greenpeace-samtökin hafa orðið ber að því, eins og hv. síðasti ræðumaður gat um, að stunda pretti og svik á margan hátt til þess fyrst og fremst að knýja fram ákveðnar áherslur þar sem tilgangurinn hefur helgað meðalið alveg sama hversu óprúttnar aðferðir hafa verið notaðar. Við eigum auðvitað ekkert að blanda okkur inn í slíkt. Við getum samt sem áður viðurkennt það sem eru rök fyrir í náttúruvernd en fyrst og fremst eigum við að hafa sjálfstæða og markvissa stefnu í þessu sjálf.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég finn að sjónarmið okkar hv. 3. þm. Suðurl. eru mjög að nálgast í þessu máli og það er vel eins og jafnan. Það ber náttúrlega að árétta það sérstaklega í þessu sambandi og sýnir þann tvískinnungshátt og hræsni sem alltaf kemur fram í máli þessara Greenpeace-manna að þessir aðilar sem voru hér að dunda sér við það fyrir nokkrum árum að reyna að sleikja sig upp við okkur Íslendinga vegna þess að við erum mjög framarlega í flokki þeirra sem vilja fara gætilega í öllum umhverfismálum og komu til landsins og töluðu við ýmsa frammámenn og létu sem þeir væru okkar raunverulegu náttúrulegu bandamenn eru núna allt í einu komnir úr felum og farnir að tala með þeim hætti að það er mjög hættulegt fyrir okkur Íslendinga. Það er mjög hættulegt hreinlega fyrir okkar þjóðarbúskap hvernig þeir eru farnir að tala núna.

Það nýjasta sem þessi öfgasamtök eru farin að beita sér fyrir er að vinna gegn okkar hagsmunum í fiskveiðum og benda á að fiskveiðar séu hættulegar viðgangi hvalastofna, séu ómannúðlegar og þar fram eftir götunum. Þess vegna tel ég ástæðu til að árétta það hversu hættulegt er að leggja lag sitt við þessi samtök sem í öðru orðinu þykjast vilja fylgja náttúruvernd og eigi þar með samleið með okkur sem forusturíki í náttúruverndarmálum og umhverfismálum en á hinn bóginn eru þessir aðilar að tala með þeim hætti að það er hreint tilræði við okkar efnahagslega sjálfstæði með hvaða hætti þeir ráðast t.d. að fiskveiðum og fiskneyslu sem þeir telja vera stórhættulega vegna þess að þær fiskveiðar sem eiga sér stað séu í sjálfu sér ógn við lífríki hafsins.

En ég heyri að við hv. 3. þm. Suðurl. erum sammála um þá hættu sem að okkur steðjar af öfgasinnuðum náttúruverndarsamtökum.

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem kom fram í máli hv. 3. þm. Vestf. að það þarf snerpu til þess að taka á í þessum hlutum. Ég tel til að mynda að Íslendingar eigi að bregðast við með ákveðnari hætti í þessum áróðursslag. Ef Paul Watson og aðrir pótintátar hefja á ný herför gegn Íslendingum eða nágrönnum okkar, þá eigum við Íslendingar auðvitað að stuðla að því að einkaaðilar eða aðrir á Íslandi fari til móts við þessa aðila, manni sig upp með tækjum og tólum og taki á móti í þessu efnum. Það er áróðursstríð sem mundi skila árangri og eftirtekt. Það þarf auðvitað að gera það vandlega og virðulega en það þarf að taka á því engu að síður. Ég hygg að það væri nálægt eðli margra Íslendinga að fara í slíkan víking.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. hreyfir hér *mjög mikilvægu atvinnuspursmáli sem hvalveiðar eru.* Eins og hann gat réttilega um störfuðu 250 manns við hvalveiðar, veiðar og vinnslu, allt til ársins 1986. Íslendingar höfðu verulegar tekjur af hvalveiðum og allt að 2% af heildarútflutningstekjum okkar komu einmitt þaðan.

En það er ýmislegt sem hangir á þessari spýtu eins og hér hefur fram komið. Ég lagði fram svohljóðandi fsp. til hæstv. sjútvrh. 12. nóv. sl., með leyfi forseta:

„Hvenær hyggst ríkisstjórnin heimila hvalveiðar að nýju?"

Hæstv. sjútvrh. svaraði m.a.:

„Markmið okkar í þessu er alveg skýrt. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það. Ég hef áður greint frá því að forgangsverkefni í þessu efni verður að hefja veiðar á hrefnu. Ég hef einnig áður lýst því að ég teldi æskilegt að slíkar veiðar gætu hafist á næsta ári, en eins og sakir standa get ég ekki fullyrt að ákvörðun verði tekin þannig að veiðar get hafist þegar á næsta ári. En ég ítreka það að ég tel æskilegt að allur okkar undirbúningur miðist við að svo geti orðið, en ekki er hægt að fullyrða hvort það tekst eins og mál standa í dag."

Þetta var 12. nóv. sl. Nú er kominn 18. mars og nú langar mig að spyrja hæstv. sjútvrh.: Hvernig gengur undirbúningur þessa máls? Ég tel víst að hann hafi átt við í þessu svari sínu að hann ætli að hefja nú þegar *áróðursstríð á okkar mörkuðum sem er mjög mikilvægt* eins og fram hefur komið. Ekki þýðir að láta sem svo að þessir hvalfriðunarmenn séu mjög mjúkir og það skipti engu máli þó að markaðir lokist um tíma. Ég vil geta þess t.d. að á Bandaríkjamarkaði eigum við núna 5–6 mánaða birgðir af fiski þannig að það er mjög mikilvægt að ekki stöðvist sala á Bandaríkjamarkaði en það er líka mjög mikilvægt að við getum hafið þessar veiðar og það að við séum í stöðugu áróðursstríði eins og hér hefur komið fram. Þess vegna er mikilvægt að við þingmenn fáum úr því skorið hvernig þetta áróðursstríð gengur og hvort hæstv. ráðherra ætli að hefja hvalveiðar í sumar. Hvernig er verið að kynna málstað okkar á mörkuðunum? Það er spurningin.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka flm. þessarar tillögu fyrir að hreyfa þessu máli á hinu háa Alþingi. Ég tel mjög mikilvægt að Alþingi fjalli um málið og álykti um stefnu okkar í þessu efni.

Málið er vandmeðfarið svo sem reynslan hefur sýnt okkur. Hv. 1. flm. gerði ágætlega grein fyrir þróun þessara mála á undanförnum árum og ástæðulaust er að endurtaka þá sögu hér. Það var ljóst að við áttum ekki lengur samleið með meiri hluta þjóðanna í Alþjóðahvalveiðiráðinu sem árum saman hafði bundist samtökum um að brjóta samþykktir Alþjóðahvalveiðiráðsins með ríkisstjórn Bandaríkjanna í broddi fylkingar. Við hlutum því að brjóta okkur þarna út og freista þess að finna með nýjum hætti farveg til þess að vinna að framgangi þessara mála. Það tókst að fá samstöðu fjögurra ríkja við Norður-Atlantshafið til þess að stofna sjávarspendýraráð Norður-Atlantshafsins, NAMMCO. Það er verið að vinna að því að koma NAMMCO á laggirnar og starfsemi þess er að hefjast. Ákveðið hefur verið að aðalstöðvar þess verði í Noregi og nú er unnið að því að ráða starfsmann til samtakanna. Vísindanefnd hefur verið skipuð þar sem við eigum formann. Hann heitir Jóhann Sigurjónsson og næsti fundur ráðsins verður í júnímánuði nk.

Það var samkomulag allra sem aðild eiga að NAMMCO að starf þess skyldi fyrst í stað einvörðungu ná til minni hvala og sela, þ.e. hvalastofna sem Alþjóðahvalveiðiráðið hefur ekki talið sig hafa lögsögu yfir. Allir aðilar voru sammála um að hefja starfið á þessum grundvelli og þarf samþykki allra til þess að taka ný skref í þessu efni. En alltaf hefur legið ljóst fyrir af okkar hálfu að við mundum fyrr en síðar sækja á um að það yrði gert.

Á fundi með sjávarútvegsráðherra Noregs, sem ég átti í byrjun þessa árs, gerði ég honum grein fyrir því að við mundum fyrr en áætlað var upphaflega óska eftir því að hrefna yrði tekin til meðferðar innan NAMMCO í ljósi þess að við hefðum litið svo á að það væri forgangsverkefni að því er þetta varðar að geta hafið hrefnuveiðar. Það er of snemmt að segja fyrir um árangur af þessari málaleitan. Norðmenn vænta þess enn að meiri hluti Alþjóðahvalveiðiráðsins breyti um afstöðu og vinni að því að ná árangri á fundi *þess í maí sem haldinn verður í Japan.* Ég er ekki að gagnrýna Norðmenn þó að þeir vilji halda friðinn innan ráðsins fram yfir þann fund en norsk stjórnvöld hafa ítrekað lýst því yfir að fundurinn í Japan á vori komanda ráði úrslitum um afstöðu þeirra til málsins og þeir muni endurskoða afstöðu sína til ráðsins að þeim fundi loknum. Þeir hófu vísindaveiðar á hrefnu í fyrrasumar, hafa ákveðið að hefja veiðar í ágóðaskyni en hafa ekki tekið ákvarðanir um hvenær þær veiðar hefjast á þessu ári né hversu mikil kvótinn verður og ætla að bíða með þær ákvarðanir fram yfir fund Hvalveiðiráðsins í maí.

Ég vænti þess að innan NAMMCO sé kominn sá eðlilegi vettvangur til alþjóðlegs samstarfs sem kveðið er á um í hafréttarsáttmálanum um verndun og nýtingu sjávarspendýra og við getum þróað þetta samstarf þegar fram í sækir til þess að fjalla um hvalveiðar almennt. Það er skynsamlegt að mínu mati að framkvæmda vísindalegt eftirlit og stjórnunarákvarðanir í svæðisbundnum samtökum eins og við höfum gengist fyrir stofnun á. Miklu meiri líkur eru til þess að skynsamlegar ákvarðanir séu teknar á þeim grundvelli og í samræmi við alþjóðahvalveiðisáttmálann og samþykktir umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.

Við erum nú að undirbúa upplýsingaherferð og höfum leitað eftir samstarfi fjölmargra hagsmunasamtaka í landinu til þess að senda út upplýsingar um stefnu okkar í þessu efni og grundvallarviðhorf og höfum hvarvetna fengið góðar undirtektir. Ég vænti þess að innan skamms geti útsending á þessu upplýsingaefni hafist. Við eigum við ramman reip að draga. Ljóst er

að það er mikil andstaða gegn hvalveiðum meðal margra áhrifaríkra þjóða. Bandaríkjamenn beita, eða a.m.k. hóta að beita, viðskiptaþvingunum ef Íslendingar og aðrar þjóðir hefja hvalveiðar á nýjan leik og þeir hafa löggjöf um slíkar aðgerðir af sinni hálfu sem að mínu mati brýtur algerlega gegn alþjóðlegum skuldbindingum þeirra eins og GATT-skuldbindingum.

Þegar ríkisstjórnir Evrópubandalagsríkja eins og Bretlands og Þýskalands benda á umhverfisverndarsamtök, sem hafa það á stefnuskrá sinni að hindra viðskipti, eru þessar ríkisstjórnir að halda hlífiskildi yfir samtökum sem hindra viðskipti á grundvelli GATT-samkomulags og grundvelli fríverslunarsamninga okkar við Evrópubandalagið. Þetta eru auðvitað alvarlegar staðreyndir og við hljótum þess vegna að taka þessi mál upp við ríkisstjórnir þessara landa. Sjávarútvegsráðherra Þýskalands er að koma hingað í opinbera heimsókn í kvöld og á morgun verða þessi mál m.a. tekin upp til viðræðu við hann og við munum nýta hvert það tækifæri sem við fáum til þess að ræða þessi viðfangsefni og okkar brýnu hagsmuni í þessu efni við þær þjóðir sem hér eiga helst hlut að máli. En mikilvægt er að við vinnum fast og örugglega að framgangi málsins og það höfum við gert og munum áfram gera og einbeita okkur að því að ná árangri innan NAMMCO.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. svörin. Þau eru mjög skýr. Ekkert stöðvar okkur vísindalega séð að hefja veiðar en það eru þessi viðskiptasjónarmið. Hann upplýsti að hann hyggist núna alveg á næstunni hefja mikla upplýsingaherferð á mörkuðum okkar og það er gott. En ég verð að segja að mér finnst það svolítið seint í rassinn gripið ef það á að hefja hrefnuveiðar í sumar að það skuli ekki vera byrjað á því vegna þess að það hefur nú legið nokkuð ljóst fyrir lengi að við yrðum að hefja þetta áróðursstríð. En betra er seint en aldrei.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er mjög mikilvægt að við komum málstað okkar á framfæri á erlendum vettvangi. Hins vegar er mikið umhugsunarefni hvernig staðið er að því að koma sjónarmiðum okkar fram og þar verðum við fyrst og fremst að miða að því að koma okkar rökum og sjónarmiðum fram við þá sem hafa áhrif og eru skoðanamótandi. Ég held að að sé ekki líklegt að við förum út í einhvers konar meiri háttar áróðursstríð eða auglýsingastríð meðal annarra þjóða. Bæði yrði það allt of kostnaðarsamt og eins mikið álitaefni hversu miklum árangri slíkar herferðir skila. Aðalatriðið er að ná til þeirra sem eru að móta skoðanir og hafa áhrif, stjórnmálamanna, fjölmiðlamanna og forustumanna í hagsmunasamtökum af ýmsu tagi, og upplýsingamiðlun okkar miðar fyrst og fremst að því að ná þeim árangri.

Við höfum haft áhuga á því að hefja hrefnuveiðarnar sem allra fyrst. Hins vegar hefur engin ákvörðun verið tekin um að hefja þær næsta sumar og vissulega verðum við að hafa þar í huga hversu hratt við náum árangri innan NAMMCO því að við verðum að vinna að framgangi þessara mála í samræmi við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem við höfum tekist á hendur og ekki síst með tilliti til ákvæða alþjóðahafréttarsáttmálans.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég stend kannski upp fyrst og fremst til þess að þakka hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni og Matthíasi Bjarnasyni fyrir að flytja tillöguna og raunar þakka líka sjútvrh. sem hefur nú upplýst okkur um það að ýmislegt sé að gerast til að styrkja stöðu okkar í þessum málum.

Það er alveg rétt að í hafréttarsáttmálanum eru greinar sem fjalla um þetta og vernd hvala er þar ríkuleg. Engu að síður gátum við hafið vísindaveiðarnar eins og menn vita og ég held að það fari ekki á milli mála að við getum framkvæmt það sem þessi tillaga hljóðar um og við eigum að reyna að sameinast um það. Ég held að engin hætta sé á ferðum sem um er talandi í því efni. Ég held að hægt sé að gera það sem hv. flm. eru að segja okkur. Náttúrlega eru fáir menn kunnari þessu en hv. þm. Matthías Bjarnason, að ólöstuðum 1. flm. enda fylgdist hann náttúrlega mjög náið með störfum hafréttarráðstefnunnar og öllu því sem þar gerðist, en þar unnum við stanslaust að því að tryggja hag okkar í þessu efni eins og í fiskveiðum okkar og hafréttarmálum almennt. Því er mjög ánægjulegt að þessu máli skuli nú hreyft og ég lýsi að sjálfsögðu yfir fyllsta stuðningi við það. En auðvitað þarf að fara með þeirri gætni og með þeim hyggindum sem við erum vanir og höfum gert oftast í sjálfstæðis- og fullveldismálum okkar, ekki kannski alveg alltaf, ekki stundum upp á síðkastið. Það er alveg ljóst að við eigum að sameina kraftana um það að varðveita þessa eign okkar, þessa auðlegð okkar.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ástæða er til að fagna að þessi tillaga skuli vera komin fram. Svo mikill einhugur sem ríkir með þjóðinni um það hygg ég að það sé skynsamlegast og eðlilegt að hefja hér hvalveiðar. Fyrir því eru auðvitað margvísleg vísindaleg rök sem engin ástæða er til að rekja hér. Auðvitað er öllum ljóst að mjög margir hvalastofnar, sem eru hér við land, eru orðnir það sterkir að það er fullkomlega, vísindalega óhætt að nytja þá og þess vegna getum við sagt að hin efnislegu rök séu öll til staðar.

Vandinn sem við er að eiga í þessu máli er m.a. sá að þeir sem andmæla okkur á alþjóðlegum vettvangi taka engum efnislegum eða vísindalegum rökum. Það er alveg sama með hvaða hætti menn mæta þeim með einhverjum vísindalegum rökum. Á það er ekki hlustað vegna þess að þessir menn ganga ekki fram í skoðun heldur í trú, þeirri trú að ekki megi veiða hvali af einhverjum ástæðum sem okkur flestum eru auðvitað óskiljanlegar. Þetta var auðvitað það sem var upp á teningnum þegar við vorum innan Alþjóðahvalveiði-

ráðsins. Það var alveg sama þó að menn kæmu þar fram með vísindaleg rök, á þau var ekki hlustað. Það var auðvitað ein meginástæðan fyrir því að nefnd sem hæstv. sjútvrh. skipaði, og ég var raunar formaður fyrir, lagði það til tvímælalaust, eindregið og einróma að við segðum okkur úr Alþjóðahvalveiðiráðinu vegna þess einfaldlega að við vorum búnir að fá okkur fullsadda af því að reyna að koma vitinu fyrir þetta fólk sem þarna sat, fulltrúar einstakra ríkja, jafnvel gervifulltrúar einstakra ríkja sem þarna voru bókstaflega komnir til þess eins að stöðva það að hér væri hægt að hefja hvalveiðar.

Ég gæti tekið sem dæmi í þessu sambandi. Á sínum tíma árið 1982 þegar það var ákveðið að gera sérstaka athugun á hrefnuveiðunum og settir voru svokallaðir núllkvótar á hvalveiðar í atvinnuskyni, þá var um það talað að árið 1990 skyldu þessi mál verða skoðuð að nýju, endurmetið hvort hægt væri að hefja hér hvalveiðar að nýju á vísindalegum grundvelli, þ.e. hvort hér væru fyrir hendi vísindalegar forsendur. Árið 1990, þegar hinar vísindalegu forsendur voru lagðar fram og kynntar og sýndar og enginn gat dregið það vísindalega í efa að það mætti hefja hér hrefnuveiðar, var gripið til einhverra annarra ráða, einhverra annarra raka eða einhvers yfirvarps til þess að koma bókstaflega í veg fyrir að hægt væri að hefja hér hrefnuveiðar. Ný skilyrði voru sett og þetta var gert á grundvelli hinna ólýðræðislegu reglna sem gilda innan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Þegar við gátum aftur mætt þessu var auðvitað ekki hlustað á hin frekari vísindalegu rök heldur bara búin til enn ný skilyrði. Þannig er vandi okkar. Við erum ekki að fást við fólk sem tekur skynsamlegum eða efnislegum rökum. Þess vegna er svo erfitt fyrir okkur, sem viljum halda fram einhverjum málstað í þessum efnum, að gera það vegna þess að því er ekki mætt á sama grundvelli. Því er bara mætt með einhverjum terrorisma.

Norðmenn hafa dálítið aðra stöðu en við því að á sínum tíma mótmæltu þeir hvalveiðibanninu. Það kusum við hins vegar að gera ekki. Í umræðum sem fram fóru á Alþingi var hins vegar greinilegt að flestir þeir sem töluðu voru út af fyrir sig þeirrar skoðunar að hvalveiðar væru skynsamlegar og eðlilegar. Hins vegar höfðu menn mikinn beyg af því að þær gætu haft í för með sér einhverjar viðskiptalegar þvinganir af hálfu nágrannaríkja okkar. Út af fyrir sig kom það á daginn þegar við fórum síðan í hvalveiðar í vísindaskyni að þessi öfgasamtök, sem eru andvíg hvalveiðum í sjálfu sér, réðust með nokkurri hörku á okkar góðu fyrirtæki eins og Coldwater og Flugleiðir sem starfa á alþjóðlegum vettvangi.

Ég held hins vegar að ekki megi gera of mikið úr þessari hættu. Ég ætla ekki að fara að gera lítið úr því og ég ætla ekki að draga í efa að það er mikil andstaða víða í ríkjum heimsins gegn hvalveiðum og sú andstaða byggist vitaskuld fyrst og fremst á vanþekkingu og fordómum. Við skulum ekki gera lítið úr þessari andstöðu. Á sínum tíma gerði Coldwater könnun á árinu 1985 um afstöðu Bandaríkjamanna til hvalveiða og hvalveiðibannsins og hún leiddi mjög margt fróðlegt í ljós. T.d. hafði helmingur þess fólks sem var spurður ekki hugmynd um neitt hvalveiðibann og þetta var auðvitað mál sem einfaldlega skipti mjög marga mjög litlu.

Þrátt fyrir það að helmingur hafi ekki haft hugmynd um hvalveiðibannið, þá virðast þrír af hverjum fjórum samt vera andvígir hvalveiðum í vísindaskyni, höfðu enga hugmynd um hvað það þýddi. 48% sögðu að þær veiðar hefðu engin áhrif á álit sitt á Íslandi. 41% sögðu álit sitt verða neikvæðara. Síðan kemur mjög athyglisvert: 37% aðspurðra sögðust vera allt eins líklegir til að halda áfram að neyta fisks frá Íslandi þrátt fyrir hvalveiðar okkar í vísindaskyni, en þessi 42% sögðust vera tilbúin til að bindast samtökum um að hætta öllum viðskiptum við Ísland. Síðan héldu veiðarnar áfram og að sjálfsögðu voru 42% ekki tilbúnir til þess einfaldlega vegna þess að þetta mál vigtar ekki svo þungt í hugum manna. Það getur vel verið að fólk sé svona innst inni, þegar það er spurt í skoðanakönnun, heldur á móti hvalveiðum en það hættir ekki að borða fisk vegna þess að það vigtar einfaldlega þyngra, löngunin í að borða góðan, íslenskan fisk en það að fylgja eftir þessari svokölluðu hugsjón sinni í þessum efnum.

Það er ljóst að vegna þess að við erum aðilar að hafréttarsáttmálanum, þá eru okkur auðvitað settar ákveðnar skorður. Við viljum gæta þeirra miklu hagsmuna okkar sem eru í því fólgnir að vera aðilar að þessum sáttmála þó að hann hafi ekki alþjóðlegt lagagildi. Samkvæmt þessum samningi, eins og fram kemur raunar í greinargerð með þessari þáltill., er gert ráð fyrir því að ríki skuli starfa saman með verndun sjávarspendýra í huga og skulu hvað hvali snerti einkum starfa á vettvangi viðeigandi alþjóðastofnana að verndun og stjórnun þeirra og rannsóknum á þeim. Það er þetta hugtak, viðeigandi alþjóðastofnana, sem gerir það að verkum að það var auðvitað hið rökrétta eftir að við gengum úr Alþjóðahvalveiðiráðinu á sínum tíma að við hefðum forustu um það að stofna samtök á borð við Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið og vinna þar á grundvelli þess að hægt væri að hefja hér hvalveiðar að nýju. Ég tel að það hafi verið hið eðlilega að gera þetta með þessum hætti og að í ljósi þess að þar er auðvitað innan borðs fólk með allt aðrar hugmyndir og allt aðra vitneskju er því eðlilegt að búast við því að þar sé hægt að koma fram vísindalegum skoðunum eins og við viljum oft byggja okkar málflutning á. Það er orðið mjög brýnt að hefja hrefnuveiðar og raunar annars konar hvalveiðar einnig og ég hef þá skoðun og er raunar sannfærður um það að langheppilegasta leiðin er að gera það í skynsamlegu samfloti með þessum nágrönnum okkar sem starfa innan NAMMCO með okkur. Því tel ég að þessi leið, þó að hún kunni að vera örlítið tafsamari í upphafi, sé sú skynsamlegasta sem við höfum og við eigum að vinna á þeim grundvelli. Það vekur líka eftirtekt að þeir sem gleggst hafa kynnt sér málið, m.a. hagsmunaaðilar á þessu sviði, hafa allir fagnað þessari leið og um þetta tel ég því vera bæði pólitíska samstöðu og samstöðu meðal þjóðarinnar.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla að bera fram eina spurningu til hv. 3. þm. Vestf. Er hann á móti þessari tillögu sem verið er að ræða hérna?

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að ég hafi nú hafið mál mitt á því að fagna þessari tillögu og það gefur alveg auga leið að ég er því vissulega fylgjandi að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að hvalveiðar geti hafist næsta sumar á grundvelli rannsókna Hafrannsóknastofnunar á stærð og veiðiþoli hvalastofna. Og það að ég bendi á að við erum annars vegar aðilar að hafréttarsáttmálanum og hins vegar hitt að við höfum kosið þá leið, í góðri samvinnu við alla þá sem málið varðar hér innan lands m.a., að ganga til liðs við NAMMCO tel ég fráleitt að megi túlka á þann hátt að ég sé á móti þessari tillögu nema síður sé. Ég er eindreginn stuðningsmaður þessarar tillögu, ég tel einfaldlega að þetta sé vænlegasta leiðin til þess að tryggja það að hér geti hafist hvalveiðar sem allra fyrst, helst nú í sumar, og það sé engin leið sem ég þekki heppilegri fyrir okkur til þess að tryggja það að hér geti hafist hvalveiðar en einmitt sú leið sem við höfum valið og menn hafi verið sammála um sem að þessu máli hafa komið, bæði sjómenn, til að mynda hrefnuveiðimenn og allir þeir aðrir sem mál þetta hafa látið sig varða.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég spurði einfaldlega vegna þess að ég hef verið að hlusta á ræður manna um þetta mál og ég hef ekki getað fundið annað út úr því sem menn hafa verið að segja en það þurfi að gera þetta og gera hitt áður en hægt sé að fara að veiða hvali og mér finnst það ekki passa nákvæmlega við það sem stendur í tillögunni, þ.e. að veiðarnar geti hafist næsta sumar. Og það verður hver að lá mér það sem vill að ég skuli ekki skilja betur það sem hér hefur verið sagt.

Ég vil svo segja það til viðbótar að ég vil þakka flm. tillögunnar og flutningsmönnum fyrir að hafa borið hana fram og ég mun styðja hana. En mér finnst hún dálítið minna á þyrlumálið að því leyti til að hún er á svipaðan hátt vantraust á forustu ríkisstjórnarinnar í málinu. En ég veit ekki hvort það er ástæða til þess að vantreysta henni, ég skal ekkert segja um það. Það kemur í ljós.

Árni M. Mathiesen:

Frú forseti. Það voru vissulega mikil mistök þegar við létum undir höfuð leggjast að mótmæla hvalveiðibanninu á sínum tíma eins og fram kom hjá hv. 1. flm. þessarar tillögu. Þetta hefur valdið okkur ómældum vandræðum síðan í öllu því er við höfum verið að snúast í kringum þetta mál. Það var auðvitað rétt ákvörðun hjá okkur sl. sumar að segja okkur úr hvalveiðiráðinu því að eðli hvalveiðiráðsins var orðið allt annað en það var þegar við í upphafi gengum í það. Þetta eru ekki lengur samtök þeirra aðila sem nýta hvalastofnana og hafa af því hagsmuni að þeir séu nýttir á réttan hátt en ekki ofnýttir, heldur eru þetta orðin dýraverndarsamtök sem ekki einu sinni hafa það á stefnuskrá sinni bara að vernda hvali frá útrýmingu heldur hafa það á stefnuskrá sinni að hvalir verði alls ekki veiddir og færa fyrir því einungis tilfinningaleg rök.

Þegar við hefjum hvalveiðar verðum við að fylgja því vel eftir með kynningu á okkar málstað. Þar verða að koma að málinu a.m.k. þrjú ráðuneyti, þ.e. sjútvrn., utanrrn. og umhvrn. Og við verðum í þessari kynningu að reyna að nýta okkur sem við best getum þá kynningu sem ég veit að Norðmenn láta nú fara fram á sínum málstað. Það er ekki vegna þess að ég vantreysti okkur Íslendingum til þess að kynna okkar málstað, heldur vegna þess að ég veit það að Norðmenn hafa meiri fjármuni til þess að leggja í slíka kynningu og okkar fjármunir munu nýtast betur ef við getum stillt okkur að einhverju leyti af miðað við þá kynningu sem Norðmenn láta fara fram. En það er ekki bara ein einstök kynningarherferð sem mun duga okkur í þessu máli. Við Íslendingar þurfum að hafa að bakhjarli almenna og vel útfærða umhverfisstefnu hér heima hjá okkur. Það verður að vera umhverfisstefna sem byggist á sjálfbærri þróun í samræmi við það sem við ásamt öðrum þjóðum samþykktum á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Rio de Janeiro sl. sumar. Og við verðum að geta sýnt fram á að það sem við erum að gera heima hjá okkur til þess að vernda fiskstofnana, til þess að vernda hafið og náttúru landsins, sé í samræmi við þá stefnu og við séum trúverðugir á því sviði. Það mun verða það sem dugir okkur best í þessu máli.

Það hefur orðið hér umræða um hvernig við eigum að standa að samskiptum við Greenpeace. Þetta eru samtök sem hafa mistúlkað hvalveiðimálin og sjálfsagt önnur mál á allillilegan hátt og þess vegna er það mjög varhugavert að bendla okkur við eitthvert samstarf við þessa aðila. En við verðum þó að gera okkur grein fyrir því að sumt af því sem þessi samtök segja, er stuðningur við okkar málstað í öðrum málum og því megum við ekki vísa röksemdum þeirra í þeim málaflokkum á bug heldur taka undir þær án þess þó að eiga í nokkru formlegu eða óformlegu samstarfi við þessa aðila.

Það var aðeins drepið hér á GATT-samkomulagið og hvernig því er stundum beitt á rangan hátt til þess að ná fram umhverfislegum sjónarmiðum. Þetta er auðvitað afar viðkvæmt málefni og málefni sem við verðum að gefa gaum, ekki einungis vegna þess að það getur komið illa við okkur ef því er misbeitt, heldur einnig vegna þess að beiting ákvæða í þessu skyni getur verið afar mikilvæg fyrir þróun umhverfismála í heiminum. Við þurfum því að taka virkan þátt í þeirri umræðu sem nú fer fram um breytingar á GATT-samkomulaginu sem taka mið af því að það sé hægt að beita samkomulaginu til þess að ná fram umhverfislegum markmiðum í samræmi við stefnu sjálfbærrar þróunar, þeirrar sem samþykkt var í Ríó og oft hefur verið nefnd hér. Það er auðvitað sérstaklega mikilvægt fyrir okkur að við gætum þess og reynum að hafa áhrif á það að þetta sé gert á skynsaman hátt því að það eru

fáar þjóðir sem byggja jafnmikið á frjálsri verslun og við Íslendingar gerum.

Ég vil að lokum þakka flm. fyrir það að flytja þessa tillögu því að það var orðið tímabært að þetta væri rætt hér á Alþingi og til þess að forðast það að ég verði eitthvað misskilinn vil ég lýsa því yfir að ég mun styðja þessa tillögu.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki að undra þegar svo hagar til eins og nú í atvinnumálum okkar landsmanna að menn horfi til þess að nýta þá auðlind sem hvalurinn er og flytji tillögur um að hefja hvalveiðar á ný. Tillögugerðin er þarft mál og hún gefur sjútvn. tækifæri til þess að fara mjög rækilega yfir stöðu þessara mála nú. Hvalamálið svokallaða hefur verið okkur erfitt á undanförnum árum. Það er dæmi um mál þar sem sjónarmið umhverfisverndar, sem verður svo að dýravernd, og nýtingarsjónarmið stangast á. Þetta er vandamál sem hefur verið rakið í umræðum hér á undan.

Það hefur komið fram í umræðunni að forustumenn í stjórnarflokkunum, hv. formaður utanrmn. og hæstv. sjútvrh., hafa örlítið mismunandi sjónarmið um úrsögn úr Alþjóðahvalveiðiráðinu. Ég vil nú hvetja þessa ágætu menn til þess að snúa bökum saman og láta þennan ágreining ekki koma fram í baráttu okkar út á við í þessu máli. Það er of mikið í húfi til þess að menn megi sundra kröftunum. Úrsögn úr Alþjóðahvalveiðiráðinu er staðreynd. Ég er þeirrar skoðunar að við höfum ekki náð neinum árangri innan þess ráðs af þeim fréttum sem ég hef haft af vinnubrögðum þar innan borðs. Við eigum að vinna að því öllum árum að skapa okkur annan vettvang sem nær fótfestu og viðurkenningu á alþjóðavettvangi.

Hæstv. sjútvrh. rakti skilmerkilega gang þeirra mála og það er þar sem við eigum að vinna á næstunni eins og við höfum gert og efla þann grundvöll mjög rækilega og að þessu eigum við að standa saman. Ég tek undir það með hv. 2. þm. Vesturl. að mér finnst hafa verið dálítið hljótt um kynningu á okkar málstað á erlendum vettvangi að undanförnu. Má vera að það hafi verið einhvers konar biðstaða í þessu máli. En ef það hefur verið, þá má ekki láta það verða til þess að kynningarstarfsemi á okkar málstað leggist af. Ég er þar með ekki að segja að okkar vísindamenn og þeir sem hafa verið í forustu í þessu hvalamáli af hálfu sjútvrn. hafi legið á liði sínu. Ég veit að þar er unnið ágætisstarf að þessum málum af mjög færum mönnum. En það er almenn kynning á okkar málstað í þessum málum sem má aldrei falla niður og hún má alls ekki bíða eftir því að við hefjum hvalveiðar. Það má alls ekki bíða eftir því að fara í kynningarherferð á erlendri grund á þeim degi sem við hefjum þessar veiðar á ný hvenær sem það verður. Mestu máli skiptir það þó, þegar við erum tilbúnir að taka af skarið og hefja þessar veiðar á ný, að við séum þá tilbúnir til að taka þann slag sem það kostar.

Þau náttúruverndarsamtök sem hér hafa verið gerð að umræðuefni eru staðreynd. Þó e.t.v. hafi gengi þeirra farið eitthvað fallandi að undanförnu, þá eru þau þó staðreynd og þau verða ekki sigruð með gífuryrðum hér úr þessum stól. Það er alveg ljóst. Og það er alveg sama hvað við stöndum á öndinni hér í þessum ræðustól á Alþingi. Þessi samtök verða ekki sigruð með þeim hætti. Þau verða eingöngu sigruð með því að menn séu tilbúnir að standa saman um íslenska hagsmuni. Ég man eftir því á þessum tíma sem ég hef verið hér á hv. Alþingi að það hefur gengið á ýmsu í þessum hvalamálum og ég man eftir því að þingið var að kikna í hnjáliðuum í þessu máli og það voru aðeins örfáir þingmenn sem komu hér í ræðustól til að halda uppi vörnum fyrir þær aðgerðir sem þá voru uppi hvalamálum. Ég er ekki að segja að sá ótti sem menn bera í brjósti sé ekki eðlilegur. Hér eru miklir hagsmunir í húfi og við erum kannski viðkvæmari en nokkur önnur þjóð fyrir efnahagslegum hryðjuverkum af því tagi sem snerta sjávarútveginn þannig að hér er ekkert gamanmál á ferðinni.

Ég vil ljúka þessum orðum mínum og innleggi í þessa umræðu með því að hvetja menn til að standa saman í þessu máli og vera tilbúnir að taka þann slag sem það kostar þegar við hefjum hvalveiðar á ný, hvenær sem það verður.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg rétt að ég hafði ákveðnar skoðanir varðandi það hvort við hefðum átt að vera áfram í Alþjóðahvalveiðiráðinu eða ekki og við vitum hver staðreyndin er nú í því efni og við stöndum auðvitað saman um þá stefnu sem ríkisstjórnin fylgir, en ég vil aðeins vekja máls á því sem fram hefur komið í umræðunum og lýtur að þessu efni. Úr því að NAMMCO fjallar ekki um hrefnur og stærri sjávarspendýr þá vantar okkur, meðan þetta ástand er og við erum ekki í Alþjóðahvalveiðiráðinu, vettvang þar sem hvalveiðiþjóðir eru til þess að vinna þessum málstað fylgi. Það er þetta sem mér finnst áhyggjuefni í þessu því að það er svo mikilvægt, eins og hv. síðasti ræðumaður nefndi, að vinna þessu máli framgang hvar sem tækifæri gefst og ekki síst náttúrlega á þeim vettvangi þar sem andstaðan er mest eins og í Alþjóðahvalveiðiráðinu. Meðan NAMMCO hefur ekki komist á laggirnar með þeim hætti sem að er stefnt, þar sé tekið á hvalveiðum í raun og veru, hrefnuveiðum og stærri hvalveiðum, þá erum við illa settir og það er þetta sem getur skapað okkur viss vandræði um þessar mundir en vonandi verða þessi svæðisbundnu samtök að þeim samtökum sem að er stefnt þannig að um þessi mál verði fjallað þar og á grundvelli hafréttarsáttmálans verði þá unnt að standa að ákvörðunum varðandi veiðarnar.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil andsvar hv. 3. þm. Reykv. á þann veg að hann styðji þann feril sem er í þessum málum nú og vilji vinna að því að NAMMCO verði sá vettvangur sem við vinnum á í þessum málum. Mér finnst það skipta mestu máli og þarf í rauninni ekki miklu að bæta við hvatningarorð mín áðan, að vinna

saman, snúa saman bökum í málinu og mynda þar eina fylkingu.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Það er laukrétt sem hefur verið kjarninn í máli flestra þeirra sem hafa talað í þessari umræðu að það er mjög brýnt að við getum hafið nýtingu hvalastofnanna við Ísland að nýju. En það skulum við gera að vel athuguðu máli og eftir að hafa vegið og metið alla þætti málsins eins og nú er raunar verið að gera.

Það er raunar tvennt sem ég vildi sérstaklega nefna í þessari umræðu. Hið fyrra er að það er mjög mikilvægt sem staðfest var í samþykktum umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Rio de Janeiro sl. sumar að sjávarspendýr eru nýtanlegar auðlindir. Það var staðfest á þessari ráðstefnu að sjávarspendýr, þar með taldir hvalir, séu nýtanlegar auðlindir. Ég held að þessi niðurstaða hafi náðst ekki síst vegna ágætrar framgöngu þeirra fulltrúa okkar sem sóttu undirbúningsfundi ráðstefnunnar sem haldnir voru í New York fyrir rúmu ári síðan, en það voru fulltrúar umhvrn., sjútvrn. og utanrrn. Með þessum þremur ráðuneytum tókst mjög gott samstarf.

Í öðru lagi vildi ég nefna það að þessi mál, nýting hvalastofna, hafa líka verið rædd á vettvangi norrænnar samvinnu. Nú síðast fyrir rúmum tveimur vikum var haldinn sameiginlegur fundur sjávarútvegsráðherra og umhverfisráðherra Norðurlandanna þar sem þessi mál bar á góma. Þar tala að vísu kannski ekki alveg allir einni röddu, en þar eru menn þó að ræða málin og freista þess að móta sameiginlega afstöðu. Við eigum að nota hvert tækifæri sem við getum til að kynna málstað okkar varðandi nýtingu hvalastofnanna vegna þess að þar höfum við öll rök með okkur, þótt að vísu séu tilfinningar ýmissa okkur næsta andsnúnar, en þó hygg ég að breyting verði vonandi á því.

Hér hefur verið vikið nokkuð að starfsemi Grænfriðunga. Ég held að það velkist enginn í vafa um það að þeir eiga nú undir högg að sækja, bæði vestan hafs og austan. Fjárstreymi frá almenningi til þeirra samtaka hefur minnkað mjög. Þeir hafa þurft að draga úr starfsemi sinni og segja upp starfsfólki. Við getum átt samleið með þeim um margt er varðar baráttuna gegn mengun sjávar. Við eigum ekki samleið með þeim að því er varðar nýtingu sjávarspendýra. Þar erum við á öndverðum meiði.

Ég held að þetta sé þörf umræða en ítreka að þegar við stígum næstu skref í þessu máli, við höfum farið fram með gætni, hófsemi og skynsemi, munum við eftir sem áður gera það að vandlega íhuguðu máli.

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að þetta sé hin þarfasta tillaga sem hér er til umræðu og styð hana heils hugar. Ég tel að við ættum þegar á þessu ári að hefja hval- og hrefnuveiðar með þeim hætti að standa þétt með Norðmönnum sem eru að fara að hefja veiðar í atvinnuskyni og takast sameiginlega á með þeim í því áróðursstríði sem þeir verða ábyggilega fyrir af ýmsum umhverfisverndarsamtökum. Það er nú einu sinni þannig með þessi umhverfisverndarsamtök að þau taka ekki rökum, alla vega ekki í þessu máli, og það næsta sem mun upp koma, ef þeim tekst að koma í veg fyrir það að við nýtum hvalinn, er að þau munu snúa sér að því að hefja áróðursstríð gagnvart fiskveiðum með einhverjum hætti. Þeir eru þegar byrjaðir á því varðandi ýmis veiðarfæri, þau séu óvistvæn og skaði fiskinn og meginstefnan í öllum þeirra áróðri varðandi dýrastofna er sú að ef einhvers staðar er óvissa, þá skal það koma dýrastofnunum til góða. Þetta þýðir á einföldu máli að geti menn ekki sýnt 100% fram á það að eitthvað sé ekki viðkomandi dýrastofni hollt eða til framtíðarnýtingar, þá skuli sú óvissa vera til þess að veiðar séu ekki hafnar og ekki haldið uppi. Þetta er náttúrlega algerlega óviðunandi viðhorf sem við getum hvergi samþykkt. Með sömu rökum mætti halda því fram að við ættum að steinhætta þorskveiðum því að vísindamenn okkar hafa sagt að við værum á hættulegri braut í þorskveiðunum. Þar ætti sem sagt óvissan að koma dýrastofninum algerlega til góða. Þetta eru rök sem við getum ekki samþykkt, að óvissuþættir séu það afgerandi í nýtingu dýrastofna að þar megi enga áhættu taka þó að lífsbjörg þjóða hvíli á því að nýta dýrastofna.

Þetta vildi ég sagt hafa og ætla ekki að lengja þessa umræðu. Mér finnst hún hafa verið góð. Hér hafa flestallir og allir sem ég hafi heyrt í lýst yfir stuðningi við tillöguna og ég ítreka stuðning minn við hana.

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka flm. fyrir að flytja þessa tillögu og ætla ekki að fara að endurtaka það sem hér hefur komið fram. Ég get tekið undir margt af því sem sagt hefur verið hér til stuðnings hvalveiðum. Ég tel að við höfum gert ákveðin mistök á þeim ferli og vil ekki vera að fara yfir það sérstaklega. Ég held að við hefðum verið best sett ef við hefðum aldrei hætt hrefnuveiðum, hefðum haldið þeim áfram allan tímann og ég tel reyndar að við eigum alveg að geta staðið þann slag af okkur þó svo að við mundum hefja þær veiðar og gera það sem allra fyrst.

Ég kemst eiginlega ekki hjá því í sambandi við þessa tillögu að draga athyglina að því sem hefur verið sagt hér, t.d. því sem hæstv. umhvrh. sagði. Hann varaði mjög við því að menn flýttu sér mjög mikið í þessu máli og það var varla hægt að skilja hann á annan veg en þann að hann gæti þá varla skrifað upp á þessa tillögu. Mér finnst alla vega að hann hafi skilið það sem ég var að segja um það að fara varlega þannig að það væri hæpið að það væri hægt að koma við allri þeirri varúð sem hann hvatti til á þeim tíma sem við höfum fram að hvalvertíð í sumar ef menn ætli sér að byrja á að veiða hrefnu. Og þess vegna er það nú sem ég vil segja það aftur sem ég sagði áðan hér í andsvari. Mér finnst eins og það sé ákveðin varúð sem hafi komið fram hér í umræðunni og ég hef af því áhyggjur að það muni kannski ekki vera fullur stuðningur við það að hefja hvalveiðar í sumar þó að menn hafi talað býsna jákvætt um þessa tillögu núna. Vitan-

lega er það þannig að tillagan er mjög lík þyrlutillögunni að því leyti til að það liggur fyrir ákveðin stefna ríkisstjórnarinnar í málinu. Hér kemur fram tillaga um að skora á ríkisstjórnina að gera það sem ríkisstjórnin er búin að segja að hún ætli að gera, þ.e. að koma af stað hvalveiðum. En hér er hvatt til þess, ekki bara hvatt heldur eru hér fyrirmæli til ríkisstjórnarinnar um það að hún skuli sjá til þess að hvalveiðar hefjist á þessu ári og ekki seinna. Það eru vissulega skýr og ákveðin skilaboð ef Alþingi samþykkir þessa tillögu og ég fagna því mjög ef menn treysta sér til þess að gera það og standa saman um hana.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem er auðvitað kjarni þessarar tillögu er að hún felur í sér áréttingu og stuðning við það sjónarmið sem ríkisstjórnin hefur sett fram í þessum efnum og má t.d. lesa um í hvítbók ríkisstjórnarinnar. Þess vegna er það auðvitað ekki rétt sem hv. 3. þm. Vesturl. er að láta í veðri vaka að þessari tillögu sé á einhvern hátt beint gegn ríkisstjórninni eða hugmyndum hennar eða megi á einhvern hátt túlka sem einhvers konar vantraust á þær hugmyndir sem ríkisstjórnin hefur í þessum efnum. Ég held að þvert á móti sé hún áréttíng og stuðningur við það sjónarmið.

Vegna þess að ég hygg að hv. 3. þm. Vesturl. hafi verið að víkja að þeirri ábendingu minni að við þyrftum að taka tillit til þess að við værum aðilar að hafréttarsáttmálanum get ég ekki látið því ómótmælt þegar hann talaði um að menn sem hefðu verið að hvetja til nokkurrar varfærni væru kannski að draga í land í hvalveiðimálinu. Ég get ómögulega tekið undir að það að menn vilji fara sér að engu óðslega og reyna fyrst og fremst að tryggja að mál komist í höfn, sé hægt að túlka það með þeim hætti að menn séu að draga í land í þessum efnum eða séu með einhverjar efasemdir. Ég held að það sé alveg hið gagnstæða. Þeir sem hér hafa talað með þessum hætti — a.m.k. hvað mig áhrærir hef ég einfaldlega verið að benda á þessa staðreynd sem okkur ber að taka tillit til, er það fyrst og fremst gert í því skyni að undirbyggja málið sem best til þess að við náum fram því markmiði okkar og það sem allra fyrst, helst nú í sumar, að tryggja það að hér verði hvalveiðar.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég segi það enn og aftur að það er ekki hægt að líta á þessa tillögu sem stuðning út af fyrir sig við ríkisstjórnina. Það eru þarna skýr og klár fyrirmæli til ríkisstjórnarinnar í tillögunni, það eru skýr og klár fyrirmæli um það að Alþingi feli ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að hvalveiðar geti hafist næsta sumar. Það er ekki hægt að misskilja tillöguna með nokkru móti og það er þess vegna sem ég tel að þegar menn eru síðan að tala um að fara sér að engu óðslega og annað því um líkt, þá verði það heldur ekki skilið öðruvísi en þeir menn sem þannig taka til orða efist um að það sé hægt að hefja hvalveiðar á næsta sumri. Mér finnst að menn eigi bara að vera heiðarlegir og segja já við því. En þá hljóta þeir að eiga mjög erfitt með að samþykkja þau fyrirmæli sem eru í tillögunni.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit að hv. þm. hlýtur að þekkja þann kafla í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, Velferð á varanlegum grunni, þar sem segir með leyfi forseta:

„Íslensk stjórnvöld telja að fiskveiðiþjóðir þurfi að snúa vörn í sókn og vinna sameiginlega gegn stefnu sem leiðir til ofverndunar einstakra tegunda, enda er það stefna ríkisstjórnarinnar að nýta beri sjávarspendýr undir vísindalegu eftirliti á sama hátt og fiskstofnar eru nýttir."

Það er nákvæmlega sú stefna sem kemur fram í þessari þáltill. og þess vegna er þáltill. áréttíng og stuðningur við þetta sjónarmið ríkisstjórnarinnar. Og það að menn séu að hvetja til einhverrar varfærni er auðvitað ekki annað en það að menn eru að reyna að gæta þess að hægt sé að ná þeim markmiðum sem menn vilja stefna að. Það sem kom glögglega fram í máli hæstv. sjútvrh. hér áðan var einfaldlega það að unnið væri kappsamlega innan NAMMCO að því að búa þannig um hnútana að hér gætu hafist hvalveiðar, einkanlega hrefnuveiðar, undir vísindalegu eftirliti á vettvangi viðeigandi stofnana alveg eins og gert er ráð fyrir í hafréttarsáttmálanum. Það er að vísu sjónarmið Norðmanna sem getur vissulega verið umdeilanlegt en kannski skiljanlegt út frá þeirra sjónarhóli að þeir vilja bíða og sjá hvað kemur út úr ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins núna í maí en að því búnu ætti ekki að vera neitt því til fyrirstöðu að hefja þessar veiðar á vegum NAMMCO, enda er það auðvitað augljóst mál eins og ég hef verið að árétta í máli mínu, að ef við eigum nokkurs staðar von á því að fá skilning á okkar sjónarmiðum, þá er það auðvitað meðal nágrannaþjóða okkar sem hafa sömu hagsmuni og hafa sama skilning á mikilvægi þess að nýta alla fiskstofnana og sjávarspendýrin í hafinu í kringum okkur.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að það sé ekki nokkur einasti möguleiki að misskilja það sem ég hef verið að segja. Auðvitað er þessari tillögu ekki beint gegn stefnu ríkisstjórnarinnar, þó það nú væri að svo væri ekki. Hins vegar er hún þannig úr garði gerð að í henni felast fyrirmæli og í stefnu ríkisstjórnarinnar stendur ekki að það eigi að hefja hvalveiðar á sumrinu 1993 en það stendur aftur á móti í þessari tillögu og það er það sem við höfum verið að tala um hér og menn hafa verið að víkja sér fimlega undan að viðurkenna að er sannleikanum samkvæmt að þegar þeir eru að tala um að taka sér tíma, fara varlega og annað slíkt, þá eru þeir náttúrlega í raunveruleikanum að segja að það verði ekki hægt að fara eftir því sem stendur í þessari tillögu.

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til þess að lýsa stuðningi mínum við þessa þáltill. þeirra Guðjóns Guð-

mundssonar og Matthíasar Bjarnasonar. Menn eru að ræða um eða deila um það hvaða meiningu þáltill. hafi varðandi veiðar, hvenær þær skuli hefjast og finnst mér menn vera komnir dálítið út og suður þegar verið er að deila um þann þátt málsins.

Málið í hnotskurn er einfaldlega þetta: Getum við hafið hvalveiðar án þess að markaðir okkar á öðrum sjávarafurðum verði settir í hættu? Það er málið í hnotskurn. Og það er það sem menn hafa verið að segja hér og meina þegar talað er um að það eigi að fara af varfærni í hvalveiðarnar. Í greinargerð þeirra hv. þm. kemur m.a. fram að í viðauka við sáttmála Alþjóðahvalveiðiráðsins segir:

„Hvalveiðar í atvinnuskyni skulu leyfðar á hvalastofnum sem eru í jafnvægi og þær skulu stundaðar í samræmi við tillögur vísindanefndarinnar.

Stefna og starfshættir hvalveiðiráðsins hafa verið með þeim hætti á undanförnum árum að þessi markmið hafa verið gjörsamlega sniðgengin."

Það er rétt. Það er kjarni málsins sem lýtur að því hvers vegna við höfum ekki hafið hvalveiðar. Það er af því að menn vilja ná einhverjum sáttum svo markaðir okkar verði ekki settir í hættu.

Það hefur líka komið hér fram í máli manna hvernig þessi Greenpeace-samtök vinna. Það er athyglisvert og hefur komið fram krafa hjá þeim Greenpeace-mönnum að þegar þeir væru búnir að stöðva hvalveiðarnar væri eðlilegt og rétt að fara að snúa sér að öðrum veiðum, svo sem þorskveiðum, því að veiðar í net væru ókristilegar og ekki að þeirra skapi og gegn þeirra stefnu. Ég get tekið undir þau sjónarmið að það sé rétt að feta sig áfram í þessu máli. Hins vegar er það óþolandi að samtök sem Greenpeace skuli geta haft þau áhrif á afkomu þjóðarinnar, að við getum ekki hafið hvalveiðar.

Þess vegna spyr ég, og beini ég nú máli mínu til sjútvrh., hvort ekki sé eðlilegt að setja tvo hvalbáta svo fljótt sem verða má í gang og setja þá út á miðin til þess að telja hvalina og fikra okkur í átt til veiðanna með því frumspori að við færum að rannsaka málið. Hvaða viðbrögð mundu af því hljótast? Það væri athyglisvert að sjá þau og heyra. Vegna þess að þegar talað er um Greenpeace kemur alltaf í hugann að ef það er meginmál Greenpeace-manna að það sé óeðlilega og mjög villimannslega staðið að þá hvalur er deyddur hvers vegna hafa þessi samtök ekki snúið sér að nautaati á Spáni t.d.? Hvað er það sem heftir þessi samtök í að gera það? Og hvað kemur til að Greenpeace-samtökin hafa t.d. ekki ráðist á olíuborpalla í Norðursjó með það í huga að þeir geti valdið hættu og mikilli mengun? Eru það peningasjónarmið sem þarna ráða? Eru einhverjir peningar sem lagðir eru til grundvallar þessum samtökum að þau ráðast ekki á þessa aðila sem ég hef hér tiltekið?

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt langt en það er rétt og eðlilegt að við látum ekki Greenpeace-samtökin knésetja okkur í þessu sambandi því að þá er þjóð okkar hætt komin. Í hnotskurn er málið þetta eins og ég sagði áðan: Það eru auðvitað markaðirnir okkar fyrir aðrar sjávarafurðir sem menn óttast að gætu verið í hættu. Vissulega er rétt að feta sig áfram í þeirri stöðu sem við við erum nú. Það hefur verið upplýst hér að við eigum nokkuð af sjávarafurðum óselt, t.d. í Bandaríkjunum, en engu að síður eigum við að vinna af festu og öryggi eins og ég veit að sjútvrh. okkar mun taka á þessum málum.

Flm. (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þá ágætu umræðu sem hefur orðið um þessa tillögu okkar og þann mikla stuðning við þessa tillögu sem komið hefur fram hjá þeim sem hér hafa tekið til máls. Það eru vissulega nokkur vonbrigði að heyra það hjá hæstv. sjútvrh. hvað Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið fer hægt af stað og vonandi að þar verði breyting á sem fyrst.

Hv. þm. Björn Bjarnason sagðist ekki sannfærður um að það ætti að hefja hvalveiðar á næsta sumri, en það er mín skoðun að eftir því sem við bíðum lengur með að hefja þessar veiðar þeim mun meiri líkur séu á að þær leggist endanlega af.

Hv. þm. Árni Johnsen sagði baráttu gegn hvalveiðum Íslendinga byggjast fyrst og fremst á móðursýki frekar en rökum. Þetta er hárrétt hjá hv. þm. og gegn þessari baráttu duga í sjálfu sér engin rök. Ég rakti í fyrri ræðu minni þau vísindalegu rök sem við höfum fært fram og sanna að hér hefur verið vel að þessum veiðum staðið og við höfum forðast að ofveiða stofnana. Við eigum vísindamenn sem eru í fararbroddi hvað varðar hvalarannsóknir og öll vísindi sem þar að lúta. Þeir sem á annað borð eru á móti þessum veiðum blása á rök þessara manna eins og öll önnur rök sem fram hafa komið í málinu. Þess vegna verðum við að taka af skarið og hefja þessar veiðar sem fyrst. Það mun að sjálfsögðu kosta einhvern slag en þann slag verðum við einfaldlega að taka.

Það hefur frést af því eins og hér hefur komið fram að það sé hafin barátta gegn fiskveiðum vegna þess að ekki megi taka fæðuna frá hvölum og öðrum sjávarspendýrum og við skulum athuga það að ef við látum deigan síga hvað varðar hvalveiðarnar, þá megum við búast við því að næst verði ráðist gegn fiskveiðum okkar og hvað ætlum við þá að gera?

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson nefndi að við mættum ekki óttast andstöðuna of mikið. Ég er þeirrar skoðunar að andstaða við þessar veiðar sé allt of mikið blásin upp og menn séu of hræddir við hana. Ég held að ef við hræðumst þessa andstöðu allt of mikið verði löng bið á því að Íslendingar hefji hvalveiðar að nýju því að þessi andstaða verður að sjálfsögðu fyrir hendi um ókomin ár.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur nefnt það hér nokkrum sinnum að þessi tillaga sé vantraust á forustu ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Ég hef tekið það fram hér fyrr og get endurtekið það að samþykkt þessarar tillögu hér á Alþingi sé tvímælalaust mikill styrkur fyrir hæstv. sjútvrh. og ríkisstjórnina og framgang þessa máls og því meiri styrkur sem þessi tillaga fær meiri stuðning.

Hv. þm. Jón Kristjánsson nefndi það að við verðum að taka þennan slag hvað sem það kostar að hefja

þessar veiðar á ný. Aðalatriðið sé samstaða og ég er honum mjög sammála. Ég held að við sigrum í þessari baráttu með samstöðu. Þess vegna vona ég að sem mest samstaða verði um þessa tillögu hér á Alþingi. Sú samstaða mun sýna andstæðingum okkar það að okkur er full alvara. Þess vegna vona ég að sem mestur stuðningur verði við tillöguna og Alþingi klofni ekki í tvo jafnstóra hópa eins og gerðist þegar greidd voru atkvæði gegn hvalveiðibanninu.

Hér hefur verið rætt nokkuð um svokölluð umhverfisverndarsamtök og ég vil taka undir það sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði um þau samtök almennt. Áhersla þessara samtaka á baráttuna gegn hvalveiðunum helgast fyrst og fremst af því að þessi barátta gefur samtökunum fé í aðra hönd. Á því leikur enginn vafi. Það er mjög sérkennilegt að hamast gegn hvalveiðum en láta síðan afskiptalaus t.d. sportdráp á dýrum í Bretlandi þar sem andstaða gegn hvalveiðum er mikil og einnig, eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson nefndi, að láta afskiptalausar pyndingar á dýrum eins og nautaat óneitanlega er.

Ég nefndi í ræðu minni þann mikla áhuga sem er víða á því í þjóðfélaginu að hvalveiðar hefjist að nýju. Það er mjög almenn skoðun margra á vinnumarkaðinum að það eigi að hefja þessar veiðar. Við eigum að nýta þessa auðlind og þau miklu atvinnutækifæri sem þarna eru á ferðinni. Það hefur skýrt komið fram í ályktunum fjölmargra samtaka. Ég las í fyrri ræðu minni ályktun þings Alþýðusambandsins sem haldið var fyrir jól og vil, með leyfi forseta, lesa örstutta búta úr nokkrum öðrum ályktunum. Það er þá fyrst Landssamband ísl. útvegsmanna. Þar segir:

„Fundurinn telur að auka þurfi verulega rannsóknir á því hve hrikalegar afleiðingar það muni hafa á nytjastofna okkar ef hvalastofnarnir stækka óhindrað hér við land."

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands segir: „Mikil fjölgun hvala, sela og fugla er bersýnileg hér við land. Þessi þróun er alvarlegt áhyggjuefni í ljósi þess hvað þessar tegundir taka mikið til sín af sjávarfangi í samkeppni við manninn. Af þessum sökum er því nauðsynlegt í fyrirhuguðum fjölstofnarannsóknum á vegum Hafrannsóknastofnunar að athuga rækilega áhrif sjávarspendýra og sjófugla á lífríkið umhverfis landið."

Sjómannasamtökin, Sjómannasamband Íslands og Farmannasambandið, eru með sameiginlega ályktun þar sem segir: „Jafnframt benda sjómannasamtökin á að ef Alþjóðahvalveiðiráðið ákveður áframhaldandi hvalveiðibann verður afkomu þeirra sjómanna sem stunda fiskveiðar við strendur landsins og þar með þjóðarinnar allrar stefnt í hættu í framtíðinni vegna offjölgunar sjávarspendýra."

Í ályktun Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna segir: „Þeirri skoðun vex nú mjög fylgi að áframhaldandi hvalveiðibann og aukin hvalagengd sem talið er að fylgi slíku banni muni leiða til minnkandi fiskafla á komandi árum. Þess vegna telur SH nauðsynlegt að vísindalegar niðurstöður um áhrif hvalveiðibanns á fiskstofna við Ísland liggi fyrir hið fyrsta."

Ég ætla að láta þetta nægja en ég er með fleiri ályktanir frá ýmsum samtökum á vinnumarkaðinum sem allar hníga í sömu átt.

Ég gat um það í fyrri ræðu minni að Alþjóðahvalveiðiráðið væri orðið að eins konar hvalfriðunarstofnun. Sú skoðun er nú nokkð almenn eins og sést í stuttri frétt í janúarhefti Fréttabréfs Evrópubandalagsins en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Tillaga framkvæmdastjórnar EB um að Evrópubandalagið sæki um inngöngu í Alþjóðahvalveiðiráðið sætir vaxandi andstöðu hjá ríkjum innan bandalagsins. Sjávarútvegsráðherra Danmerkur, Kent Kirk, hefur lýst þeirri skoðun sinni að eins og uppbygging hvalveiðiráðsins sé nú stjórnist það aðeins af fulltrúum sérhagsmuna þar sem rök mega sín lítils. Hann segir að til þess að Evrópubandalagið getið orðið meðlimur í ráðinu verði áður að hafa orðið grundvallarbreytingar á stefnu þess í hvalveiðimálum. Stefnubreytingar gætu hins vegar valdið því að nýjar kröfur kæmu fram sem leitt gætu til upplausnar í ráðinu vegna hugsanlegrar úrsagnar aðildarlandanna úr því."

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mikið fleiri orð um þetta mál við fyrri umr. Málið fær væntanlega vandlega skoðun í hv. sjútvn. og kemur vonandi þaðan sem fyrst til síðari umræðu í þinginu. En ég ítreka það sem ég hef áður sagt að öflug kynning er nauðsynleg. Við þurfum að kynna málstað okkar fyrir ráðamönnum og fjölmiðlum í þeim löndum þar sem andstaðan er mest. Ég vil svo endurtaka að ég tel mjög mikilvægt að Alþingi álykti um þetta mál, það styrkir hæstv. sjútvrh. í baráttu hans að hafa bak við sig þann ótvíræða vilja Alþingis að hvalveiðar skuli hefjast að nýju.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. 5. þm. Vesturl. að í ræðu minni hér áðan lýsti ég efasemdum um tímasetningar í þessu máli. Ég vil beina því til flm. og mér finnst að sjútvn. þurfi að athuga það sérstaklega hver staða okkar er á grundvelli hafréttarsáttmálans varðandi það hefja veiðar tafarlaust þegar við erum hvorki í Alþjóðahvalveiðiráðinu og NAMMCO hefur ekki tekið ákvörðun um að ná yfir t.d. hrefnur eða stórhveli. Hvaða réttarstöðu höfum við meðan þessi aðstaða okkar er með þessum hætti í alþjóðlegu samstarfi?

Mér finnst að þetta þurfi að rannsaka gaumgæfilega því að ég skil ákvæði hafréttarsáttmálans þannig að ríki þurfi að starfa saman og það þurfi að vera einhver vettvangur þar sem ákvarðanir um þetta séu teknar og þar sem ríki fallist á að verndunarsjónarmið séu í heiðri höfð. Mér finnst að þetta millibilsástand sé þess eðlis að það þurfi að kanna það. Það er einmitt af þessum ástæðum, ekki af því að ég sé á móti því að hefja hvalveiðar, heldur finnst mér að það megi ekki stíga nein þau skref í þessu viðkvæma máli sem spilli fyrir varanlegri viðurkenningu á rétti okkar til hvalveiðanna.

Ég spyr hv. flm. og frsm. hvort hann hafi hugleitt þessa stöðu okkar og hvort honum finnist ekki eðli-

legt að þetta atriði sé sérstaklega og gaumgæfilega kannað í meðförum hv. sjútvn. og sem formaður utanrmn. vil ég líka setja fram þá ósk að sú nefnd fengi að fylgjast með einmitt þessum þætti því að þetta snertir samstarf okkar á alþjóðavettvangi og innan þeirrar nefndar hefur verið rætt um t.d. þátttökuna í NAMMCO og þar var rætt um úrsögn okkar úr Alþjóðahvalveiðiráðinu.

Flm. (Guðjón Guðmundsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég gat um það í ræðu minni að ég vænti þess að þetta mál fengi vandlega skoðun í hv. sjútvn. Þar verða að sjálfsögðu allir fletir skoðaðir og m.a. þeir sem hv. þm. Björn Bjarnason spyr hér um.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hér hefur nokkuð komið til tals verksvið og valdsvið NAMMCO. Það er rétt að það komi hér fram að í stofnsáttmálanum er gert ráð fyrir því að NAMMCO geti tekið að sér vísindalega ráðgjöf og stjórnun á öllum sjávarspendýrum. Í stofnsáttmálanum er engin takmörkun að þessu leyti. Það er hins vegar samkomulag þeirra þjóða sem eiga aðild að NAMMCO að fyrst í stað takmarkist verksviðið við minni hvali sem fallið hafa utan við valdsvið Alþjóðahvalveiðiráðsins og seli. Við höfum hins vegar ávallt gert grein fyrir því að við mundum á einhverju stigi óska eftir því að stærri hvalategundir yrðu teknar til meðferðar innan NAMMCO og þegar í byrjun þessa árs hreyfðum við því að hrefnan yrði með einum eða öðrum hætti tekin til umfjöllunar og þá auðvitað fyrst innan vísindanefndar NAMMCO.

Það er nauðsynlegt að þetta komi fram til þess að skýra stöðuna. Það er ekkert í stofnsáttmálanum sem útilokar að NAMMCO taki til allra hvala en til þess þarf samþykki allra þeirra sem þar eiga hlut að máli.

Hv. 1. flm., hv. 5. þm. Vesturl., las hér upp úr nokkrum ályktunum samtaka sjómanna og útvegsmanna. Í þeim öllum var vikið að því grundvallaratriði að hvalurinn étur mikið af sjávarfangi og mikið af fiski og er þess vegna í beinni samkeppni við okkar eigin veiðar. Það eru hafnar fjölstofnarannsóknir sem vissulega eiga eftir að leiða frekar í ljós hver tengslin eru þarna á milli en fyrstu niðurstöður okkar vísindamanna benda til þess að hér sé um mjög umfangsmikla samkeppni að ræða. Þeir telja að hvalirnir umhverfis Ísland éti yfir 4 milljónir lesta á ári og þar af 1–1,5 milljónir lesta af fiski, þ.e. þeir eru að éta jafnmikið og við veiðum sjálfir á hverju ári.

Við háðum langa baráttu til þess að koma Bretum og Þjóðverjum út fyrir 200 mílna fiskveiðilögsögumörkin. Þessar þjóðir verja nú afrán hvalanna og hindra það að við getum nýtt hvalina þannig að eðlilegt jafnvægi ríki í lífríki hafsins umhverfis landið. Á vissan hátt halda þessar þjóðir því enn fram stefnu sem skaðar hagsmuni okkar með svipuðum hætti og áður. Það er þess vegna mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því að það eru ekki einungis umhverfisverndarsamtök, það eru ekki einungis Greenpeace-samtökin og önnur samtök af því tagi, sem hér eiga hlut að máli og við eigum í höggi við. Það er líka afstaða ríkisstjórna sem verja sjónarmið þessara samtaka sem við þurfum að glíma við í þessu máli til þess að tryggja og verja okkar hagsmuni.

Ég vil að lokum ítreka þakklæti mitt til flm. Ég tel að það hafi verið mjög mikilvægt að málinu var hreyft með þessum hætti á Alþingi og þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram og ég treysti því að innan hv. sjútvn. og eftir atvikum utanrmn. muni þetta mál fá ítarlega umfjöllun og Alþingi geti gert um það ályktun á þessu vori.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norður-Atlantshafsþingið 1992, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins, 398. mál. — Þskj. 692.

Enginn tók til máls.

Út af dagskrá voru tekin 1., 6., 8., 10. og 14.–17. mál.

Fundi slitið kl. 6.01 síðdegis.

---

134. FUNDUR

föstudaginn 19. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Eiginfjárstaða innlánsstofnana, stjfrv., 439. mál, þskj. 740, nál. 757 og 756, brtt. 758. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

2. Umhverfismál og upplýsingamiðlun, stjfrv., 42. mál, þskj. 43, nál. 404, brtt. 405 og 748. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Innflutningur á gröfupramma, stjfrv., 239. mál, þskj. 308, nál. 741. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, stjfrv., 261. mál, þskj. 342, nál. 744. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Skálholtsskóli, stjfrv., 297. mál, þskj. 462, nál. 745. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 302. mál, þskj. 471. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Neyðarráðstafanir gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna, þáltill., 253. mál, þskj. 328. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

8. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 420. mál, þskj. 716. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

9. Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, stjfrv., 421. mál, þskj. 717. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

10. Hvalveiðar, þáltill., 308. mál, þskj. 477. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Guðjón A. Kristjánsson, 1. þm. Vestf.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.,
Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Útbýting þingskjala:

Aðild ríkisfyrirtækja að VSÍ, 144. mál, svar fjmrh., þskj. 752.

Ársreikningar sveitarfélaga, 264. mál, svar félmrh., þskj. 750.

Fjárhagsáætlun sveitarfélaga, 265. mál, svar félmrh., þskj. 751.

Eiginfjárstaða innlánsstofnana, 439. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 756.; nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 757; brtt. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 758.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti taka það fram að það er fyrirhugaður annar fundur í dag, að loknum þessum fundi. Á þeim fundi verða þau mál sem nú eru til 2. umr. tekin til 3. umr. Enn fremur verða teknar á dagskrár skýrslur um norrænt samstarf.

Eiginfjárstaða innlánsstofnana, 2. umr.

Stjfrv., 439. mál. — Þskj. 740, nál. 756 og 757, brtt. 758.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, HÁ, HBl, HG, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JónS, KHG, KÁ, ÓE, PP, RG, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, SvG, VS, ÖS.

27 þm. (AÓB, ÁRÁ, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, GunnS, HjálmJ, IBA, IP, JGS, JHelg, JVK, KSG, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, SalÞ, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÞÞ) fjarstaddir.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 757, um frv. til laga um ráðstafanir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana, frá meiri hluta efh.- og viðskn.

Í upphafi máls míns vil ég lýsa ánægju með að fulltrúar Alþfl., Sjálfstfl., Framsfl. og Kvennalista náðu svo góðri samstöðu um afgreiðslu þessa þýðingarmikla máls og jafnframt þakka ég góða samvinnu í efh.- og viðskn.

Við umfjöllun efh.- og viðskn. um frv. fékk hún á sinn fund Finn Sveinbjörnsson, skrifstofustjóra í viðskiptaráðuneyti, Magnús Pétursson, ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneyti, Ólaf Davíðsson, ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneyti, Halldór Guðbjarnason, bankastjóra Landsbanka Íslands, Árna Tómasson, löggiltan endurskoðanda Landsbanka Íslands, Þórð Ólafsson, forstöðumann bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, Sigurð Hafstein, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sparisjóða, Stefán Pálsson, bankastjóra Búnaðarbanka Íslands, Val Valsson, bankastjóra Íslandsbanka, Jóhannes Nordal og Birgi Ísleif Gunnarsson, bankastjóra Seðlabanka Íslands.

Nefndin hefur haldið þrjá fundi um þetta mál og reynt að hraða störfum sínum eins og unnt er til að flýta þessu brýna máli. Í frv. þessu er mælt fyrir um þrenns konar aðgerðir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana og traust á þeim og fellst meiri hluti nefndarinnar á nauðsyn þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða fjárhagsstuðning ríkissjóðs við Landsbanka Íslands, í öðru lagi breytingu á hlutverki Tryggingarsjóðs viðskiptabanka þannig að hann geti, líkt og Tryggingarsjóður sparisjóða, veitt lán til að efla eiginfjárstöðu bankanna og í þriðja lagi heimild fyrir ríkisábyrgð á lántökum tryggingarsjóðanna tveggja í því skyni að veita víkjandi lán til innlánsstofnana. Meiri hluti nefndarinnar bendir á nokkur atriði varðandi frv.:

Hlutverk tryggingarsjóða viðskiptabanka og sparisjóða breytist með þessum lögum og er því brýnt að flýta endurskoðun ákvæða um sjóðina. Fram kom af hálfu forráðamanna bankanna að skoða þyrfti samsetningu stjórnar sjóðsins með tilliti til hins breytta hlutverks. Meiri hluti nefndarinnar telur nauðsynlegt að endurskoða ákvæði laga um tryggingarsjóði viðskiptabanka og sparisjóða og mun taka það mál til meðferðar við umfjöllun nefndarinnar á frv. til laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

X. kafli þess frv. fjallar um tryggingarsjóðina en frv. hefur verið til meðferðar á fundum nefndarinnar að undanförnu. Vil ég af þessu tilefni einnig benda á það sem fram kemur í grg. með frv. því sem hér er til afgreiðslu. Í lok grg. þar sem lýst hefur verið að ríkisstjórnin telur rétt að grípa til almennra aðgerða segir:

„Í því skyni hefur ríkisstjórnin ákveðið að Tryggingarsjóði viðskiptabanka verði, á hliðstæðan hátt og

nú þegar gildir um Tryggingarsjóð sparisjóða, heimilt að veita viðskiptabönkum víkjandi lán. Í því skyni verður sjóðunum heimilað að taka lán með ríkisábyrgð að fjárhæð allt að 3.000 millj. kr. Af þessari fjárhæð er gert ráð fyrir að Tryggingarsjóður viðskiptabanka veiti Landsbankanum allt að 1.000 millj. kr. víkjandi lán." — Og svo lokasetning: „Þá verður skipuð nefnd til að semja tillögur um eflingu sjóðanna í framtíðinni og hugsanlega sameiningu þeirra."

Meiri hluti efh.- og viðskn. telur að ef til frekari lánveitinga kemur í samræmi við 5. gr. frv. sé eðlilegt að hafa samráð um það við efh.- og viðskn. Minni ég á að það voru fyrstu viðbrögð formanns efh.- og viðskn. þegar Landsbanka voru veittar 1.250 millj. kr. að láni í lok síðasta árs að kalla eftir upplýsingum í nefndina og það voru einnig viðbrögð nú. Strax sl. mánudag var óskað eftir því af hálfu nefndarmanns í efh.- og viðskn. að á reglulegum fundi hennar næsta morgun yrði aflað upplýsinga um málefni Landsbankans sem að sjálfsögðu var orðið fljótt og vel við.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. frv. telur meiri hluti nefndarinnar að ekki sé nauðsynlegt að setja á stofn nýjan eftirlitsaðila. Var það sjónarmið einmitt sett fram af fulltrúa ríkisstjórnarinnar á fundi nefndarinnar.

Að gefnu tilefni vill meiri hluti nefndarinnar benda á nýtt frv. um viðskiptabanka og sparisjóði, sem ég hef þegar getið um og er til umfjöllunar í nefndinni, en þar eru m.a. ákvæði sem lúta að því að veita viðskiptabönkum og sparisjóðum ótvíræðari lagaheimildir en nú gilda til þess að tryggja viðskiptahagsmuni sína með þátttöku í starfsemi fyrirtækja. Nefndin mun leggja áherslu á að hraða meðferð þess.

Undir nál. rita Rannveig Guðmundsdóttir, varaformaður og frsm., Sólveig Pétursdóttir, Hjálmar Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Guðjón Guðmundsson, Kristín Ástgeirsdóttur með fyrirvara, Halldór Ásgrímsson með fyrirvara og Jóhannes Geir Sigurgeirsson með fyrirvara.

Endurtek ég þakkir mínar til nefndarmanna og vænti farsællar afgreiðslu málsins á Alþingi.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. minni hluta efh.- og viðskn. Nál. er á þskj. 756 og brtt. á þskj. 758.

Minni hluti nefndarinnar er fylgjandi því að gripið sé til nauðsynlegra aðgerða til að styrkja stöðu Landsbankans og tryggja með óyggjandi hætti að hann standist allar þær kröfur sem til hans eru gerðar. Úr því á annað borð staða Landsbankans er komin á dagskrá með þeim hætti sem raun ber vitni er að sjálfsögðu ekki um annað að ræða en að klára það verkefni sem þar er á ferðinni og tryggja að bankinn geti hvort tveggja uppfyllt þær nýlega settu alþjóðlegu reglur um eiginfjárhlutfall lánastofnana, sem hér eru í gildi, en ekki er það síður mikilvægt að tryggja að Landsbankinn geti áfram sinnt sínu hlutverki sem langstærsti og mikilvægasti atvinnuvegabanki landsmanna, þar á meðal og ekki síst viðskiptabanki sjávarútvegsins. Ljóst er að tæki bankinn til við að draga verulega úr fyrirgreiðslu sinni og umsvifum í þeirri grein þá mundi það hafa alvarleg áhrif.

Það hefur legið fyrir um alllangt skeið að staða Landsbankans væri nokkuð tæp í sambandi við eiginfjárhlutfallið og hina nýju reiknireglur þar um. Einnig hefur það lengi verið ljóst að það hlutverk sem Landsbankinn sinnir gagnvart sjávarútveginum og atvinnulífinu er mikilvægt og leggur þungar byrðar og skyldur á herðar bankans. Það er þess vegna nokkuð undarlegt að svo hefur verið látið í þessu máli eins og hér hafi miklir og óvæntir atburðir gerst og eitthvað nýtt komið skyndilega fram í dagsljósið sem kallað hafi á bráðar aðgerðir. Svo er að sjálfsögðu ekki. Fátt nýtt hefur gerst í þessu máli annað en það sem lýtur að hinum almennu aðstæðum í efnahags- og atvinnulífi landsmanna og mönnum hefði átt að vera ljóst hver þróunin hefur verið á því sviði undanfarna mánuði.

Þegar svonefndar BIS-reglur voru til meðferðar á Alþingi á sl. ári var að sjálfsögðu aflað upplýsinga um stöðu bankanna og mátti öllum ljóst vera, enda ekki dreginn á það neinn dulur í umræðum, að staða Landsbankans var tæp. Hann var á mörkunum og mátti ekki við miklum viðbótaráföllum til þess að lenda undir þessi viðmiðunarmörk. En svo var reyndar um fleiri banka og af þeim sökum hefði mönnum ekki átt að koma mikið á óvart, til að mynda þær ráðstafanir sem gera þurfti til handa Landsbankanum rétt fyrir síðustu áramót.

Á hinn bóginn má svo benda á að staða Landsbankans er um þessar mundir að ýmsu leyti góð. Til að mynda er lausafjárstaða bankans ein sú besta sem verið hefur um langt árabil, um 1,7 milljarðar kr. ef ég man rétt, og bankinn hefur staðið betur gagnvart samskiptum sínum við Seðlabankann á sl. ári en líklega nokkurn tímann fyrr í sögunni eða a.m.k. um mjög langt árabil og ekki greitt krónu í refsivexti til Seðlabankans. Er þá af sem áður var en þær greiðslur námu á undanförnum árum oft hundruðum milljóna króna.

Að þessu leyti til er staða Landsbankans til skemmri tíma litið slík að hann þarf í raun og veru ekki á neinni sérstakri fyrirgreiðslu eða aðstoð að halda. Bankinn er ekki í vanskilum á nokkrum stað með sín mál og rekstrarfjárstaða hans góð. Reyndar er það svo að samkvæmt þeim gögnum sem lögð voru fyrir á bankaráðsfundi Landsbankans 25. febr. sl. þar sem lagðar voru fram tillögur að lokareikningsuppgjöri fyrir árið 1992 var sýnt að leggja ætti í afskriftasjóð útlána 1.530 millj. Bankinn yrði að vísu eftir það gerður upp með 300 millj. kr. tapi en þá voru 2,8 milljarðar kr. í afskriftasjóði útlána og eiginfjárhlutfall bankans var miðað við það framlag á afskriftareikning 8,45% miðað við hinar nýju BIS-reglur, eða ívið hærra en það var í árslok 1990 en það voru þær upplýsingar sem Alþingi lagði til grundvallar afgreiðslu sinni á frv. til laga á sl. ári um BIS-reglurnar. Þá var eiginfjárhlutfall Landsbankans 8,2% miðað við sömu reglur.

Það er þess vegna nokkuð sérkennilegt þegar maður hugleiðir að á þessum tveimur árum hefur bankinn þrátt fyrir að afskrifa gífurlegar fjárhæðir bæði árin 1991 og 1992, miðað við þessi áform, hækkað eigin-

fjárhlutfall sitt. Maður hlýtur að spyrja sig að því — var þá ekki staða Landsbankans enn þá verri árið 1990 miðað við þetta þegar eiginfjárhlutfall hans var lægra?

Þess vegna er það mín niðurstaða, hæstv. forseti, af því að skoða gögn í þessu máli að ef eitthvað er tilefni til þeirra aðgerða sem hér eru ræddar sérstaklega þá er það ekki staða Landsbankans í augnablikinu heldur eru það horfurnar. Það er að vísu alveg rétt að þær horfur sem sérfræðingar í málefnum bankans, endurskoðendur og bankaeftirlit og aðrir slíkir aðilar, þykjast sjá eru dökkar. Þar er rætt um gífurlegar fjárhæðir í afskriftaþörf. Það er auðvitað fyrst og fremst það sem hefur breyst og það til hins verra svo um munar. Það eru hinar almennu aðstæður í efnahags- og atvinnulífi landsmanna. Landsbanki Íslands, langstærsti banki landsmanna að Samvinnubankanum meðtöldum með hátt í helming af lánsviðskiptum í landinu, deilir að sjálfsögðu kjörum með atvinnuvegunum og heimilunum í landinu og getur ekki annað. Áföll þar, gjaldþrot og greiðsluerfiðleikar, hljóta að koma fram í greiðsluerfiðleikum bankans.

En samt er eins og reynt sé að halda umræðunni á þeim nótum að ræða helst allt annað en þetta, sem er hin raunverulega orsök vandans. Bankanum sjálfum jafnvel kennt um, gott ef ekki eru tilburðir uppi til að skamma bankaeftirlitið, sem er hefðbundin aðferð að skamma sendiboðann sem ber hin vondu tíðindi, og flestir aðrir teknir fyrir en þeir sem í raun og með réttu ættu að vera aðalumræðuefnið. Það eru þeir sem bera ábyrgð á stjórnarstefnunni og hinu almenna efnahagsástandi í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar. Það er sú afturför sem þar hefur orðið á sl. ári sérstaklega og horfurnar fram á við einkum og sér í lagi sem hér eru sökudólgurinn.

Staða bankans í augnablikinu gefur engin tilefni til írafárs af þessu tagi. Eiginfjárhlutfall hans hefði orðið, ef tillögur bankastjórnar og bankaráðs Landsbankans um uppgjör fyrir árið 1992 hefðu náð fram að ganga, hærra en það var í árslok árið 1990 miðað við hinar nýju BIS-reglur. Það má verða mönnum nokkurt umhugsunarefni.

Hitt er svo það, hæstv. forseti, sem rakið er í nál. minni hlutans að þær aðferðir sem hæstv. ríkisstjórn greip til í þessu máli eru stórlega ámælisverðar. Það er ljóst þegar málið er skoðað að verulega skortir á faglegan og tæknilegan undirbúning. Það er reyndar viðurkennt í nál. meiri hlutans þar sem farið er yfir það í þó nokkrum setningum að hraða þurfi endurskoðun á þessu og hinu, óljóst sé hvernig eigi að haga stjórn á tryggingarsjóðnum o.s.frv. Þar fer fram veruleg sjálfsgagnrýni og það er út af fyrir sig æskilegt og gott en með því eru menn líka að viðurkenna að málið sé alls ekki nægjanlega undirbúið. Tryggingarsjóður er t.d. ekki viðbúinn því að taka við því hlutverki sem honum er þarna ætlað. Núverandi stjórnendur hans biðjast undan því að sitja þar áfram ef hann eigi að axla þetta nýja verkefni o.s.frv. Ég held því að enginn geti annað en viðurkennt að þarna sé í raun og veru kastað stórlega til höndunum.

Margt er óljóst um útfærslu þessara aðgerða. Með öllu á eftir að reyna á hver áhrif þessara aðgerða verða á innbyrðis samkeppni lánastofnana í framtíðinni. Það er afar vandasöm aðgerð að færa milljarða úr opinberum sjóðum yfir til einnar stofnunar sem á í samkeppni við aðrar. Hafa menn ekki verið að tala hér hástemmdum orðum um ný samkeppnislög? Var það ekki hæstv. heilbrrh. sem taldi alveg nauðsynlegt að einkavæða Þvottahús Ríkisspítalanna af því að það væri svo ósanngjarnt að svo sterkur aðili með stuðningi af Ríkisspítölunum keppti við önnur þvottahús í landinu? Þá hafði hæstv. heilbrrh. miklar áhyggjur af slíkum hlutum. Hann hefur lítið talað um það sem hér er verið að gera, að færa milljarða úr sameiginlegum sjóði landsmanna yfir til einnar lánastofnunar sem keppir við aðra.

Ég nefni þetta til þess að minna á þá staðreynd að þarna er á ferðinni ákaflega vandasamur þáttur þessa máls sem sáralítið hefur verið fjallað um. Landsbankinn sér enda ástæðu til þess að senda frá sér fréttatilkynningu þar sem hann lofar því að beita ekki auknum styrk sínum sem af þessari eiginfjáraukningu leiðir í samkeppni við aðrar lánastofnanir. Lofar fyrir fram að það skuli hann ekki gera. Auðvitað hefur Landsbankinn nóg verkefni eftir sem áður og þrátt fyrir þessa styrkingu á eigin fé þá verður hann ekki nema á sæmilega sambærilegu róli við aðra banka. En það breytir ekki hinu að þarna er á ferðinni stórfellt inngrip í samkeppnisskilyrði stofnana sem okkur hefur a.m.k. verið talin trú um á undanförnum árum að ættu í samkeppni.

Síðan er það sú aðferð sem hér er valin og ég tel kannski hvað alvarlegast hversu flausturslega að málunum er staðið. Það er sú aðferð að færa verulegan hluta þessa stuðnings yfir til bankans í formi eigin fjár frá eigandanum sem aftur verður fært yfir í afskriftareikning útlána í gegnum rekstrarreikning bankans og sýnt þar með sem sambærilegt rekstrartap hans. Á hinum Norðurlöndunum hefur yfirleitt verið valin önnur aðferð, þ.e. sú að ríkið eða eigendur bankanna hafa annaðhvort sjálfir beint yfirtekið hluta af óhagstæðustu skuldbindingum viðkomandi lánastofnana eða stofnað sérstaka sjóði til að taka að sér þetta verkefni og reyna eftir atvikum að koma slíkum hlutum í verð eftir því sem aðstæður leyfa en taka síðan á sig mismuninn, afföllin.

Ég leyfi mér að spyrja: Hvers vegna skyldu menn nú hafa valið þessa leið á hinum Norðurlöndunum en ekki hér? Eru þeir svona miklu vitlausari en við á öllum hinum Norðurlöndunum að þeir fari svo heimskulega að hlutunum? Er það reynslan? Nei, ætli það sé ekki einhver ástæða fyrir því að ríkisstjórnir hinna Norðurlandanna, a.m.k. þriggja þeirra, hafa yfirleitt valið aðra aðferð en þessa til að koma sínum stærstu bönkum til aðstoðar. Ég held að ein ástæða sé sú að þeir hafa viljað forðast það að sýna þá hroðalegu afkomu í rekstrarreikningum bankanna sem annars hefði þurft að verða ef þeir hefðu farið þessa íslensku aðferð eða a.m.k. farið hana einhliða.

Ég sakna þess vegna þess að stjórnin hefði a.m.k. skoðað að fara að einhverju leyti þá leið að leysa frá

Landsbankanum einhverjar óhagstæðar skuldbindingar hans eða yfirtaka eignir sem Landsbankinn hefur orðið að taka upp í skuldir eða veð og hvergi nærri standa undir þeim kröfum sem til þeirra hafa verið gerðar. Mér hefur skilist að aðalröksemdin fyrir þessari aðferð, a.m.k. sú sem færð var fram í efh.- og viðskn. af fulltrúum viðskrn. sem þar kom, væri sú að það væri hlutverk bankanna að vasast í svona löguðu. Þeir ættu að sjá um það að taka á svona vandamálum og þess vegna væri best að skilja þetta eftir þar. Einnig hafa einstöku menn haft uppi háðuleg orð um úreldingarsjóði útlána og annað því um líkt og væntanlega þykjast fínni menn en svo að hér uppi á Íslandi fari menn slíkar leiðir.

Ég held að þetta sé heldur barnalegt. Ég held að það væri nokkuð til vinnandi að hlífa Landsbanka Íslands við það að gera upp ársreikninga sína. Ef það á að verða á árinu 1992 þá er það reyndar spurningarefni til hæstv. viðskrh.: Hvernig hugsar hann sér að farið verði að því? Á að taka upp reikninga ársins 1992, sem bankinn var þegar búinn að ganga frá, og stenst það? Eða á að færa allt þetta tap á árið 1993? Hvert verður þá tapið á Landsbanka Íslands á árinu 1993 ef það verður niðurstaðan að þessar auknu afskriftir komi ekki inn á árið 1992 heldur verði við þær 1.530 millj. kr. látið sitja sem bankastjórn og bankaráð höfðu áður áformað og fjölluðu um á fundi sínum 25. febr.? Þá sýnist mér að árið 1993 sé orðið enn svartara. Og ég hefði gaman af að spyrja hæstv. viðskrh. hvað honum sýnist þá að tapið á Landsbanka Íslands verði margir milljarðar á árinu 1993 ef þessar afskriftir færast líka á reikning þess árs.

Sá möguleiki hefur einnig verið nefndur í þessu sambandi að hugsanlega gætu fjársterkir sjóðir sameinast Landsbankanum og þannig styrkt eiginfjárstöðu hans. Einstöku menn hafa jafnvel velt þeim möguleika fyrir sér að ríkisbankarnir báðir yrðu sameinaðir í einn öflugan ríkisbanka sem yrði þá sterkari og betur settur hlutfallslega en Landsbankinn er þar sem staða Búnaðarbankans er, sem kunnugt er, allmiklu sterkari.

Ég held að mörgum spurningum sé ósvarað um þessa aðferð. Þó ég sé alls ekki að segja að ekki hafi komið til greina og ekki kunni að vera nauðsynlegt að Landsbankinn fái einhvern verulegan hluta þessa stuðnings í formi eigin fjárs frá eiganda sínum þá held ég að menn hefðu átt að skoða betur, með tilliti til þess að engan bráðan vanda bar hér að höndum, aðrar mögulegar aðferðir eða blandaðar aðferðir af þessu tagi.

Langverst af öllu er auðvitað það óðagot og það hræðsluástand sem hæstv. ríkisstjórn skapaði sl. þriðjudag með sínum flausturslegu vinnubrögðum. Það er að mínu mati langverst af öllu sem í þessu máli gerðist og það dýrasta, óttast ég. Þar held ég að ómælt tap kunni að hafa átt sér stað, sem auðvitað verður aldrei vegið eða metið, en engin vafi er þó á því að þessi tilefnislausi hvellur var afar óheppilegur og enga nauðsyn bar til þeirra taugaveiklunarlegu viðbragða og atburða sem urðu þennan eftirmiðdag sl. þriðjudag. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að sú umræða sem í kjölfarið sigldi verður mjög líklega til þess að gera lánskjör okkar út á við mun lakari a.m.k. um sinn og veldur þannig óhagstæðari skiptahlut okkar landsmanna en ella hefði þurft að verða.

Ég held að þó ekkert annað kæmi til en til að mynda stutt umfjöllun af því tagi sem er í Financial Times í gærmorgun þar sem fyrirsögnin er ósköp einfaldlega: Ísland bjargar banka. Svo er talað um að þar sé á ferðinni Landsbankinn, langstærsti banki þjóðarinnar og fréttin byggist á þeim grunni að þarna hafi verið um alveg sérstakar og brýnar björgunaraðgerðir að ræða. Með öðrum orðum hafi bankinn verið að komast í þrot, komast í einhver vandræði af því tagi að það hafi kallað á sérstakan björgunarleiðangur ríkisstjórnar. En þetta er rangt, sem betur fer þá þurfti ekki að kalla þarna út björgunarsveit eða slökkvilið. Ástandið var alls ekki sambærileg við það.

Ég held að þessi auglýsing í Financial Times og hugsanlega fleiri sem kunna að koma í The Economist eða einhverjum öðrum slíkum ritum sem hinn alþjóðlegi fjármálaheimur fyrst og fremst les og styðst við sé ákaflega dýr. Það er að vísu þannig að allar auglýsingar í erlendum stórblöðum eru dýrar og síðan kostar gjarnan upp í hálfa milljón eða svo, en þessi litla klausa þó lítil sé um sig kann að verða býsna óþægileg viðureignar þegar viðskipti fara svo fram milli aðila sem þekkja kannski ekki mjög vel til málsins að öðru leyti en því að fylgjast almennt með gangi mála í gegnum alþjóðleg blöð af þessu tagi sem fjalla um efnahagsmál.

Reyndar liggur það einnig fyrir að bankastjórar, til að mynda bankastjóri Íslandsbanka, metur það svo að líklegt sé að við verðum fyrir eitthvað lakari lánskjörum, a.m.k. til skamms tíma á meðan þetta él er að ganga yfir. Þess gætir jafnvel nú þegar að uppihald hafi orðið í viðræðum íslenskra banka við erlenda lánveitendur um fjármögnun tiltekinna verkefna. Um það hef ég upplýsingar.

Menn eiga því ekki að láta sem svo að hér hafi ekkert gerst og að hér hafi ekki orðið heldur óþægilegir og erfiðir atburðir. Menn geta að sjálfsögðu sagt að það hefði ekki skipt öllu máli hvernig þessar aðgerðir til handa Landsbankanum hefði borið að. Þær hefðu alltaf í sjálfu sér haft einhver neikvæð áhrif. Bara sú frétt, hversu rólega og yfirvegað sem hún hefði verið flutt, að upp á Íslandi hefði eigandi stærsta banka þjóðarinnar, ríkið, gripið til tiltekinna ráðstafana til að styrkja hann hefði getað haft einhver óæskileg áhrif yfir höfuð.

En ég held að það hljóti allir skynsamir menn að játa að það skiptir miklu máli hvernig hún er flutt, hvernig hún er undirbyggð, hvernig hún er kynnt og hvernig hún er rökstudd.

Ég tel til að mynda að ef hægt hefði verið að tengja aðgerðir sem hefðu komið Landsbankanum til góða saman við til að mynda ákveðna endurskipulagningu í fjármálaheiminum hér eða gagnvart málefnum sjávarútvegsins þannig að það hefði ekkert síður verið aðgerð sem hefði tengst þeim vanda sem orsakar erfiðleika Landsbankans þá hefði málið litið allt öðruvísi út. Þá hefði Landsbankinn sem stofnun ekki verið jafnal-

einn og nakinn á sviðinu, liggur mér við að segja, og hann er samkvæmt þessari aðferð. Það er auðvitað ljóst að Landsbankinn sem stofnun axlar þarna mikinn herkostnað. Ég tel að það hefði mátt standa þannig að málum að hann hefði ekki sem slíkur þurft að bera slíkar byrðar einn.

Um hitt, að aðgerðin hljóti að mælast vel fyrir og auka traust manna á bankanum af því að hún sýni að ríkið standi við bakið á honum, þá er það tvíbent þegar tilfinning manna er sú að aðgerðin sé fyrst og fremst til komin vegna þess vanda sem bankinn hafi verið kominn í og hafi verið svo mikill að hann hafi kallað á slíka fyrirgreiðslu. Menn gætu ósköp einfaldlega dregið þá ályktun að bankinn væri þá ekki nema rétt jafnsettur og rétt sæmilega á löppunum eftir aðgerðina. Það er þess vegna ekki endilega svo að fréttir um aðgerð af þessu tagi þurfi í sjálfu sér að vekja mikið aukið traust á bankanum, því miður, þegar farið er ofan í saumana á því. Vissulega er ekki um annað að ræða en að fylgja þessu máli þannig eftir að reyna að kynna og upplýsa um það að staða Landsbankans sé sterk. Og það verður að sjálfsögðu að reyna að gera, enda efni til þess. En ef við horfum fyrst og fremst á það hver viðbrögð manna verða sem ekki þekkja náið til og hver áróðursáhrif þessara atburða geta verið þá er það því miður alls ekki sjálfgefið að þetta mælist til mikils vegsauka bankans, því miður.

Á þskj. 758 eru fluttar þær brtt. sem við þingmenn Alþb. teljum rétt að gera á þessu frv. og mun ég fara yfir þær. Þær lúta í fyrsta lagi að breytingum á 1. gr. frv. og koma til af því, sem ég hef rakið, að við teljum að það eigi að hafa það alveg skýrt í lagatextanum að til greina komi að veita Landsbankanum stuðning á þann veg einnig að yfirtaka eitthvað af lánum eða skuldbindingum bankans. Því leggjum við til að við 1. málsl. 1. gr. orðist svo: Ríkisstjórninni er heimilt að bæta eiginfjárstöðu Landsbanka Íslands á árinu 1993 með allt að 2.000 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði í reiðufé eða ríkisskuldabréfum, með víkjandi láni eða með öðrum jafngildum hætti" og svo komi, „svo sem með yfirtöku eigna eða útlána sem bæti stöðu bankans." Menn geta sagt að þarna sé ekki í raun eiginleg efnisbreyting á ferðinni því orðin „jafngildum hætti" nái yfir slíka hluti. Það má til sanns vegar færa en ég held að það sé ekki lakara að Alþingi lýsi því yfir með ótvíræðum hætti að þessi aðferð skuli metast jafngild ef hún komi bankanum að sömu notum og bæti stöðu hans sambærilega.

Í nál. meiri hlutans er vikið að því að það sjónarmið kom fram í efh.- og viðskn. að til þess að bankarnir gætu gætt betur hagsmuna sinna við þær erfiðu aðstæður sem nú eru í efnahagsmálum þá væri æskilegt að þeir fengju rýmri og ótvíræðari heimildir til að leysa til sín eignir til að standa tímabundið í atvinnurekstri sem annars er ekki á þeirra verksviði. Núgildandi heimild laga um viðskiptabanka frá 1985 er tiltölulega þröng, það er 29. gr., og hún er svohljóðandi:

„Viðskiptabanka er ekki heimilt að eiga aðrar fasteignir en þær sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi bankans.

Viðskiptabanka er þó heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt að mati bankastjórnar."

Þessi grein er í raun og veru mjög þröng og það má deila um það hvort hún yfir höfuð feli í sér heimild til bankanna til að standa fyrir atvinnurekstri, jafnvel þó tímabundið sé, ef hún er túlkuð þröngt þá mætti eins lesa það út úr henni að hún tæki fyrst og fremst til heimildar bankanna til að leysa til sín fasteignir umfram það sem þeir þurfa starfsemi sinnar vegna tímabundið enda selji þeir þær jafnskjótt og það er talið hagkvæmt. Þess vegna liggur fyrir í frv. til laga um viðskiptabanka, sem er til umfjöllunar í hv. efh.- og viðskn., nýtt lagaákvæði sem er rýmra að þessu leyti og ég tel því rétt að taka það ákvæði upp og geri um það tillögu að það verði tekið og afgreitt samhliða þessu frv. þannig að bankarnir geti a.m.k. ekki borið það fyrir sig eða kvartað undan því að í hagsmunagæslu sinni hafi þeir ekki nægjanlega rúmar heimildir til þess að yfirtaka eignir eða stunda tímabundið aðra starfsemi en þá sem þeim er ætlað samkvæmt bankalögum.

Þannig að við leggjum til að á eftir 2. gr. frv. komi ný grein sem orðist svo:

„Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt að mati bankastjórnar eða sparisjóðsstjóra.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt að stunda tímabundið aðra starfsemi en þá sem um getur í 26.–28. gr. ef slík þátttaka er einungis í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum fyrirtækja við viðskiptabanka eða sparisjóð og sé liður í endurskipulagningu á starfsemi viðskiptaaðila þessara stofnana. Skýrsla hér að lútandi skal send bankaeftirlitinu."

Með því að taka þessa grein upp væri fyrir því séð að ekki þyrfti að koma til deilna eða álitamála af því tagi sem mér skilst að hafi til að mynda risið þegar Landsbanki Íslands var að gæta hagsmuna sinna í gegnum eignarhaldsfélag sem þar var stofnað og leysa til sín m.a. eignir Sambandsins og fleiri fyrirtækja.

Í þriðja lagi kem ég að þeim ákvæðum frv. sem ekki eru beint tengd fyrirgreiðslunni við Landsbankann nema þá að hluta til þar sem er 3., 4. og 5. gr. frv. en þær fjalla um Tryggingarsjóð viðskiptabanka, Tryggingarsjóð sparisjóða og síðan heimild fjmrh. til að ábyrgjast lántökur til tryggingarsjóðanna.

Það er okkar skoðun í Alþb. að sú málsmeðferð sem hér er lögð til sé lítt undirbúin og afar fljótfærnislegt að ætla sér að gera þessar eðlisbreytingar á stjórn tryggingarsjóðsins og hlutverki hans og opna um leið óskilyrta tveggja milljarða kr. heimild til handa ráðherrum til að ráðstafa til lánastofnana án nokkurs frekara samþykkis eða nokkurrar frekari umfjöllunar á Alþingi.

Ég vísa þá aftur til þess sem fram hefur komið til að mynda um stjórn Tryggingarsjóðs viðskiptabanka. Hana skipar að vísu ráðherra með reglugerð samkvæmt núgildandi lögum en stjórnin er þannig skipuð

í dag að í henni sitja bankastjórar Búnaðarbanka, Íslandsbanka og væntanlega einhverra fleiri lánastofnana. Það liggur í hlutarins eðli að ef tryggingarsjóðurinn á að taka við þessu nýja hlutverki þá verða þeir komnir í harla sérkennilega stöðu, bankastjórar Búnaðarbanka og Íslandsbanka t.d., ef þeir eiga að fara að fjalla um og meta gögn og trúnaðarupplýsingar frá Landsbankanum eða jafnvel sjálfum sér um það hvort ástæða sé til að veita þeim fyrirgreiðslu af því tagi sem þarna er verið að opna á. Slíkt gengur auðvitað ekki og liggur í hlutarins eðli að samhliða þessu breytta hlutverki tryggingarsjóðsins verður að taka með einhverjum hætti á stjórnun hans. Spurningin er ef hann á að fá þetta viðamikla verkefni og vandasama að styrkja eiginfjárstöðu lánastofnana sem eru í erfiðleikum með víkjandi lánveitingum á grundvelli ríkisábyrgðar hvort ekki ætti að skoða þann möguleika að yfir tryggingarsjóðina yrði sett þingkjörin stjórn. Þá væri a.m.k. framkvæmdarvaldið ekki aleitt að vasast í þessum vandasömu málum og útdeila ríkisábyrgðum af því tagi sem hér er ætlunin að leggja til, að viðskrh. að höfðu vissu samráði við fjmrh. fái undirskrifaða ávísun þar sem búið er að setja inn upphæðina en eftir á að færa inn heimilisfangið.

Við leggjum því til í þriðja lagi að 3. gr. frv. breytist þannig að ótvírætt sé að áður en til veitingar á víkjandi láni kemur verði aflað samþykkis viðskrh. og Alþingis. Greinin orðist þá svo, með leyfi forseta:

„Tryggingarsjóður viðskiptabanka er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins með sérstakan fjárhag. Hlutverk hans er annars vegar að tryggja full skil á innlánsfé þegar skipti á búi viðskiptabanka ber að skv. 1. mgr. 47. gr. og hins vegar að veita viðskiptabanka" — og þar kemur að hinu nýja hlutverki — „víkjandi lán í því skyni að efla eiginfjárstöðu hans, enda verði fjár til hans aflað sérstaklega með lántöku. Áður en stjórn sjóðsins ákveður að veita víkjandi lán úr sjóðnum skal hún leita samþykkis viðskrh. og Alþingis."

Nú vill þannig til að viðskiptabankarnir eru þrír og einn þeirra, Landsbankinn, er að fá ákveðna fyrirgreiðslu og þá eru eftir tveir. Ég held að það sé ekki mikil ástæða til að vera með þann feluleik sem hér er upp settur að hafa þarna tiltæka tvo milljarða króna og láta eins og það geti bara gerst næstum að segja vikulega að einhver lítill viðskiptabanki banki upp á og þurfi að fá hjálp. Þeir eru nú ekki nema tveir eftir, Búnaðarbankinn og Íslandsbanki, þannig að það er ekkert óskaplega flókið mál að skoða hvað til greina kemur. Þetta eru ekki tugir eða hundruð af bönkum úti í þjóðfélaginu mismunandi settum sem gætu komið til greina. Ónei. Tveir bankar. Íslandsbanki og Búnaðarbankinn.

Nú vill enn fremur svo til að báðir hafa svarið það rækilega af sér að þeir þurfi á nokkurri aðstoð að halda, afþakka það og beðist undan því að vera nefndir í því sambandi. Þá spyr maður sig auðvitað að því til hvers er þetta þá að vera að opna svona tveggja milljarða ávísanareikning fyrir hæstv. viðskrh. til að ráðstafa handa einhverjum bönkum ef honum sýnist svo. Ég held að þetta sé í raun og veru alveg fráleitur málflutningur. Einu rökin, efnislegu rökin, sem komið hafa fram í málinu eru þau að það sé skynsamlegt að gefa ákveðna vísbendingu eða senda ákveðin skilaboð út í umheiminn um að íslenska ríkisstjórnin mundi standa á bak við bankakerfið allt ef á þarf að halda. Gott og vel. Með breytingum á tryggingarsjóðnum eins og hér eru lagðar til þá eru í raun og veru slík skilaboð send. Hlutverki tryggingarsjóðsins er breytt í þá veru að hann getur sinnt þessu hlutverki ef á þarf að halda. En halda menn ef að því kemur að annar hvor hinna viðskiptabankanna þarf á aðstoð að halda eða Landsbankinn á frekari aðstoð að halda, einhvern tímann í fyllingu tímans, að þá sé það smámál sem eðlilegt sé að viðskrh. afgreið við skrifborðið hjá sér án þess að tala við Alþingi? Ég held ekki. Ég held að það sé fráleitt hjá þjóð sem á þrjá banka að láta eins og við séum með eitthvert fyrirkomulag þar sem það geti gerst bara dögum oftar að einhverjir litlir viðskiptabankar banki upp á og þurfi að fá smá uppáhelling. Það er auðvitað ekki svo. Efnislega liggur málið þannig að það er með öllu ástæðulaust að hafa þarna þessa opnu heimild, það hefur enginn beðið um hana, a.m.k. enginn kannast við það að hann þurfi á henni að halda. Kannski er þar einhver fiskur undir steini, um það vitum við ekki. En hvort sem heldur er þá er þetta auðvitað fáránlegur málatilbúnaður. Ég spyr og ég lýsi eftir því: Hvar eru allir þeir heittrúarmenn og hreinlífismenn á Alþingi sem undanfarin ár hafa í ræðu og riti staðið dyggan vörð um það að aldrei sé sent héðan út króna nema Alþingi blessi það sérstaklega, hvorki í formi fjárveitinga né ríkisábyrgða? Hvar eru þeir hreinlífismenn nú, fyrrv. og núv. formenn fjárveitinganefnda o.s.frv.? Ætla þeir allir saman að rétta upp spaðann þegar á að afhenda hæstv. viðskrh. tveggja milljarða kr. innistæðu á ávísanareikningi og heftið með og það eina sem eftir er er að stíla á ávísunina nafn? Þetta er mjög sérkennilegur málatilbúnaður.

Auðvitað gegnir talsvert öðru máli um Tryggingarsjóð sparisjóðanna enda eru hans ákvæði önnur. Hann hefur haft heimildir til að veita víkjandi lán og hann hefur gert það. Kom til að mynda lánastofnun hér rétt hinum megin við ónefndan læk til aðstoðar á sl. ári. Hann hefur haft þessa heimild enda er þar um tugi smárra stofnana að ræða sem allt öðru máli gegnir um, upphæðirnar hverfandi borið saman við það sem hér gæti átt í hlut þegar hinir þrír stóru viðskiptabankar og einu viðskiptabankar þjóðarinnar eiga í hlut.

Í fjórða lagi leggjum við til að 5. gr. verði í framhaldi af þessu og í samræmi við þetta breytt þannig að þar fái fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs heimild til þess að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántöku Tryggingarsjóðs viðskiptabanka að fjárhæð allt að 1.000 millj. kr. Það er sú fjárhæð sem þegar hefur verið ákveðið að gangi til Landsbanka Íslands í viðbót við það víkjandi lán sem Seðlabankinn veitti honum rétt fyrir sl. áramót. Þar með fær hæstv. ráðherra heimild til þess að ljúka því verkefni eins og ríkisstjórnin hefur ætlað sér en ekki meira. Og hann þarf ekki meira, það hefur enginn beðið um meira, það er engin ástæða til að afgreiða hér meira.

Að síðustu leggjum við til að 6. gr. frv. falli brott. Það er auðvitað með öllu ástæðulaust að vera með þvingunarákvæði sem lögfesta skilyrði fyrir því að aðgerðir af þessu tagi geti gengið í gegn, að binda það í lög að til þurfi að koma samningur milli viðskrh. og fjmrh. annars vegar og hlutaðeigandi stofnunar hins vegar. Síðan stendur í athugasemdum með frv. að inn í þennan samning eigi að koma ákvæði um sérstakt eftirlit með stofnuninni. Þetta er auðvitað alveg fráleitur málatilbúnaður. En svo segir í umsögn um 6. gr. í grg. með frv.:

„Fyrirgreiðsla við innlánsstofnanir samkvæmt ákvæðum frv. er háð því skilyrði að gerður verði samningur milli viðskrh. og fjmrh. annars vegar og hlutaðeigandi innlánsstofnunar um það til hvaða ráðstafana stofnunin skuldbindur sig til að grípa í því skyni að bæta afkomu sína og eiginfjárstöðu. Í samningnum verður kveðið á um eftirlit með framkvæmd hans."

Nú er það að vísu svo að meiri hlutinn afneitar þessu ákvæði og biðst undan því í nál. sínu, en þar stendur að þrátt fyrir ákvæði 6. gr. telur meiri hluti nefndarinnar að ekki sé nauðsynlegt að setja á stofn nýjan eftirlitsaðila. Gott og vel, en grg. frv. stendur væntanlega áfram sem lögskýring auk orða hæstv. fjmrh. sem gekk svo langt að segja að ríkisstjórninni væri beinlínis skylt að hlutast til um aukið eftirlit með stofnunum í framhaldi af svona aðgerðum. Þá verður auðvitað að svara því: Er verið að yfirtaka að einhverju leyti stjórn bankans? Er verið að því? Er það ætlunin? Er hugsunin svipuð og þegar hæstv. ríkisstjórn hugðist á sl. ári taka að sér stjórn flestra opinberra stofnana ef svo bæri undir með því að senda inn í þær sérstaka tilsjónarmenn sem væru handvaldir af ráðherrunum? Á að senda sérstaka tilsjónarmenn inn í Landsbankann á grundvelli 6. gr.? Til hvers þarf sérstaka lagaheimild gagnvart jafnaugljósum hlut og þeim að ráðherrar geta gert það að skilyrði að samningur sé gerður þegar um heimildarákvæði til þeirra er að ræða að veita tiltekna aðstoð. Þeir þurfa auðvitað engin lög til þess. Frv. er allt á formi heimildarákvæða til handa viðskrh. Hann ræður því sjálfur hvort af aðstoðinni verður, honum er heimilt að ábyrgjast lán, ríkisstjórninni verður heimilt að veita víkjandi lán o.s.frv. Þeir þurfa enga lagagrein til að þvinga þann sem við aðstoðinni á að taka undir eitthvert ok samninga. Það er miklu eðlilegra að það gerist a.m.k. að nafninu til á frjálsum grundvelli í samningum stofnunarinnar og ríkisins en það sé ekki Alþingi sem sé að þvinga slíkt fram eða setja slíkt að skilyrði í lögunum, nema Alþingi taki það verkefni að sér og sjái sjálft um þessa samningagerð.

Við leggjum til að greinin falli brott og væntanlega styðja a.m.k. í hjarta sínu þeir aðilar meiri hlutans sem taka það fram í sínu nál. að greinin sé óþörf. Þeir styðja þetta væntanlega, það verður fróðlegt að sjá hvernig atkvæði falla þegar þetta verður afgreitt á eftir.

Þá vil ég aðeins nefna, hæstv. forseti, í framhaldi af þessu af því að nál. meiri hlutans hefur borið á góma, að þar kemur það fram sem að sjálfsögðu er eðlilegt að aðgerðir af þessu tagi ætti að framkvæma í samráði við Alþingi og nefnd er efh.- og viðskn. Ég er þessu að sjálfsögðu hjartanlega sammála og byrjaði á því að mótmæla því í efh.- og viðskn. fyrir tveim dögum síðan að hún skyldi ekki hafa verið höfð með í ráðum, látin fylgjast með þessu máli sem er auðvitað hneyksli. Líka vegna þess að í efh.- og viðskn. var á sl. ári fjallað mikið um þetta mál þegar hinar nýju BIS-reglur voru til afgreiðslu og mér er nær að halda að það sé bókað í fundargerðarbók nefndarinnar að hún óski eftir því að fá að fylgjast með hvernig bönkunum gangi að uppfylla reglurnar. Það var a.m.k. margtekið fram, bæði af þeim sem hér talar og fleiri nefndarmönnum að við vildum í framhaldi af lagasetningunni fá að fylgjast með hvernig stofnununum gengi að uppfylla ákvæðin. En hver varð niðurstaðan, hver varð reyndin? Jú, hún var sú að efh.- og viðskn. frétti að sjálfsögðu af því í fjölmiðlum eins og aðrir fyrir áramótin að ákveðið hefði verið að veita Landsbankanum 1.250 millj. kr. víkjandi lán frá Seðlabanka og nú sl. þriðjudag að ákveðið hefði verið að veita Landsbankanum þá fyrirgreiðslu sem hér er til umræðu. Í báðum tilvikum frétti efh.- og viðskn. af því í fjölmiðlum. Í fyrra tilvikinu var það reyndar starfandi formaður og aðalformaður á þessu ári efh.- og viðskn., hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sem fór í fjölmiðla og leyfði sér að draga í efa lögmæti þeirra ráðstafana. Spurði hvar væru heimildir til þess að afgreiða svona víkjandi lán. Er ekki Seðlabankinn ríkisstofnun? Á ekki ríkið Seðlabankann? Hefur Seðlabankinn sjálfstæðar heimildir til að veita ríkisábyrgðir af þessu tagi? En það var náttúrlega þaggað niður í formanni efh.- og viðskn. heldur snarlega og hann beðinn að vera ekki að þessu og hefur lítið af honum heyrst síðan. (**Gripið fram í:** Á ekki Seðlabankinn ríkið?) Maður veltir því auðvitað stundum fyrir sig hver telji sig eiga hvern í þessu þjóðfélagi.

Ég verð að segja að þrátt fyrir fallega hugsun félaga minna í efh.- og viðskn. sem rita undir nál. meiri hlutans þá verð ég að játa það að ég gef ákaflega lítið fyrir þetta, því miður, í ljósi reynslunnar. Þess vegna held ég að það komi ekki í stað þess að Alþingi þurfi að samþykkja ríkisábyrgðir af þessu tagi. Það er auðvitað það eina eðlilega. Eða finnst mönnum það virkilega eðlilegt að ef einhver bankinn lendir í hremmingum síðar á þessu ári, hæstv. viðskrh. hefur tékkheftið, að hann geti sent honum 1.500 millj. kr. ávísun, svo dæmi sé tekið, og hringir svo í formann efh.- og viðskn. og segir: Villi minn, við ætlum að senda þeim þarna peninga og veita þeim lán. Þar með væri væntanlega samráði við efh.- og viðskn. fullnægt — eða hvað? Nema það sé þessi tegund af samráði eftir á sem er auðvitað alveg sérstakt fyrirbæri og mikið praktíseruð hjá núv. ríkisstjórn, að hafa samráð við menn eftir á. En það má auðvitað kalla það samráð eftir á að efh.- og viðskn. fékk að frétta af því í gegnum fjölmiðla eins og aðrir að ríkisstjórnin hefði veitt Landsbankanum lán eða Seðlabankinn fyrir áramótin og ríkisstjórnin ákveðið sl. þriðjudag að gera þetta. Það

er e.t.v. þessi tegund af samráði sem þarna er höfð í huga í nál. meiri hlutans.

Þá hefði ég talið eðlilegt að tiltaka tímafrest í því skyni, t.d. að ríkisstjórnin skyldi tilkynna efh.- og viðskn. eigi síðar en tveimur sólarhringum eftir að hún hefði afgreitt málin að slíkt hefði gerst. Þannig væri þetta innan skikkanlegra marka.

Nei, auðvitað er því miður ekki mikið gefandi fyrir þetta. Þess vegna held ég að það eina sem gildi sé auðvitað spurningin: Vill Alþingi afgreiða frá sér þessa heimild eða ekki? Vill Alþingi hafa þessi mál í sínum höndum eða ekki? Þeirri spurningu svara menn um leið og 5. gr. er afgreidd með því hvort þeir vilji hafa þar hærri upphæð en þá sem þegar hefur verið ákveðið að ráðstafa til Landsbankans. Ef menn telja eðlilegt að Alþingi fjalli um stærri ákvarðanir af því tagi sem þarna gætu átt í hlut þá ættu menn að styðja þá brtt. að lækka þessa upphæð í einn milljarð kr., það er sú upphæð sem ákveðið hefur verið að ráðstafa til Landsbankans og afgreiða þá frekari heimildir ef þörf krefur með sérstökum ákvörðunum Alþingis. Það er auðvitað langeðlilegast.

Rétt er auðvitað að hafa það í huga og minna á það af því sá misskilningur virðist vera á ferðinni að þessar víkjandi lánveitingar séu eins og sérstök blessun fyrir viðkomandi stofnanir sem slíkar. Hafi það ekki komið fram þá er rétt að upplýsa það að svo er ekki í sjálfu sér, þetta er tiltölulega dýrt fjármagn sem bankarnir fá til að styrkja reikningslega eiginfjárstöðu sína. Þannig er það til að mynda að Landsbankinn borgar nú fulla verðtryggingu og 8% vexti af því víkjandi láni sem Seðlabankinn veitti honum fyrir áramótin. Þegar þessi milljarður bætist við þá mun Landsbankinn verða þarna með að láni frá Seðlabanka og Tryggingarsjóði viðskiptabanka á þriðja milljarð króna verðtryggðan og á 8% vöxtum. Þannig að það í sjálfu sér lagar ekki rekstrarfjárstöðu bankans nema síður sé, sem jafnvel á kost á ódýrara fjármagni annars staðar frá ef hann þyrfti á einhverju fjármagni að halda, þ.e. lausafé, en þess þarf hann ekki. Lánið frá Seðlabankanum fyrir sl. áramót var til fimm ára þannig að þar var ekki upphaflega eins og það var hugsað um langtímafyrirgreiðslu að ræða.

Hæstv. forseti. Ýmislegt mætti um þetta segja en ég ætla að ljúka máli mínu, ég undirstrika það að það er afstaða minni hlutans að við styðjum þær greinar frv. sem lúta beint að aðstoðinni við Landsbankann. Við teljum úr því sem komið er sé ekki um annað að ræða en að ljúka því máli og lágmarka skaðann sem hlotist hefur af þessu upphlaupi með því að klára þessa fyrirgreiðslu til Landsbankans. Á hinn bóginn flytjum við brtt. um þá aðferð sem þar er á ferðinni. Varðandi önnur ákvæði frv. þá getum við alls ekki stutt þá opnu heimild til handa viðskrh. og fjmrh. sem 5. gr. frv. gerir ráð fyrir. Við leggjum því til breytingar á 3. og 5. gr. frv. Nái þær breytingar ekki fram að ganga munum við sitja hjá við þau ákvæði frv. og frv. í heild.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla að víkja að þremur atriðum sem fram komu í máli hv. 4. þm. Norðurl. e.

Í fyrsta lagi vil ég vekja athygli á því, eins og kom reyndar fram í máli hv. þm. sjálfs, að í 1. gr. frv. eru sveigjanleg ákvæði um það hvernig eiginfjárstaða Landsbankans verði bætt. Þar segir að hana megi bæta með reiðufé, ríkisskuldabréfum, víkjandi lánum eða öðrum jafngildum hætti. Það er ekki skynsamlegt að setja á langar umræður í þinginu um þau bókhaldsatriði hvernig best sé að halda þessu til haga en ég get fullvissað hv. þm. um það að því verður þannig beitt að endurskoðendur bankans og aðrir sem að málinu koma telji það þjóna hagsmunum hans og eigandans, ríkisins, best. Þetta eru mál sem er ekki hægt að fullyrða um á þessu stigi hvernig verði endanlega afgreitt og því betra að hafa um það færri orð en fleiri.

Í öðru lagi hélt þingmaðurinn því fram að þær aðgerðir sem hér eru til umræðu veiki lánstraust bankans og landsins út á við. Fyrstu viðbrögð við þessum aðgerðum benda til hins gagnstæða. Þessum aðgerðum hefur alls staðar verið tekið vel af viðskiptavinum bankans og mælast vel fyrir. Ég held að þær hafi einmitt sannfært menn um það að hér sé bankakerfi sem býr við traust og mun njóta þess áfram.

Ég vil svo að lokum taka það fram um stjórn tryggingarsjóðanna að stjórnirnar eru skipaðar í krafti reglugerðarheimilda sem viðskrh. hefur, hann getur breytt stjórnun þeirra og mun að sjálfsögðu taka mið af því sem fram hefur komið í umræðum um þetta mál í hv. efh.- og viðskn.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir að staðfesta í fyrsta lagi það sem ég sagði að afar margt væri óljóst í sambandi við útfærslu þessara aðferða. Hæstv. ráðherra viðurkenndi að það væri margt óljóst og reyndar svo óljóst að það má ekki tala um það. Hann baðst undan því að rætt væri hvernig ætti að fara að þessu. Ég skal verða við því að ræða það ekki frekar.

Í öðru lagi hvort þetta veikir lánstraust okkar út á við eða ekki. Vonandi hefur hæstv. viðskrh. rétt fyrir sér en því miður er það þannig að aðrir, við skulum segja sérfræðingar, meta þetta öðruvísi. Ég hygg að það hafi komið fram í fjölmiðlum í gær að Valur Valsson óttast að þetta muni tímabundið veikja lánstraust okkar eða rýra lánskjör, gera þau lakari. Sömu upplýsingar komu fram frá öðrum í efh.- og viðskn. í gær, m.a. upplýsingar um að þegar væru komin í biðstöðu mál, lánssamningar sem staðið hefðu yfir viðræður um milli íslenskra banka og erlendra aðila vegna þessa máls. Þau hefðu verið lögð á ís á meðan þetta gengi yfir.

Ég held að það sé ekki mikið að marka þótt einhvers staðar hafi fundist eins og hjá Enskilda bankanum, sem var í eignalegum tengslum við Landsbankann og væntanlega bíður eftir svipaðri fyrirgreiðslu sjálfur, maður sem telji þetta jákvætt. Ég held að það sé fyrst og fremst hið almenna andrúmsloft í bankaheiminum og efnahagsheiminum sem sé mælikvarði á það. Ég held til að mynda að ekki sé nokkur leið að

flokka grein, eins og ég áður nefndi í Financial Times, undir jákvæða auglýsingu. Það er bara ekki hægt. Áhrifin af slíkri umfjöllun geta ekki orðið önnur en neikvæð, því miður. En við skulum vona að skaðinn verði sem minnstur.

Varðandi stjórn tryggingarsjóðsins þá er það einmitt það sem gengur auðvitað ekki að hæstv. viðskrh. skipi hana með reglugerð þegar hann er búinn að fá tveggja milljarða heimildina. Það er fína kerfið. Fyrst handvelur ráðherra stjórnina og svo hefur hann opna tveggja milljarða heimild til þess að ráðskast með í samráði við þá stjórn.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Í fyrsta lagi vil ég benda á að það er alls ekki fjallað um leiðirnar til þess að bæta eiginfjárstöðu Landsbankans með óskýrum hætti í þessum tillögum. Það sem þar er lagt til er valið að ráðum endurskoðenda bankans og bankaeftirlits sem hafa tekið fullan þátt í undirbúningi þessa máls og lýst sérstaklega stuðningi við þessar aðgerðir. Það sama gildir um bankastjórn Landsbankans.

Hvort umfjöllun um þetta mál veki traust og viðhaldi því á íslenskum bönkum þá leyfi ég mér að vekja athygli hv. þm. á því að hann er líka þátttakandi í þeirri umfjöllun sem um það mál skiptir verulega miklu. Þess vegna held ég að menn ættu líka að velja orð sín þótt þeir séu í stjórnarandstöðu og kjósi að vera á móti því sem hér er lagt til, en vil að endingu þakka hv. efh.- og viðskn. fyrir það hvernig hún hefur haldið á þessu máli og alveg sérstaklega meiri hlutanum sem hér stendur saman að nál.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem lagt er til í brtt. minni hlutans er einmitt að skýra orðalag 1. gr. Taka af tvímæli um það að yfirtaka eigna eða skulda geti verið eitt af þessum jafngildu ráðstöfunum. Ég held að það sé eðlilegt að það sé gert skýrt af hálfu Alþingis að þessu fylgi heimild til handa ríkisstjórninni að fara í slíkar aðgerðir.

Í öðru lagi um umræðuna þá hef ég reynt að leggja mitt af mörkum, m.a. með því að upplýsa að efnislega stendur Landsbankinn vel. Það eru auðvitað þau skilaboð sem við eigum að koma á framfæri. En svo vakti það athygli mína að hæstv. ráðherra treystir sér ekki til að svara þessu með stjórn tryggingarsjóðsins en það er auðvitað svona að stjórnskipulega stendur það þannig að ráðherra ákveður með reglugerð hverjir sitja í þessari stjórn en hefur svo samráð við þá sömu stjórn um að ráðstafa þessum tveimur milljörðum sem frv. gerir ráð fyrir að hann fái í óskilyrt fé.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar er til komið vegna þeirra erfiðleika sem nú steðja að íslensku efnahags- og atvinnulífi. Það mætti hafa um það mál mörg orð og gagnrýna ríkisstjórnina fyrir stefnu hennar í þessum málum. Ég ætla þó að láta hjá líða að þessu sinni að fara mikið inn á þau mál en auðvitað er það ljóst að Landsbanki Íslands er mjög mikilvægur hlekkur í íslensku efnahags- og atvinnulífi og því nauðsynlegt að standa við bakið á þeim banka eftir því sem nokkur kostur er, enda sé það allt innan eðlilegra marka.

Það er ljóst að nauðsynlegt er að styrkja efnahagsreikning Landsbankans um þessar mundir og ég segi það fyrir hönd míns flokks að við teljum að þær aðgerðir sem verið er að grípa til séu mjög mikilvægar í því sambandi. Ég vil hins vegar gagnrýna þá meðferð sem þetta mál hefur fengið. Það er ljóst að ríkið ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsbanka Íslands. Landsbanki Íslands er ekki í slæmri lausafjárstöðu heldur þvert á móti en það var nauðsynlegt að styrkja efnahag hans þrátt fyrir það. Ég tel að það hafi verið mjög þýðingarmikið að gera það með skjótum hætti en án þeirrar miklu umræðu og sjónarspils sem þar fór fram. Ég tel að bæði hafi ráðherrar verið með klaufalegar yfirlýsingar og það hafi verið mikið um óundirbúnar skyndiákvarðanir.

Þrátt fyrir allt þetta óðagot sem þarna átti sér stað er það að baki og mikilvægt að taka efnislega afstöðu til málsins burt séð frá því og ég mun því ekki láta það hafa áhrif á afstöðuna til málsins á síðasta stigi. Ég vænti þess hins vegar að það sem þarna gerðist verði mönnum nokkur lexía og reynsla fyrir framtíðina en auðvitað eiga fjölmiðlar jafnframt verulega sök hér. Það er nú svo að fjölmiðlar okkar virðast helst hafa áhuga fyrir því oft og tíðum að gera sem mest úr vandasömum málum og gera meira úr þeim en efni standa til. Þetta er veruleiki sem menn lifa við og ætti því hæstv. ráðherrum ekki að vera ókunnugt um það og því er að mínu mati undarlegt þegar ráðherrar koma í beina útsendingu á sjónvarpsstöðvum og lýsa slíkum málum fram og til baka. Það tel ég ekki vera vönduð vinnubrögð og hefði verið hægt að komast hjá öllum þessum titringi.

Efh.- og viðskn. hefur farið mjög ítarlega yfir þetta mál og það hefur verið mín skoðun og okkar fulltrúa Framsfl. í nefndinni að það væri mikilvægt að tryggja sem besta samstöðu um afgreiðslu málsins og tryggja sem skjótastan framgang þess. Þrátt fyrir allt er það aðalatriðið að koma þessum ráðstöfunum á þannig að engin óvissa ríki um framtíð bankans. Ég vil í nokkrum orðum gera grein fyrir afstöðu okkar fulltrúa Framsfl. í nefndinni. Við teljum að 1. og 2. gr. séu eðlilegar og munum styðja þær. Það hefur komið til umræðu hvaða fyrirkomulag skuli vera á stuðningi ríkissjóðs. Ég túlka það svo eftir ræðu hæstv. viðskrh. að þar verði fyrst og fremst gengið frá málum eins og traustast er fyrir bankann. Aðalatriðið hlýtur að vera það fjárframlag sem þar er rætt um, þ.e. 2 milljarðar kr. Hvernig það er fært í bókum bankans tel ég ekki vera úrslitaatriði þar sem það mun hafa sömu áhrif á eiginfjárstöðu hans hvort sem það er tekið í gegnum rekstrarreikning eða höfuðstól. Öllum þeim sem lesa reikninga bankans af kostgæfni hlýtur að vera það ljóst að hvort sem það er tekið gegnum rekstrarreikning eða

ekki þá er þar um sömu tölur að ræða og er því skýringaratriði við reikningana.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því að Tryggingarsjóður viðskiptabanka fái nýtt hlutverk og þetta hlutverk sjóðsins verði það að lána viðskiptabönkum fé, svokölluð víkjandi lán, til þess að tryggja eiginfjárstöðu þeirra. Það er alveg ljóst að með þessu fær sjóðurinn alveg breytt hlutverk sem hlýtur að kalla á endurskoðun á ákvæðum um hann. Það er mjög líklegt að t.d. þeir bankastjórar sem sitja í stjórn sjóðsins í dag gætu orðið vanhæfir til að fjalla um málefni sjóðsins. Stjórn sjóðsins hlýtur að þurfa að kanna ítarlega fjárhag viðkomandi banka og það getur verið vafasamt að bankastjórar eða æðstu yfirmenn banka fái með þeim hætti aðgang að ýmsum upplýsingum, trúnaðarupplýsingum um samkeppnisaðila sem leynt þurfa að fara samkvæmt eðli máls. Það getur jafnframt verið óeðlilegt að æðstu yfirmenn banka fjalli um málefni eigin banka í stjórn slíks sjóðs. Á þetta sjónarmið var í reynd fallist í efh.- og viðskn. enda kemur eftirfarandi fram í nál. meiri hlutans, með leyfi forseta: „Meiri hluti nefndarinnar telur nauðsynlegt að endurskoða ákvæði laga um tryggingarsjóði viðskiptabanka og sparisjóða og mun taka þau mál til meðferðar við umfjöllunar nefndarinnar á frv. til laga um viðskiptabanka og sparisjóði."

Ég hef skilið hæstv. viðskrh. þannig að hann taki undir þetta sjónarmið án þess að það hafi komið fram hvernig þessum lögum verði beitt. En það hlýtur að teljast eðlilegt að það verði gert í samvinnu viðskrn. og efh.- og viðskn. við meðferð þessa máls. Ég tel mjög nauðsynlegt að gera það sem fyrst og reikna með því að nefndin leggi sérstaka áherslu á að vinna í þessu frv. á næstunni í því skyni að geta afgreitt það sem fyrst.

Það er jafnframt nauðsynlegt að mínu mati að gera það í ljósi þess sem nú er komið upp því það frv. fjallar um starfsemi þessara innlánsstofnana og er rétt að líta til þess og breytinga á því í ljósi þeirra atburða sem nú hafa átt sér stað. Ég hefði að vísu talið nauðsynlegt og æskilegt að þessi breyting hefði átt sér stað nú þegar en á það hefur ekki verið fallist. Ég get að sumu leyti skilið að það hefur ekki unnist tími til að undirbúa það nægilega vel vegna þess hraða sem var á málinu og það hafði ekki fengið æskilegan undirbúning að mínu mati. En ég tel hins vegar mikilvægt að nefndarmenn skuli vera sammála um það og hæstv. viðskrh. skuli taka undir það að þessi breyting eigi sér stað.

Að því er varðar 5. gr. frv. þá tel ég ekki eðlilegt að opna svo víðtæka heimild til að lána úr Tryggingarsjóði sparisjóða og get því ekki stutt þá grein. Ég hefði talið eðlilegt að heimila það að lána 1 milljarð kr., eins og gert er ráð fyrir í þessum aðgerðum, en það hefur komið fram í umfjöllun nefndarinnar í þessu máli að ekkert liggur fyrir af einu eða öðru tagi um að það kunni að vera nauðsynlegt að lána öðrum bönkum fjármagn úr þessum sjóði. Það hefur verið staðfest að eiginfjárstaða Búnaðarbanka og Íslandsbanka er traust. Þessir bankar eru báðir með yfir 10% eigið fé samkvæmt BIS-reglum, samkvæmt þeim ársreikningum sem liggja fyrir frá þessum bönkum. Er því ekki hægt að álykta annað en að fjárhagsstaða þessara banka sé þokkalega traust miðað við þær aðstæður sem nú eru uppi. Hitt er svo annað mál að auðvitað getur staða bankakerfisins breyst skyndilega í ljósi atburða í efnahagslífinu. Og ef ekki tekst að koma traustari fótum undir íslenskt atvinnulíf en nú er þá getur vissulega orðið þar mikil breyting á. Þess vegna er það að sjálfsögðu mikilvægasta verkefni stjórnvalda og allra landsmanna að treysta stöðu atvinnulífsins sem er jú undirstaða efnahagslífs okkar.

Það hefur hins vegar komið fram að það sé ekki gott að draga þetta til baka vegna þess að í þessu felist yfirlýsing ríkisstjórnar um það að hún ætli sér að standa við bakið á íslenska bankakerfinu. Það má vel vera að nokkuð sé til í þeim málflutningi en ég er ánægður með að það skuli vera um það samstaða í nefndinni að það sé nauðsynlegt — eða eins og það er orðað hér, með leyfi forseta: „Meiri hluti nefndarinnar telur að ef til frekari lánveitinga kemur í samræmi við 5. gr. frv. sé eðlilegt að hafa samráð um það við efh.- og viðskn." Ég túlka þetta orðalag þannig og vildi fá staðfestingu hæstv. viðskrh. á því að ef til þess kæmi, sem við skulum vona að ekki verði, þá verði haft samráð um það við efh.- og viðskn.

Ég held að það sé alveg ljóst að ef til einhverra slíkra atburða kemur þá er það svo stórt mál að það verður fjallað um það með einum eða öðrum hætti á Alþingi og í þjóðfélaginu. Ég tel að það sé öllum fyrir bestu, bæði viðkomandi bankastofnunum og því trausti sem þarf að vera á getu okkar út á við til að greiða af lánum, að slík mál séu rædd í efh.- og viðskn. áður en endanleg ákvörðun er tekin. Það er mikilvægt vegna umræðunnar að þeir sem þurfa og munu taka þátt í henni séu undirbúnir með þeim hætti og geti lagt á ráðin í þeim efnum. Ég tek undir það sem formaður nefndarinnar sagði í þessu sambandi. Þegar það var t.d. ákveðið að veita Landsbanka Íslands 1.250 millj. kr. víkjandi lán var það ekki upplýst áður til efh.- og viðskn. sem varð til þess að skapa titring í sambandi við það mál vegna viðbragða formanns nefndarinnar sem hefði verið hægt að koma í veg fyrir ef samráð hefði verið haft um málið. Ég vænti þess að hæstv. viðskrh. staðfesti þetta mál á eftir.

6. gr. frv. tel ég í reynd að sé óþörf af þeirri einföldu ástæðu að það eru nægar heimildir í lögum að því er varðar eftirlit með innlánsstofnunum. Bankaeftirlitið hefur miklar skyldur samkvæmt lögum til að hafa eftirlit með þessum stofnunum. Þeim er skylt að hafa sérstaka endurskoðendur til að fara yfir reikninga sína og hafa eftirlit með allri starfsemi. Þessir endurskoðendur eru fagmenn sem eru óháðir viðkomandi stofnunum og ætti það að vera nægilegt. Þar fyrir utan, sem er að sjálfsögðu aðalatriðið, hafa viðskiptabankarnir bankaráð sem hafa miklar eftirlitsskyldur. Það er mikilvægt að allir þessir aðilar hafi skýra eftirlitsábyrgð og það verði ekki dregið úr henni með einum eða öðrum hætti með því að skipa nýja eftirlitsaðila. Það er að mínu mati nauðsynlegt að það sé alveg skýrt

að stjórnendur bankanna bera ábyrgð á rekstri þeirra og þeir eftirlitsaðilar sem nú starfa þar haldi þeirri ábyrgð sem þeir hafa. Með því að skipa nýja aðila í þessu skyni er verið að trufla þá ábyrgð og þær skyldur sem núverandi aðilar hafa og getur slíkt verið mjög skaðlegt.

Að mínu mati hefði verið best að 6. gr. félli niður enda gjörsamlega óþörf. En það hefur verið sett í nál. meiri hluta efh.- og viðskn. að það sé óþarft að skipa nýja eftirlitsaðila og hef ég litið svo á að það sé ekki ætlunin hæstv. ríkisstjórnar að gera það. Ég held að það sé líka mjög óheppilegt að ríkisstjórn á hverjum tíma blandi sér um of í rekstur bankastofnana því ekki er vitað hvar slíkt getur endað. Ég vænti þess að hæstv. viðskrh. staðfesti líka að það sé ekki ætlunin.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa lengra mál um þetta annars mikilvæga frv. sem ég tel best að koma frá Alþingi sem allra fyrst. Því vil ég ekki fara allt of ítarlega út í málið. Ég tel jafnframt mikilvægt að nú hefur skapast meiri vissa um framtíð Landsbankans því það hefur verið staðfest af hæstv. *forsrh. að ekki sé ætlunin að breyta stjórnarformi hans* eða breyta honum í hlutafélag. Það hefur líka skapað mikla óvissu í umræðunni að undanförnu því það er vitað mál að með slíkri breytingu ber ríkissjóður væntanlega ekki lengur ábyrgð á skuldbindingum bankans.

Ég er sammála því að það er ekki tilefni til þess nú, miðað við þær aðstæður sem eru í íslensku efnahagslífi, að ræða slíkt því að það hlýtur jafnframt að skapa óvissu og draga úr trausti utanaðkomandi aðila á bankanum. Það er mjög óheppilegt að slík umræða sé í gangi um langan tíma. Þess vegna fagna ég því að þarna hefur verið skýrt kveðið á um og lít svo á að þeim áformum hafi nú verið frestað.

Ég vil lýsa því yfir fyrir hönd fulltrúa Framsfl. í nefndinni að við munum ekki flytja sérstakar brtt. við frv. þrátt fyrir gagnrýni okkar á það. Við munum hins vegar sitja hjá við atkvæðagreiðslu um nokkrar greinar í frv. og vísa til þeirrar gagnrýni sem ég hef hér sett fram. En í ljósi þeirra yfirlýsinga sem standa í nál. meiri hluta efh.- og viðskn. og í trausti þess að við þær verði staðið munum við styðja málið heild sinni við endanlega afgreiðslu þess á Alþingi.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Um leið og ég tek undir það með hv. 1. þm. Austurl. að ekki sé fyrirsjáanleg þörf fyrir frekari víkjandi lánveitingar á grundvelli 5. gr. laga frv. sem við ræðum hér í dag vil ég staðfesta að ég tel eðlilegt að samráð verði haft við efh.- og viðskn. ef svo færi einhvern tímann í framtíðinni að á þetta kynni að reyna.

Ég vil líka taka það fram að ég tek undir það sjónarmið, *sem kemur fram í nál. meiri hlutans*, að það sé nauðsynlegt að flýta endurskoðun lagaákvæða um tryggingarsjóði innlánsstofnana, bæði viðskiptabanka og sparisjóða. Ég vil líka benda á að í athugasemdum með frv. er að þessu vikið og þörfinni fyrir endurskoðun á lagaákvæðunum um sjóðina, um hugsanlega sameiningu þeirra og eflingu og að sjálfsögðu um breytt stjórnarfyrirkomulag í þeim með hliðsjón af breyttu hlutverki þeirra.

Ég vil svo að endingu segja það alveg skýrt að með 6. gr. þessa frv. er ekki verið að draga úr skýrri ábyrgð og eftirlitsskyldu þeirra stofnana og aðila sem um þau mál fjalla nú í bankakerfinu, heldur er hér eingöngu verið að ítreka af hálfu Alþingis það aðhald og þær kröfur til þeirra stofnana sem fengju fyrirgreiðslu á grundvelli þessara laga sem Alþingi hlýtur að gera kröfu um.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins þakka hæstv. viðskrh. fyrir þessi svör. Ég tel þau fullnægjandi og staðfesta það sem segir í nál. meiri hlutans og tel hér hafa komið fram viljayfirlýsingu hæstv. viðskrh. að standa við það af sinni hálfu sem þar stendur.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Um þetta frv. sem hér er komið til 2. umr. má nota þau orð að allt orkar tvímælis þá gjört er. Það er vægast sagt margt í þessu frv. og í þeim aðgerðum sem fram undan eru gagnvart Landsbankanum sem orkar tvímælis. Engu að síður hef ég komist að þeirri niðurstöðu að vandlega athuguðu máli að skrifa undir álit meiri hluta efh.- og viðskn. með fyrirvara vegna þess að ég tel þetta mál vera af mjög alvarlegum toga og brýnt að um það myndist sem breiðust samstaða og svo hitt að meiri hluti nefndarinnar náði að miklu leyti saman um þetta mál þó ég hefði í ýmsum atriðum viljað ganga mun lengra.

Það er fróðlegt að rifja það upp að málefni Landsbankans hafa oft komið til kasta Alþingis og því miður oft út af vandræðum sem þar hafa skapast. Ég rifja þetta upp vegna þess að það hefur komið fram í umræðum hér að menn hafa ekki farið rétt með sögu bankans og það særir mig þegar ekki er farið rétt með sögulegar staðreyndir. Hann var stofnaður árið 1885 og tók til starfa 1886. Í svo langri sögu er auðvitað ekki von á öðru en að upp komi vandræði og ég held ég muni það rétt að a.m.k. einu sinni hafi málefni Landsbankans valdið afsögn ráðherra og stjórnarkreppu. En það er annað mál og virðist vera sem stjórnarkreppu hafi verið afstýrt að þessu sinni. En hvað um það. Ég hef mikla fyrirvara við þetta mál þó ég telji að aðgerðir í málefnum bankans séu mjög nauðsynlegar og ég ætla að styðja þær.

Þeir fyrirvarar sem ég hef við þetta mál eru varðandi 3. gr., 5. gr. og 6. gr. frv. Þar er fyrst að nefna Tryggingarsjóð viðskiptabankanna og það atriði að farið skuli út í að breyta hlutverki hans með svo afgerandi hætti *í svona miklum fljótheitum*. Í þinginu er til meðferðar frv. um viðskiptabankana og við í efh.- og viðskn. erum komin nokkuð á veg í vinnslu þess. Þar hefði verið hægt að taka á þessari breytingu og ræða það og kanna í rólegheitunum hvort rétt sé að breyta hlutverki tryggingarsjóðsins með þessum hætti og gera hann þar með að sama fyrirbæri og Tryggingarsjóður

sparisjóðanna er. Ég hefði verið tilbúin að samþykkja það að nota sjóðinn til að rétta Landsbankann af einu sinni en skoða síðan hlutverk sjóðsins í rólegheitum.

Það er farið nokkuð hratt fram og sú spurning vaknar hvort sú aðferð sem hér er beitt sé rétt. Ég er líka á þeirri skoðun að í rauninni ætti að leita til þingsins í hvert eitt sinn því hér er oftast um miklar upphæðir og ríkisfyrirtæki að ræða og ekki óeðlilegt að það komi til þingsins, enda stjórn Landsbankans kjörin af þinginu.

Þá er það að nefna að í 5. gr. er veitt opin heimild upp á 3 milljarða kr. þó ljóst sé að Landsbankinn þarf ekki á meira en milljarði að halda í þetta sinn. Vonandi þarf hann ekki oftar að sækja í þennan sjóð. Það orkar vissulega tvímælis að fjmrh. veiti ábyrgð fyrir 3 milljörðum kr. þegar ljóst er að ekki er þörf á svo miklu. Það orkar tvímælis hvernig að þessu er staðið.

Varðandi 6. gr. hefur það verið gagnrýnt af hálfu Landsbankans að þar skuli eiga að binda í lög að gera eigi sérstakan samning við bankann og fleiri fjármálastofnanir ef til einhvers konar fyrirgreiðslu kemur og að það skuli standa í lögum að stofnunin skuldbindi sig til að grípa til aðgerða til að bæta afkomu sína og eiginfjárstöðu því auðvitað eru bankarnir stöðugt að gera það. Eins og fram hefur komið í umræðunni hefur Landsbankinn á undanförnum árum verið að taka mjög einarðlega á sínum málum. Það má segja að það felist í þessu örlítið vantraust á bankann. Það má kannski segja að af hálfu ríkisins sé eðlilegt að hafa tæki eins og þetta en þau eru í öðrum lögum. Hlutur ríkisins er mikill í stjórn bankans. Alþingi kýs bankaráð og bankaeftirlitið fylgist með allri starfsemi bankans og við erum einmitt að undirbúa ný lög um viðskiptabankanna þannig að í rauninni eru allar þær heimildir til staðar sem til þarf.

Þá er auðvitað ekki hægt að láta hjá líða að nefna meðferð ríkisstjórnarinnar á þessu máli eins og kom rækilega fram við 1. umr. þessa máls. Því lengra sem líður frá þessu upphlaupi þeim mun meira verður mér hugsað til þess hversu furðulegt það er að ríkisstjórnin skuli ekki fyrir fram leita eftir samstöðu um mál sem er jafnbrýnt og þetta og að það skyldi ekki hafa verið haft samráð við stjórnarandstöðuna um þetta mikilvæga mál og hvernig á því skyldi haldið.

Í efh.- og viðskn. náðist það fram að nefndin hefur lýst því yfir að hún telur eðlilegt að mál af þessu tagi komi fyrir fram inn á borð nefndarinnar, að haft sé samráð við nefndina og þar með er það komið inn á borð þingsins. Ég vona svo sannarlega að við þetta verði staðið því annað getur ekki talist eðlilegt í svona viðkvæmum málum og ég held að með slíkum vinnuaðferðum megi komast hjá miklum upphlaupum og óróa úti í þjóðfélaginu sem getur ekki annað en skaðað bankann.

Þá vil ég einnig nefna eitt, sem hefur ekki verið fyrirferðarmikið í þessari umræðu, en það er það atriði hvernig Búnaðarbankinn er dreginn inn í þetta mál. Í grg. segir að fyrirgreiðsla við Landsbankann sé háð því að viðræður hefjist milli Landsbankans og Búnaðarbankans. Eftir að efh.- og viðskn. hefur farið í gegnum þann hluta málsins sjá menn ekki mikla möguleika í þessu efni. Menn telja víst að eigendur greiðslukortafyrirtækjanna séu ekki sérlega spenntir fyrir því að annaðhvort Landsbankinn eða Búnaðarbankinn eignist meiri hluta í þeim og þegar allt sé talið sé það fyrst og fremst í fyrirtækinu Lýsingu þar sem til greina kemur að slík eignaskipti fari fram. Það er því spurning hvað er raunhæft í þessum efnum og hvort aðgerðir af þessu tagi verði að einhverju leyti til þess að styrkja eignastöðu Landsbankans.

Það sem ég hef rakið sýnir að mínir fyrirvarar við þetta mál eru býsna stórir en eins og ég nefndi áðan er hér mjög alvarlegt mál á ferðinni og brýnt að ljóst sé að Landsbankinn nýtur trausts og að á Alþingi sé ótvíræður vilji til þess að styrkja stöðu bankans þó um það megi deila hvaða aðferð sé best til þess og sú aðferð sem hér er farin orki tvímælis. Ég hefði frekar kosið þá aðferð sem stjórn bankans vildi fara í upphafi en hún kemur ekki heim og saman við hugmyndir ríkisstjórnarinnar um sjóði og hugmyndir hennar um það hvernig eigi að ná niður halla ríkissjóðs. Þeirri leið var því hafnað, þ.e. að stofnað yrði einhvers konar fyrirtæki eða sjóður sem keypti þær eignir og skuldir sem Landsbankinn situr uppi með en bankanum yrði síðan falið að koma þeim í verð. Ríkisstjórnin er viðkvæm fyrir sjóðaumræðunni og því kom þessi aðferð ekki til greina af hennar hálfu.

Ég vil líka ítreka það sem ég nefndi við 1. umr. um þetta mál að ég tel eðlilegt að menn fari ofan í þróun Landsbankans og skoði það u.þ.b. 10 ár aftur í tímann hvernig á málum hefur verið haldið í bankanum til þess að menn átti sig betur á vandanum, hvernig hann hefur skapast og hvaða pólitík hefur ráðið í útlánastarfsemi. Ég veit að þetta er viðkvæmt mál en það er nauðsynlegt að við áttum okkur á því hvað hefur gerst í bankamálunum og hvernig menn hafa haldið á spöðunum.

Ég vil líka nefna eitt í þessu samhengi og það er sú fréttatilkynning sem Seðlabankinn sendi frá sér út í heim og vissulega verður að nokkru leyti til að binda hendur okkar á Alþingi. Í þeirri fréttatilkynningu kemur fram að Tryggingarsjóður viðskiptabankanna verði opnaður og þar verði að baki 3 milljarðar kr. en fréttatilkynningin var send út í heim áður en nokkur lagaheimild var til staðar fyrir slíkri breytingu. Að sjálfsögðu var nauðsynlegt að reyna að róa viðskiptavini okkar og lánardrottna úti í heimi en það stingur í augu að bankinn skuli ákveða þetta með þessum hætti og gerir það að verkum að okkur er þrengri stakkur skorinn við mat á þeim leiðum sem fram undan eru því það vekur líka ákveðinn óróa ef verið er að hringla mikið í þessu máli.

Virðulegi forseti. Eins og hér hefur komið fram þá hef ég fyrirvara varðandi 3., 5. og 6. gr. frv. Ég vil taka það skýrt fram að ég áskil mér rétt til þess að styðja brtt. sem ég tel vera til bóta á þessu frv. Að öðru leyti styð ég það og vona að það fjaðrafok sem hér hefur orðið verði ekki til þess að skaða Landsbankann á nokkurn hátt og að með þessum aðgerðum takist að styrkja stöðu hans.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Umræður sem orðið hafa um þetta mál hafa verið nokkuð athyglisverðar en ég verð að viðurkenna að ég varð nokkuð ringlaður eftir umræðuna sem fram fór í fyrradag og áttaði mig satt að segja ekki fyllilega á tilefni hennar eða þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin hafði gripið til og fannst vanta inn í frásögn og rökstuðning ríkisstjórnarinnar fyrir sínum viðbrögðum hina raunverulegu ástæðu sem réttlætti þennan asa á málinu og þessi snöggu viðbrögð sem virðast hafa orðið í kringum hádegisbilið á þriðjudag.

Ég vil reyna að draga saman í örfáum orðum það sem mér sýnist vera staðreyndir í málinu og bæta inn í umræðuna örfáum spurningum um efnisatriði sem mér finnst ekki hafa komið fram í umræðunni. Sérstaklega þykir mér vanta af hálfu ríkisstjórnarinnar svör við spurningum um hvert hún er í raun að stefna.

Það sem mér sýnist standa upp úr varðandi stöðu Landsbankans eru eftirtaldar staðreyndir um stöðu hans um sl. áramót: Bankinn er yfir svonefndum BIS-reglum með um 8,3% eiginfjárhlutfall. Hann hefur mjög góða lausafjárstöðu, betri en í mörg ár og hefur ekki þurft að borga neina refsivexti á síðasta ári til Seðlabankans í fyrsta skipti um langa hríð. Hann býr við góða eiginfjárstöðu upp á rúmlega 6 milljarða kr. Og í fjórða lagi á hann inni í afskriftareikningi um síðustu áramót um 2,8 milljarða kr. eftir að menn eru búnir að afskrifa endanlega hærri upphæðir á síðasta ári en áður hefur þekkst, um 1.300 millj. kr. Hann á því inni á afskriftareikningi meira en tvöfalt hærri upphæð en hann *endanlega þurfti að afskrifa á síðasta ári.*

Þetta sýnist mér vera staðreyndir sem blasa við og út frá þeim verður maður að velta fyrir sér spurningunni um frekari aðgerðir. Það er ljóst að bankaeftirlitið og endurskoðendur mátu það greinilega þannig að hætta væri á verulegum áföllum í framtíðinni, á þessu ári og komandi missirum, og bankinn gæti þurft að ganga í gegnum miklar afskriftir. Það út af fyrir sig er fyrst og fremst stöðumat þessara aðila á þeirri efnahagsstefnu sem núv. ríkisstjórn fylgir því mat manna á því hvað kunni að tapast í framtíðinni byggist á þeim efnahagslegu forsendum sem viðskiptavinum bankans eru búnir.

Sjávarútvegurinn hvílir að mestu leyti í Landsbankanum og ég les út úr þessu mat þessara aðila á að afkomuhorfur og efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar sé þannig að þeir telja að það muni tapast verulega mikið á næstunni í þessari atvinnugrein. Eða með öðrum orðum það mat að stefna ríkisstjórnarinnar gagnvart sjávarútvegi og þar með gagnvart landsbyggðinni sé sú sama og verið hefur, þ.e. að gera ekki neitt. Það er „kemur-mér-ekki-við"-stefnan sem grundvallar þetta mat endurskoðenda bankans.

Það kemur mér því á óvart að heyra hæstv. viðskrh. halda því fram í framsöguræðu fyrir frv. að aðgerðir þessar styrki atvinnulífið. Mig vantar svar við þeirri spurningu hvernig það á að styrkja atvinnulífið að byggja aðgerðir til stuðnings Landsbankanum út frá þessum forsendum um viðskiptavini Landsbankans. Að staða þeirra inn í framtíðina sé þannig að hættan á verulegum áföllum frá þeirra hendi sé svo mikil að það verði að auka afskriftir á síðasta ári um 3 milljarða til viðbótar og það verði að afskrifa sérstaklega á þessu ári 5,8 milljarða. *Ég sé ekki að þessi stefna styrki atvinnulífið.* Ég sé þvert á móti út úr þessu það mat, sem veikir atvinnulífið og veikir sjávarútveginn á Íslandi, að menn grundvalli viðhorf sitt á því mati að ríkisstjórnin muni ekkert gera til að bæta rekstrarskilyrði í sjávarútvegi og mæta stöðu þeirra fyrirtækja sem hafa safnað upp skuldum þar undanfarinn áratug. Eða með öðrum orðum að það sé gjaldþrotaaðferðin sem eigi að ganga yfir á næstu missirum. Og gjaldþrotaaðferðin framkalli svo stór útlánatöp að nauðsynlegt er að leggja svo háar fjárhæðir til hliðar inn á afskriftareikninga. Annað fæ ég ekki séð út úr þessu máli.

Ég hef beðið eftir því frá því að ríkisstjórnin tilkynnti um sínar aðgerðir gagnvart Landsbankanum sl. þriðjudag að frá ríkisstjórninni kæmu einhverjar yfirlýsingar um aðgerðir í atvinnumálum. Mér fannst rökrétt að næsta skref af hálfu ríkisstjórnarinnar væri einhverjar yfirlýsingar um stefnu gagnvart atvinnulífinu, sérstaklega sjávarútveginum. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til þess að koma í veg fyrir það sem er fyrirsjáanlegt, að sjávarútvegurinn leggist alveg á hliðina á komandi vori því hann er þegar á hnjánum? Það verða ekki mörg fyrirtæki í sjávarútvegi sem geta gengið langt fram á þetta ár að óbreyttum skilyrðum. Ég held að öllum sem hafa kynnt sér stöðu sjávarútvegsins sé það ljóst að hann er það illa staddur að þessi atvinnugrein getur ekki gengið marga mánuði í viðbót án þess að *rekstrarskilyrðum hennar sé breytt.*

Ég vil því spyrja hæstv. viðskrh. og beina því enn fremur líka til hæstv. forsrh.: Hverjar eru fyrirhugaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar gagnvart sjávarútvegi á næstu mánuðum?

Það vantar inn í þetta prógramm nema það sé svo, sem ég les út úr mati manna á afskriftaþörf, að það eigi ekki að gera neitt. Það er út af fyrir sig stefna. En þá er eins gott að ríkisstjórnin komi fram og staðfesti að það sé hennar stefna að það eigi ekki að gera neitt.

Ég vil vekja athygli á því, sem reyndar hefur komið fram í ræðum áður, að sú leið að hækka afskriftirnar á síðasta ári verður til þess að bankinn fer undir BIS-skilyrðin sem aftur kallar á aðstoð frá ríkisvaldinu og gefur því færi á að hlutast til um framtíðarrekstur og stefnumörkun innan bankans. Það læðist að mér sá grunur að ríkisstjórnin hafi valið þessa leið einmitt vegna þess að hún vill framkvæma tiltekna stefnu innan Landsbankans. Þessi leið gefur henni færi á því og frv. er þannig sniðið að geta framfylgt þeirri stefnu sem ríkisstjórnin vill að farin verði. Það kom fram í framsöguræðu hæstv. viðskrh. að skilyrðin sem ríkisstjórnin setur fyrir fyrirgreiðslu eru tvíþætt. Annars vegar að Landsbanki og Búnaðarbanki skipti á eignarhlutum sínum í greiðslukortafyrirtækjum og eignarleigufyrirtækjum þannig að báðir bankarnir eigi meiri hluta í öðru fyrirtækinu í stað þess að vera minnihlutaeigendur í báðum eins og nú er. Um þetta skilyrði má segja að ég sé ekki að þörf sé á neinu lagafrv. eða skilyrði frá hendi ríkisstjórnarinnar til að ná

þessu fram. Ef svo er að ákvæði í samþykktum þessara eignarleigufyrirtækja séu þannig að bankarnir geta skipst á hlutum án þess að aðrir hluthafar komi þar að þá geta menn framkvæmt þessa aðgerð hvenær sem er. Ein og sér bætir hún ekkert eiginfjárstöðu þessara banka. Eignarhluturinn í þessum fyrirtækjum er nákvæmlega jafnmikilsvirði og hann var áður. (**Forsrh.:** Bókhald.) Nákvæmlega. Það sem menn eru að gera með þessu er bókhald. Menn eru að framkvæma aðgerð utan um bókhaldslegar reglur en enginn raunverulegur efnahagslegur bati verður í bönkunum við þessa tilfærslu og nauðsynlegt er að menn átti sig á því. Ef svo er að þessir eignarhlutar verða verðmætari við það að menn eigi meiri hluta í stað þess að eiga minni hluta þá verður hann verðmætari á kostnað annarra hluthafa. Varla getur það verið áform ríkisstjórnarinnar að ganga á verðmæti annarra hluthafa í þessum fyrirtækjum. Ég hygg að það sé rétt sem kom reyndar fram í frammíkalli hjá hæstv. forsrh. að þetta er bókhaldsleg aðgerð og engin verðmæti sem verða til við hana.

Í öðru lagi kom fram hjá hæstv. viðskrh. að fyrirgreiðslan væri háð því skilyrði að gengið yrði frá samningi milli viðskrh. og fjmrh. annars vegar og Landsbankans hins vegar um það til hvaða ráðstafana bankinn skuldbindur sig til að grípa í því skyni að bæta afkomu sína og eiginfjárstöðu. Það kom ekki fram í ræðu ráðherrans og ég hef ekki heyrt það af hálfu ráðherra í umræðunni hvað á að felast í þessum samningi nákvæmlega. Hins vegar minnir mig að ég hafi séð það haft eftir hæstv. viðskrh. í einhverju blaði að þessir samningar væru vel á veg komnir. Ég vil því spyrja hæstv. viðskrh.: Hvað er í samningnum? Hvaða markmið eru í þessu nánari en þarna kemur fram? Þetta er mjög opið og erfitt er að átta sig á því í hverju samningurinn yrði frábrugðin þeirri leið sem Landsbankinn sjálfur vildi fara.

Ég vil enn víkja að ræðu hæstv. viðskrh. í framsögu fyrir málinu. Hjá honum kom fram í samanburði á vandamáli banka á Norðurlöndum að þar hefði vandamálið verið ögn öðruvísi en hér. Bankarnir á Norðurlöndum hefðu verið með mikil útlán með veði í fasteignum. Ráðherra gat þess að að þessu leyti væri staða íslensku viðskiptabankanna önnur og betri. Ég hygg að það sé að nokkru leyti rétt vegna þess að banki eins og Landsbankinn hefur verið að færa veð sín undanfarin ár af fasteignum yfir á skip. Hann hefur verið að færa veðin af verðlitlum fasteignum og yfir í að veðsetja kvóta. M.a. gerði hann það árið 1990 í heimabyggðarlagi mínu. Það hefur svo aftur sínar afleiðingar þegar menn standa frammi fyrir vandamálinu. Eftir því sem ég sé á þessu er bankanum ætlað að lágmarka tap sitt á útlánum. Með öðrum orðum, honum er ætlað að selja veð sín á besta verði sem fáanlegt er. Hver er þá stefna ríkisstjórnarinnar? Er hún þá sú að Landsbankinn eigi að skáka til skipum milli byggðarlaga eftir því sem hann telur hagsmunum sínum best borgið eins og gert var á Súgandafirði þar sem togarinn var fluttur frá einum viðskiptavini Landsbankans yfir á annan í öðru byggðarlagi; eins og gert var á Bíldudal þar sem togarinn þar var fluttur frá einum viðskiptavini Landsbankans yfir á annan viðskiptavin Landsbankans í öðru byggðarlagi í öðrum landsfjórðungi? Eru það sömu fyrirmæli sem Landsbankinn hefur áfram gagnvart öðrum stöðum þar sem menn eru ekki búnir að bíta úr nálinni með þetta vandamál að hafa veðsett kvóta byggðarlagsins alveg til hins ýtrasta?

Verulegu máli skiptir fyrir íbúa í sjávarplássum hvernig stefnan er til framtíðar litið af hálfu Landsbankans og af hálfu ríkisstjórnarinnar í þessum málum. Á að vinna málið þannig að það eigi eingöngu að líta á bankalega hagsmuni?

Ég vil enn grípa til framsöguræðu hæstv. viðskrh. en hann sagði þar m.a., með leyfi forseta:

„Í sumum dæmum úr bankakreppu Norðurlanda hefur auk framlags úr ríkissjóði, víkjandi lána og í sumum tilfellum yfirtöku ríkisins verið gripið til þess ráðs að ríkið kaupi slakar eignir bankanna, einkum vonlítil útlán og fasteignir sem þeir kunna að hafa yfirtekið til á fullnustu kröfum en geta ekki losað sig við eða haft af neinar leigutekjur. Í staðinn hafa bankarnir fengið reiðufé eða skuldabréf. Ríkið hefur því í raun verið að stofna það sem kalla mætti úrgangssjóði bankakerfisins."

Þessari leið hafnar viðskrh. og segir að bankarnir séu best til þess fallnir að sinna verkefni af þessu tagi.

Þá verður mér hugsað til sjávarútvegsins, stöðuna í þeirri atvinnugrein og þýðingu hans í hverju byggðarlaginu á fætur öðru á landsbyggðinni og spyr: Er virkilega stefna ríkisstjórnarinnar að bankinn eigi að grisja? Á það að verða verkefni bankans að endurskipuleggja atvinnulífið úti á landi eingöngu út frá bankalegum forsendum?

Þessi spurning brennur á vörum margra og við henni hefur að sjálfsögðu ekkert svar komið enda hefur þetta sjónarhorn ekki verið rætt í þessari umræðu. En afar miklu máli skiptir að menn glöggvi sig á því að hér er í raun ekki aðeins um að ræða stefnu ríkisstjórnarinnar gagnvart Landsbanka heldur efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar í heild, að hún sé bara þessi, klippt og skorið, og ekkert meira.

Því vil ég ítreka þá spurningu sem ég bar fram í ræðu minni hvort áform séu uppi hjá ríkisstjórninni um aðgerðir varðandi afkomu sjávarútvegsins, bæði rekstrarskilyrði og þær skuldir sem þar hvíla á honum og að mínu mati eru langtum meiri en atvinnugreinin getur borið.

Ef þessi stefna verður framkvæmd eins og lýst er í framsöguræðu hæstv. viðskrh. er verið að setja fólk í byggðarlögum í þá stöðu að ef það vill halda atvinnu og tryggja verðgildi eigna sinna þá verður það að borga kvótann, hvað sem það kostar, af því það á engan annan kost. Þar er um háar fjárhæðir að ræða, svo nemur hundruðum millj. kr. Við höfum dæmi fyrir okkur á Vestfjörðum um tvö lítil sjávarútvegspláss sem réðu ekki við það verkefni. Við höfum dæmi um þriðja plássið sem stendur í sömu sporum og þó það sé allmiklu fjölmennara er allsendis óvíst að það ráði við það verkefni líka að kaupa kvótann því að þar er um

að ræða fjárhæð sem nemur 500–600 millj. kr. bara í veiðiréttindunum einum. Það er sérstakur skattur á þá íbúa sem hafa valið sér búsetu á þessum stöðum og valið sér að vinna við þessa atvinnugrein í sjávarútveginum.

Virðulegi forseti. Ég fer senn að ljúka máli mínu og vil einungis nefna það sem kemur fram í frv. sjálfu að ekki eru þetta allt aðgerðir þess eðlis að þær styrki Landsbankann í reynd. Í frv. kemur fram að leiðin til að styrkja bankann sé val á milli þriggja aðgerða: beint framlag, skuldabréf eða víkjandi lán.

Beint framlag mun að sjálfsögðu styrkja stöðu bankans, hann hefur meira á milli handa til að mæta erfiðleikum sínum.

Skuldabréf, útgefin af ríkissjóði til geymslu í bankanum eru út af fyrir sig eru verðmæti sem bankinn getur stuðst við en hann getur ekki gert sér það að neinu reiðufé.

Víkjandi lán styrkir ekki í reynd bankann nema sem sá bakstuðningur að ríkið stendur á bak við því að víkjandi lán framkallar útgjöld hjá bankanum. Af þessum lánum verður bankinn að borga vexti og verðtryggingu og af því láni sem honum var veitt um síðustu áramót, 1.250 millj. kr., miðað við 8% raunvexti erum við að tala um 100 millj. kr. bara í raunvexti á árinu 1993 sem verða að fara á rekstrarreikning og auka rekstrarútgjöld bankans um það. Hann verður að afla tekna á móti þeim útgjöldum sem þýðir að hann verður að viðhalda háum vöxtum. Ef menn bæta enn með öðru víkjandi láni upp á milljarð og jafnvel að hluti af tveimur milljörðunum verði líka víkjandi lán þá eru menn að framkalla útgjöld upp á 100 milljóna á þessu ári fyrir Landsbankann sem hann verður að mæta með því að viðhalda háu vaxtastigi. Það er því munur á þessum leiðum hvað varðar afkomu bankans.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum ekki fjölyrða meira um það annað en að ég tel 5. gr. afar óheppilega. Hún hefur orðið til þess að beina sjónum manna að öðrum lánastofnunum en Landsbankanum því að ákvæðið er tvíbent. Það er ekki aðeins að í því geti falist yfirlýsing frá ríkisstjórninni að hún ætli að leggja til peninga til að hafa handbæra ef eitthvað bregður út af í Landsbankanum eða öðrum lánastofnunum, heldur má líka líta á hana sem yfirlýsingu um það að staða þessara viðskiptabanka og sparisjóða annarra en Landsbankans sé þannig að betra sé að tryggja sig strax með heimild. Hún hefur í raun beint sjónum manna að öðrum lánastofnunum og að mínu mati að ósekju. Staða Búnaðarbankans er afar traust eins og fram hefur komið og þau gögn sem ég hef fengið um stöðu Íslandsbanka sýna að hann stendur traustum fótum líka. Ég tel miðað við þau gögn að ekki sé nein þörf á sérstökum aðgerðum honum til handa eða að neitt bendi til þess. Ég bendi mönnum á til fróðleiks að bankinn hefur á þeim árum sem núv. ríkisstjórn hefur starfað valið þá leið til þess að búa sig undir áföll að hækka afskriftir úr 1,2% upp í 2,5%. Hann hefur meira en tvöfaldað upphæðina sem hann telur þörf á að leggja til hliðar í öryggisskyni. Það er út af fyrir sig nokkur dómur á efnahagsstefnu núv. ríkisstjórnar.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Vegna þeirra orða hv. 5. þm. Vestf. að sagt hafi verið að afskrifa þurfi sérstaklega 5.800 millj. kr. á þessu ári í rekstri Landsbankans þá vil ég nota þetta tækifæri til að leiðrétta það. Það sem segir í athugasemdum frv. er efnislega að endurskoðandi bankans og ríkisendurskoðandi og reyndar bankaeftirlit telji nauðsynlegt að afskriftareikningur útlána, þ.e. það fé sem lagt er til hliðar til að mæta hugsanlegum áföllum, verði 4.500 millj. kr. í árslok 1992 en að æskilegt væri að sú fjárhæð, þ.e. þessi varúðarfjárhæð, verði enn hærri eða 5.800 millj. kr. Þetta er bakgrunnur þeirra tillagna sem hér eru gerðar. Með þeim er alls ekki sagt — og ég endurtek — alls ekki sagt að slíkar afskriftir þurfi að gera og það af síður sérstaklega eins og hv. þm. orðaði það. Þegar málið er skoðað er ég viss um að hv. þm. verður mér sammála um þann skilning á efninu sem hér liggur fyrir.

Að lokum vil ég benda á það sem reyndar hefur áður verið gert í þessum umræðum að um val leiða til að bæta stöðu Landsbankans eru rúmar heimildir í 1. gr. frv. og ekki hyggilegt að ræða á þessu stigi nákvæmlega hvernig það verður gert eða hvernig það muni á endanum birtast í reikningsskilum bankans. Eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Austurl. er efnið hið sama þótt við getum fengið í ljós ýmsar myndir af þessu í reikningunum. Þar verða valdar þær leiðir sem endurskoðendur bankans og stjórnendur hans í samráði við ríkisstjórnina telja affarasælastar fyrir bankann og fyrir ríkissjóð, eiganda hans.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ljúft að leiðrétta það sem fram kom hjá hæstv. ráðherra með 5.800 millj. Hins vegar er rétt að benda ráðherranum á og minna hann á það sem hann reyndar veit að það var mat manna að afskrifa þyrfti sérstaklega 3.000 millj. á síðasta ári. Fara með það úr 1.500 millj. upp í 4.500 millj. Af þessum 5.800 millj., sem menn telja nauðsynlegt að leggja til hliðar, er mjög stór upphæð sérstök. Hún er hærri en bankinn hefði talið að öllu eðlilegu þannig að megnið af þessari upphæð er auðvitað varúðarráðstafanir við efnahagsstefnu núv. ríkisstjórnar.

Ég vil segja um síðara atriði hjá hæstv. viðskrh. að leiðin skiptir máli fyrir banka upp á rekstrarkostnað hans og rekstrartekjur. Auðvitað skiptir það máli fyrir viðskiptavini bankans hvaða leið er farin því það eru þeir sem verða að borga kostnaðinn ef sú leið er valin að veita víkjandi lán. Þá velta menn viðbótarkostnaði upp á hundruðum millj. kr. jafnvel yfir á viðskiptavini bankans og eru þeir ekki allir beysnir fyrir að mati endurskoðenda bankans og ríkisstjórnarinnar.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Eins og kannski hefur sést á þunnskipuðum þingsalnum undanfarnar mínútur eða klukkutíma þá hlýtur það að vera mat manna hér að í þessu máli hafi allt verið sagt sem segja þarf í bili. Út af fyrir sig get ég tekið undir það, þ.e. í bili. Þetta mál á væntanlega eftir að fá meiri umræðu síðar.

Ég gat þó ekki látið hjá líða að koma aðeins í pontu áður en umræðu um málið lýkur til að lýsa yfir þeirri skoðun minni að ég tel að það sé verulega ámælisvert hvernig að aðgerðinni allri saman var staðið af hálfu þeirra ráðherra sem héldu um þetta mál. Gamalt máltæki segir: Veldur hver er á heldur. Þess vegna finnst mér mjög sérkennilegt þegar þessir sömu ráðherrar koma jafnvel upp og býsnast yfir fjölmiðlafárinu sem hefur verið í kringum þetta mál allt saman. Því hafi einhver þyrlað upp moldviðri og fjölmiðlafári þá eru það auðvitað ráðherrarnir. Það er óafsakanleg vanþekking á fjölmiðlum, vil ég segja, hafi menn ekki séð það fyrir að fjölmiðlamenn fengju, eins og maður segir „blod på tanden" þegar taktur væri sleginn með þeim hætti sem ríkisstjórnin gerði á þriðjudaginn. Við skynjuðum það öll í þingsalnum þó við værum bara óbreyttir fótgönguliðar á þingi að eitthvað mikið væri á döfinni þó við vissum svo sem ekki hvað það væri.

Hafi írafárið skaðað íslenska bankakerfið og lánstraust þess og orðspor erlendis er við ríkisstjórnina að sakast og ekki við stjórnarandstöðuna. Mér finnst vægast sagt mjög ósmekklegt þegar ráðherrar koma og kalla stjórnarandstöðuna til ábyrgðar og hálft í hvoru fara fram á það við hana að hún segi ekki mjög mikið um þetta mál, með öðrum orðum gleypi stórt og þegi, þá finnst mér það ósmekklegt vegna þess að það var ekkert leitað til stjórnarandstöðunnar með málið. Hún var ekkert uppfrædd um það sem í vændum var. Að vísu hefur komið fram að talað var við einn mann um málð, Steingrím Hermannsson, þingmann Framsfl., en við aðra var ekki talað mér vitanlega og ekkert samráð haft um það að þetta væri á döfinni. Kannski er það til marks um það að okkur sé ekki sýndur sá trúnaður af ráðherrum en þá veit ég ekki af hverju við höfum til hans unnið. En eins og ég segi, einum þingmanni var sagt frá þessu og ég veit ekki hvers vegna, en gagnvegir forustumanna í stjórnmálum eru órannsakanlegir, ekki síst fyrir þá sem ekki hafa kynnst þeim með beinum hætti.

En ég vil sem sagt að það komi fram að mér er algerlega fyrirmunað að skilja hvað ráðherrunum gekk til með þessu írafári öllu. Ég hélt eins og sjálfsagt fleiri að þeir væru með eitthvað stórt uppi í erminni, en mér sýnist svona eftir á að hyggja að ástæðan fyrir því hvernig þessi taktur var sleginn og hvernig trumbuslátturinn var hér sé kannski öðru fremur persónuleg fordild þeirra sem hlut áttu að máli.

Ég efast ekki um frekar en aðrir sem hér hafa talað að það hafi verið nauðsynlegt að grípa til ákveðinna aðgerða gagnvart Landsbankanum. Staðan í efnahags- og atvinnumálum er mjög erfið og það hlýtur auðvitað að segja til sín í starfsemi þessa stóra banka sem er langstærsti lánveitandi til atvinnuveganna í landinu. Ég held hins vegar að það fari ekkert hjá því að maður hljóti að velta því fyrir sér af hverju er nauðsynlegt að hækka afskriftareikninginn svo mikið sem raun ber vitni og það hefur verið bent á það hér af Kristni H. Gunnarssyni, 5. þm. Vestf. að væntanlega þýðir þessi mikla hækkun afskriftareikningsins það að þeir sem það leggja til hafa vantrú á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, að þeir óttast þá framtíð sem bíður hér við næsta horn. Ef þetta er ekki vantrú á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og ótti við nánustu framtíð, þá hlýtur að felast í þessu eitthvert mat á fortíðinni, að einhverjar lánveitingar í fortíðinni séu með þeim hætti að líklegt sé að þær tapist. Það séu sem sagt einhverjar vafasamar lánveitingar sem búi þarna að baki.

Ég held að stærsti hluti vandans eins og aðrir hafa bent á liggi í stöðunni í efnahags- og atvinnumálum, en það kann þó auðvitað fleira að koma til. Það er mín skoðun að það sé ástæða til þess að fara ofan í þetta mál og leita róta vandans, leita að ástæðum þess að að vissu leyti er bankinn kominn í ákveðna kreppu. Til þess að hægt sé að leita að rótum vandans þarf að mínu mati að skoða útlán bankans á umliðnum árum. Þegar ég segi þetta, þá felst ekki í því nokkurt vantraust eða nokkur yfirlýsing gagnvart núverandi bankastjórn bankans eða bankaráði, en mér finnst ekki óeðlilegt að þetta sé skoðað því að auðvitað er hér verið að grípa til sársaukafullrar aðgerðar. Það er verið að fara fram á það í rauninni og verið að ákveða það að skattgreiðendur leggi bankanum til hugsanlega tvo milljarða kr. og það er mjög líklegt að hagræðing sem gerð er krafa um í kjölfar þessara aðgerða leiði til uppsagnar starfsfólks í bankanum. Hér er um sársaukafulla aðgerð að ræða sem kemur við skattgreiðendur, kemur við fólk sem vinnur í þessum banka og mér finnst því eðlilegt í því sambandi að það sé skoðað hver sé rót vandans. Málið sé skoðað gagnrýnum augum. Og þetta hafa menn gert hér í kringum okkur. Við þekkjum bankakreppuna sem er í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi. Bæði í Svíþjóð og Noregi hafa verið ríkisskipaðar nefndir sem hafa farið ofan í þau mál, þ.e. orsakir þessarar kreppu. Það var sagt frá þessu m.a. í Morgunblaðinu í gær. Þar var grein í viðskiptablaðinu um hrun norska bankakerfisins og þar kemur m.a. fram að norskur hagfræðingur, Preben Munthe, hafði verið formaður opinberrar nefndar sem skipuð var af norsku ríkisstjórninni í október 1991 til að meta umfang og orsakir bankakreppunnar. Auðvitað sjá menn þar eins og hér ákveðnar augljósar orsakir sem liggja m.a. í gjaldþrotum fyrirtækja. En þeir telja þó engu að síður að það þurfi að útskýra þetta frekar og eins og segir hér í Morgunblaðinu, með leyfi forseta:

„Það sem er erfitt að útskýra er hins vegar hvað raunverulega orsakaði þær kringumstæður sem urðu mörgum stórum bönkum að falli. Spurningin snýst því um hvað orsakaði gjaldþrotabylgjuna, hvers vegna fasteignamarkaðurinn féll og hvers vegna bankakreppu síðustu ára hefur orðið svo vart í mörgum löndum."

Þetta er eitt af því sem þessi norska nefnd átti að skoða.

Í Svíþjóð var skipuð slík nefnd og það er m.a. sagt frá því í Politiken þann 1. febr. sl. og það rataði inn á forsíðu Morgunblaðsins þann 4. febr. Það er sagt frá því að sænsku bankarnir hafi tapað 2.000 milljörðum ísl. kr. og þar af hafi a.m.k. 200 milljarðar tapast vegna fjárglæfra og misferils af ýmsum toga. Þarna er ekki um það að ræða að það séu fjárglæfrar eða misferli bankanna heldur lántakenda hjá bönkunum og þessir

fjármunir hafi tapast. Og það segir hér í Politiken hvernig þetta hugsanlega stærsta fjárglæframál í sögu Svíþjóðar hefur farið með bankana.

Það er m.a. talað um í tengslum við þetta að þau lán sem þarna sé um að ræða séu oft í einkaleyfum og ýmiss konar tilbúnum réttindum sem eiga sér ekki stoð í veruleikanum. Stundum eigi þessi lán sér þá skýringu að þar séu að baki veð í fasteign en verð fasteignarinnar hafi verið svo gersamlega ofmetið að ekki styðjist við neinn raunveruleika og það gæti vel verið að við þekktum einhver slík dæmi hér á landi. Mér finnst miklu ríkari ástæða til þess að skoða þetta heldur en að ræða það að setja tilsjónarmenn yfir bankana eins og hér hefur komið fram, a.m.k. hjá einhverjum stjórnarliðum. Í því fyndist mér felast að vissu leyti ákveðið vantraust á núv. bankaráð og bankastjórn bankans að skipa tilsjónarmenn, en mér finnst að bankaráðið núverandi og bankastjórnendur hafi sýnt vilja til þess að taka á málum í bankanum. Ég veit ekki betur en þeir hafi m.a. hert útlánareglur bankans í tvígang og því sé ekki ástæða til þess að sýna þeim neitt sérstakt vantraust.

Þetta vil ég að komi hér fram og hefði nú gjarnan viljað fá einhver viðbrögð frá ráðherrum á það hvort þeir telji einhverja slíka nefndarskipan koma til álita.

Varðandi frv. að öðru leyti vil ég segja það, sérstaklega hvað varðar 3. gr. frv., að mér finnst sú grein orka mjög tvímælis, þ.e. að ganga í það í hasti á einum degi að breyta hlutverki Tryggingarsjóðs viðskiptabanka eins og gert er ráð fyrir þarna. Það er verið að tala um ekki aðeins að taka á vanda Landsbankans heldur að breyta hlutverki sjóðsins varanlega. Með öðrum orðum, hann eigi ekki bara að tryggja skil á innlánsfé heldur líka að veita víkjandi lán. Þetta finnst mér orka mjög tvímælis og hefði átt að skoðast í tengslum við frv. um viðskiptabanka sem liggur fyrir í efh.- og viðskn. Þar með er ég ekki að segja að þetta komi ekki til álita og þessi leið sé ekki fær. En hún hefði átt að skoðast í tengslum við sjálft frv. um viðskiptabanka en ekki að gera þetta með þeim hætti sem hér er lagt til. Ég sé í rauninni enga ástæðu til þess. Engu að síður hefði verið hægt að taka sérstaklega á Landsbankanum í þessari grein og einskorða aðgerðina við Landsbankann. Ég mun því ekki samþykkja þessa grein eins og hún liggur hér fyrir og áskil mér rétt til þess að styðja þær brtt. sem fram hafa komið við þessa grein. Þar að auki hef ég líka fyrirvara við 5. og 6. gr. þessa frv. og fæ ekki séð að 6. gr. eigi í rauninni nokkurt erindi inn í þetta frv. En þetta vil ég segja sem mína skoðun í þessu máli og hef orð mín ekki fleiri.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Spurt var hvers vegna hefði aðeins verið rætt sérstaklega við einn þingmann stjórnarandstöðuflokkanna fyrir fund ríkisstjórnarinnar, hvað til stæði að gera á ríkisstjórnarfundi. Ástæðan er sú að sá hv. þm. sem rætt var við er í senn fyrrv. forsrh., formaður stærsta stjórnarandstöðuflokksins og bankaráðsmaður í bankanum. Því þótti ástæða til þess að ræða við hann og gera honum grein fyrir því hvað stæði til.

Ég get verið sammála hv. þm. varðandi tilsjónarmenn. Ég tel og hef talið ástæðulaust að skipa bankanum tilsjónarmenn. Ég hef traust á yfirstjórn bankans og get tekið undir það með hv. þm. að það hefur af hálfu stjórnenda bankans á undanförnum missirum og árum margt verið gert til þess að styrkja stöðu hans og gera reksturinn skilvirkari þó að sjálfsagt megi betur gera í þeim efnum eins og til stendur að gera og vilji stendur til af hálfu bankans og af hálfu bankamálaráðherra.

Varðandi hugmynd um nefndarskipun sambærilega því sem hv. þm. nefndi til, þá tel ég ekki ástæðu til þess og vek athygli á því að þeir aðilar sem hafa komið á fund efh.- og viðskn., eftir því sem ég best veit, og þeir sem hér hafa rætt af hálfu stjórnarliða og stjórnarandstöðu hafa flestir ef ekki allir tekið undir það að vandamál Landsbankans séu allt annars eðlis en hinn mikli bankavandi á Norðurlöndum og því sé ekki efni til þess að skipa nefnd af þessu tagi. Hv. þm. nefndi einnig aðferð ríkisstjórnarinnar varðandi meðferð málsins eins og sumir aðrir hafa gert. Það hefur verið reynt að sýna fram á að málatilbúnaður ríkisstjórnarinnar við að styrkja stöðu Landsbankans sé til þess fallinn að veikja hann. Það hefur hins vegar komið fram frá viðskiptaaðilum bankans að einmitt þessi málatilbúnaður sé til þess fallinn að styrkja hann. Menn segja að það sé ánægjulegt að frétta þá fyrst af vanda Landsbankans þegar fréttinni fylgir jafnframt að sá vandi hafi verið leystur.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi það að mönnum létti að heyra fyrst um vanda Landsbankans þegar þeir heyra um leið að vandi bankans hafi verið leystur, þá er það auðvitað vel skiljanlegt, og ég held að menn þurfi að taka á svona málum mjög fljótt og vel þegar slíkur vandi kemur upp eins og hjá Landsbankanum. En það þarf þó ekki að gera það með því írafári sem ríkisstjórnin gerði og með því að slá slíkar dramatískar trommur eins og hún gerði með þetta mál. Að öðru leyti ætla ég að láta það útrætt.

Hvað vandamál íslenska bankakerfisins varðar og það kemur fram hjá forsrh. að það hafi allir sagt sem hafi komið á fund efh.- og viðskn. að það vandamál væri allt annars eðlis en vandamál bankanna á Norðurlöndum, þá hef ég svo sem heyrt þetta líka. En ég hef heyrt voðalega lítil rök fyrir þessu, ég hef heyrt afskaplega lítinn rökstuðning að sá vandi sé allt annars eðlis. Ég hygg að sá vandi sé að mörgu leyti sambærilegur og eigi sér að hluta til skýringar í efnahagsstjórn og ýmsum breytingum sem hafa átt sér stað á síðasta áratug og þess vegna finnst mér þetta dálítið þunn rök að hann sé allt annars eðlis því það fylgir ekkert kjöt á þeim beinum. — [Fundarhlé.]

Útbýting þingskjals:

Lagaráð Alþingis, 441. mál, frv. PP, þskj. 755.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 758,1 felld með 27:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, MF, ÓRG, SJS, SvG, AÓB, GHelg, HG, ISG, JÁ, KHG, KÁ.

nei: ÓE, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, HjálmJ, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHall, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, SalÞ.

9 þm. (PP, StH, VS, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JónK) greiddu ekki atkv.

15 þm. (LMR, GAK, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS, FrS, GunnS, JGS, JHelg, JVK) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þessi brtt. sem hér er til atkvæða gengur út á það að taka af öll tvímæli um að hluti af þeirri aðstoð til Landsbanka Íslands sem fjallað er um í 1. gr. geti orðið á því formi að eigandinn, ríkið, yfirtaki einhvern hluta eigna eða útlána bankans og bæti með slíkum aðgerðum stöðu hans. Það má segja að 1. gr. loki í sjálfu sér eins og hún er orðuð samkvæmt frv. ekki á það að slíkt geti komið til, en hitt hlýtur að vekja spurningar ef Alþingi fellir þá brtt. sem hér er fram borin, hvort þar sé Alþingi ekki að láta í ljós þann vilja sinn að ekki skuli verða um slíka yfirtöku eigna eða útlána að ræða. Ég lít svo á að þó svo að segja megi að brtt. sé fyrst og fremst til nánari skýringa á eða til að taka af tvímæli varðandi heimildir í 1. gr. frv., þá hljóti hitt að verða mjög alvarlegt umhugsunarefni ef Alþingi fellir þessa viðaukatillögu við 1. gr. hvort þar með verði ekki að líta svo á að verið sé að hafna því að einhver hluti af aðstoðinni við Landsbanka Íslands geti orðið í þessu formi. Ég teldi að slíkt væri mjög miður og vil láta það koma fram hér við atkvæðagreiðslu og vona að menn hugsi gang sinn í því ljósi. Ég segi að sjálfsögðu já, hæstv. forseti.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Þessi brtt. er óþörf. Ég segi því nei.

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, VS, ÞÞ.

15 þm. (FrS, GAK, GunnS, JGS, JHelg, JVK, LMR, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, VS, ÞÞ.

15 þm. (FrS, GAK, GunnS, JGS, JHelg, JVK, LMR, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 758,2 felld með 27:9 atkv. og sögðu

já: GHelg, HG, JÁ, KHG, MF, ÓRG, SJS, SvG, ÞÞ.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HjálmJ, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP.

12 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, ISG, IP, JónK, KÁ, PP, StH, VS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (FrS, GAK, GunnS, JGS, JHelg, JVK, LMR, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 758,3 felld með 27:11 atkv. og sögðu

já: AÓB, GHelg, HG, ISG, JÁ, KHG, KÁ, MF, ÓRG, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HjálmJ, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP.

9 þm. (FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JónK, PP, StH, VS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (FrS, GAK, GunnS, JGS, JHelg, JVK, LMR, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÞÞ, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 28:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HjálmJ, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, ÞÞ*.

nei: ÓRG*.

19 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JónK, KHG, KÁ, MF, PP, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (FrS, GAK, GunnS, JGS, JHelg, JVK, LMR, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu ekki að greiða atkvæði.]

4. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, JónK, JónS, KSG, KÁ, ÓE, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, VS, ÞÞ.

8 þm. (GHelg, HG, JÁ, KHG, MF, ÓRG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

15 þm. (FrS, GAK, GunnS, JGS, JHelg, JVK, LMR, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 758,4 felld með 27:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJS, SvG, GHelg, HG, JÁ, KHG, MF, ÓRG.

nei: RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, HjálmJ, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHall, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, ÓE, SalÞ.

13 þm. (StH, VS, AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, ISG, IP, JónK, KÁ, ÞÞ, PP) greiddu ekki atkv.

15 þm. (PJ, RA, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS, FrS, GunnS, JGS, JHelg, JVK, LMR, GAK, ÓÞÞ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þessi brtt. gengur út á það að í stað þess að heimila fjmrh. eins og gert er ráð fyrir í 5. gr. frv. að ábyrgjast lán allt að 3 milljöðrum kr., þá verði nú afgreidd heimild til handa ráðherra að taka lán eða ábyrgjast allt að 1 milljarði kr., þ.e. sú fjárhæð sem ákveðið hefur verið að ráðstafa til Landsbankans en veita ekki frekari heimildir að þessu sinni við afgreiðslu þessa frv. heldur verði þá leitað eftir því sérstaklega með sjálfstæðri lagaheimild á Alþingi ef til þurfi að koma frekari aðgerðir til að leggja bönkum í landinu fé. Það er okkar eindregin skoðun að það sé óeðlilegt að afgreiða opna heimild af þessu tagi eins og 5. gr. frv. gerir ráð fyrir. Við leggjum því til með þessari brtt. að upphæðin nú takmarkist við þá fjárhæð sem ákveðið hefur verið að gangi til Landbanka Íslands, sem sagt 1 milljarður kr. Ég segi já, hæstv. forseti.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Þegar innlánsstofnanir lenda í fjárhagslegum erfiðleikum, þá er eðlilegt að það sé tekið fyrir á Alþingi hverju sinni og því teljum við þm. Framsfl. það eðlilegast að aðeins sé veitt heimild til þes að lána Landsbanka Íslands í þessu tilviki. Hitt er svo annað mál að það hefur verið gefið út, bæði inn á við og út á við, að þessi sjóður hafi verið stofnaður og því má leiða af því líkum að ef það yrði dregið til baka gæti það skapað vantraust á þeim aðgerðum sem nú er verið að fara í. Við umfjöllun málsins hefur hæstv. viðskrh. gefið þá yfirlýsingu að ef til slíkra aðgerða kunni að koma í framtíðinni, sem engar líkur eru á í dag eftir viðtöl við bankana, þá muni verða haft samráð um það við efh.- og viðskn. þingsins. Ég tel að þessi yfirlýsing sé mikilvæg þótt betra hefði verið að aðeins hefði verið afgreidd ábyrgð upp á 1 milljarð nú. Ég mun því sitja hjá við afgreiðslu þessarar tillögu og greiði ekki atkvæði.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Í yfirlýsingu viðskrh. kom ekki fram hvort samráð yrði haft fyrir ákvörðunartöku eða eftir og ekki heldur hvort samráðið yrði um það að nýta heimildina. Ég tel því nauðsynlegt að samþykkja þessa brtt. og segi því já.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um það, eins og fram hefur komið, hvort eigi að takmarka heimildina í 5. gr. við þá fjárhæð sem fram hefur komið að ætluð er Landsbankanum. Nú virðist það vera að gerast hér að stjórnarliðið á Alþingi sé að fella þessa brtt. Það er mjög merkilegt vegna þess að hér í salnum sitja ýmsir, og hafa nokkrir þeirra þegar greitt atkvæði, sem m.a. hafa flutt frv. hér á Alþingi, eins og formaður fjárln., þar sem bannað er algerlega að afgreiddar séu opnar heimildir af því tagi sem hér á að veita til ráðherra. Svo hefur verið á Alþingi um nokkurt árabil. Þar hefur m.a. verið í fararbroddi fyrrv. formaður fjárveitinganefndar, núv. heilbrrh., þar sem menn hafa lagt á það höfuðáherslu sem nauðsyn endurbóta í ríkisfjármálum að það tilheyrði liðinni tíð að afgreiddar væru opnar heimildir af því tagi sem stjórnarmeirihlutinn virðist nú ætla að fara að afgreiða. Þessi atkvæðagreiðsla hér gefur þess vegna fullkomið tilefni til að draga í efa heilindi þeirra manna sem talað hafa hér á Alþingi og jafnvel flutt frumvörp um að nú þurfi þingið að sameinast um þá endurbót í ríkisfjármálum að hætta þeim gamla sið að afgreiða jafnopnar heimildir eins og eru í þessu frv.

Það er líka athyglisvert að bankastjóri Íslandsbanka hefur farið fram á það opinberlega í viðtali að ekki verði opnað á það í þessari 5. gr. að lánveitingin geti verið umfram það sem ætlað er Landsbankanum vegna þess að slíkt kunni að skapa óvissu um stöðu Íslandsbanka. Það er mjög athyglisvert að þeir ráðherrar og stjórnarliðið sem færir sérstaklega fram þau rök að nauðsynlegt sé að eyða óvissu um bankakerfið í landinu ætlar ekki að verða við þessari ósk bankastjóra Íslandsbanka. Þessi atkvæðagreiðsla er þess vegna öll hin sérkennilegasta og sýnir satt að segja enn á ný hve skynsemin ræður lítið för hjá forustumönnum ríkisstjórnarflokkanna í þessu máli. Ég segi já við þessari brtt. vegna þess að hún er eina leiðin til þess að reyna að leiða þetta frv. inn á einhverjar skynsamlegar brautir.

5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HjálmJ, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP.

20 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JónK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, StH, SJS, SvG, VS, ÞÞ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (FrS, GAK, GHelg, GunnS, JGS, JHelg, JVK, LMR, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 758,5 felld með 27:13 atkv. og sögðu

já: AÓB, GHelg, HG, ISG, JÁ, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, SJS, SvG, ÞÞ.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HjálmJ, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP.

8 þm. (FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JónK, StH, VS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (FrS, GAK, GunnS, JGS, JHelg, JVK,

LMR, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

6. gr. frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HjálmJ, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP.

21 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JónK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, StH, SJS, SvG, VS, ÞÞ) greiddi ekki atkv.

15 þm. (FrS, GAK, GunnS, JGS, JHelg, JVK, LMR, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

7.–8. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, JónK, JónS, KSG, KÁ, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, VS, ÞÞ.

10 þm. (FI, GHelg, HG, JÁ, KHG, MF, ÓRG, PP, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

15 þm. (FrS, GAK, GunnS, JGS, JHelg, JVK, LMR, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, VS, ÞÞ.

15 þm. (FrS, GAK, GunnS, JGS, JHelg, JVK, LMR, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Umhverfismál og upplýsingamiðlun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 42. mál. — Þskj. 43, nál. 404, brtt. 405 og 748.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 405,1 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, SvG, VS, ÞÞ.

20 þm. (FrS, GAK, GHelg, GunnS, JGS, JHelg, JVK, LMR, MF, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SigG, StG, StH, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, SvG, VS, ÞÞ.

17 þm. (FrS, GAK, GunnS, JGS, JHelg, JVK, LMR, MF, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StH, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 405,2 (ný 2. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 405,3 (ný 3. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 405,4 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 405,5 (ný 4. gr., verður 5. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 405,6 (ný 5. gr., verður 6. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 405,7 (ný 6. gr., verður 7. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 405,8 (ný 7. gr., verður 8. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 405,9 samþ. án atkvgr.

8. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

9. gr. (verður 10. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 748 samþ. án atkvgr.

Brtt. 405,10 (ný 10. gr., verður 11. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 405,11 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, VS, ÞÞ.

16 þm. (FrS, GAK, GunnS, JGS, JVK, KHG, LMR, MF, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Innflutningur á gröfupramma, frh. 2. umr.

Stjfrv., 239. mál. — Þskj. 308, nál. 741.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, ÓE, ÓRG, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, SvG, VS.

2 þm. (GHelg, PP) greiddu ekki atkv.

19 þm. (FrS, GAK, GunnS, ISG, JGS, JVK, KHG, LMR, MF, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StH, StB, TIO, ÞorstP, ÞÞ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, SvG, VS.
2 þm. (GHelg, ISG) greiddu ekki atkv.
18 þm. (FrS, GAK, GunnS, JGS, JVK, KHG, LMR, MF, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StH, StB, TIO, ÞorstP, ÞÞ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, VS, ÞÞ.
17 þm. (FrS, GAK, GunnS, ISG, JGS, JVK, KHG, LMR, MF, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, frh. 2. umr.

Stjfrv., 261. mál (sigling um strandleið). — Þskj. 342, nál. 744.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, VS, ÞÞ.
15 þm. (FrS, GAK, GunnS, JGS, JVK, LMR, MF, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, VS, ÞÞ.
16 þm. (FrS, GuðjG, GAK, GunnS, JGS, JVK, LMR, MF, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, VS, ÞÞ.
15 þm. (FrS, GAK, GunnS, JGS, JVK, LMR, MF, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Skálholtsskóli, frh. 2. umr.

Stjfrv., 297. mál (heildarlög). — Þskj. 462, nál. 745.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, VS, ÞÞ.
16 þm. (FrS, GAK, GunnS, JGS, JVK, LMR, MF, ÓÞÞ, PJ, RA, SighB, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SvG, VS.
17 þm. (FrS, GAK, GunnS, JGS, JVK, LMR, MF, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÞÞ, ÖS) fjarstaddir.

Ákv. til brb. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, VS, ÞÞ.
16 þm. (FrS, GAK, GunnS, JGS, JVK, LMR, MF, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StB, SvG, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, VS, ÞÞ.
15 þm. (FrS, GAK, GunnS, JGS, JVK, LMR, MF, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 302. mál. — Þskj. 471.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, VS, ÞÞ.
15 þm. (FrS, GAK, GunnS, JGS, JVK, LMR, MF, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Neyðarráðstafanir gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna, frh. fyrri umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 253. mál. — Þskj. 328.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, VS, ÞÞ.
15 þm. (FrS, GAK, GunnS, JGS, JVK, LMR, MF, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Meðferð og eftirlit sjávarafurða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 420. mál (aðgreining afurða og skoðunarstofur). — Þskj. 716.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, VS, ÞÞ.
15 þm. (FrS, GAK, GunnS, JGS, JVK, LMR, MF, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 421. mál (aðfararhæfi eldri úrskurða). — Þskj. 717.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, VS, ÞÞ.
15 þm. (FrS, GAK, GunnS, JGS, JVK, LMR, MF, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Hvalveiðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. GuðjG og MB, 308. mál. — Þskj. 477.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, VS, ÞÞ.
15 þm. (FrS, GAK, GunnS, JGS, JVK, LMR, MF, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 2.12 miðdegis.

---

135. FUNDUR

föstudaginn 19. mars,
að loknum 134. fundi.

Dagskrá:

1. Eiginfjárstaða innlánsstofnana, stjfrv., 439. mál, þskj. 740. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Upplýsingamiðlun og aðgangur að upplýsingum um umhverfismál, stjfrv., 42. mál, þskj. 761. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Innflutningur á gröfupramma, stjfrv., 239. mál, þskj. 308. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, stjfrv., 261. mál, þskj. 342. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Skálholtsskóli, stjfrv., 297. mál, þskj. 462. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Fullgilding samnings um fríverslun milli Íslands og Færeyja, stjtill., 354. mál, þskj. 633. — Fyrri umr.

7. Norræna ráðherranefndin 1992–1993, skýrsla, 407. mál, þskj. 701. — Ein umr.

8. Norrænt samstarf 1992 til 1993, skýrsla, 377. mál, þskj. 670. — Ein umr.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þannig háttar til með dagskrá þessa fundar að leita þarf afbrigða um að 1. til og með 5. dagskrármál megi koma á dagskrá og til umræðu þar sem of skammt er liðið frá 2. umr. Verður nú afbrigða leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, VS, ÞÞ.

16 þm. (FrS, GAK, GunnS, JGS, JVK, LMR, MF, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Eiginfjárstaða innlánsstofnana, 3. umr.

Stjfrv., 439. mál. — Þskj. 740.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Í tengslum við það frv. sem hér er til afgreiðslu hafa verið gefnar yfirlýsingar m.a. af hæstv. forsrh. og bankastjóra Seðlabankans sem nauðsynlegt er að inna hæstv. viðskrh. eftir hvort hann sé sammála.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum í þessum sal að um langt skeið hefur hæstv. viðskrh. lýst því yfir að það væri eitt af meginverkefnum ríkisstjórnarinnar á þessu ári að breyta Landsbanka Íslands í hlutafélag og breyta Búnaðarbankanum einnig í hlutafélag. Síðan hefur ráðherrann lýst því yfir hvað eftir annað að það sé síðan stefnumarkmið ríkisstjórnarinnar að selja þessa banka. Í fjárlögum yfirstandandi árs er síðan gert ráð fyrir 1 milljarði í tekjur sem að meginhluta áttu að koma vegna sölu á öðrum þessara ríkisbanka. Það hefur hins vegar verið vitað að þó nokkur ágreiningur hefur verið, m.a. innan Alþfl., um þetta mál og einnig er ljóst að mikil óvissa hefur skapast um það að öðru leyti.

Nú hefur því verið marglýst yfir af hæstv. ráðherrum í ríkisstjórninni, m.a. hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh., að mjög nauðsynlegt sé að eyða óvissu sem ríkir varðandi stöðu íslenska bankakerfisins. Einn af þeim þáttum sem tengist þessari óvissu er rekstrarform bankanna sjálfra vegna þess að það hefur afgerandi áhrif á stöðu þeirra á erlendum mörkuðum og viðhorf viðskiptaaðila gagnvart þeim. Það er t.d. vitað að þegar Íslandsbanki var stofnaður fluttu ýmsir viðskiptaaðilar fyrrum hlutafjárbankanna sig yfir í ríkisbankana vegna þess að þeir kusu frekar að vera þar. Það er einnig vitað að Íslandsbanki hefur orðið að greiða hærri lántökugjöld á erlendum mörkuðum vegna þess að hann er í hlutafélagsformi en ríkisbankarnir hafa hins vegar notið þess að hafa þann bakhjarl sem felst í eignarformi þeirra.

Nú hefur það gerst í tengslum við þá atburði sem hér hafa orðið að bæði hæstv. forsrh. og bankastjóri Seðlabankans, Jóhannes Nordal, hafa lýst því yfir opinberlega að nú sé ekki tími til þess að einkavæða bankana. Hæstv. forsrh. lýsti því yfir í viðtali við Morgunblaðið 17. mars þegar hann var spurður eftirfarandi spurningar: „Er þá einkavæðingu ríkisbankanna beggja slegið á frest?“ Svar hæstv. forsrh. var á þessa leið, með leyfi forseta: „Ég hygg að nú sé ekki tíminn til að einkavæða bankana. Menn verða að bíða þar til markaðurinn er hagstæðari. Hvenær það verður vil ég ekki spá um.“

Sama dag, miðvikudaginn 17. mars, birtist í DV viðtal við Jóhannes Nordal, aðalbankastjóra Seðlabankans. Hann segir, með leyfi forseta:

„Það er alveg ljóst að einkabankar þurfa á miklu eigin fé að halda við núverandi aðstæður. Og í þessu árferði er ekki sérstaklega auðvelt að breyta ríkisbönkum í einkabanka. Það er andstætt árferði til slíkra aðgerða. Ég held að við verðum að velja tíma til að breyta þeim með tilliti til efnahagsástandsins. Ég held að það sé ekki hagstætt eins og er og það er ekki gott að spá því hvenær það verður.“

Það er alveg nauðsynlegt að hæstv. viðskrh. eyði óvissu í þessu máli því satt að segja væri það til þess að kóróna sérkennileg vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í þessu máli ef sú óvissa ætti að vera áfram.

Tilefni þess að ég tek þetta hér upp er að sama dag birtist viðtal við hæstv. viðskrh., Jón Sigurðsson, í DV. Þar er hæstv. viðskrh. spurður að því hvort þessir atburðir mundu ekki hafa áhrif á það hvort ráðherrann legði fram frv. á þessu þingi um að breyta Landsbankanum og Búnaðarbankanum í hlutafélög. Hæstv. viðskrh. svaraði: „Nei. Það er ekkert tengt því máli. Það mál er í eðlilegum farvegi og verið er að undirbúa það. Ég tel þetta mál Landsbankans sýna að það er orðið æðierfitt að gíma við síbreytilegar aðstæður í bankaheiminum með ríkisbankakerfið. Á margan hátt er einfaldara að leysa þau vandamál sem koma upp ef bankarnir væru reknir í formi hlutafélags þótt ríkið eigi þá að öllu leyti og standi á bak við þá. Þetta er afar mik-

ilvægur hlutur, bara til þess að menn nái vopnum sínum eins og einn bankastjóri orðaði það."

Sú staða er komin upp að hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að nú sé ekki tími til að einkavæða bankana. Bankastjóri Seðlabankans hefur lýst því yfir að hann telji heldur ekki tíma til þess að gera það og hafi ekki hugmynd um það hvenær það verður. En hæstv. viðskrh. heldur sig enn þá við gamla listann um það að hann hafi ekki neitt breytt áformum sínum. Hann ætli sér að leggja fram á Alþingi á þessu þingi frv. um að breyta þeim sama banka, Landsbankanum, sem við erum nú að ríkisstyrkja, í hlutafélag og Búnaðarbankanum einnig og stefna ríkisstjórnarinnar um að selja síðan þessi hlutabréf sé óbreytt. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. viðskrh.:

1. Hyggst hæstv. viðskrh. enn leggja fram á þessu þingi frv. um að breyta Landsbankanum og Búnaðarbankanum í hlutafélag? Ég óska eftir alveg skýru svari við því, já eða nei.

2. Er hæstv. viðskrh. sammála yfirlýsingu forsrh. og yfirlýsingu Jóhannesar Nordals um að nú sé ekki tími til þess að hefjast handa við einkavæðingu bankanna og algerlega óvíst sé hvenær sá tími renni upp?

3. Er hæstv. viðskrh. ekki sammála því sem fram hefur komið að ég hygg m.a. frá hæstv. fjmrh. að úr því sem komið er sé ekki hægt að reikna með neinum tekjum í ríkissjóð á þessu ári vegna sölu Búnaðarbanka eða Landsbanka?

Ef hæstv. viðskrh. er einhver alvara með því að skapa stöðugleika gagnvart íslenska bankakerfinu þá er auðvitað alveg nauðsynlegt að hann svari þessum spurningum í dag áður en það frv. sem hér er til umfjöllunar verður að lögum. Þessar spurningar eru einfaldar, þær eru skýrar og hæstv. ráðherra getur svarað þeim í stuttu máli. Ég óska eindregið eftir því að hann gefi Alþingi Íslendinga svör við þessum spurningum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í þessu máli ríkir engin óvissa. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að breyta rekstrarformi ríkisbankanna í hlutafélagsform. Til þess verður valinn réttur tími. Það mál, rekstrarform ríkisbankanna, er ekki á dagskrá þessa fundar. Ég vek athygli á því að enn síður er hér á dagskrá sala eignarhluta í slíkum hlutafélögum. Hér er því alls ekki verið að ræða um málið sem fyrir liggur. En ég get staðfest það skýrt og skorinort að það er ekki heppilegur tími til þess að selja eignarhluta ríkisins í bönkum um þessar mundir. Ef það er merking orðsins „einkavæðing", þá er það alveg rétt. Nú er ekki heppilegur tími til þess.

Hitt málið, breytt rekstrarform bankanna, er í eðlilegum farvegi. Að því máli er unnið og það mun líta dagsins ljós í fyllingu tímans þegar hentugur tími er til þess. Þetta verða mín svör við spurningum hv. 8. þm. Reykn. sem í reynd snerta ekki dagskrárefnið.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ferill þessa hæstv. bankamálaráðherra er að verða alveg með eindæmum. Það hefur verið rakið á Alþingi að undanförnu hvernig ráðherrann hefur reynst fara með rangt mál hvað eftir annað. Nú er hann kominn í deilur við bankastjóra Landsbankans um sannleiksgildi yfirlýsinga bankastjóranna hvað snertir fund með ráðherranum. Ég las hér upp yfirlýsingar hæstv. forsrh. og bankastjóra Seðlabankans og ég spurði ráðherrann þeirrar einföldu spurningar: Ætlar hann að leggja fram frv. á þessu þingi um að breyta sama Landsbanka og hér á að fara að ríkisstyrkja um nokkra milljarða í hlutafélag? Hæstv. ráðherra svaraði því engu. Hann fór annars vegar með almenna yfirlýsingu um stefnu ríkisstjórnarinnar og síðan um það að í fyllingu tímans kæmi það í ljós o.s. frv. þegar guði almáttugi þóknast að birta þjóðinni vilja sinn. Getur hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson séð að það þjónar hagsmunum íslenska bankakerfisins að hann sé maður til þess að viðurkenna að þessir atburðir hafi gert áform hans um lagasetningu á Alþingi um það að breyta Búnaðarbankanum og Landsbankanum í hlutafélag á þessu þingi að engu? Ef ráðherrann svarar því ekki alveg skýrt þá blasir óvissan áfram við. Ég spurði hann síðan að því hvort hann væri sammála því sem fjmrh. hefði sagt opinberlega á þessu ári að ekki sé að reikna með sölu hlutabréfa í Búnaðarbankanum og Landsbankanum. Ráðherrann treysti sér ekki heldur til þess að svara því. Er það nú framkoma við þingið hjá ráðherra sem er að biðja um að síðdegis á föstudegi sé samþykkt frv. þar sem ríkisvæðing Landsbankans er aukin stórkostlega með milljörðum í ríkisstyrk til Landsbankans, þá er ráðherrann ekki reiðubúinn að svara jafneinföldum spurningum og hér hefur verið beint til hans.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn hlýt ég að benda á að hér er rætt um annað mál en það sem er á dagskrá. En vegna þess að hv. 8. þm. Reykn. hélt því fram að á einhvern hátt bæri á milli um þá stefnu sem kynnt væri af hæstv. forsrh. og þeim sem hér stendur vil ég leyfa mér að benda á að í því viðtali í Morgunblaðinu sem hv. þm. vitnaði til segir orðrétt eftir forsrh., með leyfi hæstv. forseta: „Ég held að menn sjái í hendi sinni að það er ekki rétti tíminn til að einkavæða bankana í bili. Á hinn bóginn hefði getað verið kostur að bankinn væri hlutafélag þótt ríkið hefði átt hann." Þetta er meðal þess sem kom fram í viðtalinu við hæstv. forsrh. Hann segir nákvæmlega það sama sem ég sagði áðan. Auðvitað sér það hver maður að þetta er ekki tíminn til þess að selja þessar eignir og ýmsar aðrar reyndar líka. En formið á bönkunum er áfram viðfangsefni ríkisstjórnarinnar. Hún ætlar sér að breyta þeim í hlutafélög. Hvenær tíminn er réttur til þess kemur síðar í ljós, m.a. vegna þess óhjákvæmilega og vandaða undirbúnings sem að því þarf að hafa.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Satt að segja veit maður ekki hvort maður á frekar að hafa samúð með ráðherranum eða halda umræðunni áfram því að þetta er satt að segja orðin svo aumkunarverð framganga að hún nær varla máli. Hæstv. ráðherra er spurður að því hvort

hann ætli að leggja frumvörpin um hlutafélagsbankana, Búnaðarbankann og Landsbankann, fyrir þetta þing eða ekki. Ráðherrann treystir sér ekki til að svara því. Þar með verður fullkomin óvissa áfram, m.a. í viðskiptum Búnaðarbankans við umheiminn hvert rekstrarformið verður á þessu ári. *Ráðherrann er spurður að* því hvort hann ætli að selja Búnaðarbankann eða Landsbankann á þessu ári að einhverju leyti. Hann treystir sér ekki til að svara því. Þar með er hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson að opna á það að eftir að hér á að samþykkja lög þar sem með þessum lögum á hver fjölskylda að greiða 50–60 þús. kr. styrk til Landsbankans þá ætlar hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson enn að stefna að því að selja einhverjum gæðingum þennan banka síðar á árinu. Sér hæstv. ráðherra ekki nauðsynina á því að segja það alveg skýrt við skattgreiðendur í landinu þar sem hann ætlar í dag að samþykkja að hver einasti Íslendingur, börn og gamalmenni, sjúklingar og ellilífeyrisþegar, greiði 17 þús. kr. inn í Landsbankann, að ekki sé ætlunin að selja bankann á þessu ári einhverjum gæðingum? Nei, takk. Sú óvissa skal áfram vera.

Hæstv. ráðherra lagði ekki í að mótmæla orðum Jóhannesar Nordals. Það er alveg skýrt hvað Jóhannes Nordal segir í viðtalinu og það er reyndar líka alveg skýrt hvað forsrh. segir í viðtalinu að nú sé ekki tíminn til að einkavæða bankana og menn verði að bíða þangað til markaðurinn er hagstæðari. En ríkisstjórnin segir í dag: Markaðurinn verður svo óhagstæður á næstu missirum að það verður að leiðrétta reikninga Landsbankans til þess að hann geti mætt hugsanlegum áföllum á næstunni. Ég skora því á ráðherrann enn á ný að veita skýr svör á þinginu við þessum einföldu spurningum vegna þess að bæði þingið og þjóðin eiga kröfu á því að þeim spurningum sé svarað.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Enn hlýt ég að lýsa furðu minni á því að hv. 8. þm. Reykn. hefji umræðu um annað mál en það sem er á dagskrá þessa fundar. Ég vil láta koma alveg skýrt fram að í málinu er alls engin óvissa. Ekki síst með þeim aðgerðum, sem koma nú til atkvæða, *hefur íslenska ríkið sett fullan stuðning á bak við* íslenska bankakerfið, ríkisbankana jafnt sem aðra banka og alveg sérstaklega eflt eiginfjárstöðu Landsbankans. Ekki þarf frekar vitna við um það hvernig íslenska ríkið lítur á þetta mál. En þegar horft er til lengri framtíðar verða ekki gefnar yfirlýsingar af mér um það að stjórnin hafi breytt þeirri grundvallarstefnu sinni að hyggilegt sé að huga að breytingum á rekstrarformi bankanna. Um val á tíma til þeirra hluta mun ég alls ekki láta að duttlungum hv. 8. þm. Reykn. um það hvenær tímasetningar verða ákveðnar í því máli.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Töluvert hugmyndaflug þarf til að halda því fram í þrígang í þingsalnum að það sé annað mál en það sem hér er verið að ræða hvort þessum sama banka, Landsbanka Íslands, sem á að fá milljarða frá skattgreiðendum í landinu, verði breytt í hlutafélag og hann seldur á árinu. Er það annað mál hvað hæstv. viðskrh. hyggst gera við bankann? Hæstv. ráðherra getur varla verið alvara að halda því fram í þrígang að það sé annað mál.

Það er ekki meira annað mál en að hæstv. forsrh. *hefur séð sérstaka ástæðu til þess* í tengslum við þetta mál, sem við erum hér að ræða, aðspurður um það í Morgunblaðinu 17. mars að lýsa því skýrt yfir að nú sé ekki tími til að einkavæða bankana. Það er athyglisvert að hæstv. forsrh. hefur ekki dregið þá yfirlýsingu til baka í umræðunum. Hann lætur hana standa eins og hún birtist í viðtali við Morgunblaðið. Það er líka alveg ljóst að Jóhannes Nordal, aðalbankastjóri Seðlabankans, lítur ekki heldur á þetta sem annað mál. Hann hefur talið sjálfsagt og eðlilegt að lýsa því yfir í tengslum við afgreiðslu málsins að nú sé óráðlegt að breyta ríkisbönkunum í einkabanka. Ætlar hæstv. viðskrh. virkilega að halda því fram að Jóhannes Nordal viti ekki hvað hann er að tala um? Er seðlabankastjórinn Jóhannes Nordal kannski líka farinn að tala um annað mál? Auðvitað ekki. Auðvitað er þetta sama málið. Það veit þingið, það veit forsrh., það veit seðlabankastjórinn. Allir vita það nema hæstv. viðskrh. En auðvitað veit hann það líka að þetta er sama málið þó að hann vilji ekki viðurkenna það.

Í öðru lagi reynir hann með útúrsnúningum að segja að ég sé að spyrja hann um stefnu ríkisstjórnarinnar. Ég var ekki að spyrja hæstv. ráðherra um stefnu ríkisstjórnarinnar. Það er mikill misskilningur. Ég gekk satt að segja ekki svo langt að biðja hann að afneita stefnu ríkisstjórnarinnar. Ég var bara að spyrja um árið 1993 og framkvæmd þessarar stefnu á árinu 1993. Um *það bil tveir mánuðir eru eftir af þessu þinghaldi*, tæpir þó samkvæmt starfsáætlun þingsins og inni í því er páskaleyfið. Ég spurði að því hvort ráðherrann hyggist á þessum vikum sem fram undan eru flytja frv., eins og hann er búinn að boða aftur og aftur, um að breyta þessum sama Landsbanka í hlutafélag og Búnaðarbankanum einnig á þessu ári? Ég spurði ekki hvort ráðherrann hefði yfirgefið stefnu ríkisstjórnarinnar heldur hvort hann ætlaði að flytja frv. um það á næstu vikum sem þingið gæti síðan afgreitt fyrir vorið því það *hefur ráðherrann sagt hvað eftir annað að hann ætli sér.* Þangað til ráðherrann lýsir öðru yfir stendur sú yfirlýsing auðvitað.

Síðan spurði ég að því: Er ráðherrann sammála því sem fjmrh. hefur sagt að á árinu 1993 sé ekki hægt að reikna með tekjum í ríkissjóð af sölu hlutabréfa í Landsbankanum og Búnaðarbankanum ef þeim verður breytt í hlutafélag? Ráðherrann treysti sér ekki heldur til að svara þessu. Með öðrum orðum, hann kýs við lok umræðunnar að magna óvissuna í stað þess að koma málunum á hreint. Hann ætlar að láta það standa í lok umræðunnar að enn á ný standi til að flytja frv. um að breyta Landsbankanum í hlutafélag á næstu vikum. Síðan standi til að selja hlutabréfin á árinu. Sér hæstv. viðskrh. ekki að hann ber ábyrgð gagnvart íslenska bankakerfinu, gagnvart stöðugleika þess og áreiðanleika, m.a. í ljósi erlendra viðskiptavina, til þess að svara þessu skýrt varðandi árið 1993? Ég fer enn á

ný fram á það við hæstv. ráðherra að hann sjái nauðsyn þess að gera þetta alveg ljóst. Orðræður um að það sé annað mál er náttúrlega fullkomlega út í hött eins og hefur komið skýrt fram. Stjórnarmeirihlutinn á Alþingi ætlar með stuðningi ýmissa þingmanna úr stjórnarandstöðunni að samþykkja það að almenningur skuli leggja þennan umtalsverða styrk til Landsbankans. Það eru verulegar byrðar á almenning í landinu. Það er viðbótarskattlagning í einu eða öðru formi á almenning í landinu til þess að styrkja Landsbankann þannig að almenningur á auðvitað kröfu um að fá að vita það hvort síðan eigi að ráðskast með bankann áfram á næstu vikum eða mánuðum. Ég vona að hæstv. ráðherra verði við þeirri ósk að svara skýrt áður en málið verður afgreitt.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 8. þm. Reykn. heldur áfram sínum makalausa og rakalausa málflutningi. Hann gerir því skóna og byggir málflutning sinn á því að fram hafi komið stefnu- og skoðanamunur milli viðskrh., þess sem hér stendur, og forsrh. og seðlabankastjórans um hvort tveggja, stefnuna í sambandi við rekstrarform ríkisbankanna og hugsanlega einkavæðingu þeirra. Í öllum greinum er þetta rangt. Sé það efni skoðað sem hv. 8. þm. Reykn. leggur út af kemur í ljós að allir þessir þrír menn hafa í þessum atriðum lýst sömu viðhorfum. Það gildir jafnt um stefnuatriðin í málinu og tímasetningarnar í því.

Ég vil því að lokum segja alveg skýrt að í þessu máli er engin óvissa. Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin hefur í þessu máli valið, eins og hún vill velja í öllum málum, þá leið sem tryggir best hagsmuni fólksins í landinu, þess fólks sem hv. 8. þm. Reykn. var að gera sér upp samúð með að þurfa að standa undir álögum vegna Landsbankans. Það er að sjálfsögðu rétt að þetta frv. er ekki hlutur sem menn bera fínlega fram. En það er kjarni málsins að það er líka ábyrgð Alþingis og ábyrgð ríkisstjórnarinnar að finna þann farveg fyrir bankakerfi okkar sem tryggir best almannahagsmuni.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú þrautreynt að ekki er hægt að fá hæstv. viðskrh. til þess að sýna þann manndóm og þá pólitísku dómgreind að segja það alveg skýrt að hann ætli sér ekki að selja Landsbankann á árinu. Fyrst svo er þá blasir það við hér við lok umræðunnar að ríkisstjórnarmeirihlutinn á Alþingi ætlar með aðstoð ýmissa þingmanna að skattleggja Íslendinga um 50–60 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu í því formi sem felst í þessu frv. Síðan ætlar hæstv. viðskrh. að hafa það opið áfram að selja bankann á árinu og enginn veit með hvaða skilmálum eða í hvaða formi. Hann segir að enginn munur sé á því sem hann hefur sagt og sem seðlabankastjórinn hefur sagt. Það er rangt hjá ráðherranum vegna þess að seðlabankastjórinn segir alveg skýrt að óráðlegt sé að breyta ríkisbönkunum nú í einkabanka. Það hefur viðskrh. ekki sagt. Sem betur fer hefur forsrh. hefur líka kveðið öðruvísi að í þessu máli.

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram hér á undanförnum dögum að hæstv. viðskrh. er orðinn stórfellt vandamál í íslenska peningakerfinu. Hann hefur í fyrsta lagi gefið rangar yfirlýsingar um samþykktir ríkisstjórnarinnar varðandi fjárfestingarbankann. Hann hefur í öðru lagi gefið rangar yfirlýsingar varðandi viðræður sínar við bankastjóra Landsbankans og nú er hann í þriðja lagi ekki reiðubúinn að eyða þeirri óvissu sem óhjákvæmilegt er að eyða um rekstrarform og eignarhald Landsbanka Íslands á árinu 1993.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég lít nú svo á að það liggi alveg ljóst fyrir að ekki standi til að breyta rekstrarformi ríkisbankanna nú á næstunni. Jafnvel þótt hæstv. viðskrh. vilji ekki svara því beint, þá heyrist mér það liggja í loftinu að það standi ekki til og það er alveg ljóst að ekkert slíkt frv. getur fengið afgreiðslu á þeim stutta tíma sem eftir er.

En ég vildi aðeins gera að umræðuefni það sjónarmið sem hér hefur komið fram varðandi það fjármagn sem nú gengur til Landsbankans, að með því sé verið að skattleggja almenning í landinu. Ég tel að það sé röng framsetning. Ríkissjóður Íslands á Landsbanka Íslands og það er verulegt eigið fé sem ríkissjóður á í Landsbankanum og það hlýtur að vera skylda ríkissjóðs sem eiganda þessa banka að sjá til þess að þessar eignir glatist ekki. Það hlýtur jafnframt að vera skylda ríkissjóðs að standa við bakið á þessum mikilvægasta banka landsmanna sem er bakhjarl stærsta hluta atvinnulífsins sem flestir Íslendingar hafa vinnu hjá. Þess vegna tel ég það vera rangt þegar því er haldið fram að það sé verið að skattleggja almenning í landinu með þessum hætti. Það er þvert á móti verið að koma í veg fyrir það að eignir ríkisins glatist í þessum banka og ég vil leggja á það áherslu að það hlýtur að vera skylda bankastjórnar og bankaráðs að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að sem minnst tapist af eignum bankans.

Jafnvel þótt útlán séu nú afskrifuð með þeim hætti sem er gert ráð fyrir, þá er ekki þar með sagt að þessar fjárhæðir séu tapaðar. Það er einfaldlega ekki komið í ljós. Hér er verið að meta áhættu sem er fyrir hendi og ég legg á það áherslu að það verði allt gert og bankinn fái þau tæki sem hann þarf á að halda til þess að koma í veg fyrir það að þessi útlán tapist nema þá að sem minnstu leyti. Hitt er svo annað mál að auðvitað skiptir hér öllu meginmáli að ríkisstjórnin standi þannig að efnahagsmálum þjóðarinnar og breyti þar ýmsum áherslum til þess að koma í veg fyrir það að bankinn glati meira fé og atvinnuleysið fari enn vaxandi. Það er að sjálfsögðu meginmál sem ég ætla ekki að gera að umtalsefni hér, en vegna þeirrar umræðu sem hefur verið um það að hér sé verið að skattleggja almenning vildi ég koma þessum sjónarmiðum á framfæri og þeim meginástæðum fyrir því að við í þingflokki Framsfl. töldum rétt að greiða fyrir framgangi þessa máls í því skyni að standa sem best við bakið á

atvinnulífi landsmanna og koma í veg fyrir það að ríkissjóður Íslands og þar með almenningur glati miklum eignum sem felast í eign ríkisins á Landsbanka Íslands.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi er ég alveg sammála því sem hv. þm. segir að það verður ekkert svigrúm til þess að afgreiða á þessu þingi frv. um að breyta Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka í hlutafélög. En hins vegar er svigrúm fyrir hæstv. viðskrh. til að leggja þau fram og knýja á um einhverja umræðu um þau og þar með viðhalda áfram óvissu um rekstrarform og stöðu þessara banka.

Hinu er ég hins vegar ekki sammála að það sé haldið þannig á þessu máli sem hér er til afgreiðslu í dag að það sé ekki alveg sagt skýrt við almenning í landinu að hann komi hugsanlega til með að greiða verulegar fjárhæðir vegna þessa frv. Ég hélt satt að segja að við værum öll farin að sameinast um það að gera almenningi í landinu og okkur sjálfum grein fyrir því að lán þarf að borga og þau lán sem fjmrh. tekur fyrir hönd ríkissjóðs borgar almenningur í landinu. Það er að vísu til ýmislegt form á þeim greiðslum en algengasta formið eru skattgreiðslur. Og í 1. gr. þessa frv. er ríkisstjórninni heimilað að leggja 2.000 millj. fram úr ríkissjóði, jafnvel í reiðufé til Landsbankans, í reiðufé, og síðan er fjmrh. heimilt að taka að láni með fjárskuldarábyrgð 3 þús. millj. þar sem einn milljarður skal renna til Landsbankans. Það er auðvitað alveg ljóst að samkvæmt þessu frv. svo að ég taki bara 1. og 5. gr. er verið að leggja til heimildir með lögum til að fjmrh. geti afhent Landsbankanum 3 þús. millj. sem skattgreiðendur í landinu eru síðan ábyrgir fyrir. Ég tek hins vegar fyllilega undir það með hv. þm. að vonandi verður rekstur Landsbankans og efnahagslífið í landinu með þeim hætti á næstu missirum og árum að bankinn geti sjálfur staðið undir þessu, það vona ég sannarlega. En það eru þá veigamikil rök fyrir því, sú von, að fara aðrar leiðir í þessu máli en þær sem eru hér í þessu frv.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef nú ekki trú á því að ríkisstjórnin fari að leggja hér fram frv. um að breyta formi ríkisbankanna ef ekki er ætlunin að afgreiða það á yfirstandandi þingi sem ég tel vera gersamlega vonlaust og þess vegna trúi ég því nú vart að slíkt frv. verði lagt fram. En ég vildi aðeins minna hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson á það, þótt ég þurfi þess ekki, að auðvitað er almenningur í landinu ábyrgur fyrir öllum skuldbindingum Landsbanka Íslands. Landsbanki Íslands er ríkisbanki. Landsbanki Íslands er eign almennings í landinu og það hlýtur að vera skylda ríkisstjórnar á hverjum tíma og Alþingis að sjá svo til að þessi eign verði varðveitt og það komi ekki til þess að almenningur í landinu glati þessari eign. Þetta eru staðreyndir málsins. Því miður þarf að leggja þarna sérstaklega til fé til þess að styrkja þessa eign okkar allra, almennings í landinu, í sessi, en ef það væri ekki gert, þá mundi tap almennings verða mikið og ég tel rétt að þetta sjónarmið sé haft hér í frammi, en ekki litið þannig á að hér sé um einhverja venjulega skattpíningarstefnu að ræða í þeim stíl sem því miður hefur einkennt ýmsar aðrar aðgerðir núv. ríkisstjórnar.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er enginn ágreiningur milli okkar hv. þm. um það að almenningur í landinu er eigandi Landsbankans og það þjónar hagsmunum almennings að varðveita eignir og stöðu bankans. Það eina sem ég gerði hér í umræðunni og virðist hafa verið eitthvert feimnismál hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni vini mínum og félaga hér í stjórnarandstöðu var að ég notaði orðið „skattur" og það er nú algengt orð yfir þær greiðslur sem fara frá almenningi í gegnum ríkissjóð til einhverra annarra. Það er óþarfi fyrir hv. þm. að gera mér það upp að ég telji orðið „skattur" vera skammaryrði eða neikvætt, það er mikill misskilningur. Það er af og frá að ég telji svo vera. En ég tel hins vegar enga nauðsyn á því að vera að leyna almenning í landinu hvað hér er verið að gera. Það er auðvitað hægt að búa til alls konar fín orð í ríkisfjármálunum um víkjandi lán og dittinn og dattinn og láta þetta renna í gegnum tryggingarsjóð með sjálfskuldarábyrgð og svona fínum orðum. En þegar búið er að taka umbúðirnar utan af og kemur að því að borga þessi lán, þá verður það ekki gert öðruvísi ef þau falla á almenning en með einhvers konar sköttum.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég læt mér ekki koma það til hugar að fyrrv. fjmrh. tali um orðið skatt sem skammaryrði og ég er á engan hátt að reyna að skattyrðast við hann og tek það sem gilt að hann telji það nauðsynlegt að skattleggja landsmenn annað slagið. En ég tel að svo sé ekki í þessu tilviki. Það er fyrst og fremst það sjónarmið sem ég vildi koma hér á framfæri. Ég tel þvert á móti að hér sé verið að grípa til aðgerða sem komi í veg fyrir það að tap verði mikið á þessari eign og tel það nauðsynlegt. Auðvitað geri ég mér grein fyrir því að lán þarf að borga, en ég vænti þess að Landsbanki Íslands muni geta greitt til baka þetta víkjandi lán. Ég geri mér þær vonir. Og ég vænti þess jafnframt að arður geti orðið það mikill af Landsbanka Íslands í framtíðinni að ríkissjóður þurfi ekki að tapa á þessari aðgerð og þar af leiðandi þurfi ekki til lengri framtíðar litið að koma til skattheimtu ríkissjóðs til að standa undir henni. Þetta er alþekkt og ýmsir fleiri sem staðið hafa að ríkisstjórnum hafa staðið að því að mynda sjóði og mynda ábyrgðir til þess að koma í veg fyrir að landsmenn og atvinnufyrirtæki landsmanna töpuðu miklum fjármunum.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Í framhaldi af síðustu orðaskiptum er nauðsynlegt að ítreka að það er fjarri því að almenningur sé laus við klyfjarnar af þessu máli. Það er alveg ljóst að aðgerðir, sem grundvallast á því mati að það þurfi að afskrifa 10,3 milljarða af útlánum Lands-

bankans á árinu 1992 og 1993, þær hljóta að koma við almenning. Það er alveg ljóst, bæði með beinum og óbeinum hætti. Það er efnahagsstefnan sjálf sem það mat grundvallast á sem er vandamálið og sú stefna mun kosta almenning verulegar byrðar. Hún mun líka kosta viðskiptavini Landsbankans sérstakar byrðar því hann þarf að greiða hærri útgjöld vegna framlaga í formi víkjandi láns. Hann þarf að borga vexti og verðbætur af þeim víkjandi lánum upp á hundruð millj. kr. og þarf að afla sér tekna fyrir þeim útgjöldum með því að halda uppi vaxtastiginu á viðskiptavinum sínum sem eru almenningur og fyrirtækin. Hv. 1. þm. Austurl. verður að hafa það í huga að menn eru ekki svo gæfusamir í þessari aðgerð að almenningur sé laus við allar byrðar sem henni fylgja. Ef Landsbankinn á að borga þetta til baka verður hann að sækja það fé til að endurgreiða í gegnum sína viðskiptavini.

Það sem mér finnst vanta og stendur upp úr sem þögnin eftir þessa umræðu er: Er efnahagsstefna núv. ríkisstjórnar sú að keyra atvinnureksturinn í landinu í gjaldþrot? Er það gjaldþrotastefnan sem á að vera hér fram undan eða eru engar aðrar aðgerðir í undirbúningi af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að bæta afkomu atvinnuveganna, sérstaklega sjávarútvegsins? Matið á afskriftaþörf Landsbankans, sem aðgerðirnar grundvallast á, byggist á því að ekkert verði gert, að hvert sjávarútvegsfyrirtæki á fætur öðru hringinn í kringum landið fari á hausinn. Svo koma hæstv. ráðherrar eins og fjmrh. og viðskrh. og segja: Þessi aðgerð er að styrkja atvinnulífið. Hvað styrkir það mikið atvinnulífið ef öll þessi fyrirtæki fara á hausinn? Hversu betur er atvinnulífið statt eftir þá aðgerð? Hvaða klyfjar eru þá lagðar á almenning? Ég held að mönnum ætti að vera það ljóst að það er verið að leggja klyfjar á almenning í þeim plássum þar sem fyrirtæki hafa farið á hausinn, vestur á fjörðum og víðar, því að þeim almenningi er ætlað að borga fyrir það að eiga lífsgrundvöll með vitlausum lögum um stjórn fiskveiða svo dæmi sé nefnt.

Ég held að menn ættu að huga að því og knýja svara hjá hæstv. ríkisstjórn um það hvert hennar efnahagsprógramm er varðandi sjávarútveginn. Það er það sem stendur upp úr að vantar svör við eftir þessa umræðu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vildi aðeins benda á að hv. 5. þm. Vestf. hlýtur að hafa mismælt sig eða misskilið eitthvað þegar hann sagði að í þessu efni lægju upplýsingar tala um það að Landsbankinn ætlaði að afskrifa 10,3 milljarða í útlánum á liðnu ári og því sem nú er að líða. Þetta er algerlega fjarstæðukennt og á sér enga stoð í því efni sem hér hefur verið rætt. Ég vildi eingöngu láta þetta koma fram því að ég vil alls ekki skilja það eftir hér í umræðunni að þessari fjárhæð hafi ekki verið mótmælt.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðgerðirnar sem nú er verið að grípa til gagnvart Landsbankanum grundvallast á því mati á afskriftaþörf sem fram hefur komið að það þurfi að setja í afskriftasjóð bankans 4,5 milljarða kr. á síðasta ári og 5,8 á þessu ári. Ég fæ það út að það séu 10,3 milljarðar kr. Það er grundvöllurinn að aðgerðunum að menn meta hlutina svo að þetta geti komið til.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Því miður er hér mikill misskilningur á ferð. Það er rétt að það hefur komið fram það álit af hálfu endurskoðenda bankans og bankaeftirlits og ríkisendurskoðanda að nauðsynlegt sé að í árslok 1992 hafi verið lagt til hliðar á afskriftareikning útlána fjárhæðin 4.500 millj. kr. Sömu aðilar benda á að öruggara væri og varkárara og æskilegt að stöðutalan á afskriftareikningi útlána væri enn hærri eða 5.800 millj. kr. Þessar tvær tölur má alls ekki leggja saman. Eins og hér hefur ítrekað komið fram, ekki síst af hálfu þeirra sem hafa talað með fyrirvara um það mál sem hér er til umræðu, þá er afskriftareikningur útlána ekki glatað fé. Þetta eru varúðarráðstafanir og alls ekki hægt að segja að allt þetta fé sé tapað, því fer víðs fjarri.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það er aðallega út af þessu síðasta sem hér kom fram. Það er að vísu alveg rétt hjá hæstv. viðskrh. að menn þurfa að greina á milli þess sem annars vegar er niðurstöðutala afskriftareiknings að frádregnum þegar áföllnum afskriftum bankans og það er sú hærri talan sem hv. 5. þm. Vestf. nefndi hér áðan, en það er þó alveg ljóst að miðað við þær afskriftir sem menn reikna með að falli á bankann síðasta ári og þessu sem er nýbyrjað og svo síðan sú niðurstaða endurskoðenda bankans að í árslok 1993 þurfi afskriftareikningurinn, eftir að afskriftir hafa farið fram, að standa í 5,8 milljörðum kr. Þá er verið að tala um afskriftir plús upphæð á afskriftareikningi sem nálgast 10 milljarða kr. Þegar afskriftir áranna 1992 og 1993 eru annars vegar lagðar saman og hins vegar sú niðurstaða endurskoðanda að afskriftareikningur eigi að standa í 5,8 milljörðum í árslok 1993 þá er ekki hægt að fá út mikið lægri tölu miðað við það sem upplýst hefur verið um væntanlegar eiginlegar afskriftir bankans.

Ef hæstv. viðskrh. getur útskýrt þetta betur þá væri það annars mjög fróðlegt. Þetta er eitt af þeim málum sem hefur allt of lítið verið rætt hér. Hverjar verða hinar eiginlegu afskriftir bankans? Auk þess hefur hæstv. viðskrh. ekki svarað spurningum mínumum það: Er það ætlun ríkisstjórnarinnar að færa þetta aukna fé inn í ársreikning bankans fyrir árið 1992 eða verður þetta allt látið koma fram í uppgjöri ársins 1993? Nú hef ég heyrt þau sjónarmið frá fulltrúum í bankaráði Landsbankans að það sé búið að ganga frá ársreikningum bankans fyrir árið 1992. Endanleg útgáfa ársreikninganna hafi verið til umfjöllunar og í raun afgreidd af bankaráðinu, sem lögum samkvæmt gerir það, á fundi þess 25. febr. sl. Mér virðist að ríkisstjórnin gangi með þá hugmynd að taka upp afskriftareikninginn fyrir árið 1992 og auka tapið á Landsbankanum um 2 milljarða

og hækka afskriftatöluna í 4,5. Ég tel að hæstv. viðskrh. hafi ekki gefið skýr svör um þetta og úr því að hann blandar sér hér í umræður um upphæðir á afskriftareikningnum með þeim hætti sem hann gerði áðan, þá óska ég eftir að hann tali alveg skýrt og fari m.a. yfir þessi atriði. Þetta skiptir miklu máli í sambandi við það hvort bankinn verður gerður upp með þessu mikla tapi sem annars yrði á árinu 1993. Því það er alveg ljóst að ef það yrði niðurstaðan, sem virðist vera viðhorf a.m.k. sumra bankaráðsmanna, þá stöndum við frammi fyrir einhverri ógnarlegri taptölu á bankanum á árinu 1993. Miklu hrikalegri en menn hafa nefnt í þessari umræðu því þá hlýtur sú taptala að verða margir milljarðar króna. Það væri fróðlegt að heyra svör hæstv. viðskrh. við þessu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hlýt að segja það í upphafi að það *mál sem hér er rætt er ekki hentugt umræðuefni í þingsal.* Ég veit reyndar að endurskoðendur bankans og bankaeftirlits hafa komið að máli við hv. efh.- og viðskn. og skýrt þessar stærðir. En ég hlýt að endurtaka enn á ný að í máli bæði hv. 5. þm. Vestf. og hv. 4. þm. Norðurl. e. vakir misskilningur. Að vísu sagði hv. 4. þm. Norðurl. e. að afskriftirnar nálguðust 10 milljarða. En hv. 5. þm. Vestf. fór vel fram úr þeirri tölu. Ég endurtek, við erum alls ekki að tala um slíkar fjárhæðir.

Ég vil heldur ekki taka neina afstöðu til þess hér og nú hver bókhaldsniðurstaða í birtum reikningum Landsbankans verður fyrir árið 1992 einfaldlega af því að ríkisstjórnin blandar sér ekki í það mál eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan. Efnislega er niðurstaðan sú sama og kom fram í mjög glöggu yfirliti sem hv. 1. þm. Austurl. gerði hér áðan. Hann sagði efnislega: „Hvort farin er þessi leið eða hin, hvort farið er yfir höfuðstól eða í gegnum rekstrarreikning með þessar stærðir breytir ekki efninu. Hér er verið að samþykkja að leggja til aukið eigið fé í Landsbankann upp á þær fjárhæðir sem greinir í frv. og þar þurfum við ekki að leyfa neinar bókhaldsþrautir. Það er verkefni endurskoðendanna. Það er verkefni stjórnar bankans að koma þessu þannig fyrir að það þjóni hagsmunum hans og eigenda hans, almennings í landinu, með sem bestum hætti.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get út af fyrir sig verið sammála hæstv. viðskrh. um að því minna af þessum hlutum sem hefði þurft að ræða á Alþingi þeim mun betra. En nú er það ósköp einfaldlega þannig að þetta mál er hér til umfjöllunar og afgreiðslu á Alþingi og þá verður ekki hjá því komist nema menn vilji taka upp á því að loka fundum þingsins. Málið sé af þeirri stærð og við*kvæmni þess sé slík að það sé eðlilegt að halda fundi* Alþingis fyrir luktum dyrum. Það væri út af fyrir sig hugmynd. En ríkisstjórnin hefur ekki sjálf beinlínis valið að fara með þessi mál í kyrrþey eða hvað? Hún hefur nú ekki aldeilis valið þá aðferð, blessuð ríkisstjórnin, og verður þess vegna sjálf að axla ábyrgðina á því að opnast hefur umræða um annars viðkvæma hluti sem sannanlega eru.

Það skiptir máli, hæstv. viðskrh., hvaða aðferð er notuð og það skiptir líka miklu máli hvort við erum að tala um að þessar aðgerðir færist inn í efnahagsreikning bankans á árinu 1992 eða ekki. Ég held að það hljóti allir menn að skilja. Ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að ef jafnvel þetta atriði er í lausu *lofti hjá hæstv. ríkisstjórn við lokaafgreiðslu málsins á* þingi þá er þetta enn skrautlegra en ég hafði gert mér grein fyrir. Er það virkilega svo að skilja beri svör hæstv. viðskrh. þannig áðan að ríkisstjórnin hafi ekki mótað afstöðu til þess hvort hún ætlar með þessa aðgerð í gegnum efnahagsreikning ársins 1992 eða 1993? Er það virkilega í lausu lofti? Hefur ekki verið rætt við bankastjórn Landsbankans og bankaráð um það? Það munar nú um minna, hæstv. viðskrh., hvort nokkrir *milljarðar króna eru teknir í gegnum bókhaldið á þessu* árinu eða hinu.

Ástæðan fyrir því að ég spyr er náttúrlega sérstaklega það nýbyrjaða ár sem Landsbanki Íslands stendur frammi fyrir. Ef hann á til viðbótar þessari auknu afskriftaþörf á árinu, sem endurskoðendur hans tala um, að taka þennan pakka líka í gegnum efnahagsreikning ársins 1993 þá erum við að tala um niðurstöðu á rekstrarreikningi bankans sem er hroðalegri en menn hafa áður látið sér detta í hug.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta mál er alls ekki í lausu lofti. En það er hins vegar ekki verkefni ríkisstjórnarinnar að fjalla um það með hvaða hætti reikningsskil Landsbankans eru gerð upp. Það er í höndum sérfróðra manna.

Með greinargerðum sem fram hafa verið lagðar í þinginu og hv. efh.- og viðskn., frá starfsmönnum bankaeftirlits og endurskoðendum Landsbankans hefur okkur verið gerð glögg grein fyrir því hvernig þetta mál liggur fyrir. En endanleg niðurstaða ræðst ekki fyrr en heimildirnar hafa verið nýttar sem senn verður gert. Þá verður tekin ákvörðun um hvernig með verður farið og það mun ég alls ekki segja fyrir um hér í nákvæmum greinum. Eins og kom mjög greinilega fram hjá hv. 1. þm. Austurl., fyrrum háskólakennara í reikningsskilum, þá mun hver maður sem les reikningana geta séð hvort sem þetta er fært í gegnum rekstur eða höfuðstól, hvað hér gerðist.

En ég endurtek að lokum það sem hér hefur oft komið fram að þessi stuðningur við Landsbankann, sem nú er veittur af Alþingi, er til þess að verja eign almennings í bankanum og tryggja stöðu hans. Það mun takast. Þær umræður sem hér fara nú fram eru í raun og veru um formsatriði ekki efnisatriði.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Ég get ekki alveg skilið við þetta svona, hæstv. forseti, eins og mér virðist hæstv. við-

skrh. vilja gera. Ég held að málið sé ekki svona einfalt. Var það ekki þannig að ástæðan sem tilgreind var sérstaklega af hálfu hæstv. ríkisstjórnar var sú að það hefði ekki verið hægt að undirrita ársreikninga bankans fyrir árið 1992? Því hefur jafnvel verið haldið fram að ríkisendurskoðandi og endurskoðandi bankans hafi neitað að undirrita ársreikninga bankans vegna þess að ekki hafði verið lagt nóg í afskriftareikning. En nú er viðskrh. í raun og veru að segja að það geti alveg eins komið til álita að reikningum bankans verði lokað eins og bankastjórn og bankaráð höfðu reiknað með að þeir yrðu eftir fund sinn 25. febr. sl. og að þessi aðgerð verði þá öll færð í gegnum efnahagsreikning bankans á árinu 1993.

Ég tet tekið undir það sjónarmið viðskrh. að auðvitað á hann ekki né ríkisstjórn að taka fram fyrir hendur á bankanum á meðan hann á að heita sjálfstæð stofnun. Maður spyr sig að vísu: Hvað er eftir af því sjálfstæði eins og málin horfa? En meðan svo á að heita þá er það auðvitað þeirra hlutverk að ganga frá reikningunum og senda viðskrh. þá til staðfestingar. En að það atriði skuli nú hanga í lausu lofti og viðskrh. ekki geta svarað neinu til um það hvernig þessi aðgerð, sem ætlunin er að Alþingi heimili endanlega eftir nokkrar mínútur, verði svo færð inn í reikninga bankans er alveg stórfurðulegt. Þá skiptir aftur máli, hæstv. viðskrh., hversu mætur sem hv. 1. þm. Austurl. er sem mér virðist vera orðinn hálfgerður aðstoðarviðskiptaráðherra hér í dag, sú aðferð sem farin er vegna þess að það er grundvallarmunur á þeim varðandi uppsetningu rekstrarreiknings bankans. Það er það sem ég hef ég margsinnis verið að reyna að koma til skila í umræðunum. Það er það sem mér skilst að hafi verið ástæða þess að á hinum Norðurlöndunum var valin önnur leið að mestu leyti í flestum tilvikum, sú leið að taka aðstoðina í gegnum stofnun sérstakra sjóða sem yfirtóku hluta af skuldbindingum bankanna sem leiddi síðan til þess að bankarnir þurftu ekki að sýna þá hluti með sama hætti í ársreikningum sínum og ella horfði til.

Þetta er auðvitað mjög sérkennilegt, hæstv. forseti, að undir lok umræðunnar skuli m.a. lausir þræðir af þessu tagi skjótast fram í dagsljósið. Og verður auðvitað næsta kostuleg niðurstaðan ef það verður svo ofan á að þessir aðilar staðfesta reikningana eins og þeir lágu fyrir 25. febr. og allt þetta írafár og óðagot mun þá ekki birtast í reikningum bankans fyrr en eftir u.þ.b. ár þegar árið 1993 verður gert upp. Það verður auðvitað með meiri ólíkindunum.

Ég vil svo segja einnig, hæstv. forseti, af því að hæstv. viðskrh. hefur talið að menn væru að reyna að blanda hér einhverjum óskyldum atriðum inn í umræðuna ef menn hafa nefnt álitamál um eignarform eða rekstrarform bankanna, spurningar um einkavæðingu og annað því um líkt og/eða afkomu sjávarútvegsins. Auðvitað eru það fráleitt óskyld mál. Ég ætla að sjálfsögðu ekki að lengja þessa umræðu með því að taka á því lotu að ræða t.d. stöðu í sjávarútveginum, en auðvitað liggur það til grundvallar í málinu. Og það er hárrétt sem bent hefur verið á að þessi aðstoð við Landsbanka Íslands, þó mönnum þyki hún stór og upphæðirnar miklar, er hverfandi þegar borið er saman við þann vanda t.d. sjávarútvegsins sem menn standa frammi fyrir.

Á ársfundi samtaka fiskvinnslustöðva á Akranesi sl. haust ræddi fráfarandi formaður Vinnuveitendasambands Íslands og núv. formaður þeirra sömu samtaka, samtaka fiskvinnslustöðva ef ég man rétt, Einar Oddur, um þessa skuldastöðu og þennan vanda sjávarútvegsins. Hans mat var það að 30 milljarðar kr. væru í raun tapað fé í sjávarútvegi á Íslandi. 30 milljarðar kr. af þeim 100 milljarða brúttóskuldum sem sjávarútvegurinn er með á herðunum. Þá verða jafnvel þessar upphæðir litlar. Þá mun það lítið stoða að setja svona fjárhæðir í Landsbankann. Ef rekstrartap sjávarútvegsins á áfram að vera 8–10% þá er það tap upp á 6–7 milljarða á ári miðað við 70–80 milljarða veltu sjávarútvegsins. Þá mun þetta ekki duga lengi satt best að segja, heldur verka eins og deyfilyf eða plástur og ómögulegt að segja hver staðan verður orðin hjá Landsbanka Íslands sem og auðvitað landsmönnum öllum í því sambandi að hálfu ári eða ári liðnu.

Auðvitað þýðir því ekki fyrir hæstv. ráðherra að ætla að vísa því frá að þetta sé nefnt í sömu andrá. Af tillitsemi við aðstæður í þessu máli hafa menn valið að greiða götu frv. og tryggja að það geti orðið að lögum hér í dag. En það þýðir ekki, a.m.k. ekki af minni hálfu, að það sé ekki fullt tilefni til þess að ræða það sem er hinn undirliggjandi vandi málsins, þ.e. aðstæður í efnahags- og atvinnulífi landsmanna. Það er ekki síst bullandi taprekstur sjávarútvegsins, óheyrilegar skuldir og háir vextir sem gerir allt saman að verkum að það er víðs fjarri að sjávarútvegurinn geti staðið undir þeim skuldum sem á herðum hans hvíla. Það er auðvitað mál sem mun ekki síst hafa áhrif á það hvernig Landsbankanum vegnar í framhaldinu.

Vandi bankakerfisins á Íslandi hefur verið nokkuð sérstakur og hann hefur verið með allt öðrum hætti og reyndar sem betur fer minni að vöxtum en á hinum Norðurlöndunum, m.a. vegna þess að vandinn þar hefur fyrst og fremst skapast af lækkandi fasteignaverði og því að veð bankanna í fasteignum, bæði í atvinnuhúsnæði og einkahúsnæði, hafa hrunið. Við höfum sem betur fer ekki staðið frammi fyrir slíku, a.m.k. ekki enn á Íslandi. Það sem við höfum verið að horfa til og vandanum hefur valdið fram að þessu hjá okkur er afkoman í sjávarútveginum, töpin þar og áföllin þar, a.m.k. hvað horfurnar snertir fyrir Landsbankann. En hitt er alveg ljóst að ef sjávarútvegurinn fer á hnén þá fer fleira á hnén á Íslandi. Þá er stutt í það að sjálfur „gullmyntfótur“ útlánakerfisins í landinu, fasteignirnar, lækki líka í verði og guð hjálpi okkur þá. Þá er ég hræddur um að fleiri bankar en Landsbankinn komi til með að lenda í erfiðleikum. Þá er ég hræddur um að tryggingar húsnæðislánasjóðanna og lífeyrissjóðanna færu að rýrna ef við stæðum frammi fyrir fasteignaverðhruni af svipuðu tagi og gerst hefur á hinum Norðurlöndunum.

En það er ekki hægt lengur að segja að þessar afskriftir Landsbankans og reyndar hinna bankanna séu

eitthvert smámál. Það er ekki hægt. Niðurstöðutölur í reikningum Landsbankans eru, ef ég man rétt, rétt um 100 millj. kr., þ.e. þegar lögð eru saman heildarútlán bankans. Afskriftir upp á 8, 9 eða 10 milljarða kr. á tveim til þremur árum eru þar með ekki lengur neitt smámál. Jafnvel borið saman við veltu stærsta banka þjóðarinnar. Þær eru það ekki. Og 1.500 millj. kr. afskriftir Íslandsbanka á sl. ári eru það ekki heldur.

Svona geta því hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn ekki afgreitt þetta mál. En mér sýnist alveg ljóst, hæstv. forseti, að vegna þess að samkomulag er um að greiða götu þessa máls í dag og taka ekki tíma í annars nauðsynlegar umræður um hinn undirliggjandi vanda þá verðum við að fá þann tíma fljótlega, þ.e. að óhjákvæmilegt sé í framhaldi af afgreiðslu þessa máls og því að þessum aðgerðum gagnvart Landsbankanum lýkur að á Alþingi skapist innan tíðar svigrúm til að ræða stöðuna í efnahags- og atvinnumálunum og þá ekki síst bullandi rekstrartap sjávarútvegsins sem er og verður þá áframhaldandi ef ekkert verður að gert og mun auðvitað leiða til þess að Landsbankinn lendir innan tíðar á nýjan leik í erfiðleikum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Enn á ný vil ég skýra það hvers vegna ekki er hægt á þessu stigi máls að svara því nákvæmlega hvernig þessar aðgerðir munu birtast í reikningum Landsbankans. Ástæðan er einföld. Eins og þingmenn vita eru þetta heimildarlög, heimildir til að bæta eiginfjárstöðuna að ákveðnu marki, heimildir til að veita víkjandi lán, heimildir til að veita ábyrgðir. Um hvort tveggja, bein framlög til bankans og víkjandi lán, þarf að gera samkomulag milli ríkissjóðs, ríkisins, annars vegar og Landsbankans hins vegar. Fyrr en slíkur samningur hefur verið gerður er ekki hægt að setja þetta nákvæmlega niður í tölur einmitt af því, eins og hefur komið fram í máli m.a. hv. 4. þm. Norðurl. e., að það skiptir máli hvaða leiðir verða farnar og eins og margoft hefur komið fram þá veitir m.a. 1. gr. rúmt svigrúm til þess að velja þar heppilegustu leið. Þetta er fyrri ástæðan.

Síðari ástæðan er svo að sjálfsögðu sú að viðskrh. hefur það hlutverk lögum samkvæmt að staðfesta reikninga Landsbankans. Þetta er ekki reikningsskilafundur þess góða banka. Stjórnendur Landsbankans munu leggja reikningsskilin fram fyrir ráðherrann þegar bankinn hefur gengið frá sínum reikningum. Ég fullvissa þingmanninn um það að Alþingi hefur fengið fullnægjandi greinargerð fyrir efnisatriðum og undirstöðugreinum þessa máls en það er ekki hægt að ljúka því með þeim hætti eins og mér virtist hv. þm. vera að óska. En ég get fullvissað hann um að í þessu máli eru engir lausir þræðir. Ég sé að Alþingi ætlar að taka röggsamlega á þessu máli og ljúka því þannig að enginn geti dregið í efa traust Landsbanka Íslands.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek viljann fyrir verkið hjá hæstv. viðskrh. og ég skal ekki krefja hann frekari svara hér. Það er alveg ljóst að staða hæstv. viðskrh. í þessu efni er ekki góð. Það eru vissulega ákveðin efnisleg rök fyrir því sem hann hefur fært fram en ég hygg reyndar að aðalástæðan sé sú, sem alltaf er að sannast betur og betur í gegnum umræður um þetta mál, að þetta var auðvitað fyrirburafæðing. Þetta óðagot og allt þetta bráðræði leiddi það af sér að málið var ekki nægjanlega þroskað, m.a. ekki í gegnum eðlileg samskipti og eðlilegt samráð viðskrh., bankaeftirlitsins og Landsbankans, enda ljóst að á þeim bæ töldu menn sig hafa nokkra daga til stefnu til að ganga frá slíkum hlutum.

Auðvitað væri betra, hæstv. viðskrh., ef ráðherrann hefði getað upplýst í umræðum að málið væri svo vandlega undirbúið og þaulrætt í samskiptum þessara aðila að fyrir lægi samkomulag um það hvernig þessu yrði fyrir komið og með þetta farið. Það gerir það ekki. Það er nánast ekki búið að ganga frá samkomulagi um nokkurn skapaðan hlut af útfærslu þessa máls. Ég hef ekki einu sinni orðið var við að það væri komið samkomulag milli viðskrh. og fjmrh. um þá þætti sem þeir þurfa að leysa í sínum samskiptum, hvað þá annað.

Mín tilfinning er sú að þessu máli hafi verið hraðað meira en hæstv. viðskrh. vildi og honum sé þess vegna tæplega sjálfrátt í því að svara eins og hugur hans stendur til. Og ég, eins og ég segi, reyni að skilja þær aðstæður. Ég tek viljann fyrir verkið. Hæstv. viðskrh. hefur ekki forsendur til að veita frekari svör en hann hefur reynt.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kem hér fyrst og fremst til að taka fram að þetta mál er vandlega undirbúið. Það hefur verið mjög náið og gott samstarf milli viðskrn., bankaeftirlits og Landsbankans um þetta mál eins og óræk vitni hafa verið fram færð um. Ég bendi þar síðast til yfirlýsingar bankastjórnar Landsbankans í Morgunblaðinu í morgun. Það er einfaldlega staðreyndin í málinu eins og hv. efh.- og viðskn. hefur fengið að heyra af samtölum sínum, m.a. við endurskoðendur og bankaeftirlitsstarfsmenn, að þetta mál á sér langan aðdraganda, og í því eru ekki lausir þræðir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Upplýsingamiðlun og aðgangur að upplýsingum um umhverfismál, 3. umr.

Stjfrv., 42. mál. — Þskj. 761.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innflutningur á gröfupramma, 3. umr.

Stjfrv., 239. mál. — Þskj. 308.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 3. umr.

Stjfrv., 261. mál (sigling um strandleið). — Þskj. 342.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skálholtsskóli, 3. umr.

Stjfrv., 297. mál (heildarlög). — Þskj. 462.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullgilding samnings um fríverslun milli Íslands og Færeyja, fyrri umr.

Stjtill., 354. mál. — Þskj. 633.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir fríverslunarsamningi við Færeyjar en samningur þessi var undirritaður í Reykjavík í sl. ágústmánuði.

Greiður aðgangur að Færeyjamarkaði getur orðið kærkomin viðbót við heimamarkað fjölmargra íslenskra fyrirtækja. Við það bætist að hefð hefur verið fyrir umtalsverðum útflutningi ákveðinna landbúnaðarafurða til Færeyja. Það var því orðið tímabært að freista þess að koma viðskiptum okkar við þessa frændþjóð á traustan grundvöll.

Eftir að samið hafði verið við helstu grannríki í Evrópu í byrjun áttunda áratugarins á grundvelli fríverslunar urðu Færeyingar út undan. Lengi vel kom þetta ekki að sök, Íslendingar veittu Færeyjum einhliða sömu fríðindi og EFTA-ríkjum. Þegar hins vegar Færeyjar gengu frá fríverslunarsamningi sínum við Evrópubandalagið tóku þeir á sig þá kvöð að taka upp tollskrá Evrópubandalagsins. Þetta hefði haft í för með sér verulega óhagstæð kjör fyrir íslensk fyrirtæki á Færeyjamarkaði meðan ekki hefðu náðst samningar við Færeyinga um samsvarandi fríðindi og við njótum á Evrópubandalagsmörkuðum.

Þegar ný tollskrá gekk í gildi í Færeyjum var innheimtu tolla á íslenskum afurðum þess vegna frestað að beiðni íslenskra stjórnvalda og viðræður hófust um gerð fríverslunarsamnings. Í fyrstu var í meginatriðum stuðst við fríverslunarsamning Íslands og Evrópubandalagsins sem fyrirmynd enda er meginmál þess samnings efnislega nær samhljóða fríverslunarsamningi EB og Færeyja. Síðar var þó ákveðið að taka tillit til þeirrar þróunar sem orðið hefur, m.a. í fríverslunarsamningum þeim sem EFTA-ríkin hafa gengið frá við ýmis ríki við Miðjarðarhaf og í Austur-Evrópu. Var þá aukið við ákvæðum varðandi t.d. hugverkaréttindi opinber útboð og fleira. Enn fremur var verulegt samstarf um það milli Norðurlandanna fjögurra, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem áttu í samningum við Færinga um svipað leyti, í þá átt að samræma texta fríverslunarsamninganna eftir því sem kostur gafst.

Samningur þessi tryggir fríverslun með iðnaðarvörur og jafnframt allar sjávarafurðir milli samningsaðila. Enn fremur taka báðir aðilar á sig samsvarandi skuldbindingar og tíðkast hafa innan EFTA um afnám ríkisstyrkja til sjávarútvegs, en þar fá Færeyingar þó aðlögunarfrest fram til loka árs 1994.

Þrátt fyrir fríverslun með fisk verður Íslendingum þó áfram heimilt að beita útflutningstakmörkunum á fisk en skuldbinda sig til þess hins vegar að mismuna ekki Færeyingum og Evrópubandalagsríkjum að þessu leyti.

Samhliða þessum samningum var gengið frá samningi í formi bréfaskipta um viðskipti með landbúnaðarvörur, þ.e. þær vörur sem falla undir tollflokka 1–25. Þar er tryggt tollfrelsi fyrir flestar vörur frá Íslandi til Færeyja, þó tilteknar mjólkur- og kjötafurðir undanþegnar.

Þokkalega ríflegir tollkvótar eru þó veittir fyrir lambakjöt, fryst og ferskt, og unnar afurðir úr því og er þar miðað við þann útflutning sem tíðkast hefur undanfarin ár.

Á móti skuldbindur Ísland sig til þess að láta tolla og aðra mismunun niður falla á vatni, gosvatni og færeyskum bjór en að öðru leyti er ekki opnað fyrir útflutning landbúnaðarafurða frá Færeyjum til Íslands.

Ég á ekki von á því að mikill ágreiningur ríki á Alþingi Íslendinga um að æskilegt sé að efla viðskipti og tengsl við frændur vora og granna Færeyinga og vonast til þess að samningur þessi getið fengið skjóta afgreiðslu. Ég legg því til, virðulegi forseti, að málinu verði vísað að lokinni þessari umræðu til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eiginfjárstaða innlánsstofnana, frh. 3. umr.

Stjfrv., 439. mál. — Þskj. 740.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁ, HBl, HjálmJ, IBA, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, TIO, VS.
10 þm. (GHelg, HG, ISG, JÁ, KHG, MF, ÓRG, SJS, SvG, ÞÞ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (EH, FI, FrS, GAK, GHall, GunnS, IP, JGS, JVK, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 763).

Upplýsingamiðlun, frh. 3. umr.

Stjfrv., 42. mál. — Þskj. 761.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HjálmJ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SvG, TIO, VS, ÞÞ.
25 þm. (EH, EgJ, FI, FrS, GAK, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IP, JGS, JVK, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, StG, SJS, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 764).

Innflutningur á gröfupramma, frh. 3. umr.

Stjfrv., 239. mál. — Þskj. 308.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, MF, ÓRG, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO, VS, ÞÞ.
3 þm. (GHelg, ISG, KÁ) greiddu ekki atkv.
20 þm. (EH, FI, FrS, GAK, GHall, GunnS, HBl, IP, JGS, JVK, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 765).

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, frh. 3. umr.

Stjfrv., 261. mál (sigling um strandleið). — Þskj. 342.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO, VS, ÞÞ.
20 þm. (FI, FrS, GAK, GHall, GHelg, GunnS, HBl, IP, JGS, JVK, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 766).

Skálholtsskóli, frh. 3. umr.

Stjfrv., 297. mál (heildarlög). — Þskj. 462.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO, VS, ÞÞ.
19 þm. (FI, FrS, GAK, GHall, GunnS, HBl, IP, JGS, JVK, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 767).

Fullgilding samnings um fríverslun milli Íslands og Færeyja, frh. fyrri umr.

Stjtill., 354. mál. — Þskj. 633.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHelg, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO, VS, ÞÞ.

20 þm. (FI, FrS, GAK, GHall, GÁ, GunnS, HBl, IP, JGS, JVK, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, StG, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Um þingsköp.
Dagskrá.

Jóhann Ársælsson:
Virðulegur forseti. Mér er kunnugt um það að fjöldi þingmanna hefur verið að ráðstafa sér annað í dag og ekki reiknað með því að vera svo lengi fram eftir sem raun ber vitni. Ég verð að segja það að mál eins og þessi sem nú eru á dagskrá, sem menn vita að umræður verða um og kannski nokkuð langar, á auðvitað ekki að taka á dagskrá á þeim tíma sem hér er upp runninn, klukkan langt gengin í fjögur á föstudegi. Ég mótmæli því að það sé gert og óska eftir því að það verði fundinn annar tími og hentugri til þess að ræða þessi mál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Forseti skilur ekki alveg hvers vegna hv. þm. er að mótmæla því. Það er gert ráð fyrir því að það sé fundur á þessum föstudegi og nú er ætlunin að taka fyrir þessar tvær skýrslur. Klukkan er aðeins rúmlega hálffjögur og forseti hafði vænst þess að annars vegar hæstv. ráðherra og hins vegar hv. þm., sem munu mæla fyrir þessum skýrslum, gætu gert það. Það hefur ekki komið tilkynning frá þeim um að þeir væru ekki tilbúnir að taka þessi mál fyrir í dag.

Ólafur Ragnar Grímsson:
Virðulegi forseti. Ég vil lýsa undrun minni á því hvernig hæstv. forseti svaraði hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, starfandi formanni þingflokks Alþb. Svar forseta var á þá leið að það hefði verið gert ráð fyrir fundi á þessum föstudegi. Það var ekki, hæstv. forseti, gert ráð fyrir fundi klukkan hálfellefu. Það var ákveðið í gær til þess að greiða fyrir málum að samþykkja að fundur hæfist klukkan hálfellefu. Það hefur satt að segja, virðulegi forseti, gerst hvað eftir annað, gagnstætt því sem stendur á starfsáætlun þingsins og tímatöflu þingsins, að fundir eru boðaðir á föstudegi klukkan hálfellefu. Við sem reynum að skipuleggja okkar vinnutíma með skynsamlegum hætti höfum þess vegna orðið að breyta okkar áætlunum vegna þess að það er verið að færa þennan fundartíma fram og aftur.

Ég hélt satt að segja að forsetinn hefði hag af því að leita góðrar samvinnu við þingflokkana um þessi mál en svara ekki starfandi formanni þingflokks Alþb. einfaldlega með því að segja að gert hefði verið ráð fyrir því að hér yrði fundur í dag og þess vegna skyldi þingmaðurinn hafa sig hægan nánast og forsetinn skildi ekki hvað þingmaðurinn væri að fara.

Ég vil óska eftir því að forseti sýni meiri skilning á því hvernig fulltrúar þingflokka tala hér og nauðsyn þess að eiga góða samvinnu milli forsetaembættisins og þingflokkanna því ef sú góða samvinna hefði ekki verið fyrir hendi þá væri ekki búið að afgreiða það frv. sem hér var verið að gera að lögum á þeim skamma tíma sem það hefur verið gert.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Það er ekki nein nýlunda að fundir á föstudögum hefjist klukkan hálfellefu. Það er þvert á móti venja. (**Gripið fram í:** Er það venjan?) Það er venjan já, að þegar fundir eru haldnir á föstudögum hefjist þeir klukkan hálfellefu á sama hátt og fundir á fimmtudögum.

Það var fjallað um það með formönnum þingflokkanna í vikunni að gert væri ráð fyrir þessum fundi í dag. Þar að auki mun starfandi forseti hafa tilkynnt það strax í upphafi fundar í morgun að þessi mál yrðu á dagskrá síðar í dag. Það lá fyrir í upphafi fundar í dag.

Jóhann Ársælsson:
Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að forseti hugsi sig um með þessa ákvörðun sem hann hefur hér verið að kynna fyrir okkur. Ég tel að það komi til greina ef menn vilja ná einhverri sátt um þetta að þeir mæli fyrir þessum málum sem það eiga að gera og umræðu um þau verði síðan frestað. Ég tel það óviðunandi og ég hef orðið var við það hjá þeim sem ætla að taka til máls að þessi umræða fari fram á þessum tíma. Ég tek það ekkert aftur þó að auðvitað höfum við vitað um að það væri gert ráð fyrir því að það væru fundir í dag, þá hafa menn ekki gert ráð fyrir því að þeir stæðu langt fram undir kvöld. Ég óska eftir því að það verði tekið til athugunar að breyta þessari ákvörðun.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Forseti mun gefa hæstv. umhvrh. orðið svo sem hún hafði þegar tilkynnt og jafnframt taka fyrir 8. dagskrármálið þegar hann hefur lokið sinni framsöguræðu. Ef aðrir þingmenn sem hér eru staddir óska eftir að taka til máls þá fá þeir tækifæri til þess. Síðan verður hægt að fresta þessari umræðu þannig að aðrir hv. þm., sem ekki eru hér í dag, fái tækifæri til þess að tala á öðrum fundi í þessu máli.

Ólafur Ragnar Grímsson:
Virðulegi forseti. Ég verð að segja það eins og er að ég er alveg hættur að skilja forseta sameinaðs þings. (**Forseti:** Forseti ekki forseti sameinaðs þings.) Nei, það er að vissu leyti rétt (**GHelg:** Þetta er sameinað þing.) en kannski saknar maður þess að forsetadæmið sé ekki lengur þrískipt. En forseti vitnaði líka í venjur. Það hefur líka verið venja hér, forseti, þegar formaður þingflokks óskar eftir að máli sé frestað þá sé orðið við þeirri ósk. Það hefur líka verið venja í þinginu, forseti. Formaður þingflokks Alþb., Jóhann Ársælsson, sem gegnir því starfi í fjarveru hv. þm. Ragnars Arnalds, bar fram þá ósk. Ætlar hæstv. forseti að fara að taka upp nýja venju að verða bara stundum við óskum formanna þingflokka og stundum ekki? Það væri mjög fróðlegt að fá einhverja vitneskju um það.

Ég vara alvarlega við því að fara að hunsa óskir formanna þingflokka með þeim hætti sem forseti virðist ætla að gera hér.

Ég kannast heldur ekki við að það sé búið að festa í sessi þá venju að sé fundur á föstudögum þá byrji hann ávallt klukkan hálfellefu. Það hefur oft verið gert til að greiða fyrir málum en að það sé orðin föst venja að menn eigi að ganga út frá því að sé fundur á föstudögum þá sé hann klukkan hálfellefu, það kannast ég ekki við. Eigi að gera það að venju þá verður að gera það með þeim hætti að þingmenn skipuleggi ekki sinn tíma á þann veg að það rekist á. Um það er nauðsynlegt að formenn þingflokka og forseti ræði utan fundar en hitt er alveg nýtt ef forseti ætlar að fara að neita ósk frá þingflokki um frestun umræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Til upplýsinga fyrir hv. þm. vill forseti leyfa sér að lesa það sem stendur í starfsáætlun þingsins á baksíðu um fundartíma: „Fundir á föstudögum samkvæmt starfsáætlun hefjast klukkan 10.30."

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Alþb. og starfandi formaður þingflokks Alþb. hafa sett á nú á þessu síðdegi er auðvitað alveg með ólíkindum. Í fyrsta lagi liggur það fyrir í prentaðri starfsskrá þingsins að það var gert ráð fyrir fundi á þessum föstudegi. Í öðru lagi liggur það fyrir í prentaðri starfsskrá þingsins, eins og forseti hefur lesið, að þegar þingfundir eru á föstudögum, hefjast þeir að jafnaði kl. 10.30. Í þriðja lagi hefur það legið fyrir í allan dag að þessar tvær skýrslur yrðu hér á dagskrá. Ef þingflokkur Alþb. hafði við það athugasemdir að gera þá átti auðvitað að gera það um leið og dagskránni var breytt, ekki þegar verið var að taka málin á dagskrá. Það er kannski ekki margt fleira um þetta að segja, en þessa framkomu, eftir að formaður Alþb. hefur haldið uppi löngum ræðuhöldum í allan dag að þarflitlu, að sumir mundu segja, hann leggst nú gegn því ásamt formanni þingflokks Alþb. að farið sé eftir prentaðri dagskrá og unnið sé áfram eins og eðlilegt hlýtur að teljast og þær skýrslur sem eru á dagskránni verði ræddar. Þessi framkoma er auðvitað með hreinum ólíkindum, en kannski ekki óvænt.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er nú alveg greinilegt að hæstv. umhvrh. og ráðherra norrænna mála hefur ekki mikinn áhuga á því að koma til móts við þingmenn og er með ósannar aðdróttanir sem rök í málinu. Ég hef ekki flutt neinar langar ræður í dag, hæstv. ráðherra. Ætli ég hafi ekki talað einu sinni í 7–8 mínútur og í 5 mínútur í seinna skiptið. Síðan fór ég upp í örfá skipti til andsvara. Meira var það ekki. Ef það heitir á máli hæstv. ráðherra að setja á löng ræðuhöld í allan dag, þá veit ég ekki hvar hæstv. ráðherra er staddur og er erfitt að eiga orðastað við mann sem hefur svona brenglað veruleikaskyn.

Hæstv. forseti sagði áðan að það væri orðin venja að það væru fundir á föstudögum og þá byrjuðu þeir klukkan hálfellefu. Ég sagðist ekki kannast við þá venju. Það er hins vegar rétt hjá hæstv. forseta að það stendur að fundir á föstudögum samkvæmt starfsáætlun hefjist klukkan 10.30 en hér hafa auðvitað oft verið föstudagsfundir sem ekki eru samkvæmt starfsáætlun. Ber þá að skilja þetta þannig að forseti ætli sér bara þá að halda sig við starfsáætlunina eða er bara haldið sig við starfsáætlunina þegar það hentar? Það segir ekkert hér um almennan fundartíma á föstudögum og hæstv. forseta er það kunnugt að því hefur verið mótmælt á samráðsfundum formanna þingflokka að það væri verið að hlaupa fram og aftur með fundartíma þingsins. Það eru margvíslegar aðrar skyldur sem hvíla á þingmönnum heldur en þær að sitja hér í þingsal. Það eru fjölmargir hagsmunaaðilar og aðilar í kjördæmum sem óska eftir því að menn komi til fundar og það er nauðsynlegt að forsetadæmið sýni þá fyrirhyggju að gefa þingmönnum kost á því að skipuleggja tíma sinn með árangursríkum hætti.

Hinu hefur svo forseti ekki svarað hvort forseti hyggst taka upp þann sið að verða ekki við óskum þingflokka um að umræðu sé frestað. Sú ósk hefur komið fram, hvort sem umhvrh. líkar betur eða verr, frá formanni þingflokks Alþb. að þessari umræðu verði frestað. Þó hefur hann til móts við vilja forseta lýst því yfir að við munum ekki gera athugasemd við það þó mælt verði fyrir máli en að síðan ætli forseti að fara að tína þá þingmenn inn í umræðuna sem vilja tala er auðvitað framgangsmáti sem nær ekki nokkurri átt. Ég bið forseta að hugleiða að það er fyrst og fremst sá góði samstarfsandi hér í þinginu undanfarna daga sem hefur gert forseta það kleift að koma því frv. sem ríkisstjórnin flutti í skyndingu í form laga. En það er hins vegar athyglisvert að um leið og búið er að því þá er samstarfsvilja forseta lokið. Af því verður auðvitað ekki hægt að draga nema eina ályktun.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill upplýsa hv. þm. um að þeir fundir sem haldnir hafa verið á föstudögum, hafa ætíð hafist klukkan hálfellefu.

Forseti vill jafnframt upplýsa að forseti hefur átt mjög gott samstarf við formenn þingflokka og það hafa verið haldnir líklega einir þrír fundir í þessari viku með formönnum þingflokka um þinghaldið og síðast fundur var haldinn í gær.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Mig langar til þess að leiðrétta það sem hæstv. umhvrh. var að segja áðan. Sú dagskrá sem var dreift í morgun lítur þannig út að það eru hvergi á henni þau mál sem á að fara að taka til umræðu núna. Þau eru ekki þar. (**VS:** Ég tilkynnti sem forseti um þau.) (**GHelg:** Það nægir okkur ekki.) Það vil ég segja að nægi ekki af þeirri ástæðu að þótt prentuð dagskrá sem dreift var hafi verið í höndum þingmanna í dag voru ekki allir viðstaddir í morgun þegar sú tilkynning sem hv. þm. sem var í forsetastóli í morgun bar fram. Þess vegna er auðvitað þessi prent-

aða dagskrá staðreynd og menn verða að muna eftir því líka. Ég óska eftir því með fullri vinsemd við forseta að hann endurskoði afstöðu sína til þess hvernig verður staðið að þessum umræðum og það verði orðið við því að það verði a.m.k. ekki gert meira í málinu heldur en það að framsögumenn flytji sínar ræður.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill minna á að þessi mál voru t.d. á dagskrá í gær svoleiðis að hv. þm. hafa vitað að það væri fram undan að ræða þessi mál, en eins og allir vita þá fór nokkuð úr skorðum sú dagskrá sem við höfðum gert fyrir þessa viku. Það var m.a. vegna þess góða samstarfs, sem hér tókst á milli allra þingflokka að greiðlega tókst að koma því máli, sem við höfum nú lokið við að afgreiða, í gegnum þingið.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Vegna þess máls sem hér er verið að taka á dagskrá finnst mér það afar óheppilegt að það sé gert í ósætti við þingflokk Alþb. eins og hér hefur komið fram. Ég hef ekki persónulega leitað eftir því að umræðu yrði frestað en ég tek auðvitað undir þær óskir sem fram eru komnar af okkar starfandi þingflokksformanni um þetta efni og mér finnst óeðlilegt að mál af þessum toga sé við þær aðstæður sem eru núna síðdegis á degi eftir að menn hafa verið vinna að sérstöku máli sem ríkisstjórnin hefur borið fram, ekki bara í þingsölum heldur líka í þingnefndum og í sambandi við meðferð þeirra.

Ég vil hvetja hæstv. forseta til að leita samkomulags um umræðuna þannig að hún, málsins vegna, hér er um að ræða mjög þýðingarmikið mál, norrænt samstarf, geti farið fram í þokkalegri sátt og það verði helst rætt utan þingfundar og leitað sátta og samkomulags um það. Ég teldi langeðlilegast að svona umræða færi fram á aðalfundartíma, reglulegum fundartíma þingsins, helst í upphafi fundar, því okkur skiptir norrænt samstarf afar miklu og vil hvetja til þess að það verði leitað hið fyrsta eftir góðum tíma á dagskrá til umræðunnar.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Varðandi það sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði áðan þá er auðvitað rétt að það komi fram að þegar þessi mál voru á dagskrá í gær, á prentaðri dagskrá að ég hygg, þá mun það hafa verið í a.m.k. annað skipti í þessari viku sem svo var. Síðan var tilkynnt af forsetastóli í morgun að þessi mál yrðu á dagskrá í dag og í þriðja lagi þegar prentaðri dagskrá þessa fundar var dreift fyrir tveimur eða þremur klukkutímum þá eru þessi mál á dagskrá. Mín athugasemd var eingöngu sú að þessi beiðni Alþb. væri seint fram komin. Ég hygg að það sé alveg rétt og því verði ekki með neinum rökum mótmælt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill þakka hv. 3. þm. Vesturl. fyrir þann skilning sem hann sýnir að hann sættir sig við að framsögumenn þessara tveggja mála mæli fyrir sínu máli nú. Þá tekur hæstv. umhvrh. til máls og nú verður málið tekið fyrir. (**GHelg:** Þingsköp, frú forseti.) (**Umhvrh:** Það var búið að gefa mér orðið.)

Norræna ráðherranefndin 1992–1993, ein umr.

Skýrsla samstarfsráðherra, 407. mál. — Þskj. 701.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. (**ÓRG:** Það er komin ný venja að ...áður en þingmaður er kominn í ræðustólinn.) Dregur hv. þm. í efa að mér hafi verið gefið orðið? (**ÓRG:** Það var fjöldi manna ...) (**Forseti:** Forseti var búinn að kynna hæstv. ráðherra.) (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Hér kemur til umræðu skýrsla um störf norrænu ráðherranefndarinnar 1992–1993 og henni vil ég fylgja úr hlaði með örfáum orðum en skýrslan er á þskj. 701.

Skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn gefur árlega út viðamiklar skýrslur um störf ráðherranefndarinnar. Aðalskýrslan er svonefnd C1 skýrsla. Hún er yfirgripsmikil og er í ár tæpar 200 prentaðar síður. Þá er svonefnd C2 skýrsla sem fjallar um áform næsta starfsárs og í þriðja lagi eru norrænu fjárlögin 1993 sem sýna á hvern veg ráðherranefndin ætlar að kosta þau áform sem C2 skýrslan lýsir.

Nú er það svo að danska, norska og sænska eru hin opinberu mál sem viðurkennd eru í norrænu samstarfi. Íslendingar og Finnar og þjóðir sjálfsstjórnarlandanna verða að láta þýða þessar skýrslur á eigin tungu ef þeir vilja veita almenningi viðunandi aðgang að upplýsingum um gang mála. Þannig eru sérstakir finnskir túlkar og þýðendur starfandi á skrifstofu ráðherranefndarinnar sem þýða jafnóðum veigamestu skjöl og skýrslur á finnsku.

Samstarfsráðherrar Íslands hafa á undanförnum árum lagt fram þýdda og endursagða kafla úr skýrslum ráðherranefndarinnar sem telja má kjarna eða ágrip af starfseminni, bæði almennt og að því er einstakar greinar varðar, að viðbættu því efni sem berst frá íslenskum embættismönnum og forsvarsmönnum verkefna sem tengjast Íslandi sérstaklega. Þannig vona ég að fáist allsæmilegt yfirlit yfir samstarfið í heild eins og það kemur fram í skýrslum skrifstofu ráðherranefndarinnar og samstarfið eins og það snertir Ísland sérstaklega.

Sl. ár var sögulegt ár í norrænni samvinnu, einkum að því leyti að mörkuð var ný og framsækin stefna í samstarfi landanna. Hinn 17. ágúst á sl. ári var hin svonefnda „Iloniemi-skýrsla“, þ.e. skýrsla til forsrh. Norðurlanda afhent ráðherrunum á fundi þeirra á Borgundarhólmi. Skýrslan á rætur að rekja til ákvörðunar forsætisráðherranna frá því 12. nóv. 1991 þar sem ákveðið var að stofna til endurmats á norrænni samvinnu, m.a. í ljósi aukinnar efnahagslegrar og póli-

tískrar samvinnu Evrópuríkja og þátttöku Norðurlanda í henni. Sérstakur 10 manna starfshópur tilnefndur af forsætisráðherrunum í þessu skyni tók til starfa í desember 1991 og skilaði skýrslu til ráðherranna á fundi á Borgundarhólmi 17.–18. ágúst. Forsætisráðherrarnir féllust í meginatriðum á tillögur starfshópsins sem voru til umræðu á Alþingi hinn 29. okt. sl. og á þingi Norðurlandaráðs í Árósum 9.–11. nóv.

Í umræðunum á Alþingi dró Davíð Oddsson forsrh. þau meginatriði tillagnanna sem til breytinga horfa saman með eftirfarandi hætti, með leyfi forseta:

„Starfshópurinn skilaði skýrslu til forsætisráðherra á fundi þeirra á Borgundarhólmi 17.–18. ágúst. Tillögur starfshópsins fela m.a. í sér að forsætisráðherrarnir takast á herðar almenna pólitíska ábyrgð á mótun norrænnar samvinnu. Með því er stefnt að því að stuðla að nánari pólitískri leiðsögn, bæði hvað snertir samvinnu Norðurlandanna og þátttöku þjóðanna í evrópskri og alþjóðlegri samvinnu. Einnig er lagt til að innan norrænnar samvinnu verði hlutverk formennskulandsins eflt í því skyni að leggja aukna áherslu á pólitíska ábyrgð. Sú þjóð sem fer með formennsku í norrænni samvinnu hverju sinni ber almenna ábyrgð á samvinnunni í heild og framgangi hennar. Formennskan mun gilda á öllum sviðum, þ.e. jafnt á fundum forsætisráðherra og annarra ráðherra svo og á fundum embættismanna og sérfræðinga. Einnig mun formennska hvað snertir samstarf þjóðþinganna fela í sér ábyrgð á undirbúningi funda og að gæta þess að samþykktum sé hrundið í framkvæmd. Á þennan hátt er stefnt að því styrkja sambandið og samskiptin milli ríkisstjórna og þingmanna í Norðurlandaráði en það hefur einmitt lengi verið ósk þingmanna að svo yrði gert.

Jafnframt því að taka þátt í evrópskri samvinnu verður lögð áhersla á að endurnýja og stuðla að frekari samvinnu á þeim sviðum sem snerta Norðurlöndin sérstaklega. Hér er um að ræða sameiginleg hagsmunamál allra eða nær allra Norðurlanda og það mun endurspeglast í fjárhagsáætlun fyrir Norðurlandasamstarfið og hinar ýmsu samstarfsstofnanir. Einnig má nefna samstarf Vestur-Norðurlanda þar sem Íslendingar hafa forustu og við verðum að rækta."

Sá er nú talar dró saman niðurstöðu skýrslunnar með eftirfarandi orðum, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi að forsætisráðherrarnir verði oddvitar samstarfsins.

Í öðru lagi að sama landið, þ.e. það land sem hefur forustu í norræna samstarfinu það árið, hafi með höndum formennsku í öllum ráðherra- og embættismannanefndum.

Í þriðja lagi að náin norræn samvinna verði um þau mál sem eru á dagskrá Evrópska efnahagssvæðisins, Evrópubandalagsins og öðrum svæðisbundnum samstarfssviðum.

Í fjórða lagi að samvinna á sviði utanríkis- og öryggismála verði aukin.

Í fimmta lagi að rík áhersla verði lögð á náið samstarf við Norðurlandaráð, m.a. með því að ríkisstjórnir geri ráðinu víðtæka og rækilega grein fyrir framvindu og stöðu mála er snerta Evrópusamstarfið.

Í sjötta lagi að framlag til menningarmála verði stóraukið með menningarmálasjóðnum sem ég nefndi áðan. Að vísu er þess skylt að geta að ekki liggur fyrir að það takist með niðurskurði að afla jafnmikils fjár og menn gerðu ráð fyrir á þessari stundu. Ég er ekki fullkomlega sannfærður um að það verði auðvelt mál.

Í sjöunda lagi að haldið verði áfram að vinna að og efla þá málaflokka sem kalla má samnorræna í eðli sínu.

Í áttunda lagi að stuðlað verði að enn frekari samvinnu þeirra aðila í frjálsri félagastarfsemi sem eru virkir í norrænni samvinnu og eru jafnstór og veigamikill þáttur samvinnunnar og raun ber vitni.

Í níunda lagi að unnið verði að þeim breytingum á norræna stjórnkerfinu að það falli að þessum meginmarkmiðum skýrslunnar."

Í framhaldi af framlagningu skýrslunnar á Borgundarhólmi vann sérstakur fimm manna hópur, svonefndur „Støre-hópur", að útfærslu tillagnanna en eitt af aðalatriðum tillagna þeirra er að í ljósi þátttöku landanna í Evrópsku efnahagssvæði sé það ósk forsætisráðherra landanna að formlegt samstarf Norðurlandanna beinist sérstaklega að þeim málaflokkum sem varða sameiginlega hagsmuni landanna. Málaflokkarnir sem samstarfið skal beinast að, svonefnd áhersluflokkun, er að mati hópsins sem hér segir:

1. Menntamál.
2. Rannsóknir og fræðslumál.
3. Umhverfismál.
4. Réttindamál þegnanna, svo sem félagsmál, heilbrigðismál, mál er varða matvæli, neytendamál, vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismál.
5. Efnahagsmál, þar með fjármál, iðnaðar- og orkumál, samgöngumál, byggingarmál, byggðamál, landbúnaður og skógrækt.
6. Sjávarútvegsmál.
7. Lagaleg málefni, svo sem löggjafarmálefni, jafnréttismál og innflytjendamál.

Sá fyrirvari er á þessari tillögugerð að því er beint til Norrænu samstarfsnefndarinnar sem leysir hina svonefndu staðgenglanefnd af hólmi, að gera endanlegar tillögur um flokkun áherslusviða að höfðu samráði við forstjóra skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar, ráðherra og embættismenn. Tillögur Norrænu samstarfsnefndarinnar voru afhentar forsætisráðherrunum á fundi þeirra í Ósló hinn 1. þ.m. Í tillögunum er komist að þeirri niðurstöðu að innan áherslusviðanna 7 skulu vera 12 formleg samstarfssvið sem njóti fjárveitinga úr sameiginlegum fjárlögum, það eru menningarmál, rannsókna- og fræðslumál, umhverfismál, sjávarútvegsmál, félags- og heilbrigðismál, vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismál, neytendamál, orku- og atvinnumál, byggðamál, landbúnaðarmál, lögfræðileg málefni og jafnréttismál.

Ofangreindir forgangsflokkar hindra þó ekki að unnt verði að veita sameiginlega norræna fjármuni til annarra samstarfssviða. Um þessar breytingar á samstarfi Norðurlandanna sagði Davíð Oddsson forsrh. á nýafstöðnu Norðurlandaráðsþingi, með leyfi forseta:

„Breytingarnar á hinu formlega samstarfi hafa ver-

ið undirbúnar og liggja m.a. fyrir tillögur um breytingar á Helsinki-sáttmálanum, skipulagi ráðherraráðsins og embættismannanefnda. Enda þótt þessar tillögur gangi um sumt skemmra en áður var um talað og forsætisráðherrarnir höfðu hvatt til, þá er með þeim verið að skerpa áherslur í ljósi breyttra aðstæðna. Við erum hins vegar ekki að gera endanlegar breytingar, við erum að leita að aðferð til að aðlaga norrænt samstarf reglulega í ljósi reynslu og breyttra aðstæðna. Þess vegna styður ríkisstjórn Íslands þær tillögur um umbætur á formi norræns samstarfs sem nú liggja fyrir."

Í ljósi þess að ákveðið var að menningarmálum skyldi skipað í öndvegi í norrænu samstarfi í framtíðinni voru lagðar fram þrjár ráðherranefndartillögur menntamálaráðherra á Norðurlandaráðsþinginu í Ósló og þessi áhersla birtist m.a. í því að á næsta fárlagaári verði ætlunin að verja 25% af heildarfjárveitingum til menningar- og menntamála og 50% á árinu 1995. Menningarmálin settu með ýmsum hætti afar sterkan svip á allt umhverfi síðsta Norðurlandaráðsþings. Í þessu sambandi langar mig að geta stuttlega um í tengslum við þá umræðu um norræna menningarmálasamstarfið sem nú á sér stað að í desember sl. vakti ég máls á því á fundi norrænu samstarfsráðherranna að tekin yrði til skoðunar á ný hugmyndin um norrænt sjónvarpssamstarf um gervihnött. Því var mjög vel tekið og athugun á því máli hefur nú hafist. Á fundi Norðurlandaráðs í Ósló tók Carl Bildt, forsætisráðherra Svía, sem talaði þar fyrir hönd norrænu forsætisráðherranna mjög sterklega undir hugmyndina um norrænt sjónvarpssamstarf og að ákvörðun þyrfti að taka í því máli af eða ná nú á þessu starfsári Norðurlandaráðs. Raunar mun ráð fyrir því gert að á fundi forsætisráðherra 1. júlí í Norður-Noregi verði unnt að taka ákvörðun í málinu. Ég gæti um þetta efni talað hér alllangt mál en geri það ekki að þessu sinni, kannski síðar í þessari umræðu ef tilefni gefst til.

Í tillögu nefndarálitsins um endurmat á norrænni samvinnu fjallar XII. kafli skýrslunnar um breytingar á Helsingfors-samningnum til þess að renna lögformlegum stoðum undir helstu breytingar á samstarfinu, svo sem hvað varðar forustunhlutverk forsætisráðherranna, samstarf á vettvangi evrópskra og annarra alþjóðlegra mála, hlutverk þess lands sem er með formennskuna hverju sinni og síðast en ekki síst vald Norðurlandaráðs til þess að hafa áhrif til breytinga á fjárlagatillögur ráðherranefndarinnar. Í lok þingsins hér á dögunum var ákveðið að undirrita breytingar á nokkrum greinum Helsingfors-samningsins og fór sú undirritun fram í Helsingfors í gær. Þar undirrituðu forsætisráðherrar Finna og sendiherrar Norðurlandanna fyrir hönd viðkomandi ríkisstjórna. ýmsar breytingar taka einvörðungu til orðalags, en ég mun ekki hér að þessu sinni rekja sérstaklega í smáatriðum þær breytingar sem gerðar voru á Helsinki-sáttmálanum. Þær verða kynntar hér á Alþingi síðar, ég mun gera það raunar ef tilefni gefst til síðar í þessari umræðu.

Virðulegi forseti. Brýnustu verkefni næstu mánaða í norrænni samvinnu eru róttæk breyting á gerð norrænu fjárlaganna og hvernig hrinda megi í framkvæmd þeim ótalmörgu stjórnunarverkefnum sem leiða af samþykktum ríkisstjórna Norðurlandanna sl. missiri. Í þessari stuttu ræðu hef ég aðeins drepið á fátt eitt af því sem tíðindum sætir í hinu norræna samstarfi. Ég vísa um aðra þætti til skýrslunnar á þskj. 701. Þó ber að taka fram að þar er auðvitað ekki öllum þáttum samstarfsins gerð skil, enda þótt víða sé við komið og skýrslan sýnu ítarlegri og efnismeiri en áður hefur verið.

Það mætti t.d. segja margt hér um þátt hins norræna samstarfs sem felst í samstarfi hinna frjálsu félagasamtaka, vinabæjatengslunum að ógleymdu þróttmiklu starfi norrænu félaganna sem vinna gagnmerkt starf. Ýmsir eru þeirrar skoðunar að samstarfs- og samrunaþróunin í Evrópu sé hættuleg norrænu samstarfi. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Auðvitað er það svo að flest orkar tvímælis þá gert er og eins eru þær breytingar sem nú er verið að gera í hinu norræna samstarfi. En norræn samvinna verður að taka mið af ytri aðstæðum. Hún verður að aðlagast þeim breytingum sem verða á veröldinni í kringum okkur. Fjölþjóðleg samvinna sem ekki breytist og ekki tekur mið af breyttum heimi er ekki mjög lífvænleg samvinna. Þess vegna er það óþarfi að örvænta um framtíð hinnar norrænu samvinnu eins og mér virðist sum hafa nokkra tilhneigingu til. Norræn samvinna mun örugglega halda áfram að eflast og dafna, en hún verður ekki eins og hún var, hún breytist með breyttum aðstæðum og við því er ekkert að segja.

Ég hef lokið máli mínu, virðulegi forseti.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjala:

Einsetinn skóli, 442. mál, fsp. EKG, þskj. 759.

Hjúskaparlög, 273. mál, brtt. minni hluta allshn., þskj. 762; nál. minni hluta allshn., þskj. 768.

Skólamáltíðir, 443. mál, fsp. EKG, þskj. 760.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Þess láðist að geta þegar 7. dagskrármálið var tekið á dagskrá að það hafði komið fram ósk um það að 7. dagskrármál og 8. dagskrármál yrðu rædd sameiginlega samkvæmt 3. mgr. 63. gr. þingskapalaga, en forseti hefur ákveðið að verða við þeirri ósk og verður það gert þannig að 8. dagskrármál, Norrænt samstarf, er hér með tekið á dagskrá.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég hefði talið eðlilegt að það lægi fyrir með hvaða hætti ætti að standa að þessari umræðu hér til loka. Það hefur ekki verið greint frá því hér í forsetastóli og mér finnst nauðsynlegt að það liggi fyrir með hvaða hætti forusta þingsins ætlar að halda á þessu máli.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill taka fram vegna þessarar spurningar að þegar hv. 1. þm. Austurl. hefur flutt sitt mál, en hann

mælir fyrir skýrslu um norrænt samstarf, þá verður umræðunni frestað.

Norrænt samstarf 1992 til 1993, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, 377. mál. — Þskj. 670.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vil nú í upphafi harma það að ekki skuli geta verið full sátt um umræður á þessum skýrslum og það skuli ekki vera mögulegt að hún fari fram án þess að slíta hana í sundur, en það er eins og oft áður í störfum þingsins að við þetta þurfum við oft og tíðum að búa og einnig er slæmt að ýmsir geta ekki verið viðstaddir þessa umræðu, t.d. hæstv. forsrh. sem nú hefur fengið aukna ábyrgð á Norðurlandasamstarfinu. Hins vegar eru hér viðstaddir tveir hæstv. ráðherrar sem fara mjög með þessi mál, bæði samstarfsráðherra og menntmrh. og geri ég ekki neinar athugasemdir við það en bendi aðeins á að það hefði að sjálfsögðu verið æskilegt að forsrh. gæti jafnframt verið viðstaddur.

Hér liggur frammi skýrsla á þskj. 670 frá Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Ég ætla ekki að rekja þá skýrslu í neinum smáatriðum. Hún er útbúin og samþykkt af öllum fulltrúum í Íslandsdeild þar sem er gerð ítarleg grein fyrir störfum deildarinnar á sl. ári. Ég vil í þessu sambandi jafnframt þakka þá skýrslu sem hæstv. samstarfsráðherra, Eiður Guðnason, hefur lagt hér fram um störf Norrænu ráðherranefndarinnar. Sú skýrsla er ítarleg og það hefur verið lögð í hana mikil vinna og ég vil sérstaklega þakka það að þessi skýrsla skuli vera flutt hér með jafnítarlegum hætti þar sem er gerð grein fyrir samstarfinu að því er ráðherraráðið varðar og þar í ýmsu komið inn á starf Norðurlandaráðs.

Þær helstu breytingar sem hefur verið rætt um í starfi ráðsins, og þá sérstaklega ráðherranefndarinnar ef ég byrja á því, hafa verið þær að fækka samstarfssviðunum úr 24 í 7. Ég gagnrýndi þessa fyrirætlan hér í umræðum á sl. hausti, en nú hefur verið horfið frá því og er gert ráð fyrir því eftir því sem ég best veit að samstarfssviðin verði 12. Það er að mínu mati veruleg bót þótt ég hafi skilið að ekki hafi endanlega verið gengið frá því, en ég bendi á það að önnur mikilvæg svið sem ekki verða norrænar fjárveitingar til munu þá falla niður að því er varðar fjárveitingar á vegum norræna samstarfsins, en það eru svið sem eftir sem áður þarf að sinna og rækja af hálfu landanna. Þar má t.d. nefna samstarf fjármálaráðherra Norðurlandanna sem ekki er gert ráð fyrir að leggist niður þótt það muni verða með öðrum hætti, en þá verður að gera ráð fyrir því að fjárveitingar verði til þess og fyrir því séð af löndunum og ríkisstjórnum landanna. Þetta eru atriði sem ég tel að þurfi að taka sérstaklega fyrir til athugunar að því er varðar hagsmuni Íslands þannig að við leggjum á það áherslu að eftir sem áður verði um að ræða norrænt samstarf á þessum sviðum, sérstaklega að því er varðar þau atriði sem okkur eru mikilvægust.

Í öðru lagi hefur verið mikil umfjöllun um áhrif Norðurlandaráðs á norrænu fjárlögin. Þessi umfjöllun er orðin alllöng og á það hefur verið lögð áhersla af hálfu ráðsins og um það hefur verið mikil samstaða og undir það hafa allir fulltrúar í Íslandsdeild tekið að aukin áhrif Norðurlandaráðs sé forsenda þess að áhrif þingmanna og lýðræðiskjörinna fulltrúa verði aukin. Ég tel að þessi mál hafi fengið tiltölulega farsæla lausn á síðasta Norðurlandaráðsþingi eða a.m.k. vonast ég eftir því að svo muni reynast þótt þar hafi ekki verið gengið jafnlangt og þingfulltrúar vildu. Það mun að sjálfsögðu á það reyna hvort ráðherraráðið muni koma til móts við þær óskir sem þar liggja fyrir með þeim hætti að Norðurlandaráð telji fullnægjandi, en ég vænti þess að svo verði og legg á það áherslu að íslenska ríkisstjórnin og fulltrúar hennar leggi á það áherslu að þar verði áhrif þingmanna verulega aukin. Þetta kallar á breytingar á starfsháttum innan ráðsins sem mikilvægt er að sinna nú á næstunni.

Í þriðja lagi hefur aukið vægi menningarmálasamstarfsins og umhverfissamstarfsins sett svip sinn á umræðuna en ekki er að fullu ljóst hvaða áhrif það muni hafa m.a. á efnahags-, atvinnumála- og byggðamálasamstarf svo eitthvað sé nefnt. Þetta verður að sjálfsögðu að skoðast í ljósi þess að það er aukið atvinnuleysi á Norðurlöndunum og Norðurlandaráð hefur lagt á það áherslu að auka samstarf Norðurlandanna til að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Það er mikilvægt að Norðurlöndin beiti öllum þeim tækjum sem þau geta sameiginlega haft og hafa til þess að vinna gegn þessum mikla bölvaldi. Það mun að sjálfsögðu ekki vera gert nema fjármagn sé tryggt til þessara þátta og því hafa verið uppi efasemdir um það hvort rétt sé að auka jafnmikið og ætlunin hefur verið menningarmálasamstarfið og umhverfissamstarfið á kostnað hinna þáttanna. Það er hins vegar mikill áhugi fyrir því og samstaða innan Norðurlandaráðs að auka menningarmálasamstarfið og umhverfissamstarfið. En aðilar í ráðinu vilja sjá heildarmyndina áður en gengið er endanlega frá þessu máli. Með þessum orðum er ég á engan hátt að draga úr þýðingu menningarmálasamstarfs Norðurlandanna. Það hefur verið okkur Íslendingum afar mikilvægt og svo mun verða um langa framtíð og er síst ástæða til þess af okkar hálfu að draga úr þýðingu þess. Það er okkur mikilvægt að þetta samstarf sé sem sterkast og styrkir okkar sjálfstæði og fullveldi að eiga gott samstarf á sviði menningarmála við okkar nágranna. Það sama á við að sjálfsögðu á vettvangi umhverfismála, en nú fer mjög vaxandi alþjóðleg samvinna á því sviði og því mikilvægt fyrir okkur að verða samferða Norðurlöndunum á þeim sviðum.

Í fjórða lagi hefur það einkennt umræðuna að gert er ráð fyrir því að forustuhlutverk forsætisráðherranna í samstarfinu verði aukið. En ég vil leggja á það áherslu að þótt ég fagni því að svo sé, þá má það ekki verða til þess að draga úr þátttöku annarra ráðherra. Ég tel mikilvægt að samstarfsráðherrarnir hafi áfram pólitíska ábyrgð í þessu samstarfi og sinni ýmsum dagleg-

um verkum. Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að forsætisráðherrarnir hafi tíma eða möguleika til þess að taka það allt saman að sér. Þetta á jafnframt við um formennsku í nefndum og í öðrum ráðherranefndum. Það er gert ráð fyrir því að ábyrgð formanns þess lands sem fer með formennsku á hverjum tíma verði mjög aukið.

Þá hefur það einnig sett mark sitt á samstarfið að mikil aukning er í samstarfi og áhuga á samstarfi á sviði utanríkismála. Aðalumræða haustþingsins á sl. hausti voru m.a. utanríkismál og var það að mínu mati ánægjulegt að farið var inn á þessa braut. Nærvera flestra utanríkisráðherra Norðurlandanna setti svip sinn á þá umræðu en það er mikilvægt að það sé sem best samstarf milli ríkisstjórnanna og jafnframt innan ráðsins á sviði utanríkismála, ekki síst í ljós þeirrar þróunar sem nú er í Evrópu og jafnframt þeirrar þýðingar sem samstarf við okkar helstu nágranna bæði í suðri, vestri, austri og norðri hefur fyrir öll löndin.

Eitt af því sem ætlunin var að gera en gat ekki orðið af var sá vilji sem lá fyrir um að sameina skrifstofur forsætisnefndarinnar og ráðherranefndarinnar. Ég ætla ekki að rekja ástæður þess að ekki gat af því orðið. Það er hins vegar staðreynd að það gerðist ekki en ég vil leggja áherslu á að ég tel miður að svo varð ekki og vænti þess að það mál verði ekki algerlega lagt á hilluna þótt það muni áreiðanlega frestast um nokkurt skeið.

Að lokum vil ég nefna að það var gert ráð fyrir því á tímabili, a.m.k. skildu menn það svo að fyrir því væri ákveðinn vilji, að ráðherrarnir yrðu ekki lengur formlegir fulltrúar í Norðurlandaráði en sem betur fer var sá misskilningur leiðréttur. Nú er gert ráð fyrir því að þeir verði formlegir fulltrúar á þingum Norðurlandaráðs með þeim hætti sem verið hefur. Hitt er svo annað mál að ráðherrarnir hafa ekki þar atkvæðisrétt en það er afar þýðingarmikið að áfram verði umræða milli þingmanna og ráðherra um málefni Norðurlandaráðs og þess vegna er viðvera ráðherranna nauðsynleg í því starfi. Það kann vel að vera að eitthvað megi fækka þeim ráðherrum sem reglulega sækja fundina. Það verður að fara eftir aðstæðum á hverjum tíma en ég legg á það áherslu að þetta haldi áfram og fagna þeirri niðurstöðu.

Að því er varðar Norðurlandaráð og starf þingmanna, þá hefur átt sér stað veruleg umræða að því er varðar endurskipulagningu á starfi ráðsins sjálfs. Sumt af þeim áherslum er komið til framkvæmda en annað ekki, enda mun það óhjákvæmilega taka verulegt mið af því sem gerist í ráðherranefndinni. Í fyrsta lagi hefur verið gert ráð fyrir því að starfsaðstaða flokkahópanna muni batna í ljós þess að vægi þeirra í starfinu og þýðing hefur farið mjög vaxandi. Þessi þróun hefur átt sér stað og heldur áfram þótt í sjálfu sér séu bæði kostir og gallar að því er þetta varðar. Þetta hefur leitt til þess að vægi landsdeildanna er ekki jafnmikið og áður var og virðist vera að það sé komið til að vera að flokkahóparnir hafi vaxandi áhrif. Ég vil aðeins leggja á það áherslu að fyrst svo er orðið, þá sé starfsaðstaða þeirra sem best og þeir hafi möguleika hver og einn til að sinna þeim skyldum sem á þá eru lagðar.

Ég vil jafnframt leggja áherslu á að það er mikilvægt að tengsl Norðurlandaráðs við störf þjóðþinganna séu aukin og vil nefna það að með skýrslunni eru birt þau tilmæli sem hafa verið samþykkt á þingum Norðurlandaráðs annars vegar í Helsinki og jafnframt munu þau tilmæli sem voru samþykkt á síðasta Norðurlandaráðsþingi verða birt. Það er að sjálfsögðu mikilvægt að þessum tilmælum sé fylgt eftir af hálfu þjóðþinganna og fylgst með því hvernig gengur að koma þeim í framkvæmd. Það er að sjálfsögðu verkefni þeirra fulltrúa sem starfa á vettvangi Norðurlandaráðs en jafnframt mikilvægt að þær nefndir sem fjalla um þessi mál í þjóðþingunum geri sér grein fyrir þessum tilmælum og taki tillit til þeirra í störfum sínum.

Það hefur jafnframt verið ríkt í umræðunni að reyna að finna leiðir til þess að auka samstarf við aðrar alþjóðadeildir og annað alþjóðastarf. Ýmsir hafa lagt á það áherslu að þeir sem kjörnir eru til starfa á vettvangi Norðurlandaráðs sinni jafnframt störfum í alþjóðastarfi t.d. í Evrópumálum, en ég hygg að það sé mjög erfitt að koma því við því ekki er hægt að gera ráð fyrir því að sömu þingmenn sinni mörgum verkefnum á þessu sviði. Þetta eru vissulega tímafrek mál og ef sömu þingmennirnir eiga að sinna þeim öllum, þá mun verða mjög erfitt fyrir þá að sinna skyldum sínum heima fyrir. En auðvitað er það ekkert annað en staðreynd að þær vinnuskyldur sem leggjast á þingmenn í alþjóðastarfi dregur tíma frá öðrum störfum heima fyrir því að nóg eru verkefnin sem blasa alls staðar við fyrir þá fulltrúa sem hér starfa.

Í þessu sambandi hafa komið upp þær hugmyndir að sumir fulltrúar í Norðurlandaráði séu kosnir án þess að þeir starfi í nefndum á vegum Norðurlandaráðs en ég tel að sú hugmynd eigi litlu fylgi að fagna í þessu sambandi. Ég tel því nauðsynlegt að við ræðum þessi mál á Alþingi og við aðra fulltrúa sem starfa að alþjóðamálum og að við reynum að auka samstarf og upplýsingar okkar í milli þannig að áherslur verði sem mest samræmdar eftir því sem hægt er.

Ég vil, virðulegur forseti, nefna nokkur málefni sérstaklega sem eru nú á dagskrá og eru mikilvæg. Í fyrsta lagi vil ég nefna að þann 16. og 17. ágúst verður haldin í Reykjavík ráðstefna um málefni heimskautasvæðanna eða „arktisk" ráðstefna. Þessi ráðstefna er mikilvæg og setur í sviðsljós það samstarf sem þarf að vera milli landanna á norðurslóð, þ.e. Kanada, Grænlands, Íslands, Færeyja, Noregs, Finnlands, Svíþjóðar og Rússlands. Gert er ráð fyrir því að fulltrúar frá þessum löndum komi til ráðstefnunnar. Mér láðist að nefna Bandaríkin sem að sjálfsögðu skipta þar miklu máli. Jafnframt er vonast eftir því að fulltrúar frá Japan og frá Evrópuráðinu sæki þessa ráðstefnu ásamt áheyrnarfulltrúum frá fjölda alþjóðlegra samtaka.

Eitt af því sem þessi ráðstefna mun fjalla um er nauðsyn þess að koma á formlegu samstarfi milli þessara landa um málefni landanna og þessara svæða á sviði atvinnumála, nýtingar náttúruauðlinda, umhverf-

ismála, samgöngumála og jafnframt öryggismála, svo eitthvað sé nefnt. Ég geri mér miklar vonir um að þessi ráðstefna geti orðið byrjun á frekara samstarfi á þessu sviði og minni á í þessu samhengi að nýlega var stofnað fyrir frumkvæði Norðmanna svokallað Barentsráð en þar er gert ráð fyrir samstarfi í norðurhéruðum Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Rússlands um málefni þess svæðis. Það er okkur mjög mikilvægt að styrkja samstarfið við nágranna okkar, bæði í austri og vestri, um okkar hagsmunamál og það er mikilvægt að nýta þá krafta sem búa í Norðurlandasamstarfinu þessu máli til framdráttar.

Þá er jafnframt gert ráð fyrir því að samstarfið við nærliggjandi svæði við Eystrasalt, og þá ekki síst við St. Pétursborg, verði aukið. Á þessu svæði býr mjög margt fólk, eða um 8 milljónir manna, á tiltölulega litlu svæði og það er afar þýðingarmikið að auka samstarf við þessi héruð, ekki síst til að vinna að úrbótum á sviði umhverfismála. Þar má nefna hættuna á slysum vegna kjarnorku og margt annað sem löndin í nágrenninu hafa miklar áhyggjur af.

Ég vil jafnframt nefna þriðju þingmannaráðstefnuna um samvinnu Eystrasaltsríkjanna sem verður haldin í Póllandi í júní með stuðningi Norðurlandaráðs. Sú samvinna hefur farið vaxandi og er það þriðja þingmannaráðstefnan sem haldin er. Íslendingar hafa tekið þátt í þessum ráðstefnum en því miður eigum við ekki aðild að svokölluðu Eystrasaltsráði en vilyrði og góður vilji hefur verið fyrir því að gera þar breytingu á. Þeir sem hafa staðið í vegi fyrir því hafa einkum verið Danir en nauðsynlegt er að taka þetta mál betur upp við hina nýju dönsku ríkisstjórn og ég vænti þess, miðað við þær undirtektir sem heyrst hafa, að því verði hrint í framkvæmd að við gerumst aðilar að þessu ráði með formlegum hætti.

Þá vildi ég nefna að Norðurlandaráð hefur veitt námsstyrki til þingmanna frá Austur-Evrópu til þess að gera þeim kleift að kynna sér þjóðfélagsskipan og störf lýðræðislega kjörinna þjóðþinga á Norðurlöndunum. Þegar hafa komið hingað á vegum Íslandsdeildar Norðurlandaráðs þingmenn frá Póllandi, Eistlandi, Lettlandi og Rússlandi og hefur það verið ánægjulegt að upplýsa þessa þingmenn um skipan mála hér á landi og mun það starf halda áfram en mikill áhugi hefur verið fyrir því að heimsækja Ísland í þessu skyni.

Ég vildi jafnframt nefna málefni Norrænu eldfjallastöðvarinnar sem ég tel mikilvægt að sinnt verði á næstunni. Uppi hafa verið hugmyndir um að hún sé ein þeirra stofnana sem eigi að leggja niður. Ég tel afar mikilvægt að Íslendingar geri allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir þær hugmyndir. Í því sambandi er nauðsynlegt að leyst verði húsnæðismál þessarar stofnunar en við höfum skuldbindingar sem gera ráð fyrir því að sjá þessari stofnun fyrir húsnæði en því miður hefur ekki verið nægilega vel að því staðið af okkar hálfu.

Ég vildi jafnframt nefna að næsti fundur forsætisnefndar Norðurlandaráðs verður í Brussel á mánudaginn kemur en þar mun forsætisnefndin eiga viðræður við fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar, Henning Christophersen, og jafnframt eiga fund með fulltrúum Evrópuþingsins.

Það er tímanna tákn að margra mati að næsti fundur forsætisnefndar skuli vera í Brussel. Það er nú ekki táknrænt heldur einfaldlega vegna þess að nefndin verður stödd á þeim stað á þeim degi og það er mikilvægt að eiga viðræður við aðila um hagsmuni Norðurlandanna. Ég tel mikilvægt að ræða það mál við fulltrúa Dana, Henning Christophersen, í framkvæmdastjórninni.

Ég vildi þá aðeins koma að samstarfinu innan Íslandsdeildar. Það hefur verið mjög gott og ánægjulegt og ég vil þakka fyrir það samstarf og öllum þingmönnum sem þar eiga sæti fyrir gott starf. Ég tel að allir hafi sinnt því afar vel. Ég vil sérstaklega þakka fráfarandi formanni nefndarinnar fyrir góð störf og góða stjórn á störfum deildarinnar. Ég tel jafnframt að það samstarf sem við höfum átt við ráðherra í núverandi ríkisstjórn hafi verið gott. Þeir hafa tekið málaleitunum af okkar hálfu vel og hafa verið fundir með þeim ýmist að þeirra frumkvæði eða frumkvæði Íslandsdeildar. Jafnframt hefur samstarf við Norræna félagið verið aukið eða a.m.k. hafið. Við höfum átt fund með þeim og ég tel mjög nauðsynlegt að auka samstarf við þau félög og vænti þess að gott samstarf geti verið milli deildarinnar og Norræna félagsins áfram enda gagnkvæmur áhugi á því.

Við höfum jafnframt rætt það að auka samráð og samstarf við íslenska stjórnarfulltrúa í norrænum stofnunum og munum á næstunni leita eftir því að eiga fundi með þeim, en Íslandsdeild mun m.a. eiga fund með fulltrúum frá Norrænu eldfjallastöðinni í næstu viku til að ræða málefni þeirrar stofnunar.

Ég vil svo, virðulegur forseti, að lokum leggja áherslu á mikilvægi norræns samstarfs fyrir Ísland. Það hefur ávallt verið einn af hornsteinum í okkar utanríkisstefnu og ég tel að ef eitthvað er þá sé þýðing þessa samstarfs vaxandi. Þrátt fyrir aukið samstarf við aðrar þjóðir, m.a. Evrópuþjóðirnar, er norrænt samstarf okkur mjög mikilvægt. Það er ekki síst mikilvægt vegna þess að hinar Norðurlandaþjóðirnar hyggja á mjög aukið samstarf innan Evrópu og við hljótum að beita norrænu samstarfi okkur sem best til framdráttar í því nýja samstarfi. Það er ekki síst mikilvægt fyrir litla þjóð eins og okkur sem getur ekki sinnt öllum þáttum með sama hætti og stærri þjóðirnar og er því nauðsynlegt að við getum treyst þeim fyrir ýmsu sem við getum ekki sinnt vegna fámennis og þeirrar staðreyndar að okkar embættiskerfi er mun fámennara.

Ég vildi svo aðeins að lokum leggja áherslu á það að formennska í ráðherranefndum og embættisnefndum mun leggja auknar skyldur á það land sem tekur við formennsku. Um þessar mundir er það Svíþjóð sem fer með formennsku í öllum þessum nefndum en á næsta ári mun Ísland taka við þessari forustu. Það er mikilvægt að nú þegar verði hafinn undirbúningur að því að við verðum í stakk búin til þess. Það hlýtur að krefjast þess að Íslendingar auki þátttöku sína og fjölgi því fólki sem að þessum málum starfar. Það eru ekki margir sem sinna þessum málum í dag, þótt ég vilji

taka það skýrt fram að þeir fáu einstaklingar sem það gera geri það af mikilli kostgæfni og leysi málin vel miðað við þá staðreynd hvað fáir eru þar til starfa. Ég held að það verði ekki hjá því komist að auka þetta starf ef við eigum að vera í stakk búin til þess að sinna formennsku með nægilega góðum hætti. Það er jafnframt mikilvægt tækifæri fyrir Ísland til þess að hafa áhrif á þróun norræna samstarfsins. Þótt mikið muni gerast að því leytinu til á þessu ári er enginn vafi á því að hægt er að hafa mikil áhrif til þróunarsamstarfsins á næsta ári í okkar formennskutíð. Ég tel því mikilvægt að fram komi í þessari umræðu upplýsingar frá ríkisstjórn Íslands með hvaða hætti hún hyggst styrkja stöðu okkar í þessu sambandi.

Virðulegur forseti. Ég vil endurtaka að ég vænti þess að um þessi mál geti síðar farið fram góð umræða. Það ber að harma að það skuli þurfa að slíta hana í sundur, en ég legg á það áherslu að framhald umræðunnar geti farið fram sem allra fyrst því það er mjög óheppilegt ef mjög langt líður á milli og umræðan er óþarflega mikið slitin í sundur.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 4.45 síðdegis.

136. FUNDUR

mánudaginn 22. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning 8 manna í landsdóm og jafnmargra varamanna til sex ára, frá 18. mars 1993 til jafnlengdar 1999, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 2. gr. laga nr. 3 19. febrúar 1963, um landsdóm.
2. Hjúskaparlög, stjfrv., 273. mál, þskj. 369, nál. 742 og 768, brtt. 743 og 762. — 2. umr.
3. Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, stjfrv., 406. mál, þskj. 700. — 1. umr.
4. Húsnæðisstofnun ríkisins, frv., 402. mál, þskj. 696. — 1. umr.
5. Framhaldsskólar, stjfrv., 397. mál, þskj. 691. — 1. umr.
6. Sjávarútvegsskóli, þáltill., 380. mál, þskj. 673. — Fyrri umr.
7. Ólympískir hnefaleikar, þáltill., 388. mál, þskj. 682. — Fyrri umr.
8. Ráðgjafar- og fræðsluþjónusta fyrir nýbúabörn, þáltill., 399. mál, þskj. 693. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta hefur borist eftirfarandi bréf, sem dags. er 22. mars 1993:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Norðurl. e., Guðmundur Stefánsson framkvæmdastjóri, Akureyri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta bréf ritar Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.

Guðmundur Stefánsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Þá hefur hér borist annað bréf, sem einnig er dags. 22. mars 1993:

„Þar sem ég vegna aðkallandi starfa get ekki setið á Alþingi næstu tvær vikurnar í veikindaforföllum Matthíasar Bjarnasonar, 1. þm. Vestf., fer ég fram á að 2. varaþm. Sjálfstfl., Jörgína Jónsdóttir útibússtjóri, Tálknafirði, taki sæti á Alþingi.

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti."

Undir þetta bréf ritar Guðjón A. Kristjánsson, 1. varaþm. Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi.

Jörgína Jónsdóttir hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi, en kjörbréf hennar hefur verið rannsakað. Hún mun nú undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Jörgína Jónsdóttir, 1. þm. Vestf., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Jörgína Jónsdóttir hefur nú undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Hjúskaparlög, 2. umr.

Stjfrv., 273. mál (heildarlög). — Þskj. 369, nál. 742 og 768, brtt. 743 og 762.

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hluta allshn. um frv. til hjúskaparlaga á þskj. 742, sem er 273. mál þingsins. Jafnframt er mælt fyrir brtt. á þskj. 743. Nál. er undirritað af Sólveigu Pétursdóttur, Sigbirni Gunnarssyni, Birni Bjarnasyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni og Jóni Helgasyni, en fjarstaddir afgreiðslu málsins voru þeir Ingi Björn Albertsson og Ólafur Þ. Þórðarson.

Frv. þetta hefur verið til meðferðar í nefndinni öðru sinni. Sifjalaganefnd sá sem fyrr um samningu frv. og tók hún tillit til margra ábendinga sem bárust frá umsagnaraðilum á 115. löggjafarþingi. Allshn. tókst ekki að ljúka meðferð málsins á því þingi.

Með þessu frv. til hjúskaparlega er lagt til að steypt verði í einn lagabálk ákvæðum þeirra laga sem nú eru í gildi á þessu sviði, þ.e. lögum nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna, og lögum nr. 60/1972, um stofnun og slit hjúskapar, en þeim lagabálkum var báðum breytt þann 26. maí 1992 með lögum nr. 39/1992. Þá voru ýmis ákvæði frv. sem mælt var fyrir í apríl 1992 felld í þau lög af tilefni aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði þann 1. júlí sama ár. Auk þess voru felld í lögin nokkur ákvæði sem fólu í sér verulegar réttarbætur.

Frv. er bundið við hjón í skilningi sifjaréttarins, þ.e. þegar karl og kona hafa verið gefin saman í hjúskap þannig að lágmarksskilyrðum um gildi hjónavígslu sé fullnægt. Það tekur því ekki til óvígðrar sambúðar og heldur ekki til samninga samkynja manna um sambúð, enda er það skoðun nefndarinnar að lög um þau efni, ef sett verða, eigi að vera í sérstökum lögum.

Hæstv. forseti. Í athugasemdum með frv. er lýst ít-

arlega þeim breytingum sem í því felast frá núgildandi lögum. Ég ætla því einungis að gera grein fyrir því hvaða helstu breytingar felast í frv. í stuttu máli.

Í I. kafla frv., sem fjallar m.a. um jafnstöðu og verkefnaskiptingu hjóna, segir í 2. gr. að hjón séu í hvívetna jafnrétthá í hjúskap sínum og er með þessu lagt til að afnuminn verði sá munur á lagastöðu karla og kvenna sem er að finna í núgildandi lögum um réttindi og skyldur hjóna.

Í II. kafla frv., um hjónavígsluskilyrði, er lagt til að fækkað verði hjúskapartálmum frá núgildandi lögum. Þar er m.a. lagt til að hjúskapartálmar er lúta að hjúskap andlega fatlaðra manna falli niður, svo og tengdra manna.

III. kafli frv., um könnun á hjónavígsluskilyrðum, geymir nokkru fyllri reglur um þetta efni en er í núgildandi lögum, en felur ekki í sér umtalsverðar breytingar á þeim, enda þykja þær hafa reynst vel.

Í IV. kafla frv., um hjónavígslu, eru ákvæði um borgaralega og kirkjulega hjónavígslu, hverjir framkvæma hana og hvar og hverjum sé kræf borgaraleg hjónavígsla.

V. kafli frv., um ógildingu hjúskapar, er nánast óbreyttur frá núgildandi lögum en ógilding á hjúskap er svo til óþekkt hér á landi.

Um hjónaskilnaði er fjallað í VI. kafla frv. en ákvæði hans voru mörg lögfest með lögum nr. 39/1992, þ.e. 33., 34., 36., 37., 41., 43. og 44. gr. frv.

Mikilvægt nýmæli er að finna í 40. gr., en þar er fjallað um líkamsárás eða kynferðisbrot annars hjóna sem bitnar á hinu eða barni sem hjá því býr. Ákvæði mælir fyrir um lögskilnaðarástæður sem miðast við að annar maki beiti hinn ofbeldi eða gerist sekur um ósæmilegt atferli af kynferðistoga gagnvart börnum sem búa hjá hjónum. Ef um slík tilvik er að ræða getur hitt hjóna þegar krafist lögskilnaðar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Ákvæðinu hefur verið breytt frá fyrra frv. og greint sérstaklega frá hvoru tilviki fyrir sig, líkamsárás og kynferðisbroti. Þess má geta að norsk og dönsk lög kveða á um líkamsárás sem lögskilnaðarástæðu en þar er ekki kveðið á um kynferðisbrot.

Í 42. gr. er fjallað um sáttaumleitanir og eru þar nokkur nýmæli, þ.a. það að ekki sé skylt að leita sátta með hjónum um framhald hjúskaparins nema þau hafi forsjá fyrir ósjálfráða börnum. Þegar svo hagar til mælir tillit til barnanna með skyldubundnum sáttatilraunum. Þegar yngri börnum en 16 ára er ekki til að dreifa þykja ekki vera rök til að þvinga hjón til sáttaumleitana. En ég legg áherslu á það að hjón eiga þess ávallt kost að leitað sé um sættir með þeim þegar þau hafa ákveðið að leita skilnaðar eins og beint kemur fram í 1. mgr. 42. gr.

VII. kafli frv. geymir einkaréttarreglur um ábyrgð hjóna á framfærslu fjölskyldunnar. Í kaflanum eru sameinuð ákvæði um framfærsluskyldu hjóna, bæði meðan á hjúskap stendur og eftir skilnað. Í kaflanum eru ekki veruleg nýmæli frá gildandi rétti en ákvæðin eru um margt einfaldari en núgildandi lagareglur.

VIII. kafli frv. veitir yfirlit yfir eignir í hjúskap og til leiðbeiningar. Þar eru nokkur nýmæli. Taldar eru upp í 53. gr. þær eignir sem um er að ræða og í 55. gr. er kveðið á um það hvernig séreign geti myndast.

Í IX. kafla frv., um forræði maka á eignum sínum, eru ekki nýmæli í fyrri þætti kaflans, um almenn ákvæði, en í síðari þættinum, um takmarkanir á forræði maka yfir eignum sínum, er fjölskyldunni veitt ríkari vernd gegn ráðstöfunum maka á fasteign sem fjölskyldan býr í en er í núgildandi lögum og einnig gegn ráðstöfunum maka á innbúi á sameiginlegu heimili hjóna og fleira. Loks er ákvæði í 67. gr. um heimild til riftunar á gjöf maka til þriðja manns nýmæli. Um þennan kafla er fjallað sérstaklega í nál. meiri hluta og segir þar, með leyfi virðulegs forseta:

„Skv. 60. gr. þarf skriflegt samþykki maka til ráðstöfunar á fasteign sem ætluð er sem bústaður fyrir fjölskylduna eða fyrir sameiginlegan atvinnurekstur þeirra. Í 64. gr. segir að sé óskað þinglýsingar á löggerningi skv. 60. gr. þurfi skjalið að geyma yfirlýsingu um hvort sá er skjal stafar frá sé í hjúskap og ef svo er, hvort eign sé bústaður fjölskyldu hans eða notuð við atvinnurekstur hjóna. Ákvæðið er nýmæli. Í nefndinni urðu umræður um hvort beita ætti réttarúrræðum ef ákvæðum 64. gr. væri ekki sinnt. Í þessu sambandi er rétt að benda á ákvæði 2. mgr. 64. gr. og 2. mgr. 133. gr. þar sem ráðherra er veitt heimild til að setja nánari reglur um framkvæmd laganna. Enn fremur er bent á ákvæði 2. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, þar sem kveðið er á um vísun skjals frá þinglýsingu. Loks var rætt allnokkuð í nefndinni um hversu betur hjón væru sett ef bæði væru skráð sem þinglýstir eigendur að fasteign."

Í þessu sambandi er rétt að athuga það að meiri hluti nefndarmanna telur ekki rétt að breyta því eignafyrirkomulagi sem gildir hér á landi og á Norðurlöndum. Það hljóti að vera í valdi hjónanna sjálfra að ákveða hvernig þau skrá eignaraðild og fara með sínar eignir, enda skiptast eignir til helminga við skilnað.

Í X. kafla frv., um skuldaábyrgð hjóna, er safnað saman dreifðum ákvæðum um þetta efni í lögum nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna, en meginreglurnar eru óbreyttar. Afnumin eru ákvæði gildandi laga sem mismuna hjónum með einum eða öðrum hætti enda samrýmast þau ekki jafnréttisviðhorfum nútímans.

Í XI. kafla greinir frá samningum milli hjóna, þar á meðal séreignum samkvæmt kaupmála. Í kaflanum eru einnig reglur um aðrar séreignir, t.d. vegna fyrirmæla gefanda eða arfleiðanda. Helstu nýmæli um kaupmála eru þau að þar er lagt til að unnt sé að ákveða með kaupmála að venjulegt innbú á sameiginlegu heimili hjóna sem aflað er eftir gerð kaupmála verði séreign og unnt verði að tímabinda kaupmála og skilyrða þá, t.d. þannig að kaupmáli hafi ekki lengur gildi ef hjón eignast sameiginlegan skylduerfingja.

Um hæfi til kaupmálagerðar, form kaupmála og reglur um skráningu og fleira er fjallað í XII. kafla.

Um fjárskipti milli hjóna án skilnaðar er fjallað í XIII. kafla frv. og eru ákvæðin lítið breytt frá gildandi lögum.

Um fjárskipti vegna hjúskaparslita eru reglur í XIV. kafla og gætir þar ýmissa nýmæla. Má nefna ákvæði 101. gr. er fjallar um það við hvaða tímamark skuli miða eignir og skuldir er til skipta koma. Enn fremur gætir nýmæla í 102. gr. þar sem kveðið er á um verðmæti sem falla utan skipta samkvæmt kröfu maka.

Rétt er að benda á það að ef ósanngjarnt þykir að ákveðnum verðmætum sé haldið utan skipta er heimilt að bæta maka það með fjárgreiðslum. Hér gætu t.d. lífeyrisréttindi komið til athugunar. Þá er rýmkuð heimild til frávika um helmingaskiptaregluna í 103. gr. frv. sem eftir sem áður er meginregla um fjárskipti milli hjóna.

Í XV. kafla eru reglur um réttarfar í hjúskaparmálum og í XVI. kafla eru ákvæði um meðferð og úrlausn fyrir stjórnvöldum en þau ákvæði voru lögfest með lögum nr. 39/1992.

Í XVII. kafla eru loks ákvæði um gildistöku laganna sem lagt er til að verði þann 1. júlí n.k. lagaskil og brottfallin lög.

Hæstv. forseti. Allshn. leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er eftirfarandi grein fyrir á sérstöku þskj. Í fyrsta lagi er lagt til að 16. og 17. gr. verði breytt þannig að í þeim verði kveðið á um skráð trúfélög sem þykir nákvæmara þótt greinarnar hefðu vafalaust verið túlkaðar með sama hætti þó þessi breyting hefði ekki komið til. En samkvæmt lögum um trúfélög, nr. 18/1975, verða trúfélög að verða skráð til að prestar þeirra eða forstöðumenn geti framkvæmt embættisverk þar á meðal hjónavígslu.

Í öðru lagi er lagt til að tilvísun í 2. mgr. 43. gr. verði lagfærð og loks er lagt til að orðalagi 2. mgr. 69. gr. verði breytt til að gera það þjálla.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið við að mæla fyrir áliti meiri hluta allshn. varðandi frv. til nýrra hjúskaparlaga. Þar sem frv. þetta geymir reglur sem snerta með einum eða öðrum hætti flesta landsmenn og felur í sér umtalsverðar réttarbætur er það von mín að málið fái góðar móttökur og verði afgreitt sem lög frá hinu háa Alþingi svo fljótt sem verða má.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það fórst fyrir hér í upphafi fundar að geta þess að kl. hálffjögur er fyrirhuguð hálftíma utandagskrárumræða um málefni kvennadeildar Landspítalans. Umræðan fer fram að ósk hv. 13. þm. Reykv., Láru Margrétar Ragnarsdóttur.

Frsm. minni hluta allshn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta allshn. á þskj. 768. Undir það ritar auk mín Kristinn H. Gunnarsson.

Mikil umræða hefur verið um málið í allshn. og þótt nefndarfólk allt styðji þetta frv. vegna ýmissa jákvæðra atriða sem er að finna í því, svo sem afnámi mismununar milli hjóna, þá hafa þrátt fyrir það verið allskiptar skoðanir um einstök efnisatriði frv. Ég rek þau helstu í nál. og vil auk þess bæta við nokkrum athugasemdum við aðrar greinar frv.

En ég byrja þá á því sem tiltekið er hér í nál. og fylgt eftir í brtt.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar á tveimur þingum og fjallað ítarlega um það. Minni hluti nefndarinnar styður þær breytingar sem gerðar voru á frumvarpinu á milli þinga og breytingartillögur meiri hlutans en þar er nánast eingöngu um minni háttar lagfæringar að ræða. Minni hlutinn styður efni frumvarpsins í meginatriðum en flytur breytingartillögu við tvær greinar frumvarpsins.

Eðlilegt verður að telja að steypa lögum nr. 60/1972 og nr. 20/1923 saman í einn bálk og sömuleiðis að fella inn í hann lög nr. 39/1992 er einkum vörðuðu breytingar á ákvæðum laga um hjúskap vegna þeirrar stjórnkerfisbreytingar sem gerð var á sl. ári.

Fyrri breytingartillaga minni hlutans er við 40. gr. frumvarpsins. Lagt er til að 1. mgr. greinarinnar endi á orðunum „krafist lögskilnaðar“ og niðurlag málsgreinarinnar falli brott. Þetta er ekki að ástæðulausu. Í þessum orðum eða setningum þar sem lagt er til að felldar séu úr er leitast við að skilgreina hvers konar ofbeldi telst nógu alvarlegt til að heimila lögskilnað án tafa. Ofbeldi er alltaf alvarlegt og því er slík flokkun óþörf og óæskileg. Í skýringum við greinina stendur m.a.: „Um líkamsárás er hér miðað við að hún sé allalvarleg . . .“ Enn fremur segir: „Minni háttar líkamsmeiðingar falla utan marka ákvæðisins.“ Flokkun ofbeldis í „minni háttar“ og „meiri háttar“ er bæði erfitt matsatriði og gæti vakið þá hugsun að stundum sé ofbeldi ekkert sérlega alvarlegt. Undir slíkt getur minni hlutinn engan veginn tekið. Hins vegar styður minni hlutinn þá breytingu, sem gerð hefur verið á frumvarpinu frá upprunalegri gerð þess, að taka sérstaklega fram að í 40. gr. sé bæði átt við kynferðislegt ofbeldi og annað ofbeldi.

Ýmis nýmæli eru í frumvarpinu, m.a. er varða sameiginlega ábyrgð hjóna á heimilishaldi, eignum og skuldbindingum. Þau styður minni hlutinn en telur of skammt gengið. Rétt hefði verið að kveða á um samráð hjóna hvað varðar aðrar fjárhagslegar skuldbindingar en veðsetningu eigna þeirra, sbr. 61. og 62. gr. frumvarpsins. Um það náðist hins vegar ekki samstaða í nefndinni. Verði þetta frumvarp að lögum óbreytt mun það t.d. merkja að ef annað hjóna er skráð fyrir fasteign getur það tekið á sig fjárhagslegar skuldbindingar, svo sem með því að skrifa upp á lán, án vitundar eða samþykkis hins. Kröfuhafar geta gengið að eigninni til greiðslu slíkrar skuldar án þess að það hjóna, sem ekki er skráð fyrir fasteigninni, geti rönd við reist. Þetta er óbreytt frá núgildandi lögum en minni hluti allsherjarnefndar telur það allsendis óviðunandi að annað hjóna geti skert hjúskapareign hins með því að gangast í ábyrgð fyrir aðra. Gildir þá einu hvort jafnslæm ákvæði eru í lögum nú eins og áður. Fram kom hjá fulltrúum dómsmálaráðuneytis o.fl. að ákvæði 59. gr. frumvarpsins um tilhlýðilega meðferð á hjúskapareign gerðu slíkt athæfi ekki ólöglegt. Er það út af fyrir sig íhugunarefni. Því er nauðsynlegt að gera eitthvað til að bæta þarna úr. Minni hluti allsherjarnefndar ákvað að fara þá leið að flytja breytingartil-

lögu við 54. gr. laga til að tryggja að hjón væru bæði skrifuð fyrir allri hjúskapareign þannig að annað þeirra gæti aldrei ráðstafað meiru en sínum helmingi hjúskapareignar. Tillagan er á þskj. 762 (2. liður). Minni hlutinn leggur til að greinin orðist svo: „Eign maka verður hjúskapareign nema sérstakar heimildir standi til annars og skal skrá hana á nöfn beggja. Á þetta við um eignir sem maki flytur í búið við hjúskaparstofnun eða öðlast síðar og gegnir einu með hverjum hætti eignar er aflað að lögum.“ Þannig líkur þá greininni með þessari breytingu.

Í umræðum um frumvarpið í allsherjarnefnd komu upp nokkur álitamál en minni hlutinn lætur að sinni nægja að flytja þær tvær breytingartillögur sem á undan eru nefndar. Reynslan mun án efa skera úr um hvernig lögin reynast, bæði þau nýmæli sem í þeim er að finna og eldri ákvæði sem misjafnlega vel hefur gengið að framfylgja.

Undir nál. ritar auk mín Kristinn H. Gunnarsson.

Ég vík þá að öðrum athugasemdum við frv. og skýringum að hluta til við þær brtt. sem hér hafa verið kynntar. Ef litið er á frv. í heild þá ber það þess merki að varlega hefur verið farið í að breyta gildandi lögum og jafnframt að verið er að samræma norræn lög um hjúskap. Varfærnin er að mínu mati of mikil, t.d. í því dæmi sem ég nefndi hér á undan þegar kemur að upplýsingaskyldu hjóna um fjárhagsskuldbindingar. Vissulega var hægt að fara fleiri en eina leið til að bæta þarna úr. En það er rétt að láta á það reyna hér í þinginu hvort ekki er hægt að ná samstöðu um þá brtt. sem við í minni hlutanum flytjum.

Það kemur líka glöggt fram að við samræminguna við önnur lög um hjúskap á Norðurlöndum hefur þurft að velja um leiðir. Það má nefna það t.d. að í norsku lögunum er gengið mun lengra í því að skylda hjón með börn til að reyna sættir áður en til skilnaðar kemur heldur en kemur fram í þessu frv., þ.e. í 42. gr. Í Noregi er hafður sá háttur á að hjón með börn koma á fjóra fundi með fjölskylduráðgjafa til að leita sátta og ekki síður að ræða ágreiningsefni. Það er mat fagfólks að það að setjast niður og ræða ágreiningsmál með stuðningi frá sérmenntuðu fólki geti ekki einungis leitt til sátta í einhverjum tilvikum heldur oft og tíðum létt mjög eftirmál skilnaðarins og rauninni gert það auðveldara að ná góðri og ásættanlegri niðurstöðu ef til skilnaðar kemur.

Hér á landi hefur aðeins einn aðili skipulega fjölskylduráðgjöf með höndum en það er sú fjölskylduráðgjöf sem starfar á vegum kirkjunnar. Þar eru biðlistar langir og bið löng enda mikil eftirspurn eftir þjónustunni. En jafnframt er þar um að ræða ráðgjöf sem mjög líklega höfðar fyrst og fremst til fólks sem er í þjóðkirkjunni. Aðrir hafa ekki í nein hús að venda eins og sakir standa nema e.t.v. að leita til sérfróðs fólks á eigin kostnað og með ærinni fyrirhöfn því það liggur hreint ekki á lausu hvert á að leita í slíkum tilvikum. Vissulega er ég ekki að gera lítið úr þeirri ráðgjöf og þeim sáttum sem prestar í einstökum sóknum veita en þeir eru misjafnir eins og þeir eru margir. Þótt bætt hafi verið mjög um betur í menntun presta að undanförnu þá er auðvitað alveg ljóst að menn fara ekki í prestskap fyrst og fremst til að læra að sætta fólk ef skilnaður blasir við. Það sem ég er að benda á er að við erum ekki að bjóða þar upp á kost sem hentar öllum og við erum ekki að bjóða upp á að allir landsmenn sitji við sama borð. Eflaust er það ekki hægt að öllu leyti en það má áreiðanlega gera mun betur en nú er gert.

Þessi skortur á skipulegri fjölskylduráðgjöf er einkenni á íslensku samfélagi og skemmst er að minnast þess að á síðasta ári voru samþykkt ný barnalög sem í voru ákvæði sem útheimta mun öflugri ráðgjöf en nú er að fá. Í þeim lögum er langt á milli markmiða og veruleika. Og ábyrgðinni á því að veita sómasamlega fjölskylduráðgjöf var í þeirri umræðu meira og minna varpað á þjóðkirkjuna. Þar á bæ hafa menn reynt að bregðast við eftir mætti en hvort tveggja er að þangað leita áreiðanlega ekki allir sem þyrftu á góðum upplýsingum að halda og ráðgjöf og hitt að ráðgjöf vegum kirkjunnar getur aldrei höfðað til allra hversu vel sem annars til tekst eins og ég gat um áðan.

Í þessu frv. nú er eins og í barnalögunum mikil ábyrgð lögð á herðar fulltrúa hjá sýslumönnum. Vissulega óskar maður þess að þeir verði í stakk búnir til að veita slíka ráðgjöf en við höfum nú þegar reynslu af öðrum lögum, þ.e. barnalögunum, og hún er áreiðanlega í einhverjum tilvikum góð en ég veit því miður einnig dæmi þess að það sem átti að vera hlutlaus ráðgjöf um forræði eða forsjá með barni reyndist vera einhliða áróður með einni leið í því máli og skapaði fleiri vandamál en hún leysti. Því er augljóst að það verður að standa betur að þessum málum í framtíðinni en gert er nú. Ekki bara sums staðar heldur alls staðar. Og vissulega vekur þetta einnig spurningar um það hvernig starfsfólk sýslumanna er í stakk búið til að taka við því vandasama hlutverki sem því var falið með barnalögunum og nú einnig með þessu frv. Það þarf að fara með gát og ég tel ástæðu til að hvetja hæstv. dómsmrh., sem því miður heyrir nú ekki mál mitt hér, en ég verð þá að gera það persónulega að koma þeim ábendingum á framfæri, það verður að hvetja hann til þess að beita sér fyrir því að það verði leitað grannt eftir áliti íslensks fagfólks áður en reglugerðin verður sett um sáttaumleitanir, sbr. 42. gr. Það væri ekki úr vegi að leita einnig upplýsinga um reynslu t.d. Norðmanna af þeirri aðferð sem þeir nota, þ.e. að halda nokkra fundi með hjónum áður en til skilnaðar kemur. Þetta stangast e.t.v. dálítið á við það sem er helsta nýmæli með þessari grein en það er það að fellt er niður að leita þurfi sátta með hjónum nema börn séu í spilinu. En umræðan er engu að síður fullgild. Ég held að það sé þá alla vega ástæða til að líta vel á þær fjölskyldur þar sem börn eru innan við 16 ára aldur og taka svolítið mið af því að kannski göngum við of skammt í því að veita fólki stuðning. En það dugar auðvitað ekki bara að veita góða ráðgjöf, það er líka hverra kosta er völ ef það vantar beinlínis stuðning, t.d. félagsleg úrræði, og þar erum við komin út í mál sem eru hreint smánarleg hér á Íslandi.

Ég sé ástæðu til að benda á að þótt verið sé að sam-

ræma lög Norðurlanda þá hefur sums staðar á Norðurlöndum verið gengið lengra í löggjöf heldur en gert er í þessu frv. og nægir að nefna það að samkvæmt dönskum lögum eru hjónabönd samkynhneigðra t.d. leyfð. Hv. frsm. meiri hluta allshn. benti á að e.t.v. væri eðlilegt að fara aðra leið í þeim efnum og skal ég ekki fella dóm um það en ég vil benda á að þessi samræming er ekki bara hrein og klár samræming því að slíkt er ekki hægt heldur einnig val á leiðum.

Það er nú ekki síst ástæða til að geta þess hér á tímum hinnar miklu og víðtæku samræmingar sem Íslendingar eru nú að ganga í gegnum þar sem haft hefur verið á orði að Íslendingar væru stundum kaþólskari en páfinn og gleymi sérstöðu sinni í ákafanum við að samræma. Ég segi þetta ekki síst að gefnu tilefni vegna þess að nú eru Íslendingar að hamast við að samlagast Evrópu með því að setja ítarleg lög, t.d. um ferjusiglingar á ám og vötnum og lestasamgöngur, og hafa þar gengið í mörgum efnum töluvert lengra en aðrar þjóðir í Evrópu. En það er ekki síður vegna annarra ákvæða, t.d. í 40. gr., sem ég geri þetta að umtalsefni.

Það vill þannig til að ein helstu rök fyrir því að gerður er greinarmunur á „minni háttar "og „meiri háttar" ofbeldi í þessari grein eða a.m.k. í skýringum við hana er það að svona er þetta annars staðar á Norðurlöndum. Og það er meira að segja talið okkur til tekna að við göngum ívið lengra en þar er gert með því að viðurkenna að kynferðislegt ofbeldi sé líka ofbeldi. Ég segi nú bara þakka skyldi, ég hélt að umræðan hér á landi væri þó komin það langt að við þyrftum ekki að líta á það sem neina sérstaka rausn af okkar hálfu, ekki einu sinni í löggjöf, að leggja ofbeldi að jöfnu, allt ofbeldi. Ég get hins vegar alls ekki sætt mig við að það séu rök fyrir því að einungis sé ástæða til að flýta skilnaði ef ofbeldi er gróft. Og síst eru það rök ef menn annars staðar á Norðurlöndum eru enn svo vitlausir að halda að hægt sé að skipta ofbeldi á þennan hátt niður í lítils háttar og mikils háttar ofbeldi. Það er einmitt einkenni alvarlegs ofbeldis að stundum getur það verið ótrúlega dulið og jafnframt mjög alvarlegt. Það getur verið mjög mikil ástæða til að skera alveg á tengsl milli hjóna ef um ofbeldi er að ræða strax, þannig að það verði engin eftirmál og taka þann trúanlegan sem beittur er ofbeldi. Ég held að þau mýmörgu mál sem komið hafa til kasta Kvennaathvarfsins og Stígamóta segi þá sögu í þessum efnum sem segja þarf. Enda er það engin tilviljun að í umsögnum frá Kvennaráðgjöfinni og Stígamótum var þessi grein sérstaklega gerð að umtalsefni. Og ég tek það fram að ég er fegin því að það var tekið af skarið og þessari gein var breytt að hluta til í rétta átt.

Þótt túlka megi 40. gr. óbreytta á þann hátt að hún feli í sér allt ofbeldi þá held ég að sé tryggara að gera þær breytingar á henni sem við í minni hluta allshn. leggjum til, svo mat fórnarlambsins verði nægjanleg skilgreining á ofbeldinu og menn fari ekki að fara út á þann hála ís að vega og meta stærð marbletta eða telja beinbrot áður en þeir viðurkenna að um ofbeldi er að ræða. Því miður er það ekki að ástæðulausu sem ég nefni þetta því það hefur viljað brenna við að ekki eru allir reiðubúnir til þess að viðurkenna jafnvel hið augljósasta ofbeldi.

Ég vil ítreka það enn og aftur að það gerir enginn að gamni sínu að reyna að flýta lögskilnaði ef um ofbeldi er að ræða. Fyrir slíku eru yfirleitt meira en ærnar ástæður. Ég held ég geti sagt hikstalaust alltaf.

Ég mun örlítið víkja að einstökum greinum frv. hér á eftir en ég held að það sé ástæða til þess áður en ég fer út í það að vekja athygli á því hversu ólík réttarstaða hjóna og sambúðarfólks er. Ástæðan fyrir því að ég nefni þetta sérstaklega er ekki endilega sú að mér finnst það svo neikvætt, heldur hin að það er mjög algengt að fólk telji að réttarstaðan sé sú sama hvort sem um óvígða sambúð er að ræða eða hjónaband. Úr þessu þarf að bæta og ég vil vekja athygli á þáltill. sem flutt var á síðasta þingi um miðlun upplýsinga um réttarstöðu fólks í vígðri og óvígðri sambúð. Ragnhildur Eggertsdóttir flutti þessa tillögu og aðrar þingkonur Kvennalistans voru meðflutningskonur.

Mig langar að ítreka það sem sagt var í grg. með tillögunni en þar var m.a. verið að fjalla um í hverju þessi munur er fólginn og vil ég fá að geta þess lauslega sem mér þykir ástæða til að hafa til hliðsjónar. Með leyfi forseta þá ætla ég að nýta mér þá greinargóðu samantekt sem þar kemur fram, en þarna segir m.a.:

„Algengt er að upp komi vandamál í sambandi við eignalegan og fjárhagslegan rétt fólks við sambúðarslit eða andlát annars aðila í vígðri eða óvígðri sambúð. Við slíkar aðstæður kemur oft í ljós að það sem fólk hélt að væri réttur þess er það alls ekki. Þessar ranghugmyndir sem á lagamáli eru kallaðar „lögvilla" eru sennilega til komnar vegna nokkurra lagaákvæða sem til eru um óvígða sambúð og snerta tryggingalög, skattalög og lög um húsaleigusamninga. Í þeim lögum er sambúðafólki áskilinn réttur til bóta frá Tryggingastofnun hafi sambúð varað í a.m.k. tvö ár eða hafi sambúðarfólk átt barn saman. Raunveruleikinn er hins vegar sá að ef fólk í óvígðri sambúð hefur ekki gert skriflega lögformlega samninga sín á milli um eignir eða erfðaskrá getur sá sem skrifaður er fyrir eignunum farið með þær sem sína eign við sambúðarslit og ef um andlát er að ræða ganga eignir hins látna til lögerfingja hans sem er þá ekki sá sambúðaraðili sem eftir lifir. Fólki, sem býr í óvígðri sambúð, verður einna helst líkt við tvo aðila sem stofna með sér fyrirtæki, fjárfesta í fasteignum og tækjum og stofna til skulda. Þegar slíta á fyrirtækinu verður hvor um sig að sanna sitt fjárframlag og gera grein fyrir sinni skuldastöðu."

Á þennan mun á vígðri og óvígðri sambúð var bent í nokkrum umsögnum um frv. og ég tel fulla ástæðu til þess að geta þess hér þótt það varði ekki beinlínis ákveðin ákvæði hjúskaparlaga. Það var einmitt af þessari ástæðu sem skorað var á dómsmrh. að láta gera fræðslubækling um réttarstöðu fólks í vígðri og óvígðri sambúð en það var efni þessarar tillögu.

Ég leitaði upplýsinga um hvort eitthvað væri að gerast í þessu máli er ég var að undirbúa nál. í þessu máli og eftir því sem ég kemst næst þá er verið að vinna að útgáfu fræðsluefnis í framhaldi af setningu

barnalaganna í fyrra og þessa frv., ef að lögum verður, og er full ástæða til að ætla að styttist í það.

Það var hins vegar erfiðara að fá upplýsingar um það hvað nákvæmlega mundi vera kynnt í þessum bæklingi og enn erfiðara að fá að vita hvernig honum yrði dreift. Það er vissulega ekki hægt að gera sér grein fyrir því að hve miklu gagni slíkur bæklingur mun koma. Það yrði e.t.v. full ástæða til þess að þarna yrði um handbók að ræða og það yrði farið út í það að kynna ungu fólki, t.d. í framhaldsskólum, þessi mál og jafnvel enn nýtilegra heldur en að þekkja nöfn á ám í Rússlandi með fullri virðingu fyrir ám í Rússlandi.

Í slíkum bæklingi eða handbók þá þyrftu að koma fram ítarlegar upplýsingar um réttindi og skyldur í hjúskap, um hjónaskilnaði og forsjá barna. Ég vil enn fremur vekja athygli á því frv. sem við kvennalistakonur endurfluttum á síðasta þingi um skilnaðarráðgjöf en það frv. og frv. fyrrv. dómsmrh. um opinbera réttaraðstoð fól í sér mun betri þjónustu ef til hjónaskilnaðar kemur heldur en nú er boðið upp á.

Ég hef þegar spurt hæstv. núv. dómsmrh. hvort hann hyggist endurflytja frv. um opinbera réttaraðstoð en því miður mun svo ekki vera og því mun væntanlega koma til kasta okkar þingmanna á endanum að reyna að hafa frumkvæði til að bæta þar úr brýnni þörf.

Ef ég vík þá lítillega að nokkrum greinum þessa frv. sem ýmist fela í sér breytingar sem erfitt er að sjá fyrir hvernig muni reynast eða greinar sem eru í núgildandi lögum og einhver misbrestur hefur orðið á framkvæmd á, þá held ég að ég byrji á 10. gr. frv. Ég vil taka það fram að eftir því sem kom fram í vinnu nefndarinnar á að nota tækifærið með setningu þessara laga og gera átak í því að framfylgja þeim ákvæðum sem hafa verið í lögum betur en gert hefur verið og vonandi mun reynslan sýna okkur að það verði gert. En það er hægt að hafa ákveðnar efasemdir um mannafla og fjármagn sem ýmsar stofnanir og ráðuneyti hafa, t.d. til kynningar. En ég gat þó fyrst um 10. gr. frv. og þar er ég hrædd um að dugi hvorki fjármagn né annað heldur þarf bara hreinlega að ræða siðferðileg mál í því sambandi. En í þessari 10. gr. er ákvæði um það að kjörforeldri og kjörbarn megi ekki giftast hvort öðru nema ættleiðing falli niður. Því er haldið fram að tæplega muni nokkurn tímann til þess koma að þessu ákvæði verði beitt og ekki kom það fram í nefndinni að á slíkt hefði nokkurn tíma reynt á Íslandi.

Þetta finnst mér ekki hægt að fullyrða. Það er ekkert í þessari grein sem bendir til þess hverjar framkvæmdir munu verða og ég sé ekki að löggjöf okkar yrði nokkuð snauðari þótt punkturinn yrði settur á eftir orðunum „hvort öðru" þannig að greinin hljóðaði svo: „Kjörforeldri og kjörbarn mega ekki giftast hvort öðru."

Eins og greinin hljóðar nú þá er ekkert sem segir það að reynslan í framtíðinni verði sú að á hana muni lítt sem ekkert reyna eins og mat þeirra virðist vera sem vilja hafa hana með þessu lagi. Ef ekkert á að reyna á þessa grein hvers vegna þá að vera að bæta því við að fella þurfi niður ættleiðingu?

Ég held að við stöndum í þessu tilviki frammi fyrir ákveðnum siðferðilegum spurningum sem er full ástæða til að velta fyrir sér. Ég veit að um þetta mál eru skiptar skoðanir og ég held að það sé óhjákvæmilegt að gera sér grein fyrir því að sumir telja að það sé nauðsynlegt að hafa þetta í lögum. Ég get ekki útskýrt þau rök þannig að það væri kannski rétt að þeir sem hafa þessa trú, að þetta ákvæði verði að vera í lögunum, útskýri það sjálfir.

Mig langar til þess að geta þess að í ágætri grein í Dagblaðinu þann 22. apríl 1992 fjallaði Ragnhildur Eggertsdóttir, varaþingkona Kvennalistans í Reykjaneskjördæmi, einmitt um þetta mál og hún varpaði fram þeirri spurningu hvaða skilaboð þessi ákvæði gefi kjörforeldrum um sínar skyldur. Ég held að það sé alveg full þörf á því að við spyrjum okkur þessarar spurningar. Í athugasemdum við greinina er vísað til laga annars staðar á Norðurlöndum og þar kemur fram að þessum málum er skipað með ýmsum hætti á hinum Norðurlöndunum og það hlýtur enn að vekja spurninguna hvers vegna þetta val en ekki annað.

Mig langar næst að staldra við 33. og 34. gr. laganna þar sem fjallað er um skilnað að borði og sæng en þessar greinar eru báðar mjög stuttar. Með leyfi forseta, þá hljómar 33. gr. svo:

„Nú eru hjón sammála um að leita skilnaðar að borði og sæng og ber þá að veita þeim leyfi til slíks skilnaðar."

Og 34. gr.:

„Maki, sem telur sig ekki geta haldið áfram hjúskap, á rétt á skilnaði að borði og sæng."

Í fljótu bragði hafa margir skilið þessar greinar svo að það sé nóg að láta í ljósi vilja um skilnað til þess að skilnaður að borði og sæng sé veittur. Það er ekki alveg svo einfalt. Það hjóna sem ekki vill sætta sig við skilnað að borði og sæng getur nefnilega tafið fyrir framvindu mála með því að samþykkja ekki skilnað að borði og sæng og þá kemst í rauninni 34. gr. ekki í framkvæmd fyrr en málið hefur farið fyrir dómstóla. Þetta er leið sem er vissulega fær og talað hefur verið um það enn og aftur, og er mat þeirra sem um málið fjalla í dómsmrn., að þetta eigi að vera bæði greið leið, auðveld og ódýr. Það felst ekki í lagatextanum sjálfum að þetta sé greið leið, einföld eða ódýr. Það segir bara að þarna sé hægt að fá skilnað og það eru dæmi þess að það hjóna sem ekki vill veita skilnað að borði og sæng hafi tafið mál með þessum hætti. Ég veit ekki til þess að þau mál hafi gengið neitt sérlega greiðlega fyrir sig. Við erum enn og aftur að fjalla um hver framkvæmdin verður og hversu vel gengur að fara eftir þeim skilningi sem þeir sem sömdu greinarnar leggja í þessar tilteknu greinar.

Það er e.t.v. ekki ástæða til þess að svo komnu máli að vefengja að það muni ganga vel og greiðlega að veita skilnað að borði og sæng og að það verði þá tekið tillit til óska þess sem vill skilnað. En ég held samt sem áður að við verðum að fylgjast vel með þessu og ef það mun verða svo að annað hjóna geti tafið skilnað sem hitt vill að verði þá verði hreinlega að endurskoða þessarar greinar.

Þetta segi ég þrátt fyrir það að ég hafi jafnframt verið að benda á það að full ástæða er til að reyna sættir. Hér er um óskyld mál að ræða. Í sumum tilvikum eru fundir með fagfólki eða öðrum góðum aðilum til þess fallnir að gera mál einfaldari og auðskiljanlegri og hugsanlega að ná sættum. En hinar öfgarnar geta verið þær að það getur verið hlaupin slík kergja í skilnaðarmál að jafnvel þessi skilnaður að borði og sæng reynist torveldur ef annað hjóna þrjóskast við.

En ég endurtek það, ég ætla ekki að fara að gera neinum upp að það sé verið að loka augunum fyrir ákveðnum vanda, það getur vel verið að þetta muni reynast alveg ljómandi vel og vissulega vona ég það.

Þetta frv., ef að lögum verður, mun varða marga og þrátt fyrir að nokkuð varlega hafi verið farið í að gera breytingar á gildandi lögum og margt af þessu sé bara endurtekning á því sem þar stendur, þá er engu að síður full ástæða til þess að verja nokkrum tíma í að velta þessum málum fyrir sér og eflaust er þarna eitthvað sem ekki er komið upp á yfirborðið enn þá. Því miður, þrátt fyrir mikla og ítarlega vinnu innan nefndarinnar, geri ég ekki ráð fyrir því að allshn. sjái við öllu né heldur sifjalaganefnd sem ber ábyrgð á texta þessa frv.

Ég held því að þetta frv., sem frsm. meiri hluta allshn. sagði réttilega að varðaði velflesta Íslendinga, verði að kanna ítarlega, svo og framkvæmd þeirra laga sem væntanlega munu verða úr þessu frv.

Við getum ekki leyft okkur það að segja endalaust að hlutirnir eigi að vera svona eða hinsegin bara vegna þess að þeir hafa alltaf verið svoleiðis, við getum heldur ekki leyft okkur að segja að allt sé gott vegna þess að það sé svo á Norðurlöndum, heldur verðum við alltaf að taka tillit til þeirra ábendinga sem fram koma og hvað reynslan kennir okkur.

Útbýting þingskjala:

Upplýsingamiðlun og aðgangur að upplýsingum um umhverfismál, 42. mál, þskj. 761.

Veiting ríkisborgararéttar, 444. mál, stjfrv., þskj. 770.

Öryggi í óbyggðaferðum, 361. mál, svar dómsmrh., þskj. 754.

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Í tilefni af nál. minni hlutans og brtt. þá langar mig til þess að koma með nokkrar athugasemdir. Það er þó rétt að ítreka að í áliti minni hlutans er tekið fram að hann styður frv. í heild sinni. Það er einnig rétt að ýmsar umræður spunnust í allshn. meðan frv. var til meðferðar þar enda snertir það afar mikilvæga þætti í okkar þjóðfélagi. Þó komu nokkrar athugasemdir skýrt fram hjá sumum nefndarmönnum, svo sem að ekki mætti ganga of langt í því að setja lagafyrirmæli um ýmis þau atriði sem snerta einkalíf fólks. En það er einmitt haldið sömu meginstefnu í þessu frv. sem hér er til umræðu og er í núgildandi lögum sem hafa reynst vel þótt ýmis atriði séu gerð einfaldari og skýrari og ýmsar réttarbætur gerðar en sifjalaganefnd tók einnig tillit til allflestra athugasemda er fram komu um frv. á síðasta þingi. Þetta frv. er því afar vel unnið og vel staðið að undirbúningi þess.

Allshn. fór einnig mjög vandlega yfir það og þakka ég nefndarmönnum samstarfið.

Varðandi 40. gr. sem felur í sér mikilvægt nýmæli þá er einmitt verið að undirstrika það að ofbeldi eigi ekki rétt á sér í hjúskap. Hins vegar er erfitt að skilgreina hvaða tilvik geta fallið þar undir og er farin sú leið að settar eru fram vissar leiðbeiningareglur sem byggjast m.a. á lögfræðilegum hugtökum. Það er t.d. alþekkt í refsirétti að skilið er á milli meiri háttar líkamsárása og minni háttar og enda er þar mikill munur á viðurlögum. Ákvæði dönsku hjúskaparlaganna er hér m.a. haft að fyrirmynd. Það geta auðvitað komið upp einhver vandkvæði í hjúskap en hjónin geta náð sáttum síðar meir og þá er mikilvægt að hjónin hafi ekki tekið skyndiákvörðun og fengið lögskilnað strax. En það er að sjálfsögðu ekki verið að gefa það í skyn í frv. eða athugasemdum að ofbeldi sé líðanlegt í hjúskap svona almennt og yfirleitt. Auðvitað er ofbeldi alltaf alvarlegt í sjálfu sér. En það er heldur ekkert sem kemur í veg fyrir að hjón leiti eftir skilnaði ef um slíkt er að ræða.

Ég legg áherslu á að þetta ákvæði sem hér er talað um að breyta í 40. gr. fjallar ekki um skilað í sjálfu sér að öðru leyti en því að ef slík tilvik koma upp þá sé hægt að biðja um lögskilnað strax, það þurfi ekki að bíða þennan ákveðna tíma að fá fyrst skilnað að borði og sæng eða fullnægja einhverjum öðrum skilyrðum til að fá lögskilað.

Varðandi brtt. í 54. gr. um að skylt sé að skrá hjúskapareign hjóna eign beggja, þá er það að vísu svo, og það var rætt í nefndinni og enda kemur það fram í nál. meiri hlutans, að hjón geta verið betur sett ef þau eru t.d. bæði skráð sem þinglýstir eigendur að fasteign. En nú eru í frv. einmitt breytingar sem gera ráð fyrir því að skýrari kröfur verði gerðar um samþykki maka og hvernig tekið er á því. Hjón eiga í raun að vera jafn vel sett hvort sem annað eða bæði eru skráðir eigendur enda koma eignir allar til helmingaskipta ef af skilnaði verður. Með lögum frá 1923 um réttindi og skyldur hjóna var það markmiðið að skapa aukið svigrúm og frjálsræði, þ.e. fólk gæti verið nokkuð frjálst að sínum fjárhagslegu umsvifum. Núgildandi reglur byggjast á séreignakerfi alveg eins og er á Norðurlöndum. Sú brtt. minni hlutans sem hér er mælt fyrir mundi breyta þessu kerfi alveg um fjármál og eignir hjóna og væri andstætt heildarstefnu um þetta efni í norrænni löggjöf. Það má benda hér t.d. á athugasemdir á bls. 63–64 en þar segir, með leyfi virðulegs forseta: „Endurskoðun norrænna laga um fjármál hjóna hefur staðið síðan á sjötta áratugnum en síðustu fundir voru haldnir 1987. Norrænu sifjalaganefndirnar hafa lagt þar fram hugmyndir að breytingum og víðtækar umræður hafa farið fram um það efni. Reglur um fjármál fólks í óvígðri sambúð hafa einnig verið til meðferðar eins og áður greinir.“ Síðan segir: „Norðurlandaráð hefur sett fram óskir um að þess verði freistað eftir föngum að ná samstöðu meðal Norðurlanda-

þjóða um þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á hjúskaparlöggjöf."

Þá segir: „Norrænu sifjalaganefndirnar hafa verið á einu máli um að ekki sé tímabært að hvika frá þeim megingrundvelli sem núgildandi lög um fjármál hjóna eru reist á." Það þyrfti sem sagt að athuga fjölmörg önnur ákvæði í löggjöf, fyrst og fremst á Íslandi en væntanlega yrði það athugað á Norðurlöndum líka og endurskoða þau ákvæði. En það sem skiptir e.t.v. einna mestu máli er það atriði að fólk sé nokkuð frjálst í sínum hjúskap og ekki sé hægt að setja lagafyrirmæli um alla þætti í einkalífi fólks. Meiri hluti nefndarinnar getur því ekki fallist á þessa brtt. en er sammála því að gæta verði þess að samþykkis maka verði aflað, t.d. ef um veðsetningu er að ræða en dómsmrh. hæstv. er einmitt ætlað í þessu frv. að setja reglur er taki af öll tvímæli um framkvæmd.

Almennt hefur fólk haft trygga réttarstöðu eftir núgildandi lögum. Hér má t.d. benda á nýjan dóm frá Héraðsdómi Reykjavíkur, uppkveðnum þann 22. febr. sl. Þar voru hjón eigendur að skuldabréfum sem gefin voru út á nafn þeirra beggja. Eiginmaðurinn setti þessi bréf til banka að handveði. En bankinn gekk ekki sannanlega úr skugga um samþykki konunnar fyrir veðsetningunni. Hjónin skildu og leitaði konan eftir þessum bréfum. Þá kom þessi staðreynd í ljós og hún fór því í dómsmál þar sem hennar samþykkis hafði ekki verið aflað og vann það mál þannig að bankinn var dæmdur til að endurgreiða konunni hennar eignarhluta í skuldabréfunum. Þarna var um talsverðar fjárhæðir að ræða.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að koma hér að frekari athugasemdum vegna ræðu hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson en mörg þessara atriða er hún gerði hér að umtalsefni voru rædd sérstaklega í allshn. Þó má benda á 42. gr. frv. er gerð var hér að umræðuefni, um sáttaumleitan, þar sem það hefur komið hér fram að hjónum ber ekki skylda núna að leita eftir sáttum ef þau eiga ekki börn undir 16 ára aldri. En að sjálfsögðu er lögð á það áhersla eins og kemur fram í nál. meiri hlutans að hjón eigi þess ávallt kost að það sé leitað um sættir með þeim. Ég vil sérstaklega geta þess að það kemur fram í lokamálsgrein 42. gr., þar segir: „Dóms- og kirkjumálaráðuneyti getur ákveðið í reglugerð að sáttaumleitan í stofnun um fjölskylduráðgjöf geti komið í stað sáttaumleitunar skv. þessari grein." Ég hef einnig upplýsingar um það að fjölskylduráðgjöf kirkjunnar hefur verið mjög önnum kafin í þessum málum og hefur gert góða hluti þar. En að öðru leyti þá þakka ég þessa ræðu hv. þm. og vona að hið háa Alþingi taki vel á þessu mikilvæga frumvarpi.

Frsm. minni hluta allshn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Mig langar að þakka fyrir það að ég þóttist greina það á máli hv. frsm. meiri hlutans að hún sé mér sammála um að ofbeldi sé alltaf alvarlegt. Það er í rauninni kjarni málsins. Síðan getur okkur greint á um það hvernig það verður best tryggt með lagasetningu að þessi skilningur okkar verði virtur.

Varðandi eðli ofbeldis þá má það vissulega vera að í refsirétti sé gerður greinarmunur á alvarlegu og léttvægara ofbeldi en ég vil benda á að ofbeldi innan hjúskapar getur oft verið mun margslungnara en það að maður kýli annan mann á skemmtistað en ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta.

Ég vil einnig að það komi hér fram að það var einmitt varðandi þessa 40. gr., nauðsyn þess að flýta skilnaði, sem ég gerði sérstaklega að umtalsefni. Mér er það fullljóst og það kemur í rauninni fram bæði í nál. minni hlutans og einnig í mínu máli að hér er einmitt um það að ræða að það geti skipt máli að geta flýtt skilnaði. En ég held að það sé ekki ástæða til að fara nánar út í þetta. Varðandi aftur á móti hina brtt. sem við í minni hlutanum flytjum, þá vísaði hv. þm. sérstaklega til 60. og 61. gr. Ég er alveg sammála þeim breytingum sem þar er kveðið á um. Þar er verið að gera skýrari þá skyldu annars hjóna að upplýsa hitt um veðsetningu fasteignar. Það er að vísu takmarkað hvaða fasteignir um er að ræða. Það er gert ráð fyrir því að það sé verið að tala um búsetu eða sameiginlegan atvinnurekstur hjóna en engu að síður eru þetta ljómandi góð ákvæði. Það kemur fram dálítill tvískinningur í Norðurlandalöggjöfinni, sennilega allri, þar sem það þykir nauðsynlegt að upplýsa þær fjárhagsskuldbindingar sem eru til komnar með veðsetningu fasteignar eða veðsetningu einhvers lausafjár sem er þá þinglýst. En aftur á móti eru aðrar fjárhagslegar skuldbindingar, sem geta verið nákvæmlega jafnþungar, ekki upplýsingaskyldar. Þess vegna er í rauninni bæði verið að viðurkenna að hjónum sé nú rétt og skylt að hafa samráð þegar verið er að fara með hjúskapareign og svo jafnframt það að í sumum tilvikum geti verið hægt að ráðstafa eign t.d. með lítilli gætni í fjármálum. Það skýtur í rauninni þarna dálítið skökku við. Mig langar að taka eitt dæmi af hjónum sem bæði eru skráð fyrir fasteign. Ekki er þó hægt að ganga að allri fasteigninni ef t.d. annað hjóna hefur skrifað upp á lán fyrir vafasaman kunningja sinn eða ættingja en það er aftur á móti hægt ef sá sem skrifaði upp á lánið er einn skráður fyrir fasteigninni. Ef spurningin fjallaði hins vegar um það hvort þau hefðu leyfi til að veðsetja sömu fasteign þá þyrftu þau í báðum tilvikum að hafa samráð. Þarna finnst mér í rauninni skjóta nokkuð skökku við því niðurstaðan getur verið sú sama, að það sé gengið að þessari fasteign.

Ég held að það sé ekki ástæða til að fjölyrða meira um þetta. Umræðurnar í allshn. leiddu til þeirrar niðurstöðu að það voru ekki allir á eitt sáttir um þetta. Ég tel hins vegar fulla ástæðu til að láta á þetta reyna hér á Alþingi hvort ekki sé þá rétt að stíga skrefið til fulls og að viðurkenna að það sé ekki hægt að ráðstafa hjúskapareign nema hafa samráð og það sé ekki hægt að ganga að hjúskapareign nema þeim hluta sem er þá helmingur þess sem tekur áhættu. Ég held að þetta sé ekkert sérstaklega óeðlilegt og ekki til mjög mikils mælst. Ég sé ekki betur en að það sé verið í öðru orðinu að viðurkenna að þetta sé eðlilegt með einmitt

ákvæðum 60. og 61. gr. Og ég vil einnig vekja athygli á því að það eru mjög margir sem telja að þeir séu tryggir með sinn hluta af hjúskapareign þó þeir séu það ekki. Þetta held ég að sé mjög mikilvægt atriði sem ég hefði átt að víkja að hér í fyrri ræðu minni. En ég bæti þá úr í þeim efnum núna.

Ég vil síðan taka undir það að ég þakka samstarfið í nefndinni. Mér þótti vel staðið að upplýsingaöflun eftir því sem við, sem í nefndinni sátum, höfðum vit og getu til að leita upplýsinga. Og ég held alla vega að það hafi ekki verið kastað höndum til þessa verks. Ég vona að það sýni sig í þessu. Eftir sem áður eru þarna ákveðin ágreiningsefni og ákveðin aðferð til að skera úr um hvort er vilji þingsins að fara eftir áliti meiri hluta eða minni hluta.

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Á þau atriði sem hér voru gerð að umtalsefni er einmitt bent sérstaklega í nál. meiri hlutans varðandi þinglýsingu og ákvæðin í 60. gr. og áfram í þeim kafla. Ég tel rétt að lesa hér upp 64. gr. svo það fari nú ekki milli mála hvað hér er um að ræða en þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Nú er óskað þinglýsingar á löggerningum er greinir í 60. gr. og skal skjalið þá geyma yfirlýsingu um hvort sá er skjal stafar frá sé í hjúskap og hvort eign sé bústaður fjölskyldu hans eða notuð við atvinnurekstur hjóna eða sé ætluð til þess.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti getur sett nánari reglur um könnun þeirra efna er í 1. mgr. greinir."

Í 133. gr. segir:

„Dóms- og kirkjumálaráðuneytið setur reglugerð og önnur fyrirmæli um einstök atriði er varða framkvæmd laganna."

Ég ber fullt traust til þess að hæstv. dómsmrh. muni taka þessi mál til rækilegrar skoðunar samkvæmt því sem frv. gerir ráð fyrir, þannig að hér verði ekki um neinn misskilning að ræða. Það má vera að það sé rétt hjá hv. þm. að það þyrfti að fræða almenning meira um þeirra réttarstöðu í hjúskap og það er þá spurning hvort dóms- og kirkjumrn. geti ekki komið inn í það dæmi.

Frsm. minni hluta allshn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vona það líka að það verði staðið myndarlega að kynningu, það yrði vissulega skerf í áttina. Ég tel hins vegar enn og aftur að það sé þörf á að ganga ívið lengra. En ég held samt sem áður að nefndarstarfið hafi skilað því að það er hugað að þessum málum og út af fyrir sig sé ég ekki betur en það væri upplagt að ganga alla leið og samþykkja þessa brtt. frá minni hlutanum því það er að styttast á milli þeirra viðhorfa sem fram komu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, 1. umr.

Stjfrv., 406. mál. — Þskj. 700.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Alþingi samþykkti lög um ábyrgðasjóðinn hinn 2. júní 1992 og voru þá eldri lög um ríkisábyrgð á launum felld úr gildi svo og 6.–8. gr. laga nr. 1/1992. Hinn 1. júlí 1992 gengu hins vegar í gildi lög nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti. Þau lög kalla á ákveðnar breytingar á lögum um ábyrgðasjóð launa sem varða m.a. hugtakanotkun og var því nauðsynlegt að leggja fram frv. um breytingar á lögunum um ábyrgðasjóð launa. Þá hafði Ríkisendurskoðun vakið athygli á að ákvæði vantaði um vörslu sjóðsins, bókhald og endurskoðun og þótti brýnt að lagaákvæði yrðu sett þar að lútandi. Ágreiningur hefur verið við lífeyrissjóði um túlkun c-liðar 1. mgr. 5. gr. laganna um 18 mánaða tímabilið sem ábyrgðin á lífeyrissjóðsiðgjöldunum hefur náð til.

Í lögum um ríkisábyrgð á launum miðaðist lífeyrisiðgjaldaábyrgðin við það tímabil er félli innan tímamarka þeirra sem vinnulaunakröfu fylgdi forgangsréttur í búi. Túlkun félmrn. á þessu ákvæði var sú að hér skyldi miða tímamörk við þann dag sem bú var úrskurðað gjaldþrota, þ.e. úrskurðardag. Með lögum nr. 52/1992, um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, var ákvæðinu vegna lífeyrissjóðsiðgjalda breytt á þann veg að ábyrgð sjóðsins næði til kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs um vangoldin lífeyrissjóðsgjöld sem fallið hefðu í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir gjaldþrot. Ráðuneytið sem og Tryggingastofnun ríkisins hafa, eins og við ríkisábyrgð á launum, miðað við úrskurðardag. Talsmenn lífeyrissjóðanna hafa hins vegar litið svo á að eðlilegt væri að miða við svokallaðan frestdag en frestdagur telst sá dagur sem héraðsdómi berst beiðni um heimild til greiðslustövunar eða til að leita nauðasamnings eða krafa um gjaldþrotaskipti. Lög um ábyrgðasjóð launa miða við þegar fyrirtæki er úrskurðað gjaldþrota, þ.e. 18 mánuði áður en það á sér stað.

Stjórn ábyrgðasjóðs launa, sem skipuð er fulltrúum Alþýðusambandsins, Vinnuveitendasambandsins og félmrn., hefur gert tillögu um það að lagaákvæðinu verði breytt þannig að skýrt komi fram að miðað sé við frestdag. Ég hef fallst á þessa tillögu stjórnarinnar. Alþýðusamband Íslands og lífeyrissjóðasamtökin hafa lagt ríka áherslu á að tekið yrði á þessu atriði í lögunum.

Í lögum um ábyrgðasjóð launa er félmrh. ætlað veigamikið hlutverk við afgreiðslu krafna á svipaðan hátt og var í lögum um ríkiábyrgð á launum. Ætlast er til að greiðslukrafa berist félmrh. sem tekur afstöðu til hennar. Þá gera lögin um ábyrgðasjóðinn ráð fyrir að ráðherra tilkynni afstöðu sína bréflega. Eðlilegra þykir að stjórn sjóðsins fremur en ráðherrann taki á framangreindum atriðum og er því lögð til þessi breyting á lögunum.

Breytingarnar sem tengjast gjaldþrotaskiptalögun-

um fela í flestum tilvikum í sér að skiptastjóri tekur við hlutverki skiptaráðanda og að leita beri umsagnar sýslumanns í stað skiptaráðanda. Þá er vert að vekja á því athygli að í stað hugtaksins gjaldþrot í gildandi lögum komi hugtakið gjaldþrotaskipti en hugtakið gjaldþrot hefur nú enga merkingu með lögum, sbr. ný lög um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991.

Enda þótt framangreindar breytingar feli ekki í sér efnislegar breytingar á réttindum launafólks né á gjaldtöku þarf eigi að síður að gera breytingar á flestum greinum frv. Sú leið hefur því verið farin að leggja fram heildarfrv. þannig að ljósara yrði hvar breytingar eru lagðar til.

Jafnframt eru teknar upp í greinargerð með frv. þær starfsreglur sem nauðsynlegt er að lífeyrissjóðir fylgi þannig að unnt sé að líta svo á að eðlilega hafi verið staðið að innheimtu. Byggir það raunar á drögum lífeyrissjóðasamtaka að starfsreglum, þ.e. iðgjöld samkvæmt innsendum skilagreinum sem verið hafa í vanskilum í þrjá mánuði frá eindaga verði tekin til formlegrar innheimtu innan 15 daga frá útsendri lokaaðvörun lífeyrissjóðsins sem send hefur verið við lok þriggja mánaða vanskila. Innheimtuaðili sjóðsins skal sýna fram á með sannanlegum hætti að málinu hafi verið haldið fram með eðlilegum hraða. Lífeyrissjóðirnir skulu hafa sent sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld hverra sex mánaða ásamt með aðvörun til sjóðfélaga um tap greiðsluábyrgðar ábyrgðasjóðs ef vanskil eru ekki sannanlega tilkynnt lífeyrissjóði með framlagningu launaseðla innan 60 daga frá útsendingu yfirlitsins.

Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með skilagrein byggðri á innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagrein vinnuveitenda. Lokaaðvörun til vinnuveitanda skal senda innan 90 daga frá dagsetningu reglulegs yfirlits. Hafi lífeyrissjóður hafið innheimtu á grundvelli áætlunar byggðri á síðustu skilagrein vinnuveitanda og sú áætlun er síðan staðfest að hluta eða öllu leyti með launaseðlum launþega skal um ábyrgð fara eins og greinir undir staflíðum A og B. Helstu breytingar verða á eftirtöldum greinum:

Í 1. gr. er tekið upp á nýjan leik að ábyrgð nái einnig til krafna í dánarbúi vinnuveitanda sem er til opinberra skipa. Hér er ekki um að ræða mikil útgjöld fyrir sjóðinn heldur miklu fremur sanngirnismál. Í núgildandi lögum um ábyrgðasjóð launa er ekki tekið fram um vörslu sjóðsins. Með bréfi, dags. 4. júní sl., var eftirfarandi komið á framfæri:

„Ríkisendurskoðun vill hér með vekja athygli yðar á því að lög nr. 52/1992, um ábyrgðasjóð launa við gjaldþrot, mæla að mati stofnunarinnar ekki nægilega skýrt fyrir um eignarhald á sjóðnum, heimildir ráðherra til afskipta af málefnum hans, hlutverk stjórnar, vörslu, reikningshald, ávöxtun, endurskoðun og fleiri slík atriði er lúta að sjóðnum sem stofnun. Nánar um þessi atriði vísast til hjálagðra minnisatriða sem tekin voru saman af þessu tilefni.

Til þess að eyða allri óvissu í þessum efnum leggur stofnunin eindregið til að þér beitið yður við fyrsta tækifæri fyrir því að leggja fram frv. til laga um breytingu á nefndum lögum þar sem skýrt verði kveðið á um þau atriði sem nefnd voru hér að ofan."

Í 2. mgr. 2. gr. frv. er því lagt til að ábyrgðasjóður launa skuli vera í vörslu félmrn. sem sér um daglega afgreiðslu og reikningshald sjóðsins í umboði sjóðstjórnar. Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

Í 2. mgr. 3. gr. frv. er jafnframt lagt til að sjóðurinn sé auk ábyrgðargjalds fjármagnaður með vaxtatekjum. Til að það sé unnt þurfa tekjur sjóðsins að fara inn á bankareikning. Er nauðsynlegt að skýrt sé kveðið á um þetta í lögunum.

Í 5. gr. frv. er að finna tvö nýmæli. Annað er að ábyrgð sjóðsins taki til kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs vegna síðustu 18 mánaða fyrir frestdag en ekki úrskurðardag eins og tíðkast hefur. Þá er enn fremur kveðið fortakslaust á um það að ábyrgðin takmarkist við lágmarkið þar sem 4. gr. laganna nr. 55/1980, um starfskjör launþega, ákveður en það er að lífeyrissjóðsiðgjald sé 10%.

Önnur atriði frv. þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Eins og fram kom í ræðu hæstv. félmrh. er þetta frv. til komið vegna þess að gildi hafa tekið ný lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði og einnig ný lög um gjaldþrotaskipti sem gera það að verkum að það þarf að aðlaga þá nýju löggjöf sem er um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota þessum nýju lögum.

Ég hef í sjálfu sér ekki margar athugasemdir við þetta frv. Það mun að sjálfsögðu verða skoðað í nefnd. Ég tel að hér sé um eðlilegar breytingar að ræða og aðlögun að þeirri stöðu sem nú er uppi og breyttri réttarfarslöggjöf í landinu.

Hins vegar verður ekki hjá því komist þegar þetta frv. er rætt hér í hv. Alþingi að leiða hugann að stöðu þessa ágæta sjóðs sem er hér er verið að setja löggjöf um í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru í þjóðfélaginu. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. félmrh. hver staða þessa sjóðs er nú á þeim tíma sem hann hefur starfað og hvaða horfur eru á því að hann geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt nýjum lögum. Mér er kunnugt um það að sú nýja löggjöf styrkti stöðu hans, en er útlit fyrir að hann geti staðið við skuldbindingar sínar og hver er staða hans nú?

Þessar spurningar leita á í þessu sambandi þegar löggjöf um sjóðinn er rædd, ekki síst fyrir það að nú ríða yfir í landinu mikil fjöldagjaldþrot sem aldrei fyrr og spurningin er: Getur sjóðurinn staðið við skuldbindingar undir núverandi löggjöf eða hvaða horfur eru á því?

Þetta er í rauninni það sem mér var efst í huga varðandi þetta mál en þær breytingar sem frv. gerir ráð fyrir tel ég eðlilegar og mun að sjálfsögðu ræða það efnislega þegar það kemur til nefndar.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er ekki um að ræða stórar breytingar á þegar gildandi lögum sem eru byggðar á frv. sem meiri hluti félmn. flutti á síðasta þingi ef ég man rétt. En mig langaði til þess að nefna eitt atriði, sem ekki er gert ráð fyrir að breytist frá því sem nú er. Það er í 5. gr., a- og b-lið. Í a-lið gert ráð fyrir að þriggja mánaða ábyrgð á skyldusparnaði og í c-lið 18 mánaða ábyrgð á lífeyrissjóði. Ég hefði talið eðlilegt að ábyrgð sjóðsins á vinnulaunakröfum væri sú sama hvort heldur væri um að ræða lífeyrissjóðsiðgjöld, eða hlut launþegans til hans, eða skyldusparnað og orlof. Ég hefði því gjarnan viljað sjá að menn færðu a- og b-liði til samræmis við c-lið og vildi spyrja hæstv. ráðherra hvort eitthvað væri því til fyrirstöðu af hálfu ráðherrans að gæta samræmis í ábyrgð gagnvart vinnulaunum.

Ég vil einnig spyrja ráðherra hvort innihald a-liðar tákni það að ráðherrann hafi fallið frá þeirri tillögu, sem hefur komið fram í frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, að afnema skyldusparnað.

Um sjóðinn sjálfan, eins og hv. 2. þm. Austurl. vék að, má fara nokkrum orðum þó ekki sé kannski ástæða til þess að sinni. En mér þykir það umdeilanlegt fyrirkomulag að hafa þessi réttindi tengd með slíkum sjóði sem skattleggur eftirlifandi fyrirtæki til að mæta því sem sjóðurinn kann að þurfa að ábyrgjast vegna þeirra fyrirtækja sem ekki geta staðið við sínar skuldbindingar og/eða verða gjaldþrota. Það satt best að segja er umdeilanleg aðferð og kemur að mínu viti fyllilega til greina í nefndarstarfi að skoða hvort ekki sé rétt að breyta þessu fyrirkomulagi. Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að víkja að innihaldi þessara laga að sinni.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Út af fsp. hv. 2. þm. Austurl. um stöðu ábyrgðasjóðs launa þá tel ég að hann standi allvel. Mig minnir að það hafi verið 1. mars á sl. ári sem ábyrgðasjóðurinn tók til starfa. Tekjur hans árið 1992 voru um 293 millj. en það sem greitt hafði verið út úr honum voru um 122 millj. Gjaldið er 0,2% af gjaldstofni tryggingagjalds og hefur ekki verið talin ástæða til á þessu ári að breyta því gjaldi.

Varðandi fsp. hv. síðasta ræðumanns um hvort megi draga þá ályktun af 5. gr. þessa frv. að fallið sé frá áformum um afnám skyldusparnaðar, þá er svo ekki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framhaldsskólar, 1. umr.

Stjfrv., 397. mál. — Þskj. 691.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 57/1988, með síðari breytingum 72/1989 og 107/1988.

Breytingin sem hér er lögð til felur í sér að menntmrh. verði heimilt að efna til tilraunastarfs í starfsnámi og víkja þá frá ákvæðum laganna ef nauðsyn krefur. Tilraunastarf samkvæmt þessari heimild skal að jafnaði ekki skilgreint til lengri tíma en tveggja ára í senn og skal hafa fullt samráð við fulltrúa atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgrein um skipulagningu tilraunarinnar.

Þetta frv. er til komið vegna þess að um nokkurt skeið hefur borið á gagnrýni á núverandi fyrirkomulag verknáms. Að undanförnu hafa komið fram nýjar hugmyndir um tilhögun náms í framhaldsskólum, sérstaklega verknáms, og hafa fulltrúar nokkurra iðngreina rætt þann möguleika við ráðuneytið að gerðar verði breytingar á uppbyggingu og skipan verknámsins. Þessar hugmyndir fela í sér aukna ábyrgð atvinnulífs, bæði faglega og fjárhagslega, auk þess sem aðilar vinnumarkaðarins tækju beinan þátt í framkvæmd skólastarfs og eftirliti með því.

Að mati ráðuneytisins eru margar þær hugmyndir sem fram hafa komið áhugaverðar og horfa til framfara. Því er hins vegar svo farið að ýmis atriði sem þeim tengjast eru ekki í samræmi við gildandi lög um framhaldsskóla og því ekki hægt að reyna þær eða koma þeim til framkvæmda án lagabreytinga. Hér er um að ræða umtalsverðar breytingar frá núverandi fyrirkomulagi og því ekki ráðlegt að framkvæma þær í skólakerfinu öllu án þess að fyrst verði látið á þær reyna í einum eða fleiri skólum. Þetta er ástæða þess að nú er leitað heimildar Alþingis til að hægt verði að leyfa tilraunastarf á sviði verknáms í framhaldsskólum þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Hér á landi hefur mikið verið um það rætt undanfarin ár og jafnvel áratugi að skipulagi verknáms sé að mörgu leyti ábótavant. Slíkt nám er þess eðlis að mjög mikilvægt er að nýjar hugmyndir um stjórnun og skipan þess nái skjótt fram að ganga. Tæknibreytingar eru mjög örar og eiga upptök sín úti í atvinnulífinu. Því þarf að tryggja í skipulagi iðnnáms að áhrif atvinnulífsins séu tryggð og það hafi aðstöðu til að fylgja eftir breytingu í tækni og viðskiptum með skilvirkum hætti í menntakerfinu. Einnig er mikilvægt að atvinnulífið beri ábyrgð í samræmi við áhrif.

Það er nú einu sinni svo að í skólunum leitumst við við að mennta fólk til starfa úti í atvinnulífinu og því hvílir sú skylda á yfirvöldum menntamála að þess sé ávallt gætt að menntunin svari kröfum atvinnulífsins á hverjum tíma. Núverandi stjórnunarform framhaldsskóla, einkum þegar um er að ræða sérnám á afmörkuðum brautum, hefur nokkra vankanta sem æskilegt er og nauðsynlegt að sníða af. Borið hefur á samskiptaörðugleikum sem líkast til má lagfæra með því að stytta boðleiðir og flytja stjórnunarvaldið í auknum mæli til atvinnulífsins.

Hér er því verið að tala um að koma á raunverulegum og beinum tengslum milli skóla og atvinnulífs. Í þessu sambandi er mikilvægt að lagfæra hið fyrsta skipan iðnnáms í ýmsum greinum. Forsenda þess er að heimild fáist til þess í lögum að komið verði á tilraunastarfi á afmörkuðum sviðum. Niðurstaða þeirrar

tilraunar gæti svo nýst við endurskoðun laga og reglugerða um framhaldsskóla.

Þess má að lokum geta að það aukna samstarf skóla og atvinnulífs sem hér er stefnt að er í samærmi við það sem rætt hefur verið í nefnd um mótun menntastefnu.

Ég legg til, hæstv. forseti, að þessu máli verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. menntmn.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þetta frv. lætur kannski ekki mikið yfir sér. Það er ein grein og menn sjá kannski ekki í fljótu bragði að í því felist nein veruleg tíðindi. Þó er það nú svo að í því geta falist talsverð tíðindi ef það er framkvæmt eins og hæstv. ráðherra gerði hér grein fyrir í sinni framsöguræðu.

Samkvæmt gildandi lögum um framhaldsskóla er það skólanefnd og skólameistari sem ákveða námsframboð með samþykki menntmrn. Með öðrum orðum ákveða skólanefndin og skólameistarinn í sameiningu námsframboð. Þetta á t.d. við um verkmenntaskólana alveg sérstaklega, eins og Verkmenntaskólann á Akureyri og Iðnskólann í Reykjavík, svo ég nefni dæmi. Þessar stofnanir ákveða námsframboðið í raun og veru sjálfar og menntmrn. getur synjað eða samþykkt. Það er því alveg ljóst að valdið til samþykkis eða synjunar er í höndum menntmrn., þ.e. menntmrh. Þess vegna er ekkert því til fyrirstöðu samkvæmt gildandi lögum að það séu teknar ákvarðanir um margvíslegar nýjungar í námsframboði í framhaldsskólum án þess að breyta lögunum.

Varðandi áhrif atvinnulífsins, sem hæstv. ráðherra nefnir hér, er líka gert ráð fyrir því í gildandi lögum að atvinnulífið komi við sögu þegar um er að ræða tiltekna þætti verknáms í framhaldsskólunum, þ.e. iðnbrautirnar. Í 22. gr. laga um framhaldsskóla segir:

„Fræðsla skal veitt í löggiltum iðngreinum og öðrum iðnaði samkvæmt nánari ákvæðum í námsskrá. Í reglugerð skal kveða á um hverjar skuli vera löggiltar iðngreinar."

Sú reglugerð sem hér um ræðir er reglugerð nr. 558/1981, um iðnfræðslu, sbr. reglugerð nr. 40/1973 og reglugerð nr. 102/1990, um löggiltar iðngreinar o.fl.

Hverjir eru svo í iðnfræðsluráði? Það er sú stofnun sem í raun og veru er ráðuneytinu til ráðuneytis um þessi mál. Hverjir eru það? Eru það bara einhverjir latínugránar úr hinu bóklega framhaldsskólakerfi eða eru aðrir þar líka? Það er rétt. Það er svo. Aðrir eru þar einnig og koma við sögu því að þar segir:

„Menntmrh. skipar iðnfræðsluráð til fjögurra ára í senn og skal það vera til ráðuneytis um mótun heildarstefnu og skipulag í iðnfræðslu, löggiltum iðngreinum og verksmiðjuiðnaði."

Það er því ekki þannig að iðnfræðsluráð eigi að takmarka verksvið sitt bara við hinar formlegu löggiltu iðngreinar, hvort sem það er trésmíði, járnsmíði, söðlasmíði eða hvað það nú er, heldur getur iðnfræðsluráðið líka fjallað um sérstaka þjálfun fyrir fólk sem starfar eða vill starfa í svokölluðum verksmiðjuiðnaði. Fer nú kannski satt að segja að verða minna af honum en góðu hófi gegnir í landinu.

Og hverjir eru svo í iðnfræðsluráði? Þar eru níu menn. Það eru tveir iðnmeistarar, tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, tveir iðnsveinar og einn fulltrúi iðnverkafólks tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Félag ísl. iðnrekenda tilnefnir einn, Samband iðnfræðsluskóla einn og Iðnnemasamband Íslands einn og menntmrn. skipar svo formann iðnfræðsluráðs án tilnefningar. Hvert er hlutverk iðnfræðsluráðs? Jú, það er að veita umsögn um tillögur á námsskrá í verklegum og bóklegum faggreinum og að stöðlum um búnað og aðstöðu og gera tillögur um skipulag kennslueftirlits í iðngreinum. Iðnfræðsluráð gerir tillögur til menntmrn. um reglur varðandi framkvæmd námssamninga. Nánar skal kveðið á um hlutverk iðnfræðsluráðs í reglugerð sem menntmrn. setur.

Með öðrum orðum er það þannig, virðulegi forseti, í fyrsta lagi ef allt er með felldu að því er varðar samskipti ráðuneytisins og skólanna, þá þarf ekki að breyta lögum til að ná þeim markmiðum sem hæstv. ráðherra rakti hér. Nú kann það vel að vera að ekki sé allt með felldu en þá er ómögulegt að átta sig á því eftir framsögu ráðherra hvað það er sem er vandi að því er varðar samskipti ráðuneytisins og einstakra skóla. Það getur vel verið að um það sé að ræða en þá ætti kannski ekki að skýra frá því úr þessum ræðustól. Það kann vel að vera að það sé viðkvæmt mál sem ekki er við hæfi að fjalla um hér í þessum sal og láta skrá það í þingtíðindi heldur eigi menn að fara yfir það í hv. menntmrn.

Auk þess sem gildandi lög gera ráð fyrir þessum möguleika nú þegar, þá hefur þegar verið komið á námi sem er eins og gert er ráð fyrir í greininni. Það er í fullum gangi. Það er í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Í kjördæmi hæstv. ráðherra er myndarleg starfsemi í gangi og reknar þar atvinnulífsbrautir undir forustu Hjálmars Árnasonar skólameistara. Hið sama er að segja um Fjölbrautaskóla Suðurlands og ég hygg að jafnvel megi nefna fleiri skóla inn í þessa mynd þar sem menn eru að gera tilraunir ekki bara með tveggja ára nám heldur jafnvel eins árs nám þannig að menn ljúki ákveðnu námi á einu ári í samvinnu við atvinnulífið. Þetta hefur t.d. gerst með þeim hætti í Fjölbrautaskóla Suðurnesja að þar er gert ráð fyrir að þeir sem eru þar í eins árs námi, tveggja anna námi, séu með talsvert mikla íslensku. Þeir eru með talsverðan almennan reikning, þeir eru dálítið með listgreinar í þessum bóklega kjarna, en síðan gera þessir skólar samninga við fyrirtækin á svæðinu, verslanir eða verkstæði um að menn þjálfi sig í að afgreiða í verslun, í kjötbúð eða eitthvað því um líkt eða þjálfi sig í t.d. að vinna á dekkjaverkstæði. Það er í raun og veru þannig þegar allt kemur til alls að enginn maður er til ófaglærður vegna þess að allir kunna eitthvað sem vinna. Og það er ákveðið virðingarleysi fyrir þeim sem ekki hafa próf sem felst í orðinu ófaglærður. Staðreyndin er sú að allir sem vinna eitthvað kunna eitthvað og eru faglærðir í skilningi þess vinnustaðar sem þeir eru á og atvinnurekandinn, hver sem hann er, metur þekkingu

fólks eftir efnum og ástæðum, kjarasamningum og öðrum reglum sem gilda á hverjum tíma.

Nú skulum við samt sem áður segja, hæstv. forseti, að það þurfi að setja tiltekin lagaákvæði af einhverjum samskiptaástæðum á milli ráðuneytisins og verkmenntaskólanna. Þá verð ég að segja fyrir mitt leyti að ég mundi ekki gera það nákvæmlega svona. Ég mundi orða þetta þannig að menntmrh. geti komið á tilraunastarfi að fengnum tillögum fulltrúa atvinnurekenda og launamanna í viðkomandi grein um skipulagningu tilraunarinnar en að skólameistari og skólanefnd ráði því hvar þessi tilraun fer inn í viðkomandi skóla.

Ég er ekki tilbúinn til þess fyrir mitt leyti, virðulegi forseti, að skrifa upp á það að menntmrn. skipi fyrir um einstök atriði í innra starfi skóla, þ.e. framhaldsskóla. Ráðuneytið gengur mjög langt í þessum efnum, t.d. að því er varðar grunnskólann með setningu aðalnámsskrár grunnskóla og með því að gangast fyrir, í gegnum rannsóknastofnun uppeldismála í seinni tíð, samræmdum prófum í grunnskólum. Það er sök sér af því að þar er um að ræða skyldunámsskóla. Framhaldsskólinn er aftur á móti frjáls þannig að mönnum er ekki skylt að fara í hann þó það sé auðvitað æskilegt frá sjónarmiði þjóðfélagsins að allir fari í framhaldsskóla. Mér finnst þess vegna að það sé valdboðskeimur af tillögunni eins og hún lítur út.

Ég mundi fyrir mitt leyti vilja skoða hana aðeins nánar áður en ég stæði að afgreiðslu hennar en þar sem ég á sæti í hv. menntmn. þá tel ég ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið á þessu stigi. Ég tel hins vegar þeim mun nauðsynlegra að nefndin skoði þetta rækilega af því að hér er um feiknalega mikla breytingu að ræða. Það er verið að gera ráð fyrir íhlutunarrétti ráðherra í innra starf skólans án þess að um tilteknar iðnbrautir sé að ræða. Hann getur ákveðið þessa hluti án þess að spyrja iðnfræðsluráð, án þess að spyrja skólanefnd og án þess að spyrja skólameistara. Það er í raun og veru óeðlilegt miðstýringarkerfi sem er í andstöðu við framhaldsskólalögin eins og þau eru og voru sett 1988 með atkvæðum allra alþingismanna úr öllum flokkum að frumkvæði þáv. hæstv. menntmrh. Birgis Ísl. Gunnarssonar.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að hv. menntmn. gæti þess vandlega að breyta ekki þessum grundvallaranda framhaldsskólalaganna sem ég tel að menn séu hér að gera tillögu um. Í grg. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nokkuð hefur borið á samskiptaörðugleikum sem trúlega mætti lagfæra með því að stytta boðleiðir og flytja stjórnunarvaldið í auknum mæli til atvinnulífsins."

Nú verð ég að játa það að ég skil ekki alveg hvert er verið að fara í fyrri hluta þessarar setningar. Þetta er einhvers konar munkalatína sem ég átta mig ekki alveg á en það getur oft verið þægilegra að beita fyrir sig munkalatínu en venjulegu máli, sérstaklega þegar menn eru að segja eitthvað sem má ekki segja. En í lok setningarinnar segir: „...og flytja stjórnunarvaldið í auknum mæli til atvinnulífsins."

Nú er ég þeirrar skoðunar að það eigi að hafa samvinnu og samráð við atvinnulífið. Ég er þeirrar skoðunar að t.d. þær hugmyndir sem hafa verið uppi um bílgreinaskóla séu athyglisverðar. Ég vil ekki slá á samstarfshönd atvinnulífsins og ég hef sagt það áður úr þessum ræðustól að ég tel að Vinnuveitendasamband Íslands hafi sýnt framhaldsskólanum og verklegum þáttum hans lofsverðan áhuga og það á auðvitað við um Alþýðusambandið líka en ekki síður Vinnuveitendasambandið.

Á ágætri ráðstefnu sem var haldin um starfsmenntun núna á laugardaginn og var mjög vel sótt og prýðileg í alla staði, heyrðist mér, kom fram að áhuginn á þessum málum er gríðarlega mikill. Staðreyndin er náttúrlega sú að það er eiginlega búið að tala nóg í þessu máli sem snertir samstarf skóla og atvinnulífs. Næsta skref er að gera hluti. Það merkilega í þessu máli er að menn vita hvernig ætti að gera það. Menn vita hvernig ætti að fara í þessi mál. Menn vita að það á að gera með þeim hætti að koma upp stuttum atvinnulífstengdum brautum í framhaldsskólum sem menn ljúka á einu, tveimur, þremur eða fjórum árum eftir atvikum, mismunandi brautum af ýmsu tagi og gera eins konar samstarfssamning fyrir hvern einasta nemanda sem er á þessum brautum við fjölmörg atvinnufyrirtæki í viðkomandi grein, sem sagt að afnema sveinsprófa- og meistarakerfið eins og það er nú og að ná um þetta samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins þannig að niðurstöður þessa náms séu einhvers metnar í kjarasamningum á hverjum tíma.

Þetta sjónarmið kom mjög skýrt fram á starfsmenntaráðstefnunni á dögunum. Þar kom einnig fram að menn vara hins vegar við því þó að samráð verði haft við atvinnulífið, atvinnurekendur og launamenn í hverri grein, að þessir aðilar eigi að stjórna skólunum. Ég tek undir þau aðvörunarorð. Ég tel ekki eðlilegt að skólinn færi að stjórna því atvinnulífi sem þjálfar iðnnema t.d. En ég teldi jafnfráleitt að atvinnulífið stjórnaði skólanum að fullu og öllu sem iðnneminn er að læra við. Ég held að menn væru þar komnir út á mjög hála braut og væru að breyta skólakerfinu á Íslandi í grundvallaratriðum ef það ætti að aðlaga það einu og öllu eftir hentugleikum atvinnulífsins.

Ég geri ráð fyrir því að í slíku skólakerfi yrði lítið um margar húmanískar greinar t.d., sem eru þó grunnur þess að við erum manneskjur og hugsum. Ég geri ráð fyrir því að ef menn ætluðu eingöngu að sníða skólana eftir hentugleikum atvinnulífsins, þá yrði það þannig að menn mundu læra að fara með þá hluti sem í þrengsta skilningi henta atvinnulífinu á hverjum tíma, hverjum stað, hverju svæði og hverri grein, en það skólakerfi sem menntar „róbóta" fyrir vélaverksmiðjur er ekki gott skólakerfi. Hæstv. ráðherra er ekki að gera neina tillögu um það hér. Það er engin slík tillaga uppi. En ég tel að það að beygja skólann algerlega undir atvinnulífið að þessu leytinu til sé varasamt. Þess vegna eigi skólinn að vera samstarfsverkefni atvinnulífsins og skólans en ekki að atvinnulífið, þ.e. atvinnurekendur og launamenn í hverri grein, eigi að ráða þarna einu og öllu.

Eins og ég sagði, þá tel ég nauðsynlegt að þetta mál

verði skoðað rækilega í menntmn. vegna þess að í því felst ákveðin grundvallarbreyting á framhaldsskólalögunum sem voru samþykkt samhljóða á Alþingi 1988. Það bera allir flokkar ábyrgð á þeim, meira að segja Kvennalistinn líka, sem ber að sögn ábyrgð á fáu af því sem gerst hefur í fortíðinni og er laus við þær syndir sem við höfum hinir, en þetta voru góð lög og skynsamleg og þess vegna held ég að við eigum ekki að setja þessa miðstýringargrein inn eins og hún er því að það væri hortittur í framhaldsskólalögunum.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingar á framhaldsskólalögunum sem felur í sér að menntmrh. fái heimild til að efna til tilraunastarfs í starfsnámi og geti þá vikið frá ákvæðum gildandi laga ef á þarf að halda.

Eins og hér hefur komið fram virðist þetta lítið frv. í sjálfu sér þegar á það er horft en margar spurningar vakna við að lesa frv. og grg. um hvað sé eiginlega á ferðinni. Í fyrsta lagi vill svo til að stór nefnd er að störfum sem er að endurskoða nánast allt íslenska skólakerfið, grunnskólann og framhaldsskólann. Og ég spyr: Hvaða nauðsyn er á því að taka þetta mál þar út úr? Í umræðu um skólamál sem átt hefur sér stað í vetur og reyndar í fyrra líka vísaði ráðherrann iðulega til þess að það væri verið að endurskoða grunnskólalöggin og ég spyr: Þarf ekki að skoða verknámið allt í heild og móta þar heildarstefnu í stað þess að taka einstakt atriði út úr og færa hæstv. menntmrh. það vald í hendur og hann fari að ákveða svona tilraunaverkefni?

Í sjálfu sér er ég alls ekki á móti því að lagt sé út í tilraunaverkefni í verknáminu og tel það af hinu góða en ég set spurningarmerki við að ráðherranum sé veitt slík heimild. Mér finnst það óeðlilegt að menntmrh. sé að setja svona verkefni af stað einn og sér. Samkvæmt lögum er það hlutverk framhaldsskólans að setja reglur um á hvaða brautum eigi að kenna og ég veit ekki til að það hafi skort á vilja skólanna til þess að koma með nýjar tillögur og þróa sig í ýmsar áttir. Ef eitthvað hefur skort er það vilji stjórnvalda og þá fyrst og fremst fjármagn til þess að stunda slíka tilraunastarfsemi. Ég set því strax ákveðinn fyrirvara varðandi það vald sem hér er verið að færa í hendur ráðherranum.

Þá er það ekki síst vegna þess að í áðurnefndri skýrslu skólamálanefndarinnar er lögð mikil áhersla á sjálfstæði skóla og valddreifingu og að stjórnendur beri ábyrgð á því sem gerist innan veggja skólans. Mér finnst þessi tillaga ganga í þveröfuga átt þannig að það er eitthvert sambandsleysi milli vinstri og hægri handarinnar í menntmrn. hvað þessi mál varðar.

Mig langar til þess að spyrja hæstv. menntmrh. hvort það séu einhver ákveðin verkefni í verknámi sem hann vill endilega koma á laggir og hefur í huga fyrst svo brýna nauðsyn ber til þess að taka þetta atriði út úr endurskoðun skólamálanna.

Það er mikið talað um að það þurfi að bæta samskipti skólanna og atvinnulífsins og að skólinn eigi að þjóna atvinnulífinu. Það er hægt að taka undir það að vissu marki en ég hef varað við því að menn horfi allt of stíft á hlutverk atvinnulífsins í þessum málum. Við þurfum að mennta okkar þjóð og mennta hana vel og sú menntun þjónar ekki alltaf einhverjum augljósum tilgangi eða ákveðnum geirum atvinnulífsins. Við þurfum góða almenna menntun og við þurfum góða almenna verkmenntun líka því fólk þarf oft að beita verkmenntun í sínu daglega lífi. Mér finnst þetta vera klisja sem gengur í gegnum skólamálaumræðuna þessi árin, tengsl atvinnulífs og skóla, og ég held að menn megi ekki ganga of langt í þeim efnum þó að auðvitað eigi að vera þar ákveðið samspil á milli.

Það er kannski ekki ýkjamikið um þetta mál að segja að svo stöddu. Við munum athuga þetta mál í hv. menntmn. og kalla þá til þá sem við þurfum á að halda, en ég endurtek þá spurningu til hæstv. menntmrh.: Hvað liggur hér að baki? Hvaða verkefni eru það sem hann hefur í huga sem er svo brýnt að fá lagabreytingu til þess að hann geti sett af stað því að ég fæ ekki betur séð en tilraunanám af þessu tagi rúmist innan þeirra laga sem við búum við nú.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Kvennadeild Landspítalans.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Nú fer fram utandagskrárumræða að beiðni hv. 13. þm. Reykv. um málefni kvennadeildar Landspítalans samkvæmt 50. gr. þingskapalaga, fyrri mgr., og er umræðuefnið málefni kvennadeildar Landspítalans.

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Að undanförnu hafa birst fréttir af ástandi því sem ríkir á kvennadeild Landspítalans. Þar hefur ástand fæðingardeildar, fæðingargangs og sængurkvennadeildar borið einna hæst. Fæðingum á kvennadeild hefur fjölgað mjög á undanförnum árum vegna fjölgunar fæðinga almennt, samdráttar og síðan lokunar á Fæðingarheimilinu við Eiríksgötu og enn fremur aukinnar áherslu á það öryggi sem fólk telur þjónustu kvennadeildarinnar veita.

Þegar kvennadeildin var stækkuð og endurbætt 1975–1976 var gert ráð fyrir 2.200 fæðingum á ári í því húsnæði að meðaltali. Frá því 1987 hefur fjöldi fæðinga farið langt fram úr þessum áætlaða fjölda og voru á sl. ári 2.913 eða 32% fleiri en deildinni er ætlað að annast. Á þessu ári má búast við að fæðingum fjölgi enn miðað við áætlun fyrir fyrsta helming þessa árs.

Þegar kvennadeildin tók við starfsemi Fæðingarheimilisins fluttust 7 stöður ljósmæðra yfir á kvennadeild. Engin önnur viðbót fékkst. Í annarri mönnun deildarinnar hefur ekki fjölgað þrátt fyrir aukið álag. Samkvæmt erlendum stöðlum hefði þurft að fjölga læknum um 1–2 við þessar breytingar. Ég tel rétt að benda á að á undanförnum árum hafa 4 læknar hætt

störfum á deildinni án þess að til nýráðninga hafi komið nema tímabundið.

Nú er svo komið að þjónusta við sjúklinga er komin að öryggismörkum og jafnvel niður fyrir þau. Álag á starfsfólk er svo mikið að það annar iðulega ekki lágmarksvinnu sem fullnægja á nútímakröfum. Dæmi eru um það að konur komnar fast að fæðingu verði að bíða utan fæðingarstofu nánast í biðröð til að komast að. Konur sem átt hefur að framkalla fæðingu hjá hafa verið sendar heim því það er ekki pláss eða starfsfólk til að sinna fleiri á þeirri stundu. Húsnæði kvennadeildar er orðið allt of þröngt. Sængurkonur liggja nánast út um allt á álagstímum og svo þétt að það verður ekki við unað.

Fæðing barns er einstök tímamót í lífi hverrar fjölskyldu og það er mikilvægt að náið samband myndist strax milli allra í fjölskyldunni, bæði foreldra og systkina. Þau þrengsli sem deildin býr við í dag og sá umgangur óviðkomandi aðila sem fæðandi konur og þeirra nánustu mega þola er ekki samboðið þeirri virðingu sem bera á fyrir einkalífi fólks. Slíkt virðingarleysi sem ég nefni hér að framan á ekki aðeins við um fæðandi konur heldur einnig um aðra sjúklinga deildarinnar, enda er í allt of mörgum tilvikum því miður um afar viðkvæmt ástand að ræða, svo sem krabbameinssjúkar konur og konur sem koma vegna beiðni um fóstureyðingu og ekki má gleyma aðstandendum á viðkvæmum stundum. Hér er því úrbóta þörf á öllum sviðum þjónustu kvennadeildar.

Sú ákvörðun að loka Fæðingarheimilinu vegna sparnaðar hlýtur að vera umdeild og ég vísa til umræðna um það mál, m.a. á síðasta þingi. Þrátt fyrir fullan vilja frábærs starfsfólk kvennadeildar að mæta óskum kvenna sem búist er við að fæði eðlilega og sem heldur vilja fæða og liggja með börn sín í öðru umhverfi en spítalaumhverfi, þá hefur slíkt ekki tekist vegna þrengsla og manneklu. Reynslan hefur sýnt að þörf fyrir slíka þjónustu er þó næg, enda hafa konur í Reykjavíkursvæðinu í ríkari mæli leitað t.d. til Sjúkrahúss Keflavíkur sem býður svipaða þjónustu og Fæðingarheimilið áður. Ég tel að það megi ekki búast við fækkun fæðinga á næstu árum og það sem betur fer. Íslendingar munu ekki í náinni framtíð fylgja fordæmi nágrannaþjóðanna og binda meðalstærð fjölskyldu við 1–2 börn. Það er því nauðsynlegt að hyggja að því hvernig við ætlum að búa að fæðandi konum og fjölskyldum þeirra í framtíðinni. Ég vil því spyrja hæstv. heilbrrh.:

1. Er til stefna um fæðingarþjónustu og aðbúnað fæðandi kvenna í landinu og ef svo er, tekur slík stefna bæði til lengri og styttri tíma?

2. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að mæta nærri 300 væntanlegum fæðingum á kvennadeild Landspítalans nú í maí?

Ástandið sem ríkt hefur undanfarið á kvennadeildinni getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Því verður að taka í taumana strax og gera þær úrbætur sem nægja. Hvert eitt tilfelli þar sem barn skaddast í fæðingu hefur ekki einungis ómæld tilfinningaleg og félagsleg áhrif á fjölskyldu barnsins. Slíkar afleiðingar hafa í för með sér gífurlegan kostnað fyrir þjóðfélagið allt. Ætla mætti að eitt slíkt tilfelli gæti kostað þjóðfélagið jafnmikið í framtíðinni og nauðsynlegar úrbætur í mannafla og húsnæðismálum kosta nú. Við höfum ekki efni á að brenna okkur á því að spara með samtímasjónarmið í huga.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að sú ákvörðun var tekin við fjárlagaafgreiðslu hér á Alþingi að loka Fæðingarheimili Reykjavíkur. Það var ákvörðun sem tilkynnt var við fjárlagaafgreiðsluna og samþykkt af öllum stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar sem bera ábyrgð á þeirri ákvörðun. Ástæðan var m.a. sú að kostnaður á legurúm á Fæðingarheimilinu eins og það var orðið, því að aðeins var um að ræða 10 legurúm í notkun, var um það bil tvisvar sinnum meiri en kostnaður við sambærilega starfsemi á Landspítalanum svo að niðurstaðan varð að tekin var sú ákvörðun á hinu háa Alþingi, sem vissulega var umdeild en studd af þingmönnum stjórnarflokkanna og ráðherrum að sjálfsögðu, að loka Fæðingarheimilinu. Hugmyndin var hins vegar sú að reyna að byggja upp samsvarandi aðstöðu á Ríkisspítölunum sem ekki hefur verið gert og eru ýmsar ástæður fyrir því.

Ég vil byrja á því að mótmæla því sem kom fram í máli hv. þm. hér áðan að þjónusta sú sem kvennadeild Landspítalans veitir fæðandi konum sé fyrir neðan öryggismörk. Það er ekki rétt og ég vara mjög við því að fólk sé með slíkar fullyrðingar því að það hlýtur að grafa undan öryggiskennd þeirra sem þar njóta þjónustu. Ég þori að fullyrða að starfsfólk Landspítalans, á fæðingardeildinni eins og öðrum deildum, og stjórnendur hans mundu ekki bjóða upp á þjónustu sem væri fyrir neðan öryggismörk. Svo er ekki þó að þarna sé erfitt um vik og mikið vinnuálag á starfsfólki.

Það var spurt hvað til stæði að gera til þess að reyna að koma til móts við þau vandamál að fæðingar verða mjög margar nú í apríl og í maí og raunar í júlí líka af því sem séð verður, en hins vegar eru fæðingar ekki eins margar í júnímánuði. Lengur heldur en til júlíloka þykjst menn á Landspítalanum ekki sjá fyrir um hver þörfin verður á vistun fólks á kvennadeildinni en það er sem samt í apríl, maí og júlí sem verða mjög þungir og erfiðir mánuðir. Það eru tvenns lags aðgerðir sem koma til greina í því sambandi. Annars vegar er að flytja göngudeild krabbameinssjúklinga úr núverandi húsnæði í annað og fá þá það húsnæði sem göngudeildin er í undir fæðingardeild til þess að stækka við sig. Það tekur að sjálfsögðu einhvern tíma og er ekki lausn sem getur gengið mjög hratt í gegn. Hinn möguleikinn er sá að opna Fæðingarheimilið að nýju og þá um takmarkaðan tíma og þá sem sængurkvennadeild þannig að fæðingar eigi sér ekki stað þar, heldur verði það opnað sem sængurkvennadeild. Ég hef rætt þetta við stjórnendur Landspítala, þ.e. formann stjórnar og framkvæmdastjóra. Þær viðræður standa enn yfir og ég hef lýst því yfir að ég væri reiðubúinn til þess að standa að því að hægt væri að opna Fæðingarheimilið að nýju í nokkra mánuði til þess að taka

við þeim sjúklingum sem þar gætu legið á sængurkvennadeild. Hins vegar geri ég mér að sjálfsögðu ljóst að það er ekki frambúðarlausn. Menn þurfa að hugleiða hver á að verða frambúðarlausnin með Fæðingarheimili Reykjavíkur. Það er alveg ljóst að eins og það var orðið, þ.e. 10 rúma deild, er það afskaplega óhentugt og óhagkvæmt í rekstri. Ef það á að vera eitthvert vit í því að reka þá starfsemi sem þar er, þá þyrfti þar að vera um að ræða helmingi stærri stofnun eða 20 rúma fæðingarstofnun eins og upphaflega var í rekstri Fæðingarheimilisins. Við munum ræða það á þessu ári við stjórnendur Ríkisspítala hvort slík lausn sé sjáanleg fyrir næsta ár og finnanleg, en ég ítreka að það gerist því aðeins að Fæðingarheimili Reykjavíkur verði hægt að reka með fyllstu hagkvæmni og þá miðað við a.m.k. 20 rúma fæðingarstofnun í stað 10 eins og hún var orðin undir lokin.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur fyrir að hefja máls á þessu í þinginu. Þessi umæða vekur mann auðvitað til umhugsunar um það að enn einu sinni er verið að ræða hér á Alþingi vandamáls eins sjúkrahússins í Reykjavík, þ.e. Landspítalans, á meðan allt virðist vera í lagi hjá öðrum sjúkrastofnunum. Því hlýtur sú spurning að vakna hvort það geti verið að á fjárlögum ársins 1992 og nú aftur á fjárlögum ársins 1993 hafi þessum þremur sjúkrahúsum hér í Reykjavík, þ.e. Landspítalanum, Borgarspítalanum og Landakotsspítala, verið mismunað í fjárveitingum þegar fjárlög voru samþykkt hjá löggjafarsamkomunni. (**SvG:** Það er rétt.) Það er rétt, segir hv. þm. Svavar Gestsson sem sæti á í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna, en tilefni þess að maður veltir þessu fyrir sér eru ýmis mál sem upp hafa komið að undanförnu er tengjast öll þessari einu stofnun sem er Ríkisspítalarnir. Í fyrsta lagi var það þegar hjúkrunarfræðingar sögðu upp störfum á Landspítalanum, þá kom það í ljós að sá spítali greiðir lægri laun en bæði Borgarspítalinn og Landakotsspítali. Og hvernig má það vera að stofnun sem er með sama launagreiðandann skuli geta mismunað starfsfólki svo herfilega eins og þar kom fram eftir því á hvaða spítala þeir vinna?

Annað tilefni sem vekur mann til umhugsunar um þetta er það að Borgarspítalinn virtist vera eina sjúkrastofnunin í Reykjavík sem hafði möguleika á því í sumar að greiða út sérstakan bónus til starfsfólks sem þar er starfandi á meðan aðrar stofnanir höfðu alls ekki efni á því eða a.m.k. ekki samkvæmt fjárlögum.

Nú kann það vel að vera að Borgarspíltalinn hafi sparað miklu meira og náð miklu meiri árangri í sínu sparnaðarstarfi en hinar sjúkrastofnanirnar. Ég held að svo sé ekki og sennilega er meira en helmingurinn af öllu því sem sparast hefur í sjúkrahúsarekstrinum í Reykjavík sparnaður sem náðst hefur hjá Ríkisspítölunum.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þetta er ekki í fyrsta sinn á þessu kjörtímabili sem málefni Fæðingarheimilisins koma til sérstakrar meðferðar á Alþingi. Það hefur verið rætt aftur og aftur. En þetta er hins vegar í fyrsta sinn sem stjórnarflokkarnir taka upp á því að fara að spyrja hver annan um ástandið á Fæðingarheimili Reykjavíkur og kvennadeild Landspítalans. Það verður auðvitað að segjast að það er afar sérkennilegt þegar hv. varaformaður heilbr.- og trn. telur ástæðu til þess að veitast sérstaklega að hæstv. heilbrrh. út af þessu máli. Staðreyndin er auðvitað sú að Sjálfstfl. ber þarna meiri ábyrgð en ýmsir aðrir allt fram til þess tíma að hæstv. núv. heilbrrh. tók við störfum. Það var Sjálfstfl. sem lofaði því aftur og aftur á undanförnum árum að það yrði áfram starfsemi hjá Fæðingarheimilinu. Ég á í fórum mínum nokkrar úrklippur af viðtölum við Davíð Oddsson, hæstv. forsrh. þar sem hann lýsir því yfir að það verði ævinlega tryggt að það verði starfsemi á Fæðingarheimilinu. Það fyrsta sem gerist í þessum málum eftir að hann tekur við störfum sem forsrh. er þó það að Fæðingarheimilinu er lokað. Tvískinnungur og hræsni Sjálfstfl. í þessu máli er auðvitað svo dæmalaus og má segja að kórónan á sköpunarverkinu hafi svo verið sú þegar hv. 13. þm. Reykv. fór að spyrja hæstv. heilbrrh. um þessi mál hér áðan.

Nei, staðreyndin er auðvitað sú, virðulegi forseti, að það er búið að skera niður þjónustu hjá heilbrigðisstofnunum í landinu. Hversu oft hafa þingmenn ekki heyrt hæstv. heilbrrh. halda því fram að þjónusta hafi ekki verið skorin niður? Ef menn koma á kvennadeild Landspítalans, þá sjá menn dæmi um það að þjónusta hefur verið skorin stórkostlega niður og eina svarið við þessu vandamáli er auðvitað það að Sjálfstfl. tjái sinnaskipti sín í verki og styðji stjórnarandstöðuna í því að afhenda Landspítalanum Fæðingarheimilið þannig að þar geti farið fram starfsemi með myndarlegum hætti. Það er í raun og veru auðvelt verk og einfalt og það sem liggur beinast við í stöðunni í dag.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Eina ferðina enn stöndum við hér og ræðum málefni fæðandi kvenna í Reykjavík eða á landinu öllu. Ég hef stundum spurt mig sjálfa þeirrar spurningar hvernig á því standi að konur skuli með reglulegu millibili nánast alla þessa öld hafa verið í nauðvörn fyrir sómasamlegri fæðingarþjónustu í landinu. Og svarið fannst mér kannski að hluta til fást hér áðan þegar hæstv. heilbr.- og trmrh. talaði um vandamálið sem margar fæðingar í apríl og maí væru. Vandamálið er auðvitað ekki margar fæðingar í apríl og maí. Vandamálið er hversu illa við erum í stakk búin til þess að taka á móti þeim konum sem ætla að fæða börn í apríl og maí.

Þetta er enn furðulegra þegar maður hugsar um það hvílíkt frumkvæði konur hafa sýnt í því að byggja upp fæðingarþjónustu og heilbrigðisþjónustu í landinu. Það voru konur sem hófu fjársöfnun fyrir Landspítalann 1915. Það voru konur sem á sínum tíma stóðu að stofnun Fæðingarheimilis Reykjavíkur 1960. Það voru konur sem hófu Landspítalasöfnunina 1969 sem varð til þess að kvennadeildin var opnuð 1976. En síðan kvennadeildin var opnuð 1976 hefur nánast staðið lát-

laus umræða um það að loka Fæðingarheimili Reykjavíkurborgar og nú hefur það tekist. Fyrst var tekin fyrsta hæðin, svo var tekin önnur hæðin og svo var allt saman tekið. Þetta var gert í áföngum og það hafa ýmsir komið að því máli og mér er alveg sama, ég nenni ekki að rekja það hverjir hafa komið þar pólítískt að því máli. Það sem máli skiptir er að þessu verði snúið til baka og það verði búið sómasamlega að fæðandi konum í borginni. Heilbr.- og trmrh. sagði í utandagskrárumræðu fyrir ári síðan, sem ég stóð fyrir, að það væri nú svo ágætt að það sem um væri að ræða núna með Fæðingarheimilið þegar það væri flutt yfir til Landspítalans, og reyndar lokað fyrir fæðandi konum þann 1. apríl sl., væri eins og hann sagði: „Það sem við erum að tala um hér er að geta veitt sömu þjónustuna fyrir minna fé." Þetta var svo ágætt, veita sömu þjónustuna fyrir minna fé. Og hann endurtekur það hér í þrígang. Hann segir: „Okkur mun takast í þessu sambandi að veita jafngóða þjónustu fyrir minna fé." Þannig er það ekki, hæstv. ráðherra. Það er mun verri þjónusta sem fæðandi konum er boðin núna og það eina sem til varnar getur orðið er auðvitað að taka Fæðingarheimilið í notkun aftur varanlega, ekki tímabundið.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hvernig getur það gerst í borg sem á trúlega heimsmet í vannýttu húsnæði, þar á meðal fæðingarheimili sem ekki er nýtt, að ekki sé pláss fyrir fæðandi konur? Hvernig getur það gerst að sami maður sem státar sig af húsnæði á borð við ráðhúsið, tækniundri á borð við Perluna í Öskjuhlíðinni, sá sami maður, hæstv. forsrh. sem byggir þessar tvær glæsibyggingar geti sagt á hinu háa Alþingi að þeir sem gagnrýni aðgerðir í heilbrigðismálum séu vinir eyðslunnar? Hvers konar verðmætamat er það að það skuli skorta pláss þegar það mesta undur veraldar skeður að nýr borgari lítur dagsins ljós? Þá þykir það jafnvel nógu gott að mæður liggi á göngum og dagstofum.

Virðulegi forseti. Á þessu er enginn skilningur. Ég vitna hér til ummæla hæstv. heilbrrh. í útvarpsviðtali sem haft var við hann í janúar sl. þegar fæðingardeildin yfirfylltist. Orðrétt spyr fréttamaður: „En það kemur ekki til greina að heilbrrn. hjálpi upp á því að nú verður viðvarandi ófremdarástand á fæðingardeild Landspítalans áfram skilst manni." Og hæstv. heilbrrh. Sighvatur Björgvinsson, svarar orðrétt: „Mér skilst nú að þessir erfiðleikar á fæðingardeild Landspítalans séu vegna þess að fæðingum hafi fjölgað mjög mikið og langt umfram það sem menn gerðu ráð fyrir."

Nú veit ég ekki til þess að það sé viðvarandi vandamál, segir hæstv. heilbrrh. Hæstv. heilbrrh. kallar fæðingarfjölda í þessu tilviki viðvarandi vandamál og endurtekur það hér áðan. Hvað sem hæstv. heilbrrh. heldur eða finnst, þá fer fjöldi fæðinga sívaxandi og nú eigum við von á nýju fæðingarmeti í maímánuði og þó að hæstv. heilbrrh. hafi ekki átt von á fæðingu, þá getur hann fengið upplýsingar um hverjar eru væntanlegar fæðingar langt fram í tímann því það vill svo til að meðgöngutíminn 9 mánuðir og væntanlegar mæður eru skráðar á meðgöngudeild, flestar skráðar 6 mánuðum áður.

Virðulegi forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. Um leið og ég lýk því vil ég þakka hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur fyrir að hefja hér umræðuna. Bragð er að þegar stjórnarþingmanni finnst nóg komið.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég get nú ekki látið hjá líða að vekja athygli á því að þegar þetta mál er hér til umræðu sem snertir — ég vil nú ekki segja vanda, en snertir þúsundir kvenna á Íslandi og börn þeirra þá skuli engir fjölmiðlar láta sjá sig sem svipta hér upp dyrum við mörg tækifæri minni en þetta.

Hæstv. heilbrrh. talar um að það þurfi að finna annaðhvort skammtímalausn sem felist þá í einhverri tilfærslu innan spítalans eða hugsanlega að taka til hendinni og opna Fæðingarheimili Reykjavíkur aftur. Ég vil skora hann á að sleppa strax öðrum kostinum og vera ekki að leita að skammtímalausnum heldur snúa sér strax að framtíðarlausnum. Það snýst nefnilega ekki bara um það hvort hægt er að flytja til inn á spítalann. Þetta snýst líka um valkosti fyrir konur. Sá valkostur var fyrir hendi á Fæðingarheimili Reykjavíkur og er ekki lengur. Það eru engin rök í málinu að það hafi verið orðið óhagkvæmt að reka Fæðingarheimili Reykjavíkur. Það voru stjórnvaldsaðgerðir sem leiddu til þess að það var óhagkvæmt. Það var ekki starfsfólk Fæðingarheimilisins, það voru ekki konur á Íslandi sem báðu um að Fæðingarheimilið væri sífellt skorið niður á þann máta að til þess leiddi að það varð óhagkvæmt. Það er hægt að reka það þannig að hagkvæmt sé.

Ég minnist þess að hafa heyrt viðtal við hæstv. heilbrrh. í útvarpi fyrir skömmu þar sem hann var að tala á fundi Alþfl., ég kann nú ekki að greina hvar. Þar gerði hann það að umtalsefni að þegar væri verið að standa að aðgerðum eins og hann hefur staðið að núna í tvö ár að skera niður og leita leiða til sparnaðar, þá færi aldrei hjá því að einhver mistök yrðu. Sjálfur orðaði hann það svo að menn væru menn að meiri ef þeir viðurkenndu mistök sín og leiðréttu þau og ég skora nú á hæstv. heilbrrh. að vera nú strax maður að meiri og leiðrétta mistök.

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla að byrja á því að fagna því að fá tækifæri til þess að ræða þetta mál við heilbrrh. og um þjónustu kvennadeildarinnar almennt og vil þakka það og jafnframt þakka gott samstarf og von um áframhaldandi samstarf sömuleiðis. Ég ætla ekki að deila við ráðherra um hvar öryggismörk liggja. Það má alltaf deila um slíkt. Þetta er faglegt mat og þeir sem gera ýtrustu kröfur hafa sitt sérstaka mat á því hvar öryggismörkin liggja.

Ég tel afar brýnt að það verði ákveðin framtíðarstefna um þjónustu við fæðandi konur og fjölskyldur þeirra. Sú stefna þarf að vera þannig að sveigja megi hana að kröfum hvers tíma. Ég tel alveg ljóst sem dæmi að engin þjónustugerð muni hæfa öllum einstak-

lingum. Það er því nauðsynlegt að við getum í framtíðinni boðið fjölþætta þjónustu í þessum málaflokki og við getum boðið fólki val. Það sem brýnast er nú er að bregðast strax við því vandræðaástandi í fæðingarþjónustu sem búast má við á komandi mánuðum og tryggja þannig heilsu og aðra velferð nýrra borgara og fjölskyldna þeirra. Ég fagna því að ráðherra vill stuðla að enduropnun Fæðingarheimilisins og hvet hann til þess að finna lausn á áframhaldandi rekstri ef þess yrði einhver kostur.

Við höfum einnig hingað til getað státað af einum lægsta burðarmálsdauða í heiminum og við hreykjum okkur af nánum fjölskyldutengslum í heimi þar sem slíkt fer minnkandi. Við erum stolt af íslenskum börnum sem eru hraust og vel af guði gerð. Ég tel að við eigum að sýna og sanna fyrir okkur sjálfum að við munum áfram hafa efni á að hreykja okkur af heilbrigðiskerfi sem er eitt hið besta í heimi.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Barnsfæðingar eru að sjálfsögðu ekki vandamál en það er vandamál hjá stofnun eins og fæðingardeild Landspítalans þegar fleiri óska þess að fá að fæða þar en stofnunin með góðu móti getur sinnt. Það er vandamálið, virðulegi forseti. Það er ástæðulaust að vera að snúa út úr því.

Það er heldur ekki spurning um húsnæði. Það er spurning um fjármuni til rekstrar. Það er einfaldlega staðreynd að við erum með yfrið nóg húsnæði í sjúkrahúsakerfinu í Reykjavík en okkur vantar svo fé til þess að reka það að að meðaltali eru 100 rúm í sjúkrahúsunum í Reykjavík ekki nýtt vegna rekstrarfjárskorts. Þess vegna er vandamálið ekki það að húsnæði sé ekki til staðar, heldur hitt að þjóðarbúið hefur ekki lengur peninga til þess að reka það húsnæði sem þegar hefur verið byggt og er fyrir hendi. Dæmin um það eru miklu fleiri en þarna. Dæmin um það eru t.d. bygging nýs hjúkrunarheimilis fyrir aldraða í Grafarvogi. Dæmin eru t.d. bygging nýs sambýlis fyrir heilaskaðaða á Reykjalundi. Þar er húsnæði til staðar, en það vantar getu til þess að kosta þann rekstur sem þar á að fara fram.

Árið 1991 var grunnur Landspítalans í fjárveitingum gerður upp og endurbyggður frá grunni, allur rekstur Landspítalans skoðaður og páv. fjárveitinganefnd beitti sér fyrir því að stóraukið var framlag til spítalans þannig að fjárlagagrunnurinn var gerður réttur. Það var efast um, m.a. af hálfu forráðamanna spítalans, að það hefði síðan árið 1990 verið staðið við fjárveitingar samkvæmt þeim grunni. Þess vegna skipaði ég nefnd með aðild Ríkisendurskoðunar og stjórnenda spítalans til að fara ofan í þá sauma. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að miðað við þann grunn sem lagður var með myndarlegum hætti af fjárveitingum til spítalans árið 1990 hafi að fullu leyti á árunum síðan, 1991–1992 og nú 1993, verið veitt fé til spítalans í samræmi við þann grunn sem þar var lagður fyrir rekstur hans. Það er ekki rétt að Landspítalinn hafi verið eitthvert olnbogabarn í fjárveitingum ríkisins.

Útbýting þingskjals:

Heimahlynning, 445. mál, fsp. VS, þskj. 771.

Tilkynning.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill upplýsa áður en þessum fundi lýkur að á morgun við óundirbúnar fyrirspurnir verða allir ráðherrar viðstaddir að undanskildum hæstv. menntmrh.

Út af dagskrá voru tekin 1., 4. og 6.–8. mál.

Fundi slitið kl. 4.02 síðdegis.

---

137. FUNDUR

þriðjudaginn 23. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Hjúskaparlög, stjfrv., 273. mál, þskj. 369, nál. 742 og 768, brtt. 743 og 762. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, stjfrv., 406. mál, þskj. 700. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 312. mál, þskj. 501. — Frh. 1. umr.
5. Aukin hlutdeild raforku í orkubúskap þjóðarinnar, þáltill., 185. mál, þskj. 212. — Fyrri umr.
6. Framhaldsskólar, stjfrv., 397. mál, þskj. 691. — Frh. 1. umr.
7. Sjávarútvegsskóli, þáltill., 380. mál, þskj. 673. — Fyrri umr.
8. Ólympískir hnefaleikar, þáltill., 388. mál, þskj. 682. — Fyrri umr.
9. Ráðgjafar- og fræðsluþjónusta fyrir nýbúabörn, þáltill., 399. mál, þskj. 693. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 400. mál, svar menntmrh., þskj. 769.

Lendingar ferjuflugvéla á Rifi, 448. mál, frv. IP o.fl., þskj. 774.

Réttindi þeirra sem ekki hafa atvinnu, 428. mál, frv. SvG o.fl., þskj. 728.

Umboðsmaður barna, 446. mál, fsp. GHelg, þskj. 772.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Meðferðarheimilið á Staðarfelli.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Við undirbúning fjárlaga sl. haust var gerð grein fyrir því í fjárln. að náðst hefði samkomulag milli heilbrrh. og Samtaka áhugamanna um áfengisvarnir, sem reka m.a. meðferðarheimili á Staðarfelli, að ekki yrði gerð breyting á rekstri þeirra meðferðarstofnana sem samtökin hafa á sínum herðum, m.a. með tiltekinni breytingu á fyrirhugaðri fjárveitingu. Nú vil ég spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. hvað sé á ferðinni þegar heyrist í fréttum nú á hádegi að SÁÁ hafi tekið ákvörðun um að segja öllu starfsfólki á Staðarfelli upp og hvort hæstv. ráðherra geti gefið upplýsingar um hvað hafi breyst síðan þetta samkomulag var gert.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda var gert ráð fyrir allmikilli lækkun á fjárveitingum til SÁÁ þegar fjárlagafrv. var lagt fram. Í viðtölum við forráðamenn SÁÁ í kjölfar framlagningar fjárlagafrv. kom fram að þeir töldu óhjákvæmilegt að loka heimilinu á Staðarfelli ef staðið yrði við áform frv. Í framhaldi af því átti ég síðan viðræður við forustumenn SÁÁ og 8. des. 1992 náðist fullt samkomulag á milli heilbr.- og trmrh. annars vegar og forráðamanna SÁÁ hins vegar um fjárlagamál og samkomulagið hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Heilbr.- og trmrh. og forsvarsmenn SÁÁ hafa náð samkomulagi sín á milli um eftirtaldar afgreiðslur:

1. Ágreiningsmál vegna reksturs sjúkrastofnana SÁÁ á árunum 1990 og 1991 verði leyst í samræmi við minnisblað dags. 5. nóv. 1992, 1. tölul., uppgjör á fjárhagsstöðu SÁÁ. Aðilar eru sammála um að hefja þegar vinnu við að ljúka uppgjöri eins og þar er sagt.

2. Aðilar eru sammála um að skipa nú þegar nefnd sem skipuð verði fulltrúum heilbr.- og trmrh. annars vegar og SÁÁ hins vegar. Viðfangsefni þessarar nefndar verði að undirbúa á árinu 1993 samning milli heilbrrn. og SÁÁ um þjónustu þá sem ríkissjóður kaupir af SÁÁ vegna meðferðar áfengissjúkra ...

3. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 er gert ráð fyrir að fjárveitingar til SÁÁ lækki um 35 millj. kr. frá framreiknuðum útgjaldagrunni 1992. Heilbr. og trmrh. mun beita sér fyrir því að fjárveitingar til SÁÁ í fjárlögum árins 1993 verði hækkaðar um 15 millj. kr. frá því sem í fjárlagafrv. segir þannig að í stað 35 millj. kr. lækkunar frá framreiknuðum útgjaldagrunni 1992 verði um að ræða 20 millj. kr. lækkun.

Fulltrúar SÁÁ samþykkja að starfrækja sjúkrastofnanir SÁÁ á árinu 1993 miðað við slíka afgreiðslu mála og munu taka að sér að leita leiða til að hagræða og spara í rekstri stofnunarinnar sem þessu nemur. Hugsanlega verður um einhvern samdrátt að ræða í starfseminni verði ekki annars kostur."

Ég tel að samkomulagið sé alveg ótvírætt hvað varðar þær skyldur sem hvor aðili um sig tók á sig. Ég vil aðeins láta það koma fram, virðulegi forseti, að ríkisvaldið, þ.e. heilbr.- og trmrh. og Alþingi við afgreiðslu fjárlaga, fullnægði öllum þeim skilmálum sem hið opinbera hafði tekið á sig. Ég geri að sjálfsögðu ráð fyrir því að gagnaðili samningsins geri slíkt hið sama.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þær upplýsingar sem hann gefur hér um þann samning sem gerður var við SÁÁ. Ég vænti þess að ráðuneytið geri allt sem í þess valdi stendur til þess að báðir aðilar standi við samninginn og að unnið verði að lausn málsins því að það er auðvitað allsendis óviðunandi að ekki sé staðið við þá samninga sem þarna voru gerðir og að fólkið sem starfar á Staðarfelli megi búa við þá óvissu um störf þarna við heimilið eins og nú virðist vera þegar SÁÁ hefur hugsað sér að segja öllu þessu fólki upp þrátt fyrir þær skyldur sem SÁÁ hefur undirgengist með samningnum. Ég legg á það áherslu að ráðuneytið finni lausn á málinu þannig að viðunandi sé.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins að það komi fram að ekkert samband eða samráð hefur verið haft við heilbrrn. um þá ákvörðun, ef sú ákvörðun hefur verið tekin, að loka Staðarfelli. Ég mun hið fyrsta gera ráðstafanir til þess að fá upplýsingar frá forráðamönnum SÁÁ um málið, en ég reikna að sjálfsögðu fyllilega með því eins og fyrirspyrjandi að báðir aðilar standi við samninginn sem gerður var 8. des. sl.

Akstur utan vega.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Spurning mín er til hæstv. umhvrh. Um helgina var haldinn svokallaður jeppadagur fjölskyldunnar og tóku um 800 jeppar þátt í mikilli ökuferð um Mosfellsheiði og nágrenni Seljavalla — Nesjavalla. Ég var á fundi landbn. í morgun og það kann að vera skýringin á þessu mismæli. Sem sagt, það voru um 800 jeppar á ferð um Mosfellsheiði og nágrenni Nesjavalla og að nokkru leyti utan vega. Að sögn þátttakenda var slóðin orðin eins og malbik er yfir lauk eða eins og svell en flestir vita hvílíkan skaða þau geta valdið á gróðri. Spurningar mínar til hæstv. umhvrh. eru þessar:

Telur hann að þessi ökuferð samrýmist 13. gr. náttúruverndarlaga þar sem m.a. er kveðið á um akstur utan vega og ef svarið er nei, hvernig ætlar hæstv. um-

hvrh. að taka á umgengni sem þessari við náttúru landsins?

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Í fréttum hefur komið fram að þátttaka í þessum svokallaða jeppadegi var langtum meiri en aðstandendur þessa atburðar höfðu reiknað með. Þeir sem til þekkja vita að akstur utan vega þegar mjög mikil snjóalög eru eins og núna eru hefur ekki í för með sér náttúruspjöll eða tjón ef hreinlætis er gætt t.d. varðandi alla meðferð á eldsneyti, olíum og öðru rusli. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef um svokallaðan jeppadag og jeppaferð til Nesjavalla tel ég að ekki sé ástæða til að amast sérstaklega við því. Umhvrn. hefur átt ágætt samstarf við félagsskapinn sem kallaður er 4 x 4 og ég veit að þar eru í forsvari menn sem láta sér annt um að ganga vel um náttúru landsins.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Spurning mín er til komin vegna þess að ég tel að framið hafi verið brot á náttúruverndarlögum og hér sé ótvírætt um akstur utan vega að ræða sem getur valdið skaða á náttúrunni því að það sem gerist við svona mikla umferð er auðvitað það að snjórinn þjappast mjög mikið saman og verður eins og svell. Verði þarna langvarandi snjóalög er auðvitað hætta á því að gróðurskemmdir eigi sér stað. Slíkt hefur komið fram í kjölfar mikilla ferða um hálendið og um heiðar og því vil ég hvetja hæstv. umhvrh. til að láta kanna málið betur og brýna fyrir fólki að akstur utan vega, hvort sem er að sumri eða vetri, getur verið afar varasamur fyrir náttúru landsins.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Auðvitað er sjálfsagt mál að láta spyrjast fyrir um þetta, en ég heyrði ekki betur en hv. þm. fullyrti að akstur á snjó hefði valdið verulegum spjöllum og væri þá afar fróðlegt að fá að vita um þau dæmi sem hún vill tiltaka um það. Hversu mikið sem menn vilja beita stjórnlyndi og bönnum held ég að óframkvæmanlegt sé að banna allan akstur utan vega á snjó. Ég held að það sé einfaldlega ekki framkvæmanlegt og bendi þar að auki á að flestir þessara bíla eru á mjög breiðum hjólbörðum þannig að þungi þeirra dreifist miklu meira en þegar bílar á mjóum dekkjum skera sig niður í gegnum hjarn eða fönn. Ég held að hv. þm. geri sannarlega allt of mikið úr því sem hér er um að ræða.

Staða sjávarútvegsins.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Fsp. mín er til hæstv. forsrh. Nú hefur það verið gert lýðum ljóst að staða sjávarútvegsins er jafnvel verri en hún var fyrir aðgerðir í nóvember sl. Það hefur staðið á því að hæstv. forsrh. kynnti aðgerðir til aðstoðar atvinnulífinu almennt. Í gær voru þó viðræður við hæstv. forsrh. í sjónvarpinu og þá var hann með tillögur til úrbóta í sjávarútvegi. Ég les það sem hann sagði þar, með leyfi forseta:

„Við erum að skoða þessa þætti. Það er ljóst að gagnvart stöðu sjávarútvegs verða menn að hafa myndina í heild. Það er verið að skoða áhrifin af vaxtalækkunum. Menn verða að skoða áhrifin af því að menn eru að færa til viðskipti eftir því hvar gengi er hagstæðast eins og á Bandaríkjamarkaði. Menn verða að skoða áhrifin af því að afurðaverð til fiskvinnslunnar og útgerðar lækki."

Nú langar mig að spyrja hæstv. ráðherra: Hefur hann kynnt sér hvort möguleikar séu að færa mikil viðskipti yfir til Bandaríkjanna einmitt núna og hver staðan sé í birgðasöfnun í Bandaríkjunum? Mig langar að spyrja hann að því einnig hvernig hann ætli að fara að því að lækka afurðaverð til fiskvinnslunnar.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Það er misskilningur sem kom fram hjá hv. þm. að ég hefði kynnt einhverjar sérstakar tillögur í viðtalinu enda var ekki um það að ræða og textinn, sem hv. þm. las upp, bar það ekki með sér. Ég var að svara fyrirspurn fréttamanns um stöðuna í sjávarútvegi þar sem hafði verið framreiknað í tölum vegna lækkandi afurðaverðs. Ég var að skýra frá því að við töldum nauðsynlegt að þeir aðilar sem um það mál fjalla, til að mynda Þjóðhagsstofnun, skoðaði ekki eingöngu einfaldan framreikning í þessu dæmi heldur tæki aðra mikilvæga þætti inn í myndina. Vextir hafa farið lækkandi og munu fara enn lækkandi nú á næstu vikum og það er afskaplega mikilvægt innlegg í stöðuna, t.d. gagnvart sjávarútvegi.

Það er líka ljóst að menn eru að færa til útflutning sinn þangað sem markaðurinn er hæfastur hverju sinni og sjávarútvegurinn hefur verið virkari í slíku á undanförnum árum. Auðvitað getur það haft áhrif á birgðasöfnun. Ég var að nefna það í þessu sambandi vegna þess að nú þegar kjarasamningar eða umræður um þá eru á viðkvæmu stigi er ljóst að af hálfu Vinnuveitendasambandsins eru miklar áhyggjur uppi vegna talna sem hafa verið birtar í stöðu sjávarútvegs og þess vegna er nauðsynlegt að fá nýjar tölur, nýjar upplýsingar þar sem allir þessir þættir liggja ljósir fyrir.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur þá verið misskilningur hjá mér. Það er ekkert verið að vinna að neinum tillögum til úrbóta í sjávarútvegi. Mig langar þá að spyrja hæstv. ráðherra að því um hve mikið menn megi búast við að vextir lækki á næstu vikum. Hvaða tölur er verið að tala um í því sambandi? Þegar hæstv. forsrh. talaði um að gott væri að kynna sér hvort ekki sé hægt að auka sölu í Bandaríkjunum þá vil ég minna hann á að mikið er um sérsamninga í Evrópu. Finnst hæstv. ráðherra þá rétt að menn segi upp þeim sérsamningum í Evrópu þrátt fyrir að gengið sé misvísandi í bili? Er ríkisstjórnin ekki að athuga það almennt að tilkostnaður lækki, t.d. hafnagjöld, orkukostnaður og ýmis opinber gjöld. Ekki er endalaust hægt að hagræða í undirstöðuatvinnuvegunum. Það er ljóst að þar

alveg komið að mörkunum. Öll hagræðing þýðir bara fækkun fólks. Er ekki eitthvað í gangi í hæstv. ríkisstjórn í þessu sambandi?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ljóst er að það hefur verið færður af þessari atvinnugrein eins og öðrum meiri gjaldaþungi en nokkru sinni áður hefur verið gert. Menn eru ekki að leita eftir slíkum lausnum til viðbótar, þær eru ekki færar. Vextir hafa þegar farið lækkandi. Sjávarútvegurinn er með mikið af skuldum sínum bundnar við erlenda vexti. Erlendir vextir fara líka lækkandi. Ljóst er að vextir halda áfram að lækka, ég skal ekki segja nákvæma tölu um það. Ég bind þó vonir við það að þeir vextir geti lækkað um allt að 1% á allra næstu dögum til viðbótar því sem þegar hefur gerst. Erlendir vextir fara lækkandi. Allt þetta hefur gríðarlega þýðingu fyrir stöðu sjávarútvegsins.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Vextir lækka um 1% á næstu vikum, það eru upplýsingar. Að öðru leyti hefur ríkisstjórnin greinilega engin ráð.

Móttaka flóttafólks frá Júgóslavíu.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég beini fsp. minni til hæstv. forsrh. Ekkert lát virðist vera á átökum í ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu og þjóðir heims standa ráðþrota gagnvart þeim hörmungum sem fólk líður á átakasvæðunum. Auðvitað væri æskilegast að reyna að koma á friði og hjálpa til við uppbyggingu til að búa fólki betra líf þegar hildarleiknum lýkur á heimaslóð. Hins vegar streyma hundruð þúsunda flóttafólks streyma frá svæðum fyrrverandi Júgóslavíu. Það er staðreynd sem ekki verður horft fram hjá. Í vetur var tala flóttamanna frá þessum svæðum farin að nema hundruðum þúsunda í Þýskalandi. Sviss, Austurríki, Svíþjóð og Ungverjalandi höfðu tekið við 100 þúsund flóttamönnum hvert en ýmis önnur lönd höfðu tekið við mun færri eða engum flóttamönnum. Því vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Hafa íslensk stjórnvöld markað sér stefnu hvað varðar móttöku flóttafólks frá ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu? Ef svo er, er þá gert ráð fyrir að taka á móti flóttafólki frá átakasvæðunum á næstunni eða síðar á árinu?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Eins og kunnugt er hefur Ísland að sínu leyti staðið að fjöldanum öllum af aðgerðum með öðrum til þess að stuðla að bættum aðbúnaði og stöðu fólks í þessum stríðshrjáðu löndum. Rætt var um það af okkar hálfu að taka á móti flóttafólki, einkum börnum. Mönnum var ráðið frá því af hálfu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna að gera slíkt. Ég hygg ekki að það sé nein ásókn í það að Ísland taki við flóttamönnum. Við getum aldrei gert það í stórum stíl. Ég hygg að sá farvegur sem við höfum beint hjálp okkar í og við höfum greint frá áður — ég ætla ekki að telja það upp hér — sé skynsamlegur kostur af okkar hálfu í þessu sambandi.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég er ekki í nokkrum vafa um að sú hjálp sem þegar hefur verið ákveðin og farið er að vinna að er mjög nauðsynleg og mikilvæg. Hins vegar verður ekki horft fram hjá því að straumur flóttamanna er stöðugur og vaxandi, því miður, og e.t.v. hafa áætlanir verið gerðar þegar fólk gerði sér vonir um að þessu mundi linna. Nú lítur út fyrir að svo sé ekki og því er e.t.v. ástæða til þess að endurskoða afstöðuna. Því er ekki að leyna að innan Evrópu er orðinn töluverður þrýstingur á að fleiri lönd en þau sem sérstaklega hafa tekið á móti flóttamönnum geri það.

Markmið í atvinnumálum.

Guðmundur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Aðilar vinnumarkaðarins, þ.e. VSÍ, ASÍ og Vinnumálasamband samvinnufélaganna kynntu ríkisstjórninni 9. mars yfirlýsingu um markmið í atvinnumálum. Í yfirlýsingunni er að finna ítarlegar tillögur um markmið og úrbætur í atvinnumálum til ríkisstjórnarinnar sem lúta m.a. að ríkisfjármálum, vaxta- og gengismálum, verðlagsmálum auk beinna tillagna um ráðstafanir í atvinnumálum sem fjalla um almenna stefnumörkun, hagræðingu, ný atvinnutækifæri og þróunarverkefni. Tillögurnar eru settar fram sem veigamikill hluti þeirra markmiða sem þessir aðilar leggja til grundvallar samningsgerð í yfirstandandi kjarasamningum.

Haft er eftir hæstv. forsrh. í Morgunblaðinu 10. mars sl. að hann telji tillögurnar bæði spennandi og umfangsmiklar og að ríkisstjórnin áskilji sér örfáa daga til að fara fram á viðbótarupplýsingar áður en hún meti tillögurnar.

Nú eru um 8.000 Íslendingar án atvinnu og miklir erfiðleikar í atvinnulífinu, m.a. vegna óvissu um kjarasamninga. Afar mikilvægt er að ríkisstjórnin geri allt sem hægt er til að fá hjól atvinnulífsins og reyndar þjóðfélagsins í heild til að snúast eðlilega á ný. Aðilar vinnumarkaðarins hafa leitað til ríkisstjórnarinnar og óskað svara um mikilvæg atriði málsins. Enda þótt nú séu liðnir 14 dagar frá því að tillögurnar voru settar fram hafa engin svör borist enn. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh. hvers vegna ríkisstjórnin hafi ekki svarað, hvort svara sé að vænta og hvernig ríkisstjórnin hyggist taka á þessum málum.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. að það er afskaplega mikilvægt fyrir framtíðarstöðu íslensks atvinnulífs að stuðla að því að hjól atvinnulífsins taki að snúast á nýjan leik, að menn hafi fast land undir fótum í samningum. Vegna þess að hann spurði sérstaklega um þær hugmyndir sem hafa verið kynntar af hálfu aðila vinnumarkaðarins gagnvart ríkis-

stjórninni, annars vegar sameiginlegar tillögur sem voru ekki mjög margar og hins vegar hugmyndabanka, ef svo má kalla, sem lagður var fram, er því til að svara að síðan það gerðist hefur sú mynd komið upp að Vinnuveitendasambandið telur að skoða þurfi allar efnahagsforsendurnar á nýjan leik áður en menn gangi til síðasta skrefs í samningum. Þetta hefur komið glöggt fram bæði inn á við og jafnframt opinberlega. Þá eru menn að horfa til þeirrar verðlækkunar sem áðan var rædd á mikilvægustu afurðum okkar erlendis. Því er ekki efni til þess að ríkisstjórnin spili út hugmyndum sínum eða hvað hún getur gert í þröngri stöðu fyrr en þessar grundvallarforsendur liggja ljósar og skýrar fyrir en þær liggja fyrir nú.

Guðmundur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin, en ég verð að segja að ég er ekki ánægður með þau. Ég held að þjóðin öll geri sér grein fyrir því, og ég vildi óska þess að ríkisstjórnin gerði það líka, að ríkisstjórnin verður að taka ákveðið frumkvæði í þessum málum. Vandamálin eru orðin slík að það er orðið aðkallandi að þau séu leyst og ekki dugir að bíða og bíða. Í þeim tillögum, sem lagðar voru fram af fyrrgreindum aðilum, er fjöldi atriða. Auðvitað má nefna þær almennu efnahagsforsendur, svo sem vaxtamál, gengismál, verðlagsmál og annað þess háttar, en það eru líka atriði sem snúa beint að atvinnuvegunum. Þar er rætt um ýmis atriði, svo sem raforkumál, verðlag á raforku. Þar er rætt um álögur á ferðaþjónustu, viðhald opinberra bygginga, rannsóknir og þróun og margt fleira.

Ég minni á að með þjóðarsáttarsamningunum svokölluðu, sem gerðir voru, sýndi ríkisvaldið það frumkvæði sem þurfti og í kjölfarið byggði atvinnulífið á því samkomulagi um margra ára bil. Ég held að ríkisstjórnin ætti að taka sér þetta til fyrirmyndar og ráðast á vandann en ekki ætla bara að leysa hann með biðinni einni.

Hjúskaparlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 273. mál (heildarlög). — Þskj. 369, nál. 742 og 768, brtt. 743 og 762.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GuðjG, HBl, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JJ, KSG, KÁ, LMR, ÓRG, PP, PJ, RG, SigG, SAÞ, SP, StH, VS, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

1 þm. (GuðmS) greiddi ekki atkv.

29 þm. (ÁMM, BBj, EH, EKG, FI, GHH, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, JÁ, JGS, JVK, KHG, MF, ÓE, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SighB, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE) fjarstaddir.

2.–9. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
11.–15. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 743,1 samþ. með 35 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 743,2–3 samþ. án atkvgr.
17. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
18.–39. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 762,1 felld með 22:15 atkv.
40.–42. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 743,4 samþ. án atkvgr.
43. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
44.–53. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 762,2 felld með 25:13 atkv.
54.–68. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 743,5 samþ. með 34 shlj. atkv.
69. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
70.–140. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, frh. 1. umr.

Stjfrv., 406. mál. — Þskj. 700.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og til félmn. með 41 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 312. mál (heildarlög). — Þskj. 501.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir því á fundi með forseta þingsins í gær að hæstv. forsrh. yrði viðstaddur þessa umræðu ásamt hæstv. viðskrh. vegna þess að Seðlabanki Íslands er lykilstofnun í efnahagsstjórn landsins og nauðsynlegt er að heyra í þessum umræðum viðbrögð forsrh. við ýmsum þáttum. Hins vegar ætla ég að gefa hæstv. fjmrh. frí í þessari umræðu og ætla ekki að útskýra nákvæmlega ástæðurnar fyrir því.

Þetta frv. er að mörgu leyti prófsteinninn á það hvort við á Alþingi Íslendinga viljum innleiða nútíma starfshætti í efnahagsstjórn eða hvort á að framlengja gamla pólitíska lénskerfinu í stjórn peningamála á Íslandi þar sem ákveðnir stjórnmálaflokkar ráðstafa stjórn Seðlabankans í þágu sinna innri hagsmuna. Þetta frv. er flutt undir þeim formerkjum að nánast allt þjóðfélagið hefur mánuðum saman velt því fyrir sér hvort hæstv. viðskrh., Jón Sigurðsson, ætlar að setjast í stól seðlabankastjóra á miðju þessu ári. Hæstv. ráðherra hefur ekki verið reiðubúinn til að bera það til baka með afdráttarlausum hætti, hvorki hér í þingsalnum né utan þings.

Þar að auki er ljóst að Alþb. er þeirrar skoðunar að það stjórnkerfi, sem lagt er til í þessu frv. um Seðlabanka Íslands, sé úrelt. Það sé tengt þessu gamla pólitíska lénskerfi flokkanna sem eigi ekki við varðandi nútímaseðlabanka. Þess vegna munum við flytja brtt. við þetta frv. á þann veg að það verði aðeins einn bankastjóri við Seðlabanka Íslands. (**ÓÞÞ:** Verður hann nafngreindur?) Við teljum að það muni í senn leiða til áhrifaríkari stjórnunar bankans en muni líka spara verulega fjármuni. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson kallaði hér fram í og spurði: Verður hann nafngreindur? Að sjálfsögðu verður hann ekki nafgreindur í brtt. en ég skal hins vegar gera grein fyrir því að það eru nokkrir möguleikar hvað einstaklinga snertir til að skipa þessa stöðu með farsælum hætti að mínum dómi. Ég tel satt að segja miklu farsælla að fara þannig með málið en að tefla því inn í það pólitíska moldviðri og hrossakaup sem hæstv. viðskrh. og ríkisstjórnin eru greinilega að gera varðandi Seðlabanka Íslands.

Ef menn fallast á það að Seðlabanka Íslands verði stjórnað á þann veg, eins og alls staðar er gert þar sem seðlabankar starfa samkvæmt nútímahætti, að það sé einn seðlabankastjóri, þá tel ég t.d. að eftirfarandi þrír möguleikar komi til greina varðandi skipun í stöðuna:

Í fyrsta lagi kemur til greina að Birgir Ísl. Gunnarsson, núv. seðlabankastjóri, skipi þessa stöðu áfram einn. Hann stjórni Seðlabankanum áfram einn út það kjörtímabil sem hann hefur. Það þýðir að hvorki verður skipað í stöðu Jóhannesar Nordals né Tómasar Árnasonar þegar þeir láta af störfum. Og þótt Birgir Ísl. Gunnarsson hafi verið þingmaður, ráðherra og forustumaður Sjálfstfl. og þótt ég hafi gagnrýnt á sínum tíma að hann væri kominn í Seðlabankann í krafti þessa gamla pólitíska lénskerfis sem ég tel úrelt, þá tel ég engu að síður að fenginni reynslu að honum sé fyllilega treystandi til þess að fara einn með bankastjórastöðu Seðlabankans á næstunni.

Annar möguleikinn er sá að velja unga menn sem eru tvímælalaust vel menntaðir og hæfileikaríkir til þess að gegna trúnaðarstörfum á sviði peningamála og eru á svipuðum aldri og dr. Jóhannes Nordal var á sínum tíma þegar hann varð seðlabankastjóri í fyrsta sinn. Þar vil ég nefna sem dæmi í fyrsta lagi Ingimund Friðriksson, sem er núna fulltrúi Norðurlanda hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington, og gegndi trúnaðarstöðu í Seðlabanka Íslands með miklum ágætum þegar hann var hér heima. Ég vil nefna einnig Má Guðmundsson, sem var hagfræðingur fjmrh. í minni tíð í fjmrn., en gegnir jafnframt einni af forustustöðum í Seðlabankanum og hefur gert það með góðum árangri og að dómi mjög margra manna hefur einnig ásamt Ingimundi Friðrikssyni alla þá fræðilegu og starfslegu burði til þess að gegna störfum seðlabankastjóra.

Í þriðja lagi vil ég nefna þá hugmynd vegna þess moldviðris sem skapað hefur verið í kringum Seðlabankann og vegna þess að nauðsynlegt er að skapa ákveðna festu um bankann a.m.k. næstu tvö til þrjú árin meðan ákveðnar breytingar eru að eiga sér stað, þá verði tekin ákvörðun um það að fara þess á leit við Jónas Haralz að hann gegni bankastjórastöðu við Seðlabanka Íslands næstu þrjú árin. Hann verði einn bankastjóri bankans, fari með forustu fyrir bankanum á þessu breytingaskeiði og festi í sessi það nútímahlutverk að Seðlabankinn sé sjálfstæð fagleg stofnun undir öruggri forustu. Vissulega hefur Jónas Haralz verið tengdur Sjálfstfl. en það breytir því ekki að ég tel að hann sé með hvað mesta reynslu Íslendinga á sviði bæði efnahagslífs á Íslandi og hann hefur starfað í Washington og kynnst alþjóðapeningamálum á undanförnum árum. Hann hefur nú látið af störfum. Hann situr í friðarins stóli og hefur að mörgu leyti þá reynslu og hæfileika sem þarf til þess að geta gegnt þessari stöðu. Ég teldi það satt að segja miklu farsælli skipan en að senda pólitíkus úr þessari ríkisstjórn beint inn í Seðlabankann á grundvelli gamla pólitíska lénskerfisins.

Mér er það ljóst að Jónas Haralz hefur náð þeim aldri sem menn venjulega láta af störfum í opinberri þjónustu, en ég tel hins vegar að í okkar þjóðfélagi þar sem menn eru við góða heilsu og hafa fulla starfsburði geti verið skynsamlegt við og við að gera undantekningu frá þeirri reglu um ákveðinn tíma.

Ég nefni þessa þrjá möguleika hér: Í fyrsta lagi að Birgir Ísl. Gunnarsson gegni einn áfram bankastjórastöðu við Seðlabankann, í öðru lagi að sóttir verði ungir hæfileikamenn sem eru á svipuðum aldri og dr. Jóhannes Nordal var á sínum tíma og með svipaða menntun og hann hafði, og jafnvel kannski enn betri í ljósi nútímamenntunar, eins og Ingimundur Friðriksson og Már Guðmundsson, og ég nefni í þriðja lagi að þess verði farið á leit við þann reynda mann, Jónas Haralz, að hann taki að sér um þriggja til fjögurra ára skeið að stýra Seðlabanka Íslands meðan verið er að festa hann í sessi sem óháða nútímalega og faglega stofnun.

Og ég vil segja við hæstv. ríkisstjórn: Væri ekki skynsamlegt að leita samkomulags við okkur hér á Alþingi um einhverja slíka nútímaskipan á stjórnkerfi Seðlabanka Íslands frekar en láta strekkja í það vikum og mánuðum saman að knýja hér í gegn frv. með úreltri stjórnskipan, með leifunum af gamla flokkspólitíska lénskerfinu í Seðlabanka Íslands þar sem látið er í veðri vaka og aldrei borið til baka að eitt af markmiðum frv. sé að þjóna innri erfiðleikum núv. ríkisstjórnar?

Í þeim efnahagslegu erfiðleikum sem þjóðin á í núna, og mun eiga í um nokkurra ára skeið a.m.k., er mjög mikilvægt að það skapist friður um Seðlabanka Íslands. Hann verði ekki flokkspólitískt bitbein né leikvangur í embættaveitingum skammsýnna pólitískra forustumanna. Þau nöfn sem ég hef hér nefnt eru flest á þann veg að ef þau hafa einhvern tíma verið tengd hinu pólitíska kerfi, þá er það ekki í tengslum við minn flokk eða flokka stjórnarandstöðunnar. Það er þá helst Sjálfstfl. sem þar á hlut að máli. Eða þá að þeir hafa getið sér slíkt faglegt orð og hafa að baki slíka reynslu á sviði peningamála og efnahagsstjórnar og svo víðtæka alþjóðlega þekkingu á nútímastraumum og starfsaðferðum á sviði efnahagsmála að þeim er fyllilega treystandi til þess að stýra Seðlabanka Íslands.

Ég vil segja við hæstv. viðskrh. að ef hann hefur í raun og veru vilja til þess að leita samkomulags við okkur hér um að gera lögin um Seðlabanka Íslands þannig úr garði að við fáum nútímalegt og sterkt stjórntæki í peningamálum á Íslandi, þá skulum við ræða alla þætti málsins. Þá skulum við breyta þessu frv. á þann veg á það samræmist nútímalegum viðhorfum og við skulum í sameiningu velja til forustu í bankanum einn einstakling, einn banakstjóra sem hefur víðtækt traust þings og þjóðar og sannaða faglega, starfslega hæfni til þess að geta stýrt þessari mikilvægu stofnun í íslensku efnahagslífi á næstu árum. (**Gripið fram í:** Þú treystir Birgi Ísleifi.)

Virðulegi forseti. Ég nefni þetta strax við upphaf þessarar umræðu vegna þess að það vita allir í þessum sal að á bak við þetta frv. hefur því miður allt of lengi verið pólitískur draugagangur. Það er mikilvægt að hreinsa þann draugagang út til þess að þingið geti í sameiningu tekist á við það verkefni að ganga frá stjórnskipan og lögum um Seðlabanka Íslands þannig að hann þjóni því hlutverki að vera þátttakandi í að endurreisa íslenskt efnahagslíf. Með því að endurhæfa íslenskt peninga- og fjármálakerfi á þann veg að það rísi undir verkefni sínu og hafi jafnframt slíka þekkingu á samskiptum við alþjóðlega peningamarkaði og alþjóðlegar fjármálastofnanir að hin mikla opnun sem nú er að verða milli íslenska hagkerfisins og hins alþjóðlega peningakerfis verði okkur til farsældar en það séu ekki gerð mistök. Því að það er auðvitað þannig að þegar opnunin kemur til framkvæmda, þá segir því miður saga margra ríkja að hægt er að gera mikil mistök sem geta reynst þjóðum mjög dýrkeypt.

Vandinn er þess vegna margþættur. Hann tengist ekki bara því sem stendur í lögbókinni eða texta frv. sem við afgreiðum. Hann tengist líka mönnunum sem valdir eru til forustu og því kýs ég að nefna þessi nöfn hér til að sýna það að a.m.k. af minni hálfu er grundvöllur til þess að skipa til ábyrgðarstarfa í Seðlabanka Íslands menn sem eru ekki ættaðir sérstaklega úr mínum ranni, ef má orða það svo, en hafa alla þá burði til að bera að um þá geti náðst breið samstaða. Ég tel þess vegna að með því að nefna þessi nöfn hér hafi hæstv. viðskrh. og ríkisstjórn Íslands verið sýnt að það eru til einstaklingar, sem betur fer, í okkar þjóðfélagi sem valda þessu verkefni. Það er spurning um pólitískan vilja og metnað og viðhorf til nútímapeningastjórnar hvort menn eru reiðubúnir til samstarfs við okkur um að skipa Seðlabanka Íslands með þessum hætti.

Ef aftur á móti verður farin sú leið að knýja þetta frv. í gegn með þessum úreltu ákvæðum þar sem gamla flokkspólitíska lénskerfið verður áfram við lýði í Seðlabankanum og stjórnkerfi bankans er áfram margfaldað og yfir vakir sá möguleiki að ríkisstjórnin setji einn af ráðherrum sínum í forustustöðu í bankanum, kannski síðar á þessu ári, þá er auðvitað alveg ljóst að þar með er ekki verið að skapa frið um Seðlabanka Íslands heldur þvert á móti gífurlega óvissu vegna þess að við, sem erum fylgjandi nútímaviðhorfum í stjórn peningamála, munum beita okkur fyrir því þegar ný ríkisstjórn tekur við í síðasta lagi að loknum næstu kosningum að lögum Seðlabankans verði breytt á ný á þann veg að þau samræmist nútímalegum viðhorfum.

Ég tel hins vegar óþarfa að skapa þetta tveggja ára óvissutímabil. Hæstv. viðskrh. og ríkisstjórnin hafa núna hvað eftir annað verið að mæla fyrir því á Alþingi að stöðugleiki sé skapaður í bankakerfinu. Sá stöðguleiki snýr ekki bara að viðskiptabönkunum, hæstv. ráðherra. Hann snýr ekki síður að Seðlabanka Íslands. Og það mun reyna á það á næstu vikum hvort hæstv. ríkisstjórn er reiðubúin til samvinnu um að skapa þennan stöðugleika hvað Seðlabanka Íslands snertir.

Það er rétt sem hæstv. viðskrh. sagði á sínum tíma að varðandi margt í þessu frv. skapaðist ákveðin samstaða í þeirri nefnd sem það vann. Hins vegar er það þannig að síðan sú nefnd lauk störfum hafa margir hlutir verið að skýrast með nýjum hætti í hinni alþjóðlegu umræðu um efnahagsmál og peningamál. Það er t.d. alveg ljóst að sú mikla fyrirmynd sem margir höfðu í huga, þýski seðlabankinn, lítur töluvert öðruvísi út í dag en hann gerði fyrir tveimur árum. Það er alveg ljóst af atburðum síðustu vikna að stjórnvöld í Þýskalandi hafa með ýmsum hætti knúið seðlabankann til þess að þjóna hagsmunum sem bankastjórnin var ekki reiðubúin að þjóna áður og hið mikla módel um hinn sjálfstæða þýska seðlabanka lítur ekki eins gullslegið út nú í hugum þeirra sem dáðust að því eins og það gerði áður.

Í öðru lagi er líka ljóst að hin mikla Evrópusamvinna á sviði gjaldmiðils, hvort sem það er evrópska myntbandalagið eða tengingin við ECU, lítur í dag allt öðruvísi út en fyrir tveimur árum, hvað þá heldur einu ári. Ég held að það sé ekki liðið ár síðan hæstv. viðskrh. lýsti því yfir að það væri markmið hæstv. ríkisstjórnar í næstu framtíð að stuðla að því að íslenska krónan væri tengd ECU. Það dettur engum manni í hug með heilbrigða skynsemi að halda slíku fram í dag, a.m.k. ekki um nákomna framtíð. Það er bara eitt dæmi af mörgum um það hvernig jafnvel hæstv. viðskrh. hefur orðið að lúta því að atburðarásin hefur leikið ýmsar kenningar sem góðar þóttu og gildar fyrir einu til tveimur árum harla grátt.

Í þriðja lagi er líka ljóst að samspil stjórnvalda og seðlabanka í því að keyra hagkerfi upp úr kreppunni er í dag undir töluvert öðrum formerkjum en það var á blómatíma frjálshyggjunnar. Það þóttu nokkur tíðindi að Alan Greenspan, seðlabankastjórinn bandarískri, skyldi skipa sér á svo áberandi hátt í áhorfendasveit þeirra sem hlýddu á stefnuræðu Clintons Bandaríkjaforseta fyrir skömmu. Þegar Alan Greenspan mætti síðan tveimur eða þremur dögum eftir flutning stefnuræðunnar á fund bandarískra þingsins, þá flutti hann að mörgu leyti ýmsar aðrar áherslur varðandi samspil stjórnvalda og seðlabanka hvað það markmið snertir að ná hagkerfi upp úr öldudalnum, vinna sig út úr kreppunni og koma hjólum atvinnulífsins í gang en áður voru í tísku.

Þetta þrennt sem ég hef hér nefnt: saga þýska seðlabankans á síðustu missirum, örlög evrópska gjaldeyrissamstarfsins, fyrirmyndin í ECU og hin nýja efna-

hagsstefna í Bandaríkjunum, sýnir að þær kenningar sem að ýmsu leyti lágu á bak við smíði þessa frv. á árum áður hafa hlotið nýja skírn í skóla reynslunnar á undanförnum missirum.

Það má líka spyrja: Hver eru í reynd hin nýju tæki sem Seðlabanki Íslands þarf á að halda? Því hefur í reynd ekki verið svarað með skýrum hætti, hvorki í þessu frv. né í framsöguræðu hæstv. viðskrh. Frv. er sett upp á þann veg að markmið Seðlabankans sé að ná stöðugu verðlagi. Það er sett í svo sterkan forgrunn að ýmsum öðrum markmiðum er vikið til hliðar. En hvað segir reynslan okkur? Reynslan sýnir okkur að í tíð síðustu ríkisstjórnar tókst að ná verðlaginu niður í 3–4% og það hefur haldist stöðugt síðan, bæði á síðasta ári síðustu ríkisstjórnar og á fyrstu tveimur árum þessarar þannig að íslenska hagkerfið er nú búið að fá reynslu af verðbólgu sem er einhver hin minnsta í Vestur-Evrópu. Þess vegna spyr ég: Skorti eitthvað á tæki Seðlabankans til þess að við næðum þessu markmiði í verðlagsmálum? Og svarið hlýtur að vera nei, vegna þess að reynslan hefur sýnt okkur það að við náðum þessu markmiði og bjuggum þó við tækjabúnað Seðlabankans eins og hann hefur verið.

Hitt er svo annað mál að mjög hefur skort á um það að vextirnir á Íslandi lækkuðu í hlutfalli við þessa verðlagsþróun og vaxtastigið á Íslandi hefur í reynd verið fryst langt ofan við það sem hægt er að telja eðlilegt þegar við höfum í fyrsta lagi þriggja ára reynslu af svo lágri verðbólgu, við höfum í öðru lagi samdrátt í hagkerfinu, við höfum í þriðja lagi minnkandi afla og við höfðum í fjórða lagi opnun hagkerfisins gagnvart umheiminum. Allt þetta fernt hefði átt að leiða til þess að vextir væru nú þegar komnir langt niður en það hefur ekki gerst. Þess vegna segi ég: Vandamálið í tækjabúnaði Seðlabanka Íslands er ekki það fyrst og fremst að hann hafi ekki tæki til að ná verðlaginu niður. Hann hefur ekki tæki til þess að ná vöxtunum niður í samræmi við það hvað verðlagið er komið langt niður. Og satt að segja sýnist mér lítið vera í þessu frv. sem veitir Seðlabanka Íslands nauðsynlegan tækjabúnað til þess að knýja vaxtastigið í landinu niður til jafns við þann árangur sem náðst hefur í verðlagsmálunum.

Það er plata sem endurtekin er hvað eftir annað af hinum ólíklegustu aðilum í þjóðfélaginu að skýringin á því að vextirnir séu ekki komnir niður sé hallinn á ríkissjóði. Það er bara ekki þannig vegna þess að samanburður milli Íslands og annarra landa sýnir að þótt okkur finnist hallinn á ríkissjóði mikill og þótt hann sé of mikill, þá er hann engu að síður hlutfallslega með því minnsta af landsframleiðslu og þjóðartekjum sem þekkist á Vesturlöndum og mun minni hlutfallslega í hagkerfinu hjá okkur en hjá löndum sem eru með miklu lægra vaxtastig hjá sér en við höfum hjá okkur. Ef mörg nágrannalönd okkar í Vestur-Evrópu geta verið með mun hærra hlutfall af halla ríkissjóðs en við erum með en engu að síður mun lægra vaxtastig þá hlýtur það að vekja spurninguna: Það er kannski ekki jafneinfalt orsakasamhengi á milli hallans á ríkissjóði og vaxtastigsins í landinu eins og allir snillingarnir hafa verið að halda fram?

Ég held einmitt að þessi plata, sem margir hafa endurtekið hver í kapp við annan, um hallann á ríkissjóði og vaxtastigið hafi gert það að verkum að menn hafi horft fram hjá ýmsum öðrum veigamiklum þáttum. Einn þeirra er t.d. fákeppnisstaðan á íslenskum bankamarkaði. Ýmsir aðilar, m.a. hæstv. fjmrh. sem ég gaf frí frá þessari umræðu, en ekki síður hæstv. forsrh. hafa hvað eftir annað á undanförnum missirum talað eins og hér ríkti frjáls samkeppnismarkaður á sviði peningamála. Þegar þeir hafa verið að skýra vaxtastigið hafa þeir vísað til þess að markaðurinn ákvæði vaxtastigið.

Nú er það eitt af einföldustu atriðum á fyrsta ári í hagfræði, sem hæstv. viðskrh. þekkir auðvitað mjög vel, að þessi lögmál, sem hæstv. forsrh. og fjmrh. — og veri hann velkominn í salinn — hafa verið að vísa til, eiga eingöngu við þegar óheft samkeppni er á markaðnum. En íslenski peningamarkaðurinn er ekki þannig. Hér eru þrír viðskiptabankar og fáeinir stórir sparisjóðir þannig að hér ríkir í reynd fákeppnismarkaður eða það sem á erlendum málum er kallað „oligopoliskur" markaður. Rannsóknir hagfræðinga um áratuga skeið hafa sýnt það að fákeppnismarkaður hefur það einkenni að fyrirtæki sem eru á þeim markaði eru mjög fljót að hækka verðlagið, í þessu tilfelli bankarnir mjög fljótir að hækka vextina. En fyrirtæki á fákeppnismarkaði eru hins vegar mjög vanmegnug að lækka verðið á vörunni og gera það helst ekki nema með utanaðkomandi þrýstingi eins og reynslan hefur sýnt okkur með íslensku viðskiptabankana. Þeir hafa verið mjög tregir og seinir til að lækka verðið á sinni vöru, þ.e. vextina, nema fyrir utanaðkomandi þrýsting.

Það er dálítið skemmtilegt að heyra hæstv. forsrh. vera að fikra sig áfram í þeim þrýstiæfingum og hefði hann átt að byrja fyrr á því vegna þess að það er einfaldlega bara fræðileg staðreynd að á fákeppnismarkaði eins og íslenska bankakerfið er, þá lækka bankarnir ekki vextina af sjálfsdáðum.

Menn hafa sagt hér um nokkur missiri: En það er verið að opna bankakerfið fyrir erlendum samkeppnisaðilum. Það er vissulega rétt að í tíð síðustu ríkisstjórnar voru teknar veigamiklar ákvarðanir um að opna íslenska bankakerfið fyrir samkeppni frá erlendum bönkum. En hvað gerðist? Hafa erlendir bankar opnað hér útibú? Svarið er nei. Hefur verið einhver aragrúi af fyrirspurnum frá erlendum bönkum um að opna hér útibú? Svarið er nei. Það er nefnilega einfaldlega þannig að því er virðist að þótt við í síðustu ríkisstjórn opnuðum möguleikana á því að erlendir bankar gætu farið að keppa á hinum íslenska markaði, og það var síðasta ríkisstjórn sem opnaði þann möguleika, þá hefur það ekki gerst og það eru engar fréttir af því að slíkar aðgerðir séu í vændum. Þvert á móti heyrast fréttir frá Norðurlöndum um að þeir alþjóðlegu bankar sem hafa opnað útibú þar eru að flytja sig frá Danmörku og frá Noregi vegna þess að þeim finnst ekki taka því að taka þátt í samkeppninni á danska og norska markaðnum. Halda menn þá virkilega að þeir fari að leggja mikið á sig til að taka þátt í samkeppninni á hinum íslenska markaði? Svarið þar er líka nei.

Þess vegna er það alveg ljóst að það verður ekki hin erlenda samkeppni bankastofnana, sem stofnsetja útibú hér á landi, sem mun knýja vextina niður. Það verður því að beita tækjum ríkisstjórnar og Seðlabanka til þess að knýja vextina niður. Og það er sú tækjasmíð fyrir Seðlabanka Íslands til þess að tryggja raunhæft lægra vaxtastig á Íslandi þegar stöðugleikinn í verðlagi er ár eftir ár orðinn 2, 3 og 4% sem er verkefnið í þessari löggjöf.

Þess vegna er það þannig að ef við erum í reynd fylgjandi því að afgreiða á Alþingi frv. um Seðlabanka Íslands sem er í fyrsta lagi í takt við nútímaleg viðhorf, í öðru lagi segir skilið við hina gömlu pólitísku lénsskipan flokkanna í stjórn peningamála á Íslandi, í þriðja lagi smíðar raunhæf stjórntæki handa Seðlabankanum til að tryggja eðlilegt vaxtastig hér á Íslandi, þá þarf þetta frv. að fá öðruvísi meðferð en hæstv. ráðherra lagði upp með hér í sinni framsöguræðu. Ég er tilbúinn í þá vinnu, hæstv. ráðherra. Ég er tilbúinn í það að beita mér fyrir því í mínum flokki og annars staðar á Alþingi að afgreiða þetta frv. sem lög frá Alþingi í vor í þeim búningi. En ég er ekki tilbúinn til að fara að afgreiða á Alþingi gamaldags frv. sem er ekki í takt við tímann og framlengir það kerfi stjórnmálalegs samspils og stjórnar peningamála sem hér hefur ríkt allt of lengi.

Það eru mér satt að segja nokkur vonbrigði að hæstv. viðskrh., sem ég hélt um tíma að vildi vera í fararbroddi nútímahugmynda í stjórn peningamála, skuli virkilega leggja fyrir Alþingi Íslendinga frv. af þessu tagi. Það var kannski eðlilegt að ráðherrann kæmi með afurð nefndarinnar á sínum tíma þótt nokkuð sé langt um liðið síðan hún skilaði áliti en það verður mikill prófsteinn á ráðherrann og ríkisstjórnina á næstu vikum hvort sú sveit er reiðubúin að ganga til samvinnu við okkur hina um að breyta þessu frv. í raunverulegt, áhrifaríkt og sterkt nútímastjórntæki í efnahagsmálum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna því að í ræðu hv. 8. þm. Reykn. kom fram vilji til að styðja breytingar á Seðlabanka Íslands í þá átt að gera hann betur færan um að starfa í opnu umhverfi, á opnum fjármagnsmarkaði, og beita nútímalegum vinnuaðferðum í stjórn peningamála. Þetta er að sjálfsögðu megintilgangur frv. Og mig langar til að rifja það upp að þegar frv. var upphaflega kynnt eins og það kom frá nefndinni í apríl í fyrra lýstu forustumenn Alþb. og Kvennalistans auk fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna stuðningi við meginstefnu frv.

Að mínu áliti leggur hv. 8. þm. Reykn. allt of mikið upp úr mannaskipan og stjórnarákvæðum þessa frv. Ég er alveg opinn fyrir umræðum um að breyta þeirri tillögu sem nefndin gerir, sem er málamiðlun innan hennar. Mitt sjónarmið er að sú tillaga, sem fulltrúi Alþb., Már Guðmundsson, gerði í nefndinni um að þarna væri einn bankastjóri, sé tillaga sem mjög vel komi til greina. Ég taldi ekki rétt að breyta þessu í frv. eins og það kom frá nefndinni. Þetta verðum við að sjálfsögðu að ræða í þinginu. Ég kannast ekki við að ég hafi lagt upp með neina aðra meðferð á þessu máli en þá sem gefur kost á því að ræða þetta eðlilega í þingnefndinni og vildi með þessum orðum, virðulegi forseti, eingöngu leggja áherslu á að það er mikilvægt að þetta sé rætt vandlega og að víðtæk samstaða takist um þessa mikilvægu stofnun í okkar stjórnkerfi.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kýs að skilja orð hæstv. viðskrh. hér áðan á þann veg að hann sé reiðubúinn að ræða þá tillögu sem ég var að kynna og Már Guðmundsson flutti í nefndinni á sínum tíma, að það yrði bara einn bankastjóri við Seðlabanka Íslands. Mér fannst vera athygisvert að ráðherrann lokaði ekki á þann möguleika í ræðu sinni nú. Það finnt mér vera grundvöllur til þess að taka upp umræður um að breyta frv. í samræmi við þann veruleika.

Hins vegar vil ég segja við ráðherrann að það skiptir líka máli hvaða einstaklingur skipar stöðuna. Ég veit að hæstv. ráðherra þekkir það vel til í veröldinni að hann veit að seðlabankastjórar verða umfram allt að eiga ákveðinn trúnað, ákveðin heilindi, eða það sem á enskri tungu er stundum kallað í þeirri alþjóðlegu umræðu „integrity" og verður kannski einna best þýtt með orðinu heilindi á íslensku. Það er einfaldlega vegna þess að starf þeirra er með þeim hætti að það er ekki bara skipulagið og verkin sem tala heldur sá trúnaður sem menn bera til þess einstaklings sem gegnir stöðunni. Ég held t.d. að það hefði skipt miklu máli í Bandaríkjunum að menn báru trúnað til þess manns sem þar var seðlabankastjóri á árum áður og einnig að menn bera trúnað til þess manns sem gegnir þeirri stöðu nú. Ég held líka að ein af ástæðunum fyrir því að Jóhannes Nordal hefur getað gegnt embætti seðlabankastjóra á Íslandi svo lengi sem hann hefur gert, þótt við höfum ýmsir verið óánægðir með sumt af stefnumálum hans og verkum, er að hann hefur haft til að bera þau heilindi sem ég var að tala um hér áðan. Þess vegna skiptir það miklu máli, hæstv. ráðherra, ekki bara hvert stjórnskipulagið er heldur einnig hvaða einstaklingur velst til að gegna stöðu seðlabankastjóra.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er vissulega rétt að það skiptir ákaflega miklu máli hvaða maður velst til þess að gegna starfi seðlabankastjóra. Það er mikilvægt að hann njóti trausts og hafi heilindi til að bera. Ég held að það sé hins vegar afar óheppilegt að Alþingi sé vettvangur fyrir umræður um mannanöfn í þessu sambandi. Hér erum við að tala um heildarskipulag málsins, formgerð bankans og ný stjórntæki til þess að tryggja betur starfandi fjármagnsmarkað við skilyrði lágrar verðbólgu, helst engrar. Það er rétt hjá hv. 8. þm. Reykn. að við þurfum að leita fangs á því hvernig við náum vöxtunum niður við skilyrði stöðugs verðlags. Það er verkefnið. Ég held að það sé ekki heppilegt að stofna hérna til einhvers konar nafnaskrár í þessum umræðum því að kjarni málsins er að sjálfsögðu að koma upp fyrir-

komulagi sem þingið er vel sátt við og víðtæk samstaða getur náðst um.

Ég vil vegna orða hv. þm. í ræðu hans hér áður fullvissa hann um að á bak við þetta frv. hefur alls enginn pólitískur draugagangur verið að neinu leyti. Í öllum meginatriðum er frv. reyndar eins og það kom frá þeirri nefnd sem allir þingflokkar áttu fulltrúa í og um náðist mjög gott samkomulag. Það tel ég mikilvægt. Einmitt þess vegna kaus ég að breyta þar ekki neinu sem meginmáli skiptir. Hitt er að sjálfsögðu rétt að þingið hefur allar forsendur til þess að ræða þetta mál á vettvangi efh.- og viðskn. Ég veit fyrir víst að það verður gert.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt hjá hæstv. ráðherra að það er kannski nokkuð óvenjulegt að menn ræði hér í þingsal nöfn á einstaklingum sem hugsanlega gætu gegnt stöðu seðlabankastjóra Íslands, en ég kaus að gera það vegna þess að umræðan um þetta mál er búin að vera í öngstræti á undanförnum mánuðum. Og það var nauðsynlegt til þess að færa hana inn á nýjan vettvang að nefna hér í þingsalnum ýmsa einstaklinga sem hafa til að bera hæfileika, þekkingu og reynslu til að gegna þessu embætti. Ég tel að með því að nefna Birgi Ísl. Gunnarsson, sem gæti einn gegnt embætti seðlabankastjóra, með því að nefna þá hugmynd að menn sameinuðust um að fá Jónas Haralz aftur til landsins til þess að gegna þessari stöðu um nokkkurra ára skeið eða sækja unga hæfileikamenn á svipuðum aldri og dr. Jóhannes Nordal var á sínum tíma, eins og Ingimund Friðriksson og Má Guðmundsson, sé það liður í því að flytja umræðuna úr því öngstræti sem hún hefur verið í á undanförnum mánuðum inn á vettvang þar sem skynsamar umræður geta farið fram um það hvernig okkar þjóð nær sameiginlegum markmiðum sínum.

Útbýting þingskjals:

Alferðir, 447. mál, stjfrv., þskj. 773.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Mér er ekki alveg ókunnugt um efni þessa frv. Hæstv. viðskrh. lýsti fyrir mér þegar við vorum saman í ríkisstjórn þeirri skoðun sinni að breyta þyrfti ýmsum ákvæðum í lögum um Seðlabanka Íslands og ég hygg að ég hafi tekið undir það með honum. Ég er því enn sammála að að sjálfsögðu þarf að endurskoða starfsemi Seðlabankans með tilliti til þess gerbreytta umhverfis sem við störfum í nú sem er, eins og hefur verið nefnt í umræðum á undan, langtum opnara umhverfi og get ég vel fallist á þá lýsingu.

Ég hef hins vegar nokkrar efasemdir um sum ákvæði þessa frv. og finnst eiginlega að það sýni sig að hæstv. utanrrh. hefur haft nokkuð til síns máls þegar hann sagði á erlendum vettvangi, þar sem hann talar nú helst, að við Íslendingar værum yfirleitt tíu árum á eftir, hygg ég að hann hafi sagt. Ég nefnilega held að ýmislegt bendi til þess að við séum það.

Sömuleiðis sýnist mér að þetta frv. sé að mörgu leyti tekið eftir lögum um ýmsa seðlabanka hjá stærri ríkjum Evrópu og í kringum okkur og jafnvel ýmislegt sem minnir dálítið á þann fræga banka, Bundesbank í Þýskalandi, sem ég hef efasemdir um að henti þessu örsmáa, litla íslenska þjóðfélagi sem býr við allt aðrar aðstæður á allt öðrum efnahagsgrunni. Ég ætla aðeins að taka hér nokkur atriði.

Hér er markmiði seðlabanka breytt. Nú er settur allur þungi á að varðveita verðgildi íslenska gjaldmiðilsins og stuðla að stöðugu verðlagi. Ég held að þetta sé tekið nokkurn veginn orðrétt upp úr reglum um Bundesbank, svo ég nefni hann aftur, en ég held að hér eigi æðimikið annað við. Ég er að vísu sammála því að það þarf að leggja mikla áherslu á stöðugleika í gengismálum og stuðla að stöðugu verðlagi. En við byggjum á mjög takmörkuðum auðlindum og miklu þrengri efnahagsgrundvelli en tíðkast annars staðar. Mig langar til að vita t.d. ef botninn dettur úr sjávarútveginum af einhverjum ástæðum, ef afli bregst gersamlega eða markaðurinn hrynur, telur hæstv. viðskrh. að Seðlabankanum sé kleift að varðveita umfram allt annað verðgildi gjaldmiðilsins? Ég held ekki, satt að segja. Ég held að það sé ófær leið og enginn hefur tekið oftar þátt í því en hæstv. viðskrh. í sínu fyrra starfi að leita leiða til að tryggja gjaldmiðilinn og oft hefur það nú endað með því að það hefur ekki reynst hægt, því miður. Ég held að það megi ekki einangra Seðlabankann meira frá íslensku atvinnulífi en hann er nú. Ég er þeirrar skoðunar að hann verði líka að hafa stöðu hins íslenska efnahagslífs eins og það er og verður ekki breytt, a.m.k. í náinni framtíð, sem markmið í sínu starfi.

Í 35. gr. er fjallað um samskipti Seðlabankans við ríkisstjórn og þar er nú ákveðið að Seðlabankinn skuli vera enn sjálfstæðari en hann er nú. Í gildandi lögum er það svo að honum er skylt að framkvæma stefnu ríkisstjórnarinnar en getur gert grein fyrir annarri skoðun sinni opinberlega en hér er honum veitt ég vil kalla algert sjálfstæði. Hann skal aðeins vera ríkisstjórn til ráðuneytis og honum er skylt að hafa samráð við ríkisstjórnina um mótun og framkvæmd stefnu í peningamálum. Hann skal stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum svo fremi sem hann telji það ekki ganga gegn markmiðum sínum skv. 3. gr. Þetta er líka hermt eftir t.d. Bundesbank í Þýskalandi sem nýtur þessa mikla sjálfstæðis og mjög hefur verið í fréttum núna síðustu vikurnar þar sem hann hefur staðið blýfastur á sinni vaxtastefnu á grundvelli þess meginmarkmiðs að halda verðbólgunni niðri.

Það eru nú ekki allir þessarar skoðunar. Ég bendi t.d. á fróðlega grein sem kom í Morgunblaðinu 25. okt. sl. í kjölfar erfiðleikanna sem urðu í Finnlandi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Heimildarmenn segja að Esko Aho, forsætisráðherra efist æ meira um stefnu bankans og telji að hentugra sé að stjórnmálamennirnir móti afstöðuna til gengis og vaxtamála í ríkari mæli."

Og það sem enn ákveðnara er til orða tekið er haft eftir Ulf Sundqvist, sem var þá a.m.k. formaður jafnaðarmanna í Finnlandi og er kannski enn þó að þar séu

breytingar fram undan. Hann segir, með leyfi forseta:

„Atburðir síðustu vikna hafa sannfært mig um að svokallað sjálfstæði seðlabankans er ekki markmið sem keppa beri að. Það þýðir ekki að berja höfðinu við steininn. Gengi og vextir verða að taka mið af því sem er að gerast í samfélaginu."

Þetta finnst mér athyglisvert og var eiginlega það sem vakti upp það sem ég sagði í upphafi og hafði eftir utanrrh. um að við erum venjulega tíu árum á eftir.

Ég hef mínar efasemdir um þetta algera sjálfstæði Seðlabankans og ég held að tengsl hans við efnahagslífið í gegnum ríkisstjórn þurfi að vera ákveðin og vera til staðar.

Svo eru nokkur önnur atriði. Ég get út af fyrir sig tekið undir að það er að mörgu leyti æskilegra að hafa bara einn bankastjóra. Hér er settur upp eins konar „súper-bankastjóri" og svo minni háttar bankastjórar með. Þetta minnir mig enn þá dálítið á Bundesbank en þar var frægur bankastjóri lengi sem hét Pöhl og var talinn nánast ráðamestur allra manna í Vestur-Þýskalandi. Manni finnst að hér sé verið að skapa eitthvað svipað hásæti.

Það er svo annað atriði sem ég vildi gjarnan nefna hér. Í 36. gr. er gert ráð fyrir því að ráðherra skipi formann og varaformann. „Taki nýr ráðherra við störfum getur hann skipað nýjan formann og varaformann." Þetta er mjög athyglisvert og ég hygg að hæstv. ráðherra hafi skýrt þetta svo að með þessu vildi hann skapa tengsl við ríkisstjórn. En víða er það nú svo að ný ríkisstjórn skipar nýjan bankastjóra. Hún getur sett þann bankastjóra sem var af og skipað nýjan og þetta er einmitt gert til þess að skapa örugg tengsl við ríkisstjórn. Ég tel — um leið og ég tek undir að það mætti gjarnan vera einn bankastjóri — að það ætti að vera heimild fyrir nýja ríkisstjórn að skipa nýjan bankastjóra. Það mundi leysa mikið af því sem ég er hér að segja. Það mundi skapa tengsl á milli ríkisstjórnar og þessa mikilvæga banka í efnahagsmálum þjóðarinnar, ekki bara heimsins eins og hér virðist vera stefnt að heldur þjóðarinnar.

Um leið og ég tek undir að sjálfsagt sé að endurskoða seðlabankalögin og laga þau að mjög breyttum aðstæðum má hins vegar ekki gleyma því að við erum lítið eyland með allt annan efnahagsgrundvöll en Vestur-Þýskaland og við gerumst aldrei það stórveldi í bankamálum sem þar er um að ræða og við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti. Mér finnst þetta frv. eins og því miður svo margt í þessum Evrópukratisma, sem svo er gjarnan nefndur, einkennast af einhverri stórmennsku og einkennast af því að setja eigi okkur á sess með stórveldunum. Við hljótum vissulega að taka mikið tillit til þess sem þar er gert og vitanlega ræður það miklu hér en mikilvægast í okkar þjóðfélagi er að búa vel að íslenskum atvinnuvegum.

Ég sakna þess líka í markmiðum að ekki er t.d. minnst á hluti eins og vexti. Að vísu á Seðlabankinn að hafa áhrif á örugga starfsemi á fjármagnsmarkaði o.s.frv. en vextirnir eru ekki taldir sérstaklega og líklega falla þeir undir þetta meginmarkmið. Eins og kom fram í starfsemi Bundesbank, þá lítur hann eingöngu á vextina sem tæki. Seðlabanki Íslands hefur nú sem betur fer farið að skipta sér nokkuð meira af fjármagnsmörkuðum, hann hefði þurft að gera það fyrir löngu, og er nú farinn að hafa þau áhrif að vextir hafa lækkað nokkuð. Ég er að vísu þeirrar skoðunar að þarna verði ríkisstjórnin sjálf að koma til, taka af skarið og lækka vexti af ríkiskuldabréfum, ákveða þá eigi hærri en, við skulum segja, 5–6% eða eitthvað þess háttar. Ég leyfi mér að fullyrða og held að það fari ekkert á milli mála að í þessu þjóðfélagi, sem er afar skuldsett, eru þeir vextir sem við greiðum stærsta meinið í íslensku efnahagslífi í dag og þeir verða að lækka. Og Seðlabanki á að hafa hagsmuni íslensks atvinnulífs í huga og á að beita sér miklu ákveðnar en gert hefur verið fyrir lækkun vaxta.

Annað dæmi, sem ég hef reyndar áður rakið hér, um það hvað Seðlabankinn er gersamlega sneyddur að því er virðist allri hugsun um íslenskt atvinnulíf er ákvörðun um svokallaðar BIS-reglur. BIS-reglurnar, eins og ég hef lýst, eru sniðnar eftir reglum í Evrópu, eflaust því sem Bundesbank, sem ég hef oft nefnt, telur réttar, við allt aðrar efnahagsaðstæður. Það er ekki gerð hin minnsta tilraun til þess að laga þessar BIS-reglur að aðstæðum hér. Svo ég nefni það enn einu sinni, er t.d. talin 100% áhætta í lánum í okkar meginatvinnuveg, sjávarútveginn. Jafnvel lán í ný fiskiskip með nægan kvóta er 100% áhætta. Ég leyni því ekki að ég tel svona ákvarðanir af hálfu Seðlabanka afar slæma vísbendingu um að hann er gersneyddur allri tilfinningu fyrir íslensku atvinnulífi.

Ég tel því um leið og skoða þarf lög um Seðlabanka og laga að breyttum alþjóðlegum peningamarkaði, þá verði að hafa mjög sterkt í huga sérstöðu hins íslenska efnahagslífs og vona að í meðferð þess máls á þinginu verði það einnig vandlega skoðað.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–9. mál.

Fundi slitið kl. 3.05 síðdegis.

---

138. FUNDUR

þriðjudaginn 23. mars,
að loknum 137. fundi.

Dagskrá:

1. Bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi, stjfrv., 451. mál, þskj. 778. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

2. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 312. mál, þskj. 501. — Frh. 1. umr.

3. Aukin hlutdeild raforku í orkubúskap þjóðarinnar, þáltill., 185. mál, þskj. 212. — Fyrri umr.

4. Framhaldsskólar, stjfrv., 397. mál, þskj. 691. — Frh. 1. umr.

5. Sjávarútvegsskóli, þáltill., 380. mál, þskj. 673. — Fyrri umr.

6. Ólympískir hnefaleikar, þáltill., 388. mál, þskj. 682. — Fyrri umr.

7. Ráðgjafar- og fræðsluþjónusta fyrir nýbúabörn, þáltill., 399. mál, þskj. 693. — Fyrri umr.

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, stjfrv., 449. mál, þskj. 775.

Alþjóðleg samvinna um fullnustu refsidóma, 450. mál, stjfrv., þskj. 776.

Bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi, stjfrv., 451. mál, þskj. 778.

Bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi, 1. umr.

Stjfrv., 451. mál. — Þskj. 778.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Frv. um bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi felur það í sér að við gildistöku laganna verður verkfall Stýrimannafélags Íslands á ms. Herjólfi bannað, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lögin ákveða.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um að samningsaðilar skuli hafa svigrúm til 1. júní nk. til þess að ná samkomulagi um vinnutilhögun og launakjör, en ef það tekst ekki skuli Hæstiréttur tilnefna þrjá menn í gerðardóm sem skuli ákveða vinnutilhögun, kaup og kjör skipverja á Herjólfi fyrir 1. ágúst nk. Jafnframt skal Hæstiréttur kveða á um það hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn skal setja sér starfsreglur, afla nauðsynlegra gagna og segir að honum sé rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, opinberum aðilum og fyrirsvarsmönnum Herjólfs og eftirtalinna stéttarfélaga sem eru samningsaðilar að þeim kjarasamningum sem ná til starfsmanna Herjólfs, þ.e. Skipstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Brytafélags Íslands og Sjómannafélagsins Jötuns í Vestmannaeyjum. Gerðardómurinn skuli við ákvörðun vinnutilhögunar, kaups og kjara samkvæmt lögunum hafa hljóðsjón af gildandi kjarasamningum á kaupskipum og hafa hliðsjón af almennri launaþróun í landinu. Hann skal vera bindandi við báða málsaðila.

Frv. þetta er flutt í samræmi við svohljóðandi ályktun sem bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti samhljóða á fundi sínum 16. mars sl., með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkir að óska eftir við ríkisstjórn Íslands að flutt verði frv. til laga á Alþingi til að binda enda á kjaradeilur, verkfall og verkbann, á ms. Herjólfi.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja áréttar að óhjákvæmilegt er að í lögunum verði tekið á kjarasamningum allra stéttarfélaga sem aðild eiga að deilunni og málið þannig leyst í heild sinni.

Það er orðið mjög brýnt fyrir Vestmannaeyinga að þessari deilu ljúki sem fyrst því að skipið er helsta samgöngutæki Eyjanna og hefur verið úr rekstri í sex vikur nú þegar og ekki er útlit fyrir að lausn finnist í deilunni."

Þetta var ályktun bæjarstjórnar Vestmannaeyja sem samþykkt var samhljóða.

Verkfall stýrimanna á Herjólfi hófst 3. febr. og hefur skipið legið bundið við bryggju í Vestmannaeyjum frá þeim degi. Á Herjólfi eru tvö stöðugildi stýrimanna. Sáttatilraunir bæði hjá ríkissáttasemjara og milli deiluaðila sjálfra hafa verið árangurslausar og eru engar líkur á lausn deilunnar í bráð. Stjórn Herjólfs hf. ákvað 16. mars með samþykki framkvæmdastjórnar Vinnuveitendasambands Íslands að leggja verkbann á alla skipverja og ætti það verkbann að öðru óbreyttu að taka gildi á morgun. Það er ljóst að vinnustöðvun stýrimanna hefur þegar haft áhrif á atvinnuöryggi annarra skipverja auk þess sem atvinnuöryggi þeirra sem með beinum eða óbeinum hætti hafa atvinnu af rekstri og þjónustu skipsins er teflt í tvísýnu.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um hvaða þýðingu rekstur Herjólfs hefur fyrir íbúa Vestmannaeyja en honum er ætlað að halda uppi daglegum áætlunarferðum milli lands og eyja. Verkfallið hefur þegar valdið margvíslegri röskun og tjóni, vöruskorts er farið að gæta og aðdrættir allir dýrari en ella. Brýna nauðsyn ber því til að binda enda á deilurnar sem stöðva siglingu Herjólfs milli lands og eyja.

Þessu til viðbótar vil ég taka það fram að ég hef nú eftir að þessi ályktun var samþykkt haft samband við forustumenn Vestmannaeyinga, við formann Stýrimannafélagsins, sáttasemjara og vinnuveitendur og það eru ekki horfur á að samningar geti tekist og þess vegna er það mat mitt að óhjákvæmilegt sé að flytja þetta frv.

Ég vil taka það fram að sáttasemjari hafði samband við fulltrúa í stjórn Herjólfs, Vinnuveitendasambands, stýrimanna og Sjómannafélagsins Jötuns í morgun og það er hið sama að segja og áður að þeir óskuðu ekki eftir því að sáttasemjari boðaði til fundar eða hefði afskipti af málinu þar sem þeir sáu ekki fram á að neinar líkur væru til þess að slíkt mundi bera árangur. Í samræmi við ósk bæjarstjórnar Vestmannaeyja hefur ríkisstjórnin að höfðu samráði við formenn stjórnarandstöðuflokka ákveðið að leggja þetta frv. fram. Það hefur orðið að samkomulagi að frv. gangi í gegnum þrjár umræður nú.

Að lokinni 1. umr. legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og samgn. en hlé verði gert á fundum

þingsins meðan hún hittist og síðan verði fundum haldið áfram og málinu lokið.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég hygg að ekki sé sagt neinum ofsögum af því að í Vestmannaeyjum hefur skapast mjög erfitt ástand vegna þess verkfalls á Herjólfi sem frv. þetta fjallar um. Viðræður hafa staðið yfir um langt skeið til að leysa þetta mál en þær hafa ekki skilað árangri. Satt best að segja gerðu menn sér um skeið von um að menn næðu saman í þessu máli og umræðugrundvöllur væri að skapast sem mundi leiða til lausnar en ég held að það verði að koma hér fram að það er álit þeirra sem gerst þekkja að um leið og kröfur komu fram um að deila þessi yrði leyst með lögum þá urðu þær vonir að engu. Það er almennt mjög óheppilegt að ríkisvaldið hafi afskipti af kjaramálum með lagasetningu og það verður ekki réttlætt nema alveg sérstaklega standi á og mjög fáir eigi í hlut og aðstæður séu mjög óvenjulegar.

Við alþýðubandalagsmenn getum vel fallist á að þessi rök geti átt við í þessu sérstaka tilviki og teljum að úr því sem komið er sé þetta mál bersýnilega komið í slíkan hnút að það sé ekki útlit fyrir að neyð Vestmannaeyinga verði leyst öðruvísi en hlutast sé til um af hálfu ríkisvaldsins að henni sé aflétt. Hins vegar þykir okkur það verulegur ágalli á því frv. sem hér hefur verið lagt fram að það beinist ekki eingöngu að þeim aðilanum sem gert hefur verkfall og stöðvað rekstur skipsins heldur nær það til allrar áhafnarinnar á skipinu.

Það liggur fyrir að undirmenn hafa lýst því yfir að þeir séu ekki með kröfur um launahækkun. Þeir hafa einnig lýst því yfir að þeir séu reiðubúnir að vinna að heildarlausn að þessu máli á komandi mánuðum. Það er því óneitanlega dálítið sérkennilegt að Alþingi eigi að ákveða að grípa inn í kjaramál þeirra með lagasetningu, með ákvörðun um að gerðardómur skuli ákvarða kaup þeirra og kjör, geti bæði hækkað og lækkað kaup þeirra eftir atvikum, og bundið þá síðan við þá niðurstöðu til ársloka. Reyndar var í frumvarpsdrögunum, sem við þingmenn Alþb. fengum í morgun, gert ráð fyrir því að lögin giltu til ársloka nema nýir samningar hefðu áður verið gerðir milli aðila. En í frv. sem var svo aftur dreift á borð hv. þm. fyrir nokkrum mínútum kemur í ljós að þessi setning hefur verið felld niður og ekki er lengur um það að ræða að ákvarðanir gerðardóms falli niður þótt gerðir séu nýir samningar milli aðila. Þessi breyting er ekki til hins betra og kemur mér dálítið á óvart að okkur í stjórnarandstöðunni skuli ekki hafa verið kynnt málið með réttum hætti eða það skuli hafa tekið breytingum frá því í morgun án þess að okkur væri frá því skýrt.

Ég sé líka að önnur breyting hefur verið gerð á frv. Nú er það ekki aðeins ætlunin að gerðardómur fjalli um kaup og kjör allra skipverja á ms. Herjólfi heldur hefur orðinu „vinnutilhögun" verið skotið inn í á tveimur stöðum í frv., þ.e. í 2. og 3. gr. Gerðardómurinn á nú auk þess að ákveða kaup og kjör að ákveða vinnutilhögun. Ég veit ekki hvort þetta er beinlínis til bóta og þetta var ekki í frv. sem við fengum afhent í morgun.

Það er skemmst frá að segja um afstöðu okkar til þessa máls að við teljum nægilegt og fullnægjandi til lausnar á þessu máli að verkfall stýrimanna sé gert óheimilt og bannað með lögum og þar með auðvitað þau verkbönn sem líka liggja fyrir og að ekki eigi að hlutast til um kjaramál þess fólks sem alls ekki er í verkfalli og á ekki sök á þessari deilu. Þess vegna er það áform þingflokks Alþb. að flytja brtt. við frv. þessa efnis og mun hún væntanlega koma fram innan þeirrar nefndar sem frv. fær til meðferðar.

Ég vil að lokum láta þess getið að í grg. frv. er vísað til samþykktar bæjarstjórnar Vestmannaeyja og þar sagt að sú samþykkt hafi verið gerð samhljóða á fundi bæjarstjórnar Vestmannaeyja hinn 16. mars sl. Það mun út af fyrir sig rétt vera en hins vegar hefði verið eðlilegra að gera grein fyrir því að fulltrúi Alþb. í bæjarstjórn Vestmannaeyja hafði samt fyrirvara þegar hann fjallaði um þessa samþykkt og afstaða hans var mjög í sama anda og ég er hér að lýsa að er meginsjónarmið okkar í þingflokki Alþb. Hann taldi að aðgerðir ríkisvaldsins ættu fyrst og fremst að beinast að verkfalli stýrimanna en ekki að kjarasamningum allra áhafnarmeðlima.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessi deila í Herjólfsmálinu hefur nú staðið vikum saman. Hún hófst að frumkvæði tveggja stýrimanna vegna samanburðar á launakjörum meðal áhafnarinnar. Það leiddi síðan til verkfalls stýrimanna og þar með þess að skipið hefur ekki getað sinnt reglubundnum ferðum sínum.

Það hefur vissulega verið mörgum undrunarefni í fréttum af þessari vinnudeilu hvernig stjórn Herjólfs hefur haldið á málum. Það læðist óneitanlega að manni sá grunur að allan tímann hafi stjórn Herjólfs ætlað að láta leysa deiluna með lagasetningu. Það er nú einu sinni réttur launþega, sem bundinn er í vinnulöggjöfinni, sem hér er líka verið að ræða um, réttur til þess að fara í verkfall. Verkalýðshreyfingin hefur ekki ljáð máls á því að taka á því í þeirri lagasetningu að slík dæmi eigi ekki rétt á sér að fámennur hópur hafi það á valdi sínu að stöðva nauðsynlega starfsemi, jafnvel einn eða tveir menn. Auðvitað er það fráleitt að slíkt skuli geta gerst. En það hefur líka komið fyrir oft áður. Flugmenn hafa getað stöðvað allt áætlunarflug um landið og það hefur staðið lengur en einn dag og lengur en daga og lengur en vikur og oft leitt til mikils ófremdarástands. Mjólkurfræðingar hafa stöðvað framleiðslu og dreifingu mjólkur. Það veldur líka ófremdarástandi. Það var talað um neyðarástand þegar kennarar fóru í verkfall. Verkföll valda ævinlega óviðunandi ástandi en við getum ekki leyft okkur að leysa verkföll með því að setja með lagasetningu bann á verkföll. Því verður alltaf haldið fram að nú sé algert neyðarástand. Og með lagasetningu sem þessari er verið að skapa fordæmi sem ég tel ekki rétt.

Það má einnig nefna að í 2. gr. frv. er komið inn á fleiri félög en stýrimannafélagið sem valdið hefur þess-

ari deilu. Þar er einnig tekið með Vélstjórafélag Íslands, Brytafélag Íslands og Sjómannafélagið Jötunn sem ekki hafa staðið í deilu við stjórn Herjólfs. Nú á að setja gerðardóm á alla þessa starfsmenn.

Það hefur líka komið á daginn að ríkissjóður hefur orðið að greiða stórar fjárupphæðir vegna þess að það hefur gripið inn í vinnudeilur með þessum hætti og íslenskir ráðamenn hafa fengið áminningu frá alþjóðlegum stofnunum vegna slíkra mála. Ég tel að með því að stöðva verkföll og vinnudeilur með lögum og setningu gerðardóms til að ákveða kaup og kjör sé Alþingi að fara inn á hættulega braut. Það á ekki að vera á valdi tveggja manna, sem eru í verkfalli, að knýja Alþingi til lagasetningar. Hins vegar hef ég fulla samúð með Vestmannaeyingum og í raun enga samúð með þeim tveim mönnum. sem standa í vinnudeilu, en ég tel þó að þessa deilu verði að leysa á annan hátt en hér er lagt til.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Þegar að því var ýjað á Alþingi þegar deilan hafði staðið í um það bil þrjár vikur að það bæri að setja lög þá taldi ég, og ég held að þingheimur hafi verið sammála því, að mikilvægt væri að fullreynt væri hvort málsaðilar næðu að semja í frjálsum samningum. Á þetta hefur nú reynt. Ríkissáttasemjari fór til Vestmannaeyja og var þar dag og nótt við störf. Nú eru líklega 10 dagar liðnir frá því að hann kom úr þeirri för og sagði þá að deilan væri enn á byrjunarreit og það segir okkur hversu alvarlegt málið er. Þarna hafa menn ekki náð saman og litlar líkur eru á því að það gerist með frjálsum hætti.

Deilan hefur núna staðið í sjö vikur. Heilt 5.000 manna byggðarlag er einangrað að hluta til og ég er sannfærður um að eitthvað væri gert í málinu ef veghefilsstjóri hefði stöðvað alla umferð í sjö vikur yfir Holtavörðuheiði. Þá deilu væri búið að leysa. Þess vegna tel ég að allar leiðir hafi verið reyndar í málinu og að á þennan hnút verði að höggva um sinn af Alþingi með lagasetningu.

Svo má aftur ræða um hvernig stjórn Herjólfs hefur staðið að málinu. Það er kapítuli út af fyrir sig. Þar hefur klaufalega verið staðið að verki. Ég er sannfærður um að það sem menn bundu vonir við á Alþingi þegar málið var rætt fyrir þremur vikum var að bæjarstjórnin kæmi í ríkari mæli inn í málið, en það hefur brugðist einnig.

Við framsóknarmenn ræddum málið á þingflokksfundi í gær og þar skynjuðu menn hversu brýnt væri, bæði fyrir fólkið og fyrirtækin í Vestmannaeyjum, að deilu ljúki nú þegar. Þess vegna féllst Framsfl. á það að með hraði gengi frv. um þetta efni í gegnum þingið. En ég vil lýsa því yfir að í huga okkar skapar þessi lausn, þessi lagasetning, ekki fordæmi. Herjólfsdeilan er svo einstætt og sérstakt mál að hana verður að leysa á þennan hátt og skapar engin önnur fordæmi.

Ég get svo tekið undir að það eru kannski ýmis atriði í þessu frv. sem ég vildi sjá með svolítið öðrum hætti en ég mun ræða það í samgn. en þangað býst ég við að málið fari á eftir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og samgn. með 42 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 2.–7. dagskrármál.

Fundi slitið kl. 3.37 síðdegis.

---

139. FUNDUR

þriðjudaginn 23. mars,
kl. 4.30 síðdegis.

Dagskrá:

1. Bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi, stjfrv., 451. mál, þskj. 778, nál. 780, 781 og 782. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
2. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 312. mál, þskj. 501. — Frh. 1. umr.
3. Aukin hlutdeild raforku í orkubúskap þjóðarinnar, þáltill., 185. mál, þskj. 212. — Fyrri umr.
4. Framhaldsskólar, stjfrv., 397. mál, þskj. 691. — Frh. 1. umr.
5. Sjávarútvegsskóli, þáltill., 380. mál, þskj. 673. — Fyrri umr.
6. Ólympískir hnefaleikar, þáltill., 388. mál, þskj. 682. — Fyrri umr.
7. Ráðgjafar- og fræðsluþjónusta fyrir nýbúabörn, þáltill., 399. mál, þskj. 693. — Fyrri umr.

Bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi, 2. umr.

Stjfrv., 451. mál. — Þskj. 778, nál. 780, 781 og 782.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 48 shlj. atkv.

Frsm. meiri hluta samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Samgn. hefur athugað frv. til laga um bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi, sem flutt er til að leysa kjaradeilu sem tengist þessu skipi, og staðið hefur í nærfellt sjö vikur.

Nefndin varð eigi sammála um afgreiðslu málsins og leggur meiri hluti nefndarinnar til að frv. verði samþykkt með lítils háttar breytingum, en meiri hlutann skipa fulltrúar stjórnarflokkanna og fulltrúar Framsfl. í nefndinni. Annar fulltrúi Framsfl., Stefán Guðmundsson, ritar þó undir nál. með fyrirvara. Aðrir nefndarmenn skila sérálitum, þeir fulltrúar Alþb., hv.

3. þm. Vesturl. og fulltrúi Kvennalistans, hv. 6. þm. Vestf.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði þær breytingar á frv. að í 2. gr. falli niður orðið „vinnutilhögun" undir lok 1. mgr. á eftir orðunum „skuli ákveða" og sömuleiðis falli niður orðið „vinnutilhögun" í fyrri mgr. 3. gr. Þær röksemdir eru fyrir þessum breytingum að meiri hluta nefndarinnar þótti ekki eðlilegt að gerðardómur, sem kann að verða skipaður samkvæmt þessu frv., ef að lögum verður, hefði í sínum verkahring að ákveða vinnutilhögun um borð í Herjólfi heldur að leysa mál aðila, stjórnar Herjólfs og skipverja og þeirra stéttarfélaga sem hlut eiga að máli. Því er brtt. hér flutt.

Tekið skal fram vegna athugasemda sem komu fram við 1. umr. að skv. 2. gr. frv. verður enginn gerðardómur skipaður og lögin koma því ekki til framkvæmda hafi samningar náðst um launakjör fyrir 1. júní nk. en lögin gilda að því leyti þangað til samningar nást að verkfall og verkbann verður óheimilt og því upp hafið.

Virðulegi forseti. Ég legg til fyrir hönd meiri hluta hv. samgn. að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef kynnt og koma fram á þskj. 780.

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Jóhann Ársælsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 781 um frv. til laga um bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi.

Fyrsti minni hluti nefndarinnar telur að höggva þurfi á þann hnút sem myndast hefur í deilu Stýrimannafélags Íslands við stjórn Herjólfs hf.

Herjólfur er aðalsamgöngutæki Vestmannaeyinga og ekki við það unandi að sú þjónusta, sem hann veitir, liggi niðri vikum saman. Það er hins vegar skoðun fyrsta minni hlutans að ekki komi til greina að setja lög sem taka til annarra starfsmanna en þeirra sem hafa átt í verkfalli. Fyrsti minni hlutinn flytur þess vegna eftirfarandi breytingartillögu:

„Við 2. gr.

a. Orðin „Skipstjórafélag Íslands" og orðin „Vélstjórafélag Íslands, Brytafélag Íslands og Sjómannafélagið Jötunn" í 1. mgr. falli brott.

b. Í stað orðanna „skipverja á ms. Herjólfi" í 1. mgr. komi: stýrimanna á ms. Herjólfi sem eru í verkfalli.

c. Orðin „eftirtalinna stéttarfélaga: Skipstjórafélags Íslands" og orðin „Vélstjórafélags Íslands, Brytafélags Íslands og Sjómannafélagsins Jötuns, Vestmannaeyjum" falli brott.

Fyrsti minni hlutinn telur að kalla hefði átt málsaðila til viðræðna við þingnefnd til að fá á því staðfestingu að ekki sé mögulegt að leysa málið án lagasetningar og heyra álit þeirra á meðferð málsins á Alþingi. Verði breytingartillögur fyrsta minni hlutans felldar mun undirritaður sitja hjá við lokaafgreiðslu málsins."

Undir nál. ritar Jóhann Ársælsson.

Ég tel að það að setja lög á vinnudeilu sé svo alvarlegt mál að Alþingi hljóti að þurfa að vanda til þess þegar það telur sig nauðbeygt til að gera slíka hluti. Mér finnst ekki vera vandað til þessarar lagasetningar. Við í þingflokki Alþb. óskuðum eftir því að fundur yrði með forsvarsmönnum deiluaðila til þess að menn væru fullvissaðir um það að hér væri full nauðsyn sem ræki til þess að setja lögin. Ekki var fallist á það. Við óskuðum eftir því að lagafrv. yrði breytt þannig að það fjallaði eingöngu um þá sem eiga í verkfalli og á það var ekki heldur fallist. Ég tel að fáheyrt sé að menn setji yfirleitt lög á vinnudeilu með þeim hætti sem hér er gert og þess vegna verður sú gagnrýni auðvitað að koma fram.

Ég get hins vegar vel skilið að þegar um svona deilu er að ræða vilji menn að það gangi hratt í gegnum þingið að leiða til lykta hvernig málið er afgreitt. En hægt hefði verið að undirbúa málið miklu betur en gert var. Það hefur legið fyrir nokkurn tíma að menn vildu setja lög í þessu efni. Ég tel reyndar að eftir að það komst í loftið, jafnvel haft eftir þingmönnum að það ætti að setja lög á þessa deilu, þá hafi ekki verið nein samkomulagsvon eftir í málinu þar til það hefur verið afgreitt frá þinginu.

Ég tel að hér sé afbrigðilegt mál á ferðinni og þess vegna get ég fallist á að um það séu sett lög. En það er skoðun mín að þetta mál hefði best verið leyst með samningi milli aðila þar sem þeir hefðu gert samkomulag um að láta fara fram starfsmat á skipinu þar sem tekið væri á öllum starfsheitum og starfssviði allra sem eru skráðir á skipið. Víða um land hefur málum verið skipað farsællega með starfsmati og ég tel að í þessu tilfelli hefði verið hægt að gera það. Í þeim samningi sem hefði þurft að gera um málið hefði auðvitað verið kveðið á um hvenær breytt launaskipan tæki gildi og ég var að vonast til þess þegar málið kom til umræðu milli manna í þinginu að þá yrði kannski tækifæri til þess að ræða þetta mál við forsvarsmenn deiluaðila. En ég mun ef brtt. verða felldar, sem hér eru fluttar, sitja hjá við lokaafgreiðslu málsins.

Útbýting þingskjala:

Bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi, 451. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 780; nál. 1. minni hluta samgn., þskj. 781; nál. 2. minni hluta samgn., þskj. 782.

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá 2. minni hluta samgn. um frv. til laga um bann gegn verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi.

2. minni hluti nefndarinnar getur ekki fallist á að gripið sé til lagasetningar til að binda enda á verkfall stýrimanna á ms. Herjólfi. Kvennalistinn hefur ávallt andmælt því harðlega að ríkisvaldið grípi inn í vinnudeilur og kjarasamninga, enda hafa íslensk stjórnvöld margsinnis fengið áminningu frá Alþjóðavinnumálastofnuninni vegna slíkra aðgerða og ríkið orðið að greiða háar upphæðir vegna dóma sem á það hafa fallið.

Íslendingar verða að temja sér aðrar reglur við lausn

vinnudeilna en lagasetningar og leita leiða sem ásættanlegar eru fyrir alla aðila.

Þá er þess að geta að með þessu frumvarpi er gripið inn í kjarasamninga stéttarfélaga sem ekki eiga í vinnudeilum með því að setja þau undir gerðardóm en slíkt er ólíðandi.

Það þarf að leysa þann mikla vanda sem steðjar að Vestmannaeyingum en hér er ekki farin rétt leið til þess.

Ég tel að mikið fljótræði hafi einkennt þessa lagasetningu og lítill tími unnist til þess fara ofan í málið, hvort hér er í raun og veru um lagasetningu að ræða, sem stenst lög og stjórnarskrá, og það hefði e.t.v. mátt hafa ofurlítið meiri tíma til þess að skoða þetta. Þar sem þær brtt., sem eru komnar fram, eru heldur til bóta munum við kvennalistakonur sitja hjá við afgreiðslu þeirra, en greiða atkvæði gegn frv. í heild.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er lagt fram og á að fara að koma til atkvæða er að því leyti sérstætt að það er að efni til tvíþætt. Annars vegar er tekin ákvörðun um það að breyta lögum til þess að stöðva yfirstandandi verkfall. Ég hygg að flestir þingmenn eða allir séu þeirrar skoðunar að það verkfall sé búið að standa það lengi að það sé eðlilegur hlutur að beita lögum til að stöðva það þó ekki væri til annars en kæla blóðið í samningsaðilum og kanna hvort þeir verði ekki færir um það síðar að ná saman í stað þess að standa í slíkum illindum.

Það er og sérstætt við það verkfall að samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur er mönnum fyrst og fremst ætlað að berjast fyrir kjörum sínum en ekki fyrir því atriði sem mjög svo oft hefur heyrst í þessari umræðu, þ.e. að aðrir hafi það of gott miðað við þá. Ég held þess vegna að samúð manna með verkfallinu sem er sé ekki til staðar.

Hitt atriðið að taka ákvörðun um það að setja nú lög á ákveðinn hóp sem á í kjarasamningum, þegar mjög stór hluti þjóðarinnar á í kjarasamningum eins og menn vita, þá hlýtur sú spurning að vakna hvort jafnræðis meðal þegnanna sé gætt við þessa lagasetningu. Hefur brytinn eitthvað sérstaklega brotið af sér svo að það þurfi fyrir fram að taka hann út úr hópnum, þeim sem er í samningaviðræðum þessa dagana og sjá til þess að yfir honum hvíli refsivöndur laganna til þess að tyfta hann til ef hann skyldi nú ekki ætla að verða eins og maður. Ég hef ekki frétt af slíku. Ég hef heldur ekki frétt af því að aðrir sem eru á skipinu hafi verið með slíkan hávaða að það þurfi frekar að setja lög á þá heldur en þann stóra hóp sem í dag hefur lausa samninga og leitar eftir því að ná frjálsum samningum.

Það er þess vegna mjög mikil spurning hvort sú jafnræðisregla, sem viðurkennd er af lögum, er ekki brotin með því sem hér er lagt til. Ég tel að það hefði ekki staðið á því hjá Alþingi Íslendinga ef önnur stéttarfélög hefðu ætlað að grípa til svipaðra vinnubragða og stýrimenn hafa gert í þessu dæmi, þá hefðu menn verið tilbúnir að setja lög. Það hefði vissulega kallað á nýja lagasetningu. En hins vegar er því ekki að leyna að þessi uppsetning sem hér er sett fram er mjög fordæmisskapandi. Hæstv. forsrh. getur nánast notað hana sem forskrift í samningunum við ASÍ. Hvers vegna skyldu einhver önnur lög eiga að gilda gagnvart þeim sem þar eru heldur en þeim Vestmannaeyingum sem hér er verið að ræða um? Ég hallast þess vegna að því að þó mér sé ljóst að hæstv. ráðherra hafi verið í miklum vanda og viljað leysa málið heildstætt, þá hefði verið betra að taka aðeins á þeim vanda sem var til staðar en láta hitt svo þróast með eðlilegum hætti eins og aðra kjarasamninga í landinu. Þetta er þeim mun meira umhugsunarefni fyrir ríkisstjórnina að það hlýtur að vera nauðsyn á hverjum tíma að launþegar séu ábyrgir. Ríkisstjórnin getur ekki kvartað undan því í þeim atkvæðagreiðslum sem farið hafa fram í stéttarfélögum að undanförnu, sé horft á þetta land sem heild, að stéttarfélögin hafi ekki horft á stöðu mála. Það er sko aldeilis ekki hægt að kvarta yfir því. Þess vegna er þetta enn þá undarlegra og ekki veit ég hvort það eru upplýsingar frá hv. 3. þm. Suðurl. að það sé svona voðalegt fólk á þessu skipi að þess vegna þurfi að grípa til slíkra lausna sem hér er verið að leggja til. Ég á ekki von á því. Ég skildi hans ummæli hér í þessum ræðustól þegar hann hvatti til lagasetningar á sínum tíma að hann ætti við þau öfl sem væru í verkfalli, aðra ekki.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 45:6 atkv.
Brtt. í nál. 781 felld með 30:8 atkv.
Brtt. 1 í nál. 780 samþ. með 38 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 34:7 atkv.
Brtt. 2 í nál. 780 samþ. með 38 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 32:6 atkv.
4.–6. gr. samþ. með 34:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 2.–7. mál.

Fundi slitið kl. 5.06 síðdegis.

---

140. FUNDUR

þriðjudaginn 23. mars,
að loknum 139. fundi.

Dagskrá:

1. Bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi, stjfrv., 451. mál, þskj. 786. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 312. mál, þskj. 501. — Frh. 1. umr.

3. Aukin hlutdeild raforku í orkubúskap þjóðarinnar, þáltill., 185. mál, þskj. 212. — Fyrri umr.

4. Framhaldsskólar, stjfrv., 397. mál, þskj. 691. — Frh. 1. umr.

5. Sjávarútvegsskóli, þáltill., 380. mál, þskj. 673. — Fyrri umr.

6. Ólympískir hnefaleikar, þáltill., 388. mál, þskj. 682. — Fyrri umr.

7. Ráðgjafar- og fræðsluþjónusta fyrir nýbúabörn, þáltill., 399. mál, þskj. 693. — Fyrri umr.

Bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi, 3. umr.

Stjfrv., 451. mál. — Þskj. 786.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 42 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 36:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PJ, RG, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GuðjG, GuðmS, GÁ, GunnS, HBl, IBA, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, LMR, JJ, ÓE, PP, VS.

nei: AÓB, GHelg, ISG, JVK, KÁ, ÞÞ.

8 þm. (RA, StG, SJS, HG, JÁ, KHG, MF, ÓRG) greiddu ekki atkv.

13 þm. (SalÞ, SighB, StH, SvG, ÖS, BBj, FI, GHH, GHall, HÁ, IP, JóhS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Með hliðsjón af því að ég tel rétt að stöðva verkfall stýrimanna á Herjólfi vegna þess neyðarástands sem skapast hefur, en einnig með hliðsjón af því að ég tel ekki rétt að lög þessi nái til áhafnarmeðlima sem ekki hafa boðað verkfall og ekki eiga sök á þessari deilu og tel ósanngjarnt að þeir séu bundnir hugsanlega af ákvörðunum gerðardóms til loka þessa árs, þá greiði ég ekki atkvæði.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég get í fyrsta lagi ekki fallist á að leysa kjaradeilur með lagasetningu og tel að hér hafi ótímabær afskipti og klaufaskapur ráðið ferð. Auðvelt hefði verið að leysa þetta mál á annan veg. Þá er fráleitt að lögin taki þess utan til starfsmanna sem í engri vinnudeilu hafa átt. Þegar þess utan er litið til þess að kjaradeilan snýst ekki um bætt kjör þeirra sem í verkfalli eru heldur það að aðrir lægra settir ná hærri tekjum með meiri vinnu því fáránlegra er þetta mál. Og ég vil benda hv. þm. á að þessi staða kemur upp oft á ári hér á hinu háa Alþingi að starfsmenn þingsins ná miklu hærri launum heldur en hv. þingmenn.

Ég get ekki tekið þátt í því að leysa nágrannakryt með lagasetningu og ég segi því að sjálfsögðu nei.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég tel rangt að grípa inn í kjaradeilu með þeim hætti sem hér er lagt til í því frv. sem til afgreiðslu er. Eina ferðina enn er með þessu frv. dregið úr ábyrgð aðila vinnumarkaðarins á því að leysa sínar deilur með frjálsum samningum eins og þeim auðvitað ber. Ég tel þar að auki að hér sé mjög varasamt fordæmi á ferðinni sem felst í því að það er verið að skikka tiltekna einstaklinga í tilteknum verkalýðsfélögum sem ekki eiga í kjaradeilum undir valdsvið gerðardóms og hugsanlega búa þeim önnur kjör heldur en þeirra félagsmenn búa við. Ég segi því nei.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Við kvennalistakonur teljum ekki rétt að grípa inn í vinnudeilur með lagasetningu sem þessari eins og ég hef áður gert grein fyrir hér. Þar að auki er hér verið að setja lög á aðra starfsmenn en þá sem ollu deilunni og sem ekki eiga í vinnudeilum. Ég segi nei.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég hef enga samúð með stýrimönnunum á Herjólfi né stjórn Herjólfs. En ég hef samúð með fólkinu í Vestmannaeyjum sem hefur þurft að búa við það að skipið hefur verið bundið í einar 7 vikur. Samgöngur til Vestmannaeyja verða að komast með einhverjum hætti í eðlilegt horf. Þetta mál er alveg sérstaks eðlis og ég tel að þessi aðferð sem hér er beitt, hafi ekki fordæmisgildi.

Stjórn Herjólfs hefur haldið klaufalega á þessu máli og í trausti þess að hæstv. samgrh. beiti áhrifum sínum við stjórnina eða þá að öðrum kosti endurskipuleggi hana og þar sem ýmsir stjórnarliðar eru nú flúnir úr salnum og vilja ekki taka þátt í þessari atkvæðagreiðslu og með tilliti til nauðsynjar Vestmannaeyinga um að leysa málið, þá segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 787).

Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 312. mál (heildarlög). — Þskj. 501.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð um liðið síðan mælt var fyrir þessu frv. um Seðlabanka Íslands, en eins og menn minnast, þá var umræðu frestað og málið tekið til athugunar í efh.- og viðskn. Var þar um nokkra nýlundu að ræða þar sem látið var reyna á þá grein þingskapanna sem veitir nefndum heimild til þess að kanna mál áður en þau eru tekin til meðferðar.

Efh.- og viðskn. kallaði á formann þeirrar nefndar sem samdi þetta frv., Ágúst Einarsson, og fékk einnig seðlabankastjóra, Jóhannes Nordal, til að skýra þetta

frv. og ég tel að þetta hafi verið gott fordæmi sem þarna átti sér stað og að málin hafi nokkuð skýrst við þá athugun á frv., en að mínum dómi breytir sú umfjöllun ekki því að auðvitað er ýmsum spurningum ósvarað og ýmis álitamál sem við munum eiga eftir að fjalla um í nefndinni.

Við höfum fengið í hendur, þ.e. efh.- og viðskn., nokkra samantekt frá nefndinni sem endurskoðaði seðlabankalögin um það hvernig lögum um Seðlabanka er háttað í hinum ýmsu löndum og þegar farið er í gegnum það kemur í ljós að nefndin hefur víða leitað fanga í þetta frv. en auðvitað má um það deila hvort rétt leið hafi verið valin varðandi stefnu, hlutverk og stjórn bankans.

Við höfum horft upp á það á undanförnum árum að umhverfi fjármála hér á landi hefur breyst töluvert mikið. Við höfum horft upp á opnun og breytingar á bankakerfinu og með þessu frv. er verið að stíga skref í þá átt að gera Seðlabankann sjálfstæðari og þar með öflugri þannig að hann geti betur gegnt sínu margþætta hlutverki og ég tek undir þá stefnu.

Kvennalistinn átti fulltrúa í nefndinni sem samdi frv. og hún skrifaði undir álit nefndarinnar og þar með þetta frv. með tveimur fyrirvörum sem hún lagði til í sínu sérálíti og ég mun koma að hér síðar. En það breytir auðvitað ekki því sem ég sagði áðan að hér eru ýmis álitamál sem varða bankann.

Þetta er býsna stórt mál sem hér er á ferð þó að ég taki nú ekki undir það sem kom fram fyrr í dag að málið snúist fyrst og fremst um það hver verði seðlabankastjóri og manni fannst maður vera kominn hér í samningaviðræður um það hver ætti að taka við hlutverki yfirbankastjóra. Mér finnst nú heldur að við eigum að horfa á það sem lagt er til í þessu frv. um hlutverk bankans og hvernig málum skuli þar háttað, en það er nú einmitt tekið fram í þessu frv. að það ber að auglýsa stöðu bankastjóra og ég mótmæli því að menn séu að ráðstafa þeim stöðum fyrir fram hér úr ræðustól og finnst nú að þar komi fram býsna mikil forræðishyggja þegar menn leyfa sér að koma með uppástungur um menn. Ég minni á það að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eða ályktun þeirri sem hæstv. félmrh. hefur lagt fram um jafnréttismál er kveðið á um að það beri að koma konum að þar sem þær eru fáar fyrir í ríkisstofnunum og mér finnst svo sannarlega orðið tímabært að kona fái að setjast í stól seðlabankastjóra. Ég vona að við fáum að sjá það á næstunni því að nóg er af hæfum konum í okkar landi.

Ég ætla ekki að fara hér mikið út í það að bera þetta frv. saman við það sem gengur og gerist í öðrum löndum en það kemur auðvitað fram í einstaka greinum hvaða stefna hefur verið valin og við munum væntanlega skoða það nánar í nefndinni.

Eitt af því sem ég hef mikið velt fyrir mér og ræddi við þá fulltrúa sem komu á fund efh.- og viðskn. var varðandi skilgreiningu á bankanum, þ.e. markmiðum og hlutverki bankans. Í 3. gr. þessa frv. eru markmið bankans skilgreind en hlutverk hans er ekki skilgreint sérstaklega heldur valin sú leið að láta það koma fram í einstökum greinum. Ég hef vissar efasemdir varðandi þessa leið. Ég er enn á þeirri skoðun þrátt fyrir þessa umfjöllun að það hefði og væri skýrara í frv. að skilgreina hlutverk bankans nokkuð rækilega. Ég reyndi að tína það hér saman hver þessi hlutverk væru og ég var komin með 8 atriði sem varða hlutverk bankans. Þá á ég við annað en markmiðið sem menn setja sér í þessu frv. Þessi hlutverk eru:

1. Að varðveita gengi íslensku krónunnar og halda utan um gjaldeyrisvarasjóðinn.
2. Að annast seðlaprentun.
3. Eftirlit með peningastofnunum.
4. Að vera viðskiptavaki.
5. Bankinn hefur ákveðnu ráðgjafarhlutverki að gegna gagnvart stjórnvöldum.
6. Hann á að annast bankaþjónustu fyrir ríkið og jafnvel ríkisstofnanir.
7. Skýrslugerð og spár um þróun peningamála.
8. Stefnumótun í peningamálum.

Þetta eru 8 atriði sem varða hlutverk bankans og ég spyr að því hvort ekki væri réttara að skilgreina þetta hlutverk í einu lagi, hvort lögin yrðu ekki einfaldlega skýrari með því að hlutverkið væri skilgreint.

Mér verður næst starsýnt á 17. gr. frv. þar sem er komið inn á bankaþjónustuna fyrir ríkisstjórn og ríkisstofnanir. Þar vakna spurningar um hvað við er átt, hvernig menn skilgreina slíka þjónustu. Og í 17. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Seðlabankanum er heimilt að veita ríkisstofnunum og sjóðum í eigu ríkisins bankaþjónustu, aðra en lánafyrirgreiðslu."

Hvað er átt við með þessu? Er þarna um það að ræða að menn hafi ekki stigið skrefið til fulls og að Seðlabankinn verði enn að sinna þjónustu sem aðrir bankar ættu fremur að sinna? Hvaða þjónustu er þarna átt við? Ég fékk ekki svar við þessu í nefndinni og ég set ákveðið spurningarmerki við þetta.

Í 20. gr. frv. er komið inn á það að bankanum sé heimilt að stunda önnur banka- og verðbréfaviðskipti sem samrýmist hlutverki hans sem Seðlabanka og í því skyni er bankanum m.a. heimilt að eiga aðild að fyrirtækjum og stofnunum á sviði verðbréfa og greiðslumiðlunar. Hér er einnig spurning hvort verið sé að teygja sig heldur langt, hvort þetta sé hlutverk seðlabanka að vera aðili að slíkum fyrirtækjum. Kannski er það í rauninni enginn annar aðili sem er til þess fær, en það er vissulega spurning hvort þetta eigi að vera á verksviði Seðlabankans.

Í 21. gr. er komið inn á gengisskráningu og þar er um að ræða framhald á því sem ákveðið var í lögum hér á síðasta ári um hvernig gengi krónunnar skyldi ákveðið og við reyndar féllumst á þá tillögu en það er umhugsunarefni hvort Alþingi eigi hvergi að koma nærri gengisákvörðun því að hér eru auðvitað ýmsir möguleikar á ferð. Það væri fróðlegt að fá það upplýst hvernig þessu er háttað í öðrum löndum og hvort ríkisstjórnir koma þarna hvergi nærri öðruvísi en með tiltölulega opnum heimildum í lögum. Þarna er um það að ræða að verið er að draga ríkisvaldið meira og meira út úr ákvörðunum um peningamarkaðinn. Það er umhugsunarefni. Ég tek ekki beinlínis afstöðu til þess

hvort við séum á réttri leið í þessu efni en þetta er umhugsunarefni eins og ég segi.

Það er komið hér nokkuð inn á hlutverk Seðlabankans sem viðskiptavaka á markaðnum en það er víða kveðið á um það, m.a. í lögum um húsbréfakerfið. Þar er Seðlabankanum gert að vera viðskiptavaki en hann hefur reyndar falið það öðrum aðilum. Það væri fróðlegt að fá það upplýst hvernig menn sjá fyrir sér hlutverk Seðlabankans sem viðskiptavaka. Það getur verið um það að ræða að kaupa og selja gjaldeyri, eins og gerist í mörgum löndum, til þess að styrkja gengi krónunnar. Það getur verið um að ræða ríkisskuldabéf og eitt og annað. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. viðskrh.: Hvernig sér hann hlutverk bankans fyrir sér í þessu efni?

Varðandi 28. gr. frv., þar sem fjallað er um bankaeftirlit Seðlabankans, kemur upp sú spurning hvernig háttað er eftirliti með bankanum sjálfum. Yfir bankanum er bankastjórnin og bankaráðið og síðan fylgist Ríkisendurskoðun væntanlega með því sem gerist í ríkisbönkunum en það er spurning hvort það sé nægjanlegt eftirlit með bankanum. Þetta er mjög mikilvæg stofnun. Bankaeftirlitið er hluti af Seðlabankanum og því er fyrst og fremst ætlað að fylgjast með öðrum peningastofnunum. En ég velti því fyrir mér hvort það væri eðlilegt að hafa einhvers konar annað eftirlit með Seðlabankanum. Ég er ekki að tala um tilsjónarmenn eða slíkt og spyr hvernig þessu er háttað í öðrum ríkjum. Hvernig fylgjast stjórnvöld með starfsemi viðkomandi seðlabanka eða gera menn það bara ekki? Er seðlabönkum hreinlega treyst fyrir sínu mikla hlutverki eða er það fyrst og fremst hlutverk bankaráðsins að hafa það hlutverk með höndum?

Þá kem ég að stjórnskipulagi bankans. Þar er kannski að finna stóru spurningarnar í frv. Það er nokkuð mikið kerfi að sjálfsögðu sem er yfir bankanum enda um mjög mikilvæga stofnun að ræða. Þar með er ég komin að öðrum þeim fyrirvara sem fulltrúi Kvennalistans í nefndinni gerði við frv. en hún lagði til að í bankaráði Seðlabankans yrðu sjö fulltrúar í stað fimm. Það er gert með þeirri röksemd að það sé einfaldlega lýðræðislegra eins og málum háttar á Alþingi Íslendinga að fleiri komi að stjórn bankans. Ég get tekið undir það. Ég tel sjö manna bankaráð alveg eins heppilega stærð og fimm manna og í rauninni vandfundið hvað mælir frekar með fimm en sjö.

Ég fagna því að í þessu frv. er gert ráð fyrir því að þeir sem taka sæti í bankaráði Seðlabankans, eins og reyndar í öðrum bankaráðum, hafi víðtæka þekkingu á efnahagsmálum. Ég tel það mjög mikilvægt að það séu gerðar auknar kröfur til þeirra sem stjórna okkar peningastofnunum. Ég tel að öll þau mistök sem við höfum horft upp á á undanförnum áratugum bryni okkur í því að vanda val þegar um stjórnendur peningastofnana er að ræða og ég tel hér verið á réttri braut að gera til þeirra miklar kröfur.

Hins vegar er ég ekki sammála því sem kemur fram í 2. mgr. 37. gr. frv. þar sem vikið er að því að ráðherra skipi formann og varaformann bankaráðs úr hópi aðalmanna. Taki nýr ráðherra við störfum getur hann skipað nýjan formann og varaformann. Mér finnst þetta óeðlilegt. Ef um sjálfstæðan seðlabanka er að ræða, sem rekur sjálfstæða og óháða stefnu gagnvart stjórnvöldum, þó þar eigi að vera um ákveðið samráð að ræða, þá á stjórn bankans ekki að vera háð því hvaða ráðherra situr hverju sinni. Bankaráð á fyrst og fremst að fylgja lögum. Mér finnst þetta vera dæmi um hinn pólitíska arf sem við þurfum að losa okkur við, að vera að tengja skipan bankaráða ríkisstjórnarskiptum með þessum hætti. Ég vildi gjarnan ræða þetta við hæstv. viðskrh. hvernig hann rökstyður þennan framgang mála og að það sé virkilega svo mikilvægt að skipta um formann og varaformann þótt ráðherraskipti eigi sér stað. Eins og ég sé þetta þá er náttúrlega sjálfstæði bankans miklu meira en áður og hann á að móta sjálfstæða stefnu í peningamálum og ráðleggja ríkisstjórninni. Ef þeir menn sem sitja í stjórn bankans og bankaráði uppfylla allar kröfur þá ætlast maður til að þar sé fyrst og fremst staðið faglega að málum, ekki pólitískt, ekki þannig að menn séu að sveifla sér til eftir duttlungum og stefnu viðkomandi ráðherra. Mér finnst þetta mjög svo umhugsunarvert.

Varðandi verkefni bankaráðsins þá finnst mér — það er kannski óþarfi að vera að fara ítarlega út í það við 1. umr. en mér finnst orðalag 38. gr. vera nokkuð óljóst. Bankaráðið á að vera til ráðuneytis um reglur bankans, til ráðuneytis um meginþætti í starfsemi bankans, staðfesta tillögur bankastjórnar um höfuðþætti í stjórnskipulagi bankans og staðfesta ráðningu aðstoðarbankastjóra, hafa umsjón með starfi sérstakrar endurskoðunardeildar, eiga aðild að kjarasamningum, mér finnst þetta allt svona frekar veikt orðað og hér þarf að skoða svolítið rækilega hlutföllin milli bankastjórnar og bankaráðs. Hvar eru völdin í raun og veru? Að mínum dómi er bankaráðið yfir bankastjórninni og á að fylgjast með að lögum, reglum og stefnum sé fylgt. Mér þykir þetta nokkuð óljóst orðalag. En þetta getum við að sjálfsögðu rætt í nefndinni.

Ég ætla að vekja athygli á því, sem ég reyndar gerði á nefndarfundi, að í g-lið 38. gr. er vikið að ráðningu aðstoðarbankastjóra en það er ekki minnst á þá og hlutverk þeirra í sjálfum lögunum. Hins vegar er í greinargerð vikið að því að aðstoðarbankastjórar fari með stjórn veigamikilla málaflokka í bankanum, eins og segir á bls. 39 í frv., með leyfi forseta. Mér finnst það umhugsunarefni hvort ekki sé rétt að skilgreina í lögunum eða alla vega komi fram að það eigi að ráða aðstoðarbankastjóra. Bankaráði er gert að staðfesta ráðningu þeirra en það er hvergi gert ráð fyrir þeim í sjálfu stjórnskipulaginu eins og það er skilgreint í lögunum.

Þá kem ég að bankastjórninni. Ég er frekar hlynnt því að hafa þrjá bankastóra. Ég sé í sjálfu sér ekkert athugavert við það. Ef verkaskipting er eðlileg á milli þeirra og þeir eru ráðnir með faglegum hætti þá er ég í sjálfu sér hlynnt því að þeir séu þrír. Það er hins vegar spurning með það kerfi sem hér er sett upp þar sem einn bankastjóri er yfir hinum og getur verið yfirbankastjóri í fjórtán ár, tvö kjörtímabil. Það er reiknað hér með sjö ára kjörtímabilum. Mér þætti æskilegra að menn einfaldlega skiptust á um að vera formaður

stjórnar og að það sé ekki gert með þeim hætti að það sé toppstaða í þessari stofnun. En ég er í sjálfu sér hlynnt því að setja þeim ákveðinn tíma. En reyndar er það svo að maður getur verið bankastjóri lengst í 21 ár ef menn gegna bæði stöðu bankastjóra og síðan stöðu formanns bankastjórnar. Mér telst svo til að menn geti setið þarna í allt að 21 ár.

Varðandi 45. gr. þá er aftur vikið að því sem ég nefndi hér áðan, þ.e. þátttöku í atvinnurekstri. Í 45. gr. segir:

„Seðlabankanum er óheimilt að eiga innlend eða erlend hlutabréf eða önnur verðbréf sem fela í sér þátttöku í atvinnurekstri eða taka að öðru leyti þátt í atvinnurekstri nema það samrýmist hlutverki hans sem seðlabanka."

Ég spyr: Hvaða atvinnustarfsemi getur það verið annað en þátttaka á verðbréfamarkaði eða eitthvað slíkt? Getur verið um eitthvað annað að ræða? Ég tel eðlilegt að hafa skilyrði eins og þetta. Það er ekki hlutverk seðlabanka að standa í atvinnurekstri en hvaða atvinnurekstur er það sem getur samrýmst hlutverki seðlabanka? Það kom ekki fram á fundi nefndarinnar.

Þá er í 46. gr. vikið að biðlaunum bankastjóra. Mér þykir nú vera vel gert við þá þegar þeir fá greidd biðlaun í 12 mánuði, jafnhá föstum launum er starfi þeirra fylgdu. Ef ég man rétt þá eru þetta mun betri kjör en aðrir ríkisstarfsmenn búa við.

Ég ætla ekki að hafa mikið fleiri orð um þetta frv. að sinni. Eins og ég hef nefnt eru hér allnokkur álitamál. Það má spyrja spurninga varðandi yfirdráttarheimild ríkisins hjá Seðlabankanum en það hefur nú þegar verið gerður samningur um það efni milli ríkisstjórnarinnar og bankans og ég teldi rétt að menn reyndu að ná þessum yfirdrætti niður í rólegheitunum og gera það stig af stigi. En það er spurning hvort ríkisvaldið þarf ekki að eiga Seðlabankann upp á að hlaupa. Það kemur m.a. fram í því plaggi sem við fengum frá nefndinni að t.d. í Englandi hefur ríkissjóður ótakmarkaðan aðgang að sjóðum enska seðlabankans svo framarlega sem lántökuheimildir eru til staðar. Í Frakklandi getur bankastjóri fyrir hönd bankaráðs og ráðherra efnahags- og fjármála gert samning um lánafyrirgreiðslu bankans við ríkissjóð og fleiri dæmi mætti nefna. Hér er verið að þrengja mjög að heimildum ríkisvaldsins til yfirdráttar í Seðlabankanum. Vissulega veitir ekki af að ríkisvaldið fái meira aðhald í peningamálum en það er spurning hvort hér sé verið að ganga of langt og of hratt.

Að síðustu vil ég nefna að í frv. er kveðið á um að það beri að auglýsa stöður seðlabankastjóra. Það tel ég vissulega vera skref í rétta átt. Ég tel afar brýnt að við ráðningu seðlabankastjóra, eins og við ráðningu þeirra sem fara með stjórn annarra peningastofnana, ráði faglegt mat. Að það séu fyrst og fremst þeir sem hafa verulega reynslu af efnahagsmálum og þekkingu á efnahagsmálum sem veljast til þessara starfa og menn séu ekki að nota svona mikilvægar stöður í ríkiskerfinu til að koma fyrir einhverjum mönnum sem eru orðnir þreyttir á pólitík eða eru að leita sér að starfi. Það er afar mikilvægt að þarna ráði faglegt mat og að þessu „kvótakerfi" sem ríkt hefur í bankakerfinu, þar sem gömlu stjórnmálaflokkarnir hafa skipt á milli sín stöðum, linni. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir alla þróun efnahagslífs á Íslandi að það sé fyrst og fremst fagmennskan sem ráði ríkjum. Menn vegi og meti stöðuna hverju sinni en láti ekki pólitíska stundarhagsmuni ráða för. Það gildir ekki síst um þá mikilvægu ríkisstofnun sem Seðlabanki Íslands er og mun verða.

Útbýting þingskjals:

Skráning og mat fasteigna, 453. mál, stjfrv., þskj. 785.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi koma að nokkrum atriðum sem fram komu í ræðu hv. 18. þm. Reykv. Ég tók eftir því að hv. 18. þm. Reykv. taldi ekki fara vel á því að ræða eins og í samningastíl um það hver ætti að verða seðlabankastjóri á þessum vettvangi. Undir það tek ég með hv. 18. þm. Reykv.

Um gengisákvæðin í þessu lagafrv. er það rétt, eins og fram kom hjá hv. þm., að það mál er hér lítt breytt frá því sem þingið hefur áður samþykkt án mótatkvæða. Opnar heimildir í lögum fyrir seðlabanka að ráða tilhögun gengismála er reglan í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við. Reyndar má segja að í þeim lagaákvæðum sem hér er gert ráð fyrir og reyndar í þeim lögum sem nú gilda um þetta mál eru víðtækari fyrirmæli um opinbera stjórn á þessum vettvangi en algengast er.

Um hlutverk Seðlabankans sem viðskiptavaka ætla ég ekki að hafa mörg orð að þessu sinni, tel heppilegt að það sé rætt í hv. efh.- og viðskn. En það á að sjálfsögðu við á verðbréfamarkaði og á þeim millibankamarkaði með gjaldeyri sem mun myndast.

Um eftirlitið, hverjir líti eftir bankanum, er það að sjálfsögðu bankaráðið eins og þetta lagafrv. er sett upp.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að ræða mikið um stjórnskipulagið. Ég tel það einmitt vera verkefni hv. efh.- og viðskn. að kanna það vandlega. En ég vildi að lokum segja vegna spurningarinnar um það hvaða atvinnufyrirtæki það gætu verið sem Seðlabanki gæti stöðu sinni og hlutverki samkvæmt tekið þátt í, þá bendi ég á að það er ekki óhugsandi að upp kynnu að verðar settar slíkarstofnanir eins og reiknistofnun banka eða einhverjar þjónustu- eða útgáfustofnanir fyrir bankakerfið í heild.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það kom mér eilítið á óvart að framhald umræðu um seðlabankamálið yrði á dagskrá í dag. Mér hafði einhvern veginn fundist að það hefði verið eðlileg „taktík" hjá ríkisstjórninni að sleppa bankamálaumræðu þessa vikuna eftir allt írafárið í þeirri síðustu. En vissulega skorast ég ekki undan að taka þátt í þessari umræðu.

Af hálfu nokkurra þingmanna stjórnarandstöðunnar var farið fram á að það yrði farið yfir þetta mál í nefndinni áður en 1. umr. yrði haldið áfram og það

hefur verið gert. Út af fyrir sig hefur það skýrt þessi mál að verulegu leyti í okkar huga.

Nú er það svo að í nefndinni er búið að fara yfir mjög stóran hluta af peningamarkaðnum á þessum vetri. Og úr því sem komið er þá tel ég á margan hátt eðlilegt að við endum á Seðlabankanum. Ég leyfi mér að vitna í ummæli seðlabankastjóra, Jóhannesar Nordals, í efh.- og viðskn. um daginn þar sem hann sagði aðspurður að það væri hægt að framkvæma það sem þyrfti að gera nú í peningamálum án þess að breyta lögum en ramminn sé að vísu ekki eins skýr og allir hefðu kannski kosið. Ég sé því ekkert sem rekur sérstaklega á eftir þessari vinnu núna.

Það er svo annað mál að líklega hefur verið farið algerlega aftan að hlutunum varðandi þær breytingar sem hafa verið gerðar á peningamarkaðnum á síðustu 5–8 árum. Í upphafi skyldi endirinn skoða, stendur einhvers staðar en það held ég að menn hafi ekki gert. Vextir voru gefnir frjálsir án þess að huga að því hvaða stjórntæki þyrftu að vera til staðar og til hvaða ráðstafana þyrfti að grípa til að hafa þar eðlilegan hemil á.

Nú er ég ekki að segja að við Íslendingar hefðum getað farið einhverja aðra leið en okkar helstu viðskiptaþjóðir en það skiptir afskaplega miklu máli hvernig haldið er á við svo stórtækar breytingar eins og hér hafa orðið á rúmum áratug frá neikvæðum vöxtum, sem var að mínu mati óeðlilegt ef ekki sjúkt ástand, yfir í það að við höfum haft hér einhverja hæstu raunvexti sem þekkjast í heiminum. Það hefur víða hrikt í á meðan þessar breytingar hafa gengið yfir.

Það er svolítið fróðlegt að skoða yfirlýsingar ráðherra núv. hæstv. ríkisstjórnar um ástæður fyrir háum vöxtum. Þær hafa breyst frá tíma til tíma. Í upphafi voru yfirlýsingar hæstv. forsrh. um ríkissjóðshallann. Ef tækist að laga hann þá kæmi nánast allt annað af sjálfu sér og vextirnir mundu einnig lækka. Á síðasta vetri sagði hæstv. viðskrh. margoft í ræðustól á hinu háa Alþingi að um væri að kenna að hér ríkti fákeppnismarkaður og þetta mundi allt saman meira og minna lagast þegar við værum búnir að opna fjármagnsmarkað okkar fyrir erlendum aðilum. Nú í vetur kom svo hæstv. fjmrh. og sagði að orsök þessa alls sé að ekki komist bönd á vextina á meðan ríkissjóður hafi ótakmarkaðan aðgang að lánsfé í Seðlabankanum. Nú er auðvitað eitthvað til í þessu öllu. En þetta sýnir kannski öðru fremur að óðagotið hefur verið of mikið og það er smám saman að renna upp fyrir hæstv. ríkisstjórn að þau stjórntæki sem þurfti voru annaðhvort ekki til eða ekki til þeirra gripið.

Í þessu frv. eru ýmis nýmæli. Eitt það helsta er væntanlega að það er lagt til að sjálfstæði Seðlabankans verði aukið verulega frá því sem er í dag. Hann fái möguleika til að hafa áhrif á þróun peningamála og vaxta með markaðsaðgerðum, þ.e. kaupa og selja verðbréf og aðra pappíra á markaði eða gefa þá út á eigin markaði. Það er einnig lagt til að Seðlabanka sé heimilt að skipuleggja hér á landi gjaldeyrismarkað. Nú vil ég taka það fram að þær heimildir eru til í lögum nú þegar. Að því var unnið á síðasta vetri þannig að þær heimildir eru til staðar.

Ég ætla ekki að telja upp þau nýmæli sem hér eru. Þau hafa öll verið talin upp áður. Ég ætla þó að nefna eitt atriði varðandi eigið fé bankans. Það hlýtur að vera afar nauðsynlegt ef hann á að geta virkað sem aðili á markaðnum sem grípur inn í að eigið fé verði sem fyrst byggt upp í þau 6% af vergri landsframleiðslu sem lagt er til í frv.

Ég ætla að fara örfáum orðum um sjálfstæði seðlabanka og ítreka það sem ég sagði áðan að í frv. er gert ráð fyrir auknu sjálfstæði hans. Það er vitnað til þess sem gerist annars staðar. Það er alveg rétt að í löggjöf ýmissa landa er seðlabanka skapað ákveðið sjálfstæði. Hann á að geta veitt stjórnvöldum á hverjum tíma aðhald. En eftir að ég fór að skoða það sem ég hef fengið í hendurnar um löggjöf annarra landa í þessu kemur í ljós að þetta þýðir alls ekki að seðlabankinn eigi að vera einhver einangraður fílabeinsturn fyrir peningamarkaðinn. Það er mjög víða í lögum annarra landa hægt að finna þess dæmi að reynt sé að tryggja að innan seðlabanka sé víðtæk þekking á grunnatvinnuvegum viðkomandi landa. Ég ætla að nefna hér nokkur dæmi, með leyfi forseta.

Í Austurríki skulu bankaráðsmenn vera leiðandi menn í atvinnulífinu, fulltrúar banka, iðnaðar, viðskiptalífs, landbúnaðar og launþega. Í Bandaríkjunum skal þess gætt við val á bankaráðsmönnum að sjónarmið fjármála, landbúnaðar, iðnaðar og viðskiptagreina séu til staðar í bankaráðinu. Í Danmörku skulu 15 fulltrúar vera úr viðskiptalífinu. Í Hollandi skulu 12 bankaráðsmenn af 17 skipaðir sem hér segir: Tveir fulltrúar viðskiptalífsins, tveir fulltrúar iðnaðar, tveir fulltrúar landbúnaðar, þrír fulltrúar launþegahreyfingarinnar og þrír fulltrúar fjármálalífsins. Í Japan skuli sex af sjö fulltrúum skipaðir sem hér segir: Einn úr fjármálaráðuneyti, einn úr efnahagsáætlanaráðuneyti, tveir menn með mikla reynslu á fjármálasviði, annar frá litlum svæðisbanka og hinn frá stórum viðskiptabanka, einn maður með mikla þekkingu og reynslu í iðnaði og viðskiptum og loks einn maður með mikla þekkingu og reynslu í landbúnaði.

Á þessari upptalningu sést að í sjálfstæði seðlabanka í þessum löndum felst að þar eigi að vera til staðar grundvallarþekking og í raun bein tenging við veigamestu atvinnugreinar landanna. Það tel ég að hljóti að vera mikilvægt þegar menn eru að tala um sjálfstæði seðlabanka að þannig sé staðið að málum.

Kem ég þá að því að seðlabanki sem sjálfstæð stofnun verður að byggja á einhverjum markmiðum. Að mínu mati hlýtur það markmið að vera að skapa atvinnuvegunum starfsskilyrði og sjá til þess að við höfum peningakerfi sem getur bæði stutt við atvinnulífið og ávaxtað arðinn af því og beint því inn á sem heillavænlegastar brautir.

Einstaka aðilar og meira að segja einstaka lönd virðast hafa dregið þetta saman nánast í eitt atriði að það verði ekki betra gert fyrir atvinnulífið og þróun þess en að viðhalda stöðugleika í efnahagslífinu og stöðugu verðlagi og það eigi þar með að vera eina verkefni seðlabanka. Ég vil ekki taka svo djúpt í ár-

inni. Ég held að stöðugleiki í efnahagsmálum megi ekki vera settur svo á oddinn að hann leggi atvinnulífið meira og minna í rúst. Þeir sem geta hugsað sér að ganga þannig fram hugsa væntanlega þannig að það megi þó byggja upp á nýtt á þeim rústum. En ég held að menn hafi ekki yfirsýn yfir allar þær afleiðingar sem slíkum ósköpum gæti fylgt. Að að mínu mati getur þess vegna yfirstjórn peningamála ekki sett sér eins einfalt markmið og þetta ef menn vilja draga hlutverk seðlabanka saman í þetta eina atriði.

Þá kem ég í beinu framhaldi af þessu að stjórnkerfi Seðlabankans. Ég var mjög hallur undir þá skoðun að það væri best að Seðlabankanum væri stýrt af einum bankastjóra, faglegum manni úr peningakerfinu. Eftir að hafa lesið þá skýrslu sem við fengum um skipan seðlabanka í öðrum löndum runnu á mig tvær grímur gagnvart þessu sjónarmiði. Ef seðlabanki á að vera nánast faglegt hjálpartæki ríkisstjórnar til að hafa stjórn á peningamálum þá er ég þeirrar skoðunar að sú túlkun sé góð og gild að einungis sé einn faglegur bankastjóri. Ef við erum hins vegar að tala um sjálfstæðan seðlabanka sem á að veita ríkisstjórn á hverjum tíma og framkvæmdarvaldinu aðhald og á að vera einhvers konar vörður atvinnulífsins gagnvart ríkisvaldinu á hverjum tíma, eins og mér finnst skína í gegn að verulegu leyti í lögum um seðlabanka ýmissa annarra landa, þá sýnist mér að það væri nær að hafa fjölskipaða bankastjórn og reyndar nokkuð fjölmennt bankaráð sem hefði víðtæka reynslu og þekkingu á sem flestum sviðum atvinnulífsins.

Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða um skipan bankastjóra og bankaráðs hér og mun ekki blanda þessari umræðu við þá umræðu sem í þjóðfélaginu er í dag um skipan seðlabankastjóra í kjölfar þess að tveir af þrem bankastjórum eru nú að víkja úr starfi.

Ég vil þó nefna það í þessu sambandi að ég get á margan hátt tekið undir það að á síðustu árum hefði þurft öflugan sjálfstæðan seðlabanka til að hafa vit fyrir ríkisstjórninni í peningamálum. Núverandi Seðlabanki hefur reyndar gert tilraunir til að hafa áhrif með reglulegri skýrslugerð og úttekt á einstökum málum. Ég nefni í því sambandi skýrslu um húsbréfakerfið og minni hæstv. viðskrh. á viðbrögð ríkisstjórnarinnar við þeirri skýrslu. Hæstv. forsrh. hefði sjálfsagt sagt að það hefði legið við að hæstv. félmrh. hefði farið af hjörunum í þeirri umræðu, samanber þau ummæli sem hann hafði í umræðu á Alþingi í um daginn. Ég vil ekki taka svo stórt upp í mig. En þeim varnaðarorðum Seðlabankans var vægast sagt illa tekið af ríkisstjórninni. Viðbrögðin voru mjög hörð þó svo að með því að skoða hvernig skuldastaða heimilanna hefur þróast á síðustu árum hljóti menn að sjá í dag að þau varnaðarorð Seðlabankans áttu við full rök að styðjast.

Þá ætla ég að koma aðeins að gengismálunum. Ég ítreka það sem ég sagði áður að þær breytingar sem þarf til þess að hér sé hægt að byrja að þróa gjaldeyrismarkað eru komnar inn í núverandi gjaldeyrislög og var heilmikið til umræðu hér á síðasta vetri. Þar var mikið rætt um þá gengiskörfu sem við notum á hverjum tíma. Við fulltrúar í efh.- og viðskn. fengum í hendur skýrslur um tengingu krónunnar við ECU. Á þeim tíma var það æskilegt pólitískt markmið að mati hæstv. viðskrh. að tengja íslensku krónuna við ECU. Ef ég man rétt var það áætlun viðskrh. á þeim tíma að það gerðist á þessu ári. Ég er alveg sammála viðskrh. að þarna er um pólitíska aðgerð að ræða. Mín pólitík í þessu er sú að tengja krónuna ekki við ECU og segja með því að þrátt fyrir mikilvægi Evrópu fyrir okkar viðskipti þá ætlum við að halda öllum öðrum möguleikum opnum að fullu. Ekki binda okkur Evrópugjaldmiðlunum meira en í mesta lagi sem nemur því hlutfalli af okkar utanríkisviðskiptum sem þangað fara. Ef ég man rétt er sú gengiskarfa sem við búum við núna uppbyggð mjög nálægt því.

En ég vil í framhaldi af þessu bera fram tvær spurningar til hæstv. viðskrh. Það er í fyrsta lagi: Hvað líður vinnu við að koma á fót gjaldeyrismarkaði? Í öðru lagi: Er ráðherra enn þeirrar skoðunar að tengja eigi krónuna við ECU og þá hvenær?

Það sem mér finnst hins vegar mest um vert varðandi peningamarkaðinn núna er að klára vinnuna við ný lög um viðskiptabankana. Það frv. liggur nú fyrir í efh.- og viðskn. og það er mitt mat að við hljótum að klára þá vinnu áður en við snúum okkur nokkuð, úr því sem komið er, að lögunum um seðlabanka. Ég minni á að í meðförum frv. um ráðstafanir til styrkingar bankakerfisins í síðustu viku komum við fulltrúar stjórnarandstöðunnar og þeir sem tóku þátt í sameiginlegu nál. í það ákvæðum þess efnis að unnið yrði að því að hraða þar vissum ákvæðum, svo sem eins og að tryggja að viðskiptabankarnir hafi rýmri heimildir til yfirtöku fyrirtækja. Reyndar eru þar líka rýmri heimildir fyrir viðskiptabankana til að taka beinan þátt í atvinnurekstri.

Það er mín skoðun að þetta sé hvort tveggja af því góða. Það sé af því góða að beinna samband skapist milli þeirra sem sýsla með fjármagnið og atvinnulífsins í landinu þar sem hin eina raunverulega ávöxtun á okkar fjármagni getur farið fram. Ég hef haldið því fram hvað eftir annað úr ræðustól á hinu háa Alþingi, bæði á þessum vetri og þeim síðasta, að fátt annað sé meira aðkallandi nú til þess að við getum lækkað vextina en að það verði gripið til aðgerða sem geta hægt á hinni miklu afskriftaþörf sem er hjá bönkunum í dag. Það er ekki eðlilegt ástand að banki sem hefur meiri hluta af bankaviðskiptum við okkar undirstöðuatvinnuveg, sjávarútveginn, þurfi að afskrifa og hafi þurft á síðasta ári að afskrifa fjármagn sem er talið í hundruðum milljóna á mánuði. Það segir kannski meira en mörg orð um efnahagsstjórnunina í dag og hvernig búið er að grunnatvinnuvegunum og meðan svo er þá er tómt mál um að tala að hér byggist upp heilbrigður peningamarkaður.

Virðulegi forseti. Ég mun að lokum ítreka í einu litlu dæmi hvernig peningamarkaðurinn hefur þróast á síðustu árum. Í september á síðasta ári var peningalegur innlendur sparnaður 447 milljarðar. Það hefur ítrekað komið fram í umræðu síðustu vikna, m.a. í tillögum okkar framsóknarmanna um efnahags- og atvinnu-

mál, í orðum fyrrv. formanns Vinnuveitendasambandsins og núv. formanns samstarfsaðila í sjávarútvegi, í orðum formanns Alþýðusambandsins og fleiri aðila innan þess geira að vextirnir séu of háir. Menn tala um að þeir séu fjórðungi of háir, verði að lækka niður í það að vera að raunvöxtum 6% og svo framvegis.

Það er ekki um það deilt að vextirnir eru of háir. Það eru hins vegar eilítið skiptar skoðanir um hversu mikið of háir og hvernig sé hægt að ná þeim niður. Ef við gefum okkur það að vextirnir séu 3% of háir, það fellur m.a. af yfirlýsingum formanns atvinnurekenda í sjávarútvegi og hann væntanlega mælir þetta af eiginfjárstöðu þeirrar greinar, þá er verið að greiða 13,4 milljarða á ári fyrir þessi 3%. Á þeim sex árum sem liðin eru frá því að hæstv. núv. viðskrh. kom til valda þá eru þetta 80,4 milljarðar.

Nú geta menn sagt að hér sé ég eingöngu að leika mér með tölur og þetta sé eingöngu það sem markaðurinn krafðist á þessum tíma. En lítum nú á hina hliðina. Lítum á það hvernig eigið fé fyrirtækjanna í grunnatvinnuvegunum, hvernig skuldastaða sjávarútvegsins og hvernig skuldastaða heimilanna hefur þróast á þessum árum og þá sjáum við það svart á hvítu að fyrir þessu var engin innstæða. Þetta var krafa um ávöxtun sem var umfram ávöxtunargetu atvinnulífsins í landinu. Um það held ég að sé engum blöðum að fletta. Það hlýtur því að vera krafa að nú þegar verði gripið til róttækra aðgerða til þess að lækka vextina.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. beindi til mín tveimur alveg ákveðnum spurningum. Sú fyrri var hvað liði störfum að því að koma á gjaldeyrismarkaði á grundvelli nýrra ákvæða um gjaldeyrisviðskipti. Þar er frá því að segja að undirbúningur þessa verks er í eðlilegum farvegi, Seðlabankinn leggur drög að því að á fót verði settur millibankamarkaður í upphafi. Ég bind vonir við það að senn fari að sjást nákvæmlega hvernig þetta verður framkvæmt.

Síðari beina spurningin sem hv. þm. beindi til mín var um ECU-tengingu krónunnar, hvort það væri enn á dagskrá, hvort og hvenær væri að því stefnt. Þar er svarið afar skýrt: Umrótið á gjaldeyrismörkuðum Evrópu gerir það að verkum að ECU-tengingin er ekki á dagskrá að svo stöddu.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að fagna því hversu hratt hæstv. viðskrh. fer fram þessa dagana. Nú gerist það í sömu vikunni að hæstv. ráðherra viðurkennir að það geti ekki þjónað hagsmunum okkar eins og nú er statt málum að einkavæða og selja ríkisbankana. Það er því sambandi reyndar mjög athyglisvert að lesa viðtal við stjórnarformann Hambros bankans í Morgunblaðinu síðustu helgi og ég mundi ráðleggja hæstv. ríkisstjórn að lesa það viðtal alltaf þegar þeir fara af stað með einkavæðingaráform.

Í öðru lagi hefur hæstv. viðskrh. snúið við blaðinu varðandi ECU-tengingu algjörlega frá því sem var hér uppi á síðasta vetri. Hann ber við óróa á gjaldeyrismarkaði í Evrópu, vissulega hefur hann verið mikill, og kannski álíka mikill og trú hæstv. ráðherra var á stöðugleika ECU og hins evrópska peningamarkaðar á síðasta vetri.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. hv. 6. þm. Norðurl. e. virðist ekki hafa tekið eftir því sem fram hefur komið frá þeim sem hér stendur og reyndar öðrum ráðherrum ríkisstjórnarinnar um gengismálefnin því þegar á liðnu hausti þegar umrótið á evrópskum gjaldeyrismarkaði stóð sem hæst var þetta sagt alveg skýrt og skorinort. Þess vegna er ég hér aðeins að endurtaka það sem áður hefur komið fram.

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér kemur til umræðu fjallar um seðlabanka en þýðing nafnsins á ensku er „central-bank" sem merkir miðbanki. Svo nefnast slíkar stofnanir, bankar bankanna almennt erlendis. Ég legg til að þessum tvískinnungi verði hætt og við fáum lög um miðbanka Íslands. Það skal hins vegar játað að það verður ekki eins fínt (nafnbótin) að vera aðalbankastjóri eða bankastjóri miðbanka eins og bankastjóri seðlabanka. Þessu nýja frv. er í veigamiklum atriðum stefnt gegn Alþingi og ríkisstjórn undir því yfirskyni að verið sé að auka sjálfstæði bankans. Samkvæmt gildandi lögum ber bankanum að styðja stefnu ríkisstjórnar í efnahagsmálum og efla framleiðslugetu atvinnuveganna. Hvort tveggja er strikað út og markmiðið sagt vera að stuðla að virkri starfsemi á fjármagnsmarkaði og í öðru lagi að greiða fyrir frjálsum viðskiptum við útlönd.

Hér er sem sagt verið að tengja, hæstv. viðskrh., fjármál okkar við EB. Bankinn gæti t.d. neitað að lækka gengi krónunnar þó að útvegur og fiskvinnsla væru komin í strand, skv. 35. gr. frv. Þar segir:

„Seðlabankanum er skylt að hafa samráð við ríkisstjórn um mótun og framkvæmd stefnu í peningamálum, gengis- og gjaldeyrismálum og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt er varðar þau mál.

Seðlabankinn skal stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum svo fremi sem hann telur það ekki ganga gegn markmiðum sínum samkvæmt 3. gr."

Það er hæpið að slíkt ákvæði sé í lögum í okkar landi sem er með einhæfa framleiðslu, háða stopulum afla á miðunum og sveiflukenndu verði á heimsmarkaði. Alþingismönnum ber að íhuga að ríkisstjórn á skyldu við þjóðina alla, ekki eina stétt, peningamennina.

Gert er ráð fyrir fimm manna bankaráði. Þriggja manna bankaráð er fullnægjandi. Vilji virðist vera fyrir því að draga úr áhrifum stjórnmálamanna í opinberum stofnunum. Sú er einmitt sögð meginástæða þess að fyrir liggur að einkavæði bæði Landsbankann og

Búnaðarbankann sem vonandi verður þó ekki. Samræmis gætir því ekki hér hjá viðskrh. fremur en í öðrum verkum hans. Bankaráð á að kjósa á Alþingi með hlutbundinni kosningu. Gert er ráð fyrir þremur bankastjórum enda þótt stærri lönd, t.d. Bretland og Kanada, láti sér nægja einn ásamt varamanni. Þessu verður að breyta. Skýrari ákvæði þarf um kunnáttu og hæfni bankastjórans. Loks ber að takmarka ráðningartíma bankastjórans við átta ára hámark í stað fjórtán ára sem lagt er til. Núverandi seðlabankastjóri er að kveðja eftir 32 ára setu. Til þess eru vítin að varast þau.

Meginverkefni miðbanka og seðlabanka um heim allan er að stjórna fjármagni í umferð með óbeinum hætti. Það felst í því að kaupa og selja ríkisskuldabréf á opnum markaði þannig að peningastofninn megi haldast stöðugur og vextir innan settra marka. Ákvæði um þetta eru í lögum nr. 10/1961 en þeim hefur aldrei verið framfylgt. Það heitir nefnilega á máli þeirra seðlabankamanna og viðskrh. sérstaklega „handafl". Í nýja lagafrv. sem fyrir liggur er ákvæði þess efnis í 12. gr.:

„Til að ná markmiðum sínum í peningamálum kaupir og selur Seðlabankinn ríkistryggð verðbréf og önnur trygg, innlend og erlend markaðsbréf."

Nú á sem sagt að láta til skarar skríða. Síðustu 6 mánuðina af 32 ára stjórnartíð Jóhannesar Nordals. Hvað veldur? Bölvun vaxtaokursins og skuldauppsöfnunar er orðin slík að alþjóð krefst íhlutunar. Launþegasamtökin eru þar í fararbroddi en augu atvinnurekenda hafa líka opnast. Seðlabankastjórinn og viðskrh. hafa loks látið undan. Þeir bjarga sér á flóttanum með því að kalla miðstýringu vaxta markaðsaðgerð. Ef unnt er að koma að orðinu markaður eða samkeppni, hæstv. viðskrh., þá er öllu réttlæti fullnægt. En þessir herrar eiga langt í land að samræma peningamál okkar EB-löndum. Við höfum verðtryggingu fjárskuldbindinga og skattfrelsi fjármagnstekna en hvorugt er við lýði í Evrópu. En viðskrh. er sjálfum sér líkur. Hann lumar á frv. um að halda í ófreskju lánskjaravísitölunnar. Útvíkkun verðtrygginga til skammtímalána og gera bönkum með nafnleynd ókleift að telja vaxtatekjur fram til skatts ef skattalögum yrði breytt. Hæstv. ráðherra hefur nefnilega kynnt frv. um afnám lögboðinna verðtrygginga fjárskuldbindinga í viðtali við Morgunblaðið 13. febr. sl. Þetta kemur spánskt fyrir sjónir þegar þess er gætt að verðtrygging fjárskuldbindinga hefur aldrei verið lögboðin hér. Lögin sem ráðherrann hyggst afnema eru sem sagt ekki til. Aðeins heimildarákvæði eru um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Þau er að finna í svonefndum Ólafslögum frá 1979. Þar segir í 40. gr. þeirra laga:

„Bönkum og öðrum innlánsstofnunum er heimilt að taka á móti sparifé og öðrum innstæðum gegn verðtryggingu og lána út samsvarandi fé auk jafnvirðis eigin fjár með verðtryggingu."

41., 42. og 43. gr. innihalda einnig heimildarákvæði. Síðari lagabreytingar hafa miðað að því að takmarka þessa verðtryggingu, t.d. við spariinnlán bundin til sex mánaða eða lengur og við útlán til lengri tíma en þriggja ára.

Í ljósi þessa er erfitt að sjá hvað fyrir ráðherranum vakir. Mönnum er þegar frjálst að semja eða semja ekki um verðtryggingu. Ef vel er að gáð má hins vegar greina tilgang hæstv. ráðherra. Morgunblaðið hefur eftir honum að réttindi og skyldur sem menn hafa áunnið sér samkvæmt eldri lögum verða áfram í gildi. Það eru þeirra hagsmunir sem ráðherrann er að tryggja. Samkvæmt því á lánskjaravísitalan að vera við lýði áfram. Hún hefur þó valdið okkur þungum búsifjum enda mjög verðbólgumyndandi. Menn vilja fremur hafa vísitölu neysluvöruverðs að því marki sem verðtrygging kann að halda áfram. Hún er viðhöfð í öðrum löndum sem verðtryggja eftirlaun og lífeyrisbætur. Þeir nota ekki þessa góðu lánskjaravísitölu ráðherrans. Lánskjaravísitöluna á að mínum dómi skilyrðislaust að fella úr gildi. Það er þegar búið að breyta henni þegar kaupgjald var reiknað inn í hana og hlutföllum breytt. Sú breyting var mikil mistök. Því er svo komið að skuldir landsmanna hækka ef framleiðslukostnaður eykst, ef byggingarvörur hækka í verði eða vinnulaun. Við 1% hækkun lánskjaravísitölu hækka skuldir útvegsins um mörg hundruð milljónir svo dæmi sé nefnt. Sérhver kaupgjaldshækkun er um leið að hluta tekin aftur af launþegum með hækkun skulda af íbúð. Segir sig sjálft hvers konar efnahagsófreskja lánskjaravísitalan er.

Með annarri breytingu á Ólafslögum var grundvellinum í reynd kippt undan lánskjaravísitölunni. Ólafslög gerðu ráð fyrir kaupgjaldsvísitölu samhliða lánskjaravísitölu. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar afnam kaupgjaldsvísitöluna 1983. Hann var og í forsæti þegar innleidd var áðurnefnd breyting á lánskjaravísitölunni þegar kaupið var tekið inn í hana.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson talar manna mest um vaxtalækkanir en hefur sjálfur með þessum aðgerðum sínum ásamt fleirum gert lánskjör í landinu óbærileg. Hvernig eiga menn að borga skuldir sem hækka samkvæmt vísitölu ef tekjur þeirra hækka ekki líka samkvæmt vísitölu, hæstv. ráðherra? En hæstv. ráðherra, Jón Sigurðsson, vill meira með frv. sínu sem hann kynnti í viðtali við Morgunblaðið. Hann vill afnema takmarkanir á tíma verðtryggðra útlána sem nú miðast við þrjú ár. Þetta hefur að sögn Morgunblaðsins valdið bönkum erfiðleikum og þeirra vandkvæði vill hæstv. ráðherra Jón Sigurðsson leysa, gera þeim fært að hækka öll lán, stutt lán og löng lán um leið og verðbólga vex eða virðist ætla að vaxa. Ráðherrann er með öðrum orðum ekki að afnema verðtryggingu fjárskuldbindinga, hann er að auka við hana, færa hana inn á ný svið. Loks ætlar hann að hjálpa þeim sem vilja skjóta vaxtatekjum undan skatti verði þær skattlagðar sem mjög er um rætt. Hann vill sem sagt með þessu verðandi frv. sínu fella úr gildi lagaákvæði um að verðtryggðir bankareikningar eða lánaskuldbindingar séu skráðar á nafn.

Virðulegi forseti. Það verður ekki amalegt að lifa á Íslandi þegar hæstv. ráðherra er búinn að koma seðlabankafrumvarpi sínu óbreyttu í lög og til viðbótar því frv. sem hann kynnti nýlega í Morgunblaðinu. Að maður tali nú ekki um þegar hann verður orðinn seðla-

bankastjóri og þar með yfirforsætisráðherra landsins.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í ræðu hv. 6. þm. Suðurl. ræddi hann mest um óframkomið, óbirt frv. um annað mál en það sem hér er á dagskrá. Ég vil nefna það vegna þess sem hreyft var af hv. 6. þm. Suðurl. að því fer víðs fjarri að ég hafi undirbúið, hvað þá flutt eða sýnt, tillögur um það að nafnleynd í bankaviðskiptum skyldi tryggð. Miklu fremur mætti segja að hið gagnstæða hefði verið á minni dagskrá.

Um verðtryggingarmálið langar mig vegna ítrekaðra ábendinga hv. 6. þm. Suðurl. um skaðsemi verðtryggingar fjárskuldbindinga að benda á að það hlýtur að verða okkur til umhugsunar að þau þrjú ár sem verðbólga á Íslandi hefur verið minnst á lýðveldistímanum hefur þetta kerfi verið við lýði. Það bendir okkur auðvitað á að það er einhver önnur rót vandans en vísitalan sem hv. þm. agnúast jafnan út í. En ég vil þó engu að síður taka fram að ég tel heppilegt að verðtryggingar fjárskuldbindinga víki þegar stöðugleiki í verðlagsmálum er kominn í ljós og þá hygg ég að það muni geta gerst nokkurn veginn af sjálfu sér vegna þess að það er verðbólgan sem er aðalviðfangsefnið sem betri tök hafa náðst á á síðustu árum en áður og þar með skiptir minna máli hvernig þessum verðtryggingarmálum er komið fyrir.

Eggert Haukdal *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki þýðir fyrir hæstv. ráðherra að afneita því að hann ætli að framkvæma nafnleynd. Í viðtali í Morgunblaðinu kynnti hann hið nýja frv. sem er í vændum með þeim hætti.

Hæstv. ráðherra taldi að á verðbólgulágum árum hefði ástandið reynst gott þrátt fyrir lánskjaravísitölu. Í umræðunum hefur verið margrakið hversu vextir eru langt umfram eðlilegt mark. Þegar verðtryggingunni var komið á var talað um að 2% væru eðlilegir vextir og 4% væri okur.

Á sex ára ráðherratíð hæstv. ráðherra eru raunvextirnir a.m.k. að meðaltali 9% síðustu sex ár. 4% var talið okur þegar verðtryggingin kom á.

Hæstv. ráðherra stendur þannig fyrir tvöföldu og þreföldu vaxtaokri. Það er sú stefna sem hann fylgir eftir sem hefur við ráðherralok hans kollsiglt íslensku atvinnulífi og heimilunum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvelt að taka undir það með hv. 6. þm. Suðurl. að raunvextir á Íslandi eru of háir. En ég vil leyfa mér að láta í ljós þá skoðun að til þess að lækka þá ættu menn að einbeita kröftunum að betra jafnvægi á lánamarkaði, leiðum til þess að draga úr ríkissjóðshallanum, leiðum til þess að kalla fram sparnað í samfélaginu sem er hin hliðin á málinu sem hefur verið vanrækt í þessum umræðum. Vextir lækka ekki með því að slást við vísitöluna eins og vindmyllu.

Útbýting þingskjals:

Tekjuskattur og eignarskattur, 452. mál, frv. TIO o.fl., þskj. 779.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Kannski er fyrst að fara nokkrum orðum um þá lagasetningarárátttu sem ríkir hér á Alþingi. Við erum sífellt að breyta lögum eða setja ný lög. Ég hygg að við hljótum að eiga heimsmet í lagasetningu því hér eru afgreidd lög í tugavís á hverju einasta þingi. Ég tala nú ekki um á þessu þingi þar sem við þurfum að stimpla 80 lög frá Evrópubandalaginu.

Við setjum á einum vetri talsvert fleiri lög en t.d. Bandaríkjaþing gerði í allri stjórnartíð George Bush forseta. Ég er ekki viss um að það hafi háð Bandaríkjamönnum verulega þó þeir hafi ekki sett fleiri lög en þeir gerðu í stjórnartíð Bush forseta.

Nú veit ég það að hæstv. viðskrh. er ágætlega ættaður en ég sé það ekki á þessu frv. að hann muni vera kominn út af Magnúsi konungi lagabæti því mér finnst þetta frv. vera lakara en gildandi lög um Seðlabanka Íslands í sumum greinum og veigamiklum atriðum.

Mér finnst gildandi lög um Seðlabanka Íslands vera skynsamleg. Þannig er háttað í stjórnarfari okkar að ríkisstjórn fer með framkvæmdarvaldið í umboði Alþingis. Að sjálfsögðu á Seðlabanki Íslands að vera mikilsverð stofnun en hann á að mínum dómi ekki að vera ríki í ríkinu (Gripið fram í.) eða miðbanki ef tillaga hv. 6. þm. Suðurl. verður að veruleika sem ég gæti út af fyrir sig alveg athugað að styðja.

4. gr. gildandi seðlabankalaga hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstjórnina að ræða er seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því að sú stefna, sem ríkisstjórnin markar að lokum, nái tilgangi sínum.“ — Ég endurtek, herra forseti: — „Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því að sú stefna, sem ríkisstjórnin markar að lokum, nái tilgangi sínum.“

Nú er ég ekki að segja að ríkisstjórnir á Íslandi hafi verið alvitrar en þær hafa komist formlega til valda og þeim hefur verið falið að stjórna landinu og þeim ber að stjórna landinu. Ekki má eyðileggja möguleika ríkisstjórna á hverjum tíma til þess að stjórna í landinu. Það er alveg nóg að við séum búnir að afsala hluta af framkvæmdarvaldinu með því að gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði þó að ekki sé verið að koma hér upp ríki í ríkinu eins og gert er með þessu frv. til seðlabankalaga.

Í 35. gr. er fjallað um þetta efni sem falið er í 4. gr. seðlabankalaganna og þar segir, með leyfi forseta:

„Seðlabankanum er skylt að hafa samráð við ríkisstjórn um mótun og framkvæmd stefnu í peningamálum, gengis- og gjaldeyrismálum og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt er varðar þau mál.

Seðlabankinn skal stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum svo fremi sem hann telur það ekki ganga gegn markmiðum sínum skv. 3. gr."

Þetta finnst mér vont orðalag og afleit breyting á seðlabankalögunum. Ég er ekki að segja að Seðlabankinn á hverjum tíma hafi starfað þannig að hann sé hafinn yfir gagnrýni en ríkisstjórnin hefur alltaf með 4. gr. haft tök á því að ráða ef hún hefur verið samtaka og einbeitt. Því miður hefur það ekki alltaf gerst. Seðlabanki verður að vera í takt við ríkisstjórn á hverjum tíma. Það finnst mér vera grundvallaratriði því að annars kemur upp algjört stjórnleysi.

Ég er þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að seðlabanki eða miðbanki hverrar þjóðar lúti pólitísku valdi. Seðlabankinn er eitt meginstjórntæki ríkisstjórnarinnar og á að vera. Ég tel það eðlilega skipan að þingmenn sitji í bankaráði seðlabanka (Gripið fram í.) eða menn sem starfað hafa í stjórnmálum — ég gæti meira að segja hugsað mér að hv. frammíkallandi, hv. 17. þm. Reykv., sómi sér vel í bankaráði. (**ÖS:** Nei. Kannski sem tilsjónarmaður?) Ég hef hins vegar minni trú á honum sem tilsjónarmanni og ég tel eðlilegt að stjórn bankans sé falin mönnum sem hafa reynslu og þekkingu á stjórnmálum og stjórnsýslu.

Ég vek athygli á því að í V. kafla frv. sem fjallar um bankaeftirlit segir í 27. gr.:

„Seðlabankinn hefur eftirlit með því að lánastofnanir og aðrar fjármálastofnanir hagi starfsemi sinni í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir eða það sem telja má eðlilega viðskiptahætti nema eftirlitið sé öðrum falið með lögum."

Út af fyrir sig hefur þetta verið góð latína þegar frv. var samið en það er það ekki lengur vegna þess að við erum orðnir aðilar að Evrópsku efnahagssvæði samkvæmt ákvörðun meiri hluta Alþingis svo sem hún var nú fengin og þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrár. Þar með er greinin orðin úrelt vegna þess að erlendar fjármálastofnanir, sem hafa starfsemi hér á landi, þurfa ekki samkvæmt þeim samningi að lúta íslensku bankaeftirliti. Þær eiga að lúta bankaeftirliti heimalands síns. Þetta er nú eitt gatið.

Þrátt fyrir að vaxtastefna Seðlabankans hafi stundum á undanförnum árum ekki verið í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar þá tel ég að ríkisstjórn hafi samkvæmt gildandi lögum haft tækifæri til þess að hafa áhrif á vaxtastefnuna í gegnum Seðlabankann. Það er svo aftur annað mál að ríkisstjórnir undanfarinna ára hafa ekki beitt því vopni, sem Seðlabankinn er í höndum þeirra, með þeim hætti að skynsamlega hafi verið farið að. Ekkert þýðir fyrir hæstv. viðskrh. að koma og segja að vextirnir séu allt of háir, hann getur lækkað þá ef hann vill með gildandi lögum og beitt Seðlabankanum í þeirri baráttu. Ef það er meining ríkisstjórnarinnar að vextirnir séu of háir þá hefur hún m.a. tæki í Seðlabankanum til þess að ná þeim niður.

Mér finnst að í frv. felist óeðlilegir stórveldisdraumar fyrir hönd Seðlabankans. Það er eins og verið sé að smíða eitthvert hásæti og ég tel enga þörf á því og reyndar hættulegt. Verið er að undirbúa hásæti undir einhvern, vonandi menntaðan einvald, sem á að stjórna landinu til hliðar við ríkisstjórnina. Það held ég að sé ekki farsælt fyrirkomulag og ég held að það sé engin þörf eða endurbót að smíða þetta hásæti. Nú ætla ég ekki að falla í þá gryfju, sem margir þingmenn hafa gert í umræðunum, að nefna einhver nöfn hugsanlegra seðlabankastjóra í framtíðinni. Það mun ég ekki gera. Ég veit ekkert um hverjir koma til með að skipa aðalbankastjórastól í Seðlabankanum ef frv. verður að lögum. Mennirnir þenkja en guð ræður. Eins og segir snilldarlega í Höll sumarlandsins: „Það dansa ekki allir á kirkjugarðsballinu í haust sem ætluðu þángað í vor".

Ég ætla að spara mér frekari umræðu um vaxtamál. Fáein smærri atriði í þessu frv. eru ýmist skaðlaus eða jafnvel til bóta við gildandi lög. Ég ætla ekki að tína þau saman en ef ég ber saman þetta frv. sem prentað er á þskj. — það vantar nú þingskjalsnúmerið á plaggið mitt — en ef ég ber saman gildandi lög og þetta frv. þá finnst mér frv. vera lakara en gildandi lög og þar af leiðandi er ég andvígur þeirri breytingu sem hér er lagt til að gera á seðlabankalögunum.

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að hv. 1. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, var búinn að óska eftir því að komast á mælendaskrá við 1. umr. málsins. Það gerðist fyrir nokkrum dögum. Hann ætlar að flytja ræðu við 1. umr. Nú stendur þannig á að hv. þm. þurfti til útlanda í erindum Alþingis og hefur setið á fundi forsætisnefndar Norðurlandaráðs. Ég vil leyfa mér að óska eftir því að hann fái tækifæri til að flytja ræðu sína því hann er, að ég best veit, væntanlegur til landsins í kvöld og að umræðunni verði ekki lokið fyrr en hann hefur fengið tækifæri til að flytja mál sitt við 1. umr. Þeirri ósk kem ég á framfæri, ég hef ekkert á móti því að umræðan haldi áfram og er ekki að biðja um að hún verði stöðvuð, heldur einungis að hv. 1. þm. Austurl. fái líka tækifæri til þess að koma skoðunum sínum á framfæri við 1. umr. málsins og að umræðum verði ekki lokið fyrr en hann hefur annaðhvort sjálfur fallið frá orðinu ellegar þá, sem ég tel heppilegra, fengið tækifæri til að flytja ræðu sína.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Varðandi ósk hv. 1. þm. Norðurl. v. þess efnis að hv. 1. þm. Austurl. fái tækifæri til þess að flytja ræðu við 1. umr. málsins, sem hér er á dagskrá, þá sér forseti ekki að hv. 1. þm. Austurl. sé á mælendaskrá og hann hefur ekki óskað eftir því að taka til máls þegar þetta mál hefur áður verið á dagskrá. Ég skildi hv. 1. þm. Norðurl. v. svo að hann gengi út frá því að hv. 1. þm. Austurl. væri á mælendaskrá. En vegna orða hans þá held ég að við þurfum ekki að ræða það úr stóli heldur getum talað um það saman.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Mér er það í minni þegar hv. 1. þm. Austurl. kvaddi sér hljóðs og sá reyndar á blaði nafn hans fyrr í dag, það hefur kannski verið skráð aftur,

enda hef ég fengið þær fregnir nú síðan ég setti ósk mína fram að hv. 1. þm. Austurl. sætti sig við að flytja ekki ræðu sína við 1. umr. Ég fell því frá þeirri ósk að *mælendaskrá verði haldið opinni* og beðið eftir honum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu væri það ekki rétt af hv. 1. þm. Norðurl. v. að greiða atkvæði með þessu frv. ef hann teldi það ekki vera lagabót. En ég get fullvissað hann um að það hefur verið þannig að þessu frv. staðið að ætla má að um það sé víðtæk samstaða að það sé lagabót, að það sé framför. Ég rifja það upp að fulltrúi þingflokks Framsfl. í þeirri nefnd sem frv. samdi stóð að tillögunum sem hér eru í öllum aðalatriðum fluttar inn á Alþingi.

Ég vil svo einungis koma að því sem hv. þm. sagði um bankaeftirlitið. Hann benti á að eftir að EES-samningurinn væri genginn í gildi, þá gilti bankaeftirlit heimalands fyrir bankastofnanir frá EES-löndum sem hér kynnu að starfa. Það er rétt hjá hv. þm. en í því felst alls engin linun eða lakari réttarvernd eða eftirlit með þessum stofnunum því það er líka hluti af EES-samningnum að eftirlitsreglurnar séu samræmdar, m.a. kröfurnar um eigið fé. Yfirleitt er stefnt að samræmingu á þessu sviði milli EES-landanna og þar með höfum við ekkert misst en að mínu áliti frekar bætt við okkur með því að hafa slíka gagnkvæmni í þessum reglum.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki fallist á að þetta frv. sé lagabót og vitna þá sérstaklega til 4. gr. gildandi laga sem ég tel að sé heppilegra fyrirkomulag en lagt er til í þessu frv. Mér er að sjálfsögðu kunnugt um það að einn nefndarmaður þeirrar nefndar sem frv. samdi er framsóknarmaður sem ég hef mikið traust á, en það breytir ekki því að ég treysti mér ekki til þess að fara í einu og öllu eftir því sem hann kann að hafa samþykkt í frumvarpsgerð. Þar af leiðir að ég tel það lakari skipan að veikja ríkisstjórn Íslands, taka af henni stjórntæki, setja upp eitthvert menntað einveldi til að stjórna landinu til hliðar við ríkisstjórnina. Ég held að *við eigum að beygja okkur undir það að hafa ríkis*stjórnina sem yfirvald og nú er ég ekki að mæla núv. ríkisstjórn bót og alls ekki að sýkna hana, en hún er formlega skipuð. Hún styðst við þingræðislegan meiri hluta hér á Alþingi og ég tel að hún eigi að hafa tækifæri til þess að stjórna þessu landi og það eigi ekki að vera að svipta hana sínum meginvopnum. Þetta vildi ég láta koma fram.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru nokkur efnisatriði frv. sem ég vil fyrst ræða, síðan aðeins um stöðu Seðlabankans almennt sem stofnunar. Mér finnst ekki óeðlilegt við þessa umræðu að það sé lítillega farið yfir það eða spurt út í það hvaða áform standa til þess að útbúa Seðlabankann þannig að hann geti sinnt sínu framtíðarhlutverki eins og það er hugsað samkvæmt þessu lagafrv. og fyrir liggur, m.a. með tilkomu gjaldeyrismarkaðar og fleiri slíkra breytinga sem hafa orðið eða eru í undirbúningi á skipan þeirra mála sem Seðlabankanum viðkemur. Þá skiptir það að sjálfsögðu máli hvernig þessi stofnun, Seðlabankinn, er í stakk búin til að sinna sínu nýja og breytta hlutverki.

Um möguleika bankans til að sinna sínu hlutverki hvað varðar jafnvægi á peningamarkaði hér innan lands, hóflegt vaxtastig o.s.frv. eða þau tæki öllu heldur sem bankinn hefur í sínum höndum til þess, er fjallað í III. kafla frv. sem nefnist Innlend viðskipti, greinum 10 og áfram og þar eru talin upp eða koma fram þau tæki sem bankinn hefur til að beita í þessu skyni.

Nú er það svo að það er ekki vandinn samkvæmt þessu lagafrv. og hefur ekki verið samkvæmt gildandi lögum um Seðlabankann að hann hafi ekki haft á sinni hendi nægjanleg úrræði til þess að beita. Það vakna öllu fremur spurningar um hitt hvort þau dugi við okkar íslensku aðstæður, hefðbundin markaðsinngrip miðbanka eða seðlabanka eins og það er nú gjarnan skilgreint á þróuðum peningamörkuðum vestrænna ríkja. En þannig er það að samkvæmt 12., 14., 15. og 16. gr. er Seðlabankanum mögulegt í fyrsta lagi til þess að ná fram markmiðum sínum í peningamálum með því að kaupa og selja verðbréf og önnur trygg innlend og erlend markaðsbréf. Í öðru lagi getur bankinn ákvarðað vexti af innlánum við bankann og lánum sem hann veitir og verðbréfum sem hann gefur út og haft þannig áhrif á vaxtastigið. Í þriðja lagi hefur bankinn í höndum heimildir til að skylda innlánsstofnanir til að eiga fé bundið á reikningum í bankanum. Og í fjórða lagi getur bankinn sett reglur um lágmarkslausafé innlánsstofnana. Þetta eru ef ég man rétt líklega ríkari heimildir en flestir aðrir seðlabankar hafa því að í fáum tilvikum hygg ég að þeir hafi öll þessi stjórntæki á sínum höndum, ef ég man rétt upplýsingar og fylgigögn með frv. eða skýrslu nefndar sem undirbjó það. Ég held þess vegna að það verði ekki með réttu sett út á þetta lagafrv. að það setji Seðlabankanum eitthvað þröngar skorður í þessu efni. Hitt er mér miklu meira umhugsunarefni hvort beiting þeirra yfirleitt dugi á okkar litla og tiltölulega vanþróaða fjármagnsmarkaði sem hefur fram á síðustu ár lotið allt öðrum lögmálum eða verið undir aðrar reglur settur en fjármagnsmarkaðir annarra vestrænna ríkja og er tiltölulega nýlega farinn að stjórnast að einhverju leyti af markaðslögmálum.

Með 14. gr. þessa frv. sem í rauninni kemur í stað 9. gr. í gildandi lögum er íhlutunarheimild Seðlabankans, sem að vísu hefur nú ekki verið beitt lengi og líklega aldrei eftir að hún komst í núverandi mynd frá og með árunum 1985–1986, afnumin eins og hún leggur sig. Ég er ekki viss um að menn hafi nægjanlega gefið því gaum hversu mikil grundvallarbreyting er þar á ferðinni frá þeim tíma þegar vaxtastigið eða vextir voru almennt ákvarðaðir með miðstýrðum ákvörðunum. Síðan vextir voru gefnir frjálsir í áföngum, þá hefur þó a.m.k. þetta ákvæði laga alltaf verið fyrir hendi ef til kæmi að beita þyrfti því. En hér er sem sagt lagt

til að það verði fellt úr gildi og ég segi um það atriði eitt að mikil er þá trú manna á það að hinar hreinu markaðslausnir dugi til þess að jafnvægisstilla íslenska fjármagnsmarkaðinn þannig að hann geti verið í skikkanlegu horfi á allar lundir, þar með talið að vaxtastigið haldist hér hóflegt eða verði hóflegt. Það er það auðvitað ekki í dag.

Ég hélt nú satt best að segja að ef eitthvað væri, þá hefðu atburðir síðustu sex til tólf mánaða allt í kringum okkur frekar vísað mönnum veginn í þá átt að fara nú varlega og frekar vakið vaxandi efasemdir en hitt um það að hinar einhlítu markaðslausnir dygðu í öllum tilvikum, enda hafa ríkisstjórnir og stjórnendur Seðlabanka og efnahagsmála víða í heiminum tekið pólitískar ákvarðanir af ýmsum toga um efnahagsaðgerðir, um vaxtaákvarðanir, um gengismál og orðið að hverfa frá hinum óskeikulu, sem áður voru talin, lögmálum markaðarins í þeim efnum. Það er auðvitað alkunna að bæði austanhafs og vestan hafa ýmsar ríkisstjórnir knúið fram vaxtalækkun með pólitískum ákvörðunum til þess að reyna að örva efnahagsstarfsemina o.s.frv. En slíkt virðist nú ekki vera upp á teningnum hér þrátt fyrir aðstæður uppi á Íslandi, atvinnuleysi, samdrátt og háa raunvexti. Missiri eftir missiri og ár eftir ár virðast menn ekki hafa neinar sérstakar efsemdir um það að þeir séu á réttri leið í þessum efnum. Ég endurtek það að ég tel það vera mikla trú á kerfi sem hefur þó ekki sannað sig betur en raun ber vitni. Hvort svarið væri það að skilja eftir að einhverju leyti íhlutunarheimild af því tagi sem legið hefur í 9. gr. gildandi laga um Seðlabankann, þótt henni hafi ekki verið beitt eða með einhverjum öðrum varúðarákvæðum, halda slíkum möguleikum opnum, skal ég ósagt látið um á þessu stigi, en ég tel alla vega eðlilegt að þessi grundvallarbreyting sé rædd í tengslum við afgreiðslu þessa máls.

Í öðru lagi vil ég nefna, hæstv. forseti, að inni í þessu lagafrv. er eins og lengi hefur verið í lögum um Seðlabankann ákvæði um bankaeftirlitið. Ég fyrir mitt leyti vil a.m.k. hafa fullan fyrirvara á um það að sú hugsun verði ekki með öllu yfirgefin að til greina geti komið að gera bankaeftirlitið að sjálfstæðri stofnun eða a.m.k. auka sjálfstæði þess innan Seðlabankans frá því sem verið hefur. Það er að vísu svo að sums staðar munu menn vera að hverfa frá því eða a.m.k. ekki vera jafneindregið þeirrar skoðunar eins og var ríkjandi hér fyrir fáeinum árum að yfirleitt ætti að stefna að því að bankaeftirlitin væru sjálfstæðar stofnanir. Þannig er því víða fyrir komið en í öllu falli er það hlutur sem menn hljóta að þurfa að taka til vandlegrar athugunar hvernig því er best fyrir komið og hvort það eigi að vera eftir sem áður hluti af Seðlabankanum eða heyra undir hann.

Í þriðja lagi vil ég nefna ákvæði VII. kafla laganna um stjórnskipulag bankans. Það hafa reyndar fleiri gert á undan mér og ég get því stytt mál mitt um það efni, en það er einkum og sér í lagi það álitamál sem snýr að skipan bankastjórnarinnar sem mönnum hefur orðið tíðrætt um og sá möguleiki að hér yrði farin sú leið sem er nú algengara en hitt að bankanum stýrði einn aðalbankastjóri og síðan aðstoðarbankastjórar en ekki fjölskipuð bankastjórn eins og hér hefur verið og gerð er tillaga um í frv. Ég tel í sjálfu sér að hvort tveggja geti átt sín rök og er svo sem hvort tveggja þekkt umhverfis okkur. Mér finnst meira atriði að greina það hvaða hugsun liggur á bak við skipan bankastjórnarinnar og hvaða hlutverk henni er ætlað, í hvaða ljósi er hún skoðuð. Ég hefði talið að breyting yfir í það að einn aðalbankastjóri færi með þetta hlutverk sem væri svo undirstrikuð með auknum, faglegum kröfum sem gerðar væru til þess bankastjóra og ef með einhverjum hætti væri hægt að búa þannig um hnútana að nánast skylda að hann væri ráðinn á faglegum eða bankalegum forsendum eingöngu og ekki öðrum, að það væri slík vísbending sem við þyrftum á að halda fremur en það skipti öllu máli hvort bankastjórnin sé fjölskipuð eða um einn aðalbankastjóra sé að ræða. Auðvitað þarf það ekki að þýða að menn geti ekki eftir sem áður lagt til grundvallar fagleg sjónarmið við ráðningu þeirra manna þótt þeir séu fleiri en einn. En hitt finnst mér aðalatriði, að menn hverfi frá þeirri löngu úreltu og niðurlægjandi hugsun, sem því miður er enn sprelllifandi eins og umræður undanfarna mánuði sanna, að bankastjórnir í a.m.k. ríkisbönkunum á Íslandi og ég tala nú ekki um Seðlabankanum, miðbankanum sjálfum, þar séu frá tekin sæti samkvæmt einhverjum kvótahlutföllum eða kvótaskiptingarreglu stjórnmálaflokka. Þetta er auðvitað niðurlægjandi og fyrir neðan allar hellur að við skulum enn standa í þeim sporum uppi á Íslandi árið 1993 að þetta sé bara rætt eins og sjálfsagður hlutur, að þessir menn séu eyrnamerktir flokkunum og ráðnir á grundvelli einhvers kvóta sem engin lög og engar reglur taka til, en séu bara eitthvert baktjaldafyrirkomulag sem tilteknir stjórnmálaflokkar hafi komið sér saman um.

Mér finnst það standa þeim mönnum næst, sem mikið hafa talað á undanförnum árum um spillingu og guð má vita hvað, að gera hreint fyrir sínum dyrum og útkljá þetta mál í eitt skipti fyrir öll, leggja niður þetta fáránlega skipulga og búa þannig um hnútana í lögum að um slíkt geti ekki verið að ræða, að það sé alveg á hreinu að í þessi embætti, þessi mikilvægu embætti sé ráðið á hreinum faglegum grundvelli eða bankalegum grundvelli. Ég hefði þess vegna talið að það þyrfti að mæla með mjög skýrum hætti fyrir um hæfniskröfur, jafnvel enn betur en gert er hér og er það þó framför hvernig um þetta er búið í þessum lögum, að einhvers konar stöðumat fari fram, hæfnismat fari fram, einhvers konar stöðunefnd fengi þarna lögskipað hlutverk og síðan væri til að mynda þannig um hnútana búið að næði hún samkomulagi um að raða mönnum upp, þá gilti hennar niðurstaða. Ef ekki yrði samkomulag mætti hugsa sér að þá kæmi til kasta ráðherra að skera úr. Svona fyrirkomulag er víða þekkt. Það má taka dæmi úr fjölmörgum fögum þar sem menn leysa ósköp einfaldlega þessi mál og tryggja að fagleg og eingöngu fagleg sjónarmið liggi til grundvallar ákvörðunum af þessu tagi með því m.a. að láta fara fram mat á faglegum grundvelli og röðun manna eftir starfsreynslu, menntun og öðru því um líku.

Ég hefði sem sagt lagt meira upp úr því hvað mig snertir ef þessi hugsun hefði verið lögð til grundvallar þeirri niðurstöðu sem um stjórnskipun bankans gilti heldur en kannski nákvæmlega því hvort þar yrði um að ræða einn aðalbankastjóra eða fjölskipaða bankastjórn. Ég tek það þó fram að ég er sammála þeirri skoðun sem fulltrúi Alþb. í nefndinni setti fram í sínu sérálíti að vænlegra væri að horfa til þess að hér yrði einn aðalbankastjóri. Mér skilst að hæstv. bankamálaráðherra hafi tekið undir það í dag í ræðu að til greina komi að skoða þetta og ég fagna því og hef ekki um það fleiri orð. Væntanlega kemur það þá til kasta hv. nefndar að líta betur á þessa hluti.

Þá langar mig aðeins að ræða um þetta á almennum nótum hvað varðar stöðu og styrk Seðlabankans og hlutverk hans, fyrst og fremst í ljósi þess að hér eru í gangi, hafa verið að gerast að undanförnu og eru framundan ýmsar mikilvægar breytingar í okkar gjaldeyrismálum og peningamálum sem augljóslega kalla á stóraukið mikilvægi eða hlutverk Seðlabankans á ýmsa lund. Þar nefni ég auðvitað sérstaklega þessa breytingu, þó að mönnu kunni að finnast það fyrst og fremst formbreyting, að hverfa alfarið frá því að hafa í lögum möguleika til íhlutunar í vexti og yfir í hreinar markaðslausnir til að halda jafnvægi í þeim efnum. Ég nefni frelsi í gjaldeyrisviðskiptum og gjaldeyrismarkað sem í undirbúningi er eða var síðast þegar ég vissi. Það væri fróðlegt að vita hvar það mál stendur svo að ekki sé nú minnst á hugmyndir um jafnvel ECU-tengingu krónunnar eða annað því um líkt sem til umræðu hefur verið á undanförnum mánuðum.

Ég hef um það miklar efasemdir að Seðlabankinn sé í stakk búinn til þess að mæta þessu hlutverki án nokkurs frekari undirbúnings eða aðgerða hvað stöðu hans snertir. Ég gæti sagt ýmislegt um tilfinningu mína fyrir því hvernig bankinn stendur faglega sem stofnun. Þar geta menn haft sín sjónarmið. Ég hef ekki verið í þeim hópi undanfarin ár sem hefur séð mikið grand í því að rægja Seðlabankann. Þar hafa aðrir gengið fram fyrir skjöldu í því að saka menn um blýantsnag eða að kenna þeim jafnan um allt sem miður hefur farið í efnahagsmálum okkar. Mér hefur satt best að segja fundist það heldur lágkúrulegur málflutningur hjá ýmsum ónefndum stjórnmálaforingjum að finna jafnan sökudólg þar sem Seðlabankinn var í einu og öllu, svo ekki sé nú minnst á þá menn sem riðu um landið og áttu sér það heitasta kosningamál að geta rekið einn af bankastjórum Seðlabankans um leið og þeir kæmust til valda sem síðan hefur að sjálfsögðu ekki orðið.

Um hitt ætla ég alls ekki að deila að ýmislegt hefði mátt betur fara í áherslum Seðlabankans á undanförnum árum. Ég hef oft verið ósammála því hversu litla áherslu bankastjórar Seðlabankans, bankastjórn eða bankaráð hafa lagt á það að reyna að ná niður vaxtastiginu hér á landi sem ég tel að sé og hafi verið einhver aðalmeinsemdin í efnahagslífi okkar. Raunvaxtastigið er allt of hátt og íslenskt efnahagslíf ræður ekkert við það, hvorki fyrirtæki né heimili. Segjum nú sem svo að þetta verði allt að veruleika hér á næstu mánuðum og til komi gjaldeyrismarkaður í kjölfar þess að allar hömlur eru aflagðar á viðskiptum með gjaldeyri. Þá reynir auðvitað á styrk Seðlabankans með allt öðrum hætti en fyrr. Sömuleiðis hlýtur það að vekja spurningar um gjaldeyrisforðann og efnahagslegan styrk Seðlabankans ef hann á í raun og veru að geta rækt hlutverk sitt í sínu nýja umhverfi. Ég var aðeins að reyna að skoða hvernig þau mál standa, t.d. borið saman við aðra banka. Það vekur athygli mína að í viðkomandi greinum frv. er lagt til að breyta nokkuð ráðstöfun hagnaðar Seðlabankans, m.a. með hliðsjón af því að minnka þann hlut sem gangi til ríkisins sjálfkrafa þangað til eiginfjárhlutfall Seðlabankans miðað við verga landsframleiðslu er komið upp í 6%. Nú stendur þannig á að það er ærið langt í land því að þetta hlutfall var og er væntanlega í kringum 2,5%. Ef ég hef reiknað rétt þá mun það hafa verið um 2,4% á árinu 1990. Í fskj. með frv. segir að það hafi verið 2,5% í árslok 1991 og er það næstlægsta á Norðurlöndum á eftir Finnlandi en hlutfallið er síðan mun hærra annars staðar á Norðurlöndunum, í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Ef skoðað er hlutfall eigin fjár Seðlabankans af innflutningi er það langlægst á Íslandi og meira að segja í því tilviki talsvert miklu lægra en í Finnlandi sem stafar auðvitað af því að innflutnings- og útflutningsverslun er miklu hærra hlutfall af landsframleiðslu á Íslandi en í Finnlandi.

Ég held þess vegna að það hljóti að þurfa að koma inn í umræðuna hvort ekki sé óhjákvæmilegt að Seðlabankinn styrkist ef hann á að geta ráðið við hlutverk sitt og mér er til efs að það sé í raun og veru skynsamlegt að opna fyrir þetta með þeim hætti sem menn hafa áformað í ljósi þess að Seðlabankinn er þó þrátt fyrir allt ekki meiri bógur en hann er. Samkvæmt síðustu ársskýrslu Seðlabankans fyrir árið 1991 var eigið fé hans í lok árs 1991 — ef ég kann að lesa rétt út úr þessum reikningum sem eru dálítið óvenjulegir, a.m.k. fyrir leikmann, — rúmir 9 milljarðar kr., þ.e. stofnfé og annað eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi 31. des. 1991 eru 9 milljarðar og 99 millj. kr. Ef þetta er svo borið saman við verga landsframleiðslu sem samkvæmt þjóðhagsáætlun rokkar einhvers staðar á bilinu 380–390 milljarðar árin 1991–1993 samkvæmt spá þá standa málin þannig að ef eitthvað er þá stendur eiginfjárhlutfallið svona. Það er um 2,5% miðað við verga landsframleiðsu. Gjaldeyrisvarasjóðurinn, sem hefur að vísu heldur drýgst undanfarin ár, er nú aftur á niðurleið og miðað við mikilvægi útflutnings- og innflutningsverslunar á Íslandi hljótum við að þurfa að gera, ef eitthvað er, heldur hærri kröfur um þau hlutföll en aðrar þjóðir. Mér sýnist það liggja í hlutarins eðli. Við þær aðstæður sem menn horfast í augu við í efnahagsmálum okkar þá taka menn ákvörðun um nánast allt á sama brettinu, að afleggja allar hömlur á viðskiptum með gjaldeyri, að taka upp gjaldeyrismarkað til að láta gengisskráningu krónunnar ráðast að einhverju leyti af þeim markaði og að afnema úr lögum síðustu beinar íhlutunarheimildir stjórnvalda, Seðlabankans og ríkisstjórnar, sem í raun og veru hefur ekki haft önnur lagaúrræði í þeim efnum fyrir hendi en þau sem verið hafa í lögum um Seðlabankann til að hafa

áhrif á peningamarkaðinn með t.d. beinum íhlutunum um vaxtastig.

Ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að um þetta hef ég því miður efasemdir. Ég vildi gjarnan að þessi mál væru svo traust og vel á vegi stödd í öllu tilliti hjá okkur að maður þyrfti ekki að hafa af því neinar áhyggjur að við værum tilbúin til að stíga svona skref því að hvort sem menn eru í hjarta sínu meira og minna sannfærðir um að þetta sé allt saman rétt fyrirkomulag pólitískt séð þá verður hinu auðvitað ekki á móti mælt að væntanlega er það farsælast fyrir okkur Íslendinga að búa við svipað fyrirkomulag í þessum efnum eins og nágrannaþjóðirnar gera, að breyttu breytanda eftir því sem við getur átt út frá okkar sérstöku aðstæðum. En þetta tel ég að þurfi að skoða. Ég er alls ekki sannfærður um að allar forsendur séu fyrir hendi til þess að stíga öll þessi skref samtímis.

Við horfumst í augu við það að okkur dugir ekki að viðhalda eða varðveita óbreytt ástand. Ég er alveg sannfærður um það að við Íslendingar verðum áfram í bullandi erfiðleikum og vaxandi erfiðleikum og kreppu ef við náum ekki stórfelldum árangri á næstu mánuðum eða missirum í því t.d. að taka vaxtastigið niður. Það liggur í hlutarins eðli. Þeir aðilar sem munu væntanlega blæða mest fyrir þetta háa vaxtastig á næstunni er ekki endilega atvinnulífið heldur fyrst og fremst heimilin og þá vitna ég til þeirra upplýsinga sem hafa komið fram um stórauknar skuldir heimilanna á undanförnum árum og ég vitna til minnkandi tekna heimilanna í landinu. Með auknu atvinnuleysi og minni yfirvinnu minnka ráðstöfunartekjur. Greiðslubyrðin þyngist einnig úr þeirri áttinni. Þetta eru allt saman alvöruhlutir sem við þurfum að horfast í augu við og skipta máli þegar rætt er um þetta nýja hlutverk Seðlabankans. Mér finnst að menn láti eins og allt sé í raun og veru í fínu lagi, þetta sé allt á beinni braut og við séum tilbúin til að stíga áframdhaldandi skref í þessa átt að láta alla þessa hluti ráðast á markaði sem þrátt fyrir allt er tæpast til nema rétt að nafninu til á Íslandi.

Hæstv. forseti. Ég gerði það til gamans að taka með mér síðasta hefti af Fjármálatíðindum þar sem sjálfur nestorinn, Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, er að fjalla svolítið um ástandið og horfurnar. Kannski fer ekki illa á því undir lokin í umræðunni að vitna svolítið til þess ágæta manns um hvern hefur gengið út sá boðskapur að muni láta af embætti sínu á árinu. Í forustugrein í Fjármálatíðindum ræðir formaður bankastjórnar Seðlabankans m.a. um vaxtastigið og horfurnar fram undan hjá okkur Íslendingum. Hvað heitir nú greinin? Hún heitir „Þungur róður." Fyrst er vikið að því í II. kafla greinarinnar að sl. áratugur hafi skilið eftir sig mörg vandamál, einkum vegna óarðbærrar fjárfestingar og skuldasöfnunar sem hefur orðið þungbærari með hækkandi raunvöxtum. Vissulega rétt. Vaxtaþróunin hefur hins vegar fyrst og fremst ráðist af hallarekstri ríkissjóðs og skuldasöfnun heimilanna sem að verulegum hluta hefur orðið fyrir milligöngu hins opinbera húsnæðislánakerfis. Það er a.m.k. ekki við Seðlabankann að sakast samkvæmt þessu, það er alveg ljóst, enda heldur sá á penna sem viðurkenndi það líklega seint að þeir hefðu í einhverju brugðist hlutverki sínu.

Í IV. kafla greinarinnar er svo komið aftur að þessum aðstæðum. Meðal annars er talað um atvinnuástandið og það að margir kalli á skjótvirkari ráðstafanir til að auka atvinnu. Segir svo áfram, með leyfi forseta: „...en þar er raunverulega ekki um aðra kosti að velja en auknar opinberar framkvæmdir sem fjármagnaðar væru með peningaþenslu og erlendu lánsfé. Þótt eflaust mætti draga nokkuð úr atvinnuleysi í bili með aðgerðum af þessu tagi gætu þær orðið þjóðarbúinu dýrkeyptar þegar fram í sækir."

Ég sé ekki annað en að hér sé dómarinn mikli að láta öxina falla og dæma til dauða allar hugmyndir sem uppi hafa verið í þjóðfélaginu um það að reyna m.a. að sporna gegn kreppunni með atvinnuskapandi aðgerðum. Þær eru bannaðar samkvæmt þeirri stefnu sem nú ríkir í Seðlabankanum vegna þess m.a. að þær gætu valdið peningaþenslu. Það er ljótt orð. Svo kemur enn magnaðri kafli því að svo segir:

„Sannleikurinn er sá að háu atvinnustigi hefur verið haldið uppi hér á landi um langt skeið með hallarekstri ríkissjóðs og skuldasöfnun erlendis. Og þótt tekist hafi að draga verulega úr ríkissjóðshallanum á árinu 1992 og aðhaldssöm fjárlög verið samþykkt fyrir árið 1993 hefur skuldabyrði ríkisins og annarra opinberra aðila haldið áfram að þyngjast bæði innan lands og utan. Þannig benda nýjustu áætlanir til þess að hlutfall erlendra skulda af landsframleiðslu verði komið yfir 60% í lok ársins 1993 sem er um 50% hærra hlutfall en fyrir 5 árum."

Hér talar sá sem valdið hefur og þetta verður varla lesið öðruvísi en þannig að í raun og veru höfum við búið hér við falskt atvinnuástand um langt árabil eða undanfarin ár og í raun og veru hefði átt að vera miklu meira atvinnuleysi hér til þess að allt væri með felldu. Þetta er kannski dálítið harkaleg túlkun á textanum en það getur hver lesið hann fyrir sig. Ég verð að segja alveg eins og er að ekki óx mér bjartsýni við að fara yfir þetta og sjá hvernig þeir í Seðlabankanum skilgreina vandann um þessar mundir. Að vísu er viðurkennt í greininni að lokum að við séum stödd í vítahring skuldasöfnunar og hárra vaxta. Það er auðvitað hverju orði sannara.

Ég held þess vegna að einkunnin sem hægt er að gefa ástandinu eftir þetta árabil frjálsra vaxta sé ekki mjög góð. Manni verður á að spyrja sig þó það sé kannski óskaplega gamaldags: Var þetta þá þrátt fyrir allt svo djöfullegt á meðan þessum málum var öðruvísi komið fyrir? Er reynslan af því að öllu leyti góð miðað við okkar íslensku aðstæður að reyna að láta hreinar markaðslausnir á markaði, sem er þó tæplega til, ráða m.a. vaxtastiginu og jafnvægisstilla helstu stærðir efnahagslífsins? Ég hef stórkostlega miklar efasemdir um það að íslenski Seðlabankinn geti strax á næstu mánuðum eða innan skamms eftir að lög þessi taki gildi með útgáfu bréfa og ákvörðun vaxta í millibankaviðskiptum haldið þessum hlutum öllum í góðu lagi. Auk þess held ég að það þurfi að fara ákaflega varlega og undirbúa þær breytingar vel, þar á meðal að

efla Seðlabankann ef hann á þá á annað borð að fá þetta hlutverk einn og óstuddur.

Hæstv. forseti. Ég á þess væntanlega kost að skoða þetta mál betur í þeirri þingnefnd sem fær það til umfjöllunar, hv. efh.- og viðskn., og ætla að nýta mér það tækifæri og stytta hér mál mitt með tilliti til þess, líka með hliðsjón af því að það líður nú að hefðbundnum matmálstíma. Enda þótt ég hafi ekki valið mér þau örlög sjálfur að þurfa að flytja mál mitt á þessum tíma sólarhringsins þá ætla ég að taka tillit til þess að það er ekki mjög vinsælt að halda uppi fundahöldum þegar svo er komið og ég læt þetta því nægja að sinni.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls við 1. umr. um seðlabankafrv. Í máli þeirra hafa komið fram ýmsar athugasemdir og ábendingar sem ég er viss um að hv. efh.- og viðskn. mun taka til gaumgæfilegrar skoðunar.

Ég ætla fyrst að víkja nokkrum orðum að því sem kom fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. Mér þótti athyglisvert að ólíkt hv. 8. þm. Reykn. taldi hv. 4. þm. Norðurl. e. engan skort á stjórntækjum í Seðlabankanum miðað við það frv. sem hér liggur fyrir. Þar fór þeim gerólíkt, hv. 8. þm. Reykn. og hv. 4. þm. Norðurl. e.

Ég get verið hv. 4. þm. Norðurl. e. sammála um að það er mikill vandi að ná niður raunvöxtunum við þau skilyrði sem við búum nú við. Segja má að það sé einn helsti tilgangur þessa frv. að finna þau stjórntæki sem koma á betra jafnvægi á lánamarkaðnum við lægra vaxtastig við skilyrði lágrar verðbólgu eða helst stöðugleika í verðlagi. Þetta er sú þraut sem flestum ríkjum hefur gengið illa að glíma við. Ég vil hins vegar vara hv. 4. þm. Norðurl. e. við því að draga ályktanir af því hvort frjálsræðið í vaxtamálum muni duga miður eða betur út frá þeim árum sem liðin eru frá því að það var innleitt hér. Svo vill til að það er einmitt tíminn sem fellur saman við efnahagslægð, eina þá lengstu sem hefur gengið yfir heimsbúskapinn á seinni tímum og reyndar enn lengri í þjóðarbúskap okkar. Ég vil láta í ljós þá skoðun að þar hafi margt tekist vel þótt sumt megi betur fara. Það er einmitt megintilgangur þessa frv. að finna betri lausnir. Ég treysti þess vegna á gott samstarf við hv. efh.- og viðskn. að fjalla ítarlega um þau mál sem hér hefur borið á góma.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. vék nokkuð að bankaeftirlitinu. Ég vek athygli á því að nefndin sem samdi frv. var sammála um að það væri skynsamleg stefna við aðstæður okkar að hafa bankaeftirlitið hluta af Seðlabankanum. Það er reyndar rétt eins og kom fram í máli hv. þm. að það er sú þróun sem er að verða í löndunum sem við lítum oftast til. Þar hafði áður ríkt eins konar sjálfstæðishreyfing fyrir bankaeftirlitið. En menn eru svo komnir að þeirri niðurstöðu að það sé heppilegast að tengja það við þá stofnun sem hefur yfirumsjón með lánamarkaðnum, Seðlabankann, og það á áreiðanlega við okkar fámennisskilyrði. Mjög oft er kvartað yfir hátimbruðum yfirbyggingum í þjóðarbúskap okkar, ekki síst í Seðlabankanum. Ég tek heils hugar undir það sem kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að Seðlabankinn hefur oft og tíðum verið ómaklega gagnrýndur á liðnum árum. Sannarlega er ég ekki í hópi þeirra manna sem hafa vegið að honum. Ég tel þvert á móti að það sé einmitt stofnun sem við þurfum núna að efla.

Þá kem ég að því sem kom fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. um stjórnarfyrirkomulagið. Auðvitað er rétt að það er aðalatriðið að fagleg sjónarmið ráði þegar menn eru skipaðir í æðstu stöður og auðvelt er að taka undir það að það skiptir meira máli en fjöldi starfsmannanna. Þar er náttúrlega við það sama að fást og ég nefndi áðan að við megum ekki hlaða upp allt of mikilli yfirstjórn. Þess vegna tel ég að það eigi að kanna það vandlega í hv. efh.- og viðskn. hvort komast megi af með færri menn í æðstu stjórn bankans. Ég get tekið undir það að það sé tillaga sem vel megi ræða hvort einn aðalbankastjóri sé rétt fyrirkomulag. Ég bendi þó á að ég valdi þann kost að flytja inn á þingið óbreytta málamiðlun nefndarinnar sem frv. samdi. Ég tek það fram að ég tel það einmitt eðlilegt að þetta álitamál verði sérstaklega kannað af þingnefndinni áður en hún skilar nefndaráliti sínu.

Um stöðu og styrk Seðlabankans, þá er það alveg rétt ábending hjá hv. þm. að eiginfjárstaða Seðlabankans þyrfti að vera sterkari. Þess vegna er frv. einmitt svo úr garði gert sem raun ber vitni. Þar er beinlínis sett það markmið að meira en tvöfalda eiginfjárstöðuna á nokkrum næstu árum í hlutfalli við þjóðarframleiðsluna. Þetta er nauðsynlegt til þess að mynda sterkari bakhjarl fyrir frjálsræði í viðskiptum til þess að Seðlabankinn geti gegnt sínu hlutverki og líka til þess að losna út úr bindiskylduvandanum sem hefur lengi loðað við bankakerfi okkar. Þetta er hins vegar mál sem hlýtur að taka nokkurn tíma og þar verður líka að taka tillit til fjárhagssjónarmiða ríkissjóðs sem hefur notið verulegra tekna af rekstrarafgangi Seðlabankans. Ég er sammála hv. þm. um að það er mjög mikilvægt að stofnunin verði efld um leið og aukið frjálsræði er veitt í gjaldeyrisviðskiptum og milliríkjaviðskiptum yfirleitt og á fjármagnsmarkaði.

Kannski má segja það að nær allir þeir sem hér hafa talað hafi mælt með því að auka sjálfstæði Seðlabankans. Þar má kannski undanskilja hv. 1. þm. Norðurl. v. Allir aðrir töluðu um það sem æskilegt markmið. Ég tel að það sé í samræmi við þá almennu skoðun að aukið sjálfstæði Seðlabanka geti leitt til þess að það gangi betur en ella að halda verðbólgunni í skefjum. En einmitt vegna orða hv. 1. þm. Norðurl. v. finnst mér rétt að við reynum aðeins að skilgreina nánar hvað átt er við með sjálfstæðum seðlabanka. Í mínum huga er það fyrst og fremst það að sjálfstæðri stofnun sé falið að móta stefnu í peningamálum sem hefur það markmið að tryggja lága verðbólgu. Þannig verður sjálfstæði bankans aukið gagnvart ríkisstjórninni hverju sinni í hinni daglegu stjórn peningamála. Hér er fyrst og fremst um breytta verkaskiptingu að ræða, en ekki breytingu á valdahlutföllum.

Það er þetta sem ég á við þegar ég tala um sjálf-

stæðan seðlabanka en alls ekki að hann verði eitthvert ríki í ríkinu sem geti farið sínu fram án tillits til skoðana lýðræðislega kjörinna fulltrúa þjóðarinnar. Á sama tíma og dregið væri úr daglegum áhrifum ríkisstjórnar á mótun og framkvæmd stefnu í peningamálum finnst mér mjög mikilvægt að styrkja samtímis önnur tengsl Seðlabankans og almannavaldsins, t.d. með því að auka vald og verksvið hins þingkjörna bankaráðs, t.d. með því að auka upplýsingaskyldu og samskipti Seðlabankans við þingið. Þetta er sú áherslubreyting sem er meginstefna. þessa frv. Ég fagna því að ýmsir, m.a. hv. 4. þm. Norðurl. e., fögnuðu því þegar frv. kom fram og töldu það horfa til þess að færa starf Seðlabankans í nútímalegra horf.

Ég held að það sé yfirleitt ekki lengur um það deilt að sjálfstæður seðlabanki getur átt veigamikinn þátt í því að halda verðbólgu í skefjum. Spurningin er hins vegar hvernig hægt er að færa sönnur á þetta og rök fyrir því. Mig langar í þessu sambandi að benda á að í tímariti Alþjóðabankans um rannsóknarniðurstöður birtist í lok liðins árs greinargerð um rannsóknir þriggja fræðimanna í Alþjóðabankanum og við Tel Aviv háskólann í Ísrael. Þeir höfðu einmitt kannað tölfræðilega samhengið milli sjálfstæðis seðlabanka á eina hlið og verðbólgu á hina. Við þessa rannsókn kom skýrt í ljós að meðal iðnríkjanna var alveg öruggt tölfræðilega marktækt samband milli sjálfstæðis seðlabanka og lágrar verðbólgu. Þeir litu reyndar ekki einungis á lögbókina heldur skyggndust líka svolítið bak við hana um það hvernig sjálfstæði seðlabankans væri háttað í reynd. Þessi ransókn náði til margra ríkja, allra iðnríkjanna, auk þess til 50 þróunarríkja eða rúmlega það. Rannsóknin náði yfir langan tíma, alveg frá sjötta áratugnum til loka þess níunda.

Þessi rannsókn, sem á margan hátt er mjög merkileg, styður meginstefnu þessa frv. Ég vil taka það fram að það er ekkert sem segir að aukið sjálfstæði Seðlabankans þýði í sjálfu sér aukna áherslu á markaðslausnir þótt mjög margir sem eru fylgjandi sjálfstæðum seðlabanka séu um leið markaðshyggjumenn. Sannleikurinn er auðvitað sá að hér er fyrst og fremst um það að ræða að búa miðstjórn peningamálanna í landinu þeim tækjum sem duga til þess að koma fram því meginmarkmiði sem bankanum er falið með lögum, eins og hér er gerð tillaga um, stöðugu verðlagi.

Ég vil að endingu, hæstv. forseti, ítreka það sem fram kom hjá mér hér áðan að ég þakka þær ábendingar sem fram hafa komið í umræðunum. Ég er viss um að hv. efh.- og viðskn. mun kanna þær og aðrar sem fram kunna að hafa komið um þetta mál við sína yfirferð á málinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–7. dagskrármál.

Fundi slitið kl. 7.37 síðdegis.

---

141. FUNDUR

miðvikudaginn 24. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 312. mál, þskj. 501. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 440. mál, þskj. 749. — 1. umr.

3. Tvíhliða samningur við Evrópubandalagið, þáltill., 303. mál, þskj. 472. — Fyrri umr.

4. Veiðiheimildir í lögsögu annarra ríkja, þáltill., 267. mál, þskj. 357. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.,
Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Útbýting þingskjala:

Bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi, 451. mál, þskj.776.

Hjúskaparlög, 273. mál, þskj. 777.

Norræni fjárfestingarbankinn, 454. mál, stjfrv., þskj. 790.

Skipulagslög, 455. mál, stjfrv., þskj. 791.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti upplýsa að hér mun fara fram utandagskrárumræða kl. 3.30. Hún fer fram að beiðni hv. 4. þm. Suðurl., Margrétar Frímannsdóttur, og er efni umræðunnar lokuð deild sem vistunarúrræði fyrir síbrotaunglinga og hugmyndir félmrh. um hækkun á sjálfræðisaldri.

Þá vill forseti jafnframt minna á að samkvæmt dagskrá vikunnar er gert ráð fyrir ef á þarf að halda fundi milli kl. 6 og 7 í dag.

Forseti vill geta þess sérstaklega vegna þeirra tæknivandkvæða sem urðu hér í gær við atkvæðagreiðslur að þau stöfuðu af svokallaðri „statik“ í salnum sem var óvenjumikil í gær, m.a. vegna hins þurra lofts sem fylgir kuldanum þessa daga. Þess vegna skapaðist mikil spenna og rafmagnað loft með neistaflugi hér á ráðherrabekkjum, einkum hægra megin við forseta, svo að þrjú atkvæðagreiðslutæki slógu út. Þetta er nú sagt í eiginlegri merkingu þeirra orða varðandi neistaflugið. (**Gripið fram í:** Hjá hvaða ráðherra var mest neistaflug?) Það er óupplýst hvaðan sú spenna kom upphaflega en þurra loftinu mun það kenna. En forseti vildi láta þessa getið að það var ekki sjálft tölvukerfið held-

ur þessi ástæða sem ... Forseti sér ekki ástæðu til að slá í bjölluna þegar svona skemmtilegur tónn ríkir hér í salnum, þó kannski hefði verið ástæða til — en það verður sem sagt reynt að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir svona framvegis.

Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 312. mál (heildarlög). — Þskj. 501.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónS, JVK, JJ, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, ÖS.

19 þm. (BBj, EgJ, FI, FrS, HÁ, HBl, JóhS, JHelg, JónK, KSG, MF, RA, RG, SighB, StG, SvG, VE, ÞorstP, ÞÞ) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, JJ, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, ÖS.

17 þm. (BBj, FI, FrS, HÁ, HBl, JóhS, KSG, MF, PP, RA, RG, SighB, StG, SvG, VE, ÞorstP, ÞÞ) fjarstaddir.

Evrópskt efnahagssvæði, 1. umr.

Stjfrv., 440. mál (brottfall ákvæða er varða Sviss). — Þskj. 749.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993. Þetta frv. er stutt. Það er þrjár greinar, einfalt að efni og óþarfi að orðlengja mikið um það.

Með frv. er leitað eftir samþykki Alþingis fyrir því að fullgilda þrjár bókanir sem breyta samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og tveimur fylgisamningum hans vegna þess að Svisslendingar ákváðu að gerast ekki aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Jafnframt er kveðið á um að breytingar á meginmáli EES-samningsins skuli öðlast lagagildi í samræmi við lög nr. 2/1993. Framangreindar bókanir gera ráð fyrir því að EES-samningurinn öðlist gildi 1. júlí 1993. Til þess að það megi verða þurfa þing allra aðildarríkja að samþykkja samninginn fyrir þann tíma og breytingar á honum. Á þessari stundu getur enginn fullyrt um það hvort það tekst, en sameiginlegar pólitískar yfirlýsingar samningsaðilanna allra hníga að því. Ef fullgilding dregst hjá einhverju aðildarríki er ekki líklegt að það verði meira en fáeinir mánuðir. Mundi þá gildistaka samningsins frestast sem því næmi.

Eins og margoft hefur verið rætt hér á Alþingi, þá kallaði brotthvarf Sviss frá EES-samningnum á breytingar á honum í samræmi við ákvæði samningsins sjálfs. Niðurstaða þessa máls nú er nákvæmlega sú hin sama og samningurinn gerði ráð fyrir og ég lýsti eftir að EES-samningurinn var felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu í Sviss. Gagnvart Íslandi eru breytingarnar þessar:

1. Gildistaka EES-samningsins frestast.

2. Sviss verður ekki aðili að Evrópska efnahagssvæðinu.

3. Þátttaka Liechtensteins frestast eitthvað þar til búið er að ganga frá samningum við Sviss vegna tollabandalags landanna.

4. Formleg þátttaka Íslands í rammaáætlun Evrópubandalagsins og skyldum áætlunum frestast um nokkra mánuði fram yfir gildistöku samningsins af tæknilegum ástæðum þótt það hafi ekki áhrif á þátttöku í viðkomandi nefndum.

5. Framlag Íslands í þróunarsjóð getur hækkað um allt að 17 millj. kr. á fimm árum eða samtals um 85 millj. kr. þótt ekki sé unnt að slá því föstu að til þeirrar hækkunar komi í reynd.

Við samningu þessa frv. hefur verið reynt að taka tillit til allra fram kominna óska stjórnarandstöðu um þingmeðferð þess.

1. Þetta mál er flutt sem lagafrv. en ekki sem þál. Einfaldast hefði verið að velja þingsályktunarleiðina sem er hin venjulega leið þegar milliríkjasamningar eiga í hlut. Þar sem breytingarnar sem gerðar eru á meginmáli EES-samningsins hafa engin bein réttaráhrif hefði sú leið verið vel fær. Forustumenn stjórnarandstöðuflokkanna hér á þingi fóru fram á það að þetta yrði í formi lagafrv. og ég sá engin vandkvæði á að verða við þeirri ósk.

2. Þetta frv. er flutt sem stjfrv. en ekki þingmannafrv. meiri hluta utanrmn. sem kom til álita. Þessi hugmynd kom upp þar sem utanrmn. hefur haft málið lengi til umfjöllunar, fjallað um það á tugum funda og þekkir væntanlega vel til málsins. Meiri hluti nefndarinnar flutti brtt. á frv. ríkisstjórnarinnar í vetur. Flutningur þessa frv. hefði verið eðlilegt framhald af þeirri vinnu. Vegna óska stjórnarandstöðuflokkanna var sú leið þó ekki valin.

3. Lögð var mikil áhersla á að koma þessu máli sem fyrst til þingmanna. Frv. var dreift strax næsta dag eftir undirritun viðkomandi bókana í Brussel.

Virðulegi forseti. Ég vona að þessi meðferð málsins hér á þingi verði til að auðvelda framgang þess í þinginu. Að svo mæltu legg ég til að frv. verði vísað til hv. utanrmn. og 2. umr.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hæstv. utanrrh. að það er út af fyrir sig ekki ástæða til að hafa langt mál

um þetta frv. sem slíkt. Hér er um tæknilegar breytingar að ræða þó að efnisbreytingar felist einnig í því, t.d. um gildistöku EES-samningsins og sömuleiðis um sjóð þann sem settur er á fót til aðstoðar vanþróaðri löndum í hinu Evrópska efnahagssvæði.

Mikilvægara er raunar að undirbúa okkur undir þá ákvörðun sem meiri hlutinn hefur tekið að Íslendingar gerist aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði. Við erum mjög vanbúnir undir það og mætti reyndar hafa um það mjög langt mál. Einnig er áreiðanlega orðið afar tímabært að marka stefnu til lengri frambúðar. Hvað ætlum við Íslendingar að gera þegar hið Evrópska efnahagssvæði leysist upp? Vísa ég í því sambandi til þeirrar till. til þál. sem er 3. mál á dagskrá þessa fundar. Það er áreiðanlega orðið afar tímabært að Alþingi marki þá stefnu sem vissulega hefur komið fram í orðum m.a. hæstv. forsrh. að gengið verði til tvíhliða samninga við Evrópubandalagið. Ég held að afar þarft sé að marka þá stefnu sem fyrst til að eyða þeirri óvissu sem virðist ríkja í þjóðfélaginu og þeim vangaveltum sem heyrast jafnvel frá einstöku þingmönnum að rétt sé að sækja um aðild að Evrópubandalaginu.

Ég tel það því langtum mikilvægara og stærra mál og hefði satt að segja kosið að við hefðum haft tækifæri til að ræða það hér á Alþingi fyrr þannig að það lægi fyrir hvaða framhald Alþingi vill að verði á þessum málum.

En svo að ég snúi mér aðeins að því frv. sem hér liggur fyrir, þá vil ég í fyrsta lagi þakka það að hæstv. utanrrh. varð við beiðni minni hluta stjórnarandstöðunnar í utanrmn. að flytja þetta sem stjfrv. Við töldum það raunar sjálfsagt miðað við mikilleik málsins að öllu leyti og það sem á undan er gengið og ekki síst líka vegna þess að að sjálfsögðu hafa hæstv. utanrrh. og hans menn haft veg og vanda af því að gera þann samning sem hér liggur fyrir um viðbótarbókun.

Ég met einnig að ekki varð úr þeirri, ég vil segja, fáránlegu hugmynd að flytja þetta sem þál. Hér er um að ræða breytingu á lögum sem Alþingi hefur samþykkt og breyting verður ekki ákveðin með þál. á Alþingi svo að það er sem betur fer meiri formfesta á þessu en horfði um tíma.

Ég sagði áðan að það væru ýmsar tæknilegar breytingar vegna brotthvarfs Sviss sem ég ætla út af fyrir sig ekki að ræða. Þeir leiða nokkuð af sjálfu sér. Ég vek þó athygli á því að þeir menn sem höfðu staðið í þessum samningum höfðu kosið að fara nokkuð ítarlega í gegnum samninginn og ýmislegt sem honum fylgir og breyta þar grein fyrir grein í stað þess að setja inn eina almenna grein sem gilti fyrir allt saman og ég tel það vera betri vinnubrögð heldur en hin síðari. Hins vegar virðist enn ríkja töluverð óvissa í sambandi við þann sjóð sem settur er á fót. Að vísu er fallist á að sjóðurinn verði í tölum sá sami og var, þ.e. að heildarupphæð lána verði 1.500 millj. ECU og styrkir 500 millj. ECU. Hins vegar er talið líklegt að lækkun vaxta af því fjármagni sem lagt er í þennan sjóð verði minni en áður var gert ráð fyrir og þetta þýði að framlag Íslands hækki úr 68 millj. í allt að 85 millj. kr. á ári. Ég get viðurkennt það að ég sé eftir þessum fjármunum þó að þeir þyki kannski ekki stórir í svona máli og mér þykir að satt að segja að ekki veitti af að veita slíkum fjármunum í þróunaraðstoð hér á okkar eigin landi eins og nú er ástatt í efnahagsmálum. Það veitti ekki af að veita slíkum peningum í nýsköpum á íslensku atvinnulífi eða til að aðstoða íslenskt atvinnulíf í afar nauðsynlegri hagræðingu. Reyndar hlýtur sú spurning að vakna eins og stefnir nú og greinilega hefur komið fram í umræðum á Alþingi hvort við ættum ekki öllu frekar að verða fljótlega þiggjendur úr þessum sjóði heldur en gefendur, því miður. Ég sé ekki betur en með þeim vinnubrögðum eða vinnubragðaleysi sem ríkisstjórnin hefur nú í hávegum og byggist á stefnu hennar um afskiptaleysi, þá stefni hér í öllu meiri vandræði en víðast hvar í Evrópu. Ég hlýt því að segja það að ég sé eftir þessu fjármagni og tel að því væri í okkar þágu langtum betur varið hér innan lands.

Síðan er það annað efnisatriðið sem er sú tímasetning sem nú er gefin upp fyrir gildistöku EES-samningsins. Hér er stefnt að því að það verði 1. júlí, en hins vegar er sá varnagli að þetta kunni að dragast og skuli það vera 1. þess mánaðar sem fylgir endanlegri samþykkt, enda hafi hún legið fyrir a.m.k. hálfum mánuði áður. Ég held satt að segja að það sé varla sá maður sem talar um þetta af fullri ábyrgð sem láti sér detta í hug að gildistakan verði 1. júlí. Bæði á samningurinn í heild sinni eftir að fara í gegnum fjöldann allan af þjóðþingum og það eru víða miklar blikur á lofti og sömuleiðis á að sjálfsögðu þessi viðbótarsamningur eftir að fá samþykki þjóðþinga. Mér sýnist allt benda til þess að samþykkt þessa samnings geti dregist til næstu áramóta og er kannski lítið um það út af fyrir sig að segja nema þá helst það að mér sýnist að hér sé helst bent á aðild að hinu Evrópska efnahagssvæði sem eins konar bjarghring og jafnvel eina bjarghringinn fyrir íslenskt atvinnulíf. Og það er afar illt ef við ætlum að sitja hér með hendur í skauti og vísa atvinnulífinu á hið Evrópska efnahagssvæði. Ég vil að vísu taka það fram að ég held að sá bjarghringur muni reynast alveg sérstaklega haldlítill vegna þess hvernig staðan er í efnahagsmálum okkar Íslendinga og staða atvinnuveganna er. Ég óttast hins vegar að ef ríkisstjórnin ætlar sér að sitja aðgerðarlaus og eins og ég sagði vísa á hið Evrópska efnahagssvæði, þá er það tálvon ein. Og kannski því verri sem lengra dregst að þessu leyti. Ef hins vegar við tökum nú til hendi og styrkjum hið íslenska atvinnulíf, leggjum í markvissar aðgerðir, náum hér þjóðarsátt, ráðumst að ýmsum þeim meinum sem öllum eru að verða ljós að hér fara vaxandi, þá má vel vera að þessi lengri frestur sem við fáum verði okkur til góðs og hann gæti orðið til þess að við Íslendingar gerumst aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði á árinu 1994 betur undir það búnir heldur en við erum í dag. Ég veit ekki hvort rétt er að spyrja hæstv. utanrrh. um hugmyndir hans í þessum efnum. Það væri nær að spyrja hæstv. forsrh. sem ekki er hér staddur en væntanlega fáum við tækifæri til þess fljótlega.

Aðeins til að draga þetta saman. Ég tek undir það

með hæstv. utanrrh. að samningurinn eða þessi bókun er út af fyrir sig smáatriði eitt. En það er allt sem í kringum þetta er, kringum inngöngu okkar í Evrópska efnahagssvæðið er. Aðstaða okkar til að taka þar þátt er stóra málið og í öðru lagi framhaldið. Ég vona að tillaga um tvíhliða samning komi hér á dagskrá, ef ekki í dag þá örugglega á morgun og við getum þá rætt um málið mjög vandlega. Ég geri mér vonir um miðað við yfirlýsingar hæstv. ráðherra að hún fái byr í gegnum þingið og eyði þá töluverðu af þeirri óvissu sem við búum við í dag, en það eitt er samt ekki nóg. Við verðum að taka til hendi og styrkja atvinnuvegi okkar Íslendinga, draga úr atvinnuleysinu og vinna okkur sjálfir út úr þeim vanda sem við erum í í dag eins og við höfum gert svo oft áður.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Snemma á þessu ári birtist viðtal við hæstv. utanrrh. í DV. Það var *hátíðarviðtal* í laugardagsútgáfu blaðsins. Þar var margt fróðlegt að finna. M.a. gaf hæstv. utanrrh. það mjög rækilega til kynna að hann væri reiðubúinn að verða forsrh. fljótlega, hefði betur hugað að því sumarið 1991 og horfir nú frekar illa með það á næstunni, en í þessu viðtali kom m.a. fram að hæstv. utanrrh. var orðinn leiður á EES, mjög leiður á EES, tók satt að segja meira upp í sig um það efni heldur en flest annað í þessu viðtali, hundleiður á EES. Samt er þetta nú vonarneistinn sá eini sem ríkisstjórnin hefur boðað þjóðinni, en ráðherrann er orðinn mjög leiður á þessum vonarneista.

Það skinu út úr hæstv. ráðherra áðan leiðindin yfir þessu máli og rökin fyrir hinni stuttu framsöguræðu voru mjög skrýtin. Þau voru aðallega þau að þetta væri stutt frv., bara fáeinar greinar. Ég held að ég muni það nú rétt, hæstv. ráðherra, að frv. um EES var ekki mikið lengra. Samt tókst ráðherranum að flytja hér held ég tveggja klukkustunda glæsiræðu þegar hann mælti fyrir því frv. Lengd frv. segir því ekki mikið, hæstv. ráðherra, um mikilvægi efnisins eða er það ekki rétt munað hjá mér, hæstv. ráðherra, að sjálft EES-frv. hafi verið svona álíka langt, gott ef ekki bara færri orð? (**Utanrrh.:** Lengd ræðunnar segir líka lítið.) Það er út af fyrir sig rétt og hefði þessi stutta ræða hæstv. utanrrh. verið í sama klassa og Gettysborgarávarpið hjá Lincoln, þá var auðvitað ekki ástæða til þess að fara um það þeim orðum sem ég gerði hér, en því miður komst þessi framsöguræða hvergi nálægt Gettysborgarávarpinu, hæstv. utanrrh. En það er út af fyrir sig rétt að gæði ræðu eru oft ekki mæld í lengdinni.

Ég segi þetta nú hér í upphafi vegna þess að ég hélt satt að segja að hæstv. utanrrh. mundi nota þetta tækifæri til þess að flytja þinginu og þjóðinni nokkrar frásagnir af því hvar samskipti Íslands og EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið eru á vegi stödd. Ég tel það vera skyldu ráðherrans að fjalla nokkuð um það í þessum umræðum. Ég minni á það t.d. að rétt áður en við gengum í þingsalinn flutti Ríkisútvarpið þau tíðindi að í dag mundi Evrópubandalagið birta mat sitt á aðildarumsókn Noregs. Jafnframt birti Ríkisútvarpið fréttir af því að Spánn væri kominn með nýja kröfugerð í garð sjávarútvegs Norðmanna og ætlaði sér mikinn í nýrri kröfugerð í þeim efnum. Síðustu vikur hafa verið frásagnir af sífelldri kröfugerð ýmissa ráðherra Evrópubandalagsins, m.a. ef ég man rétt sjútvrh. Breta um það að EFTA-ríkin, sérstaklega Ísland og Noregur, ættu nú að fara að greiða Evrópubandalaginu í formi réttinda EB á sviði sjávarútvegsmála ýmsa nýja tolla. Það er nefnilega þannig að þrátt fyrir það að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði hafi verið samþykktur í ýmsum aðildarríkjum þess svæðis, þó hvergi nærri öllum, það er nú eitt sem einkennir þetta mál, ég held að það sé rétt munað hjá mér að það séu í hæsta lagi fjögur aðildarríki Evrópubandalagsins sem núna eru búin að samþykkja EES-samninginn, kannski fimm, þá er allt þetta mál upp í loft. Þegar ég segi mál, þá á ég við samskipti Íslands við Evrópubandalagið til frambúðar. Það mál er satt að segja meira upp í loft en það hefur verið um langan tíma. Þess vegna átti ég von á *því að hæstv. ráðherra mundi* segja a.m.k. nokkur orð varðandi þessa stöðu og mat sitt á því hvaða afleiðingar hin nýja kröfugerð, sem er tvímælalaust komin fram innan Evrópubandalagsins í sjávarútvegi með ýmsum hætti, hefur á samskipti Íslands við Evrópubandalagið og á þróun Evrópska efnahagssvæðisins, en það var ekki neitt slíkt að finna í ræðu hæstv. ráðherra heldur bara almenn orð um að þetta væri nú frekar ómerkilegt, þetta væri stutt frv. og lítið í því o.s.frv.

Hins vegar er það óhjákvæmilegt, hæstv. ráðherra, að líta aðeins á stöðuna nú þegar málið kemur til þingsins aftur. Það er hins vegar skiljanlegt að það var augljóst að hæstv. ráðherra hafði mjög lítinn áhuga á því að hann kæmi með málið til þingsins. Það var greinilegt. Það hafði verið ákveðið á vettvangi ríkisstjórnarflokkanna að best væri að biðja hv. þm. Björn Bjarnason, Geir Haarde, Láru Margréti Ragnarsdóttur, kannski Rannveigu Guðmundsdóttur og nokkra aðra þingmenn að koma með þetta mál hérna til þingsins. Utanrrh. taldi það greinilega mikilvægt að hann kæmist hjá því að koma með þetta mál til þingsins. Það fannst okkur sumum dálítið merkilegt að hæstv. utanrrh. eftir allt það sem hann hefur sagt um Evrópska efnahagssvæðið, eftir allar yfirlýsingar hans um nauðsyn þess að vinnubrögð Íslendinga séu þar með traustum hætti, hann vildi koma sér hjá því að þurfa sjálfur að koma inn í salinn með þetta frv.

Hæstv. ráðherra vék síðan að því áðan í sinni framsöguræðu að hann væri nú eiginlega enn þeirrar skoðunar að ríkisstjórn Íslands hefði ekki borið skylda til þess að koma með þetta mál í þingsali. Í fyrsta lagi hefði ríkisstjórninni ekki borið skylda til þess að koma með þetta sem frv. Það hefði mátt duga að koma með þetta sem þáltill. Alla vega hefði mátt biðja nokkra þingmenn Sjálfstfl. og hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að koma með þetta hérna inn í salinn.

Það er satt að segja mjög merkileg kenning að þegar framkvæmdarvaldið gerir alþjóðlegar skuldbindingar fyrir hönd íslenska lýðveldisins og í umboði forseta lýðveldisins samkvæmt stjórnarskrá, þá beri framkvæmdarvaldinu ekki skylda til þess að koma með þá alþjóðlegu *gjörninga til þjóðþingsins*. Það eigi að vera

undir vilja einstakra þingmanna komið hvort sá alþjóðlegi gerningur kemur til þjóðþingsins eða ekki. Ég vona nú satt að segja að menn láti af svona firrum og bið menn að hugleiða hvar það kynni að enda ef kenningar af þessu tagi festust í sessi. Auðvitað er það skylda framkvæmdarvaldsins sem gerir alþjóðlega samninga fyrir hönd íslenska lýðveldisins í umboði forseta lýðveldisins samkvæmt stjórnarskrá að koma með það mál inn á þjóðþingið.

Í utanrrn. liggja ýmsir alþjóðlegir samningar sem ekki hefur unnist tími til að flytja inn á þingið. Ber að skilja það svo að utanrrh. sé orðinn þeirrar skoðunar að það komi vel til greina að einstakir þingmenn fari að flytja staðfestingarfrv. á þessum alþjóðlegu samningum? Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því fyrst hann fór í framsöguræðu sinni að viðra þetta viðhorf sitt, það hefði verið eðlilegt að einstakir þingmenn hefðu flutt þetta frv. Ég vil nú biðja hæstv. ráðherra að hugleiða það að jafnvel þótt hann sé þeirrar skoðunar að þetta sé ekki mikilvægt mál, þá er það þó alþjóðlegur samningur sem fer fyrir þjóðþing tæplega 20 ríkja. Svo merkt er skjalið að þjóðþing meginhluta ríkja í Vestur-Evrópu verða að fjalla um það með einum eða öðrum hætti. Og ef það er ekki skylda framkvæmdarvaldsins að flytja slíkan alþjóðlegan samning inn á vettvang þingsins, þá satt að segja veit ég ekki hvað er skylda framkvæmdarvaldsins. Sem betur fer tók hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnin rökum, en engu að síður var það athyglisvert að ráðherrann taldi nauðsynlegt að lýsa því úr ræðustólnum að hann væri í fyrsta lagi á móti því að þetta væri frv. og í öðru lagi hefði hann talið réttara að einstakir þingmenn flyttu þetta heldur en hann.

Í því sambandi vaknar auðvitað sú spurning fyrst ráðherrann er að lýsa þessum skoðunum sínum hér, ber að skilja það svo að í framtíðarsamskiptum Íslands við önnur ríki hins Evrópska efnahagssvæðis eigi það að vera verkefni einstakra þingmanna að flytja þau mál hér í þingsalinn sem frv.? Nú getur ráðherrann kannski bent á það að þeir þingmenn sem ég hef hér nafngreint myndi meiri hluta utanrmn. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því, eru einhver fordæmi fyrir því að hluti utanrmn., jafnvel þótt tölulega sé það meiri hluti, sé að flytja inn á þingið frumvörp um alþjóðlega samninga? Ég þekki ekki slík fordæmi. Það má vera að þau séu til en ég held að það sé nauðsynlegt að reiða þau fram fyrst ráðherrann er að gera að umtalsefni þessar hugmyndir.

Sem betur fer eins og ég sagði áðan tók ríkisstjórnin rökum svo að okkur birtist hér frv. til laga um breytingar á lögum um Evrópska efnahagssvæðið flutt sem stjfrv. og það felur í sér staðfestingar á þeim breytingum sem gera verður á samningnum um Evrópskt efnahagssvæði vegna þess að Sviss verður ekki lengur aðili að svæðinu.

Það gæti verið að ýmsu leyti fróðlegt að rifja upp ýmis ummæli hæstv. utanrrh. í desember og janúarmánuði þar sem hann var að fullvissa þing og þjóð um hvernig yrði tekið á Evrópska efnahagssvæðinu í ljósi þess að Sviss hefði ákveðið að vera ekki með. Ég held að við munum öll ræður ráðherrans um að það væri nú ekki mikið mál, það væri bara að strika út Sviss hér og svona minni háttar atriði. Engu að síður, hæstv. ráðherra, er nú komið hér þingskjal upp á 39 bls. til þess að taka á málinu á Alþingi. Og það kemur í ljós þegar lesinn er sá samningur sem EFTA-ríkin og Evrópubandalagsríkin hafa gert eftir brotthvarf Sviss að þar er ýmislegt flóknara en hæstv. ráðherra lýsti á sínum tíma. Eitt af því snertir t.d. samskipti Liechtensteins og Sviss. Annað snertir fjölmörg ákvæði í bókunum og ákvæðum samningsins sjálfs og það þriðja snertir síðan sjóðinn. Það er líka óneitanlega dálítið sérkennilegt eins og hv. þm. Steingrímur Hermannsson benti á hér áðan að á sama degi og útvarpið flytur þær fréttir að forsrh. Íslands sé þeirrar skoðunar að litlar líkur séu á því að ríkisstjórn Íslands geti aukið fjármuni í atvinnuskapandi aðgerðir innan lands, þá mælir hæstv. utanrrh. fyrir frv. um aukið fjármagn í atvinnuskapandi aðgerðir í Suður-Evrópu. Við erum sem sagt komin með hagkerfi þar sem ríkisstjórn Íslands segir: Nei, það mega ekki vera nein ríkisafskipti af atvinnulífinu hér og engir styrkir til atvinnuskapandi aðgerða á Íslandi en við þurfum umfram allt að taka þátt í því að búa til styrktarsjóði um atvinnuskapandi aðgerðir í Suður-Evrópu, Spáni, Portúgal og annars staðar.

Við fylgdust með því hvernig EFTA-ríkin urðu að gefast upp í þeirri kröfugerð sinni að hlutur Sviss yrði einfaldlega dreginn frá en eins og í mörgu öðru í þessu samningaferli hafði Evrópubandalagið sitt fram. Það er dálítið merkilegt að hæstv. utanrrh. vék ekkert að því í sinni framsöguræðu. Evrópubandalagið hafði sem sagt fram í þessum samningum þann vilja sinn þvert á yfirlýsingar utanrrh. Íslands, þvert á yfirlýsta stefnu EFTA, að EFTA-ríkin ættu að greiða hlut Sviss í þessum sjóði. Þar með, hæstv. utanrrh., er skapað fordæmi og það er það fordæmi sem mig langar að minnast aðeins á.

Fái það að ríkja áfram þegar ljóst er að önnur EFTA-ríki eru búin að sækja um aðild að Evrópubandalaginu og munu þess vegna hverfa frá Evrópska efnahagssvæðinu hvert á fætur öðru á næstu árum, er þá Ísland með staðfestingu þessa frv. búið að viðurkenna það fordæmi að svo eigi bara að hækka greiðslurnar og hækka greiðslurnar í sjóðinn af því að Evrópubandalagið hafi náð því fram í þessum samningum að sú heildrupphæð sem almennt var reiknað með haldi sér í grófum dráttum? Eða er það bara vegna þess að Sviss hefur farið frá sem menn viðurkenna þetta? Auðvitað ekki. Og ég var satt að segja mjög undrandi á því að utanrrh. Íslands skyldi fallast á að þetta fordæmi væri skapað. Hvers vegna? Jú, vegna þess að Ísland er eina landið sem hefur lýst því yfir að það ætli sér að vera áfram í Evrópska efnahagssvæðinu. Við erum eina landið í EFTA sem ekki hefur lýst því yfir að markmið okkar sé að ganga í Evrópubandalagið. Þar með er ljóst að stefna Íslands er sú að það ætli sér að halda við skuldbindingarnar sem fylgja hinu Evrópska efnahagssvæði. Merkir það þá þegar EFTA-ríkin fara að tínast eitt og eitt út úr hinu Evrópska efnahagssvæði inn í Evrópubandalagið að við ættum sífellt að hækka

greiðslur okkar í þennan sjóð og lon og don þurfa að koma fyrir þingið með frv. um það að nú þurfi að auka framlög Íslands til atvinnuskapandi aðgerða á Spáni og í Portúgal? Það er alveg nauðsynlegt að utanrrh. Íslands taki það til umfjöllunar hér. Ég varð ekki var við að hann viki að þessu einu einasta orði.

Auðvitað er það stórhættulegt að fallast á það fordæmi að þegar eitt EFTA-ríki hverfur frá skuli greiðslurnar til EB standa óbreyttar en framlag einstakra EFTA-ríkja hækka að sama skapi. Það er kenning sem kemur fyrst og fremst illa við Ísland. Kannski hefur hæstv. ráðherra fallist á þetta fordæmi vegna þess að hann er einnig kominn í hóp allra hinna sem hafa ekki lengur trú á því að hið Evrópska efnahagssvæði endist nokkuð. Það kann að vera skýringin á því hvers vegna hæstv. utanrrh. lét sér svona lítt annt um þessa kröfu Íslands og EFTA að hann sjálfur, hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson, hefur ekki lengur trú á sínu eigin afkvæmi, hinu Evrópska efnahagssvæði. Enda, eins og ég vék að í upphafi, búinn að lýsa því yfir í janúarmánuði sl. í einu víðlesnasta dagblaði landsins að hann sé orðinn hundleiður á þessu fyrirbæri. Hafi ráðherrann ekki lengur trú á því að Evrópska efnahagssvæðið vari þá er kannski hægt að horfa í gegnum fingur sér á þessi afglöp í samningum sem afglöp væru ef Evrópska efnahagssvæðið ætti að standa en EFTA-ríkin eitt og eitt tínast út úr EFTA og inn í EB.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson vék að því áðan að nauðsynlegt væri að taka afstöðu til þess að formlega verði óskað eftir tvíhliða viðræðum milli Íslands og Evrópubandalagsins. Í júnímánuði í fyrra lýsti Alþb. því yfir að að vandlega athuguðu máli væri það skoðun okkar að Evrópska efnahagssvæðið væri ekki til frambúðar og þess vegna væri nauðsynlegt að hefja þá þegar undirbúning að formlegum tvíhliða viðræðum milli Íslands og Evrópubandalagsins. Ég tók saman með aðstoð sérfræðinga sýnishorn af slíkum samningi sem ýmsir, m.a. hæstv. utanrrh., leyfðu sér að henda gaman að. Ég held þó að sú vinna sé nokkuð gagnleg hæstv. ráðherra og eigi eftir að reynast nokkuð fróðleg í tímans rás. Nú hefur það gerst að formaður og varaformaður Framsfl. hafa flutt hér á Alþingi tillögu sömu ættar. Tillögu um að farið verði í tvíhliða viðræður milli Íslands og Evrópubandalagsins. Ég held ég fari rétt með að þingkonur Kvennalistans séu einnig þeirrar skoðunar að slíkt kunni að vera skynsamlegt.

Forsrh. Íslands, Davíð Oddsson, hefur oftar en einu sinni lýst því yfir á undanförnum mánuðum að hann sé reiðubúinn að ræða það ef ekki stuðla að því að hafnar séu tvíhliða viðræður milli Íslands og Evrópubandalagsins. Séu allar þessar yfirlýsingar lagðar saman þá bendir margt til þess, hæstv. utanrrh., að það sé meiri hluti á Alþingi fyrir því að óska nú þegar eftir formlegum tvíhliða viðræðum milli Íslands og Evrópubandalagsins. Og það er auðvitað mjög nauðsynlegt að láta á það reyna innan tíðar hvort þessi meiri hluti er fyrir hendi. Það er vitað mál að hæstv. utanrrh. Íslands, Jón Baldvin Hannibalsson, hefur verið á móti því. En spurningin er: Hefur hann þingið með sér eða hefur hann þingið á móti sér í þessum efnum? Þess vegna tek ég undir það sem hér var sagt áðan að það hefði verið skynsamlegra að láta fara fram áður en þessi umræða hófst hér umræðu um þáltill. hv. þm. Steingríms Hermannssonar og Halldórs Ásgrímssonar um tvíhliða samning milli Íslands og Evrópubandalagsins.

Nú liggur það fyrir að forseti þingsins hefur gefið formanni þingflokks Framsfl. fyrirheit um að þessi umræða fari fram í þessari viku þannig að bæði málin, bæði þetta sem við erum að ræða nú og tillaga um tvíhliða viðræður milli Íslands og Evrópubandalagsins, geti farið til utanrmn. nánast samtímis. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ég tel nauðsynlegt að utanrmn. afgreiði bæði málin frá sér einnig samtímis. Þannig verði haldið á málum innan þings að um leið og seinni hluti afgreiðslu þess frv. sem hér liggur fyrir fer fram þá verði tekin til afgreiðslu og atkvæða þáltill. um tvíhliða samning Íslands og Evrópubandalagsins. Það þarf að láta á það reyna í þingsalnum hvort það er þingmeirihluti fyrir slíku eða ekki.

Ég hef í næstum því eitt ár lýst þeirri skoðun minni og Alþb. afdráttarlaust að það sé ábyrgðarhluti að draga það að hefja síkar viðræður. Hvers vegna? Jú, einfaldlega af því að öll önnur EFTA-ríki eru komin á kaf í viðræður við Evrópubandalagið, þ.e. þau EFTA-ríki sem ætla sér aðild að Evrópska efnahagssvæðinu um framtíðarskipan samskipta þeirra og Evrópubandalagsins. Þau hafa sagt skýrt: Evrópska efnahagssvæðið er ekki form framtíðarskipunar okkar við Evrópubandalagið. Þess vegna verða menn auðvitað að gæta hagsmuna Íslands. Menn verða að gæta hagsmuna Íslands. Menn mega ekki vera svo uppteknir af sínu eigin áróðursleikriti eða slíkir fangar eigin yfirlýsinga að þeir séu ekki menn til að horfast í augu við það að þetta ævintýri um EES er bara búið, hæstv. utanrrh., það er bara búið. Það getur verið að það sé gott til einhvers heimabrúks fyrir Alþfl., svokallaðan Jafnaðarmannaflokk Íslands, af því að hann leggur ekki lengur í það að tala um jafnaðarstefnuna og verður að tala um eitthvað annað, að ræða það fram og aftur og skjóta upp flugeldum á Arnarhóli vegna Evrópska efnahagssvæðisins. Hvernig gekk sú flugeldasýning, hæstv. utanrrh.? Ég sá einhverjar myndir af ráðherranum í Alþýðublaðinu við flugeldasýninguna. Voru þetta margir flugeldar, hæstv. utanrrh.? Eða voru þetta einhverjar reykbombur? Stjórnaði Ámundi sýningunni, hæstv. ráðherra? Er þetta svona grín að Ámundi sé látinn sjá um þessi verk? Var mikill mannfjöldi, hæstv. ráðherra, við þessa flugeldasýningu? (**HÁ:** Sá hann ekki um rauða ljósið?) Jú, hv. þm., Halldór Ásgrímsson, hann sá um rauða ljósið. Það var mjög fróðleg ferð. Það var ferð sem við fórum í ég og hæstv. utanrrh. og ræddum um framtíð íslensku þjóðarinnar og framtíð jafnaðarstefnunnar. (**ÓÞÞ:** Og Ámundi sá um rauðu ljósin.) Það var stór hópur af ungu fólki sem trúði því að okkur væri alvara. Þeir trúðu því að okkur væri alvara og ég trúði því líka að hæstv. utanrrh. væri alvara.

Nú hefur Ólína Þorvarðardóttir, borgarfulltrúi í

Reykjavík, formaður sveitarstjórnarráðs Alþfl., lýst því yfir formlega í viðtali fyrir skömmu síðan að hópur af ungu fólki hafi verið narrað inn í Alþfl. á grundvelli þessara fyrirheita. Og þegar búið var að ná því inn í Alþfl. þá hafi hliðunum verið lokað. Einn af þeim sem var narraður situr hér í þingsalnum fyrir aftan hv. þm. Pál Pétursson, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hann hefur skriðið undir borðið, hann skammast sín fyrir að vera hér og láta sjá sig. Vegna þess að við munum auðvitað öll yfirlýsingarnar sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson gaf þegar úrslitin í prófkjörinu í Alþfl. í Reykjavík lágu fyrir. Það var sigur fyrir þá sem vildu sameiningu jafnaðarmanna, sem vildu fylgja fram stefnumiðunum um áframhaldandi stjórn jafnaðarmanna á Íslandi og útilokun Sjálfstfl. Og hæstv. utanrrh. átti kost á því að verða forsrh. í áframhaldandi vinstri stjórn. Það er nú tilboð sem enginn formaður Alþfl. hefur fengið í manna minnum. Þingflokkur Alþb. samþykkti það að formaður Alþfl. gæti gegnt forsæti í áframhaldandi slíkri ríkisstjórn. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson og Halldór Ásgrímsson voru sammála líka. Gott ef hv. þm. Halldór Ásgrímsson fór ekki og tilkynnti hæstv. utanrrh. það. En nei takk, hæstv. utanrrh. var ekki tilbúinn að framlengja félagsstjórn á Íslandi, honum var svo mikið í mun að mynda ríkisstjórn með Sjálfstfl. að hann fórnaði því eina tækifæri sem Alþfl. hefur haft á seinni hluta 20. aldar að veita forsæti alvöruríkisstjórn á Íslandi. Rökin voru álver og EES. Það vita nú allir hvernig fór með álverið. Við erum að ræða það í dag hvernig er að fara með EES. Þannig að þessi saga er auðvitað öll hin merkilegasta. (**KÁ:** Sorgarsaga.) Sorgarsaga, já, það er alveg rétt. (**Gripið fram í:** Harmsaga.) Hefur ekki hæstv. utanrrh. opinberlega líkt Sjálfstfl. við mexíkanskan bófaflokk, ég held að ég fari rétt með að utanrrh. hefur sagt í blaðaviðtali að Sjálfstfl. væri eins og mexíkanskur bófaflokkur. Hann hefur ekki dregið þá yfirlýsingu til baka mér vitanlega. (**Gripið fram í:** Því ætti hann að gera það?) Hæstv. forsrh. sagði hér í frægri ræðu í flugstöðinni sælla minninga að það væru gangsterar í liðinu. (Gripið fram í.) Hvernig líður hæstv. utanrrh. í ríkisstjórninni með mexíkanska bófaflokknum sem hann kaus að lýsa svo? Hvernig líður honum með álverið út í slíku hafsauga að það kemur ekki á þessari öld og orðinn sjálfur að eigin sögn hundleiður á EES? Hefði ekki verið skemmtilegra, hæstv. utanrrh., að vera forsrh. í almennilegri vinstri stjórn á Íslandi? Fyrstur manna í Alþfl. á seinni helmingi 20. aldar. (**Gripið fram í:** Þeir eiga nú ...) Ætli það hefði nú ekki verið meiri reisn yfir sonum Ísafjarðar í þeirri för heldur en að koma hér og endast ekki til að tala nema í fimm mínútur fyrir þessu frv. um EES. Hins vegar verður bið á því að hæstv. utanrrh. verði boðið aftur forsætisráðherraembættið þó það sé önnur saga sem ég ætla ekki að fara út í hér þó umræðan hafi leiðst út í þetta vegna samspils ræðumanns við þingsalinn. En auðvitað er þetta allt saman mjög merkilegt, hæstv. utanrrh., þetta er allt saman mjög merkilegt. Það fara reyndar ekki miklar sögur af þessari flugeldasýningu sem var á Arnarhóli kvöldið sem fagnað var EES af hálfu Alþfl. Þess vegna væri fróðlegt að utanrrh. upplýsti hvað margir mættu. Það mættu 400, hæstv. utanrrh., á fundi okkar á Akureyri. Hæstv. utanrrh. man það væntanlega þegar við vorum tveir saman, þá mættu 400 bara á Akureyri. En mér er sagt að það hafi ekki komið nema 40 á fugeldasýninguna út af EES á Arnarhóli. Hvort heldur hæstv. utanrrh. að hafi átt meiri hljómgrunn meðal unga fólksins á Íslandi, fyrirheitið um samvinnu jafnaðarmanna og stóra jafnaðarmannaflokkinn eða EES?

Þingtíðindin geyma miklar yfirlýsingar um evrópsku hraðlestina. Um framtíðina sem biði í Evrópu, glæst með auknum hagvexti, bættum lífskjörum og öðru slíku. Það voru nú m.a. ein af meginrökunum fyrir því að hæstv. utanrrh. lagði upp í þessa för. Hvernig eru þau mál stödd nú, hæstv. utanrrh.? Þau eru þannig stödd að samstarf Evrópuríkjanna í efnahagsmálum er í reynd aftar í dag en það var fyrir tveimur árum síðan. Fjöldi ríkja Evrópubandalagsins hefur sagt sig frá myntsamvinnunni, gjaldmiðilsmál Evrópuríkjanna eru í upplausn, atvinnuleysið fer vaxandi og hver forustumaður Evrópubandalagsríkisins á fætur öðrum veltir vöngum yfir því hvernig á því stendur að á sama tíma og Bandaríkin eru að ná sér upp úr kreppunni og ýmis önnur ríki í Asíu geysa fram með miklum krafti þá sé Evrópa að verða hið vanræktasta svæði í hagvexti næstu ára. Ef það er einhver heimshluti sem menn benda á að sé að dragast aftur úr hagvaxtarsvæðum í veröldinni þá er það akkúrat hið Evrópska efnahagssvæði. Forusturíkin á hinu Evrópska efnahagssvæði eru einmitt ríkin sem eru hvað mest að dragast aftur úr framrás ýmissa annarra ríkja bæði í Vesturheimi og í Asíu hvað hagvöxt og aukin lífsgæði snertir. Hæstv. utanrrh. getur hæglega staðið uppi með þann sögulega dóm í kringum næstu aldamót að hann hafi haft forustu um að tengja Ísland órofnum böndum við það svæði sem á síðasta áratug 20. aldarinnar skilaði hvað minnstum hagvexti, hæstv. utanrrh., hvað minnstum hagvexti af hinum iðnþróaða hluta heimsins. Þetta sýnir náttúrlega allt saman hvað spásagnirnar, greiningin, fullyrðingarnar, um þetta allt saman voru á miklum sandi byggðar. Vegna þess að raunsæir menn hljóta auðvitað að horfast í augu við þessar staðreyndir þá er það mjög brýnt að við á Íslandi tökum þessi mál til umræðu og ræðum það af raunsæi hvaða viðskiptastefnu við eigum að hafa til að tryggja hér hagvöxt og aukna velsæld. Utanrrh. hefur sagt: Það er viðskiptastefna sem byggist á meginlandsmarkaðnum í Evrópu. En hefur þróunin á síðustu missirum, hæstv. utanrrh., sýnt það að þessi markaður sé vænlegur? Svarið er nei, hæstv. utanrrh. Þær staðreyndir tala sínu máli.

Ég vil í þessu sambandi rifja upp að ég átti fyrir tveimur árum síðan viðræður við stjórnendur í sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi. Það var á þeim tíma þegar tískuorðið var að sjávarútvegsfyrirtækin ættu öll að stefna inn á Evrópumarkaðinn. Þar er framtíðin, þar eru tækifærin og enginn var jafnduglegur og hæstv. utanrrh. nema ef vera skyldi hæstv. viðskrh. að benda á það. Hvað hef ég setið á mörgum fundum með

hæstv. viðskrh. á Suðurnesjum þar sem rætt hefur verið um atvinnuleysið þar sem eina svar viðskrh. hefur verið EES þegar fólkið á Suðurnesjum spurði um ný atvinnutækifæri.

Ég átti fyrir tveimur árum viðræður við forustumenn í einu af öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og þeir sögðu: Við ætlum ekki að fylgja þessari tískubylgju um að flytja útflutning okkar vöru inn á Evrópumarkaði. Við ætlum að halda okkur við Bandaríkjamarkaðinn. Við höfum byggt þar upp í samvinnu við önnur íslensk fyrirtæki í 40 ár traust markaðskerfi og sölukerfi á Bandaríkjamarkaði. Við ætlum að veðja á það að þrátt fyrir allt muni bandaríska hagkerfið reynast traust í tímans rás. Og við vitum að bandaríska sölukerfið er með þeim hætti að við getum ekki hlaupið frá viðskiptavinum okkar allt í einu vegna þess að okkur kunni að bjóðast einhver betri kjör í Þýskalandi eða Englandi því þegar við viljum koma aftur til viðskiptavina okkar í Bandaríkjunum þá eru þeir búnir að fá sér nýja aðila sem skaffa þeim vöruna. Mér fannst merkilegt að heyra þetta fyrir tveimur árum síðan vegna þess að þetta gekk þvert á það sem hæstv. utanrrh. var að segja, þvert á það sem hæstv. viðskrh. var að segja og þvert á tískubylgjuna sem þá var í umræðunni.

Hver er staðreyndin nú? Staðreyndin er sú að forustumenn í þessu tiltekna fyrirtæki standa mjög vel vegna þess að dollarinn hefur haldið áfram að styrkjast og bara sú þróun ein hefur skilað þeim 15% meiri tekjum á skömmum tíma. Þeir hafa sloppið við það gífurlega tap sem óróleiki á myntmarkaði Evrópu og gengisbreytingarnar í Evrópu, m.a. í Bretlandi, hafa haft í för með sér. Dómur reynslunnar, hæstv. utanrrh., nú í marsmánuði 1993 er því að þau fyrirtæki sem héldu sig á Bandaríkjamarkaðnum standa vel en þau sem fóru að veðja á Evrópumarkaðinn eru í mikilli hættu og hafa sum þeirra orðið gjaldþrota. Dómur reynslunnar er þess vegna sá að þessi einfalda kenning um evrópsku hraðlestina hefur ekki reynst rétt. Það er markaðurinn, hæstv. utanrrh., sem hefur dæmt þá kenningu af.

Hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh. hafa oft talað um að menn eigi að hafa kraft til að lúta markaðnum, hlusta á dóm hans. Er þá ekki rétt að hlusta á dóm hans í þessu efni líka, hæstv. ráðherra, og hætta þeirri vitleysu að vera sífellt að hvetja íslenska útflytjendur að setja egg sín í þessa Evrópumeginlandskörfu þegar reynslan sýnir okkur að þau fyrirtæki sem héldu sig við Bandaríkjamarkað eru þau sem standa nú vel?

Ég held ég fari rétt með að forsvarmenn sölufyrirtækja Íslendinga í Bandaríkjunum vöruðu eindregið við því fyrir u.þ.b. tveimur árum að þetta meginlands-Evrópuæði, sem væri á nokkrum ráðamönnum á Íslandi, gæti stefnt markaðsstöðu Íslands í Bandaríkjunum í mikla hættu. Þeir bentu réttilega á að ef hlutdeild okkar á Bandaríkjamarkaði færi niður fyrir ákveðin mörk þá gætum við glatað þar stöðu. Þetta er einmitt eitt af því sem er að gerast núna.

Samningur Kanada, Bandaríkjanna og Mexíkó um viðskiptasvæði, sem gengur undir heitinu NAFTA, hefur að vísu ekki enn þá gengið í gildi. En það er mjög athyglisvert að sá samningur opnar mikla möguleika fyrir Íslendinga. Hefur hæstv. utanrrh. haft frumkvæði um að gera Alþingi grein fyrir því? Ekki mér vitanlega. Hefur hæstv. viðskrh. haft frumkvæði að því að gera Íslendingum og Alþingi grein fyirr því? Ekki mér vitanlega. Það er helst að það séu einhverjir framsýnir menn í atvinnulífinu á Íslandi sem eru að skoða þá möguleika.

Hv. þm. Árni Johnsen fór til Kína fyrir nokkru síðan og opnaði lakkrísverksmiðju (**Gripið fram í:** Og flutti kveðju frá landbrh.) og flutti kveðju frá landbrh. Ég sé að einstaka þingmenn hér í salnum eru eitthvað að gera grín að þessu og eru sposkir á svipinn. Ég geri ekki grín að þessu. Ég tel þetta lofsvert hjá þingmanninum Árna Johnsen og lofsvert hjá landbrh. að senda íslenskan þingmann til Kína til að vera viðstaddur opnun þessarar lakkrísverksmiðju. Það getur nefnilega vel verið að þessi lakkrísverksmiðja í Kína eigi eftir að gefa íslendingum miklu meiri hagnað en EES-ævintýri hæstv. utanrrh. Og þegar upp verður staðið snemma á 21. öldinni muni menn frekar hengja upp myndir af hv. þm. Árna Johnsen en hæstv. utanrrh. Jóni Baldvin Hannibalssyni því að hv. þm. Árni Johnsen hafi haft meira nef fyrir því hvar gróðavonina var að finna en hæstv. utanrrh. Það eru um það bil 1.000 millj. íbúar í Kína. Þeir geta borðað mikið af lakkrís. Íslendingar sem fengju sterka stöðu á þeim markaði geta skilað tekjum og arði til þjóðarbúsins í nánast himinháum stærðum. En hér hlæja menn að þessu og telja þetta eitthvert grín. Gott ef Pressan var ekki að reyna að búa til þann féttaflutning fyrir nokkrum mánuðum að þessi lakkrísverksmiðja væri ekki til. Bærinn sem henni væri ætlað að vera í fyndist ekki á landabréfum og ég veit ekki hvað og hvað. Þannig hefur málflutningurinn verið.

Það má lesa í sjávarútvegsblaði Morgunblaðsins í dag að á sjávarútvegssýningu í Boston fyrir skömmu hafi komið fram að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki og íslensk iðnaðarfyrirtæki sem framleiddu vélar og tæki á sviði sjávarútvegs ættu mikla markaðsmöguleika í Suður-Ameríku, í Asíuríkjum og í Vesturheimi. Hefur heyrst eitthvað af því, hæstv. utanrrh., upp á síðkastið að það hafi verið haldin einhver sjávarútvegssýning í Evrópubandalaginu þar sem slíkar jákvæðar fréttir um möguleika Íslendinga hafi komið fram? Ég hef ekki orðið var við það. Þvert á móti hafa dunið hér yfir fréttir um að nú vilji menn fara að loka á íslenskan fisk í Evrópubandalaginu. Nú séu menn með kröfur um að fá meiri veiðikvóta fyrir ríki Evrópubandalagsins. Nú vilji menn hækka tollana á nýjan leik. Það sem blasir við í samskiptum Íslands og Evrópubandalagsins á sviði sjávarútvegs á næstu missirum er þess vegna eintómt vesen, skak, argaþras og glíma.

Uppi á Akranesi situr ungur maður í fyrirtæki sem kennt er við Þorgeir og Ellert. Hún er ekki íburðarmikil skrifstofan hjá þessum unga manni. Ég hugsa að hún sé fátækleg ef hún er borin saman við hina nýju skrifstofu hæstv. viðskrh. þar sem skrifborðsstóllinn kostaði yfir 300 þús. og skrifborðið yfir 1 millj. En í

herbergi þessa unga manns hjá Þorgeiri og Ellert á Akranesi hafa verið hannaðar flæðilínur og ýmis ný tæki. Nú berast fréttir af því að kjúklingabændur í Bandaríkjunum hafi mikinn áhuga á að kaupa þessar vélar og þessi tæki, m.a. nýja flokkunarvél sem getur metið í þrívídd bita, hvort sem þeir eru í sjávarfangi eða kjúklingum, og flokkað þá í neytendaumbúðir. Það kynni kannski að vera að þessi ungi maður hjá Þorgeiri og Ellert á Akranesi og það ágæta fyrirtæki eigi eftir að ná mun vænlegri markaðsstöðu og hagnaði í Bandaríkjunum með því að selja íslenska tækni en nokkurn tímann kemur á þessu EES. Hefur verði einhver lúðraþytur og söngur hjá hæstv. utanrrh. eða hæstv. viðskrh. út af þessu? Nei, það hefur ekki verið. Ég efast um að hæstv. utanrrh. eða hæstv. forsrh. hafi einu sinni hitt þennan unga mann. (Gripið fram í.) Nú er hæstv. forsrh., eins og venjulega þegar líður á umræðu í þinginu, orðinn dálítið órólegur. Ég er alveg tilbúinn að taka þá umræðu, hæstv. forsrh., en ég tel ekki að tímanum sé mjög vel varið til þess.

En af því að hæstv. forsrh. kom dálítið seint inn í umræðuna þá var tilefni orða minna það að ég taldi æskilegt, hæstv. forsrh., þegar þetta mál kemur hérna inn að við litum í sameiningu dálítið yfir sviðið og veltum því fyrir okkur: Hvar er líklegast að íslenskt atvinnulíf geti sótt fram á erlendum mörkuðum? Er það innan EES þar sem allt bendir til að verði það markaðssvæði í veröldinni sem muni helst dragast aftur úr öðrum mikilvægum markaðssvæðum á næstu árum að þeirra eigin dómi? Eða eigum við að fara að beina sjónum manna inn á önnur markaðssvæði? Og ég hef verið að nefna hér, hæstv. forsrh., nokkur dæmi um hagnaðarmöguleika sem íslensk útflutningsfyrirtæki á vörum, tækni og kunnáttu geta sótt með því að selja á mörkuðum, hvort sem þeir eru í Bandaríkjunum, í Texas, eða í Kína. Og ég leyfði mér að vekja athygli á því að það væri út í hött hjá ýmsum hv. þm. að hlæja að hv. þm. Árna Johnsen fyrir að fara til Kína og opna lakkrísverksmiðju vegna þess að það gæti orðið svo að það reyndist meiri tekjulind fyrir íslenska þjóðarbúið en allt þetta bjástur í hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh. um EES. Vegna þess að markaðurinn, hæstv. forsrh., er nefnilega sjálfstæður húsbóndi. Og það getur verið að markaðurinn úrskurði það á næstu árum að það hafi verið meiri vitglóra í hv. þm. Árna Johnsen en í hæstv. utanrrh. Og þá verða auðvitað allir að beygja sig undir þann dóm markaðarins bæði hæstv. utanrrh. sem og hæstv. forsrh.

Ég nefndi hér líka, hæstv. forsrh., dæmi um unga menn sem stýra öflugu sjávarútvegsfyrirtæki sem sögðu það fyrir tveimur árum síðan að þeir ætluðu ekki að taka þátt í því kapphlaupi, sem utanrrh. hvatti menn til á þeim tíma og æ síðan, að flytja útflutning sinn yfir á Evrópska efnahagssvæðið. Þessir ungu menn ákváðu að halda sig við Bandaríkjamarkaðinn. Þeir sögðu: Við höfum í 40 ár byggt upp sölukerfi í Bandaríkjunum og við ætlum að veðja á að það kerfi geti skilað okkur arði í framtíðinni. Nú í dag blasir það við að þetta fyrirtæki hefur verið að taka til sín mikinn hagnað vegna þess að það er einmitt hinn bandaríski markaður sem hefur styrkst, dollarinn hefur hækkað en þeir sem veðjuðu á Þýskalandsmarkaðinn eða Englandsmarkaðinn hafa verið í vanda og jafnvel orðið að loka sínum fyrirtækjum vegna gjaldþrota.

Ég hef þess vegna, hæstv. forsrh., verið að nefna hér nokkur dæmi beint úr atvinnulífinu til að sýna að þessi einfalda sýn hæstv. utanrrh. á það hvar ætti að leita fanga í hagþróun á Íslandi hefur því miður reynst allt of þröng.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan liggur hér fyrir þinginu tillaga um tvíhliða samning milli Íslands og Evrópubandalagsins. Ég ítreka þá skoðun mína að nauðsynlegt sé að taka þá tillögu til afgreiðslu á þinginu hið fyrsta svo í ljós megi koma hvort hér er þingmeirihluti fyrir því að farið skuli í þær viðræður. Ég ítreka þá skoðun, sem ég hef lýst í heilt ár, að það sé hættulegt fyrir Ísland að hefjast ekki handa í þeim efnum þegar öll önnur EFTA-ríki, sem ætla sér að vera innan EES, hafa hafið aðildarviðræður við Evrópubandalagið og ég vona satt að segja að líkt og skynsemin fékk að ráða og ríkisstjórnin féllst á það sjónarmið okkar forustumanna stjórnarandstöðuflokkanna hvernig ætti að flytja þetta frv. á þinginu þá muni skynsemin einnig fá að ráða í því að innan tíðar verði afgreitt hér með meirihlutasamþykkt á Alþingi tillaga um að hefja tafarlaust formlegar viðræður við Evrópubandalagið um varanlegan tvíhliða samning milli Íslands og Evrópubandalagsins.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993. Verði þetta frv. að lögum er væntanlega komið að lokakafla þessa máls á Alþingi Íslendinga, alla vega umræðunni um sjálfan samninginn og innihald hans þó enn sé reyndar algerlega óljóst hvort þessi samningur verður nokkurn tímann að veruleika. Ég varð ekki vör við að hæstv. utanrrh. velti því mikið fyrir sér hvort sú gildistaka sem hér er gert ráð fyrir verði að veruleika eða hver staðan sé í þessu máli. Honum er kannski vorkunn því eins og hefur komið fram þá er hann orðinn afar leiður á þessu máli og lái honum hver sem vill.

Áður en ég kem að efnisinnihaldi þessa frv. get ég ekki látið hjá líða að velta aðeins vöngum yfir því hvað gerst hefur úti í Evrópu og hver þróunin hefur verið þar á þeim tíma sem liðinn er síðan Alþingi Íslendinga samþykkti samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Það er ekkert lát á umræðunni um þróun Evrópumálanna og gengur þar á ýmsu. Við höfum orðið vör við mikinn óróa á fiskmörkuðum með kröfum um nýjar takmarkanir og vörn í anda Evrópubandalagsins fyrir þá sem stunda fiskveiðar í Evrópu. Það eru enn miklar umræður og viðræður í gangi í kringum Maastricht-samkomulagið sem engan veginn hefur verið til lykta leitt. Mér verður þar sérstaklega starsýnt á þá umræðu sem á sér stað í Englandi en þar hafa komið upp ýmis sjónarmið og allsendis óvíst hvort Maastricht-samkomulagið hefur nauðsynlegan meiri hluta þar í landi. Þar eru nú uppi miklar kröfur

um að málið verði lagt í dóm þjóðarinnar en stjórnvöld eru býsna treg.

Ég rakst nýlega á grein í The Times sem er skrifuð af mjög þekktum Englendingi sem heitir sir James Goldsmith, margfaldur milljóner, en þykir afar sérstakur fyrir skoðanir sínar. Hann hefur skrifað og sagt ýmislegt um þróun Evrópu og Bandaríkjanna og ekki síst beint sjónum að þeirri umræðu sem átt hefur sér stað um hagvöxt og hvernig krafa Evrópu um aukinn hagvöxt kemur heim og saman við stefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og hvert Evrópa sé að stefna með því að ætla að mynda það sem hann kallar „superstate" í Evrópu eða stórveldi. Því nefni ég þetta hér að hans sjónarmið koma að miklu leyti heim og saman við þá umræðu sem við kvennalistakonur höfum haldið uppi í þessu máli sem eru einmitt þau að þessi þróun í átt til hins stóra og sterka markaðar, sem hugsaður er sem mótvægi við markaðinn í Japan og Bandaríkjunum, sé að mörgu leyti mjög óæskileg þróun miðað við þau miklu vandamál sem veröldin hefur við að glíma í umhverfismálum.

Það er nokkuð merkilegt sem fram kemur hjá sir James Goldsmith um viðhorf hans varðandi það hvers konar samfélög eru æskileg og hvers konar samfélög eigi auðveldast með að leysa sín innri vandamál. Þá er ekki verið að hugsa um efnahagsvandamál heldur þau vandamál sem snúa að mannfólkinu. Því þegar allt kemur til alls þá eru hinn eðlilegi og besti mælikvarði á samfélagið það hvernig fólki líður í hverju ríki. Hann segir einmitt að við getum mikið lært af þeirri fyrirmynd sem Evrópubandalagið horfir til, sem eru Bandaríkin, en þar hefur milljörðum á milljarða ofan verið varið til að leysa ýmiss konar vandamál eða fátækravandamál með afar litlum árangri. Þetta segir okkur að þessar stóru einingar, þar sem yfirsýnin er svo lítil, þar sem leiðin frá valdhöfum til einstaklinganna, til fólksins á þessum svæðum, er jafnlöng og raun ber vitni, þar verður einfaldlega miklu erfiðara að leysa vandamálin og kjörin, lífshamingjan virðist vera minni og verða undir í þessum stóru einingum.

Með Evrópska efnahagssvæðinu og samrunaþróuninni í Evrópu er verið að búa til stærri einingu sem á að ýta undir hvers konar flutning þannig að allt sé á ferð og flugi um álfuna, fjármagn, fólk, þjónusta og vörur, eða fjórfrelsið eins og það kallast í þessum samningi. Markmiðið er hreyfanleiki frekar en stöðugleiki. Svo ég vitni enn í þennan enska mann, James Goldsmith, þá telur hann einmitt að sagan kenni okkur að það sé upplausnin, það sé þessi mikli hreyfanleiki sem frekar kveiki vandamál en leysi þau. Allt er þetta mjög umhugsunarvert og spurningin hvort það að stefna að stöðugleika, það að við þekkjum okkar umhverfi, að við ráðum yfir því sem við erum að gera, að við ráðum sjálf för og að völdin séu í okkar höndum sé það sem skipti máli.

Hér á hinu háa Alþingi hefur verið samþykktur samningur um hið Evrópska efnahagssvæði þó reyndar væri fyrir séð að á honum yrði að gera allnokkrar breytingar.

Það frv. sem hér liggur fyrir felur ekki eingöngu í sér tæknilegar breytingar, eins og hér hefur verið nefnt, heldur eru í þessari viðbót örfáar efnislegar breytingar.

Í fyrsta lagi er um það að ræða að gerðar eru breytingar á samningnum vegna þess að Svisslendingar felldu í þjóðaratkvæðagreiðslu að gerast aðilar að EES og þar af leiðandi þarf að taka Sviss alls staðar út úr samningnum og bókunum þar sem það er nefnt á nafn og það kemur ljós við lestur þessa frv. að það er ekki lítið.

Þá hafa komið upp ýmis vandamál varðandi Liechtenstein vegna tengsla þess við Sviss. Menn hafa farið þá leið að gefa Liechtenstein nokkuð lengri aðlögunartíma en öðrum ríkjum til þess að þeir geti gengið frá sínum flóknu málum.

Í þriðja lagi er um það að ræða að Evrópubandalagið krafðist þess að EFTA-ríkin tækju á sínar herðar hlut Sviss í svokölluðum þróunarsjóði, eða þeim sjóði sem á að styðja hin fátækari ríki í Evrópubandalaginu. Þessi krafa minnir okkur einmitt á það hver það er sem ræður för í þessu samstarfi, hver það er sem setur kröfurnar og hver það er sem gengur að þeim því EFTA-ríkin áttu ekki annarra kosta völ en að skipta þessar upphæð á sig með reyndar nokkrum breytingum varðandi vaxtaniðurgreiðslur sem munu eiga sér stað hjá þessum sjóði.

Þá er það síðasta breytingin sem ég tel skipta einhverju máli í þessu samhengi. Það er að bókun 3 skuli ganga í gildi 15. apríl 1993, að því er mér skilst, að kröfu Spánverja. Þetta hefur auðvitað áhrif hér á landi og ég vildi gjarnan fá skýringu hjá hæstv. utanrrh. hvað hér er á ferð. Hvað þýðir þetta? Hvað þýðir þetta fyrir Íslendinga? Hvað þýðir þetta fyrir viðskipti með landbúnaðarvörur? Það kom fram í fréttum að þetta þýðir örlítið tap á tollatekjum en spurningin er sú að ef hér hefst innflutningur á landbúnaðarvörum í samræmi við bókun 3, sem nær þá einkum til sýrðra mjólkurvara, þá er spurningin hvort íslenskur landbúnaður sé undir það búinn. Hafa verið gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að mæta þessari opnun sem kemur fyrr en menn áttu von á?

Varðandi þennan samning þá er mín afstaða sú að sem andstæðingur EES-samningsins er ég ekkert sáttari við þessa viðbót en annað það sem fylgdi þessum samningi. Það er náttúrlega ýmislegt að koma í ljós í kjölfar EES-samningsins og við erum farin að sjá lagafrv. í þeim anda sem við eigum eflaust eftir að fá meira af. Lagafrv. sem við verðum að samþykkja en koma hvergi nærri íslenskum veruleika, svo sem um skipgengar vatnaleiðir, ferðir yfir landamæri og fleira. Ég verð að segja að mér finnst heldur nöturlegt á 150 ára afmæli Alþingis að horfa upp á að við skulum neyðast til að afgreiða lagafrv. af þessu tagi. Þetta minnir okkur á það valdaafsal sem var samþykkt með þessum samningi.

Spurningunni um hvað er fram undan er ósvarað. Hvernig meta menn það ástand sem fram undan er? Við vitum að Noregur, Finnland, Svíþjóð og Austurríki hafa lagt inn umsókn hjá Evrópubandalaginu og þegar er farið að meðhöndla þær umsóknir. En það er

líka mikil andstaða í þessum löndum, einkanlega í Noregi og Svíþjóð, við aðild að Evrópubandalaginu og þess vegna allsendis óljóst hvort af aðild verður. Því er þeirri spurningu enn þá ósvarað hvort Evrópska efnahagssvæðið er millileikur og hvort við munum standa ein utan Evrópubandalagsins innan örfárra ára ásamt Sviss og Liechtenstein að sinni alla vega eða hvort þróunin verður sú að EES verði varanlegt fyrirbæri.

Ég get ítrekað þá skoðun mína, sem reyndar hefur verið skoðun Kvennalistans frá upphafi, að það hefði verið nær og það sé rétt að hefja tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið þar sem fyrst og fremst verði lögð áhersla á viðskipti við Evrópubandalagið en hinn þátturinn, allt það valdaafsal og stjórnunarþátturinn sem felst í þessum samningi, verði látinn lönd og leið. Allt bendir til á þessari stundu að samningurinn við EES verði að veruleika þótt ýmislegt kunni að tefja gildistöku hans en við hljótum að verða að taka afstöðu til framhaldsins, ekki eingöngu hvernig þróun við höldum að muni eiga sér stað heldur hvernig við viljum þróa þetta samband og þessi viðskipti við Evrópubandalagið. Ég tel affarasælast fyrir okkur að við náum tvíhliða samningi við Evrópubandalagið.

Það gerðist auðvitað, sem maður átti von á í kjölfar þess að umræðunni lauk á Alþingi um Evrópska efnahagssvæðið, að þegar í stað kæmu upp vangaveltur um aðild Íslands að Evrópubandalaginu. Það hefur verið haldið viðskiptaþing þar sem fulltrúar voru spurðir álits á því hvort Íslendingar ættu að sækja um aðild að EB. Þar kom í ljós, sem vænta mátti, að meiri hluti var á móti því að sækja um aðild en vildi gjarnan prófa, vildi senda inn prufuumsókn, og kanna viðbrögðin hjá EB.

Það var haldin ráðstefna um landbúnaðarmál í gær á vegum Evrópubandalagsins og annarra aðila og það er von á því að svokallaður kengúruhópur haldi ráðstefnu. Hvort sem okkur líkar betur eða verr þá er umræðan um aðild að Evrópubandalaginu komin upp á yfirborðið. Þar er ekki síst að minnast yfirlýsinga hæstv. utanrrh. fyrr á þessu ári, í janúar held ég að það hafi verið, þar sem hann lýsti því að Íslendingar væru tíu árum á eftir öðrum í þróuninni. Manni skildist helst að það þýddi að það mundu líða tíu ár þangað til aðild að Evrópubandalaginu kæmist á dagskrá fyrir alvöru. En það voru ekki allir hrifnir af þessum ummælum, m.a. hnýtti Morgunblaðið í hæstv. utanrrh. og fannst að þessi umræða ætti engan rétt á sér.

Mér finnst eðlilegt og það hlýtur að vera eðlilegt að við veltum fyrir okkur öllum þeim möguleikum sem eru uppi í stöðunni og að við gerum okkur grein fyrir því hvað þeir þýða. En það hefur ekkert það gerst í þróun þessara mála sem hefur breytt minni skoðun á því að ég tel að við hefðum átt að velja aðrar leiðir en þá að gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði og það hefur ekkert það gerst sem breytir þeirri skoðun minni að aðild að Evrópubandalaginu komi ekki til greina fyrir Íslendinga.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að skýra frá því að ég tel og hef talið að eðlilegra væri að taka til umræðu fyrst tvíhliða samning við Evrópubandalagið eða þingsályktun um tvíhliða samning. Í morgun ritaði ég forseta bréf þar sem ég óskaði eftir því að takmörkun yrði ekki á ræðutíma um það mál, enda er það mjög viðamikið, og óskaði jafnframt eftir því að tvíhliða samningurinn yrði tekinn fyrir á undan því frv. sem nú er til umræðu. Forseti varð ekki við því að taka tvíhliða samninginn til umræðu fyrst eins og ég og þingflokkur framsóknarmanna töldum eðlilegt. Á hinn bóginn féllst hún að sjálfsögðu á ósk þingflokksins um að umræður yrðu ekki tímabundnar um tvíhliða samninginn þegar hann kemur til umræðu á morgun.

Út af fyrir sig er þessi málsmeðferð öll dæmigerð fyrir vinnubrögð ríkisstjórnarinnar. Nú er verið að reyna að lappa upp á þann bastarð sem meiri hluti Alþingis samþykkti í janúar og forseti Íslands skrifaði undir. Nú væri út af fyrir sig eðlilegt að hafa þetta mál allt saman undir. Það lá ekkert á að lögfesta þann bastarð og nógur tími til að bíða eftir viðbótinni sem fyrir séð var að þyrfti að koma til þess að þarna yrði um gildan lagatexta að ræða og heildstætt frv. Ríkisstjórnin gat ekki farið að því ráði og lagði ofurkapp á að lögfesta EES-málið þrátt fyrir að það væri komið í úrelt form eftir að Sviss sagði sig úr þessum félagsskap. Það liggur reyndar ekki á lögfestingu þessa máls enn þá og við þyrftum auðvitað ekkert að afgreiða þetta mál fyrr en í haust vegna þess að það eru engar líkur til að Evrópskt efnahagssvæði tæki gildi fyrr en um næstu áramót ef það þá gerir það. Það er a.m.k. borin von að Evrópskt efnahagssvæði taki gildi 1. júlí samkvæmt þeim fregnum sem ég hef. Belgía og Spánn verða a.m.k. væntanlega ekki búin að afgreiða málið fyrir sitt leyti þegar þar að kemur.

Samt sem áður er það að mati ríkisstjórnar Íslands dagaspursmál að klára málið fyrir okkar hönd. Það er ekki hægt að fara þá eðlilegu leið að taka tvíhliða samninginn til umræðu fyrst því hér er ekki um afgreiðslu að ræða heldur einungis að senda bæði málin til hv. utanrmn. Það er ekki aðgerðarleysið núna hjá hæstv. ríkisstjórn. Það er ekki verið að sitja með hendur í skauti um Evrópumálin. Atvinnumálin hins vegar eru látin danka von úr viti og aðgerðarleysi í innanlandsmálum er algjört einkennismerki hæstv. ríkisstjórnar. Hún horfir á atvinnulífið dragast upp og hún horfir á atvinnuleysið vaxa hröðum skrefum. Hún veit af því að skuldir heimilanna munu samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar vaxa um nærri 50 milljarða á þessu ári en hún má ekkert vera að sinna því. Evrópumálin hafa algjöran forgang.

Frjálshyggjan á að leysa málin innan lands á meðan verið er að fjötra okkur erlendis. Það er að vísu gert ofurlítið „fírverkerí" út af Landsbankanum og reyndar slegnar þar margar flugur í einu höggi. Það er séð til þess að koma skilaboðum til aðila vinnumarkaðarins um að ekki sé svigrúm til kauphækkana og það sé betra fyrir verkalýðshreyfinguna að vera ekki að láta sig dreyma um neitt slíkt jafnframt því að hafa rýmilega heimild þannig að hægt sé að bjarga Íslandsbanka þegar þar að kemur.

Á meðan allt er að fara um koll innan lands þá er eina úrræðið hjá hæstv. ríkisstjórn að benda á að þetta muni allt saman lagast þegar við verðum orðnir aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Það er vonarstjarnan. Því miður þá er málflutningurinn byggður á blekkingum og Evrópskt efnahagssvæði verður örugglega ekki sá bjargvættur sem hæstv. ríkisstjórn lætur sig hafa að reyna að telja þjóðinni trú um.

Hæstv. utanrrh. hefur látið það eftir sér illu heilli að fara í þessum ræðustól með algjörlega staðlausar fullyrðingar í útvarps- og sjónvarpsumræðu um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Þar fullyrti hann að samkvæmt varfærnu mati Þjóðhagsstofnunar væri um að ræða 7 milljarða hagnað af samningsgerðinni á ári. Þessar tölur voru auðvitað úr lausu lofti gripnar. Þessar tölur áttu sér engan stað í raunveruleikanum. Þjóðhagsstofnun hafði aldrei látið neitt slíkt frá sér fara og þaðan af síður að hún setti það fram sem eitthvert varfærið mat. Hæstv. utanrrh. lét sig hafa það að leyna því að það mat sem Þjóðhagsstofnun hafði látið frá sér fara miðaðist við að þetta gæti skeð undir aldamót, eftir mörg ár. Svo er verið að reyna að hugga fólkið í landinu í vandræðum sínum, sem sér fram á skuldaaukningu heimilanna upp á nærri 50 milljarða á þessu ári, með svona dúsu.

Þetta er ekki falleg saga. Meiri hluti Alþingis hefur sagt sitt orð um þetta mál. Meiri hluti Alþingis hefur ákveðið að koma okkur inn á Evrópskt efnahagssvæði og lét sig hafa það að samþykkja bastarðinn í janúar. Ég á svo sem von á því að eins fari fyrir því frv. sem hér er til umræðu og vafalaust skrifar forseti Íslands undir þessi lög líka. Stjórnarskráin vefst ekkert fyrir mönnum. Framtíðarheill þjóðarinnar vefst ekkert fyrir mönnum, nei, nei.

Það kann að vera að Evrópskt efnahagssvæði verði einhvern tíma að veruleika. En verði það að veruleika, er þar tjaldað til einnar nætur. Önnur ríki Evrópsks efnahagssvæðis eru á fleygiferð inn í Evrópubandalagið og líta á Evrópskt efnahagssvæði sem fordyri Evrópubandalagsins. Það er hugsanlegt að einhverjar Austur-Evrópuþjóðir hafi viðkomustað á þessu Evrópska efnahagssvæði þar sem Íslendingar verða kannski einir eftir þangað til Evrópubandalaginu þykir þær tækar til fullrar innlimunar án þess að það sé að neinu leyti víst. Hitt er aftur á móti víst að hér er um að ræða rangan áningarstað og meira að segja hættulegan áningarstað sem leiðir eingöngu af sér vandræði fyrir íslenskt þjóðfélag.

Það er eins og þessir menn í ríkisstjórninni og stuðningsmenn þessarar herfarar í stjórnarliðinu geri sér ekki grein fyrir framtíðinni, geri sér ekkert grein fyrir hvernig hér verður umhorfs eftir 30 ár með öllu frelsinu. Við erum að gerast aðilar að evrópsku atvinnuleysissvæði. Við erum að gefa íbúum Evrópsks efnahagssvæðis, eða íbúum evrópsks atvinnuleysissvæðis ef menn vilja hafa það heldur svo, jafnan rétt í flestöllum greinum við okkur hér á okkar landi. Og þetta er allt saman gert á ábyrgð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

Ég ætla ekki, frú forseti, að endurtaka mikið af því sem ég sagði þegar samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði var til umræðu hér á hinu háa Alþingi. Sú stefna ríkisstjórnarinnar hefur ekkert breyst að hella okkur ofan í þessi evrópsku vandræði þar sem atvinnuleysið vex, þar sem hagvöxturinn er þverrandi og þar sem vandamálin hrannast upp. Þetta finnst mér engin þjóðhollusta hvað þá heldur framsýni hjá hæstv. ríkisstjórn. Ríkisstjórnin er ákveðin í því að fjötra okkur svo sem kostur er við Evrópubandalagið. Kosti það hvað sem kosta vill. Hún segir eins og skáldið:

> Það er ókeypis allt
> og með ánægju falt —
> og ekkert að þakka, því gullið er valt!

Við fáum sáralítið í staðinn fyrir allar þær fórnir og öll þau óþægindi sem við tökum á okkur. Menn víla ekki fyrir sér að brjóta stjórnarskrána og rjúfa sín drengskaparheit. Þeir skerða stjórnarfarslegt fullveldi þjóðarinnar. Þeir afsala að hluta til löggjafarvaldi, framkvæmdarvaldi og dómsvaldi alveg eins og ekkert sé. Allt skal tilvinnandi til þess að við verðum sem nánast tengd Evrópu.

Það hefur reyndar ýmislegt skeð síðan í janúar, m.a. það að Evrópubandalagssinnarnir koma nú út úr skápunum hver um annan þveran. Þeir tala miklu berar og lýsa sínum löngunum mikl hreinskilnislegar en þeir gerðu hér fyrir jólin. Fyrstur kom hv. þm. Karl Steinar Guðnason út úr skápnum og lýsti kappi sínu að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Ungir kratar hafa verið að gera svona ályktanir. Hæstv. utanrrh. sagði á blaðamannafundi úti í Danmörku, þegar hann var spurður að því af hverju Íslendingar sæktu ekki um aðild að Evrópubandalaginu eins og aðrar þjóðir á Evrópsku efnahagssvæði, að Íslendingar væru tíu árum á eftir öðrum, þ.e. hann boðaði hinum útlendu blaðamönnum og reyndar einhverjum íslenskum líka að innan tíu ára mundum við nú manna okkur í að stíga það skref að sækja um aðild. En ef þessir menn sem núna stjórna þjóðfélaginu fá að ráða, þá líða engin tíu ár. Þá var þetta varfærið mat hjá hæstv. utanrrh.

Hv. 3. þm. Reykv. Björn Bjarnason er kominn út úr skápnum og skrifar hverja greinina eftir aðra af sinni alkunnu elju þegar hann þarf ekki að vera að berja á kommúnistum og stríða úti í heimi, eins og hann er núna, eða berja á kommúnistum innan lands. Hann er farin að skrifa hverja greinina eftir aðra um hvað það sé notalegt fyrir okkur og mjög athyglisvert að sækja nú um aðild að Evrópsku efnahagssvæði.

Hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, lætur ekki deigan síga heldur og er nú aldeilis kominn út úr skápnum. Hann, sem framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands, boðaði til sérstakrar ráðstefnu til að ræða það mál hvort Íslendingar ættu að sækja um aðild eða ekki. Og meiri hluti fundargesta var heldur á því að það væri skynsamlegt fyrir okkur að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Hv. 5. þm. Norðurl. v. er eljumaður og skrifar grein í DV í dag sem heitir: „Af hverju vilja Svíar í EB?" Það er verst að hv. þm. er ekki á þinginu í dag, hann er væntanlega að undirbúa nýja ráðstefnu uppi í Verslunarráði, en ég hefði haft ánægju af því að eiga orðastað við hann undir þessum dragskrár-

lið. (**HG:** Hann er að undirbúa komu kengúruhópsins.) Hann er kannski að undirbúa komu kengúruhópsins, vel á minnst og ég kem að því síðar. Hv. þm. segir í þessari grein sinni og hefur það eftir utanríkisviðskiptaráðherra Svía sem heitir Ulf Dinkelspiel að Svíar sæki um aðild vegna þess að þeir vilji taka þátt í að skapa sameinaða Evrópu friðar, framfara og félagslegs réttlætis sem tekur tillit til nágranna sinna og er sér meðvituð um ábyrgð sína á þróun alþjóðamála. Ja, sér er nú hver lýsingin á Evrópubandalaginu.

Er þetta það Evrópubandalag sem menn þekkja? Er þetta það Evrópubandalag sem við höfum reynsluna af sem utanríkisviðskiptaráðherra Svía er hér að lýsa? Ég er ansi hræddur um ekki. Það getur vel verið að hæstv. ráðherrar haldi það. Það getur vel verið að hv. þm. Björn Bjarnason haldi það. Það getur vel verið og er ábyggilegt að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson trúir þessu því að hann er hreinskiptinn maður og hefur það fram yfir marga af þessu skápaliði að hann kemur til dyranna eins og hann er klæddur. Hann verður að vísu dálítið sár og alveg hissa ef menn fallast ekki á þessar vitlausu röksemdir hans. En allir þessir menn hafa rangt fyrir sér og allir þessir menn eru að stefna framtíð þjóðarinnar í voða. Síðan segir hv. þm. í niðurlagi greinar sinnar þegar hann er búinn að ræða um afstöðu Svía, með leyfi forseta:

„Því hlýtur sú spurning að vakna hvort við þurfum ekki að leita eftir aðild að EB eins og Svíar til þess að fá einhver áhrif á mótun þessara leikreglna og gæta hagsmuna okkar eins og kostur er."

Hvernig skyldi svo okkur Íslendingum ganga að hafa áhrif á mótun leikreglnanna? Það vill svo til að við höfum pínulitla persónulega reynslu af því, hv. 5. þm. Norðurl. v. og ég ásamt með öðrum þingmönnum Alþingis sem höfum setið í þingmannanefnd EFTA. Þingmannanefnd EFTA gekk á síðasta fundi frá skipan í sameiginlega þingmannanefnd Evrópsks efnahagssvæðis. Við höfum mætt á jafnréttisgrundvelli innan EFTA og hver þjóð hefur haft fimm fulltrúa. Okkur hefur þar verið sýndur fullur sómi og tekið tillit til skoðana okkar a.m.k. að einhverju marki. Nú er verið að skipuleggja nýja þingmannanefnd og fækka fulltrúunum þannig að í þessari sameiginlegu þingmannanefnd EES og EB er fyrirhugað að verði 33 þingmenn frá hvorum, þ.e. 66 þingmenn í allt. Eftir mikla togstreitu á þessum fundi þar sem hv. 5. þm. Norðurl. v. barðist eins og ljón — og ég hef ekki trú á því að aðrir íslenskir þingmenn hefðu gert það betur en hann og er mér ánægja að því að lýsa því yfir hér í heyranda hljóði að hann hefur staðið sig með mikilli prýði á þeim vettvangi sem formaður íslensku sendinefndarinnar og naut algers stuðnings okkar Íslendinganna í baráttu sinni — var gersamlega keyrt yfir okkur. Það sem verið var að togast á um voru fyrst og fremst þau sæti í nefndinni sem losnuðu þegar Sviss gekk úr skaftinu. Við lögðum til að þessum sex sætum sem Sviss hafði verið úthlutað yrði skipt á milli þjóðanna þannig að allir fengju eitthvað og á það féllst undirbúningsnefndin, þ.e. formenn sendinefndanna, að vísu með fyrirvara frá Finnlandi en síðar þegar til fundarins kom var gersamlega keyrt yfir okkur og skiptingin verður ekki á neinum jafnréttisgrundvelli eins og áður var heldur fá Svíar átta, Austurríksmenn átta, Finnar sjö, Norðmenn sex og Íslendingar fjóra, þ.e. til bráðabirgða vegna þess að við eigum að fá að geyma einn fulltrúa sem gengur til Liechtenstein þegar Liechtenstein verður búið að koma sínum málum í lag og gerist aðili að Evrópsku efnahagssvæði. Við biðum náttúrlega algeran ósigur og fengum bara það sem okkur var skammtað í atkvæðagreiðslu og ekkert meir. Ekkert tillit tekið til okkar þrátt fyrir hina drengilegu og vasklegu baráttu hv. þm. Vilhjálms Egilssonar. (**Gripið fram í:** Þú hefur ekki stutt hann nóg.) Ég studdi hann eins og ég mögulega gat. Og svo er þessi maður að skrifa 24. mars 1993 og láta í það skína í niðurlagi orða sinna að við gætum kannski komið til með að hafa einhver áhrif á mótun leikreglna í þessu kompaníi. Nei, það er aldeilis ekki.

Hv. 4. þm. Austurl. minnti á annan atburð sem hér er að dynja yfir. Það er ráðstefna kengúruhópsins svokallaða sem starfar innan Evrópubandalagsins. Það er mikil frjálshyggjugrúppa sem starfar innan Evrópubandalagsins og ætlar að efna til ráðstefnu á Íslandi í vor. Sú ráðstefna er merkileg fyrir margra hluta sakir. Fundarefnið er stækkun Evrópubandalagsins til norðurs, hvorki meira né minna. Og Verslunarráðið býður náttúrlega upp á veitingar og hæstv. utanrrh. býður gesti velkomna. Hæstv. forsrh. verður aðalræðumaður á hátíðarkvöldverði sem er fyrirhugaður og einn hv. þm. ætlar að sitja þar við hringborð og láta ljós sitt skína. Það er hv. 10. þm. Reykv., Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem ætlar að ræða stækkun Evrópubandalagsins til norðurs. (**Gripið fram í:** Er hún komin í kengúruhópinn?) Hún er gestur kengúruhópsins. Hún er ekki meðlimur. Ég get látið ykkur vita af því, góðir þingmenn, að ég ætla að fara á þessa ráðstefnu, ekki til þess að segja frá því hvernig ég vilji berjast fyrir stækkun Evrópubandalagsins til norðurs heldur til að heyra ofan í það hvernig þeir hugsi sér að láta þetta fara fram og hlusta með athygli á hv. 10. þm. Reykv. segja sína skoðun á þeirri hernaðaráætlun.

Þetta er í fyrsta skipti sem þingmenn Evrópubandalagsins gangast fyrir ráðstefnuhaldi utan vébanda Evrópubandalagsins þannig að hér er um merkan atburð að ræða. Mér þykir ekki ólíklegt þar sem ekki er langt vestur á Sögu að eitthvað eigi eftir að heyrast hér í þingsölum endurómur frá þessari ráðstefnu. (**Forseti:** Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann eigi eftir langt mál þar sem lofað hafði verið að utandagskrárumræða hæfist kl. 3.30.) Frú forseti. Ég get svo sem lokið ræðu minni nú á einni mínútu.

Slagurinn um aðild Íslands að Evrópubandalaginu er hafinn. Það er búið að ná áfanga. Það er verið að fullnusta áfangann, þ.e. ríkisstjórin er að verða búin að koma okkur inn í Evrópskt efnahagssvæði. Næsti áfangi er þegar byrjaður: Slagurinn um það hvort við gerumst aðilar að Evrópubandalaginu, fullir aðilar að Evrópubandalaginu eða látum innlima okkur í Evrópubandalagið, sökkva okkur ofan í Evrópubandalagið. Ég tel það ákaflega óráðlegt og mun halda áfram að berj-

ast gegn því. Það var hneykslast á okkur framsóknarmönnum í síðustu kosningum, t.d. af hæstv. utanrrh., þegar við sögum X-B er nei við EB, en tilfellið var að í síðustu kosningum var teningunum kastað eða hér um bil kastað a.m.k. og á þessu kjörtímabili kemur það til með að ráðast hver framtíðarþróunin verður í málinu. (**Gripið fram í:** Og ætlið þið í Framsókn að mótmæla?) Þú skalt spyrja hvern og einn. Ég er á móti.

Ég tel að ríkisstjórn Íslands sýni ótrúlegan barnaskap. Ég tel að ríkisstjórnin gæti ekki hagsmuna Íslendinga. Nýjasta dæmið um það er ásælni sú sem hæstv. utanrrh. hefur sýnt af sér við að semja af okkur til þess að gefa innflutning landbúnaðarvara frjálsan. Hann óskar eftir því að fá alræðisvald til þess að heimila innflutning landbúnaðarvara til Íslands. Það hefur svo sem verið baráttumál hans og hans flokks um nokkur ár. Ég vona að sjálfstæðismenn sjái að sér og reyni að standa sig í stykkinu. Ég teldi illa komið fyrir íslenskri þjóð ef það vald væri komið í hendurnar á hæstv. utanrrh. Nóg er nú samt.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Lokuð deild fyrir síbrotaunglinga.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrir skömmu síðan var greint frá því í fréttum fjölmiðla að ríkisstjórnin hefði að tillögu hæstv. félmrh. ákveðið að veita 20 millj. kr. til þess að setja á stofn lokaða deild fyrir síbrotaunglinga yngri en 16 ára. Fyrirhugað er að taka þessa deild í notkun í maí á þessu ári. Jafnframt var sagt frá því að hæstv. félmrh. hefði óskað eftir því að lögum um sjálfræðisaldur yrði breytt þannig að ungmenni verði ekki sjálfráða fyrr en 18 ára í stað 16 ára eins og verið hefur. Haft var eftir hæstv. ráðherra að hún vildi láta kanna hvort ekki væri rétt að hækka sjálfræðisaldurinn svo hægt væri að beita svokallaðri lokaðri vistun í stað þess að dæma 16–18 ára unglinga til fangelsisvistar brjóti þeir af sér.

Ástæðan fyrir því að ég óskaði eftir þessari umræðu utan dagskrár er ekki sú að ég sé á móti því að fjármagn sé veitt til þess að koma á fót lokaðri deild svo mögulegt verði að taka á málum nokkurra mjög ógæfusamra ósakhæfra unglinga. Ég geri mér fulla grein fyrir því að hér er um mjög alvarlegt mál að ræða sem þarf að taka á og ég er viss um að allir hv. þm. eru mér sammála um það. Hins vegar var ég mjög hissa á því að málið skyldi ekki vera betur undirbúið áður en ákvörðun var tekin. Ég hef þá tilfinningu að sérstakur hörmulegur atburður, þar sem nokkur ungmenni unnu skemmdarverk á eigum manna, hafi orðið til þess að ákveðið var í skyndi án mikillar umhugsunar að koma á fót lokaðri meðferðardeild, nýrri stofnun. Linnulaus fréttaflutningur fjölmiðla af þessum atburði, myndbirtingar, vettvangsferðir og fullyrðingar þess efnis að þarna hafi verið á ferðinni hópur unglinga sem öll væru síbrotamenn, þótt síðar kæmi í ljós að það var ekki, hefur áreiðanlega ráðið miklu um flýti ráðherrans. Það voru sýndar myndir í sjónvarpi þar sem þessi ógæfusömu ungmenni voru leidd handjárnuð eða handjárnuð við grindverk, sett í lögreglubíla, þessu til staðfestingar, en þess ekki nægilega gætt að þau væru ókennileg. E.t.v. á þessi ákvörðun hæstv. ráðherra sér lengri aðdraganda og einhvern undirbúning en hafi svo verið þá hefur það hvergi komið fram.

Við skulum ekki gleyma að það eru starfandi í landinu nokkrar stofnanir og heimili sem hafa fram til þessa sinnt því hlutverki að vista unglinga sem þurfa á aðstoð og umhyggju að halda, unglinga sem hafa komist í kast við lögin. Var kannað hvort ekki mætti bæta þessa aðstöðu þannig að hún fullnægði þeim kröfum sem gera þarf? Var það gert áður en ákvörðun var tekin um nýtt heimili eða nýja stofnun? Var haft samráð við þá aðila sem hafa fram til þessa sinnt málefnum síbrota- eða afbrotaunglinga, t.d. þá sem starfa að þessum málum á vegum Fangelsismálastofnunar og Unglingaheimilis ríkisins og óhjákvæmilega búa yfir töluverðri vitneskju og reynslu á þessu sviði?

Það væri fróðlegt að heyra frá hæstv. ráðherra hversu mörg heimili eða stofnanir sinna þessum málum í dag og hversu sérhæfð þau eru. Röng ákvörðun um það hvað gera skuli við ungling á aldrinum 13–15 ára vegna afbrota getur haft slæmar afleiðingar. Það þarf að gaumgæfa vel hvert einstakt tilfelli og taka ákvörðun að vel athuguðu máli. Við hljótum í öllum tilvikum að miða að því að þessir unglingar bæti sig og snúi inn á heillavænlegri brautir. En til þess þarf að byggja á reynslu og sérþekkingu fjölmargra aðila og samvinnu þeirra á milli og ég vona svo sannarlega að það hafi verið gert og verði gert.

Þá kem ég að hinu aðalatriðinu í máli hæstv. ráðherra sem ég nefndi í upphafi, þ.e. hækkun á sjálfræðisaldri til þess að geta beitt svokallaðri lokaðri vistun í stað fangelsis sem refsingu fyrir afbrot 16–18 ára unglinga. Í þeim viðtölum sem fjölmiðlar hafa átt við hæstv. ráðherra og ég hef heyrt hefur gætt nokkurs misskilnings. Þar hefur verið gefið í skyn að það dugi að hækka sjálfræðisaldurinn úr 16 árum í 18 ár svo hægt verði að beita lokaðri vistun á meðferðardeild, sem er refsiúrræði, í stað fangelsisvistar. Þetta kemur t.d. skýrt fram í viðtali sem Stöð 2 átti við hæstv. félmrh. 4. mars sl. og ég hef í fórum mínum. Þetta er ekki rétt. Samkvæmt gildandi lögum verður unglingur sakhæfur í dag þegar hann hefur náð 15 ára aldri og á þá rétt á eðlilegri málsmeðferð í dómskerfinu brjóti hann af sér. Hann verður hins vegar ekki sjálfráða fyrr en 16 ára og þótt þeirri viðmiðun verði breytt er ekki sjálfgefið að aldursmörk sakhæfis breytist.

Vistun unglings í fangelsi er vissulega neyðarúrræði. Það á ekki og er ekki gert að beita frelsissviptingu sem refsingu ef önnur úrræði eru möguleg. Ég er þeirrar skoðunar að einu gildi hvort um er að ræða lokaða deild, sem hugsanlega gæti borið nafnið heimili og heyrt undir félmrn., eða stofnun sem heitir Kópavogsfangelsi og heyrir undir dómsmrn. Munurinn er e.t.v. sá að afbrotamaður sem er 15 ára eða eldri og telst

sakhæfur er ekki vistaður á lokuðu heimili án undangenginnar málsmeðferðar í dómskerfinu. Hins vegar má svipta þá frelsi sem ekki eru sakhæfir án þess að um mál þeirra sé fjallað í dómskerfinu.

Í báðum tilvikum er um frelsissviptingu að ræða og mjög miklu skiptir að þeir sem starfa á lokuðum deildum, hvort sem er á vegum barnaverndarmála eða fangelsisstofnana, sinni sínu hlutverki af kostgæfni. Ég tel eðlilegt ef niðurstaðan er sú að nauðsynlegt sé að reka lokaða meðferðardeild fyrir unglinga að 15 ára aldri sem brotið hafa af sér að slík deild heyri undir félmrn. Jafnsjálfsagt er að brjóti unglingur sem telst sakhæfur af sér og hljóti hann dóm um vistun á lokaðri stofnun eða heimili (Forseti hringir.) — ég er rétt að ljúka máli mínu, virðulegi forseti — heyrir slíkt mál að sjálfsögðu undir dómsmrn. Ég sé enga ástæðu til þess að hækka aldursmörk sakhæfi. Það tel ég vera skerðingu á réttindum þeirra 8.000–9.000 unglinga sem á þessum aldri eru og fæstir þeirra brjóta af sér.

Ég vil einnig minna á frv. til laga um samfélagsþjónustu, sem hér er til meðferðar, þar sem refsiúrræði eru ekki innilokun heldur vinna í þágu samfélagsins. Í þeim löndum þar sem reynsla er komin á þetta refsiúrræði er því gjarnan beitt þegar um afbrot unglinga er að ræða. Hækkun á sjálfræðisaldri má að sjálfsögðu ræða en, virðulegi forseti, ekki eingöngu út frá refsiúrræðum. Þá umræðu þarf að byggja á öðrum og víðtækari grunni.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að leiðrétta það sem fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns að gripið hafi verið í skyndingu til þess að setja á stofn lokaða meðferðardeild vegna þeirra afbrota og skemmda sem voru framin í sumarbústöðum af síbrotaunglingum fyrir skömmu. Þetta mál hefur verið í undirbúningi allt frá því að mitt ráðuneyti tók við þessum málaflokki í janúar sl. og reyndar hafði ég rætt það við nokkra af mínum samráðherrum áður að ég mundi leggja slíka tillögu fyrir ríkisstjórn.

Ég vil segja það að flestir þeir aðilar sem um málefni barna og unglinga fjalla eru á einu máli um það að lokuð meðferðardeild sé nauðsynleg fyrir nokkra unglinga, 13–15 ára, sem eiga í mjög alvarlegum persónulegum og félagslegum vandamálum og eru ófær sökum stjórnleysis að þiggja eða að fá hjálp sem er nauðsynleg.

Af hálfu barnaverndarnefnda, félagsmálastofnunar og Unglingaheimilis ríkisins hafa öll tiltæk meðferðarúrræði verið reynd. Þó árangur hafi verið einhver um skamman tíma hefur allt sótt í sama farið. Þessir unglingar eiga það oftar en ekki sameiginlegt að hafa þvælst á milli stofnana og í þau meðferðarúrræði sem tiltæk eru og er það mat fagaðila að sárlega skortir lokuð langtímameðferðarheimili fyrir þessa unglinga. Á slíkum heimilum þyrfti að vera unnt að halda þannig á málum unglinganna að þeir geti ekki komið sér hjá dvöl á heimilinu. Þar yrði sinnt uppeldis- og meðferðarstarfi sem tækist á við fjölþættan vanda þessa hóps.

Ekki er einungis um að ræða að barnaverndarnefnd og Félagsmálastofnun Reykjavíkur beindu tilmælum til félmrn. um lokaða meðferðardeild fyrir síbrotaunglinga eftir að ráðuneytið tók við þessum málum um síðustu áramót, heldur komu og tilmæli frá forvarnadeild lögreglunnar í Reykjavík um sama úrræði. Tillögur um lokaða meðferðardeild eru ekki nýjar því allt frá 1985 hafa sérfræðingar í málefnum barna og unglinga, svo sem Unglingaheimili ríkisins, félagsmálastofnanir sveitarfélaga, barnaverndarnefndir, geðdeildir sjúkrahúsa og lögregluyfirvöld kallað eftir þessu úrræði.

Slíkar meðferðardeildir sem hér um ræðir hafa um langa hríð verið starfræktar t.d. á hinum Norðurlöndunum og í Bandaríkjunum með góðum árangri.

Ég held að það sé ástæða til að nefna að nokkurs misskilnings virðist gæta í umræðunum um lokaða meðferðardeild. Hugtak eins og unglingafangelsi er notað. Hér er ekki um að ræða að unglingar séu læstir inni eða einangraðir, enda tel ég slíka meðferð ekki skila árangri. Aftur á móti er tilgangurinn sá að skapa unglingnum umhverfi þar sem hann getur tekist á við sín vandamál með hjálp þar sem honum eru sett skýr mörk og að staðið sé við þau mörk enda þó unglingurinn rísi gegn þeim. Yfirmaður unglingadeildar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar lýsir því svo að hér sé ekki endilega átt við lokaðar dyr heldur að á því heimili yrði innbyggður sá styrkleiki í mönnun og hugmyndafræði sem tæki á þeirri hræðslu og þeim mótþróa sem einkennir þennan hóp unglinga.

Það eru einmitt slík úrræði sem ég tel að eigi að vera fyrir hendi, ekki aðeins fyrir þá síbrotaunglinga sem hér um ræðir, frá 13–15 ára, heldur einnig að slík meðferðarúrræði og aðstoð eigi að vera fyrir hendi fyrir 16–18 ára unglinga því mitt mat er að fangelsisvistun leysi ekki þau vandamál sem þessir unglingar hafa við að glíma.

Þá er komið að sjálfræðisaldrinum. Unglingar sem orðnir eru sjálfráða geta einmitt neitað slíkri vistun á lokaðri meðferðarstofnun ef þeir svo kjósa. Ég hef látið þá skoðun í ljós að ég telji rétt að hækka sjálfræðisaldurinn í 18 ár. Það er í samræmi við sjónarmið þeirra sérfræðinga sem best þekkja til og vil ég í þeim efnum vísa til skýrslu samstarfsnefndar um málefni barna og ungmenna á höfuðborgarsvæðinu sem gerðu þetta að tillögu sinni.

Hver eru rökin fyrir þessu sjónarmiði? Í fyrsta lagi er það svo að núverandi aldursmörk hafa í reynd ekki nema táknrænt gildi. Á þau reynir sjaldan nema þegar ungmenni eru í verulegum vanda og þá eru þau þrándur í götu þess að unnt sé að koma þeim til hjálpar. Það er alkunna að miklar breytingar hafa orðið á þjóðfélaginu frá því að sjálfræðisaldurinn var ákveðinn 16 ár. Nú eru börn miklu lengur á heimilum foreldra sinna, meiri hluti raunar fram á þrítugsaldur og má lesa það úr tölum Hagstofunnar. Þetta er líka í samræmi við þá þróun sem hefur verið t.d. á hinum Norðurlöndunum þar sem sjálfræðisaldurinn er almennt 18 ár.

Ég tel mikilvægt að unnt sé að koma unglingum á aldrinum 16–18 ára til hjálpar með því að taka þau úr

umferð þegar það er nauðsynlegt án þess að þau séu vistuð í fangelsi en það er eina frelsissviptingin sem unnt er að grípa til nú ef sjálfræðissvipting er undan skilin. Reynslan er hins vegar sú að veruleg tregða er til að fá fólk svipt sjálfræði fyrir dómi. Slíkt er alvarleg aðgerð og einstaklingurinn fær þá ekki sjálfræði á nýjan leik nema með öðrum dómsúrskurði.

Telji menn ekki fært að hækka sjálfræðisaldurinn tel ég það vera lágmarksaðgerð að sjálfræðislögum sé þannig breytt að dómurum sé gert það kleift að svipta menn tímabundið sjálfræði. Þannig mundu unglingar sjálfkrafa öðlast sjálfræði á nýjan leik að afloknum ákveðnum tíma án dómsúrskurðar, með öðrum orðum að gera sjálfræðissviptinguna í slíku tilvikum sveigjanlegri og auðveldari.

Hv. þm. varpaði fram þeirri spurningu hvort ekki hefði verið eðlilegra að nýta þau úrræði sem Unglingaheimili ríkisins hefur nú á sínum vegum í því skyni að leita leiða til að leysa málið innan þeirra meðferðarúrræða sem nú eru fyrir hendi. (Forseti hringir.) Ég er rétt að ljúka máli mínu, virðulegi forseti. Því er til að svara að mikil eftirspurn er eftir þjónustu allra deilda Unglingaheimilisins og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér eru biðlistar á öllum deildum nú. Auk þess býður það skipulag og meðferðarstofnanir og úrræði sem Unglingaheimilið hefur yfir að ráða ekki upp á slíka lokaða meðferðarstofnun.

Hitt er annað að stjórn Unglingaheimilis ríkisins lagði einmitt til að sú lokaða deild sem sett verður á laggirnar nú sé fyrst og fremst bráðabirgðalausn til að mæta neyðarástandi. Þess vegna óskar stjórnarnefndin eftir því að deildin verði rekin í tilraunaskyni þetta ár. Hugsunin að baki er einmitt sú að fyrir dyrum stendur endurmat á starfsemi Unglingaheimilis ríkisins en óskað hefur verið eftir að úttekt verði gerð af Hagsýslu ríkisins á stofnuninni með endurskipulagningu í huga og það að markmiði að hún geti leitt til meiri þjónustu og fleiri meðferðarúrræða en við höfum yfir að ráða í dag.

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar til að koma með örfáar athugasemdir í tengslum við þessa umræðu. Dómsmrh. hefur skipað nefnd til að endurskoða lögræðislög nr. 68/1984. Í nefndinni eiga sæti Drífa Pálsdóttir, skrifstofustjóri í ráðuneytinu, Páll Hreinsson, aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis, og Davíð Þór Björgvinsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands.

Þar sem gera verður ráð fyrir að endurskoðun lögræðislaganna taki þó nokkurn tíma virðist nauðsynlegt að gera breytingar á þeim, helst á yfirstandandi þingi, einkum vegna þess vanda sem risið hefur vegna erfiðleika á að fá einstaklinga til að taka sér lögráðamennsku sjálfræðissviptra manna, einkum geðsjúklinga, eiturlyfjaneytenda og drykkjusjúkra manna. Einnig hefur töluvert verið rætt um nauðsyn þess að hækka sjálfræðisaldur úr 16 ára aldursmörkum í 18 ár, einkum vegna vandamála afbrotaunglinga á þessu aldursbili sem í flestum tilvikum munu einnig eiga við vímuefnavanda að stríða.

Vitað er að mjög skiptar skoðanir eru um hvort hækka eigi sjálfræðisaldurinn í 18 ár og er það atriði sem hlýtur að verða kannað mjög vandlega. Kemur þá til skoðunar hvort önnur úrræði séu til staðar til að koma til móts við þann vanda sem rætt hefur verið um. Í því sambandi mætti e.t.v. hugsa sér þann möguleika, sem hæstv. ráðherra nefndi áðan, að heimila dómara að svipta einstakling sjálfræði sínu tímabundið, t.d. til þriggja mánaða eða sex mánaða, þannig að viðkomandi einstaklingur fengi sjálfræði sitt sjálfkrafa að þeim tíma liðnum. En um þetta verður að sjálfsögðu að leita álits sérfræðinga, t.d. geðlækna, og þá sem neyðarúrræði.

Samkvæmt núgildandi lögræðislögum er einungis unnt að svipta einstakling sjálfræði sínu ótímabundið en í 9. gr. laganna segir hvernig fari um mál þegar sjálfræðissviptur einstaklingur óskar eftir að fá sjálfræði sitt aftur. Þar segir að telji sá sem lögræðissviptingar krafðist að ástæða til sviptingar sé ekki lengur fyrir hendi geti hann borið fram tilmæli til héraðsdómara um að lögræðissvipting verði felld úr gildi. Slík tilmæli geti hinn lögræðissvipti einnig borið fram en óskylt sé að sinna þeim nema sex mánuðir hið skemmsta séu liðnir frá sviptingu.

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir þau vandamál sem upp hafa komið og hér hefur verið um rætt þá er ljóst að um afar viðkvæmt og vandmeðfarið mál er að ræða þegar menn eru sviptir sjálfræði sínu. Hið sama er um hækkun sjálfræðisaldursins. Það hlýtur því að verða að reyna að finna aðrar leiðir til úrbóta áður en breytt er svo mikilvægum réttindum ungmenna sem sjálfræðisaldurinn er, en slík breyting hlyti óhjákvæmilega að skerða réttarstöðu þeirra í þjóðfélaginu.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Úrræði fyrir börn og unglinga sem leiðast út í afbrot og umræðan um aldursmörk sjálfræðisaldurs eru tvær sjálfstæðar umræður sem ég tel alls ekki sjálfgefið að tengja saman. Báðar eiga fullan rétt á sér. Hins vegar ekki ástæða út af fyrir sig að hækka sjálfræðisaldurinn til þess að koma 16–18 ára unglingum í lokaða vistun. Þar er um ýmsar fleiri leiðir mögulegar að ræða einnig. Jafnframt er verið að blanda saman að nokkru leyti sakhæfi og sjálfræði.

Ófremdarástand ríkir í málefnum þeirra unglinga sem hafa lent í afbrotum og það ástand þarf að bæta. Hins vegar verður það ekki gert með einni lausn heldur mörgum, t.d. með auknu forvarnastarfi, bættum aðbúnaði barnaverndarnefnda, en aðeins 10% þeirra njóta þjónustu fagfólks samkvæmt upplýsingum hæstv. félmrh., svo og þarf að veita stóraukna fjármuni í unglingaráðgjöf og neyðarþjónustu fyrir unglinga og þar með talin er að sjálfsögðu lokuð deild. Ég vil einnig nefna vímuefnavarnir og átak gegn einelti sem Alþingi hefur ályktað um að gert verði. Allar þessar leiðir þarf að fara til þess að bæta úr brýnni þörf.

Hækkun sjálfræðisaldurs er annað mál sem einnig þarf að fjalla um og þá sjálfstætt. Önnur Norðurlönd binda sjálfræðis- og lögræðisaldur við 18 ár en þau gera það með öðrum rökum en þeim einum að þar sé

verið að fjalla um hvenær afbrotaunglingar þurfi að komast undir manna hendur. Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Íslendingar hafa fullgilt nær skilgreiningin á barni til 18 ára aldurs og í því felst ekki síður að fjölskyldu og samfélagi beri að rækja skyldur sínar við börn og unglinga upp að þessum aldri en sú umræða verður að fara fram á öðrum forsendum en við eiga í dag. Ekki síst þess vegna finnst mér ástæða til að taka upp sjálfstæða umræðu um sjálfræðisaldur.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu eitt viðkvæmasta og dapurlegasta mál sem snertir þjóðfélag okkar. Málið snýst um það hvernig bregðast skuli við gagnvart unglingum sem sífellt brjóta af sér og missa tökin á tilverunni. Á að vista þá nauðuga á lokaðri deild tímabundið og í tilraunaskyni? Er til leið sem veitir einhverja von til þess að hægt sé að koma þessum bágstöddu börnum til hjálpar þannig að framtíð þeirra bjóði upp á eitthvað annað og betra en fangavist og aftur fangavist?

Auðvitað liggur rótin að erfiðleikum og atferli unglinga í mörgum samverkandi þáttum. Oft koma þessir einstaklingar úr fjölskyldum sem eiga í erfiðleikum og eru í óreglu en þó er það alls ekki einhlítt. Því miður eru margir sem ná aldrei að finna sig innan skólans, skaðast bókstaflega af skólavist þar sem þeir voru alltaf að tapa og urðu alltaf undir og því miður er einelti staðreynd í íslenskum skólum. Það þarf sérstök úrræði fyrir slík börn, úrræði sem byggjast ekki fyrst og fremst á að þau standi skil á miklu námi, en hins vegar efli áhugasvið þeirra sem flestallir eiga einhver í bernsku sinni önnur en að eyðileggja.

Ungt fólk er tápmikið fólk. Það þarf að hafa eitthvað fyrir stafni. Rannsóknir hafa sýnt að íþróttaiðkun hefur mjög góð uppeldisleg áhrif á börn og unglinga. Í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins í gærkvöldi var sagt frá áhugaverðri aðferð nágranna okkar, Grænlendinga, til þess að draga úr glæpatíðni meðal barna og unglinga. Þar sagði frá því að afvegaleidd börn fengu það verkefni að búa til 6,6 tonna fjall af ís sem síðan var boðinn bæjarbúum til átu um sl. helgi. Það tók börnin fjórar vikur að ljúka verkinu og fækkaði afbrotum um helming á þeim fjórum vikum.

Að mati lögreglunnar í Reykjavík eru alls á milli 10 og 15 unglingar sem eru afar illa á vegi staddir. Afbrotaskrá þessara unglinga er löng og þeir hafa valdið meðborgurunum miklu tjóni. Kannski er eina leiðin sú að loka þá inni tímabundið og jafnframt þá að veita þeim félagslega aðstoð. Hættan við einangrun er hins vegar sú að þeir komi tvíefldir út að lokinni vistun með hefndarhug í garð þjóðfélagsins, á móti kerfinu. Því þarf að vanda vel til þess verks að loka unglinga inni á stofnun og beini ég þeim orðum mínum sérstaklega til hæstv. ráðherra.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það vandamál sem við erum að ræða um er auðvitað ekki nýtt af nálinni. Það sem gerði það hins vegar að verkum að það knúði mjög á um að tekið væri mjög fast á þessu máli núna er að sá hópur barna og unglinga, er um ræðir, er núna stærri en nokkurn tíma áður. Þess vegna var ekki undan því vikist að taka alveg sérstaklega á því máli.

Það sem þarf að leggja áherslu á í þessu sambandi er í fyrsta lagi nauðsyn þess að bregðast mjög skjótt við þeim mikla vanda sem var kominn upp. Auðvitað varð ekki þessi ógæfulegi atburður við Meðalfellsvatn einn og sér til þess að ákveðið var að opna þetta lokaða meðferðarheimili heldur hitt að hér hafði verið að þróast mjög alvarlegt mál. Jafnframt þarf líka að leggja mjög mikla áherslu á að um er ræða bráðabirgðaráðstöfun í þeim skilningi sem hún er gerð núna vegna þess að það er jafnframt ljóst að verið er að endurskoða þessi mál alveg frá grunni. Fyrir þessi börn erum við auðvitað með margs konar lausnir og margs konar úrræði sem eru nú þegar til staðar eins og fram hefur komið. Mér hefur talist svo til að ekki séu færri en átta heimili eða stofnanir sem taki við börnum sem á ýmsan hátt eiga við erfiðleika að stríða. Nú mun það vera þannig að á vegum félmrn. hefur Hagsýslu ríkisins verið falið að fara sérstaklega ofan í þessi mál og athuga með hvaða hætti hægt sé að endurskipuleggja þau. Á meðan sú endurskipulagning stendur yfir hefur verið gripið til þeirrar bráðabirgðalausnar sem fólst í því að setja á stofn þetta lokaða meðferðarheimili sem hér hefur verið til umræðu.

Ég er alveg sammála því, sem fram hefur komið, að það virkar stundum eins og við grípum til örþrifaráða þegar vandamálin steðja að okkur. Enda þótt stundum kunni að vera nauðsynlegt að grípa til skyndilausna er engu að síður mikilvægt að við tökum málin núna til heildarendurskoðunar eins og verið er að gera og henni sé hraðað til þess að við nýtum þá miklu peninga sem við erum að leggja í þessi mál sem best fyrir þau börn sem á þeirri meðferð þurfa að halda.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fjalla um hækkun sjálfræðisaldurs en ég er mjög efins um það atriði. Vistun er dýrt úrræði en slík aðstaða þarf að vera fyrir hendi í landinu. Ég tel að það þurfi að gera fyrirbyggjandi starf miklu markvissara en það er. Vistun unglings á heimili eins og á Tindum kostar 500 þús. kr. á mánuði. Vistheimilið Tindar er dæmi um heimili þar sem hlutirnar hafa ekki heppnast eins og ætlað var. Ég tel að byrgja eigi brunninn áður en barnið dettur ofan í hann. Þetta er hægt að gera með því að einangra gikkina í hverri verstöð í tíma. Börn og unglingar þurfa aga, vinnu og ástúð. Oftast koma þessi börn frá heimilum sem eru í rúst vegna óreglu eða fjárhagserfiðleika. Það eru ekki bara börnin sem þurfa hjálp, foreldrarnir þurfa hana einnig.

Varnarkerfi okkar er bæði veikt og seinvirkt. Ég tel að styrkja beri starf skólahjúkrunarfræðinga og að lækna- og félagsmálastofnanir skerist fyrr í leikinn en gert er. Enn fremur í stað þess að byggja í sífellu heimili að semja við góð sveitaheimili um vistun til lengri eða skemmri tíma. Góð sveitaheimili hafa upp á

allt að bjóða til að aga og bæta börn og ungmenni. Fyrir slíka þjónustu þarf að vísu að greiða sanngjarnt kaup. Slíkt aga- og uppeldisstarf þarf að fara fram undir eftirliti færustu manna. Svo er hitt að efla hin frjálsu íþrótta- og ungmennafélög. Barn eða unglingur, sem stundar slíka iðju, er bólsettur gegn ávana- og fíkniefnum.

„Enn aukast vandræðin, kerling," sagði Björn í Mörk og það er hlægilegt að sjá hér stjórnarliða koma upp og verja sig og segjast vilja gera alla hluti. Þeir leyfðu sér það í fjárlagagerðinni í vetur að skera framlög til Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands niður um hvorki meira né minna en 5 millj. á þessum viðkvæmu tímum. Þetta skulu þeir leiðrétta í næstu fjárlagagerð áður en þeir þvo hendur sínar í skálinni í ræðustól Alþingis því að engin vörn er jafnmikilvæg gegn þessum voða eins og að temja börnin í íþróttahúsunum í landinu.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil að það komi fram að mér finnst mjög miður að það skuli yfirleitt haga þannig til í málum eins og þessu að gripið sé til aðgerða og að fjölmiðlafár skuli þurfa til svo að umræða eigi sér stað á þinginu. En ef svo er þá verður það bara þannig að vera, þá er kannski andvaraleysi stjórnmálamanna um að kenna.

Það er mín skoðun að það hafi verið þörf á lokaðri deild fyrir unglinga, deild þar sem þeir fá mjög skýr skilaboð um það að ekki standi til að gefast upp á þeim og þessi skilaboð þurfa að vera mjög skýr. Það er hins vegar bara önnur hliðin á þeim peningi sem hér er til umræðu. Hin hliðin er sjálfræðisaldurinn og til að slíkt úrræði nýtist held ég að þurfi að hækka sjálfræðisaldur. Þá kemur umræða um sjálfræðisaldurinn auðvitað ekki bara inn á þessa unglinga, heldur tengist hún unglingum almennt, ábyrgð samfélagsins gagnvart unglingum og þar á meðal unglingum í vímuefnaneyslu. Ég held að ákaflega fátt tapist við að hækka sjálfræðisaldurinn. Það þýðir ekki það að börn og unglingar séu gerð ábyrgðarlaus þó að sjálfræðisaldurinn sé hækkaður upp í 18 ár. Auðvitað bera þau ábyrgð á gerðum sínum eftir sem áður en ábyrgðin er sameiginlega þeirra, foreldranna og samfélagsins alls.

Ég vil benda á þær mótsagnir sem eru í íslensku samfélagi í dag. Við erum með börn sjálfráða 16 ára og barnabætur eru þar af leiðandi aðeins greiddar upp að 16 ára aldri. Þau verða hins vegar ekki fjárráða fyrr en þau eru 18 ára og framfærsluskyldu foreldra lýkur ekki fyrr en um 18 ára aldur. Mér finnst stundum að ástæðan fyrir því að við höldum í 16 ára sjálfræðisaldur hér þegar hann er miðaður við 18 ára aldur í löndunum í kringum okkur og í barnasáttmálanum sé einfaldlega að samfélagið sé að firra sig ábyrgð á þessu fólki sem er ekki annað en börn enn þá þó að náð hafi 16 ára aldri og að hreinlega sé verið að spara. Það kostar sjálfsagt talsverða fjármuni ef sjálfræðisaldur væri hækkaður upp í 18 ár og barnabætur, barnabótaauki og annað slíkt greitt með þeim til 18 ára aldurs.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og þeim hv. þm. sem hafa tekið þátt í umræðunni því að hún var að sjálfsögðu fyrst og fremst til þess að vekja athygli á málinu. Það er fullkomlega eðlilegt að umræða fari fram um þessi mál þegar ákvörðun er tekin án þess að hún sé á nokkurn hátt lögð fyrir Alþingi áður. Hæstv. félmrh. verður að virða mér það til vorkunnar þó að ég haldi að hún hafi ekki undirbúið ákvörðunina nógu vel vegna þess að það vill nú svo til að ég sit í fjárln. Alþingis og fjárln. Alþingis afgreiddi enga fjárhæð til málsins við afgreiðslu fjárlaga. Ef að undirbúningi hefur verið staðið eins og hæstv. félmrh. sagði þá býst ég við að það hefði verið afgreitt þegar fjárlög þessa árs voru afgreidd.

Mér finnst líka vera talað hér um lokaða meðferðardeild eins og hún hafi aldrei verið til og jafnvel hæstv. félmrh. hefur líka gert það. Þess vegna vil ég spyrja hana hvað varð um lokaða deild sem var og ég held er rekin við Unglingaheimili ríkisins. Er hún ekki til lengur? Er búið að loka henni? Þar var a.m.k. rekin lokuð deild. Hvað varð um hana og hvað þýðir þá þessi lokaða meðferðardeild?

Ég vil líka mótmæla þeirri túlkun hæstv. félmrh. að það að hækka sjálfræðisaldurinn þýði að þar með sé hægt að loka ungling á aldrinum 16–18 ára inni brjóti hann af sér, án þess að það fari fyrir dóm vegna þess að unglingurinn er sakhæfur 15 ára og sjálfræði og sakhæfi fylgist ekki að. Það er þannig og það þarf að breyta sérstaklega sakhæfi ef taka á þennan rétt þessara unglinga af þeim að þau eigi rétt á meðferð í dómskerfinu og að málefni þeirra heyri undir félmrn. Þess vegna held ég að þetta úrræði þurfi að skoða miklu betur en hefur komið fram hjá hæstv. félmrh.

Ég vil svo að lokum segja að það kom fram hjá henni að fangelsi landsins væru ekki mannbætandi. Það má vel vera. Ég veit ekki hvernig lokaðar deildir eru hugsaðar og hvort þær eru mannbætandi ef þær eru lokaðar á sama hátt og fangelsi. Hins vegar má ekki tala um fangelsi landsins eins og þar hafi ekkert verið gert til úrbóta því þar hafa átt sér stað stórkostlegar framfarir á undanförnum árum og tekið mjög vel á málum.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hefur orðið um hækkun sjálfræðisaldursins get ég tekið undir það að það mál er vissulega vandmeðfarið. Fyrir mig skiptir það fyrst og fremst máli, og það er meginatriði, að hægt sé að vista þessa unglinga, 16–18 ára, gegn vilja þeirra þannig að þeir fái nauðsynlega meðferð vegna þess að eins og málin eru núna geta þeir neitað vistun ef þeir kæra sig um. Ef ekki er vilji fyrir því á Alþingi að hækka sjálfræðisaldurinn, sem ég tel rétt og tek undir þau rök sem komu fram hjá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, að með því að gera framkvæmdina sveigjanlegri eins og ég nefndi hér áðan væri unnt að úrskurða t.d. unglinga 16–18 ára í meðferð gegn eigin vilja, segjum í sex mánuði, og fengi hann þá sjálfkrafa sjálfræði sitt á nýjan leik. Ég

vil hins vegar taka fram sérstaklega að ég held að meðferð þessa hóps, 16–18 ára, ætti að vera aðskilin frá meðferð yngri aldurshópa, 13–15 ára, og blöndun einstaklinga úr þessum aldurshópi á almennt ekki rétt á sér enda þótt aldur segi ekki allt um þroska einstaklings úr þeim hópi sem við erum að fjalla um.

Varðandi fyrirspurn hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur hvort hér hafi ekki verið til lokuð deild þá er um að ræða 10 heimili, þar á meðal er um heimili sem býður upp á lokaða deild en ekki í svona langan tíma eins og við erum að tala um. Þau hafa ekki dugað til að vista unglinga á lokaðri deild nema í kannski nokkra daga. Við erum að tala um miklu lengri tíma og þær deildir sem við höfum yfir að ráða bjóða ekki upp á slík úrræði. Yfir það hefur verið margfarið af fagaðilum. (Gripið fram í.) Já, ég nefndi það í fyrri ræðu minni að við erum að endurskipuleggja Unglingaheimili ríkisins með það í huga að bjóða upp á meiri og fjölþættari þjónustu og þá er hægt að skoða það sérstaklega, enda er það til bráðabirgða.

Ég vil nefna það af því að hv. þm. nefndi það að ákvörðun hefði ekki verið lögð fyrir Alþingi og þetta hefði ekki komið fram í fjárlagatillögum. Enn einu sinni minni ég á að það er ekki á mínu valdi að leggja fram slíkar fjárlagatillögu vegna síðasta árs. Ég tók ekki við þessum málaflokki fyrr en núna, en ég tel að skjótt hafi verið brugðist við þessu vandamáli og ég sé ekki annað og heyri ekki annað en að þingmenn séu sammála þeirri leið að stofna til lokaðrar meðferðardeildar fyrir þessa ógæfusömu unglinga.

Útbýting þingskjala:

Fjarskipti, 138. mál, nál. samgn., þskj. 783; brtt. samgn., þskj. 784.

Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, 421. mál, nál. sjútvn., þskj. 798. — [Fundarhlé.]

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 440. mál (brottfall ákvæða er varða Sviss). — Þskj. 749.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er nú svo að vanda þegar þetta mál kemur hér til umræðu, Evrópskt efnahagssvæði, að ræðuaðstaða fyrir þingmenn er heldur ófullkomin því að ég ætlaði að taka með mér örfá málsplögg sem snerta þetta mál. Bara rétt til þess að lýsa fyrir mönnum aðstöðunni, þá tók ég með hér einn lítinn viðauka sem að vísu hefur ekki verið gefinn út heldur er úr því 60 sm safni sem hæstv. utanrrh. sendi þingflokkum í einu eintaki líklega 14. des. sl., 60 sm þykkur bunki á ensku máli að langmestu leyti, aðeins 2 sm á íslensku, og ég er hér með viðauka sem heitir Fræ. Þetta eru reglugerðir Evrópubandalagsins undir heitinu Fræ, og er þó annar doðrantur, að vísu með öðru efni jafnframt, fræ og plöntur sem er viðbót við reglugerðasafnið sem snertir fræ í Evrópubandalaginu. Ég veit að hv. þm. Pálmi Jónsson gleðst mjög yfir því þegar hann fer að kynna sér innihaldið í þessum reglugerðum til þess að átta sig á því hvernig eigi að búa í Húnaþingi, (Gripið fram í.) en það er nokkuð torvelt að fletta þessum gögnum á þessu litla borði. Hér er annað, að vísu mun minna að vöxtum, sem er viðauki 20–27 og varðar m.a. það frv. sem er til umræðu og sérstaklega breytingar sem snerta áfenga drykki og ég mun koma að hér síðar í máli mínu.

Virðulegur forseti. Þetta frv. um Evrópskt efnahagssvæði sem hér liggur fyrir þinginu á að vera lokahnykkur í þessu máli af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og þeirra sem bera þetta mál fram. Með framlagningu þessa frv. er það staðfest, sem allir vissu þegar skilið var við þetta mál í janúarmánuði, að frv. sem þá hafði verið rætt og verið til meðferðar á þinginu alllengi, dugði engan veginn til að ganga frá þessu máli. Málið var ófullburða þegar það frv. var afgreitt hér í þinginu og samningurinn í uppnámi — og ekki fjölgar þingmönnum ef hæstv. utanrrh. gengur úr sal, virðulegur forseti, ég sá að hæstv. ráðherra var að telja — en þá var málið samt afgreitt og fært í atkvæðagreiðslu og afgreidd lög nr. 2/1993 og síðan færð fyrir forseta Íslands og birt síðan í Stjórnartíðindum sem gild lög. En þessi lög voru markleysa eins og þau lágu fyrir og ljóst þau mundu aldrei gilda óbreytt og hér er líka komin breytingatillaga við þetta frv.

Það er óráðin gáta hvers vegna ríkisstjórnin valdi þennan kost að afgreiða málið hér í janúar og láta ganga frá frv. í staðinn fyrir að fresta málinu í 3. umr. eftir að búið var að afgreiða það frá 2. umr. og koma þá með þær breytingar sem samkomulag yrði um hjá samningsaðilum sem breytingar við frv. og eiga þá ekki eftir nema eina umræðu um málið. En um þetta er auðvitað ekki að fást úr því sem komið er og það er fyrst og fremst til óhagræðis fyrir hæstv. ríkisstjórn og þá sem bera þetta mál fram að hafa staðið svona að verki.

Það er líka orðið heldur lítið úr stóru orðunum hæstv. utanrrh. frá því í desember að hér væri eingöngu um tæknileg atriði að ræða ef samningar tækjust um Evrópskt efnahagssvæði. Hér kemur frv. sem tekur á mörgum atriðum. Sum mega teljast tæknilegs eðlis, önnur eru efnisatriði. Og nú er staðan sú að ákvæðið um gildistöku er ekki lengur fastmælum bundið heldur opið og menn tóku eftir því að það var mun varfærnari og hógværari ráðherra sem stóð í ræðustól áðan og mælti fyrir þessu frv. en sá sem mælti upphaflega fyrir frv. sem varð að lögum í janúar. Þar er mjög ólíku saman að jafna. Nú leggur hæstv. ráðherra ekki í það að vera með neina spádóma uppi um það hvenær þessi samningur hljóti staðfestingu þannig að hann taki gildi á Evrópsku efnahagssvæði og Evrópskt efnahagssvæði verði þar með til. Ég vil hrósa hæstv. ráðherra fyrir það að hann skuli hafa lært það af reynslunni í þessum erfiða róðri með þennan samning að hann er ekki uppi með neina spádóma um það og samningurinn liggur þannig fyrir að það er enginn eindagi á honum. Það er að vísu látið að því liggja í orðum ráðherra og greinargerð með þessu frv. að all-

ar líkur séu á því að hann geti tekið gildi fyrir ársbyrjun. Ég ætla ekki að spá neinu ákveðnu um þetta en það kæmi mér ekki á óvart þó að þetta mál þróaðist þannig á þessu ári að enginn EES-samningur væri staðfestur fyrir árslok. Mér finnst satt að segja mjög sennilegt að árið líði án þess að þessi samningur hafi gengið í gildi og ég ætla að ræða það svolítið vegna þess að við hljótum auðvitað þegar við erum að fjalla um þetta frv., spurninguna um staðfestingu á EES-samningi af hálfu Alþingis, að ræða um horfurnar og inn í hvaða stöðu við erum að tefla Íslandi og íslenskum hagsmunum með því að gerast aðilar að þessu svæði eins og mál nú standa. Þar hafa orðið á talsverðar breytingar frá því að þetta mál var rætt á síðasta ári, breytingar sem nauðsynlegt er að menn horfist í augu við.

Það hefur komið fram á síðustu vikum af hálfu talsmanna ríkja innan Evrópubandalagsins að þeir vilja tengja þetta mál og afgreiðslu þessa máls á þjóðþingum landa sinna eða meta málið þannig að það fari eftir því hver verði örlög evrópska samveldisins, þ.e. Maastricht-samkomulagsins í Evrópubandalaginu, hvaða undirtektir og afgreiðslu EES-samningur fái á þingum landanna. Það er alveg sérstaklega Spánn sem hefur haft uppi ítrekað fyrirvara um þessi efni, Evrópumálaráðherrann, áður en gengið var frá samningnum til undirritunar eins og menn muna, og kom það ráðamönnum hér á landi mjög í opna skjöldu sem og víðar. En síðan samningurinn er undirritaður, þá hefur forsætisráðherra Spánar, Felipe González, ítrekað það af sinni hálfu, mælt mjög skýr varnaðarorð í þá átt að menn þurfi ekki að vera hissa á því þó að það dragist á Spánarþingi að staðfesta þennan samning á meðan Maastricht-samkomulagið er í óvissu. Og það geti svo farið að núverandi kjörtímabil Spánarþings renni út án þess að samningurinn hafi verið staðfestur og það verði fyrst að loknum kosningum þar í landi sem á málinu verði tekið til afgreiðslu á Spánarþingi. Það eru nokkrar líkur á því að kosningar verði á Spáni í haust, í októbermánuði eða svo, og það væri þá nýs þings, ef þetta gengur eftir sem þarna hefur verið látið að liggja af hálfu forsætisráðherra Spánar, sósíaldemókratans Felipe González, að á málinu yrði tekið.

En hvernig standa málin að því er varðar Maastricht-samkomulagið? Það sem einkum er horft á í því sambandi er atkvæðagreiðslan í Danmörku 18. maí nk., spurningin um það hvort Danir samþykkja í þjóðaratkvæðagreiðslu Edinborgarsamkomulagið sem svo er kallað og ég ætla ekki að gera það að umtalsefni sérstaklega, þá stöðu. Það er látið að því liggja að líkurnar séu miklar á því að málið gangi fram í þjóðaratkvæðagreiðslu nú öðru sinni þó það liggi í rauninni fyrir alveg óbreytt frá því sem var þegar samningurinn lá fyrir danskri þjóð til afgreiðslu 2. júní í fyrra. En þá hafa orðið þarna málamyndayfirlýsingar og breytingar sem ekki breyta í rauninni neinu efnislega en svo kann að fara að það nægi til að þoka málinu í gegnum þjóðaratkvæðagreiðslu í Danmörku. Það kemur í ljós.

Meiri óvissa er e.t.v. um gang mála í Bretlandi, í breska þinginu. Hver verða örlög Maastricht-samkomulagsins breska þinginu og það er ekki kannski síst til þeirra aðila sem forsætisráðherra Spánar er að tala og mæla viðvörunarorð um að það verði á það horft og að Spánverjar tengi afgreiðslu þessa máls við afgreiðslu Maastricht-samkomulagsins hjá þeim sem þar eru tregastir í taumi. Og eins og málin horfa og staðan er í breska þinginu hjá John Major forsætisráðherra, þá þekkja menn það að uppreisnararmur í Íhaldsflokknum breska hefur tekið höndum saman í andófi gegn Maastricht-samkomulaginu með verkamannaflokksþingmönnunum á breska þinginu sem af taktískum ástæðum a.m.k. fylkja liði á móti samkomulaginu eins og það liggur fyrir þó ég hafi skilið marga úr þeim röðum þannig að í rauninni mundu þeir standa að þessu samkomulagi ef þeir væru við stjórn í Bretlandi og segir það nú ekki mjög fallega sögu út af fyrir sig ef menn eru að meðhöndla stórt mál með þeim hætti út frá spurningunni um að geta velt ríkisstjórn eða ekki. Ég hef oft sagt það að þetta mál eigi að vera hafið yfir allar ríkisstjórnir. Þetta er miklu stærra mál en svo að menn megi leika sér að því út frá stöðunni ríkisstjórn eða stjórnarandstaða. Þetta mál er þannig vaxið. Ég held því að menn þurfi að skoða þetta mál út frá því að það á eftir að líða alllangur tími áður en úrslit ráðast.

En hvað er að gerast EFTA-megin á þessum sama tíma, hvað er að gerast í EFTA-ríkjunum? Það þekkja menn. Öll hin EFTA-ríkin sem nú eru tengd þessu máli eftir að Sviss og Liechtenstein hafa gengið þar frá í bili a.m.k., öll hin EFTA-ríkin fjögur, Austurríki, Noregur, Svíþjóð og Finnland eru að hefja eða hafa hafið formlegar samningaviðræður við Evrópubandalagið um aðild að Evrópubandalaginu. Kostirnir sem þar blasa við væru umræðu virði. En þetta er staðan. Og færi nú svo að Evrópskt efnahagssvæði væri samþykkt og væri komið á fyrir 1. júlí, þá væri staðan í EFTA-hópnum sú að Ísland stæði þarna eitt eftir ríkja sem ekki ætlar inn í Evrópubandalagið með öll hin EFTA-ríkin fjögur sem eftir standa undir hælnum á Evrópubandalaginu, í þrengingum samningaviðræðna við Evrópubandalagið þar sem þau væru að reyna að gæta sinna hagsmuna. Hvaða hald telja menn að sé í slíkum bandamönnum til þess að takast á í því stofnanakerfi sem sett er upp samkvæmt EES-samningnum? (**Gripið fram í:** Ekkert hald í þeim.) Ég er hræddur um að það verði ansi lítið hald í þeim. Ég er hræddur um að Ísland verði býsna eitt á báti í þeim hópi ef takast ætti á um hagsmuni sem okkur skipta einhverju vegulegu máli þegar hin ríkin, forráðamenn þeirra ríkja eru í þeirri stöðu að vilja umfram allt ljúka sem fyrst samningaviðræðum við Evrópubandalagið og stíga yfir þröskuldinn yfir til þeirra. Það er þetta sem íslenskir ráðamenn verða auðvitað að svara þjóðinni, standa reikningsskil þess. Ætla þeir að fara með okkur inn í þessar aðstæður? Eru nú reyndar hættir að tala um tveggja stoða lausnina vegna þess að hún er ekki frambærileg, hún er ekki lengur til staðar. Menn eru þarna eins og mús undir fjalaketti í þessum málum. Hafa ekki nokkra stöðu gagnvart Evrópubandalaginu eins og náttúrlega kom í ljós þegar var farið að endursemja

hér, eins og kemur í ljós í sambandi við þróunarsjóðinn, þá bara taka menn ofan, takk fyrir og borga. Slík er staðan. En þetta er reyndar sú staða sem verður áframhaldandi innan Evrópsks efnahagssvæðis ef það verður til einhverrar frambúðar, til einhvers tíma sem ég tel í rauninni verulegar líkur á að verði reyndin. Að nafninu til verði Evrópskt efnahagssvæði byggt upp af nokkrum ríkjum sem séu EFTA-megin að nafninu til og hins vegar Evrópubandalaginu. Hvers vegna segi ég þetta? Vegna þess að mitt mat er það að hvorki Noregur, Svíþjóð né Finnland gangi inn í Evrópubandalagið á næstu árum hversu mjög sem núverandi stjórnarherrar í þessum löndum vildu vegna þess að þeir komist ekki í gegnum nálarauga þjóðaratkvæðagreiðslu í löndunum. Það er útilokað með Noreg. Ég fullyrði það að Noregur fer ekki inn í Evrópubandalagið á þessari öld, það sem eftir er þessa áratugar. Slík er andstaðan í Noregi. Svo traust er andstaðan þar að það eru ekki neinar líkur á því að mínu mati að aðild að Evrópubandalaginu nái þar samþykki á næstu árum, sama hverjir koma þar að stjórnvelinum í Noregi.

Í Svíþjóð er staðan einnig þannig, sem kemur mjög á óvart fyrir þá sem litu á þessi mál og stóðu að því að sækja um aðild fyrir tveimur árum síðan, en sænska þingið samþykkti sumarið 1990 að sækja um aðild. Þá voru sáralitlar umræður í Svíþjóð um þessi málefni. EES var nú bara í þagnargildi að heita mátti og bæði borgaraarmurinn í stjórnmálum í Svíþjóð sem og sósíaldemókratar sem þá voru enn við stjórn, ef ég man rétt, stóð að þessu — að sækja um aðild. Nú er hins vegar staðan sú að grunnurinn er hruninn undan flokkunum í þessari afstöðu, undan sósíaldemókrötum sem báru ábyrgð á þessari aðildarumsókn, þar sem meiri hluti stuðningsmanna flokksins tjáir sig nú andsnúinn því að gerast aðili að Evrópubandalaginu. Síðustu skoðanakannanir frá Svíþjóð sem ég hef upplýsingar um voru um 44% að mig minnir sem mundu í dag segja nei við aðild að Evrópubandalaginu, þrjátíu og eitthvað, ég hef þessar tölur hér, virðulegur forseti, einhvers staðar hér á borðinu í þessum safni sem ég tók með mér í ræðustólinn, en það var sem sagt drjúgur meiri hluti sem þar tjáði sig á móti en allnokkur hópur sem ekki hafði gert upp hug sinn. Ég er auðvitað ekki með þessu að segja að þetta endurspegli einhvern veruleika eftir eitt eða eitt og hálft ár, auðvitað geta aðstæður breyst. En ég held að það verði ekki til að styrkja þá sem stefna í aðild að Evrópubandalaginu vegna þess sem nú er að koma í ljós og er að verða veruleiki, opnast sem veruleiki fyrir sænskum almenningi, það að kostirnir eru ekki aðrir heldur en Maastricht, verði Maastricht að veruleika. Kostirnir eru ekki aðrir heldur en að taka Maastricht og tillögur stjórnarskrárnefndar eða nefndar sem hefur verið að skoða stjórnarskrárþátt málsins eru mjög einfaldar. Þið verði að breyta sænsku stjórnarskránni í þá veru að taka inn almennt ákvæði sem segir: Evrópurétturinn hefur algeran forgang þar sem við á fram yfir sænsk lög. Bara einföld yfirlýsing í sænsku stjórnarskrána þess efnis og Evrópudómstólinn að sjálfsögðu líka, bæði sem sagt lagasetning í ráðherraráði Evrópubandalagsins og dómar, allt þetta taki fram sænskum rétti, sænskum lögum, þau koma í þriðja eða fjórða sæti. Þegar þetta blasir við sænskum almenningi þá held ég að fari um marga. Í Finnlandi eru náttúrlega aðstæður þannig eins og menn hafa heyrt að þar er allt mjög á reiki. Andstaðan gegn inngöngu í Evrópubandalagið hefur styrkst mjög mikið. Þeir hafa hins vegar verið í þeirri stöðu efnahagslega að það kann að vera að það ýti undir að einhverju leyti að bjarga sér með einhverjum hætti í land. En fari svo að Svíar hverfi frá þá hef ég ekki trú á að það ýti undir Finna að gerast aðilar. Það mun tíminn leiða í ljós þegar kemur að þjóðaratkvæðagreiðslu ef samningar næst milli ríkisstjórnar Finnlands og EB um niðurstöðu, um inngangsskilmála. Ég ætla ekki að ræða hér Austurríki, ég hef ekki sett mig inn í stöðuna þar nú upp á síðkastið, en þetta leiðir til þess að ég geri ráð fyrir því að sú staða gæti varað hér um nokkurt skeið að í þessum hópi EFTA-megin á Evrópsku efnahagssvæði, verði það að veruleika, verði um sinn nokkur ríki, Norðurlandaríkin, en á þeim buxunum, a.m.k. sterk öfl í löndunum stefni að því við fyrstu hentugleika að komast inn í Evrópubandalagið. Þannig að staðan fyrir okkur sem ætluðum að halda okkur frá Evrópubandalaginu, vonandi, væri eftir sem áður ósköp svipuð og hún er á meðan samningaviðræður standa yfir. Þetta er satt að segja aldeilis skelfileg aðstaða fyrir smáþjóð að tefla hagsmunum Íslendinga inn í þetta samhengi sem þarna blasir við eftir að samningurinn lítur nú út eins og hann gerir að því er snertir okkar hagsmuni. Undanþágur fallnar fyrir róða, í raun eingöngu á öryggisákvæði samningsins að treysta þar sem auðvitað reynir á styrk og stuðning sem flestra ef við ætluðum að reyna að beita öryggisákvæðum til þess að verja okkar hagsmuni ef svo bíður. Þetta finnst mér að hafi ekki verið tekið inn í umræðuna með þeim hætti sem skylt væri.

Það var ekkert fjallað um það af hæstv. utanrrh. að ég gæti heyrt hvernig fór með bréfið sem átti að senda til Brussel til að hugga nokkra hv. framsóknarmenn hér á þingi. Þannig var að forsrh. hafði góð orð um það og meiri hluti utanrmn. færði það inn í nál. við 2. umr. frv. um EES, fyrra frv., að forsrh., eins og segir í nál. meiri hluta utanrmn., með leyfi hæstv. forseta:

„Forsætisráðherra hefur lýst yfir vilja ríkisstjórnarinnar til að kanna með bréfi og formlega hjá framkvæmdastjórn EB hver staða Íslands yrði á grundvelli EES kæmi til þess að önnur EES-ríki gengu í EB."

Það væri nú fróðlegt ef það upplýstist við þessa umræðu hvort þetta bréf er farið. Hvort ríkisstjórnin hefur átt fyrir póstburðargjaldinu. Og ég er ekki í vafa um að það getur varðað nokkru fyrir hv. framsóknarmenn hvað hefur gerst í þessu máli. Sé bréfið ekki farið, þá hvort búið sé að gera uppkast að því. En það snertir þessa tillögu sem mér skilst að eigi að ræða hér í framhaldi af þessu máli og er á dagskrá fundarins um að hefja tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið. Málaleitan sem ég hef nú ekki alveg fengið botn í með hvaða hætti menn ætla að standa í slíku á sama tíma og þeir eru að stefna inn í Evrópskt efnahagssvæði. En

það er sjálfsagt að ræða þegar það mál kemur á dagskrá og blanda því ekki mikið saman við þetta frv. En ég verð að segja að skelfing er það nú veikur þráður sem framsóknarmenn, sem bera fram þessa tillögu, eru að rétta fram til fólks í sínum flokki og sem hefur stutt þá ef það á að vera einhver huggun, einhver réttlæting gagnvart þeim hópi sem í raun hefur stutt framgang þessa máls í þinginu og ætlar sér væntanlega að innsigla það með ríkisstjórnarmeirihlutanum hér á Alþingi, þessi hópur sem kallaður var hjásetuliðið fyrr á þinginu.

Það hefur verið rætt í tengslum við þetta mál og það var nefnt hér af hv. 18. þm. Reykv., Kristínu Ástgeirsdóttur, rifjað aðeins upp hvers eðlis þetta bandalag er sem þarna er verið að ganga inn í með tilliti til umhverfismála. Ég vil eindregið taka undir þau sjónarmið sem hv. þm. nefndi hér í ræðu sinni og ég hef oft rifjað það upp og rakið það í mínum málflutningi varðandi þetta mál hversu öfugsnúið það kerfi er sem Evrópskt efnahagssvæði byggist á, kerfi fjórfrelsisins, gagnvart þeim framtíðarsjónarmiðum, sem við ættum að horfa til og styðja að því er varðar umhverfismál. Stóra málaflokkinn, eitt meginviðfangsefni mannkyns á komandi öld, einn meginvandi sem mannkynið stendur nú frammi fyrir, þ.e. hvernig menn ætla að komast úr úr þeim vanda, mæta þeim dimma bakka sem blasir við við sjónhring og er sumpart kominn yfir okkur að því er varðar aðstæður í umhverfismálum. Aðstæður sem enginn fær undan vikist. Þar er ekki ráðið að ganga undir lögmál fjórfrelsisins og líta á það sem meginviðfangsefni að auka framleiðslu efnislegra gæða, auka vöruframleiðslu og láta dreifingu vörunnar njóta forgangs, fylgja hinni blindu hagvaxtarbraut eins og hún er skilgreind og vörðuð með aukinni mengun, með aukinni eyðingu náttúrulegra auðlinda, með spillingu umhverfis. En það er afleiðingin af þessu kapphlaupi sem menn ætla að fylkja sér um til þátttöku innan Evrópsks efnahagssvæðis. Kapphlaupi við stóru viðskiptablokkirnar, Norður-Ameríku og Japan. Það er hinn tryllti dans í kringum gullkálfinn sem mun magna upp þann vanda sem við er að fást í umhverfismálum. Ég ætla ekki að fara lengra út í þá sálma í tilefni þessa frv. núna en vil eindregið minna á þessi atriði vegna þess að það er veruleikinn sem við okkur blasir og það er vandinn sem við okkur og öllu mannkyni blasir á komandi árum og þá er það algert óráð að halda þá braut sem hér er verið að leggja inn á.

Virðulegur forseti. Það eru nokkur atriði hér í frv. sem við ræðum hér sem ég vildi aðeins víkja að frekar. Það var dálítið athyglisvert þegar hæstv. utanrrh. var að tala um hvað hann hefði gert mikið fyrir stjórnarandstöðuna í sambandi við þetta mál. Það var satt að segja afar kynlegur málflutningur en að vísu ekki alveg óskemmtilegt á að hlýða vegna þess að það var svo mikið sem hæstv. utanrrh. hafði gert fyrir stjórnarandstöðuna. Ég heyrði ekki betur en formaður Framsfl. væri bara ánægður með þetta, honum fyndist að það hafi bara verið gert dálítið fyrir þá. En ég er nú alveg handviss um að það var ekki dýru verði keypt sem hæstv. utanrrh. var að reiða fram fyrir foringja stjórnarandstöðunnar og formenn stjórnarandstöðuflokkannan eins og hann orðar það held ég. Það var m.a. að ríkisstjórnin skyldi leggja þennan pappír hér fram á Alþingi og hafa horfið frá því að láta þáltill. um málið nægja eða að utanrmn. legði málið fram á sínum vegum. Þetta er slíkur tilbúningur að mínu mati að það gat náttúrlega aldrei gengið upp. Auðvitað sá hæstv. utanrrh. og veit það, auðvitað gat aldrei neitt annað gengið upp en það kæmi hér fram lagafrv. Að ímynda sér og ætla að fara að telja okkur trú um að það hefði komið til greina að fara að leggja hér fram þáltill. til að ganga frá þessu máli og breyta þeim lögum sem Alþingi er búið að samþykkja. Það er náttúrlega svo fjarstæðukennt að ég er alveg hissa á hæstv. utanrrh. þó hann hafi gaman af að reyna að lítillækka stjórnarandstöðuna með þessum hætti að hann skuli bera þetta fram hér.

Það er ýmislegt sem fylgir fráhvarfi Sviss. Það eru ýmis fráhvarfseinkenni sem koma fram í þessu máli. Það er ljóst að það verður að taka upp lagasetninguna varðandi EFTA-dómstól og eftirlitsstofnun EFTA og það er ljóst að það verður nokkur breyting á dómstólnum, m.a. samkvæmt því sem segir um bókunina um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna og stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls að það getur komið til þess að einn dómari þurfi að víkja í hverju máli til að ákvæðin um oddatölu gangi upp. Ég er ekki að segja að þetta vegi þungt en það er þó breyting frá því sem var samkvæmt hinu fyrra kerfi ef ég hef skilið það rétt.

Síðan hef ég nefnt að það er látið að því liggja í athugasemdum við 3. gr. frv. að samningurinn öðlist að öllum líkindum gildi 1. júlí. Það er kátbroslegt að vera að bera það fram hér í frv. á Alþingi, komið fram undir marslok, að þessi samningur sem ekki hefur fengið staðfestingu í rauninni á neinu þingi enn sem komið er í breyttu formi, muni að öllum líkindum ganga í gildi 1. júlí 1993.

Ég þarf ekki annað en vísa til þess sem ég hef þegar sagt um þetta efni. Það er mjög ólíklegt, það segi ég líka við hæstv. forsrh., það er mjög ólíklegt að þetta mál verði komið á koppinn fyrir árslok. Í rauninni auðvitað algjör óvissa um að þetta verði nokkurn tímann barn í brók, fullkomin óvissa um það.

Í viðaukunum og breytingum á viðaukunum koma fram atriði sem vert er að vekja aðeins athygli á þó ekki geti stórvægileg talist. Það er t.d. á bls. 10 í þessu þingskjali varðandi bókunina þá er þar tekið fram í 8. gr. að í 2. neðanmálsgrein V. viðbæti og 3. neðanmálsgrein VI. viðbætis við bókun 4 um upprunareglur komi orðin „Svíþjóð" og „sænska" í stað „Sviss" og „svissneska". Þetta kemur manni svolítið spánskt fyrir sjónir. Ég veit ekki hvort ríkisstjórnin hefur alveg sett sig inn í málið. Ég ætla aðeins að nefna það sem lesa má um þessi atriði þar sem hér er verið að breyta. Það segir í þessari neðanmálsgrein, með leyfi forseta: „Einungis skal gefa þær upplýsingar sem krafist er í þessum dálkum." Þá verður nú að nefna tölul. 1 í þessu neðanmálsskrifi. „Ef vörureikningur, afhendingarseðill eða annað viðskiptaskjal sem yfirlýsingin er fest við

tekur til ýmissa vörutegunda eða vara sem innihalda ekki efni sem eru ekki upprunaefni að sama leyti verður birgir að greina vandlega á milli þeirra." Þetta fæ ég nú að vísu ekki skilið, þetta er einhver ritvilla sem þarna er á ferðinni, verður birgir að greina vanlega á milli þeirra. Kannski hæstv. utanrrh. skilji þetta, mér heyrist að forsrh. hafi náð þessu þó ég nái ekki alveg sambandi við þennan texta. Þar segir í framhaldinu: „Einungis skal gefa þær upplýsingar sem krafist er í þessum dálkum ef nauðsyn krefst þess." Það er athyglisvert. Síðan kemur dæmi: „Í reglu um fatnað úr 62. kafla segir að nota megi garn sem er ekki upprunavara. Ef framleiðandi á slíkum fatnaði í Frakklandi notar innflutta vefnaðarvöru frá Sviss sem fengist hefur þar með því að vefa úr garni sem er ekki upprunavara, nægir svissneska birginum" — þarna kemur þessi birgir aftur — „að lýsa í yfirlýsingu sinni efninu sem er ekki upprunaefni sem garni, án þess að nauðsyn beri til að gefa upplýsingar um ST-númer og verðmæti garnsins." Hér sjá menn það hefur verið tekið dæmi af Sviss hér sem það væri innflutt vefnaðarvara frá Sviss og einhver svissneskur birgir — sem er hugtak sem ég átta mig ekki á hvað táknar. Þetta gengur auðvitað ekki upp eftir að búið er að fella í þjóðaratkvæðagreiðslu að Sviss verði aðili að þessum samningi og nú er verið að breyta þessu að í staðinn fyrir Sviss komi Svíþjóð og sænska í staðinn fyrir svissneska. Nú væri fróðlegt að vita: Hvað gerist nú ef Svíþjóð gengur inn í Evrópubandalagið? Þurfum við þá eða eigum við von á að hér þurfi að koma fram sérstakt frv. á Alþingi Íslendinga til að leita nú að enn einu dæmi og ríki sem stæði enn í lappirnar sem aðili EFTA-megin að EES til að þessi samningur félli ekki. Þetta er 2. neðanmálsgrein við V. viðbæti. Það er fleira sem varðar þetta mál þar sem þetta kemur aftur. Á bls. 245 er þetta einnig með vefnaðarvöruna og svissneska birginn. Þessu er sérkennilega fyrir komið þessu máli hér og og hæstv. utanrrh. er auðvitað afar ókátur yfir þeirri stöðu að vera enn með þetta mál í tösku sinni á faraldsfæti.

En fleira er hér sem mætti nefna í þessum viðaukum. Ég leyfi mér, virðulegur forseti og hæstv. utanrrh., að grípa niður á bls. 17 í frv. Þar kem ég að viðauka, sem ekki hefur verið þýddur á íslenskt mál nema ágrip upp á eina blaðsíðu sem eru viðaukar 20–27 um frjálsa vöruflutninga, byggingavörur, persónuhlífar — hvað svo sem það nú er — leikföng, vélar, tóbak, orku og áfenga drykki. Það mun einmitt vera í þessum XX-VII. kafla sem verið er að fella niður í þessari lexíu hér á bls. 17 í frv. töluliður 389R1576: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 — aðlögunarliður h). — Hvað lesum við þar, hæstv. ráðherra? Jú, við lesum að þar beri m.a. að fella niður þrúguhratsbrennivín. Ég veit ekki hvaða hv. þm. kannast við þann vökva en kannski hefur hæstv. utanrrh. fengið aðeins að bergja á þessu þrúguhratsbrennivíni á mörgum ferðum sínum erlendis, sem nú á að fella niður úr þessum samningi út af ákvörðun svissnesku þjóðarinnar. En það er ekki bara þrúguhratsbrennivín heldur líka ávaxtabrennivín og hljómar það orð kunnuglegar. Undir þeim lið eru m.a. „Baselbieter Zwetschgenwasser" og ég nefni þetta hér vegna þess að þetta hefði verið kjörið framburðarverkefni í þýsku á stúdentsprófi að komast fram úr þessu sveskjuvatni sem þarna á að fella niður. Það er líka „Bernbieter Zwetschgenwasser" sem á að fella niður og fleira mætti nefna úr þessum lista eins og „Freiämter Theilersbirnenbranntwein" — hvernig lýst mönnum á? — og „Luzerner Birnenträsch" og „Luzerner Theilersbirnenbranntwein" o.s.frv. (**Utanrrh.:** Öndvegisdrykkir.) Hæstv. ráðherra sér eftir þessu öllu saman út úr textunum. En síðan kemur orð sem ég held að ég verði að biðja hæstv. ráðherra um að liðsinna mér við framburðinn á og treysti því að hæstv. ráðherra komi til þess að hafa það yfir landslýðnum en það er skrifað „Urschwyzerkirsch". „Kirsch" kannast ég við en hitt orðið ræð ég ekki við í framburði og bið hæstv. utanrrh. að leysa úr þessum vanda og koma Alþingi í skilning um hvaða vökvi er á ferðinni. Þetta er á bls. 18, líklega í u.þ.b. tíundu línu, svo þingmenn geti kynnt sér riththáttinn á þessum drykk.

Margt fleira er þarna upp talið eins og brenndir drykkir bragðbættir með einiberjum og brenndir drykkir eins og „Eau-de-vie d'herbes du Jura" og verður nú hæstv. ráðherra hugsi eðlilega ef málið er þannig vaxið að einnig þessum vökva beri að hella niður með þeim breytingum sem hér eru fyrir lagðar á þessu merka máli.

Virðulegur forseti. Alvara þessa máls er hins vegar hitt sem yfir skyggir það sem hægt er að hafa gaman af úr þessum textum. Bak við þetta mál allt saman standa hugmyndir, ég vil ekki segja draumurinn því mér er ekki gert að nota það nema í jákvæða átt, hugmyndir manna um að ná inn í hin heilögu vé Evrópubandalagsins. Þeim er að fjölga þingmönnunum í stjórnarflokkunum sem eru orðnir mjög óþolinmóðir að sjá það skref stigið. Við höfum verið að fá áherðingar frá gildum mönnum, nú síðast úr Sjálfstfl., þar sem er hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sem hefur í þessum mánuði skrifað tvær kjallaragreinar í DV með áherðingum um að nú sé mál til komið að stíga skrefið. Hv. 1. þm. Norðurl. v. vitnaði til þess texta sem lesa má í kjallaragrein formanns efh.- og viðskn. Alþingis í dag. Það er ekkert tæpitungumál sem þar er fram mælt. En það var önnur grein sem var birt eftir sama þingmann, 8. mars, um Ísland og EB þar sem einnig er talað alveg í sömu átt og mjög eindregið mælt með því að nú herði menn sig upp og leggi inn umsókn. Það er í rauninni engin yfirbreiðsla á þeirri hugsun sem fram er borin af þessum þingmanni sem er einn af burðarásunum í Sjálfstfl. og er auðvitað að tala þar fyrir munn margra. Þeim er því farið að fjölga sem koma fram með þessar áherslur. Nú var þessi hv. þm., framkvæmdastjóri Verslunarráðsins, framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins, sem situr ekki á Alþingi, í för fyrir allnokkru síðan og fékk þá m.a. stuðning frá hv. 10. þm. Reykv., ef ég man rétt, í sambandi við hugmyndirnar um að fara að horfa inn framtíðarlandið í þessum efnum.

Það sem mun gerast á næstu missirum er að þessar fylkingar munu herða róðurinn, leita samstöðu um þetta og knýja á hver á sínum bæ. Ég vil út af fyrir sig

ekkert spá um leikslok í þeim efnum og auðvitað vona ég að það verði ekki liðstyrkur til þess að þessar hugmyndir hljóti einhvern teljandi byr á Alþingi, hvað þá að það verði meirihlutasjónarmið hér að þetta beri að gera. En ég er nokkuð viss um að hæstv. utanrrh., formaður Alþfl., á eftir að mæla fyrir þessu sem flokksstefnu áður en mjög langt um líður. Hann lagði þetta mál fyrir út frá sínum bæjardyrum í mars í fyrra og það var nokkuð ljóst hvaða hugsanir voru þar ráðandi í þeim skrifum. Það verður spennandi að sjá skýrslu hæstv. ráðherra núna um utanríkismál, að hve miklu leyti hún endurspeglar hina sömu hugrenningar og uppi voru fyrir ári síðan.

En það sem er uggvænlegra er það sem er að koma fram innan Sjálfstfl. í vaxandi mæli frá þingmönnum sem vilja láta taka mark á sér með því að skrifa trekk í trekk áherðingargreinar um að nú beri að sækja um aðild að Evrópubandalaginu.

Ég er mjög smeykur um að í tengslum við hugmyndir um að fara nú að leita eftir formlegum samningum um stöðu okkar gagnvart Evrópubandalaginu þá muni þessi öfl reyna að snara slíkum viðræðum yfir í það að þar verði um aðildarviðræður að ræða, a.m.k. könnunarviðræður um aðild að Evrópubandalaginu. (Gripið fram í.) (**ÖS:** Við stöndum gegn því.) Formaður þingflokks Alþfl. segist munu standa gegn því og kannski er það bjarghellan sem getur munað um í þessu máli. Það væri sannarlega gott og engum stuðningi ber að hafna í þessum efnum. Við skulum alveg átta okkur á því að þessi liðsafnaður sem er að skríða saman og kominn er inn í þingsali og mælir með að sæki um aðild að Evrópubandalaginu er lið sem ber að taka alvarlega.

Það er ekki eingöngu innan ríkisstjórnarflokkanna heldur er það einnig úr öðrum flokkum. Við þekkjum sjónarmið hv. 10. þm. Reykv. í þessum efnum. Hún hefur ekkert til sparað að koma því á framfæri í máli og nefndarálitum hvert hennar hugur stefnir í þessu máli. Sem betur fer hefur það ekki hlotið mikinn byr í hennar flokki. Við skulum vona að á því verði ekki breyting. En ég tók eftir því áðan þegar hv. 1. þm. Norðurl. v. var að tala og ég spurði hann um hvort allir í hans flokki yrðu með í andstöðunni, þá vísaði formaður þingflokks Framsfl. á að það yrði að spyrja hvern og einn. Ég er ekki svo svartsýnn í rauninni að það þurfi að fara í grafgötur um það. Ég vona a.m.k. að svo sé ekki. En það var athyglisvert, þetta svar frá formanni þingflokks Framsfl. Ég hafði vænst þess að það yrði ótvíræðara en þar kom fram í ljósi þeirra svardaga sem gefnir voru fyrir síðustu kosningar af forustu Framsfl. í aðdraganda kosninga.

Það eru öfl innan Evrópubandalagsins sem hafa hug á því að leggja í landvinninga í norðurátt eins og hefur komið fram í þessari umræðu nú þegar. Þegar við ræddum skýrslu EFTA-nefndarinnar á dögunum þá var frá því greint að sá merki félagsskapur „kengúruhópurinn" sem heitir á ensku „The Kangaroo Group — The Movement for Free Movement" — hreyfingin um frjálsa hreyfingu — ætlar að efna til fundar undir kjörorðinu „Útfærsla Evrópubandalagsins til norðurs" í maímánuði. Hv. þm. Páll Pétursson upplýsti að meðal þeirra sem þar kæmu við sögu í dagskrá væri m.a. hv. 10. þm. Reykv., sem væri þátttakandi á þeirri ráðstefnu í sérstökum panel, leidd til öndvegis í kengúruhópnum, komin niður af girðingunni og yfir hana. Það er því víða róið á miðum þeirra sem eru sígandi að fylkja liði um kröfuna um að sótt verði um aðild að Evrópubandalaginu.

Þetta mál er nátengt því vegna þess að Evrópskt efnahagssvæði hefur sennilega aldrei verið hugsað þannig að það entist til langframa. Það er til orðið sem taktískt bragð, sem leikflétta af hálfu stjórnmálamanna á Norðurlöndum og víðar innan EFTA sem hafa átt í erfiðleikum með að ná fylgi við hugmyndir sínar um að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Gott dæmi um það er forusta Verkamannaflokksins í Noregi sem hafði mikið að segja þegar upp var lagt í samninga um Evrópskt efnahagssvæði og ætlaði að nota það sem krókaleið til þess að ná fylgi við inngöngu í Evrópubandalagið sem Norðmenn eru að hefja samninga um á allra næstu vikum.

Virðulegur forseti. Þetta frv. sem á að reka smiðshöggið á staðfestingu Alþingis á þessum samningi er til 1. umr. Þetta mál fær væntanlega vandlega athugun í þingnefnd, bæði sá frumvarpstexti sem fyrir liggur sem og þau efnisatriði sem því tengjast og kemur síðan trúlega til 2. umr. einhvern tímann fyrir vorið þannig að við eigum eftir að ræða þetta mál betur. En hitt er nokkuð ljóst að það liggur ekkert á. Við getum þess vegna geymt það til næsta þings að lögfesta þennan gjörning jafnvel þó að meiri hluti væri fyrir því og væri skynsamlegt að bíða til næsta þings með það og sjá hvernig málin líta út síðsumars eða á haustdögum í þessu efni þannig að menn séu ekki að flýta sér í frágangi á máli sem er í rauninni ófrágengið og algjör óvissa er um, enn sem komið er, hvaða niðurstöðu muni fá.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að vera að þrefa mikið um EES-málið við þann þingmann sem hér talaði síðast, hv. 4. þm. Austurl., Hjörleif Guttormsson. Í mínum huga er það svipað og að tala við vegginn að reyna að gera það. Ég hins vegar hlýt að spyrja þingmanninn að því hvaða dulda eða opinskáa pólitíska merking felst í því að vera í panel hjá hinum svokallaða kengúruhóp. Ég vil spyrja þingmanninn hvort í því felst einhver meiri pólitísk merking og dýpri en t.d. það að sitja í panel og segja skoðun sína á einhverju máli hjá Verslunarráði Íslands eða taka þátt í fundi hjá Verslunarráði Íslands sem ég reikna með að menn úr hans flokki hafi gert og geri, standi þeim það yfirleitt til boða. Ég reikna með að þeir hefðu ekki fúlsað við því að sitja í panel hjá kengúruhópnum hefði þeim staðið það til boða.

Þá vil ég líka spyrja hvaða pólitíska merking felist í því að hv. þingflokksformaður og mikill andstæðingur EES, Páll Pétursson, hefur mér vitanlega verið sá eini ásamt Vilhjálmi Egilssyni úr hópi þingmanna sem hafa sótt fundi hjá kengúruhópnum. Hvaða djúpa póli-

tíska merking felst í því, virðulegur þingmaður?

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér er hv. 10. þm. Reykv. að leggja fyrir mig spurningar sem þingmaðurinn hlýtur að þurfa að svara sjálf. Ég átta mig ekki á því hvernig í ósköpunum ég á að fara að greiða úr sálarflækjunum hjá hv. 10. þm. Reykv. í þessu efni sem sat mánuðum saman klofvega á girðingu og lýsti því fyrir alþjóð þangað til hún tók afstöðu í málinu. (Gripið fram í.)

Þessi kengúruhópur og þessi fundur, sem á að vera í maímánuði og þar sem forustuliðið í ríkisstjórn Íslands kemur við sögu og eindregnir stuðningsmenn Evrópska efnahagssvæðis og menn sem hafa verið að gæla við inngöngu í Evrópubandalagið eru þátttakendur í, er haldinn undir kjörorðinu að færa Evrópubandalagið til norðurs. Það er inn í slíka dagskrá, inn í slíkt samhengi sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir ætlar að ganga og eiga hlut að þeirri dagskrá. Það er auðvitað hennar val. Hún notar vafalaust það tækifæri til þess að lýsa ítarlega stefnu Kvennalistans í málinu. Ég geri alveg ráð fyrir því að hún geri skilmerkilega grein fyrir stefnu Kvennalistans á þeim fundi. (**Utanrrh.**: Eru þetta einhvers konar heimskautakengúrur eða hvað?) Það er nú það. Það ætla ég ekki út af fyrir sig að skilgreina frekar en úr suðri eru þær ættaðar greinilega.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að þarna á að ræða þá staðreynd að það er verið að færa EB til norðurs. Það á ekki að koma neinum á óvart. Það er ekki nein uppfinning kengúruhópsins. Það er staðreynd að það er verið að færa EB til norðurs og það hafa þau ríki, sem hafa sótt um aðild, staðfest. Það er auðvitað hægt að ræða það mál frá ýmsum hliðum, hv. þm., og leggja ýmislegt inn í þá umræðu. Það geta bæði stuðningsmenn og andstæðingar Evrópska efnahagssvæðisins og Efnahagsbandalagsins gert.

Þingmaðurinn sagði að ég væri þarna ásamt ýmsum forustumönnum í íslenskum stjórnmálum sem væru að gæla við aðild að Evrópubandalaginu. Nú er einn af þeim sem þarna talar hæstv. sjútvrh. Er Hjörleifur Guttormsson að halda því fram að sjútvrh. Þorsteinn Pálsson sé í þeim hópi sem gælir við aðild að Evrópubandalaginu? Mér vitanlega hefur það aldrei komið fram. Það væri gott ef þingmaðurinn vildi staðfesta það.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að hv. 10. þm. Reykv. sé alveg fullsæmd af þeim liðsafnaði sem er á þessari landvinningaráðstefnu Evrópubandalagsins. Ég sé ekki annað en þátttaka hennar í þessari dagskrá falli alveg prýðilega að þeirri stefnu sem hún hefur verið að kynna sem sín sjónarmið og sína stefnu og þarf engum að koma á óvart að svo sé. Ekki er ég undrandi á nokkurn hátt að hv. þm. hefur verið boðin þátttaka í ráðstefnunni og hefur þegið boðið. Þingmaðurinn sem hefur sagt að Evrópubandalagið sé síbreytileg skepna og því erfitt að taka afstöðu til þess í eitt skipti fyrir öll nema maður sé í grundvallaratriðum á móti viðskiptabandalögum eða hvers konar framsali á fullveldi. Þingaðurinn sem hefur klofið sig frá sínum flokki og lýst algjörri andstöðu við yfirlýsta stefnu síns flokks og leggur það á sig að ganga í liðsveit með þeim sem ætla sér að keyra Ísland inn í Evrópubandalagið. (**ISG:** Hvað með Þorstein Pálsson?) Hv. þm. getur auðvitað reynt og notað tækifærið til þess að sannfæra Þorstein Pálsson um ágæti sinnar stefnu.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjala:

Atvinnuþátttaka kvenna á landsbyggðinni, 462. mál, fsp. JJ, þskj. 800.

Endurreisn urriðastofns í Efra Sogi og Þingvallavatni, 457. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 793.

Framhaldsnám í listgreinum, 459. mál, fsp. ÞÞ, þskj. 795.

Innflutningur á björgunarbát, 464. mál, frv. samgn., þskj. 802.

Lánasjóður íslenska námsmanna, 460. mál, fsp. ÞÞ, þskj. 796.

Vegaframkvæmdir í Vestur-Barðastrandarsýslu, 461. mál., fsp. JJ, þskj. 799.

Vinna ungmenna á vínveitingastöðum, 463. mál, fsp. AÓB, þskj. 801.

Út af dagskrá voru tekin 3. og 4. mál.

Fundi slitið kl. 7.03 síðdegis.

---

142. FUNDUR

fimmtudaginn 25. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til fjármálaráðherra:

1. Ferða- og risnukostnaður, fsp., 395. mál, þskj. 689.

Til landbúnaðarráðherra:

2. Rannsóknir á innfluttum matvælum, fsp., 344. mál, þskj. 623.

Til samgönguráðherra:

3. Endurskoðun laga um ferðamál, fsp., 435. mál, þskj. 735.

4. Starfsskilyrði ferðaþjónustunnar, fsp., 436. mál, þskj. 736.

Til heilbrigðisráðherra:

5. Bótaréttur atvinnulausra í veikindum, fsp., 417. mál, þskj. 713.

6. Skráning og bótaréttur atvinnulausra, fsp., 418. mál, þskj. 714.

Ferða- og risnukostnaður, ein umr.

Fsp. EKG, 395. mál. — Þskj. 689.

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Hæstv. ríkisstjórn hefur á margvíslegan hátt reynt að draga úr útgjöldum hins opinbera, enda ekki vanþörf á. Árangur hefur skilað sér með ýmsum hætti eins og kunnugt er, en það sem mesta athygli vekur er auðvitað sú staðreynd að í fyrsta sinn tókst að búa svo um hnútana í fyrra að útgjöld ríkisins minnkuðu á milli ára, raunar um 5,4 milljarða kr.

Einn þeirra útgjaldaþátta hins opinbera sem menn í almennri umræðu hafa beint sjónum að er ferða- og risnukostnaður ríkisins og er það að vonum. Árið 1991 var risnukostnaður ríkisins alls 175,9 millj. kr. og hafði hækkað um 30 millj. frá árinu á undan. Innlendur ferðakostnaður árið 1991 var 417,6 millj. kr. og hafði hækkað um 17 millj. kr. frá árinu 1990. Loks var ferðakostnaður ríkisins vegna ferða til útlanda 628,9 millj. kr. og hafði hækkað um 70 millj. á milli ára. Alls voru útgjöld ríkisins vegna þessa, þ.e. vegna ferðalaga innan lands og utan auk risnukostnaðar um 1.220 millj. kr., 1,2 milljarðar kr. á árinu 1991 samkvæmt upplýsingum ríkisreiknings. Það skyldi því engan undra þótt menn beini sjónum sínum að þessum útgjaldaþáttum í ljósi þess að tekjur ríkisins eru að dragast saman vegna tekjusamdráttarins í þjóðfélaginu. Við þurfum því að sýna fyllstu aðgát á öllum sviðum hins opinbera búskapar.

Ég hlýt þó að segja að það er mikil ástæða til þess að vara við þeim söng sem stundum er kyrjaður um að það sé hægt að lækna nánast allt efnahagsböl þjóðarinnar með því einu að draga úr útgjöldum á þessum póstum. Þannig tal sem því miður heyrist allt of oft, jafnvel jaðrar stundum við að maður heyri enduróm þess í sölum Alþingis, er hið versta og ómerkilegasta lýðaskrum sem á lítið skylt við staðreyndir. Sannleikurinn er auðvitað sá að aukning ferðakostnaðar hjá hinu opinbera á sér sínar eðlilegu skýringar að mörgu leyti. Við erum að taka þátt í auknu alþjóðlegu samstarfi á öllum sviðum og sú þróun hefur verið vaxandi og stígandi mörg undangengin ár. Má nefna æðimörg dæmi um slíkt. Þau eru t.d. ekki mörg árin sem liðið hafa án þess að Alþingi hafi fullgilt alþjóðlega sáttmála og samninga sem í langflestum tilvikum fela í sér skuldbindingar sem aftur leiða það af sér að þeim þarf að sinna með funda- og ráðstefnusókn á erlendar grundir. Þetta breytir þó því ekki að í þessum efnum eins og öðrum er rík ástæða til þess að hvetja til ráðdeildar og sparsemi. Ég er fullkomlega sammála því að útgjöld upp á 1,2 milljarða í risnu og ferðalög er að sjálfsögðu allt of vel í lagt og þar er örugglega hægt að spara. Bæði hljóta stjórnvöld að velta því fyrir sér að draga úr risnu og ferðalögum af margvíslegu tagi en einnig hitt með hvaða hætti við getum sinnt okkar alþjóðlegu skuldbindingum og ferðalögum innan lands með ódýrari hætti en nú er gert. Sjálfur er ég sannfærður um að það er auðveldlega hægt ef vel er staðið að þeim málum í hvívetna.

Ég get tekið undir orð leiðarahöfundar Morgunblaðsins sem sagði 23. febr. sl., með leyfi hæstv. forseta: „Um þessa eyðslu verður ekki friður á meðan þjóðin býr við versnandi lífskjör. Að sjálfsögðu er óhjákvæmilegt að ríkið hafi einhvern kostnað af þessum liðum en það er jafnframt augljóst að hann má lækka verulega.“ Því hef ég leyft mér að spyrja hæstv. fjmrh. á þskj. 689 eftirtalinna tveggja spurninga:

„1. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að draga úr risnu- og ferðakostnaði hins opinbera?

2. Hvaða fjárhagslegur sparnaður hefur orðið af þessum ráðstöfunum?“

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Sem svar við fyrri lið fsp. vil ég segja þetta: Sem kunnugt er hefur ríkisstjórnin þegar gripið til ýmissa aðgerða til þess að draga úr risnu- og ferðakostnaði. Nýlega voru kynntar reglur um risnu. Samningar hafa verið gerðir við Flugleiðir og ferðaskrifstofur sem fela í sér lækkun ferðakostnaðar, þ.e. hvort tveggja, Flugleiðir og ferðaskrifstofur, en það felur í sér lækkun ferðakostnaðar og aukið aðhald í ferðalögum ríkisstarfsmanna og unnið er að lækkun bifreiðakostnaðar ríkisins.

Um miðjan desember sl. voru gefnar út reglur um risnuhald hjá ríkisstofnunum. Tilgangur reglnanna var að auka aðhald að risnu stofnananna og ráðuneyta. Skýr ákvæði er um skilyrði risnuhalds, frágang reikninga og hlutverk Ríkisendurskoðunar við að framfylgja þessum reglum. Í árslok 1992 var gerður samningur við Flugleiðir um fargjöld ríkisstarfsmanna í ferðalögum á vegum ríkisins. Samningurinn fól m.a. í sér eftirfarandi:

1. Svokölluð bónusstig, sem viðskiptamenn Flugleiða geta áunnið sér með tíðum ferðum, verða eign ríkisins og verður hægt að ná hámarksnýtingu þeirra með því að færa þau á milli starfsmanna og jafnvel stofnana. Sá afsláttur sem bónusstigin fela í sér er meiri til ríkisins en annarra.

2. Áunninn afsláttur verður eign stofnana og njóta þær þannig beint afsláttarins. Í framhaldi af gerð samningsins við Flugleiðir voru gerðir samningar við fjórar ferðaskrifstofur um afslátt og sérþjónustu við afgreiðslu farseðla fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir. Innkaupastofnun ríkisins sendi fyrirspurn til allra ferðaskrifstofa þar sem óskað var eftir hugmyndum þeirra um hvernig þær gætu þjónustað ríkið þannig að kostnaður lækkaði og að þjónusta væri sem best. Tíu ferðaskrifstofur svöruðu og var ráðuneytum boðið að velja á milli fjögurra þeirra. Hvert ráðuneyti skyldi velja

eina ferðaskrifstofu fyrir sig og sínar stofnanir. Samningarnir við ferðaskrifstofurnar eiga m.a. að skila eftirfarandi:

1. Koma á fram afsláttur af heildarviðskiptum.

2. Ferðaskrifstofurnar eiga að halda utan um upplýsingar um ferðalög á vegum ríkisins og skila þeim til viðkomandi ráðuneytis og stofnunar. Auk þess sjá þær um ýmiss konar pappírsvinnu sem áður var unnin í ráðuneytum og stofnunum og er því hagræði af því.

3. Ferðaskrifstofurnar skuldbinda sig til að finna ávallt hagstæðasta fargjald auk þess sem þær sjá um að fara að öllu eftir samningi ríkisins við Flugleiðir.

Öll ráðuneyti utan eitt hafa gengið frá samningum sínum og hefur framkvæmd þeirra gengið vel það sem af er. Ástæða þess að ákveðið var að beina öllum viðskiptum hvers ráðuneytis og stofnunar þess til sömu ferðaskrifstofu var að með því væri auðveldara að halda utan um áunninn afslátt hjá Flugleiðum og upplýsingar um ferðalög á vegum hvers ráðuneytis. Í fjmrn. er verið að kanna hvort ná megi frekari sparnaði í ferðakostnaði ríkisins, m.a. með samningum við erlend flugfélög um framhaldsflug.

Í forsendum fjárlaga 1993 er gert ráð fyrir að bifreiðakostnaður ríkisins lækki um 5–10% frá því sem hann var á árinu 1991. Vegna þessa hefur fjmrn. sent öllum ráðuneytum og stofnunum bréf þar sem óskað var eftir tillögum um það hvernig lækka megi þennan kostnað. Bílanefnd hefur verið falið að halda um þær áætlanir sem berast og fylgjast með árangri. Bifreiðakostnaði ríkisins má skipta í fernt, þ.e. kostnað vegna eigin bíla, leigubíla, bílaleigubíla og bíla í eigu starfsmanna. Innkaupastofnun hefur gengist fyrir útboði á leigubílaakstri og bílaleigum og hefur það skilað verulegum sparnaði á unanförnum árum. Nýlega voru undirritaðir nýir samningar sem fela í sér enn lægri kostnað en þeir sem í gildi voru fyrir. Nokkuð hefur skort á að ríkisstofnanir notfæri sér þá afsláttarsamninga sem eru í gildi en unnið er að frekari kynningu þessara samninga. Þá hafa Ríkisendurskoðun verið kynntir þessir samningar þannig að stofnunin geti við endurskoðun kannað hvort stofnanir ríkisins nýti sér lægsta verð hverju sinni.

Fyrirhugað er að kanna fleiri möguleika til sparnaðar í bílakostnaði og kemur þá m.a. til álita útboð á bílaþjónustu og rekstur bílamiðstöðva. Einnig er verið að skoða útboð á ýmsum rekstrarvörum fyrir bíla ríkisins.

Sem svar við annarri spurningu vil ég segja þetta og byrja þá á risnunni. Ekki liggur fyrir hver sparnaður vegna nýrra reglna um risnu verður á þessu ári eða í framtíðinni, en vafalaust mun aukið aðhald leiða til lægri kostnaðar. Mér sýnist, með því að hafa aðeins litið á þetta í fljótheitum, að tilefnum hafi heldur fækkað og dregið hafi úr risnukostnaði af þeim sökum.

Sé litið til ferðakostnaðarins má áætla að samningarnir við Flugleiðir og ferðaskrifstofur muni lækka ferðakostnaðinn um 30–40 millj. kr. Auk þess má gera ráð fyrir að aukið aðhald með tilkomu þeirra upplýsinga sem samningarnir gera ráð fyrir muni leiða til sparnaðar. Þessar upplýsingar verða einnig mikilvægar til að nota við frekari útboð og samninga vegna ferðalaga ríkisstarfsmanna.

Þá má geta þess að í tengslum við viðræður fjmrn. við Flugleiðir kynnti félagið nýtt fargjald fyrir þá sem þurfa að ferðast á dýrari flugmiðum, þ.e. á Sagafarrými. Þau fargjöld eru 20% lægri en þau sem fyrir eru og munu væntanlega lækka ferðakostnað ríkisins enn frekar.

Hæstv. forseti. Að allra síðustu vegna bifreiðakostnaðar. Ef markmið fjárlaga 1993 um lækkun bifreiðakostnaðar ganga eftir mun sparnaður nema 75–150 millj. kr. Ekki hefur verið áætlað hvað útboð eða rekstur bílamiðstöðvar muni spara ef af verður. Hæstv. forseti. Ég er sammála hv. þm. og reyndar leiðarahöfundi Morgunblaðsins um að það er nauðsyn að taka á þessum málum. Það verður ekki gert í einu átaki heldur verður að gerast jafnt og þétt.

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir afar skýr svör og jafnframt það að fram kom í máli hans að nú er verið að taka á þessum málum með ýmsum hætti. Ég geri mér mætavel grein fyrir því að þó að ég hafi lagt áherslu á að það þurfi að draga úr þessum kostnaði, þá er kannski þar hægara um að tala en í að komast. Sannleikurinn er sá að við erum eins og ég sagði stöðugt að tengjast æ alþjóðlegra umhverfi og þar er um að ræða að mínu mati nánast óumflýjanlega þróun. Ég bendi á það að í þessari miklu þrætu sem fram fór um hið Evrópska efnahagssvæði á sínum tíma, þá kom það aldrei fram hjá andstæðingum þeirrar þátttöku að þeir vildu auka á einangrun þjóðarinnar eða hverfa frá samstöðu eða viðskiptum við aðrar þjóðir. Þess í stað bentu menn ýmist í austur eða vestur til aukinnar sóknar, aukinna samskipta og þar með aukinna ferðalaga. Ég segi þetta ekki til þess að gera á nokkurn hátt lítið úr mikilvægi samskipta okkar við aðrar þjóðir, öðru nær. Fremur vil ég nota þetta til að benda á að samfara auknu alþjóðlegu samstarfi þjóðríkja hvort sem það birtist á grundvelli samstarfs þjóðþinga, framkvæmdarvalds eða annars, þá munu slík samskipti hafa í för með sér útgjöld, m.a. vegna ferðalaga sem menn hljóta þó að ætlast til að skili einhverju til baka, helst í margföldu formi á einn eða annan hátt.

Ég held að það sé hins vegar afar mikilvægt þegar við erum að fjalla um þessi mál þó að við gerum okkur auðvitað grein fyrir því að hér er kannski ekki um að ræða þá litlu þúfu sem veltir hinu stóra hlassi, vegna þess að hér er ekki um að ræða nema lítinn hluta af heildarútgjöldum ríkisins, þá skiptir það hins vegar mjög miklu máli í þeirri þröngu stöðu sem ríkisbúskapurinn er í, að við hugum líka að þessum efnum og þá alveg sérstaklega því að hér er oft og tíðum kannski um að ræða hluti sem ýmsir telja að sumu leyti ranglega um hreinan óþarfa að ræða. Ég held að hér eigi nefnilega við orð sálmaskáldsins Halldórs Péturssonar og það eru mín lokaorð: Hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. og þann skilning sem hann sýnir á þessum málum. Ég hef áður sagt það að ég tel að þessi mál hljóti að vera til sífelldrar skoðunar. Þetta eru viðkvæm málefni. Ég vil bæta því við að mér finnst ástæða til þess að reglur um risnu, ferðakostnað og bílakostnað eigi að vera ákaflega gagnsæjar. Ég minni á að í mörgum tilvikum og flestum að sjálfsögðu er um að ræða greiðslu fyrir útlagðan kostnað, annaðhvort samkvæmt reikningum eða samkvæmt áætluðum kostnaði sem er settur fram. Ég tel að reglurnar þurfi að vera skiljanlegar og öllum opnar þannig að hver og einn geti kynnt sér slíkar reglur og ekkert undan dregið og besta tryggingin fyrir því er að sjálfsögðu að Ríkisendurskoðun hafi þessar reglur til viðmiðunar við endurskoðun á ríkisreikningi.

Ég minni á í þessu sambandi að talsverðar umræður hafa á undanförnum árum farið fram m.a. um bifreiðamál ráðherra og það sýnir kannski skilninginn sem á því máli er að hringt var til mín af blaðamanni og sagt að hann vissi um að laun ráðherra hefðu hækkað. Ég spurði hann að því hvernig á því stæði því það hefur farið fram hjá mér. Hann sagði að það væri hægt að reikna það út frá því að skattlagðar tekjur hefðu hækkað samkvæmt upplýsingum sem fram hefðu komið. Þegar nánar var að gáð var ástæðan sú að hlunnindi voru talin felast í bifreiðum ráðherranna og það sem var nýtt í málinu var að þetta voru skattlögð hlunnindi sem áður hafa ekki verið skattlögð. Það voru hærri skattgreiðslur en sömu tekjur þegar á allt var litið svo að í raun fengu ráðherrarnir minna í sinn hlut vegna breyttra reglna. Því var ekki komið til skila af hv. blaðamanni sem þarna átti í hlut.

Rannsóknir á innfluttum matvælum, ein umr.

Fsp. IP, 344. mál. — Þskj. 623.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Fsp. mín er til hæstv. landbrh. á þskj. 623 og er svohljóðandi:

„Hvernig er rannsóknum á innfluttum matvælum, einkum grænmeti, háttað?"

Við Íslendingum stöndum frammi fyrir síauknum innflutningi á matvælum þrátt fyrir að við séum fyrst og fremst matvælaframleiðendur. Of lítill áhugi virðist vera á að sporna gegn innflutningi, þvert á móti er stöðugt þrýst á meiri innflutning. Við höfum hér flest skilyrði fyrir hendi til að framleiða bestu hugsanlegu matvæli. En framleiðsla grænmetistegunda ýmiss konar er dýrari hér á landi en almennt gerist sökum þess hversu norðarlega við búum. Í staðinn höfum við mikið af ónýttri orku sem getur gert okkur samkeppnisfær á við innflutning ef rétt er að málum staðið og jafnvel getur gert okkur meira en samkeppnishæf. Við eigum æ meiri möguleika á útflutningi vegna sívaxandi mengunar iðnríkja heims.

Við eigum alla möguleika að bjóða hér hreina vöru. Því væru það hrapalleg mistök ef við hugsum ekki alvarlega um það að vernda þá merkilegu uppbyggingu sem orðið hefur í garðyrkju en það getum við gert m.a. með því að gera meiri kröfur til innflutnings en við gerum nú.

Virðulegi forseti. Fsp. mín er komin til vegna þess að ég tel að innflutningur sé ekki undir þeirri ströngu gæslu sem við hljótum að gera kröfu til. Við vitum að notkun eiturefna er lítil í garðyrkju hér á landi, m.a. vegna þess að strangar kröfur eru gerðar til hollustu grænmetis hér. Notkun vafasamra eiturefna er í mörgum tilfellum ódýr lausn og leyfileg í sumum löndum Evrópu. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvaða tækni við notum við sýnatöku á innfluttum matjurtum. Mig langar að spyrja hæstv. landbrh. hvort hann telji að við séum nægilega tæknivædd á þessu sviði.

Annað atriði sem ég vil minnast á er hvernig rannsóknum á unnum vörum úr jurtaríkinu, svo sem sultutaui, ávaxtamauki, pakkasúpum, kornflögum o.s.frv. er háttað. Það er ekki vafi á að það er nauðsynlegt að fylgjast með þessum vörum betur en nú er gert.

Mig langar einnig að spyrja hæstv. landbrh.: Hvaða eftirlit er með innflutningi á matvörum, t.d. pitsum og kínarúllum, sem innihalda bæði kjöt og fisk?

Virðulegi forseti. Fsp. mín er komin til vegna þess að ég tel að við gerum ekki nægilegar kröfur til gæða innfluttra matvæla.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Svar við þessari fsp. er tekið saman af Sigurgeiri Ólafssyni, sérfræðingi hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, í samráði við Hollustuvernd ríksins.

Rannsóknarstofnun landbúnaðarins hefur eftirlit með innflutningi plantna og plöntuafurða með tilliti til plöntusjúkdóma og meindýra. Stofnunin metur það svo að hættan á að matjurtir beri með sér plöntusjúkdóma og plöntumeindýr sem hér gætu valdi tjóni sé minnst í ávöxtum, meiri í grænmeti og mest í kartöflum. Því er í eftirliti stofnunarinnar mest áhersla lögð á eftirlit með kartöflum. Samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, er eftirlit með innflutningi matvæla almennt, m.a. með tilliti til aðskotaefna í höndum Hollustuverndar ríkisins.

Undanfarin rúm tvö ár hefur starfað vinnuhópur á vegum Hollustuverndar við að semja reglugerð um aðskotaefni í matvælum og öðrum neysluvörum. Þar eru ákvæði um markgildi fyrir hin ýmsu efni, m.a. hin fjölmörg þeirra varnarefna sem notuð eru við ræktun matjurta. Ákvörðun slíkra markgilda er forsenda þess að unnt sé að hafa eftirlit með aðskotaefnum í matjurtum. Er þessu verki nær lokið. Samkvæmt samningi milli Evrópubandalagsins og EFTA um upplýsingaskipti fellur slík reglugerð að öllum líkindum undir tæknilegar reglugerðir sem á að kynna EFTA og Evrópubandalagsríkjum áður en þær eru settar og skal þá fresta gildistöku um sex mánuði. Er því óvíst hvenær þessi reglugerð tekur gildi.

Reglugerð um aðskotaefni verður sett með stoð í

lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, og lögum um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, nr. 24/1936. Unnið hefur verið að gerð nýrra matvælalaga en ekki er vitað hvenær þau sjá dagsins ljós. Hollustuvernd hóf reglulega sýnatöku og mælingar á varnarefnum í matjurtum um mitt ár 1991. Alls voru þá rannsökuð 108 sýni og af þeim voru 35 af innlendu grænmeti. Skimað var fyrir 32 varnarefnum. Árið 1992 voru tekin 216 sýni, þar af var 61 af innlendum matjurtum. Árið 1991 fundust engar leifar varnarefna í íslensku grænmeti og einnig reyndist erlent grænmeti í góðu lagi. Eitthvað var um leifar sveppalyfja í ávöxtum en í einungis einu sýni reyndist magnið vera yfir þeim mörkum sem tillaga er um í drögum að reglugerð um aðskotaefni, samanber ársskýrslu Hollustuverndar ríkisins 1991. Niðurstöður síðasta árs hafa ekki birst en munu ekki ósvipaðar þeim frá fyrra ári. Ég vona að þessari fsp. sé svarað.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svörin. En satt að segja finnst mér nú langt frá því að hann hafi svarað fsp. minni. Ég er að spyrja að því hvort hann telji nægilega langt gengið í rannsóknum á innfluttum matvælum. Hann gat þess hér að það væru gerðar rannsóknir og taldi að það hefðu fundist m.a. sveppalyf í innfluttum ávöxtum. Þá langar mig til að spyrja: Hvað er gert í slíkum tilvikum? Mér sýnist að þessar sýnatökur séu ekki mjög margar. T.d. árið 1992 eru tekin 216 sýni. Af þessum 216 sýnum er 61 sýni af innlendum matjurtum. Þetta tel ég ekki vera nægjanlegt. Ég tel að eftirlit sé ekki nægilega markvisst. Mig langar líka að spyrja og mér fannst það ekki koma fram í svari hans hvort við værum nægilega tæknivædd til að rannsaka þau efni sem þarf að rannsaka, bæði í innfluttum og innlendum matjurtum. Svo ræddi hann um innflutning á pottaplöntum og gerði það að aðalatriði sem er auðvitað stórt mál. En mig langaði að spyrja hann að því hvaða kröfur við höfum gert í sambandi við EES-samninginn um frelsi í plöntuinnflutningi. Mér skilst að plöntur flæði alveg óheft inn á Evrópumarkaðinn án þess að við getum gert miklar kröfur. Það sé frjálst flæði á þessum plöntum og kartöflum. Sem sagt, ég tel að það sé ekki nægilega rannsakað og það kom ekki fram í svari hans hér. Ég spurði hvernig háttað væri t.d. rannsóknum á ávaxtamauki og pakkasúpum o.s.frv. Það kom ekki fram í hans svari. Og ég saknaði þess.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Eins og ég hef fengið fsp. í hendur er spurt: Hvernig er rannóknum á innfluttum matvælum, einkum grænmeti, háttað? Ég hef hér rakið svar þeirra stofnana sem með það eftirlit hafa að gera. Ég vil taka fram að auðvitað hlýtur það alltaf að vera til endurskoðunar hvernig eigi að standa að rannsóknum á innflutningi og matvælum almennt. Eins og ég vék að þá er verið að undirbúa skýrari og strangari reglur í þeim efnum. Ég hef ekki fengið kvörtun um það að tæknibúnaður sé ekki nægilegur í þessari deild Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins en skal af þessu tilefni kynna mér það. En ég hef að öðru leyti ekki meira um þetta mál að segja.

Endurskoðun laga um ferðamál, ein umr.

Fsp. SJS, 435. mál. — Þskj. 735.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Erum við nokkuð búin að týna samgrh.? (**Samgrh:** Hann er nú viðlátinn.) Nei, það er nú gott. Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að leggja spurningar fyrir hæstv. samgrh. varðandi málefni ferðaþjónustunnar. Á þskj. 735 er fsp. um endurskoðun laga um ferðamál og spyr ég í fyrsta lagi hvað líður þeirri endurskoðun lagaákvæða um ferðamál sem hæstv. samgrh. uppýsti, ef ég man rétt snemma á embættisferli sínum eða nálægt upphafi hans, að yrði eitt af sínum forgangsverkefnum, að beita sér fyrir endurskoðun á lagaákvæðum sem varða ferðamál og ferðaþjónustu.

Í öðru lagi vil ég spyrja og af sama tilefni hæstv. ráðherra hvort hann hyggist endurflytja eða nýta að einhverju leyti þau þingmál sem undirbúin voru og flutt hér á Alþingi veturinn 1990–1991, annars vegar till. til þál. um ferðamálastefnu og hins vegar frumvörp til laga um ferðaþjónustu sem unnin voru af stjórnskipaðri nefnd með fulltúum hagsmunaaðila og mönnum úr öllum stjórnmálaflokkum og voru hér til meðferðar á Alþingi veturinn 1990–1991. Í þessi mál var lögð mikil vinna á þeim tíma eins og sjá má af þeim gögnum sem þar eru á ferðinni. Það var safnað miklum upplýsingum þar á meðal að hluta til tölfræðilegum upplýsingum sem aldrei áður höfðu verið dregnar saman um málefni og stöðu ferðaþjónustunnar. Ég er þeirrar skoðunar að þarna sé á ferðinni mjög nýtilegur efniviður sem standi fullkomlega fyrir sínu þó tvö ár séu liðin síðan þetta var til meðferðar. Reyndar var það svo að frumvarp til laga um ferðaþjónustu, þar sem sameinuð voru í einum lagabálki lagaákvæði sem vörðuðu málefni ferðaþjónustunnar, bæði þau sem nú eru í lögum um skipan ferðamála og lögum um veitinga- og gististaði og fleiri lögum, var heldur vel tekið hér á þingi og afgreidd frá neðri deild, sem þá hét og fundaði í þessum sal, samhljóða á útmánuðum 1991 og biðu 2. umr. í efri deild þegar þingi lauk það vor óvenju snemma sökum alþingiskosninga. Það leit því út af fyrir sig lengi vel út fyrir að þar væri á ferðinni lagarammi um málefni ferðaþjónustunnar sem allgóð samstaða ætti að geta tekist um enda höfðu unnið að þeirri lagasmíð fulltrúar allra helstu hagsmunaaðila í greininni og menn úr öllum stjórnmálaflokkum áttu sæti í nefndinni. Ég vil þess vegna ítreka spurningu mína til hæstv. samgrh.: Er þess að vænta að þessi efniviður verði nýttur á einhvern hátt eða þingmál þessi endurflutt og þá hvenær?

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Skömmu eftir að ég tók við embætti samgrh. hóf ég endurskoðun á þeim lagaákvæðum sem varða ferðaþjónustu í víðum skilningi þess orðs og kynnti haustið 1991 frumvarp sem ég taldi að yrði til bóta ef samþykkt yrði. En eins og margsinnis hefur komið fram náðist ekki samkomulag milli mín og hæstv. fjmrh. um tekjuöflun til ferðamála og af þeim sökum var ógjörningur að fylgja því frumvarpi eftir. Þannig gekk það fyrir sig. Ég hef síðan verið að leita leiða til að nýta það fé sem best sem fer til markaðsstarfsemi erlendis og til ferðamála yfirleitt. Það hefur margsinnis komið upp hvort rétt kunni að vera að taka upp náið samstarf við Útflutningsráð og þá hvernig. En eins og nú standa sakir ríkir nokkur óvissa um framtíð þess þar sem það hefur tekjur sem tengist aðstöðugjaldi sem nú hefur verið lagt niður. Það varð að samkomulagi milli mín og nýkjörins formanns Útflutningsráðs að doka við og sjá hvernig framvindan yrði. Enda liggur ekki á nú á þessum vordögum að gera sér grein fyrir því hvernig rétt sé að standa að markaðsstarfsemi á næsta ári. En verið er að vinna að tillögum um það í samráði við aðila í ferðaþjónustu hvernig henni verði best við komið. Hugur minn stendur raunar til þess að reyna að auka það fé sem til ráðstöfunar verður til markaðsstarfsemi. Þetta er allt unnið í góðri samvinnu við þá aðila og verið að reyna að finna því starfi þær forsendur og ramma sem menn geta orðið sammála um að horfi til framtíðar og sé líklegt til að gera hvort tveggja í senn að nýta féð vel og leiða þó til sparnaðar í markaðskynningu. Um ferðamálin að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að tala nú þar sem þau mál eru ekki komin í það horf að ég kjósi að leggja þau fyrir Alþingi.

Síðari hluti fsp. veit að því hvort ég sé sammála þeirri stefnu sem forveri minn fylgdi í ferðamálum og hvort ég vilji endurflytja þáltill. sem fyrri ríkisstjórn flutti og frv. sem fyrri ríkisstjórn flutti. Svar mitt við því er auðvitað nei. Ég var ekki sammála því sem í þessu stóð og tel ekki gagn að því að koma með þau mál á ný inn á Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Þetta verð ég nú að kalla ákaflega óburðug svör hjá hæstv. ráðherra svo ekki sé meira sagt. En ég þakka honum fyrir engu að síður, samkvæmt venju, að hann skuli leggja á sig að koma hér upp í ræðustól. Þetta er auðvitað alveg hörmuleg niðurstaða hjá hæstv. ráðherra að koma hér upp eftir hartnær tvö ár og þurfa að lýsa því yfir að í því sem hann titlaði sem eitt af sínum forgangsverkefnum í embætti, að endurskoða lög málefni ferðaþjónustunnar, skuli honum ekkert hafa orðið ágengt. Ég skildi hæstv. ráðherra helst þannig að fjmrh. hefði eitthvert neitunarvald í þessum efnum. Af því að hann hefði ekki náð samkomulagi við fjmrh. um fjárhagsleg atriði þessa máls þá gæti hann sig hvergi hreyft og við það sæti. Þetta er auðvitað alveg gjörsamlega óþolandi ástand. Svona getur þetta ekki gengið. Hæstv. ráðherra hlýtur að átta sig á því að eitt er fjárveiting til ferðamála og ráðstöfun þeirra hluta, starfsskilyrða greinarinnar og annað er sá lagarammi og lagagrundvöllur sem ferðaþjónustan starfar samkvæmt. Það er mjög brýn þörf á endurskoðun ýmissa ákvæða þar alveg burt séð frá því hvaða fjármunum hæstv. ráðherra hefur úr að spila í gegnum Ferðamálaráð og hvernig skattlagningu ferðamála er háttað o.s.frv. Það er algerlega óviðunandi að menn komist ekki til þess sem löngu er orðið tímabært að endurskoða svo sem lagaákvæðin um rekstur ferðaskrifstofa og ferðaþjónustuaðila. Þau eru úrelt og standa rekstri smærri aðila á þessu sviði fyrir þrifum, til að mynda þær háu tryggingar sem settar eru fyrir rekstri án nokkurrar skilgreiningar á því hversu umfangsmikil veltan er. Þetta liggur alveg fyrir og ég fullyrði að þau ákvæði sem voru í frumvarpi til laga um ferðaþjónustu, fluttu á þinginu 1990–1991, væru til stórra bóta t.d. hvað þennan þátt snertir.

Hæstv. ráðherra svaraði því afdráttarlaust að hann hefði ekki áhuga á því að endurflytja eða nýta þau þingmál sem ég spurði um. Þá liggur það fyrir og ég hlýt að taka það til athugunar og við fleiri hv. þm. að koma þessum málum á dagskrá þingsins með því að endurflytja þau mál eða eitthvað í líkingu þeirra úr því hæstv. samgrh. hefur hér gefið svör um það að hann komist hvorki lönd né strönd í þessum efnum.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er óvenjulegt og kannski nýtt í þingsögunni að fyrrv. ráðherra skuli sjá tilefni til þess með sérstakri fsp. að spyrja um það hvort ný ríkisstjórn með aðra stefnu skuli vilja endurflytja hin fyrri málin. Auðvitað er það hv. þm. rétt og skylt ef hann er þeirrar skoðunar að endurflytja þau mál sem ekki náðu fram að ganga á meðan hann var ráðherra. Ég hef verið samgrh. í tæp tvö ár, mig minnir að hann hafi verið samgrh. ögn lengur og sé nú að kvarta yfir því að hafa ekki náð sínum málum fram.

Starfsskilyrði ferðaþjónustunnar, ein umr.

Fsp. SJS, 436. mál. — Þskj. 736.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég hef séð ástæðu til að leggja fsp. fyrir hæstv. samgrh. um hvað líði störfum nefndar eða starfshóps sem er skipuð fulltúum samgrn. og fjmrn., sem samkvæmt fjölmiðlum var sett upp til þess að gera tillögur um bætt starfsskilyrði ferðaþjónustu og þar með talið hvernig mætti létta sköttum eða álögum af greininni þannig að rekstrarskilyrði eða starfsgrundvöllur ferðaþjónustunnar batnaði. Ég hef enn fremur séð ástæðu til að spyrja hæstv. ráðherra hvort orðið hafi einhver breyting á í starfi nefndarinnar eða erindisbréfi hennar verið breytt í framhaldi af þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að taka upp virðisaukaskatt á ýmsar greinar ferðaþjónustu sem áður voru undanþegnar þeim skatti.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja að hæstv.

ríkisstjórn greip til þessa óyndisúrræðis við síðustu fjárlagagerð að taka upp virðisaukaskatt á ýmsar greinar ferðaþjónustu svo sem gistingu og farseðla í innanlandsflugi og fleira samtímis því, að því er virðist, að þessi starfshópur eða nefnd þeirra hæstv. ráðherranna var að störfum og átti að gera tillögur um algjörlega hið gagnstæða, hvernig mætti m.a. með því að létta álögum af greininni bæta starfsskilyrði hennar.

Hæstv. ráðherra upplýsti það áðan í svari við síðustu fsp. að hann kæmist ekkert áfram með endurskoðun laga um ferðaþjónustu af því að hann næði ekki samkomulagi við fjmrh. um fjármálaleg samskipti ferðaþjónustunnar og þá væntanlega fjmrn. Það er ekki síður ástæða til þess að hæstv. ráðherra upplýsi okkur um hvað líði þessu starfi. Menn hafa mikið rætt um það á undanförnum árum að ferðaþjónustan sé einn helsti ef ekki eini vaxtarbroddur í íslensku atvinnulífi. En nú standa menn því miður frammi fyrir stöðnun á því sviði eins og víðar. Fjöldi erlendra ferðamanna var óbreyttur eða ívið lægri og gjaldeyristekjur drógust talsvert saman af ferðaþjónustu milli áranna 1991 og 1992. Það er þess vegna alveg borðliggjandi að ferðaþjónustan þarf á stuðningi að halda ef hún á að geta sótt fram á næstu árum. Það þarf að bæta starfsskilyrði hennar og einhver öfugasta aðferð sem til er í þeim efnum er sú sem hæstv. ríkisstjórn hefur rambað á með því að taka upp virðisaukaskatt, þar á meðal á þau svið ferðaþjónustunnar sem hvað dýrust eru og erfiðast er að reka eins og til að mynda innanlandsflugið. Nýlegir ársreikningar flugfélaganna segja allt sem segja þarf um afkomuna í innanlandsfluginu. Flugleiðir tapa um 200 millj. og það flugfélag annað sem besta afkomu hefur haft undanfarin ár, Flugfélag Norðurlands, hefur einnig gert upp tvö ár í röð með tapi, að vísu lítils háttar á þessu ári.

Ég legg þessar spurningar fyrir hæstv. samgrh. og vona að hann geti greitt úr þeim, helst með myndugri hætti en hann gerði áðan.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. 13. ágúst sl. var samþykkt svohljóðandi ályktun og send samgrh.:

„Fjölmennur fundur hagsmunaaðila íslenskrar ferðaþjónustu leyfir sér að beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. samgrh. að hann beiti sér fyrir að hafnar verði viðræður milli samgrn. og fjmrn. sem hafi það að markmiði að lækka álögur og skatt á atvinnugreininni frá því sem nú er. Jafnframt munu hagsmunaaðilarnir leita allra leiða til að lækka eigin kostnað.

Það er skoðun fundarmanna að breytingar á núverandi skattlagningu muni hafa í för með sér auknar tekjur ríkissjóðs af ferðaþjónustu."

Hjálögð greinargerð frá fundum aðilanna gerir nokkra grein fyrir þeim mikla vanda sem ferðaþjónustan á við að etja hvað snertir hátt verðlag einstakra þátta. Takist ekki að stöðva þróun undanfarinna ára sjá aðilarnir fram á að alvarlegur samdráttur gæti orðið í þessari þýðingarmiklu atvinnugrein, bæði hvað viðkemur ferðum Íslendinga um landið og ferðum erlendra manna til Íslands. Í framhaldi af þessu varð að samkomulagi milli mín og hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh. að skipuð yrði nefnd og var það gert með erindisbréfi 3. sept. sl. svohljóðandi, svo að ég lesi upp bréf til eins nefndarmanns sem skýrir markmið og tilgang þessara nefndarstarfa sem af tilviljun í þessu tilfelli er til Kjartans Gunnarssonar, deildarstjóra í viðskrn., og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér með eruð þér skipaðir í viðræðunefnd samgrn., fjmrn. og viðskrn. um skattamál fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Nefndin skal í starfi sínu taka mið af hjálagðri ályktun hagsmunaaðila í ferðaþjónustu sem afhent var samgrh. í ágústmánuði sl. Með yður eru í nefndinni Steingrímur Ari Arason, aðstoðarmaður fjmrh., og Pétur J. Eiríksson framkvæmdastjóri, sem jafnframt er formaður nefndarinnar."

Þessi nefnd hefur síðan verið að störfum. Ég hafði ekki tök á að tala við formann nefndarinnar nú fyrir þennan fund þar sem hann er erlendis, en ég hef á hinn bóginn rekið á eftir því að nefndin skili niðurstöðum. Á þessari stundu bendir ekkert til að nefndin komist að sameiginlegri niðurstöðu.

Spurt er: Var erindisbréfi nefndarinnar breytt í framhaldi af þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja virðisaukaskatt á ýmsar greinar ferðaþjónustu sem áður voru undanþegnir? Svarið er nei.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Þetta er nú allt hið kostulegasta verð ég að segja. Hér svarar hæstv. ráðherra með því að lesa upp samþykkt, vel rökstudda, frá hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu þar sem eindregið er skorað á stjórnvöld að bæta starfsskilyrði greinarinnar með því að létta af henni sköttum og það rækilega rökstutt sem ég fór reyndar yfir í minni framsögu áðan að það er alveg ljóst að búast má við samdrætti í ferðaþjónustu á næstu árum ef starfsskilyrði hennar verða ekki bætt. Það er sameiginlegt mat allra þeirra sem eitthvað hafa kynnt sér þessi mál.

Og hvað gerist svo í framhaldinu 3. sept.? Það er mikilvægt að fá þessar dagsetningar fram. Þær eru það eina sem er hönd á festandi í þessu, það eru dagsetningarnar og svo það að Kjartan Gunnarsson í viðskrn. er í nefndinni.

3. sept. skipar ríkisstjórnin starfshóp þriggja ráðuneyta., ekki bara tveggja eins og ég hafði nú haldið, þriggja ráðuneyta og þeim er akkúrat uppálagt með erindisbréfi að hafa hliðsjón af þessari samþykkt hagsmunaaðila í ferðaþjónustu. En hvað gerist svo? Það næsta sem gerist í málinu er að ríkisstjórnin tekur ákvörðun um að leggja virðisaukaskatt á ferðaþjónustuna. Það er svarið við tilmælum aðila um að lækka skatta í greininni og það eru skilaboðin til nefndarinnar sem er að störfum. Það er nú ekki nema von að það líti ekki út fyrir sameiginlega niðurstöðu í nefndinni eins og hæstv. ráðherra var að gera hér skóna. Reyndar held ég að ég minnist þess ekki að hafa fengið slík skilaboð um starf eins og komu áðan frá hæstv. ráðherra sem sagði: „Ekkert bendir til þess að nefndin komist að sameiginlegri niðurstöðu." Þetta er nú meira

ástandið, verð ég að segja. Ef ekki bregður til betri tíðar í þessu, þá held ég að einhvern veginn verði að koma þessum málum í annan farveg en þann að láta hæstv. samgrh. nudda við þetta, skipa starfshópa og taka við ályktunum og svo gerir ríkisstjórnin eða fjmrn. hið gagnstæða, fer sínu fram og gerir ekkert með þetta sem samgrh. er að fjalla um. Ég held að Alþingi verði þá að taka þessi mál í sínar hendur og leysa samgrh. undan þessari píslarkvöð og þrautagöngu sem hann greinilega er á.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Hv. þm. sagði að svar mitt væri hið kostulegasta. Það má kannski segja út frá hans sjónarmiði, enda var svarað mjög beint og skýrt og öllu því sem um var spurt án undandráttar svo að það er ekki kostulegt heldur hreinskilið sem þýðir ekki alveg það sama.

Það er vitaskuld alveg laukrétt að það er samdráttur í ferðaþjónustu. Hann er ekki tilkominn vegna einhverra aðgerða sem á að grípa til síðar meir á næsta ári heldur af öðrum sökum vegna þess að það opnast ný landsvæði sem ferðamenn eru forvitnir að komast inn í og geta farið þar frjálsir ferða sinna, í Austur-Evrópu, austan múrsins mikla sem menn þurftu áður að hafa sérstakar heimildir til að fara til sem hv. fyrirspyrjandi er kunnugri en ég hvernig var háttað.

Eins er það svo að ýmis önnur lönd eins og Finnland nú svo að ég taki eitt Norðurlanda er auðvitað mun ódýrara en áður og þeir sem vinna í ferðaþjónustu hafa einmitt orð á því að að þessu leyti sé Ísland orðið dýrt og öðruvísi en áður. Það kom raunar fram á ráðstefnu um ferðamál sem fyrir skömmu var haldin í Berlín og raunar líka í september á ferðaráðstefnunni á Akureyri að það er mikil forvitni á ferðum til Íslands en versnandi efnahagur í helstu viðskiptalöndum okkar veldur því að minna er um pantanir en búist hafði verið við.

Ég vil minna á að ferðaþjónustan nú á þessu ári býr við minni skatt en áður. Það hafa verið felld niður aðstöðugjöld á ferðaþjónustu og til stendur að lækka tryggingagjald þannig að það að fækkað hafi ferðamönnum til landsins á síðasta ári og e.t.v. á þessu á ekkert skylt við það sem hv. þm. talaði mest um.

Bótaréttur atvinnulausra í veikindum, ein umr.

Fsp. ISG, 417. mál. — Þskj. 713.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 713 spyr ég hæstv. heilbr.- og trmrh. um bótarétt atvinnulausra í veikindum, bæði í eigin veikindum og eins í veikindum barna. Nú mun þessi bótaréttur vera framkvæmdur eitthvað með mismunandi hætti eftir því hvaða stéttarfélagi viðkomandi tilheyrir. Þannig er mál með vexti að það eru til lög um atvinnuleysistryggingar en á grundvelli þeirra laga hefur aldrei verið sett nein reglugerð. Hins vegar eru starfandi 200 úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta víðs vegar á landinu og munu þær hafa eitthvað mismunandi vinnubrögð í þessum málum. Það mun þannig vera mismunandi hvort veikindavottorð eru yfirleitt tekin til greina. Þetta kemur m.a. fram í fskj. með frumvarpi sem Svavar Gestsson og fleiri flytja og hefur nýverið lagt fram, en í fskj. 3 er rætt við Gunnar Helgason í ráðningarskrifstofu Reykjavíkur og með leyfi forseta segir Gunnar:

„Aðspurður um hvort veikindavottorð væru tekin til greina vegna forfalla við skráningu sagði hann að það væri oftast gert, en það væru úthlutunarnefndirnar sem þar réðu. Hann sagðist hins vegar hafa látið málin ganga áfram þegar óviðráðanlegar aðstæður sköpuðust þannig að fólk kæmist ekki til skráningar eins og gerst hefði á sl. vetri þegar fólk komst ekki út úr húsum vegna illviðris," þ.e. komst þá ekki á tilskildum degi til að skrá sig. En ef veikindavottorð er tekið til greina, þá er það þó þannig að aðeins eru greiddar atvinnuleysisbætur vegna þeirra daga sem hinn atvinnulausi er til reiðu, þ.e. það er ekki greitt fyrir þá daga sem veikindin vara. Þá má geta þess að eftir þær hækkanir sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur staðið fyrir, þá kostar vottorð 900 kr. fyrir þá sem þurfa að sækja sér vottorð vegna veikinda og það er nú bara tæpur helmingur bóta fyrir einn dag hjá atvinnulausum einstaklingi.

Þá hef ég fengið upp í hendurnar dæmi af móður sem komst ekki til skráningar á tilskildum degi vegna veikinda barns síns og fékk engan til að sitja hjá barninu. Það þýddi það að hún missti atvinnuleysisbætur í heila viku vegna þess að hún kom ekki á þessum tilskilda degi og hefði engu breytt þó að hún hefði komið með vottorð vegna þess að veikindi barna eru ekki tekin gild í þessum tilvikum var henni sagt. Þarna er um að ræða fólk sem hefur auðvitað verið á vinnumarkaði í lengri tíma yfirleitt og fólk á vinnumarkaði hefur almennt veikindarétt, bæði vegna sjálfra sín og vegna sinna barna. Þetta fólk virðist hins vegar ekki hafa þann rétt þegar að atvinnuleysisbótunum kemur og ég spyr því ráðherra hvernig þetta fái staðist:

„1. Á hvaða lagaheimild byggist sú framkvæmd að greiða ekki atvinnuleysisbætur fyrir veikindadaga þótt bótaþegi njóti ekki sjúkradagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins?

2. Hvernig er háttað bótarétti þegar atvinnulaust foreldri kemst ekki til vikulegrar skráningar vegna veikinda barna?"

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það svar sem ég flyt byggist á áliti lögfræðinga þeirra sem fjallað hafa um atvinnuleysismál í heilbrrn. um margra ára skeið. Fyrri fsp. hv. þm. hljóðar svo: „Á hvaða lagaheimild byggist sú framkvæmd að greiða ekki atvinnuleysisbætur fyrir veikindadaga þó bótaþegi njóti ekki sjúkradagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins?"

Svarið við þessari spurningu er svohljóðandi: Frá upphafi hafa verið skýr ákvæði um það í lögum um

atvinnuleysistryggingar að þeir sem njóta sjúkrabóta samkvæmt almannatryggingalögum fái ekki atvinnuleysisbætur. Þá voru í fyrstu lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 29/1956, ákvæði um það að bætur greiddust ekki þeim sem væru ófærir til vinnu eða neituðu vinnu sem þeim bauðst að tilhlutan vinnumiðlunarskrifstofa. Ákvæði þetta var óbreytt fram til 1981 er lögin voru endurskoðuð öðru sinni. Þá var orðalagi breytt í þá veru að bætur greiddust ekki þeim sem voru ófærir til vinnu af heilsufarsástæðum. Í greinargerð með frv. er þetta ákvæði sagt efnislega samhljóða eldra ákvæði sem eingöngu kvað á um að viðkomandi væri ófær til vinnu. Af þessu er ljóst að eitt skilyrði bótaréttar er að hlutaðeigandi sé vinnufær af heilsufarsástæðum. Þetta kemur skýrt fram í áður tilvitnuðum 5. tölul. 21. gr. Sömuleiðis kemur þetta fram í 17. gr. þar sem segir að sá sem hafi áunnið sér rétt til bóta verði að hverfa frá vinnu vegna veikinda haldi þeim bótarétti þegar hann verður vinnufær á ný, enda sanni hann veikindi með læknisvottorði, svo og vinnuhæfni sína ef hann sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindum.

Í 20. gr. er einnig vikið að afleiðingum þess að umsækjandi getur ekki látið skrá sig vegna veikinda og skal hann þá skrá sig næsta dag sem honum er unnt að viðlögðum missi bóta. Ástæðan fyrir þessu er augljós. Atvinnuleysisbætur eru eingöngu ætlaðar þeim sem eru atvinnulausir og í atvinnuleit. Veikur maður er ekki í atvinnuleit þá daga sem hann er veikur og getur því ekki sinnt atvinnutilboði eða tilboðum sem honum bjóðast meðan á veikindum stendur.

Í öðru lagi var spurt: „Hvernig er háttað bótarétti þegar atvinnulaust foreldri kemst ekki til vikulegrar skráningar vegna veikinda barna?"

Svarið hljóðar svo: Hér að framan var vikið að afleiðingum þess þegar bótaþegi getur ekki sinnt vikulegri skráningarskyldu hjá vinnumiðlun vegna veikinda. Lögin gera ekki ráð fyrir því að aðrar aðstæður en veikindi bótaþega sjálfs hindri hann í að koma til skráningar. Í framkvæmd hefur þetta ákvæði þó verið túlkað svo að ef bótaþegi kemst ekki til skráningar vega veikinda barns eða barna, þá gildi sömu reglur og ef hlutaðeigandi sjálfur væri veikur.

Enn er hér rétt að ítreka tilgang atvinnuleysisbóta. Þær eru ætlaðar þeim einstaklingum sem eru atvinnulausir og í atvinnuleit. Ef bótaþegi er bundinn heima, annaðhvort vegna veikinda sjálfs sín eða veikinda barns eða barna er hlutaðeigandi þá daga ekki í atvinnuleit og uppfyllir því ekki skilyrði laganna um bótarétt. Samantekt lögfræðinganna hljóðar svo:

„Réttur til atvinnuleysisbóta hefur frá því að fyrstu lögin um þetta efni gengu í gildi verið með ótvíræðum hætti bundin því skilyrði að hlutaðeigandi væri vinnufær af heilsufarsástæðum. Skilyrði greiðslu atvinnuleysisbóta hefur ætíð verið það að hlutaðeigandi sé atvinnulaus og í atvinnuleit og geti sinnt þeim vinnutilboðum sem honum kunna að bjóðast fyrir milligöngu vinnumiðlunar. Tilgangur vikulegrar skráningar er tvíþættur. Annars vegar sá að viðhalda bótaréttindum og hins vegar sá að bótaþegi gefur með því til kynna að hann sé enn í atvinnuleit og geti fylgt eftir hugsanlegum atvinnutilboðum. Bótaþegi sem er veikur er ekki í atvinnuleit þann tíma sem veikindin vara. Sama gildir um bótaþega sem bundinn er heima vegna veikinda barns eða barna."

Við þetta vil ég bæta að það er rétt sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda að þær fjölmörgu úthlutunarnefndir sem starfa beita nokkuð mismunandi skilningi um ýmis framkvæmdaratriði í sambandi við greiðslu atvinnuleysisbóta. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er nú að gera átak til þess að samræma þessa túlkun, en það er enginn vafi á því að rétt túlkun og rétt framkvæmd laganna eins og þau eru úr garði gerð hér á hinu háa Alþingi er sú sem hér var lýst. Sá einn getur notið bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem sannanlega er í atvinnuleit og getur tekið atvinnutilboði ef honum skyldi bjóðast það.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir mjög skýr svör við þessum fsp. og það er út af fyrir sig ekki við hann að sakast þó að þau svör séu mjög ómannúðleg, vil ég segja. Það eru þá lögin og það er túlkun þessara laga sem hreinlega er ómannúðleg eins og kom fram í svari hæstv. ráðherra. En eins og ég segi, það er ekki við hann að sakast. Þessar reglur hafa auðvitað gilt fyrir hans tíð og það hafa aðrir túlkað þessar reglur með þessum hætti.

Ráðherra sagði að það væru mjög skýr ákvæði um þá sem njóta bóta að þeir ættu að vera í atvinnuleit og enginn sé í atvinnuleit þegar hann er veikur og þar af leiðandi falli niður bætur þann dag sem einstaklingurinn í atvinnuleit er sjálfur veikur og þær falla niður eins og ég gat um hér áðan a.m.k. hjá sumum verkalýðsfélögum. Það mun vera eitthvað mismunandi túlkun á því. Þá falla þær algerlega niður í heila viku ef atvinnulaus einstaklingur kemur ekki til skráningar vegna veikinda barns og dugir honum ekki að koma með vottorð í þeim tilvikum. Og þá spyr maður sig: Á hverju á veikur einstaklingur sem er atvinnulaus að lifa þá daga sem hann er veikur? Á hann að lifa á loftinu? Atvinnuleysisbætur eru ekki bara spurningin um að greiða fólki fyrir að vera í atvinnuleit, heldur eru þær líka til að hjálpa fólki að draga fram lífið meðan það er atvinnulaust.

Ráðherra vitnaði til 21. gr. laganna þar sem talað er um í 5. lið að þeir skulu ekki vera ófærir til vinnu af heilsufarsástæðum. Mér finnst þetta í rauninni mjög skrýtin túlkun á þessu ákvæði að þó að einstaklingur leggist einn dag og komi ekki þann dag, einn eða tvo daga, þá sé hann ófær til vinnu af heilsufarsástæðum. Ég lít svo á að einstaklingur sé ófær til vinnu af heilsufarsástæðum ef hann er veikur um lengri tíma en ekki dag og dag. Og þess vegna finnst mér þetta mjög frjálsleg túlkun og ég mundi gjarnan vilja sjá og vil spyrja ráðherra hvort hann viti hvort það hafi fallið einhver dómur um þessa túlkun, hvort hún stenst gagnvart dómstólum.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Mér er ekki kunnugt um að neinn dómur hafi fallið um þessi mál en það gefur auga leið að því aðeins getur verið um greiðslu atvinnuleysisbóta að ræða að viðkomandi einstaklingur sé í atvinnuleit og sé af heilsufarsástæðum ekki útilokað að hann geti stundað atvinnu. Hins vegar hefur það fyrst komið fram nú eftir að atvinnuleysi fór að aukast á Íslandi að það fer að reyna á framkvæmd þessara laga og það hefur komið fram mjög mismunandi framkvæmd. Það eru m.a. dæmi um að það hafi verið fallist á að skrá fólk atvinnulaust af þeim sem ábyrgð báru á slíkri skráningu þó að viðkomandi aðilar væru í orlofi í útlöndum og kæmu ekki heim fyrr en kannski 3–4 vikum eftir að út var farið. Þá hefur líka komið fram þar sem sérstakt atvinnuátak hefur verið gert með tilstyrk stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs að á atvinnuleysisskrá hafa verið ýmsir aðilar sem síðan kom í ljós að ekki voru í atvinnuleit, bæði vegna þess að áhugi fyrir því að afla sér atvinnu var ekki fyrir hendi og einnig að af heilsufarsástæðum gat viðkomandi aðili ekki tekið neinu atvinnutilboði sem unnt var að bjóða upp á.

Því miður hefur framkvæmdin í sambandi við skráningu og greiðslu atvinnuleysisbóta verið mjög á reiki og ég ítreka það að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er nú að reyna að ná fram samræmdum reglum í þessu efni. Auðvitað geri ég og við öll okkur fyllilega ljóst að fólk sem ekki getur stundað atvinnu af ýmsum ástæðum getur þurft á verulegri aðstoð að halda en það er gert ráð fyrir því að sú aðstoð sé þá veitt annaðhvort af almannatryggingum eða af sveitarfélögum. Það er ekki gert ráð fyrir því í lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð að aðrir fái bætur úr þeim sjóði en þeir sem sannanlega eru í atvinnuleit og sannanlega geta tekið atvinnutilboði ef það berst.

Skráning og bótaréttur atvinnulausra, ein umr.

Fsp. ISG, 418. mál. — Þskj. 714.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Þessi fsp. mín tengist beint og óbeint þeirri hinni fyrri sem ég hef þegar borið hér fram, en þessi fsp. varðar skráningu og bótarétt atvinnulausra og er svohljóðandi:

„Á hverju byggist sú túlkun 20. gr. laga um atvinnuleysistryggingar að umsækjandi um atvinnuleysisbætur skuli ævinlega skrá sig hjá atvinnumiðlun eigi síðar en á sama vikudegi og hann síðast skráði sig, að viðlögðum missi bótaréttar?"

Þetta er mjög hörð regla sem er í gildi hjá vinnumiðlunum þar sem hinn atvinnulausi lætur skrá sig. Reglan er einfaldlega sú að hinn atvinnulausi verður að koma til skráningar eigi síðar en á sama vikudegi og hann fyrst kom til skráningar. Komi maður á fimmtudegi og tilkynni sig atvinnulausan og skrái sig hjá vinnumiðlun, þá á hann að koma aftur í næstu viku á fimmtudegi og síðan alltaf á fimmtudegi og þá fær hann greiddar bætur í heila viku. Hann má koma fyrr en þá fær hann einungis greiddar bætur fyrir þann fjölda virkra daga sem á milli eru. Ef hann kemur hins vegar síðar, eins og kom fram hér áðan, þá fær hann ekkert. Ef hann kemur á föstudegi þá fær hann ekkert.

Ég veit að orðanna hljóðan í 20. gr. er þannig að maður skuli skrá sig vikulega, en það segir ekki í þessari grein að einstaklingurinn eigi að skrá sig á sjö daga fresti. Það segir ekki að hann eigi að skrá sig á vikufresti heldur vikulega. Þetta er opið fyrir túlkun vegna þess að það er ákveðinn fjöldi vikna í árinu og þær eru númeraðar og núna erum við t.d. í 12. viku. Ef einstaklingurinn kemur 52svar sinnum í ári og alltaf í hverri viku sem telur, þá er það auðvitað vikulega. Hann kemur einu sinni í hverri númeraðri viku. Í túlkun þessara laga eins og hún er og eins og kom fram í minni fyrri fsp. og eins og ég held að komi fram í þessari túlkun líka á 20. gr., finnst mér vera ákveðin meinbægni í því hversu afdráttarlaust þau eru túlkuð hinum atvinnulausa í óhag. Ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra út í þetta mál líka og bæta því við hvort ráðherra sé kunnugt um að það hafi fallið eitthvert mál hjá dómstólum um þessa túlkun.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Fyrstu lögin um atvinnuleysistryggingar, nr. 59/1956, virðast eingöngu hafa gert ráð fyrir því að sótt væri um bætur án þess að þau kveði nánar á um skráningarskylduna. Samkvæmt lögum um vinnumiðlun, nr. 52/1956, sem voru fylgilög með atvinnuleysistryggingalögunum, var það hlutverk vinnumiðlunar að annast atvinnuleysisskráningar 1. febr., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv. ár hvert og láta auk þess fara fram atvinnuleysisskráningar eftir fyrirmælum sveitarstjórnar eða félmrh. Með lögum nr. 70/1969 var gerð umtalsverð breyting á 15. gr. laganna um atvinnuleysistryggingar um bótarétt. Þar kom inn nýtt ákvæði í 2. mgr. svohljóðandi, og er það bein tilvitnun, með leyfi forseta:

„Til þess að öðlast bótarétt verður umsækjandi að láta skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun samkvæmt lögum nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, að viðlögðum missi bótaréttar til næsta skráningardags. Verði meira en 12 dagar milli skráninga reiknast að auki sex daga biðtími. Geti umsækjandi ekki látið skrá sig vegna þess að hann er í vinnu eða veikur skal hann láta skrá sig næsta dag sem hann getur að viðlögum missi bóta samkvæmt framansögðu. Óheimilt er að greiða bætur fyrir atvinnuleysistímabil, sem ekki hefur verið skráð hjá vinnumiðlun lögum samkvæmt."

Í greinargerð með frv. segir svo um þessa breytingu orðrétt, með leyfi forseta:

„Nýmæli er í seinni málsgrein þessarar greinar. Þar er berum orðum kveðið svo á að skráning sé óhjákvæmilegt skilyrði fyrir því að bótaréttur vinnist. Enn fremur eru ákvæði í þessari málsgrein um viðurlög sem við liggja ef skráningar eru vanræktar."

Í framsöguræðu með frv. sagði félmrh. svo, með leyfi forseta:

„Kveðið er skýrt á um það í 2. mgr. 2. gr. frv. að skilyrði til þess að öðlast bótarétt verði því aðeins uppfyllt að umsækjandi láti skrá sig vikulega samkvæmt lögum um vinnumiðlun. Í þessari málsgrein er gert ráð fyrir viðurlögum um missi bótaréttar sem nánar er greint frá ef út af bregður með skráningu og er því enn fremur slegið föstu að óheimilt sé að greiða bætur fyrir atvinnuleysistímabil sem ekki hefur verið skráð hjá vinnumiðlun lögum samkvæmt. Þó að ákvæði þessu líkt hafi ekki verið í lögum gefur þó auga leið að bætur má ekki greiða nema skilyrði fyrir bótum séu sönnuð með vottorði frá vinnumiðlun."

Þessum ákvæðum varð ekki breytt í meðförum Alþingis og um það var engin umræða á hinu háa Alþingi. Lög um atvinnuleysistryggingar voru síðan endurskoðuð í heild sinni í byrjun áttunda áratugarins. Með þeim lögum var engin breyting gerð á framangreindu ákvæði um að skilyrði bótaréttar væri vikuleg skráning. Á hinn bóginn var fellt niður skilyrði um að ef meira en 12 dagar væru á milli skráningar, þá reiknaðist 6 daga biðtími, enda voru öll ákvæði um biðtíma vegna atvinnuleysisbóta felld niður við endurskoðunina.

Með lögum nr. 29/1974 var gerð sú breyting á framangreindu ákvæði að dagleg skráning hjá vinnumiðlun var gerð að skilyrði bótaréttar í stað vikulegrar áður og veikindi jafnframt gerð að einu lögmætu ástæðunni fyrir því að umsækjandi léti ekki skrá sig. Og ég vil taka það fram til upplýsingar að þessi daglega skráningarskylda er í lögum víða um atvinnuleysisbætur. Í grg. með frv. segir svo um breytinguna, með leyfi forseta:

„Þegar núgildandi lög um atvinnuleysistryggingar voru samin var þess ekki gætt að samræma síðustu mgr. 15. gr. laganna við afnám biðtíma sem voru sex dagar eftir eldri lögum. Í stað vikulegrar skráningar verður því að koma dagleg skráning samkvæmt lögunum um vinnumiðlun. Lagt er til að sú breyting verði lögfest."

Engin umræða varð heldur á Alþingi um þessa breytingu.

Með lögum nr. 64/1981 var enn gerð heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar og eru þau lög að stofni til enn í gildi. Endurskoðun þessi á lögunum var í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við gerð kjarasamninga í október 1980 þar sem m.a. var lofað ýmsum breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar, svo sem rýmkun bótaréttar, lengingu bótatíma og breytingum á skráningu.

Í 20. gr. laganna eru ákvæði um skráningu atvinnulausra eins og hv. fyrirspyrjandi vitnaði í. Greinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Til þess að öðlast bótarétt verður umsækjandi að láta skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun að viðlögðum missi bótaréttar. Geti umsækjandi ekki látið skrá sig vegna veikinda, skal hann láta skrá sig næsta dag, sem honum er unnt, að viðlögðum missi bóta samkvæmt framansögðu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að ákveða að á afmörkuðum svæðum og í tiltekinn tíma skuli skráning fara fram oftar en vikulega, enda verði slíkt talið eðlilegt með hliðsjón af atvinnuástandi."

Í greinargerð með frv. segir svo í athugasemdum við umrædda grein, með leyfi forseta:

„Greinin fjallar um skráningu umsækjanda hjá vinnumiðlun. Hliðstæð ákvæði eru nú í 3. mgr. e-liðar 15. gr. gildandi laga. Í frv. eru ákvæði um að umsækjandi um bætur skuli skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun en í gildandi lögum er mælt fyrir um daglega skráningu.

Í greininni er einnig nýmæli þess efnis að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs geti við tilteknar kringumstæður ákveðið að skráning fari fram oftar en vikulega."

Virðulegi forseti. Í lokin aðeins þetta. Skráningin er gerð til þess að sýna fram á að viðkomandi sé raunverulega í atvinnuleit og sé reiðubúinn til að taka því atvinnutilboði sem honum er gert. Löggjafinn taldi rétt að hann sýndi fram á þetta með skráningu eigi síðar en einu sinni í viku. Í mörgum löndum tíðkast það að viðkomandi þurfi að skrá sig daglega til þess að halda þessum réttindum. Eins og ég hef áður sagt hefur því miður borið á því að jafnvel hafi verið samþykkt atvinnuleysisskráning hjá fólki sem hefur verið erlendis í orlofi allt að þrjár vikur. Þá framkvæmd er nú verið að reyna að stöðva og samræma bæði skráningu og úthlutunarreglur úthlutunarnefnda og vænti ég þess að sú samræming verði tilkynnt innan skamms.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Mér finnst það bera vott um að hæstv. ráðherra hafi vondan málstað að verja þegar hann þarf í báðum svörum að koma upp með sama dæmið um eitthvert tiltekið fólk sem hafi verið erlendis þegar það átti að vera skráð atvinnulaust og mæta þá væntanlega vikulega til skráningar og þannig væri nú framkvæmdin í þessum málum. Mér finnst að þegar menn tönnlast á slíkum hlutum þegar um mál eins og þetta er að ræða beri það vott um að þeir hafi vondan málstað að verja og auðvitað hefur ráðherrann það og ég vorkenni honum það vissulega.

Ráðherra sagði að það væri víða hér í kringum okkur að fólk þyrfti að mæta til daglegrar skráningar. Þannig væri það víðast hvar í lögum. Mér er vel kunnugt að sums staðar er það mánaðarlega, sums staðar er það hálfsmánaðarlega. Það er allur gangur á því, hæstv. ráðherra. Og ég vil beina því til hans og annarra ráðherra sem með þetta mál fara hvernig þeir ætla að haga sér á hinu Evrópska efnahagssvæði þegar það verður að veruleika. Samkvæmt því og samkvæmt þeim lögum sem við erum að samþykkja hér getur atvinnulaus einstaklingur farið í annað land, leitað sér þar að vinnu í þrjá mánuði og fengið greiddar bætur. Hvernig ætla þeir að fara með þetta? Ætla þeir að passa upp á það að Íslendingur sem fer til Spánar mæti akkúrat á sama vikudegi til skráningar þar einu sinni í viku? Hvernig hafa menn hugsað sér framkvæmd þessara hluta? Þetta held ég að menn verði að fara að taka til skoðunar ef þeir meina eitthvað með því að það eigi að vera frjálst

flæði vinnuafls á milli þessara landa.

Þá vil ég segja að mér fannst ekki koma fram hér í svari ráðherra einhver óyggjandi túlkun eða merking á hugtakinu „vikulega" því að ég held að í hugum okkar flestra geti vikulega alveg eins verið þessar núméruðu vikur, að maður geri eitthvað einu sinni í hverri núméraðri viku ársins. Mér finnst þetta því ekki vera óyggjandi túlkun og ég furða mig á því ef ekki hafa fallið einhverjir dómar vegna túlkunar á þessum lögum. Það er þá ábyggilega orðið tímabært að farið væri með slík mál fyrir dómstóla til þess að fá einhverjar túlkanir.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Mér er ekki kunnugt um að neinir dómar hafi fallið um þessi mál, enda hefur kannski ekki verið eins rík ástæða til þess að dómstólar fjalli um slík málefni og kann að vera nú þegar atvinnuleysi er orðið allmikið í landi okkar.

Um það sem hv. þm. spurðist fyrir um, um framkvæmd atvinnuleysisbótagreiðslna til Íslendinga sem færu til annarra landa innan EES-svæðisins, þá liggur auðvitað alveg fyrir hvernig það er gert. Menn verða einfaldlega að lúta þeim reglum um skráningar sem gilda í því landi þar sem þeir eru. Það hvílir á viðkomandi einstaklingi sú kvöð að hann verður að kynna sér hverjar þær reglur eru. Hann fær hins vegar sömu greiðslur vegna atvinnuleysis hans í því landi sem hann er og aðrir borgarar þess lands og það er atvinnuleysistryggingasjóður viðkomandi lands sem sér um greiðslu þeirra eftir þeim reglum sem þar gilda en getur hins vegar innheimt fjárhæðina sem hann þarf að greiða hjá fæðingarlandi mannsins eða hjá Íslandi í þessu tilviki. Þetta liggur alveg fyrir.

Um að verja vondan eða góðan málstað vil ég ekkert segja. Þetta er sá málstaður sem hefur verið Alþingis og löggjafans vegna þess að Alþingi og löggjafinn hafa ákveðið að þetta skuli vera svo og mér ber að sjálfsögðu skylda til þess sem heilbrrh. að greina frá því í svari við fsp. hvernig lögin hafa verið sett í landinu og hver áhrif þeirra eru. Um að það sé einhver munur á einni viku og sjö dögum sé ég ekki því að hin almenna regla er a.m.k. sú að það eru sjö dagar í hverri viku og ef menn ræða um að það skuli skrá sig eigi síðar en einni viku eftir síðustu skráningu, þá þýðir það einfaldlega á mæltu máli að ef síðasta skráning er á fimmtudegi og næsta skráning á að vera eigi síðar en viku síðar, þá hlýtur hið háa Alþingi að eiga við með slíkum lögum að skráningin skuli fara fram eigi síðar en á fimmtudegi í næstu viku því að þá er ein vika liðin frá því að skráning átti sér stað síðast. Ég tel að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs fari ekki fram hjá vilja Alþingis með að túlka þetta svo.

Fundi slitið kl. 11.45 árdegis.

---

143. FUNDUR

fimmtudaginn 25. mars,
að loknum 142. fundi.

Dagskrá:

1. Innflutningur á björgunarbát, frv., 464. mál, þskj. 802. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
2. Tvíhliða samningur við Evrópubandalagið, þáltill., 303. mál, þskj. 472. — Fyrri umr.
3. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 440. mál, þskj. 749. — Frh. 1. umr.
4. Veiðiheimildir í lögsögu annarra ríkja, þáltill., 267. mál, þskj. 357. — Fyrri umr.
5. Ólympískir hnefaleikar, þáltill., 388. mál, þskj. 682. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Eggert Haukdal, 3. þm. Suðurl.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Útbýting þingskjala:

Eiturefni og hættuleg efni, 456. mál, frv. heilbr.- og trn., þskj. 792.

Flutningur verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Ríkissjónsvarpinu, 467. mál, þáltill. StG og ÞÞ, þskj. 807.

Fjárskuldbindingar fyrir ríkissjóð og sveitarfélög, frv. MF o.fl., 465. mál, þskj. 803.

Síldarverksmiðjur ríkisins, 115. mál, brtt. minni hluta sjútvn., þskj. 797.

Viðskipti varnarliðsins á árinu 1992, 466. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 806.

Þinglýsingalög, 469. mál, stjfrv., þskj. 811.

Ólympískir hnefaleikar, fyrri umr.

Þáltill. KHG og IBA, 388. mál. — Þskj. 682.

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka forseta fyrir það tækifæri að fá að flytja framsöguræðu á þessum fundi og mun miða hana við að hún standi ekki lengur en til kl. 12.

Ég mæli hér fyrir till. til þál. um ólympíska hnefaleika á þskj. 682 sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til þess að kanna hvort rétt sé að leyfa ólympíska hnefaleika sem íþróttagrein hér á landi.

Nefndin skal afla upplýsinga um keppnisreglur, slysatíðni miðað við aðrar ólympískar íþróttagreinar og með hvaða skilyrðum ólympískir hnefaleikar eru leyfðir erlendis. Að fengnu áliti Íþróttasambands Íslands skili nefndin tillögum til ríkisstjórnarinnar. Nefndin ljúki störfum fyrir nk. áramót."

Með þessari tillögu fylgir svohljóðandi greinargerð, með leyfi forseta:

„Allt frá árinu 1956 hafa hnefaleikar verið bannaðir hér á landi en fram að þeim tíma voru þeir allnokkuð iðkaðir. Rétt er að gera skýran greinarmun á ólympískum hnefaleikum og atvinnumannahnefaleikum sem stundaðir eru m.a. í Bandaríkjunum. Reglur og öryggiskröfur eru afar ólíkar, m.a. er skylt að nota höfuðhlífar í ólympískum hnefaleikum og hver leikur stendur í þrjár lotur í stað allt að tólf lotum í atvinnumannahnefaleikum. Einungis er lagt til að athugað verði hvort tímabært sé að aflétta banni við hnefaleikum samkvæmt þeim keppnisreglum sem gilda á Ólympíuleikum.

Samkvæmt tiltækum upplýsingum er ekki vitað til þess að ólympískir hnefaleikar séu bannaðir erlendis og geta má þess að í Sviþjóð var farið fram á það 1983 að þessi íþróttagrein yrði bönnuð. Þá fór fram ítarleg könnun og var gerð skýrsla um ólympíska hnefaleika. Niðurstaða Svía var greininni mjög jákvæð.

Í ljósi þess og þeirrar staðreyndar að umtalsverður hópur ungmenna hefur áhuga á því hérlendis að iðka ólympíska hnefaleika þykir rétt að fram fari skipuleg upplýsingaöflun um þessa íþrótt og að leitað verði álits Íþróttasambands Íslands; verði niðurstaða nefndarinnar jákvæð verði í framhaldi af því gerð tillaga um að leyfa ólympíska hnefaleika sem keppnisgrein."

Almenna lagaumgerð um íþróttagreinar hér á landi er að finna í lögum sem nefnast íþróttalög. Þar kemur fram að íþróttagreinar eru leyfðar. Við búum því við þá lagalegu stöðu að allar íþróttagreinar sem menn iðka hér á landi eða kunna að taka upp síðar eru leyfðar nema þær verði sérstaklega bannaðar með sérstökum lögum. Eina frávikið frá þessu eru hin sérstöku lög nr. 92 frá 1956, sem banna hnefaleika. Mér þykir rétt að fram fari skipuleg athugun á því hvort þessi undantekning frá reglunni eigi rétt á sér á þeim tímum sem nú eru í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa frá þeim tíma á keppnisreglum og í ljósi þess að þetta er afar vinsæl íþróttagrein erlendis. M.a. má geta þess að á Ólympíuleikunum 1988 sendu 140 lönd keppendur í ólympíska hnefaleika sem kepptu í 12 mismunandi þyngdarflokkum en samtals voru keppendur 450 frá þessum 140 löndum eins og fyrr greinir.

Ég vil aðeins víkja að því að ástæðan til þess að ég tel rétt að málið verði tekið til athugunar er að gögn erlendis, þar sem menn hafa verið hvað gagnrýnastir á þessa íþróttagrein, hafa leitt í ljós aðra niðurstöðu en menn byggðu sína afstöðu á árið 1956. Þá var m.a. að finna í röksemdum manna fyrir því að banna þessa keppnisgrein að menn hefðu gögn sem sýndu að allstór hluti þeirra sem iðkuðu hnefaleika biðu af því varanlegt og óbætanlegt tjón, í öðru lagi að keppendur sem stunduðu þessa íþróttagrein yrðu árásargjarnir og dómgreind þeirra brenglaðist og í þriðja lagi voru efnislegu rökin þau að það væri hægt að veita þyngri högg með svokölluðum hönskum eða glófum en með berum höndum.

Ég hef aflað mér skýrslu um þetta mál frá Sviþjóð þar sem, eins og fyrr greindi, voru allnokkrar umræður fyrir nokkrum árum hvort ætti að banna þessa íþróttagrein eða ekki og í framhaldi af þeirri umræðu var gerð mjög ítarleg könnun um áhugamannahnefaleika. Þar var gerð könnun á þremur hópum íþróttamanna. Í fyrsta lagi hnefaleikamönnum sem höfðu keppt um tíma en höfðu allir hætt keppni þegar könnunin fór fram. Í öðru lagi var valinn hópur knattspyrnumanna og í þriðja lagi hópur frjálsíþróttamanna. Á þessum þremur hópum voru gerðar allvíðtækar læknisfræðilegar og félagslegar rannsóknir og til að stýra þeim voru fengnir sérfræðingar frá Karólínska sjúkrahúsinu í Sviþjóð. Þær deildir innan stofnunarinnar sem stóðu að þessari skýrslugerð voru m.a. bæklunarskurðlækningadeild, íþróttalækningadeild og klínísk taugaeðlisfræðideild og taugageislalækningadeild. Það er skemmst frá því að segja að niðurstaða þessara sérfræðinga varð sú að það væru engin merki þess að þeir sem iðkað höfðu hnefaleika í þessu formi hefðu orðið fyrir heilaskaða eða líkamlegum spjöllum umfram aðra hópa, knattspyrnumenn og frjálsíþróttamenn, og reyndar engin merki þess að þeir hefðu beðið neitt tjón á sál eða líkama.

Mér þykja þetta afar athylgisverðar niðurstöður sem eru framkvæmdar af gagnrýnum sérfræðingum. Þær hnekkja í raun og veru þeim efnislegu forsendum sem lögin frá 1956 byggja á og leiða að mínu viti til þeirrar niðurstöðu að eðlilegt sé að taka málið upp til athugunar. Við flm. viljum fara varlega af stað í þeim efnum og teljum því rétt að sinni að athugun fari fram en ekki að skrefið verði stigið til fulls heldur verði ákvörðun um hvort tillaga verði lögð fram um að greinin verði leyfð tekin á grundvelli þeirrar athugunar sem fram á að fara.

Á þeim tíma sem þetta frv. var hér til meðferðar 1956 bárust mótmæli frá Íþróttasambandi Íslands sem mótmælti því harðlega og benti á athuganir sem fram höfðu farið á öllum Norðurlöndunum nema Íslandi á iðkendum hnefaleika, bæði læknisfræðilegar og félagslegar athuganir. Upplýsingar úr þeim athugunum bentu til hliðstæðrar niðurstöðu og hefur verið staðfest í sænsku skýrslunni frá 1990. Á þeim tíma var því ágreiningur um þetta af hálfu íþróttahreyfingarinnar við löggjafarvaldið og íþróttahreyfingin tefldi fram rökum í málinu. Það gefur líka tilefni til þess að taka málið til athugunar.

Það sem ég vildi leggja áherslu á, virðulegi forseti, á þeim fáu mínútum sem ég ætla mér til að mæla fyrir tillögunni er að það skiptir máli eftir hvaða reglum menn leyfa íþróttagreinar. Það á ekki bara við um ólympíska hnefaleika heldur á það líka við um aðrar íþróttagreinar eins og knattspyrnu, handknattleik, júdó, karate, skylmingar og fleira má nefna sem eru allar leyfðar hér á landi og menn hafa séð að eru fjarri því að vera hættulausar. T.d. mátti þeir sjá það sem fylgd-

ust með útsendingum á síðustu heimsmeistarakeppni í handknattleik að meiðsl iðkenda voru alltíð og leikurinn mjög harður og keppendur óragir við að gefa hver öðrum mikil og þung högg.

Þær reglur sem gilda í svokölluðum ólympískum hnefaleikum, eða áhugamannahnefaleikum, eru í megindráttum þær að hver hnefaleikari þarf að halda sérstaka keppnisskrá, hafa sérstaka bók sem hann færir inn í allar sínar keppnir, læknisrannsóknir og fleira sem máli skiptir til að hafa yfirlit yfir hans keppnisferil og heilsufar. Í öðru lagi eru mjög strangar reglur um leikinn sjálfan, bæði búnað keppenda og hvernig leikurinn fer fram. Fyrir utan dómara sem getur stöðvað leikinn hvenær sem honum hentar, þá er einnig læknir viðstaddur hverja keppni sem getur gripið fram fyrir hendur dómara og stöðvað leik ef honum þykir þess þurfa. Verði keppandi fyrir því að leikur er stöðvaður af því að talið er að hann geti ekki haldið áfram keppni, þá fer hann sjálfkrafa í keppnisbann og læknisrannsókn, sem er afar ítarleg, og fær ekki að hefja keppni að nýju fyrr en að henni lokinni og þá með jákvæðri niðurstöðu. Verði menn fyrir því öðru sinni, þá fara þeir í þriggja mánaða bann með sömu skilmálum og verði þeir fyrir því þriðja sinn að geta ekki lokið keppni, þá fara þeir í eins árs bann með sömu skilmálum um læknisrannsókn o.fl. Einnig eru allir keppendur sem hafa náð því að keppa fleiri en 50 leiki sjálfkrafa sendir í ítarlega læknisrannsókn sem tekur bæði til líkamlegs og andlegs atgervis. Það skiptir því máli hver umgerðin um leikreglur er við mat á því hvort greinin er hættuleg eða ekki.

Í sænsku skýrslunni sem ég gat um eru dregnar saman upplýsingar erlendis frá um slysatíðni og dánartíðni. Það kemur m.a. fram að slysatíðni í hnefaleikum er minni en t.d. í skíðaíþróttum, knattspyrnu, amerískum fótbolta, „rugby", ísknattleik og mótorhjólakeppni. Dánartíðni er lægri en í kappreiðum, fallhlífarstökki, svifdrekaflugi, fjallaklifri, köfun, mótorhjólakeppni og amerískum fótbolta. Það er því ljóst að það er fjarri því að um sé að ræða keppnisgrein sem ber af öðrum hvað varðar slysatíðni eða dauðsföll.

Þessar upplýsingar eru enn ein röksemdin fyrir því að taka málið til athugunar og safna gögnum um þessa íþróttagrein svo menn geti tekið afstöðu á grundvelli bestu fáanlegra upplýsinga.

Ég vil svo, virðulegi forseti, að lokum láta það koma fram að niðurstaða skýrsluhöfunda var mjög athyglisverð hvað varðar félagslega afstöðu þeirra sem höfðu iðkað hnefaleika í Svíþjóð. Hún var sú, fyrir utan það sem áður greinir, að þeim virtist hafa gengið að mörgu leyti betur að koma sér fyrir í lífinu en öðrum ungmennum. Það kom í ljós hærri tíðni meðal hnefaleikaiðkenda sem höfðu neytt áfengis eða vímuefna áður en þeir hófu keppni en er meðal ungmenna sem hófu keppni í öðrum íþróttagreinum. Þeir höfðu látið af þessari notkun þegar þeir hófu keppni og ekki tekið hana upp á nýjan leik þegar þeir luku sínum keppnisferli og virtust hafa komið sér í mjög gott andlegt jafnvægi og lifðu mjög eðlilegu þjóðfélagslegu lífi. Á ensku er tekið þannig til orða að „they all lived a socially well arranged life". Þeirri kenningu er varpað fram að hnefaleikaiðkunin með þeim kröfum sem hún gerir til keppenda hafi leitt það af sér að þeir náðu betri tökum á skapgerð sinni og andlegum styrk en áður en þeir hófu keppni. Það þykir mér mjög athyglisverð niðurstaða sem satt að segja kom mér mjög á óvart.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til síðari umr. og hv. menntmn. og láta þess getið að ég hef gert ráðstafanir til þess að fá fleiri skýrslur erlendis frá um þetta efni og mun koma þeim til nefndarinnar þegar þær berast.

Umræðu frestað.

Tvíhliða samningur við Evrópubandalagið, fyrri umr.

Þáltill. StH og HÁ, 303. mál. — Þskj. 472.

Flm. (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Við flytjum hér tveir þingmenn till. til þál. um tvíhliða samning við Evrópubandalagið. Meðflm. minn er hv. þm. Halldór Ásgrímsson. Við flytjum þessa tillögu af því að okkur sýnist orðið afar brýnt að marka framtíðarstefnu fyrir okkur Íslendinga í þessu mikilvæga máli. Ég ætla alls ekki að gera að umræðuefni samningana sem hafa verið gerðir. Við höfum rætt þá ítarlega og lengi. Þeir eru staðreynd. En hins vegar þýðir það ekki að óvissu fram undan sé eytt. Þvert á móti hygg ég að óvissan um stöðu okkar Íslendinga í Evrópska efnahagssvæðinu og því sem við kann að taka sé meiri nú en nokkru sinni fyrir.

Í fyrsta lagi vitum við ekki hvenær hið Evrópska efnahagssvæði tekur endanlega gildir. Það breytir kannski ekki öllu í þessu sambandi en það sem er þó öllu mikilvægara er að sú breyting hefur orðið frá því að við ákváðum að kanna samninga við Evrópubandalagið að flest ríki EFTA hafa ákveðið að sækja um fulla aðild og hafa aðildarumsóknir þeirra nú verið samþykktar af Evrópubandalaginu. Þessi ríki eru Svíþjóð, Finnland, Austurríki og Noregur og þær viðræður eru hafnar.

Mér er tjáð að á þessum fyrstu fundum hafi í fyrsta lagi verið lagt til hliðar það sem samkomulag er um en viðræður séu nú að hefjast um þau atriðin sem erfiðari eru. Af því fara að vísu tvennar sögur hve hratt þetta muni þróast. Þjóðirnar gera sér vonir um að fá fulla aðild að Evrópubandalaginu árið 1995 en aðrir telja að svo muni vart verða, heldur muni það dragast kannski ár til viðbótar.

En þetta breytir engu. Þrjú til fjögur ár eru afar skammur tími í sögu þjóðar og það er áreiðanlega mjög mikilvægt fyrir okkur að ákveða nú hvernig við ætlum að halda á okkar málum þegar þessar þjóðir hafa gerst aðilar og eftir sitjum við kannski með Liechtenstein í EES og í EFTA með Sviss og Liechten-

stein. Ég er síður en svo að gera lítið úr þeim ágætu ríkjum en ég held að allir sjái að staðan verður þá afar erfið og má reyndar heita útilokað mál að halda úti þeim stofnunum sem gert er ráð fyrir að EFTA geri sín megin í sambandi við hið Evrópska efnahagssvæði.

Það hefur jafnvel verið um það rætt að hið Evrópska efnahagssvæði gæti orðið eins konar biðsalur fyrir löndin í Austur-Evrópu. Lönd eins og Pólland, Tékkóslóvakía og Ungverjaland hafa verið nefnd í því sambandi. Ég held að slíkt mundi hafa í för með sér svo róttækar breytingar á EES að það hljóti að vera stór spurning fyrir okkur Íslendinga hvort við eigum heima í því ágæta samfélagi eftir slíkar breytingar. Aftur vil ég taka það skýrt fram að ég er síður en svo að gera lítið úr þessum ríkjum en staðreyndin er sú að þau eiga langa leið fram undan í að ná því sem t.d. við Íslendingar höfum náð og EFTA-ríkin almennt hafa náð. Ég hygg að samstarf við þessi ríki gæti orðið afar erfitt. Af þessari ástæðu líka er afar mikilvægt fyrir okkur að gera okkur grein fyrir því hvert við ætlum að halda.

En það er fleira sem styður það að tekið sé af skarið í þessum málum. Hér heima eru vangaveltur. Hér er atvinnulífið afar veikt um þessar mundir og því miður virðist fátt benda til þess að það styrkist í náinni framtíð og a.m.k. ekkert gert til þess af stjórnvalda hálfu. Við þessar aðstæður er e.t.v. skiljanlegt að menn velti upp hinum ýmsu möguleikum til þess að bjargast úr þeim vandræðum sem nú eru. Hér hafa menn jafnvel nefnt að til greina kæmi fyrir okkur Íslendinga að sækja um aðild. Ég vek athygli á grein sem birtist í DV í gær eftir hv. þm. Vilhjálm Egilsson þar sem hann, að vísu með spurningarmerki, slær því fram hvort ekki sé nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að sækja um aðild til þess að hafa áhrif á gerðir Evrópubandalagsins. Hvílíkur barnaskapur, leyfi ég mér að segja. Ég kem að því síðar.

Hér hafa aðrir þingmenn, eins og hv. þm. Björn Bjarnason, verið með svipaðar vangaveltur svo það dylst engum hvað býr þarna undir. Og ég vek athygli á því að einn þingmaður hv. þm. Karl Steinar, hefur gengið lengra, svo maður nefni ekki aðila utan þings eins og Samband ungra jafnaðarmanna eða Félag ungra jafnaðarmanna. Ég vek einnig athygli á nýlegum fundi í Verslunarráði þar sem meiri hlutinn felldi að vísu tillögu um að sækja um að gerast aðilar en meiri hlutinn samþykkti hins vegar að sækja um aðild.

Það er dálítið athyglisvert að menn hafa gjarnan þann rökstuðning fyrir slíku að þá fáum við að vita um hvað við getum samið. Ég veit að hæstv. utanrrh. hlýtur að vera mér sammála um að það þarf ekki að sækja um aðild til að vita það. Við höfum átt viðræður saman m.a. við forustumenn um hvað slíku mundi fylgja og kem ég að því nánar síðar.

Ég vil orða það svo að með því að sækja um aðild og hefja þær viðræður allar sem því mundu fylgja þá eru menn í raun að dáleiða sig inn í Evrópubandalagið. Staðreyndin er nefnilega sú að á meðan það er gert yrði annað látið sitja á hakanum. Þá yrði þetta eins konar nýr bjarghringur fyrir íslenskt atvinnulíf í aðgerðarleysi hæstv. ríkisstjórnar. Slíkt má að sjálfsögðu alls ekki eiga sér stað.

Af þessari ástæðu einnig er afar mikilvægt að hið háa Alþingi marki þá stefnu nú að sækja skuli um tvíhliða samning og stefnt verði að því að slíkur tvíhliða samningur geti tekið gildi um leið og þau EFTA-ríki sem hafa sótt um aðild fá hana.

Ég sagði áðan að mér finnst það mikill barnaskapur að leika sér þannig að eldinum, eins og ég má kalla það, að ætla sér að sækja um aðild, taka þátt í því í tvö, þrjú, fjögur ár og hvað gerist svo? Við ákváðum að sækja um aðild að EES. Við urðum í lokin að sætta okkur við alls konar hluti sem við ætluðum okkur ekki að sætta okkur við í upphafi eins og hér hefur verið rakið í ítarlegum umræðum. Menn hafa ýmsar skýringar á því og telja það mismunandi hættulegt og ætla ég ekki að fara út í það en þetta er staðreynd. Við náðum að sjálfsögðu hvergi nærri því fram sem við ætluðum okkur í upphafi, því miður.

Staðreyndin er sú að um Evrópubandalagið og stofnanir þess liggja fyrir gífurlega miklar upplýsingar. Ég vek t.d. athygli á þessari ágætu bók sem þingmenn hafa fengið eftir Stefán Má Stefánsson, Evrópuréttur. Þar er hægt að lesa sér til, m.a. er Rómarsáttmálinn þar birtur sem er stjórnarskrá Evrópubandalagsins. Þar eru líka miklar skýringar og nokkur atriði sem gjarnan hafa verið nefnd í þessu sambandi. Í fyrsta lagi hefur það hvað eftir annað verið nefnt með réttu að Rómarsáttmálinn gerir ráð fyrir því að stefnan í landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum verði sameiginleg fyrir öll ríki EB og sem betur fer hafa flestir áttað sig á því að sú stefna hentar ekki okkur Íslendingum. Í þessu riti er töluvert fjallað um þessa sameiginlegu stefnu í sjávarútvegsmálum. Eins og þar kemur fram er hún enn þá þannig að innan við 12 sjómílur ráða ríkin sjálf er slíkt er þó til endurskoðunar, minnir mig, árið 1993.

Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa aðeins kafla um það. Þar segir:

„Sjávarútvegur var upphaflega álitinn hliðargrein landbúnaðarmála. Þörfin fyrir sérstaka stefnu EB í sjávarútvegsmálum kom ekki fram fyrr en eftir 1970. Fram að þeim tíma nægðu aðildarríkjum þau fiskimið sem til ráðstöfunar voru og mönnum var ekki almennt orðið ljós sú hætta sem stafaði af ofveiði.

Það var ekki síst fyrirhuguð aðild Bretlands, Noregs, Írlands og Danmerkur sem ýtti á mótun stefnu í sjávarútvegi. Árið 1970 samþykkti ráðið tvær reglugerðir um skipulag fiskveiðistefnu og um stefnu í fiskmarkaðsmálum. Fyrrgreinda tilskipunin varðar jafnan aðgang aðildarríkjanna að fiskimiðum bandalagsins og heimild ráðsins til að setja reglur um verndun fiskstofna. Þar sem áðurnefnd ríki voru andvíg reglunni um jafnan aðgang varð niðurstaðan sú að í samningum fyrrgreindra ríkja um aðild að EB voru ákvæði um tíu ára aðlögunartíma en á þeim tíma skyldu þau hafa einkarétt til fiskveiða innan 12 mílna fiskveiðilögsögu sinnar.

Eftir miklar umræður og ágreining tókst loks

snemma á árinu 1983 að koma á heildarstefnu EB í sjávarútvegsmálum. Áður hafði náðst samkomulag um að aðildarríkin færðu fiskveiðilögsögu sína í 200 mílur og að stofnanir EB hefðu umboð til að semja við ríki utan EB og við alþjóðastofnanir um fiskveiðar.

Grundvöll að núgildandi sjávarútvegsstefnu leggur reglugerð nr. 170/83. Samkvæmt ákvæðum hennar skal koma á sameiginlegri skipun mála um vernd og stjórn fiskiauðlinda. Einnig var lögfest reglugerð um tæknilegar ráðstafanir til verndar fiskstofnum.

Hin sameiginlega stefna EB er í höndum framkvæmdastjórnarinnar. Tvær nefndir embættismanna frá aðildarríkjunum eru framkvæmdastjórninni til ráðuneytis um framkvæmd fiskveiðistefnunnar. Fjallar önnur um fiskafurðir en hin um fiskstofna."

Hér er síðan greint nákvæmlega frá því hvernig þessi stefna er en ég vil ekki lengja þessa umræðu með því að lesa það allt saman, það er nokkuð langt mál. En það sem ég vildi leggja áherslu á með þessum lestri er að það var ekki átakalaust fyrir ráð Evrópubandalagsins að ná fram sameiginlegri fiskveiðistefnu vegna þess að sum ríki sem sérstaklega byggðu á fiskveiðum, sem sum eru nú orðin aðilar, eins og Bretland, Írland og Danmörk, voru þessu mótfallin. Engu að síður tókst að pressa í gegn sameiginlega stefnu og nýting fiskimiðanna er í höndum ráðsins í Brussel. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga því þeir eru til sem telja jafnvel að við Íslendingar gætum fengið sérstaka meðferð í sambandi við fiskveiðimálin.

Það er að mínu mati mjög mikill barnaskapur. Sjálfur hef ég haft tækifæri til þess að nefna slík mál við forustumenn í EB. Ég nefni m.a. að við hæstv. utanrrh. áttum mjög fróðlegan fund með forseta Frakklands í ráðherrabústaðnum haustið 1989, ef ég man rétt, og ræddum slíka hluti. Þar kom mjög greinilega fram að varanleg frávik frá Rómarsáttmálanum kæmu ekki til greina. Þetta kom mjög greinilega fram.

Hitt er svo annað mál að menn hafa fengið aðlögunartíma og ég spyr: Er einhver sem sættir sig við það að við Íslendingar fáum að ráða okkar fiskimiðum, við skulum segja, í 10 eða 12 ár? Ekki geri ég það. Ég segi aftur að 10 eða 12 ár er afar stuttur tími í sögu þjóðar. Ég tel því að með hvers konar samningum um sameiginlega fiskveiðistefnu þá værum við Íslendingar að fórna sjálfstæði okkar, ekki bara efnahagslegu, hygg ég, heldur einnig þjóðlegu sjálfstæði.

Mér gafst einnig tækifæri til að minnast á þessa hluti almennt í heimsókn til Þýskalands 1988 með forseta Íslands. Þá var ég utanrrh. Þá hittum við Kohl kanslara og það kom mjög greinilega fram nákvæmlega þetta sama hjá honum, að varanleg frávik frá Rómarsáttmálanum kæmu alls ekki til greina. Ég gæti nefnt fleiri slík dæmi eins og fund sem ég átti með Margréti Thatcher þar sem slíka hluti bar á góma.

Ég tel að allar hugmyndir um það að við fengjum einhvers konar varanlega undanþágu frá sameiginlegri fiskveiðistefnu, eftir allt það sem á undan er gengið til að ná í gegn sameiginlegri fiskveiðistefnu, sé satt að segja ótrúlegur barnaskapur og sýni ekki raunhæft mat á því sem hér er um að ræða.

Annað atriði sem vert er að hafa í huga eru hinir ytri tollar EB. Samkvæmt Rómarsáttmálanum ákveður ráðið í Brussel og framkvæmdastjórnin hina ytri tolla og menn eru skuldbundnir til þess að gangast undir þá tolla. Ég held að það hafi ekki farið fram hjá neinum, eins og hæstv. utanrrh. hefur lýst hvað best, að í raun er EB einhver harðasta verndunarsamstæða þjóða sem til er í heiminum í dag. Hefur hann kallað það ýmsum nöfnum í því sambandi. Ég held að þetta sé alveg hárrétt hjá hæstv. utanrrh. Við Íslendingar eru í þeirri ánægjulegu stöðu að við eigum ágæt viðskipti við Bandaríkin og Japan og reyndar fleiri þjóðir og ég vona að menn geti tekið undir að það væri ekki góð þróun að færast inn fyrir tollmúra Evrópubandalagsins gagnvart slíkum ágætum viðskiptaþjóðum.

Það er ýmislegt fleira sem mætti nefna og ég kem að síðar en ég ætla aðeins að drepa niður á örfáum stöðum í þessari ágætu bók. Hér er m.a. fjallað um hvað felst í fullri aðild. Þar segir með, leyfi forseta:

„Gera skal sérstakan samning við hið nýja aðildarríki um þau réttindi sem þau hljóta og þær skyldur og skilyrði sem þau taka á sig og ganga að við inngönguna. Aðilar að því samkomulagi eru aðildarríki EB annars vegar og það ríki sem óskar inngöngu hins vegar. Slíkir samningar fela að jafnaði í sér að allur fyrirliggjandi EB-réttur (þar á meðal taldir þjóðréttarsamningar sem EB kann að hafa gert við ríki utan EB og dómafordæmi dómstóls EB) skuli einnig gilda fyrir hin nýju ríki. Af þessu leiðir að hin nýju ríki verða að jafnaði bundin við allar gildandi réttarheimildir EB."

Mönnum hefur satt að segja þótt nokkuð mikið sem við bindumst með aðild að EES en hér er um miklu meira að ræða. Hér er hið rétta skýrt tekið fram af þessum fræðimanni, að menn eru bundnir af öllum samþykktum Evrópubandalagsins til þess tíma og kem ég síðar að þeirri draumsýn að við kynnum að hafa þar einhver mikil áhrif á það sem síðar gerist. — Það segir meira, með leyfi forseta:

„Í þessu felst að sjálfsögðu einnig að ný aðildarríki verða að tryggja í stjórnskipunarlögum sínum að aðildarsamningurinn og aðrar réttarheimildir EB fái öll sömu réttaráhrif og lög EB hafa innan bandalagsins."

Okkur þykir æðinóg að þurfa að lögbinda siglingaleiðir á skipaskurðum og járnbrautateinum og fleira þess háttar sem hér hefur verið talað um, en þá tæki fyrst steininn úr ef allt annað þyrfti að lögfesta hér. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Samningar um fulla aðild teljast gerðir til ótiltekins tíma, sbr. 240. gr. Rómarsáttmálans. Þetta þýðir að samningi um aðild verður ekki sagt upp nema samkvæmt ákvæðum 54. og 62. gr. Vínarsamningsins um alþjóðlegan samningarétt. Sem dæmi um heimildir til uppsagnar mætti nefna að samþykki allra annarra aðildarríkjanna lægi fyrir eða grundvallarbreytingar hefðu orðið á þeim forsendum sem lágu fyrir við inngöngu ríkis og að þær breytingar hefðu ekki verið fyrirsjáanlegar."

Það getur vel verið að hin aðildarríki EB vildu fljótlega losna við okkur Íslendinga og það gæti opnað fyrir okkur leið út en þó efa ég það ef þau eru búin að ná

hér undirtökum t.d. í sjávarútveginum. Með öðrum orðum er ekki gert ráð fyrir að ríki geti gengið úr Evrópubandalaginu nema, má segja, við algjörlega breyttar forsendur og ég hygg að það væri erfitt að færa sönnur á að menn hefðu ekki séð fyrir þá þróun sem að er stefnt í Evrópubandalaginu eftir yfirlýsingar forustumanna þar og t.d. eftir Maastricht-samkomulagið.

Hér er einnig fjallað ítarlega um ýmislegt sem kallast afleiddur réttur og reglugerðir og þess háttar. Hér segir, með leyfi forseta:

„Reglugerðir eru víðtækastar bæði að því er varðar efni og áhrif svo og til hverra þær ná. Reglugerðir hafa almennt gildi, þ.e. þær gilda á tilteknu sviði og taka bæði til EB sjálfs, aðildarríkjanna, einstaklinga og lögaðila í aðildarríkjunum og geta veitt þessum aðilum réttindi eða lagt á þá skyldur. Þær eru bindandi í sérhverju tilliti og fá lagagildi í öllum aðildarríkjunum samtímis án nokkurs tilverknaðar af hálfu aðildarríkjanna."

Svo eru nefnd hér dæmi sem varða einstaklinga o.s.frv.

Dettur einhverjum í hug að við fengjum undanþágu t.d. frá þessu og að reglugerðir sem framkvæmdstjórnin setur hafi tvímælalaust fullgildi í öllum aðildarríkjum nema á Íslandi? Hvílík börn, segi ég aftur, sem láta sér detta slíkt í hug. Halda menn virkilega að Evrópubandalagið mundi kaupa aðild Íslands með slíkri undanþágu? Ég vona að menn sjái undir hvað menn væru að gangast með hugsanlegri aðild að EB.

Hér er líka fleira sem er fróðlegt að líta í þó ég reyni að stytta þetta aðeins. Um aðalreglur Rómarsáttmálans segir t.d., með leyfi forseta:

„EB hefur þau sérkenni miðað við flestar aðrar alþjóðlegar stofnanir að það byggir á hreinni lögmætisreglu. Þessi regla er lögfest í 4. gr. Rómarsáttmálans þar sem segir að hver stofnun skuli starfa innan þess ramma sem settur er með Rómarsáttmálanum. Hnykkt er á þessari reglu með 164. gr. Rómarsáttmálans en þar segir að dómstóll EB skuli tryggja það að laga sé gætt við beitingu og túlkun Rómarsáttmálans. Helstu ástæður fyrir því að lögmætisreglu er fylgt í EB-rétti eru þær að stofnunum EB er fengið víðtækt ákvörðunarvald, m.a. til þess að setja reglur sem jafna má til venjulegra laga í landsrétti og veita einstaklingum og lögaðilum í aðildarríkjunum réttindi og leggja á þær skyldur."

Með öðrum orðum segir þetta að það er ekki bara ráðið eða framkvæmdastjórnin sem geta sett reglugerðir sem gilda sem lög. Hinar ýmsu stofnanir EB hafa líka slíkt vald og væri fróðlegt að vita hvort einhver hefur áhuga á því að gangast undir slíkt reglugerðarfargan.

Út af fyrir sig gildir sú almenna regla að hvers konar mismunun á grundvelli þjóðernis sé bönnuð á gildissviði samnings þessa og þarf ég ekki að fara fleiri orðum um það. Það er í raun og veru það grundvallaratriði sem oft er vísað til.

En sumir hafa sagt að það væri kannski gott fyrir okkur Íslendinga að vera aðilar af því að við gætum haft áhrif á ákvarðanir og gerðir Evrópubandalagsins. Það tel ég mikla einföldun. Í þessu ágæta riti segir um ákvarðanatöku:

„Almenna reglan er sú að ráðið tekur ákvarðanir með einföldum meiri hluta þar sem hvert aðildarríki hefur aðeins eitt atkvæði. Undantekningar frá þeirri reglu eru þó svo margar og veigamiklar að algengast er að aukins meiri hluta sé krafist á þann hátt sem 2. mgr. 148. gr. kveður nánar á um. Við slíka atkvæðagreiðslu er heildarfjöldi atkvæða 76 en vægi einstakra ríkja sem hér segir:"

Ég ætla ekki að lesa það en þar eru Þýskaland, England, Frakkland og Ítalía með tíu atkvæði hvert og síðan fer þetta smáminnkandi niður í tvö hjá Lúxemborg. Reiknað hefur verið út að með aðild EFTA-ríkjanna væri atkvæðafjöldinn líklega orðinn samtals um 90 og við Íslendingar hefðum að öllum líkindum tvö atkvæði. Þá erum við að reikna okkur það sama og Lúxemborg. Það væru í tölum talið þau miklu áhrif sem við Íslendingar hefðum á ýmsa ákvarðanatöku, jafnvel þótt sú ákvarðanataka sé tekin með auknum meiri hluta. Jafnvel þó að Norðurlöndin stæðu saman í slíkri ákvarðanatöku, sem ég tel ekki nokkrar líkur til því Norðurlöndin, sérstaklega t.d. lönd eins og Svíþjóð, Finnland, Danmörk, hafa allt annarra hagsmuna að gæta í bandalaginu en við Íslendingar. Í sjávarútvegi væri kannski eina von okkar Noregur. Að við getum ráðið einhverju þarna er því að mínu mati hreinasta fásinna.

Rætt hefur verið nokkuð um það að t.d. í breytingum á Rómarsáttmálanum þá gildir neitunarvald og á nokkrum öðrum sviðum þar sem er um mjög róttækar breytingar að ræða. Þá hefur verið sagt og menn hafa barið sér á brjóst og sagt: Við, hinir miklu Íslendingar, höfum neitunarvald innan EB. Þetta er á mjög takmörkuðum sviðum og auk þess hefur afar greinilega komið fram hjá forustumönnum EB að þegar fjölgar svo í Evrópubandalaginu eins og nú er stefnt að þá verður ekki hjá því komist að breyta þessum reglum um neitunarvaldið. Þetta hefur framkvæmdastjórinn, Delors, sagt þó hann hafi reynt að draga úr þeim ummælum og þetta hafa forustumenn eins og Kohl sagt. Þetta afar skiljanlegt því að hvernig í ósköpunum ætlar þetta bandalag að starfa með 18 ríki sem hvert um sig hefur neitunarvald? Það er vitanlega hin mesta fásinna. Þarna er því ekki á neitt öruggt að róa í þessu sambandi.

Það væri kannski hollt að hugsa aðeins um hvert er meginmarkmið Rómarsáttmálans sem er rakið hér. Ég ætla bara að nefna nokkur atriði sem okkur varðar og kannski nefnt sum áður. Það er í fyrsta lagi að taka upp sameiginlega tollskrá og viðskiptastefnu gagnvart löndum utan EB. Ég hef nefnt það. Taka upp sameiginlega landbúnaðar- og þar með sjávarútvegsstefnu, að samræma efnahagsstefnu aðildarríkjanna og að gera ráðstafanir til að bæta úr röskun á greiðslujöfnuði þeirra. Hér búum við við allt annað efnahagsumhverfi sem yrði áreiðanlega ekki tekið með í reikninginn við mótun þessarar sameiginlegu stefnu. Að samræma löggjöf aðildarríkjanna og fleira mætti nefna.

Eitt er það atriði sem sannarlega er vert umhugs-

unar og það er heimild til að gera þjóðréttarsamninga. Hér segir í þessu ágæta riti, með leyfi forseta:

„Það er ljóst að í Rómarsáttmálanum sjálfum er að finna ótvíræðar heimildir fyrir stofnanir EB til að gera þjóðréttarsamninga." Hér segir jafnframt: „Dómstóllinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að þegar um *þjóðréttarsamninga í viðskiptum* er að ræða sem falla undir vald stofnana EB útiloki það aðildarríkin frá því að gera þjóðréttarsamninga að sama skapi."

Menn hafa sumir verið að hugleiða hér hvort rétt væri að leita eftir fríverslunarsamningi við Bandaríkin t.d. eða Japan og það yrði að sjálfsögðu útilokað. Slíkt yrði okkur ekki heimilt og mundi stangast á við þetta vald Evrópubandalagsins til að gera alþjóðlega samninga, enda kemst Stefán Már að þessari sömu niðurstöðu. Hann segir undir þessum sama kafla, með leyfi forseta:

„Af sömu ástæðu er talið að vald stofnana EB til að gera þjóðréttarsamning í slíkum tilvikum og hér um ræðir útiloki að jafnaði vald aðildarríkjanna til að gera þjóðréttarsamning um sama efni."

Þá er það eitt, sem hefur töluvert verið rætt. Það eru forúrskurðir sem menn eru reyndar sammála um að *íslenska stjórnarskráin leyfir ekki*. Ég ætla aðeins að nefna það síðar en það vona ég að allir verði sammála um að það gengur gegn íslensku stjórnarskránni. Í þessu sambandi öllu eru forúrskurðir afar mikilvægir. Forúrskurðir dómstólsins eru ekki bara leiðbeinandi. Þeir eru ráðandi í meðferð dómstóla aðildarríkjanna á ýmsum málum. Og forúrskurðir eru eitt mikilvægasta tæki Evrópubandalagsins til þess að samræma starfsemi hinna ýmsu dómstóla í aðildarríkjunum.

Ég skal ekki lesa meira úr þessari bók en ég ráðlegg þeim, sem mér virðist af mikili vankunnáttu ræða um að það væri skynsamlegt að sækja um aðild að Evrópubandalaginu, að kynna sér vandlega þessa bók og reyndar mætti benda á ýmislegt fleira í því sambandi.

Þá er það spurningin: Hvernig ætti tvíhliða samningur okkar við Evrópubandalagið að vera? Við flm. *þessarar tillögu erum þeirrar skoðunar að tvíhliða* samningur ætti að byggja á viðskiptaþætti samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að til að fá fullkomið jafnræði á milli Evrópubandalagsins og okkar Íslendinga, þá þyrfti ýmsu þar að breyta. Þó að jafnræði sé að nafninu til til á prenti þá er það að sjálfsögðu alls ekki vegna hins gífurlega stærðarmunar á Íslandi og íslenskum fyrirtækjum og þeim sem þar eru og við þyrftum að hafa þar einhverja varnagla. Við þyrftum að sjálfsögðu að gæta þess mjög vandlega, eins og nú er gert ráð fyrir, að við höldum yfirráðum yfir okkar auðlindum. Þess er gætt í sjávarútvegi en því miður ekki eins og þyrfti enn þá a.m.k. yfir landi og orkulindum. Við þyrftum að hafa það hvort tveggja vel tryggt. Við þyrftum því að ganga til þeirra viðræðna með vissum fyrirvara um slík nauðsynleg yfirráð okkar yfir grundvallaratriðum hins efnahagslega sjálfstæðis okkar Íslendinga.

Hins vegar er öllum ljóst að stofnanaþáttur þessa samnings þyrfti að gerbreytast. Við höldum ekki uppi þeim dómstóli og eftirlitsstofnun sem gert er ráð fyrir og það þyrfti að fara meira hefðbundnar leiðir með hugsanlegan gerðardóm eða eitthvað þess háttar sem báðir þessir aðilar gætu sætt sig við.

Ég vil ekki fara í smáatriðum í það sem þyrfti að vera í slíkum samningi og læt nægja að vísa í það sem *ég hef sagt því* að vitanlega er það ætlunin með þessari þáltill. og mörkun þessarar stefnu að þegar verði sest niður og í samráði við t.d. utanrmn. verði undirbúin umsókn þar sem gerð er grein fyrir þeim atriðum sem við Íslendingar viljum hafa sem okkar fyrirvara.

Virðulegi forseti. Mér hefur þótt ánægjulegt að heyra það í ýmsum yfirlýsingum ráðherra, sérstaklega forsrh., að það beri að stefna að tvíhliða samningi. Mér þótti gott að heyra að hann telur að við eigum bandamenn á Norðurlöndunum fyrir slíku og ekki síst ef og þegar þessi ríki eru orðin aðilar að Evrópubandalaginu. Ég vona að það sé rétt. Ég hef líka orðið var við það að ýmsir forustumenn Evrópubandalagsins hafa talið tvíhliða samning mjög eðlilega endastöð fyrir okkur Íslendinga í þessu sambandi. Ég man ekki betur en þegar við utanrrh. áttum viðræður við Delors hafi jafnvel slíkt komið fram en þó öllu og miklu greinilegar *í viðtali sem Ríkissjónvarpið átti* við Andriessen, sem fór með utanríkismál innan framkvæmdastjórnarinnar og var varamaður Delors, vorið 1991, ef ég man rétt. Þar spurði fréttamaður að því hvort hann teldi tvíhliða samninga koma til greina og Andriessen svaraði því mjög skilmerkilega. Hann sagði: „Ef Íslendingar óska eftir því, þá koma þeir til greina" og hann taldi jafnvel að við þyrftum ekki að óttast að tapa neinu af þeim réttindum sem við höfðum unnið okkur. Reyndar ræddi ég þetta nokkuð í þingræðu og beindi því til utanrrh. hvort ekki væri rétt að kanna slíkt formlega. Mig minnir að fram hafi komið að hann hafi minnst á þetta við Andriessen en ekki hef ég heyrt ítarlega greint frá því eða hvort að nokkurri niðurstöðu var þá komist.

Mér sýnist allt benda til þess að það sé bæði vilji til þess hér hjá flestum forustumönnum og vilji til þess hjá Evrópubandalaginu að við *stefnum* að tvíhliða samningi. Þess vegna er að þessu leyti, vona ég, ekkert því til fyrirstöðu að þessi tillaga verði samþykkt og Alþingi marki þannig stefnu og eyði þeirri óvissu sem ég ræddi í upphafi míns máls og sem mér virðist, því miður, aukast töluvert hjá ýmsum stofnunum hér á landi.

Ég vona því að þetta mál geti fengið skjótan og farsælan framgang hér á Alþingi og sameinað okkur alþingismenn um framhaldsskrefin í þessu mikilvæga máli, það verði eins konar þjóðarsátt um framhaldið og svo sannarlega veitir ekki af í þessari stöðu.

Ég læt þá framsögu minni lokið, virðulegi forseti, og legg til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. utanrmn. að lokinni fyrri umr. um málið.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki nauðsynlegt að hafa mörg orð um þessa tillögu. Efnislega er hér lagt til að

Alþingi hefji undirbúning að samningi milli Íslands og Evrópubandalagsins og viðræður hefjist hið fyrsta. Um þetta er það að segja að undirbúningur að samningum við Evrópubandalagið, milli Íslands og þess, um viðskiptaþátt EES-samningsins er löngu hafinn og reyndar lokið. Viðræður um hvernig form þeirra samninga verði ef og þegar hin EFTA-ríkin hafa gengið í Evrópubandalagið eru löngu hafnar líka. Hér er því verið að vísa til sjálfsagðra hluta sem eru í vinnslu, þegar lokið eða hafnir.

Samt sem áður er ástæða til þess að vara við einu. Ef menn eru að reyna að vekja upp þá hugmynd að það eigi að byrja upp á nýtt tvíhliða samninga við Evrópubandalagið þá eru menn væntanlega að setja þar á oddinn óskir um markaðsaðild fyrir sjávarafurðir og hugsanlega fríverslun með sjávarafurðir, þá vita menn hver stefna Evrópubandalagsins er í tvíhliða samningum. Hún er að vísa til sameiginlegrar fiskveiðistefnu og heimta veiðiheimildir í staðinn fyrir markaðsaðgang. Ástæðan fyrir því að miklu betri árangur náðist í EES-samningunum var sú að fórnarkostnaður sem tryggði jafnvægið í samningunum var greiddur af bandalagsþjóðum okkar.

Hér gæti því tillagan vakið margvíslegan misskilning sem ég vona hins vegar að sé ekki fyrir hendi. Menn gera sér ljóst að samningsniðurstaðan í EES-samningunum var miklu hagstæðari Íslendingum einmitt vegna þess að við höfðum ekki farið í tvíhliða samning á þessum grundvelli. Ég minni á að fjölmargar ríkisstjórnir hafa reynt árum saman að bæta bókun 6 í tvíhliða viðræðum og árangur verið enginn.

Út af fyrir sig er ekki mikið meira um þetta að segja. Það hafa farið fram viðræður um formbreytingu samningsins við forsvarsmenn Evrópubandalagsins, ekki einu sinni, ekki tvisvar heldur þrisvar, fjórum sinnum. Í tvígang við Andriessen, þáv. utanríkisráðherra EB, því næst við þá sem gegnt hafa forustu Evrópubandalagsins, Douglas Hurd í desember sl., því næst Henning Christophersen í byrjun febrúar og nú loks fyrir nokkrum dögum við Hans van den Broek. Það liggja fyrir fundargerðir af öllum þessum viðræðum og öllum ber þessum fulltrúum Evrópubandalagsins saman um það að ef EFTA leggst niður, þá sé einfalt mál að semja um stofnanaþáttinn upp á nýtt en Íslendingar megi ganga út frá því sem gefnu að samningsskuldbindingar og réttindi EES-samningsins haldist þótt formið breytist í tvíhliða samning.

Flm. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þótti heldur leitt að heyra upphafsorð hæstv. utanrrh. sem ég get ekki tekið öðruvísi en hálfgerðan útúrsnúning og hlýt að lesa tillögugreinina eins og hún er, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að stefnt skuli að því að ná tvíhliða samningi við Evrópubandalagið, fyrst og fremst á grundvelli viðskiptahluta þess samnings sem fyrir liggur um Evrópskt efnahagssvæði. Því felur Alþingi ríkisstjórninni að hefja undirbúning að slíkri samningsgerð og fara þess á leit við framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins að viðræður hefjist hið fyrsta."

Það væri fróðlegt að heyra frá utanrrh. nánar hvað hann telur að framhaldið verði þegar hin ríkin eru komin inn. Svo langar mig til að heyra, fyrst hann segir nú að það séu engin vandræði með að ná tvíhliða samningi og hann hafi rætt þetta við van den Broek og Andriessen og fleiri, sakar þá að Alþingi marki þessa stefnu svo að hún liggi örugglega fyrir? Ég get ekki séð annað en það ætti að styrkja hæstv. utanrrh. í þeirri viðleitni hans að undirbúa slíkan tvíhliða samning.

Ég er sammála því að slíkur tvíhliða samningur hlýtur að byggjast á viðskiptahluta EES-samningsins en ég vil alls ekki taka undir það að viðskiptahlutinn geti ekki tekið einhverjum breytingum. Hæstv. utanrrh. varpar fram þeirri grýlu að þeir muni heimta veiðiheimildir innan fiskveiðilögsögunnar. Hafa þeir ekki þegar fengið þær? Eru þeir ekki að fá þær með sérstökum samningi? Ég sé ekki nokkra ástæðu til að ætla að við þyrftum að veita þeim frekari veiðiheimildir. A.m.k. væri þá nauðsynlegt að hafa það svart á hvítu áður en lokadægur EES rennur upp og menn standa frammi fyrir því að þurfa að breyta samningunum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er um það bil ár síðan viðræður voru teknar upp við æðstu menn Evrópubandalagsins um það hvort og hvernig EES-samningurinn að því er Ísland varðar gæti breyst í tvíhliða samning ef og þegar hin ríkin í EFTA hefðu gengið í Evrópubandalagið. Nú er það svo að enginn getur slegið neinu föstu um hvort það verður né hvenær það verður. Á það lagði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ríka áherslu í ræðu sinni hér í gær. Engu að síður voru þessar viðræður teknar upp í tvígang við utanríkisráðherra Evrópubandalagsins, Andriessen, við þá sem gegndu forustu Evrópubandalagsins á seinasta formennskutímabili og því núverandi, þ.e. Douglas Hurd og Niels Helveg Petersen, utanríkisráðherra Dana, og nú fyrir nokkrum vikum við hinn nýja utanríkisráðherra EB, Hans van den Broek.

Fundargerðir af þessum viðræðum liggja allar fyrir og efnislega eru svörin þessi: Við sjáum enga ástæðu til annars en Ísland mundi í þessu tilviki, sem er hins vegar „hypótetískt" í framtíðinni, halda réttindum sínum og skuldbindingum gagnvart þessum samningi. Ef EFTA hins vegar leggst af, þá segir sig sjálft að við mundum leggja niður dómstól og eftirlitsstofnun EFTA og semja um stofnanaþáttinn upp á nýtt. Þá má spyrja: Hvers vegna er ekki gengið frá þessu nú þegar? Og svarið við því er mjög einfalt. Það er samdóma mat manna að það sé ótímabært fyrr en fyrir liggur að EES-samningurinn sé kominn í gildi. Þess vegna er ekki unnt að taka slíkar viðræður upp fyrr en það liggur fyrir. Það er meira að segja að mínu mati varasamt að gera það vegna þess að þá gætum við verið að kalla yfir okkur opnun á tvíhliða grundvelli sem gæti orðið okkur afar óhagstætt.

Flm. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Lái mér hver sem vill að ég næ ekki alveg samhenginu í því sem hæstv. utanrrh. er að segja. Annars vegar segir hann að þessar viðræður séu löngu hafnar. Hann er búinn að tala við fjölda manns og undirbúa tvíhliða samning og hins vegar segir hann að það sé stórhættulegt að hefja slíkar viðræður. (**Utanrrh.:** Með samningum ...) Já, ég geri ráð fyrir að samningi yrði ekki lokið fyrr en menn sjá fyrir endann á því sem verður um EES. En ég lít svo á að þegar sjálfur hæstv. utanrrh. Íslands tekur slíkt formlega upp eins og hann lýsir, þá er það sannarlega undirbúningur að samningi. Ég hlakka til að fá að sjá þessar fundargerðir hæstv. utanrrh. í utanrmn. Ég veit að þær geta ekki verið trúnaðarmál gagnvart nefndinni og þá getum við metið þetta.

En staðreyndin liggur hins vegar fyrir að þessari óvissu hérna heima hefur ekki verið eytt og hún er mjög skaðleg. Ég held t.d. að ungir kratar hefðu gott af að fá að sjá það sem utanrrh. er að undirbúa með tvíhliða samning. Ég vil jafnframt taka það fram að ef hæstv. utanrrh. líður eitthvað betur ef tillögugreininni er breytt eða jafnvel ef hann vildi flytja slíka tillögu sjálfur fyrir Alþingi, þá skal ég draga þessa til baka. Það sem ég er að leita eftir er að fá óvissunni eytt og ég tel það að öllu leyti hagstæðara fyrir okkur Íslendinga að vita hvert við stefnum. Það eru ekki nema tvö, þrjú ár til stefnu.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. 28. júní 1992 markaði Alþb. stefnu sína varðandi samskipti Íslands og Evrópubandalagsins. Í þeirri ályktun, sem samþykkt var af miðstjórn, framkvæmdastjórn og þingflokki flokksins, segir eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþb. dregur þá ályktun á grundvelli framangreindra röksemda og efnisatriða að þótt ýmsir efnislegir ávinningar geti tengst samningnum, þá sé EES-samningurinn þegar á heildina er litið í lokagerð sinni tilraun sem mistókst. Þess vegna er óhjákvæmilegt að hafna þeirri niðurstöðu EES-samningsins sem nú liggur fyrir. Alþb. leggur til að sú niðurstaða verði endurskoðuð þegar í haust með það að markmiði að gera sjálfstæðan, tvíhliða viðskiptasamning milli Íslands og EB. Höfuðatriði hans verði:

1. Sjálfstæður tvíhliða viðskiptasamningur milli Íslands og EB verði m.a. byggður á viðskiptaþáttum EES-samningsins, sérstökum sjávarútvegssamningi og bókun 6 í samningum við EB sem verið hefur í gildi síðan 1976.

2. Framkvæmd tvíhliða samnings milli Íslands og Evrópubandalagsins verði einfaldari í sniðum en samkvæmt EES-samningnum. Eingöngu verði sett á fót samstarfsnefnd um eftirlit og gerðardómi beitt verði deilumál um framkvæmd samningsins ekki útkljáð. Pólitísk vandamál verði leyst í ráðherraviðræðum.

3. Í tvíhliða samningi Íslands og EB verði m.a. byggt á hugmyndum um frjálsa vöruflutninga, fólksflutninga, þjónustustarfsemi, fjármagnsflutninga og almenna samkeppni, auk þess sem hafðar verði til hliðsjónar reglur Norðurlanda um vinnumarkað og búseturétt og afdráttarlaus réttur Íslendinga til að skipa forræði og eignarhaldi á auðlindum til lands og sjávar verði tryggður með sérstökum lögum.

4. Í samningi um viðskipti yrði einnig fjallað um samvinnu Íslands og EB á öðrum sviðum, svo sem varðandi rannsóknir og þróun, umhverfismál, menntun og menningu."

Að lokum segir: „Í tvíhliða samningi verði engin atriði sem brjóti í bága við stjórnarskrá eða taki efnislegt og formlegt löggjafarvald á Íslandi úr höndum Alþingis og þjóðarinnar."

Það er þess vegna ljóst, virðulegi forseti, að á grundvelli þessarar stefnu sem Alþb. hefur fylgt í tæpt ár þá styðjum við eindregið þá till. til þál. sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson og Halldór Ásgrímsson hafa flutt. Orðalag tillögunnar er fyllilega og alfarið í samræmi við þá samþykkt sem Alþb. gerði í júnímánuði í fyrra.

Í sjálfu sér þarf ég þess vegna ekki að hafa mörg orð um þetta mál, ég hef bæði í sérstöku nál. fyrr á þessu þingi og einnig við fjölmörg tækifæri í umræðum á Alþingi, rökstutt og lýst rækilega afstöðu okkar til tvíhliða samnings milli Íslands og Evrópubandalagsins. Ég fagna því mjög að á síðustu mánuðum hafa æ fleiri lýst yfir stuðningi við þá stefnu sem við settum fram í júní í fyrra. Það sýnir það að mat okkar fyrir rúmu ári síðan á stöðu mála í undirbúningi að ályktun okkar var rétt. Það var raunsætt mat og öll atburðarásin síðan hefur styrkt það. Samningaviðræður Evrópubandalagsins við aðildarríki EFTA eru að komast í fullan gang. Það er mikill skriður á stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum sem sótt hafa um aðild að ná því fram og þótt hæstv. utanrrh. og ýmsir fleiri velti því fyrir sér að það kunni að taka langan tíma og ekki víst að það takist, þá breytir það því ekki að stefnan hefur verið mörkuð. Evrópubandalagið hefur mótað þá stefnu, hæstv. utanrrh., að leggja Evrópska efnahagssvæðið niður. Það er staðreynd sem hæstv. utanrrh. hefur aldrei viljað horfast í augu við á Alþingi, að sjálfur viðsemjandi okkar, Evrópubandalagið, hefur með skýrum hætti mótað þá afstöðu að sem fyrst skuli Evrópska efnahagssvæðið vera út úr heiminum.

Það er satt að segja visst harmsefni að hæstv. utanrrh. hafi til að bera slíkan skort á raunsæi að vilja ekki horfast í augu við þá staðreynd. Það er líka ljóst að öll aðildarríki í EFTA sem hafa samþykkt að óska eftir aðild að Evrópska efnahagssvæðinu hafa ákveðið að yfirgefa það. Þessar staðreyndir blasa við sem formleg utanríkisstefna viðkomandi ríkja. Það er á grundvelli þess að sú stefnumörkun hefur formlega farið fram sem nauðsynlegt er að Íslendingar bregðist einnig við með formlegum hætti. Menn geta svo velt því fyrir sér hvað það taki langan tíma að koma stefnu Evrópubandalagsins og hinna EFTA-ríkjanna í framkvæmd, það er annað mál. Það liggur fyrir að stefnan hefur verið mörkuð.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði áðan, þess vegna er nauðsynlegt að

Alþingi Íslendinga móti stefnu í málinu. Ég botnaði hvorki upp né niður í þeim rökum sem hæstv. utanrrh. var að reyna að flytja áðan fyrir því að ekki mætti samþykkja þessa ályktun.

Í fyrsta lagi sagði hæstv. ráðherra: Þessar viðræður eru hafnar.

Síðan sagði hæstv. ráðherra: Það er ótímabært að hefja þessar viðræður fyrr en EES-samningurinn tekur gildi.

Í báðum tilvikunum notaði hann orðalag eins og hann væri að tala um sama hlutinn. Síðan rakti hann það að hann hefði þegar hafið viðræður við Evrópubandalagið um þetta mál með því að ræða það við nokkra forustumenn bandalagsins og þær fundargerðir lægju fyrir.

Hvað stendur í þessari tillögu, hæstv. utanrrh.? Það stendur í fyrsta lagi að Alþingi ályktar að stefnt skuli að því að ná tvíhliða samningi við Evrópubandalagið. Í öðru lagi segir að Alþingi felur ríkisstjórninni að hefja undirbúning að slíkri samningagerð. Og í þriðja lagi segir að það eigi að fara þess á leit við framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins að viðræður hefjist hið fyrsta. Það stendur ekkert, hæstv. utanrrh., í þessari tillögu að viðræðurnar eigi að hefjast áður en EES tekur gildi, þannig að það er fullkomlega út í hött hjá hæstv. ráðherra að hafna þessari tillögu á þeim forsendum að slíkar viðræður væru hættulegar áður en EES tekur gildi. Í tillögunni er ríkisstjórninni og Evrópubandalaginu gefið fullt svigrúm til þess að tímasetja þessar viðræður eftir því sem báðum aðilum finnst hagkvæmt. Að því leyti ræður mikil skynsemi í orðalaginu á þessari tillögu.

Þar að auki telja ýmsir að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði muni að öllum líkindum taka gildi eftir örfáa mánuði og sjálfsagt mun undirbúningurinn taka einhvern tíma svo sú mótröksemd sem hæstv. ráðherra reyndi að tína fram áðan í andsvari, hún gengur einfaldlega ekki upp.

Hæstv. utanrrh. kom líka með þá röksemd að í samningunum um EES hefðu aðrir í EFTA borið kostnaðinn af þeim hagsmunum sem Ísland náði fram og átti þar væntanlega við Norðmenn. Ég vil minna hæstv. utanrrh. á það að hans nánasti samstarfsmaður í EES-ferlinu, samningamaður Íslands, Hannes Hafstein sendiherra, hefur neitað því formlega á vettvangi Alþingis, þar sem hann hefur mætt, að nokkurt aðildarríki EFTA hafi boðið slíkan kostnað. Hæstv. ráðherra er einfaldlega að segja allt annan hlut en sá samningamaður Íslands sem gjörþekkir málið. Það er auðvitað mjög merkilegt að sjálfur samningamaður Íslands hefur formlega á vettvangi þingsins afneitað þeirri kenningu sem utanrrh. er hvað eftir annað og nú síðast hér áðan að halda fram.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hefur einhverjum embættismanni verið falið að starfa að þessum undirbúningi? Því öðrum þræði var ráðherrann að segja að þessi tillaga væri óþörf vegna þess að þetta væri allt saman í gangi og á hinn bóginn var hann að segja að hún væri hættuleg. Hún getur ekki bæði verið óþörf og hættuleg, hæstv. ráðherra.

Nei, ætli staðreyndin sé ekki einfaldlega sú að það er bara viðkvæmt, pólitískt og persónulega fyrir hæstv. ráðherra að fá þetta samþykkt. Þá komum við enn og aftur að því að flokkslegir og pólitískir hagsmunir ráðherrans komi í veg fyrir það að hér náist breið samstaða íslensku þjóðarinnar um stefnumörkun í þessum efnum.

Ég tel það vera eitt af gæfusporum okkar hér á Alþingi á undanförnum árum að það hefur nokkuð oft náðst breið samstaða allra flokka um ályktanir Alþingis í utanríkismálum. Það má nefna ýmis dæmi um það. Afstaða Alþingis til Eystrasaltsríkjanna er eitt slíkra dæma.

Því má ekki marka þá stefnu hér á Alþingi sem felst í þessari tillögu? Það er spurning sem hæstv. utanrrh. hefur ekki enn þá svarað með sannfærandi hætti.

Ég vil minna hæstv. ráðherra á það að forsrh. hefur nokkrum sinnum lýst því yfir að slíkar tvíhliða viðræður séu sá raunhæfi kostur sem blasir við Íslendingum og það er alveg rétt sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði áðan, að í ljósi ummæla einstakra þingmanna um nauðsyn þess að sækja um aðild að Evrópubandalaginu, í ljósi ummæla fjölmargra annarra aðila í þjóðfélaginu sama efnis, þá er nauðsynlegt að Alþingi veiti sitt svar. Það er nauðsynlegt. Það er mikið talað um festu og stöðugleika. Í þessum efnum þarf líka að ríkja festa, hæstv. ráðherra. Þess vegna vona ég nú að ráðherrann hugleiði það að leggjast ekki gegn samþykkt þessarar tillögu og eins og hv. þm. Steingrímur Hermannsson benti á, þá kemur alveg til greina að skoða orðalag hennar. En ef það er eitthvert metnaðarmál fyrir ráðherrann að hann fái að flytja tillöguna sjálfur þá tel ég sjálfsagt að gera það fyrir hann. Aðalatriðið er það að þingið nái saman um það sem augljóslega er vilji meiri hluta Alþingis. Alveg augljóslega. Það er ekki lýðræðislegt að fáeinir menn í minni hlutanum, jafnvel þó að sumir þeirra sitji á ráðherrastóli geti stöðvað það að þessi afdráttarlausi meiri hluti Alþingis fái að koma fram.

Fyrst ráðherrann er byrjaður að ræða við forustumenn Evrópubandalagsins um málið, er þá ekki styrkur fyrir hann að hafa ályktun þingsins á bak við sig, sérstaklega í ljósi þess að það er einmitt innan hans eigin flokks sem andmælin við hans stefnu hafa verið að koma fram? Ef það er stefna ráðherrans að hér eigi að koma tvíhliða samningur þá er ljóst að Samband ungra jafnaðarmanna er á annarri skoðun. Samband ungra jafnaðarmanna vill aðild að EB. Þá er ljóst að formaður fjárln., Karl Steinar Guðnason, áhrifamesti þingmaður Alþfl. utan ráðherrahópsins, er ósammála ráðherranum. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason vill aðild að Evrópubandalaginu, þannig að þeir sem hafa lýst yfir andstöðu við stefnu ráðherrans eru hans eigin flokksmenn. Þeir sem lesa póstinn hjá Evrópubandalaginu sjá það greinilega að jafnvel innan flokks ráðherrans er baklandið ekki traust. (**RG:** Má maður bera af sér sakir?) Ég tel nú enga þörf á því fyrir hv. þm. að bera af sér sakir ef hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir er að vísa til þeirra orða minna að hv. þm. Karl Steinar Guðnason sé áhrifaríkasti þingmaður Alþfl.

utan ráðherrahópsins og ef þetta er svona viðkvæmt mál í þingflokki Alþfl. þá get ég alveg dregið þann hluta fullyrðingar minnar til baka en óska þá eftir að verða upplýstur um það hver er áhrifamestur. (**Forseti:** Forseti þarf aðeins að ónáða hv. þm.) Ég er að ljúka máli mínu, hæstv. forseti. (**Forseti:** Það er einmitt það sem forseti ætlaði að grennslast um. Það var meiningin að gera hlé á fundinum.) Já, já ég geri hlé á ræðu minni, ég lýsi yfir eindregnum stuðningi við þessa tillögu, ég er reiðubúinn til víðtæks samstarfs á þinginu um breytingar á orðalagi hennar ef menn telja það nauðsynlegt, en aðalatriðið er það að meiri hluti Alþingis fái að koma í ljós.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Frsm. þessarar tillögu hefur lagt á það áherslu að tilgangurinn með flutningi hennar sé að eyða óvissu í samskiptum Íslands og Evrópubandalagsins. Í hverju felst sú óvissa? Hún felst í því hvort EES-samningurinn tekur gildi. Ef EES-samningurinn tekur gildi þá er óvissunni eytt, þar á meðal um viðskiptaleg samskipti Íslands og Evrópubandalagsins. Hið næsta er, hversu lengi stendur þessi samningur í gildi? Um það er óvissa sem enginn getur fullyrt um á þessu stigi máls, það gætu verið tvö ár, það gæti orðið lengri tími. Þegar hér er flutt tillaga um að taka upp samningaviðræður við EB um það sem er búið að semja við þá um, þ.e. viðskiptaþátt EES, þá er það óþarft vegna þess að það er búið að ljúka því verki. Þegar síðan er ályktað um að viðræður hefjist hið fyrsta um hvað taki við í framhaldi af EES, þá er svarið þetta: Viðræður um það eru þegar hafnar eins og ég hef þegar margoft lýst, en samningaviðræður um það verða ekki teknar upp fyrr en EES-samningurinn er genginn í gildi. Svo einfalt er það vegna þess að það er ekki um neitt að semja um breytingar á viðskiptaþætti EES-samningsins ef sá samningur er ekki kominn í gildi. Og allar hundakúnstir hv. 8. þm. Reykn. til þess að flækja og þvæla þetta einfalda mál breyta engu um það. Þetta er ákaflega einfalt. Þess vegna er þetta ótímabært og reyndar óþarft, kannski saklaust og skaðar ekki þótt því verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. er nú lagður af stað í áttina að okkur, þetta er nú ágætt. Hér áðan fannst honum þetta vera vitlaus tillaga og algjörlega óþörf. Nú er hann kominn inn á það að hún sé skaðlaus og megi gjarnan vísa henni til ríkisstjórnarinnar. Það má alveg skoða það að breyta orðalagi með einhverjum hætti þannig að tillöguefninu sé vísað til ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin fer auðvitað með samninga við erlend ríki, ekki gerir þingið það. Ég vil fagna því að hæstv. utanrrh. er svona að þokast í áttina og tel þess vegna að með áframhaldandi umræðum og viðræðum í utanrmn. verði hann kominn á svipað ról og við hinir fljótlega.

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé ekki efni til að vera með efnislegt andsvar við ræðu hv. 8. þm. Reykn. Það sem ég hef hlustað á af umræðunni sem hefur átt sér stað nú og í gær hefur mjög verið endurtekning á því sem við erum búin að fara í gegnum áður. Hins vegar vil ég árétta þá skoðun okkar alþýðuflokksmanna að við erum mjög sannfærð um það að við munum standa eftir með góðan tvíhliða samning eftir EES-samninginn ef fer svo sem horfir og hv. þm. vísar í.

Hins vegar kom ég upp til að taka af allan vafa um það að hv. þm. Alþfl. Karl Steinar Guðnason gegnir trúlega einhverju veigamesta embætti utan ráðherrahóps sem hægt er að hafa og nýtur mikils trausts okkar þingmanna Alþfl.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að það hefur verið staðfest að ég fór rétt með þegar ég taldi hv. þm. Karl Steinar Guðnason vera áhrifamestan utan ráðherrahóps Alþfl. En hitt var hins vegar rangt hjá hv. þm. að þingmenn Alþfl. væru fullvissir um það að Íslendingar mundu standa eftir með góðan tvíhliða samning í kjölfar EES því einmitt margnefndur þingmaður Karl Steinar Guðnason hefur talið alveg sérstaklega nauðsynlegt að lýsa annarri skoðun, þannig að það er alveg ljóst að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir talar ekki í þessum efnum fyrir hönd hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar vegna þess að hann er engan veginn sáttur við það að samskiptum Íslands og EB verði skipað með tvíhliða samningi, það hefur hv. þm. Karl Steinar Guðnason sagt alveg ótvírætt. Meira að segja hér í ræðustól á Alþingi. Hann vill hefja aðildarviðræður að EB. Það er dálítið merkilegt að hæstv. utanrrh. hefur ekki séð ástæðu til þess að koma mér vitanlega hér upp í ræðustólinn til þess að tilkynna samflokksmanni sínum, formanni fjárln., að slíkt sé ekki tímabært. Fyrst verði a.m.k. EES að taka gildi, þar með að ávítanir um að ekki sé tímabært að tala við EB eiga greinilega bara við þegar verið er að tala um tvíhliða samning en ekki um aðildarviðræður. Svo það verður ekkert hægt að eyða þeirri staðreynd að þessi áhrifamesti þingmaður Alþfl. utan ráðherra er ekki sammála því að Íslendingar eiga að láta sér nægja tvíhliða samning í kjölfar EES. Hann vill beina aðild að EB.

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Orð mín lutu ekki að því hvað einstakir þingmenn láta sér nægja heldur skoðun okkar hóps varðandi tvíhliða samning. Ég legg það ekki í vana minn að tala fyrir nokkurn mann eða fyrir hönd einhvers. Í öllum flokkunum eru nokkuð mismunandi sjónarmið um hversu skarpar áherslurnar varðandi t.d. þetta mál skuli vera og ekki óeðlilegt að það gerist líka í okkar hópi og hjá okkar flokki þó hann sé sem betur fer sterklega sameinaður í þessu stóra og mikilvæga máli fyrir þessa þjóð. Hitt hef ég lagt áherslu á að við munum standa eftir með góðan tvíhliða samning. Og

ég hef ekki neina afstöðu til þess hvort aðrir vilja fara aðrar leiðir til að ná annarri niðurstöðu heldur en ég er hér að lýsa.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt að það hefur verið staðfest af fulltrúa Alþfl. í utanrmn., hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, að það er alvarlegur ágreiningur innan Alþfl. um hvort tvíhliða samningur eigi að taka við af EES. Það hefur verið staðfest. Þess vegna m.a. er nú nauðsynlegt að Alþingi álykti í þessum málum. Einmitt af því að þessi ágreiningur er kominn fram og það í flokki hæstv. utanrrh. Ég þakka þess vegna hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að hafa komið inn í umræðuna og sýnt með ummælum sínum að það er mikil þörf á því að taka þessa tillögu sem hér er flutt til afgreiðslu.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjala:

Dýrasjúkdómar, 287. mál, nál. landbn., þskj. 804; brtt. landbn., þskj. 805.

Endurskoðun laga um þjóðleikhús, 468. mál, fsp. ÞÞ, þskj. 810. — [Fundarhlé.]

Innflutningur á björgunarbát, 1. umr.

Frv. samgn., 464. mál. — Þskj. 802.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, HÁ, HBl, HG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, JJ, KHG, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, ÖS.

31 þm. (ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, FrS, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, JÁ, JBH, JónS, KSG, KÁ, MF, ÓRG, RA, RG, SighB, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞÞ) fjarstaddur.

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Frumvarp þetta er flutt af samgn. og fjallar það um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa Slysavarnafélagi Íslands að flytja inn björgunarbát.

Frv. er flutt vegna þess að sá björgunarbátur sem um er að ræða er eldri en svo að innflutningur sé heimill án sérstakra laga frá Alþingi. Ætlun Slysavarnafélags Íslands er að flytja bátinn inn frá Þýskalandi á næstu dögum. Báturinn fæst við mjög lágu verði og er talinn geta þjónað sínu hlutverki hér mjög vel.

Ég vil geta þess að Siglingamálastofnun ríkisins hefur skoðað skipið og segir í bréfi, dags. í dag, að stofnunin geti fyrir sitt leyti fallist á innflutning þessa báts enda liggi fyrir samþykki Alþingis á innflutningi. Einnig að bætt verði úr þeim athugasemdum sem gerðar voru við skoðun og báturinn sé með vottorð flokkunarfélags, það er GL sem mun þýða Germanische Lloyd's. Það liggja líka fyrir upplýsingar um það, að vísu munnlegar, að úr þessum athugasemdum muni þegar verða bætt.

Eins og áður sagði er frv. flutt af samgn. Nefndin stendur öll einhuga að flutningi frv. Það er flutt í samráði við hæstv. samgrh. og með tilliti til þess að frv. er flutt af nefndinni mun ekki verða óskað eftir að því verði vísað til nefndar. Áætlanir Slysavarnafélags Íslands um innflutning á þessu skipi eru með þeim hætti að mjög æskilegt væri að afgreiða þetta frv. sem lög frá Alþingi í þessari viku. Ég leyfi mér fyrir hönd nefndarinnar að óska eftir því við hæstv. forseta að hlutast verði til að málið nái afgreiðslu hv. Alþingis nú þegar í dag.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, JJ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, VE, ÞÞ.

27 þm. (BBj, DO, EH, EgJ, FrS, GuðjG, GuðmS, GunnS, IBA, JGS, JBH, JónS, KSG, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, RG, SighB, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Út af dagskrá voru tekin 3. og 4. mál.

Fundi slitið kl. 1.38 miðdegis.

---

144. FUNDUR

fimmtudaginn 25. mars,
að loknum 143. fundi.

Dagskrá:

1. Innflutningur á björgunarbát, frv., 464. mál, þskj. 802. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

2. Tvíhliða samningur við Evrópubandalagið, þáltill., 303. mál, þskj. 472. — Fyrri umr.

3. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 440. mál, þskj. 749. — Frh. 1. umr.

4. Veiðiheimildir í lögsögu annarra ríkja, þáltill., 267. mál, þskj. 357. — Fyrri umr.

5. Ólympískir hnefaleikar, þáltill., 388. mál, þskj. 682. — Frh. fyrri umr.

Innflutningur á björgunarbát, 2. umr.

Frv. samgn., 464. mál. — Þskj. 802.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, JJ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, VE.

27 þm. (BBj, DO, EH, EgJ, FrS, GuðjG, GuðmS, GunnS, JGS, JBH, JónS, KSG, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, SighB, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞÞ, ÖS) fjarstaddir.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, JJ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, VE.

26 þm. (BBj, DO, EH, EgJ, FrS, GuðjG, GunnS, JGS, JBH, JónS, KSG, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, SighB, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞÞ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EGuðn, EKG, FI, GHH, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, JJ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, VE, ÞÞ.

26 þm. (BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GuðjG, GunnS, JGS, JBH, JónS, KSG, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, SighB, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, JJ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, VE, ÞÞ.

24 þm. (BBj, DO, EH, EgJ, FrS, GuðjG, GunnS, JGS, JBH, JónS, KSG, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, SighB, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Út af dagskrá voru tekin 2.–5. mál.

Fundi slitið kl. 1.42 miðdegis.

---

145. FUNDUR

fimmtudaginn 25. mars,
að loknum 144. fundi.

Dagskrá:

1. Innflutningur á björgunarbát, frv., 464. mál, þskj. 802. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Tvíhliða samningur við Evrópubandalagið, þáltill., 303. mál, þskj. 472. — Frh. fyrri umr.

3. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 440. mál, þskj. 749. — Frh. 1. umr.

4. Veiðiheimildir í lögsögu annarra ríkja, þáltill., 267. mál, þskj. 357. — Fyrri umr.

5. Ólympískir hnefaleikar, þáltill., 388. mál, þskj. 682. — Frh. fyrri umr.

Innflutningur á björgunarbát, 3. umr.

Frv. samgn., 464. mál. — Þskj. 802.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, JJ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, VE, ÞÞ.

25 þm. (ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, FrS, GuðjG, GunnS, JGS, JBH, JónS, KSG, KHG, KÁ, MF, PP, RA, SighB, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, JJ, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, VE, ÞÞ.

22 þm. (ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, FrS, GuðjG, GunnS, JBH, JónS, KSG, KÁ, MF, PP, RA, SighB, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 819).

Tvíhliða samningur við Evrópubandalagið, frh. fyrri umr.

Þáltill. StH og HÁ, 303. mál. — Þskj. 472.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Þegar fundarhlé var gert þá horfðu

mál þannig að kannski væri að vænta talsverðra tíðinda af þessu mikilvæga máli sem hér er flutt og er til umræðu því ég held að það hafi ekki verið neinn misskilningur fólginn í því að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir kvaðst vera sannfærð um að við stöndum uppi með tvíhliða samning — held ég að orðalagið hafi verið — ef framvindan býður upp á það. Þóttu mér það góð tíðindi ef svo væri um hennar flokk og kynnu þá miklar væringar að vera að baki og enn einu sinni reyndu Íslendingar nú að nálgast hver annan í mestu hagsmunamálum þjóðarinnar eins og hér er um að ræða nú. Það er svo sannarlega mín ósk að svo geti farið og ekki skal ég spilla fyrir því með einum hætti eða neinum. Því mun ég stytta mitt mál vegna þess að svo var með ræðu hv. þm. Steingríms Hermannssonar að ég gat út af fyrir sig samþykkt hvert og eitt einasta orð af því sem hann sagði. Hygg ég að við höfum ekki verið eins sammála alla tíð eins og um þetta atriði.

Það var mjög merk ræða sem hann flutti og vel grunduð. Og hv. þm., sem ekki voru hér því hér var þunnskipað, ættu að kynna sér hana og vita hvort þar er ekki kannski að skapast einhver sá grundvöllur sem við gætum sameinast um, ekki um hverja setningu eða hvert orð að sjálfsögðu, heldur ekki endilega um orðalag þáltill. sem til umræðu er og ég er hlynntur efnislega. Þess er ekki að vænta að menn samþykki allt umræðulaust, enda nægur tími til að ræða ítarlega um málin.

Þess er að gæta að það hefur lengst af verið — í þessum EES-málum eins og þau nú eru kölluð — á hinu háa Alþingi verið furðumikið samkomulag og þá minni ég á því að það er fljótt að gleymast að Alþingi hefur gefið út bókina Ísland og Evrópa sem Evrópustefnunefnd sendi frá sér í lok starfa sinna en hún var valin af Alþingi 11. maí 1988. Þá ákvað Alþingi að kjósa nefnd um stefnu Íslands gagnvart Evrópubandalaginu. Þessi nefnd var gjarnan kölluð Evrópustefnunefnd. En um tilurð hennar stendur hér í formálsorðum sem ég undirrita sem formaður nefndarinnar þann 6. des. 1990:

„Alþingi ályktar að kjósa hlutbundinni kosningu nefnd níu alþingismanna til þess að taka til sérstakrar athugunar þá þróun sem fyrir dyrum stendur í Evrópu, einkanlega með tilliti til ákvörðunar Evrópubandalagsins um sameiginlegan innri markað.

Nefndin skal kanna áhrif þessara ákvarðana og líklegrar þróunar í Evrópu á íslenskt efnahagslíf og meta þær leiðir sem álitlegastar eru til þess að laga íslenskt efnahags- og atvinnulíf að þeim breytingum sem fram undan eru. Í starfi sínu skal nefndin hafa samráð við samtök atvinnulífsins. Nefndin skal skila skýrslu um athuganir sínar og tillögur fyrir 1. apríl 1989."

Þessi skýrsla kom að vísu nokkru seinna en í lok þeirrar skýrslu gera nefndarmenn grein fyrir afstöðu sinni og sinna flokka og merkast er upphafið. Upplagið er til af þessu riti enn þá, eitthvað af því og það væri gott að menn kynntu sér það en í upphafi segir, í tölulið 1. Fyrirsögn:

„Aðild að Evrópubandalaginu er ekki á dagskrá. Enginn íslensku stjórnmálaflokkanna hefur á stefnuskrá sinni aðild að Evrópubandalaginu. Sumir flokkanna orða það svo í stefnuskrám sínum og samþykktum að umsókn um aðild sé ekki a dagskrá. Aðrir kveða svo að orði að aðild komi ekki til greina."

Út frá þessu hefur nú verið gengið fram á þennan dag að aðild að Evrópubandalaginu kæmi ekki til greina. Ég veit að þær raddir heyrast að svo kynni að fara að við gerðumst aðilar að Evrópubandalaginu. Ég held þó að það séu fáir sem beinlínis óski eftir því og rökstuðning vantar þá fyrir því hvernig það mætti gerast. Ég vænti þess vegna að svo verði ekki og ég veit að staða okkar er góð ef við leitum eftir tvíhliða samningum við Evrópubandalagið. Það hefur margsinnis á það reynt, t.d. þar sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði um Andriessen og sjálfur heyrði ég Henning Christophersen segja að það hallaði á Evrópubandalagið í viðskiptum við Íslendinga þar sem við hefðum opnað okkar markaði fyrir tollfrjálsum iðnvarningi þeirra en hins vegar hefðu þeir gersamlega svikist um að afnema tolla á saltfiski, t.d. þegar Spánn, Portúgal og Grikkland gerðust aðilar að bandalaginu. Og þar ættum við réttar að gæta og ættum að sækja hann. Hann beinlínis skoraði á okkur sem þar vorum sem vorum allir nefndarmenn í Evrópustefnunefndinni að fylgja því máli fram. Það hefur því miður ekki verið gert. Ég ætla ekki að rifja það upp hvers vegna það hefur verið látið undir höfuð leggjast að framfylgja okkar rétti á þann veg sem okkur ber og þess vegna skal ég leiða það hjá mér og frekari umræðu um málið í heild sinni. Við getum ekki lengur beðið með það að knýja á um tvíhliða viðræðurnar eins og þáltill. bendir á og þess vegna endurtek ég að ég styð tillöguna, efnislega í öllu falli, en legg áherslu á það að einskis verði látið ófreistað að sætta menn hér frekar en vera með einhverjarýfingar.

Þar að auki var það svo sem er kannski gaman að benda hér á, ég veit ekki hvort það hefur verið gert áður úr þessum stól, að t.d. á hafréttarráðstefnunni, sem mér var nú mjög annt um og hef oft nefnt að góðu því að þar unnum við okkar stærstu sigra, var talað um „rule of silence" eða þagnarregluna. Það var ætlast til þess ef menn voru sammála síðasta ræðumanni, þá væru þeir ekki að endurtaka hans rök. Það voru fulltrúar 150 ríkja sem þurftu að tala, menn þurftu auðvitað að senda sína ræðustúfa heim og afstöðu heim til sín, embættismennirnir, til þess að fullnægja stjórnmálamönnunum eins og við vitum og allir þurftu þess vegna að tala. Ráðstefnan stóð nú samt í ein 11 ár eða eitthvað svoleiðis, en henni hefði líklega aldrei lokið ef þessi regla hefði ekki einmitt verið. Reglan var ósköp einföld. Hún var að tala ekki nema maður hefði eitthvað að segja og þá aðeins að gefa merki um það að maður væru sammála því sem áður hefði verið sagt í umræðunum.

Ég held að ég ljúki þessu líka með því að endurtaka það að ég styð allt það sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði og ég vona að fleiri geri það og kannski allir geti samþykkt þann merg málsins sem þar var ræddur.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem hér er til umræðu og hv. þm. Steingrímur Hermannsson hefur þegar gert grein fyrir, fjallar m.a. um mat á því hver er staða okkar Íslendinga nú í Evrópu og hvaða skref við eigum að stíga til þess að ná viðunandi samningum um okkar mál til framtíðar, alla vega eitthvað inn í framtíðina eins og við sjáum þróunina.

Það er staðreynd að allar hinar EFTA-þjóðirnar hafa sótt um aðild að Efnahagsbandalaginu. Aðildarumsókn Svíþjóðar og Finnlands hefur þegar hlotið samþykki framkvæmdastjórnarinnar og í gær kom jákvæð umsögn um umsókn Noregs og gert ráð fyrir því að samningaviðræður hefjist fljótlega og það sama mun eiga við um Austurríki.

Að því er varðar Sviss, þá er það ljóst að það land er í mjög erfiðri stöðu um þessar mundir og er hætta á að þeir muni að einhverju leyti einangrast eða eru a.m.k. mjög hræddir um það og því er líklegt að þeirra útleið verði sú að sækja um aðild að Efnahagsbandalaginu á einhverju stigi máls því að það er vart hægt að reikna með því að héðan af verði þeir aðilar að Evrópsku efnahagssvæði nema þá menn geri ráð fyrir því að Evrópskt efnahagssvæði sé komið til að vera og eigi fyrir sér langa framtíð.

Ég er þeirrar skoðunar að menn þurfi að meta það kalt og rólega hvort EFTA eigi í sjálfu sér einhverja framtíð fyrir sér. Ég held að það sé alveg ljóst ef ríkin Finnland, Svíþjóð, Noregur og Austurríki ganga í Efnahagsbandalagið og jafnvel Sviss líka, þá muni EFTA eiga litla sem enga framtíð fyrir sér. Það hafa komið upp um það raddir að fleiri þjóðir Austur-Evrópu gangi í EFTA, en ég tel það ekki samrýmast hagsmunum okkar Íslendinga að opna fyrir inngöngu fleiri þjóða vegna þess að við eigum miklu minni sameiginlega hagsmuni með þeim en hinum EFTA-þjóðunum sem nú munu e.t.v. ganga fljótlega í Efnahagsbandalagið. Ef Sviss verður áfram EFTA-land og gengur ekki í EB sem ég tel nú fremur ólíklegt að muni gerast, þá er það ljóst að við eigum ekki mjög mikla sameiginlega hagsmuni með því landi þótt við höfum átt við þá vinsamleg samskipti og nokkur viðskipti.

Það er á þessu stigi afar erfitt að meta það hvort af því verður að hin Norðurlöndin gangi inn í Efnahagsbandalagið. Þó er það mat manna að Finnland ætli sér að ganga inn og það muni ekkert standa í vegi fyrir því að svo muni verða. Þetta er að sjálfsögðu ekkert einróma mat í því landi, en margir telja líklegt að þeir atburðir sem nú eiga sér stað í Evrópu, ekki síst í Rússlandi, verði til þess að herða þá í því að ná þessari niðurstöðu. Það er jafnframt líklegt að þeir miklu efnahagserfiðleikar sem þar eru munu ekki draga úr vilja þeirra til að ganga í Efnahagsbandalagið heldur þvert á móti auka hann. Í framhaldi af því er ekki ólíklegt að Svíþjóð muni ganga inn, en þótt óvissan sé mikil að því er varðar Noreg, þá er miklu líklegra að Noregur gangi inn í Efnahagsbandalagið að því gefnu að Finnland og Svíþjóð hafi komist að þeirri niðurstöðu.

Það er áreiðanlegt að mikil óvissa ríkir í þessum málum um þessar mundir og því ekki alveg auðvelt að meta stöðuna. Þjóðaratkvæðagreiðslan sem er fram undan í Danmörku um Maastricht-samkomulagið 18. maí er afar mikilvæg. Hún er mikilvæg vegna þess að ef Danir munu þá fella samkomulagið einu sinni enn, þá mun koma mikill hægagangur í aðildarviðræður og það er jafnframt mat manna að við það mundi hægja mjög á umræðunum um Evrópskt efnahagssvæði og þeirri framvindu seinka. Og það er jafnframt talið að felli Danir samkomulagið, þá muni verða enn lengra í það að Bretar muni samþykkja það. Það er jafnframt ljóst að það eru miklar umræður sem eiga sér stað í Englandi um þetta mál en flestir telja þó að eftir að þær umræður eru yfirstaðnar og ef kosningarnar í Danmörku fara á þann veg að samkomulagið verði samþykkt, þá muni Bretar trúlega samþykkja það síðar á þessu ári. Um þetta er hins vegar ekkert hægt að fullyrða, en við Íslendingar hljótum að meta okkar stöðu í þessu ljósi og stíga þau skref sem við teljum nauðsynleg til að tryggja okkar stöðu sem best í þeim miklu hræringum sem nú eiga sér stað í Evrópu.

Ég er þeirrar skoðunar að framtíð EFTA sé afar ótrygg og það beri að viðurkenna þá staðreynd og það beri að viðurkenna hana m.a. með því að fara þess nú þegar á leit við Evrópubandalagið að það verði teknar upp tvíhliða viðræður milli Íslands og Evrópubandalagsins um framtíð Íslands í samskiptum við bandalagið. Ég hef heyrt það haft eftir hæstv. utanrrh. að hann hafi sagt við þessar umræður að þessi tillaga væri hættuleg. Ég heyrði ekki nákvæmt orðalag hæstv. utanrrh. í þessu sambandi en þessi ummæli koma mér afar mikið á óvart ef þau eru rétt eftir höfð því að ég hélt að það væri mjög mikilvægt á þessu stigi að menn reyndu að ná sem bestri samstöðu um það hver væri stefna okkar Íslendinga í þessum samskiptum. Og þar eru að mínu mati aðeins tvær leiðir sem koma til greina. Það er í fyrsta lagi að biðja um viðræður um aðild Íslands að EB og ef það stendur til, þá held ég að sé best fyrir ríkisstjórnina að gera það sem fyrst ef hún ætlar sér það sem ég er andvígur og ég hef skilið það þannig hingað til að vilji ríkisstjórnarinnar standi alls ekki til þess. Það er mikilvægt að fá það staðfest í þessum umræðum að þar sé engin beyting á.

Þá hljótum við að spyrja í framhaldi af því ef það er ekki vilji ríkisstjórnarinnar og hún staðfestir það að það er ekki ætlan hennar að biðja um viðræður um aðild Íslands að Evrópubandalaginu, þá er það skylda hennar að koma fram með skýra stefnu í málinu og leita samstöðu um það hér á Alþingi. Því miður er það svo að það hefur afar lítið heyrst frá ríkisstjórninni um þetta mál. Hún hefur e.t.v. af eðlilegum ástæðum verið upptekin af því að koma hér í gegn á Alþingi aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu sem er vissulega skiljanlegt, en það er jafnframt mikilvægt að í því máli öllu ríki ákveðin framtíðarsýn og það er ljóst að m.a. vegna þess að sú framtíðarsýn hefur ekki verið nægilega skýr, þá hefur samstaða um málið verið minni en annars hefði getað orðið. Það hefur vakað í máli sumra sem styðja hæstv. ríkisstjórn að þeir séu þeirrar skoðunar að það beri að stefna að aðildarviðræðum. Ég tel því afar mikilvægt að þetta mál sé tekið fyrir af fullri

alvöru og því sinnt að samræma skoðanir á Alþingi og koma þeim vilja á framfæri við forustumenn Efnahagsbandalagsins. Ég hef trú á því að slíkri beiðni yrði vel tekið og hef fulla ástæðu til að ætla það. Ég er ekki með því að segja að það yrði samþykkt af hálfu EB að slíkar viðræður yrðu teknar upp nú þegar vegna þess að það er ekki ólíklegt að þeir telji sig of upptekna af viðræðum við þær þjóðir sem nú eru að biðja um aðild. Það er hins vegar mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að fylgjast vel með þeim viðræðum og þeim samningsatriðum sem þar verða tekin upp og væri að sjálfsögðu þýðingarmikið ef við gætum hafið viðræður við EB sem allra fyrst í þeim tilgangi að ljúka a.m.k. könnunarviðræðum og stöðumati sem allra fyrst.

Ég tel það vera mjög mikilvægt bæði fyrir Efnahagsbandalagið og hinar EFTA-þjóðirnar að reyna að átta sig sem fyrst á því hvað menn ætla sér með Evrópska efnahagssvæðið ef flestar þjóðirnar ganga inn. Ég held að það hljóti að liggja alveg fyrir að það verður of kostnaðarsamt að halda uppi því stofnanaverki sem þar hefur verið komið á fót og það hlýtur að vera hagsmunamál beggja aðila að draga úr því ef svo fer. Og það er jafnframt mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að ná fram betri samningum á ýmsum sviðum og þess vegna hlýtur það að vera mikilvægt fyrir okkur að fygjast sem best með því sem fer fram á næstunni.

Það liggur alveg ljóst fyrir að það eru ýmis vandamál uppi í samningunum við Noreg, Svíþjóð og Finnland og þá ekki síst við Noreg. Það eru mál sem snerta landbúnað, byggðamál, sjávarútveg, olíu svo að eitthvað sé nefnt. Sum þessara mála eru okkur þýðingarmikil, ekki síst fiskveiðimálin, betri aðgangur að mörkuðum en við höfum nú þegar fengið og e.t.v. samvinna á sviði byggðamála við Efnahagsbandalagið. Ég hlýt því að gera mér þær vonir að þessari tillögu verði vel tekið og henni verði tekið með þeim hætti að þar felist vilji til að reyna að ná sem bestri samstöðu um framtíðarstefnu Íslands í þessum málum. Sá vilji hefur komið fram í máli margra þingmanna í þessari umræðu og ég vænti þess að hæstv. ríkisstjórn leggi sitt fram til þess að svo megi verða. Það hlýtur að vera mikill styrkur fyrir Íslendinga ef hægt er að ná sem breiðastri samstöðu um takmark okkar í þeirri þróun sem nú á sér stað og gæti orðið til þess að við komum mun sterkari til þeirra viðræðna en annars hefði orðið. Ég get ekki skilið það að tillöguflutningur þessi geti á nokkurn hátt skaðað málstað Íslands. Það má vel vera að menn þurfi að meta tímasetningar í þessu sambandi, en ég get ekki séð að það sé ástæða til að draga það. Það eru ákveðnar staðreyndir sem liggja á borðinu og allir vita um og það þjónar hugsanlegri samningsniðurstöðu best að sem fyrst sé gengið til þess verks og menn komi þar fram af fullri einurð og fullri hreinskilni um það sem menn vilja ná fram.

Það er alveg ljóst að þær þjóðir sem nú eru að sækja um aðild að EB hafa komið fram með ákveðnar óskir og ákveðnar kröfur í sambandi við þeirra ætlan og vilja í þeim samningaviðræðum og það er á sama hátt mikilvægt að við Íslendingar setjum fram með skýrum hætti það sem við viljum ná fram ef svo fer sem horfir. Ég tel að okkar staða í því sambandi sé góð, m.a. af þeirri ástæðu að það hlýtur að þjóna tilgangi og hagsmunum mótaðilans að draga úr því stofnanaverki sem nú stendur til að koma á fót þegar Evrópskt efnahagssvæði tekur til starfa. Ég lít á það sem staðreynd sem hægt sé að ganga út frá að það muni verða úr því ef niðurstaða kosninganna í Danmörku verður á þá leið að samkomulagið um Maastricht verður þar samþykkt. Ef svo verður ekki, þá á ég von á að því muni seinka en eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið bestar, þá sé líklegt að enda þótt samningurinn gangi ekki í gildi 1. júlí, þá séu mjög miklar líkur til þess að það geti gerst 1. okt. þótt þar sé vissulega heldur engin vissa.

Í ljósi allra þessara hræringa tel ég mikilvægt að við komumst að sameiginlegri niðurstöðu um það hvert beri að stefna og ég hélt satt best að segja að hæstv. ríkisstjórn mundi reyna að leggja sig fram í þeim efnum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Löngum hefur það orðið mönnum að ágreiningsefni á Alþingi hvort gæfulegra væri að reyna að haga samskiptum við Evrópubandalagið með tvíhliða samningum eða ekki. Á 9. áratugnum reyndu allar ríkisstjórnir á Íslandi að bæta markaðshlutdeild Íslendinga í tvíhliða samningum, bókun 6, en það bar engan árangur. Við rákum okkur á vegg. Veggurinn var fiskveiðistefna Evrópubandalagsins sem sagði: Þið fáið ekki bættan markaðsaðgang, lækkun tolla, nema með því að gefa veiðiheimildir jafngildar í móti. Menn höfnuðu því. Minnugir þessarar reynslu þá er það svo, að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, sem mótaði EES-samningana í upphafi, hafnaði tvíhliða leiðinni og greip tækifærið þegar þess gafst kostur að fara í fjölþjóðlega samninga með hinum EFTA-ríkjunum. Nú liggur niðurstaðan fyrir. Niðurstaðan skilaði góðum árangri, við náðum góðri samningsniðurstöðu, miklu betri tel ég en nokkur von var til að fá í tvíhliða samningum og miklum betri en við náðum nokkurn tíma í tvíhliða samningum.

Nú er spurningin um það hvaða óvissa sé fram undan í samskiptum okkar við EB. Hún er þessi: Verða EES-samningarnir framkvæmdir, ná þeir gildistöku? Ef þeir ná gildistöku, þá hefur þessari óvissu verið eytt svona til næstu ára. En þeir eru ekki varanlegir. Og þá segja menn: Er ekki rétt að fara að huga að því hvað tæki við ef EFTA-ríkin hin gerast aðilar að EB? Hver verður þá hlutur okkar með þennan EES-samning? Ég er búinn að segja það svo oft í þessum umræðum að gefnu tilefni að við höfum auðvitað þegar rætt það við forsvarsmenn Evrópubandalagsins með formlegum hætti, ekki í samningaviðræðum heldur í viðræðum fjórum sinnum. Við utanríkisráðherra EB, við þá utanríkisráðherra sem gegnt hafa formennsku og við hinn nýja utanríkisráðherra EB og niðurstaðan er alltaf hin sama. (**Forseti:** Tíminn er búinn.) Menn segja: Það er ekki tímabært að taka upp samningaviðræður um það núna fyrr en EES-samningurinn liggur fyrir og það

liggur fyrir hvort hann gengur í gildi.

Annað. Við lítum hins vegar svo á að þessi fjölþjóðasamningur breytist af sjálfu er í tvíhliða samning, ef hin EFTA-ríkin ganga í Evrópubandalagið. (**Forseti:** Tíminn er búinn.) Þá er eftir bara eitt verkefni: Það er að semja af okkar hálfu um eftirlitsþáttinn vegna þess að ef EFTA leggst af, þá leggst af dómstóll og eftirlitsstofnun. Um þetta eru allir menn sammála. Það eina sem er um þetta að segja er það að enn er nokkur óvissa hvort EES gengur í gildi og hvað tekur við, hversu lengi verður það. (**Forseti:** Tíminn er búinn.) Og út af fyrir sig er enginn ósammála því, en niðurstaðan verður þá væntanlega að samningurinn breytist yfir í tvíhliða form. Hvenær það gerist, það vitum við ekki.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. utanrrh. upplýsti hér að hann hefði oft rætt þetta mál við forustumenn Efnahagsbandalagsins og þá met ég það svo að hann hafi ekki talið mjög hættulegt að gera það og fagna ég því. Það er hins vegar mikill munur á því hvort það er gert með þeim hætti eða það er beðið um það formlega og í því felist mat Íslands á því að EFTA eigi ekki framtíð fyrir sér. Það er vissulega alveg rétt að það er óvissa um það hvort EES-samningurinn gengur í gildi. Hins vegar teldi ég nú ástæðu fyrir hæstv. utanrrh. að hafa meiri trú á því en hér kom fram.

Hins vegar er ég ekki sammála því mati hæstv. utanrrh. að þetta muni bara gerast sjálfkrafa og það þurfi ekki að hafa neinar sérstakar áhyggjur af því. Er ekki ástæða til þess, hæstv. utanrrh., fyrir okkur Íslendinga að fara fram á breytingar í ýmsum efnum að því er varðar EES-samninginn okkur í hag þannig að væntanlegur tvíhliða samningur milli okkar og EB verði okkur hagstæðari? Ég leyfi mér að vona að ég hafi þá misskilið hæstv. utanrrh. þegar hann sagði að þetta muni bara gerast sjálfkrafa og eftirlitsstofnunin og dómstóllinn sem varla geta gengið undir því nafni að það sé um dómstól að ræða, það muni leggjast af og allt annað verði óbreytt. Það er ekki fullnægjandi niðurstaða fyrir okkur Íslendinga og þess vegna þurfum við að skilgreina það nú þegar hvað það er sem við ætlum að fara fram á í slíkum viðræðum og það þarf alllangan undirbúningstíma. Ég reikna ekki með því að þetta geti gerst í næsta mánuði og þess vegna þarf að undirbúa það nú þegar.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru nú ekki stór ágreiningsmálin milli okkar ef þau eru þá nokkur. Spurningin er: Hvenær væri tímabært að fara þess á leit við Evrópubandalagið að taka upp formlegar samningaviðræður um viðskiptaþátt EES-samningsins og form hans eftir að hin EFTA-ríkin væru öll komin inn í EB? Hvenær væri það tímabært? Mitt svar við því er þetta: Það er ekki tímabært meðan óvissa er enn ríkjandi um hvort EES-samningurinn nær gildistöku. Meðan sú óvissa er fyrir hendi, er ekki um neitt að semja á grundvelli viðskiptaþáttar EES. Það er nú það fyrsta.

Annað. Það er rétt sem hv. þm. sagði. Hann misskildi að þetta gerðist með sjálfkrafa hætti eða að ég teldi að þetta gerðist sjálfkrafa. Það gerir það ekki. Það sem gerist er hins vegar að einn þátt hinna fjölþjóðlegu EES-samninga, þ.e. stofnanaþáttinn, eftirlit og lausn deilumála, þarf að taka upp aftur. Og af því að tillagan hérna er um það að taka þetta upp til viðræðna, þá hef ég sagt:

Í fyrsta lagi. Undirbúningur þessa máls er ekki aðeins hafinn, honum er lokið. Honum lauk þegar EES-samningnum var lokið. En að taka upp viðræður um það, það höfum við gert. Það er um það bil ár frá því að við tókum upp viðræður um það hvað tæki við eftir að hin EFTA-ríkin væru hugsanlega komin inn í EB. Um það liggja fyrir fundargerðir. Sameiginleg niðurstaða er sú að báðir aðilar telja að það sem við taki væri að Ísland mundi væntanlega halda réttindum sínum og skuldbindingum samkvæmt EES-samningnum, en þarf náttúrlega að fá það staðfest.

Í annan stað. Það þarf að semja upp á nýtt um stofnanaþáttinn. Hvenær er tímabært að taka þetta upp? Því hef ég þegar svarað. Alla vega ekki fyrr en EES-samningurinn hefur tekið gildi.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er greinilega ágreiningur milli mín og utanrrh. um það hvenær þetta er tímabært. Ég tel að það sé tímabært nú þegar. Það eru hafnar aðildarviðræður annarra EFTA-þjóða við EB þrátt fyrir óvissuna um Evrópska efnahagssvæðið og það er alveg ljóst að hverju þau lönd stefna og þessar viðræður eru að hefjast. Ef það er ljóst, hæstv. utanrrh., að það stendur ekki til af hálfu Íslands að sækja um aðild að Efnahagsbandalaginu og það er ásetningur Íslands að ná tvíhliða samningi við Evrópubandalagið, þá er það alveg jafntímabært fyrir okkur að taka upp slíkar viðræður og það er tímabært fyrir hina að biðja um viðræður um aðild að Efnahagsbandalaginu.

Ég tel að sá samningur sem við höfum náð sé okkur hagstæður í mörgu en í öðrum atriðum okkur óhagstæður og það hlýtur að þurfa að undirbúa breytingar okkur í hag mjög vel. Hæstv. utanrrh. hefur hér upplýst að þessum undirbúningi sé nú þegar lokið og það sé allt klárt í sambandi við málið. Ég leyfi mér þá að spyrja í hverju sá undirbúningur felst og hver eru þau atriði sem ríkisstjórn Íslands ætlar að setja fram ef til þess kemur og hvort hægt sé að fá upplýsingar um þann undirbúning og greinargerðir um hann. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að hæstv. utanrrh. hafi staðið fyrir slíkum undirbúningi og þess vegna tel ég mjög mikilvægt að fá aðgang að þeim skjölum.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þessi tillaga sem hér er rædd var fram komin af hálfu Framsfl. á því stigi þegar samningaviðræðurnar um EES voru í fullum gangi og reyndar búið að ganga frá samningi og endurspegla þörfina af þeirra hálfu til þess að veifa einhverju tré í þeim ágreiningi sem verið hefur í flokknum um af-

stöðuna til Evrópsks efnahagssvæðis. Það væri betur að menn hefðu tekið það sem stefnu fyrir nokkrum árum síðan að láta lokið viðræðum um þátttöku í Evrópsku efnahagssvæði og hefja kröfuna um tvíhliða samninga við Evrópubandalagið sem var auðvitað sjálfsagður kostur og sem t.d. Alþb. margoft gerði að sinni tillögu, m.a. í nóvember 1989. Og ég vil spyrja hv. þm. að því hvort hann óttist ekki að viðræður undir forustu núv. stjórnarflokka um samskipti okkar við Evrópubandalagið yrðu ekki notaðar til þess af þeim öflum hér á Alþingi og innan ríkisstjórnar sem í raun stefna að beinni aðild að Evrópubandalaginu til þess að taka það mál á dagskrá og leitast við að knýja fram afstöðu um það að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Það er sú þróun sem er í gangi, það er það sem mun koma í framhaldi af EES-samningi ef hann verður gerður. Ég held að Evrópskt efnahagssvæði, ef sá samningur verður gerður, muni standa um nokkurt skeið, ekki bara í eitt eða tvö ár vegna þess að ég tel engar líkur á því að hin Norðurlöndin, a.m.k. ekki Noregur, komist inn í Evrópubandalagið vegna andstöðu þar í landi og ég gæti trúað að það sama yrði uppi á teningnum að því er varðar Svíþjóð og Finnland og þá stæði EES samkvæmt samningi um eitthvert skeið.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil nú biðja hv. 4. þm. Austurl. að vera ekki að hafa svona óskaplegar áhyggjur af því sem hann kallar ágreining í Framsfl. Ég held að það sé nú best fyrir hv. þm. að hafa þá meiri áhyggjur af sinni eigin afstöðu í málinu. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég hef ekki alveg skilið það hvernig hann vill nálgast niðurstöðu í samningum við Efnahagsbandalagið. Ég geri mér alveg grein fyrir því að það er ekki nóg að segja: Við viljum tvíhliða samninga. Það er ekki þar með sagt að það sé komin niðurstaða með þeim hætti sem við teldum best vera og það mál var gert upp í tíð síðustu ríkisstjórnar. Það er rétt hjá hæstv. utanrrh. að það var mat allra ráðherra í þeirri ríkisstjórn að það væri skynsamlegra að reyna að ná niðurstöðu í gegnum samningana um Evrópskt efnahagssvæði. En síðan skilja að sjálfsögðu leiðir hvað menn vilja að taki svo við, hvort það er aðild að Efnahagsbandalaginu eða tvíhliða samningar við EB í framhaldi af því. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spyr að því hvort þessum mönnum sé treystandi. Það má vel vera rétt hjá honum að þeim sé ekki fyllilega treystandi, en það er einmitt tilgangurinn með þessari tillögu að gera tilraun til þess að skapa breiða samstöðu á Alþingi um vilja í þessu máli. Ég heyri að það er erfitt að ná samstöðu um það mál við hv. þm. Hjörleif Guttormsson. En ég vænti þess hins vegar að það sé hægt að ná samstöðu um það við flesta aðra alþingismenn á Alþingi.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ábyrgð þeirra þingmanna á Alþingi sem hafa greitt götu samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, þar á meðal 6 þm. úr Framsfl., er vissulega mjög mikil. Ég hef hins vegar ekki orðið var við að þessi samningur nyti stuðnings meiri hluta þingflokksins, það var minni hluti sem greiddi götu samningsins í janúarmánuði, að vísu ekki hinnar endanlegu lögfestingar. Ég verð að segja að spurningin um samninga við Evrópubandalagið þar sem við stæðum utan við EES og utan við EB reynir að sjálfsögðu á þolgæði og stefnufestu. En það er ekki í kaup takandi að fara inn í Evrópskt efnahagssvæði og binda sig þeim böndum sem í því felast til þess að eiga einhverja samningsstöðu síðan á grundvelli þess. Að mínu mati er það allt of dýru verði keypt. Þar fyrir utan blasir það svo við að æ fleiri þingmenn koma úr kafinu á Alþingi sem vilja ganga alla leið. Auðvitað verður það málið hér mjög innan skamms að elta hin Norðurlöndin sem vonandi fara þó ekki inn í bili, inn í Evrópubandalagið, vera þeim samferða í samningaviðræðum og það er ekki mjög glæsilegt sem þar blasir við Norðmönnum, Svíum og Finnum núna eftir að samningsstaðan, svokölluð „avi", er komin frá Brussel í þeim efnum. Ég harma það að Framsfl. að hluta til skuli skipa sér í þá sveit og skapa þá hættu sem er á því að Ísland verði keyrt inn í Evrópubandalagið á næstu árum.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég heyri það á hv. þm. að hann telur hættuna vera svo mikla og hann sé svo hræddur í þessu máli að það sé best að hreyfa sig hvergi og sitja bara heima og breiða upp fyrir haus. Það er út af fyrir sig afstaða en ég tel að það sé mjög hættulegt íslenskri þjóð að hafa slíka afstöðu og vera svo hræddur við hvert einasta skref sem menn taka að það er næstum því að menn þora ekki einu sinni að tala við menn. (**HG:** Hvernig fór með formanninn, formann flokksins?) Ég bið hv. þm. að hafa áhyggjur af sínum eigin flokki og vera ekki með þessar sífelldu áhyggjur af Kvennalistanum og Framsfl. Það er að vísu mjög ánægjulegt að þingmaðurinn skuli bera svona mikla umhyggju fyrir þessum flokkum en ég lofa mér að efast um það að sú umhyggja sem hann fer með á Alþingi sé mjög einlæg. Ég tel það vera miklu mikilvægara að hann reyni þá að skapa samstöðu í sínum eigin flokki því ég hef ekki skilið formann Alþb. með þeim hætti að hann telji það vera best að breiða yfir haus í þessu máli og hreyfa sig hvergi. Ég man ekki betur en að allir ráðherrar Alþb. hafi staðið að því á sínum tíma að ganga til samninganna um Evrópskt efnahagssvæði og það gerðu þeir og töldu það þjóna íslenskum hagsmunum. En ég man það jafnframt að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson taldi það hættulegt skref. Um það var samstaða en það er ekki sama að menn hafi þá hið sama mat og á niðurstöðunni að því er varðar Evrópskt efnahagssvæði. En þrátt fyrir þetta vænti ég þess að menn geti náð um það samstöðu að biðja um slíkar tvíhliða viðræður og það er mikilvægt að sem flestir geti staðið að því.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Það er orðið nokkuð langt um liðið síðan þessi tillaga var lögð fram á þingi en engu

að síður þá á hún fullt erindi og enn full ástæða til þess að ræða hana, forsendur hafa ekki breyst með þeim hætti að ekki sé ástæða til þess. Ég vil fagna þessari tillögu vegna þess að ég tel að hún ætti að gefa okkur þingmönnum möguleika á því að ræða um stöðu Íslands í Evrópu og framtíðarþróun þessara mála án þess að við séum sífellt að troða marvaðann í kringum einstök atriði í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði sem ég held að sé orðin afskaplega ófrjó umræða hér á þingi, svo ekki sé meira sagt, en að þetta gefi okkur svolítið tækifæri til þess að horfa fram á veginn og vega og meta stöðuna eins og hún er núna.

Ekki alls fyrir löngu var sýndur í sjónvarpinu þáttur um bresku konungsfjölskylduna. Þar var vitnað í ræðu sem Elísabet Englandsdrottning hélt nýverið og sagði að sl. ár hefði verið hræðilegt ár í sínu lífi og kallaði það „annus horriblis" og ég held að það megi að ýmsu leyti segja það sama um Evrópubandalagið að sl. ár hafi verið „annus horriblis" hjá Evrópubandalaginu vegna þess að þá sáu menn allar þrjár stoðir Maastricht-samkomulagsins í rauninni riða til falls. Gengissamstarfið varð fyrir miklu áfalli og eins og menn eflaust muna með gengisfellingu margra gjaldmiðla og því að gjaldmiðlar voru teknir út úr þessu gengissamstarfi og það er fátt sem bendir til þess núna að myntbandalagið verði að veruleika áður en þessari öld lýkur. Þá beið utanríkisstefna bandalagsins líka mikinn hnekki þar sem í ljós kom vanhæfni Evrópubandalagsins til að stilla til friðar í ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu þar sem þeir ætluðu sér allnokkurn hlut. Í þriðja lagi má segja að spurningin um hið pólitíska bandalag hafi beðið mikinn hnekki í þjóðaratkvæðagreiðslunni í Danmörku þar sem það var fellt og raunar líka þó það hafi verið samþykkt með tæpum meiri hluta í Frakklandi þá er engu að síður ljóst að það er stór hluti Frakka og Breta reyndar líka sem er andsnúinn því að þetta pólitíska samstarf gangi of langt.

Ein af björgunaraðgerðunum sem gripið var til í Evrópubandalaginu af þessum sökum var að flýta fyrir aðildarviðræðunum við Svíþjóð, Austurríki, Finnland og Noreg. Þessi ríki voru öll búin að sækja um aðild og margir spáðu því eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna í Danmörku, eftir nei-ið í Danmörku, og reyndar var það Jacques Delors sem lýsti því yfir að nú yrðu menn að hægja á stækkun bandalagsins og fara að huga betur að því að dýpka það. Hins vegar voru það viðbrögð bæði Kohls og Mitterands að reyna að auka trúverðugleika Maastricht með því að flýta þessum aðildarviðræðum með því að sýna fram á að þessar EFTA-þjóðir væru tilbúnar til að semja sig inn í bandalagið á grundvelli Maastricht. Það átti að sýna Bretum það og Dönum að þarna væru þjóðir tilbúnar til þess að taka allan pakkann.

Ég held reyndar að þessi stefnumörkun hjá Kohl og Mitterand geti orðið skammgóður vermir því andstaðan við aðild að bandalaginu eykst allnokkuð, a.m.k. bæði í Noregi og Finnlandi. Þó við séum yfirleitt sammála um fátt á þingi, ég og hv. 4. þm. Austurl., þá er ég þó sammála honum um það að ég held að EES verði til staðar lengur en menn höfðu ætlað sér í upphafi og ég held að það sé fátt sem bendi til þess að Norðmenn muni samþykkja aðildina að Evrópubandalaginu. Ég held reyndar að það gildi líka um Svía að það geti brugðið til beggja átta með hvort Svíar samþykki aðild að Evrópubandalaginu.

Í Noregi er mjög öflug hreyfing gegn aðildinni og einhvers staðar sá ég það í grein eftir Norðmann sem lýsti því þannig að nálaraugað sem Norðmenn þyrftu að fara í gegnum minnkaði stöðugt en kameldýrið sem ætti síðan að fara í gegn stækkaði þannig að þetta yrði mjög erfitt. Ástæðan fyrir því að andstaðan eykst er auðvitað ekki síst sú sem menn hafa verið að lýsa í ræðum á undanförnum dögum að Evrópubandalagið á í miklum vandræðum. Það er lítill hagvöxtur í bandalaginu, atvinnuleysi hefur sífellt verið að aukast og það er talað núna um að það séu um 18 millj. manna atvinnulausir og slík staða eykur ekki stuðninginn við aðild. Kreppan einskorðast þó auðvitað ekki bara við Evrópubandalagið því við sjáum þessa kreppu líka á Norðurlöndunum öllum, við sjáum hana hér, í Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, þannig að hún einskorðast vissulega ekki við Evrópubandalagið. Núna eru uppi í rauninni alveg skelfilegir spádómar um yfirvofandi atvinnuleysi í Svíþjóð sem menn eru jafnvel að tala um að muni fara upp í 20% áður en langt um líður. En á slíkum krepputímum þá þekkjum við það, það er alkunnugt fyrirbæri, þá óttast fólk breytingar, það veit hvað það hefur, það veit ekki hvað það fær og þó það sem það hefur sé kannski ekki sérlega gott þá engu að síður óttast það breytinguna. Þess vegna held ég að í því kreppuástandi sem núna er séu minnkandi líkur á því að Norðmenn og Svíar og þess vegna Finnar samþykki þessa aðild.

Þá liggur það eiginlega nokkuð ljóst fyrir að Norðmenn munu ekki fá undanþágu frá fiskveiðistefnu bandalagsins, hugsanlega geta þeir fengið einhverjar tímabundnar undanþágur en tæpast nokkrar varanlegar undanþágur. Manni sýnist fátt benda til þess núna að Norðmenn muni samþykkja aðild að bandalaginu. Hvað Svía varðar þá virðist andstaðan vera öflug þar. Eins og menn muna þá voru það jafnaðarmenn á sínum tíma sem lögðu inn umsókn að bandalaginu en samkvæmt skoðanakönnunum er stuðningur við aðild að bandalaginu afskaplega lítill núna meðal kjósenda jafnaðarmanna í Svíþjóð. Ég sá könnun nýverið sem sýndi það að stuðningur við aðild væri um 20% hjá sænskum jafnaðarmönnum, þ.e. 20% af kjósendum sænska jafnaðarmanna væru ákveðin fylgjandi aðild. Það hafa margir spáð því að Carl Bildt, núverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, muni aldrei fá aðild að bandalaginu samþykkta í Svíþjóð. Hann verði í rauninni að velja á milli ráðherraembættis og EB-aðildar. Eini möguleikinn á því að Svíar samþykki EB-aðild sé að það sé jafnaðarmaður sem sé forsætisráðherra í landinu, það sé eini möguleikinn en hann sé hins vegar ekkert sérlega sterkur. Í Svíþjóð er Evrópuhreyfing eins og í Noregi en Evrópuhreyfingarnar í þessum löndum eru yfirleitt pólitískt nokkuð einlitar og það er bara gömul saga og ný að það er afskaplega erfitt að skapa öfluga hreyfingu, alþýðlega grasrótarhreyfingu til

stuðnings fyrirætlunum valdhafa. Slíkar hreyfingar koma yfirleitt upp sem andóf. Þær ná krafti í gegnum andófið. Þess vegna eru þessar hreyfingar bæði í Noregi og Svíþjóð afskaplega óburðugar að mörgu leyti þó þær hafi miklum fjármunum úr að spila.

Ég held þess vegna að ef samningaviðræðum við bandalagið ljúki 1994, þess vegna í byrjun árs 1995, án þess að Svíar eða Norðmenn fái einhvers konar sérmeðhöndlun, einhverjar varanlegar undanþágur, þá verði aðild felld í þjóðaratkvæðagreiðslu í þessum löndum. Ég held að almenningsálitið sé það andsnúið þessu núna að það verði ekki tími fyrir stjórnvöld í þessum löndum til að hafa slík áhrif á almenningsálitið að það breytist í einhverjum grundvallaratriðum.

En þá komum við að EES-samningnum sem samkvæmt þessu virðist ætla að vera varanlegri hlutur en menn gerðu ráð fyrir. Ég held að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði verði að veruleika þó spurningin standi auðvitað um það hvenær það muni gerast. Mér fannst gæta dálítið mikillar vantrúar hjá hæstv. utanrrh. á það að samningurinn yrði að veruleika og ég vil spyrja ráðherra hvort hann gæti talað aðeins skýrar um það hvaða skoðun hann hafi gildistöku samningsins, hvort það verði núna á þessu ári eða ekki. Mér fannst hann, hvort sem það voru bara handhæg rök í þeim umræðum sem hér fara fram, slá úr og í með gildistöku þessa samnings og mér fannst það vera nokkuð óljóst hjá honum. Ég held að samningurinn verði að veruleika þó það verði tæpast þann 1. júlí. Mér sýnist á öllum þeim gögnum sem maður fær frá EB að þar hafi varla nokkur maður trú á því að samningurinn taki gildi þann 1. júlí.

Spánverjar hafa eins og menn þekkja tengt gildistöku EES-samningsins við Maastricht og því hefur verið mótmælt af ýmsum, ekki síst EFTA-ríkjum sem telja mjög ósanngjarnt af Spánverjum að tengja þetta með þessum hætti, en í rauninni út frá þeirra bæjardyrum séð er það ekkert skrýtið að þeir skuli gera það. Þeir vita sem er að það er norðurhluti Evrópubandalagsins sem leggur talsvert mikla áherslu á það að EES-samningurinn verði gerður við EFTA-ríkin og þar eru auðvitað ekki síst Danirnir og Bretarnir. Og það er einmitt í Danmörku og Bretlandi þar sem Maastricht hefur átt erfiðast uppdráttar og Spánverjar nota það þá væntanlega sem krók á móti bragði að ef Bretar og Danir samþykkja ekki Maastricht þá muni þeir ekki samþykkja samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Þannig að þetta er í rauninni kaup kaups. Ef Maastricht verður ekki samþykkt í Bretlandi og Danmörku þá eru náttúrlega líkurnar að verða minni á því að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið taki gildi. Auðvitað er pólitískt séð ekkert óklókt af Spánverjunum að standa að málum með þessum hætti þó það sé ekki okkur til hagsbóta.

En eins og ég sagði þá held ég að ef allt gengur fram, ef Maastricht verður samþykkt í Bretlandi og Danmörku eins og reyndar flest bendir til núna þó alltaf geti ýmislegt gerst í þessum málum þá verði samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði að veruleika. Og ég held að hin EFTA-ríkin vilji halda í EES, þau muni ekki þora að sleppa EES og vinda sér beint í aðildarviðræður vegna þess að ef aðild að Evrópubandalaginu verður felld í þessum löndum þá hafa þau ekkert til að standa á annað en hina gömlu tvíhliða samninga frá 1972. Svíar segja t.d. að þeirra tvíhliða samningur við EB sé verri heldur en tvíhliða samningur Pólverja við EB og vilja í rauninni ekki standa á þeim samningi nái aðild að EB ekki fram að ganga.

Fyrir þessi ríki er þetta hins vegar nokkuð flókið mál vegna þess að samhliða því sem þau eru að semja um aðild að bandalaginu þá þurfa þau líka að semja um allar þær tilskipanir sem hlaðist hafa upp innan bandalagsins og enn er eftir að ganga frá og varða Evrópska efnahagssvæðið, allt frá 1. ágúst 1991. Sá pakki er allur eftir og á eftir að semja um hann.

En hvort sem EFTA-ríkin gerast aðilar að Efnahagsbandalaginu, fá þá aðild samþykkta heima fyrir eða ekki, þá er alveg ljóst að það er mjög þungur róður fram undan í Evrópubandalaginu og í Evrópu almennt. Ég held að ástandið í Evrópu núna sé mjög eldfimt og að mörgu leyti ekkert mjög ólíkt því sem það var — við getum þess vegna sagt á árunum um 1929–1930 þegar heimskreppan mikla skall á. Mér finnst stundum gæta ákveðinnar léttúðar hjá þingmönnum þegar þeir eru að fjalla um Evrópumálin. Mér finnst eins og menn horfi á Evrópu og þá upplausn sem þar á sér stað sem eins konar sönnun þess að við eigum ekki að tengjast þessu og noti það með dálítið léttúðarfullum hætti í umræðunni. Ég held að hvort sem við værum á Evrópska efnahagssvæðið eða ekki þá fari ekki hjá því að ástand mála í Evrópu og þróunin þar muni hafa gífurleg áhrif hér á landi og við komumst ekkert undan þeim áhrifum, hvað sem líður samningi um Evrópskt efnahagssvæði, þannig að það er auðvitað full ástæða fyrir okkur að hafa talsverðar áhyggjur af þessu og velta þessum málum fyrir okkur. Það er mjög djúp efnahagskreppa í álfunni og mikið atvinnuleysi eins og ég gat um áðan. Það segir kannski sína sögu að um helmingur Frakka, samkvæmd skoðanakönnun, óttast fátækt, óttast það að geta ekki framfleytt fjölskyldu sinni sómasamlega, um helmingur Frakka. Hér hafa menn stundum verið að tala um franska bændur og franska sjómenn og kallað franska sjómenn einhvers konar óróaseggi og haft um það mörg orð. Það sem þessir menn, bændur og sjómenn, í Frakklandi eru að gera er auðvitað að reyna að verja sitt lifibrauð og líka í rauninni að verja sína menningu. Þeim finnst sér ógnað af, t.d. ef við tökum GATT-samninginn, þessu aukna flæði vöru inn á þessa markaði. Þeir vilja í rauninni auka ákveðna verndarstefnu, þeir vilja verja sinn fisk, þeir vilja verja sínar landbúnaðarvörur. Mér finnst því að þeir sem eru mjög andvígir samningnum um Evrópska efnahagssvæðið ættu að skilja þær kröfur sem uppi eru hjá sjómönnum og bændum í Frakklandi vegna þess að þetta er ákveðinn „protectionismi“ sem kemur upp og er skiljanlegur og kannski ættu þessir menn að segja við íslenska bændur og aðrar vinnandi stéttir hérna að þeir ættu að grípa til einhverra svipaðra aðgerða ef þeir vilja í rauninni verja þennan íslenska markað og ef þeir

vilja stóla á litla þjóðlega markaði.

Inn í þetta kemur auðvitað umræðan um GATT vegna þess að bændum í Frakklandi er sérlega uppsigað við GATT og þeir telja að GATT-samningurinn stofni í rauninni landbúnaði í Evrópu í mikla hættu. Þetta er mjög skiljanleg afstaða hjá þeim. Þeir segja: Það eru heilu þorpin í Frakklandi sem eru til sölu vegna þess að það hefur fækkað svo í sveitunum í Frakklandi. GATT miðar auðvitað að því að gera heiminn sem mest að einum markaði, að það verði aukið flæði vöru á þessum markaði og GATT er þess vegna að ýmsu leyti, ef maður hugsar það alveg til enda, meiri ógnun við ýmsar stéttir í þjóðríkjunum en EES-samningurinn ef maður hugsar GATT-samninginn til enda. Samt finnst mér stundum eins og menn stilli GATT upp sem valkosti við Evrópska efnahagssvæðið þegar þessir samningar eru kannski tvær greinar á sama meiði. Nú segi ég þetta ekki til þess að gera lítið úr þeim rökum sem hafa komið fram í þessari umræðu en mér finnst einhvern veginn eins og við stöndum dálítið ráðalaus gagnvart þeirri þróun sem er í heiminum. Við höfum ekki áttað okkur á því, ekkert okkar kannski, hvað við viljum í þessu máli. Viljum við reyna að vernda og hafa litla þjóðlega markaði eða viljum við stækka markaðina og minnka hindranirnar? Að stækka markaði og minnka hindranir hlýtur, eins og málum er háttað í dag og hér hefur oft verið bent á, t.d. að koma niður á umhverfinu. Það hefur verið bent á nákvæmlega það sama varðandi GATT-samninginn og áhrif hans á umhverfið og varðandi samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Flæði vörunnar og það að gera út á vöruframleiðslu og neyslu er að mörgu leyti andstætt umhverfinu. Á móti kemur svo aftur að ef við viljum verja þessa litlu þjóðlegu markaði, þá erum við kannski að loka úti þriðja heims ríki frá þessum ríku mörkuðum og við erum að loka Austur-Evrópu úti frá þessum ríku mörkuðum. Ef við gerum það erum við á mjög hættulegri braut því að það má segja að það sem við þurfum helst að gera fyrir ríki eins og ríki Austur-Evrópu er að opna markaði okkar fyrir vörum frá þessum löndum. Það sé ekki fórn af okkar hálfu heldur vörn.

Ég varpa þessu fram vegna þess að það á alveg jafnt við um mig og aðra sem hér tala að maður veit ekki nákvæmlega hvað maður vill í þessum málum. Maður vill vernd að vissu marki en opnun að öðru leyti án þess að hafa dregið þær markalínur mjög skýrt og án þess að hafa áttað sig mjög skýrt á því hvernig þróun mála verður og hvaða og hvernig áhrif maður vill hafa á þróun mála og hvernig maður vill hafa áhrif á þróun mála.

Eins og ég sagði er djúp efnahagskreppa í álfunni og mikil spenna af þeim sökum og það er ekkert sem bendir sérstaklega til þess að atvinnuástand muni batna. Það er auðvitað ákveðið sprengiefni þegar slík spenna verður og það höfum við séð oftar en einu sinni og oftar en tvisvar í sögunni.

Í öðru lagi má segja að það sem líkist ástandinu í kreppunni fyrir seinni heimsstyrjöld er aukin þjóðernisstefna í álfunni og það má segja að of hröð samruna-þróun í Evrópu geti að ýmsu leyti kynnt undir þá þjóðernisstefnu. Það er einmitt athyglisvert ef maður skoðar nýyfirstaðnar kosningarnar í Frakklandi að í rauninni endurspegla þær kosningar aukna þjóðernisstefnu þegar við sjáum hægri öfgaflokka eins og flokk Le Pen fá 12,7% atkvæða. Þær endurspeglar líka að það er líklegt að það verði aukin verndarstefna í frönskum stjórnmálum á næstu árum. Frambjóðendur þeirra hægri flokka sem þarna fengu meiri hluta boðuðu flestir hverjir aukna verndarstefnu í viðskiptum. Evrópubandalagið var á sínum tíma hugsað til þess að vinna gegn öfgafullri þjóðernisstefnu en bandalagið getur líka í rauninni ýtt undir hana ef samrunaþróunin verður of hröð og ef menn fara fram af ákveðinni fólsku, skulum við segja, og hafa ekki fólkið með sér í þessum málum.

Í þriðja lagi má segja að það sé ákveðin gjá á milli stjórnmálamanna og almennings nú rétt eins og þá. Það er lítill stuðningur hjá almenningi við ríkjandi stefnu í efnahags- og stjórnmálum. Við sjáum það. Það er mjög tvíbent að meiri hluti þjóðanna fylgi stjórnmálamönnunum eftir í þeirri stefnu sem þeir hafa í Evrópumálum. Hins vegar verður það að segjast eins og er að það er líka skortur á valkosti. Öfgasinnuð þjóðernisstefna er enginn raunhæfur valkostur nú frekar en við getum sagt að kommúnisminn hafi verið þá. Auðvitað hoppuðu ýmsir á þessa stefnu þegar í nauðirnar rak en það er ekki, a.m.k. í hugum mjög margra, raunhæfur valkostur.

Í fjórða lagi stöndum við nú eins og þá uppi með ríki í sárum þar sem biturleiki og brostnar vonir einkenna þjóðlífið öðru fremur. Það var Þýskaland þá og má segja að það sé Austur-Evrópa og ríki fyrrverandi Sovétríkjanna núna. Við þessar aðstæður held ég að það sé mjög mikilvægt að styrkja samstarf Evrópuríkja, samstarf sem miðar að því að bæta ástandið í efnahags- og atvinnumálum, stuðla að friði og ná árangri í umhverfismálum. Ég held að EB sé mikilvægt í því sambandi. Það verður ekkert fram hjá því horft að Evrópubandalagið er þarna. Það er staðreynd sem ekki verður fram hjá horft og það getur þjónað mikilvægu hlutverki í því sambandi. Það fer eftir því hvernig það er notað þó að það sé vissulega lamað sem stendur. Fólk og flokkar í Evrópubandalaginu eru að velta því fyrir sér hvernig þessi þróun þurfi að verða í framtíðinni. Ég held að mjög margir séu búnir að átta sig á því að það dugir engin andlitslyfting á Evrópubandalagið. Það þarf að hugsa þetta kerfi allt saman upp á nýtt. Ég held að menn hafi áttað sig á því að það gengur einfaldlega ekki að öll ríkin sem aðild eiga að bandalaginu stígi sömu skref á sama tíma. Það sé ekki hægt að hreyfa 12, 16 eða 25 ríki sem hafa mjög ólíkan bakgrunn, menningu og efnahags- og atvinnulíf öll í einu og þess vegna hefur þróast sú hugmynd innan bandalagsins, þó hún njóti að vísu ekki stuðnings þeirra sem þar ráða för enn a.m.k., að það geti þróast í ákveðnum þrepum, það geti verið lagskipt, þannig að öll ríki þurfi ekki að vera stödd á sama stað í kerfinu. Þannig hafa menn t.d. talað um hvort ætti að búa til myntbandalag fimm kjarnaríkja en ekki annarra. Og að

ekki þurfi hugsanlega öll ríki að vera aðilar að öðrum þáttum þessa samstarfs eins og utanríkis- og varnarsamstarfinu.

Þetta eru hugmyndir sem uppi eru í bandalaginu núna. Mér fannst ástæða til þess aðeins að fara yfir það vegna þess að við erum einmitt að skoða tengsl okkar við bandalagið í þeirri umræðu sem hér fer fram.

Eins og ég sagði áðan þá held ég að EES verði staðreynd. Mér finnst a.m.k. að við verðum að ganga út frá því. Ef Maastricht-samkomulagið verður samþykkt í þessum ríkjum bandalagsins, þá verði samningur um Evrópskt efnahagssvæði staðreynd. Ég held að við þurfum þá að þróa þetta samstarf innan Evrópska efnahagssvæðisins út frá okkar íslensku hagsmunum. Það er mín skoðun að út frá núverandi stöðu sé það best gert með tvíhliða samningum eins og hér er reyndar gerð tillaga um. Það má vissulega deila um tímasetninguna, hvenær rétt sé að taka upp beinar viðræður um tvíhliða samning, en það sem mér finnst mikilvægast í þeirri þáltill. sem hér liggur fyrir er að í henni felst sú stefnumörkun að þingið lýsi yfir vilja sínum til þess að viðskiptaþátturinn breytist í tvíhliða samning. Ég held að þegar tillagan kemur til umræðu í utanrmn. verði menn að reyna að vega og meta hvaða tímasetning væri rétt í því sambandi.

Ég held að við hljótum flest hver að vera sammála um að eins og málum háttar núna sé rétt að bíða átekta, athuga hver þróunin verður og láta reyna á samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði en jafnframt, ég vil undirstrika það, fylgjast með aðildarviðræðunum sem eru núna í gangi hjá Norðurlöndunum. Mér finnst í rauninni dálítið furðulegt að menn skuli koma hér upp, og þá á ég auðvitað fyrst og fremst við hv. 4. þm. Austurl., og vera að eyða tíma í að þrasa um EB-aðild og leita að einhverjum laumu-EB-sinnum ef þeir skyldu vera einhvers staðar í kafi og gá hvort ekki sé hægt að fá þá til að skjótast upp á yfirborðið vegna þess að það blasir einfaldlega við að Norðurlandalestin er farin hjá. Þessi ríki eru að byrja samningaviðræður. Við ættum að geta verið blessunarlega laus við það að leggjast í einhverjar deilur um þessi mál á þingi. Einmitt þess vegna ættum við að geta átt sæmilega upplýsta og fordómalausa umræðu án þess að vera að leita að óvinaímyndum í hverju horni.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú með böggum hildar að ég hætti mér inn í þessar þríhliða deilur stjórnarandstöðunnar um tvíhliða tal Framsóknar í Evrópumálum en eftir þessa athyglisverðu ræðu sem við heyrðum hér áðan, sem bar þó a.m.k. vott heiðarlegri íhygli þótt niðurstöður væru ekki endilega fullmótaðar, þá get ég ekki látið hjá líða að gera kannski tvær athugasemdir.

Í fyrsta lagi spurði hv. þm. Ingibjörg Sólrún hvort ég hefði í reynd efasemdir um að Evrópska efnahagssvæðið tæki gildi yfirleitt. Mitt svar er þetta: Nei, ég held að ekki verði aftur snúið. Ég held að það muni að vísu taka gildi en ég treysti mér ekki til að fullyrða hvort það verður á þessu ári. Í fyrsta lagi er ljóst að tregða í þjóðþingum tveggja, þriggja landa er veruleg, ekki síst á Spáni en reyndar ekki bara á Spáni. Í annan stað ef svo fer að Maastricht-samkomulagið verður ekki staðfest, þá mun það hafa víðtækar afleiðingar. Ég held að það hafi fyrst þær afleiðingar að öllum viðræðum um aðildarsamninga við ný aðildarríki verður sópað út af borðinu. Það ætti út af fyrir sig að styrkja EES í sessi. En það verður væntanlega pólitískt uppnám sem mun leiða til þess að gildistakan gæti dregist á langinn.

Ég er því sammála því sem kom fram í ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar og reyndar hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að það er alls ekki hægt að slá því föstu að EES sé að liðast í sundur, að EFTA sé að liðast í sundur og að þessi samningur um Evrópskt efnahagssvæði muni fyrirsjáanlega líða undir lok um áramót 1995. Það held ég að sé ekki raunsætt mat. Það getur vel verið að þetta hafi varanlegra gildi en það er heldur ekki hægt að útiloka þann möguleika að pólitískt uppnám til skamms tíma dragi að það taki gildi.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa þetta svar langt. Hins vegar fannst mér orðalagið dálítið sérkennilegt á svari ráðherra vegna þess að hann sagði að varðandi Evrópskt efnahagssvæði væri ekki aftur snúið og Evrópskt efnahagssvæði tæki jafnvel gildi fyrir áramót. Mér fannst vera í þessu afskaplega miklir varnaglar. Auðvitað vitum við það að ef Maastricht-samkomulagið verður ekki að veruleika geta öll mál farið upp í loft. En ef við gefum okkur að þróunin verði með þeim hætti að Maastricht verði samþykkt, eru þá einhverjir sem vilja snúa aftur? Af hverju orðar ráðherra þetta þannig að það verði ekki aftur snúið? Eru einhverjir sem vilja snúa aftur og vildu sjá samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði hverfa?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal gjarnan reyna að tala skýrar. Ef Maastricht-samkomulaginu verður hafnað, hvort sem að því standa Danir, Bretar eða aðrir, mun það hafa víðtækar pólitískar afleiðingar. Innan EB tel ég að þetta þýði í fyrsta lagi að hugmyndum um stækkun bandalagsins með samningaviðræðum við þau ríki sem í biðröðinni eru verði öllum slegið á frest og vísað frá.

Í annan stað held ég að höfnun Maastricht muni herða á skoðanaágreiningnum innan EB þannig að þeir sem vilja í framtíðinni einbeita sér að breytingum á samstarfinu innan EB, þ.e. hinn harði kjarni Evrópubandalagsins, sem stefnir að nánara pólitísku samstarfi aðildarríkjanna, muni ná yfirhöndinni. Jafnframt tel ég líklegt að höfnun Maastricht muni þýða fyrst í stað að suðurríkin tregðist við að samþykkja EES-samkomulagið. En að lokum muni þeir, sem ætla að byggja upp hinn harða kjarna EB á grundvelli nánara pólitísks samstarfs, sjá hag sinn af því að halda þessum ríkjum utan en gefa þeim lausn sem væri fólgin í aðgangi að innri markaðnum sem er EES og EES snýst um. Ég

held hins vegar að það muni samt þurfa nokkurn tíma til þess að ná þessu fram.

Það er því fyrst og fremst á þeim forsendum sem ég treysti mér ekki til að slá því föstu að EES nái gildistöku fyrir áramót. Það er fyrst og fremst Maastricht sem kann að flækja þá stöðu og breytir þá engu að fyrir liggja pólitískar yfirlýsingar beggja aðila, allra samningsaðila í EES, um það að hvetja öll þjóðþing til þess að hafa lokið staðfestingunni og að stefnt skuli að gildistöku 1. júlí. Ég hef enga trú á því að það takist 1. júlí.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var athyglisvert að hlýða á hv. 10. þm. Reykv. fara yfir sviðið en ég fann ekki mikinn stuðning í hennar máli við stefnu hennar flokks í Evrópumálum. Í rauninni var ræða hennar samfelld mótmæli við stefnu Kvennalistans á þessu sviði. Jafnframt var þar að finna stuðningsyfirlýsingar við Evrópskt efnahagssvæði sem kom auðvitað ekki á óvart miðað við þá afstöðu sem þingmaðurinn hefur tekið.

En ástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs til andsvars er sú fullyrðing þingmannsins að það sé skortur á valkostum, það sé vöntun á einhverju öðru. Þar kemur þingmaðurinn náttúrlega þvert á eigin flokk sem hefur ítrekað bent á það, sem og aðrir sem mæla gegn Evrópsku efnahagssvæði, að það sé vissulega valkostur og hann mjög skýr og miklu vænlegri en sú sigling sem þingmaðurinn er þátttakandi í. Það er að halda sig í fyrsta lagi á þeim grundvelli sem Íslendingar hafa markað sem sjálfstætt ríki án þess að afsala sér þeim völdum sem felst í Evrópsku efnahagssvæði og samningnum þar að lútandi og án þess að ana inn í Evrópubandalagið sem er auðvitað framhaldið á þeirri stefnu í hugum flestra þeirra sem styðja hana og hafa opin augun.

Íslendingar eru ekki á neinu flæðiskeri staddir þó að þeir haldi sig utan við Evrópskt efnahagssvæði. Það tekur enginn frá okkur að laga okkar löggjöf og reglur út frá okkar hagsmunum, laga okkur að umhverfinu og taka tillit til breytinga í þeim að eigin mati en ekki inni sjálfgengisvél Evrópsks efnahagssvæðis og með framandi dómsvald yfir okkur til þess að fylgja þeim reglum eftir.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vissulega er máttur Kvennalistans mikill en hann er þó ekki orðinn þannig að hann sé á stórevrópskan mælikvarða. Það sem ég var að tala um hér áðan var staðan í Evrópu almennt. Ég var að tala um að það vantaði skýran valkost í Evrópu við þá stefnu sem rekin er af valdhöfum í þessum ríkjum öllum. Ég held að þingmaðurinn ætti að vera mér sammála um að eftir að kerfið hrundi í austri, annar pólllinn hvarf, hefur verið ákveðin ringulreið, getum við sagt, í álfunni og markaðsöflin hafa haft þar mikið forskot og haft miklu meiri áhrif á stefnumörkun í álfunni en þau öfl sem vilja kenna sig við einhverja félagshyggju. Ég verð bara að segja að þegar ég lít yfir sviðið og það sem ég les um þessi mál og það sem ég fylgist með að mér finnst vanta tilfinnanlega einhvern gegnumhugsaðan valkost við þá stefnu sem uppi er í þessum málum í dag. Og ég segi það ekki neinum til hnjóðs. Þetta er einfaldlega staðreynd sem mér finnst blasa við.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. heldur sig við Albanífu-aðferðina, sem svo er kölluð, að tala til eigin flokks og flokkssystra á Alþingi með því að ræða við mig um þessi efni. Ég kvarta út af fyrir sig ekkert undan því. Ég er alveg reiðubúinn til þess. En það var fróðlegt að heyra rökin hjá hv. þm. Það er skortur á valkosti og það eru markaðsöflin sem hafa yfirhöndina. Þá er ráðið það að mati þessa þingmanns að slást í hóp með þeim markaðsöflum sem vilja ná mun meiri fótfestu en verið hefur á Norðurlöndum með því að keyra þjóðirnar saman í þessu samrunaferli. Í þetta sinn undir þaki EES og með síðan Evrópubandalagið fyrir stafni. Munurinn á efnahagslegu sviði er auðvitað enginn því að það er hinn efnahagslegi þáttur Rómarsamningsins og þeirra reglna sem hafa verið settar á grundvelli hans sem við erum að yfirtaka með EES-samningi. Þingmaðurinn og aðrir sem stuðla að því að Íslandi gangi í Evrópskt efnahagssvæði eru einmitt að opna götuna fyrir óheftan markað, fyrir kerfi þar sem varan og markaðurinn hefur forgang umfram önnur gildi, þar á meðal á sviði umhverfismála sem og varðandi það velferðarkerfi sem við höfum náð að byggja upp á Norðurlöndum og hér á Íslandi með sæmilegum hætti þó það sé nú sannarlega í hættu.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get bara sagt það eitt að menn geta auðvitað verið skinheilagir á þingi eins og sá þingmaður sem talaði áðan og talað fjálglega en haft hins vegar enga raunhæfa pólitík fram að færa, hafa aldrei sagt mönnum hér hvernig þeir hugsi sér hina pólitísku þróun, t.d. í álfunni, en látum það eiga sig.

Ég ætla hins vegar að upplýsa þingmanninn um það hvernig á því stendur að ég er að eiga orðastað við hann hér í þingsalnum, sem gerist ansi oft. Ástæðan er einfaldlega sú að hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifi Guttormssyni, er svo umhugað að ræða þessi mál við mig og auðvitað virði ég hann svars. Ég sýni honum þá virðingu.

Útbýting þingskjala:

Bygging húsnæðis fyrir matvælaiðjubraut Menntaskólans í Kópavogi, 472. mál, fsp. RG, þskj. 815.

Kostnaður við sölu á spariskírteinum ríkissjóðs og við Lánasýslu ríkisins, 474. mál, fsp. RG, þskj. 817.

Lagaákvæði er varða samgöngumál, 28. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 808; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 809.

Samningsveð, 470. mál, stjfrv., þskj. 812.

Síldarverksmiðjur ríkisins, 115. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 789.

Skattframtöl, 473. mál, fsp. RG, þskj. 816.

Skilyrði útvarps- og sjónvarpssendinga í Austur-

landskjördæmi, 475. mál, fsp. JónK, þskj. 818.

Staða brotaþola við meðferð kynferðisbrotamála, 458. mál, þáltill. ISG o.fl., þskj. 794.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Umræður um viðskiptasamninga okkar við Evrópu hafa tekið æðilangan tíma á þessum vetri og um það er ekkert nema gott eitt að segja. Þetta er eitt stærsta mál sem við höfum staðið frammi fyrir um árabil og því eðlilegt að Alþingi Íslendinga taki sér góðan tíma til umfjöllunar um það.

Ég er þeirrar skoðunar að sú umræða sem hefur farið fram í dag sé í það minnsta í betri hlutanum af þeirri umræðu í vetur og ég geri mér ákveðnar vonir um að umræðan marki ákveðin tímamót, þau tímamót að menn leiti eftir að því sem sameinar Alþingi í þessu máli en fram að þessu hefur umræðan fyrst og fremst snúist um það sem sundrar okkur.

Ég hef fært fyrir því rök úr þessum ræðustól að ef við skoðum málflutning einstakra þingmanna og tillögur einstakra stjórnmálaafla, þá sé í raun miklu fleira sem sameinar okkur í þessu máli en það sem sundrar okkur. Á sínum tíma sat ég á þingi og studdi þá ákvörðun þegar ríkisstjórnin, sem þá sat, ákvað að fara í viðræðurnar um EES. Á þeim tíma virtust stjórnarflokkarnir alveg sammála um að það væri sú leið sem við hefðum að undanskildum væntanlega hv. 4. þm. Austurl. Það þýðir ekki að aðstæður í dag geti ekki leitt til þess að okkar hagsmunum sé best borgið með því að sá vilji okkar Íslendinga, sem ég þykist vita að sé vilji mikils meiri hluta Alþingis, að innganga í EB komi ekki til greina og við viljum fara í viðræður um að breyta þessum samningi í tvíhliða samning, komi mjög skýrt fram á þessu stigi. Ég hef hins vegar verið þeirrar skoðunar að eins og málin hafa þróast sé stöðu okkar betur borgið varðandi áframhaldandi viðræður og þróun þessara samninga yfir í tvíhliða samninga að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði samþykktum en ef við hefðum hafnað honum.

Ég er einnig þeirrar skoðunar að það sé langt frá því að viðræðum okkar um viðskiptasamning við Evrópu sé lokið og þar séu öll mál í höfn. Ég hef gagnrýnt hvernig staðið hefur verið að landbúnaðarþætti samningsins og kannski ekki síst það að íslenska ríkisstjórnin dró á síðasta ári til baka viðræðunefnd sína um landbúnaðarmálin. Það kemur til vegna þess að innan Evrópubandalagsins eru landbúnaðarmálin og sjávarútvegurinn undir einum hatti. Þar kemur til annar flötur á landbúnaðarstefnu Evrópuríkjanna sem hefur mjög mikil áhrif ákomu okkar Íslendinga. Þar á ég við hið nána samband milli landbúnaðarstefnunnar og fiskveiðistefnu í Evrópuríkjunum. Við Íslendingar erum búnir að veita iðnvarningi frá Evrópu nánast ótakmarkaðan aðgang að okkar markaði og á sama tíma verðum við enn að hlíta því að samkeppnisstaða okkar iðnvarnings, þ.e. fiskafurðanna, sé stórlega bjöguð með styrkjum og innflutningstollum. Við höfum verið óþyrmilega minnt á þetta að undanförnu í tengslum við aukið framboð á fiski frá Barentshafi. Þess ber einnig að geta að verðmyndun á fiski frá Evrópu tekur að sjálfsögðu mið af mikið niðurgreiddum landbúnaðarvörum á því svæði. Við hljótum því að halda áfram baráttu okkar fyrir því að fá sem mesta fríverslun með fisk.

Þetta hefur aftur leitt huga minn að því í vetur að fáar þjóðir eru eins háðar milliríkjaverslun og við Íslendingar. Eins er hlutfall matvæla óvíða eins hátt í útflutningi og hér. Það hlýtur eiginlega að vera eðlilegt að draga af þessu þá ályktun að fáum þjóðum sé eins mikilvægt og okkur Íslendingum að einfaldar og skilvirkar reglur ríkji um milliríkjaviðskipti með matvörur, reglur sem byggi í grundvallaratriðum á fríverslun en verða að mínu mati að taka mjög ákveðið mið af umhverfisþáttum og það verði að nást á næstu árum að umhverfisþátturinn verði verðlagður í þeim viðskiptum. Með öðrum orðum að umhverfisvæn framleiðsla fái markaðslegt gildi á hinum opna markaði.

Nú hafa menn rætt heilmikið um aðild að EB sem ég ítreka að ég tel að standi engin efni til af okkar hálfu. Það var m.a. orðað mjög skýrt í forustugrein í Morgunblaðinu fyrir nokkrum vikum þar sem það var það rökstutt að þar væri ekkert um það að ræða, við værum, eins og hæstv. utanrrh. sagði, tíu árum á eftir öðrum Evrópuríkjum, heldur einfaldlega það að fyrir því væru engin málefnaleg rök. Okkar hagsmunir eru það mikið öðruvísi en þeirra þjóða sem mynda hið Evrópska efnahagssvæði vegna þess, sem ég rakti m.a. hér áðan, hversu fiskveiðar og fiskútflutningur er stórt hlutfall af okkar útflutningi. Það er okkur hins vegar mjög mikilvægt að hafa góðan viðskiptasamning við Evrópu og eiga greiðan aðgang að þeim markaði því að hvað sem menn vilja segja um þróunina í Evrópu, þá er það svo að sá markaður sem stendur næst í rúmi er alltaf sá sem verðmætastur er á hverjum tíma. Það er best að þjóna honum og sem líkast menningarlegt og félagslegt umhverfi hefur vissulega áhrif í þessu sambandi. Það breytir hins vegar ekki því að hagsmunir okkar Íslendinga eru þannig að okkur er mjög mikilvægt að halda öllum öðrum leiðum opnum. Eins og ég hef lesið samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði, þá lokar hann engum leiðum í því. Við getum enn þá haldið áfram að þróa viðskipti okkar við Bandaríkin eða við Austurlönd eftir því sem við viljum. Gengjum við hins vegar í EB værum við komin inn fyrir tollmúra þeirra og það gæti haft skaðvænleg áhrif á þessa þætti. Þetta rökstyður enn frekar í mínum huga að við eigum ekkert erindi þar inn.

Þegar menn tala um að nú getum við leyst okkar vandamál með því að beina viðskiptum okkar til Ameríku og að dollarinn fari hækkandi og það muni koma okkur til góða, þá vil ég í því sambandi nefna að því miður hefur það gerst að verð á okkar afurðum í Ameríku hefur lækkað í það minnsta sem nemur hækkun dollarans þannig að við stöndum ekki betur þar en fyrir. Það er hins vegar rétt að við höfum kannski vanrækt þann markað að nokkru og að nokkru verðlagt okkur út af honum því að það eru komnar aðrar og ódýrari fisktegundir þar í staðinn fyrir mikið af því sem við seldum þangað. Það verður ekki auðvelt að ryðja þeim út aftur nema þá með verulegri verðlækk-

un. Hutirnir eru því ekki svo einfaldir.

Í öðru lagi vil ég nefna það að ef við ætlum að hasla okkur völl sem útflytjandi á fullunnum matvælum, þá er markaðsstarfsemi hvað það snertir þannig að sú vinna er ekki talin í mánuðum heldur árum og menn hoppa ekki með slíka vöru milli markaða einn, tveir og þrír.

Ég veit ekki hvort ég á að taka það sem meðmæli með ræðu minni, hvort hún er það góð eða eitthvað annað, en hv. 17. þm. Reykv. er sofnaður undir henni. (**ÖS:** Það er rangt.) En ég ætla að halda áfram. Ég ætla ekki að hafa langt mál en vil koma inn á það sem ég sagði í upphafi. Að mínu mati ber miklu minna á milli en menn vilja vera láta í umræðunni. Það rökstyð ég með því að mikill meiri hluti þingmanna hefur á beinan eða óbeinan hátt lýst því yfir að hann sé því samþykkur að það verði gerður tvíhliða viðskiptasamningur, sem einnig taki yfir rannsóknir, vísindi og menntun, við Evrópubandalagið og sá samningur byggi á viðskiptaþætti EES. Það er hugsunin á bak við þá þáltill. sem formaður og varaformaður Framsfl. leggja hér fram og er einhuga studd af þingflokki Framsfl.

Ég vil aðeins ræða tillögu Alþb. um tvíhliða samning við EB sem hv. 4. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson hefur margsinnis lýst hér sem stefnu Alþb. í þessu máli og Alþb. komið fram einum rómi í málinu og auðvitað hlýtur það að vera jákvætt. Alþb. gaf á síðasta sumri út bækling eftir miðstjórnarfund 28. júní 1992 eins og hér stendur: Þetta er afgreitt og staðfest á fundi miðstjórnar Alþb. 28. júní 1992. Þar sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur borið svo mjög fyrir brjósti stefnu og kannski eilítið skiptar skoðanir innan þingflokka Kvennalistans og Framsfl. um þetta mál, þá langar mig aðeins að fá þingmanninn til þess að staðfesta þann skilning sem ég legg í þetta plagg sem Alþb. gaf út á miðju síðasta sumri. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Sjálfstæður tvíhliða viðskiptasamningur milli Íslands og EB verði m.a. byggður á viðskiptaþáttum EES-samningsins, sérstökum sjávarútvegssamningi og bókun 6 í samningnum við EB sem verið hefur í gildi síðan 1976."

Þá segir einnig: „Framkvæmd tvíhliða samningsins milli Íslands og Evrópubandalagsins verði einfaldari í sniðum en samkvæmt EES-samningnum. Eingöngu verði sett á fót samstarfsnefnd um eftirlit og gerðardómi beitt verði deilumál um framkvæmd samningsaðila ekki útkljáð. Pólitísk vandamál verði leyst í ráðherraviðræðum."

Síðan segir áfram, með leyfi forseta: „Í tvíhliða samningi Íslands og EB verði m.a. byggt á hugmyndum um frjálsa vöruflutninga, fólksflutninga, þjónustustarfsemi, fjármagnsflutninga og almenna samkeppni auk þess sem hafðar verði til hliðsjónar reglur Norðurlanda um vinnumarkað og búseturétt og afdráttarlaus réttur Íslendinga til að skipa forræði og eignaraðild á auðlindum til lands og sjávar verði tryggður með sérstökum lögum."

Þarna komum við að því sem ég er algerlega sammála Alþb. um, að í tvíhliða samningi eigum við að geta tryggt þessi réttindi okkar betur. En eftir stendur að í þeirri samþykkt Alþb., sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur margsinnis lýst hér yfir að Alþb. standi einhuga að, er það tekið skýrt fram, það er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi, en sá tvíhliða samningur eigi að byggjast á þátttöku okkar í innri markaðnum. Meira að segja eru taldir upp allir þættir fjórfrelsisins, hugmyndir um frjálsa vöruflutninga, fólksflutninga, þjónustustarfsemi, fjármagnsflutninga og almenna samkeppni.

Eins og ég hef kynnt mér málið, þá getum við ekki tekið þátt í innri markaðnum, við getum ekki gert tvíhliða samning sem byggir á viðskiptaþætti EES á annan hátt en að taka yfir þær reglur sem eiga að gilda á Evrópusvæðinu um viðskipti og fjármálastarfsemi, þ.e. þær lagabreytingar sem við höfum m.a. verið að vinna að efh.- og viðskn. í vetur og oftar en ekki náðst full samstaða um og allir nefndarmenn skrifað undir. Að vísu einstaka sinnum með fyrirvara úr stjórnarandstöðunni. Þetta segir mér enn frekar að ágreiningurinn á borði er ekki alltaf eins mikill og hann er í orði.

Þetta breytir hins vegar ekki því að núv. hæstv. ríkisstjórn hefur haldið afar klaufalega á þessu máli og algerlega mistekist að vinna að því að ná fram þeirri línu sem samstaða á að geta náðst um. Það hefur verið unnið eftir því að keyra hlutina í gegn með illu, því miður. Ég segi því miður, (Gripið fram í.) góðu eða illu. En mér hefur stundum fundist að það illa hafi frekar verið valið hafi það staðið til boða. Þetta segi ég m.a. vegna þess að ef við lítum á hvernig staðið er að þessum málum í okkar nágrannalöndum, þá er í flestum tilfellum um það veruleg pólitísk samstaða milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Í svo brýnu máli eins og hér er finnst mér að það hljóti að vera afar nauðsynlegt.

Virðulegur forseti. Ég vil að lokum ítreka að ég vona að þessi umræða í dag geti orðið til þess að aðilar nálgist um þá þætti sem menn eru sammála um og menn reyni að vinna á þeim nótum en ekki hinum að sundra þjóðinni eina ferðina enn í viðkvæmu utanríkismáli. Það er engum til hagsbóta. Ég vil nú skora á hæstv. utanrrh. að taka betur undir þessa tillögu en hann hefur gert fram að þessu. Því mér sýnist að það liggi alveg í augum uppi að okkur sé mikil nauðsyn að það komi fram nú þegar skýr vilji, ekki bara ríkisstjórnar heldur Alþingis, um það hvaða leið við viljum fara í Evrópusamvinnunni á næstu árum. Það liggi alveg ljóst fyrir að það sé ekki aðildin að EB. Það er einn hlutur í því sem hér hefur ekki komið fram en eftir því sem maður hefur reynt að kynna sér þau mál þá virðist það liggja fyrir að EB hefur nánast engan áhuga á okkur til inngöngu. Og það held ég að þeir ættu að kynna sér sem eru að velta því fyrir sér hvað það þýddi að sækja um aðild.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. lýsti eftir jákvæðari undirtektum en fram hefðu komið hingað til frá utanrrh. við þessari tillögu. Nú er það svo að tillagan er um það að óska eftir tvíhliða viðræðum við Evrópubandalag-

ið á grundvelli viðskiptaþáttar EES og hefja að því undirbúning. Ég hef svarað því til að undirbúningurinn að því að koma viðskiptaþætti samskipta okkar við EB á traustan grundvöll hófst fyrir fjórum árum, þannig að það þarf ekki að hefja þann undirbúning. Þeim undirbúningi er lokið vegna þess að samningurinn liggur fyrir. En þá segja menn: Er ekki tímabært að taka upp viðræður um hvað taki við þegar hin löndin hafa yfirgefið EFTA og eru komin í EB? Jú, jú og þær viðræður hófust fyrir ári. Þær hafa farið fram í fjórgang og leitt til þeirrar niðurstöðu að það virðist ekki vera ágreiningur milli Íslands og Evrópubandalagsins um það hvað taki við, þ.e. þá gera báðir aðilar ráð fyrir því að samningurinn, þar með talinn viðskiptaþátturinn, standi óbreyttur en um formsatriði, eftirlit og lausn deilumála, þurfi að semja um breytingar. Þá segja flm., já en er ekki ráð í tíma tekið og best að byrja þessar viðræður strax? Svar við því er: Því miður ekki hægt. Hvers vegna ekki? Vegna þess að EES-samningurinn liggur ekki fyrir núna. Við vitum ekki hvort eða hvenær hann tekur gildi og við tökum hann ekki upp aftur, við tökum ekki upp viðræður við EB á grundvelli viðskiptaþáttar EES fyrr en í fyrsta lagi þegar það liggur fyrir að samningurinn hafi tekið gildi.

En það er fleira, það er meiri óvissa í málinu. Eins og margir hafa vikið hér að og þar á meðal hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þá er alls ekki unnt að slá því föstu að ríkin sem nú eru í biðröðinni, Noregur, Svíþjóð, Finnland o.s.frv., nái inngöngu í Evrópubandalagið. Þannig að það er ekki hægt að slá því föstu að EFTA lognist út af. Það má vel vera að EES-samningurinn standi lengur í heild sinni og þess vegna er ekki tímabært að taka neina ákvörðun um að taka upp tvíhliða viðræður meðan óvissan um þetta er jafnmikil og raun ber vitni. Þess vegna er hér verið að fjalla um sjálfsagða hluti eða að spjalla um daginn og veginn. En ekkert er við það að athuga þó þessari tillögu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bendi hæstv. utanrrh. á það að þegar þessi tillaga er lögð fram í desembermánuði sl., þá var engin efi í orðum ráðherrans um að samningurinn mundi taka gildi mjög fljótlega. Það hefur margsinnis verið bent á það hér af þingmönnum að það hljóti að vera eðlilegt að texti þessarar tillögu verði lagaður í meðferð og vinnu þingsins. Ég minni á það að formaður Framsfl. bauðst meira að segja til að draga hana til baka ef hæstv. utanrrh. vildi koma með aðra í staðinn. Ég bendi einnig á að ég mótmæli því mjög harðlega að umræður um stefnumótun varðandi samninga okkar við Evrópu á næstu árum sé eitthvert dægurmál sem menn geti leyft sér að rabba um einn seinni part. Mín orð til hæstv. utanrrh. voru ekki síst í þá veru að það væri nauðsynlegt að sá vilji Alþingis, hvað við ætlum að gera og hvert við viljum þróa þessi mál, komi skýr fram. Alveg á sama hátt og vilji þjóðþinga hinna EFTA-ríkjanna sem eru búin að sækja um hefur nú þegar komið fram á skýran hátt. Þær ríkisstjórnir vinna allar á grunni samþykkta sinna þjóðþinga og þess vegna tel ég fullkomlega rökrétt og nánast sjálfsagt að það liggi einnig fyrir skýr pólitískur vilji Alþingis Íslendinga hvað við viljum gera í framhaldinu. Og ég er ekki í nokkrum vafa um það að sá vilji liggur þannig að menn vilja þróa þennan samning yfir í tvíhliða samning. Menn hafa einnig margsinnis bent á það hér í umræðunni, hæstv. utanrrh., að tímapunkturinn, hvenær þær viðræður hæfust, væri ekkert aðalatriði.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulei forseti. Að gefnu tilefni vil ég taka undir það að nauðsynlegt er að vilji Alþingis varðandi samskiptin við Evrópubandalagið liggi fyrir. Það vill svo til að hann liggur fyrir. Meiri hluti Alþingis, mjög traustur meiri hluti, hefur samþykkt lögin um aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu og í því birtist vilji Alþingis. Það sem hér er á dagskrá er að vekja máls á spurningunni um hvernig við eigum að bregðast við, ekki ef samningurinn nær ekki gildi, heldur ef hann breytist að formi til vegna þess að aðrir samningsaðilar hverfi frá honum. Það er enginn ágreiningur um það að ef við gefum okkur að hin EFTA-ríkin gangi í EB, öll önnur en Ísland, þá er það svo að þessi fjölþjóðasamningur sem gerður var breytist að formi til í tvíhliða samning. Um það er enginn ágreiningur, það er sjálfsagður hlutur, þótt það þurfi að sjálfsögðu að vera staðfest með formlegum hætti. Úr því að það er út af fyrir sig enginn ágreiningur um þetta, er þá nauðsynlegt núna að taka ákvörðun um það að við viljum ræða þetta við Evrópubandalagið? Nei, nei, það þarf enga ákvörðun að taka um það vegna þess að þetta hefur verið rætt við Evrópubandalagið. En eigum við að óska eftir samningaviðræðum við Evrópubandalagið um þetta núna, jafnvel þó okkur verði bent á að EES-samningurinn hafi ekki tekið gildi og það liggi ekkert fyrir um það að hin EFTA-ríkin séu komin inn í EB? Ég segi: Nei, það er ekki tímabært. Þá segja flm.: Við getum fallist á að vera til viðtals um hvenær þetta skuli gert. Fínt. Það er þá tímabært þegar við vitum hvort EES-samningurinn breytist í tvíhliða samning, hvort hin löndin hverfa frá honum, hvort EB stækkar. En það eru bara engar líkur á að þessum spurningum verði svarað í reynd, ekki þetta árið, ekki næsta árið og guð má vita hvenær.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Andsvör hæstv. utanrrh. eru nú farin að bera mikinn þrætubókarsvip. Ég vil benda hæstv. ráðherra á að það er hárrétt að Alþingi Íslendinga samþykkti nú í janúarmánuði og lýsti yfir vilja sínum um að taka þátt í samstarfinu innan EES. Ég bendi hæstv. ráðherra á að það hafa einnig önnur þjóðþing EFTA-ríkja gert. Þar lá fyrr sá vilji þjóðþinganna, en hæstv. ráðherra er mjög umhugað um það að við stöndum nú ekki öðrum þjóðþingum Evrópu að baki varðandi þinglega meðferð á þessu máli og rak mjög á eftir því nú á þessum vetri. Þá vil ég benda

hæstv. ráðherra á að hjá öðrum Norðurlandaþjóðum innan EFTA liggur fyrir samþykkt þjóðþinga um hvernig þær vilja þróa þessi mál áfram. Ég tel að það séu full rök fyrir því að það sé jafnmikilvægt fyrir okkur Íslendinga að vilji Alþingis Íslendinga liggi alveg skýr fyrir hvert við viljum þróa þessi mál í framhaldinu. Og það sé í raun nauðsynlegt vegna þess að í þróunarferlinu á næstunni þá eigum við ekki samleið með þeim þjóðum nema að takmörkuðu leyti sem hafa ákveðið að ganga inn í EB. Það sé þess vegna algerlega nauðsynlegt að vilji Alþingis Íslendinga um það hvernig við viljum þróa þetta áfram liggi ljós fyrir. Ég er sannfærður um að það mætti finna stefnu sem mikill meiri hluti alþingismanna væri tilbúinn til að standa að.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. hefur gert grein fyrir sínum sjónarmiðum og beint nokkrum orðum til mín. Það er alveg ljóst að það sem okkur greinir á í þessu máli er það að ég tel og Alþb., að það sé ófarsælt fyrir Ísland og íslenska hagsmuni að gerast aðili að Evrópsku efnahagssvæði. Hv. þm. hefur hins vegar stuðlað að því að sá samningur gengi fram á Alþingi og lýst efnislegu fylgi við samninginn þótt hann kysi að sitja hjá í atkvæðagreiðslu. Hann hefur ítrekað þennan stuðning í ræðu sinni. Og það tekur enginn af honum. Það liggur jafnframt fyrir að þingflokkur Framsfl. talaði ekki einum rómi í þessu máli heldur var þverklofinn. Klofinn í herðar niður en formaðurinn marði þó meiri hluta í þingflokknum þrátt fyrir afstöðu hv. 6. þm. Norðurl. e.

Ég tel að á því sé reginmunur hvort menn gera tvíhliða samning eða hvort menn ganga inn í ferli eins og hér er um að ræða þar sem er samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði. Það er reginmunur. Og ég tel að það sé engin furða þó íslenskri þjóð sé sundrað í stórmáli að hún tali ekki einum rómi og taki ekki undir einum rómi þegar ráðandi öfl í landinu ganga fram með þessum hætti. Og hv. þm. þarf ekkert að vera hissa á því. Samþykkt Alþb., sem hann vék að, er um það að Alþb. gengur gegn þessum samningi, samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Síðan er greinargerð fyrir þeirri afstöðu. En samþykktin er um það og hún hefur gengið fram hér á Alþingi. Alþb. stendur einhuga í þessari andstöðu og mun gera það á meðan úrslit eru ekki ráðin varðandi Evrópska efnahagssvæðið. Það er satt að segja mjög merkilegt að þingmaður úr Norðurl. e. með þau viðhorf að baki sem þar eru hjá því fólki sem hefur stutt Framsfl. á liðnum árum skuli ekki vera í betri tengslum við það bakland en afstaða hans ber vott um.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég bið nú hv. þm. Hjörleif Guttormsson að spara sér áhyggjur af minni pólitísku framtíð eða í hvaða sambandi ég sé við mitt bakland. Þar hef ég komið fram á fullkomlega heiðarlegan hátt, skýrt út mín sjónarmið, og það ræðst síðan á sínum tíma hvernig við því verður brugðist. Að sjálfsögðu axla ég pólitíska ábyrgð í þessu eins og hverju öðru máli. Ég hlýt hins vegar að vekja athygli á því að hv. þm. vék sér undan að svara spurningu minni þess efnis hvort sá skilningur minn væri réttur að í þeirri samþykkt sem Alþb. gerði á síðasta sumri væri byggt á fjórfrelsinu, það er hér allt saman talið upp, og hinum innri markaði Evrópu sem verið er að tala um. Það er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi þegar rætt er um að þetta eigi að byggjast á viðskiptaþætti EES og allir þættir fjórfrelsisins taldir upp, hver og einn einasti. Ég hlýt að ítreka spurningu mína: Er samþykkt Alþb. frá 28. júní 1992 sá grunnur sem hv. þm. hefur margsinnis lýst yfir að sé sú stefna sem Alþb. standi einhuga að? Ég hlýt að spyrja að því vegna þess eins og ég sagði áðan þá kemur það hér skýrt fram að þar eigi að byggja á fjórfrelsinu og innri markaðnum og það getum við ekki öðruvísi, hv. þm., en að yfirtaka að verulegu leyti þær viðskiptareglur sem þar gilda. Stóri munurinn hins vegar er sá að í tvíhliða samningi losnum við við stofnanaveldið. Og um það erum við væntanlega hjartanlega sammála að er jákvætt fyrir okkur.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það eru miklir veikleikar í þeim málflutningi og þeim tillögflutningi sem hér liggur fyrir sem gefur til kynna að menn geti með tiltölulega einföldum hætti komið sér út úr EES-samningi og gert hann að tvíhliða samningi og það sé horfið bara stofnanafrelsið. Þetta er slíkur barnaskapur. En ég lái mönnum það kannski ekki í kastþröng að leggja fram tillögur af því tagi. Halda menn að Evrópubandalagið geri tvíhliða samning við Íslendinga um staðfestingu um það að fría okkur ókeypis frá stofnanaþætti EES-samningsins ef svo færi? Fyrir nú utan það að það er ekkert sem vísar á að það sé það sem muni gerast alveg á næstu árum. Þannig að ábyrgð þingmannsins er mikil.

Afstaða Alþb. er sú að vera á móti þessum samningi. Og samþykkt Alþb. á síðasta sumri gengur úr á það. Í þeirri samþykkt er hvorki nefnt fjórfrelsi né innri markaður. Og ég get fullvissað hv. þm. um það að ég hef alla fyrirvara varðandi fjórfrelsið og innri markað Evrópubandalagsins og hvernig staðið er að slíku. Það hljótum við að meta ef unnt væri í reynd að taka á málum samningslega við Evrópubandalagið eins og Alþb. hefur lagt áherslu á allan tímann. En hv. þm. og þingmenn Framsfl. í umræðunni um þessa tillögu eru nákvæmlega í sömu sporum og sömu aðstöðu eins og þeir þingmenn Sjálfstfl. ásamt einum fulltrúa Kvennalistans voru í þegar þeir lögðu fram tillögu um tvíhliða viðræður 1998 að mig minnir og utanrrh. svaraði nánast með nákvæmlega sama hætti. Og út af fyrir sig á hann auðveldan leik.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög gott að það kom skýrt fram að hv. þm. hafnaði úr ræðustól þeirri greinargerð sem þingflokkur og framkvæmdastjórn Alþb. gaf út eftir þennan fund 28. júní á sl. sumri. Það er nú kannski svo, hv. þm., að samstaðan er ekki eins mik-

il og hv. þm. hefur viljað vera láta. Því eins og ég hef rakið hér í tvígang og lesið fyrir hv. þm. þá stendur í þessari greinargerð þingflokks og flokksstjórnar, framkvæmdastjórnar, og það kemur hvergi neinn fyrirvari fram gagnvart afstöðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Það stendur hér skýrt og skorinort að tvíhliða samningur við EB eigi að byggjast á viðskiptaþáttum EES. Ég get lesið það aftur fyrir þingmanninn ef hann vill, með leyfi forseta. (**HG:** Endilega.) „Sjálfstæður tvíhliða viðskiptasamningur milli Íslands og EB verði m.a. byggður á viðskiptaþáttum EES-samningsins." (**HG:** Meðal annars byggður á ...) Það stendur hér einnig, virðulegur forseti:

„Í tvíhliða samningi Íslands og EB verði m.a. byggt á hugmyndum um frjálsa vöruflutninga, fólksflutninga, þjónustustarfsemi fjármagnsflutninga og almenna samkeppni. Auk þess verði höfð hliðsjón af reglum Norðurlanda um vinnumarkað," þ.e. hinn frjálsi vinnumarkaður Norðurlanda verði útfærður yfir þetta svæði hvað okkur Íslendinga snertir. Það er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi, hv. þm., en eins og ég reyndar bjóst við, þá hefur þingmaðurinn afneitað þessu úr ræðustól Alþingis og það er eins gott að það komi fram og hv. þm. hætti að tala stöðugt um meintan skoðanaágreining í Framsfl. og Kvennalista og viðurkenni klofning í eigin flokki.

Flm. (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Í örfáum orðum vil ég þakka þá umræðu sem hér hefur orðið sem mér hefur þótt að langmestu leyti mjög fróðleg og gagnleg. Ég ætla að vísu engan þátt að taka í þessari — hvað á ég að kalla það — þráhyggju hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar sem mér finnst heldur leiðigjörn í umræðu um þetta mál. Það vakti nokkra undrun mína að hæstv. utanrrh. skyldi ekki kjósa að taka ítarlega til máls um þetta stóra mál. Hann hefur að vísu komið inn í málið með andsvörum og það er hans að velja leið til að láta sínar skoðanir í ljósi.

Ég er þakklátur fyrir þann stuðning sem kom fram hjá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni og hjá formanni Alþb. mjög ákveðið í hans ræðu og sömuleiðis talsmanni Kvennalistans.

Ýmislegt hefur verið nokkuð fróðlegt. T.d. er það í fyrsta sinn sem ég heyri svo miklar efasemdir hjá hæstv. utanrrh. um gildistöku EES-samningsins. Þvert á móti hef ég tekið eftir því hingað til að hann hefur lýst eiginlega meiri bjartsýni en aðrir sem þessum málum eru kunnugir. Ég er nokkuð sannfærður um það að þessi samningur tekur gildi ef ekki 1. okt. þá um næstu áramót. Ef svo færi að hann tæki ekki gildi, þá liggur það náttúrlega í hlutarins eðli að við þyrftum að skoða þessi mál öll gersamlega upp á nýtt og öll þau lönd sem að þessu hafa staðið.

Hér hefur hæstv. utanrrh. lýst því að hann teldi í fyrsta lagi hættulegt að samþykkja svona tillögu eða varasamt, en hefur svo lýst hinu að hann hafi þegar átt í viðræðum við forustumenn Evrópubandalagsins um hugsanlegan tvíhliða samning. Ég vænti þess að við fáum að sjá þær fundargerðir og það sem út úr þeim viðræðum hefur komið á fundi utanrmn. Ef það breytir minni afstöðu til málsins, að þegar er búið að ná eins og skilja mætti af hæstv. utanrrh. samkomulagi um tvíhliða samning, þá fagna ég því, en þá tel ég afar mikilvægt að það liggi fyrir. Og ég sagði það hér áðan í andsvari ef hæstv. utanrrh. kýs að marka þá stefnu sjálfur á Alþingi, þá er ekkert því til fyrirstöðu af hálfu okkar sem flytjum þessa tillögu.

Hæstv. utanrrh. sagði að það væri ekki tímabært að hefja undirbúning að þessum málum, þótt hann hins vegar upplýsi hér að hann hafi þegar hafið viðræður, fyrr en séð er hvort ekki aðeins verður úr EES heldur hvort viðræður EFTA-ríkjanna um fulla aðild takast, hvort sú aðild tekst. Að sjálfsögðu er alveg ljóst að ef ekki verður úr aðild þeirra ríkja sem nú sækja frá EFTA-hlutanum, þá hlytu slíkar viðræður okkar um tvíhliða samning einnig að endurskoðast og ég sé ekki að nokkurt tjón sé þá orðið. Er það skaðlegt fyrir EFTA-ríkin sem nú sækja um aðild að ganga til þeirra viðræðna ef úr þeim verður ekki? Það held ég ekki út af fyrir sig. Það er svo með alla samninga að enginn veit fyrr en upp er staðið hvort þeir takast að sjálfsögðu. Ef hæstv. utanrrh. telur að það eigi að bíða, þá erum við tilbúnir að setja fyrirvara í okkar tillögu að sjálfsögðu og við erum satt að segja tilbúnir að ræða við hæstv. utanrrh. um orðalag eins og sem breiðast samkomulag getur orðið um. En ég held hins vegar að það sé afar mikilvægt að eyða þeirri óvissu sem er hér og ég rakti í minni framsöguræðu og hefur komið víða fram. Ég tek undir það sem komið hefur fram hjá ýmsum ræðumönnum að það er einlæg von mín að það geti náðst breið samstaða um að eyða þessari óvissu, marka stefnuna þannig að ef EFTA-ríki, sem nú sækja um aðild, gerast aðilar, þá liggi þegar fyrir á þeirri stundu samningur sem við treystum okkur til að ganga að við EB. Ég lýsti því í framsöguræðu minni að ég tel að það þurfi að skoða ýmis atriði viðskiptahliðar samningsins en ekki að hann eigi að vera óbreyttur. Það er svo margt í honum sem tengist aðild annarra ríkja EFTA að EES.

Sem sagt, ég vil undirstrika það að ég þakka þær umræður sem hafa verið málefnalegar og lýsi eindregið þeirri von minni að það megi takast samkomulag við hæstv. utanrrh. og aðra um mörkun stefnu sem eyðir þeirri óvissu sem ríkir í þjóðfélaginu um framtíð okkar í evrópsku samstarfi.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson orðaði það svo eitthvað á þá leið að hann fagnaði þessari umræðu að frádregnu því sem hann kallar þráhyggju minni í sambandi við þetta mál. Það væri æskilegt að hv. þm. fyndi þessum orðum sínum betri stað, þ.e. rökstyddi það hvað það er sem hann á við þegar hann talar um þráhyggju mína í sambandi við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði.

Ég hef vissulega oft skipst á skoðunum við hv. þm. um þetta efni, m.a. þegar hann var forsrh. og varaði eindregið á þeim tíma, m.a. í hans eigin flokksblaði í grein 8. febr. 1991, við þeim samningi sem unnið var

þá að og ég fékk svar frá hæstv. þáv. forsrh. og ég mat það mikils að mér var svarað. En niðurstaðan var auðvitað sú að við mátum þetta mjög álíkt. Hins vegar hefur það gerst á þeim tíma sem síðan er liðinn að við *erum sammála um meginatriði málsins*, ég og hv. þm. Steingrímur Hermannsson, í andstöðu við þennan samning og ég get ekki skilið það að í því felist þráhyggja að við höfum náð saman þótt seint og um síðir sé í afstöðu til þessa máls þó að hv. þm. ekki hefði sinn flokk heilan að baki sem ég harma vissulega að ekki gerðist. Það skiptir auðvitað máli upp á stöðuna hér.

Það ætti að vera mönnum ljóst hvert ríkisstjórnin er að fara og ég veit að hv. þm. hefur lesið skýrslu utanrrh. fyrir ári síðan sem var einn samfelldur rökstuðningur fyrir því að við ættum að sækja um aðild að Evrópubandalaginu og ég geri ráð fyrir því að hv. þm. hafi lesið greinar formanns efh.- og viðskn. sem hefur skrifað tvær kjallaragreinar, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, í þessum mánuði sem er eitt allsherjarákall um það að nú sé rétti tíminn til þess að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Þetta eru engir huldumenn. Þetta eru valdaaðilar í viðkomandi flokkum, formaður Alþfl. og formaður fjárln. og formaður efh.- og viðskn. sem tala hér fullum hálsi í þessu efni.

Flm. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Undanfarnar vikur og mánuði hafa *þingmenn Framsfl. og reyndar einnig Kvennalista* ekki mátt taka til máls um þetta mál eða samskipti okkar innan EES o.s.frv. án þess að hv. þm. hafi fundið sig knúinn til að standa upp og lýsa miklum áhyggjum yfir afstöðu Framsfl. og Kvennalistans til þessa máls. Þetta kalla ég þráhyggju. Þetta er löngu skýrt og ég fyrir mitt leyti a.m.k. nenni ekki að taka þátt í slíku. Ég tel mig ráðstafa *mínum tíma betur í málefnalega umræðu*.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta þótti mér heldur slakt hjá formanni Framsfl. sem rökstuðningur fyrir þeim skeytum sem hann var að senda mér áðan. Ég skil hins vegar ósköp vel erfiða stöðu hv. þm. sem formanns í flokki sem er þverklofinn í þessu máli. Það er ekki út af fyrir sig vegna þeirrar staðreyndar sem ég er að ræða þessi mál efnislega og hina pólitísku stöðu í þeim heldur vegna þess að það er stóralvarlegt þegar komnir eru slíkir brestir í flokkum sem hafa hingað til, þar á ég við Framsfl., því að Kvennalistinn er því miður ekki heill í því, lýst andstöðu við inngöngu í EB. En það er einmitt sú gata sem hér er verið að feta. Ég veit að hv. þm. hefur ekki minnsta áhuga á því. Hann er væntanlega jafneinarður í andstöðu við það að Ísland lendi inni í Evrópubandalaginu og ég. Ég ætla honum ekkert annað í þessu máli. En það er hinn pólitíski stuðningur við andstöðuna í þessum efnum sem máli skiptir og sú tillaga sem hér er flutt um þetta efni við þessar aðstæður að fara að taka upp eða leita eftir tvíhliða samningum. Hv. þm. vissi auðvitað fyrir fram hvaða svör hann fengi hjá ríkisstjórn sem ætlar að keyra EES-samninginn í höfn og sem hefur það bak við eyrað að stíga fyrr en seinna næsta skref í þessu máli, inn í Evrópubandalagið.

Flm. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eflaust vonlaust að mér takist að róa hv. þm. þegar ég fullyrði úr ræðustól að það er enginn klofningur í Framsfl. í þessu máli, enginn. Ég vona að hann sofi betur eftir að hann hefur heyrt þá yfirlýsingu frá mér af því að við höfum oft átt samstöðu í svona málum. Ég held líka satt að segja, hv. þm., að þingmaðurinn næði miklu betur til sinna um*bjóðenda ef hann hætti þessum málflutningi og tæki* að ræða á miklu málefnalegri grundvelli um það sem fram undan er.

Ég vek líka athygli á því að formaður Alþb. flutti hér ræðu fyrr í dag þar sem hann lýsti eindregnum stuðningi við þessa tillögu og taldi hana ekki óþarfa. Ég hef ekki orðið var við það að hv. þm. hafi látið það standa í vegi fyrir sínum tillöguflutningi þótt hann kunni að búast við að stjórnarflokkarnir standi á móti. Ég tel að bara sú umræða sem þegar er orðin hér hafi réttlætt þessa tillögu, en ég geri mér hins vegar sterklega vonir um að jafnvel hæstv. utanrrh. kunni að styðja þessa tillögu. Eigum við að gefa það upp á bátinn? Eigum við ekki heldur að sameinast um það að fá fram stefnu í þessum málum og eyða þeim misskilningi sem er í þjóðfélaginu yfirleitt um framtíð þessa máls og fá hér markaða ákveðna stefnu sem menn geta sameinast um?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Flm. þessarar tillögu og aðrir sem talað hafa fyrir henni hafa haft á orði að nú sé tími til kominn í framhaldi af hörðum deilum um EES-samninginn að leita sátta og freista þess að sameina þjóð*ina um framhald málsins*. Í ljósi þessa er ekki einleikið að við umræður um þessa sáttatillögu svokallaða er allt logandi í ágreiningi m.a. um framhald málsins milli stjórnarandstöðuflokkanna þriggja. Og staða málsins er þá sú að það er ekki bara að stjórnarandstöðuflokkarnir hafa klofnað í afstöðu sinni til EES heldur virðast þeir vera mjög ósammála um hvert eigi að vera framhald málsins.

Annað, af því að þetta er nú tiltölulega lítið mál og auðskilið, þá má það undarlegt heita hversu mjög það vefst fyrir mönnum að skýra hvert þeir eru að fara og hvað þeir meina með orðum sínum. Af því tilefni vil ég taka það fram að ég tek ekki undir með formanni Framsfl. þegar hann ber hv. 4. þm. Austurl. það á brýn að hann meini ekki einlæglega það sem hann segir í þessu máli. Ég held þvert á móti að hv. 4. þm. Austurl. segi það sem hann meinar og meini það sem hann segi í þessum málum og rengi ekki að afstaða hans er að því leyti ekta og málefnaleg. Það eru hins vegar aðrir sem stunda látalæti og leikaraskap í málinu eins og t.d. formaður Alþb. sem meinar ekkert af því sem hann segir.

Um hvað er þessi tillaga? Hún er einfaldlega um það að Alþingi feli ríkisstjórninni að hefja undirbúning að samningum við Evrópubandalagið á grundvelli

viðskiptaþáttar EES og þess er óskað að viðræður um þetta hefjist hið fyrsta. Hv. formaður Framsfl. taldi það bera vott um ósamkvæmni hjá mér þegar ég segi: Það þarf ekkert að álykta um að hefja undirbúning að því að semja við Evrópubandalagið um viðskiptaþátt EES. Sá undirbúningur hófst undir forustu hv. formanns Framsfl. fyrir fjórum árum og þeim undirbúningi er í sjálfu sér lokið með þeirri niðurstöðu sem felst í viðskiptaþætti EES-samningsins. Ef hv. þm. meinar að við eigum þrátt fyrir það í þeirri óvissu sem mál standa í núna að óska eftir því að taka upp formlegar samningaviðræður við EB aftur um viðskiptaþáttinn, þá get ég sagt honum það sem mína skoðun að því verður ekki svarað af Evrópubandalaginu. Auðvitað verður því ekki svarað þegar eitt ríki kemur sem er að bíða eftir því hvort samningur sem búið er að eyða fjórum árum í fái staðfestingu eða ekki og biður um samningaviðræður um sama efni. Menn hrista bara höfuðið. Það segir sig sjálft að þetta mál verður a.m.k. að bíða eftir því að samningurinn nái gildistöku. Það segir sig sjálft og þarfnast ekki frekari rökstuðnings.

Hitt er annað mál hvort við eigum að ræða við Evrópubandalagið um hvað taki við í framtíðinni ef EFTA-löndin yfirgefa EFTA og ganga í Evrópubandalagið. Og þetta „ef" snýst bæði um hvort og hvenær. Þá er því til að svara að viðræður við Evrópubandalagið þar sem við lýsum skoðunum okkar á því hvað muni taka við og hvers við óskum í því efni hafa farið fram og það er ár síðan þær viðræður voru hafnar. Það hefur verið rætt við utanrrh. framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, bæði þann fyrrverandi og núverandi, og það hefur verið rætt við þá sem gegna formennsku í Evrópubandalaginu, bæði á seinni hluta síðasta árs, Douglas Hurd, utanríkisráðherra Breta, og þann sem nú gegnir því starfi, Niels Helveg Petersen, utanríkisráðherra Dana, og öllum ber þessum aðilum saman. Þeir segja: Fari svo að EFTA-ríkin yfirgefi EFTA og gangi inn í EB og Ísland verði eitt eftir af samningsaðilum sjáum við enga meinbugi á því að Ísland haldi þessum samningi að því er varðar inntak hans, réttindi og skuldbindingar. En hitt segir sig nánast sjálft að þá þyrftum við að efna til samninga um breytingar á formi stofnananna. Ef EFTA yrði ekki lengur til, þá verða ekki til eftirlitsstofnun og dómstóll EFTA. Það segir sig sjálft. En engu að síður er það rétt að um það þyrfti að semja.

Er hægt að taka upp þá samninga strax? Nei, það er ekki hægt. Hvers vegna ekki? Vegna þess að við yrðum að bíða eftir því hvort EES-samningurinn nái gildistöku. Og vegna þess að við erum í fullkominni óvissu um það hver verður gildistími EES-samningsins. Það hafa verið leidd að því rök, bæði af hv. 4. þm. Austurl. og eins af hv. 10. þm. Reykv., Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, að vel megi vera að EES-samningurinn gildi lengri tíma en margir hafa ætlað hingað til. Við hvaða rök styðst það? Jú, það styðst við þau rök að þjóðirnar sem eru að sækja um eru ekki búnar að ljúka sínum samningum. Þeir samningar eru nýbyrjaðir. Þeir samningar hafa satt að segja í upphafi snúist um það sem auðveldast er og því hefur verið lýst yfir af hálfu Evrópubandalagsins að þeir samningar verði ekkert auðveldir. Það eru mörg ágreiningsefni sem gætu orðið að ásteytingarsteini. Það getur varðað hluti eins og byggðapólitík þessara landa, landbúnaðarpólitík þessara landa, sjávarútvegsstefnu þessara landa, viðskiptastefnu nokkurra þessara landa gagnvart öðrum ríkjum, ég tala sérstaklega um Finnland og Rússland, og það getur varðað sameiginlega utanríkis- og varnarpólitík, aðild að varnarbandalagi Vestur-Evrópu. Þessir samningar eru ekkert í höfn. Það er flestra manna mat að það sé barnaskapur sem fram hefur komið af hálfu forustumanna Svía þegar þeir enn lýsa því yfir að þeir telji góðar horfur á að Svíþjóð verði orðin fullgildur meðlimur í ársbyrjun 1995. Ef EES tekur gildi á seinni hluta þessa árs mun það alla vega gilda út þetta ár og þar næsta ár og gæti satt að segja gilt mun lengur, m.a. vegna þess að jafnvel þótt þessi ríki geti náð samningum um aðild við Evrópubandalagið þá eiga þau líka eftir að fá meirihlutasamþykki þjóða sinna við þessum samningum. Eins og nú horfir, stefnir ekki í þann meiri hluta og eins og nú horfir er það svo að það getur mjög margt gerst á þessari leið sem gæti eflt andstöðuna t.d. innan Norðurlanda við inngönguna í EB.

Um þetta þarf væntanlega ekkert að hafa mörg orð umfram það sem þegar er sagt. Það er þess vegna ótímabært að óska núna eftir formlegum samningaviðræðum við EB um viðskiptaþátt EES. Það hlýtur að bíða eftir að EES-sanningurinn taki gildi og eftir því að við sjáum hvort EFTA heldur velli vegna þess að Norðmenn og hugsanlega fleiri þjóðir eigi ekki svo auðvelt inngöngu í Evrópubandalagið og haldi þess vegna þessu EFTA-samstarfi áfram. Hitt er það sem á skandinavísku heitir „selvfølgelighed" eða sjálfsagður hlutur að ræða við samningsaðilann, Evrópubandalagið, um hvað við taki og um það er enginn ágreiningur. Menn eru sammála um það í hvaða átt það eigi að stefna og sammála um það að það sé ekki tímabært að taka þær viðræður upp formlega fyrr en óvissu hefur verið eytt um gildistöku EES.

Ég tel að með því að benda á þetta sé ég ekki að lýsa neinni andstöðu við þessa tillögu því að tillagan er út af fyrir sig ekki um svo skýrt skilgreinda hluti. Ég er t.d. sammála því að ég tel á því miklar líkur þótt það kunni að líða langur tími þangað til að því kemur að EES-samningurinn, að því er Ísland varðar, breytist í tvíhliða samning. Það er alla vega kjarni þessa máls. En það er allt annar hlutur en hefur vakað í máli manna hér því að í þessu er dálítill feluleikur. Þeir sem eru andstæðingar EES hafa gjarnan sagt: Jaá, en það er allt í lagi að semja við EB ef það er bara í tvíhliða formi. Þetta var afstaða Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu á fyrra kjörtímabili. Þá var það afstaða Framsfl. og Alþb. að segja: Nei, við teljum líkurnar á því að við náum góðum samningum eftir tvíhliða formi mun minni en ef við gerum þetta í samfloti með hinum EFTA-þjóðunum. Nú erum við reynslunni ríkari, nú liggja samningsniðurstöðurnar fyrir. Og enginn sem hugleiðir þetta mál í alvöru og hefur kynnt sér það neitar því að samningsniðurstaðan var mun betri eftir þeirri leið í fjölþjóðlegum samningum en

nokkrar líkur eru á að geti orðið í tvíhliða samningum. Það er í ljósi þessa sem ég hef sagt að það væri varasamt, beinlínis varasamt að óska eftir formlegum tvíhliða viðræðum núna, burt séð frá örlögum EES. Og hvers vegna er það varasamt? Það er vegna þess, ef á það yrði hlustað sem að vísu eru engar líkur á, að við værum þá auðvitað fyrst og fremst að biðja um endursamning á bókun 6, rýmri markaðsaðgang, kannski jafnvel fríverslun með fisk. Og við værum þá fyrst og fremst að óska eftir viðræðum við DD-14, þ.e. landbúnaðar- og sjávarvörudeildina, sem yrði eðli málsins samkvæmt aðalsamningsaðilinn í tvíhliða samningum um slíka hluti. Og þeir mundu einfaldlega klappa sama steininn og þeir hafa gert alla tíð frá því að bókun 6 var samin. Já, þetta getur komið til greina ef þið látið okkur fá veiðiheimildir í staðinn. Ég mundi ekki mæla með því að við færum út á svo varasama braut með því að óska nú eftir tvíhliða samningaviðræðum við þessar kringumstæður um hluti sem við erum búnir að semja um og fá miklu hagstæðari niðurstöður en nokkrar líkur eru á að fáist eftir þessum leiðum. Sannleikurinn er sá að ég held að þetta sé svolítill feluleikur. Ég held að það sé ekki mjög djúp alvara eða sannfæring á bak við inntak tillögunnar. Menn eru að reyna að segja hins vegar eitthvað til þess að koma sér frá því að flokkarnir hafa skipt um skoðun gagnvart EES frá því að þeir voru í stjórn og eru nú í stjórnarandstöðu. Og það er bara einn stjórnmálaflokkur hér á Alþingi Íslendinga sem hefur haft sömu afstöðuna í málinu frá upphafi til enda. Það vill svo til að sá sem hér stendur er formaður þess flokks og þarf þess vegna ekki að stunda neinn feluleik í málinu.

Mín niðurstaða er þess vegna sú að í sjálfu sér er ástæðulaust með öllu að fara út í aðra þætti Evrópumála í tilefni af þessari tillögu. Spurningin um aðild að Evrópubandalaginu? Það er engin óvissa ríkjandi um það mál að því er varðar afstöðu íslenskra stjórnvalda og stjórnmálaflokka. Og meira til. Það er meira að segja engin ástæða til þess að ætla að þótt hér væru stjórnmálaflokkar sem fylgdu því máli, þá væri sú gata greið. Vegna þess að við vitum að Evrópubandalagið hefur ekki nokkurn minnsta áhuga á að fá Ísland sem aðila að Evrópubandalaginu. Og mjög valdamikil öfl innan Evrópubandalagsins mundu eindregið leggjast gegn því að það gerðist. Hvers vegna? Það er vegna þess að við óbreytta skipan og starfshætti Evrópubandalagsins er það ríkjandi skoðun, það eru að vísu til frávik en það er ríkjandi skoðun, að Evrópubandalagið geti ekki tekið inn svokallaðar örþjóðir, þ.e. þjóðir eins og Kýpurbúa, Möltubúa og Íslendinga, og gefið þeim þau réttindi sem fylgja fullgildum meðlimum. Þar á meðal réttindin til þess að fá þýdda alla gjörninga og allt pappírsflóð bandalagsins yfir á tungumál viðkomandi þjóðar og þann rétt að mega tala það tungumál á fundum þess og ráðstefnum, þó ekkert kæmi annað til. Ég nefni bara hér eitt atriði. Kostnaðurinn við þetta yrði ótrúlegur. Og þeir hafa ekkert legið á þeirri skoðun sinni að þeir megi ekki til þess hugsa að fá fleiri slík ríki inn í Evrópubandalagið. Ef menn hafa voðalegar áhyggjur af því, þá er það á miklum misskilningi byggt. Og þeir sem eru mestir andstæðingar Evrópubandalagsins þurfa ekkert að hafa fyrir því að boða þá skoðun sína því að þeir eiga mjög trausta bandamenn í forustusveit Evrópubandalagsins sjálfs.

Meira held ég að ég sjái ekki ástæðu til þess að segja að svo stöddu.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Þrír hv. þm. hafa óskað eftir að veita andsvar og með tilliti til tímamarka verður þá að takmarka ræðutíma þannig að í fyrri umferð leyfist fullur tími eða tvær mínútur en í síðari umferð ein mínúta og gildir hið sama um hugsanleg svör hæstv. utanrrh.

Flm. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að fagna því að hæstv. utanrrh. fékk málið. Ég hafði dálitlar áhyggjur af því að hann skyldi ekki taka til máls. Ég er óvanur því af hans hálfu. Hins vegar viðurkenni ég að það kom bókstaflega ekki nokkur skapaður hlutur nýr fram í hans ræðu. Hann endurtók það að þetta væri varasamt, ótímabært o.s.frv. Ég hef svarað því öllu og ég hef lýst því að við erum reiðubúnir að ræða um fyrirvara, tímasetningar og allt saman og höfum reyndar eingöngu lagt á það áherslu að marka ákveðna stefnu svo að eytt sé þeirri óvissu sem hér ríkir. Ég er búinn að endurtaka það oft og ég trúi ekki öðru en hæstv. utanrrh. sé sammála því að það þurfi að gera.

Hins vegar hlakkaði mjög í honum þegar hann fullyrti hér í upphafi síns máls að það væri ágreiningur á milli stjórnarandstöðunnar um þetta mál. Ekki veit ég á hverju hann byggir það. Það kann að vera að það sé í andsvörum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, en grunur minn er sá að það sé ekki fugl í hendi þegar upp verður staðið. Ég er sannfærður um að Hjörleifur Guttormsson stendur með okkur í þessu máli þegar þar að kemur. En það er auðvitað hans að svara því. En ég vil bara vara hæstv. utanrrh. að treysta á það.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. segir að það sé ótímabært að biðja um formlegar viðræður um þetta mál. A.m.k. sé það ekki tímabært fyrr en samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði tekur gildi. Það má vel vera að það sé ekki rétti tíminn til að fara fram á slíkar formlegar viðræður fyrr en þá þótt ég hafi vissar efasemdir um það. En mér líkar það illa hjá hæstv. utanrrh. þegar hann segir: Það verður ekkert á það hlustað, það mun enginn taka það alvarlega. Ég get ekki samþykkt þessar ályktanir hæstv. utanrrh. þegar það er vitað mál að allar hinar EFTA-þjóðirnar eru komnar í aðildarviðræður. Ég minni á það að ástæðan fyrir því að við náðum tiltölulega hagstæðum samningi 1972 um bókun 6 var sú staðreynd að það var þá gert ráð fyrir því að Noregur gengi í bandalagið. Þess vegna skiptir afar miklu máli að vera ekki of seinn að taka við sér í málinu eins og mér finnst að hæstv. utanrrh. ætli sér að vera og hann vilji gefa sér allt fyrir fram í málinu og kalla þetta feluleik af okkar hálfu. Ég bið nú hæstv. utanrrh. að gera ekki svona lítið úr öðrum í þessu máli

þótt hann sé vel að sér og betur að sér í þeim en flestir aðrir, ekki ætla ég að efast um það, en ég vil benda honum á að auðvitað er ekki verið að fara fram á viðræður við DD-14. Þetta eru viðræður við framkvæmdastjórnina í heild sinni og þá fyrst og fremst utanríkisdeild framkvæmdastjórnarinnar sem hlýtur að fara með slíkt mál formlega því þetta mál varðar miklu meira en fiskveiðimál.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um það hvort tímabært væri að óska eftir slíkum formlegum samningaviðræðum eða ekki, þá sagði hv. 1. þm. Austurl.: Ja, hin EFTA-ríkin hafa sótt um og fengið aðildarviðræður þrátt fyrir óvissuna um EES. Það er alveg rétt, en þetta er ekki sambærilegt vegna þess að þau eru að biðja um annað. Þau eru að biðja um aðildarviðræður og sum þeirra voru byrjuð á því 1989 um það leyti sem EES-viðræðurnar voru að fara af stað. Við værum að fara fram á formlegar samningaviðræður nánast um það að spretta upp eða endurskoða viðskiptaþátt EES. Þetta tvennt er því ekki sambærilegt. Ég tel að okkur yrði kurteislega á það bent að bíða eftir því hvort EES nær gildistöku áður en við förum að óska eftir því að fara í formlegar samningaviðræður um hluti sem við höfum nýlega lokið við að gera.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. orðaði það á þá leið að hann teldi að okkur yrði kurteislega bent á það að ekki væri rétt að hefja viðræður fyrr en Evrópska efnahagssvæðið hefði öðlast gildi. Ég fellst alveg á að það sé kannað með óyggjandi hætti áður en fram á það er farið að viðræður hefjist hvernig því verði tekið. Það má vel vera að hæstv. utanrrh. meti það svo að menn vildu ekki hefja neitt slíkt fyrr en að því loknu. Ja, gott og vel. Þá spyr ég hæstv. utanrrh.: Er hann þá að lýsa því yfir að eftir að Evrópska efnahagssvæðið hefur tekið gildi, sem ég geng út frá að muni gerast, þá telji hæstv. utanrrh. rétt á þeim tímapunkti að senda slíka beiðni?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef þegar beint þeirri spurningu með formlegum hætti til utanrrh. Evrópubandalagsins, þ.e. framkvæmdastjórnar, Hans van den Broek, þann 5. febr. og spurt hann einfaldlega: Hvernig yrði því tekið ef við óskuðum eftir formlegum samningaviðræðum á grundvelli viðskiptaþáttar EES um það að breyta honum í tvíhliða samning? Þetta var í fjórða sinn sem ég bar það erindi upp fyrir ráðamenn í EB. Og svarið var þetta: Við göngum að sjálfsögðu út frá því sem gefnu að eftir því verði ekki leitað meðan EES sjálft er í óvissu. Verði eftir því leitað eftir það, þá gerum við ráð fyrir því að það verði mjög auðsótt að eyða allri óvissu um stöðu Íslands alveg eins og gagnvart umsóknarríkjunum á eftirfarandi veg: Að við verðum fullvissaðir um það með formlegum hætti, það verði staðfest af hálfu EB, að við höldum réttindum og skuldbindingum EES-samningsins á viðskiptasviðinu og að EB lýsi því yfir að þeir muni verða reiðubúnir til þess að semja upp á nýtt um stofnanaþáttinn, ef á það reynir en það verður áreiðanlega alllangur millibilstími sem þetta, ef á það reynir, gildir.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í máli hæstv. utanrrh. kom fram að hann teldi að það væri nokkuð langsótt að vera að ræða um aðild Íslands að Evrópubandalaginu og það væru uppi einhverjar alvöruhugmyndir í þá átt. Ég veit ekki hvaða mark hv. þm. tekur á þingmönnum í eigin flokki sem hafa mjög eindregið mælt með þessu og ég veit ekki hvernig hann metur samstarfsaðilann og þingmenn innan Sjálfstfl. sem ganga hér — ég vil nú ekki segja berserksgang, en alla vega mjög eindregið ötullega fram í því að boða það sem næsta mál á dagskrá að sækja um aðild að Evrópubandalaginu og það ekki minni maður en formaður efh.- og viðskn. þingsins. Í marsmánuði í fyrra var kafli í skýrslu hæstv. utanrrh. sem var samfelldur rökstuðningur fyrir því að nú væri tímabært að kryfja það til mergjar hvort ekki væri rétti tíminn til þess að fara að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Og hæstv. ráðherra hefur ekki dregið þetta til baka og hann tjáði hér enga afstöðu eindregna í sínu máli hvernig hann liti á málin að þessu leyti, hvort hann mundi að einhverjum tíma liðnum standa að því sem hann hefur áður látið að liggja að það væri skynsamlegt ef ekki óhjákvæmilegt fyrir Íslendinga að sækja um aðild að Evrópubandalaginu ef önnur Norðurlönd færu þá leið. Á þetta hlýt ég að benda í þessari umræðu um leið, virðulegur forseti, og ég kemst ekki hjá því að minna á að það væri betur að ýmsir þingmenn sem fyrr á árum létu hæstv. utanrrh. ráða ferðinni í þessum málum hefðu ekki haft dregið yfir höfuð á þeim tíma og eru þess vegna í þeirri stöðu sem þeir eru í dag.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni er mér alveg ljúft að votta það að ég hef hinar mestu mætur á þingmönnum í eigin flokki, þingmönnum yfirleitt og alveg sér í lagi þeim hv. þm. sem er formaður í efh.- og viðskn.

Að því er varðar það sem stóð í skýrslu utanrrh. þar sem hvatt var til þess að íslensk stjórnvöld færu að kanna af alvöru kost og galla aðildar, þá vil ég benda hv. 4. þm. Austurl. á að setja það í tímanlega rétt samhengi. Það er eitt að segja: Auðvitað eigum við að skoða þennan kost vandlega út frá íslensku hagsmunamati, og annað að segja: Nú hef ég komist að þeirri niðurstöðu að rétt sé að sækja um aðild. Að þeirri niðurstöðu komst ég aldrei, en ég taldi þá og tel enn að það hefði verið sjálfsagður hlutur og hygginna manna háttur að skoða vandlega kosti og galla. **(Gripið fram í:** Þar með talið að leggja niður íslensku ...) Nei, nei. Þetta var sagt líka þegar óvissan um EES var nánast í hápunkti og ég vek athygli á því að ég hef alla tíð ver-

ið þeirrar skoðunar að staðfesting EES-samningsins dragi úr þrýstingi m.a. á forráðamenn íslensks atvinnulífs á það að Ísland sæki um aðild að EB, þ.e. EES-samningurinn tryggir viðskiptahagsmuni okkar á nokkurn veginn viðunandi máta og full aðild veitir ákaflega litla viðbót á viðskiptasviðinu. Ef við hefðum ekki EES-samninginn sem helmingurinn af þingflokki Framsfl., meiri hlutinn í þingflokki Kvennalistans og þingflokkur Alþb. í heild sinni beittu sér gegn, þá hefði að sjálfsögðu aukist mjög þrýstingurinn á það að við gengjum í EB. Vegna þess að fjöldi fólks, sem hefur nokkurn veginn óskjálga sýn á veruleikann, ekki síst þeir sem eru í einhverjum tengslum við atvinnulífið, sæi auðvitað að þá væri hlutum okkar komið í illt efni og við yrðum hugsanlega neyddir til þess um síðir að ganga í EB. Sem betur fór tókst bæði mér og öðrum góðum mönnum að afstýra þessu og þar á meðal þeim mönnum í Framsfl. sem sátu hjá og greiddu þannig götu málsins. Eftir stendur svo hitt sem Íslendingar verða að fara að átta sig á að af hálfu EB er enginn áhugi á því, ekki nokkur, að fá Íslendinga inn í EB.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Enn tókum við eftir því að hæstv. utanrrh. tók ekki af skarið varðandi afstöðu sína til þessara mála. Hann skýrði hvers vegna hann hefði lagt til fyrir ári að fara í rækilega könnun á vegum íslenskra stjórnvalda um það hvort ekki væri tímabært að sækja um aðild. Hann sagði raunar í skýrslu sinni orðrétt, virðulegi forseti, með þínu leyfi:

„Hitt er rétt að endanlegt svar við þessum spurningum fæst ekki fyrr en á það hefur verið látið reyna með samningum á grundvelli umsóknar", sagði ráðherrann í skýrslu sinni. Hann huggar menn með því í þinginu að með EES-samningi væri búið að tappa dampinum af þeim sem ákafastir væru í inngöngu í Evrópubandalagið. Betur að satt væri. Hvað er það sem við heyrum þessa dagana annað en háværar kröfur frá *fulltrúum atvinnulífsins, þar á meðal nefndum þingmanni*, Vilhjálmi Egilssyni, formanni Verslunarráðsins, Þórarni V. Þórarinssyni og hvað þeir heita nú allir, kröfuna um það í öllum bænum: Nú er tími til að sækja um. Þetta er samræmi í málflutningi eða hitt þó heldur eða veruleikaskyn. Hvað eigum við að kalla það?

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Við búum svo vel í þessum sal að hér er íslenskan leyfð og af þeirri ástæðu er ég með DV fyrir framan mig. Hér hefur hæstv. utanrrh. sagt mjög stóra hluti sem eru fullkomlega þess virði að menn hugleiði hvað hefur komið fram.

Í fyrsta lagi hefur hæstv. utanrrh. upplýst okkur, hina almennu þingmenn, um það að fyrir liggi að það sé gersamlega vonlaust að við komumst inn í EB nema *íslensk tunga verði lögð niður í landinu*. Það sé skilyrðið, það sé eitt af því sem sé kaupverð gæfunnar. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki rétt.) Nú er kallað utan þingsalar og er það svona í lengsta lagi að þetta sé ekki rétt. Hæstv. utanrrh. sagði að innan EB væri enginn vilji fyrir því að fá svokallaðar örþjóðir inn. Hann tilgreindi þær með nafni, það væru Íslendingar, Möltubúar og þeir sem búa á Kýpur. Þá á ég við Grikki. E.t.v. hafa það verið Tyrkirnir líka. Skýringin var sú að ef þeir fengju öll réttindi sem felast í því að vera í EB. Reglan er þessi: Ef þú gengur í félag, þá tekurðu við öllum skyldunum og færð öll réttindin, þá yrði sá þröskuldur á þeirri leið að það lægi fyrir að svo sterkir aðilar úti í Evrópu væri á móti því að tunga þessara þjóða yrði notuð til jafns við tungur hinna þjóðanna að *það kæmi aldrei til greina að menn fengju að fara inn* í EB. Í rökréttu framhaldi af því blasir við að kaupverð gæfunnar ef menn ætla inn er að afsala ser tungunni. Nú heyrist ekkert úr hliðarsal, enda málið svo skýrt að það er ekki hægt að misskilja það. (**Utanrrh.:** Það er svolítill misskilningur hjá hv. þm.) Ég vil þess vegna spyrja hæstv. utanrrh.: Hefur hann gert hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni grein fyrir því að í ósk hans um aðild að EB felst jafnframt ósk um það að íslensk tunga verði lögð niður ef hann meinar eitthvað með því sem hann er að segja? Hefur hann gert hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni grein fyrir því að ef hann meinar eitthvað með því að við eigum að ganga í EB þá sé hann jafnframt að lýsa því yfir að samkvæmt skilningi hæstv. utanrrh. verði að leggja niður íslenska tungu ella komumst við ekki inn? Þetta eru nefnilega þau gögn sem hafa verið sett fram af hæstv. utanrrh. og þetta er náttúrlega tímasprengja svo ekki sé meira sagt. Þetta er tímasprengja. Það þarf að fara aftur til Skálholtsskóla og þeirra tíma þegar menn brutu um það heilann hvort rétt væri að leggja niður íslenska tungu og taka upp dönsku. Hæstv. utanrrh. virðist enga grein hafa gert sér fyrir því hvaða tímasprengju hann setti inn í þingið. Hann virðist ekki hafa gert sér grein fyrir því að annaðhvort hefur hann vanrækt með öllu að fræða hv. þm. Karl Steinar Guðnason um það hvað hann væri að fara fram á eða hann er að segja okkur þau tíðindi að það sé upplýst að Karl Steinar Guðnason *sé reiðubúinn að fórna tungunni* til þess að komast inn. Það sama á að sjálfsögðu við um hv. þm. Vilhjálm Egilsson. Hins vegar horfir það nú svo við að ég lít nú kannski ekki á að það sé jafnmikil skylda hjá hæstv. utanrrh. að sjá um uppfræðslu á þeim bæ. Það er kannski sameiginlegt verkefni að nokkru leyti en þó er sá munurinn að í öðru tilvikinu er um að ræða þingmann úr Sjálfstfl. en í hinu er um að ræða þingmann úr Alþfl.

Mér voru þetta nokkuð góð tíðindi að heyra yfirlýsingu hæstv. utanrrh. Ég held nefnilega að þrátt fyrir allt þurfi að safna nokkuð vel liði og það líði allmörg ár þangað til sjálfstæðisvitund Íslendinga verði svo brotin niður að menn séu reiðubúnir að fórna tungunni. Ég trúi í það minnsta ekki að það gerist á einum eða tveimur dögum.

Ég hef varpað til utanrrh. spurningu um uppfræðsluna á hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni í þessu máli og óska eftir því að því verði svarað afdráttarlaust hvort sú fræðsla hefur farið fram þannig að ég fái upplýs-

ingar um afstöðuna til íslenskrar tungu á þessum fundi.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú er illt í efni ef landseti Snorra í Reykholti skilur hlutina rétt og hefur þegar afsalað sér íslenskri tungu. En ef hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson skildi það sem hann var að segja, þá var það þetta: Þegar hann mætir í Norðurlandaráði eða einhverri nefnd í Norðurlandasamstarfi, þá er honum gert að tala þar eitthvert af tungumálum eða mállýskum annarra þjóða Norðurlanda, norsku, dönsku, sænsku eða jafnvel breyta skóladönskunni sinni með íslenskri áherslu yfir í finnska sænsku. Þá er spurningin: Hefur hv. þm. þar með afsalað sér móðurmáli sínu, íslenskri tungu? Hingað til hef ég ekki heyrt t.d. hv. þm., sem er nú handgengnastur norrænu samstarfi, Pál Pétursson frá Höllustöðum, sem sjaldan hallar réttu máli sem kunnugt er, halda því fram að ef hann skildi íslenskuna sína eftir heima og talaði prentsmiðjudönskuna þar ytra, hefði hann þar með afsalað sér íslenskri tungu. Nú verðum við að játa að í þeim félagsskap sem Íslendingar hafa starfað frá 1970 og tengt er við EFTA þá hafa menn orðið að hafa ensku sem vinnumál. Þar tala menn því ekki eigið mál. Þar er þó hlutum þannig fyrir komið að allir sitja við sama borð því að þeir verða að tala erlenda tungu, ekki móðurmál sitt og eru því betur settir en við hið samnorræna veisluborð. Þetta er ekki að afsala sér íslenskri tungu. Auðvitað var þetta allt misskilningur hjá hv. þm. eins og gjarnan fyrr.

Það sem ég var að segja var þetta: Það sem Evrópubandalaginu ægir væri sú kvöð samkvæmt reglum þess að þýða allar ræður, sem yrðu fluttar á íslensku, yfir á níu önnur tungumál. Ef ég man rétt hafa þeir svolítið kvartað undan pappírsflóði en þetta verða menn að reyna að skilja réttum skilningi.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst er til að taka að hér var ekki á dagskrá hvaða reglur gilda um aðild að Norðurlandaráði og ekki heldur hvaða tungumál Páll Pétursson talar á þeim þingum. (**Utanrrh.**: ...afsala sér íslenskunni að þínum skilningi?) Hér var um það rætt að hæstv. utanrrh. var búinn að skýra frá því mjög skilmerkilega að miðað við það málsvæði sem við tilheyrðum væri svo mikil andstaða við því að hleypa okkur inn í EB að það yrði aldrei gert. Þetta var hann var að fræða okkur um hér úr stólnum. Þá er engin önnur lausn fyrir þá sem vilja fara inn en að breyta um málsvæði. Annars komast menn það ekki. Þetta hlýtur hæstv. utanrrh. að skilja. Þetta er svo einfalt mál. Ef fjallið vill ekki koma til Múhammeðs verður Múhammeð að koma til fjallsins. Þetta veit að sjálfsögðu hv. þm. Karl Steinar Guðnason. Um það þarf ekki að deila. Ef þeim stendur slík ógn að þýða þetta allt á íslensku eins og hér hefur komið fram þá verðum við náttúrlega að una því að það verði þýtt á dönsku eða ensku ef menn ætla þarna inn og taka ákvörðun um það að fórna þeim þætti.

Ég vona að hæstv. ráðherra geri sér grein fyrir því að hann hefur ekki enn svarað spurningunni með uppfræðsluna á hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni. Nú var þetta ekki á viðtæku sviði sem spurt var um þá fræðslu sem hæstv. utanrrh. hefði veitt þingmanninum í þessum efnum heldur á mjög takmörkuðu sviði og svarið hefur ekki borist enn.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og heyra má á ég fullt í fangi með uppfræðsluna á hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni og hef tekist mun betur til með Karl Steinar Guðnason. Í alvöru að tala er ástæða til þess að vekja athygli á því að í aðildarviðræðum Svía og Norðmanna við Evrópubandalagið er mjög líklegt að þetta mál komi upp. Ég segi líklegt vegna þess að við höfum heyrt því hreyft af hálfu embættismanna að það verði mjög erfitt að bæta þeirri kvöð á kerfið í Evrópubandalaginu að eiga að þýða allt mál af norsku og sænsku eins og hingað til hefur verið gert á dönsku. Þeir sem þetta skilja vita að stærsti hluti af mannafla EB fæst við að þýða af einni tungu yfir á aðra. Því hefur jafnvel verið hreyft að þegar allar stofnanir og starfsaðferðir Evrópubandalagsins verði endurskoðaðar eftir 1996 verði þær kröfur uppi að hinar fámennari þjóðir í Evrópu verði að láta af kröfunni um jafnan rétt bæði að því er varðar framkvæmdastjóra, fjölda þingmanna í Evrópuþingi, embættismenn á æðstu stigum eins og í dómstól, en jafnvel líka það að þeir yrðu að fallast á það að þeir hefðu ekki sama rétt og þjóðtungur hinna stærri þjóða varðandi þessa þýðingarkvöð. Það hefur verið rætt í dönskum fjölmiðlum að Danir megi búast við því — og það hafði t.d. áhrif á Maastricht-atkvæðagreiðsluna — að danska verði ekki þar jafnrétthá og t.d. enska. Þetta eru nokkrar staðreyndir um málið en breytir því ekki að jafnvel á vettvangi smáþjóða eins og í Norðurlandaráði hafa Íslendingar látið bjóða sér það varðandi sína göfugu tungu að þurfa að haltra þar í þriðja gír á norskum mállýskum um hin flóknustu sérfræðilegu málefni. Það þýðir ekki að menn hafi afsalað sér íslenskri tungu. Menn gera meiri kröfur til sjálfra sín en til annarra. En þetta skyldu menn gjarnan hafa í huga og ég tel mig ekki vera að fræða einn eða neinn, nema ef vera skyldi hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson, um þessi mál vegna þess að þetta er altalað í þeim samningaviðræðum sem nú fara fram.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú tók hæstv. ráðherra það fram að hann væri að tala í alvöru. (**Utanrrh.**: Áður var ég að tala til þín.) Þegar hann talaði í alvöru kom í ljós að það sem hann hafði sagt um þá vörn sem Íslendingar eiga í því að vera örþjóð eins og hann orðaði það svo skemmtilega — sú málsvörn er engin. Það stendur ekki fyrir gagnvart því að komast inn í EB ef menn ætla sér þar inn. Það verður einfaldlega leyst á þann einfalda hátt að enskan verður látin vera það tungumál sem Íslendingar sitja uppi með í því sambandi að fá pappíra þýdda á en ekki á íslensku. Þetta veit hæstv. ráðherra. Þess vegna er það billeg lausn sem kom fram fyrr á

þessum fundi að halda því fram að einhverjir embættismenn væru þeirrar skoðunar að það yrði aldrei samþykkt að Íslendingar færu inn vegna þess að þeir töluðu íslensku og þeirra kvaða sem því fylgdu að þýða. Þetta veit hv. þm. Karl Steinar Guðnason. Hann gerir sér fulla grein fyrir því að það er hægt að fara þarna inn ef við viljum og einfaldasti hlutur í heimi. Spurningin er bara sú, og það vona ég að sé samstaða um hjá meiri hluta íslenskrar þjóðar, að menn hafi engan áhuga á slíku.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Þetta er dálítið skringileg umræða hér undir lokin. Fyrst út af túlkun í norrænu samstarfi þá eiga Íslendingar kost á því að tala sína tungu á norrænum vettvangi ef þeir kæra sig um. Þeir þurfa aðeins að tilkynna að þeir ætli að tala íslensku og þá verður þeim útvegaður túlkur til að túlka mál þeirra. Svo einfalt er það. Nokkrum sinnum hefur það komið fyrir að menn hafa t.d. af þjóðernisástæðum kosið að tala íslensku og þeirra mál hefur verið túlkað.

Hins vegar er að aftur önnur saga að þessu fylgir dálítill kostnaður sem er að sjálfsögðu ekki greiddur af Íslendingum heldur úr sameiginlegum sjóði Norðurlandaráðs. Það sem fælir menn frekast frá því að beita þessari aðferð, sem út af fyrir sig er freistandi, er að það er heldur óþægilegra að fá menn til að hlusta á sig ef menn tala tungu sem mjög fáir á fundinum skilja.

Mér finnst það billeg vörn í málinu sem hæstv. utanrrh. var að nota hér með þessi tungumálavandamál og þýðingarskylduna. Ég skil ekki í öðru en það sé ákaflega einfalt að leysa þann vanda í samskiptum við Evrópubandalagið. Við gætum t.d. lagt það fram að gefa Evrópubandalaginu undanþágu frá þessari þýðingarskyldu. Við gætum meira að segja lofað að flytja engar ræður á þessum „kongressum" a.m.k. alls ekki á íslensku. Ég hef enga trú á að það yrði nokkuð á okkur hlustað hvort sem væri, sama hvaða tungu við töluðum og sama hve mikið væri þýtt því það yrði ekki farið eftir því. Og ég hef enga trú á því að það skipti neinu máli og ég held að það hefði komið í einn stað niður þó hæstv. utanrrh. hefði engar ræður flutt í þeim samningaumleitunum sem hann hefur verið að taka þátt í erlendis og jafnvel meira að segja þó hann hefði aldrei efnt til blaðamannafundar. Það hefur verið þannig haldið á málefnum Íslands í þessum viðræðum að ég held að það hefði verið alveg eins gott að þegja.

Ég held að það væri líka ódýrara fyrir okkur ef það yrði einhvers metið að gefa undanþágu frá þýðingarskyldunni en t.d. að hleypa fiskiflota Evrópubandalagsins inn á íslensk fiskimið til endurgjalds fyrir tollaívilnanir sem hæstv. utanrrh. vék nú að í ræðu fyrir nokkrum mínútum síðan. Það er út af fyrir sig ekkert nýtt að Evrópubandalagið sæki eftir að fá aðgang að fiskveiðilögsögu okkar Íslendinga til endurgjalds fyrir tollaívilnanir. Og það er nákvæmlega það sem við erum búnir að veita þeim undir forustu hæstv. utanrrh. Þetta er nákvæmlega það sem við erum búnir að veita þeim. Við erum búnir að gera svokallaðan tvíhliðasamning þar sem við látum karfa fyrir „pappírs"-fisk, ekki langhala eins og utanrrh. reyndi að telja þjóðinni trú um fyrst og lengi vel, heldur látum karfa fyrir „pappírs"-loðnu. Það er ekkert annað heldur en aðgangur að íslenskum fiskimiðum í staðinn fyrir tollaívilnanir þær sem felast í EES-samningnum. Við getum haldið áfram að tala íslensku hver við annan jafnvel þótt hv. 2. þm. Vestf. sé eitthvað hræddur um að það verði bannað. Ég ætla að halda því áfram sama hvað hver segir. Ég hef enga trú á öðru en að það verði auðsótt mál að við tölum íslensku hver við annan og m.a.s. getum skrifað Dagblaðið á einhvers konar íslensku ef við kærum okkur um.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ástæða til að taka það fram ef einhver kynni að vera að fylgjast með þessum orðaskiptum að hv. þm. Páll Pétursson er nýkominn hingað í salinn og hefur ekki fylgst með þessum umræðum og veit sennilega ekkert hvað hér er á dagskrá frekar en venjulega.

Í annan stað: Engan mann hef ég heyrt, fulltrúa smáþjóða, jafnmikið í keng af vanmetakennd, ef ekki ég segði sjálfsforakt, eins og lýsti sér í orðum þessa manns sem sagði: „Engu skiptir hverju þið smáþjóðamenn eruð að halda fram á alþjóðlegum málþingum." Hann undanskilur væntanlega einn, þ.e. Pál Pétursson frá Höllustöðum þegar hann hallar hvað mest réttu máli á norrænum málþingum. Samanber það sem hann sagði í hundraðasta sinn um að Evrópubandalaginu hefðu verið veittar einhliða veiðiheimildir. Þetta er búið að hrekja í hvert einasta skipti sem maðurinn segir þetta. Hann er búinn einu sinni m.a.s. í umræðunum að biðjast velvirðingar á þessu og viðurkenna að hann fer með fleipur og rangfærslur en hann heldur því áfram vegna þess að ósannindavaðallinn í hv. þm. er vanabindandi.

Með leyfi að spyrja: Á hvaða tungumáli tala þeir á alþjóðaþingum framsóknarmanna ef það kynni að vera til?

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Svokallaður tvíhliða samningur um fiskveiðimál var ekki gerður að kröfu hæstv. utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar. Þó að hann hafi haldið illa á málum okkar þá dettur mér ekki í hug að bera það upp á hann að hann hafi krafist þess að þessi samningur yrði gerður. Það er skýrt lagt fyrir okkur í þingskjölum að tvíhliða samningur um fiskveiði við Evrópubandalagið er gerður að kröfu þess og Evrópubandalagið lagði svo mikið undir að neita að fullgilda samning um Evrópskt efnahagssvæði nema gerður væri tvíhliða samningur við okkur annars vegar og tvíhliða samningur við Norðmenn hins vegar.

Ég verð að segja að ég hef ekki mikla vanmetakennd fyrir hönd Íslendinga á alþjóðavettvangi, ég held að þeir bjargi sér yfirleitt, þó dapurleg dæmi finnist eins og framganga hæstv. utanrrh. hefur sannað fyrst

og fremst í þessu máli, því iðulega stendur hann sig nú ekki vel þegar sá gállinn er á honum. En ég vil meina að betur hefði hann flutt færri ræður, betur hefði hann haldið færri blaðamannafundi og betur hefði hann reynt að sinna skyldu sinni við að halda hagsmunum Íslands til haga á þessum vettvangi en vera með þær glæsiræður sem hann hefur verið að flytja á erlendum tungum í umboði þjóðarinnar.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Einhvern tímann var sagt: „Hálfsannleikur oftast er óhrekjandi lygi." Tvíhliða samning við Evrópubandalagið gerðu Íslendingar til að efna loforð sem þeir gáfu þegar þeir gerðu fríverslunarsamning við bandalagið 1972 og varð virkt undir nafninu bókun 6 1976. Það var með öðrum orðum til að efna loforð fyrri ríkisstjórnar, standa við kvöð sem íslensk stjórnvöld höfðu tekið á sig, sem þessi samningur var gerður. Hv. þm. er búinn að fara með þau ósannindi úr þessum ræðustól að þar með hafi Íslendingar samþykkt kröfu EB um að láta veiðiheimildir fyrir tollalækkanir. Þetta eru ómerkileg ósannindi og fleipur sem hv. þm. getur að sjálfsögðu ekki staðið við vegna þess að þessi tvíhliða samningur er um að skiptast á gagnkvæmum veiðiheimildum. Og jafnvel þótt hv. þm. kunni að hafa einhverja skoðun á því að mælikvarðar sjútvrn. í því efni séu ekki réttir að einhverju leyti breytir það engu um að samið var um skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum. Hv. þm. hefur aldrei viðurkennt þessa staðreynd, aldrei farið rétt með þessa staðreynd og hér úr þessum ræðustól endurtekið í sífellu í von um að menn tryðu honum það sem er sannanlega ósatt. Er úr vöndu að ráða að eiga orðastað við slíkan mann.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þótti vænt um að hæstv. utanrrh. skyldi kunna þessa bókmenntatilvitnun: „Hálfsannleikur oftast er óhrekjandi lygi." Hann hefur nú því miður nokkrum sinnum dottið í þá gryfju hér í ræðustól að fara með ekki einu sinni hálfsannleik heldur það sem var miklu fjær sannleikanum en miðja leið. Hann talar um loforð frá 1972. Já, já, við höfum fram að þessu komist hjá því að efna það loforð. Þetta var reyndar ekki loforð heldur krafa frá Evrópubandalaginu en henni var ekki fylgt eftir þannig að við höfum ekki fram að þessu þurft að uppfylla hana. Og við hefðum væntanlega líka komist hjá því ef þeir hefðu ekki verið búnir að koma á okkur þumalskrúfum Evrópsks efnahagssvæðis.

Ég veit ekki hvort ósannindi í ræðustól eru akkúrat umræðuefni þessarar umræðu. Ég hef flutt frv. um ráðherraábyrgð og ég inni forseta eftir því hvort ég fái ekki bráðum að tala fyrir því máli og vonast til þess að hæstv. utanrrh. verði viðstaddur þá umræðu því ég hygg að hentugt væri að hann tæki þátt í henni.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að rifja það upp að þetta á að heita að vera umræða um þáltill. sem flutt er af formanni og varaformanni Framsfl. þar sem skorað er á Alþingi Íslendinga að fela ríkisstjórninni að efna til tvíhliða samninga við Evrópubandalagið. En þeir sem hlustað hafa aðeins á málflutning hv. þingflokksformanns Framsfl. gætu haldið að umræðan væri um eitthvert allt annað efni.

Það er sérstök ástæða til að nefna hér eitt atriði vegna þess að hv. þm. hefur sérhæft sig í því að bera öðrum á brýn ósannindi til að gera málflutning manna tortryggilegan með þeim hætti. Það eru út af fyrir sig ærumeiðandi aðdróttanir þótt í þinghelgi sé, úr þessum ræðustól.

Nú er það svo að stundum leita til mín ungir menn sem fengin eru þau verkefni í skólum að setja á blað einhverja skólastíla um þessi miklu mál, Evrópumál og EES-samning og því um líkt. Ég sé ástæðu til að segja frá því að í eitt skiptið þá sýndist mér ljóst að viðkomandi nemandi vildi hafa fljótaskrift á þessu og ekki kafa mjög djúpt í málinu. Þegar ég hafði stungið upp á ýmsum efnum við hann þá sagði ég í hálfkæringi: Ætli þú gætir ekki sloppið vel með eitt efni tiltölulega afmarkað. Það væri t.d. að orðtaka ræður formanns þingflokks Framsfl. um EES-málið í 1. umr., 2. umr. og um tvíhliða samninginn og ræður hans nánast óteljandi í þingskapamasi út frá bara einni spurningu. Með því að taka niður þær setningar einar sem sannanlega og óumdeilanlega væru rangar: Þar sem rangt væri farið með staðreyndir, þar sem um væri að ræða rangfærslur. Og ef þú tíundaðir líka hversu oft maðurinn endurtekur þessar rangfærslur eftir að búið er að leiðrétta þær. Þetta leist nemandanum allvel á vegna þess að hann hélt að þetta væri létt verk og löðurmannlegt. Hann hélt að þetta væri tveggja daga verk. Hann byrjaði fyrir þremur vikum. Og er enn að.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þykir það lofsvert og er þakklátur hæstv. utanrrh. fyrir að vekja athygli góðra nemenda á ræðum mínum. Það er ekki nema lofsvert og verður ábyggilega lærdómsríkt fyrir þennan góða nemanda að fara yfir þær. Ég held að hann sé ekki mikill verkmaður eða að hinu leytinu, sem mér þykir líklegra, að hann sé enn að leita eftir þrjár vikur að einhverju sem ég hafi farið rangt með vegna þess að það hef ég ekki gert. Það hefur hugsanlega komið einu sinni eða tvisvar fyrir mig að fara með eitthvað sem ekki stóðst en að mestu leyti held ég að það hafi nú gengið eftir.

Hitt er annað mál að ef hæstv. utanrrh. hefði sett hann í það að fara yfir það sem hann er búinn að segja um þetta EES-mál í gegnum árin þá hygg ég að það væri efni í heila doktorsritgerð fyrir nemandann.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 440. mál (brottfall ákvæða er varða Sviss). — Þskj. 749.

Guðmundur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það hafa orðið miklar umræður um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði og þeim hefur vissulega verið haldið áfram hér í dag og mér sýnist með svipuðum hætti og oft áður. Það er kannski engin furða. Mér sýnist af þeim umræðum sem hér hafa verið í dag að menn haldi sig við sama heygarðshornið. Það getur vel verið að það sé einmitt vegna þess hvernig menn hafa hagað þessari umræðu hversu langdregin hún hefur verið. Mér skilst að í þessum sal hafi verið sett heimsmet í umræðum um þennan samning, hvort sem miðað er við höfðatölu þjóðarinnar eða eitthvað annað. Ég er satt að segja alveg steinhissa á því að hæstv. utanrrh. skuli eiginlega bæði leiða þessa umræðu og láta teyma sig í hana. Ég er alveg steinhissa á því. Hann flæmist út um víðan völl og helst einhvers staðar þar sem hlutirnir koma málinu ekkert við.

Ég hef ekki haft tækifæri til að tjá mig um þetta mál fyrr á hinu háa Alþingi mig langar þess vegna að fara nokkrum orðum um þennan samning. Mig langar þá fyrst til að segja að þegar gengið er að samningi þarf að felast í honum ávinningur til þess að maður yfirleitt vilji ganga að samningnum. Auðvitað er það svo að margt gott er um þennan samning um Evrópskt efnahagssvæði að segja en ég held samt sem áður að ávinningurinn af honum sé ekki eins mikill og a.m.k. sumir vilja vera láta. Ég held reyndar að á sumum sviðum sé alls enginn ávinningur af þessum samningi. Það er auðvitað erfitt að meta heildaráhrif hans á íslenskt efnahagslíf og ekki síður á íslenskt þjóðlíf. Vegna þess að þessi samningur er ekki bara viðskiptasamningur heldur er hann líka samningur sem tekur til þjóðlífsins alls. Hann hefur áhrif á það hvernig við búum hér á landi og hann hefur áhrif á tilfinningar manna. Ég hef tekið eftir því að gerð samningsins leggst þungt í mjög marga Íslendinga. Ég geri ráð fyrir því reyndar að á þeim kantinum séu líka ókostirnir við samninginn upphafnir og jafnvel margfaldaðir.

Nokkur orð um sjálfan samninginn og umgjörð hans. Samningur sem samþykktur er sem lög frá Alþingi verður að sjálfsögðu að vera í samræmi við stjórnarskrána. Ég held að öllum sé ljóst og allir séu sammála um að svo verður að vera. Það má ekki vera nokkur vafi á því að lög sem samþykkt eru á Alþingi séu í fullu samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. Ef vafi leikur á um þessa hluti þá verður einfaldlega að láta þann vafa koma stjórnarskránni til góða, þ.e. annaðhvort verður að breyta lögunum eða stjórnarskránni. Hér getur ekki verið um það að ræða að menn ætli að keyra í gegn lög hvað svo sem líður stjórnarskránni.

Samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði er ákaflega umfangsmikill. Hann tekur til svo margra þátta og það hefur verið svo mikið í hann lagt að ef hann verður að veruleika mun hann hafa svo mikil áhrif að hann verður að vera til frambúðar. Það er ekki ásættanlegt að slíkur samningur sé gerður einungis til mjög skamms tíma. En ég verð að segja að mér finnst ákaflega mikil óvissa um þennan samning bæði meðal EFTA-ríkjanna og ekki síður í Efnahagsbandalaginu. Þó það séu tvö sérstök mál, Maastricht-samkomulagið og samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði, eru þau alveg örugglega skyld og það eru tengsl þar á milli. Afdrif annars málsins munu hafa áhrif á framgöngu hins. Átökin um Maastricht-samkomulagið, bæði í Frakklandi, Danmörku og nú síðast í Bretlandi endurspegla að mörgu leyti þá strauma sem fara um Evrópu og þann hug sem fólkið ber til þessarar þróunar sem valdamenn fyrst og fremst vilja berja fram og oft, eins og dæmin sanna, í andstöðu við íbúa landanna.

Þetta er mál sem er innan Evrópubandalagsins en þau eru fleiri og tengjast miklu nánar og meira samningnum um EES. Spænsk stjórnvöld hafa sett fyrirvara um samþykkt EES-samningsins. Þau hafa í rauninni sífellt dregið lappirnar. Það er greinilegt að þau eru óánægð með þennan samning eins og hann hefur komið fram. Það er ljóst að af honum verður ekkert á þeim bæ fyrr en eftir kosningar sem fram fara á Spáni nú í haust. Ég held að það sé alveg orðið ljóst. Í gær var þessi skoðun mín í rauninni styrkt með því að sendiherra Evrópubandalagsins talaði um að það séu a.m.k. innan við helmingslíkur á því að samningurinn um EES taki gildi núna í júlí nk.

Ef við lítum hins vegar yfir til EFTA þá er ljóst að öll EFTA-löndin, eins og margoft hefur komið fram í dag og oft áður, sem samþykktu EES-samninginn nema Ísland eru á leið inn í Evrópubandalagið. Og ég held að það geti vel gerst innan tveggja ára. Og að halda að það muni gerast innan tveggja ára er a.m.k. ekkert meiri bjartsýni en þegar hæstv. utanrrh. telur að samningurinn um EES muni taka gildi í júlí. Það hafa verið settar fram margar dagsetningar um þetta EES-mál og hingað til hafa þær aldrei staðist.

Það er talað um að andstaðan á Norðurlöndum vaxi gegn aðild að Evrópubandalaginu og má vel vera að svo sé. En það er ekki þar með sagt að þau muni ekki ganga í Evrópubandalagið. Ég minni á að það var líka andstaða gegn samþykkt EES-samningsins hér á landi. Engu að síður var samningurinn keyrður í gegn jafnvel þó svo tugþúsundir Íslendinga óskuðu eftir þjóðaratkvæðagreiðslu. Á það var ekki hlustað.

Þegar minnst er á þjóðaratkvæðagreiðsluna þá er komið að mikilvægu máli varðandi þennan EES-samning. Hvort sem við á endanum samþykkjum samninginn eða ekki þá er mjög mikilvægt að þetta mál sé unnið með þeim hætti að það sé sátt um afgreiðsluna, að það sé afgreitt með þeim hætti að þjóðin geti í framtíðinni sætt sig við niðurstöðuna. Það er mjög einkennilegt að tala um samninginn í öðru orðinu sem farseðil inn í framtíðina og eitt mesta hagsmunamál íslensks atvinnulífs og íslenskrar þjóðar en í hinu orðinu eins og hér sé um að ræða einfalt afgreiðslumál á Alþingi. Það má vel vera að það sé hefð fyrir því að stórmál sé ekki borið undir atkvæði þjóðarinnar. En það er vond hefð og hún hefur reynst illa. Dæmi um

það er Keflavíkursamningurinn og inngangan í NATO á sínum tíma. Þau mál voru keyrð í gegnum Alþingi án þess að kannaður væri vilji þjóðarinnar og mér er nær að halda að á þeim tíma hafi verið gengið í berhögg við a.m.k. stóran hluta þjóðarinnar þó svo afstaða þjóðarinnar hafi kannski breyst eftir því sem árin liðu. En í áratugi klauf þetta mál þjóðina, og þó kannski öllu heldur málsmeðferðin, í tvær fylkingar og lá í raun inni eins og mara yfir allri þjóðmálaumræðu hér á landi í áratugi.

Ég held þess vegna að sú hefð sem vitnað er í og á að útiloka að mál eins og samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði séu borin undir atkvæði þjóðarinnar sé vond og ég held að það sé hefð sem engin ástæða er til að halda í.

Það er þess vegna að mínu mati ámælisvert hvernig samninginn ber að. Það er óvissa um hvort hann er í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. Það eru enn þá töluverðar líkur á að hann verði aldrei að veruleika og allar líkur á því að ef hann einhvern tímann tekur gildi þá muni hann aðeins gilda í skamman tíma, jafnvel mjög skamman tíma. Það eru alvarlegir hlutir og erfitt að horfa fram hjá þeim. En ef maður gerir það nú samt sem áður og lætur engu skipta hvort ákvæði stjórnarskrárinnar séu haldin og hvort samningurinn yfirleitt taki gildi þá stendur eftir spurningin hvernig þessi samningur sé og hvort hann sé hagstæður íslenskri þjóð. Hvort hann færi okkur þann efnahagslega ávinning sem við erum að sækjast eftir og hvort áhrif hans á íslenskt þjóðlíf verði til bóta. Eins og ég sagði áðan er erfitt að meta heildaráhrif þessa samnings. Hann færir okkur ávinning á sumum sviðum en öðrum ekki.

Helstu auðlindir okkar Íslendinga eru landið, sjórinn í kringum landið, orkan í fallvötnunum og iðrum jarðar og síðast en ekki síst gjörvileiki þjóðarinnar sem oft er kallaður mannauður. Það er mjög mikilvægt að við ráðum okkar auðlindum sjálf, ráðum hvort við viljum nýta þær, hvernig við viljum nýta þær og þá hvenær við viljum gera það. Í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði er aðeins gert ráð fyrir að ein af þessum auðlindum sé sérstaklega tekin frá fyrir íslenska þjóð. Það er sjórinn og fiskveiðarnar í kringum landið. Útlendingum er bönnuð aðild að fyrirtækjum í fiskveiðum og fiskvinnslu. Hins vegar hafa verið gerðir samningar um veiðiheimildir til handa Evrópubandalaginu gegn öðrum veiðiheimildum okkur til handa. En það er a.m.k. mikill vafi á að um jafngildar veiðiheimildir sé að ræða. Margir telja að þar halli mjög á okkur og þess vegna hafa margir haldið því fram, og ég held með vissum rétti, að í raun hafi verið samið um veiðiheimildir gegn aðgangi að markaði.

Það má spyrja sig sem svo: Af hverju að gera þessa fyrirvara um eina auðlind en ekki hinar? Það er í sjálfu sér engin ástæða til að láta aðrar reglur gilda um hafið og fiskinn en t.d. landið eða orkuna, að maður tali nú ekki um fólkið. Það er ákaflega ógeðfelld hugsun fyrir marga Íslendinga að landið, jarðir og landsvæði, verði falt útlendingum.

Ef maður lítur á orkuna er eins og sú ríkisstjórn sem nú situr sé haldin einhvers konar einkavæðingaræði. Það hefur skapað mikla óvissu. (**Gripið fram í:** Það er nú að renna af þeim núna.) Ég vona að hv. þm. hafi rétt fyrir sér og æðið renni af ríkisstjórninni. En ég sé ekki að æðið sé að renna af. Það getur vel verið að getuna þverri og henni sé ekki hleypt endalaust áfram á þeim vettvangi. En viljann vantar ekki. Það er eitt sem víst er. En þetta einkavæðingaræði hefur orðið til þess að skapa mikla óvissu vegna þess að það eru jafnvel uppi áform um að einkavæða orkufyrirtækin og selja væntanlega hlutabréf og þá eiga útlendingar jafnan rétt til að eignast orkuver og orkuréttindi og hver annar. Ég skal ekki segja að þessi hætta sé raunveruleg, þ.e. hvort ríkisstjórnin nái þessum málum sínum fram. En þetta er yfirvofandi hætta engu að síður, þetta gæti gerst, möguleikinn er til staðar. Ef allt fer á versta veg þá gætum við staðið uppi sem þjóð án fullra eða jafnvel með engin yfirráð yfir eigin auðlindum. Það hefur gerst annars staðar og það gæti gerst hérna líka. Og þrátt fyrir allt, þó ég telji að við eigum ekki að hafa neina minnimáttarkennd vegna smæðar okkar, þá eigum við hins vegar að horfast í augu við að við erum smáþjóð og það eru mörg fyrirtæki úti í heimi sem hafa margfaldar árlegar tekjur á við fjárlög íslenska ríkisins og miklu meiri burði en nokkur aðili hér á landi í fjármálalegu tilliti. Þess vegna er það ekkert einkennilegt að margir Íslendingar séu órólegir yfir þessum málum.

Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði er fyrst og fremst hagstæður okkur í sjávarútvegi. Þar er langmesti ávinningurinn fyrir okkur í þessum samningi. En sá ávinningur felst fyrst og fremst í lækkun tolla og við höfum ekki náð þannig samningi að við sitjum í raun til jafns við okkar samningsþjóðir um framkvæmd sjávarútvegsstefnu, fiskveiða og vinnslu, vegna þess að eftir sem áður er sjávarútvegi hér á landi og í Evrópulöndunum mismunað mjög af hálfu stjórnvalda. Þó sótt sé að okkur að draga úr niðurgreiðslum og fyrirgreiðslu við atvinnuvegina þá virðist sú hugsun ekki hafa náð sérstaklega að festa rætur í sjálfu Evrópubandalaginu. Þar eru þessir hlutir gerðir með örlítið öðrum hætti en gert hefur verið hér á landi. Ég held þess vegna að menn verði að athuga það að samningurinn færir okkur ekki endilega auknar tekjur þó um tollalækkanir sé að ræða en hann gæti fært okkur betri viðskiptastöðu og hann gæti tryggt betur að við seljum okkar afurðir og auðvitað er mikill ávinningur í því líka.

Ég vil nefna sem dæmi að núna um áramótin var felldur niður eins konar innflutningsskattur eða gjald á vörur sem fluttar voru inn til Færeyja. Í því fyrirtæki sem ég að öllum jafnaði starfa háttar svo til að nokkur hluti viðskiptanna er við Færeyinga. Ég hef ekki orðið var við að þessi tollaniðurfelling hafi fært okkur, sem þangað erum að flytja út vörur, auknar tekjur. Sá ávinningur sem felst í tollaniðurfellingunni hefur allur komið til Færeyinga en hann hefur auðvitað styrkt stöðu t.d. íslenskra fyrirtækja gagnvart færeyskum fyrirtækjum.

Meðaltollar á okkar sjávarafurðir í Evrópubanda-

laginu eru rétt innan við 4% en verða eftir að samningurinn tekur gildi, ef hann tekur gildi, innan við 1%. Þarna munar auðvitað langmest um niðurfellingu tolla á saltfiski en einnig á síldarverkun og reyndar eru margar fleiri greinar sem njóta þess í einhverju líka. Þó ég vilji að sjálfsögðu ekki gera lítið úr þessum hlutum þá tel ég enga ástæða til að sjá samninginn í einhverjum hillingum. Það er aldeilis fráleitt eins og gert hefur verið og hefur mátt sjá í yfirlýsingum bæði aðila í atvinnulífinu og annarra að það sé hægt að fara að reikna út eitthvert tap núna vegna þess að samningurinn hafi ekki tekið gildi um síðustu áramót. Ég held að það sé aldeilis fráleitt.

Það er svo annað mál að ýmsar aðrar atvinnugreinar en sjávarútvegur hafa ekki ávinning af þessum samningi. Mig langar að nefna t.d. landbúnaðinn. Ég held þvert á móti að bændur hér á landi séu uggandi um sinn hag. Þeir hafa gert búvörusamning við ríkisvaldið þar sem þeir hafa tekið á sig samdrátt í framleiðslu og lækkun afurðaverðs. Nú standa þeir frammi fyrir því að innflutningur á búvörum, sem áður var bannaður, kann að verða leyfður og það virðist svo að fátt eitt hafi verið gert af okkar hálfu til að tryggja hagsmuni landbúnaðarins í samningagerðinni gagnstætt því sem margar aðrar þjóðir gerðu. Þannig er allt í óvissu með gildi þeirra ákvæða sem almennt eru um verslun með landbúnaðarvörur milli landa í samningnum hvað Ísland varðar. Við höfum t.d. ekki ótvíræðar heimildir til að leggja á jöfnunargjöld. Þannig má segja — og það tel ég mjög miður — að hagsmunir landbúnaðarins hafi verið skildir eftir í óvissu og í raun ofurseldir túlkunum t.d. okkar viðsemjenda.

Það kann vel að vera að menn líti svo á að þetta skipti ekki mjög miklu máli og reyndar hefur það verið sagt. Ég held að það hafi verið orðað sem svo að landbúnaðarhagsmunirnir í þessu máli væru tittlingaskítur, ef ég man rétt, að það hafi verið orðað á svo smekklegan hátt. Ég held að það sé ekki mat allra í þessu máli. Ég bendi á að ef hingað yrðu fluttar inn mjólkurvörur sem svöruðu til 5% af núverandi neyslu á mjólkurvörum þá væru það um 5 milljónir lítra. Það svarar til framleiðslu 50 meðalmjólkurbúa, þ.e. nautgripabúa sem framleiða mjólk. Það munar um minna vegna þess að mjólkurframleiðendur á Íslandi eru þrátt fyrir allt ekki nema um eitt þúsund.

Ég held þess vegna að það sé hægt að fullyrða að landbúnaðurinn græðir ekki á EES-samningnum og þarf ekki að reikna sér tap vegna þess að samningurinn hafi ekki enn tekið gildi og gerir það ekki. En ég held að það sé líka rétt að benda á og undirstrika að við erum ekki bara að tala um landbúnaðinn. Við erum að tala um neytendur líka og þeir munu ekki heldur græða á því þó fluttar verði inn landbúnaðarvörur því þegar upp er staðið þá mun þessi þjóð ekki fremur en aðrar þjóðir lifa til lengdar af innflutningi, jafnvel ekki þó hann kunni að fást á lágu verði.

Mér er það jafnljóst og mörgum öðrum í landinu að við Íslendingar erum mjög háðir viðskiptum við aðrar þjóðir og við erum þess vegna neyddir, og í sjálfu sér er það engin nauð, við verðum að gera viðskiptasamninga, bæði stóra og smáa, við okkar viðskiptaþjóðir. Ég held hins vegar að aðstaða okkar til samninga við Evrópubandalagið sé ekkert slæm og þurfi ekki að vera slæm. Við höfum sem betur fer upp á ýmsa hluti að bjóða og ég held að það sé engin vafi á að okkar staða í samningamálum á eftir að styrkjast.

Ég sá það um daginn á blaði að sagt hefur verið að fram til síðustu aldamóta hafi gull verið gull, á þessari öld hafi olían verið gull og á næstu öld verði gullið matur. Og ef það er rétt, sem vissulega margt bendir til að sé, þá held ég að við þurfum ekkert að óttast. Og reyndar er margt sem bendir til þess að hlutirnir þróist í þessa átt. Reyndar höfum við ekki mikla olíu hér á landi, ekki nema þá sem við flytjum inn, en við eigum mikla orku og sá áhugi sem við landsmenn og margir erlendir aðilar hafa sýnt á orkuútflutningi frá Íslandi undirstrikar að þróunin gengur í þessa átt. Enn fremur er það alveg ljóst að í framtíðinni munu umhverfismál setja miklu meiri svip á framleiðslu matvæla. Matvælaframleiðslu verða settar ákveðnar skorður. Hún mun verða dýrari og þannig mun samkeppnisstaða okkar Íslendinga batna. Við gætum orðið matarútflytjendur, ekki einungis á sjávarfurðum heldur líka landbúnaðarfurðum.

Ég er ekki þeirrar skoðunar að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði sé alslæmur fyrir okkur Íslendinga. Eins og ég hef bent á þá má í honum finna marga ágæta hluti og fleiri en þá sem ég hef bent á í þessari ræðu. Samt sem áður verða menn að gera sér grein fyrir því að samningurinn er engin ávísun á gull og græna skóga og hann er heldur enginn farseðill inn í 21. öldina og allra síst kemur til greina að sú fullyrðing standist að með honum höfum við fengið allt fyrir ekki neitt.

Hvort sem við verðum nú innan Evrópsks efnahagssvæðis eða utan þess, þá er ljóst að það verður fyrst og fremst okkar eigin dugnaður og atgervi sem skilar okkur bættum lífskjörum og aukinni lífshamingju og menn verða að vera klárir á því að slíkir hlutir verða aldrei keyptir í pakka, alveg sama hversu skrautlegar umbúðirnar utan um pakkann kunna að vera. Ég held að við sjáum fyrir okkur dæmin hérna. Evrópskt efnahagssvæði mun t.d. engu breyta um tregðu ríkisstjórnarinnar til að vinna með aðilum í atvinnulífinu að því að koma hér á frísvæðum.

Fram undan eru erfiðir og viðkvæmir kjarasamningar. Það breytir heldur engu um, hvort sem við erum í Evrópsku efnahagssvæði eða ekki, athafnaleysi ríkisstjórnarinnar til að liðka þar til og til þess að reyna að leiða þjóðina út úr þeirri sjálfheldu sem hún er í og dróma í atvinnumálum. Þetta eru hlutir sem við verðum hvort sem er alltaf að gera sjálf og það mun enginn annar gera það fyrir okkur. Við verðum að átta okkur á því að Evrópumarkaðurinn er harður og þar ríkir mikil samkeppni. Sumir hlutar íslensks atvinnulífs eru einfaldlega ekkert undir það búnir að taka þátt í þessari samkeppni og munu að öllum líkindum verða undir, enda ekki að þeim búið á sama hátt og er mjög víða í Evrópulöndunum. Ég get nefnt sem dæmi landbúnað, sjávarútveg og skipasmíðar og fleira mætti

nefna. Og sumir atvinnuvegir hér á landi eru kannski eðli málsins samkvæmt þannig gerðir og þannig til háttað um þá að þeir verða aldrei samkeppnisfærir. Ég held að það sé engin ástæða til þess heldur að ætla þeim að verða það. Það mun alltaf verða þannig að það verður ákveðið óhagræði í efnahagslegu tilliti að búa í svo og litlu landi sem er þó svo stórt. Fámenn þjóð í stóru landi, ég held að það sé kannski best að lýsa því þannig. Það er einfaldlega þannig að það kostar og mun alltaf kosta okkur ákveðna hluti að búa í slíku landi. En hins vegar kjósa flest okkar að vera hér. Ég held að menn séu almennt ekki hér nema af fúsum vilja og hér viljum við vera og þess vegna held ég að langflestir Íslendingar séu þegar upp er staðið reiðubúnir til að greiða þann kostnað.

Ég treysti mér ekki til að styðja þennan samning um Evrópska efnahagssvæðið og ef ég ætti þess kost á Alþingi, þá mundi ég greiða atkvæði gegn honum. Ég sé ekki að sú breyting sem hér er lögð fram breyti í neinu grundvallaratriðum frá þeim samningi sem samþykktur var hér fyrr í vetur. En ég er hins vegar fylgjandi því að við leitum betri samninga við Evrópubandalagið. Við eigum auðvitað að byggja á þeim viðskiptaþætti sem er í þessum samningi en það eru ýmsir hlutir, eins og ég tel að ég hafi bent á fyrr í mínu máli, sem við þurfum að bæta og við þurfum að ná betri samningi. Þess vegna finnst mér ég geta stutt þá páltill. sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson og Halldór Ásgrímsson hafa lagt fram á Alþingi og rætt var um fyrr í dag og fjallar um beinar samningaviðræður við Evrópubandalagið. Ég held að sú leið sé mun heppilegri og að mínu mati að mestu fullreynt á EES-leiðina. Ég held að menn ættu a.m.k. að reyna að fara þá leið.

Mér finnst afar einkennilegt að sitja hér í þingsalnum og hlusta á ræður manna. Hér hefur komið upp einn þingmaðurinn af öðrum og menn hafa rætt um þá leið að fara í svokallaðar tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið en það er nákvæmlega sama hvað menn segja um þá hluti og hvað menn vilja tala um við Evrópubandalagið. Hér er alltaf ákveðinn aðili, hæstv. utanrrh. Íslands, sem kemur að vörmu spori í ræðustól og segir mönnum nákvæmlega hvað ráðamenn Evrópubandalagsins munu segja við þessum og hinum spurningum. Mér finnst þetta ákaflega einkennilegt. Ég skal vel viðurkenna, þó það geri kannski ekki allir, að ég ber heilmikla virðingu fyrir utanrrh. Ég veit að þetta er maður gáfum gæddur og til alls líklegur en í minni villtustu fantasíu, ef svo má að orði komast, virðulegi forseti, þá hefði ég aldrei trúað því að hann væri svo klár að hann gæti svarað fyrir Evrópubandalagið hvenær sem er, hvar sem er og um hvað sem er spurt. Þvílík ósköp. En við megum vera stolt af honum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það sem fyrst vekur athygli manna þegar á þetta mál er litið er að hér erum við að leggja til breytingar með frv. sem er breyting á lögum sem voru borin upp og samþykkt á þinginu fyrir örfáum vikum. Og það er óhjákvæmilegt undir slíkum kringumstæðum að fara nokkrum orðum um varnaðarorð fyrrv. forseta Alþingis, hv. þm. Þorvaldar Garðars Kristjánssonar, þegar hann varaði við því að gera Alþingi að einni málstofu og taldi að með því móti mundi vinnubrögðum þingsins hraka. Nú er svo komið að stjfrv. eru ekki beysnari plögg en það að þau eru keyrð í gegnum þingið en talin ónothæf nokkrum vikum seinna nema gerðar séu breytingar. Er nú svo komið að á þingi Íslendinga, sem gat unað við það á sínum tíma oft og iðulega að frumvörp voru lögð fram, gerð að lögum og svo stóðu lögin ár eftir ár, stundum áratug eftir áratug, án þess að menn teldu að það þyrfti að breyta þeim, er hraðinn orðinn slíkur að lög standa ekki nokkrar vikur án þess að komnar séu tillögur um að það þurfi að breyta þeim. Þetta er aldeilis vopnaburður sem hlýtur að leiða hugann að því hvert þjóðþing Íslendinga stefnir í lagasetningu. Er þetta að verða stimpilstofnun þar sem hægt er að renna málum í gegn?

Undir hverju lágu svo þingmenn sem stóðu gegn því að samþykkja lög sem flm. telja í dag að séu ekki brúkleg nema með breytingum? Þeir stóðu undir því að þeir væru að vinna gegn framgangi málsins af því að þeir samþykktu ekki lögin. Sjálfir voru flm. ekki búnir að búa þessi frumvörp í það form að það væri hægt að samþykkja þau þannig að þeir sjálfir gætu unað við lagasetninguna út eitt þing, hvað þá heldur lengri tíma. Þetta er sú ömurlega staðreynd sem við blasir.

Á sama tíma og hæstv. utanrrh. stendur að því að koma með stjfrv. til að breyta stjfrv. sem hann barðist um á hæl og hnakka að fá samþykkt, þá lesum við í DV grein eftir hv. þm. Vilhjálm Egilsson. Og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er ekki mikið að brjóta heilann um hvort það þurfi að breyta þessum lögum. Hann er aðeins að brjóta um það heilann hvort það sé ekki tímabært fyrir okkur Íslendinga að ganga í EB eða leita eftir samningum. Og ég held að það sé óhjákvæmilegt að lesa dálítið úr þessari grein frá 24. mars 1993, með leyfi hæstv. forseta:

„Svíar eru nú að semja um aðild að Evrópubandalaginu. Utanríkisráðherra þeirra sagði við upphaf samningaviðræðna að Svíar sæktu um aðild vegna þess að þeir vildu taka þátt í að skapa sameinaða Evrópu friðar, framfara og félagslegs réttlætis sem tekur tillit til nágranna sinna og er sér meðvituð um ábyrgð sína á þróun alþjóðamála."

Ég held að það sé ástæðulaust að fara lengra í upplestrinum. Sú Evrópa sem við þekkjum nær yfir Balkanskaga. Ég vil spyrja í fyrsta lagi: Tekur Evrópa ábyrgð á sínu umhverfi með þeim gjörðum sem þar eru að gerast, með þeim morðum sem þar dynja yfir, með því blóðbaði sem þar á sér stað? Ég segi nei. Það er aumkunarvert að vera hluti af heimsálfu sem ekki hefur þrek til að leysa sín innri mál af meiri ábyrgð en þar á sér stað. Það er aumkunarvert. Vilji utanríkisráðherra Svía leggja á það kapp að halda því fram að þetta sé hið friðelskandi samstarf sem hann er að fara fram á og þetta sé hið félagslega réttlæti sem Evrópa ætli að verja og viðhalda, þá hlýtur maður að spyrja: Eru þeir búnir að fjarlægja Balkanskagann frá Evrópu

eða telja þeir að við eigum ekki að bera neina ábyrgð á þróun alþjóðamála svo nálægt okkur?

Það er fullkomið ábyrgðarleysi að halda því fram að viðskiptafrelsi í friði og spekt sé fyrir hendi í Evrópu ef við aðeins víkjum að því. Hvað gerðist í Frakklandi þegar fiskurinn féll í verði? Þá gerðist það að franskir fiskimenn eyðilögðu matvælasendingar inn til landsins í stórum stíl, fleygðu fiskinum á götuna, tróðu á honum og gerðu hann að vöru sem ekki var neysluhæf. Eru það fréttirnar sem berast í gegnum sjónvarpið erlendis frá að það sé búið að taka þessa menn fyrir og gera þeim grein fyrir því að samkvæmt lögum EB og samkvæmt væntanlegum lögum EES sé þetta athæfi ekki í samræmi við það sem menn telji boðlegt hjá siðuðum þjóðum? Það er nú öðru nær. Okkur berast þær fréttir einar erlendis frá að þessir hópar séu ákveðnir í því að hafa betur en stjórnvöld og allt bendir til þess að svo muni verða. Íslenskur fiskur jafnt sem danskur verður eyðilagður ef þeim sýnist svo og EB gætir einskis réttlætis í þeim efnum. Þetta er barbaramarkaður hvað það snertir.

Hæstv. utanrrh. hóf umræðuna á sínum tíma með því að segja: Það hefur verið sagt að Íslendingar hafi fengið allt fyrir ekkert með þessum samningi. Hann sagði seinna: Það voru ekki mín orð. Þetta er það sem sagt hefur verið. Hæstv. utanrrh. hefur sagt: Það eru stórkostlegir sóknarmöguleikar fólgnir í því að við gerumst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Hæstv. utanrrh. hefur reiknað út hver hagvöxturinn og hverjar framfarirnar yrðu hér á landi. Að vísu hefur það verið í grófum tölum. En hvernig stendur þá á því að þessi þjóð er ekki að gera kjarasamninga þangað til við komumst inn fyrir múrana og tilheyrum EES? Hvernig stendur á því að menn eru að tala um það hér að gera kjarasamninga um skert kaup og kjör í landinu? Hafa íslenskir atvinnurekendur ekki frétt af þessum miklu möguleikum? Eru þeir ekki reiðubúnir að hækka launin til þess að sjá til þess að hæstv. utanrrh. gerist nú ekki ósannindamaður á Alþingi Íslendinga? Hvað veldur?

Hvernig stendur á því að það er ekki spurt aðeins einnar spurningar af íslenskri verkalýðshreyfingu í dag: Hvenær tekur vistin við innan EES? Hvenær náum við því að fá þessi dásamlegu lífskjör sem hæstv. utanrrh. hefur boðað? Nei, slík spurning kemur ekki fram vegna þess að öllum er ljóst að Íslendingar sækja ekkert gull í þennan samning. Þeir sækja engin bætt lífskjör í þennan samning og ef menn trúa því að við munum sigrast á atvinnuleysinu með þessum samningi þá veit þjóðin betur. Atvinnuleysi mun fylgja þeim samningi sem hér er til umræðu að breyta með því frv. til laga sem hér er á dagskrá. Þetta vita þeir líka sem ráða íslensku atvinnulífi því þeir hafa boðað að það eigi að kenna íslensku fólki hvernig það eigi að vera atvinnulaust og það er verið að verja peningum í slík námskeið.

Hitt er svo umhugsunarefni að í Morgunblaðinu í dag er grein eftir Björn Jakobsson sem ber nafnið „Lýsti meiri hluti Alþingis og forseti Íslands vantrausti á íslensku þjóðina?“ Forseti Íslands, sem yfirleitt hefur fengið að vera utan við hina pólitísku umræðu, fær hér þá kveðju að þetta séu dapurleg endalok á glæstum ferli. Enginn andstæðingur EES hefur samið frið um það sem hér hefur gerst. Það má skipa alla krata sem finnast með nothæfa kunnáttu í tungumálum Evrópu til starfa þarna úti ef menn vilja, en það er enginn friður um þessa niðurstöðu. (**Gripið fram í:** Hvar vilt þú verða sendiherra?) Vel getur verið að sumir séu með lista upp á vasann í dag um það hvaða stöður séu lausar og hvaða möguleikar séu á að senda menn utan og það er sagt að launin séu góð. En hinn íslenski verkamaður mun reyna það að samningurinn er sú mesta aðför sem nokkurn tíma hefur verið gerð að uppbyggingu þess velferðarþjóðfélags sem hér er.

Sá ágæti maður, Björn Jakobsson, sem skrifar þessa grein, er fyrrv. framkvæmdastjóri, einn af þeim Íslendingum sem vafalaust hefur trúað því að hann ætti aldrei eftir að lifa þá daga að menn teldu að hluti af fullveldi væri eitthvað sem bæri að nota sem útflutningsbætur. Auðvitað er það svo að þeir eru margir í landinu sem bjuggust aldrei við að lifa slíka daga.

Margir hafa sagt að Bandaríkjamarkaður sé á undanhaldi. Við erum að flytja viðskiptin yfir til Evrópu, þar er framtíðin. Þetta hefur dunið nokkuð lengi. En það er vor í bandarísku efnahagslífi. Þar hefur ungur maður tekið við völdum ákveðinn í að leiða þjóð sína til farsældar inn í framtíðina. Á sama tíma er forseti Frakklands uppvís af einhverri mestu spillingu sem sögur fara af þar í landi á seinni tímum af símahlerunum um pólitíska andstæðinga sína undir því yfirskini að það sé öryggisatriði fyrir landið. Hvernig hafa franskir kjósendur tekið á því máli? Þeir hafa refsað Sósíalistaflokknum í Frakklandi svo harkalega að menn eru hissa. Menn eru hissa hér á Íslandi. Menn héldu að flokkarnir væru fastari í skorðum og það væri hægt að bjóða mönnum hvað sem er. En gamli refurinn Mitterand hefur verið tekinn af stalli sem pólitískur foringi í Evrópu. Hann er hafður nánast eins og mynd á vegg um misheppnaða tíma. Það er merkilegur hlutur að horfa á þá þróun sem menn sögðu að ætti að verða í Evrópu. Menn sögðu að hægt væri að raða Evrópu saman eins og gert var með Bandaríkin á sínum tíma, en aðalatriðið gleymdist. Bandaríkjamenn búa við eitt aðaltungumál, enskuna. Forseti Bandaríkjanna getur talað við alla þjóðina í einu í gegnum útvarpsstöð eða sjónvarpsstöð, en það er enginn forseti yfir þeirri efnahagslegu ófreskju og þeirri lýðræðislegu ófreskju sem EB er. Þegar framkvæmdastjóri bandalagsins lýsti því yfir að það yrði að finna manneskjulegra andlit á EB þá áttaði hann sig á því að það fyrirkomulag sem er á stjórn Efnahagsbandalagsins er vonlaust til að stýra nokkru ríki til neins árangurs í heiminum. Þjóðin vill fá að velja sinn leiðtoga sem á að stjórna. EB stefnir að því að verða sjálfstætt ríki í Evrópu, en það kemur í veg fyrir það að þjóðirnar velji toppinn, leiðtogann á eðlilegan hátt eins og alls staðar annars staðar er gert, þ.e. í lýðfrjálsum kosningum. Hann er ráðinn eins og hver annar forstjóri til vinnu til þess að stýra. Ég er sannfærður um að átökin sem urðu á franska fiskmarkaðinum, átökin sem urðu í Bretlandi seinna sem

afleiðing þess fyrra, slík átök munu verða um alla Evrópu meira og minna á næstu árum með sama áframhaldi. Ekki er friður um það að hægt sé að leggja niður þá þjóðernishyggju sem er til staðar í Evrópu og verður til staðar.

Það er merkilegt að þjóðernishyggjan er það sterk að Frakkar þurfa ekki annað en vinna Ísland í fótbolta, þá eru þeir mjög glaðir yfir því að hafa unnið slíkt afrek. Hvar eru þjóðir staddar ef skilningur manna er sá að það sé hægt að líta á slíkt sem stórsigur? Þeir sem trúa því að sú félagsfræðilega vitleysa sem verið er að setja af stað með Efnahagsbandalaginu, muni færa blessun yfir Evrópu og það útibú sem sett hefur verið á stofn með EES, muni enn verða til að auka blessunina, vita lítið hvað þeir eru að tala um. Það er umhugsunarefni að það er einmitt hæstv. utanrrh. Íslands sem hefur lýst því yfir erlendis að hann hefði litla trú á því að þetta fyrirbæri ætti framtíð fyrir sér.

Auðvitað er það svo að sagan endurtekur sig og sagan heldur áfram að endurtaka sig. Einu sinni sagði sænskur aðalsmaður eftir misheppnað samstarf Norðurlanda þegar Kalmarsambandið hrundi að það væri betra að kjósa þann besta í sínu landi en að flytja brauð sitt til útlanda. Nú er þar ungur maður með litla reynslu sem stýrir málum. Hann virðist trúa því að Svíar eigi að fara inn í EB og þá verði Svíum borgið. Kannski er það pólitískt auðveldara að segja við næstu kosningar að það sé nú svo að þetta sé orðin ein allsherjarþróun í Evrópu. Svíum geti ekki vegnað betur en öðrum. Þeir muni einfaldlega vera einhvers staðar eins og lítið peð sem færist til eins og aðrir skákmenn á taflborðinu. Einu sinni áttu þó Svíar stjórnmálamenn sem þorðu að móta sænska stefnu sem varð til heilla fyrir land og þjóð.

Hér er það svo í dag að fleiri og fleiri ungir stjórnmálamenn einkaframtaksins í landinu, sem kallað hefur verið, Sjálfstfl., hafa nánast hreinan starfsgrundvöll ef hann er skoðaður eins og Frjáls verslun hefur sett það upp, hreinan starfsgrundvöll sem starfsmenn hins opinbera. Þeir hafa aldrei nokkurn tíma þurft að standa á eigin fótum og þá hryllir nánast við tilhugsuninni. Andlegur leiðtogi þessa liðs er hv. lektor Háskóla Íslands, Hannes Hólmsteinn Gissurarson. Það skal tekið fram að hann var ekki talinn hæfur af dómnefnd til að gegna þar störfum á sínum tíma og háskólaráð mótmælti ráðningunni þannig að menn fái ekki þá hugmynd að þetta sé rétt sýnishorn af lektorum í háskólanum. Hannes Hólmsteinn boðar það vissulega að það sé ekkert nema einkavæðing sem eigi framtíð fyrir sér. En ég veit ekki um nokkurn sem hefur barist harðar fyrir því þó að æran væri í hættu að komast í starf hjá hinu opinbera en einmitt umræddur lektor. Treysti hann sér ekki út á vígvöll einkavæðingarinnar eða hver var skýringin? Jafnframt er þessi lektor ákaflega viljugur að víkja að úttektum á ýmsum stjórnmálamönnum og koma með niðurstöðu um það hvernig þeir hafi staðið sig. Hann hefur m.a. gert úttekt á fyrrv. forseta Bandaríkjanna, Ronald Reagan sem var forseti á undan Bush. (**ÖS:** Hvað kemur þetta EES við?) Hann kemst að þeirri ágætu niðurstöðu, sem er umhugsunarefni, að hann hafi hreinlega ekki verið nógu mikill frjálshyggjumaður ef þetta er skoðað. Fátæklingarnir hafi haft það of gott meðan hann var forseti.

Ég brýt vissulega heilann um það hvernig geti á því staðið að hver íslenski stjórnmálamaðurinn eftir annan virðist hafa farið inn á Alþingi Íslendinga í nokkurs konar hópsiglingu og þeir virðast telja að Ísland eigi enga möguleika nema við bökkum frá því að vera ráðamenn okkar eigin mála í þessu landi. Ég get ekki varist þeirri tilhugsun að það kosningakerfi sem er til Alþingis Íslendinga, þ.e. að nota listakosningar og stór kjördæmi, leiði e.t.v. til þess að við fáum allt aðra tegund af mönnum inn á Alþingi Íslendinga en voru hér þegar við tókum ákvörðun um það að hér skyldi stofnað lýðveldi. Það er þó nokkuð annað að sigla inn á þingið í einhverjum hóp í stóru kjördæmi eða hafa þurft að fara í gegnum þá vígslu sem þá var í gildi að menn urðu að standa einir fyrir sínu máli og verjast og sækja einir. Sé Sjálfstfl. skoðaður sérstaklega er athyglisvert að það var allt önnur tegund af fólki sem hann sendi inn á þing á þeim árum. Mér er spurn: Í hvaða kjördæmi Íslands hefði hv. þm. Vilhjálmur Egilsson náð kjöri sem eini þingmaður viðkomandi kjördæmis? Í hvaða kjördæmi hefði það verið með þær skoðanir sem hann setur hér fram að nú skulum við fara að apa á eftir Svíum? Ég er ekki búinn að sjá það að það kjördæmi hefði yfir höfuð fundist í landinu

Hæstv. utanrrh. hefur talað út og suður um það í þinginu að ef Íslendingar verði einir í Evrópska efnahagssvæðinu þá breytist eðli þess og talar aðallega um tæknilega hluti. Hæstv. utanrrh. hefur aftur á móti gleymt því að gera Íslendingum grein fyrir því hvaða umræða fer fram innan Evrópubandalagsins um það hvað sennilegast sé og æskilegast að þeirra mati. Það er ákaflega einfalt að segja frá því. Þeir gera ráð fyrir því að þær þjóðir sem nú eru í EES muni flestar fara inn í EB en þeir vilja taka nýjar þjóðir inn í EES. Svo við víkjum örlítið að því hvaða þjóðir þetta eru, þá eru þetta Pólland, Tékkóslóvakía, Ungverjaland, Tyrkland og e.t.v. einhverjar fleiri þjóðir. Ekki hef ég neitt á móti þessum þjóðum sem slíkum. Er ekki hætt við því að það sé orðið hið argasta öfugmæli hjá hæstv. utanrrh. þegar hann hefur haldið því fram að með því að ganga í EES séum við fjær því að búa við þrýsting að menn vilji fara inn í EB en áður? Er ekki einmitt hætt við því að það verði sagt þegar þessar þjóðir hafa leitað eftir inngöngunni í EES: Það er miklu réttara að Íslendingar fylgi nú Norðurlandaþjóðunum og gangi í EB, fylgi þeim þjóðum sem eru okkur skyldastar eins og sagt er? Við eigum enga samleið með hinum þjóðunum, munu menn þá segja. Allt þetta sannfærir mig um að það glapræði, sem Alþingi Íslendinga samþykkti með samþykkt samningsins, verður ekki bjargað með því frv. til laga sem hér er verið að leggja til. Hér eru menn aðeins að prjóna við tæknilegar breytingar sumar hverjar, aðrar efnislegar. Hér er vissulega lögð sú lína að ef þjóðum, sem eru í EES, fækki þá beri að borga meira í sjóði Efnahagsbandalagsins en væri gert ef þjóðirnar væru með sömu tölu. Þetta eru þó út af fyrir sig smámunir í umræðunni. Stóra málið

er það að íslenska þjóðin hafði komið sér upp einhverjum bestu lífskjörum í heimi. Hún gerði það án aðstoðarmanna eins og Vilhjálms Egilssonar í lagasetningu hér á Alþingi Íslendinga. Hún gerði það án aðstoðar þeirra sem hafa verið trúaðastir á boðskap Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar og henni farnaðist vel.

Núna er stöðugt klifað á nýju eymdarástandi, eymdarinnar stefnu og eymdarinnar stuðningsmanna, manna sem sjá enga möguleika fyrir sjálfstæða einstaklinga eða sjálfstæðar þjóðir, manna sem vilja geirnegla þetta allt saman, manna sem hafa verið svo bundnir af þeirri lífssýn að hin gamla Evrópa finnst þeim vera heimurinn allur. Það alvarlegasta af þessu öllu saman er að fullveldi Íslands er einskis metið. Jafnframt virðast menn ekki hika við að álpast þá leið sem getur leitt til þess að Íslendingar lendi í viðskiptastríði við þá þjóð sem hefur tryggt Íslendingum fullveldi öllum öðrum þjóðum fremur og það er við Bandaríki Norður-Ameríku. (**Gripið fram í:** Er það staðreynd?) Það er staðreynd að á þessari öld hefur aðeins einn her í Evrópu fyrir utan rauða herinn verið hæfur til að berjast. Þegar sá her hefur lúskrað svo á nágrannaþjóðum sínum að mönnum hefur þótt nóg um þá hafa Bandaríkjamenn tvisvar á þessari öld komið til Evrópu til að skakka leikinn.

Í heimsstyrjöldinni síðari sluppum við Íslendingar lygilega vel og við bjuggum við það ástand að þurfa ekki að fórna íslenskum æskumönnum í stórum stíl þannig að í þessu landi er hvergi hægt að ganga um kirkjugarða þar sem í löngum röðum er hægt að lesa tilkynningu um fallna menn sem dóu um tvítugt. Þannig tókst að stjórna málum þessarar þjóðar. En í dag er Evrópa enn á ný að setja af stað uppbyggingu á her, Evrópuher. Verði sá her undir stjórn Þjóðverja þarf enginn að efa að hann verður hæfur til að berjast. En heimurinn hefur ekki þörf fyrir ný stríð. Ný viðskiptastríð munu þýða afturför fyrir mannkynið á jörðinni og stefna Efnahagsbandalags Evrópu í viðskiptum er hættulegri heimsfriðnum en nokkuð annað vegna þess að hún hefur ekki ætlað einni einustu nýlenduþjóð eðlilegan rétt til að selja vöru sína á eðlilegan hátt. Hún hefur reynt að þvinga niður verðið á hráefnunum hjá hvaða einasta ríki sem er. En þeir hafa gleymt einu. Þeir eru ekki eina iðnsvæði heimsins í dag. Iðnaðarsvæðin hvort heldur er í Asíu eða Ameríku eru betri en iðnaðarsvæði Evrópu. Þess vegna er nú svo komið að Evrópa, sem hefur vissulega á undanförnum árum getað fleytt rjómann af efnahagslegum lífsgæðum jarðarinnar, er ekki fær um að verjast í því efnahagsstríði sem hún er að setja af stað.

Löngum hefur verið sagt um Frakkana að þeir væru lagnari að komast í stríð en að standast þau og nú er svo komið að forseti eða framkvæmdastjóri réttara sagt Efnahagsbandalags Evrópu er farinn að óttast viðskiptastríð, viðskiptastríð vegna stefnunnar sem Efnahagsbandalagið hefur fylgt í viðskiptamálum og það er ekki að ástæðulausu.

Núverandi forseti Bandaríkjanna hefur vissulega frestað því að fara af stað með viðskiptastríð við Evrópu en hann er ekki hættur við að gera það. Hann er ekki kominn til með að samþykkja að verktakar í Evrópu megi bjóða í hvaða framkvæmdir sem er í Ameríku ef verktakarnir í Evrópu hafa forréttindi á sínum heimamarkaði. Hann er búinn að taka hanskann upp og það veit hver einasti stjórnmálaleiðtogi Evrópu að hann mun fylgja því eftir. Þess vegna erum við núna í þeirri stöðu að þróunin er mjög hröð. Þróunin er í áttina til viðskiptastríðs milli stórvelda heimsins. Ef við berum ekki gæfu til að snúa þeirri þróun við og krefjast þess réttlætis í alþjóðaviðskiptum að smáríki geti haldið áfram að vera til og átt eðlileg viðskipti við aðrar þjóðir án þess að þurfa að skrifa undir einhverja nauðungarsamninga þá er þetta mannkyn á mjög hættulegri braut, svo hættulegri að ég held að Evrópa ætti að telja það saman hversu marga vopnfæra menn hún ætti miðað við önnur svæði heimsins. Þá kæmist hún að þeirri merkilegu staðreynd sem hinir vita að Evrópa er gömul heimsálfa með hærra hlutfall af gömlu fólki en nokkur önnur heimsálfa. Það má með réttu segja að miðað við aðrar heimsálfur er hún gamalmennahæli heimsins. Hver trúir því að gamalmennahæli heimsins sigri í því viðskiptastríði sem menn eru nú að tala um að setja af stað?

Íslendingar þurfa að búa við þá staðreynd að auðvitað þurfum við í frjálsum viðskiptum að una alþjóðlegum leikreglum, m.a. þeim sem GATT mun innleiða. Við eigum vissulega að reyna að hafa okkar áhrif á þær leikreglur. En frjálsar leikreglur hjá GATT er eina vörn smáþjóðanna og eina von mannkynsins um frið á jörð. Alveg er sama hvaða styrjöld er skoðuð að hreinum trúarbragðastríðum undanteknum, að styrjaldirnar stöfuðu af viðskiptahindrunum á milli þjóða. En sjálfstæðar þjóðir eiga að geta átt með sér eðlileg viðskipti án þess að skuldbinda sig til að afsala sér hluta af fullveldi sínu. Það er það sem Íslendingar eiga að hafa sem aðalmottó í baráttunni fyrir því að áfram búi frjáls og fullvalda þjóð í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku, 300. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 820; nál. minni hluta utanrmn., þskj. 821; brtt. minni hluta utanrmn., þskj. 822.

Einkavæðing og tekjumarkmið fjárlaga, 478. mál, fsp. ÁMM, þskj. 825.

Heimili fyrir alfatlaða, 476. mál, fsp. GHelg, þskj. 823.

Leiga fiskveiðiheimilda, svar sjútvrh., 412. mál, þskj. 788.

Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, 274. mál, nál. utanrmn., þskj. 826.

Orlof, 471. mál, frv. KHG, þskj. 813.

Út af dagskrá voru tekin 4.–5. dagskrármál.

Fundi slitið kl. 6.22 síðdegis.

146. FUNDUR

mánudaginn 29. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tvíhliða samningur við Evrópubandalagið, þáltill., 303. mál, þskj. 472. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 440. mál, þskj. 749. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Dýrasjúkdómar, stjfrv., 287. mál, þskj. 418, nál. 804, brtt. 805. — 2. umr.
4. Fjarskipti, stjfrv., 138. mál, þskj. 159, nál. 783, brtt. 784. — 2. umr.
5. Framhaldsskólar, stjfrv., 397. mál, þskj. 691. — Frh. 1. umr.
6. Sjávarútvegsskóli, þáltill., 380. mál, þskj. 673. — Fyrri umr.
7. Ólympískir hnefaleikar, þáltill., 388. mál, þskj. 682. — Frh. fyrri umr.
8. Ráðgjafar- og fræðsluþjónusta fyrir nýbúabörn, þáltill., 399. mál, þskj. 693. — Fyrri umr.
9. Flutningur verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Ríkissjónvarpinu, þáltill., 467. mál, þskj. 807. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 29. mars 1993:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Alþb. í Vestfjarðakjördæmi, Lilja Rafney Magnúsdóttir, varaforseti Alþýðusambands Vestfjarða, Suðureyri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf."

Kjörbréf Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur hefur verið rannsakað. Hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og mun nú vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, 5. þm. Vestf., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Lilja Rafney Magnúsdóttir hefur nú unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Útbýting þingskjala:

Heilbrigðisþjónusta, 480. mál, stjfrv., þskj. 828.

Ríkisreikningur 1991, 486. mál, stjfrv., þskj. 834.

Útboð hjá Vegagerð ríkisins, 413. mál, svar samgrh., þskj. 814.

Valfrelsi í lífeyristryggingum, 477. mál, þáltill. ÁMM og VE, þskj. 824.

Um þingsköp.

Skýrsla um stefnu ríkisstjórnarinnar í rannsóknar- og þróunarmálum.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í nóvembermánuði lögðum við þingmenn Alþb. fram beiðni um skýrslu um stefnu ríkisstjórnarinnar í rannsóknar- og þróunarmálum. Samkvæmt hinum nýju þingsköpum eins og þeim var breytt á síðasta þingi er gert ráð fyrir því að ráðherrar hafi að mig minnir 10 vikna frest til að ljúka þessum skýrslum. Þetta ákvæði var sett inn vegna þess að í fyrravetur báðum við um skýrslur frá hæstv. iðnrh. og hæstv. heilbrrh. um annars vegar stefnu í iðnaðarmálum og hins vegar stefnu í málefnum aldraða og þær skýrslur komu svo seint að það náðist ekki að ræða þær með eðlilegum hætti í þessari virðulegu stofnun. Ég tel að það sé mjög bagalegt þegar það tekur svona langan tíma að koma skýrslum frá sér, sérstaklega þegar komið er fram yfir þann frest sem tiltekinn er samkvæmt lögum og harma það auðvitað ef ráðherrar vinna ekki samkvæmt þingsköpum í þessum efnum án þess að láta þá þingmenn sem um skýrslurnar biðja vita af því af hverju töfin er í viðkomandi máli.

Ég skora því á forseta Alþingis að kynna sér það hvað líður þessari skýrslu og hvenær hún verður lögð fram þannig að það fáist umræða um stefnu ríkisstjórnarinnar í rannsóknar- og þróunarmálum áður en þessu þinghaldi lýkur.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það er rétt að það hefur dregist meira en góðu hófi gegnir að skila þessari skýrslu sem beðið var um í haust. Það hefur dregist lengur en ég átti von á að skilað yrði skýrslu nefndar sem falið var að vinna m.a. úr gögnum sem komu fram eftir að OECD-skýrslan var lögð fram á sl. hausti. Ég hef átt von á að fá þessa skýrslu núna undanfarnar vikur og eftir því sem ég veit best mun skýrslunni verða skilað til mín í þessari viku. Hún verður síðan kynnt ríkisstjórninni og ég vona að það geti orðið mjög fljótlega að skýrslan verði lögð fyrir þingið.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyr-

ir svörin en vil beina því jafnframt til forseta að fylgja því strangt eftir að ákvæði þingskapa að því er þennan frest varðar verði framkvæmd undanbragðalaust og forsætisnefndin og forseti Alþingis velti því fyrir sér hvernig best er að slíku staðið. Það er auðvitað ekki við hæfi að brjóta með þessum hætti nýsamþykkt ákvæði þingskapa og ég hvet forseta til þess að taka á þessu alvarlega máli sérstaklega um leið og ég læt í ljós þá ósk að það verði unnt að ræða þessa skýrslu áður en þinginu lýkur með myndarlegum hætti þannig að fyrir hana verði skapað gott rúm í dagskrá Alþingis.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti tekur undir orð hv. 9. þm. Reykv. um að það sé nauðsynlegt að farið sé að þingsköpum varðandi framlagningu slíkra skýrslna og mun leitast við að sjá til þess að það verði hægt að framfylgja því.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Í tilefni þessarar umræðu vil ég ítreka þá ósk sem ég beindi út af sama tilefni eða svipuðum á sl. vetri til forseta þingsins. Með öðrum orðum að menn skoðuðu hver færi væru á því að svara mjög umfangsmiklum skýrslubeiðnum hv. þm. á þeim tíma sem þingsköp gera ráð fyrir. Tilvitnuð skýrsla um málefni aldraðra sem lögð var fram beiðni um á síðasta þingi tók marga mánuði í vinnslu og þurfti að kaupa vinnu utanaðkomandi aðila fyrir ærið fé til að hægt væri að svara því. Það gefur auðvitað auga leið að beiðni um skýrslu verður að rúmast innan eðlilegrar fjárveitingar aðalskrifstofa ráðuneytanna og vera með þeim hætti lögð fram að það sé hægt að vinna það efni sem beðið er um að unnið sé á tilsettum tíma.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Auðvitað geta verið takmörk fyrir því hvaða möguleika ráðuneytin hafa til þess að svara fyrirspurnum sem koma fram í skýrslubeiðnum frá þingmönnum. Sú skýrsla sem hér var beðið um varðandi rannsóknastarfsemi er hins vegar mjög einfalt mál eins og hún er lögð hér fyrir þar sem beðið er um skýrslu um stefnu ríkisstjórnarinnar í rannsóknarmálum. Ég hélt satt að segja að það þyrfti ekki að taka svo langan tíma að ljúka því að það þyrfti að brjóta ákvæði þingskapa í þeim efnum. Hins vegar er það alvarlegt umhugsunarefni fyrir forsetann og forsætisnefndina ef það er svo að hæstv. ráðherrar ætli sjálfir að eigin geðþótta að meta það hvernig á að framkvæma ákvæði þingskapa að því er þessa fresti varðar. Ég tel að hæstv. heilbrrh. hafi dregið það gersamlega úr hömlu að svara skýrslu frá í fyrra um málefni aldraðra, gersamlega úr hömlu þannig að það tókst ekki að ræða þá skýrslu með eðlilegum hætti og er bersýnilega nauðsynlegt að gera til þess sérstakar ráðstafanir að málefni aldraðra verði rædd í þessari stofnun, ekki síst þar sem það hefur komið í ljós í fyrirspurnatíma að hæstv. heilbrrh.- og trmrh. er eini Íslendingurinn sem veit ekki að árið 1993 er ár aldraðra.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram að umrædda skýrslu um málefni aldraðra lagði ég fram í sömu vikunni og ég fékk hana unna af embættismönnum ráðuneytisins. En staðreyndin var einfaldlega sú að það var gert ráð fyrir svo umfangsmikilli vinnu við þá skýrslugerð að allmargir starfsmenn ráðuneytisins voru í margra vikna og mánaða vinnu við að ljúka við hana og auk þess þurfti að leita til aðila utan ráðuneytisins til þess að vinna ýmis atriði í þeirri skýrslu fyrir ærið fé. Ég ætla ekki að taka mér sjálfdæmi um það hvenær á að virða þingsköp eða hvenær ekki. Ég ítreka hins vegar beiðni mína til forsætisnefndar að hún skoði slíkar skýrslubeiðnir og meti e.t.v. í samráði við skýrslubeiðendur og ráðherra möguleika á því að sinna svo umfangsmiklum skýrslugerðarverkefnum eins og stundum ber við að þingmenn biðja um. Alþingi verður að sjálfsögðu að sjá fyrir því að það sé unnt að standa við þau þingsköp sem Alþingi hefur sett sér. Framkvæmdarvaldið ræður ekki alfarið ferðinni í þeim efnum. Hv. þm. gera það líka með umfangi þeirra beiðna sem þeir beina til ráðherra um skýrslugjafir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess að hún mun að sjálfsögðu skoða þessi mál og þau verða tekin til athugunar.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. heibrrh. er væntanlega kunnugt um að það er Alþingi sjálft sem samþykkir skýrslubeiðnir. Þegar Alþingi hefur samþykkt þær, þá ber að fara með þær samkvæmt þingsköpum hvort sem einstökum ráðherrum líkar það betur eða verr.

Hitt er líka svo, hæstv. forseti, að miðað við reynsluna af heilbrrn. frá því að núv. hæstv. ráðherra tók við, þá tel ég að tíma starfsmannanna sé ekki illa varið við að semja skýrslur miðað við það sem ella kemur frá þeim eftir að hæstv. heilbrrh. Sighvatur Björgvinsson tók við húsbóndavaldi í heilbrrn.

Tvíhliða samningur við Evrópubandalagið, frh. fyrri umr.

Þáltill. StH og HÁ, 303. mál. — Þskj. 472.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KÁ, LRM, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (AÓB, ÁJ, DO, FrS, GÁ, GunnS, JóhS, JBH, JónS, JVK, JJ, KSG, LMR, ÓRG, StG, SJS, StB, VE, ÞÞ) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JJ, KÁ, LRM, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (ÁJ, DO, FrS, GunnS, JóhS, JBH, JónS, JVK, KSG, LMR, ÓRG, StG, SJS, StB, VE, ÞÞ) fjarstaddir.

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 440. mál (brottfall ákvæða er varða Sviss). — Þskj. 749.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JJ, KÁ, LRM, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (ÁJ, DO, FrS, GunnS, JóhS, JBH, JónS, JVK, KSG, LMR, ÓRG, StG, SJS, StB, VE, ÞÞ) fjarstaddir.

Frv. vísað til utanrmn. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JJ, KÁ, LRM, MF, ÓE, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (ÁJ, DO, FrS, GunnS, JóhS, JBH, JónS, JVK, KSG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, StG, SJS, StB, VE, ÞÞ) fjarstaddir.

Fjarskipti, 2. umr.

Stjfrv., 138. mál (EES-reglur, Fjarskiptaeftirlit o.fl.). — Þskj. 159, nál. 783, brtt. 784.

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. samgn. um frv. til laga um fjarskipti og birtist álit nefndarinnar á þskj. 783.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi en náði þá eigi afgreiðslu. Á hinn bóginn hófst þá þegar athugun á frv. í samgn. Það var síðan að nýju flutt á þessu þingi og hefur frv. fengið ítarlega umfjöllun í nefndinni að þessu sinni.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund sinn frá samgönguráðuneytinu Þórhall Jósefsson, aðstoðarmann samgönguráðherra, og Ragnhildi Hjaltadóttur skrifstofustjóra. Þá komu á fund nefndarinnar Guðmundur Ólafsson, forstöðumaður Fjarskiptaeftirlits ríkisins, Ólafur Tómasson, póst- og símamálastjóri, og Þorvarður Jónsson, framkvæmdastjóri Póst- og símamálastofnunar, Þorgeir Pálsson flugmálastjóri og Jón Ragnar Höskuldsson, frá Tölvumiðstöð sparisjóðanna.

Ýmsir þessara aðila hafa einnig sent nefndinni umsagnir skriflega og hefur nefndin notið þeirra í starfi sínu við að móta afstöðu sína til frv. Nefndin hefur eins og áður sagði athugað frv. mjög vandlega og ég tel að það hafi fengið þar ítarlega meðferð.

Í umsögnum hinna ýmsu aðila kemur fram að yfir höfuð er frv. talið vera til bóta frá því sem gildandi lög segja til um enda þótt einstakar athugasemdir hafi komið fram frá ýmsum þessara aðila.

Þá leggur nefndin nokkra áherslu á að aðilar sem fá leyfi til að reka fjarskiptaþjónustu njóti jafnræðis að því er varðar gjaldskrá og annað þess háttar þannig að ekki verði aðilum mismunað, ekki síst þegar um er að ræða samkeppnisaðila sem í hlut eiga. Á það verður að leggja áherslu að samkeppnisaðilar sitji við sama borð þegar verðlögð er sú þjónusta sem þeir fá hjá Pósti og síma ellegar reka á eigin vegum.

Frv. er flutt að verulegu leyti í tengslum við ákvæði EES-samningsins og að ýmsu leyti er frv. til þess að samræma reglur hér á landi við það sem gildir í Evrópulöndum. En skoðun nefndarinnar er sú að frv. sé þýðingarmikið og gildistaka þess eigi ekki að vera háð gildistöku EES-samningsins heldur skuli það taka gildi þegar í stað.

Nefndin fékk umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. um kostnað sem leiða mundi af samþykkt frv. En frv. gerir ráð fyrir að sjálfstæð stofnun, Fjarskiptaeftirlit ríkisins starfi að eftirlitsþætti þessara mála en áður var sá þáttur hluti af starfsemi Póst- og símamálastofnunar enda þótt í raun hafi þegar orðið breyting þar á. Samkvæmt áliti fjárlagaskrifstofu fjmrn. verður að gera ráð fyrir að kostnaður aukist um 5–10 millj. kr. við þessa breytingu og muni gjaldskrá Fjarskiptaeftirlits ríkisins hækka sem því nemur. Áður hafði orðið nokkur kostnaðaraukning við þær breytingar sem urðu við það sem þegar hefur verið unnið að því að skilja að Fjarskiptaeftirlit og starfsemi Póst- og símamálastofnunar.

Samgn. hefur orðið sammála um að mæla með frv. með nokkrum breytingum og ritar öll undir álit nefndarinnar á þskj. 783 en hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir ritar undir með fyrirvara.

Þær breytingar sem nefndin leggur til eru í fyrsta lagi við 1. gr., sem fjallar um orðaskýringar. Leggur nefndin til að felld verði brott úr skýringum við orðið fjarskipti orðin „eða með sjónmerkjum“ og teljum að það sé úrelt að greina fjarskipti með sjónmerkjum og leggjum til að það orð falli niður. Í öðru lagi leggur nefndin til að upp verði tekið í orðaskýringar orðið „fjarskiptavirki“ og skýringar á því orði verði í samræmi við það sem er í gildandi lögum.

Í öðru lagi leggur nefndin til nokkrar breytingar við 2. gr. frv. Einkanlega er það í þá átt að gera hana skýrari og uppröðun efnis í greininni verði í meiri samfellu og eðlilegri röð en er í frv. sjálfu. Um þessa grein

frv. urðu meiri umræður en um aðrar greinar þess en fór þó svo að það náðist samkomulag á milli þeirra aðila sem um hana hafa fjallað og mest eiga í húfi um að vinna eftir þessu frv. Þar á ég við samgrn. og Póst- og símamálastofnunina og Fjarskiptaeftirlit ríkisins.

Í þriðja lagi er lögð til breyting á 3. gr. sem felur í sér áréttingu þess að þegar fluttur er inn fjarskiptabúnaður sem skoðaður hefur verið af viðurkenndri prófunarstofu verði ekki gert ráð fyrir að Fjarskiptaeftirlitið endurmeti þá skoðun heldur nægi staðfesting þess á að viðkomandi prófunarstofa sé viðurkennd.

Í fjórða lagi er lagt til að ný málsgrein bætist við 4. gr. þar sem ráðherra verði heimilað að ákveða með almennri reglugerð uppsetningu jarðstöðva til móttöku á sjónvarpsefni til eigin nota. Þannig mun ekki þurfa leyfi ráðherra fyrir hverja einstaka jarðstöð heldur nægir viðurkenning frá Fjarskiptaeftirlitinu um að hver stöð fyrir sig uppfylli tæknilegar kröfur.

Í fimmta lagi er lögð til breyting á gildistökuákvæði frv. sem er eins og áður segir í því fólgin að nefndin leggur til að lögin öðlist þegar gildi án tillits til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Ég árétta enn þann skilning nefndarinnar á gjaldtökuákvæðum þessa frv. að við ákvörðun gjalda verði jafnræðis gætt þannig að samkeppnisaðilum verði ekki mismunað og að mið verði tekið af kostnaði við fjarskiptaþjónustu. Ég nefni í þessu sambandi athugasemdir sem komið hafa frá Tölvumiðstöð sparisjóðanna sem líta svo til að þeim hafi verið gert að greiða hærri gjöld fyrir þjónustu á vegum þeirrar stofnunar en gert hefur verið gagnvart viðskiptabönkunum. Þar er um samkeppnisaðila að ræða sem ættu að njóta jafnræðis við gjaldtöku fyrir þá þjónustu sem þar er innt af hendi. Ég lýsi þeirri skoðun nefndarinnar að frv. eins og það er úr garði gert eigi að tryggja að eftir þeim reglum sé farið. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla um frv. eða þær brtt. sem nefndin gerir í lengra máli en legg til fyrir hönd samgn. að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem nefndin flytur á þskj. 784.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 784,1 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JJ, KÁ, LRM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, StH, SvG, TIO, VS, ÖS.

25 þm. (DO, EGuðn, EKG, FrS, GunnS, HÁ, ISG, JóhS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, LMR, MF, ÓRG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÞÞ) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JJ, KÁ, LRM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, StH, SvG, TIO, VS, ÖS.

26 þm. (DO, EGuðn, EKG, FrS, GuðmS, GunnS, HÁ, ISG, JóhS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, LMR, MF, ÓRG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 784,2 samþ. án atkvgr.
2. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 784,3 samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 784,4 samþ. án atkvgr.
4. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
5.–6. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 784,5 (ný 7. gr.) samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, HBl, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JJ, KÁ, LRM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StH, SvG, TIO, VS, ÖS.

25 þm. (DO, EGuðn, EKG, FrS, GunnS, HÁ, HG, ISG, JóhS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, LMR, MF, ÓRG, SighB, SP, StG, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÞÞ) fjarstaddir.

Framhaldsskólar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 397. mál. — Þskj. 691.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Fyrir réttri viku mælti ég fyrir þessu frv., frv. til laga um breyting á lögum um framhaldsskóla. Eftir að tveir þingmenn höfðu tjáð sig var umræðunni frestað. En nú er tekið til við málið að nýju. Í máli þessara hv. þm., þeirra Svavars Gestssonar og Kristínar Ástgeirsdóttur, kom sitthvað fram sem ég þarf að svara. Það má kannski segja að framsaga mín hafi ekki verið nægilega ítarleg og ég ætla þess vegna að reyna að bæta nokkuð úr til að enginn misskilningur sé á ferðinni.

Samkvæmt núv. fyrirkomulagi fer iðnnám fram í fjölbrautaskólum víðs vegar um land og í tveimur iðnskólum. Allir þessir skólar starfa eftir samræmdu áfangakerfi framhaldsskólastigsins. Þessu fyrirkomulagi iðnnáms var komið á í kjölfar mikillar umræðu á árunum 1973 til 1975 um fyrirkomulag verkmenntunar í landinu. Úr þeirri umræðu varð í raun aldrei sameiginleg niðurstaða sem yrði grundvöllur stefnumótunar af hálfu ríkisvaldsins.

Árið 1977 var lagt fram lagafrv. um fjölbrautaskóla en það var ekki samþykkt. Samt sem áður voru settir á fót fjölmargir framhaldsskólar eftir fjölbrautahugmyndinni á áttunda og níunda áratugnum. Þróun framhaldsskólastigsins fram til ársins 1988 að framhaldsskólalögin voru samþykkt var án formlegrar heildarstefnumótunar og einkenndist af tilraunastarfsemi sem þó var ekki fylgt eftir með rannsóknum eða mati. Enn í dag vantar rannsóknir um það hvernig þessir skólar hafa staðið sig í að sinna verkmenntun í landinu. Töl-

ur úr skýrslu Félagsvísindastofnunar um að 9,4% nemenda sem skrá sig í framhaldsskóla fari beint í starfsnám segja þó ýmislegt um áhuga ungs fólks á verknámi og ekki síður sú staðreynd að einungis 5,1% hafa lokið iðnnámi sex árum eftir grunnskólapróf.

Á undanförnum árum hafa kvartanir einstakra iðngreina um skilvirkni iðnmenntakerfisins orðið æ háværari og hafa þær sótt stíft á ráðuneyti menntamála um að menntunin í þessum greinum verði bætt. Hér á ég við iðngreinar eins og prentiðn, málmiðnað, bílgreinar og rafiðnað. Að mati forsvarsmanna þeirra er námið sem opinbera skólakerfið býður upp á allsendis ófullnægjandi og þeir fullyrða að því fari fjarri að nýútskrifaðir iðnnemar uppfylli þær hæfniskröfur sem fagmenn og atvinnurekendur gera til þeirra. Vandinn sem við er að etja er þríþættur að mati forsvarsmanna þessara iðngreina. Í fyrsta legi telja þeir stjórnun iðnmentunar of þunglamalega. Vettvangur atvinnulífsins til að hafa áhrif á innihald námsins eru fræðslunefndirnar en þær eru ein fyrir hvern iðngreinaflokk svo sjaldan eiga allar iðngreinar fulltrúa í fræðslunefnd. Fulltrúarnir eru ekki valdir beint af talsmönnum iðngreinanna heldur eru þrír þeirra tilnefndir af iðnfræðsluráði og tveir skipaðir af ráðherra. Möguleikar atvinnulífsins að hafa áhrif á námið í gegnum fræðslunefndir eru því mjög takmarkaðir. Fulltrúar þeirra eru þar í minni hluta og auk þess er löng leið frá því að tillaga er samþykkt í fræðslunefnd og þar til áhrifa hennar gætir í náminu innan einstakra skóla.

Það mætti taka dæmi um það þegar fræðslunefnd hefur unnið upp tillögu um breytingu á námsskrá. Meðan á þeirri vinnu stendur sendir fræðslunefndin námsskrána til umsagnar aðila vinnumarkaðarins í greininni og annarra þeirra er málið varðar, t.d. ýmissa skóla sem sjá um nám í greininni. Þegar námsskráin er tilbúin af hálfu fræðslunefndar er hún send til ráðuneytis sem síðan biður um umsögn iðnfræðsluráðs. Þegar ráðuneytið fær námsskrána frá iðnfræðsluráði er hún staðfest af ráðuneyti og þá fyrst er hún send til viðkomandi skóla. En þó að námsskráin sé komin í skólana er alls ekki víst að þær breytingar sem hún gerir kröfu um nái fram að ganga. Atvinnulífið hefur ekki möguleika á að hafa áhrif á að skólarnir fylgi ákvæðum námsskrárinnar loks þegar hún er komin út í skólana. Hugsanlegt er að hin nýja námsskrá geri kröfur um nýjan og breyttan tækjabúnað, námsefni og námsgögn og ekki síst endurmenntun kennara til að þeir verði færir um að kenna samkvæmt nýjum námsmarkmiðum. Það er ekki trygging fyrir því að þessar breytingar komist til framkvæmda.

Reyndar er það svo að forsvarsmenn iðngreinanna tala um að þeim þyki skólarnir ekki standa sig nógu vel, þeir séu í ónógum tengslum við atvinnulífið, uppbygging námsins sé ekki fullnægjandi, of mikið vægi sé í bóklegum námsgreinum í iðnnáminu, tækjabúnaður skólanna ekki alltaf í takt við þarfir iðngreinanna og ekki nægilegur metnaður í skólunum til að gera nægilega miklar kröfur til nemenda. Gagnrýnendur úr röðum iðngreinanna halda því fram að oft séu kennarar ekki nægilega sterkir faglega og hafi litla möguleika á að fylgjast með tækninýjungum og viðhalda þekkingu sinni.

Þriðja gagnrýnisatriði forsvarsmanna iðngreinanna er að nokkuð skorti á hagkvæmni og skilvirkni í framkvæmd iðnfræðslunnar. Þeir benda á nauðsyn þess að samnýta tæki og kennslukrafta í grunnmentuninni til endurmenntunar en það tíðkast ekki við núverandi fyrirkomulag. Þetta sem ég hér var að telja eru gagnrýnisraddir frá forsvarsmönnum iðngreinanna. Þeir hafa sett fram óskir um úrbætur. Talsmenn margra iðngreina eru þeirrar skoðunar að ekki verði komið á ásættanlegu kerfi iðnmenntunar nema með virkri þátttöku samtaka atvinnurekenda og launafólks, bæði hvað varðar tilhögun iðnfræðslunnar sem og stjórn iðnmenntunar skólanna sjálfra. Hvað varðar útfærslu og uppbyggingu verklegs náms verði slíkt að ákvarðast af viðkomandi iðngrein. T.d. telja prentiðnaðarmenn nauðsynlegt að miðstöð verklega námsins sé úti á vinnustöðum vegna hins dýra tækjakosts í greininni. Bílgreinamenn hins vegar telja mikilvægt að koma upp fyrirmyndaraðstöðu til verklegrar kennslu í einum skóla sem síðan mundi þjónusta allt landið. Óskir þessara iðngreina eru orðaðar svo af einum talsmannanna:

„Búa þarf þannig um hnútana í skipulagi iðnnámsins að áhrif atvinnulífsins séu tryggð og menn þar hafi aðstöðu til að fylgja eftir breytingum í tækni og viðskiptum með skilvirkum hætti. Hver iðngrein þarf að búa við sjálfstæði hvað þetta varðar. Ríkið á að móta heildarmarkmið og ramma kerfisins. Skólarnir eiga að þjónusta atvinnulífið og verknámi á að stýra með framtíðarhagsmuni nemenda og atvinnulífs í huga."

Algengt er að menn vísi til þess hversu skilvirk starfsmannakerfi eru í öðrum löndum og þá einkum Þýskalandi og Danmörku. Áberandi er að í þessum löndum koma aðilar vinnumarkaðarins á mun virkari hátt inn í starfsmenntunina en hér hefur tíðkast. Í Danmörku er fræðslunefnd fyrir hverja iðngrein skipuð eingöngu fulltrúum atvinnulífs. Fræðslunefndin ræður m.a. innihaldi námsins, skipulagi, markmiðum og námsmatskröfum sinnar iðngreinar. Einnig er stjórnun danskra iðnmenntaskóla öðruvísi háttað en hjá okkur. Í stjórn skólanna sitja 6–12 manns, en það eru auk tveggja embættismanna allt fulltrúar atvinnurekenda og launþega iðngreina sem kenndar eru í skólunum eða af viðkomandi svæði. Með því að fulltrúar atvinnulífsins taki beinan þátt í stjórn skólanna er ákveðið öryggi fengið fyrir því að innihald iðnnáms svari kröfum atvinnulífsins og að færni eða hæfni nemenda hljóti viðurkenningu úti í fyrirtækjunum. Fulltrúar atvinnulífsins ættu að þekkja hæfniskröfur markaðarins og því er ekki óeðlilegt að þeir beri nokkra ábyrgð á því að skólarnir starfi í samræmi við þessar kröfur.

Nú þegar eru ákveðin teikn á lofti um að einstakar iðngreinar hér á landi séu tilbúnar til að taka ábyrgan þátt í menntun greinarinnar með stjórnun og rekstri skóla eða deilda skóla í samvinnu við ríkisvaldið. Einnig eru t.d. prentiðnaðarmenn búnir að semja námsskrá fyrir nám í greininni í samvinnu við menntmrn. Ég vil gjarnan beita mér fyrir því að reynt verði að fara af stað með slíkt skipulag iðnmenntunar í til-

raunaskyni. Þannig getum við reynt hvort breytt fyrirkomulag henti okkur hér heima. Ef við komumst að raun um að svo er ekki getum við hætt tilraunastarfseminni án þess að hafa umturnað því kerfi sem við nú búum við.

Iðn- og starfsmenntakerfi eru í eðli sínu þjónustustofnanir sem eiga að þjóna nemendum annars vegar og hins vegar atvinnulífi. Forsenda fyrir því að skólar geti sinnt þessu þjónustuhlutverki er náin samvinna við atvinnulífið, að báðum aðilum sé ljóst að hverju skuli stefnt og reyni í samvinnu að finna til þess réttu leiðirnar. Skólar sem sinna iðn- og starfsmenntun þurfa að gefa eftir af forræðishlutverki sínu til atvinnulífsins. Atvinnulífið þarf hins vegar að fylgja eftir þeim kröfum sem það gerir til skólanna með því að taka á ábyrgan hátt þátt í mótun námsins. Einnig er mikilvægt að fela atvinnulífinu ákveðinn hluta menntunarinnar í meira mæli en nú tíðkast því sýnt er að kennsla margra iðngreina er svo kostnaðarsöm og endurnýjun svo ör í tækjabúnaði og sérþekkingu að skólakerfinu er ómögulegt halda í við þróunina.

Það er ljóst að ef tryggja á atvinnulífinu bein áhrif og ábyrgð á rekstri skóla og mótun náms í iðngreinum þarf að endurskoða lög um framhaldsskóla og hugsanlega að breyta þeim. Tryggja þarf breytta samsetningu fræðslunefnda og bein áhrif þeirra á innihald námsins, þær ákveði námsmarkmið og skólum verði gert að fylgja þeim. Tryggja þarf þátttöku atvinnulífsins í stjórn skólanna og kanna til hlítar möguleika á virkri þátttöku iðngreina í iðnmenntuninni. Einnig er mikilvægt að hægt verði að nýta í kennslu iðngreina sérhæfða starfskrafta úr atvinnulífinu þar sem þörf er talin á slíku og að menntun starfsmenntakennara verði endurskoðuð og efld. Að lokum er mikilvægt að hugað verði sérstaklega að því hvernig best megi haga eftirliti með starfsmenntuninni, jafnt innan skólanna sem úti í atvinnulífinu. Ég tel rétt að byrjað verði á að gera tilraunir með virka þátttöku atvinnulífsins í iðnnámi og skipulagningu þess í stað þess að kollvarpa núverandi fyrirkomulagi. Með úttekt á því hvernig til hefur tekist getur reynslan af slíkum tilraunum síðan vísað veginn til nýskipunar í starfsmenntun og þess vegna er það sem þetta frv. er flutt. Breytingin felst því að inn í lögin verði bætt einni grein sem heimili tilraunastarf í starfsnámi til tveggja ára í senn. Þessa breytingu þarf að gera svo að mögulegt verði að koma á breyttu formi í námi í prentiðnum frá og með næsta hausti. Að mínu mati er þessi heimild fyrsta skrefið í átt til lausnar á þeim vanda sem starsmenntakerfi framhaldsskólans á við að etja. Ég mun þó leggja á það áherslu að ráðuneytið hafi með höndum eftrlit með náminu til að tryggt sé að í allri framhaldsmenntun á vegum ríkisins séu grundvallarsjónarmið opinbera menntakerfisins í heiðri höfð.

Með þessum orðum mínum hef ég fært fram aukin rök fyrir nauðsyn þeirrar breytingar sem ég legg til að gerð verði á framhaldsskólalögunum og það má kannski segja að þar með hafi ég í raun svarað ýmsum þeim athugasemdum sem komu fram í ræðum hv. þm. Svavars Gestssonar og Kristínar Ástgeirsdóttur fyrir réttri viku, en það eru þó nokkur atriði sem ég þarf að koma að og komu fram í ræðum hv. þm.

Hv. þm. Svavar Gestsson rakti í sinni ræðu samsetningu iðnfræðsluráðs og að þar eigi fulltrúar atvinnulífsins sæti. Það er rétt út af fyrir sig en iðnfræðsluráð hefur varla forsendur til að hafa þekkingu á sértækum vanda einstakra iðngreina þar sem í því eiga eingöngu sæti fulltrúar heildarsamtaka. Auk þess hefur iðnfræðsluráð eingöngu ráðgefandi hlutverk og ráðuneytinu er í sjálfsvald sett hvort það tekur samþykkt iðnfræðsluráðs til greina eða ekki. Og þannig eru, held ég því miður að verði að segja, áhrif atvinnulífsins í gegnum iðnfræðsluráð hverfandi. Þess vegna fellst ég ekki á þá skoðun hv. þm. Svavars Gestssonar að samsetning og hlutverk iðnfræðsluráðs sé þannig að þessi lagasetning sé þess vegna óþörf.

Þá ræddi hv. þm. um atvinnulífsbrautir og talaði um að á Suðurnesjum sé myndarleg starfsemi í gangi, eins og hv. þm. orðaði það, atvinnulífsbrautir sem þar séu reknar undir forustu Hjálmars Árnasonar skólameistara. Það er í fullum gangi, eins og hv. þm. sagði. Reyndar sagði hv. þm. líka að sama mætti segja um Fjölbrautaskóla Suðurlands og fleiri skóla. Þingmaðurinn lýsti þessu námi og talaði um að rekstur þessara námsbrauta gengi mjög vel. Um þetta þarf ég að fara nokkrum orðum.

Í fjölbrautaskólunum á Suðurnesjum og á Selfossi var farið af stað með svokallaðar atvinnulífsbrautir veturinn 1989–1990 í ráðherratíð hv. þm. Svavars Gestssonar og reyndar hefur verið skrifuð heil skýrsla um þessa tilraun sem þar var gerð og kom hún út í ágúst 1990. Þarna var einmitt um samninga við fyrirtæki á svæðinu að ræða. Vandinn var hins vegar sá að það reyndist erfitt að vekja áhuga nemenda á þessum möguleikum. Þegar námið var kynnt á Suðurnesjum vorið 1989, þá lýstu 8 nemendur yfir áhuga. Um sumarið var búið að undirbúa jarðveginn í ýmsum fyrirtækjum. Það voru bifreiðaverkstæði, dagheimili, Flugleiðir hf., Íslenskir aðalverktakar á lager og trésmíðaverkstæði og sjálfsagt fleira. Þegar skóli hófst um haustið kom í ljós að einungis tveir nemendur höfðu enn áhuga á þessu námsframboði og annar þeirra hvarf frá náminu án þess að hafa lokið tilskildum áföngum. Í skýrslu um þessa tilraun stendur orðrétt:

„Einungis annar nemandinn útskrifaðist í desember 1989.“ Og nokkru neðar í sama texta segir: „Enginn nemandi var í vinnustaðanámi á vorönn.“

Í Fjölbrautaskóla Suðurlands gekk tilraunin nokkuð skár þennan vetur. Á haustönn hófu fjórir nemendur nám, en einn lauk því og á vorönn luku þrír nemendur þessu námi. Það er þess vegna ekki hægt að segja að árangur þessarar tilraunastarfsemi gefi tilefni til að ætla að þessar hugmyndir séu lausnarorð framhaldsskóla í vanda en það gátu menn auðvitað ekki vitað fyrir fram. Tilraunina þurfti að gera og það ber að þakka áhuga þeirra skólameistara sem að þessu stóðu að gera þessa tilraun.

Ég get svo bætt því við í þessu samhengi að aðilar úr atvinnulífi og Fjölbrautaskóla á Suðurnesjum hafa í vetur verið að móta hugmyndir eða hugmynd sem

byggist á svipuðum grunni og atvinnulífsnámið en sú hugmynd er ekki komin til framkvmda. Í þeirri hugmynd er margt mjög gott og sjálfsagt að útfæra það nánar. Hins vegar hafa komið í ljós ákveðnir vankantar á ýmsum þáttum og m.a. hafa aðilar úr samtökum atvinnulífsins, jafnt atvinnurekenda sem launþega, komið með ýmsar athugasemdir við hugmyndina. Það er ekki ástæða til að rekja þetta mál hér frekar en ég læt nægja að benda á að enn er ekki fundin nein endanleg lausn á vanda þeim sem við stöndum frammi fyrir í eflingu starfsmenntunar í framhaldsskólum. En við þurfum að prófa okkur áfram og hefja markvissar og vel skipulagðar tilraunir áður en ásættanlegt mynstur starfsmenntunar fyrir framhaldsskóla hefur verið þróað.

Þá skýrði hv. þm. Svavar Gestsson frá því að hann hefði verið á ágætri ráðstefnu sem haldin var nokkru áður, laugardaginn áður um starfsmenntun. Þetta var að vísu málþing um iðnmenntun á vegum iðnfræðsluráðs og þetta málþing var mjög vel sótt. Þar voru á bilinu 120–140 þátttakendur og ég held að þetta málþing hafi verið sögulegt að því leyti að þarna tókst það sem ekki hefur verið algengt áður og það var að fulltrúar allra þessara hagsmunaaðila settust saman og störfuðu af miklum krafti í vinnuhópum allan laugardagseftirmiðdaginn eftir að hafa kynnt hver öðrum viðhorf sín í stuttum erindum um morguninn. Og það má segja að það sem standi upp úr eftir þetta vel heppnaða málþing sé einmitt eindreginn vilji allra þeirra aðila sem að iðnfræðslunni standa að finna sameiginlegar leiðir út úr ýmsum vanda sem iðnmenntakerfið á við að etja. En túlkun hv. þm. á niðurstöðu málþingsins koma mér hins vegar dálítið á óvart. Hann segir að menn viti hvernig leysa eigi starfsmenntamál þjóðarinnar og það sé með því að innleiða stuttar eins til tveggja ára atvinnulífsbrautir með samstarfssamningum fyrir hvern og einn nemanda svipað því sem reynt var á Suðurnesjum og Selfossi um árið eins og ég rakti hér áðan og kom svo reyndar með tillögu sem mér finnst nú ekki mjög ábyrg gagnvart iðnaðarmönnum og því kerfi iðnmenntunar sem er hornsteinninn í núverandi starfsmenntakerfi landsmanna. Hann segir lausnina vera að sveinsprófa- og meistaraprófa- og meistarakerfið sé í raun og veru afnumið eins og það er nú þó að það náist um þetta samkomulag við aðila vinnumarkaðarins þannig að niðurstöður þessa náms, þ.e. stuttu brautanna, séu einhvers metnar í kjarasamningum á hverjum tíma. Ég held að þetta sé ekki niðurstaða málþingsins. Ég var að vísu ekki á þessu þingi til loka en eftir því sem ég hef af því fregnir, þá hafa þetta varla verið niðurstöður þessa hóps. (**SvG:** Þetta stendur nú ekki í ræðu minni.) Nei, kannski ekki. Kannski þetta hafi eingöngu verið tillaga frá hv. þm.

Þá nokkur orð um valdsboðskeiminn sem þykir vera af þessu frv. mínu. Þingmaðurinn talaði um að það væri valdboðskeimur af tillögunni og vildi bæta við frv. að skólameistari og skólamenn ráði því hvar þessi tilraun fer inn í viðkomandi skóla. Ég á bágt með að ímynda mér að það sé hægt að koma upp breyttri skipan náms og kennslu án samþykkis þeirra skólamanna sem að viðkomandi skólastofnun standa og ekki ætla ég mér þá dul að hafa bein afskipti af kennsluháttum. Hins vegar vil ég gjarnan að tengsl atvinnulífs og skóla verði aukin og atvinnulífið fái að koma óskum sínum um námsmarkmið, tækjabúnað og kennslutilhögun á framfæri við skólamenn á beinni og milliliðalausari hátt en hingað til hefur tíðkast. Ég á satt að segja afar erfitt með að sjá í þessum vilja mínum einhverjar tilhneigingar til valdboðs. Þvert á móti er ég að leggja til að boðleiðir verði styttar og bein afskipti ráðuneytis af tilhögun iðnmenntunar minnki. Þannig er sú fullyrðing að með frv. sé verið að gera ráð fyrir íhlutunarrétti ráðherra í innra starf skólans bein rangfærsla eða a.m.k. get ég ekki fundið henni neinn stað í frv.

Ég er ekki á höttunum eftir miðstýringarkerfi eins og mér var borið á brýn í umræðunum um daginn. Það stendur að baki frv. hugmynd um valddreifingu, að framkvæmd og ábyrgð starfsmenntunar verði á höndum skóla og atvinnulífs sem sinnir þessum málum í sameiningu.

Hv. þm. Svavar Gestsson sagði að skólinn ætti að vera samstarfsverkefni atvinnulífsins og skóla. Ég fæ ekki betur séð en þarna séum við alveg sammála, hjartanlega sammála. En í dag er fjarri því að svo sé því atvinnulífið hefur ekki möguleika eins og ég hef hér rakið að koma óskum sínum á framfæri beint við skólana eða hafa einhver áhrif á námsframboð skólanna, ekki einu sinni í starfsmenntun. Það er einmitt þetta misræmi sem ætlunin er að leiðrétta. Ég vona að við séum sammála um þetta mikilvæga atriði.

Þá aðeins nokkur orð vegna orða hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur. Þingkonan spurði hvaða þörf sé á því að taka út eitt atriði í skólamálum og af hverju ekki megi bíða eftir heildarstefnumótun um verkmenntun. Því er til að svara að lausnir á vanda framhaldsskólans í starfsmenntamálum liggja ekki á borðinu. Við þurfum að gera tilraunir og prófa okkur áfram áður en við höfum leyst þann stóra vanda sem við stöndum frammi fyrir í starfsmenntunarmálum á framhaldsskólastigi. Gagnrýni nokkurra iðngreina eins og prentiðnaðar, málmiðnaðar og rafiðna á núverandi fyrirkomulag iðnmenntunar hefur verið mjög ákveðin og þessar iðngreinar knýja á um úrbætur. Til að flýta fyrir slíkum úrbótum hef ég flutt þetta frv. þannig að tilraunir megi gera strax næsta haust með breytt fyrirkomulag í prentiðn fyrst og fremst. Þá hef ég jafnframt svarað annarri spurningu hv. þm.

Reynslan af þessu fyrirkomulagi gæti nýst til frekari stefnumótunar um tilhögun iðn- og starfsnáms.

Hv. þingkona Kristín Ástgeirsdóttir heldur því fram að frv. mínu sé ætlað á einhvern hátt að binda hendur skólanna og hefta sjálfstæði þeirra með íhlutun af hálfu ráðherra og telur þess vegna að í frv. felist þversögn við tillögur frá nefnd um mótun menntastefnu þar sem meginhersla er lögð á sjálfstæði skóla og valddreifingu. Ég tel þvert á móti að þetta frv. sé einmitt í anda tillagna nefndarinnar og tel mig hafa fært fram rök fyrir þeirri skoðun minni. Valddreifing þýðir líka að aukin völd færast yfir til atvinnulífsins og það er einmitt ætlunin með þessu frv. með því að veita at-

vinnulífinu hlutdeild í starfsmenntun með því m.a. að aðilar atvinnulífsins fái setu í stjórn skólanna eða deilda innan þeirra í tilraunaskyni, að vægi atvinnulífsins í fræðslunefndum verði aukið og þá á kostnað ráðuneytis. Það er einmitt verið með þessu að færa völd frá ráðuneyti til þeirra sem að menntuninni standa, skóla og atvinnulífs.

Svo var það spurningin hvort ég hefði í huga einhver ákveðin verkefni sem væru svo brýn að nauðsyn bæri til að taka þetta atriði út úr endurskoðun skólamálanna, hvort það séu einhver ákveðin verkefni í verknámi sem ég vilji endilega koma á laggirnar. Ég held ég hafi þegar svarað því. Það er fyrst og fremst prentiðnaðurinn sem hefur sótt á um þetta en það má segja að það sama gildi um bílgreinarnar.

Ég vona að ég hafi með þessum orðum skýrt það nokkuð frekar hvað hér liggur að baki. Ég vonast eindregið eftir því að þetta frv. fái afgreiðslu í hv. menntmn. það fljótt að það geti komið til afgreiðslu á þessu þingi. Mér finnst hins vegar sjálfsagt mál að nefndin kanni þetta vel og vandlega eins og hv. þm. óskuðu eftir þegar málið var til umræðu fyrir viku.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var miklu ítarlegri framsöguræða fyrir frv. sem hæstv. ráðherra flutti núna og er ástæða til að þakka fyrir það í sjálfu sér en hún kallar líka á ítarlegri umræðu á eftir. En ég ætla aðeins að inna hæstv. ráðherra eftir því í andsvarstíma hvort það er rétt skilið hjá mér að tilefni frv. sé að það eigi að flytja prentnámið að einhverju leyti til prenttæknistofnunar. Þar eigi að fara að reka einhver tveggja ára námskeið utan við iðnfræðslukerfið eins og það hefur verið og þá í samkeppni við prentdeildina í Iðnskólanum í Reykjavík sem er tiltölulega myndarleg verktæknideild miðað við það sem kostur er á í verkmenntaskólum í landinu. Mig langar jafnframt að spyrja ráðherra hvort frv. sé flutt í samráði við skólastjórn Iðnskólans í Reykjavík eða jafnvel í andstöðu við skólastjórn Iðnskólans í Reykjavík.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta frv. er ekkert sérstaklega flutt í samráði við skólastjórn Iðnskólans í Reykjavík og að ég best veit heldur ekki í neinni andstöðu við skólastjórn Iðnskólans. Mér er a.m.k. alveg ókunnugt um það.

Það stendur ekki til að fara að fela þessa menntun prentiðnaðinum sérstaklega. Það stendur ekki annað til en stendur í frv. sjálfu: að veita atvinnulífinu meiri aðgang að stjórnun þessa náms í iðngreinum en mögguleiki er á samkvæmt gildandi lögum. Þannig er þetta.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að ég er nokkuð jafnnær eftir þetta svar ráðherra. Mér sýndist í fljótu bragði að þetta frv. héti kannski ekki alveg réttu nafni. Þetta frv. heitir Frumvarp til laga um breyting á lögum um framhaldsskóla. Mér sýndist kannski skynsamlegra að kalla þetta Frumvarp til laga um Ingvar Ásmundsson vegna þess að það hefði gengið illa af ráðuneytinu að ná samstöðu við skólastjórn Iðnskólans um þessi mál. Svar ráðherra breytti engu um þessa skoðun mína. Mér sýnist að þarna sé um ágreining að ræða og það hefur ekki komið neitt svar um hvað á að kenna á þessum brautum öðrum sem á að fara að stofna til. Það skulum við ræða nánar vegna þess að það er bersýnilegt að hér er um að ræða frv. sem snertir verkmenntakerfið í landinu í heild afar mikið þó það láti kannski lítið yfir sér í fyrstu.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst þessi athugasemd hv. þm. ekki sæma honum, að gefa þessu frv. heitið Frumvarp til laga um Ingvar Ásmundsson. Mér finnst það ekki sæma fyrrv. menntmrh. að tala svona. En í ræðu sinni um daginn, ég kom ekkert sérstaklega inn á það, talaði hv. þm. nokkuð um samskiptaörðugleika. Það orð kom víst fyrir í ræðu minni um daginn. Ég vil af því tilefni taka fram að það hafa ekki verið neinir samskiptaörðugleikar milli ráðuneytisins og fulltrúa þessara iðngreina sem hafa gagnrýnt fyrirkomulag þessara mála en mér er hins vegar kunnugt um að það hafa verið samskiptaörðugleikar milli fulltrúa þessara iðngreina og einstakra skóla. Það er meðfram og fyrst og fremst það sem við viljum bæta úr.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingar á lögum um framhaldsskóla. Ég get sagt að mér fannst þetta mjög dularfullt frv., svo ekki sé meira sagt, þegar ég leit það fyrst og alveg jafndularfullt eftir þær umræður sem fóru fram síðast þegar málið var tekið á dagskrá en nú hefur málið skýrst nokkuð eftir aðra ræðu hæstv. ráðherra um það.

Ég hef miklar efasemdir um þetta frv. því það heimilar ráðherra að taka lögin um framhaldsskóla úr gildi og gera það sem honum eða fulltrúum iðnaðarins kann að sýnast í sambandi við framhaldsskólann og það alveg án samráðs við stjórnendur framhaldsskólanna. Þetta finnst mér vera mjög hæpin lagasetning, þó ekki sé meira sagt, og nánast ómöguleg og spurning hvort hv. menntmn. getur ekki reynt að finna einhvern annan farveg fyrir þessar hugmyndir sínar sem mér finnst að sumu leyti skiljanlegar og geta leitt gott af sér. Því eins og málin eru í dag og eins og allir eru mikið að ræða þessa dagana þá þurfum við að leggja mikla áherslu á starfsnámið, á iðnfræðsluna, ekki síst með tilliti til þess að við erum að fara út í aukna samkeppni við aðrar þjóðir á vinnumarkaðinum og íslenska starfsmenntakerfið okkar hefur ekki verið nógu skilvirkt eftir því sem álit ýmissa aðila er.

En satt að segja finnst mér að með því að opna svona lögin, eins og hér er gert ráð fyrir, þá séum við að taka allt of stórt skref. Ég held að hæstv. ráðherra hafi ekki hugsað þetta til enda. Það er verið að flytja mikið vald frá skólunum og yfir til atvinnulífsins. Hæstv. ráðherra vildi meina að það væri verið að flytja

eitthvert vald til skólanna. Ég get alveg ómögulega séð það því miðað við frv., ef að lögum verður, má hugsa sér að það komi upp tvöfalt stjórnkerfi innan framhaldsskólanna. Annars vegar sé það hið opinbera kerfi og hins vegar séu það atvinnurekendur, iðngreinarnar, sem reki hluta skólans. Það held ég að geti ekki boðið upp á annað en árekstra og erfiðleika. Það held ég að við verðum að reyna að koma í veg fyrir. Ég er alveg sammála að iðnrekendur og iðngreinarnar þurfa að hafa mikið um það að segja hvernig námið í framhaldsskólunum er. Þeir þurfa að fá tækifæri til þess. Þar hefur verið vitnað til danska kerfisins sem mikillar fyrirmyndar í þessum efnum og þá skulum við kynna okkur það kerfi og reyna að laga okkar verkmenntakerfi að því. En að hugsa sér þessa leið og þá fyrst og fremst vegna einnar iðngreinar, prentiðnaðarins, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra áðan, finnst mér útilokað.

Það var minnst á starfsþjálfun. Er ekki einmitt þar sem pottur er brotinn, að verkþátturinn, starfsmenntunin, sem að einhverju leyti fer fram á vinnustöðum, er ekki í nægilega góðu formi og ekki nægilega mikið eftirlit með henni? Þar sem ég hef kynnst starfsnámi mest er innan bændaskólanna, þó ég hafi ekki setið þar sjálf, en ég þekki það kerfi allvel og þar fer fram mjög virkt starfsþjálfunarkerfi úti á bóndabæjum sem er vel uppbyggt. Það er mikið eftirlit með því af hálfu skólans en það kostar að sjálfsögðu peninga og þeir hafa svo sannarlega verið af skornum skammti í menntakerfinu síðustu árin. Það er í sjálfu sér dapurleg aðferð að svelta t.d. Iðnskólann fjárhagslega þannig að hann hafi ekki aðstöðu til að búa skólann tækjum eins og ástæða væri til og eðlilegt væri og segja síðan að hann sé ekki nógu góður og standist ekki kröfur og þess vegna þurfi að stofna til einhverra einkaskóla þar sem þessi kennsla eigi síðan að fara fram.

Það hefur verið minnst á að fræðslunefndirnar þjóni ekki þeim tilgangi sem þeim var ætlað í upphafi. Ég held að það sé alveg rétt en þá hlýtur ráðið að vera að breyta þeim og koma því þannig fyrir að iðnaðurinn hafi meiri ítök í fræðslunefndunum og kerfinu, sem hæstv. ráðherra kom inn á að væri þungt í vöfum og seinvirkt. Það er fyrst og fremst innan menntmrn. sem það er þungt í vöfum. Það hlýtur að vera hægt að taka á því á annan hátt en lagt er til með þessu frv.

Hæstv. forseti. Ég hef mjög miklar efasemdir um þetta frv. eins og það liggur fyrir og sérstaklega vegna þess að mér sýnist það bjóða upp á tvöfalt kerfi innan framhaldsskólans, annars vegar hið opinbera kerfi, sem við þekkjum og ég viðurkenni að þarf að endurbæta, en hins vegar kerfi sem sé rekið af einkaaðilum og lúti annarri stjórn. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann sjái þetta fyrir sér. Ef við tökum dæmi af Norðurlandi. Á Akureyri er verkmenntaskóli og ef Félag málmiðnaðarmanna vildi síðan samkvæmt þessu frv., ef að lögum verður, efna til kennslu í málmiðnaði innan verkmenntaskólans og hafa það algjörlega á sinni hendi og stjórna því námi hvernig ætti það að fara fram? Eða yrði það frekar þannig að sú kennsla færi fram einhvers staðar annars staðar í samkeppni við það nám sem verkmenntaskólinn býður upp á.

Það er frekar hægt að hugsa sér þetta ef það væri verið að tala um að þessi lög ættu bara að gilda í tvö ár. Þá væri útséð um hvernig til hefði tekist. Samkvæmt 1. gr. frv. er verið að tala um tveggja ára tilraun í framhaldsskólum. Með því að ný grein komi í framhaldsskólalögin fyrir alla framtíð þá finnst mér þetta nánast alveg útilokað. En ég er frekar til viðræðu um að opna þessar heimildir um eitthvert árabil en samt í samráði við skólastjórnendur þannig að þetta yrði samstarfsverkefni skóla og atvinnulífs en ekki eingöngu atvinnulífið sem ætti að skipuleggja tilraunirnar.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þingmanninum þótti þetta dularfullt frv. og það væri nánast verið að taka lög um framhaldsskóla úr gildi og það án samráðs við skólana. Hér væri tekið allt of stórt skref með því að flytja valdið til atvinnulífsins. Annaðhvort er hér um að ræða mikinn misskilning eða hreina útúrsnúninga. Nú er ég búinn að halda tvær framsöguræður en er að velta því fyrir mér hvort ég þurfi að halda þá þriðju til þess að koma mönnum í skilning um hvað er hér á ferðinni. Það gæti vel verið að það þyrfti meira til.

Það er dálítið merkilegt að menn viðurkenna í öðru orðinu að hér þurfi að taka til hendi og gera eitthvað til þess að efla verkmenntunina í skólakerfinu. Þegar það koma svo tillögur þá virðist eins og allt sé bara í lagi og það þurfi engu að breyta. Mér sýnist þetta oft vera einmitt með þessum hætti.

Ég hef þegar sagt það í þessari umræðu að það verði ekki komið á breytingum um skipan náms og kennslu án samþykkis þeirra skólamanna sem við viðkomandi skólastofnun starfa. Þarf virkilega að taka þetta fram í þessari lagagrein? Þarf þess? Ef mönnum þykir það þá er ég alveg tilbúinn að hlusta á brtt. frá hv. menntmn. Ef mönnum þykir það nauðsynlegt og telja að það sé ekki á öðrum stöðum í framhaldsskólalöggjöfinni ákvæði sem tryggi áhrif skólanna sjálfra. Mér finnst þetta vera hreinir útúrsnúningar ef menn skilja þetta frv. þannig að hér sé verið að flytja valdið í hendur ráðherra sem geti svo framselt það til atvinnulífsins og skólunum komi ekkert við hvað á að kenna í viðkomandi skólum. Þetta er ekki svona. Þetta er röng túlkun á því sem hér er lagt til.

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hlýtur að hafa mikið að segja um túlkun okkar á frv. hvernig lagagreinin hljómar og eins og hún er lögð fram var ekki að sjá að það eigi að verða samstarf við skólastjórnendur. Fyrst hæstv. ráðherra tekur því svona vel að það verði komið inn ákvæði þess efnis þá finnst mér málið strax líta öðruvísi út. Það eru engir útúrsnúningar að með því að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir núna þá fer ekki milli mála að ráðherra hefði getað fært mikið vald frá skólunum yfir til atvinnulífsins. Ég er ekki að segja að það hafi verði akkúrat það sem hæstv. ráðherra ætl-

aði sér en það eiga væntanlega eftir að koma aðrir ráðherrar eftir núv. hæstv. ráðherra og þá er kannski gott að hafa lögin þannig að það fari ekkert milli mála hvað átt er við með þeim.

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka sérstaklega fyrir þau orðaskipti sem áttu sér stað núna síðast að frumkvæði hv. 3. þm. Norðurl. e., Valgerðar Sverrisdóttur, sem benti á þann kjarna málsins að það er hætta á að upp úr samþykkt þessa frv. yrði til tvöfalt verkmenntakerfi. Hæstv. ráðherra bauð þá upp á það í framhaldi af þeim orðum hennar að það yrði sett inn í þennan texta ákvæði um að viðkomandi skólar þyrftu að samþykkja. (**Menntmrh.:** Það yrði kannað í nefndinni.) Hæstv. ráðherra tók mjög strangt til orða í þeim efnum þannig að ég tek hans orð alveg fullgild og ég tel að það breyti miklu. Ég held að það sé hvorki orðhengilsháttur né útúrsnúningar eða eitthvað þaðan af verra sem stjórnarandstöðuþingmönnum gengur til í þessu máli. Ég held að þeir séu velviljaðir í þessu máli eins og öllum öðrum og varla hægt að finna nokkrar undantekningar í þeim efnum eins og kunnugt er. Hæstv. ráðherra á bara eftir að setja sig aðeins betur inn í þau mál og hann misskilur greinilega stundum vinsamlegar ábendingar. Ég held að þessar umræður hafi beinlínis leitt til þess að menn hafi komist að jákvæðum og skynsamlegum niðurstöðum um meginatriði. Í frv. stendur: „Menntamálaráðherra er heimilt að efna til" o.s.frv. Svo stendur: „og skal hafa fullt samráð við fulltrúa atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgrein um skipulagningu tilraunarinnar." Það er hvergi gert ráð fyrir skólanum í þessum texta. Það er svo einfalt. Það er auðvitað tilefni þess að nokkrir þingmenn hafa gert athugasemdir við frv., þetta litla frv. sem lætur ekki mikið yfir sér við fyrstu skoðun.

Hitt er svo líka annað að ef hæstv. menntmrh. er tilbúinn til að láta skoða þessa hugsanlegu breytingu í nefnd, sem hann nefndi hér áðan, þá finnst mér líka að við gætum líka rætt það aðeins nánar hvort það er nokkur þörf á þessu frv. Hæstv. ráðherra segir aftur og aftur í sinni ræðu að frv. sé flutt til að atvinnulífið geti, með leyfi forseta, orðrétt: „komið óskum sínum á beinni og milliliðalausari hátt en áður á framfæri við skólana". Ég játa að auðvitað er iðnfræðslukerfið, iðnfræðsluráð, þungt kerfi. Ég þekki það. Fræðslunefndakerfið er líka þungt. Ég þekki það. En ég mundi hafa brugðist við þessu. Ef það er orðin tiltölulega góð samstaða um það í atvinnulífinu að vilja breyta þessu kerfi þá eru það mikil tíðindi fyrir mér. Staðreyndin hefur verið sú að Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið hafa í raun og veru staðið vörð um óbreytt kerfi, iðnfræðsluráðskerfið. Það eru því mikil tíðindi fyrir mér ef það er allt í einu orðið þannig að þessir aðilar telja að þetta kerfi sé með þeim hætti að því þurfi að breyta í grundvallaratriðum. Það er nokkuð fróðlegt og eiginlega kaflaskipti. Ég er ekki að segja að þau séu af hinu vonda, langt frá því.

Ég held að það sé alveg rétt sem sumir fulltrúar atvinnulífsins hafa haldið fram að iðnfræðslukerfið sé allt of þungt í vöfum. Ég held að það sé rétt ég er sammála því og hef lengi verið það. Löngu fyrir þann tíma að ég fór að starfa í menntmrn. Ég held þess vegna að það væri miklu skynsamlegra að skoða í sátt við aðila iðnfræðsluráðs breytingar á fræðsluráðum iðnaðarins. Þar er hægt að tryggja beina aðild viðkomandi atvinnugreina. Það er enginn vandi. Það getur ráðherra gert. Þá spyr ég: Til hvers er frv.? Af hverju er sú leið ekki farin. Ég satt best að segja, og ég vona að hæstv. ráðherra skilji það ekki sem orðhengilsháttur eða útúrsnúninga eða neitt þess háttar af minni hálfu, átta mig ekki á því til hvers frv. er flutt miðað við gildandi lög og þau meginrök sem hv. menntmrh. flutti fyrir flutningi frv. hér áðan.

Ég ætla ekki að fara að ræða mikið frekar um starfsmenntun, skólana og atvinnulífið. Hæstv. menntmrh. nefndi áðan þá staðreynd að það fara ekki nema 9,4% nemenda samkvæmt námsferilskönnun Jóns Torfa í starfsnám. Og það er eitthvað um 5,1–5,2% sem ljúka iðnnámi af þeim árgangi sem hann hefur kannað, þ.e. árgangurinn sem er fæddur árið 1969. Það er auðvitað alveg herfilegt. Ég hef séð námsferilskönnun fyrir stóra hópa t.d. á Akranesi þar sem um er að ræða 50 nemendur tiltekins árgangs sem útskrifuðust úr grunnskóla og þar fór þriðjungur í bóknám og lauk stúdentsprófi en enginn í starfsnám.

Út af fyrir sig er það alveg öruggt mál að þetta segir eitthvað um skólakerfið. En þetta segir náttúrlega líka eitthvað um atvinnulífið. Staðreyndin er auðvitað sú að á undanförnum áratugum hefur verið svo mikil vinna hér á landi að þó foreldrar sem hafa átt börn sem hafa hætt í skóla 17, 18 eða 19 ára gömul þá hefur það ekki verið verulegur héraðsbrestur vegna þess að krakkarnir hafa fengið vinnu. Þau hafa getað farið í vinnu og farið að vinna fyrir sér og síðan sínum á þeim þensluvinnumarkaði sem hér hefur verið. Hér höfum við búið við allt aðrar aðstæður en t.d. atvinnulífið annars staðar. Og það er kannski af þessum ástæðum sem atvinnulífið hefur sinnt skólunum minna hér á landi en annars staðar. Það er kannski af þeim ástæðum sem við höfum núna atvinnuleysi sem hlutirnir eru þannig að atvinnulífið, bæði VSÍ og ASÍ, er núna farið að sinna þessum málum af miklu meira kappi en lengi hefur verið. Og ég verð að segja að ég tel að samþykkt Alþýðusambandsþingsins um menntamál frá síðasta ASÍ-þingi á Akureyri hafi verið tímamót í sögu Alþýðusambandsins og þar með í sögu atvinnulífs og skóla. Þess vegna tel ég að allir sem hafa með menntamál að gera ættu að fagna því.

Hæstv. menntmrh. nefndi þrenns konar rök sem væru talin fram fyrir því að breyta iðnmenntuninni í landinu. Það væri í fyrsta lagi að stjórnin væri of þunglamaleg, fræðslunefndirnar sérstaklega, og þar ætti atvinnulífið ekki beina aðild. Ég endurtek það sem ég sagði áðan að ég tel hægt að breyta skipan fræðslunefndanna þannig að þar eignist atvinnulífið beina aðild. Ég tel það hægt og það þurfi ekki lagabreytingu til þess. Um það þarf samkomulag við þá aðila sem nú tilnefna fulltrúa í iðnfræðsluráð. Heildarsamtök atvinnulífsins eins og Landssamband iðnaðarmanna og Félag

íslenskra iðnrekenda geta auðvitað tilnefnt fulltrúa í fræðslunefndirnar frá ákveðnum greinum, málmiðnaði, skipasmíðaiðnaði o.s.frv.

Í öðru lagi eru það talin rök fyrir breytingum á kerfinu að það sé of mikið vægi í almennum bóklegum greinum núna í iðnmenntakerfinu. Ég er ekki sammála þessu en auðvitað hef ég enga endanlega rétta skoðun á þessu máli en ég bið menn aðeins um að staldra við. Ef það á að minnka vægi bóklegu greinanna, hvað þýðir það? Hvaða fólk erum við að mennta? Erum við bara að mennta fólk til að snúa tilteknum skrúfum í tilteknum verksmiðjum í tilteknum greinum? Nei, við erum að mennta fólk til að það geti tekið á móti framtíðinni með opnum hætti. Og ætlum við núna, alþingismenn árið 1993, að segja fyrir um það hvernig iðnmenntun við viljum hafa fyrir börnin sem eru að byrja í grunnskólum í haust og ljúka kannski námi í framhaldsskólum af einhverju tagi, segjum eftir 20 ár eða svo, árið 2013? Erum við svo vitur að við treystum okkur til að skrifa það upp í smáatriðum hvernig menntunin á að vera sem fólkið fær árið 2013? Mitt svar er nei, með fullri virðingu fyrir Alþingi Íslendinga. Alþingi hefur ekkert vit á því. Það er bara eitt sem Alþingi getur skipt sér af í þessu efni. Hvað er það? Það er að menntunin sé þannig að fólk hafi forsendur til að taka við nýrri þekkingu. Af því að það er ekki hægt að ljúka skólanámi lengur. Það er útilokað að nokkur maður geti sagt: Ég er búinn með skóla og þarf aldrei að læra neitt meira. Það er liðin tíð. Fólk verður að vera í skóla alla ævina eins og hlutirnir eru að þróast. Breytingarnar eru svo miklar. Þess vegna vara ég við þeim viðhorfum sem koma fram frá fulltrúum atvinnulífsins og hæstv. menntmrh. nefnir hér að bóklegar greinar hafi of mikið vægi í iðnskólum og það sé kannski meginvandinn. Ég vísa því á bug. Ég tel að þetta sé slæmt sjónarmið og við eigum að slá skjaldborg um hið almenna húmaníska innihald skólakerfisins í landinu hvort sem það eru bóknámsskólar eða verknámsskólar.

Í þriðja lagi eru það nefnd sem rök að það sé skortur á hagkvæmni og skilvirkni í þessu kerfi eins og það er. Það er nokkuð til í því. Það er alveg rétt. Um það er enginn ágreiningur held ég. Kerfið hefur verið mjög seint að taka upp nýjar iðngreinar. Hins vegar hafa menn samviskusamlega sett námsskrár fyrir iðngreinar sem eru kannski með örfáa nemendur og eiga ótrúlega lítið erindi við nútímaatvinnulíf. Kerfið er þunglamalegt og því á að breyta að mínu mati fyrst og fremst með því að breyta fræðslunefndunum.

Síðan verða menn auðvitað um leið og þeir breyta skólunum að hugleiða atvinnulífið sjálft. Halda menn að margir ungir menn og konur um þessar mundir fari í nám í skipasmíði eða málmiðnaði eða blikksmíði? Þessar greinar eru allar að geispa golunni hérna. Af hverju hefur fækkað í iðnnámi á undanförnum árum? Það er vegna þess að iðnaðurinn hefur dregist saman. Á síðasta þingi lagði hæstv. iðnrh. fyrir skýrslu um þróun iðnaðarins frá 1970–1990. Það voru óhugnanlegar hryllingsmyndir um hnignun iðnaðarins á Íslandi sem þar blöstu við. Auðvitað er það ein ástæða þess að verknámið er veikara núna en það hefur verið áður að iðnaðinum hefur hrakað stórkostlega.

Ég ætla út af fyrir sig ekki að skattyrðast við hæstv. menntmrh. um einstök atriði í þessu máli. Ég tel enga ástæðu til þess. Ég ætla þó bara að lokum að segja það að eins og frv. er sett upp núna þá er af því valdboðskeimur. Ég tel hins vegar að sú breyting sem hæstv. ráðherra benti á áðan að gæti komið til greina og mætti skoða í menntmn. þurrki þann valdboðskeim út. Ég tel sjálfsagt að taka því vel. Ég vil hins vegar að lokum, virðulegur forseti, vara við þeirri uppsetningu mála að hæfniskröfur markaðarins eigi að fara að ráða skólakerfinu á Íslandi. En það voru orð hæstv. ráðherra hér áðan. Ég vil ekki að hlutirnir séu þannig settir upp að það séu hæfniskröfur markaðarins sem eigi að ráða skólakerfinu á Íslandi.

Að lokum vil ég endurtaka að ég tel að hæstv. menntmrh. hafi í orðaskiptum sínum við hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur breytt málinu talsvert og gert það talsvert aðgengilegra en ella væri um leið og það hlýtur auðvitað að vera þannig að hv. iðnn. skoði málið mjög rækilega þegar hún fær það til meðferðar.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. viðurkenndi að iðnfræðsluráð og fræðslunefndirnar væru nokkuð þung í vöfum og spurði jafnframt hvort ekki mætti leysa þetta mál með samkomulagi við iðnfræðsluráð um breytta skipan fræðslunefnda iðnaðarins. Ég held að það dugi ekki. Frv. er flutt til að færi gefist á nánari samvinnu skóla og atvinnulífs í verknáminu en hingað til hefur verið mögulegt og til að fá bein áhrif atvinnulífs á innihald og framkvæmd iðnmenntunar.

Til að fyrirbyggja allan misskilning á orðum mínum áðan þar sem ég taldi upp nokkur atriði þegar ég var að skilgreina vandann, þá sagði ég að gagnrýnendur teldu að of mikið vægi væri á almennum bóklegum námsgreinum í iðnnáminu vel að merkja. Það sem þeir eiga við er að þeir óska eftir því að almennu námi t.d. í íslensku, ensku, dönsku, stærðfræði o.fl., yrði að mestu lokið áður en sjálft iðnnámið hefst, það er gagnrýnisatriðið hjá þessum aðilum. Þetta vildi ég að kæmi mjög skýrt fram til að fyrirbyggja allan misskilning.

Ég þakka svo fyrir velvilja stjórnarandstöðunnar sem hv. þm. undirstrikaði að væri fyrir hendi. Ég ítreka enn að mér finnst sjálfsagt að nefndin kanni þetta mál ofan í kjölinn og eytt verði öllum misskilningi um að í þessu frv. felist einhver sérstakur valdboðskeimur af minni hálfu. Það er misskilningur.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessi svör, sérstaklega það sem hann sagði varðandi bóknámið að það bæri að skilja þessar ábendingar þannig að það ætti að vera fyrst og fremst á fyrri hluta iðnnámsins. Þar ætti bóknámið að vera og verknámið síðar. Ég hef út af fyrir sig vissar áhyggjur af þessari uppsetningu mála. Ég verð að játa það vegna þess að ég tel að þetta muni þýða að verklegar greinar með

þróuðum tækjabúnaði verði með aðsetur í Reykjavík í framtíðinni og verkmenntaskólar landsbyggðarinnar verði með bóknámsundirbúninginn. Ég óttast að t.d. bílgreinaskólinn, sem á að fara að stofna hérna, verði þannig að þar verði þróað nám með góð tæki fyrir bifvélavirkja en hin almenna undirstaða, þ.e. danska, reikningur o.s.frv., verði úti á landi. Ég hygg að landsbyggðinni muni finnast sinn hlutur lítill ef ekki verður staðinn vörður um það verkmenntakerfi sem til er á landsbyggðinni. En ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin að öðru leyti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjávarútvegsskóli, fyrri umr.

Þáltill. FI og HÁ, 380. mál. — Þskj. 673.

Flm. (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um stofnun sjávarútvegsskóla á þskj. 673. Flm. ásamt mér er hv. þm. Halldór Ásgrímsson. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að undirbúa sameiningu Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði, Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands í einn sjávarútvegsskóla á framhaldsskólastigi. Skal undirbúningurinn miða að því að skólinn verði til húsa í Sjómannaskólanum í Reykjavík. Stefnt skal að því að skólinn taki til starfa haustið 1994."

Það leikur ekki vafi á því að þeir skólar sem nú eru starfandi og annast kennslu og fræðslu á framhaldsskólastigi fyrir íslenskan sjávarútveg hafa gegnt mjög mikilvægu hlutverki í fræðslu og í því að mennta fólk í gegnum tíðina. En þessir skólar eru þeir skólar sem ég vitnaði í áðan og þáltill. gerir ráð fyrir að séu sameinaðir. Auk þess má segja að útgerðartæknibraut Tækniskóla Íslands sé að hluta til á framhaldsskólastigi og að hluta til á háskólastigi.

Tilgangur flm. með þáltill. er að efla og styrkja fræðslu á framhaldsskólastigi fyrir íslenskan sjávarútveg. Það er mikilvægt að búa vel að menntunarskilyrðum þeirra sem stunda nám á þessu sviði því vaxandi alþjóðleg samkeppni krefst vel menntaðs fólks til starfa, fólks með breiða þekkingu á öllum þáttum sjávarútvegsins allt frá veiðum að markaðs- og sölustarfi. En með því að sameina þessa þrjá skóla í einn sterkan og öflugan sjávarútvegsskóla sem starfar á framhaldsskólastigi er hægt að okkar mati að ná þessu markmiði.

Upphaf þessa máls má rekja allt aftur til ársins 1986 þegar þáv. menntmrh., Sverrir Hermannsson, og þáv. sjútvrh., Halldór Ásgrímsson, skipuðu starfshóp um stofnun sjávarútvegsskóla. Hópurinn skilaði áliti sínu í október sama ár og skýrsla hans fylgir með þáltill. sem fylgiskjal þar sem gerð er grein fyrir tillögum starfshópsins og nefndarstarfinu. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í allar helstu niðurstöður starfshópsins.

Í fyrsta lagi: Stofnaður verði sjávarútvegsskóli í Reykjavík er taki við hlutverkum Stýrimannaskólans í Reykjavík, Vélskóla Íslands og Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði.

Í öðru lagi að stofnað verði fræðsluráð sjávarútvegsins, skipað fulltrúum hagsmunasamtaka, rannsóknastofnana og og ráðuneyta, sem verði stefnumarkandi í fræðslumálum sjávarútvegsins.

Í þriðja lagi: Sjávarútvegsskólinn fái til umráða húsnæði Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands í Reykjavík og hið nýja verknámshús Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði sem er tiltölulega nýtt hús. Hins vegar er bóknám Fiskvinnsluskólans á hrakhólum um þessar mundir þó þeir séu í færanlegri kennslustofu sem er við enda verknámshússins núna.

Í upphafi árs 1992 skipaði núv. menntmrh. nefnd til þess að gera tillögur um hagræðingu í framhaldsskólanum. Nefndin skilaði af sér áliti í mars 1992. Þar komst nefndin að sömu niðurstöðu, þ.e. Stýrimannaskólinn í Reykjavík, Vélskóli Íslands og Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði skyldu sameinaðir í einn sjávarútvegsskóla. Sú nefnd taldi að af þessu hlytist veruleg hagræðing og hefði í för með sér aukinn sparnað í ríkisútgjöldum.

Við undirbúning þeirra tillagna sem hér er vitnað til og skýrslu þeirrar nefndar sem skilaði áliti 1986 voru auk þeirra manna sem í nefndinni voru hafðir með í ráðum skólastjórar Vélskólans, Stýrimannaskólans og Fiskvinnsluskólans. Til þess að leita hugmynda og tillagna um það hvernig að slíkum sjávarútvegsskóla skyldi staðið voru staðir í Noregi, Danmörku og Nýfundnalandi heimsóttir þar sem leitað var fanga um fyrirmyndir að slíkum sjávarútvegsskóla. Þar voru fyrirmyndir til og tillögur nefndarinnar byggðu að verulegu leyti á þeim hugmyndum og á því skipulagi sem þar var við lýði.

Það sem merkilegast var að mínu viti og kom út úr þessu nefndarstarfi, á þeim tíma átti ég sæti í nefndinni, var að í öllum þessum löndum var staðið allt öðruvísi að uppbyggingu verknáms en við stöndum að því hér, a.m.k. í sjávarútveginum. Fyrirtækin í sjávarútvegi gátu leitað til viðkomandi skóla, til viðkomandi rannsóknastofnana og óskað eftir því að ákveðin vandamál er steðjuðu að fyrirtækjunum, bæði stjórnunarleg, efnahagsleg og tæknileg væru leyst af viðkomandi menntastofnunum. Hér er það hins vegar svo að allar nýjungar og framfarir verða til í atvinnulífinu sjálfu og flyjast inn í skólana frá atvinnulífinu alveg öfugt við það sem gerist í þessum löndum.

Tilgangurinn með stofnun eins sjávarútvegsskóla með sameiningu þessara þriggja gæti haft það í för með sér að hægt væri að styrkja og efla menntunina og snúa þessu við og koma henni í svipað fyrirkomulag og viðgengst í nágrannalöndunum.

Í kjölfar þess að nefndin skilaði áliti var haldin í Reykjavík ráðstefna um niðurstöðu nefndarinnar þar sem þátt tóku skólameistarar þessara skóla, fulltrúar skólanna og fulltrúar helstu hagsmunasamtaka í sjávarútvegi. Í fáum orðum má segja að niðurstaðan af þeirri ráðstefnu hafi verið sú að a.m.k. allflestir hags-

munaaðilar í sjávarútvegi töldu mikilvægt og að tillögur nefndarinnar væru skynsamlegar að því leyti að það bæri að stefna að því að sameina þessa þrjá skóla í einn öflugan sjávarútvegsskóla.

Í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir því hvernig slíkur skóli gæti starfað og á bls. 5 í þáltill. er skipurit fyrir slíkan skóla. Gert er ráð fyrir því að skólinn heyri undir menntmrn. og sé sérskóli á framhaldsskólastigi, enda hluti af hinu almenna skólakerfi í landinu. Fræðsluráð sjávarútvegsins verði stofnað og verði faglegur tengiliður milli skólans og atvinnulífsins, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og sjútvrn. Síðan fari einn skólastjóri með yfirstjórn skólans en í skólanum séu starfandi fimm deildir: Vélstjórnardeild, fiskvinnsludeild, skipstjórnardeild, fiskeldisdeild og endurmenntunardeild. Í raun og veru eru þetta sömu sér- og faggreinar sem eru starfandi í þessum skólum í dag nema gert var ráð fyrir því að sérstök endurmenntunardeild væri starfandi og hún tæki við því hlutverki sem starfsfræðslunefnd sjávarútvegsins er með á sinni könnu, þ.e. endurmenntun fyrir starfsfólk í fiskiðnaði sem var hluti af samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins á sínum tíma. Líklega er búið að mennta og fræða á bilinu sex til sjö þúsund manns á þessum námskeiðum. Það væri eðlilegt að hafa þetta hluta af framhaldsskólakerfinu og flytja þetta fyrirkomulag inn í slíkan, sterkan sjávarútvegsskóla.

Því miður er það svo að nemendum hefur fækkað í þessum þremur skólum, þ.e. Vélskólanum, Stýrimannaskólanum og Fiskvinnsluskólanum á undanförnum árum. Árið 1980 voru 331 nemandi í Vélskóla Íslands en árið 1992 voru þar 195 nemendur. Í Stýrimannaskólanum voru árið 1980 138 nemendur en árið 1992 76. Í Fiskvinnsluskólanum voru árið 1980 55 nemendur og urðu flestir á árunum 1982 og 1990 60 nemendur en voru árið 1992 37. Þetta er fækkun í þessum þremur skólum upp á 216 nemendur eða 41%, en á sama tíma gerist það, og tengist kannski örlítið því sem menn voru að ræða hér áðan um framhaldsskólann, að nemendum í framhaldsskólunum á árunum 1980 til ársins 1992 fjölgar úr 11.147 í 16.060. Þarna er um gríðarlega fjölgun að ræða. Á sama tíma verður í þessum verkmenntaskólum tveimur veruleg fækkun eða í kringum 41%.

Hver ástæðan er er auðvitað erfitt að fullyrða en ég er sannfærður um að stór hluti þeirra skýringa er sú að þessir skólar hafa því miður ekki fylgst með kalli tímans, þeir hafa ekki aðlagað sig að þeim breyttu aðstæðum, þeir hafa búið við fjárhagslega örðugleika og hafa ekki verið í stakk búnir til þess að taka á móti þeim nýju hugmyndum og breytingum sem hafa átt sér stað í íslensku atvinnulífi og þar af leiðandi ekki aðlagað sig þeim aðstæðum á undanförnum árum. Því hafa þessir skólar ekki verið eins aðlaðandi fyrir unga nemendur og þeir voru hér áður þrátt fyrir að meginvaxtarbroddur í atvinnulífinu sé í íslenskum sjávarútvegi.

Húsnæðisaðstaða þessara þriggja skóla hefur verið nokkuð mismunandi. Reyndar má segja að húsnæðisaðstaða Stýrimannaskólans og Vélskólans sé allþokkaleg, ekki síst þegar haft er í huga að nemendum hefur fækkað um 200 á síðustu 12 árum. Það er auðvitað rýmra um þá sem eftir eru en áður var. Þar að auki hefur verknámið verið byggt að nokkru leyti upp í þessum skólum. Hins vegar hefur Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði búið við mjög þröngan húsakost, sérstaklega hvað bóknámið varðar. En þar var byggt myndarlegt verknámshús sem gert er ráð fyrir í þessari þáltill. að verði áfram starfrækt og verði hluti af því skólahúsnæði sem hinn nýi sameinaði sjávarútvegsskóli hefur til umráða. Í dag er það þannig að bæði í Stýrimannaskólanum og Vélskólanum er verið að kenna hálfsetnum bekkjum sömu námsgreinarnar á sitt hvorri hæðinni í sama húsinu. Með því að sameina þessa skóla í einn öflugan skóla væri hægt að ná fram verulegum sparnaði í kennslukostnaði, betri nýtingu á tækjum og búnaði og ekki síst að gera námið markvissara og sterkara en það er í dag.

Starfsemi þessara skóla er að mörgu leyti mjög nátengt og það er skynsamlegt og hagkvæmt að okkar viti að reka skólana sem einn skóla þannig að spara megi í yfirstjórn, auka námsframboð, styrkja og efla menntun og gefa nemendum skólanna fleiri og fjölbreyttari tækifæri til áframhaldandi náms. Þannig mun skólinn skila betur menntuðum starfsmönnum til starfa í íslenskum sjávarútvegi og íslensku þjóðinni til hagsbóta um leið.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. menntmn.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tefja umræðu um þessa gagnmerku þáltill. sem hér liggur frammi, en hún varðar þrjá skóla, Vélskóla Íslands, Stýrimannaskólann í Reykjavík og Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði. Þess vegna langar mig til að inna hv. 1. flm. tillögunnar eftir því hvort hann hafi haft samráð við forvígismenn þessa skóla þegar hann samdi þessa ágætu ályktunartillögu.

Flm. (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðséð á spurningu hv. 17. þm. Reykv. að hann hefur ekki verið viðstaddur upphaf umræðunnar vegna þess að í upphafi míns máls gerði ég nokkuð rækilega grein fyrir því hvert upphaf málsins var, allt frá árinu 1986 að páv. menntmrh. og sjútvrh. skipuðu nefnd til þess að undirbúa sameiningu þessara þriggja skóla í einn öflugan sjávarútvegsskóla á framhaldsskólastigi. Sú nefnd sem þá starfaði leitaði eftir því, og á það var lögð áhersla af páv. ráherrum, að skólameistarar þessarar þriggja skóla, Stýrimannaskólans, Vélskólans og Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði, væru hafðir með í ráðum við undirbúning þeirra tillagna og þeirrar álitsgerðar er yrði lögð fram. Það var gert, m.a. með því að farið var í heimsóknir í marga skóla, bæði í Noregi, Danmörku og í St. John's á Nýfundnalandi þar sem leitað var fanga eftir þekkingu og tillögum um það hvernig að þessu væri best staðið. Skólastjórar þessara þriggja skóla voru með í

öllum þessum ferðum. Reyndar hefur sú breyting orðið að Andrés hefur látið af störfum sem skólameistari Vélskólans og nýr maður tekið þar við.

Í kjölfar þess að nefndarálitið lá fyrir árið 1986 var haldin ráðstefna í Reykjavík, svo að ég rifji þetta aftur upp af því að hv. þm. var ekki í salnum þegar umræðan hófst, og var öllum hagsmunaaðilum og fulltrúum þessara skóla boðið að taka þátt í ráðstefnunni. Niðurstaðan af ráðstefnunni var í fáum orðum sú, ekki síst frá hagsmunaaðilum, að skynsamlegt væri að sameina þessa skóla í einn öflugan sjávarútvegsskóla á framhaldsskólastigi.

Varðandi undirbúning þessarar tillögu sérstaklega var ekki haft samráð eða samstarf við núverandi skólameistara um flutning hennar en flutningur tillögunnar og efni byggjast að öllu leyti á skýrslunni frá 1986, sem ég var að lýsa hér áðan og víðtæk samstaða myndaðist um, enda er hún prentuð sem fskj. með frv.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Finni Ingólfssyni að ég var því miður ekki viðstaddur upphaf hans ræðu. Það er afar miður. Ég reyni yfirleitt að hlusta á þingmanninn hvenær sem ég hef færi á. En spurning mín stafaði af því að í Morgunblaðinu 16. mars 1993 vill svo til að þrír gagnmerkir menn, skólameistarar þessara þriggja skóla, skrifa grein og þar taka þeir staðhæfingar í grg. hv. flm., og hrekja þær lið fyrir lið. Þeir segja síðan, með leyfi forseta: „Þessi þáltill. er illa undirbúin og vanhugsuð." Þeir segja jafnframt að það hafi vakið furðu að þeir sem standa að slíkri tillögu og þál. sem getur orðið afdrifaríkt mál fyrir menntun í undirstöðuatvinnuvegi okkar Íslendinga, skuli ekki kynna sér betur forsendur hjá þeim sem standa þessum stofnunum næst en fara þess í stað algerlega óundirbúið með villandi upplýsingar og rangt mál inn á Alþingi Íslendinga og í fjölmiðla.

Nú er það svo að ég hef mikla trú á skólamönnum og tel að það eigi að fara eftir þeim sem best og þess vegna vildi ég spyrja hv. flm. hvort honum finnst ekki rétt eftir að hafa kynnt sér grein þessara heiðursmanna að draga tillöguna til baka og leggja hana síðan fram aftur þegar hann hefur komist að því sem sannara reynist.

Flm. (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er gott að heyra það frá hv. 17. þm. Reykv. að hann vilji fara að ráðum skólamanna og það væri betur ef við flest af því sem hann þarf að standa að hér sem ríkisstjórnin er að gera að hann færi að öllu að áliti skólamanna.

Það er rétt að þessi grein kom frá þessum ágætu skólameisturum. Ég hef hins vegar svarað þeirri grein í Morgunblaðinu og það væri ágætt að hv. 17. þm. Reykv. kynnti sér þau svör. Varðandi undirbúninginn ætla ég ekki að orðlengja það frekar. Ég lýsti því áðan og ég vona að hv. 17. þm. Reykv. hafi skilið það.

Bara eitt atriði sem haldið er fram í þessari ágætu grein þessara skólameistara um að engin fækkun hafi t.d. orðið á nemendum þessara skóla á undanförnum árum. Af því tilefni fannst mér rétt að leita eftir því þann 17. mars 1993 hjá menntmrn. hvaða breyting hefði orðið á fjölda nemenda í þessum skólum á undanförnum árum. Yfir það fór ég hér áðan. Nemendum hefur fækkað í þessum þremur skólum um 216 eða um 41% á árunum 1980–1992. Varðandi framhaldsskólana á sama tíma, þá er nemendafjölgun þar úr 11.147 í 16.066 samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk frá menntmrn. Sú staðhæfing skólameistaranna, sem kemur fram í greininni að engin fækkun hafi orðið á nemendum, er því einfaldlega röng. Ég skil það ekki að þessir ágætu menn — sem ég ber mikla virðingu fyrir vegna þess að við stóðum að mörgu leyti í sameiningu að undirbúningi þeirra tillagna 1986 sem hér er verið að leggja til og allir voru sammála um að skynsamlegt væri að fara þessa leið á sínum tíma og þáltill. byggir að öllu leyti á — skuli ekki vera betur upplýstir um það hver er fjöldi nemenda í skólunum hjá þeim og hefur verið á undanförnum árum og hvernig þróunin hefur verið.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Þessi þáltill. fjallar um þær undirstöðustofnanir sem þjóðfélagið ætlast til að sinni þáttum er lúta að menntun í sjávarútvegi. Það er út af fyrir sig ágætt að efna til umræðu um þessar stofnanir en þá væri æskilegt að það væri á þeim grunni að menn ætluðu að sú umræða færi til jákvæðs árangurs.

Tillagan sem hér er um að ræða er afturför að mínu mati og má færa mörg rök að því. Í uppsetningu tillögunnar er ruglað saman ýmsum atriðum og svo virðist sem tillögumenn hafi hvorki kynnt sér grundvallaratriði í uppbyggingu viðkomandi skóla né hvaðan þeir koma sem stunda nám í þeim og hvernig þeir skila sér áfram inn í námskerfið, ýmist beint úr öðru námi eða utan úr atvinnulífinu. Látið er að því liggja að aðsókn hafi dregist saman í ákveðnum þáttum sjávarútvegsskólanna vegna aðstöðu þeirra sjálfra en það er ekki rétt. Það eru rök fyrir því að þar sem hefur dregið úr aðsókn er það vegna þess þjóðfélagið í heild mælir ekki með slíku námi. Menntun í sjávarútvegsfræðum, hvort sem það er í fiskvinnslu, skipstjórnarmenntun eða vélstjórnarmenntun, hefur dregist saman vegna þess að ungt fólk er ekki hvatt til þess að öllu jöfnu af foreldrum sínum að fara í nám í þessum skólum. Það er hvatt til þess að fara í nám í öðrum greinum. Það er fyrst og fremst ástæðan fyrir því að fjöldi nemenda er sveiflukenndur, sérstaklega í Stýrimannaskólanum.

Það er lögð áhersla á það í þáltill. að draga úr sérhæfingu hvers skóla. Öðruvísi verður tillagan ekki skilin því að fyrst og fremst eru þetta þrír sérskólar á sérsviði sem hafa markað sér sess með því að sinna sínu fagi innan sjávarútvegsfræðslunnar eins vel og kostur er á. Það er alveg augljóst að þetta er ekki hugsað ofan í kjölinn með tilliti til þess að ná árangri fyrir þessar stofnanir í heild.

Það er alveg augljóst að mínu mati að með sameiningu slíkra skóla í eina stofnun mundi draga úr úr sérkennslu og mikilvægi þeirra sem sérskóla á hverju

sviði. Reynslan hefur líka sýnt sérstaklega á undanförnum árum að það er enn meiri ástæða til þess en áður að fara einmitt út í sérkennsluna og sérstöðuna í hverjum skóla fyrir sig. Það sem liggur fyrir að verður að gera er að það verður að styrkja hvern einasta af þessum skólum og styrkja sjálfstæði þeirra frá öðrum þó svo þeir hljóti að hafa samstarf um ýmsa þætti í sínu námi.

Það vekur athygli að í þáltill. er ekkert fjallað um skipstjórnarskólana utan Reykjavíkursvæðisins, hvorki á Norðurlandi né Suðurlandi. Það er eins og þeir hafi gleymst og það er eins og ýmislegt fleira hafi gleymst í þessu máli. Það er raunar fullyrt í þáltill. að húsnæði Sjómannaskólans sé illa nýtt. Það er alrangt. Húsnæði Sjómannaskólans er ekki illa nýtt. Það mætti tína til mörg atriði.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson vitnaði í grein í Morgunblaðinu fyrr í þessum mánuði eftir skólastjóra þessara þriggja skóla sem málið varðar: Björgvin Þór Jóhannsson, Guðjón Ármann Eyjólfsson og Sigurð B. Haraldsson. Það er svolítið merkilegt að stjórnendur þessara þriggja skóla eru sammála um það í niðurstöðu sinni að þessi þáltill., sem hv. þm. Finnur Ingólfsson mælti fyrir, sé bæði illa undirbúin og vanhugsuð. Og ef hv. þm. Finnur Ingólfsson ber mikla virðingu fyrir þessum mönnum, eins og hann sagði í sinni ræðu, þá hlýtur hann að taka mark á því sem þeir segja í þessu efni. En þetta er niðurstaða þeirra í allítarlegri umfjöllun um þessa tillögu sem er full af röngum fullyrðingum.

Það getur verið sjónarmið hv. flytjenda tillögunnar að það eigi að steypa þessum skólum saman í eitt miðstýringarapparat en það hefur sýnt sig hvarvetna í námi í vélstjórnarfræðum og skipstjórnarfræðum að þar sem það er sett inn á almennu brautina og sérsviðið dregið undan, þá dregur það verulega úr aðsókn. Ég get nefnt sem dæmi að þegar Vélskóli Vestmannaeyja var lagður af og gerður að braut í Framhaldsskóla Vestmannaeyja, þá fækkaði nemendum úr um það bil 20 á ári niður í 1–2. Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum hefur hins vegar haldið sjálfstæði sínu og sérstöðu og hefur gengið vel og skilað árangri fyrir landið i heild því að þangað sækja menn úr öllum landshlutum jafnvel þó svo nám sé komið á svipaðan hátt uppi á Norðurlandi.

Þannig hefur reynslan sýnt að sérstaða þessara skóla er styrkur þeirra. Þó svo menn vilji vekja máls á sameiningu eins og hér er gert, þá segir það æðimikið, sem ég benti á, virðulegi forseti, í niðurstöðu skólastjóra þessara þriggja skóla að þessi þáltill. sé illa undirbúin og vanhugsuð.

Flm. (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hv. þm. Árna Johnsens að þáltill. væri full af röngum fullyrðingum. Þáltill. er lítið annað en sú greinargerð og þær tillögur sem samdar voru árið 1986 og hagsmunaaðilar í sjávarútvegi voru nokkuð sammála um og skólastjórar skólanna á þeim tíma voru nokkuð sammála um. Hins vegar fór minna fyrir því í máli hv. þm. að hann gerði grein fyrir því hverjar þessar röngu fullyrðingar væru og hefði verið fróðlegt að fá að heyra slíkt.

Hins vegar bar ræða hans öll þess merki að hann hefur ekki einu sinni lesið þáltill. Hann hafði því sökkt sér þetta djúpt ofan í hana þar sem fullyrðingar hans um að það sé verið að draga úr sérhæfingu með þessari sameiningu sem hér er lögð til er alröng. Í fyrsta lagi vegna þess að ef hv. þm. hefði flett upp á bls. 5 í þáltill. og litið á það skipulag sem gert er ráð fyrir að byggja upp með slíkum skóla sem sjávarútvegsskóli á framhaldsskólastigi yrði, þá er einmitt gert ráð fyrir meiri sérhæfingu en er í skólunum í dag vegna þess að það er gert ráð fyrir því að þessi skóli starfi á ákveðnum brautum: vélstjórnarbraut, fiskvinnslubraut, skipstjórnarbraut og fiskeldisbraut ásamt endurmenntunarbraut sem ég rakti í minni framsögu áðan og ég tel mikilvægt að koma þarna inn. Tillagan gerir hins vegar ráð fyrir sameiginlegu bóknámi að langstærstum hluta til þar sem 40–45% af kennsluskránni er sameiginleg öllum þessum skólum. Þess vegna er eðlilegt að það sé tekið saman og kennslukraftar og húsnæði nýtt í þeim efnum.

Varðandi það að ekkert sé minnst á þá stýrimannaskóla og vélskóla sem starfa úti um land þá er það alveg hárrétt, enda eru það allt saman sjálfstæðar stofnanir og ekki hluti af þessu, en þeir gætu auðvitað verið í samstarfi og samvinnu við nýjan sjávarútvegsskóla sem þarna er talað um.

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég rakti fyrr í máli mínu nokkur atriði þar sem fullyrðingar voru rangar. En ég vil leyfa mér að vísa til álits og niðurstöðu skólastjóranna þriggja sem ég gat um, Fiskvinnsluskólans, Vélskólans og Stýrimannaskólans, þar sem þeir segja í grein í Morgunblaðinu frá 16. mars sl.:

„Tillagan og allur málatilbúnaður er nákvæmlega hinn sami og var árið 1986 og var þá að betur athuguðu máli vísað frá. Við erum henni mjög svo ósammála. Gerð er tillaga um að leggja niður þrjá höfuðskóla sjávarútvegsins í núverandi mynd og gera þá að deildum eða jafnvel brautum í einum skóla sem yrði þá sennilega stjórnað af hagfræði- eða rekstrarfræðimenntuðum manni með faglegum deildarstjórum.

Slík ráðstöfun mundi draga mjög úr sjálfstæði, frumkvæði og heilbrigðum starfsmetnaði þessara grónu skóla, þrótti þeirra og vexti. Við vitum ekki betur en skólarnir hafi hver á sínu sviði gegnt sómasamlega hlutverki sínu við undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, fiskveiðar og siglingar, þó að auðvitað sé unnt að gera betur."

Þetta segir allt um tillöguna og segir jafnframt að það sé ástæða til að styrkja þessa skóla á þeim grunni sem þeir eru, styrkja þá með sérstöðu og sjálfstæði og þrýsta þannig á og skapa grundvöll fyrir það í þjóðfélaginu að það sé hvatning fyrir ungt fólk að fara í nám í sjávarútvegsfræðum, hvort sem það er á sviði skipstjórnar, vélstjórnar eða fiskvinnslu. Það er skammar-

yrði enn í dag, því miður, í íslensku þjóðfélagi að nefna nám í þessum fræðum og það er ótrúlega lítið brot námsmanna sem fer í þessa skóla. Það er hvorki þjóðinni til sóma né skynsamlegt að slíkt skuli vera uppi. Þegar þorri íslenskra ungmenna fer í nám sem varðar nær eingöngu þjónustugreinar og menn ganga fram hjá þessum höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar er ástæða til að styrkja skólann. Ef það er vilji tillögumanna, þá er það gott og vel en þetta er ekki rétt leið.

Flm. (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi þá fullyrðingu að málinu hafi verið vísað frá 1986, þá er hún röng og algerlega út í bláinn að halda slíku fram hér. Ég minni á að þegar ég flutti mína framsögu áðan, þá sagði ég frá því að nefnd sem tók að sér að vinna að endurskoðun og hagræðingu á framhaldsskólastiginu, sem núv. menntmrh. skipaði og nefndin skilaði af sér í mars 1992, lagði einmitt til að sama leið yrði valin og lagt var til 1986.

Varðandi þá fækkun sem orðið hefur og það sé þjóðfélaginu til skammar hversu fáir það eru sem sæki menntun á þessu sviði, þ.e. menntun er tengist íslenskum sjávarútvegi, þá er það held ég alveg rétt. Það er áhyggjuefni fyrir okkur hversu fáir það eru sem hafa orðið áhuga fyrir að sækja þessa skóla eins og þeir eru útbúnir í dag og eins og að þeim er búið. Þáltill. gerir einmitt ráð fyrir því að með öflugum sjávarútvegsskóla verði um leið hægt að bjóða þessu unga fólki betri menntun og um leið með því að opna þann möguleika að út úr þessum skóla komist fólk beint inn á háskólastig án þess að leita sérstakrar aðstoðar í öðrum framhaldsskólum verði hægt að efla svo þessa menntun að það verði aukin ásókn hjá ungu fólki í að sækja sér fræðslu í þessum sjávarútvegsskóla.

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé alrangt hjá hv. síðasta ræðumanni að ungt fólk sæki ekki þessa þrjá skóla vegna þess hvenig að þeim er búið. Ástæðan fyrir því að þessir skólar eru ekki fjölsetnari en raun ber vitni er fyrst og fremst sú að þeir njóta ekki þeirrar virðingar í menntakerfi landsins og umfjöllun um það sem þeir ættu að búa við. Það er mergurinn málsins. Og tilhneigingin hefur verið sú að gera ungu fólki erfiðara fyrir að ganga í þessa skóla. Það hefur t.d. verið tilhneiging um nokkurt árabil að lengja nám í Stýrimannaskóla Íslands og stemma stigu við því að þeir sem hafa lokið grunnskóla en síðan farið á báta og gerst sjómenn geti á ákveðnu stigi farið í skipstjórnarskóla og náð sér í réttindi út á þá reynslu sem þeir hafa aflað sér og út frá því sjónarmiði að þeir vilji halda áfram að vera sjómenn og taka að sér meiri ábyrgðarhlutverk en þeir hafa gert hingað til á sjónum. Það hefur verið tilhneigingin til að stöðva þessa þróun og það er ekki af hinu góða. Okkur vantar ekki meira rennsli inn í Háskóla íslands, hvorki í skipstjórnarfræðum, fóstrumenntun eða öðru. Okkur vantar almenn grunnatriði sem gefa venjulegu fólki færi á því að ganga í þessi störf því það er fullfært um að sinna þeim án þess að fara í langt háskólanám.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Mér finnst satt að segja ekki ástæða til að vera að efna hér til mikilla deilna um það á þessu stigi hvort þessi tillaga er vanhugsuð og illa undirbúin eða ekki. Mér finnst vera hreyft athyglisverðu máli og það svo sem ekki í fyrsta sinn. Hugmyndin um að sameina þá þrjá skóla sem hér er gerð tillaga um hefur komið upp áður. Mér þykir sjálfsagt að málið verði kannað þótt tillagan hafi fengið heldur óblíðar móttökur hjá skólastjórum viðkomandi skóla.

Ég vil upplýsa það að fyrir dyrum stendur að skipa sérstakan starfshóp sem á að fjalla um skipulag og eflingu skólastarfs í sjávarútveginum. Ég hef rætt þetta mál sérstaklega við hæstv. sjútvrh. að undanförnu. Við höfum átt um þetta fundi. Þeim starfshópi yrði þá falið að gera úttekt á því hvernig þróun náms í sjávarútvegsfræðum hefur verið á undanförnum árum og gera gjarnan líka samanburð á því hvernig Íslendingar standa miðað við aðrar þjóðir sem eru framarlega á sviði veiðitækni, fiskvinnslu, matvælatækni, stjórnun og markaðssetningu, svo nokkuð sé nefnt.

Starfshópnum yrði jafnframt falið að setja fram tillögur um hvernig gera megi þetta nám allt saman skilvirkara, m.a. með samræmingu á starfsemi hinna ýmsu skóla sem veita fræðslu í sjávarútvegsmálum, eða þá með sameiningu þeirra. Þá yrði þessum starfshópi falið að meta með hvaða hætti skólakerfi geti tekið þátt í útflutningi á þekkingu og reynslu Íslendinga á sviði sjávarútvegs, en um það hafa komið fram tillögur frá Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands og Útflutningsráði. Þetta er í undirbúningi og verður vonandi framkvæmt alveg á næstunni.

Við tölum mjög um nauðsyn þess að efla ýmiss konar starfsmenntun og það á ekki síst við um verkmenntun sem tengist undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveginum. Fækkun nemenda í hinum ýmsu skólum sem veita kennslu í sjávarútvegsfræðum hlýtur að vera áhyggjuefni. Það hefur verið upplýst hér um tölur. Ég get nefnt líka í þessu samhengi að í viðamikilli könnun sem Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála gerði þar sem byggt er á svörum 6 þúsund ungmenna alls staðar að af landinu, þá kemur í ljós að 68% þeirra hafa fremur lítinn eða mjög lítinn áhuga á að vinna við störf tengd sjávarútveginum og aðeins 6% þessara ungmenna hafa mikinn áhuga á að vinna við slík störf. Þetta er undirstöðuatvinnvegur þjóðarinnar. Það hlýtur þess vegna að vera áhyggjuefni ef ungt og efnilegt fólk hefur ekki áhuga á að vinna við sjávarútveginn og þegar af þeirri ástæðu er brýnt að gera menntun í sjávarútvegsfræðum þannig að ungt fólk laðist þar til starfa.

Ég held að segja megi að síðari ár hafi fræðsla á þessu sviði ekki verið í fullu samræmi við örar breytingar í sjávarútveginum eða þarfir atvinnugreinarinnar fyrir menntað vinnuafl. Við slíkt getur sjávarútvegurinn varla búið til langframa ef hann ætlar að vera

áfram í fararbroddi í framleiðslu sjávarafurða. Það er þess vegna mikilvægt að efla hvers konar fræðslustarf á þessu sviði, bæta menntun og þjálfun þeirra sem vinna við framleiðsluna og styrkja þannig samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja á erlendum mörkuðum. Skólakerfið þarf að vera í stakk búið til að takast á við þau verkefni sem við blasa, svo sem þróunarstarf, endurnýjun námsefnis og skipulag nýrra námsbrauta.

Eins og ég sagði, þá þykir mér þessi tillaga allrar athygli verð og út af fyrir sig gott innlegg í þessa nauðsynlegu athugun alla sem þarf að fara fram á þessu námi. Það liggja fyrir margvíslegar upplýsingar, eins og fram kemur í greinargerðinni með tillögunni, og þær munu að sjálfsögðu verða falar hv. menntmn. sem væntanlega fær þetta mál til sérstakrar athugunar.

Flm. (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir þátttökuna í þessari umræðu og sérstaklega vil ég þakka hæstv. menntmrh. jákvæða umfjöllun um málið. Ég fagna því sérstaklega að hæstv. menntmrh. og hæstv. sjútvrh. skuli í sameiningu ætla að undirbúa með skipun sérstaks starfshóps þá leið sem menn völdu einnig að fara árið 1986 en þó í miklu víðtækara samhengi en þá var gert. Því ber að fagna sérstaklega og ekki síst í ljósi þeirra upplýsinga, sem komu fram hjá hæstv. ráðherra, að aðeins 6% ungmenna hafa áhuga fyrir því að hefja störf er tengjast undirstöðuatvinnugrein íslensku þjóðarinnar sem er sjávarútvegurinn, aðeins 6% þessa hóps hafa áhuga fyrir að sækja þar störf. Það segir að mínu viti mjög margt um það skólakerfi sem þar hefur verið við lýði og er búið að byggja upp. Ég held að það segi allt sem segja þarf. Það er nauðsynlegt að taka þá hluti til rækilegrar endurskoðunar.

Ég þakka hæstv. ráðherra sérstaklega fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 489. mál, stjfrv., þskj. 838.

Félagsleg aðstoð, 488. mál, stjfrv., þskj. 837.

Greiðsluerfiðleikalán, 487. mál, fsp. VS, þskj. 835.

Launakjör alþingismanna, 491. mál, fsp. LRM, þskj. 840.

Útflutningur á iðnvarningi tengdum sjávarútvegi, 482. mál, fsp. ÖS, þskj. 830.

Vatnsborð og búsvæði bleikju í Þingvallavatni, 481. mál, fsp. ÖS, þskj. 829.

Út af dagskrá voru tekin 3. og 7.–9. mál.

Fundi slitið kl. 3.55 síðdegis.

---

147. FUNDUR

þriðjudaginn 30. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Framhaldsskólar, stjfrv., 397. mál, þskj. 691. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Sjávarútvegsskóli, þáltill., 380. mál, þskj. 673. — Frh. fyrri umr.
3. Síldarverksmiðjur ríkisins, stjfrv., 115. mál, þskj. 135, nál. 746 og 789, brtt. 747 og 797. — 2. umr.
4. Hjúskaparlög, stjfrv., 273. mál, þskj. 777. — 3. umr.
5. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 444. mál, þskj. 770. — 1. umr.
6. Alþjóðleg samvinna um fullnustu refsidóma, stjfrv., 450. mál, þskj. 776. — 1. umr.
7. Almenn hegningarlög, stjfrv., 449. mál, þskj. 775. — 1. umr.
8. Samningsveð, stjfrv., 470. mál, þskj. 812. — 1. umr.
9. Þinglýsingalög, stjfrv., 469. mál, þskj. 811. — 1. umr.
10. Staðsetning björgunarþyrlu, þáltill., 438. mál, þskj. 738. — Fyrri umr.
11. Staða brotaþola við meðferð kynferðisbrotamála, þáltill., 458. mál, þskj. 794. — Fyrri umr.
12. Veiðiheimildir í lögsögu annarra ríkja, þáltill., 267. mál, þskj. 357. — Fyrri umr.
13. Könnun á nýtingu ígulkera, þáltill., 358. mál, þskj. 638. — Fyrri umr.
14. Tilraunaveiðar og þróun veiðarfæra vegna veiða á ígulkerum, þáltill., 393. mál, þskj. 687. — Fyrri umr.
15. Endurreisn urriðastofns í Efra Sogi og Þingvallavatni, þáltill., 457. mál, þskj. 793. — Fyrri umr.
16. Sementsverksmiðja ríkisins, stjfrv., 211. mál, þskj. 252, nál. 753. — 2. umr.

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 490. mál, frv. MF og KÁ, þskj. 839.

Breytingar á reglum lífeyrissjóða um lífeyrisskuldbindingar, 493. mál, fsp. FI, þskj. 845.

Eftirlaunaréttindi launafólks, 479. mál, frv. GÁ o.fl., þskj. 827.

Fjarskipti, 138. mál, þskj. 836.

Húsnæði Lánasýslu ríkisins, 494. mál, fsp. FI, þskj. 846.

Íþróttir, æskulýðs- og tómstundastarfsemi, 496. mál, fsp. FI, þskj. 848.

Námsbraut í öldrunarþjónustu, 500. mál, þáltill. FI o.fl., þskj. 852.

Neytendalán, 14. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 841; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 842.

Sambýli fyrir geðfatlaða, 495. mál, fsp. FI, þskj. 847.

Tekjuskattur og eignarskattur, 484. mál, frv. KHG og ÖS, þskj. 832.

Umfjöllun fjölmiðla um alvarleg afbrotamál, 498. mál, þáltill. MF o.fl., þskj. 850.

Úthlutanir úr Kvikmyndasjóði Íslands, 497. mál, fsp. FI, þskj. 849.

Vörugjaldskrá hafna, 492. mál, fsp. IP, þskj. 844.

Framhaldsskólar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 397. mál. — Þskj. 691.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, JónS, JJ, KÁ, LRM, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (ÁJ, EH, FI, GuðmS, GÁ, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JHelg, JVK, KSG, LMR, MF, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SighB, SAÞ, StH, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GHelg, GunnS, HG, IBA, IP, JBH, JónK, JónS, JVK, JJ, KSG, KÁ, LRM, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

21 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁ, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, LMR, MF, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SighB, SAÞ, StH, VS, ÞÞ) fjarstaddur.

Sjávarútvegsskóli, frh. fyrri umr.

Þáltill. FI og HÁ, 380. mál. — Þskj. 673.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GHelg, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, JJ, KSG, KÁ, LRM, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (ÁJ, EH, EKJ, FI, GÁ, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JHelg, LMR, MF, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SighB, SAÞ, StH, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GHelg, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JónK, JónS, JVK, JJ, KSG, KÁ, LRM, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁ, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JGS, JHelg, LMR, MF, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SighB, SAÞ, StH, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Hjúskaparlög, 3. umr.

Stjfrv., 273. mál (heildarlög). — Þskj. 777 (sbr. 369).

Frsm. minni hluta allshn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð við 3. umr. þessa máls en tel að ég hafi komið sjónarmiðum mínum á framfæri við 2. umr. Ég vil þó enn ítreka að mér þykir það mjög miður að ekki skuli hafa orðið sátt um að hnika til örlítið við 2. umr. hjúskaparlaga og samþykkja brtt. okkar í minni hlutanum. Þar var aðeins um tvö efnisatriði að ræða sem okkur þótti ástæða til að taka sérstaklega til. Ég vil geta þess sérstaklega varðandi aðra brtt. að það er tekið undir það í athugasemdum við hjúskaparlögin að það þurfi að taka á því máli hvernig samráði hjóna er háttað ef annað hjóna ákveður að ganga í fjárhagslegar skuldbindingar. Það er ákveðið misræmi þar á ferð þar sem ætlast er til að fólk hafi samráð ef það veðsetur húseignir sem fjölskyldan býr í eða notar undir atvinnustarfsemi en hins vegar er ekki gert ráð fyrir að sama eign sé með öðrum hætti sett í voða t.d. með því að gangast í fjárhagslega ábyrgðir fyrir aðra.

Athygli mín var vakin á því milli umræðna að það voru vangaveltur innan sifjalaganefndar um það hvort taka þyrfti á þessu máli en það þótti einfaldlega ekki hægt að svo stöddu. Það hefði vissulega verið mikil bót að því ef brtt. okkar í minni hluta hefði verið samþykkt. Ég ætla fyrst og fremst við 3. umr. að láta það koma fram að ég tel að enn þurfi að vinna að þessu máli. Það þurfi að hyggja nánar að því. Ég tel raunar að það sé vaxandi skilningur á því og vil beina því til vinsamlegrar athugunar, bæði til samnefndarfólks míns og til þeirra sem hafa nánast samstarf við sifjalaganefnd, sem er hæstv. dómsmrh. og formaður allshn., að áfram verði reynt að ganga úr skugga um að ekki sé hægt með neinum hætti að leggja íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði fjölskyldna í hættu með gáleysislegum fjárfestingum eða fjárhagsábyrgðum án samráðs, en aftur á móti í öðrum greinum, og þá sérstaklega við 60. og 61. gr., er gert ráð fyrir að það sé a.m.k. haft samráð milli hjóna ef veðsetja á íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði fjölskyldunnar.

Þetta er það eina sem ég tel ástæðu til að taka fram

við 3. umr. Mér finnst þetta mjög mikilvægt mál og ég veit að mjög margir eru mér sammála. Ég veit að á vegum kvennaráðgjafarinnar t.d. hefur það þráfaldlega komið í ljós að það er mjög alvarlega pottur brotinn í þessum efnum. Fyrst löggjafinn hefur ákveðið að ástæða sé til að hjón hafi með sér samráð um fjárhagsskuldbindingar, þá finnst mér að það eigi að stíga það skref lengra og hafa ákveðið samræmi í því.

Um þetta mál ræddi ég það ítarlega við 2. umr. að sé ekki ástæðu til að gera frekar hér. Það kom til greina að flytja einnig brtt. við 3. umr. og finna aðra leið að sama marki en að svo stöddu tel ég jafnvel æskilegra að vísa þessari umræðu til þeirra sem sí og æ eru að huga að þessum málum, þ.e. þeirra sem hafa starfað með sifjalaganefnd og í sifjalaganefnd. Ég vonast til að það sé vilji fyrir því að líta ekki fram hjá þessu þó það séu skiptar skoðanir um hvernig þessum málum sé best fyrir komið.

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. er hér talaði áðan og sérstaklega um það að við fórum vel yfir þetta við 2. umr. frv. Þar benti ég á að það kemur fram í þessu frv. að gert er ráð fyrir því að hjónum sé skylt að hafa samráð við ráðstöfun og veðsetningu á sínum eignum. Jafnframt er gert ráð fyrir því að dóms- og kirkjumrn. setji nánari reglur um ýmis þau efnisatriði er getur í kafla frv. um takmarkanir á forræði maka yfir eign sinni. Þá vil ég taka sérstaklega fram 64. gr., um þinglýsingu löggerninga, en hún hljóðar þannig, með leyfi virðulegs forseta:

„Nú er óskað þinglýsingar á löggerningum er greinir í 60. gr. og skal skjalið þá geyma yfirlýsingu um hvort sá er skjal stafar sé í hjúskap og hvort eign sé bústaður fjölskyldu hans eða notuð við atvinnurekstur hjóna eða sé ætluð til þess.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið getur sett nánari reglur um könnun þeirra efna er í 1. mgr. greinir."

Enn fremur er almennt ákvæði aftast í frv. um heimildir ráðuneytisins til þess að setja nánar reglur um framkvæmd þessa frv. Ég ber fullt traust til hæstv. dómsmrh. um að hann muni gera það og taka af öll tvímæli um framkvæmd þessara ákvæða því að ég er viss um að við erum öll sammála um það hér að að sjálfsögðu beri hjónum að hafa samráð sín á milli og þess vegna þarf að taka af öll tvímæli um að eftir því sé leitað. Að vísu kemur skýrt fram í ákveðnum greinum í frv. svo sem 60. gr. og 61. gr., að öðru hjóna er óheimilt án skriflegs samþykkis að afhenda, veðsetja eða leigja eignir frá sameiginlegu heimili.

Svo vil ég þakka nefndarmönnum fyrir góða vinnu að þessu frv. og vona að það verði sem fyrst að lögum þar sem hér er um mjög mikilvægt mál að ræða sem snertir landsmenn flesta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 444. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 770.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Á þskj. 770 liggur fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Þar er lögð fram tillaga um að veita 11 þar til greindum mönnum íslenskan ríkisborgararétt. Þeir uppfylla allir þau almennu skilyrði sem allshn. hefur stuðst við varðandi veitingu ríkisborgararéttar. Frv. er lagt fram samkvæmt venju á vorþingi en á fyrri hluta þinghalds hafði Alþingi áður afgreitt frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðleg samvinna um fullnustu refsidóma, 1. umr.

Stjfrv., 450. mál. — Þskj. 776.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma á þskj. 776. Í því er lagt til að lögfest verði ákvæði sem nauðsynleg eru til að unnt sé að fullgilda tvo samninga um fullnustu refsidóma sem gerðir hafa verið á vegum Evrópuráðsins og undirritaðir voru af hálfu Íslands 19. sept. 1989, þ.e. samning um alþjóðlegt gildi refsidóma sem gerður var í Haag 28. maí 1970 og samning um flutning dæmdra manna sem gerður var í Strassborg 21. mars 1983.

Hæstv. utanrrh. mun á næstunni leggja fram þáltill. um fullgildingu þessara samninga. Í frv. er auk þess gert ráð fyrir að unnt verði að fullnægja hér á landi öðrum erlendum viðurlagaákvörðunum er falla undir framangreinda samninga samkvæmt tvíhliða eða marghliða samningum sem kunna að verða gerðir í framtíðinni við erlend ríki og einnig samkvæmt einstökum dómum eða ákvörðunum sem íslenskir ríkisborgarar eða erlendir ríkisborgarar búsettir hér á landi hafa hlotið í ríki sem ekki hefur gert samning við Ísland um gagnkvæma fullnustu refsidóma. Jafnframt eru hliðstæð ákvæði um heimildir til að fullnægja íslenskum viðurlagaákvörðunum erlendis.

Megintilgangur Evrópuráðssamninganna er að gera fullnustu viðurlagaákvörðunar mögulega í öðru ríki en þar sem ákvörðunin var tekin. Fullnusturíki er þá oftast heimaríki dómþola. Að baki samningunum búa mannúðarsjónarmið og refsigæslusjónarmið. Það eru annars vegar hagsmunir dómþola að fá að afplána refsingu í heimalandi sínu og jafnframt það sjónarmið að með þeim hætti sé auðveldara að vinna að félagslegri endurhæfingu hans og búa hann undir komu út í þjóðfélagið á ný. Hins vegar er það sjónarmið að samningarnir stuðli að því að unnt sé að láta mann, sem flúið

hefur land eða sætt útivistardómi, taka út refsingu sem hann hefur hlotið í öðru ríki. Á þessu sviði sem og mörgum öðrum hefur þörf á alþjóðlegri samvinnu aukist undanfarin ár í kjölfar aukinna samskipta og ferðalaga milli ríkja sem m.a. leiða til þess að afbrot eru oftar en áður framin af mönnum sem eru ekki búsettir í því ríki sem afbrotið er framið í.

Efni samninganna er nátengt og er því lagt til að sett verði í ein lög ákvæði sem gera það mögulegt að fullgilda þá báða. Efni þeirra skarast að nokkru leyti en að öðru leyti hafa þeir hvor fyrir sig séreinkenni þannig að gild rök eru til þess að fullgilda þá báða.

Eldri samningurinn hefur mun víðtækara gildissvið en sá yngri. Þannig á hann við um fullnustu fleiri viðurlagategunda, þ.e. refsivistar, öryggisráðstafana, fésekta, eignaupptöku og réttindasviptinga, en yngri samningurinn tekur aðeins til refsivistar og öryggisráðstafana. Í eldri samningnum eru ítarlegar reglur um málsmeðferð og skilyrði fyrir flutningi á fullnustu. Samkvæmt honum er meginreglan sú að samningsríki sé skylt að verða við beiðni um fullnustu nema einhver af þeim synjunarástæðum sem tilgreindar eru í samningnum eigi við. Í samningnum um flutning dæmra manna eru mun einfaldari reglur sem veita svigrúm til mats. Samkvæmt honum er samningsríki aldrei skylt að verða við beiðni um flutning á fullnustu. Samkvæmt eldri samningnum getur eingöngu það ríki þar sem dómur er kveðinn upp óskað eftir flutningi á fullnustu, en samkvæmt hinum samningnum geta einnig ríki sem dómþoli er ríkisborgari í og dómþoli sjálfur sett fram slíka beiðni. Það er ófrávíkjanlegt skilyrði samkvæmt yngri samningnum að dómþoli samþykki flutning en það er ekki áskilið í eldri samningnum. Hvorugur samninganna gerir ráð fyrir að ríki geti verið skylt að leggja fram beiðni um flutning á fullnustu.

Báðir samningarnir byggja á þeirri forsendu að verknaður sem viðurlög eru ákvörðuð fyrir, verði að vera refsiverður, bæði í dómsríki og fullnusturíki og á þeirri meginreglu að ekki skuli endurskoða niðurstöðu hins erlenda dómstóls um sakarmat. Samkvæmt samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma er meginreglan sú að dómstólar hvers ríkis þar sem fullnusta á að fara fram eigi að ákvarða ný viðurlög í stað þeirra sem dæmd hafa verið í erlenda ríkinu í samræmi við innlend, en samkvæmt hinum samningum getur fullnusturíkið einnig ákveðið að halda áfram fullnustu þeirra viðurlaga sem dæmd hafa verið í erlenda ríkinu. Báðir samningarnir byggjast á því að ekki sé heimilt að þyngja viðurlög frá því sem ákvarðað hefur verið í hinum erlenda dómi og að taka skuli tillit til viðurlaga sem þegar hefur verið fullnægt í hinu erlenda ríki. Eins og kemur fram í athugasemdum með frv. er mun víðtækari aðild að yngri samningnum en þeim eldri. Búast má þó við að aðildarríkjum að eldri samningnum eigi eftir að fjölga á næstu árum þar sem mörg ríki hafa undirritað hann. Er það í samræmi við þróun alþjóðasamvinnu á þessu sviði sem er í þá átt að auka möguleika á fullnustu fleiri viðurlaga en eingöngu viðurlaga sem fela í sér óskilorðsbundna refsivist.

Samkvæmt íslenskum lögum er ekki heimilt að fullnægja erlendum refsidómum hér á landi nema dómum sem falla undir ákvæði laga um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð. Frv. mun ekki hafa áhrif á gildi þessara laga. Lögin um fullnustu norrænna refsidóma gilda ekki um öryggisráðstafanir, sbr. VII. kafla almennra hegningarlaga, og því eiga samningarnir við um þær í samskiptum Norðurlandaþjóðanna innbyrðis.

Frv. skiptist í fjóra hluta. Í 1. hluta, 1.–5. gr., eru ákvæði um gildissvið. Í 1. gr. er ákvæði um það hvaða erlendum viðurlagaákvörðunum sé heimilt að fullnægja hér á landi á grundvelli samninga við önnur ríki og gagnkvæmt hvaða íslenskum viðurlagaákvörðunum væri heimilt að fullnægja erlendis. Þegar fullnusta fer fram samkvæmt öðrum samningum en Evrópusamningunum tveimur er gert ráð fyrir að dómsmrn. ákveði hvernig fari um könnun þess, hvort fullnægja megi erlendri ákvörðun hér á landi og íslenskri ákvörðun erlendis. Er gert ráð fyrir að ekki verði þörf á sérstakri löggjöf þótt aðrir samningar um flutning á refsifullnustu verði fullgiltir af Íslands hálfu. Í 3. gr. er lagt til að heimilt verði að fullnægja erlendri viðurlagaákvöðun hér á landi og íslenskri ákvörðun erlendis þótt ekki sé fyrir hendi samningur við hlutaðeigandi ríki enda mæli sérstakar ástæður með því. Fullnusta á erlendum viðurlögum hér á landi er bundin því skilyrði að dómþoli sé íslenskur ríkisborgari eða með fasta búsetu hér á landi og gagngert er gert ráð fyrir að eingöngu verði heimilt að óska eftir fullnustu á íslenskum viðurlögum erlendis þegar dómþoli er ríkisborgari hlutaðeigandi lands eða með fasta búsetu þar. Í 4. gr. kemur fram að ákvæði frv. gilda ekki um fullnustu viðurlaga sem falla undir lög nr. 69/1963, um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp á Norðurlöndunum.

2. hluti samningsins fjallar um fullnustu erlendra viðurlagaákvarðana hér á landi. Hann skiptist í fjóra kafla. Í I. kafla eru ákvæði um fullnustu viðurlagaákvarðana sem falla undir samninginn um alþjóðlegt gildi refsidóma. Í undirkafla A er fjallað um skilyrði þess að heimilt sé að fullnægja evrópskum refsidómi hér á landi. Í undirkafla B eru ákvæði um það hvernig beiðni um fullnustu skuli könnuð og um meðferð mála í því sambandi. Í samræmi við samninginn er gert ráð fyrir að beiðni um fullnustu verði send dómsmrn. sem gerir nokkurs konar forkönnun á því hvort heimilt sé að fullnægja ákvörðun samkvæmt samningnum sbr. 9. gr. frv. Ef það verður niðurstaðan skal ráðuneytið senda ríkissaksóknara málið sem leggur það fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur til endanlegrar ákvörðunar um hvort heimilt sé að fullnægja ákvörðun hér á landi og til ákvörðunar nýrra viðurlaga í samræmi við íslensk lög. Í undirkafla C eru ákvæði um í hvaða tilvikum og að uppfylltum hvaða skilyrðum sé heimilt að beita dómþola þvingunaraðgerðum svo sem handtöku eða gæsluvarðhaldi vegna beiðni um flutning á fullnustu. Í undirkafla D eru sérákvæði um málsmeðferð þegar beðið er um fullnustu á útivistardómi eða dómi þar sem dómþoli hefur ekki verið viðstaddur réttarhöld í málinu.

Í II. kafla 2. hluta eru ákvæði um það þegar fullnægt er hér á landi viðurlagaákvörðun á grundvelli samnings um flutning dæmra manna. Í 22. gr. eru ákvæði um skilyrði fyrir fullnustu hér á landi samkvæmt samningnum. Samkvæmt ákvæðunum skal dómsmrn. kanna hvort skilyrði séu til að verða við beiðni um fullnustu. Dómsmrn. getur einnig óskað eftir því við erlend ríki að fullnusta fari fram hér á landi. Það er ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir fullnustu hér á landi að dómþoli sé íslenskur ríkisborgari eða með fasta búsetu hér.

Eins og getið hefur verið um er í samningnum gert ráð fyrir tvemur aðferðum við flutning á fullnustu, þ.e. annaðhvort verði haldið áfram að fullnægja þeim viðurlögum sem dæmd hafa verið í hinu erlenda ríki eða ný viðurlög verða ákveðin í samræmi við lög fullnusturíkisins. Samningsríkð getur með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins einskorðað sig alfarið við aðra leiðina, en það hefur í för með sér að samningurinn hefur ekki gildi milli ríkja sem bundið hafa sig hvort við sína leiðina. Ekki er lagt til að Ísland notfæri sér þessa heimild.

Í III. kafla eru ákvæði um það að þegar fullnusta fer fram samkvæmt öðrum samningum en alþjóðlegt gildi refsidóma og um flutning dæmdra manna og þegar fullnægt er hér á landi erlendri viðurlagaákvörðun án þess að fyrir hendi sé samningur um fullnustu refsidóma. Þegar um er að ræða samning um gagnkvæma fullnustu er gert ráð fyrir að dómsmrn. ákveði á grundvelli samkomulags við erlent ríki hvernig ákvæðum frv. verði beitt í samskiptum ríkjanna. Þegar um er að ræða fullnustu án þess að samningur liggi til grundvallar, ákveður dómsmrn. hvort ný viðurlög skuli ákvörðuð hér á landi og hvort mál skuli lagt fyrir dóm, sbr. 27. gr. frv.

Í IV. kafla eru ýmis sameiginleg ákvæði um málsmeðferð þegar erlendum viðurlagaákvörðunum er fullnægt hér á landi. Samkvæmt 28. gr. skulu lög um meðferð opinberra mála gilda um meðferð mála og beitingu þvingunarúrræða eftir því sem við getur átt og að því leyti sem ekki er annað tekið fram í frv. Þegar mál er lagt fyrir dóm skal ekki gefa út ákæru í málinu. Ákvörðun dómstóls um fullnustu viðurlaga og ný viðurlög skal tekin með dómi sbr. 29. gr. Samkvæmt 30. gr. er ekki heimilt að grípa til aðgerða gagnvart dómþola hér á landi fyrir annað afbrot en beiðni er fullnustu varðar.

3. hluti frv. fjallar um fullnustu íslenska viðurlagaákvæða erlendis. Í I. kaflanum eru ákvæði um fullnustu samkvæmt samningum um alþjóðlegt gildi refsidóma. Samkvæmt 35. gr. skal dómsmrn. ákveða hvort fara eigi þess á leit við samningsríki að íslenskum viðurlögum verði fullnægt í því ríki. Í því sambandi skal ráðuneytið gæta þess að skilyrðum samnings sé fullnægt.

Í II. kafla, 38. gr., er fjallað um fullnustu samkvæmt samningnum um flutning dæmra manna. Á sama hátt og kveðið er á um í 35. gr. skal dómsmrn. ákveða hvort beiðni skuli lögð fram. Hliðstæð ákvæði gilda um fullnustu samkvæmt öðrum samningum eða einstökum ákvörðunum þegar ekki er í gildi samningur við viðkomandi ríki.

Í IV. kafla eru sameiginleg ákvæði um málsmeðferð við fullnustu íslenskra viðurlagaákvarðana erlendis.

Í 4. hluta frv., 43.–45. gr., eru síðan ákvæði um gildistöku og heimild til setningar reglugerðar. Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi. Ekki er þó heimilt að flytja fullnustu á grundvelli samnings fyrr en hann hefur öðlast gildi milli Íslands og viðkomandi ríkis. Samkvæmt ákvæðum Evrópusamninganna verður það ekki fyrr en þremur mánuðum eftir að fullgildingarskjal Íslands hefur verið afhent. Í samræmi við samninginn um alþjóðlegt gildi refsidóma er gert ráð fyrir að ekki verði heimilt að fullnægja ákvörðun á grundvelli samningsins ef hún hefur verið tekin áður en samningurinn öðlaðist gildi milli Íslands og hlutaðeigandi ríkis. Þó er lagt til að dómsmrn. geti samkvæmt samningi við hlutaðeigandi ríki ákveðið að heimilt sé að fullnægja ákvörðun sem tekin hefur verið fyrir það tímamark. Samkvæmt samningnum um flutning dæmdra manna skiptir ekki máli hvenær ákvörðun var tekin. Ekki er heldur um sérstök tímamörk að ræða varðandi heimild til fullnustu skv. 3. gr. frv. þegar ekki er fyrir hendi samningur um refsifullnustu við hlutaðeigandi ríki.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 449. mál (refsidómar í öðru ríki). — Þskj. 775.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum á þskj. 775. Frv. er lagt fram sem fylgifrv. með frv. til laga um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma. Meginefni þess varðar breytingar á 8. gr. almennra hegningarlaga um heimildir til að reka sakamál hér á landi þegar hlutaðeigandi maður hefur hlotið refsidóma í öðru ríki vegna sama brots. Breytingar á þessari grein, sbr. 4.–6. gr. frv., eru taldar nauðsynlegar vegna væntanlegrar fullgildingar á samningi frá 28. maí 1970, um alþjóðlegt gildi refsidóma.

Í 1.–3. gr. frv. er auk þess lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á ákvæðum I. kafla almennra hegningarlaga til leiðréttingar og skýringar. Samningurinn frá 28. maí 1970 um alþjóðlegt gildi refsidóma skiptist í fjóra hluta eins og gerð hefur verið grein fyrir í umræðum um það mál.

Í 3. mgr. 8. gr. almennra hegningarlaga er kveðið á um „ne bis in idem“ áhrif erlendra refsidóma. Ákvæðið er efnislega skylt 53. gr. samningsins, en gildissvið þess er þrengra þar sem það takmarkast við að sakborningur hafi verið sýknaður, refsidómi yfir honum

fullnægt eða refsing felld niður í því ríki sem brot var framið í. Vegna ákvæða 53. gr. samningsins er nauðsynlegt að rýmka gildissvið 8. gr. Er í 5. gr. frv. lagt til að í stað 3. mgr. 8. gr. hegningarlaga komi sjálfstæð grein sem verði 8. gr. a. Greinin er samin með hliðsjón af 53. gr. samningsins, en felur einnig í sér efnisatriði núgildandi 3. mgr. 8. gr.

Í frv. eru enn fremur lagt til vegna þeirra breytinga á 3. mgr. 8. gr. almennra hegningarlaga, sem frv. felur í sér, að núverandi 4. mgr. 8. gr. laganna verði sjálfstæð grein, 8. gr. b, og ákvæðið verði rýmkað efnislega þannig að í stað þess að taka eigi tillit til refsinga, sem maður hafi hlotið í öðru ríki þegar refsing er ákveðin hér á landi, skuli taka tillit til viðurlaga sem hann hefur hlotið. Með þessu móti er heimilt að taka tillit til viðurlaga sem ekki teljast til refsinga svo sem öryggisráðstafana og upptöku eigna. Er þessi breyting gerð til samræmis við ákvæði samningsins.

Aðrar breytingar en hér hafa verið raktar sbr. 5. og 6. gr. eru ekki taldar nauðsynlegar vegna ákvæða III. hluta samnings um alþjóðlegt gildi refsidóma.

Herra forseti. Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hjúskaparlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 273. mál (heildarlög). — Þskj. 777 (sbr. 369).

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, GuðmS, GHelg, GunnS, IBA, IP, JGS, JBH, JónK, JVK, JJ, KSG, ÓE, RG, SigG, SAÞ, SP, StG, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

29 þm. (ÁJ, EH, EgJ, FI, GuðjG, GÁ, HÁ, HBl, HG, ISG, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, KÁ, LMR, LRM, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SighB, StH, SJS, StB, ÞÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 866).

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 444. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 770.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, GuðmS, GHelg, GunnS, IBA, IP, JGS, JBH, JónK, JVK, JJ, KSG, ÓE, RG, SigG, SAÞ, SP, StG, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

29 þm. (ÁJ, EH, EgJ, FI, GuðjG, GÁ, HÁ, HBl, HG, ISG, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, KÁ, LMR, LRM, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SighB, StH, SJS, StB, ÞÞ) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, GuðmS, GHelg, GunnS, IP, JGS, JónK, JVK, JJ, KSG, ÓE, RG, SigG, SAÞ, SP, StG, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

31 þm. (ÁJ, EH, EgJ, FI, GuðjG, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KÁ, LMR, LRM, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SighB, StH, SJS, StB, ÞÞ) fjarstaddur.

Alþjóðleg samvinna um fullnustu refsidóma, frh. 1. umr.

Stjfrv., 450. mál. — Þskj. 776.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, GuðmS, GHelg, GunnS, IBA, IP, JGS, JBH, JónK, JVK, JJ, KSG, ÓE, RG, SigG, SAÞ, SP, StG, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

29 þm. (ÁJ, EH, EgJ, FI, GuðjG, GÁ, HÁ, HBl, HG, ISG, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, KÁ, LMR, LRM, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SighB, StH, SJS, StB, ÞÞ) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, GuðmS, GHelg, GunnS, IBA, IP, JGS, JBH, JónK, JVK, JJ, KSG, ÓE, RG, SigG, SAÞ, SP, StG, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

29 þm. (ÁJ, EH, EgJ, FI, GuðjG, GÁ, HÁ, HBl, HG, ISG, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, KÁ, LMR, LRM, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SighB, StH, SJS, StB, ÞÞ) fjarstaddir.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 449. mál (refsidómar í öðru ríki). — Þskj. 775.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, GuðmS, GHelg, GunnS, IBA, IP, JGS, JBH, JónK, JVK, JJ, KSG, ÓE, RG, SigG, SAÞ, SP, StG, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

29 þm. (ÁJ, EH, EgJ, FI, GuðjG, GÁ, HÁ, HBl, HG, ISG, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, KÁ, LMR, LRM, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SighB, StH, SJS, StB, ÞÞ) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, GuðmS, GHelg, GunnS, IBA, IP, JGS, JBH, JónK, JVK, JJ, KSG, ÓE, RG, SigG, SAÞ, SP, StG, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

29 þm. (ÁJ, EH, EgJ, FI, GuðjG, GÁ, HÁ, HBl, HG, ISG, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, KÁ, LMR, LRM, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SighB, StH, SJS, StB, ÞÞ) fjarstaddir.

Samningsveð, 1. umr.

Stjfrv., 470. mál. — Þskj. 812.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um samningsveð. Upphafleg drög að frv. voru samin af prófessor Þorgeiri Örlygssyni. Af hálfu dómsmrn. hefur verið leitað umsagnar fjölmargra aðila svo sem Lögmannafélags Íslands, sýslumannsins í Reykjavík, sjútvrn., landbrn., viðskrn., réttarfarsnefndar, Verslunarráðs Íslands, Landssambands ísl. iðnrekenda.

Frv. hefur síðan að fengnum athugasemdum verið yfirfarið af þeim prófessor Þorgeiri Örlygssyni og prófessor Markúsi Sigurbjörnssyni, m.a. með hliðsjón af þeim athugasemdum sem fram komu á undirbúningsstigi málsins.

Við samningu frv. var nokkur hliðsjón höfð af þeirri endurskoðun sem Norðmenn gerðu á sínum veðlögum árið 1980, bæði hvað varðar efni réttarreglna og framsetningu þeirra. Þá hefur og verið litið til þeirra breytinga sem Danir hafa á undanförnum árum gert á réttarreglum þeim um veðsetningar sem fram koma í dönsku þinglýsingalögunum. Að öðru leyti er frv. sniðið að íslenskum aðstæðum og er nánar gerð grein fyrir því í skýringum við einstakar greinar frv.

Frv. þessu fylgir frv. til breytinga á þinglýsingalögum. Mælir það frv. fyrir um stofnun sérstakrar lausafjárskrár sem nær til landsins alls og halda skal við embætti sýslumannsins í Reykjavík. Eru ástæður þess nánar raktar í athugasemdum með því frv. og í athugasemdum við 1. gr. frv. þessa og vísast til þeirra umsagna.

Þetta frv. hefur að markmiði að bæta úr vankönt-um þeim sem eru á gildandi íslenskum veðlögum og laga veðreglurnar að breyttum atvinnu- og viðskiptaháttum en gildandi lög um veð eru að stofni til frá árinu 1887. Munu flestir sem til þekkja sammála um að veðlögin með þeim breytingum sem á þeim hafa verið gerðar nægi ekki til að svara nútímaþörfum. Er þá einkanlega átt við það að gildandi íslenskar réttarreglur á sviði veðréttar svari hvorki þörfum atvinnuveganna til aukinna veðsetningarheimilda og þar með eftirspurn þeirra eftir lánsfé, né heldur veiti reglurnar lánastofnunum og öðrum lánveitendum nægjanlegt öryggi við lánveitingar. Þá má og segja að gildistaka nýrra laga um aðför og nauðungarsölu 1. júlí 1992 kalli á ýmsar breytingar á reglum um samningsveðsetningar eins og nánar er rakið í skýringum við einstakar frumvarpsgreinar.

Í raun er efni íslensku veðlaganna frá 1887 afar fábrotið, bæði hvað varðar efnisreglur um veðsetningar og reglur um fullnustu veðkrafna. Þegar frá eru talin ákvæði 6.–8. mgr. 4. gr. laganna um heimild til lækkunar þinglestrar- og stimpilgjalda og um undanþágur frá slíkum gjöldum, má flokka efni laganna með eftirfarandi hætti:

a. Fyrst er að geta ákvæða laganna um handveð. Er þar annars vegar um að ræða þá réttarfarsreglu 1. gr. laganna, sem veitir handveðhafa beina uppboðsheimild, en lagaákvæði þetta féll reyndar úr gildi 1. júlí 1992 við gildistöku laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu. Hins vegar er hvað handveð varðar það efnisákvæði 2. gr., að *lánardrottinn missi eigi kröfu sína*, þótt handveð glatist, nema vangæslu hans sé um að kenna.

b. Í annan stað hafa veðlögin að geyma reglur um bann við allsherjarveðsetningu, sbr. ákvæði 1. mgr. 4. gr., og reglur um bann við sjálfsvörsluveðsetningu í heildarsafni muna, sbr. 2. mgr. 4. gr.

c. Í þriðja lagi hafa lögin að geyma ýmsar undantekningar frá reglu 2. mgr. 4. gr. um bann við sjálfsvörsluveðsetningu í heildarsafni muna. Er hér annars vegar um að ræða ákvæði 3.–4. mgr. 4. gr. og 9. gr., og hins vegar ákvæði 5. og 6. gr.

Um önnur atriði en þau, sem greind eru í a–c-liðum hér að framan, fjalla íslensku veðlögin ekki en rétt er að taka fram að mikilvægar veðsetningarheimildir er að finna í sérlögum, t.d. lögum nr. 47/1972, um veðtryggingu iðnrekstrarlána, og lögum nr. 21/1966, um skrásetningu réttinda í loftförum.

Þörfin fyrir setningu nýrra veðlaga hér á landi er því mikil og eru það því einkum eftirtalin atriði sem gera það aðkallandi:

Í fyrsta lagi er það svo, að ákvæði íslenskrar löggjafar um samningsveð er að finna á víð og dreif í löggjöfinni, og eru ákvæði þessi frá ýmsum tímum. Hið elsta þessara ákvæða var lengi opið bréf frá 11. desember 1869 handa Íslandi, er nákvæmar kveður á um innheimtu á kröfum með forgangsréttindi hjá þeim mönnum, sem hafa látið aðra fá sjálfsvörsluveð í lausafé sínu, en ákvæði þetta féll reyndar úr gildi 1. júlí 1992 við gildistöku laga nr. 90/1989. Nýjasta breyting, sem gerð hefur verið á veðlögunum, er hins vegar frá árinu 1989, sbr. lög nr. 9/1989. Má telja af því réttarbót, ef helstu ákvæðum íslenskrar löggjafar um samningsveð verður safnað saman í einn lagabálk.

Í öðru lagi ber að hafa í huga, að íslensku veðlögin verða tæpast talin almenn veðlög í eiginlegum skilningi, svo sem yfirlitið í kafla III ber með sér, því lögin láta ósvarað mörgum helstu álitaefnum á sviði veðréttarins. Er í nýjum veðlögum full þörf á að taka til

úrlausnar ýmis veðréttarleg álitaefni, sem réttarframkvæmdinni einni hefur verið látið eftir að móta.

Í þriðja lagi er það svo, að breytingar þær, sem gerðar hafa verið á veðlögunum frá setningu þeirra og áður eru nefndar, eru margar til komnar vegna þrýstings frá einstöku atvinnugreinum, sem hafa mikla þörf fyrir rekstrarfé, t.d. sjávarútvegi, iðnaði og landbúnaði, og óskað hafa eftir auknum heimildum til þess að veðsetja rekstrartæki sín og vörubirgðir. Hefur löggjafinn með breytingum þessum smátt og smátt verið að rýmka undanþágurnar frá ákvæðum 2. mgr. 4. gr. um bann við sjálfsvörsluveðsetningu í heildarsafni muna.

Heimildin nær hins vegar ekki til þeirra sem reka hótel, veitingahús, verslanir og líkamsræktarstöðvar, svo einhver dæmi séu nefnd.

Þótt lagabreytingar þessar hafi án efa komið þeim atvinnugreinum til góða, sem breytingarnar gagngert varða, og þær því verið réttlætanlegar á sínum tíma, verður ekki fram hjá því horft, að þær hafa þegar til lengri tíma er litið leitt til þess að einstakar atvinnugreinar í landinu búa við ólík kjör hvað varðar veðsetningarheimildir. Verður sá munur, sem nú er á aðstöðu atvinnugreinanna að þessu leyti, tæpast réttlættur. Má og benda á dæmi þess úr réttarframkvæmdinni, að óljósar heimildir í þessum efnum hafa haft óheppilegar afleiðingar í för með sér. Virðist við framangreindar breytingar á veðlögunum meira hafa verið hugsað um að leysa bráðan vanda tiltekinna atvinnugreina eða veita ákveðnum lánveitendum aukið öryggi, í stað þess að huga að heildstæðum lausnum, er kæmu öllum jafnt til góða.

Í fjórða lagi er það svo, að með breyttum atvinnu- og viðskiptaháttum hafa skapast nýjar aðstæður og þarfir, sem gildandi lög svara ekki. Þá hafa orðið til réttindi, sem höfundar veðlaganna árið 1887 leiddu eðlilega ekki hugann að, hvort og þá jafnframt að hvaða marki unnt væri að veðsetja, eins og t.d. greiðslumark í landbúnaði og veiðiheimildir í sjávarútvegi. Er full þörf á því að bregðast við slíkum nýjum aðstæðum og setja reglur um veðsetningu slíkra réttinda, sem ekki þekktust áður.

Eins og fram hefur komið er meginmarkmið þessa frv. að aðlaga íslensk veðlög nútíma atvinnu- og viðskiptaháttum en það er ekki hægt að segja að samþykkt frv. komi til með að bylta ríkjandi réttarástandi. Um sumt hvílir frv. á sjónarmiðum og reglum sem hér á landi hafa verið taldar gilda, lögfestar og ólögfestar. Á það við um velflestar reglur I. og II. kafla en þó ekki allar. Um önnur atriði hefur frv. ýmsar breytingar í för með sér frá gildandi rétti. Á það einkum við um ýmsar greinar III. kafla frv. Það á annars vegar við um heimild manna til að veðsetja lausafé ósundurgreint með fasteign. Felst í því veruleg rýmkun þeirrar reglu sem stundum hefur verið kölluð verksmiðjuverðsregla í 6. gr. gildandi laga.

Hins vegar gerir frv. ráð fyrir rýmkuðum heimildum manna til þess að veðsetja sérstök heildarsöfn eins og t.d. bústofn, afurðir, afla og vörubirgðir, svo einhver dæmi séu nefnd.

Í þriðja lagi hefur frv. að geyma ýmis nýmæli sem skráðar reglur skortir um í gildandi rétti. Á það sérstaklega við um þær reglur III. kafla sem fjalla um eignarréttarfyrirvara, sem nefndur er söluveð í frumvarpinu, og reglur IV. kafla um veð í viðskiptabréfum, innlausnarbréfum, almennum fjárkröfum og vörureikningum.

Ef frv. þetta verður óbreytt að lögum munu helstu breytingar á íslenskum reglum um samningsveðsetningar verða þessar:

1. Gildi taka almenn lög, sem að meginstefnu til ná til allra samningsveðsetninga, en lagaákvæði um samningsveðsetningar er nú að finna dreifð í ýmsum lögum, eins og áður er rakið, og eru þau frá ýmsum tímum. Þannig er við það miðað að úr gildi falli lög nr. 47/1972, um veðtryggingu iðnrekstrarlána. Frumvarpið gerir þó ráð fyrir því að lög um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966, haldi óbreytt gildi sínu og eru ástæður þess nánar raktar í skýringum við 2. gr.

2. Heimildir til veðsetninga í þágu atvinnuveganna verða rýmkaðar til mikilla muna ef frumvarpið verður að lögum. Felast breytingarnar annars vegar í því að heimildin til þess að veðsetja lausafé með fasteignum atvinnurekstrar sem sérstakt fylgifé verður gerð almenn og tekur til allra þeirra, sem atvinnurekstur stunda, sbr. ákvæði 24. gr., en nær ekki einungis til tiltekinna rekstraraðila eins og nú er. Verður með þessu eytt því mikla misræmi sem nú ríkir í þessum efnum milli einstakra atvinnugreina. Hins vegar felst breytingin í því að fleiri lausafjárverðmæti verða sett að sjálfsvörsluveði sem heildarsöfn muna en gildandi réttarreglur heimila. Þá verður og heimild til slíkra veðsetninga hvorki tímabundin né einskorðuð við það að bankar og aðrar lánastofnanir eigi í hlut heldur á hún við hver svo sem lánveitandinn er.

3. Lögfestar verða reglur um stofnun, réttarvernd og framsal handveðréttinda, en skráð efnisákvæði hefur skort í íslenskan rétt um handveð ef frá er talið ákvæði 2. gr. veðlaganna sem áður er getið.

4. Lögfestar verða reglur um ýmis þýðingarmikil almenn atriði, sem sett ákvæði skortir um í gildandi rétt. Skal í því sambandi t.d. bent á ákvæði frumvarpsins um töku arðs af veði, afnotarétt, viðhalds- og vátryggingarskyldu, áhættu og ábyrgð vegna tjóns á hinu veðsetta, eindögun veðkröfu, framsal og veðsetningu á veðrétti, framsal veðandlags, sameiginlegt veð, útlausnarrétt og afmörkun veðréttar.

5. Eytt verður óvissu um það hver er gildandi réttur í dag varðandi ýmis veðréttarleg álitaefni sem gildandi löggjöf lætur ósvarað. Skal í því sambandi t.d. bent á ákvæði 20. gr. frumvarpsins um yfirtöku veðskulda í fasteignakaupum en í þeim efnum hefur íslensk dómaframkvæmd verið á reiki eins og nánar er rakið í skýringum við 20. gr. frumvarpsins.

6. Lögfestar verða réttarreglur um eignarréttarfyrirvara, sem í frumvarpinu er kallaður söluveð, en skráðar réttarreglur skortir hér á landi um þess háttar tryggingarréttindi. Hér er um þýðingarmikil tryggingarréttindi að ræða, sem mikið er tíðkað að nota í viðskiptum með ýmsar algengar verslunarvörur, og því

full þörf á að setja skýrar reglur um. Skipar frumvarpið söluveði (eignarréttarfyrirvara) í flokk „venjulegra" veðréttinda, með ákveðnum frávikum þó. Eins er í frumvarpinu leyst úr ýmsum veðréttarlegum álitaefnum, sem upp geta komið í tengslum við leigusamninga og aðra samninga, sem í raun hafa það að markmiði að tryggja greiðslu endurgjalds.

7. Lögfestar verða almennar reglur um stofnun og réttarvernd samningsveðs í viðskiptabréfum, almennum fjárkröfum og innlausnarbréfum, en við skráðar réttarreglur í þeim efnum er ekki að styðjast hér á landi nema að takmörkuðu leyti. Er í frumvarpinu m.a. tekin afstaða til þess hverra tryggingaráðstafana er þörf þegar kröfuréttindi eru veðsett en full þörf er á að eyða óvissu í þeim efnum.

8. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir því, að lögfestar verði réttarreglur um svokallað „factoring" eða vörureikningsveð, sem svo er nefnt í frumvarpinu, en þar er um það tilvik að ræða þegar rekstraraðili framselur, framselur í tryggingarskyni eða veðsetur þær almennu fjárkröfur, sem hann fær í rekstri sínum eða aðgreindum hluta rekstrarins.

9. Enn má nefna, að í gildandi réttarreglur skortir ákvæði um það, að hvaða marki veðþola er heimilt að ráðstafa einstökum munum út úr heildarsöfnum, sem löglega hafa verið sett að sjálfsvörsluveði. Þar sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir auknum heimildum til þess að setja heildarsöfn muna að sjálfsvörsluveði, er nauðsynlegt að byggja á samræmdum reglum í þeim efnum. Sér þess stað í ákvæðum 27. gr. frumvarpsins.

10. Loks er þess að geta að í sérstökum kafla frumvarpsins, þ.e. II. kafla, er fjallað um samningsveð í fasteignum. Fasteignir eru án efa það verðmæti sem mesta þýðingu hefur við veðsetningar í dag en þrátt fyrir það skortir að mestu skráð efnisákvæði um veðsetningar þeirra ef frá eru talin ákvæði þinglýsingalaga um réttarvernd. Er í frumvarpinu tekin afstaða til þess hver réttindi yfir fasteignum verða veðsett, hvernig afmarka beri veðréttinn, fjallað er um veðsetningu í varanlegum afnotarétti lands og húsa, um veðsetningu aðgreindra eignarhluta og réttarvernd auk þess sem almenn ákvæði I. kafla um t.d. útlausnarrétt og skipti á veðskuldum eiga við um fasteignir.

Nánari grein fyrir þeim atriðum, sem hér hafa verið nefnd, er gerð í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins og vísast til þeirra.

Hér skal þó getið þeirra lagaákvæða sem fela í sér þýðingarmestu breytingarnar.

1. Þar er að nefna þá breytingu sem lögfesting 24. gr. frv. hefði í för með sér um heimild til þess að veðsetja lausafé ósundurgreint með fasteign.

2. Þá breytingu sem lögfesting 28., 30. og 33. gr. frv. hefði í för með sér um rýmkaðar heimildir til þess að sjálfsvörsluveðsetja þau heildarsöfn muna sem þar um ræðir.

3. Reglur frv. um það hvernig sérgreina skal í veðbréfi þau heildarsöfn sem um ræðir í 28., 30. og 32. gr. frv.

Rök þau er búa að baki 1. mgr. 24. gr. eru þessi:

1. Þess er að geta að fasteignir þar sem atvinnurekstur er stundaður eru oft og tíðum mjög sérhæfðar og sérstaklega útbúnar með þarfir viðkomandi atvinnurekstrar í huga. Eru fasteignir og rekstrartæki þá hönnuð sem ein heild og því oft eðlilegt að veðréttur í fasteigninni nái einnig til rekstrartækja.

2. Hafa ber í huga að það geti verið vandkvæðum bundið að skilja rekstrartækin frá fasteigninni án þess að slíkt hafi í för með sér eyðileggingu eða rýrnun á bæði fasteigninni og rekstrartækjunum.

3. Þess ber að gæta að það yrði almennt til þess fallið að auka verðmæti veðréttar í fasteign ef rekstrartæki fylgja með og í raun má segja að veðréttur í fasteign þar sem atvinnurekstur er stundaður getur oft og tíðum verið harla lítils virði ef rekstrartækin eins og þau eru skilgreind í frumvarpsgreininni fylgja ekki með við veðsetningu fasteignarinnar.

Ég hef þá gert grein fyrir öllum helstu aðalatriðum þessa frv. og þeim helstu breytingum sem samþykkt þess mundi fela í sér.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Þar sem ég á sæti hv. allshn. sé ég ekki ástæðu til þess að fjalla ítarlega um málið núna. Það er að mínu mati réttara að gera það innan nefndar, en það eru nokkur atriði sem eru meira almenns eðlis en ég tel þó ástæðu til að geta hér við 1. umr.

Það er í fyrsta lagi spurningin um hverra sjónarhorn hefur ráðið útliti þessara laga sem annarra. Mér sýnist hér þurfi sérstaklega að gæta að jafnvægi milli hagsmuna lántaka og lánardrottna og einnig það að ákvæði laganna varða bæði einstaklinga og fyrirtæki. Það hefur viljað brenna við að það eru fyrst og fremst sjónarmið skuldareigenda og lánardrottna sem ráða ferðinni og það er meira hugað að hagsmunum fyrirtækja en einstaklinga við lagasetningu. Ég er ekki sérstaklega að taka þetta frv. fyrir heldur að ræða þetta almennt og þetta finnst mér í rauninni miður þar sem mjög oft eiga lagabálkar bæði við einstaklinga og fyrirtæki og það er bæði um að ræða smá og stór lán eða smá og stór atriði, t.d. í húsnæðismálum eða öðrum málum sem eiga ekki nema hluta til samleið.

Ég vil benda á það að nýlega hafa komið fram hrikalegar tölur um skuldir heimilanna hér á landi og þetta ætti að vekja okkur til umhugsunar um það hvað veðsetning heimila er stórt mál, kannski ekki á þjóðhagslegan mælikvarða og þó, safnast þegar saman kemur, en fyrir hverja og eina fjölskyldu getur þetta skipt sköpum í því hvernig fjölskyldu reiðir af í tilverunni.

Það hefur komið fram og er í rauninni þekkt stærð í hagfræði heimilanna að það hefur verið mikil tregða kvenna til þess að veðsetja heimili sín og fjölskyldu sinnar og þetta hefur oft og tíðum staðið konum fyrir þrifum í atvinnurekstri. Þeim hefur einfaldlega verið gert það mjög erfitt að geta sett á stofn ný fyrirtæki vegna þess að ávallt og ævinlega er litið til þess hvort hægt er að leggja til veð. Það hefur ekki sem skyldi verið litið til annarra leiða, svo sem bakábyrgða. Hér

á ég við ábyrgðir t.d. á borð við þá sem lánatryggingarsjóður kvenna, sem nú er verið að undirbúa stofnun á, hefur upp á að bjóða. Okkur vantar úrræði til þess að hverfa frá þeirri stefnu sem hefur verið ríkjandi hér Íslandi að það sé í rauninni hægt að gera hvað sem er, skynsamlegt og óskynsamlegt, bara ef það er hægt að leggja til veð. Þær kröfur hafa því miður ekki alltaf verið gerðar til banka að kannað sé hvort lántaki hafi nokkuð með að að gera að taka lán svo framarlega sem hann geti útvegað veð, annaðhvort í fasteign sinni eða annarra. Þótt ég telji vissulega til góðs ef hér kemur upp, eins og mér heyrðist í framsögu hæstv. ráðherra, skrá yfir lausafé sem hægt er að veðsetja og það leysi vissulega úr ýmsum málum sem nú þegar eru fyrir hendi, þá held ég að það geti jafnvel orðið til að auka á þessa kröfu að það sé ávallt litið til veða í stað þess að leggja meiri áherslu á skynsamlegar greiðsluáætlanir og greiðslumat og annars konar baktryggingar, t.d. í almennum lánatryggingarsjóðum. Eins tel ég þörf á því að gera þá kröfu að bankar láni ekki nema ætla megi að einhver grundvöllur sé fyrir því að endurgreiða lán með einhverjum öðrum hætti en ganga að veði. Þetta finnst mér að þurfi að athuga sérstaklega.

Ég tel það tvímælalaust gott að hægt sé að ganga að öllum lagaákvæðum er varða veð á einum stað og ég held að það hljóti að vera til hagsbóta bæði lántaka og skuldardrottna, en ég vil þó geta þess að eflaust væri þörf á því að hafa einnig inni ákvæði annaðhvort á þessum stað eða öðrum um fleiri úrræði varðandi baktryggingu lána.

Ég gat þess áðan að þarna væri verið að opna fyrir að það væri meiri og fastari skipan á veðsetningu lausafjár og það er út af fyrir sig gott, ekki síst vegna þess máls sem við vorum að afgreiða hér frá Alþingi áðan, þ.e. vegna hjúskaparlaganna, en þar er einmitt í 61. gr. þess bálks sérstaklega tiltekið að annað hjóna geti ekki veðsett lausafé nema með skriflegu leyfi hins. Og þetta tekur þá til þess sem heyrir til bús þeirra beggja, íbúðarhúsnæðis og annars slíks og er nánar sundurgreint í þeirri grein. En það er þá forsenda þess að mögulegt sé að fylgjast með því hverjir séu eigendur og fylgja eftir þeim fyrirheitum sem hér voru gefin við 3. umr. um hjúskaparlögin að það yrði gengið betur frá því hvernig þinglýsingar væru framkvæmdar.

Ég vil að lokum geta þess sérislenska fyrirbæris að lána veð. Að vísu veit ég ekki hversu sérislenskt það er en ég veit að alla vega er það töluvert meira notað hér en annars staðar ef ekki bara eingöngu. Þetta er mjög algengt og að mínu mati háskalega algengt hér á landi og kemur auðvitað til vegna þess sem ég gat hér um áðan að hér er einatt litið á að hægt sé að útvega veð með einum eða öðrum hætti í stað þess að lán séu veitt á grundvelli góðra greiðsluáætlana. Það er í rauninni þeim mun alvarlegra þar sem það er staðreynd að þeir sem lánað er vita oft ekki af því ef lán fara í vanskil fyrr en á seinustu stigum málsins þegar mikill kostnaður er kominn á og komið er að uppboði þeirrar eignar sem veðið hvílir á. Það hefur gerst hvað eftir annað og ekki síst á undanförnum árum að vinir, vandamenn og jafnvel enn fjartengdari aðilar hafa komist í verulega erfiðleika og jafnvel gjaldþrot og það eru ekki fá dæmi heldur mörg því miður um það vegna þess að þeir hafi lánað veð. Hér er um mjög alvarlegt mál að ræða og ég vil vekja athygli á frv. sem nú mun vera til skoðunar að beiðni efh.- og viðskn. en frv. um þetta efni fluttum við kvennalistakonur á sl. vetri, og raunar þá í annað sinn, um grundvöll lánsviðskipta, réttindi og skyldur ábyrgðarmanna og fleira. En í þessu frv. er einmitt komið að þessum tveimur atriðum sem ég hef nefnt. Annars vegar því að það sé röng stefna að veita lán fyrst og fremst út á veð, heldur eigi að fara mun betur út á þá braut að grundvöllur lánsviðskipta sé greiðslumat, þ.e. raunhæf áætlun um að það sé eitthvert vit í því að vera að taka þetta lán svo að ég tali bara hreinlega skýrt. Og svo hins vegar er í þessu frv. einnig tekið á hinu atriðinu, þ.e. að það sé þá ljóst ef veð er notað og ef veð er lánað, hver staðan er á hverjum tíma, hvað það hefur í för með sér að lána veð og sá sem lánar veð hafi aðstöðu frá upphafi til að fylgjast með því hvernig skuldinni reiðir af. En ég held að þetta sé alveg feikilega mikilvægt að hafa í huga.

Eins og ég gat um fór efh.- og viðskn. fram á það að þessi mál yrðu athuguð sérstaklega og ég vil vekja athygli hæstv. ráðherra á því og ég mun jafnframt halda því til haga og leita fregna af því starfi þegar þetta mál verður til umfjöllunar innan allshn. Ég held að það sé ástæða til þess að taka frv. sem þetta fyrir í þessu víða samhengi sem ég geri hér, ekki síst vegna þess að ég tel að við höfum að mörgu leyti allt of mikið látið það ráða að frumvörp séu samin fyrst og fremst kannski vegna þrýstings frá hinum sterku í samfélaginu en sjónarmið einstaklinga og fjölskyldna séu ekki kannski að ráða ferðinni. Ég efast ekki um góðan hug þeirra sem semja slík frumvörp sem taka það með í reikninginn, en það verður að segjast eins og er að möguleikar almennings til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri eru ekki ýkja miklir. Aftur á móti hafa samtök í einstökum atvinnugreinum, fyrirtækja og samtök hinna sterku í samfélaginu, hvort sem eru atvinnugreinar sem sækja mikið í lánsfé eða þeirra sem veita lán, þau sjónarmið komast á framfæri. Ég held að það sé alveg augljóst, bæði á þessu frv. og öðrum. Við verðum að gæta vel að því að það er þá löggjafans að gæta hagsmuna hinna ekki síður.

Að lokum sé ég að það er hér eitt lítið minnisatriði sem hefði átt heima fyrr í ræðu minni sem ég ætla að halda til haga og ég geri svo sem ráð fyrir að sé einmitt verið að glíma við hér í þessu frv. en það er verðmæti eigna. Þá er ég sérstaklega að tala um verðmæti eigna þeirra fyrirtækja sem hafa tekið há lán og fengið þau út á veð sem síðar hafa reynst mismunandi verðmikil, en það hefur löngum þótt hér nokkuð ljóst að ef menn hafa nóg af steinsteypu, þá geta þeir fengið nokkuð ótakmarkað af lánum, en því miður eru dæmi um feikilega margar verðlausar eða verðlitlar fasteignir vítt og breitt um landið. Einnig hefur verið rætt um þetta á annan hátt, þ.e. að ekki hafi verið hægt að fá lán út á t.d. verðmæti, svo sem aflaréttindi.

Nú tek ég það fram að mér finnst að það eigi ekki

nokkur maður að geta ráðstafað sameign þjóðarinnar, t.d. í aflaréttindum og fá út á þau lán, en engu að síður er það staðreynd að þetta er mjög í umræðunni núna að það eigi að fara að veita lán út á fleira en steinsteypu og þess gætir mjög bæði í framkvæmd núna á undanförnum árum og ekki síður í þessu frv. Ég sé það enduróma hér og það er að sjálfsögðu ekkert undarlegt út frá því sem ég sagði hér áður.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. að svo stöddu. Ég tel að þarna sé verið að hreyfa máli sem áreiðanlega hefur verið orðið tímabært að bæði samræma og líta á, en engu að síður býst ég við að við munum komast að raun um það innan allshn. að þarna hafi hinir hagsmunir og ábendingar hinna stóru kannski frekar ráðið en hinar smáeiningar, þ.e. fjölskyldnanna og einstaklingana í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Fjáröflun til varna gegn ofanflóðum, 485. mál, frv. KHG o.fl., þskj. 833.

Framleiðsla og sala á búvörum, 504. mál, stjfrv., þskj. 856.

Héraðsskólar, 501. mál, fsp. JJ, þskj. 853.

Þungaskattar á dísilbifreiðar, 502. mál, fsp. GHall, þskj. 854.

Þinglýsingalög, 1. umr.

Stjfrv., 469. mál (lausafjárskrá). — Þskj. 811.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um breytingu á þinglýsingalögum. Frv. þetta er lagt fram samhliða frv. til nýrra laga um samningsveð og fylgir því. Það frv. gerir ráð fyrir auknum möguleikum manna til þess að setja lausafé að sjálfsvörsluveði sem ósundurgreind heildarsöfn muna eins og nánar er rakið í skýringum athugasemda við 1. gr. frv. til veðlaga. Þar er á það bent að ýmsar hættur geti verið slíkum veðsetningum samfara og sé því nauðsynlegt að búa svo um hnútana að lánardrottnar eigi auðvelt með að ganga úr skugga um áhvílandi lausafjárveðsetningar væntanlegra viðsemjenda sinna. Til þess að auka öryggi við sjálfsvörslu veðsetningar í lausafé og koma í veg fyrir mistök og misferli við veðsetningu slíkra réttinda er lögð til sú breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, sbr. lög nr. 63/1988, að sett verði á laggirnar lausafjárskrá sem nær til landsins alls, landsskrá, og er það meginefni þessa frv. Ætti með þessu móti að vera dregið úr þeim hættum sem annars geta verið samfara auknum sjálfsvörsluveðsetningum í lausafé.

Samkvæmt 1. gr. frv. skal við embætti sýslumannsins í Reykjavík halda umrædda landsskrá. Tilkoma landsskrárinnar breytir ekki gildandi reglum þinglýsingarlaga um það hvar skjöl sem varða réttindi yfir lausafé skuli afhent til þinglýsingar. Eiginleg þinglýsing fer því ekki fram við landsskrána.

Hagkvæmt þykir að sýslumaðurinn í Reykjavík haldi umrædda skrá, enda það embætti best í stakk búið til að annast slíka skráningu og miðlun upplýsinga úr henni. Er hér í raun verið að lögmæla svipað fyrirkomulag og gilt hefur samkvæmt lögum 63/1988, um tilkynningarskyldu þinglýsingarstjóra til Bifreiðaskoðunar Íslands, að því viðbættu að hér er til þess ætlast að skrárhaldari gefi út eignar- og veðbókarvottorð sem vera skuli jafngild vottorðum útgefnum af þinglýsingarstjóra þeim er skjali þinglýsti. Er þá við það miðað ef frumvarp þetta verður að lögum að tilkynningarskylda samkvæmt lögum nr. 63/1988 falli niður, enda þá ekki ástæða til þess að Bifreiðaskoðun Íslands haldi sérstaka skrá um veðsetningar bifreiða.

Ítrekað skal að skylda þinglýsingarstjóra til þess að tilkynna þinglýsingu skjals, sem varðar ráðstöfun réttinda yfir lausafé, nær ekki einvörðungu til skráningarskylds lausafjár eins og bifreiða, skipa og loftfara, heldur og til þess lausafjár sem ekki er skráningarskylt. Ef frumvarp þetta og frumvarp til veðlaga verða að lögum nær tilkynningarskyldan samkvæmt þessu t.d. til þess þegar stofnað er sjálfsvörsluveð í einstökum lausafjármunum, sbr. 1. mgr. 23. gr. frumvarps til veðlaga; þegar veðsettur er færanlegur vélbúnaður í verktakastarfsemi, sbr. 28. gr. frumvarps til veðlaga; þegar veðsett er búfé, rekstrarvörur landbúnaðar, afurðir og uppskera, sbr. 30. gr. frumvarps til veðlaga; þegar veðsettur er afli, afurðir og rekstrarvörur sjávarútvegs, sbr. 32. gr. frumvarps til veðlaga; þegar veðsettar eru vörubirgðir, sbr. 33. gr. frumvarps til veðlaga, og þegar stofnað er til vörureikningsveðs, sbr. 47. gr. frumvarps til veðlaga. Hins vegar nær tilkynningarskyldan ekki til þeirra tilvika þegar rekstrartæki eru veðsett með fasteign, sbr. t.d. 24. gr. frumvarps til veðlaga.

Við það er miðað að umrædd skrá nái ekki einvörðungu til sjálfsvörsluveðsetninga í lausafé heldur einnig til aðfarargerða og kvaða sem lagðar eru á lausafé þannig að hún verði tæmandi um öll höft sem hvíla kunna á lausafé. Að svo miklu leyti sem sölu eða annarri yfirfærslu eignarréttar að lausafé er þinglýst ber einnig að færa slíkt í skrána. Færslur, sem snerta fyrst og fremst viðkomandi einstakling en ekki endilega tilteknar eignir, svo sem lögræðissvipting og almennt umboð, geta og átt heima í skrá þessari.

Í niðurlagsákvæði 1. gr. segir að dómsmálaráðherra skuli með reglugerð setja nánari reglur um tilhögun tilkynninga til landsskrárinnar, færslu í skrána og miðlun upplýsinga úr henni. Þykja ákvæði um slík útfærsluatriði betur eiga heima í reglugerð en í þinglýsingalögunum sjálfum.

Í 2. gr. segir að lög þessi öðlist gildi 1. október 1993 og er það sami gildistökudagur og í fyrrnefndu frumvarpi til laga um samningsveð. Er af augljósum ástæðum æskilegt að hvor tveggja þessi lög öðlist gildi á sama tíma.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað. — [Fundarhlé.]

Síldarverksmiðjur ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 115. mál. — Þskj. 135, nál. 746 og 789, brtt. 747 og 797.

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta hv. sjútvn. um frv. til laga um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins. Í sem skemmstu máli, virðulegi forseti, vill meiri hluti hv. sjútvn. styðja frv. í lítt breyttri mynd. Við teljum eðlilegt að breyta Síldarverksmiðjum ríkisins í hlutafélag og fjárhagsþróun fyrirtækisins hefur raunar verið þannig að nauðsynlegt er að taka sem fyrst ákvörðun um samþykkt frv. til þess að skapa vissu um framtíð Síldarverksmiðja ríkisins.

Segja má að frv. sé í rauninni tvíþætt: Annars vegar er óskað heimildar til þess að breyta Síldarverksmiðjunum í hlutafélag og hins vegar til að selja hlutina einn eða alla. Rökin fyrir því að breyta Síldarverksmiðjunum í hlutafélög eru margvísleg.

Í fyrsta lagi er meiri hluti sjútvn. þeirrar skoðunar að ríkið eigi sem mest að draga úr þátttöku sinni í starfsemi sem er í beinni samkeppni við almennan atvinnurekstur. Þær fiskimjölsverksmiðjur sem eru nú reknar hér á landi starfa langflestar á grundvelli hlutafélagalöggjafar og þess vegna teljum við að það sé rökrétt að Síldarverksmiðjum ríkisins, sem eru í eigu ríkisins, verði breytt í hlutafélag og búi þar með við sama samkeppnisform og samkeppnisaðilarnir. Með þeirri breytingu eru í rauninni öllum aðilum sem standa að rekstri í þessari grein búin sambærileg starfsskilyrði hvort sem fyrirtækin eru þá í eigu einstaklinga, ríkis eða annarra aðila.

Í öðru lagi er sú staðreynd sterk í okkar huga að skipulag opinberrar stjórnsýslu hentar illa til framleiðslustarfsemi eins og hér um ræðir og hlutafélagsformið gefur fyrirtækinu miklu meiri sveigjanleika, til að mynda sveigjanleika til þess að gerast þátttakandi í öðrum nýjum fyrirtækjum sem kunna að tengjast starfsemi fyrirtækisins.

Í þriðja lagi gefur hlutafélagsformið fyrirtækinu aukið svigrúm til þess að verða sér úti um aukið fjármagn en eins og allir vita hefur rekstur Síldarverksmiðja ríkisins gengið mjög erfiðlega árum saman og það vegur mjög ungt í okkar huga að hlutafélagsformið eykur möguleika á því að fyrirtæki geti með hlutafjárútboði aflað sér aukins eigin fjár. Við teljum að nauðsynlegt sé fyrir fyrirtæki eins og hér um ræðir að geta varið þannig stöðu sína.

Í fjórða lagi breytist ábyrgð ríkissjóðs á rekstri verksmiðjanna með að færa þær yfir í hlutafélag frá því að vera ótakmörkuð ábyrgð yfir í að takmarkast einungis við hlutafjáreign ríkisins í verksmiðjunum.

Í fimmta lagi er síðan í hlutafélagalögunum að finna ákvæði sem skapa almennar leikreglur og stuðla að vissum aga í atvinnurekstri. Slík ákvæði taka auðvitað sjálfkrafa gildi um leið og rekstrarformi verksmiðjunnar er breytt yfir í hlutafélag. Síðan má benda á það, virðulegi forseti, að sökum þeirra ávinninga sem menn í atvinnulífinu telja fólgna í hlutafélagaforminu, er hér á landi nokkuð ör þróun frá öðrum formum í atvinnurekstri yfir til hlutafélagaformsins. Gott dæmi og tiltölulega nýlegt sem allir þekkja er Samband ísl. samvinnufélaga, sem hefur einmitt kosið að hluta fyrirtæki sín í sundur og færa yfir á hlutafélagaformið.

Virðulegi forseti. Vert er að benda á að stjórn Síldarverksmiðja ríkisins hefur sjálf orðið sammála, eða a.m.k. meiri hluti hennar, um að rétt sé að breyta Síldarverksmiðjum ríkisins yfir í hlutafélag. Í umsögn stjórnarinnar til hv. sjútvn. segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Með tilliti til þess að um áratugi hafa Síldarverksmiðjur ríkisins búið við úrelt lög og þess vegna orðið að vinna eftir eigin starfsheföum þá fagnar stjórn SR því að nú liggur fyrir frv. til laga um nýtt og nútímalegra rekstrarform fyrir fyrirtækið. Það mun gera stjórnendum þess auðveldara að reka það og fást við hin margþættu verkefni sem koma upp hjá því, ekki hvað síst hinar breytilegu kröfur sem orðið hafa og eru á döfinni varðandi framleiðslu og markaðssetningu afurða."

Með öðrum orðum er sagt hér klárt og kvitt af hálfu þeirra manna sem fara með stjórn þessarar verksmiðju að æskilegra sé til þess að svara kröfu markaðarins að hafa þann sveigjanleika í fyrirtækinu sem felst í því að hafa það í formi hlutafélags.

Virðulegi forseti. Staðreyndin er sú að fjárhagsþróun Síldarverksmiðja ríkisins hefur verið afar lakleg undanfarin ár. Af sl. 10 árum hefur tap orðið á rekstri 9 ár. Sem dæmi um þessa þróun má nefna það að árið 1989 nam tapið 160 millj. kr. Árið 1990 157 millj. kr. og árið 1991 hvorki meira né minna en 325 millj. kr. Á sl. ári var tap upp á 48 millj. kr. Milliuppgjör frá 30. júní sl. hafði sýnt verulegan rekstrarbata enda loðnuveiði mjög góð á árinu. Gengisbreytingar seint á árinu leiddu hins vegar til gengistaps upp á 145 millj. kr. en án þess hefði hagnaður verið um 100 millj. kr. af rekstri. Í dag eru heildarskuldir Síldarverksmiðja ríkisins í kringum 1.800 millj. en voru við árslok 1991 um 1.440 millj. Meiri rekstur á árinu 1992 en árið áður hefur leitt til þess að skammtímaskuldbindingar eru hærri og þess vegna er e.t.v. betra að líta til langtímaskuldbindinga til þess að sjá hvernig þróunin í skuldastöðu fyrirtækis hefur orðið.

Við árslok 1991 voru langtímalánin 1 milljarður en þau eru núna 1,3 milljarðar. Þessi þróun speglast vitaskuld í eiginfjárstöðu fyrirtækisins sem á árum fyrri var mjög sterk. Árið 1986 var eigið fé fyrirtækisins 800 millj. kr. Við árslok 1991 var það bókfært 68,7 millj. og hafði þá lækkað um röskar 300 millj. kr. frá árinu 1990. Nú er það hins vegar neikvætt samkvæmt efnahagsreikningi um 117 millj. kr. Þar skiptir raunar miklu að eftirlaunaskuldbindingar, sem voru ekki færðar áður, eru nú reiknaðar 138 millj. kr. Með sama reikningshaldi og í fyrra væri því eigið fé jákvætt um einhverjar milljónir kr. Þetta sýnir hins vegar, virðulegi forseti, að það er alveg ljóst að framtíð fyrirtækisins er óviss. Miðað við rekstraráætlanir þess virðist sem afkoman í meðalári nægi ekki til þess að standa

undir greiðslubyrði fyrirtækisins af langtímaskuldbindingum. Þess vegna er nauðsynlegt að taka ákvörðun um framtíð fyrirtækisins, skapa vissu um það og meiri hluti hv. sjútvn. telur að frv. sem liggur fyrir til 2. umr. þjóni einmitt þeim tilgangi.

Sjútvn. fjallaði ítarlega um málið, bæði á þessu löggjafarþingi og síðasta og hún fékk á sinn fund Jón Reyni Magnússon, framkvæmdastjóra Síldarverksmiðja ríkisins. Hún studdist jafnframt við umsagnir sem bárust á 115. löggjafarþingi frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi ísl. fiskmjölsframleiðenda, hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps, hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Síldarverksmiðjum ríkisins, Sjómannasambandi Íslands, Starfsmannafélagi ríkisstofnana og Vélstjóra félagi Íslands, svo og álitsgerð frá Hróbjarti Jónatanssyni hæstaréttarlögmanni.

Meiri hluti nefndarinnar leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum.

1. Heimili og varnarþing Síldarverksmiðjanna verði á Siglufirði.

2. Stjórn félagsins verði skipuð fimm mönnum.

3. Stofnun hlutafélagsins og niðurfelling laga um Síldarverksmiðjur ríkisins verði seinkað um þrjá mánuði vegna þess hve langt er liðið á þetta löggjafarþing.

Þessar brtt. er að finna á þskj. 747.

Vegna afgreiðslu frv. þessa telur meiri hluti nefndarinnar nauðsynlegt að fram fari könnun á því hvernig treysta megi forsendur frjálsrar verðmyndunar á bræðslufiski úr fiskiskipum. Í því sambandi verði kannað sérstaklega hvort slíkt megi gera með opinberri skráningu kaupverðs.

Undir þetta nál. ritar frsm. Össur Skarphéðinsson, varaformaður, Árni Ragnar Árnason, Guðjón A. Kristjánsson, Guðmundur Hallvarðsson og Hjálmar Jónsson.

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta sjútvn. sem er á þskj. 789 um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins. Minni hluti nefndarinnar er samþykkur því að breyta Síldarverksmiðjum ríkisins í hlutafélag. Minni hlutinn hafði vænst þess að hægt yrði að ná samkomulagi um þau ágreiningsmál sem uppi voru um málið en því miður hefur það ekki tekist. Minni hlutinn flytur því allar sömu breytingartillögur og komu fram frá honum við umfjöllun málsins á síðasta þingi. Þau efnisatriði, sem minni hluti nefndarinnar gerir athugasemdir við, eru eftirfarandi:

1. Sala eigna. Minni hluti nefndarinnar getur ekki fallist á að veita heimild til að selja allt fyrirtækið. Eðlilegt er að í upphafi sé gefin heimild til að selja allt að 40% af hlutafénu, en ríkisstjórnin þurfi að fá heimild Alþingis til að selja meira og jafnframt til sölu á einstökum verksmiðjum. Verksmiðjurnar skipta miklu máli fyrir afkomu fólks á þeim stöðum þar sem þær eru. Minni hlutinn telur eðlilegt að áður en ákvarðanir eru teknar um að selja meiri hluta félagsins eða einstakar verksmiðjur sé skylt að leita samþykkis Alþingis.

2. Kjör stjórnar. Minni hlutinn telur að eðlilegt sé að Alþingi kjósi stjórnarmenn fyrirtækisins sem eignarhlutur ríkisins gefur rétt til, svo lengi sem ríkið á meiri hluta í fyrirtækinu.

3. Efnahagsreikningur og skattaleg staða. Ekkert liggur fyrir um hvert er mat á eignum fyrirtækisins. Eðlilegast hefði verið að áður en málið er afgreitt sé kynntur upphafsefnahagsreikningur hins nýja fyrirtækis. Jafnframt er eðlilegt að félagið yfirtaki rekstrartöp Síldarverksmiðja ríkisins frá fyrri árum. Þótt heimild sé veitt fyrir fjármálaráðherra að yfirtaka hluta af skuldum Síldarverksmiðja ríkisins liggur ekkert fyrir um hvort sú heimild verður notuð. Vonandi getur fyrirtækið greitt skuldir sínar sjálft án þess að ríkið komi þar til. Síldarverksmiðjur ríkisins eiga hafnarmannvirki sem aðrar verksmiðjur hafa ekki þurft að byggja. Ríkið hefur þurft að kosta til þeirra mannvirkja í gegnum tíðina og væri eðlilegt að þessi hafnarmannvirki væru keypt þannig að staða Síldarverksmiðja ríkisins væri svipuð og gerist um aðrar verksmiðjur í landinu.

4. Samstarf við heimamenn. Ávallt koma upp margvísleg samstarfsmál þar sem staðbundin þekking verður að vera fyrir hendi og því er nauðsynlegt að í samþykktum félagsins séu ákvæði um sérstaka samstarfsnefnd. Það þarf að tryggja að heimamenn komi að stjórn fyrirtækisins og hafi þar eðlileg ítök. Það er ekki aðeins nauðsynlegt vegna byggðarlaganna heldur jafnframt fyrir fyrirtækið sem heild.

5. Réttindi starfsmanna. Verulegur ágreiningur hefur verið uppi um réttindi starfsmanna. Í því sambandi vísast til greinargerðar sem fylgir með nefndarálitinu. Minni hluti nefndarinnar óskaði eftir því við umfjöllun þess á síðasta þingi að fá að ræða við fulltrúa BSRB áður en frumvarpið væri afgreitt frá nefnd. Því var hafnað og vilyrði gefin um slíkar viðræður síðar. Þær viðræður fóru fram og í þeim kom í ljós alger andstaða fulltrúa BSRB við þessa meðferð á réttindamálum starfsmanna SR. Minni hluti nefndarinnar leggur því til að 7. gr. frumvarpsins falli niður og leitað verði samninga við starfsmenn um þessi ágreiningsmál.

Minni hluti nefndarinnar flytur breytingartillögur á þskj. 797 og að þeim samþykktum getur hann fallist á að styðja frumvarpið. Fulltrúi Samtaka um kvennalista, Anna Ólafsdóttir Björnsson, er samþykk nefndaráliti þessu.

Undir þetta rita Jóhann Ársælsson, Halldór Ásgrímsson, Steingrímur J. Sigfússon og Stefán Guðmundsson.

Að öðru leyti er um málið að segja að mér þykir ákaflega miður að meiri hluti sjútvn. skyldi ekki koma til móts við okkur vegna þess að ég taldi að ýmsum þeim atriðum sem voru rædd í fyrravetur, að nú hefði verið möguleiki til þess að ná betur samkomulagi en þá var gert.

Ég vil fyrst ræða um eign Síldarverksmiðjanna á hafnarmannvirkjum. Síldarverksmiðjur ríkisins eiga hafnarmannvirki á þremur stöðum, þ.e. á Siglufirði, Seyðisfirði og á Raufarhöfn. Fyrir um þremur árum var gert mat á þeim hafnarmannvirkjum og það mat gaf þá

niðurstöðu að mannvirkin væru um 364 millj. kr. virði. Við létum það koma fram í þeirri umfjöllun sem varð um málið að við teldum eðlilegt að ríkið losaði Síldarverksmiðjur ríkisins undan því að reka hafnarmannvirkin. Í raun og veru er fáránlegt að fyrirtæki eins og Síldarverksmiðjur ríkisins eigi og reki hafnarmannvirki en verði á sama tíma að greiða nánast öll gjöld eins og opinberir aðilar ættu hafnarmannvirkin. Raunverulega kemur dæmið þannig út að til viðbótar því sem önnur sambærileg fyrirtæki leggja til þessara mála þurfa Síldarverksmiðjur ríkisins að leggja fram stofnkostnað og viðhald hafnarmannvirkja. Það er mjög undarlegt að á sama tíma og eigandi Síldarverksmiðja ríkisins ákveður að breyta fyrirtækinu í hlutafélag og selja það líka, skuli hann ekki um leið leysa þetta vandamál fyrir fyrirtækið. Ég tel að það sé miður að menn skuli ekki hafa viljað leysa málið og það er undarlegt að hafa inni í frv. ákvörðun um það að fjmrh. sé heimilt að taka úr ríkissjóði 500 millj. á sama tíma og þetta mál er látið óafgreitt. Ég hefði talið að miklu eðlilegra væri að gefa heimild til þess að þessi mannvirki væru keypt af Síldarverksmiðjum ríkisins og þau verði síðan seld þeim sveitarfélögum sem eiga hlut að máli. Auðvitað er þetta annað sem getur verið í samræmi við atvinnulífið allt í kringum landið að öðru leyti.

Eins og menn vita eru Síldarverksmiðjur ríkisins mjög stórt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða og hefur verið ákaflega mikilvægt í gegnum tíðina sem sjávarútvegsfyrirtæki. Svo að dæmi sé tekið mun hlutur Síldarverksmiðja ríkisins í vinnslu loðnuaflans í vetur verða um 35–36% og það er ekki lítill hluti þeirrar starfsemi sem er rekin á vegum verksmiðjunnar og á landsvísu er þetta auðvitað geysilega stór hluti.

Margt gerist ef þær hugmyndir ná fram að ganga sem hér eru á ferðinni hjá stjórnarflokkunum. Ef þetta fyrirtæki verður gert að hlutafélagi og engar hömlur settar á stjórn þess í framhaldinu geta ýmsar breytingar orðið og sumar hverjar til hins verra. T.d. er ástæða til að vekja athygli á því að Síldarverksmiðjur ríkisins hafa í raun og veru orðið til þess að hér er eitthvað sem hægt er að kalla frjáls verðmyndun á loðnu. Ekki verður séð hvernig verður komið í veg fyrir að þetta fyrirtæki muni taka þátt í leiknum með sama hætti og aðrar loðnuverksmiðjur eftir að búið er að breyta því í hlutafélag og fara að gerast meðeigandi eða kaupa hluti í skipum og þar með er sá möguleiki hverfandi að frjálst loðnuverð myndist. Ég tel reyndar að meiri hlutinn hafi gert sér grein fyrir þessu því að eins og hv. frsm. meiri hlutans lýsti áðan þá hafa þeir haft af þessu áhyggjur og í lok nál. síns segja þeir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Vegna afgreiðslu frumvarps þessa telur meiri hluti nefndarinnar nauðsynlegt að fram fari könnun á því hvernig treysta megi forsendur frjálsrar verðmyndunar á bræðslufiski úr fiskiskipum. Í því sambandi verði kannað sérstaklega hvort slíkt megi gera með opinberri skráningu kaupverðs."

Ég vil biðja hv. frsm. að hlusta aðeins á mig ef hann má vera að því því að mig langar til að spyrja hann að því, hvað er átt við með þessu: „Í því sambandi verði kannað sérstaklega hvort slíkt megi gera með opinberri skráningu kaupverðs." Ætlar ríkisstjórnin að gefa út loðnuverð öðru hverju eða meiri hlutinn í sjútvn.? Hver ætlar að ákveða þetta verð? Hvaða hugmyndir eru það sem meiri hlutinn er að kokka um hvernig eigi að verðleggja loðnuna? (**Gripið fram í:** Þetta er miðstýring.) Já, er þetta ekki miðstýring? Er þetta ekki eitthvað að austan? Hvað eru menn eiginlega að hugsa í þessum meiri hluta? (**Gripið fram í:** Þú þekkir betur til fyrir austan.) Nei, því miður hef ég lítið verið þar á ferð og get ekki upplýst neitt um það hvernig þeir ákveða loðnuverð þar. En ég hef mikinn áhuga á að vita hvernig meiri hlutinn lítur á málið og hvernig hann hugsar sér að frjálst loðnuverð verði í framtíðinni ef allar verksmiðjur, sem starfa á markaðnum, eru komnar með sömu möguleika á því að taka þátt í útgerð og aðrar verksmiðjur en Síldarverksmiðjurnar hafa haft fram að þessu. Það er kannski rétt að vekja athygli á því að á árinu 1991 var skiptingin á loðnukvótanum þannig, þ.e. á vertíðinni 1991–1992, að þeir bátar sem voru ekki bundnir verksmiðjum höfðu um það bil 300 þús. tonna veiðiheimildir en þeir sem voru bundnir verksmiðjum höfðu um það bil 430 þús. tonna veiðiheimildir. Þetta getur því breyst á stuttum tíma ef Síldarverksmiðjur ríkisins taka þátt í útgerð skipa.

Hv. frsm. meiri hlutans lýsti stöðu Síldarverksmiðjanna og hvernig hefði hallað á þær í rekstri undanfarin ár. Ég ætla ekki að fara yfir þau mál hérna. Ég tel að þar verði að taka ýmislegt með í reikninginn og þar er kannski fyrst ástæða til þess að vekja athygli á tveimur stórum atriðum: Annars vegar að Síldarverksmiðjur ríkisins lögðu í mikla fjárfestingu í nýrri verksmiðju á Seyðisfirði sem hefur sýnt sig frá því að hún hóf starfsemi að var heillaspor og sú verksmiðja framleiðir mjög góða vöru sem hátt verð fæst fyrir og er í raun og veru ávísun á framtíðina fyrir þetta fyrirtæki. En hitt er ekki síður ástæða til að minna á að þær ákvarðanir sem voru teknar um það hvað óhætt væri að veiða mikið af loðnu á undanförnum árum hafa skipt sköpum fyrir þessa verksmiðju ekki síður en aðrar í landinu. Það að bera saman einhver meðaltöl fyrir síðustu ár til þess að átta sig á því hverjar rekstrarhorfur þessa fyrirtækis eru er ekki rétt að gera að mínu viti. Ég held að menn verði að horfa á þetta með gagnrýnni hætti og vanda sig miklu meira við það að skoða framtíðarmöguleika verksmiðjanna. Ég er sannfærður um að þetta stóra fyrirtæki á okkar mælikvarða á mjög góða möguleika í framtíðinni og það eru í rauninni ekki nein fyrirtæki á þessu sviði á Íslandi sem geta keppt við Síldarverksmiðjur ríkisins ef þeim verður haldið í því formi sem þær hafa verið, þ.e. að stærð fyrirtækisins og möguleikar á að taka á móti hráefni á þeim stöðum sem nú eru fyrir hendi og möguleikarnir á því að stýra hráefninu til hinna ýmsu staða gefa Síldarverksmiðjum ríkisins forskot fram yfir önnur fyrirtæki. Það er undarlegt að heyra það á þessum tímum þar sem sameining og hagræðing er lausnarorðið, á sama tíma heyrir maður því fleygt að menn telji einna

skynsamlegast að hluta fyrirtækið niður.

Áður en ég hverf alveg frá því að tala um hluta Síldarverksmiðja ríkisins í þeirri miklu starfsemi sem er í kringum loðnuveiðarnar og reyndar síldveiðar að hluta til líka, ætla ég að nefna það að 22. mars hefur veiðst af heildarloðnukvótanum 650 þús. tonn. Heildarloðnukvótinn var 820 þús. tonn og það var sem sagt eftir þá um það bil 170 þús. tonn af kvótanum. Nú eru litlar líkur á því að það takist að veiða allan þennan kvóta og engar líkur á því að sá frægi EB-kvóti nái nokkurn tíma landi. Við verðum því miður að fara að horfast í augu við það að þessi loðnuvertíð er að verða liðin, en eins og ég sagði áðan munu Síldarverksmiðjur ríkisins hafa verið með um það bil 35% af þessari starfsemi þegar þessar tölur voru skoðaðar.

Ég vil lýsa sérstakri óánægju með eitt atriði sem meiri hluti sjútvn. hefur ekki komið til móts við okkur með. Það er 7. gr. í frv. sem snýr að starfsmönnunum og hv. frsm. meiri hlutans nefndi að við höfum í höndum umsagnir lögfræðinga um málið. Ég held að ég neyðist til þess að rifja upp fyrir mönnum um hvað var verið að ræða hér í fyrra og lesa upp úr niðurstöðu Gests Jónssonar hæstaréttarlögmanns þar sem hann fjallar um 7. gr. í frv. Hann segir, með leyfi forseta:

„Er verið að gera tillögu um að lögfesta reglu sem ætlað er að taka lögbundin og áunnin réttindi af tilteknum hópi einstaklinga og á reglan einmitt að koma til framkvæmda þegar áunnu réttindin eiga að verða virk. Að mínu mati er rétturinn til biðlauna hjá núverandi starfsmönnum Síldarverksmiðjum ríkisins einstaklingsbundinn, réttindi þeirra einstaklinga sem í hlut eiga og þau verða ekki tekin af þeim án fullra bóta vegna ákvæða 67. gr. stjórnarskrárinnar."

Þarna eru hlutirnar sagðir alveg skýrt og skorinort. Ég held að full ástæða sé til þess að halda því fram að það hafi verið rökstutt það vel í þeim álitum sem hér liggja fyrir og í umræðum sem fóru fram í fyrravetur um þessi mál að það sé okkuð vafalaust að bótaréttur þeirra, sem eiga hlut að máli, mun myndast ef þessi lög verða látin taka gildi eins og hér er gert ráð fyrir. Mér finnst að ástæða sé til þess að vitna annars staðar í greinargerð Gests. Þar segir undir lokin:

„Sérstök ástæða er til þess að vekja athygli á orðalagi 7. gr. Þar kemur fram að tryggja á starfsmönnum starf hjá nýja félaginu við stofnun þess. Nýja félaginu yrði samkvæmt þessu heimilt að láta starfsmennina víkja hvenær sem er eftir að félagið hefur verið stofnað. Atvinnuöryggi starfsmanna hjá nýja félaginu yrði ekkert."

Miklar umræður urðu um þetta í fyrravetur og mig langar til að vitna í framsögu hv. formanns sjútvn., Matthíasar Bjarnasonar, fyrir áliti meiri hluta sjútvn. þar sem hann lætur koma fram að hann telji að þeir séu nauðbeygðir, þ.e. meiri hlutinn, til að láta málið fara þannig fram vegna þess að ríkisstjórnin hafði skrifað undir yfirlýsingu í tengslum við kjarasamninga. Ef hann hefði getað haft áhrif á málið þá hefði hann talið að það ætti að fara aðra leið. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í ræðu hv. 1. þm. Vestf.:

„Persónulega hefði ég talið að réttara hefði verið að breyta ákvæðum 14. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, bæði hvað varðar þetta mál sem og önnur. Ég er þeirrar skoðunar að þeir aðilar, sem eiga rétt á að halda störfum sínum þó breyting verði úr ríkisreknu félagi í hlutafélag, og þiggja það ekki, eigi ekki líka fá biðlaun, eða tvöföld laun. Um þetta held ég að ekki þurfi að vera skiptar skoðanir. Hins vegar kom það greinilega fram í þeirri yfirlýsingu, sem ríkisstjórnin gaf í síðustu kjarasamningum, að ríkisstjórnin hét því að breyta ekki lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. En hins vegar lá fyrir að það ákvæði sem var í 7. gr. þessa frv. sem og ákvæði í frv. til laga um Sementsverksmiðju ríkisins, gerði ráð fyrir þessari breytingu. Þó að ég hefði sætt mig frekar við að þessi breyting hefði verið gerð með sérstakri breytingu á lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna tel ég að úr því sem komið var hafi ekki verið um annað að ræða en halda þessu ákvæði óbreyttu."

En nú eru hlutirnir breyttir. Nú eru kjarasamningarnir runnir út. Hvers vegna í ósköpunum stendur á því að meiri hluti sjútvn. hefur ekki farið að ráðum formanns síns, sem er að vísu í veikindafríi, og lagt fram tillögu um að breyta lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna? Í stað þess leggur hann fram óbreyttar hugmyndir um lagasetninguna. Það er nokkuð ljóst að það mun auðvitað kosta það að ríkið verður að greiða fullar bætur fyrir þá réttarskerðingu sem felst í því að láta 7. gr. standa óbreytta. Satt að segja átta ég mig ekki almennilega á því hvað kemur til að menn hafa ekki viljað skoða þetta betur.

Kannski er rétt undir lokin að minna á það sem sú nefnd, sem var skipuð af sjútvrh. á sínum tíma 1989 og gerði tillögu um að breyta Síldarverksmiðjum ríkisins í hlutafélag, sagði í niðurstöðum sínum. Ég ætla einungis að nefna þrjú atriði sem komu fram í niðurstöðum hennar.

1. Ekki er rétt að skipta Síldarverksmiðjum ríkisins upp í minni einingar. — Það tel ég að verði best tryggt með því að þegar búið er að breyta verksmiðjunum í hlutafélag hafi ríkið meiri hluta í því fyrirtæki um einhvern tíma meðan menn eru að sjá hvaða áhrif breytingin muni hafa og að stjórn fyrirtækisins muni þá fara eftir þeirri forskrift sem eigandinn hefur gefið, þ.e. að Síldarverksmiðjum ríkisins eigi ekki að skipta upp í minni einingar.

2. Ekki er mælt með því að Síldarverksmiðjur ríkisins hefji útgerð fiskiskipa. — Þetta lagði nefndin áherslu á og ég tel að full ástæða sé til þess að gefa gaum að þeirri ráðleggingu nefndarinnar af því sem ég sagði hér áðan um frjálsa verðmyndun á þeim afurðum sem eru unnar í þessum verksmiðjum.

3. Rétt er að breyta Síldarverksmiðjum ríkisins í hlutafélag. Ríkið verði eigandi allra hlutabréfanna. Setja skal lög um þessa breytingu og feli þau í sér þau frávik frá hlutafélagalögunum sem nauðsynleg eru og önnur ákvæði sem rétt þykir að slá föstu að tekin séu inn í samþykktir félagsins.

Þetta var niðurstaða þeirrar nefndar sem gerði tillögu um það að breyta Síldarverksmiðjum ríkisins í

hlutafélag. Þeir sem skrifuðu undir þessar tillögur voru Helgi Bergs, Gunnar Hilmarsson, Hörður Þórhallsson, Ísak Ólafsson, Jón Ingi Ingvarsson, Þorsteinn Gíslason og Þorvaldur Jóhannsson. Tveir þessara manna skrifuðu undir með fyrirvara, þ.e. Jón Ingi Ingvarsson og Þorsteinn Gíslason, og sá fyrirvari laut að því að þeir létu bóka: Ríkissjóður er eigandi allra hlutabréfanna í hinu nýja félagi. Til sölu þeirra eða hluta þeirra þarf samþykki Alþingis.

Þeir vildu sem sagt að það væri fyrir hendi að selja hlut í félaginu og það hefur minni hlutinn líka fallist á að mætti gera, en telur að ástæða sé til þess að halda í meirihlutaeign ríkisins í einhvern tíma til þess að sjá hvernig til tekst með framhaldið og rekstur Síldarverksmiðjanna.

Meiri hluti nefndarinnar vaknaði upp fyrir nokkru og rauk þá til að kippa frv. út úr nefndinni. Svo einkennilega vildi til að það var einmitt á sama tíma og það komst í loftið að nú væru menn endanlega búnir að gefast upp á því að breyta bönkunum í hlutafélag. Ég hef ákveðinn grun um að þeir sem voru óánægðastir með það að ekki skyldi takast að ná samkomulagi í stjórnarflokkunum um það að breyta í hlutafélag og selja hluti í Búnaðarbankanum a.m.k., það hafi átt að róa þá aðila svolítið með því að gera þó eitthvað, klára þetta með Síldarverksmiðjurnar og Sementsverkmsiðjuna. Ég held að ekki hafi verið tilviljun að einmitt daginn eftir að það komst í loftið að Búnaðarbankinn yrði ekki gerður að hlutafélagi og seldur á næstunni þá vöknuðu upp bæði iðnn. og sjútvn. og skiluðu frumvörpunum um Sementsverksmiðju ríkisins og Síldarverksmiðju ríkisins.

Ég ætla ekki að halda lengri ræðu um málið núna. Ég vonast til þess að brtt. minni hlutans verði samþykktar og þá mun ég að sjálfsögðu samþykkja þetta frv. um að gera Síldarverksmiðjur ríkisins að hlutafélagi.

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson er fullur grunsemdar og sér púka í hverju horni. Hann vill tengja þá staðreynd að þessi tvö frv. sem hann gat um, annars vegar um Sementsverksmiðjuna og hins vegar um Síldarverksmiðjur ríkisins, voru tekin út úr nefnd sem báðar lutu þá minni forustu, tengdist með einhverjum hætti því að einhverjir menn, sem hann tilgreindi ekki, hefðu hætt við að leggja fram hér frv. um að gera banka að hlutafélögum og einkavæða þá. Hv. þm. er fullkunnugt um mín viðhorf til þeirra frv. og þau tengjast með engu móti viðhorfum mínum til þess að gera Síldarverksmiðjur ríkisins að hlutafélagi.

Það var athyglisvert, virðulegi forseti, að hv. þm. byrjaði ræðu sína á því að lýsa því yfir að hann væri hlynntur því að fyrirtækinu væri breytt í hlutafélag. Síðan fór hann að tala um alls kyns óskir um sérstakar kvaðir sem hann vildi að yrðu lagðar á þetta hlutafélag. En það liggur í eðli málsins að ef fyrirtæki er breytt í hlutafélag sem á að standa jafnfætis öðrum fyrirtækjum í svipuðum rekstri, þá er ekki hægt að leggja neinar sérstakar kvaðir á það.

Ég vil líka leiðrétta það að ef það er skilningur hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að mér sé eitthvert sérstakt kappsmál að hluta í sundur fyrirtækið þá er það rangt. Ég er þvert á móti þeirrar skoðunar að það sé miklu meiri arðsvon í fyrirtækinu með því að halda verksmiðjunum undir einum og sama hatti. Hann rakti sjálfur góða röksemd fyrir því, sem sé þá að á Seyðisfirði er verksmiðja sem framleiðir mjög gott gæðamjöl. Hún þarf gott hráefni og hún getur þess vegna stýrt öðru lakara hráefni til annarra verksmiðja. Það eitt út af fyrir sig mun knýja þá sem einhvern tíma eignast þetta hlutafélag til þess að halda verksmiðjunum saman.

Mér vitanlega hefur enginn í fullri alvöru talað um það að hluta fyrirtækið sundur nema bæjarfulltrúi sjálfstæðismanna á Siglufirði, Valbjörn Steingrímsson, auk þess sem hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps gat þess í umsögn sinni til nefndarinnar að hún væri þeirrar skoðunar að rétt væri að íhuga þann möguleika m.a. til þess að hreppurinn gæti keypt verksmiðjuna sem þar er.

Ég vil líka bæta því við, virðulegi forseti, að lánardrottnar fyrirtækisins hafa allsherjarveð í öllu fyrirtækinu. Ég held því að það yrði tæknilega mjög erfitt að hluta fyrirtækið í sundur og ég er þeirrar skoðunar að það eigi ekki að gera það. En ég held heldur ekki að jafnvel þó farið yrði að ráðum hv. þm. og ríkið ætti meiri hluta í hlutafélaginu um einhvern tiltekinn árafjölda, eins og kom fram hjá honum, þá skýtur það ekki loku fyrir það að fyrr eða síðar kemur að því að hlutafélagið starfi eins og önnur hlutafélög og þá getur hvorki hann, ég né hv. Alþingi komið í veg fyrir að það gerðist ef hlutafélaginu þætti það réttast.

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 17. þm. Reykv. var að reyna að bera það af sér að það að drífa þessi mál út úr nefndunum hefði tengst nokkuð þeim fréttum, sem komu í fjölmiðlum um það að nú væri ekki lengur möguleiki á að ná saman í ríkisstjórnarflokkunum um það að breyta Búnaðarbankanum í hlutafélag og selja hann. Ég held að það sé enginn vafi á því að þetta hafi tengst og það hafi átt að friða einhverja með því að rjúka fram með bæði málin í einu og akkúrat á þessum tíma. Ég er ekki í vafa um það.

Hann sagði að það lægi í eðli hlutafélaga að ekki væri hægt að setja á þau kvaðir. Þetta fyrirtæki sem við erum að tala hér um hefur haft á sér verulega miklar kvaðir. Það hefur samt getað verið með góðan rekstur oft og tíðum og ég tel að meirihlutaeigandi hlutafjár í þessu fyrirtæki geti vel haft á því þær kvaðir sem hér er verið að tala um. Þó svo við tölum hér um að hafa kannski þriggja ára aðlögunartíma með þessa meirihlutaeign, þá kæmi það auðvitað til endurskoðunar ef menn sæju einhver hættumerki eftir að rekstrinn hefði farið fram í þennan tíma. Þá gætu menn beðið með að selja meiri hluta ríkisins í fyrirtækinu. Ég held að það sé rétt að menn hafi forsjá í svona málum því að þarna er á ferðinni alveg gífurlega mikið

hagsmunamál, sérstaklega þeirra byggða þar sem verksmiðjurnar eru núna. Mér finnst að það eigi ekki að bjóða heim neins konar óvissu í sambandi við rekstur þessa fyrirtækis. Það er þess vegna sem ég tel að eigi að fara varlega í þessa hluti.

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég biðst afsökunar á ókurteisi minni og ráðríki hér áðan. Mér finnst gæta mikils misræmis í málflutningi hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Hann talar um að það megi ekki bjóða heim óvissu varðandi Síldarverksmiðju ríkisins. Það er auðvitað mála sannast að framtíð þess fyrirtækis í núverandi rekstri er í mikilli óvissu og það er einmitt tilgangur þessa frv. að koma í veg fyrir að sú óvissa haldi áfram og eyða henni. Hann talaði um það að verksmiðjan hefði sýnt að hún gæti verið í góðum rekstri. Mig minnir að hv. þm. sé í stjórn verksmiðjunnar. Það kemur fram samkvæmt rekstraráætlun verksmiðjunnar að miðað við meðalár nægir framlag úr rekstri til afskrifta og fjármagnskostnaðar ekki til þess að standa undir langtímaskuldbindingum. Þetta eru staðreyndir sem liggja fyrir.

Hvað varðar síðan einstakar óskir sem ég eða einhver annar kann að hafa um framtíðarskipulag verksmiðjanna, þá finnst mér að það komi þessu máli í rauninni ekkert við. Ég er þeirrar skoðunar að framtíð verksmiðjanna sé best tryggð með því að setja þær yfir á form hlutafélaga og það hlutafélag sem til verður í framhaldi af þessu frv. standi á jafnréttis- og jafnræðisgrundvelli samanborið við önnur svipuð fyrirtæki. Það verður einungis gert með því að leggja engar slíkar kvaðir á fyrirtæki, enda kemur það fram í tillögum hv. minni hluta sjútvn. að það er einungis gert að tillögu frá þeim að hafa þær kvaðir mjög tímabundið og ég sé ekki að það skipti mjög miklu máli. Ég held hins vegar að forsendur arðs og rekstrar muni knýja þá sem eignast þessa verksmiðju í tímans rás til þess að halda þeim öllum saman vegna þess að það er rekstrarleg skynsemd sem felst í því.

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 17. þm. Reykv. talar eins og við séum á móti því að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélög. Við erum það alls ekki. (**ÖS:** Þú talar þannig sjálfur.) En við teljum ekki að það leysi öll vandamál og eyði allri óvissu um rekstur fyrirtækisins þó að það verði gert að hlutafélagi. Ég á ekki von á því að menn komi hlaupandi með peninga úr öllum áttum í þetta fyrirtæki þó að það breytist í hlutafélag. Ég á samt von á því að það sé ekki erfiðara að fá menn til þess að leggja fram fé í þetta fyrirtæki þó svo að ríkið ætti kannski meiri hluta í því einhvern tíma. Þetta hlýtur hv. þm. að skilja. Ég vonast til að menn átti sig á því að það er ekki ástæða til að auka á óvissuna í atvinnulegu tilliti á þeim stöðum þar sem þessi fyrirtæki eru. Það er þess vegna sem við höfum lagt mikla áherslu á að menn fari sér hægt.

Auðvitað er ekki hægt að segja það að einhver þriggja ára aðlögunartími eða eitthvað slíkt leysi þetta vandamál fullkomlega. En hins vegar gefur hann þann möguleika að ef það er ástæða til að óttast að öryggi í þessum atvinnurekstri verði ekki nægilega mikið, þá geta menn tekið þá ákvörðun að fresta því um sinn að selja meira af fyrirtækinu. Þannig höfum við talið að ætti að standa að þessu, en að öðru leyti held ég að þetta sé deila um keisarans skegg. Við höfum lagt það til að frv. verði samþykkt með ákveðnum brtt. og mér finnst engin ástæða til að snúa út úr því.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það hafa nú þegar farið fram töluvert ítarlegar umræður um þetta mál, bæði innan nefndar og í sölum Alþingis, og sjálfsagt hætt við að einhverjar endurtekningar verði ef hér er enn og aftur reynt að glíma við efnið. En ástæðan fyrir því að enn er þó verið að ræða þetta mál er sú að það er alveg hreint með ólíkindum að ekki skuli hafa tekist að ná saman um þetta mál. Það er ekki það mikið sem ber á milli og það getur ekki undrað nokkurn mann, ekki einu sinni hv. 17. þm. Reykv. sem þó er oft ótrúlega undrandi á alveg ótrúlegustu hlutum, þó að það læðist að manni sá grunur að hér ráði eitthvað annað ferðinni en bara hrein og klár skynsemi og samstarfsvilji. Það er eins og ákveðin mál séu mjög viðkvæm og nánast á trúarbragðastigi. Eitt þeirra er einkavæðing með einum eða öðrum hætti. Og þá er ekki svo óskaplega mikilvægt hvort í raun og veru er um það að ræða að verið sé að breyta rekstri fyrirtækja og einkavæða eða bara að hægt sé að segja að hér hafi ríkisstjórnin farið út í einkavæðingu. Þá er ekki spurt um skynsemi heldur bara það að einhver haldi andliti.

Ég ætla ekki að leggja neinn dóm á það hvaða hvatir lágu til þess að þessi tvö mjög svo umdeildu mál um Síldarverksmiðjur og Sementsverksmiðjuna fóru á nákvæmlega þeim tíma út úr nefnd sem raun ber vitni en það er ekki hægt að álasa okkur þótt við höfum ákveðnar grunsemdir. Ég ætla ekki að fara að nefna nein fleiri átakanleg dæmi um það að metnaður ræður för frekar en skynsemi.

Það eru tvö efnisatriði sem ég sé ástæðu til að geta hér sérstaklega um. Ég stend að sjálfsögðu við það sem fram kemur í nál. minni hlutans. Ég stend að því eftir því sem hægt er fyrir áheyrnarfulltrúa í sjútvn. Þau atriði sem mér finnst sérstaklega ástæða til að gefa gaum eru annars vegar réttindi starfsmannanna, sem er hið mikla ágreiningsefni þarna, og gildir þá einu hvort maður er sáttur við þau ákvæði laga sem fjalla um biðlaun. En ég held að það sé ekki síst ástæða til að gefa gaum að því að það hefur verið reynt að teygja og toga það hvort í raun væri um rétt til biðlauna að ræða eða ekki. Mig langar til þess að tala sérstaklega um það en ég held að það hafi verið tekið af skarið, svo að ekki verði um villst, að réttur til biðlauna er fyrir hendi. Það þarf að komast að samkomulagi og taka á þessum málum með réttum hætti en ekki í sérlögum um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins ef menn á annað borð eru ósáttir við laganna hljóðan. Í áliti Al-

mennu málflutningsstofunnar sf. frá 7. apríl sl. stendur í 3. lið, með leyfi forseta:

„3. Sambærilegt starf. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 gerir einungis ráð fyrir að ráðning eða höfnun ráðningar í sambærilegt starf á vegum ríkisins upphefji rétt til biðlauna. Af því leiðir að launuð atvinna hjá einkaaðila hefur eigi áhrif til biðlaunagreiðslna.

Í tilviki starfsmanna Síldarverksmiðja ríkisins sýnist mér ótvírætt að allir starfsmenn þeirra eigi rétt til biðlauna í samræmi við starfstíma sinn á vegum stofnunarinnar enda þótt þeir kunni að þiggja starf hjá hinu nýja hlutafélagi ef frv. verður að lögum."

Í lögfræðiáliti Gests Jónssonar, frá 15. febr. 1992, er þessi tilvitnun, með leyfi forseta:

„Hvað er sambærilegt starf? Þessari spurningu verður ekki svarað með fáum orðum. Þó má fullyrða á grundvelli dómafordæma Hæstaréttar, t.d. í Landssmiðjumálinu, í máli Guðrúnar Ágústsdóttur og málum starfsmanna flugumsjónardeildar ríkisins á Keflavíkurflugvelli, sem dæmd voru 1964, að boð um starf hjá hlutafélagi geti aldrei talist sambærilegt við starf hjá ríkinu í skilningi 14. gr. starfsmannalaganna. Hér þarf að hafa það í huga að 14. gr. er einmitt ætlað að tryggja ríkisstarfsmanni bætur í því tilviki að hann missi starf sitt sem ríkisstarfsmaður."

Það er í rauninni þessi ákvæði og þessi túlkun sem hefur valdið þeim vandamálum sem verið hafa og eru óleyst. Það er í rauninni afskaplega slæmt að það skuli vera skilið eftir opið og 7. gr. skuli vera haldið í frv. Ég held að þetta sé slæm leið til þess að takast á við þennan vanda vegna þess að hún eykur á hann frekar heldur en minnkar hann og ég held að við sitjum óhjákvæmilega uppi með að það geti mjög auðveldlega komið til málaferla.

Hitt atriðið sem ég ætla að ræða er varðandi sölu eigna. Það hefur komið fram í máli bæði frsm. meiri hluta og minni hluta sjútvn. sá skilningur og sú skoðun að það hafi ótvíræða kosti að halda Síldarverksmiðjum ríkisins saman sem einni heild. Ég veit að þetta er eitt af þeim atriðum sem mikið hefur komið til umræðu og eins og heyra mátti á ræðunum sem hér hafa verið fluttar. Ég vil taka það fram að m.a. í umsögn Sjómannafélagsins, og í áliti nefndar er gerði tillögur um endurskoðun laga um Síldarverksmiðjur ríkisins, kom þessi skoðun mjög eindregið fram einnig. Eftir því sem hv. frsm. meirihlutaálitsins sagði, þá er þetta skoðun nánast allra. Samt sem áður má segja að það hafi æ ofan í æ komið fram að ýmsir óttast að þrátt fyrir þetta séum við að taka óþarfa áhættu og við séum í rauninni að opna fyrir það að þetta fyrirtæki verði hlutað niður í einingar. Það er dálítið undarlegt vegna þess að jafnframt er ljóst að ef eignir, og ég tala nú ekki um viðskiptavild, færi á fullu verði er ekki hægt að ætla að einstaklingar eða sveitarstjórnir á þeim stöðum, þar sem Síldarverksmiðjurnar eru, séu í stakk búnar til að kaupa á fullu verði. Einhverra hluta vegna er það æ ofan í æ að koma upp í þessari umræðu að eitthvað slíkt geti gerst. Ég tel fulla ástæðu til þess að taka mark á þessum varnaðarorðum og mér er í rauninni óskiljanlegt hvers vegna meiri hlutinn í sjútvn. var ekki reiðubúinn til að nýta sér þá leið sem minni hlutinn býður upp á. Enn á eftir að fara fram atkvæðagreiðsla og vera má að menn vitkist á seinustu stundu. Reynslan hefur ekki sýnt manni að ýkjamikil ástæða sé til þess að vera svo bjartsýnn en í þessu tilviki þegar í rauninni er um að ræða meira og minna samdóma álit allra, þá sé ég ekki annað en það ætti að vera gráupplagt að nýta sér leiðir til þess að fylgja þessu áliti eftir.

Það eru þessi tvö efnisatriði sem ég vel að gera að umræðuefni. Það mætti áreiðanlega taka fleira fyrir hér. Ég tek undir orð hv. frsm. minni hluta sjútvn. er hann bendir á atriði eins og hafnarmannvirki o.fl. Þetta var mjög nákvæmlega rætt innan nefndarinnar en til þess að forgangsröðunin sé örugglega ljós, þá læt ég hér staðar numið við þessi tvö atriði við þessa umræðu málsins.

Útbýting þingskjals:

Sjávarútvegsstefna, 483. mál, þáltill. JÁ o.fl., þskj. 831.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem komið hefur fram í þessari umræðu hjá hv. frsm. meiri hluta sjútvn. að minni hlutinn gat fallist á það að breyta Síldarverksmiðjum ríkisins í hlutafélag að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þetta mál var mikið rætt á síðasta þingi og þá varð ágreiningur og hann er enn um grundvallaratriði í þessu máli milli meiri hluta og minni hluta sjútvn. og ég harma það, eins og hefur komið fram hjá öðrum þeim er skipa minni hluta sjútvn., að við skyldum ekki geta náð saman í þessu máli. Ég sé ekki að það sé svo áliðið í þessu máli að við hefðum ekki getað tekið okkur betri tíma til þess að vinna að því og reyna til þrautar hvort ekki væri möguleiki að við gætum náð sameiginlega til lands í málinu.

Nefndarálitin sem liggja nú fyrir eru nánast óbreytt frá því sem var fyrir ári síðan og þess vegna getum við sparað okkur miklar umræður um málið nú og þeir sem vilja kynna sér afstöðu okkar, hinna ýmsu nefndarmanna, gætu þess vegna gluggað í þingtíðindi frá þeim tíma. En ég vil taka af allan vafa um að minni hlutinn var á því að veita heimild til þess að breyta fyrirtækinu í hlutafélag. Við töldum líka eðlilegt að gefa heimild til að selja allt 40% af hlutafélaginu, þó ekki fyrstu þrjú árin. Minni hlutinn telur eðlilegt að áður en ákvarðanir eru teknar um að selja meiri hluta félagsins eða einstakar verksmiðjur sé skylt að leita samþykkis Alþingis. Ég er í sjálfu sér mjög hissa á því að meiri hluti nefndarinnar skyldi ekki geta fallist á þetta mál eftir að hafa hlustað á frsm. meiri hlutans tala hér áðan.

Hv. frsm. meiri hlutans, Össur Skarphéðinsson, sagði áðan að hann væri á því að það ætti ekki að hluta verksmiðjurnar sundur ef ég skildi hann rétt. En hver er trygging hv. þm. og annarra sem hugsa eins í þessu máli eftir að við erum búnir að breyta þessu fyrirtæki? Hvernig ætlar hv. þm. að hafa stjórn á því? Það væri fróðlegt að hann segði okkur aðeins frá því hvern-

ig hann hugsar sér að koma þar við þeim vörnum sem hann var hér að kynna.

Það hefur komið rækilega fram, t.d. í umsögn frá stjórn Síldarverksmiðja ríkisins þar sem segir: „Það er álit stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins að ekki eigi að hluta fyrirtækið sundur því að styrkur þess hefur byggst á stærðinni og staðsetningu hinna ýmsu verksmiðja.“ Þessu heyrðist mér frsm. meiri hlutans vera sammála hér áðan. Það er mín bjargföst skoðun að við séum að stíga mikið ógæfuspor með því að hluta þessar verksmiðjur í sundur. Styrkur Síldarverksmiðja ríkisins byggist ekki síst á því að þetta er stórt og öflugt fyrirtæki sem getur með því að einn og sami aðili er eigandi að svo mörgum verksmiðjum haft veruleg áhrif á það hvernig löndun er stjórnað hverju sinni. Ég held að ég fullyrði ekki of mikið þó að ég segi það, ég trúi því a.m.k. að með því hafi menn oftsinnis náð hærra verði afurðanna en annars hefði orðið vegna þeirrar hagkvæmni sem með þessu formi er fengin.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson talaði um tap þessa fyrirtækis og nefndi ýmsar tölur. Það er rétt. Því miður hefur þetta fyrirtæki verið rekið með tapi. Ég er ekki viss um að það sé sanngjarnt hjá okkur að ætla að hengja stjórn Síldarverksmiðja ríkisins alfarið í þeim efnum. Ég hugsa að þeir sem hafa setið á þingi eigi líka ábyrgð á því hver starfsskilyrði þessarar atvinnugreinar hafa verið, þeir beri þar líka ábyrgð. En þeir geta ekki svarað fyrir sig hér sem í stjórn þessa fyrirtækis hafa verið. Jú, rétt er það. Einn á sæti á Alþingi, Jóhann Ársælsson. En ég vildi spyrja hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hann veit örugglega um það að Síldarverksmiðjur ríkisins hafa staðið í mjög miklum framkvæmdum sem hafa gefið góða raun um framtíðarþróun þessarar greinar. En af því að ræðumaðurinn minntist á skuldir verksmiðjunnar, þá máttu þeir sem hlustuðu á ræðumanninn skilja það svo að ríkið ætti auðvitað að borga brúsann. Hvað hefur ríkissjóður borgað mikið af tapi Síldarverksmiðja ríkisins? Er það ekki rétt munað hjá mér, ágæti þingmaður, að ekkert hafi lent á ríkissjóði? Það hafa engin töp á Síldarverksmiðjum ríkisins lent á ríkissjóði. Það er ekki þess vegna sem það þarf að selja þetta fyrirtæki. Það væri fróðlegt að fá hv. þm. til þess að endurtaka það hér.

Minni hluti nefndarinnar taldi einnig eðlilegt að áður en frv. yrði afgreitt væri upphafsreikningur hins nýja fyrirtækis kynntur. Jafnframt væri eðlilegt að félagið yfirtæki rekstrartap Síldarverksmiðja ríkisins frá fyrra ári. Okkur þótti líka eðlilegt að félagið tæki við eftirstöðvum rekstrartaps Síldarverksmiðja ríkisins eins og það verður í lok síðasta rekstrarárs þeirra. Þótt heimild sé vissulega veitt fyrir fjmrh. að yfirtaka hluta af skuldum SR liggur ekkert fyrir um það hvort hæstv. fjmrh. muni nokkurn tíma nýta sér slíka heimild. Það liggur akkúrat ekkert á borðinu um það.

Við fórum ítarlega yfir það í nefndinni og í fyrra einnig og minni hlutinn lagði áherslu á að komið yrði upp sérstökum samstarfsnefndum í verksmiðjunum vegna þess hversu mikilvægar þær eru hinum ýmsu byggðarlög þar sem þær eru starfræktar. Ég fullyrði að með slíkum samstarfsnefndum væri hægt að koma í veg fyrir margvíslegan misskilning og óþarfa tortryggni sem annars mundi rísa. En auðvitað var ekki hlustað á þetta fremur en annað og ekki einu sinni af Alþfl.

Hér var vikið að réttindum starfsmanna. Það er enginn vafi að í umfjöllun um þetta frv. hefur komið upp verulegur ágreiningur um það atriði. M.a. af þeirri ástæðu var óskað eftir sérstakri umsögn um hvort frv., ef að lögum yrði, raskaði áunnum réttindum félagsmanna sem nú starfa hjá Síldarverksmiðjum ríkisins. Það er engin spurning að sú umsögn gaf vissulega tilefni til mikilla efasemda og frekari skoðunar á þessum réttindum starfsmannanna. Hér er vægast sagt glannalega haldið á málum, hv. þm., vegna þess að ég veit það að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur gefið sér tíma til þess að lesa þá umsögn sem Gestur Jónsson gaf í þessu máli. Það er gáleysislega vaðið hér fram og því átel ég það enn og aftur að menn skulu ekki í jafnveigamiklum málum og hér er um fjallað geta gefið sér betri tíma til þess að fjalla um þessi mál en raun ber vitni.

Meginniðurstaða okkar í minni hlutanum varð sú að við vorum þess meðvitaðir að hugmyndir meiri hlutans mundu ná fram að ganga um að breyta þessu fyrirtæki, bylta því og afhenda það sjálfsagt að mestu kolkrabbanum. Ég reikna með því að það sé meiningin. Við vildum reyna að leggja okkar af mörkum til þess að skaðinn yrði sem minnstur og ég harma það enn og aftur að ágætir menn í sjútvn. skyldu ekki geta fallist á þau viðhorf okkar. Ég er sannfærður um að með því að fallast á þau hefðum við a.m.k. reynt að byggja þá garða sem hefðu torveldað mönnum að komast yfir.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu. Eins og sjá má í þingsalnum virðist ekki vera sérstakur áhugi þingmanna á þessu máli. En ég harma það enn og aftur að við skyldum ekki geta gefið okkur betri tíma til þess að reyna að ná sáttum í málinu og reyna að koma einhverju meira skikki á þessi mál því að undir niðri hef ég trú á að slíkt hyldýpi sé á milli skoðana manna að við hefðum ekki getað náð að koma meira og betra viti í þessi mál. En það er bara í þessu eins og svo mörgu öðru, því miður, að frjálshyggjan í þessu efni virðist vera svo allsráðandi og heltekur ekki aðeins Sjálfstfl. heldur virðist hún ekki síður vera búin að heltaka Alþfl. Það virðist vera orðið lífsviðhorf þessara flokka að allt þurfi að selja og öllu þurfi að koma yfir til einhverra annarra. Það er ekki mitt viðhorf að það sé endilega sjálfsagt að bylta öllu um. Ég held að oft og tíðum gætum við gert meira gagn með því að breyta og lagfæra fremur en bylta og það á einmitt við í þessu máli, virðulegi forseti.

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Stefáni Guðmundssyni fyrir ræðu sem var mestan partinn málefnaleg. Þó fór hann örlítið út af hinu málefnalega striki þegar hann fór að væna menn um sérstaka frjálshyggju sem birtist í þessu frv. Í hverju felst sú frjálshyggja? Felst hún í því að vilja gera Síldarverksmiðjur ríkisins að

hlutafélagi? Vill ekki hv. minni hluti nefndarinnar, þar á meðal hv. þm. Stefán Guðmundsson, gera þetta að hlutafélagi? Er hann þá ekki samkvæmt sömu skilgreiningu frjálshyggjumaður? Jú.

Ég vil síðan leiðrétta það að ég hafi með nokkru móti verið að tala í mínum fyrri ræðum þannig að ég vildi hengja stjórn Síldarverksmiðja ríkisins fyrir rekstur fyrirtækisins. Þvert á móti tel ég að stjórn fyrirtækisins hafi, og sérstaklega á undanförnum árum, beitt sér verulega fyrir framförum í þessari grein. Ég tek þar sérstaklega til verksmiðjunnar á Seyðisfirði og það er af og frá að ég hafi í mínu máli verið að ráðast að stjórninni.

Ég get líka alveg sagt það hér og nú vegna þess að hv. þm. bað mig um það: Engin töp vegna verksmiðjunnar hafa lent á ríkissjóði. Hins vegar er þróunin uggvænleg og mig langar, virðulegi forseti, að geta þess að í bréfi sem endurskoðendur fyrirtækisins sendu stjórninni, kemur fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Af þessu er ljóst að fjárhagsstaða verksmiðjunnar er mjög alvarleg og er ljóst að fyrirsjáanlega þarf að útvega fyrirtækinu verulegt fjármagn því að eins og á stendur getur það ekki staðið við skuldbindingar sínar."

Síðar segir í þessu bréfi, sem dags. er 8. okt. 1991:

„Varðandi reikningsskilin fyrir fyrstu sex mánuði yfirstandandi árs viljum við leggja áherslu á eftirfarandi: Fjárhagsstaða fyrirtækisins og rekstrarhorfur eru nú með þeim hætti að fyrirtækið verður ekki talið rekstrarhæft án verulegrar fjárhagsaðstoðar, með skuldbreytingum og auknu eigin fé."

Það er því alveg ljóst að þróunin er á þann veg að það verður að grípa til einhverra ráða og þau ráð sem stjórn verksmiðjunnar, sem kjörin er af Alþingi, hefur lagt til eru einmitt þau að breyta henni í hlutafélag ásamt ýmsum öðrum stuðningsaðgerðum.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Aðeins örstutt. Það sem skilur á milli okkar, hv. þm., er að minni hlutinn er tilbúinn að selja allt að 40% af hlutafé í þessu fyrirtæki. Það sem umfram er viljum við að komi til Alþingis og þurfi að samþykkjast hverju sinni.

En í sambandi við töpin og það fjármagn sem hv. þm. er að segja að þurfi í þessi fyrirtæki, þá spyr ég: Þarf ekki þetta fjármagn, hver sem eigandinn er? Þarf ekki þetta fjármagn? Hv. þm. veit að það eina sem getur tryggt það eða a.m.k. gæti komið í veg fyrir og minnkað þetta tap er að það komi hér önnur ríkisstjórn. Meðan við höfum þig við völd, hv. þm., og þá aðra sem starfa með þér, þá er það vita vonlaust að reka hvort sem það eru Síldarverksmiðjur ríkisins eða aðra atvinnustarfsemi í landinu réttu megin við núllið. Svoleiðis hafið þið gengið um að það er vita vonlaust verk og þykjast ætla að kenna einhverjum stjórnum einhverra fyrirtækja um sem hafa lagt nótt við dag við það að reyna að halda þessari atvinnustarfsemi gangandi. Það er alveg vita vonlaust að reka atvinnufyrirtæki með slíka ríkisstjórn sem nú er.

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Stefán Guðmundsson byrjaði þennan dag málefnalega og vel. Hann er hins vegar á dapurlegri braut og ég get ekki annað en sagt: Guð forði þessari þjóð ef hann og hans nótar komast til valda aftur.

Hver er munurinn varðandi sölu hluta í fyrirtækinu í tillögum annars vegar meiri hlutans og hins vegar minni hlutans? Hann er einungis spurning um tíma. Hann er spurning um nokkur ár. Þeir vilja í fyrstu að ekki verði seldur neinn hlutur. Það má selja 40% síðan og eftir það má Alþingi ráða því hvort þetta verður selt eða ekki. Með öðrum orðum er hv. þm. Stefán Guðmundsson og hans félagar í minni hlutanum ekki í grundvallaratriðum á móti því að allir hlutirnir verði seldir heldur er það einungis spurning um tíma. Ég spyr þá: Hvar er frjálshyggjan? Hvar er meiri frjálshyggja í tillögum okkar og hins vegar í tillögum hins hv. og góða þm. Stefáns Guðmundssonar?

Varðandi síðan töpin var það svo að hv. þm. Stefán Guðmundsson barði sér á brjóst fyrir hönd verksmiðjunnar og sagði: Ríkið hefur ekki tekið á sig nein töp. En núna í sinni síðustu ræðu benti hann á það og viðurkenndi að staða fyrirtækisins er orðin þannig að hvert sem rekstrarformið er, þá þarf eigi að síður að koma til allveruleg aðstoð. Það er hann búinn að viðurkenna. Hann velti sér upp úr rökleysunum og þverstæðunum. Það kemur mér á óvart vegna þess að ég þekki þennan hv. þm. að allt öðru.

Guðmundur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það hefur komið mjög skýrt fram í máli margra sem hér hafa talað að menn telja að það sé nauðsynlegt að halda þessu fyrirtæki saman. Þess vegna held ég að það sé mjög nauðsynlegt að undirstrika hér nokkur atriði, þar á meðal að það er styrkleiki Síldarverksmiðja ríkisins að fyrirtækið er stórt og dreift víða. Það er með aðalverksmiðjurnar á Siglufirði og Seyðisfirði, sem liggja vel við veiðum fyrir Norðurlandi og Austurlandi, og svo á Raufarhöfn sem er mitt á milli. Með þeim hætti má segja að þrír fætur standi undir fyrirtækinu. Ef þessu fyrirtæki er hins vegar skipt upp er ljóst að eins og málin horfa núna, þá mundi út frá staðsetningu verksmiðjan á Seyðisfirði vera langverðmætust og sú á Siglufirði kannski langverðminnst. Ég er nærri viss um það að í bitum fengist miklu minna verðmæti út úr þessu fyrirtæki en ef um er að ræða þessa heild. Þetta er mjög mikilvægt vegna þess að þó hér sé um að ræða eigur ríkisins og þó það þurfi að einkavæða þær, þá skiptir verulegu máli hvað ríkið ber úr býtum og ég tala nú ekki um ef við hugum að því hversu skarðan hlut ríkið ber frá borði. Ég held að menn verði að átta sig á því að það er misskilningur, ég get a.m.k. ekki séð það og er þó læs á við hvern annan, að brtt. þær sem minni hluti nefndarinnar hefur lagt fram séu bara kvaðir á fyrirtækinu, jafnvel þó að það verði selt. Það er mikill misskilningur. Ég sé ekki betur en ein brtt. og sú fyrsta gangi út á það að menn vilji aðeins selja 40% þess

hlutafjár í hinu nýja hlutafélagi, aðeins 40% nema með samþykki Alþingis. Það er ekkert verið að koma í veg fyrir það, en ef menn vilja hafa hér hönd í bagga, þetta er eiginlega fyrst og fremst ákveðið varfærnissjónarmið. Stærri er nú ágreiningurinn ekki og ég held að þetta geti hvorki talist óskynsamleg né óeðlileg breyting.

Í öðru lagi er lagt til að fyrirtækinu verði skipuð eða kosin fimm manna stjórn. Munurinn er aðeins sá að minni hlutinn leggur til að það verði Alþingi sem kjósi í þá stjórn og mér finnst það í fyllsta máta eðlilegt. Ég sé ekki að það sé neitt eðlilegt og ég get alls ekki tekið undir það að það eigi að færa þetta út í ráðuneytin. Ég sé enga ástæðu til þess að gera það, en umfram allt verður þetta engin kvöð á fyrirtækinu. Ég sé ekki annað en ýmsum fyrirtækjum og stofnunum hafi vegnað allvel og mjög vel jafnvel þó svo Alþingi kysi þeim stjórn. Það getur ekki verið nein sérstök kvöð. Hvort hið nýja hlutafélag í rauninni yfirtekur allar skuldir eða bara hluta þeirra skulda og skuldbindinga sem nú hvíla á Síldarverksmiðjum ríkisins er fyrst og fremst tæknilegt atriði vegna þess að þegar og ef til sölu hlutafjár kemur mun verð á hlutafénu endurspeglast í því hverju hefur verið ráðstafað í þeim efnum. Og ef á annað borð er einhver áhugi fyrir þessu félagi sem ég tel mjög líklegt að sé, þá mun það koma fram þar. Þessar skuldir eru til staðar og þeim verður ekkert eytt. Það er alveg sama hvort það er gert með einum hætti eða öðrum, þeim verður ekkert eytt og einhver verður að borga þær. Þess vegna er þetta fyrst og fremst tæknilegt atriði og ég get ekki séð með nokkru móti að þetta sé nein kvöð á því sem hér á að fara að gera, þ.e. þó að Síldarverksmiðjum ríkisins verði breytt í hlutafélag.

Það standa hér eftir kannski tvö atriði. Annars vegar er það þessi samstarfsnefnd sem lagt er til að verði komið á fót með sveitarfélögunum sem eiga hlut að máli, þ.e. þar sem verksmiðjurnar eru. Ég held að það sé mjög gott fyrir verksmiðjurnar einmitt að hafa slíka samstarfsnefnd. Það kom hér fram í máli hv. þm. Stefáns Guðmundssonar að það væri hægt að eyða þar ýmsum misskilningi og koma í veg fyrir að hann yrði yfirleitt og það held ég að hljóti að vera miklu fremur styrkur fyrir þessa starfsemi en að þetta sé einhver kvöð vegna þess að ég legg þann skilning í orðið kvöð að það sé eitthvað sem muni hamla eða aftra þessu félagi frá að starfa eðlilega og geta keppt um aflann við aðrar verksmiðjur. Auk þess held ég að það sem lagt er til hér hjá minni hlutanum, að það sé opnaður möguleiki á því að kaupa hafnarmannvirki þau sem eru í eigu verksmiðjanna, sé til bóta. Mér heyrðist í umræðunum í dag að verksmiðjurnar hefðu hvort eð er borið verulegan kostnað af notkun á þessum hafnarmannvirkjum og ef svo er, þá var alveg ljóst að ef þetta yrði samþykkt, þá yrði þetta til þess að auðvelda þetta mál og gera það léttara í meðförum.

Það er í sjálfu sér engin ástæða til þess að ræða ekki um það, en það kemur upp hjá hv. 17. þm. Reykv. að það hefði verið mikið tap undanfarin ár, gott og vel. Ég get séð það líka í þessum gögnum sem fyrir liggja. Það er auðvitað áhyggjuefni en ég vil í fyrsta lagi segja að menn mega samt ekki gleyma því að í áratugi hafa Síldarverksmiðjur ríkisins og sú starfsemi sem þar hefur farið fram malað þessari þjóð gull og staðið undir þeirri uppbyggingu sem orðið hefur í þjóðfélaginu og þeirri velferð sem við búum við núna. Umræða um þetta tap er þess eðlis að ég held að hún geti ekki verið til annars en að rýra trúverðugheit og markaðsvirði þessarar starfsemi ef til þess kemur að hún verði seld. Það er nefnilega ekki nóg að tala um að það sé bara tap. Það eru einhverjar ástæður yfirleitt fyrir tapi og ég held að menn verði nú að horfa á það að loðnuvertíðir að undanförnu hafa brugðist, a.m.k. að hluta og í sumum tilvikum nánast alveg. Það vill svo til að þetta fyrirtæki lifir á þessu og það er ekkert fyrirtæki, alveg sama hvort það er hlutafélag í eigu ríkisins, samvinnufélag eða hvað það er, fyrirtæki sem ekki geta stundað þá starfsemi sem þau eru stofnuð til að gera, þau hljóta að tapa þegar svona stendur á. Ég varpa því fram, hvernig haldið þið að færi fyrir Flugleiðum ef það mætti ekkert fljúga eða Eimskipafélaginu ef það mætti ekki sigla. Það er ekkert öðruvísi með SR en önnur fyrirtæki. Það hafa verið miklar framkvæmdir hjá fyrirtækinu á sama tíma og það hefur árað illa í loðnuveiðum og hráefnisöflun til fyrirtækisins og þar af leiðandi er mjög eðlilegt að það sé fyrirtækinu þungt í skauti og þarf ekki að koma neinum á óvart. Síðast en ekki síst í framhaldi af þeim fjárfestingum og uppbyggingu sem hefur verið hjá fyrirtækinu, ekki bara á Seyðisfirði heldur líka á Siglufirði þó að það sé kannski heldur lengra um liðið og mér er ekki alveg kunnugt um hvernig þetta er á Raufarhöfn, en á þessum stöðum hefur verið lagt í miklar framkvæmdir og vörugæði Síldarverksmiðja ríkisins hafa aukist mikið og eftir því sem ég fæ best séð, þó að ég sé ekki þar innvígður, þá sé ég ekki annað en það sé verið að breyta þar til í markaðsfærslu og færa þar margt til betri vegar og nýrri tíma þannig að þetta er alls ekki staðnað fyrirtæki. Þess vegna má alls ekki afgreiða fyrirtækið sem eitthvað sem við töpum á. Þetta er líka fyrirtæki sem við höfum grætt mikið á í gegnum árin og það eru ákveðnar ástæður fyrir því að það er að tapa og ég held að þær ástæður séu hvorki á valdi stjórnarmanna né starfsmanna fyrirtækisins, nema þá að hluta til. Þess vegna segi ég að það að breyta Síldarverksmiðjum ríkisins í hlutafélag er eitt mál og getur verið ágætt að gera það, en það mun í sjálfu sér ekki bjarga neinu vegna þess að ég veit ekki til þess að það sé nokkurt fyrirtæki, hvorki hér á landi né annars staðar sem lifir af því eingöngu að vera hlutafélag eða tapar á því eingöngu að vera ríkisfyrirtæki. Það er ekki mergurinn málsins. Ég er sannfærður um það að hjá Síldarverksmiðjum ríkisins eins og flestum öðrum fyrirtækjum megi bæta hlutina í rekstri með því að reka þær einfaldlega betur. Það er nú einfaldlega svo að seint komast menn svo langt í hagræðingu og úrbótum í rekstri að ekki verði betur um bætt. Og þetta á örugglega við um Síldarverksmiðjur ríkisins líka. En það sem fyrst og fremst mun bæta afkomu og rekstur Síldarverksmiðja ríkisins er meiri loðna og aukin síld.

Loðnuveiðar hafa gengið mjög þokkalega að undanförnu eftir þá lægð sem í þær kom og við getum auðvitað gert okkur raunhæfar vonir um að svo verði áfram. Og það sem meira er, því er haldið fram að það megi gera hér ráð fyrir talsvert auknum síldveiðum, kannski ekki alveg á næstunni en innan tiltölulega skamms tíma, og þá er enginn vafi á því að þetta gamla og gróna fyrirtæki mun mala gull á ný hvort sem það verður nú ríkisfyrirtæki eða hlutafélag. Ég held að það sé út af fyrir sig ekkert að því og það megi á margan hátt segja sem svo að sú hugsun sem á bak við hlutafélagsbreytinguna liggur sé rétt og það sé kannski að sumu leyti auðveldara að afla fjár annars staðar frá en frá ríkinu, sem er eini eigandi fyrirtækisins núna, en það eru önnur atriði sem ég held að menn ættu ekkert síður að huga að eins og t.d. hvort ekki væri rétt að gera þær ráðstafanir sem dygðu til þess að hægt væri að fara bæði þarna og annars staðar í þessum atvinnuvegi, í fiskimjöls- og lýsisframleiðslu, að þessi fyrirtæki færu öll yfir í að nota raforku í staðinn fyrir innflutta orku og þar væri vissulega verðugt verkefni og ég er viss um að það mundi skila miklu meiru heldur en bara þessir hlutafjárbreyting.

Ég vil taka undir með ýmsum fyrri ræðumönnum hér í kvöld að í rauninni er enginn grundvallarágreiningur hér á ferðinni, heldur er áherslumunur sem fram kemur. Ég vil líka taka undir það að ég held að menn ættu að tala betur saman og ég verð að segja það alveg eins og er að ég fæ ekki betur séð en þær breytingar sem minni hluti sjútvn. leggur til séu til bóta og muni styrkja þetta mál og koma því enn lengra en frv. sjálft og þær breytingar sem meiri hlutinn leggur fram, gera.

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en tekið undir með hv. þm. Guðmundi Stefánssyni að Síldarverksmiðjur ríkisins hafa malað gull fyrir þessa þjóð og hafa áratugum saman gegnt miklu hlutverki í atvinnulífi landsins. Ég held að það hafi verið mikil framsýni þegar Óskar Halldórsson, Íslandsbersi, fyrstur manna kom fram með hugmyndina um stofnun þeirra ég held árið 1924. Og ég minnist þess að í bók sinni „Óveður í aðsigi" getur Þór Whitehead þess að Síldarverksmiðjur ríkisins hafi verið ómissandi fyrir íslensku þjóðina á fyrri hluta og miðbik þessarar aldar þegar geysilegar gjaldeyristekjur bárust hingað inn vegna sölu á afurðum verksmiðjanna í Portúgal og Spáni. Verksmiðjurnar hafa þjónað góðum tilgangi og munu væntanlega gera það áfram og út af fyrir sig er ég ánægður með það að hv. þm. Guðmundur Stefánsson kemst að þeirri niðurstöðu að í rauninni sé ekki neinn djúpur efnislegur ágreiningur um þetta mál.

Mig langar aðeins til þess, virðulegi forseti, af því að til mín hefur verið beint ákveðnum spurningum varðandi brtt. minni hlutans að fara um þær nokkrum orðum í e.t.v. ítarlegra máli heldur en ég hef gert hingað til. Við höfum þegar rætt afstöðu meiri hlutans til tillögu minni hlutans um að einungis verði heimilt að selja 40% hlutafjár en þó ekki fyrstu árin. Síðan vill minni hlutinn að vísu heimila söluna svo fremi sem Alþingi leyfi það. Mín skoðun á þessu máli er einfaldlega sú að ég tel að það eigi ekki með lagasetningu eins og þessari að takmarka svigrúm þeirra manna sem munu fá það verkefni að selja þessar verksmiðjur eða selja þetta nýja hlutafélag. Það kann vel að vera að niðurstaða þeirra verði sú að það verði einungis lítið eða ekkert selt af hlutum í verksmiðjunum til að byrja með. Það kann vel að vera að menn kjósi að fara þá leið sem minni hlutinn leggur til. Aðalatriðið í málinu er þó það að hendur sjútvrh. og þeirra manna sem hann kallar til þess verks verði ekki bundnar með neinum sérstökum lagafyrirmælum. Ég hygg að sala hluta hljóti að ráðast af markaðsaðstæðum hverju sinni. Það er mín skoðun og það kann vel að vera að einmitt núna beri vel í veiði að selja hlut í svona félagi. Það bendir margt til þess að loðnuveiðin verði góð næstu ár og af því sem mér skilst af samræðum við aðila sem eru í svipuðum rekstri utan verksmiðjanna, þá eru menn tiltölulega bjartsýnir um framvindu þessarar atvinnugreinar. En ég tel sem sagt að það eigi ekki að binda hendur þeirra manna sem er falið það verk að selja hlutafélagið eða hluta úr því. Hvort heldur það verður gert á næsta ári eða 10 árum skiptir mig ekki máli svo fremi sem þeir komist að þeirri niðurstöðu að salan fari fram við bestu aðstæður.

Að því er varðar síðan tillögu hv. minni hluta sjútvn. varðandi kjör í stjórn verksmiðjunnar, þá hefur það margsinnis komið fram í ræðum mínum um efni sem tengist þessu að ég er þeirrar skoðunar að Alþingi Íslendinga eigi ekki að vera að vasast í því að kjósa stjórnir í ríkisfyrirtækjum. Ég tel að það skipti miklu meira máli að til stjórnarsetu þar séu kvaddir þeir menn sem hafi ítarlega og góða þekkingu á því sviði sem viðkomandi ríkisfyrirtæki starfar. Og ég verð að segja það varðandi þessa tilteknu verksmiðju að ef Alþingi Íslendinga hefur tekið þá ákvörðun að treysta hæstv. sjútvrh. Þorsteini Pálssyni fyrir yfirstjórn sjávarútvegsmála íslenska ríkisins, hvers vegna í ósköpunum skyldi hún þá ekki treysta honum til þess að velja fimm menn í stjórn slíkrar verksmiðju? Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að tillögur minni hlutans ganga út á takmarkað traust til þess manns sem gegnir þessu embætti, þ.e. um leið og ríkið á orðið minni hluta í hinu tilvonandi hlutafélagi, þá má hann skipa menn í stjórnina. Ég sé ekki alveg rökin fyrir þessu. Ég hef ekki fundið rökin fyrir þessu né heldur fyrir því að það eigi að takmarka sölu hlutafjár við tiltekið magn á tilteknum tíma.

Hv. þm. Guðmundur Stefánsson gerði heiðarlega tilraun til þess að koma með þá röksemdafærslu en mér fannst það ekki takast og satt að segja fannst mér örla á því að hv. þm. þætti þetta allt saman deilur um keisarans skegg og ég get með vissum hætti tekið undir það.

Það eru tvö atriði sem mig langar að drepa sérstaklega á sem minni hlutinn gerir að tillögum sínu og hefur kvartað nokkuð undan því að meiri hluti sjútvn.

skuli ekki hafa tekið undir. Það er annars vegar meðferð á eftirstöðvum rekstrartapsins og hins vegar meðferðin á hafnarmannvirkjunum.

Það er auðvitað ljóst að í uppsöfnuðu tapi felst ákveðin eign og það er spurning hvernig á að fara með það. Ég vek athygli hv. þm. á því að í frv. er tekið skýrt fram að það eigi að fara fram mat á eignum og skuldum verksmiðjunnar til viðmiðunar um upphæð hlutafjár og eiginfjárstöðu. Og það er sagt skýrt í 8. gr. að sjútvrh. muni fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúa stofnun félagsins, m.a. með skipan matsnefndar. Það er mín skoðun að það sé réttast að sú matsnefnd taki til mats þetta tap og meðferð þess. Auðvitað geta menn deilt um þetta. Ég er þeirrar skoðunar að það sé betra að matsnefnd véli um þetta heldur en við förum að setja hér einhver fyrirmæli. Og það sama gildir um hafnarmannvirkin. Það er alveg rétt að hafnarmannvirkin í eigu SR eru metin held ég á 370–380 millj. kr. og ríkið í gegnum SR hefur einungis haft kostnað af þessu í gegnum gjöld, í gegnum rekstur og viðhald. Engar tekjur. Verksmiðjurnar hafa samt sem áður þurft að greiða talsverðar upphæðir af hverju lönduðu tonni sem mig minnir að sé í kringum 200 kr. Auðvitað kemur það til greina að létta þessari byrði af hinu nýja hlutafélagi og það er mín skoðun að það sé matsnefndin sem eigi einmitt að meta það með hvaða hætti er tekið á því. Það kann vel að vera líka að hinu nýja hlutafélagi þyki réttast að selja ríkinu þessar eigur fyrir einhverja tiltekna upphæð. En þetta er ástæðan fyrir því að meiri hluti sjútvn. hefur ekki fallist á að taka þetta inn í sínar tillögur.

Að því er varðar síðan sérstaka samstarfsnefnd, þá segi ég: Ég er þeirrar skoðunar að slík samstarfsnefnd sé af hinu góða. En ég held að það hljóti að vera mál hins nýja hlutafélags að taka ákvörðun um það. Ef sveitarfélögin á þeim stöðum þar sem þessar verksmiðjur eru staðsettar telja að það sé best fyrir framvindu samstarfs, fyrir framvindu reksturs verksmiðjanna að koma upp slíkri samstarfsnefnd þá munu þau væntanlega koma þeim óskum á framfæri við hlutafélagið og það verður þá á valdi stjórnar þess að taka ákvörðun um það. Ég mundi sjálfur telja að það væri æskilegt en eins og ég sagði áðan, þá tel ég ekki að það eigi að binda það í lög. Það sama gildir um ýmislegt annað sem þarna var um rætt af þeim þingmönnum sem töluðu áðan.

Það kemur líka fram í tillögum hv. minni hluta sjútvn. að Alþingi þurfi að heimila sölu einstakra verksmiðja. Ég hef áður lýst mínum skoðunum í þessu máli. Ég tel að eðli starfseminnar og dreifing verksmiðjanna sé þess eðlis að það sé affarasælast fyrir hlutafélagið að hafa þær allar innan sinna vébanda. Ég tel að það gefi besta arðsvon og ég tel að einmitt arðsvonin muni knýja menn til þess að gera þetta svona. Menn hafa lýst því hérna hvernig fjárfestingar í nýrri verksmiðju á Seyðisfirði hafa leitt til þess að fyrirtækið hefur getað framleitt vöru sem er af meiri og betri gæðum heldur en áður, m.a. vegna þess að fyrirtækið hefur haft aðrar verksmiðjur sem það hefur getað stýrt lélegra hráefni til að geta einbeitt verksmiðjunni á Seyðisfirði að vinnslu besta fáanlega hráefnis í það gæðamjöl sem þar er framleitt. Ég held sem sagt að það muni verða þessi lögmál, lögmál hagnaðarvonarinnar sem hv. þm. Stefán Guðmundsson mun væntanlega nota sem tilefni til að kalla mig einhvern óðabelg frjálshyggjunnar. En ég tel að hún muni knýja hina nýju eigendur til þess einmitt að halda verksmiðjunum á einni hendi. Og ég vek eftirtekt á því að enginn maður með sæmilegu viti hefur mælst til að verksmiðjurnar eða fyrirtækið verði hlutað í sundur nema bæjarfulltrúi Sjálfstfl. á Siglufirði. (**ÓÞÞ:** Er hann með sæmilegu viti?) (**Gripið fram í:** Er þetta forsjárhyggja hjá þingmanninum?) Vegna þessa frammíkalls hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni vil ég láta það koma fram að Alþfl. hefur ekki látið fara fram sérstaka rannsókn á þeim manni en ég hygg af þeirri grein sem ég las eftir hann að hann sé með góðu viti. Hann hefur þessa skoðun og hann um það. Ég tel einfaldlega að þetta þjóni hvorki hagsmunum SR sem hlutafélags né heldur hagsmunum Siglfirðinga.

Ég tel sem sagt ekki rétt að binda þetta í lög. Ég verð síðan að segja að auðvitað eru menn í hjarta sínu sammála um að það er rétt stefna sem flestir hafa tekið hér undir, sumir með hálfum hug og ekki mjög heitu hjarta að það sé rétt fyrir framtíð þessarar verksmiðju að breyta henni í hlutafélag. Mér vitanlega hefur einungis einn maður talað í aðra veru í umræðum um þessi mál. Hann hefur ekki talað í dag.

Guðmundur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú greinilega meiri munur en mér virtist í fyrstu þegar farið er að ræða málið og það kemur kannski ekki mjög á óvart. Mig langar til að nefna hér örfá atriði. Hv. 17. þm. Reykv. segir að það eigi ekki að binda hendur manna, salan eigi að fara fram við bestu aðstæður. Ég er sammála því en þá má eigandinn ekki tala svo einlitt um erfiðleika félagsins. Þingmaðurinn ræddi af sanngirni um þetta mál núna en það hefur farið allt of mikið fyrir þessari tapumræðu og allt of lítið fyrir þeim útskýringum sem þurfa að fylgja til að menn sjái að þetta er ekki dautt fyrirtæki sem er bara að tapa þetta er fyrirtæki sem á framtíðina fyrir sér eins og við þingmaðurinn erum greinilega sammála um. Það getur vel verið að Alþingi eigi ekki að vasast í — þetta er nú ekta frjálshyggjufrasi að ríkið sé alltaf að vasast í einhverju. Það getur vel verið að það eigi ekki að vasast í að kjósa menn í stjórnir ríkisfyrirtækja heldur eigi aðilar sem hafi þekkingu á málinu að vera í þessum stjórnum. Ég veit ekkert hvað Alþfl. gerir en í mínum flokki er reynt að velja menn sem hafa þekkingu á málinu. Og ég held að það ættu þá bara allir flokkar eða a.m.k. þeir sem ekki gera það ættu að taka það til sín og gera það líka. Það er nefnilega hægt að kjósa almennilegt fólk á Alþingi alveg eins og það er hægt að kjósa almennilegt fólk á þing, þannig að það er ekkert vandamál.

Það má ekkert binda í lög, það má ekki binda ráðstöfun eigna í lög, það má ekki binda í lög hvort selja megi einstaka hluta verksmiðjanna, það má yfirleitt ekkert binda í lög. Ég vil þá bara spyrja hv. 17. þm.

Reykv.: Hvers vegna er þá verið að leggja til að það sé bundið í lögum hvar heimili og varnarþing verksmiðjanna er? Af hverju er ríkið að vasast í því? Það á væntanlega að láta nýja hlutafélagið og þess flinku menn sem sjútvrh. mun skipa í stjórnina, láta þá vasast í því hvar félagið eigi varnarþing og heimili. Það getur varla verið nauðsynlegt að það sé ákveðið á Alþingi þó ég sé hins vegar sammála þessu. Sömuleiðis finnst mér mjög einkennilegt ef Alþingi á að vera að vasast í því með lagasetningu að heimila félaginu að taka þátt í einhverjum samtökum sem tengjast fiskimjöli, þeir geta væntanlega bara ákveðið það sjálfir.

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef hér fyrr í ræðum mínum einmitt undirstrikað mikilvægi Síldarverksmiðja ríkisins og ég hef mikið undirstrikað að ég tel að þær muni gegna verulega þýðingarmiklu hlutverki í þessari atvinnugrein í framtíðinni. Það er alveg fráleitt af hv. þm. Guðmundi Stefánssyni að ætla mér að ég hafi talað einlitt eða niðrandi um verksmiðjurnar eða stjórn þeirra.

Varðandi hins vegar þá spurningu sem hann kom með til mín: Hvers vegna ætti Alþingi að vera að ræða það hvar ætti að hafa lögheimili og varnarþing fyrirtækisins, þá verð ég að viðurkenna það hér úr þessum ræðustól að ég er honum nokkuð sammála. Ég held að það sé alveg á mörkunum. Og ég tel að í rauninni hefði hið tilvonandi hlutafélag átt að gera það sjálft. Menn komust að þessari niðurstöðu m.a. vegna ábendinga utanaðkomandi aðila og líka vegna vilja aðila innan meiri hlutans að þetta væri rétt. Ég gerðist aðili að því samkomulagi.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé alveg bráðnauðsynlegt að lesa fyrir hv. þm. Össur Skarphéðinsson það sem minni hlutinn leggur til í þessu máli. Ég hélt satt að segja að þingmaðurinn hefði lesið tillögu minni hlutans. En því miður ég varð fyrir vonbrigðum ég sé að maðurinn hefur ekki gert það enda hefur verið mikið að gera á þeim bæ. En þar segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkissjóður er eigandi allra hlutabréfa í hinu nýja félagi. Heimilt er að selja allt að 40% hlutafjár, þó ekki fyrstu þrjú árin. Til frekari sölu þarf samþykki Alþingis og jafnframt þarf Alþingi að heimila sölu einstakra verksmiðja."

Þetta er það sem minni hlutinn leggur til, hv. þm. Og að vera að tala um að við höfum ekki trúnað Þorsteins Pálssonar til þess að skipa í einhverjar nefndir eða stjórnir. Veit þingmaðurinn það ekki? Auðvitað veit hann að það verður ekki Þorsteinn Pálsson eða einhver annar ráðherra sem nú situr á valdastólum sem mun taka á þessum málum að þremur árum liðnum. Auðvitað veit hann það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðsetning björgunarþyrlu, fyrri umr.

Þáltill. JónK o.fl., 438. mál. — Þskj. 738.

Flm. (Jón Kristjánsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þál. á þskj. 738 um staðsetningu björgunarþyrlu sem ég flyt ásamt hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni, Guðmundi Bjarnasyni og Stefáni Guðmundssyni.

Tillagan er á þá leið að Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram úttekt á hvaða staðsetning björgunarþyrlu þjónar best skipulagi björgunarmála hérlendis. Úttektin fari fram í samvinnu dómsmálaráðuneytisins, Landhelgisgæslunnar, Almannavarna, Slysavarnafélags Íslands og Landsbjargar. Niðurstöður liggi fyrir 1. september 1993.

Umræður um björgunarþyrlu eru ekki nýjar af nálinni hér í hv. Alþingi en þetta mál er af dálítið öðrum toga. Það hefur komið fram og er þess getið í greinargerð að Alþingi hefur á síðustu tveimur árum veitt ráðherra heimild í 6. gr. fjárlaga til að semja um kaup á nýrri björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Þessu hefur verið fylgt eftir í hv. Alþingi og er skemmst að minnast umræðu um lagafrv. hv. 5. þm. Reykv., Inga Björns Albertssonar, sem var lagt fram til að herða á þessu máli. En í umræðum á Alþingi í lok febrúar um það mál lýsti forsrh. því yfir að samið yrði um þyrlukaup á næstu mánuðum. Því er ljóst að það er breytinga að vænta á þeim tækjabúnaði sem Landhelgisgæslan hefur yfir að ráða til björgunar úr lofti. Þyrlukostur Landhelgisgæslunnar er að öllu jöfnu staðsettur í Reykjavík. Þá hefur varnarliðið á Keflavíkurflugvelli yfir fjórum þyrlum að ráða og von er á þeirri fimmtu. Og það hefur komið fram í allri þessari umræðu að ætlunin mun vera að auka enn frekar samstarf við björgunarsveit varnarliðsins um björgunarmál. Í ljósi þessa er tímabært að endurskoða staðsetningu björgunarþyrlu Landhelgisgæslunnar með það fyrir augum að viðbragðstími til fjarlægra landshluta verði styttri heldur en nú er. Þessi viðbragðstími er nú langur og það má benda má á að fyrir Norðausturlandi, Austurlandi og Suðausturlandi er mikill floti fiskiskipa á veiðum á ýmsum árstímum, auk flutningaskipa á leið til og frá Evrópu. Það tekur þyrlu drjúgan tíma að komast til þessara svæða þegar á þarf að halda. Ætla má að þyrla Landhelgisgæslunnar sé eina og hálfa til þrjár klukkustundir á leiðinni austur fyrir land ef flogið er með ströndinni eins og yfirleitt er gert. Flugtími þyrlunnar er áætlaður um þrjár klukkustundir til Grímseyjar miðað við að flogið sé út fyrir Vestfirði. Má því færa sterk rök fyrir því að önnur staðsetning björgunarþyrlu mundi henta betur með tilliti til þessara landshluta og veiðisvæða fyrir norðan land og austan. Það er því rétt nú þegar þáttaskil eru og það stendur fyrir dyrum að endurnýja björgunarþyrlu Landhelgisgæslunnar að láta fara fram sérstaka úttekt á þessum málum.

Þetta mál er auðvitað flutt í því trausti að þau orð standi sem féllu í umræðu á Alþingi um þyrlumálin og það verði samið um kaup á björgunarþyrlu á næstu

mánuðum. Vilji Alþingis í því efni hefur margsinnis komið fram í veitingu heimilda í 6. gr. fjárlaga til að ganga frá slíkum samningum. Ég veit að hv. 5. þm. Reykv. hefur beðið um að atkvæðagreiðslu um lagafrv. um kaup á björgunarþyrlu verði frestað í því trausti að við þetta verði staðið. Ég ætla mér ekki við þessa umræðu að hafa fleir orð um þennan þátt málsins en auðvitað byggist þessi tillögflutningur m.a. á því að fram undan séu þáttaskil í starfi björgunarsveitar Landhelgisgæslunnar.

Eins og ég gat um og kom fram í greinargerð hagar nú þannig til að staðsetning þyrlukostsins þjónar ekki öryggismálum allrar þjóðarinnar á fullnægjandi hátt. Það skal skýrt tekið fram að í þessu felst ekki neinn áfellisdómur á þá sem sinnt hafa þessum málum, langt í frá. Björgunarsveit Landhelgisgæslunnar hefur unnið gífurlega gott starf, sem aldrei verður þakkað svo sem vert er. Sama er að segja um björgunarsveit varnarliðsins sem hefur verið kölluð til þegar mikið hefur legið við og á hefur þurft að halda. Björgunarþyrla hefur verið kölluð sjúkrabifreið sjómanna og hið sama má segja um þá sem hafa slasast á stöðum sem ógreiðfært er til á öðrum farartækjum. Þyrlan er sömu leiðis þeirra sjúkrabíll. Viðbragðstími slíkra tækja getur skipt miklu máli, hvað þá ef sjóslys verða. Þessi viðbragðstími er óhæfilega langur á ýmsum landsvæðum og fyrir stóran hluta af íslensku fiskveiðilögsögunni. Stjórnendum Landhelgisgæslu Íslands hefur verið þessi vandi ljós og hugað hefur verið að annarri staðsetningu björgunarþyrlu en ekkert hefur orðið úr framkvæmdum. Það má m.a. kenna því um að Landhelgisgæslunni hefur ekki verið gert það fært fjárhagslega að efla björgunarsveit sína, hvorki að tækjum né mannskap.

Þótt sú tillaga sem hér um ræðir sé aðeins um athugun á heppilegri staðsetningu björgunarþyrlu mundi framkvæmd hennar og samþykkt leiða af sér að björgunarstarfsemi Landhelgisgæslunnar yrði efld. Ekki er síður nauðsyn að koma samskiptunum við varnarliðið í fastara form en nú er. Tilvera björgunarsveitar þess er staðreynd og þátttaka þeirrar björgunarsveitar í björgunarstörfum hér við land um árabil.

Það er nú því miður svo að öll stefnumótun í þessum málum Landhelgisgæslunnar hefur gengið undrahægt. Stjórnskipuð nefnd skilaði áliti um þyrlumál í október 1991 og vil ég leyfa mér að vitna til þeirrar skýrslu. Þar stendur á bls. 4, með leyfi forseta:

„Alþingi hefur ályktað um þyrlukaup. Á meðal sjómanna og þeirra sem sinna slysavörnum og björgunarstörfum eru miklar væntingar vegna kaupa á nýrri þyrlu. Starfslið Landhelgisgæslunnar og þyrlusveitarinnar er til þess búið að takast á við erfiðari verkefni en áður í samræmi við aukna reynslu. Þetta er þó háð því að öflugri og betur búin þyrla fáist auk þess sem viðkomandi rekstur sé tryggður. Nefndin telur að stjórnvöld eigi að vinna hratt að ákvörðunum um kaup á öflugri þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna."

Það hefur engin niðurstaða komið í þetta mál síðan. En eins og ég sagði í upphafi þá eru bundnar vonir við það að þeirrar niðurstöðu sé að vænta innan tíðar. Það er því miður svo að síðustu tvö ár hefur verið niðurskurður á niðurskurð ofan til Landhelgisgæslunnar. Og stefnumótun í málefnum hennar hefur ekki verið háreist svo ekki sé meira sagt.

Tillagan kveður aðeins á um skoðun á hvaða staðsetning þyrlu sé heppilegust. Í þessari skýrslu sem skilað var árið 1991 er tæpt á því af sérfræðingum að það geti komið til greina að staðsetja þyrlu um lengri eða skemmri tíma á tveimur eða þremur stöðum úti á landi eftir aðstæðum og nefndir eru staðir á Norðurlandi og Austurlandi í því sambandi eins og Egilsstaðir og Akureyri. Ég ætla ekki að hafa neina skoðun á því á þessu stigi hvar slík staðsetning eigi að vera. Það er sjálfsagt að allir aðilar sem vinna að björgunarmálum láti fara fram úttekt á því. Það kemur fram í þessari skýrslu að þriðjungur útkalla Landhelgisgæslunnar árið 1990 er utan radíuss sem er 100 sjómílna fjarlægð frá Reykjavík. Sú staðreynd blasir við eins og málin standa nú að allur þyrlukostur sem er á annað borð á þessu landi, hvaða aðilar sem stjórna þar, er á þessu landshorni.

Ég ætla ekki að fara að telja upp í þessari ræðu tilvik þar sem þyrla hefði getað ráðið úrslitum varðandi slys og þá einkum sjóslys. Ég tel það ekki þjóna neinum tilgangi en þó eru dæmin fyrir hendi og ekkert mjög gömul þar sem hörmuleg slys hafa átt sér stað þar sem minni viðbragðstími þyrlu hefði jafnvel getað ráðið úrslitum. En það þjónar ekki tilgangi á þessu stigi að vera að rekja það. Ef þessi tillaga yrði samþykkt og það færi fram alvarleg skoðun og stefnumótun í þessum efnum þá yrðu slík tilvik metin. Ég ætla heldur ekki að láta neina skoðun í ljós á því á þessu stigi málsins hvort aðstaða fyrir þyrlu úti á landsbyggðinni ætti að vera á einum stað eða fleirum. Slíkt yrðu þeir aðilar að meta sem ynnu í framhaldi af samþykkt þessarar tillögu.

Hins vegar byggist þessi tillögflutningur á því auðvitað að stjórnvöld hafi raunverulegan vilja til þess að efla Landhelgisgæsluna. Ég trúi því enn að sá vilji sé fyrir hendi þrátt fyrir það að hann hafi ekki komið fram í fjárveitingum til Gæslunnar undanfarin ár eða snöfurmannlegum viðbrögðum í framhaldi af þeim skýrslum sem ótal nefndir hafa sent frá sér um Landhelgisgæsluna. Það hefur ekki verið svo. En ég vil eigi að síður trúa því að það sé víðtæk samstaða í Alþingi um að efla Landhelgisgæsluna, efla hana til þeirra mikilvægu verkefna sem hún þarf að sinna, bæði á sviði björgunarmála og til gæslu á hinu stóra hafsvæði sem hún á að gæta. Það eru nýleg dæmi um það að varðskipin þurfa að gæta laga og réttar út við 200 mílna mörkin og það er ekkert smá hafsvæði sem þar er um að ræða þó það sé annar handleggur og komi ekki inn á þessa tillögu beint.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en óska þess að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til allshn.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það er sannarlega ástæða til þess að þakka hv. flm. fyrir þessa ágætu till. til þál. sem hér

liggur fyrir til umræðu og vekja þar með athygli á því að það er nauðsyn á að úttekt fari fram um það hvar staðsetning björgunarþyrlu mundi þjóna best skipulagi björgunarmála hérlendis. Það er nú svo að jafnan þegar ný og mikilvirk tæki eru keypt til þess að þjóna fólkinu í landinu betur, þá þykir það oft sjálfgefið að þau séu staðsett í Reykjavík. Það hefur gilt t.d. um Landhelgisgæsluna og alla þá aðstöðu sem Landhelgisgæslan þarf á að halda til að gegna þjónustu sinni. Hingað til hafa umræður um nýja björgunarþyrlu fyrst og fremst tekið mið af því að slík þyrla mundi hafa aðsetur í Reykjavík eða nágrenni. Það er rétt sem kemur fram í grg. með þessari tillögu að viðbragðstími til fjarlægra landshluta er mismunandi langur eftir því hvar þessi eina þyrla yrði staðsett. En þá vaknar sú spurning þegar ný þyrla kemur hvort skapist nýjar aðstæður til þess að Landhelgisgæslan geti komið sér upp aðstöðu á landinu víðar en á einum stað. Það er án efa hægt að nefna fjölmörg tilvik sem hafa átt sér stað fjarri Reykjavík þar sem þyrla hefði ekki komið að gagni vegna þess hversu langt í burtu hún er staðsett frá þeim stað þar sem slys hefur orðið. Eigi að síður hefði þyrla getað bjargað ef sá atburður hefði átt sér stað í næsta nágrenni við staðsetningu þyrlunnar.

Hér er verið að hreyfa mjög brýnu máli og þetta mál er svo brýnt að það þarf jafnmikla og jafnnákvæma skoðun og t.d. hvers konar þyrla er keypt, hverrar tegundar og hvað hún kostar. Þetta gildir ekki einvörðungu um þá þjónustu sem Landhelgisgæslan er að veita, þetta gildir um þá þjónustu slysavarna sem fram fer í landinu og þar er vel að verki staðið. Björgunarsveitirnar í landinu, Slysavarnafélag Íslands og Landsbjörg, reyna að þjóna öllu landinu sem best og óháð því hvar fólkið býr, reyna að byggja upp nauðsynlega þjónustu, nauðsynlegar varnir á hverjum einasta stað í næsta nábýli við fólkið þar sem það býr. Björgunarsveitirnar eiga einmitt þakkir skildar fyrir það hvernig þær hafa skipulagt starf sitt og hvernig þær hafa skipulagt björgunarnet sitt um landið allt og eru alltaf í viðbragðsstöðu sem næst vettvangi hverju sinni. Það er náttúrlega spurning þegar starfsemi Landhelgisgæslunnar er til umræðu hvort hún verði ekki að taka mið af þessum aðstæðum í skipulagi og starfsháttum sínum. Ég trúi því að hæstv. ríkisstjórn undir forustu hæstv. dómsmrh. muni einmitt skoða þetta mjög gaumgæfilega þegar ný þyrla kemur til landsins og taki til endurskoðunar þessa staðsetningu. Nú veit ég að Landhelgisgæslan vinnur mjög gott starf við erfiðar aðstæður. En það sem skiptir máli er staðsetning eða heimahöfn björgunartækjanna.

Ég vil aftur ítreka þakklæti mitt til flm. fyrir það að leggja fram þessa tillögu og hreyfa þessu máli. Ef Alþingi gefst ekki tími til að afgreiða þetta mál frá sér fyrir þinglok þá trúi ég því að þessar umræður muni verða til þess að hæstv. dómsmrh. muni hafa forustu um að þessi úttekt, að þessi endurskoðun fari fram og það verði ekki sjálfgefið að ný björgunarþyrla sem kemur til landsins verði staðsett í Reykjavík eða næsta nágrenni.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð í þessa umræðu sem mér finnst aðeins hafa byggst á misskilningi. Mér finnst hv. þingmenn hafa talað eins og einungis yrði áfram um eina þyrlu að ræða ef ný þyrla yrði keypt en það er auðvitað algjör misskilningur. Væntanlega verður þyrlan sem þegar hefur verið notuð árum saman við ótrúlegar aðstæður og með ótrúlegum árangri, notuð áfram þannig að þar með eykst auðvitað möguleikinn á því að hafa þyrlu annars staðar en í Reykjavík. Fyrir utan það mundi auðvitað öll aðstaða batna að því leyti að hin nýja þyrla sem menn horfa einkum til er búin afísingarútbúnaði þannig að þá þyrftu menn ekki lengur að reyna að krækja fyrir landið meðfram ströndinni til þess að forðast ísingu ef flogið er yfir hálendið eins og hingað til hefur þurft á þeirri þyrlu sem nú er notuð. Þess vegna er fullkomlega eðlilegt að minna á með þessari tillögu að það sé e.t.v. sjálfsagt að reyna að hafa aðstöðu utan Reykjavíkur einnig því það leiðir af sjálfu að því styttra sem er á slysstað því betra og því víðar á landinu sem aðstaða er fyrir björgunarsveitir, því betra að sjálfsögðu.

Hæstv. forseti. Ég vildi að ég væri eins sannfærð um að það væri verið að gera eitthvað til þess að láta verða af því að fara að heimild í fjárlögum og kaupa þyrlu. Ég hef engar sannanir fyrir því, það má vel vera að aðrir hafi þær, að verið sé að gera eitthvað í þessu máli. Það er svo sannarlega von mín að hæstv. ríkisstjórn sé þegar komin í samningaviðræður um kaup á þyrlu, en vegna orða hv. 5. þm. Austurl. vil ég aðeins segja þetta:

Ég held að hæstv. ríkisstjórn ætti sem allra minnst að ákvarða það sjálf hvaða þyrla verði keypt. Ég hygg að þeir menn sem hafa stundað björgunarstörf hér viti manna best um það. Og á fundum sem við höfum átt með Landhelgisgæslunni er enginn efi í huga manna hvaða þyrlugerð mundi henta best. Ég held að menn gerðu best í því að fara að þeim ráðum. Ég hygg að ekki sé um svo mikinn verðmun að ræða og jafnvel þó svo væri þá er auðvitað töluvert mikið borgandi fyrir það að þessir menn þurfi nánast ekki að hætta lífi og limum í hvert skipti sem þeir bjarga mannslífum.

En ég hlýt auðvitað að styðja þessa till. til þál. og þá hugsun sem þar kemur fram að aðstaða sé víðar en á Stór-Reykjavíkursvæðinu en það er auðvitað ekki hægt nema um sé að ræða fleiri en eina vél og von okkar er jú sú sem fluttum frv. og höfum verið að garfa í þessum málum að þetta verði viðbót en ekki vél í staðinn fyrir þá sem fyrir er.

Frú forseti. Ég vona svo sannarlega að yfirstjórn þingsins gangi eftir því að margyfirlýstum vilja þingsins verði sinnt og ríkisstjórnin krafin um að hefja nú þegar, ef það er ekki þegar hafið, að semja um kaup á björgunarþyrlu í samráði við Landhelgisgæsluna. Það held ég að sé undirstöðuatriði.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna auðvitað þessari tillögu og vona að hún fái greiðan aðgang og greiða umferð í þinginu og verði samþykkt. Það eru orðin æðimörg ár

og áratugir sem ég hef stigið í þennan stól og margsinnis á hverju þingi til þess að krefjast þess nánast að Landhelgisgæslan yrði styrkt. Við gætum ekki verið þekktir fyrir annað en að reyna að varðveita þá stórkostlegu eign sem við eigum í hafinu okkar hér í kring. Það er eiginlega ekki lengra komið en það að menn eru enn þá að tala um einhverjar 200 mílur, að það sé okkar fiskveiðilandhelgi, menn vilja ekki skilja það hversu oft sem á því er hamrað að við eigum eftir réttum lögum hafréttarins 350 mílur á Reykjaneshrygg og við erum heldur betur minnt á það nú hvað við erum að gera þar, að hrekja ekki erlenda ránsmenn af þessum miðum og nýta þau sjálfir í staðinn fyrir að horfa upp á þau ósköp að það sé verið að moka upp sjaldgefinni fisktegund, kannski rányrkja svo ekki verði bætt það tjón. Þetta heyrum við á hverjum degi og það er varla að menn depli auga. Því er nú miður. Það eru hverfandi peningar sem við þurfum til þess að styrkja Landhelgisgæsluna þannig að hún geti ekki einungis varðveitt miðin sem við eigum, 350 mílur á Reykjaneshrygg, heldur eigum við líka 600 mílur á Hatton-Rockall bankanum og þar er fiskur af öllum mögulegum og ómögulegum gerðum. Það hefur verið margreynt og sannað. Það er enn þá minna hugsað um að varðveita þessi gífurlegu auðæfi okkar og þó er sagt að það sé kreppa vegna þess að það sé aflabrestur. Við eigum kannski jafnmikið af fiski á öðrum miðum en þeim sem nýtt eru ef að því er gáð. Því miður er það ekki gert og menn ætla kannski að velta þessu máli eitthvað fyrir sér, ég vona að það verði ekki lengi gert.

Hæstv. forsrh. lýsti því yfir fyrir skömmu, eins og allir vita, að þyrla yrði keypt á næstu vikunum, ég skildi það svo, ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra hafi talað fyrir ríkisstjórn sína alla. Þar með væri þá komin ný þyrla á þessu ári. Og auðvitað er það alveg hárrétt sem síðasti ræðumaður sagði að það á ekki að selja aðrar þyrlur í staðinn, það á auðvitað að vera viðbót og það þarf auðvitað að hafa fleiri varðskip. En menn halda að það sé miklu erfiðara og það hefur verið hamrað á því hér á Alþingi og var gert þegar við fórum út í 12 mílur og aftur í 50 mílur að við gætum ekki varið þessa stækkun sem fyrirhugað var í tvígang. Sannleikurinn er sá að það er auðveldara að verja stórt hafsvæði en lítið, að hindra veiðarnar á því bæði með flugvélum og eins varðskipum, einfaldlega vegna þess að með nútímatækni er hægt að fylgjast með öllum fleyjum sem eru á ferðinni úr fjarsýnartækjum og þess vegna betra að fylgjast með erlendum flotum og geta gert sér það í hugarlund a.m.k. að þessi floti sé ekki að þvælast þarna í gamni sínu heldur halda til veiða og þannig væri hægt að taka á móti honum strax og hann kæmi að mörkunum, hvort sem það eru 600 mílna mörk eða 350 mílna mörk. Það er miklu auðveldara að verja stóra landhelgi heldur en litla, en það kveður alltaf við: Við getum þetta ekki, við höfum ekki peninga til þess. Við eigum ekki að vera að ónáða útlendinga. Við eigum að vera í góðu bandalagi sem allt vill fyrir okkur gera eins og dæmin sanna.

Þetta er fullveldismál Íslands að verja landhelgina og náttúrlega fullveldismál líka að fara réttum höndum um þessi EES-mál öllsömul. Við eigum þetta svæði og við eigum að nýta það og verja það, líka fyrir offjölgun. Þetta ætti að vera það sem við þingmenn allir sem einn værum að vinna að af því að ég veit að mönnum býr öllum það sama í brjósti hvar í flokki sem þeir standa.

Ég vona að þessi litla tillaga verði til þess að flýta fyrir að svo fari.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir þakka hv. flm. fyrir þessa tillögu þó ég leyfi mér í sjálfu sér að efast um að hún sé þörf en mun engu að síður styðja hana. Ég tel að slík könnun hljóti að fara fram, það liggur í hlutarins eðli að ráðuneytið og þeir sem með þessi mál fara hljóti að leggja það niður fyrir sér hvar á að staðsetja björgunarþyrlurnar. Og ég tala um björgunarþyrlur því auðvitað verða þær tvær eftir að nýja þyrlan kemur.

Ég vil benda á það að í tillögutextanum er talað um staðsetningu björgunarþyrlu þar sem ætti auðvitað að standa staðsetningu björgunarþyrlna af því að við erum að tala um tvær þyrlur og hef reyndar rætt það við 1. flm. og það er einnig skilningur hans og mun þá tillögutexta væntalega verða breytt í nefnd.

Mér þykir tillögumenn vera snemma á ferðinni og það er kannski gott að menn séu það. Við trúum allir yfirlýsingu hæstv. forsrh. að innan fárra vikna verði gengið til samninga um kaup á nýrri björgunarþyrlu. Þessi yfirlýsing var gefin fyrir fáum vikum þannig að það styttist óðum í að sá tími verði liðinn og ný björgunarþyrla keypt eða kaupsamningur um nýja björgunarþyrlu verði gerður. En ég segi að menn séu tímanlega á ferðinni vegna þess að afgreiðslutími á nýrri björgunarþyrlu er talinn vera eitt og hálft ár, átján mánuðir upp í tvö ár. Miðað við þann tíma þá væri þessi nýja þyrla ekki komin til landsins fyrr en í ársbyrjun 1995 og þess vegna segi ég að menn séu nokkuð tímalega á ferðinni. Mér þykir þessi tillaga hins vegar bera vott um það að eins og ég þá trúa menn því að nú eigi virkilega að láta til skarar skríða og að björgunarþyrlan verði keypt.

Ég tel eðlilegt að umræða fari fram um hvar eigi að staðsetja björgunarþyrlu en ég held hins vegar að hagsmunaaðilar eigi að hafa mest með það að gera eins og hér hefur komið fram og þá kannski einna helst Landhelgisgæslan. Ég tel eðlilegt að önnur þyrlan sé staðsett þar sem meginfiskveiðifloti landsmanna er hverju sinni en ætla að öðru leyti ekkert að tjá mig um það hvar það er nema helst það að auðvitað má marka þá stefnu að önnur þyrlan verði staðsett á landsbyggðinni, hvar svo sem það verður og hvort það verður með einhverju róterandi kerfi eða hvernig sem því verður við komið.

Ég vil aðeins fá að leiðrétta framsögumann og hv. 5. þm. Austurl., Gunnlaug Stefánsson, því þeir tala um flugtíma og það þurfi sýknt og heilagt að fljúga með ströndinni þegar það þarf að fara á slysstað. Þá tala þeir eins og við séum að kaupa þyrlu af sömu gerð og sömu stærð og sú sem við erum að reka í dag. En það

er ekki málið. Höfuðkosturinn við nýju þyrluna, sem við erum að tala um, fyrir utan burðargetu er hið mikla og aukna flugþol þyrlunnar og hins vegar, sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir kom inn á, afísingarbúnaðurinn. Þetta tvennt mun gera það að verkum að nýja þyrlan getur flogið hvert á land sem er, hvar sem er á Íslandi. Hún þarf því ekki að skríða með ströndum eins og sú þyrla sem við erum að reka í dag. Mér fannst þarna gæta örlítils misskilnings og vildi þess vegna fá að leiðrétta hann.

Virðulegur forseti. Einhver hafði áhyggjur af því áðan að málið væri kannski ekki í fullri vinnslu en ég vil fullvissa þingheim um að eftir stutt spjall við dómsmrh., sem ég ætla ekki að skýra frá að öðru leyti, hef ég fullvissu fyrir því að málið er í fullri vinnslu. Það er sérstök nefnd í gangi sem ég hygg að sé kölluð kaupnefnd. Hún mun væntanlega skila sínum niðurstöðum innan ekki langs tíma. Ég hef þess vegna þá trú að við þá yfirlýsingu sem forsrh. gaf fyrir nokkrum vikum síðan verði staðið og að þjóðin eignist nýja björgunarþyrlu innan örfárra vikna.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi mínum við efni þessarar tillögu og tel nauðsynlegt í framhaldi af því að keypt verði ný þyrla að staðsetningarmál þyrlna verði skoðuð. Ég vil einnig að sú skoðun mín komi skýrt fram að ég held að við megum ekki horfa í peninginn. Þó ég sé ekki að tala um nein ótakmörkuð fjárútlát megum við ekki horfa í peninginn þegar kemur að vörslu öryggis sjómanna okkar. Ég tel reyndar ekki vansalaust hvað það hefur dregist lengi að koma því í betra horf að við eignumst góða þyrlu með fullkomnasta búnaði til þess að sinna slíku.

Varðandi þessi staðsetningarmál er það rétt að ný þyrla getur farið bæði hraðar yfir og í gegnum miklu verri veður en sú sem við höfum núna. Það breytir ekki því að staðsetning getur skipt verulegu máli og mér finnst að sá staður sem helst kæmi til greina sem annar staður fyrir þyrlu hér á landi sé nýi flugvöllurinn á Egilsstöðum sem gæfi mjög góðan radíus yfir Norðurausturlandið og hafið norðaustur af okkur.

En það sem var aðalástæðan fyrir að ég kom hér upp er að ég held að þrátt fyrir að bráðnauðsynlegt sé að gengið verði í það strax að kaupa nýja þyrlu, þá þurfi einnig að horfa til þessara mála til lengri framtíðar. Ég minni á að hv. 1. flm. þessarar þáltill. flutti um það tillögu fyrir nokkrum þingum að það yrði kannað að koma upp alþjóðlegri björgunarsveit á Íslandi. Ég get tekið mjög undir þá skoðun og varpa því fram sem minni skoðun til áréttingar á þessu hvort við Íslendingar eigum ekki að bjóðast til að taka að okkur að reka alþjóðlega björgunarsveit fyrir flugumsjónarsvæði okkar, að svo miklu leyti sem það þykir hagkvæmt. Við eigum mjög vel menntað fólk á þessu sviði, hvort sem er tæknisviðið eða flugmenn, sem að vísu þyrfti að þjálfa upp á nýtt til að taka við þyrluflugi.

Öllum er ljóst að það eru miklar breytingar á öryggiskerfinu í heiminum þó ég tengi þetta ekki beint saman. Það er einnig ljóst að það er hagsmunamál miklu fleiri aðila en okkar Íslendinga að mjög vel sé staðið að björgunarmálum á hafinu umhverfis Ísland. Ég nefni að hér er mjög fjölfarin siglingarleið. Þetta er viðkomustaður í ferjuflugi milli heimsálfa. Mér finnst að það þyrfti að kanna hvort nágrannaþjóðir, sem eiga hagsmuna að gæta, og alþjóðastofnanir á sviði flugmála og siglingamála, mundu vilja leggja þessu máli lið með okkur og finna í því sameiginlega hagsmuni. Hvort og hvenær þetta tengdist síðan breytingum í hinu almenna öryggisgæslukerfi í heiminum væri kannski frekar seinni tíma mál.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, koma með í umræðuna, sem ég veit reyndar að hefur verið gert áður, en ég tel að margt í okkar umhverfi í dag sé þess eðlis að það sé sjálfsagt að skoða þessa hluti í þessu samhengi.

Hvort slík sveit tengdist og að hve miklu leyti hún tengdist okkar Landhelgisgæslu og vörslu þess hafsvæðis sem við ráðum yfir í dag og komum til með að ráða yfir þegar tillögur hv. 4. þm. Reykv. fá meiri hljómgrunn verður tíminn að leiða í ljós.

Flm. (Jón Kristjánsson):

Frú forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls um tillöguna fyrir góðar undirtektir og stuðning við hana. Það eru örfá atriði sem komu fram í þeirra máli sem ég vildi fjalla örlítið nánar um. Hv. 14. þm. Reykv. taldi tillöguflutninginn byggja á nokkrum misskilningi og það væri sjálfgefið þegar ný björgunarþyrla kæmi að tvær þyrlur yrðu í rekstri fyrir Landhelgisgæsluna. Ég geri mér alveg grein fyrir að það er óskastaðan en hins vegar liggur ekkert fyrir um það enn þá hvort Landhelgisgæslan fær fjárveitingar til að standa undir rekstri tveggja björgunarþyrlna og starfsemi hennar verði efld að því marki. Ef hv. þm. standa í þeirri meiningu að það sé tryggt þá held ég að þar sé um svolítinn misskilning að ræða. Það liggur ekkert fyrir um það á þessari stundu. Ég vildi að svo væri og mun styðja það. Það liggur í hlutarins eðli.

Hins vegar þarf ekki annað en lesa skýrsluna frá 1991 til þess að sjá að það eru hugmyndir uppi um nánari samvinnu við varnarliðið í þessum efnum sem rekur fjórar þyrlur og ég held að þeir eigi von á þeirri fimmtu. Ég sé ekki að það sé niðurstaða í því á þessari stundu hvor leiðin verði farin. Ef sú leið verður farin að semja við varnarliðið, eins og stjórnarstefnan virðist vera, þá vona ég, og á því byggist þessi tillöguflutningur, að það sé ekki ætlunin að hafa um alla framtíð fimm eða sex þyrlur á þessu landshorni en bæta ekki úr hinu. Það er þess vegna sem þessi tillaga er flutt, m.a. til að ýta á eftir því að þessari staðsetningu verði breytt. En það er auðvitað óskastaðan ef Landhelgisgæslan verður efld til þess að halda úti tveimur slíkum tækjum.

Ég geri mér alveg grein fyrir því líka að ný björgunarþyrla með afísingartækjum hefur miklu meiri möguleika en sú þyrla sem núna er og þarf ekki að fljúga með ströndum fram í öllum tilfellum. Það hef-

ur ekki áhrif á þetta mál. Flugtími austur fyrir land og norðaustur fyrir land er á annan klukkutíma þó flogið sé beint. Það er náttúrlega alveg ljóst að viðbragðstíminn er tiltölulega langur þrátt fyrir það. Það hefur því engin sérstök áhrif í þessu máli og engin úrslitaáhrif þó það hafi vissulega mjög mikil áhrif á getu Landhelgisgæslunnar til þess að koma bjargar í misjöfnum veðrum og það styttir vissulega viðbragðstímann ef hægt er að fljúga yfir öræfi í misjöfnum veðrum með afísingartækjum. Það er alveg ljóst og enginn misskilningur á ferðinni varðandi það.

Um það að við séum of snemma á ferðinni með þennan tillöguflutning og það liggi ekkert á vegna þess að afgreiðslutími björgunarþyrlu sé svo langur þá kemur það mér — því miður er hv. 5. þm. Reykv. farinn — á óvart að heyra það úr þessum ræðustól að það liggi ekkert á varðandi mál sem snerta björgunarþyrlur og staðsetningu þeirra. Hér hefur eðlilega verið talað þannig að það lægi á í þessum málum. Ef slík áætlun liggur fyrir áður en ný björgunarþyrla kemur þá er það vel. En því miður er reynslan sú af þessum málum í gegnum árin að margar skýrslur hafa verið framleiddar og margar nefndir hafa verið að störfum en það eina sem áþreifanlegt er í sambandi við Landhelgisgæsluna er að það hefur verið skorið niður fjármagn til hennar ár eftir ár. Í þeirri stöðu eru málin. (**Gripið fram í:** Sagði einhver að það lægi ekkert á?) Hv. 5. þm. Reykv. sagði að tillagan væri kannski heldur snemma á ferðinni. (Gripið fram í.) Hv. 5. þm. Reykv. fagnaði því að hún hefði komið en hann sagði eigi að síður að sér fyndist hún vera heldur snemma á ferðinni. En ég þakka hv. 4. þm. Reykv. fyrir öflugan stuðning við tillöguna og reyndar hv. 5. þm. Reykv. einnig.

Ég þarf í rauninni ekki að bæta miklu við þetta mál. Ég vona að þessi tillaga fái framgang. Það er rétt sem hv. 6. þm. Norðurl. e. benti á að ég flutti á Alþingi tillögu um könnun á stofnun alþjóðlegrar björgunarsveitar. Það mál var samþykkt og vísað til meðferðar hjá ríkisstjórninni. Þar var sett í gang einhver skoðun á því máli sem því miður virðist hafa dagað uppi. Sérhverju strandríki ber, samkvæmt hafréttarsáttmálanum, skylda til að stunda björgunarstörf á sínu hafsvæði. Það hafsvæði er mjög stórt, svo ekki sé meira sagt, hér á Norður-Atlantshafi. Ég held að reynslan af björgunarstörfum okkar Íslendinga við hinar verstu aðstæður sýni að við getum haft forustu um þau mál og tekið að okkur veigamikið hlutverk í því efni ef við fengjum um það samstöðu meðal nágrannaþjóða.

Það væri hugnanleg framtíðarsýn að geta leyst öll þessi mál á borgaralegum grunni en þurfa ekki að hafa samstarf við varnarliðið um málið þó þeir hafi unnið ágætt starf. Þeirra forgangsverkefni tengjast auðvitað hernum og hernaðarstarfsemi ef eitthvað slíkt væri uppi. Það er því auðvitað miklu ákjósanlegra að hægt væri að leysa þessi mál á borgaralegum grunni. Að því miðaði sú tillögugerð á sínum tíma en því miður er það svo með hana, eins og svo margt um þessi mál, að framkvæmdin gengur seint.

Guðmundur Hallvarðsson:

Frú forseti. Ég tel að hér sé athyglisverðu máli hreyft, einkum þegar haft er í huga hve sjálfsagt það er að skoða þessa hluti og gera sér betur grein fyrir hagkvæmni notkunar þessa björgunartækis og á seinni stigum þarf auðvitað að skoða hagkvæmni rekstrar. Við ætlum okkur að kaupa björgunarþyrlu sem á að vera það í orðsins fyllstu merkingu og þá er ekki óeðlilegt að það sé skoðað hvar slíkt öryggistæki er staðsett og hvar það kemur að bestum notum. Þótt tæki sé keypt dugar það ekki til eitt og sér. Það þarf líka að huga að rekstrinum en eins og ég sagði í upphafi þarf auðvitað að huga að því hvernig björgunarþyrla getur þjónað þeim tilgangi sem til er ætlast með sem hagkvæmustum og bestum hætti.

Það er rétt hjá síðasta ræðumanni að hér er ekkert smáhafsvæði sem þarf að fylgjast með, nærri 800.000 ferkílómetrar. Það tekur sinn tíma að fylgjast með því svæði ef fljúga á yfir það, hvað þá heldur ef við ætlum varðskipum okkar að ná til þess að gæta þess hafsvæðis sem við viljum, bæði með tilliti til fiskveiðilögsögunnar og ekki síst öryggis sjófarenda á hafinu kringum Ísland. Við ætlumst til þess að íslenskir sæfarendur við strendur annarra landa fái þar þjónustu á því sviði sem við erum að ræða hér um og því er ekki óeðlilegt að til þess sama sé ætlast af okkur. Því get ég fyllilega tekið undir það með flm. að það er tímabært að úttekt sé gerð á staðsetningu björgunarþyrlu.

Það er líka nokkurt umhugsunarefni fyrir okkur Íslendinga hvort við eigum ekki frekar að efna til alþjóðasamstarfs, eins og hér hefur komið fram, varðandi alþjóðabjörgunarsveit sem við ættum aðild að vegna þess að það má ljóst vera að svo fámennri þjóð sem Íslendingum gæti reynst örðugt að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til okkar hvað áhrærir björgun mannslífa á hafinu á öllu því svæði sem við þurfum að hafa nánari gætur á.

Ég ætla ekki að lengja umræðu um þetta en tel að þessi þáltill. sé hvorki of seint né of snemma fram borin. Svo mikilvægt er þetta mál og ekki eingöngu fyrir sæfarendur með tilliti til staðsetningar á einhverjum öðrum landshluta en á suðvesturhorninu vegna þess að vonandi næst gott samstarf við bandarísku sveitina á Keflavíkurflugvelli sem hefur á að skipa fjórum þyrlum eins og hér hefur komið fram áður. Það er umhugsunarefni hvernig þessum hlutum verður svo vel fyrir komið að gott þyki með tilliti til öryggis.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staða brotaþola við meðferð kynferðisbrotamála, fyrri umr.

Þáltill. ISG o.fl., 458. mál. — Þskj. 794.

Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 794 um að styrkja stöðu brotaþola við meðferð kyn-

ferðisbrotamála. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að leggja fyrir Alþingi frv. til laga um breytingu á lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, sem styrki stöðu brotaþola við meðferð kynferðisbrotamála.“

Flm. ásamt mér eru þingkonurnar Ingibjörg Pálmadóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Guðrún Helgadóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir.

Tillaga þessi er flutt til að freista þess að reka smiðshöggið á vinnu svokallaðrar nauðgunarmálanefndar sem skipuð var árið 1984 af Jóni Helgasyni, þáv. dómsmrh., í kjölfar samþykktar Alþingis á þál. frá þingkonum Kvennalistans. Átti nefndin að kanna hvernig háttað væri rannsókn og meðferð nauðgunarmála og gera tillögur til úrbóta í þeim efnum. Skilaði nefndin greinargóðri skýrslu um málið árið 1989 og gerði þar mjög ákveðnar og afmarkaðar tillögur. Af því sem framkvæmt hefur verið af tillögum nefndarinnar má nefna að á síðasta þingi voru gerðar umtalsverðar breytingar á þeim kafla hegningarlaganna sem fjallar um kynferðisbrot og þann 8. mars sl. var opnuð neyðarmóttaka fyrir fórnarlömb kynferðisbrota og annarra ofbeldisbrota. Í tengslum við hana var starfsfólki slysadeildar og Rannsóknarlögreglu boðið upp á þjálfun í meðferð slíkra mála. Er þetta hvort tveggja vissulega fagnaðarefni þó að því verði ekki á móti mælt að aðdragandinn hafi verið ansi langur.

Um fræðsluþáttinn, sem nefndin lagði mikla áherslu á, er það að segja að þar má gera mun betur, sérstaklega í grunnnámi heilbrigðisstarfsfólks og lögreglumanna þó að aukin umræða í samfélaginu um kynferðislegt ofbeldi af ýmsu tagi, innan sem utan heimilis, hafi aukið talsvert almenna þekkingu á þessum málum og breytt viðhorfum margra. Er það ekki síst að þakka frjálsum félagasamtökum kvenna sem hafa tekið þessi mál föstum tökum, svo sem Samtökum um kvennaathvarf og Stígamót. Því miður hefur þeim þó ekki enn tekist að uppræta þá fordóma sem herja á menn sem eiga að teljast sæmilega upplýstir og eru jafnvel í forsvari fyrir áhrifamiklar stofnanir svo sem Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Þetta segi ég m.a. með tilvísun til skriflegra svara sem mér bárust á síðasta þingi frá Rannsóknarlögreglu ríkisins við fyrirspurn minni um heimilisofbeldi, en mörkin milli þess og kynferðisofbeldis eru oft mjög óljós. Í því sambandi má geta þess að samkvæmt upplýsingum sem konur gefa þegar þær koma í Kvennaathvarfið, þá er nauðgun í hjónabandi ástæða fyrir komu í 84 tilvikum, sem eru 23% af skráðum komum. Hjá Stígamótum liggja fyrir upplýsingar um að þegar um nauðgun er að ræða er gerningsmaður í helmingi tilvika vinur eða kunningi og í 15% tilvika eiginmaður eða sambýlismaður. Í því sambandi verða viðhorf Rannsóknarlögreglu ríkisins að skoðast en í fyrrnefndu svari Rannsóknarlögreglunnar um heimildisofbeldi segir, með leyfi forseta:

„Niðurstaðan er sú að vandamálið samfara þessum brotum er ekki refsiréttarlegs eðlis heldur öllu fremur félagslegs eðlis. Þannig kemur í ljós að mál þessi tengjast langflest misnotkun áfengis, afbrýðisemi og félagslegum vandamálum af ýmsu tagi. Flest þessara mála teljast upplýst, þ.e. ljóst er hver sakborningur er. Hins vegar ganga mál þessi mjög á tíma og fé sem lögregla hefur til ráðstöfunar hverju sinni og væri betur varið í alvarlegri og brýnni verkefni“, segir í svari frá Rannsóknarlögreglunni.

Af þessum viðhorfum leiðir að lögregla og aðrir rannsóknaaðilar virðast ekki líta á ofbeldi á heimili, hvort sem það telst kynferðislegt eða ekki, eins alvarlegum augum og annað ofbeldi. Það er með öðrum orðum þriðja flokks og þar af leiðandi eru þau mál teljandi á fingrum annarrar handar þar sem ákæruvaldið hefur gefið út kæru í slíkum málum og farið með þau að hætti opinberra mála. Þarna er ég að tala um heimilisofbeldið.

Án efa yrðu slík mál fleiri ef fórnarlömbin nytu þeirrar lögfræðiaðstoðar sem þau þurfa svo nauðsynlega á að halda til að þekkja sinn rétt og tryggja góða meðferð sinna mála. Nauðgunarmálanefndin svokallaða lagði einmitt ríka áherslu á að koma þyrfti á þeirri nýskipan að fórnarlömb kynferðisbrota ættu fortakslausan rétt til þess að njóta endurgjaldslausrar aðstoðar löglærðs talsmanns allt frá upphafi rannsóknar og þar til meðferð málsins lýkur. Um slíkan löglærða talsmann segir m.a. í skýrslu nefndarinnar:

„Er hér ekki einungis átt við þær brotategundir sem nauðgunarmálanefnd fjallar um“ — þ.e. nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi kvenna — „heldur einnig önnur alvarleg kynferðisbrot, einkum sifjaspell og hvers konar brot gegn börnum. Í tengslum við þetta nýmæli er æskilegt að heimila jafnframt skipun talsmanns með sömu kjörum og að framan greinir í málum vegna líkamsárása og brota gegn frjálsræði manna og friðhelgi einkalífs.“

Og þeir segja: „Lögfesta þarf nýjan kafla í lög nr. 74/1974 um bæði þessi atriði.“ En það eru lögin sem þá voru í gildi. Svo segir:

„Lögfræðiaðstoð sú sem hér um ræðir er endurgjaldslaus, þ.e. þóknun talsmanns yrði greidd af ríkinu. Hins vegar er það álitamál hvort eðlilegt sé að innheimta hana af sakborningi með öðrum sakarkostnaði. Gera þarf bæði lögreglu og neyðarmóttöku skylt að benda brotaþola eða konu á rétt sinn til að fá löglærðan talsmann í síðasta lagi áður en formleg skýrslutaka af henni fer fram.“

Þetta er úr skýrslu nauðgunarmálanefndar.

Nú vil ég taka undir þessi orð og gera það raunar að aðalatriði míns málflutnings að þetta fyrirkomulag sem þarna er lýst verði tryggt í lögum um meðferð opinberra mála. Ég legg áherslu á að það nýtist ekki aðeins fórnarlömbum nauðgana heldur ekki síður þeim sem verða fyrir heimilisofbeldi af ýmsu tagi og í málum sem tengjast sifjaspellum og þar sem börn eiga fyrst og fremst í hlut.

Önnur atriði sem nefndin gerði tillögur um varðandi lög um meðferð opinberra mála varða m.a. frjálst sönnunarmat, hvenær falla megi frá málssókn, rétt

brotaþola til að með mál verði farið fyrir luktum dyrum, fréttabann á persónulegar upplýsingar af brotaþola, skýrslutöku án þess að hinn brotlegi sé nálægur og að brotaþola verði tryggð greiðsla þeirra bóta sem honum eða henni eru dæmdar. Um sönnunarmatið segir m.a. í skýrslu nauðgunarmálanefndar:

„Ekki er mælt með því að hrófla mikið við grundvallarreglum íslensks réttar um sönnun, þ.e. um sönnunarbyrði ákæruvaldsins og frjálst sönnunarmat ákæruvalds og dómstóla. Hér er þó gerð tillaga um frávik frá frjálsu sönnunarmati varðandi fyrri kynferðishegðun brotaþola að fyrirmynd margra annarra ríkja, sbr. t.d. 2. mgr. 185. gr. dönsku réttarfarslaganna. Er sönnunarfærsla um fyrri kynhegðun brotaþola þar yfirleitt útilokuð nema hún teljist hafa verulega þýðingu í máli sem til umfjöllunar er."

Um meðferð mála hjá ríkissaksóknara segir að nefndin telji æskilegt að skilgreina betur í lögum heimildir ríkissaksóknara til niðurfellingar mála. Nefndin segir reyndar að lagaákvæðin þurfi að vera almenn og taka til allra brotategunda og síðan segir:

„Enn fremur leggur nefndin til að ákæruvaldinu eða ríkissaksóknara verði gert skylt að rökstyðja niðurfellingu mála út af ætluðum hegningarlagabrotum og alvarlegum refsilagabrotum og kynna kæranda eða brotaþola niðurstöðu málsins."

Um heimildir til málsmeðferðar fyrir luktum dyrum segir að þær séu reyndar til staðar en um notkun þeirra allra fer eftir ákvörðun dómara: „Veita þarf brotaþola eða talsmanni hans í kynferðisbrotamáli skýlausan rétt til að krefjast þess að með mál verði farið fyrir luktum dyrum. Telja verður afar mikilsvert að brotaþoli geti frá upphafi treyst því að um lokað réttarhald sé að ræða og það sjónarmið eigi að ganga framar grundvallarreglunni um opinbera málsmeðferð."

Þá er hér lögð áhersla á að setja heimild í lög um skýrslutöku af brotaþola án návistar hins brotlega. Síðan segir líka um fréttabann að það eigi að setja fortakslaust fréttabann á persónulegar upplýsingar brotaþola nema knýjandi nauðsyn sé til að birta slíkar upplýsingar opinberlega.

Um tryggingu bótagreiðslna segir: „Nauðsynlegt er að mati nefndarinnar að tryggja það með einhverjum hætti að brotaþoli, kona, fái þær bætur sem dómstólar dæma henni. Sársaukaminnsta aðferðin fyrir brotaþola er sú að ríkið taki á sig að greiða slíkar bætur og endurkrefja síðan dómþola."

Síðar segir að það sé sanngjarnt að ríki taki á sig þetta aukaómak í stað þess að gera brotaþola eða konu þá auðmýkingu að þurfa að rekast í innheimtu bóta og með þessari tilhögun sýni samfélagið ákveðna viðurkenningu á því að brotið hafi verið alvarlega gegn henni og það vilji stuðla að því í verki að hún haldi reisn sinni.

Eftir að nefndin sendi þetta frá sér voru lögin um meðferð opinberra mála endurskoðuð, eða árið 1991, en því miður var ekki tekið nægilegt mið af tillögum nefndarinnar við þá endurskoðun. Þannig er nú tilgreint í lögum hvenær falla megi frá saksókn en ekki gerð krafa um annan rökstuðning en þann að í tilkynningu ákæranda skuli tiltekið við hvaða lagagrein ákvörðun um niðurfellingu styðjist. Dómari getur líka ákveðið að dómþing skuli haldið fyrir luktum dyrum, m.a. til hlífðar brotaþolum. Hann getur bannað opinbera frásögn af atriðum sem fram koma í þinghaldi. Hann getur vikið sakborningi úr þinghaldi en brotaþoli á enga kröfu eða rétt á slíkri tillitssemi samkvæmt þessum lögum. Mjög mikilvægt er að skilgreina þennan rétt með skýrum hætti í lögum svo að brotaþoli upplifi ekki dómsmeðferð málsins eins og nauðung eða andlegt ofbeldi, sem því miður eru allt of mörg dæmi um.

Virðulegur forseti. Það er mat mitt og flm. þessarar tillögu að hér sé afar brýnt mál á ferðinni sem ætti þó að vera einfalt að leysa ef vilji er fyrir hendi hjá Alþingi og ríkisstjórn. Má segja að miðað við það hversu langt er síðan nauðgunarmálanefnd skilaði sínum skýrslum, þá hafi það dregist úr hömlu.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég þakka flm. þessarar tillögu fyrir að hreyfa þessu máli á Alþingi. Það er að sjálfsögðu mikilvægt að gera sér grein fyrir og vekja athygli á því hversu mikið vandamál þarna er um að ræða og þörfin brýn að reyna að bæta úr því. Næg er ógæfa þeirra sem í þessu lenda þó að allt sé gert sem í mannlegu valdi stendur til að draga úr afleiðingunum eftir því sem kostur er. Hins vegar hljótum við öll að vera sammála um að það verður aldrei bætt fyrir það tjón sem hefur orðið í þessum tilvikum þó að reynt verði að draga úr afleiðingunum eins og ég sagði. Að í mínu mati hlýtur það að vera langmikilvægast að gera allt sem í mannlegu valdi stendur til þess að draga úr tíðni þeirra hörmulegu atvika sem oft má segja að verði í þessum málum.

Það kom fram hjá hv. frsm. að orsökin er langoftast áfengisneysla. Hér er því einu sinni enn vakin athygli á því á Alþingi hversu dýrkeypt hún er fyrir þjóðfélagið og hversu margar og slæmar afleiðingar hún hefur. Því tel ég það skyldu Alþingis og ríkisvalds að gera það sem í þeirra valdi stendur til að draga úr áhættunni. Það verður að sjálfsögðu aðeins gert á þann eina hátt að sýna það í verki að menn telji að þarna sé um mikla vá að ræða.

Eins og ég sagði áður er aldrei hægt að bæta að fullu fyrir þann skaða sem verður við ofbeldisatburði, hvers eðlis sem þeir eru. Ég vil því, um leið og ég endurtek þakklæti mitt til flm. fyrir að vekja athygli á þessu máli og skyldu þjóðfélagsins að reyna að bæta fyrir afleiðingarnar, nota tækifærið að brýna fyrir okkur öllum, flm. þessarar tillögu eins og öðrum, að leggja sitt lóð á vogarskálarnar til þess að draga úr áhættunni að svona atburðir gerist og fækka þeim eins og kostur er.

Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Suðurl. fyrir góðar undirtektir við þessa tillögu. Ég get sannar-

lega verið sammála honum um að aðalatriði í þessum málum hlýtur að vera að draga úr tíðni þessara afbrota og almennt hljótum við að geta sameinast um að það sé mjög brýnt mál að draga úr ofbeldi í samfélaginu í hvaða mynd sem það birtist. Þingmaðurinn gat þess að ég hefði sagt að orsökin væri langoftast áfengisneysla. Reyndar voru það ekki mín orð heldur las ég það upp úr svari Rannsóknarlögreglu ríkisins við fyrirspurn sem ég bar fram í fyrra um heimilisofbeldi. Það var mat Rannsóknarlögreglunnar að þar væri áfengisneysla mjög oft undirrótin. Ég veit að það er rétt. Áfengisneysla er einn orsakaþátturinn í þessu en alls ekki sá eini. Þar kemur fleira til og því miður er það allt of algengt að menn sem a.m.k. eiga að heita allsgáðir beiti ofbeldi og þá er ég ekki síst að tala þar um heimilisofbeldið.

Þá virðast ofbeldismenn líka koma úr öllum stéttum og hópum þjóðfélagsins öfugt við það sem margir álíta að óathuguðu máli. Flestir álíta að ofbeldismennirnir séu fyrst og fremst úr lægstu stéttum þjóðfélagsins eða þeim stéttum þar sem við mikil vandamál er að stríða en það er ekki svo. Þetta kom m.a. fram í Ríkisútvarpinu 8. mars sl. í viðtali sem var við starfsmann Stígamóta. Þar segir, með leyfi forseta: „Þolendur og gerendur koma úr öllum stéttum og hópum þjóðfélagsins. Athygli vekur að gerendur eru í sumum tilfellum mjög ungir, jafnvel allt niður á grunnskólaaldur.“ — Þá er verið að tala um nauðgunarmál. — „En miðað við erlendar rannsóknir má ætla að fjölmörg mál af þessu tagi liggi í þagnargildi en þær benda til að á milli 10 og 20% kvenna verði fyrir kynferðisofbeldi á ævinni. Þá er talið að um fjórðungur fórnarlamba kynferðisofbeldis séu karlar en aðeins tæp 6% þeirra sem leituðu til Stígamóta í fyrra voru karlar.“ Svo virðist sem karlar sem verða fyrir kynferðisofbeldi, og þá eru það sjálfsagt oftast ungir drengir, eigi sér einhvern veginn ekkert athvarf í þessum málum eða lítið skjól. Mér segir svo hugur að að hluta til geti það stafað af því hvernig farið er með þessi mál í réttar- og dómskerfinu. Þar sé brotaþolum í slíkum málum ekki sýnd nægileg tillitssemi.

Svo ég nefni eitt dæmi enn um það hvernig þessum málum er háttað þá er sláandi að lausleg skoðun sýnir að nú þegar hafa komið jafnmargar konur í Kvennaathvarfið það sem af er þessu ári og nánast allt árið 1990 og ekki er liðinn nema fjórðungur þessa árs. Ég ætla ekki að fara með neinar tölur í þessu sambandi en þetta virtist fljótleg skoðun sýna hver svo sem ástæðan er fyrir því. Ekki eru til skýringar á því hvað veldur, hvort sem það er sú kreppa sem við eigum við að etja núna eða meiri umræða. Auðvitað er mjög alvarlegt mál ef það er svona mikið ofbeldi í samfélaginu sem hefur þá í rauninni verið dulið um nokkurn tíma.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég held að ég hafi komist einhvern veginn þannig að orði að afleiðing áfengisneyslunnar hefði komið fram í ræðu hv. frsm. og ég fékk reyndar að kynnast því sama í svo mörgum myndum á meðan ég var dómsmrh. Þá var það sama skýringin hjá mjög mörgum. Vitanlega er mér ljóst að ofbeldi á auðvitað fleiri orsakir, að minnsta kosti hefur mér verið mjög hugsað til þess þegar sum kvöldin er ekki hægt að kveikja á sjónvarpi án þess að sjá alla þá ofbeldiskennslu sem þar fer fram. Hætt er við að hún hafi býsna mikil áhrif og einmitt meiri áhrif þegar dómgreindin er orðin eitthvað sljó hjá þeim sem freistast svo til að taka sér hana til fyrirmyndar. Ég held að þó við vitum að hægt sé að rekja þessi verk til fleiri róta en áfengisneyslunnar einnar á hún samt sem áður svo ríkan þátt að ekki megi sætta sig við að gera ekki neitt af því að það eru fleiri orsakir. Ég vil leggja áherslu á þetta en ég held að við hv. flm. séum sammála um vanda málsins.

Mér finnst að það sem hv. frsm. sagði um fjölda þeirra sem leita til Stígamóta sýni hvern rétt á sér sú þáltill. á sem ég hef flutt hér á Alþingi ásamt fleiri hv. þm. Nú nýverið er búið að vísa til nefndar um neyðarráðstafanir gegn áfengisneyslu og hversu þörfin er brýn nú. Ég held að a.m.k. flestir viðurkenni að atvinnuleysið eykur bæði á hættuna á misnotkun áfengis og þessum afleiðingum. Við slíkar aðstæður í þjóðfélaginu er þörfin fyrir slíkar ráðstafanir náttúrlega enn þá brýnni en nokkru sinni fyrr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiðiheimildir í lögsögu annarra ríkja, fyrri umr.

Þáltill. ÖS og KSG, 267. mál. — Þskj. 357.

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. sem ég flyt ásamt hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni þar sem ríkisstjórninni er falið að kanna möguleika okkar Íslendinga á veiðiheimildum í fiskveiðilögsögu annarra ríkja, einkum þeirra sem eiga lögsögu í Barentshafi auk annarra þjóða í Suður-Ameríku, Asíu og Afríku.

Markmið tillögunnar ætti í sjálfu sér að vera öllum ljóst. Við vitum öll að íslenski flotinn er of stór miðað við afrakstursgetu miðanna og þróun helstu nytjastofna okkar síðustu árin og raunar hafa spár um nánustu framtíð því miður leitt til þess að umframgeta flotans hefur aukist. Þróun í útgerð hefur því orðið þannig að menn hafa freistað þess að sameina veiðiheimildir á æ færri skip til að auka arðsemi veiðanna. Af þeim sökum falla sífellt til fleiri skip sem hafa ekki nein verkefni hér við land. Útgerðin jafnt sem stjórnvöld hafa talið þjóðhagslega hagkvæmt að reyna að draga úr veiðigetu flotans með því að fækka skipum. Hið opinbera hefur þannig reynt að örva og aðstoða útgerðina við að úrelda skip. Skemmst er að minnast þess að með lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, sem samþykkt voru á síðasta þingi, var framlag til úreldingar aukið. Einnig hefur komið fram hjá stjórnvöldum að í tengslum við mótun nýrrar sjávarútvegs-

stefnu fyrirhuga stjórnvöld að hvetja enn frekar til úreldingar með því að hækka úreldingarstyrkina. Því er engum efa blandið að á næstu árum mun verkefnalausum skipum fjölga hér við land. Markaðurinn er hins vegar afskaplega lítill fyrir skip af þessu tagi. Nágrannaþjóðirnar eins og til að mynda Færeyingar og Norðmenn búa yfir talsverðum flota ónýttra skipa og fregnir um 40% samdrátt veiðiheimilda í löndum Evrópubandalagsins þrengja vitaskuld enn svigrúmið til að selja ónýtt skip.

Hins vegar er ljóst að í þeim skipum sem við höfum ekki verkefni fyrir hér heima liggja eigi að síður mikil verðmæti. Það má spyrja: Eigum við að líta á þessi skip, þessi verðmæti, sem offjárfestingu sem ómögulegt er að nýta eða eigum við þrátt fyrir allt að reyna að skoða þau sem auðlind sem gæti vissulega skilað okkur einhverju til baka? Ég tel sjálfur að ekki eigi að líta á þessi skip sem ónýtt járnadrasl sem engum nýtist nema útlendum stálbræðslum. Ég held að við höfum hér líka vísi að eins konar auðlind sem hægt er að virkja. Hins vegar er algerlega undir okkur sjálfum komið hvort það tekst. Ég tel hins vegar að ekki sé mikill vafi á því að með því að nota tengsl okkar við ríki sem búa við vanþróaðan sjávarútveg takist okkur smám saman að finna einhverjum hluta þessara skipa verkefni á erlendum miðum. Ég vek athygli á því, virðulegur forseti, að í tillögunni felst raunar meira en það eitt að finna ónýttum skipum verkefni erlendis. Fyrir íslenskt atvinnulíf er miklu meira í húfi en það eitt þó vissulega sé það byrjunin.

Við skulum aðeins skoða hvar möguleikar á veiðiheimildum kynnu að liggja erlendis. Slíkir möguleikar liggja fyrst og fremst í löndum þar sem atvinnulíf er verulega vanþróað og í mikilli fjármagnsþörf og þar sem veiðar og vinnsla eru lítt þróuð. Takist okkur Íslendingum að finna skipum verkefni á slíkum svæðum er alveg ljóst að það kemur fleira á eftir. Það þarf að manna skipin með þjálfuðum sjómönnum og fyrst um sinn yrðu þeir vitaskuld íslenskir. Líka þarf að vinna fiskinn. Í fæstum þessara landa er hins vegar að finna fiskvinnslustöðvar sem standast nútímakröfur. Í sumum tilvikum þarf að reisa þær frá grunni, þekkingin og tæknin kæmi þá væntanlega frá Íslandi líka. Þá er eftir að selja fiskinn og Íslendingar með alla sína þekkingu á markaðnum og pottþétt dreifikerfi um allan heim fengju væntanlega líka það verkefni. Það má minna á það, virðulegur forseti, að einmitt þessa þekkingu hafa Kamtsjatka-menn keypt og eru í vaxandi mæli farnir að nota þjónustu og þekkingu Íslendinga á fiskmörkuðum heimsins til að selja fyrir sig afurðir. Það er því er afar líklegt að þátttaka íslenskra skipa í veiðum í lögsögu þeirra þjóða, sem eru sérstaklega tilgreindar í tillögunni, mundu um síðir leiða til sölu á þekkingu, þjónustu og tækjum og gæti þess vegna að ýmsu leyti orðið verulegur stuðningur við innlendan sjávarútveg og ekki síður við þann þátt sjávarútvegs sem felst í framleiðslu á vélbúnaði sem tengist greininni. En sú iðngrein hefur vaxið verulega á síðustu tíu árum þrátt fyrir að stuðningur hins opinbera við hana hafi stundum verið minni en enginn.

Ég hygg að þátttaka Íslendinga í veiðum með þessum hætti yrði væntanlega þannig að úrelt skip yrðu lögð sem framlag inn í ný félög sem yrðu stofnuð til að nýta vannýtt mið á viðkomandi svæðum. Ef að líkum lætur yrði vinnslan einnig á höndum sömu fyrirtækja og því yrðu hæg heimatökin að tryggja hagsmuni Íslendinga þegar kemur að því að fjárfesta við uppbyggingu vinnslustöðvanna. Vert er að árétta að innan greinarinnar á Íslandi er verulegur áhugi á málinu. Þannig liggur fyrir að hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna er þegar búið að skrá 40 skip sem menn eru reiðubúnir að leggja til verkefna af þessu tagi á erlendum hafsvæðum.

Í tillögunni leggjum við flm. sérstaka áherslu á að kannaðir verði möguleikar á veiðiheimildum í Barentshafi. Þetta er afar mikilvægt í ljósi þess að þar eru nú nytjastofnar í afskaplega örum vexti og ég tel að það skipti miklu máli fyrir Íslendinga að okkur takist með einhverjum móti að tryggja okkur hlutdeild í þeim miðum. Gleymum því ekki að Barentshafið var frá fornu fari ótrúleg matarkista. Áður en saman fóru breytingar í umhverfi sjávar þar og rányrkja var þorskstofninn þar að meðaltali um 20 ára skeið geysilega stór eða tvær til þrjár milljónir tonna. Rányrkjan og breytingar í sjónum leiddu hins vegar til þess að hann hrundi. Hann fór um skeið niður í 170 þús. tonn. En á tímabili nam þorskafli meira en milljón tonnum á ári milli áranna 1968 og 1974 veiddu menn úr Barentshafi þrisvar yfir milljón tonn. Nú er aftur kominn mikill vöxtur í þorskstofninn í Barentshafi. Afli hefur aukist úr 170 þús. tonnum 1989 upp í 380 þús. tonn í fyrra og því er spáð að fyrir lok þessarar aldar verði aflinn e.t.v. 600–800 þús. tonn. Því skiptir miklu máli ef okkur tækist með einhvers konar samningum að komast með litlu tána inn á þessi svæði þegar kvótinn fer aftur að aukast. Við skulum heldur ekki gleyma þeim möguleikum, virðulegur forseti, sem felast í næsta nágrenni okkar við Grænland. Gleymum því ekki að fyrir tiltölulega fáum áratugum voru geysilega sterkir þorskstofnar við Grænland, bæði við Austur- og Vestur-Grænland. Vestur-Grænlandsstofninn var reyndar svo sterkur að fyrir 1960 veiddu menn þar um 400.000 tonn af þorski á ári. Nú eru Grænlendingar að selja Evrópubandalaginu kvóta úr þeim litla stofni sem þar má veiða og ég spyr: Hvers vegna í ósköpunum skyldu Íslendingar ekki freista þess að gera það líka. Ég minni á að fyrir eitt íslenskt línuveiðiskip, Lísu Maríu frá Ólafsfirði, hefur tekist að fá þar veiðileyfi.

Ég hygg þó að mestu möguleikarnir kunni að liggja á hafsvæðum í fjarlægum heimsálfum. Miklir vannýttir fiskstofnar eru fyrir ströndum margra ríkja í Suður-Ameríku, í Afríku og Asíu auk þeirra ríkja sem áður tilheyrðu hinum hrundu Sovétríkjum. Flest þessara ríkja eiga það sameiginlegt að þau eru fyrst og fremst að nýta stofna sem eru á grunnslóð. Þau hafa gripið til þess ráðs að reka erlenda flota sem hafa verið að veiða á djúpslóðinni út úr landhelginni sem þau færðu út í 200 mílur að fordæmi Íslendinga. Innan þessara ríkja hefur til skamms tíma verið ríkjandi það viðhorf að hleypa ekki útlendingum inn fyrir lögsöguna en nú hef-

ur það verið að breytast. Ráðamenn í þessum ríkjum gera sér grein fyrir því að með því að fá útlendinga til samstarfs þá fylgja í kjölfarið rannsóknir á djúpslóðinni, uppbygging í landi, fjármagn, tækni og þekking. Þannig hefur það gerst að núna eru ýmis þessara ríkja, til að mynda í Suður-Ameríku, að leita eftir samstarfi við fiskveiðiþjóðir heimsins til að kanna hvað er að gerast á djúpslóðinni. Ég get tekið dæmi eins og Kólumbíu þar sem eru einungis nýtt grunnmið. Kólumbíumenn fengu Portúgala til að kanna djúpslóðina og komust að því að þar er gnótt bolfisks. Þeir hafa hins vegar engin skip til að nýta djúpslóðina. Fyrir örfáum árum leituðu þeir eftir aðstoð einkaaðila frá Íslandi til að byggja upp þessa grein. Það vill einmitt svo til að þar hefur Íslendingur um áratugaskeið verið í lykilstöðu í stjórnkerfi sjávarútvegsins. Það tækifæri tókst hins vegar ekki að nýta. En það má benda á fleiri svæði eins og Mexíkó. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson fór til Mexíkó í fjármálaráðherratíð sinni og opnaði þar ákveðin sambönd. Því var fylgt eftir af hæstv. sjútvrh., Þorsteini Pálssyni, og það liggur fyrir að verulegur áhugi er á því í Mexíkó að fá íslenska þekkingu til þess að nýta mið og til þess að byggja upp fiskiðnað þar í landi.

Ég tel mikilvægt í þessu sambandi, virðulegi forseti, að minna á það að Íslendingar hafa staðið sig bærilega í að veita ýmsum vanþróuðum þjóðum aðstoð á sviði uppbyggingar sjávarútvegs. Með því erum við ekki bara að veita þessum þjóðum aðstoð, við erum líka að skapa viss sambönd. Þessi sambönd munu nýtast okkur vel þegar kemur að því að leita eftir veiðiheimildum og frekari sölu á tækni og tækjum til þessara ríkja.

Ég vil líka í þessu sambandi minna á umræða hefur farið fram um að reisa alþjóðlegan sjávarútvegsskóla á Íslandi. Ég minni á hversu vel hefur tekist til með alþjóðlegan jarðhitaháskóla sem er rekinn hér og hefur leitt til þess að náðst hafa ýmis verkefni í fjarlægum heimsálfum einmitt á sviði jarðhita. Hvers vegna ekki líka á sviði sjávarútvegsins? Ég tel að þetta yrði fjárfesting sem mundi skipta nokkru máli og borgaði sig þegar fram í sækir.

Auðvitað má spyrja sem svo, virðulegi forseti: Hvers vegna ætti það að vera á könnu ríkisins að leita hófanna með veiðiheimildir fyrir íslensk skip í erlendri lögsögu? Er ekki réttara að láta fyrirtækjunum eftir að spreyta sig á því sjálf? Þau sem teldu sig hafa ábata af því mundu þá væntanlega kanna þessa möguleika sjálf og leggjast síðan í nýtt landnám.

Ég bendi á að tillagan gerir einungis ráð fyrir að ríkisstjórnin kanni möguleika á veiðiheimildum erlendis með beinum viðræðum við aðrar ríkisstjórnir eða í sumum tilvikum með því að láta sendimenn sína kanna undirtektir hjá stórum fyrirtækum sem hafa orðið til til að mynda í ýmsum ríkum gömlu Sovétríkjanna. Fyrirtækin mundu síðan sigla í kjölfar ríkisstjórna og sendimanna þess og freista samninga á grundvelli þeirra sambanda sem eru opnuð þannig.

Ég tel, virðulegur forseti, að atbeini ríkisins sé nauðsynlegur á þessu sviði. Ég vil benda á að Danir, sú nágrannaþjóð sem á síðustu árum hefur náð einna bestum árangri í öflun nýrra markaða fyrir framleiðslu sína, hefur sérstaka deild á snærum danska utanríkisráðuneytisins sem starfar einvörðungu að því að leita uppi tækifæri, möguleika sem síðan er komið á framfæri við atvinnulífið. Ég minnist þess þegar fulltrúi dansks iðnaðar kom hingað til lands fyrir nokkrum árum taldi hann þetta ómetanlegt fyrir fyrirtækin sem hefðu ekki alltaf bolmagn til þess að finna sjálf hentug svæði til þess að fjárfesta í. Hann taldi þetta eina arðbærustu fjárfestinguna sem Danir hefðu lagt í fyrir útflutningsiðnað sinn. Það sama gildir auðvitað líka um íslenskan sjávarútveg. Hann hefur tiltölulega lítið bolmagn til að kanna möguleika sem kunna að vera fólgnir í fjarlægum svæðum. Ríkisstjórnin hefur hins vegar í gegnum það kerfi sem hún hefur byggt upp í gegnum utanríkisþjónustuna miklu betri tækifæri til þess. Ekki einungis þó með því að beita sendiráðum sínum heldur líka með því að senda sérfræðinga í vettvangskannanir og afla upplýsinga í gegnum þá menn sem hún hefur stundum kostað til vinnu í sambandi við þróunaraðstoð. Ég bendi á nýlegt dæmi þar sem slík aðstoð hefur skilað talsverðu og það eru þau tengsl sem sköpuðust við Namibíu en starfið þar hefur einmitt leitt til þess að þar eru að opnast möguleikar sem virðast a.m.k. við fyrstu sýn vera giska miklir fyrir íslensk sjávarútvegsfyrirtæki. Ég bendi líka á að ríkisstjórnin hefur veitt talsverða fjármuni til að aðstoða sjávarútveg vanþróaðra ríkja, til að mynda Eystrasaltslönd og Kamtsjatka, og kostað nokkurn hóp manna til að koma hingað og fullnema sig í fiskvinnslu. Ríkisstjórnin og Íslendingar njóta því vildar hjá þessum þjóðum og ríkisstjórnin er þess vegna í aðstöðu til að þrýsta á um að Íslendingar umfram aðrar þjóðir eigi kost á að nýta þá vannýttu stofna sem þessar þjóðir hafa innan lögsögu sinnar.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson, besti dómarinn um það hvort ríkisstjórnin eigi að beita sér í þessum efnum er vitaskuld greinin sjálf. Mig langar því að vitna til viðtals við Magnús Gunnarsson, páv. framkvæmdastjóra Samtaka atvinnurekenda í sjávarútvegi, sem birtist í Morgunblaðinu 16. mars á síðasta ári. Þar ræðir Magnús för íslenskra stjórnmálamanna til Kamtsjatka og ferð aðstoðarmanns utanrrh. til Suður-Afríku. Um þetta segir Magnús Gunnarsson, með leyfi forseta: „Það er mjög ánægjulegt þegar opinberir aðilar, hvort sem það eru alþingismenn, embættismenn eða ráðherrar, taka þátt í þessu starfi sem þessir tveir menn hafa gert. Ég vildi persónulega sjá mun meira af slíkri þátttöku stjórnmála- og embættismanna.“ Enginn þarf því að ganga gruflandi að afstöðu sjávarútvegsins til þessara mála.

Virðulegi forseti. Ég hef í þessari ræðu dregið upp þá möguleika sem ég tel felast í því að afla veiðiheimilda í lögsögu erlendra ríkja. Ég vil hins vegar árétta að hér er ekki um neina allsherjarlausn að ræða fyrir vanda íslensks sjávarútvegs, þ.e. þann hluta vandans sem hann glímir við í gervi ónýttra veiðiskipa. Það er auðvitað líka ljóst að það mun taka tíma til að vinna þetta upp. Hér er ekki um að ræða neina allsherjarlausn sem næst á örskotsstundu en samþykkt þessarar

tillögu gæti hraðað því allverulega að íslenskir útvegsmenn fetuðu í fótspor forvera sinna sem gjarnan höfðu þann hátt á þegar afli brást hér við land að leita á ný mið, við Nýfundnaland, við Grænland og enn í dag er að finna þar gjöful mið sem bera nafn íslensku frumkvöðlanna, manna sem fóru í nýja landvinninga. Það er einmitt það sem ég vil leggja til með þessari tillögu.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft máli sem er allrar athygli vert og nauðsynlegt að við skoðum mjög ítarlega vegna þess að það felur í sér ábendingar um hugsanleg sóknarfæri fyrir okkar íslenska sjávarútveg sem er í mjög þröngri stöðu eins og við þekkjum til. Kosturinn sem ég hygg að kunni einna helst að felast í þessu er sá að ef vel tekst til um það að Íslendingar eignist möguleika á því að veiða í lögsögu annarra ríkja, þá skapast möguleikar á því að nýta þá umframgetu sem kann að vera í íslenska skipaflotanum miðað við eðlileg aflabrögð. Nú er þess að geta að þau aflabrögð sem við höfum horft upp á upp á síðkastið eru fullkomlega óeðlileg og miklu lakari en við eigum að venjast og þess vegna má segja sem svo að við þessar aðstæður sé umframgeta íslenska skipaflotans minni en oft áður. Menn sem hafa verið að reikna það að umframgetan sé kannski 30–50% hafa augljóslega á röngu að standa við þær kringumstæður sem nú eru ríkjandi.

Það breytir því hins vegar ekki að við allar eðlilegar aðstæður er þessi umframgeta fyrir hendi og ég held að það sé rétt sem fram kemur í þáltill. að þarna kunni að vera nýir möguleikar fyrir okkur til þess að nýta, í fyrsta lagi þessi skip og í öðru lagi, sem skiptir miklu meira máli þegar til lengri tíma er litið, þeir möguleikar sem við höfum til að nýta þá margvíslegu þekkingu sem býr í fólkinu sem starfar við íslenskan sjávarútveg, hvort sem það er við veiðarnar, vinnsluna, söluna eða tæknina eða þá vísindalegu þekkingu sem hefur gert íslenskan sjávarútveg að þeim fremsta í heiminum.

Ég vil benda á að það er ýmislegt að gerast í þessum efnum hér á landi. Þrátt fyrir þær aðstæður sem við búum við og þrátt fyrir þá þröngu fjárhagslegu og efnahagslegu stöðu sem íslenskur sjávarútvegur er í eru ótrúlegustu hlutir að gerast einmitt á þessum vettvangi. Maður getur vel ímyndað sér að við þær aðstæður þar sem íslenskur sjávarútvegur er í óskaplega djúpri kreppu og erfiðri lægð þá mundi það hafa þau áhrif að síst af öllu mundu menn horfa til fjarlægra miða um veiðar eða þátttöku í sjávarútvegi í erlendum ríkjum. Þess vegna er það ótrúlegt en satt og ánægjulegt um leið að hugsa til þess að slík ævintýri eru einmitt að gerast þessa dagana. Ég bendi í fyrsta lagi á að Grandi hf., eitt stærstsa og myndarlegasta sjávarútvegsfyrirtæki okkar Íslendinga, fjárfesti í sjávarútvegsfyrirtæki í Chile og haslaði sér þar með völl í heimsálfu þar sem við höfðum áður ekki haft beina þátttöku í sjávarútvegi. Ég bendi á það sem nýlegast var að gerast í þeim efnum, þ.e. kaup Útgerðarfélags Akureyringa á meiri hluta hlutabréfa í Mecklenburger Hochseefischerei sem um leið er nýr vaxtarbroddur í okkar sjávarútvegi og möguleika sem þar eru að skapast á því að Íslendingar fái aukna verðmætasköpun og aukna vinnu inn í landið.

Loks vil ég nefna það, sem fram kom í máli hv. 1. flm. þáltill., þá samvinnu sem hugsanlega kann að vera að takast með okkur og Namibíumönnum sem flestir þeir, sem hafa skoðað þessi mál og geta kallast kunnáttumenn á þessu sviði, telja að lofi mjög góðu.

Ég vil hins vegar ítreka það sem hv. 1. flm. sagði að ég held að það sé mikil ástæða til þess að gjalda varhug við því að ætla að í þessu felist einhver töfralausn, einhver atvinnulegur kínalífselexír fyrir íslenskan sjávarútveg. Það er víðs fjarri. Hins vegar kann þarna að vera um að ræða mjög þægilega, góða og nauðsynlega viðbót fyrir okkur og þess vegna þurfum við mjög að hyggja að þessu máli.

Ég held að aðalþröskuldurinn í vegi okkar sé hin veika fjárhagsstaða íslensks sjávarútvegs og einmitt það muni verða til þess að draga mjög kjarkinn úr þeim sem stjórna sjávarútvegsfyrirtækjunum. Menn sjá einfaldlega ekki möguleikana á því að taka þátt í svo mikilli áhættustarfsemi sem í því felst að senda skip á fjarlægar slóðir. Þess vegna held ég að það sé rétt sem hv. 1. flm. sagði að það eru rök fyrir því að ríkið komi að þessu með einhverjum þeim hætti sem lagt er til í þáltill. Enda held ég að í því geti líka falist verulegt og mikið hagræði vegna þess að um leið og það gerist má segja að hér sé á ferðinni ódýrasta leiðin og sú skynsamlegasta til úreldingar á íslenskum fiskiskipum sem við erum hvort sem er að leggja fé í í gegnum Hagræðingarsjóð og Úreldingarsjóð eins og allir vita að gerist á ári hverju.

Þess vegna held ég að það séu fyllilega rök fyrir því að ríkið komi að þessu máli þó ég haldi hins vegar að þegar til framhaldsins kemur og þegar til þess kemur að fara að vinna áfram með útlendingum að uppbyggingu sjávarútvegs í fjarlægum ríkjum, þá verði sú uppbyggingarvinna öll að fara fram á vettvangi starfsgreinarinnar sjálfrar. Ég held að það sé mjög varhugavert að ætla það að sú vinna geti farið fram óðruvísi en þannig að hún byggist einmitt á því að þeir sem mesta hafa þekkinguna skili henni út um allar álfur, til fjarlægra landa, þar sem menn eru að sækjast eftir þessari þekkingu.

Ég held að það sé ástæða til þess að vekja líka athygli á því, sem hv. flm. nefndi raunar í sinni ræðu, sem er hinn mikli og góði orðstír sem íslenskur sjávarútvegur hefur skapað sér. Íslendingar sem starfa erlendis hafa verið að geta sér mjög gott orð fyrir þekkingu sína á þessum sviðum og fyrir þá hæfileika sem þeir eru búnir. Ég nefni í þessu sambandi sérstaklega viðtal sem blaðið Dagur átti á föstudaginn var við Svein Ingólfsson, forstjóra Skagstrendings, sem hefur haft frumkvæði og með öðrum forustu um að efla samstarf við Namibíumenn sem ég nefndi áðan. Í viðtalinu segir Sveinn, með leyfi virðulegs forseta:

„Namibíumenn leita til Íslendinga vegna þess að þeir Íslendingar sem vinna þarna úti á vegum Þróun-

arsamvinnustofnunarinnar hafa kynnt sig ákaflega vel og unnið þarna gott starf."

Þetta held ég að sé einmitt mikil áréttíng á því hversu vel hefur tekist til víðast hvar þegar Íslendingar hafa komið að því að styðja við sjávarútveg í fjarlægum ríkjum.

Ég vil líka nefna það, sem einnig kom fram í máli hv. 1. flm. og ég held að skipti mjög miklu máli, að stundum hefur verið bent á þá möguleika sem í því kunna að felast fyrir Íslendinga að taka að sér sölu og markaðssetningu á sjávarafurðum. Sannleikurinn er sá að þó oft hafi blásið ýmsir vindar um sölukerfi íslensks sjávarútvegs þá er það sönnun þess hversu vel hefur tekist til um sölu á íslenskum sjávarafurðum að fjölmargar útlendar þjóðir hafa leitað til þessara íslensku sölusamtaka vegna þess að þeim er best treyst til þess að selja vörur við erfiðar aðstæður. Ég nefni sem dæmi Færeyinga og ég nefni líka sem dæmi að íslensku sölufyrirtækin í Bandaríkjunum hafa selt mjög mikið af fiski frá öðrum þjóðum í gegnum sitt sölukerfi erlendis.

Ég held þess vegna að þegar allt er tekið saman þá séu miklir möguleikar á því fyrir okkur Íslendinga að hasla okkur völl í þessum efnum erlendis og það geti komið að margvíslegum notum. Ég árétta að ég tel nauðsynlegt að menn átti sig á því að hér er um vandasamt verk að ræða sem að mörgu leyti kann að vera ofviða mörgum íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum en í þessu eru möguleikar þó við skulum ekki ofmeta það sem þarna kann að búa.

Útbýting þingskjala:

Lífeyrisréttindi hjóna, 499. mál, frv. GHall o.fl., þskj. 851.

Ráðstafanir til að efla fiskeldi, 513. mál, þáltill. GuðmS o.fl., þskj. 870.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Mér finnst að þessi fundur sé að verða nokkuð merkilegur þótt fámennur sé. Hér eru rædd ein mikilvægustu málin sem við eigum við að glíma en skemmtileg málefni sem framtíðin ber í skauti sér. Ég lýsi með mikilli ánægju yfir stuðningi við þau mál sem hér eru til umfjöllunar, fleiri en eitt og fleiri en tvö, raunar kannski fimm. Fyrst var það efling Landhelgisgæslunnar og björgunarþyrla sem er hvort tveggja í senn til þess vaxið að efla okkar auðlegð úr hafinu og ekki síður að vera björgunartæki sem auðveldar okkar sjósóknarmönnum að stunda sína atvinnu. Síðan er málið sem núna er til umfjöllunar, þ.e. veiðiheimildir í lögsögu annarra ríkja, og svo koma hér mál eins og könnun á nýtingu ígulkera, tvær tillögur raunar um það efni. Síðan komum við til vatnafiskanna, endurreisn urriðastofnsins o.s.frv.

Ég þakka frsm. og flm. fyrir hans innlegg hér og ekki síður síðasta ræðumanni, Einari Guðfinnssyni, því báðir tala þeir af mikilli þekkingu og reynslu og að sumu leyti af dýrkeyptri reynslu. Ég veit að hún hefur verið það en til þess eru erfiðleikarnir að sigrast á þeim og á þessu sviði blasa tækifærin alls staðar við.

Að því er varðar veiðar í efnahagslögsögu annarra ríkja þá er það ekki einungis í efnahagslögsögunni sem hægt er að auka fiskveiðar, því það er svo í hafréttarsáttmálanum, sem menn gleyma oft, að það er ekki einungis að mönnum beri að fara vel með þá auðlegð sem er í hafinu, þ.e. verndun og ræktun, það er frumskilyrðið, heldur er líka skylt að nýta auðlegðina fyrir fátækar þjóðir, fyrir sveltandi mannkyn. Það er ekki síður á þeim vettvangi og með því hugarfari sem við eigum að starfa að okkar ræktunarstörfum, verndunarstörfum og vísindastörfum þar sem þekkingin á notkun veiðarfæra og allra handa hjálpartækja er kannski mikilvægasta vopnið sem við höfum í hendi okkar.

En hitt er ég kannski ekki alveg eins viss um að sé gleðiefni sem hv. þm. Einar Guðfinnsson aðeins drap á, að við förum að selja útlendingum veiðiréttindi. Við getum veitt sjálfir hvort sem það er beint eða óbeint. — Var það ekki rétt skilið að Þjóðverjarnir mundu sækja um einhver veiðiréttindi hér? Vonandi hef ég misskilið það. Þá tek ég það aftur með mikilli ánægju og endurtek að það stendur alls ekki til að íslenskir aðilar fari að leiða útlendinga inni í okkar fiskveiðilögsögu sem er miklu meiri en 200 mílurnar af því að menn eru alltaf að gleyma því að okkar veiðiréttur nær 350 mílur út af Reykjanesi. — Karl Steinar Guðnason lítur nú upp og ég endurtek að Reykjaneshryggurinn er kannski einna dýrmætastur og hann þurfum við að nýta og varðveita út í 350 mílur. Eins þurfum við að fara að nýta okkar auðlegð og Hatton-Rockall svæðinu öllu.

Þetta eru draumar sem við getum látið rætast á næstu árum, ekki áratugum. Ég held það sé ekkert of í lagt að telja að við eigum ónýtta stofna sem svara til allra þeirra stofna sem við nýtum. Kannski meira. Og með ræktunarstörfum auðvitað miklu meira þegar fram í sækir.

Ég gat ekki annað en fengið að segja þessi fáu orð þó liðið sé á dag. Það er svo þægilegt þegar maður getur vitnað til annarra manna sem hafa miklu meiri þekkingu en maður sjálfur og endurtekið það beint og óbeint sem þeir sögðu. Það er nú oft svo að það er frekar hlustað á það sem fleiri en einn taka undir. Þá fara menn að hugsa: Er kannski eitthvert vit í þessu sem alltaf er verið að kjafta um? Er þetta ekki allt saman della? Er það sem þessir tveir menn sem töluðu áðan voru að segja kannski tóm vitleysa? — Nú lítur hv. þm. Stefán Guðmundsson upp. Ég veit hvað hann mundi segja. Hann er alveg sammála mér um allt það sem við kemur veiðum, verndun, ræktun og nýtingu fiskstofna og auðvitað krabbadýra og allra þeirra lífvera sem í og á botninum eru sem eru fjölmargar og menn vita ekki tölu á þeim en þarna eru fullt af sjávardýrum, lífverum sjávarins, sem eru í hæsta verðflokki. Kannski er erfitt að ná þeim enn þá en fiskar finnast líklega á 3.000 m dýpi. Er það ekki, hv. þm. Össur Skarphéðinsson? Það er kannski ekki gott að nýta þá alla strax en þar eru slík ógrynni af auði og ekki síst á okkar miðum fyrir margra hluta sakir.

Frá náttúrunnar hendi er það svo að við eigum þetta gífurlega stóra hafsvæði sem byggist á náttúrulegri framlengingu landgrunnsins, „natural prolongation", á

þessu svæði heimsins sem er allt saman með miðpunkt á Íslandi. Við stöndum upp úr sjónum og eigum þess vegna framlenginguna á alla vega norður á pól, 350 mílur út af Reykjaneshrygg, 600 mílur á Hatton-Rockall svæðinu og svo mætti lengi telja. Það eru líka hafsbotnsréttindi á hafinu milli Noregs og Íslands sem eru utan 200 mílnanna. Það sömdum við um fyrir nokkuð mörgum árum síðan. Allt þetta hefur verið í gangi en ótrúlegt hvað menn hafa getað stungið upp í eyrun. Æ ofan í æ og sagt: Við getum ekkert gert. Rangtúlkað allt eðli hafréttarsáttmálans alveg eins og mönnum dettur í hug og segja svo: Þetta er bara kjaftæði í einstökum mönnum. Þeir vita ekkert hvað þeir eru að segja. En við vitum það samt og rétturinn er okkar. Það verður ekki dulið mikið lengur og það verður ekki látið afskiptalaust.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að reyna að leiðrétta þann misskilning sem virtist komast á þegar ég nefndi þá möguleika sem gætu falist í kaupum Útgerðarfélags Akureyringa á meiri hluta í þýska fyrirtækinu Mecklenburger Hochseefischerei og að þá hefði ég á einhvern hátt verið að vísa til þess að það þýska fyrirtæki fengi sérstakar veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu. Það var ekki það sem ég átti við heldur hitt að ég tel að með þessum kaupum styrki Útgerðarfélag Akureyringa í senn sína stöðu sérstaklega og jafnframt hitt, sem kannski er enn þá mikilvægara, að með þessum hætti er væntanlega hægt að flytja hluta þeirrar vinnu sem unnin er erlendis til landsins. Eftir því sem ég skil best eru áform Útgerðarfélags Akureyringa þau að þetta þýska útgerðarfyrirtæki landi sem mestu af sínum afla hér á landi og skapi þannig, eftir því sem íslensk lög leyfa, störf hér á landi sem hingað til hafa verið unnin erlendis, bæði störf í kringum þessi skip, störf við sölu afurðanna og þannig mætti áfram telja. Þetta átti ég við og taldi eitt af því mikilvægasta sem væri að gerast. Ég held að þetta sýni og sanni og undirstriki þá miklu aðlögunarhæfileika sem íslenskum sjávarútvegi er gefið jafnvel við þessar erfiðu kringumstæður að takast á við svona risavaxið en um leið ögrandi og athyglisvert verkefni.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem hér liggur frammi er allrar athygli verð og gott innlegg í þá umræðu sem á sér stað um þessi mál. En ég vil segja að því betur eru útgerðarmenn og athafnamenn í landinu komnir fram úr okkur stjórnmálamönnunum í þessu máli og komnir með þau á flugskrið áður en ég held að ríkisvaldið verði búið að snúa sér svo mikið sem við til þess að hugsa um málið.

Ég tek undir með hv. þm. Einari Guðfinnssyni að það besta sem ríkisvaldið gæti gert fyrir sjávarútvegginn hvað þetta snertir, eins og allt annað, er að skapa greininni eðlileg rekstrarskilyrði þannig að menn geti þróað greinina og tekist á við þau verkefni sem hugurinn stendur til. Það er reyndar mín skoðun að gagnvart þessu veiti síðan ríkisvaldið að öðru leyti besta aðstoð með því að standa sína plikt varðandi rannsóknar- og þróunarstarf. Gagnvart sjávarútveginum beinist það að mínu mati ekki síst að því að fylgjast með því sem er að gerast í heiminum varðandi fiskeldi og þróun í þeim málum þannig að við látum ekki koma aftan að okkur hvað eftir annað og vitum ekkert hvað er að gerast eins og því miður virðist hafa átt sér stað varðandi rækjuna þegar eldisrækjan var fyrir nokkrum árum síðan allt í einu komin inn sem öflugur samkeppnisaðili án þess að menn hefðu nánast hugað að þeim málum.

Þetta er hvað snertir þátt ríkisins. Eins og ég sagði í upphafi, ég held að hv. flm. hafi ekki verið hér þá, að því betur séu athafnamenn í þessari grein kannski komnir á undan okkur stjórnmálamönnunum.

En hvað er það þá sem við höfum að bjóða og eftir hverju hafa menn að sækjast hjá okkur? Það er að mínu mati það að við búum yfir einum afkastamesta sjávarútvegi í heimi og þá er ég ekki að tala um í umfangi heldur í rekstri. Nú veit ég ekki alveg hvernig ég á að þýða það. Ég ætlaði að nota orðið effektífur. (**Gripið fram í:** Afkastamesti.) Það er nú ekki afkastamesti. Ég er ég að tala um kannski framlegðina öðru fremur. (**Gripið fram í:** Fjárfestingu á mannafla.) Á mannafla og á afkastagetu. Það er kannski á þessu sviði sem við getum miðlað öðru fremur. Þetta kemur m.a. til af því að við höfum um árabil keppt með okkar sjávarútveg, sem grunnatvinnuveg sem hefur staðið undir okkar velferð, við sjávarútveg í mörgum nágrannalöndum sem er meira og minna á ríkisforsjá. Við stöndum mjög framarlega varðandi veiðarnar og frumvinnsluna og getum miðlað mjög miklu.

Það er hins vegar áhyggjuefni, eins og hefur komið fram í þessum umræðum fyrr, að því miður þurfum við nánast á hverju einasta fleyi að halda í dag til þess að ná þeim afla sem við megum draga úr sjó, hvort sem það er rétt að við megum beina honum af þessum mikla þunga. Það er aftur annað áhyggjuefni. En á þessu sviði stöndum við mjög vel.

Það hefur verið nefnt hér líka að á markaðssviðinu séum við góðir og höfum öflug sölukerfi. Það er rétt svo langt sem það nær. Þar þurfum við kannski að huga að hvernig við ætlum að standa að áfram ef við viljum stefna að því að geta orðið einhvers konar sjávarútvegsmiðstöð sem aðstoði vanþróaðri þjóðir á þessu sviði, bæði við að byggja upp sinn sjávarútveg og markaðssetja afurðirnar.

Það er rétt að við höfum náð mjög góðum árangri á mörgum sviðum í sölustarfinu. Við höfum þar mikla reynslu og bjóðum mjög góða vöru. Það er þess vegna mjög mikilvægt ef við ætlum að horfa á Ísland í þessu samhengi að við njótum á hverjum tíma besta mögulegs markaðsaðgangs sem víðast í heiminum, á okkar næsta markað, Evrópumarkaðinn, og höldum auk þess opnum öllum leiðum og vinnum ötullega að niðurfellingu innflutningshafta og gjalda annars staðar í heiminum. Ef við lítum á markaðsmálin, hvað nær þekking okkar og þróun þar langt? Hún nær það langt að við erum mjög góðir í að selja ferskan fisk á okkar næstu markaði. Við kunnum það vel. Við kunnum mjög vel

að selja frumunninn fisk, frystan og saltaðan, en við eigum enn þá óplægðan akur hvað varðar sölu á því sem næst fullunninni vöru.

Þar stöndum við að mínu mati frammi fyrir mörgum mjög áleitnum spurningum. Þetta er að mínu mati mjög mikilvægt að við gerum og við höfum séð það núna síðustu vikurnar að þetta skiptir mjög miklu máli því eftir því sem við komumst nær neytandanum með okkar vöru þeim mun frekar getum við siglt á öldutoppunum í verðsveiflunum. Ef við skoðum það sem hefur verið að gerast varðandi sveiflur á fiskverði að undanförnu, þá eru þær, eins og alltaf er, langsamlega mestar í hráefninu en hafa jafnast mikið til út þegar kemur að því að neytandinn kaupir vöruna í fiskborðinu eða kæliborðinu eftir atvikum í sinni verslun. Við Íslendingar höfum verið að reyna að þróa okkar áfram á síðustu árum í fullvinnslu en vel að merkja hefur það nánast allt saman verið í því formi að við höfum verið að vinna fyrir alþjóðlega matvælahringa. Við stöndum enn frammi fyrir þeirri spurningu hvort við ætlum að leggja í það, eins og þeir hafa sagt sem þar hafa mesta þekkingu, milljarða að vinna okkar afurðum markað sem fullunninni vöru undir eigin merki.

Þetta eru áleitnar spurningar. Þetta kemur einnig inn á það svið í hvaða formi við ætlum í samstarf við aðrar þjóðir og hvað við ætlum að hleypa þessum stóru aðilum langt inn í keðjuna hjá okkur varðandi fiskvinnsluna.

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þær jákvæðu umræður sem hér hafa átt sér stað um þáltill. okkar hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar. Mér finnst það mjög mikilvægt að héðan úr þessum sölum komi einmitt þessi andi til framfara og viljinn til þess að lyfta sér aðeins upp úr vandamálum dagsins, þeim erfiðu vandamálum sem íslenskur sjávarútvegur á vissulega við að glíma í dag. Staðreyndin er sú að sífellt tal um kreppu og erfiðleika drepur í dróma alla bjartsýni og við þurfum bjartsýni til þess að geta sótt fram á við.

Auðvitað er það staðreynd að í dag höfum við allt of stóran flota til þess að nýta þau mið og þá stofna sem við höfum hér við land og við megum ekki falla í þá gryfju að líta svo á að þau ónýttu skip sem hér eru við land sé ekki hægt að nota til eins eða neins. Það eru til verkefni handa þeim. Mér fundust flestir sem hér töluðu vera sömu skoðunar. Þó verð ég að segja það, virðulegi forseti, að mér fannst nokkurs vafa gæta í máli hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar. Hann var ekki alveg viss um hvort það hefði nokkurt gildi, hafi ég skilið mál hans rétt, að láta hið opinbera vera að vasast í málum af þessu tagi. Eins og ég rakti í minni fyrri ræðu hafa talsmenn atvinnugreinarinnar sjálfrar, til að mynda Magnús Gunnarsson, sem þá var formaður Útflutningsráðs Íslands og formaður Samtaka atvinnurekenda í sjávarútvegi, einmitt gengið fram fyrir skjöldu og óskað eftir því að stjórnmálamenn og opinberir embættismenn láti meira til sín taka á sviðum eins og þessum.

Það er enn fremur athyglisvert að bera saman annars vegar Dani og hins vegar Íslendinga. Danir lifa af iðnaði. Þeir flytja út vörur sem þeir framleiða. Við lifum af sjávarútvegi og þeim gjaldeyristekjum sem okkur tekst að afla fyrir fisk sem við veiðum. Danir hafa farið þá leið að veita sérstakt fjármagn til þess að halda uppi deild í dönsku utanríkisþjónustunni sem leitar uppi möguleika fyrir danskan iðnað, nýja markaði fyrir danskar vörur. Með sama hætti ættum við að skilja að það er í okkar þágu að beita okkar utanríkisþjónustu einmitt til þess að leita uppi nýjan markað fyrir þær vörur sem tengjast sjávarútvegi og þær eru ekki bara fiskur. Þar er líka um að ræða vélbúnað og þekkingu og mannafla. Það eru líka vörur sem við viljum selja. Ég tel það ekkert annað en skilvirkni og aukna nýtingu á þeim fjármunum sem við verjum í utanríkisþjónustuna að fela henni einmitt verkefni af þessu tagi.

Hv. þm. Jóhannes Geir gat þess að það væri gleðiefni að atvinnugreinin sjálf hefði farið fram úr stjórnmálamönnum í þessum efnum. Um það má deila. Það er alveg rétt að einstaka athafnamenn og frumkvöðlar í greininni hafa leitað víðar. Þeir hafa farið alla leð til Suður-Ameríku, til Chile, en þeir hafa e.t.v. fyrst og fremst litið til næstu landa. Það er samt sem áður staðreynd, sem ekki er hægt að mótmæla, að við erum núna að ná ákveðnum árangri í Kamtsjatka, landi sem liggur hinum megin á hnettinum. Hvað erum við að gera þar? Jú, við erum að selja þangað frystihús. Við erum að selja þangað verksmiðjur sem tengjast öðrum greinum sjávarútvegs. Við erum mögulega að selja þangað netaverksmiðju. Við erum að selja þeim þjónustu sem felst í því að við komum þeirra fisk á framfæri á mörkuðum erlendis. Hvernig varð þetta til? Vegna þess að íslenskir stjórnmálamenn komu á þessum samböndum.

Ef við lítum til Namibíu, þá gerðist slíkt hið sama. Þangað fóru sendimenn á vegum íslenska utanrrn. og þar hafa líka verið starfandi Íslendingar sem hafa tekið þátt í því að byggja upp sjávarútveg þarlendra manna. Með þessu hefur hið opinbera náð ákveðnum samböndum sem núna, eins og hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson rakti hér mjög nákvæmlega í sinni ágætu ræðu, er að skila okkur verulegum árangri. Það má líka nefna Mexíkó. Í Mexíkó er fullur vilji fyrir því að nýta þá þekkingu og ýmis tæki sem Íslendingar hafa yfir að ráða. Hvernig spratt sá áhugi? Hann varð til af því að íslenskur stjórnmálamaður fór upphaflega til Mexíkó.

Það má nefna fleiri dæmi. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gerði líka þegar hann var fjmrh. för sína til Indlands, en það vill svo til að í Indlandshafi er einn af fáum stöðum í heiminum þar sem er verulega mikið af ónýttum fiski. (Gripið fram í.) Nú er það upplýst hér í salnum að hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson ætlar að feta í fótspor hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og fara til Indlands og væntanlega til þess að koma upp samböndum af þessu tagi. Ég vona að hann láti þar við sitja og taki ekki meira mið af þeim stjórnmálamanni. Ég vil líka nefna enn annað hafsvæði sem er úti fyrir Óman. Þar eru íslensk fyrirtæki að vinna og hafa náð ákveðnum verkefnum, að vísu ekki miklum

enn sem komið er en vonir standa til að þau munu aukast. Hvernig komst það samband á? Það var í gegnum íslensku utanríkisþjónustuna og íslenska stjórnmálamenn. Þar er líka að komast á samband við Ómanbúa í gegnum stjórnmálamenn og embættismenn.

Möguleikarnir eru talsvert miklir. Ég vil til að mynda nefna það að við höfum samning við Alaska frá því árið 1984. Hann gerir ráð fyrir því að Íslendingum sé heimilt að veiða vannýtta stofna við Alaska. Það vill svo til að þar er fátt um vannýtta stofna. Eigi að síður er það svo að þar er veitt gríðarlegt magn af Alaskaufsa, 6 millj. tonna í hafinu milli Kamtstjaka og Alaska. Nokkur hluti af þeim stofni er enn þá ónýttur. Vafalaust gætum við í krafti þess samnings sem við gerðum við Alaska farið fram á að mega nýta þetta með einhverjum hætti.

Það eru ákveðnar sviptingar í sjávarútvegi Alaska sem stendur undir mestu af sjávarútvegi Bandaríkjamanna. Þar er að komast á nýtt kvótakerfi sem er svipað okkar kvótakerfi en þar er líka byggðakvóti sem gerir ráð fyrir því að indíánar í Alaska fái 7,5% af öllum kvóta til sinnar eigin ráðstöfunar. Þeir gera við hann það sem þeir vilja og selja kvótann ef þeir vilja. Það vill svo til að indíánar eiga engin skip. Þeir hafa hins vegar góða samvinnu við Japani um rekstur fiskvinnslustöðva þar sem þeir búa til „surimi" úr Alaskaufsanum. Af hendingu var ég staddur í Anchorage, stærstu borg Alaska, fyrir jólin þar sem einmitt var haldið þing 7.000 indíána þar sem mest áhersla var einmitt lögð á uppbyggingu sjávarútvegs og nýtingu kvótans. Það kom fram þar að þeir hefðu mikinn hug á samstarfi við norðlægar þjóðir. — Ég sé að þetta gerir hv. þm. Jóhannesi Geir og Einari Kristni Guðfinnssyni afskaplega kátt í geði. Ég er ánægður yfir því. Það er allt of mikið um að það hvíli depurð yfir sölum og alveg sérstaklega yfir þingmönnum Framsfl. og það er af ástæðum sem ég vil ekki rekja hér núna.

Virðulegi forseti. Möguleikarnir eru fyrir hendi. Ég hef orðið var við það að þegar ég hef rætt þessar hugmyndir að menn eru dálítið vantrúaðir á þær eins og ég þóttist kenna í máli Jóhannesar Geirs þó að ég viti að hann hafi góðan vilja. Ég verð einungis að segja um þá: Þeir trúa kannski þegar þeir leggja höndina í sárið eins og Tómas forðum. Staðreyndin er einfaldlega sú að það liggur á borðinu að utanríkisþjónustan hefur opnað viðskiptasambönd sem eru farin að skila árangri. Hún hefur bara starfað allt of lítið á þessum vettvangi. Ég hika ekki við að segja það þó að flokksbróðir minn gegni þar stöðu hæstráðanda. Ég tel að Íslendingar hafi í allt of litlum mæli nýtt utanríkisþjónustuna til þess að verða sér úti um markaði. Ég veit að fyrir því er svipaður skilningur í ýmsum öðrum flokkum.

Það er nauðsynlegt að drepa lítillega á úreldingu fiskiskipa. Með þeim lögum sem sett voru um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins var hækkuð sú upphæð sem mátti greiða til þess að úrelda skip. Því miður er það svo að þetta hefur verið nýtt í allt of litlum mæli. Það hafa fyrst og fremst verið lítil skip, bátar, sem hafa farið í gegnum Hagræðingarsjóðinn. Af hverju? Ég velti því fyrir mér hvernig stendur á því. Sennilega er ástæðan sú að þeir menn sem hafa e.t.v. áhuga á að nýta sér þessa möguleika Hagræðingarsjóðsins finnst upphæðin sem veitt er til úreldingar ekki vera nógu há. Og þá er rétt að það komi hér fram, eins og ég drap lítillega á í minni fyrri ræðu, að í tengslum við þá umræðu sem nú fer fram um mótun nýrrar sjávarútvegsstefnu er einmitt gert ráð fyrir því að hækka verulega úreldingarupphæðina til fiskiskipa. Það mun e.t.v. leiða til þess að fleiri muni notfæra sér þetta.

Ég tók eftir því líka að einn þeirra sem töluðu áðan taldi að við þyrftum á öllum skipum okkar að halda til þess að veiða það magn sem er leyfilegt í dag. Ég er ekki alveg sammála því. Ég tel að með réttu skipulagi væri hægt að veiða þann afla sem leyfilegur er núna með miklu færri skipum. Um það eru flestir mér sammála nema þá sá hv. þm. sem hér ræddi áðan. Ég vil vekja athygli á því að svo vill til að Landssamband ísl. útvegsmanna hefur kannað undirtektir hjá sínum mönnum og þar kemur í ljós að 40 manns eru tilbúnir til að láta skip af höndum til verkefnis eins og þessa.

Virðulegi forseti. Þó segja megi að þessi tillaga falli að nokkru undir utanrmn. legg ég til að hún verði send sjútvn. til umsagnar. Menn vita að þingsköp gera ráð fyrir því að nefndir geti kallað til sín eða sent frá sér mál til annarra nefnda sem falla að einhverju leyti undir verksvið þeirra. Ég teldi að það væri eðlilegt að sjútvn. mundi leita eftir umsögn hv. utanrmn. um þessa þáltill. og ég mun beita mér fyrir því.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrsta spurning mín til hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar: Hvar fer fram umræða um mótun nýrrar sjávarútvegsstefnu? Eftir því sem við lesum í blöðum þá er tvíhöfða nefndin strand og því væri mjög æskilegt að það yrði upplýst hérna.

Ég vil taka það skýrt fram til að forða öllum misskilningi að mér er ekkert gleðiefni að athafnamenn og menn í fiskvinnslu og sjávarútvegi séu komnir langt fram úr stjórnvöldum varðandi þessa þróun, síður en svo. En ég ætla ég ekki að fara í pólitískt karp út af þessu og út af því hver er í utanrrn. á hverjum tíma. Því miður sýnist mér ekki að þar hafi menn þann mannafla eða annað að það sé mjög mikils að vænta nema þá í mjög náinni samvinnu við athafnalífið. Eins og ég hef skynjað það er það sú þróun sem er að verða bæði í rannsóknum nema þá algerum grunnrannsóknum, frumrannsóknum, bæði í rannsóknum og markaðsstarfi á vegum stjórnvalda að það sé að færast í það horf að um sé að ræða mjög náið samstarf, að það sé í raun atvinnulífið sem sé hið leiðandi afl en stjórnvöldin veiti þjónustu og aðstoði eftir því sem menn telja æskilegt á hverjum tíma að fé skattborgara renni til slíkrar starfsemi. Ég vildi fyrst og fremst koma á framfæri spurningu um hvar stefnumótunin færi fram.

Síðan bara rétt að lokum, ég hef ekki trú á að það hafi verið nokkur tilviljun að hv. þm. var staddur á þingi sjö þúsund indíána.

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að svara þeim skætingi sem hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson hefur um rauða kynstofninn en ég verð að segja það að af mínum takmörkuðu kynnum af honum þá sýnist mér að hann taki langt fram ýmsum þeim ágætu hvítingjum, sem fylla nú Framsóknarflokkinn, án þess að ég fari út í að nefna nein nöfn. Varðandi spurningu hv. þm. um hvar umræðan fer fram um tillögu að nýrri sjávarútvegsstefnu er ljóst að hún hefur farið fram innan tiltekinnar nefndar sem kölluð hefur verið tvíhöfði. Að vísu hefur nú einn af uppáhaldsbankastjórum hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar kallað það fjórhöfða nefnd enda skíni þar við sólu skalli Kristjáns Ragnarssonar og sjái á sléttkembdan koll Þorsteins Pálssonar hæstv. sjútvrh. Þar fer þessi umræða fram. Henni er lokið. Fyrir liggja tillögur nema um það eina atriði sem enn er ágreiningur um og við höfum ekki lagt neina dul á að það er ágreiningur milli stjórnarflokkanna um eitt tiltekið atriði í því frv. sem samið hefur verið af sjútvrh. og varðar þróunarsjóð sjávarútvegsins. Ég á von á því að sá ágreiningur verði jafnaður innan nokkurra daga og hv. þm. Jóhannes Geir fái þá ánægju að ræða það í þessum sölum og kannski fram á sumar.

Hv. þm. gat þess enn fremur að sú þróun færist nú í vöxt að atvinnulífið ráði ferð, bæði hvað varðar rannsóknir og þá væntanlega menntun og ýmislegt fleira. Það er rétt hjá honum og það er að ýmsu leyti gott en það eru líka gallar á þeirri þróun. Ég tel að varðandi þetta tiltekna mál sem við höfum til umræðu, þ.e. öflun veiðiheimilda í lögsögu erlendra ríkja, væri æskilegt að atvinnulífið hefði forgöngu, legði fram óskir sínar og utanríkisþjónustan og þess vegna stjórnmálamenn legðu þar hönd á plóg. Þeir mundu sinna þeim óskum sem þar kæmu fram. Ég tel sem sagt ekkert óeðlilegt við það að atvinnulífið taki forustu í þessum málum. Ég tel það þvert á móti gott.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir gott að við erum búnir að komast að því, ég og hv. 17. þm. Reykv., að ekki er langt á milli skoðana okkar um þetta hvert eigi að vera hlutverk stjórnvalda í þessu. Ég hlýt um leið að fagna því ef tvíhöfða nefndin ætlar að taka á sig rögg og sýna okkur hvað þar er verið að vinna. En ég vona að það verði ekki til þess að við þurfum að sitja yfir því langt fram á sumar. Þau orð hv. þm. segja mér ekkert annað en það að bullandi ágreiningur verði meðal stjórnarliðsins um það sem þarna kemur fram ef það þarf að fara svo að þingið þurfi að sitja yfir þeim tillögum fram á mitt sumar. Það segir mér ekkert annað en það að hann álíti að ríkisstjórnin muni ekki hafa afl til að koma því í gegn nema með miklum átökum og þá innbyrðis.

Varðandi að ég hafi verið með einhvern skæting þegar ég sagði að ekki væri tilviljun að hann hefði verið staddur á þingi sjö þúsund indíána þá vísa ég því alfarið á bug. Auðvitað átti ég við að hann hefði verið þarna að reyna að leita eftir hvort ekki fyndist flötur á sameiginlegum hagsmunum okkar við indíána. Ef ég hefði hins vegar ætlað að vera með skæting þá hefði verið hægur vandi fyrir mig að snúa út úr orðum hv. þm. og segja varðandi fyrri ummæli hans um veiðiréttindi indíánanna í Alaska að hann væri að leggja til að við hefðum farið í að arðræna indíánana.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurreisn urriðastofns í Efra-Sogi og Þingvallavatni, fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 457. mál. — Þskj. 793.

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. sem ég flyt ásamt hv. þm. Guðna Ágústssyni og Gunnlaugi Stefánssyni um endurreisn urriðastofns í Efra-Sogi og Þingvallavatni. Till. sjálf hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að setja á fót nefnd til að meta með hvaða hætti er kleift að endurreisa urriðastofninn og urriðaveiði í Efra-Sogi og Þingvallavatni.

Nefndin skal m.a. meta hvort unnt sé að opna aftur fyrir rennsli Sogsins í hinum náttúrulega árfarvegi milli Þingvallavatns og Úlfljótsvatns að hluta eða öllu leyti en í farveginum og aðdraganda hans voru áður mikilvægustu hrygningar- og uppeldissvæði urriðans í vatnakerfi Þingvallavatns.

Ástæðan fyrir því, virðulegi forseti, að þessi tillaga er flutt er þríþætt.

Í fyrsta lagi er mönnum sífellt að verða ljóst hvílík umhverfisspjöll voru unnin með byggingu Steingrímsvirkjunar á sínum tíma en hún leiddi til hruns hins stórkostlega urriðastofns í Efra-Sogi og Þingvallavatni og drap jafnframt niður sterkan bitmýstofn sem var mikilvægur hlekkur í fæðukeðju fiska í Þingvallavatni. Sterkar vísbendingar eru jafnframt að koma í ljós sem benda til að röskunin sem varð með Steingrímsvirkjun hafi leitt til breytinga á vistkerfi vatnsins sem ekki birtust fyrr en áratug síðar, þ.e. á síðasta áratug eins og ég vík að síðar ef tími vinnst til. Þess vegna er enginn vafi á því í mínum huga að í dag hefði ekki nokkrum lifandi manni dottið í hug að byggja Steingrímsvirkjun. Á þeim tíma, sem hún var reist, voru hins vegar viðhorf til umhverfisverndar allt öðruvísi en þau eru í dag. Virkjunin laskaði vistkerfi vatnsins og okkur ber að skila náttúrunni aftur því sem við höfum af henni tekið ef þess er nokkur kostur. Vatnið og hið upprunalega lífkerfi vatnsins er mikilvægur hluti af þeirri arfleifð sem landið hefur skilað okkur og það er partur af ómetanlegri náttúru og við eigum að gæta þess ekki síður en menningararfsins.

Í öðru lagi hafa komið fram hugmyndir um að endurreisa stofninn með stórfelldum sleppingum á urriðaseiðum. Ég tel það afar gáleysislega og varhugaverða hugmynd. Þess vegna er ekki síst nauðsynlegt að setja niður nefnd hinna bestu manna til að meta með hvaða

hætti er hægt að skila Þingvallavatni aftur urriðastofninum. Tillagan gengur í sjálfu sér mjög skammt. Hún lýtur einungis að því að nefnd manna verði sett á laggirnar til að kanna alla möguleika. M.a. mun hún þá fjalla um þessar sleppingarhugmynd og ég er viss um að hún kemst að þeirri niðurstöðu að hún sé fráleit.

Í þriðja lagi hafa skapast þær aðstæður í raforkuframleiðslu landsmanna að fyllilega er komið á dagskrá að athuga hvort ekki sé hægt að opna aftur mynni Sogsins með því að leggja Steingrímsvirkjun af að öllu leyti eða að hluta. Ég er þeirrar skoðunar að það sé kostur sem menn eigi að hugsa í fullri alvöru. Það mundi lyfta grettistökum fyrir endurreisn hins gamalgróna urriðastofns. Ég vil líka að fram komi að alltaf er að koma betur og betur í ljós hversu afleitar afleiðingar sveiflur í vatnsborði Þingvallavatns hafa haft fyrir búsvæði annarra fiska, einkum kuðungableikjunnar, sem er alveg sérstök bleikjugerð í Þingvallavatni og er í kreppu vegna þessara yfirborðssveiflna. Með því að opna fyrir rennsli Sogsins og koma á stöðugu streymi um það, þó það þurfi ekki að vera fullt streymi, væri hægt að eyða þessum sveiflum.

Virðulegi forseti. Þingvellir og vatnið sjálft eru efalítið ein dýrmætasta perla íslenskrar náttúru. Í líffræðilegu tilliti hefur vatnið aðþjóðlegt gildi fyrir þá sök að það er hið eina í heiminum þar sem fjögur vel aðgreind afbrigði af heimskautableikju hafa þróast. En auk bleikjunnar var Þingvallavatn áður þekkt fyrir mjög sterkan urriðastofn sem snemma á nítjándu öldinni varð víðfrægur um Evrópu og veiðimenn hvaðanæva að úr álfunni sóttu til veiða. Rannsóknir hafa ekki verið gerðar á því en margt sem ég hef séð bendir eigi að síður til þess að urriðinn í vatninu hafi skipst í nokkra staðbundna stofna. Langmikilvægustu riðstöðar og uppeldissvæði tegundarinnar var að finna í þrengslunum í Kaldárhöfða þar sem Sogið féll úr Þingvallavatni enda var urriðinn sem veiddist í Efra-Sogi frægur fyrir stærð og fjölda. Hann náði fáheyrðri stærð.

Veiðidagbækur Jóns Ögmundssonar frá Kaldárhöfða á fyrri hluta aldarinnar sýndu að urriðar á milli 20 og 30 pund voru tíðir í veiðinni og í Þingvallabók sinni getur Björn Th. Björnsson þess að til séu staðfestar heimildir um tvo 36 punda urriða. Ástæðurnar fyrir því að stofninn náði svo góðri afkomu við Sogið eru að við útfallið var mjög góður og margbreytilegur straumur og þar var jafnframt að finna möl af heppilegum grófleika fyrir hrygningu urriðans og þrátt fyrir stríðan straum í útfallinu er líklegt að stórgrýti í árfarveginum hafi víða skapað nægilegt skjól fyrir árangursríka hrygningu. Straumurinn við útfallið skapaði jafnframt kjörskilyrði fyrir bitmýið sem var að öllum líkindum mjög mikilvæg fæða fyrir urriðann og raunar bleikjuna einnig einkum á yngri stigum. Urriðinn gekk líka til hrygninga í Öxará og þar er líklegt að staðbundinn stofn hafi tengst ánni. Sömuleiðis er urriða enn þá að finna í ýmsum straumvötnum sem falla til Þingvallavatns víðs vegar að. Að vísu er Þingvallavatn sérstakt fyrir þá sök hvað fá straumvötn falla til þess.

Nú er hins vegar svo að skilyrði fyrir hrygningu og vöxt urriðans hafa gjörbreyst til hins verra. Það virðist sem landsig við Öxará hafi breytt straumlagi á hefðbundnum riðstöðvum urriðans þar til hins verra og framleiðsla árinnar á urriðaseiðum er fyrir vikið miklu minni en áður. Árið 1959 var Steingrímsstöð reist í þrengslunum í Kaldárhöfða og útfall Sogsins var þá þvergirt. Þar með var urriðinn sviptur helstu riðstöðvum sínum en eins og ég gat um áðan þá er farsæl hrygning þessa sprettharða fisks háð réttum straumi og réttum grófleika malar og hvort tveggja var þar til staðar.

Á þjóðhátíðardaginn 1959 urðu síðan enn kaflaskil. Þá brast stíflan í þrengslunum og Sogið flæddi niður í tvöföldu vatnsmagni og svipti með sér mjög þykku magni af riðmöl sem var utan við útfall virkjunarinnar. Þessi riðmöl hefði mögulega nýst til að halda uppi einhverjum hluta stofnsins sem áður hélt til við mynni Sogsins. En með þessu var þeim möguleika svipt á brott. Ég tel því engan vafa leika á því að með virkjun Steingrímsstöðvar og stíflun Sogsins hafi orðið röskun á vistkerfi hins náttúrulega útfalls Þingvallavatns. Það bókstaflega hvarf. Þar með hvarf undirstaðan fyrir hrygningu og uppeldi hins sterka urriðastofn í Soginu og eins og ég sagði áðan bendir margt til þess að áhrif þessarar íhlutunar í vistkerfi Þingvallavatns hafi ekki komið fram fyrr en miklu síðar. Vert er að geta þess að urriðinn í Þingvallavatni er sérstakur að því leyti að hann er feikilega gamall stofn, hann er af svokölluðu fyrsta landnámi en þeir stofnar rekja rætur sínar til forfeðra sem urðu innlyksa í vötnum þegar ísaldarjökullinn hopaði fyrir níu til tíu þúsund árum. Einungis eru örfáir stofnar eftir í Evrópu af þessum uppruna og það undirstrikar enn þýðingu þess að varðveita þennan hluta af arfi þjóðarinnar.

Til eru dagbækur, og þá fyrst og fremst dagbækur Jóns Ögmundssonar úr Kaldárhöfða, sem veita mjög fróðlega innsýn í veiðina og gefa ljóslifandi mynd af því hversu gjöfullt vatnið var. Mig langar að grípa niður á tveimur stöðum í dagbækur Jóns Ögmundssonar til að gefa af þessu nokkra mynd. 9. mars skráir Jón í dagbók sína að hann hafi þann dag veitt 14 punda urriða í net undir ís í Skútavík. Fimm dögum síðar veiðir hann það sem hann kallar allgóðan urriða á dorg og enn tekur hann 11 punda urriða á dorg tveimur dögum síðar. Haustveiðin var ekki síðri þetta ár. 30. september skráir Jón í bók sína, með leyfi forseta: „Við fengum þrjá stóra urriða í sama netið við efri skúrinn. Þeir voru 8 pund, 15 pund og 19 pund að þyngd. Auk þess fengum við einn 6 punda við hornið fyrir ofan skúrinn. Urriðarnir sem við fengum þann 27. þessa mánaðar voru 13 punda og 22 punda.“ Vikuna á eftir veiðir Jón Ögmundsson enn nokkra urriða sem losa 10 pund og 7. október skrifar hann um veiði sína og félaga síns Ragnars, með leyfi forseta. „Í gær fengum við Ragnar 22 urriða í Soginu á stöng, sá þyngsti var 14 pund og fékk Ragnar í Arnarhyl. Ég fekk þyngst 6 punda urriða í Aðhaldinu. Í dag renndi ég aftur í Sogið og fékk 12 urriða, einn af þeim var 18 pund.“ En veiðidagar Jóns Ögmundssonar í Káldárhöfða voru

ekki taldir. Í ágústlok árið eftir veiðir Jón Ögmundsson 26 punda urriða á stöng en „það er langþyngsti urriðinn sem ég hef dregið" segir Jón sínum ágætu minningum.

Á grundvelli veiðitilrauna hafa menn reiknað út að um 700 tonn eru af bleikju í vatninu og miðað við hlutfall hennar og urriða, sem er ránfiskur efst í fæðukeðjunni, þá hafa menn talið að fyrir virkjunina hafi verið um 60–70 tonn af urriða í vatninu. Í vatninu er jafnframt eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, að finna fjórar bleikjugerðir og það er ekkert vatn í heiminum sem hefur slíkt úrval bleikjugerða. Þarna er á ferðinni mjög merkileg tegundarþróun sem sést óvíða og stafar af því hversu lengi bleikjan hefur fengið að vera í vatninu og fæðuskilyrði hafa verið góð og jafnframt hefur verið lítill samkeppnisþrýstingur frá öðrum tegundum.

Mig langar, virðulegi forseti, lítillega til að drepa á samspil urriðans og murtunnar í vatninu. Vistkerfið hefur þróast um árþúsundir og samspil tegundanna er afskaplega flókið og margþætt. Ef ein þeirra laskast kann það að hafa áhrif á aðra. Og ég tel því — og fleiri heldur en ég — að urriðastofnarnir hafi án efa sveiflast í takt við sveiflur murtustofnsins. Þegar sterkir seiðaárgangar murtunnar komu fram jókst framboð á fæðu fyrir urriðann sem að sama skapi óx bæði að stærð einstaklinga og fjölda. Þegar dró síðan aftur úr murtustofninum er líklegt að það hafi speglast í verri afkomu urriðans á eftir. Þannig hefur urriðastofninn að líkindum temprað sveiflur í murtustofninum og samspil tegundanna haldið þannig vistkerfi vatnsins í því horfi sem féll best að ástandi þess hverju sinni.

Virðulegi forseti. Svo virðist sem þróun murtunnar hin seinni ár renni stoðum undir þessi tengsl murtu og urriða. Eins og kunnugt er hrundi veiðin á murtu á síðasta áratug. Eftir að 60 tonn veiddust í net árið 1983 dró mjög snögglega úr veiðinni uns henni var næstum því hætt árið 1986. Ekkert benti til þess að stofninn hefði minnkað heldur sýndu rannsóknir þvert á móti að lífþyngd hans hefði aukist nokkuð hratt. Hins vegar kom í ljós að á sama tíma minnkaði meðalstærð murtunnar verulega, lengd hænga féll úr 18 sm 1984 niður í 13 sm 1989. Á sama tíma smækkuðu hrygnurnar úr 19 sm niður í 15 sm. Þessi þróun hafði afgerandi áhrif á nytjaveiðina í netin. Netin taka ekki minni fisk en 17,5 sm þannig að hrun netaveiðinnar orsakast fyrst og fremst af smækkun meðalmurtunnar. Athuganir á gögnum úr rannsóknum benda til að í upphafi síðasta áratugar hafi einmitt komið fram sterkir árgangar og fjöldi einstaklinga í veiðistofni murtunnar hafi því aukist verulega þegar kom fram yfir miðjan áratuginn. Fæðuframboð í vatninu er hins vegar takmarkað og það leiðir til hægari vaxtar. Meðalstærð murtunnar við kynþroskann verður þar með minni og þegar hún verður kynþroska þá dregur enn úr vextinum og enn minnka líkurnar á að hún nái veiðanlegri stærð fyrir netaveiðar. Þessi atburðarás var einmitt staðfest með samanburði á dýrasvifi milli áranna 1984 og 1989. Hann leiddi í ljós mikla fækkun svifkrabba sem viðgangur murtunnar á allt sitt undir. Það er þess vegna litlum vafa undirorpið, virðulegi forseti, að hvarf urriðans úr Þingvallavatni vegna virkjunarinnar í Kaldárhöfða á mikinn þátt í þessari þróun. Með honum hvarf sá hemill sem vistkerfið í vatninu hafði öldum saman notað til þess að draga úr óhóflegri fjölgun murtunnar í árum þegar saman fór vel heppnuð hrygning og gnótt fæðu fyrir murtuseyðin. Afleiðingarnar birtust sem sagt í mikilli fjölgun murtunnar á síðasta áratug samhliða verulegri smækkun hennar. Það blandast því engum hugur um, sem skoðar þetta mál til hlítar, að íhlutun mannsins í hið dýrmæta vistkerfi Þingvallavatns hefur leitt til mjög óæskilegra breytinga á líffríki vatnsins og það er þess vegna eðlilegt að leiða sé leitað til að bæta þennan skaða. Það koma ýmsir möguleikar til greina í því sambandi en ég tel að á þessu stigi sé eðlilegast að nefnd sé falið að kanna og meta þessar leiðir og gera síðan tillögur til úrbóta.

Virðulegi forseti. Það má e.t.v. halda því fram að efni tillögunnar falli undir svið landbrn. Áhersla hennar er hins vegar á vistfræðilega og líffræðilega verndun. Þess vegna leggjum við tillögumenn það til að það verði umhvrh. sem skipi þessa nefnd þó að það sé vitaskuld mála sannast að það þarf að nást víðtæk og góð samvinna allra viðkomandi aðila um þetta mál.

Ég vil því leggja til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilraunaveiðar og þróun veiðarfæra vegna veiða á ígulkerum, fyrri umr.

Þáltill. StB o.fl., 393. mál. — Þskj. 687.

Flm. (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til ál. um stuðning við tilraunaveiðar og þróun veiðarfæra vegna veiða á ígulkerum. Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta rannsóknastofnanir sjávarútvegsins skipuleggja ráðgjöf og stuðning við þróun veiðarfæra og veiðiaðferða hjá útgerðum sem stunda veiðar á ígulkerum."

Í greinargerð með tillögunni segir svo, með leyfi forseta:

„Veiðar á ígulkerum hafa lítið verið stundaðar hér við land. Að undanförnu hefur áhugi á vinnslu ígulkera farið vaxandi, en markaður fyrir ígulker er bæði í Evrópu og þó sérstaklega í Japan, og þróun veiðarfæra og veiðiaðferða er mikilvægur þáttur í því að gera veiðarnar arðbærar.

Veiðar á ígulkerum eru nýtt viðfangsefni útgerða og sjómanna. Því er mjög mikilvægt að opinberar rannsóknastofnanir veiti beinan stuðning við þróun veiðarfæra til þess að gera útgerðum kleift að stunda tilraunaveiðar. Telja verður eðlilegt að Hafrannsóknastofnun njóti til slíkra verkefna sérstakra framlaga og stuðnings.

Samkvæmt botndýrarannsókn í Breiðafirði, sem

gerð var í október sl. í samvinnu Hafrannsóknastofnunar og útgerða skelbáta við Breiðafjörð, er grænígull (skollakoppur) og marígull í verulegu magni á ákveðnum svæðum í Breiðafirði. Auk rannsókna í Breiðafirði hafa farið fram rannsóknir í Ísafjarðardjúpi sem tóku yfir heilt ár og bentu til að þar væri nægjanlegt magn til að standa undir vinnslu. Sömuleiðis fóru fram rannsóknir í Hvalfirði sem stóðu yfir í 21 mánuð. Niðurstöður rannsókna í Hvalfirði gáfu ekki óyggjandi vissu um að stofn væri af veiðanlegri stærð. Ljóst er að frekari rannsóknir eru nauðsynlegar á veiðisvæðum, auk þess sem gera þarf tilraunir með veiðarfæri.

Í fyrstu fóru veiðar á ígulkerum fram með köfun. Einnig hafa útgerðir reynt að þróa veiðitækni með sérstökum plóg þar sem reynsla af veiðum á hörpudiski er nýtt við ígulkeraveiðar. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvaða áhrif veiðarfæri, svo sem plógur, hafa á umhverfi botnsins. Meðal markmiða með rannsóknum veiðarfæra er að þróa veiðarfæri er leiða til sem minnstrar röskunar á umhverfi botnsins.

Til þess að ná sem bestum árangri er nauðsynlegt að veita stuðning við þróun veiðarfæra og veiðitækni. Í þeim tilgangi er þessi tillaga flutt."

Í þessari stuttu greinargerð eru dregin saman aðalatriði er lúta að efni tillögunnar. Ekki liggja fyrir miklar upplýsingar eða gögn um veiðar á ígulkerum. Ég leitaði upplýsinga hjá sjómönnum sem hafa stundað veiðar á Breiðafirði og fékk greinargerð sem Pétur Ágústsson skipstjóri í Stykkishólmi tók saman en hann hefur verið frumkvöðull við veiðar á ígulkerum með plógi úr Breiðafirði. Ég vil vitna hér til þeirrar skýrslu, með leyfi forseta, en þar segir m.a.:

„Eftir að vinnsla ígulkera hófst á Breiðafirði nú sl. haust var hugmyndin að afla eingöngu með köfun. Það kom hins vegar fljótlega í ljós að öflun á þann veg var að mörgu leyti mjög stopul. Þar komu til nokkrir þættir. Þar voru fyrst og fremst til fyrirstöðu kuldi, veðurfar og stuttur dagur á þeim tíma sem öflunin er hagstæðust hvað varðar gæði ígulkera. Vinna sem þessi er mjög erfið að öllu jöfnu, sérstaklega að vetrarlagi. Úthald venjulegs kafara er einungis 4–5 tímar á dag undir yfirborði við normal aðstæður. Þá er átt við dýpi ofan við 5–6 metra. Við erfiðari aðstæður og meira dýpi var þessi tími mun minni. Á dýpi neðan við 10 metra er þetta óframkvæmanlegt með neinum afköstum.

Við góðar aðstæður getur kafari tínt ca. 300 kg á dag. Miðað við venjulega vetrartíð hér eru síðan miklar frátafir vegna veðurs og kuldatíðar. Á þessu sést að öflunin var byggð á ótraustum grunni þegar út í vinnslu var komið og erfitt að hafa stöðuga og trausta vinnu fyrir starfsfólk. Aðstandendur ígulkeravinnslunnar sáu því brátt að til annarra ráða þurfti að grípa."

Þeir aðilar sem höfðu hafið vinnslu óskuðu því eftir að reynt yrði við veiðar með búnaði sem var til staðar á farþegabátnum Hafrúnu sem gerður hefur verið út vegna ferðamannaþjónustu. Síðan segir í greinargerð Péturs Ágústssonar:

„Við komumst fljótt að raun um að veiðitækið sjálft þurfti gagngerðra endurbóta við. Við stóðum síðan í tilraunaveiðum á Hafrúnu fram í janúar sl. og gekk nokkuð vel. 21. jan. sl. hófust síðan tilraunaveiðar á vel útbúnum bát, 40 tonna fiskibáti, með það í huga að kanna hvaða afköstum sé hægt að ná með góðum búnaði. Við höfum síðan stundað þessar tilraunaveiðar af fullum krafti og gerum enn um sinn. Síðan segir:

„Við eyddum að vísu sjö veiðidögum á tímabilinu til leitar víðar í Breiðafirði eftir sérstakri áætlun frá Hafrannsóknastofnun undir stjórn fiskifræðings. Fyrir utan þessa leit höfum við reynt veiðar mjög víða og teljum okkur hafa nú þegar nokkuð mikla reynslu hvað varðar þekkingu á veiðisvæðum og veiðitækni, sérstaklega í sunnanverðum Breiðafirði. Þessar tilraunir okkar hafa að öllu leyti verið kostaðar af útgerðinni ef frá er talinn sá tími sem tilraunasamstarfið stóð við Hafrannsóknastofnun. Þar greiddu opinberir aðilar og vinnsluaðilar hluta kostnaðar. Þegar tímabilið sem veiðarnar hafa staðið yfir, umfang skipa og veiðitækja og mannskapur sem við veiðarnar hafa unnið, eru skoðaðar borið saman við þær tekjur sem útgerðin hefur fengið fyrir afla og þátttöku í leitarkostnaði sér hver maður að sá fórnarkostnaður er langt umfram útgjöld. Auk veiðitímans sjálfs hefur einnig verið eytt miklum tíma og fjármunum í að þróa og smíða veiðarfæri og annan útbúnað. Við teljum nauðsynlegt að fram fari ítarlegri könnun og stofnmæling bæði hér í firðingum sem og annars staðar við landið. Við höfum eingöngu veitt á dýpi neðan við 10 metra og teljum því að kanna verði einnig þau svæði þar sem eingöngu er hægt að ná upp ígulkerum með köfun. Við teljum að ekki verði hægt að byggja upp veiðar og vinnslu eingöngu með plógaveiði."

Hér lýkur, virðulegi forseti, tilvitnun í skýrslu skipstjórans, en þessi tilvitnun í greinargerð hans sem hefur stundað tilraunaveiðar ígulkera sýnir að nauðsynlegt er að þróa veiðarfæri og veiðitækni svo nýta megi þessa auðlind á sem hagkvæmastan hátt án þess að ganga á hana eða skaða botn og það vistkerfi sem ígulkerin og önnur botndýr lifa við, en fjölmörg botndýr sem nú eru ekki nýtt gætu orðið nýtanleg sem markaðsvara tækist að þróa veiðar og vinnslu á sem hagkvæmastan hátt.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. sjútvn.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Sturlu Böðvarssyni fyrir að hafa haft frumkvæði að því að flytja þessa tillögu. Hún er afar þörf. Staðreyndin er sú að eins og nú horfir í atvinnumálum Íslendinga er nauðsynlegt að leita nýrra leiða til þess að efla tekjur þjóðarbúsins og til þess að koma á legg nýjum atvinnugreinum. Það hefur kviknað mikill áhugi á vinnslu ígulkera á síðustu missirum og margt bendir til þess að slíkar veiðar muni eiga góða framtíð fyrir sér. Hins vegar er það svo að veiðarfæri og þróun veiða hefur verið næsta lítil í þessari grein. Menn hófu upphaflega, eins og hv. þm. Sturla Böðvarsson drap á í sinni framsögu, að afla ígulkeranna með köfun. Köfun er

hins vegar nokkuð dýr og það bendir flest til þess að það væri farsælt ef tækist að þróa veiðarfæri sem gerðu það kleift að ná ígulkerum tiltölulega heilum upp af hafsbotni í nokkru magni. Það hafa menn þegar farið af stað með — af nokkrum vanefnum þó. Ég tel að það sé nauðsynlegt að styrkja þessa nýju grein með þeim hætti sem hér er lagt til. Það er mála sannast að vinnsla ígulkera er tiltölulega mannfrek en hefur þann kost að hún kallar á litla fjárfestingu. Þess vegna er hægt að draga þá ályktun að þar sem tekst að ná upp hagkvæmum og arðbærum rekstri ígulhrognavinnslustöðva, þá sé búið að leggja grunn að nýrri atvinnugrein sem í mörgu byggðarlögum gæti skapað talsvert mikið af vinnu. Við höfum séð einmitt dæmi um það í fjölmiðlum síðustu daga. Á Sauðárkróki er farið af stað fyrirtæki sem lofar afskaplega góðu. Það hefur núna 20 manns í vinnu og hefur á nokkuð skömmum tíma að ég hygg farið úr 10 í 20 manns og flest bendir til að það sé markaður fyrir þessar afurðir. Þar eins og raunar víðar er ekki alveg ljóst hvernig afla ber hráefnisins, þ.e. menn eru nokkuð uggandi yfir því hvort þar sé hægt að ganga á þann stofn sem fyrir hendi er án nauðsynlegra rannsókna. Menn eru að leita fanga í nálægum byggðarlögum. Ég tel að það sé þess vegna nauðsynlegt að koma upp tilraunum með veiðarfæri sem skemma botninn sem minnst og sem skemma sem minnst af ígulkerum sem ekki veiðast en í dag er mér tjáð af þeim sem til þekkja að það séu nokkur brögð að því að þeir plógar sem hafa verið notaðir fari nokkuð illa með botninn. Þess vil ég, virðulegi forseti, lýsa yfir mínum fyllsta stuðningi við þessa tillögu og beita mér fyrir því að hún hljóti náð fyrir augum hv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Könnun á nýtingu ígulkera, fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 358. mál. — Þskj. 638.

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um könnun á nýtingu ígulkera sem ég flyt ásamt hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni og Guðmundi Hallvarðssyni. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela sjútvrh. að láta fara fram rannsókn á stofnum nýtanlegra ígulkera við Ísland. Markmið rannsóknanna verði í senn að kortleggja ígulkeramið við strendur landsins og jafnframt að kanna veiðiþol þeirra til að koma í veg fyrir að veiðar gangi of nærri nýtanlega stofninum."

Efni þessarar tillögu er náskylt þeirri tillögu sem hér var rædd fyrr þar sem 1. flm. var hv. þm. Sturla Böðvarsson.

Eins og ég drap á í umræðum um þá tillögu er það svo að áhugi að vinnslu ígulkera hefur vaxið mjög hratt hér að undanförnu. Menn hafa farið í ýmiss konar tilraunaveiðar og tilraunavinnslu og þetta lofar mjög góðu. Sú tegund sem mestar vonir eru bundnar við er skollakoppurinn, sem er stundum nefndur grænígull, en jafnframt er önnur tegund, marígull, sem kann einnig að reynast nýtanleg síðar meir. Það sem menn eru að sækjast eftir með veiðum ígulkera eru fyrst og fremst hrognin. Það er þó með vissum hætti rangnefni vegna þess að menn hafa notað samheitið hrogn um kynkirtla ígulkersins sem eru hirtir hvort heldur er karl- eða kvendýr. Þeir eru sem sagt seldir sem hrogn.

Þannig er að ágætan markað er nú að finna fyrir afurðir ígulkera í Evrópu, fyrst og fremst fyrir heil ígulker í Frakklandi og sums staðar annars staðar í álfunni. Áður fyrr var nokkur markaður líka til fyrir söltuð hrogn ígulkera, en hann hefur rýrnað mjög á síðustu árum. Hins vegar hefur það gerst sem er mjög jákvætt að í Japan hefur markaður vaxið fyrir fersk hrogn sem eru flutt flugleiðis og verða helst að vera komin á markað innan 30 kukkustunda frá því að ígulkerið er veitt.

Í Japan er það svo að neysla á ferskum hrognum hefur aukist talsvert síðustu árin án þess að veiðar og vinnsla Japana sjálfra hafi aukist að sama skapi. Þess vegna er það svo að í Japan er núna eftirspurn umfram framboð og menn telja að markaðurinn í Japan þoli árlega viðbót um 2.000 tonn af hrognum auk þess magns sem nú kemur þar á markað án þess að verðið raskist. Ýmsar sagnir fara af hinu háa verði fyrir kílóið af ferskum hrognum, en eftir því sem ég kemst næst eru 60–100 Bandaríkjadalir gangverðið í dag komið til Japans þó að verðið fyrir hrogn í hæsta gæðaflokki sé talsvert hærra.

Þess er að geta, virðulegi forseti, að þessi vaxandi eftirspurn í Japan hefur leitt til þess að Japanar horfa nú mjög til norðlægari þjóða um öflun hrognanna, en auk okkar Íslendinga hafa Norðmenn líka sýnt málinu mikinn áhuga og hafa lýst því yfir að þeir hyggist í senn efla veiðar og vinnslu á ígulkerum. Raunar er það svo að þeir binda svo miklar vonir við þennan markað að þar er nú hafið tilraunaeldi á ígulkerum með einmitt Japansmarkað í huga.

Þess er líka að geta að þessi aukni markaður fyrir ígulkerahrogn í Japan leiddi til þess að í Kaliforníu spratt á einum áratug upp mikil grein sem fólst í veiðum og vinnslu ígulkera en á þessum áratug jukust veiðar Kaliforníumanna næstum því úr engu upp í 11 þús. tonn.

Nú er það svo að það er margs að gæta þegar menn vilja fara að veiða nýjan stofn. Það þarf að liggja fyrir einhvers konar könnun á veiðiþoli stofnanna og slíkar kannanir liggja ekki enn þá fyrir í dag. Að vísu hafa farið fram með hléum rannsóknir á m.a. stofnstærð ígulkera víðs vegar um landið. Þær hafa ekki verið skipulagðar. Hafrannsóknastofnunin hefur stundað með hléum rannsóknir á ígulkerum sem fást sem aukaafli. Það hafa farið fram drjúgar rannsóknir á síðustu missirum í Breiðafirði. Raunar hófust þær fyrst árið 1983 og það hafa líka farið fram rannsóknir í Ísafjarðardjúpi á vegum einkaaðila og jafnframt í samvinnu einkaaðila og opinberra aðila, þ.e. Hafrannsóknastofnunar, í Hvalfirði. Þessar rannsóknir lofa góðu. Þær benda til þess að hrognafylling sé góð og að ígulker-

in séu nýtanleg mestan hluta ársins, þó ekki rétt eftir hrygninguna, en það er hins vegar ljóst að til að hægt sé að byggja þessa atvinnugrein upp með skynsamlegum hætti, þá þurfa að liggja fyrir upplýsingar um það hvað stofnarnir þola af veiði. Ella kann svo að fara að menn ráðist í það að hefja vinnslu, ná að byggja upp markað fyrir þessa íslensku afurð en standi síðan frammi fyrir því að stofnarnir hrynji. Þess vegna tel ég að þessi tillaga, samþykkt hennar og framkvæmd, sé forsenda þess að það sé hægt að ráðast í þetta með skynsamlegum hætti.

Þroskun kynkirtlanna má skipta til hægðarauka í fimm stig. Það er hins vegar ekki fyrr en um miðbik þriðja stigsins og á fjórða stigi sem hrognin verða þyngst og eru best að því er varðar sölumöguleika. Þroskun kynkirtlanna er hins vegar nokkuð háð hitastigi. Rannsóknirnar sem gerðar voru í Hvalfirði og í Ísafjarðardjúpi bentu til þess að það væri nokkur munur á því hvenær var ekki hægt að veiða ígulkerin. Þess vegna tel ég að ef menn vilja huga að því að byggja upp grein þar sem hægt er að halda uppi stöðugu framboði á afurðum ígulkeranna héðan á þá markaði sem við hyggjumst vinna, þá sé einmitt nauðsynlegt að kanna þetta til hlítar. Á þeim tímum þegar ekki er hægt að veiða ígulker á einum stað væri hægt að bæta það upp með veiðum á öðrum stöðum. Þannig kann svo að fara að í framtíðinni sé því æskileg einhvers konar lágmarkssamvinna á milli vinnslustöðva á mismunandi stöðum á landinu.

Ég gat þess áðan að vinnslan er afskaplega mannfrek en hvorki veiðarnar né vinnslan krefjast mikillar fjárfestingar og þess vegna er ekki svo mikil hætta á því ef svo færi að markaðir brygðust að við lentum í því sama og við lentum með fiskeldið og jafnvel loðdýrarækt að miklar fjárfestingar fari forgörðum. Að því leyti er þessi nýja atvinnugrein afskaplega jákvæð. Það má nefna það að í Kaliforníu er talið að það þurfi um 35–40 manns til að vinna 10 tonn af ferskum ígulkerum á 8 stunda vinnudegi. Það er ekki síst vegna þessarar mannfrekju greinarinnar sem sveitarfélög og fyrirtæki renna hýru auga til þeirrar atvinnu sem vinnsla á skollakoppi getur skapað.

Það má nefna það til gamans að þegar kannanir árið 1985 leiddu í ljós að í lygnum innfjörðum Ísafjarðardjúps var að finna talsvert af nýtanlegum ígulkerum, þá var eitt af því sem mælti gegn frekari vinnslu einmitt sú staðreynd að það þurfti svo mikinn fjölda fólks til starfseminnar. Á þeim tíma var einfaldlega ekki vinnuafl fyrir hendi og þróunin varð ekki eins ör og ella hefði mátt ætla. Nú eru aðstæður allt aðrar. Illu heilli er um allt land skortur á atvinnu og það ýtir enn frekar á það að stjórnvöld bregðist rétt við og reyni að aðstoða þau fyrirtæki og þá landshluta sem hyggjast fara í ígulkeravinnslu einmitt með þeim grunnrannsóknum sem þurfa að fara fram, en ég kalla það grunnrannsóknir að hefja athuganir á stofnstærð og veiðiþoli ígulkera. Ég tel, virðulegi forseti, að það sé brýnt að gera þetta, hefjast handa um slíkar rannsóknir áður en handahófskenndar veiðar kynnu að ganga of nærri stofnum og þar með að veikja möguleika atvinnugreinar sem gæti ella orðið mjög drjúg búbót í sjávarútvegi og veruleg lyftistöng í atvinnulífi einstakra sveitarfélaga.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. sjútvn.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 17. þm. Reykv., 1. flm. þessarar tillögu, fyrir ágæta tillögu sem hér er til umræðu. Það fer ekki á milli mála eins og kom nú reyndar fram í umræðu hér um tillögu er varðar ígulkeraveiðar og rannsóknir á þeim, tilraunaveiðar, að það er afskaplega mikilvægt að kanna hvaða möguleikar eru á veiðum á ígulkerunum. Það er að sjálfsögðu viðfangsefni og á að vera viðfangsefni stjórnvalda og þeirra stofnana sem lúta að sjávarútvegi að styðja við rannsóknir og reyndar eðlilegt að opinberar stofnanir vinni að rannsóknum á stofnum þessara botndýra.

Það hefur komið fram í þessari umræðu að það hafa farið fram nokkrar athuganir á ígulkerastofninum, en afar litlar enn sem komið er. Á Breiðafirði fóru fram nokkrar rannsóknir á hörpudiskinum sl. haust og hefur reyndar mörg undanfarandi ár verið gert. Þá var einnig litið til ígulkera, en það er alveg augljóst að það eru engan veginn nægjanlegar rannsóknir sem hafa farið fram á þeim möguleikum sem þessi stofn e.t.v. gefur. Þess vegna ber að fagna þessari tillögu og það er afar mikilvægt að hraða afgreiðslu hennar hér í þinginu og ég legg á það mikla áherslu að hv. sjútvn. vinni vasklega að framgangi þessa máls. Það eru mjög margir sem hafa hug á veiðum og e.t.v. vinnslu. Það hefur sýnt sig og þess vegna er mikilvægt að stjórnvöld verði ekki á eftir þeirri þróun sem hér á sér stað. Þess vegna fagna ég þessari tillögu og vænti þess að hv. sjútvn. afgreiði hana sem fyrst og Alþingi afgreiði sem þáltill. þannig að rannsóknastofnanir sjávarútvegsins geti unnið í samræmi við þá tillögu sem hér liggur fyrir.

Stefán Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það sem kom fram áðan í máli hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar að þetta hefur að mörgu leyti verið skemmtilegur dagur og mörg nokkuð merkileg mál sem hafa verið flutt, en vissulega veldur það okkur vonbrigðum sem hér höfum setið hversu fáir hafa verið hér til þess að taka þátt í þeim umræðum sem hér hafa verið um þessi merku mál, en við verðum að vona að það verði þá þeim mun betur um þau fjallað í þingnefndum.

Ég vil segja það í sambandi við þessar tvær þáltill. sem hafa verið bornar fram og eru býsna líkar, að mér hefur aðeins gefist tækifæri til þess að kynnast þessum málum og ég hef trú á því að þar sé á margan hátt um álitlegan kost að ræða, en það er mikið vandaverk hvernig um þetta verður gengið, þessa auðlind sem við skulum vona að sé einhver hjá okkur.

Ég vil sem sé lýsa því yfir að ég mun gera allt sem ég get sem nefndarmaður í sjútvn. til þess að verða að liði í því að flýta afgreiðslu þessara mála því að engin spurning er í mínum huga að báðar þessar tillögur

eru þarfar og ég flyt flm. þeirra bestu þakkir fyrir það að hafa flutt þær.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 16. mál.

Fundi slitið kl. 7.39 síðdegis.

---

148. FUNDUR

miðvikudaginn 31. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Samningsveð, stjfrv., 470. mál, þskj. 812. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Þinglýsingalög, stjfrv., 469. mál, þskj. 811. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Síldarverksmiðjur ríkisins, stjfrv., 115. mál, þskj. 135, nál. 746 og 789, brtt. 747 og 797. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Staðsetning björgunarþyrlu, þáltill., 438. mál, þskj. 738. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Staða brotaþola við meðferð kynferðisbrotamála, þáltill., 458. mál, þskj. 794. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Veiðiheimildir í lögsögu annarra ríkja, þáltill., 267. mál, þskj. 357. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Könnun á nýtingu ígulkera, þáltill., 358. mál, þskj. 638. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Tilraunaveiðar og þróun veiðarfæra vegna veiða á ígulkerum, þáltill., 393. mál, þskj. 687. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Endurreisn urriðastofns í Efra-Sogi og Þingvallavatni, þáltill., 457. mál, þskj. 793. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, stjfrv., 421. mál, þskj. 717, nál. 798. — 2. umr.
11. Fjarskipti, stjfrv., 138. mál, þskj. 836. — 3. umr.
12. Dýrasjúkdómar, stjfrv., 287. mál, þskj. 418, nál. 804, brtt. 805. — 2. umr.
13. Neytendalán, stjfrv., 14. mál, þskj. 14, nál. 841, brtt. 842. — 2. umr.
14. Stjórnarráð Íslands, stjfrv., 206. mál, þskj. 247. — 1. umr.
15. Ráðherraábyrgð, frv., 342. mál, þskj. 621. — 1. umr.
16. Lagaráð Alþingis, frv., 441. mál, þskj. 755. — 1. umr.

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir til að hefta útbreiðslu alnæmis, 508. mál, fsp. KÁ, þskj. 860.

Framtíð húss gamla Stýrimannaskólans, 506. mál, fsp. KÁ, þskj. 858.

Framtíð húss gamla Stýrimannaskólans, 507. mál, fsp. KÁ, þskj. 859.

Lista- og menningarmiðstöð í Álafosshúsunum í Mosfellsbæ, 511. mál, þáltill. ÁMM o.fl., þskj. 864.

Rekstur hjúkrunar- og dvalarheimila, 394. mál, svar heilbrrh., þskj. 861.

Reynslusveitarfélög, 516. mál, stjtill., þskj. 873.

Réttarstaða barna með krabbamein, 505. mál, þáltill. MF og KÁ, þskj. 857.

Sementsverksmiðja ríkisins, 211. mál, nál. minni hluta iðnn., þskj. 869.

Skólabúðir að Núpi, 510. mál, þáltill. LRM o.fl., þskj. 863.

Snjómokstur og upplýsingar um færð, 514. mál, fsp. GuðmS, þskj. 871.

Störf í opinberri þjónustu á landsbyggðinni, 509. mál, fsp. LRM, þskj. 862.

Sveitarstjórnarlög, 515. mál, stjfrv., þskj. 872.

Erindi lagt fram á lestrarsal:

Ályktun frá Húseigendafélagi Reykjavíkur.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti minna á að hér fer fram að lokinni atkvæðagreiðslu utandagskrárumræða að beiðni hv. 14. þm. Reykv., Guðrúnar Helgadóttur, og er um ábyrgðir vegna lífeyrisgreiðslna 20 starfsmanna Sambands ísl. samvinnufélaga. Þessi umræða fer fram samkvæmt síðari mgr. 50. gr. þingskapa.

Samningsveð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 470. mál. — Þskj. 812.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GHelg, GunnS, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JVK, JJ, KSG, KÁ, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

21 þm. (AÓB, ÁMM, EgJ, FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, StH, SvG, VS, ÞÞ) fjarstaddur.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Þinglýsingalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 469. mál (lausafjárskrá). — Þskj. 811.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GHelg, GunnS, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JVK, JJ, KSG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

20 þm. (AÓB, ÁMM, EgJ, FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SvG, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Síldarverksmiðjur ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 115. mál. — Þskj. 135, nál. 746 og 789, brtt. 747 og 797.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 747,1 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GunnS, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JVK, JJ, KSG, KÁ, MF, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

4 þm. (GHelg, HG, JGS, RA*) greiddu ekki atkv.

21 þm. (AÓB, ÁMM, EgJ, FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, StH, SJS, SvG, VS) fjarstaddur.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

1. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JJ, KSG, KÁ, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

4 þm. (HG, JVK, MF, RA) greiddu ekki atkv.

21 þm. (AÓB, ÁMM, EgJ, FI, GuðmS, GÁ, HÁ, HBl, IP, JGS, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, StG, StH, SJS, VS) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JJ, KSG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

3 þm. (HG, JGS, JVK) greiddu ekki atkv.

19 þm. (AÓB, ÁMM, EgJ, FI, GuðmS, GÁ, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 797,1 felld með 30:14 atkv. og sögðu

já: GuðmS, GHelg, HG, ISG, JÁ, JGS, JVK, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÞÞ.

nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, GunnS, IBA, JóhS, JBH, JJ, KSG, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (GuðjG*) greiddi ekki atkv.

18 þm. (AÓB, ÁMM, EgJ, FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

3. gr. samþ. með 31:5 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, IBA, JóhS, JBH, JJ, KSG, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GuðmS, HG, MF, RA, SJS.

10 þm. (AÓB, GHelg, ISG, JÁ, JGS, JVK, KÁ, ÓRG, SvG, ÞÞ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 797,2 felld með 32:15 atkv. og sögðu

já: AÓB, GuðmS, GHelg, HG, ISG, JÁ, JGS, JVK, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÞÞ.

nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, IBA, JóhS, JBH, JJ, KSG, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (ÁMM, FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, IBA, JóhS, JBH, JJ, KSG, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (AÓB, GuðmS, GHelg, HG, ISG, JÁ, JGS, JVK, KÁ, MF, ÓRG, PJ, RA, SJS, SvG, ÞÞ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GunnS, IBA, JóhS, JGS, JBH, JJ, KSG, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (AÓB, GHelg, HG, ISG, JÁ, JVK, KÁ, RA, SvG, ÞÞ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 747,2.a samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JóhS, JBH, JJ, KSG, KÁ, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (AÓB, GuðmS, HG, ISG, JGS, JVK, MF, RA, SJS, SvG, ÞÞ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 797,3 felld með 32:14 atkv. og sögðu
já: AÓB, GuðmS, HG, ISG, JÁ, JGS, JVK, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÞÞ.
nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, IBA, JóhS, JBH, JJ, KSG, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 747,2.b samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, IBA, JÁ, JóhS, JBH, JJ, KSG, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (AÓB, GuðmS, GHelg, HG, ISG, JGS, JVK, KÁ, MF, SJS, SvG, ÞÞ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, VS) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, IBA, JóhS, JBH, JJ, KSG, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (AÓB, GuðmS, GHelg, HG, ISG, JÁ, JGS, JVK, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÞÞ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 797,4 felld með 33:15 atkv. og sögðu
já: AÓB, GuðmS, GHelg, HG, ISG, JÁ, JGS, JVK, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÞÞ.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, IBA, JóhS, JBH, JJ, KSG, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

7. gr., fyrri málsl., samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GHelg, GunnS, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JVK, JJ, KSG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

16 þm. (EKJ, FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

7. gr., síðari málsl., samþ. með 32:15 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, IBA, JóhS, JBH, JJ, KSG, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, GuðmS, GHelg, HG, ISG, JÁ, JGS, JVK, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÞÞ.

16 þm. (EKJ, FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, IBA, JóhS, JBH, JJ, KSG, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (AÓB, GuðmS, GHelg, HG, ISG, JÁ, JGS, JVK, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÞÞ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (EKJ, FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 797,5 felld með 33:14 atkv. og sögðu
já: AÓB, GuðmS, GHelg, HG, ISG, JGS, JVK, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÞÞ.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, IBA, JóhS, JBH, JJ, KSG, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.

15 þm. (FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

9. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, IBA, JóhS, JBH, JJ, KSG, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (AÓB, GuðmS, GHelg, HG, ISG, JÁ, JGS, JVK, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÞÞ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 747,3 samþ. með 34:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, IBA, JóhS, JBH, JJ, KSG, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: GuðmS.
13 þm. (AÓB, HG, ISG, JÁ, JGS, JVK, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÞÞ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, IBA, JóhS, JBH, JJ, KSG, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (AÓB, GuðmS, GHelg, HG, ISG, JÁ, JGS, JVK, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÞÞ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GHelg, GunnS, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JVK, JJ, KSG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.
1 þm. (RA) greiddi ekki atkv.
16 þm. (EgJ, FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Staðsetning björgunarþyrlu, frh. fyrri umr.

Þáltill. JónK o.fl., 438. mál. — Þskj. 738.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GHelg, GunnS, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JVK, JJ, KSG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.
16 þm. (FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JGS, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Staða brotaþola við meðferð kynferðisbrotamála, frh. fyrri umr.

Þáltill. ISG o.fl., 458. mál. — Þskj. 794.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GHelg, GunnS, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JVK, JJ, KSG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.
17 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JGS, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Veiðiheimildir í lögsögu annarra ríkja, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖS og KSG, 267. mál. — Þskj. 357.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GHelg, GunnS, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JVK, JJ, KSG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.
17 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JGS, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Könnun á nýtingu ígulkera, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 358. mál. — Þskj. 638.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GHelg, GunnS, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JVK, JJ, KSG, KÁ, MF, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

19 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JGS, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Tilraunaveiðar og þróun veiðarfæra vegna veiða á ígulkerum, frh. fyrri umr.

Þáltill. StB o.fl., 393. mál. — Þskj. 687.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GHelg, GunnS, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JVK, JJ, KSG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

18 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JGS, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, StG, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Endurreisn urriðastofns í Efra-Sogi og Þingvallavatni, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 457. mál. — Þskj. 793.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GHelg, GunnS, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JVK, JJ, KSG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

17 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, HBl, IP, JGS, JHelg, JónK, JónS, LMR, LRM, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Ábyrgðir á lífeyrisgreiðslum Sambandsins.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er hafið yfir allan vafa og allt pólitískt karp að ástandið í þjóðfélaginu hefur ekki um langan aldur verið jafnválegt og nú. Það kom fram á fundi með hæstv. fjmrh. á Hótel Borg á dögunum að þegar fyrsti þriðjungur ársins er liðinn vantar um fjóra milljarða í ríkissjóð til þess að fjárlög fái staðist. Þá á eftir að koma í ljós hvað yfirstandandi kjarasamningar koma til með að kosta. Og þegar ástandið er orðið á þennan veg er áframhaldandi skriða óumflýjanleg en sú umræða á eftir að fara fram undir öðrum dagskrárlið því að ljóst er að þingið getur ekki farið heim fyrr en fjáraukalög hafa verið afgreidd.

Nýlega hljóp ríkisstjórnin til og styrkti stöðu Landsbanka Íslands með 4 milljörðum kr. Samkvæmt upplýsingum fjmrn. er enn óafgreitt í hvaða formi þessar greiðslur skuli vera og hvernig eða hvort þessir milljarðar komi fram á fjár- eða fjáraukalögum. Alla vega batnar fjárlagahallinn sem nú er um 10 milljarðar ekki við það. Ekki hafði þetta fyrr verið gert en fréttir komu fram á Stöð 2 um skuldbindingar Lífeyrissjóðs samvinnumanna og Sambands ísl. samvinnufélaga upp á 800 millj. kr. vegna eftirlauna og örorkubóta 20 forstjóra og framkvæmdastjóra sambandsfyrirtækja.

Ranglætið og ójöfnuðurinn í samfélagi okkar ættu engum að koma á óvart, ekki heldur starfsmönnum Sambandsins sem hljóta 18–20 þús. kr. að loknum áratuga starfsdegi. (**Forseti:** Hljóð í salnum.) Og það er víst fullkomlega leyfilegt að stöndug fyrirtæki bjóði slíkan fögnuð þreyttum forstjórum, frá 529 þús. kr. á mánuði og niður í 330 þús. kr. En varla verður með sanngirni sagt að Lífeyrissjóður samvinnumanna né SÍS séu stöndug fyrirtæki enda segir Bjarni Þórðarson tryggingafræðingur í úttekt sem Sambandið lét gera á stöðu lífeyrissjóðsskuldbindinga sinna svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég tel hins vegar fullvíst að sjóðurinn verði að grípa til slíkra ráðstafana, þ.e. skerðingar lífeyris, í framtíðinni en ekki er ljóst hve mikil sú skerðing verður. Raunar voru réttindi maka skert með breytingu á reglugerð á síðasta aðalfundi samvinnulífeyrissjóðsins en skerðing á lífeyri í sjóðnum þýðir einfaldlega að þyngri byrðar leggjast á SÍS og hlutafélögin."

En af hverju er verið að ræða vandamál SÍS á Alþingi?

Í umræddri frétt sem birtist á Stöð 2 sagði Hallur Hallsson fréttamaður svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt okkar heimildum þá er fyrirmyndin að flóknum og metnaðarfullum lífeyrisréttindum SÍS-toppanna héðan úr Landsbankanum. Einsýnt þykir að Landsbankinn tapi milljónum á upplausn SÍS sem sjálft heyrir sögunni til eftir milljarða taprekstur síðustu ára og þarf nú að standa skil á lífeyri til toppanna fyrir hundruð milljónir."

Hann sagði enn fremur: „Þessar 800 millj. rúmar falla í hlut 20 manna, tveggja forstjóra og átján framkvæmdastjóra. Fyrir utan að borga í Lífeyrissjóð SÍS eins og sambandsfólk almennt voru toppunum tryggð lífeyrisréttindi upp á tugi milljóna í tilviki hvers og eins. Þessum skuldbindingum var dreift á þau hlutafélög sem stofnuð voru þegar Sambandið var leyst upp, fyrirtæki eins og Íslenskar sjávarafurðir og Olíufélagið, sterk félög eignalega og svo önnur veikari eins og Miklagarð, Jötun og Samskip. Móðurfélagið SÍS tók á sig 150 millj., en hlutafélögin 300 millj. Vandséð er

hvernig staðið verður í skilum við toppana og jafnvel má búast við að einhverjir missi spón úr aski sínum. Því fyrir utan að SÍS standi illa þá eru sum hlutafélögin sem tóku á sig byrðar veikburða félög eins og t.d. Mikligarður og skráð var á núllvirði í síðustu ársskýrslu. Þá má til að mynda nefna Jötun þar sem hlutabréf eru skráð undir nafnverði."

Þetta sagði fréttamaðurinn Hallur Hallsson í umræddri frétt.

Hér er sem sagt fullyrt að verulegur hluti þessara ævintýralegu skuldbindinga vegna eftirlauna 20 manna falli hugsanlega á Landsbanka Íslands við yfirtöku bankans á hlutafélögum sem stofnuð voru þegar Sambandið leystist upp. Því hlýt ég að spyrja: Voru milljarðarnir sem Alþingi samþykkti Landsbankanum til styrktar fyrir fáeinum vikum kannski að hluta til til þess að halda þessum fáránlegu greiðslum úti? Það kynni að vera áhugavert fyrir landsmenn að vita það. Gæti það ekki verið forvitnilegt fyrir starfsmennina 500 sem nú hefur verið sagt upp störfum hjá Miklagarði að vita hvað Landsbankinn er að fjármagna þegar þeir leita fyrirgreiðslu bankans vegna húsnæðisskulda sinna?

Hæstv. forseti. Það skal skýrt tekið fram að ég er ekki að halda því fram að Landsbankinn eða aðrir bankar séu með þessar ábyrgðir á herðunum. Það hljóta hæstv. ráðherrar hins vegar að vita. Ég reyndi að afla mér þessara upplýsinga hjá Landsbanka, Seðlabanka og bankaeftirliti, og vísaði þar hver á annan. Enginn vissi neitt. Það þætti tæpast góð fjármálastjórn á venjulegu heimili að yfirtaka skuldir frá öðrum án þess að vita hversu miklar þær eru en í ríkiskerfinu er öll vanþekking leyfileg. Í hvert sinn sem reynt er að afla upplýsinga um fjármálasukkið í þessu landi smjúga menn eins og álar í djúpan hyl og hver vísar á annan og milljarðasukkið heldur áfram á sama tíma og 4 milljarðar kr. eru greiddar í ár úr ríkissjóði í atvinnuleysisbætur ef svo fer sem horfir.

Hæstv. forseti. Hversu lengi getur lítið samfélag eins og okkar búið við það fáránlega ranglæti sem við horfum hér framan í? Hvað á einn maður að gera við 6,8 millj. á ári í eftirlaun? Og hvað átti hann reyndar að gera við 10 millj. meðan hann var í starfi? Varla var það bónus fyrir að skila blómlegu búi?

En heyrum hvað Sigurður Markússon segir í grein í Morgunblaðinu 25. þessa mánaðar, með leyfi hæstv. forseta. Hann hefur grein sína á þessum orðum:

„Stöð 2 hefur nýlega gert að umtalsefni eftirlaunasamninga við framkvæmdastjóra og forstjóra Sambands ísl. samvinnufélaga. Öllum má ljóst vera að hér hefur sjónvarpsstöðin tekið til umfjöllunar trúnaðarskjöl sem komið hefur verið á framfæri í þeim tilgangi einum að skaða Sambandið og gera tortryggilega þá einstaklinga sem hér eiga hlut að máli. Að dómi Stöðvar 2 hafa þessir einstaklingar það til sakar unnið að hafa sett nöfn sín undir samninga sem eiga sér fyrirmyndir á fjölmörgum sviðum þjóðlífsins, svo sem í stjórnsýslu hins opinbera, í bankakerfinu og í viðskiptalífinu."

Það kynni þá að vakna sú spurning hversu víða í stjórnkerfinu samningar um slíkar eftirlaunagreiðslur tíðkast. Ég geri ráð fyrir að Sigurður Markússon þekki nokkuð til og hafi þar eitthvað til síns máls. Það væri svo sannarlega áhugavert að vita hvaða höfðingjar njóta þessara sérréttinda sem engum öðrum réttindum eru lík í þessu samfélagi.

En síðar í grein sinni lýsir Sigurður tilurð þessara sérkennilegu samninga og hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir eftirlaunasamningar, sem nú eru í gildi, voru gerðir í nóvember 1981. Var þar um að ræða endurskoðun á fyrri samningum sem rekja má til ársins 1975. Þá kom það nýmæli inn í kjör framkvæmdastjóra að þeim var gert að hætta störfum við 65 ára aldur og hefur þetta haldist svo síðan. Nú verður sá fyrir verulegri skerðingu lífeyris úr almennum lífeyrissjóði sem hættir störfum 65 ára í stað 70 ára og má vel vera að sérstakur eftirlaunasamningur hafi verið boðinn af fyrirtækisins hálfu til að bæta þann vanda. Samkvæmt fyrri samningunum (1975) tók 35 ár að *ávinna sér hámarksréttindi, sem voru 75% af launum*, en samkvæmt seinni samningunum (1981) styttist tíminn í 15 ár en prósentan hækkaði úr 75 í 80%. Mér hefur verið tjáð, að við gerð beggja þessara samninga hafi verið stuðst við fyrirmyndir úr ríkiskerfinu, en eflaust hefur það einnig haft sín áhrif að samningar af þessu tagi eru vel þekktir í einkageiranum. Þeir samningar, sem gerðir hafa verið við nýja framkvæmdastjóra eftir 1981 en fyrir skipulagsbreytingu Sambandsins um áramót 1990–1991, hafa verið samhljóða samningunum frá 1981."

Allt er þetta hið sérkennilegasta mál og væri fróðlegt að vita *í hvaða ríkisfyrirtæki þessi fyrirmynd* Sambandsins er sótt.

Um skuldbindingar Sambandsins í árslok 1991 segir Sigurður Markússon, með leyfi hæstv. forseta:

„Í árslok 1991 telur Bjarni Þórðarson tryggingafræðingur að heildarskuldbindingar gagnvart 20 samningshöfum séu 688 millj. kr. Þar af koma 228 millj. kr. í hlut Samvinnulífeyrissjóðsins en 460 millj. kr. í hlut Sambandsins og fyrirtækja þess. Í ársreikningi Sambandsins fyrir árið 1991 er raunar talað um 450 millj. kr. og stafar mismunurinn, 10 millj. kr., af skuldbindingum sem falla á aðra lífeyrissjóði en Samvinnulífeyrissjóðinn. Af fjárhæðinni 460 millj. kr. sitja 147 millj. kr. eftir hjá Sambandinu en 313 millj. kr. færast yfir til átta fyrirtækja."

Því hlýtur næsta spurning að vera: Hvar eru þau fyrirtæki niður komin nú, hver hefur tekið þessar skuldbindingar að sér?

Sigurður Markússon á augljóslega í erfiðleikum með að verja þessar gerðir og ég vil, úr því að ég hef verið að lesa úr grein hans í Morgunblaðinu, leyfa mér að lesa lokaorð hans svo öll sanngirni sé sýnd. Hann segir þar, hæstv. forseti:

„„Tímarnir breytast og mennirnir með" segir gamall málsháttur. Eftirlaunasamningar Sambandsmanna á árinu 1975 voru afurð síns tíma og slíkt hið sama má segja um samningana frá árinu 1981. Það hvarflar ekki að mér að nokkur vinnuveitandi á samvinnusviði

mundi bjóða upp á hliðstæða samninga í dag og það hvarflar heldur ekki að mér að nokkur launþegi mundi í dag skrifa undir eftirlaunasamning sem ekki teldist bærilega tryggður með árlegum iðgjöldum. Ég hef lýst því verklagi sem samvinnumenn vilja stefna að í þessum efnum, þ.e. hóflegri kjör og tryggari greiðslur. Sú spurning hlýtur að vakna hvort þjóðfélagið í heild sé reiðubúið til að ráðast í þann uppskurð á lífeyriskerfum fortíðarinnar sem löngu er orðinn tímabær."

Þetta segir Sigurður Markússon 25. mars sl. en í Morgunblaðinu 30. mars, fimm dögum síðar, er fyrirsögn sem hljóðar svo: „Útlit er fyrir að erfiðleikar Miklagarðs rýri eignarhlut Sambandsins." Og fyrirsögnin er: „Engar tryggingar fyrir eftirlaunasamningum."

Þar vill Sigurður Markússon stjórnarformaður Sambandsins ekkert tjá sig um þetta mál að öðru leyti en því að leggja áherslu á að allir þeir sem eigi þessi réttindi sitji við sama borð ef það komi á daginn að eignir hrökkvi ekki fyrir öllum eftirlaunaskuldbindingum.

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja mál mitt meira, ég vænti þess að hæstv. fjmrh. geri hér grein fyrir því hvort eitthvað af þessu mikla fjármagni, 20 mönnum til handa, hafi dæmst á Landsbanka Íslands og einnig væri áhugavert að vita í hvaða forgangsröð slíkar skuldbindingar fara við gjaldþrot þeirra fyrirtækja sem tekin eru í gjörgæslu bankans. Þessar spurningar hljóta að vera eðlilegar með hliðsjón af því að milljarðar kr. hafa verið teknir til hjálpar Landsbanka Íslands og það hlýtur að vera réttur hvers einasta Íslendings að fá að vita hvort eitthvað af því fjármagni verður notað til að halda uppi þessum fáránlegu eftirlaunakröfum 20 manna.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mun leitast við að svara einhverju af því sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda en þess ber að geta að það er spurning hvort það er í mínum verkahring að svara sumu af því sem fram kom í ræðu hv. fyrirspyrjanda. Ég vil þó byrja á því að segja og staðfesta það sem fram kom í ræðu hv. fyrirspyrjanda að það má gera ráð fyrir því eins og hv. þm. sagði nú þegar ríkisfjármálin eru skoðuð að halli, greiðsluhalli eða rekstrarhalli ríkissjóðs á þessu ári verði a.m.k. 10 milljarðar eða u.þ.b. 4 milljörðum kr. meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum sem við afgreiddum fyrir síðustu jól. En þá ber að geta þess að fyrirhuguð styrking Landsbankans er ekki á meðal þeirra útgjalda sem um er að ræða því að þó ekki sé búið að ganga frá forminu á styrkingu Landsbankans, þá er ekki gert ráð fyrir því að það gerist með beinhörðum peningaútlátum ríkissjóðs á þessu ári. Líkur eru fremur á því að það eigi sér stað með afhendingu skuldabréfs og þótt ekkert sé enn ákveðið í þeim efnum, þá má gera ráð fyrir að ríkissjóður verði að greiða af því skuldabréfi á nokkru árabili og þær greiðslur hefjist ekki fyrr en kannski eftir um það bil 5 ár. Það kann einnig að gerast að ríkissjóður geri arðkröfur til Landsbankans sem svari þá til einhvers konar framlags af hálfu bankans aftur til ríkissjóðs, en um þetta er of snemmt að tala þar sem ekki hefur verið gengið frá samningum bankans og ríkissjóðs samkvæmt nýsamþykktum lögum á Alþingi.

Varðandi hins vegar það mál sem er rætt utan dagskrár, þá hafa upplýsingar einkum komið fram frá Sigurði Markússyni, stjórnarformanni SÍS, í Morgunblaðinu í grein sem hv. þm. vitnaði til, en þar er skýrt hvernig ákveðnum einstaklingum eru tryggð lágmarkseftirlaun. Þau hlutafélög sem taka síðan við af SÍS hafa yfirtekið þessar skuldbindingar en þær eru í því formi að fyrirtækin ábyrgjast að greiða viðkomandi aðilum eftirlaun og eftirlaunin eru eins konar afgangsstærð því að hluta af eftirlaununum greiða að sjálfsögðu lífeyrissjóðir þessara starfsmanna sem yfirleitt er lífeyrissjóður samvinnumanna, Samvinnulífeyrissjóðurinn, en það sem á kann að vanta sem er nú held ég í öllum þessum tilvikum munu viðkomandi félög greiða. Það er meginreglan og ég legg áherslu á að hér er ekki um lífeyrisskuldbindingar að ræða heldur aðeins samninga um eftirlaun og það er talsverður munur á þessu tvennu því að eftirlaun eru greidd beint af fyrirtækjunum en sé um lífeyri að ræða fer það í gegnum lífeyrissjóði og greiðist yfirleitt í hlutfalli við innlögn eða iðgjöld viðkomandi lífeyrisþega. Þess vegna verður að gera skýran greinarmun á annars vegar lífeyri og hins vegar eftirlaunarétti.

Meginspurning hv. fyrirspyrjanda er sú hvort hugsanlegt sé að Landsbankinn skaðist á því að þurfa að taka yfir sum af þessum félögum sem þarna eiga í hlut eða skuldbindingum þeirra og þá hvort sá skaði eða það tjón leiði til þess að fyrirhugaðir fjármunir sem renna til Landsbankans úr ríkissjóði verði notaðir til þess að greiða það tjón. Þannig er mál með vexti að í fjmrn. eru ekki mjög miklar upplýsingar um viðskipti Sambandsins og Landsbanka Íslands og þess vegna get ég ekki svarað fyrir einstök atriði í þeim samskiptum, en það sem ég segi leiðir af eðli þessa máls.

Þá er þess fyrst að geta að þessi félög sem um getur eru hlutafélög, þeim var breytt í hlutafélög á sínum tíma og hafi Landsbankinn eða einhver annar aðili eignast hlut í félaginu eða eftir atvikum alla hluti í því er sá aðili einungis ábyrgur fyrir skuldbindingum félagsins að því marki sem hlutafjáreign hans dregur. Kröfum á félagið umfram það verður ekki beint að viðkomandi aðila og gera verður ráð fyrir að skuldbindingar þessar hafi verið eðlilega metnar með yfirtöku Landsbankans á eignum SÍS og munu þær þá ekki falla á bankann. Fari svo að félag sem bankinn hefur eignast verði gjaldþrota verður sá sem á eftirlaunarétt hjá félaginu að beina kröfu að þrotabúinu eins og aðrir kröfuhafar. Ræðst þá af eignum þess hvort sú krafa fæst greidd eða ekki. Að því leyti sem krafa fæst ekki greidd í skiptum er hún glötuð og verða eigendur hlutabréfa í félaginu ekki krafðir um hana. Með öðrum orðum, það er ekki hægt að gera ráð fyrir því að Landsbankinn þurfi að standa skil á þessum skuldbindingum verði viðkomandi félög gjaldþrota. Hins vegar mætti spyrja kannski næstu spurningar og hún er þessi: Hvað ef félögin verða ekki gjaldþrota? Þá held ég að það þurfi að skoða í fyrsta lagi hvernig matið

hafi verið á þessum skuldbindingum. Það hefur auðvitað verulega þýðingu hvort matið var of hátt eða of lágt en við gerum ráð fyrir því án þess að fjmrn. hafi nokkra vitneskju um það að Landsbankinn hafi haft til hliðsjónar það tryggingafræðilega mat sem liggur til grundvallar og ef það er metið samkvæmt því, þá er ekki hægt að gera ráð fyrir því að Landsbankinn skaðist. Hins vegar getur haft áhrif á þetta mál hvernig Samvinnulífeyrissjóðnum vegnar því að eins og fram hefur komið í fréttum, þá hefur Bjarni Þórðarson sagt að það megi búast við því að það þurfi að skerða lífeyri þeirra sem hafa greitt í Samvinnulífeyrissjóðinn. Ef sú skerðing á sér stað, þá eykst eftirlaunaréttur þessara starfsmanna samkvæmt samningum sem þeir gerðu á sínum tíma við SÍS þannig að það getur haft áhrif á félög sem ekki verða gjaldþrota en hafa lent í höndum nýrra eigenda þannig að afkoma þeirra félaga getur orðið að því leytinu til verri. Hitt er svo annað mál að hér er ekki neitt tillit tekið til þess hver afkoma þeirra fyrirtækja verður í framtíðinni og vera kann að afkoma sumra þessara félaga sem lenda þá í höndum annarra heldur en samvinnumanna verði betri en á horfðist þegar um eigendaskiptin var að ræða. Þannig er engan veginn hægt í dag að slá því föstu að einn eða annar tapi umfram það sem vitað er í dag og þessar skuldbindingar liggja að sjálfsögðu fyrir og er þeim kunnugt sem eiga kaup um þessi fyrirtæki.

Þá var spurt að því hvaða stöðu kröfur vegna þessara eftirlaunaskuldbindinga hafa við gjaldþrotaskipti og hvort það séu forgangskröfur eða almennar kröfur. Því er til að svara að það eru ekki til staðar bein lagaákvæði um þetta tiltekna efnisatriði og hefur ekki reynt á það fyrir dómstólum svo að kunnugt sé. Hins vegar má telja einsýnt að hér sé um að ræða almenna kröfu og ekki er að mínu mati um að ræða launakröfu sem fallið getur undir ábyrgðasjóð launa og þau lög sem um þann sjóð fjalla. Þess má geta til upplýsingar að skattyfirvöld hafa ekki viljað fallast á að gjaldfæra megi skuldbindingar þessar um leið og þær myndast, heldur eigi það að gerast þegar þær gjaldfalla og er uppi ágreiningur af þeim sökum. Fyrirtæki sem hefur gert slíka eftirlaunasamninga óska eftir því að gjaldfella um leið og skuldbindingarnar verða til. Þetta er nú farið að hljóma nokkuð líkt og þegar við erum að deila hér um ríkissjóð og skuldbindingar sem falla á ríkissjóð. En þegar skuldbindingarnar urðu til eins og gerðist til að mynda á árunum 1975–1981 hjá Sambandinu, og ég er ekki að tala um sambandsfyrirtæki í þessu tilviki, þá urðu til þessar skuldbindingar. Félagið óskaði eftir því að mega gjaldfella skuldbindingarnar þegar þær urðu til af skattalegum ástæðum, en skattayfirvöld féllust ekki á það og töldu að það mætti ekki gjaldfella þennan kostnað á móti tekjum fyrr en greiðslurnar ættu sér stað. Vona ég að þetta sé nú álíka skýrt og þegar ég segi frá því þegar ég er að lýsa mismunandi uppgjörsaðferðum hér hjá ríkissjóði.

Síðan vil ég aðeins koma hér inn á þá tilgátu að eftirlaunaskuldbindingarnar kunni að falla á lífeyrissjóðinn sem viðkomandi starfsmenn hafa greitt í og öðlast lífeyrisrétt hjá, þ.e. Samvinnulífeyrissjóðinn, en eins og kemur fram í upplýsingum formanns stjórnar SÍS eru tengsl þessara eftirlauna og lífeyris úr sjóði þau ein að tryggð er greiðsla á mismun tiltekinnar fjárhæðar og lífeyris úr sjóðnum. Það hvort sem sá tók á sig slíka tryggingu getur staðið við hana eða ekki hefur engin áhrif á greiðslur úr lífeyrissjóðnum eða þær kröfur sem að honum verður beint. Skuldbindingar sjóðsins ráðast eingöngu af þeim iðgjöldum sem í hann hafa verið greidd og reglum hans um réttindi sem iðgjaldagreiðslur veita. Með öðrum orðum, þessir tilteknu samningar hafa ekki áhrif á eign annarra í þessum viðkomandi lífeyrissjóði að öðru leyti en því, sem ekki kemur neins staðar fram í þessu sem ég hef hér tínt saman vegna fyrirspurnarinnar, að hugsanlega gæti lífeyrissjóður þessi eða aðrir lífeyrissjóðir yfirleitt hafa lánað þessum fyrirtækjum og auðvitað eru þá minni líkur á að þau lán greiðist til baka ef þessi fyrirtæki lenda í ógöngum hugsanlega vegna skuldbindinga sem þau hafa tekið á sig, bæði eftirlaunaskuldbindinga og annarra skuldbindinga. Um það get ég ekkert sagt á þessari stundu. Til þess þekki ég ekki þetta mál nægilega vel, enda er hér verið að fjalla um mjög viðkvæmt efni sem á sér stað í einkafyrirtæki. Aðalatriðið er það frá mínum sjónarhóli að það eru litlar sem engar líkur á því að Landsbankinn skaðist á þessum eftirlaunaskuldbindingum né heldur að þeir fjármunir sem hugsanlega munu ganga frá ríkinu til Landsbankans væru notaðir til þess að greiða þessar eftirlaunaskuldbindingar.

Ég hef kosið, virðulegur forseti, að fella enga siðferðilega dóma yfir þessu kerfi eða hvort þetta sé öðruvísi en það á að vera. Þessir samningar eru að sjálfsögðu fyllilega heimilir á milli þeirra aðila sem þarna áttu hlut að máli sem eru starfsmenn Sambandsins og stjórn Sambandsins, en ég vil í lokin leitast við að svara þeirri fyrirspurn hvort það sé víða í stjórnkerfinu sem þetta gerist og ég kannast ekki við það. Ég tel að það séu ekki til neinir — a.m.k. man ég ekki eftir því — eftirlaunasamningar í stjórnkerfinu á borð við þessa. Það þekkjast auðvitað biðlaun samkvæmt lögum sem eru allt annars eðlis. Starfslokasamningar hafa verið gerðir við einstaka aðila sem láta af störfum og koma þá greiðslur í staðinn fyrir unnin verk í einhvern tiltekinn tíma. Síðan lýkur þeim greiðslum en eftirlaunagreiðslur að öðru leyti eru samkvæmt tilteknum lögum og er þá nærtækast að líta til Lífeyrissjóðs alþingismanna og ráðherra í því sambandi. Að öðru leyti kannast ég ekki við að það séu gerðir neinir samningar í stjórnkerfinu, þar sem ég þekki til a.m.k., eins og tíðkast sums staðar í einkafyrirtækjum.

Vona ég, virðulegi forseti, að þetta skýri nokkuð þetta mál en mér er það ljóst og ég skil það vel að þetta mál eins og önnur slík hljóta hins vegar að vekja upp spurningar um lífeyrissjóði, lífeyrismál almennt, tengsl þeirra mála við lífeyriskerfi ríkisins og þann mikla mun sem er á lífeyrisréttindum annars vegar opinberra starfsmanna og hins vegar fólks sem starfar hjá einkafyrirtækjum annarra en þeirra sem gera eftirlaunasamning eins og við höfum hér verið að ræða um. Öll þessi mál hljóta að koma upp, ekki síst þegar ver-

ið er að ræða um kjarasamninga og ég skal fyrstur manna og fúslega viðurkenna það að einmitt þessi mál valda oft erfðleikum þegar fólk ber saman kjör sín og veldur okkur nú erfiðleikum einmitt þegar ná þarf saman kjarasamningi sem helst þyrfti að taka til sem allra flestra í þjóðfélaginu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið voru þeir eftirlaunasamningar 20 starfsmanna hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga sem hv. 14. þm. Reykv. gerir hér að umtalsefni gerðir á árinu 1981. Ég tel ástæðu til að fara nokkrum orðum um það hvers eðlis þessir samningar voru en samkvæmt þeim skyldu viðkomandi starfsmenn greiða iðgjöld í Samvinnulífeyrissjóðinn en samkvæmt samningnum skyldi Sambandið greiða þeim viðbótarlífeyri umfram það sem Samvinnulífeyrissjóðurinn mundi greiða þeim samkvæmt almennum reglum og skyldu greiðslur úr sjóðnum og frá Sambandinu samtals nema heildarlífeyri sem hlutaðeigandi voru búnir að vinna sér rétt til að hámarki 90% af launum eftir 15 ára starf. Þá voru í þessum samningum ákvæði þess efnis að lífeyrir sem eftirlaunahafi kynni að eiga eða eignast rétt til frá öðrum aðilum verði til þess að draga úr greiðslum frá Sambandinu. Með þessu ákvæði í samningunum var ætlunin að girða fyrir skörun í lífeyrisgreiðslum og réttindum.

Það er ástæða til að fara nokkrum orðum um þær fjárhæðir sem hér er verið að ræða. Ég vil rifja það upp að í árslok 1991 taldi Bjarni Þórðarson tryggingafræðingur að heildarskuldbindingar gagnvart 20 samningshöfum væru 688 millj. kr. Þar af komu 228 millj. kr. í hlut Samvinnulífeyrissjóðsins, en 460 millj. kr. í hlut Sambandsins og fyrirtækja þess. Af þeirri fjárhæð, þ.e. þessum 460 millj. sitja 147 millj. kr. eftir hjá Sambandinu en 313 millj. færast yfir til þeirra átta fyrirtækja sem tengdust því og var það hluti af samningsgerð við þau nýju fyrirtæki sem voru stofnuð upp úr deildum Sambandsins áramótin 1990/1991 að hvert fyrirtæki skyldi taka að sér þær lífeyrisskuldbindingar sem áunnist hefðu í viðkomandi deildum.

Þessar fjárhæðir sem ég hef hér stuttlega rakið, eru allar miðaðar við 3% árlega afvöxtun á framtíðarskuldbindingum samkvæmt samningunum og má fullyrða að þar sé varlega í sakirnar farið, þ.e. fjárhæðirnar séu hátt metnar. Ég tek sem dæmi að væri miðað við 5% árlega afvöxtun framtíðarskuldbindinga má ætla að 460 millj. kr. heildarfjárhæðin mundi lækka í 330–340 millj. og hlutur Sambandsins þar með úr 147 í 105 millj. eða eitthvað þar um bil.

Ég vil hér að lokum, virðulegi forseti, víkja að þremur atriðum þar sem mér finnst skýringa þörf.

Í fyrsta lagi, eins og hæstv. fjmrh. vék að, er það misskilningur að eftirlaunasamningar þessir geti beinlínis rýrt fjárhagsstöðu Samvinnulífeyrissjóðsins og leitt til skerðingar á lífeyrisgreiðslum til annarra sjóðfélaga. Svo er alls ekki. Staðreyndin er sú að umræddir 20 menn munu aðeins fá greitt úr sjóðnum í samræmi við það sem greitt hefur verið fyrir þá í þann sjóð.

Í öðru lagi hefur hér verið hreyft þeirri spurningu hvort Sambandið og þau átta fyrirtæki sem greiðslur samkvæmt samningunum áttu að falla á muni geta staðið við þær greiðslur. Ég treysti mér ekki til að svara því en vil nefna það hér að verði eitthvert þessara fyrirtækja gjaldþrota má leiða að því bæði líkur og lagarök að með eftirlaunasamningana, sem við erum hér að ræða, verði farið eins og hverja aðra almenna kröfu í búið en ekki eins og forgangskröfu. En eins og kom fram hjá hæstv. fjmrh., þá verður að sjálfsögðu ekki um það fullyrt því á slík mál hefur ekki reynt. Mér virðist líklegt að dómstólar mundu núvirðisreikna svona kröfur hjá þeim einstaklingum sem eru komnir á eftirlaunaaldur en eingöngu hjá þeim, því fyrir einstaklinga sem enn eru á besta starfsaldri og eiga eftir að ávinna sér lífeyrisréttindi allt til starfsloka á öðrum vinnustöðum, hjá öðrum fyrirtækjum, er ómögulegt að segja til um hvort og þá hve mikið greiðslur Sambandsins og fyrirtækjanna átta þyrftu að vera til þess að standa við samningana. Um það verður því alls ekki fullyrt á þessari stundu hvort þessi heildarfjárhæð sem ég lýsti áðan mundi reynast krafa við búslit.

Ég nefni svo í þriðja lagi og ekki síst vegna þess að hv. málshefjandi hreyfði því hvort Landsbankinn, sem hefur yfirtekið nokkur þessara fyrirtækja sem hér koma við sögu, hafi þar með yfirtekið eftirlaunasamningana. Svarið við þeirri spurningu er hiklaust nei. Það hefur hann ekki gert. Bankinn lítur á þessa eftirlaunasamninga eins og hverja aðra almenna kröfu og skuldbindingu á hendur viðkomandi fyrirtæki. Þess vegna get ég svarað því alveg hiklaust að engu af þeirri eflingu eigin fjár Landsbankans sem Alþingi hefur nýlega ákveðið verður varið til þess að standa straum af þeim skuldbindingum.

Með þessum orðum, virðulegi forseti, vona ég að ég hafi svarað þeim spurningum sem hv. málshefjandi hefur hér hreyft um leið og þetta mál hefur verið skýrt að nokkru.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Það er vissulega full þörf á því að ræða lífeyrissjóðsmál þjóðarinnar almennt. Það sýna jafnframt öll þau mál sem hafa komið inn í þingið um bæði lífeyrissjóðsmál hinna ýmsu stétta og eftirlaun og nú liggja óafgreidd í þinginu. Þetta mál brennur því vissulega á mörgum.

Hún gat þess hér í upphafi að staða þjóðarbúsins væri erfið og hér væri um stórar fjárupphæðir að ræða sem e.t.v. tengdust því framlagi sem ríkissjóður mun hugsanlega leggja af mörkum til Landsbanka Íslands. Ég held að það sé óhætt að trúa því sem hér hefur komið fram að Landsbankinn hefur ekkert með það að gera og það tengist ekki því framlagi sem ríkissjóður mun husanlega leggja fram sem verður kannski ekkert framlag heldur pappírsframlag, ef svo má segja. Eins og hæstv. fjmrh. upplýsti hér áðan er fyrirhugað að það verði skuldabréf sem þurfi að greiða í framtíðinni og virðist hæstv. ríkisstjórn því vera að búa hér til fortíðarvanda fyrir framtíðina.

Þeir samningar sem við höfum verið að ræða hér í sambandi við lífeyrissjóðsmál sambandsforstjóra eru bundnir samningum sem gerðir voru fyrir 12 árum. Í grein Sigurðar Markússonar í Morgunblaðinu 25. mars segir að þeir hafi verið gerðir samkvæmt því sem þá tíðkaðist og eftir fyrirmyndum úr ríkiskerfinu, eins og hann segir. Raunar segir hæstv. fjmrh. að honum sé ekki kunnugt um það en einhverjar fyrirmyndir virðast þó hafa verið við gerð þessara samninga. Nú er ég ekki ein af þeim sem legg til að við gerða samninga sé ekki staðið þannig að meðan þessir samningar gilda er trúlega ekkert annað að gera en standa við þá. Þeim hefur ekki verið rift á lögformlegan hátt.

Eins og ég sagði í upphafi, þá hafa lífeyrissjóðamál oft verið til umræðu í þjóðfélaginu og misskipting lífeyrisþega í framhaldi af því. Misskipting lífeyrisþega í þjóðfélaginu er geysilega mikil. Sumir þjóðfélagshópar hafa bæði allsæmilegan lífeyri og eftirlaun aðrir hafa lítið og enn aðrir ekki neitt. Ég nefni einn hóp í þjóðfélaginu sem engin lífeyrisréttindi hefur og það er heimavinnandi fólk. Það hefur engin lífeyrisréttindi og enn hefur ekki verið á því tekið hvernig með þau mál skuli fara í framtíðinni. Tel ég nauðsynlegt fyrir hið háa Alþingi að ræða það einnig í tengslum við þá umræðu um lífeyrissjóðamál sem hér verður á næstu vikum.

Hvað varðar þessi lífeyrissjóðsmál að öðru leyti, sem hv. frsm. gerði hér að umtalsefni, þá er mér kunnugt um að þegar Landsbankinn keypti Samvinnubankann voru 100 millj. til í sjóði hjá Samvinnubankanum til að standa undir greiðslum vegna eftirlauna og þegar bankinn var keyptur var bætt við 100 millj. kr. til viðbótar til þess að þær skuldbindingar sem Samvinnubankinn hefði á þeim tíma væru örugglega nægilega hátt metnar. Margir forsvarsmenn Samvinnubankans voru reyndar ekki sáttir við þetta. Þeir töldu þetta ofmetið þegar Landsbankinn keypti Samvinnubankann En allt um það, þá var þetta jafnvirði 200 millj. kr. á þeim tíma.

Það hefur nokkuð verið til umræðu að starfsmenn Samvinnubankans gengju inn í Lífeyrissjóð Landsbanka Íslands en það hefur þó ekki gerst enn þá. Þeir eiga sín réttindi í Samvinnulífeyrissjóðnum og hafa síðan fengið lífeyrissjóðsréttindi í Lífeyrissjóði bankans eftir að þeir byrjuðu þar störf. Þeirra réttindi eru því metin á hverjum stað fyrir sig.

Þegar Sambandinu var breytt í þau mörgu fyrirtæki sem gert var þegar það var stokkað upp var Mikligarður skilinn eftir, þ.e. Mikligarður fylgdi ekki með þeim fyrirtækjum sem Landsbankinn tók upp í skuldir, eins og hægt er að kalla það. Eins og við vitum er mikið rætt um það nú að Mikligarður sé jafnvel kominn til gjaldþrotaskipta. Ég er ekki alveg með það á hreinu hvort það er orðin staðreynd en alla vega er það í umræðunni að loka og búið að segja þar upp starfsfólki. Hins vegar á Landsbankinn húsið sem Mikligarður starfar í, þ.e. Holtagarðana, vegna þess að Landsbankinn fékk fyrirtækið Regin í þessum kaupum og Reginn á húsið, bæði Holtagarða og eins húsnæðið uppi á Höfða.

Ég held, eins og ég sagði, að það sé gott að ræða hér um hversu mikil misskipting er í þjóðfélaginu í lífeyrismálum yfirleitt og nauðsyn þess að samræma lífeyrissjóðina og skoða þau réttindi sem menn hafa áunnið sér og hvernig hægt er að fara með lífeyrissjóðina til framtíðar. Því eitt er það sem við á Alþingi munum þurfa að skoða líka í framtíðinni og það er Lífeyrissjóður ríkisstarfsmanna sem mun vera með hundruð milljóna skuldbindingar ef allt væri reiknað upp. Hins vegar, eins og hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, þá er mjög erfitt að reikna upp skuldbindingar lífeyrissjóða því að þá er náttúrlega um leið verið að gera því skóna hvað hver og einn lífeyrisþegi muni lifa lengi sem á að fá úr þeim lífeyrissjóði. Ég hugsa þess vegna að það sé mjög erfitt að setja lífeyrissjóðsskuldbindingar inn í ríkisreikning og yfirleitt inn í reikninga fyrirtækja.

Árni M. Mathiesen:

Frú forseti. Það mál sem hér er til umræðu er einungis einn lítill angi af miklu stærra vandamáli sem er vandi lífeyrissjóða landsmanna allra. Þetta er meira að segja ómerkilegur angi en hann er þó táknrænn þar sem valdamenn innan Sambandsins hafa verið að koma sér undan þeim vanda sem á öðrum hefur brunnið. Vandinn hefur að sjálfsögðu verið fólginn í því hversu lélega ávöxtun lífeyrissjóðirnir gátu unnið sér inn á verðbólguárunum, sem við vonum að nú séu liðin, þegar neikvæðir raunvextir rýrðu þann sparnað sem launamenn lögðu fyrir í lífeyrissjóði sína.

Hér er einnig um að ræða hinn gríðarlega mikla rekstrarkostnað þess fjölda lífeyrissjóða sem í landinu eru vegna skylduaðildar launamanna að sjóðum í vörslu verkalýðsfélaga. Síðast en ekki síst er vandinn fólginn í misræmi á lífeyrisréttindum þeirra sem starfa hjá hinu opinbera og þeirra sem starfa á almennum markaði.

Við þingmenn Sjálfstfl. höfum látið okkur þessi mál nokkuð varða á þessu þingi og flutt um það nokkur þingmál. Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson og fleiri þingmenn fluttu þáltill. um það að afnumin yrði tvísköttun á lífeyrissjóðsiðgjöldum. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson o.fl. hafa flutt frv. um það að lífeyrissjóðsréttindi verði hjúskapareign hjóna og ég hef sjálfur ásamt hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni flutt um það þáltill. að starfandi mönnum sem greiða í lífeyrissjóði verði heimilt að velja um það í hvaða sjóði þeir greiða og jafnframt verði opnað á þann möguleika að aðrar fjármálastofnanir, svo sem bankar, sparisjóðir og tryggingafélög, geti veitt sömu þjónustu og lífeyrissjóðir veita nú. Hv. þm. Guðni Ágústsson, þingmaður Framsfl., o.fl. hafa flutt frv. sama efnis.

Ég held að lausnar á þessum mikla lífeyrissjóðsvanda sem við sjáum fyrir okkur sé að leita á grundvelli þessara þingmála sem ég hef hér nefnt. Ég vona, hæstv. forseti, að sú umræða sem hv. 14. þm. Reykv. hefur hér upp vakið leiði til þess að þessi þingmál fái bæði skjóta og vandaða meðferð á yfirstandandi þingi.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þau svör sem hæstv. ráðherrar

hafa gefið hér í þessari umræðu eru nokkuð sérkennileg. Í fyrsta lagi hefur það komið fram hjá hæstv. fjmrh. að það sé ekki ljóst nú hvernig verði farið með stuðning ríkisins við Landsbankann eftir að þingið hefur samþykkt lög um það efni. Engu að síður hefur það komið fram í blöðum, að ég held í gær, að bankaráð Landsbankans og hæstv. viðskrh. hafa undirritað ársreikning bankans fyrir árið 1992. Hvað ætli það hafi oft verið sagt hér í umræðum af hæstv. ráðherrum að það væri ekki hægt að ganga frá ársreikningum Landsbankans fyrir en árið 1992 fyrr en það lægi ljóst fyrir með hvaða hætti ríkið mundi ganga til liðsinnis við bankann? Nú er það upplýst í þessum umræðum að hæstv. viðskrh. er búinn að undirrita ársreikningana fyrir 1992, bankaráðið er búið að ganga frá þeim en fjmrh. veit ekki enn þá í hvaða formi aðstoð ríkisins við Landsbankann verður. Það segir mér a.m.k. að það hlýtur að vera afar sérkennilegur frágangur á ársreikningum Landsbankans fyrir árið 1992 og væri mjög fróðlegt að fá nánari upplýsingar um það hvernig hefur verið gengið frá ársreikningunum. Kannski hefur það verið gert með því að vísa til einhverra hugsanlegra aðgerða á árinu 1993. Það kemur satt að segja mjög á óvart að búið sé að ganga frá ársreikningum Landsbankans og taka tillit til aðstoðar ríkisins en fjmrh. veit ekki enn þá í hvaða formi hún er.

Í öðru lagi er það nokkuð sérkennilegt að hæstv. fjmrh. segir hér að Landsbankinn hljóti að hafa vitað um þessar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaunaskuldbindingar þegar gengið var frá yfirtöku hlutabréfa sem Sambandið fór með í hinum ýmsu fyrirtækjum. Það er nokkuð sérkennilegt að hæstv. fjmrh. virðist ekki hafa rætt það beint við Landsbankann eða beðið viðskrh. að ræða það beint við Landsbankann hvort bankinn hafi gert sér grein fyrir þessu og þá með hvaða hætti. Einkum og sér í lagi í ljósi þess að fyrir skömmu voru samþykkt lög á Alþingi þar sem stendur í 6. gr. að fjmrh. fái heimild til þess að setja ýmis skilyrði og skilmála fyrir aðstoð við bankann.

Ég nefni þetta hér vegna þess að nýlega kom fram að þær upplýsingar sem Landsbankinn hafði um fyrirsjáanlegt rekstrartap á einu af þessum hlutafélögum, Samskipum hf., reyndist vera allt annað fáeinum vikum síðar en bankanum var sagt þegar hlutabréfin í Samskipum voru metin. Sagt er að það skakki nokkur hundruð milljónum á því hverjar voru hinar endanlegu tölur og þær sem Landsbankanum voru látnar í té fáeinum vikum áður. Ef upplýsingarnar um rekstrarstöðu Samskipa voru svo óáreiðanlegar sem raun bar vitni við matið á hlutabréfunum, þá vekur það a.m.k. upp spurningar hvort allt hafi verið lagt á borðið varðandi eftirlaunaskuldbindingarnar. Og það er rangt hjá hæstv. ráðherrum að eftirlaunaskuldbindingarnar hafi engin áhrif á stöðu Landsbankans. Ég vil rökstyðja það með eftirfarandi hætti:

Landsbankinn er nú meginhluthafi nokkurra hlutafélaga þar sem þessar eftirlaunaskuldbindingar eru inni. Auðvitað hlýtur það að hafa áhrif á markaðsgildi hlutabréfanna í þessum hlutafélögum hverjar skuldbindingarnar eru þannig að sá aðili sem hyggst kaupa þessi hlutabréf af Landsbankanum hlýtur að meta það hvaða skuldbindingar fylgja í kaupunum. Og þegar ljóst er að a.m.k. eitt af þessum fyrirtækjum hefur skilað mun meira tapi en Landsbankinn mat þegar hann yfirtók hlutabréfin þá er alveg ljóst að hlutfallslegt vægi þessara skuldbindinga í hugsanlegu endursöluvirði hlutabréfanna frá Landsbankanum hefur aukist. Hins vegar er það rétt að enginn getur fullyrt hve mikið. Það er alveg ljóst. En það er ekki hægt að standa hér af hálfu hæstv. ráðherra og segja að þessar skuldbindingar komi ekkert við stöðu bankans. Auðvitað hljóta þær að gera það. Það er a.m.k. mjög hæpið fyrir ráðherra að segja það þegar þeir fyrir fáeinum dögum báðu þingið um heimild til þess að styrkja bankann út á mat endurskoðenda á hugsanlegu tapi í framtíðinni af lánum til nokkur hundruð aðila. Sú afgreiðsla, sem var hér í þinginu, var ekki byggð á því að Landsbankinn hefði tapað 4 millj., alls ekki. Hún var byggð á mati um það hvað kynni að gerast í framtíðinni.

Þess vegna get ég ekki séð hvernig hægt er að líta fram hjá því að með einum eða öðrum hætti hljóta þessar skuldbindingar að koma til álita þegar eignarvirði og markaðsvirði hlutabréfa Landsbankans í þessum fyrirtækjum er metin. Landsbankinn yfirtók þessi hlutabréf á tilteknu verði. Ef endursölumöguleikar bankans eru slíkir að hlutabréfin hljóta að seljast á lægra verði, þá er alveg ljóst að bankinn mun tapa einhverjum fjármunum vegna þess. Og af því að lífeyrisskuldbindingar hljóta að koma inn í markaðsmatið, þá tengjast þær með einum eða öðrum hætti markaðsmatinu og þar með hugsanlegu tapi bankans ef endursöluverð hlutabréfanna verður minna en kaupverðið. Ég verð þess að vegna að segja alveg eins og er að ég bara skil ekki hvernig ráðherrarnir geta fundið það út að þetta komi stöðu Landbankans ekkert við.

Hitt er svo annað mál að það getur enginn fullyrt hér og nú hvað það er mikið í upphæðum. Það getur verið lítið en það getur líka verið töluvert.

Það má vel vera að endursöluverð Landsbankans á hlutabréfunum verði hærra en matsverðið á sínum tíma þannig að bankinn styrki stöðu sína við að hafa yfirtekið hlutabréfin í þessum fyrirtækjum Sambandsins, svo ég nefni nú líka þann möguleika. Aðalatriðið er að með því að yfirtaka þetta hlutafé eru eftirlaunaskuldbindingarnar orðinn þáttur í stöðu Landsbankans að einhverju leyti. Og það er held ég nauðsynlegt að ræða þetta, virðulegu ráðherrar, vegna þess að það er gert ráð fyrir því í væntanlegri lagasetningu á Alþingi að heimila viðskiptabönkunum að yfirtaka fyrirtæki með rýmri hætti en þeim hefur verið heimilað áður. Þar með hljóta lífeyrisskuldbindingar einkafyrirtækja við forstjóra sína og stjórnendur að hafa þannig áhrif á hugsanlega yfirtöku viðskiptabankanna á hlutafélögum og einkafyrirtækjum á næstu árum ef lagaheimildir verða samþykktar eins og ríkisstjórnin hefur lagt til og stuðningur er við á Alþingi í öllum flokkum. Svo málið er ekki einstakt heldur getur leitt til margvíslegra annarra hliðstæðra dæma á næstu árum.

Í þriðja lagi skil ég ekki alveg orðanotkun hæstv. fjmrh. þegar hann segir að hann kannist ekki við hlið-

stæð dæmi í stjórnkerfinu. Nú er það að vísu þannig að það er hægt að skilgreina hugtakið stjórnkerfi þannig að það eigi eingöngu við ráðuneytin og aðrar opinberar stofnanir í þrengri merkingu. En ef við skilgreinum stjórnkerfið í víðtækri merkingu sem þann vettvang þar sem ríkið er afgerandi aðili, þá er hægt að telja til stjórnkerfisins ríkisbankana, opinbera lánasjóði, sem eru að meiri hluta til í eigu ríkisins, Seðlabankann, Landsvirkjun og fyrirtæki eins og t.d. Íslenska aðalverktaka þar sem ríkið er nú meirihlutaaðili. Það er alveg ljóst að í flestum ef ekki öllum þessum stofnunum eða fyrirtækjum sem ríkið á að einhverju eða öllu leyti og ég hef hér nefnt hafa tíðkast lífeyrisskuldbindingar sem eru úr takt við það sem gerist hjá almennum starfsmönnum ríkisins og hafa verið notaðar sem fordæmi einkaaðila eins og Sambandsins við að ákveða skilmála af þessu tagi. Það hefur komið fram að forsvarsmenn Sambandsins hafa vísað til þess að í viðskiptabönkunum, sem þá voru allir opinberir bankar og allir ríkisbankar, hafi tíðkast skilmálar sem þeir hafi tekið sem fordæmi.

Ég vil líka nefna það hér að það hefur verið sagt að innan Íslenskra aðalverktaka hafi tíðkast og tíðkist kannski enn mjög ríflegar ákvarðanir varðandi eftirlaun bæði stjórnarformanns Íslenskra aðalverktaka og forstjóra. Það væri a.m.k. mjög fróðlegt að fá það upplýst hverjar hafa verið lífeyrisskuldbindingar og eftirlaunaskuldbindingar Íslenskra aðalverktaka gagnvart stjórnarformönnum og forstjórum þess fyrirtækis og hvort þær hafa tekið breytingum við að ríkið varð meirihlutaaðili í þessu fyrirtæki. Ég reikna kannski ekki með því að hæstv. fjmrh. eða viðskrh. geti svarað því hér og nú en það væri a.m.k. mjög fróðlegt að fá það til samanburðar. Þess vegna finnst mér að þau svör sem hæstv. ráðherrar hafa gefið hér, sem hafa, ef maður dregur þau saman í eina setningu, nánast verið á þann veg að vísa málinu frá sér, ekki vera alveg með réttum hætti.

Þetta mál snertir stjórnkerfið með margvíslegum hætti. Það snertir stöðu Landsbankans með einhverjum hætti. Enginn veit að vísu með hve miklum og það er alveg ljóst að fordæmin fyrir þessum gjörningi innan Sambandsins hafa verið sótt á vettvang þar sem ríkisvaldið er afgerandi ákvörðunaraðili. Ég held að það væri þess vegna mjög þarft verk að láta gera yfirlit yfir það hverjar eru skuldbindingar t.d. allra fyrirtækja sem skráð eru á verðbréfamarkaði hvað eftirlaunaskuldbindingar snertir. Nú eru þó nokkur fyrirtæki sem hafa skráð sig á verðbréfamarkaði. Þar með ætti það að vera réttur hluthafa að fá opinberar upplýsingar um það hvaða skuldbindingar af þessu tagi hafa verið gerðar. Við þekkjum það t.d. að innan viðskiptabankanna tíðkaðist það löngum að færa ekki til útgjalda framlög sem bankinn ætti með réttu að leggja í sjóði til þess að geta staðið undir lífeyrisskuldbindingum starfsmanna sinna í framtíðinni. Nú hefur að vísu sem betur fer orðið þar breyting á en það tíðkaðist ekki hér áður fyrr. Það eru því fjölmörg dæmi þess að ekki hefur verið gerð glögg grein fyrir því, annaðhvort á aðalfundum gagnvart hluthöfum eða í reikningum, með hvaða hætti einkafyrirtæki eða opinber fyrirtæki hafa tekið að sér eftirlaunaskuldbindingar af því tagi sem hér eru til umræðu.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að ræða mikið um þá 20 toppa í SÍS sem eru til umræðu undir þessum lið því að ég geri mér grein fyrir því að þeir eru spegilmynd þess samfélags sem við lifum í, þess samfélags sem hefur leyft sér í gegnum áratugi að byggja á miklum mismun á milli toppanna í þjóðfélaginu og alþýðunnar í landinu. Það væri kannski hollt undir þessum umræðum fyrir hv. alþm. að líta í spegil sinn og spyrja sig sjálfa að því hvað Alþingi Íslendinga hafi gert, t.d. á síðustu 15 árum, til þess að jafna þennan mismun sem ríkir í þjóðfélaginu. Nefnd eftir nefnd hefur skoðað lífeyrissjóðsmál landsmanna en allar tillögur sem frá þeim hafa komið hafa verið svæfðar og ekki náð fram hér á Alþingi. Það er vaxandi skilningur í þjóðfélaginu fyrir því að á þessu sviði er þjóðinni mjög misskipt. Forstjórarnir eiga sína sjóði. Þeir eiga sína eftirlaunasamninga og það getur oltið á því í framtíðinni hvort fyrirtæki lifa eða deyja hversu lengi þeir lifa í hárri elli. Þessi er staðan í íslensku samfélagi. Þarna er SÍS ekkert öðruvísi en hinir. Það er eitt dæmið um mismununina sem hér ríkir.

Forstjórarnir eiga sína sjóði. Ráðherrarnir og alþingismenn eiga sína sjóði. Sjóðir alþingismannanna eru ekki digrir um þessa mundir. Þó er það svo að 118 millj. voru greiddar úr sjóðum alþingismanna og ráðherra á síðasta ári. Ríkisstarfsmenn búa við betri kjör en almúginn. Stór hluti landsmanna býr við þær aðstæður, og er að vakna upp við það, að þrátt fyrir að 10% af launum renni til lífeyrissjóðanna, þá verða þeir gjaldþrota þegar að dyrunum er komið. Það verður ekki króna í mörgum sjóði ASÍ-félagans þegar hann ætlar að fá eftirlaunin sín. Og þrátt fyrir háar greiðslur er staðan sú að menn eru að fá úr lífeyrissjóðum 20–40 þús. á mánuði. Og það er enginn mismunur á milli mannsins sem hefur greitt til sjóðsins og hins sem hvergi hefur greitt í lífeyrissjóð því að Tryggingastofnun og ríkið sjá um að bæta mismuninn. Ávinningurinn virðist því enginn hafa verið.

Alþingismenn hafa ekki tekið undir brtt. í þinginu. Verkalýðsforustan hefur sofið á verðinum. Atvinnulífið hefur sofið á verðinum og öllum er að verða ljóst að í lífeyrissjóðakerfinu er ekki bara mismunun, eins og blasir við í dag og er verið að ræða um hér í dag og hætta af þeim, heldur er innan þessa kerfis, ef það heldur svona áfram, ein mesta kjaraskerðingarsprengja sem mun skella á þessari þjóð innan skamms ef menn ekki taka við sér og leiðrétta þennan mismun. Og það er ekki bara kjaraskerðingarsprengja sem þarna liggur fyrir heldur er einnig í lífeyrissjóðakerfinu vaxtasprengja.

Lífeyrissjóðirnir hafa sjálfir sagt á hinum almenna markaði: Við þurfum ekki 10% af launum til að standa við okkar skuldbindingar. Við verðum að fá 18–22% af launum til þess að geta staðið við skuldbindingar okkar gagnvart félögum okkar. Þess vegna er

þetta mál, sem við ræðum undir þessum lið, mjög stórt og ég blanda mér ekki mikið í þá umræðu En ég nota tækifærið til að harma þann svefndrunga sem hefur legið yfir þinginu í þessu máli.

Ég minnist þess að þegar ég var að ræða lífeyrismál á síðustu árum var ekki þétt setinn bekkur í þessum sal. Þing eftir þing flutti ég þáltill. um eftirlaunasjóði einstaklinga og hvenær sem ég hóf máls tæmdist salurinn. (**GHelg:** Þetta er alveg rétt.) Menn vildu ekki ræða þessi mál á þeim degi. En nú er sem betur fer bæði launafólkið, atvinnurekendurnir og alþingismennirnir að átta sig á að þarna er eitt stærsta mál sem þeim ber að taka á, ekki seinna en strax.

Þess vegna fagna ég þeirri viðhorfsbreytingu sem orðið hefur í þessu þjóðfélagi. Mér finnst kannski að enginn hafi betur skýrt þann vanda sem blasir við í þessu samfélagi þegar hann ræðir um vaxtamál en Benedikt Davíðsson, forseti ASÍ. Hann gerir sér grein fyrir því að í lífeyrissjóðakerfinu er vaxtasprengja og hann hefur sagt: Ég geri mér grein fyrir því að lífeyrissjóðirnir hafa verið að reyna að bæta stöðu verðbólguáranna með því að krefja um háa vexti á síðustu 5–6 árum. Þetta gengur ekki upp, segir Benedikt Davíðsson, því að Ísland þarf atvinnulíf og unga fólkið þarf atvinnu og þess vegna þurfum við að hugsa og starfa öðruvísi.

Nú vill svo til, og á það hefur verið minnst, að við þrír þingmenn Framsfl., hv. alþm. Finnur Ingólfsson og Halldór Ásgrímsson ásamt mér, höfum lagt hér fram mjög ítarlegt frv. til umræðu á næstu dögum í þinginu. Það er unnið með færustu mönnum og boðar miklar breytingar, mikið jafnræði og forðar þessu þjóðfélagi væntanlega, ef að lögum verður, frá þeirri vaxtasprengju sem liggur í eftirlauna- og lífeyrissjóðakerfinu og frá þeirri kjaraskerðingarsprengju sem í því liggur. Ég ætla ekki að ræða þetta mál við þessar aðstæður en vænti þess að frv. komi fljótlega á dagskrá. Það var mitt erindi að um leið og það er sjálfsagður hlutur að gera sér grein fyrir því hver staða Landsbankans er vegna þeirra erfiðleika sem þeir hafa átt í vegna fyrirtækja Sambandsins og eftirlauna, þá vildi ég vekja athygli á þetta er bara brot af okkar litla samfélagi. Þetta blasir hvarvetna við og það blasir við að forustufólkið í samfélaginu leyfir sér það á 15 ára tímabili að hafa samið um það á liðnum árum að ná 90% af rétti í einum lífeyrissjóði á fætur öðrum. Það er ömurlegt til þess að hugsa að stór hópur þessara forustumanna fær eftirlaun úr mörgum sjóðum um leið og þeir hætta að starfa. Þá fá þeir þessa upphæð sem hér er verið að ræða um að SÍS-forstjórarnir fái: 400, 500, 600 þús. kr.

Alþýðan á Íslandi gerir þá kröfu nú að Alþingi þori að gera hreint fyrir sínum dyrum, þori að marka löggjöf og þori að taka á lífeyrissjóðunum í landinu, marka þeim farveg og skapa hagræðingu innan þeirra því að rekstur þeirra kostar í dag 650 millj. Þarna verður að vera hagræðing. Frv. liggur hér albúið og ég lýsi því yfir að ég hlakka til þeirrar umræðu þegar okkur alþingismönnum gefst þess kostur nú að taka langa umræðu um lífeyrissjóðsmál, en það munum við gera þegar frv. okkar framsóknarmanna verður rætt á næstu dögum.

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli í utandagskrárumræðu svo mjög sem það er nú í umfjöllun meðal almennings sem eðlilegt er.

Það var athyglisvert að hlusta á síðasta ræðumann geta þess að verkalýðsforingjar og aðrir hefðu verið sofandi á verðinum og unnið með slíkum hætti sem raun ber vitni í sambandi við stöðu lífeyrissjóða almennt í landinu í dag. Hann hefði kannski átt að spyrja sjálfan sig að því: Hvaða umboð höfðu þessir stjórar SÍS til að gera slíka samninga varðandi lífeyrisréttindi þessara forstjóra Sambandsins sem raun ber vitni? Voru það einhverjir bændahöfðingjar sem sátu á rökstólum við þessa forstjóra og gerðu þessa samninga? Eða gerðu þeir þetta sjálfir?

Það er annað líka sem er eðlilegt að taka í umræðunni og við skulum ekki fara langt frá kjarna málsins. Hann er kannski beint um stöðu Lífeyrissjóðs SÍS. Hvar stendur það fólk sem greiðir í þennan sjóð í dag? Ég veit t.d. að yfirmenn á kaupskipaflota fyrrverandi Sambandsins, sem nú heitir Samskip, greiða í þennan lífeyrissjóð en líklega er nokkuð af hans fjármunum núna í steinsteypu í húsi sem heitir Kirkjusandur. Hvernig ætlar sá lífeyrissjóður að standa við sínar skuldbindingar?

Það hefur eflaust oft verið rætt um lífeyrissjóði í þessum sal í gegnum árin eins og hv. síðasti ræðumaður kom inn á. En mér er minnisstætt að í vetur var til umræðu mál í sambandi við Lífeyrissjóð sjómanna. Ég gat þess að stjórnarmenn þess sjóðs ætluðu og vildu starfa af ábyrgð og sjá svo um að sá lífeyrissjóður gæti staðið við skuldbindingar sínar. Ýmsar voru þá athugasemdirnar sem fram komu en þegar ég nefndi það að hér væru menn sem ekki þyrftu að hafa neinar áhyggjur af Lífeyrissjóði alþingismanna því hann kæmi úr vösum skattborgarans var gerð athugasemd við að ég skyldi vera að blanda því máli saman. En það er einn þátturinn í öllu þessu lífeyrissjóðskerfi að alþingismenn skuli vinna sér inn sama rétt á fjórum árum sem aðra opinbera starfsmenn tekur sex ár að vinna sér inn. Þetta vandamál er því ekkert utan veggja hér. Alþingismenn hafa forréttindi umfram aðra þjóðfélagsþegna og við skulum líta í okkar eigin barm. Ef menn á annað borð eru tilbúnir til þess að taka á þessum vanda, þá er eðlilegt að það sé gert alls staðar í þjóðfélaginu og ekkert undan skilið.

Það sem er kannski eitt af aðalvandamálum lífeyrissjóðanna er sú skuldbinding sem þeir hafa tekist á hendur varðandi örorkubætur. Það eru lífeyrissjóðir, eins og Lífeyrissjóður sjómanna, sem standa frammi fyrir því að greiða jafnmikið í örorkubætur og hann greiðir í ellilífeyri. Þá hlýtur að koma upp í huga manna hvort það sé eðli lífeyrissjóðanna að greiða örorkubætur, hvort það sé ekki Tryggingastofnunar ríkisins.

Það er ósköp eðlilegt að starfsfólk Sambandsins

velti vöngum yfir því hvaða höfðingjar sátu við samningaborðið þegar samið var við forstjóra SÍS um skuldbindingar sem eru, að fréttir segja, 40–70 millj. Það er ósköp eðlilegt að fólk spyrji sjálft sig: Hvers vegna hef ég, almennur launamaður hjá Sambandinu, þessi kjör á móti þeim sem stjórnuðu? Hverjir sátu við samningaborðið? Hverjir höfðu umboð til að ganga frá svona samningi?

Jú, málið er vont. Það ber öllum saman um. En sá lífeyrisréttur, sem fyrrverandi starfsmenn Sambandsins hafa og þeir sem jafnvel enn greiða í þann lífeyrissjóð, er vissulega áhyggjuefni. Það hlýtur að vera skylda ríkisstjórnarinnar að taka á þessu máli og skoða lífeyrissjóðsmál Sambandsins í heild sinni kannski fyrst og fremst, en á síðari stigum er eðlilegt að lífeyrissjóðskerfi landsmanna allra sé skoðað.

Þegar menn eru að tala um að verkalýðsforingjar hafi sofið á verðinum og ekki hugað nóg að því að lífeyrissjóðir gætu staðið við skuldbindingar sínar þá vita menn miklu betur. Þeir vita betur en þeir eru að segja. Fortíðarvandi lífeyrissjóðanna er sá vandi sem blasir við. Það var á meðan menn héldu um stjórnvölinn og létu verðbólgubálið loga glatt. Það er sá vandi lífeyrissjóðanna sem við blasir.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að taka meiri tíma í þessar umræður en ég hlýt að ætla að þær skuldbindingar, sem hafa verið gerðar varðandi lífeyrisréttindi fyrrverandi stjóra SÍS, hljóti að standa. Ég trúi því ekki að það sé rétt að kröfur varðandi áunnin lífeyrissjóðsréttindi séu ekki forgangskröfur. Ef það er rangt hjá mér þá held ég að allir stjórnendur lífeyrissjóða í landinu og allir launþegar sem greiða í lífeyrissjóð séu í einhverri kórvillu. Ég hef alltaf verið þess fullviss að það sem ég og mínir hafa greitt í lífeyrissjóð sé forgangskrafa sé um vanefndir að ræða.

Við skulum ekki fara langt frá kjarna málsins sem er sá sem snýr að fólkinu í landinu og snýr að því fólki sem um áratugaskeið hefur greitt í lífeyrissjóð Sambandsins, sem hugsanlega eru litlir peningar í til að standa við skuldbindingar sínar. Það er eitt stórt hús sem heitir Kirkjusandur og nóg af steinsteypu líklega til þess að tryggja fyrrverandi starfsmönnum SÍS elliréttindi sín.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 14. þm. Reykv. fyrir að hreyfa þessu máli í þingsölum. Ég verð að viðurkenna að fyrst þegar ég heyrði að þetta væri svokölluð lengri tegund af umræðu þá var ég nokkuð undrandi en eftir að hafa hlustað á umræðuna og fundið hvaða umræðu hún kveikir út frá sér þá geri ég mér grein fyrir því að það var mjög gott að við tækjum þetta mál til umræðu. Bæði þetta mál afmarkað, eins og þingmaðurinn gerði, að hreyfa við tryggingu á lífeyrisskuldbindingum svo fámenns hóps og hvað það þýðir og hvaða upphæðir er um að ræða, og að draga fram — og það tel ég að hafi kannski verið að hluta til markmið þingmannsins — samanburðinn á þessum fámenna hópi og kjörum hans og þess sem viðgengst annars staðar og hjá hinum fjölmennasta hópi í okkar þjóðfélagi. Það er þar sem mig langar að koma inn í umræðuna og ég fagna því ef við þingmenn getum staldrað við án sjónarmiðanna um stjórn og stjórnarandstöðu og rætt það hvar við erum stödd í þessum málum. Það er nefnilega þannig að ríkisstjórnir koma og fara en ákveðin mál halda alltaf áfram að vera í sama farvegi óháð því hvernig ríkisstjórnir voru samsettar og óháð því hverjir eru í forustunni t.d. í baráttuhópum launamanna, verkalýðshreyfingar o.s.frv.

Hv. 5. þm. Suðurl. sagði áðan að það sem hér væri rætt væri spegilmyndin af okkar þjóðfélagi. Ég get alveg tekið undir það vegna þess að það sem hér er rætt leiðir hugann að tvennu: launakerfinu og lífeyriskerfinu sem við búum við. Þetta tvennt er fullkomlega samofið. Ef ég leyfi mér, hæstv. forseti, að nefna örlítið hvernig ég sé launakerfið okkar þá mundi ég leyfa mér að halda því fram að þar væri hægt að telja upp fjóra liði: Hefðbundna kjarasamninga, kjarasamninga plús — og þá á ég við að það er byggt á kjarasamningum og það er litið svo á að viðkomandi sé ráðinn upp á kjarasamninga en til viðbótar fylgja með einhvers konar hlunnindagreiðslur, fastir yfirvinnutímar eða annað sem við þekkjum en aldrei er rætt um. Í þriðja lagi sérsamningar ýmiss konar fyrir afmarkaða hópa og helst ráðamenn fyrirtækja og það eru þeir sem þessi fyrirspurn m.a. beinist að. Og það mætti nefna eitt enn þá. Það mætti nefna það að þeir fyrirfinnast enn þá, þó fækkandi fari, sem starfa á tveimur stöðum í tveimur störfum og hafa réttindi á báðum.

Mig langar líka að nefna að það ágæta fyrirkomulag sem hefur verið í samningamálum hjá okkar þjóð að undanförnu, og ég hef fylgt í trú á að leiði til bættra kjara, og þar er ég að vitna til þjóðarsáttar svokallaðrar, hefur ekki náð til allra. Hún hefur ekki náð til þeirra sem eru með lokaða samninga, e.t.v. væri réttara að segja lokaða hálaunasamninga. Þar erum við líka að ná fram málum einmitt með tilflutningi á hlunnindum. Það er e.t.v. hægt að segja það hér án þess að vera með „gjámælgi“ að það sé gjá á milli tekjuhópa. Það verður þar með hyldýpisgjá á milli launa og launa, á milli kjara á eftirlaunaaldri hjá starfsmönnum innan hinna ýmsu hópa. Það er alvarlegt mál og nokkuð sem þarf að taka á. E.t.v. verður ekki hægt að taka á því í þingsölum en það verður hægt að taka á því í þjóðfélaginu ef menn leggja saman og það er ef greidd laun eins aðila eða einhverra útvaldra eru tífföld á við það sem gerist almennt á markaði.

Ég mun ekki halda langa ræðu, virðulegi forseti, og þess vegna þætti mér mjög vænt um það ef það verður nokkurt hljóð í sal. Mig langar að nefna það að á sl. ári reyndi Kjaradómur að raða sínum 300 manna hópi innbyrðis og leitaði leiða til réttlætis. Í sjálfu sér var þetta mjög gott mál eitt sér ef hægt hefði verið að líta á þennan 300 manna hóp einan, afmarkaðan án samanburðar við aðra hópa vegna þess að þarna var reynt að skoða hver er lægstur og á að vera lægstur, hver er hæstur og hver á að vera hæstur. Þarna var reynt að raða í röð, sumir lækkaðir og aðrir hækkaðir. Við vitum öll að það mál náði ekki fram að ganga vegna þess að það var viðkvæmt í samanburði við hópana í þjóð-

félaginu sem aldrei fá innbyrðis röðun, sama hver heldur á þeirra málum, sama hver er í forustunni í kjaramálum og sama hver er við stjórnvölinn í ríkisstjórn. Þar sem innbyrðis röðun var til fyrir einhverjum árum síðan, hefur staðan sífellt skekkst og er ekki löguð af því að málið er svo þungt. Það hefur venjulega verið farið út í prósentukröfur um hækkun og ekki heyrði ég þegar leitað var heimilda til verkfalla fyrir nokkrum vikum síðan að þar ætti t.d. að setja á oddinn innbyrðis röðun. Hver á að vera lægst flokkaður og hver á að vera hæst flokkaður. Þetta er eitt af bannorðunum. Eitt af því sem ekki nær fram að ganga, sama hver heldur um.

Út frá þessu koma eftirlaunin og lífeyrissjóðirnir. Þeir tengjast launagreiðslunum og það er staðreynd í okkar þjóðfélagi að fólk fær úr lífeyrissjóðum frá nokkrum þúsundum á mánuði og upp í þau 300–600 þús. kr. sem þeir fá sem tilheyra þeim hópi sem hér er gerður að umtalsefni nú. Og það hvernig okkar lífeyrismálum er háttað er algjört hneyksli. En af því að það er algjört hneyksli þá getum við spurt: Af hverju hafið þið ekki gert eitthvað? Það er vegna þess að það er svo mikið álitamál hvernig með skuli fara. Það eru allir sammála um að það á að taka á þessu en menn eru ekki sammála um hvernig.

Það er eitt sem við erum líka öll sammála um að lífeyrissjóðirnir eru allt of margir og við höfum rekið okkur á að það er engin leið að samræma þá. Við fáum á hverjum vetri fram þingmannafrv., mörg góð og það er gagnlegt að ræða þau, en það er gagnslítið í framkvæmd vegna þess að engin þeirra hafa náð að gera meira en að varpa ljósi á málin. Sama hafa fyrirspurnirnar gert sem hefur verið vísað til t.d. fjmrh., að ég held á hverjum vetri síðan ég kom á þing. Það er nefnilega þannig að það átti að reyna að stíga eitt skref í sameiningu þessara sjóða. Það var einhver svokölluð 17 eða 19 manna nefnd sem náði þó því að fækka sjóðum og samræma kjör að einhverju marki. Það gekk meira að segja svo langt að frv. var sýnt hér sem stjfrv., a.m.k. í tvígang og síðan var stækkuð nefnd, ég held upp í 30 manna. Síðast þegar ég vissi til þá var hún að skoða þessi mál en hvort hún hefur komið saman undangengið ár veit ég ekki.

Ég hef gert mér grein fyrir því að fyrir þingmenn er nærri óvinnandi vegur að brjóta upp það ægivald sem lífeyrissjóðakerfið er. Þessir u.þ.b. 90 eða 100, það skiptir ekki öllu máli, sjóðir sem eru ráðandi afl ekki bara í eftirlaunamálum þjóðarinnar heldur líka að stórum hluta í almennri framkvæmd efnahagsstjórnar í landinu. Við skulum líka gera okkur grein fyrir því að verkalýðshreyfing, lífeyriskóngar, ef ég nota það orð í almennri merkingu og ekki í gæsalöppum og ekki í neikvæðri merkingu — þá er það þannig að það eru þessir aðilar sem ræða saman um hvaða leiðir skuli fara í efnahagsmálum ef brjóta á upp þá leið sem viðkomandi ríkisstjórn hefur markað. Ekki við þingmenn sem höfum farið í framboð og boðist til að axla ábyrgð á því að ákveða hvort skattar eigi að vera með þessum hætti eða hinum og hvaða leiðir skuli fara í efnahagsmálum. Þegar að herðir er verið að ræða þau mál annars staðar, ekki hér á Alþingi. Þegar þar að kemur og ef lausn fæst í það mál hjá þeim sem þar eru á ferð þá er komið til okkar og sagt: Nú verðið þið til að standa að þessu. Og oft hafa þau mál verið góð, svo sem þegar þjóðarsáttin var sett á laggirnar en það er samt þannig að það er ægiafl utan veggja þessa húss þar sem er ráðið málum svo sem eins og þeim sem við ræðum í dag.

Eitt langar mig að nefna enn þá, virðulegi forseti, og það eru lífeyrissjóðsmál heimavinnandi fólks. Það kom í minn hlut að fara í þriggja manna hóp fyrir fjórum árum til að skoða almennt ýmis réttindamál heimavinnandi fólks. Það var mjög áhugavert verkefni og við sem í það fórum gerðum það af lífi og sál. Það var erfitt að ná utan um það og erfitt að nálgast verkefnið en við fengum fjölmarga útreikninga frá Þjóðhagsstofnun varðandi þetta.

Ég bað um útreikninga á því hver staða tveggja kvenna — við notuðum aldurinn á okkur tveimur konum í hópnum sem vorum 48 ára gamlar þá — sem höfðu verið heimavinnandi allt sitt líf, áttu menn búandi við sömu kjör í lífeyrissjóðum og verða ekkjur jafnt. Önnur fer út á vinnumarkaðinn og hin ekki. Hver verður staða þessara tveggja kvenna þegar þar að kemur? Og það voru unnir útreikningar í Þjóðhagsstofnun og niðurstaðan var alveg ótrúleg: Munurinn var nánast enginn. Munurinn hjá þessum tveimur konum þegar önnur væri búin að fara út á vinnumarkaðinn við þau kjör sem við gátum búist við að hún fengi eftir að hafa verið heima öll þessi ár. Við reiknuðum með að hún mundi fara á Iðjutaxta og greiða í svokallaða SAL-sjóði. Hvað mundi hún vinna við það að greiða í lífeyrissjóð af launum sínum, þessum lágu launum, fram að því að hún færi á eftirlaun? Innan við 2.000 kr. Innan við 2.000 kr. mundi það muna á þessum tveimur konum á ævikvöldi.

Þá getum við sagt: Þetta hlýtur að vera gott mál og sýna hvers lags öryggisnet við erum með í okkar almannatryggingakerfi og það er önnur hlið málsins. Það er gott net þar þó okkur gangi illa að ræða það hvort krónutalan sé nægilega góð en samanburðurinn er þarna.

Ég geng alltaf út frá því að verkalýðshreyfingin hafi ekki vitað hversu lítill þessi munur var vegna þess að nokkru eftir að þessar upplýsingar lágu fyrir og við vorum búin að ræða þær víða og setja þær í skýrslu þá kom einn forráðamaður verkalýðshreyfingarinnar í sjónvarp og hafði mjög hátt um það hvernig væri búið að afskræma lífeyriskerfið einmitt með almannatryggingakerfinu og nefndi tölurnar mínar og ég hafði gaman af heima í stofu hjá mér.

Ég er mjög gagnrýnin á það að verkalýðshreyfingin hefur ekki sýnt því mikinn áhuga að leggja mikið kapp á að skoða hvernig á að taka á málum ef einhvern tímann verður hægt að skoða hvernig launakjörum á að koma fyrir í landinu. Hvernig á að ræða og hvernig á að komast út úr þessu hlunnindakerfi og þeirri skekkju sem við búum við vegna þess að það tengist inn í lífeyrissjóðina. Ég hef mjög miklar áhyggjur af því hverjir það eru sem ráða lífeyrismál-

unum og er tilbúin að taka þátt í umræðu um öll þau þingmannafrv. sem koma fram og halda áfram að taka þátt í að vera með fyrirspurnir til fjmrh. um hvað líði endurskoðun á lögum um lífeyrissjóði. Ég geri mér grein fyrir því að á þessu máli verður að taka ofan frá og það þarf greinilega mikla hörku í ef ekki tekst að fá þá aðila sem ráða til þess að setjast niður með okkur og ákveða að nú sé kominn tími til að breyta lífeyrismálum þjóðarinnar.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill fyrst geta þess að ekki er að finna ákvæði í þingsköpum sem banna andsvör í umræðum utan dagskrár. Þau munu hins vegar ekki hafa tíðkast.

Í annan stað vill forseti minna á að samkomulag er um að ljúka þessari umræðu um klukkan fjögur. Þrír hv. þm. eru enn á mælendaskrá og auk þess verður að ætla rúm fyrir málshefjanda og hæstv. fjmrh. ef þessir þingmenn óska og bið ég hv. ræðumenn að taka mið af því.

Björn Bjarnason:

Herra forseti. Hv. 14. þm. Reykv. sem hóf þessa umræðu gerði það, að því er mér skildist, á þeim forsendum að hún óttaðist að til þess kynni að koma að ríkissjóður yrði ábyrgðarmaður og þyrfti að greiða þær lífeyrisskuldbindingar sem hér hafa verið til umræðu og þess vegna væri þetta mál borið upp á hinu háa Alþingi.

Ég vona svo sannarlega að enginn ætli að til þess kunni að koma að ríkissjóður eða skattgreiðendur í landinu þurfi að standa sem ábyrgðarmenn fyrir þessum samningum, sem rekja má allt aftur til ársins 1975 og 1981, heldur hljóti það að vera að litið verði á þessa samninga sem samninga milli einkaaðila og það séu þeir aðilar sem þurfi að ganga frá sínum málum. Bresti viðkomandi lífeyrissjóð getu til að standa í skilum þá hljóti samningsaðilarnir að bera tjónið en því verði ekki varpað yfir á herðar skattgreiðenda eða einhverra annarra. Þetta finnst mér að hljóti að vera kjarni þessa máls og þess vegna sé það rætt í þingsalnum að fá úr því skorið hvort til þess kunni yfirleitt að koma að hið opinbera eða skattgreiðendur eða ríkissjóður verði að einhverju leyti ábyrgur fyrir þessu.

Að hinu leytinu verð ég að segja að mér finnst það í sjálfu sér nokkuð sérkennilegt, og ætla ekki að lengja mál mitt mjög, að það skuli vera þessi þáttur er varðar hrun Sambands ísl. samvinnufélaga sem verður tilefni til sérstakra umræðna á hinu háa Alþingi. Það hefði mátt ætla að miðað við þau umsvif sem Sambandið hefur haft í atvinnulífi landsmanna yrði það eitthvað annað mál en einmitt þetta atriði, spurningin um þessa samninga, sem gerðir voru á árinu 1975 og 1981 sem væri tilefni til utandagskrárumræðu hér á Alþingi. En málum er nú þannig háttað að þessi umræða er hafin og hún hlýtur að kalla á það án þess að ég ætli að stofna til þess nú að velta því fyrir sér hvort ekki sé rétt að á hinu háa Alþingi verði gefið tækifæri til að ræða almennt um framvindu mála hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga og stöðu þess máls alls með hliðsjón af því sem gerst hefur á undanförnum mánuðum og hvort það sé ekki ósanngjarnt í raun og veru að taka þetta eina mál sérstaklega fyrir.

Ég vildi aðeins varpa þessu hér fram því að ég tel að það kunni ekki síður að vera ástæða til að ræða hér ýmsa aðra þætti sem snerta þetta uppgjör vegna hruns Sambandsins en þessa samninga. Ég held einnig að það sé alveg hárrétt sem segir í Morgunblaðsgreininni, sem hv. 14. þm. Reykv. las úr og er eftir stjórnarformann Sambands ísl. samvinnufélaga. Þar segir hann að þeir hjá Sambandinu hafi litið þannig á að þeir væru ekki að gera neina sérstaka hagstæðari samninga við sína starfsmenn en tíðkuðust. Það hafa orðið miklar umræður um slík mál erlendis, t.d. í Noregi eru þetta kallaðir fallhlífarsamningar. Þegar menn hætta í störfum jafnvel áður en þeir ná fullum starfsaldri er samið við þá um miklar eftirlaunagreiðslur til þess að gera þeim kleift að því er virðist að laga sig að þeim kjörum sem aðrir borgarar í viðkomandi landi búa við. Það kann líka að vera, eins og hér hefur síðan verið rætt um, ástæða til að ræða almennt um lífeyrissjóðakerfið, um lífeyrisréttindin og þau mál almennt en mér finnst svolítið erfitt að blanda þessu tvennu saman með þeim hætti sem hér hefur verið gert. Þess vegna finnst mér ástæða til að velta því hér upp hvort ekki sé nauðynlegt að taka almennari umræðu um þær skuldbindingar sem kunna að lenda á opinberum aðilum og skattgreiðendum vegna upplausnar Sambandsins en unnt er að hefja hér undir þessum lið þegar rætt er um þá einkasamninga sem gerðir eru innan Sambandsins við einstaka starfsmenn þess. Við vitum það t.d. núna að í Reykjavík er talað um að 400–500 manns séu í óvissu um atvinnu sína vegna þess að Mikligarður er að leggjast niður. Það sama á við um mörg fyrirtæki sem áður störfuðu innan vébanda Sambands ísl. samvinnufélaga.

Ég er alls ekki að mæla þessum samningum bót sem hér hafa verið gerðir að umtalsefni, síður en svo. En þetta eru einkasamningar sem gerðir eru á vegum einkafyrirtækis við starfsmenn sína. Það getur ekki komið til álita þegar þetta fyrirtæki leggst niður, fer á höfuðið eða hvernig sem við lýsum örlögum þess, að opinberir aðilar, skattgreiðendur eða bankar verði að hlaupa í skarðið og gera upp við þessa aðila. Það hlýtur að verða að líta þannig á að þessir einkasamningar fylgi þessu einkafyrirtæki og séu hluti af því uppgjöri sem það þarf að gera við sína starfsmenn og ganga frá.

Ég vildi láta þessi sjónarmið koma fram og ítreka að mér finnst næsta sérkennilegt og kann að líta sérkennilega út þegar litið er yfir söguna á þessum tíma á undanförnum mánuðum og störf Alþingis að þetta atriði skuli vera það eina sem tekið er til umræðu á hinu háa Alþingi í tilefni af því að Samband ísl. samvinnufélaga er að líða undir lok.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég ætla hér að gera þrennt að umtalsefni. Í fyrsta lagi vegna orða hv. 8. þm. Reykn. vil ég gera nokkra grein fyrir því hvernig staðið verður við eflingu eiginfjárstöðu Landsbanka Íslands. Það

mátti skilja hv. þm. svo að honum væri ekki ljóst hvernig að þessu væri staðið. Ég vil fullvissa hann um að það er með öllu ljóst hvernig að þessu verður staðið.

Ég rifja það upp að með lögum nr. 16/1993, sem samþykkt voru fyrir rúmlega tíu dögum, voru samþykktar ráðstafanir til þess að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana. Þar var ríkissjóði sérstaklega heimilað að treysta eiginfjárstöðu Landsbankans. Landsbankinn skrifaði svo viðskrn. 24. þessa mánaðar og óskaði eftir því að heimild Alþingis yrði nýtt. Ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun um þetta mál og kynnt hana Landsbankanum. Það var gert með bréfi 26. þessa mánaðar. Með leyfi hæstv. forseta, ætla ég að lesa þau atriði bréfsins sem hér skipta mestu máli og hefst þá sú tilvitnun:

„1. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að veita Landsbankanum 2.000 millj. kr. fjárhagsaðstoð. Hún verður innt af hendi með skuldabréfi til 20 ára sem ber vexti. Samið verður um nánari kjör á bréfinu. Skuldabréfið verður gefið út á sama tíma og undirritaður verður samningur viðskrh. og fjmrh. annars vegar og Landsbankans hins vegar um það til hvaða ráðstafana bankinn skuldbindur sig að grípa í því skyni að bæta afkomu sína og eiginfjárstöðu. Er stefnt að því að samkomulag þetta verði undirritað í apríl 1993.

2. Þá mun Landsbankinn óska eftir því við stjórn Tryggingarsjóðs viðskiptabanka að sjóðurinn veiti bankanum víkjandi lán í því skyni að efla eiginfjárstöðu hans. Komi tilmæli um það frá stjórn sjóðsins mun ráðherra samþykkja lánveitingu að fjárhæð allt að 1.000 millj. kr. að fullnægðum þeim skilyrðum sem lög mæla fyrir um.

3. Viðskrh. mun beina því til Seðlabankans að víkjandi lán hans til Landsbankans að fjárhæð 1.250 millj. kr. verði óbreytt þar til nánara samkomulag hefur tekist milli bankanna um endurgreiðslu. Náið samráð verður haft við fjmrn. og Seðlabankann um frekari framgang þessa máls."

Hér lýkur tilvitnun minni í bréf viðskrn. Ég vil láta þess getið að undirbúningur og framkvæmd þessa máls er í góðum farvegi. Það er á þessum grundvelli sem endurskoðendur Landsbankans og ríkisendurskoðandi staðfestu það með áritun sinni að eftir þessar ráðstafanir nemi eiginfjárhlutfall Landsbankasamstæðunnar 9,33%.

Með þessu vona ég að ég hafi svarað hv. 8. þm. Reykn. og upplýst að ekkert er óljóst í málinu og allt gert á grundvelli þeirra laga sem Alþingi hefur nýlega samþykkt.

Í öðru lagi vil ég víkja að því sem einnig kom fram í máli hv. 8. þm. Reykn. þar sem hann enn leiðir orð að því að eftirlaunasamningarnir, sem við erum hér að ræða, *muni á einhvern hátt lenda á Landsbankanum.* Þar vil ég aðeins endurtaka og ítreka að Landsbankinn hefur ekki yfirtekið þessa eftirlaunasamninga. Hann viðurkennir þá ekki sem forgangskröfu og þann veg hefur verið litið á þá í því mati sem fram hefur farið þegar bankinn yfirtekur hlutabréfin og þar með í mati á verðgildi þeirra. Kjarni málsins er að sjálfsögðu sá, frá þessu þrönga sjónarmiði, að bankinn viðurkennir þá ekki sem forgangskröfu. Þetta er alveg hreint og skýrt, getur ekki skýrara verið.

Hvað það varðar hver áhrif slíkir samningar hafi á verðgildi þeirra hlutabréfa sem mynda félögin sem slíka samninga bera þá hefur verið tekið tillit til þess í þeim samningum sem Landsbankinn hefur gert. Hins vegar mun að sjálfsögðu síðar reyna á hvort tveggja, hvernig markaðsverð verður fyrir slík hlutabréf og hvað þessar framtíðarskuldbindingar munu þýða sem í eftirlaunasamningunum felast. Aðalatriðið er þetta: Þetta eru ekki forgangskröfur. Landsbankinn hefur ekki yfirtekið þessa samninga.

Ég vík svo í þriðja lagi að því sem skiptir einna mestu máli í umræðunni, hvert sem upphaf hennar er, og það er þörfin fyrir ítarlegar umræður, athuganir og tillögur um samræmt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn þar sem reynt verði að sameina sanngjörn eftirlaun og valfrelsi fólks til að velja sér lífeyrissparnaðarform um leið og hugað er að því mikilvæga hlutverki sem lífeyrissjóðirnir gegna, ekki bara fyrir mannréttindi fólks heldur líka á fjármagnsmarkaðnum sem mikilvægasta uppspretta peningalegs sparnaðar í okkar landi.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að það hefur sóst afar hægt að koma fram heillegum umbótum á þessu sviði. Það störfuðu að þessu máli lengi stórar nefndir, m.a. ein svokölluð sautján manna nefnd sem starfaði á árunum 1976–1986. Ég var nokkuð við það starf riðinn, sat í þessari nefnd og var reyndar varaformaður hennar og formaður undirnefndar hennar, nefndar sem henni var tengd, svokallaðrar átta manna nefndar sem einkum starfaði með Alþýðusambandinu, Farmanna- og fiskimannasambandinu og tengdum félögum. Það var ávöxtur þessa starfs að fram kom lífeyrissjóðafrv. á árinu 1987. Það fól í sér samræmdar starfsreglur fyrir lífeyrissjóði sem ekki eru til eins og er. Það fól líka í sér ákveðnar kröfur um ávöxtun sjóðanna og samræmda réttindamyndun. Ég held að ekki sé ofmælt að segja að þar hafi verið lögð fram góð og *gild heildartillaga í málinu. Hins vegar togast þarna á* margvíslegir hagsmunir og eftir nokkurt árabil, að mig minnir á árinu 1990, e.t.v. var það ekki fyrr en á árinu 1991, skipaði þáv. fjmrh., hv. 8. þm. Reykn., enn stærri nefnd til að fjalla um þetta mál, 25 manna hagsmunaaðilanefnd. Þessi nefnd hefur því miður ekki skilað neinum árangri í sínu starfi. Ég held reyndar að sú hugmynd að *mynda stórar nefndir í þessu máli þar sem* allir hagsmunaaðilar eru með fulltrúa muni ekki skila árangri.

Það má ekki úr því draga hversu mikilvægt það er að við tökum á þessu máli. Það er allt í senn að þetta margbrotna lífeyrissjóðakerfi er of dýrt, réttindamyndunin er ekki samræmd eða sanngjörn og ávöxtun sjóðanna er ekki sú sem vera þyrfti. Það er þarna mörg brotalöm sem mikilvægt er að verði úr bætt. Ég held að það sé mjög mikilvægt, eins og hér hefur komið fram, ekki síst hjá hv. 11. þm. Reykn. og málshefjanda, hv. 14. þm. Reykv., að þetta er mál sem sannarlega er þörf á að löggjafinn láti til sín taka.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Nú eru u.þ.b. 16 mín. þar til áætlað var að þessari umræðu lyki og væntanlega hefði eigi veitt af þeim tíma fyrir hv. málshefjanda og e.t.v. hæstv. fjmrh. Tveir hv. þm. eru á mælendaskrá og mun ég freista þess að heimila þeim að gera örstutta athugasemd.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég byrja að gera örstutta athugasemd varðandi málsmeðferð. Það hefur verið vaninn ef umræður utan dagskrár skv. seinni mgr. 50. gr. hafa verið takmarkaðar þá hafi ræðutíma milli stjórnmálaflokka verið skipað í upphafi og í það minnsta tilkynnt í upphafi umræðu að svo yrði. En í upphafi þessarar umræðu var ekkert tilkynnt annað en að þessi umræða færi fram skv. 2. mgr.

Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér mikið inn í þessa umræðu. Ég geri það þó af tilefni ræðu hv. 3. þm. Reykv., Björns Bjarnasonar, áðan. Ég leyfi mér að varpa þeim spurningum til þingmannsins hvað hann eigi við með því þegar hann lýsir undrun sinni á því að ekki skyldi hafa verið tekin til umræðu fyrr á Alþingi sú uppstokkun sem átt hefur sér stað hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga á síðustu tveimur árum. Sú uppstokkun sker sig að mínu mati nánast ekki á nokkurn hátt frá mörgu öðru sem verið hefur að gerast í okkar atvinnulífi á síðustu mánuðum. Menn hafa verið að breyta um félagsform og setja rekstur í hlutafélög sem áður voru á aðalrekstri Sambandsins. Það er að vísu mín skoðun og ég hef haldið því fram alla tíð eftir að ég fór að mæta á aðalfundi Sambandsins að það sé nokkuð sem menn hefðu átt að vera búnir að gera fyrir löngu og í rauninni allt of seint gripið til þeirra aðgerða.

Einnig nefndi hv. þm. að það væri eðlilegt að hér ræddu menn skuldbindingar sem af þessu uppgjöri hlytust og kæmu beint á skattborgara. Það er mjög eðlilegt að spyrja hv. þm. hvað hann eigi við með þeim ummælum.

Einnig ræddi þingmaðurinn að störf 400 manna í væru upplausn vegna hugsanlegrar breytingar á rekstri Miklagarðs. Það er engin nýlunda hér á síðustu mánuðum og allra síst eftir að sú ríkisstjórn sem hv. þm. styður að atvinnuleysi fari stórvaxandi vegna þess hvernig staðið er að atvinnulífinu. Væntanlega er það svo að ef þörf er á þeim verslunarrekstri öllum sem nú er á höfuðborgarsvæðinu þá muni einhverjir aðrir taka við þeim rekstri (Forseti hringir.) og þeir aðilar sem þarna missa vinnuna fá þá vinnu annars staðar.

Virðulegur forseti. Nú spyr ég hvers vegna klingir bjallan? (**Forseti:** Forseti hefur tekið fram að um það var samið að þessari umræðu lyki um kl. 16 og við það verður að standa. Málshefjandi á rétt á því að tala í lok umræðunnar og sá ráðherra sem er í forsvari og hv. þm. sér að þar mun tímanum verða lokið.) Virðulegur forseti. Nú hlýt ég að spyrja eftir hvaða grein þingskapa hv. þingforseti slær í bjöllu hjá ræðumanni. (**Forseti:** Hv. þm. veit að það er mjög algengt að samið sé um það þrátt fyrir að leyft sé að tala utan dagskrár skv. 2. mgr. þessarar greinar þá er eigi að síður samið um það ljúka umræðu fyrir tiltekinn tíma og svo var gert nú.) Ég hlýt að minna virðulegan forseta á að þegar þessi umræða hófst var ekkert tilkynnt annað en hún færi fram skv. 2. mgr. 50. gr. þingskapa. Engin tilkynning var gefin um skiptingu ræðutíma milli þingflokka eins og ætið hefur verið gert ef samið er um skerðingu ræðutíma. Ég mun hins vegar, virðulegur forseti, ljúka máli mínu. (**Forseti:** Forseti fer eigi að síður fram á við hv. þm. að hann hraði ræðu sinni og ljúki henni.) Það mun ég gera en ég hlýt, virðulegur forseti, að lýsa yfir að hér er um afar sérstök vinnubrögð hjá forseta að ræða sem ég þekki ekki önnur dæmi um þann tíma sem ég hef setið á Alþingi.

Virðulegur forseti. Ég átti ekki mikið eftir af minni ræðu, ég varpaði þessum spurningum til hv. 3. þm. Reykv. og ég vænti þess að hann svari þeim. (**BBj:** Ég hef ekki tök á því, því miður.) Hv. þm. þarf ekki ... (**Forseti:** Hv. þm. fær ekki heimild til þess.) Virðulegur forseti, þá hlýtur maður eiginlega að spyrja til hvers þessi umræða fari fram? Ég hlýt að biðja virðulegan forseta að hugleiða mjög vandlega þau vinnubrögð sem hér eru höfð í frammi. Ef takmörkun ræðutíma við slíka umræðu á að koma eingöngu niður á þeim ræðumönnum sem síðast kveðja sér hljóðs þá eru það algerlega óviðunandi vinnubrögð.

En að lokum til hv. 3. þm. Reykv. Væntanlega þyrfti þá að fara hér fram umræða um æðimörg fyrirtæki og æðimarga starfshætti í þjóðfélaginu ef svo ætti að vera í hvert skipti sem rekstur er stokkaður upp eða lendir í vandræðum. Ég man ekki betur en fyrirtæki á fyrirtæki hafi ofan komist í þrot og ýmist verið hlaupið undir bagga og bjargað til að bjarga kannski mannorði manna. Bókaútgáfur hafa verið komnar á hausinn þegar farið hefur verið af stað með víðtæka björgunaraðgerð. Það væri því víða hægt að koma við ef hv. þm. vill fara í þessa umræðu í þeim tón sem hann gaf upp áðan.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég tel afar mikilvægt að hæstv. viðskrh. hefur staðfest í umræðunum að eftirlaunaskuldbindingar þeirra fyrirtækja sem Landsbankinn yfirtók og tilheyrðu Sambandinu hljóti að hafa áhrif á markaðsverð þeirra hlutabréfa sem Landsbankinn á í þessum fyrirtækjum. Það er mjög mikilvægt að það hefur komið fram í umræðunni og staðfest af ráðherra að svo sé.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil nú þakka öllum þeim fjölmörgu hv. þm. sem hafa tekið þátt í þessari umræðu í dag. Ég vil alveg taka undir það með hv. 11. þm. Reykn. að mönnum fannst mikið í lagt að hafa þetta ótímasetta umræðu eða af lengri gerðinni, en mér sýnist nú að full þörf hafi verið á að ræða þetta. En ég skal reyna mjög að stytta mál mitt svo að ég geti lokið því kl. 4, en ég vil fyrst af öllu segja við hv. 3. þm. Reykv., Björn Bjarnason: Þessi umræða var af minni hálfu ekki um Samband ísl. samvinnufélaga. Fyrirtækið gat verið hvaða fyrirtæki sem er. Tilefni minnar fyr-

irspurnar var það að Landsbanki Íslands, sem Alþingi Íslendinga hefur verið að láta 4 milljarða til til að efla bankann, hefur án efa skaða af þessum miklu lífeyrisskuldbindingum Sambands ísl. samvinnufélaga í þessu tilviki, beint eða óbeint eins og hér hefur komið fram. Vitaskuld hlýtur það að rýra gildi hlutabréfa í fyrirtæki sem hefur tekið við slíkum skuldbindingum. Varðandi það hvernig rétt slíkar skuldbindingar hafa við gjaldþrot, þá fullyrðir hæstv. viðskrh. hér að Landsbankinn viðurkenni slíkar skuldbindingar ekki sem forgangskröfu. En hæstv. fjmrh. sagði að um það gæti hann ekkert sagt, það hefði aldrei fallið dómur í því máli. En það er eins og önnur tjáskipti og samskipti milli þeirra hæstv. ráðherra að þeir hafa nú ekki beinlínis verið alveg samstiga í þessari umræðu.

Hæstv. fjmrh. talaði um stuðning ríkissjóðs við Landsbankann sem pappírsgagn og það mátti skilja að slíkt framlag þyrfti ekki að koma fram á fjárlögum. Í morgun í fjárln. var einmitt spurst fyrir um í hvaða formi þessi greiðsla yrði, þessir 4 milljarðar — enn og aftur 4 milljarðar. Þar kom fram að það væri ekki búið að ákveða neitt um það. Síðan líður klukkutími. Þá stígur hér í pontu hæstv. viðskrh. og les samninginn um það sem hæstv. fjmrh. greinilega hefur ekki fengið að sjá. Ég verð nú að segja, hæstv. forseti, að mér er til efs að annað eins og þetta væri borið fram í nokkru öðru þjóðþingi. Að tveir hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar tali annar í austur og hinn í vestur og geri ekki einu sinni tilraun til þess að leiðrétta það. En það er önnur saga.

Niðurstaða þessarar umræðu er sú að það veit enginn hvort Landsbanki Íslands verður fyrir umtalsverðum skaða vegna skuldbindinga á lífeyrissjóðsgreiðslum til 20 manna, það veit enginn hvað sá skaði gæti orðið stór. Það veit hreinlega enginn neitt um það eins og kom fram í samtölum mínum við menn bæði í Landsbanka og Seðlabanka. En það er fullkomlega óskiljanlegt að nokkur aðili, Landsbanki eða aðrir, taki við fyrirtækjum með svo óljósum atriðum sem þessum lífeyrissjóðsskuldbindingum. Það þykir mér hreint ekki verjandi. Það tekur engin sæmilega skynsöm manneskja við skuld frá annarri manneskju án þess að vita hvað í henni felst þannig að ég held að fyrirspurn mín hafi verið fullkomlega verðugt umræðuefni hér.

En öll þessi umræða fjallar um það hróplega óréttlæti sem viðgengst í okkar landi. Þetta fjallar um að einn forstjóri í einu fyrirtæki hefur á mánuði 529.667 kr. Annar hefur 453.768 kr., á mánuði, á meðan hjón sem ég þekki, kona sem hefur verið heimavinnandi allt sitt líf, alið upp 10 börn — og eins og hv. 11. þm. Reykn. kom inn á áðan, lífeyrissjóður enginn, það var engin vinna að ala upp 10 börn — maðurinn hennar var 54 ár á sjó. Það væri gaman að vita hversu marga fiska hann dró. Við andlát hans hafði hann 26 þús. kr. á mánuði í lífeyri, 26 þús. á meðan annar forstjórinn hefur 529 þús. Finnst hv. þm. ekki þess virði að ræða annað eins og þetta? Svo þykjumst við vera að reka hér þjóðfélag sem byggist á jafnrétti og lýðræði.

Síðan kemur hér hæstv. fjmrh. sem var reyndar óvenjubljúgur í þessari umræðu og það fór honum vel, og segir að hann kannist ekki við neitt þessu líkt í stjórnkerfinu. Hann sagði þetta. Hann mundi ekki eftir Landsvirkjun, hann mundi ekki eftir Seðlabankanum, hann mundi ekki eftir landsbankastjóranum með milljón á mánuði. Það hefur nú eitthvað alvarlegt komið fyrir toppstykkið í sumu fólki ef þetta er alveg gersamlega gleymt og grafið. Sannleikurinn er sá að það er alveg rétt sem Sigurður Markússon segir. Þessar greiðslur frá Sambandinu eru ekkert verri heldur en þær sem viðgangast í stjórnkerfinu og þess vegna er það rangt, hæstv. forseti, og ég bið um að hæstv. fjmrh. heyri það, það er rangt að þetta viðgangist ekki í stjórnkerfinu.

Ég skal, hæstv. forseti, ekki segja mikið meira. En ég vil leggja áherslu á það aftur að það voru alger aukarök að þetta væri svo sem eitthvert málefni Sambands ísl. samvinnufélaga. Það hefði getað verið hvaða fyrirtæki sem var. Tilgangur minn var að vekja á því athygli að Landsbankinn kynni að taka óvarlega við hlutafélögum af öllu tagi, eignast þau kannski að fullu með umtalsverðum skuldbindingum upp á hundruð millj. og ég læt ekki segja mér að það hafi engin áhrif til eða frá. Auðvitað getur bankinn auðveldlega skaðast á því. Og það getur vel verið að menn kippi sér ekki upp við hundruð millj. þegar um er að ræða peninga almennings. En það er tekið afskaplega alvarlega ef við, launþegarnir í landinu, greiðum ekki hverja krónu af okkar aumlegu lánum sem eru nú ekki nema eins og smápeningar í sambandi við það sem hér er verið að tala um. Við erum einfaldlega að tala um skuldbindingar upp á 800 millj. kr. til þess að 20 manns geti vaðið í peningum. Svo einfalt er þetta mál. Ég mótmæli því að Landsbanki Íslands taki minnstan þátt í þeim greiðslum, ég leyfi mér að mótmæla því. Ég efast hins vegar um að við höfum nokkurt vald til að banna honum það. Hann hefur þegar yfirtekið hlutafélög og fyrirtæki sem eru gjaldþrota eða við það að verða gjaldþrota. Þessum fyrirtækjum fylgja þessar skuldbindingar og ég á eftir að sjá, hæstv. forseti, að þessir 20 virðulegu forstjórar og framkvæmdastjórar verði látnir bera skaðann. Það ber þá eitthvað nýrra við. En það kynni að vera að saumakonan sem er búin að sitja í verksmiðju hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga sl. 40 ár og hefur 21 þús. kr. í lífeyri, það getur vel verið að hún yrði látin skaðast. Það væri nær sanni. Þess vegna var farið af stað með þessa umræðu, hæstv. forseti, að þetta óréttlæti í okkar hart keyrða þjóðfélagi sem horfir nú ekki beinlínis fram á góða daga í augnablikinu, í þess konar þjóðfélagi má þessi ójöfnuður ekki eiga sér stað lengur og það á ekki að ræða það á flokkspólitískum grundvelli. Við hljótum öll að taka höndum saman og spyrna við fæti. Einhvers staðar verður að stöðvast við. Menn eiga ekki að geta haft á aðalfundi Íslandsbanka vegna eigin fjármagns 3 milljarða í atkvæði. Fyndinn maður spurði á fjárlaganefndarfundi í morgun hvað Kínverjar væru margir. En maður les í blöðunum að menn koma á fund í Íslandsbanka með 3 milljarða af atkvæðum.

Hæstv. forseti. Þessu gríni verður að ljúka. Launþegar í landinu geta ekki lengur sætt sig við að þeir

fjármunir sem þeir vinna fyrir séu notaðir til þess að örfáar manneskjur leiki sér með þá.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég skal binda mál mitt við örfá atriði sem fram hafa komið og stytta það þar sem nú er tíminn liðinn sem til stefnu var.

Í fyrsta lagi vil ég ræða um það sem fram hefur komið af hálfu málshefjanda og reyndar hv. 8. þm. Reykv. um að við höfum ekki verið fyllilega sammála, ég og hæstv. viðskrh. Það kann að vera að við séum ekki alltaf sammála en í þessum málum erum við þó sammála. Staða málsins er eins og hæstv. ráðherra lýsti að ríkisstjórnin hefur tekið ávörðun um það í hvaða formi hún vill að þessi stuðningur verði en samningur liggur ekki fyrir fyrr en í næsta mánuði, enda er samningurinn gagnkvæmur og það þarf að gera kröfur eins og réttilega kom fram í máli hæstv. ráðherra um eiginfjárstöðu og afkomu og fylgjast með því að slík skilyrði verði upfyllt.

Í öðru lagi hefur verið deilt hérna nokkuð um markaðsgildi hlutafélaganna sem áður voru í eigu Sambandsins. Ég held að óhætt sé að slá því föstu að Landsbankinn hafi farið afar varlega í þeim efnum og bendi á Samvinnubankann því til sönnunar, en það var bent á það hér í umræðunum að þar gerði Landsbankinn kröfu um að hækka lífeyrisskuldbindingar úr 100 upp í 200 millj. og eins tel ég að viðhorfin gagnvart Samskipum sýni það að mönnum er ekki sama þegar fyrirtækin eru skoðuð og þá er gripið jafnvel til dómstólaleiðar ef ekki er hægt að fá leiðrétt gildi fyrirtækjana með öðrum hætti.

Á það hefur verið minnst að ég hafi ekki svarað rétt varðandi hliðstæð dæmi úr stjórnkerfinu. Ég skal viðurkenna það að ég þekki ekki samsvarandi samninga úr stjórnkerfinu og mér finnst nú nokkuð langt til seilst þegar minnst er á Aðalverktaka sem hluta af stjórnkerfinu jafnvel þótt ríkið eigi þar meiri hluta. Það er sjálfstætt fyrirtæki sem ekki er hluti af stjórnkerfinu. Um Landsvirkjun get ég ekki sagt. Ég þekki það dæmi ekki. Þar virðist hv. þm. gera betur en ég.

Síðan varðandi hvort hér sé um að ræða forgangskröfu eða ekki, þá sagði hv. þm. að við værum ekki alveg sammála, ráðherrarnir. Ég held að við séum meira sammála en ósammála því að ég sagði orðrétt, með leyfi forseta, í minni ræðu: „Hins vegar má telja einsýnt að hér sé um að ræða almenna kröfu og ekki er að mínu mati um að ræða launakröfu sem fallið geti undir ábyrgðasjóð launa“ þannig að báðir aðilar eru sammála um það að þannig beri að líta á þótt auðvitað enginn geti skorið úr um það nema dómstóll og dómstóll hefur enn ekki gert það samkvæmt lögunum.

Loks að síðustu, þótt ekki gefist hér tækifæri til umræðna almennt um lífeyrissjóðsmál, þá snertir þetta auðvitað þann stóra málaflokk. Ég vil einungis segja það að þeim málum verður ekki breytt nema í tengslum við kjarasamninga. Þeir hafa áhrif á launakjör fjölmargra því að hér er um að ræða samspil. Það eru þrjú atriði sem ég vil nefna að lokum sem auðvitað þarf að skoða og hafa verið skoðuð eða munu vera í skoðun á næstunni. Það er í fyrsta lagi samræming á lífeyrisfyrirkomulagi opinberra starfsmanna og annarra, í öðru lagi hvort leyfa eigi frelsi um það til hverra lífeyrisgreiðslurnar ganga og hver eigi að ávaxta þær og loks hvert sé samspil lífeyris úr lífeyrissjóðum og lífeyrisbóta sem greiddar eru af hálfu hins opinbera í gegnum almannatryggingakerfið og leiða m.a. til þess sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir minntist á vegna tekjutengingar, m.a. að sáralítill munur kann að myndast á réttindum þeirra sem greiða í lífeyrissjóð og hinna sem aldrei hafa greitt í lífeyrissjóð. Þessi mál eru mun stærri en svo, virðulegi forseti, að hægt sé að ræða þau hér á þeim tíma sem ekki er eftir og kýs ég að ljúka þessum orðum mínum með von um það að þessar umræður hafi a.m.k. upplýst það mál sem var til umræðu utan dagskrár.

Útbýting þingskjala:

Afbrot barna og unglinga, 521. mál, fsp. MF og LRM, þskj. 879.

Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1992, 522. mál, skýrsla félmrh., þskj. 880.

Fasteignaskattar ríkisfyrirtækja og stofnana, 371. mál, svar fjmrh., þskj. 867.

Fjöleignarhús, 517. mál, stjfrv., þskj. 874.

Greiðsluaðlögun fyrir fólk í verulegum greiðsluerfiðleikum, 520. mál, þáltill. ÖS og SigG, þskj. 878.

Íþróttasjóður ríkisins, 503. mál, þáltill. IP o.fl., þskj. 855.

Kostnaður við tölvuvinnu, 408. mál, svar fjmrh., þskj. 868.

Launagreiðslur ríkisins, 431. mál, svar fjmrh., þskj. 843. — [Fundarhlé.]

Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, 2. umr.

Stjfrv., 421. mál (aðfararhæfi eldri úrskurða). — Þskj. 717, nál. 798.

Frsm. sjútvn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti sjútvn. um frv. til laga um breyting á lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

Tilurð þess máls er að á síðasta löggjafarþingi voru samþykkt ný lög um þetta efni og það er ljóst að úrskurðir samkvæmt eldri lögum halda fullu gildi sínu. Hins vegar hefur komið í ljós við skoðun að það leikur nokkur vafi á því hvort úrskurðirnir séu aðfararhæfir samkvæmt lögunum sem samþykkt voru í fyrra.

Það frv. sem hér liggur fyrir tekur hins vegar af öll tvímæli í þeim efnum. Sjútvn. hefur fjallað um málið og þar voru allir samþykkir því að frv. fengi fram að ganga, raunar svo mikill stuðningur við það að það þótti ekki taka því að kalla á neina fulltrúa úr greininni til þess að ræða þetta. Allir nefndarmenn rita undir nál., þ.e. Össur Skarphéðinsson, varaformaður og frsm., Árni R. Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Halldór Ásgrímsson, Jóhann Ársælsson, Jörgína Jóns-

dóttir, Vilhjálmur Egilsson, Steingrímur J. Sigfússon og Stefán Guðmundsson. Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún einnig samþykk áliti þessu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dýrasjúkdómar, 2. umr.

Stjfrv., 287. mál (heildarlög). — Þskj. 418, nál. 804, brtt. 805.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. landbn. Alþingis og brtt. um frv. til laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Eins og nál. ber með sér þá undirrita það allir nefndarmenn, tveir með fyrirvara, þeir Eggert Haukdal og Ragnar Arnalds og er fyrirvara þeirra getið með skýrlegum hætti í niðurlagi nál.

Það er í annað sinn sem þetta mál kemur til umræðu á þinginu áður en það hefur hlotið lögfestingu en í fyrra var málið lagt fyrir og um það fjallað í landbn. Þar var leitað umsagna um málið og þær bárust frá eftirgreindum aðilum:

Tilraunastöð Háskólans í meinafræði, Páli A. Pálssyni, fyrrv. yfirdýralækni, Dýralæknafélagi Íslands, búnaðarþingi og stjórn Búnaðarfélags Íslands.

Þegar þessar umsagnir lágu fyrir var mjög tekið að halla á þingtímann og það varð því að ráði að leita eftir því við landbrh. að hann léti fjalla um málið á milli þinga og taka þá tillit til þeirra umsagna sem þá höfðu borist. Þessi umfjöllun fór fram og var þar nokkurs samráðs leitað við landbn. og málið þannig lagt fyrir að teknu tilliti til þessarar undirbúningsvinnu. Eftir að málinu hafði verið dreift aftur á þinginu og fyrir því mælt bárust enn þá umsagnir um málið frá búnaðarþingi sem nú er fyrir stuttu lokið og frá Keldum þannig að í eitt og allt er búið að fara býsna vel yfir þetta mál. Á grundvelli þessara umsagna leggur nefndin fram brtt. þar sem tekið er tillit til þessara ábendinga allra. Þær eru skýrðar í nál. mjög rækilega þannig að ég sé ekki neina sérstaka ástæðu til þess að tala sérstaklega fyrir þeim en vísa í þeim efnum sérstaklega til nál. ef einhvern tímann skyldi koma til einhverra sérstakra lagaskýringa út af þessari umfjöllun núna.

Undanfari þessa máls er að landbrh. fól þremur mönnum, Jóni Höskuldssyni, deildarstjóra í landbrn., Brynjólfi Sandholt yfirdýralækni og Guðmundi Jónssyni, bónda á Reykjum, að færa til sömu löggjafar og endurskoða þau lög sem í gildi voru um dýrasjúkdóma. En það voru lög nr. 25/1923, um berklaveiki í nautgripum, lög nr. 11/1928, um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki bærist til landsins, lög nr. 23/1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma, og lög um sauðfjárbaðanir nr. 22/1977.

Hér eru sem sagt þessi lög öllsömul felld inn í þetta frv. og er það náttúrlega augljóslega til mikils hagræðis að hafa lög um sjúkdóma og varnir gegn þeim í einum lagabálki. Þess hefur verið vandlega gætt við umfjöllun þessa máls að með engum hætti væri hrokkið frá þeim vörnum sem lög hafa heimilað né látið hjá líðast að gæta þar ekki allra þeirra þýðingarmiklu ákvæða sem þar voru fyrir.

Ég sé ekki, virðulegi forseti, ástæðu til þess að fjalla ítarlegar um málið. Ég vitna til þess að hæstv. landbrh. hefur flutt framsögu til skýringar málinu, reyndar bæði í fyrra og núna, og enn og aftur vitna ég til nál. sem skýrir afstöðu landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Neytendalán, 2. umr.

Stjfrv., 14. mál. — Þskj. 14, nál. 841, brtt. 842.

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. efh.- og viðskn. um frv. til laga um neytendalán. Mál þetta kom inn í þingið mjög snemma og hefur verið í allmikilli umfjöllun í nefndinni og hún hefur sent frv. allmörgum aðilum til umsagnar og kallað á sinn fund fjölmarga aðila sem getið er í nál. Nefndin hefur náð samstöðu um málið og ég ætla að kynna nál. og nokkrar brtt. sem gerðar eru við frv.

Í fyrsta lagi er gerð sú breyting að gildissvið laganna þrengist og nái aðeins til neytenda en ekki til lána sem tekin eru í tengslum við atvinnustarfsemi.

Í öðru lagi er gerð tillaga um breytingu á 2. gr. frv. þannig að í d-lið 2. gr. verði kveðið á um hámarksupphæð jafnt sem lágmarksupphæð.

Í þriðja lagi er lögð til breyting við 3. gr. sem kveði á um að það sé skylt að veita eigendum tékkareikninga upplýsingar um hvernig lánssamningi um yfirdráttarheimild skuli sagt upp. Enn fremur bætist við ákvæði um að tilkynna megi eigendum tékkareikninga um breytingar á ársvöxtum eða viðeigandi gjöldum sem verða á samningstímanum í reikningsyfirliti.

Í fjórða lagi er lögð til breyting á 4. gr. sem er til þess að þrengja skilgreiningu á hugtakinu „neytandi" þannig að það verði: „Neytandi er einstaklingur sem í viðskiptum, sem lög þessi ná til, tekur lán eða kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu viðskiptin ekki gerð í atvinnuskyni", og það sé aðalskilgreiningin á hugtakinu neytandi.

Í fimmta lagi er lögð til smábreyting á skilgreiningu í upptalningu í 6. gr.

Í sjötta lagi er gerð brtt. við 7. gr. frv. þar sem aðeins er verið að breyta hugtakanotkun þannig að hún samræmist þeim breytingum sem ég hef skýrt frá áður.

Í sjöunda lagi er lögð til breyting á 9. gr. frv., að síðari málsgrein falli brott, en með henni var lögð mjög rík tilkynningaskylda á lánveitendur sem ekki hefði verið mögulegt að uppfylla. Það verður að telja nægilegt að neytandi fái skýrari og ótvíræðari upplýsingar við samningsgerðina, sbr. 6. gr. frv.

Í áttunda lagi er lagt til að 10. gr. breytist þannig að það komi skýrari mynd á það hvað „árleg hlutfallstala kostnaðar" þýði og tillagan er þannig, með leyfi forseta:

„Árleg hlutfallstala kostnaðar er tala sem svarar til núvirðis allra skuldbindinga (lána, endurgreiðslna og kostnaðar) er til kann að koma eða þegar er fyrir hendi og lánveitandi og neytandi hafa samið um. Hlutfallstalan skal reiknuð út í samræmi við stærðfræðilíkingu sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð er ráðherra setur. Í henni skal einnig setja nánari reglur um útreikning kostnaðar."

Þessi stærðfræðilíking mun væntanlega vera fastur liður í öllum þeim viðskiptaforritum sem eru sett inn í þær tölvur sem eru til í verslunum þar sem verið er að lána fólki neytendalán og að sjálfsögðu í bönkunum líka.

Í níunda lagi er lagt til að 12. gr. verði breytt þannig að vísitölubinding og verðlagsviðmiðun teljist til vaxtagjalda.

Í tíunda lagi er lögð til breyting á 13. gr. þannig að ekki verði skylt að veita upplýsingar þær sem greindar eru í ákvæðinu í öllum auglýsingum um lán og lánafyrirgreiðslu heldur verði skyldan bundin við auglýsingar og tilboð sem liggja frammi á starfsstöð neytenda.

Í ellefta lagi er lögð til breyting á 14. gr. þar sem breytt er orðalagi um viðmiðun á vöxtum.

Í tólfta lagi er lögð til breyting á 15. gr. þannig að ákvæði hennar er þrengt en eins og það var í frv. þá gat það gefið möguleika á óréttmætu málþófi við venjulega innheimtu á kröfu.

Í þrettánda lagi er lögð til breyting á IV. kafla þannig að það efni verði aukið en 17.–19. gr. frv. falli brott. Það er nægilegt talið að styðjast við almenna reglu kröfuréttar í þessum efnum.

Í fjórtánda lagi er lögð til breyting á 20. gr. þannig að 2. mgr. falli brott, þá er líka lögð til orðalagsbreyting á 3. mgr. og loks að við bætist málsgrein þess efnis að ákvæðið nái ekki til viðskiptabréfakrafna enda sé trygging fyrir hendi, sbr. breytingu sem er kynnt hér á eftir.

Í fimmtánda lagi er lagt til að 21. gr. verði breytt þannig að efnið falli niður en þess í stað mælt fyrir um tryggingu sem lánveitandi skal eiga vegna hugsanlegra vanefndakrafna neytenda vegna viðskipta sem standa að baki viðskiptabréfum. Tryggingin er hugsuð sem vernd fyrir neytendur.

Í sextánda lagi er lagt til að VI. og VII. kafli verði sameinaðir og 22. og 24.–29. gr. falli niður.

Í sautjánda lagi er lagt til að IX. kaflinn mæli fyrir um skaðabótaskyldu í stað refsinga.

Í átjánda lagi er lagt til að lögin taki gildi 1. okt. 1993 en miðist ekki við gildistöku EES-samningsins. Ástæðan fyrir því er sú að þetta er í rauninni sjálfsagt framfaramál sem stuðlar að því að skýra og bæta rétt neytenda. Í annan stað er ljóst að til þess að geta uppfyllt ákvæði frv. um upplýsingaskyldu þá þarf að breyta allmörgum forritum sem er unnið með í tölvum í fyrirtækjum og þess vegna er það eðlilegt að frv. taki gildi á einhverjum tilteknum tíma en sé ekki háð óvissu um gildistöku.

Ég vil síðan að lokum, herra forseti, þakka meðnefndarmönnum mínur fyrir ágætt samstarf um þetta mál og læt máli mínu lokið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarráð Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 206. mál (iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti). — Þskj. 247.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. um breytingu á lögum nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum. Þetta frv. var lagt fyrir á Alþingi 1992 og er einfalt að allri gerð. Í 1. gr. segir:

„Í 1. mgr. 4. gr. laganna falli orðin „iðnaðarráðuneyti" og „viðskiptaráðuneyti" brott, en á eftir orðunum „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti" komi: iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir því að lög þessi öðlist þegar gildi.

Texti frv. sem nú er flutt er óbreyttur frá fyrri texta en jafnframt er greint frá þeirri heimild sem veitt var með stoð í stjórnarráðslögunum sl. sumar til að samnýta eins og kostur er starfslið og skrifstofuhúsnæði ráðuneytanna. Þá er að þessu sinni prentað sem fskj. með frv. kostnaðarmat fjmrn. og drög að reglugerðarbreytingu um Stjórnarráðið, sem lögð yrði fyrir forseta Íslands til staðfestingar yrði frv. að lögum.

Við upphaf 1. umr. um málið á 115. löggjafarþingi 1991 varð málinu ekki lokið. Gerðar voru ýmsar athugasemdir í þeirri umræðu. M.a. var vitnað til umsagnar fjmrn. við frv. til nýrra heildarlaga um Stjórnarráð Íslands þar sem gert hafði verið ráð fyrir samruna iðnrn. og viðskrn. Þessi tilvitnun sem var í útdrætti úr umsögn þáv. ráðuneytisstjóra er þess eðlis að það er ástæða til að vekja athygli á henni. Hún birtist í bréfi til forsrn. hinn 23. nóv. 1989 og þar segir, með leyfi forseta:

„Samruni iðnrn. og viðskrn. virðist einnig vera spor í rétta átt, en með því er færð til baka að hluta sú breyting sem gerð var árið 1969 þegar atvinnumálaráðuneytið var klofið upp í frumþætti sína. Ef til sameiningar atvinnuvegaráðuneytanna tveggja kemur virðist liggja í augum uppi að mál er varða yfirstjórn peninga- og fjármála eiga þar ekki lengur heima og rökrétt að þau hverfi aftur til fjmrn., eins og reyndar var áður en sérstakt viðskrn. var stofnað á haftaárunum fyrir stríð. Þannig er málum fyrir komið í flestum löndum."

Síðar segir í sama bréfi um yfirstjórn peningamála:

„Í langflestum löndum fellur yfirstjórn peningamála undir fjmrn. og hefur þróunin undanfarna áratugi ótvírætt hnigið í þá átt. Tímabært virðist að færa þetta í

svipað horf hér á landi nú þegar gjaldeyrishöft hafa verið afnumin og innlendur sparnaður hefur þróast. Sama gildir um seðlaútgáfu og yfirstjórn gjaldeyrismála og samskipti við erlendar fjármálastofnanir. Sameining iðnrn. og viðskrn. kallar beinlínis á þetta. Lagt er til að þessi málaflokkur færist til fjmrn.“

Þáv. settur hagsýslustjóri, Indriði H. Þorláksson, sendi ráðuneytinu einnig athugasemdir, dags. 24. nóv. 1989:

„Málefni Seðlabankans og mál sem honum tengjast varðandi gjaldmiðla, myntsláttu og samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, ætti eðli málsins samkvæmt að vera hjá fjmrn.“

Þetta er nefnt hér vegna þess að þetta var sérstaklega rætt af hv. 8. þm. Reykn., Ólafi Ragnari Grímssyni, þegar mál þetta var fyrst flutt í þinginu. Það er ekki gert ráð fyrir breytingum varðandi yfirstjórn á Seðlabanka í frv. Gert er ráð fyrir því að sú yfirstjórn verði áfram hjá viðskrn.

Út af fyrir sig má segja að það séu gild rök til þess að yfirstjórn Seðlabankans gangi til annarra ráðuneyta en viðskrn. eftir slíka breytingu og jafnvel fyrir hana. Það má um það deila hvort slíkur tilflutningur ætti að vera til fjmrn. þó að ýmis rök mæli vissulega með því og hægt er að vitna til aðstæðna og aðferða í öðrum löndum en einnig mætti nefna, og hefur verið nefnt, að ef menn vildu gera breytingu, þá væri hugsanlegt að yfirstjórn Seðlabankans færðist til forsrn. Þá hafa menn haft í huga þá sérstöðu sem hér er að forsrn. fer jafnframt með yfirstjórn efnahagsmála og í lögum um seðlabanka er sérstaklega tilgetið að seðlabanki eigi að vera ríkisstjórn, ekki einstökum ráðuneytum heldur ríkisstjórn, til ráðuneytis um stjórnun og ýmsa innri þætti efnahagslífsins. Eins og þetta frv. ber með sér er ekki gert ráð fyrir neinum breytingum í þessum efnum við flutning frv. nú.

Ég tel ekki ástæðu til að endurtaka þau atriði sem fram komu er mælt var fyrir málinu hið fyrsta sinn. Það hefur að vísu legið alllengi fyrir og ekki verið fyrir því mælt en ég hygg að hv. þm. þekki allvel til málsins og sögu þess.

Ég vil, hæstv. forseti, leggja til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til allshn.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það frv sem hér er til umræðu gerir ráð fyrir þeirri breytingu að sameina iðnrn. og viðskrn. Nú má vafalaust margt betur fara í Stjórnarráðinu og ég lít svo á að töluverð þörf sé á því að endurskipuleggja þar vinnubrögð og skipulagsþætti en mér finnst ástæðulaust að slíta út úr heildarendurskoðun, sem ég tel að þurfi að fara fram, sameiningu þessara tveggja ráðuneyta. Ég hef það á tilfinningunni að þetta frv. hafi svo að segja verið samið utan um einn mann, þ.e. ráðuneytisstjóra. Það vill að vísu svo til að nú um nokkurt skeið hefur sami ráðherra farið með báða þessa málaflokka sem eru þó ekki náskyldir þannig að það sýnist einboðið að vista þá í einu ráðuneyti. Nú er þessi ráðuneytisstjóri á förum á grænni veiðilendur að því er mér skilst og þá er sú ástæða fallin brott, sú nauðsyn sem kann að hafa verið fyrir því einu sinni að gera þessa skipulagsbreytingu.

Þrátt fyrir nærri tveggja ára stjórn hæstv. ríkisstjórnar er iðnaðurinn ekki svo illa kominn að ástæða sé til að meina honum að hafa sérstakt ráðuneyti og ég held að raunverulega hafi það verið ógæfa fyrir iðnaðinn í landinu að hann hefur orðið nokkur hornreka í stjórnkerfinu. Ég held að þarna sé um svo mikilvægan málaflokk að ræða að það sé fullt verk fyrir einn ráðherra að stýra þar málum og vaka yfir hagsmunum og þróun iðnaðarins. Á sl. ári töpuðust eitt þúsund störf í iðnaði. Okkur iðnaðarnefndarmönnum gafst tækifæri til þess á stórfróðlegum fundi, sem við áttum í síðustu viku með forsvarsmönnum iðnaðarins, að kynna okkur þá skelfilegu þróun sem orðið hefur innan þessarar greinar. Ég tel að iðnaðurinn sé þannig staddur að það sé ekki verjandi að veikja stöðu hans á nokkurn hátt. Þá þegar af þeirri ástæðu er ég andvígur þessari breytingu eins og hún er til komin.

Það er heldur ekki reiknað með því í þessu frv. að gera breytingu á verkefnum sem falla til ráðuneytanna. Ég tel alveg einboðið þegar skipulagsbreyting verður gerð á Stjórnarráðinu að Seðlabankinn heyri undir forsætisráðherraembættið. Mér finnst allt annað rökleysa. Forsrh. á að hafa heildaryfirsýn yfir efnahagsmál þjóðarinnar og Seðlabankinn á að vera ríkisstjórninni til aðstoðar og veita ríkisstjórninni allri ráðgjöf, ekki einu ráðuneyti eins og hæstv. forsrh. tók hér nýskeð fram.

Ég ætla ekki að fara mörgum fleiri orðum um þetta frv. Ég tel ekki ástæðu til að gera þessa breytingu nú. Ég tel rétt að bíða heildarendurskoðunar stjórnarráðslaganna og þá má e.t.v. huga að skipulagsbreytingum. Þessi bráðabirgðaráðstöfun er ekki nauðsynleg lengur og þar af leiðandi tel ég ekki ástæðu til þess að afgreiða þetta mál á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðherraábyrgð, 1. umr.

Frv. PP, 342. mál (ábyrgð gagnvart Alþingi). — Þskj. 621.

Flm. (Páll Pétursson):

Frú forseti. Á þskj. 621 hef ég leyft mér að flytja frv. til laga um breytingu á lögum nr. 4 frá 19. febr. 1963, um ráðherraábyrgð. Efni frv. er það að við 10. gr. laganna bætist nýr liður, c-liður, er orðist svo:

„c. ef hann [þ.e. ráðherra] gefur Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða við meðferð máls á Alþingi leynir upplýsingum er hafa verulega þýðingu.“

Lögin frá 1963 eru mjög sniðin eftir dönsku lögunum um ráðherraábyrgð og í flestum greinum samhljóða. Þó hefur sennilega af vangá fallið út þetta ákvæði um það að ráðherra skuli sæta ábyrgð ef hann gefur þinginu rangar eða villandi upplýsingar eða leynir það upplýsingum sem hafa verulega þýðingu. Ég vil

ekki ætla þeim sem stóðu að þessari lagasetningu 1963 að þeir hafi viljað gera eitthvað minni kröfur en Danir í þessu efni. Þess vegna hlýt ég að ætla að þetta hafi fallið út af vangá og þetta frv. er flutt til þess að bæta þarna úr og gera greinina samhljóða hinum dönsku lögum.

Nú kann einhver að spyrja: Er þörf á því að hafa svona ákvæði í lögunum? Það tel ég mjög mikla nauðsyn og tel að það hvarfli ekki að Dönum að afnema þetta ákvæði úr sínum lögum. Nýskeð varð forsætisráðherra Dana að biðjast lausnar þrátt fyrir að hann væri merkur og farsæll stjórnmálamaður vegna þess að þessi grein var í lögum þeirra og sannanlega hlýtur hún að veita ráðherrum mikið aðhald í störfum sínum og efla siðferðisþrek þeirra. Ég tel ákaflega mikilvægt að Alþingi geti treyst þeim upplýsingum sem ráðherrar gefa því og það geti treyst því að ráðherrar segi allan sannleikann og ekkert nema sannleikann í ræðustól. Trúverðugleiki er mikið höfuðatriði í þessu efni og höfuðnauðsyn til þess að Alþingi geti tekið réttar ákvarðanir.

Þá kann einhver að spyrja hvort það sé forsvaranlegt að gera meiri kröfur til ráðherra en alþingismanna í þessu efni. Ég er ekki að krefjast þess að það verði refsivert að alþingismenn fari frjálslega með sannleikann. Því er til að svara að orð ráðherra vega venjulega þyngra, a.m.k. meðan þeir eru ekki búnir að fyrirgera því trausti sem þingið hefur borið til þeirra, og þeirra starf er ábyrgðarmeira en okkar hinna óbreyttu þingmanna og laun þeirra næstum tvöföld.

Menn kunna að spyrja hvort það sé forsvaranlegt að krefja ráðherra um að þeir segi alltaf satt. Þetta frv. er bundið við formlegar upplýsingar til Alþingis. Nú er náttúrlega ekki hægt að heimta óskeikulleika af ráðherrum fremur en öðrum dauðlegum mönnum. Það er ekki hægt að heimta að þeir viti allt og yfirlýsingar sem gefnar eru samkvæmt bestu vitund geta reynst rangar. En ég tel að það verði gera skýran greinarmun á missögnum og blekkingum sem settar eru fram að yfirlögðu ráði. Og ég tel að það eigi að vera refsivert að greina Alþingi formlega rangt frá staðreyndum eða leyna þýðingarmiklum upplýsingum þegar ráðherrann veit sannanlega betur.

Nú kann einhver að spyrja hvort þetta hefti ekki óhæfilega málfrelsi ráðherranna og setji þeim of þröngar skorður í að reka áróður fyrir baráttumálum sínum. Ég tel að svo sé ekki. Mér finnst að hæstv. ráðherrar geti farið frjálslega með sannleikann í fjölmiðlum, á blaðamannafundum hér heima eða erlendis eða hvort tveggja, og á áróðursfundum. Ég tel að þetta eigi einungis að gilda um upplýsingar sem ráðherra gefur Alþingi, þjóðþinginu, með formlegum hætti. Þeim upplýsingum verður að vera hægt að treysta. Annars getur Alþingi ekki tekið réttar eða skynsamlegar ákvarðanir ef það er leitt í villu eða af framkvæmdarvaldsins hálfu leynt staðreyndum.

Nú kann einhver að spyrja hvort ekki sé undantekningarlaust hægt að treysta upplýsingum sem ráðherra gefur þinginu. Því miður er það ekki svo. Það er hægt að finna fjölmörg dæmi úr fortíð og nútíð þar sem ráðherrar hafa farið frjálslega með sannleikann, enda hefur það ekki verið refsivert. Ég tel þó reyndar að á síðustu og verstu tímum hafi þetta gengið lengra en áður hefur tíðkast án þess þó að ég vilji gefa nokkur siðferðisvottorð í þessum ræðustól að svo komnu máli.

Ég vænti þess að þetta frv. nái fram að ganga því að alþingismenn hljóta að sameinast um að æskilegt sé að í framtíðinni sé orðum ráðherra að treysta. Með þessu frv. er ekki meiningin að sækja neinn til saka því þetta yrðu ekki afturvirk lög og enginn sóttur til saka fyrir það sem þegar hefur verið gert. Það er náttúrlega engum meiri akkur en núverandi ráðherrum í því að þeir séu teknir trúanlegir. Þeim er sjálfum mestur hagur í því að þeim sé trúað og ég held að engum alþingismanni sé ætlandi að vilja halda hlífiskildi yfir ósannindaráðherrum í framtíðinni. Þar af leiðir að ég vænti þess að þetta frv. fái góðar viðtökur og verði afgreitt á þessu þingi.

Ég legg það til, frú forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þetta mál sent til athugunar í hv. allshn.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst sjálfsagt að nefnd skoði það mál vandlega sem hér hefur verið mælt fyrir. Mér fannst hv. þm. gefa ráðherrum fullmikið svigrúm þegar hann sagði að menn gætu að sjálfsögðu farið frjálslega með sannleikann hér eftir sem hingað til á fundum og í fjölmiðlum heima og erlendis. Ég held að við hljótum nú öll að gera ráð fyrir að menn leitist við af fremsta megni að fara sæmilega rétt með, bæði þingmenn og ráðherrar. Reyndar er það svo að það eru ekki margar starfsstéttir sem hafa meira aðhald en einmitt ráðherrar um að skjöplast ekki og segja satt vegna þess að þingmenn halda ráðherrum jú við efnið og fjölmiðlar nútímans halda mönnum stíft við efnið. Það er leikur sjónvarpsmanna að taka setningar eftir ráðherrum til að mynda sem sagðar eru á tilteknum tíma og spila þær hlið við hlið við hinar nýrri setningar og geta menn farið illa út úr því stundum.

Þá er einnig rétt að hafa í huga að ráðherrar geta orðið að lúta pólitískri ábyrgð. Þeir þurfa stuðning í þinginu. Og auðvitað er það svo að ef ráðherrar væru margoft uppvísir að því að fara rangt með og vera ósannorðir mjög þá mundi menn ekki fýsa að styðja þá. Þó láta menn sér eitt og annað duga í þeim efnum og ég vitna til þess að hæstv. málshefjandi sagði í ræðu um tiltekinn ráðherra, sem hann studdi með ráðum og dáð, 11. febr. 1991, með leyfi forseta.

„Frú forseti. Hér hefur nú hæstv. fjmrh. vaðið elginn með ósannindum og fúkyrðum í hátt á annan klukkutíma."

Og aftur: „Ég er búinn að þekkja þennan hæstv. ráðherra í 20 ár. Sem betur fer hefur hann ekki verið ráðherra nema skamman tíma af þeim tíma. Ég er þaulvanur að hlusta á ósannindin í honum."

Hv. þm. hélt áfram að styðja þennan farsæla ráðherra sem svo hafði talað í 20 ár með samfelldan vað-

al af ósannindum og lét sig ekkert muna um það í herrans mörg ár þar á eftir.

Flm. (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kann að vera á þeim tíma, ef lögin hefðu verið komin í það form sem ég vil hafa þau og er að leggja til að þau verði, að hæstv. þáv. fjmrh. hefði vandað betur málflutning sinn á þeim tíma en hann gerði í þessari tilvitnuðu ræðu.

Það er út af fyrir sig rétt að ráðherrar hafa nokkurt aðhald af fjölmiðlum og þingi. En sýnilega hefur það ekki dugað til að þeir freistist ekki til að fara rangt með. Ég ætla ekki að tíunda hér dæmi þar um en ég hygg að öllum þingmönnum séu í fersku minni einhver slík dæmi og þar af leiðir að ég tel mjög nauðsynlegt að breyta þessum lögum.

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég held að í þessu máli öllu sé mikill misskilningur. T.d. er það misskilningur hjá hv. flm. að forsætisráðherra Dana hafi sagt af sér vegna svipaðra ákvæða í dönskum lögum um ráðherraábyrgð og hann er að flytja hér. Ég hef hvergi séð það í umfjöllun um svokallað Tamílamál að það hafi verið vitnað í þessa grein og Poul Schlüter, fyrrv. forsætisráðherra Dana, hafi lýst því yfir að vegna hennar hafi hann sagt af sér sem forsætisráðherra. Hins vegar lýsti hann því yfir eftir að Tamílamálið svokallaða hafði verið í meðferð hjá sérskipuðum dómara og sérstakri rannsókn og gögn lágu fyrir um niðurstöðu dómarans, 6.000 bls. skýrsla, þá lýsti fyrrv. forsætisráðherra Danmerkur því yfir að hann teldi að ýmislegt í þessari skýrslu væri þess eðlis að hann gæti ekki vænst þess að trúnaður ríkti framvegis á milli sín og danska þingsins og þess vegna teldi hann rétt að segja af sér. Hann hefur aldrei viðurkennt að hann hafi gert það af öðrum ástæðum en þeim að málið allt væri þannig vaxið og málatilbúnaðurinn með þeim hætti að hann gæti ekki vænst þess að trúnaður ríkti milli sín og þingsins eftir að þessi skýrsla lá fyrir.

Það er einnig athyglisvert að ef danska þingið hefði talið að forsætisráðherrann fyrrv. hefði gerst brotlegur við lögin um ráðherraábyrgð þá efa ég ekki að vangaveltur væru uppi um það í þinginu að stefna honum fyrir dóm sem er sambærilegur við okkar landsdóm en það er einmitt margframtekið í umræðum um þetta mál í Danmörku að það sé ekki á döfinni. Hins vegar kunni, og verði væntanlega, Erik Ninn-Hansen, sem var dómsmálaráðherra á þessum tíma, að verða stefnt fyrir þennan dóm. Þó er við það mál að athuga, að því ég best veit, að þingmenn í danska þinginu hafa ekki enn komið sér saman um á hvern veg þessi stefna skuli orðuð. M.a. vegna þess að í dönsku lögunum er svipað ákvæði og í lögunum um landsdóm hér á landi. Eins og segir í 13. gr. laganna um landsdóm, með leyfi forseta:

„Ákvörðun Alþingis um málshöfðun gegn ráðherra skal gerð með þingsályktun í sameinuðu þingi og skulu kæruatriðin nákvæmlega tiltekin í þingsályktuninni enda sé sókn málsins bundin við þau."

Það er þetta sem danska þingið er að glíma við. Hvernig á að orða þessa ályktun, þessa stefnu, sem þingið þarf að samþykkja og felur í sér ákæru á hendur ráðherranum sem í hlut á? Það hefur verið ákveðið að höfða ekki slíkt mál á hendur Poul Schlüter, fyrrv. forsætisráðherra, og ekki heldur á hendur forseta þingsins sem sagði af sér vegna þessa máls.

Mér finnst því að málatilbúnaðurinn í kringum þetta með því að nota þessa atburði í Danmörku sem rök sé ekki byggður á þeim veruleika sem við blasir ef menn kynna sér stöðu málsins í Danmörku.

Einnig dreg ég mjög í efa — ég hef að vísu ekki kannað það og er sjálfsagt að kanna það og það hlýtur að vera hægt að leita af sér allan grun um það ef menn leggja sig fram um það — að það hafi verið einhver vangá hjá þeim sem stóðu að lagasetningunni 1963 að hafa ekki svipað ákvæði í lögunum um ráðherraábyrgð hér á landi. Ég held að það sem fram kom í andsvari hæstv. forsrh. sé alveg hárrétt. Hér er um pólitískt málefni að ræða. Og eins og fram kom líka hjá hv. flm. í hans svari þegar hæstv. forsrh. hafði vitnað í það að hv. flm. hafði stutt dyggilega ráðherra sem hann hafði þó í þessum ræðustóli lýst sem ósannindamanni en hafi engu að síður stutt hann til setu í ráðherraembætti að hér er um mál að ræða sem á kannski alls ekki heima í lögum um ráðherraábyrgð eins og þau eru og miðað við þau ákvæði sem í þeim lögum eru og ef litið er á þau mál sem þar er um fjallað.

Það hefur einmitt komið upp í sambandi við þetta mál í Danmörku, sem var tilefni þess að hv. flm. fór að velta þessum málum fyrir sér, að e.t.v. sé miklu erfiðara en menn ætluðu sér að taka á þessu svokallaða Tamílamáli á grundvelli laganna um ráðherraábyrgð af því að þar sé um málefni að ræða þar sem, þrátt fyrir skýrslu upp á 6.000 blaðsíður og vitnaleiðslur og greinargerðir, menn komist kannski að þeirri niðurstöðu að lokum að það sé um pólitískt málefni að ræða en ekki sakamál í þeim skilningi sem menn leggja almennt í það orð og ákvæðin í lögunum um ráðherraábyrgð eru flest um eins og menn sjá ef þeir kynna sér þá löggjöf.

Hér er farið inn á svið sem við alþingismenn verðum að takast á um á þessum stað og ekki að vísa til neinna annarra og verðum að gera upp hug okkar hvort við treystum ráðherrum og leita sjálfir í umræðum á hinu háa Alþingi að niðurstöðu að því er það atriði varðar hvort hér sé haldið fram röngu máli og farið með villandi upplýsingar eða menn séu leyndir upplýsingum sem hafa verulega þýðingu. Ég held að það verði að fá það upplýst hér í þingsalnum og ekki eigi að skjóta því til annarra hvort þannig hafi verið að málum staðið. Ef svo er og menn komast að þeirri niðurstöðu í opnum og almennum umræðum þá sé sá kostur fyrir hendi sem við þingmenn höfum að lýsa vantrausti á viðkomandi ráðherra og losa okkur við hann frá því embætti sem hann gegnir.

Þess vegna held ég að það sé ekki aðeins misskilningur hjá flm. að vísa til atburðanna í Danmörku heldur sé það einnig misskilningur hjá honum að ætla að

vísa þessu máli út fyrir sali Alþingis og gera það að sakamáli. Ef ráðherra stendur þannig að verki sem lýst er í tillgr. þá er það atriði sem við verðum að gera upp við okkur hér en vísa því ekki til annarra. Ég mun, frú forseti, leggjast gegn því að þetta frv. nái fram að ganga á þessum forsendum.

Flm. (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er hræddur um að misskilningurinn sé í þessu tilfelli hjá hv. 3. þm. Reykv. Poul Schlüter, forsætisráðherra Danmerkur, gaf þinginu þær upplýsingar að engu hefði verið sópað undir teppið, eins og hann orðaði það, í Tamílamálinu. Þær upplýsingar reyndust rangar. Niðurstaða dómarans var sú að það hefði verið sópað undir teppið. Forsætisráðherrann kaus hins vegar að reka ekki málið til enda og baðst lausnar. Þar með á hann ekki yfir höfði sér lögsókn sem kannski hefði á hann dunið að öðrum kosti. Hins vegar á dómsmálaráðherra yfir höfði sér að vera sakfelldur, þ.e. fyrrv. dómsmálaráðherra, Erik Ninn-Hansen. Og ég hef þá trú á danska þinginu að það komi sér saman um orðalag á þeirri klögun.

Hv. 3. þm. Reykv. vitnaði til orða minna um hv. fyrrv. fjmrh. Hann sat ekki lengi með mínum stuðningi eftir að ég flutti þá ræðu sem forsrh. vitnaði til. Það hefði auðvitað verið möguleiki að draga manninn fyrir landsdóm. En ég sé enga ástæðu til að ráðherrum eigi að heimilast að greina þinginu rangt frá. Mér finnst hv. 3. þm. Reykv. líti svo á að það séu einhver pólitísk réttindi ráðherrans að greina þinginu rangt frá. Mér finnst það eiga að vera lögbundinn skylda ráðherra að greina þinginu rétt frá.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjala:

Lögreglumenn og bifreiðaeign lögreglu, 528. mál, fsp. SigG, þskj. 886.

Síldarverksmiðjur ríkisins, 115. mál, þskj. 876.

Út af dagskrá voru tekin 11. og 16. dagskrármál.

Fundi slitið kl. 6.58 síðdegis.

---

149. FUNDUR

fimmtudaginn 1. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til landbúnaðarráðherra:

1. Söluskattur af mannvirkjum loðdýrabúa, fsp., 340. mál, þskj. 619.

Til samgönguráðherra:

2. Vegaframkvæmdir í Vestur-Barðastrandarsýslu, fsp., 461. mál, þskj. 799.

Til viðskiptaráðherra:

3. Samkeppnisráð, fsp., 434. mál, þskj. 734.

Til fjármálaráðherra:

4. Málaferli vegna kjarasamninga, fsp., 401. mál, þskj. 695.

5. Launakjör alþingismanna, fsp., 491. mál, þskj. 840.

6. Þungaskattur á dísilbifreiðar, fsp., 502. mál, þskj. 854.

Til menntamálaráðherra:

7. Bókaútgáfa á vegum ríkisins, fsp., 410. mál, þskj. 704.

8. Endurskoðun laga um Þjóðleikhús, fsp., 468. mál, þskj. 810.

9. Bygging húsnæðis fyrir matvælaiðjubraut Menntaskólans í Kópavogi, fsp., 472. mál, þskj. 815.

10. Héraðsskólar, fsp., 501. mál, þskj. 853.

Til félagsmálaráðherra:

11. Umboðsmaður barna, fsp., 446. mál, þskj. 772.

12. Vinna ungmenna á vínveitingastöðum, fsp., 463. mál, þskj. 801.

13. Greiðsluerfiðleikalán, fsp., 487. mál, þskj. 835.

Söluskattur af mannvirkjum loðdýrabúa, ein umr.

Fsp. ÖS, 340. mál. — Þskj. 619.

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Á þessu þingi hafa farið fram nokkrar umræður um vanda loðdýrabænda og innan þingheims hefur komið fram góður skilningur á því að það þurfi með einhverjum hætti að rétta þeim hjálparhönd. Í framhaldi af umræðum á þingi var flutt hér frv. sem fól í sér lykil að drjúgri lausn á skuldavanda loðdýrabænda. En aðstæður greinarinnar, fyrst og fremst afar dapurleg þróun á mörkuðum fyrir loðskinn, hafa leitt til þess að fjölmargir bændur sem hófu loðdýraeldi hafa neyðst til að hætta þátttöku sinni í greininni og er útlit fyrir að sá hópur vaxi fremur en hitt. Eigi að síður er mikið fé fest í byggingum sem á sínum tíma voru reistar undir loðdýrin og þessar byggingar standa nú auðar, eru vannýttar. Margir bændur hafa því hug á að freista þess að nýta húsin undir annars konar rekstur jafnvel selja þau frá sér til manna sem telja þau nýtanleg í öðrum rekstri en þau voru upphaflega byggð fyrir. Á því er hins vegar hængur. Á sínum tíma voru fjárfestingarvörur til loðdýraeldis undanþegnar söluskatti þannig að bændur fengu söluskatt vegna efniskaupa til loðdýrahúsa endurgreiddan. Þetta átti sér stoð í lögum frá 1960 þar sem fjmrh. var veitt heimild til að fella niður eða endurgreiða söluskatt af fjárfestingarvörum til loðdýraeldis. Þessar heimildir nýtti embættið sér með reglugerð nr. 138 frá 1988. Hængurinn felst hins vegar í því, virðulegur forseti, að í 7. gr. þeirra

reglna var kveðið á um að yrðu mannvirkin tekin til annarra notkunar en loðdýraræktar þá yrðu bændur að greiða ríkinu söluskattsendurgreiðsluna til baka. Það er auðvitað alveg ljóst að eins og staðan er í dag hjá loðdýrabændum þá gerir þetta þeim gersamlega ómögulegt að taka húsin undir aðra notkun, þeir hafa einfaldlega ekki efni á að endurgeiða söluskattinn. En það er hins vegar til leið fram hjá þessu, virðulegur forseti. Í 6. gr. reglugerðar nr. 138 frá 1988 er hinu opinbera veitt sérstök heimild til að leyfa eigendum loðdýramannvirkja að taka þau til annarrar notkunar án þess að endurgreiðslan komi til. Í ljósi þeirrar þröngu stöðu sem loðdýrabændur eru í þá hef ég beint því til hæstv. landbrh. hvort hann muni beita sér fyrir því að almennt leyfi til breyttrar nýtingar verði gefið út án þess að bændum verði gert að standa skil á andvirði söluskattsins.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er rétt sem hv. fyrirspyrjandi segir að það voru miklir annmarkar á almennum notum loðdýrahúsa og átti það við einkum þegar hann lagði fram fyrirspurn sína hér á Alþingi að þetta mál hafði verið í veltingi milli ráðuneyta, en eins og nú er komið hefur greiðst úr þessum málum. Hinn 24. nóv. 1992 ritaði landbrn. bréf til fjmrn. þar sem þess var farið á leit að fjmrn. heimilaði að mannvirki sem reist höfðu verið til loðdýraræktar mætti taka til annarra nota án þess að til endurgreiðslu þess söluskatts þyrfti að koma sem veitt var undanþága til þegar húsin voru byggð. Fjmrn. svaraði þessu erindi með bréfi 18. febr. sl. eða nokkru eftir að fsp. hv. þm. kom fram, þar sem segir m.a.:

„Í framhaldi af frekari athugun á málinu hefur fjmrn. endurskoðað fyrri ákvörðun sína og ákveðið að breyta þeim kvöðum sem um ræðir á þann hátt að um notkun og sölu þessara fasteigna gildi sömu reglur og nú gilda um varanlega rekstrarfjármuni sem keyptir hafa verið eftir gildistöku laga um virðisaukaskatt, sbr. 12.–15. gr. reglugerðar nr. 81/1991, um innskatt. Samkvæmt þeirri reglugerð ber að leiðrétta fenginn innskatt ef eignin er seld, leigð eða tekin til notkunar þar sem skattaðili hefur ekki innskattsrétt. Leiðréttingarskylda hvílir á eigninni í tíu ár og lækkar um 10% með ári hverju. Breyting þessi hefur það í för með sér að eigendur fasteigna sem umræddar kvaðir hvíla á geta nú tekið þær til annarra nota í skattskyldum rekstri án þess að til endurgreiðslu á söluskatti komi. Við sölu slíkrar fasteignar getur kaupandi yfirtekið leiðréttingarskylduna að því leyti sem hann hefur frádráttarrétt vegna hennar. Sala til skattskylds aðila getur því farið fram án þess að söluskatturinn endurgreiðist."

Ég vil ítreka það að ég tel að afskipti hv. þm. af þessu máli hafi orðið til gagns og þakka honum fyrir.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að leggja fram þessa fsp. og enn fremur láta í ljós sérstaka ánægju með þau tíðindi sem hæstv. landbrh. flutti um það að sinnaskipti hafi orðið í fjmrn. Ég vil benda á að á síðasta ári lagði nefnd, sem sett var á laggirnar til að fjalla um vanda loðdýrabænda, fram sem eina af sínum tillögum að þeim kvöðum sem voru þinglýstar á eignir loðdýrabænda yrði aflétt til þess að auðvelda það að menn gætu farið að taka til annars brúks þær eignir sem menn stæðu uppi með að öðru leyti ónothæfar og höfðu verið byggðar fyrir loðdýraræktina. Sannleikurinn er sá að bændur eru einmitt á þessum missirum að hverfa til ýmissa annarra nýrra starfa og þær eignir sem eru á jörðum sem loðdýrabúskapur hefur verð stundaður á eru þessum bændum til einskis gagns nema þetta gerist sem hæstv. landbrh. hefur núna greint okkur frá. Það er mikið fagnaðarefni og mun örugglega eiga mikinn þátt í því að auðvelda mönnum aðlögun að nýjum tímum. Ég bendi á í þessu sambandi að fjölmargir bændur hafa hugsað sér að reyna að nýta loðdýrahúsin bæði fyrir vélageymslur og hesthús. Þessi sinnaskipti fjmrn. eru þess vegna mjög gott innlegg í það mál.

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir mjög skýr svör og fyrir að hafa beitt sér í þessu efni til að breyta reglum þannig að loðdýrabændur geta nú tekið upp breytta nýtingu á þeim mannvirkjum sem þeir nýttu áður til loðdýraeldis án þess að þurfa að endurgeiða söluskattinn.

Ég tek undir með hv. þm. Einari Kristni að það mun að sjálfsögðu auðvelda þeim mjög að nota húsin til annars en upphaflega var ætlað. Jafnframt liggur fyrir að nokkrir bændur eiga tök á að selja húsin frá sér. Það er auðvitað mjög nauðsynlegt miðað við þá þröngu stöðu sem þeir eru margir í. Þess vegna ítreka ég þakkir mínar til hæstv. landbrh. og velti því nú fyrir mér, virðulegi forseti, fyrst hann hefur svona góð tök á fjmrn., hvort ekki sé hægt að fá liðsinni hans í fleiri málum líka.

Vegaframkvæmdir í Vestur-Barðastrandarsýslu, ein umr.

Fsp. JJ, 461. mál. — Þskj. 799.

Fyrirspyrjandi (Jörgína Jónsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 799 til hæstv. samgrh. svohljóðandi:

„Hvað er fyrirhugað til að bæta akvegasamband þéttbýlisstaðanna í Vestur-Barðastrandarsýslu við ferjuhöfnina á Brjánslæk?"

Það var ljóst á sínum tíma þegar ákveðið var að fara út í byggingu á nýrri Breiðafjarðarferju að sú framkvæmd var löngu orðin brýn. Bæði var aðbúnaður starfsfólks og farþega um borð orðinn í alla staði óviðunandi miðað við nútímakröfur fólks um aðbúnað á ferðalögum. Það var því mikil bylting á samgöngum íbúa Vestur-Barðastrandarsýslu þegar nýja ferjan kom og af þeim tölum sem framkvæmdastjóri Baldurs hf., Guðmundur Lárusson, gaf mér um fjölda farþega og

bíla sem nýtt hafa sér ferjuna frá því hún kom í apríl 1990 er ljóst að um aukningu milli ára er að ræða. Þó stendur árið 1991 upp úr hvað það snertir. Samtals voru bílar árið 1990 6.012 í 860 ferðum og farþegar 20.016. Árið 1991 voru bílar samtals 7.269 í 836 ferðum eða 24 ferðum færri en árið 1990. Farþegar voru samtals 24.943. Árið 1992 fækkar ferðum enn eða í 784 og í kjölfarið fækkar bílum í samtals 6.647 og jafnframt farþegum í 21.985.

Það er því spurning hvort ekki mætti fjölga þeim sem nýta sér ferjuna. Þá kemur fyrst upp hugsanlega bættur akvegur frá Patreksfjarðarbotni við Kleifaheiði um Barðaströnd að Brjánslæk. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér um ástand vegarins, þ.e. Barðastrandarvegar núna, þá er hann það slæmur að fólk hugsar sig tvisvar um áður en það leggur bílana sína í slíka ófæru. Þarna er bókstaflega hola við holu. Þegar ég spurði um Kleifaheiði fékk ég það svar að hún væri sem hraðbraut yfirferðar miðað við Barðaströndina svo menn geta ímyndað sér hvernig ástandið er.

Ég ætla nú ekki að gerast mjög langorð um þennan eina vegarkafla en vil þó vekja athygli á ástandi hans og tel það brýna nauðsyn að þarna verði eitthvað gert. Þetta er þjóðbraut og með það í huga að þéttbýlisstaðirnir á sunnanverðum Vestfjörðum hafa hafið mikla uppbyggingu á ferðaþjónustu og auglýst þá þjónustu skiptir það miklu máli að sú uppbygging skili árangri. Með tilliti til þess er mikilvægt að vegir séu nokkuð greiðfærir yfirferðar svo ekki sé meira sagt.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Fyrirspurnin fjallar um hvað fyrirhugað sé til að bæta akvegasamband þéttbýlisstaðanna í Vestur-Barðastrandarsýslu við ferjuhöfnina á Brjánslæk.

Sú leið sem spurt er um nær frá Bíldudal um Tálknafjörð, Patreksfjörð og Barðaströnd til Brjánslækjar. Komið er bundið slitlag frá Tálknafirði inn í botn Patreksfjarðar auk nokkurs kafla á Barðaströndinni. Næsti áfangi sem taka átti fyrir var nýr vegur um Hálfdán á milli Bíldudals og Tálknafjarðar. Samkvæmt drögum að langtímaáætlun frá 1991 átti að ljúka honum á tveim fyrri tímabilum áætlunarinnar, þ.e. á árunum frá 1991–1998. Framkvæmdir hófust 1991 og allt útlit er nú fyrir að þeim verði lokið á næsta ári. Er það mun fyrr en áætlunin gerði ráð fyrir. Ástæður þess eru m.a. þær að Hálfdán var eitt þeirra verkefna sem tiltekið var að njóta skyldu þess viðbótarfjár sem ríkisstjórnin ákvað að verja til vegaframkvæmda á sl. hausti. Það má raunar bæta því hér við að það hefur verið ákveðið að stofna til hafnasamlags á Vestfjörðum hinum syðri, Patreksfirði, Tálknafirði og Bíldudal. Vegur yfir Hálfdán er auðvitað forsenda fyrir að það megi takast og af þeim sökum lagði ég sérstaka áherslu á að því verki yrði hraðað.

Samkvæmt áðurnefndum drögum að langtímaáætlun átti vegurinn um Barðaströnd að verða næsti áfangi á eftir Hálfdáni og skyldi hann tekin fyrir á öðru tímabili eða á árunum frá 1995–1998. Kleifaheiðin milli Patreksfjarðar og Barðastrandar átti síðan að koma á þriðja tímabili áætlunarinnar eða um aldamótin. Ekki er á þessu stigi unnt að segja nánar til um tímasetningar þessara áfanga. Vegáætlanir næstu ára munu verða ákvarðandi í þeim efnum. En af þessu er ljóst að þessum tveim síðasttöldu vegarköflum verður verður enn um sinn að halda sem malarvegum. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið frá vegagerðinni var veikasti hluti Kleifaheiðar styrktur árið 1990. Á sl. ári var borið nokkuð ofan í innri hluta vegarins um Barðaströnd og hann rykbundinn. Á þessu ári er fyrirhugað að gera sams konar aðgerð á ytri hluta vegarins.

Ég vil svo bæta því við það sem ég hef nú sagt að það ber mjög mikið á því í þeim umræðum sem nú eru um viðbótarfjármagn í atvinnuskyni að því er haldið fram að arðsemi vega hljóti að vera komið undir því að sem flestir bílar aki um veginn án þess að tillit sé tekið til annarra þátta. Ég held að það sé mjög skammsýnt sjónarmið og vil leggja á það ríka áherslu að það svæði sem hér er spurt um, suðurhluti Vestfjarða, er einmitt dæmigert svæði þar sem aðgerðir í vegamálum eru afgerandi um það hvort hægt sé að koma við þeirri samvinnu milli sveitarfélaga og innan atvinnusvæðis sem keppt er að með stækkun sveitarfélaga og ég vil raunar segja að sé forsenda fyrir því að blómleg byggð geti eflst á þessu svæði, að það séu greiðar samgöngur milli byggðarkjarnanna Bíldudals, Tálknafjarðar og Patreksfjarðar og greið leið á Brjánslæk til þess að komast inn á hringvegakerfið. En eins og hv. þm. er kunnugt er enn langt í land að unnt sé að halda vegagerð áfram frá Brjánslæk austur um í Reykhólahrepp. Ég álít því að þessi fsp. hafi átt hinn fyllsta rétt á sér og einmitt vakið athygli á því sem oft gleymist að við eigum enn margt ógert til þess að treysta atvinnusvæðin víðs vegar um landið til að draga þar bæði úr kostnaði við framkvæmdir og raunar heimilishald og um leið til að lækka framleiðslukostnað þeirra fyrirtækja sem starfa á þessum stöðum.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Um leið og ég þakka þessa fsp. og svar hæstv. ráðherra þá vil ég vekja athygli á því að einmitt nú í sumar verður unnið að stórátaki í vegamálum á sunnanverðum Vestfjörðum með því að lokið verður uppbyggingu vegarins yfir Hálfdán. Hér er auðvitað um að ræða gríðarlega breytingu fyrir allt þetta svæði. Þetta undirstrikar hins vegar líka nauðsyn þess að við höldum síðan áfram við það að byggja upp veginn yfir Kleifaheiði og á Barðaströnd. Og eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda þá er býsna mikil umferð einmitt á þessum vegi. Ég vil vekja athygli á því að samkvæmt því sem fram kom í máli hennar þá aka 90 bílar alla daga ársins að meðaltali um þennan veg þrátt fyrir að hluta úr árinu er þessum vegi ekki haldið opnum nema hluta af vikunni. Það segir okkur að á mörgum tímum ársins, t.d. yfir sumarið er þarna gífurlega mikil umferð og þess vegna mikil nauðsyn að laga núna á næstu sumrum þá stuttu kafla en slæmu sem eru núna farartálmar á veginum. Ég geri mér grein

fyrir að nokkur bið verður á því að hægt verði að leggja þarna varanlegt slitlag en nauðsynlegt er að hraða þess vegna á þeim tíma endurbótum og viðhaldi eins og hægt er af því fé sem við höfum til ráðstöfunar til þess arna.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil einnig þakka fyrirspyrjanda fyrir að benda á þetta og vekja athygli á þessu máli. Það er staðreynd að ekki var séð fyrir þegar farið var út í byggingu nýrrar ferju á þessari leið sem nauðsyn var orðin á hvaða áhrif það mundi hafa á umferðina þarna yfir. Þær spár sem gerðar höfðu verið um umferð í tengslum við nýja ferju stóðust ekki, þ.e. umferðin varð fimmföld á við það sem spáð hafði verið. Umferðin um þennan veg sem fyrirspyrjandi er hér að nefna jókst alveg gífurlega á síðustu tveimur til þremur árum. Það hefur auðvitað haft það í för með sér að viðhaldi vegarins hefur ekki verið sinnt nægilega vegna þess að ekki var gert ráð fyrir að hann mundi fara svo illa sem hann hefur gert. Það er nauðsynlegt að huga að þessu í framtíðinni og það verður að leggja í þetta talsvert mikið af viðhaldsfé nú í sumar, hjá því verður ekki komist.

Fyrirspyrjandi (Jörgína Jónsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. greinargóð svör. Við Vestfirðingar erum þakklátir fyrir það framkvæmdaátak og stórverkefni sem nú eru í gangi á Vestfjörðum. Ég er sannfærð um að ef þessir kaflar yrðu eitthvað lagaðir mundi það skila sér í aukinni umferð og betri nýtingu ferjunnar og vil leggja áherslu á það að hæstv. samgrh. taki tillit til þessa og beiti sér fyrir því að framkvæmdir á Barðastrandarvegi komi til álita svo fljótt sem unnt er.

Að lokum vil ég ítreka þakkir til hæstv. samgrn. um leið og ég minni á að Baldur er þjóðvegur íbúa Vestur-Barðastrandar suður mestan hluta árs.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka það sem ég sagði áðan að ég tel nauðsynlegt að flýta veginum til Brjánslækjar eftir mætti vegna þeirra miklu þýðingar sem hann hefur fyrir þetta atvinnusvæði. Það hlýtur mjög að koma til athugunar við endurskoðun á langtímaáætlun á næsta ári.

Samkeppnisráð, ein umr.

Fsp. SJS, 434. mál. — Þskj. 734.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja spurningar fyrir hæstv. viðskrh. varðandi skipan samkeppnisráð, þá einkum og sér í lagi það hvernig á því stendur að hæstv. ráðherra kaus að skipa framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands einn af ráðsmönnum.

Í 6. gr. samkeppnislaga stendur svo:

„Ráðherra skipar fimm menn í samkeppnisráð og jafnmarga til vara. Skulu þeir hafa sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum og vera óháðir fyrirtækjum eða samtökum sem lögin taka til.“

Í frv., þegar það var lagt fram upphaflega, var þessu þessu nokkuð öðruvísi farið. Þá stóð í 6. gr., með leyfi forseta:

„Í samkeppnisráði eru fimm menn. Skipar ráðherra þrjá þeirra, þ.e. formann ráðsins án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands. Hæstiréttur Íslands skipar tvo menn í ráðið sem skulu hafa þekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum og vera óháðir fyrirtækjum eða samtökum sem lögin taka til.“

Í umsögn með 6. gr. með frv. eins og það var fram lagt stendur eftirfarandi:

„Lagt er til að viðskrh. skipi formann samkeppnisráðs án tilnefningar en Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefni hvort sinn manninn. Hlutlausa aðild að samkeppnisráði er reynt að tryggja með því að fela Hæstarétti Íslands að skipa tvo menn og með því að krefjast þess að þeir skuli vera óháðir hagsmunum atvinnulífsins.“

Með öðrum orðum, það er alveg ljóst að eins og frv. var lagt fram á sínum tíma voru það þessir fulltrúar Hæstaréttar sem áttu að vera óháðir samtökum atvinnulífsins en fulltrúum VSÍ og ASÍ var beinlínis ætlað að vera þarna sem fulltrúum þeirra hagsmuna sem þeir gæta í störfum sínum. Það er ljóst af grg. með frv.

Nú gerðist það í meðförum efh.- og viðskn. að nefndin ákvað að breyta þessari uppsetningu ráðsins og gera þá kröfu, ekki aðeins til tveggja fulltrúa skipaða af Hæstarétti, heldur allra fulltrúa í samkeppnisráði að þeir hefðu þessa sömu stöðu, væru óháðir fyrirtækjum og samtökum atvinnulífsins. Þess vegna eru það vonbrigði, svo ekki sé meira sagt að hæstv. viðskrh. skuli fara þannig að ráði sínu að skipa þrátt fyrir það annan af tveimur hagsmunaaðilunum í samkeppnisráð eins og það var miðað við frv. upphaflega og í raun og veru vanvirða þannig þá breytingu sem efh.- og viðskn. gerði á uppbyggingu ráðsins. Nú vill svo til að VSÍ eru samtök félaga og fyrirtækja, um 60 fyrirtæki eiga beina aðild að Vinnuveitendasambandi Íslands, þar á meðal nokkur stærstu fyrirtæki landsins eins og Flugleiðir og Eimskip ef ég man rétt, þannig að auðvitað er það svo að framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins er að nokkru leyti í vinnu hjá nokkrum stærstu fyrirtækjum landsins og það er með öllu fráleitt að hægt sé að halda því fram að hann falli ekki undir 6. gr. samkeppnislaganna eins og hún stendur nú.

Þess vegna hef ég spurt hæstv. viðskrh. hvernig í ósköpunum standi á því að hann greip til þessa ráðs að skipa framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins í samkeppnisráð og hvort hann óttist ekki að deilumál muni rísa sökum vanhæfis framkvæmastjórans.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr hverjar séu helstu ástæður þess að ég hafi kosið að skipa fram-

kvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands, Þórarin V. Þórarinsson lögfræðing, einn fimm aðalmanna í samkeppnisráði. Einnig er spurt hvort ráðherra óttist ekki að álitamál kunni að rísa um hæfi framkvæmdastjórans, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna þess efnis að ráðsmenn skulu vera óháðir fyrirtækjum eða samtökum sem lögin taka til.

Því er fyrst til að svara að við skipun hins nýja samkeppnisráðs var að sjálfsögðu reynt að finna til starfa í því einstaklinga sem eru til þess fallnir að marka hinu nýja ráði virðingu og áhrif í okkar samfélagi um leið og þeir væru óháðir fyrirtækjum eða samtökum sem lögin taka til. Þórarinn V. Þórarinsson er án alls efa slíkur maður. Hann sat í verðlagsráði og hefur átt mikinn þátt í þeirri jákvæðu þróun sem orðið hefur í starfsemi þess á síðustu árum með aukinni áherslu á eftirlit með samkeppnisþættinum í stað beinna verðlagsafskipta en hin nýja skipan samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar er einmitt rökrétt framhald af þeirri þróun.

Ég legg áherslu á það að Þórarinn er ekki fulltrúi þeirra samtaka sem hann starfar hjá í samkeppnisráði. Ég bendi líka á fortakslaus ákvæði 2. gr. laganna þess efnis að samkeppnislögin fjalla ekki um laun eða starfskjör launþega samkvæmt kjarasamningum sem er helsta verkefni Vinnuveitendasambandsins ásamt viðsemjendum þess. Því hefur verið haldið fram að störf Þórarins fyrir Vinnuveitendasambandið geri hann vanhæfan til setu í samkeppnisráði. Ég fellst alls ekki á þá skoðun. VSÍ er í forsvari í launasamningum fyrir nánast öll einkafyrirtæki á landinu með beinum eða óbeinum hætti. Þessi fyrirtæki eiga að sjálfsögðu í margvíslegri samkeppni sín á milli og samtökin gætu því ekki tekið afstöðu með einu fyrirtæki fremur en öðru án þess að gera þar upp á milli félagsmanna sinna eða aðila og lenda því í erfiðri aðstöðu gagnvart hluta þeirra. Ég nefni líka að VSÍ tók eindregna afstöðu með nýju samkeppnislögunum sem vafalaust eiga eftir að auka skilvirkni í okkar atvinnulífi og þar með styrk þeirra fyrirtækja sem samtökin gera kjarasamninga fyrir. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið veitir einnig hérlendum samkeppnisyfirvöldum möguleika til að vinna gegn erlendum samkeppnishömlum sem bitna á íslensku atvinnulífi. Framkvæmdastjórastaðan gerir Þórarin alls ekki vanhæfan til setu í ráðinu. Ég fellst ekki á þær röksemdir sem ég hef heyrt þar að lútandi. Það hefur m.a. verið vísað til nýuppkveðins dóms Hæstaréttar um vanhæfi fulltrúa heilbr.- og trmrn. í ákvörðun um lyfjaverð sem er til þess fallin að lækka kostnað ríkissjóðs á lyfjakaupum. Það er mjög erfitt að hugsa sér sambærilega afstöðu sem gæti komið upp í þessu tilfelli.

Vinnuveitendasamband Íslands er ekki í samkeppni um sölu á vöru eða þjónustu nema þá að hér kæmi upp nýtt vinnuveitendasamband sem reyndi að laða til sín umbjóðendur með lægri félagsgjöldum og betri þjónustu. Komi slík dæmi upp verður að sjálfsögðu að fjalla um það. Ef samkeppnisráð þyrfti að fjalla um slíka samkeppni eða málefni fyrirtækis þar sem einhverjir ráðsmanna eða honum nákominn aðili ætti mikilla hagsmuna að gæta, þá væri að sjálfsögðu sá ráðsmaður vanhæfur í því sérstaka máli og mundi þá víkja úr sæti í því.

Ég vil að lokum nefna það, hæstv. forseti, að eitt af verkefnum samkeppnisráðsins er einmitt að fylgjast með samkeppnishömlum sem felast í ýmiss konar sérlöggjöf eða stjórnarfyrirmælum og vekja athygli á þeim. Ég tel að sú einokun og samkeppnishömlur sem hér er um að ræða geti ekki síður verið skaðlegar einstaklingum og fyrirtækjum en þær samkeppnishömlur sem venjulega er fjallað um á opinberum vettvangi. Ég hafði þetta m.a. í huga við val á Þórarni í samkeppnisráðið að hann væri réttur maður til að vera þar á varðbergi. Við val manna í samkeppnisráðið reyndi ég að finna kraftmikla einstaklinga með þekkingu og reynslu, einstaklinga sem munu móta starf ráðsins á grundvelli hinna nýju laga, nýrra viðhorfa og tilkomu sameiginlegs markaðar EES sem Ísland verður brátt aðili að. Hver þessara einstaklinga var valinn með það í huga að hann væri líklegur til þess að leggja sig fram í starfi og leggja þar fram sína sérþekkingu og reynslu. Ég tel að það hafi tekist vel og veit að starf ráðsins mun verða til farsældar og vinna að framgangi bættra samkeppnishátta á Íslandi.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli og vil jafnframt láta þá skoðun mína í ljós að sú túlkun sem hér kom fram hjá hæstv. viðskrh. orkar mjög tvímælis að mínum dómi. Ég held að allir þeir sem lesa lögin og kynna sér hvað á bak við býr hljóti að sjá að það er mjög óeðlilegt að skipa í samkeppnisráð mann sem er framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, hvað sem líður hans þekkingu og hæfileikum því Vinnuveitendasamband Íslands er hagsmunasamtök aðila atvinnulífsins og þau samtök fjalla um margt annað heldur en launasamninga. Þau hafa m.a. umsagnarrétt eða koma að flestum þeim málum sem snerta atvinnu- og viðskiptalíf landsmanna og það er einfaldleg óeðlilegt að maður sem er þar í forsvari skuli eiga að fjalla á hlutlausan hátt um samkeppnismál í landinu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að Þórarinn Viðar Þórarinsson uppfyllir tvímælalaust eitt af þeim skilyrðum sem hæstv. viðskrh. taldi upp áðan. Þar er á ferðinni kraftmikill einstaklingur, það er ekki nokkur vafi, maðurinn er bæði einstaklingur og kraftmikill. Að öllu öðru leyti er maðurinn vanhæfur til starfans eins og t.d. Neytendasamtökin hafa bent á í einróma samþykkt sinni og aðili að þeirri samþykkt er formaður Alþýðuflokksfélags Reykjavíkur, að ég best veit, Þorlákur Helgason. Það er því djúpstæður ágreiningur um þetta mál innan Alþfl., flokks hæstv. ráðherra, og sömuleiðis er mér kunnugt um það að fjölda-inn allur af sjálfstæðisflokksmönnum, sem þó standa að þessari ríkisstjórn að öðru leyti, telur að þessi ákvörðun ráðherrans sé með ólíkindum eins og hún hefur verið ákveðin og þá sérstaklega eins og hún var rökstudd

áðan. Þess vegna skora ég á hæstv. viðskrh. að láta það verða sitt næsta verk eftir þennan þingfund að leysa Þórarin Viðar Þórarinsson frá þessum trúnaðarstörfum, setja hann af í samkeppnisráði og skipa hæfan mann til verksins.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég vil taka það skýrt fram að þetta mál snýst ekki um þann einstakling sem hér á í hlut, Þórarin Viðar Þórarinsson. Hann er hinn mætasti maður og er ugglaust að mörgu leyti góðum kostum búinn til að sinna þessu starfi, en hann er í fullu starfi sem framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands. Vinnuveitendasamband Íslands er, eins og ég nefndi áðan, samtök bæði félaga atvinnulífsins en líka fyrirtækja því um 60 fyrirtæki eiga beina aðild að Vinnuveitendasambandi Íslands. Þar á meðal nokkur af stærstu fyrirtækjum landsins sem sum hver hafa einokunar- eða markaðsráðandi aðstöðu á sínu sviði viðskipta. Innan Vinnuveitendasambands Íslands ræðst vægi atkvæða af heildarlaunagreiðslum fyrirtækjanna eða veltuhlutfalli þeirra þannig að því stærri sem fyrirtækin eru þeim mun valdameiri eru þau innan Vinnuveitendasambandsins. Allt þetta skiptir máli þegar það er metið hvort það geti samrýmst þeim kröfum sem gerðar eru í 6. gr. samkeppnislaga að framkvæmdastjóri þessara samtaka sitji þar.

Ég vil enn fremur nefna að efh.- og viðskn. gerði þá breytingu á frv. og Alþingi féllst á hana að fella út fulltrúa Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins og ákveða að þess í stað skuli allt ráðið skipað óháðum fulltrúum á faglegum grunni. Hæstv. viðskrh. er algjörlega að bregðast því hlutverki sínu að efna þessa breytingu, þennan vilja Alþingis í skynsamlegri skipan ráðsins. Það er auðvitað alveg ljóst.

Eitt af hlutverkum hins nýja samkeppnisráðs á að vera að framkvæma úttekt á eigna- og stjórnunartengslum í íslenskum fyrirtækjum og ganga úr skugga um hvort þar sé að finna skaðleg merki hringamyndunar eða einokunar. Er það virkilega svo að starfsmaður stórfyrirtækjanna í landinu, Þórarinn Viðar Þórarinsson, sé heppilegur fulltrúi í samkeppnisráð sem á að standa að slíkri úttekt? Nei, auðvitað ekki.

Hæstv. ráðherra tekur að mínu mati stóra áhættu gagnvart því að hann fái í hausinn málaferli um leið og hið nýja samkeppnisráð fer að sekta fyrirtæki eða fella úrskurði af einhverjum toga sem hafa áhrif á hagsmuni fyrirtækja.

Ég ítreka því, ég tek undir áskoranir um að hæstv. ráðherra endurskoði þessa afstöðu sína og auðvitað væri þeim einstaklingi sem þarna á í hlut fyrir bestu að sjá að sér og biðjast undan því að hafa þennan kross á herðum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Fyrst vil ég taka það fram að sú breyting sem gerð var í hv. efh.- og viðskn. á frv. til samkeppnislaga á 6. gr. frv. sem síðar varð 6. gr. laganna var gerð í góðu samkomulagi og reyndar að hluta til með tillögusmíð frá viðskrn. Þar er enginn meiningarmunur. Við erum vel sáttir við það og ánægðir með þá niðurstöðu sem þar fékkst.

Ég vil líka leggja á það mjög ríka áherslu að sá maður sem hér hefur komið til umræðu sem einn ráðsmanna er ekki fulltrúi sinna samtaka í þessu ráði, hann er þar skipaður í krafti eigin verðleika. Hann eins og allir ráðsmennirnir fimm og varamenn þeirra uppfylla þá kröfu sem gerð er í 6. gr. að þeir hafi sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum og séu óháðir fyrirtækjum eða samtökum sem lögin taka til, eins og orðrétt segir í 6. gr., en að sjálfsögðu verður að lesa þá grein við hlið 2. gr. laganna þar sem segir fortakslaust, með leyfi hæstv. forseta:

„Lögin taka ekki til launa eða annarra starfskjara launþega samkvæmt kjarasamningum."

Það eru þessar tvær greinar laganna sem þarf að lesa saman þegar menn meta það sem hér er rætt.

Ég vil að endingu segja það að hér er í raun og veru verið að efna til umræðu að ástæðulausu. Þessi ágæti ráðsmaður uppfyllir öll skilyrði laganna eins og hinir fjórir gera og varamenn þeirra.

Málaferli vegna kjarasamninga, ein umr.

Fsp. KÁ, 401. mál. — Þskj. 695.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hefur komið berlega í ljós að samskipti ríkisvaldsins og starfsmanna ríkisins hafa þróast mjög til hins verra enda er launakerfi ríkisins handónýtt. Nægir þar að minna á verkfall BSRB 1984, útgöngu kennara í Hinu íslenska kennarafélagi 1985, verkfall BHMR 1987 og síðast en ekki síst sex vikna verkfall BHMR 1989 sem lauk með samningi sem síðan var numinn úr gildi með bráðabirgðalögum í júlí 1990. Við þennan lista bætast mörg mál, bæði einstaklinga og stéttarfélaga sem endað hafa í hnút ef ekki fyrir dómstólum. Til að fá mynd af þeim samskiptum ríkisvaldsins og starfsmanna ríkisins sem komið hafa til kasta dómstóla spyr ég hæstv. fjmrh. eftirfarandi spurninga á þskj. 695:

„1. Hversu mörg mál voru rekin fyrir dómstólum (þar með talinn félagsdómur) af hálfu ríkisins eða gegn ríkinu vegna kjarasamninga á árunum 1985–1992?

2. Í hve mörgum tilvikum tapaði ríkið málum sem snerta kjarasamninga fyrir dómstólum, hvaða mál var um að ræða og á hvaða dómstigi féllu þeir dómar?

3. Hversu mikið fé hefur ríkið orðið að greiða vegna dóma í kjarasamningamálum á tímabilinu 1985–1992,

a. í málskostnað,

b. til leiðréttingar launa?"

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Það er kannski fyrst frá því að segja að það eru erfiðleikar á því að afmarka svarið en reynt hefur verið að skoða ekki einungis félagsdóm heldur einnig almenna dómstóla og þá verður uppi það vanda-

mál hvenær slíkir dómar og slík mál snerta kjarasamninga og er það áreiðanlega háð mati þeirra sem skoða dóma hverju sinni. En ég hef þó reynt að svara þessari fsp. þannig að málaferlin taki bæði til félagsdóms og annarra dómstóla þar sem kjarasamningar voru í fyrirrúmi. Svarið er útbúið af starfsmannaskrifstofu fjmrn.

Sem svar við fyrstu fsp. vil ég segja þetta:

Samtals voru rekin fyrir dómstólunum 19 mál. Tvö mál voru rekin fyrir héraðsdómi og var öðru þeirra áfrýjað til Hæstaréttar. Í báðum tilvikum var fjmrh. stefnt og í því máli sem var áfrýjað áfrýjaði stefnandinn líka.

17 mál voru rekin fyrir félagsdómi. Þar stefndi ríkið einu sinni BHMR en BHMR eða aðildarfélög þess stefndi ríkinu tíu sinnum. BSRB stefndi ríkinu tvisvar sinnum og ríkið stefndi BSRB einu sinni. Ríkið stefndi ASÍ einu sinni og ASÍ stefndi ríkinu tvisvar.

Þetta var yfirlit yfir þau málaferli, þessi 19 mál sem ég hef rakið.

Önnur fsp. er um það í hve mörgum tilvikum tapaði ríkið málum. Svarið er: Í þeim tveimur málum sem höfðuð voru fyrir héraðsdómi voru í báðum tilvikum teknar til greina kröfur fjmrh. Í öðru málinu sem áfrýjað var til Hæstaréttar klofnaði rétturinn þannig að meiri hluti tók kröfu stefnanda, þ.e. BHMR, til greina en minni hlutinn tók kröfu stefnda, fjmrh., til greina.

Fyrir félagsdómi voru kröfur fjmrh. teknar til greina sjö sinnum. Kröfur stéttarfélaga voru teknar til greina átta sinnum og tvisvar var fallist á kröfur beggja að einhverju leyti.

Í þriðja lagi er spurt: Hversu mikið fé hefur ríkið orðið að greiða vegna dóma í kjarasamningamálum á tímabilinu 1985–1992, í fyrsta lagi vegna málskostnaðar og í öðru lagi vegna leiðréttingar launa?

Ef við tökum fyrst útgjöld ríkisins vegna málskostnaðar, þá þurfti ríkið að greiða málskostnað, miðað við verðlag þess árs sem dómur gekk Í fyrsta lagi fyrir héraðsdómi: Í öðru málinu var málskostnaður felldur niður en í hinu bar hvor aðili um sig sinn hluta málskostnaðarins þannig að þar er ekki um útgjöld að ræða. Fyrir Hæstarétti var ríkinu gert að greiða 800 þús. kr. í málskostnað. Fyrir félagsdómi var ríkinu gert að greiða 630 þús. Á sama tíma hefur gagnaðilum verið gert að greiða 120 þús. kr.

Ef litið er til leiðréttinga launa fyrst fyrir héraðsdómi. Engin útgjöld hafa orðið fyrir ríkið vegna dóma héraðsdóms. Ef litið er á hæstaréttardóma, þá er svarið á þá leið að vegna dóms Hæstaréttar, sem gekk 3. des. 1992, bar ríkinu að greiða 72 millj. kr. 4 þús. 198 kr. í launagjöld vegna 4,5% hækkunar á launum fyrir mánuðina september, október, nóvember og desember 1990 og janúar 1991 að frádregnum þegar greiddum hækkunum. Auk þess var ríkinu gert að greiða 37 millj. og tæplega 400 þús. kr. í dráttarvexti eða samtals kr. 109 millj. og 400 þús. kr. rúmlega.

Sé litið til Félagsdóms, þá bar ríkinu að greiða vegna máls nr. 7/1987 1.838 þús. rúmlega vegna breytts dagvinnuþreps BHMR miðað við október 1987. Vegna máls nr. 4/1990 bar ríkinu að greiða 27,5 millj. til félagsmanna BHMR vegna hækkunar launa um 4,54% fyrir júlí og ágúst 1990 og vegna máls nr. 7/1992 bar ríkinu að greiða rúmlega 1.200 þús. kr. til leiðréttingar á launum kennara við sumarskóla Fjölbrautaskólans í Breiðholti.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessi svör. Mér þykja þetta athyglisverðar upplýsingar sem hér koma fram en samkvæmt þessu hefur ríkið átt aðild að 19 málum fyrir dómstólum á átta árum. Það er matsatriði hvort það er mikið eða lítið, en ef samskipti ríkisvaldsins við sína starfsmenn væru með eðlilegum hætti og aðra þá sem koma að launamálum ríkisins, þá ættu ekki nein málaferli að eiga sér stað.

Nú veit ég að það er erfitt að skilgreina það hvað snertir kjarasamninga. Ég komst að samkomulagi um það við þann sem vann þetta svar í fjrmn. að við slepptum dæmum þar sem menn hafa verið að deila við ríkið út af biðlaunum, eftirlaunum og ýmsu slíku. Það sem fyrst og fremst vakti fyrir mér var að fá yfirlit yfir þau dæmi þar sem einstaklingar eða félög hafa ekki séð aðra leið en leita til dómstóla vegna deilna af ýmsu tagi við ríkisvaldið. Í málum einstaklinga hefur það iðulega verið svo að það verður að heyja einkamál til þess að hægt sé að ná fram leiðréttingu. Heilu félögin geta ekki farið í mál og þannig var það í BHMR-deilunni. Það vekur að sjálfsögðu athygli hver niðurstaða BHMR-deilunnar varð því að á endanum var það ríkið sem beið stórskaða af þessum framgangi málsins, enda var þar um fráleita málsmeðferð að ræða af hálfu ríkisins með bráðabirgðalögum í því styrjaldarástandi sem ríkti milli ríkisins og BHMR.

Það komu marghátttaðar upplýsingar fram í svari hæstv. fjmrh. Það þarf að skoða þetta nánar og eflaust vakna fleiri spurningar eftir þá skoðun.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. fyrirspyrjanda vil ég taka fram að það verður sjálfsagt seint þannig að ekki verða uppi ágreiningsmál um mál eins og kjarasamninga. Ég hygg að það fyrirkomulag sem við notum hér á landi, sem er félagsdómur, sé ágætis aðferð til að skera úr ágreiningi er varðar kjarasamninga, þ.e. til skýringar á kjarasamningum. Ég hygg að ekkert sé óeðlilegt við það að stefnur séu eins og fram kom í svarinu. Það er ýmist ríkið eða viðkomandi félög sem stefna, nánast sitt á hvað, og álíka mikill fjöldi af málum. Hæstaréttardómurinn vegna Félags ísl. náttúrufræðinga, eða BHMR-deilan, sem einstaklingur rak hefur nokkra sérstöðu. Þar reyndi á ákvæði stjórnarskrár m.a. vegna bráðabirgðalaga. Ég held að menn ættu að fara nokkuð varlega í að túlka niðurstöðu dómsins. Hann var á þá leið að hvorugur aðilanna náði sínu fyllilega fram og við verðum að átta okkur á að þrátt fyrir það að ríkið hafi greitt þessa upphæð sem ég tilnefndi, þá voru kröfur BHMR miklu meiri og allt aðrar. Aðalatriðið er að þarna var um nokkurs konar

prófmál að ræða og niðurstaðan varð sú að það yrði að fara að svokallaðri jafnræðisreglu. Við þann dóm verðum við að una að sjálfsögðu og ég held að eftir að sá dómur féll hafi samskipti ríkisins og þessara félaga sem betur fer batnað til mikilla muna. Það er sannarlega von mín að á næstunni verði hægt að gera samninga við þessa aðila án þess að grípa þurfi til löggjafans eins og gert var, ég leyfi mér að segja, illu heilli með a.m.k. þeim hætti sem gert var 1990 um sumarið. Þá er ég fyrst og fremst að tala um aðdraganda þess máls fremur en efnisatriði.

Launakjör alþingismanna, ein umr.

Fsp. LRM, 491. mál. — Þskj. 840.

Fyrirspyrjandi (Lilja Rafney Magnúsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ber hér fram fsp. til hæstv. fjmrh. um launakjör alþingismanna. Fsp. hljóðar svo:

„Hvaða reglur gilda um launakjör ríkisstarfsmanna sem verða alþingismenn og halda sínu fyrra starfi á launum?“

Tilefni þessarar fsp. er sú kjararýrnun og atvinnuleysi sem almenningur í landinu býr við. Ríkið og vinnuveitendur hafa lýst því yfir að ekki sé svigrúm til neinna kjarabóta í núverandi efnahagsástandi. Við þessar aðstæður finnst mér rétt að reynt sé að varpa ljósi á hve víða í þjóðfélaginu það viðgengst að þetta fólk þiggi laun fyrir tvö eða jafnvel fleiri störf samtímis. Mér finnst rétt að það sé upplýst hvernig þessum málum er háttað á hinu háa Alþingi. Þó fsp. mín snúi eingöngu að launakjörum ríkisstarfsmanna sem taka sæti á Alþingi, þá vil ég að sjálfsögðu vekja athygli á hvort það sé algengt og þyki sjálfsagt að þingmenn starfi jafnhliða í fullu starfi úti á hinum almenna vinnumarkaði. Mér finnst rétt að ríkið og vinnuveitendur fari að líta til þeirra þjóðfélagshópa sem hafa haft svigrúm til að auka tekjur sínar mikið með því að gegna tveimur störfum samtímis og skapa sér þar með einnig meiri lífeyrisréttindi en almenningur getur gert. Þetta á auðvitað við um fleiri en alþingismenn en þeir eiga að vera fyrirmynd okkar hinna í starfi og sýna gott fordæmi.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Spurt er: Hvaða reglur gilda um launakjör ríkisstarfsmanna sem verða alþingismenn og halda sínu fyrra starfi á launum?

Því er til að svara að þetta er lagaatriði og regluna er að finna í 11. gr. laga nr. 75/1980, um þingfararkaup alþingismanna, en þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Nú gegnir alþingismaður starfi hjá ríki eða ríkisstofnun með þingmennsku. Skal hann þá njóta launa hjá ríki eða ríkisstofnun samkvæmt mati viðkomandi ráðuneytis, þó aldrei hærri en 50%.“

Þetta er orðrétt úr gildandi lögum sem hv. Alþingi hefur sett.

Framkvæmdin á þessari grein er sú að þegar tilkynning berst frá skrifstofu Alþingis um að einstaklingar hafi tekið sæti á Alþingi, þ.e. ríkisstarfsmenn, eru föst laun hans felld út á móti þingfararkaupi. Greiðsla fastra launa getur síðar komið til berist skrifstofunni mat viðkomandi ráðuneytis í samræmi við lagagreinina. Með öðrum orðum er framkvæmdin á reglunni sú að launin eru felld út sjálfkrafa en ef ráðuneytið skrifar hins vegar bréf og segist hafa fallist á að viðkomandi ríkisstarfsmaður haldi launum allt að 50%, þá er farið að þeim úrskurði. Þetta gildir einnig um kostnaðargreiðslur, húsaleigu, bílapeninga og þess háttar sem tengist viðkomandi starfi ríkisstarfsmannsins og er þá sömuleiðis samkvæmt ákvörðun viðkomandi ráðuneytis.

Varðandi aðra starfsmenn, þ.e. fólk sem kemur úr öðrum starfsgreinum og er ekki ríkisstarfsmenn, gilda þær almennu reglur að hið opinbera lætur sig málið ekki varða. Það er aðeins mál þingmannsins og kjósendanna hvort þeir halda launum annars staðar. Um slíkt hefur verið deilt víða um lönd og þekkt dæmi um það. Einnig er þetta gömul umræða um það hvort þingmennska sé í eðli sínu fullt starf eða ekki og ætla ég ekki að hefja þá umræðu hér, en það er alþekkt að margir þingmenn njóta tekna annars staðar en af þingmennskunni. Ég þori varla að nefna nokkuð í því sambandi en meðal þingmanna eru sem betur fer ýmsir listamenn sem hafa m.a. skrifað sögur og leikrit og fá tekjur af því og ég tel að það sé einungis þinginu til mikillar sæmdar.

Einn þáttur þessa máls er líka sá að nokkrir starfsmenn ríkisins hafa haldið stöðum sínum á meðan þeir sitja á þingi en mér sýnist að á undanförnum árum hafi sú þróun átt sér stað að það sé erfiðara fyrir þá sem kosnir eru á Alþingi að halda viðkomandi stöðum, og t.d. prófessorsstöðu svo ég nefni dæmi og aðrar slíkar stöður sem menn hafa verið í. Þar er uppi verulegt vandamál því að við verðum að átta okkur á því að það er kannski stærsta vandamál þjóðarinnar að fá inn á Alþingi fók sem er tilbúið til þess að láta af störfum fyrir það óöryggi sem þingmenn þurfa að búa við. En eins og allir vita er þeim sagt upp störfum í kosningum og það eru einungis kjósendur sem kveða upp slíkan dóm.

Ég veit að fsp. er ekki ætlað að láta umræður hefjast um þessi atriði en ég tel þó ástæðu til að nefna þau í tengslum við svar við þessari sjálfsögðu fsp.

Fyrirspyrjandi (Lilja Rafney Magnúsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir hans svör. Þau voru mjög fróðleg og kannski að sumu leyti eins og ég reiknaði með og vissi að einhverju leyti. En ég geri mér fulla grein fyrir því að auðvitað eiga alþingismenn eins og aðrir þjóðfélagsþegnar frí og geta spilað á gítar eða skrifað bækur eða eitthvað sem þeim líkar á þeim tíma. En mín spurning tók fyrst og fremst til þess vinnutíma sem við teljum vanalegan, frá klukkan átta til fimm.

Þessi fsp. var fyrst og fremst ætluð til að vekja athygli á mismunandi aðstöðu launþega til að auka tekjur sínar. Stærsti hluti launafólks verður að láta sér duga einfalda dagvinnu og yfirvinnu ef hún býðst í þeim samdrætti sem ríkir. Ég lít svo á að laun alþingismanna séu síst of há fyrir ábyrgðarmikil störf sem oft eru vanmetin. En ég tel siðferðislega rangt að þeir séu í starfi annars staðar í þjóðfélaginu á meðan Alþingi situr að störfum og ég tel að þingmannsstarfið sé fullt starf og ég vona að fleiri þingmenn taki undir það sjónarmið hjá mér.

Hins vegar, virðulegi forseti, tel ég nauðsynlegt að alþingismenn haldi góðum tengslum við atvinnulífið og nýti þinghlé og önnur þau tækifæri sem gefast til að kynna sér hin ýmsu störf úti í þjóðfélaginu. En ég vil bara biðja þingmenn í lokin að skoða þessi mál og velta fyrir sér hvað sé eðlilegt í þessum efnum.

Þungaskattur á dísilbifreiðar, ein umr.

Fsp. GHall, 502. mál. — Þskj. 854.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég er hér með fsp. til hæstv. fjmrh. um þungaskatt á dísilbifreiðar. Um síðustu áramót voru alls 136.197 bifreiðar í landinu. Þar af eru 14.714 dísilbifreiðar. Greiðslur hafa verið með nokkuð sérstökum hætti vegna þungaskatts þessara bifreiða og hefur það verið eigendum þeirra mjög óþénugt hvernig á er haldið. Spurningin er því svo: Er von á breytingum á fyrirkomulagi greiðslu þungaskatts af dísilbifreiðum frá því sem nú er þannig að þungaskattur verði greiddur af hverjum seldum olíulítra?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Eins og kunnugt er hefur ríkissjóður talsverðar tekjur af því að skattleggja bifreiðar sem nota dísilolíu. Skattlagningin byggir á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar með síðari breytingum. Um er að ræða þungaskatt sem er annaðhvort innheimtur sem fast gjald eða eftir því hve marga kílómetra viðkomandi bifreið er ekið.

Það fyrirkomulag sem í dag gildir við skattlagningu dísilbifreiða hefur sætt talsverðri gagnrýni. Af þeirri ástæðu hef ég falið starfshóp að taka til athugunar hvort æskilegt sé að leggja niður innheimtu þungaskatts samkvæmt mælum en í stað þess verði tekið fast gjald af dísilbifreiðum og að auki gjald á hvern lítra af dísilolíu sem notuð er á bifreiðar. Starfshópnum er einnig ætlað að kynna sér möguleika á því að taka tillit til mengunar við skattlagningu eldsneytis. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili tillögum sínum nú í sumar og einnig er ráð fyrir því gert að unnt verði að leggja fram frv. um þær breytingar á haustþingi 1993 og stefnt að því að breytt fyrirkomulag geti komið til framkvæmda á árinu 1994, vonandi um mitt ár.

Til að nefna það hvaða upphæðir eru hér í húfi skal sagt frá því að það er áætlað að á þessu ári innheimtist 1,9 milljarðar, tæpir 2 milljarðar, af þungaskatti þegar árgjald og kílómetragjald er lagt saman.

Það þarf ekkert að ræða hér um það vandamál sem skapast af innheimtunni eins og hún er og einnig hvers vegna þessum málum hefur ekki verið breytt en ástæðan er sú að dísilolían er skattlögð á bílum en ekki þegar sams konar olía er notuð við húshitun eða til þess að knýja áfram skip. Þess vegna er talsverð hætta á misnotkun og hætta á því að sú olía sem ekki er skattlögð lendi í vitlausum tanki. Því getur komið til greina við lausn þessa máls að endurgreiðslur verði notaðar þannig að öllum eða svo til öllum verði gert skylt að greiða, þ.e. þeim þar sem hætta er á að landamerki séu heldur óskýr en endurgreiðslur síðan notaðar. Til þess að hægt sé að framkvæma þetta verður að vera gott samstarf við olíufélögin og eftir því samstarfi hefur verið leitað.

Ég vil að lokum geta þess að nýlega breyttu Norðmenn sínu fyrirkomulagi frá því að vera svipað því sem er hér á landi yfir í það að vera gjald beint á olíuna og við getum að sjálfsögðu ýmislegt af því lært. Mér er kunnugt um það, hæstv. forseti, að þetta er mikið áhugamál, ekki síst bifreiðastjóranna, sérstaklega þeirra sem stunda flutninga og aka stórum bílum því það getur verið mjög erfitt að eiga við greiðslur á þungaskatti sem safnast oft upp og oft hætta á því að slíkir fjármunir lendi í almennum rekstri og séu svo ekki til reiðu þegar greiða þarf viðkomandi skatt. Þá er gripið til róttækra aðgerða eins og t.d. þeirra, sem nú fara fram, að klippa númer af bílum en allir vita að tekjur manna sem stunda störf eins og þau að aka vöruflutningabifreiðum eru stopular og verkefnin oft með þeim hætti að greiðslur koma í stórum slumpum.

Ég vonast til þess, hæstv. forseti, að þetta svar gefi það sterklega til kynna að unnið er að þessum málum og vonandi fáum við viðunandi lausn þegar á næsta ári.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir hans svör. Svarið er mjög í þágu einstaklingsins vegna þess að það er rétt, eins og kom fram í hans máli, að þessar greiðslur og gjaldtökur af þeim sem stunda þennan atvinnurekstur, sendibílstjórar og aðrir þeir sem eru t.d. í þungaflutningum út á land t.d., eru þeim mjög óþénugar. Rétt er að benda á t.d. að eigandi sendibíls sem getur flutt rétt um tonn þarf að borga um 140 þús. kr. á ári. Þeir sem eru með mæla sem lesið er af þrisvar á ári þurfa síðan að standa skil á þungaskatti til tollstjóra innan 50 daga. Þá er oftar en ekki um verulegar upphæðir að ræða. Allt bendir þetta því til, eins og fram kom í svari fjmrh., að þetta sé á réttri leið. Ég endurtek það að vissulega þarf ríkið sitt en í allri innheimtunni má þó ekki gleyma þætti einstaklingsins og oftar en ekki er þetta mjög íþyngjandi og eins og kom fram í máli fjmrh., þá vilja þessar upphæðir safnast upp og það er einstaklingnum mjög þénugt ef breyt-

ing verður hér á sem ég treysti að megi fram ganga eins og kom fram í máli fjmrh.

Bókaútgáfa á vegum ríkisins, ein umr.

Fsp. KÁ, 410. mál. — Þskj. 704.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Menntmn. Alþingis hefur nú til meðferðar frv. til laga um menntamálaráð og Bókaútgáfu Menningarsjóðs, en sú bókaútgáfa hefur nú verið lögð niður án lagaheimildar. Það er ljóst að Bókaútgáfa Menningarsjóðs stóð fyrir merkri starfsemi í útgáfu fagurbókmennta og fræðirita sem aðrir útgefendur ýmist treystu sér ekki til að standa að eða höfð ekki áhuga á. Nú er það spurning hvort og hvernig ríkisvaldið á að koma nálægt bókaútgáfu en að mínum dómi verður ekki hjá því komist að ríkið komi þar að ef við ætlum áfram að gefa út ýmis menningarrit sem seljast oft hægt en eru ómetanleg jafnframt því að vera mjög dýr í vinnslu.

Í hugleiðingum mínum um bókaútgáfu á vegum ríkisins og hvernig beri að hátta henni, þá vöknuðu ýmsar spurningar og þá ekki síst sú hversu mikil bókaútgáfa á sér stað á vegum stofnana ríkisins. Því spyr ég hæstv. menntmrh. á þskj. 704 eftirfarandi spurninga:

„1. Hversu margar bækur voru gefnar út á vegum ríkisstofnana (ríkisstjórnin þar með talin) á síðasta ári?

2. Hversu margar þessara bóka voru boðnar út til útgáfu?"

Nú má ljóst vera að það er auðvitað skilgreiningaratriði hvað er bók, hvað er bæklingur og hvað má kalla kver og ég eftirlæt í rauninni stofnunum ríkisins að skilgreina hvað þeir telja til bóka en ég bíð spennt eftir svarinu.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Það er spurt:

„1. Hversu margar bækur voru gefnar út á vegum ríkisstofnana á síðasta ári?

2. Hversu margar þessara bóka voru boðnar út til útgáfu?"

Samkvæmt upplýsingum frá Landsbókasafni Íslands voru 395 rit gefin út á vegum ríkisstofnana á síðasta ári. Þessi tala er þó kannski ekki fullkomlega nákvæm því að meðal þeirra stofnana sem Landsbókasafnið flokkar sem ríkisstofnanir eru nokkrar sem einungis njóta fjárframlaga frá ríkinu en eru ekki beint stofnanir þess. Ég nefni þar sem dæmi Slysavarnafélag Íslands. Á móti kemur að enn er eftir að flokka um það bil 100 rit sem komu út á síðasta ári og meðal þeirra gætu verið nokkur sem ríkisstofnanir hafa gefið út.

Námsgagnastofnun, Háskólaútgáfan og ýmsar stofnanir háskólans stóðu fyrir bróðurpartinum af þeirri útgáfu sem hér um ræðir eða um það bil 290 rita. Ráðuneytin gáfu út samtals 51 bók, þar af fimm í samvinnu við Námsgagnastofnun. Aðrar stofnanir gáfu út eina til þrjár bækur. Þess má einnig geta að þriðjungur af útgáfu ríkisstofnananna voru rit upp á 5–48 síður.

Hvað varðar seinni lið fsp., hversu margar þessara bóka voru boðnar út til útgáfu, þá er því nokkuð vandsvarað. Ef hv. þingkona á við útboð þar sem allir þættir útgáfunnar eru með taldir er naumast hægt að tala lengur um útgáfu viðkomandi stofnunar. Ef hins vegar er átt við útboð þar sem einstakir þættir útgáfunnar, svo sem prentun, dreifing, skrif eða þess háttar eru boðnir út, þá er ógerlegt að svara því nema óska eftir skýrslu um hverja einustu bók. Mér er þó kunnugt að ríkisstofnanir hafa í auknum mæli leitað eftir tilboðum í prentun, bókband og þess háttar til að halda kostnaðinum niðri. Aukið aðhald í rekstri ríkisstofnana hefur sjálfkrafa leitt til þess að forstöðumenn þeirra leita hagkvæmustu leiða, einnig í þessum málum.

Í svari Háskólaútgáfunnar við þessari fsp. segir að það megi heita ófrávíkjanleg regla að leitað sé tilboða í allt prentverk sem unnið er á vegum eða fyrir tilstilli útgáfunnar. Í svari Námsgagnastofnunar við sömu fsp. segir að af 197 titlum af endurútgáfu prentaðs máls var 121 titill unninn að undangengnu útboði.

Nákvæmar get ég því miður ekki svarað spurningum hv. þingkonu.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessi svör. Ég verð að segja það að þetta er mun meiri útgáfa en ég átti von á þó að ég geri mér grein fyrir því að bæði Námsgagnastofnun og aðrir skólar, þar með talinn Háskóli Íslands, gefa út töluvert mikið af ritum á sínum vegum en þetta er allveruleg útgáfa og skiptir þá litlu hvort við erum að tala um smárit eða allt upp í stærri bækur. Þetta sýnir mér að það er þörf á því að halda utan um þessa útgáfu og að hún eigi greiðan veg í gegnum kerfið og það sé staðið sómasamlega að þeim málum. Það kom fram í umræðum um menntamálaráð og Bókaútgáfu Menningarsjóðs að mín skoðun er sú að ríkið eigi í samvinnu við Háskóla Íslands og fleiri að stuðla að öflugri háskólaútgáfu vegna þess að það er um gríðarlega mismunandi útgáfur að ræða, bækur sem þarf að koma á framfæri en þurfa kannski ekki að sama skapi að vera eins vandaðar eða eins mikið í þær lagt og jafnan vill verða hjá almennum bókaútgáfum.

Varðandi síðari spurninguna um útboð, þá skil ég það vel að henni er vandsvarað en það sem þar lá að baki var kannski fremur það hvort ríkið hafi falið öðru aðilum að sjá um útgáfu, gert samninga við útgáfur og annað slíkt líkt og t.d Reykjavíkurborg gerði varðandi útgáfu Reykjavíkursögunnar þar sem gerður var samningur við ákveðna bókaútgáfu. Handritið var tilbúið en bókaútgáfan sá um útgáfuna að öllu öðru leyti. Við höfum líka dæmi um þetta, samvinnu Alþingis og Sögufélagsins þar sem Sögufélagið sá um útgáfu þeirrar bókar sem gefin var út til að minnast 150 ára endurreisnar Alþingis Íslendinga.

Endurskoðun laga um Þjóðleikhús, ein umr.

Fsp. ÞÞ, 468. mál. — Þskj. 810.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég hef beint þeirri fsp. til hæstv. menntmrh. á þskj. 810 hvort til standi að endurskoða lög um Þjóðleikhús. Kemur þá tvennt til. Núgildandi lög um Þjóðleikhús eru frá 1978 og þegar eru mörg ákvæði í þeim sem eru löngu hætt að vera í takt við tímann. Svo mikið hefur rekstrarfyrirkomulag Þjóðleikhússins breyst að þau lög eru morandi í ákvæðum sem löngu eru úrelt. Vil ég þá nefna t.d. ákvæði sem snerta listdans og óperu sem er að mestu leyti komið út fyrir húsið. Listdansflokkurinn er búinn að fá sín eigin fjárframlög, er sjálfstæð stofnun og er ekki inni í Þjóðleikhúsi lengur. Eðli málsins samkvæmt hefur óperuflutningur að mestu leyti lagst niður í Þjóðleikhúsinu vegna þess að sú starfsemi hefur verið rekin annars staðar.

Ýmis stöðugildi eru tilgreind í sambandi við þessa starfsemi og fleira mætti telja. Einnig er í þessum lögum t.d. grein um að Þjóðleikhúsið eigi að taka þátt í stofnun og rekstri leikmunasafns. Það er einkennilegt að þessi grein er búin að vera í lögum í 14 ár og mér vitanlega hefur aldrei verið gerður nokkur skapaður hlutur til þess að vinna að þessu máli og er þá kominn tími til að annaðhvort gera það eða hreinlega fella þetta út.

Eins má nefna að í þessum lögum eru ákvæði um það að Þjóðleikhúsið eigi svo fljótt sem auðið er að koma sér upp öðru leiksviði. Það er ekki einungis svo að Þjóðleikhúsið hafi komið sér upp öðru leiksviði heldur hefur það komið sér upp þriðja leiksviðinu þannig að þetta eru bara örfá dæmi um hversu úrelt þessi lög eru.

Í annan stað má nefna það að allt stjórnarfyrirkomulag í þessari stofnun er mjög úr takt við tímann. Víða eru nú uppi alls konar áform innan fyrirtækja um valddreifingu, svokölluð gæðaátök eru mjög mikið í tísku og er þá gjarnan talað um að það sé gert í samráði við starfsfólk og sé ekki síst til þess að kalla fram frumkvæði og hugmyndir starfsfólks. Nú háttar því svo til í þeirri stofnun sem fyrst og fremst á að byggja á sköpun og frumkvæði að það nýtist sáralítið sem ekkert sökum þess hvernig stjórnunarfyrirkomulag þessarar menningarstofnunar er.

Fyrir nokkrum árum, nánar tiltekið árið 1989, stofnaði þáv. menntmrh. nefnd til þess að endurskoða þessi lög og var henni einnig falið að gera tillögur um framtíðarstefnu varðandi íslenska óperu og listdansstarfsemi og húsnæði fyrir þessa þætti íslenskrar menningar. Árangur þessarar nefndar birtist svo í lagafrv. sem lagt var fram á Alþingi árið 1989. Nú er ég ekki að segja að þau drög sem þá voru lögð fram séu endilega þau sem ætti að leggja fram aftur, enda er athyglisvert að koma að þeim nokkrum árum seinna og þá sér maður að jafnvel á svo stuttum tíma hafa margar tillögur sem voru í þessum lagadrögum úrelst og sýnir þá enn betur hversu mikil þörf er á að endurskoða þessi lög.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Það er spurt hvort einhver áform séu uppi um að endurskoða lög nr. 58/1978, um Þjóðleikhús. Einfalt svar við þessari fsp. er já en ég bæti því við að undirbúningur að endurskoðun laga um Þjóðleikhús hefur staðið yfir um nokkurt skeið í ráðuneytinu.

Það er ætlunin að endurskoða þjóðleikhúslögin í samhengi við lög um Sinfóníuhljómsveit Íslands og einnig Íslenska dansflokkinn og hugsanlega einnig í sambandi við Íslensku óperuna. Þótt hún sé ekki ríkisfyrirtæki, þá er um verulegan stuðning ríkisins við óperuna að ræða eins og kunnugt er.

Ég bæti því einnig við að leiklistarlögin þarfnast endurskoðunar og um þessar mundir er verið að skipa nefnd til að endurskoða þau. Frá því að þau voru sett, árið 1977, hafa orðið miklar breytingar á leiklistarlífi hér á landi einkum vegna þess að atvinnuleikhópum hefur fjölgað mjög. Þess vegna tel ég rétt og nauðsynlegt að skoða þau mál í ljósi breyttra aðstæðna.

Eins og málum er nú háttað er ljóst að það er ekki ráðlegt að skoða leiklistarlögin, þjóðleikhúslögin og starfsemi sinfóníuhljómsveitar, dansflokksins og óperunnar sem einstök lög hver fyrir sig heldur í samhengi með það fyrir augum sérstaklega að greiða fyrir samstarfi og samvinnu þessara aðila.

Það mætti auðvitað nefna ýmis ákvæði í þjóðleikhúslögunum sem sérstaklega ætti að líta á í sambandi við endurskoðunina. Ég nefni þar stjórnskipan Þjóðleikhússins sem hv. fyrirspyrjandi nefndi reyndar í sinni ræðu, ráðningartíma þjóðleikhússtjóra, heimildir leikhússins til að leggja niður eða fjölga deildum og heimildir leikhússins til að afla tilboða í einstaka verkþætti og svo ýmis ákvæði sem eru í gildandi lögum en eiga ekki lengur við eins og raunar líka kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. hans svör. Það gleður mig að heyra að það sé í ráði að taka öll þessi mál upp til endurskoðunar og held ég að síst veiti af.

Ég vil minna á að þeirri nefnd sem skipuð var 1989 var einmitt falið að fjalla um fleiri þætti í samhengi við endurskoðun þjóðleikhúslaga og gerði það með ágætum, held ég. Hvort sem mönnum líkar þær niðurstöður eða ekki, þá var einmitt tekið á málefnum óperunnar, sinfóníunnar, listdansflokksins og þjóðleikhúss. Ég vil undirstrika það við hæstv. menntmrh. að ef endurskoðun allra þessara laga stendur til þá er mikilvægt að það fólk sem starfar við þessar greinar komi að og að það sé hæfileg blanda af því fólki, ef við tökum Þjóðleikhúsið sem dæmi, sem starfar þar innan veggja og jafnframt atvinnufólki sem hefur komið að leiklist og starfar utan veggja Þjóðleikhússins svo það markist ekki af hagsmunum fastráðinna starfsmanna heldur að menn hafi víðsýni til að líta á málin í heild. Ég vona að hæstv. menntmrh. taki tillit til þess í öllum þeim nefndum, eða þeirri nefnd, hvort sem henni verður falið víðtækt valdssvið eða hvort stofnaðar verði fleiri

nefndir, að hafa vel í huga að þeir sem starfa í viðkomandi greinum komi að við mótun þessara mála.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda að það er auðvitað nauðsynlegt við endurskoðun þessara lagabálka að þeir sem við þessi mál vinna, bæði utan og innan veggja Þjóðleikhússins, komi þar að verki. Ég mun leggja mig fram um að leita til þeirra aðila þegar gengið verður frá nefndaskipan um þessi efni.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég get ekki látið hjá líða þar sem ég á sæti í þjóðleikhúsráði að vekja athygli hv. þm. á því vegna þess að mér dálítið neikvæður tónn í hv. fyrirspyrjanda, að Þjóðleikhúsið hefur sl. ár notið þeirrar gæfu að sjaldan eða aldrei hefur aðsókn verið eins mikil og almenn á öllum verkum hússins. Ég hygg að stjórn leikhússins hafi lagt sig mjög fram að reyna að hagræða í rekstri og standa yfir breytingar vegna þessa. Ég treysti ekki núv. ríkisstjórn og hæstv. menntmrh. til þess að semja ný lög um Þjóðleikhús. Ég treysti þessu fólki ekki. Mig langar ekkert að einkavæða Þjóðleikhúsið. Ég held að það ætti að bíða betri tíma að endurskoða lög um Þjóðleikhús. Það er mjög góður rekstur nú í húsinu. Það er góður andi þar og ég held að fullyrða megi að núverandi þjóðleikhússtjóri hefur verið mikil lyftistöng fyrir húsið. Það er góður andi í þjóðleikhúsráði og við getum alveg komist af án endurskoðunar á lögum um Þjóðleikhús enn um sinn.

Bygging húsnæðis fyrir matvælaiðjubraut Menntaskólans í Kópavogi, ein umr.

Fsp. RG, 472. mál. — Þskj. 815.

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Nú er mjög mikið rætt um breyttar áherslur í okkar atvinnulífi og mikilvægi þess að fullvinna okkar afurðir, ekki síst að skapa aukin verðmæti úr okkar helstu auðlind, sjávaraflanum. Lausnarorðið er aukin matvælaframleiðsla og framleiðsla hágæðavöru til útflutnings sem kallar á menntun á þessu sviði.

Fyrir tíu árum var gerður samningur milli Kópavogskaupstaðar og ríkisins varðandi skólamál. Í honum fólst m.a. að ríkið fékk einn grunnskólanna til afnota fyrir Menntaskólann í Kópavogi sem á þeim tíma var jafnframt breytt yfir í fjölbrautaskóla. Það var viðhorf heimamanna strax þá að ekki væri vænlegt að allir fjölbrautaskólar á svæðinu byðu upp á sömu eða svipaðar námsbrautir. Betra væri ef þeir sérhæfðu sig á ákveðnu sviði og byðu upp á mismunandi námsleiðir, sérstaklega á verknámssviði. Þegar reynt var að líta til framtíðar varð það sjónarmið ofan á að hinn nýi skóli mundi sérhæfa sig á matvælasviði. Þar væri okkar mesti vaxtarbroddur, þar væru ónýttir möguleikar, hreinleiki lands og sjávar gæfu gæðahráefni sem orðið gæti grunnur að nýrri framleiðslu. Þáv. menntmrh. skipaði nefnd til að annast grunnmenntun til starfa eða frekara náms á sviði matvælaiðnaðar og hótel- og veitingarekstrar.

Ég er hér með í höndum nál. þeirrar nefndar, dags. í febrúar 1984. Þar er skilgreint nám í hinum fyrirhugaða skóla, bæði á bóknámssviði sem og matvæla- og hótelsviði. Þar er líka að finna undirritaðan samning um skólahald á framhaldsskóla- og grunnskólasviði í Kópavogi frá maí 1983 og um að koma upp húsnæði fyrir skólann.

Þar kemur líka fram að á þessum tíma voru rúmlega 6% starfandi fólks í landinu við störf í matvælaiðnaði og yfir 8% í fiskiðnaði, en sá hópur gæti jafnframt nýtt sér menntun á matvælasviðinu. Áætlað námsframboð á þessum tíma var tveggja anna grunnnám í matvælagreinum, framhaldsnám fyrir þá sem stefna að sveinsprófi í matvæla- og hótelgreinum, einnar annar undirstöðunám fyrir þá sem hefja nám sitt í löggiltum iðngreinum, valnám fyrir þá sem stunda nám til stúdentsprófs og hyggjast leggja stund á líffræði eða matvælagreinar í háskóla, nám fyrir þá sem vilja starfa í matvælaiðnaði og kjósa stutt nám, verknámsskóli í eitt ár með áherslu á verksmiðjuframleidd matvæli, framhaldsmenntun fyrir stjórnendur í þessum greinum og fyrir starfsfólk í gestamóttöku á ferðaskrifstofum.

Nú rúmum tíu árum seinna stendur opinn grunnur þar sem viðbyggingin átti að rísa sem ákveðin var og tengigangur risinn á milli við menntaskólann. Það er mjög mikilvægt að mennta fólk til að búa til hágæðavöru til útflutnings úr okkar hráefni eins og fram hefur komið, ekki síst með tilkomu EES-samnings og þeirra tollfríðinda sem bíða okkar þá á mörkuðum.

Spurt er því: Hyggst ríkisstjórnin flýta byggingu húsnæðis fyrir matvælaiðjubraut Menntaskólans í Kópavogi?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Það var gerður samningur, dags. 9. apríl 1991, milli menntmrn. og fjmrn. annars vegar og bæjarstjórnar Kópavogs hins vegar um byggingu skólahúsnæðis við Menntaskólann í Kópavogi fyrir matvælagreinar. Samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir árlegum framlögum ríkisins til skólans að því tilskildu að fé fáist á fjárlögum til verkefnisins í samræmi við áætlunina. Fyrsta framlagið var greitt árið 1991, 16,1 millj. liðlega. Síðan er gert ráð fyrir árlegu framlagi 1992–2001 að báðum árum meðtöldum, að upphæð liðlega 48,5 millj. hvert ár á verðlagi í mars 1993. Samkvæmt þessu er hlutur ríkisins tæplega 502 millj. kr. í þessari áætlun en ríkissjóður greiðir alls um 77% byggingarkostnaðar. Þetta háa hlutfall er auðvitað til komið vegna þess að gert er ráð fyrir að Hótel- og veitingaskóli Íslands fái aðsetur í hinu nýja húsnæði, en þetta er sérskóli þar sem ríkissjóður greiðir stofnkostnað að fullu, sbr. 3. gr. laga 57/1988, um framhaldsskóla, með áorðnum breytingum.

Til þess að svara fsp. beint þá er svar mitt það að ekki liggja fyrir áætlanir um að flýta byggingu hús-

næðisins hvað hlut ríkisins varðar en ég vek athygli á 6. gr. samningsins þar sem segir: „Kjósi Kópavogskaupstaður að hraða ákveðnum þáttum framkvæmda umfram framkvæmdaáætlun sér hann um öflun þess viðbótarfjár sem til þess þarf og ber allan fjármagnskostnað af því."

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um áform af hálfu Kópavogskaupstaðar um að hraða framkvæmdum samkvæmt þessu ákvæði samningsins. Framkvæmdir við skólahúsnæðið standa þannig að framkvæmdum við fyrsta áfanga, stjórnsýsluálmu, lýkur væntanlega á komandi sumri og áformað er að bjóða út framkvæmdir við annan áfanga, kennsluhúsnæði, áður en langt um líður.

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka menntmrh. svar hans og vil benda á að um leið og veitt var fé til byrjunarframkvæmda skólans í Kópavogi þá var brugðist mjög skjótt við og það þótti mjög jákvæður viðburður enda hafði verið beðið eftir framkvæmdum við skólann í mjög langan tíma eins og kom fram í máli mínu. Það er auðvitað nokkuð sérmál en var litið á það sem mjög góðan kost til að samnýta tækjabúnað að Hótel- og veitingaskólinn kæmi þarna inn, en ef við ætlum í ríkum mæli að vinna gæðavöru úr okkar úrvalshráefni núna þá verðum við að fylgja því eftir með menntunarmöguleikum á þessu sviði. Þess vegna er það mitt mat að það eigi að veita framhaldsskólanum í Kópavogi forgang núna eftir öll þessi ár og opna möguleika til eflingar því.

Það er eins og hefðbundnir framhaldsskólar hafi fengið forgang á liðnum árum og er ekki við viðkomandi menntmrh. að sakast um það, en það er alveg ljóst líka að sumir framhaldsskólar hafa risið mjög hratt eftir að samningar hafa verið gerðir heima í héraði um þau mál og væri vænlegur kostur ef það gerðist með þennan skóla í Kópavogi. Því þykir mér slæmt að heyra að ekkert slíkt sé á döfinni milli Kópavogs og menntmrh. og áhugavert að kanna áhuga heimamanna á slíkum samningi og hvort hann er mögulegur.

Héraðsskólar, ein umr.

Fsp. JJ, 501. mál. — Þskj. 853.

Fyrirspyrjandi (Jörgína Jónsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 853 til hæstv. menntmrh. svohljóðandi:

„1. Hverjar eru framtíðarhorfur héraðsskólanna?

2. Er það stefna ráðherra að leggja þá niður?

3. Ef svo er, kemur 10. bekkur grunnskólans sjálfkrafa inn í grunnskólana þar sem 10. bekkur er ekki nú þegar?"

Þegar Héraðsskólanum í Reykjanesi var lokað mjög skyndilega urðu nokkrar umræður á Alþingi um framtíð skólans og ætti þingheimi að vera í fersku minni því þessi aðgerð snerti illþyrmilega okkur Vestfirðinga. Þá vorum við á engan hátt sátt við framgöngu þessa máls. En það þýðir lítið fyrir lítilmagnann að deila við dómarann. Rekstri skólans var hætt og nefnd sett á laggirnar sem gera átti tillögu um framtíðarnýtingu mannvirkja á staðnum sem eru hreint ekki svo lítil.

Ég ætla ekki að rifja þessa umræðu neitt sérstaklega upp en það kom fram í umræðum á sínum tíma að yrði það niðurstaða nefndarinnar að þarna skuli skólahald hefjast að nýju þá verður það skoðað sérstaklega með tilliti til fjölda nemenda. En það má auðvitað segja að með þessum aðgerðum var rekstrargrundvelli kippt undan skólastarfi Héraðsskólans í Reykjanesi fyrir fullt og allt og það má ljóst vera að þegar aðgerðir sem þessar ganga eftir þá veikir það stöðu skólans meðal nemenda og þeir leita að sjálfsögðu annað. Lá þá beinast við að nemendur sæktu 10. bekk og framhald að Núpi í Dýrafirði. En einhverra hluta vegna skiluðu nemendur sér ekki þangað þannig að Núpsskóla var einnig lokað sl. haust. Þá er staðan þannig að enginn heimavistarskóli sem býður upp á 10. bekk er starfræktur á Vestfjörðum.

Það má kannski segja að héraðsskólar í þeirri mynd sem þeir voru séu búnir að renna sitt skeið, en ég tel það alvarlegar aðgerðir að loka þessum skólum án þess að neitt annað komið til. Þá á ég við það að 10. bekkur komi inn í grunnskólana þannig að nemendur geti stundað sitt skyldunám í sinni heimabyggð því víða í hinum fámennari skólum hefur 10. bekkur ekki verið starfræktur. Það kostar að sjálfsögðu fleiri kennara í þá skóla því námsframboð í 10. bekk eykst töluvert samkvæmt námsskrá.

Þetta tel ég vera heilmikið byggðamál og ég tala ekki um réttlætismál. Allir íbúar landsins ættu að hafa jafnan rétt til náms, hvar sem þeir eru staðsettir. Það er bara því miður ekki svo, a.m.k. ekki enn þá, en það hlýtur að vera stefna ráðuneytisins að framtíðin sé sú.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Fyrsta spurningin er: Hverjar eru framtíðarhorfur héraðsskólanna?

Það verður að segjast eins og er að héraðsskólarnir virðast hafa lokið því hlutverki sem þeir höfðu áður og þeim hefur farið fækkandi á síðustu árum. Höfuðástæðan er sú að ekki hefur nægur fjöldi nemenda sótt um skólavist enda starfrækja sífellt fleiri grunnskólar alla bekki skyldunáms.

Héraðsskólar sem eru starfandi á yfirstandandi skólaári eru þrír. Það eru Alþýðuskólinn á Eiðum, Héraðsskólinn að Skógum og Héraðsskólinn í Reykholti. Aðrir héraðsskólar sem áður voru starfandi hafa annaðhvort verið lagðir niður eða þeir hafa fengið nýtt hlutverk. Þannig var héraðsskólanum á Laugum í Reykjadal breytt í Framhaldsskólann á Laugum. Héraðsskólanum á Reykjum í Hrútafirði var breytt í skólabúðir og Héraðsskólinn á Laugarvatni var sameinaður Menntaskólanum á Laugarvatni.

Héraðsskólinn á Núpi er ekki starfræktur á yfirstandandi skólaári vegna lítillar aðsóknar og sérstök

nefnd fjallar nú um framtíð Héraðsskólans í Reykjanesi við Djúp eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda.

Í öðru lagi er spurt hvort það sé stefna ráðherra að leggja skólana niður. Með lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá 1989 var rekstur grunnskóla fluttur yfir til sveitarfélaga. Af þessum sökum er eðlilegt að takmarka grunnskólahald í héraðsskólum en þeir hafa alfarið verið kostaðir af ríkinu. Það er hins vegar ekki stefna mín að leggja skólana niður svo framarlega sem þeir hafa einhverju hlutverki að gegna en flestir hafa þeir reynt að hasla sér völl á framhaldsskólastigi.

Að lokum er svo spurt hvort, ef skólarnir verði lagðir niður, 10. bekkur grunnskóla komi þá sjálfkrafa inn í grunnskólana þar sem 10. bekkur er ekki nú þegar starfandi.

Þetta er háð ákvörðun viðkomandi sveitarstjórnar. Skv. 24. gr. laga nr. 49/1991, um grunnskóla, er bygging og rekstur grunnskóla verkefni sveitarfélaga. Grunnskólalög gera ráð fyrir heildstæðum grunnskóla fyrir 6–16 ára nemendur, þ.e. 1.–10. bekk sem meginreglu. Sveitarfélög geta sameinast um rekstur grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 25. gr. laganna. Lögin setja hins vegar vissar takmarkanir vegna 9. og 10. bekkjar. Ef 9. og 10. bekkur eru við skóla þá skal líta á þá sem afmarkaða bekki hvorn um sig þannig að ekki er gert ráð fyrir samkennslu árganga í þessum bekkjum. Einnig er í lögunum ákvæði um að nemendur skuli ekki vera færri en 12 að meðaltali til að starfræksla 9. og 10. bekkjar sé heimiluð. Þar sem svo háttar að ofangreint lágmark næst ekki getur ráðuneytið hins vegar veitt undanþágu frá þessu ákvæði, sbr. 76. gr. laga um grunnskóla.

Þetta eru svör mín, hæstv. forseti, við þessum fsp. og ég vona að þau séu fullnægjandi.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Eins og hún sagði var mikið rætt á síðasta þingi um málefni Héraðsskólans í Reykjanesi. Ég hjó eftir því í svari hæstv. menntmrh. áðan þegar hann nefndi þá skóla sem væru starfandi að þeir eru á Austurlandi, Vesturlandi og Suðurlandi. Það er enginn á Norðurlandi og enginn á Vestfjörðum. Nú hefur verið talsverður samgangur á milli nemenda einmitt á Vestfjörðum og Norðurlandi þannig að mér finnst eins og þarna sé eyða í þessum héraðsskólamálum. Fyrirspyrjandi nefndi einnig sérstaklega að í framhaldi af því að skólinn í Reykjanesi var lagður niður var skólahald á Núpi einnig lagt niður. Hvernig var staðið að því þegar aðrir héraðsskólar sem hæstv. menntmrh. nefndi hér áðan voru lagðir niður? Þá fengu þeir um leið verkefni framhaldsskóla. Í gangi er nefnd sem á að finna starf fyrir Reykjanesskólann. Ég hef ekki heyrt um neitt slíkt fyrir Núpsskólann. Þarna er á báðum stöðun húsnæði sem ríkið á en er ekki notað til neinna hluta þannig að ég tel að menntmrh. þyrfti að svara því hvað fyrirhugað er með þetta húsnæði og hvort ekki er hægt að finna þessu húsnæði verðugt verkefni eins og annars staðar hefur verið gert.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Um leið og ég þakka hv. fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra fyrir þeirra hlut að þessu máli, þá vil ég segja það að ég sit í þeirri nefnd sem hefur verið að endurskoða mál varðandi Reykjaneskóla. Þessa dagana er verið að leggja lokahönd á starf nefndarinnar með því að skrifa skýrslu sem ráðherranum verður afhent. Nefndin hefur ævinlega haft það að leiðarljósi að ganga þannig til verks í þessu máli að það yrði fundinn varanlegur grundvöllur fyrir það starf sem yrði komið fyrir í húsnæði Reykjanesskólans og það hefur verið lögð á það áhersla að finna nýtt hlutverk fyrir þennan skóla. Það var ljóst að því hlutverki sem skólinn hafði með höndum að vera héraðsbundinn héraðsskóli var í raun og veru lokið. Þess vegna þurfti að finna nýjan starfsgrundvöll fyrir skólann. Það er það sem ég hygg að verði að vera verkefnið varðandi þessa héraðsskóla. Vegna breyttra þjóðfélagsaðstæðna verðum við að finna nýtt hlutverk fyrir þessa skóla.

Ég vek athygli á því að ýmislegt sem fram kemur í áliti þeirrar nefndar sem hefur verið að vinna að endurskoðun menntastefnunnar í landinu getur orðið til þess að styrkja og koma að notum fyrir þessa skólastarfsemi og ég held að þegar vel er að gáð, þá geti einmitt skólastarf úti í strjálbýlinu fallið vel að ýmsu því sem menn eru að hugsa þar.

Fyrirspyrjandi (Jörgína Jónsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. greinargóð svör og upplýsingar. Jafnframt þakka ég þær umræður sem hér hafa átt sér stað um málefni þetta og vænti þess að unnið verði að öflugri uppbyggingu skólastarfs um allt land, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir benti á það að á Norðurlandi væri enginn héraðsskóli. Ég nefndi það að Laugaskóli hefði verið gerður að framhaldsskóla og varðandi Reykholtsskóla get ég upplýst það að það hefur komið fram umsókn frá skólastjóra um að Reykholtsskóli verði gerður að framhaldsskóla. Sú umsögn hefur ekki verið tekin til afgreiðslu í ráðuneytinu, en þar hefur hins vegar sérstaklega verið hugað að samvinnu milli Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi og Reykholts líkt og er um samvinnu milli Fjölbrautaskólans á Suðurlandi á Selfossi og Skógaskóla.

Varðandi Núpsskóla er það rétt sem fram kom hjá hv. þingkonu að það hefur ekki verið sett af stað nefnd um framtíð Núpsskóla eða hvernig þau miklu mannvirki sem þar eru verða nýtt. Ég hef ræt það lítillega við formann nefndarinnar um Reykjanesskóla, hv. þm. Einar Kristin Guðfinnsson, og ég geri ráð fyrir að það verði sett á laggirnar nefnd núna alveg á næstunni til þess að fjalla um framtíð Núpsskóla og nýtingu mannvirkja þar.

Umboðsmaður barna, ein umr.

Fsp. GHelg, 446. mál. — Þskj. 772.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Þegar frv. um stofnun embættis umboðsmanns barna var fyrst flutt á 109. löggjafarþingi voru flm. Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín S. Kvaran og Hjörleifur Guttormsson. Síðan var þetta frv. flutt fjórum sinnum og að lokum vísað til ríkisstjórnarinnar á þinginu 1992. Þá hafði þáv. hæstv. dómsmrh. og reyndar núverandi hæstv. sjútvrh. góð orð um að hann mundi beita sér fyrir því að þetta embætti yrði stofnað, en nú hefur það gerst með lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, að þessi málaflokkur heyrir ekki lengur undir dómsmrn. eins og þá var heldur hæstv. félmrh. Spurning mín er því einföld:

Nú þegar hæstv. félmrh., sem var meðflm. minn á hinu upphaflega frv., er í þeirri stöðu að ráða hvað gert verður í þessu máli, vil ég spyrja hana og hef gert það hér á þskj. 772 eftirfarandi spurningar, með leyfi hæstv. forseta:

„Hyggst félmrh. beita sér fyrir stofnun embættis umboðsmanns barna en frv. þess efnis var vísað til ríkisstjórnarinnar 15. maí 1992?"

Ég ætla ekki að fara að eyða hér tíma með því að rekja enn einu sinni ástæðuna fyrir áhuga mínum á þessu máli. Ég held að við vitum öll allt of vel hver þörf er fyrir styrkingu á málefnum barna í landinu og ég mun einhvern tíma seinna gera betri grein fyrir því, en spurning mín er sem sagt einföld: Stendur til að stofna þetta embætti?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Á síðasta löggjafarþingi var frv. Guðrúnar Helgadóttur um umboðsmann barna vísað til ríkisstjórnarinnar að tillögu meiri hluta allshn. Í álitsgerð meiri hluta allshn. kom fram að nefndin taldi rétt að málið yrði kannað nánar. Á meðal þeirra atriða sem rétt þótti að kanna var athugun frv. með hliðsjón af lögum um umboðsmann Alþingis, hvort fyrirhugað hlutverk umboðsmanns barna muni rekast á við hlutverk hins fyrrnefnda. Jafnframt kom fram það álit að sifjalaganefnd tæki mál þetta til skoðunar. Í ljósi þess var málinu vísað til ríkisstjórnarinnar eins og fyrr segir. Málinu var vísað af hálfu forsrn. til meðferðar dómsmrn. Þar af leiðandi hefur félmrn. sem slíkt ekki, eðli málsins samkvæmt, beitt sér í því.

Fyrir stuttu áttum við dómsmrh. viðræður um stöðu málsins og áframhaldandi vinnslu þess. Urðum við ásátt um að málið yrði tekið til frekari meðferðar í félmrn. Í framhaldi af því barst mér svohljóðandi erindi frá dómsmrn.:

„Dómsmálaráðuneyti og sifjalaganefnd hafa haft til athugunar frv. til laga um umboðsmann barna er síðast var lagt fram á 115. löggjafarþingi. M.a. gaf sifjalaganefnd allshn. Alþingis umsögn um frv. í maí 1992.

Með vísun til viðræðna félmrh. og dómsmrh. að undanförnu og að höfðu samráði við sifjalaganefnd hefur dómsmrn. ákveðið að vísa frekari könnun málsins til félmrh., enda hlýtur það að teljast eðlilegt í ljósi þess að málefni um vernd barna og ungmenna heyra nú undir ráðuneyti hans. Í dómsmrn. liggja fyrir viðamikil gögn um embætti umboðsmanns barna, einkum frá Norðurlöndum, sem dómsmrn. mun að sjálfsögðu láta félmrn. í té verði þess óskað."

Svo sem fram kemur í bréfinu hefur vinna dómsmrn. í málinu að undanförnu fyrst og fremst verið fólgin í gagnaöflun, einkum frá Norðurlöndum. Eins og kunnugt er hafa Norðmenn nú talsverða reynslu af störfum umboðsmanns barna en Noregur er eina þjóðin sem hefur sett á stofn slíkt embætti. Þá liggur nú stjfrv. fyrir sænska þinginu um stofnun embættis umboðsmans barna auk þess sem þessi mál hafa fengið umræðu í Danmörku og Finnlandi. Af þessum sökum er mikilvægt að kynna sér vel gögn frá þessum þjóðum áður en ákveðið er hvað gert er hérlendis.

Ég hef lýst því yfir opinberlega að ég telji að við eigum að fylgja fordæmi Svía í þessum efnum og setja okkur það takmark að stofna til embættis umboðsmanns barna innan tveggja ára frá gildistöku Íslands á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem var í nóvember 1992. Þau tímamörk tel ég æskilegt vegna þess að í barnasáttmálanum eru ákvæði þess efnis að aðildarríki sáttmálans skuli skila eftirlitsnefnd Sameinuðu þjóðanna með framkvæmd sáttmálans skýrslu um framkvæmd í hverju aðildarríki fyrir sig, fyrst eftir að tvö ár eru liðin frá fullgildingu hans. Ég tel að það væri viðeigandi að fyrsta úttekt á framkvæmd sáttmálans á Íslandi yrði þannig gerð af umboðsmanni barna en ekki af stofnunum ríkisvaldsins sem eru ábyrgar fyrir framkvæmd hans. Með því ætti að vera tryggt að slík úttekt yrði hlutlæg og ríkisvaldið gerðist ekki dómari í sjálfs sín sök.

Það eru að sjálfsögðu aðrar ástæður fyrir því að rétt er að gefa sér meiri tíma til að íhuga vel stofnun embættis umboðsmanns barna. Mjög þarf að vanda til slíks undirbúnings og margar athugasemdir umsagnaraðila við frv. verðskulda gaumgæfilega athugun.

Nú þegar mál þetta hefur verið falið mínu ráðuneyti mun ég þegar hefjast handa um þá undirbúningsvinnu sem málið krefst. Ég mun á næstunni fela sérstökum starfshópi að vinna málið áfram og skila mér drögum að nýju frv. um stofnun embættis umboðsmanns barna. Von mín er sú að málið fái þann framgang að unnt reynist að leggja frv. fyrir næsta Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir jákvæð svör við fsp. minni og það er auðvitað ekki við hana að sakast. En kyndugt er það að nú eru liðin fimm þing síðan þetta mál var fyrst flutt og það hlýtur auðvitað að koma flm. undarlega fyrir sjónir að nú fyrst skuli hafa verið ráðist í af dómsmrn. að safna svo einföldum gögnum sem upplýsingum um þessi embætti á næstu Norðurlöndum. Hefðu þeir nú verið svo góðir að hringja í mig hefði ég getað lánað þeim þessi gögn og það hefði tekið stuttan tíma.

Vegna orða hæstv. ráðherra get ég upplýst að umboðsmaður Alþingis hefur fyrir lifandi löngu látið í ljós álit sitt á þessu máli og mælti eindregið með því að embætti umboðsmanns barna yrði stofnað svo að varla þarf að vera að angra hann með frekari bréfaskriftum.

Það liggja fyrir í þessu máli miklar og margar umsagnir og langflestar mjög jákvæðar. Og hér var auðvitað aldrei um neitt annað að ræða en hvort áhugi væri fyrir hendi að stofna þetta embætti eða ekki. Við leituðum til Fjárhags- og hagsýslustofnunar á sínum tíma og létum reikna út hvað þetta nýja embætti mundi kosta. Ég held að það séu tvö eða þrjú ár síðan, þá var talað um 5 millj., ekki var það nú meira og er nú ýmislegt kostnaðarsamara gert í þessu landi.

Mergurinn málsins er sá að ég held að það sé alveg nauðsynlegt að koma þessu embætti á laggirnar. Það eru teknar of margar ákvarðanir hér á landi án minnsta tillits til velferðar barna og það er einmitt það sem þessi embættismaður á að annast. Og ég vænti þess nú að gagnaöflun sé lokið í málinu. Það má mjög svo gjarnan ræða við norska umboðsmanninn, enda var þetta frv. að verulegu leyti byggt á norsku lögunum. Thorgeirsen, umboðsmaður barna í Noregi, var hér á ferð fyrir ári síðan á vegum Barnaheilla og hélt ráðstefnur og fyrirlestra. Hans síðustu orð voru þau að hann vonaði að þetta frv. ætti eftir að verða að lögum og ég treysti því nú að hæstv. ráðherra vinni að því.

Vinna ungmenna á vínveitingastöðum, ein umr.

Fsp. AÓB, 463. mál. — Þskj. 801.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Fsp. þessi er ekki síst flutt vegna þeirrar umræðu sem varð sl. haust um vinnu barna og unglinga á vínveitingastöðum. Það verður að teljast í hæsta máta óeðlilegt að unglingar séu ráðnir í vinnu á vínveitingahúsum sem þeir í sumum tilvikum hafa ekki einu sinni leyfi til þess að sækja, enda kveður skýrt á um það í barnaverndarlögum að slíkt sé ekki heimilt. Þar af leiðandi hef ég leyft mér að leggja eftirfarandi fsp. fyrir félmrh.:

„1. Á hvern hátt er fylgst með því að ungmenni, 18 ára og yngri, starfi ekki á vínveitingahúsum, sbr. ákvæði 3. mgr. 58. gr. laga nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna?

2. Hve mikið er um að brotið sé gegn ákvæðum laganna?

3. Hvaða viðurlögum er beitt í málum af þessu tagi?"

Ég ætla að lesa þessa 3. mgr. 58. gr. barnaverndarlaganna, en þar segir skýrt og skorinort, með leyfi forseta:

„Ungmenni innan 18 ára aldurs mega ekki starfa á stöðum sem hafa leyfi til áfengisveitinga nema það sé liður í viðurkenndu iðnnámi."

Þetta getur ekki verið skýrara. Samt virðist það vera nokkuð á reiki og var í umræðunni sem varð núna sl. haust. Í fyrsta lagi virtist það vera á reiki hvort slík ákvæði væru í lögum og í öðru lagi virtist það vera mjög á reiki hvernig ætti að framfylgja þeim. Mig langar, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér hluta af þeirri fjölmiðlaumræðu sem var þá og ekki síst finnst mér rétt að vekja athygli á svörum fulltrúa lögreglustjóra. Tilvitnunin er í dagblaðið Tímann laugardaginn 12. sept. sl.:

„Dæmi eru um að mjög ungir krakkar séu ráðnir til vinnu á vínveitingahúsum. Tíminn hefur dæmi um það að 16 ára stúlkur séu ráðnar til vinnu í sal á vínveitingahúsum. Sigurður Guðmundsson sagði að fyrir nokkrum árum hefðu vínveitingahús verið með 12–13 ára stúlkur í vinnu. Signý Sen, fulltrúi lögreglustjóra, sagði að samkvæmt reglugerð sem sett var í samræmi við lög um vernd barna og ungmenna megi stúlkur yngri en 18 ára ekki vinna á stöðum þar sem ætla megi að siðferðiskennd þeirra sé misboðið. Ekki má selja ungmennum yngri en 20 ára áfengi og sagði Signý að hún vildi að vínveitingahús settu þá reglu að ráða ekki fólk yngra en 20 ára til starfa. Signý sagði hins vegar að hins vegar mættu 16 ára ungmenni, sem fara á samning hjá meistara, vinna á veitingahúsum."

Í kjölfarið á þessari tilvitnun sem er nú lokið vil ég spyrja: Hvað er óljóst? Af hverju er bara verið að tala um stúlkur? Eru ekki þessi ákvæði skýlaus og er ekki hægt að fara eftir þeim?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hvað varðar 1., 2. og 3. lið fsp. er því til að svara að á gildistíma laga um vernd barna og ungmenna sem féllu úr gildi um sl. áramót þótti skorta á skýr ákvæði í lögum til þess að rækja markvisst eftirlit af því tagi sem spurt er um og þar með beita viðurlögum þegar svo ætti við. Þar sem lagaákvæðin þóttu óljós verður vart svarað svo að vel fari 2. og 3. lið fsp.

Með lögum nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, sem tóku gildi um síðustu áramót eru komin skýr lagaákvæði um að ungmenni innan 18 ára aldurs megi ekki starfa á stöðum sem hafi leyfi til áfengisveitinga nema það sé liður í viðurkenndu iðnnámi. Viðurlög við því að brjóta ákvæðið er missir á leyfi til áfengisveitinga. Nú þegar hefur forvarnadeild lögreglunnar í Reykjavík hafið undirbúning að því að framkvæma eftirlit með því að þetta ákvæði sé haldið. Þar sem gildistími laga nr. 58/1992 er aðeins þrír mánuðir liggja ekki fyrir tölulegar upplýsingar um það hvort eða í hve miklum mæli hefur verið brotið gegn framangreindu ákvæði laganna né hvort beitt hefur verið viðurlögum af þeim sökum.

Á gildistíma eldri laga um vernd barna og ungmenna var það að verulegu leyti háð samstarfsvilja veitingamanna við lögreglu og barnaverndaryfirvöld að ungmenni innan 18 ára aldurs væru ekki ráðin til starfa á veitingahúsum og skemmtistöðum. Að sögn lögreglunnar í Reykjavík var reynt að stuðla að því eftir mætti með tilmælum frá hendi svokallaðs vínhúsaeftirlits og væntanlega barnaverndarnefndar að ungmenni á framangreindu aldursskeiði væru ekki að störfum á veit-

ingahúsum. Að sögn lögreglunnar mun yfirleitt hafa verið orðið við þeim óskum. Það mun hafa verið fremur sjaldgæft að ágreiningsmál eða kærur af þessu tagi kæmu til meðferðar lögreglu eða barnaverndaryfirvalda. Olli það erfiðleikum við meðferð þeirra mála sem upp komu hvað lagaákvæði voru óskýr. Engar kærur eða kvartanir af þessum toga hafa heldur komið fyrir barnaverndasrráð síðustu 10 ár a.m.k. Á hinn bóginn var í nokkrum tilfellum leitað álits eða túlkunar barnaverndarráðs á eldri lögum um dvöl barna og ungmenna á áfengisstöðum eða skemmtistöðum og um störf ungmenna á þessum stöðum sérstaklega í tengslum við iðnnám.

Eins og nú háttar er eftirlit með dvöl ungmenna eða starfi þeirra á veitingastöðum í Reykjavík í höndum svokallaðs vínhúsaeftirlits. Áður fyrr starfaði það undir dómsmrn. en nú undir forvarnadeild lögreglunnar í Reykjavík. Fjórir menn sinna þessu sérstaka eftirliti með þeim 105 veitingastöðum sem starfræktir eru í Reykjavík. Þeim sem starfa að eftirlitinu nú hefur á sérstökum fundi lögreglunnar verið kynnt ákvæði núgildandi laga um að lagt sé bann við því að ungmenni innan 18 ára starfi á veitingastöðum. Dreifibréf hefur verið sent til allra veitingahúsa í Reykjavík sem og að lögreglan hefur látið útbúa veggspjöld þar sem þetta er kynnt. Það verður innan tíðar sent öllum veitinga- og skemmtistöðum borgarinnar.

Um þessar mundir er starfandi nefnd dómsmrh. sem ætlað er að fjalla um framkvæmd reglna varðandi veitinga- og skemmtistaði þar sem m.a. verði fjallað um tilhögun á eftirliti með þessari starfsemi. Í reglugerð sem fyrirhugað er að setja með samvinnu barnaverndaryfirvalda við aðrar stofnanir, sbr. 6. mgr. laga um vernd barna og ungmenna frá 1992, verður væntanlega nánar fjallað um samstarf lögreglu og barnaverndaryfirvalda, þar á meðal með hvaða hætti þessir aðilar koma til með að rækja eftirlit með störfum ungmenna innan 18 ára aldurs á vínveitingahúsum.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svör hennar og fagna því að nú á að verða hér bragarbót á og ekki vanþörf á. Mér finnst það íhugunarefni að slík mál skuli ekki hafa komið til kasta barnaverndarnefndar eða barnaverndarráðs, kærur og þess háttar í ljósi þeirrar umræðu sem varð hér í haust, en þar kom m.a. fram mjög glögglega hjá forsvarsmönnum Félags starfsfólks í vínveitingahúsum að það hafi verið einhver dæmi þess að unglingar hafi beinlínis leiðst út í óreglu í kjölfarið á slíkri vinnu. Og auðvitað er mjög erfitt að sætta sig við að það skuli verið að skapa sérstakar aðstæður til þess að kannski setja unglinga í aukna áhættu. Það hafa einnig verið brögð að því að greitt hafi verið fyrir vinnu í vínveitingahúsum með áfengi sem út af fyrir sig er brot á sjálfsagt mörgum lögum, en það er mjög alvarlegt þegar það er jafnframt staðreynd að ungir og óharðnaðir unglingar hafi verið við störf á slíkum veitingastöðum þannig að ég held að það sé full ástæða til þess að fylgja þessum lagaákvæðum barnaverndarlaga fast og vel eftir og ég fagna því að mér heyrist á hæstv. félmrh. að hún hafi fullan hug til þess.

Greiðsluerfiðleikalán, ein umr.

Fsp. VS, 487. mál. — Þskj. 835.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 835 til hæstv. félmrh. um greiðsluerfiðleikalán sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Mun ráðherra beita sér fyrir því að Húsnæðisstofnun ríkisins veiti greiðsluerfiðleikalán?"

Um ástæðu þess að ég legg fram þessa fsp. þarf varla að hafa mörg orð. Við búum við gerbreyttar aðstæður í okkar þjóðfélagi. Ráðstöfunartekjur hafa minnkað. Fólk missir atvinnuna í stórum stíl og er þar af leiðandi komið í gríðarlega erfiðleika með að standa í skilum með sínar fjárskuldbindingar.

Auðvitað spilar þarna inn í að hér hafa vextir verið allt of háir á síðustu árum og það var t.d. fyrsta verk núv. ríkisstjórnar að hækka vexti. En ég ætla ekki að neita því að ýmsir hafa reist sér hurðarás um öxl og farið út í allt of miklar og glannalegar fjárfestingar og eins má nefna það að bankarnir hafa líka stundað glannalega útlánastefnu. En það breytir hins vegar ekki því að fólk er að missa ofan af sér húsin og aðrir eru í biðstöðu, bíða eftir því að ríkisstjórnin taki á þessu máli, trúa því að ríkisstjórnin geti ekki horft aðgerðalaus á allt þetta gerast þar sem hún ber að sjálfsögðu mikla ábyrgð á ástandinu, og hver græðir svo sem á þessum gjaldþrotum sem hafa í för með sér mikla óhamingju og oft og tíðum upplausn heimila?

Ég býst við því að það þurfi að breyta lögum til þess að heimilt sé að veita greiðsluerfiðleikalán. Í gær rann út frestur til þess að leggja fram þingmál hér á hv. Alþingi þannig að þau verði tekin fyrir á þessu vorþingi án afbrigða en það bólaði ekkert á slíku máli frá hæstv. félmrh. og því er ég spennt að heyra hver svör hennar verða hér á eftir.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Þann tíma sem Húsnæðisstofnun ríkisins hefur veitt lánafyrirgreiðslu vegna greiðsluerfiðleika eða frá 1985 hafa samtals verið veitt 7.200 greiðsluerfiðleikalán. Heildarfjárhæðin er um 5,8 milljarðar á núverandi verðlagi. Þessi langvinni greiðsluvandi íbúðakaupenda varð til þess að sérstakt mat á greiðslugetu var sett sem skilyrði fyrir fyrirgreiðslu í húsbréfakerfinu þegar það var tekið upp árið 1989. Á sama hátt var greiðslumat gert að skilyrði fyrir möguleikum á kaupum á félagslegri íbúð þegar lög um félagslegar íbúðir voru samþykkt á Alþingi 1990. Þannig er mat á greiðslugetu í dag algert skilyrði fyrir lánafyrirgreiðslu í húsnæðiskerfinu.

Höfuðmarkmið greiðslumatsins er að draga úr líkum á að íbúðakaup leiði til greiðsluvanda. Enginn dregur í efa að greiðslumatið á rétt á sér og hefur oft

forðað fólki frá greiðsluvandræðum. Greiðslumatið getur hins vegar aldrei verið örugg trygging gegn vanskilum. Það er byggt á upplýsingum á tekjum á þeim tíma sem matið fer fram, en forsendur geta breyst.

Ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar sem hefur allt frá 1985 veitt almenningi ráðgjöf varðandi íbúðafjárfestingu og aðstoðað fólk í vanda við að endurmeta íbúðakaup. Ráðgjafar stofnunarinnar hafa því langa reynslu og yfirgripsmikla þekkingu á þessu máli. Athuganir ráðgjafanna benda til að jafnan séu mikil skammtímalán, aðallega hjá bönkum og sparisjóðum, helsta ástæða greiðsluvanda frekar en lán byggingarlánasjóðanna og sama gildir nú, enda hefur fyrirgreiðsla stofnunarinnar vegna greiðsluerfiðleika að stórum hluta hafnað í bankakerfinu. Úttekt sem gerð var á afgreiðslu greiðsluerfiðleikalána á árunum 1988 og 1989 leiddi í ljós að rúmlega helmingur eða 55% útborgaðra greiðsluerfiðleikalána fóru til greiðslu á vanskilum íbúðaeigenda og öðrum skuldum hjá bönkum og sparisjóðum. Um 10–20% fóru til greiðslu á vanskilum hjá Húsnæðisstofnun og svipað hlutfall til greiðslu vegna krafna frá lögfræðingum.

Á undanförnum mánuðum hefur verið aukin ásókn í ráðgjöf hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Þá má greina að skilin á greiðslum til byggingarlánasjóðanna eru aðeins lakari en áður. Ef athuguð er staða hjá Byggingarsjóði ríkisins miðað við gjalddaga lána í febrúar sl. voru skilin 2% lakari en fyrir ári síðan. Um 63% afborgana höfðu skilað sér í febrúarlok saman borið við 65% í fyrra.

Í árslok 1991 námu langtímaútlán Byggingarsjóðs verkamanna tæpum 20 milljörðum. Vanskil voru ríflega 1% af þeirri fjárhæð. Í árslok 1992 voru útlánin orðin ríflega 25 milljarðar og vanskilin aðeins hærri en áður eða 1,5% af útlánum. Sé hins vegar litið til þess hve margir eru í vanskilum við byggingarlánasjóðin miðað við 1. ágúst í fyrra eða fyrr kemur í ljós að 2.054 lántakendur hjá Byggingarsjóði ríkisins hafa ekki greitt af lánum sínum, þ.e. nærri 5% lántakenda.

Hjá Byggingarsjóði verkamanna voru 651 lántakandi í vanskilum eða sem næst 14% lántakenda. Ég hef óskað eftir því að fram fari sérstök úttekt á ástæðum þessara vanskila hjá byggingarsjóðunum. Áður en gripið er til aðgerða er nauðsynlegt að athuga eðli og umfang þess vanda sem nú er við að etja og gaumgæfa vel möguleg úrræði. Ég tel ekki ástæðu til að grípa til almennra aðgerða varðandi greiðsluerfiðleika eins og áður hefur verið gert og ekki rétt að gefa tilefni til væntinga um það úti í þjóðfélaginu. Ég tel hins vegar mjög mikilvægt að skoða sérstaklega strax hvaða aðgerðum má beita til að aðstoða fólk sem er í miklum greiðsluvanda vegna atvinnuleysis og mjög sérstakra erfiðleika. Á vegum félagamála-, fjármála- og viðskiptaráðuneytis er nú verið að athuga stöðu þessara mála og til hvaða aðgerða unnt er að grípa.

Hjá Húsnæðisstofnun er nú unnið að greiningu á vanskilum lántakenda hjá byggingarlánasjóðunum og þróun þeirra. Lítið er vitað um vanskil einstaklinga hjá bönkum vegna íbúðalána en þau eru talin hafa aukist undanfarið. Athuga þarf hvernig hægt er að koma ráðum til fólks í vanda vegna tekjusamdráttar eða atvinnuleysis og auðvelda því að komast í minna og ódýrara húsnæði. Möguleikar til slíkra aðgerða eru betri nú með tilkomu húsbréfanna en var áður.

Mikilvægt er að komið verði á samráði milli Húsnæðisstofnunar, banka og lífeyrissjóða um skuldbreytingar og endurskipulagningu fjármála hjá þeim sem verst eru settir vegna til að mynda atvinnuleysis og mikils tekjubrests. Þá þarf að kanna nánar þær aðferðir sem Norðmenn hafa notað til að greiða úr greiðsluvandamálum og kynntar voru hér á landi nýlega. Fleiri leiðir þarf að kanna til hlítar, t.d. hvort hægt er að fresta vanskilainnheimtu og koma í veg fyrir gjaldþrotameðferð meðan leitað er lausna á greiðsluvandanum. Fleiri atriði geta komið til skoðunar sem ástæðulaust er að tíunda nánar fyrr en niðurstaða liggur fyrir um færar leiðir til lausnar á þeim erfiðleikum sem blasa við íbúðakaupendum í dag.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég veit að hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur liggur það eitt til grundvallar að reyna að bæta hag þeirra manna sem eiga í erfiðum vanskilum með því að bera fram þessa fsp. sína. Þess vegna fannst mér það skjóta nokkuð skökku við að hún reyndi í sínu máli að gera þessa ríkisstjórn sem núna situr með einhverjum hætti ábyrga fyrir því og greindi frá að það væri hækkun raunvaxta sem ylli þessu að verulegu leyti og þessi ríkisstjórn hefði hækkað raunvexti þegar hún tók við völdum.

Staðreyndin er sú að allan síðasta áratug hafa heildarskuldir heimilanna aukist verulega og ekki hvað síst meðan Framsfl. fór með forustu. Frá því 1981 hefur þessi skuldaaukning hins vegar orðið minnst árið 1992 eða 5,5%. Vitaskuld er það rétt að það er hækkun raunvaxta, það er lánskjaravísitalan og það er síðast en ekki síst það laka atvinnuástand sem við búum við núna sem veldur því að sennilega eru erfiðleikarnir ekki nærri því komnir fram að fullu. Það þarf að taka á þessum málum með einhverjum hætti og þess vegna hafa þingmenn Alþfl. lagt hér fram þáltill. um að sett verði lög um greiðsluaðlögun einmitt fyrir fólk sem er í þessum vanda.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem komið hefur fram að það vandamál sem við blasir núna á rætur að rekja allt til síðasta áratugar og það er sannarlega mjög alvarlegt mál á góðærisárunum 1980–1990 skyldu skuldir heimilanna vaxa jafnmikið og raun ber vitni og svo nú þegar þrengingar koma yfir þjóðina og þá heimilin líka, þá er viðnámsþol hinna lægst launuðu og heimilanna í landinu jafnlítið og raun ber vitni af því að heimilin komu jafnilla undan góðærinu og hér hefur komið fram. Það er mikilvægt að á skuldamálum heimilanna verði tekið og ég treysti hæstv. félmrh. best af öllum til þess að hafa um það forustu og trúi því að þær ráðstafanir sem hún er að undirbúa og komu fram í máli hennar eigi eftir að treysta þann grundvöll sem nauðsynlegt er að gera.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér rétt að það hafa hvað eftir annað orðið miklar kollsteypur í húsnæðismálum, m.a. vegna aðgerða ríkisstjórna á fyrri árum og þar er skemmst að minnast þess að 1983 var launavísitölunni kippt úr sambandi. 1986 var sett á fót nýtt kerfi í húsnæðismálum sem lenti í algeru þroti og var síðan reynt að taka á því en nú eru nýir þættir sem komnir eru til sögunnar sem eru atvinnuleysi og mikill samdráttur í vinnu og þar með tekjum og spurningin er hvernig eigi að taka á því. Ég vil taka undir það sem hefur komið fram í þessari umræðu að það er mjög brýnt að horfa á þessi mál í ljósi þess ástands sem nú ríkir og hvernig hægt verði að aðstoða það fólk sem er að lenda í vanskilum og erfiðleikum, en það á sér auðvitað rætur í fortíðinni og þeirri miklu verðbólgu og háu vöxtum sem hér hafa verið á undanförnum árum og á þetta þarf allt að horfa í samhengi.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er rétt sem kom hér fram hjá hv. 17. þm. Reykv. að mér gengur gott eitt til með því að leggja fram þessa fsp. Og þó ég nefndi það að hæstv. núsitjandi ríkisstjórn hefði byrjað á því að hækka vexti, þá er það ekki nema staðreynd. Ég skal líka taka undir það með hv. þm. að vextir voru einnig of háir í tíð fyrri ríkisstjórna.

Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin en það kom m.a. fram í hennar máli að það sé ekki rétt að gefa væntingar um greiðsluerfiðleikalán og það er þá í sjálfu sér gott að það liggur fyrir vegna þess að fólk er að bíða eftir því og er að vonast til að þetta yrði gert. Ráðherra talaði um samstarf um skuldbreytingar á milli banka og Húsnæðisstofnunar og það er atriði sem mér finnst mikilvægt og eins það að reyna með einhverju móti að koma í veg fyrir gjaldþrot og allar þær hörmungar sem því fylgja.

Hv. 17. þm. Reykv. minntist hér á þingmál sem hann hefur lagt fram í gær ásamt öðrum hv. þm. Alþfl. og ég segi þá eins og hv. þm. að ég vona að honum gangi ekki nema gott eitt til með því að leggja fram þetta þingmál og ég styð það að sjálfsögðu. En það sem ég óttast er það að þó svo að þessi tillaga yrði samþykkt á þessu þingi, þá kæmi ekki lagafrv. fram fyrr en á haustþingi sem hugsanlega yrði þá samþykkt sem lög frá Alþingi fyrir áramót og þá yrði ekki hægt að grípa til aðgerða og þetta blessað fólk sem stendur í þessum erfiðleikum fengi ekki afgreiðslu í samræmi við þau lög fyrr en þá eftir um það bil ár og það er bara of langur tími. Þess vegna vil ég eindregið hvetja hæstv. félmrh. til þess að vinna hratt, og þó svo ekki verði farið út í það að veita greiðsluerfiðleikalán, þó er þetta samstarf um skuldbreytingar sem hæstv. ráðherra nefndi aðgerð sem verður að eiga sér stað og getur komið að gagni ef rétt er staðið að málum.

Fundi slitið kl. 12.45 miðdegis.

---

150. FUNDUR

fimmtudaginn 1. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning eins manns í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna í stað Svavars Gestssonar alþm., skv. 30. gr. laga nr. 59 1. júní 1983, um heilbrigðisþjónustu, til 20. desember 1995.

2. Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, stjfrv., 421. mál, þskj. 717, nál. 798. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Dýrasjúkdómar, stjfrv., 287. mál, þskj. 418, nál. 804, brtt. 805. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Neytendalán, stjfrv., 14. mál, þskj. 14, nál. 841, brtt. 842. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Stjórnarráð Íslands, stjfrv., 206. mál, þskj. 247. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Fjarskipti, stjfrv., 138. mál, þskj. 836. — 3. umr.

7. Síldarverksmiðjur ríkisins, stjfrv., 115. mál, þskj. 876. — 3. umr.

8. Sementsverkmsiðja ríkisins, stjfrv., 211. mál, þskj. 252, nál. 753 og 869. — 2. umr.

9. Norræni fjárfestingarbankinn, stjfrv., 454. mál, þskj. 790. — 1. umr.

10. Frumkvöðlar í atvinnulífinu, þáltill., 244. mál, þskj. 313. — Fyrri umr.

11. Rannsóknir og þróun fiskeldis fram til aldamóta, þáltill., 351. mál, þskj. 630. — Fyrri umr.

12. Ráðstafanir til að efla fiskeldi, þáltill., 513. mál, þskj. 870. — Fyrri umr.

13. Aukin hlutdeild raforku í orkubúskap þjóðarinnar, þáltill., 185. mál, þskj. 212. — Fyrri umr.

14. Húsnæðisstofnun ríkisins, frv., 402. mál, þskj. 696. — 1. umr.

15. Réttindi þeirra sem ekki hafa atvinnu, frv., 428. mál, þskj. 728. — 1. umr.

16. Ráðherraábyrgð, frv., 342. mál, þskj. 621. — Frh. 1. umr.

17. Lagaráð Alþingis, frv., 441. mál, þskj. 755. — 1. umr.

Útbýting þingskjala:

Alþjóðasamningur um viðbúnað gegn olíumengun, 535. mál, stjtill., þskj. 893.

Búfjárhald, 512. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 865.

Eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, 542. mál, stjfrv., þskj. 900.

Erlendar fjárfestingar á Íslandi, 526. mál, fsp. EKG, þskj. 884.

Fjárfesting Íslendinga erlendis, 527. mál, fsp. EKG, þskj. 885.

Framleiðsla og sala á búvörum, 541. mál, stjfrv., þskj. 899.

Heimild til að selja jörðina Lönguhlíð í Vallahreppi, 518. mál, frv. JónK o.fl., þskj. 875.

Ofbeldi gegn konum á Íslandi, 529. mál, þáltill. SvG og ISG, þskj. 887.

Samningur um verndun villtra plantna og dýra í Evrópu, 533. mál, stjtill., þskj. 891.

Samþykkt um votlendi, 534. mál, stjtill., þskj. 892.

Sandfok á Mývatnssvæðinu, 532. mál, fsp. PJ, þskj. 890.

Stefnumótun í ferðamálum, 531. mál, þáltill. TIO o.fl., þskj. 889.

Vegur milli Þingvalla og Hvalfjarðar um Leggjabrjót, 523. mál, þáltill. IP og GÁ, þskj. 881.

Um þingsköp.

Fyrirspurn um bætur vegna þorskaflabrests.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Þann 12. febr. sl. var útbýtt á borð þingmanna fsp. frá mér til hæstv. forsrh. um bætur vegna þorskaflabrests. Fsp. þessi er á þskj. 632. 25. febr. kom málið síðan á dagskrá þingsins eftir að starfsmaður þingsins hafði leitað eftir því við mig daginn áður hvort það væri ekki í lagi mín vegna. Ég taldi það vera í lagi. Morguninn þann 25. er mér tilkynnt að þau mistök hefðu orðið að fsp. hefði ekki átt að koma á dagskrá. Fsp. hefur ekki komið á dagskrá síðan en í 49. gr. þingskapa segir svo, með leyfi forseta:

„Á sérstökum þingfundi skal forseti taka á dagskrá fyrirspurnir er útbýtt hefur verið í síðasta lagi þremur virkum dögum fyrir fundinn. Fyrirspurn skal þó að jafnaði ekki tekin á dagskrá síðar en átta virkum dögum eftir að henni var útbýtt."

Nú eru liðnar tæpar sjö vikur frá því að þessari fsp. var útbýtt og henni er ósvarað enn. Það er hlutverk hæstv. forseta að sjá svo um að þingsköpin séu haldin og því vil ég spyrja forseta hvers vegna þessari fsp. hafi enn ekki verið svarað og hvers vegna hún hafi ekki komst á dagskrá á þessum tíma sem liðinn er. Í öðru lagi var fyrirspurnatíminn í morgun raunverulega síðasti fyrirspurnatími fyrir páska og næsti fyrirspurnatími getur ekki orðið fyrr en í fyrsta 15. apríl. Það munu því líða a.m.k. níu vikur frá því að fsp. var lögð fram og þar til henni verður hugsanlega svarað.

Nú heyrði ég það í fréttum hádegisútvarpsins að fréttamenn hefðu verið að leita eftir sambærilegu svari frá hæstv. forsrh. því nú eru liðnir rúmlega 230 dagar frá því að hæstv. forsrh. lýsti því yfir á tröppum Stjórnarráðsins þriðjudaginn 11. ágúst að þetta yrði allt saman klárt á föstudeginum, eða þann 14. ágúst. Þá yrðu þessar bætur greiddar út sem yrðu á bilinu frá 11 millj. kr. og niður í nokkur hundruð þúsunda. Útgerðarmenn hafa haldið sínum fyrirtækjum gangandi í trausti þessa loforðs hæstv. forsrh. en ekkert bólar á þessum peningum. Þetta er kannski hin efnislega umræða um málið sem við munum ræða þegar að því kemur að fsp. verður svarað. En ég ítreka spurningu mína til hæstv. forseta.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Þetta er hárrétt hjá þingmanninum. Það hefur dregist að þessari fsp. hafi verið svarað og auðvitað er það við mig að sakast en ekki forseta þingsins. En það er rétt að geta þess, sem menn vita, að í raun hefur þessari spurningu margoft verið svarað í umræðum um einstaka þætti hér í þinginu þannig að það hefur ekki komið að sök og þar hefur þess verið getið að þetta mál yrði til lykta leitt um leið og niðurstaða fengist varðandi þróunarsjóð. Það hef ég margoft tekið fram og þetta hafa þingmenn vitað.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég skil 49. gr. þingskapanna á þann hátt að það sé forseta þingsins að fylgja því eftir að eftir þingsköpum sé farið. Það kann vel að vera að ástæðan fyrir því að fsp. hefur ekki verið svarað sé sú að hæstv. forsrh. hafi ekki haft tíma né tækifæri til þess. Hins vegar er það forseta þingsins að fylgja því eftir að við þingsköpin sé staðið og það skiptir höfuðmáli. Af því beindi ég spurningu minni til hæstv. forseta þingsins en ekki hæstv. forsrh. Það er ekki forsrh. sem þarf að svara þessari spurningu heldur forseti þingsins: Hvenær má búast við því að fsp. verði svarað?

Hitt er svo aftur annað mál og það ræðum við þegar að því kemur að fsp. verði svarað, en það er efnisleg umræða um málið sem slík.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er rétt sem fram kom hjá hv. 11. þm. Reykv. að það er forseta þingsins að fylgja því eftir að fyrirspurnum sé svarað og yfirleitt erindum sem berast þinginu, en hæstv. forsrh. er sá sem þetta mál varðar. Hann gaf þau svör sem hann hafði tiltæk.

Kosning eins manns í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna í stað Svavars Gestssonar alþm., skv. 30. gr. laga nr. 59 1. júní 1983, um heilbrigðisþjónustu, til 20. desember 1995.

Fram kom einn listi með einu nafni og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kjörin væri án atkvæðagreiðslu:

Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.

Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, frh. 2. umr.

Stjfrv., 421. mál (aðfararhæfi eldri úrskurða). — Þskj. 717, nál. 798.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, JJ, KSG, KÁ, MF, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, ÖS.

22 þm. (AÓB, ÁJ, EGuðn, FrS, GuðmS, HÁ, HBl, HG, LMR, LRM, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, StG, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞÞ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, JJ, KSG, KÁ, MF, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, ÖS.
22 þm. (AÓB, ÁJ, EGuðn, FrS, HÁ, HBl, HG, JGS, LMR, LRM, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, StG, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞÞ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, JJ, KSG, KÁ, MF, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, ÖS.
22 þm. (AÓB, ÁJ, EGuðn, FrS, GuðmS, HÁ, HBl, HG, LMR, LRM, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, StG, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞÞ) fjarstaddir.

Dýrasjúkdómar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 287. mál (heildarlög). — Þskj. 418, nál. 804, brtt. 805.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, JJ, KSG, KÁ, MF, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, ÖS.
22 þm. (AÓB, ÁJ, EGuðn, FrS, HÁ, HBl, HG, LMR, LRM, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞÞ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, JJ, KSG, KÁ, MF, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, ÖS.
21 þm. (AÓB, ÁJ, EGuðn, FrS, HÁ, HBl, HG, LMR, LRM, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, StG, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞÞ) fjarstaddur.

Brtt. 805,1 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, JJ, KSG, KÁ, MF, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, SvG, VE, ÖS.

20 þm. (AÓB, ÁJ, EGuðn, FrS, HÁ, HBl, HG, LMR, LRM, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, StG, SJS, TIO, VS, ÞorstP, ÞÞ) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
4.–6. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 805,2 samþ. án atkvgr.
7. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
8.–10. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 805,3 (ný 11. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 805,4 samþ. án atkvgr.
12. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 805,5 samþ. án atkvgr.
13. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
14. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 805,6 (ný 15. gr.) samþ. án atkvgr.
16.–18. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 805,7 samþ. án atkvgr.
19. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
20.–26. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 805,8 samþ. án atkvgr.
27. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 805,9 (ný 28. gr.) samþ. án atkvgr.
29.–30. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 805,10 samþ. án atkvgr.
31. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Ákv. til brb. samþ. án atkvgr.
Brtt. 805,11–12 samþ. án atkvgr.
Viðaukar 1 og 2, svo breyttir, samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, JJ, KSG, KÁ, MF, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, SvG, VE, ÖS.
19 þm. (AÓB, ÁJ, EGuðn, FrS, HÁ, HBl, HG, LMR, LRM, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, StG, SJS, TIO, VS, ÞorstP, ÞÞ) fjarstaddir.

Neytendalán, frh. 2. umr.

Stjfrv., 14. mál. — Þskj. 14, nál. 841, brtt. 842.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 842,1 (ný 1. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, JJ, KSG, KÁ, MF, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, VE, ÖS.
21 þm. (AÓB, ÁJ, EGuðn, FrS, HÁ, HBl, HG, JÁ, LMR, LRM, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, StG, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞÞ) fjarstaddur.

Brtt. 842,2 samþ. án atkvgr.
2. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,3 samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,4 samþ. án atkvgr.
4. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
5. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,5 samþ. án atkvgr.
6. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,6 samþ. án atkvgr.
7. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
8. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,7 samþ. án atkvgr.
9. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,8 (ný 10. gr.) samþ. án atkvgr.
11. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,9 samþ. án atkvgr.
12. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,10 (ný 13. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,11 (kaflanúmer og kaflafyrirsögn III. kafla falli brott) samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,12 samþ. án atkvgr.
14. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,13 (ný 15. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,14 (ný 16. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,15 (17.–19. gr. falli brott) samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,16 samþ. án atkvgr.
20. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,17 (ný 21. gr., verður 18. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,18 samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,19 (22. gr. falli brott) samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,20 (kaflanúmer og kaflafyrirsögn VII. kafla falli brott) samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,21 (ný 23. gr., verður 19. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,22 (24.–29. gr. falli brott) samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,23 samþ. án atkvgr.
30. gr. (verður 20. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,24 samþ. án atkvgr.
31.–33. gr. (verða 21.–23. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,25 (ný 34. gr., verður 25. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,26 (35. gr. falli brott) samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,27 (36. gr., verður 24. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 842,28 (ný 37. gr., verður 26. gr.) samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, JJ, KSG, KÁ, MF, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, SvG, VE, ÖS.
18 þm. (AÓB, EGuðn, FrS, HÁ, HBl, HG, LMR, LRM, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, StG, SJS, TIO, VS, ÞorstP, ÞÞ) fjarstaddir.

Stjórnarráð Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 206. mál (iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti). — Þskj. 247.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, JJ, KSG, KÁ, MF, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, VE, ÖS.
19 þm. (AÓB, EGuðn, FrS, HÁ, HBl, HG, LMR, LRM, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, StG, StH, SJS, TIO, VS, ÞorstP, ÞÞ) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, JJ, KSG, KÁ, MF, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, VE, ÖS.
20 þm. (AÓB, EGuðn, FrS, HÁ, HBl, HG, LMR, LRM, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, StG, StH, SJS, TIO, VS, ÞorstP, ÞÞ) fjarstaddir.

Norræni fjárfestingarbankinn, 1. umr.

Stjfrv., 454. mál. — Þskj. 790.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):
Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum og um að staðfesta breytingar á samþykktum bankans. Þetta frv. felur í sér nokkrar breytingar fyrir Norræna fjárfestingarbankann. Allt frá stofnun hefur bankinn reynst okkur Íslendingum, bæði opinberum aðilum og einkaaðilum heilladrjúg uppspretta lánsfjár með hagstæðum kjörum. Starfsemi hans hefur í reynd verið mun meiri hér á landi en svarar eignarhlut okkar í honum. Norræni fjárfestingarbankinn nýtur mikillar virðingar og álits í hinum alþjóðlega fjármálaheimi. Ég tel að því ótvíræðan feng fyrir okkur að Ísland skuli vera einn af eigendum hans.

Breytingarnar sem fjallað er um í þessu frv. eru bæði nauðsynlegar og skynsamlegar að mati allra þeirra sem um það hafa fjallað á vettvangi norrænu

ráðherranefndarinnar. Það er mín von að víðtæk samstaða geti tekist um frv. og það fái skjóta afgreiðslu hér á Alþingi.

Virðulegi forseti. Efni frv. er þríþætt og er fjallað um hvern efnisþátt úr af fyrir sig í þremur megingreinum þess. Með því er verið að leita staðfestingar Alþingis á breytingum á samþykktum bankans sem norræna ráðherranefndin hefur lagt til.

Í fyrsta lagi samþykkti ráðherranefndin í desember árið 1991 að auka skyldi stofnfé bankans um 800 millj. SDR, sem er skammstöfun á heiti reikningseiningar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sérstakra dráttarréttinda, frá og með 1. apríl nk. úr 1.600 millj. sérstakra dráttarréttinda í 2.400 millj. sérstakra dráttarréttinda. Eftir hækkunina samsvarar stofnfé bankans um 217 milljörðum kr. Eins og fyrr þegar stofnfé bankans hefur verið aukið er lagt til að aðildarríkin greiði aðeins hluta aukningarinnar í reiðufé. Í hlut Íslands falla 0,9% af þessari 800 millj. SDR aukningu, eða 7,2 millj. SDR. Eftir hlutafjáraukninguna nemur hlutur Íslands 22,8 millj. SDR. Innborgað stofnfé á árinu 1992 nemur samtals 243 millj. SDR, eða um 22 milljörðum kr. Ég tek það fram að greiðsla Íslendinga á þessu ári nemur svipaðri fjárhæð og arður Íslendinga var af rekstri bankans á liðnu ári.

Eftir að reikningseiningu bankans verður breytt úr SDR í evrópskar mynteiningar, ECU, verður fjárhæðin í ECU miðuð við gengishlutfall SDR og ECU hinn 1. mars sl.

Þetta var fyrsti þáttur frv. Í öðru lagi fjallar það um aðstoð við Eystrasaltsríkin. Það má segja með nokkrum sanni að Norðurlöndin hafi tekið Eystrasaltsríkin upp á arma sína eftir að Sovétríkin liðuðust sundur. Það er eðlilegt vegna sögulegra og landfræðilegra tengsla og ekki síður vegna þess að Norðurlöndin skilja vanda og þarfir annarra fámennra ríkja betur en stórþjóðirnar gera. Norðurlöndin hafa hvert um sig veitt Eystrasaltsríkjunum aðstoð en þau hafa líka tekið höndum saman um stærri verkefni á myndarlegan hátt. Norræna ráðherranefndin samþykkti 27. apríl 1992 aðstoð við Eystrasaltsríkin og var samþykktin í samræmi við ákvörðun fjármálaráðherra Norðurlanda 4. mars í fyrra um að hrinda í framkvæmd sérstakri fjárfestingaráætlun fyrir þessi þrjú ríki. Að því er Norræna fjárfestingarbankann varðar er samþykktin tvíþætt. En einnig er skýrt frá öðrum þáttum hennar í greinargerð frv.

Fyrri þátturinn gerir grein fyrir beinum fjárframlögum Norðurlandanna til að styrkja tæknilega uppbyggingu fjármagnsstofnana og einkafyrirtækja í þessum þremur löndum. Þessi framlög verða veitt með þrennum hætti. Í fyrsta lagi gegnum Norræna fjárfestingarbankann, í öðru lagi gegnum Norræna verkefnaútflutningssjóðinn og í þriðja lagi fyrir tilstilli og milligöngu Evrópska endurreisnar- og þróunarbankans í London sem Íslendingar eru einnig aðilar að. Norræna fjárfestingarbankanum er falið það verkefni að veita fjárfestingarbönkunum þremur í Eystrasaltsríkjunum tæknilega ráðgjöf og aðstoða þá við þjálfun starfsfólks þannig að þeir geti sem fyrst gegnt því lykilhlutverki í fjárfestingaráætluninni sem þeirm er ætlað.

Þá er ætlunin að stofna sérstakan sjóð við Norræna fjárfestingarbankann sem mun veita lán til fjárfestingarverkefna í Eystrasaltsríkjum. Lánin verða veitt á markaðskjörum og lánsumsóknir metnar á almennum viðskiptaforsendum. Þessi lánaflokkur verður hins vegar með fullri ábyrgð ríkissjóða Norðurlandaríkjanna og hefur þar af leiðandi ekki áhrif á lánshæfi Norræna fjárfestingarbankans sérstaklega. Hámark þessarar lánafyrirgreiðslu verða 30 millj. ECU, evrópskrar mynteiningar, sem dreifist á þrjú ár. Það er gert ráð fyrir að Norðurlöndin greiði andvirði 150 þús. ECU í sjóðinn í upphafi og er gert ráð fyrir hluta Íslands í þeirri fjárhæð á lánsfjárlögum yfirstandandi árs.

Það er ekki gert ráð fyrir frekari fjárframlögum af hálfu Norðurlanda að sinni að minnsta kosti. Það verður þó að horfast í augu við að e.t.v. verða afföll af þessum lánum sem kynnu að lokum að lenda á ríkissjóðunum fimm. Ísland ber 0,9% af þeirri fjárhæð samkvæmt núgildandi reglum í fjárhagslegum samskiptum á samstarfsvettvangi Norðurlanda. Til þess að þetta sé unnt þarf að breyta samþykktum Norræna fjárfestingarbankans eins og greinir í 2. gr. þessa frv.

Þriðji og síðasti efnisþáttur frv. varðar breytingar á mynteiningu í reikningshaldi Norræna fjárfestingarbankans. Hingað til hefur reikningseiningin SDR, sérstök dráttarréttindi, sem er reikningseining Alþjóðagjaldeyrissjóðins, verið notuð. Nú þykir hins vegar rétt að hætta notkun SDR og miða reikningshald bankans í staðinn við Evrópsku mynteininguna ECU. Þetta er gert bæði vegna sívaxandi mikilvægis evrópsku mynteiningarinnar á alþjóðlegum lánamörkuðum og eins vegna þess að viðskiptavinir bankans nota hana yfirleitt fremur en SDR.

Virðulegi forseti. Ég mun ekki hafa fleiri orð um þetta frv. að sinni og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu frestað.

Fjarskipti, 3. umr.

Stjfrv., 138. mál (EES-reglur, Fjarskiptaeftirlit o.fl.). — Þskj. 836.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hafði skrifað undir nál. samgn. með fyrirvara en gat því miður ekki verið við 2. umr. um málið. Mér finnst mér því skylt að gera grein fyrir þeim fyrirvara. Hann átti einkanlega við það sem er eftir 2. umr. c-liður 5. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd fjarskiptamála, eftirlit með þeim og annað er þar að lýtur.“

Þetta hefði ég talið nægilegt í þessari grein en seinni málsliðurinn er:

„Honum er heimilt að setja reglugerðir á sviði fjarskipta að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna

skuldbindinga er leiðir af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið."

Þetta er sígild klausa sem nú kemur iðulega fyrir í frv. sem við erum hér að ræða, þ.e. það er verið að heimila viðkomandi ráðherrum að setja reglugerðir á þessu sviði vegna skuldbindinga sem leiða af EES-samningnum. Ég tel að í þessu frv. sé þetta alger óþarfi þar sem nefna má að t.d. í 2. mgr. 2. gr. segir: „Samgönguráðherra getur heimilað aðilum með staðfesturétti innan Evrópska efnahagssvæðisins, EES, að reka ákveðna tegund fjarskiptaþjónustu" o.s.frv.

Með þessu frv. er verið að gera ákveðnar breytingar um fjarskipti sem mjög margar eru til bóta en er þó verið að gera fyrst og fremst vegna þess að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði á að taka hér gildi á einhverjum næstu mánuðum sem ekki er vitað enn þá. Þetta frv. er fyrst og fremst sett fram til þess þó, eins og ég sagði áðan, margt í því sé mjög til bóta. Í umfjöllun nefndarinnar tókst að koma inn ýmsum þeim breytingum sem allir nefndarmenn voru sammála um.

Ég tel hins vegar að þær opnu reglugerðarheimildir sem hér er iðulega verið að setja inn í lög sem tengjast þessum samningi, EES-samningnum, séu svo galopnar að ekki sé við það unandi að slíkar heimildir séu inni og því er ég ósammála. Hins vegar er hér búin að fara fram 2. umr. og atkvæðagreiðsla um þetta frv. og ég styð frv. í heild þrátt fyrir það að ég sé ekki sátt við að þetta ákvæði sé þarna inni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Síldarverksmiðjur ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 115. mál. — Þskj. 876.

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Virðulegur forseti. Það urðu mér töluverð vonbrigði að ekki skyldi nást samkomulag um þær brtt. sem minni hluti sjútvn. flutti við þetta frv. um Síldarverksmiðjur ríkisins og mér fannst satt að segja furða hvað meiri hlutinn gekk hart fram í málinu að hann skyldi ekki teygja sig til móts við okkur í neinu af þeim atriðum sem við reyndum að koma fram til lagfæringar á frv. Ég vil minna á að m.a. lögðum við til að farið yrði hægt í að selja fyrirtækið og það yrðu sett þar mörk. Menn héldu meirihlutaeign ríkisins á fyrirtækinu um tíma meðan það sæist hvernig til hefði tekist með þessa breytingu. Við lögðum til að Alþingi kysi þessa menn sjálft á meðan meirihlutaeign væri ríkisins. Við lögðum til að það yrði komið á samstarfsnefndum á þeim stöðum þar sem þessar verksmiðjur eru reknar og við lögðum til að menn féllu frá því glapræði að skerða réttindi starfsmannanna. Þessar réttindaskerðingar hafa verið til umfjöllunar hjá lögfræðingum og það eru lögfræðialit með í þessum plöggum sem menn höfðu til að skoða í sambandi við þetta frv. þar sem það er mjög skýr niðurstaða að þarna væri verið að taka samningsbundin réttindi af mönnum og skaðabótaréttur mundi skapast fyrir utan það sem augljóst er að þeir, sem hafa þann rétt sem ríkisstarfsmenn nú í þessum fyrirtækjum hafa ráðningarsamning þar sem þeir fengju árslaun greidd ef þeirra starf yrði lagt niður, munu þegar við það að fyrirtækið verður að hlutafélagi missa þennan rétt ef ríkið verður þá ekki dæmt eða fyrirtækið til að greiða skaðabætur fyrir. Og það er þess vegna hægt að segja gömlum starfsmanni verksmiðjanna upp strax daginn eftir og þessi lög hafa tekið gildi.

Ég hef velt því fyrir mér síðan það lá fyrir eftir atkvæðagreiðsluna að engar af okkar tillögum voru teknar til greina, hvað ég ætti að gera við lokaafgreiðslu málsins. Ég greiddi atkvæði með 1. gr. frv. sem fjallaði um það að gera þetta fyrirtæki að hlutafélagi, en ég treysti mér ekki eftir að búið að fella allar okkar tillögur til þess að styðja þetta mál og ég hef komist að þeirri niðurstöðu að ég muni greiða atkvæði gegn því.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23:7 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, JóhS, JónS, JJ, KSG, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, ÖS.

nei: GHelg, JÁ, JVK, MF, PP, StH, SvG.

9 þm. (GuðmS, GÁ, ISG, IP, JGS, JónK, KÁ, LRM, ÞÞ) greiddu ekki atkv.

24 þm. (AÓB, DO, EGuðn, FI, FrS, HÁ, HBl, HG, IBA, JBH, JHelg, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, SighB, SP, StG, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Páll Pétursson:

Frú forseti. Við 2. umr. voru brtt. minni hluta felldar. Ég tel að það spor sem hér er verið að stíga sé mjög misráðið. Hér er verið að splundra þjóðþrifafyrirtæki sem á undanförnum áratugum hefur malað þjóðarbúinu gull. Það er mikil óvissa sköpuð í þeim byggðarlögum þar sem Síldarverksmiðjur ríkisins hafa verið burðarás í atvinnulífi og atvinnuöryggi starfsmanna SR er stefnt í hættu. Þá er ríkið augljóslega að skapa sér verulega skaðabótaskyldu vegna lífeyrismála starfsmanna. Ég segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 912).

Fjarskipti, frh. 3. umr.

Stjfrv., 138. mál (EES-reglur, Fjarskiptaeftirlit o.fl.). — Þskj. 836.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg,

GunnS, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JónS, JVK, JJ, KSG, KÁ, LRM, MF, ÓE, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, SvG, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

21 þm. (AÓB, DO, EGuðn, FrS, HÁ, HBl, HG, IBA, JBH, JHelg, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, SighB, StG, SJS, TIO, VS, VE) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 913).

Norræni fjárfestingarbankinn, frh. 1. umr.

Stjfrv., 454. mál. — Þskj. 790.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er athyglisvert mál á ferðinni og ég sé ekki ástæðu til annars en lýsa yfir stuðningi við þessa aðgerð sem hér er fyrirhuguð, en ég verð nú að viðurkenna það að ég veit ekki allt of mikið um þennan banka og vildi gjarnan fræðast meira um hann. En samkvæmt því sem fram kemur í athugasemdum við 1. gr. frv. er gengið út frá því að sú aukning á hlutafé sem verið er að leita eftir heimild fyrir hér á hinu háa Alþingi gangi í gildi í dag, 1. apríl 1993 og því verður ekki annað sagt en frv. sé nokkuð seint á ferð. (**Gripið fram í:** Það er aprílgabb.) Kann að vera aprílgabb, já.

Þetta frv. gengur út á þrjár breytingar:

1. Að leita eftir heimild um aukningu á hlutafé.

2. Að laga reglu bankans að fyrirhugaðri aðstoð við Eystrasaltsríkin.

3. Að breyta þeim viðmiðunum sem bankinn hefur haft úr SDR í ECU — og er ekki nema gott eitt um þetta að segja.

Ástæðan fyrir því að ég tek hér til máls er það atriði sem snýr að Eystrasaltsríkjunum. Það kemur fram hér í frv. að meiningin er að stofna sjóði til að styrkja ýmiss konar verkefni sem þar eru á ferð og ég vil koma því sjónarmiði á framfæri að ég tel að það sé afar mikilvægt að fylgjast vel með því hvernig staðið verður að þessum verkefnum í Eystrasaltsríkjunum vegna hins mjög svo sérstaka ástands sem þar er. Þó að þeir séu að feta sig í átt til aukins lýðræðis, þá eiga þeir margt ólært og eftir því sem ég hef heyrt af þeim þingmönnum frá þessum löndum sem ég hef talað við, þá eru þeir að glíma við leifar hins gamla kerfis. Það er auðvitað mikil hætta á því að það fjármagn sem verið er að veita inn í þessi ríki þeim til stuðnings sé misnotað, þó að ég sé alls ekki að gera því skóna að slíkt sé gert eða þurfi að gerast, en það þarf bara að fylgjast mjög vel með þessu. Og ég vil spyrja hæstv. viðskrh. hvernig menn hugsi sér að fylgja þessum verkefnum eftir sem þarna verða studd og hvaða möguleika hafa Íslendingar eða þeir sem koma að stjórn bankans til að hafa áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru um verkefni og fjárfestingar sem þarna er meiningin að styðja, hvernig verða þær ákvarðanir teknar.

Ég vil taka það mjög skýrt fram að ég styð það heils hugar að Norðurlöndin styrki og styðji þessi ríki. Þó að þau séu nokkuð langt frá okkur, þá eru þau í mikilli nálægð við hin Norðurlöndin og gríðarlega mikilvægt að þau séu aðstoðuð, t.d. til þess að draga úr mengun og til þess að koma á fót atvinnulífi sem geti staðið undir mannsæmandi lífi í þessum löndum. Þarna er hreinlega bæði um sameiginlega hagsmuni Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna að ræða og líka spurning um að rétta út hönd til hjálpar.

Að öðru leyti vildi ég spyrja hæstv. viðskrh. aðeins út í það hvaða verkefnum þessi banki hefur sinnt. Eftir því sem ég best veit hafa nú Íslendingar notið góðs af þessum banka, en hvað er þar fram undan? Hvaða verkefni eru helst á döfinni hjá Norræna fjárfestingarbankanum?

Ég á sæti í þeirri nefnd sem mun fjalla um þetta mál og þá getum við auðvitað farið ofan í saumana á þessu og kynnt okkur bankann betur, en svona við fyrstu skoðun vöknuðu þessar spurningar í mínum huga.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þann stuðning við þetta mál sem fram kom í máli hv. 18. þm. Reykv. Ég vil fyrst vegna þeirra spurninga og athugasemda sem beint var til mín um þann þátt málsins sem lýtur að aðstoð við Eystrasaltsríkin láta það koma skýrt í ljós eins og reyndar kemur glöggt fram í athugasemdum við 2. gr. frv. að hér er um fjölþættan stuðning að ræða. Það sem ég tel einna mikilvægast er að Norðurlöndin hafa sameinast um að veita það sem kalla mætti nágrannaaðstoð við Eystrasaltsríkin þrjú. Þótt Íslendingar séu landfræðilega fjarri þessum vettvangi, þá teljum við þetta vera okkar granna sögulega og á ýmsan hátt. Við höfum sérstaka samkennd með þessum þjóðum.

Það er einsdæmi í aðstoð við fyrrum lýðveldi Sovétríkjanna að löndin sem eru nágrannar þeirra hafi tekið á þennan hátt saman höndum um að koma á ekki eingöngu neyðaraðstoð heldur líka aðstoð við skipulagsumbætur í rekstri þessara þjóðfélaga. Ég tel að það sé kannski ekki minnst um vert að þarna er gert ráð fyrir því að veitt verði liðsinni við að koma á fót fjárfestingarlánastofnun í hverju þessara ríkja þar sem hvert þeirra getur sjálft fengist við að sinna þörfum smáfyrirtækja og meðalstórra fyrirtækja í þessum löndum eftir viðskiptalegum reglum. Það hefur því miður orðið nokkur töf á því að einn af þessum bönkum hæfi störf, sá í Litáen, einfaldlega af því að þar voru menn ekki tilbúnir til að setja upp þannig fyrirkomulag að hægt væri að segja að þar yrði eðlilegt eftirlit með fjárfestingu og framkvæmdum. Þarna er samstarfið við Evrópska endurreisnarbankann sem hefur sitt aðsetur í London mjög mikilvægt. Reyndar var með þessari aðgerð Norðurlandanna laðað fram viðbótarfé eins og hér kemur fram með sérstökum sjóði hjá Evrópska bankanum fyrir áhættufjárfestingu í þessum löndum.

Það verður ekki lögð á það næg áhersla sem ég tek heils hugar undir og fram kom í máli hv. 18. þm. Reykv., að það verði fylgst með því að þessu fé verði

ekki á glæ kastað og það rati ekki inn í blindgötur í kerfi eða leifum af kerfi fyrri valdhafa. En það er líka mikilvægt — og það er sérstaklega mikilvægt í starfsreglum og viðmiðunum evrópska bankans — að mannréttindasjónarmiða sé gætt. Þar hefur Evrópubankinn tekið sig sérstaklega fram um að styðja við mannréttindabreytingar og umbætur og líta til með framkvæmd þeirra í þessum löndum þar sem hætta er á misrétti, m.a. vegna mismunandi málsamfélaga, trúsamfélaga o.s.frv. Þessir þættir málsins koma allir við sögu. Ég get fullvissað hv. þm. um að það vakir mjög í huga þeirra sem að þessu máli standa að þarna verði tryggilega um allt eftirlit búið.

Vegna þeirrar spurningar sem hv. þm. tók upp um starfsemi Norræna fjárfestingarbankans, vil ég leyfa mér að vísa til þeirrar skýrslu um norrænt samstarf sem nýlega hefur verið lögð fram í þinginu þar sem m.a. kemur fram greinargerð um lánveitingar Norræna fjárfestingarbankans til Íslands. Hann hefur tekið þátt í mjög margvíslegri atvinnuuppbyggingu hér á landi á þeim 16 árum sem hann hefur starfað. Ég get ekki vegna viðskiptaleyndar rætt einstök verkefni sem þar kunna að vera á döfinni en vil eingöngu segja um það almennum orðum að ég tel að Norræni fjárfestingarbankinn sé eitthvert allra best heppnaða samstarf á norrænum vettvangi sem saga þess geymir. M.a. hefur það birst í því að þessi stofnun stendur traustum fótum og nýtur betra lánstrausts en nokkurt norrænt ríki gerir nú um þessar mundir. Það skilar sér að sjálfsögðu í hagstæðum kjörum. M.a. hefur Norræni fjárfestingarbankinn verið milligönguaðili um útvegun lánsfjár fyrir okkar stærstu atvinnuvegalánasjóði eins og lðnlánasjóð, eins og Fiskveiðasjóð og reyndar einnig Byggðastofnun. Þetta læt ég nægja án þess að ég fari hér að telja upp einstakar lánveitingar, en vil að lokum segja að nú er mjög mikilvægt að Norræni fjárfestingarbankinn einbeiti sér að því að tryggja norræna hagsmuni á hinu Evrópska efnahagssvæði. Og ég get séð það fyrir að þar muni e.t.v. þurfa að breyta viðmiðunum í starfi hans. T.d. að því verði breytt sem áður hafa verið skilgreindir sem norrænir hagsmunir og er alger forsenda fyrir lánveitingum af hálfu bankans, í samstarfi séu aðilar frá fleiri en einu norrænu ríki. Ég er ekki viss um að það sé nauðsynlegt að halda fast við það. Aðalatriðið er að bankanum verði beitt til þess að norrænir framleiðendur hasli sér völl á þessu stóra markaðssvæði. Ég veit að það er mikill hugur í stjórnendum bankans að sinna einmitt því verkefni.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég lýsi stuðningi mínum við þetta frv. og tel að sjálfsögðu sjálfsagt að svo öflugt fyrirtæki sem Norræni fjárfestingarbankinn sýni góðum grönnum vinsemd þegar hann er fullfær um það og ekkert nema gott eitt um það að segja. Og ég get alveg tekið undir með hæstv. ráðherra að vissulega hefur Norræni fjárfestingarbankinn verið afar vel heppnað samstarf á þessu sviði og að mestu norrænum þjóðum til sóma. En enginn er fullkominn og dæmi eru um það að lánveitingar frá bankanum hafi e.t.v. ekki orðið til eins mikils góðs og til var ætlast og dæmi eru um það að fé hafi verið notað í framkvæmdir sem ollu mengun og öðrum skaða. Við þessu verður auðvitað aldrei að fullu séð. Það má segja að slíkt sé óhjákvæmilegt kannski á stundum og í viðtölum mínum við starfsmenn Alþjóðagjaldeyrisbankans í Washington í vetur gerði ég einmitt fyrirspurn um hvernig þeim hefði gengið að veita sitt fé þannig að sem mest og best kæmi að gagni fyrir íbúa þeirra landa sem aðstoðina þáðu og vissi þá raunar og benti á ýmsar mjög slæmar fjárfestingar sem þaðan höfðu komið. Þeir voru afar heiðarlegir og sögðu að þeim væri fullljóst að mörg stór slys hefðu orðið þar og allt væri gert til þess að hindra þau í framtíðinni. Ég veit að þar hafa slysin verið miklu fleiri heldur en vegna framlaga Norræna fjárfestingarbankans og vona svo sannarlega að þau verði sem allra fæst. Samstarf norrænna þjóð við Eystrasaltsríkin hlýtur hins vegar að vera byggð á því að norrænar þjóðir séu að hjálpa Eystrasaltsþjóðum til að byggja upp lýðræðisþjóðfélag sem byggist á jafnrétti og þeim norrænu hugsjónum sem við byggjum okkar þjóðfélög á. Þess vegna vil ég leggja á það áherslu að þau skilyrði verði eindregið sett að ekki fari svo að það fé sem frá Norræna fjárfestingarbankanum kemur nýtist einungis hluta íbúa þessara þjóða.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég er ekki svo bjartsýn að halda að svo geti endilega orðið. Í Morgunblaðinu í dag geta menn lesið langa grein eftir stúlku sem heitir Iveta Geidàne og mun stunda nám hér við Háskóla Íslands, stúlku frá Lettlandi. Í grein hennar kemur fram — og ég ætla ekkert að fella dóm á stúlkuna, hún er auðvitað íbúi síns lands og hefur sínar skoðanir — en það er nú ekki að sjá að það sé í sjónmáli að sættir takist með öllum íbúum Lettlands. Og eins og hér hefur margkomið fram í umræðum áður, þá verður átökum auðvitað einhvern tíma að linna. Það er ekki sök þess fólks sem var flutt meira og minna nauðugt til Lettlands fyrir 50 árum síðan að það er þar enn og getur ekkert annað farið né heldur er það sök lettneskra íbúa að landið fékk þetta fólk yfir sig. En ef menn ætla að halda áfram að blása lífi í glæður haturs og óvildar um alla framtíð, þá getur vel verið að ég fari að efast um hvað Norðurlöndn eigi að gera með að vera að hjálpa þessum þjóðum fjárhagslega. Það er alveg óhjákvæmilegt að setja þessum þjóðum þau skilyrði að samstarf við Norðurlandaþjóðir geti ekki byggst á þessum áratuga ef ekki árhundraða erjum milli þjóðflokka í þessum löndum. Og þetta hlýt ég að verða að segja hér vegna þess að mér hefur stundum fundist menn gleyma þessu eins og óneitanlega hefur komið hér fram í þáltill. hv. 3. þm. Reykv. þar sem hann ætlast til að Alþingi Íslendinga samþykki að minni kröfur séu gerðar um mannréttindi í Eytrasaltslöndunum en í öðrum löndum. Það er er auðvitað sjónarmið sem ég get ekki sætt mig við og ég vona ekki mjög margir hv. alþm. þannig að af minni hálfu er allur stuðningur við Eystrasaltsríkin gersamlega háður því að þeim verði gert það skiljanlegt að við séum að hjálpa þeim, ekki til að byggja upp land þar sem einn kúgar annan, heldur þar sem menn muni koma til með

að lifa saman í friði og undir þeim formerkjum sem ég held að við séum nú öll sammála um að trúa á, að allir menn hafi jafnan bæði borgaralegan rétt og annan rétt í sínu landi.

Þetta vildi ég, hæstv. forseti, segja hér og ég vona að enginn misskilji það á þann veg að ég sjái ofsjónum yfir aðstoð við Eystrasaltsríkin, en þar á móti held ég að norrænar þjóðir verði að setja kröfur á hendur þeim á móti.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil aðeins koma upp og andmæla því sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Í þeirri tillögu sem hún gerði að umtalsefni og ég er 1. flm. að varðandi Eystrasaltsríkin er alls ekki gert ráð fyrir því að gerðar séu minni kröfur til þeirra en annarra ríkja varðandi mannréttindi. Og það kom fram í þeim umræðum sem fram hafa farið um þetta efni að það stendur alls ekki til. Hins vegar er mælst til að þessum þjóðum verði ekki settir neinir óeðlilegir kostir þegar um þátttöku í alþjóðlegu samstarfi er að ræða. Mér heyrðist einmitt ræða hv. þm. ítreka nauðsyn þess að þessi tillaga sé rædd á þinginu og samþykkt því að þingmaðurinn var að tala um það að setja þessum þjóðum óeðlilega kosti.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Nú brestur mig þekkingu, hæstv. forseti. Hvað eru óeðlilegir kostir sem stendur til að setja þessum þjóðum?

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að það séu óeðlilegir kostir sem hv. þm. var að víkja að, að Norræni fjárfestingarbankinn gæti ekki aðstoðað þau eða látið þeim í té lánsfé vegna þess ástands sem nú ríkir í þessum löndum.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hef ég ekki skilið það rétt að áhugi norrænna þjóða, sem á sér auðvitað bæði menningarlegan og sögulegan bakgrunn á því að hjálpa Eystrasaltslöndunum til þess að reisa sín þjóðfélög úr þeirri rúst sem þau hafa verið í um allt of langan aldur, byggist á einhverjum hugsjónum um mannréttindi og virðingu fyrir mannslífum? Erum við ekki að reyna að hindra að upp komi staða eins og í Júgóslavíu? Ég hélt að það hlyti að vera einhver sérstök hugsun á bak við þessa aðstoð og m.a. fjárhagsaðstoð gegnum Norræna fjárfestingarbankann. Ég tel að það geti ekki verið óeðlilegir kostir að vilja líta til með því hvers konar þjóðfélag verði byggt þarna upp. Ég hef engan áhuga á að leggja fram fé til þess að koma á fót þjóðfélögum óréttlætis og ranglætis þarna í neinu landi.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 14. þm. Reykv. stuðning við þetta frv. Ég vil taka það skýrt fram að leiðarljós fyrir norræna aðstoð við þessi lönd eins og fyrir aðstoð Evrópska endurreisnar- og þróunarbankans er að sjálfsögðu að aðstoða þessi ríki við umbreytinguna frá miðstýrðum áætlunarbúskap — með valdboði að ofan — til markaðsbúskaparhátta til að efla framfarir fyrir alla þegna landanna í samfélagi lýðræðis og réttarríkis, þar sem mannréttindi eru virt. Þetta er allt skrifað inn í stofnskrá Evrópubankans með mjög óvenjulegum og skýrum hætti. Þess vegna er samstarfið við hann í aðstoðaráætluninni við Eystrasaltsríkin ákaflega mikilvægt. Ekki svo að skilja að Norðurlöndin þurfi einhvern sérstakan þrýsting utan að til þess að virða þau sjónarmið sem ég hef nú nefnt; þau hafa jafnan verið málsvarar þeirra á alþjóðavettvangi og verða það enn — og að sjálfsögðu líka í samskiptum við þessi ríki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Frumkvöðlar í atvinnulífinu, fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ, 244. mál. — Þskj. 313.

Flm. (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Á þskj. nr. 313 hef ég lagt fram till. til þál., 244. mál þessa þings, um stuðning við frumkvöðla í atvinnulífinu og hljóðar tillagan þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og hefja stuðning við frumkvöðla í atvinnulífinu

með námsframboði í framhaldsskólum og háskólum, svo og utan skóla,

stofnun sérstakra eignarhaldsfélaga um nemendafyrirtæki í tengslum við frumkvöðlanám,

stofnun sérstaks frumkvöðlasjóðs — eða frumkvöðladeilda við þá sjóði er styðja atvinnuþróun og nýsköpun — til að veita fjármuni til áhættufjármögnunar fyrirtækja þeirra,

upplýsingamiðlun um hvar þeim veitist stuðningur."

Mikill samdráttur hefur orðið á síðustu árum í íslensku atvinnulífi og efnahagsstarfsemi og þegar litið er til baka og leitað orsaka verður deginum ljósara að í helstu tekjuaflandi starfsgreinum þjóðarbúsins hafa umsvif og tekjur minnkað um árabil. Við höfum dregist aftur úr grannþjóðum okkar, þeim þjóðum sem við berum okkur saman við um lífskjör og veraldleg gæði, um hagsæld og efnalega velferð. Við höfum þó ekki fyrr en á síðasta einu og hálfu ári eða svo staðið frammi fyrir umtalsverðu atvinnuleysi. Sú afleiðing minnkandi þjóðartekna kom ekki fram fyrr en þá vegna þess að fölskum kaupmætti og atvinnustigi hafði um árabil verið haldið uppi með erlendum lánum, með miklum lántökum ríkissjóðs til framkvæmda og til ríkisreksturs, með miklum halla á viðskiptum við útlönd, miklum lántökum til ríkisnýsköpunar í atvinnumálum, sem misfórst m.a. sökum grundvallarmistaka og vanundirbúnings, og með miklum erlendum lántökum til að breiða yfir afleiðingar slæmra rekstrarskilyrða útflutningsatvinnuvega. Erlendar lántökur voru því um árabil notaðar sem deyfilyf við versnandi afkomu burt

séð frá því hverjar orsakirnar voru. En vímunni er að ljúka og verkirnir sækja að þjóðarlíkamanum. Samdráttur og atvinnuleysi er afleiðing fyrri stefnu og gerða.

Fjárausturinn var gífurlegur í heild en ríkisnýsköpunin misfórst með öllu. Við sitjum eftir með sárt ennið. Skuldabyrðin náði nýjum hæðum en atvinnutækifærin eru færri. Ekki einasta færri en til var stofnað, heldur færri en áður.

Undirstöðuatvinnugrein okkar, sjávarútvegur, hefur sætt og sætir enn gríðarlegum samdrætti og fækkar starfsfólki vegna rýrnandi afraksturs fiskstofna. Mikil nýsköpun og tækniþróun hefur orðið innan hennar og hefur leitt til aukinnar veiðigetu skipanna, til bættrar nýtingar hráefnis, til aukins verðmætis afurða en í senn til fækkunar starfsfólks. Nýsköpun hefur einnig orðið í öðrum greinum en ekki dugað til að mæta samdrættinum, enda er ævinlega mikill árangur nýsköpunar fólginn í hagræðingu og fækkun starfa með tæknivæðingu. Af þessum ástæðum þörfnumst við mjög þeirrar nýsköpunar sem leitast við að nýta viðskiptamöguleika sem enn eru ónýttir eða vannýttir. Við þörfnumst frumkvöðlastarfs.

Ekki er öllum hent, virðulegi forseti, að gerast eða vera frumkvöðlar, jafnvel í hvorugri þeirri merkingu sem ég áður nefndi, þ.e. sem uppfinningamaður né heldur sem athafnamaður. Vaxandi hluti starfandi fólks byggir tilveru sína og tekjuöflun á fremur takmarkaðri starfsþekkingu, treystir á frumkvæði annarra í atvinnulífi og leitar í raun aðeins eftir launaðri vinnu, ekki að tækifærum til að aðhafast sjálft að eigin frumkvæði. Við grósku í atvinnulífi hefur það almennt næga vinnu, en þegar samdráttar gætir er þetta fólk á vonarvöl.

Flest fyrirtæki í iðngreinum eru stofnuð af iðnaðarmönnum um iðn þeirra, flest í byggingargreinum. Nú gætir samdráttar í þeim sem öðrum, enda virðist þörfum okkar fyrir nýbyggingar hafa að mestu verið svarað a.m.k. að sinni. Byggingarfyrirtæki draga þá saman seglin, en fremur lítið er um að þau leiti sér annarra viðfangsefna sem gæti tengst þeirri starfs- og iðnþekkingu sem þau og starfsmenn þeirra búa yfir, t.d. með því að finna vörur til framleiðslu á sviði sinnar iðngreinar og taki skrefin frá viðgerðum á verkstæði eða frá byggingum á byggingarstað til framleiðslu tilbúinnar vöru. Þótt margir iðnaðarmenn kynnist notkun tilbúinna byggingareininga á öllum stigum húsbygginga virðist samt sem áður ekki liggja beint við að hefja gerð þeirra og markaðssetningu á heimamarkaði eða í grennd. Á sama hátt er athyglisvert í ljósi vaxandi atvinnuleysis að enn er hér stundaður útflutningur óunninna hráefna eða grófunninnar vöru sem er aðeins hráefni fullvinnsluverksmiðja, ekki aðeins í sjávarútvegi heldur og frá jarðefnanámum. Við flytjum inn mikið af vörum sem við gætum framleitt og markaðssett á samkeppnisfæru verði og getum jafnvel orðið útflytjendur að. Enn eru miklar eyður í þjónustu okkar og sérískenskum vörum fyrir ferðamenn að ógleymdum heilsubótarferðum og afurðum hreinasta landbúnaðar á Vesturlöndum sem fullnægir flestum eða öllum kröfum um heilnæmt fæði. Við getum selt öðrum þjóðum þekkingu okkar í formi þjónustu á fjölmörgum sviðum og við getum selt þeim vörur annarra þjóða, haft milligöngu um viðskipti þeirra á milli líkt og grannþjóðir okkar gera og hafa verulegar tekjur og umsvif af.

Meðal atvinnulausra er ekki aðeins að finna ófaglært verkafólk heldur og iðnaðarmenn, fólk með staðgóða þekkingu á ýmsum þjónustustörfum, sérfræðinga með menntun sem talin hefur verið henta vel til að stjórna fyrirtækjum og gerast athafnafólk sem reki eigin starfsemi. Velferð undanfarinna ára virðist hafa dregið úr því að fólk reyni fyrir sér sjálft með eigin rekstur, dregið úr því að það reyni að byggja upp og stýra fyrirtæki sem byggist á þess eigin viðskiptahugmyndum, eigin kunnáttu og getu. Því lengra nám sem stundað er í skólakerfi okkar, þeim mun minni líkur virðast vera á að námsmaður hefji eigin rekstur og á sama hátt þeim mun meiri líkur til að hann leiti einungis eftir starfi hjá opinberum aðilum. Af þessu má, virðulegi forseti, álykta að í skólakerfinu skorti á kynningu á atvinnulífinu, á hlutverki starfsgreina innan atvinnuvega, á samverkun framleiðslu- og þjónustugreina, á gagnkvæmum styrk þeirra og hugsanlegum starfsferli fólks, skorti á kennslu um auðlindir og aðstöðu sem byggja megi á framleiðslu eða þjónustu, kennslu um markaðssetningu, stjórnun, verkaskipti og samstarf, skorti á nám sem þroski frumkvæði og framtak sem leysir úr læðingi þörf til sjálfstæðra athafna, þá eiginleika sem eru sterkastir hjá frumkvöðlum í hvaða grein sem þeir svo hasla sér völl.

Niðurstaða þessara hugleiðinga er að langskólanám okkar, menntun rannsóknir og vísindastörf hafi ekki skilað þjóðinni efnalegum framförum að því marki sem búast hefði mátt við. Til þess skortir frumkvæði hinna menntuðu og þátttöku þeirra í atvinnulífinu sem frumkvöðlar, sem athafnafólk, sem stjórnendur. Aflvaki atvinnulífs og gróðursproti nýrra atvinnutækifæra er stofnun nýrra fyrirtækja á sem fjölbreyttustu sviði athafna, framleiðslu, þjónustu, markaðssetningu og sölu. Við þær aðstæður sem ég hef lýst er tímabært að auka stuðning og hvatningu við frumkvöðla og við starf þeirra á öllum stigum þess, svo og að vakin sé athygli ungs fólk á möguleikum til að vinna sjálft að eigin hugmyndum og skapa sjálfu sér og öðrum atvinnu fyrir eigin framtak. Nýsköpun, þróun nýrra hugmynda allt til starfsemi, fer fram á vegum og innan starfandi fyrirtækja en einnig með starfi einstaklinga sem ekki hafa slíkan bakhjarl ellegar fyrirtæki þeirra eru lítils megnug. Þeir hafa stundum ófullnægjandi vitneskju um hvar stuðnings er að leita og eru oft uppfinningamenn fremur en athafnamenn eða stjórnendur. Öllum þessum aðilum þarf að veita stuðning og að beina þeim til þeirra sem hann geta veitt. Mikilvægt er að beina saman í farveg úrlausn hugmyndar og framboði þekkingar. Þá er okkur brýn nauðsyn að beina námsfólki í framhaldsnámi og háskólanámi að atvinnulífinu svo menntun nýtist víðar en í opinberum störfum eða störfum að hagsmunagæslu.

Um þessar mundir, virðulegi forseti, er að verða áherslubreyting í stuðningi við rannsókna- og vísinda-

störf með auknum fjárveitingum og einbeittum fyrirætlunum um að halda þannig áfram, svo og með þátttöku í og aðgangi að rannsókna- og vísindastarfi Evrópubandalagsins. Þá koma um þessar mundir fleiri sjóðir til móts við fleiri fyrirtæki sem vinna að nýsköpun t.d. við tæknivæðingu eða nýjar aðferðir. Tryggja þarf að stuðningur þessara aðila nái einnig til hins almenna manns sem ætlar að stofna og reka eigið fyrirtæki, gerast athafnamaður. Án þess að slíkur frumkvöðull taki að sér að koma hugmynd í framkvæmd verður lítið úr því að niðurstöður rannsókna nýtist. Stuðningur við frumkvöðla er oftast bundinn við það eitt að um tækninýjung sé að ræða en gildi viðskiptahugmyndar sjálfrar er sjaldan metið eða veittur stuðningur út á hana, enda ekki um veðhæfan hlut að ræða. Frumkvöðlar, athafnamenn þroska með sér ákveðna hæfileika. Mér er það vafalaust að unnt er að móta námsefni og kennslu sem beinir nemendum á þá braut og mjög mikilvægt að skólarnir hafi einmitt þessi áhrif. Okkur skortir fólk sem notar niðurstöður rannsókna og þróunarstarfsemi, mótar nýjar hugmyndir til að afla viðskipta og skapar þannig atvinnutækifæri.

Mikils er um vert að nýtt fyrirtæki geti aflað áhættufjár sem nægir til þess að frumkvöðlar reisi sér ekki hurðarás um öxl og að góð hugmynd fái raunhæft tækifæri til að standast eðlilegar kröfur og samkeppni. Stuðningur við frumkvöðla, sá sem tillagan fjallar um, gæti verið með ýmsum hætti.

Ein leið er upplýsingamiðlun um hvar stuðnings er að leita, hvar aðstoðar við úrvinnslu er að vænta, hvar ráðgjafar t.d. um markaðsathuganir eða aðrar áætlanir um stofnun fyrirtækis og fjármögnun svo að nokkuð sé nefnt.

Önnur leið er stuðningsaðgerðir og námsframboð utan skólakerfis fyrir þá sem eru þegar á vinnumarkaði eða hafa lokið hefðbundinni skólagöngu.

Þriðja leið er námsframboð innan skólakerfisins sem hentar ungmennum sem e.t.v. munu eða hafa þegar afráðið að gerast frumkvöðlar, athafnamenn og stjórnendur eigin starfsemi eða á vegum annarra. Skólanám á þessu sviði hentar einnig til þess að hafa jákvæð áhrif á viðhorf uppvaxandi kynslóða til atvinnuþátttöku. Það mun auka traust ungs fólks á eigin frumkvæði til atvinnusköpunar og áhuga til að kynnast atvinnulífinu og innviðum þess, auðlindum, landkostum, aðstæðum, samgöngum og öðrum þáttum sem gefa möguleika til fjölbreyttrar starfsemi.

Fjórða leið er að með bóklegu námi innan og utan skóla fari verklegt nám sem nái til úrvinnslu hugmyndar og til þess að koma henni áleiðis til framkvæmdar og í starfsemi með leiðsögn og ráðum reyndra manna.

Fimmta leið er að beina fjármunum til áhættufjármögnunar í formi eignarhluta eða lána án verðtryggingar á vegum sérstaks frumkvöðlasjóðs eða sérstakra frumkvöðladeilda í starfandi sjóðum sem styðja atvinnuþróun og nýsköpun með viðeigandi skilyrðum.

Það er segin saga og kynni þeirra sem að starfa að atvinnuþróun og iðnráðgjöf sýnir fram á það að margir frumkvöðlar sem fram koma hafa ekki langa skólagöngu að baki. Rík tilhneiging til atvinnulegs og efnalegs sjálfstæðis leiðir oft til þess að fólk fer snemma út á vinnumarkaðinn og treystir fremur lítið á bóklegt nám. Þessir frumkvöðlar hafa oft mikla þörf fyrir stuðning í formi hagnýtra leiðbeininga og æfinga sem tengir námið sjálft beinni úrvinnslu þeirra hugmynda sem þeir eru að fást við. Það gerir námið raunhæft á öllum stigum og sérstaklega raunhæft fyrir fólkið sem hefur af einhverjum ástæðum afráðið að treysta ekki skólanum eða náminu sem hann býður. Við slíkt nám leggur væntanlegur frumkvöðull mat á sjálfan sig, á getu og vilja til að framkvæma. Hann skoðar viðskiptahugmyndir og metur gildi þeirra. Þá er að sjálfsögðu eftir tilraununum metið hvort skuli kaupa tilbúið fyrirtæki, kaupa leyfi til framleiðslu, sérleyfi eða stofna nýtt fyrirtæki út frá þessari eða annarri viðskiptahugmynd.

Nú þegar býðst ýmsum frumkvöðlum ráðgjöf, aðstoð við að útfæra hugmyndir og nokkuð úrval námsefnis utan skóla, t.d. með fjölbreyttum námskeiðum skóla Stjórnunarfélags Íslands, með ráðgjafaverkefnum Iðntæknistofnunar Íslands eða rannsóknaþjónustu háskólans. Þeim býðst veruleg aðstoð við leit að upplýsingum og öflun hugmynda eða viðskiptasambanda í gegnum upplýsingaþjónustu háskólans og iðnráðgjafar og atvinnuþróunarfulltrúar um landið veita ráðgjöf og aðstoð af þessu tagi. Ýmsir fleiri hafa komið að þessari aðstoð en hún er enn fremur lítt skipulögð og við Íslendingar höfum fengið ýmsar ábendingar frá erlendum aðilum sérfróðum á þessu sviði um að það kerfi sem við viðhöfum sé flókið, sé ekki skilvirkt. Það gæti átt við um miklu stærri þjóðfélag, en til þess að það nýtist þyrfti miklu þéttari samgöngur. Á þessu kerfi okkar eru ýmsir vankantar og það virðist ekki með öllu sniðið fyrir þjóð sem býr í dreifbýlu landi við miklar vegalengdir og fremur lítið þéttbýli.

Mikið starf er óunnið til þess að hægt sé að sinna þörfum fólks sem hefur vilja og getu til þess að verða frumkvöðlar og til að veita því hvatningu og þar með að fjölga frumkvöðlum verulega. Sjálf frumkvöðlafræðin, ef það orð er rétt, eru vanþróuð hér á landi. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég heyri á bjöllunni að tími minn er á þrotum. Ég vænti þess að umræðan megi fram halda síðar, en að þessu sinni legg ég til að tillögunni verði vísað til síðari umræðu og til hv. allshn. til frekari umfjöllunar og athugunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir og þróun fiskeldis fram til aldamóta, fyrri umr.

Þáltill. JGS o.fl., 351. mál. — Þskj. 630.

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um rannsóknir og þróun fiskeldis á Íslandi fram til alda-

móta sem ég er 1. flm. að ásamt þingmönnunum Láru Margréti Ragnarsdóttur, Ragnari Arnalds, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Össuri Skarphéðinssyni, Ingibjörgu Pálmadóttur, Einari K. Guðfinnssyni, Kristínu Ástgeirsdóttur, Jóhanni Ársælssyni og Rannveigu Guðmundsdóttur. Hér er um að ræða þáltill. sem flutt er af þingmönnum allra flokka.

Það hefur orðið mikil aukning í fiskeldi í heiminum á síðustu áratugum. Eldi ýmissa sjávardýra á sér lengri sögu í Asíu og víðar en hefur undanfarin ár náð verulegri fótfestu í okkar heimshluta. Framboð sjávarafurða hefur aukist á síðustu árum vegna vaxandi framleiðslu eldisafurða og allt bendir til þess að vægi eldis muni aukast enn frekar á komandi árum. Gert er ráð fyrir að helstu fisk- og sjávardýrategundir í eldi muni verða þær sem þegar hafa náð fótfestu á mörkuðum þar á meðal nokkrir helstu nytjafiskar Íslendinga. Framandi tegundir munu einnig verða ræktaðar en í mun minna mæli. Það er áhyggjuefni að þróun fiskeldis á Íslandi er ekki í svipuðum takt og þróun eldis í þeim löndum sem við helst viljum bera okkur saman við. Ef svo heldur sem horfir mun Ísland hverfa úr tölu þeirra þjóða sem teljast stórar á sviði sjávarafurða og verð og eftirspurn á þeim afurðum sem við framleiðum fer að lúta öðrum lögmálum en hingað til. Þessu til rökstuðnings get ég bent á að reiknað er með því að á árunum fram til 2010 muni nánast öll aukning á fiskneyslu í heiminum koma frá fiskeldi og á þeim tíma verði það orðnar um 30 millj. tonna og nálgist það að vera þriðjungur af allri umsetningu á fiski heiminum.

Ef við Íslendingar tökum ekki þátt í þessari þróun mun það gerast á sama tíma að í stað þess að vera í dag með um 1,4% af heimsframleiðslu af fiskafurðum verðum við komin niður í árið 2010 að vera með 0,7%. Ef við tökum annan samanburð, þá vorum við á árinu 1970 með 1,8% af heildarframleiðslunni. Þetta er að mínu mati einnig mjög þarft að skoða í ljósi þróunar helstu nytjafiskstofna okkar síðustu árin og ekki síst eftir þær fréttir sem við fengum í gærkvöldi af togararallinu sem sýna að það er því miður ekkert sem bendir til þess að þorskstofninn muni rétta við á næstu árum. Þeirri skoðun vex stöðugt fiskur um hrygg að hrygningarstofninn sé einfaldlega orðinn svo lítill að það sé ekki nema við allra bestu náttúruleg skilyrði sem við getum vænst þess að fá virkilega gott klak og góða þorskstofn.

Fiskeldi er í sjálfu sér að mörgu leyti ekkert frábrugðið annarri ræktun og eldi dýra. Við erum fyrir mörgum öldum komin af því stigi hvað snertir landdýr að stunda þar veiðar okkur til framfæris heldur er það allt saman komið í ræktun. Sú ræktun hefur tekið mjög langan tíma og er talin í árhundruðum að breyta villtum dýrum í ræktuð húsdýr. Með nútímatækni og þeirri þekkingu sem menn ráða yfir, þá tekur það mun skemmri tíma að breyta sjávardýrum í nytjadýr í eldi og við höfum talað um þann tíma sem við teljum í áratugum en ekki öldum en verður engu að síður að sinna vel.

Við Íslendingar búum yfir góðum fiskimiðum og að sjálfsögðu munum við nýta þau áfram. Það er hins vegar ekkert sjálfgefið að þjóð sem býr við góð fiskimið búi við góð náttúruleg skilyrði til eldis. Það er því afar mikilvægt að það verði settur kraftur á rannsóknir hvað þetta snertir á næstu árum og raunar höfum við hvorki efni á né leyfi til þess að vanrækja þann þátt rannsókna og þróunar.

Nú er það ekki svo að ekkert hafi verið gert í þessum málum og ég bendi á það að á síðustu árum hefur Rannsóknaráð ríkisins lagt mikla vinnu í að reyna að sjá fyrir þróun fiskeldis og stefnumótun á því sviði. Rannsóknaráðið gaf út skýrslu árið 1986 þar sem það benti á þá möguleika sem við höfðum í fiskeldi en benti einnig á, sem því miður var ekki hlustað á nema takmarkað á þeim tíma, að við ættum eftir mikið rannsókna- og þróunarstarf. Rannsóknaráð ríkisins skipaði síðan vinnuhóp árið 1990 sem skilaði nýrri skýrslu á síðasta ári. Hópur á vegum sjútvrn. hefur unnið að þessu máli síðan 1990 og það er mitt mat að á þessari vinnu hljóti framhaldsvinna og þróun í framtíðinni að byggjast.

Um síðustu helgi var haldin ráðstefna um fiskeldi á Akureyri og ein af meginniðurstöðum hennar sem þar kom fram er sú að varðandi laxeldið stöndum við kannski í dag í þeim sporum sem við höfðum þurft að standa 1985, þ.e. að grundvallarþekkingin og starfsaðferðirnir séu nú til staðar og það sé ekki eftir neinu að bíða að hefja frekari nýtingu á þeim mannvirkjum sem við eigum hvað þetta eldi snertir, en ég mun ekki koma frekar að því í máli mínu hér.

Þá nefni ég að í bleikjueldinu eru verulegir möguleikar og þar eru vænlegir þróunarkostir. Þar hefur verið unnið skipulega að málinu. Rannsóknaþátturinn hefur fylgt með, ekki komið á eftir eins og því miður varð að hluta í laxeldinu og þar hefur fagráð bleikjueldisins og fleiri aðilar lagt fram mikla vinnu.

Ég ætla að nefna hér einn þátt sem er lúðueldi. Það er mjög fróðlegt að skoða hvernig þar hefur tekist til. Það er í fyrsta lagi skólabókardæmi um mjög vel heppnaða samvinnu milli einkaaðila og hins opinbera að slíku máli undir forustu öflugs frumkvöðuls. Það hefur einnig tekist að vinna þetta með algerum lágmarkskostnaði og væntanlega ekki nema brot af þeim kostnaði sem hefur þurft að eyða annars staðar í heiminum og með þeim árangri að í dag erum við Íslendingar ein af þrem þjóðum í heiminum sem eru komnar lengst í rannsóknum á lúðueldi. Það sýnir mér að það markmið að við komumst á næstu árum í fremstu röð þjóða varðandi þekkingu á eldi er ekki óraunhæft.

Lúðueldið er einnig dæmi um eldi sem á margan hátt hentar mjög vel við okkar aðstæður. Lúðan þrífst best við lágt hitastig og annað það, að það hefur komið fram í rannsóknum að hún nýtir fóður mjög vel og svo vel að rannsóknaraðilar hafa tví- og þrífarið yfir sín gögn til þess að trúa eigin augum. Það leiðir aftur hugann að því að fiskeldið er leið til þess að breyta fiskafurðum sem ekki eru mannamatur í matvöru. Þar á ég við að sem fóður í fiskeldi og ég get nefnt þar fisktegundir eins og loðnu og sandsíli sem hér er í verulegu magni en ekki nýtt og hvers kyns fiskúrgang sem með þessu móti er hægt að umsetja í gegnum fisk-

eldið í mannamat og þar er um að ræða verulega verðmætaaukningu.

Þá verðum við einnig að horfa til þeirrar þróunar sem er í þorskeldi. Það er framtíðarverkefni. Norðmenn og fleiri þjóðir hafa nú þegar lagt verulega vinnu í þetta og sett sér háleit markmið. Hvað okkur Íslendinga snertir, þá vantar okkur í fyrstu umferð grundvallarþekkingu varðandi klak og hrygningu og afdrif seiðanna á fyrstu stigum. Síðan þurfa menn að þróa sig yfir í frekari ræktunaraðferðir þó að það bendi fátt til þess í dag að þorskeldi sem slíkt með þeim kostnaði sem því fylgir geti keppt við það verð sem er á þorski á markaði eins og staðan er í dag.

Ég ætla að fara örfáum orðum um stöðu fiskeldis í stjórnkerfinu. Fiskeldið er í dag undir landbrn. sem á sér á margan hátt eðlilegar orsakir. Hérna er um ræktunarstarf að ræða, eldi sem er mjög hliðstætt því á margan hátt sem um er að ræða í landbúnaði en á margan hátt andstætt hins vegar þeim veiðiaðferðum sem enn er beitt í sjávarútvegi.

Lítum svo aftur á ytra umhverfi greinarinnar, markaðsumhverfinu og þá staðreynd að þessi grein er í samkeppni og verður í stöðugt meiri samkeppni við afurðir sjávarins og er í harðri alþjóðlegri samkeppni gagnstætt landbúnaðinum sem meira horfir inn á við og svo er reyndar um allan heim. Út frá þeim forsendum hefði margt mælt með því að þetta heyrði undir sjútvrn.

Nú veit ég ekki hvaða hugmyndir eru uppi innan núv. hæstv. ríkisstjórnar um breytingar hvað þetta snertir og mun reyndar ekki blanda mér í það mál. Það er núv. hæstv. ríkisstjórnar að ákveða það. En þetta er hins vegar mál sem verður að taka á og marka skýra stefnu á næstu árum.

Virðulegi forseti. Á þeirri ráðstefnu sem haldin var um síðustu helgi gaf landbrh. út yfirlýsingu þess efnis að hann mundi strax eftir páska koma fram með stefnumótun af hálfu stjórnvalda varðandi fiskeldi. Því hlýt ég að fagna. Það er mjög af því góða að stjórnvöld séu að vakna til vitundar um að þetta sé atvinnugrein sem við hljótum að leggja rækt við.

Ég tel því afar nauðsynlegt og mikilvægt fyrir ríkisstjórn og stjórnvöld að fyrir liggi skýr vilji Alþingis í þessu efni og tel reyndar að samþykkt þessarar tillögu mundi verða gott innlegg til þess. Okkur vantar vissulega nýja þætti í okkar atvinnulíf og fiskeldið hentar okkur á svo margan hátt, fellur að okkar þekkingu í matvælaiðnaði og okkar markaðskerfi.

Til þess að nefna eitt lítið dæmi um það frammi fyrir hverju við stöndum varðandi þær breytingar sem eru í sjávarútvegi þá erum við að tapa 100–150 þús. tonnum af þorski miðað við þær heimildir sem við höfum í dag miðað við það sem við vorum að veiða fyrir nokkrum árum. Þetta getur þýtt 15–20 milljarða í verðmætum. Ef við lítum á vaxtarbroddinn í okkar atvinnulífi, ef við lítum á fyrirtæki í tækniiðnaði eins og til að mynda Marel, sem margir líta á sem fyrirmyndarfyrirtæki, þá þyrftum við 60 slík fyrirtæki til þess að vinna upp það sem við erum að tapa með minnkandi þorskveiði. Við hljótum að horfa á alla þætti sem geta unnið þetta upp og þar tel ég að fiskeldið sé þrátt fyrir allt mjög vænlegur kostur.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til landbn. en ég geri einnig að tillögu minni að landbn. leiti umsagnar sjútvn. Alþingis varðandi málið.

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. flm. fyrir að hreyfa þessu máli á Alþingi. Ég er afskaplega ánægður með að það hefur verið gert þar sem ég hef eytt mestum hluta af minni stuttu starfsævi í það að starfa við fiskeldi. Ég vil aðeins leiðrétta tvö, þrjú atriði hjá hv. flm. þar sem hann talaði um að fiskeldi heyri í dag undir landbrn. Það er ekki alls kostar rétt því eldi vatnafiska heyrir undir landbrn. en eldi sjávarfiska heyrir undir sjútvrn. Þess vegna var það hvernig hann lagði til að vísað yrði til nefndar alveg hárrétt hjá hv. 1. flm.

Hann nefndi að því hefði verið öðruvísi farið með bleikjueldi en með laxeldi, að rannsóknirnar hefðu verið á eftir í laxeldinu en á undan eða samhliða í bleikjueldinu. Ég held að þetta sé mikil einföldun og mjög erfitt að skilja á milli rannsókna sem hafa verið gerðar á eldi laxa og eldi bleikju því svo skyldar eru tegundirnar og svo svipað er eldið. Það sem skilur sennilega á milli er það að menn hafa farið varlegar í fjárfestingu í sambandi við bleikjueldið og þær fjárfestingar hafa verið meira í samræmi við þann markað sem fyrir vöruna er en reyndin varð á með laxeldið.

Fyrsti flm. nefndi einnig að hversu mikið hefði skort á um rannsóknirnar og hvað þær hefðu verið langt á eftir í þróun laxeldisins. Það má kannski segja að þetta sé túlkunaratriði en því eru auðvitað takmörk sett hversu hratt rannsóknirnar geta farið fram og hér á landi hafa menn gert eftir bestu getu. Ég mundi frekar vilja orða það þannig að fjárfestingin hefði farið langt fram úr því sem ástæða var til á hverjum og einum tíma og rannsóknir gáfu tilefni til að hægt væri.

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er alveg rétt varðandi stjórnskipulega stöðu fiskeldisins sem þarna kom fram og þess vegna m.a. hefur það verið fjárveiting Alþingis til sérstaks verkefnis í gegnum sjútvrn. sem hefur verið stuðningur við lúðueldið fyrir norðan.

Varðandi rannsóknaþáttinn þá er þetta alltaf mikið matsatriði. Þar eru náttúrlega eitt grunnrannsóknir og annað eldisrannsóknir sem í raun geta ekki farið fram nema samhliða því sem eldið er að byggjast upp. Þess vegna er mikið til í því sem hv. þm. sagði að fjárfestingin hefði kannski frekar farið fram úr því sem menn voru tilbúnir að gera á hverjum tíma.

Varðandi bleikjueldið þá held ég að ég standi við það eftir mínum upplýsingum að þar hafi kannski farið nokkuð samhliða eldisrannsóknirnar og uppbyggingin. Þar á ég vel að merkja við eldisrannsóknirnar því þar hafa menn verið að þreifa sig áfram og komist að því að þarna er um að ræða mjög mismunandi tegundir og það er verið að fikra sig áfram hvernig á að standa að eldinu til þess að ekki komi til ótímabærs kynþroska, hvaða tegundir eru bestar og hvaða skil-

yrði henta best. Þessar upplýsingar liggja orðið nokkuð fyrir. Væntanlega, eins og nú hefur komið fram, þá liggja þær nokkuð fyrir einnig í laxeldinu. Þetta eyðir vonandi að einhverju leyti þeim misskilningi sem kann að hafa verið á milli mín og hv. þm.

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er kannski miklu frekar túlkunaratriði en að það sé raunverulega mikill meiningarmunur á milli mín og hv. 1. flm. og því held ég að við skulum láta deiluna niður falla.

Guðmundur Stefánsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka flm. og hans meðflm. fyrir að hreyfa þessu þarfa máli á Alþingi. Það hafa áður komið fram þáltill. um stefnumótun í fiskeldi en segja má að oft hafi verið þörf en nú sé nauðsyn. Ég held nefnilega að það sé í sjálfu sér stefnumótunarþörf í öllum atvinnugreinum en fiskeldið er kannski mjög gott dæmi um hvernig fer ef þeim mikilvæga þætti er ekki sinnt sem skyldi.

Nú á fiskeldið sér í rauninni langa sögu á Íslandi og reyndar matfiskeldið líka. Í Hvalfirðinum voru gerðar tilraunir með að ala fisk í kvíum þegar árið 1972 og á Fáskrúðsfirði árið 1977 og um svipað leyti voru hafnar eldistilraunir í Færeyjum. Árið 1961 tók Tilraunastöðin í Kollafirði, Laxeldisstöð ríkisins, til starfa. Í skýrslu Rannsóknaráðs, Fiskeldi og sjávarbúskapur, segir svo um verkefni þeirrar stöðvar, með leyfi forseta:

„Samkvæmt lögum átti verkefni stöðvarinnar að vera tilraunir með klak og eldi laxfiska í fersku vatni, sjóblöndu og sjó, að taka þátt í og reyna nýjar fiskræktaraðferðir, kennsla í hirðingu og fóðrun fisks í eldi, kynbætur á laxi og silungi, útvegun og eldi á heppilegum stofnum lax og silungs til þess að sleppa í ár og vötn og til notkunar í öðrum eldisstöðvum, framleiðsla fisks til sölu á erlendum markaði."

Ef allt þetta hefði gengið eftir og ef þá þegar hefði verið mótuð skýr stefna um fiskeldi þá hefðum við ekki gengið í gegnum þá erfiðleika, a.m.k. ekki í svipuðum mæli og við höfum gert. Ég er sannfærður um að þá væri fiskeldi á Íslandi miklu öflugri atvinnugrein eins og hún er í flestum nágrannalöndum okkar.

Á árunum 1987–1988 má segja að fyrsta framleiðslan hafi komið úr eldisstöðvunum hér. Árið 1987 voru framleidd tæp 700 tonn og ári seinna tæp 1.400 tonn af fiski. Segja má að á nákvæmlega sama tíma hafi verð fallið á laxamörkuðunum um 30–40%. Í rauninni varð það ekki, sem betur fer, banabiti íslensks fiskeldis en það var upphafið að þeim erfiðleikum sem það hefur síðan átt í.

Annað atriði varðandi stefnumótun í fiskeldi er, eins og fram kemur í grg. með tillögunni, að eldisafurðir munu verða sífellt fyrirferðarmeiri á heildarfiskmarkaðinum og má reikna með að fiskeldi í einhverri mynd hafi nú þegar verulega áhrif á afkomu veiða og vinnslu hér á landi, samanber t.d. rækju og hörpudisk. Það má því reikna með að þessi áhrif verði meiri en þau hafa verið og þess vegna er full ástæða til að marka skýra stefnu í málefnum fiskeldis og ætti í rauninni að sameina stefnu í fiskeldi, fiskveiðum og fiskvinnslu. Ég hygg að málin muni þróast í þá átt.

Sem dæmi um stefnumörkun eru í fyrrnefndri skýrslu Rannsóknaráðs ríkisins sett fram hugsanleg markmið. Það er auðvitað ekki sett þar fram stefna, það er stjórnvalda að mínu mati að setja fram stefnuna, en það er talað um að stefnt verði að því að árið 2000 verði 2–3% af útflutningi sjávarafurða frá eldi. Það þýðir að við mundum á því ári framleiða, miðað við núverandi aðstæður, 6.000–7.000 tonn af eldisfiski. Verðmæti þessa útflutnings yrði um 2 milljarðar og við erum að tala um 150–200 ný störf í fiskeldi auk þeirra margfeldisáhrifa sem slík frumframleiðslugrein hefur.

Árið 2010 er lagt til að um gæti verið að ræða 5–10% af útflutningsverðmætum sjávarafurða. Þá erum við að tala um 12.000–20.000 tonn á ári, 3,5–6 milljarða í útflutningsverðmætum og nokkur hundruð ný störf. Þetta segir okkur að það er mjög mikilvægt að marka slíka stefnu vegna þess að þessum markmiðum, ef þau yrðu ofan á, verður aldrei náð öðruvísi en að stefnan sé skýrt mörkuð og skipulega unnið.

Ég held að það sé alveg ljóst að auðvitað byggjum við ekki fiskeldið upp á stefnumótuninni einni en reynslan hefur sýnt okkur að ef við ætlum að koma í veg fyrir afdrifarík mistök og ef við ætlum að koma í veg fyrir að við missum af slíku tækifæri sem laxeldi vissulega var — Norðmenn flytja núna út eldisafurðir fyrir yfir 50 milljarða á ári — og ætlum að ná yfirleitt viðhlítandi árangri þá verðum við að marka skýra stefnu. Það er að mínu mati frumskilyrði í atvinnumálum.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vildi fyrst og fremst færa flm. og hv. málshefjanda þakkir fyrir að hefja umræðu um þessi efni í þinginu. Það er sannarlega svo að við höfum orðið fyrir vonbrigðum á undanförnum árum með fiskeldið og hvernig það gekk til en við höfum lagt grunn að því að geta byggt upp öfluga atvinnugrein og eigum að geta lært af þeim mistökum sem gerð hafa verið. Við okkur blasir sú staðreynd eins og fram hefur komið að eldisfiskar verða æ stærra hlutfall af framboði á fiski á heimsmörkuðum og engum vafa undirorpið að ef við ætlum að halda stöðu okkar á mörkuðunum þá þurfum við að eiga hlutdeild í auknu framboði á eldisfiski. Við höfum, eins og hér hefur verið bent á, verið að ná verulegum árangri á ýmsum sviðum. Það hefur verið mjög ánægjulegt að fylgjast með lúðueldi Fiskeldis Eyjafjarðar og af hversu miklum myndarskap þar hefur verið staðið að verki. Ég tek undir með hv. flm. að um margt er það fyrirtæki góður vitnisburður um samstarf einkaaðila og opinberra aðila um tilraunastarfsemi á þessu sviði.

Ég held að þess vegna sé ærin ástæða fyrir okkur að leggja línur fyrir framtíðina í þessum efnum og efla fyrst og fremst nauðsynlegt rannsóknastarf. Það orkar alltaf tvímælis hvort og í hversu ríkum mæli menn eiga að gera áætlanir um atvinnuuppbyggingu en hér sýn-

ist mér vera alveg augljóst að við þurfum að efla rannsóknir og treysta grundvöll fyrir atvinnustarfsemi af þessu tagi. Hún mun geta haft mikla þýðingu og er nauðsynlegur þáttur í framleiðslu okkar á fiski og stöðu okkar á erlendum mörkuðum.

Ég vildi fyrst og fremst koma þessum sjónarmiðum á framfæri og þakka flm. fyrir að hafa hreyft þessu máli og treysti því að þingið fjalli um þetta viðfangsefni á málefnalegan hátt og við í þröngri fjárhagsstöðu getum sinnt þessum verkum svo sem vera ber.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstafanir til að efla fiskeldi, fyrri umr.

Þáltill. GuðmS o.fl., 513. mál. — Þskj. 870.

Flm. (Guðmundur Stefánsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um ráðstafanir til að efla fiskeldi á þskj. 870. Auk mín eru flm. að tillögunni hv. þm. Guðni Ágústsson og Stefán Guðmundsson.

Með tillögu er lögð fram ákveðin áætlun um að efla núverandi fiskeldi, auka atvinnu, varðveita og efla þá þekkingu og reynslu í fiskeldi sem nú þegar er fyrir í landinu og ekki má glatast og treysta undirstöðurnar undir fiskeldinu, bæði í nútíð og í framtíð.

Tillagan hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna leiðir til að efla fiskeldi sem fyrir er í landinu og hvernig unnt sé að nýta sem best þau fiskeldismannvirki sem nú þegar hafa verið byggð. Þetta verði m.a. gert með eftirfarandi hætti:

1. Gerð verði úttekt á stöðu allra fiskeldisfyrirtækja með það fyrir augum að kanna hvað hægt sé að gera til að bæta aðstæður til eldis í einstökum stöðvum, hvað það muni kosta og hvaða ávinningur gæti orðið af viðkomandi ráðstöfunum.

2. Leitað verði allra leiða til að lækka verulega orkuverð til fiskeldis og gerður verið sérstakur samningur um sölu raforku til fiskeldisfyrirtækja til a.m.k. fimm ára.

3. Markaðar verði sérstakar leiðir til að auðvelda innflutning erfðaefnis.

4. Gerðar verði sérstakar ráðstafanir til að létta skuldbindingum vegna stofnkostnaðar af fiskeldisstöðvum.

5. Gerðar verði ráðstafanir til að fiskeldisfyrirtæki njóti ekki lakari möguleika og kjara til rekstrarfjármögnunar en aðrar útflutningsatvinnugreinar."

Mér eru auðvitað ljósir og reyndar mjög vel ljósir erfiðleikar sem hafa verið í fiskeldinu og slakur árangur. Við ræddum áðan hluta af ástæðunni fyrir því. Auk þess að stefnumörkun var ónóg er ljóst að þekking og reynsla af fiskeldi var ekki til staðar þegar uppbyggingin var sem örust og kannski þurfti mest á henni að halda. Ég hef heyrt það mjög víða í þjóðfélaginu, mér sýnist að allir hafi tekið eftir að þessir erfiðleikar voru og árangurinn ekki góður. En ég held að öllum sé kunnugt um að árangur í fiskeldi á Íslandi hefur batnað mjög verulega. Þar hefur orðið mikill bati og í raun*inni blasir við allt önnur mynd heldur en við þekktum* fyrir aðeins örfáum árum.

Því til sanninda vil ég nefna að á ráðstefnu um fiskeldismál á Akureyri um síðustu helgi kom það m.a. fram að nokkrar strandeldisstöðvar hafa náð því marki að framleiða lax yfir 30 kg á rúmmetra í eldisrými. Það er vissulega ekki nægjanlega góður árangur en það er mikil framför og ég er ekki í vafa um að þetta á eftir að batna.

Það kemur fram í skýrslu fiskeldisdeildar Veiðimálastofnunar fyrir árið 1992 að seldar afurðir á útsett seiði eru 88% meiri árið 1992 en árið 1991. Þetta er mjög algeng viðmiðun í fiskeldinu og er að minnsta kosti örugg vísbending um að árangurinn er að batna mjög verulega. Reyndar sýna færri stöðvar en svipuð framleiðsla það sama en það munu vera á milli 70–80 eldisstöðvar starfandi hér í dag.

Það sem lagt er til í þáltill. er að gerð verði úttekt á þeim stöðvum sem nú starfa. Þegar þær voru byggðar voru sumar þeirra og reyndar að mínu mati margar ekki fullgerðar. Það stafaði af því að fjárhagsörðugleikar komu í veg fyrir að menn gætu lokið fjárfestingunum og það voru ýmis tæknivandamál og kannski líka þekkingarskortur. En þó mönnum þyki ærið mikið fjárfest þá er mjög mikilvægt að því sem gera á sé lokið ef það á að skila þeim árangri sem til er ætlast. Ég tel þess vegna nauðsynlegt að það sé farið í gegnum þessi mál og menn geri sér grein fyrir hvort það sé eitthvað í þeim stöðvum sem nú starfa sem hægt sé að bæta til að betri eldisárangur og þar með betri afkoma náist. Ef svo er að menn geri sér grein fyrir hvað það er og hvað það muni kosta og hverju það muni skila. Komi í ljós að það sé hægt að bæta árangurinn og það borgi sig þá þarf að gera ráðstafanir til að þetta verði mögulegt, t.d. með því að útvega þeim sem reka eldisstöðvarnar hagstæð lán sem einhverjar líkur eru til að starfsemin geti klofið.

Annað mál er orkumálin. Orkunotkun er stór þáttur í rekstri strandeldisstöðva, sjálfsagt á milli 10 og 15% af rekstrarkostnaði. Þetta er einfaldlega of mikill kostnaður fyrir þessar stöðvar. Þær skipa sér svo sem ekkert á annan bekk í þeim efnum en ýmsar greinar atvinnulífsins en þetta þarf að bæta. Þar að auki gildir sérstakur samningur sem hefur verið gerður við matfiskeldisstöðvar aðeins til næstu áramóta, til 31. des. n.k. og það er auðvitað allt of stuttur tími og skapar ekki það öryggi sem þarf til að hægt sé að stunda atvinnurekstur með eðlilegum hætti. Ég held þess vegna að það sé verðugt verkefni fyrir stjórnvöld að skoða þessi mál, bæta kjörin og lækka orkukostnað og stuðla þannig að því að þessi atvinnugrein geti byggst upp og geti þá orðið í framtíðinni stærri og vonandi öflugri orkukaupandi en hún er núna.

Hér er minnst á innflutning erfðaefnis. Það eru auðvitað margir þröskuldar á þeirri leið. Ég tel ekki að það eigi að opna upp á gátt hvorki fyrir innflutning á hrognum né öðru erfðaefni en það þarf að marka

ákveðnar leiðir. Ef það þarf að flytja slíka hluti inn þá verður að gera það vegna þess að eldisgreinin hér á landi mun falla og standa með því að hún hafi erfðaefni og hafi eldisefni sem er sambærilegt því sem aðrar þjóðir hafa. Gildir þá einu hvort um er að ræða þær tegundir sem nú eru í eldi eða þær tegundir sem í framtíðinni munu verða aldar hér á landi.

Varðandi stofnkostnaðinn er það svo að fiskeldisstöðvarnar — þetta er auðvitað ekki án undantekninga en það á við um þær mjög margar — munu ekki geta greitt upp þann stofnkostnað sem á þeim hvílir. Það er auðvitað mögulegt að fara svokallaða gjaldþrotaleið en ég tel það ekki heppilegt einfaldlega vegna þess að þeir sem reka fiskeldið núna eru þeir sem kunna það. Meginhluta ófaranna sem við höfum orðið fyrir í fiskeldinu má rekja til þess að það var ekki nægileg þekking og reynsla í greininni og þannig er okkur mjög nauðsynsleg og það er mjög mikilvægt að við höldum þessu fólki í eldinu en skiptum ekki um áhöfn, eins og sumir hafa orðað það. Ég held að ekkert sé unnið með því heldur beinlínis skaðlegt. Það verður að hafa í huga að það er ekki svo að fiskeldismenn hafi gengið í sjóði og það hafi verið ausið í þá peningum. Það er bara hluti af málinu. Eigendur fiskeldisstöðva hér á landi hafa lagt verulega fjármuni sjálfir í þessar stöðvar og samkvæmt skýrslu Rannsóknaráðs þar sem vitnað er í skýrslu talnakönnunar má reikna með að þessi kostnaður sé á núverandi verðlagi einhvers staðar á bilinu 1–1,5 milljarðar. Þó er hann auðvitað mjög vanmetin vegna þess að það kemur margt fleira til í þeim efnum en bara bein hlutafjárframlög.

Hér er um að ræða frumkvöðlastarf. Þetta eru þeir menn sem riðu á vaðið. Þeir hafa, leyfi ég mér að fullyrða, fæstir hlaupið frá þessu máli með allt sitt í góðu lagi. Margir þeirra hafa misst allt sitt og í rauninni fórnað öllu til þess að freista þess að byggja upp þessa atvinnugrein. Ég held að það verði að koma til móts við þá sem eftir eru og reyna að losa sig einhvern veginn frá fortíðinni og byggja upp á nýjan leik. Það verður að leysa þetta stofnkostnaðarvandamál því eins og skuldastaða þessara fyrirtækja er núna er útilokað að ná nýju fé inn í fyrirtækin. Það hefur einfaldlega enga þýðingu vegna þess að það þarf svo gífurlega mikið fé til að koma þeim fyrir vind eða fyrir horn eftir því hvernig menn vilja orða það. Það er því mjög mikilvægt að þetta verði gert og auðvitað margar leiðir að fara í því. Ég treysti því að ríkisstjórnin láti fara fram vinnu þar sem hægt er að benda á þær leiðir sem heppilegastar eru og affarasælastar.

Varðandi síðasta liðinn, um afurðalánin, þá er það því miður svo að bankar virtust vera tiltölulega viljugir, það er kannski ofsagt, en þeir fengust til að lána afurðalán til fiskeldisstöðva á sínum tíma þegar það var kannski ekki eins skynsamlegt að gera það og nú er. En því miður eftir að bjartsýniskastinu lauk bæði hjá bönkum og öðrum tóku bankarnir þá ákvörðun, kannski ekki án undantekninga en sumir af stærstu bönkunum þar á meðal, að loka alveg á fiskeldið. Það er ekki lengur um það að ræða að skoða stöðu einstakra fyrirtækja. Ef það heitir fiskeldi er lokað á það. Þetta gengur náttúrlega ekki. Það tekur tvö til þrjú ár að koma fiski til manns, ef svo má að orði komast, gera hann að söluvöru. Það er langur tími og kostnaðarsamt. Einstaklingar sem standa í þessari atvinnugrein eru ekkert öðruvísi en þeir sem stunda annan atvinnurekstur og hafa ekki það fjármagn sem þarf til að gera þetta. Menn eru háðir því að fá rekstrarfjárfyrirgreiðslu í fiskeldi rétt eins og öðrum atvinnugreinum og þess vegna verður að gera ráðstafanir til að þetta breytist.

Hér hefur verið starfandi svokölluð ábyrgðadeild fiskeldislána og hún hefur unnið að mörgu leyti mjög gott starf og nauðsynlegt og hjálpað upp á sakirnar í mörgum tilvikum og í rauninni gert fyrirtækjunum mögulegt að starfa. Ég held að það eigi að skoða þessa hluti betur. Ég held að það eigi að efla þessa ábyrgðadeild meðan svona stendur á og freista þess í gegnum hana fyrst um sinn að halda þessum hlutum gangandi og í góðu horfi. En það verður að finna aðgengilegar leiðir til að fjármagna reksturinn því án þess gengur þetta ekki upp.

Ég er ekki með þessari þáltill. að leggja til að ríkið haldi uppi fiskeldinu. Þvert á móti er ég að leggja til að ríkið komi til hjálpar þannig að hægt sé að leysa úr þeim hnút sem þetta mál allt saman er komið í og til að hægt sé að nýta þá möguleika sem flestir virðast vera sammála um að liggi í framtíðinni. En ef við ekki getum slitið okkur frá fortíðinni og komist af stað í nútíðinni þá verður heldur engin framtíð í þessari grein. Þó ríkið leggi til einhverja fjármuni í þessu skyni tel ég það enga frágangssök. Ég minni á að atvinnuleysi er nú um 5% á Íslandi og ef maður tekur kostnað vegna atvinnuleysisbóta og leggur við þau samdráttaráhrif sem verða í ríkisbúskapnum vegna þessa má reikna út að það sé upphæð sem nemur um 4 milljörðum. Það eru líka peningar. Við erum ekki að tala um neina 4 milljarða í þessu máli. Við erum að tala um miklu lægri upphæðir og þess vegna er ekkert óeðlilegt við það að hið opinbera aðstoði greinina og komi henni upp úr því fari sem hún hjakkar í núna. Það er því miður svo að ég held að það sé enginn annar sem gerir það og þetta verður að gerast og ábyrgðin er þess vegna mikil hjá hinu opinbera og það verður að standa undir henni.

Það er líka ástæða til að ætla að árangurinn í eldi hér á landi eigi eftir að batna enn þó hann hafi batnað mikið að undanförnu. Því veldur fyrst og fremst að kunnátta eldismanna og reynsla er núna mun meiri enn nokkru sinni fyrr. Stofnar í eldi hafa verið bættir verulega og þekking á starfrækslu strandeldisstöðva er nú til staðar. Þótt verulegur árangur hafi náðst á þessum sviðum og mörgum fleirum er enn mörgum spurningum enn ósvarað og má gera ráð fyrir að þau svör fáist í náinni framtíð og mun betri árangur náist. Fiskeldið er þrátt fyrir allt, eins og bent var á í umræðunum hér áðan, ung grein. Það hafa orðið ótrúlegar framfarir sl. einn til tvo áratugi, sem sagt á mjög stuttum tíma. Það eru allir sammála um að fiskeldi er bæði fortíðar- og framtíðargrein. En hér á norðurslóðum er ljóst að það er mjög mikil framtíð fólgin í fiskeldinu.

Útbýting þingskjals:
Hönnunarmiðstöð, 544. mál, þáltill. KÁ og VS, þskj. 902.

Árni M. Mathiesen:
Frú forseti. Ég vil þakka hv. flm. fyrir að hreyfa þessu máli á Alþingi. Ég held að það sé að mestu leyti skynsamlegar tillögur sem þeir hafa fram að færa. Ég er sannfærður um það sjálfur að fiskeldi á framtíð fyrir sér og þótt það hafi verið erfiðleikar á undanförnum árum þá muni þeir með tíð og tíma leysast.

Þessir erfiðleikar hafa kannski verið af þrennum toga. Í fyrsta lagi vegna þess hversu áhættusamur rekstur fiskeldið er, sérstaklega vegna þess hversu mikið rekstrarfé þarf og hversu lengi það er bundið áður en fyrstu afurðir komast í verð. Í öðru lagi vegna þess skorts, sem óneitanlega var, á rannsóknum þegar mesta fjárfestingin átti sér stað og þá sérstaklega með tilliti til þess að við vorum að þróa hér nýja tegund af eldi, svokallað strandeldi, sem nánast hvergi annars staðar hafði verið reynt. Í þriðja lagi tel ég að það fjárfestingarkerfi sem við bjuggum við á síðasta áratug hafi á sinn hátt ýtt undir offjárfestingu í þessari grein umfram það sem rannsóknir gáfu tilefni til á hverjum tíma. Þetta kemur beinlínis í ljós þar sem hv. 1. flm. vitnaði til þess að eigið fé í fjárfestingum í fiskeldi væri 1–1,5 milljarðar en það er oft talað um að 10 milljarðar hafi tapast í þessari grein fram til þessa.

Ég er algerlega sammála flm. um það sem þeir leggja til í 1. og 2. lið í tillögu sinni. En 3. liður, þar sem talað er um að markaðar verði sérstakar leiðir til að auðvelda innflutning á erfðaefni, þá veit ég ekki betur en þær mörkuðu leiðir séu nú þegar fyrir hendi og að erfðaefni hafi verið flutt til landsins af tveimur aðilum og að það hafi verið gert ein fjögur ár í röð og tekist alveg sérstaklega vel. Það hafa ekki verið uppi neinar raddir um að með flutningi á því erfðaefni hafi borist hingað til lands neinir sjúkdómar. En skömmu eftir að þessi innflutningur átti sér stað þá komu fram margir nýir sjúkdómar í því landi sem við höfðum fengið erfðaefnið frá og því landi sem fremst stendur í eldi á laxfiskum, í Noregi, sem gera það að verkum að innflutningur á erfðaefnum væri í dag mun áhættusamari en hann var þegar við fluttum inn norsku stofnana og svo vel tókst til. Því held ég að það væri meiri ástæða til að efla kynbætur á þeim stofnum sem þegar eru fyrir í landinu og reyna á þann hátt að ná fram erfðaframförinni og halda í við þá erfðaframför sem verður í nágrannalöndum okkar og samkeppnislöndum okkar.

Í 4. lið er talað um að gerðar verði sérstakar ráðstafanir til að létta skuldbindingar vegna stofnkostnaðar af fiskeldisstöðum. Þetta er afar viðkvæmt og erfitt mál. En ég held að það ætti að vera hægt að finna lausn á þessu því þeir sem lána til fjárfestingar í greinum eins og fiskeldi taka auðvitað á sig ábyrgð í þessari grein ekki síður en þeir sem í rekstrinum standa sjálfir og þeim ber að styðja við bakið á greininni og hlaupa ekki frá þegar stefnir í erfiðleika heldur reyna að leysa vandann þannig að fjárfestingin megi nýtast sem allra best. Ef það þýðir að þessir aðilar verði að ganga inn í reksturinn og leggja jafnvel það fé sem þeir hafa lánað sem eigið fé þá tel ég að það eigi að athuga mjög alvarlega hvort það væri ekki bæði hægt og réttlætanlegt.

Í 5. lið er talað um að gera ráðstafanir til þess að fiskeldisfyrirtæki njóti ekki lakari möguleika og kjara til rekstrarfjármögnunar en aðrar útflutningsatvinnugreinar. Þar minntist hv. flm. á ábyrgðadeild fiskeldislána en hún ábyrgist rekstrarfjárlán frá bönkum til fiskeldisfyrirtækja. Þ.e. ábyrgðadeildin veitir ríkisábyrgð á rekstrarlánum til fiskeldis.

Ég efast stórlega um að það sé hægt að gera betur heldur en veita ríkisábyrgð á rekstrarlán og það er meira að segja vafasamt hvort ríkið eigi að gera slíka hluti. Þetta varð hins vegar niðurstaðan eftir ítarlega athugun fyrir einum þremur árum síðan að þetta var gert. Það var í tíð síðustu ríkisstjórnar og ég var skipaður í stjórn þessarar ábyrgðadeildar sem fulltrúi fjmrh. sem þá var hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Þetta kemur kannski einhverjum á óvart að hann skyldi skipa mig, en alla vega var mér tjáð að þetta væri gert á faglegum grundvelli þar sem ég hefði sérþekkingu í þessu máli. Hæstv. þáv. ráðherra kallaði mig sérstaklega á sinn fund þar sem hann lagði mér línurnar um það hvernig ætti að starfa í þessari deild og þarna skyldi starfað fullkomlega á faglegan hátt og það hef ég gert alla tíð síðan og reyndar stundum fengið gagnrýni fyrir. En hvað um það, maður þolir það.

Það er í greinargerð minnst á að stytta þurfi afgreiðslutíma deildarinnar. Það er rétt að afgreiðslutíminn hefur stundum verið langur en það hefur ekki verið vegna þess að deildin hafi ekki unnið sín verk bæði fljótt og vonandi vel, heldur hefur það aðallega verið vegna vandkvæða á því að fá gögn frá umsóknaraðilum og hugsanlega vegna þess að umsóknaraðilar hafa átt í erfiðleikum með að fá gögn og niðurstöður í sín mál hjá öðrum fjármálastofnunum.

Ég tek hins vegar undir það að það þarf að efla eftirlitsþáttinn, en það er hins vegar afar vandasamt verk eins og dæmin sanna og hafa fleiri en ábyrgðadeildin rekið sig á það eins og t.d. tryggingafyrirtækin en tryggingafyrirgreiðslan er síðan annar kapítuli sem þarf að skoða mjög vel. Frú forseti. Ef ég má bæta því aðeins við að það er skilyrt í lögum um ábyrgðadeildina að fyrirtækin hafi tryggingar á þeim eldisstofni sem þau eru með í eldi og því verður ekki undan því vikist að fyrirtækin séu tryggð, en ég tek undir það sem kemur fram í greinargerð að iðgjöld eru há og tryggingaverndin oft og tíðum afar takmörkuð.

Össur Skarphéðinsson:
Frú forseti. Það sér á að hinir ungu lautinantar í Framsfl. fylgja mjög dyggilega í fótspor hershöfðingjans, hv. þm. Steingríms Hermannssonar, sem hefur sýnt lofsverðan áhuga á fiskeldi og beitt sér fyrir margvíslegum aðgerðum á meðan hann var forsrh. til þess að efla hag greinarinnar og það er vel. Ég fagna þessum áhuga og lýsi því nú yfir að reiðubúinn er ég til þess að taka höndum saman með þessum ágætu mönn-

um og reyna að treysta undirstöður greinarinnar.

Það er nú svo að fiskeldi er í dag enn á barnsfótum en staðreyndin er sú að því hefur vaxið verulega fiskur um hrygg á síðustu árum og ég er sannfærður um að næsta öld verður öld fiskeldisins. Ég held að það sé ljóst að það verður ekki mikið meiri afli dreginn úr djúpum hafsins og til þess að mæta þörfum mannkynsins fyrir fisk munu menn fara leið eldisins.

Það er hins vegar sorglegt að núna þegar er svona bjartara yfir fiskeldi í heiminum, þá hefur fiskeldi á Ísland hrunið í rústir þó við vonum auðvitað öll að það muni eins og fuglinn Fönix rísa úr rústum á ný. Staðreyndin er sú að það hefur mikilvæg þekking orðið til í fiskeldi á Íslandi. Við vorum ýmsir sem um miðjan síðasta áratug héldum því fram að það ætti e.t.v. að fara aðrar leiðir heldur en menn voru að fara þá. Eftir að Noregsmarkaðurinn fyrir seiði lokaðist og menn helltu sér af miklum krafti og með miklum fjárfestingum út í strandeldið, þá voru margir sem vöruðu við því. Margir héldu því fram að e.t.v. ætti að fara þá leið að nota þá strandeldisstöðvarnar í ríkari mæli til þess að búa til stór seiði sem farið væri með í sjóinn þar sem sumarhitinn, ódýr og góður, yrði notaður til þess að ala fiskinn upp í sláturstærð. Til þess að það yrði kleift, þá þurfti, virðulegi forseti, að ráða bót á tveimur vandamálum. Annars vegar að finna leiðir til þess að nýta varmaorku landsmanna til þess að búa til stór seiði og hins vegar líka finna leiðir til þess að ráða bót á kynþroskavanda laxfiskanna en eins og þeir vita sem þekkja til fiskeldis, þá veldur kynþroski því að vöxturinn stöðvast, mikill dauði fylgir stundum í kjölfarið og fiskurinn verður sem verslunarvara lítils virði.

Undir lok áratugarins tókst mönnum hér á landi að ráða bót á kynþroskavandanum eftir tilraunir sem hið opinbera kostaði. Þá var hægt að þróa upp tækni sem gerði það að verkum að þetta var mögulegt og núna þegar því miður flestar fiskeldisstöðvar eru drepnar í dróma, eru líka að koma fram niðurstöður úr eldi sem sýna það að hraðeldi seiðanna hefur tekist. Með öðrum orðum, nú búum við yfir tækninni sem við höfðum ekki undir lok síðasta áratugar, þ.e. við getum búið til stór seiði og við getum farið með þau í sjóinn og við getum stöðvað kynþroska. Þetta er það sem ég hygg að framtíðin eigi að byggjast á.

Það má líka benda á það að engin þjóð stendur Íslendingum jafnfætis á sviði hafbeitar. Það er engin þjóð sem nær svipuðum árangri og við í hafbeit á Atlantshafslaxi og hingað hafa erlendar þjóðir leitað eftir þekkingu og reynslu á því. Þess vegna segi ég að það er mjög nauðsynlegt að leita leiða til að nýta þekkinguna og líka fjárfestinguna sem liggur í greininni í dag og ég get út af fyrir sig tekið undir flest af því sem felst í tillögu hv. þm. Guðmundar Stefánssonar o.fl. Það er kannski eitt sem í hana vantar. Í dag er það svo að hið opinbera hefur í eigu sinni fjölmargar fiskeldisstöðvar. Þær liggja og grotna. Á að láta þessa fjárfestingu verða að engu? Ég held að það sé nauðsynlegt í þeirri stefnu sem verður að móta til framtíðar að ríkið taki ákvörðun um það með hverjum hætti á að ráðstafa þessum eignum. Þarna liggja kannski 5–7 milljarðar. Þeir sem þekkja til stöðvanna vita það að á ótrúlega skömmum tíma glatast fjárfestingin, stöðvarnar rýrna, grotna niður og það er nauðsynlegt að halda þeim í notkun. Og ég segi að það er mín skoðun og ég tel að ef ríkisstjórnin tekur ekki á málinu, þá eiga þingmenn að gera það. Ég tel sem sagt að það eigi að fara þá leið að bjóða mönnum sem eru í eldi afnot af þessum stöðvum endurgjaldslaust, láta þá fá þær stöðvar sem ríkið hefur nú í eigu sinni og nýtast að engu leyti, leyfa þeim að nýta þær. Þá held ég að það væri mögulegt í fyrsta skipti um margra ára skeið að draga í stöðvarnar erlent fjármagn. Hvers vegna? Vegna þess að þá liggja fyrir starfshæfar stöðvar sem menn þurfa ekki að festa fé í og það liggur líka fyrir að markaðurinn er á uppleið, er miklu betri. Og það er líka ljóst að við höfum mun betri þekkingu en áður. Ég mælist til þess, virðulegi forseti, að þegar þessi tillaga er rædd í nefnd þá tækju menn mið af þessu. Ef ríkisstjórnin vill ekki gera það sjálf, þá eiga þingmenn sem fylgja þá meiri skynsemi heldur en ríkisstjórnin í þessum málum að taka fram fyrir hendurnar á henni.

Ég verð að segja að ég er ekki jafnsannfærður og hv. þm. stjórnarandstöðunnar sem sagði: Ég treysti ríkisstjórninni til þess að taka á þessum málum. Ég treysti henni ekki til þess þó að ég sé formaður þingflokks annars stjórnarliðsins. Ég er búinn að bíða lengi eftir því að ríkisstjórnin taki á ýmsum vandamálum fiskeldis. Ég skal bara nefna eitt. Það er sá liður sem tekið er á með tillögunni og er merktur 2. Við höfum verið að nöldra um það og nudda árum saman um að raforkuverð til fiskeldisstöðva verði lækkað. Það hefur gengið illa. Það var að vísu gerður samningur sem leiddi til svolítillar lækkunar. Hann rennur út um næstu áramót. Það liggur ekkert fyrir hvað þá á að gera. Og á þeim tímum þegar við búum við ofgnótt raforku í landinu, þá finnst mér það fráleitt að hún skuli ekki vera nýtt með þessum hætti. Þetta er nú sá þáttur tillögu hv. flm. sem mér þykir hvað vænst um.

Ég vil að öðru leyti segja það að tillagan er að flestu leyti góð. Hér hafa spunnist svolitlar umræður um ábyrgðadeild fiskeldislána. Sú deild hefur starfað mjög vel, þykir mér. Hún hefur sýnt mikla varfærni og ég tel að það sé ekki við hana að sakast þó að stundum þyki mönnum dragast úr hömlu afgreiðsla þar vegna þess eins og hv. þm. Guðmundur Stefánsson veit, þá eru það fleiri þættir sem valda því heldur en einungis vilji þeirra manna sem sitja þar í stjórn. En hins vegar vil ég vekja athygli á því að með síðustu breytingum sem voru gerðar á lögum um þá deild, þá var henni gert kleift að veita 100% tryggingu eða ábyrgð á bankalánum. (Gripið fram í.) Jú, jú, svo er það nú hv. stjórnarmaður. Nei, nei, það er alveg klárt að það er heimild fyrir deildina til þess að veita 100% lán í gegnum banka og það þarf enginn að segja mér neitt um það. Það eru hins vegar bankarnir sem hafa í rauninni hafnað þessari leið. Þeir eiga þó ekkert á hættu ef þessi leið er farin. Samt liggja fyrir dæmi um það að þeir hafa hafnað henni. Og það sýnir kannski hversu gersamlega þeir hafa misst trúna á greininni.

Það er annað sem ég vil líka minnast á í þessu sam-

bandi. Menn hafa verið að tala hér um vanda einstakra banka og tala eins og það sé sérstaklega fiskeldi að kenna. Ég held að það sé kominn tími til að það sé gerð úttekt á því og menn leggi fram gögn sem sýni það svart á hvítu hversu mikið bankarnir hafa tapað á fiskeldinu. Ég held að greinin sé þar að ósekju gerð að blóraböggli og mig tekur það sárt, og tel að það sé nauðsynlegt að þessum kurlum sé safnað til grafar.

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að segja það að mér þótti vænt um að hv. þingflokksformaður Alþfl. skyldi sérstaklega vekja athygli á 2. lið tillögunnar sem varðar orkuverð og mér þykir afar leiðinlegt ef hann efast um vilja ríkisstjórnarinnar til þess að taka á þessu máli. En til þess að herða ríkisstjórnina í því að lækka orkuverðið, þá vil ég benda honum á að ræða það sérstaklega við flokksmann sinn, hæstv. iðnrh. og flokksmann sinn, 1. varaþm. Alþfl. í Reykn. sem situr í stjórn Landsvirkjunar.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir það ekki boða gott um framtíð þessa ágæta þingmanns sem talaði áðan ef hann er alltaf svona langt á eftir samtíðinni. Það er mála sannast að ég hef mörgum sinnum rætt þetta við þá ágætu menn sem hann nefndi hérna áðan. Staðreyndin er sú að ég og aðrir sem tengjast fiskeldi, aðrir þingmenn sem tengjast fiskeldi hafa gert það sem í þeirra valdi stendur til þess að koma vitinu fyrir mennina. Það hefur ekki tekist. Og þess vegna segi ég að það er kominn tími til að þetta þing sýni vilja sinn í þessum efnum því að ég held að þetta skipti það miklu máli fyrir framtíð greinarinnar. Og eins og ég hef sagt hérna áðan á tímum þegar við búum við ofgnótt raforku, þegar störf eru að tapast, þá ber okkur að gera allt sem hægt er til þess að lyfta undir atvinnugreinar eins og fiskeldi. Þrátt fyrir allt hafa þær í sér vonarneista framtíðarinnar. Og ég segi fyrir mitt leyti að ég er tilbúinn til þess og ég veit að hv. þm. Árni M. Mathiesen, sem er mikill unnandi fiskeldis og kunnáttumaður í því og vafalaust líka mikill unnandi þessara ágætu manna hæstv. iðnrh. og kannski ekki hvað síst bæjarstjórans í Hafnarfirði sem að vísu hefur hann og hans flokk í heljargreipum þar. Ég veit að hann mun hjálpa mér í þessu efni.

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, hv. þm. Össur Skarphéðinsson getur alveg örugglega treyst á það að ég muni hjálpa honum í þessu efni. Og ég hef yfirleitt reynt að vera honum samferða í tíma, sérstaklega hvað varðar fiskeldið. En mig tekur það auðvitað sárt ef honum hefur ekki tekist að koma vitinu fyrir þá flokksfélaga sína, hæstv. iðnrh. og bæjarstjórann í Hafnarfirði. Ég verð að segja að ég hef svona svipaða sögu af þeim að segja. Ég hef líka reynt að koma vitinu fyrir þá en mistekist, því miður.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Þetta er nú orðin svo ánægjuleg og nærri því spennandi umræða að ég gat nú ekki á mér setið að fá að taka aðeins þátt í henni þó að ég hafi ekki fram að færa neitt það sem hv. þm. sumir hverjir geta sagt um fiskeldið almennt vegna þess að þeir tala auðvitað af meiri þekkingu heldur en ég að því er alla líffræði og starfrækslu á þessum atvinnuvegi varðar. Hins vegar hef ég svona dálítið erfiða reynslu eins og menn vita af því þegar við ætluðum að spretta úr spori og verða fljótir að ná Norðmönnum í fiskeldi og sömdum við þá sérstaklega. Það er alkunn saga og ég er ekki að rekja hana, en vil þó láta þess getið að þegar Norðmennirnir voru hér í samfélagi við okkur Íslendinga lögðu þeir fram gífurlega mikið fjármagn, allt sitt helsta og besta lið. Meira og minna voru Norðmennirnir að hugsa um þrjár eldisstöðvar sem urðu samanlagt auðvitað þær stærstu á tímabili og Íslendingar reyndu að leggja fé á móti eftir öllum mætti og töpuðu auðvitað miklum fjármunum. En þá sögu er ástæðulaut að rekja að öðru leyti en því að til þess eru vítin að varast þau og hér hafa menn auðvitað bent á hver vítin eru. Við fórum of geyst. Það gerðu Norðmennirnir raunar líka, enda græddu þeir á tá og fingri á þessum fyrstu árum sínum þegar Norsk Hydro var orðinn aðaleigandi að Movi sem var stærsta fiskiræktarfélag Norðmanna og spýtti peningum í reksturinn.

Sannleikurinn var sá að verðfall varð eins og hér hefur verið rakið og sagan auðvitað öll mjög vel rakin, sérstaklega af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og raunar hv. þm. Árna M. Mathiesen og fleirum, og það er nauðsynlegt að við ræðum um það því að við höfum nú orðið alla þá þekkingu sem til er í heiminum hygg ég að því er varðar eldi á Atlantshafslaxinum sem er talinn vera konungur fiskanna og það er ekki nýtt, hann er kallaður það enn þá og við viljum auðvitað fylla okkar ár af fiski og þá ekki síst af laxi, þó að t.d. sjóbirtingur sé furðufiskur líka og ekki síður merkilegur. Ég ætla einmitt að fara að reyna að veiða nokkra af þeim á morgun eða hinn daginn og það er ævintýri sem getur gerst þar. Og þegar þetta ævintýri gerðist hér, þá voru ekki ómerkari menn en Snorri heitinn Hallgrímsson prófessor sem voru með litla stöð á Keldum og það var þar sem tilraunirnar voru gerðar af honum og Kristni Guðbrandssyni. Ég hafði raunar enga trú á því að það væri hægt að græða á því að rækta fisk. Ég mundi nú halda að það væri betra bara að veiða hann og éta hann. Það væri ódýrara en ég skipti brátt um skoðun þegar staðreyndirnar lágu fyrir. Svo urðum við fyrir stóráfalli eins og menn líka muna þegar einhver stærsta bylgja sem um getur reið yfir Vestmannaeyjar þar sem stofnarnir voru. En þó fórust ekki allir stofnanirnir eins og hér hefur verið rakið. Norski stofninn er hér enn og hann er ósýktur. Það eru engir sjúkdómar í þeim stofni, og ber ég nú í tréð, sem hættulegir eru eldinu. Við höfum að því leyti til forskotið. Við getum miklu fyrr og með miklu meira öryggi ef við förum rétt að og gætum okkar að verja náttúruna í þessu tilfelli eins og öðrum, þá gætum við auðvitað selt seiði, ósýkt seiði vegna þess að markað-

urinn fyrir Atlantshafslax gæti verið mjög mikill. Það er spurning um verð. Laxinn er kannski 10 sinnum verðmætari en þorskur eða slíkt, getur verið það og þess vegna er þetta ánægjuleg stund að menn eru að gera sér grein fyrir því sem hægt er að gera.

Ég hef ekki talað ærið mikið um þetta síðustu árin. Mér hefur stundum blöskrað þegar menn hafa talað um það sem eitthvert óskaplegt ólán að við skyldum leggja út í fiskeldi og raunar eldi á mörgum tegundum og við hljótum að gera það. Ég geri mér nú vonir um að það sé hægt ekki bara að tvöfalda afla með því að nýta þau svæði hafsins sem við eigum, 350 mílur á Reykjaneshrygg, 600 mílur á Hatton-Rockall bankanum. Það má kannski tvöfalda aflafeng okkar með því að yrkja skynsamlega fiskinn sem er í sjónum í ofanálag með því að ala meira af þessum fiski, taka ódýra vöru og breyta henni í dýra vöru. Þetta er margsögð saga og ánægjulegt að nú skuli hvert málið af öðru flutt um þetta og ég þakka flm. sérstaklega fyrir það og þeim sem af mikilli kunnáttu og skynsemi hafa rætt um málið.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alltaf ánægjulegt að hlusta á hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson ræða hugðarefni sín sem tengjast fiskeldi í þessu þingi og menn geta margt af honum lært. Hann sagði áðan að við hefðum á sínum tíma sótt verulegt fjármagn til Norðmanna og það er rétt og hann orðaði það líka svo að þeir hafi komið með sitt besta lið. Það kann vel að vera en staðreyndin er sú að fiskeldi í Noregi hefur verið með allt öðrum hætti en á Íslandi. Þeir hafa byggt upp sína sérþekkingu á sviði kvíaeldis. Reynslan hefur hins vegar sýnt að kvíaeldi gengur ekki mjög vel á Íslandi nema á tilteknum stöðum. Mér er kunnugt um að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson átti á sínum tíma gott samstarf við Norðmenn einmitt um þá tegund eldis. En því miður þá féllum við líka í þá gryfju að fá Norðmenn til þess að aðstoða okkur við fiskeldi sem var annarrar gerðar. Við fengum Norðmenn hingað til þess að hanna stórar og mjög dýrar strandeldisstöðvar. Það kom í ljós að þeir höfðu ekkert vit á þessari tegund eldis enda voru þá engar slíkar eldisstöðvar í Noregi. Þetta leiddi til verulegra hönnunarmistaka sem hafa háð starfrækslu eldis í þessum stöðvum. Ég á þá sérstaklega við Íslandslax sáluga. Þetta sýnir, virðulegi forseti, að fiskeldi á Íslandi verður einungis byggt upp á sérislenskri þekkingu og sem betur fer hefur hún orðið til á síðustu árum. Það hefur safnast sjóður þekkingar og reynslu og það er einungis í krafti þess sjóðs sem okkur mun takast á komandi árum að reisa þessa ungu grein úr þeim rústum sem hún er í dag. Til þess að það sé hægt þá þurfa menn að taka höndum saman, menn innan greinarinnar og líka stjórnmálamenn. Á það ber að leggja mikla áherslu. Þess vegna segi ég að þegar þessi ágæta tillaga sem hér er fram komin verður rædd í nefnd þá held ég að menn ættu að taka inn í hana ýmsa aðra hluti. Menn eiga ekkert að hika við að setja fram kröfur á framkvæmdarvaldið um tilteknar aðgerðir í þessum efnum því það er satt að segja nóg komið af linku þess í þessu máli.

Flm. (Guðmundur Stefánsson):

Frú forseti. Ég vil fyrst þakka ræðumönnum ánægjulegar og jákvæðar viðtökur við þessu máli og ég finn að hér í þinginu eins og annars staðar úti í þjóðfélaginu hafa menn skilning á þessum málum og vilja taka á þeim og leysa þessi verkefni, sjá möguleikana, bæði í fiskeldinu sjálfu og möguleikana til að gera góða hluti núna þegar betur gengur aftur eftir mörg mögur ár.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að gera að miklu umtalsefni þau atriði sem hér hafa komið fram í ræðum manna en ég tek undir margt af því. Ég tek undir það með hv. þm. Árna M. Mathiesen að vissulega er fiskeldið áhætturekstur en það sem er að gerast núna og það sem er að breytast er að í strandeldisstöðvum eftir að menn náðu tökum á eldinu, þá er áhættan í eldinu þó miklu minni en hún var áður. Menn eru miklu minna háðir veðri og vindum ef svo má að orði komast og öryggisþátturinn er miklu öflugri og betri en hann var, m.a. vegna þess að menn hafa gengið í gegnum harðan skóla þar, menn hafa þurft að horfa upp á það að skortur á öryggisbúnaði hefur valdið því að fiskur hefur drepist oftar einu sinni og oftar en tvisvar í stöðvunum þannig að allt stefnir þetta í rétta átt.

Ég vil líka taka undir það sem ég held að sé alveg rétt að eigið fé í greininni var sjálfsagt of lítið, a.m.k. ef við leggjum það upp þannig að það sé 1–1,5 milljarðar á móti 10 sem hafa tapast. En það þarf líka að huga að því og það þarf að horfa á það og virða það að þessi eini eða eini og hálfi milljarður sem einstaklingar lögðu fram í fiskeldið er í rauninni þróunarkostnaður vegna þess að það er verið að fjárfesta í grein sem var alls ekki fullburða og það þarf að meta líka og þess vegna er það ósanngjarnt sem menn segja, það eru auðvitað kannski til einhver dæmi en það er ósanngjarnt svona yfirleitt talað og ég er ekki að segja að hv. þm. hafi sagt það en það er rétt um fiskeldið úti í þjóðfélaginu, að þarna hafi einhverjir ævintýramenn komið og kastað í þetta einhverjum smápeningum og síðan mjólkað sjóðina. Slíkt stenst ekki vegna þess að menn hafa margir fórnað miklu og lagt mjög hart að sér og eru enn að berjast margir hverjir í því að koma þessari atvinnugrein á koppinn.

Ég ætla ekki að deila við hv. þm. Árna M. Mathiesen um innflutning á erfðaefni. Hann er eins og allir vita dýralæknir og sérfræðingur í málinu en ég vil samt segja að það sem ég á við er einfaldlega að það verður að vera mögulegt, það er reyndar mögulegt samkvæmt lögum, en það verða að vera einhverjar ákveðnar leiðir sem tiltölulega auðvelt er að fara. Ég hef heyrt hjá mörgum fiskeldismönnum að þeir vilja flytja inn erfðaefni. Ég er ekki að segja að það eigi að fara eftir öllum óskum sem menn hafa en það er ljóst að þó að ég vilji alveg eins og þingmaðurinn efla kynbætur þá taka þær mjög langan tíma. Við vitum að nágrannaþjóðirnar eru á undan okkur, þeirra eldisstofnar eru betri en okkar. Nú er það svo að við getum auðvitað ekki bara flutt inn eldisfisk og þar með leyst mál-

ið vegna þess að sá eldisfiskur sem við notum þarf að hæfa okkar aðstæðum, en það eru hugsanlega möguleikar og ég er sannfærður reyndar um að það þarf í sumum tilvikum að hressa upp á þessa hluti með því að flytja nýtt blóð inn í þá stofna sem fyrir eru og þá þarf að opna einhverjar auðveldari leiðir en nú eru því þó það sé hægt þá er það ákaflega erfitt og seinlegt. Ég vil ekki gera lítið úr hættunni sem því fylgir að stunda slíkan innflutning, en ég held að menn verði alltaf að taka einhverja áhættu en hún má ekki vera óskynsamlega mikil. Hvorki nú fremur en áður.

Annars vildi ég segja það að mál mitt mátti alls ekki skilja sem svo að ég væri að gagnrýna ábyrgðadeild fiskeldislána. Þvert á móti. Ég held að hún sé eins konar gimsteinn í því fjármálakerfinu sem að fiskeldinu stendur en jafnvel þó að menn hafi gimstein þá má alltaf skera hann betur og fægja og pússa og ég er miklu frekar að tala um það heldur en að mér finnist ... (**ÖS:** Árni er gimsteinn.) Já, ég held að ég taki undir það með hv. 17. þm. Reykv., Árni er að mörgu leyti gimsteinn. En ég held sem sagt að þessu sé svona varið og lengi má gott bæta.

Ég tek líka undir það með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að bankarnir hafa auðvitað brugðist í þessu máli vegna þess að þeir hafa ekki bara réttindi heldur líka skyldur við atvinnulífið og þeim ber í rauninni að stuðla að uppbyggingu atvinnugreinar eins og fiskeldis. Hins vegar er enginn sem bannar þeim að fylgjast vel með málunum og betur en þeir gerðu og að skoða og velja en að stærsti viðskiptabanki landamanna leyfi sér að loka á heila atvinnugrein, bara hreinlega renna fyrir, það getur ekki gengið og er náttúrlega einfaldlega bara skömm að slíkum vinnubrögðum. Þess vegna held ég því miður að ábyrgðadeildin verði enn um sinn að sinna þessu verkefni og helst með öflugri hætti en hún hefur gert því ég held bara því miður að aðeins þannig muni þetta mál nást í höfn. Ég held að það sé ekki eðlilegt að reikna með bönkunum í þessu máli, því miður.

Ég tek undir það sem fram kom í umræðum að það er mjög mikilvægt að við söfnum okkar eigin reynslu. Það er allt í lagi að byggja að einhverju leyti á annarra reynslu og nýta hana en það er fyrst og fremst okkar eigin reynsla sem dugir og við höfum eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson benti á áðan, auðvitað fengið ýmsa þekkingu og byggt að sumu leyti ágætis hluti í okkar eldi á reynslu frá öðrum mönnum og ég bendi á að fóðuriðnaður í landinu er nánast innfluttur, öll þekking í honum. Það má segja að það hafi verið byggt upp á samstarfi við erlenda aðila þó hafi síðan á seinni stigum reynst með ýmsum hætti. En það má ekki gleyma því að undanfarin ár hafa eldisafurðir fyrir allstórar upphæðir verið fluttar úr landi en einnig eldisfóður. Það hefur líklega verið flutt eldisfóður fyrir nokkra milljarða út núna á undanförnum árum, þannig að erlend samvinna er auðvitað mjög góð ef við bara treystum ekki algjörlega á hana í blindni. Sama hvort um er að ræða Norðmenn eða einhverja aðra.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri en ég þakka góðar umræður um þetta mál og góðan stuðning við það hjá öllum þeim ræðumönnum sem hér töluðu. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að þessu máli verði vísað til síðari umræðu og hv. landbn.

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil fullvissa hv. flm. um það að ég er alls ekki að gera lítið úr því eigin fé sem einstaklingar og fyrirtæki hafa lagt í fiskeldið og tapaðist þar. Til þess hef ég sjálfur lagt of mikið og tapað of miklu fé til þess að hafa það neitt í flimtingum.

Í sambandi við innflutning á erfðaefni er það sjálfsagt rétt að það geta verið þær aðstæður að rétt sé að flytja inn nýtt erfðaefni og taka þá áhættu sem í því felst. En við megum samt ekki láta þá lausn verða of auðvelda og verða til þess að við vanrækjum kynbótastarfið og notum ekki þá stofna sem fyrir eru í landinu. Eins og staðan er í dag þá hafa norsku stofnarnir, sem hér eru fyrir, ekki alls staðar verið notaðir einfaldlega vegna þess að við höfum sjálf lagt á það hömlur hvort og hvar þeir geta verið í eldi.

Ég vil að lokum þakka hv. 1. flm. og hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni ákaflega jákvæð og vinsamleg orð í garð ábyrgðadeildarinnar og í minn eigin garð og ég vona að þeir séu ekki að gera grín að mér með oflofi.

Flm. (Guðmundur Stefánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil taka undir það sem kom fram áðan að það má ekki gera innflutning of auðveldan en hann þarf samt sem áður, og ég er feginn því að hv. þm. tekur undir það með mér, að geta fylgt ákveðnum leiðum sem liggja nokkurn veginn ljóst og auðveldlega fyrir. Ég minni á það að t.d. í innflutningi á erfðaefni fyrir venjulega búfjárstofna þá hefur þetta verið slík krækluleið og með beygjum og bugðum á að hún hefur nánast verið ófær og algjörlega óviðunandi.

Að lokum vil ég bara segja það við hv. þm. Árna Mathiesen að það sem sagt var um hann áðan það var síst oflof og full meining í því, a.m.k. af minni hálfu og örugglega hjá hv. 17. þm. Reykv. líka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sementsverksmiðja ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 211. mál. — Þskj. 252, nál. 753 og 869.

Frsm. meiri hluta iðnn. (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir meiri hluta áliti hv. iðnn. um frv. til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Álitið hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir meiri hluti hennar með því að það verði samþykkt.

Nefndin fékk umsagnir um málið frá bæjarstjórn Akraness og Starfsmannafélagi Sementsverksmiðju ríkisins, auk þess sem stuðst var við umsagnir frá síðasta þingi.“

Undir þetta rita Össur Skarphéðinsson formaður, Tómas Ingi Olrich, Sigríður Anna Þórðardóttir, Pálmi Jónsson og Einar K. Guðfinnsson.

Það hafa staðið deilur, virðulegi forseti, um það hvort rétt sé að gera Sementsverksmiðju ríkisins að hlutafélagi. Það var mikill ágreiningur um þetta mál innan hv. iðnn., bæði á þessu þingi og eins á síðasta löggjafarþingi þegar þetta frv. lá líka fyrir. Það er afstaða meiri hlutans að það sé í mörgum tilvikum eðlilegra og heppilegra að fyrirtæki í eigu ríkisins séu rekin á formi hlutafélaga, jafnvel þó ríkið hafi engin áform um að selja hluta eða allt félagið úr hendi sér. Þetta teljum við að gildi alveg sérstaklega um framleiðslufyrirtæki eins og Sementsverksmiðjuna.

Rökin fyrir hlutafélagsforminu eru margvísleg. Í fyrsta lagi gefur hlutafélagaformið fyrirtækinu miklu meiri sveigjanleika, t.d. varðandi þátttöku í annarri atvinnustarfsemi, og í tilviki Sementsverksmiðjunnar liggur það fyrir að hún kann í náinni framtíð að gerast þátttakandi í öðrum nýjum fyrirtækjum sem tengjast hennar starfssviði. Slíkar hugmyndir eru nú þegar á kreiki.

Í öðru lagi mætir fyrirtækið öðrum fyrirtækjum í atvinnulífinu á jafnréttisgrundvelli en þau eru vitanlega flest á formi hlutafélags. Þetta gefur fyrirtækinu aukið svigrúm, m.a. til að verða sér úti um aukið fjármagn. Það vegur í okkar huga þungt að hlutafélagsformið vekur möguleika á því að fyrirtækið kunni einhvern tímann síðar að geta með hlutafjárútboði aflað sér aukins eigin fjár. Fyrir Sementsverksmiðjuna er það ekki síst mikilvægt miðað við núverandi stöðu hennar.

Í þriðja lagi þá er í hlutafélagalögunum ákvæði um ábyrgð stjórnarmanna og fleiri ákvæði sem skapa almennar leikreglur og stuðla að auknum aga í atvinnurekstri. Slík ákvæði skortir hins vegar í núgildandi lögum en þau taka auðvitað sjálfkrafa gildi um leið og rekstrarformi verksmiðjunnar er breytt í form hlutafélags.

Í fjórða lagi þá breytist ábyrgð ríkissjóðs á rekstri verksmiðjunnar við að færa hana yfir í hlutafélag, frá því að vera ótakmörkuð ábyrgð yfir í að takmarkast einungis við hlutafjáreign ríkisins í henni.

Þá má nefna að skattalegt umhverfi verksmiðjunnar breytist líka til samræmis við önnur atvinnufyrirtæki í landinu en eins og menn muna var aðstöðugjaldi létt af þeim en landsútsvar áfram við lýði. Verksmiðjan þarf því á núverandi formi að greiða landsútsvar sem félli niður með löggildingu þessa frv. og vitanlega styrkir það fyrirtækið í þeirri þröngu stöðu sem það er í dag. Menn hljóta líka að horfa til þessa atriðis.

Síðan vil ég nú nefna það til upplýsingar fyrir þá ágætu hv. framsóknarmenn sem hér eru í þingsölum að einmitt sökum þeirra ávinninga sem menn í atvinnulífinu telja fólgna í hlutafélagaforminu þá er hér á landi ör þróun yfir til þess forms frá öðrum formum atvinnurekstrar. Það má sérstaklega minna á það að mjög áberandi aðili í íslensku athafnalífi, þ.e. Samband ísl. samvinnufélaga, hefur kosið að fara þessa leið og það tel ég auðvitað merkilegt og gott. (**JGS:** Það sýnir nú að formið bjargar engu.) Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson kallar fram í að ekkert geti bjargað Sambandinu, ég vona að það sé ekki alveg rétt.

Því hefur líka verið haldið fram að það eigi ekki að breyta Sementsverksmiðju ríkisins yfir í hlutafélag vegna þeirrar einokunaraðstöðu sem félagið nýtur í krafti fjarlægðarverndar. Það þykja mér engin rök. Hlutafélagsformið hentar einfaldlega rekstri verksmiðjunnar betur en hið núverandi.

Það hefur jafnframt verið sagt að fyrir liggi að selja verksmiðjuna eftir að búið er að breyta henni í hlutafélag. Það er rétt að einstakir stjórnmálamenn hafa haft þá skoðun uppi. (**Gripið fram í:** Hvað um hvítu bókina?) Ég legg hins vegar áherslu á það og vænti þess að hv. þm. Jóhann Ársælsson hlusti nú, af því að ég veit að hann er vel læs og hefur lesið það frv. sem við ræðum hér, að í því frv. er ekki leitað heimildar til þess að selja hluta úr hinu tilvonandi hlutafélagi og það skiptir miklu máli. Það er alls ekki leitað heimildar til sölu.

Ég vil jafnframt líka minna á það að þau lög sem eru í gildi um jöfnun flutningskostnaðar breytast ekki neitt. Það er mikilvægt atriði. Síðast en ekki síst þá hefur því verið haldið fram af andstæðingum þessa frv. að með því að breyta Sementsverksmiðju ríkisins yfir í hlutafélag sem kynni fræðilega einhvern tímann í framtíðinni að verða selt, komast í einkaeigu, e.t.v. að meiri hluta, þá mundi það leiða til þess að verð á sementi mundi hækka. Þetta er rangt. Það eru sérstök lög í landinu sem gilda einmitt um fyrirtæki sem búa við einokunaraðstöðu eða fákeppni eins og Sementsverksmiðja ríkisins. Hér á ég við lögin um hið nýja samkeppnisráð. Það er auðvitað alveg ljóst að samkeppnisráð hefur fullan möguleika á að grípa inn í verðþróun og það skiptir verulega miklu máli.

Virðulegi forseti. Það er afstaða meiri hluta hv. iðnn. að þetta frv. verði samþykkt sem fyrst.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. formanns iðnn. um að það séu engin áform um að selja Sementsverksmiðju ríkisins við þessa breytingu, þá vil ég lesa upp fyrir hann svör sem ég fékk við þessari spurningu 20. febr. 1992. Þar segir hæstv. iðnrh. orðrétt:

„Svar mitt við þeirri spurningu er: Eins og vel er kunnugt hefur ríkisstjórnin á sinni stefnuskrá að selja ríkisfyrirtæki eins og hér er um að ræða. Því hlýtur sala bréfa í verksmiðjunni að koma til greina á kjörtímabilinu. Þar kemur bæði til álita sala hlutabréfa til að afla fyrirtækinu aukins eigin fjár og einnig sala á hlut ríkisins í félaginu."

Ég spurði einnig að því hvort hann ætli að selja fyrirtækið í bitum eða í einu lagi og hann taldi jafnvel að bæði komi til greina.

Svo ég víki að fleiri svörum við þessari fsp. þá taldi hæstv. umhvrh. Eiður Guðnason það gamaldags hugsunarhátt að ríkið væri í fyrirtækjarekstri og taldi, með leyfi forseta svo ég vitni orðrétt í hans orð:

„En það er furðulegt, einkennileg tímaskekkja, að

þegar ríkisrekstur kommúnismans um gjörvalla Austur-Evrópu er hruninn þá skuli talsmenn þessa sjónarmiðs koma í ræðustól og predika á hinu háa Alþingi að það sé sáluhjálparatriði að ríkið standi í stórkostlegum fyrirtækjarekstri.“

Mér fannst nauðsynlegt að þetta kæmi hér fram. Hv. formaður iðnn. er kannski eini þingmaður Alþfl. sem ekki er þeirrar skoðunar að það eigi að selja þetta fyrirtæki. Ég vildi gjarnan fá að heyra það hér hver er skoðun hv. þm. og formanns iðnn. á því hvort rétt sé að selja fyrirtækið.

Frsm. meiri hluta iðnn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mér ekkert sáluhjálparatriði að fá upprifjanir á ummælum manna um þetta. Ég hef mínar eigin skoðanir. Það er alveg ljóst að í þessu frv. er ekki óskað heimildar til þess að selja hluta úr Sementsverksmiðjunni. Það segir í 8. gr., með leyfi forseta: „Ríkissjóður getur ekki boðið hlutabréf í Sementsverksmiðjunni til sölu nema hafa til þess samþykki Alþingis.“

Hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir spyr um mína afstöðu og hún á rétt til að heyra hana. Ég er þeirrar skoðunar, eins og kom reyndar fram í máli mínu áðan, að Sementsverksmiðja ríkisins eigi að hafa kost á að afla aukins eigin fjár með hlutafjárútboði. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, og tel rétt að það komi fram, að afstaða formanns iðnn. er sú að vegna eðlis þessarar verksmiðju þá eigi ríkið áfram að hafa á hendi meiri hluta í henni. Það er mín afstaða. (**SvG:** Þú ræður engu.) Það kom í ljós í gær, hv. þm. Svavar Gestsson, að ég réð þó nokkru.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svarið. Það var mjög hreinskilnislegt. En ég býst við því að hann ráði ekki ferðinni í þessu máli. Ég held að það hafi komið berlega í ljós að hann mun ekki ráða ferðinni því það stendur í hvítbókinni skýrum stöfum að fyrirtæki sem slík skuli seljast og að þeir peningar skuli ekki notast til fyrirtækisins sjálfs heldur til aukinna rannsóknarverkefna almennt. Fyrirtækið sjálft mun því ekki njóta þess fjármagns sem kemur við sölu hlutabréfa.

Frsm. meiri hluta iðnn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir er skynsamur þingmaður. Það er alveg hárrétt hjá henni að ég ræð allt of litlu í stjórnarliðinu, því miður. Það getur vel verið að ég ráði ekki ferðinni í einhverjum málum, en þingmaðurinn spurði og fékk ærlegt svar.

Frsm. minni hluta iðnn. (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta iðnn. um frv. til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Þeir sem að minnihlutaálitinu standa, auk þess sem hér stendur, eru hv. þm. Páll Pétursson, Svavar Gestsson og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Minni hluti nefndarinnar telur ekki tímabært að breyta Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag. Vinna ríkisstjórnarinnar við breytingarnar er illa undirbúin og aðstæður í þjóðfélaginu til þessara breytinga eru slæmar. Því leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari skoðunar.

Helstu rökin fyrir þessari tillögu minni hlutans eru eftirfarandi:

1. Í 6. tölul. yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga á sl. ári segir: „Ríkisstjórnin staðfestir að á samningstímanum verði ekki gerðar breytingar á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eða reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim lögum. Ekki verða gerðar breytingar á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna á samningstímanum.“ — Þetta segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá síðasta ári.

Ef Alþingi samþykkir frv., sem hér liggur fyrir, um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins er alveg ljóst að verið væri að brjóta þetta ákvæði í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir að ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, skuli ekki eiga við um þá starfsmenn sem boðið verður sambærilegt starf hjá Sementsverksmiðju ríkisins eftir að hún er orðin að hlutafélagi. — Inn á þetta kem ég örlítið frekar síðar í rökstuðningi minni hlutans fyrir því að vísa málinu til ríkisstjórnar.

Nú má kannski segja að samningar við opinbera starfsmenn séu í raun sé útrunnir. Hins vegar hafa ekki verið gerður nýir samningar þannig að það er útilokað að líta á það öðruvísi en svo að það verði af hálfu ríksstjórnarinnar að standa við það ákvæði í samningnum sem gerður var við BSRB við gerð síðustu kjarasamninga þar til nýr kjarasamningur hefur verið gerður. Og að brjóta þetta ákvæði við þessar kringumstæður er ekki gott veganesti inn í nýja samningsgerð sem nú stendur fyrir dyrum. Þess vegna er ég hissa á því að þessi tími skuli valinn, bæði gagnvart Sementsverksmiðjunni og eins gagnvart Síldarverksmiðjum ríkisins, sem var verið að lögfesta í dag. Tímasetning ríkisstjórnarinnar er því að mörgu leyti alveg stórfurðuleg og er í raun og veru ekkert annað en stríðsyfirlýsing til Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um að það sé ekkert að marka þá samninga sem fjöldasamtök opinberra starfsmanna gera við ríkisstjórnina og þess vegna ekki hægt að treysta þeim til þess að standa við slík loforð.

Til fundar við iðnn. var Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður boðaður og það var sérstaklega vegna 4. gr. frv. Lögfræðingurinn sendi frá sér álit sem um leið var það álit sem Starfsmannafélag ríkisstofnana sendi til iðnn. sem álit sitt á frv. Það kemur alveg skýrt fram í áliti Gests Jónssonar hæstaréttarlögmanns að verði þessar breytingar gerðar, þ.e. biðlaunarétturinn afnuminn og skerðing á lífeyrisréttindunum sem gæti hlotist af því — sem er verið að gera því það er staðfest af Hæstarétti að það er ekkert til sem heitir sambærilegt starf í nýju hlutafélagi því starfsmenn í hinu nýja hlutafélagi njóta ekki sömu réttinda og sömu kjara og

þeir höfðu meðan þeir voru starfsmenn ríkisins — þá séu þær breytingar andstæðar 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Þetta kemur einnig fram í áliti Almennu lögfræðistofunnar sem Hróbjartur Jónatansson hæstaréttarlögmaður skrifar undir. Það var reyndar álit lögmannsins á sambærilegu ákvæði í frv. um Síldarverksmiðjur ríkisins, en þar segir lögmaðurinn á einum stað, með leyfi forseta:

„Mín skoðun er sú að 7. gr. frv." — þ.e. 7. gr. frv. um Síldarverksmiðjurnar sem er sambærilegt ákvæði og 4. gr. þessa frv. sem við erum hér með til umfjöllunar — „feli í sér óhæfilega skerðingu á lögbundnum starfskjörum þeirra umræddu starfsmanna og af þeim ástæðum andstæð ákvæðum 67. gr. stjórnarskrárinnar."

Þrátt fyrir þessar viðvaranir tveggja lögfræðinga, hæstaréttarlögmanna er þetta mál keyrt fram. Jafnvel þó að um stjórnarskrárbrot sé að ræða. Til fundar við iðnn. komu einnig lögfræðingar sem höfðu efasemdir í þessum efnum en þeir treystu sér hins vegar ekki til að láta frá sér fara neitt skriflegt er væri rökstuðningur væri fyrir því að óhætt væri að gera þessar breytingar.

Í þriðja lagi sem rökstuðningur fyrir þessu nál. minni hlutans um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, var það svo að starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins höfðu á sínum tíma lýst yfir stuðningi við breytingar á rekstrarformi Sementsverksmiðjunnar. Nú er þessi afstaða gjörbreytt. Eftir að minni hlutinn hafði þurft, ég vil kannski ekki beint segja að þvinga meiri hluta iðnn. til þess að fá að senda málið til umsagnar í starfsmannafélagi Sementsverksmiðju ríkisins en a.m.k. þurfti að beita meiri hlutann verulegum þrýsting í þeim efnum. (**Gripið fram í:** Það er rangt.) (**ÖS:** Það var strax orðið við þessari ósk.) Það er kannski smekksatriði hvaða orð menn nota nákvæmlega í þessum efnum, en formaður iðnn. má þó eiga það að hann lét undan þessum þrýstingi minni hlutans um að vísa málinu til umsagnar starfsmannafélagsins. (**ÖS:** Ég var beittur fortölum.) Hann var beittur fortölum, já.

Með leyfi forseta ætla ég að lesa álit starfsmannafélags Sementsverksmiðjunnar sem sent var til iðnn. og er dags. 14. jan. 1993:

„Vísað er til bréfs iðnn. frá desember sl. þar sem óskað er eftir umsögn um frv. Alþingis að gera Sementsverksmiðjur ríkisins að hlutafélagi. Stjórn starfsmannafélagsins ákvað að hafa atkvæðagreiðslu um hvort starfsmennirnir væru hlynntir eða andvígir frv. því sem lagt hefur verið fram um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru sem hér segir:

Hlynntir frv. 21. Andvígir frv. 78. Auðir og ógildir 4. Á kjörskrá voru 124. Atkvæði greiddu 103, eða u.þ.b. 83%."

Undir þetta ritar fyrir hönd stjórnar starfsmannafélags Sementsverksmiðju ríkisins, Lilja Högnadóttir formaður.

Með öðrum orðum hafnar mikill meiri hluti starfsmanna Sementsverksmiðju ríkisins því að breyta rekstrarformi verksmiðjunnar. Þetta er breyting á afstöðu hjá starfsmönnum fyrirtækisins sem áður höfðu lýst því yfir að það væri allt í lagi þeirra vegna að breyta rekstrarforminu.

Í fjórða lagi sem rökstuðningur við tillögu minni hlutans um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar þá hafði bæjarstjórn Akraness lýst yfir stuðningi við frv. á fyrri þingum er það hafði komið þar til umsagnar. Það gilti það sama að það varð að beita formann iðnn. fortölum og meiri hlutann í nefndinni til þess að fá frv. aftur sent til umsagnar bæjarstjórnar Akraness. Formaðurinn lét hins vegar undan og og ég ætla, með leyfi forseta, að vitna í bréf sem iðnn. er ritað frá 18. jan. 1993:

„Á fundi bæjarstjórnar Akraness 12. janúar sl. var m.a. fjallað um frumvarp til laga um að gera Sementsverksmiðju ríkisins að hlutafélagi." — Það er rétt að taka það fram að álit bæjarstjórnarinnar fylgir með áliti minni hlutans sem fylgiskjal.

„Bæjarstjórn Akraness samþykkti eftirfarandi umsögn um frumvarpið:

„Á fundi bæjarstjórnar Akraness þriðjudaginn 15. janúar 1991 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Bæjarstjórn Akraness vill taka það skýrt fram að ef ákvæðum frumvarpsins um aðstöðugjald eða eignarhald á hlutafé verður breytt, þá lýsir bæjarstjórn yfir eindreginni andstöðu við frumvarpið."

Umrætt frumvarp var ekki afgreitt á síðasta þingi en er nú aftur til umfjöllunar Alþingis. Hins vegar virðast báðar þær forsendur, sem taldar eru upp í ályktun bæjarstjórnar Akraness, hafa brostið." — Þ.e. með aðstöðugjaldið og með eignarhaldið. — „Í ræðum" — og taktu nú eftir, hv. 17. þm. Reykv., formaður þingflokks Alþfl.: „áhrifamikilla stjórnmálamanna hefur komið skýrt fram að þeir líti á breytingu Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag sem fyrsta skref til sölu verksmiðjunnar. Einnig hefur aðstöðugjald af fyrirtækjum verið fellt niður.

Að báðu þessu athuguðu mælist því bæjarstjórn Akraness til þess að frumvarpið verði ekki samþykkt."

Það er einnig breyting á afstöðu bæjarstjórnar Akraness til þessa frv. (**Gripið fram í:** Eru kratarnir þar líka með?) Kratarnir eru með og sjálfstæðismennirnir eru með og framsóknarmennirnir eru með. Það er einróma. Þess vegna og því merkilegra er það álit fulltrúa Sjálfstfl. í bæjarstjórn, en þeir lögðu fram bókun á sama fundi eftir að hafa samþykkt að forsendurnar um aðstöðugjaldið og eignarhaldið væru brostnar og þess vegna væru þeir ekki lengur stuðningsaðilar þess að málið yrði samþykkt á Alþingi.

Ég ætla, með leyfi forseta, að vitna í bókun fulltrúa Sjálfstfl. í bæjarstjórn Akraness. Hún er reyndar í anda Sjálfstfl. vegna þess að þegar maður er búinn að lesa hana yfir þá áttar maður sig alls ekki á því hvað snýr upp eða niður á þessu máli. (Gripið fram í.) Nei, mér finnst rétt að það sé gert heyrum kunnugt hversu ótrúleg sú afstaða er. Eftir að fulltrúarnir eru búnir að sam-

þykkja að ekki sé hægt að standa að frv. segir í bókun sjálfstæðismanna, með leyfi forseta:

„Á fundi bæjarstjórnar Akraness þriðjudaginn 15. janúar 1991 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum umsögn um frv. til laga um stofnun hlutafélagsins Sementsverksmiðju ríkisins. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Bæjarstjórn Akraness vill taka það skýrt fram að ef ákvæðum frv. um aðstöðugjald eða eignarhald á hlutafé verði breytt þá lýsir bæjarstjórn yfir eindreginni andstöðu við frumvarpið."

Síðan segir: „Vegna þess samdráttar sem nú er á vinnumarkaðinum er það eindregin von fulltrúa Sjálfstfl. í bæjarstjórn Akraness að frelsi Sementsverksmiðjunnar til þátttöku í þróunarverkefnum, rannsóknum og öðrum hlutafélögum verði til þess að verksmiðjan verði mun virkari þátttakandi í eflingu atvinnulífs á Akranesi.

Fulltrúar Sjálfstfl. í bæjarstjórn Akraness lýsa yfir stuðningi við frv. þrátt fyrir niðurfellingu aðstöðugjalds á fyrirtækið en leggja til að tekjulækkun sem af þeirri niðurfellingu hlýst verði að stærstum hluta bætt af ríkissjóði. Ofangreint tilkynnist hér með."

Þetta er náttúrlega alveg ótrúlegt rugl og maður botnar ekkert í þessu. Eftir að mennirnir hafa staðið í því í bæjarstjórninni að hafna frv. þá koma þeir í sama máli og örugglega undir sama dagskrárliðnum á sama bæjarstjórnarfundinum með bókun um það að nú séu þeir orðnir með. (**Gripið fram í:** Hvaða flokkur var þetta?) Þetta var Sjálfstfl. á Akranesi sem þannig hegðaði sér. En það er reyndar bara eftir öðru sem í hugarheimi þeirra manna er að gerst um þessar mundir og hefur verið að gerast að undanförnu.

Í fimmta lagi sem rökstuðningur fyrir því að minni hlutinn leggur til að frv. verði vísað til ríkisstjórnar er að Sementsverksmiðja ríkisins býr við þær markaðsaðstæður að vera einokunarfyrirtæki. Ekki eru uppi hugmyndir um að koma upp samkeppni í þessari atvinnugrein og því óeðlilegt að afhenda einkaaðilum slíkt einokunarfyrirtæki. Þegar fyrirtækið er komið í hendur einkaaðila geta opinberir aðilar engin áhrif haft á verð á þeim afurðum sem fyrirtækið selur. Inn á þetta kom áðan hv. formaður iðnn., Össur Skarphéðinsson. Það væri hins vegar fróðlegt að skoða þá breytingu sem ríkisstjórnin er að leggja til í ljósi þess hvernig þetta kemur heim og saman við nýsamþykkt samkeppnislög. Hvort þessi breyting, þar sem ríkisvaldið er að ætlast til að Alþingi hafi frumkvæði að því að breyta rekstrarformi þessa einokunarfyrirtækis og ýta því út á markaðinn með einokunaraðstöðu, brjóti ekki í bága við nýju samkeppnislögin. Þó svo samkeppnisráð geti gripið til einhverra sérstakra ráðstafana þegar að þessu er komið, þá held ég að það hljóti að teljast óeðlilegt að ríkisvaldið sé að beita sér fyrir slíkum breytingum.

Í sjötta lagi sem rökstuðningur fyrir því að málið eigi að fara aftur til ríkisstjórnar, þá er gert ráð fyrir því í 8. gr. frv. að ríkissjóður geti ekki boðið hlutabréf Sementsverksmiðjunnar til sölu nema hafa til þess samþykki Alþingis en það hefur komið fram, eins og hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir benti á áðan í svari iðnrh. við fsp. á Alþingi um það hvort það standi til að selja fyrirtækið eða ekki, að það á að selja fyrirtækið, hvort sem það verður selt í heilu lagi eða í smærri einingum. Ég hygg að bæjarstjórn Akraness sé í sinni umsögn að vitna til svars iðnrh. við fsp. hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur á síðasta ári þegar hún segir á einum stað að í ræðum áhrifamikilla stjórnmálamanna hafi það komið fram að það standi til að selja fyrirtækið. Því vil ég spyrja formann iðnn., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hvort það geti verið að bæjarstjórnin eigi þarna við hæstv. iðnrh. sem áhrifamikinn stjórnmálamann eða kannski einhvern annan af hv. þm. Alþfl.

Fyrir utan það sem tilgreint eru hér sem rök fyrir því að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, þá held ég að allir séu sammála um að þær aðstæður séu núna í okkar þjóðfélagi í atvinnumálum, atvinnulífið á í vök að verjast, það er stórkostlegt tap í sjávarútveginum og það er skortur á miklu eigin fé í fyrirtækjum. Að ýta Sementsverksmiðju ríkisins út á markaðinn við þessar aðstæður held ég að sé í raun og veru „feilspekúlasjón" hjá áhrifamiklum stjórnmálamanni og að detta til hugar við ríkjandi kringumstæður að ýta Sementsverksmiðjunni út á markaðinn og fá þá aðila sem hafa takmarkaða peninga til þess að kaupa hlut í slíku fyrirtæki. Fyrir utan þau rök sem hér hefur verið minnst á er tímasetningin röng og því ítreka ég þá tillögu okkar sem stöndum að áliti minni hlutans að við leggjum til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari skoðunar.

Frsm. meiri hluta iðnn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvernig menn rökræða innan Framsfl. en rökræður eru bersýnilega það sem hv. þm. Finnur Ingólfsson kallar þrýsting og fortölur. Staðreyndin er sú að innan hv. iðnn. hef ég ævinlega orðið við öllum óskum sem hafa komið frá stjórnarandstöðunni um að leita umsagnar tiltekinna aðila. Það gilti líka um Starfsmannafélag Sementsverksmiðjunnar og bæjarstjórnarinnar. Mér hefði verið í lófa lagið að leggjast af mínum 105 kg þunga á stjórnarandstöðuna og hafna þeirri beiðni vegna þess að það lágu fyrir umsagnir frá þessum aðilum frá því í fyrra. Ég gerði það ekki.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um að verið væri að brjóta gerða kjarasamninga, þá er það ekki rétt hjá honum. Í fyrra gaf ríkisstjórnin yfirlýsingu í tengslum við kjarasamninga um að ekki yrðu gerðar breytingar á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. En Friðrik Sophusson lýsti því yfir úr þessum stóli að hann hefði eigi að síður gert talsmönnum BSRB glögga grein fyrir því að það hefði ekki áhrif á afstöðu ríkisstjórnarinnar varðandi þau tvö frumvörp sem þetta mál varðar. Hér er því ekki verið að brjóta eitt eða neitt.

Síðan langar mig, virðulegi forseti, að minna á að 31. des. 1985 voru sett lög um Jarðboranir hf. Nákvæmlega sama grein var þar inni. 20. maí 1988 voru sett lög um breytingu á lögum um skipulag ferðamála. Nákvæmlega sama grein var inni. 23. maí 1989 voru

sett lög um stofnun hlutafélags um Gutenberg. Nákvæmlega sama grein var inni. Og hvað eiga allar þessar dagsetningar sameiginlegt, virðulegi forseti? Jú, þær eiga það sameiginlegt að Framsfl., flokkur hv. þm., var þá í stjórn og átti aðild að þessu, nákvæmlega því sama og maðurinn er að mótmæla hérna núna. Hvers konar þverstæða er eiginlega föst í kolli hv. þm.?

Frsm. minni hluta iðnn. (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kann vel að vera rétt hjá hv. þm. að þetta sé dálítil nýmæli fyrir mig að þurfa að beita menn slíkum fortölum í sæmilega góðu andrúmslofti á fundum. Það þarf nefnilega í þingflokki framsóknarmanna aldrei að beita fortölum. Þar eru menn tilbúnir til sátta við hvaða kringumstæður sem er.

Varðandi það að ætla ekki að ljá máls á því í upphafi, sem minni hlutinn var að tala um áðan, að fá að senda málið til umsagnar bæði bæjarstjórnar og starfsmannafélagsins en minni hlutinn fékk þó í gegn, hefur það sýnt sig á þeim umsögnum sem bárust að það var full ástæða til að gera það vegna þess að afstaða þessara aðila var breytt. Það kemur hins vegar ekki fram í meiri hlutaálitinu sem liggur nú fyrir hver afstaða þessara tveggja aðila, starfsmannafélagsins og bæjarstjórnarinnar hafi verið. Menn eru því að hlaupa í kringum það með því að segja: Það var leitað til þessara aðila en afstaðan ekki gerð opinber.

Varðandi brot á kjarasamningum, burt séð frá því hvort hæstv. fjmrh. hafi lýst því yfir í umræðu á síðasta þingi að það væri skilningur sinn og sennilega líka BSRB að breytingar á Sementsverksmiðjunni, Síldarverksmiðjum og þau frv. sem þá lágu fyrir þinginu væru ekki brot á því ákvæði er var í samningunum, þá hefur það komið fram að túlkun manna á þessu er mismunandi, bæði forustumanna BSRB og eins hæstv. fjmrh. En ég var að leggja áherslu á það hver svo sem sú niðurstaða verður að það er ekki skynsamlegt hjá ríkisstjórninni nú þegar hún er að ganga til kjarasamninga að nota þetta tækifæri til að setja lög sem brjóta gegn þessu samkomulagi. Það er ekki gott veganesti inn í kjarasamningana.

Varðandi Jarðboranirnar og öll þau fyrirtæki sem hv. þm. tók sem dæmi áðan að hefðu verið lögfest í tíð Framsfl., þá voru engar viðvaranir við því frá lögfræðingum um að þarna væri ákveðin hætta á ferðum. Þar að auki hefur fallið hæstaréttardómur eftir að þessar breytingar voru gerðar, eins og á Jarðborunum, sem staðfesta að það er brot á lögum að fara þessa leið, sem ríkisstjórnin er að leggja til að verði farin bæði í sementsverksmiðjufrv. og síldarverksmiðjufrv., um breytingar á réttindum og skyldum opinberra starfsmanna.

Frsm. meiri hluta iðnn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrir okkur sem upplifðum jarðhræringarnar í Framsfl. í tengslum við EES-samninginn er fróðlegt að fá hér upplýsingu um það frá hv. þm. Finni Ingólfssyni að þar sé alltaf allt í sátt og samlyndi. Við höfum aldeilis orðið vör við þá sátt sem þar ríkir.

Það liggur fyrir að hv. þm. Finnur Ingólfsson gat ekki hrakið að enginn kjarasamningur hefur verið brotinn. Hæstv. fjmrh. gaf yfirlýsingar í fyrra og þeim var ekki mótmælt af forustumönnum BSRB. Það liggur fyrir. Það getur vel verið að einhver hafi hvíslað því í eyru hv. þm. Finns Ingólfssonar að þarna hafi verið um einhverjar mistúlkanir að ræða. Eigi að síður liggur það fyrir að þessum yfirlýsingum var ekki mótmælt. Síðan er það merkilegt að hv. þm. gefur lítið fyrir það að hans eigin flokkur hefur þrisvar sinnum átt aðild að lagasetningu um nákvæmlega sama ákvæðið og hann er núna að mótmæla.

Ég vil beina þeirri vinsamlegu ábendingu til hv. þm., vegna þess að mér er hlýtt til hans og ég er viss um að hann á mikla framtíð fyrir sér innan Framsfl. og satt að segja vona ég það, að hann kynni sér eilítið sögu flokksins áður en hann kemur hingað með málflutning af þessu tagi og skammar ríkisstjórnina fyrir að vera að gera nákvæmlega það sama og Framsfl. hefur gert þrisvar sinnum.

Frsm. minni hluta iðnn. (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi hugarburð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um átök innan Framsfl. kom það best fram í atkvæðagreiðslu um EES-málið að þar þurfti ekki að beita mennina fortölum. Menn fengu að fara sínar eigin leiðir í því og það er sú leið sem ég hygg að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefði oft og tíðum viljað fá að fara í tíð þessarar ríkisstjórnar í stað þess en að vera í þeim handjárnum sem hann hefur margoft þurft að vera hér í atkvæðagreiðslum. (**ÖS:** Og fótjárnum líka.) Og fótjárnum líka.

Varðandi það atriði að Framsfl. og fyrri ríkisstjórn hafi staðið að því að setja hér lög um breytingu á réttindum og skyldum opinberra starfsmanna þá er það alveg rétt. Fyrri ríkisstjórn stóð að slíku. Ég var að leggja áherslu á það, virðulegi þingmaður, að þá voru menn ekki varaðir við að þarna væri hugsanlega um stjórnarskrárbrot að ræða. Hefðu menn verið varaðir við á þeim tíma, þá býst ég fastlega við því að menn hefðu tekið tillit til þeirra viðvarana og breytt út af því sem þeir ætluðu sér að gera. Þar að auki var ég að benda hv. þm. á að síðan þessi lagasetning átti sér stað er snerti Jarðboranir hefur fallið dómur í Hæstarétti. (**ÖS:** Í hvaða máli?) Máli Guðrúnar Ágústsdóttur gegn fjmrh. og menntmrh. Það er því full ástæða til fyrir ríkisstjórnarliðið að taka slíkar ábendingar dálítið alvarlega og hugsa sig einu sinni um hvað þeir eru að gera áður en þeir ana út í svona ófæru.

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Finnur Ingólfsson fór hér nokkrum orðum um ályktun bæjarstjórnar Akraness um þetta frv. og notaði tækifærið til að fara háðulegum orðum um bæjarfulltrúa Sjálfstfl. á Akranesi í því sambandi. Hið rétta er að ályktun bæjarstjórnar Akraness

var gerð með sjö samhljóða atkvæðum. Bæjarfulltrúar Sjálfstfl. greiddu henni ekki atkvæði sitt og lögðu fram þá bókun sem hv. þm. greindi hér frá. Mér sýnist því að hv. þm. hafi fengið rangar upplýsingar og trúlegast að einhver flokksfélagi hans hafi ákveðið látið hann hlaupa apríl.

Frsm. minni hluta iðnn. (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins út af þessum orðum hv. 5. þm. Vesturl., Guðjóns Guðmundssonar. Það var ekki meining mín að fara hér háðulegum orðum um bæjarfulltrúa Sjálfstfl. á Akranesi, síður en svo. Ég var hins vegar að benda á að í ályktun bæjarstjórnar Akraness kemur fram að þessu frv. er hafnað eins og það liggur fyrir vegna þess að ákveðnar forsendur eru brostnar, forsendurnar um aðstöðugjaldið og forsendurnar um söluna. Og ég hef ekki heyrt í neinum bæjarfulltrúa Framsfl. á Akranesi um þetta mál. Það eina sem ég hef í höndunum er bréf frá bæjarritanum á Akranesi til iðnn. Alþingis þar sem þetta kemur fram og ég las frá orði til orðs áðan. Auðvitað er ekki hægt annað en velta því mjög alvarlega fyrir sér hvað sé að gerast hjá mönnum og ég sé ekki annað út úr því en þeir hafi staðið að þessari ályktun í bæjarstjórninni að hafna frv. en koma síðan með bókun þar sem þeir mæla með því að frv. verði samþykkt. Það hljóta að vera fleiri en ég sem eiga erfitt með að skilja slíkt. Og því var ég að gera grein fyrir hér áðan en síður en svo að gera lítið úr þessum bæjarfulltrúum sem ég býst við að séu hinir ágætustu menn án þess að ég þekki þá neitt.

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu er verið að gera lítið úr bæjarfulltrúum þegar það er fullyrt að þeir hafi greitt ákveðinni ályktun atkvæði sitt en komið svo með bókun á sama fundi sem gengur í þveröfuga átt. Ég kalla það að gera lítið úr mönnum.

Staðreyndin er eins og ég sagði áðan. Þeir greiddu þessari ályktun ekki atkvæði sitt. Það getur hv. þm. væntanlega fengið staðfest hjá bæjarritaranum á Akranesi. Eftir stendur að sjálfstæðismenn stóðu ekki að þessari ályktun en lögðu fram sína eigin ályktun sem hv. þm. gerði grein fyrir í sinni fyrstu ræðu.

Frsm. minni hluta iðnn. (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af bréfi bæjarstjórnar og ályktun sem hér liggur fyrir er ekki hægt að lesa það að bæjarfulltrúar Sjálfstfl. hafi setið hjá vegna þess að það segir svo, með leyfi forseta:

„Að báðu þessu athuguðu mælist því bæjarstjórn Akraness til þess að frv. verði ekki samþykkt."

Það kemur ekki fram hvernig atkvæði hafa fallið eða hvort einhver hafi setið hjá og það er ekkert um það í ályktuninni. Síðan kemur bókunin og mér finnst hún í algerri andstöðu og þversögn við það sem þarna hefur verið samþykkt. (**Gripið fram í:** Það er af því að þeir eru ekki sammála því.) Af því að þeir eru ekki sammála því? Þá hefði auðvitað verið eðlilegt að það kæmi fram að þeir væru ekki sammála því. (**Gripið fram í:** Það kemur fram í bókuninni.) Það kemur fram í bókuninni en það er ekkert hægt að lesa út úr ályktuninni frá bæjarstjórninni annað en þeir hafi staðið að þessu.

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Þar sem ég átti þess því miður ekki kost að vera viðstaddur 1. umr. þessa máls langar mig að fara örfáum orðum um þetta frv. en frv. til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins var lagt fram árið 1987 af þáv. hæstv. iðnrh., Friðriki Sophussyni.

Eftir ábendingar ýmissa aðila, m.a. stjórnenda Sementsverksmiðjunnar, var frv. breytt nokkuð og það lagt fram í nóvember 1989 í þeirri mynd sem það er nú. Frv. var þá afgreitt frá efri deild en það tókst ekki að ljúka afgreiðslu þess frá neðri deild fyrir þinglok það ár. Frv. hefur síðan verið á ferðinni í þinginu árlega og hefur því fengið mjög ítarlega athugun og því orðið tímabært að það fái endanlega afgreiðslu á þessu þingi.

Ég hef frá því að þetta frv. kom fyrst fram fyrir sex árum verið hlynntur því og tel eðlilegast að atvinnurekstur ríkisins sé í hlutafélagsformi. Það gerir rekstrinn sveigjanlegri og ákarðanatöku stjórnenda fyrirtækisins léttari í vöfum. Þeir geta þá tekið þær ákvarðanir sem þeir telja nauðsynlegar varðandi fjárfestingar og framkvæmdir með sama hætti og gert er í öðrum rekstri og þurfa ekki að leita til ríkisvaldsins með slíkar ákvarðanir. Mér finnst það mjög jákvætt í þessu frv. að það skuli vera kveðið á um að fulltrúar félagsins skuli halda tvo samráðsfundi með fulltrúum Akranesskaupstaðar árlega til að ræða sameiginleg hagsmunamál. Sementsverksmiðjan er einn stærsti atvinnurekandi í bænum og stendur auk þess í hjarta bæjarins og það gefur auga leið að rekstur stóriðju á slíkum stað er mjög viðkvæmur og því er nauðsynlegt að gott samband sé milli stjórnenda fyrirtækisins og bæjaryfirvalda.

Árið 1986 voru teknir upp samráðsfundir milli bæjarráðs Akraness og stjórnenda verksmiðjunnar. Þessir fundir hafa verið mjög gagnlegir og var ákveðið að halda þá árlega. Það hefur þó því miður ekki orðið reglan og því er ágætt að ákveða það með jafnskýrum hætti og gert er í þessu frv. hvernig þessu samráði skuli háttað.

Það er mjög mikilvægt að réttindi starfsmanna eru vel tryggð í þessu frv.:

1. Með því að fastráðnum starfsmönnum verksmiðjunnar skal boðið sambærilegt starf hjá hlutafélaginu og þeir hafa gegnt hingað til.

2. Með ákvæði um samstarfsnefnd starfsmanna og stjórnar.

3. Með því að tryggja lífeyrisréttindi þeirra starfsmanna sem eru í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna.

Þeir sem lagst hafa gegn þessu frv. hafa nokkuð haldið því á lofti að stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðjuna muni leiða til verðhækkunar á sementi, m.a. vegna þess að fyrirtækið muni þurfa að greiða arð

af hlutafé og vegna þess að fyrirtækið hafi einokun á markaðnum. Ég óttast þetta ekki. Í fyrsta lagi er verksmiðjunni nú þegar gert að greiða eiganda sínum, ríkinu, talsverðan arð og í öðru lagi er rétt að minna á það að innflutningur á sementi er frjáls. Það hefur hins vegar mjög lítið verið flutt inn af sementi á undanförnum árum. Verð á íslensku sementi hefur verið örlítið hærra en í nágrannalöndunum. Íslenska sementið hefur óneitanlega nokkra fjarlægðarvernd og eins hefur Sementsverksmiðjan mjög gott dreifikerfi sem innflutningsaðilar hafa að sjálfsögðu ekki og skapar henni ákveðinn forgang umfram hugsanlega innflutningsaðila. En það breytir þó ekki því að ef Sementsverksmiðjan mundi hækka verð sitt svo einhverju nemur, þá mundi innflutningur einfaldlega aukast.

Þá er rétt að minna á það að þessi formbreyting á rekstri Sementsverksmiðjunnar mun engin áhrif hafa á verðjöfnun á sementi. Eins og kunnugt er er sement selt á sama verði um allt land samkvæmt lögum frá 1973 og á því verður engin breyting þó að Sementsverksiðjan verði gerð að hlutafélagi. Til Sementsverksmiðjunnar var stofnað með lögum frá Alþingi 1948 þar sem ríkisstjórninni var heimilað að reisa verksmiðju til vinnslu sements. Á grundvelli þessara laga var verksmiðjan síðan reist á Akranesi á 6. áratugnum og hóf framleiðslu á sementi árið 1958. Verksmiðjan hefur því starfað í 35 ár á Akranesi og hefur að sjálfsögðu verið mikilvægur hlekkur í atvinnulífi kaupstaðarins frá því að bygging hennar hófst og hún hefur einnig gegnt mjög mikilvægu hlutverki í byggingarsögu landsmanna á þessu tímabili. Það hefur verið lögð mikil áhersla á það í verksmiðjunni að bæta gæði framleiðslunnar, m.a. með því að blanda í sementið ryki frá Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga sem hefur stórbætt sementið og nánast eytt þeim vandamálum sem stöfuðu af alkalíþenslu.

Það hefur gengið á ýmsu með afkomu Sementsverksmiðjunnar í gegnum árin. Afkoman var lengst af slæm, bæði vegna skuldabyrði og vegna þess hve stjórnvöld héldu verði framleiðslunnar niðri. Á síðari árum hefur þó orðið á þessu mjög veruleg breyting. Núna að undanförnu hefur orðið verulegur samdráttur í sölu sements sem stafar að mestu af þeim erfiðleikum sem yfir þjóðina hafa gengið. Þetta hefur leitt til nokkurra erfiðleika hjá Sementsverksmiðjunni en fyrirtækið hefur á undanförnum árum hagrætt gríðarlega í rekstri sínum sem m.a. hefur leitt til þess að starfsmönnum hefur fækkað um a.m.k. 50 og mun fækka enn frekar á þessu ári. Það kemur að sjálfsögðu mjög illa við hvert fyrirtæki sem þarf að mæta þriðjungssamdrætti í sölu á örfáum árum, enda var verulegur halli á rekstri Sementsverksmiðjunnar á síðasta ári.

Það er að sjálfsögðu svo með hinn ýmsa rekstur í landinu að það koma toppar og það koma lægðir og Sementsverksmiðjan er þar að sjálfsögðu ekkert einsdæmi. Það hlýtur að teljast eðlilegt að rekstrarskilyrði þessa fyrirtækis séu samræmd því sem almennt gerist um stærri fyrirtæki hér á landi og að því miðar þetta frv.

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysistryggingar, 554. mál, stjfrv., þskj. 919.

Fjáraukalög 1992, 539. mál, stjfrv., þskj. 897.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 546. mál, stjfrv., þskj. 906.

Lax- og silungsveiði, 543. mál, stjfrv., þskj. 901.

Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, 540. mál, stjfrv., þskj. 898.

Lyfjalög, 547. mál, stjfrv., þskj. 907.

Lyfjaverslun ríkisins, 538. mál, stjfrv., þskj. 896.

Lögskráning sjómanna, 552. mál, stjfrv. þskj. 917.

Vegalög, 553. mál, stjfrv., þskj. 918.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hv. 11. þm. Reykv., Finnur Ingólfsson, hefur nú gert glögga grein fyrir afstöðu okkar stjórnarandstæðinga til þess frv. sem hér liggur fyrir í einstökum atriðum samkvæmt því nál. sem við höfum gefið út um málið og er á þskj. 869. Það er í sjálfu sér þess vegna ekki miklu við það að bæta né heldur ástæða til þess að fara ítarlega yfir þau sérstöku atriði sem þar eru, en þó eru nokkur atriði sem nauðsynlegt er að hnykkja aðeins á í framhaldi af umræðum sem urðu um þetta mál á síðasta þingi. Þá er kannski rétt að setja það í pínulítið lengra sögulegt samhengi.

Ég hygg að það hafi verið hv. 2. þm. Reykv., hæstv. fjmrh., sem fyrstur flutti þetta mál á Alþingi á sinni tíð, um það að gera Sementsverksmiðjuna að hlutafélagi. Þannig hefur þetta mál um langt árabil verið mikið keppikefli Sjálfstfl. Sjálfstfl. hefur lagt á það áherslu að gera þessa stofnun að hlutafélagi þó svo að sjálfstæðismenn sem hafa verið í stjórn Sementsverksmiðjunnar hafi mjög oft verið andvígir þeim hugmyndum. Í því sambandi vil ég t.d. nefna hv. fyrrv. þm. og hæstv. ráðherra Friðjón Þórðarson. Engu að síður hefur tiltekinn armur í Sjálfstfl. barist fyrir því með kjafti og klóm að þessi stofnun, þessi verksmiðja, yrði skilyrðislaust hlutafélag og það væri í raun og veru alfa og omega, upphaf og endir alls góðs í tilverunni að Sementsverksmiðja ríkisins yrði Sementsverksmiðjan hf.

Í síðustu ríkisstjórn er það svo þannig að hæstv. núv. og þáv. iðnrh. Jón Sigurðsson tekur þetta mál Sjálfstfl. upp á sína arma og þæfði það mjög í ríkisstjórninni, eiginlega alveg frá því að hún var mynduð. Það tókst þá með góðra manna hjálp að koma í veg fyrir að þetta frv. yrði afgreitt. Það gerðist innan ríkisstjórnarinnar til að byrja með og það gerðist að lokum í efri deild Alþingis ef ég man rétt.

Nú er þetta kappsmál Sjálfstfl. hins vegar komið svo langt að ekki einasta hefur hæstv. iðnrh. lagt hér málið fram eins og hann gerði reyndar líka á síðasta þingi, heldur hefur það gerst sem er út af fyrir sig pólitísk tíðindi að hv. 17. þm. Reykv., sem er formaður þingflokks Alþfl., hefur lagst í þennan víking líka og þar með orðinn eins og hæstv. iðnrh. fórnarlamb Sjálfstfl. með vissum hætti og ber auðvitað að harma það því að þar er á ferðinni vænn drengur frá pólitísku sjónarmiði séð.

Nú er það hins vegar svo að hv. 17. þm. Reykv., það verð ég að segja eins og er, virðulegi forseti, flytur mál sitt mikið betur heldur en hæstv. iðnrh. (**PP:** Enda lærðari maður.) og er með miklar prófgráður eins og kunnugt er, en það dugir nú ekki alltaf til eins og hv. þm. þekkja líka. En það er greinilegt að hv. þm. er að efla sig til enn meiri mannvirðinga í Alþfl. og gerir það nú með því að vaða fram með hvert einkavæðingarfrv. á *fætur öðru einmitt á þessum degi. Fyrr í* dag var það Síldarverksmiðjan og nú er það Sementsverksmiðjan.

Nú kunna menn að vera þeirrar skoðunar að það sé rétt að einkavæða einhver fyrirtæki og búa til úr þeim hlutafélög og það höfum við oft gert. Við breyttum Gutenberg, Jarðborunum og einhverjum fleiri kannski í hlutafélög. Það er sjálfsagt mál og ekkert á móti því. Hins vegar hljóta menn að spyrja sig þeirrar spurningar, hvað er unnið með því að gera fyrirtækin að hlutafélögum og maður spyr þá um það frá fyrirtæki til fyrirtækis vegna þess að þeir sem segja að öll fyrirtæki eigi að vera hlutafélög eru ofstækismenn og þeir eru ekki marktækir í þessu sambandi. Þess vegna hljóta skynsamir menn að spyrja sig: Hvað er það sem mælir með því eða á móti að hvert fyrirtæki fyrir sig verði hlutafélag eða ekki hlutafélag?

Hv. þm. 5. þm. Vesturl., Guðjón Guðmundsson, fór hér með trúarsetningarnar áðan mjög vel og var prýðilega flutt og samin ræða og þar gerði hann grein fyrir því að aðalástæðan væri sú að rekstrarformið og stjórnarkerfið yrði allt sveigjanlegra ef fyrirtækið yrði hlutafélag. Menn hafa komist upp með það að nota þetta orðafar „að rekstrarformið verði sveigjanlegra" hver fram af öðrum á undanförnum vikum, mánuðum, missirum og árum. En hvað er til í þessu í sjálfu sér? Er það endilega þannig að það þurfi að breytast í grundvallaratriðum þó að fyrirtækið verði hlutafélag og það verði þar með sveigjanlegra? Er ekki alveg hugsanlegt að útbúa innra kerfi ríkisfyrirtækis þannig að það verði sveigjanlegra? Auðvitað er það hægt. Auðvitað er hægt fyrir menn að leggjast yfir það að reyna að finna form á ríkisfyrirtækjum sem gerir þau sveigjanlegri og samkeppnisfærari við allt sitt umhverfi. Auðvitað er það hægt. En menn hafa ekki viljað gera það af því að menn hafa tekið trú á hlutafélög og einkavæðingu í raun og veru burt séð frá efni málsins að öðru leyti.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur líka flutt ágæt rök út af fyrir sig út frá sínum bæjardyrum fyrir því að þetta fyrirtæki verði hlutafélag. En það eru aðalrökin að þetta verði sveigjanlegra. Af hverju er ekki lagst yfir það að reyna að breyta rekstri ríkisfyrirtækisins sem slíks þannig að það geti jafnvel sem ríkisfyrirtæki tekið með eðlilegum hætti þátt í almennri viðskiptasamkeppni sem um er að ræða í þjóðfélaginu á hverjum tíma? Það gera menn ekki. Menn taka trú á kennisetningar og það er slæmt.

Það er sérstaklega slæmt, virðulegi forseti, vegna þess að það liggur um leið fyrir í þessu máli að því fylgja margir gallar að gera fyrirtækið að einkafyrirtæki. Í fyrsta lagi liggur það fyrir að verðið á sementinu mun hækka. Það er alveg augljóst mál að það hlýtur að hækka vegna arðsemiskröfu hluthafanna í þessu fyrirtæki og af ýmsum öðrum ástæðum sem menn hafa hér rakið þannig að verðið á sementinu mun ekki lækka. Það mun að öllum líkindum hækka.

Í öðru lagi er það galli á málinu að það er greinilega stefnt í stórfelld málaferli við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja vegna þeirra opinberu starfsmanna sem eru inni í þessu fyrirtæki. Það hafa lögmenn BSRB sagt á fundum iðnn., bæði nú í vetur og í fyrra, að ríkinu muni verða stefnt jafnóðum og 4. gr. þessa frv. verður að lögum af því að í greininni felst ákvæði sem stangast á við 67. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar eins og kunnugt er um eignarrétt. Af hverju ekki þá með hliðsjón af þessu tvennu að skoða málið aðeins betur og kanna hvort ekki sé hægt að finna form á ríkisfyrirtækinu sem gerir það hæfara til almennrar samkeppni í þjóðfélaginu? Nei, það er ekki gert. Heldur er vaðið áfram með málið.

Nú var þetta mál rætt ítarlega á síðasta þingi, m.a. í orðaskiptum sem við áttum hér, ég og hæstv. fjmrh. og þá komst ég þannig að orði: Auðvitað þarf að vera leið til þess að einkavæða fyrirtæki. Auðvitað þarf að vera til samkomulag um það við ríkisstarfsmenn að þeir geti orðið starfsmenn í einkafyrirtækjum. Auðvitað verður það að vera hægt, það segir sig sjálft. En til þess að það verði hægt, þá verða menn að semja sig í gegnum vandann við samtök opinberra starfsmanna þannig að ferlið sé samningsbundið frá því að maður er ríkisstarfsmaður og þangað til hann verður starfsmaður í einkafyrirtæki. Og ég fór fram á það við hæstv. fjmrh. á síðasta þingi að það yrði farið í viðræður við BSRB um almennar aðgerðir við einkavæðingu fyrirtækja þannig að menn lentu ekki í stöðugu stríði.

Hæstv. fjmrh. tók því út af fyrir sig vel og sömuleiðis hæstv. forsrh. sem blandaði sér þá í þær umræður. En greinilegt er að það hefur ekkert gerst í þeim málum. Ríkisstjórnin hefur vanrækt þessar viðræður við opinbera starfsmenn. Það er mjög alvarlegur hlutur, hæstv. forseti, alvarlegur hlutur, sérstaklega kannski um þessar mundir því að nákvæmlega þessa daga standa yfir viðræður um kaup og kjör fólksins í landinu. Ríkisstjórnin á í þeim viðræðum ásamt aðilum vinnumarkaðarins. Ríkisstjórnin hefur verið treg til þeirra viðræðna. Það hefur tekið hana langan tíma, allt upp í sólarhring að koma sér til fundar við aðila vinnumarkaðarins í landinu. En viðræður standa yfir og á sama tíma og viðræður standa yfir er verið að keyra hér í gegn mál sem opinberir starfsmenn telja að stríði gegn lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og sjálfri stjórnarskránni. Ég segi alveg eins og er, virðulegi forseti, ég botna ekki í því af hverju jafnágætir menn og hv. 17. þm. Reykv. láta sig hafa það að reyna að fara í gegnum þingið með mál af þessum toga einmitt við núverandi aðstæður. Þegar þetta mál var tekið út úr iðnn. núna fyrir nokkrum vikum, þá ræddum við um það, fulltrúar stjórnarandstöðunnar, hvort ekki væri hugsanlegt að fá aftur til viðtals í nefndinni fulltrúa opinberra starfsmanna. Þá var því

borið við að mig minnir að það hefði verið rætt við þá í fyrra. Það er alveg rétt, það var rætt við þá í fyrra. En það segir ekki neitt í þessu sambandi því það hefði þurft að ræða við þá núna. Og þegar við gagnrýnum meiri hlutann í iðnn., þá gerum við það vegna þess að við teljum að okkur hafi verið neitað um að fá þessa aðila til viðtals núna.

Ég vil segja það fyrir mitt leyti, hæstv. forseti, ég tel að það sé óhjákvæmilegt með hliðsjón af því að nú standa yfir viðræður um kaup og kjör á hinum almenna vinnumarkaði og ríkisvinnumarkaðinum líka að málið verði á nýjan leik tekið inn í iðnn. á milli 2. og 3. umr. þannig að þá verði hægt að ræða við fulltrúa opinberra starfsmanna og aðra aðila sem hér eiga hlut að máli. Og ég er viss um að meiri hlutinn í iðnn. muni taka þeirri ósk vel, ekki síst með hliðsjón af því að núna standa þessar viðræður yfir. Það er auðvitað ekki einleikið, virðulegi forseti, hvernig hæstv. ríkisstjórn tekur á málum af þessu tagi. Það eru fleiri mál í gangi þar sem menn eins og eru að gera sér skemmtun að því að storka verkalýðshreyfingunni í landinu.

Annað mál er t.d. í félmn. þar sem gert er ráð fyrir því að gerbreyta stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins. Menn geta haft þá skoðun að það sé vitlaust kerfi eins og það er núna út af fyrir sig. Ég ætla ekki að ræða það hér. En núverandi stjórn Húsnæðisstofnunar er kjarasamningaatriði og auðvitað eiga menn þá við þessar aðstæður að segja: Úr því að kjarasamningar eru í gangi, þá á að ræða þessi mál við verkalýðshreyfinguna. En það er sagt nei við því og það er ákveðið að þverskallast og taka málin út úr nefndinni þó að kjarasamningar séu í gangi á sama tíma. Það getur auðvitað vel verið að ríkisstjórnin sé þeirrar skoðunar að verkalýðshreyfingin í landinu sé fullkomlega á hnjánum og hún sé ekki einu sinni viðtalsverð. En ég verð að segja alveg eins og er að þessi vinnubrögð, þessi forakt gagnvart verkalýðshreyfingunni er ný af nálinni því um langt árabil hefur það auðvitað verið regla að ríkisstjórnir, mér liggur við að segja að flokkar sem hafa verið í þeim á undanförnum 20 árum eða svo, hafa ævinlega rætt við fulltrúa aðila vinnumarkaðarins um mál af þessum toga. En nú er öldin önnur. Nú er komin stjórn sem er svo sigurviss og valdaviss að hún leyfir sér að vaða hér í gegnum þingið með frumvörp sem hafa í för með sér grundvallarbreytingu á stöðu verkafólks í landinu við viðkomandi fyrirtæki. Og það er ekki spurt um eitt eða neitt. Og þetta gengur ekki, virðulegi forseti. Það gengur ekki.

Af þessum ástæðum er auðvitað óhjákvæmilegt að fara fram á það að með einhverjum hætti verði afgreiðslu þessa máls frestað og það verði tekið til viðræðna við verkalýðshreyfinguna og aðila vinnumarkaðarins um ákvæði 4. gr. frv.

Þá kem ég að því, hæstv. forseti, og það eru rökin sem hv. talsmaður iðnn. stendur á í þessu máli, að fyrri stjórnir hafi samþykkt frumvörp með nákvæmlega eins ákvæðum. Það eru annars vegar lög um Jarðboranir ríkisins og hins vegar lög um Gutenberg og það er út af fyrir sig rétt, það hefur verið gert. Og þá er spurningin sú, ekki af hverju stóðu menn að því heldur er spurningin fyrst og fremst sú væntanlega, af hverju hafa opinberir starfsmenn þá ekki fari í mál út af þeim samþykktum? Það má svo sem stríða mér og hv. þm. Finni Ingólfssyni fyrir það að við höfum staðið að því, það er eitt, það er svona skemmtiatriði í sjálfu sér, en menn geta spurt sig: Af hverju hafa þá opinberir starfsmenn ekki farið í mál út af þessum ákvæðum sem voru samþykkt í lögunum um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg og Jarðboranir ríkisins? Svarið er það að þeir starfsmenn sem voru hjá Gutenberg tóku nær allir, ég veit ekki, hvort þeir voru alveg allir, en þeir tóku nær allir laun og höfðu kjör samkvæmt samningum á hinum svokallaða almenna vinnumarkaði.

Samkvæmt upplýsingum sem ég fékk hjá Gesti Jónssyni hæstaréttarlögmanni núna fyrir nokkrum mínútum, þá er það aðalástæðan fyrir því að menn hafa ekki sótt ríkið vegna starfsmanna þessara fyrirtækja en hitt stendur eftir að opinberir starfsmenn og lögmenn þeirra munu sækja ríkið vegna starfsmanna þeirra fyrirtækja sem hér um ræðir, Sementsverksmiðjunnar og Síldarverksmiðjunnar. Þess vegna er það ekki málefnalegt innlegg að nefna Jarðboranir ríkisins og Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg í þessu sambandi, en það getur hins vegar verið skemmtiatriði að spyrja mig og hv. þm. Finn Ingólfsson að því, af hverju við stóðum að þessum málum á sínum tíma. En það er ekki málefnalegt innlegg og staðan er sem sagt þessi, að það eru allar horfur á því að verði þetta samþykkt fái ríkið á sig stórfelld málaferli út af þessum hlutum.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði áðan og benti á að ekki væri gert ráð fyrir því að selja þetta fyrirtæki. Þetta yrði ríkisfyrirtæki og hann benti þar máli sínu til stuðnings á 8. gr. frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ríkissjóður getur ekki boðið hlutabréf í Sementsverksmiðjunni til sölu nema hafa til þess samþykki Alþingis.“ Það er rétt.

Hvað er samþykki Alþingis? Þarf sérstök lög? Nei. Það þarf heimild á fjárlögum, já. Ég tel að þetta sé of veikur fyrirvari ef menn eru á annað borð að tala um það að hafa einhvern fyrirvara. Ég teldi þess vegna eðlilegt að segja: Nema hafa til þess samþykki Alþingis í sérstökum lögum. Það er allt annað mál. Ég tel að sjöttu greinar fyrirvari haldi í raun og veru að engu leyti í þessu sambandi.

Þá segir hv. 17. þm. Reykv. að í gildi verði áfram reglur eða lög um jöfnun sementsverðs. Og það er út af fyrir sig mikilvægt, en þá spyr ég hv. þm. og aðra þingmenn, ég hef ekki sett mig alveg inn í það mál, að því: Stenst það reglur á hinu Evrópsku efnahagssvæði að það sé jafnað sementsverði á Íslandi frá þessari verksmiðju, stenst það örugglega? Ég held að það sé hlutur sem menn þurfa að velta fyrir sér hvort það verður ekki þannig að fljótlega muni koma kröfur frá hinu Evrópska efnahagssvæði um það að menn aflétti þessari verðjöfnun þannig að um verði að ræða jafna stöðu hjá þeim fyrirtækjum sem kunna að koma við sögu á þessum markaði? Ég spyr. Ég held þess vegna að það sé þess vegna ekki rétt hjá hv. 17. þm. Reykv. að reyna að setja þetta mál þannig upp að þetta sé nú

sakleysislegt frv. og ríkið eigi öll bréfin og Alþingi þurfi að samþykkja og Jöfnunarsjóðurinn sé áfram og allt í besta lagi þannig. Það er ekki þannig. Staðreyndin er sú að það er verið að ákveða að selja Sementsverksmiðju ríkisins og gera hana að einkafyrirtæki, það er svo einfalt, og henda henni út í hringiðu markaðarins, það er verið að ákveða það. Það er ekki nokkur leið að neita því. Ég er sannfærður um það að á bak við yfirlýsingar hv. 17. þm. Reykv. er alvara og þungi og ég vænti þess að vegur hans verði hinn mesti í Alþfl. áður en langur tími líður og honum takist að leiða menn þar til betri vegar í öllum málum á komandi árum svo lengi sem hann verður þar sem hann verður kannski eitthvað þótt hann eins og alþjóð veit hafi þegar verið boðinn velkominn í fleiri stjórnmálaflokka ef þörf krefur. En ég segi bara alveg eins og er, ég efast um að hann ráði neitt við að bremsa þetta þó að hann vilji kannski. Og þó að ég meti hv. þm. mikils, þá tel ég að það sé ekki nægilega gott að samþykkja frv. sem gæti þá samkvæmt hans eigin rökstuðningi verið með sérstöku nýju bráðabirgðaákvæði sem kemur fram í lok frv. 11. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi. Hlutafélag samkvæmt 1. gr. yfirtekur Sementsverksmiðju ríkisins 1. janúar 1994 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 35/1948, um sementsverksmiðju." Össur Skarphéðinsson alþm. er ábyrgur fyrir því að þjóðin eigi þetta fyrirtæki. Þessi fyrirvari hans, sem er eina hálmstráið sem hann hangir á, dugir mér ekki þó ég meti hv. þm. mikils. Þess vegna tel ég skynsamlegast að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

Frsm. meiri hluta iðnn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson telur það pólitísk stórtíðindi og notar þar orðafar sem formanni hans, Ólafi Ragnari Grímssyni, er svo tamt að ég skuli styðja það að ríkisfyrirtæki séu gerð að hlutafélögum. Sú afstaða mín hefur legið lengi fyrir, jafnvel áður en ég varð þingmaður, og kom m.a. fram í blaðagreinum.

Það sem er sögulegt við þá umræðu sem hefur farið fram um einkavæðingu í þingsölum er hins vegar það að hv. þm. Svavar Gestsson hefur þrisvar sinnum á þessum vetri lýst því yfir að það þurfi að vera leiðir færar til þess að einkavæða ríkisfyrirtæki.

Hvað varðar síðan deiluna um biðlaunin, þá er þetta að segja: Það er ágreiningur um það. Það þarf að skera úr þeim ágreiningi fyrir dómstólunum. Ég tel að hér sé ekki lögbrot. Lögfræðingar ríkisins telja að hér sé ekki um lögbrot að ræða. Einn lögfræðingur sem kallaður var fyrir hv. iðnn. var sama sinnis. Hv. þm. Svavar Gestsson var sama sinnis árið 1989 þegar hann átti þátt í því að leggja fram og samþykkja frv. sem hélt nákvæmlega sömu grein inni og þessa. Ég er sama sinnis núna og hann var þá. En spurningin er þessi: Mun þetta ákvæði eyðileggja möguleika starfsmannanna fyrir dómstólum?

Hér hefur oft verið vitnað í Hróbjart Jónatansson hæstaréttarlögmann. Hann segir einmitt um þetta efni í sinni ágætu greinargerð og varðar reyndar Síldarverksmiðjuna en þetta er um sama ákvæði og er í lögunum:

„Ákvæði frv. verður að skoða sem fyrirmæli öðru fremur. Samkvæmt viðurkenndum sjónarmiðum um sjálfstæði dómenda eru fyrirmæli Alþingis eða jafnvel skýringar Alþingis á fyrirmælum sínum eigi bindandi fyrir dómstóla. Dómstólum ber samkvæmt 61. gr. stjórnarskrár að fara einungis eftir lögum í víðasta skilningi orðsins."

Með öðrum orðum, það liggur fyrir að það er ágreiningur í málinu og það ákvæði sem hér liggur fyrir skerðir ekki samkvæmt úrskurði þessa hæstaréttarlögmanns möguleika starfsmanna til þess að fara með þetta mál fyrir dómstóla. Það skiptir verulega miklu máli, virðulegi forseti.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig nauðsynlegt að halda því til haga að starfsmannamál hjá Gutenberg voru með nokkuð öðrum hætti eins og ég rakti áðan en þessara stofnana sem við erum að ræða um í dag. Ég verð hins vegar að segja að mér finnst satt að segja ekki skynsamleg aðferð hjá löggjafanum að afgreiða mál með verulegri áhættu um málssókn gegn ríkinu og viðurkenna hana, viðurkenna þá áhættu eins og hv. þm. gerði áðan í stað þess að reyna samkomulagsleið áður við opinbera starfsmenn. Þess vegna hlýt ég auðvitað að endurtaka þá áherslu sem fram kom í máli mínu áðan um það að hv. þm. beiti sér fyrir því að það fáist viðræður við BSRB milli 2. og 3. umr. um þetta mál um leið og ég þakka honum auðvitað fyrir að ég tel að hann hafi með orðum sínum, verði þetta frv. að lögum, í rauninni hjálpað lögmönnum BSRB með afgerandi hætti.

Frsm. meiri hluta iðnn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er þakklátur hv. þm. Svavari Geststsyni þegar hann fer jákvæðum orðum um stuðning minn við verkalýðshreyfinguna. Ekki veitir af þessa dagana.

Það liggur eigi að síður fyrir, virðulegi forseti, að hvað sem varðar starfsmannamál í Gutenberg, þá var hv. þm. Svavar Gestsson og páv. ráðherra sömu skoðunar 1989 þegar frv. um Gutenberg var lagt fram og ég er núna, þ.e. að hér sé ekki um lögbrot að ræða. Það er hins vegar ljóst að lögfræðinga greinir á um þetta mál og ég hef sagt það áður og get þess vegna endurtekið það að úr þessu verður ekki skorið nema fyrir dómstólum. Ég vil hins vegar vekja athygli á að þau lög sem hér er deilt um og varða opinbera starfsmenn kveða á um að ef staða er lögð niður, þá eigi starfsmaður kost á biðlaunum.

Nú er það svo að í lögunum kemur það skýrt fram að ef starfsmaður kýs við þessa formbreytingu á fyrirtækinu að hætta störfum, þá á hann kost á biðlaunum. Við skulum ekki gleyma því.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Er hv. 17. þm. Reykv. og for-

maður iðnn. tilbúinn til þess að kalla fulltrúa BSRB fyrir milli 2. og 3. umr. þessa máls?

Útbýting þingskjals:

Rannsóknastofnun uppeldis- og kennslumála, 557. mál, stjfrv., þskj. 924.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er komið til 2. umr. er ekki nýtt af nálinni þótt það hafi tekið breytingum á þeim sex árum sem það hefur verið meira og minna til umfjöllunar. Í upphafi þegar rætt var um að breyta Sementsverksmiðjunni í hlutafélagsform, þá var verið að ræða um að það þyrfti að breyta því formi að Sementsverksmiðjan greiddi aðstöðugjald eins og önnur svipuð fyrirtæki. Nú er aðstöðugjald ekki lengur við lýði eins og menn vita, en fyrirtækið Sementsverksmiðjan greiðir landsútsvar.

Ef við horfum á það hversu fá fyrirtæki greiða landsútsvar í dag, þá hlýtur það að verða krafa þeirra fyrirtækja innan tíðar að hætta að greiða landsútsvar þar sem aðstöðugjaldið er fallið niður vegna þess að samkeppnisstaða þessara fyrirtækja er ekki í jafnvægi, ef svo má segja. Ég tel það eitt að fyrirtækið greiði í dag landsútsvar ekki vera rök fyrir því að breyta Sementsverksmiðju í hlutafélag heldur er þetta krafa olíufélaganna og fleiri fyrirtækja sem í dag greiða landsútsvar að það verði fellt niður.

Það voru önnur rök fyrir því að fyrirtæki verði breytt í hlutafélag. Eins og hér hefur komið fram þá átti að auka sveigjanleika í rekstri fyrirtækisins. Þegar menn eru að tala um sveigjanleika í rekstri fyrirtækisins eru menn að tala um það að fyrirtækið geti tekið þátt í annarri atvinnustarfsemi. En það hefur skeð í ríkum mæli á undanförnum árum og enginn hefur stoppað það af sem betur fer, enda er Sementsverksmiðja ríkisins hluthafi í Sérsteypunni sf., sem hefur framleitt ný efni í varanlega gatnagerð, og einnig í Múrhúðun.

Sementsverksmiðjan er með samvinnu við Grundartangaverksmiðjuna og eins og hér hefur komið fram er kísilryki sem fellur til frá Járnblendiverksmiðjunni blandað í sementið. Í dag er verið að skoða það hvernig sementsverksmiðjan getur komið inn í væntanleg Hvalfjarðargöng. Sem sagt, mér sýnist að Sementsverksmiðja ríkisins hafi þennan sveigjanleika í dag og það er hægt að auka hann enn þótt fyrirtækinu sé ekki breytt í hlutafélag. Þegar menn eru að breyta fyrirtæki í hlutafélag, þá hljóta menn að vera með sterk rök fyrir því og hv. formaður iðnn. taldi hér nokkur rök áðan og m.a. um þennan sveigjanleika sem ég hef verið að tala um. Ég tel að þessi sveigjanleiki sé fyrir hendi og sé hægt að auka hann án þess að breyta í hlutafélag.

Hann taldi líka að þetta mundi auka möguleika fyrirtækisins á ýmsum sviðum og það væri gaman að heyra það aðeins skýrar hvað hv. þm. er að meina í þeim efnum. Hann taldi líka að þetta mundi bæta eiginfjárstöðu fyrirtækisins en það kemur hvergi fram að þetta geti bætt eiginfjárstöðu fyrirtækisins þar sem ríkið ætlar að nota sjálft það fé sem kemur fyrir sölu hlutabréfa.

Hv. þm. sagði líka að það ætt að auka aga í atvinnurekstri þessa fyrirtækis, hann orðaði það þannig, og þá væri forvitnilegt að vita hvað það er í rekstri fyrirtækisins sem hann telur vera agalaust því að ég tel að fyrirtækið sé mjög vel rekið og þykist þekkja nokkuð vel til og einmitt hvernig það hefur tekið á þeim mikla samdrætti sem er núna í rekstri fyrirtækisins. Ég held að það sé til fyrirmyndar hvernig fyrirtækið hefur tekið á því og ég sé ekki að þó að svo fyrirtækinu verði breytt í hlutafélag, þá sé hægt að taka öllu myndarlegar á því en hefur verið gert. Hann talaði um það að skattalega séð hefði verið eðlilegra að þetta væri hlutafélag og það þótti mönnum á meðan aðstöðugjaldið var við lýði en nú er búið að leggja það niður.

Þá spyr maður sig að því, hvaða rök eru eftir önnur fyrir því að selja fyrirtækið? Mér sýnist að þau séu harla fá ef nokkur. Ég hef oft sagt það hér á hinu háa Alþingi að mér finnst rétt að breyta fyrirtæki í hlutafélagsform séu til þess einhver rök. Ég sé þau ekki hér. Mér finnst það sjálfsagt að fyrirtækjum sem eru í samkeppni t.d. sé breytt í hlutafélag og það séu seld hlutabréf úr þeim og ég er alveg viss um það að með lagni hefði verið hægt að ná samstöðu um það að breyta Síldarverksmiðju ríkisins í hlutafélag ef menn hefðu aðeins gefið sér betri tíma til þess að gaumgæfa þau mál og ekki fellt allar þær tillögur sem minni hlutinn var með í þeim málum. En nú erum við að tala um fyrirtæki sem er í vissri einokunarstöðu. Þrátt fyrir að það sé nokkur innflutningur á sementi síðan 1975, þá njótum við vissrar fjarlægðarverndar, það mælir því enginn á móti. Þannig að ég sé ekki af hverju við erum selja einokunarfyrirtæki til einstaklinga t.d. Og ég spyr enn þá: Hverra hagsmunir eru það að breyta fyrirtækinu í hlutafélag?

Við höfum heyrt hérna hvað bæjarstjórn Akraness segir. Bæjarstjórn Akraness er á móti því að breyta fyrirtækinu í hlutafélag. Meiri hluti starfsmanna Sementsverksmiðjunnar er á móti því að breyta fyrirtækinu í hlutafélag og þau rök sem hingað til hafa komið fram sé ég ekki að séu neins virði satt að segja. Hér hefur verið talað um að það sé eðlilegt að fyrirtækið greiði arð, en ég ætla að fordæma það sem ríkið hefur gert á sl. ári. Það hefur gert þær kröfur til fyrirtækisins að það borgi arð og ég held að ég fari rétt með að það eru gerðar kröfur til 15 millj. kr. arðs á þessu ári sem ríkissjóður ætlar að nýta sér til eigin þarfa. Og ég ætla að minna á það að fyrirtækið Sementsverksmiðja ríkisins hefur aldrei þegið túskilding af ríkissjóði sem er eigandi fyrirtækisins. Það hefur alltaf staðið við allar sínar skuldbindingar og borgað sinn stofnkostnað sjálft. Þess vegna erum við ekki að tala um eitthvert fyrirtæki sem er byrði á ríkissjóði. Þvert á móti er þetta fyrirtæki sem ríkissjóður er jafnvel farinn að blóðmjólka. En aðalatriðið í þessu máli er atvinnuöryggi starfsmanna. Á þessum síðustu og verstu tímum þegar atvinna t.d. á Akranesi er með allra versta móti þá skapar það ekki beint góða öryggisstöðu starfsmanna ef menn eiga von á að það eigi að selja fyrirtækið sem

þeir vinna hjá, annaðhvort í heilu lagi eða í pörtum. Ég las upp áðan ummæli hæstv. iðnrh. og hæstv. umhvrh. um það að þeim þætti sjálfsagt að selja þetta fyrirtæki. Ég tel að öryggi starfsmanna sé langt frá því að vera borgið með því. Enda mundi ég telja að ef fyrirtækið yrði selt þá yrði smátt og smátt dregið úr sementsframleiðslu og aukinn innflutningur kæmi í staðinn.

Hér hefur líka verið rætt um að ekki komi greinilega fram hvort starfsmenn almennt fá það sem þeir eiga að fá í sambandi við uppsagnir við breytingu úr ríkisfyrirtæki í hlutafélag. Hv. þm. Svavar Gestsson kom inn á það áðan að hann vildi kalla á fulltrúa frá BSRB til viðræðna við iðnn. á milli 2. og 3. umr. Hann fékk ekki svör við því frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Ég ætla að ítreka hvort hann muni kalla á fulltrúa frá BSRB á milli umræðna.

Ég held að ég hafi farið í gegnum það að ég sé ekki nokkur rök fyrir því að breyta þessu ágæta fyrirtæki, Sementsverksmiðju ríkisins, í hlutafélag einungis til þess að selja hutabréf úr fyrirtækinu. Það kom skýrt fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að það er mjög einfalt um leið og búið er að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag að selja hlutabréf. Það þarf ekki nema einfalda grein í fjárlögum til þess og þá er ég hrædd um að ráðalitlir almennir þingmenn fái lítið að segja um það í þingsölum.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Það lítur út fyrir það núna að ríkisstjórninni sé að takast að fá það samþykkt í þinginu — þó það verði að sjálfsögðu ekki ljóst fyrr en eftir atkvæðagreiðslu um þetta mál — að gera Sementsverksmiðju ríkisins að hlutafélagi í þeim tilgangi að selja fyrirtækið. Því hvernig sem menn reyna að rökstyðja sitt mál í þessum ræðustól þá liggja fyrir alveg skýlausar yfirlýsingar frá ríkisstjórninni og í hvítu bókinni stendur það skýrum stöfum að það eigi að selja þetta fyrirtæki, akkúrat þetta fyrirtæki: Sementsverksmiðju ríkisins. Auk þess hafa ráðherrar oftar en einu sinni svarað spurningum um þessi efni þar sem þessi vilji hefur komið mjög skýrt fram. Ég held að það velkist í raun og veru enginn í vafa um þessar meiningar. Ég vil rifja upp stutta klausu úr forustugrein Morgunblaðsins frá því 6. nóv. 1991. Þar fjölluðu þeir um einkavæðinguna og Sementsverksmiðju ríkisins. Hér stendur, með leyfi forseta, eftirfarandi klausa:

„Ríkisstjórnin hefur flutt á Alþingi frv. um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Ætlunin er að ríkið eigi öll hlutabréfin en það verður að ganga út frá því að ríkisstjórnin muni fyrr eða síðar selja bréfin á almennum markaði.“ Um þetta er síðan fjallað í forustugreininni.

Það er ekkert vafamál að menn hafa talað það skýrt um sölu á þessum fyrirtækjum og menn taka mark á því sem stendur í hvítu bókinni. Allt tal á Alþingi í kringum þessa umræðu málsins núna að það standi ekkert til að selja þetta fyrirtæki verður að líta á sem einhvers konar tilraunir til að slá ryki í augun á fólki. Hv. 17. þm. Reykv. getur ekki tekið ábyrgð á því að ekki verði samþykkt við næstu fjárlög að selja fyrirtækið. Enda vil ég rifja það líka upp að hv. 17. þm. Reykv. er formaður iðnn. Hann er líka formaður sjútvn. þingsins um þessar mundir. Það var engin tilviljun að um leið og vonirnar brustu hjá ríkisstjórninni um að breyta Búnaðarbankanum í hlutafélag þá birtist 17. þm. Reykv. (**ÖS:** Bjargvættur Jóns.) og bjargaði hæstv. ráðherra Jóni Sigurðssyni vini sínum og leiðtoga frá því að hafa nú ekkert upp úr krafsinu með því að rífa þessi mál út úr iðnn. og sjútvn. til að koma þeim í gegnum þingið. Þarna sést að þegar á á að herða þá þjónar hv. 17. þm. Reykv. herra sínum. (Gripið fram í.)

Það er búið að halda margar ágætar ræður um Sementsverksmiðju ríkisins sem fyrirtæki hér í dag og segja frá því sem máli skiptir í því sambandi. Ég tel að stærstu atriðin hafi komið mjög skýrt fram. Það eru þessi atriði með réttindi starfsmannanna sem menn eru vísvitandi að brjóta, tel ég. Ég tek ekkert mark á því þó verið sé að vísa í að þetta sé einhvers konar lagaskýringaratriði sem þurfi endilega að skera úr um fyrir dómstólum. Auðvitað þarf ekkert endilega að gera það. Ekki ef menn vilja leysa málið áður með samningum við starfsmennina. Ég tel að það hafi verið ákaflega alvarlegt mál að fara svona að. Auk þess kom það mjög skýrt fram í sambandi við umfjöllunina um síldarverksmiðjumálið í fyrra. Þá lýsti páv. og núv. formaður sjútvn., sem er reyndar í veikindafríi núna, því yfir að hann vildi fara aðra leið. Hann vildi breyta lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna með þeim hætti að hægt væri að gera þessa hluti. Það stóð ekkert í vegi fyrir mönnum að breyta þeim lögum í fyrra annað en að ríkisstjórnin hafði skrifað undir plagg í tengslum við kjarasamninga. Nú eru þeir kjarasamningar runnir út þannig að það hefði ekki verið brot á þeim samningum að mínu viti. Ég er að því leyti til ekki alveg sammála því sem stendur í nál. minni hlutans. Ég tel að það hefði ekki verið brot á þeim samningum þó menn hefðu núna komið með tillögu um breytingu á lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ef menn hafa þá skoðun að það væri réttara og heiðarlegra að breyta þeim lögum. En það var greinilegt að sú leið hafði ekki hlotið náð fyrir augum manna við nánari skoðun þó svo yfirlýsingar hafi verið skýrar um þetta í fyrra.

Það er búið að lýsa því hér að bæði starfsmenn verksmiðjunnar og bæjarstjórnin á Akranesi hafa skipt um skoðun á því hvort það eigi að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag vegna þess að það hefur runnið upp fyrir þessu fólki hvað stendur til og menn treysta ekki lengur á það að fyrirtækið verði ekki selt. Það er enginn vafi á því að sementsverð mun hækka við sölu á hlutabréfum. Það liggur bara í hlutarins eðli og allir hljóta að skilja það að um leið og fyrsta hlutabréfið er boðið til sölu á markaði mun krafan um arð eins og markaðurinn gefur á hverjum tíma vera komin sem arðsemiskrafa í fyrirtækið. Það verður ekki bara arðsemiskrafa á fyrsta hlutabréfi sem verður selt heldur hlýtur það sú arðsemiskrafa að koma á öll hlutabréfin þótt ríkið eigi einhvern hluta af þeim lengur. Þannig mun verða hækkun á semtentsverði í framhaldi af

þessu ef menn fara út í þessa sölu sem ég efast ekki um að stendur til að gera.

Málið er í sjálfu sér óljóst. Það er t.d. ekki vitað hver framtíðin verður í sambandi við skattamál hjá þessu fyrirtæki. Það hangir allt í lausu lofti. Þetta fyrirtæki hefur borgað landsútsvar. Það er alveg rétt, sem hér hefur verið sagt, að þau fyrirtæki sem borga landsútsvar kveina og kvarta yfir því að önnur sambærileg fyrirtæki hafi sloppið við að borga aðstöðugjaldið og þess vegna þurfi að fella niður landsútsvarið hjá þeim. Ég býst við að það þurfi að bregðast við þessu. Ég tel að Sementsverksmiðja ríkisins geti ekki hækkað sementsverð endalaust bara til að standa undir kröfum um arðsemi eða skatta. En ríkisstjórnin lét sig hafa það að setja 15 millj. kr. kröfu á þetta fyrirtæki núna í arð þó svo það lægi fyrir að fyrirtækið yrði rekið með halla. Það var vitað að fyrirtækið yrði rekið með halla þegar ríkisstjórnin ákvað að heimta þennan arð af því. Það er óskynsamlegt og þykir ekki par fínt hjá einstaklingum sem reka fyrirtæki að rífa arð út úr þeim þegar þau eru rekin með halla. En þetta gerir ríkisstjórn Íslands. Hún ákveður að taka arð út úr fyrirtæki sem er rekið með halla. Og fyrningar voru ekki til hjá Sementsverksmiðju ríkisins þó staða fyrirtækisins hafi verið orðin þokkalega góð núna eftir að hafa farið í gegnum miklar endurbætur sem menn hafa sagt frá hér í hinum mörgu umræðum sem hafa farið fram um einkavæðingu þessa fyrirtækis.

Hv. 17. þm. Reykv., sem einn stendur í baráttunni fyrir herra sinn hér í dag, lagði mikið upp úr því að ekki væri nein heimild í þessum lögum til að selja fyrirtækið. En hann veit auðvitað betur, að það stendur til og sá vilji ríkisstjórnarinnar að selja þetta fyrirtæki mun birtast. Ég tel að það sé verið að stíga hér mikið óheillaspor. Ég tek fullt mark á því sem hér er að gerast. Ég geri mér engar vonir um að hér verði snúið við. Það mun auðvitað reyna á þetta í atkvæðagreiðslu í þinginu. Kannski eru einhverjir þingmenn stjórnarflokkanna að hugsa sig um núna hvað þeir eigi að gera í þessu máli. Vonandi gera þeir það og vonandi verður þetta fellt. En ég geri mér ekki miklar vonir um að þannig fari. Ég held að framhaldið verði einfaldlega það að þetta mál gangi hér til enda. Hér verði samþykkt að gera þetta fyrirtæki að hlutafélagi og næsta haust við gerð fjárlaga muni birtast leyfi til handa fjmrh. að selja hlutabréf í þessu fyrirtæki og að það muni verða samþykkt. Einfaldlega vegna þess að þingmenn sem styðja ríkisstjórnina standa ekki frammi fyrir einstökum málum heldur standa þeir frammi fyrir öllu saman og verða að rétta upp hendurnar eins og við höfum séð með ýmsu sem þeir hafa ekki kært sig um. Þannig höfum við séð menn þurfa að standa að því að afgreiða mál í gegnum þingið sem þeir hafa látið vita af að þeir væru ekki ánægðir með.

En ég ætla ekki að halda hér uppi langlokum um Sementsverksmiðju ríkisins. Ég tel að allt hafi komið fram sem þarf að segja um þetta mál. Mín niðurstaða er þessi: Ég legg eindregið til að Alþingi Íslendinga felli frv. um að gera Sementsverksmiðju ríkisins að hlutafélagi.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Hv. 17. þm. Reykv. notaði tækifærið þegar hann mælti fyrir nál. til að fara almennum orðum um einkavæðingu og m.a. afstöðu framsóknarmanna til einkavæðingar og uppskiptingar á Sambandi ísl. samvinnufélaga og fór reyndar rangt með þegar hann tók á lofti frammíkall frá þeim sem hér stendur. (**ÖS:** Þú talar bara um Sambandið í þessum sölum.) Já, og er alveg óhræddur við það, hv. þm.

Virðulegi forseti. Ég ætla, með leyfi forseta, að vitna í viðtal við Sir Chippendal Keswick. Samkvæmt leiðsögn frá 17. þm. Reykv. þá ber hann nafn mannsins fram á þennan hátt og ég sé að hann kinkar kolli þannig að væntanlega hef ég farið nokkuð rétt með. Sá maður er stjórnarformaður Hambros-banka í London. Hann var hér á ferð nýlega og Morgunblaðið sá ástæðu til að taka við hann viðtal, um m.a. lánstraust íslenskra banka. Hann var spurður hvað hann teldi um einkavæðingu íslensku bankanna sem hann taldi innanlandsmál og vildi ekki tjá sig mikið um. En í framhaldi af því sagði Keswick, með leyfi forseta:

„Bretar hófu fyrstir þjóða einkavæðingu og hún hefur síðan breiðst út um heiminn. Að mínu áliti er einkavæðingin stundum misskilin. Upphaflega var ráðist í einkavæðingu í Bretlandi af því að ríkisrekin fyrirtæki voru orðin eins konar forneskjulegir risar. Hjá þeim voru of margir starfsmenn, fyrirtækin voru óhagkvæm í rekstri og þau þjónuðu ekki heildarhagsmunum breska efnahagskerfisins. Stjórnvöld ákváðu því að setja fyrirtækin undir aga markaðarins, sem gerði það að verkum að þau gátu dafnað. Markaðurinn er miklu kröfuharðari húsbóndi en opinber stjórnsýsla því þar er unnið að málum á allt annan hátt."

Síðan heldur hann áfram, með leyfi forseta:

„Það hefur komið mér á óvart að á Norðurlöndum, að meðtöldu Íslandi, eru mörg fyrirtæki í ríkiseigu vel rekin. Agi markaðarins mun því hafa minni áhrif en ef þau væru illa rekin. Mér sýnist að íslensk fyrirtæki séu vel rekin hvort sem þau eru í ríkiseign eða einkaeigu. Þið verðið að spyrja ykkur að því hver tilgangurinn sé með einkavæðingu. Á að selja fyrirtækin í núverandi rekstri? Ég held að það sé ekki hægt að bæta rekstur verulega með því einu að færa fyrirtæki úr ríkisrekstri í einkarekstur þó ég trúi á markaðshagkerfið og samkeppni." — Hér kemur fram, hv. 17. þm. Reykv., að um er að ræða mann sem trúir á markaðskerfið. Viðkomandi markaðshyggjumaður segir svo áfram, með leyfi forseta:

„En fyrirtæki eru mjög háð fjármagni. Ef Íslendingar vilja einkavæða þá er mín ráðlegging sú að leggja fremur fjármagn í fyrirtækin í stað þess að fjármagn sé tekið út úr þeim. Þegar fyrirtæki eru seld þá gerist það eitt að þau skipta um eigendur en ekkert nýtt fjármagn er lagt í reksturinn. Flest norræn fyrirtæki hafa of lítið eigið fé. Það ætti því að nota tækifærið við einkavæðingu og leggja fjármagn í fyrirtækin til að styrkja stöðu þeirra."

Ég lýk hér minni tilvitnun og ég mundi ráðleggja hv. þm. stjórnarliðsins, sem eru að fjalla um einkavæðingu, að hafa þessa grein við höndina og lesa hana

yfir. Ég býst við að e.t.v. taki þeir meira mark á þessum aðila en varnaðarorðum stjórnarandstöðuþingmanna í þingsölum. Það er nefnilega einu sinni svo að það að breyta rekstrarformi breytir engu um rekstur nema eitthvað annað komi til. Og hlutafélagaformið hefur það eitt fram yfir annað að það takmarkar ábyrgðina á skilgreindan hátt miðað við eignaraðild þeirra aðila sem eiga fyrirtækin. Í slíkum tilfellum er hlutafélagið afar gott form. Ég sé ekki að rekstrarformið verði sveigjanlegra ef sami eigandi og einn eigandi ætlar að eiga fyrirtækið áfram.

Ef hv. þm. Össur Skarphéðinsson ætti einkafyrirtæki yrði það ekkert sveigjanlegra, það skapaðist ekkert nýtt fjármagn og engir nýir möguleikar þótt hann breytti því í hlutafélag nema hann ætlaði að fjölga eigendum eða selja það. Ef við förum að ræða þetta út frá rekstrarlegum rökum og út frá hlutafélagsforminu þá stendur ekkert annað eftir í málinu en að það sé áform hæstv. ríkisstjórnar að selja Sementsverksmiðjuna og þá verður ósköp lítið úr orðum hv. 17. þm. Reykv. um eitthvað annað. (**ÖS:** Þú bara hlustar ekkert á ... aftur og aftur.)

Virðulegi forseti. Ég heyri að sannleikurinn fer í taugarnar á hv. 17. þm. Reykv. og það er vel að hann sé farinn að skilja. En ég vil einnig nefna annað sem kom hér fram hjá hv. 5. þm. Vesturl., Guðjóni Guðmundssyni, þar sem hann talaði um það eins og aðrir að rekstrarformið yrði sveigjanlegra og stjórnendur fyrirtækjanna gætu tekið ákvarðanir sínar án afskipta ríkisvaldsins. Þetta stangast gersamlega á við grundvallarhugsunina á bak við hlutafélög. Að sjálfsögðu hlýtur eigandi hlutafjárins að hafa vakandi auga yfir öllum fjárfestingum og eftirlit með starfsmönnum sínum til þess að sjá til þess að hlutaféð, fjármagnið í rekstrinum, ávaxtist sem best á hverjum tíma. Það er því mikill misskilningur að þetta frii stjórnendur fyrirtækisins undan því að þurfa að taka tillit til vilja eigandans sem samkvæmt því sem hér er sagt á að vera ríkið áfram.

Hv. þm. ræddi um að framsóknarmenn væru sammála um breytingu í hlutafélag og nefndi þar Samband ísl. samvinnufélaga til sögunnar. Í því sambandi segi ég við hv. þm. að því miður kom sú breyting, sem þar var gerð, allt of seint. Þá breytingu hefði þurft að gera fyrir löngu einfaldlega vegna þess að þar voru svo mismunandi hagsmunir að það var sjálfsagt að setja hvern rekstrarþátt í sérstakt hlutafélag þar sem hagsmunaaðilarnir komu að og gátu samkvæmt hlutafélagsforminu lagt félögunum til fjármagn og fengið síðan arð úr þegar vel gengi. Því voru fullkomin rök fyrir breytingunni.

Varðandi einkavæðingu ríkisfyrirtækis á síðustu árum get ég tekið undir það sem hér kom fram að auðvitað átti ríkið að selja prentsmiðju. Ríkið hefur náttúrlega ekkert með það að gera að reka prentsmiðju í samkeppni við öflugan prentiðnað hér á landi. Sala Jarðborana ríkisins orkar að mínu mati hins vegar mun meira tvímælis. Þar virðist vera á leiðinni álíka fyrirtæki og Bifreiðaskoðun Íslands sem í krafti einokunar geti verðlagt sig eins og því sýnist. Síðast gerðist það að Jarðboranir ríkisins keyptu eina tækið sem til var í landinu með milligöngu ráðuneyta og gat keppt á þeim markaði hér innan lands. Núna stendur fyrirtækið eftir þannig að geta verðlagt sig eins og mönnum sýnist.

Virðulegi forseti. Af því að við erum að tala um þessi form og um einkavæðingu þá skulum við aðeins skoða það hvaða skilyrði núv. hæstv. ríkisstjórn — og nú bið ég hv. 17. þm. Reykv. að hlusta — skapar fyrir hlutabréfamarkaðinn og þá jarðveginn fyrir einkavæðingu. Á sama tíma og flestallar þjóðir í hinum iðnvædda vestræna heimi, Bandaríkjamenn, Japanar og fleiri, beita öllum ráðum sem tiltæk eru til þess að keyra niður vexti, til þess að beina fjármagninu inn á hlutabréfamarkaðinn og byggja þannig upp eiginfjárstöðuna þá heldur hæstv. ríkisstjórn Íslands uppi hæstu raunvöxtum sem þekkjast á Vesturlöndum með þeim afleiðingum — nú hristir hæstv. heilbrrh. höfuðið en nú bið ég hann að nefna þau lönd sem hafa hærri raunvexti — meðan þetta er gert og við sjáum hvað er að gerast, við sjáum hvaða grundvöllur er fyrir því og nægir að lesa viðtal við Einar Odd Kristjánsson, formann samtaka í sjávarútvegi í Dagblaðinu í dag. Stefnan er búin að rústa eiginfjárstöðu íslensks atvinnulífs og meðan svo er þá er ekki líklegt að hér byggist upp öflugur hlutafjármarkaður.

Frsm. meiri hluta iðnn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Greinilegt er að hinn öflugi þingflokksformaður Framsfl., hv. þm. Páll Pétursson, hefur brugðið öflugum múl á hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson því að hann er gersamlega málþola hér í þessum sölum. Hann tekur til máls í hverju málinu á fætur öðru og ég verð að segja að ég vildi gjarnan að þingmaðurinn talaði sjaldnar en þá um meira. Ég skil ekki hvers vegna menn eru að eyða tíma þingsins með því að lesa næstum því heilar greinar sem birtast í Morgunblaðinu.

Að því er varðar ummæli mín sem hv. þm. vitnaði í þá vil ég að það komi alveg skýrt fram að ég talaði einmitt um það í fyrstu ræðu minni í dag að eitt af því sem hlutafélagaformið þjónaði væri einmitt það að það gerði fyrirtækjum kleift að afla eiginfjár með hlutafjárútboði. Það þýðir auðvitað að hlutir verða seldir úr fyrirtækinu. En ég vil að það komi skýrt fram alveg eins og ég sagði í fyrstu ræðu minni að ég tel að miðað við eðli fyrirtækisins eigi ríkið ekki að sleppa hendi sinni af meirihlutaeign í fyrirtækinu. Ég vona að menn skilji það en fari ekki að gera mér upp einhverjar skoðanir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef venjulega skilið það þannig að sé settur er múll á mann verði það til þess að hann geti ekkert sagt en það er nú frekar að hv. þingflokksformaður minn hafi losað af mér múlinn.

Virðulegi forseti. Greinina í Morgunblaðinu las ég upp vegna þess að mér sýndist að hv. stjórnarþingmönnum veitti ekki af því að hlusta á þetta. Síðasta at-

riðið sem hv. þm. ræddi skildi hann annaðhvort ekki sjálfur hvað hann var að segja eða hann opinberaði vanþekkingu sína á uppbyggingu fyrirtækja og eðli eigin fjár. Ef ríkið selur hluta af fyrirtæki, sem það hefur breytt í hlutafé, notar þá peninga til að fjármagna ríkisreksturinn, kemur ekkert nýtt eigið fé inn, ekki króna. Við sjáum í fjárlögum að ríkið ætlar sér meiri tekjur af sölu ríkisfyrirtækja en nokkur sem einhverja þekkingu hefur á viðskiptalífinu veit að hægt er að ná inn. Því er alveg ljóst að hverja einustu krónu, sem fært er í sölu fyrirtækja í eigu ríkisins, á að nota til að fjármagna ríkissjóð. Þá kemur einmitt það sem Keswick sagði í sinni grein að það eitt að selja fyrirtæki, það eitt að það breyti um eigendur, skapar ekki nýtt eigið fé upp á eina einustu krónu.

Útbýting þingskjals:

Flutningur á verkefnum Vitastofnunar Íslands, 555. mál, frv. GHall og EKJ, þskj. 920.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er ógæfa Sementsverksmiðjunnar, ógæfa starfsmanna Sementsverksmiðjunnar, ógæfa viðskiptamanna Sementsverkmsiðjunnar og Akraneskaupstaðar að verksmiðjan hefur orðið fórnarlamb í trúarbragðakrossferð einkavæðingarmanna. Á síðustu vikum varð hún þar á ofan að verslunarvöru stjórnarflokkanna þar sem morguninn eftir að hæstv. iðnrh. og viðskrh. var kveðinn í kútinn með það að einkavæða Búnaðarbankann gerði þingflokksformaður hans það fyrir hann til ofurlítillar huggunar að keyra frv. til laga um Sementsverksiðju ríkisins út úr iðnn. á algerlega óeðlilegan hátt, Sementsverksmiðjuna hf. Nú er ég ekki að lá hv. formanni iðnn. þó að hann vildi gera það fyrir leiðtoga sinn, iðnrh., að afgreiða frv. úr nefndinni en hann gat sem hægast og hafði nægan tíma til að gefa nefndini tækifæri til þess að ræða málið eðlilega. Frv. var tekið fyrir á 10. fundi iðnn. á 116. löggjafarþingi og svona er bókað um það: „Menn ræddu um vinnubrögð vegna þessa máls. Ákveðið var að senda til umsagnar bæjarstjórn Akraness og Starfsmannfélags ríkisins. Þegar við fengum niðurstöður frá bæjarstjórn Akraness þá brá okkur nokkuð í brún því að hún var nokkur önnur heldur en við höfðum búist við og segir svo, með leyfi forseta:

„Á fundi bæjarstjórnar Akraness 12. jan. sl. var m.a. fjallað um frv. til laga um að gera Sementsverksmiðju ríkisins að hlutafélagi. Bæjarstjórn Akraness samþykkti eftirfarandi umsögn um frv.“ Síðan kemur umsögnin: „Á fundi bæjarstjórnar Akraness þriðjudaginn 19. jan. 1991 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum umsögn um frv. til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Bæjarstjórn Akraness vill taka það skýrt fram að ef ákvæði frv. um aðstöðugjald eða eignarhald á hlutafé verður breytt þá lýsir bæjarstjórn yfir eindreginni andstöðu við frv. Umrætt frv. var ekki afgreitt á síðasta þingi en er nú aftur til umfjöllunar Alþingis. Hins vegar virðast báðar þær forsendur sem taldar eru upp í ályktun bæjarstjórnar Akraness hafa brostið. Í ræðum áhrifamikilla stjórnmálamanna hefur komið skýrt fram að þeir líti á breytingu Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélags sem fyrsta skref til sölu verksmiðjunnar. Einnig hefur aðstöðugjald hjá fyrirtækjum verið fellt niður. Að báðu þessu athuguðu mælist því bæjarstjórn Akraness til þess að frv. verði ekki samþykkt.““

Nú er mér kunnugt um að ályktunin fékk engin mótatkvæði í bæjarstjórn Akraness og mér er líka kunnugt um að fulltrúi Alþfl. í bæjarstjórninni greiddi tillögunni atkvæði sitt. Á 14. fundi iðnn., sem var haldinn fimmtudaginn 11. mars, var frv. um Sementsverksmiðjuna tekið til umræðu í annað sinn á þessum vetri og var bókað, með leyfi forseta:

„Meiri hluti nefndarinnar ákvað að afgreiða málið úr nefndinni, þ.e. Össur Skarphéðinsson, Sigríður Anna Þórðardóttir, Tómas Ingi Olrich, Pálmi Jónsson og Einar K. Guðfinnsson. Minni hluti nefndarinnar, Páll Pétursson, Svavar Gestsson og Finnur Ingólfsson, lýstu sig andvíga því að afgreiða málið á þessum fundi og áskildu sér rétt til að leggja fram bókun um afgreiðslu málsins. Meiri hluti og minni hluti skila báðir sérstökum álitum.“

Síðan er bókun Páls Pétursonar: „Ég tel sementsverksmiðjufrv. ekki fullrætt í nefndinni. Ég tel rangt af formanni að verða ekki við óskum nefndarmanna um að leggja fram gögn í nefndinni varðandi málið og að neita að kveðja lögfræðing BSRB og lögfræðing fjmrn. til fundar við nefndina. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum formanns og afgreiðslu málsins á þessum fundi. Svavar Gestsson og Finnur Ingólfsson lýstu sig sammála bókun Páls.“

Þá bókaði formaður nefndarinnar Össur Skarphéðinsson: „Í tilefni af bókun stjórnarandstöðunnar bendi ég á eftirfarandi:

1. Lögmaður BSRB og lögfræðingur fjmrn. hafa komið til fundar við iðnn. og svarað öllum spurningum nefndarinnar.

2. Jafnframt liggja fyrir skriflegar umsagnir beggja aðila málsins. Þar af leiðandi vísa ég fullyrðingum í bókun stjórnarandstöðunnar algerlega á bug.“ Lýkur hér bókun Össurar.

Páll Pétursson óskaði eftirfarandi viðbótarbókunar: „Síðan áðurnefndir lögfræðingar komu á fund nefndarinnar á 115. þingi hafa runnið mörg tungl. Afstaða þeirra til málsins kann að vera breytt. Umsagnir starfsmanna Sementverksmiðjunnar og bæjarstjórnar Akraness breyttust frá því í fyrravetur. Æðibunugangur formannsins er ástæðulaus.“

Svona hljóðuðu þessar bókanir og því rek ég þær hér að ég er enn sömu skoðunar og ég var á þessum fundi að eðlilegt sé að ræða þetta mál nánar í hv. iðnn. Ég tek undir þær óskir sem hafa komið fram í umræðunni um að málið verði tekið fyrir í nefndinni milli 2. og 3. umr. og fer formlega fram á það.

Hver eru svo rökin fyrir því að einkavæða þessa blessaða Sementsverksmiðju? Að vísu verður að játa það að framtíð hennar er nokkuð óviss. Ef við verðum aðilar að Evrópsku efnahagssvæði þá kann að verða þungt fyrir fæti fyrir verksmiðjuna en núna

stendur fyrirtækið sig, það hefur þurft að leita á náðir eigenda sinna, þ.e. ríkissjóðs og hefur verið byggt upp af miklum dugnaði og framsýni. Ég sé ekki betur en þeir sem hafa stjórnað verksmiðjunni, stjórn verksmiðjunnar, framkvæmdastjóri og starfsmenn eigi allt gott skilið. Mér finnst óhæfa að vera með eitthvert skítkast í stjórn verksmiðjunnar og fyrrverandi stjórnir fyrir það að þeir hafi verið einhverjir aumingjar og ekki stjórnað fyrirtækinu eðlilega. Því er haldið fram að stjórnarformið verði eitthvað betra með því að breyta fyrirtækinu í hlutafélag. Ég tel að verið sé að ráðast á menn eins og vin okkar Friðjón Þórðarson, fyrrv. þingmann, sem sat lengi í stjórn fyrirtækisins. Ég tel að verið sé að ráðast á fyrrv. stjórnarmenn og reyndar núverandi stjórnarmenn fyrirtækisins og draga hæfileika þeirra í efa.

Einkavæðingarflipp ríkisstjórnarinnar gengur fyrst og fremst út á það að afhenda kolkrabbanum það sem fémætt er í eigu ríkisins eftir því sem menn geta komið því við fyrir lítið fé. Hér er um að ræða markaðsráðandi fyrirtæki sem má nánast kalla einokunarfyrirtæki og hefur skilað arði og hefur þjónað landsmönnum vel. Ég ansa því ekki að um sé að ræða einhverja skipulagsbreytingu til bóta að gera þetta fyrirtæki að hlutafélagi. Það eina sem gerist meðan hlutaféð er í eigu ríkisins er að það lýtur ekki þingkjörinni stjórn heldur verður ráðherra á hverjum tíma allsráðandi um hvernig stjórnin er skipuð. Ég geri ráð fyrir því að ef þetta frv. verður að lögum þá skipi hæstv. iðnrh. nýja stjórn, skipaða krötum og sjálfstæðismönnum. Ég reikna með því að hann taki einhverja sjálfstæðismenn í stjórnina en ég sé ekki að stjórnin batni við það, síður en svo. (**ÁMM:** Hvernig er með stjórn Járnblendifélagsins?) Járnblendifélagið er nokkuð annars eðlis. Ég sé ekki að stjórnin batni með því að ráðherra skipa hana og ég treysti Alþingi prýðilega til þess að velja fyrirtækinu stjórn.

Ég átti þess kost að sækja ákaflega minnisverðan fund fyrr í vetur sem BSRB efndi til vestur á Hótel Sögu og þar var fundafyrirlesari Breti nokkur sem ræddi einkavæðingu. Hann skipti einkavæðingu í það sem hann kallaði heiðarlega einkavæðingu og óheiðarlega einkavæðingu. Heiðarlega einkavæðingu taldi hann vera t.d. þá einkavæðingu sem Thatcher beitti sér fyrir, þ.e. að drífa fyrirtækin úr opinberi eigu í hendur einstaklinga, en það sem hann flokkaði undir óheiðarlega einkavæðingu væri það þegar verið var að dulabúa einkavæðinguna með því að búa til hlutafélög úr ríkisfyrirtækjunum til þess að eiga síðan skemmri leið að koma þeim úr eigu ríkisins. Þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við Sementsverksmiðjuna eru nákvæmlega kennslubókardæmi um það sem hann taldi óheiðarlega einkavæðingu. Ef þetta frv. er samþykkt, þá er vitanlega eins og margoft hefur komið fram í umræðunum einfalt mál að setja inn litla klausu í heimildargrein fjárlaga, annaðhvort næsta haust eða haustið þar á eftir þar sem ráðherra sé heimilt að selja hlutabréfin og enginn fær rönd við reist. Einkavæðingarskrefið er nefnilega tekið við samþykkt þessa frv.

Þessi fyrirlesari orðaði líka hvers lags óskapleg villukenning það væri þegar menn héldu því fram að sala ríkisfyrirtækja yrði til þess að laga halla ríkissjóðs. Það væri ekki svo. Þetta væri á sinn máta eins og farga mjólkurkú. Það kæmi væntanlega verð fyrir fyrirtækin þegar þau væru seld en það bætti ekkert rekstur ríkissjóðs vegna þess að ríkissjóðshalli yrði ekki lagaður nema með því að bæta reksturinn eða afla aukinna tekna.

Ég hef enga trú á því að þetta stjórnarform sem hér er lagt til fyrir Sementsverksmiðjuna verði liprara. Ég vitna til þess að þorri starfsmanna Sementsverksmiðjunnar, eins og rifjað er upp í nál. á þskj. 869, er andvígur þessu frv. en þar var eins og þar segir í atkvæðagreiðslu sem fram fór meðal starfsmanna Sementsverksmiðjunnar:

„Í atkvæðagreiðslum voru 124 á kjörskrá. Atkvæði greiddu 103 eða 83%. Atkvæði féllu þannig að hlynntir frv. voru 21, andvígir voru 78, auðir og ógildir voru 4.“ Þegar þetta bætist við að þessi lagasetning er í trássi við bæjarstjórn Akraness, þá tel ég mjög sterk rök fyrir því að afgreiða ekki þetta frv. og ég treysti því nú að sú verði gæfa ríkisstjórnarinnar að gera það ekki en ef þetta mál gengur til atkvæða þá mun ég, frú forseti, greiða atkvæði gegn því.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil taka það fram að ég átti ekki sæti á Alþingi þegar þetta frv. fór hér í gegnum 1. umr. og ekki sæti í iðnn. þegar málið var til umfjöllunar þar. Eigi að síður skrifa ég undir nál. minni hlutans þar sem það kom fram eftir að ég hafði tekið sæti á Alþingi og ég tel mig geta skrifað undir það með góðri samvisku því að ég þekki þó nokkuð til þessa máls. Þetta er ekki fyrsta umferð sem þetta mál fer í gegnum þingið. Það fór a.m.k. einu sinni í gegn þegar ég átti sæti á Alþingi og þó að ýmislegt hafi breyst síðan þá, er nú sami grautur í sömu skál á ferðinni.

Auk þess hef ég mínar skoðanir á þessu einkavæðingaræði ríkisstjórnarinnar og þá ekki síst hæstv. iðnrh. og sýnist að hann sjáist lítið fyrir í þeim efnum og gildir þá einu hvað hann geti hugsanlega einkavætt og ekki gáð að því hvort það sé æskilegt eða hagkvæmt í því tilfelli. Nú mæli ég alls ekki gegn einkavæðingum yfirleitt en er andvíg að það sé trúaratriði að maður tali nú ekki um nokkurs konar ofsatrúaratriði. Það er að mínu mati fásinna að ljá máls á einkavæðingu fyrirtækis eins og þessa sem býr við einokun og mun eflaust gera það áfram þangað til a.m.k. samninginurinn um EES öðlast gildi eða ef hann öðlast gildi. En við verðum auðvitað að taka afstöðu til málsins eins og það horfir við okkur núna.

Ég held að við höfum alveg dæmin fyrir okkur um það hversu lítil hagræðing er í því að einkavæða fyrirtæki sem búa ekki við neina aðra samkeppni á markaðnum og nægir bara að líta til Bifreiðaeftirlitsins og hvernig almenningur hefur farið út úr viðskiptum við þá stofnun þar sem ekki er nokkur annar kostur fyrir hendi en fara þangað með bílinn og fá hann skoðaðan fyrir margfalt hærra verð heldur en áður var. Ef það er ekki gert þá er einskis annars von en númerin verði

klippt af bílnum og hann dreginn upp í Vöku og enn meira gjald tekið. Mér segir svo hugur um að það verði álíka með sementið að við megum búast við því að það hækki.

Hv. 17. þm. Reykv. lýsti því áðan að hann hefði ekki miklar áhyggjur af því. En ef svo kynni að fara að sement hækkaði, þá benti hann á nýstofnað samkeppnisráð. Þá leiðir það hugann að öðru máli sem var til umræðu í morgun þar sem spurt var um hæfni eins fulltrúa sem sæti á í samkeppnisráði, hvort hann væri hæfur vegna þess að hann væri jafnframt framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands. Og er nú fróðlegt að velta fyrir sér í þessu sambandi hvernig umræddur aðili, Þórarinn V. Þórarinsson, mundi bregðast við ef hann stæði andspænis því að hagsmunir Sementsverksmiðju ríkisins og neytenda færu að stangast á, hvernig mundi hann bregðast við. Getur hann lokað sig svo frá starfi sínu í Vinnuveitendasambandinu að honum tækist að líta á málið einungis frá sjónarmiði neytenda í samkeppnisráði? Ég vil benda á það að Sementsverksmiðjan er aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands og borgaði þar árið 1992 iðgjöld að upphæð 662.446 kr. Þetta er ekki lítil upphæð og það hlýtur að vera á starfssviði framkvæmdastjórans að gæta hagsmuna þess fyrirtækis sem greiðir svona há iðgjöld. (**ÁRÁ:** Hvert var verið að borga þetta?) Þetta eru greiðslur Sementsverksmiðju ríkisins til Vinnuveitendasambandsins (**ÁRÁ:** Svo er Verslunarráðið eftir.) og með fullri virðingu fyrir umræddum aðila á ég ekki von á því að hann geti fremur en aðrir menn tvískipt sér svo að hann geti gersamlega litið fram hjá hagsmunum fyrirtækisins í þessu sambandi og tekið einungis afstöðu með hagsmunum neytenda þannig að ég mundi í sporum hv. 17. þm. Reykv. hafa örlítið meiri áhyggjur, ekki síst með tilliti til nýstofnaðs ráðs og hvernig það muni virka.

Einhvern veginn fannst mér nú þegar hv. þm. mælti fyrir þessu frv. og fyrir áliti meiri hlutans að sannfærings hans í málinu væri ekki mjög sterk og marka ég það mest af því hvernig hann reyndi að gylla þau atriði frv. fyrir þingmönnum sem eru til þess sett að milda með einhverjum hætti þessa ákvörðun að breyta fyrirtækinu í hlutafélag. Hann gerði að umtalsefni m.a. 7. gr. frv. og hældi sér nokkuð af því að það stæði til að hafa tvo samsráðsfundi á ári með fulltrúum Akraneskaupstaðar til að ræða sameiginleg hagsmunamál. (**Gripið fram í:** 5. þm. Vesturl.) Nú, var það 5. þm. Vesturl., ég bið afsökunar. Alla vega er þetta nú hér inni í frv. og sett þar til þess að gefa þessu fallegt yfirbragð.

Hvers mega fulltrúar Akranesbæjar vænta í samskiptum við fulltrúa ríkisvaldsins ef framhald verður á því eins og upphaf þessa máls er? Því að það verða væntanlega fulltrúar ríkisvaldsins sem munu mæta til þessara samráðsfunda þar sem hv. þm. þreyttist ekki á að lýsa því að ekki væri ætlunin að selja hlutabréf í þessu fyrirtæki. Það verða fulltrúar iðnrh. sem munu mæta til þessara funda því hér segir í 10. gr. að iðnrh. fari með eignarhluta ríkisins.

Fyrstu samskipti í sambandi við þetta frv. eru þau að frv. er sent til umsagnar bæjarstjórnar Akraness. Ég ætla ekki að fara að lesa það svar sem frá þeim barst, það hafa aðrir gert en það var afdráttarlaust á þann veg að þeir lögðust gegn þessu frv. Hvort sem tveir fulltrúar Sjálfstfl. kusu að sitja hjá, vera með sérbókun eða ekki þá var þessi ályktun bæjarstjórnarinnar samþykt með alla vega öllum öðrum greiddum atkvæðum og nægði til mikils meiri hluta. Hvað gerir svo þingnefndin, hv. iðnn. með þessa samþykkt? Jú, hún grípur til bragðs sem að vísu er því miður gamalkunngt bragð hér í þinginu en ekki til fyrirmyndar og mundi í flestu öðru samhengi vera flokkað ef ekki undir lygi, þá svo mikla hagræðingu að sannleikurinn snerist í andhverfu sína. Hér stendur í nál. meiri hlutans:

„Nefndin fékk umsagnir um málið frá bæjarstjórn Akraness og Starfsmannafélagi Sementsverksmiðju ríkisins auk þess sem stuðst var við umsagnir frá síðasta þingi."

Það getur vel verið að flestir þingmenn séu orðnir svo æfðir í því að greina blekkingarvefi stjórnvalda hverju sinni en fyrir öllu venjulegu fólki sem les þennan texta, þá þýðir hann ekkert annað en það að þau álit sem leitað var eftir og vitnað er til í svona sambandi hafi verið stuðningur við málið og því endurtek ég það að það væri kannski fullmikið að segja að þetta sé lygi því að hér stendur ekki að þeir hafi lýst stuðningi en það er látið hjá líða að segja að þeir hafi ekki lýst stuðningi og þetta er svo sannarlega að hagræða sannleika sér í vil.

Hv. þm. hefur margítrekað að það hafi verið settir fyrirvarar í frv. sem sé að finna i 8. gr. frv. að ekki sé hægt að selja hlutabréf í Sementsverksmiðju ríkisins nema hafa til þess samþykki Alþingis. Honum er náttúrlega jafn vel kunnugt um það og öllum öðrum þingmönnum enda hafa margir haft orð á því á undan mér að þetta atriði heldur ekkert ef ríkisstjórninni dettur í hug að selja hlutabréf. Þá er þetta eins og hvert annað sýndarákvæði sem hægt er að breyta þegar ríkisstjórninni þóknast og ég sé ekki ástæðu til að halda annað en svo verði gert þar sem hæstv. iðnrh. hefur svo margítrekað lýst því yfir að þetta sé hans stefna. En það er einkennilegt að yfirleitt alltaf þegar það ber á góma að einkavæða ríkisfyrirtæki, þá er þessi varnagli alltaf sleginn að það standi nú ekki til að fara að selja þessi hlutabréf á opinberum markaði heldur ætli ríkið að eiga þessi hlutabréf. Þetta er eins og að fara í ullarsokka utan yfir skóna svo að fótatakið heyrist ekki en ætla sér samt að taka skrefin. Þetta er auðvitað ekkert annað en fyrirsláttur og smá biðtími sem settur er á. A.m.k. ætla menn að skapa sér þá stöðu að geta selt þegar á þarf að halda og hve oft höfum við ekki heyrt sem rök að það sé hægt að afla ríkissjóði tekna með sölu hlutabréfa fyrirtækja sem einkavædd hafi verið? Þetta er bara sett þarna inn til málamynda og heldur ekki andartak ef aðstæður breytast. Mér segir svo hugur að þetta sé sett þarna til þess að vera þarna út þetta ár og muni breytast strax næsta haust.

Í 4. gr. frv. er kveðið á um að fastir starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins skuli hafa rétt til þess að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og verði boðin sameig-

inleg störf, en jafnframt segir í þessari grein að ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eigi ekki við um þá starfsmenn. Nú er ekkert í samningum við opinbera starfsmenn sem segir að þetta ákvæði eigi ekki við þessa starfsmenn og hér stendur í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við gerð kjarasamninga á sl. ári:

„Ríkisstjórnin staðfestir að á samningstímanum verði ekki gerðar breytingar á lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eða reglugerðir sem settar eru með stoð í þeim lögum. Ekki verða gerðar breytingar á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna á samningstímanum."

Heyrum nú hvað hv. 17. þm. Reykv. hefur að segja um þetta mál. Hann hefur tvennt til varnar þessari grein. Annað er náttúrlega hið gamalkunna að aðrir hafi verið vondir og þess vegna megi þeir vera vondir líka. *Þetta er nú einn sá söngur sem maður hefur heyrt hvað oftast sunginn bæði hér inni á Alþingi og utan Alþingis þegar hv. alþm. takast á utan og innan stjórnar hvar sem þeir kunna að vera staddir hverju sinni, þá er þetta gamalkunnur söngur.* Það er ekkert verra þó við gerum þetta heldur en þeir. Þeir gerðu þetta í fyrra. Við megum gera þetta núna. Það er aldrei afsökun fyrir einhverju vondu verki að einhver annar hafi unnið það líka, enda veit ég vel að hv. þm. Össur Skarphéðinsson er ekki einn um að grípa til þessara raka vegna þess að þetta étur hver eftir öðrum hér við öll hugsanleg tækifæri. Menn sem hafa verið í stjórn í fyrra, stökkva yfir girðinguna og eru alsaklausir og þeir sem stukku hina leiðina yfir girðinguna mega allt í einu gera eins og hinir gerðu áður. Þannig verður þetta eins konar vítahringur vondra verka sem enginn þarf að stoppa af því að aðrir hafa unnið þau áður.

Hitt sem hv. þm. bar við var það að hæstv. fjmrh. hefði lýst því yfir að þessi ákvæði ættu ekki við um þessi frumvörp. Síðan hvenær hafa orð eða yfirlýsingar ráðherra haft samningsígildi og hafa opinberir starfsmenn samþykkt þessar yfirlýsingar ráðherra eða hafa þeir gleymt þeim þá ef þeir samþykktu og því var það ekki sett inn í samningana ef opinberir starfsmenn voru samþykkir þessari yfirlýsingu ráðherra? Mér finnst það alveg með ólíkindum að heyra fyrrv. opinberan starfsmann lýsa yfir að yfirlýsingar ráðherra og orð hafi samningsígildi.

Það er leiður vani og ljótur sem sífellt er endurtekinn hér í verkum ríkisstjórna ár eftir ár að ganga þvert á samninga og hafa í engu samninga sem opinberir starfsmenn gera við ríkið. Og það gerir þennan verknað nú engu betri þótt aðrir hafi gert það sama áður. Það er líka að mér finnst hálfaumt yfirklór þegar fyrrv. stjórnarliðar standa hér og nota sömu rök og segja, líkt og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að það hafi verið öðruvísi þegar þeir gerðu það og bera þá gjarnan ýmsu við. *Það er ýmist neyðarástand eða álíka stór orð í þeim dúr.* En nú sem sagt duga bara yfirlýsingar ráðherra. Við kvennalistakonur höfum ævinlega lagt á það áherslu að það sé ekkert sem réttlæti inngrip ríkisvaldsins í samninga með þeim hætti sem gert hefur verið æ ofan í æ undanfarin ár. Við lýstum þeirri afstöðu okkar einu sinni enn nú nýverið í atkvæðagreiðslu um Herjólfsmálið svokallaða. Án þess að hafa þó nokkra samúð með þeim tveim mönnum sem áttu aðild að því máli þá vorum við ekki tilbúnar til að ganga inn í gerða kjarasamninga og samningsgerð með þeim hætti.

Ég ætla ekki að fjölyrða að öðru leyti um innihald þessa nál, það hafa aðrir gert. Þar er lagt til að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Ég hefði nú alveg verið sátt við að ganga lengra og leggja til að þetta frv. væri fellt og mun eflaust greiða atkvæði gegn því þegar það kemur aftur ef ég verð þá enn á Alþingi.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Frv. um Sementsverksmiðju hefur verið til umræðu og verð ég að segja eins og er, virðulegur forseti, að það hefur verið heldur holur hljómur að mér hefur fundist í málflutningi þeirra stjórnarandstæðinga. Ekki síst þeirra ágætu hv. þm. sem hafa verið þátttakendur í einkavæðingu á borð við sölu Gutenberg og Jarðborana ríkisins og annarra fyrirtækja. Mér hefur fundist málflutningurinn afar sérkennilegur og ástæða þess að ég tek til máls í þessari umræðu var málflutningur hv. 1. þm. Norðurl. v. sem mér fannst vera þess eðlis að ekki væri hægt að láta því ómótmælt. Hv. þm. hélt því fram að þetta frv. væri nánast sett fram til að ná sér eitthvað sérstaklega niður á þeim ágætu mönnum sem hafa setið í stjórn Sementsverksmiðju ríkisins. Slíkur málflutningur finnst mér fráleitur. Það er nú þannig að það breytist margt í þjóðfélaginu. Við höfum kynnst því m.a. að þær breytingar hafa náð til þeirra ágætu manna sem hafa haft með að gera stjórn Sambandsins og sambandsfyrirtækjanna, þeir hafa tekið eftir því að þær þjóðfélagsbreytingar sem hafa orðið hafa leitt það af sér að menn hafa talið það heppilegt rekstrarform að koma á hlutafélögum.

Þær breytingar sem hafa átt sér stað í rekstri atvinnufyrirtækja og þátttöku ríkisins í rekstri atvinnufyrirtækja hafa leitt til þess að menn hafa komist að raun um að hlutafélagsformið væri ákjósanlegt rekstrarform og m.a. varðandi þau fyrirtæki sem ríkið jafnvel á að öllu leyti.

Hér er til umfjöllunar frv. til laga sem felur það í sér að gera Sementsverksmiðju ríkisins að hlutafélagi og ég vil lýsa því yfir að ég tel að þetta sé mjög mikilvægt og æskilegt skref sem hér er verið að stíga. Og ég harma að það skuli hafa verið haldið uppi hræðsluáróðri gagnvart ágætu starfsfólki þessa fyrirtækis og ákveðnir stjórnmálamenn hafa lagt sig fram um að gera þetta mál tortryggilegt.

Þá vil ég einnig nefna að mér finnst undarlegur málflutningur eins og hjá hv. 2. þm. Vesturl., þegar þingmaðurinn gerir mikið úr því og reyndar fordæmir að það skuli vera gerð krafa um það að ríkisfyrirtæki eins og Sementsverksmiðjan skili einhverjum arði í ríkissjóð. Ég verð að segja alveg eins og er að það ber að fagna því alveg sérstaklega að svo vel skuli vera hægt að standa að rekstri slíks fyrirtækis að slík krafa sé gerð og hún er í fyllsta máta eðlileg að mínu mati.

Að öðru leyti vil ég segja það að ég tel að hér sé ekki á nokkurn hátt hætta á ferðinni fyrir starfsfólk þess fyrirtækis sem hér um ræðir. Það eru hlutafélög um allar jarðir, m.a. eru á Akranesi rekin fjölmörg öflug og mjög stór hlutafélög, jafnvel leitað til almennings um þátttöku í þeim rekstri, það viðgengst um allt land. Þannig að ég held að það sé engin hætta á ferðinni þó Sementsverksmiðja ríkisins verði gerð að hlutafélagi.

Ég vil taka undir með hv. 17. þm. Reykv. að ég tel að það sé eðlilegt að ríkið eigi meiri hluta í þessu félagi en það komi að sjálfsögðu til greina að hlutafé þess verði aukið og öðrum gefið færi á að verða hluthafar í rekstri fyrirtækisins og þar á meðal að sá möguleiki verði að starfsfólk verði hluthafar. En ég tel að þetta sé framfaraspor. Það er í takt við okkar veruleika í fyrirtækjarekstri að gera Sementsverksmiðju ríkisins að hlutafélagi og ég styð þetta frv. heils hugar og lýsi því yfir, ekki síst vegna orða hv. 9. þm. Reykv., sem var að velta fyrir sér afstöðu einstakra þm. Sjálfstfl.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er ekki sambærilegt að breyta Jarðborunum ríkisins, Gutenberg eða Landssmiðjunni í hlutafélag eða Sementsverksmiðjunni. Þetta eru fyrirtæki sem eru allt annars eðlis og það var engin ástæða til þess að reyna að halda þeim fyrirtækjum í eigu ríkisins. Þau voru ekki einokunarfyrirtæki og þeirra tími sem ríkisfyrirtæki gat svo sem verið liðinn. Við tókum að vísu þarna áhættu eða það hefur komið í ljós að við tókum áhættu vegna lífeyrismála starfsmanna. Við framsóknarmenn höfum í stjórnarsamstarfi heimilað að sýna frv. um að breyta Sementsverksmiðjunni í hlutafélag á fyrri þingum en við höfum ekki látið það ganga fram. Við erum því ekki ábyrgir fyrir því. Það er ekkert annað en vantraust á þingkjörna fulltrúa í stjórn Sementsverksmiðjunnar að halda því fram að ráðherraskipuð stjórn yrði fyrirtækinu betri.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. gat þess réttilega að það eru mörg hlutafélög í landinu og jafnvel á Akranesi. Þá langar mig til að spurja hv. þm. að því: Gerir hann engan greinarmun á því hvort fyrirtæki er eitt sinnar tegundar á landinu eða samkeppnisfyrirtæki? Setur hann algerlega samasemmerki við það? Það geri ég ekki. Hann gerði það líka að máli hér að ég gagnrýndi það að Sementsverksmiðju ríkisins er gert að greiða arð, 15 millj., burt séð frá afkomu fyrirtækisins. Það fordæmi ég. Ofan á aðra skatta er Sementsverksmiðjunni gert að greiða 15 millj. kr. arð burt séð frá því hvernig staða fyrirtækisins er, sem er erfið um þessar mundir eins og allra fyrirtækja. Og hv. þm. talaði um það í lok máls síns að hann teldi eðlilegt að selja hlutabréf í fyrirtækinu þvert ofan á það sem hv. 5. þm. Vesturl. hefur sagt hingað til. Það þykja mér tíðindi.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að það sé ekki út af fyrir sig mikill munur á því hvort fyrirtæki er í þeirri aðstöðu sem Sementsverksmiðjan er eða hvort það fyrirtæki sem rekið er eins og t.d. í almennum iðnaði eða þjónustu. Mér sýnist og það fer ekkert milli mála að Sementsverksmiðjan verður og er í rauninni í samkeppni á stórum markaði hér í Evrópu og getur orðið það í æ ríkari mæli. Ég held að við þurfum að gera okkur grein fyrir því að það eiga að gilda alveg sömu lögmál í rekstri fyrirtækis eins og Sementsverksmiðjunnar og allra annarra fyrirtækja. Þess vegna held ég að hlutafélagaformið sé ákjósanlegt form og geti átt mjög vel við um rekstur Sementsverksmiðjunnar. Það má kannski minna á að það er annað stórt fyrirtæki sem er Íslenska járnblendifélagið sem hefur verið rekið oft og tíðum með bærilegum hætti og starfsmenn á Akranesi þekkja stjórnfyrirkomulag þess fyrirtækis þó það hafi skipst á skin og skýrir í rekstri fyrirtækisins af markaðsástæðum. En innra skipulagið og stjórn fyrirtækisins hefur verið byggt upp með þeim hætti sem hér er verið að leggja til.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ágætt að fá það hreint út að hv. þm. gerir engan greinarmun á einokunarfyrirtæki og almennu fyrirtæki sem er í samkeppni. Þetta finnast mér tíðindi því ég geri mikinn greinarmun á því.

Hv. þm. fór ekki nánar inn á það áðan hversu mikill munur er á afstöðu hans og hv. 5. þm. Vesturl. Af því hef ég verulegar áhyggjur og tel að það munu margir taka eftir því á Akranesi að honum finnst eðlilegt að selja hutabréf í þessu fyrirtæki. Af því að hann kom inn á Járnblendifélagið á Grundartanga þá hef ég ekki heyrt því hreyft að það eigi að setja hlutabréf á hinn opinbera markað frá Járnblendifélaginu á Grundartanga.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef nú heldur ekki orðið þess var að það stæði til að opna hlutabréfasölu gagnvart Járnblendifélaginu. En varðandi afstöðu mína til þess hvort það eigi að selja hlutabréf í Sementsverksmiðjunni þá sagði ég það og tók undir það sem hv. 17. þm. Reykv. sagði fyrr í umræðunni að ég tel að það sé eðlilegt að ríkið eigi meiri hluta í Sementsverksmiðjunni. Ég dreg þá skoðun ekkert við mig en ég tel á sama hátt ekkert óeðlilegt við það að það væri gefið færi á að selja einhvern tiltekinn hluta af bréfum í félaginu, t.d. til starfsmanna. Ég tel ekkert óeðlilegt við það og þannig væri hægt að fá inn í fyrirtækið þátttakendur sem væru áhugasamir og viljugir til þess að bæta sem best stjórn þessa fyrirtækis og vera þátttakendur í rekstri þess.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. sagði áðan að það væri mjög mikilvægt skref að gera fyrirtækið að hlutafélagi. Við höfum fylgst með öllum umræðum í dag og mér hefur gengið mjög illa að fá út úr því hjá þeim sem hafa verið að verja þessar gerðir almennilegan rökstuðning fyrir því hvernig fyrirtækið yrði

miklu betur fært um að standa sig á eftir.

En það sem ég ætlaði að koma að fyrst og fremst í þessu andsvari var einmitt það sem hv. þm. var að tala um áðan, þ.e. að veita öðrum tækifæri til að taka þátt í rekstri fyrirtækisins. Hann fullyrti það sem sagt hérna að það væri meiningin að selja hlutabréf í fyrirtækinu. Það væri hans skoðun að það ætti að gera það og það hefur auðvitað sannast hér í umræðunni að það er meiningin. Það er alveg sama þótt hv. 17. þm. Reykv. haldi því fram að það standi ekkert til að selja þetta, hér kemur annar stjórnarþingmaður og segir þveröfugt.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég lít nú svo á að áhyggjur hv. 3. þm. Vesturl. hljóti að vera vegna þess að hann óttist að ríkið sleppi hendi af þessu fyrirtæki. Ég tók það skýrt fram að ég teldi að við núverandi aðstæður ætti ríkið að eiga meiri hluta í þessu fyrirtæki þótt það yrði gert að hlutafélagi. Ég hef aldrei í þessari umræðu getið þess að það ætti að selja hlutabréf í fyrirtækinu þannig að ríkið missti þann meiri hluta. En ég gat þess að ég teldi eðlilegt að opna fyrir þann möguleika að auka hlutafé í félaginu þannig að aðrir kæmust að án þess þó að ríkið missti þar meiri hluta. Það er það sem ég held að hv. 3. þm. Vesturl. ætti að hugsa um og velta fyrir sér. En ég hef ekki lagt til að fyrirtækið yrði selt að meiri hluta úr hendi ríkisins.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það gengur nú auðvitað illa sem vonlegt er hjá hv. 1. þm. Vesturl. að koma því frá sér hvernig það kemur heim og saman að hann hefur þá skoðun að það eigi að selja af fyrirtækinu en hv. 5. þm. Vesturl. hefur allt aðra skoðun og hv. 17. þm. Reykv. hefur sömu skoðun og hv. 5. þm. Vesturl. að það eigi ekki að selja fyrirtækið.

Auðvitað liggur það í augum uppi að ef það verður farið að selja hlut í þessu fyrirtæki þá munu varnirnar bresta. Forræði ríkisins á fyrirtækinu er auðvitað mjög mikilvægt vegna þess að þetta er einokunarfyrirtæki í eðli sínu. Og ég skil það aftur á móti betur núna af hverju hv. 1. þm. Vesturl. talar svona. Hann lýsti því mjög greinilega áðan að hann finnur engan mun á þessu fyrirtæki og einhverjum öðrum iðnfyrirtækjum í landinu. Hann telur engan mun vera á þessu og telur að samkeppni við þetta fyrirtæki með innflutningi sé raunhæf. Hún hefur ekki verið það á undanförnum árum, hún hefur alls ekki verið raunhæf.

Frsm. meiri hluta iðnn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegur forseti. Þetta hafa verið fróðlegar og gagnlegar umræður. Hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir setti einkar skemmtilegan tón í þær með því að ásaka formann iðnn. og aðra í meiri hluta iðnn. um að reyna fast að því að ljúga að þinginu með því hvernig meiri hlutinn hagaði sínu nál. Hún verður auðvitað að dæma um það sjálf. En það fer ekki hjá því að flestir sem hafa fylgst með Sementsverksmiðjunni, fylgst með fjölmiðlum, vissu um afstöðubreytingu starfsmanna og líka bæjarstjórnar Akraness. Þannig að ég tel þetta svona á heldur lægra plani en ég hafði ætlað hv. þm. að standa á. Það má líka geta þess að það voru fleiri umsagnir sem hefðu e.t.v. mátt koma fram í nál. á hvern veg voru. Þannig lá fyrir umsögn frá stjórn Sementsverksmiðjunnar frá því í fyrra þar sem meiri hluti var fylgjandi því að breyta verksmiðjunni yfir í hlutafélagsform, þ.e. 3 af 5 voru þeirrar skoðunar að það væri í lagi svo fremi sem inn í lögin kæmu ákvæði um að ¾ hluta atkvæða þyrfti til að samþykkja sölu hlutabréfa, einn var því algerlega sammála, einn var alveg á móti. Fleiri umsagnir voru, eins og frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, ef ég man rétt, sem lagðist þó ekki gegn þessu.

Menn hafa rætt hér nokkuð um sölu og hvort eigi að selja þetta ágæta fyrirtæki. Hv. þm. Þórhildi Þorleifsdóttur þótti lítið hald í því þó að í 8. gr. frv. segi að Alþingi þurfi að samþykkja sölu á hlutum úr því en staðreyndin er sú að í lögum um Sementsverksmiðjuna í dag er ekkert sem hamlar sölu. Væntanlega gildir þá um hana eins og aðrar ríkiseignir að það er hægt að selja hana ef heimild er veitt fyrir því í fjárlögum þannig að ekki er verra hald í þessu en í þeim lögum sem gilda núna. Málið er það sem flestir hafa í raun inni gleymt að drepa á þegar rætt er um sölu Sementsverksmiðjunnar nema hv. þm. Jóhannes Geir og það er markaðurinn. Ef menn ætluðu að fara eftir orðum áhrifamikilla stjórnmálamanna, sem mikið hefur verið vitnað til í dag, og selja hluti úr hinu tilvonandi hlutafélagi þarf að vera einhver markaður fyrir því. Í fyrsta lagi liggur fyrir að hlutabréfamarkaður er ekki ýkja stöndugur í dag. Í öðru lagi liggur líka fyrir að eins og staða Sementsverksmiðjunnar er og hefur verið á síðustu árum, hygg ég að það hlytu nú að vera ansi skrýtnir menn sem vildu vænta þess að einhvern arð mætti hafa af fjárfestingu í slíku hlutafélagi. Staðreyndin er sú að það liggur fyrir að þar er fjárvöntun sem getur numið allt að því 80–90 millj. kr. á þessu ári og bendir allt til að því miður verði þróunin svipuð á næstu árum. Þess er að geta að til þess að jafnvægi sé í rekstri verksmiðjunnar þarf hún að selja um 105 þús. tonn. Að vísu hefur verið hagrætt svolítið í fyrirtækinu sem hefur leitt til þess að jafnvægispunkturinn hefur lækkað í 102 þús. tonn. Í fyrra dróst sementssalan saman um 12 þús. tonn eða 11% frá fyrra ári og var tæplega 97 þús. tonn. Í upphafi þessa árs gerðu menn ráð fyrr því að salan á árinu yrði 90 þús. tonn. Miðað við fyrstu mánuði ársins bendir allt til þess að sementssalan verði miklu frekar í kringum 85 þús. tonn þannig að þróunin er frekar dapurleg. Hún er ekki þess eðlis að menn sem vilja fá arð af því að ávaxta sitt pund freistuðu þess að leggja það í Sementsverksmiðju ríkisins á þessu stigi, því miður. Ég dreg þetta fram til að sýna að jafnvel þótt áhrifamiklir stjórnmálamenn, sem hafa verið dregnir til umræðunnar, vildu selja Sementsverksmiðjuna veit ég ekki hvar er hægt að finna kaupendur.

Vel kann að vera að hv. þm. Sturla Böðvarsson sé mér fremri í markaðsþekkingu á þessu sviði og hafi fundið einhverja sem vilja kaupa. En ég vek athygli á

því og ítreka það að með þessu frv. er ekki verið að leita heimildar til sölu.

Mig langar líka aðeins að drepa á þá umræðu sem hefur vaknað um verðlag á sementi ef til þess kæmi að verksmiðjan yrði gerð að hlutafélagi. Hv. þm. Svavar Gestsson og hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir og sennilega einhverjir fleiri hafa staðhæft að verðlagið mundi þá hækka. Það er eigi að síður svo að ákveðin lög ná yfir fyrirtæki sem eru markaðsráðandi eins og Sementsverksmiðja ríkisins. Samkeppnisráð á lögum samkvæmt rétt til þess að hlutast til um verðlagninguna. Þau rök sem hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir kom með í dag voru annars eðlis. Hún taldi í framhaldi af umræðum sem áttu sér stað í morgun að einn tiltekinn maður sem á sæti í samkeppnisráði væri vanhæfur. Menn geta deilt um það en eigi að síður liggur fyrir að það fyrirkomulag sem stjórnkerfið hefur búið til er þess eðlis að það er til vörn gegn óeðlilegum hækkunum á sementi. Það held ég að menn verði að taka til greina í málinu.

Virðulegi forseti. Ýmsir þingmenn hafa legið formanni iðnn. mjög á hálsi fyrir flýti við afgreiðslu á málinu út úr iðnn. Svo vill til að ekki tók giska langan tíma að afgreiða málið. Satt að segja hafði ég ætlað nokkra fundi til þess en andstaðan og mótþróinn hjá hv. stjórnarandstöðu var ekki meiri en svo að það tók um það bil hálftíma. En það er rétt að það var falast eftir því að lögfræðingar BSRB og Starfsmannafélags ríkisstofnana yrðu kvaddir á fund nefndarinnar. Ég taldi það óþarfa og aðrir í stjórnarmeirihlutanum voru mér sammála um það. Ástæðan fyrir því var einföld. Í fyrra áttu sér stað ítarlegar umræður um einmitt þau lögfræðilegu álitaefni sem tengjast málinu. Tveir lögfræðingar stéttarfélaga voru kvaddir til fundar og hv. iðnaðarnefndarmenn áttu þess kost að spyrja þá út í hörgul um hvert einasta atriði sem mönnum þótti vera álitaefni. Ég hugði þá og hygg raunar enn að umræðunni sé fulllokið. Öll kurl eru komin til grafar. Ljóst er að lögfræðinga greinir á um þetta og mér þykir miður að hv. þm. Finnur Ingólfsson er ekki staddur hér núna, en hann orðaði það einmitt svo í dag að það væri hugsanlegt stjórnarskrárbrot sem fælist í þessu. Hann kvað ekki sterkar að orði.

Það er alveg ljóst að virta lögfræðinga greinir á um þetta efni. Í máli hv. þm. Páls Péturssonar hefur komið fram að hann telur ástæðu til þess að kanna hvort afstaða þessara lögfræðinga hafi breyst. Hann benti á m.a. að við hefðum leitað álits og umsagnar ýmissa aðila, m.a. starfsmannafélags Sementsverksmiðjunnar og bæjarstjórnar Akraness og í ljós hefði komið að afstaða þeirra hefði breyst. Eins og ég sagði tel ég að málið sé til enda rætt og ég vil ekki kalla það aftur til iðnn. Hins vegar er ég reiðubúinn, og mun hlutast til um það, að kalla saman fund iðnn. og kveðja á þann fund þá lögfræðinga sem tengjast BSRB og SFR og stjórnarandstaðan í nefndinni vill að komi til fundarins. Ég vil beita mér fyrir því að það verði á morgun eða þá í síðasta lagi á mánudag svo að iðnnaðarnefndarmenn eigi kost á því að fá allar þær upplýsingar frá þeim aðilum sem þeir kunna að telja að séu nauðsynlegar til þess að hægt sé að ljúka 3. umr.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson reyndi að lýsa því fyrir okkur hvernig ástandið væri með verksmiðjuna, ekki væri hægt að selja hlutafé í fyrirtækinu vegna þess að taprekstur væri fyrirsjáanlegur á því. Taprekstur inn var reyndar ekki meiri en það að ríkisstjórnin ákvað að taka 15 millj. arð úr fyrirtækinu þrátt fyrir hann. Annað er kannski vert að hafa í huga en það er að fyrirtækið er í eðli sínu einokunarfyrirtæki. Margir gætu haft áhuga á því að eignast hlut í fyrirtækinu enda þótt taprekstur sé á því núna ef þeir kæmust að þeirri niðurstöðu að sementsverð væri hægt að hækka það mikið að verksmiðjan færi að skila arði. Ég efast ekki um að um leið og farið verður að leggja hlutafé í fyrirtækið, hver sem það gerir og hve stór sem sá hlutur verður, þá mun sá aðili, sem það gerir, krefjast þess að fá arð af sínum peningum. Ég held að menn geti ekki horft fram hjá að um leið og eðlisbreyting er orðin á verksmiðjunni mun sú krafa koma að sementsverð verði miðað við það að arðsemi verði af þeirri fjárfestingu sem í fyrirtækinu liggur. En ég fagna því að hv. form. iðnn. ætlar að taka málið fyrir í nefndinni og vitanlega hlýtur hann að ætla að taka málið fyrir í nefndinni. Þetta verða ekki bara umræður til þess að veita upplýsingar. Það hljóta að verða umræður sem miðast að því að menn verði betur upplýstir um einmitt þetta mál.

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég kem upp til þess að leita eftir því við virðulegan forseta hvernig hann hyggst halda áfram þingstörfum í kvöld. Við höfum verið að ræða málefni Sementsverksmiðju ríkisins og eftir því sem ég hef reynt að fylgjast með umræðum þá veit ég ekki betur en að enn séu menn á mælendaskrá. Ég heyri að líka er verið að tala um að taka fyrir annað mál á dagskrá að þessu loknu. Ég spyr, virðulegi forseti, hvenær hyggst forseti gefa hér matarhlé vegna þess að mér sýnist við vera að keyra inn í kvöldfund?

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti getur upplýst að fyrir stundu var óskað eftir að hafa samband við forseta þingsins. Fundurinn hefur nú staðið síðan kl. 10.30 í morgun og ég get fullkomlega fallist á þau sjónarmið hv. þm. að vel hafi verið að verki staðið. Ljóst er að umræðunni verður að ljúka nú og einungis einn hv. þm. er á mælendaskrá og hyggst forseti því a.m.k. ljúka umræðunni.

Hins vegar stendur þannig á að hv. 9. þm. Reykv. er á förum til útlanda í opinberum erindagerðum og hafði óskað eftir að fá að mæla fyrir frv. sem hér er á dagskrá og er 15. mál fundarins. En svo er að heyra að hæstv. heilbrrh. eigi erfitt með að sitja fundinn miklu lengur vegna annarra verka þannig að forseti er að láta kanna hvort unnt sé að breyta dagskrá morgundagsins þannig að hv. 9. þm. Reykv. fái tækifæri til að mæla fyrir máli sínu þá. Takist það mun forseti ekki halda lengur áfram í kvöld.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég mótmæli þessu. Eftir samkomulagi við hæstv. forseta féllst ég á að fresta máli sem átti að vera fyrsta dagskrármál morgundagsins um endurskoðun á lögum um vátryggingar sem er fylgifrv. EES og er mjög mikilvægt frv. Það hefur kostað að nú hafa liðið hartnær 10 dagar án þess að það mál hafi komist á dagskrá og ég mótmæli því að dagskrá morgundagsins sé breytt. Hins vegar er ég að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að sitja hér eitthvað lengur til að hv. þm. Svavar Gestsson geti mælt fyrir frv. sínu um atvinnuleysistryggingar og hann komist til útlanda, eins og hann gerði ráð fyrir, næsta mánudag en ég get ekki ábyrgst að umræðum um það mál ljúki á þeim fáu mínútum sem eftir kunna að vera af þessu kvöldi. En mér er ekkert að vanbúnaði, virðulegi forseti, að sitja eitthvað fram eftir og greiða fyrir máli stjórnarandstæðings með sama hætti og stjórnarandstaðan hefur ávallt greitt mjög lipurlega fyrir málum ríkisstjórnarinnar þegar líkt hefur staðið á.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hæstv. heilbrrh. segir. Hann er auðvitað í fullum rétti í fyrramálið með sín mál sem hafa beðið lengi, en þannig háttar til að á morgun er gert ráð fyrir utandagskrárumræðum eftir hádegið. Ég sé ekki að það sé því neitt að vanbúnaði, ef menn vilja ekki halda hér áfram, að klípa eitthvað af þeim tíma til þess að geta komið máli hv. 9. þm. Reykv. á dagskrá ef stjórnarandstaðan vill sýna sömu lipurð og hæstv. heilbrrh. hefur boðist til. Ég held að nægilegt svigrúm sé til að koma öllum þessum málum að með bærilegum hætti fyrir helgina.

Útbýting þingskjala:

Kostnaður við sölu á spariskírteinum ríkissjóðs og við Lánasýslu ríkisins, 474. mál, svar fjmrh., þskj. 909.

Lækkun fasteignaskatta, 551. mál, þáltill. JVK og JónK, þskj. 916.

Skilyrði útvarps- og sjónvarpssendinga á Vesturlandi, 559. mál, fsp. StB, þskj. 926.

Tekjuskattur og eignarskattur, 548. mál, frv. VE, þskj. 908.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti biður hv. þm. að líða sér það að gefa eins og 5 mínútna hlé meðan ráðgast verður um framhald þessa fundar. — [Fundarhlé.]

Það hefur orðið niðurstaða forseta og formanna a.m.k. þriggja þingflokka að við reynum að ljúka umræðum um Sementsverksmiðju ríkisins ef þingmenn mótmæla því ekki. Síðan mun hv. 9. þm. Reykv. tala fyrir 15. dagskrármálinu, ráðherra svara honum og þar með ljúki fundinum og umræðum um málið verði frestað.

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég kom upp til að spyrja virðulegan forseta hvort hann hygðist halda hér áfram fundi í kvöld. Mér er ljóst að ég get ekki mótmælt þessari gerð sem mér skilst að sé um samkomulag, en vissulega eru nýir vinnusiðir teknir upp í þinginu og ég ætla ekki að segja meira um það nú en mér finnst vægast sagt ástæða til þess að gera athugasemdir við þá nýju hætti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti getur fallist á að hér eru orðnir nokkuð strangir fundir, en væntir þess að þingmenn sýni forseta samstarfsvilja um þessa lausn málsins.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég held að út af fyrir sig sé mjög gott að það hefur komið skýrt fram í umræðunum í dag að ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis hyggst standa að því að selja hlutabréf í Sementsverksmiðjunni þegar búið er að breyta henni í hlutafélag. Út af fyrir sig er ekkert við það að athuga. Það er þeirra ákvörðun en það hefur komið hér alveg skýrt fram.

Hins vegar vefst eitt örlítið fyrir mér. Í öðru orðinu hafa þeir talað þannig að styrkja ætti eiginfjárstöðu fyrirtækisins og ég hef velt því fyrir mér hvort þeir geri þá ekki greinarmun á því annars vegar að selja hlutaféð sem fyrir er og hins vegar því að gefa út nýtt hlutafé. Ef með þessu öllu saman á að styrkja eiginfjárstöðuna þá skil ég það þannig að það sem selt verður af hlutafé eigi ekki að renna til fjármögnunar úr ríkissjóði í gegnum fjárlög. Ástæða þess að ég kom hér upp var að varpa þeirri spurningu fram til þeirra sem hér hafa lýst því yfir að það bæri að stefna að því að selja þarna hlutabréf, hv. 17. þm. Reykv. og 1. þm. Vesturl. Nú sé ég ekki hv. 17. þm. Reykv. Er þá fallið frá þeirri stefnu að fjármagna ríkissjóð með því að selja ríkisfyrirtæki? Ef ég man rétt er í fjárlögum reiknað með 1.500 millj. í tekjur af sölu ríkisfyrirtækja. Nú koma þingmenn og segja: Að vísu á að selja hlutafé en það á að gera til að styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækisins. Þetta tvennt fer ekki saman og ég hlýt því að spyrja hvort sé um að ræða stefnubreytingu.

Svona aðeins að lokum, ef á að selja öðrum hlutabréf til viðbótar og menn hafa vitnað til þess að það hafi verið gert í fleiri fyrirtækjum, þá er það alveg rétt. Það hefur m.a. verið gert í Bifreiðaskoðun Íslands. Þar á ríkissjóður meiri hluta. Það er gerð 25% krafa til arðsemi hlutafjár og þá spyr ég að lokum: Hvað mundi sementspokinn kosta þegar farið væri að reka þetta á sama hátt og gerð 25% krafa til arðsemi hlutafjár?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttindi þeirra sem ekki hafa atvinnu, 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 428. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 728.

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 728 flyt ég ásamt öðrum

þingmönnum Alþb. frv. til laga um réttindi þeirra sem hafa ekki atvinnu. Segja má að frv. eigi sér langan aðdraganda og felst aðdragandinn fyrst og fremst í því að við búum við mjög verulegt atvinnuleysi í landinu um þessar mundir. Auk þess hafa menn um langt árabil velt því fyrir sér hvort rétt væri að breyta lögunum um atvinnuleysistryggingar þannig að þær næðu til fleiri aðila en nú er samkvæmt gildandi lögum. M.a. flutti hv. þm. Geir H. Haarde fyrir nokkrum árum frv. um breytingar á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð þar sem hann gerði ráð fyrir því að ýmsir aðilar eins og einyrkjar yrðu teknir inn í skyldusvið sjóðsins jafnvel þó að þeir væru ekki aðilar að stéttarfélögum.

Á undanförnum mánuðum hefur verið rætt mikið um nokkur atriði sem væri í raun og veru sjálfsagt að leiðrétta frá því sem er í gildandi kerfi. Þau atriði sem einkum hafa verið rædd tel ég vera þrjú:

Í fyrsta lagi að sextán vikna biðtíminn verði felldur niður. Í öðru lagi að aðrir en þeir sem eru í stéttarfélögum þeir geti notið atvinnuleysisbóta eða geti átt rétt á þeim. Í þriðja lagi að kerfið væri sjálft allt of flókið.

Það frv. sem hér er flutt gerir tillögur um breytingar á þessum atriðum og raunar mörgum fleiri því frv. felur í sér breytingar á þrennum lögum, þ.e. lögum um atvinnuleysistryggingar, lögum um vinnumálaskrifstofu félmrn., nr. 13/1979, og lögum um vinnumiðlun. Ég mun nú, virðulegur forseti, fara hér yfir frv. og helstu greinar þess.

Í 1. gr. frv. felst sú breyting að það er breytt 4. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með því að slá því föstu að þeir sem hafa verið atvinnulausir í fjórar vikur og ekki eru í stéttarfélögum og ekki uppfylla vinnuskilyrði laganna að öðru leyti geti fengið atvinnuleysisbætur. Hér er með öðrum orðum ekki verið að lengja biðtíma þeirra sem hafa haft vinnu og eru í stéttarfélögum heldur er hér fyrst og fremst verið að fjalla um þá sem eru utan þess kerfis og fjögurra vikna biðtíminn nær til þeirra einna.

Í 1. gr. frv. er einnig gert ráð fyrir því að þessi mál og hvernig bótaréttur þeirra sem hér um ræðir er metinn verði ákveðið af stjórn sjóðsins að fengnu samþykki félmrh. en í frv. er gert ráð fyrir því að málaflokkurinn atvinnuleysistryggingar flytjist til félmrn. og verði þar eins og vinnumiðlunin og vinnumálaskrifstofan.

Í samræmi við það er svo 2. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir því að Atvinnuleysistryggingasjóður verði sjálfstæð stofnun, verði ekki inni í Tryggingastofnun ríkisins eins og nú er, og að sjóðsvarsla og meðferð á handbæru fé á hverjum tíma verði á vegum þessarar stofnuna en ekki í Tryggingastofnun ríkisins.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir því að sá kostnaður sem þetta frv. kann að hafa í för með sér verði greiddur sérstaklega umfram önnur tekjuákvæði laganna um atvinnuleysistryggingar. Það segir hér: „Auk framlags samkvæmt 1. mgr. greiðir ríkissjóður sérstakt framlag til þeirra atvinnuleysisbóta og réttinda sem kveðið er á um í þessum lögum."

Í 4. gr. er fjallað sérstaklega um þann þátt þessara breytinga sem snýr að þeim sem koma nýir inn í sjóðinn eða nýir inn í atvinnuleysisbæturnar eða eins og segir þar að menn verði að sanna með fullnægjandi hætti að mati stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs að viðkomandi uppfylli ákvæði 4. gr. og hafi verið atvinnulaus í fjórar vikur. Sjóðstjórninni er ætlað að setja reglur um það hvernig með þessi mál verður farið.

Í 5. gr. er nýmæli sem gerir ráð fyrir því að þeir sem eru við nám eða í starfsþjálfum með sérstökum hætti geti fengið atvinnuleysisbætur á meðan þeir eru í þessari starfsþjálfun og í þessu námi í allt að sex mánuði en tíminn er nú sex vikur. Og þurfi menn áfram að vera í starfsþjálfun samkvæmt þessu lagaákvæði eða frumvarpsákvæði þá geti menn hugsanlega fengið stuðning úr sjóðnum lengur enda sé þar um lán að ræða og gildi um það sömu reglur og samkvæmt lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Reglur um lánveitingar verði settar af stjórn sjóðsins á grundvelli fjárveitinga hverju sinni sem ákveðnar eru í fjárlögum í hvert skipti og þau bætast þá við framlög samkvæmt 15. gr.

Í 6. gr. er tekið á ákvæðum sem lúta að veikindum þeirra atvinnulausu. Þannig er nú að maður sem veikist missir atvinnuleysisbætur. Hér er byggt á þeirri hugsun að ef umsækjandi veikist þá haldi hann bótarétti sínum rétt eins og menn halda vinnulaunum í veikindum með tilteknum hætti samkvæmt kjarasamningum.

Í 7. gr. er hér bætt við orðunum „þar á meðal vinnutími" í sambandi við það þegar viðkomandi neitar vinnu. Þá gerist það stundum að það á erfitt með að taka vinnu, t.d. einstæðar mæður, þegar um er að ræða vinnu á mjög afbrigðilegum vinnutíma. Segjum að þær hafi einungis kost á að stunda vinnu að degi til en fái tilboð um kvöld- eða næturvinnu. Ef þær neita þeirri vinnu þá missa þær bætur ef strangt er farið í túlkun gildandi laga og hér er vinnutímaákvæðið tekið inn þannig að það verði að taka tillit til þess líka.

Í 8. gr. er sextán vikna biðtíminn felldur út.

Í 9. gr. er gert ráð fyrir að bætur vegna barna verði hækkaðar frá því sem nú er en sá atvinnulausi fær vegna barns á framfæri 83 kr. vegna hvers barns, það eru 4% af þeim taxta sem miðað er við á hverjum tíma. Hér er gert ráð fyrir að það verði 12% og þá fengi hinn atvinnulausi bætur vegna hvers barns á framfæri sem er í kringum 250 kr. á dag.

Í síðari málsl., b-lið, þessarar greinar eru settar sérstakar reglur um það á hve löngum tíma viðkomandi getur fengið fullar bætur þó svo hann hafi ekki verið í stéttarfélagi og ekki verið á vinnumarkaði. Það er með öðrum orðum gert ráð fyrir að viðkomandi bíði í fyrsta lagi í fjórar vikur og í öðru lagi þá fái menn ekki strax fullar bætur eftir fjórar vikur heldur eftir tiltekinn lengri tíma eins og nánar er greint frá í 9. gr. frv.

Í 10. gr. þess er eitt mikilvægasta ákvæðið þar sem gert er ráð fyrir því að heimilt verði stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að einfalda úthlutunarkerfið. Einn meginvandi þessara mála í dag er sá að úthlutunarkerfið er flókið. Menn þurfa í raun og veru að leita til

þriggja aðila oft og tíðum áður en þeir fá bætur úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Hér er gert ráð fyrir að það verði heimilt að fela einum aðila, verkalýðsfélagi, samtökum verkalýðsfélaga, sveitarfélagi eða samtökum þeirra, alla framkvæmd málsins, þ.e. skráningu atvinnuleysis, úthlutun og útborgun.

II. kafli frv. fjallar síðan um breytingu á lögum um vinnumiðlun en eins og kunnugt er eru vinnumiðlanir á vegum sveitarfélaganna. Hér er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin reki í sameiningu Landsskrifstofu vinnumiðlana sem stuðli að samstarfi vinnumálaskrifstofa um allt land, hafi á reiðum höndum upplýsingar um atvinnutækifæri og atvinnutilboð, hafi frumkvæði að könnun á því hvaða atvinnutilboð kunna að vera væntanleg, fylgist með starfsemi vinnumálaskrifstofa og vinnumiðlana og hafi forustu um að fram fari reglulega rannsóknir á félagslegum og sálrænum afleiðingum atvinnuleysis fyrir einstaklinga, fjölskyldur og hópa.

Jafnframt er gert ráð fyrir því í 12. gr. frv. að ráðgjafarnefnd vinnumiðlunar geti að eigin frumkvæði gert tillögu til aðila vinnumarkaðarins, t.d. í tengslum við kjarasamninga, með það að markmiði að fjölga atvinnutækifærum.

Í 13. gr. er gert ráð fyrir því að til þess að reka einkaskrifstofu vinnumiðlunar eins og eru hér í gangi, það eru ýmsar ráðningarskrifstofur hér í gangi eins og menn þekkja, þurfi menn sérstakt leyfi frá félmrn.

Í III. kafla er gert ráð fyrir breytingum á lögunum um stjórn efnahagsmála o.fl., þ.e. kaflanum sem lýtur að vinnumálaskrifstofu félmrn. Þar er lögð sú skylda á skrifstofuna að hún kveðji saman fulltrúa Atvinnuleysistryggingasjóðs og fulltrúa vinnumiðlana þannig að þessir aðilar geti í sameiningu fjallað um og samræmt störf sín. Þá er gert ráð fyrir því í 16. gr. frv. að sú skylda verði lögð á öll ríkisfyrirtæki og sveitarfélagafyrirtæki að ný atvinnutækifæri á þeirra vegum fari í gegnum vinnumiðlanirnar og að það verði reynt eins og kostur er að fá aðra atvinnurekendur til að gera slíkt hið sama.

Hér hef ég, virðulegi forseti, farið yfir aðalatriði frv. en þau eru einnig rækilega rakin á bls. 5–7 í þskj. sjálfu. Með frv. eru birt ýmis fskj., m.a. um tillögur í efnahagsmálum og atvinnumálum frá Alþb. Það er birt samantekt um málefni atvinnulausra sem unnin var af þremur ungum einstaklingum sem eru atvinnulausir og þekkja þessi mál mjög vel. Það er birt yfirlit yfir þróun atvinnu og atvinnuleysis hér á undanförnum áratug og áratugum. Það eru birtar tillögur Norræna verkalýðssambandsins um atvinnumál og það eru einnig birtir nokkrir punktar um atvinnuleysisskráningu og vinnumiðlun frá Kópavogskaupstað, atvinnumáladeild, þar sem allvel er að þessum málum staðið. Ég kynnti mér það rækilega með viðtölum við ráðningarstofur og vinnumiðlanir í þremur kaupstöðum að þar er staðið að málum með afar mismunandi hætti.

Virðulegur forseti. Út af fyrir sig mætti margt frekar um þetta mál segja. Ég tel að hér sé fyrst og fremst um að ræða almennt mannréttindamál og á þeirri forsendu er það flutt af þingflokki Alþb. Ég vænti þess að hv. nefnd sem fær nálið til meðferðar taki þeim tillögum sem hér liggja fyrir vel með hliðsjón af því sérstaklega að hér er um almennt mannréttindamál að ræða.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér er vissulega á ferðinni frv. sem fyrir margra hluta sakir er athyglisvert og mörg nýmæli hér sem ástæða er til að skoða af fullri alvöru. Ég vil þó fyrst og fremst gera að umtalsefni og fagna sérstaklega þeim sinnaskiptum sem orðið hafa í þingflokki Alþb. í þessum málum. Það er ekki lengra en tvö ár síðan að hér var til meðferðar frv. sem sá sem hér stendur flutti um þetta sama efni að verulegu leyti, þ.e. það meginefni að aðild að stéttarfélagi væri ekki lengur skilyrði og röksemd þess að fá notið atvinnuleysisbóta. Þá brá svo við að þingflokkur Alþb. eins og hann lagði sig í neðri deild, ásamt reyndar ýmsum fleiri sem aðild áttu að þeirri ríkisstjórn, brá fæti fyrir það frv. Það fór reyndar í gegnum neðri deild en kom ekki til atkvæða í efri deild. Það er kannski ekki aðalatriðið úr því sem komið er. Aðalatriðið er auðvitað það að þeir sem brugðu fæti fyrir þetta mál á sínum tíma hafa tekið efni þess upp á sína arma, hafa skipt um skoðun og hafa séð eins og hv. síðasti ræðumaður og frsm. þessa frv. sagði að hér er auðvitað á ferðinni mannréttindamál. Það er ekki hægt að svipta fólk almennum réttindum til greiðslna úr opinberum sjóðum sem það leggur sjálft fjármagn til á þeirri forsendu einni að það sé ekki aðilar að stéttarfélögum. Ég fagna því að augu alþýðubandalagsmanna hafa opnast fyrir þessari augljósu staðreynd og það gildir reyndar um ýmsa fleiri eins og ég sagði sem áttu aðild að fyrrv. ríkisstjórn.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það að í þessu frv. eru ýmis ágæt nýmæli sem horfa til heilla og jafnframt lýsa ánægju minni með þau sinnaskipti sem orðið hafa í Alþb. varðandi afstöðu til þessara mála. Það var ekki aðeins frv. hv. þm. Geirs H. Haarde sem ég vildi gjarnan vitna til. Það vildi svo til árið 1988 í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar sem í áttu sæti þrír hv. þm. Alþb., þar á meðal sá hv. þm. Alþb. sem er 1. flm. þessa frv., að heilbr.- og trmrh. í þeirri ríkisstjórn, hv. þm. Guðmundur Bjarnason, skipaði nefnd sem falið var að endurskoða lög og reglur um atvinnuleysistryggingar hér á landi. Nefndin skilaði skýrslu í nóvemberlok árið 1989 og í nefndinni var einmitt ágreiningur um það hvort bæri að lögfesta hér á Íslandi þau sjálfsögðu mannréttindi að allir væru jafnir fyrir lögum, líka þeim lögum er fjalla um rétt fólks til atvinnuleysisbóta. Hæstv. páv. heilbr.- og trmrh. gekk frá frv. um þau efni þar sem gert var einmitt ráð fyrir því að þessi mannréttindi sem nú er verið að ræða um yrðu leidd í lög. Og hann kynnti þetta frv. sitt á ríkisstjórnarfundi og lagði með sinni kynningu athuga-

semdir frá sérfræðinganefnd Evrópuráðsins varðandi framkvæmd Íslands á ákvæði í félagsmálasáttmála Evrópu um að allir menn skuli eiga rétt á að njóta félagslegrar velferðarþjónustu. En í þessum athugasemdum sérfræðinganefndarinnar sagði m.a., með leyfi forseta:

„Nefndin veitti því enn fremur athygli að samkvæmt lögum nr. 64/1981, [þ.e. lögum um atvinnuleysistryggingar] eiga aðeins félagar í stéttarfélögum rétt á atvinnuleysisbótum. Með tilliti til þess að það að svipta launamann rétti til fjárhagslegrar verndar ef hann er atvinnulaus er óverjandi ráðstöfun sem hefur þann tilgang að neyða hann til að ganga í eða vera áfram félagi í stéttarfélagi hlaut nefndin að komast að þeirri niðurstöðu að ofangreind lög brytu í bága við anda og bókstaf 5. gr. sáttmálans."

Þessa niðurstöðu lagði hv. þáv. heilbr.- og trmrh. fyrir ríkisstjórnina þegar hann óskaði eftir því að fá að flytja frv. um að afnema skylduaðildina að stéttarfélögunum. Það var ekki samþykkt í ríkisstjórninni vegna andstöðu Alþb. Hér hafa því orðið mikil sinnaskipti sem ástæða er til að fagna. Það eru fleiri dæmi um þau sinnaskipti sem hér hafa orðið. Það vildi svo til að það var formaður Alþb., Ólafur Ragnar Grímsson, sem lagði fram haustið 1990 frv. til laga um tryggingagjald. Tryggingagjaldi var ætlað að koma í stað launaskatts, lífeyristryggingagjalds, slysatryggingagjalds, vinnueftirlitsgjalds og iðgjalds í Atvinnuleysistryggingasjóð. Samkvæmt því skyldi gjaldskyldur vegna tryggingagjalds hver sá aðili sem innti af hendi eða reiknaði greiðslur sem teldust laun. Þannig tók gjaldskylda til allra launagreiðenda svo sem einstaklinga, félaga, sjóða og stofnana, sveitarfélaga og stofnana þeirra, ríkissjóðs, ríkisstofnana, erlendra verktaka og allra þeirra aðila sem greiða laun eða hvers konar þóknana fyrir starf. Jafnframt skyldi gjaldskyldan ná til allra þeirra sem vinna við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi og tekjum af þessu gjaldi skyldi m.a. ráðstafa svo að 0,15% af gjaldstofni rynni til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þetta eru m.a. fyrir utan mannréttindasjónarmiðin helstu rökin fyrir því að allir þeir launamenn, sjálfstæðir atvinnurekendur og aðrir sem iðgjald er greitt fyrir til Atvinnuleysistryggingasjóðs, eigi rétt á að njóta þar sambærilegra réttinda. Það var formaður Alþb. sem lagði fram þetta frv. sem síðar varð að lögum. En í greinargerðinni með frv. sagði hann orðrétt, með leyfi forseta: „Sú breyting sem verður á gjaldtöku til Atvinnuleysistryggingasjóðsins breytir á engan hátt núv. skipan á rétti til atvinnuleysisbóta að því er varðar hverjir eigi rétt til bótanna, hve háar og miðað við hvaða tímabil."

Þannig að það var alveg ljóst að það var mjög eindregin skoðun fjmrh. þáv., formanns Alþb., og væri sjálfsagt að ítreka það með tilvitnanir í hans eigin orð þegar hann mælti fyrir þessu frv., það var mjög afdráttarlaus skoðun hans, að jafnvel sú gerð að skylda alla launamenn til að greiða iðgjöld til Atvinnuleysistryggingasjóðs ætti ekki og væri ekki forsenda þess að breyta út af þeim lögum sem þá voru í gildi og enn eru í gildi um að sumir eigi að vera jafnari fyrir lögunum en aðrir, sumir eigi rétt á atvinnuleysisbótum en aðrir ekki. Ég tek undir það með hv. þm. Geir H. Haarde að hér hefur orðið mjög mikil stefnubreyting hjá Alþb. á mjög skömmum tíma og er þá vonandi tryggt að þessi þáttur mannréttindamála verði afgreiddur með stuðningi allra flokka á Alþingi Íslendinga, líka Alþb.

Þetta vildi ég láta koma fram hér en einnig vildi ég, með leyfi forseta, vekja athygli á því að þeir sem frv. þetta hafa smíðað virðast af einhverjum ástæðum, hverjar svo sem þær eru, ég vil ekki leiða neinar getur að því, hafa verið að flýta sér mjög mikið þegar þeir lögðu síðustu hönd á frv. því ef það væri samþykkt eins og það kemur frá hv. þm. og yrði að lögum og lögum um atvinnuleysistryggingar yrðu þá þannig breytt, þá væri ekki auðvelt að framkvæma þau lög því þar mundi reka sig eitt á annars horn þar sem menn væru að breyta stæði óbreytt í lögunum þannig að það hefur nú ekki verið mikil vandvirkni sem fylgt hefur þessari lagasmíð. Og af einhverjum ástæðum, ég ætla engar getur að leiða að því, þá hefur mönnum legið svo mikið á að koma þessu frv. fram á Alþingi að það virðist vera að þeir hafi hætt að lesa gildandi lög um atvinnuleysistryggingar eftir að menn voru komnir í gegnum svona fyrri helming greinanna. Og mig langar til þess mönnum til nokkurra upplýsinga að vísa til slíkra athugasemda.

Það stendur í athugasemd með 2. gr. frv. og kom fram hjá hv. frummælanda að ætlunin sé að Atvinnuleysistryggingasjóður verði sjálfstæð stofnun og starfsemi hans tekin út úr Tryggingastofnun ríkisins. Það er gott og blessað. En frv. gerir hins vegar ekki ráð fyrir því að breyta 7. gr. í gildandi lögum þar sem stendur orðrétt, með leyfi forseta:

„Tryggingastofnun ríkisins skal annast sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð í umboði sjóðsstjórnar og undir umsjá hennar.

Sjóðurinn skal greiða stofnuninni þóknun fyrir þjónustu hennar samkvæmt samkomulagi milli aðila. Náist ekki samkomulag skal ráðherra skera úr ágreiningi.

Handbært fé sjóðsins skal Tryggingastofnun ríkisins ávaxta, eftir því sem við verður komið, í lánastofnunum á þeim stöðum þar sem fé sjóðsins fellur til."

Hv. flm. gera ekki ráð fyrir því að þessari grein í gildandi lögum verði neitt breytt, hún standi áfram. Þó gera þeir ráð fyrir því í sínu eigin frv. og taka það sérstaklega fram í grg. og framsögu að markmið frv. sé að gera Atvinnuleysistryggingasjóð að sjálfstæðri stofnun og starfsemi hans tekin frá Tryggingastofnun ríkisins. Og ég spyr: Mundi nú ekki vefjast fyrir mönnum framkvæmdin þegar í einni grein frv. stendur að nú eigi að taka Atvinnuleysistryggingasjóð burt úr Tryggingastofnun ríkisins, en 7. gr. laganna sem mundu gilda áfram séu skýlaus fyrirmæli um það að Tryggingastofnun ríkisins skuli annast sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Eitthvað hefur mönnum nú legið á og það meira en lítið að koma verkinu frá sér því að þessi frumvarpssamningur hefur verið unnin á þann hákristilega hátt að hægri höndin virðist ekki hafa haft hugmynd

um það hvað sú vinstri var að gera.

Þetta er nú ekki það eina, því miður vegna þess að það er ekki gert ráð fyrir því að breyta 30. og 31. gr. gildandi laga, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Úthlutunarnefndir annast greiðslu bóta til einstakra bótaþega nema þær kjósi að fela það Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmönnum hennar.

Umboðsmenn Tryggingastofnunar ríkisins skulu mánaðarlega senda Tryggingastofnuninni bótaskrár, sem þeir hafa afgreitt í liðnum mánuði, ásamt fylgiskjölum."

Lásu hv. flm. frv. aldrei gildandi lög eða lá þeim svo mikið á að koma frv. frá sér að þeir höfðu ekki tíma til þess að gá að því hvort þeir væru nú búnir að koma vilja sínum fram í frv. eins og þeir lýsa honum sjálfir í grg. og í framsögu hv. flm.? Það er sem sagt ekki gert ráð fyrir að breyta þessari grein heldur um skyldur Tryggingastofnunar ríkisins gagnvart Atvinnuleysistryggingasjóði og eigi heldur 31. gr. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Stjórn sjóðsins skal fylgjast með störfum úthlutunarnefnda og Tryggingastofnunar ríkisins og umboðsmanna hennar um allt er atvinnuleysisbætur varðar."

Með öðrum orðum, það er verið að leggja stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs þá skyldu á herðar að fylgjast með starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og umboðsmanna hennar eftir að að sögn flm. búið er að taka Atvinnuleysistryggingasjóð afdráttarlaust út úr Tryggingastofnun. Ég er hræddur um að hv. 1. flm. þessa frv. mundi nú eitthvað hafa haft að segja um vinnubrögð heilbrrn. ef það hefði sent frá sér svona handarbakavinnuverk. Og ég spyr enn, hvað lá mönnunum svona mikið á? Hvernig stendur á því að þær breytingar sem þeir ætluðu sér að gera á gildandi lögum eru svo illa unnar að ef þær eru samþykktar mundi eitt reka sig á annars horn í lögum um atvinnuleysistryggingar, jafnvel um einföldustu atriði þeirra framkvæmda sem hv. flm. þykjast vera að gera.

Þá er í 3. gr. frv. þeirra alþýðubandalagsmanna gert ráð fyrir að ríkissjóður skuli greiða sérstakt framlag til þeirra atvinnuleysisbóta og réttinda sem kveðið er á um í lögunum. Í athugasemdum er þess getið að með þessu sé gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði sérstaklega þann kostnað sem til fellur vegna frv. Og ég spyr: Hættu flm. að lesa lög um atvinnuleysistryggingar í miðjum klíðum? Hvernig stendur á því að þetta ákvæði er sett inn í frv.? Ég spyr vegna þess að í 38. gr. gildandi laga, sem að vísu er mjög aftarlega í lögunum þannig að ef menn hafa ekki lesið nema helminginn í lagatextanum, þá hefur það náttúrlega farið fram hjá mönnum, segir svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Nú skortir sjóðinn reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar. Skal stjórn sjóðsins þegar í stað tilkynna það ráðherra. Ríkissjóður skal leggja fram fé til að bæta úr fjárskortinum, annaðhvort sem fjárframlag eða lán."

Lásu flm. frv. virkilega aldrei þetta ákvæði? Hvernig stendur á því að þeir telja þurfa að taka það sérstaklega fram í frv. að þetta nýmæli þurfi nú að leiða í lög um atvinnuleysistryggingar þegar umrædd ákvæði eru þegar fyrir í lögum, að vísu aftarlega í frv. þannig að það mundi fara fram hjá frumvarpssmiðum sem lægi mjög mikið á að koma frá sér verkinu og hefðu ekki tíma til að skoða það nægilega vel hvernig þeir ætluðu að vinna verkið. Virðulegi forseti, ég þekki nú til starfa hv. þm. Svavars Gestssonar. Þetta er mjög ólíkt hans starfsháttum því að hann er yfirleitt mjög vandvirkur maður og leggur sig fram um það að vinna sín verk vel. Þetta er ekki vel unnið, virðulegi forseti. Þetta er alger hrákasmíð og ég spyr: Hvað veldur? Eitthvað hefur nú legið lífið á fyrst jafnvel hv. þm. Svavar Gestsson lætur það henda sig að láta taka sig upp og festa sig upp á vegg út af svona ómerkilegum og handahófskenndum handabakavinnubrögðum því að það er eins og gervallur þingflokkurinn sem stendur að frv. hafi aldrei lesið gildandi lög.

En það er meira því að í 5. gr. frv. er gerð sú grundvallarbreyting á rétti til atvinnuleysisbóta að eins og gildandi lög eru, þá eru það skilyrði bótaréttar að viðkomandi sé atvinnulaus og í atvinnuleit. Og einstaklingur sem er veikur er ekki í atvinnuleit og hefur þess vegna ekki fengið atvinnuleysisbætur. Nú er gerð tillaga um það í frv. þeirra alþýðubandalagsmanna að breyta þessu. Út af fyrir sig getur það vel komið til mála, en í gildandi lögum, 21. gr., segir svo orðrétt í upphafi greinarinnar, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 16.–20. gr. eiga eftirtaldir menn ekki rétt á atvinnuleysisbótum:" Svo er talið upp. Og í 5. tölul.: „Þeir sem ófærir eru til vinnu af heilsufarsástæðum."

Flm. frv. gera ekki ráð fyrir að það séu neinar breytingar gerðar á þessu ákvæði þannig að ef frv. þeirra yrðu samþykkt, þá mundu lögin enn hvað þetta mikilvæga stefnumál að þeirra sögn varðar stangast á þannig að ein greinin mundi þá gera heimilt að greiða tilteknum aðilum atvinnuleysisbætur sem í 2. gr. sömu laga væru fortakslaus ákvæði um að óheimilt væri. Og ég spyr enn: Hvernig stendur á þessu? Hvernig stendur á því að gervallur þingflokkur Alþb. vinnur sín verk svo illa að menn verða sér til skammar með þessum hætti? Það væri hægt að skilja það ef þetta hefði verið eitt atriði, ef þetta hefðu verið ein mistök. En þetta gerist hvað ofan í annað. Það er eins og hv. þm. hafi legið svo mikið á að koma málinu frá sér að þeir hafi ekki getað unnið verk sitt eins og menn.

Að lokum vil ég vekja athygli á því að það er nú ekki alger stefnubreyting hjá þeim hv. alþýðubandalagsmönnum. Þeir leggja það ekki til í þessu frv., því miður, að allir séu jafnir fyrir lögunum. Þeir vilja enn hafa það svo að sumir séu svolítið jafnari en aðrir. Eins og frá frv. er gengið gera þeir ráð fyrir því að einstaklingum sé mismunað gagnvart rétti til atvinnuleysisbóta þannig að þeir sem standa utan stéttarfélaga þurfi að vera atvinnulausir í fjórar vikur áður en þeir fá atvinnuleysisbætur á sama tíma og aðrir fá atvinnuleysisbætur eftir að hafa verið atvinnulausir í þrjá daga. Þetta er nú allt jafnréttið, virðulegi þingmaður Geir Haarde, sem við vorum að hrósa Alþb. fyrir. Það nær þó ekki lengra en svo að það er gert ráð fyrir því að

aðilar sem ekki eru í stéttarfélögum þurfi að bíða, virðulegi forseti, í fjórar vikur áður en þeir fá aðild að bótum úr sjóðnum á sama tíma og þeir sem eru í stéttarfélögum þurfa ekki að bíða nema í þrjá daga. Mér finnst þetta nú ekki vera mikið jafnrétti. Menn eru enn með sérstaka akrein fyrir þá sem betur eiga að búa í þessu kerfi en aðrir eins og alkunna er að var fyrir hina nýju stétt. En mér finnst þetta frv. ekki gott, virðulegi forseti, þó að margt sé gott og skynsamlegt í því, þá ber það í fyrsta lagi vott um afskaplega óvandvirknisleg vinnubrögð því að ég veit ekki hvernig menn ætluðu að framkvæma lög um atvinnuleysistryggingar ef frv. hv. alþýðubandalagsmanna yrði samþykkt. Þar mundi reka sig eitt á annars horn og í öðru lagi er nú því miður jafnréttishugsjónin ekki alveg orðin sú hin sama eins og hjá flestum öðrum þingflokkum þó að vissulega sé að þokast í rétta átt.

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þær ábendingar sem hann kom með og ég geri ráð fyrir því að flm. taki þeim yfirleitt vel þegar málið kemur til meðferðar í nefnd. Ég verð þó að segja það varðandi fjórar vikurnar þá finnst mér að það líti kannski dálítið öðruvísi út en hjá öðrum vegna þess að við erum þar að tala um námsmenn t.d. og það er auðvitað eðlilegt að þetta eigi sér dálítinn aðdraganda og ég veit ekki hversu handfljót stjórn sjóðsins getur verið við að afgreiða slíka aðila sem eru utan hins almenna kerfis og það er hugsunin á bak við þetta að það verður kannski örlítið flóknara að taka þessa aðila inn í bótakerfið en aðra. Ef menn vilja hafa biðtímann styttri, þá er það náttúrlega að sjálfsögðu ágreiningslaust af okkar hálfu.

Hæstv. heilbrrh. lagði á það mikla áherslu að okkur hafi legið mikið á í þessu máli. Út af fyrir sig er það alveg rétt. Ég tel að það hafi legið mikið á að taka þessi mál fyrir og satt að segja beið ég talsvert eftir því að hæstv. ríkisstjórn kæmi með frv. um þessi efni. Hæstv. ráðherra skýrði frá því mig minnir í september að það væri verið að vinna í því þannig að ég bjóst við því fyrir löngu og mér fannst nauðsynlegt orðið að koma þessu máli á dagskrá, líka með hliðsjón af því að þessi mál eru til meðferðar í þeim kjarasamningum sem nú standa yfir milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar þannig að ég vildi gjarnan koma þessum hugmyndum inn í þá umræðu. Hvort menn hafa svo flýtt sér um of að einhverju leyti getur auðvitað alltaf verið og það hefur bara sinn gang.

En ég tel að umræðurnar hafi verið góðar og gagnlegar, bæði það sem kom fram hjá hæstv. ráðherra og hv. þm. Geir Haarde. Ég segi svo varðandi sinnaskiptin: Auðvitað er það alveg rétt. Við alþýðubandalagsmenn höfum viljað taka mjög mikið tillit til forustumanna okkar í verkalýðshreyfingunni varðandi þessi mál. Þeir hafa verið mjög andvígir því að bæta þarna fleirum við. Málið er leyst með tilteknum hætti í okkar frv. Mér er það alveg ljóst, menn geta kallað þetta sinnaskipti út af fyrir sig en veruleikinn er líka breyttur, því miður. Það eru núna fleiri atvinnuleysingjar á Íslandi en nokkru sinni fyrr.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af fyrir sig er það alveg rétt, enda kemur það fram í athugasemdum með frv. sjálfu að því er aðeins ætlað að vera umræðugrundvöllur því að ef menn færu að samþykkja þetta frv. eins og fram hefur komið, þá væri verr af stað farið en heima setið. Út af fyrir sig er gagnlegt að taka svona mál til umræðu á Alþingi, en það er alveg auðsjáanlegt að þetta frv. er aldrei hægt að samþykkja. Það vona ég að hv. flm. sé nú ljóst. Hvort þeir vilja engu að síður halda því til streitu eða draga það til baka og endurbæta það og flytja það aftur veit ég ekki. Það voru nú ekki nema örfáir dagar á milli þess að frv. hv. alþýðubandalagsmanna kom fram og frv. ríkisstjórnarinnar var lagt fram. Að sjálfsögðu kemur fram í grg. með því frv. hverjir sömdu það. Að sjálfsögðu var haft um það óopinbert samráð við verkalýðshreyfinguna og voru margir þar á bæ sem sáu það frv. í ýmsum myndum þess.

Ástæðan fyrir því að það frv. kom ekki fram fyrr en núna var einfaldlega sú að menn vildu nýta þetta samráð sem allra best og sýna sem flestum þær hugmyndir sem þar var verið að vinna úr. Það er bara af hinu góða. Frv. ríkisstjórnarinnar liggur fyrir. Það er að sjálfsögðu framkvæmanlegt og verður vonandi samþykkt.

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til að fyrirbyggja allan misskilning, þá erum við alþýðubandalagsmenn að sjálfsögðu reiðubúnir til þess að fallast á ýmsar þær breytingar og ábendingar sem hæstv. heilbrrh. var með við okkar frv. og erum tilbúnir til að stuðla að því að það verði afgreitt hið snarasta á þingi að teknu tilliti til þeirra breytinga m.a. sem hæstv. ráðherra benti á að æskilegt væri að gera á frv. Ég geri ekki ráð fyrir að um það sé mikill ágreiningur vegna þess að þó kunna að vera þarna viss tæknileg atriði sem hæstv. ráðherra benti á eins og varðandi fjórar vikurnar sem ég hygg að séu lítt framkvæmanlegar eins og hann ræddi um þær. Ég sé því ekki betur en við höfum í þessari umræðu fundið bæði deigið og rúsínurnar og aðferðin við að leysa málið er síðan að baka það eins og kunnugt er og þá verður niðurstaðan vonandi góð þegar allir leggja gjörva hönd á þann plóg.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að þessi umræða hafi einmitt leitt það í ljós að þessi samlíking um deigið og rúsínurnar á alls ekki við því að ef svo hefði farið að þessar hugmyndir væru komnar úr smiðju heilbrrn., þá hefðu þær að sjálfsögðu verið framkvæmanlegar. En að þær skuli nú vera eins og þær eru er náttúrlega skýrasta sönnunin um að þær eiga ekki rætur sínar að rekja til heilbrrh. Þær voru ekki sóttar í hans smiðju. Þessar rúsínur voru ekki tíndar úr hans deigi, enda eru

þetta ekki steinalausar rúsínur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 13., 14., 16. og 17. mál.

Fundi slitið kl. 8.19 síðdegis.

---

151. FUNDUR

föstudaginn 2. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Norræni fjárfestingarbankinn, stjfrv., 454. mál, þskj. 790. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Frumkvöðlar í atvinnulífinu, þáltill., 244. mál, þskj. 313. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Rannsóknir og þróun fiskeldis fram til aldamóta, þáltill., 351. mál, þskj. 630. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Ráðstafanir til að efla fiskeldi, þáltill., 513. mál, þskj. 870. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Sementsverksmiðja ríkisins, stjfrv., 211. mál, þskj. 252, nál. 753 og 869. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Réttindi þeirra sem ekki hafa atvinnu, frv., 428. mál, þskj. 728. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, stjfrv., 421. mál, þskj. 717. — 3. umr.
8. Dýrasjúkdómar, stjfrv., 287. mál, þskj. 910. — 3. umr.
9. Neytendalán, stjfrv., 14. mál, þskj. 911. — 3. umr.
10. Vátryggingarstarfsemi, stjfrv., 350. mál, þskj. 629. — 1. umr.
11. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 480. mál, þskj. 828. — 1. umr.
12. Almannatryggingar, stjfrv., 489. mál, þskj. 838. — 1. umr.
13. Félagsleg aðstoð, stjfrv., 488. mál, þskj. 837. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Eiður Guðnason umhvrh.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:

Alþjóðlegur skipstjórnar- og fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, 560. mál, þáltill. ÁJ o.fl., þskj. 927.

Dýrasjúkdómar, 287. mál, þskj. 910.

Fræðslu- og kynningarþættir um störf Alþingis, 561. mál, þáltill., ÁJ o.fl., þskj. 928.

Hættur af völdum sjávarágangs, 530. mál, þáltill. JHelg og JónK, þskj. 888.

Myndlistaverkefni, 562. mál, þáltill. ÁJ o.fl., þskj. 929.

Neytendalán, 14. mál, þskj. 911.

Opnun sendiráðs í Peking, 563. mál, þáltill, ÁJ o.fl., þskj. 930.

Tollalög, 26. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 921; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 922.

Útlán og afskriftir ríkisbankanna, 565. mál, fsp. ÖS, þskj. 932.

Útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða, 556. mál, þáltill. GuðjG o.fl., þskj. 923.

Vörugjald af ökutækjum, 27. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 904; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 905.

Norræni fjárfestingarbankinn, frh. 1. umr.

Stjfrv., 454. mál. — Þskj. 790.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GuðmS, GÁ, GHelg, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, ÓE, PP, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, StH, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

27 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EGuðn, GHall, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JÁ, JGS, JJ, LMR, LRM, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GuðmS, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, ÓE, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (AÓB, EgJ, EGuðn, FI, GHall, GunnS, HÁ, HG, IBA, JÁ, JGS, JJ, LMR, LRM, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Frumkvöðlar í atvinnulífinu, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ, 244. mál. — Þskj. 313.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GuðmS, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JóhS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, ÓE, PP, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

26 þm. (AÓB, EgJ, EGuðn, GHall, GunnS, HÁ, HG, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JJ, LMR, LRM, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GuðmS, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, ÓE, PP, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, StH, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (AÓB, EgJ, EGuðn, GHall, GunnS, HÁ, HG, IBA, JÁ, JGS, JJ, LMR, LRM, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Rannsóknir og þróun fiskeldis fram til aldamóta, frh. fyrri umr.

Þáltill. JGS o.fl., 351. mál. — Þskj. 630.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GuðmS, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, ÓE, PP, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, StH, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (AÓB, EgJ, EGuðn, GHall, GunnS, HÁ, HG, IBA, JÁ, JGS, JJ, LMR, LRM, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Till. vísað til landbn. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GuðmS, GÁ, GHelg, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

27 þm. (AÓB, EgJ, EGuðn, GHall, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JÁ, JGS, JJ, LMR, LRM, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Ráðstafanir til að efla fiskeldi, frh. fyrri umr.

Þáltill. GuðmS o.fl., 513. mál. — Þskj. 870.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GuðmS, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, ÓE, PP, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, StH, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (AÓB, EgJ, EGuðn, GHall, GunnS, HÁ, HG, IBA, JÁ, JGS, JJ, LMR, LRM, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Till. vísað til landbn. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GuðmS, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, ÓE, PP, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, StH, SvG, VE, ÞorstP.

26 þm. (AÓB, EgJ, EGuðn, GHall, GunnS, HÁ, HG, IBA, JÁ, JGS, JJ, LMR, LRM, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, SalÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞÞ, ÖS) fjarstaddir.

Sementsverksmiðja ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 211. mál. — Þskj. 252, nál. 753 og 869.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 869 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 26:16 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GuðmS, GÁ, GHelg, ISG, IP, JHelg, JónK, JVK, KÁ, LRM, PP, StG, StH, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, VE, ÞorstP, ÖS.

21 þm. (EgJ, EGuðn, GunnS, HÁ, HG, IBA, JÁ, JGS, JJ, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞÞ) fjarstaddur.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í iðnn. leggjum til að þessu máli verði vísað frá þar sem við teljum það vanbúið til afgreiðslu í þessari virðulegu stofnun.

Ég legg þar sjálfur sérstaklega áherslu á þann þátt sem snýr að starfsmönnunum og því ákvæði sem mótmælt hefur verið hvað ákafast af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, m.a. með skírskotun til þess að í 4. gr. frv. felist brot á 67. gr. stjórnarskrárinnar og verði frv. samþykkt í þeim búningi sem það liggur nú fyrir þá verði óðara efnt til málaferla af hálfu opinberra starfsmanna vegna þess að um lögleysu sé að ræða.

Af þeim ástæðum teljum við rétt að leggja til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Verði þeirri beiðni okkar hafnað mun ég greiða atkvæði gegn 1. gr. frv. og að öðru leyti taka málið sérstaklega til meðferðar milli 2. og 3. umr. þar sem hv. formaður iðnn.

hefur lýst því yfir að hann muni beita sér fyrir því að haldinn verði sérstakur fundur í iðnn. til að ræða þann þátt málsins sem felst í 4. gr. þess.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegur forseti. Í nál. minni hlutans eru færð rök fyrir því í sex liðum að minni hluti nefndarinnar telur rétt að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Sú tillaga er hér til umfjöllunar og rökstuðningur færður fyrir því. Verði tillagan felld þá kemur það fram, eins sagt er í umsögn bæjarstjórnar Akraness, að fram hafi komið í máli áhrifamikilla stjórnmálamanna að til standi og ákveðið sé að selja fyrirtækið í heild sinni eða einstökum hlutum. Við erum á móti því að það verði gert. Það getur vel komið til greina af okkar hálfu að breyta fyrirtækinu í hlutafélag en það einkavæðingaræði sem er á þessari ríkisstjórn verður til þess að það er ekki hægt að greiða atkvæði með frv. heldur verður að greiða atkvæði gegn því verði frávísunartillagan ekki samþykkt.

1. gr. samþ. með 26:16 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, FI, GuðmS, GÁ, GHelg, ISG, IP, JHelg, JónK, JVK, KÁ, LRM, PP, StG, StH, SvG.

21 þm. (EgJ, EGuðn, GunnS, HÁ, HG, IBA, JÁ, JGS, JJ, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞÞ) fjarstaddur.

2.–3. gr. samþ. með 26:9 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: FI, GuðmS, GÁ, GHelg, JHelg, JónK, PP, StG, StH.

7 þm. (AÓB, ISG, IP, JVK, KÁ, LRM, SvG) greiddu ekki atkv.

21 þm. (EgJ, EGuðn, GunnS, HÁ, HG, IBA, JÁ, JGS, JJ, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 24:14 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, JóhS, JBH, JónS, KSG, ÓE, RG, SigG, SighB, SAÞ, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, FI, GuðmS, GÁ, GHelg, ISG, JHelg, JónK, JVK, KÁ, PP, StG, StH, SvG.

25 þm. (EgJ, EGuðn, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JJ, LMR, LRM, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, SalÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

5.–11. gr. samþ. með 26:9 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: FI, GuðmS, GÁ, GHelg, JHelg, JónK, PP, StG, StH.

7 þm. (AÓB, ISG, IP, JVK, KÁ, LRM, SvG) greiddu ekki atkv.

21 þm. (EgJ, EGuðn, GunnS, HÁ, HG, IBA, JÁ, JGS, JJ, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞÞ) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, LRM, ÓE, PP, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, StH, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (StG) greiddi ekki atkv.

21 þm. (EgJ, EGuðn, GunnS, HÁ, HG, IBA, JÁ, JGS, JJ, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞÞ) fjarstaddur.

Réttindi þeirra sem ekki hafa atvinnu, frh. 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 428. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 728.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JóhS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, LRM, ÓE, PP, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, StH, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (EgJ, EGuðn, GunnS, HÁ, HG, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JJ, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Till. vísað til heilbr.- og trn. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JóhS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, LRM, ÓE, PP, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, StH, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

23 þm. (EgJ, EGuðn, FI, GunnS, HÁ, HG, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JJ, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, 3. umr.

Stjfrv., 421. mál (aðfararhæfi eldri úrskurða). — Þskj. 717.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JóhS, JBH, JónK, JónS, KSG, KÁ, LRM, ÓE, PP, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, StH, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (JVK) greiddi ekki atkv.
22 þm. (EgJ, EGuðn, GunnS, HÁ, HG, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JJ, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 935).

Dýrasjúkdómar, 3. umr.

Stjfrv., 287. mál (heildarlög). — Þskj. 910.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JóhS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, LRM, ÓE, PP, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, StH, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.
24 þm. (AÓB, EgJ, EGuðn, FrS, GunnS, HÁ, HG, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JJ, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 936).

Neytendalán, 3. umr.

Stjfrv., 14. mál. — Þskj. 911.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GuðmS, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JóhS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, LRM, ÓE, PP, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, StH, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.
23 þm. (EgJ, EGuðn, GHall, GunnS, HÁ, HG, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JJ, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 937).

Vátryggingarstarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 350. mál (heildarlög). — Þskj. 629.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Aðdragandi þess frv. sem hér liggur fyrir, er nú orðinn alllangur. Nefnd til að endurskoða lög um vátryggingarstarfsemi var skipuð í ágústmánuði árið 1989 af þáv. trmrh., hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni. Gildandi lög, nr. 50/1978, eru í meginatriðum frá árinu 1973 þegar fyrsta heildarlöggjöfin var sett hér á landi á þessu sviði. Var löggjöfin því komin til ára sinna og endurskoðunar þörf í ljósi breyttra tíma og breyttra aðstæðna.

Nefndin starfaði með nokkrum hléum á þessu tímabili en samningaviðræður EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins um myndun Evrópsks efnahagssvæðis hófust á svipuðum tíma og nefndin var skipuð. Sú stefna var mörkuð í nefndinni að við heildarendurskoðun laganna yrði miðað við aðlögun að Evrópulöggjöfinni í samræmi við niðurstöður þessara samningaviðræðna. Störf nefndarinnar á árunum 1989 og 1990 voru því einkum fólgin í undirbúningsvinnu og öflun gagna en nú liggur fullbúið frv. fyrir.

Sérstök löggjöf er hvarvetna í gildi um vátryggingarstarfsemi undir eftirliti opinberra stjórnvalda og hefur svo verið víðast hvar frá því um seinustu aldamót eða jafnvel fyrr. Löggjöf Norðurlandaþjóða í þessum efnum stendur á mjög gömlum merg og þegar sett var fyrsta heildarlöggjöfin hér á landi á áttunda áratugnum, miklu seinna en víðast hvar annars staðar, var löggjöf Norðurlanda einkum höfð til hliðsjónar.

Einnig er nú tekið mið af sambærilegri löggjöf nágrannaþjóða í frv. þessu. Einkum hefur í því sambandi verið litið til dönsku laganna en ástæðan fyrir því er sú að þau hafa verið löguð að reglum Evrópubandalagsins og eru gild á hinu Evrópska efnahagssvæði. Einnig hefur verið fylgst með því lagastarfi sem á sér stað annars staðar vegna EES-samningsins, einkum í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Hér er þó um sjálfstætt frv. að ræða sem miðast við íslenskar aðstæður og á sér ekki nákvæma fyrirmynd neins staðar annars staðar.

Ástæða þess að sett er sérstök löggjöf um vátryggingarstarfsemi og um opinbert eftirlit með henni er einkum hið félagslega hlutverk vátrygginga. Hlutverk slíkra trygginga er að veita vernd og fjárhagslegt öryggi gegn ófyrirsjáanlegum áföllum og tjónum sem sífellt eiga sér stað. Vátryggingar varða flesta ef ekki alla þegna í nútímaþjóðfélagi og mikil nauðsyn er að starfsemi vátryggingarfélaga sé rekin á heilbrigðum og traustum grundvelli og að gætt sé hagsmuna þeirra sem sækja til þeirra þjónustu og rétt eiga á bótum.

Vátryggingarfélög bera mikla áhættu og mikið fjármagn fer um þeirra hendur. Þau hafa með höndum vörslu fjár vátryggingartaka sem lagt er í sameiginlegan sjóð til greiðslu bóta til þeirra sem verða fyrir tjóni. Hinir vátryggðu hafa yfirleitt ekki aðstöðu til að meta fjárhagsstöðu þeirra sem þeir skipta við eða gera sér grein fyrir þeim kjörum sem þeir semja um. Af þessum ástæðum er hvarvetna talið nauðsynlegt að ríkis-

valdið taki að sér að hafa eftirlit með starfsemi vátryggingarfélaga og fái ríkar heimildir til að taka í taumana ef eitthvað fer úrskeiðis. Þess vegna er löggjöf um vátryggingarstarfsemi fyrst og fremst löggjöf í þágu neytenda.

Miklar breytingar hafa átt sér stað bæði hér á landi og annars staðar frá því að lögin voru sett á áttunda áratugnum og frv. sem hér er lagt fram tekur mið af þeirri þróun. Lengst af hefur vátryggingarstarfsemin hér á landi verið mjög afmarkað og þröngt svið. Staðlaðir skilmálar hafa verið í boði og samræmdir iðgjaldataxtar oft með beinum afskiptum og ákvörðunum hins opinbera um þá fyrir fram, samkeppni takmörkuð og samstarf og samráð ríkt milli félaga í markaðsmálum. Starfsemin hefur auk þess að mörgu leyti búið við þröng ytri skilyrði, svo sem varðandi ávöxtun fjármuna og fjárfestingar. Þetta hefur verið að breytast að undanförnu þrátt fyrir óbreytta löggjöf. Vátryggingarstarfsemi tengist nú æ meir öðrum sviðum viðskipta, fjármála og þjónustustarfsemi í kjölfar þess að ýmsar reglur hafa verið rýmkaðar og hömlum verið aflétt innan lands og milli landa og ávöxtunarmöguleikar eru nú mun fjölbreyttari en þeir voru áður. Samkeppni eykst og stöðugt fjölbreyttari tegundir vátrygginga eru á boðstólum. Jafnframt eykst þörfin fyrir upplýsingar og þjónustu vátryggingartökum til handa og að áhersla sé lögð á neytendavernd.

Sú stefna er mörkuð í frv. að á sama tíma og heimildir vátryggingarfélaga til starfsemi á sviðum er tengjast vátryggingarstarfseminni eru rýmkaðar og ýmsum hömlum og takmörkunum er aflétt verði ákvæði á sviði neytendaverndar og varðandi verksvið og skyldur Tryggingaeftirlitsins skýrarari og skilvirkari. Vátryggingarfélögin beri sjálf ábyrgð á eigin starfsemi en afskipti hins opinbera verði fólgin í eftiráeftirliti í stað fyrirframforsjár en að heimildir til slíks eftirlits og afskipta séu mjög ríkar og skýrar.

Frv. gerir ráð fyrir því að fullnægt verði ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði eins og hann liggur fyrir nú á Alþingi. Samningurinn gerir ekki ráð fyrir myndun sameiginlegs vátryggingarmarkaðar á öllu svæðinu nema að takmörkuðu leyti. Starfsleyfi heimaríkis veitir rétt til að veita þjónustu hvar sem er á svæðinu án sérstakrar atvinnustöðvar í þeim greinum vátrygginga sem nefndar eru stóráhætta, en það eru vátryggingar fyrst og fremst í stærri atvinnurekstri og í sjótryggingum, t.d. í fiskiskipatryggingum, í flugtryggingum og farmtryggingum. Nokkrir tugir fyrirtækja hér á landi, eigendur skipa og flugvéla og farmflytjendur, munu því frá gildistöku samningsins geta vátryggt hjá erlendu vátryggingarfélagi á hinu Evrópska efnahagssvæði ef þeir svo kjósa án þess að félagið þurfi að hafa starfsleyfi sem gefið er út hér á landi eða sérstaka atvinnustöð hér á landi.

Sama gildir á líftryggingasviðinu þegar menn kaupa líftryggingu að eigin frumkvæði án atbeina líftryggingarfélags eða umboðsmanna þeirra.

Menn hafa hins vegar farið mun hægar í sakirnar hjá Evrópubandalaginu á vátryggingarsviðinu en á ýmsum öðrum sviðum fjármála, viðskipta og þjónustu í þá átt að samræma löggjöf, aflétta hömlum og falla frá gildandi reglum heima fyrir. Lög um vátryggingarsamninga verða ekki samræmd á þessu stigi í aðildarríkjunum og því geta lög annarra ríkja átt við um vátryggingar sem keyptar eru annars staðar. Vátryggingarskilmálar geta verið torskildir og ýmis vandamál komið upp þegar sækja þarf bætur úr hendi vátryggingaraðila í fjarlægu landi. Nauðsynlegt er því að huga að neytendahliðinni jafnframt því sem hömlum er aflétt á fjármála- og viðskiptasviði og að gæta þannig réttarstöðu hinna vátryggðu.

Menn hafa verið nokkuð á eftir, ekki síst hér á landi, að móta stefnu í neytendamálum og samkvæmt EES-samningnum er látið nægja að aflétta nú hömlum í þeim greinum vátrygginga og fyrir þá þjóðfélagshópa sem ekki eru taldir í jafnmikilli þörf fyrir neytendavernd og ýmsir aðrir. Starfsleyfi útgefið hér á landi og atvinnustöð hér er því áfram skilyrði samkvæmt frv. þegar um er að ræða vátryggingar sem nefndar eru fjöláhætta, þ.e. einkum vátryggingar heimila, fjölskyldna og minni fyrirtækja. Á næsta ári er ætlunin að fella inn í EES-samninginn ákvæði tilskipana sem Evrópubandalagið hefur nýlega samþykkt og heimila vátryggingarstarfsemi á grundvelli starfsleyfis heimaríkis á svæðinu öllu án þess að sérstök atvinnustöð sé skilyrt þar sem vátryggt er. Gert ráð fyrir því að þetta taki gildi frá miðju árinu 1994.

Þess ber að geta að skilyrði þess að félag megi veita hér þjónustu án atvinnustöðvar verður ávallt að eftirlitsstjórnvöld heimaríkis félagsins hafi fjallað um málið og sent Tryggingaeftirlitinu hér á landi m.a. staðfestingu þess að félagið uppfylli tilskildar kröfur um gjaldþol vegna starfseminnar í heild og að það hafi starfsleyfi í þeim greinum sem það hyggst veita þjónustu. Má félagið ekki hefja þessa starfsemi fyrr en eftirlitið hér á landi hefur staðfest að það hafi fengið öll tilskilin gögn í hendur.

Þess ber einnig að geta að vátryggingarfélagi verður ávallt skylt að hafa hér á landi sérstakan fulltrúa í lögboðnum ábyrgðartryggingum ökutækja til að annast tjónsuppgjör þó að ekki sé að öðru leyti atvinnustöð hér á landi. Það er sem sagt fyrst og fremst eftirlit með fjárhag og útgáfu starfsleyfis sem verður í höndum erlendra eftirlitsstjórnvalda. Eftirlit gistiríkis hefur áfram ríkar heimildir til afskipta í samræmi við gildandi löggjöf sem þar gildir og almennt er gert ráð fyrir auknu samstarfi milli eftirlitsstjórnvalda aðildarríkjanna. Slíkt samstarf hefur raunar um langt skeið átt sér stað á Norðurlöndum og í Evrópu á sviði eftirlitsmála.

Um erlend félög með staðfestu utan Evrópsks efnahagssvæðis gilda samkvæmt frv. hliðstæðar reglur og í gildi eru samkvæmt núgildandi lögum, þ.e. hér verður ávallt að vera föst atvinnustöð í öllum greinum vátrygginga í formi aðalumboðs og einn aðalumboðsmaður með heimilisfesti hér á landi og varnarþing. Þó eru skýrari reglur en áður líkt og í frv. almennt um heimildir eftirlitsins til að grípa til ráðstafana þegar hætta er á að hagsmunir hinna vátryggðu kunni að vera í hættu. Þá er nýmæli að setja sem skilyrði starfsleyf-

is til handa félagi með aðalaðsetur utan Evrópsks efnahagssvæðis að íslensk vátryggingarfélög njóti ekki lakari réttar í heimalandi þess en hið erlenda félag hér og er það að sjálfsögðu gert til þess að tryggja að sömu reglur geti gilt um íslensk vátryggingarfélög á slíkum svæðum eins og verið er að veita erlendum vátryggingarfélögum hér.

Samkvæmt EES-samningnum ber eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja að hafa samráð við stofnanir Evrópubandalagsins og EFTA um veitingu starfsleyfis til félaga sem hafa staðfesturétt utan svæðisins og sérreglur gilda um aðild þeirra að svæðinu öllu. Þetta er eðlileg krafa þar eð starfsleyfi í einu aðildarríki veitir sjálfkrafa aðgang að öllu svæðinu til jafns við félög sem þar starfa. Er því mikilvægt að samræmdum reglum sé beitt um aðgang að mörkuðum aðildarríkja og að upplýsingum sé miðlað um þá aðila sem fá slíkan aðgang.

Ekki er til í lögum tæmandi skilgreining á vátryggingarstarfsemi en slík starfsemi er bæði viðskiptalegs, fjármálalegs og félagslegs eðlis og er rekin af einkafélögum og félögum og stofnunum samkvæmt sérlögum. Lagt er til að lögin eigi við um vátryggingarstarfsemi í víðum skilningi en takmarkist ekki einvörðungu við vátryggingarstarfsemi á viðskiptalegum grundvelli eins og er samkvæmt núgildandi lögum. Þó er ekki gert ráð fyrir breytingu á því sem nú gildir að lögin ná ekki til lífeyrissjóða, sjúkrasjóða, eftirlaunasjóða atvinnulífsins, Tryggingasjóðs eða þess háttar nema þessir sjóðir hafi með höndum aðra vátryggingarstarfsemi.

Nýmæli er einnig í frv. að kveðið er á um að félög sem stofnuð eru með sérlögum skuli með sama hætti og einkavátryggingarfélög vera í hlutafélagsformi, gagnkvæmu formi eða öðru lögmæltu félagsformi. Lagareglur EES-samningsins kveða á um að félög stofnuð með lögum skuli starfa á jafnréttisgrundvelli og við sömu rekstrarskilyrði og einkafélög. Verða að vera fyrir hendi skýrar reglur t.d. um ábyrgðarfé, um eignaraðild, um slit og um ráðstöfun eigna. Skort hefur á það hér á landi við stofnun sérfélaga með lögum að þess hafi verið gætt að setja slík ákvæði. Þá hefur skort lagaákvæði um hið gagnkvæma félagsform vátryggingarfélaga. Úr því er bætt í frv., t.d. varðandi stofnun félaga, og með öðrum sérákvæðum um gagnkvæm vátryggingarfélög sem ekki hafa áður verið í lögum um vátryggingarstarfsemi.

Sú meginregla gildir áfram samkvæmt frv. að vátryggingarfélag má ekki reka starfsemi sem er óskyld vátryggingarstarfsemi. Á hinn bóginn er eins og fyrr segir talið rétt að rýmka möguleika vátryggingarfélaga á að reka hliðarstarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við hefðbundna vátryggingarstarfsemi og að ávaxta fjármuni með fjölbreyttara hætti en til þessa hefur verið heimilt. Er lagt til að vátryggingarfélög megi eiga meiri hluta í fyrirtæki sem rekur fjármálastarfsemi að því tilskildu að fyrirtækið sé háð opinberu eftirliti en það er óheimilt nú. Einnig mega þau samkvæmt frv. eiga meiri hluta eða hafa virk yfirráð í félagi sem rekur leyfilega hliðarstarfsemi. Þetta er í samræmi við þróunina hvarvetna á þessu sviði og ætti að styrkja samkeppnisstöðu íslenskra vátryggingarfélaga á markaðinum. Jafnframt er gert ráð fyrir heimildum Tryggingaeftirlitsins til að hafa eftirlit með félögum sem reka slíka hliðarstarfsemi og eftirlitið getur gert kröfu um að slík starfsemi sé rekin í sérstöku félagi.

Þá er einnig lagt til að heimilað verði að mynda félagasamstæður þar sem margháttuð starfsemi á fjármála- og þjónustusviði og vátryggingarstarfsemi, bæði líf- og skaðatryggingarsvið, geti farið saman og að móðurfélag í slíkri samstæðu þurfi ekki að vera vátryggingarfélag. Tryggingaeftirlitinu er þá falið eftirlit með slíkri félagasamstæðu í heild og skarast þá starfssvið þess og bankaeftirlitsins sem einnig getur haft eftirlitsskyldum að gegna varðandi slíkar samstæður. Til greina getur komið, og raunar mjög vel til greina, að rétt sé að sameina Tryggingaeftirlitið og bankaeftirlitið í eina stofnun því það má segja að þessi eftirlit starfi á sambærilegum vettvangi að skyldum eftirlitsstörfum. Þó er ekki gerð tillaga um að það sé gert í þessu frv.

Meginreglan er, eins og í núgildandi lögum, að líftryggingar skuli reka í sérstöku félagi vegna þess hve skuldbindingar eru oft til langs tíma á því sviði. Rétt þykir þó, sem er nýmæli í frv., að heimila undanþágur frá því þegar um áhættulíftryggingar er að ræða sem eru reknar með öðrum vátryggingum og til skamms tíma í senn og megi þá reka þær í skaðatryggingarfélagi. Þetta á t.d. við um hóptryggingar félaga og félagasamtaka sem teknar eru sem ein heild og eðlilegt þykir að verið geti hjá einu og sama félagi.

Í frv. er felld niður krafan um íslenskan ríkisborgararétt stofnenda vátryggingarfélags en gerð er krafa um búsetu meiri hluta þeirra hér á landi. Þá er gerð krafa um búsetu stjórnenda vátryggingarfélags stjórnenda hér á landi. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá búsetuskilyrðinu. Nýmæli er að krafist er óflekkaðs mannorðs og að stofnendur og stjórnendur hafi aldrei verið sviptir forræði á búi sínum. Er það í samræmi við ákvæði frumvarpa sem lögð hafa verið fram á Alþingi í tengslum við EES-samninginn á viðskipta- og fjármálasviði og þykir rétt að gera eigi minni kröfur á sviði vátryggingarstarfsemi. Sömu kröfur eru gerðar til miðlara og umboðsmanna vátryggingarfélaga sem hér kunna að starfa í sjálfstæðri atvinnustarfsemi. Á hinn bóginn er samkvæmt frv. ekki gert ráð fyrir að veita aðalumboðsmanni erlends félags með staðfestu utan Evrópsks efnahagssvæðis undanþágu frá skilyrðinu um búsetu hér á landi, enda mundi slík undanþága heimila félagi að starfa á Evrópsku efnahagssvæði án þess að þurfa að vera staðsett þar.

Ítarlegri ákvæði er að finna í frv. en áður um hvernig staðið skuli að stofnun vátryggingarfélags en um það hafa hingað til eingöngu verið ákvæði í hlutafélagalögum. Í nokkrum atriðum eru reglur samkvæmt frv. strangari eins og þegar um er að ræða mat á greiðslu hlutafjár, stofnfjár eða ábyrgðarfjár í öðru en reiðufé. Leita þarf undanþágu hjá Tryggingaeftirlitinu sem veitt getur heimild til að greiða megi með öðrum hætti en þá liggi fyrir matsgerð um verðmæti þess sem greitt er með. Sama gildir samkvæmt nánari reglum um

aðra fjármuni sem lagðir eru fram og eru ekki ætlaðir til greiðsluhluta.

Þá er nýmæli samkvæmt frv. að samþykktir félags skuli ávallt háðar samþykki Tryggingaeftirlitsins og að breytingar á þeim öðlist ekki gildi fyrr en Tryggingaeftirlitið hefur samþykkt þær. Nýmæli er einnig í samræmi við reglur EES-samningsins að krafist er áætlunar um rekstur og efnahag næstu þrjú árin er ávallt skal fylgja umsókn félags um starfsleyfi. Lagt er til að ráðherra veiti starfsleyfi eins og í núgildandi lögum en jafnframt að meðmæli Tryggingaeftirlitsins skuli liggja fyrir. Einnig er þess krafist líkt og í reglum EES-samningsins að það skuli stutt rökum og tilkynnt umsækjanda skriflega mæli eftirlitið gegn umsókninni. Hafi félag hins vegar þegar fengið starfsleyfi en hyggst taka upp nýja grein vátrygginga eða breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum er lagt til í frv. að Tryggingaeftirlitið veiti leyfi.

Eins og í núgildandi lögum er lagt til að stjórn vátryggingarfélags skipi þrír menn hið fæsta. Hins vegar er lagt til að fellt verði niður gildandi ákvæði um að a.m.k. einn stjórnarmaður vátryggingarhlutafélags skuli valinn sérstaklega með það fyrir augum að gæta hagsmuna vátryggingartaka og hinna vátryggðu reki félagið ekki einvörðungu endurtryggingarstarfsemi. Þetta ákvæði hefur ekki verið virt og lítt verið leitað til þeirra stjórnarmanna sem þannig hafa verið valdir um úrlausnir mála. Er hentugra það fyrirkomulag sem hvarvetna tíðkast að unnt sé að leita til sérstakrar kvörtunar- og neytendaþjónustu eins og frv. gerir ráð fyrir.

Nýmæli er að kveðið er á um tilkynningarskyldu stjórnar til Tryggingaeftirlitsins við tilteknar aðstæður eins og þegar stjórnendur öðlast vitneskju um málefni sem geta haft úrslitaþýðingu um starfsemi félagsins. Þegar stjórnendur hafa sérstakra fjárhagslegra hagsmuna að gæta vegna þátttöku í umboðs- eða miðlunarstarfsemi vátrygginga og þegar samstæða vátryggingarfélaga er mynduð eða félag mun öðlast meiri hluta eða virk yfirráð í öðru félagi.

Frv. gerir ráð fyrir að þær reglur verði alfarið teknar upp sem eiga að gilda á Evrópsku efnahagssvæði um gjaldþol vátryggingarfélaga og lágmark þess eigin fjár sem ávallt verður að vera til staðar sem skilyrði starfsleyfis. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði kveðið nánar á um hin tæknilegu atriði útreiknings í þessum efnum. Núgildandi reglur eru um margt hliðstæðar reglum Evrópubandalagsins samkvæmt EES-samningnum en í nokkrum atriðum eru gerðar meiri kröfur sérstaklega á líftryggingarsviðinu.

Öll hin stærri vátryggingarfélög hér á landi munu uppfylla þessar kröfur nú en nokkur minni félög, fjögur líftryggingarfélög og fjögur skaðatryggingarfélög, þurfa að auka eigið fé sitt til að standast þær. Þessi félög geta samkvæmt sérstöku ákvæði í EES-samningnum fengið allt að tveggja ára aðlögunartíma til að uppfylla þessar kröfur en mega ekki starfa á hinu Evrópska efnahagssvæði utan Íslands fyrr en skilyrðin eru uppfyllt.

Nýmæli er að vátryggingarfélag skal á hverjum tíma og í öllum greinum vátrygginga halda skrá yfir eignir samsvarandi vátryggingarskuldbindingum sínum en í gildandi lögum eru slík ákvæði einvörðungu á sviði líftrygginga. Í samræmi við reglur EES-samningsins eru settar sérstakar reglur á sviði skaðatrygginga en reglurnar rýmkaðar verulega á sviði líftrygginga. Er það gert í því skyni að tryggja að ávallt séu fyrir hendi eignir í vátryggingarfélagi til að mæta skuldbindingum vegna gerðra vátryggingarsamninga. Á hinn bóginn er aflétt hömlum er tengjast fjármálahlið og ávöxtun. Skulu í reglugerð settar sérstakar reglur um tegund og samsetningu þessarra eigna.

Helstu frávik frá gildandi reglum er varða ársreikninga vátryggingarfélaga og endurskoðun er að ekki er gert ráð fyrir ítarlegri upptalningu í lögum á þeim gögnum sem fylgja eiga í ársreikningi til Tryggingaeftirlitsins og er talið eðlilegra að þær verði í reglugerð og að Tryggingaeftirlitið sjálft geti sett síkar reglur. Ákvæði eru um sameiginlegan löggiltan endurskoðanda fyrir félagasamstæðu í heild og í þeim sérstöku félögum sem mega reka hliðarstarfsemi. Nýmæli er að kveðið er á um í hvaða formi ársreikningur félags skuli vera og hvað þar skuli koma fram þegar félag eða samstæða félaga birtir reikninga sína opinberlega.

Þá er lagt til í frv. að vátryggingarfélögum verði skylt að tryggja sér þjónustu tryggingarstærðfræðings eða sérfræðings með sambærilega menntun en samkvæmt gildandi lögum nær sú skylda eingöngu til líftryggingarfélaga. Jafnmikil nauðsyn getur verið á þjónustu af þessu tagi í félögum sem sinna annarri starfsemi en líftryggingarstarfsemi. Hlutverk tryggingarstærðfræðings er m.a. að meta áhættu, reiknigrundvöll, tjónareynslu og vátryggingarskuldbindingar félags. Samkvæmt frv. er stjórn vátryggingarfélags skylt að sjá til þess að félagið hafi yfir að ráða nægilegri sérþekkingu á þessu sviði. Þó má veita undanþágu frá skyldunni að hafa tryggingarstærðfræðing sé að mati Tryggingaeftirlitsins ekki talin þörf á slíku vegna þess að starfsemin er takmörkuð eða af öðrum ástæðum.

Þá er nýmæli líka að lagt er til að ekki verði í þessum lögum kveðið á um almennt starfsleyfi tryggingarstærðfræðinga en að viðurkenning Tryggingaeftirlitsins þurfi að koma til í hverju tilviki fyrir sig. Samþykki eftirlitið ekki tryggingarstærðfræðing sem félagið hefur mælt með er eftirlitinu skylt að rökstyðja ákvörðun sína. Fleiri nýmæli eru í þessu frv. varðandi störf tryggingarstærðfræðinga, svo sem um rétt þeirra til gagna hjá félagi sem þeir starfa fyrir og rétt til að sitja stjórnarfundi. Þá er fellt niður hefðbundið ákvæði um að tryggingarstærðfræðingur beri mjög víðtæka ábyrgð á því að farið sé eftir grundvelli líftrygginga hjá félagi og þykir tímabært að þeir beri ábyrgð líkt og aðrir bera almennt á störfum sínum.

Lagt er til að stofnunin sem eftirlit hefur með starfsemi vátryggingarfélaga heiti Vátryggingareftirlitið í staðinn fyrir Tryggingaeftirlitið eins og stofnunin heitir nú. Í frv. er almennt reynt að fylgja þeirri stefnu, eins og unnt er, að skeyta orðinu „vá-“ fyrir framan orðið trygging til aðgreiningar en trygging merkir

einnig ábyrgðir sem kunnugt er og er einnig oft notað á sviði almannatrygginga og líftrygginga. Í samsetningum og þar sem hefð er komin á er þó yfirleitt orðinu vá sleppt.

Í frv. er gerð tillaga um mjög veigamiklar breytingar frá ákvæðum gildandi laga um yfirstjórn Tryggingaeftirlitsins en nefndin var ekki einhuga í því efni og skilaði formaður nefndarinnar séráliti. Samkvæmt gildandi lögum skipar ráðherra forstöðumann ótímabundið og heyrir hann beint undir ráðherra og ráðuneyti. Meiri hluti nefndarmanna vill að þriggja manna stjórn sem skipuð er til fjögurra ára í senn fari með yfirstjórn stofnunarinnar. Einn sé tilnefndur af Neytendasamtökunum, annar af Sambandi ísl. tryggingafélaga og einn sé án tilnefningar og jafnframt formaður. Hafi stjórnin eftirlit með starfsemi stofnunarinnar, móti stefnu hennar og fjalli m.a. um árlega fjárhagsáætlun. Skilyrði er samkvæmt núgildandi lögum og einnig samkvæmt frv. að starfsmenn eftirlitsins séu í störfum sínum óháðir vátryggingarfélögum eða þeim aðilum öðrum sem falla undir lögin. Hæfisskilyrði stjórnarmanna eru aftur á móti samkvæmt meirihlutaáliti nefndarinnar einungis þau að þeir séu óháðir einstökum vátryggingarfélögum en meiri hlutinn telur eðlilegt að tilnefningaraðili, hvort heldur er Samband ísl. tryggingafélaga eða Neytendasamtökin, geti tilnefnt stjórnarmenn Tryggingaeftirlitsins úr sínum röðum. Formaður nefndarinnar telur ekki rétt að starfsmenn samtaka vátryggingarfélaga, þeirra aðila sem eftirlit er haft með, eigi að geta setið í stjórn eftirlitsins, haft áhrif á eftirlitsstörfin og m.a. þann fjárhagsgrundvöll sem ákveður svigrúm og umfang þess eftirlitsstarfs en tekjustofn Tryggingaeftirlitsins er gjald sem vátryggingarfélögin greiða árlega til eftirlitsins.

Formaðurinn telur að Tryggingaeftirlitið eigi að vera óháð neytendastofnun sem starfi í þágu þeirra sem vátryggja hjá vátryggingarfélögum undir yfirstjórn ráðherra og ráðuneytis. Einnig sé óheppilegt að fulltrúar innlendra vátryggingarfélaga sitji í stjórn eftirlitsins í ljósi opnunar markaðarins á Evrópsku efnahagssvæði. Í séráliti formannsins kemur einnig fram að hann telur að athuga beri í ljósi æ nánari tengsla vátryggingarfélaga og annarra fyrirtækja á fjármálasviði hvort henti hér á landi að fara þær leiðir sem farnar hafa verið í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, að sameina eftirlitsstofnanir á þessu sviði í eitt fjármálaeftirlit, þ.e. að sameina Tryggingaeftirlitið og bankaeftirlitið í eina stofnun eins og rætt var um hér áðan.

Eins og frv. er úr garði gert er stuðst við álit meiri hluta nefndarinnar um þessi áhorfsmál. Ég tel hins vegar eðlilegt og meira en eðlilegt, ég tel æskilegt, að hv. heilbr.- og trn., sem málið mun fá til umfjöllunar, skoði þessi mál sérstaklega sem ágreiningur hefur orðið um í nefndinni. Ég er jafnreiðubúinn til að styðja þá niðurstöðu hvort heldur hún er í samræmi við séráliti formannsins eða álit meiri hluta nefndarinnar.

Þá er í frv. lagt til að skipun forstöðumanns sé tímabundin til sex ára í senn en ekki ótímabundin eins og nú er og er þar fylgt sömu reglu og um skipun forstöðumanns bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Þá er nýmæli að lagt er til að Tryggingaeftirlitinu verði heimilað að veita eftirlitsstjórnvöldum annarra ríkja upplýsingar á því sviði sem lögin ná til sé það liður í samstarfi ríkja um eftirlit með vátryggingarstarfsemi. Þagnarskylda í hlutaðeigandi landi er ávallt skilyrði. Sama gildir um upplýsingar sem Tryggingaeftirlitið kann að fá frá öðrum eftirlitsaðilum. Ákvæði þessi eru sett vegna aukinna alþjóðlegra samskipta og aukins frelsis þjónustuviðskipta sem munu hafa í för með sér nauðsyn víðtæks samstarfs eftirlitsaðila í hinum ýmsu löndum og upplýsingamiðlun í auknum mæli og samræmingu eftirlitsreglna.

Í frv. er verksvið Tryggingaeftirlitsins skilgreint með mun ítarlegri hætti en í gildandi lögum. Meginverkefni eftirlitsins er að hafa eftirlit með gjaldhæfi og greiðsluhæfi vátryggingarfélaga, mati vátryggingarskuldbindinga, eftirlit með skilmálum á iðgjaldagrundvelli, með viðskiptaháttum, sölustarfsemi og tjónsuppgjöri og að starfrækja neytendamáladeild. Öll þessi svið hafa verið á verkefnaskrá Tryggingaeftirlitsins frá upphafi og eru talin rúmast innan ramma gildandi laga en ákvæði þar að lútandi hafa ekki verið nógu skýr, einkum varðandi neytendaþátt þessarar starfsemi.

Ströng ákvæði eru fyrir í gildandi lögum um eftirlit með vátryggingarskilmálum og iðgjöldum vátryggingarfélaga og skal senda alla fyrirhugaða skilmála og breytingar á þeim til eftirlitsins til skoðunar og staðfestingar áður en þeir eru teknir í notkun.

Sama gildir samkvæmt lögunum um iðgjöld. Ákvæðin um fyrirframeftirlit með skilmálum og iðgjöldum eru nú felld niður samkvæmt þessu frv. Samkvæmt því verða skilmálar og iðgjöld vátryggingarfélaga alfarið á ábyrgð félaganna en Tryggingaeftirlitið skal eftir sem áður hafa eftirlit með þeim. Senda skal almenna skilmála og upplýsingar um iðgjaldagrundvöll með umsókn um starfsleyfi í fjöláhættugreinum og ávallt þegar um lögboðnar vátryggingar er að ræða.

Engin bein ákvæði eru um starfrækslu neytendamáladeildar í gildandi lögum en Tryggingaeftirlitið hefur eftir föngum sinnt kvörtunarþjónustu allt frá árinu 1974 og frá árinu 1981 hefur verið um formlega auglýsta neytendaþjónustu að ræða. Þjónusta af því tagi er nauðsynlegur þáttur í eftirliti með vátryggingarskilmálum og iðgjöldum, sölustarfsemi, tjónsuppgjöri og viðskiptaháttum vátryggingarfélaga. Slík starfsemi veitir eftirlitsaðila mikilvæga vitneskju um hvar skórinn helst kreppir í þessum efnum og hvaða atriði það eru sem eftirlitinu ber að fylgja eftir með sérstökum könnunum og öðrum ráðstöfunum.

Neytendaþjónustan hefur um árabil mætt þörf sem óumdeilanlega hefur verið fyrir hendi á þessu sviði. Er það mikilvægt atriði í frv. að lagt er til að lögfest verði að eftirlitið skuli starfrækja neytendamáladeild. Sú starfræksla kemur ekki í veg fyrir að þörf geti verið fyrir neytendaþjónustu á þessu sviði á vegum fleiri aðila eins og tíðkast í nálægum löndum, svo sem á vegum vátryggingarfélaganna sjálfra og neytendasamtaka.

Eins og í gildandi lögum eru samkvæmt frv. engar takmarkanir á heimildum Tryggingaeftirlitsins til að gera þær kannanir sem eftirlitið telur ástæðu til hverju

sinni á hinum ýmsu þáttum starfseminnar og það á rétt á að fá öll þau gögn og upplýsingar sem það telur þörf á til að geta sinnt eftirlitshlutverki sínu. Samkvæmt frv. ná þessar heimildir nú einnig til leyfilegrar hliðarstarfsemi félaganna að því leyti sem nauðsyn krefur, svo og til starfsemi miðlara og umboðsmanna.

Í frv. er reynt að móta skýrari reglur um verkaskiptingu milli eftirlitsins annars vegar og ráðherra og ráðuneytis hins vegar. Almenna reglan er sú að veiting starfsleyfis og afturköllun þess er í höndum ráðherra svo og að setja almennar reglur, t.d. um fjárhagsskilyrði og reikningsskil, og að veita undanþágur frá gildandi ávæðum en ýmiss konar tæknileg atriði og nánari útfærsla gildandi reglna verði í höndum eftirlitsins.

Sú stefna er óbreytt samkvæmt frv. sem verið hefur og er í nálægum löndum að litið er svo á að starfsemi eftirlitsins sé fyrst og fremst í þágu vátryggingartaka og vátryggðra og því sé rétt að kostnaðurinn við starfsemina sé borinn af þeim og greiddur af vátryggingaraðilum. Samkvæmt frv. er ábyrgð ríkissjóðs á greiðslu kostnaðar umfram álagt gjald alfarið felld niður en samkvæmt núgildandi lögum ber ríkissjóði að greiða það sem umfram kann að vera hrökkvi álagt gjald ekki til að mæta kostnaði við rekstur eftirlitsins. Starfsemin verði alfarið reist á sértekjum og er lagt til að hámark eftirlitsgjald verði hækkað nánast um þriðjung til að auka svigrúm vegna óvæntra útgjalda. Þá er nýmæli að heimilt verður samkvæmt frv. að leggja á einstök félög sérstakt gjald þegar þörf er sérstakra kannanna sem ekki telst eðlilegt að jafna á öll félögin og ákveði Tryggingaeftirlitið álagningu þess.

Sérstakur kafli í frv. er helgaður miðlun vátrygginga og umboðs- og sölustarfsemi og er kaflinn í heild nýmæli í íslenskum lögum að fáeinum ákvæðum undanskildum. Hér á landi hefur miðlun eða umboðsstarfsemi a.m.k. síðari ár verið rekin í mjög litlum mæli sem sjálfstæð atvinnustarfsemi en talið er víst að þessi starfsemi muni gegna æ mikilvægara hlutverki á vátryggingarmarkaði í náinni framtíð í framhaldi af myndun Evrópsks efnahagssvæðis og sameiginlegs innri vátryggingarmarkaðar. Neytendur munu í auknum mæli þurfa á upplýsingum og aðstoð að halda um kjör og innihald við kaup vátrygginga og við tjónsuppgjör. Er því mikilvægt að settar verði reglur í þágu neytenda um þessa starfsemi og að eftirlit verði haft með henni og eru þær reglur settar í frv. þessu.

Nýlega var ítrekað með sérstökum tilmælum frá Evrópubandalaginu, sem líka munu eiga við um EES-samninginn, að setja beri nánari reglur m.a. um skráningu þessarar starfsemi og að kröfur verði gerðar um menntun og fagþekkingu. Reglur aðildarríkjanna eru mismunandi í þessum efnum. Sums staðar eru vægar kröfur gerðar og starfsemin ekki háð sérstöku starfsleyfi, annars staðar hafa verið sett sérstök lög.

Það er skilyrði samkvæmt gildandi lögum að enginn hafi atvinnu af því að miðla vátryggingum til vátryggingarfélaga sem ekki hafa starfsleyfi á Íslandi og gildir sú meginregla áfram samkvæmt frv. Heimilt verður að miðla vátryggingum sem teljast til stóráhættu til vátryggingarfélaga á Evrópsku efnahagssvæði svo og líftryggingum teknum að eigin frumkvæði líftryggingartaka enda verði gætt skilyrða um tilkynningarskyldu vátryggingarfélagsins til eftirlitsstjórnvalda heimaríkis og um skyldur þess eftirlits að láta Tryggingaeftirlitinu í té tiltekin gögn og upplýsingar.

Rétt þykir, sem er nýmæli, að veita heimild til undanþágu frá meginreglunni þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi svo sem þegar áhætta er af því tagi að hún fæst ekki vátryggð hjá félögum sem hér hafa starfsleyfi og nauðsyn ber til að fá fleiri aðila til að taka þátt í að bera vátryggingaráhættuna. Nefna má t.d. virkjanir hér á landi eða náttúruhamfarir sem dæmi um áhættu af þessu tagi.

Fellt er niður gildandi ákvæði sem gerir einstaklingum og öðrum skylt að sækja um leyfi til ráðherra hyggist þeir vátryggja erlendis verðmæti sem eru í eigu viðkomandi. Hefur verið erfitt að framfylgja þessu ákvæði í reynd og er það raunar í andstöðu við almenn ákvæði EES-samningsins að binda slíkt í lög.

Miðlunar- og umboðsstarfsemi sem sjálfstæð atvinnustarfsemi er skilgreind í frv. í samræmi við reglur EES-samningsins. Gerður er greinarmunur á vátryggingarmiðlurum, sem starfa hlutlaust gagnvart vátryggingarfélögum og ekki á vegum þeirra, og vátryggingarumboðsmönnum sem starfa fyrir tiltekin vátryggingarfélög. Þriðji hópur starfsmanna á þessu sviði eru vátryggingarsölumenn einstakra vátryggingarfélaga sem bjóða vátryggingar í þeirra nafni og eru annaðhvort fastir starfsmenn þeirra eða lausráðnir til sölustarfa. Kveðið er á um skilyrði leyfis til að miðlunar- og umboðsstarfsemi sem rekin er sem sjálfstæð atvinnustarfsemi og hún skal skráð hjá Tryggingaeftirlitinu og vera undir eftirlit þess.

Hér á landi er nú enga sérmenntun eða þjálfun að fá á þessu sviði og er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur þar um svo og um tryggingar sem lagðar skulu fram. Vátryggingarmiðlara ber að aðstoða við að koma á vátryggingarsamningi og veita áfram almenna aðstoð, svo sem við endurnýjun samnings og leiðbeiningar þegar tjón ber að höndum hafi hann miðlað vátryggingunni.

Sérstakar reglur eru settar um miðlun trygginga til líftryggingarfélaga á Evrópsku efnahagssvæði sem hér hyggjast veita þjónustu án sérstakra atvinnustöðvar og um undirritun sérstakrar yfirlýsinga hjá miðlara í þeim efnum í samræmi við ákvæði EES-samninga og er ætlað að tryggja það að líftryggingartaka sé ljóst frá byrjun að um hið erlenda líftryggingarfélag sem hann leitar upplýsinga hjá gilda reglur sem áhrif geta haft á réttarstöðu hans samkvæmt vátryggingarsamningi og að eftirlitsreglur erlends ríkis gildi. Einnig felst í yfirlýsingunni staðfesting líftryggingartakans á því að hann leiti upplýsinganna að eigin frumkvæði.

Miðlarinn skal svo fljótt sem auðið er koma fjármunum sem hann tekur við og eru í vörslu hans í hendur réttra aðila. Hann skal að öllu leyti halda fjármunum þessum aðgreindum frá eigin fjármunum. Þá er hann skyldugur að upplýsa viðskiptavini um þá þókn-

un sem hann fær frá vátryggingarfélagi vegna viðskiptanna sé þess óskað. Miðlarinn er einnig skyldur að veita Tryggingaeftirlitinu upplýsingar um þá samninga sem hann á aðild að.

Kveðið er á um sjálfsagða skyldu umboðsmanna og sölumanna að upplýsa viðskiptavini um skilmála og iðgjöld áður en gengið er frá vátryggingarsamningi og er vátryggingarfélagi gert skylt að sjá til þess að starfsemi sölumanna þeirra fari fram með hagsmuni vátryggingartaka og vátryggðra fyrir augum. Gerð er sú krafa að í öllu sem frá vátryggingarmiðlurum eða vátryggingarumboðsmönnum fer til almennings skuli koma fram að þeir séu skráðir. Sölumenn skulu bera og framvísa skilríkjum við störf sín. Tryggingaeftirlitinu ber að hafa eftirlit með því að vátryggingarmiðlarinn starfi sjálfstætt og skal miðlarinn gera grein fyrir því hversu dreifð viðskiptin eru á einstök vátryggingarfélög. Þetta ákvæði er samhljóða ákvæði í reglum EES-samningsins.

Meginbreytingin á gildandi lögum varðandi flutning vátryggingarstofnana og samruna félaga er að orðalagi og hugtökum verði breytt í það horf sem er að finna í tilskipunum félagaréttar Evrópubandalagsins um hlutafélög sem verða hluti EES-samningsins og ítarlegri ákvæði er að finna í frv. um þetta efni. M.a. skulu drög að samrunaáætlun og yfirfærslu stofnana liggja frammi við umsókn. Kveðið er á um flutning vátryggingarstofna erlendra félaga sem hafa aðsetur á Evrópsku efnahagssvæði. Meginreglan er að eftirlitsstjórnvöld heimaríkis félags sem tekur við stofninum skal staðfesta að gjaldþol þess félags sé fullnægjandi að teknu tilliti til hins nýja stofns. Samþykki Tryggingaeftirlitsins fyrir flutningi stofnsins þarf þó ávallt að liggja fyrir, einnig í þeim tilvikum þegar félag veitir þjónustu án atvinnustöðvar. Auglýsa skal í Lögbirtingablaði og tilkynna vátryggingartökum eftir reglum sem gilda hér á landi. Þegar félag sem tekur við stofninum er ekki staðsett í heimaríki sínu, þ.e. ekki er um aðalstöðvar þess að ræða, þarf einnig að hafa samráð við eftirlitsstjórnvöld þess ríkis um flutninginn.

Þegar um er að ræða vátryggingarstofna erlendra félaga með staðfestu utan Evrópsks efnahagssvæðis hefur Tryggingaeftirlitið samkvæmt frv. mjög ríkar heimildir til afskipta og getur eftirlitið m.a. ákveðið ráðstöfun slíkra stofna til innlendra félaga við aðstæður þegar starfsemi er hætt eða starfsleyfi afturkallað. Tryggingaeftirlitinu ber að gæta þess að réttarstaða vátryggingartaka og vátryggðra verði eigi lakari eftir flutning stofns en áður. Vátryggingarsamningar halda sjálfkrafa gildi sín og vátryggingartakar eru ekki sjálfkrafa lausir frá samningum sínum við flutning stofnsins. Nýmæli er að vátryggingartakar hafa heimild til að segja upp samningi sínum skriflega innan eins mánaðar frá flutningsdegi vilji þeir eigi vera hjá því félagi sem stofninn er fluttur til.

Í gildandi lögum er einungis að finna mjög almenn ákvæði um hvað gera skuli fari eitthvað úrskeiðis hjá vátryggingarfélagi og gera þurfi ráðstafanir til úrbóta. Tilefni athugasemda geta verið af margvíslegum toga og afleiðingar þess að ekki eru gerðar þær ráðstafanir sem krafist er eru mjög mismunandi. Að öðru leyti en varðar líftryggingar hafa engin ákvæði verið í lögum um þátt Tryggingaeftirlitsins og afskipti þegar grípa þarf til sérstakra ráðstafana, t.d. vegna þess að félag uppfyllir ekki fjárhagsskilyrði og getur ekki rétt við hag sinn, svo og eftir að starfsleyfi er fellt niður. Nýmæli er að kveðið er á um að Tryggingaeftirlitið skuli í öllum tilvikum þegar starfsleyfi er afturkallað gegna því hlutverki að ráðstafa vátryggingarstofni og meta vátryggingarskuldbindingar í því skyni að gætt verði hagsmuna vátryggingartaka og vátryggðra. Sérstök ákvæði eru um meðferð líftryggingarstofns í þessu sambandi og í nokkrum atriðum eru þau ákvæði einnig ítarlegri en í gildandi lögum.

Í frv. eru sérstök ákvæði um hvernig brugðist skal við þegar erlent félag með staðfestu á Evrópsku efnahagssvæði uppfyllir ekki tilskildar fjárhagskröfur og hefur Tryggingaeftirlitið þá samráð við eftirlitsstjórnvöld heimaríkis um aðgerðir í samræmi við reglur EES-samningsins. Getur Tryggingaeftirlitið gripið til ráðstafana gagnvart slíku félagi sé það talið nauðsynlegt vegna hagsmuna hinna vátryggðu. Þegar um er að ræða starfsemi erlendra félaga hér á landi með staðfestu utan Evrópsks efnahagssvæðis eru Tryggingaeftirlitinu fengnar mjög víðtækar heimildir til afskipta. M.a. er nýmæli að Tryggingaeftirlitið getur útnefnt nýjan aðalumboðsmann til að ljúka viðskiptum og uppgjöri vegna starfseminnar hér og heimilað honum að ráðstafa eignum félagsins sé þannig komið málum að hagsmunum hinna vátryggðu sé talið stefnt í hættu og tilskildar ráðstafanir hafa ekki verið gerðar.

Í frv. er nánar skilgreint hvað gera skuli við hinar ýmsu aðstæður, hvenær eftirlitið skuli setja félagi frest eða grípa þurfi til skjótra ráðstafana og hvenær lagt skuli til við ráðherra að starfsleyfi verði afturkallað. Nýmæli er einnig að Tryggingaeftirlitið hefur almennt heimildir til að takmarka eða jafnvel banna ráðstöfun félags yfir fjármunum sínum þegar það er liður í nauðsynlegum aðgerðum til að koma fjárhag félagsins á réttan kjöl og á það jafnt við um innlend og erlend félög. Einnig er nýmæli að gert er ráð fyrir að þegar frjáls slit vátryggingarfélags eru fyrirhuguð skuli Tryggingaeftirlitið hafa hönd í bagga með eftirliti vátryggingarskuldbindinga og er félaginu gert að leggja fyrir eftirlitið greinargerð um skuldbindingarnar og hvernig þeim skuli lokið.

Loks er þess getið að þar eð gildandi lög, nr. 50/1978, eru samkvæmt frv. felld niður ásamt reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga er nauðsynlegt að kveða á um framkvæmd ársuppgjörs og reikningsskils vátryggingarfélaga fyrir árið 1992 og skal þá miðað við gildandi reglugerðarákvæði. Á hinn bóginn munu ákvæði nýrra laga gilda, m.a. um fjárhagsleg skilyrði starfseminnar, nema að því er varðar þau félög sem samkvæmt sérstökum lista fá aðlögunartíma allt að tvö ár til að uppfylla þessi skilyrði svo sem áður er getið.

Virðulegi forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði frv. þessu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Útbýting þingskjala:

Ár aldraðra, 519. mál, þáltill. SvG, þskj. 877.

Evrópusamningur um fullnustu refsidóma, 537. mál, stjtill., þskj. 895.

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftlagsbreytingar, 536. mál, stjtill., þskj. 894.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að milli kl. 12.30 og 13.00 verður gert matarhlé. Kl. 13.00 hefst utandagskrárumræða skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapa. Hv. 3. þm. Suðurl., Árni Johnsen, hefur óskað eftir að ræða um útboð opinberra aðila og samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum fyrirtækjum. **(Gripið fram í:** Og samkeppnisstöðu.) Og samkeppnisstöðu.

Síðan hefst önnur utandagskrárumræða kl. 13.30 að beiðni hv. 1. þm. Austurl. en sú umræða fer fram skv. síðari mgr. 50. gr. þingskapa og mun því standa um óákveðinn tíma. Eins og áður er sagt er málshefjandi hv. 1. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í athugasemdum með þessu frv. og ítarlegri ræðu hæstv. heilbr.- og trmrh. þá á þetta frv. sér orðið langan aðdraganda. Í athugasemdum með frv. er vitnað til þess að í ágúst 1989 skipaði þáv. heilbr.- og trmrh., Guðmundur Bjarnason, nefnd til að endurskoða lög um vátryggingarstarfsemi þar sem tímabært þótti að endurskoða gildandi lög en þau eru frá 1978. Nefndin er ágætlega skipuð. Í henni voru, eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðherra, Bjarni Þórðarson, Erlendur Lárusson, Guðný Björnsdóttir, Jón Magnússon, Sigmar Ármannsson og ritari nefndarinnar var Rúnar Guðmundsson lögfræðingur.

Nefndin hélt mjög marga fundi þannig að það er augljóst mál að þarna hefur verið vel að verki staðið. Menn hafa farið rækilega yfir hlutina og reynt að vanda sig eins og kostur er.

Ég tel að þetta frv. sé með þeim hætti að það hljóti að taka talsverðan tíma í þessari virðulegu stofnun að fjalla um málið, a.m.k. í þingnefnd, því að frv. breytir gríðarlega miklu í starfsskilyrðum vátryggingarstarfseminnar hér á landi, ekki aðeins að því er varðar aðildina að Evrópsku efnahagssvæði, sem mér liggur við að segja að sé ekki aðalatriði þessa frv., heldur hitt að hér er verið að breyta starfsskilmálum vátryggingarstarfseminnar í heild í grundvallaratriðum. Ég tel að þær tillögur sem hér er um að ræða muni hafa mjög mikil áhrif á íslenska vátryggingarmarkaðinn ekki aðeins vegna aukinnar samkeppni við hugsanlega erlenda aðila heldur m.a. vegna þess að það verða hertar kröfur um eigið fé, um gjaldþol og fleiri slíka þætti í vátryggingarstarfseminni hér á landi.

Ég vil byrja mál mitt á því að spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh.: Hvaða áhrif telur ráðuneytð að samþykkt þessa frv. mundi hafa á vátryggingarmarkaðinn ef frv. yrði t.d. samþykkt í dag? Hvaða breytingar yrðu á starfsemi tryggingafélaganna miðað við þær kröfur um gjaldþol og eigið fé sem frv. gerir og fleiri tæknilegar og fjárhagslegar kröfur sem frv. gerir?

Nú hefur átt sér stað talsverður samruni á íslenska tryggingamarkaðnum á undanförnum árum þannig að þeir aðilar sem nú stunda tryggingastarfsemi eru miklu sterkari en var um skeið þegar blómlegast var, ef svo mætti að orði kveða sem er reyndar hæpið, á þessum markaði þegar voru, að mig minnir, flest 20 tryggingafélög starfandi í almennum tryggingum á íslenska tryggingamarkaðnum. Síðan hefur rekstraraðilum á þessu sviði fækkað stórkostlega og ég tel að það hafi allt verið í rétta átt. Ég vil sem sagt byrja á að spyrja hæstv. ráðherra að því hvaða áhrif þetta hefði á starfsemi þeirra tryggingafélaga sem eru núna til á íslenska tryggingamarkaðnum.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra að því hvaða áhrif má ætla að þessar kröfur hafi á upphæð iðgjalda, þ.e. á hag neytenda frá degi til dags. Mér er alveg ljóst að í frv. er gert ráð fyrir því að styrkja nokkuð stöðu neytendanna á mörgum sviðum en á sama tíma er ljóst að það kostar eitthvað. Og spurningin er: Hefur trmrn. gert sér hugmyndir um hver kostnaðurinn verður í breyttum iðgjöldum hjá neytendum ef þetta frv. verður að lögum?

Ég tek að vísu eftir því, virðulegi forseti, að það er um það talað í texta frv., m.a. í áliti fjmrn., að vaxandi samkeppni muni þýða lækkun iðgjalda á þessu sviði. Það er mjög almennt svar, satt að segja, og dugir mér tæplega í þessu máli. Ég verð að segja eins og er að ég dreg mjög í efa að vaxandi samkeppni muni sjálfkrafa lækka iðgjöld hér á landi í verulegum mæli vegna þess að þessi starfsemi er einfaldlega með þeim hætti að iðgjöldin á hverju svæði bera uppi kostnaðinn á viðkomandi svæði þannig að það er ekki við því að búast að bíleigendur í Róm eða Hamborg verði látnir bera uppi tjón sem verða á Íslandi í iðgjöldum sínu. Það verður heldur ekki þannig að iðgjöld á Íslandi verði lögð á með hliðsjón af tjónatíðni í Róm eða Hamborg. Því verður það nú þannig, þrátt fyrir ákvæði samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, að þessi alþjóðlega samkeppni sem menn eru hér að tala um mun ekki sem slík lækka tryggingariðgjöld sérstaklega á Íslandi. Hins vegar geta skipulagsbreytingar á íslenska tryggingamarkaðnum út af fyrir sig lækkað tryggingariðgjöld.

Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að við frv. kemur fram býsna alvarleg athugasemd frá einum mjög mikilvægum aðila. Það er frá formanni þeirrar nefndar sem hér um ræðir sem jafnframt er forstjóri Tryggingaeftirlitsins og er sá maður sem hefur meiri reynslu en flestir aðrir Íslendingar í því að hafa yfirlit yfir tryggingamarkaðinn á Íslandi. Ég tel að starf Erlendar Lárussonar alveg frá því að Tryggingaeftirlitið varð til, ég hygg 1972 eða 1973, hafi skilað mjög miklum árangri. Það hafi gjörbreytt þessum markaði frá því sem hann var áður. Ég man eftir því að þegar Tryggingaeftirlitið á sínum tíma var stofnað í vinstri stjórninni 1971–1974. (Gripið fram í.) Já, í vinstri stjórninni 1971–1974 en stofnunin var ákveðin 1974 en þar áður var til tryggingnefnd sem var samstarfsnefnd og ég hygg að Erlendur hafi verið starfsmaður hennar.

Þetta þótti óþarfi af mörgum aðilum á þeim tíma og hnýsni í starfsemi tryggingafélaganna en ég held að það sé alveg tvímælalaust hægt að segja að þessi starfsemi hefur átt rétt á sér og hefur skilað öruggari tryggingamarkaði fyrir íslenska neytendur en ella hefði verið.

Í séráliti Erlends Lárussonar um þessi mál kemur fram að hann er ósammála meiri hluta nefndarinnar varðandi fyrirkomulag 37. gr. frv. um yfirstjórn Tryggingaeftirlitsins. Í álitsgerð Erlends Lárussonar segir m.a., svo með leyfi forseta:

„Það hefur til þessa verið algert grundvallaratriði í löggjöf hér sem annars staðar að vátryggingarfélögin, þeir aðilar sem hið opinbera hefur eftirlit með samkvæmt lögum um vátryggingarstarfsemi með það að markmiði að gæta hagsmuna hinna vátryggðu, hafi ekki ákvörðunarvald um eða ráði á nokkurn hátt framkvæmd eða umfangi slíks eftirlits.

Frv. gerir ráð fyrir að tekjustofn eftirlitsins verði alfarið gjald sem lagt er árlega á vátryggingarfélögin og að núverandi ábyrgð ríkissjóðs á útgjöldum stofnunarinnar verði felld niður. Það er algert grundvallaratriði að ákvörðunarvald um fjárhagsramma stofnunarinnar og svigrúm til eftirlits og aðhalds hverju sinni sé í höndum hennar sjálfrar í samráði við ráðuneyti og ráðherra og að hinum opinbera eftirlitsaðila verði ekki settar skorður í því efni af þeim sem eftirlitið er haft með.

Það er óeðlilegt og afar óheppilegt," segir Erlendur Lárusson „með tilliti til þess sem fram undan er vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði og eftirlits með erlendum félögum sem munu eiga greiðari leið að íslenskum markaði en áður, að í stjórn eftirlitsins á Íslandi sitji fulltrúar hagsmunasamtaka innlendra félaga."

Síðan segir Erlendur Lárusson:

„Þetta er einnig andstætt þeirri stefnu sem mótuð er að öðru leyti í frv. um aukið sjálfstæði og svigrúm hvors aðila um sig á eigin ábyrgð. T.d. er fellt niður að hið opinbera samþykki fyrir fram iðgjöld og skilmála vátrygginga og einnig ýmis skilyrði af hálfu hins opinbera varðandi fjármálahlið starfseminnar."

Þá segir enn fremur í áliti Erlends Lárussonar, með leyfi forseta:

„Eina tilvikið sem undirrituðum er kunnugt um þar sem vátryggingarfélög tilnefna mann í stjórn eftirlits er í Danmörku. Þar er ólíku saman að jafna. Um er að ræða fjölmenna eftirlitsstofnun sem bæði hefur eftirlit með starfsemi vátryggingarfélaga, lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og þar er fjölmenn stjórn og sérstök fjölmenn framkvæmdastjórn stofnunarinnar þar sem félögin koma að sjálfsögðu hvergi nærri.

Draga má í efa", segir enn fremur „að þörf sé á sérstakri stjórn í Tryggingaeftirlitinu eins og nú háttar, en stofnunin hefur á að skipa aðeins sex föstum starfsmönnum auk eins í hálfu starfi. Telja verður að virkt eftirlit og yfirstjórn ráðuneytis og ráðherra með starfsemi stofnunarinnar ætti að nægja."

Ég verð að segja eins og er, virðulegi forseti, að mér finnst að það þurfi býsna þung rök til þess að hafna þessum sjónarmiðum Erlends Lárussonar. Í 1. mgr. 37. gr. frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Ráðherra skipar þriggja manna stjórn Vátryggingareftirlitsins til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Neytendasamtakanna, einn samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. tryggingafélaga og einn án tilnefningar, og skal sá vera formaður stjórnar."

Ég tel út af fyrir sig fagnaðarefni að neytendaþættinum eru gerð sérstök og ítarleg skil í frv. og greinargerð þess. Ég geri ráð fyrir því að það hafi kannski verið með hliðsjón af þessum þætti að menn ákváðu að reyna að finna stjórnarfyrirkomulag á stofnunina þar sem Neytendasamtökin ættu fulltrúa í stjórninni og menn hafi þá sagt sem svo: Úr því að Neytendasamtökin eiga fulltrúa í stjórninni, þá er eðlilegt að finna einhvern þar á móti eins og til að „balansera" og þá hafi menn dottið niður á Samband ísl. tryggingafélaga.

En gallinn er hins vegar sá að Samband ísl. tryggingafélaga er hagsmunaaðili og þessi stjórn á ekki aðeins að vera almenn stjórn stofnunarinnar heldur er hún í raun og veru framkvæmdastjórn hennar á sama hátt og t.d. framkvæmdastjórnin er í Danmörku samkvæmt þeirri tilvitnun sem ég las upp hér áðan. Stjórn stofnunarinnar mun líka ákveða tekjugrunn og rekstrarumfang Tryggingaeftirlits ríkisins. Ég er satt að segja ekki alveg viss um að það verði alltaf í samræmi við óskir tryggingafélaganna að efla mjög verulega starfsemi Tryggingaeftirlitsins. Ég tel þess vegna að það sé bæði fráleitt í fyrsta lagi að hafa tryggingarfélögin í stjórn stofnunarinnar og í öðru lagi fráleitt að fella niður rekstrarábyrgð ríkisins á starfsemi stofnunarinnar þó svo það reyni aldrei á hana.

Í raun og veru hefur það verið þannig, virðulegi forseti, að iðgjöldin og sértekjur hafa staðið alveg undir rekstri Tryggingaeftirlitsins, minnir mig, alla vega á undanförnum árum eða svo lengi sem ég man. Það hefur því aldrei reynt á þessa rekstrarábyrgð ríkisins. En nú er gert ráð fyrir því að rekstrarábyrgðin verði felld niður og ég tel, virðulegi forseti, að það orki mjög tvímælis og vil láta það koma fram við 1. umr. málsins. Þetta eru tvö efnisatriði sem ég geri athugasemdir við og styðst þar við greinargerð forstöðumanns Tryggingaeftirlitsins.

Þriðja atriðið sem ég geri athugasemd við kemur einnig fram í sömu grg. og mér finnst athyglisverð ábending en þar segir:

„Einnig ber að hafa í huga þær breytingar sem átt hafa sér stað á fjármálasviði og þá þróun sem á sér stað bæði hér og erlendis og kallar á aukið samstarf bankaeftirlits og Tryggingaeftirlits, en starfsemi þessara stofnana skarast í æ ríkari mæli. Einnig hlýtur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða að verða eflt, en þar eru á ferðinni málefni sem eru bæði tryggingafræðilegs og fjármálalegs eðlis."

Það var ekki verkefni þeirrar nefndar sem ræddi um málin að huga að slíkum skipulagsmálum, en það má benda á að annars staðar hefur það verið kannað hvort ekki sé tímabært að sameina eftirlitsstofnanir á fjármálasviði, þ.e. bæði með bönkum, lífeyrissjóðum og tryggingafélögum og það hefur þegar verið gert í Dan-

mörku, Noregi, Svíþjóð, Kanada og víðar. Og ég vil þess vegna spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. sem er þá þriðja spurningin til hans: Hefur það verið kannað að í staðinn fyrir að vera með tryggingaeftirlit inni í vátryggingalögunum sjálfum verði til eftirlitsstofnun með allri starfsemi á fjármálasviði, hvort sem það eru bankar, tryggingafélög eða lífeyrissjóðir? Ég held, svo að ég láti mína skoðun koma fram á þessu máli, að það væri æskilegt ef hv. heilbr. og trn. athugaði það mjög rækilega hvort það er ekki skynsamlegt að sameina þessar stofnanir. Og ég spyr ráðherra hvort þetta hafi verið kannað sérstaklega. Mér fyndist reyndar líka, virðulegi forseti, koma til greina að hafa ákvæðin um Tryggingaeftirlitið í sérlögum frekar en inni í hinum almennu vátryggingarlögum. Fyrir því eru einfaldlega þau rök að þessi stofnun þarf að vera sjálfstæð og óháð tryggingafélögunum, algerlega sjálfstæð og óháð tryggingafélögunum. Ég tel að það sé slæmt að láta sér til hugar koma að tryggingafélögin eigi mann sem stjórnar Tryggingaeftirlitinu. Menn geta tekið samanburð úr hinu almenna réttarkerfi þeim efnum. Ég tel að menn komist fljótlega að þeirri niðurstöðu að það sé ekki skynsamlegt að þeir sem maður á að hafa eftirlit með stjórni stofnuninni sem hefur eftirlit með þeim. Það er að vísu athyglisverð hugmynd í sjálfu sér og mætti kannski ræða hana við tækifæri í almennu heimspekilegu samhengi en ég hygg að það eigi ekki við hér þar sem um er að ræða hinn harða heim fjármálanna. Þess vegna verð ég að segja það fyrir mitt leyti, að ég tek mjög sterklega undir þau varnaðarorð sem forstjóri Tryggingaeftirlitsins lætur koma fram í sérstakri greinargerð sem birt er með frv. þessu.

Í umsögn um frv. til laga um vátryggingarstarfsemi sem birtist frá fjmrn., fjárlagaskrifstofu, er fjallað um kostnað vegna frv. fyrir ríkið. Það er í sjálfu sér ekki mjög ítarlegt plagg frá fjmrn. og segir ekki neitt út af fyrir sig annað en það sem liggur í augum uppi, nema þarna stendur: Líkur eru á að iðgjöld lækki vegna aukinnar samkeppni þegar til lengri tíma er litið. Menn geta svo sem trúað þessu ef þeir vilja, en mér finnst dálítið hæpið að slá þessu föstu eða leiða að því líkum með þessum hætti í umsögn frá fjmrn.

Þá kem ég að því sem ég nefndi áðan að mér finnst að það vanti upplýsingar um það hvaða áhrif þetta hefur á tryggingamarkaðinn í dag, ekki aðeins réttarstöðu neytenda heldur líka greiðsluskyldur þeirra vegna stóraukinna krafna um gjaldhæfi og eiginfjárstöðu vátryggingarfélaganna. Þessum athugasemdum vildi ég koma á framfæri, virðulegi forseti, og segja það síðan að ég tel auðvitað sjálfsagt mál að frv. fái mjög rækilega meðferð í hv. heilbr.- og trn. Það er útilokað annað en nefndin taki sér talsverðan tíma í að ræða þetta mál. Þetta er ekki mál sem má kasta til höndunum heldur þurfa menn að vanda sig í einstökum atriðum vegna þess að hér er um að ræða svið sem snerta mikilvæga þætti þjóðlífsins og það getur ekki verið ætlun ráðherrans að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi vegna þess hvað það er seint lagt fram. Það hlýtur því að vera ætlunin að gefa nefndinni góðan tíma til að skoða málið og ég held að það sé til fyrirmyndar að leggja mál fram á einu þingi en ætlast svo kannski til að það sé afgreitt á því næsta vegna þess að hér er um að ræða svo flókið mál að það er engin sanngirni að ætlast til þess að Alþingi afgreiði þetta ásamt tugum annarra mála sem hafa hrúgast hérna inn á borð þingmanna núna síðustu daga eftir að sex mánaða fresturinn til framlagningar þingmála rann út.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í ræðu hæstv. heilbr.- og trmrh. og máli hv. 9. þm. Reykv., þá er hér um gríðarlega yfirgripsmikið og flókið mál að ræða og því eðlileg krafa í sjálfu sér að málið sé tekið til mjög rækilegrar umfjöllunar í heilbr.- og trn. Aðdragandi málsins er langur. Fyrrv. heilbrrh., Guðmundur Bjarnason, skipaði nefnd til þess að endurskoða þess lög. Nú liggur sú niðurstaða fyrir. Hún gerir ráð fyrir algerum grundvallarbreytingum á vátryggingarstarfseminni í landinu eða a.m.k. tekið til svo margra þátta að um grundvallarbreytingu á þessari starfsemi er að ræða. Margt af því sem fram kemur í þessu frv. tel ég til mikilla bóta og væri fengur í að yrði lögfest sem allra fyrst. Hins vegar er ýmislegt annað sem ber að skoða alveg sérstaklega og ígrunda mjög vel áður en menn ákveða að festa það lög.

Það er einkum þrennt sem ég held að hafa verði í huga þegar menn velta því fyrir sér hvað átt er við þegar um vátryggingarstarfsemi er að ræða. Í fyrsta lagi það hversu víðtæk sú vernd er sem gert er ráð fyrir að vátryggingarfélag taki að sér í raun og veru. 1. gr. þessa frv. gerir ráð fyrir því að lögin gildi um vátryggingarstarfsemi í víðasta samhengi ef ég skil frv. rétt. Síðan er í 2. gr. frv. gert ráð fyrir því hvað vátryggingarverndin í raun og veru takmarki, þ.e. um hvað lögin gildi ekki. Það er um eftirlaunasjóði, lífeyrissjóði, sjúkrasjóði einstakra atvinnustétta starfshópa og fyrirtækja eða um Tryggingastofnun ríkisins. Þarna finnst mér að menn séu að nokkru leyti að rugla saman tveimur nokkuð óskyldum hlutum, annars vegar starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og hins vegar því hvort lögin geti hugsanlega gilt um starfsemi eftirlaunasjóða, lífeyrissjóða og sjúkrasjóða og geri þá nokkurn greinarmun á því hvað Tryggingastofnun ríkisins annars vegar gerir og svo hver er starfsemi þeirra stofnana sem þarna eru taldar upp eins og eftirlaunasjóðir, lífeyrissjóðir og sjúkrasjóðir, en geri mér þó alveg grein fyrir því að það skiptir náttúrlega höfuðmáli hvert yrði rekstrarform viðkomandi eftirlaunasjóða, lífeyrissjóða eða sjúkrasjóða. Ég geri mér grein fyrir því að það gæti ekki gilt í dag eða vátryggingarfélag gæti ekki rekið og getur ekki rekið lífeyristryggingar eða starfsemi lífeyrissjóða nema slíkur aðili væri alveg sérstaklega að lögum þannig að færi illa fyrir viðkomandi vátryggingarfélag, þá í raun og veru stæði sjóðmyndunin eftir sem áður til staðar til að tryggja verndina, en starfsemin gæti engu að síður verið í höndum vátryggingarfélagsins.

Í öðru lagi finnst mér rétt að menn hafi það í huga þegar talað er um vátryggingarstarfsemi hvernig þau fyrirtæki sem starfandi eru á sviði vátrygginga séu í

raun og veru í stakk búin til þess að standa undir þeirri vernd sem þau í tryggingaskilmálum sínum taka að sér. Og þá kem ég að því sem mér finnst vera mikilvægt í þessu frv. og sé á margan hátt mjög til bóta að það er verið að tryggja réttarstöðu einstaklingsins gagnvart þeim fyrirtækjum sem taka að sér þessa starfsemi og kem kannski inn á það aðeins síðar.

Í þriðja lagi þurfa menn auðvitað að velta því fyrir sér hver er réttarstaða einstaklingsins gagnvart vátryggingarfélagi og gagnvart því félagi sem það hefur falið sína vátryggingu. Við þekkjum mjög mörg dæmi, mjög margar sögur um það að einstaklingur sem lendir eða verður fyrir tjóni þarf að sækja sér rétt gagnvart vátryggingarfélaginu er í engri stöðu til þess að sækja sinn rétt eða a.m.k. í mjög mörgum tilfellum. Þó svo að skilmálarnir séu skýrir, þá er það svo að vátryggingarfélagið getur undir mjög mörgum kringumstæðum boðist til þess að semja um hlutina eða, sé ágreiningur um málið, hversu viðtæk verndin sé, þá sé málinu vísað til dómstóla sem tekur mjög langan tíma og viðkomandi einstaklingur getur í fyrsta lagi kannski alls ekki staðið undir kostnaði við málflutninginn og í öðru lagi getur ekki skaða síns vegna sem hann hefur orðið fyrir beðið eftir því að niðurstaða af dómsmálinu liggi fyrir þannig að hann hafi ekki getað fullkomlega sótt sinn rétt. Því spyr ég hæstv. heilbr.- og trmrh. hvað það sé í þessu frv. sem tryggir réttarstöðu einstaklingsins betur til að sækja sinn rétt gagnvart vátryggingarfélagi. Ég geri mér grein fyrir að það eru gerðar auknar kröfur til starfsemi félaganna hvað gjaldþol og greiðsluþol snertir. En það er snýr að vátryggingarverndinni sem slíkri, þ.e. að réttarstaða einstaklings sé bætt til að sækja sinn rétt, ég kem ekki auga á það í frv. nema ef vera kynni að það væri sú neytendamáladeild sem gert er ráð fyrir að starfi við Tryggingaeftirlitið, hún eigi að aðstoða í þessum efnum. Það kann vel að vera en við verðum að hafa það í huga og ég held að það sé rétt munað hjá mér að það hefur verið starfandi í mjög langan tíma á vegum Tryggingaeftirlits ríkisins sérstök neytendamáladeild sem hefur liðsinnt einstaklingunum í þessum efnum en það er enginn úrskurðaraðili til í þessum efnu. Það er einstaklingsins að sækja sinn rétt gagnvart tryggingafélaginu og eins og ég segi, hann er oft og tíðum í mjög erfiðari aðstöðu til þess arna.

Það er margt athyglisvert í sérálíti Erlendar Lárussonar um skipun vátryggingareftirlitsins. Ég ætla ekki að fara sérstaklega ofan í það mál hér. Hv. 9. þm. Reykv. gerði glögga grein fyrir því. Ég held að það sé full ástæða til að taka fullt tillit til margs sem þar er lagt fram. Það sem mér þykir þó vera mjög mikilvægt í þessum efnum er það að um leið og verið er að opna fyrir aukna starfsemi vátryggingarfélaga, t.d. með því að taka í auknum mæli þátt í atvinnulífinu sem mér finnst að mörgu leyti vera mjög gott, það er mikilvægt að geta fengið tryggingafélögin sem oft og tíðum eru ágætlega stæð til þess að taka þátt í og efla atvinnulífið í landinu, þá er auðvitað mjög mikilvægt að Tryggingaeftirlitið sem slíkt geti haft þau tæki og þann aðgang að upplýsingum, ekki bara móðurfélagsins, vátryggingarfélagsins sem slíks, heldur allra þeirra fyrirtækja. Eins og ég skildi hæstv. ráðherra hér áðan, þá er verið að opna með frv. — ég les það a.m.k. sjálfur út úr því — fyrir þann möguleika að vátryggingarfélagið sem slíkt geti í raun og veru haft aðgang að öllum þessum fyrirtækjum til þess að leita upplýsinga hver staða þeirra sé vegna þess að það eru engin takmörk a.m.k. í frv. sem gera ráð fyrir því, eða ég kom a.m.k. ekki auga á það, að viðkomandi vátryggingarfélag reyni ekki að eignast meira en ákveðinn hluta í viðkomandi félagi sem hugsanlega gæti farið í gjaldþrot og um leið gæti það orðið til þess að þeir sjóðir sem viðkomandi vátryggingarfélag telur sig eiga í viðkomandi fyrirtæki séu ekki þessi virði sem þeir eru taldir í reikningum vátryggingarfélagsins vegna þess að fyrirtækin séu gjaldþrota. Þetta finnst mér vera mikilvægt atriði að þarna sé leið opnuð fyrir Tryggingaeftirlitið að hafa eftirlitið með fyrirtækjunum sem vátryggingarfélögin eiga líka í. Kröfur um gjaldþol og greiðsluþol, ég skildi hæstv. ráðherra með þeim hætti hér í sinni framsögu að það yrðu gerðar auknar kröfur í þeim efnum. Það kom ég ekki auga á að væru neinar sérstakar kvaðir settar í frv. sérstaklega, þ.e. hvar þetta skyldi vera.

Varðandi það sem ég minntist á um 2. gr. frv., um lög er þetta frv. nær ekki til, t.d. um starfsemi eftirlaunasjóða, þá spyr ég hæstv. ráðherra. Vátryggingarfélag gæti ekki rétt átt hlut í eftirlaunasjóður launafólks, sem rekinn væri sem sjálfstætt hlutafélag, sjálfstæður lögaðili, eða tekið að sér þá vátryggingu sem viðkomandi eftirlaunasjóður ætti að kaupa gagnvart sínum umbjóðendum. Ég trúi ekki öðru en það sé með þeim hætti. Líftryggingafélögin sem eru alveg sérrekstrareiningar oft og tíðum við hlið vátryggingarfélags geta rekið eftirlaunasjóði, þau geta rekið lífeyristryggingar og þar fram eftir götunum.

Ég minntist á það í upphafi að það væri mikilvægt að gera sér grein fyrir því hversu víðtæk sú vernd væri sem menn ætluðust til að vátryggingarfélögin tækju að sér. Mér sýnist með þessu frv. að ekki sé á neinn hátt verið að auka eða víkka út vátryggingarverndina sem slíka og því spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann telur að það væri í samræmi við þetta frv. ef vátryggingarfélag t.d. færi að bjóða vátryggingu á gjaldþroti einstaklinga eða greiðslufalli einstaklinga sem vegna atvinnumissis, það yrði örugglega mjög hátt iðgjald og ekki nú síst hér á landi sem atvinnuástand er mjög ótryggt, þá yrði iðgjald slíkrar tryggingar að vera gríðarlega hátt en gæti vátryggingarfélag samkvæmt þessu frv. boðið slíka vernd, þ.e. vernd gagnvart gjaldþroti einstaklinga eða greiðslufalli á lánum einstaklingsins gagnvart bönkum, gagnvart Húsnæðisstofnun ríkisins og þar fram eftir götunum? Þá á ég við það að ef viðkomandi aðili mundi missa atvinnuna, mundi missa heilsu, verða fyrir slysi, verða varanlegur öryrki. Samrýmist það þessu frv. verði það að lögum að vátryggingarfélag geti boðið slíka vernd?

Ég minntist á það og tel það vera mikilvægt og vera kost þessa frv. að það er gert ráð fyrir því að vátryggingarfélögin geti tekið að sér umfangsmeiri starfsemi

og þátt í umfangsmeiri starfsemi heldur en þau hafa gert hingað til, orðið virkari þátttakendur í atvinnulífinu. Það er kostur. Við þurfum að fá fleiri aðila þar að til þess að styrkja eiginfjárstöðu atvinnulífsins en áhættan er auðvitað nokkuð mikil og þá kem ég að því sem ég taldi kannski langstærsta kost frv. í þessu samhengi en það er að Tryggingaeftirlitið hafi þá betri aðgang.

Málið er flókið. Það þarf víðtækar skoðanir nefnd án þess að það séu nokkrar hugsanir uppi í þeim efnum að tefja fyrir málinu. Eins og ég segi, það er margt í þessu frv. sem er mikilvægt og margt af því væri nauðsynlegt að fá nú þegar inn í lög. Aðrir hlutir orka tvímælis og ber sérstaklega að skoða.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. sem hafa tekið til máls fyrir gagnlegar ábendingar og jákvæða afstöðu til frv. Ég vildi aðeins biðja um að hv. 9. þm. Reykv. yrði látinn vita af því að ég vildi gjarnan svara þeim spurningum sem hann lagði fram og að hv. 9. þm. Reykv. yrði viðstaddur þegar það væri gert.

Á meðan beðið er eftir hv. 9. þm. Reykv. er best að svara nokkrum spurningum hv. 11. þm. Reykv. Hann spyr: Hvað er það í frv. sem bætir réttarstöðu vátryggingartakans? Út af fyrir sig má segja að nærfellt allar greinar frv. bæti réttarstöðu vátryggingartakans á einhvern hátt vegna þess að hér er fyrst og fremst um að ræða neytendafrv., þ.e. frv. sem er ætlað að verja réttindi vátryggingartakans. Það er gert með stórauknu eftirliti af hálfu Tryggingaeftirlitsins sem frv. þetta fjallar um. En sem dæmi um þá réttarbót, sem verið er að gera gagnvart vátryggingartakanum sjálfum persónulega, bendi ég á ákvæði 21. gr. þar sem kveðið er á um skyldu vátryggingarfélaga til að heimila almenningi aðgang að upplýsingum um stöðu viðkomandi vátryggingarfélags svo að menn geti gert sér grein fyrir hvort menn séu að taka á sig einhverja áhættu með að kaupa tryggingu hjá viðkomandi félagi. Þetta er nýmæli. Ég bendi einnig á allan VII. kafla frv. sem fjallar um miðlun, umboð og sölu vátryggingar. Þar er gert ráð fyrir því að leggja ýmsar kvaðir á þá sem vátryggingar selja hvort sem um er að ræða vátryggingarfélag, umboðsmann, sölumann eða miðlara til að veita þeim, sem ætlar að taka vátryggingu, allar þær upplýsingar sem hann þarf á að halda og að þessir aðilar fullnægi kröfum sem gerðar eru til þeirra í frv. um menntun í starfi og um upplýsingaskyldu gagnvart tryggingartakanum. Hér er því bæði um að ræða mjög aukinn rétt tryggingartakanna sem heildar í gegnum aukið eftirlit og auk þess hvers og eins.

Ég sný mér þá að að svara þeim spurningum sem hv. þm. Svavar Gestsson lagði fram. Í fyrsta lagi ætla ég að taka fram að það er ekki tilgangur minn að frv. verði afgreitt fyrir vorið. Ég legg það fram til að hv. heilbr.- og trn. og meðlimir hennar geti hafið skoðun frv. Ef hægt væri að ná um það samkomulagi við þá vildi ég gjarnan að þeir gæfu sér einhvern tíma í sumar til að skoða frv. nánar með það að markmiði að við sammæltumst um að reyna að afgreiða það á þessu ári sem lög. Það er alveg rétt sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði að þó svo Evrópskt efnahagssvæði spili talsvert inn í þetta frv. þá eru ýmsir aðrir þættir sem er nauðsynlegt að afgreiða sem horfa til breytinga til mikilla bóta á lögum um vátryggingarstarfsemi á Íslandi gjörsamlega án tillits til þess hvort um er að ræða Evrópskt efnahagssvæði eða ekki. Ég held því að það væri alfarið til bóta, alveg sama frá hvaða sjónarmiði menn horfa á það, ef unnt væri að ná samkomulagi um að menn reyndu að afgreiða frv. fyrir lok ársins. Ég ítreka að ég ætla mér ekki að leggja áherslu á það við heilbr.- og trn. að málinu verði lokið fyrir vorið.

Þá vil ég snúa mér að þeim spurningum sem hv. þm. lagði fram. Hann spurði: Eru horfur á að einhverjar breytingar verði á starfsemi tryggingafélaga á Íslandi við samþykkt þessa frv.? Svo er ekki. Tryggingafélögin hafa að sjálfsögðu vitað um þær breytingar sem til standa því að þau hafa fylgst með samningu frv. og þau hafa fylgst með þeim kvöðum sem verið er að leggja á vátryggingarfélög á Íslandi með aðild að Evrópsku efnahagssvæði. Þau hafa því á undanförnum missirum og árum verið að búa sig undir þessar breytingar. Öll stærri félögin eru þegar í stakk búin til að uppfylla allar þær kvaðir sem þarna er um að ræða. Hins vegar uppfylla fjögur lítil skaðatryggingafélög og fjögur lítil líftryggingafélög ekki skilmálana eins og sakir standa. Ef minnst er sérstaklega á skaðatryggingafélögin þá held ég að ég muni rétt að aðeins tvö af vélbátaábyrgðarfélögunum, þ.e. Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga og Vélbátaábyrgðarfélag Eyfirðinga, gætu staðist þær kröfur sem verið er að gera með þessu frv. en hin vélbátaábyrgðarfélögin uppfylla ekki þá skilmála að óbreyttu. Niðurstaða mín er sú að ekki verði um verulegar breytingar á starfsemi tryggingafélaga á Íslandi að ræða með samþykkt þessa frv., þau hafa þegar búið sig undir þær breytingar sem þá yrðu.

Í öðru lagi var spurt um upphæð iðgjalda. Það eina sem liggur fyrir er að líkur eru á því að hækkun á eftirlitsgjaldi, þ.e. kostnaði Tryggingaeftirlitsins sem tryggingafélög og þar með tryggingatakar greiða, yrði líklega um einn þriðja. Ég tel þó harla ólíklegt að það leiði til hækkunar á tryggingariðgjöldum, einfaldlega vegna þess að eins og frá fjárlögum er gengið þá er gert ráð fyrir að Tryggingaeftirlitið skili allverulegum fjárhæðum í ríkissjóð, þ.e. það sem kallað hefur verið greiðsla á lífeyrissjóðsskuldbindingum. Fjárlögin gera ráð fyrir því að Tryggingaeftirlitið innheimti hjá vátryggingarfélögunum mun hærra gjald en Tryggingaeftirlitið þarf fyrir eigin rekstrarkostnaði.

Verði frv. samþykkt eins og vonandi stendur til verða tekin af öll tvímæli um að slík gjaldtaka af Tryggingaeftirlitinu væri ekki heimil. Tryggingaeftirlitið ætti eingöngu að innheimta hjá vátryggingarfélögum eftirlitsgjald sem nægði til að standa undir rekstri Tryggingaeftirlitsins. Ég gæti trúað án þess að ég hafi haft aðstöðu til að fletta því upp að það væri álíka og heildarinnheimtan er hjá Tryggingaeftirlitinu nú miðað við fjárlögin að samanlögðum þörfum Tryggingaeftirlitsins og skilum á gjaldi til ríkissjóðs. Ég sé ekki að frv. mundi leiða til neinnar iðgjaldahækkunar

per se eins og það liggur fyrir. Ég vil hins vegar engu spá um það, það er spásögn sem menn geta haft skiptar skoðanir um, hvort breytingar, sem gerðar eru með frv. og samningnum um Evrópskt efnahagssvæði verði til að auka samkeppni og lækka iðgjöld. Um það verður reynslan að dæma.

Ég fjallaði í framsöguræðu minni mjög ítarlega um sérálit Erlends Lárussonar. Það hefur sjálfsagt farið fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni, en ég sagði m.a. að ég hefði tekið þá ákvörðun að leggja frv. fram eins og meiri hluti nefndarinnar hafi gengið frá því. Það gerði ég í samráði við Erlend Lárusson en ég lýsti því sérstaklega yfir og tek undir margt af því sem hv. þm. sagði að ég óskaði sérstaklega eftir því að heilbr.- og trn. skoðaði ágreininginn á milli formanns nefndarinnar og meiri hlutans. Ég lýsti því yfir að ég væri ekki síður reiðubúinn til þess að standa að frv. með þeim breytingum sem Erlendur Lárusson lagði til enda þótt ég hefði talið réttara að leggja frv. fyrir Alþingi eins og nefndin og þar með meiri hluti nefndarinnar gekk frá því. Ég vísa þessu til skoðunar heilbr.- og trn. og get tekið undir margt af því sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði um það efni og ætla ekki að ítreka það.

Síðan kemur mál sem bæði hv. þm. Svavar Gestsson og hv. 11. þm. Reykv. ræddu um og það var um eftirlitsþátt Tryggingaeftirlitsins gagnvart lífeyrissjóðunum og ef ég mætti bæta við sjúkrasjóðunum líka. Svo vill nefnilega til að það er eftirlit með lífeyrissjóðum. Ég held ég muni rétt að fjmrn. á að hafa eftirlit með lífeyrissjóðunum. En enginn hefur eftirlit með sjúkrasjóðunum. Meira að segja eru dæmi um að félagsmenn í stéttarfélögum fái ekki upplýsingar þó að þeir biðji um ársreikninga sjúkrasjóða og hvað við þá hefur verið gert. Ég tel þetta ekki eðlilegt. Ég tel eðlilegt að fella bæði eftirlaunasjóði, þar á meðal lífeyrissjóðina, og sjúkrasjóði undir opinbert eftirlit. Mér finnst rétt að það eftirlit sé á vegum Tryggingaeftirlitsins. Hins vegar hafa formælendur lífeyrissjóðanna, svo maður tali nú ekki um formælendur sjúkrasjóðanna, lýst sig algerlega andvíga slíku. Eins og í svo mörgum öðrum málum hafa menn hreinlega ekki lagt í það að ganga gegn vilja svo áhrifamikilla aðila sem forráðamenn lífeyrissjóðanna og sjúkrasjóðanna eru en það eru eins og allir vita einir helstu valdamenn í landi hér. Þeir hafa lagst mjög eindregið gegn því að sjóðirnir yrðu teknir undir opinbert eftirlit. Ég er alveg sammála og vona að það hafi verið skoðun hv. 9. þm. Reykv. og hv. 11. þm. Reykv. beggja að það bæri að gera. Ég er mjög sammála því. Ég tók líka fram í ræðu minni að ég teldi meira en koma til álita að sameina bankaeftirlitið og Tryggingaeftirlitið í eina stofnun. Það hefur verið kannað á vegum heilbrrn. en gegn því er líka andstaða, m.a. í hópi tryggingafélaganna.

Þá kemur líka upp álitamál sem hv. 11. þm. Reykv. gat um. Ef ekki er eftirlit af hálfu hins opinbera með eftirlaunasjóðum, hvað gerist þá ef vátryggingarfélag, sem er undir opinberu eftirliti, er aðili að hlutafélagi um eftirlaunasjóð? Þá sýnist mér að það mundi gerast samkvæmt lögunum að Tryggingaeftirlitið öðlaðist í gegnum vátryggingarfélagið eftirlitsrétt með viðkomandi eftirlaunasjóði vegna þess að frv. gerir ráð fyrir því að allur hliðarrekstur á vegum vátryggingarfélags sé eftirlitsskyldur eða geti verið það. Þá eru menn raunverulega komnir í mótsögn við sjálfa sig ef svo fer fram. Sýnir það að sjálfsögðu enn ríkari þörf á því að hafa sjóðina undir sama eftirlitskerfi og aðra vátryggingarstarfsemi.

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin. Mér fannst þau skýr og mikilvægt sem hann sagði að hann væri ekki að gera tillögur um að þetta mál yrði lagt fyrir til þess að verða afgreitt á þessu þingi heldur væri málið fyrst og fremst lagt þannig fram að hv. heilbr.- og trn. gæti byrjað skoðun á því með hliðsjón af því að jafnvel tækist að ljúka því fyrir næstu áramót. Ég verð að segja að mér finnst skynsamlegt að standa þannig að málum ef samkomulag getur tekist um þá vinnu í nefndinni sem óhjákvæmileg er í þessu viðamikla frv.

Ég tel að einnig hafi komið fram mikilvægar upplýsingar í máli hæstv. heilbr.- og trmrh. að því er varðar áhrifin á tryggingamarkaðinn hér. Auðvitað er ljóst eins og hæstv. ráðherra nefndi að nokkur tryggingafélög eða ábyrgðarfélög munu ekki standast þær kröfur sem verið er að gera. Það á við bátaábyrgðarfélögin og það á við einhver líftryggingafélög. Ég tel líka mjög mikilvægt að frv. er einmitt lagt fram með hliðsjón af því að ég geri ráð fyrir að vilji Alþingis standi til þess að öll þessi félög öll séu þannig að þau séu örugg fyrir viðskiptamenn sína og þess vegna hljóti forráðamenn þeirra nú á næstu mánuðum að búa sig undir að nýtt frv. um þetta efni verði að lögum þannig að þessi líftryggingafélög og bátatryggingarfélög lagi sig að þeim veruleika sem er bersýnilega fram undan að því er varðar löggjöf og hefði örugglega orðið veruleikinn hvort sem Ísland hefði orðið aðili að hinu Evrópska efnahagsfélagi eða ekki. Það er auðvitað mikilvægt almennt hagsmunamál þjóðarinnar að tryggingastarfsemi sé örugg, tryggingafélögin séu örugg og að ekki sé verið að selja þar tryggingar sem tryggingafélögin standa ekki undir.

Samkvæmt upplýsingum hæstv. ráðherra gerir hann ekki ráð fyrir því að tryggingaeftirlitsgjaldið hækki. Þvert á móti segir hann að sú hækkun sem hugsanlega þyrfti vegna aukinnar starfsemi eftirlitsins muni ekki koma fram gagnvart neytendum fyrst og fremst vegna þess að ekki verði gert ráð fyrir að Tryggingaeftirlitið greiði peninga í ríkissjóð. En eins og þetta er núna í fjárlagafrv., ég geri ráð fyrir að það sé eins í fjárlögum, tekur eftirlitsgjaldið inn um 26–27 millj. kr. og af því fara 5 millj. í ríkissjóð. Það er auðvitað greinilegt að miðað við þessi ákvæði frv. ætti tæplega að koma til þess að aukin starfsemi Tryggingaeftirlitsins, sem er örugglega alveg óhjákvæmileg í framhaldi af samþykkt þessa frv., ætti ekki að þýða hækkun iðgjalda ein út af fyrir sig. Hins vegar eru auðvitað vissar kröfur varðandi önnur fjármál tryggingafélaganna sem gætu leitt til þess í einstökum tryggingaflokkum að félögin teldu óhjákvæmilegt að hækka hjá sér iðgjöldin. Út af

fyrir sig er erfitt að spá um það á þessu stigi málsins en það er auðvitað eitt af því sem hv. heilbr.- og trn. þyrfti að skoða hvort einhver af þessum þáttum verður til þess að hækka gjöldin.

Ég tel að það sé mjög mikilvægt sem hafði farið fram hjá mér í framsöguræðu heilbr.- og trmrh. að hann tekur að mörgu leyti undir þau sjónarmið sem fram koma hjá Erlendi Lárussyni. Ég segi fyrir mig að ég er þeirrar skoðunar að skynsamlegt sé að eftirlit með þessum aðilum öllum sé á einum og sama staðnum. Það er auðvitað alveg rétt sem hæstv. ráðherra segir að forustumenn lífeyrissjóðanna hafa kannski ekki haft mjög mikinn áhuga á því að fá yfir sig einhverja eftirlitsstofnun. En ég held að það sé nú bara eitt af því sem þeir verða að sætta sig við. Slík stofnun þarf að vera til. Ég tel að það sé ekki gagnrýnivert að stjórnvöld hafa tekið tillit til þessara sjónarmiða lífeyrissjóðanna á undanförnum árum rétt eins og menn hafa t.d. gert í sambandi við Atvinnuleysistryggingasjóð, menn hafa tekið tillit til þessara sjónarmiða og þess vegna frestað því að framkvæma óhjákvæmilegar breytingar. Ég tel hins vegar að það sé stór spurning með hiðsjón af því að ekki er gert ráð fyrir að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi hvort ekki þyrfti að fara í gang undirbúningur á vegum ríkisstjórnarinnar að frv. til laga um heildareftirlitsstofnun með fjármálastarfsemi bæði vátryggingum, lífeyrissjóðum og bönkum. Þetta segi ég m.a. vegna þess, virðulegi forseti, að auðvitað hlýtur staða bankaeftirlitsins að vera til sérstakrar skoðunar í þinginu, m.a. með hliðsjón af því að fyrir þinginu liggur frv. til nýrra seðlabankalaga. Þess vegna er auðvitað eðlilegt í framhaldi af því að ríkisstjórnin flytur frv. bæði um Seðlabanka og um vátryggingarstarfsemi að kannað væri hvort hefja ætti starf á vegum viðkomandi aðila lífeyrissjóðanna, tryggingafélaganna og bankanna að undirbúningi frv. um eftirlitsstofnun með allri fjármálastarfsemi í landinu sem hafi heildaryfirlit yfir það og þá óháða stofnun.

Eins og kunnugt er hafa oft verið flutt á Alþingi frv. um sjálfstætt bankaeftirlit og mér sýnist að þau rök sem eru augljós, að draga vátryggingarstarfsemina og lífeyrissjóðina inn undir það eftirlit, bendi til þess að menn hljóti líka að fallast á það sem hafa t.d. verið sjónarmið okkar alþýðubandalagsmanna, mér liggur við að segja um áratuga skeið, að bankaeftirlitið á að vera sjálfstæð stofnun og ekki inni í Seðlabankanum eins og það er núna. Það kom kannski betur í ljós í Landsbankamálinu fyrir nokkrum dögum en nokkru sinni fyrr hvað það er brýnt að eiga sjálfstætt bankaeftirlit sem enginn segir fyrir verkum annar en bankaeftirlitið sjálft og fagleg sjónarmið þess.

Þetta með sjúkrasjóðina þekki ég ekki. Það er auðvitað mál sem er nokkuð vandmeðfarið hvernig á að meðhöndla. Þetta eru sjálfstæðir sjóðir. Það er til fullt af svona sjóðum inni í verkalýðsfélögunum í landinu og öðrum félögum líka, óhemja af alls konar sjóðum, jafnvel sjúkrasjóðum, styrktarsjóðum, sem eru til inni hjá almennum áhugamönnum, klúbbum af ýmsu tagi. Auðvitað er stórkostleg spurning hvort Alþingi á ekki og hefði ekki og ætti ekki fyrir löngu átt að vera búið að setja almennar reglur um starfsemi slíkra sjóða. Þá er ég ekki bara að tala um sjúkrasjóðina hjá verkalýðsfélögunum heldur fjölda annarra sjóða því að það er mjög skrýtið hvernig þessir sjóðir hafa sprottið upp fyrir góðan vilja, áhuga og af almennum mannúðarsjónarmiðum viðkomandi aðila. Síðan hafa þessir sjóðir dagað uppi, týnst og horfið með einhverjum hætti og þeir sem eiga í þeim peninga hafa ekki einu sinni fengið upplýsingar um það hvað er af peningum í sjóðnum.

Ég endurtek þakkir mínar til hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann gaf.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað. — [Fundarhlé.]

Umræður utan dagskrár.

Útboð opinberra aðila.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og áður hafði verið tilkynnt hefst nú utandagskrárumræða sem fram fer að beiðni hv. 3. þm. Suðurl. um útboð opinberra aðila og samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum fyrirtækjum. Þessi umræða fer fram skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapa og getur staðið í allt að hálftíma.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Íslenskur iðnaður stendur nú á þeim tímamótum að þurfa að mæta enn harðari samkeppni frá erlendum fyrirtækjum en áður. Aðstöðumunur erlendra og íslenskra fyrirtækja er mikill og meiri og fjölþættari en menn hafa kannski almennt gert sér grein fyrir og skulu nefnd hér nokkur dæmi um þessa mismunun.

Útboðsgögn opinberra aðila eru oft þannig upp byggð að gert er ráð fyrir og jafnvel beinlínis fyrirskipað að í verkin skuli notuð erlend vara þrátt fyrir að samsvarandi vara sé til frá innlendum framleiðendum. Erlenda varan fær oft aðra umfjöllun en innlend framleiðsla. Þannig er algengt að ekki sé athugað hvort erlendar byggingarvörur uppfylli þær kröfur sem gerðar eru á Íslandi til bygginga og byggingahluta þrátt fyrir að skilmerkilega sé tekið fram í byggingarreglugerð að byggingarfulltrúi skuli krefja hlutaðeigandi innflytjendur eða framleiðanda um vottorð frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins um að þær standist þær styrktar- og gæðakröfur sem gerðar eru á Íslandi. Verið er að flytja athugasemdalaust inn til landsins vörur frá nágrannalöndum okkar á lægri verði en þessar vörur eru seldar á í heimalandinu og dæmi eru til þess að stimplað hafi verið á erlendar verðskrár að verðin á Íslandi séu lægri en í heimalandinu.

Auk þessa er fjöldi annarra atriða sem snúa að rekstrarumhverfi fyrirtækjanna sem gerir aðstöðu erlendu fyrirtækjanna allt aðra og betri en innlendra fyrirtækja. Sem dæmi má nefna að lánstími fjárfestingar-

lána er víða erlendis tvöfalt lengri en hér, vextir á lánum lægri, lánin lántökugjaldslaus og lánshlutfallið mun hærra. Ef verið er að byggja upp iðnfyrirtæki í dreifbýli í þessum löndum eru sums staðar veittir sérstakir styrkir til uppbyggingarinnar sem geta numið allt að 35% af stofnkostnaðarverði. Fyrirtækin fá styrki og aðstoð við að þjálfa upp starfsmenn auk styrkja til vöruþróunar, skipulagsmála og hagræðingaraðgerða.

Þegar fyrirtækin vilja flytja út vöru er algengt að ríkið greiði 75% af kostnaðinum við sölumennskuna auk þess að fyrirtækjunum eru boðin hagstæð lán vegna útflutningsins. Öll tæknileg þjónusta og aðstoð vegna uppbyggingar og reksturs og nýsköpunar í fyrirtækjunum er auk þess mun viðameiri og betri en hér á landi og auðvelt er að fá styrki til að niðurgreiða þá þjónustu sem stofnanir veita þó að það sé kannski ekki endilega ódýrasta og skynsamlegasta leiðin.

Hér er aðeins bent á brot af þeirri mismunum sem fyrirtækin verða að búa við og hlýtur að vera brýnt fyrir íslenska aðila að kortleggja þennan mismun nánar ef við ætlum ekki að leggja af allan iðnað hér á landi. Sem frekari rökstuðning má nefna nokkur dæmi. Í Gerðahreppi er verið að byggja íþróttahús og voru tilboð opnuð í húsið 1. júní 1992. Á húsið var hannað þak með þakeiningum frá dönsku fyrirtæki. Á síðustu stundu gafst bjóðendum kostur á að bjóða aðrar þakgerðir sem frávik og einn bjóðenda bauð innlendar einingar, sömu gerðar og einingarnar sem settar voru á íþróttahúsið í Grafarvogi. Innlendu einingarnar áttu að vera á sama verði og dönsku einingarnar. Þrátt fyrir mikið atvinnuleysi á Suðurnesjum og hvatningarorð ráðamanna þar um eflingu íslensks atvinnulífs var ákveðið að velja erlenda vöru þrátt fyrir að samsvarandi innlend vara stæði til boða á sama verði. A.m.k. fóru sex mánuðir í árangurslausa leit Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins að upplýsingum varðandi þessar vörutegundir erlendis frá. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hefur enn ekki fengið upplýsingarnar eftir því sem ég best veit.

Annað dæmi. Verið er að byggja stúdentaíbúðir og leikskóla við Eggertsgötu í Reykjavík. Í útboðsgögnum er tekið fram að ákveðnir gluggar skuli vera í húsinu, þ.e. frá Velux í Danmörku, og tiltekið hvaða gerð skuli notuð nákvæmlega. Ekki er gefinn kostur á að nota aðra samsvarandi glugga. Þetta dæmi er enn nöturlegra fyrir þær sakir að þær gerðir sem voru tilteknar í útboðinu uppfylla ekki þær kröfur sem gerðar eru í verklýsingu til annarra glugga í húsinu og fyrirskipað er í byggingarreglugerð.

Þriðja dæmi. Póstur og sími eru að byggja við Ármúla 27 í Reykjavík. Í útboðsgögnum er tekið fram að einangrunargler skuli vera af gerðinni Thermopane frá Belgíu og gluggarnir frá Nordan í Noregi. Ekki er gefinn kostur á að nota aðra samsvarandi vöru.

Það er því spurning til hæstv. iðnrh. hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar hjá iðnrn. til þess að jafna aðstöðumun íslenskra og erlendra iðnfyrirtækja og koma í veg fyrir slíka mismunun þar sem erlendu vörunni er gert hærra undir höfði en íslensku vörunni, jafnvel í opinberum útboðum.

Að lokum má skjóta fram spurningu hvort það sé rétt að Iðnlánasjóður, sem byggður var upp með skattlagningu á iðnaðinn, sé í miklum mæli farinn að lána keppinautum iðnaðarins, heildsölum og innfytjendum, til fjárfestinga og jafnvel til rekstrar og er þá hægt að fá upplýst hverjum sjóðurinn hefur lánað sem ekki borga iðnlánasjóðsgjald.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Mér finnst það til fyrirmyndar hvort ekki væri heppilegra að ræða mál af því tagi sem hér er hreyft með þeim hætti að það sé tekið upp í fyrirspurnatíma eða að fram kæmi þáltill. um það hvaða skipan menn vilja hafa á þeim málum sem hér eru rædd. Að *mínu áliti ættu utandagskrárumræður fyrst og* fremst að snúast um mál sem koma skyndilega upp og krefjast skyndilegrar umræður. Fsp. í hnitmiðuðu formi í síðustu viku hefði t.d. án efa verið tekin fyrir í fyrirspurnatímanum í gær. Þáltill. gæfi svo betra svigrúm til umræðu.

En svo að ég snúi mér að efni málsins, þá er það svo að aðstöðumunur milli fyrirtækja er á ýmsa vegu milli ríkja. Það er rétt hjá málshefjanda að íslensk fyrirtæki hafa um sumt haft lakari samkeppnisaðstöðu en helstu keppinautar þeirra en einmitt nú í tengslum við fyrirhugaða þátttöku okkar í hinu Evrópska efnahagssvæði erum við að bæta samkeppnisstöðu okkar fyrirtækja með afnámi aðstöðugjalds, með lækkun tekjuskatts og með niðurfellingu vörugjalds af nokkrum mikilvægum vörum. Ég nefni þetta sem dæmi um breytingar sem huga þarf að. Þá erum við með styrktaraðgerðir við vöruþróunar- og markaðsstarf á vegum Iðnlána- og Iðnþróunarsjóðs, Iðntæknistofnunar, Útflutningsráðs og fleiri aðila. Auðvitað þyrfti og mætti gera betur í þessum efnum en það er reynt að nýta það fé sem til ráðstöfunar er þannig að það skili sem bestum árangri.

Nú er unnið að því að sameina Iðnlána- og Iðnþróunarsjóð í því skyni að efla þá enn frekar til stuðnings við vöruþróun og markaðsstarf á erlendum vettvangi. Ég bendi á að á fjárlögum þessa árs er sérstök fjárveiting að fjárhæð 50 millj. kr. til markaðsátaks á Evrópusvæðinu.

Varðandi útboð á vöru og þjónustu er frá því að segja að það eru ekki í gildi neinar reglur sem skylda kaupendur að kaupa íslenskt. Hins vegar hafa menn reynt að ná árangri í þessum efnum með því að vekja athygli á kostum þess að kaupa íslenskar vörur. Það er talið bæði af hálfu iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna að slíkar aðgerðir hafi skilað umtalsverðum árangri. Það meginsjónarmið á að ríkja hjá opinberum innkaupaaðilum að þeir velji frekar íslenska vöru að öðru jöfnu. Ég hef líka gert um það formleg tilmæli til allra ráðuneyta að þau kaupi fyrst og fremst íslenskar vörur þegar jafnræði er með því sem boðið er.

Það er rétt hjá málshefjanda að stundum virðast menn hafa sótt vatnið yfir lækinn og valið vöru frá fjarlægum löndum þótt sambærileg vara hafi verið hér til, framleidd af íslenskum fyrirtækjum á svipuðu verði.

Við í iðnrn. höfum haft afskipti af slíkum málum og reyndar náð nokkrum árangri, þótt ég vilji hér ekki rekja dæmi þess. Fullyrðingar um að ófullnægjandi gæði erlendrar byggingarvöru sem hér er boðin get ég ekki staðfest. Ég vil aðeins geta þess að nú er verið að undirbúa aukið markaðseftirlit með slíkum varningi um leið og samræmt gæðavottunarkerfi tekur gildi með EES-samningunum.

Ég get heldur ekki tekið undir fullyrðingar um að vara sé seld ódýrar hingað en í heimalandinu. En ég get þess að í okkar útflutningi er einnig algengt að mismunandi verð gildi á mismunandi markaðsvæðum.

Ég þekki ekki þau einstöku dæmi sem málshefjandi hefur gert hér að umtalsefni þar sem gerð sé krafa um sérstaka erlenda vöru í útboðum enda þótt samsvarandi hlutir séu framleiddir á Íslandi. Ég tel það vítavert ef þannig er að verki staðið og tel að viðkomandi stofnanir verði að gera grein fyrir ástæðum þessa. En ég tek það fram að mér hefur ekki gefist kostur á að kanna þessi dæmi nánar. Ég hygg þó að hér muni einkum um að kenna að viðkomandi ráðgjafar hafi ekki þekkt það almenna verklag sem á að gilda í útboðum vegna opinberra innkaupa. En ég vil taka það fram að um þessar mundir er einmitt verið að setja formlegar reglur á vegum Innkaupastofnunar ríkisins, sem að sjálfsögðu stafar í umboði fjmrh., til þess að útiloka dæmi af því tagi sem málshefjandi nefndi. Það er sannarlega þakkarvert að benda á framkvæmd sem er gagnrýni verð.

Þá spurði málshefjandi hvaða aðgerðir væru fyrirhugaðar af hálfu iðnrn. til að jafna aðstöðumun íslenskra og erlendra fyrirtækja. Ég hef þegar svarað því að einmitt núna er verið að gera sérstakt átak til þess að bæta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart fyrirtækjum í öðrum ríkjum EES. Við munum halda því starfi áfram eftir því sem fjármunir fást til þess.

Ég vil líka taka það fram, vegna þess sem hér er hreyft um útboðin, að nýlega flutti ég á þingi frv. til laga um framkvæmd útboða, m.a. í framhaldi af þáltill. sem m.a. hv. 4. þm. Norðurl. v. stóð fyrir í fyrravor. Útboðsmál sem oft hafa verið rædd á þinginu hafa nú fengið að mínu áliti heppilegan farveg. Þar verða settar skýrar reglur um margt sem tengist opinberum útboðum.

Þá spurði málshefjandi um lánveitingar Iðnlánasjóðs. Ég vil í því sambandi, virðulegi forseti, leyfa mér að benda á að yfirlit um þær fylgir ársskýrslu sjóðsins. Hún verður send öllum þingmönnum á mánudag.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim sem hóf þessa umræðu vegna þess að hún kemur inn á það ástand sem er hér á landi og sem við ætlum raunar að ræða í dag um sjávarútvegsmál. Það er atvinnuástandið í landinu. Þegar, eins og málshefjandi upplýsti áðan, það gerist ítrekað að erlend vara er tekin fram yfir innlenda vöru sem er bæði sambærileg að gæðum og verði þá er það náttúrlega mjög alvarlegt mál. En ég vil einnig benda á að það virðist vera að þróunin sé einmitt í þá átt að erlenda varan, sem verið er að flytja inn, sé jafnvel ódýrari en það sem við getum fengið hér á landi. Það er svo sem hægt að nefna ýmis dæmi um það þó að það sé ekki eins og þau dæmi sem hann var að nefna. Nýjustu fréttir sem ég hef heyrt t.d. um kók er það að það sé farið að flytja það inn blandað og það sé ekki lengur blandað hér á landi. Nú heyrði ég þetta aðeins í gær þannig að ég hef ekki náð að kanna það en það er alvarlegt mál ef ekki er einu sinni hægt lengur að nota okkar íslenska vatn til framleiðslu vegna þess að þá er varan orðin dýrari hér á landi. E.t.v. veit hæstv. iðnrh. um þetta mál.

Þetta kemur einnig inn á það að við erum sífellt að auka frelsi fólks til þess að velja. Það er enginn sem skyldar aðila til þess að taka frekar innlent þó að það sé sífellt verið að hvetja til þess. Frelsið er nefnilega orðið þannig og verður áfram þannig, það eykst með EES, að það má alveg eins búast við því að menn kaupi hluti erlendis frá ef þeim sýnist svo. Það er ekkert sem skyldar þá til þess að kaupa þá frekar á Íslandi, því miður. Skýrsla sem Landssamband iðnaðarmanna gaf út um iðnaðarhorfur sýnir að störfum í iðnaði hefur farið fækkandi á síðustu árum. Það er hér súlurit sem sýnir fækkunina frá árinu 1992 og áætlaða fækkun 1993 og menn geta séð hvað síðasta súlan sýnir: Fækkun um ⅓ í störfum.

Árni Johnsen:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. greinargóð svör og þær umræður sem hér hafa farið fram um þetta mál. Það er mjög af hinu góða að menn skuli takast á við markaðssetningu á iðnaðarvörum eins og öðrum. Hæstv. ráðherra gat um 50 millj. kr. framlag á þessu ári til þess. En mergurinn málsins í þessari fyrirspurn varðar kannski það að verja rétt og möguleika íslenskra fyrirtækja.

Eins og hæstv. ráðherra sagði er ekki skylt að kaupa íslenskar vörur samkvæmt útboðsreglum en það ætti að vera svo augljóst, siðferðilega og á allan hátt, að þegar um sambærilega vöru á sambærilegu verði er að ræða af hálfu íslenskra iðnrekenda, þá ættu menn ekki að leyfa sér, og síst af öllu í opinberum útboðum, að skrásetja ákveðnar vörutegundir sem þær einu, sönnu og réttu í það verkefni sem um er að ræða í hvert skipti.

Það þarf auðvitað að gera mikið átak til þess að verja íslenskan iðnað og í þeim þremur dæmum sem ég nefndi hér í útboðum er um að ræða framleiðslu fyrir tugi milljóna sem íslenskar hendur hefðu getað unnið í stað þess að kaupa erlenda vöru og taka þannig beinlínis vinnu frá íslenskum höndum og íslenskum fyrirtækjum á sambærilegum grunni. Ég er ekki að tala um að það sé verið að keyra á menn þar sem verð eru mun hagstæðari og varan búin meiri gæðum. Það kann að vera álitamál. Ég er eingöngu að tala um það sem er sambærilegt.

Ég er ánægður að heyra að hæstv. iðnrh. taldi vítavert af hálfu íslenskra opinberra aðila að leggja fram

útboð með þessum hætti og fagna því að verið er að setja reglur sem útiloka slíka útboðsviðmiðun.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég get verið sammála hæstv. iðnrh. að þetta mál er ekki vel til þess fallið að ræða utan dagskrár. Ég held að það væri ástæða til þess að gera þetta formlega að þingmáli, hina hræðilegu stöðu íslensks iðnaðar og hvað til úrbóta er. Það gefst ekki tækifæri til þess í svona stuttri umræðu að kryfja það mál til mergjar.

Allt um það þakka ég hv. 3. þm. Suðurl. fyrir að hefja máls á þessu. Hverjum er að kenna hvernig komið er? Það eru sjálfsagt margar ástæður. Ríkisstjórnin ber nokkra sök. Á síðasta ári töpuðust yfir 1.000 störf í íslenskum iðnaði og það er ekki góður vitnisburður fyrir þá ríkisstjórn sem í landinu var.

Ég óttast framtíðina í þessu efni vegna þess að ég held að þetta sé bara byrjunin vegna þess að með hinni óheftu samkeppni sem hellist yfir okkur með EES-frelsinu, þá er verktakaiðnaðinum sérstaklega stefnt í miklu meiri örðugleika en hann hefur verið í. Þrátt fyrir það hafa talsmenn Verktakasambandsins borið sig mannalega. Ég held að bjartsýni þeirra sé úr lausu lofti gripin.

Ríkisstjórnin getur auðvitað gert ýmislegt til þess að rétta þetta af en hún er ekkert einfær um það. Hér varða allir að hjálpast að. Það er út af fyrir sig mikið alvörumál að mórallinn hjá landsmönnum, vitundin um að við búum hér og vitundin um að við verðum að halda áfram að búa hér, virðist ekki vera fyrir hendi eða mönnum ofarlega í huga og því miður er það svo að menn hafa vanið sig af því að kaupa fremur íslenskt en erlent.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir að það ber að þakka hv. þm. Árna Johnsen fyrir að hreyfa þessu máli en auðvitað hefði verið skynsamlegra og betri kostur, ef við ætluðum að hafa einhvern árangur út úr slíkri umræðu sem þessari og umfjöllun, að við hefðum haft til þess betri og ítarlegri tíma því að hér er svo sannarlega gripið á stóru og miklu máli sem við þurfum að fjalla um. Ég trúi ekki öðru en þeir sem búa við þessi verk og starfa í iðnaðinum hljóti að fylgjast mjög grannt með því hvernig við látum okkur þessi mál varða á Alþingi.

Hv. þm. Árni Johnsen vék áðan að útboðum og taldi að í vissum tilfellum ættum við að mismuna í þessum þáttum. Betra hefði verið að hv. þm. hefði áttað sig á því áður en hann gekk til atkvæðagreiðslu fyrir ekki mörgum dögum í sambandi við ...(**Gripið fram í:** Misskilningur er þetta ...) Það er enginn misskilningur í því að eftir að við höfum gengið til samstarfs í EES-málunum og samningunum að óheimilt er að mismuna í þessum efnum. (Gripið fram í.) Ekki verður um neinn mismun að ræða, við erum búnir að opna fyrir erlenda aðila til óheftrar samkeppni á öllum sviðum, það er málið. Okkur hefur láðst í gegnum árin að undirbúa og aðlaga íslenskan iðnað að samkeppninni. Það er það sem er að. Ég hef hreyft því hér fyrr að við ættum að endurskoða og endurmeta iðnaðarstefnu í landinu. Því miður hefur það ekki náð fram. Ömurlegt er til þess að vita að sú ríkisstjórn, sem situr nú við völd og er búin að sitja núna rétt um tvö ár, hefur afrekað það á þessum tíma að störfum í íslenskum iðnaði hefur fækkað um hvorki meira né minna en 1.500–2.000 störf. Þetta eru afrekin. Það er líka rétt sem kom fram að við getum gert ýmislegt. Við flytjum inn iðnaðarvörur í dag fyrir hvorki meira né minna en 20 milljarða kr., iðnaðarvörur sem við Íslendingar gætum sjálfir framleitt. Hér er verk að vinna, virðulegi forseti.

Árni M. Mathiesen:

Frú forseti. Það er alveg greinilegt að hv. 4. þm. Norðurl. v. er að snúa út úr. Það er þeim augljóst sem fylgdust með umræðunum og því sem hv. upphafsmaður umræðunnar sagði að hann er ekki að mismuna neinum heldur vill hann að allir fái að sitja við sama borð. Ef hv. 4. þm. Norðurl. v. vildi að iðnaðurinn hefði verið betur undir þetta búinn og telur að við höfum ekki staðið nógu vel í að styðja við iðnaðinn og undirbúa hann undir samkeppni þá er best fyrir hann að líta í eigin garð og til síns flokks sem hefur verið í stjórn nærri samfellt í 20 ár eða til ársins 1991.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það sem er áþreifanlegt af því sem hv. 3. þm. Suðurl. hreyfði hér er framkvæmd opinberra útboða og samkeppnisstaða íslenskra tilbjóðenda gagnvart þeim. Að sjálfsögðu heyrir þetta mál undir fjmrh. samkvæmt lögum um opinber innkaup. Ég hef rætt það við Innkaupastofnun og ég veit að hún er að undirbúa reglur til að koma í veg fyrir að svo klaufalega sé að verki staðið sem dæmin greindu frá sem hv. málshefjandi kom með í fyrstu ræðu sinni.

Ég minni á að í lögunum frá 1987 um opinber innkaup eru ekki nein ákvæði um forgangskaup á innlendri framleiðslu. Hins vegar hafa flestar ríkisstjórnir ýmist af sérstöku tilefni eða almennt ályktað um þetta efni og beitt tilmælum til opinberra aðila um að þeir taki tillit til hagsmuna íslenskra framleiðenda á jafnræðisgrundvelli. Þetta tel ég mjög mikilvæga reglu og að því leyti þarft að taka málið hér upp. En því miður er oft svo að erfitt er að greina í útboðunum milli innlendra og erlendra þátta. Sem dæmi má nefna húsgögn, járn og stálvörur. Þar getur innlendur tilbjóðandi boðið í verk án þess að fram komi hvað mikið af því sem hann býður er innflutt vara. Það er reynsla í opinberum útboðum að flestar útboðslýsingar eru gerðar ef það eru reyndir menn og lýsingum og kröfugerð sé hagað þannig að þetta henti íslenskum framleiðendum en á þessu er stundum misbrestur. Ég tel mikilvægt að Innkaupastofnun og aðrir opinberir innkaupaaðilar hafi kynningu á slíkum málefnum gagnvart hönnuðum og tilbjóðendum á almennum grundvelli einmitt til þess að jafna aðstöðu við tilboðsgerð. Þetta tel ég mjög mikilvægt vegna þess að það er sjónarmið flestra opinberra innkaupaaðila að velja fremur íslenskt en erlent ef um sambærilega vöru er að ræða.

Það er svo íhugunarefni að stundum getur þetta reynst erfitt í framkvæmd. En það má ekki stafa af því að útboðum sé hagað þannig að hallað sé beinlínis á hinn innlenda framleiðanda. Það er vítavert eins og ég sagði hér áðan.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir að fá að segja nokkur orð. Um ræðu hv. þm. Árna Matthiesen vil ég segja það og leggja enn áherslu á að það sem ég finn að er það að íslenskum iðnaði hefur ekki tekist að aðlaga sig þeirri samkeppni sem í vændum er. Ég finn að því. Hv. þm., Árni M. Mathiesen, í 20 ár hefur Framsfl. aldrei átt iðnrrh. Hann hefur verið geymdur hjá íhaldinu, krötum og Alþb. Þeir hafa farið með málefni iðnaðarins, því miður.

Útbýting þingskjala:

Ferðamálastefna, 525. mál, þáltill. SJS, þskj. 883.

Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels, 566. mál, stjtill., þskj. 933.

Gjald af tóbaksvörum, 549. mál, stjfrv., þskj. 914.

Stytting vinnutíma, 558. mál, þáltill. AÓB o.fl., þskj. 925.

Tekjuskattur og eignarskattur, 545. mál, frv. ÖS, þskj. 903.

Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, 550. mál, stjfrv., þskj. 915.

Öryggisfræðslunefnd sjómanna, 564. mál, frv. ÁJ o.fl., þskj. 931.

Umræður utan dagskrár.

Staða sjávarútvegsins.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir að orðið er við þeirri beiðni að umræða er leyfð utan dagskrár um þetta mikilvæga mál. Ég sé að hæstv. sjútvrh. er genginn í salinn.

Eins og öllum er kunnugt er íslenskur sjávarútvegur mikilvægasta útflutningsgrein okkar. Útflutningur sjávarafurða var um 70 milljarðar á sl. ári, ál og kísiljárn voru um 10 milljarðar og annar útflutningsiðnaður er tæpir 8 milljarðar. Því ætti öllum að vera ljóst að íslenskur sjávarútvegur er mikilvægasti þátturinn í íslensku efnahagslífi og ekki getur gengið til lengdar að sú atvinnugrein sé rekin með tapi. Nú er sjávarútvegurinn rekinn með 8,3% tapi að mati Þjóðhagsstofnunar. Stundum mætti halda á umræðunni að það sé íslensku þjóðarbúi til hagsældar að sjávarútvegurinn sé rekinn með tapi. Oft mætti halda á umræðunni að það lagi stöðu íslensks þjóðfélags að þarna sé tap og menn neyðist til að hagræða eins og það er kallað og draga saman. Ég geri mér vel grein fyrir því að hér um mjög alvarlegt mál er að ræða og það er allt of margslungið til að draga þar einhvern einn til ábyrgðar. Margt hefur gerst, það hefur orðið aflasamdráttur, verðfall hefur orðið, skuldir eru miklar og svo mætti lengi telja. En aðalatriðið er hins vegar það þegar horft er fram á veg að atvinnugreinin er rekin með miklu tapi og ef svo heldur áfram þá mun hún smátt og smátt kyrkjast eða allstór hluti af henni og framleiðslan stöðvast og verðmætasköpunin þar með.

Á tímum sem þessum er mikilvægt að ríkisstjórn landsins hafi forustu í málefnum mikilvægasta atvinnuvegar landsins. En því miður verður að segjast að á það hefur skort og menn gera sér ekki ljóst hvað hún ætlast fyrir. Það kemur m.a. fram í viðtali við formann samtaka atvinnurekenda í sjávarútvegi í einu dagblaðanna í dag að hann óttist að um 35–40 milljarðar kr. muni tapast í sjávarútveginum. Hann er þeirrar skoðunar að efnahagslíf landsins muni ekki þola slíkt áfall. Ég er þessu sammála því að ef það gerðist þá stöðvaðist um einn þriðji hluti fyrirtækjanna og ég er þess fullviss að lánastofnanir og ýmsar þjónustustofnanir þyldu ekki slíkt áfall. Það yrði því mikil upplausn í íslensku samfélagi. Þetta er hin svokallaða gjaldþrotaleið sem þarna blasir við og það hlýtur að vera aðalspurningin til hæstv. ríkisstjórnar: Er hún enn þá þeirrar skoðunar að þessi leið skuli valin?

Nú vil ég taka það fram að hæstv. sjútvrh. hefur lýst því yfir að hann telji þetta ekki vera leið í þeim vanda sem við stöndum nú frammi fyrir. En ekki verður séð að aðrir hæstv. ráðherrar séu sömu skoðunar. Því hlýt ég að spyrja hæstv. sjútvrh. um þessi ummæli og þær skoðanir, sem þarna koma fram og ég er sammála, og hvað ríkisstjórnin vilji gera til að koma í veg fyrir að þetta gerist.

Mikill hringlandaháttur hefur verið í störfum ríkisstjórnarinnar í þessum málum á undanförnu ári. Það var mikilvæg ákvörðun sem ríkisstjórnin tók um samdrátt í afla sem ég gagnrýni ekki og ef eitthvað er þá er ljóst að þar voru of miklar veiðar leyfðar heldur en hitt eins og komið hefur fram hjá hæstv. sjútvrh. En því var þá lýst yfir að gripið yrði til aðgerða til að jafna það áfall þannig að þorskveiðiflotinn fengi sérstakar bætur. Á það var bent að það væri rétt að gera það með aflaheimildum svokallaðs Hagræðingarsjóðs og hæstv. forsrh. lofaði í ágúst sl. að það yrði gert með öðrum hætti. Þau orð hafa ekki staðið og hafa í reynd verið svikin. Það er mjög alvarlegt mál þegar stjórnvöld koma þannig fram að ekki er hikað við að standa ekki við orð sem hafa verið sett fram í alvarlegu máli. Ég held að það sé mat margra í sjávarútveginum að sjaldan hafi verið talað fyrir jafndaufum eyrum og þegar rætt er við hæstv. ríkisstjórn um þessi alvarlegu mál. Stærsta atriðið er að sjálfsögðu að stöðva hallarekstur inn. Ég geri mér fulla grein fyrir því að stórt atriði í því máli er að breyta skuldum sjávarútvegsins til lengri tíma og sætta sig við það að hann geti ekki greitt af skuldum sínum á næstu árum, a.m.k. í einhverjum mæli. Þetta er vissulega vandasamt verk og það er ekki einhlítt hvernig það skuli gert. En það verður ekki gert nema í góðri samvinnu við lánastofnanir og ríkisstjórn og í samvinnu við atvinnugreinina og verkalýðshreyfinguna jafnframt. Menn þurfa að fá svör um það nú hvort fyrir því sé vilji að reyna slíka leið.

Nú hefur hæstv. ríkisstjórn lagt fram drög að frv. til laga um þróunarsjóð sjávarútvegsins. Ég vil taka fram að það eru vissulega jákvæðir þættir í því máli eins og það hefur verið kynnt. Það er jákvætt að sjávarútvegurinn reyni sameiginlega að úrelda framleiðslutæki sín, skip og hús og til þess þarf ákveðið fjármagn. Ég hef litið svo á að ef sjávarútvegurinn greiddi í sameiginlegan sjóð, sem væri notaður til hagsbóta fyrir sjávarútveginn sjálfan, væri ekki um auðlindaskatt að ræða. Hins vegar ef verið væri að taka skatt af sjávarútveginum til að greiða almenn ríkisútgjöld eins og hafrannsóknir og annað sem greitt hefur verið af fjárlögum þá sé þar um auðlindaskatt að ræða. Þetta er afar óljóst í þeim frumvarpsdrögum sem hafa verið lögð fram því þar er sagt að gjaldið skuli vera að minnsta kosti 1.000 kr. fyrir hverja þorskígildislest og fyrir það opnað að hægt sé að hækka gjaldið að vild eftir því sem ákveðið er síðar. Þetta er allt of opið en mér finnst fyllilega koma til greina að taka fjármagn á þennan hátt ef það getur orðið til þess að hagræða í greininni og laga stöðu hennar. Ég spyr því hæstv. sjútvrh. hvort ætlunin sé með þessum sjóði að nýta hann m.a. í samvinnu við lánastofnanir til að hagræða í greininni og skuldbreyta í leiðinni. Ég spyr hann einnig um það hvaða samráð hafi verið haft um þetta mál við sjávarútveginn sjálfan og hvort eingöngu standi til að verja peningunum til úreldingar á fiskiskipum og fiskvinnslustöðvum.

Mér er alveg ljóst að afkastagetan bæði í vinnslunni og flotanum er allt of mikil og ein helsta aðferðin til að bæta afkomuna er að nýta framleiðslutækin betur og úrelda það versta sem til er, verstu byggingarnar og óhagkvæmustu og óhagkvæmasta hluta flotans.

Jafnframt er ljóst að margir kostnaðarþættir eru of háir. Lengi hefur verið mikil umræða um að vextir yrðu að lækka og þeir hafa vissulega lækkað lítillega en í reynd var nafnvaxtalækkunin nú síðast álíka mikil og hækkunin var í janúar og febrúar. Raunvaxtalækkun hefur verið lítil sem engin en ákveðin merki má sjá fram undan að það geti orðið um raunvaxtalækkun að ræða. Ég spyr því hæstv. sjútvrh. hvort ríkisstjórnin ætli sér að beita öllum ráðum til að keyra vextina niður. Þá er ekki nóg að lækka nafnvextina, það verður að lækka raunvextina. Forsvarsmenn sjávarútvegsins hafa bent á að það ætti að vera hægt að lækka raunvextina um 2% en til þess þarf samræmdar aðgerðir og aðgerðir stjórnvalda til að slíkt geti tekist. Það er að mínu mati jafnframt nauðsynlegt að reyna að lækka sem mest ýmsar álögur á sjávarútveginn eins og ýmis opinber gjöld sem eru á hann lögð og lengi hefur verið um það talað að það stæði til að lækka orkukostnað sjávarútvegsins en lítið sem ekkert gerst í þeim efnum. Það er að mínu mati mikilvægt að fá fram skoðanir hæstv. sjútvrh. í þessum efnum og hvers greinin megi vænta. En aðalatriðið hlýtur að vera það að menn séu tilbúnir til að setjast niður af hálfu ríkisstjórnar, lánastofnana og atvinnugreinarinnar í heild og ég vil lýsa því yfir fyrir hönd míns flokks, að við höfum fullan skilning á þeim erfiðleikum sem þarna eru og erum reiðubúnir að taka þátt í því eftir því sem við getum. En því miður hefur allt of mikið verið talað í þessum málum en lítið verið gert.

Hagræðingarsjóðurinn var t.d. mikilvægt tæki til þess að hefja úreldingu með sameiginlegum hætti í sjávarútvegi. Núverandi ríkisstjórn kaus að eyðileggja það tæki í upphafi síns valdaferils. Nú vill ríkisstjórnin taka upp eitthvert slíkt tæki á nýjan leik en það er alveg ljóst að á þeim tíma sem er liðinn hefur mikill skaði verið unninn. Það hefur ríkt hin mesta óvissa um framtíð fiskveiðanna og málið verið sett í nefnd sem hefur verið að deila innbyrðis síðan hún tók til starfa. Þetta hefur skapað mikla óvissu sem verður að eyða og jafnvel þótt nefndin hafi skilað áliti geta menn ekki gengið út frá því að þar með sé óvissunni eytt. Ég vil því spyrja hæstv. sjútvrh. um það hvort það sé hans mat að álitið eyði óvissu í þessum efnum og sé trygging fyrir því að meiri hluti sé fyrir því innan stjórnarflokkanna að styðja breytingu á lögum um stjórn fiskveiða í þeim anda sem þar kemur fram. Og ég hlýt jafnframt að spyrja hann um það hvað sé átt við með því í frv. til laga um þróunarsjóð sjávarútvegsins að það eigi að leggja a.m.k. 1.000 kr. á hvert þorskígildistonn í þennan sjóð. Er verið að opna fyrir það að hér sé verið að taka upp auðlindaskatt eða er eingöngu verið að tala um gjaldtöku sem verður nýtt til hagsbóta fyrir sjávarútveginn sjálfan?

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að nýta allan tíma minn í upphafi. Ég tel mikilvægast að fá skýr svör frá hæstv. ríkisstjórn, hvort hún ætli sér að stuðla að því að meginhluti sjávarútvegsins geti lifað af þá kreppu sem nú blasir við eða hvort ríkisstjórnin ætlar að láta þetta allt saman afskiptalaust og horfa á það þegjandi að jafnvel ⅓ hluti sjávarútvegsins verði gjaldþrota eins og formaður Samtaka atvinnurekenda í sjávarútvegi er að ræða um í einu dagblaðanna í dag. Ég geri mér grein fyrir því að það eru ekki neinar auðveldar lausnir til í þessu máli og ég ætlast ekki til þess að hæstv. sjútvrh. komi með þær allar í þessari umræðu. Til þess er málið allt of flókið. En aðalatriðið er að það sé fyrir því vilji og sá vilji sé ekki eingöngu hjá hæstv. sjútvrh. heldur ríkisstjórninni í heild.

Auðvitað skipta önnur atriði miklu máli til frambúðar eins og rannsóknir, eins og markaðsmál og margt annað sem skiptir sjávarútveginn miklu máli. En í dag brenna skuldirnar fyrst og fremst á sjávarútveginum, skuldir sem menn vilja borga ef menn fá tækifæri til þess að hagræða í sínum rekstri og geyma að borga eitthvað af því þar til betur árar. Hér vantar forustu, forustu sem ríkisstjórn hlýtur að þurfa að gefa og veita í þessu máli. Ég vildi því spyrja hæstv. sjútvrh. hvað hann ætlast fyrir á næstunni í málinu.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 1. þm. Austurl. fyrir að hefja þessa umræðu í dag um málefni sjávarútvegsins svo mjög sem kreppir að í þessari höfuðatvinnugrein þjóðarinnar. Og reyndar er það svo að afkoma sjávarútvegsins hefur bein áhrif á allt annað í þjóðfélaginu, alla möguleika okkar til atvinnustarfsemi

á öðrum sviðum til þess að viðhalda og reka opinbera þjónustu og standa almennt undir lífskjörum fólksins í landinu.

Það er kunnara en frá þurfi að segja eins og fram kom í máli hv. þm. að Þjóðhagsstofnun metur nú að sjávarútvegsfyrirtækin séu að meðaltali rekin með rúmlega 8% halla. Það hafa orðið mjög snögg umskipti í þessu efni á síðustu vikum allt frá því að ríkisstjórnin greip til sérstakra ráðstafana í efnahagsmálum í nóvember. sl. En eins og hv. þm. muna, þá var gengi krónunnar fellt til þess að styrkja stöðu útflutningsgreinanna og felldir niður skattar til þess að tryggja betur stöðu atvinnugreinanna. Aðstöðugjaldið var þá afnumið en það hafði verið margra ára barátta talsmanna atvinnulífsins að ná þeirri kröfu fram.

Þessar ráðstafanir dugðu ekki til að tryggja að meðaltal fyrirtækja í sjávarútvegi yrði rekið án halla. Síðan hefur sigið á ógæfuhliðina, fyrst og fremst vegna þess að verð á sjávarafurðum hefur farið lækkandi á erlendum mörkuðum.

Vandinn sem við stöndum frammi fyrir í dag er auðvitað af mörgum rótum runninn eins og fram kom hjá hv. þm. en við getum í því sambandi horft til þess að við höfum þurft að draga mjög verulega úr afla fyrst og fremst að því er þorskveiðar varðar. Þar höfum við þurft að minnka aflaheimildir um 40% og það segir til sín þegar um er að tefla langsamlega mikilvægustu auðsuppsprettu þjóðarinnar. Og á síðstu vikum hefur það svo bæst við að verð hefur fallið á afurðum okkar og sjávarútvegurinn verður af 5 milljarða kr. tekjum og þjóðarbúið af samsvarandi verðmætasköpun.

Það er ekki vandalaust að taka á viðfangsefni eins og þessu. Menn viðurkenna gjarnan í orði að breytingar á ytri aðstæðum eins og þær sem við stöndum nú frammi fyrir hljóti að koma niður á allri þjóðinni, sé áfall sem öll þjóðin standi frammi fyrir. En það er nú gjarnan þannig að þó að menn viðurkenni þessa staðreynd í orði, þá fer ekki mikið fyrir því að menn vilji horfast í augu við hana á borði, hvort heldur það erum við stjórnmálamennirnir eða forustumenn hagsmunasamtakanna í þjóðfélaginu sem vitaskuld ráða miklu í þessu efni vegna þess að þeir gera í frjálsum samningum út um það *sín á milli hver launakjörin eru í landinu* á hverjum tíma miðað við þau verðmæti sem við erum að skapa. Ef við ætlum að bæta stöðu atvinnufyrirtækjanna við aðstæður eins og þessar, þá getur það ekki gerst með raunverulegum hætti nema við flytjum til fjármuni, nema þjóðin öll taki á sig það tekjufall sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir, minnki neyslu sína og útgjöld í heild. Það getur með öðrum orðum ekki gerst nema við flytjum fjármuni frá almenningi yfir til atvinnulífsins. Og þá erum við komin að vandanum. Þá erum við komin að því sem er erfitt að framkvæma og erfitt að horfast í augu við. Og þá erum við komin að því sem flestir vilja fara í kringum eins og köttur sem fer í kringum heitan graut. Það er kjarni þessa máls. Þess vegna er það mín skoðun að við aðstæður eins og þær sem við búum við í dag, þar sem þjóðin hefur orðið fyrir jafnmiklu áfalli og raun ber vitni, sé vonlítið um raunverulegan árangur nema okkur takist að ná almennri samstöðu í þjóðfélaginu um ráðstafanir til þess að tryggja hag atvinnufyrirtækjanna.

Við getum horft á þetta viðfangsefni með mismunandi markmið í huga. Það er ugglaust hægt að fleyta þessu áfram til skamms tíma með því að auka erlendar lántökur, halda óbreyttu kaupmáttarstigi, leggja auknar byrðar á ríkissjóð með nýjum lántökum. En það er skammtímalausn. Hitt er að mínu mati vert meiri umhugsunar, ekki bara út frá hagsmunum atvinnufyrirtækjanna heldur ekki síður út frá langtímahagsmunum launafólksins í landinu hvort við aðstæður eins og við búum við í dag er ekki meiri þörf á því að treysta undirstöðuna og færa þær tímabundnu fórnir sem til þess eru nauðsynlegar þannig að útflutningsatvinnuvegirnir standi ekki frammi fyrir þeim erfiðleikum sem við blasa, geti tekist á við verkefnin, geti hafið nýja sókn í sköpun nýrra tækifæra sem við höfum á erlendum mörkuðum með til að mynda samningunum um Evrópskt efnahagssvæði, með því að takast á við ný verkefni í vöruþróun og markaðsstarfsemi. Án þess að atvinnufyrirtækin hafi til þess aðstöðu er ekki mikil von í því að við uppskerum árangur af breyttum aðstæðum að þessu leyti. Þetta er leiðin til þess að auka hagvöxt og bæta kjör fólksins í landinu en þá þurfa menn að horfast í augu við staðreyndirnar. Það getur kostað tímabundið meiri fórnir en það leiðir alveg örugglega þegar fram í sækir til sterkari atvinnufyrirtækja og hærri launa hjá almenningi í landinu og það hlýtur að vera það keppikefli sem við sækjumst eftir.

Það er hægt að fara margar leiðir og þó eru þær þekktar og gamalkunnar í flestu efni, hægt að jafna áföllum sem þessum efnum niður á fólkið í landinu með því að breyta verðgildi íslensku krónunnar. Það er hægt að gera það með millifærslum og það er hægt að gera það með því að færa niður laun og allan annan kostnað í þjóðfélaginu. Og við höfum af því nokkra reynslu að glíma við allar þessar leiðir. Mikilvægast er ef við ætlum að ná árangri að við náum samstöðu um það sem gert verður. Og nú hagar svo til að launamenn og atvinnurekendur standa í samningum um það hvernig eigi að skipa kjaramálum um lengri eða skemmri tíma. Samhliða hafa þeir óskað eftir því að *ræða forsendur slíkra samninga við ríkisstjórnina*. Það er eðlilegt við þessar aðstæður vegna þess að verðmætasköpun þjóðarbúsins hlýtur að ráða því hverju við höfum úr að spila. Forustumenn atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi eiga í þessum viðræðum, annars vegar við launafólk og hins vegar við ríkisstjórnina. Það er enginn botn kominn í þær viðræður enn sem komið er. Þar eru menn að fjalla um þetta viðfangsefni út frá þessum sjónarmiðum.

Ef við göngum til þessa verks með það eitt í huga að koma okkur frá stundarvandanum, með því að auka útgjöld ríkisins með lántökum, þá erum við að vinna gegn því markmiði að skapa útflutningsatvinnuvegunum betri starfsskilyrði og bætt starfsumhverfi vegna þess að auknar lántökur ríkissjóðs hljóta að þrýsta vöxtum upp á við en ekki niður á við. Og að minni hyggju er nú allra mikilvægast í dag að vextirnir lækki.

Það er ein höfuðforsendan fyrir því að okkur takist að treysta undirstöður útflutningsframleiðslunnar. Sem betur fer hefur miðað í þá áttina, bæði á erlendum lánamörkuðum og hér heima. Vissulega er það svo að mjög stór hluti af lánum sjávarútvegsins er fenginn að láni erlendis og við ráðum ekki þeim vaxtakjörum sem við búum við að því leytinu til. En auknar lántökur og aukinn hallarekstur ríkissjóðs munu vinna gegn hagsmunum atvinnulífsins að þessu leyti. Ef aukin ríkisumsvif og lækkun skatta á ekki að hafa áhrif af þessu tagi, þá þarf að skera niður útgjöld ríkisins að sama skapi og fækka opinberum starfsmönnum umtalsvert. Ég sé ekki að það verði gert nema með allverulegri fækkun opinberra starfsmanna. Þetta eru þær staðreyndir sem við stöndum frammi fyrir.

Á þessu stigi málsins ætla ég ekki að kveða upp úr um niðurstöðu í þessu efni vegna þess að viðræður eru nú á mjög viðkvæðu stigi, þríhliða milli atvinnurekenda, launamanna og ríkisstjórnar. En við hljótum öll að binda vonir við að þar fáist farsæl og mjög skynsamleg niðurstaða þar sem við horfum fyrst og fremst til framtíðarmarkmiða um uppbyggingu atvinnulífs og bætt lífskjör fólksins í landinu.

Hv. 1. þm. Austurl. vék að nokkrum atriðum og beindi sérstökum spurningum til mín af því tilefni. Hann vék fyrst að því að stöðva yrði hallarekstur sjávarútvegsfyrirtækjanna og helsta atriðið í því efni væri að lengja lán eða frysta lán sjávarútvegsfyrirtækjanna. Nú er það svo að til aðgerða af þessu tagi hefur oft verið gripið og frá einum degi til annars eru lánastofnanir að vinna að endurskipulagningu á fjármögnun atvinnufyrirtækjanna í landinu eftir aðstöðu þeirra á hverjum tíma. Við frystum að vísu greiðslur til atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar í tvö ár og beindum tilmælum til annarra lánastofnana að þær reyndu eftir föngum að greiða fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja í atvinnugreininni og það hafa bæði bankar og lánasjóðir gert.

Ég er þeirrar skoðunar að þessi mál séu í eðlilegu horfi, að bæði bankar og lánasjóðir séu með eðlilegum hætti að vinna að fjárhagslegri endurskipulagningu einstakra fyrirtækja í landinu. Ef ætlunin er að gera það með einhverjum öðrum hætti, þá sýnist mér að grípa yrði til þess ráðs að búa til nýjan sjóð sem yfirtæki skuldir sjávarútvegsfyrirtækjanna hjá bönkum og lánasjóðum og ríkið tæki á sig ábyrgð á slíkri endurskipulagningu. Ég tel að það væri mjög óheppilegt að fara út í aðgerðir af því tagi og með því móti værum við að loka augunum fyrir hinum raunverulega vanda sem við stöndum frammi fyrir. Við eigum að halda á þann veg á málum að þetta sé eðlilegt hlutverk og daglegt hlutverk bæði banka og lánastofnana og að því eru þær að vinna.

Hv. þm. vék svo að tillögum um þróunarsjóðinn og ég fagna því að hann skyldi fyrir sitt leyti líta á þær sem jákvætt skref. Ég er um margt sammála mati hans á því að greiðslur atvinnugreinarinnar inn í sjóð sem miðar að því einvörðungu að bæta rekstrarskilyrði atvinnugreinarinnar teljast ekki vera auðlindaskattur. Hv. þm. taldi á hinn bóginn að þau drög sem liggja fyrir og hafa verið kynnt séu um sumt óljós í þessu efni. Það er rétt að skýra með nokkrum orðum þá meginniðurstöðu sem hér hefur orðið.

Í fyrsta lagi er á það að líta að þróunarsjóðurinn er þáttur í heildarsamstöðu innan þeirrar nefndar sem á vegum ríkisstjórnarinnar hafði forustu um það að endurskoða fiskveiðilöggjöfina og leggja fram tillögur í því efni. Aðalatriðið þar er að nefndin komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að byggja áfram í grundvallaratriðum á aflamarkskerfinu sem við höfum verið að þróa og bæta smám saman undanfarin 10 ár. Það tel ég vera mjög markverða niðurstöðu og mikilvægt framlag til allrar þessarar umræðu. Ég tel að þar með sé lagður grundvöllur að þeirri nauðsynlegu festu og um framtíðarstefnuna í þessu efni sem sjávarútvegurinn þarf á að halda. Hvort tveggja er að endurskoðunarákvæði gildandi laga og sá pólitíski ágreiningur sem uppi hefur verið í þessu efni hefur valdið óvissu á undanförnum missirum. Ég tel að með þessari samstöðu sé búið að leggja grunn að þeirri festu sem þörf er á. Ég vænti þess að um grundvallaratriðin í þessu efni náist samstaða hér á Alþingi í þingflokkum ríkisstjórnarinnar og hér á Alþingi.

Það verður vafalaust svo eins og jafnan áður að um einstök atriði í þessu efni koma fram skiptar skoðanir í öllum stjórnmálaflokkum. En að því er þróunarsjóðinn varðar, þá er þar gert ráð fyrir því að leggja Hagræðingarsjóðinn niður og hætta sölu á aflaheimildum hans. Þeim verður nú úthlutað til atvinnugreinarinnar án endurgjalds. Í staðinn er lagt á sérstakt þróunargjald sem er samsett úr þremur þáttum.

1. Núverandi gjaldi sem lagt hefur verið á um nokkur ár á rúmlestatölu fiskiskipa og skilað hefur um 80 millj. kr.

2. Sambærilegu gjaldi sem lagt verður á fasteignamat fiskvinnslufyrirtækja og á að skila sambærilegri upphæð.

3. Gjaldi á aflaheimildir sem kemur í staðinn fyrir sölu á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs og er sambærilegt í verðgildi. En í þrjú ár falla alfarið niður greiðslur sjávarútvegsins og á því tímabili má segja að hér sé um að ræða mjög ótvíræða aðgerð til hagsbóta fyrir atvinnugreinina. Gjaldið er ákveðið eins og segir í frumvarpsdrögunum a.m.k. 1.000 kr. á þorskígildistonn.

Það á segja að hér sé bæði um hámark og lágmark að ræða. Gjaldið er 1.000 kr. á hverja þorskígildislest, ein kr. á hvert kg. Þetta er reiknað í þorskígildum þannig að á karfa koma 40 aurar og á loðnu 5 aurar. Í frumvarpsdrögunum er svo gert ráð fyrir því að gjaldið, þróunargjaldið þrísamsett, eigi að standa undir öllum skuldbindingum sjóðsins. Ríkisendurskoðun á að fylgjast með því og ef hún kemst að þeirri niðurstöðu að gjaldið standi ekki undir skuldbindingum sjóðsins, þá ber sjútvrh. að leggja fyrir Alþingi tillögur um breytingar á gjaldinu. Gjaldinu verður því ekki breytt nema með lögum, það er 1.000 kr. nema því verði breytt á annan veg með lögum.

Hlutverk sjóðsins er mjög skýrt afmarkað og einvörðungu um að ræða verkefni til þess að stuðla að

bættum rekstri sjávarútvegsfyrirtækja. Það er þess vegna alveg ótvírætt hægt að svara fyrirspurn hv. þm. að þessu leyti að gjaldinu eins og það er ákveðið í frumvarpsdrögunum verður ekki breytt nema með nýjum lögum og sjóðurinn vinnur einvörðungu að verkefnum í þágu atvinnugreinarinnar og fjármununum ekki varið til annarra hluta. Ég vona að þetta eyði allri óvissu í huga hv. þm. um hlutverk sjóðsins, um eðli þessa gjalds og um þá festu sem hér er ákveðin í því efni.

Það er ágætt að þriggja manna stjórn stýri sjóðnum og taki allar ákvarðanir sem að honum lúta. Sjútvrh. skipar tvo menn og atvinnugreinin einn. Það er enn fremur gert ráð fyrir því að stjórnin verði að leggja fjárhagsáætlanir sínar á hverju ári fyrir ráðherra til staðfestingar. Meginverkefnið verður að úrelda fiskiskip með sambærilegum hætti og gert hefur verið og þar að auki að auðvelda úreldingu á fiskvinnslufyrirtækjum samkvæmt ákveðnum reglum og viðmiðunum sem nánar eru skilgreindar í drögum að lagafrv. Við fjárhagslega endurskipulagningu af því tagi þar sem fyrirtæki eru að draga úr fjárfestingu tekur sjóðurinn þátt í þeirri fjárhagslegu endurskipulagningu með lánastofnunum.

Sjóðurinn mun einnig geta aðstoðað sjávarútvegsfyrirtæki við að afla sér verkefna á erlendum vettvangi og er það í samræmi við hugmyndir sem menn hafa haft uppi í þeim efnum um nokkurn tíma. Ríkissjóður yfirtekur 950 millj. af skuldbindingum atvinnutryggingardeildar um leið og þær ásamt hlutafjárdeild Byggðastofnunar leggjast inn í hinn nýja þróunarsjóð. Ég held að það sé alveg tvímælalaust að sjóður sem þessi geti stuðlað að því að tryggja betri rekstur margra fyrirtækja sem nú eru með of mikla fjárfestingu miðað við framleiðslumöguleika, fjárfestingu sem ráðist var í við allt aðrar aðstæður en við búum við í dag þegar afli var meiri og verð á sjávarafurðum með öðrum hætti. Vissulega kann það að vera umdeilanlegt og er umdeilanlegt hvort koma eigi á fót slíkum sjóði þar sem greinin í heild er að taka á verkefnum með þessum hætti og hinir betur settu að greiða í sjóð sem fyrst og fremst nýtist hinum sem verr eru settir. Ég tel á hinn bóginn að við aðstæður eins og þessar sé það réttlætanlegt og verjanlegt að grípa til slíkra félagslegra aðgerða ef svo má að orði komast innan atvinnugreinarinnar sjálfrar.

Hv. þm. innti svo eftir því hvort ég teldi að nefndarálit tvíhöfða nefndarinnar eyddi allri óvissu. Ég tel að það hafi verið lagður alveg öruggur grunnur að því að eyða óvissu. Ég hef trú á því að það sé meirihlutasamstaða um það hér í þinginu að byggja á þeim grundvallaratriðum sem þar koma fram um fiskveiðistjórnun og ég hef líka trú á því að í atvinnugreininni sjálfri sé í grundvallaratriðum samstaða um að halda áfram á þeirri braut. Fyrir því eru svo augljós rök, bæði að því er varðar stjórnun veiðanna til verndunar fiskstofnum og hagkvæmnisjónarmið. Ætlunin er að á næstu vikum fari fram lögum samkvæmt samráð við sjútvn. Alþingis og hagsmunaaðila um þessa niðurstöðu og þegar því samráði er lokið mun ríkisstjórnin og þingflokkar hennar taka endanlega ákvörðun um framlagningu þessara mála á þinginu. Þá ákvörðun er ekki hægt að taka fyrr en að loknu því samráði sem lögboðið er. Ég vænti þess að það þurfi ekki mikið meiri tíma en þrjár vikur til þess að fara í gegnum hlutina á þeim vettvangi og auðvitað væri æskilegast að geta lokið umfjöllun um þessi viðfangsefni hér á vorþinginu eins og margir hv. þm. og þar á meðal þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa mjög óskað eftir í umræðum hér að undanförnu.

Þá kom hv. þm. að ýmsum atriðum eins og lækkun vaxta. Ég er honum sammála í því efni að þeir þurfa að lækka verulega. Ég hef af því nokkrar áhyggjur þó að við höfum náð árangri að undanförnu í þessu efni að enn hilli ekki undir nægjanlega mikla lækkun á vöxtum til þess að breyta í grundvallaratriðum rekstrarafkomu fyrirtækjanna og minni enn á í því efni hversu stór hluti skuldanna er við erlenda lánardrottna þar sem við ráðum ekki vaxtastigi en þar hafa vextir einnig verið að lækka og væri eðlilegt að til að mynda í Fiskveiðasjóði að fullfrúar atvinnugreinarinnar sem þar sitja fylgdu því fast eftir að vextir Fiskveiðasjóðs lækkuðu í samræmi við lækkun vaxta á erlendum lánum sjóðsins. Ég hef ekki orðið var við að þeir gerðu það enn, en væri fullkomin ástæða til þess að það væri gert við þessar aðstæður.

Ég hef áður lýst því að ég teldi eðlilegt að stuðla að lækkun orkukostnaðar í sjávarútveginum. Það er að vísu svo að það skiptir ekki sköpum um rekstrarafkomuna en mundi alveg ótvírætt hjálpa til í þessu efni, en eins og hv. þm. vita hefur það um margt reynst erfitt og hefur þó verið um það rætt árum saman.

Ég held, frú forseti, að ég hafi vikið hér að flestum þeim atriðum og spurningum sem hv. þm. kom fram með og segi þessu máli mínu þá lokið að sinni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en lengra er haldið vill forseti upplýsa að andsvör verða ekki leyfð við þessa umræðu þar sem henni þarf að ljúka um eða upp úr kl. 5 vegna þess að hæstv. ráðherra er tímabundinn. Andsvör geta tafið umræðuna og þá er ekki víst að allir hv. þm. sem eru á mælendaskrá komist að með sínar ræður, en nú eru 10 þingmenn á mælendaskrá. Þetta vill forseti láta koma fram strax.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að vona að þessi umræða verði ekki til þess í aðra röndina að reynt verði að loka augunum fyrir vanda líðandi stundar með því að leggja fram einhverjar framtíðaráætlanir sem bæði er óljóst hvernig muni reynast og hvort sátt er um en þar á ég við niðurstöðu tvíhöfða nefndarinnar sem kynnt var í dag. Vissulega er það ákveðið innlegg í umræðuna en engu að síður er nauðsynlegt að líta einnig á það sem er að gerast hér og nú og í þessari niðurstöðu er ekki að finna möguleika til þess að taka á öllu því. Ég ætla ekki að fara að giska neitt á tímasetningar hér, en ætla bara að taka þetta fram því ég sé að það stefnir í það annars.

Virðulegi forseti. Ég ætla að snúa mér að þeim vanda sem blasir við nú og byrja á því að lýsa því yfir að ég tel að ríkisstjórnin beri fulla ábyrgð á því að ekki hefur tekist að ná tökum á þeim vanda sem blasir við í sjávarútvegi og fiskvinnslu. Ríkisstjórnin var stofnuð á grunni þeirra hugmyndafræði að lögmál markaðarins geti alltaf kippt öllu í lag í samfélaginu. Og það sem verra er, stjórnin hefur gert ýmsar villur og haft með sér í farteskinu, m.a. þá villu að þekkja ekki markaðinn og vera þar af leiðandi fullkomlega ófær um að taka skynsamlegar ákvarðanir, jafnvel á þeim forsendum sem hún sjálf gefur sér. Ég held að þetta sé hvergi eins augljóst og í sjávarútvegi. Það er eins og það hafi enn ekki runnið upp fyrir ráðamönnum þessarar þjóðar að við eigum allt okkar undir sjávarútveginum. 80% vöruútflutnings okkar eru fiskafurðir. Skuldirnar í þessari atvinnugrein eru nú um 105 milljarðar samkvæmt nýjustu tölum en tekjurnar 70 milljarðar og hallinn er reiknaður á 8,3%.

Til upplýsingar hæstv. ríkisstjórn sem hefur kosið að vera fjarstödd, og það út af fyrir sig er athyglisvert að öðru leyti en því að hæstv. sjútvrh. er hér vissulega, gilda þau lögmál sem ríkisstjórnin hefur unnið eftir auðvitað ekki, heldur lögmál sem ekki voru hönnuð á borði frjálshyggjunnar og þau eru flókið samspil fortíðar, nútíðar og framtíðar, þ.e. þeirrar framtíðar sem menn trúa að verði, væntinganna margfrægu. Fortíðin er alls ekki óskrifað blað eins og mér finnst stundum að ríkisstjórnin gefi sér. Við erum ekki með nein óskrifuð blöð og til að þekkja markaðinn verðum við að þekkja fortíðina og það vel. Við verðum að viðurkenna staðreyndir, hvort sem við erum ánægð með þær staðreyndir eða ekki. Við verðum t.d. að gera okkur grein fyrir hvað sjóðir hafa átt mikinn þátt í því hvernig staðan er núna, hvort sem við erum sátt við þá eða ekki, og við verðum líka að muna það að ekki eru allir sjóðir eins. Það kom sér vel í fyrra að eiga varasjóð sem Verðjöfnunarsjóður var og þá var ríkisstjórnin tilbúin að ganga í sjóði þótt hún hallmæli þeim að því er virðist gagnrýnislaust og hugsunarlaust nema kannski þessum nýlega formaða þróunarsjóði sem mér sýnist að eigi að vera einn af góðu sjóðunum, kannski sá eini.

Við vitum í rauninni ekki hvernig sá sjóður mun líta út. Það hefur verið reynt að fá svör við nokkrum óljósum þáttum þar og það er alveg áreiðanlegt að hann gerir ekki nema það sem honum er ætlað, þ.e. að koma til móts við eigenda útgerðar og fiskvinnslu þar sem þarf að draga saman og hagræða og það er vissulega góðra gjalda vert. En ef við erum að tala um tilfærslur, og mér heyrist að hæstv. ráðherra sé byrjaður að gera það, þá er þetta auðvitað ekki leiðin.

Það er nauðsynlegt að horfast í augu við fortíðina en ekki bara nota hana sem afsökun fyrir aðgerðaleysi nútíðarinnar. Og á slíkum forsendum verður auðvitað engin skynsemi í aðgerðum. Það sem er mikilvægast að þekkja í nútíðinni er að að hafa glögga sýn á ástandið eins og það er, hvorki að mála skrattann á vegginn né það sem mikilvægara er að neita að horfast í augu við staðreyndir. Það skortir mikið á að ríkisstjórnin hafi veruleikaskyn.

Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hefur hvað eftir annað komið í ræðustól á Alþingi og sagt að þrátt fyrir allt væri nú allt í lagi og túlkað þau sjónarmið að markaðurinn muni kippa öllu í lag. Þetta hefur einkum gerst þegar aðvörunarraddir hafa heyrst úr hópi stjórnarandstæðinga um sjávarútvegsmál og jafnvel þegar stjórnarsinnar, t.d. hæstv. sjútvrh., hafa tekið undir þetta. Ég verð að segja það að þó það komi ekki oft fyrir, þá sakna ég hæstv. forsrh. hér í dag. En kannski dugar það að hæstv. sjútvrh. er farinn að apa eftir honum að allt sé á réttri leið.

Sú var tíðin að hæstv. sjútvrh. talaði máli þeirra atvinnuvega sem stóðu höllum fæti og knúði á um að fá svör frá hæstv. ríkisstjórn eins og hann væri ekki í henni. Ég ætla ekki að fara að eyða orðum í það. Það er út af fyrir sig undarlegt. En hann er greinilega kominn í bestu vina klúbbinn og farinn að syngja sama sönginn og hæstv. forsrh.

Þessi boðskapur hæstv. forsrh. er ekki bara asnalegur heldur er hann hreinlega hættulegur að mínu mati. Þetta heitir á mæltu máli að fljóta sofandi að feigðarósi. Lengi vel var hæstv. utanrrh., sem ég sé að er hér mættur til starfa, virkur meðlimur í þessum kór og söng þá tilbrigði við stefið „þetta reddast" með því að segja: Þetta reddast þegar við komum inn í EES. En mér sýnist að hann verði að fara að búa sig undir annan söng núna því að hann er farinn að boða tafir á EES-allsherjarlausninni.

En af hverju reddast þetta ekki? Fyrir því eru auðvitað fleiri en ein ástæða. Þær ytri aðstæður sem hæstv. sjútvrh. greindi frá fyrr í dag og einnig málshefjandi eru vissulega hluti af vandanum en þær eru ekki út af fyrir sig vandinn heldur það hvernig tekið hefur verið á málum. Við vitum öll af þessari aflaskerðingu sem ekki hillir undir að verði bætt á næsta fiskveiðiári, hvorki með auknum þorskkvóta né í öðrum tegundum nema þá að litlu leyti.

Fiskverð hefur verið á niðurleið. Skuldir sjávarútvegsins eru gífurlegar. Innflutningsmál í Evrópu eru í nokkurri óvissu hvort sem við verðum innan eða utan EES og við höfum farið sérlega illa að ráði okkar varðandi Ameríkumarkaðinn og glutrað niður mikilvægum viðskiptum fyrir stundargróða annars staðar meðan dollarinn var í lægð. Það kemur okkur í koll núna.

Það er hins vegar athyglisvert að það kom fram í síðasta mánuði við einn af forsvarsmönnum útflutnings til Bandaríkjanna að það á segja það að vöruverð hafi farið það mikið hækkandi í Bandaríkjunum að það vegi hátt í það sem við höfum tapað í sölu að magni talið. Og það er út af fyrir sig ánægjulegt. En ég vil nú bara segja það að ef við hefðum ekki sofnað á verðinum og látið það gerast að glata okkar hlutdeild, alla vega að einhverju leyti í Bandaríkjamarkaði, þá værum við kannski núna á miklu betri braut.

Þessar erfiðu ytri aðstæður hefðum við þurft að takast á við strax því að það er ekkert óhjákvæmilegt að það þurfi að blasa við neitt svartnætti þó að það komi niðursveifla svo framarlega sem skynsamlega er á málum tekið. Þess í stað hafa stjórnvöld neitað að horfast í augu við vandann og það er auðvitað eitt af

því allra versta sem við stöndum nú frammi fyrir eins og ég gat um áðan. Og það sem verra er, það er ekki bara aðgerðaleysið, heldur einnig að þá sjaldan ríkisstjórnin tekur til höndunum, þá er það til að íþyngja og við höfum fyrir okkur dæmin um verulega íþyngjandi aðgerðir fyrir atvinnuvegina sem að vísu er verið að reyna núna með ýmsum aðgerðum að lappa upp á. Það voru mikil og stór fyrirheit um að það ætti að bæta upp aflaskerðinguna sem var vegna minni kvóta í sumar. Það var að vísu boðið upp á fáránlegar lausnir, en efndirnar hafa engar verið, hvorki skynsamlegar aðgerðir né ávísanasendingar til útgerðarmanna sem allir hlógu að.

Allar skynsamlegar hugmyndir um Hagræðingarsjóð hafa verið hunsaðar nema upp úr þróunarsjóði fari að spretta einhvers konar endurreisn þeirra hugmynda sem þar voru í gangi. Hver veit? Það er allt að mínu mati enn þá óvisst hvernig þau mál fara að ganga til.

Til að auka á vandann hefur ríkisstjórnin þegar skárst lætur verið vakkandi. Þegar verr gerist stórkostlega skaðleg fyrir sjávarútveginn og þar með alla þjóðina og ekki síst konurnar í fiskvinnslunni sem nú ganga atvinnulausar víða um land.

Hæstv. sjútvrh. sagði að nú þyrfti að færa til, nú þyrfti að koma til tilfærsla fjármagns í samfélaginu. Þetta hefur einhvern tíma verið kallað sjóðakerfi t.d. og ég verð þá bara að lýsa ábyrgð á hans hendur alla vega með þá stefnu. Ég sé að það er alveg óhjákvæmilegt að tilfærslur eigi sér stað en það er ýmislegt fleira sem þarf að gera. En hann talaði líka um það að þjóðin yrði að taka á sig auknar byrðar. Það eru ekkert allir sem tilheyra þessari þjóð sem geta það. Ég vil bara benda á það. Og ef hann er að tala um þjóðina sem almenning, venjulegan launþega eða venjulegan atvinnuleysingja, þá sé ég ekki að þeir séu aflögufærir. En ég er sammála því að það eru einhverjir sem geta tekið á sig byrðar og þeir verða þá líka að gera það. Og við höfum margoft bent á það að væri alls ekki leitað að fé þar sem það er fyrir, t.d. í bara einföldum hlutum eins og lúxussköttum, hátekjusköttum og fjármagnssköttum.

Það er líka alveg nauðsynlegt að það sé einhver hugsun í því þegar verið er að létta álögum af atvinnuvegunum. Þeir standa sem betur fer ekki allir jafnilla og ekki öll fyrirtæki innan atvinnugreinar standa jafnilla. Ég held að það sé hvorki hægt að ganga þá leið að vera sífellt að hlaupa undir bagga með þeim sem lakast standa sig eða vera sífellt í nafni almennra aðgerða að styrkja alla þegar alveg er nóg að styrkja suma, þá sem standa höllum fæti, stundum bara tímabundið, stundum vegna ákveðinna ytri aðstæðna. Og þetta er það sem skiptir í rauninni máli.

Ég bendi sérstaklega á að það hefur verið létt nokkrum álögum af atvinnuvegum svo sem með því að fella niður aðstöðugjald eða þeim hugmyndum sem þar eru. Það hefur verið fellt niður í reynd og einnig má nefna lækkun tekjuskatts. Þetta er gert auðvitað vegna samræmingar við Evrópska efnahagssvæðið. En sum fyrirtæki þurfa meira á þessu að halda en önnur og það má segja varðandi aðstöðugjaldið að þar nýtur útgerðin og fiskvinnslan ekki góðs af í sama mæli og mörg önnur fyrirtæki einfaldlega vegna þess hvernig þær reglur líta út.

Það hefur verið nefnd hér kórvilla ríkisstjórnarinnar, sú hin fyrsta og ekki minnsta, að keyra vextina upp úr öllu valdi þegar í upphafi ferils síns. Við súpum þegar seyðið af því, bæði einstaklingar, fjölskyldur og fyrirtæki. Núna fyrst nærri tveimur árum síðar hefur það runnið upp fyrir ríkisstjórninni að þetta gengur ekki. Þetta höfum við stjórnarandstæðingar og forsvarsmenn fyrirtækjanna í landinu, ekki síst aðilar í sjávarútvegi bent á margoft. Vaxtalækkun nú bætir ekki þann skaða sem þegar er orðinn og þetta háa vaxtastig hefur reynst þjóðarbúinu afskaplega dýrt nú þegar. En kannski verður eitthvað léttari róður í framtíðinni, þ.e. ef hægt verður að bjarga því sem þarf að bjarga. Glundroðakennd efnahagsstefna hefur einnig aukið á vandann.

Virðulegi forseti. Ég sé að það er ljós hér, tímamæling, sem ég hafði ekki áttað mig á að gilti í þessari umræðu og þar sem rautt ljós logar hjá mér, þá verð ég að ljúka ræðu minni. Það er ýmislegt fleira sem ástæða er til nefna en ég veit að það eru fleiri kvennalistakonur sem ætla að tala og við munum án efa hafa tækifæri til að koma því á framfæri sem í viðbót átti að vera.

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 1. þm. Austurl. fyrir að óska eftir þessari umræðu. Það er auðvitað tímabært að ræða ástandið í sjávarútveginum, ekki síst núna eins og hefur hallað á ógæfuhlið til viðbótar að undanförnu. En auðvitað hefur þetta verið samfelld hörmungarsaga sem við höfum verið að fylgjast með og má rekja alveg aftur til ársins 1991 en síðan hefur stöðugt hallað á ógæfuhliðina fyrir þessum aðalatvinnuvegi þjóðarinnar. Það eru margir sem hafa beðið og hafa talið sig bíða allt of lengi eftir því að sú ríkisstjórn sem núna situr tæki myndarlega á þeim vandamálum sem sjávarútvegurinn hefur við að glíma og reyndar þjóðin öll í beinum tengslum við þessa aðalatvinnugrein hennar.

Ástandið núna er auðvitað orðið verra heldur en það var þegar ríkisstjórnin tók við og ég get ekki séð að þær hugmyndir um lagfæringar sem hafa litið dagsins ljós muni valda neinum straumhvörfum í ástandi sjávarútvegsins. Það hefur komið fram að menn telja að skuldir sjávarútvegsins umfram getu til að greiða þær séu kannski 35–40 milljarðar. Ég hef ekki orðið var við að menn væru að ræða neinar hugmyndir í þá átt að taka á því vandamáli.

Stjórnunarvandi sjávarútvegsins er enn þá óleystur. Ríkisstjórnin og þeir sem hún hefur falið að fjalla um þau mál hafa velkst með það í höndunum núna í tvö ár og lögin um stjórn fiskveiða þar sem kveðið er á um það að aðrir aðilar eigi þar að koma að eins og sjútvn. þingsins og fleiri hafa auðvitað verið þverbrotin. Þessari endurskoðun átti að vera lokið um áramótin og nú talar hæstv. sjútvrh. um það eins og hann hafi um það

einhverja von að það sé hægt að láta þetta samráð við þessa aðila sem nefndir eru í lögunum fara fram á þremur vikum þannig að það sé hægt að renna einhverjum málum í gegnum þingið í tenglum við það. Mér finnst að það sé til ansi mikils ætlast af þeim aðilum sem eiga um þetta að fjalla ef þeir eiga að fá einungis þrjár vikur til þess að ræða málin og fara yfir þau eftir að ríkisstjórnin hefur velkst með þau í tvö ár og er loksins að skila af sér til þessara aðila einhverju til þess að skoða. Auðvitað getur maður ekki skilið þessi orð öðruvísi en þannig að ríkisstjórnin eða ríkisstjórnarflokkarnir ætlí sér ekki að hafa neitt samráð, þ.e. þó svo að einhverjir fundir verði haldnir, þá sé það ekki meiningin að koma til móts við nein sjónarmið sem munu koma fram hjá þeim aðilum sem eiga þarna hlut að máli. Og það er sannarlega illa farið því að þau mál sem hér eru á ferðinni eru það stórkostleg og það mikil hagsmunamál byggðanna allt í kringum landið, sjávarútvegsins og fólksins, fiskvinnslufólksins, útgerðarmannanna og íbúanna í öllum þeim dreifðu byggðum allt í kringum landið, að svona skuli eiga að fara að, það er alveg forkastanlegt.

Ástandið er sem sagt þannig að nú er útgerðin rekin með að meðaltali yfir 8% halla. Hún skuldar langt fram yfir þá möguleika sem hún hefur til að borga af sínum skuldum og getur auðvitað ekki borgað af neinum skuldum meðan hún er rekin af slíkum halla sem hér er um að ræða. Svo er stjórnkerfi fiskveiðanna að grafa undan byggðarlögunum allt í kringum landið og ég get ekki séð að hér séu menn með neinar hugmyndir sem koma í veg fyrir það. Allar þær hugmyndir sem hafa verið lagðar fram frá hendi þessarar svokölluðu tvíhöfða nefndar og hafa verið að líta dagsins ljós í dag stefna í þá átt að enn þá muni aukast hraðinn á því eyðileggingarstarfi sem fiskveiðistefnan hefur verið að vinna allt í kring í hinum dreifðu byggðum landsins. Og það síðasta sem hægt er að benda á er að koma enn þá betur í ljós, það er að eignarrétturinn á veiðiheimildunum veldur því með vaxandi hraða flytjast til störfin í landinu. Þau fyrirtæki sem eiga veiðiheimildirnar láta fiska fyrir sig einhvers staðar annars staðar á landinu þannig að fiskur sem gengur á miðin í Breiðafirði eða Faxaflóa er fluttur norður í land eða suður á land og ekki bara sá fiskur sem er þá fenginn út á veiðiheimildir viðkomandi fyrirtækis, heldur annað eins af veiðiheimildum á sama svæði þannig að allur afli frá sumum byggðarlögum fer nú til vinnslu annars staðar út á svona samninga. Það sem gerist í tengslum við þetta er að sjómennirnir og útgerðarmennirnir sem eiga hlut að máli og þurfa vegna neyðar sinnar af kvótaleysi að sætta sig við þessa samninga, eru þeir sem borga brúsann. Það eru þeir sem taka á sig það fiskverð sem þannig verður til því að þessi fyrirtæki sem hér um ræðir eru farin að vinna á mun lægri hráefnisverðum heldur en önnur fyrirtæki. Þannig munu þau í skjóli gróða af þessu fá tækifæri til þess að komast yfir meiri veiðiheimildir og auka þá starfsemi sem svona fer fram. Þetta er það sem menn eru að tala um að festa í sessi og það er reyndar undarlegt að sjómenn við Íslandsstrendur skuli ekki vera farnir að átta sig á því hvernig þetta muni fara með kjör þeirra þegar fram í sækir og er reyndar farið að hafa veruleg áhrif á kjör sjómanna nú þegar þar sem þessir samningar eru í gangi vegna þess að þessi fyrirtæki eru að kaupa fisk á mun lægra verði eins og ég sagði áðan. Og ég get tekið tölur frá því í sumar. Þá voru fyrirtæki að kaupa samkvæmt svona samningum fisk á 65 kr. á sama tíma og markaðsverð á fiski var 90–110 kr. Og auðvitað er aflahlutur sjómanna í samræmi við þetta og það sem útgerðin fær í sinn hlut vitanlega mjög rýrt og miklu rýrara en það fiskverð sem markaðirnir hafa boðið upp á á sama tíma gæfi tilefni til.

En það er fleira sem hefur gerst og er að gerast. Það hefur gerst að ekki er nokkur möguleiki að stofna til nýrrar útgerðar. Er verið að taka á því í tillögunum sem hæstv. sjútvrh. var að kynna áðan? Ekki aldeilis. Það er hægt að benda á það og það eru nýlegar tölur sem menn geta séð og hafa heyrt í fjölmiðlum undanfarið að það eru tvö skip á Vestfjörðum til sölu í Bolungarvík. Það hefur komið fram að bæjarstjórnin þar hefur gengist fyrir því að stofna félag til þess að kaupa þessi skip. Hún er búin að bjóða 660 millj. í þessi skip. En hvaða verðmæti skyldu nú geta borist að landi vegna þess kvóta sem þessi skip hafa? Jú, það er talað um að þessi skip hafi 3.400 þorskígildistonn og aflaverðmæti ef þetta er lagt á land til vinnslu í fiskvinnslustöð muni vera sem svarar einhvers staðar á bilinu 260–280 millj. á ári. Og fyrirtæki í sjávarútvegi sem hefur slíka veltu getur staðið undir 440 millj. eða svo í fjárfestingu þannig að bæjarstjórnin í Bolungarvík er að bjóðast til að kaupa fyrirtæki og ætlar að leggja því til a.m.k. 200 millj. í tannfé sem hún mun aldrei fá borgað vegna þess að það eru einungis til peningar sem þarf til þess að koma fyrirtækinu á núllið. En ekki er víst að skiptaráðendur sem eru með þetta fyrirtæki í sínum höndum og þurfa að selja, gangi að þessu tilboði þó að það sé svona vegna þess að kvótinn er meira virði samkvæmt þeim markaði sem er á þessum veiðiheimildum heldur en sem svarar þeim upphæðum sem þarna eru á ferðinni. Og þær upphæðir sem voru kynntar í upphafi voru að skipin og kvótinn væru 820 millj. kr. virði miðað við markað og þá sjá menn hvers konar aðstæður þetta eru sem við erum hér að tala um og hversu fáránleikinn er orðinn mikill að það er gersamlega vonlaust á Íslandi þar sem menn lifa á fiskveiðum að stofna nýja útgerð á landinu vegna þess að verðið á aflaheimildum verður jaðarverð sem engin ný útgerð getur staðið undir. Þetta er verið að festa í sessi með þessum nýju tillögum ef þær ná fram að ganga.

Tvíhöfða nefndin leggur til meira frjálsræði. Hún leggur það til að fiskvinnslan fái að eiga kvótann. Hún leggur til að hann verði ekki lengur tengdur skipunum. Hún leggur til að tvöföldunin á línunni verði tekin af og hún leggur til að trillurnar verði settar á kvóta. Hún leggur til að kvóti verður settur á allar tegundir nánast sem hægt er að hugsa sér. Í hvaða augnamiði? Jú, nákvæmlega í því augnamiði að eignarhaldið verði látið ganga yfir þetta allt saman og það sé aðalatriði

málsins að viðskiptin geti blómstrað. En viðskiptin með þessar aflaheimildir hafa valdið því sem ég var hér að lýsa að það er ekki hægt að stofna nýja útgerð og það er farið að gefa möguleika þeirra útgerða sem hafa miklar aflaheimildir að pína niður fiskverð. Nú er ekki lengur eitthvað sem menn kalla landssambandsverð, en það er til eitthvað sem menn gætu kallað kvótaeigendaverð en það er það verð sem kvótaeigendur bjóða mönnum upp á til þess að fiska fyrir þá og flytja síðan aflann þvert og endilangt um landið. Þetta er kallað hagræðing, en auðvitað er ekki í þessu fólgin nein hagræðing. Það er einungis verið að sjúga blóðið úr öðrum útgerðarmönnum og hafa af sjómönnum þeirra hlut. Þannig mun þetta kerfi halda áfram að grafa um sig og ef eitt af því sem tvíhöfða nefndin lagði til, þ.e. að það ætti að fara að leyfa útlendingum að eiga óbeina eignaraðild að þessum fyrirtækjum í sjávarútvegi, nær líka fram að ganga, þá sjá menn það fyrir sér að það getur gengið býsna hratt fyrir sig að erlendir aðilar fari að eignast hluti í útgerð á Íslandi. Og það verður ekkert erfiðara fyrir þá að eignast þannig ítök í gegnum óbeina eignaraðild heldur en virðist vera opin leið fyrir íslensk fyrirtæki sem komast í þá aðstöðu sem ég var að lýsa hér áðan að ná til sín með vaxandi hraða meira og meira af aflaheimildunum út á þessa aðstöðu sem þau komast í.

Ég verð að segja það að ég varð fyrir miklum vonbrigðum með þau svör sem hæstv. sjútvrh. kom með við þeim spurningum sem hv. 1. þm. Austurl. var að bera fram um það hvað ætti að fara að gera til þess að rétta af hlut sjávarútvegsins í landinu. Mér fannst þau ekki vera þannig að það yki mönnum bjartsýni um að hér yrði farið að taka myndarlega á málunum. En hann talaði þó málefnalega um að það þyrfti að vinna að allsherjarsamkomulagi í landinu um það hvernig verður tekið á þessum málum og ég fagna þeim orðum hans vegna þess að ríkisstjórnin hljóp frá þeim möguleika í haust. Þá voru allir aðilar á vinnumarkaðinum búnir að lýsa því yfir að þeir væru tilbúnir til þess að setjast við samningaborð með ríkisstjórninni og með atvinnurekendum og stjórnarandstaðan samþykkti líka að koma að því samningaborði og vinna að því að ná allsherjarsamkomulagi um það hvernig yrði tekið á öllum stærstu málum. En ríkisstjórnin kaus að hlaupa frá því og það var auðvitað ákaflega heimskulegt. En nú kemur hæstv. sjútvrh. og bíður upp á sömu úrlausn og talað var um í haust og auðvitað verða menn að þiggja það boð. Hins vegar kom það auðvitað ekkert fram hvort hann hefur umboð til þess að bjóða það eða hvort hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. hafa sömu skoðun og í haust að það eigi ekkert að standa í slíku og muni slíta þeim viðræðum þegar þeim hentar eins og þeir gerðu í haust. En ég vona það satt að segja að menn hafi vitkast og þessi mál verði öll sömul tekin til umræðu því að það þarf virkilega á því að halda í þessu þjóðfélagi núna að menn vinni saman að lausn málanna. Þau eru stór og það eru ekki þau vandamál sem við er að glíma. Þau eru stór, því verður ekki á móti mælt og þess vegna tel ég að það sé full ástæða til þess að taka undir með hæstv. sjútvrh. að það þarf að tryggja víðtæka umræðu um lausnir málsins.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég held að við sem hér erum í salnum velflest getum nú ekki tekið undir það sem hæstv. sjútvrh. sagði að við værum á réttri leið. Ég held að það sé ómögulegt að við getum sæst á að við séum á réttri leið. Og ég trúi því ekki heldur að þetta sé sú leið sem sjálfstæðismenn og alþýðuflokksmenn settu upp þegar þeir sögðu við stjórnarmyndunina að þeir ætluðu að fara að feta sig eftir velferð á varanlegum grunni í þessu þjóðfélagi og það var þaðan sem ríkisstjórnin ætlaði að fara að byggja upp eitthvert velsældarþjóðfélag. Ógæfuspor þessarar ríkisstjórnar eru mikil og ekki síst á fyrstu dögum hennar.

Árið 1990 og þar fyrr hafði undirstöðuatvinnugreinin sem hér er til umræðu mátt þola erfiðar aðstæður og var rekin við hin bágbornustu skilyrði svo ekki sé meira sagt. En upp úr því var það fyrrv. ríkisstjórn sem lagði í það þrotlaust starf að reyna að koma rekstrargrundvelli undir sjávarútveginn og sem betur fer tókst það og svo var komið að árið 1990 gat sjávarútvegurinn borgað af skuldum sínum. Sjávarútvegurinn var sem sé rekinn með hagnaði árið 1990 og svo var einnig árið 1991. Þá gat sjávarútvegurinn meira en borgað af lánum sínum. Hann borgaði einnig í sjóði sem áttu að geymast til erfiðari tíma og til frekari hagræðingar í greininni. Við munum hvað núv. ríkisstjórn kallaði þessa sjóði og sá sem fór fremstur í flokki var forsrh. sjálfur. Hann kallaði þessa sjóði aumingjasjóðina og fyrirgreiðslusjóðina og sukksjóði og þar sætu menn sem væru á kafi í fyrirgreiðslupólitíkinni. Hvar skyldu þessir sjóðir vera í dag? Þeir eru allir búnir. Núv. ríkisstjórn er búin að þurrausa alla þessa sjóði sem var búið að setja í fé og samt sem áður stöndum við frammi fyrir því í dag að sjávarútvegurinn á Íslandi er rekinn með 8–10% tapi.

Ríkisstjórninni varð það á að hækka vexti á sínum fyrstu starfsdögum sem voru þessari atvinnugrein nánast alveg óbærilegir og því til viðbótar voru lagðir á ýmsir nýir skattar sem námu hundruðum milljóna króna. Ég væri ekki hissa á því í dag þó að vaxtagreiðslan ein sem sjávarútvegurinn á Íslandi þyrfti að greiða væri á bilinu 8–10 milljarðar kr., ég væri ekki hissa á því. Og það sjá það náttúrlega allir að við slíkt er ómögulegt að búa.

Við vorum ekki fyrir löngu síðan að fjalla um ákveðið mál sem var gert að stóru máli, vandamál Landsbankans. Við vorum að færa til hans nokkra milljarða króna til þess að létta honum gönguna. Ég verð að segja það og mín afstaða í því máli var sú að hér væri aðeins verið að beita deyfilyfi við þennan banka, hvort sem það væri Landsbankinn eða einhver annar banki eða sjóðir. Allar slíkar aðgerðir eins og þar var gerð er ekkert annað en deyfilyf. Meðan undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar er rekin með svo miklu tapi, þá munu þessir sjóðir, hvort sem það eru bankar eða sjóðir, endalaust halda áfram að tapa. Og ef við ætlum ekki að koma rekstrargrundvelli í þessa grein, þá munum við enn þá þurfa að flytja hér tillögur um

að borga milljarða til banka og sjóða. Þess vegna er það aðalverkefnið nr. eitt, tvö og þrjú að koma rekstrargrundvelli í sjávarútveginum þannig að hann geti haft hagnað, geti borgað mannsæmandi laun til fiskvinnslufólksins og sjómannanna. Það er höfuðmál. Það verður þess vegna að stöðva þennan hallarekstur og ef við gerum það ekki, þá þurfum við ekkert að spyrja hvernig fer fyrir okkur Íslendingum. Því vil ég segja það, hæstv. sjútvrh., sem ég verð nú að viðurkenna að mér finnst á margan hátt hafa reynt að duga í þessum málum, en ég veit að hann á við erfiða aðila að fást innan ríkisstjórnarinnar sem mér finnst að ekki hafi sama skilning á þessari grein eins og hann. En það er óásættanlegt og við erum ekki, hæstv. sjútvrh., á réttri leið meðan sjávarútvegurinn er rekinn með jafnmiklu tapi og nú er, 8–10% tapi. Það er óásættanlegt, algerlega óásættanlegt.

Sú stefna ríkisstjórnarinnar er einnig óásættanleg sem upp hefur verð tekin að mönnum komi þessi mál nánast ekkert við og gjaldþrotin ein eigi að blíva og hagræðingin sem menn eru að tala um að ná í atvinnugreininni eigi að gerast í gegnum gjaldþrotin. Mér er spurn: Hvar eru allar þessar hagdeildir í dag? Hvar eru allar hagdeildir bankanna? Hvar eru allar hagdeildir sjóðanna? Hvernig má það vera að þessir aðilar sem eiga samkvæmt öllu eðlilegu að hafa aðgang að öllum reikningum þessara fyrirtækja, hvernig má það vera að það skuli koma svona flatt upp á þessa aðila í hvert skipti sem hriktir í og fyrirtæki fara á hausinn? Hvernig má það vera? Er ekki eitthvað að? Við hvað eru þessir menn að starfa? Mér er spurn.

Auðvitað verðum við að reyna að ná saman, að ná upp einhverri heildstæðri stefnu í sjávarútveginum. Og ég vil nú trúa því að það sé meiri hluti fyrir því á Alþingi, ég veit ekki hvort hann er mikill, stundum dreg ég það í efa, að skilningur sé á því að koma viti í þessi mál.

Menn eru að tala um það og það er það sem gengur í gegnum allt, söngurinn eilífi, hagræðing og hagræðing. Þið verðið að hagræða og þið verðið að hagræða hjá ykkur. Það er söngurinn. Ég fullyrði það að sjálfsagt hefur í fáum atvinnugreinum átt sér stað jafnmikil hagræðing og í sjávarútveginum. En menn verða að átta sig á því að þeir sem eru að reyna að verða við því að hagræða og sjá og skilja að það er nauðsynlegt og skynsamlegt að hagræða í greininni og skipuleggja upp á nýtt, þeir hljóta að gera þá sjálfsögðu kröfu að fá að vita hver eru þau starfsskilyrði sem greininni er ætlað að búa við. Þeir hljóta að spyrja um slíkt og þeir eiga rétt á að fá að vita það. Þeir verða að fá að vita það hver sá rammi er sem þeim er ætlað sjálfum að smíða inn í. En því miður hefur þetta skort. Menn vita ekki neitt hvað bíður sjávarútvegsins í dag. Og auðvitað er það ómöguleg stefna og það er reyndar engin stefna, alls engin stefna.

Við þurfum einnig að gera það upp við okkur og þar verðum við að kalla á svör frá ríkisstjórninni, hvað ætlum við að verða? Hvað ætlum við Íslendingar að verða? Ætlum við að sætta okkur við það að verða aðeins veiðiþjóð í þessu landi? Erum við búnir að gera það upp við okkur? Ætlum við ekki fremur að reyna að verjast og verða vinnsluþjóð og selja sem mest af afurðum okkar sem næst fullunnum úr landi þannig að við sjálf, þjóðin sjálf geti notið margfeldisáhrifa vinnslunnar? Er það ekki það sem við ætlum að gera? Hefur ríkisstjórnin verið að labba þá braut? Hefur hún hvatt menn til þess?

Hvað ætli Fiskveiðasjóður sé búinn að samþykkja marga nýsmíðasamninga á frystitogurum frá því að þessi ríkisstjórn kom til valda? Hvað ætli þeir séu margir? Það væri fróðlegt að fá svar við því. En ég tek undir það að auðvitað þurfum við að hagræða í greininni og það er okkur nauðsyn að auka arðsemina, en ég fullyrði það að þeir sem í greininni búa, sjá það og skilja að það þarf að gera það. En þeir gera þá kröfu til stjórnvalda að fá að vita hver starfsskilyrðin eiga að vera.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tala langt mál nú þó að auðvitað væri ástæða til þess vegna þess að mér skilst að tíminn sé mjög takmarkaður sem er til umræðunnar og fjöldi manna sé þegar á mælendaskrá. Ég ætla þess vegna ekki að taka of langan tíma. Ég skil það að menn vilja fá að tjá sig í máli eins og þessu og þess vegna skal ég stytta mál mitt og ef ég skil nú rétt og hlustaði á sjútvrh. rétt áðan segja, þá hyggst hann eða a.m.k. hefur vonir til þess að stjórnun fiskveiða komist á dagskrá þó ég leyfi mér nú að draga í efa hvernig það á að vera hægt vegna tímaleysis, en þá er það öruggt að við eigum eftir að eiga hér dag og nótt, kannski fleiri en eina og fleiri en tvær til þess að skiptast á skoðunum um það mál. En auðvitað er það grundvallarmálið í þessu öllu, það er fiskveiðistefnan. Það er eitt af því sem sjávarútvegurinn gerir kröfu til þess að fá að vita hver á að verða. En við verðum líka að átta okkur á því og því miður finnst mér það eftir að hafa hlýtt á menn í þessari tvíhöfða nefnd koma til okkar og skýra okkur frá því hvað þeir eru að gera og eftir að hafa aðeins gluggað í þau gögn sem við fengum í hádeginu, þá vil ég bara brýna það fyrir hæstv. sjútvrh. að hann geri sér grein fyrir því að fiskveiðistefnan er ekki bara stefna útgerðar og vinnslu. Hún er ekki síður stefna fiskvinnslufólksins og sjómannsins og um þessi mál, um fiskveiðistefnu í landinu, getur aldrei orðið sátt nema þessir aðilar fái að vera þar með. En ég segi það enn og aftur að eftir að hafa gluggað í þessi mál og hlustað á suma af talsmönnum þessarar stefnu, þá finnst mér skorta þar mikið á.

Ég hlýt að segja það hér og nú, úr því að ég er farinn að tala um stefnuna, að auðvitað er það hreint með ólíkindum hvernig að þessu máli hefur verið unnið um mótun fiskveiðistefnu. Þar hefur ekkert samráð verið haft við hvorki hagsmunaaðila né sjútvn. eins og ákveðið var að skyldi gert. Hins vegar nú, ég veit ekki hvað margir vinnudagar eru eftir til þingloka en þeir eru svo sannarlega ekki margir samkvæmt starfsáætlun þingsins, ef ég veit rétt, þá er það um 6. maí sem meiningin er að þinglok verði, þannig að ég sé nú ekki hvernig menn ætla að sigla því máli þokkalega heilu í höfn.

En ég get ómögulega farið svo úr þessum ræðustól

án þess að minnast aðeins á þróunarsjóðinn sem hefur staðið hvað lengst í tvíhöfða nefndinni en sá dagsins ljós í gær. Ég varð auðvitað fyrir sárum vonbrigðum þegar ég sá þetta afkvæmi — og nú sé ég að tíma mínum er lokið, virðulegi forseti, en ég er alveg að ljúka máli mínu — en ég sá það að þessum sjóð er ætlað að taka við öllum skuldbindingum Hagræðingarsjóðs, atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar og eignum og skuldbindingum hlutafjárdeildar Byggðastofnunar. Síðan segir og nú les ég þetta upp úr málgagni forsrh., Morgunblaðinu, málgagni forsrh. og Jóns Baldvins Hannibalssonar þannig að ég ætlast til þess að það fari rétt með þessa hluti, en það segir svo:

„Komi í ljós að lágmarksgjaldið sem hæstv. sjútvrh. var að tala hér um áðan standi ekki undir skuldbindingum sjóðsins ber sjútvrh. að leggja fyrir Alþingi tillögu um breytingar á tekjustofnum hans."

Hvað er verið að tala um? Auðvitað er verið að tala um það að sjútvrh. beri þá að leggja fram tillögur um auknar álögur á greinina.

Að lokum, virðulegi forseti, ég skil að forseti ókyrrist og manni ber að virða tímamörkin hér, en að lokum þetta. Ég hefði aldrei trúað því að Sjálfstfl. ætti eftir að standa að því að leggja slíkar álögur á íslenskan sjávarútveg. Ég spyr: Af hverju má ekki búa sjávarútveginum eins og annarri atvinnustarfsemi í landinu þau starfsskilyrði að sjávarútvegurinn eins og önnur atvinnustarfsemi fá að borga skatta og skyldur samkvæmt því? Með hvaða peningum á sjávarútvegurinn að borga auðlindaskatt, atvinnugrein sem er rekin er með 8–10% tapi. Hvaða sendiherrar fjmrh. eiga að standa á hafnarbakkanum vestur á Snæfellsnesi og innheimta aflagjald af sjómönnunum þegar þeir koma að landi? Með hvaða peningum eiga sjómennirnir að borga? Það væri fróðlegt að sjálfstæðismennirnir svöruðu því.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það var vissulega tímabært að ræða hér um sjávarútvegsmál og þá stöðu sem sjávarútvegurinn stendur í. Hann stendur undir öllum útflutningstekjum eða meiri hluta af útflutningstekjum þjóðarinnar. Það hefur verið vitað frá því í haust þegar samdráttur í afla var tilkynntur að það gæti ekki orðið um annað að ræða en eitthvað yrði að taka til ráða til bjargar sjávarútveginum. Það er upplýst nú að hann sé rekinn með 8,3% tapi til jafnaðar, jafnvel 10%. Þó er það ekki alls staðar. Það er nokkuð misjafnt á milli greina og það hefur sýnt sig að sú fullvinnsla sem farið hefur verið út í hefur skilað meiri hagnaði en ferskfiskurinn skilar sem seldur er, enda er svo mikið framboð af honum víða erlendis að verð á honum fellur.

En við erum að ræða um stöðuna í dag. Við erum ekki að ræða um hvernig við ætlum að hafa það til framtíðar. En ríkisstjórnin hefur eins og ég sagði áðan vitað að hverju stefndi frá því í haust því að í ágúst var kvótinn skertur mjög mikið fyrir hvert einasta útgerðarfyrirtæki í landinu. Þá upplýsti hæstv. forsrh. að engin útgerðarfyrirtæki þyrftu að taka á sig meira en sem svaraði 5% skerðingu. Við það hefur ekki verið staðið. Síðast í gær var spurt um það hvað liði þeirri ákvörðun forsrh. að bæta skerðingu í þorskafla þannig að ekkert fyrirtæki þyrfti að taka á sig meiri en 5% skerðingu. Það kom heldur ekki fram í dag þegar verið var að kynna hinn nýja þróunarsjóð og hefur ekkert verið framkvæmt af þessum loforðum. Það komu ný loforð í nóvember, loforð um atvinnustefnu og loforð um þróunarsjóð sem er fyrst í dag, 2. apríl, að líta dagsins ljós.

Hver er eiginlega efnahagsstefna þessarar ríkisstjórnar? Hún hlýtur að byggjast á þeirri stefnu sem hún hefur í sjávarútveginum. Hún er búin að vera með nefnd í gangi frá því að hún tók við völdum, nefnd sem stjórnarandstaðan átti engan þátt í og fékk ekki aðgang að, hin svokallaða tvíhöfða nefnd. Það hafa verið kynnt drög meðal fjölmiðla að ýmsum tillögum sem hún leggur til, en hún hefur ekki komið fram með tillögurnar fyrr en í dag. Þær eru líka dagsettar í dag, 2. apríl. Ég býst við að þær ásamt frv. um þróunarsjóð muni koma til umræðu síðar þannig að ég ætla ekki að eyða miklum tíma í að ræða það hér nú.

En hver verður framvindan í sjávarútvegsmálunum hér á landi? Verður áfram fylgt gjaldþrotastefnu? Það virðist vera stefna ríkisstjórnarinnar, að henni komi það ekkert við þó fyrirtækin haldi áfram að fara á hausinn, enda hefur gjaldþrotum fjölgað og það verður örugglega áfram. Hvað sagði ekki Einar Oddur í DV í gær? Skuldir sjávarútvegsins eru 105 milljarðar kr. og tekjurnar eru hvað, 70 milljarðar. Hvernig á nokkurt fyrirtæki að geta staðið undir slíku?

Og þegar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar er rekinn með slíku tapi, þá hlýtur það á endanum að koma niður á öllu þjóðarbúinu og það kemur niður á hinum almenna launamanni. Hvað var ekki í fréttum í gær? Mikil aukning vanskila hjá byggingarsjóðunum. Mikil aukning hefur verið og er það ekki þar sem þetta allt saman endar, hjá fólkinu sjálfu með atvinnuleysinu og þar með greiðsluerfiðleikum? Eiga kannski allir að fara á atvinnuleysisbætur? Ég held það gangi ekki upp til lengdar.

Það hefur talsvert verið gert í því að reyna að hræða fólk með dæminu frá Færeyjum. Færeyingar standa í því að lækka það hlutfall atvinnuleysisbóta af launum sem þeir ætla að greiða og samt stefnir í gjaldþrot atvinnuleysistryggingasjóðs hjá þeim. Fólk getur kannski dregið fram lífið við kröpp kjör enn þá, en það stendur ekki undir þeirri greiðslubyrði sem það hefur tekið á sig og var miðuð við fulla atvinnu. Mér virðist að ríkisstjórnin bara sitji í einhverju tómarúmi og láti sem henni komi ekkert við þetta vandamál atvinnuveganna.

Þegar upp kom það vandamál sem við þekkjum hér og rætt hefur verið um í sambandi við Bolungarvík, þá var viðtal við hæstv. forsrh. þar sem hann var spurður um vanda Bolvíkinga. Hann svaraði hér í Morgunblaðinu 18. febr., með leyfi forseta:

„Vegna þess að fyrirtækið EG er stórt á mælikvarða bæjarins, þá verður áfallið stórt. Þetta lítur þannig út hér úr mínum gamla hreppi Reykjavík, þá væru 15 þús. manns að verða atvinnulausir í einu og mér hefði nú brugðið við sem borgarstjóra," segir

fyrrv. borgarstjóri í Reykjavík. Og hann segir einnig: „Við vitum að kannski eru fleiri vandamál í uppsiglingu á þessu svæði og þess vegna er nauðsynlegt að nota tækifærið og tómið núna til þess að kanna alla þessa þætti mjög nákvæmlega."

Þess vegna virðist mér að hæstv. forsrh. lifi í einhverju tómarúmi. Það er hægt að skipa nefndir og það er hægt að kanna málin, en það er ekkert gert.

Hæstv. sjútvrh. svaraði þeim frummælanda sem hóf máls á vanda sjávarútvegsins og lagði mikla áherslu á samstöðu nú, samvinnu allra til að leysa þennan mikla vanda. Það er vissulega mikill vandi, það hafa allir fallist á það. Og það hafa allir talað um það í allan vetur og miklu lengur hversu vandinn væri stór. En hvaða leiðir hefur ríkisstjórnin farið í því að leita samstöðu? Hefur hún leitað eftir samstöðu á Alþingi um málið? Það er skipuð hver nefndin af annarri þar sem stjórnarandstaðan á engan fulltrúa.

Eins og ég sagði áðan, þá er ég nýkomin með í hendur drög að skýrslu nefndar um mótun sjávarútvegsstefnu sem er dagsett í dag. Þar er lagt til óbreytt ástand, óbreytt kvótakerfi, en kverkatökin á þeirri útgerð sem hefur skilað mestum þjóðhagslegum hagnaði eru hert og þar á ég við krókaleyfisbáta og línubáta. Nú á að setja kvóta á þá og afnema tvöföldun línuveiðanna. Stjórnarandstaðan hefur ekki verið með í þessari vinnu og hún á ekkert í þessum tillögum. Þeim er skellt fram án samráðs við stjórnarandstöðuna. En nú á allt í einu að óska eftir samstöðu allra þingmanna um lausnir fyrir sjávarútveginn.

Sjávarútvegurinn er okkar aðalatvinnuvegur og útflutningstekjur hans eru 80% af ýmsum völuflokkum sjávarútvegsins. Þeir standa nú frammi fyrir alvarlegum áföllum og þar með stendur þjóðarbúið frammi fyrir því en ríkisstjórnin er búin að sofa á þessum vanda frá því sl. haust a.m.k. og þegar í algert óefni er komið, þá er farið að ræða um samstöðu. Stjórnarandstaðan bauð samstöðu í haust og það var efnt til viðræðna með hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Þeim var haldið við í orði kveðnu í tvær vikur og þá komu allt í einu tillögur ríkisstjórnarinnar um lausn á efnahagsvandanum og atvinnuvandanum. En það hefur lítið verið gert í þeim tillögum. Þær tillögur voru um að styrkja stöðu íslensks atvinnulífs og sporna gegn auknu atvinnuleysi. Og eitt af því var að skapa útflutningsgreinunum öruggari framtíðarskilyrði. Síðan var einnig í tengslum við afgreiðslu fjárlagafrv. ákveðið að verja auknu fé til rannsókna- og þróunarstarfsemi og markaðsmála. Hverjar skyldu nú vera efndirnar á því? Jú, það átti að selja eignir fyrir 1,5 milljarða kr. og leggja 20% af því til aukinnar rannsókna- og þróunarstarfsemi. Það var upplýst hér af hálfu hæstv. fjmrh. fyrir tveimur dögum held ég að það mundu líklega ekki seljast eignir nema fyrir í mesta lagi 500 millj. kr. í staðinn fyrir 1,5 milljarða þannig að það eru þá ekki nema 20% af þessum 500 millj. sem fara til aukinnar rannsókna- og þróunarstarfsemi og markaðsmála. Þannig eru nú efndirnar á því. En sú samstaða sem hæstv. ráðherra er nú að óska eftir verður að byggjast á því að stjórnarandstaðan sé með í tillögugerð og tillit sé tekið til sjónarmiða hennar frá upphafi. Við vöruðum við því strax í upphafi ferils þessarar ríkisstjórnar að hún þyrfti að huga að atvinnumálum. Það hefur margoft komið fram. Nú er hún að því er virðist að vakna við vondan draum og úrræðin eru engin. Það voru engin úrræði hér áðan í ræðu hæstv. sjútvrh. Úr því að vinnubrögðin hafa verið með þessum hætti sem ég hef verið að lýsa, þá tel ég að nú sé það hæstv. ríkisstjórnar að leysa vandann. Annars er hún ekki starfi sínu vaxin og ætti að fara frá. Hún hefur komið sjálfri sér og atvinnuvegum þjóðarinnar í þennan vanda með kvótakerfi, með aðgerðaleysi og með samstöðuleysi.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Fyrir nokkru hitti ég framkvæmdastjóra eins af stærstu, best reknu og myndarlegustu sjávarútvegsfyrirtækjunum hér á landi og við ræddum um framtíðarhorfur sjávarútvegsins sem öllum er auðvitað ljóst að eru afar dökkar um þessar mundir. Tal okkar kom að því að ég vakti á því athygli að þrátt fyrir þessa þröngu stöðu væru að gerast ótrúlega merkilegir hlutir víða í íslenskum sjávarútvegi og forustumenn sjávarútvegsfyrirtækjanna væru farnir að horfa til ólíklegustu átta í því skyni að efla hag greinarinnar og styrkja stöðu sjávarútvegsins með margvíslegu nýju átaki og margvíslegum nýjungum sem menn gætu verið undrandi á í sjálfu sér að menn væru að hugsa um yfir höfuð við þessar erfiðu kringumstæður. Um þetta vorum við sammála en þar kom að að þessi framkvæmdastjóri þessa vel rekna, myndarlega, öfluga og góða sjávarútvegsfyrirtækis sagði við mig eitthvað á þá leið að í sjálfu sér væri þetta allt saman ánægjulegt ef staðan væri ekki sú í íslenskum sjávarútvegi í dag að þeir menn sem ættu fyrst og fremst að vera að hugsa um þá hluti að sjá hvaða möguleikar gætu verið í íslenskum sjávarútvegi til þess að takast á við nýjungar væru alla daga að hugsa um það hvernig þeir ættu að framlengja næsta víxli og borga út á næsta föstudegi. Þetta væri raunveruleikinn sem við væri að glíma í sjávarútveginum. Þetta væri auðvitað til þess fallið að draga úr möguleikum manna, kjarki manna og þori til þess að takast á við ýmis ný verkefni sem vissulega blasa við og þörf er á að íslenskur sjávarútvegur takist á við.

Sá vandi sem við stöndum núna frammi fyrir í sjávarútveginum er að mínu mati þrenns konar. Það er í fyrsta lagi, og kannski er það alvarlegasta, gamli vandinn sem hefur hlaðist upp árum saman, safnast upp í formi aukinnar skuldsetningar sjávarútvegsins og sem best kom fram í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands á síðasta ári og hæstv. sjútvrh. greindi frá á sínum tíma á Alþingi. Það er óhætt að segja að frásögn hæstv. sjútvrh. af skýrslu Hagfræðistofnunarinnar hafi á vissan hátt hrist upp þessa umræðu og vakið athygli á því hversu þessi vandi sem við er að glíma er gamall og djúpstæður. Því fer auðvitað víðs fjarri að menn geti afgreitt málið sem svo að það hafi verið búið að koma öllum hlutum í samt lag fyrir tveimur eða þremur árum eða svo þegar aðstæður voru allt aðrar heldur en þær eru í dag, bæði vegna þess að þá var aflinn

miklu meiri, verðlag á mörkuðunum mun hærra og síðast en ekki síst, á þeim tíma voru menn í ákveðnu skjóli, í skjóli þeirrar skuldbreytingar sem menn höfðu gengið í gegnum nokkrum árum áður og ég hef margoft lýst yfir að hafi verið skynsamleg og þarfleg og þess vegna held ég að það sé mjög varhugavert að menn líti svoleiðis á að vandinn hafi verið orðinn leystur í eitt skipti fyrir öll ef menn hefðu bara haldið þeim kúrsi á árinu 1990 eða 1991. Þannig var þetta ekki og skýrsla Hagfræðistofnunar sem hæstv. sjútvrh. greindi okkur frá í fyrrai sýndi okkur að hinn djúpstæði vandi íslensks sjávarútvegs var til staðar og hafði ekki verið leystur.

Í annan stað stafa okkar miklu hremmingar í sjávarútveginum núna auðvitað af því að við erum að draga úr sjó svo miklu minni afla, svo miklu minna aflaverðmæti af þeim sökum. Og það er ekki bara þetta heldur líka hitt að kostnaðurinn við það að ná hverju fiskkílói í dag er auðvitað miklu meiri heldur en hann var fyrir aðeins tveimur árum síðan og ég tala nú ekki um lengra þegar aflabrögðin voru enn þá betri. Við skulum ekki gleyma því að fyrir tveimur árum eða þremur var framlegð sjávárútvegsfyrirtækjanna ekki síst fólgin í því að þau voru að sækja sína framlegð, sína möguleika til þess að borga niður vexti og afborganir af lánunum, í stórum stíl inn í útgerðarþátt síns reksturs eins og menn vita. Nú hefur þetta allt saman breyst. Útgerðarþátturinn sem áður varð að skapa mönnum framlegð, áður varð að standa undir skuldunum er orðinn jafnvel baggi. Ég held að allir séu sammála um það sem núna stunda sjávarútveg í hefðbundnum greinum, þ.e. með hefðbundnum skipum sem eru að leggja upp afla í fiskvinnslustöðvum, að þetta hefur gersamlega snúist við og framlegðartapið sem hefur orðið í útgerðinni vegna þess að það er dýrara að sækja afla í sjó, vegna þess að aflinn er minni, þetta hefur auðvitað sett stærsta strikið í reikninginn. Við þetta bætist síðan hitt sem er auðvitað sérstakt áhyggjuefni okkar vegna þess að á þann þátt málsins getum við engin áhrif haft, það eru auðvitað þessi nýju tíðindi af lækkandi fiskverði erlendis. Lækkandi fiskverð erlendis er talið þýða það á ársgrundvelli að tekjutapið í íslenskum sjávarútvegi verði eitthvað nálægt 5 milljörðum, 5 þús. millj. kr. Og við skulum aðeins reyna að átta okkur á því og setja það í samhengi við eitthvað sem við erum að ræða um.

Menn hafa sagt sem svo: Lausnin á vanda sjávarútvegsins felst í því að lækka vexti. Punktur. Það er auðvitað rétt að það væri mjög til hagsbóta fyrir íslenskan sjávarútveg að vextir lækkuðu. En við skulum ekki ímynda okkur að það eitt og sér, sú aðgerð ein og sér mundi leysa vanda sjávarútvegsins. Ég sagði áðan: Tekjutapið í sjávarútveginum vegna lækkandi afurðaverðs er upp á 5 milljarða kr. Það hefur verið greint frá því að skuldir íslenska sjávarútvegsins í innlendri mynt eru um það bil 30 milljarðar kr. (**StG:** Við ráðum vöxtunum en ekki verðlaginu.) Nú kem ég að því, hv. þm. Stefán Guðmundsson.

Ýtrustu óskir fiskvinnslunnar hafa lotið að því að hægt væri að lækka raunvexti á innlendum lánum um allt að 3%. Það þýðir að afkoma sjávarútvegsins batnaði um 900 millj., kannski hið besta 1.000 millj. sem út af fyrir sig er auðvitað gífurlegur árangur og ég trúi ekki öðru en menn séu almennt sammála um nauðsyn þessa. En það breytir ekki því að á móti 5 milljarða tekjutapi vegna lækkandi afurðaverðs hrekkur því miður vaxtalækkun allt of skammt.

Menn hafa rifjað upp sem er líka rétt að raunvextir á lánum erlendis hafa verið að lækka og hafa lækkað sennilega um 1%. Ef við aftur skoðum skuldastöðu sjávarútvegsins, þá er mjög líklegt að erlendar heildarskuldir sjávarútvegsins séu eitthvað nálægt 60–65 milljarðar. 1% vaxtalækkun er þess vegna um það bil 600 millj. kr. útgjaldaminnkun fyrir sjávarútveginn ef hún skilar sér að fullu hingað innan lands. Ég tek undir það með hæstv. sjútvrh. að það vekur auðvitað með mönnum mikla undrun að ekki skuli hafa tekist að skila þessu að fullu inn í lán Fiskveiðasjóðs sem eru tekin erlendis. En þegar við leggjum þetta saman, þá sjáum við það að jafnvel þó okkur tækist það eins og rétt er hjá hv. 4. þm. Norðurl. v., að við höfum þó einhverja möguleika á því að hafa áhrif til lækkunar á vöxtum hér innan lands, ef allt þetta skilar sér, þá erum við samt sem áður ekki að tala um nema 1,5 milljarða á móti þeim 5 milljörðum sem við eru bara búin að tapa út vegna lækkandi afurðaverðs og þá eigum við eftir að taka tillit til verri afkomu vegna þess að aflinn sem við núna drögum úr sjó er svo miklu, miklu minni heldur en áður.

Ég get líka tekið undir það með hæstv. sjútvrh. að annað sem er nauðsynlegt að við grípum til við þessar aðstæður er það að lækka raforkuverð til fiskvinnslunnar. Ég hef áður, og það hafa margir gert hér á Alþingi, gagnrýnt þetta háa raforkuverð og ég held að við þessar aðstæður þar sem við erum með umframleiðslu og við erum með eitt stórt heildsölufyrirtæki eins og Landsvirkjun, öflugt fyrirtæki, þá er það auðvitað engin goðgá að því sé gert að taka á í því að lækka orkuverðið. En ég legg líka áherslu á það að menn mega ekki blekkja sig heldur með því að þar sé búið að finna einhverja töfralausn vegna þess að hún hefur ekki verið fundin jafnvel þó að við lækkum raforkuverðið.

Þriðja atriðið sem ég vil nefna í þessu sambandi er að um þessar mundir er verið að vinna að endurskoðun á tekjustofnalögum sveitarfélaganna vegna þess að við höfum ákveðið hér á Alþingi að leggja af aðstöðugjald. Ég vil ekki láta hjá líða að segja það að ég vara mjög eindregið við öllum hugmyndum sem uppi kunna að vera um það að bæta sveitarfélögunum upp tekjutapið af aðstöðugjaldinu með því að flytja skattbyrðina yfir á sjávarútveginn og atvinnulífið að nýju í formi einhverra eigna- eða fasteignaskatta. Það væri svo gersamlega að fara úr öskunni í eldinn að ég held að það hljóti hvert mannsbarn að sjá þetta. Auðvitað var afnám aðstöðugjaldsins gríðarlega þýðingarmikið, ekki bara fyrir sjávarútveginn heldur fyrir atvinnulífið í landinu í heild. Og þess vegna megum við aldrei og við hljótum að geta sameinast um það alþingismenn að við sem viljum tryggja stöðu atvinnulífsins í landinu, við hljótum að geta sameinast um það að taka

ekki undir nein sjónarmið sem felast í því að leggja að nýju á einhverja veltu- og kostnaðarskatta sem myndu með fullum þunga leggjast á sjávarútveginn, burt séð frá því hvaða hag hann sé að skila.

Í fjórða lagi hlýt ég að leggja áherslu á það sem hæstv. sjútvrh. gerði og er auðvitað kjarni þessa máls að við verðum auðvitað með öllum tiltækum ráðum að auðvelda þessari grein alla þá kostnaðarlækkun sem hægt er að grípa til. Og ég held að menn ættu að tala tæpitungulaust í þessum efnum. Kostnaðarlækkun tekur til allra þátta. Auðvitað er það mjög lofsamlegt sem við heyrðum frá stóru sjávarútvegsfyrirtæki í Vestmannaeyjum í gær um lækkun þeirra kostnaðarliða sem lúta sérstaklega þeim sem hafa betri launin í fyrirtækjunum. Þetta er auðvitað mjög mikilvægt. En heldur ekki þarna er búið að finna töfralausnina, enda hefur það nú varla staðið til. En kostnaðarlækkun hlýtur að taka til allra þátta og við skulum gera okkur grein fyrir því að í rekstri hefðbundins fiskvinnslufyrirtækis er fiskverðið 50% af útgjöldunum, vinnulaunin um 20% og aðrir þættir þá um 30%. Og auðvitað verður ekki undan því vikist að koma nær alls staðar við þó auðvitað verði að tryggja það að byrðunum sé réttlátlega dreift.

Síðast en ekki síst vil ég segja það sem mína persónulegu skoðun í þessum efnum að ég held það að við þessar aðstæður verði ekki undan því vikist að fara í enn frekari skuldbreytingar en hafa átt sér stað. Ég er sammála hæstv. sjútvrh. um að það þarf ekki að gera og á ekki að gera með aðferð einhverrar sjóðamyndunar til þess arna. Þar er ég alveg sammála hæstv. sjútvrh. Ég held það hins vegar og get ekki séð það a.m.k. að undan því verði vikist að með einum eða öðrum hætti verði farið út í frekari aðgerðir á þessu sviði.

Það er alveg rétt sem fram hefur komið að það er verið að skuldbreyta núna víða í sjóðum landsins eins og Fiskveiðasjóði. Atvinnutryggingarsjóður Byggðastofnunar gerði það á síðasta ári og í bönkum landsins er vissulega verið að gera þetta í einhverjum mæli. En ég segi það að jafnvel þó það þýði að sjóðir þessir og bankar þurfi að grípa til einhverrar frekari erlendrar lántöku til þess að skola mönnum yfir flúðirnar sem við erum vissulega stödd á núna, þá er það réttlætanlegt. Og ég er alveg sannfærður um það að ef það er hægt að draga úr hinni tímabundnu greiðslubyrði fyrirtækjanna vegna þessara alvarlegu aðstæðna sem þau eru í núna, þá væri það jákvæðasta innleggið til þess nákvæmlega að efla atvinnustarfsemina. Menn hafa verið að tala um það í kjarasamningum að taka stór erlend lán til þess að fara í vegagerð eða einhverjar verklegar framkvæmdir. Ég er alveg sannfærður um það að jafnvel miklu minni erlend lántaka sem hefði þetta í för með sér sem ég hef verið að segja, væri miklu áhrifaríkari til þess að tryggja atvinnusköpun í landinu.

Ég minni líka á það að þeir aðilar sem hér um ræðir, sjóðir þeirra og bankastofnanir, eru auðvitað með tryggari veð í fyrirtækjunum heldur en þeir viðskiptaaðilar sem fyrirtækin skipta við og það er ekki síst þessum viðskiptaaðilum sem það kæmi mjög til góða ef hægt væri að draga úr greiðslubyrði sjávarútvegsfyrirtækjanna og laga greiðslustöðu þeirra þannig að eðlileg viðskiptastarfsemi gæti átt sér stað í landinu. Ég held að það sé rétt sem hv. málshefjandi, hv. 1. þm. Austurl., sagði áðan að gegn þessum mikla vanda sem við stöndum frammi fyrir núna sem er svo margþættur eins og ég hef þegar lýst, þá er engin töfralausn, það eru engar auðveldar lausnir og menn eiga ekki að tala eins og mönnum stundum hættir til að þetta sé allt spurning um það að vilja vel gagnvart íslenskum sjávarútvegi. Þetta er ekki spurning um það. Þetta er spurning um það að þegar að okkur er sótt með þessum hætti, þegar hremmingarnar eru svona miklar sem stafa bæði af eldri vanda, sem stafa af lækkandi fiskverði erlendis og stafa af minni afla, þá er auðvitað óskaplega fátt til ráða. En þá verðum við auðvitað að grípa til allra þeirra ráða sem við þekkjum, jafnvel þó þau kunni að vera óhefðbundin og jafnvel þó þau kunni að stangast á við eitthvað af því sem við höfum áður talið að væri eðlilegt, nauðsynlegt og skynsamlegt. (Gripið fram í.) En aðalatriðið er auðvitað það að núv. hæstv. ríkisstjórn, eins og hv. 4. þm. Norðurl. v. var auðvitað að segja, haldi áfram á þeirri braut sinni að stuðla hér að stöðugleika og lægri vöxtum til þess að styrkja atvinnulífið með þeim hætti og ég veit að þar hljóta menn að eiga samleið hér á þinginu.

Útbýting þingskjala:

Ferðaþjónusta, 524. mál, frv. SJS, þskj. 882.

Viðhaldsþörf ríkiseigna, 568. mál, fsp. SAÞ, þskj. 938.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég átti þess því miður ekki kost að vera viðstaddur upphaf þessarar umræðu en hef fylgst með henni um hríð og vil leggja nokkur orð í belg. Það er auðvitað þannig að við ræðum stöðu sjávarútvegsins, afkomu hans ef afkomu skyldi kalla og aðstæður allar við óvenjulegar kringumstæður að mörgu leyti. Það þarf ekki að fara yfir það, hefur væntanlega verið gert í umræðunni hvernig sú staða í grófum dráttum er, bullandi taprekstur í svo til öllum greinum sjávarútvegs, veiðum og vinnslu, milljarðatap á síðasta ári og þessu nýbyrjaða og fá teikn á lofti um að ástandið breytist nema þá til hins verra, þ.e. áframhaldandi lækkun fiskverðs og hremmingar haldi áfram að gera afkomu og stöðu sjávarútvegsins verri. Og við þessar aðstæður hefur hæstv. ríkisstjórn landsins tekist að halda þannig á málefnum sjávarútvegsins að mánuðir eftir mánuði hafa liðið án þess að nokkur skapaður hlutur væri gerður til þess að reyna að rétta af stöðu greinarinnar. Mánuðir eftir mánuði hafa liðið vegna illdeilna og áfloga innan ríkisstjórnarinnar án þess nokkur skapaður hlutur væri til meðferðar á Alþingi eða annars staðar af hálfu stjórnvalda til að bæta stöðu sjávarútvegsins frá því að sú ákvörðun var tekin hér fyrir um ári síðan að tæma þá sjóði sem sjávarútvegurinn hafði safnað í á undanförnum árum.

Nú er hin fræga tvíhöfða nefnd búin að skila sínu áliti, ef svo má að orði komast. Það virðist hafa hreyft

eitthvað við ríkisstjórnin að á Alþingi var komin fram tillaga um að taka málið úr höndum nefndarinnar og ríkisstjórnarinnar og að Alþingi færi í þetta verkefni sem ríkisstjórninni hefur gjörsamlega mistekist. Þær miklu fréttir bárust í gær að nefndin hefði skilað niðurstöðu en þær fréttir voru ekki orðnar gamlar þegar jafnframt fylgdi sögunni að ríkisstjórnin og hæstv. ráðherrar væru þegar komin í hár saman um túlkun á þeim hinum sömu niðurstöðum. Það vildi svo til að ég heyrði hádegisfréttir, sem e.t.v. einhverjir sem hér eru inni hafa ekki átt kost á. Það var ákaflega merkilegt að heyra hvernig ráðherrunum tókst að túlka þetta nokkurra klukkustunda gamla samkomulag algerlega sitt í hvora áttina hvað varðaði t.d. 6. gr. frv. Það veit sannarlega ekki á gott þegar svo gerist, eins og aftur og aftur hefur gerst í þessari hæstv. ríkisstjórn, að blekið er ekki þornað á pappírum ríkisstjórnarinnar eða ráðherranna þegar þeir eru komnir í illdeildur um að hvernig eigi að túlka niðurstöðurnar.

Þessi vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar, sem margt mætti um segja, eru auðvitað neðan við allar hellur og ekki boðleg varðandi málefni helstu undirstöðuatvinnugreinar landsmanna. Þó ekki væri annað en sú forheimskun ríkisstjórnarinnar í þessum efnum að ætla sér að ganga frá samkomulagi af því tagi sem hér á við um þróunarsjóðinn sem aðallega komi til framkvæmda á árinu 1996 í illdeilum innbyrðis og án nokkurs samráðs við aðra stjórnmálaflokka í landinu. Það eru alger heimskupör. Það sjá auðvitað allir menn að þannig festa menn ekki í sessi niðurstöðu sem á að taka gildi á miðju næsta kjörtímabili. Ef menn ætla að festa hana í sessi og treysta hana þá reyna menn að gera það með samráði við alla stjórnmálaflokka í landinu þannig að niðurstaðan standi óháð því hverjir standa saman að ríkisstjórn þegar þar að kemur á næsta kjörtímabili eða kjörtímabilinu. Sem betur fer eru öll teikn á lofti um að þessi ríkisstjórn fari frá í síðasta lagi vorið 1995. (**Gripið fram í:** Vonandi fyrr.) Og nokkur öruggt að hún gerir það þá en vonandi fyrr, rétt, hv. þm. Enn vitum við auðvitað ekki hverjir koma þá til með að fara með völdin en það eru allar líkur til að það verði ekki núv. stjórnarflokkar því þeir fái þannig á kjaftinn, eins og sagt er á mannamáli, í þeim kosningum. Eru það þá skynsamleg vinnubrögð í málefnum sjávarútvegsins að afgreiða hluti af þessu tagi sem eiga að koma til framkvæmda á miðju næsta kjörtímabili eftir innbyrðis illindi og álflog og án nokkurs samráðs við aðra stjórnmálaflokka í landinu en þá sem nú standa að ríkisstjórn? Nei, það er það ekki. Það sjá allir heilvita menn. Þess vegna er það svo að þegar menn hafa viljað ná samstöðu um málaflokka og festa í sessi stefnumörkun til lengri tíma þá hafa menn gert það með samráði og samkomulagi flokka á Alþingi og fest það niður í gegnum áætlanir og ályktanir þingsins og samráð allra flokka.

Þetta sér hver heilvita maður og ekki síst hagsmunagæslumenn sjávarútvegsins að ríkisstjórnin er með öllu búin að klúðra málefnum greinarinnar bæði í bráð og lengd. Það hefur enginn neina trú á þessum niðurstöðum tvíhöfða nefndar ráðherranna eða ríkisstjórnarinnar af því þær eru ekki undirbyggðar til þess að standa og mér liggur reyndar við að segja sem betur fer eins og þær eru sumar hverjar. Ég held að sá þróunarsjóður sem ríkisstjórnin er þarna að bögglast með stefni í að verða ófreskja eins og að honum er staðið. Frágangurinn á því máli öllu er fyrir neðan allar hellur.

Ekki meira um þetta að sinni. Í næstu viku mun standa til að bjóða upp leifarnar af veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs og enn á nú að reyna að reyta af sjávarútveginum nokkur hundruð milljónir í viðbót ef hægt er. Um hvað ætli umræðurnar hér í dag hafi aðallega snúist? Jú, ætli það hafi ekki verið m.a. um taptekstur í greininni, bullandi erfiðleika sjávarútvegsins, fyrirtækjanna sem velflest eru rekin með dúndrandi tapi, en hvað á að gera í næstu viku? Það á að reyna að selja veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs fyrir nokkur hundruð milljónir ef einhver vill kaupa þær. Er mikið samræmi í svona vinnubrögðum? Það held ég ekki. Ég segi það alveg eins og er að ég skil ekki að hæstv. ráðherrar skuli ekki manna sig upp í það nú og nota þessi tímamót, hina merku niðurstöðu tvíhöfða nefndarinnar og samkomulagið frá í morgun, sem var rofið í hádeginu, til að tilkynna að hluti af niðurstöðu stjórnarinnar sé að hætta við söluna á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs. Nei, þeir hafa ekki vit á því. Og engu er svarað um gefin loforð um að bæta þá með fé með einhverjum hætti þeim útgerðum upp samdrátt veiðiheimilda sem urðu fyrir þyngstum skelli síðasta sumar. Og frammistaðan í því máli hjá hæstv. forsrh., sem reyndar er sérstakur yfirsjávarútvegsráðherra þegar mikilvægustu mál eru til meðferðar, eins og kunnugt er, hæstv. forseti — skaði að hann skuli ekki vera hér við — er á góðri leið með að verða Íslandsmet. Ég man ekki dæmi þess að forsrh. ríkisstjórnar hafi staðið mánuð eftir mánuð frammi fyrir alþjóð með kristaltært loforð á bakinu sem hann er að burðast við að svíkja. Ég man ekki eftir því að slík undur hafi skeð. Ekki þegar a.m.k. forsætisráðherrar eiga í hlut. Það væri helst að hæstv. núv. heilbrrh. kæmist eitthvað nálægt því að vera með tærnar þar sem forsrh. hefur hælana.

Ég var á Patreksfirði fyrir nokkrum dögum síðan. Það er sá staður á landinu sem fékk einna þyngstan skellinn við úthlutun veiðiheimilda sl. vor vegna þess að aflareynsla báta þar, eins og einstöku menn hér í salnum e.t.v. vita, er svo til öll í þorski. Og ætli það sé ekki þannig að þar hafi orðið 17% samdráttur í veiðiheimildum á staðnum. Það þýðir að þar þarf að fébæta sem nemur 12% af veiðiheimildum staðarins til að koma þeim niður í þessi 5% í skerðingu sem ríkisstjórninni fannst hæfilegt að ákveða í sumar. Það eru yfir 30 millj. kr. sem útgerðir á Patreksfirði ættu þá að fá í peningum ef ríkisstjórnin stæði við þetta loforð. Þar af líklega stærsta útgerðin um 5 milljónir. Og halda menn að það muni ekki um slíkt fyrir sjávarútvegsfyrirtæki sem eru að berjast fyrir lífi sínu? Ég skil ekki hvað ríkisstjórnin er að fara í þessum efnum að nota þó ekki þetta, sem auðvitað er smámál varðandi heildarstöðu greinarinnar en hjálpar þó og stingur nátt-

úrlega svoleiðis í augu að greinin sem berst fyrir lífi sínu skuli vera svikin mánuð eftir mánuð um loforð af þessu tagi sem henni hafa verið gefin. Þetta er alveg með ólíkindum verð ég að segja.

Nú liggur það fyrir að ríkisstjórnin fær ekki mikla peninga fyrir veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs í næstu viku. Það eru ekki margir sem geta keypt þær háu verði og e.t.v. heldur ekki mikið útlit fyrir að margir nái að nýta sér þær. En það er ekki það sem skiptir hér máli. Það er ekki aðalatriðið. Og ég held að það sé komið þannig í þessu máli með veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs að peningarnir eru orðnir aukaatriði, líka fyrir sjávarútveginn. Þetta er spurning um framkomu við greinina. Þetta er spurning um það hvort það séu einhverjar leifar af sjálfsvirðingu eftir hjá hæstv. ríkisstjórn. Ég tel að þetta sé síðasta tækifæri fyrir þær leifar til að koma fram í dagsljósið. Það er nú ef ríkisstjórnin mannar sig upp í hvelli til að standa við loforð sitt um að bæta þeim sem mestan skellinn hlutu samdrátt veiðiheimildanna og ætti náttúrlega að borga vexti á upphæðina frá því í ágúst.

Það er skrýtið dagatal hjá hæstv. forsrh. sem sagði á þriðjudegi á tröppum Stjórnarráðsins að trúlega kæmi niðurstaða í þessu máli á föstudag. Það mun hafa verið í ágústmánuði. Það er alla vega ekki almanak Þjóðvinafélagsins sem þeir nota í Stjórnarráðinu um þessar mundir. (**Gripið fram í:** Það er föstudagur í dag.) Það er að vísu föstudagur í dag, langur föstudagur. Kannski ætlar hæstv. forsrh. að tilkynna í kvöldfréttunum að nú hafi hann fengið köllun og ákveðið að standa við loforð sitt.

Nei, hæstv. forseti, tíminn, sem hér er þröngt skorinn, leyfir kannski ekki að fara að öðru leyti út í miklar umræður um almenna stöðu greinarinnar en ég vildi sérstaklega nota tækifærið til að koma þessu máli að og brýna hæstv. ríkisstjórn til að manna sig upp í það okkar allra vegna að láta þetta ekki vera svona afvelta. Ég spyr hæstv. sjútvrh. og hv. stjórnarþingmenn sem hér eru inni: Hvers konar geðleysi er þetta í ykkur? Það má víst ekki ávarpa menn persónulega, hæstv. forseti, en mér varð það á. Ég biðst forláts. Hvers konar geðleysi er þetta í stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar utan af landsbyggðinni og sjávarútvegsbyggðarlögunum að þola þetta ástand? Ég spyr. Ég hef varla upplifað annan eins aumingjadóm. Það fara að verða síðustu forvöð fyrir ýmsa að hreinsa mannorð sitt í þessu efni.

Staða sjávarútvegsins, hæstv. forseti, er um það bil þannig að hann skuldar um 105 milljarða kr. bróttó síðast þegar ég vissi. Og hann skuldar það á lánum sem eru að meðaltali til sjö ára eða þar um bil. Þau hafa e.t.v. lengst eitthvað lítillega nú vegna skuldbreytinga en þau voru innan við sjö ár að meðaltali sl. haust. Nýrri upplýsingar hef ég ekki undir höndum. Það er enginn vafi á því að miðað við núverandi afkomu og núverandi lánalengd, þá eru tugir milljarða, a.m.k. 30 til 40 af þessum 100 milljörðum, umfram greiðslugetu greinarinnar. Það er einfalt reikningsdæmi að sjávarútvegurinn, sem kemur til með að velta á milli 70 og 80 milljörðum kr. á þessu ári, ræður hvergi nærri við þessar 100 milljarða kr. bróttóskuldir sínar á þeim lánskjörum og miðað við þá afkomu sem hann býr við í dag. Út af fyrir sig ræður hann ekki við neinar skuldir í dag því það er yfirleitt ekki króna eftir út úr rekstri fyrirtækjanna upp í afborganir og fjármagnskostnað.

Þess vegna er það auðvitað þannig, þó það sé margtuggið, að það mikilvægasta og fyrsta er að lækka vextina og það mikið en það mun ekki duga eins og kom fram m.a. hjá síðasta hv. ræðumanni. Það þarf einnig að koma einhverju af þessum skuldum fyrir. Það er fyrst og fremst hægt að gera með tvennu móti eða þrennu, þ.e. að það komi nýtt fé inn í greinina eða þessar skuldir séu með einhverjum hætti teknar af sjávarútveginum nema hvort tveggja sé. (**Sjútvrh.:** Hver á að borga?) Hver á að borga, hæstv. ráðherra? Það er bara einn aðili sem getur borgað þegar undirstöðuatvinnuvegur landsmanna er á hausnum. Það er þjóðin, Íslendingar allir eins og þeir leggja sig, bæði einstaklingar, fjölskyldur og fyrirtæki. Þetta er sameiginlegur vandi okkar allra. Og það er skaðlegt ef hæstv. forsrh. hefur ekki áttað sig á því. (**Gripið fram í:** Nei, hæstv. sjútvrh.) Hæstv. sjútvrh., fyrrv. hæstv. forsrh. eins og frægt er. (**Gripið fram í:** Þetta er óskhyggja mikil.) Lengi getur vont batnað eins og þar stendur. Ég held að það mætti alveg fara að prófa það aftur. Þrátt fyrir hörmulega reynslu af forsætisráðherraferli hæstv. núv. sjútvrh. sem, eins og kunnugt er endaði óskaplega, þá er nú reyndar svo komið að ég er ekki frá því að það væri jafnvel hyggilegt að prófa það á nýjan leik miðað við þau ósköp sem við búum við nú.

Þess vegna er það þannig að menn verða með einhverjum hætti að ráðast í það verkefni að reisa sjávarútveginn við. Það er ekki hægt að hafa þetta svona. Það stendur allri framþróun í landinu fyrir þrifum. Lífskjör á Íslandi munu ekki batna eða vænkast hagur okkar á nokkurn hátt nema við komum fótunum undir sjávarútveginn. Það er svo einfalt mál. Allt hitt stritið er til einskis ef sjávarútvegurinn gengur ekki. Þess vegna held ég að það þýði ekkert annað en að ráðast með einhverjum hætti í meiri háttar endurfjármögnun og endurreisn sjávarútvegsins og það eru engin töfraorð til í því og það þýðir ekkert fyrir núv. ríkisstjórn að segja: Ekki sjóðir, fussum svei, nei, eitthvað annað. Þetta er sameiginlegur vandi okkar allra landsmanna og við verðum að safna liði til að ráðast í hann. Ég tel að það þýði ekkert að setja sér minni markmið en þau að ná til hliðar með nýju fé eða eftirgjöf skulda, eða með því að breyta skuldum í hlutafé, upp undir 30 milljörðum af skuldum sjávarútvegsins. Það er ekkert smáverkefni. En af þeirri stærðargráðu er þessi vandi.

Hæstv. forseti. Það gefst fljótlega betra tóm til að ræða málefni sjávarútvegsins enda bráðnauðsynlegt. Það er ekki hægt að skilja við þessa hluti eins og þeir standa nú á þessu vori og það er óhjákvæmilegt að við ræðum þau mál rækilega áður en þing fer heim og sleppum ríkisstjórninni ekki heim fyrr en eitthvað hefur verið aðhafst í þessum málum. Þar kemur m.a. til tillaga okkar alþýðubandalagsmanna um að sjútvn. Al-

þingis og Alþingi sjálft taki forustuna í þessum málum. Ég er orðinn þeirrar skoðunar að ekkert annað dugi því það er einskis að vænta af hæstv. ríkisstjórn í þessum efnum.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegur forseti. Sú alvarlega niðursveifla sem þjóðin stendur frammi fyrir vegna vanda sjávarútvegsins endurspeglast alls staðar í þjóðfélaginu. Atvinnukeðjan heldur ekki ef sterkasti hlekkurinn er veikur sem svo óumdeilanlega er í dag. Ég sakna þess að hæstv. forsrh. skuli ekki vera við þessa umræðu, hann hefði gott af að hlýða á umræðuna því ég tel að engin umræða sé mikilvægari en einmitt þegar verið er að ræða um fjöregg þjóðarinnar. En það er svo sem ósköp líkt honum að vera ekki viðstaddur. Það er svo sem í takt við það sem hann hefur áður sagt um málefni sjávarútvegsins og gerði síðast fyrir nokkrum dögum eða 23. mars. Þá sagði hann orðrétt þegar hann var inntur eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar, með leyfi forseta: „Ljóst er að það hefur verið færður af þessari atvinnugrein eins og öðrum meiri gjaldaþungi en nokkru sinni áður hefur verið gert. Menn eru ekki að leita eftir slíkum lausnum til viðbótar. Þær eru ekki færar." Þetta segir hæstv. forsrh. Hann heldur áfram: „Vextir hafa þegar farið lækkandi. Sjávarútvegurinn er með mikið af skuldum sínum bundnar við erlenda vexti. Erlendir vextir fara líka lækkandi. Ljóst er að vextir halda áfram að lækka. Ég skal ekki segja nákvæma tölu um það en ég bind vonir við það að vextir geti lækkað um allt að 1% á allra næstu dögum til viðbótar því sem þegar hefur gerst. Erlendir vextir fara lækkandi. Allt þetta hefur gríðarlega þýðingu fyrir stöðu sjávarútvegsins. Ekki dregur nokkur hér í efa að það hefur gríðarlega þýðingu fyrir sjávarútveginn að vextir lækki." Hann sagði þetta 23. mars og í dag er 2. apríl en ég er hrædd um að vextir hafi ekki lækkað um 1% á þessum tíma.

Eins og fram hefur komið hjá talsmönnum sjávarútvegsins er hann rekinn með 5 milljarða halla. Þeir útreikningar sem liggja fyrir sýna að ef vextir mundu lækka um 3% þá næmi hallareksturinn áfram 4 milljörðum svo þetta 1% sem hæstv. forsrh. lofaði dugar því miður skammt þó menn séu fegnir öllu. Og sérstaklega ef menn standa nú við gefin loforð.

Ársreikningar fyrirtækja eru nú að berast mönnum í hendur þessa dagana og staðan er mismunandi slæm. Hún er varla nokkurs staðar viðunandi í sjávarútvegi. Þessi staða í dag lýsir auðvitað best jarðveginum sem reksturinn býr við. Staða bankanna sem lána í stórum stíl til sjávarútvegsins er líka spegilmynd af þessu ástandi. Þó skila sem betur fer nokkur þjónustufyrirtæki sem þjónusta sjávarútveginn umtalsverðum hagnaði í ársreikningum sínum og nefni ég þar olíufélögin og tryggingafélögin. Það er eflaust ekkert nema gott um það að segja að þessi fyrirtæki sýni hagnað en það segir svolítið sína sögu að það skuli vera mögulegt fyrir þjónustufyrirtæki að sýna hagnað þegar sjávarútvegurinn stendur í þeim sporum sem hann stendur í í dag.

Sjútvrh. fór nokkrum orðum um það hvað væri til ráða í þessari stöðu. Hann gerði heiðarlega tilraun til að svara því hér áðan. Hann taldi mjög mikilvægt að sjávarútvegurinn hefði losnað við aðstöðugjöldin og ég geri ekki lítið úr því en þó vil ég minna á að aðstöðugjöldin voru mjög mismunandi há í sveitarfélögum og sums staðar voru aðstöðugjöld ekki mjög íþyngjandi fyrir sjávarútveginn, t.d. í Reykjavík. Ég held að ég segi það rétt að útgerðin hafi verið að borga hér 0,36% í aðstöðugjald. Þó ég viti að sum sveitarfélög fóru alveg upp í það sem þau máttu, þ.e. 1,3%. En það hafa bara aðrir póstar komið í staðinn. Og aðrir póstar sem hafa verið mjög íþyngjandi og farið síhækkandi ár frá ári. Ég nefni t.d. einn sem er tryggingagjald á laun. Það hefur farið síhækkandi og bara tryggingagjald á laun er miklu hærri póstur en aðstöðugjaldið var. Ég minni á stórfellda hækkun hafnargjalda. Það hefur átt sér stað stórfelld hækkun á hafnargjöldum á undanförnum árum. Þau eru mjög íþyngjandi fyrir útgerðina. Og þetta síðasta 25% vörugjald sem lagt var á hefur komið mjög illa við ofan á annað.

Kostnaðarlækkunarleiðir eru margar eins og hér hefur komið fram og koma auðvitað við mjög marga. Það er betra að taka á þeim lið en lognast algerlega niður í þessari baráttu. Sjútvrh. minnti hér á það áðan að orkuverð skipti e.t.v. ekki miklu máli í þessu sambandi en ég vil minna á það að orkuverð t.d. til loðnubræðslunnar skiptir verulega miklu máli. Það er verulega stór og íþyngjandi póstur.

Hér hefur verið talað um að lengja lán samfara vaxtalækkun. Ég veit ekki til að það sé nokkurs staðar verið að vinna að lánalengingu. Ég kannast ekki við það. Hæstv. sjútvrh. leiðréttir mig þá ef það er ekki rétt.

Það hefur mikil hagræðing átt sér stað í sjávarútvegi almennt. Það hefur þýtt fækkun á fólki í þessari atvinnugrein. Samþjöppun á fyrirtækjum hefur þýtt það að fólki hefur verið sagt upp í stórum stíl í sjávarútvegsfyrirtækjum og fólk sem vinnur í þessari grein hefur búið við mikið óöryggi. Ég tel að þessi hagræðing hafi verið nauðsynleg. Hún hefur skilað verulega góðum hluta. En hefur þessi sama hagræðing átt sér stað almennt í opinbera geiranum? Hefur þessi hagræðing átt sér stað hjá þeim sem þjónusta atvinnuvegina? Ég fullyrði að svo er ekki. Þessi hagræðing hefur ekki átt sér stað þar. Við hljótum að gera sömu kröfu til þeirra þjónustuaðila og gerð er til undirstöðuatvinnuveganna vegna þess að þetta er keðjuverkandi. Ef kostnaðarliðir halda sífellt áfram að aukast og bætast á undirstöðuatvinnuvegina þegar afli minnkar þá hljóta menn að þurfa að líta betur á það að hagræða í þjónustugeiranum almennt.

En svo ég vendi mínu kvæði í kross þá langar mig að minnast á að sjútvrh. talaði um að það væri hægt að hefja hér enn meiri markaðssókn en verið hefur og meiri vöruþróun. Ég held að sjávarútvegurinn hafi verið á fullu í vöruþróun undanfarin ár. Ef það er eitthvað nýtt sem sjútvrh. er með á sinni könnu og er að undirbúa nýja vöruþróun þá væri gaman að heyra nákvæmlega hvað hann er að hugsa. Vegna þess að ég er viss um að margir mundu leggja eyrun við því að að-

ilar í sjávarútveginum hafa í áraraðir verið algerlega á kafi einmitt í vöruþróun og hafa náð langt þar. En spurningin er hvort ekki er alltaf hægt að ná enn lengra og hvort hæstv. sjútvrh. er með einhverjar alveg nýjar hugmyndir þar.

Ég hef oft velt því fyrir mér og ég sakna þess að hæstv. sjútvrh. er ekki inni á þessari stundu því ég hef aldrei fengið svör við því. (**Forseti:** Hæstv. sjútvrh. þurfti að bregða sér niður til að taka á móti einhverri ályktun um sjávarútvegsmál sem verið er að afhenda honum. Hann kemur innan stundar.) Ég veit nú ekki hvort ég get beðið eftir honum. Það er ekki svo rúmur tími sem maður hefur í þessum ræðustól. En ég hugsa að það muni það fleiri en ég. Ég vona alla vega að Sjálfstfl. muni hverju hann lofaði fyrir kosningar. (**Gripið fram í:** Þeir muna það örugglega ekki.) Ég fer að efast um það. Það eru tvö ár síðan þessi ríkisstjórn tók við völdum. Það eru tvö ár síðan Sjálfstfl. fékk sjútvrn. En í kosningabaráttunni gerðu þeir það að höfuðmarkmiði að ná sjútvrn. Það var mál númer eitt, tvö og þrjú í allri baráttunni. Og það var vegna þess að þeir voru með nýja sjávarútvegsstefnu og hún hét „Frá veiðum, vinnslu til markaða". Síðan var hún ekkert mikið meira rædd. En þetta hljómaði afskaplega vel: Frá veiðum, vinnslu til markaða. Það er náttúrlega eins og keðjan er í þessu. En hvað áttu sjálfstæðismenn við með þessari stefnu? Ég held að fleiri en ég hafi velt því alvarlega fyrir sér hvað þeir áttu við. Áttu þeir kannski við sölu á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs? Var það þessi stefna? Eða greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði? Ég ætla að minna á það einmitt núna því að í gær sagði hæstv. forsrh. úr þessum ræðustól að þegar frv. um þróunarsjóð kæmi þá mundi hann taka ákvörðun varðandi greiðsluna vegna þorskbrestsins í fyrra. Og það er í dag. Nú verður spennandi að heyra yfirlýsingu hans í kvöldfréttum í kvöld. (**Gripið fram í:** Því ekki er hann við hér.) En hann hlýtur nú að ætla loksins að standa við þetta. Ég trúi ekki öðru. Það eru alla vega síðustu forvöð að standa við það því þetta sagði hann í gær.

Ég býst ekki við þegar menn voru að tala um frá veiðum, vinnslu til markaðar, hafi menn verið að tala um þennan nýja þróunarsjóð sem hér er verið að kynna. Ég hef að vísu ekki séð frv. þar eð því hefur ekki verið dreift enn þá, því miður. En þessi þróunarsjóður á ekki að taka gildi fyrr en eftir næstu kosningar. Það er svo merkilegt. Það er líka mjög erfitt að átta sig á hvað er í þessu nýja frv. Í fyrsta lagi þegar maður fær ekki að sjá það og í öðru lagi vegna þess að þegar maður hlustar á fréttirnar og hlustar fyrst á hæstv. sjútvrh. og síðan á hæstv. utanrrh. kynna þetta nýja frv. þá er nú aldeilis misvísandi það sem þeir segja. Hæstv. utanrrh. sagði að þetta væri fyrsta skrefið til auðlindaskatts og hann sagði einnig að þessar krónur sem eiga að koma fyrir hver þúsund tonn gætu hækkað en hæstv. sjútvrh. sagði að þetta væri hámark. Þeir eru því ekki aldeilis búnir að stokka spilin saman.

Skýrsla sjútvrh. liggur nú loksins fyrir og það er eins með hana og annað að hinn almenni þingmaður hefur ekki barið þá skýrslu augum. Ég var að fá hana í hendur núna. Aðalatriðið í þessari skýrslu sýnist mér þó vera að aflamarkskerfið verði fest í sessi. Allan þennan tíma, í tvö ár, hafa þeir verið að stúdera hvort þeir ætli að festa þetta í sessi og nú kemur það. Hvað meintu þá menn með þessari stefnuyfirlýsingu fyrir kosningar: Frá veiðum, vinnslu til markaðar? Þeir hafa örugglega meint þetta en voru svona lengi að tjá sig skýrt um það.

Ég sé hér að krókaleyfið verður afnumið og einnig tvöföldun á línu. Ég er hrædd um að þeir aðilar sem eru undir því kerfi nú fari æði illa ef fer eins og stendur í þessari skýrslu. Ég hef áhyggjur af því.

Þessi umræða í dag hefur verið nokkuð dauf. Það er eðlilegt. Það er dauft yfir mönnum vegna þess að gott gengi sjávarútvegsins er undirstaða velfarnaðar í landinu og gott gengi sjávarútvegsins er ekki fyrir hendi í dag. Og það er mikilvægt einmitt vegna mikilvægi málsins að það sé skilningur hjá hæstv. ríkisstjórn á því hvað þurfi að gera til að þessi mikilvæga atvinnugrein geti skilað þjóðarbúinu því sem hún þarf.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Sjávarútvegurinn stendur undir 75% af útflutningstekjum Íslendinga og atvinnu fjölda manna, ekki aðeins í greininni sjálfri heldur í ótalmörgum hliðargreinum. Hann er sá atvinnuvegur sem veitir okkur Íslendingum sérstöðu. Hann er undirstaðan. Ástandið er þannig hjá okkur núna í þjóðfélaginu að það er sýnilegt að við munum verja 4.000 millj. kr. í atvinnuleysisbætur á þessu ári en allt eins líklegt að það verði 5.000–6.000 millj.

Við erum að ræða stöðu þessarar atvinnugreinar í dag á hv. Alþingi. Það verður ekki hjá því komist að ályktа að hæstv. ríkisstjórn sé nokkuð veruleikafirrt. Aðeins einn ráðherra hefur séð ástæðu til að sitja undir þessari umræðu, hæstv. sjútvrh. Enginn annar ráðherra hefur látið sjá sig í þessum sal í dag nema hæstv. utanrrh. sem birtist hér í mýflugumynd einhvern tímann rétt eftir hádegið. Þetta er svo sannarlega til minnkunar og sýnir hvaða augum hæstv. ríkisstjórn lítur þennan undirstöðuatvinnuveg landsmanna. Við þessa umræðu er ræðutími takmarkaður við þrjá tíma. Það eru ekki leyfð andsvör, ráðherrar eru ekki viðstaddir, það er haldinn fundur á handahlaupum í hádeginu á þingtíma í sjútvn. til að kynna tillögur tvíhöfða nefndar sem stjórnarflokkarnir hafa verið að kasta á milli sín í allan vetur.

Þessi atburðarás er svoleiðis með eindæmum að því verður varla lýst. Ríkisstjórn sem svona heldur á málum er auðvitað ekki hæf til að stjórna landinu. Það ætti mönnum fyrir löngu að vera orðið ljóst. Hún lagði reyndar upp með það og það er grundvöllur þessa máls að stjórnvöld ættu ekki að koma nálægt neinu í atvinnulífinu hvað sem á gengi. Þetta var í anda frjálshyggju og þetta er ein grundvallarástæðan fyrir því að svona er komið.

Það er ástæða til að rifja upp atburðarásina varðandi sjávarútvegsmál síðustu tvö ár og verja örlitlu af

þessum stutta tíma sem mér er skammtaður til þess. Ég grip hér niður í viðtal við hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. sem var tekið 26. nóv. 1991. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þorsteinn Pálsson sjútvrh. segir brýnt að taka á rekstrarvanda sjávarútvegsfyrirtækja þegar í stað. Tillögum hans var dreift í ríkisstjórn í dag en þær komust ekki á dagskrá ríkisstjórnarfundar. Davíð Oddsson forsrh. segir að ekkert sérstakt knýi á um skjóta lausn þessa vanda."

Síðan segir hæstv. forsrh., Davíð Oddsson: „Málið er það að við höfum tíma og við tökum okkur þann tíma sem við þurfum fremur en að stökkva á einhverjar aðgerðir sem kannski verða svo verri en engar. Við höfum jafnvel einhverjar vikur en ég hugsa að það verði nú ekki svo lengi."

Síðan segir fréttamaðurinn svo, með leyfi forseta:

„Þorsteinn Pálsson hefur lagt mikla áherslu á að aðgerða sé þörf strax. Hann skýrir það að tillögur hans koma ekki á dagskrá ríkisstjórnarfundar með því að þar hefur margt legið fyrir. En telur hann sig standa einan?" Þá segir hæstv. sjútvrh., með leyfi forseta: „Því vil ég ekki trúa. Ég hef ekki orðið var við annað en menn vilji taka á þessum vanda. Það er gífurlegur vandi sem nú blasir við í sjávarútveginum. Þær ráðstafanir sem hér er verið að tala um létta nokkuð undir en leysa engan veginn allan vandann. Hann verður mjög mikill og erfiðleikarnir mjög miklir hvað sem menn gera í þessu efni en það má ekki skjóta nauðsynlegustu úrlausnum á frest."

Hvað skeður svo? Menn tóku á þessum vanda um áramótin 1991/1992 með því að leggja nýjar álögur á sjávarútveginn sem voru taldar yfir 1 milljarð kr. Þann 23. febr. 1992 var einmitt þáttur í útvarpi um sjávarútvegsmál þar sem stöðunni er lýst þannig af fréttamanni, með leyfi forseta: „Og svo við höldum áfram að rýna aðeins í tölur hér í upphafi, þá sýna meðaltalsútreikningar að sjávarútvegurinn í heild hafi verið rekinn með 4% tapi í byrjun árs og fiskvinnslan rekin með um 8% tapi. Einn forsvarsmaður í sjávarútvegi hefur haldið því fram að 40% gengisfelling dugi ekki til að rétta við í sjávarútvegi." Svo segir einn forsvarsmaður sjávarútvegsins, Kristján Ragnarsson, sem tók þátt í þessum þætti, með leyfi forseta:

„En það er svona kaldhæðnislegt að á sama tíma og þessar upplýsingar berast leggur ríkisstjórnin á ný gjöld á þessa sömu atvinnugrein upp á 650 millj. kr."

Það eina sem var gert á þessu ári var að fara í sjóð sem var til frá tíma fyrri ríkisstjórnar og hét Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins og greiða út úr honum. Það verður ekki gert aftur. Síðan var farið í aðgerðir í árslok og einn þátturinn í þeim aðferðum var að stofna svokallaðan þróunarsjóð. Meðferð hans og vinnan við að koma þessum þróunarsjóði í frv. er búin að standa í allan vetur og frv. var að birtast á borðinu hjá okkur núna rétt áðan. Ég fletti á aðra síðu og sá að þar er m.a. reiknað með því að leggja gjald á fiskvinnslustöðvar til þess að standa undir úreldingu. Það er áreiðanlega mjög gott og auðvelt fyrir þessa grein að borga það núna í því ástandi sem er í atvinnugreininni. Það verður ábyggilega og áreiðanlega mjög auðvelt að bæta því við og ég veit hvert viðkvæðið verður. Það verður sagt við fiskvinnsluna: Hagræðið þið bara í greininni. Sameinið þið fiskvinnslufyrirtæki og hagræðið. Það verða áreiðanlega einhverjar fiskvinnslustöðvar tómar þegar sú hagræðing er búin til þess að borga þessi gjöld af til hagræðingar í greininni.

Ég reikna með að það muni þvælast fyrir þinginu að afgreiða þessa löggjöf og þann doðrant sem tvíhöfða nefndin er loksins búin að koma frá sér á hálfum mánuði. Það sem er búið að veltast fyrir stjórnarliðum að koma sér saman um í allan vetur. Það er náttúrlega alveg með eindæmum hvernig hefur verið staðið að endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar, að stjórnarandstaðan skuli ekki vera kölluð til í þá vinnu. Ég segi þetta að gefnu tilefni því að ég hef reynslu af því. Ég er nýbúinn að ljúka vinnu á vegum félmrn. og hæstv. félmrh. og veit ekki betur en þeir fulltrúar þingflokka stjórnarandstöðunnar sem voru í þeirri nefnd hafi náð samkomulagi. En engin ástæða er talin til að hafa fulltrúa stjórnarandstöðunnar þegar fjallað er um undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar.

Þetta sýnir bara að ríkisstjórnin skilur ekki þennan vanda. Ég er orðinn sannfærður um það. Ég get kannski fallist á að sjútvrh. hafi á honum einhvern skilning. Þó efast ég um það því að hann væri búinn að segja af sér í mótmælaskyni við það hvernig þessi málaflokkur hefur verið leikinn. En ekki nokkur alþýðuflokksmaður hefur séð ástæðu til þess að taka til máls hér í dag og ekki einu sinni að koma í salinn. Ég veit ekki til þess að það hafi nokkur maður ... (**Gripið fram í:** Þingflokksformaðurinn hefur talað hér eitthvað.) Hv. þingflokksformaðurinn var á mælendaskrá en ég hef ekki heyrt að hann hafi talað enn. Ég hygg að hann hafi tekið sig af mælendaskrá og enginn alþýðuflokksmaður hefur séð ástæðu til þess að taka þátt í þessari umræðu um stöðu sjávarútvegsins og segir það náttúrlega meira en mörg orð um afstöðu þess flokks til þessa undirstöðuatvinnuvegar okkar. Það hefur þó einn úr þingliði Sjálfstfl. séð ástæðu til þess að taka hér til máls og er það þakkarvert.

Það er svo sannarlega ömurlegt hvernig þessi umræða hefur farið fram af hálfu stjórnarliðsins. Það sýnir að þessi ríkisstjórn og því miður þeir sem fylgja henni á Alþingi eru algerlega ófærir um að fást við vanda sjávarútvegsins. Ég tek undir með hv. 4. þm. Norðurl. e. Ég bara skil ekkert í því geðleysi stjórnarliða að láta bjóða sér þessar aðfarir varðandi undirstöðuatvinnuveginn.

Ég sagði í upphafi að sjávarútvegurinn væri sá atvinnuvegur sem við Íslendingar stöndum fremst í og höfum sérstöðu í. Hann er sá atvinnuvegur þar sem við höfum mesta möguleika að láta til okkar taka og brjótast fram og bjóða upp á nýjungar. Það er alveg borin von að slíkt verði hægt við þá stöðu sem er í sjávarútveginum núna. En það er rétt að ef tóm gefst til og eins og hv. 3. þm. Vestf. sagði, ef forsvarsmenn í sjávarútvegi geta hugsað um eitthvað annað en hvernig þeir eigi að borga út launin, þá þarf ekki að kvíða. Þessi grein hefur alla burði til að sækja fram. Þar er mikil

þekking og ef eins mikið þróunarstarf hefði verið unnið í öllum greinum og sjávarútveginum á undanförnum árum þá værum við sjálfsagt ekkert mjög illa á vegi staddir. Það er alveg undravert hvað þessi grein hefur lagað sig að erfiðum aðstæðum og haldið uppi þjóðartekjunum þrátt fyrir ytri áföll, farið inn á nýjar brautir og unnið mikið þróunarstarf. Það verður svo áfram ef þessari grein eru sköpuð skilyrði, ef menn hirða eitthvað um hana. En menn hirða bara ekkert um hana, ekki stjórnarliðið. Það sýnir þessi umræða í dag og fjarvera hv. stjórnarliða frá henni. Hún er þeim svo sannarlega ekki til sóma.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það hefur komið hér fram í máli manna að það sé dauft yfir þessari umræðu eins og yfir sjávarútveginum og stöðu hans. En erindi mitt hingað var að víkja nokkrum orðum að hæstv. sjútvrh. sem því miður hefur ekki getað verið viðstaddur umræðuna um nokkurt skeið og veit ég því ekki hversu mörgum spurningum ég á að varpa hér fram.

Á sl. hausti spurðist ég fyrir um aðalatriðin í stefnu ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum en þar var heldur fátt um svör. Eitt kom þar þó fram í lokin, að vegna ágreinings um úrlausn vegna aflabrestsins til þeirra sem verst fóru út úr honum hefði gengið illa að komast að niðurstöðu. Það varð þrautaráð hjá ríkisstjórninni að skipa nefnd fulltrúa þriggja ráðherra til að finna niðurstöðu. Hæstv. sjútvrh. sagði þá, með leyfi forseta: „Hún vinnur undir forustu ráðuneytisstjórans í fjmrn. og ég vænti þess að tillögur frá henni komi innan ekki langs tíma." Þetta var 12 nóv. í haust. Nú er liðinn langur tími síðan og ekki er komið svar. Væri æskilegt að vita hvort þetta svar liggur nú fyrir ef hæstv. sjútvrh. mundi svara því.

Eitt vildi ég inna hæstv. sjútvrh. sérstaklega eftir þar sem hann er nú kominn hingað. Í ræðu hans áðan kom fram að hann vonaðist til að það næðist samstaða um *hluti sem gera þyrfti og það væri búið að leggja grunn* sem væntanlega gæti leitt til einhvers ávinnings. En vegna þess hversu erfiðlega hefur gengið að ná samstöðu innan stjórnarflokkanna um nokkur úrræði, þá vildi ég spyrja hæstv. ráðherra hversu lengi hann ætli að sætta sig við að treysta á að slík samstaða náist innan stjórnarliðsins en reyna ekki að leita eftir því hvort ekki er hægt að ná samstöðu við stjórnarandstöðuflokkana um aðkallandi úrlausn á málefnum sjávarútvegsins.

Það kom fram í máli hv. 1. þm. Austurl., sem hóf þessa umræðu, að Framsfl. væri reiðubúinn til slíkrar samvinnu. Hvað telur hæstv. sjútvrh. að hann geti lengi unað við að svo hægt gangi í hagsmunamálum þess atvinnuvegar sem hann ber ábyrgð á og nú er rekinn, eins og hér hefur komið fram, með milli 8–9% halla og sífellt er að síga á ógæfuhliðina?

Það er auðvitað rétt hjá hæstv. sjútvrh. að þetta er ekki einfalt mál. Við erum mörg hver sannfærð um að rétt leið til betri lífskjara sé að afkoma þessa undirstöðuatvinnuvegar verði betri. En nú hefur tíminn liðið og sífellt er að síga á ógæfuhliðina og þar af leiðandi erum við að fjarlægjast það stöðugt að ná fram þessu markmiði.

Ég held að mjög brýnt sé að fá að heyra hjá hæstv. sjútvrh. hvort hann vilji ekki þiggja stuðning við það að snúa þessum málum til betri vegar þegar sá stuðningur hefur hingað til ekki virst vera fyrir hendi í nægilega ríkum mæli innan stjórnarflokkanna.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Þessi umræða hefur valdið mér allmiklum vonbrigðum. Ég skil það mætavel að það er ekki auðvelt fyrir hæstv. sjútvrh. að svara í einu og öllu um þetta mál. Hann sagði að það væri á viðkvæmu stigi og ég er alveg sammála honum í því mati að auðvitað verður að skapa atvinnufyrirtækjunum aðstöðu til þess að komast upp úr þessari lægð. Það er ekki lausn, eins og hann sagði, að halda áfram að safna skuldum. Um það getum við verið sammála.

Ég get líka verið sammála hæstv. ráðherra í því að aðilar vinnumarkaðarins bera þarna mikla ábyrgð en auðvitað ber ríkisstjórn Íslands jafnframt mikla ábyrgð og það skiptir máli að ríkisstjórn Íslands leggi á það áherslu í þessum þríhliða viðræðum að það verði að skapa sjávarútveginum þau skilyrði að hann hafi möguleika á því að vinna sig út úr þessum vanda.

Ég geri mér alveg grein fyrir því að það er ekki alltaf skilningur á því í samfélaginu og menn tala oft út og suður í sambandi við þessi mál. Auðvitað er ljóst að þegar slíkt áfall kemur á þjóðarbúið, þá þýðir það kjaraskerðingu fyrir okkur öll með einum eða öðrum hætti. Menn gera sér alveg grein fyrir þessu og það þýðir ekkert annað en segja það. Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra í þeim efnum. En það verður að vera hægt að treysta því sem stjórnvöld segja í þessu sambandi. Það er komið upp mikið vantraust hjá aðilum í sjávarútvegi gagnvart ríkisvaldinu, m.a. vegna þess að hæstv. forsrh. hefur ítrekað verið með yfirlýsingar sem ekki hafa staðist. Hann lét hafa það eftir sér fyrir stuttu að *e.t.v. væri ástæða til að huga að ráðstöfunum í sjávarútvegi* einhvern tíma með haustinu.

Það lítur því út fyrir það, hæstv. sjútvrh., eins og þetta blasir við manni að það sé línan a.m.k. hjá hæstv. forsrh. að láta þetta bara eiga sig. Það er leið út af fyrir sig og þótt ég geti tekið undir að það sé eðlilegt hlutverk bankastofnana og lánastofnana, eins og hæstv. ráðherra sagði áðan, að taka á skuldbreytingum fyrirtækja sem eru í viðskiptum við viðkomandi aðila, þá þarf samt stefnu stjórnvalda inn í þá umræðu og það þarf leiðsögn stjórnvalda gagnvart þessum lánastofnunum sem flestar eru í eigu ríkisins.

Hver var ástæðan fyrir því að það var verið að styrkja stöðu Landsbanka Íslands nú nýlega, sem ég studdi heils hugar þótt málatilbúnaðurinn væri gagnrýnisverður? Það hefur væntanlega verið vegna þess að með því var verið að gera Landsbanka Íslands kleift að gegna áfram forustuhlutverki í sambandi við þá efnahagserfiðleika sem mikill hluti atvinnulífsins á í. Og væntanlega hefur Landsbanki Íslands fengið þau skilaboð að til þess væri ætlast að hann gegndi því hlutverki.

Það er því mikilvægt að stefna ríkisstjórnar sé skýr í þessu máli en ég hef ekki fundið það á þessari umræðu að hún sé fyrir hendi. Auðvitað hefði það verið eðlilegt að hæstv. forsrh. hefði verið hér viðstaddur vegna þess að hann hefur verið með margvíslegar yfirlýsingar í þessum málum. Það er líka alveg ljóst og hæstv. sjútvrh. hefur staðfest það á Alþingi að það er verulegur ágreiningur í þessum málum. Alþfl. hefur frá upphafi verið að reyna að koma því til leiðar í þessari ríkisstjórn að sjávarútvegurinn verði skattlagður með einum eða öðrum hætti. Það má út af fyrir sig segja að það hafi líka verið mikið áhugamál Alþfl. strax 1987, eftir því sem ég best man, að koma því til leiðar að leggja auknar álögur á atvinnulífið. Þau átök sem hafa verið innan ríkisstjórnarinnar í þessu máli hafa ekkert farið fram hjá mönnum. Og enn þann dag í dag er hæstv. utanrrh. að hamast við að reyna að koma á skattlagningu, jafnvel þó að það verði ekki fyrr en undir næstu aldamót og engin trygging sé fyrir því, sumir vildu segja sem betur fer, aðrir kannski ekki, að þessi sami hæstv. utanrrh. verði almennt í pólitík á þeim tíma. (**Gripið fram í:** Hvenær?) Undir næstu aldamót. (Gripið fram í.) En nú stendur til að láta það eftir hæstv. utanrrh. að koma á þessari gjaldtöku með allopnum hætti en ég tek mark á þeim orðum hæstv. sjútvrh. að það sé ekki með þeim hætti sem hæstv. utanrrh. hefur túlkað heldur eingöngu að lagt skuli á 1.000 kr. gjald á tonn. — Virðulegi forseti. Ég ætlaði aðeins að spyrjast fyrir um það hver tími minn er. (**Forseti:** Það er hálftími.) Já, ég þarf ekki á því að halda. Ég þakka fyrir upplýsingarnar.

Hæstv. utanrrh. hefur túlkað það að hér sé verið að lofa því að leggja á hærra gjald ef á þarf að halda en hæstv. sjútvrh. hefur fullvissað menn um að það standi ekki til og ég tek mark á þeim orðum. En þá þarf að sjálfsögðu að breyta þessu frv. Það stendur hér að gjaldið eigi að nema a.m.k. 1.000 kr. Það hefur engum manni dottið í hug að skrifa tekjuskattslögin þannig að skattprósentan skuli a.m.k. vera 40% eða dottið það í hug að skrifa virðisaukaskattslögin þannig að virðisaukaskatturinn skuli a.m.k. að vera 24,5%. (**Gripið fram í:** En hverju hefði það breytt hefði það verið skrifað?) Hverju hefði það breytt? Hvaða æfingar eru þetta þá? Er þetta einhver sálgæsla fyrir Alþfl. að setja orðin „a.m.k." þarna inn? Er þetta orðin einhver sérstök skammstöfun fyrir málamiðlun fyrir alþýðuflokksmenn? (**Gripið fram í:** Kannski það útskýri þetta betur.) Þetta á kannski að standa fyrir Alþfl. með kommu eða eitthvað slíkt eða Alþfl. með kommum. (**SvG:** Með kvóta.) Eða með kvóta. Þetta er kannski einhver alveg ný skammstöfun sem við höfum ekki fengið skýringu á. Hér verða menn að tala skýrt. Það er ekki hægt að leyfa sér það í löggjöf á Íslandi að setja slíkt í lagatexta. Ég skil þá hæstv. sjútvrh. þannig, og bið hann um að taka það fram hér á eftir, að hann er þá reiðubúinn til þess í því samráði, sem nú stendur til að hafa milli aðila, að breyta þessum lagatexta því að samráðið um þennan þróunarsjóð sjávarútvegsins skiptir að mínu mati langmestu máli.

Hitt málið skiptir að sjálfsögðu líka verulegu máli en þar eru þrjú aðalatriði eftir allt þetta starf:

Í fyrsta lagi að festa núverandi aflamarkskerfi í sessi. Í öðru lagi að breyta hlutum að því er varðar smábátana. Í þriðja lagi að breyta hlutum að því er varðar línuveiðarnar og kannski í fjórða lagi að breyta eitthvað reglum að því er varðar framsal og opna fyrir möguleika fyrir fiskvinnslustöðvar að eiga kvóta.

Þetta eru aðalatriðin í þessari annars stóru og ágætu bók sem er að mjög miklu leyti sagnfræði. Ég er ekkert að lasta að þar sé tekin vel saman þróun þessa máls. Það er nauðsynlegt. En niðurstaðan er þessi fjögur aðalatriði og það þarf ekki að liggja fyrir þeim í mjög margar vikur að mínu mati. Ég ætla ekkert að hártoga það á einn eða annan hátt. Þetta er það sem stendur upp úr og síðan geta menn metið það hvort þeir vilja standa að þessum breytingum með þessum hætti eða einhverjum öðrum hætti. Ég er alveg tilbúinn til að tjá mig um það þegar þar að kemur en ætla ekki að eyða tíma í að gera það á þessari stundu.

En þetta þróunarsjóðsmál er hins vegar miklu stærra mál, eins og hv. þm. Steingrímur Sigfússon sagði hér, m.a. vegna þess að það á ekki að byrja að innheimta þennan „a.m.k."-skatt fyrr en 1996. Og það er ekkert vitað um það hverjir verða þá til þess að taka þátt í innheimtunni á „a.m.k." Auðvitað er það alveg rétt sem hann sagði að það skiptir afar miklu máli fyrir sjávarútveginn að geta nokkuð treyst því, ef þetta mál verður að lögum, að það verði ekki farið að hrófla við því strax eftir næstu kosningar, breyta því og leggja það af. Ég tel að það sé allt að því subbuskapur í lagagerð, ef þannig má að orði komast, að ákveða skattlagningu og innheimtu gjalda sem tekur gildi eftir allmörg ár. Það er alger nýjung í lagagerð á Íslandi. Núverandi ríkisstjórn gæti í sjálfu sér sett lög um það að tekjuskatturinn skuli lækkaður í 30% 1998. Hún gæti líka sett löggjöf um það að virðisaukaskatturinn skuli lækkaður árið 2000 og farið síðan inn í næstu kosningabaráttu og sagt: Við erum búnir að lækka skattana og mætt þannig gagnrýninni sem er á þá um að þeir séu búnir að hækka skattana, enda hafa þeir verið að hækka skattana allverulega og ekki alveg að ástæðulausu. Auðvitað verður að bregðast við þeim vanda sem við er að etja en vandi þeirra er hins vegar sá að þeir voru búnir að lofa svo miklu í kosningabaráttunni að þeir eiga erfitt með að kyngja þessu öllu saman því að þeir voru búnir að binda sig í óraunhæfum loforðum.

Ég vil svo, hæstv. forseti, aðeins ítreka eitt að lokum og skal stytta mál mitt vegna þess að um það hafði verið rætt að ljúka þessari umræðu fyrir kl. 5 og ég skal virða það enda þótt ég sé mjög óánægður með það með hvaða hætti þessi umræða hefur farið fram. Það má segja að hér hafi eiginlega eingöngu verið stjórnarandstaðan þótt líka hafi skort á að hún væri öll til staðar en hvað um það. Auðvitað hefði verið nauðsynlegt að hér væru fleiri ráðherrar og það vekur sérstaka athygli að hér hefur enginn verið frá Alþfl., nánast í allan dag. Ég veit ekki af hverju það er. Hvort það er vegna þess að Alþfl. vill ekkert að þessu koma eða hvort hann telur rétt að vera ekki að segja mikið

um málið vegna þess að það sé ekki komin niðurstaða í því. Ég kann ekki skýringar á því. En það hefði að sjálfsögðu verið mikilvægt að fá fram í umræðunni hver skilningur Alþfl. er á þessu samkomulagi sem að vísu var gert í nóvember. Það var tilkynnt til þjóðarinnar að það væri komið samkomulag um þennan þróunarsjóð í nóvember. Nú er apríl. Og hvernig á sjávarútvegurinn að búa við það endalaust að verið sé að segja að það sé komið samkomulag um hluti og svo líða margir mánuðir og ekkert sést. Ef það er tilfellið núna að það er heldur ekkert samkomulag, þá sé ég ekki að hæstv. sjútvrh. eigi neinn annan kost en reyna að semja um málið við Alþingi almennt og vita hvort hægt er að ná samstöðu um að ganga frá þessu annars mikilvæga máli því að óvissa í því er mjög bagaleg. Og ég veit að hæstv. sjútvrh. tekur undir það.

Ég vildi svo að lokum spyrja hæstv. sjútvrh. og hann getur svarað því annaðhvort með jái eða neii: Stendur til að staðið verði við loforð hæstv. forsrh. frá síðasta sumri um að aflabresturinn verði jafnaður með fjárframlögum eða stendur það ekki til? Hæstv. forsrh. hefur neitað að svara þessu en ég held að það væri mjög mikilvægt að hæstv. sjútvrh. svaraði því því hann hlýtur að vita um það. Og hann hlýtur að geta svarað því hvort það stendur til að standa við þetta loforð.

Ef hæstv. sjútvrh. getur upplýst hér að það standi til að standa við það loforð, þá væri e.t.v. möguleiki á því að eitthvert traust skapaðist á nýjan leik milli aðila í þessum alvarlegu málum. Ég held að það hljóti að vera mikilvægt fyrir hæstv. sjútvrh. að fá niðurstöðu í það þannig að hann geti talað með almennilegum hætti við aðila í sjávarútvegi en þurfi ekki að segja að hann viti ekkert um það. Það sé málefni forsrh. að svara fyrir það.

Ég vil svo að öðru leyti þakka fyrir umræðuna svo langt sem hún hefur náð. Ég er þess fullviss að hún á eftir að halda áfram. Það er mikill kvíði í fólki úti um allt land. Það er hins vegar ljóst að fólk vill taka á þessum málum og vill leggja mikið á sig. Ég veit að það er ekki sami skilningurinn alls staðar í samfélaginu á því en ef ⅓ hluti sjávarútvegsins hrynur, eins og gæti gerst, og verðmætasköpunin minnkar í samræmi við það, þá þýðir það að sjálfsögðu algert upplausnarástand í okkar samfélagi með tilheyrandi atvinnuleysi og tekjuskerðingu og það er hlutur sem við megum ekki láta gerast. Hér er mikið í húfi og ég get tekið undir það með hæstv. sjútvrh. að það þarf að skapa sem mesta samstöðu en þá verður ríkisstjórnin að gera eitthvað til að skapa þá samstöðu annað en tala um það eins og hingað til.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að taka undir þakkir til þeirra hv. þm. sem tekið hafa þátt í þessari umræðu sem um margt hefur verið gagnleg og málefnaleg. Ég get hins vegar tekið undir að það vekur athygli hvað þessi umræða hefur vakið áhuga tiltölulega fárra þingmanna í dag með hliðsjón af því hversu stórt og mikið mál hér er til umfjöllunar.

Nokkrir hv. þm., sem hér hafa talað, hafa vikið að því ákvæði í 6. gr. draga að frv. um þróunarsjóðinn þar sem segir að gjald á aflaheimildir skuli nema a.m.k. 1.000 kr. fyrir hverja þorskígildislest. Það er svo sem eðlilegt að menn inni eftir þessu. Það er ekki algengt í lagasetningu að taka til orða með þessum hætti en breytir ekki því að okkar stjórnarskrá kveður skýrt á um það að ráðherra ákveður ekki hærri skatt en lögin sjálf heimila og á vissan hátt má þess vegna segja að þessi tala sé bæði hámark og lágmark. Það verður hvorki farið upp fyrir þessa fjárhæð sem þarna er tilgreind né niður fyrir hana meðan hún stendur óbreytt í lögum.

Í minnisatriði sem ég lagði fyrir ríkisstjórnina í morgun þegar ég kynnti niðurstöður tvíhöfða nefndarinnar og það samkomulag sem orðið hefur um frv. að þróunarsjóðnum segir um þetta með þessum orðum:

„Í þessari breytingu felst ekki heimild til sjútvrh. til að ákvarða gjald á aflaheimildir hærra en 1.000 kr. á hverja þorskígildislest. Það sem felst í ákvæðinu er hins vegar það að ef til þess kemur að taka þurfi ákvörðun gjaldsins til endurskoðunar á grundvelli ákvæða 19. gr., þá verði tillögugerð ráðherra við það miðuð að gjaldið verði ekki lækkað niður fyrir 1.000 kr. á hverja þorskígildislest."

Með væntanlegum athugasemdum með frv. verður þessi skýring. Það er gert ráð fyrir því í 19. gr. að Ríkisendurskoðun fylgist með fjármálum sjóðsins. Það er skýrt kveðið á um að gjaldið eigi að standa undir skuldbindingum hans og ég þykist vita að menn greini ekki á um það sem á annað borð eru þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að koma slíkum sjóði á. Ef Ríkisendurskoðun kemst að þeirri niðurstöðu að það sé misvísun á milli skuldbindinga og gjaldtöku, þá ber sjútvrh. að gera tillögu til lagabreytinga sem Alþingi þarf að taka afstöðu til. En hér er til þess vísað að ekki er gert ráð fyrir því að hann flytji tillögu til lækkunar á gjaldinu. Ég hygg því að það sé alveg skýrt og þurfi ekki að fara í neinar grafgötur um hvað hér er átt við og ekkert óljóst um þessi lagaákvæði. Þau gefa heldur ekki tilefni til neinnar misvísunar í túlkun.

Hér er um það að ræða að verið er að fella niður gjaldtöku sem á sér stað í dag með sölu á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs. Hún fellur með öllu niður í þrjú ár en er svo tekin upp í þessu breytta formi. Í stað þess að renna til Hafrannsóknastofnunar í gegnum ríkissjóð, þá fer hún til þessara tilgreindu verkefna. Ég hygg að hv. þm. hljóti að vera sammála því mati hv. 1. þm. Austurl. að gjaldtaka sem ákveðin er með þeim hætti telst ekki auðlindaskattur, enda löng saga að lögð voru á ýmiss konar gjöld innan sjávarútvegsins til hvers konar millifærslu. Það voru lögð gjöld á útflutning og notuð til millifærslu. Menn greiddu aflauppbætur sem atvinnugreinin sjálf borgaði og þessi gjaldtaka er í eðli sínu nákvæmlega sama eðlis og á því ekkert skylt við auðlindaskatt. En sannarlega er ánægjuefni að í heild sinni skuli milli ríkisstjórnarflokkanna hafa náðst samstaða um grundvallaratriði fiskveiðistefnunnar og í tengslum við þessa sjóðsstofnun.

Ef ég vík þá að einstökum atriðum sem hér hafa komið fram, þá gat hv. 3. þm. Vesturl. þess að ástand-

ið í sjávarútvegi hefði verið miklu betra þegar núv. ríkisstjórn tók við en það er í dag og hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði réttilega að á árinu 1990 og fram á árið 1991 hafi sjávarútvegurinn getað greitt af skuldum sínum. Allt er þetta rétt. En þessar staðhæfingar segja þó ekki nema hálfa söguna. Ástæðan fyrir því að betur stóð á í sjávarútvegi á þessum árum en gerir núna er sú að þá vorum við að veiða meira og við seldum þann afla við hærra verði. Þetta er kjarnaatriði. Nú veiðum við minna og seljum afurðirnar við lægra verði og þess vegna stöndum við frammi fyrir þessum vanda.

Bankarnir munu halda áfram að tapa ef sjávarútvegurinn tapar, sagði hv. 4. þm. Norðurl. v. og það er auðvitað alveg kórrétt. Ef sjávarútvegurinn er rekinn með tapi, þá þurfa menn að taka lán til að mæta því útlánatapi. Ef fyrirtækin rekur svo upp á sker, þá þurfa bankarnir að greiða það fyrst í stað en síðan flyst það yfir á skattborgarana eins og nýleg dæmi eru um með aðgerðum til þess að bjarga Landsbankanum. Á endanum ber þjóðin þessa byrðar, alveg sama hvaða leið við veljum í þessu efni. Undan því verður aldrei vikist. Það er kjarni þessa máls og var einmitt mjög ánægjulegt að hlusta hér á hv. 4. þm. Norðurl. e. sem sagði að það þýddi ekkert annað en að koma skuldum fyrir. Ég skildi hann á þann veg að það yrði að létta skuldunum af sjávarútveginum. Hann nefndi að það þyrfti að ganga svo langt að létta skuldabyrði upp á 30 milljarða kr. af sjávarútveginum og þegar spurt var með frammíkalli hver ætti að borga það þá sagði hann hreinskilnislega: Þjóðin á að borga það. Það á að leggja það á þjóðina í nýjum sköttum. Og þetta er alveg kórrétt hjá hv. þm. Ef þessa leið á að fara verður það ekki gert með öðrum hætti en að leggja skatta á þjóðina til þess að borga. Svo geta menn deilt um það með hvaða hætti menn leggja skatta á fólkið í landinu en öðruvísi verður þessi leið ekki farin.

Menn geta deilt um það hvort eðlilegt sé að ganga svo langt í skattlagningu og björgunaraðgerðum að það nemi 30 milljörðum kr. En hv. þm. benti réttilega á hverjir það eru sem þurfa að borga brúsann.

Hann ræddi einnig um niðurstöður tvíhöfða nefndarinnar svokölluðu og sagði að að hans mati, ef ég hef skilið hann rétt, vantaði á samstöðuna við stjórnarandstöðuna og hætta væri á því að hér skapaðist ekki sú festa sem þyrfti að vera fyrir hendi því að hugsanlegt væri að stjórnarandstaðan mundi reka kosningabaráttu með yfirlýsingum um að hún ætlaði að breyta grundvallaratriðum fiskveiðistefnunnar. Það má vel vera að Alþb. ætli að gera það. Þeir hafa lagt hér fram tillögu um að sjútvn. þingsins eigi að móta stefnuna og þeir prentuðu sem fskj. með frv. frá hv. 3. þm. Vesturl. Þetta bendir til þess að þingflokkur Alþb. hafi ekki getað komið sér saman um að styðja frv. hv. þm. en orðið ásáttir um að prenta það sem fskj. ef sjútvn. þingsins kæmi sér svo saman um stefnu í sjávarútvegsmálum að öðru leyti. En það er auðvitað ástæða til þess að stjórnarandstöðuflokkarnir geri grein fyrir því. Ætla þeir að ganga til næstu kosninga með yfirlýsingar um að þeir ætli að breyta fiskveiðistefnunni í grundvallaratriðum? Eru þeir sammála um það, til að mynda Alþb. og Framsfl., að ganga til kosninga næst með yfirlýsingar um að að þeim loknum eigi að breyta í grundvallaratriðum frá þeirri fiskveiðistefnu sem við höfum verið að byggja upp og með áliti tvíhöfða nefndarinnar er verið að leggja til að verði fest í sessi? Ætla þeir að ganga til kosninga með yfirlýsingar um það? Ná þeir samkomlagi um það? Halda þeir að þeir nái trúnaði fólksins í landinu með yfirlýsingar af því tagi? Ég efast um það og ég efast um að það verði samkomulag á milli Alþb. og Framsfl. í því efni ef eitthvað er að marka yfirlýsingar talsmanna þessara flokka í þessum málum.

Hv. 2. þm. Suðurl. lýsti því yfir að stjórnarandstaðan væri tilbúin til samstarfs við ríkisstjórnina og innti eftir því hversu lengi ég teldi rétt að bíða eftir samstöðu innan ríkisstjórnarflokkanna. Innan ríkisstjórnarinnar er fullt samkomulag um þær tillögur um fiskveiðistefnu og þróunarsjóð sem hér liggja fyrir og nú standa yfir viðræður á milli ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins, launamanna og atvinnurekenda, um gerð kjarasamninga og efnahagslegar forsendur fyrir atvinnulífið til þess að búa við. Vonandi leiða þessar viðræður til ásættanlegrar niðurstöðu. Ég fagna því að stjórnarandstaðan skuli vera fús til að taka þátt í slíkum umræðum og styðja vonandi farsæla niðurstöðu á þeim grunni.

Menn segja sem svo: Það hefur dregist úr hömlu að gripið væri til aðgerða. Ég vil minna menn á að það var gripið til aðgerða í nóvember með gengisbreytingu og lækkun skatta til þess að bæta stöðu atvinnugreinanna. Síðan hefur sigið á ógæfuhliðina vegna lækkandi afurðaverðs. Nú fara þær viðræður fram sem ég hef áður nefnt og forustumenn atvinnulífsins, og þar á meðal sjávarútvegsins, leggja í þeim viðræðum fram þau sjónarmið af sinni hálfu sem þeir telja að tryggi forsendur fyrir rekstri atvinnufyrirtækjanna. Ég geri tæplega ráð fyrir því að hv. þm. komi fram með ríkari kröfur um rekstrargrundvöll og efnahagslegar forsendur fyrir rekstri sjávarútvegsins en talsmenn hans gera í þessum þríhliða viðræðum. Og það sem þeir fallast á sem efnahagslegar forsendur til þess að ljúka samningum um kaup og kjör í þessu samhengi hlýtur að vera sá ásættanlegi grundvöllur sem greinin sjálf vill keppa að.

Hv. 1. þm. Austurl. sagði að það hefði fátt verið skýrt í yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar í þessum umræðum. Það er að því leyti rétt að viðræður um þessi efni standa nú yfir. Þeim er ekki lokið og meðan þeim er ekki lokið eru þau öll óvissu undirorpin. Á hinn bóginn hlýt ég að draga þá ályktun af þessari umræðu að fátt skýrt hefur komið fram í umræðunni af hálfu stjórnarandstöðunnar um lausnir nema ef vera skyldi tillaga hv. 4. þm. Norðurl. e. um að yfirtaka 30 milljarða í skuldum og leggja skatta á í staðinn. Annað hefur ekki komið beint skýrt fram í þessum umræðum. Það er auðvitað ekki von. Ég er ekki að ásaka talsmenn stjórnarandstöðuflokkanna fyrir það. Aðstæður eru einfaldlega þannig að hvorki þeir né aðrir geta talað með skýrari hætti en þetta.

Hv. 1. þm. Austurl. sagði réttilega að menn þyrftu

ekki að liggja lengi yfir þeim tillögum sem liggja fyrir af hálfu tvíhöfða nefndarinnar og um þróunarsjóðinn. Flest atriði væru þar mjög skýr og menn gætu tekið afstöðu til þeirra á stuttum tíma. Ég er honum hjartanlega sammála um þau atriði og er sannfærður um að hv. þm. munu leggja sig fram um að fjalla um þessar hugmyndir. Það er auðvitað ekki hægt að ætlast til þess að allir verði sammála um hvert einasta atriði en mikilvægt samráð og mikilvæg samtöl eiga eftir að fara fram á milli lögboðinna samráðsaðila. Að því búnu verður vonandi unnt að leggja málið fyrir þingið og afgreiða það eins fljótt og kostur er.

Frú forseti. Ég vil að lokum ítreka þakklæti mitt til hv. þm. fyrir ágæta umræðu um þessi mikilvægu efni hér í dag.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti veit að a.m.k. tveir hv. þm. hefðu óskað eftir því að taka til máls eftir ræðu hæstv. ráðherra en því miður verður að ljúka þessari umræðu eins og um var talað. Það er liðinn sá tími sem gert var ráð fyrir að henni lyki, reyndar gert ráð fyrir að henni lyki kl. 16.30.

Jóhann Ársælsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég er óánægður með þetta. Mér finnst að hér hafi verið illa að verki staðið. Ég kannast ekki við að það hafi verið gert samkomulag um að umræðunni lyki kl. 16.30. Það var a.m.k. aldrei talað við okkur í Alþb. svo að ég viti til um það mál. Mér finnst afskaplega erfitt að þurfa að fara frá þessari umræðu með þessum hætti. Það hafa einungis tveir alþýðubandalagsmenn talað í umræðunni. Hér koma síðan málshefjandi og ráðherra og ljúka sínum ræðum og eru að svara og túlka það sem við höfum verið að tala um og við höfum hvorki tækifæri til þess að veita andsvör eða taka til máls á ný þó að við höfum einungis notað rétt okkar einu sinni. Mér finnst þetta ekki boðleg aðferð við það að ljúka umræðum.

Útbýting þingskjals:

Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands, 567. mál, stjtill., þskj. 934.

Út af dagskrá voru tekin 11.–13. mál.

Fundi slitið kl. 5.07 síðdegis.

152. FUNDUR

mánudaginn 5. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Vátryggingarstarfsemi, stjfrv., 350. mál, þskj. 629. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Sementsverksmiðja ríkisins, stjfrv., 211. mál, þskj. 252. — 3. umr.
3. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 504. mál, þskj. 856. — 1. umr.
4. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 541. mál, þskj. 899. — 1. umr.
5. Eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, stjfrv., 542. mál, þskj. 900. — 1. umr.
6. Skipulagslög, stjfrv., 455. mál, þskj. 791. — 1. umr.
7. Tollalög, stjfrv., 26. mál, þskj. 27, nál. 921, brtt. 922. — 2. umr.
8. Vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 27. mál, þskj. 28, nál. 904, brtt. 905. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., Ólafur G. Einarsson menntmrh., Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 5. apríl 1993:

„Þar sem Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf., er á förum til útlanda í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér að beiðni hans með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Pétur Bjarnason fræðslustjóri, Ísafirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta bréf ritar Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsfl.

Pétur Bjarnason hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Tilkynning um utandagskrárumræður.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess að tvær utandagskrárumræður eru fyrirhugaðar hér í dag. Kl. 3.30 fer fram utandagskrárumræða að beiðni hv. 3. þm. Norðurl. v., Ragnars Arnalds, um málefni SÁÁ. Sú umræða fer fram skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaga.

Kl. 4 er fyrirhuguð utandagskrárumræða að beiðni hv. 1. þm. Norðurl. v. um málefni Ríkisútvarpsins. Sú umræða fer fram skv. síðari mgr. 50. gr. þingskapalaga en samkomulag hefur orðið um að hún standi í eina klukkustund.

Vátryggingarstarfsemi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 350. mál (heildarlög). — Þskj. 629.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, JJ, KSG, KÁ, LMR, LRM, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJS, StB, SvG, ÖS.

16 þm. (ÁJ, DO, GB, HG, JGS, ÓE, PJ, SAÞ, SP, StG, StH, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞÞ) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, JJ, KSG, KÁ, LMR, LRM, MF, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJS, StB, SvG, ÞÞ, ÖS.

13 þm. (ÁJ, DO, GB, JGS, ÓE, SAÞ, SP, StG, StH, TIO, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Sementsverksmiðja ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 211. mál. — Þskj. 252.

Frsm. minni hluta iðnn. (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Að beiðni minni hluta iðnn. varð formaður iðnn., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, við þeirri ósk minni hlutans að taka þetta frv. um stofnun hlutafélags um Sementsverkmiðju ríkisins til umfjöllunar í nefndinni milli 2. og 3. umr. á fundi sem haldinn var í morgun. Til þess fundar var fenginn Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður. Það ákvæði frv. sem sérstaklega var fjallað um á þessum fundi snýr að 4. gr. frv. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fastráðnir starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðið sambærilegt starf hjá félaginu og þeir gegndu áður hjá Sementsverksmiðju ríkisins. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn."

Nú er vitað að sennilega gildir þetta ákvæði frv. ekki um neinn þann starfsmann sem starfandi er hjá Sementsverksmiðju ríkisins. Hins vegar er hér um grundvallarbreytingu að ræða og sambærilegt ákvæði og það sem hér er til umfjöllunar er í fleiri frumvörpum sem nú liggja fyrir þinginu, m.a. frv. um Þvottahús Ríkisspítalanna þar sem gert er ráð fyrir að gera það að hlutafélagi. Einnig er búið að lögfesta sambærilegt ákvæði í lögunum um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Með þessari hegðan sinni er ríkisstjórnin að kippa út ákveðnum hópum starfsfólks og setja um þá sérstök lög á meðan hún treystir sér ekki til og hefur reyndar gert um það samning við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja að breyta ekki lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Hins vegar sú leið valin að taka ákveðna hópa og setja alveg sérstök lög á þá hópa þegar ákvæði, sem getið er um í lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eins og biðlaunaréttinn, eiga að taka gildi. Þarna er að mati hæstaréttarlögmannsins verið að brjóta 67. gr. stjórnarskrárinnar um eignarréttinn, þ.e. að gera ekki almenna lagabreytingu heldur taka út einn ákveðinn hóp og setja sérstök lög á þann hóp. Það varð því sama niðurstaða í þeirri umræðu í nefndinni og áður hafði komið fram hjá hæstaréttarlögmanninum Gesti Jónssyni að þarna væri í fyrsta lagi um að ræða brot á 67. gr. stjórnarskrárinnar og svo hitt að ekki væri hægt að tala um sambærilegt starf eins og gert er ráð fyrir í 4. gr.

En vegna þess að nú hefur verið lögfest ákvæði um Síldarverksmiðju ríkisins og ljóst að það mál mun fara til umfjöllunar dómstóla er auðvitað eðlilegast að doka við og sjá hver verður niðurstaðan í því máli áður en menn flana að frekari ákvörðunum í þessum efnum.

Með dómi frá júní 1992 um Orkustofnun er nú verið að ganga frá samningum við starfsfólk stofnunarinnar þar sem ríkið er að greiða fyrir biðlaunarétt svo hundruðum þúsunda króna skiptir. Það er ekki skynsamlegt við þessar kringumstæður að halda lengra í bili heldur sjá til hvað út úr máli Síldarverksmiðja ríkisins kemur. Þess vegna er það enn okkar tillaga í minni hluta iðnn. að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari skoðunar.

Frsm. meiri hluta iðnn. (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Það er vissulega rétt hjá hv. þm. Finni Ingólfssyni að hér er um að ræða mál sem hefur verið umdeilt. En telji þingmaðurinn að hér sé verið að brjóta stjórnarskrárvarinn eignarrétt, þá er hann helst til seint á ferðinni. Það liggur fyrir, virðulegi forseti, að sams konar lög með sams konar ákvæðum hafa verið sett þrisvar sinnum áður. Þetta voru lög, virðulegi forseti, sem sett voru 31. des. um Jarðboranir hf. 1985. Jafnframt voru sett lög með nákvæmlega sömu ákvæðum 20. maí 1988 sem vörðuðu m.a. Ferðaskrifstofu ríkisins. Jafnframt voru sett 28. maí 1989 lög um stofnun hlutafélags um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg þar sem nákvæmlega sama ákvæði er að finna. Og hvað eiga allar þessar þrjár dagsetningar sameiginlegt? Þær eiga það sameiginlegt að nákvæmlega þá var Framsfl. í stjórn. Með öðrum orðum, það sem hv. þm. Finnur Ingólfsson kallar núna stjórnarskrárbrot voru eigi að síður ákvæði sem hans eigin flokkur flutti þegar þessar breytingar gengu í garð.

Staðreyndin er sú og það mætti líka minna hv. þm. Jóhann Ársælsson á það að þegar Gutenberg var breytt í hlutafélag var það hans flokkur sem var í ríkisstjórn. Nú koma þessir flokkar hins vegar og tala um að það sé verið að brjóta stjórnarskrána. Ég segi: Það sem hv. þm. Svavari Gestssyni þótti ekki stjórnarskrárbrot 1989 er ekki heldur stjórnarskrárbrot í dag. Ég vísa þessum málflutningi satt að segja á bug.

Ég fellst hins vegar á það, virðulegi forseti, að það er ágreiningur um þetta mál. Þannig kom eftirfarandi í ljós við umræður í hv. iðnn. í fyrra þegar nokkrir lögfræðingar komu til skrafs og ráðagerða við nefndina:

Hróbjartur Jónatansson veitti álitsgerð þar sem hann taldi að það kæmi til greina að hér væri um stjórnarskrárbrot að ræða. Gestur Jónasson, lögmaður BSRB, var sömu skoðunar. Lögfræðingar fjmrn. voru annarrar skoðunar. Hæstaréttarlögmaðurinn Jón Steinar Gunnlaugsson, sem einnig kom til fundar við nefndina, var líka annarrar skoðunar. Það er því ljóst að hér er um deilumál að ræða og það er nauðsynlegt að úr því verði skorið fyrir dómi.

Staða málsins er þessi: Ef starfsmaður hefur verið starfandi á kjörum opinberra starfsmanna í 15 ár eða skemur á hann kost á sex mánaða biðlaunum ef staðan er lögð niður og 12 mánaða biðlaunum hafi hann verið lengur starfandi. Nú er það svo samkvæmt þessum lögum að ef starfsmaður telur eftir breytinguna yfir í hlutafélag að staðan sé ekki sambærileg, þá getur hann hætt og þá fær hann biðlaun. Þá verður rétturinn virkur. Þetta kom fram hjá Gunnari Björnssyni, lögfræðingi fjmrn., í viðræðum við iðnn. í fyrra. Eitt svona atvik kom upp þegar Jarðboranir voru gerðar að hlutafélagi og Gunnar Björnsson staðfesti það við mig í samtali í morgun að þetta væri raunin. Með öðrum orðum, ef viðkomandi starfsmaður telur að staðan sé ekki sambærileg, þá verður biðlaunaréttinn virkur ef hann hættir störfum.

Því má velta fyrir sér hvort þessi ákvæði sem er að finna í frv. um Sementsverksmiðjuna skerði í einhverju réttarstöðu starfsmanna ef þeir kynnu að leita réttar síns fyrir dómstólum. Um þetta efni skulum við skoða það sem Hróbjartur Jónatansson segir, með leyfi forseta:

„Ákvæði 7. gr. frv. verður að skoða sem fyrirmæli öðru fremur. Samkvæmt viðurkenndum sjónarmiðum um sjálfstæði dómenda eru fyrirmæli Alþingis eða jafnvel skýringar Alþingis á fyrirmælum sínum eigi bindandi fyrir dómstóla. Dómstólum ber samkvæmt 61.

gr. stjórnarskrár að fara einungis eftir lögum í víðasta skilningi orðsins."

Með öðrum orðum kemur þarna fram að þetta ákvæði skerðir ekki möguleika starfsmanna að leita síns réttar, a.m.k. ekki samkvæmt ummælum Hróbjarts Jónatanssonar hæstaréttarlögmanns, sem hefur verið eins konar alfa og omega þeirra sem hafa verið í andstöðu við þetta.

Ég vil einungis að síðustu, virðulegi forseti, ítreka að það er ekki rétt að hér sé um einhverja grundvallarbreytingu að ræða. Svipuð frumvörp hafa farið þrisvar sinnum í gegnum þingið með nákvæmlega sama orðalagi. Ég vil líka ítreka það, virðulegi forseti, að telji starfsmaður að staðan sem hann tekur við hjá hinu nýja hlutafélagi sé ekki sambærileg, þá getur hann sagt upp störfum, hætt vinnunni og þá verður biðlaunarétturinn virkur.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Þetta er endurtekið efni sem menn eru að fara hér yfir eftir margar umræður og ævinlega greinir menn á um sömu hlutina. Þar eru réttindi starfsmanna efst á blaði en líka hitt hversu nauðsynlegt er að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag og hvort það standi til að selja fyrirtækið eða ekki. Ég tel að það hafi sannast hér fullkomlega í umræðunum síðast að það er hugmyndin að selja fyrirtækið. Það lá reyndar fyrir skjalfest frá ríkisstjórninni í hinni svokölluðu hvítbók að það ætti að selja þetta fyrirtæki þar sem það er talið upp skýrum stöfum sem fyrirtæki númer tvö á söluskrá hjá ríkisstjórninni. Þess vegna tel ég mjög varhugavert að Alþingi samþykki að gera þetta fyrirtæki að hlutafélagi því að það er greinilega gert í þeim yfirlýsta tilgangi stjórnarflokkanna að selja það.

Ég ætla ekki að endurtaka þær röksemdafærslur sem hafa verið þuldar úr þessum ræðustól hvað eftir annað, í hvers konar stöðu þetta fyrirtæki er, þ.e. það er raunverulega einokunarfyrirtæki á þessum markaði vegna sinnar fjarlægðarverndar og þess hvað það er dýrt að flytja sement á þennan markað. Það er þess vegna fyrirkvíðanlegt ef þetta gengur fram því að ég er alveg sannfærður um að næsta skref mun verða að selja hlutafé í þessu fyrirtæki. Reyndar var það ankannalegt að hlusta á stjórnarþingmenn koma hér hvern eftir annan. Sumir voru að lýsa því hverjum ætti að selja fyrirtækið. Aðrir voru að lýsa því yfir að það ætti ekki að selja neinum það. Þá vil ég tilnefna hv. 1. og hv. 5. þm. Vesturl. þar sem 1. þm. Vesturl. var að lýsa því fyrir okkur hverjir, m.a. starfsmenn, gætu nú keypt fyrirtækið en hv. 5. þm. Vesturl. sagði að það ætti ekki að selja neinum það. Ég trúi því sem stendur í hvítu bókinni. Ég trúi því að ríkisstjórnin ætli sér að selja fyrirtækið og að við næstu fjárlagaafgreiðslu birtist beiðni um að fá að setja það á söluskrá.

Það er eitt sem hefur ekki verið rætt mjög mikið í sambandi við réttindi starfsmanna. Það liggur fyrir að með þessu lagi sem hér er haft á munu þeir starfsmenn sem taka ráðningu í fyrirtækinu eftir að það er orðið hlutafélag missa gersamlega rétt sinn sem þeir hafa núna, þ.e. stjórn hlutafélagsins getur strax eftir að hlutafélagið hefur tekið við fyrirtækinu til rekstrar sagt upp þeim starfsmönnum sem stjórninni sýnist betra að losna við. Þeim réttindum sem menn hafa í dag er raunverulega kastað til hliðar.

Ég hef gagnrýnt það áður og vil endurtaka það að mér þykir mjög miður að 1. þm. Vestf., sem var formaður sjútvn. en hefur verið veikindafrí, sagði það mjög skýrt í umræðum um Síldarverksmiðju ríkisins að hann hefði miklu fremur viljað fara aðra leið að þessu máli, þ.e. fara þá leið að breyta lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, frekar en fara að eins og hér er gert. Það eina sem hamlaði því var að ríkisstjórnin var búin að skrifa undir yfirlýsingu, sem fylgdi kjarasamningunum í fyrra, um að hrófla ekki við lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. (**ÖS:** Hvað sagði hann meira?) Ég man nú ekki allt sem hann sagði, hv. 17. þm. Reykv., en ég held að það hafi verið alveg skýrt að hann var að boða það að ef ekki væru þessar aðstæður, þá mundi hann gangast fyrir því að breyta lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Nú hefði verið tækifæri til þess. Ef menn hefðu eitthvað meint með því þá hefði birst lagafrv. um breytingu á lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna því þessir samningar eru runnir út.

En það er nú ekki. Menn koma fram með sömu frumvörpin óbreytt og hafa ekki komið til móts við stjórnarandstöðuna að neinu leyti í þeim tillögum sem hún hefur verið með og hv. 17. þm. Reykv., sem er formaður iðnn., hefur gengið harðast fram í því að reka þessi mál áfram að vísu studdur af ýmsum þingmönnum stjórnarflokkanna. Ég hef sagt það áður og segi það enn að það er greinilegt að hann vaknaði til lífsins þegar fyrir lá að ekki yrði hægt að breyta bönkunum í hlutafélag og selja þá. Hann er að þjóna herra sínum, hæstv. iðnrh., í þingsölum við það að reyna að koma þessum málum í gegn til þess að friða þá sem harðast vilja ganga fram í því að einkavæða og selja fyrirtæki ríkisins því að þeir eru orðnir ákaflega langeygir og þreyttir á að bíða eftir árangri sinna starfa.

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. fór nokkrum orðum um afstöðu einstakra þingmanna til hugsanlegrar sölu Sementsverksmiðjunnar og vitnaði í ummæli mín í þessum umræðum þar að lútandi. Hér hlýtur hann að vera að taka einhvern feil á mönnum því að ég nefndi það ekki einu einasta orði til eða frá þannig að hann hlýtur að vera að ruglast á mönnum.

Aðeins út af ítrekuðum ummælum hans í þessum umræðum um að breyting á Sementsverksmiðjunni í hlutafélag muni leiða til stórhækkaðs verð á sementi, þá er þar náttúrlega um mikinn misskilning að ræða. Menn hamra alltaf á því að þetta sé einokunarfyrirtæki. Svo er ekki. Það hefur verið frjáls innflutningur á sementi í um 20 ár. Sementsverkmsiðjan hefur hins vegar staðið sig það vel í verðsamkeppninni að menn hafa ekki lagt í að flytja inn sement. Hún hefur að vísu notið nokkurrar fjarlægðarverndar og notið þess að hafa mjög gott dreifikerfi sem innflutningsaðilar hafa

að sjálfsögðu ekki. En ef hún á annað borð ætlaði að hækka verðið upp úr öllu valdi, þá mundi það einfaldlega leiða til þess að menn færu að flytja inn sement. Einokunin er nú ekki meiri en það. Það er því ekki frjálst val hjá Sementsverkmiðjunni að hækka verðið eins og henni dettur í hug. Það leiðir bara til þess að menn fara að flytja inn sement.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að biðja afsökunar á því ef ég hef misskilið hv. 5. þm. Vesturl. Ég taldi mig vita það að hann væri á móti því að selja Sementsverksmiðjuna eða hlutafé í henni. Ég verð að viðurkenna það að ég man ekki nákvæmlega hvenær ég fékk þá hugmynd í höfuðið en ég hef staðið í þeirri meiningu og þess vegna var það sem ég nefndi þetta áðan.

Annað vil ég segja í sambandi við þá fjarlægðarvernd sem verksmiðjan hefur. Fram að þessu hefur það legið fyrir að aðilar tengdir steinefnaiðnaði hafa margreiknað það út, og reyndar gert það árlega í fjölda ára, að fylgjast með því hvort það væri hægt að flytja inn sement í samkeppni við Sementsverksmiðjuna. Það dæmi hefur ekki gengið upp. Þess vegna hafa þeir ekki gert það. Ég held að það hafi verið a.m.k. á undanförnum árum töluverður slaki á þessu. Það hefði verið hægt að hækka sement eitthvað án þess að innflutningur hæfist en Sementsverksmiðjan hefur ekki þurft á því að halda Hún hefur verið með þokkalega góðan rekstur þangað til á síðasta ári.

Í raun og veru hefur gengið prýðilega að reka þetta fyrirtæki frá því að sú ákvörðun var tekin að breyta brennslunni í brennslu á kolum og þegar nýtt starfsleyfi var gefið út fyrir þetta fyrirtæki og raunveruleg endurbygging þess hafin sem var árið 1983, ef ég man rétt. Síðan hefur verksmiðjan verið í góðum rekstri og ég geri alveg ráð fyrir því að enn þá geti verið uppi þær aðstæður að Sementsverksmiðjan gæti selt sement á verulega hærra verði en hún hefur gert. Ég ætla þó ekkert um það að fullyrða. En að innflutningur á sementi hafi getað veitt henni það aðhald sem hún hefur þurft á undanförnum árum er ég sannfærður um að er ekki rétt.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hv. formanni iðnn. fyrir það að hann varð við ósk okkar í stjórnarandstöðunni um að kalla lögmann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja til sérstaks aukafundar í iðnn. snemma í morgun. Þar fórum við yfir málin og ræddum ítarlega við lögmanninn sem staðfesti það sem áður hefur komið fram í þessu máli og bætti reyndar nokkru við sem mér finnst skipta máli að halda hér til haga.

Það kom fram hjá lögmanninum, og hefur reyndar trúi ég komið fram í pappírum þessa máls ég hygg frá opinberum starfsmönnum, að verði þessi lög eða önnur samþykkt þá verður samstundis farið í mál við ríkið til ógildingar á því ákvæði sem er í 4. gr. þessa frv. eða sambærilegs ákvæðis í frv. og lögunum um Síldarverksmiðjur ríkisins. Það verður samstundis efnt til málaferla við ríkið vegna þess að opinberir starfsmenn telja að hér sé um að ræða brot á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Fyrir því hefur lögmaðurinn tvíþætt rök.

Í fyrsta lagi að þetta sé brot á jafnræðisreglunni vegna þess að með lögum af þessu tagi sé verið að taka af nokkrum mönnum réttindi meðan allir aðrir opinberir starfsmenn haldi þessum réttindum. Það sé óeðlilegt og standist ekki stjórnarskrána að tína út úr, eins og lögmaðurinn sagði, nokkra opinbera starfsmenn og taka af þeim réttindi án þess að sú réttindaskerðing eigi við um alla opinbera starfsmenn á sama tíma. Lögmaðurinn taldi í öðru lagi að þetta stæðist ekki vegna þess að ekki væri til sambærilegt starf á einkamarkaðnum af því að ramminn væri allt annar á hinum opinbera markaði og þessi rammi væri ekki til hjá einkamarkaðnum. Af þessum ástæðum fullyrti lögmaðurinn að ríkið mundi örugglega tapa máli af þessu tagi.

Þá er það spurningin: Hafði hann eitthvað fyrir sér í þessu máli, lögmaðurinn? Jú, hann hafði fyrir sér aðallega tvö mál. Annars vegar mál Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og hins vegar mál starfsmanna Orkustofnunar þar sem hann taldi, og ég hygg að menn sjái það ef þeir lesa gögnin, að Hæstiréttur hefur raunar þegar fellt dóma sem eru á þann veg að það er mjög líklegt að opinberir starfsmenn muni vinna mál af þessu tagi. Af því að Hæsiréttur hefur úrskurðað að það verði að fylgja jafnræðisreglunni þegar menn eru að skerða kjör opinberra starfsmanna.

Þetta er auðvitað mjög mikilvægt að hafa í huga hér, virðulegi forseti, og þá rekur að því að nefna að þegar þessi mál voru rædd á síðasta þingi ræddum við þetta mál mjög rækilega við hæstv. núv. fjmrh. og sögðum sem svo: Ef á annað borð á að vera hægt að einkavæða fyrirtæki, sem er eðlilegt að sé hægt að mínu mati, þá á auðvitað að fara í samningaviðræður við samtök opinberra starfsmanna um það hvernig að því verður staðið.

Nú var þessum málum lent með tilteknum hætti í síðustu kjarasamningum. Í yfirlýsingunni sem fylgdi kjarasamningunum segir að á samningstímanum megi ekki breyta lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. En fjmrh. segir að hann hafi látið þess getið að þessi yfirlýsing hefði ekki áhrif á þau frumvörp sem þá lágu fyrir.

Nú er sá samningstími sem sú yfirlýsing tók til liðinn. Engu að síður hlýt ég, af því að svo vel ber í veiði að hæstv. fjmrh. er hér, að spyrja hæstv. fjmrh.: Hefur hann farið í þessar prinsipp-viðræður við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja eða BHMR þannig að það liggi fyrr með hvaða hætti fjmrn. vill standa að þessum málum og opinberir starfsmenn?

Þetta segi ég hér, virðulegi forseti, af því að ég tel ekki boðlegt í réttar- og lýðræðisríki að láta hlutina ganga þannig fyrir sig að Alþingi samþykki lög sem það veit fyrir fram að standast ekki fyrir dómstólum. Hv. formaður iðnn. hefur t.d. aftur og aftur lýst því yfir að ekkert í þessu máli útiloki það að opinberir starfsmenn höfði mál eftir að lögin hafi verið sam-

þykkt í þinginu. Með öðrum orðum eru menn vitandi vits að ganga út á í besta falli svið óvissunnar í þessu efni og taka þá áhættu að það verði dómsmál út af þessu í staðinn fyrir að reyna að leysa málið með viðtölum, eins og auðvitað á að gera alltaf þegar kostur er á í siðaðra manna þjóðfélagi. Þess vegna vil ég leyfa mér að bera þessa spurningu fram við hæstv. fjmrh.: Hefur eitthvað verið gert í þessu máli?

Við sem skipum minni hluta iðnn. lögðum það til við 2. umr. að þessu máli yrði vísað frá. Þeirri beiðni okkar var hafnað af meiri hlutanum. Ég sé satt að segja ekki að með hliðsjón af því og því að við greiddum atkvæði á móti 4. gr. við 2. umr. að við eigum neinn annan kost en þann, ef málið kemur til atkvæðagreiðslu eftir 3. umr., að greiða atkvæði á móti málinu eins og það lítur út þó svo við hefðum gjarnan viljað, ég segi fyrir mig að ég hefði gjarnan viljað að um málið hefði tekist samkomulag vegna þess að ég er þeirrar skoðunar að á þessum málum þurfi að taka.

Varðandi svo spurninguna um það hvort fyrirtækið verður selt eða ekki ef þetta frv. verður að lögum, þá hefur myndast allsérkennileg staða í salnum. Hv. formaður iðnn. hefur lýst því yfir að þetta fyrirtæki verði ekki selt. Hv. 1. þm. Vesturl., sem situr í forsetastól núna, hefur aftur á móti sagt að menn muni fara í að reyna að selja þetta fyrirtæki. Ég verð að játa það að ég heyrði í hv. 5. þm. Vesturl. og ég skildi hann nákvæmlega eins og hv. 3. þm. Vesturl. að því er þetta varðar, að hv. 5. þm. Vesturl. væri heldur tregur til að selja þetta fyrirtæki. Ég skildi hann þannig. Það er bersýnilega verulegur munur á áherslum innan Sjálfstfl. í þessu máli og milli stjórnarflokkanna og má segja að það sé út af fyrir sig gæfa í málinu að Sjálfstfl. skuli ekki eiga nema tvo þingmenn á Vesturlandi því að þá fengjum við kannski þriðju útgáfuna ef þeir væru fleiri en væri til einföldunar samt frekar, virðulegi forseti, ef ég má segja það með þennan forseta viðstaddan, ef það væri bara einn þingmaður Sjálfstfl. af Vesturlandi sem getur auðvitað orðið einhvern tíma eins og dæmin sanna.

Það er því bersýnilegt að verið er að reyna að láta samþykkja frv. þar sem menn eru með algerlega mismunandi áherslur að því er varðar afstöðu þingmanna Sjálfstfl. og formann hv. iðnn. í þessu máli. Þess vegna er þinginu mikill vandi á höndum í málinu og væri eðlilegt að fara fram á það við stjórnarflokkana að þeir kæmu sér saman um það hvaða túlkun á að hafa uppi í máli af þessu tagi.

Virðulegi forseti. Ég taldi nauðsynlegt að leggja þessar sérstöku spurningar fyrir hæstv. fjmrh. Mér þætti vænt um ef hann vildi vera svo vinsamlegur að svara. Ég bendi honum á að lesa þau gögn sem núna liggja fyrir í þessu máli hjá ríkislögmanni sem er hans embættismaður. Ég veit að hæstv. fjmrh. hefur marga pappíra að lesa og kemst ekki yfir nærri allt sem hann sjálfsagt vildi gera í þeim efnum. En ég hygg þó að það mundi spara þinginu ómælda vinnu og umræðu og þras ef menn legðu vinnu í það smástund að lesa þessa pappíra sem nú liggja fyrir hjá ríkislögmanni, bæði vegna BHMR-málsins og Orkustofnunarmálsins.

Þetta vildi ég segja á þessu stigi málsins við 3. umr. um þetta frv., virðulegi forseti.

Frsm. meiri hluta iðnn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég dáist að hugkvæmni hv. þm. Svavars Gestssonar að uppgötva að það er munur innan stjórnarliðsins í þessu máli. Það er út af fyrir sig ekkert merkilegt. Mér finnst það miklu merkilegra að finna að það er líka munur á afstöðu hv. þm. Svavars Gestssonar eftir því hvort hann er innan ríkisstjórnar eða utan hennar. Þegar hann var innan ríkisstjórnarinnar samþykkti hann í ríkisstjórn að lagt yrði fram frv. um annað tiltekið ríkisfyrirtæki með nákvæmlega sömu klásúlu og hann er að deila hér á. Nú er hann í stjórnarandstöðu og þá leikur hann auðvitað bara eftir eyranu. Það sem hv. þm. Svavar Gestsson kallar nú brot á lögum um opinbera starfsmenn hefur hann þá sjálfur brotið árið 1989. Og hvað kalla menn slíkt í stjórnmálum? Ég veit að hv. þm. svarar því sjálfur í andsvari sínu á eftir.

Deilan snýst um þetta: Hv. þm. Svavar Gestsson og sá lögfræðingaskari sem hann hefur kallað sér til stuðnings segir: Ef ríkisstarfsmaður tekur upp starf hjá hlutafélagi, þá tapar hann ýmsum réttindum og staðan er þá ekki sambærileg. Staðreynd málsins er hins vegar þessi: Ef starfsmaðurinn sjálfur er þeirrar skoðunar að staðan sé ekki sambærileg, þá getur hann látið af störfum og þá verður biðlaunarétturinn virkur. Þetta hefur komið fram og það er af þessum sökum sem ég held því fram að það verði afskaplega hæpið að fá einhvern dómstól til þess að fallast á að hér sé verið að brjóta stjórnarskrárbundin eignarréttindi.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, að kæmi fram ef það mætti lýsa upp hin myrku hugardjúp hv. þm. Svavars Gestssonar í þessu máli.

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson vitnar í ræðu mína á föstudaginn með líkum hætti og hv. þm. Jóhann Ársælsson. Þeir fullyrða að ég hafi eitthvað verið að bollaleggja um hugsanlega sölu hlutabréfa í Sementsverksmiðjunni. Ég er búinn að lýsa því hér áður og get endurtekið það að ég minntist ekki einu einasta orði á það í minni ræðu. Þessir ágætu þingmenn virðast ekki trúa því, því miður. Ég neyðist því til að gefa þeim ljósrit af ræðu minni á eftir og mun stinga því í pósthólfið þeirra hér áður en ég fer af þessum fundi.

Talandi um sölu hlutafjár hef ég hins vegar lýst skoðun minni til þeirra mála í blaðagrein þó ég hafi ekki gert það í þingræðu. Skoðun mín er sú að eðlilegast sé að ríkið eigi meiri hluta í fyrirtækinu og ekkert athugavert sé við það að selja eitthvert hlutafé í fyrirtækinu. Við skulum segja 25% eða eitthvað slíkt. (Gripið fram í.) Ég hef lýst því áður og ég er þar sammála formanni iðnn., það er rétt að það komi hér skýrt fram. Hins vegar kann ég því illa að menn vitni í ræðu mína og segi mig hafa sagt eitthvað sem ég alls ekki sagði.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Vesturl. fyrir að hafa leiðrétt þennan misskilning. Greinilegt er að hann vill selja Sementsverksmiðjuna þegar frv. verður að lögum. Út af fyrir sig er mikilvægt að það liggi fyrir að þingmenn Sjálfstfl. af Vesturlandi séu báðir sömu skoðunar í málinu.

Varðandi málið að öðru leyti vil ég leyfa mér að nefna það, virðulegi forseti, þó að það samrýmist ekki þingsköpum í ströngustu túlkun að ég mun biðja um orðið á eftir til að svara hv. 17. þm. Reykv. Það tekur meiri tíma en tvær mínútur.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ræðu hv. 9. þm. Reykv. tel ég nauðsynlegt að gera athugasemd við málflutning hans sem er oft æðiskrautlegur og skreyttur ýmsum upplýsingum um afstöðu annarra hv. þm. Reyndar kom fram við 2. umr. að ég hef ekki lagt til að Sementsverksmiðja ríkisins verði seld. Ég tók það sérstaklega fram að *ég teldi að ríkið ætti að eiga meiri hluta í* verksmiðjunni en á sama hátt og hv. 5. þm. Vestur., að það komi að sjálfsögðu til greina að selja einhvern lítinn hluta af hlutabréfum félagsins og ég tel að það sé einungis til bóta og til góðs fyrir það fyrirtæki ef niðurstaðan gæti orðið sú og muni styrkja Sementsverksmiðjuna en ekki veikja hana. Ég vildi að þetta væri alveg ljóst *þannig að hv. 9. þm. Reykv. þyrfti ekki að* halda fleiri ræður um þau efni.

Frsm. minni hluta iðnn. (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Það er aðeins út af orðum hv. form. iðnn. Össurar Skarphéðinssonar hér áðan. Hann flutti reyndar sömu ræðu og við 2. umr. málsins er *hann var að velta því fyrir sér hvað fyrri ríkisstjórn* hefði gert í þessum efnum. Því hefur ekki verið mótmælt af minni hluta nefndarinnar, hvorki þeim sem hér stendur né öðrum, að það er rétt að í tíð fyrri ríkisstjórnar voru sett lög um Jarðboranir ríkisins og um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg sem innihalda sama ákvæði og er í 4. gr. frv. um Sementsverksmiðju ríkisins. Munurinn er hins vegar *sá á þeirri gerð, sem nú* sendur fyrir dyrum, og því hvernig staðið var að hér áður, þá vissu menn ekki betur en að það ákvæði er þá var inni í frv. um Jarðboranir ríkisins og um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg stæðist lög og það stæðist stjórnarskrána. Engar athugasemdir voru gerðar við það af lögmönnum á þeim tíma að þarna væri hugsanlega um *stjórnarskrárbrot a*ræða.

Hins vegar er það nú svo að tveir lögfræðingar, sem báðir hafa sent frá sér skriflegar álitsgerðir um þetta efni, telja að þarna sé jafnvel um stjórnarskrárbrot að ræða og látið verði reyna á það fyrir dómstólum hvort svo sé. Með öðrum orðum, fyrri ríkisstjórn framkvæmdi þessar breytingar í góðri trú. Núv. ríkisstjórn ætlar gera þetta ákvæði *virkt samkvæmt lögum* þrátt fyrir víðtækar og ítrekaðar viðvaranir af hálfu mikils metinna lögmanna um þarna geti hugsanlega verið um stjórnarskrárbrot að ræða. Það lagði ég áherslu á í fyrri ræðu minni.

Nú er búið að lögfesta sama ákvæði um Síldarverksmiðjur ríkisins þar sem þetta er í 7. gr. þeirra laga. Af hverju ekki að doka við og láta á það reyna hvernig dómstólarnir munu meðhöndla það mál láti BSRB á málið reyna fyrir dómstólum? Hvað liggur á? Af hverju má ekki doka við og sjá hver framvinda málsins verður?

Þeir lögfræðingar, sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson vitnaði til að hefðu verið í vafa um það hvort þetta ákvæði stæðist stjórnarskrá, og a.m.k. tveir þeirra töldu í lagi að hafa ákvæðið eins og það er nú í frv., treystu sér hins vegar ekki til þess að senda frá sér skriflega greinargerð um málið. Því er skynsamlegt að flana ekki að neinu, doka örlítið við og sjá hver framvindan verður, en það liggur ekkert á.

Varðandi hinn þátt málsins sem upphaflegur stuðningur bæjarstjórnarinnar á Akranesi og starfsmannafélags Sementsverksmiðju ríkisins var háður því skilyrði á þeim tíma að í fyrsta lagi kæmi aðstöðugjaldið að fullu bætt til bæjarfélagsins og hitt að fyrirtækið yrði ekki selt. Báðir þessir fyrirvarar hafa núna fokið út í veður og vind. Af þeirri ástæðu hefur starfsmannafélag Sementsverksmiðjunnar óskað eftir því að málið verði ekki lögfest, formbreytingin eigi sér ekki stað. Af þessum tveimur ástæðum hefur bæjarstjórn Akraness einnig lýst andstöðu sinni við að frv. verði að lögum og þannig verði formbreyting á Sementsverksmiðju ríkisins.

Nú eru deilur um það milli stjórnarþingmanna, hvort sem það er innan Sjálfstfl. eða milli stjórnarflokkanna, og af því að hæstv. iðnrh. er í salnum er rétt að hann skeri úr um það í umræðunni og ég spyr hæstv. ráðherra að því: Stendur til að selja Sementsverksmiðjuna í heilu lagi, þ.e. alla hlutana eða einhverja hluta hennar? *Spurningin er ítrekuð út af þeirri* umræðu sem hér hefur orðið. Í svari hæstv. iðnrh. á síðasta þingi við fsp. hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur um það hvort til stæði að selja Sementsverksmiðjuna minnir mig að hann hafi þá sagt að það ætti að selja Sementsverksmiðjuna, alla hlutana eða einstaka hluta hennar. Því ítreka ég spurninguna: Er nokkur breyting *á afstöðu hæstv. ráðherra í þessum efnum*? Er staðreyndin ekki sú og það vilji ríkisstjórnarinnar að allt fyrirtækið verði selt?

Útbýting þingskjals:

Tollalög, 26. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 939.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Vegna umræðna sem hafa orðið um 4. gr. fyrirliggjandi frv. og fsp. frá hv. þm. Svavari Gestssyni tel ég ástæðu til þess að koma í pontu og skýra örlítið nokkur atriði.

Í fyrsta lagi held ég að ástæða sé til þess að benda á að *þegar frumvörpin voru upphaflega samin og inni*héldu klausu eins og þá sem er í 4. gr. frv., þá sat ég í iðnrn. og frv. um Gutenberg og Sementsverksmiðju voru samin í tíð ríkisstjórnar sem þá sat á árinu 1987 og 1988. Það er rétt að annað frv., lítið breytt, var síð-

an samþykkt. Ég held að flestir stjórnmálaflokkar hafi verið sammála því að óhætt væri að setja klausu eins og þessa í frv. Það var reyndar kannað rækilega á þeim tíma og álit manna var þá að þetta bryti á engan hátt í bág við stjórnarskrá Íslands. Nýrri rök hafa komið upp um það atriði. Sjónarmið mitt er það að ekki sé til staðar sá eignarréttur sem sumir lögfræðingar vilja vera láta. Að sjálfsögðu er eðlilegt að lögmaður BSRB hafi uppi slík mótmæli því að hann hlýtur starfs síns vegna að halda til haga öllum þeim réttindum sem hann telur að gætu flokkast undir þessi lög. Það er hins vegar rétt og hjá því verður ekki komist að viðurkenna að þetta atriði er umdeilt.

Þegar fjárlagafrv. var lagt fram fyrir haustið 1991 var þar að finna stefnuyfirlýsingu fjmrh. þar sem hann gerði að tillögu sinni að nokkur atriði yrðu tekin upp til sérstakrar skoðunar og sum þeirra þurftu atbeina löggjafans við. Nefni ég þar annars vegar lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, þau lög eru frá 1954, og hins vegar lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna, en þau eru einnig bundin í lögum og nauðsynlegt held ég einnig að flestra áliti að endurskoða þau lög. Því miður hefur það gengið heldur hægt þó að ýmsar nefndir hafi starfað að því máli mörg undanfarin ár.

Síðar kom að því að gerðir voru kjarasamningar og það var mikið kappsmál fjmrh. að þeir kjarasamningar næðu til sem flestra launþega. Niðurstaðan varð sú að um nokkurt samflot var að ræða og tók BSRB þátt í því samfloti. Hins vegar var ljóst að forsenda fyrir því að þeir vildu taka þátt í samstarfinu var að ekki yrði hróflað eins og var sagt við lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Að því var gengið enda lá fyrir skýlaus yfirlýsing af minni hálfu að þetta næði ekki til þeirrar greinar sem væri að finna í fyrirliggjandi frumvörpum á Alþingi. En það voru annars vegar frumvörp um Síldarverksmiðjur ríkisins og hins vegar um Sementsverksmiðju ríkisins.

Þetta nefni ég sérstaklega vegna þess að í 1. tölul. í nál. á þskj. 869 er sagt frá þessum fyrirvara án þess að geta þess að fjmrh. hafi lýst yfir skilningi sínum á málinu og öllum verið það ljóst. Þó má vera að frá því hafi verið sagt í framsöguræðu en alltént var það sagt mjög skýrt af hálfu hv. 9. þm. Reykv. hér áðan. Það er hárrétt að skilningur beggja aðila lá fyrir að þessi frumvörp gætu gengið fram óbreytt þrátt fyrir aðild BSRB að þessum kjarasamningaviðræðum. En ég tók þá skýrt fram og hef sagt það áður á Alþingi að í því fólst ekki sá skilningur að BSRB hefði samþykkt að þetta yrði að lögum, enda ber okkur að sjálfsögðu ekki að bera þau undir þau samtök fremur en önnur löggjafaratriði sem hv. Alþingi á að sýsla um. Ég tel rétt að þetta komi fram vegna fsp. hv. þm. að þessi atriði lágu fyrir með þeim hætti sem ég hef lýst hér.

Ég get litlu bætt um það sem hér hefur verið sagt um lögfræðina í þessu. Hér er deilt um það hvort eignarréttur myndist á þessum réttindum og þetta sé lögvarinn eignarréttur þá væntanlega skv. 67. gr. stjórnarskrárinnar eða hvort hér sé einungis um annars konar réttindi að ræða. Ég verð að segja að ég tel að fyrirliggjandi dómar, sem vitnað hefur verið til, taki ekki af skarið í þeim efnum. Að vísu geta menn haldið því fram í sínum ræðum en frá mínum sjónarhóli er það ekki svo. Ég tel að ríkið og þeir sem verja rétt ríkisins í þessum efnum muni telja að svo sé ekki. En mér er auðvitað kunnugt um mótbárur ýmissa og að sumir vilja jafnvel teygja niðurstöðu dóms Hæstaréttar í BHMR-málinu svo langt að það dugi í þessu efni. Það held ég að sé af og frá. En eins og allir vita er ég ekki dómstóll, sem betur fer segja nú sjálfsagt flestir í þeim efnum. Þá verða þessi mál að ganga til dómstólanna eins og ég sé að Hróbjartur Jónatansson hrl. bendir réttilega á.

Mér finnst það vissulega vera sjónarmið að það sé eðlilegra að breyta lögunum frá 1954 með almennum hætti. Fyrir því eru fjöldamörg rök og þau snúa ekki einungis að þessu tiltekna atriði heldur miklu fremur hinu að lögin eru gersamlega úrelt. Þau miðast við allt öðruvísi ríkisstarfsmenn en þá sem starfa í dag. Þá voru ríkisstarfsmenn margfalt færri, miklu lægra hlutfall af heildarvinnuaflinu og það þótti sjálfsagt að verja rétt þeirra, fyrst vegna þess að þeir höfðu ekki samningsrétt og þeir höfðu ekki verkfallsrétt. Þessi tími er löngu liðinn og ég held að allir sem vilja líta á þetta mál hlutlaust og eðlilega sjá að lögunum verður að breyta. Ég neyddist hins vegar til þess að fallast á að fresta því að láta það starf fara fram til þess að kalla fram kjarasamning og stundum eru þeir nokkuð dýru verði keyptir.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði þá að því hvort ég hefði nú þegar samningstímabilinu er lokið haft uppi tilburði að ræða við starfsmenn ríkis og bæja um þetta tiltekna atriði. Það hef ég ekki gert. Ég tel reyndar að ef ríkisstjórn og þingmeirihluti vill breyta lögum á borð við þessi lög eigi frumkvæðið að vera hjá þeim. Ég veit að sjálfsögðu að það þarf taka tillit til sjónarmiða starfsmanna ríkis og bæja en þeir eiga ekki frekar en annað fólk í landinu að ráða því hvernig lögin verða. Það vald er hjá Alþingi og til þess eru alþingismenn kjörnir.

Niðurstöður orða minna eru þess vegna þær að í fyrsta lagi sé brýn nauðsyn á því að breyta lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, ekki vegna þessa tiltekna ákvæðis heldur vegna þess að lögin eru úrelt í mjög mörgum efnum. Þau voru samin og samþykkt við allt önnur skilyrði en nú gilda. Frá því að lögin voru samþykkt hafa réttindi og skyldur, og þó einkum réttindi, opinberra starfsmanna gersamlega snarbreyst eins og ég hef hér minnst á.

Í öðru lagi vil ég að það komi fram að ég tel enga goðgá að samþykkja fyrirliggjandi frumvörp með þessum tilteknum efnisatriðum í og ég sé ekkert athugavert við það að slík mál séu hjá dómstólum ef menn vilja senda mál þangað því að ég veit að það hlýtur að búa í réttlætiskennd okkar Íslendinga að það sé ekki sjálfsagt mál þegar menn halda störfum sínum en það breytist form á félagi þá eigi slíkir aðilar skýlausan rétt á því að fá 12 mánaða biðlaun. Ég held að allir sanngjarnir menn sjái að tilgangurinn getur ekki hafa verið sá þegar lögin voru sett heldur var verið að tryggja

það hjá þeim hópi embættismanna, sem störfuðu hjá ríkinu, að ekki væri hægt að reka menn fyrirvaralaust án þess að bætur kæmu fyrir.

Að þessu sögðu tel ég að meginniðurstaðan sé sú að samþykkja megi þetta lagafrv. eins og það er, en auðvitað kemur sá tími, og þarf að koma fyrr en síðar, að við tökum upp og semjum ný lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sem auðvitað verður gert í samráði við opinbera starfsmenn. Öðruvísi er það ekki hægt en það hlýtur að vera hv. Alþingi sem ræður þeirri löggjöf eins og annarri.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það hafði verið um það samið milli mín og stjórnar þingsins í síðustu viku að það dagskrármál sem er númer 3, framleiðsla og sala á búvörum, mætti koma til umræðu í dag. Ég vil nú þegar klukkan er orðið hálfþrjú spyrjast fyrir um það hvernig hæstv. forseti hugsar sér að standa við það samkomulag. Það er brýnt að þetta mál komist til nefndar og ég hafði satt að segja vænst þess að málið yrði tekið fyrir þegar í dag að lokinni atkvæðagreiðslu.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka fram vegna orða hæstv. landbrh. að einungis einn er á mælendaskrá í 2. dagskrármálinu. Forseti gerir því ráð fyrir því að það takist að ljúka þeirri umræðu.

Jóhann Ársælsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég ætlaði að taka til máls aftur um sementsverksmiðjumálið en var ekki búinn að biðja um orðið. En hitt er að ég tel að það eigi auðvitað að standa við samkomulag hafi það verið gert við hæstv. landbrh. um að koma máli á dagskrá. Ég sé ekki að það hasti svo í þessu máli að ekki sé hægt að standa við samkomulag sem hefur verið gert við ráðherra um það að koma málum áfram. Til að liðka fyrir þingstörfum vil ég segja það fyrir mitt leyti a.m.k. að það er alveg meinalaust af minni hendi þó að þessu máli verði frestað sem nú er á dagskrá.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hefur þær upplýsingar núna eins og málið liggur fyrir að tveir eru á mælendaskrá auk þess sem hæstv. iðnrh. hefur óskað eftir að tala.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég var búinn að gera grein fyrir því að það væri mjög brýnt að umræður mættu hefjast um þetta mál. Ég hlýt að lýsa yfir vonbrigðum mínum yfir því að ekki skuli vera við það staðið.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst leiðinlegt til þess að vita ef það er verið að brjóta samninga á hæstv. landbrh. og samgrh. og tel nú að þegar þá nýlundu ber við loksins eftir langa fjarveru að hann gerir athugasemd við þingsköp, en hann var mjög duglegur við það hér um skeið, þá finnst mér algert lágmark að forseti verði við þeirri ósk vegna þess að umræðan um Sementsverksmiðjuna mun taka þó nokkurn tíma hér í viðbót, virðulegi forseti, og ekki séð fyrir endann á henni enn þá. Ég tek því undir þessa ósk hæstv. landbrh. og samgrh.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hefur heyrt þær óskir sem hér hafa verið bornar fram og í trausti þess að það takist að ljúka 2., 3. og 4. dagskrármáli áður en utandagskrárumræður hefjast, þá verður gert hlé á umræðu um 2. dagskrármálið til þess að hægt verði að ljúka 3. dagskrármálinu. Að því loknu verður tekið til við að ræða 2. dagskrármál að nýju.

Frsm. meiri hluta iðnn. (Össur Skarphéðinsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér grein fyrir því hversu geysilega mikilvægir ráðherrar eru í þingsölum og eru ekki þingmenn stöðugt að taka tillit til þeirra? En ég vil mótmæla því ef á að fara að rjúfa umræðu um þetta mál, sem er á góðri leið, til þess að ráðherra geti komist að með sín mál hérna. Nefndarmenn hafa unnið vel í þessu máli. Það hefur verið rætt í þaula og er á lokastigi og ég sætti mig illa við það sem formaður iðnn. að þessi umræða sé slitin til þess að koma að öðrum málum.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti gerir sér vel grein fyrir því að ekki geta allir orðið ánægðir með að þessari umræðu verði frestað en það er ljóst að enn eru nokkrir á mælendaskrá og mjög brýnt að koma 3. dagskrármálinu til umræðu og er því 2. dagskrárlið frestað.

Frsm. minni hluta iðnn. (Finnur Ingólfsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er það ákvörðun hæstv. forseta sem verður að gilda í þessum efnum. Hins vegar er svo ástatt hér núna að tveir hæstv. ráðherrar eru í þingsalnum og það vill svo til að hæstv. iðnrh. er hérna og ég bar fram spurningu til hans áðan varðandi söluna á Sementsverksmiðju ríkisins. Það er mjög bagalegt nú þegar ekki eru nema tveir þingmenn á mælendaskrá að ekki sé hægt að ljúka málinu og fá svör hjá hæstv. ráðherra við einföldum spurningum sem er beint til hæstv. ráðherra í umræðunni. Er það virkilega svo að það eigi núna að rjúfa þessar umræður og ekki verði hægt að fá svör við svo einföldum spurningum eins og þeirri hvort það standi til að selja þennan hlut í Sementsverksmiðjunni eða ekki sem ágreiningur virðist vera um, bæði innan einstakra stjórnarflokka og milli stjórnarflokkanna? Ég trúi ekki öðru, hæstv. forseti, en hægt sé að doka örlítið við.

Ég veit að hæstv. landbrh. liggur mikið á að komast að og það eru sjálfsagt miklu merkilegri mál sem hann er með til umfjöllunar og þarf að komast að til að mæla fyrir en þetta mál sem þó hefur oft verið til um-

ræðu í þinginu, ætli þetta sé ekki þriðja eða jafnvel fjórða þingið sem þetta mál er til umfjöllunar. Tveir hv. þm. eru enn á mælendaskrá og þá þarf að hlaupa til og rjúfa umræðuna til þess að hleypa hæstv. landbrh. að og meira að segja sú vanvirða höfð hér í frammi að hæstv. iðnrh. er ekki gefið tækifæri til þess að svara einfaldri spurningu sem ég veit að hann þarf ekkert að hugsa sig um.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill að gefnu tilefni geta þess að hér er engum gerð vanvirða. Hér er einungis reynt að þoka málum fram eins og hægt er. Það gefst vafalaust tækifæri til þess að fá svar við þeim spurningum sem hér hafa verið bornar upp.

Umræðu frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Stjfrv., 504. mál (innflutningur á búvörum). — Þskj. 856.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það frv. sem ég mæli hér fyrir hefur verið mjög lengi í undirbúningi og hafði raunar verið ætlan mín að leggja það fyrr fyrir þingið þó endanleg gerð þess hafi ekki legið fyrir fyrr en svo seint að það gat ekki orðið fyrr en í síðustu viku.

Efni frv. er mjög einfalt og skýrt. Í 1. gr. frv. er fjallað um álagningu og innheimtu sérstaks jöfnunargjalds af innfluttum kartöflum og vörum unnum úr þeim. Vissir vöruflokkar sem greinin tekur til falla undir bókun 3 með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Ákvæði a-liðar er sett til að samræma lögin þeirri bókun. Felld eru brott skilyrði úr gildandi lögum sem valda því að einungis er hægt að beita til jöfnunar verðtolli sem má nema allt að 200% sé heildarverð ekki ákveðið af fimm manna nefnd samkvæmt ákvörðun 13.–15. gr. laganna. Við þessa breytingu verður unnt að leggja á jöfnunargjald sem krónutölu eða sem verðtoll en ekki er gert ráð fyrir að álagning jöfnunargjalda muni hækka við þessa breytingu. Þessi breyting er í samræmi við eðlilega viðskiptahætti og hefur verið áhugamál jafnt bænda sem verslunaraðila.

Í 2. gr. frv. er fjallað almennt um innflutning búvara og vara sem unnar eru úr þeim. Landbrh. er falið forræði þessara mála en hann skal leita umsagnar Framleiðsluráðs landbúnaðarins um hvort innlend framleiðsla fullnægi neysluþörfinni. Í gildandi lögum segir um þetta efni:

„Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarvara skulu aðilar, sem með þau mál fara, leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Innflutningur landbúnaðarvara skal því aðeins leyfður að Framleiðsluráð staðfesti að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni.“

Hér er valdið með öðrum orðum fært til landbrh. sem er eðlilegt en Framleiðsluráð hefur umsagnarrétt um málið.

Í 2. mgr. 2. gr. frv. er landbrh. heimilað að leyfa innflutning í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum. Þetta ákvæði er nýmæli og er fyrst og fremst tekið mið af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið en þetta ákvæði er jafnframt nauðsynlegt til að unnt sé að uppfylla fríverslunarsamninga sem búið er að gera eða unnið er að við aðrar þjóðir. Hér er farin sama leið og í 6. gr. tollalaga nr. 55/1987 og í frv. til breytinga á þeim lögum sem nú liggur fyrir Alþingi.

Þessar breytingar eru með öðrum orðum nauðsynlegar vegna þeirra samninga sem við höfum gert og af þeim sökum liggur á að málið fái þinglega meðferð. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að hafa orðið við þeirri beiðni að það verði tekið nú fyrir páska.

Ég legg til að málinu verði vísað til landbn. og 2. umr.

Jón Helgason:

Herra forseti. Ég vil ekki draga úr því að það er brýn þörf að þetta frv. komi hér til meðferðar og verði sem fyrst að lögum til að veita hæstv. landbrh. þær heimildir sem til er ætlast að felist í því. Hins vegar, eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra í lokin, þá fylgir böggull skammrifi því að í 2. gr. frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherra getur þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilað innflutning í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt látið að öðru leyti koma til framkvæmda ákvæði í slíkum samningum, bókunum og viðaukum, sem teljast óaðskiljanlegur hluti þeirra, svo og breytingar sem kunna að verða gerðar á slíkum samningum og bókunum og viðaukum við þá.“

Um leið og við tökum svona frv. til umræðu og meðferðar, þá hljótum við að spyrja: Hvað felst í öllum þessum fyrirvörum um samninga, bókanir og viðauka? Hvað felst í þeim núna í dag? Hvað er vitað um það hvaða heimildir Alþingi er að veita landbrh. með þessu frv.?

Í sambandi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið sem var hér til meðferðar og gerður að lögum, sem aldrei taka reyndar gildi eins og fram er komið nú, ræddum við mikið um það hvað fælist í 5. gr. bókunar 3 þar sem segir svo í lokin, með leyfi hæstv. forseta:

„Upphæð aðflutningsgjalda sem lögð eru á við landamærin skal þó aldrei vera hærri en það sem Ísland leggur á innflutning frá nokkrum samningsaðila árið 1991.“

Það kom fram í lögfræðilegu áliti um þennan texta að ekki væri hægt að skilja hann öðruvísi en þannig, ef ætti að skilja bókstafinn beint, að það mundi binda hendur Íslendinga að leggja á aðflutningsgjöld á þær vörur sem engin gjöld hefðu verið lögð á vegna þess að innflutningur var ekki leyfður. Hæstv. viðskrh.

sagði reyndar þegar fyrir nærri ári síðan í umræðu á Alþingi um þetta atriði að það mundi ekki liggja fyrir fyrr en sameiginlega nefndin væntanlega hefði tekið til starfa og kveðið upp úrskurð sinn um það. Í svari hæstv. landbrh. kom hins vegar fram að ríkisstjórnin ætlaði að skilja þetta öðruvísi en bókstafurinn segir til um og skilja það á þveröfugan hátt. Sú spurning hlýtur að vakna hversu mikið gildi slíkur skilningur hefur einn út af fyrir sig ef búið er að semja um annað eins og það sem stendur í 2. gr. þessa frv., að hæstv. landbrh. á að framkvæma í samræmi við ákvarðanir samningsins.

Þessi mál voru á ýmsan hátt óljós reyndar í vetur, m.a. vegna þess að á bls. 21 í þessu riti, sem er ein af mörgum bókum um Evrópska efnahagssvæðið, eru taldir upp viðbætar 2, 3, 4, 5, 6 og 7 og þar sagt hvaða hráefni eigi að vera í því sem fellur undir verðjöfnun en hins vegar ekki útfært nánar. Viðræður hafa staðið um það alllengi hvernig það eigi að líta út og heldur lítið þokast vegna mismunandi skoðana, EB annars vegar og EFTA-ríkjanna hins vegar. EB-ríkin hafa sagt: Þið verðið flest komin inn í EB eftir skamman tíma og af hverju eruð þið þá að ströggla um að hafa þetta eitthvað öðruvísi en hjá okkur? Það gildir um þau ríki sem búin eru að sækja um aðild að sjálfsögðu og vonast til þess að komast þar inn. En enn þá hefur ekki verið sótt um aðild fyrir Íslendinga og þess vegna er þetta langmikilvægast fyrir okkur.

Í síðustu viku var viðræðufundur úti í Brussel um þetta efni. Þar var mættur m.a. framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs, Gísli Karlsson, og skrifstofustjóri landbrn., Guðmundur Sigþórsson. Þegar Gísli Karlsson kom heim átti ég viðræður við hann um þetta mál og spurðist fyrir um hvernig það stæði. Þá sagði hann að þessar samningaviðræður hefðu gengið mjög erfiðlega því að nýir pappírar hefðu verið lagðir fram sem hann hafði a.m.k. ekki séð áður í sambandi við þetta mál. Á þeim pappírum eru útskýringar sem ég tel alveg nauðsynlegt að hæstv. landbrh. geri grein fyrir við 1. umr. þessa máls áður en það kemur til hv. landbn. þannig að þingmenn geti gert sér eins glögga mynd og hægt er af þessu máli.

Hér er ég með pappír, sem að vísu hefur ekki verið þýddur á íslensku en samningamenn EB notuðu í þessu skyni. Þar er fjallað um viðbæta 2, 3, 4, 5, 6 og 7 og fyrst um viðbæti 2. Í 1. gr., sem búið er að setja hér á blað af hálfu EB og virðist talið í samræmi við viðræður milli aðila, er fjallað um ýmsar vörur sem heimilt er að leggja á jöfnunargjöld. Það eru mjólkurafurðir, flestar hverjar að því er mér sýnist, og síðan eru það alls konar kornvörur og sykur, egg og kartöflur. En í þessa grein vantar alveg kjöt og kjötvörur. Því er síðan bætt við í 2. gr. Eftir því sem ég fæ skilið best eru þar ákvæði sem útiloka algerlega að Íslendingar leggi nokkur aðflutningsgjöld eða jöfnunargjöld á kjöt og kjötvörur. Reyndar feiti og jurtaolíur líka þannig að eftir því lítur út fyrir að það megi ekki leggja jöfnunargjöld á innflutt smjörlíki. Þetta tel ég alveg nauðsynlegt að hæstv. ráðherra gefi nánari skýringar á því að í 3. gr. við samninginn kemur síðan fyrirvari Norðmanna þar sem þeir telja sig ekki geta sætt sig við þessi ákvæði í 2. gr. og bæta því inn í sérstaka grein og hafa gert það einhvern tíma á samningsferlinu. Þess vegna svöruðu EB-mennirnir því við fulltrúa Íslendinga: Þetta er frágengið, búið er að semja um þetta og við viljum ekki breyta þessu, og vitnuðu þar í bókun 3 sem er í II. hefti af þessum mikla samningi. Einnig í þessa bók sem er fyrsti hluti af fimm um meginmál EES-samningsins og lokagerð. Þar stendur á bls. 118, með leyfi hæstv. forseta, vegna bókunar 3:

„2.–7. viðbætir verður fullfrágerður fyrir gildistöku samningsins;

semja skal 2.–7.viðbæti eins skjótt og kostur er og a.m.k. fyrir 1. júlí 1992. Að því er 2. viðbæti varðar skulu sérfræðingar gera skrá yfir hráefni, sem falla undir verðbætur á grundvelli hráefna sem verðbætur hjá samningsaðila taka til, fyrir gildistöku samningsins."

Fulltrúi EB taldi að þar með væru Íslendingar búnir að afsala sér möguleikunum á því að leggja nokkur jöfnunargjöld á kjöt og kjötvörur. Ég vil því spyrja hæstv. landbrh. að því hverju hann svari þessum fullyrðingum samningamanna EB og fullyrðingum þeirra að íslensku samningamennirnir séu búnir að haga þannig vinnubrögðum sínum og það felist í gildistöku EES-samningsins að við höfum þarna engan rétt lengur. Sérstaklega er þetta mikilvægt núna þar sem hér liggur fyrir þinginu nýr samningur um Evrópska efnahagssvæðið sem Alþingi er ætlað að lögfesta. Þá verða menn auðvitað að gera sér grein fyrir því hversu miklar skyldur gildistaka þess samnings hefur í för með sér. Hér má ekki skjóta neinu undan. Ég minnist þess ekki að það hafi verið vakin athygli á þessu ákvæði sem þykkta í þessu riti í umræðum á Alþingi eða málflutningi stjórnarliðsins um samninginn. En því miður virðist það vera svo að lítill vilji sé fyrir því að hjá ríkisstjórninni að gera þingmönnum grein fyrir því hvað það er sem fylgir samningnum. Það vakti a.m.k. athygli mína þegar nýja frv. var lagt fram að hæstv. utanrrh. minntist ekki einu orði á það að hann hefði gefið Evrópubandalaginu í morgungjöf samning um innflutning á blómum sem tæki gildi núna strax 15. þessa mánaðar án nokkurra jöfnunargjalda þannig að þeir gætu komið hingað inn ákveðnum tegundum af blómum án allra jöfnunargjalda og raskað auðvitað allri samkeppnisstöðu á markaðnum, svo viðkvæmur sem þessi markaður er um þessar mundir. Ég tel nauðsynlegt áður en umræðunni lýkur að hæstv. landbrh. geri ítarlega grein fyrir því hvernig þessi mál standa og hvort það er virkilega svo að þannig hafi verið haldið á málum af hálfu íslensku samninganefndarinnar að það sé vægt til orða tekið ákaflega tvísýnt að við getum lagt nokkur jöfnunargjöld á kjöt og kjötvörur sem munu streyma til landsins að þessum samningi gerðum.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Mér er ljúft að svara þessu. Um síðara atriðið, blómin, er það að segja að við stjórnar-

skiptin síðustu var ekki gert ráð fyrir því í drögunum um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið að nein jöfnunargjöld yrðu lögð á blómainnflutning eins og hv. þm. á að vera betur kunnugt en flestum öðrum. Hins vegar tókst að laga „cohesion-listann" við umræður áður en samningurinn lá endanlega fyrir í desembermánuði enda hafði hin fyrri ríkisstjórn ekki einu sinni haft samráð við blómaframleiðendur eins og þingmanninum er kunnugt um.

Um síðara atriðið er það að segja að það liggur alveg skýrt fyrir hver er skilningur Alþingis og landbn. á þeim ákvæðum samningsins sem hv. þm. spurði um og hefur verið ítrekað hér. Það er ekki rétt að hér sé um að ræða almennan innflutning á kjöti og kjötvörum því að samkvæmt samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði höfum við það í hendi okkar hvort við flytjum inn kjötvörur eða ekki. Við erum á hinn bóginn að tala um kjöthlutann í innfluttum framleiðsluvörum eins og pitsum, pöstu og öðru þvílíku en það var svo að engin jöfnunargjöld hafa verið lögð á þessar vörur fyrr en nú. Því hefur ekki verið til að dreifa fram að þessu að nein jöfnunargjöld yrðu lögð á kjöthlutann í þessum vörum. Það er einmitt skírskotun til þess sem hv. þm. var að tala um, spurningin um rétt okkar til þess að taka það upp og halda því núna að lögð séu jöfnunargjöld á kjöthlutann í pitsum sem ekki hafði verið gert. Ég er á hinn bóginn undrandi yfir því að hv. þm. skuli taka þann kostinn að halda fram sama skilningi og ýmsir aðrir sem eru okkur ekki hagkvæmir í málinu. Um þetta hafa komið fram ákveðnar kröfur hjá Evrópubandalaginu, það er rétt. Á hinn bóginn hefur fulltrúi Íslands ekki fallist á þær og það liggur engan veginn fyrir að sá skilningur verði ofan á sem hv. þm. talaði um.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að því er varðar blómin þá var ég að tala um þá morgungjöf sem hæstv. utanrrh. gaf Evrópubandalaginu með því að opna fyrir innflutning á þessum blómum áður en samningurinn hefur verið fullgiltur og áður en nokkur veit reyndar eftir hans eigin sögn hvort hann verður nokkurn tíma fullgiltur. En aðalatriðið er hvað felst í samningnum eins og hann stendur í dag. Það getur vel verið að hæstv. ráðherra telji gott að loka bara augunum og segja: Við skulum trúa þessu, við skulum halda þessu fram. En svo ganga nú hlutirnir ekki í samskiptum þjóðanna. Þar er það sem búið er að setja á blað og gefa fyrirheit um að gangast undir sem gildir. Því þýðir ákaflega takmarkað þótt við setjum inn í íslensk lög ákvæði sem ég er sammála um að er nauðsynlegt að komi vegna þess að slík ákvæði voru felld út úr lögum nú í vetur fyrir, sú heimild sem viðskrn. hafði til leyfisveitinga. En að ætla sér að halda áfram án þess að vita með vissu hvað felst í þeim samningi sem búið er að gera tel ég gersamlega útilokuð vinnubrögð og því ítreka ég kröfu mína til hæstv. landbrh. að hann skýri betur hvað stendur í þeim bókunum og viðaukum sem Evrópubandalagið hefur lagt fram og segir að sé sá bókstafur sem eigi að gilda. Hver eru svör hæstv landbrh. við því að þetta sé ekki rétt og fái ekki staðist?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sementsverksmiðja ríkisins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 211. mál. — Þskj. 252.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Umræðunni var frestað áðan þegar hæstv. landbrh. taldi nauðsynlegt að komast að með sín mál þegar hæstv. fjmrh. hafði svarað fyrirspurn sem ég hafði borið fram um réttarstöðu opinberra starfsmanna. Ég mun fara nokkuð yfir það en áður víkja kannski lítillega að ummælum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Ég tek eftir því að hann er ekki hér inni en ég geri enga kröfu til þess að hann verði kallaður inn.

Ég vil koma því á framfæri hér þannig að það liggi þá fyrir í þingtíðindum að út af fyrir sig er það rétt að fyrrv. hæstv. ríkisstjórn stóð að því að einkavæða eða selja Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg annars vegar og Jarðboranir ríkisins hins vegar og ég hygg reyndar að hún hafi líka staðið að sölu á fyrirtækinu Ferðaskrifstofa ríkisins. Ég hygg að svo hafi verið. Út af fyrir má segja við okkur sem studdum þá ríkisstjórn eða vorum í henni: Af hverju erum við þá á móti þessu? Eru þetta ekki bara venjulegir loftfimleikar manna sem segja eitt þegar þeir eru í ríkisstjórn og annað þegar þeir eru ekki í ríkisstjórn? Í sjálfu sér var þetta eina haldreipið sem hv. form. iðnn. hefur haft í þessu máli og hann hangir endalaust á því að við segjum nú dálítið annað núna en við sögðum þegar við vorum í ríkisstjórn.

Það er líka margt til í því sem hv. þm. segir að það hendir stjórnmálamenn iðulega að þeir eru með býsna mikið aðrar áherslur þegar þeir eru í stjórn en þegar þeir eru í stjórnarandstöðu. Það helgast oft af því að ríkisstjórnir eru samsteypustjórnir þar sem flokkarnir koma ekki þannig fram að þeir séu að knýja fram eða túlka eða berjast fyrir sínum ýtrustu kröfum heldur eru niðurstöðurnar samkomulag við viðkomandi samstarfsflokka eins og hv. formaður iðnn. Össur Skarphéðinsson veit sennilega betur en ýmsir aðrir menn. A.m.k. hefur hann sagt það opinberlega heldur en margir aðrir þingmenn Alþfl. að hann sé einlægt að gera samkomulag, fyrst innan Alþfl. þar sem það sé nú erfitt og svo milli Alþfl. og Sjálfstfl. En þetta segi ég ekki til þess að afsaka á neinn hátt eða útskýra á neinn hátt eða rökstyðja á neinn hátt afstöðu Alþb. Við erum þeirrar skoðunar að það komi vel til greina að einkavæða ríkisfyrirtæki. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að það eigi að vera leið til þess og það sé fráleitt að vera með lög landsins þannig að ekki sé hægt að einkavæða ríkisfyrirtæki. Ég tel að menn eigi að vera með almennan farveg sem er sátt um í þeim efnum við opinbera starfsmenn hvort sem það er BSRB eða Banda-

lag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna.

Hins vegar hefur það gerst, virðulegi forseti, eftir að lög voru sett á sínum tíma um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg og Jarðboranir ríkisins, að fallið hafa dómar, bæði í svokölluðu BHMR-máli og líka í Orkustofnunarmálinu þar sem talið er að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar hafi verið brotin. Ég tel að við séum ekki neitt minni menn fyrir það þó að við segjum sem svo að með hliðsjón af þessum hæstaréttardómum viljum við ekki halda áfram á sömu braut við þessar aðstæður og teljum skynsamlegra að fara í samningaviðræður við opinbera starfsmenn um þessi mál. Hér er að mínu mati ekki um neitt annað að ræða en það að við stjórnarandstæðingar, ég og hv. þm. Finnur Ingólfsson sem erum í minni hluta iðnn., leyfum okkur að taka tillit til þess veruleika að Hæstiréttur hefur fellt úrskurð og gerbreytt öllu þessu máli. Það er ekki vegna þess að við núna séum andvígir því að selja öll ríkisfyrirtæki en höfum verið með því fyrir nokkrum mánuðum, málið er ekki þannig. Það á að taka tillit til Hæstaréttar og ég tel að enginn sé minni maður, ekki einu sinni minni þingmaður, þó að hann taki tillit til Hæstaréttar. Ég segi það alveg eins og er, virðulegi forseti.

Þess vegna vísa ég þessum gamaldagsstælum hv. form. iðnn. á bug að reyna að leysa málið með því að segja sem svo: Þeir segja eitt í stjórn og annað í stjórnarandstöðu. Málið er ekkert svona. Við tökum bara tillit til hæstaréttardóma og teljum okkur ekki lakari þingmenn fyrir vikið.

Hins vegar verð ég síðan að víkja nokkrum orðum að orðum hæstv. fjmrh. hér áðan. Hann vék að umræðum sem urðu um réttindamál opinberra starfsmanna á síðasta þingi. Þar var það þannig að gefin var yfirlýsing um að lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna yrði ekki breytt á samningstímanum eins og það var orðað. Hæstv. fjmrh. sagði þá: Já, ég féllst á yfirlýsinguna en ég sagði við BSRB: Við munum halda áfram með þetta einkavæðingarfrv. Hann sagði áðan sem er auðvitað rétt og heiðarlegt af honum að segja: En auðvitað sagði BSRB um leið á sama tíma: Við höfum ekkert samþykkt þessi frumvörp sem liggja fyrir þinginu þannig að við áskiljum okkur allan rétt til þess að vera á móti þeim. Þannig lá út af fyrir sig skilningur beggja aðila fyrir. Þess vegna var það sem ég skoraði á hæstv. fjmrh. á síðasta þingi að fara í viðræður við opinbera starfsmenn um farveg fyrir einkavæðingu ríkisfyrirtækja og hæstv. fjmrh. lýsti viðhorfi sínu í þeim efnum hér áðan. Það var satt að segja mjög alvarlegt hvernig hann lýsti þeim málum og væri út af fyrir sig ástæða til þess að kveðja hann til en ég er ekki að því, virðulegi forseti, vegna þess að þetta mál heyrir ekki beint undir hann og líka þar sem hér er hæstv. iðnrh. og viðskrh.

Hæstv. fjmrh. sagði að fyrirliggjandi dómar í þessum jafnræðisreglumálum opinberra starfsmanna, þ.e. Orkustofnunarmálinu og BHMR-málinu, tækju ekki af endanlega skarið í þessum efnum. Auðvitað getur fjmrh. ekki sagt neitt annað. Hann hlýtur að segja það vitandi það að hann á yfir höfði sér málaferli af hálfu opinberra starfsmanna. Ef það frv., sem við erum hér með, verður að lögum þá hlýtur hann auðvitað að halda til haga ýtrustu afstöðu ríkisstjórnarinnar vegna væntanlegra málaferla í þessum efnum. En hann sagði meira. Hann sagði lögin frá 1954 væru úrelt. Og hann sagði: Ég hef ekki rætt þau mál við BSRB. Frumkvæðið er hjá ríkinu. Valdið er hjá Alþingi. Það er brýn nauðsyn að breyta þessu en við ræðum þetta ekki við BSRB. Við ræðum þetta ekki við opinbera starfsmenn.

Virðulegi forseti. Er þetta stefna ríkisstjórnarinnar? Er það stefna ríkisstjórnarinnar að breyta lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna án þess að tala við opinbera starfsmenn? Er þetta yfirlýsing fjmrh. í miðjum kjarasamningum um það að hann muni halda svona á þessum málum? Mun fjmrh. beita sér fyrir því í ríkisstjórninni eða mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna frá 1954 verði breytt án þess að tala við opinbera starfsmenn? Það sagði fjmrh. hér áðan. Ég segi: Virðulegi forseti. Þetta er grafalvarleg yfirlýsing.

Þannig hefur það verið um bráðum 60 ára skeið að við höfum haft hér vinnulöggjöf. Hún var mjög umdeild þegar hún var sett en engri ríkisstjórn í landinu og engum ráðherra hefur nokkurn tíma dottið í hug að breyta vinnulöggjöfinni óðruvísi en með samningum við aðila vinnumarkaðarins. Þess vegna er það líka þannig, virðulegi forseti, að þegar sett voru lög um verkföll eða verkfallsrétt opinberra starfsmanna, trúi ég þau heiti, þá var um það fullt samráð, samið var um þau lög milli ríkisins og opinberra starfsmanna á sínum tíma. Ég man eftir því að ég átti þá sæti í fjh.- og viðskn. neðri deildar og vildi gera ýmsar athugasemdir við þessi lög. Það var talið algerlega fráleitt vegna þess að menn hefðu samið um hverja einustu setningu í þessum lögum en nú kemur fjmrh. landsins sem er aðalviðsemjandi ríkisstarfsmanna og segir: Ég vil breyta lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna einhliða. Ég vil ekki tala við opinbera starfsmenn um þessi mál.

Ég segi alveg eins og er, virðulegi forseti, ég tel þetta einhverja alla stærstu yfirlýsingu sem fram hefur komið hjá hæstv. fjmrh. í þeim kjarasamningum sem nú standa yfir. Ég tel að það verði tæplega til að greiða fyrir kjarasamningum ef hæstv. fjmrh. gengur til þess verks með þessum hætti. Ég tel a.m.k. að óhjákvæmilegt sé að látið verði reyna á það hvort hægt er að pína ríkisstjórnina til þess við gerð kjarasamninga núna að sams konar yfirlýsing verði gefin og síðast um að lögunum verði ekki breytt á samningstímanum því að greinilegt er að ríkisstjórnin er með þann ásetning að breyta lögunum. Þess vegna er alveg óhjákvæmilegt, virðulegi forseti, að tekið verði á málinu og yfirlýsingum hæstv. fjmrh. verði sérstaklega mótmælt. Af því að hæstv. iðnrh. og viðskrh. er hér viðstaddur vil ég spyrja hann um þetta. Telur hann koma til greina að breyta einhliða lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna? Er hann þeirrar skoðunar að það sé beinlínis rangt að ræða það við opinbera starfsmenn eins og hæstv. fjmrh. lýsti yfir hér áðan? Ég trúi því satt að segja ekki fyrir fram að hæstv. iðnrh. og við-

skrh., sem er ráðherra fyrir Jafnaðarmannaflokk Íslands, að vísu á eftir bandstriki en látum það nú vera, ég trúi því ekki að hann sé þeirrar skoðunar og spyr hann þess vegna þessarar spurningar: Telur hann það koma til greina að breyta einhliða lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna við þær aðstæður sem nú eru uppi og í framhaldi af því sem hæstv. fjmrh. segi?

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna beinnar spurningar hv. 9. þm. Reykv. vil ég segja alveg skýrt: Það er skoðun mín að ekki sé rétt að breyta lögunum frá 1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, án samráðs við samtök opinberra starfsmanna. Þetta er sjónarmið sem ég veit að ég deili með hæstv. fjmrh. Í ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan sagði hann einmitt að hann teldi að að sjálfsögðu ætti að hafa samráð við samtök opinberra starfsmanna þegar að því kæmi, sem hann taldi tímabært, að lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna yrði breytt. Ég mótmæli því þess vegna sem hv. 9. þm. sagði áðan og taldi sig hafa eftir fjmrh. Það er alls ekki rétt að hann hafi lýst þeirri skoðun að þessum lögum ætti að breyta án samráðs við opinbera starfsmenn. Þvert á móti sagði hann: Það er að sjálfsögðu rétt að hafa samráð við þá. Þetta er skoðun sem ég deili með honum og ég veit að hv. 9. þm. Reykv. er mér og fjmrh. sammála um það.

Ég vil líka taka það alveg skýrt fram að það sem ég tel að helst hafi komið fram um þetta tiltekna mál í ræðu hæstv. fjmrh. var að hann áréttaði og ítrekaði ábyrgð löggjafarvaldsins í málinu en alls ekki þannig að ganga ætti fram hjá samtökum opinberra starfsmanna.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. sagði: Ég hef ekki rætt við BSRB. Frumkvæðið í þessu máli er hjá ríkinu, valdið er hjá Alþingi. Það er brýn nauðsyn að breyta lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna frá 1954, þau eru úrelt, og lagði á það áherslu að ríkið hlyti að hafa forustu í þessu máli. Ég gat ómögulega skilið hann öðruvísi en svo að það væri ætlun hans og skoðun að það væri rétt beinlínis að ríkið hefði forustu í málinu og breytti þessum lögum án samráðs eða samþykkis opinberra starfsmanna. En þegar ég er að tala um samráð í þessu efni þá er ég ekki að tala um það að viðkomandi samtök fái viðkomandi niðurstöður á myndbréfi einn góðan veðurdag. Ég er að tala um það að samið sé um innihald þeirra laga sem eru á ferðinni. Ég endurtek því spurningu mína til hæstv. iðnrh. og viðskrh.: Er hann sammála mér í því að það eigi að semja við opinbera starfsmenn um innihald laganna um réttindi og skyldu opinberra starfsmanna ef þeim verður breytt á annað borð?

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt öðru sinni að árétta það sem ég sagði hér áðan. Mér virðist að hv. 9. þm. Reykv. sé að gera fjmrh. upp skoðanir. Fjmrh. sagði hér skýrt og greinilega: Að sjálfsögðu verður haft samráð við samtök opinberra starfsmanna um þetta mál. Hann áréttaði líka að löggjafarvaldið er hjá Alþingi. Hvort tveggja er þetta alveg morgunljóst eins og tíðkast að segja í flokki hv. 9. þm. Reykv. um slík mál þegar þau liggja jafnljóst fyrir og raun ber hér vitni.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel nú að það liggi ekki enn þá fyrir hver er afstaða ríkisstjórnarinnar í málinu þrátt fyrir yfirlýsingu hæstv. iðnrh. og viðskrh. vegna þess einfaldlega að hann hefur ekki viljað lýsa því yfir að lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna verði því aðeins breytt að um það náist samkomulag við opinbera starfsmenn. En um það snýst málið. Hvort opinberir starfsmenn, BSRB, BHMR eða Kennarasambandið fái einhverjar tilkynningar á faxi og menn kalli það samráð á eftir, er ekki nóg að mínu mati, virðulegi forseti.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Mikið hefur verið rætt um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og kemur þar ýmislegt misvísandi fram. Ég ætla aðeins að rifja upp að gefnu tilefni vegna þessa að við erum að ræða hér í 3. umr. um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Þegar var farið að endurskoða lögin um Sementsverksmiðjuna fyrir sex árum voru allt önnur markmið uppi með breytingunni en er í dag.

Í fyrsta lagi töluðu menn um að breyta því þannig að Sementsverksmiðjan borgaði aðstöðugjald til Akraneskaupstaðar en eins og menn vita er búið að leggja niður aðstöðugjaldið og líka var álitið að forráðamenn Sementsverksmiðjunnar fengju aukið svigrúm sem stjórnendur. En í dag heyrir maður það og það kemur manni mjög á óvart að fulltrúar Sjálfstfl. hér á þingi, bæði hv. 1. þm. og hv. 5. þm. Vesturl. tala um það nú sem meginmarkmið að selja hlutabréf í fyrirtækinu og þeir telja sem eðlilegt hlutfall að selja 25% af hlutafé fyrirtækisins. Það er núna orðið markmiðið. Allt í einu eru menn komnir með dollaramerki í augun og segja: Það er eðlilegt að selja 25% í fyrirtækinu. Satt að segja kemur mér þetta á óvart. Það kemur mér á óvart að þeir tjái sig um þetta nú vegna þess að mér hefur alltaf skilist að markmiðið með breytingunum væri allt annað.

En af hverju einmitt 25%? Af hverju ekki eins og hæstv. iðnrh. hefur margsinnis tjáð okkur á hinu háa Alþingi að auðvitað fari hlutabréfin á hinn almenna markað og jafnframt selur ríkið öll hlutabréfin í félaginu? Það sem kemur manni mest á óvart í umræðunni er það að meginmarkmiðið er orðið að selja hlutabréf í fyrirtækinu. Hæstv. iðnrh. er ekki búin að svara fyrirspurn frá hv. þm. Finni Ingólfssyni og við bíðum auðvitað spennt eftir að heyra hvað hann segir vegna þess að það er afar misvísandi hvað hv. þm. segja í þessu máli og sérstaklega hv. stjórnarþingmenn. Þetta veldur því að það er ekki beint traustvekjandi að hlaupa í það nú að breyta rekstrarformi Sementsverk-

smiðju ríkisins þó svo að margsinnis hafi komið fram að það er ýmislegt ágætt í þessu frv. sem ég vildi gjarnan geta tekið heils hugar undir. En þegar markmiðið er aðeins orðið það eitt að selja þetta fyrirtæki, sem eitt sinnar tegundar framleiðir sement á landinu, vekur það margar spurningar. Það vekur t.d. spurningar um það hvað verður með ÁTVR. Er ekki eðlilegt að selja 25% í því fyrirtæki? Það er líka einokunarfyrirtæki. 30–35%, hv. þm., Össur Skarphéðinsson. Mér finnst dálítið spennandi að heyra það frá hv. stjórnarþingmönnum, sem hafa tjáð sig um það allra síðustu daga að selja akkúrat 25%, hvað þeir eru með á bak við eyrun í sambandi við það. Hvað veldur því að það er einmitt talan sem rétt er að hafa í huga þegar á að fara að selja? En ég bíð eftir því að heyra svör hæstv. iðnrh. við fsp. Finns Ingólfssonar og mun ekki hafa fleiri orð um þetta frv. í þessari umferð en geymi mér þar til síðar ef mér finnst ástæða til.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Þessi 3. umr. hefur orðið óvenjulega löng. Það á sínar skýringar í því að til þess að koma til móts við eðlilegar óskir minni hlutans í hv. iðnn. gaf hv. formaður nefndarinnar færi á því enn á ný að réttarstaða starfsmanna yrði könnuð til hlítar. Ég vildi nefna það, virðulegi forseti, að þeir sem eru áhugasamir um réttarvernd fyrir starfsmenn Sementsverksmiðjunnar ættu að kynna sér lög nr. 35 frá 1948, um Sementsverksmiðjuna, og bera ákvæði þeirra um stöðu starfsmanna saman við það sem er að finna í þessu frv., og bera líka saman ákvæðin sem varða tengsl þessa fyrirtækis við kaupstaðinn Akranes eins og þau eru í þessu frv. og eins og þau eru í þessum gömlu lögum. Niðurstaðan hlýtur að verða hjá hverjum sanngjörnum manni að með þessu frv. sé réttarstaða starfsmanna vel tryggð, samband fyrirtækisins við þá og samráð og við kaupstaðinn Akranes eru tryggð með óvenjulega skýrum, ljósum og sanngjörnum hætti. Í gildandi lögum er ekkert um þessi mál sem hér er verið að ræða. Menn tala hér eins og verið sé að svipta þá réttindum en því fer víðs fjarri. Sannleikurinn er sá að hér er verið að tryggja réttindi starfsmanna. Núv. starfsmönnum Sementsverksmiðjunnar er tryggður ré - ur til endurráðningar hjá hlutafélaginu í sambærilegt starf. Það er að sjálfsögðu svo að það er mjög auðvelt að tryggja sambærileg störf í hlutafélagi sem heldur áfram að fást við sama rekstur og áður var.

Það er reyndar þannig að lögunum um réttindi og skyldur er í engu vikið til hliðar í efnislegum atriðum. Um 20 starfsmenn Sementsverksmiðjunnar eru núna í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Réttindi þeirra haldast óbreytt við formbreytinguna sem hér er gerð tillaga um. Þar má vísa til 2. mgr 17. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Það er svo að engir starfsmenn í Sementsverksmiðjunni hafa gerst aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins á seinni árum. Um lífeyrismál þeirra og flestra annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum kjarasamninga. Það sem hv. 3. þm. Vesturl. talaði um hér áðan að menn mundu missa rétt og látið var í veðri vaka að gilti um alla starfsmenn verksmiðjunnar er alls ekki í samræmi við veruleikann.

Hins vegar er það mikilvægt að menn fjalli í alvöru um það hvort verið sé vitandi vits að leggja til að sett verði lög sem brjóti stjórnarskrána. Það er ekki. Það er álit lögfræðilegra ráðgjafa ríkisstjórnarinnar, bæði iðnrn. og annarra ráðueyta að þetta sé alls ekki stjórnarskrárbrot. Það leiðir af efni málsins eins og það liggur fyrir að ekki er verið að svipta neinn mann neinum rétti, hvorki eignarrétti né öðrum rétti. Fari svo að einhver starfsmaður fái ekki sambærilegt starf hjá nýju fyrirtæki sem ég tel í hæsta máta ólíklegt, vaknar réttur hans samkvæmt lögunum um réttindi og skyldur fra 1954 við það. Skýrara getur þetta ekki verið og þeir sem halda því fram að verið sé að brjóta jafnræðisreglu sem virða skuli samkvæmt réttarfari okkar hafa heldur engan málstað. Ekki er verið að taka rétt af neinum manni. Þess vegna er ekki rétt að gera þá kröfu sem hv. 9. þm. Reykv. gerði hér áðan að væri verið að skerða rétt á einhverjum þá yrði að skerða hann á öllum. En með því að hér er ekki verið að skerða rétt á neinum þá er ekki hægt að gera þessa kröfu.

Hin málsástæðan að ekki sé hægt að benda á sambærilegt starf er náttúrlega efnislega þannig að sú hugmynd mundi, eins og oft er nú sagt, alls ekki standast prófstein lífs og starfs vegna þess að hér erum við að tala um sambærileg störf hjá sama fyrirtæki eingöngu með breyttu rekstrarformi. Breytingarnar sem gerðar eru hér á rekstrarforminu eða tillaga er gerð um, eru að sjálfsögðu fyrst og fremst, til þess að efla fyrirtækið treysta samband þess við Akranes og tryggja stöðu starfsmannanna í nútíð og framtíð. Allar aðrar meiningar um það hvað fyrir mönnum vaki eru einfaldlega ekki réttar. Ég tek eftir því og fagna því reyndar að hv. 9. þm. Reykv., ólíkt ýmsum flokksbræðrum sínum og systrum, tók það skýrt og skilmerkilega fram að vel kæmi til greina að breyta rekstrarformi ríkisfyrirtækja. Það þyrfti almennan farveg fyrir þá framkvæmd. Ég fagna þessum sjónarmiðum en vil að endingu eingöngu halda því skýrt til haga að á sama hátt og ég efa ekki að hv. 9. þm. Reykv. og aðrir sem stóðu að breytingum á Ríkisprentsmiðjunni Gutenberg og Jarðborunum í hlutafélög voru þá í þeirri góðu trú að þeir væru ekki að brjóta rétt á neinum manni. Þeir geta haldið sinni góðu trú í þessu máli. Þess vegna er tillagan flutt. Þess vegna hefur Alþingi alveg nýlega samþykkt sams konar ákvæði gagnvart starfsmönnum Síldarverksmiðja ríkisins.

Ég ætla ekki að endurtaka það sem kom hér fram í orðaskiptum okkar hv. 9. þm. Reykv. vegna ummæla hæstv. fjmrh. Ég vil eingöngu vitna til þess að nýju að það var og er frá ríkisstjórnarinnar hálfu vilji til samráðs við opinbera starfsmenn um breytingar á lagarammanum fyrir skipti þeirra við ríkið, vinnuveitenda þeirra og jafnljóst er og það hefur alltaf verið að það er stefna stjórnarinnar að hafa um það náið og gott samstarf við sína starfsmenn. Ég vísa því til föðurhúsanna að það hafi nokkurs staðar örlað á „faxi“ í þeim hugmyndum um samráðið. Reyndar tel ég að hæstv. fjmrh. hafi einmitt sýnt það í kjarasamningunum síð-

ast að hann vildi taka tillit til sjónarmiða opinberra starfsmanna.

Þá kem ég að lokum, virðulegi forseti, að seinna þætti þess máls, sem menn hafa hreyft hér, og það er um sölu á hlutum ríkisins í þessu fyrirtæki. Þar vil ég í fyrsta lagi árétta enn á ný að í 8. gr. frv. segir: „Ríkið getur ekki boðið hlutabréf í Sementsverksmiðjunni til sölu nema hafa til þess samþykki Alþingis." Við erum þess vegna ekki að ræða um sölu á hlutum í verksmiðjunni. Sala á bréfunum hlýtur að ráðast af aðstæðum hverju sinni og það er Alþingis að fjalla um það. Það mál er ekki á dagskrá. Ég vil hins vegar alls ekki útiloka að það geti einhvern tíma þótt hyggilegt að selja hlutabréf í verksmiðjunni, en þá verða allar aðstæður málsins metnar, bæði markaðsaðstæður fyrir bréfin og hvaða áhrif það hafi á forræði verksmiðjunnar. Ég lýsi því hér yfir alveg hiklaust að það mál þarfnast nánari athugunar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þrír hv. þm. hafa óskað eftir að veita andsvar en eins og áður hefur verið tilkynnt hefst utandagskrárumræða kl. 3.30. Til að koma til móts við óskir þingmanna mun forseti veita hverjum hálfa mínútu til andsvara.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra sagði að menn mundu ekki missa rétt við það að fara í starf hjá hlutafélaginu því að þeir fengju sambærilegt starf. Auðvitað missa þeir menn rétt sem fara í starf hjá hlutafélaginu einfaldlega vegna þess að um leið og þeir eru komnir í þetta starf hjá hlutafélaginu þá munu þeir falla undir venjulegan ráðningarsamning þar sem er hægt að segja þeim upp með stuttum fyrirvara en ef starf þeirra væri lagt niður hjá ríkinu fengju þeir ársuppsagnarfrest sem ekki er fyrir hendi þegar þetta er orðið að hlutafélagi þannig að þeir missa örugglega þennan rétt.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Flestir starfsmanna Sementsverksmiðjunnar eru á ráðningarkjörum hins almenna vinnumarkaðar og missa því einskis við þessar breytingar. Þeir sem eru aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins halda rétti sínum þar til fulls og sambærilegt starf fá þeir í öllum venjulegum skilningi þeirra orða.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég var ekki að tala um lífeyrissjóðinn, ég var að tala um starfið. Ef þeim verður sagt upp hjá þessu nýja fyrirtæki standa þeir ekki í sömu sporum gagnvart sínum atvinnuveitanda og þeir gera gagnvart honum í dag. Það á auðvitað að horfa í kjör manna og aðstöðu þó að þeir séu fáir. Ekki er um marga að ræða í þessu tilviki en þeir eru samt til.

Frsm. minni hluta iðnn. (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ein spurning vaknaði í huga mínum við ræðu hæstv. iðnrh. og viðskrh. hér áðan þar sem hæstv. ráðherra talaði um sambærilegt starf. Nú geri ég mér grein fyrir því að biðlaunarétturinn sem slíkur mun ekki gilda um neina starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins vegna þess að eins og hæstv. ráðherra sagði eru þeir á öðrum samningum. Hins vegar er hér um grundvallarmál að ræða eins og ég lýsti í fyrri ræðu minni við 3. umr. Því spyr ég hæstv. ráðherra um það þegar um sambærilegt starf er að ræða. Er það skilningur hæstv. ráðherra að þá fylgi biðlaunarétturinn? Þetta er afskaplega mikilvægt að fá fram hjá hæstv. ráðherra, ekki síst í ljósi þess sem verður í Síldarverksmiðjum ríkisins.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ítrekað hefur komið fram mun það sjást alveg skýrt og skilmerkilega í 4. gr. frv. að fái einhver starfsmaður ekki sambærilegt starf hjá hlutafélaginu á hann fullan rétt samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna frá 1954.

Frsm. minni hluta iðnn. (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið. Þetta mun auðvitað hafa gríðarleg áhrif á það verð á þeim fyrirtækjum og á þá það sem ríkisvaldið ætlar sér að fá fyrir þessi fyrirtæki þegar þau verða seld. Ég skil hæstv. ráðherra ekki betur en svo að ef biðlaunarétturinn muni fylgja vegna þess, þá eru nýir eigendur sem eignast þetta fyrirtæki að taka á sig ákveðin réttindi sem starfsmenn hafa áunnið sér og munu þar af leiðandi verða fyrir útgjöldum.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað er eftir af markmiðum frv.? Er þetta frv. fyrir starfsfólkið í Sementsverksmiðju ríkisins? Er þetta frv. fyrir Akraneskaupstað? Er þetta frv. fyrir kaupendur á sementi? Eykur breytingin sölu á sementi? Ég held að svarið við öllum þessum spurningum sé nei.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Vegna þessara orða hv. 2. þm. Vesturl. vil ég vekja athygli á því að þegar lögum er breytt er það án undantekninga gert til þess að bæta lögin. Það er a.m.k. hið venjulega viðhorf þeirra sem flytja lagafrumvörp. Í öllum þeim atriðum sem hv. þm. nefndi er auðvelt að sýna fram á að réttarstaðan er betri eftir að frv. hefur verið samþykkt en hún var skv. lögum nr. 35/1948, um Sementsverksmiðju ríkisins.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um þetta erum við einfaldlega ekki sammála vegna þess að þetta er ekki ljóst samkvæmt frv.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er alveg ljóst af frv. og með samanburði á því og gildandi lögum einfaldlega af því

að um þau atriði sem hv. þm. ber fyrir brjósti segir ekki neitt í lögum nr. 35/1948.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Lokun meðferðarheimilis SÁÁ að Staðarfelli.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og áður hefur verið tilkynnt hefst nú utandagskrárumræða að beiðni hv. 3. þm. Norðurl. v. um málefni SÁÁ. Umræðan fer fram samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. þingskapa og má standa allt að hálftíma.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. 10. mars sl. tók framkvæmdastjórn SÁÁ, Samtaka áhugamanna um áfengisvarnir, ákvörðun um að hætta starfsemi meðferðarstöðvar að Staðarfelli í Dölum frá og með júní nk. til að mæta niðurskurði á fjárframlögum ríkisins til reksturs SÁÁ á þessu ári en niðurskurðurinn frá seinasta ári nemur um 20 millj. kr. Mál þetta kom til umræðu á Alþingi 23. mars sl. í stuttum orðaskiptum hv. þm. Sturlu Böðvarssonar og hæstv. heilbrrh. Þar vísaði hæstv. heilbrrh. fyrst og fremst til þess að 8. des. sl. hefði hann náð samkomulagi við forráðamenn SÁÁ um framlög ríkissjóðs til meðferðarstofnana samtakanna.

Einnig kom fram í máli ráðherrans að samráð hefði ekki verið haft við hann um þá ákvörðun að loka Staðarfelli. Ráðherrann lýsti því yfir að hann mundi leita eftir viðræðum við forráðamenn SÁÁ um málið. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort þessar viðræður hafi farið fram og hvort ekki hafi verið leitað leiða til að koma í veg fyrir að loka þurfi meðferðarheimilinu að Staðarfelli.

Eins og flestum mun kunnugt hafa þessi samtök staðið fyrir mjög umfangsmikilli starfsemi í áfengis- og fíkniefnavandamálum og þar hafa þau náð mjög merkum árangri. Samtökin hafa rekið þrjár meðferðarstofnanir með 60 rúmum að Vogi þar sem veitt er fyrsta hjálp og með 60 rúmum að Vík og Staðarfelli þar sem að jafnaði er veitt fjögurra vikna meðferð.

Á seinustu árum hafa fjárveitingar til starfseminnar mjög dregist saman. Í fyrra voru framlögin skorin niður um 40 millj. kr. ef miðað er við óbreytt verðlag milli ára og eins og áður sagði var niðurskurðurinn í fyrra um 20 millj. kr. Í þessu máli stendur engin deila um að forráðamenn SÁÁ féllust á að leita leiða til að koma fram þessum tiltekna sparnaði. Hitt lá því miður ekki ljóst fyrir hverjar afleiðingarnar yrðu. Nú er það ljóst að forráðamenn SÁÁ telja sig ekki komast hjá því að skerða starfsemina mjög verulega og í öllu falli langt umfram það sem reikna mátti með að við alþingismenn áttuðum okkur á þegar um þessi mál var rætt á sl. hausti. Það stefnir sem sagt í að af 60 rúmum, sem eru nú til eftirmeðferðar, verði aðeins 30 eftir þegar búið er að loka Staðarfelli með 30 rúmum. Enn fremur hefur komið fram að áfengismeðferð Landspítalans á Vífilsstöðum verður dregin saman og gæti sá samdráttur numið 14 rúmum til viðbótar.

Sú spurning hlýtur að vakna hvort ekki verði að endurskoða fyrri ákvarðanir. Forráðamenn SÁÁ telja að samtökin gætu haldið áfram rekstri að Staðarfelli ef fjárveitingar næmu 15 millj. kr. meira en gert er ráð fyrir í fjárlögum. Við alþingismenn verðum sem sagt að svara því hvort tilvinnandi sé að spara 15 millj. kr. með því að fækka meðferðarplássum vegna áfengis- og fíkniefnavandamála um 30 á mánuði sem bersýnilga mundi valda því að miklu færri kæmust að til meðferðar og það gæti numið hvorki meira né minna en um 200 manns á þessu ári. Er ekki hætt við að með þessum niðurskurði sé bæði þjóðfélaginu og ríkissjóði unnið miklu meira tjón en nemur þeim 15 millj. kr. sem ætlunin er að spara? Hefur verið tekið með í reikninginn að starfsemi þessi stóreykur veltu og umsvif og skilar því talsverðum hluta af þessu fjármagni til baka með beinum og óbeinum sköttum? Hefur verið haft í huga að mikill meiri hluti fanga er illa haldinn af sjúklegri fíkn í áfengi og hvers konar deyfandi og örvandi efni en samtökin SÁÁ hafa einmitt tekið fjölda fanga til meðferðar seinustu sex vikurnar af fangavistinni? Hver dagur á meðferðarstofnun SÁÁ kostar ríkið 4 þús. kr. lægri fjárhæð en hver dagur í fangelsi og þannig sparast verulegar fjárhæðir. Ég held að ég verði að vænta þess af hæstv. ráðherra að hann fjalli um málið frá fjárhagslegum og faglegum sjónarmiðum og eyði ekki tíma sínum í það að fjölyrða um fyrrnefndan samning sem þegar hefur verið kynntur þingmönnum. Við verðum bara að reyna að átta okkur á því hvort nokkur skynsamleg rök eru fyrir því að halda þessum niðurskurði á fjárveitingum til streitu þrátt fyrir samninginn sem gerður var í haust.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins rifja það upp að nánast á sömu dögum var gerður samningur við fimm aðila er varðar afgreiðslu fjárlaga.

1. Við Náttúrulækningafélag Íslands um verulegan niðurskurð á fjárveitingum til heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði.

2. Við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri um Kristnes og verulega lækkun á framlögum til þess sjúkrahúss.

3. Við Krabbameinsfélagið um verulegan niðurskurð á fjárveitingum til starfsemi þess.

4. Við Landspítalann um verulega lækkun á útgjöldum til áfengismeðferðar í áfengisskor Landspítalans.

5. Við SÁÁ um að hækka framlög til þeirra um 15 millj. kr. frá fjárlagafrv. með samningi sem gerður var 8. des. 1992.

Af þessum fimm aðilum eru allar horfur á því að fjórir geti staðið við samninginn eins og gengið var frá honum og einnig eru horfur á því að SÁÁ geti staðið við sitt samkomulag. Þrjú atriði voru í þessu samkomulagi við SÁÁ:

1. Lausn á ákveðnu ágreiningsmáli vegna reksturs

sjúkrastofnananna á árunum 1990 og 1991. Sú lausn er nú fengin. Búið er að ná fullu samkomulagi um það mál og verður formlega undirritað af forsvarsmönnum SÁÁ á næstu klukkustundum.

2. Samkomulag var um að skipa nefnd SÁÁ og heilbrrn. til þess að ljúka á árinu 1993 samningi milli heilbrrn. og SÁÁ um þjónustu þá sem ríkissjóður kaupir af SÁÁ vegna meðferðar áfengissjúkra. Við höfum sett okkur það mark, SÁÁ og heilbrrn., að ljúka umfjölluninni í aprílmánuði þannig að í maí liggi fyrir hver verður niðurstaðan af viðræðunum. Við höfum gefið okkur einn mánuð til þess að skoða betur frestun SÁÁ á hinum ýmsu þjónustuþáttum sem SÁÁ veitir.

Mér var kynnt niðurstaða stjórnar SÁÁ á fundi 31. mars sl. Við skulum hafa það í huga að SÁÁ eru frjáls félagasamtök sem reka ákveðna þjónustu gegn fjárframlögum frá ríkinu. Ríkið getur ekki sett stjórn SÁÁ stólinn fyrir dyrnar. SÁÁ er sjálfráða og stjórn þess að þeim framkvæmdum og þeim áformum sem þeir hafa uppi en sagt er, með leyfi forseta, í bréfi sem ég fékk frá þeim þegar mér voru kynnt þessi áform:

„Byggt á rekstri síðasta árs og fyrstu mánuðum þessa árs var síðan ákveðið á framkvæmdastjórnarfundi þann 10. mars sl. að bregðast við minni tekjum á þann hátt að loka Staðarfelli í júní. Enn fremur verður unnið áfram að því að ná niður almennum rekstrarkostnaði og þannig reynt að reka starfsemina á árinu án rekstrartaps. Ljóst er að eigi að draga úr þjónustu hvað varðar eftirmeðferð og mun það bitna á heildarmeðferðinni. Til að minnka áhrifin munu afköst verða aukin í Vík og göngudeildarstarfsemi aukin."

Það sem til stóð þegar samkomulagið var gert við SÁÁ 8. des. sl. var að SÁÁ lýsti því yfir að þeir teldu sig geta rekið allar þær stofnanir sem þeir höfðu í rekstri á árinu en mundu bregðast þannig við að þeir mundu draga úr rekstri hinna einstöku stofnana tímabundið á árinu, þ.e. þeir mundu draga úr rekstri Víkur, þeir mundu draga úr rekstri Vogs og þeir mundu draga úr rekstri Staðarfells, jafnvel með tímabundnum lokunum yfir sumarleyfistímann eða tímabundnum samdrætti í rekstri. Þegar betur var að gáð var niðurstaða þeirra hins vegar að fara ekki þá leiðina heldur að loka Staðarfelli en auka þjónustuna á sumum öðrum stöðum. Þeir töldu að það kæmi fjárhagslega betur út. Þetta var annað en það sem við ræddum í desembermánuði en þetta varð niðurstaða þeirra um hvað væri samtökunum hagkvæmast. Forráðamenn SÁÁ eru nú að skoða málefni samtaka sinna, m.a. þær skuldbindingar, sem samtökin hafa tekið á sig, og eru í því sambandi sérstaklega að ræða um hvernig fara skuli með lífeyrisskuldbindingar, sem hefur verið stofnað til hjá þessum frjálsu félagasamtökum, vegna þess að starfsfólk þess er í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna og það eru að sjálfsögðu félagasamtökin sem eru ábyrg fyrir þeim skuldbindingum.

Virðulegi forseti. Aprílmánuður verður notaður til þess að reyna að ná samkomulagi milli heilbrrn. og SÁÁ um framtíð rekstursins. Þar á meðal kemur að sjálfsögðu til skoðunar hvernig með verður farið á þessu ári rekstur þeirra stofnana og þeirrar þjónustu sem SÁÁ hefur með höndum.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég byrja á því að þakka hv. málshefjanda fyrir að vekja máls á þessu hér. Þetta er mikið mál. Ég bað um utandagskrárumræðu um málefni SÁÁ í október sl. vegna þess að ljóst var að sú 35 millj. kr. skerðing sem áætluð var til málefnisins mundi auðvitað valda því að starfsemin minnkaði.

Í fjárlagaumræðu fyrir jól dró hæstv. heilbrrh. úr fyrirhugaðri skerðingu til SÁÁ og í stað 35 millj. kr. skerðinu var skerðingin 20 millj. Ég skildi þessa breytingu þannig að hún væri gerð til að forða því að meðferðarheimili að Staðarfelli í Dölum yrði lokað sem þá blasti við og að þessar 15 millj. kr. sem fengust væru notaðar til að halda úti starfseminni þar. Ég treysti því að þetta væri samkomulag milli heilbrrh. og SÁÁ. Nú stöndum við aftur á móti frammi fyrir því að það á að loka meðferðarheimilinu að Staðarfelli í Dölum.

Það er alveg ljóst að það er mjög góð starfsemi að Staðarfelli. Árangurinn er mjög góður af starfseminni þar og meðferðin þar er ekki dýrari á hvern sjúkling en á öðrum stofnunum.

Þá spyr maður sig að því þar sem ríkið styrkir þessa starfsemi hvers vegna er byrjað á því að draga saman seglin úti á landsbyggðinni? Er það ekki markmið allra flokka að auka starfsemi ríkisins víðs vegar um landið? Þess vegna finnst manni óskiljanlegt að byrjað sé á því að draga úr starfseminni að Staðarfelli í Dölum vegna þess að það er markmiðið að halda úti starfsemi um allt land. Ég bið hæstv. heilbrrh. að skoða það sérstaklega að það verði ekki lokað að Staðarfelli.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Vissulega er ljóst við hvaða vanda er að etja þar sem er rekstur sjúkrastofnana SÁÁ. Þetta hefur verið til umræðu nýverið og þá upplýsti hæstv. heilbrrh. að það stæðu yfir viðræður milli SÁÁ annars vegar og heilbrrn. hins vegar um það hvernig mætti leysa það erfiða viðfangsefni sem er fjármögnun þessarar mikilvægu starfsemi á vegum SÁÁ.

Mér heyrist á svari hæstv. heilbrrh. að hann vinni eðlilega að málinu áfram. Hann hafi átt fund með fulltrúum SÁÁ og í undirbúningi séu leiðir sem hægt sé að sættast á og geti talist ásættanlegar fyrir SÁÁ. Ég vil í tilefni af umræðunni hér vekja athygli á því að við umræður um fjárlögin og í umræðum í fjárln. kom skýrt fram að það var vilji og er vilji fjárln. að það mætti halda áfram rekstri stofnana SÁÁ og þar á meðal rekstrinum að Staðarfelli.

Eins og kom fram í ræðu hæstv. heilbrrh. eru SÁÁ frjáls félagasamtök sem ráða því auðvitað hvernig þau standa að sínum rekstri. Það hefur einnig komið fram að það er ríkur vilji SÁÁ-manna til þess að halda áfram rekstri að Staðarfelli. Það liggur fyrir að þetta er afskaplega mikilvægur þáttur í atvinnustarfsemi þessa litla samfélags í Dölum og ég hef orðið þess var að

SÁÁ-menn vilja leggja allt í sölurnar til þess að hægt verði að halda þeirri starfsemi úti. Ég tel að annað sé óásættanlegt en að það takist að reka starfsemi SÁÁ áfram að Staðarfelli. Miðað við þær aðstæður sem við búum við í þjóðfélaginu er þetta auðvitað ekki létt verk að finna rekstrarmöguleika fyrir SÁÁ.

En ég legg á það áherslu við þessa umræðu að við þingmenn Vesturl. munum að sjálfsögðu gera hvað við getum til þess að svo megi verða.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Fyrst langar mig að taka fram vegna ummæla hæstv. heilbrrh. að almennt er mjög mikið um vafasaman niðurskurð í heilbrigðiskerfinu að ræða núna. Það að við erum að ræða þetta mál hér þýðir ekki að það sé réttlætanlegt að skera meira niður eða skera niður það sem ráðherra var að nefna fyrr í ræðu sinni.

Ég held að það sem skiptir máli núna sé fyrst og fremst hver verður niðurstaðan í málinu. Greinilegt er að annaðhvort er hæstv. ráðherra að reyna að drepa umræðum á dreif með því að gefa loðin og óljós fyrirheit um að verið sé að ræða málin eða að einhver meining er þar að baki. Ég vona að það verði en í ljósi reynslunnar get ég ekki sagt að ég fyllist afskaplega mikilli bjartsýni.

Því miður er mikil þörf á þessari þjónustu. Vera má að einhvern tíma verðum við komin svo langt á veg með forvarnir að minni þörf verði á þessari þjónustu. Á meðan svo er þá verðum við að viðurkenna það og við verðum að bjóða upp á almennileg meðferðarúrræði. Þá á ég ekki bara við bráðameðferð heldur ekki síður þá eftirmeðferð sem fer fram á aðeins örfáum stöðum hér á landi og Staðarfell hefur sýnt mjög góðan árangur í eftirmeðferð eftir áfengismeðferð, þ.e. hina brýnustu og bráðustu. Ég bendi á að þegar áfengismeðferð heppnast vel sparar hún ómældar upphæðir í samfélaginu fyrir utan þann sparnað sem felst því að minna verður um mannlegar þjáningar og félagsleg vandamál.

Mér finnst einnig vert að benda á að hæstv. ráðherra hefur í þessum sal lagt að jöfnu meðferðina á Staðarfelli og þá meðferð sem trúarhópar veita. Ég vara við slíkum hugmyndum.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Þessi starfsemi er mjög mikilvæg og sá árangur sem verður af henni kemur auðvitað fyrst og fremst fram í betra mannlífi í landinu og sparnaði í heilbrigðiskerfinu. Ég hefði talið að þær krónur sem sparast þarna mundu kosta mikla fjármuni annars staðar.

Starfsemin er líka ákaflega mikilvæg fyrir byggðarlög í grenndinni og að því leyti er þetta atvinnumál. Þegar ríkisstjórin segist vera að bögglast við að reyna að skapa ný atvinnutækifæri þá ætti hún að gá að því að henda þeim ekki fyrir róða annars staðar. Þetta hefur mjög margvísleg áhrif á mannlífið og atvinnulífið á þessum litlu stöðum sem eru þarna í kring. Svo að ég taki dæmi er talið að verði að fækka ferðum Vestfjarðaleiðar um tvær í viku ef þessi starfsemi leggst af. Ég held að það sem hefur gerst sé víti til varnaðar, einhver verulegur misskilningur hefur verið á ferðinni því að sá samningur sem var gerður 8. des. er það óljós að enginn vandi er fyrir báða aðilana að túlka hann hvor á sinn hátt. Þannig má auðvitað ekki standa að málum að menn verði ekki sammála eftir á og geti túlkað samninginn hvor á sinn hátt eins og þarna var gert.

Forsvarsmenn SÁÁ hafa komist að þeirri niðurstöðu að þeir hefðu mestan sparnað af sínum rekstri miðað við það að loka meðferðarheimilinu á Staðarfelli. Ég tel að það sé út af fyrir sig eitthvað sem þeir hafa reiknað rétt út en ég tel að það sé ekki rétt reiknað hjá landsfeðrunum að láta það gerast.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Í tilefni af ummælum hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson vil ég segja að það er út af fyrir sig allt í lagi að berja á heilbrrh. þegar hann á það skilið, en í þessu máli hefur hann sýnt að hann vill koma til móts við þarfir SÁÁ. Hann hefur lýst því yfir í umræðunum að hann hyggst nota næsta mánuð til þess að ræða við Samtök áhugamanna um áfengisvandann til þess að reyna að finna leiðir til að halda starfseminni á Staðarfelli úti.

Ég er einn af þeim sem hef séð kraftaverkin gerast í kringum mig og innan minnar eigin fjölskyldu fyrir tilstilli SÁÁ. Ég held að þessi samtök hafi lyft grettistaki og ég held að ótrúlega margar fjölskyldur eigi hamingju sína undir starfsemi þessara samtaka. Ég verð að segja að ég finn mig knúinn til að spyrna við fótum þegar svo er málum komið hjá SÁÁ að nauðsynlegt sé að loka Staðarfelli. Hins vegar var ég eins og hæstv. heilbrrh. þeirrar skoðunar að samkomulag hefði náðst millum heilbrrn. og SÁÁ sem gerði það kleift að halda Staðarfelli opnu. Það kom fram í máli hæstv. heilbrrh. að til þess átti m.a. að draga úr starfsemi á ýmsum öðrum stöðum. Nú hefur komið í ljós að samtökin treysta sér ekki til þess og þá tel ég algerlega nauðsynlegt að viðræður eigi sér stað á milli forsvarsmanna SÁÁ og heilbrrh. Ég vænti þess auðvitað að hann muni eins og svo gjarnan áður sjá að það er að öllum líkindum sparnaður fyrir þjóðarbúið fólginn í því að hjálpa þeim til þess að halda Staðarfelli úti.

Nú er það svo að á hverju einasta ári leita um það bil 2.000 einstaklingar ásjár vegna áfengisvandamáls. Um það bil þriðjungur þeirra eru sídrykkjumenn, menn sem eru illa farnir og eina haldreipi þeirra í hörðum heimi hefur verið Staðarfell. Staðreyndin er sú að mikilvægur þáttur í starfi SÁÁ er einmitt rekstur þessa meðferðarheimilis. Frá því að það tók til starfa í nóvember 1980 hafa um 400 sjúklingar á hverju ári farið þar í gegn eða hartnær 5.000 manns alls og þar er mjög hátt hlutfall endurkomusjúklinga. Þar er hin fræga víkingadeild og staðreyndin er sú að sennilega hefur engin önnur stofnun náð jafnmiklum árangri í meðferð þeirra og einmitt hún. Þess vegna vil ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að hafa tekið svona á þessum

málum og skora auðvitað á hann að sjá til þess að meðferðarheimilinu að Staðarfelli verði haldið opnu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir þau svör sem hann gaf. Ég skil hann þannig að það sé a.m.k. gefinn mánaðarfrestur í viðbót í þessu máli en ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því: Hefur hann tryggt að ekki verði tekin ákvörðun um lokun á Staðarfelli fyrr en athugun málsins er lokið? Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að svarið við þessari spurningu liggi fyrir þannig að menn viti að hverju þeir ganga þegar þeir hefja athugun á þessu máli.

Ég tek undir það sem fram hefur komið hjá mörgum hér eins og hv. síðasta ræðumanni að þegar fjárlögin voru afgreidd gerðum við ráð fyrir því að tryggt væri að Staðarfell yrði opið allt þetta ár. Það byggði ég m.a. á umræðum sem fóru fram um málið og á viðtölum sem ég átti við fjárlaganefndarmenn bæði úr stjórn og stjórnarandstöðu. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að ákvörðunin um lokun á Staðarfelli hafi í raun og veru komið í bakið á mönnum og sé þess vegna líka óeðlileg.

Að lokum vil ég segja það, virðulegi forseti, að í ræðu hæstv. ráðherra kom fram að fjármunina frá Staðarfelli á að nota til að auka starfsemina í Vík. Ég tel að þetta sé óeðlileg niðurstaða, ég segi það alveg eins og er, gersamlega óeðlileg niðurstaða og ég veit ekki til þess að Alþingi hafi heimilað það að neinu leyti. Þó að hér sé um frjáls félagasamtök að ræða þá er það auðvitað þannig að hæstv. heilbr.- og trmrh. ræður því samkvæmt lögum hvaða þjónusta er veitt og hvar. Þess vegna skora ég á hann að fylgja yfirlýsingum sínum hér eftir í þessu efni og auðvitað getur farið svo að það verði nauðsynlegt fyrir hann og Alþingi og fjárln. að opna allar bækur SÁÁ, bæði nú á þessu ár og undanfarin ár til þess að ná eðlilegri niðurstöðu í málinu.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans sem ég skil þannig að aprílmánuður verði notaður til þess að endurskoða fyrri ákvarðanir um lokun Staðarfells. Það að skera niður eftirmeðferð SÁÁ úr 60 rúmum og í 30 rúm er alls ekki skynsamleg ráðstöfun. Það er afleit ráðstöfun frá sjónarhóli heilbrigðismála. Það er óþolandi ráðstöfun frá sjónarhóli þeirra hundraða sjúklinga sem yrðu af meðferð á þessu ári og auðvitað jafnmikið áfall fyrir hinn mikla fjölda aðstandenda, bæði maka, börn, foreldra og vini sem líða ekki síður fyrir í slíkum málum, en um leið er þessi ákvörðun mjög óskynsamleg frá fjárhagslegu sjónarmiði. Það er engin önnur lausn á þessu máli en sú að veitt verði aukafjárveiting, væntanlega að upphæð 15 millj. kr., til þess að unnt sé að koma þessari starfsemi í eðlilegt horf. Ég trúi ekki öðru en flestir hv. alþm. séu reiðubúnir til þess að samþykkja fyrir sitt leyti aukið framlag til Samtaka áhugamanna um áfengisvarnir og ég veit að menn gera það vegna þess að þeir skilja að bæði einstaklingar og ríkisvald tapa miklu meiri fjármunum á þessum niðurskurði en nemur því sem ætlunin var að spara.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega mjög einfaldur hlutur þegar menn standa frammi fyrir vandamálum að segja: Menn eiga bara að leysa það með peningum og meiri peningum. Vandinn er einfaldlega sá að heilbrrh. hefur ekki þá peninga og eins og allir vita er ríkissjóður ekki aflögufær. Hins vegar er sjálfsagt að skoða þessi mál eins og ég hef tekið fram. En ég ítreka það þegar upphaflega var rætt við SÁÁ um þær niðurskurðarhugmyndir sem voru í fjárlagafrv. eins og það var lagt fram um að lækka framlögin til SÁÁ um 35 millj. þá sögðust forsvarsmenn SÁÁ ekki sjá neinn annan kost miðað við þær fjárveitingar heldur en loka einni af stofnunum SÁÁ og þá sögðu þeir að vísu að óathuguðu máli að ef þeir neyddust til þess að loka einhverri stofnun SÁÁ þá mundu þeir sennilega loka Vík fremur heldur en Staðarfelli. Niðurstaðan varð síðan sú að Alþingi ákvað að veita samkvæmt minni tillögu og fjárln. 15 millj. til viðbótar til SÁÁ í þeirri trú að með því móti tækist að tryggja rekstur allra stofnana SÁÁ út árið, að vísu með einhverjum samdrætti hér og þar um takmarkaðan tíma. Sú ákvörðun stjórnar SÁÁ, sem tekin var 10. mars sl. um að loka Staðarfelli en auka í staðinn við umsvif annarra stofnana SÁÁ, kom mér á óvart eins og öðrum þingmönnum. Stjórnin hefur hins vegar gert mér grein fyrir ástæðum þeirrar ákvörðunar sinnar og ef menn hugsa sig um þá er það mjög eðlilegt vegna þess að stjórnin ber ábyrgð gagnvart félagasamtökunum sem hafa kosið hana. Stjórnin sér í mars að ef fram heldur sem horfir þá muni hún stefna í mikla skuldasöfnun á þessu ári og stjórnin taldi það ekki í samræmi við ábyrgð sína og tók því þá ákvörðun sem nefnd var. Hins vegar ítreka ég að ég mun í næsta mánuði reyna að ná samkomulagi við stjórn SÁÁ, ekki bara um árið 1993 heldur um frambúðarrekstur og frambúðarsamstarf heilbrrn. og SÁÁ. Ég tek það líka fram eins og hv. þm. Svavar Gestsson vék að að það hefur einnig orðið samkomulag við SÁÁ um að leysa ýmis önnur vandamál sem voru í samskiptum aðila.

Umræður utan dagskrár.

Ráðning framkvæmdastjóra ríkissjónvarpsins.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá hefst hin síðari utandagskrárumræða sem boðuð hafði verið um málefni Ríkisútvarpsins. Fer hún fram að ósk hv. 1. þm. Norðurl. v., Páls Péturssonar, eftir ákvæðum síðari mgr. 50. gr. þingskapa, þó þannig að það hefur verið gert samkomulag um að hún standi í allt að klukkustund. Jafnframt er samkomulag um að málshefjandi og viðkomandi ráðherra mega tala í fyrri umferð í allt að 8 mínútur og allt að 4 mínútur í þeirri síðari og aðrir hv. þm. í allt að 4 mínútur.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár vegna þess að óhjákvæmilegt er að átelja mjög harðlega þá valdníðslu sem Sjálfstfl. hefur beitt í málefnum sjónvarpsins. Þessi valdníðsla er algert einsdæmi og órétt-lætanleg pólitísk íhlutun í innri málefni sjálfstæðrar ríkisstofnunar. Hér er vegið að atvinnuöryggi og starfsmöguleikum opinberra starfsmanna, ekki bara starfsmanna sjónvarpsins heldur allra opinberra starfsmanna. Hér er verið að taka upp stjórnarhætti sem eru siðlausir og í rauninni er vegið að allri þjóðfélagsgerð okkar.

Ég óskaði eftir því að fá að eiga orðastað við hæstv. forsrh. Davíð Oddsson þar sem þetta er miklu víðtækara mál en það varði einungis verksvið menntmrh. Þetta varðar stjórnarhætti í landinu. Það er yfirlýst af menntmrh. að þetta hafi verið pólitísk ákvörðun og hann hafi tekið ákvörðun sína í samráði við formann Sjálfstfl., hæstv. forsrh. og með vitund fyrrv. formanns Sjálfstfl., Þorsteins Pálssonar, sem starfar nú í umboði menntmrh. Hæstv. forsrh. þorði því miður ekki að koma og ræða þetta mál. Ég óskaði eftir nærveru hans á fundinum þó að ég beindi máli mínu til hæstv. dómsmrh. og óskaði að hann nefndi þann tíma sem ég ætti að biðja um í dag. Hæstv. forsrh. varð ekki við þeirri ósk minni og er ekki hér staddur, því miður. Ég taldi samt eðlilegt að hann væri hér og verði gerðir sínar og héldi uppi andsvörum fyrir ríkisstjórnina og Sjálfstfl. Ég hélt satt að segja að hæstv. forsrh. væri meiri bógur en svo að hann hlypi í felur þegar á hann væri skorað að ræða óþurftarverk hans.

Það er rétt að menntmrh. ber hina formlegu ábyrgð, embættislegu ábyrgð á gerningnum, en af vinnubrögðunum er auðséð að ákvörðunin og ráðagerðin er ekki frá hæstv. menntmrh. sprottin. Hún ber fremur keim af ákvörðunum og ráðagerðum formanns Sjálfstfl. Þjóðin þekkir þessi fingraför. Svipuð vinnubrögð hafa verið viðhöfð hjá borgarstjórn Reykjavíkur í borgarstjóratíð Davíðs Oddssonar. Ég nefni t.d. fræðslustjóramálið. Það væri hægt að tíunda mörg fleiri þar sem brugðist er við með svipuðum hætti. Ég þekki hæstv. menntmrh. og hef þekkt í marga áratugi og ég veit að þessi hernaðaráætlun á ekki upptök sín í kollinum á honum. Röddin er Jakobs þó að hendurnar séu kannski Esaús. Hér er ekki siðferði hæstv. menntmrh. á ferðinni. Hér er á ferðinni siðferði Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh.

Ég ætla að rekja í örfáum orðum atburðarásina. Nokkrum starfsmönnum sjónvarpsins hefur að undanförnu verið sagt upp með vísan til ákvæða í ráðningarsamningum þeirra um þriggja mánaða uppsagnarfrest. En það varð mikill hávaði út af einni af þessum uppsögnum sem var þó samhljóða öllum hinum að öðru leyti en því að viðkomandi var þéraður í uppsagnarbréfinu og ekki óskað eftir vinnuframlagi hans á hinum samningsbundna þriggja mánaða uppsagnartíma. Þetta skýtur nokkuð skökku við. Menntmrh. rauk upp og lýsti því ranglega yfir að viðkomandi starfsmaður, Hrafn Gunnlaugsson, hefði verið rekinn. Það var rangt. Hrafni Gunnlaugssyni var sagt upp. Morgunblaðið, DV og e.t.v. fleiri fjölmiðlar hafa haldið því fram að Hrafn Gunnlaugsson hafi verið rekinn fyrir eitthvað sem hann sagði í einhverjum sjónvarpsþætti. Það hefur ekki komið fram af hálfu útvarpsins og allt tal um að uppsögnin sé árás á tjáningarfrelsið er bara út í loftið.

Síðan gerist það að menntmrh. lætur framkvæmdastjóra sjónvarpsins hverfa frá störfum í eitt ár og skipar þennan mann, sem nýbúið var að segja upp, í stöðu hans þrátt fyrir það að útvarpsstjóri væri nýbúinn að segja honum upp störfum. Menntmrh. lýsir því yfir að þetta sé pólitísk ákvörðun, innsetning Hrafns í þetta embætti. Hér hefur Sjálfstfl. beitt valdníðslu sem er alveg óhjákvæmilegt að víta og má ekki eiga sér stað.

Undanfarnar vikur hafa fjölmargir ríkisstarfsmenn fengið uppsagnarbréf með vísan í ráðningarsamninga. Sem betur fer hefur ekki verið gripið til þvílíkra ráða. Þeir eiga kannski ekki aðra eins hauka í horni eins og þessi umræddi starfsmaður. Það kann að vera að í þeim hópi séu einhverjir nafnkenndir sjálfstæðismenn, og ég geri ráð fyrir því, en sjálfstæðismenn eru ekki jafnir.

Þessar aðfarir núna eru aðför að lýðréttindum í landinu. Þetta er aðför að sjónvarpinu. Okkur er ekkert sama um sjónvarpið. Sjónvarpið er inni á næstum því hverju heimili í landinu og þjóðin öll á mikið undir því að það sé vel rekið og því sé skynsamlega stjórnað. Ég held ekki að aðgerð hæstv. menntmrh. sé til þess að styrkja sjónvarpið eða til þess að bæta það.

Um leið og ég víti af fyllsta þunga þau vinnubrögð sem hér hafa verið höfð í frammi, þá spyr ég hæstv. dómsmrh.: Því í ósköpunum leggur Sjálfstfl. í að fremja þessa siðlausu athöfn? Er það meiningin að fara að tíðka hér suðuramerískа stjórnarhætti? — [Lófatak á þingpöllum.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áheyrendur eru velkomnir á palla en það er ekki ætlast til að viðbrögð við ræðum þingmanna komi af áheyrendapöllum.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur gert hér að umtalsefni formlegar hliðar á setningu menntmrh. í embætti framkvæmdastjóra sjónvarps. Það eru þrjú atriði sem hv. þm. nefndi í sinni ræðu sem að hans mati eru gagnrýni verð.

Í fyrsta lagi taldi hann að þessi ákvörðun væri valdníðsla. Í öðru lagi að þessi ákvörðun menntmrh. væri pólitísk íhlutun í málefni Ríkisútvarpsins og í þriðja lagi að vegið væri að atvinnuöryggi starfsmanna.

Við skulum aðeins líta nánar á þessi þrjú atriði. Í fyrsta lagi felur hugtakið „valdníðsla“ það í sér að viðkomandi ráðherra misbeiti lögum til þess að koma fram órétti eða beita einhverja órétti. Ég fæ ekki séð að valdníðsla hafi átt sér stað í þessu tilviki.

Í annan stað segir hv. þm. að um sé að ræða pólitíska íhlutun í málefni Ríkisútvarpsins. Samkvæmt útvarpslögum er það svo að forseti Íslands skipar útvarpsstjóra að tillögu menntmrh. Menntmrh. skipar síðan framkvæmdastjóra einstakra deilda Ríkisútvarpsins

að fenginni umsögn útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Þegar um er að ræða setningu í embætti um skemmri tíma er það svo að almennt er litið svo á að ráðherra skipi eða ráði menn til slíkra tímabundinna starfa og þá þurfi ekki að leita þeirra umsagna sem kveðið er á um þegar embættum er varanlega ráðstafað. Mér sýnist því að í þessu tilviki hafi ekki verið farið fram hjá venjubundnum reglum í þessu efni, enda hef ég ekki heyrt að gerðar hafi verið athugasemdir við þennan þátt málsins.

Það er á það að líta að sá maður sem gegnt hefur þessi starfi frá því að sjónvarpið var stofnað hefur fengið ársleyfi. Ég geri ráð fyrir því að að öllu óbreyttu komi hann til starfsins á nýjan leik þegar því leyfi lýkur og taki þá við sínum fyrri störfum þannig að þessu embætti hefur ekki verið ráðstafað á nýjan leik heldur sett um stundarsakir meðan leyfi þess manns sem situr í embættinu stendur.

Þá taldi hv. þm. það í þriðja lagi vera ámælisvert við þessa ákvörðun að með henni hafi verið vegið að atvinnuöryggi starfsmanna. Nú er það svo að útvarpsstjóri ræður starfsmenn að útvarpinu utan þá sem menntmrh. skipar lögum samkvæmt. Í stuttri verklýsingu sem framkvæmdastjóri sjónvarpsins, sem nú er kominn í leyfi, gaf á starfi sínu og gildir um þetta starf kemur fram að útvarpsstjóri skrifar undir alla ráðningarsamninga, svo og uppsagnir ef til þeirra kemur hjá starfsmönnum Ríkisútvarpsins. Ég sé því ekki í fljótu bragði að þessi fullyrðing hafi við rök að styðjast að setning manns í embætti um stundarsakir raski atvinnuöryggi annarra þar sem útvarpsstjóri hefur endanlegt vald.

Í fljótu bragði sýnist mér því að þessi þrjú atriði sem hv. þm. nefndi eigi ekki við í þessu tilviki. Hitt er svo annað mál að menn geta haft á því ólíkar skoðanir hver eða hverjir eru heppilegastir til að gegna störfum af þessu tagi. En ég tók eftir því í máli hv. þm. að það gerði hann ekki sérstaklega að umræðuefni heldur hinar formlegu hliðar málsins og frá mínum bæjardyrum séð liggja þær alveg ljósar fyrir. Um hitt hverjir séu heppilegastir til þess að gegna þessum störfum ætla ég ekki að leggja mat, enda hefur það ekki verið gert að umtalsefni af hálfu hv. þm.

Þá vék hv. þm. að því að hæstv. menntmrh. hefði gefið þá skýringu að hér væri um pólitíska ákvörðun að ræða. Nú get ég ekki sagt neitt um þá yfirlýsingu hæstv. ráðherra. Hitt er ljóst að sérhver ráðherra starfar í umboði Alþingis og hefur þannig pólitískt umboð til allra þeirra ákvarðana sem hann tekur. Hvort sem þær ákvarðanir eru teknar til að ná fram pólitískum markmiðum eða til þess að tryggja eðlilegan framgang stjórnsýslu sem hefur önnur markmið, þá er það svo að ráðherra ber ávallt á öllum sínum ákvörðunum pólitíska ábyrgð gagnvart Alþingi.

Að því er varðar síðustu spurninguna, þar sem hv. þm. spyr hvers vegna Sjálfstfl. standi að þessari síðlausu athöfn, ef ég hef náð spurningunni rétt niður, þá er hún á einhverjum misskilningi byggð því að Sjálfstfl. stendur ekki að þessari síðlausu athöfn sem hv. þm. kallar svo. Það eina sem gerst hefur hér er að menntmrh. hefur veitt framkvæmdastjóra sjónvarpsdeildar útvarpsins leyfi í eitt ár og sett annan mann til að gegna því starfi á meðan. Það er embættisákvörðun menntmrh. sem mér sýnist á grundvelli gildandi laga sé í fullu samræmi við þau og brjóti hvergi gegn lögunum eins og Alþingi hefur samþykkt þau.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill gjarnan upplýsa það að nú eru 15 hv. þm. og ráðherrar á mælendaskrá. Ef allir tala í fjórar mínútur þá tekur það lengri tíma en ætlað var svo forseti beinir því til þingheims að taka tillit til þessa svo að allir sem óska geti fengið að taka til máls.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Út af þessum orðum hæstv. forseta að það séu margir þingmenn á mælendaskrá, þá kemur það mér ekki á óvart. Ég vil skora á hæstv. forseta að skapa svigrúm til þess að þeir þingmenn sem hér hafa kvatt sér hljóðs fái tíma til að tala.

Virðulegi forseti. Við skulum ímynda okkur alþingismenn að við værum að ráða framkvæmdastjóra að ríkisstofnun eða einkafyrirtæki. Mundum við þá ráða mann sem hefði starfað við sömu stofnun og alltaf árum saman farið fram úr fjárhagsáætlunum þessarar stofnunar? Hrafn Gunnlaugsson fór alltaf fram úr þeim þegar hann var dagskrárstjóri. Við mundum ekki gera það en það gerir Sjálfstfl. Mundum við þá ráða mann sem hefði fengið formlega áminningu frá yfirmanni sínum? Markús Örn Antonsson, nú borgarstjóri þá útvarpsstjóri, veitti Hrafni Gunnlaugssyni formlega áminningu á sínum tíma. Nei, við mundum ekki ráða slíkan mann en Sjálfstfl. ræður slíkan mann. Viljum við þá ráða mann sem efnir stöðugt til ófriðar við samstarfsmenn sína í þessari stofnun? Nei. Slíkt heita samstarfsörðugleikar á venjulegu máli og tugir manna hafa misst vinnuna af þeim sökum. En Sjálfstfl. lætur það lönd og leið. Mundum við þá ráða mann sem hefur afhent vinum sínum utan stofnunarinnar flestöll verkefni hennar og hefur þar með skilið ráðna starfsmenn stofnunarinnar eftir verkefnalausa? Nei, það mundum við ekki gera en það gerir Sjálfstfl. Mundum við ráða starfsmann að stofnun sem á bein hagsmunatengsl við stofnunina, sem t.d. hefur nýlega gert samning við þessa stofnun um greiðslur sem eru hagstæðari en greiðslur til allra annarra fyrir sömu þjónustu? Nei, við mundum ekki gera slíkan samning því að slíkur aðili er vanhæfur af hagsmunaástæðum.

Hvernig er þessi samningur, virðulegi forseti, sem ég er hér að tala um? Hann var gerður 18. sept. sl. Hann er um sýningarrétt á mynd sem ekki er lokið við enn. Það hefur að vísu gerst áður en reglurnar hafa verið þær að greiddur hefur verið þriðjungur við samning í upphafi framleiðslu, þriðjungur á miðjum framleiðslutíma og þriðjungur við afhendingu sýningareintaks. Samningur Hrafns Gunnlaugssonar er ekki svona. Öll upphæðin er greidd löngu áður en gengið er frá myndinni að fullu og upphæðin er miklu hærri en áður hefur þekkst. Og samningurinn um greiðslurnar er ekki gerður af dagskrárstjóra sjónvarpsins, Sveini Einars-

syni. Sveinn Einarsson neitaði að greiða inn á myndina nema samkvæmt þriðjungsreglunni, sem ég nefndi hér á undan, vegna þess að framkvæmdastjóri sjónvarpsins, Pétur Guðfinnsson, hafði þá nýlega neitað að breyta þessari reglu vegna myndar Friðriks Þórs Friðrikssonar, Börn náttúrunnar. Reglunni mátti ekki breyta vegna Friðriks Þórs en henni var breytt vegna Hrafns og undir samninginn skrifar Hrafn Gunnlaugsson og Pétur Guðfinnsson og seinni greiðsluna átti að inna af hendi í dag þegar Hrafn ætlaði að borga Hrafni 2,4 millj. kr. plús virðisaukaskatt. Hér er því um algerlega afbrigðilegan samning að ræða. Hann er hærri en aðrir samningar, peningarnir eru greiddir fyrr en annars staðar og hann er gerður af framkvæmdastjóra en ekki dagskrárstjóra, Sveini Einarssyni, sem neitaði að samþykkja samninginn.

Við þessar aðstæður, virðulegi forseti, hlýtur maður að velta því fyrir sér hvort hér sé um að ræða eðlileg fjármálaleg vinnubrögð. Ég gagnrýni formshlið málsins en ég gagnrýni sértaklega fjárhagshlið þessa máls og ég tel að það sé full ástæða til að láta fara fram opinbera rannsókn á fjármálalegum tengslum og aðdraganda þessa máls í heild. Ég spyr hæstv. dómsmrh.:

Í fyrsta lagi: Telur hann þennan samning eðlilegan?

Í öðru lagi vil ég spyrja og bæta við: Er það rétt að menntmrn. hafi nýlega greitt Hrafni Gunnlaugssyni 5 millj. kr. fyrir sýningarrétt á myndum hans í skólum landsins?

Í þriðja lagi vil ég spyrja hæstv. dómsmrh.: Er það þannig að menntmrn. borgi laun Péturs Guðfinnssonar í orlofinu?

Ég skora á hæstv. ráðherra að svara þessu og segi að lokum: Það verður að rannsaka þetta mál niður í kjölinn því að þetta mál er valdníðsla að mati allra Íslendinga. — [Lófatak á þingpöllum.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill enn á ný beina því til áheyrenda á pöllum að hér er ekki ætlast til viðbragða áheyrenda. Hins vegar eru þeir velkomnir að vera hér og hlusta á umræðurnar.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú ákvörðun menntmrh. að setja Hrafn Gunnlaugsson í embætti yfirmanns sjónvarpsins um eins árs skeið er reginhneyksli og valdníðsla af verstu gerð. Auðvitað er það valdníðsla að setja mann sem sagt hefur verið upp störfum yfir þá sömu stofnun í óþökk allra sem þar vinna. Með þessari stöðuveitingu kórónar Sjálfstfl. áratuga misnotkun sína á opinberum embættum sem ráðamenn hans hafa óspart veitt til flokksmanna, vina og vandamanna. Sjaldan hefur þó keyrt eins um þverbak og nú þegar í hlut á vinur forsrh. sem hafður var með í ráðum ef hann er ekki „primus motor" þessa gjörnings.

Atburður af þessu tagi eru daglegt brauð í ríkjum eins og Haiti og hjá ættarveldum Stroessners í Paraguay en ættu að heyra til liðinni tíð í ríki sem kennir sig við lýðræði. Það setur að manni hroll við að horfa upp á þennan fáránleika þar sem hagsmunir einstaklings hafa verið teknir fram yfir hagsmuni eins af mikilvægustu menningarstofnunum þjóðarinnar. Hvers konar siðferði er þetta? Hvaða skilaboð er verið að senda til yfirmanna ríkisstofnana? Haldið ykkur á mottunni. Ríkið, það er ég. Það skal öllum ljóst vera hver ræður og ef menn dirfast að segja upp fólki sem er Davíð Oddssyni þóknanlegt skal ráðum beitt til að tugta yfirmenn stofnana ríkisins til. Hér hefur verið farið yfir öll velsæmismörk og fyrir þetta mun Sjálfstfl. og formaður hans fá sinn dóm frá almenningi þegar þar að kemur.

Starfsmanni sjónvarpsins var sagt upp störfum á löglegan hátt og sú ákvörðun fékk einróma stuðning starfsmanna sjónvarpsins, enda hafði gengið á ýmsu innan dyra. Þá gerist það að yfirmaður menntamála í landinu ákveður án samráðs við útvarpsráð eða útvarpsstjóra að gera kvikmyndaleikstjórann að yfirmanni þeirrar stofnunar sem honum hafði verið vísað frá. Ef marka má orð hæstv. menntmrh. er þarna á ferð þvílíkur hæfileikamaður að sjónvarpið má engan veginn missa af honum. Ég spyr: Hvaða hæfileikar eru það? Er það hæfileikinn til að hella sér yfir samstarfsfólk sitt, sem sumir vilja kenna við málfrelsi og tjáningarfrelsi, eða eru það þeir fersku vindar sem birtast í Hvíta víkingnum sem þjóðin má ekki án vera? Þetta er og verður hneyksli sem Sjálfstfl. ber fyrst og fremst ábyrgð á og verður að taka afleiðingunum af.

Það er merkilegt að ráðamenn hafa ekki miklar áhyggjur af því fólki sem Hrafn Gunnlaugsson sagði upp hjá sjónvarpinu og ekki var virðingin fyrir skoðanafrelsinu mikil þegar yfirmaður bankaeftirlitsins leyfði sér að láta í ljós álit sitt á aðgerðum ríkisstjórnarinnar.

Virðulegi forseti. Í þessu máli hafa krunkað saman hrafnar yfir krás á kvöldu svelli en sú krás á eftir að verða þeim þungmelt. Það er skylda okkar alþingismanna að standa vörð um Ríkisútvarpið og koma í veg fyrir valdníðslu af því tagi sem hér um ræðir. Ég lýsi yfir vantrausti á ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sem ætti að segja af sér strax eins og hún leggur sig eftir að hafa afhjúpað það ítalska siðferði sem grasserar innan hennar, siðferði sem okkur ber skylda til að uppræta.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Það er hálfankannalegt að ræða þetta mál hér að hæstv. menntmrh. fjarstöddum, en hins vegar er það í stíl við atburði helgarinnar sem hljómuðu satt að segja svo fáránlega að um stund héldu menn að ráðning hins nýja framkvæmdastjóra sjónvarpsins væri eins konar aukaútgáfa af „ekki-fréttum". Hér væri á ferðinni hinn góðkunni æringi Haukur Hauksson að gera sitt vanabundna grín að hæstv. menntmrh. Svo var því miður ekki. Það kom í ljós að veruleikinn var enn lygilegri en nokkur reyfari.

Hæstv. menntmrh. er vitaskuld þaulvanur stjórnmálamaður. Það fer ekki hjá því að hann hlaut að gera

sér fulla grein fyrir því að eins og mál höfðu þróast, þá hlutu morgunverk laugardagsins að verða mjög umdeild út um allt þjóðfélagið. Maður með hans reynslu hlaut að skilja að verknaðurinn mundi sæta mikilli gagnrýni sem ekki aðeins mundi beinast að honum einum og hans flokki heldur ríkisstjórninni allri og þar með samstarfsflokknum líka. Ég skal ekki draga í efa heimild ráðherrans til að ákveða hina umdeildu og óvæntu ráðningu en miðað við aðdraganda málsins og þess sem mátti vitaskuld vænta, þá hefði það verið sjálfsögð kurteisi, svo ekki sé meira sagt, að bera verknaðinn undir samstarfsaðila. Það var hins vegar ekki gert.

Það er alveg nauðsynlegt að fram komi að hæstv. ráðherra leitaði ekki álits nokkurs einasta forustumanns Alþfl. Hann lét engan forustumann Alþfl. vita hvað til stóð og ég átel þessi vinnubrögð, virðulegi forseti.

Í upphafi snerist þetta mál um persónu manns sem er einn af færustu listamönnum þjóðarinnar á sínu sviði. Brottvikning hans úr stöðu dagskrárstjóra var vissulega umdeilanleg. Málið snýst hins vegar ekki lengur um hann heldur um grundvallaratriði. Í þjóðfélaginu hefur verið sátt um það að Ríkisútvarpið sé tiltölulega sjálfstæð stofnun án þess að einstakir flokkar sem kunna að komist til valda geti hlutast til um innri mál hennar. Með atburðum helgarinnar er Ríkisútvarpið hins vegar gert að bitbeini og stofnun sem eðli máls samkvæmt þrífst best í friði frá pólitískum væringum verður fórnarlamb í illa tefldri refskák.

Hver er, virðulegi forseti, æðsta skylda sérhvers menntmrh. gagnvart Ríkisútvarpinu? Er það ekki að skapa starfsfrið og góðan starfsanda innan stofnunarinnar? Hefur þessi fáránleikur, virðulegi forseti, stuðlað að því? Því miður ekki.

Ég vona, virðulegi forseti, að ég reynist ekki sannspár, en mig uggir að þessi atburður hafi kveikt elda jafnt innan sem utan stofnunarinnar sem eiga eftir að brenna lengi og brenna miklu. Málið ber raunar öll merki fáránleikans. Fyrst víkur útvarpsstjóri manni frá stjórn dagskrárdeildar og örfáum dögum síðar setur hæstv. menntmrh. hinn brottvikna sem einn nánasta samstarfsmann útvarpsstjóra í málefnum sjónvarpsins og svo lýkur farsanum með því að útvarpsstjóri lýsir því yfir að hann hlakki til samstarfsins við manninn sem hann er nýbúinn að reka. En þetta er ekki jafnhlægilegt og það kann að virðast, virðulegi forseti. Þetta kann að bera merki þess sem koma skal því að það er mála sannast að eftir aðdragandann er ljóst að hinn nýi framkvæmdastjóri sjónvarps er svo valdaður í bak og fyrir að það hlýtur að vera nánast sama hvaða ágreiningur kemur upp á milli þeirra. Útvarpsstjóri getur aldrei annað en kysst á vöndinn nema hann vilji heilagt stríð sem er hins vegar stofnuninni svo sannarlega fyrir verstu.

Í Gerska ævintýrinu eftir Halldór Laxness segir á einum stað, með leyfi forseta: „Er Stalín dauður? spurði ég. Ekki veit ég hvað var svarið en hann flytur í dag kosningaræðu fyrir kjördæmi sitt hér í borginni."

Virðulegi forseti. Þá ræðu hefur hæstv. menntmrh. fyrir sitt leyti flutt.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það að það er afar erfitt að ræða þetta mál í fjarveru hæstv. menntmrh. en ég fagna því að hæstv. forsrh. er kominn í salinn. Ef rétt var sem sagt var um árið alloft hér í þingsölum að mál væri e.t.v. löglegt en siðlaust, þá á það tvímælalaust við nú. Ég hygg að þrátt fyrir fjarveru hæstv. menntmrh. sé óhjákvæmilegt að ræða þetta mál og reyndar þarf að taka í þessu máli ákvarðanir fyrr en síðar.

Eins og hér hefur komið fram, þá er manni sagt upp störfum. Ég þekki ekki allar ástæður til þess en ég þekki þann mann sem það vann og ber mjög mikið traust til hans. Ég er sannfærður um það að útvarpsstjóri hefði ekki gripið til þess ráðs nema að mjög vel athuguðu máli. Var ekki rétt a.m.k. að fá mjög vel upplýst hver var ástæðan til þess að útvarpsstjóri taldi sér ekki fært að halda manni í störfum, Hrafni Gunnlaugssyni?

Hitt held ég að sé farsi sem á ekki nokkurn sinn líka hér á landi og vildi ég gjarnan heyra ef nokkur hefur dæmi um það. Varla líður sólarhringurinn, eða stuttur tími er það, þar til framkvæmdastjóri sjónvarpsins fær skyndilega uppfyllta þá ósk, sem vissulega hafði legið fyrir, að fara strax í leyfi og maðurinn sem ekki var talinn fær af löglegum yfirmanni til að sinna yfirmennsku dagskrárgerðarinnar er gerður að framkvæmdastjóra sjónvarps. Ég vildi gjarnan heyra hvort nokkurn tíma í sögu þessa lýðveldis, a.m.k. síðustu áratugina, hefur slíkt gerst.

Ég bað nú um orðið sérstaklega þegar ég heyrði hér frammi áðan ýmislegt fleira í þessu máli, ekki síst hluti sem komu fram t.d. í ræðu bæði málshefjanda og í ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar t.d. um þennan samning sem búið er að gera við Hrafn Gunnlaugsson. Nú vil ég taka það fram að ég ætla ekki að dæma hans myndir. Ég vona að vísu að við fáum ekki að sjá marga fleiri Hvíta víkinga en ég ætla ekki að dæma um það. En er það ekki siðlaust að maður sem nýlega er búinn að ganga frá samningi um að fá greiddar fleiri milljónir fyrir mynd sem ekki er gerð gerist nú sá maður sem líklega á að meta þá mynd og ákveða hvort hún er fær til sýningar í sjónvarpinu? Mig langar til að spyrja hæstv. menntmrh., eða sjútvrh. sem gegnir hans störfum, hefur ekki komið til athugunar að segja upp þeim samningi? Er sá samningur ekki í raun og veru sjálffallinn? Ég vil líka spyrja: Ef það er ekki gert og kannski má fleira tína til, er maðurinn í raun og veru fær um að gegna þessari stöðu? Kemur það til greina samkvæmt almennum reglum siðferðis í landinu að maðurinn gegni þessari stöðu og verði sem sagt yfirmaður Hrafns Gunnlaugssonar um leið og hann er framkvæmdastjóri ríkissjónvarpsins?

Ég held satt að segja að þetta sé svo alvarlegt mál að menntmn. þingsins hljóti að taka málið til ítarlegrar rannsóknar, bæði athuga aðdraganda þess og hvað olli uppsögninni og fá það leitt fram í dagsljósið og

kveða upp úr með það hvort slíkur gerningur getur staðist. Ég held að það verði að eyða þessum misskilningi, bæði gagnvart alþjóð og ekki síður gagnvart starfsmönnum sjónvarpsins.

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Hér hafa verið höfð uppi stór orð um þetta mál. Það hefur verið kallað valdníðsla. Það er vegið að atvinnuöryggi fólks og það er vegið að allri þjóðfélagsgerð okkar með því sem hér er til umræðu. En hvað er það í raun og veru sem við erum að tala um? Við erum að tala um það að menntmrh. hafi ákveðið að ráða Hrafn Gunnlaugsson tímabundið sem staðgengil framkvæmdastjóra sjónvarpsins. Menn verða nú að gæta sín á því í hvaða samhengi þeir setja slík mál ef þeir telja að allri þjóðfélagsgerðinni sé ógnað með því að framkvæmdastjóri sjónvarps fari í leyfi og annar verði ráðinn í hans starf. Mér finnst það mjög fráleit kenning að með slíkri skipan, sem hér er til umræðu, hafi verið vegið að allri þjóðfélagsgerðinni.

Varðandi spurninguna um Hrafn Gunnlaugsson og sjónvarpið og stöðu mannréttinda, lýðræðislegra stjórnarhátta og siðferðiskenndar, þá hefði ég nú frekar viljað staldra við aðdraganda þess að honum var sagt upp störfum sem dagskrárstjóri. Þar var hann kallaður fyrir í sjónvarpsþátt til þess að svara spurningum um málefni sjónvarpsins og síðan þegar hann hafði svarað þeim spurningum var honum tilkynnt að hann ætti að hætta störfum hjá sjónvarpinu fyrir þau svör sem hann gaf í þessum þætti. Það sá enginn hv. þm. sem talar um það að stjórnskipun landsins sé ögrað með því að setja mann tímabundið í stöðu framkvæmdastjóra sjónvarpsins ástæðu til þess að krefjast umræðu utan dagskrár um þessi mannréttindabrot þar sem vegið er að rétti manna til þess að láta í ljós skoðanir sínar í sjálfu sjónvarpi ríkisins.

Ég held að menn verði þegar þeir skoða þetta mál allt í heild að draga þær ályktanir sem máli skipta og komast að þeirri niðurstöðu að hér er menntmrh. að fara að lögum. Hann gerir það sem í hans valdi stendur. Hann ráðstafar þessu embætti samkvæmt því valdi sem hann hefur og það er alveg fráleitt að tala hér um valdníðslu. Hins vegar finnst mér að það mætti frekar nota það orð um brottrekstur Hrafns Gunnlaugssonar úr stöðu dagskrárstjóra sjónvarpsins.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Eina málsvörnin sem forustumenn Sjálfstfl. reyna að hafa uppi í þessu máli er brottrekstur Hrafns Gunnlaugssonar úr stöðu dagskrárstjóra. Við heyrðum það á málsvörn fyrir nokkrum sekúndum hér áðan. Eru þessir menn búnir að gleyma því að fyrsta verk Hrafns Gunnlaugssonar áður en hann kom til starfa á ný var að krefjast þess að fjórir starfsmenn sjónarpsins væru látnir fara, þeim yrði sagt upp? Pétur Guðfinnsson kallaði þetta fólk til sín og tilkynnti þeim að Hrafn Gunnlaugsson hefði óskað eftir því að þeim yrði sagt upp. Það voru engar ástæður gefnar. Það voru engar skýringar gefnar. En fyrsta orðsending Hrafns Gunnlaugssonar, meira að segja áður en hann kom inn aftur, var að heimta að þessir fjórir einstaklingar yrðu reknir. Hvar var þá virðing forustu Sjálfstfl. fyrir mannréttindum og skoðanafrelsi? Hún heyrðist ekki. Það var allt í lagi að Hrafn Gunnlaugsson gerði kröfu um það að fólk, sem hefði gegnt störfum sín vel og dyggilega, yrði látið fara bara af því að það var honum ekki persónulega þóknanlegt. Þess vegna eru nú þessir steinar úr ærið miklu glerhúsi, hv. þm. Björn Bjarnason.

Staðeyndin er auðvitað sú að hér hefur forustusveit Sjálfstfl. ákveðið að ráðstafa öflugasta fjölmiðli landsins og einni helstu menningarstofnun landsins í þágu flokksgæðings. Þannig er málið vaxið. Ríkissjónvarpið er öflugasti fjölmiðill Íslendinga. Það er jafnframt öflug menningarstofnun og það er nauðsynlegt að skapa þjóðarsátt um þessa stofnun. Hvers vegna taldi Markús Örn Antonsson nauðsynlegt að veita Hrafni Gunnlaugssyni formlega áminningu þegar hann var útvarpsstjóri? Hefur forustusveit Sjálfstfl. velt því fyrir sér? Hefur hún spurt Markús Örn Antonsson hvaða ástæður lágu þar að baki? Það skyldi þó ekki vera að það hafi verið réttlátur gerningur að veita honum þá formlegu áminningu og ég spyr: Eru þeir fleiri, starfsmenn sjónvarpsins, sem hann veitti formlega áminningu?

Hér hefur svo komið fram í umræðunni að mjög sérkennileg fjármál eru greinilega í gangi í samningum Péturs Guðfinnssonar við Hrafn Gunnlaugsson á undanförnum vikum og mánuðum. Það sem Friðriki Þór Friðrikssyni, einum fremsta kvikmyndagerðarmanni Íslands, var neitað um vegna Barna náttúrunnar, er gert þrátt fyrir mótmæli Sveins Einarssonar og gerður sérstakur gæðasamningur við Hrafn Gunnlaugsson þar sem í dag átti að greiða honum 2,4 millj. Ólafur G. Einarsson virðist líka hafa beitt sér fyrir því að úr sjóðum menntmrn. væri Hrafni greitt þar til viðbótar 5 millj. fyrir kvikmyndir hans í skólum. Og svo er spurt að því hér: Er það líka virkilega þannig að Pétur Guðfinnsson eigi að þiggja full laun frá menntmrn. þann tíma sem hann er í leyfi?

Það er auðvitað alveg nauðsynlegt að það verði kannað hvort það er verið að mismuna þannig kvikmyndagerðarmönnum Íslands að það sem einu fremsta þeirra er neitað um fái Hrafn Gunnlaugsson í gegnum sérstök aðstöðutengsl sín við Pétur Guðfinnsson. Þess vegna er það rétt sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði hér áðan að dómsmrh., starfandi menntmrh., verður að beita sér fyrir því að þessi mál öllsömul verði dregin fram í dagsljósið og ef það gerist ekki, þá muni Ríkisendurskoðun eða annar bær aðili taka þau til meðferðar.

Forustusveit Sjálfstfl. á auðvitað að skilja það að við erum í lýðræðislandi. Við Íslendingar viljum ákveðna sátt um vissa hluti. Við viljum sátt um lýðræðislegar leikreglur. Við viljum sátt um menningarstofnanir þjóðarinnar. Við viljum sátt um okkar öflugustu fjölmiðla og það er vont verk að ganga til atlögu gegn lýðræðinu og samstöðu þjóðarinnar með þeim

hætti sem þröng forustuklíka í Sjálfstfl. hefur gert undanfarna daga.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Sú valdníðsla sem átti sér stað þegar hæstv. menntmrh., Ólafur G. Einarsson, réði Hrafn Gunnlaugsson í stöðu yfirmanns þeirrar deildar sem honum hafði áður verið sagt upp störfum hjá er einsdæmi. Pólitískar embættisveitingar, samtryggingar og vinagreiðar eru því miður daglegt brauð á Íslandi en þessi gjörð tekur flestu ef ekki öllu fram. Því valda málavextir.

Það má segja að nú hafi hugtakið „að segja upp" fengið nýtt inntak. Að vera sagt upp merkir í þessu tilfelli að fara upp. Það sem vekur athygli í þessari gjörð Ólafs G. Einarssonar, og sem engum blandast hugur um að er runnin undan rifjum hæstv. forsrh., Davíðs Oddssonar, er ráðningarbréf það sem Ólafur G. Einarsson sendi Hrafni Gunnlaugssyni og Hrafn skilur á þann veg að hann lýsir því yfir hvar sem því verður við komið að staða framkvæmdastjóra heyri undir menntmrh. þvert ofan í útvarpslög. Síðan berast þær fréttir að Hrafn hafi misskilið bréfið. Ólafur G. Einarsson skýrir svo í fréttum í gær hvað misskilningnum hafði valdið. Það var ekki annað að heyra á þeirri setningu sem ráðherrann fór með, að vísu eftir minni, en að Hrafn hefði haft ærna ástæðu til misskilningsins. Því vil ég skora á hæstv. dómsmrh., sem nú starfar í umboði menntmrh., að beita sér fyrir því að þetta bréf verði birt opinberlega svo allir geti séð hvað fólst í þessu ráðningarbréfi.

Að lokum, virðulegi forseti. Ég dreg ekki í efa gjörð útvarpsstjóra að segja upp Hrafni Gunnlaugssyni. Ég tel að hann hafi haft til þess ærna ástæðu enda nýtur uppsögnin einróma stuðnings starfsmanna sjónvarpsins. Ég dreg heldur ekki í efa rétt hæstv. ráðherra, Ólafs G. Einarssonar, til að setja Hrafn Gunnlaugsson í starf framkvæmdastjóra. Þar hlýtur maður aftur á móti að setja spurningarmerki við siðferðilegan rétt. Dettur nokkrum manni í hug að hagur Ríkisútvarpisns sé best tryggður með því að senda aftur inn mann sem vikið var úr störfum fyrir viku síðan og það sjónarmið hafi ráðið gjörðinni? Öllu sæmilegu fólki blöskrar þessi ólýðræðislega aðferð sem virðist frekar vera gerð til þess að tryggja hag einstaklings en stofnunarinnar sjálfrar. Með þessu er hugsanlega verið að hleypa öllu í bál og brand innan Ríkissjónvarpsins. Ferskir vindar geta auðveldlega orðið að roki sem blæs öllu um koll. Þetta er beinlínis aðför að Ríkisútvarpinu og þar með lýðræðinu í landinu. E.t.v. er þetta fyrsta skrefið í þá átt að rústa þessa stofnun sem sumum skoðanabræðrum hæstv. forsrh. er svo mikið kappsmál að koma í hendur einstaklinga.

Hver sem ætlunin er með þessari gjörð eru skilaboð hæstv. forsrh. til starfsmanna Ríkisútvarpsins, og reyndar þjóðarinnar allrar, skýr. Skilaboðin eru: Minn er mátturinn og dýrðin. Vonandi verður það ekki: að eilífu, amen.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Í huga þjóðarinnar er Ríkisútvarpið stofnun sem á að vera óhlutdræg og rúma ólíkar skoðanir. Það á að vera menningarstofnun sem fólki er ekki sama um og það hefur komið berlega í ljós síðustu daga að fólki er ekki sama um þessa stofnun. Þegar vandamál koma þar upp ber menntmrh. sem æðsta yfirmanni stofnunarinnar að bera klæði á vopnin fremur en blása í glæðurnar.

Það þarf ekki að rekja hvað skeð hefur. Það hefur verið rakið hér. Deildarstjóra er vikið frá störfum vegna samstarfserfiðleika við sitt samstarfsfólk sem náði hámarki með ógætilegum yfirlýsingum um það í fjölmiðlum. Það kom engum til hugar sú atburðarás sem hefur gerst síðan og viðbrögð fólks eru fyrst undrun, síðan reiði og áhyggjur út af þessari stofnun. Ráðningin er pólitísk. Það hefur menntmrh. sagt. Með henni er kastað stríðshanska að útvarpsstjóra. Allar reglur um slíkar ráðningar og samráð við hann og útvarpsráð skv. 21. gr. laga eru þverbrotnar og þær útskýringar sem hér hafa komið frá hæstv. starfandi menntmrh. flokkast undir „hundalógikk", svo ég noti svo ljótt orð.

Það er alveg ljóst af viðbrögðum almennings í landinu að útvarpsstjóri hefur stuðning til að standa af sér þetta gerningaveður íhaldsins sem aldrei hefur getað liðið það að hafa ekki tögl og hagldir í þessari stofnun og liggur stöðugt í hælunum á því fólki sem grunur er um að sé ekki á þeirra bandi eða hefur haldið sig utan stjórnmálaafskipta. Það trúir enginn á afskiptaleysi forsrh. af þessu máli. Það er eins og hvert annað grín. Og það er aumleg frammistaða hæstv. forsrh. að taka ekki þátt í þessari umræðu og læðast hér inn þegar hún er byrjuð og steinþegja. Allir sem hafa augu og eyru vita auðvitað um þátttöku hans í þessu máli.

Það hefur áreiðanlega farið meiri tími í þetta mál hjá hæstv. ríkisstjórn síðustu vikur en að ná kjarasamningum. Það er ég alveg sannfærður um og í sannleika sagt er þetta átak að ráða Hrafn Gunnlaugsson á ný stærsta atvinnuátak ríkisstjórnarinnar sem hefur verið gert og væri óskandi að það yrðu eins snögg viðbrögð annars staðar þegar 7 þúsund manns ganga atvinnulausir í þessu þjóðfélagi a.m.k.

Þessi atburðarás er svo með eindæmum að það trúði henni enginn fyrir fram en auðvitað ber Alþfl. fulla ábyrgð á henni einnig þó að hv. formaður þingflokksins segi það réttilega hér að það hafi ekki verið haft samráð við þá. En hvað ætlar Alþfl. að gera í samstarfi við þessa menn? Ætlar hann að láta nægja þátttöku formanns þingflokksins í þessum umræðum og sitja svo þegjandi undir þessu? Spyr sá sem ekki veit.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það kemur mér satt að segja mjög mikið á óvart hversu hörð viðbrögð það hefur fengið að hæstv. menntmrh. skuli hafa skipað Hrafn Gunnlaugsson framkvæmdastjóra nú í forföllum Péturs Guðfinnssonar til eins árs. Má raunar segja að þau mótmæli sem hér hafa verið mjög uppi höfð lýsi sér hjá sumum mönnum með þeim ummælum Össurar Skarphéðinssonar, þegar hann spyr, enda kunnugur gerska

ævintýrinu, hvort Stalín sé ekki hér. Auðvitað vitum við það þegar við tölum um málefni lista og kvikmynda almennt í landinu að uppi hafa verið mjög hörð átök milli þeirra manna annars vegar sem hafa verið lýðræðislega þenkjandi og hins vegar hinna sem hafa lotið leiðsögn erfingja Kristins Andréssonar í menningarmálum. Má raunar spyrja fyrrv. fjmrh. að því þegar hann talar um óeðlilegan stuðning við list í landinu hvort ekki væri rétt að hann kæmi hingað og rifjaði upp hvaða samning hann gerði við flokksbræður sína í Svörtu á hvítu meðan hann var fjmrh. Sú tilhneiging sem hér hefur komið fram með mjög óskammfeilnum og ég vil segja undarlegum hætti, að draga listastarf hins nýja framkvæmdastjóra inn í þessar umræður eins og gert hefur verið, er auðvitað mjög ósmekkleg, óvenjuleg og á ekki heima hér í þessari stofnun.

Það má auðvitað halda því fram að í því felist viss dirfska að velja listamann til þess að vera framkvæmdastjóri sjónvarps. En ég hélt að þeir menn sem vildu kenna sig við listir í landinu yrðu allra síðastir til að finna að því og ég fullyrði það að ýmsir þeir sem hér hafa talað um samstarfserfiðleika hafa sjálfir reynt hvað það þýðir að valda slíku meðal samstarfsmanna sinna. Ég held að það sé nauðsynlegt að þetta komi fram fyrst verið er að kasta steinum í þessa átt.

Hitt liggur auðvitað alveg ljóst fyrir og er hálfbroslegt raunar að formaður þingflokks Alþfl. skuli segja það hér að það sé sérstök skylda á ráðherrum Sjálfstfl. að bera það undir Alþfl. þó þeir ráði menn um stundarsakir í þær stofnanir sem þeir bera ábyrgð á. Þetta eru auðvitað hálfgerð ómagaorð og formanni þingflokks Alþfl. síst til sóma.

Ég vil svo segja það að síðustu að allur aðdragandi þessa máls er mjög undarlegur. Það er engin ástæða til þess og ég mun ekki taka undir þær hrakspár sem sumir hafa hér haft gaman af því að hafa uppi um framtíð Ríkisútvarpsins. Ég þykist vita það að Hrafn Gunnlaugsson er þeim vanda vaxinn sem honum hefur nú verið trúað fyrir og ég óska honum heilla í því vandasama starfi sem hann tekst nú á hendur.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Sá atburður sem hér er til umræðu í dag er vægast sagt aumleg uppákoma og til mikils álitshnekkis fyrir þá sem að henni stóðu. Þar eru auðvitað fremstir í flokki hæstv. forsrh., menntmrh. og Hrafn Gunnlaugsson því þetta er líka álitshnekkir fyrir Hrafn Gunnlaugsson. Með þessari uppákomu afhjúpar Flokkurinn, með stórum staf, Stóri flokkurinn, sitt sovéska eðli. Því það sem hefur komið í ljós við þessa uppákomu hér er að það er þéttriðið öryggisnet undir flokksbroddunum og mennta- og menningarstofnanir, ekki núna í fyrsta sinn, eru notaðar eins og félagsmálastofnanir fyrir menningarfrömuði og hugmyndafræðinga flokksins. Ég sagði: Þetta er ekki í fyrsta sinn því að hvaða verðleikar báru t.d. Hannes Hólmstein upp í formennsku Þýðingarsjóðs? Voru það stjórnmálaskrif hans í anda frjálshyggju sem það gerðu? Hvaða verðleikar báru Guðmund Magnússon upp í stöðu þjóðminjavarðar? Var það starfsreynsla á skrifstofu Flokksins sem það gerði? Hvaða verðleikar báru Hrafn upp í stöðu framkvæmdastjóra sjónvarps? Voru það þeir verðleikar að vera sagt upp fyrra starfi hjá því sama sjónvarpi?

Ég dreg ekki í efa rétt útvarpsstjóra til að segja Hrafni Gunnlaugssyni upp störfum. Það vita auðvitað allir hér inni og allir úti í samfélaginu að sú uppsögn hefur ekkert með málfrelsi að gera. Hrafn Gunnlaugsson hefur haft meira athafna- og tjáningafrelsi en flesta getur nokkurn tíma dreymt um að öðlast á ævi sinni.

Útvarpsstjóri hefur látið hafa það eftir sér að þátturinn umræddi þar sem Hrafn talaði heldur frjálslega um starfsmenn sjónvarpsins hafi verið kornið sem fyllti mælinn. Það gefur auðvitað til kynna að það hafi verið mikið í mælinum fyrir. Það þarf ekki nema einn gikk í hverja veiðistöð til að setja allt í uppnám og Hrafn Gunnlaugsson er einfaldlega slíkur gikkur á sjónvarpinu. Stundum er ekki önnur lausn, því miður, en að segja slíkum upp störfum.

Ég vil segja það að auðvitað er göfugt að vera vinur vina sinna og verja málstað þeirra. En það er dómgreindarbrestur þegar valdsmenn standa ekki klárir á því hvernær vinátta þróast í spillingu eins og nú hefur gerst. Og það er vægast sagt sérkennilegt að orð Ágústs Guðmundssonar, stjórnanda hins margfræga sjónvarpsþáttar, skuli nú vera orðin að áhrínisorðum, orð hans um vináttuna. Sjálfstfl. hefur með þessari aðgerð skapað mjög sérkennilegt ástand í samfélaginu. Hann hefur skapað mikið óöryggi hjá almenningi vegna þess að hann hefur sent út þau skilaboð: Svona getum við misbeitt valdi okkar, bara ef okkur sýnist svo og þið getið ekkert gert vegna þess að við höfum lögin okkar megin. Það eru þau skilaboð sem þið eruð búin að senda út.

Ég vil segja það við sjálfstæðisráðherrana í þessari ríkisstjórn: Komið aldrei meir í þennan sal og talið um að afnema fyrirgreiðslu og hreppapólitík. Það mun enginn trúa ykkur því að þið fallið á öllum slíkum prófum.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það er sérstakt að fylgjast hér með því hvernig sumir hv. þm. leggja kapp á það að níða niður persónu eins manns þó umdeildur sé. Það er sérstakt að hlusta á slíkt hjá hv. þm. sem eru hér inni. Menntmrh. hefur að mínu mati fyrst og fremst sent út þau skilaboð að það á ekki að reka mann úr starfi fyrir skoðanir sínar. Það er grundvallaratriði þessa máls að mínu mati, burt séð frá persónunni. Og það mun vonandi ganga fram í íslensku þjóðfélagi að opinberir starfsmenn hafi heimild til þess, sem aðrir Íslendingar, að segja sína skoðun hispurslaust, markvisst og ákveðið þó það kunni að valda deilum. Það eru mistök að reka dagskrárstjóra sjónvarpsins á þeim forsendum sem gert var. Það liggja engar aðrar forsendur fyrir en þær að maðurinn hafi talað af sér í margumræddum sjónvarpsþætti. Það hefur ekkert annað komið fram og á því verður að byggja í þessari umræðu.

Það er full ástæða til þess að Ríkissjónvarpið sýni aftur umræðuþáttinn sem deilt hefur verið um. Það er full ástæða til þess og ég vil hvetja til þess. Það kom í rauninni ekkert fram í þessum þætti sem ætti að koma mönnum á óvart, ekkert sem er ekki þekkt í sögu Íslendinga, í fasi og framkomu og til að mynda hv. þm. sumra hér í salnum.

Það er sagt að það eigi að hafa aðgát í nærveru sálar og má til sanns vegar færa. En það vekur furðu þegar hv. þm. Svavar Gestsson hefur á undanförnum dögum í fjölmiðlum notað feiknastór orð í þessu máli. Hann hefur kallað Hrafn Gunnlaugsson umhverfisfirrtan (**Gripið fram í:** Veruleikafirrtan.) Veruleikafirrtan. Skiptir engu máli hvort það er umhverfisfirrtur eða veruleikafirrtur. Skiptir engu máli, engu máli. Skiptir engu máli hvort það er veruleikafirrtur eða umhverfisfirrtur. Látum það liggja á milli hluta.

Hann hefur talað um ógnarástand. Hann hefur talað um spurninguna um stöðu réttarríkisins, lýðræðisins. Hvað á að kalla þá menn — og nú spyr ég — hvað á að kalla þá menn sem um áratuga skeið hafa leynt og ljóst varið heimsfýsn kommúnismans? Hvað á að kalla þá? (**SvG:** Þeir eru umhverfisvænir, Árni.) Umhverfisfirrta eða umhverfisspillta? Menn geta leikið sér og brosað í kampinn og það er gott. Það er gott að geta gleymt. En það er gott líka að horfa til liðins tíma og fara ekki of geyst í stóru orðunum.

Það er ógnarástand sem gildir núna í Júgóslavíu. Það er ógnarástand víða í heiminum. Það eru rétt orð um ógnarástand. Það er hlægilegt þegar fréttastofa Ríkisútvarpsins gerir hv. þm. Pál Pétursson að fyrstu frétt í gærkvöldi á sama tíma, virðulegi forseti, og menn bíða frétta af mikilvægum fundi Jeltsíns og Clintons. Það er í rauninni hlægilegt og mætti margt um þetta segja. Grundvallaratriðið er það að verja skoðanafrelsið. Svo skulu menn bítast.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég held að það þurfi langt að leita og mun lengra til baka en við flest munum hér sem á Alþingi sitjum að hliðstæðum atburði þeim sem hér er til umræðu. Ég hef ekki orðið var við þvílíka undrun og ótta í rauninni hjá almenningi yfir ákvörðun eins og þeirri sem nú hefur verið tekin, hneykslun og fordæmingu sem þið eflaust hafið heyrt hvar sem þið hafið komið síðan þessi ákvörðun var tekin. Menn eru að leita aftur í tímann að hliðstæðu. Í sundlaugunum í morgun var mér bent á að það mætti kannski líkja þessu eitthvað við það sem borið var á Jónas Jónsson frá Hriflu á fjórða áratugnum þegar sjálfstæðismenn töldu hann ekki með réttu ráði og heimtu hann lokaðan inni. Það má segja að við hljótum að spyrja: Eru þeir menn með réttu ráði sem taka slíkar ákvarðanir sem þessar?

Ég lít ekki svo á að þetta mál snúist um Hrafn Gunnlaugsson. Hann er vissulega þátttakandi í þessu máli og á hlut að því en ábyrgðin er þeirra stjórnmálamanna sem taka þessa ákvörðun og gera sér ekki grein fyrir því hvað er verið að gera eða virðast ekki gera það. Taka ákvörðun sem þverbrýtur réttlætiskennd hvers einasta manns sem hefur óbrenglaða réttlætiskennd í þessu landi.

Við heyrðum það á málssvari hæstv. menntmrh. Settur menntmrh. lagði nú ekki mjög mikið á sig til að verja þennan gerning í máli sínu áðan. Það hljóta allir að hafa tekið eftir því, enda verð ég að segja það að ég held að flokkur hans væri svolítið betur settur ef ekki hefði verið skipt um höfuð þar fyrir skemmstu.

Ég tek eftir því að eini talsmaður Alþfl. í þessari umræðu talar um að hér sé um grundvallaratriði að ræða. Þetta snúist um grundvallaratriði. Ég er honum alveg sammála. En við spyrjum: Hvaða ályktun ætlar Alþfl. að draga af þessum atburði? Ætlar Alþfl. og ráðherrar hans að sitja undir þessu eins og ekkert hafi gerst?

Þetta er um leið málefni Alþingis og hæstv. dómsmrh. sagði réttilega: Menntmrh. starfar á ábyrgð Alþingis. Alþingi getur svipt hann umboði sínu og þó að okkur sé það ljóst að það hitti ekki alveg réttan fyrir, að höfuðið sem ræður þessari ákvörðun er annars staðar og limirnir hafa dansað eftir því, þá hlýtur að reyna á það í sambandi við þetta mál hvort þeir ráðherrar sem að því standa hafa trúnað Alþingis og stuðning. Ofan í þetta mál verður að sjálfsögðu farið á vettvangi Alþingis. Annað getur ekki komið til greina og það hlýtur að reyna á það hvort þátttakendur í þessum leik njóta stuðnings innan veggja þessara samkomu. Þeirra er ábyrgðin. Hrafn Gunnlaugsson hefur auðvitað sýnt dálítið inn í sína sálarkima að gerast þátttakandi í þessu máli en hans er ekki ábyrgðin. Það eru þeir menn sem hér sitja í fremstu röð og einn þó öðrum fremur sem er leikstjórinn í þessu ömurlega verki.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka þessa umræðu. Ég held að hún hafi sýnt sem betur fer að á Alþingi er ekki meirihlutafylgi fyrir þeirri ákvörðun sem hæstv. forsrh. tók og ég þakka honum fyrir að vera kominn í salinn þó seint sé.

Ég vil líka þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þann snyrtilega Pílatusarþvott sem hann viðhafði hér í ræðustólnum. Hann nefndi þrjú atriði. Valdníðsluna, jú. Skynsamir og hófsamir menn fara ekki svona með vald sitt. Hann vildi bera til baka að þetta væri pólitísk íhlutun. Ég ber fyrir mig orð hæstv. menntmrh. sjálfs sem sagði að þetta væri pólitísk ákvörðun. Hann vildi meina að ekki væri vegið að atvinnuöryggi manna og ég bara spyr: Hver verður næstur? Menntmrh. hefði verið nær að fá Hrafni Gunnlaugssyni, ef hann hafði svona mikla trú á starfskröftum hans, starf í ráðuneyti sínu og setja hann yfir einhverja menningarstofnun aðra en sjónvarpið ef hann vildi nýta starfskrafta hans.

Ég tel, hv. þm. Björn Bjarnason, að allri þjóðfélagsgerðinni sé ógnað með stjórnvaldsaðgerðum sem eru svona siðlausar.

Ég hefði gjarnan, frú forseti, viljað halda persónunni Hrafni Gunnlaugssyni, sem ég á í sjálfu sér ekkert sökótt við, utan við þessa umræðu en hann hefur nú dregist inn í hana. Ég get ekki látið hjá líða að segja að ég tel að það bæti ekki starfsandann á sjónvarpinu að

hann er settur þarna yfir til mannaforráða. Ég tel ólíklegt að það hafi góð fjármálaleg áhrif á sjónvarpinu að setja hann til starfa. Raunar verð ég að viðurkenna það að mér fannst Hrafn Gunnlaugsson dæma sig vanhæfan þegar hann heldur því fram klukkutímum saman í fjölmiðlum að hann heyri beint undir menntmrh. Þetta er maður sem á að vera kunnugur innan húss á sjónvarpinu. Hann er búinn að vinna þar í mörg ár. Og hann heldur samt að hann sé beint undir menntmrh. og ekki undir útvarpsstjóra. Mér finnst þetta dómgreindarleysi. Það virðist vera að hann þekki hvorki útvarpslögin né skipuritið.

Ég ætla ekki að fara að gera þennan sjónvarpsþátt að miklu máli. Mér finnst að þó að Hrafn Gunnlaugsson svívirði samstarfsmenn sína og undirmenn, þá sé það honum einum til skammar. Þeir standa jafnréttir eftir þó að hann haldi því fram að tökumennirnir séu óhæfir og þarna sé ómögulegt fólk. Þeir standa alveg jafnréttir fyrir því vegna þess að þjóðin veit og hefur séð verk þessara manna og veit að þeir eru starfi sínu vaxnir.

En Hrafn gerði annað í þessum sjónvarpsþætti en lasta samstarfsfólkið. Hann boðaði gerspillta stjórnarhætti á sjónvarpinu. Hann kvaðst ætla að afhenda vinum sínum verkefnin sem áður hafa verið unnin af þeim sem hann ætlaði að reka. Hann ætlaði að afhenda vinum sínum verkefnin. Hvað er þetta annað en spilling af verstu gráðu? Hann virðist leggja einhverja sérstaka nýja merkingu í útboð. Útboð Hrafns, ef ég hef skilið hann rétt í sjónvarpinu, voru í því fólgin að hann hringdi í vini sína og rabbaði við þá í símann og valdi svo einn af, minnir mig, fjórum til að vinna verkefnin.

Hann sagðist ætla að semja handritin sjálfur. Hann hefur samið handritið að Hvíta víkingnum. Og hvað er svona heimsfrægur kvikmyndasnillingur að gera í kontóristastarfi á sjónvarpinu? Af hverju er verið að sækjast eftir því? Ekki fer Ingmar Bergmann að sækjast eftir stól Péturs Guðfinnssonar til að leysa hann af í eitt ár.

Hann hótaði líka, frú forseti, pólitískri íhlutun innan sjónvarpsins. Ef breytingarnar yrðu ekki gerðar innan frá, þá kæmu þær utan frá. Sú pólitíska íhlutun lét ekki á sér standa. Hún er komin fram. Þeir eru ekki svona fljótir til þegar þeir eru að bjarga atvinnulífinu í landinu eins og þegar þeir eru að bjarga atvinnu Hrafns Gunnlaugssonar. Ríkisstjórn ráðdeildar og sparnaðar, sem situr hér á bekkjunum, ætti að hugsa um kostnaðinn af pólitískri aðgerð. Ég verð að krefjast þess, frú forseti, að forseti beiti sér fyrir því að Ríkisendurskoðun fari yfir fjármálaleg samskipti Hrafns Gunnlaugssonar við sjónvarpið á undanförnum árum og geri það hér með formlega. Og svo að lokum, frú forseti, guði sé lof fyrir það að þessir menn hafa ekki her.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hv. 9. þm. Reykv. beindi til mín spurningum varðandi samninga um sýningarrétt á kvikmyndum og hv. 7. þm. Reykn. beindi til mín þeirri spurningu hvort ekki væri eðlilegt að segja slíkum samningum upp. Ég veit að hv. þm. virða mér það til betri vegar að ég hef ekki undir höndum neinar upplýsingar um þá samninga sem hér voru nefndir og Ríkisútvarpið eða menntmrn. hefur gert við þann mann sem settur hefur verið til að gegna framkvæmdastjórastarfi sjónvarps en lít svo á að það sé eðlilegt að veita allar upplýsingar um þá samninga, svo og aðra samninga svipaðs eðlis sem gerðir hafa verið þannig að menn geti borið saman hvort einhver mismunur er þar á. Ég tel eðlilegt að slíkar upplýsingar séu veittar þó að ég hafi þær að sjálfsögðu ekki við höndina.

Þá var að því spurt hvort menntmrn. greiddi laun Péturs Guðfinnssonar meðan hann er í ársleyfi. Það kemur fram í því bréfi sem honum var ritað um ársleyfið að hann haldi sínum launum. Ég geri ráð fyrir því að Ríkisútvarpið greiði þau laun án þess að ég geti fullyrt um að svo sé. Annað verður ekki ráðið af því bréfi sem ég hef undir höndum.

Þá vék hv. 17. þm. Reykv. að því hver staða kæmi upp ef ágreiningur risi á milli framkvæmdastjóra og útvarpsstjóra. Það kemur mjög skýrt fram í lögum um Ríkisútvarpið en þar segir að útvarpsstjóri annist rekstur Ríkisútvarpsins, sjái um fjárreiður þess og semji ár hvert fjárhagsáætlun og undir yfirstjórn útvarpsstjóra starfi Ríkisútvarpið í þremur deildum: fjármáladeild, hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild. Það hefur komið fram, eins og ég hef áður nefnt, í starfslýsingu framkvæmdastjóra sem nýlega hefur verið samin að útvarpsstjóri sjálfur mun skrifa undir ráðningarsamninga og hugsanlega uppsagnarsamninga. Hér gilda því hin hefðbundnu lögmál yfirmanna og undirmanna og það er auðvitað æðsti yfirmaður stofnunarinnar sem fer með úrslitavald þegar ágreiningur kemur upp. Ég hygg að bæði reglur og venjur segi alla sögu í því efni. — [Fundarhlé.]

Tollalög, 2. umr.

Stjfrv., 26. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 27, nál. 921 og 943, brtt. 922.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. og nál. við frv. til laga um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum. Þetta er eitt af þessum EES-málum og snýst um það að fella niður tolla af ýmsum vörum en taka í stað upp vörugjald. Í heild er ekki um miklar tekjubreytingar að ræða fyrir ríkissjóð og skattheimta verður því í heildina tekið svipuð og áður hefur verið þó með veigamiklum undantekningum.

Í fyrsta lagi er tekinn upp ytri tollur upp á 7,5% þar sem vörum sem koma frá hinu Evrópska efnahagssvæði er hyglað eins og þessi 7,5% gefa tilefni til. Eins er stigið það skref að fella niður tolla á steypu, járni og gleri og ýmsum skyldum byggingarefnum.

Ég ætla að kynna brtt.:

1. Lagt er til að við 1. gr. bætist ákvæði um heimild til niðurfellingar tolla á aðföngum til skipaviðgerða.

2. Lagt er til að orðalag 5. mgr. 2. gr. verði gert skýrara og víðtækara þannig að heimild fjmrh. til að fella niður eða lækka tolla nái til allra vara sem verðjöfnunargjald er lagt á, hvort sem þær koma frá EES eða öðrum löndum.

3. Lagðar til breytingar á 4. gr. sem eru í þremur liðum: Í fyrsta lagi verði ráðherra, til að taka af öll tvímæli, veitt heimild til að lækka ytri toll á þeim vöruflokkum sem samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði tekur til. Í öðru lagi er lagt til að bætt verði við nokkrum tollskrárnúmerum í 3. tölul. sem láðst hafði að geta í frv. og loks að bætt verði 4. tölul. tollnúmerum skriðdreka og bifhjóla til að gera upptalninguna tæmandi. Má segja að þetta sé ekki mikilvægt varðandi skriðdrekana en kannski annað með bifhjólin. En rétt skal vera rétt.

4. Lagt er til að tvær nýjar greinar komi inn í frv. Annars vegar bætist við grein er veitir ráðherra heimild til að miða vörugjaldsstofn tilgreindra innfluttra vöruflokka við vörugjaldsstofn innfluttra vara skv. 6. gr. vörugjaldslaganna og hins vegar komi ákvæði sem heimili skattyfirvöldum að meta eðlilegt heildsöluverð vöru þegar framleiðandi eða heildsali vöru er jafnframt smásali hennar og ekkert opinbert heildsöluverð liggur fyrir.

5. Lögð er til sú breyting á 6. gr. að gjalddagi vörugjalds verði í þriðja mánuði frá lokum uppgjörstímabils en óheppilegt þykir að gjalddagi vörugjalds og virðisaukaskatts sé í sama mánuði. Þetta kemur sér sérstaklega vel fyrir íslenskan iðnað sem vörugjald hefur verið lagt á en það hefur verið erfitt að fjármagna útgreiðslur einmitt þegar gjalddagi vörugjalds og virðisaukaskatts hefur fallið saman.

6. Lagt er til að gildistaka breytist þannig að hún miðist við 1. júlí 1993 en þó frestist gildistakan sjálfkrafa ef EES tekur ekki gildi.

7. Lögð er til viðbót í ákvæði til bráðabirgða og felur hún í sér að vörugjald af byggingarvörum falli niður en þeir vöruflokkar sem um er að ræða eru sement, steinsteypa og skyldar vörur, svo og steypustyrktarjárn og gler. Breytingunni er ætlað að hafa áhrif til lækkunar á byggingarkostnaði og styrkja þannig aðgerðir til eflingar atvinnustarfsemi og lækka útgjöld heimila og atvinnurekstrar vegna áhrifa á lánskjaravísitölu. Það er lagt til að þessi breyting taki þegar gildi.

Um þetta mál hefur verið allmikið fjallað í nefndinni. Málið fór víða til umsagnar og mikill fundur haldinn um þetta í nefndinni með hagsmunaaðilum. Ég vil þakka samstarfsmönnum mínum í nefndinni kærlega fyrir ágætt samstarf um þetta mál.

Virðulegi forseti. Ég læt máli mínu lokið.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér er nú komið á dagskrá til 2. umr. eitt af hinum fjölmörgu EES-málum, þ.e. frv. sem felur í sér breytingar sem verða að eiga sér stað verði samningurinn um EES að veruleika. Þau lög sem hér eru til umræðu eru um breytingar á tollalögunum og ganga út á það að hér er verið að koma á vörugjöldum í stað tolla og jafnframt að teknir eru upp svokallaðir ytri tollar, þ.e. gagnvart innflutningi frá ríkjum sem eru utan hins Evrópska efnahagssvæðis.

Hv. efh.- og viðskn. stendur ekki einhuga að þessu máli heldur skilum við í stjórnarandstöðunni minnihlutaáliti sem er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um málið á fjölmörgum fundum. Mál þetta snýst um að breyta tollum í jöfnunargjöld til að fullnægja ákvæðum í viðskiptasamningum. Hvað það snertir er ekki um að ræða efnislega breytingu á gjaldtöku á innflutningi. Ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis hefur hins vegar kosið að nota þetta tækifæri til þess að koma á ytri tollum gagnvart iðnaðarframleiðslu frá öðrum löndum en þeim sem mynda hið Evrópska efnahagssvæði. Þar er um að ræða pólitíska ákvörðun sem ekki er gerð krafa um í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Afleiðing af þessu er sú að vörur frá Evrópu lækka í verði á meðan vörur annars staðar frá hækka. Benda má á að í frumvarpi til laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., þar sem lagðar eru til breytingar á tollum á bifreiðum og eldsneyti í jöfnunargjöld, er ekki lagt til að beitt sé ytri tollum sem staðfestir að engin krafa er gerð um að svo sé gert.

Í breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar er lagt til að vörugjöld á byggingarefni séu felld niður. Það verður að teljast til hagsbóta fyrir íslenskan byggingariðnað og styður minni hlutinn þá breytingartillögu. Þá er einnig í frumvarpinu nauðsynlegar heimildir til töku jöfnunargjalda í landbúnaði, en allt er óljóst um hvernig þeim verður beitt.

Minni hluta nefndarinnar þykir rétt að ríkisstjórnin beri ábyrgð á þeirri pólitísku stefnumörkun sem felst í frumvarpinu og minni hlutinn á engan þátt í og mun hann því sitja hjá við lokaafgreiðslu málsins."

Því er við þetta að bæta, virðulegur forseti, að í þessu frv. eins og ýmsum öðrum sem hér hafa verið til meðferðar vegna EES-málsins er að finna ýmislegt skringilegt sem við þurfum að taka í lög og gera ráð fyrir í okkar lagabálkum eins og það til dæmis að í tollskránni séu tollnúmer á skriðdrekum sem nú virðist vera heimilt að flytja inn og munu reyndar vera til í landinu frá fornu fari. En vonandi verður ekki um innflutning á þeim að ræða og vonandi að aldrei komi til þess að hér þurfi að nota slík tæki.

Að öðru leyti er ekki meira um þetta mál að segja. Hér eru margar eðlilegar breytingar á ferð en það er ekki síst sú pólitíska stefna sem hér er mörkuð með ytri tollum og því að greina á milli hins Evrópska efnahagssvæðis og annarra heimshluta sem veldur því að við treystum okkur ekki til að styðja þetta frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af ökutækjum, 2. umr.

Stjfrv., 27. mál. — Þskj. 28, nál. 904, brtt. 905.

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegur forseti. Ég ætla að kynna hér álit efh.- og viðskn. á frv. til laga um vörugjald á ökutækjum, eldsneyti o.fl.

Nefndin stendur öll að þessu áliti. Þó skrifa Kristín Ástgeirsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Halldór Ásgrímsson undir með fyrirvara.

Þetta frv. fór til umsagnar allmargra aðila sem komu jafnframt á fund nefndarinnar. Ég ætla að kynna þær breytingar sem nefndin leggur til á frv.

1. Lögð er til orðalagsbreyting á 1. gr. sem felur ekki í sér efnislega breytingu.

2. Lagt er til að einfalda gjaldskrána og vörugjald miðist við sprengirými bifreiða en ekki við þyngd.

3. Lagt er til að 4. gr. verði breytt. Þar er flutt á milli og lækkað vörugjald af hópferðabifreiðum þannig að bifreiðar sem taka 18 til 30 farþega falli í 15% gjaldflokk. Þá er lagt til að ökutæki, sem knúin eru rafhreyfli, beri 30% vörugjald, fjórhjól beri 70% vörugjald og að þau vélknúnu ökutæki sem ekki eru sérstaklega talin upp í II. kafla frv. verði í 70% gjaldflokki.

4. Lagt er til að við 5. gr. bætist fjórir flokkar ökutækja sem ráðherra er heimilt að lækka eða fella niður vörugjald af: Í fyrsta lagi bifreiðar sem eru sérstaklega búnar til flutnings á fötluðum, búnar eru hjólastólalyftu og samþykktar eru af Tryggingastofnun ríkisins. Rétt þykir að koma til móts við þá aðila sem þarna eiga í hlut. Í öðru lagi líkbílar. Í þriðja lagi dráttarvélar til nota við landbúnaðarstörf. Í fjórða lagi verði heimilt að lækka vörugjald af leigubifreiðum í 30%. Að baki tillögunni liggja þau sjónarmið að leigubifreiðar eru atvinnubifreiðar en þær eru yfirleitt með 30% vörugjaldi. Enn fremur er lagt til að ráðherra sé heimilt að setja skilyrði fyrir lækkun eða niðurfellingu vörugjalda af flokkum sem taldir eru upp í 2. mgr. 5. gr.

5. Lögð er til viðbót við 6. gr. Þar er spurning um forskráningu hjá Bifreiðaskoðun Íslands hf.

6. Lögð er til breyting á greinarfyrirsögn 8. gr.

7. Lagðar eru til breytingar á 8. og 9. gr. sem fela ekki í sér efnisbreytingar.

8. Lögð er til breyting á 10. gr. í samræmi við breytingartillögu við 3. gr., sbr. 2. tölul. nál.

9. Lagðar eru til tvær orðalagsbreytingar á 11. gr. sem fela ekki í sér efnisbreytingu.

10. Lagt er til að ný grein komi á eftir 12. gr. þar sem ráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða endurgreiðslu vörugjalds af ökutækjum sem eru seld eða leigð úr landi.

11. Lagt er til að 13. gr. verði breytt þannig að vörugjald af bensíni verði 90%.

12. Lagt er til að við 17. gr. bætist ákvæði um að gjaldskyldir aðilar skili vörugjaldsskýrslu til innheimtumanns ríkissjóðs.

13. Lagt er til að í 18. gr. verði notað orðið: gjöld í stað „tolla“ til þess að valda ekki misskilningi.

14. Lögð er til orðalagsbreyting á 20. gr.

15. Lagt er til að 22. gr. verði breytt þannig að öllum þeim sem flytja inn ökutæki í atvinnuskyni verði settur sami gjalddagi á vörugjaldi.

16. Lögð er til breyting á 23. gr. til að taka af öll tvímæli um að heimildin í ákvæðinu taki til vörugjalds af eldsneyti.

17. Lagt er til að 24. gr. verði breytt svo að skýrt sé hverjir annist innheimtu, álagningu og eftirlit með vörugjaldi.

18. Lagt er til að 28. gr. verði breytt þannig að gildistaka laganna verði 1. júlí 1993.

19. Loks er lagt til að við bætist ákvæði til bráðabirgða um að ákvæði laganna skuli ná til allra vara sem ekki hafa verið teknar til tollafgreiðslu við gildistöku þeirra.

Nefndin mælir með samþykkt frv. en þó ber þess að geta að Ingi Björn Albertsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins og hv. þm. sem ég gat um hér áðan skrifa undir með fyrirvara.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Aðeins nokkur orð um þetta frv. Ég tel að það hafi tekist um það ágæt sátt í efh.- og viðskn. Það hafa verið gerðar allverulegar breytingar á því sem allar eru til mikilla bóta. Það sem mikilvægast er er að það hefur átt sér stað önnur flokkun á bifreiðum en upphaflega var gert ráð fyrir. Þessi flokkun er á margan hátt eðlilegri og kemur til móts við ýmis sjónarmið sem komu fram í meðferð nefndarinnar. Ég vil jafnframt taka það fram að ég tel það eðlilega breytingu að veita fjmrh. heimild til að lækka tolla á leigubifreiðum. Er það að sjálfsögðu gert í trausti þess að sú heimild verði nýtt. Það er ekki eðlilegt að það sé hærri tollur á leigubifreiðum en hópferðabifreiðum sem taka 10–17 farþega. Slíkar leigubifreiðar, sem taka 10 farþega, færast í vöxt og er orðið algengt að sjá slíka bíla á götum borgarinnar og eðlilegt að slíkir bílar séu í svipuðum tollflokki og þeir sem færri farþega taka. Hér er um mikilvæga atvinnustarfsemi að ræða og eðlilegt að samræmi ríki í þessu sambandi ekki síst með tilliti til þess að þessi atvinnutæki eru í innbyrðis samkeppni að því er varðar ferðamenn og síðan almenna flutninga.

Ég vildi aðeins geta þess líka að með þessu frv. er opnuð heimild til að lækka tolla á beltabifhjólum. Það hafði verið gert ráð fyrir því áður að sú heimild næði aðeins til vélsleða sem eru 700 kg og stærri. En með þessari breytingu opnast heimild fyrir fjmrh. til að lækka tolla á beltabifreiðum sem eru léttari. Það hefur ekki verið gengið frá því endanlega hvernig þessi heimild verður notuð en það sem haft var í huga í nefndinni er að geta lækkað tolla til þeirra aðila sem búa við mjög mikla einangrun og eru háðir slíkum tækjum í samgöngum. Allvíða á landinu eru menn gjörsamlega háðir því að hafa snjósleða, bæði til að flytja fólk og ná í ýmis aðföng.

Það er að sjálfsögðu nokkrum erfiðleikum háð að

greina í milli þeirra sem nota þessi tæki sér til ánægju og til að þeysa um landið upp á sport og eðlilegt að það sé reynt að greina í milli annars vegar þess fólks og þeirra sem verða að nota þessi tæki vegna erfiðra aðstæðna. Þar ber fyrst að nefna björgunaraðila í landinu en það er líka nauðsynlegt að taka tilliti til þeirra sem búa við verulega einangrun. Ég vænti þess að fjmrn. sjái sér fært að ganga frá reglum um þetta mál sem allra fyrst.

Ég vildi svo aðeins að lokum fagna þeim breytingum sem hafa orðið á frv. Ég tel mig geta stutt það í öllum meginatriðum og tel að samstarf í nefndinni hafi verið mjög gott um þetta mál.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það hefur þegar flest það komið fram í þessu máli í ræðum framsögumanns og síðasta ræðumanns sem ég vildi nefna. Ég get því vísað til þess. Ég tek undir það að ég held að það hafi tekist vel til með breytingu á frv. Sömuleiðis er það jafnan gott þegar menn verða sammála um lagfæringar. Ég tel að það sé nokkur fengur að þeirri einföldun sem er framkvæmd með því að hverfa frá því að ákvarða vörugjaldið, eins og gert hefur verið, miðað við þyngd ökutækis í mörgum flokkum og nota þess í stað færri og einfaldari flokka sem miðast við sprengirými eða afl bifreiðanna. Þessi breyting mun væntanlega ekki hafa neinar umtalsverðar breytingar í för með sér á tekjum ríkissjóðs en einfaldar svolítið þessa flokkun. Ég held að hún komi líka að mörgu leyti réttlátar út. Það er þarna að vísu lítils háttar lækkun á efsta þrepinu sem ég held að hafi verið komin hærra en góðu hófi gegnir. Því verður ekki á móti mælt að við ákveðnar aðstæður varðandi tiltekin verkefni eða tiltekin svæði í landinu er tilhneigingin til þess að vera með stærri og þyngri tæki einfaldlega þess að aðstæður kalla á það og ég held að menn hafi verið komnir mjög hátt í skattlagningu á þessi þyngstu tæki, torfærubifreiðar og stórar og öflugar bifreiðar sem nauðsynlegar eru við tilteknar aðstæður.

Þá vil ég sömuleiðis fagna því að það tókst samstaða um að leggja til breytingu sem heimilar að lækka vörugjaldið af leigubifreiðum í 30%. Það er í fyrsta lagi samræmingaratriði sem á fullan rétt á sér. Það er óeðlilegt að skattleggja atvinnutækin með mismunandi hætti. Með því er gert upp á milli þeirra og þeim mismunað og það er auðvitað aldrei af hinu góða eða réttlætanlegt.

Það vantar að mínu mati fyrst og fremst eitt á til þess að gera þetta þannig að vel fari og það er að búa með einhverjum hætti út reglu sem kemur með sama hætti til móts við rekstur bílaleigubíla. Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum með að þrátt fyrir að þetta bæri á góma þá náðist sú breyting ekki fram. Ég held að það sé ekki nokkur vafi á því að eitt af því sem stendur okkur Íslendingum beinlínis fyrir þrifum, t.d. í sambandi við uppbyggingu ferðaþjónustunnar, er óheyrilegt verð á bílaleigubílum sem gerir það að verkum að við erum úr leik í þeirri grein ferðaþjónustunnar sem vaxið hefur hvað hraðast víðast hvar í kringum okkur, þ.e. flétta saman ferðalög og hagstæð kjör á bílaleigubílum til ferða um viðkomandi lönd. Það þarf ekki að kynna það fyrir Íslendingum að þetta er sú tegund ferðalaga sem vaxið hefur langhraðast í sölu íslenskra ferðaskrifstofa á ferðum héðan til útlanda og er ferðamáti sem nýtur sífellt meiri vinsælda. Enda er undir hann ýtt með ýmsum „pósitífum" aðgerðum stjórnvalda í nágrannalöndunum. Þar inn í hlýtur auðvitað að koma ekki síst innkaupsverðið á tækjunum, bílaleigubílunum. Það er með öllu óeðlilegt að ofan á mikinn rekstrarkostnað og stuttan nýtingartíma hér vegna árstíðabundinnar útgerðar í ferðaþjónustu að stærstum hluta skuli það bætast við að skattlagningin er síður en svo hliðholl þessum rekstri.

Ég sætti mig hins vegar við að þetta náði ekki fram að ganga að þessu sinni og það bíður þá betri tíma, en vonandi ekki lengi, að taka á þessu máli. Ég vildi nota tækifærið til að koma þessu hér að og verð að segja alveg eins og er að mér finnst mönnum bera nokkur skylda til þess að taka á þessu máli og áskil mér allan rétt til að hreyfa við því áfram eða halda því á lofti hvort heldur er í efh.- og viðskn. eða annars staðar á næstu vikum og mánuðum.

Það mun að vísu vera starfandi einhvers konar stjórnskipuð nefnd sem er að kanna samkeppnisskilyrði ferðaþjónustunnar og þar á meðal skattlagningu. Ef til vill er þess að vænta að eitthvað komi frá þeirri nefnd, m.a. í þessa veru. Þó verður að segja alveg eins og er að svör hæstv. samgrh. um það efni fyrir nokkrum dögum síðan voru ekki upplífgandi. En hæstv. ráðherra nánast lýsti því yfir að þess væri nú ekki að vænta eða að á því væru mjög litlar líkur að sú nefnd mundi skila nokkru sameiginlegu áliti sökum ágreinings fjmrn. og samgrn. um þetta mál. Það er auðvitað mjög bagalegt og má ekki standa okkur fyrir þrifum um ókomin ár. Ef menn ná ekki saman á þeim bæjum um svona atriði þá verður Alþingi sjálft einfaldlega að taka til sinna ráða. Ef pattstaða ríkir í þessum efnum innan hæstv. ríkisstjórnar og ekkert hefur bólað á því að hæstv. forsrh., sem þó getur stundum verið fljótur til og unnið nokkuð vasklega eins og nýframkomin dæmi sanna og rædd voru hér á fundinum fyrr í dag, aðhefst þá ekkert í krafti húsbóndavalds síns að úrskurða þegar deilur rísa milli ráðuneyta um ákveðin atriði.

Að lokum tek ég undir það sem hv. 1. þm. Austurl. nefndi varðandi heimild í 2. tölul. 2. mgr. þar sem lagt er til að heimilað sé að taka sérstaklega á þessum gjaldmálum varðandi ökutæki á beltum, léttari ökutæki sem sérstaklega eru ætluð til flutninga við erfiðar aðstæður samkvæmt reglum sem um það yrðu settar. Ég held að það sé alveg ljóst að þó svo það sé erfitt verkefni og ekki endilega auðvelt að útbúa heildarreglur sem taka á því hvenær þessi tæki eru jafnbráðnauðsynleg og raun ber vitni við vissar aðstæður og aftur hinu þegar nánast er um afþreyingar- eða leiktæki að ræða þá sé skylt að reyna það. Við verðum að treysta því að þarna verði settar reglur að bestu manna yfirsýn sem komi til móts við þann vilja sem í nefndinni

ríkti og endurspeglast í þessari breytingu.

Sömuleiðis í trausti þess að þetta verði gert og takist farsællega styð ég þetta frv. en vildi sérstaklega nota þetta tækifæri til að ítreka þann fyrirvara minn sem er stærstur og snýr að því að ekki tókst að ná fram breytingum varðandi bílaleigubifreiðarnar sem þarna hefðu þó sannarlega átt heima.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sementsverksmiðja ríkisins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 211. mál. — Þskj. 252.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 31:8 atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, JónS, JJ, KSG, LMR, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, FI, GHelg, HÁ, KÁ, PP, PBj, SJS.

24 þm. (ÁRÁ, EH, GB, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, LRM, MF, ÓE, ÓRG, RA, StG, StH, SvG, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 940).

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 504. mál (innflutningur á búvörum). — Þskj. 856.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, HÁ, HBl, JóhS, JBH, JónS, JJ, KSG, KÁ, LMR, PP, PJ, PBj, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (AÓB, ÁRÁ, EH, GB, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, LRM, MF, ÓE, ÓRG, RA, StG, StH, SvG, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, HÁ, HBl, JóhS, JBH, JónS, JJ, KSG, KÁ, LMR, PP, PJ, PBj, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (ÁRÁ, EH, GB, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, LRM, MF, ÓE, ÓRG, RA, StG, StH, SvG, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Tollalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 26. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 27, nál. 921, brtt. 922.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 922,1 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, HBl, JóhS, JBH, JónS, JJ, KSG, LMR, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (AÓB, FI, GHelg, HÁ, KÁ, MF, PP, RA, SJS) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁRÁ, EH, GuðjG, GB, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, LRM, ÓE, ÓRG, StG, StH, SvG, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, JónS, JJ, KSG, LMR, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (AÓB, FI, GHelg, HÁ, JÁ, KÁ, LRM, MF, PP, PBj, RA, SJS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁRÁ, EH, GB, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, ÓE, ÓRG, StG, StH, SvG, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 922,2 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, JónS, JJ, KSG, LMR, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (AÓB, FI, GHelg, HÁ, KÁ, LRM, MF, PP, PBj, SJS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (EH, GB, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, ÓE, ÓRG, RA, StG, StH, SvG, VS, ÞÞ) fjarstaddur.

2. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, JónS, JJ, KSG, LMR, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (AÓB, FI, GHelg, HÁ, JÁ, KÁ, LRM, MF, PP, PBj, RA, SJS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (EH, GB, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, ÓE, ÓRG, StG, StH, SvG, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, JónS, JJ, KSG, LMR, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (AÓB, FI, GHelg, HÁ, JÁ, KÁ, LRM, MF, PP, PBj, RA, SJS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (EH, GB, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, ÓE, ÓRG, StG, StH, SvG, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 922,3 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, JónS, JJ, KSG, LMR, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (AÓB, GHelg, HÁ, JÁ, KÁ, LRM, MF, PP, PBj, RA, SJS) greiddu ekki atkv.
20 þm. (EH, FI, GB, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, ÓE, ÓRG, StG, StH, SvG, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, JónS, JJ, KSG, LMR, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (AÓB, GHelg, HÁ, JÁ, KÁ, LRM, MF, PBj, RA, SJS) greiddu ekki atkv.
21 þm. (EH, FI, GB, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, ÓE, ÓRG, PP, StG, StH, SvG, VS, ÞÞ) fjarstaddur.

5. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, JónS, JJ, KSG, LMR, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (AÓB, GHelg, HÁ, JÁ, KÁ, LRM, MF, PP, PBj, RA, SJS) greiddu ekki atkv.
20 þm. (EH, FI, GB, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, ÓE, ÓRG, StG, StH, SvG, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 922,4 (tvær nýjar greinar, verða 6. og 7. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, JónS, JJ, KSG, LMR, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (AÓB, GHelg, HÁ, JÁ, KÁ, LRM, MF, PP, PBj, RA, SJS) greiddu ekki atkv.
20 þm. (EH, FI, GB, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, ÓE, ÓRG, StG, StH, SvG, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 922,5 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, JónS, JJ, KSG, LMR, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (AÓB, GHelg, HÁ, JÁ, KÁ, LRM, MF, PP, PBj, RA, SJS) greiddu ekki atkv.
20 þm. (EH, FI, GB, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, ÓE, ÓRG, StG, StH, SvG, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

6. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, JónS, JJ, KSG, LMR, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (AÓB, GHelg, HÁ, JÁ, KÁ, LRM, MF, PP, PBj, RA, SJS) greiddu ekki atkv.
20 þm. (EH, FI, GB, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, ÓE, ÓRG, StG, StH, SvG, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

7. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, JónS, JJ, KSG, LMR, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (AÓB, GHelg, HÁ, JÁ, KÁ, LRM, MF, PP, PBj, RA, SJS) greiddu ekki atkv.
20 þm. (EH, FI, GB, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, ÓE, ÓRG, StG, StH, SvG, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 922,6 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, JónS, JJ, KSG, LMR, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (AÓB, GHelg, HÁ, JÁ, KÁ, LRM, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, SJS) greiddu ekki atkv.
19 þm. (EH, FI, GB, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, ÓE, StG, StH, SvG, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

8. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, HBl, JóhS, JBH, JónS, JJ, KSG, LMR, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (AÓB, GHelg, HÁ, JÁ, KÁ, LRM, MF, ÓRG, PBj, RA, SJS) greiddu ekki atkv.
21 þm. (EH, FI, GuðjG, GB, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, ÓE, PP, StG, StH, SvG, VS, ÞÞ) fjarstaddur.

Brtt. 922,7 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, JónS, JJ, KSG, LMR, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (AÓB, GHelg, HÁ, JÁ, KÁ, LRM, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, SJS) greiddu ekki atkv.
19 þm. (EH, FI, GB, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, ÓE, StG, StH, SvG, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, JónS, JJ, KSG, LMR, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (AÓB, GHelg, HÁ, JÁ, KÁ, LRM, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, SJS) greiddu ekki atkv.
19 þm. (EH, FI, GB, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, ÓE, StG, StH, SvG, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 922,8 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, JónS, JJ, KSG, LMR, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
12 þm. (AÓB, GHelg, HÁ, JÁ, KÁ, LRM, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, SJS) greiddu ekki atkv.
20 þm. (EH, FI, GB, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, ÓE, StG, StH, SvG, VS, ÞÞ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HÁ, HBl, JÁ, JóhS, JBH, JónS, JJ, KSG, KÁ, LMR, PJ, PBj, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
7 þm. (GHelg, LRM, MF, ÓRG, PP, RA, SJS) greiddu ekki atkv.
19 þm. (EH, FI, GB, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, ÓE, StG, StH, SvG, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
(**ÖS:** Fyrirgefðu, forseti. Það er búið að sjá svo til þess með minn atkvæðagreiðslubúnað að ég geti einungis greitt atkvæði með stjórnarliðinu. Já-takkinn er fastur niðri.) Forseti má ekki tjá sig um það að henni finnist það nú skömminni skárra.

Vörugjald af ökutækjum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 27. mál. — Þskj. 28, nál. 904, brtt. 905.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 905,1 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, HÁ, HBl, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JónS, JJ, KSG, KÁ, LMR, LRM, MF, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
18 þm. (EH, FI, GB, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JVK, ÓE, StG, StH, SvG, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, HÁ, HBl, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JónS, JJ, KSG, KÁ, LMR, LRM, MF, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
18 þm. (EH, FI, GB, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JVK, ÓE, StG, StH, SvG, VS, ÞÞ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 905,2 samþ. án atkvgr.
Brtt. 905,3 (ný 3. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 905,4 (ný 4. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 905,5 samþ. án atkvgr.
5. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 905,6 samþ. án atkvgr.
6. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
7. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 905,7 samþ. án atkvgr.
Brtt. 905,8 (ný 8. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 905,9 (ný 9. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 905,10 samþ. án atkvgr.
10. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 905,11 samþ. án atkvgr.
11. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
12. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 905,12 (ný grein, verður 13. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 905,13 samþ. án atkvgr.
13. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
14.–16. gr. (verða 15.–17. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 905,14 samþ. án atkvgr.
17. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 905,15 samþ. án atkvgr.
18. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
19. gr. (verður 20. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 905,16 samþ. án atkvgr.
20. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
21. gr. (verður 22. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 905,17 (ný 22. gr., verður 23. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 905,18 samþ. án atkvgr.
23. gr. (verður 24. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 905,19 samþ. án atkvgr.
24. gr. (verður 25. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
25.–27. gr. (verða 26.–28. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 905,20 (ný 28. gr., verður 29. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 905,21 samþ. án atkvgr.
29. gr. (verður 30. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 905,22 (ný ákvæði til bráðabirgða, verða ákv. til brb. I og II) samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

[Því næst fór fram atkvæðagreiðsla um hvort vísa skyldi frv. til 3. umr.]

Jóhann Ársælsson *(um þingsköp)*:
Virðulegur forseti. Ég held að ekki sé hægt að horfa upp á að greidd séu atkvæði úr sæti sem enginn situr í, en ef við horfum á töfluna og skoðum hvar hv. 17. þm. Reykv. situr, þá hefur verið greitt atkvæði í því sæti án þess að hann sé þar. Enda þótt hann sé magnaður maður getur hann ekki fjarstýrt atkvæðagreiðslunni og enginn af þeim sem eru þar nærri hafa komið nærri þeim takka, hann er fastur niðri eins og hv. 17. þm. Reykv. tilkynnti hér áðan. Atkvæðagreiðsla sem fer þannig fram getur ekki verið gild í Alþingi.

Össur Skarphéðinsson *(um þingsköp)*:
Virðulegi forseti. Þetta er hárrétt hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni. Ég tilkynnti hæstv. forseta það hér rétt áðan, en hún kaus fremur að hafa það að sproki og flími en taka mark á því. Það verður hún auðvitað að gera upp við sjálfa sig, en ég tilkynnti þetta eigi að síður.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Forseti verður að viðurkenna að hún gerði sér ekki grein fyrir að málið væri svo alvarlegt sem raun ber vitni að hv. þm. hefði ekki getað tekið þátt í atkvæðagreiðslu.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:
Frú forseti. Ég veit ekki hvort það er út af spennu í salnum eða hvað en það er alveg greinilegt að atkvæðagreiðslukerfið virkar ekki eins og það á að virka og mig langar til að biðja hæstv. forseta að kveikja á kerfinu og þá skulum við sjá hvort það kemur ekki já frá Össuri Skarphéðinssyni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Svo mun rétt vera. Það fer ekkert á milli mála að hv. þm. hefur ekki setið í sæti sínu og hann hefur ekki gert tilraun til þess að taka þátt í atkvæðagreiðslu að þessu sinni. Það er ljóst að hv. þm. hefur ekki getað notað takka sinn eins og vera ber.

Ef það kemur fram ósk um það getur forseti endurtekið allar atkvæðagreiðslur á fundinum. Hins vegar fór atkvæðagreiðslan fram um 2. málið með yfirlýsingu og engar athugasemdir komu fram um þá yfirlýsingu og hv. þm. var í salnum. Ef athugasemdir koma ekki fram mun forseti líta svo á að ekki fari á milli mála hver vilji þingsins er í því efni. Hægt er að endurtaka síðustu atkvæðagreiðsluna sem var um að vísa frv. til 3. umr. og mun það nú verða gert og þá verður það að þessu sinni með handauppréttingu.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Þetta er sama tala og kom fram með þeirri aðferð sem áðan var notuð þar sem einn takkinn var sjálfvirkur og væntir þá forseti þess að hv. þm. séu sammála forseta um að þetta sé í lagi að þessu sinni. Forseti vill jafnframt þakka ábendinguna og biður velvirðingar á því að hafa tekið hana í léttari tón en vera bar miðað við aðstæður. Mun forseti nú gæta þess að vera alvarlegri næst þegar svona lagað gerist.

Um þingsköp.
Atkvæðagreiðsla um frv. um Sementsverksmiðjuna.

Jóhann Ársælsson:
Virðulegur forseti. Ég þarf að fara fram á það að fá upplýst hvort það hafi verið greitt atkvæði hér um 2. málið sem er á dagskránni áðan áður en ég held áfram máli mínu. (**Forseti:** Já, það voru greidd atkvæði um það.) Það mun svo hafa verið, já. Ég vil þá kvarta undan því að hafa ekki verið látinn vita af því, ég veit ósköp vel að það var hringt hér bjöllum en ég var á mælendaskrá í málinu og þóttist þess vegna vera öruggur um það að verða ekki fjarri þegar það mál yrði afgreitt. Ég var á mælendaskrá í málinu og mér er alveg nákvæmlega kunnugt um hvernig þetta stóð. Það var endað hér á stuttum andsvörum sem forseti leyfði hálfa mínútu hvert, en þá var ég á mælendaskrá í málinu. Mér þykir afskaplega leiðinlegt að hafa ekki getað verið við þá afgreiðslu og taldi mig vera öruggur um það vegna þess að ég var á mælendaskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Forseti vill upplýsa hv. þm. um að hann var ekki á mælendaskránni. Af hverju það stafar er forseta ekki kunnugt um. En hv. þm. getur kynnt sér mælendaskrá hjá forseta og samkvæmt henni er hann ekki á mælendaskránni.

Jóhann Ársælsson:
Virðulegur forseti. Ég get út af fyrir sig ekkert gert við því eða sagt, einfaldlega það að ég bað um orðið við umræðuna og bað reyndar um orðið líka við andvör síðar. Þess vegna taldi ég það alveg öruggt að ég væri á mælendaskránni og mér þykir mjög miður að það skuli hafa fallið niður að skrá mig á hana. En ég geri ekki ráð fyrir því að það sé neitt við þessu að gera, en mér þykir þetta slæmt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Forseta þykir það einnig miður ef svo er að það hefur misfarist hjá forseta að setja hv. 3. þm. Vesturl. á mælendaskrá. Hann hafði hins vegar talað í málinu fyrr sem hann kannast eflaust við en hann var ekki á mælendaskrá öðru sinni samkvæmt blöðum forseta.

Út af dagskrá voru tekin 4.–6. mál.

Fundi slitið kl. 7.01 síðdegis.

153. FUNDUR

mánudaginn 5. apríl,
að loknum 152. fundi.

Dagskrá:

1. Tollalög, stjfrv., 26. mál, þskj. 941. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 27. mál, þskj. 942. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 541. mál, þskj. 899. — 1. umr.
4. Eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, stjfrv., 542. mál, þskj. 900. — 1. umr.
5. Skipulagslög, stjfrv., 455. mál, þskj. 791. — 1. umr.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 5. apríl:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga nr. 55 1991, um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþingmaður Alþb. í Reykv., Auður Sveinsdóttir landslagsarkitekt, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv."

Auður Sveinsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Útbýting þingskjals:

Tollalög, 26. mál, brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 943.

Tollalög, 3. umr.

Stjfrv., 26. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 941, brtt. 943.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 943. — Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég kynni brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. við 2. gr. frv. Þetta er tæknileg brtt. Í seinni málsl. 1. mgr. 2. gr. er fjallað um vörur sem eigi heyra undir EES-samninginn eða aðra fríverslunar- og milliríkjasamninga og í þeim málslið er fjallað um hvers konar viðmiðunarkerfi eigi að ríkja vegna verðjöfnunar á þessum vörum.

Í frumvarpstextanum er rætt um að vísa þar í viðmiðunarkerfið sem skilgreint er í EES-samningnum en það er óþarfi vegna þess að þarna er um vörur að ræða sem heyra alls ekki undir EES-samninginn eða aðra fríverslunar- og milliríkjasamninga sem við erum aðilar að. Því er lagt til að í stað þess að miða við slík viðmiðunarkerfi, sem skilgreind eru í samningnum sé einfaldlega miðað við mismun á verði hliðstæðrar vöru á heimsmarkaði og verði hinnar innlendu vöru eftir því sem við á hverju sinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af ökutækjum, 3. umr.

Stjfrv., 27. mál. — Þskj. 942.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 944).

Tollalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 26. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 941, brtt. 943.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 943 samþ. með 35 shlj. atkv.

Jóhann Ársælsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Þarna er á ferðinni tollafrv. þar sem raunverulega er verið að taka upp þann sið að vera innan við tollmúra EB. Þetta er hluti af EES-málunum og með þessu er verið að staðfesta þann vilja ríkisstjórnarinnar að innheimtir verði hærri tollar af vörum, þ.e. vörugjöld og tollar verði hærri af vörum sem fluttar eru inn frá öðrum svæðum en EES-svæðunum. Þarna munar 7,5% og það mun hafa gífurleg áhrif í framtíðinni í þá átt að beina viðskiptum inn á Evrópumarkað en frá öðrum svæðum. Við samþykktum áðan frv. um innflutning á ökutækjum þar sem innflutningnum var gert jafnhátt undir höfði en hér erum við raunverulega að stíga fyrsta skrefið inn fyrir tollmúra EB. Ég tel að full ástæða sé til þess að vekja athygli á því og ég mun greiða atkvæði gegn þessu frv.

Frv. samþ. með 32:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 945).

Skipulagslög, 1. umr.

Stjfrv., 455. mál (skipulag miðhálendisins). — Þskj. 791.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 19/1964, ásamt síðari breytingum.

Þetta frv. er flutt til að flýta því að gerð verði heildstæð skipulagsáætlun fyrir miðhálendi landsins en mjög brýnt er orðið að afmarka hálendið og setja reglur um skipulags- og byggingarmál þar. Frv. til laga um stjórn skipulags- og byggingarmála á miðhálendinu var lagt fram á Alþingi á 115. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Miklar athugasemdir komu þá fram við það frv. frá fulltrúum þeirra sveitarfélaga sem telja sig hafa lögsögu á miðhálendinu en þeir töldu að verið væri að skerða rétt sveitarfélaganna. Einkum var andstaða við það ákvæði frv. að setja á fót sérstaka stjórnarnefnd skipulags- og byggingarmála fyrir svæðið.

Ágreiningur virðist ekki ríkja um að hefja beri gerð heildstæðra skipulagsáætlana fyrir miðhálendi landsins og að virkt eftirlit þurfi með byggingarframkvæmdum þar og mannvirkjagerð hvers konar. Af þessum ástæðum boðaði ég til fundar 19. nóv. 1992 með fulltrúum þeirra sveitarfélaga, sem lögsögu eiga að miðhálendi landsins, til að ræða hvernig koma megi á samræmdri stjórn skipulags- og byggingarmála á svæðinu. Á fundinum voru kynntar hugmyndir um breytingar á fyrra frumvarpi í ljósi þeirrar óánægju sem fram var komin. Þá var einnig kynnt sú hugmynd að leggja frumvarpið ekki fram að nýju en leita í þess stað lausna innan ramma gildandi laga. Fram kom á fundinum að sveitarstjórnirnar töldu sig færar um að annast skipulags- og byggingarmál á hálendinu á sama hátt og þær önnuðust þennan málaflokk í byggð. Lögðu sveitarstjórnarmenn á það ríka áherslu að frumvarpið yrði ekki lagt fram að nýju á Alþingi, en í þess stað yrði skoðaður sá möguleiki að gera heildstæða skipulagsáætlun fyrir miðhálendið á grundvelli gildandi skipulagslaga.

Það virðist eðlilegt að slíkt sé gert á grunni lagagreina um samvinnunefndir um skipulagsmál nærliggjandi sveitarfélaga, en slíkar skipulagsáætlanir hafa hlotið nafnið svæðisskipulag og er unnt með vísan til 16., 17., og 18. gr. gildandi skipulagslaga að leita staðfestingar ráðherra á slíkum áætlunum. Til þess að taka af allan vafa um slíka málsmeðferð, m.a. í ljósi þess að skipulag miðhálendis mun aðeins taka til hluta þeirra sveitarfélaga sem land eiga að hálendinu, er nauðsynlegt að gera þá breytingu á gildandi lögum sem lögð er til í því frv. sem ég mæli hér fyrir.

Í 3. gr. skipulagslaga er svohljóðandi ákvæði um skipan samvinnunefnda um gerð svæðisskipulags, með leyfi forseta:

„Nú hagar svo til, að skipulag í einu sveitarfélagi er, að dómi skipulagsstjórnar, svo háð skipulagi í nærliggjandi sveitarfélagi, eða í fleiri nærliggjandi sveitarfélögum, að nauðsyn beri til þess að gera að einhverju leyti sameiginlegt skipulag fyrir þessi sveitarfélög, og getur ráðherra þá ákveðið, að samvinnunefnd verði skipuð til þess að gera tillögur um skipulag, sem að þessu leyti er sameiginlegt fyrir sveitarfélögin. Sveitarstjórnir þær, er hlut eiga að máli, skipa hvor eða hver um sig tvo menn í samvinnunefnd, en skipulagsstjórn skipar einn mann í nefndina, og skal hann vera formaður hennar.

Skipulagsstjórn skal aðstoða nefndina við störf sín eftir þörfum.

Samvinnunefnd getur með samþykki skipulagsstjórnar leitað þeirrar sérfræðiaðstoðar, sem þörf krefur.

Ráðherra setur nefndinni starfsreglur og ákveður kjörtíma hennar, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar."

Þar sem 40 sveitarfélög liggja að miðhálendinu mundi þetta þýða að samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags á miðhálendinu yrði skipuð 81 fulltrúa. Það segir sig sjálft að svo stór nefnd mundi eiga í erfiðleikum með að koma málum í framkvæmd. Væri hins vegar unnt að skipa slíka samvinnunefnd með einum fulltrúa frá hverri héraðsnefnd sem hlut á að máli yrði öll framkvæmd viðráðanlegri en ella. Héraðsnefndir þær sem hlut eiga að máli eru tólf talsins: Héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu, Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Mýrasýslu, Skagfjarðasýslu, Eyjafjarðarsýslu, Suður-Þingeyjarsýslu, Múlasýslum, Austur-Skaftafellssýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu og Árnessýslu.

Til þess að gera þessa leið mögulega þarf að breyta 3. gr. núgildandi skipulagslaga þannig að heimilt sé að í samvinnunefnd um svæðisskipulag sitji fulltrúar héraðsnefnda í stað sveitarstjórna og er það lagt til í frumvarpi þessu.

Verði þetta frv. að lögum mun það verða eitt af fyrstu verkum samvinnunefndar að skilgreina mörk miðhálendisins á þeim forsendum að þau miðist í aðalatriðum við línu sem dregin verður milli heimalanda og afrétta. Þá þarf nefndin einnig að skýra að hvaða leyti svæðisskipulag miðhálendisins sé frábrugðið hefðbundnu svæðisskipulagi sem nær til alls lands þeirra sveitarfélaga sem að því standa. Svæðisskipulag miðhálendisins mundi aðeins ná til þess svæðis sem er ofar byggð, þ.e. ofan heimalanda. Enn fremur kæmi vel til greina að nefndin gerði tillögur um mörk sveitarfélaga á miðhálendinu í þeim tilvikum þar sem mörk eru á einhvern hátt óljós.

Eins og fram kemur í athugasemdum voru í febrúar 1990 prentuð sem handrit drög Landmælinga Íslands og embættis skipulagsstjóra að skiptingu landsins alls í sveitarfélög. Áður hafði ekki verið gerð tilraun til að skipta öllu miðhálendinu milli sveitarfélaga. Verkefni samvinnunefndarinnar er m.a. að yfirfara þessi drög með tilliti til miðhálendisins með það að markmiði að fá niðurstöður sem hægt væri að staðfesta á tilskilinn hátt að fenginni umsögn þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli.

Í svæðisskipulagi fyrir miðhálendið þarf að kveða á um þá þætti sem snerta svæðið í heild og tengsl við

aðra landshluta. Þar þarf að taka afstöðu til skipulags á friðlýstum svæðum og öðrum svæðum og stöðum þar sem slíkt er talið nauðsynlegt vegna náttúrfars, sögu-helgi og áningar ferðamanna. Þetta á bæði við um staði sem nú eru mikið sóttir og hugsanlega aðra staði. Sérstaklega þarf að afmarka þau svæði þar sem gera verður deiliskipulag áður en til framkvæmda kemur. Þar verður nánar kveðið á um fyrirkomulag byggðar, fjallaskála, virkjanamannvirki o.fl.

Farið yrði með tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins samkvæmt gildandi skipulagslögum og reglugerð. Þegar samvinnunefnd hefur lokið gerð tillögu að svæðisskipulagi ásamt rökstuddri greinargerð mun tillagan verða send hlutaðeigandi sveitarstjórnum til umfjöllunar. Ef sveitarstjórnir vilja gera athugasemd við tillöguna senda þær hana samvinnunefnd sem vinnur úr þeim athugasemdum sem berast. Samvinnunefnd óskar að því loknu eftir heimild skipulagsstjórnar til að auglýsa tillöguna skv. 17. og 18. gr. skipulagslaga. Hafi einhver sveitarstjórn gert breytingartillögu sem samvinnunefnd getur ekki fallist á boðar skipulagsstjórn til fundar með samvinnunefnd og fulltrúum þeirrar sveitarstjórnar sem í hlut á. Náist ekki samkomulag ákveður skipulagsstjórn hvort tillaga verður lögð fram. Áætlað er að kostnaður við gerð hálendisskipulags verði u.þ.b. 15 millj. kr. og skiptist á þrjú ár. Þar að auki er reiknað með að kostnaður vegna einstakra sérverkefna (kortagerð, gróðurrannsóknir o.fl.) sem vinna þyrfti í tengslum við skipulagsgerðina gæti numið 5 millj. kr.

Heildarkostnaður yrði samkvæmt því 20 millj. kr. eða 6,7 millj. kr. á ári í þrjú ár. Ef reiknað er með að ríkið greiði helming kostnaðar á móti héraðsnefndunum yrði kostnaður á hverja héraðsnefnd 833 þús. kr. eða 277 þús. kr. á ári í þrjú ár.

Í þessu frv. er einungis fengist við skipulagsþátt vandans en eftir er að leita leiða til að styrkja byggingareftirlit á hálendinu. Í gildandi byggingarlögum er heimildarákvæði um svæðisbyggingarnefndir sem einungis er nýtt mjög afmarkað.

Þá kemur auðvitað til greina til að styrkja þetta eftirlit að sveitarfélög myndi svæðisbyggingarnefndir á þessu landsvæði. En fyrsta skrefið til að koma þessum málum í gott horf er að hefja vinnu að skipulagsgerðinni og til þess er þetta frv. flutt.

Eins og ég sagði áðan virðist ekki vera ágreiningur um að flýta beri eins og unnt er skipulagsgerð fyrir miðhálendið og finna þeirri vinnu lögformlegan farveg.

Í frv. er lagt til samkvæmt óskum þeirra sveitarstjórna sem í hlut eiga að gera sérstaka breytingu á gildandi skipulagslögum. Ætla má að þessi breyting geti tekið gildi talsvert áður en ný skipulags- og byggingarlög geta orðið að veruleika. Frv. til nýrra skipulags- og byggingarlaga er nú til meðferðar í umhverfisnefnd en það er svo viðamikið mál að ég tel ekki horfur á að nefndinni gefist tími til að ljúka afgreiðslu þess fyrir þinglok á hinu háa Alþingi því það mál þarf auðvitað ítarlega umfjöllun og þess vegna er þetta frv. nú flutt um breytingu á gildandi lögum þannig að hrinda megi þessu máli af stað.

Frumvarpið, eins og það birtist hér, var sent skipulagsstjórn ríkisins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og þeim 40 sveitarstjórnum sem lögsögu eiga á miðhálendinu til umsagnar. Athugasemdir við þá lagabreytingu sem lögð er til bárust aðeins frá þremur sveitarstjórnum, aðrir samþykktu breytingartillöguna eða sáu ekki ástæðu til að gera athugasemdir við hana.

Ég hef ástæðu til að ætla, virðulegur forseti, að um þetta mál, sem olli nokkrum deilum í fyrra, geti náðst bærilegur friður með því að fara þessa leið. Þess vegna m.a. hefur verið haft þetta ítarlega samráð við sveitarfélögin á þeim fundi sem ég vitnaði til og með annar kynningu málsins.

Virðulegur forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þessu máli vísað til hv. umhvn.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3. og 4. mál.

Fundi slitið kl. 7.22 síðdegis.

---

154. FUNDUR

þriðjudaginn 6. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning 8 manna í landsdóm og jafnmargra varamanna til sex ára, frá 18. mars 1993 til jafnlengdar 1999, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 2. gr. laga nr. 3 19. febrúar 1963, um landsdóm.
2. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 515. mál, þskj. 872. — 1. umr.
3. Reynslusveitarfélög, stjtill., 516. mál, þskj. 873. — Fyrri umr.
4. Aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu, stjtill., 437. mál, þskj. 737. — Fyrri umr.
5. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 480. mál, þskj. 828. — 1. umr.
6. Almannatryggingar, stjfrv., 489. mál, þskj. 838. — 1. umr.
7. Félagsleg aðstoð, stjfrv., 488. mál, þskj. 837. — 1. umr.
8. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 546. mál, þskj. 906. — 1. umr.
9. Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 540. mál, þskj. 898. — 1. umr.
10. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 541. mál, þskj. 899. — 1. umr.
11. Eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, stjfrv., 542. mál, þskj. 900. — 1. umr.

12. Skipulagslög, stjfrv., 455. mál, þskj. 791. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Um þingsköp.

Atkvæðagreiðsla um frv. um Sementsverksmiðjuna.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég neyðist til að gera athugasemd við stjórn þingsins í gær. Þannig var að í lok umræðu um Sementsverksmiðju ríkisins bað ég um orðið en hæstv. forseti tjáði mér þá að ég væri of sein og ég sætti mig við það þar sem hér var að hefjast utandagskrárumræða og gerði ekki neina athugasemd við það. En að lokinni utandagskrárumræðu spurði ég hæstv. forseta að því hvort fram færi atkvæðagreiðsla um málið því ég hugðist gera grein fyrir atkvæði mínu og að sjálfsögðu að greiða atkvæði. Þá skildist mér á forseta að hér færu ekki fram atkvæðagreiðslur þannig að ég var úti á minni skrifstofu og uggði ekki að mér meðan atkvæðagreiðslan fór fram. Þetta finnst mér ekki gott mál og vil gera athugasemd við það.

Ég býst alls ekki við því að hæstv. forseti hafi vísvitandi ætlað að villa um fyrir þingmönnum en samt sem áður gerir þetta það að verkum að ég verð að gera athugasemd við þetta. Ég sé líka að fleiri hafa misskilið þetta því hér kvaddi sér hljóðs eftir atkvæðagreiðslu í gær hv. 3. þm. Vesturl. og hann taldi sig vera á mælendaskrá og uggði ekki að sér frekar en ég þannig að það er augljóst að hér er maðkur í mysunni.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs í gær vegna þessara mála. Það er þinginu og okkur öllum til algjörrar skammar hvernig þessi atkvæðagreiðsla fór fram hér í gær. Fjöldi þingmanna var í þingflokksherbergjum og mætti ekki hér í salinn. Ég geri mér vel grein fyrir því að það var hringt hér til atkvæðagreiðslu og ætla ekki að halda því fram að það hafi ekki verið gert. Hins vegar uggðu menn ekki að sér og í þessu tilfelli var það þannig að ég taldi að ég væri á mælendaskrá og hafði reyndar látið þess getið hér í umræðum sem fóru fram um þingsköp að ég hefði hugsað mér að taka til máls og taldi að ég hefði verið settur á mælendaskrá enda sagði starfandi forseti úr ræðustóli áður en hann frestaði atkvæðagreiðslunni að enn væru nokkrir á mælendaskránni. Þannig var ég í þeirri stöðu að ég taldi mig eiga að fá orðið næst þegar málið yrði tekið til umræðu og mér yrði þess vegna gert viðvart vegna þess að ég var í húsinu af því að sú venja hefur verið, a.m.k. það ég veit hér í Alþingi, að þeir sem eru á mælendaskrá fá aðvörun ef þeir eru í húsinu og mál er á dagskrá sem þeir ætla sér að taka til máls í.

Mér þykir þetta mjög miður. En það sést best á því hvernig þessi afgreiðsla fór fram að það hafa margir verið í þeirri stöðu að átta sig ekki á því hvað hér var um að vera því að í þessu máli tók þátt í atkvæðagreiðslu 31 þingmaður frá stjórnarflokkunum en átta þingmenn frá stjórnarandstöðunni og flestir af þeim sátu hér í þingflokksherbergjum þegar atkvæðagreiðslan fór fram. Auðvitað er þetta eitthvað sem við verðum að læra af hér í þinginu að svona má ekki standa að málum. Atkvæðagreiðslan um Sementsverksmiðju ríkisins hér í gær gefur engan veginn þá mynd sem hún ætti að gefa af afstöðu þingmanna.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að taka undir það sem hér hefur komið fram hjá þingmönnum. Þegar þingflokksformenn hittust í gær var gengið þannig frá málum að það yrði haldinn fundur á milli kl. sex og sjö og þá fyrst og fremst til að afgreiða tvö frv. um tolla og vörugjöld. Ég stóð í þeirri meiningu að það ætti ekki að afgreiða önnur mál en þessi tvö. Þess vegna lét ég þingkonur Kvennalistans ekki vita af öðru en þeirri atkvæðagreiðslu. Við vorum aðeins tvær hér í salnum. Ég gerði reyndar ekki athugasemd í gær, sem ég hefði kannski átt að gera því það var reyndar orðið um seinan að kalla aðra til. Þannig hafa hér átt sér stað leiðinleg mistök og kannski misskilningur sem við getum auðvitað ekki annað gert en reynt að koma í veg fyrir að endurtaki sig.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það má vel vera að hér hafi orðið einhver mistök í gær eða misskilningur. En það er auðvitað allt of djúpt í árinni tekið að halda því fram að hér sé einhver maðkur í mysunni. Ég var í salnum í gærdag þegar umræðu lauk um þetta mál. Henni lauk þannig að hæstv. iðnrh. sagði nokkur orð og síðan urðu andsvör eftir ræðu hans. Ég man ekki betur en hv. 3. þm. Vesturl. hafi tekið þátt í þeim andsvörum. Síðan tilkynnti forseti og það var ekki starfandi forseti, það var sá forseti sem hér situr núna, forseti Alþingis, sem lýsti því þá yfir að andsvörum væri lokið, fleiri hefðu ekki kvatt sér hljóðs en atkvæðagreiðslu yrði frestað þar til síðar á fundinum. Þannig var nú þetta. Síðan hófst fundur eins og búið var að ákveða kl. sex. Hér voru umræður í um það bil hálftíma eða svo áður en hringt var til atkvæðagreiðslu og tekin fyrir þau mál sem þá höfðu verið rædd og sú atkvæðagreiðsla sem beðið hafði frá því fyrr um daginn. Þannig átti mönnum auðvitað að vera ljóst að hér var fundur í gangi og atkvæðagreiðslur fram undan um þessi tvö mál sem þá var orðið samkomulag um að ljúka og sömuleiðis það mál sem hafði beðið frá því fyrr um daginn og var til 3. umr. Hér glumdu atkvæðagreiðslubjöllurnar, eins og allir vita sem voru í húsinu, langa lengi áður en atkvæðagreiðslan hófst. Hér hafa því orðið mistök en ég held að þau séu aðallega hjá þeim sem ekki sinntu kalli þegar hringt var til atkvæðagreiðslu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur engu við það að bæta sem hér hefur komið fram annað en að forseta þykir það miður ef þingmenn hafa ekki gert sér grein fyrir því að hér fóru fram atkvæðagreiðslur á fundinum sem fram fór á milli kl. sex og sjö eftir að umræðum var lokið um þau tvö mál sem samkomulag var um að ljúka á tveimur fundum á því tímabili og gera að lögum.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Það var þannig í gær að það var ýmist verið að taka þetta mál af dagskrá og setja það á dagskrá þannig að þetta var fremur ruglingslegt. En það er kannski ekki aðalatriðið. Ég kom hér vegna þess að formaður þingflokks Sjálfstfl. kvaddi sér hljóðs og talaði um það að þingmenn hafi farið hér í andsvör við hæstv. iðnrh. í lokin á umræðunni og það er alveg hárrétt. Og það var vegna þess að ég bað um orðið og mér var sagt að það væri búið að loka mælendaskránni og ég leit ekki í þingsköpin og þáði þess vegna að fara í andsvör við ráðherrann. Það er þess vegna sem ég er að gera athugasemd við þetta. En það eru auðvitað mistök sem hér hafa átt sér stað í sambandi við atkvæðagreiðsluna. Þetta eru auðvitað mistök, bæði okkar, ég tek það skýrt fram, að vera ekki hér stanslaust inni í salnum sem við eigum að sjálfsögðu að vera, en við erum að sinna ýmsum öðrum störfum. En það er erfitt að sætta sig við þessi mistök og það er erfitt að sætta sig við þessa stjórn þegar ýmist er verið að setja mál á dagskrá eða taka það af dagskrá. Það er erfitt að fylgjast með því.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 2. þm. Vesturl. kom á skrifstofu forseta og þar ræddum við um þetta mál og nú hefur það verið rætt hér í þingsalnum og vonandi er þá málinu lokið.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla nú ekki að blanda mér í þessa umræðu að öðru leyti en því að ég varð vör við það þegar hv. 3. þm. Vesturl. bað um orðið og hélt að hann væri á mælendaskrá. En mig langar til að vita: Er það rétt skilið — það er þá bara eitthvað sem ég hef ekki vitað hingað til — að hægt sé að loka mælendaskrá fyrir einhvern ákveðinn tíma? Sá þm. hv. sem talaði hér á undan mér sagði að mælendaskrá hefði verið lokað í þessu máli. Það er þá eitthvað sem ég hef ekki heyrt áður. Er það hægt?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nei, það er ekki hægt enda var mælendaskrá ekki lokað. Hins vegar er forseti búin að skýra hv. 2. þm. Vesturl. frá því að forseti hefði svarað henni hér — þegar þingmenn koma til forseta þá er nú hvíslast á — og upplýst hana um að við yrðum að hætta umræðunni þar sem utandagskrárumræða ætti að hefjast á þeirri stundu. Í því felst kannski misskilningur hennar á orðum mínum. En það er ekki hægt að loka mælendaskrá og það hefur forseti aldrei gert. Það var enginn á mælendaskrá þegar þessari umræðu lauk.

Hins vegar gerði hv. 3. þm. Vesturl. athugasemdir í þingskapaumræðu í gær um það að hann taldi sig vera á mælendaskrá er umræðunni var lokið. Hann var ekki á mælendaskrá samkvæmt þeim blöðum sem forseti hafði á borði sínu og forseti gat þar af leiðandi ekki gert annað en það sem ber að gera, að ljúka umræðu og boða til atkvæðagreiðslu. Þannig stendur á þessum málum. Þarna hefur eitthvað farið á milli mála sem forseti veit ekki af hverju stafar.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það hefur vakið nokkra athygli hér í vetur að forsetar hafa hagað störfum þingsins þannig að atkvæðagreiðslur hafa ekki verið teknar í lok umræðna heldur hefur iðulega verið beðið með þær þar til á nýjum fundi á öðrum degi. Við höfum auðvitað tekið eftir því að stjórnarliðið hefur kappkostað að vera hér mætt við atkvæðagreiðslurnar og síðan hefur þorri þess farið þannig að þessi háttur á atkvæðagreiðslum hefur greinilega verið skipulagður með þeim hætti að stjórnarþingmenn þyrftu sem minnst að vera hér í þinginu þó að það eigi engan veginn við um þá alla.

Í þessu máli virðist hins vegar hafa komið fram að mikið hafi legið á að láta þessa atkvæðagreiðslu fara fram og forseti, sem sér á skermi sínum hverjir eru í húsinu, hlýtur að hafa tekið eftir því að mikill fjöldi stjórnarandstöðuþingmanna var ekki í salnum þó að þeir væru í húsinu. Og miðað við almenna skynsemi, þá hefði nú verið sjálfsagt fyrir forseta að huga betur að því hvaða skýringar kynnu að vera á því að svo mikill fjöldi þingmanna stjórnarandstöðuflokkanna var ekki í salnum þó að þeir væru skráðir í húsið beint fyrir framan forsetann. Þess vegna held ég að það sé nauðsynlegt, virðulegi forseti, í framhaldinu að einhverjar ákveðnar reglur gildi hér í þinginu. Ef það á að vera sú siðvenja að atkvæðagreiðsla fari yfirleitt fram á nýjum fundi á nýjum degi og yfirleitt á tilteknum tíma eins og gert hefur verið að mestum hluta í vetur, þá er það venja sem þingmenn taka mið af. En ef allt í einu er brugðið út af henni og rokið til atkvæðagreiðslu, meira að segja við þær kringumstæður að stór hluti þingmanna er ekki í salnum þó þeir séu í húsinu, þá býður það auðvitað heim misskilningi af þessu tagi. Ég vil þess vegna mælast til þess við forseta að það verði reynt að koma einhverri reglu á þetta. Ef atkvæðagreiðslurnar eiga að vera í lok umræðunnar, þá gott og vel. Mér finnst það ágætur siður, en þá gildi það líka almennt og um allar atkvæðagreiðslur. Ef það á hins vegar að reyna að tengja þær saman í upphafi fundar næsta dags, þá vita menn það og í ljósi þessarar reynslu sem hér hefur orðið í máli sem ég hefði t.d. gjarnan viljað greiða atkvæði í, en gerði mér ekki grein fyrir því að sú atkvæðagreiðsla væri að fara fram og gat þess vegna ekki greitt atkvæði, þá hugi forseti að því í samkomulagi við formenn þingflokka að koma einhverri reglu á þessa hluti.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það er ómaklegt að halda því fram að hér hafi ekki verið bærileg regla á þessum hlutum

í vetur. Forseti hefur beitt sér fyrir því og það hefur bara gengið ágætlega. Það var þannig hér í gær að búið var að ganga frá því á fundi þingflokksformanna að hér yrðu atkvæðagreiðslur milli kl. 6 og 7, hér yrðu veitt afbrigði. Um það náðist samkomulag og það lá fyrir að þetta mál sem var til 3. umr. hlyti að koma til atkvæða. Hins vegar er það auðvitað leitt, og ég tek alveg undir það og ég harma það eins og aðrir hér að ekki skyldu allir hafa áttað sig á því að hér var verið að greiða atkvæði um þetta mál. Ég geri mér það ljóst að þingmenn úr Vesturlandskjördæmi sérstaklega hafa viljað láta afstöðu sína koma fram í þessu máli, það er skiljanlegt. En hér hafa sem sagt orðið ákveðin mistök og misskilningur og þetta líka sem hv. þm. benti á að hann taldi sig vera á mælendaskrá en var hins vegar ekki, þetta er allt leitt og ber að harma það. En varðandi sjálfa atkvæðagreiðsluna, þá er ekkert óeðlilegt við það að hún skyldi hafa farið fram á þeim tíma sem hún fór fram á og ég treysti því að forseti beiti sér hér eftir sem hingað til fyrir góðu samstarfi við þingflokksformenn um þessa hluti. Það hefur ekki verið undan því að kvarta hér í vetur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mun beita sér fyrir því hér eftir sem hingað til að eiga gott samstarf við formenn þingflokkanna bæði um atkvæðagreiðslur og annað.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það hefur óneitanlega vakið athygli að nokkrir hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa haft þann háttinn á öðru hverju í vetur að ýja svona að því með ýmsum hætti eins og hv. 8. þm. Reykn. að þingmenn stjórnarliðsins sinni ekki þeirri skyldu sinni að fygljast með þingfundum eins og eðlilegt sé og undir þessu er auðvitað ekki hægt að sitja endalaust. Ég kýs þetta tilefni núna sérstaklega til þess að mótmæla þessu vegna þess að það er afar ómaklegt hvernig hv. þm. talaði hér og lét í veðri vaka að stjórn þingsins væri þannig háttað til þess einfaldlega að tryggja það að þingmenn stjórnarliðsins þurfi ekki að sinna þinglegum skyldum sínum. Þetta er auðvitað alrangt. Hins vegar veit hv. þm. það eins og aðrir hv. þm. hér að það er þannig oft og tíðum að hluti af störfum þingsins fer fram utan þingsalarins og það þarf auðvitað ekkert að ræða svo sjálfsagða hluti. Og þess vegna er það oft þannig að þingmenn bæði stjórnarliðsins og stjórnarandstöðunnar, eins og fram hefur komið í þessum þingskapaumræðum í dag, þurfa stundum vegna skyldustarfa sinna að vera staddir utan þingsalarins en gegna engu að síður sínum þinglegu skyldum. Þess vegna er að ekki líðandi að hv. 8. þm. Reykn. skuli kjósa þetta tilefni hér, sem eru umræður um atkvæðagreiðsluna í gær, til þess að vega að stjórnarliðum með þeim hætti sem hann gerði.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það hefur ekki þurft mikla athyglisgáfu hér í vetur til þess að átta sig á því að þó nokkur fjöldi þingmanna stjórnarliðsins mætir hér við atkvæðagreiðslur og er svo yfirleitt horfinn af vettvangi eftir það. Og það er heldur ekkert leyndarmál að þau rök, sem færð hafa verið fyrir því að þjappa atkvæðagreiðslunum saman á einn tímapunkt þótt umræðum ljúki jafnvel á mismunandi dögum, eru þau að þá er hægt að stýra þingliðinu þannig að það sé hérna á þeim hálftíma eða minna sem þarf til þess að greiða atkvæði. Hins vegar er sjálfsagt að votta það eins og ég gerði hér áðan að það eru auðvitað ýmsir þingmenn stjórnarliðsins sem mæta hér mjög vel og fylgjast með umræðum. En það þarf ekki mikla athyglisgáfu, hv. þm., til þess að átta sig á því hvernig þetta kerfi hefur virkað hér í vetur. Ég er hins vegar ekkert að leggjast gegn því í sjálfu sér ef þingið vill hafa þennan hátt á, en þá verður auðvitað að vera einhver þannig regla á málinu að menn geti treyst því.

Ég ætla ekki að gera þetta að miklu umræðuefni hér. Þetta hefur verið að gerast í vetur og menn hafa séð þetta og fyrir þessu geta verið ýmis rök. Ef hv. þm. Einar K. Guðfinnsson ætlar að mótmæla því að þetta sé svona í reynd, þá er honum auðvitað alveg frjálst að gera það. En ég beini þá því til þingmannsins að nota athyglisgáfuna það sem eftir er af þingi og sjá hvernig þetta virkar í reynd.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en tekið undir það sem hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnson hefur flutt hér í þessum þingsal. Það er alveg með ólíkindum að þurfa að hlusta á það frá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni og reyndar ýmsum fleiri þingmönnum stjórnarandstöðunnar að þingmenn stjórnarliðsins séu yfirleitt ekki hér í salnum. En það er kannski skýring á þessu, virðulegi forseti. Hún er sú að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur nú meira og minna allan þennan vetur verið í frakt á milli Íslands og Ameríku þar sem hann hefur verið að bjarga heimsfriðnum. Hann hefur kannski bara ekki verið hér og ekki tekið eftir því hversu vel þingmenn stjórnarliðsins hafa mætt hér og hversu illa þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa stundum mætt.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að endurtaka það sem ég sagði hér áðan að að sjálfsögðu hefur þessum atkvæðagreiðslum ekki verið hagað með þeim hætti að það hafi verið sérstaklega gert til þess að koma til móts við óskir stjórnarliðsins. Ég tel að hér hafi verið um að ræða hátt sem upp hafi verið tekinn til hagræðis almennt fyrir þingmenn. Við vitum það að mál eru þannig að stundum falla þau að því sviði sem menn hafa upplýsingar um og stundum ekki og af ýmsum ástæðum sjá menn sér ekki fært að vera viðstaddir allar umræðurnar. En ég mótmæli því mjög harðlega að það sé þannig að stjórnarliðið sé að svíkjast eitthvað undan merkjum með að sitja undir ræðum og ég tel mig a.m.k. sjálfan hafa setið það bærilega að ég hefði vel getað veitt þessu athygli og ekkert síður heldur en hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og sé þess vegna síst verr dómbær á það en hann eða ýmsir aðrir. Málið er

ósköp einfaldlega þetta. Þetta hefur verið gert til hagræðis fyrir þingmenn og við því er ekkert að segja. Þetta er mjög eðlilegt og þetta hefur verið góður háttur og gengið almennt vel, enda hefur ekkert verið undan þessu kvartað fyrr en nú. Nú kom það upp að ýmsir þingmenn af ýmsum ástæðum, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, gátu ekki verið viðstaddir atkvæðagreiðsluna. Það vekur auðvitað athygli og er rétt að árétta það að hér hafa verið færðar umkvartanir fyrst og fremst frá þingmönnum stjórnarandstöðunnar sem ekki voru hér í þingsalnum á þessum tíma, og auðvitað undirstrikar það sem ég er að segja, að þetta á bæði við um stjórnarliðið og stjórnarandstæðinga að stundum er það þannig að menn geta ekki komið því við að vera í þingsalnum en eru samt sem áður að sinna sínum þinglegu skyldum, svo margvíslegar sem þær eru. Þess vegna er þetta alveg ástæðulaus umræða sem hv. 8. þm. Reykn. vakti upp og ég varð líka var við það að hann dró svona heldur í land í sinni ræðu hér áðan og það er vel. Ég geri hins vegar ekki ráð fyrir því að hann kjósi að draga þessi ummæli sín til baka, en öllum er auðvitað ljóst hver staða málsins er.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég ætla ekki að fara að taka þátt í karpi um það hvort stjórnarliðar sitji hér betur en stjórnarandstaðan á þingfundum. Úr því að þetta umræðuefni er komið á dagskrá þá get ég látið frá mér þá fullyrðingu að ég hygg að sá þingmaðurinn sem situr fastast hér í salnum sé alveg óumdeilt úr stjórnarliðinu. Þar á ég við hv. 4. þm. Reykv., Eyjólf Konráð Jónsson, sem situr hér undantekningarlaust alla þingfundi eða undantekningarlítið og mætti hann vera öðrum þingmönnum fyrirmynd að því leyti til.

En ég hef að vísu tekið eftir því að stöku þingmenn vantar alloft. En ef menn vilja kanna þetta vísindalega, sérstakir áhugamenn um viðveru þingmanna eins og þeir sem hér hafa verið að tala á undan mér, þá finnst mér að þeir gætu farið og athugað gerðabækur þingnefnda. Þar sést hverjir eru mættir á nefndafundum og hverja vantar á nefndafundi. Þannig mætti nú kannski fá yfir þetta viðhlítandi „statistik".

Þetta er ekki mergurinn málsins heldur hitt að hér varð það óhapp í gær að það var afgreitt við 3. umr. frv. sem ekki var fullrætt, þ.e. það voru einhverjir þingmenn sem áttu eftir að tjá sig um málið. Það er mjög óheppilegt að þetta skyldi koma fyrir. Ég held að það hafi ekki verið neinn maðkur í mysunni. Forseti vill að sjálfsögðu keyra þetta mál áfram eins og önnur, en ég hef ekki neina ástæðu til þess að væna hana um það að henni hafi gengið eitthvað annarlegar hvatir til að drífa málið í atkvæðagreiðslu en þarna varð óhapp sem ég sé ekki í fljótu bragði hvernig auðvelt er að bæta úr af því að málið var afgreitt við lokaafgreiðslu í þinginu. En maður verður bara að vona að þetta komi ekki fyrir aftur og skoðun þessara þingmanna á málinu er náttúrlega ljós, þeirra sem ætluðu að tala. Þeirra afstaða er ljós en ég hygg að þeirra afstaða hefði út af fyrir sig ekki haft áhrif á framgang málsins. Það hefði verið samþykkt jafnt fyrir því þó að andmæli þeirra hefðu komið hér fram í ræðustólnum, réttmæt andmæli vil ég bæta við.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að bæta miklu við þetta öðru en því að ég verð að segja það hreinskilnislega að ég tel að stjórn þingsins hafi ekki farið rétt að og ég bendi á það að ég tel það varla líklegt að forseti hefði látið þessa atkvæðagreiðslu fara fram ef hér hefði vantað ⅔ hluta af þingmönnum stjórnarflokkanna í salinn, en þannig var það með stjórnarandstöðuna að það vantaði nærri ⅔. Það voru átta hér mættir í salnum (**ÖS:** Hvar voru þingflokksformenn stjórnarandstöðunnar? Við hefðum auðvitað beðið um frestun.) Ég ætla ekkert að afsaka það að menn báðu ekki um frestun. Það voru okkar mistök og ég sagði í upphafi að ég tel að þetta séu sameiginleg mistök okkar hérna. Það er ekki bara mistök forseta, það eru líka mistök okkar þingmanna allra að láta atkvæðagreiðslu sem þessa fara fram án þess að það sé staðið að henni á eðlilegan hátt hér í hv. Alþingi.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Af því að hv. þm. Geir Haarde var eitthvað að draga í efa að þetta væri með sérkennilegum hætti, þá bið ég nú þingmanninn að átta sig á því sem hv. þm. Jóhann Ársælsson var að segja að forsetadæmið hefði örugglega ekki látið atkvæðagreiðsluna fara fram ef það hefði vantað ⅔ þingmanna stjórnarliðsins. En þó það vantaði ⅔ þingmanna stjórnarandstöðunnar, og þó þeir væru í húsinu og merktir á skerminn hjá forsetanum þannig að þeir væru í húsinu, var atkvæðagreiðslan engu að síður látin fara fram.

Ég stóð hins vegar aðallega upp til þess að segja við hv. þm. Össur Skarphéðinsson að hann ætti að fara sér rólega. Þetta var ágætis sprettur hjá honum í gær og óþarfi að vera að eyðileggja það með slíkum ræðuhöldum hér í dag. Ég er alveg reiðubúinn að láta þingmanninn gera samanburð á því hve marga daga ég hef verið fjarverandi hér í vetur og hve marga daga þingmenn Alþfl. hafa verið fjarverandi. Ég hugsa að ég hafi verið minna fjarverandi en allir þingmenn Alþfl. nema ef vera skyldi formaður fjárln. Ég er alveg reiðubúinn til að láta gera þann samanburð. Og fyrr en hann er gerður held ég nú að formaður þingflokks Alþfl. ætti að spara sér ómerkilegar aðdróttanir af því tagi sem hann flutti hér áðan.

Geir H. Haarde:

Það eru nú ýmsir, virðulegi forseti, sem ættu að spara sér í þessari umræðu og almennt ómerkilegar aðdróttanir og þá ekki síst hv. síðasti ræðumaður. Hann spurði mig að því hvort ég teldi að atkvæðagreiðsla hefði verið látin fara fram hér í gær ef ⅔ stjórnarliðsins hefði vantað. Ég fullyrði að þeirri atkvæðagreiðslu hefði verið frestað ef einhver hefði beðið um það. Það voru hér inni einhverjir úr stjórnarandstöðunni. Það eru a.m.k. átta manns sem sögðu nei. Því var ekki beðið um frest á atkvæðagreiðslunni? Eru þess dæmi að for-

seti hafi hafnað slíku ef fram hefur komið? Ég hef ekki orðið var við það. Þetta fellur allt um sjálft sig, hv. þm.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Mér þykir afskaplega leitt að hafa truflað svona hið kyrrláta sinni hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar með því að benda á það að hann hefur oft verið fjarverandi sökum annasamra starfa við að halda heimsfriðnum í lagi. Mér þykir það miður og ég bið hann afsökunar á að hafa vakið athygli á þessu. En ég veit að heimsfriðurinn þarfnast hans með og kannski e.t.v. meira heldur en hv. Alþingi hér þannig að ég skil þetta.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti var nú að vænta þess að þessari umfjöllun um gæslu þingskapa væri lokið en svo virðist ekki vera.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé öllum ljóst að eins og Alþingi Íslendinga háttar störfum sínum, þá fer mikill tími þingmanna í að sitja hér í þingsölum og hlusta á ræður sem oft eru gagnmerkar en oft ekki mjög markvissar. Þessi háttur er hafður á og leiðir óhjákvæmilega til þess að þegar þingmenn þurfa að sinna öðrum þinglegum skyldum sínum en þeim að sitja hér, þá verða þeir að láta sig hafa það að vanrækja það að sitja í þinginu og hlýða á umræður þar eða taka þátt í þeim.

Ég held hins vegar að það sé svo að þessar staðreyndir, sem snerta starf þingsins, bitni jafnt á öllum þingmönnum og það sé frekar óheppilegt að menn séu með aðdróttanir um það hér að þingmenn eins flokks vanræki þessar skyldur sínar frekar en aðrir. Síðan ég settist á þing hef ég orðið að upplifa það hér í þingsalnum í þrígang að því hafi verið haldið fram að þingmenn stjórnarflokkanna og sérstaklega nýir þingmenn hafi vanrækt skyldur sínar hér í þinginu. Ég tel sjálfur að fyrir því séu engin efni að halda þessu fram og slíkar aðdróttanir séu ástæðulausar og beri að harma og ég legg það til að menn flytji ekki slíkt mál hér lengur heldur sætti sig við að á meðan reglunum um starfsemi þingsins er ekki breytt þá verði menn að búa við það að þingmenn geti ekki alltaf verið hér og hlustað á umræður og að það sé vissulega þannig að þingmenn allra flokka verði að lúta þessum starfsaðferðum þingsins en ekki einungis þingmenn eins flokks.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur fullvissað hv. þm. um að hér hallar ekki á hvort það eru stjórnarliðar eða stjórnarandstæðingar sem eru fleiri á fundum almennt talað. Það er misjafnt. Forseti fylgist með þessu í töflu hér í borði og það er misjafnt hvernig því er háttað. En það hallar ekki á þegar saman er tekið. Hér hefur verið skýrt frá því að þingmenn hafa oft gildar ástæður fyrir því að vera ekki í þingsalnum þó þeir séu staddir í húsinu og það þarf væntanlega ekki að fjölyrða frekar um það.

Kosning 8 manna í landsdóm og jafnmargra varamanna til sex ára, frá 18. mars 1993 til jafnlengdar 1999, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 2. gr. laga nr. 3 19. febrúar 1963, um landsdóm.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Ólína Ragnarsdóttir húsfrú (A),
Helgi Ívarsson bóndi (A),
Halla Aðalsteinsdóttir bóndi (C),
Jón Hjartarson skólameistari (A),
Margrét Kristinsdóttir húsfrú (A),
Adda Bára Sigfúsdóttir veðurfræðingur (B),
Lára V. Júlíusdóttir framkvæmdastjóri (A),
Salome B. Guðmundsdóttir (D).

Varamenn:
Hörður Pálsson bakarameistari (A),
Björg Einarsdóttir rithöfundur (A),
Már Pétursson héraðsdómari (C),
Kristjana Þorfinnsdóttir húsfreyja (A),
Egill Ólafsson bóndi (A),
Svava Jakobsdóttir rithöfundur (B),
Ari Hallgrímsson verkamaður (A),
Drífa Kristjánsdóttir (D).

Útbýting þingskjala:

Utanríkismál, 570. mál, skýrsla utanrrh., þskj. 949.
Vandi verslunar í strjálbýli, 569. mál, fsp. EKG, þskj. 948.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Stjfrv., 515. mál (sameining sveitarfélaga). — Þskj. 872.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum. Efni frv., sem lýtur að sameiningu sveitarfélaga, er í samræmi við álit fulltrúaráðsfundar Sambands ísl. sveitarfélaga sem haldinn var 27. febr. og niðurstöðu sameiningarnefndar sveitarfélaga sem skilaði einróma áliti, en í henni áttu

sæti fulltrúar allra stjórnmálaflokka og fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga og Byggðastofnunar.

Ég tel að segja megi að núverandi skipting landsins í sveitarfélög sé orðin mikil hindrun þess að unnt sé að gera þær skipulagsbreytingar sem óhjákvæmilegar eru ef við eigum að geta tryggt hagsæld íbúanna óháð því hvar þeir kjósa að búa á landinu. Nauðsynleg framþróun atvinnulífs og aukin verðmætasköpun til að standa undir velferðarþjónustunni og til að tryggja fólkinu öryggi og atvinnu kallar á umbætur í sveitarstjórnarmálum.

Núverandi skipting landsins í sveitarfélög á sér hátt í þúsund ára sögu og er talið að hún hafi að mestu staðið óbreytt frá þjóðveldisöld. Rætur sveitarfélagaskipanarinnar liggja því í samfélagi sjálfsþurftarbúskaparins þar sem hver og einn var sjálfum sér nógur að mestu leyti. Meginviðfangsefni sveitarfélaga var að sinna framfærslu þeirra sem ættingjar gátu ekki séð um og ekki má gleyma fjallskilum eða eftirlitinu með fjármörkum.

Ástæða er til að ítreka að sveitarfélagaskipanin sem við búum við í landinu í dag er sprottin af þessu bændasamfélagi sem er löngu liðið undir lok. Það gefur því auga leið að núverandi skipting sveitarfélaga samsvarar á engan hátt þeim þjóðfélagsveruleika sem við blasir í nútíðinni. Efnahagslíf nútímans krefst hreyfanlegs vinnuafls sem má ekki vera njörvað niður á þröngum atvinnusvæðum. Hagræðing í fiskveiðum og vinnslu krefst sérhæfingar fyrirtækjanna og samstarfs sem spannar mun stærra svæði en sveitarfélagaskipanin gerir ráð fyrir. Löndun á afla þarf að lúta hagkvæmnissjónarmiðum en má ekki ráðast af skammtímasjónarmiðum eins og tekjuöflun einstakra hafna. Atvinnureksturinn í landinu þarfnast oft mikilla fjárfestinga sem er mörgum smærri sveitarfélaganna ofviða. Fjárfestingar í undirstöðuatvinnugreinum mega ekki lúta einangruðum hagsmunum tiltekinnar byggðar án tillits til heildarhagsmuna á stærri svæðum. Þá er hætt við offjárfestingum, ofnýtingu auðlinda og óarðbærum rekstri sem kippir grundvellinum undan byggðinni.

Við höfum orðið vitni að þeirri sóun sem öll þessi atriði lúta að. Vissulega er mikil offjárfesting á höfuðborgarsvæðinu en fram hjá því verður ekki litið að offjárfesting í hafnargerð, fiskvinnslufyrirtækjum og fiskiskipum eru sígild dæmi og eru að margra mati ein af ástæðum skuldsetningar þjóðarinnar sem við erum nú að súpa seyðið af. Þannig hefur það verið í hinum smæstu bæjarfélögum við sjávarsíðuna nauðsyn að eiga sína höfn, sinn togara og sitt frystihús. Möguleikar sveitarfélagsins til að mæta áföllum hafa nær engir verið sökum smæðar og takmarkaðrar fjárhagslegrar getu. Engu að síður hafa þó mörg sveitarfélög verið tilneydd til að leggja fram gífurlegt fjármagn og ábyrgðir löngu áður en til gjaldþrota hefur komið í þeirri von að takast mætti að vinna bug á erfiðleikunum.

Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að stækka sveitarfélögin til þess að treysta byggð í landinu. Með því skapast skilyrði fyrir markvissari fjárfestingu, aukinni sérhæfingu fyrirtækja, hagstæðari rekstraraðstæðum, öflugri vinnumarkaði og sterkari fjárhagslegum bakhjarli byggðanna.

Einhæfni atvinnulífsins er eins og kunnugt er aðalvandamál margra byggðarlaga. Í raun er um vítahring að ræða. Smæð margra sveitarfélaganna hindrar að þau geti veitt íbúum sínum ýmsa þjónustu sem talin er sjálfsögð í nútímaþjóðfélagi. Skortur á þjónustu felur hins vegar í sér að ekki eru til störf í þjónustugreinum sem gætu laðað að fólk til búsetu í hinum dreifðu byggðum. Þannig hníga rök að því að einhæfni atvinnulífsins megi í verulegum mæli rekja til þess að sveitarfélögin eru of smá til að geta myndað sterkar þjónustuheildir. Þetta kemur víða fram, ekki síst á sviði félagslegarar þjónustu þar sem smæð sveitarfélaga kemur í veg fyrir að grundvöllur sé fyrir rekstri hennar. Víða um landið er því ekki að finna fullnægjandi félagsþjónustu sem fólkið hefur þörf fyrir og veldur því að það hefur leitað til höfuðborgarsvæðisins til að fá þörfum sínum mætt. Þetta má lesa úr Árbók Sambands ísl. sveitarfélaga fyrir árið 1991 þar sem kemur fram að útgjöld til félagsþjónustu eru að meðaltali ekki nema 3,6% rekstrargjalda hinna minni hreppa, 7% hjá stærri hreppum en 15% hjá kaupstöðum og yfir 24% í Reykjavík. Þetta hefur þau áhrif að einstakir þjóðfélagshópar, t.d. aldraðir sem eru háðir þjónustu, verða að taka sig upp oft og tíðum og flytja suður.

Hagstofan hefur tekið saman upplýsingar um mannfjöldaþróun og búsetu með tilliti til aldurs sl. áratug eða árin 1981–1991. Samkvæmt þessum upplýsingum nam fjölgun aldraðra 65 ára og eldri í landinu öllu fyrstu fimm ár þessa tímabils tæplega 2.400 manns. Af þeirri aukningu var hlutur höfuðborgarsvæðisins á milli 1.600–1.700 manns en hefði einungis átt að vera á milli 1.300–1.400 ef tekið er mið af dreifingu mannfjöldans að öðru leyti. Á seinni hluta tímabilsins, 1986–1991, er þróunin enn ískyggilegri. Þá nemur fjölgunin alls rúmum 2.500 manns. Hlutur höfuðborgarsvæðisins er þá rúmlega 2.000 en ætti ekki að vera nema 1.400–1.500. Hlutur landsbyggðarinnar í aukningunni nemur 500 manns en ætti hins vegar að vera 1.000–1.100 manns. Á þessu 10 ára tímabili hefur því fjölgun 65 ára og eldri á landsbyggðinni verið alls 900–1.000 manns minni en búast hefði mátt við væri allt með felldu.

Einn veigamesti þáttur þessa máls, að þjónustustarfsemi hefur ekki náð að skjóta rótum á landsbyggðinni eins og nauðsynlegt er, felst í því að sveitarstjórnirnar hafa ekki verið í stakk búnar til að sinna þeim stjórnsýsluverkefnum sem eðlilegt og hagkvæmt væri að þær hefðu ef þær hefðu til þess bolmagn. Þannig hefur ríkisvaldið stöðugt tekið að sér fleiri og fleiri ný stjórnsýsluverkefni og eflst og styrkst á meðan sveitarstjórnarstigið hefur veikst.

Ég vil einnig nefna, virðulegur forseti, að í fyrrnefndir athugun Hagstofunnar kom í ljós að brottflutningur ungs fólks af landsbyggðinni er mjög mikill. Á árunum 1981–1986 var fækkun fólks á aldrinum 15–24 ára í landinu öllu sem nam rúmlega 1.800 manns, þar af voru um 1.500 af landsbyggðinni en ekki nema rúmlega 300 af höfuðborgarsvæðinu. Á seinni

helmingi tímabilsins versnaði ástandið enn. Fækkun aldurshópsins í landinu öllu nam þá rúmlega 500 manns en fækkun þessa aldurshóps á landsbyggðinni var rúmlega 1.300 í stað 200 ef allt væri með felldu. Á höfuðborgarsvæðinu var hins vegar fjölgun í þessum aldurshópi um rúmlega 800 en hefði átt að vera fækkun miðað við eðlilegt hlutfall af fækkun einstaklinga í þessum árgöngum sem nemur tæplega 300. Þessar tölur segja okkur að landsbyggðin hefur misst 1.800–1.900 ungmenni til höfuðborgarsvæðisins umfram þá eðlilegu fækkun sem orðið hefur í þessum aldurshópi.

Þegar ný sveitarstjórnarlög voru samþykkt árið 1986 voru sett ákvæði um að lágmarksíbúatala í sveitarfélagi væri 50. Síðan lögin voru sett harfa orðið 17 sameiningar sveitarfélaga þar sem sveitarfélögum hefur fækkað um 27 talsins. Í 114. gr. laganna frá 1986 segir að félmrn. geti að fenginni umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga sett almennar reglur þess efnis að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veiti fjárhagslega aðstoð til þess að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Þær reglur voru settar 30. júní 1987. Í þeim kemur fram að sjóðurinn greiðir sveitarfélögum kostnað þeirra og aðkeypta vinnu við undirbúning og framkvæmd sameiningar. Einnig sérstakt framlag til að jafna rekstrar- og skuldastöðu sveitarfélaga við sameiningu og verulegan hluta af launum framkvæmdastjóra sem ráðinn er í kjölfar sameiningar. Þessar ráðstafanir einar og sér hafa m.a. leitt af sér sameiningu fimm sveitarfélaga.

Í tíð síðustu ríkisstjórnar var ákveðið að skoða þá leið að stækka sveitarfélögin og í janúar 1991 skipaði ég nefnd til að gera samræmdar tillögur um æskilegar breytingar á skiptingu landsins í sveitarfélög. Í skipunarbréfi nefndarinnar sem sett var á fót í janúar 1991 var tekið fram að ekki skyldi einungis miða við einhverja lágmarksíbúatölu í sveitarfélagi heldur einnig að hvert sveitarfélag yrði eitt þjónustusvæði sem gæti myndað sæmilega sterka félagslega heild. Einnig var nefndinni ætlað að kanna hvort samstaða gæti náðst um slíkar hugmyndir og að gera tillögur um æskilega skiptingu landsins í sveitarfélög.

Nefndin hélt fundi með langflestum sveitarstjórnum landsins og skilaði tillögum þann 1. okt. 1991. Þá um haustið var áfangaskýrsla nefndarinnar kynnt á fundum með sveitarstjórnum um allt land. Nefndin útfærði hugmyndir um þrjár mismunandi leiðir sem eru eftirfarandi:

1. Sameining a.m.k. tveggja til fjögurra nágrannasveitarfélaga sem leiða mundi til myndunar tiltölulega fjölmennra sveitarfélaga með a.m.k. 500–1.000 íbúa. Fjöldi sveitarfélaga í landinu yrði 60–70 talsins. Aðeins í örfáum tilvikum þar sem strjálbýli er mikið mundi sveitarfélag hafa færri en 500 íbúa.

2. Sameining allra sveitarfélaga innan héraðs eða sýslu. Sveitarfélögin mundu ná yfir mjög stór svæði og aðeins í undantekningartilvikum yrðu þau með færri en 1.000 íbúa. Sveitarfélögin í landinu yrðu þá 30–35.

3. Engar opinberar aðgerðir sem þvinga eða hvetja til sameiningar sveitarfélaga yrðu gerðar en samstarf sveitarfélaga eflt innan héraðsnefnda og byggðasamlaga. Héraðsnefndir yrðu lögbundnar sem samstarfsnefndir sveitarfélaga.

Nefndin taldi að leið þrjú mundi minnstum árangri skila af leiðunum þremur en gerði ekki upp á milli leiða eitt og tvö. Að loknum kynningarfundi nefndarinnar með sveitarstjórnarmönnum hélt Samband ísl. sveitarfélaga fulltrúaráðsfund þann 23. nóv. 1991. Á fundinum var samþykkt að lýsa yfir stuðningi við hugmynd um stækkun og eflingu sveitarfélaganna með sameiningu þeirra sem taki eins og kostur er mið af leið 2 eða þeirri leið sem lengst gekk. Jafnframt lýsti fundurinn yfir þeirri skoðun sinni að samhliða stækkun sveitarfélaga verði færð til þeirra ný og aukin verkefni og tekjustofnar endurskoðaðir og tryggðir í samræmi við það. Þar sem verkefni nefndar þeirrar sem skipuð var í janúar 1991 voru eingöngu bundin við tillögur um skiptingu landsins í sveitarfélög var ákveðið að skipa nýja nefnd með nýtt og aukið verksvið.

Hinn 26. febr. 1992 var sveitarfélaganefnd skipuð. Hún vann næstu mánuði mjög ötullega og kallaði til fundar við sig fulltrúa ráðuneyta og hagsmunasamtaka og átti fund með sveitarstjórnum. Áfangaskýrsla nefndarinnar var lögð fram í október 1992. Þar voru settar fram hugmyndir um:

Í fyrsta lagi breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélga, þ.e. tillögur um hvaða verkefni væri heppilegt að færa frá ríkinu til sveitarfélaga í kjölfar stækkunar þeirra, og tillögur um hreinni verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga en nú er.

Í öðru lagi úrfærsla á tillögum um ný umdæmi sveitarfélaga, þ.e. tillögur um fyrirkomulag kosninga um ný umdæmi sveitarfélaga bæði á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu.

Í þriðja lagi tillögur varðandi tekjustofna sveitarfélaga, þ.e. tillögur um auknar tekjur til að standa undir auknum verkefnum.

Í fjórða lagi almennar aðgerðir ríkisvaldsins í tengslum við sameiningu sveitarfélaga, þ.e. tillögur í atvinnumálum, vegamálum og um breytingar á umboðsvaldi ríkis í héraði.

Í fimmta lagi tillögur um reynslusveitarfélög.

Að loknum kynningarfundi með sveitarstjórnarmönnum um land allt bárust nefndinni ályktanir margra sveitarstjórna og samtaka þeirra. Samband ísl. sveitarfélaga óskaði eftir því við landshlutasamtök sveitarfélaga að þau könnuðu hug sveitarstjórna á sínu svæði og sendu frá sér álitsgerð um málið til undirbúnings fyrir fund fulltrúaráðs þess sem haldinn var 26. og 27. febr. sl. Fulltrúaráðið samþykkti að fengnum umsögnum og álitsgerðum sveitarstjórna og samtaka þeirra ályktun varðandi áfangaskýrsluna en þar segir m.a.:

„Fulltrúaráðsfundur telur að brýna nauðsyn beri til þess að efla sveitarfélögin og sveitarstjórnarstigið með sameiningu sveitarfélaga. Þannig geta sveitarfélög enn betur sinnt margþættu hlutverki sem þau hafa nú á hendi og verið jafnframt hæfari til að taka við fleiri verkefnum eins og áfangaskýrslan gerir ráð fyrir. Fulltrúaráðið samþykkir að áfram verði unnið að eflingu og stækkun sveitarfélaganna. Í því skyni verði tekið á eftirtöldum atriðum:

Í fyrsta lagi að komið verði á fót sérstökum umdæmanefndum í landshlutum er leggi fram tillögur um skiptingu umdæmisins í sveitarfélög að teknu tillit til skoðana sveitastjórna og íbúa svæðisins. Umdæmanefndirnar sjá um kynningu og kosningu um tillögurnar í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir.

Í öðru lagi verði skipuð yfirumdæmanefnd sem hafi á hendi eftirlit og samræmingu með störfum umdæmanefnda og aðstoði þær í störfum þeirra.

Í þriðja lagi verði kosið um sameiningu sveitarfélaga í hverju sveitarfélagi fyrir sig nema samkomulag náist um annað. Lagt er til að lögum verði breytt þannig að einfaldur meiri hluti greiddra atkvæða ráði úrslitum kosninga.

Í fjórða lagi verði á næsta landsþingi sambandsins tekin afstaða til þess hvort lágmarksíbúatala í hverju sveitarfélagi skuli hækkuð.

Í fimmta lagi verði unnið að stofnun reynslusveitarfélaga skv. XXII. kafla áfangaskýrslunnar. Á vorþingi 1993 verði sveitarstjórnarlögum breytt og bætt inn ákvæðum um reynslusveitarfélög.

Fulltrúaráðið telur brýnt að sameining sveitarfélaga gangi hratt og vel þannig að sveitarfélögin geti sem fyrst tekið við auknum verkefnum frá ríkinu.

Fulltrúaráðið hafnar að svo stöddu hugmyndum um að skipta sveitarfélögunum í tvo flokka hvað varðar verkefnatilfærslu og telur að sömu verkaskiptareglur eigi að gilda fyrir öll sveitarfélög, annað muni leiða til frekara misvægis í þjónustu við íbúa landsins en nú er."

Þá samþykkti fulltrúaráðið einnig ályktun um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, en þar segir m.a.:

„Fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga áréttar fyrri samþykktir um mikilvægi þess að efla sveitarstjórnarstigið með því að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Þannig nýtist best frumkvæði og ábyrgð heimamanna til að fara með stjórn þeirra mála sem eðlilegt er að leysa í héraði. Jafnframt væri þar með lagður traustari grunnur að skilvirkum ákvörðunum á sviði opinberrar stjórnsýslu enda verður að ætla að ráðstöfun fjár til staðbundinnar opinberrar þjónustu sé almennt betur komin í höndum þeirra aðila sem þjónustunnar eiga að njóta."

Enn fremur sagði í samþykkt fulltrúaráðsins:

„Fulltrúaráðið telur að með áfangaskýrslu sveitarfélaganefndar um aukið hlutverk sveitarfélaganna og með kynningarfundum um land allt hafi góður grunnur verið lagður að samræmdum tillögum sveitarstjórnarmanna um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga.

Fulltrúaráðið telur rétt að fela sveitarfélögunum að fullu rekstur grunnskóla og heilsugæslustöðva svo og yfirtöku verkefna á sviði málefna fatlaðra og aldraðra. Jafnframt tekur fulltrúaráðið undir aðrar þær hugmyndir um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem settar eru fram í áfangaskýrslunni og lúta að því að gera núverandi verkaskiptingu skýrari og einfaldari."

Virðulegi forseti. Umdæmi sveitarfélaga voru mótuð á tímum þegar allt aðrar aðstæður voru í landinu en nú. Byggðin í landinu hefur gjörbreyst á þessari öld, bylting orðið í samgöngum og atvinnuháttum og kröfur til samfélagsins um sameiginlega velferðarþjónustu eru allt aðrar. Í flestum nágrannalöndunum var gert átak í sameiningu sveitarfélaga fyrir 20–30 árum síðan. Mat á heppilegri stærð sveitarfélaganna byggist á tveimur ólíkum mælikvörðum. Annars vegar þarf lágmarksíbúafjölda í hverju sveitarfélagi til að standa undir lögbundnum verkefnum og kröfum íbúanna. Hins vegar er hámarksstærð hvers svæðis þar sem hægt er með góðu móti að mynda eitt sveitarfélag.

Almennt má segja að sveitarfélög sem hafa færri en um það bil 400–500 íbúa verði að leysa mörg verkefni sín með samstarfi við nágrannasveitarfélög. Reynslan sýnir að sveitarfélög þurfa að hafa a.m.k. 800–1.000 íbúa til að geta staðið fyrir rekstri og uppfyllt kröfur löggjafans um margvíslega þjónustu við íbúana. Einnig er æskilegt að sveitarfélög séu af þessari stærð til þess að geta staðið sjálf undir kostnaði við sorpeyðingu og byggingu hafna, gatnakerfis, holræsa og vatnsveitna þannig að nútímakröfur séu uppfylltar. Til þess að sveitarfélög geti tekið við nýjum verkefnum í einhverjum mæli er æskilegt að þau hafi a.m.k. 800–1.000 íbúa. Mikilvægt er einnig að sveitarfélög nái yfir heilleg þjónustu- og skipulagssvæði og að í hverju sveitarfélagi sé þjónustukjarni, einn eða fleiri.

Virðulegi forseti. Í því frv. sem hér er til umfjöllunar eru lagðar til breytingar á sveitarstjórnarlögum þess efnis að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem felur í sér skipan umdæmanefnda um allt land sem geri tillögur um nýja skiptingu landsins í sveitarfélög og ákvæði til bráðabirgða einnig um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu í öllum sveitarfélögum landsins um þær tillögur og hvernig með skuli farið. Að höfðu samráði við samtök sveitarfélaga hefur sveitarfélaganefnd í lokaskýrslu sinni lagt til að settar verði á fót umdæmanefndir í öllum landshlutum sem geri fyrir 15. sept. 1993 tillögur að nýrri skiptingu landshluta í sveitarfélög sem greidd verði atkvæði um samtímis í hverjum landshluta. Er það efni þessa frv. sem hér er til umræðu. Um atkvæðagreiðslu fari eftir ákvæðum III. kafla laganna eftir því sem við á og að meiri hluta greiddra atkvæða þurfi til að tillaga um sameiningu teljist samþykkt. Umræðum í sveitarstjórnum skuli lokið innan 6 vikna frá því að tillaga var sett fram og atkvæðagreiðslu um hana skal lokið innan 10 vikna. Hljóti tillaga ekki samþykki í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum en í a.m.k. ⅔ þeirra er viðkomandi sveitarstjórnum heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga, enda hamli ekki landfræðilegar aðstæður. Verði niðurstaða atkvæðagreiðslunnar sú að sameining nái ekki fram að ganga og umdæmanefnd telji að vilji íbúanna standi til annars konar sameiningar er henni heimilt að leggja fram nýjar tillögur fyrir 15. jan. 1994 og gilda sömu tímamörk um umræður og atkvæðagreiðslu. Umdæmanefndirnar ljúki störfum í seinasta lagi 31. mars 1994, en þá falli bráðabirgðaákvæðin úr gildi.

Sveitarfélaganefnd leggur til að sett verði á fót samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga sem skal vera umdæmanefnd til ráðuneytis í störfum sínum. Að loknu starfi umdæmanefndar 1. apríl 1994 er lagt til að samráðsnefnd hefji undirbúning að tillögugerð um frekari

framvindu málsins. Skal samráðsnefnd skila tillögum sínum eigi síðar en 1. ágúst 1994 svo að tími vinnist til að kynna tillögurnar fyrir sveitarstjórnum fyrir landsþing. Að loknu landsþingi skal samráðsnefndin leggja endanlegar tillögur fyrir ráðherra.

Virðulegi forseti. Ef Ísland væri skipt í færri og stærri sveitarfélög yrðu þau mun betur í stakk búin til að standa undir þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar varðandi þjónustu er þau veita íbúunum. Skilyrði mundu skapast fyrir hreinni verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga en nú er og þau gætu tekið við auknum verkefnum af ríkisvaldinu. Sveitarfélögin næðu í flestum tilfellum yfir heildstæð þjónustusvæði, stjórnunarkostnaður þeirra lækkaði og hagkvæmni í fjárfestingum og rekstri ykist að líkindum verulega. Stjórnsýsla sveitarfélaganna yrði mun einfaldari í sniðum en nú er og atvinnusvæði stækkuð. Átak í sameiningu sveitarfélaga í samstarfi við samtök þeirra er því eitt brýnasta verkefni stjórnsýslunnar í dag.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta frv. Ég vil í lokin fagna því hve góð og breið samstaða náðist um þá niðurstöðu sem hér er kynnt í formi frv. um breytingu á sveitarstjórnarlögum og um þá samstöðu sem náðist milli fulltrúa allra stjórnmálaflokka, Sambands sveitarfélaga og sveitarstjórnanna almennt um þessa niðurstöðu sem hér er fengin. Ég vænti þess að þó að skammt lifi af þessu þingi fái þetta frv. afgreiðslu fyrir vorið áður en þingi verður slitið. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess að stjórnarandstaðan hefur óskað eftir 15 mínútna fundarhléi til þingflokksfunda kl. 4 í dag og verður að sjálfsögðu orðið við því. Forseta láðist að geta þess í upphafi fundarins að það er gert ráð fyrir löngum fundi, kvöldfundi, ef á þarf að halda.

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Það frv. sem hér er komið til 1. umr. er eins og hæstv. félmrh. tók fram byggt á starfi svokallaðrar sveitarfélaganefndar og þeim tillögum sem þar voru settar fram um allsherjaratkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélaga í landinu. Ég átti fyrir hönd þingflokks Framsfl. sæti í þessari nefnd og hinni fyrri sem einnig fjallaði um þessi mál og ég get því lýst því yfir að ég er samþykkur megintilgangi þessa frv. Þó að niðurstaða nefndarinnar byggðist að sjálfsögðu á samkomulagi þeirra aðila sem þar voru, þá er það svo að þetta var sú niðurstaða sem nefndin komst að. Ég kem auðvitað að því seinna með hverjum hætti mál þetta var kynnt þingflokki Framsfl. og afstöðu þingflokksins, svo framarlega sem það liggur fyrir. En af því að þetta stóra mál, sameining sveitarfélaga, er nú komið til Alþingis, vil ég þó áður fara örfáum orðum um sameiningarmálin og sjónarmið mín til þeirra.

Eins og ég tók fram byggist skýrsla sveitarfélaganefndar á málamiðlun en ég verð þó að segja að ég var ekki óánægður með það hvernig þessi mál þróuðust á lokasprettinum. Sú spurning vaknar auðvitað hvers vegna lögð er svona mikil áhersla á þetta mál og af hverju stjórnvöld leggja svona mikið kapp á sameiningu sveitarfélaga, hvort sú skipan sem nú er sé óalandi og óferjandi.

Það fyrirkomulag sem nú er í sveitarstjórnarmálum í landinu er vissulega gallað, það tek ég undir. En menn mega þó ekki gleyma sér svo að telja upp gallana að menn gleymi þeirri stöðu sem þessi mál eru í. Lítil sveitarfélög hafa líka kosti og það er nauðsynlegt til að nálgast þetta mál og fá upp vitræna umræðu um það að menn geri sér grein fyrir þeim kostum sem litlu sveitarfélögin hafa og afstöðu fólksins til þessara litlu eininga. Kostirnir eru þeir að það eru margir virkir í sveitarstjórnarmálum í þessum litlu sveitarfélögum. Þar er lítil yfirbygging. Þar eru þeir sem ráða fyrir þessum sveitarfélögum nærri fólkinu og samfélagið er lítil eining sem höfðar til fólksins og það finnur til ábyrgðar fyrir sínu byggðarlagi og er jafnvel tilbúið til að leggja eitthvað á sig fyrir sitt byggðarlag til að halda því gangandi. Og það er jafnvel tilbúið að leggja eitthvað á sig án þess að þiggja laun fyrir. Þetta verða stjórnmálamenn sem aðrir sem ræða þessi mál að gera sér grein fyrir.

Það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því líka að ekki er hægt að sameina sveitarfélög með því að setja upp landakort og draga einhverjar línur á blað. Það er verið að brjóta upp gömul samfélög. Litlu sveitarfélögin eru fólki hjartfólgin. Þetta er mörgum tilfinningamál og menn verða að nálgast þetta mál út frá því sjónarmiði. Ég vil undirstrika þetta hér í upphafi því mér finnst það oft vanta í umræðuna um þessi mál að gengið sé út frá þessum atriðum og unnið samkvæmt því.

Það vill því miður verða svo, eins og ég kem kannski aðeins nánar að hér á eftir, að þeir sem vilja leggja kapp á sameiningu sveitarfélaga fara nokkuð undan sjálfum sér í þessu máli en það er takmarkinu til tjóns. Hins vegar eru gallarnir margir og ég get tekið undir margt af því sem hæstv. félmrh. sagði hér í framsögunni, en þó vil ég eigi að síður gera athugasemdir við sumt af því.

Það er staðreynd að fólki hefur fækkað mjög í dreifbýli á síðustu áratugum og það eru um 50 sveitarfélög í landinu af þessum um 190 sem eru með færri en 100 íbúa og það eru ein 16 sveitarfélög sem eru á bilinu 48–60 íbúar. Það segir sig sjálft að slík eining er ekki sterk. Hún er veik og þar að auki eru samgöngur ekki sambærilegar við það sem þær áður voru. Mörk sveitarfélaga eru víða mjög ógreinileg og ekki á það síður við í þéttbýli þar sem stóru sveitarfélögin eru.

Það hafa verið gerðar til sveitarfélaganna mjög auknar kröfur um þjónustu og aukin verkefni og það helst í hendur við auknar kröfur þjóðfélagsins til þjónustu. Það eru gerðar miklar kröfur um félagslega þjónustu og við hv. þm. höfum verið að samþykkja ýmsa löggjöf, sem betur fer, sem kveður á um ýmis félagsleg réttindi sem sveitarfélögunum er ætlað að uppfylla eða vera virkir þátttakendur í. Viðhorf manna til umhverfismála hafa breyst og um leið hafa verkefni sveit-

arfélaga á þessu sviði breyst og þau eiga fullt í fangi með að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru, m.a. um fráveitur, losun sorps og annað slíkt sem allir sem hafa kynnt sér sveitarstjórnarmál þekkja. Með bættum samgöngum að hafa atvinnusvæði stækkað. Það hafa komið upp árekstrar af þeim sökum. Það hagar sums staðar þannig til að það er sitt hvort verkalýðsfélagið í nálægum byggðarlögum sem stoppa sitt á hvað atvinnuþátttöku fólks í jafnvel næsta byggðarlagi. Þetta kemur með breyttum tímum, auknum samgöngum og aukinni þörf á því að stækka atvinnusvæði, m.a. vegna minni atvinnu í sveitum landsins. Lítil sveitarfélög og jafnvel stærri eru ekki sjálfstæð atvinnueining eins og svo oft var hér áður. Minni afli eykur hættu á átökum um sjávarútvegsmál, kvóta og skip á milli byggðarlaga og einnig má nefna það að mörg lítil sveitarfélög hafa neitað sér um ýmsa þjónustu sem íbúarnir í stærri sveitarfélögunum hafa. Það kann kannski að vera í lagi meðan íbúarnir í sveitarfélögunum eru vanir að vera án slíkrar þjónustu, en það er hætt við því að næsta kynslóð geri sér það ekki að góðu. Það er m.a. vegna þessa sem það er tiltölulega góð sátt um það í þjóðfélaginu að starfa að markmiðinu um stækkun sveitarfélaga. En eins og ég kom að áðan er málið mjög viðkvæmt og vandasamt og ég vil biðja hæstv. félmrh. og þá aðra sem eru þarna í forustu og eiga að leiða málið á næstunni um að rasa ekki um ráð fram í þessu máli, hvorki í yfirlýsingum né á annan hátt.

Við sem höfum verið í sveitarfélaganefnd höfum rætt við mikinn fjölda sveitarstjórnarmanna um allt land. Fyrri nefndin hélt fundi með næstum því hverri sveitarstjórn í landinu, ég held nær öllum, og þá er það oft viðkvæðið þegar rætt er við sveitarstjórnarmenn um þessi mál, það er oft sem það kemur upp: Af hverju getum við ekki leyst þessi stóru mál með samstarfi án sameiningar? Það er mín skoðun að samstarf milli sveitarfélaga sé ekki af hinu vonda og það er reynt í mörgum tilfellum og reynsla af því í verulegum mæli. Hins vegar hefur það annmarka. Það gengur í ákveðinn tíma. Samstarf sveitarfélaga er framsal á valdi sveitarstjórna, en eftir því sem það framsal á valdi er meira, þá verða meiri annmarkar á samstarfinu. Þá kemur jafnvel inn neitunarvald hinna stóru í þessu samstarfi og átök vaxa, ekki síst ef fjármál eru með í spilinu, sem það er nú í flestum tilfellum. Samstarf hefur því annmarka þegar til lengdar lætur. Hins vegar getur samstarf sveitarfélaga verið nauðsynlegt skref í sameiningu. Það er engin ástæða til að útiloka það að samstarf sveitarfélaga sé endilega af hinu vonda. Það getur leitt sveitarstjórnarmenn í þann farveg að vinna saman.

Án þess að ég fari að endurtaka þá greinargerð sem hæstv. félmrh. gerði fyrir starfi sveitarfélaganefndarinnar vil ég aðeins minnast á starf hennar. Ég vil taka það fram að samsetning nefndarinnar var þannig eftir að núv. ríkisstjórn tók við að stjórnarandstaðan átti þar fulltrúa og ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir að hafa þann hátt á. Ég tel að það hafi verið mjög mikilvægt og mætti vera öðrum ráðherrum í þessari ríkisstjórn til eftirbreytni að útiloka ekki fulltrúa stjórnarandstöðunnar frá svona mikilvægum og viðkvæmum málum. Ég held að niðurstaða nefndarinnar hafi líka sýnt það að þeir fulltrúar stjórnarandstöðunnar sem þarna voru eða stjórnarandstöðuflokkanna unnu af heilindum og reyndu að ná sameiginlegri niðurstöðu að lokum og það tókst. Ég held að það hefði t.d. verið farsælla að hafa þennan háttinn á þegar átti að fara að endurskoða sjávarútvegsstefnuna en það er nú önnur saga. En ég vil að þetta komi fram og hæstv. félmrh. á þakkir skildar fyrir það að fara þessa leið. Það er engin ástæða til þess að draga fjöður yfir það.

Hins vegar hefur mér oft fundist á þessum tíma að ráðamenn væru nokkuð óþolinmóðir, vildu hraða þessu máli um of, setja óraunhæf tímamörk, taka upp tillögur eða hugmyndir réttara sagt á vinnslustigi, segja að það séu tillögur nefndarinnar. Fara svo að vinna með þær jafnvel úti í þjóðfélaginu án þess að það væri tímabært. Það er óheppilegt og það lá oft við slysum þess vegna. Þess vegna vek ég athygli á því að þetta mál er viðkvæmt og þarf að stíga varlega til jarðar í því og hafa sjónir á markmiðunum án þess að misstíga sig.

Hlutverk nefndarinnar var upplýsingasöfnun og að leggja fram hugmyndir til umræðu og það er ljóst að það hefur verið gífurlega mikil umræða um þessi mál á undanförnum tveimur til þremur árum í sveitarfélögunum en hana vantaði svo sannarlega. Þetta mál er langt frá því að vera komið á endapunkt og ýmis misskilningur er uppi á báða bóga sem nauðsynlegt er að leiðrétta með nánari umræðu.

Ég kem þá að framsöguræðu hæstv. félmrh. en mér fannst hæstv. ráðherra leggja allt of mikið upp úr því í upphafi sinnar ræðu að þarna væri um mikla efnahagsaðgerð að ræða sem yrði til mikils sparnaðar og þarna væru vopn gegn ýmissi offjárfestingu úti á landsbyggðinni, í höfnum og ýmsum atvinnutækjum, ef ég tók rétt eftir, ég náði nú ekki öllum punktum niður varðandi þetta. Ég vara eindregið við því að leggja þetta mál upp á þennan hátt, ég vara við því að hér sé um stórfellda efnahagsaðgerð að ræða í aðsteðjandi efnahagsvanda þjóðarinnar. Það er vísasta leiðin til að draga þetta mál inn í pólitíska umræðu dagsins og missa sjónar á því meginmarkmiði sem menn ætla að ná og tapa niður þeirri samstöðu sem er um málið. Það verður ekkert óskaplegur sparnaður í upphafi af þessum sameiningarmálum. Yfirbyggingin í þessum litlu sveitarfélögum er ekki þannig að þó að þau leggist niður þá bjargi það efnahag þjóðarinnar. Það er alveg ljóst. Yfirbyggingin í þeim mörgum, sérstaklega dreifbýlissveitarfélögunum, er sáralítil og það verða engir nýir peningar til. Fiskstofnanir vaxa ekki við sameiningu sveitarfélaga eða menn vinna ekki markaði með því. Hins vegar eru menn að breyta umhverfinu. Menn eru að skipa sér í stærri heildir og menn eru að snúa saman bökum með sameiningu, geta kannski myndað sterkari einingar til þess að vinna út frá og efla sveitarfélögin ef vel tekst til, efla sitt samfélag. Það hlýtur að vera tilgangurinn númer eitt með þessu máli að efla landsbyggðina.

Einnig hlýtur það að vera markmiðið að það verði

meira jafnræði með sveitarfélögunum heldur en nú er. En einn af aðalgöllunum er sá að stærð sveitarfélaga er svo misjöfn og eitt sveitarfélag ber ægishjálm yfir öll hin sem er höfuðborgin og það er kannski sérislenskt fyrirbæri, það á sér ekki hliðstæðu í nágrannalöndunum.

Ég vil undristrika það að tala ekki um þetta mál eins og þetta sé skammtímaúrræði í aðsteðjandi efnahagsvanda og muni spara stórfé. Ég skal ekkert útiloka það að sveitarfélögin geti unnið að sínum verkefnum á eitthvað hagkvæmari hátt heldur en ríkið. Ég tel að forsvarsmenn sveitarfélaga hafi sýnt það að þeir geti það og ég er fylgjandi því að færa verkefni til þeirra að einhverju marki. En það verða engar töfralausnir í efnahagsmálum við þessa aðgerð.

Ég held að eitt af því sem vinnst með stækkun sveitarfélaganna sé að þau verða fær um að taka við fleiri verkefnum. Hins vegar geta þau það aldrei nema Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verði efldur og það verði gáð að þeim tekjum sem þau hafa til að sinna slíkum verkefnum. Þó að það verði veruleg sameining sveitarfélaga í landinu, þá verða þau ákaflega misstór eftir sem áður. Þó að heil héruð sameinist úti á landsbyggðinni, þá eru þau kannski eins og tiltölulega lítið sveitarfélag hérna á höfuðborgarsvæðinu. Heilt hérað úti á landi er kannski eins og minnsta sveitarfélagið hérna á höfuðborgarsvæðinu sem er Bessastaðahreppur sem hefur 1–2 þúsund íbúa. Sveitarfélögin verða svo misjöfn þó að verulega mikil sameining eigi sér stað.

Eins og ég sagði, þá skilaði sveitarfélaganefndin áfangaskýrslu nú í nóvember með ýmsum hugmyndum um verkefnatilflutning, um kosningar og sameiningu sem ég ætla ekki að rekja í smáatriðum. Ég bókaði í þessa áfangaskýrslu að þessi skýrsla ætti að fara til umræðu og ætti ekki að vera grundvöllur neinna aðgerða fyrr en nefndin hefði skilað lokaskýrslu. Það var nú svo núna, öfugt við fyrri áfangaskýrslu fyrri nefndarinnar að skýrslan var send til umsagnar og hlaut allmikla umræðu. Hún hlaut umræðu á fulltrúaráðsfundi Sambands ísl. sveitarfélaga sem haldinn var í Keflavík núna í febrúar eins og áætlað var.

Niðurstaðan þar varð sú að lagt var til á þeim fundi að haldin yrði allsherjaratkvæðagreiðsla í sveitarfélögum um sameiningarmál. Þessi mál yrðu sett í hendur umdæmanefnda sem yrðu á vegum heimamanna í meira mæli heldur en áður hefur verið. Þær nefndir undirbyggju tillögur sem kosið yrði um og það sem var lykilatriði í þessum tillögum var að einfaldur meiri hluti í sveitarfélögum réði úrslitum og það yrði ekki valdboð neins konar, annaðhvort að telja upp úr sameiginlegum potti eða með einhverjum afbrigðilegum kosningareglum. Þetta var mikið lykilatriði því að það kom fram í umsögnum víða á landinu að það væri eitur í beinum fólks að fara að sniðganga venjulegar lýðræðislegar kosningareglur í hverju sveitarfélagi við framgöngu þessa máls þannig að þetta varð niðurstaðan í tillögu nefndarinnar og þetta var niðurstaða sem ég var alla tíð samþykkur og er ánægður með það að hún skuli hafa náðst.

Ég vil aðeins víkja að afstöðu þingflokks Framsfl. í þessu máli og afstöðu Framsfl. því að einmitt á þeim tíma, rétt eftir að þessi áfangaskýrsla kom fram hélt Framsfl. sitt flokksþing og samþykkti þar ályktum um sveitarstjórnarmál og þessi mál voru rædd þar ítarlega. Sú ályktun er þannig, með leyfi forseta:

„22. flokksþing framsóknarmanna, haldið í Reykjavík 27.–29. nóv. 1992, leggur áherslu á að valdið sé fært nær fólkinu á þann hátt að sveitarstjórnarstigið verði eflt. Það verði m.a. gert með sameiningu sveitarfélaga og hugmyndir þar um verði vel kynntar meðal íbúanna. Leggur þingið áherslu á að íbúum sveitarfélaganna gefist kostur á að láta í ljós skoðun sína á sameiningu í almennum kosningum. Verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga verði eins skýr og kostur er. Með sameiningu er unnt að færa fleiri og stærri verkefni frá ríki til sveitarfélaga.

Framsóknarmenn telja rétt að sveitarfélög annist staðbundin verkefni en ríkisvaldið hafi með höndum þau verkefni sem hagkvæmara er að leysa á landsvísu. Því verði kannað sérstaklega hvort rétt sé að sveitarfélögin taki að sér aukin verkefni, m.a. allan rekstur grunnskóla, heilbrigðisþjónustu, málefni fatlaðra og öldrunarþjónustu.

Þingið leggur áherslu á að engin verkefni verði flutt til sveitarfélaganna nema þeim verði tryggðir tekjustofnar til að mæta auknum útgjöldum. Jöfnunarsjóður verði efldur samfara nýrri verkaskiptingu.

Flokksþingið telur að álögur á sveitarfélögin og önnur samskipti ríkis og sveitarfélaga eigi að byggjast á samkomulagi en ekki einhliða ákvörðunum. Með því móti tekst að byggja upp nauðsynlegan trúnað á ný milli þessara aðila.

Ríkisvaldið skal tryggja að almennum markmiðum í lögum um þjónustu við íbúa sveitarfélaganna sé náð en hafa ekki afskipti af því hvernig þjónustan er veitt. Ein af veigamiklum forsendum fyrir sameiningu sveitarfélaga er að samgöngur verði bættar á öllum sviðum."

Ég vitna í þessa flokksþingsályktun til þess að sýna hver afstaða Framsfl. er í þessum málum. Það eru auðvitað mjög skiptar skoðanir um það hversu hratt eigi að fara í þessi sameiningarmál, en hins vegar er tiltölulega góð samstaða um það að þróunin verði sú að sveitarfélögin stækki. Ég hef kynnt tillögur sveitarstjórnarnefndar þingflokki Framsfl. og hann hefur í sjálfu sér ekki tekið neina formlega afstöðu til þeirra. Ég skrifa undir álit sveitarfélaganefndar sem einstaklingur og á því sviði hefur þingflokkurinn ekki tekið neina formlega afstöðu til þess frv. sem hér um ræðir. Hins vegar hefur þingflokkurinn fylgst grannt með þeirri undirbúningsvinnu sem er við þetta frv. En ég held að ég geti fullyrt að þingflokkurinn vilji stuðla að því að vinna í þessu máli og leiða það til lykta en auðvitað er hann ekki búinn að skrifa undir það að frv. verði samþykkt án þess að breyta í því nokkrum stafkrók. Því vil eg ekki lofa í þessu sambandi.

Ég vil aðeins víkja að frv. örfáum orðum. Eins og ég sagði er ég samþykkur þeim megintilgangi frv. að láta fara fram kosningar um þessi mál í hverju sveitar-

félagi og einfaldur meiri hluti ráði þar úrslitum. Ég tel það mikilvægt. Ég tel það einnig mikilvægt að umdæmanefndir heimamanna undirbúi slíkar kosningar. Hins vegar hef ég um það efasemdir og ég lét þær efasemdir koma fram við vinnu mína í sveitarfélaganefnd að hafa tvær umferðir núna fyrir sveitarstjórnarkosningar um þessi mál, vera að leggja fram aðra tillögu eftir áramót ef einhver ákveðin tillaga verður felld fyrir áramót. Ég held að þessar umdæmanefndir hafi nokkuð á tilfinningunni hvað verður samþykkt og hvað verður fellt í þessum efnum og þær muni vanda sitt starf þannig að ég er þeirrar skoðunar að menn ættu að láta þar við sitja og fara eina umferð í þessu fyrir sveitarstjórnarkosningar og geyma þá frekari aðgerðir þangað til síðar. Ég vil beina því til félmn. að hún skoða þetta atriði vel með þessa aukaumferð fyrir 15. jan. 1994 sem kveðið er á um hér í 3. mgr. 1. gr.

Að öðru leyti er ég samþykkur megintilgangi frv. Ég tel auðvitað að það megi halda vel á spöðunum ef þetta eigi að nást allt saman, tillögur eigi að vera tilbúnar fyrir 15. sept. 1993 og menn verði þá að halda vel á spöðunum eigi að vera mikil ferð á þessu máli fram til áramóta. Ég vara við þá eins og ég hef áður sagt að keyra þetta mál svo hratt áfram að fólk hafi það á tilfinningunni að miðstjórnarvaldið sé að reka þetta ofan í höfuðið á því. Það væri illa farið en ég vonast til að um það náist samkomulag að láta þessa atkvæðagreiðslu fara fram því að ég tel að það sé kominn sá tími núna í þessum málum að fólkið eigi að segja álit sitt. Fólkið á að segja álit sitt á þessum tillöguflutningi sem uppi er og eftir því áliti á að fara. Og einu vil ég vara við mjög eindregið. Í 4. lið 1. gr. segir:

„Fyrir 1. júní 1993 skal félmrh. skipa sérstaka samráðsnefnd um sameiningarmál sveitarfélaga. Starfstími nefndarinnar er til ársloka 1994.“ Þessi mál á að vinna í samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga og það á að leggja tillögur fyrir fulltrúaráðsfund Sambands ísl. sveitarfélaga í árslok 1994 um skiptingu landsins í sveitarfélög í ljósi þeirrar stöðu sem þá er uppi.

Ég vara við því að hafa þá svipu á lofti að það verði sett lágmarksíbúatala í sveitarfélagi ef fólk er ekki nógu viljugt í sameiningarmálunum. Ég held að það sé ekki gott innlegg í málið vegna þess að yfirgnæfandi meiri hluti fólks er andsnúinn valdbeitingu í þessum málum, hvernig sem hún er. Og þær valdbeitingar sem hafa verið hingað til, þar sem sveitarfélög undir 50 manns hafa verið sameinuð með löggjöf næstu sveitarfélögum, þó að þær séu orðnar litlar eiringar, þar hafa verið mikil sárindi eftir slíkar sameiningar og ég vildi ekki horfa upp á slíkar valdbeitingar út og suður í þessum málum.

Ég hef ekki minnst hér neitt á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, enda fjallar frv. ekki um það. En ég get látið nægja að geta þess að þeim málum var skotið á frest að verulegu leyti. Það var ákveðið að setja áframhaldandi vinnu í það með hverjum hætti sveitarfélögin gætu yfirtekið laun kennara við grunnskóla, en það eru mörg mál þar sem eru óunnin og óútkljáð. Ég tel mikilvægt að það var ákveðið á lokaspretti nefndarinnar að taka kennarasamtökin inn í þá vinnu. Það var nauðsynlegt að gera það og ég kem kannski nánar að verkaskiptingunni hér á eftir þegar fjallað verður um till. til þál. um reynslusveitarfélög.

Að lokum. Ég er samþykkur megintilgangi þessa frv. Efni þess hefur verið kynnt þingflokki Framsfl. eða sú niðurstaða nefndarinnar sem frv. byggist á. Þingflokkurinn er tilbúinn til að vinna að þessu máli en hann hefur auðvitað fullan fyrirvara á einstökum atriðum og vill hafa fyrirvara um hugsanlegar breytingar ef samstaða næst um það í félmn. og hér í hv. Alþingi en við munum vinna að því að þetta mál geti fengið framgang hér í hv. Alþingi.

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Eins og fram kemur í athugasemdum með þessu frv. er það í öllum aðalatriðum byggt á tillögum sveitarfélaganefndar sem hæstv. félmrh. skipaði í febrúar 1992, en nefndin hefur nýlega lokið störfum og skilað lokaskýrslu sem allir nefndarmenn standa að. *Ég vil taka undir það sem hv. þm. Jón Kristjánsson sagði í ræðu sinni um starf sveitarfélaganefndar og þann ágæta samstarfsvilja sem þar ríkti, en nefndin var skipuð sex fulltrúum skipuðum af þingflokkunum, þremur fulltrúum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga,* fulltrúa Byggðastofnunar og formanni sem skipaður var af hæstv. félmrh. Andinn í þessu nefndastarfi var mjög góður og allir nefndarmenn lögðust á eitt til að ná sameiginlegri niðurstöðu. Í erindisbréfi sveitarfélaganefndar er henni gert að útfæra nánar tillögur um ný umdæmi sveitarfélaga er tækju eins og kostur er mið af svokallaðri leið tvö í tillögum nefndar um skiptingu landsins í sveitarfélög frá árinu 1991 og að vinna tillögur um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í tengslum við stækkun og eflingu sveitarfélaga og tillögur um hvernig auka megi tekjur þeirra til að standa undir auknum verkefnum.

Ástæða þess að hæstv. félmrh. lagði svo mikla áherslu á leið tvö var eflaust sú að fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga hafði samþykkt með aðeins tveimur mótatkvæðum að sú leið skyldi farin, en þessi leið gerði ráð fyrir mjög róttækri breytingu á skipan sveitarfélaga í landinu með sameiningu sveitarfélaga innan heilla héraða þannig að öll sveitarfélög innan sama þjónustusvæðis mundu sameinast. Sveitarfélögin í landinu hefðu þá orðið um það bil 25–28 í stað 200 eins og nú er. Sveitarfélög hefðu a.m.k. þúsund íbúa með einni eða tveimur undantekningum þar sem fjarlægðir yrðu miklar innan hins nýja sveitarfélags. Það var álitið að ef þessi leið yrði farin yrðu sveitarfélögin betur í stakk búin til að standa undir þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar varðandi þjónustu sem þau veita íbúunum.

Við sem skipuðum sveitarfélaganefnd urðum fljótlega sammála um að þessi leið væri ekki fær, m.a. vegna mjög mikillar andstöðu við hana hjá sveitarstjórnarmönnum vítt og breitt um landið. Það virtist mjög almenn skoðun að þetta væri allt of stórt stökk og eins var áberandi að mörgum þótti illt að heimamenn fengju ekki að vera með í tillögugerð, allt kæmi

ofan frá. Það varð því samkomulag um það í sveitarfélaganefnd að færa tillögugerðina heim í hérað og að skipaðar yrðu umdæmanefndir heimamanna og þessar nefndir sem verða kosnar af landshlutasamtökunum geri fyrir 15. sept. nk. tillögu að skiptingu landsins í sveitarfélög. Um þessa tillögu kjósi íbúar viðkomandi landshluta síðan innan 10 vikna og kosning fari samtímis fram í hverjum landshluta. Það er mín skoðun að þetta sé góð leið. Þarna er ákvarðanatakan færð alfarið í hendur heimamanna sem er jú það sem fólk vill. Eina kvöðin sem þessu fylgir er sú að alls staðar verði kosið um niðurstöður umdæmanefnda, að íbúar hvers landshluta fái að segja álit sitt á sameiningu sveitarfélaga fyrir næstu áramót. Ég held að það sé nauðsynlegt að ganga úr skugga um afstöðu fólksins til þessara mála. Ef vilji heimamanna stendur ekki til þess að taka stór skref í sameiningarmálum verða stjórnvöld að sætta sig við það að þessi þróun taki lengri tíma.

Við sem störfuðum í sveitarfélaganefnd hittum mikinn fjölda sveitarstjórnarmanna víða um land. Nefndin hélt um 20 kynningarfundi þar sem nefndarmenn skiptust á um að sækja þessa fundi með formanni nefndarinnar, Sigfúsi Jónssyni, sem hefur lagt í þetta starf mikla orku og unnið að mínu áliti mjög gott starf. Á þessum fundum og eins í viðtölum við fólk utan funda kom það berlega í ljós hvað þetta er viðkvæmt mál því að þannig er nú farið með flesta að þeir hafa sterkar taugar til síns sveitarfélags og vilja veg þess sem mestan. Margir virtust óttast að með sameiningu og stækkun sveitarfélaga verði þau ópersónulegri og að valdið fjarlægist fólkið. Á móti er svo bent á það að möguleikar sveitarfélaganna til að veita þá þjónustu sem fólk vill fá í nútímaþjóðfélagi aukast til muna þegar sveitarfélögin stækka. Ýmis fleiri rök tína menn til, með og á móti sameiningu sem ég ætla ekki að telja upp hér en þessi rök verður fólkið í landinu að vega og meta áður en það gengur til kosninga um þessi mál eftir nokkra mánuði.

Sú mikla tilfærsla sem orðið hefur á fólki undanfarna áratugi kallar auðvitað á endurskoðun og skipan sveitarfélaga í landinu. Það hafa átt sér stað gríðarlegir fólksflutningar úr dreifbýli í þéttbýli sem hefur leitt til þess að mörg seitarfélög í dreifbýlinu eru orðin mjög fámenn og sum hafa reyndar orðið að sameinast nágrannasveitarfélögunum nauðug viljug vegna þess að íbúafjöldinn hefur verið kominn niður fyrir 50. Fjölmörg sveitarfélög eru mjög fámenn sem sést af því að í árslok 1990 voru 47 sveitarfélög með færri en 100 íbúa og 57 sveitarfélög með 100–200 íbúa. Það er því rúmur helmingur þeirra 200 sveitarfélaga sem er á Íslandi í dag með færri en 200 íbúa.

Sveitarfélaganefnd ræddi ítarlega um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga en ákveðið var að setja ekki fram fastmótaðar tillögur um tilflutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga í þessari skýrslu. Í skýrslunni er þó að finna mjög ítarlegan kafla um þau mál þar sem nefndin setur fram þau markmið um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að í fyrsta lagi skuli verkaskiptingin vera skýr og hver málaflokkur heyra eftir því sem kostur er aðeins undir einn aðila þannig að samfara frumkvæði, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð á stofnkostnaði og rekstri. Og í öðru lagi að sveitarfélögin skuli einkum hafa með höndum staðbundin verkefni en ríkisvaldið annast verkefni sem hagkvæmara er að leysa á landsvísu. Á það er bent að sveitarfélögin eru mjög misjafnlega í stakk búin til að sinna þeim verkefnum sem þeim ber samkvæmt lögum vegna mismunandi stærðar. Einnig að sameiginleg þátttaka ríkis og sveitarfélaga innan sama málaflokks veldur því gjarnan að mismunandi sjónarmið eru uppi og pólitískar áherslur mismiklar eftir því hvor aðilinn á í hlut.

Samanburður á verkefnum sveitarfélaga á Norðurlöndum sýnir að þau eru langminnst á Íslandi. Grunnskólarnir eru t.d. alls staðar verkefni sveitarfélaga nema hér á landi. Þessi samanburður sýnir að hlutfall sveitarstjórna í samneyslu er aðeins 4,3% hér á landi en frá 14,6% og upp í 21,8% á hinum Norðurlöndunum. Það er engin spurning að ef það tekst að stækka sveitarfélögin með sameiningu þá mun í kjölfarið fylgja verulegur tilflutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga.

Skoðanir sveitarstjórnarmanna á verkaskiptingunni eru nokkuð misjafnar og ráðast mjög af stærð sveitarstjórna. Það er verulegur áhugi á auknum verkefnum í stærri sveitarfélögunum en nokkur ótti í þeim fámennari þar sem menn sjá ekki fram á að sveitarfélagið ráði við stærri verkefni. Fulltrúaráðsfundur Sambands ísl. sveitarfélaga ályktaði um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á fundi sínum í febrúar sl. en þar segir, með leyfi forseta:

„Fulltrúaráðið telur að með áfangaskýrslu sveitarfélaganefndar um aukið hlutverk sveitarfélaga og með kynningarfundum um land allt hafi góður grunnur verið lagður að samræmdum tillögum sveitarstjórnarmanna um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Fulltrúaráðið telur rétt að fela sveitarfélögunum að fullu rekstur grunnskóla og heilsugæslustöðva, svo og yfirtöku verkefna á sviði málefna fatlaðra og aldraðra.“

Í skýrslu sveitarfélaganefndar er lagt til að félmrn., menntmrn., fjmrn., samtök kennara og Samband ísl. sveitarfélaga undirbúi tillögur sem miði að því að rekstur grunnskóla flytjist að fullu yfir til sveitarfélaga frá og með 1. ágúst 1995. Þá leggur nefndin til að stofnað verði til allt að fimm reynslusveitarfélaga og að ákveðin verkefni sem nú eru verkefni ríkisins eða samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga verði flutt yfir til þeirra. Einnig verði felldar niður á reynslusveitarfélögunum ýmsar kvaðir sem lagðar eru á sveitarfélög með lögum og reglugerðum. Með þessu fær ríkisvaldið tækifæri til að gera tilraun með breytta starfshætti í þeim málaflokkum sem reynslusveitarfélögin taka að sér, en gert er ráð fyrir að þessi tilraun standi frá því í ársbyrjun 1995 til ársloka 1998.

Þar sem hér er um annað þingmál að ræða en nú er á dagskrá ætla ég ekki að fara fleiri orðum um reynslusveitarfélögin. Þau verða á dagskrá hér á eftir en ég tel að þar sé um mjög áhugaverða tilraun að ræða.

Hæstv. forseti. Ég tel það eitt brýnasta hagsmunamál landsbyggðarinnar að efla sveitarstjórnarstigið. Liður í því er tvímælalaust stækkun sveitarfélaganna til

að þau geti veitt íbúum sínum sem besta þjónustu. Ein höfuðforsenda þess að stækkun sveitarfélaga geti leitt til bættrar þjónustu við íbúanna er tvímælalaust að samgöngur verði greiðari innan hinna stóru sveitarfélaga. Greiðar samgöngur skapa betri grundvöll fyrir rekstur ýmissar þjónustu við íbúana og gerir hana aðgengilegri jafnframt því sem greiðar samgöngur leiða til þess að íbúarnir geti sótt atvinnu um lengri veg.

Ég vil að lokum segja það að ég tel það góða niðurstöðu sveitarfélaganefndar, sem hæstv. félmrh. hefur með þessu frv. gert að sinni, að færa tillögugerð og ákvarðanatöku varðandi sameiningu sveitarfélaga í hendur heimamanna í hverjum landshluta. Það held ég að skili þeirri niðurstöðu sem fólkið í landinu muni best sætta sig við.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það mál sem við erum hér að ræða er til komið eftir allmikið starf sveitarfélaganefndar. Þeir tveir hv. alþm. sem hér hafa talað á undan mér hafa báðir átt sæti í þeirri nefnd, sveitarfélaganefnd, sem hér er að ljúka störfum.

Ég vil einnig taka undir það sem hv. þm. Jón Kristjánsson sagði hér áðan að mér finnst hafa verið staðið vel að því að undirbúa þetta mál. Það hefur verið í gangi í nefnd frá því í ársbyrjun árið 1991. Að vísu hefur orðið nokkur breyting á hlutverki nefndarinnar á þessu tímabili, en mikið til hefur sama fólkið verið í henni þrátt fyrir það að hún hafi að nokkru leyti skipt um hlutverk eftir fulltrúaráðsfund Sambands ísl. sveitarfélaga í nóvember 1991. Ég held að það hafi verið rétt að þeim málum staðið að skipa þessa nefnd þannig að allir flokkar á Alþingi ættu hlut í þessari nefnd og ég tel að það sé þannig sem ráðherrar eigi að vinna, að í slíkum nefndum, sem hafa með jafnmikilvæg mál að gera og þessi nefnd hefur haft, eigi sæti fulltrúar allra flokka og ýmissa hagsmunasamtaka sem málið varðar einnig. Með því næst mest breidd og með því er útlit fyrir að mestur árangur náist.

Það hefur einnig sýnt sig í því máli sem við erum hér að ræða að nefndin hefur borið gæfu til að ná samstöðu um það sem hér er lagt fram, hvort sem það fer nú óbreytt í gegn eða ekki, en það er a.m.k. hægt að lýsa því yfir að nefndin hefur unnið þetta mál vel og það sem hér er lagt fram er beint framhald af starfi hennar.

Ég vil einnig nota hér tækifærið opinberlega til þess að þakka fulltrúa Kvennalistans. Það var ekki þingkona sem átti sæti í þessari nefnd, það var Ásgerður Pálsdóttir, bóndi á Geitaskarði, sem hefur unnið þetta mál að sínu leyti mjög vel og alltaf verið í góðu sambandi við okkur þingkonur Kvennalistans um framgang mála í nefndinni og á verulegar þakkir skildar fyrir sitt starf þar.

Sameining sveitarfélaga er gamalt mál, búið að vera í umræðunni meira og minna af og til frá því árið 1966. Það gekk mjög hægt fyrstu árin, en það má segja að síðustu fimm til sex árin hafi komist nokkur skriður á þetta mál þar sem nú á nokkrum árum hefur farið fram sameining einna 17 sveitarfélaga. Ég þekki ekki reynsluna í öllum þeim sveitarfélögum en ég held þó að yfirleitt hafi reynslan af sameiningu verið góð. Ég hef rætt við þá sem stóðu að sameiningu í Eyjafjarðarsveit, þar skilst mér að þetta hafi gengið vel, og einnig þá sem stóðu að stórri sameiningu í Austur-Barðastrandarsýslu þar sem Austur-Barðastrandarsýsla var sameinuð fyrir nokkrum árum í eitt sveitarfélag, Reykhólahrepp, og þar er einnig frekar jákvæð reynsla af því heldur en neikvæð þó auðvitað hafi komið upp ýmsir annmarkar sem ekki var gert ráð fyrir. En það má líka geta þess að t.d. í Eyjafjarðarsveit komu líka upp ýmsir möguleikar, jákvæðir möguleikar sem sveitarfélögin höfðu ekki hugsað út í, samanber það að þau sáu fram á það eftir sameiningu að þau gætu komið á fót unglingastarfi, unglingavinnu innan hins sameinaða sveitarfélags.

Þannig er að með þessu frv. sem hér hefur verið lagt fram er búið að tímasetja vinnuna nokkuð fram í tímann. Tímamörkin eru kannski heldur skörp. Það er ætlast til að tillögur umdæmanefndar skuli vera tilbúnar fyrir 15. sept. nk. Það hefur oft verið reynslan að ekki er mikið unnið í nefndum yfir hásumarið þannig að þetta eru líklegast nokkuð þröng tímamörk og spurning hvort hægt er að láta þau tímamörk standa í umfjöllun málsins hér á Alþingi. Ég held að þau þyrftu að vera rýmri. Hins vegar held ég líka að það þurfi að setja tímamörk. Ég er alveg sammála því að það þurfi að setja tímamörk á þessi mál. Það er búið að vera lengi í umræðu eins og ég sagði og hefur gengið helst til hægt en ég tel að nú sé komið að þeim skilum í þessari vinnu að hægt sé að fara að setja ákveðin tímamörk og marka þá málinu þannig ákveðinn farveg. Mér finnst einnig að málið hafi tekið rétta stefnu með því að því skuli nú vera vísað heim í sveitarfélögin að fjalla um þetta, að almenningi verði kynnt þetta betur og það verði kannað hver afstaða almennings er með atkvæðagreiðslu í öllum sveitarfélögum trúlega þó maður reikni kannski ekki með því að það verði lagt neitt kapp á það að hafa atkvæðagreiðslu í sveitarfélaginu Reykjavík um sameiningu við önnur sveitarfélög, en alla vega í öllum þeim sveitarfélögum sem hugsað verður til sameiningar og sem lagt verður til að verði sameinuð þar muni verða atkvæðagreiðslur og meiri hluti atkvæða á að ráða. En það er eitt af því sem hefur verið deilt mikið um, þ.e. hvernig að þeirri atkvæðagreiðslu yrði staðið. Með því sem hér er lagt til, að meiri hluti greiddra atkvæða í hverju sveitarfélagi sem málið varðar eigi að skera úr, það sýnist mér einmitt vera rétta stefnan í þessu.

Til þess að sameining geti gengið fram þá þurfa auðvitað ákveðnar forsendur að vera fyrir hendi. Að mínu áliti eru þær í fyrsta lagi og jafnvel númer eitt, tvö og þrjú, greiðar daglegar samgöngur. Það þýðir ekki að ræða um það að ætla sér að koma á sameiningu sveitarfélaga og stefna að því að það sé eitt þjónustu- og atvinnusvæði ef ekki er hægt að hafa þar greiðar daglegar samgöngur. Í öðru lagi verða íbúar að sjá sér hag í sameiningu og að vilji sé þar af leiðandi fyrir sameiningu. Ef menn sjá ekki fram á það að þeir hafi hag af sameiningu þá vilja þeir að sjálfsögðu held-

ur búa við óbreytt ástand því þeir vita þá hvað þeir hafa.

Þess vegna vil ég einnig vara við því að of mikil tímapressa sé á og er þess vegna líka að tala um 15. sept. Ég er hrædd um það að ef ekki getur farið fram nægileg kynning meðal almennings á bæði kostum og göllum, því vitaskuld fylgja þessu einhverjir gallar líka, ef ekki er hægt að láta fara fram nægilega kynningu og almenningur hefur ekki haft tækifæri til þess að kynna sér málin nægilega vel og sjá þá kosti sem ég tel tvímælalaust yfirleitt leiða af sameiningu sveitarfélaga, þá held ég að það geti orðið neikvætt. Það getur orðið til þess að íbúarnir greiði frekar atkvæði á móti sameiningu vegna þess að þeir hafi ekki kynnt sér málin nægilega vel og hafi ekki haft tækifæri til þess og geti þar af leiðandi ekki tekið ákvörðun nema þá að búa við óbreytt ástand, sjái sér frekar hag í því að búa við óbreytt ástand ef kynningin er ekki nægilega góð.

Þess vegna vil ég enn og aftur vara við því að menn flýti sér of mikið í þessu, heldur gefi sér tíma til þess að allur almenningur þar sem verið er að ræða sameiningu sveitarfélaga sé vel með á nótunum í því um hvað er verið að ræða og hvernig staðið verður að þessu og hvað það er sem kemur á eftir.

Ég vil einnig vara við því að hér sé verið að álíta að öll vandamál leysist í sambandi við offjárfestingu, í sambandi við sparnað í ríkiskerfinu og í sambandi við byggðamál. Ég held að þetta leysi ekki öll þessi vandamál en það gæti þó fært ýmislegt til betri vegar. Ég tel að smæð sveitarfélaganna á undanförnum árum og fækkun í sveitarfélögunum hafi orðið til þess að þau standa miklu veikari í dag gagnvart ofurvaldi höfuðborgarsvæðisins og ríkisvaldsins heldur en væri ef þau væru stærri. Þau hafa mörg hver og yfirleitt um allt land átt þátt í því að standa að landshlutasamtökum þar sem þau hafa sig þjappað sig saman um ýmis sameiginleg mál og það hefur að sjálfsögðu verið vegna þess að þau hafa fundið til smæðar sinnar ein og sér. Það má því segja að sveitarfélögin hafi þar með valið sér samstarfsvettvang þar sem eru landshluta- eða sveitarfélagasamtökin en þau samtök eru ekki tryggð í stjórnkerfinu og hafa þar af leiðandi ekki ákveðið stjórnsýslulegt hlutverk. Það hefur hins vegar oft verið rætt á seinni árum hvort ekki væri tímabært að taka slíkt þriðja stjórnsýslustig inn í dæmið, hvort ekki væri eðlilegra að sveitarfélögin sameinuðust um þriðja stjórnsýslustigið. Mér sýnist að í raun sé þriðja stjórnsýslustigið við lýði. Hins vegar hafa samtök sveitarfélaganna, Samband ísl. sveitarfélaga, ekki tekið þá afstöðu og í samþykkt fulltrúaráðsfundarins í nóvember 1991 var tekin sú afstaða að leggja til að leið tvö, þ.e. fækkun og stækkun í stór og margfalt færri sveitarfélög, 25–35, yrði stefnan og talið að með því mundi nást sú hagkvæmni sem fulltrúaráðsfundurinn lagði til og vildi sjá fyrir sér.

Hins vegar er það líka staðreynd að þriðja leiðin sem sveitarfélaganefndin lagði til, þar sem lagt er til að sveitarfélögin vinni saman í eins konar byggðasamlögum, sú leið er líka í gangi, sú leið hefur víða verið farin og verður trúlega farin áfram. Jafnvel þó svo að sveitarfélögum fækki og þau stækki þá verða þau sums staðar vegna landfræðilegra aðstæðna ekki í stakk búin til að sinna ýmsum verkefnum og munu þá trúlega halda áfram að vinna að því innan byggðasamlaga. Það hefur hins vegar sums staðar reynst þungt í vöfum þar sem öll sveitarfélög vilja að sjálfsögðu hafa áhrif í þessum byggðasamlögum og þarna hafa orðið of stórar nefndir og stjórnin ekki virkað nægilega vel og þar af leiðandi hefur það ekki verið talið rétt að stefna að því. Ég held samt sem áður, eins og ég sagði, að sú leið verði áfram stunduð í einhverjum mæli.

Þetta frv. til laga um breytingu, þ.e. þar sem verið er að bæta við þessu ákvæði til bráðabirgða sem við erum hér að fjalla um, gerir ráð fyrir umdæmanefndum í sveitarfélögunum og síðan samráðsnefnd sem félmrh. skipar. Mér sýnist einnig að samráðsnefndin hafi ekki langan tíma til þess að vinna að því sem henni er ætlað eftir að umdæmanefndir hafa lokið störfum, þ.e. fyrir 15. mars á að vera búið að ljúka atkvæðagreiðslu í sveitarfélögum sem sameina á og fyrir árslok 1994 á þessi samráðsnefnd að gera tillögur um hvernig staðið verði að sameiningu, þ.e. með málaflokka, fjármál o.fl. Mér sýnist því að ekki sé mjög langur tími sem á að hafa til þess að ganga frá öllum slíkum málum.

Hér segir í athugasemdum með frv. að það sé stefnt að því að gert verði sérstakt samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaganna um hvernig verði unnið að sameiningar-, verkaskipta- og tekjustofnamálum á árunum 1993 og 1994. Þannig að ef þessi nefnd á að gera tillögur um þetta allt saman þá mundi ég vilja spyrja hæstv. félmrh. hvort hún telji að þessi tímamörk séu nægileg. (**Gripið fram í:** Hún er nú ekki í salnum.) Hún er ekki í salnum rétt eins og er, nei, en hæstv. ráðherra var hér rétt áðan og vænti ég að hún sé ekki langt undan.

Það hefur einnig komið fram og það vil ég leggja áherslu á að þegar umræðan hefur verið úti í sveitarfélögunum um þessi mál þá hefur fyrst og síðast alltaf verið komið að því hvernig sveitarfélögin mundu tryggja sér tekjustofna og í raun og veru hvernig þau mundu tryggja sig gegn ríkisvaldinu vegna þess að á undanförnum árum og ekki hvað síst í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar hefur ítrekað verið gengið á tekjustofna sveitarfélaganna og lagðar álögur á sveitarfélögin enda hefur ríkisvaldið það á sínu valdi að breyta lögum og breyta þar af leiðandi lögunum um tekjustofna sveitarfélaga. Sveitarstjórnarmenn sem ræða þessi mál hafa miklar áhyggjur af því hvernig hægt sé að tryggja tekjustofna og auka tekjustofna sem reiknað er með að þeir þurfi á að halda við sameiningu.

Margir hafa haft á orði að það yrði að tryggja þessi réttindi í stjórnarskrá og í lokaskýrslu sveitarfélaganefndar, þar sem rætt er um tekjustofna sveitarfélaganna, m.a. vegna niðurfellingar aðstöðugjaldsins, þá segir m.a., með leyfi forseta:

„Fulltrúaráðið telur að þau meginsjónarmið verði að ríkja við ákvörðun tekjustofna sveitarfélaga að tekjustofnar sveitarfélaga verði sjálfstæðir og óháðir afskiptum ríkisvaldsins, réttur sveitarfélaga til nýtingar

tekjustofna verði á þeirra valdi og tryggt verði með lögum (í stjórnarskrá) að samskipti sveitarfélaga og ríkisvalds verði á jafnræðisgrundvelli." — Þannig að þessi ótti sveitarfélaganna kemur einnig fram á fulltrúaráðsfundinum í samþykkt frá fulltrúaráðsfundinum nú í febrúar sl.

Það er spurning hvernig hægt er að tryggja tekjustofna sveitarfélaganna. Það væri hugsanlegt að gera það með einhverjum föstum tekjum umfram útsvar og fasteignagjöld og ég veit ekki hvort ég á að nefna aðstöðugjald því aðstöðugjald er ekki í gildi á þessu ári heldur viðbót við tekjuskattsstofninn. Þessi mál eru því í mjög mikilli uppstokkun og kannski eðlilegt að svo sé þegar verið er að ræða mjög mikla uppstokkun á sveitarfélögunum, stærð þeirra og hlutverki. En ég teldi ekki óeðlilegt að það væri skoðað hvort hægt sé að hafa fasta tekjustofna fyrir sveitarfélögin eins og t.d. tekjuskatt og eignarskatt og tryggingagjald eða gjald af launatekjum.

Í fjárlögum fyrir árið 1993 er tryggingagjaldið, tekjuskattur og eignarskattur, tæpir 30 milljarðar kr. og síðan kemur þá til viðbótar útsvar og það sem hugsað er að greiða í staðinn fyrir aðstöðugjaldið sem fellt var niður. En í fjárlögunum eru þessir tekjustofnar, tryggingagjald, tekjuskattur og eignarskattur, tæpir 30 milljarðar kr.

Ég held samt sem áður að það verði alltaf að vera fyrir hendi jöfnunarsjóður því að þessir föstu tekjustofnar eru mismunandi eftir árum og þar af leiðandi held ég að alltaf þurfi að hafa jöfnunarsjóð.

Í lokaskýrslu sveitarfélaganefndarinnar voru nefnd[illegible] nokkur atriði, útdráttur úr tillögum nefndarinnar og það frv. sem hér er verið að fjalla um og einnig þáltill. sem hér verður til umræðu á eftir eru tekin beint upp úr þessum tillögum nefndarinnar. Þó eru nokkur atriði sem ekki koma fram í þessu frv. eða þáltill. og það er m.a. 6. liðurinn í útdrættinum þar sem segir að sveitarfélaganefnd leggi til að félmrn., menntmrn., fjmrn., Samtök kennara og Samband ísl. sveitarfélaga undirbúi tillögur sem miði að því að rekstur grunnskóla flytjist að fullu yfir til sveitarfélaga frá og með 1. ágúst 1995.

Ég vildi spyrja hæstv. félmrh. hvort búið er að skipa þessa nefnd sem lögð er til í lokaskýrslu sveitarfélaganefndar og hvernig hún er skipuð og hvernig hennar starfssvið verður. Hér segir aðeins að sveitarfélaganefndin leggi þetta til.

Í 9. liðnum leggur sveitarfélaganefndin til að reglum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga verði breytt. Ég mundi einnig vilja spyrja hvað verið er að ræða í því, hvort verið er að vinna að því að breyta reglum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í þá veru sem hér er nefnt og við höfum reyndar orðið vitni að því að reglum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaganna var breytt ósköp hljóðlega að mér skilst í janúar sl. En ég mundi vilja spyrja hvernig hefur hæstv. ráðherra hugsað sér þær breytingar á reglunum að sjóðurinn fjármagni þarna í fimm ár sérstakt átak og síðan að þjónustuframlög, stofnframlög virki hvetjandi á sameiningu.

Þá vil ég einnig nefna það, þó að kannski ætti frekar að ræða það hér á eftir í sambandi við reynslusveitarfélögin, að hér er lagt til að það verði ekki sett annað skilyrði en að þau sveitarfélög sem taka þátt í því hafi a.m.k. eitt þúsund íbúa og þó verði heimilt að velja eitt sveitarfélag með færri en eitt þúsund íbúa. Í því sambandi tel ég að það væri mjög æskilegt að þau sveitarfélög sem valin verða til þess að gegna þessu hlutverki séu breytileg, þau geti haft ýmsar forsendur, þau séu misstór og mismunandi aðstæður þeirra, bæði landfræðilega og atvinnulega þannig að út úr því komi reynsla á því hvernig þessi sameining og verkaskipting muni þá gefast. Ég tel ekki rétt að miða endilega við það að þau hafi eitt þúsund íbúa. Þó að hér sé reyndar heimild fyrir því að velja eitt sveitarfélag undir þeirri tölu þá gæti jafnvel verið eðlilegt að fleiri en eitt væru undir þessu marki þannig að þetta mark sé ekki svo fast sett sem hér er lagt til.

En það er best að halda sig við það sem hér er á dagskrá, þ.e. breyting á sveitarstjórnarlögunum en ekki þáltill. um reynslusveitarfélögin þó að það komi nú óneitanlega alltaf eitthvað inn í þetta þar sem það er beint framhald af þessu máli eða tengist þessu máli. En ég vil lýsa yfir því að ég tel að hér hafi verið vel unnið og ég get í megindráttum verið sammála því að þetta frv. komi hér fram, en ég vara við of miklum hraða og einnig því að það sé ákveðið fyrir fram hvaða verkefni sveitarfélögin eigi að taka að sér. Ég tel að þetta verði að gerast með nægri kynningu í sveitarfélögunum og almenningur geri sér ljósa grein fyrir því um hvað er verið að kjósa og tekjustofnar séu tryggðir[illegible] en ég tel að menn flýti sér ekki of mikið við þetta en skoði alla möguleika. Og hvað varðar verkaskiptingu að öðru leyti eða verkefni nýrra og stærri sveitarfélaga — og mikið hefur verið rætt um grunnskólann í því sambandi, vitnað í það að grunnskólinn sé alfarið hjá sveitarfélögunum á Norðurlöndum, þá er það að vísu rétt, en þau eru að ég held öll stærri en sveitarfélög hér þó sameinuð væru kæmu til með að verða og það geta því verið öðruvísi aðstæður hér hjá okkur og ekki alveg hægt að miða við Norðurlöndin þó að við gerum það nú oft að miða okkur við þau. En ég tel að það sé full þörf á að skoða það mál hvort grunnskólinn geti alfarið færst til sveitarfélaganna, en það þarf að skoða fleira í því en bara að færa þá 5 milljarða sem laun grunnskólakennara eru hjá ríkinu yfir til sveitarfélaganna því að það þarf að skoða það miklu betur, bæði í sambandi við lífeyrissjóðsréttindi kennara o.fl., faglega ábyrgð, hvernig verði staðið að námsgögnum o.s.frv. þannig að það mál þarf góða skoðun áður en ákvörðun er tekin í því. — [Fundarhlé.]

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum sem hér er til umræðu er árangur af mikilli herferð sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa staðið fyrir í því augnamiði að hér yrði hægt að stækka og fækka sveitarfélögunum. Ég verð nú að segja það alveg eins og er að ég er tiltölulega ánægður með hvernig málin hafa snúist upp á síðkastið vegna þess

að til að byrja með virtist af yfirlýsingum ráðherra og forsvarsmanna stjórnarflokkanna sem menn ætluðu að sameina sveitarfélögin með góðu eða illu og það skyldi verða veruleg breyting á samsetningu sveitarfélaganna innan skamms tíma. Ég tel að þær hugmyndir sem eru komnar núna fram um þessi mál séu miklu meira niðri á jörðinni. Menn séu þarna að viðurkenna að þetta verkefni er ekki eitthvað sem menn geta kastað sér út í og klárað á stuttum tíma og það þurfi jafnvel að draga heldur meira úr hraðanum á þessu máli heldur en þegar hefur verið gert. Ég held að t.d. tímamörkin sem sett eru í sambandi við kosningar séu of þröng og það verði að viðurkenna það að sveitarfélögin þurfi að fá að taka sér til þess allan þann tíma sem þau telja sig þurfa til að ganga þessa göngu til enda.

Ég tel líka að það eigi ekki við sem stundum hefur viljað bregða fyrir í þessari umræðu að vera að nefna það sem menn taka jafnvel sem hótun. Ég held því ekki fram að menn hafi raunverulega hótað því, en það hefur komið fram í umræðunni að þær hugmyndir sem voru uppi hér áður um að það ætti að hækka lágmarksíbúafjölda í sveitarfélögum frá því sem hann er núna með lögum þannig að sveitarfélögin neyddust til sameiningar vegna þess að mannfjöldi færi niður fyrir einhverjar, við skulum segja 150 eða 200 manneskjur. Ég vona að slíkar hugmyndir séu ekki lengur í hugum manna og að sveitarfélögunum verði gert kleift að glíma við þetta vandamál sjálfum og að umræðan skili því sem hún á að skila, þ.e. að menn skoði þessi mál vandlega, beri saman þær lausnir sem menn hafa núna í þessum sveitarstjórnarmálum og þá möguleika sem hægt er að velja um og að það verði gert á grundvelli vandlega athugaðra mála það sem gert verður.

Ég ætla að fara örfáum orðum um frv. sjálft eins og það liggur hér fyrir og þá liði sem þar eru settir fram. Í 1. tölul. segir:

„Stjórnir landshlutasamtaka skulu frá 1. júní 1993 kjósa fimm til níu manna umdæmanefndir á starfssvæðum allra landshlutasamtaka sveitarfélaga.“ Það er óeðlilegt að setja sveitarfélögunum þannig fyrir eins og þarna er gert. Það segir áfram:

„Hlutverk umdæmanefnda er að gera tillögur að nýrri skiptingu hvers landshluta í sveitarfélög í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir. Jafnframt er hlutverk þeirra að hafa yfirumsjón með kynningu á sameiningartillögunum og að sjá um almenna atkvæðagreiðslu um þær.“ Það er óeðlilegt að Alþingi ákveði hvaða aðili innan landssamtaka sveitarfélaga, landshlutasamtakanna kjósi umdæmanefndina. Það er eðlilegra að landshlutasamtökin ákveði þetta sjálf, þ.e. að annaðhvort verði umdæmanefndin kosin á fundi landshlutasamtakanna sem væri eðlilegast eða að sami fundur feli stjórn eða öðrum að skipa nefndina.

Í 2. lið er talað um að umdæmanefndir ákveði hver fyrir sig í samráði við landshlutasamtök sveitarfélaga á svæðinu hvenær almenn atkvæðagreiðsla skuli fara fram um sameiningartillögu. Þar er talað líka um, ef ég man rétt — í tillögu sveitarfélaganefndarinnar sem ég vil vitna og í þeim drögum að frv. sem kynnt voru í nefndinni var ekki tekið fram að sveitarstjórn ályktí ekki um tillögur umdæmanefndar eins og þarna er gert heldur er það látið í sjálfsvald hverrar sveitarstjórnar hvernig hún lýkur umræðu um tillögu umdæmanefndarinnar. Ég fæ ekki séð hvernig er hægt að banna sveitarstjórninni að álykta um mál eins og þarna kemur fram.

Í 3. lið segir að verði ekki af sameiningu á grundvelli atkvæðagreiðslu skv. 2. tölul., þá sé umdæmanefnd heimilt að leggja fram nýja tillögu og skal það gert fyrir 15. jan. 1994. Það kom fram í umræðum í nefndinni, það er mér kunnugt um, að slík tillaga yrði ekki gerð nema fyrir lægi rökstudd ástæða til að halda að hugur sveitarstjórnarmanna eða fólksins á svæðinu stæði til annarrar sameiningar heldur en kosið var um. Og ég hefði talið að það væri full ástæða til þess að það kæmi þarna líka fram.

Það er líka hægt að segja í sambandi við 3. tölul. að það vantar skilyrði fyrir þessari síðari umferð. Heimildin samkvæmt skýrslu sveitarfélaganefndar var bundin því að umdæmanefndin telji að vilji íbúanna standi til annars konar sameiningar og þetta skilyrði eins og ég var að segja áðan hefði þurft að vera í textanum.

Um kostnaðinn af þessu, þ.e. störf umdæmanefndar, samráðsnefndar og sveitarfélaganefndar, ætti að vera eitthvert ákvæði og það þyrfti að mínu viti að koma fram að þessar greiðslur ættu ekki að skerða Jöfnunarsjóð sveitarfélaganna en það gerist ef menn láta þetta ganga fram eins og það er.

Vegna þess að gert er ráð fyrir því að einfaldur meiri hluti ráði niðurstöðu í þessum kosningum sem þarna er gert ráð fyrir, þá vil eg minna á það að hv. alþm. Kristinn H. Gunnarsson hefur flutt frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og eðlilegast hefði verið að sú breyting yrði þá samþykkt áður en þessi tillaga fengi afgreiðslu.

Þá er rétt að benda á þá tillögu að skipa samráðsnefnd sem á að leggja fram tillögur á næsta ári um verkaskiptingu og tekjustofna, þ.e. áður en tilraunasveitarfélögin tækju til starfa og þar með áður en metin er reynslan af þeim, en það er eðlilegt að á grundvelli reynslunnar verði tekin ákvörðun um verkefnaskiptingu en í frv. vantar skilgreiningu á hlutverki samráðsnefndarinnar.

Það er gert ráð fyrir því eða var a.m.k. talað um það í hópi þeirra manna sem eru í þessari sveitarfélaganefnd að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ætti að fjármagna sérstakt átak vegna sameiningar sveitarfélaganna og reynslu sveitarfélaganna. Það er kannski rétt að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann sé búinn að gera sér hugmyndir um það hvernig eigi að fjármagna þetta sérstaka átak vegna sameiningar sem er talað um og hvaða tekjur Jöfnunarsjóðurinn á þá að fá til að standa undir þessu átaki. Verður ekki að breyta lögunum um sjóðinn núna þá jafnhliða svo hann geti fjármagnað þetta eins og jöfnun á fjárhagsstöðu sveitarfélaga, vegaframkvæmdum og öðrum samgöngubótum svo að eitthvað sé nefnt sem er nauðsynlegt skilyrði sameiningarinnar?

Einnig mætti spyrja, og ég óska eftir því að hæstv. ráðherra tjái sig um það, hvort hann ætli ekki að gang-

ast fyrir jafnhliða sameiningu sveitarfélaganna að endurskoðun verði á umboðsvaldi í héraði, þ.e. að þar sem þannig hagar til verði reynt að láta umboðsvald ríkisins vera í samræmi við þau mörk sveitarfélaganna sem verða eftir að sameining hefur farið fram.

Ég geri ráð fyrir því að það geti orðið langar umræður um þessi mál þegar þau koma frá nefnd, en ég tel að það sé ástæða til þess að félmn. skoði þetta mjög vel og hún þarf vitanlega að hafa samráð við einhverja aðila þó að ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að eins og hefur verið staðið að undirbúningi málsins, þá eru sveitarfélögin búin að vera „primus motor" í því að undirbúa málið og það er búið að koma til móts við þau í flestöllum tilvikum, þá tel ég að það sé ástæða til að hugsa sig um með það hvort það eigi ekki að hafa einhverja samráðsfundi við forustumenn í sveitarfélögunum sem ekki hafa kannski tekið þátt í þessari vinnu og að alla vega verði gengið úr skugga um það að ekki leynist veruleg andstaða við þessar hugmyndir sem hefur kannski ekki komið fram í umfjöllun nefndarinnar.

Nú hefur verið farið hringinn í kringum landið og hlustað á sveitarstjórnarmenn í hinum dreifðu byggðum og bæjum landsins, en það má náttúrlega segja um þá umfjöllun að hún hefur sjálfsagt eingöngu snúið að kostum sveitarstjórnarmanna. En það eru fleiri sem þurfa að koma að þessu máli og það verða auðvitað íbúarnir sem segja sitt að lokum um það hvort þeir séu tilbúnir til að skrifa upp á þessar hugmyndir. Það sem hefði nú kannski vantað til þess að það væri fullkomlega staðið að þessum málum eins og ætti að gera hefði verið að reyna að mynda einhvers konar samráð eða umfjöllun með almennum íbúum þar sem hefði verið t.d. lýst eftir athugasemdum og reynt að finna fyrir fram hvaða vandamál muni koma upp því að auðvitað munu ýmis vandamál koma upp þegar hinir almennu íbúar í sveitarfélögunum allt í kringum landið fara að ræða um þær tillögur sem verða lagðar fram. Ég legg áherslu á það sem ég sagði í upphafi að við megum ekki ganga að þessu verki eins og hverjum öðrum moldarmokstri. Við verðum að láta fólkið í sveitarfélögunum allt í kringum landið fá að hafa úrslitaorðið í þessum málum og til þess að lendingin verði sem farsælust, þá þurfa menn að undirbúa málin vel.

Ég tel að málið hafi að mörgu leyti farið í betri farveg heldur en mér fannst það ætla að vera í í upphafi og vonast til þess að það haldi áfram að snúast á betri veg, en til þess að það gerist verða menn að átta sig á því að það má ekki láta óþolinmæði hafa áhrif á framgang málsins. menn verða að gefa sér allan þann tíma sem þarf til þess að vinna að þessu.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér er komið að máli sem hefur verið mjög mikið í umræðunni úti í sveitarfélögunum og þó að þetta mál hafi ekki verið hér á dagskrá þingsins svo mjög enn þá, þá fer það ekkert á milli mála að hér er um að ræða eitt af stóru ákvörðunaratriðunum sem örugglega á eftir að koma nokkuð til umræðu í þinginu, bæði í félmn. og einnig væntanlega við 2. umr. þess máls, enda hefur það komið fram fyrr í umræðunni að menn hafa ætlað sér að bíða nokkuð umfjöllunar hv. félmn. áður en þeir tjá sig ítarlega um þessi mál.

Það sem auðvitað liggur hér að baki hugmyndinni um það að breyta sveitarstjórnarlögunum til þess að auðvelda sameiningu sveitarfélaga er auðvitað sú meginhugsun að úti í sveitarfélögunum sjálfum er vaxandi krafa um aukna þjónustu af öllu tagi. Þessa kröfu sjáum við bæði á sviði skólamála, dagvistarmála og margra annarra þeirra málaflokka sem sveitarfélögin hafa með að gera en einnig ýmissa annarra málaflokka sem hingað til hafa verið á hendi ríkisvaldsins en ekki hefur verið hægt að flytja til sveitarfélaganna vegna smæðar þeirra og þess hversu veikburða mörg þeirra eru. Það hefur komið fram að býsna stór hluti sveitarfélaganna telur innan við 200 íbúa og það gefur auðvitað auga leið að marga þá þjónustu sem nú þykir eðlileg í nútímasamfélagi er ekki hægt að veita á vettvangi þessara litlu sveitarfélaga. Um leið og samgöngur aukast og ferðalög fólks um landið aukast og fólk fer oftar til náms vítt og breitt um landið þá er það auðvitað þannig að krafa fólks um það að hafa sem líkasta þjónustu vex og þess vegna er það ekki óeðlilegt, öllu heldur er það mjög skiljanlegt og sjálfsagt, að sú krafa komi upp að sveitarfélögin geti verið í færum til þess að auka sína þjónustu. Hið rökrétta framhald þess er auðvitað það að sveitarfélög hafa sameinast og sú þróun hefur auðvitað átt sér stað á síðustu árum, m.a. mjög á Vestfjörðum og hún mun auðvitað aukast og ég lít þannig á að það frv. til laga sem við erum hér að fjalla um sé í raun og veru svar við þessari þróun, inngrip í þessa þróun og til þess gerð að auðvelda það að þessi sameining geti átt sér stað.

Það er auðvitað þannig að það hefur mjög margt breyst í okkar þjóðfélagi sem gerir það að verkum að sameining sveitarfélaganna er eðlileg. Í fyrsta lagi, eins og margoft hefur komið fram í þessari umræðu og hæstv. félmrh. rakti, þá hafa fólksflutningar hér innan lands orðið til þess að ýmis sveitarfélög eru fámenn og þess vegna kallar það eitt og sér á sameiningu. Í annan stað hitt, sem auðvitað skiptir mjög miklu máli og það er að vegasamband milli landshluta og milli sveitarfélaga hefur gjörbreyst og stórbatnað. Það sem einu sinni þótti eðlilegt af landfræðilegum ástæðum að skipta niður sveitarfélögum í minni einingar, þær forsendur eru ekki til staðar í dag vegna þess að sveitarfélögin hafa tengst með betri samgöngum.

Loks er það atriði sem ég hef ekki heyrt minnst á í þessari umræðu en ég held að skipti mjög miklu máli, a.m.k. er það mín reynsla af starfi í sveitarstjórnarmálum sem ég hef haft, að vísu ekki innan sveitarstjórna heldur í ýmsum nefndum á vegum sveitarstjórna, og það er að ég held að stjórnskipulag sveitarfélaganna sjálfra sé á margan hátt orðið gamaldags, úrelt og mjög þungt í vöfum. Sannleikurinn er sá að mörg þessara sveitarfélaga sem telja kannski innan við þúsund íbúa og margir þessir kaupstaðir sem eru með á milli eitt þúsund og tvö þúsund íbúa, eru byggðir upp stjórn-

sýslulega eins og um væri að ræða hér um bil stórborg. Þar er bæði um að ræða óteljandi nefndir sem út af fyrir sig þarf ekki að vera mjög slæmt nema að því leytinu að auðvitað gerir það stjórnskipulagið allt miklu þyngra í vöfum. Síðan eru hreppsráð og hreppsnefndir. Auðvitað er þetta óskaplega þungt í vöfum og jafnvel hin smæstu mál hafa menn orðið að taka inn í þennan feril og það allt saman gert þetta ákaflega þungt í vöfum. Þetta eitt út af fyrir sig tel ég vera ærið mikil rök fyrir því að breyta sveitarfélögunum með þeim hætti sem hér er verið að leggja til, með öðrum orðum að stækka þau, en að þar komi engin þvingun til.

Þetta er, eins og fram hefur komið í þessari umræðu, býsna viðkvæmt mál. Í mörgum sveitarstjórnum líta menn hér um bil á það sem helgispjöll að tala um að leggja niður eitthvert lítið sveitarfélag. Einu sinni fór fram umræða um þetta vestur við Djúp og ég hef stundum vitnað til þess að þá sagði einn ágætur maður þar að það yrði helsti gallinn við það að sameina sveitarfélögin við Djúp að mannvirðingarmönnum við Ísafjarðardjúp mundi fækka. Mig grunar einhvern veginn að þegar allt kemur til alls þá hafi þetta sjónarmið, sem þarna var sett fram í gríni, dálítið vægi í umræðunni. (Gripið fram í.) Nú hefur hæstv. heilbrrh. upplýst mig um það að þetta hafi verið sagt í fúlustu alvöru og ekki dreg ég þær upplýsingar hans í efa.

Það sem hefur tafið þessa umræðu er auðvitað það að menn hafa verið haldnir þeirri grillu að það hafi verið ásetningurinn á einhverjum tímapunkti að þvinga sveitarfélög til sameiningar. Ég kannast ekki við það að ef maður les t.d. skýrslu sveitarfélaganefndar, skýrsluna sem kom út á þessum vetri, þá sé hægt að lesa út úr henni tilraun til lögþvingunar á stækkun sveitarfélaga. Ég held að það sé útúrsnúningur og rangt, röng túlkun á starfi þeirrar nefndar. Og með því frv. sem hér er lagt fram eru auðvitað tekin af öll tvímæli um að það er ekki verið að ætla sér að þvinga sveitarfélög til sameiningar, þvert á móti er einmitt gert ráð fyrir því að það séu stjórnir landshlutasamtakanna úti í héruðunum sem skipi umdæmanefndirnar, kjósi umdæmanefndirnar sem hafi með þessi mál að gera. Áður en til þess komi að taka ákvörðun um þetta er auðvitað ljóst að íbúarnir verða spurðir álits og þess vegna held ég að eitt af því mikilvæga sem fylgir þessu frv. sé nákvæmlega það að verið er að eyða þeim ótta sem vissulega var fyrir hendi um að það ætti að þvinga sveitarfélög til sameiningar.

Ég held að forsendan fyrir því að sveitarfélögin nái að sameinast og það skapist friður um það sé sú að hægt sé að eyða þeim ótta sem nú er fyrir hendi, sérstaklega í minni sveitarfélögunum um það að að sameining muni leiða til þess að hin stærri muni gleypa hin minni. Ég vil láta það koma fram sem mitt sjónarmið í þessum efnum að ég tel að samhliða því þegar menn fara að tala um það að sameina sveitarfélög, eins og hæstv. félmrh. hefur gert, í því skyni að færa vald út til byggðanna, þá verði að gæta þess að skipa þeim málum með þeim hætti að þau minni sveitarfélög sem ætli sér að sameinast hinum stærri fái það ekki á tilfinninguna að allt vald verði síðan dregið frá þeim til stóra sveitarfélagsins. Litlu sveitarfélögin verði þess vegna svona lítils virði og skipti mjög litlu máli í hinu nýja sveitarfélagi. Ég held að það hafi verið allt of ríkt tilhneiging hjá ríkisvaldinu þegar fluttar hafa verið stofnanir út á land að horfa alltaf til þess að þessi þjónusta kæmi niður bara hjá stóra sveitarfélaginu þó vel megi koma þeirri þjónustu fyrir hjá minni sveitarfélögum líka vegna þess að alls konar fjarskipti og samgöngur hafa verið að batna og þess vegna er auðvitað alveg fullkomin ástæða til þess að dreifa þessari þjónustu á sveitarfélögin.

Annað sem ég held að sé nauðsynlegt að hafa í huga og hæstv. félmrh. þyrfti að tjá sig um, þó það verði ekki fyrr en við 2. umr. þessa máls. Þannig er að mörg sveitarfélög hafa af því nokkurn beyg varðandi sameininguna að þau eru mjög misjafnlega fjárhagslega á vegi stödd. Auðvitað þarf það að liggja mjög vel fyrir hvernig með þau mál verður farið í því uppgjöri sem óhjákvæmilegt er þegar til sameiningarinnar kemur.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að halda langa ræðu við þessa umræðu, það gefst tækifæri til þess að fjalla um málið í félmn. og við 2. umr. Ég vil aðeins leggja áherslu á það að sameining sveitarfélaga er ekki gerð fyrir ríkisvaldið, hún er gerð fyrir íbúa sveitarfélaganna og fyrir sveitarfélögin sjálf til þess að gera þau betur í stakk búin til þess að sinna þeirri þjónustu sem nauðsynleg er og íbúarnir kalla eftir. Ég nefndi það áðan og ég tel að það sé aðalatriði að ástæða sameiningar sveitarfélaga er sú að menn vilja auka þjónustuna úti í byggðunum og vilja bæta þjónustuna hjá fólkinu sjálfu og þess vegna verði menn að átta sig á því að markmiðið með sameiningu sveitarfélaga er ekki það að gera þetta fyrir ríkisvaldið, eins og stundum hefur örlað á, heldur fyrir sveitarfélögin sem úti á landi eru og fyrir íbúana sem þar eru til þess að bæta þeirra þjónustu og til hagsbóta fyrir alla heimamenn.

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég kem hér til þess að lýsa stuðningi við meginmarkmið þessa frv. en eins og kemur fram í athugasemdum við frv. er það að láta á það reyna í sem flestum sveitarfélögum hver afstaða almennings er til sameiningar sveitarfélaga. Ég held að sú vinna sem unnin hefur verið í nefndum að undirbúningi þessarar sameiningar sé um margt mjög góð og tek undir þá skoðun að við þurfum að sameina fleiri sveitarfélög til þess að bæta þar þjónustu. Hins vegar er kannski eitt og annað sem ég vildi gera athugasemdir við sem er í frv. og kem ég að því síðar.

Það má segja að á Vestfjörðum höfum við verið eins konar brautryðjendur í sameiningu sveitarfélaga því á sínum tíma, árið 1971, sameinuðust Ísafjörður og Hnífsdalur og á þeim tíma sem liðinn er síðan, það var ég að taka saman, hafa 17 sveitarfélög sameinast og eru þau 7 núna þannig að á Vestfjörðum hefur verið mikið átak gert í þessu, þó að vissulega þurfi að gera miklum mun betur, og ástæðan er fyrst og fremst sú að

íbúum fækkar þarna og erfitt er um þjónustu fyrir lítil sveitarfélög.

Um og upp úr síðustu aldamótum var reyndar allt annað á döfinni. Það sem var þá að gerast í sveitarfélagamálum fyrir vestan a.m.k. og ég býst við víðar á landinu var skipting sveitarfélaga. Þá urðu til þéttbýliskjarnar sem greindust frá meginsveitinni, höfðu aðrar þarfir og önnur viðhorf og þar var stofnað nýtt sveitarfélag oft rétt aðeins í kringum þéttbýlið. Ég nefni t.d. Flateyri úr Mosvallahreppi, Patreksfjörð sem stofnaður var úr Rauðasandshreppi, Hólmavík úr Hrófbergshreppi. Þetta er í rauninni hlutur sem nú tæpri öld síðar er að ganga til baka og sveitirnar sem þá voru tiltölulega sterkar til þess að sinna sínu hlutverki eru orðnar veikari núna og það er þéttbýliskjarninn sem líka er orðinn landlaus í mörgum tilvikum þannig að þessi þróun er á leið í hina áttina núna.

Það er ekki bara að það sé verið að sameina sveitarfélög, það er reyndar verið að gera fleira. Það er verið að breyta þessum sveitarfélögum, sem við nefndum svo, til annarrar skipunar. Það eru þó nokkuð önnur markmið sem reynt er að ná fram enda sýnt að sveitarfélag, sem spannar yfir vegalengd sem getur kannski skipt hundruðum kílómetra frá einum enda til annars, er ekki alveg undir sömu lögmál sett og hrepparnir voru áður á þeim tíma sem sú skipan var á sett sem hefur haldist um langt skeið í íslensku stjórnarfari.

Hins vegar get ég ekki að því gert, þó ég taki undir flestar þessar tillögur sem komið hafa fram, að mér finnst of hratt farið og ég held að menn verði að fara að viðurkenna það að einmitt í þessu frv. eru tímamörk svo naum að ekki verður með nokkru móti hægt að ætla það að framkvæmdin geti orðið skilvirk og með eðlilegum hætti. Það er verið að breyta það miklu í þessum málum að við þurfum að fá tíma til þess að athuga hvað verður, hvað tekur við af því skipulagi sem við þekkjum og höfum búið við mjög lengi. Og þeir sem eiga að taka þessum breytingum — þetta er ekki hlutur sem hægt er að gera með reglustiku, hvorki frá Alþingi né heldur úr sveitarstjórnum — almenningur sem býr í sveitunum sjálfum verður að taka þátt í þessari þróun og hann verður að samþykkja það í atkvæðagreiðslu.

Ég fagna því sérstaklega að hér er komið til móts við athugasemdir sem komu við fyrstu álit nefndarinnar þannig að nú er ekki hægt að þvinga sveitarfélög til þess að sameinast þó að íbúarnir allir séu því mótfallnir eins og var fyrr. Það kom reyndar fram hjá hv. 3. þm. Vestf. áðan að engar þvinganir væru hafðar í frammi og hafi aldrei verið, þetta voru vissulega þvinganir þar sem ákvæðin voru þannig, ef ég man rétt, að þá var nægilegt að tveir þriðju hlutar — ég er ekki með þetta ákvæði hjá mér — en þessi minnstu sveitarfélög máttu sæta því að sameinast þó allir íbúarnir væru á móti þegar hlutföll voru þeim óhagstæð. Þetta hefur sem betur fer breyst og því ber að fagna.

Í framsöguræðu hæstv. félmrh. kom réttilega fram að ungt fólk er í vaxandi mæli að flytjast af landsbyggðinni. Þetta er þróun sem lengi hefur átt sér stað, er mjög erfitt að snúa við, en þetta mun ekki breytast með því einu að sameina sveitarfélög. Vafalaust er sú viðleitni liður í þeirri þróun að ná unga fólkinu aftur til baka en það þarf fleira til. Við þurfum að efla byggðirnar, óháð því hvort það eru eitt sveitarfélög eða fleiri, við þurfum að færa þjónustuna út á landsbyggðina því þessi flutningur ungs fólks af landsbyggðinni og til höfuðborgarsvæðisins tengist m.a. því hversu menntunarmöguleikar hafa stóraukist og hversu ungt fólk í mjög auknum mæli leitar nú menntunar. Það leitar menntunar og sem betur fer þá býður þjóðfélagið upp á fjöldamarga og góða kosti en síðan þegar sú menntun er fengin þá eru ekki möguleikar nema í þéttbýlinu af því að þjónustan er þar, þar eru þjónustustofnanir og þess vegna flytur fólkið að heiman. (**Forseti:** Forseti vill leyfa sér að spyrja hv. þm. hvort hann eigi langa tölu eftir því um hafði verið samið að fresta þessari umræðu þegar klukkuna vantaði kortér í fimm. Forseti kysi fremur ef ekki er langur kafli af ræðunni eftir að hv. þm. fengi tækifæri til að ljúka henni en annars verður forseti að biðja hv. þm. að fresta máli sínu.) Virðulegi forseti. Ég get nú ekki mælt það kannski alveg í mínútum en spurning er hvað er langt og hvað er skammt. Þetta verður ekki löng ræða sem eftir er að mínu mati en hugsanlega fimm til tíu mínútur. (**Forseti:** Má forseti spyrja hv. þm. hvort hann geti sætt sig við að fresta máli sínu um sinn?) Ég er tilbúinn til þess ef forseti óskar þess. (**Forseti:** Forseti þakkar hv. þm. Þannig stendur á að ráðherra er tímabundinn og þarf að mæla fyrir máli og venjan er að koma til móts við slíka beiðni. Forseti vill því biðja hv. þm. að fresta ræðu sinni um sinn.) Ber að skilja það svo að hún komi aftur á dagskrá í dag? (**Forseti:** Vissulega.) Þá mun ég gera hlé á mínu máli hér og nú.

Umræðu frestað.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 480. mál (Heilsuverndarstöð í Reykjavík o.fl.). — Þskj. 828.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Í því frv. sem ég mæli fyrir er verið að leggja til að Heilsuverndarstöð Reykjavíkur verði ákveðinn lagalegur sess í samræmi við breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem tók gildi 1. jan. 1990. Fram til þessa hefur verið bráðabirgðafyrirkomulag á stjórn Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og hlutverki. Stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar tók hins vegar að sér að semja tillögur um breytt verkefni og stjórnskipan og hefur skilað þeim tillögum og þær eru fluttar hingað inn á hið háa Alþingi. Ég kynnti þessar tillögur fyrir heilbr.- og trn. fyrir jólin og ætla að það geti tekist sæmileg samstaða um þá breytingu sem lögð er til í þessu lagafrv.

Í stuttu máli er megintilgangurinn með frv. sá að Heilsuverndarstöð Reykjavíkur verði ákveðið sérstakt verksvið sem sé þríþætt:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að Heilsuverndarstöð Reykjavíkur hafi umsjón með heilsuverndarstarfi í landinu, samræmi heilsuverndarstarfið og annist þróun heilsuverndarstarfs, rannsóknir og kennslu.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að Heilsuverndarstöðin annist tiltekna þætti heilsgæslu og heilsuvernd í Reykjavíkurlæknishéraði og Reykjaneslæknishéraði samkvæmt samkomulagi við stjórnir heilsugæslustöðva í þeim héruðum og að fengnu samþykki ráðherra.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að Heilsuverndarstöðin annist forvarnastarf og hýsi ýmsa opinbera starfsemi á því sviði samkvæmt ákvörðun ráðherra. Hér er átt við t.d. manneldisráð, áfengisvarnaráð, tóbaksvarnanefnd, landsnefnd um alnæmisvarnir og tannheilsumál. Í sambandi við tannheilsumál er gert ráð fyrir sameiningu umsjónar með skólatannlækningum í Reykjavík því tannheilsustarfi sem unnið hefur verið í heilbrigðisráðuneyti og því umsjónarstarfi sem unnið hefur verið í Tryggingastofnun ríkisins.

Þá er gert ráð fyrir því að skipa heilsuverndarráð sem faglegan ráðgjafa sem verði ráðherra og stjórn stöðvarinnar til ráðgjafar. Í ráðinu verði níu fulltrúar, þrír frá þeim heilsuverndargreinum sem starfræktar eru í Heilsuverndarstöðinni en síðan er gert ráð fyrir fulltrúum frá manneldisráði, áfengisvarnaráði, tóbaksvarnanefnd, tannverndarráði og landsnefnd um alnæmisvarnir.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um stjórn Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og er þar gert ráð fyrir tveimur fulltrúum frá Reykjavíkurborg, einum fulltrúa sem kosinn er af starfsmönnum stöðvarinnar og tveimur sem skipaðir eru af ráðherra án tilnefningar.

Virðulegi forseti. Það er þegar hafinn undirbúningur að tilflutningi þessara verkefna til Heilsugæslustöðvarinnar í Reykjavík. Skipunartími núverandi stjórnar stöðvarinnar rennur út um mitt ár enda er gert ráð fyrir því að þetta frv. geti öðlast lagagildi 1. júlí 1993. Ég ítreka að ég lít svo á að um þetta mál sé sæmileg samstaða í heilbrn. og milli þingflokkanna og legg því áherslu á að afgreiðslu þessa frv. verði hraðað og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í mál hæstv. heilbr.- og trmrh. hér áðan þá er á ferðinni frv. til laga um breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum. Frv. þetta er tvíþætt. Í fyrsta lagi er um það að ræða að verið er að styrkja lagalega stöðu Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík sem ég tel vera afskaplega mikilvægt. Í öðru lagi er með þessu frv. verið að setja af með lögum formenn fjögurra heilsugæslustöðva í Reykjavík. Það mál snertir hins vegar þann sem hér stendur nokkuð. Hann mun ekki gera athugasemd við það. Auðvitað getur ráðherra gert það með þeim hætti sem honum hentar best og ef hann telur sig þurfa að gera það þá er ég tilbúinn til þess að taka þátt í því með hæstv. heilbr.- og trmrh.

Þær hugmyndir, sem hér eru uppi í 1. gr. frv. um að styrkja lagalega stöðu Heilsuverndarstöðvarinnar, eru niðurstaða af löngu nefndarstarfi sem fram hefur farið á vegum heilbrrn. Þær hugmyndir margar sem þar koma fram tel ég að séu mjög til bóta og tek undir það og er ég sannfærður um að þegar og ef af því verður að þetta frv. nær fram að ganga, þá muni það styrkja allt heilsuverndarstarf í landinu.

Með frv. er verið að auka miðstýringuna í þessum geira, það er verið að færa undir einn hatt tóbaksvarnirnar, áfengisvarnirnar, tannverndina, manneldisráðið og ótvírætt er verið að auka miðstýringu á þessu sviði. Miðstýring er nú yfirleitt af hinu slæma, a.m.k. í hugum margra er hún alveg djöfulleg. Hins vegar tel ég að á þessu sviði geti hún leitt til góðs og sé að mörgu leyti til þess fallin að spara fjármuni.

Ég minnist þess í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar árið 1987 til ársins 1988 kynnti páv. heilbrrh. hér frv. til laga um forvarnastofnun sem ætlað var nákvæmlega það hlutverk sem Heilsuverndarstöðinni er nú ætlað, þ.e. að fást við forvarnaverkefni. Það frv. treysti Sjálfstfl. sér ekki til að styðja á sínum tíma vegna þess að í því frv. fælist svo mikil miðstýring með því að vera að sameina undir einn hatt áfengisvarnirnar, tannverndina, tóbaksvarnirnar og þessa forvarnaþætti. Ég skil málið a.m.k. þannig að þetta sé stjfrv. sem Sjálfstfl. styðji og það er gott til þess að vita að menn hafa séð sig um hönd í þessum efnum.

Síðari hluti málsins er sá að verið er að leggja til breytingar á 21. gr. núgildandi heilbrigðisþjónustulaga. Í raun og veru er það svo að það er aðeins einn töluliður þeirrar greinar sem nú er í gildi sem nauðsynlegt er að breyta samfara þeirri breytingu sem er á 1. gr., þ.e. að setja lagalega stöðu um hvernig stjórn Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur skuli skipuð og því má segja að 1. tölul., 3. tölul. og 4. tölul. 2. gr. þessa frv. ásamt þeim 5. séu að öllu leyti nákvæmlega þeir sömu og eru í núgildandi lögum og þess vegna kannski ekki ástæða til þess að breyta nema í þeim eina tilgangi að losna við þá formenn sem nú eru starfandi í stjórnum heilsugæslustöðvanna. Heilbrrh. hefði hins vegar, veit ég, ef hann hefði óskað þess að losna við þá, hefði getað farið fram á það við þá og ég er sannfærður um að þeir hefðu verið fúsir til þess.

Það er eitt atriði í 2. gr., 4. tölul. sem ég held að sé bara fyrst og fremst prentvilla eða mistök, en vil aðeins að benda á það hér við þessa umræðu. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Stjórnir heilsugæslustöðva í Reykjavík og stjórn Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur ráða forstjóra heilsugæslu- og heilsuverndarstarfs í Reykjavík.“ Síðan segir: „Framkvæmdastjóri skal hafa sömu skyldur og framkvæmdastjórar sjúkrahúsa samkvæmt 29. gr. og fer um mat á hæfni skv. 30. gr.“ Þarna hlýtur að eiga að standa forstjóri í staðinn fyrir framkvæmdastjóri þannig að menn þurfa aðeins að huga að þessu þegar þeir vinna málið í nefnd.

Til viðbótar þessari ábendingu held ég að einnig sé rétt að huga að því í nefndinni, og það mun ég gera þar sem ég á sæti í hv. heilbr.- og trn., þegar nú er gert ráð fyrir með þessu frv. að heilsuverndarlögin nr.

44/1955 séu úr gildi fallin, hvað verður þá um þætti í heilsuverndinni eins og ungbarnaeftirlitið og mæðraverndina þar sem samkomulag hefur verið milli allra flokka að ekki skuli tekið gjald fyrir þá þjónustu? Og ég spyr ég hæstv. heilbr.- og trmrh.: Er hætta á að með því að fella þessi lög úr gildi, þá sé ekki lengur lagaleg stoð sem hægt er að byggja á þannig að hægt sé að halda þessari þjónustu áfram gjaldfrírri gagnvart einstaklingunum? Þetta eru hlutir sem ég hygg að þurfi að skoða í meðförum nefndarinnar, en að öðru leyti og að öllu leyti get ég tekið undir efni þessa frv. Það er til bóta, sérstaklega að því leyti til að það styrkir forvarnastarfið sem unnið er að á mörgum mismunandi stöðum. Það er nauðsynlegt að samræma það og sú miðstýring sem felst í þessu frv. mun leiða til sparnaðar sem hún reyndar gerir ekki oft.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. ábendingarnar og vil gjarnan í mjög stuttu máli svara þeim.

Í fyrsta lagi er það ekki alveg rétt að hér sé um að ræða aukna miðstýringu vegna þess að það stendur hér í 4. tölul. 19. gr., samkvæmt 1. gr. frv., að hlutverk Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík skuli m.a. vera: „Að annast forvarnastarf og hýsa opinbera starfsemi á því sviði samkvæmt ákvörðun ráðherra.“ Þarna er því ekki verið að fella viðfangsefni eins og manneldisráð, áfengisvarnaráð, tóbaksvarnanefnd, tannvernaráð o.fl. undir stjórn Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, heldur er hlutverk Heilsuverndarstöðvarinnar sem stofnunar að hýsa suma af þessari starfsemi þannig að hér er ekki verið að auka miðstjórnarvaldið heldur er verið að stefna a.m.k. fyrst um sinn að óbreyttri starfsemi þessara viðfangsefna en þó þannig að hún sé undir einu þaki og að samræming skuli fara fram í heilsuverndarráði sem er skipað fulltrúum Heilsuverndarstöðvarinnar og þessara viðfangsefna.

Í öðru lagi skal ég alveg viðurkenna það að ég tók tillögurnar og flutti þær eins og þær komu frá nefndinni. Það er ekkert sérstakt kappsmál hjá mér að leysa frá störfum formenn fjögurra heilsugæslustöðva í Reykjavík, því að ég vil taka það fram að ég hef átt ágætt samstarf við þessa menn þó að þeir séu allir saman eftir því sem ég best veit framsóknarmenn og skipaðir af fyrrv. ráðherra þannig að þetta var ekki flutt sem neitt sérstakt kappsmál af minni hálfu. Hins vegar fyndist mér það rétt og mundi koma því áleiðis við nefndina að hún athugaði hvort ekki væri rétt að gera þá breytingu á þessu frv. að í 1. tölul. 2. gr. frv., sem fjallar um stjórnir heilsugæsluumdæma í Reykjavík, skuli sagt að skipunartími formanns skuli miðast við starfstíma ráðherra þannig að ef þetta er eini fulltrúinn sem ráðherra á í stjórnum heilsugæslustöðva og sjúkrastofnana víðs vegar um land og það er mjög eðlilegt finnst mér að það sé gert ráð fyrir því að sérhver ráðherra sem kemur nýr til starfa geti a.m.k. átt kost á því ef hann svo vill að endurskipa fulltrúa sína í stjórnum þessara stofnana þannig að það þurfi ekki að fara svo þó að ég vilji taka það skýrt fram að það hafi aldrei komið upp neinn árekstur á milli mín og fulltrúa heilbrrh. í stjórnunum, að það geti þá a.m.k. komið þannig upp að hann geti átt kost á því að setja sína fulltrúa í stjórnina ef hann svo kýs og vildi ég gjarnan koma því á framfæri við hv. nefnd.

Það er rétt til getið hjá hv. þm. að þarna hefur orðið prentvilla, stendur „framkvæmdastjóri“ í staðinn fyrir forstjóri í 4. tölul. 2. gr. og vonast ég til þess að nefndin leiðrétti það.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hæstv. heilbrrh. fyrst á annað borð er þarna stigið það skref að fara að breyta til og eins og málum er nú háttað, þ.e. að stjórnarformenn heilsugæslustöðvanna almennt, ekki bara í Reykjavík heldur um allt land muni sitja þar til að afloknum næstu sveitarstjórnarkosningum, ráðherra skipar nýjan sé kjörtímabil þingsins fjögur ár, þá er kannski langstærsti hluti þess tíma sem jafnvel annar ráðherra úr öðrum stjórnmálaflokki fer með yfirstjórnina, en formennirnir koma úr öðrum þannig að það er þess vegna eðlilegt og ég tek undir það og ég held að það sé rétt að skoða það hvort ekki sé rétt að láta starfstíma formannanna miðast við starfstíma ráðherra.

Því til viðbótar, og ef menn fara að skoða einstaka hluta þessa frv., þá er líka rétt, held ég, að hyggja að því hvort ekki sé rétt að breyta nöfnum á heilsugæsluumdæmunum í Reykjavík vegna þess að ég tel að það hafi verið ákveðin mistök þegar frv. um heilbrigðisþjónustu á sínum tíma var hér samþykkt, því að það eru bölvuð ónefni, því miður vil ég segja, á heilsugæsluumdæmunum hér í Reykjavík, hvort ekki væri rétt að skoða það og hvort hæstv. heilbrrh. gæti tekið undir að það mætti þá einnig skoðast um leið í nefndinni um leið og starfstími stjórnarmanna almennt væri skoðaður.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins taka það fram að ég er sammála því að það sé rétt að skoða þetta og mun styðja það að ef heilbr.- og trn. telur rétt að gera þá breytingu sem hv. þm. ræddi um, þá er það mér að meinalausu og meira en það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1992, 237. mál, nál. utanrmn., þskj. 950; brtt. utanrmn., þskj. 951.

Aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu, fyrri umr.

Stjtill., 437. mál. — Þskj. 737.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. fyrir hönd

ríkisstjórnarinnar þar sem þess er óskað að Alþingi lýsi stuðningi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að Ísland gerist aukaaðili að Vestur-Evrópusambandinu.

Hvers vegna er það skynsamlegt út frá íslenskum hagsmunum nú að gerast aukaaðili að þessu Vestur-Evrópusambandi? Það er ekki vegna þess að mikilvægi aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu hafi breyst. Það er ekki vegna þess að dregið hafi úr mikilvægi hins tvíhliða varnarsamstarfs við Bandaríkin. Það er ekki vegna þess að í þessu felist að verið sé að stíga eitthvert skref í átt til aðildar að Evrópubandalaginu. Þvert á móti. Varnarsamstarfið við Bandaríkin og þátttaka Íslands í samstarfinu innan Atlantshafsbandalagsins er og verður að óbreyttu um ófyrirsjáanlega framtíð hin bjargfasta undirstaða öryggis íslensku þjóðarinnar. Það breytir ekki því hins vegar að við lifum á tímum örra breytinga og Íslendingar standa því ekki vörð um öryggi sitt nema með virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og með varnarsamstarfi við vinveitt nágrannaríki. Helstu alþjóðasamtök og stofnanir aðlaga sig nú að breyttum aðstæðum. Þau viðfangsefni sem blasa við í öryggismálum um þessar mundir eru margslungnari en svo að nokkur ein samtök geti tekist á við þau ein á báti. Með gagnkvæmri samvinnu ólíkra stofnana og samtaka er stuðlað að aukinni skilvirkni og komist hjá óþarfa skörun viðfangsefna. Það er þess vegna mikilvægt að Ísland taki eftir megni þátt í þessari aðlögun að breyttum aðstæðum.

Við leggjum áfram áherslu á virka þátttöku Íslands í störfum Atlantshafsbandalagsins og í þeirri aðlögun sem fer fram af hálfu bandalagsins og innan þess um þessar mundir. Vegna þess hvernig Atlantshafsbandalagið tengir varanlega öryggishagsmuni þjóðarinnar beggja vegna Atlantshafs þurfa Íslendingar að tryggja áhrif sín í bandalaginu og þá hagsmuni sína að það verði áfram skilvirkt í evrópskum öryggismálum innan bandalagsins, og þó einkum í Norður-Atlantshafssamstarfsráðinu, ber Íslendingum að stuðla að því að tekið verði tillit til sjónarmiða samstarfsríkjanna sem nýlega hafa losnað úr viðjum kommúnismans. Aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu er því í fullu samræmi við grundvallarþætti íslenskrar öryggisstefnu. Hún er skref til að koma í veg fyrir að Ísland heltist úr lestinni í samráði og sameiginlegri stefnumörkum Evrópuríkja í öryggismálum. Þess vegna er það okkar ætlan að Ísland tali máli Atlantshafssamstarfsins innan Vestur-Evrópusambandsins.

Við þurfum að átta okkur á því að við gerbreyttar aðstæður í málefnum okkar heimshluta og í alþjóðamálum eftir fall kommúnismans kann að verða erfiðara að láta rödd Íslands heyrast eða fá aðrar þjóðir til að taka tillit til hennar. Að loknu hinu kalda stríði er ljóst að öryggishagsmunir Íslendinga fléttast nánar saman við aðra þætti utanríkisstefnunnar en áður. Afleiðingin er því sú að markviss stefna í öryggismálum krefst þess að höfð sé yfirsýn yfir fjölmarga þætti samtímis og tengsl þeirra innbyrðis. Það hefur m.a. í för með sér að við þurfum að huga nánar að áhrifum sem óskyld mál geta haft á öryggismálin. Sé samhengis af þessu tagi ekki gætt er hætt við ósamræmi og árekstrum sem gætu haft þær afleiðingar að mikilvægir hagsmunir biði hnekki.

Því sem næst 16 mánuðir eru liðnir síðan þetta mál kom fyrst á dagskrá. Á fundi Evrópusambandsins sem haldinn var í Maastricht í desember 1991 var Evrópuríkjum í Atlantshafsbandalaginu, þeim sem ekki eiga aðild að Evrópubandalaginu, boðin aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu. Þessi ríki eru Ísland, Noregur og Tyrkland. Einnig var ríkjum Evrópubandalagsins sem ekki höfðu tengst Vestur-Evrópusambandinu boðin aðild eða áheyrnaraðild. Skilmálar aukaaðildar voru skilgreindir í yfirlýsingu Vestur-Evrópusambandsins á svokölluðum Petersberg-fundi í júní 1992. Viðræður við aðildarríkin hófust síðan í Róm í júlí sama ár.

Hinn 20. nóv. sl. var haldinn sameiginlegur fundur utanríkisráðherra í Róm þar sem Eiður Guðnason umhvrh. undirritaði fyrir mína hönd skjal um aukaaðild Íslands, Noregs og Tyrklands að Vestur-Evrópusambandinu ásamt utanríkisráðherrum tveggja síðastnefndu ríkjanna.

Áform um aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu hafði verið kynnt Alþingi og utanrmn. með reglubundnum hætti. Með skýrslu minni til Alþingis um utanríkismál í mars í fyrra lagði ég fram ítarlega greinargerð um Vestur-Evrópusambandið. Skriður komst hins vegar ekki á viðræður um aukaaðild fyrr en eftir þennan svokallaða Petersberg-fund í júní. Á tímabilinu júlí til nóvember 1992 var aukaaðildin sex sinnum til umræðu í utanrmn.

Utanrrn. afhenti hv. utanrmn. greinargerðir um málið 7. júlí, 7. sept. og 16. nóv. Hinn 9. okt. var nefndinni gefinn kostur á að hitta að máli framkvæmdastjóra Vestur-Evrópusambandsins, van Eekelen. Almennt hefur áhersla verið lögð á sem víðtækasta samstöðu um aukaaðildina sem ég tel að marki mikilvægan áfanga í aðlögun íslenskrar öryggisstefnu að breyttum aðstæðum í alþjóðamálum.

Á síðustu fjórum árum hefur dunið yfir holskefla breytinga í alþjóðamálum. Hin gríðarlegu umskipti sem átt hafa sér stað hafa að sjálfsögðu ekki áhrif á meginmarkmið utanríkisstefnunnar. Þau verða eftir sem áður að vernda sjálfstæði þjóðarinnar og gæta hagsmuna hennar í alþjóðlegum samskiptum. En á yfirstandandi breytingaskeiði er engin þjóð eyland. Líkt og aðrir þurfa Íslendingar að bregðast við kröfum nýrra tíma og aðlaga framkvæmd utanríkisstefnunnar þeim breytingum sem orðið hafa og eru að verða. Aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu er liður í þeirri viðleitni. Ég vil leyfa mér að vona að hér á hinu háa Alþingi takist mönnum að stilla saman strengi í öryggismálum nú á tímum breytinga, a.m.k. ekki síður en á tímabili kyrrstöðu í kalda stríðinu.

Á þessari öld en þó einkum frá lokum síðari heimsstyrjaldar hafa akkerisfestar Íslendinga í öryggismálum legið til beggja átta yfir Atlantshaf, austur og vestur. Sagan sýnir að óraunhæft er að vænta þess að Íslendingar geti verið óhultir í ófriði sem á sér upptök á meginlandi Evrópu. Jafnframt er ljóst að öryggishagsmunir þjóðarinnar og raunar allrar Vestur-Evrópu verða einungis verndaðir í nánu samstarfi við Atlantshafsrík-

in, ekki síst öflugasta flotaveldið meðal þeirra, Bandaríkin. Stefna Íslands í öryggismálum hefur í höfuðatriðum tekið mið af þessum kröfum. Aðildin að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningurinn við Bandaríkin voru rökrétt skref á sínum tíma til að tryggja öryggishagsmuni þjóðarinnar til frambúðar. Ráðstafanir þessar gerðu þjóðinni hvort tveggja í senn kleift að hafa áhrif á þróun öryggismála í Evrópu og tryggja varnir landsins.

Fyrir Ísland hefur Atlantshafsbandalagið sérstöðu að því leyti að það eitt tengir viðvarandi öryggishagsmuni landsins beggja vegna á Norður-Atlantshafi. Í öryggismálum geta Íslendingar því ekki valið milli annars vegar Evrópu og hins vegar Norður-Ameríku. Tengingin yfir hafið er ekki aðeins lífæð Atlantshafsbandalagsins. Hún er einnig kjölfestan í íslenskri öryggispólitík. Ég legg áherslu á að þessi staðreynd stendur óhögguð þrátt fyrir þá þróun og þær breytingar sem sett hafa svip á stjórnmálin á meginlandi Evrópu á undanförnum árum.

Engu að síður er það svo að umskiptin í Evrópu hafa einnig haft áhrif á samstarf vestrænna ríkja í öryggismálum. Hrun Sovétríkjanna, slit Varsjárbandalagsins er augljóslega tvennt sem áorkað hefur því að Vestur-Evrópa stendur ekki frammi fyrir stórfelldri hernaðarógn líkt og áður. Samrunaþróunin innan Evrópubandalagsins er einnig komin á það stig að ríkin 12 innan þess hafa náið samráð um utanríkismál, þar á meðal um öryggismál. Þetta hvort tveggja hefur orðið til þess að Vestur-Evrópuríki, sem lengst af nutu forustu Bandaríkjanna í öryggismálum, hafa sjálf tekið aukið frumkvæði og eflt samráð innbyrðis sín í milli.

Endurvakning Vestur-Evrópusambandsins sem gerð er grein fyrir í greinargerð og athugasemdum við þáltill. endurspeglar þessa auknu samkennd Evrópuríkjanna í öryggismálum. Því hefur verið haldið fram, m.a. hér á landi, að efling Vestur-Evrópusambandsins sem slík sé ögrun við Atlantshafsbandalagið. Þetta er fjarri sanni. Á fundum utanríkisráðherra bandalagsins á undanförnum árum hefur iðulega verið hvatt til þess að hin evrópska stoð bandalagsins yrði styrkt með ráðum og dáð, enda litið svo á að það þjónaði nauðsynlegri aðlögun þess að breyttum kringumstæðum. Ég minni einnig á að í yfirlýsingu leiðtogafundar Atlantshafsbandalagsins í Róm í nóvember 1991, sem gaf í veigamiklum atriðum tóninn fyrir fund Vestur-Evrópusambandsins í Maastricht mánuði síðar, er fagnað líkum á því að hlutverk sambandsins styrkist bæði sem varnarþáttur í viðleitninni til að sameina Evrópu og sem tæki til að styðja evrópska stoð Atlantshafsbandalagsins. Atlantshafsbandalagið hefur því síður en svo verið hlutlaus áhorfandi að eflingu Vestur-Evrópusambandsins heldur hefur það kappkostað að leggja hönd á plóginn við eflingu þess. Óneitanlega er þó mikið undir því komið að vel takist til í framkvæmd. Það verður að móta aukið hlutverk Vestur-Evrópusambandisns á þann veg að samskipti þess við Atlantshafsbandalagið verði í fyllsta máta gagnkvæm og samstiga. Í þessu efni er auðvitað ekkert sjálfgefið heldur útheimtir slík samhæfing árvekni, ekki síst af hálfu ríkja Atlantshafsbandalagsins sjálfs. Það er heldur ekki sjálfgefið að Vestur-Evrópusambandið taki ávallt nægilegt tillit til öryggishagsmuna ríkja Norður-Atlantshafsins. Til þess að svo megi verða getur auðvitað ekkert komið í staðinn fyrir að viðkomandi ríki tali sjálf máli sínu innan sambandsins.

Ég vek á því athygli í þessu sambandi að tvíþætt ákvörðun fundar Vestur-Evrópusambandsins í Maastricht, um að efla samvinnu Evrópuríkja innan vébanda Atlantshafsbandalagsins annars vegar og að fela sambandinu að annast varnarmál í sameiginlegri öryggismálastefnu fyrirhugaðs pólitísks sambands ríkja Evrópubandalagsins hins vegar, byggðist á málamiðlun sem nokkurn tíma hefur tekið að ná fram. Það er ekkert launungarmál að ýmis ríki hefðu kosið að ganga mun lengra í eflingu sambandsins á kostnað Atlantshafstengslanna. Ríki sem mestra hagsmuna eiga að gæta við Atlantshafið komu í veg fyrir að sú yrði niðurstaðan. Þetta sýnir svo að ekki verður um villst að málsvarar Atlantshafstengslanna eiga fullt erindi í Vestur-Evrópusambandið. Aukaaðild Íslands að sambandinu er þannig ekki aðeins í samræmi við íslenska öryggishagsmuni, heldur þjónar hún einnig hagsmunum Atlantshafsbandalagsins. Ég hygg að hér sé komin skýringin á því að í viðræðum nefndar um öryggis- og varnarmál við stjórnvöld í Bandaríkjunum, í Noregi og Bretlandi og við forustumenn Atlantshafsbandalagsins kom fram ánægja með þá ákvörðun Íslendinga að taka boði Vestur-Evrópusambandsins um aukaaðild.

Atburðir í alþjóðamálum á síðustu árum eru til vitnis um hversu erfitt það er að segja til um framtíðina af nokkru öryggi. Þetta á að sjálfsögðu einnig við um þróun Vestur-Evrópusambandsins. Þó er tæplega of djarft að ætla að sambandið muni fá aukið vægi í samráði Evrópuríkja um öryggismál á næstu árum. Verði sú raunin er óhjákvæmilegt að Atlantshafsbandalagið þróist æ meir á þann veg að verða fyrst og fremst vettvangur tvíhliða samráðsríkja Vestur-Evrópusambandsins annars vegar og ríkja Norður-Ameríku hins vegar. Í slíku samráði er hætta á því að Ísland verði afskipt og utanveltu og aðildarumsóknin, þ.e. umsóknin um aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu, er auðvitað hugsuð sem mótleikur við því.

Eins og ég gat um hér áðan eiga Íslendingar mikið í húfi að geta beitt áhrifum sínum í umræðum um öryggismál á meginlandi Evrópu. Fari fram sem horfir hefðu þeir ekki til þess vettvang ef þeir væru utan Vestur-Evrópusambandsins.

Ég hef nú tíundað þær almennu röksemdir sem liggja til grundvallar þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að Ísland gerist aukaaðili að Vestur-Evrópusambandinu. Sú ákvörðun er, eins og ég hef þegar vikið að, í eðlilegu framhaldi af þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið af Alþingi og ríkisstjórnum á lýðveldistímanum. Af þeim sökum vil ég leyfa mér að vænta þess að víðtæk samstaða náist hér í þinginu um þennan mikilvæga áfanga í átt til aðlögunar íslenskrar utanríkisstefnu.

Virðulegi forseti. Í athugasemdum við þáltill. er fjallað ítarlega um ýmsa þætti aukaaðildarinnar, svo sem hvað í henni felst nákvæmlega, tengsl Vestur-Evrópusambandsins og Atlantshafsbandalagsins, framvindu samningaviðræðna, sögu og verkefni sambandsins, Maastricht-fundinn og svokallaða Petersberg-yfirlýsingu. Ég tel ekki ástæðu til að endurtaka hér það sem fram kemur í þessum greinargerðum en vil engu að síður árétta að aukaaðild veitir Íslandi rétt til fullrar þátttöku í ráði og nefndum Vestur-Evrópusambandsins án þess þó að á móti komi kvaðir eða skuldbindingar aðrar en fjárframlög.

Einnig vil ég benda á þann greinarmun sem gera verður á aukaaðild og aðild. Með aukaaðild gerist Ísland ekki aðili að millirikjasamningi. Í athugasemdunum er sérstaklega tekið fram að Ísland gerist ekki aðili að hinum endurskoðaða Brussel-samningi og ákvæði hans eru því á engan hátt bindandi fyrir Ísland. Af þessu leiðir að aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu er ekki sambærileg við t.d. aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu á sínum tíma og þar með við Norður-Atlantshafssáttmálann frá 1949. Hvað varðar aðra þætti þessa máls vísa ég til athugasemda við tillöguna.

Að lokum vil ég víkja aftur að skýrslu nefndar um öryggis- og varnarmál sem nýlega var dreift hér í þinginu. Þar er fjallað á yfirgripsmikinn hátt um stöðu Íslands að kalda stríðinu loknu og hvernig bregðast megi við áorðnum breytingum í heiminum í kringum okkur. Í þessu sambandi er vakin sérstök athygli á mikilvægi þess að Ísland tengist Vestur-Evrópusambandinu. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu er í fullu samræmi við grundvallarþætti íslenskrar öryggisstefnu á lýðveldistímanum. Hún er árangursríkt skref til að koma í veg fyrir að Ísland heltist úr lestinni í samráði og sameiginlegri stefnumörkun Evrópuríkja í öryggismálum."

Þessi orð vil ég einnig gera að mínum í niðurlagsorðum þessarar ræðu.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þessari ályktun verði að lokinni umræðunni vísað til síðari umr. og hv. nefndar.

Útbýting þingskjals:

Rannsóknarnefnd til að rannsaka ráðningu framkvæmdastjóra ríkissjónvarpsins, 572. mál, þáltill. PP o.fl., þskj. 953.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil í upphafi fagna því að þessi tillaga kemur hér til umræðu. Á einu stigi í vetur hafði ríkisstjórninni dottið í hug að afgreiða þetta mál án tilhlutunar Alþingis. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir það að hafa orðið við óskum okkar stjórnarandstæðinga um að skrifa undir með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Ég lít svo á að sú ákvörðun, sem hér er verið að taka, þ.e. að gerast aukaaðili að Vestur-Evrópusambandinu, sé röng ákvörðun. Við erum með því að gerast aðilar að hernaðararmi Evrópubandalagsins og þangað höfum við ekkert að gera að mínu mati. En það virðist vera stefna ríkisstjórnarinnar að tengjast EB sem fastast. Það er þegar búið að taka nokkur skref, a.m.k. þrjú, í þá áttina. Við erum að verða aðilar að EES sem margir líta á sem fordyri Evrópubandalagsins. Við höfum gert samning við Evrópubandalagið sem felur það í sér að þeir fá heimildir til veiða á Íslandsmiðum sem er grundvallarbreyting á fiskveiðipólitík okkar, við höfum neitað því fram að þessu að láta fiskveiðiheimildir í skiptum fyrir tollafríðindi. Og nú er þessi aukaaðild að hernaðararmi Evrópubandalagsins þriðja skrefið.

Ég sagði að mér fyndist þetta röng ákvörðun. Þessi aukaaðild hefur í för með sér kostnað. Það sést að vísu ekki á þingskjalinu hvað hann er mikill, en það liggur fyrir að við þurfum að greiða eins og segir hér, með leyfi forseta:

„Aukaaðildarríki þurfa að greiða árlega fjárframlag til VES en framlög verða endanlega ákveðin innan tíðar."

Við vitum sem sagt ekkert um hvað þessi framlög kunna að koma til með að vera há eða verða há með tímanum. Þetta getur skapað okkur áhættu. Það eru hernaðarátök á Balkanskaga sem er nú í hlaðvarpa Vestur-Evrópusambandsins og við getum með óbeinum hætti óviljandi dregist inn í þau átök.

Ég bendi á að eitt Evrópubandalagsríkið, það ríki sem okkur er skyldast af þeim, þ.e. Danmörk, hefur kosið að standa utan við Vestur-Evrópusambandið. Það hefur talið sínum öryggismálum fullboðlega fyrir komið með aðildinni að NATO. Mér finnst reyndar vera þversögn í því að hafa uppi dýrðaróð um NATO, eins og hæstv. utanrrh. gerði hér áðan, á annan bóginn en halda svo fram hjá NATO á hinn bóginn með aðild að Vestur-Evrópusambandinu. Ég lít svo á að Vestur-Evrópusambandið hljóti að veikja NATO en ekki styrkja og mér er ómögulegt að fallast á þau rök að NATO verði sterkara þó að Vestur-Evrópusambandið eflist.

Járntjaldið sem við höfum nú búið við um nokkurra áratuga skeið er fallið en það er annað tjald að rísa, að vísu ekki úr járni, enn þá a.m.k., kannski fyrst og fremst úr peningum og það er á milli Evrópubandalagsins og Bandaríkjanna. Átakalínan hefur færst í vestur og nær Bandaríkjunum, vestur fyrir Evrópubandalagið og þar munu verða hagsmunaárekstrar í framtíðinni og við höfum þegar fengið smjörþefinn af þeim. Ríkisstjórnin hefur valið okkur stað Evrópumegin við þessa girðingu og það held ég að sé ákvörðun sem ekki sé skynsamleg.

Það eru engir öryggishagsmunir samfara aðild að Vestur-Evrópusambandinu. Hér segir t.d. í þingskjalinu:

„Vestur-Evrópusambandið hefur hvorki öryggisskuldbindingar né varnarskyldur gagnvart ríkjum sem hlotið hafa aukaaðild."

Vestur-Evrópusambandið hefur engar skyldur við okkur, hvorki öryggisskuldbindingar né varnarskyldur. Við höfum heldur ekki möguleika til þess að hafa afgerandi áhrif á ákvarðanir bandalagsins því að eins

og segir hér í þingskjalinu, með leyfi forseta:

„Aukaaðilar geta á hinn bóginn ekki hindrað ákvarðanir sem samstaða hefur náðst um á meðal aðildarríkja."

Við höfum ekki neitunarvald í þessu kompaníi. Þetta finnst mér vera misráðið og ég sé ekki að við höfum hagsmuni að neinu leyti af þessari aukaaðild og þetta sé einungis einn liður í þeirri hernaðaráætlun að koma okkur inn í Evrópubandalagið.

Hæstv. utanrrh. talaði um það hér rétt áðan að hann vonaðist til þess að við hér á Alþingi stilltum saman strengi um málið og hann drap í nokkrum orðum á öryggismálaskýrsluna sem við fengum fyrir stuttu síðan. Þessi öryggismálaskýrsla er nú ekki beint sett fram í þeim tilgangi að stilla saman strengi. Ríkisstjórnin eða utanrrh. valdi þrjá sérfróða menn úr utanríkisþjónustunni eða tengda henni í nefnd til þess að taka saman þessa skýrslu og síðan valdi hann tvo mektuga stjórnmálaforingja, hvorn úr sínum stjórnarflokknum til að taka þátt í þessu starfi, hv. 3. þm. Reykv., Björn Bjarnason, og hv. 6. þm. Reykn., Karl Steinar Guðnason. Þar var nú ekki verið að leita eftir neinni breiðri pólitískri samstöðu, heldur til þess að skilgreina öryggismálastefnu sem ríkisstjórnin gæti farið eftir, ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Ef hugmyndin hefði verið að reyna að fá einhverja sátt um öryggismálastefnu, þá hefði auðvitað verið eðlilegt að stjórnarandstaðan hefði átt einhverja aðild að þessari vinnu.

Út af þessari öryggismálaskýrslu verð ég nú að játa það að mér finnst hún ekki miklum tíðindum sæta. Hún ber þess merki að menn hafi frosið töluvert mikið í kalda stríðinu og séu ekki þíðnaðir enn þá. Hún er fyrst og fremst saman sett til þess að reyna að rökstyðja þessa ákvörðun að gerast aðilar að Vestur-Evrópusambandinu og gengur að verulegu leyti út á það. En kalda stríðið er búið og ég held að margar ályktanir í öryggismálaskýrslunni séu hæpnar. Kalda stríðið er búið og við lifum í breyttum heimi.

Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir Íslendinga, kannski framar mörgum öðrum þjóðum að reyna að reka nokkuð sjálfstæða og mynduga utanríkismálastefnu. Ísland hefur ýmislegt að segja umheiminum og ég tel að Ísland eigi að láta það óhikað í ljósi, ekki að vera að dindlast aftan í hernaðararmi Evrópubandalagsins. Ég tel að Ísland eigi að leggja aukna áherslu á þátttöku í starfi Sameinuðu þjóðanna og það sé okkar helsta von. Það er sérstök ástæða til að þyngja þann róður vegna nýrra verkefna sem hafa verið tekin upp á arma Sameinuðu þjóðanna í kjölfar umhverfismálaráðstefnunnar í Ríó á sl. sumri. Þar er verk að vinna sem varðar Íslendinga afar miklu, þ.e. verndun hafsins sem samkvæmt niðurstöðum Ríó-ráðstefnunnar var ekki veitt nægilegt rúm í ályktunum. Ég held sem sagt að þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að gerast aukaaðilar sé röng og ég leggst gegn samþykkt þessarar tillögu.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það þarf ekki að lýsa því hér að á undanförnum árum hafa orðið gífurlegar breytingar á heimsmyndnni. Nokkur atriði er þó rétt að rifja upp í upphafi þessarar umræðu.

Í fyrsta lagi er Varsjárbandalagið, höfuðandstæðingur Atlantshafsbandalagsins, horfið.

Í öðru lagi eru Sovétríkin hrunin.

Í þriðja lagi hafa forsetar Bandaríkjanna og forseti Rússlands undirritað formlega yfirlýsingu um það að kalda stríðinu sé lokið og Bandaríkin og Rússland séu nú vinátturíki.

Í fjórða lagi hefur verið stofnað sérstakt samstarfsráð ríkjanna í Austur-Evrópu og aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og nýlega var t.d. haldinn fundur utanríkisráðherra eða annarra forustumanna þessara ríkja sem mynda hið nýja Atlantshafsráð þar sem forusturíki Austur-Evrópu og Atlantshafsbandalagsins komu saman.

Í fimmta lagi er rætt er um það að rússneskir hermenn komi ásamt hermönnum Atlantshafsbandalagsins til friðargæslustarfa á vettvangi Sameinuðu þjóðanna til þess að reyna að koma á friði og síðan viðhalda honum í fyrrverandi ríkjum Júgóslavíu.

Hvert eitt af þessum atriðum sem ég hef hér nefnt hefði nánast verið óhugsandi í rúm 40 ár. Þegar þau öll koma saman, þá sjá menn hve afgerandi grundvallarbreyting hefur orðið á þeirri heimsmynd sem hlýtur að hvíla á bak við hernaðarsamvinnu af hvaða tagi sem hún annars er.

Hernaðarbandalög eru ekki markmið í sjálfu sér. Stundum finnst mér menn tala um hernaðarbandalög og þar með talið Atlantshafsbandalagið eins og það sé markmið í sjálfu sér. Hernaðarbandalög hljóta einungis að vera myndbirting ákveðinna hugmyndalegra og stjórnmálalegra forsendna sem menn vilja fylgja.

Þegar afstaða er tekin til þess hvort ríki tekur þátt í slíkri samvinnu, þá er eiginlega nauðsynlegt að fram fari áður nokkuð ítarleg athugun á því hverjar eru hinar pólitísku og hugmyndalegu forsendur.

Það þarf heldur ekki, virðulegi forseti, að rifja það upp hér í þessum sal að í rúm 40 ár hefur þessi þjóð verið klofin í andstæðar fylkingar í utanríkis- og varnarmálum. Það hefur e.t.v. verið eitt af erfiðustu málunum hjá okkar litlu þjóð að ágreiningurinn í utanríkis- og varnarmálum hefur verið slíkur að hann hefur slitið í sundur önnur friðarbönd í okkar þjóðfélagi, skipt mönnum í andstæðar fylkingar, jafnvel í menningarmálum hvað þá heldur í stjórnmálum og þjóðfélagið allt hefur um langt skeið verið undirlagt af þessum ágreiningi.

Nú er það þannig sem betur fer að þær forsendur sem í upphafi og lengst af lágu til grundvallar þessum ágreiningi, og ætla ég þá ekkert að skipta því upp hvorum megin menn hafa verið í þeim ágreiningi, en þær forsendur sem lágu til grundvallar ágreiningnum hvort sem menn tóku afstöðu með Atlantshafsbandalaginu eða á móti, með varnarsamningnum eða á móti, þessar forsendur eru ekki lengur til. Þá stöndum við hér í þessum þingsal og ríkisstjórn Íslands frammi fyrir því verkefni sem ég tel vera það mikilvægasta um þessar mundir, það er að hefja viðræður um það milli allra flokka og stjórnmálahreyfinga í landinu. Er

grundvöllur fyrir því við þessar gerbreyttu aðstæður sem orðnar eru í veröldinni, einkum í okkar heimshluta, að hér geti náðst mjög breið og varanleg samstaða um meginþætti í utanríkisstefnu Íslendinga?

Ég tel það þess vegna mjög miður að ríkisstjórn Íslands skyldi kjósa tvennt: Í fyrsta lagi að ákveða sjálf að beita sér fyrir aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu án þess að fram færu ítarlegar samræður milli stjórnmálaflokkanna í landinu um þessa nýju stöðu. Í öðru lagi að ríkisstjórnin skyldi kjósa að setja upp nefnd, svokallaða öryggismálanefnd sem eingöngu var skipuð fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna og nokkrum embættismönnum. Sú nefnd hefur skilað skýrslu. Það má margt um þá skýrslu segja. Margt er aðfinnsluvert, margt er líka athyglisvert í skýrslunni. Það er afstaða þingflokks Alþb. að við teljum nauðsynlegt að fram fari sérstök umræða hér í þinginu um þá skýrslu. Við höfum ákveðið það í okkar þingflokki að beita okkur fyrir því og formaður þingflokksins, hv. þm. Ragnar Arnalds, mun koma því sjónarmiði á framfæri við forustu þingsins. Skýrslan er að vísu ekki sérstakt þingskjal en hún hefur verið lögð hér fram til þingmanna og það eru ýmis fordæmi fyrir því að slíkar skýrslur séu teknar sérstaklega til umræðu. Og ég vil hér að gefnu tilefni lýsa því yfir að við munum beita okkur fyrir því að sérstök umræða fari fram um þá skýrslu.

Ég vil ekki þrátt fyrir það að ég sé ekki alveg sáttur við það hvernig sú nefnd varð til blanda umræðu um þá skýrslu inn í umræðurnar um aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu nema að mjög litlu leyti og mun þess vegna ekki hér við þessa umræðu víkja nánar að þessari sérstöku skýrslu. Ég vil hins vegar segja við virðulegan utanrrh. að ég vona að hann og forustumenn ríkisstjórnarflokkanna hugleiði með vinsemd og í alvöru þá ábendingu að það kunni nú að vera skynsamlegt að skapa vettvang þar sem fulltrúar allra flokka geta farið yfir þær miklu breytingar sem orðið hafa í heimsmyndinni á síðustu árum og reynt að draga saman þær ályktanir sem af því má draga og einangra þá þættina sem hugsanlega yrði ágreiningur um í ályktunum manna. Ég tel ekki að það sé hægt fyrir nokkurn ábyrgan stjórnmálamann að gefa sér það fyrir fram áður en slík umræða fer fram, umræða sem er byggð á þessum nýju aðstæðum, að gefa sér það fyrir fram um hvað ágreiningur yrði. Það getur enginn ábyrgur stjórnmálamaður gert vegna þess að breytingarnar eru svo afgerandi að það hljóta allir að nálgast þessa umræðu með opnum huga.

Til viðbótar við þá miklu gerjun sem verið hefur í málefnum Evrópu á þessum tímum hefur auðvitað einnig orðið mikil gerjun á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þar hafa komið fram margvíslegar tillögur um aukna hlutdeild Sameinuðu þjóðanna í öryggisgæslu og friðargæslu víða um heim. Aðalritari Sameinuðu þjóðanna hefur samkvæmt sérstakri ósk leiðtogafundar öryggisráðsins, leiðtogafundar sem haldinn var í janúar 1992 ef ég man rétt, sent frá sér sérstaka skýrslu sem birt var fyrir tæpu ári síðan. Og öryggisráðið hefur það núna sem verkefni að mánaðarlega taka aðildarríki öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna fyrir einstaka tillögu úr þessari skýrslu aðalritarans og reyna að meta hana og taka afstöðu til þess. Það er því alveg ljóst að á vettvangi Sameinuðu þjóðanna fer núna fram miklu nákvæmari, ítarlegri og efnismeiri umræða um öryggismál heldur en nokkru sinni frá stofnun samtakanna. Og þó ekki væri nema vegna þess máls eins, hæstv. utanrrh., er nokkuð sérkennilegt að Ísland skuli kjósa einmitt þessi missirin til þess að hafa ekki fastskipaðan fastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. Það má mistúlka slíka skipan með ýmsum hætti og þótt eðlilegt geti verið að um einhvern tíma sé ekki formlegur fastafulltrúi ríkis hjá Sameinuðu þjóðunum þá virkar það nokkuð sérkennilegt ef um langa hríð er ekki skipað í það sæti. Ég held þvert á móti að svo mikið sé að gerast bæði í hinum opinberu sölum Sameinuðu þjóðanna og eins í því samráði sem fram fer milli ríkja á vettvangi stofnunarinnar að mjög nauðsynlegt sé fyrir okkur Íslendinga að geta fylgst þar grannt með og er það von mín að úr því verði bætt innan tíðar.

Í þessari umræðu sem verið hefur, hefur margt komið fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna eins og ég nefndi. Þeir sem velt hafa fyrir sér þróun öryggismála og hlutverki Sameinuðu þjóðanna í þeirri þróun hafa einkum velt fyrir sér tveimur leiðum. Það er ljóst að það mun taka nokkuð langan tíma ef það verður þá nokkurn tíma gerlegt að einstök aðildarríki Sameinuðu þjóðanna láti þeim í té nægilegan herafla og fallist á yfirstjórn þess herafla undir t.d. þeirri stofnun Sameinuðu þjóðanna sem gengur venjulega undir heitinu Military Committee og hefur verið til frá stofnun samtakanna þó hún hafi aldrei verið mjög virk og ýmsir draga það í efa að t.d. Bandaríkin mundu fallast á að láta yfirstjórn bandarískra hermanna, ef þeir gætu átt það á hættu að lenda í orrustu, í hendur slíks fjölskipaðs stjórnvalds. Þess vegna telja ýmsir að þessi leið kunni að verða nokkuð seinfær.

Það er þess vegna m.a. sem ýmsir hafa bent á aðra leið sem ýjað er aðeins að í því þingskjali sem hér liggur fyrir og felur í sér að þau svæðisbundnu samtök sem til eru á sviði hermála í Evrópu, t.d. NATO, t.d. Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, t.d. Vestur-Evrópusambandið, taki að sér þessa hlutverk í umboði og samkvæmt nánari endurskilgreiningu á hlutverki þeirra. Allt eru þetta auðvitað mjög merkilegar hugmyndir, merkilegar m.a. vegna þess að við Evrópubúar stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd að í okkar heimshluta hefur nú um nokkur missiri verið háð miskunnarlaust stríð, grimmt stríð þar sem mikill fjöldi saklausra borgara, barna og kvenna, hefur orðið fórnarlamb þessara styrjaldarátaka. Og þau samvinnuform sem við höfum haft hingað til í Evrópu hvort sem það er Atlantshafsbandalagið, Vestur-Evrópubandalagið eða hin nýja skipan sem kennd er við Ráðstefnu um öryggi og samvinnu hafa ekki reynst vera nægilega kraftmikil eða virk tæki til þess að geta náð þeim markmiðum að forða þessum átökum. Við stöndum þess vegna frammi fyrir því, Evrópubúar, sem staðreynd, hvort sem okkur líkar betur eða verr að við höfum ekki getað megnað af eigin rammleik að sjá til

þess að þessum átökum linni og sæmileg sáttargjörð mundi ríkja í þessum löndum sem tilheyra fyrrverandi ríkinu Júgóslavíu.

Ég nefni þetta hér í upphafi, virðulegi forseti, vegna þess að mér finnst að það hefði verið meira við hæfi að koma til þingsins og það jafnvel á síðasta ári og biðja þingið um að fara yfir þessi mál, gera tilraun, hvort sem það yrði á vettvangi utanrmn. eða í sérstakri samráðsnefnd flokkanna, fara yfir það hvort stjórnmálaöflin í landinu gætu náð hér varanlegu samkomulagi um vissar meginforsendur.

Við skulum nefna eitt atriði sem aðeins er ýjað að í þeirri skýrslu sem gerð var á vegum þeirrar nefndar sem ríkisstjórnin skipaði í fyrra, svokölluð öryggisnefnd, sem að vísu hefur kannski ekki það heiti, mér er nú ekki alveg ljóst hvað nefndin heitir. En það er spurningin um það að sá varnarviðbúnaður sem Bandaríkin hafa haft hér á Íslandi yrði tengdur þessu nýja hlutverki Sameinuðu þjóðanna. Jú, þetta er vissulega athyglisverð hugmynd en hún vekur auðvitað upp ýmsar spurningar. Segjum nú að sú leið yrði farin. Samrýmist það þá því að Ísland gerist með þeim hætti sem hér er lögð áhersla á aðili að Vestur-Evrópubandalaginu? Það er ekki alveg sjálfgefið.

Vestur-Evrópusambandið er eins og við vitum öll hér annars vegar fyrirbæri sem engu máli hefur skipt um langan tíma. Áratugi var það nánast til sem bréfhaus og málamyndafundavettvangur fyrir ráðherra, þingmenn og embættismenn sem satt að segja engu máli skipti. Aftur á móti hefur það nýlega fengið það hlutverk að verða vettvangur fyrir hið nýja hernaðarsamvinnuform Evrópubandalagsins.

Þess vegna er kannski eðlilegt að ríki eins og Noregur og Tyrkland sem hafa ákveðið að sækja um aðild og hafa sótt um aðild að Evrópubandalaginu lýsi sig reiðubúin til þess að taka þátt í þessu hernaðarsamstarfi. Rökin sem ríkisstjórnin færir fyrir því að Ísland eigi að gera það einnig eru að Ísland muni einangrast innan Atlantshafsbandalagsins frá því samráði sem yrði innan veggja Atlantshafsbandalagsins, milli væntanlega Bandaríkjanna og Kanada annars vegar og Evrópuríkjanna hins vegar. Þetta er fullyrðing sem mér finnst í raun og veru engin rök vera færð fyrir, hvorki í greinargerð né ræðu hæstv. ráðherra hér áðan.

Ísland hefur ekki tekið þátt í hernaðarsamvinnu Atlantshafsbandalagsins. Það er kannski dálítið sérkennilegt að standa hér og segja það en engu að síður er að nú þannig að þegar þær stofnanir Atlantshafsbandalagsins sem fást við hernaðarmálefni koma saman til fundar, þá situr yfirleitt fulltrúi Bandaríkjanna í sæti Íslands. Ástæðan er sú að Bandaríkin hafa tekið að sér í tvíhliða samvinnu að reka hér herstöð. Sá samningur er að vísu þannig að hann er ekki beint háður tilveru Atlantshafsbandalagsins. Atlantshafsbandalagið gæti horfið eins og ýmis önnur hernaðarbandalög og tvíhliða samningurinn við Bandaríkin staðið eftir.

Er það alveg sjálfgefið ef menn telja skynsamlegt að Ísland gegni einhverju sérstöku hlutverki í stjórnmálalegu samráði Atlantshafsbandalagsins að það verði formlega hluti af Vestur-Evrópuhópnum? Mér finnst það ekki vera sjálfgefið. Það er hægt að færa ýmis rök fyrir því að það gæti þjónað hagsmunum Íslands svo lengi sem Ísland er aðili að Atlantshafsbandalaginu að vera smáríki sem tilheyri hvorugum hópnum. Það er nú einu sinni algengt lögmál í stjórnmálum og hafa ýmsir rannsakað það sér til skemmtunar og öðrum til fróðleiks að lítill aðili getur í samspili við stóra fengið miklu meiri áhrif ef hann heldur sérstöðu sinni. Gott dæmi um það hér á landi er Alþfl. á viðreisnarárunum sem fékk auðvitað mikla hlutdeild af ríkiskerfinu þótt smæðin gæfi það nú ekki til kynna, en hann nýtti sér smæð sína og sérstöðu. Og ef gert er ráð fyrir því að innan Atlantshafsbandalagsins, sem mér finnst vera eins konar dulin forsenda í þessum rökstuðningi, sé í uppsiglingu togstreita milli Evrópuríkjanna annars vegar sem eru aðilar að Vestur-Evrópubandalaginu og Bandaríkjanna og kannski Kanada hins vegar, þá er hér sagt að nauðsynlegt sé að Ísland skipi sér í upphafi í þann þingflokk, ef ég má orða það svo, sem er Evrópuþingflokkurinn innan NATO.

Það eru engin rök færð fyrir því hér að slík spenna milli Evrópuríkjanna og Bandaríkjanna og Kanada innan NATO sé í uppsiglingu og væri auðvitað athyglisvert að utanrrh. færi aðeins um það fleiri orðum. Nú vitum við auðvitað um þýska og franska herinn. Við vitum einnig um vilja Frakka til þess að efla sérstöðu sína á þessum vettvangi og við vitum reyndar einnig að í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna leggja bæði Bretland og Frakkland mikið kapp á það að halda sæti sínu. Almennt er þó talið skynsamlegt að stækka öryggisráðið og taka t.d. Þýskaland og Japan og hugsanlega Indland og Brasilíu inn í öryggisráðið. Ýmsum finnst þá skrýtið að þrjú af ríkjum Evrópubandalagsins eigi sæti í öryggisráðinu, tvö af þeim með neitunarvald sérstaklega í ljósi þess að almennt séð innan Sameinuðu þjóðanna fer forsætisríki Evrópubandalagsins með málefni og stefnumótun Evrópubandalagsins að öðru leyti á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og þá er óeðlilegt að þegar allt í einu er komið inn í öryggisráðsherbergið sitji þar þrjú aðildarríki Evrópubandalagsins, þar af tvö með neitunarvald. Þess vegna er það nokkuð víðtæk skoðun að þessi skipun gangi ekki upp til frambúðar. En það eru hins vegar töluverðir hagsmunir, stjórnmálalegir og hugsanlega af öðru tagi, fyrir Bretland og Frakkland að reyna að viðhalda þeirri skipan. Þess vegna kynnu þeir að vilja efla vissa sérstöðu án þess að fyrir því séu efnisleg rök.

Virðulegi forseti. Ég hef kosið að fara hér mjög breitt yfir þetta svið. Ástæðan er ekki sú að ég telji tíma eða tóm til þess hér seint á þessum eftirmiðdegi að fara jafnítarlega í þessa umræðu og nauðsynlegt væri. En ég nefni þetta vegna þess að mér finnst þetta frv. í raun og veru vera angi af miklu stærra máli og það sé rangt í málið farið að byrja á því að svara því hvort menn ætli að gerast aðilar að Vestur-Evrópusambandinu eða ekki án þess að láta þá umræðu, sem ég hef hér verið að fara yfir, eiga sér stað.

Ég vil líka nefna það hér að eins og allir vita er ríkjandi sú stefna í Bandaríkjunum að skera niður fjárframlög til herstöðva. Ég hef heyrt þær fullyrðingar að

ýmsir segja: Herstöðin á Íslandi er svo mikilvæg fyrir Bandaríkin að það verður ekki skorið niður þar. Ég segi hins vegar að þeir menn, sem treysta því að í Washington sé að finna einhverja tryggingu fyrir því að einn góðan veðurdag verði ekki skorið bara mjög myndarlega í þessari herstöð hér, þeir þekkja ekki mikið til í Washington. Það getur enginn fullyrt það í dag hvar niðurskurðarhnífur þings og forseta kann að lenda í þessum málum, ekki nokkur maður, ekki einu sinni þeir sjálfir geta fullyrt það því að þau efnahagslegu markmið sem hin nýja ríkisstjórn í Washington hefur sett sér eru hennar aðalmarkmið. Og að mínum dómi mun hún láta öll önnur markmið víkja og vera reiðubúin að skera niður framkvæmdir í hernaði og framlög til herstöðva svo lengi sem það ógnar ekki öryggi Bandaríkjanna í bráð og ég legg áherslu á það, í bráð. Þeim er alveg ljóst að sveigjanleiki bandarísks herafla verður hins vegar að vera þannig að þeir geti á tiltölulega skömmum tíma flutt hann til í veröldinni ef ástæður vera með þeim hætti. En ég hugsa að þeir muni flestir draga þá ályktun að ef friðsamleg sambúð Rússlands og Bandaríkjanna heldur áfram, og við sáum nú nýjasta dæmið um styrkleika hennar fyrir nokkrum dögum síðan, þá séu engin sérstök rök fyrir því að verja áfram töluverðu fjármagni til herstöðvarinnar hér. Flugvélar frá Rússlandi fljúga ekki hér um lengur. Það fer ekki miklum sögum af kafbátunum og þess vegna geti herstöðin hér fokið kannski bara á einum degi að mestu leyti vegna þess að hin nýja stjórn í Bandaríkjunum veit að hún verður að öllum líkindum í næstu kosningum dæmd af efnahagsstefnu sinni innan lands, aðgerðum sínum í heilbrigðismálum, aðgerðum sínum í menntamálum og aðgerðum sínum í málefnum stórborganna. Og allir hagsmunir varðandi hernaðarútgjöld sem ekki snerta öryggi Bandaríkjanna í þröngum skilningi verða að mínum dómi að víkja í þeirri glímu.

Þess vegna kann það vel að vera að þeir sem hafa áhuga á að starfrækja þá starfsemi sem hér hefur verið, og þá á ég við þessa herstöð, geti velt því fyrir sér hvort hún eigi kannski vænlegri framtíð, ef það má nota það orðalag, sem hluti af nýju öryggiskerfi tengdu Sameinuðu þjóðunum og breiðri samvinnu milli kannski Vesturheims annars vegar og Evrópu hins vegar og síðan hinna heimshlutanna heldur en sem skipulagsbundinn hluti af því stofnanaverki sem Evrópubandalagið hefur komið sér upp. Það er alls ekkert sjálfgefið að jafnvel þótt menn líti á þetta út frá hagsmunum og sjónarhóli þeirra sem vilja viðhalda herstöðinni út frá einhverjum sjónarmiðum, öryggissjónarmiðum, atvinnusjónarmiðum o.s.frv., þá sé það rökrétt að tengja þau við Vestur-Evrópusambandið.

Virðulegi forseti. Eins og hér hefur komið fram í mínu máli, þá tel ég ekki skynsamlegt fyrir Alþingi að ályktа nú um það að lýsa stuðningi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að Ísland gerist aukaaðili að Vestur-Evrópusambandinu. Ég tel að það séu ekki forsendur fyrir því að hægt sé að draga þá ályktun með rökréttum hætti og það þurfi að fara fram hér á landi miklu víðtækari umræður um málið áður en hægt er að taka afstöðu til þess sem hér er. Hitt er svo kannski rétt, sem ýjað hefur verið að, að það breytist ekki svo mikið við það að Ísland gerist aðili að Vestur-Evrópusambandinu nema það verða aðeins fleiri fundir sem menn fara á, vegna þess að í aukaaðildinni felst hvorki skuldbinding af hálfu Íslands að taka þátt í varnarhagsmunum hinna ríkjanna né skuldbinding af hálfu Vestur-Evrópusambandsins að tryggja eitthvað öryggishagsmuni Íslands. Og það er auðvitað dálítið merkilegt að það skuli vera gerð hér tillaga um það að Ísland gerist aðili að hernaðarbandalagi þegar fyrir liggur að það hernaðarbandalag ætlar sér ekki í neinu að tryggja öryggishagsmuni Íslands. Það er þá eingöngu verið að færa svona almenn pólitísk rök fyrir því að vera í þessum klúbbi. Og eins og menn þekkja nú í þessum sal, þá geta sviptivindir hinna pólitísku raka breyst ansi mikið á skömmum tíma.

Í bæði greinargerðinni og í hinum formlegu skjölum kemur það alveg skýrt fram að Ísland hefur enga beina öryggishagsmuni af því að tengjast þessu nýja sambandi. Hefur Ísland þá efnahagslega hagsmuni af því? Ég held ekki. Ég held að það sé ekki hægt að færa fyrir því nein rök. Hefur Ísland pólitíska hagsmuni af því? Ég tel ekki að það sé hægt að svara þeirri spurningu fyrr en menn hafa farið ítarlega yfir þessa umræðu. Og ég vil segja við virðulegan utanrrh. að mér finnst nú ekki neitt samhengi í því að leggja kapp á það að við göngum í þennan klúbb og hafa síðan engan fastafulltrúa þar sem víðtækasta umræðan um nýskipun öryggismála í heiminum fer fram. Það er bara ekki „prófessjónelt", virðulegi utanrrh. (**Utanrrh.:** Við verðum að laga það.) Ja, það er ágætt að laga það. Ég vona að ráðherrann finni einhverja góða menn í það. En mér er það mikil alvara vegna þess að ég tel að það sé ekki við hæfi að gera þetta svona með þessum hætti og það vekur upp spurningar um það hvort það er yfir höfuð nokkurt samhengi í því sem þarna er verið að gera.

Eins og menn heyra á þessari ræðu er ég í dag kannski ekki í miklu skapi til þess að fara að hjóla mikið í þetta. Ég tel að við getum farið yfir þetta í utanrmn. og rætt það fram og aftur og svo getum við haldið þessari umræðu áfram. Hitt hins vegar finnst mér aðalatriðið að ríkisstjórnin velti því fyrir er hvort hún er í raun og veru tilbúin til víðtækrar umræðu hér á vettvangi þings eða flokkanna um nýskipan í utanríkisstefnu Íslendinga.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Við erum hér í dag í rauninni komin í umræðu sem ef allt hefði verið með felldu hefði átt að fara fram í nóvember sl. áður en hæstv. umhvrh., staðgengill utanrrh., hélt utan og undirritaði skjal um aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu. Það hefði að mínu mati verið eðlilegra að leita eftir vilja fyrir fram á því sem hér er til umræðu heldur en eftir á, því að eins og við sjáum á tillögunni sem hér liggur fyrir er hér einfaldlega um viljayfirlýsingu að ræða en ekki neina fullgildingu á aukaaðildarskjali eða öðru

slíku, þannig að ég fæ ekki séð að það sé nokkur formleg hlið á málinu sem hefði átt að hindra ríkisstjórnina í því að leita eftir vilja Alþingis fyrir fram. Mér finnst þetta mjög alvarlegt mál vegna þess að eins og hefur komið fram í máli annarra erum við að tala um aðild að hernaðarbandalagi en ekki einhverjum Rotary- eða Lions-klúbbi. Og það er í rauninni í andstöðu, finnst mér, við allt sem við getum kallað þingræði og lýðræði að gera slíkt án þess að bera það undir þingið. Ég mótmælti þessu í nóvember sl. og ég vil ítreka þau mótmæli núna að það skuli farið með þetta mál með þessum hætti.

Að mínu mati hefur aðildin að Vestur-Evrópusambandinu aldrei verið rökstudd af neinu viti út frá öryggishagsmunum Íslendinga. Aðalatriðið hér í nóvember þegar við ræddum málið utan dagskrár að beiðni Steingríms Hermannssonar og aðalatriðið a.m.k. í tillögunni eins og hún liggur hér fyrir finnst mér vera það að sjónarmið Íslands geti heyrst í þessum samtökum, að það sé svo mikilvægt að sjónarmið Íslands og Íslendinga heyrist í þessum samtökum. Í sjálfu sér finnst mér þetta ekki vera rök fyrir aðild að þessum samtökum fremur en öðrum. Það verða aðrir hagsmunir að koma þar til heldur en bara þeir að rödd okkar heyrist.

Það má kannski segja að það hafi verið bætt úr þessum skorti á rökum með sérstakri skýrslu sem nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar hefur sent frá sér og sem hefur verið dreift hér á þinginu þó ekki sé í formi sérstaks þingskjals. Sú skýrsla ber það greinilega með sér að hún er skrifuð með það fyrir augum að rökstyðja veru hers hér á landi og aðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu. Með öðrum orðum virðist sem nefndin hafi átt að greina og leggja mat á stöðu Íslands með tilliti til þessara niðurstaðna, þ.e. niðurstöðurnar voru gefnar fyrir fram og síðan átti að rökstyðja þær í þessari skýrslu. Ég hygg að það sé þess vegna sem stjórnarandstöðunni var ekki boðin aðild að þessari skýrslugerð vegna þess að niðurstöðurnar voru gefnar fyrir fram. Það átti ekki að leggja hlutlægt mat á stöðu mála og stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna í dag heldur að koma með réttlætingu á tilteknum niðurstöðum sem gefnar voru fyrir fram.

Ég heyrði það á þeim þingmanni sem talaði hér á undan mér, hv. 8. þm. Reykn., Ólafi Ragnari Grímssyni að hann tók ekki skýrsluna sem slíka til umfjöllunar hér og sagði að þingflokkur Alþb. hygðist beita sér fyrir sérstakri umræðu um þessa skýrslu. Mér var ekki kunnugt um að þeir vildu standa þannig að málum og ég leit á þessa skýrslu sem nánast óaðskiljanlegan hlut af þeirri þáltill. sem hér er og mun því fara nokkrum orðum um skýrsluna.

Að mínu mati eru mjög sérkennilegar þversagnir í skýrslunni. Annars vegar er viðurkennt í henni að endalok kalda stríðsins breyti aðstæðum í heiminum. Þau breyti öryggishagsmunum þjóða og breyti öryggishugtakinu. Í skýrslunni er að finna ákveðna skilgreiningu á öryggishagsmunum og þeir eru tíundaðir. Það eru náttúrlega landvarnirnar sem skipa stærstan sess í þessari skýrslu en þar að auki er nefnt sem öryggishagsmunir: yfirráð yfir auðlindum, traust stjórn efnahagsmála, lýðræðislegir stjórnarhættir, innra öryggi, almannavarnir, umhverfisvernd og orðstír Íslands.

Mér finnst að með þessu sé verið að opna á ákveðna umræðu þó hún sé vissulega háð takmörkunum og þó ekki sé í sjálfu sér mikið gert með þessa öryggishagsmuni í skýrslunni sem slíkri því höfuðáherslan í skýrslunni er á landvarnirnar en ekki á þessa svokölluða aðra öryggishagsmuni sem að mínu mati vega mjög þungt. En þarna er ákveðin opnun sem menn sjá í þessum málum og skoða með tilliti til breyttrar heimsmyndar en um leið og þetta er viðurkennt í skýrslunni þá virðist nefndina bresta kjark til að takast á við þær breytingar sem orðið hafa í heiminum, takast á við breytta heimsmynd. Nefndin eyðir, eins og ég sagði, öllu sínu púðri í hefðbundin landvarnarsjónarmið. Hún eyðir öllu sínu púðri í að réttlæta veru hers hér á landi og réttlæta aðild að Vestur-Evrópusambandinu.

Mér sýnist að með þessari miklu áherslu á veru hers og aðild að Vestur-Evrópusambandinu sé verið að fegra, getum við sagt, þá staðreynd að við erum svo efnahagslega háð hernum að íslensk stjórnvöld mega greinilega ekki til þess hugsa að herinn fari. Síst af öllu við þær aðstæður sem nú eru í íslenskum efnahagsmálum og atvinnulífi. Þetta er í sjálfu sér ekkert skrýtið vegna þess að á undanförnum árum hefur um 10% af útflutningstekjum okkar komið af viðskiptum við herinn. Þetta eru svona 7–10 milljarðar á ári hverju og ef margfeldisáhrifin af þessu eru skoðuð þá erum við að tala um miklu stærri upphæðir. Á það var m.a. bent í úttekt sem gerð var hjá Frjálsri verslun að með margfeldisáhrifunum mætti hugsanlega reikna þetta upp í 35 milljarða ísl. kr., þ.e. 35 milljarða ísl. kr. af þjóðarframleiðslunni megi rekja til beins eða óbeins arðs af hernum. Hér eru því miklir hagsmunir á ferðinni. Á þessu sést það svart á hvítu hversu hættuleg þessi efnahagslegu tengsl við erlendan her eru því þau brengla í dag raunsætt mat á öryggishagsmunum þjóðarinnar.

Þetta finnst mér víða koma fram í skýrslunni og að oft á tíðum sé eins og menn rembist eins og rjúpan við staurinn að sjá einhverja hernaðarógn sem í raun er ekki lengur fyrir hendi. T.d. er sagt í skýrslunni: „Breyttar pólitískar ástæður valda því að hernaðarógn er ekki fyrir hendi í Norður-Atlantshafi. Hún gæti hins vegar magnast á nýjan leik því norðurfloti Rússa er, þrátt fyrir umtalsverða fækkun, enn stór og öflugur."

En það er ekki nóg að hafa stóran og öflugan flota. Hann verður að hafa eitthvert mótív. Hann verður að hafa eitthvert viðfang og það verður ekki beint séð hvað floti Rússa ætti að gera hér við þær aðstæður sem eru í heiminum í dag.

Þá sýnist mér líka að öryggishagsmunir okkar og þá landvarnarhagsmunir séu skilgreindir ekki út frá okkar öryggishagsmunum heldur út frá öryggishagsmunum Bandaríkjanna. Það sé reynt með einhverjum hætti að benda á að það sé Bandaríkjamönnum mikill hagur að hafa hér herstöð. Þannig er t.d. sagt að Keflavíkurstöðin sé enn þá mjög mikilvæg fyrir millilend-

ingar vegna loftflutninga frá Norður-Ameríku til átakastaða í og utan Evrópu. Ég fæ ekki séð að það þjóni okkar öryggishagsmunum eða landvarnarhagsmunum þó stöðin sé mikilvæg fyrir millilendingar fyrir Bandaríkjamenn.

Þá er sagt líka að nú sé lögð áhersla á að til reiðu séu hersveitir sem brugðist geti hratt við yfirvofandi hættu. „Fækkun í bandarískum hersveitum í Evrópu úr um 300 þús. fyrir örfáum árum í 100 þús. árið 1996 veldur því að leiðin yfir hafið verður hernaðarlega mikilvægari en áður." — Hernaðarlega mikilvægari fyrir hvern? Sú spurning hlýtur að vakna.

Mér sýnist með þessu að öryggishagsmunir okkar séu skilgreindir út frá þörfum annarra.

Ég var að tala um hin efnahagslegu tengsl við herinn og hversu herstöðin og þær tekjur sem við höfum af henni skipta miklu máli fyrir íslenskt efnahags- og atvinnulíf.

Einn af þeim sem sat í nefndinni sem vann skýrsluna er þingmaðurinn Karl Steinar Guðnason og það hefur komið fram í viðtölum við hann að hann hefur af þessu nokkrar áhyggjur sem fyrrverandi verkalýðsforingi á Suðurnesjum. T.d. birtist við hann viðtal í Frjálsri verslun ekki alls fyrir löngu. Það viðtal var m.a. gert að umfjöllunarefni í leiðara Morgunblaðsins, 8. ágúst 1991. Þar er vitnað í orð Karls Steinars — ég vitna hér í leiðara Morgunblaðsins þar sem Karl Steinar er að tala um fækkun starfsfólks varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Hann segir:

„Við höfum ævinlega fengið það upphafið en núna hefur það ekki fengist. Breytingarnar í Evrópu hafa gert það að verkum að það hefur orðið „gengisfall" á stöðinni hér. Verkalýðsfélagið hefur reynt að fá þessu breytt því eftir því sem starfsfólki fækkar verður meira álag á fjölda vinnustaða. Okkur hefur ekki tekist að koma í veg fyrir þetta og það lítur út fyrir að breytingarnar, sem ég var að minnast á, geri það að verkum að þetta verði látið halda áfram enn um sinn að einhverju ráði."

Með öðrum orðum hefur verkalýðsforinginn Karl Steinar Guðnason áhyggjur af fækkun starfsfólks hjá hernum. Auðvitað getur maður skilið það út frá hreinu atvinnusjónarmiði en hins vegar er það ekki mjög stórmannlegt út frá öðrum sjónarmiðum.

Morgunblaðið segir í leiðaranum: „Í tilefni af þessum ummælum Karls Steinars Guðnasonar er ástæða til að undirstrika nokkur grundvallaratriði varðandi varnarliðið á Keflavíkurflugvelli: Það kom hingað árið 1951 vegna þess að mikil hætta var á ófriði í heiminum og að Kóreustríðið mundi breiðast út." — Svo segir: „Dvöl varnarliðsins hér á landi var framlag okkar Íslendinga til sameiginlegra varna hins frjálsa heims gegn þeirri ógnun sem stafaði frá Sovétríkjunum." — Þetta eru náttúrlega hefðbundin Moggafræði. Síðan segir:

„Af augljósum ástæðum má búast við umtalsverðum samdrætti í umsvifum varnarliðsins á næstu árum og minnkandi framkvæmdum. Þetta er eðlileg þróun vegna þess að friðarhorfur í okkar heimshluta hafa batnað og samskipti aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Sovétríkjanna eru með allt öðrum hætti en áður var."

Síðan segir í leiðaranum: „Það er beinlínis hættulegt fyrir íslensku þjóðina að verða háð veru varnarliðsins hér vegna þeirrar atvinnu sem það veitir og vegna þeirra tekna sem við höfum haft af dvöl þess hér."

Þannig sér Morgunblaðið þetta fyrir sér og undir þetta sjónarmið get ég tekið núna. Ég tel hættulegt fyrir íslensku þjóðina, og það er auðvitað ekkert ný saga, að vera of efnahagslega háð varnarliðinu og það þarf að reyna með öllum tiltækum ráðum að snúa þessu til betri vegar.

Ég held að það sé enginn vafi á því að mikilvægi herstöðvarinnar hér, þó reynt sé að segja það í skýrslunni að hún muni vera mikilvæg í framtíðinni og skipta verulegu máli fyrir Bandaríkjamenn, muni minnka talsvert á komandi árum.

Nýlega var ítarleg umfjöllun í The Economist um varnarkerfi 21. aldarinnar eins og sú úttekt hét. Þar er einmitt bent á og lögð á það áhersla að flotar og varnir á úthöfunum munu skipta mun minna máli á 21. öldinni en þeir gerðu á þessari öld. Og einmitt af þeim sökum held ég að hernaðarlegt mikilvægi Íslands muni minnka verulega. Við munum ekki þurfa á hefðbundnum landvörnum að halda í nánustu framtíð, þá er ég að tala um hefðbundnar landvarnir, og ég held að aðild að Vestur-Evrópusambandinu þjóni engum slíkum tilgangi fyrir okkur.

Fyrir þessu eru auðvitað ýmsar ástæður. Ein sú stærsta er að endalok Sovétríkjanna þýddu að það er ekkert ríki til lengur sem getur ógnað eða valdið vestrænum ríkjum búsifjum á hernaðarsviðinu á einhvern hnattrænan mælikvarða. Það er ekkert það veldi til sem gæti lagt undir sig meginland Evrópu eins og var alltaf talin yfirvofandi hætta á að Sovétríkin mundu reyna. Það er ekkert það ríki til lengur sem getur gert þetta. Það er ekkert það ríki til lengur sem getur lagt Bandaríkin í rúst með kjarnorkuvopnum sínum, haft flota á öllum helstu úthöfum eða stutt við bakið á vinveittum þjóðum í flestum álfum með fjármagni eða vopnum. Slíkt ríki er ekki til lengur, þ.e. eina ríkið í heiminum í dag sem hefur eitthvert slíkt vald eru Bandaríkin. Hinn póllinn, sem voru Sovétríkin til skamms tíma, er úr sögunni og ég held að við þurfum tæpast að verjast Bandaríkjunum, ekki er það inni í myndinni, eða hvað?

Það breytir ekki því að Rússland er enn næstöflugasta kjarnorkuveldið. Í Rússlandi eru í dag efnahagsleg og pólitísk upplausn sem vissulega gæti leitt til svæðisbundinna átaka og þessi svæðisbundnu átök geta auðvitað smitað út frá sér. En jafnvel þó að þjóðernissinnar og flokksjálkar í Sovétríkjunum næðu undirtökunum þar á morgun þá ógnar það ekki íslenskum öryggishagsmunum. Það ógnar ekki íslensku fullveldi og íslenskri lögsögu. Efnahagskerfi og pólitískt stjórnkerfi í Sovétríkjunum eru í molum. Þar eru innanlandsátök og yrðu væntalega líka í kjölfar einhvers konar valdatöku þjóðernissinna og íhaldsmanna. Ég held að þeir sem þar næðu völdum gætu aldrei haft

fullt vald á hernum þó þeir gjarnan vildu og það tæki þá þó nokkur ár að ná fyrri styrk þannig að, eins og ég segi, jafnvel þó að þetta gerðist á morgun þá væri það ekki ógnun við íslenska öryggishagsmuni.

Þrátt fyrir þá breytingu að Sovétríkin séu úr sögunni sem það stórveldi sem þau voru og kalda stríðinu sé lokið er ekki þar með sagt að heimurinn sé einhver friðarins staður. Arfleifð kalda stríðsins er m.a. gífurlegt safn vopna í höndum alls kyns ríkisstjórna, herja og hreyfinga um allan heim. Í The Economist var sagt frá því að í dag væru líklega 23 ríki sem hvert um sig ættu yfir 1.000 skriðdreka þannig að vopnabúrið er gífurlegt og þetta er bara lítill partur af því. Þar að auki ráða sex ef ekki níu ríki yfir kjarnorkuvopnum. Þessi tilurð vopnanna er í eðli sínu ógnun við öryggi alls mannkyns. Þegar við lítum á málið í þessu samhengi er hugmyndin um hefðbundnar landvarnir í rauninni fáránleg. Það sem er líklegast til að gerast á næstu árum og áratugum í þessum málum, ef við erum að horfa á átök og ófrið, er að átökin verði staðbundin.

Í fyrsta lagi gætu verið átök þar sem vesturveldin teldu hagsmunum sínum ógnað, t.d. aðgangi þeirra að auðlindum. Það gerðist einmitt við Persaflóa. Líklegustu átakasvæðin í þessum efnum eru ríki múslima og Norður-Kórea. Í öðru lagi þá gætu verið staðbundin átök sem tengjast þjóðernisátökum af ýmsu tagi sem vesturveldin gætu dregist inn í á einhvers konar samviskuforsendum, t.d. í fyrrverandi ríkjum Júgóslavíu því íbúar, almenningur í heiminum, gerir einfaldlega þær siðferðiskröfur að vesturveldin skipti sér af þessu með einhverjum hætti.

Í því sambandi er hins vegar athyglisvert og umhugsunarefni að ekki fyrir mjög mörgum árum var hægt að senda unga menn í aðra heimshluta, eins og t.d. í Víetnamstríðinu, sem fallbyssufóður til þess að stöðva svokallaða útbreiðslu heimskommúnismans. Núna treysta ráðamenn sér ekki til þess að senda unga menn til þess að stöðva ofbeldisverk gegn saklausum borgurum, eins og t.d. í fyrrverandi ríkjum Júgóslavíu. Þeir virðast eiga mun erfiðara með að réttlæta það heima fyrir en þeim gekk að réttlæta það á árum áður að senda menn til þess að berjast við heimskommúnismann.

Áður var kannski hægt að slá pólitískar keilur heima fyrir með slíkum hlutum vegna þess að gagnrýnendur þátttöku í slíkum styrjöldum mátti alltaf saka um þjónkun við heimskommúnismann í Bandaríkjunum eða þjónkun við kapítalismann í hinum sósíalísku ríkjum. Núna vantar einfaldlega hin stóru hugmyndakerfi sem allt útskýrðu og allt réttlættu.

Í þessari umfjöllun í The Economist, sem ég var að segja frá, þá var á það lögð áhersla að nýjar aðstæður útheimtu nýtt og mun víðtækara öryggiskerfi en áður, að bæði NATO og Vestur-Evrópusambandið væru allt of *svæðabundin* bandalög. Þetta væru bandalög sem byggðu á úreltri hugmynd um einn fyrir alla og allir fyrir einn andspænis sameiginlegum óvini en þessi sameiginlegi óvinur sé ekki lengur til staðar.

Ég held að það ætti líka að vera okkur athugunarefni *í þessu sambandi* að með því að gerast aðilar að Vestur-Evrópusambandinu erum við auðvitað, eins og hér hefur verið bent á, að fara inn í Evrópustoðina í NATO. Þá vaknar einmitt sú spurning: Ef það nú gerist, eins og stefnt er að í Evrópubandalaginu, þ.e. að Evrópubandalagið reki sameiginlega utanríkis- og varnarstefnu, ætlum við þá að tala einum rómi með EB-ríkjunum í Vestur-Evrópusambandinu? Hvar og hvernig ætlum við að gæta hagsmuna okkar og láta sjálfstæða rödd okkar hljóma? Ætlum við að vera í þessum einróma kór Evrópubandalagsins í Vestur-Evrópusambandinu eða með hvaða hætti ætlum við að láta þessa rödd hljóma sem mönnum er svo í mun að heyrist í Vestur-Evrópusambandinu?

Eins og ég sagði var í þessari grein bent á að það muni draga mjög úr mikilvægi flotans, að herfloti muni hætta að ferðast um úthöfin eins og áður var. Hins vegar er það ein tegund skipa sem mun þó ekki glata mikilvægi sínu samkvæmt þessari úttekt og það er kafbátarnir. Kjarnorkuknúnir kafbátar og kafbátar hlaðnir kjarnorkuvopnum. Á undanförnum árum hefur orðið gífurleg breyting í afvopnunarsamningum af ýmsu tagi, bæði á landi og á höfunum. Engu að síður er talið að árið 2003 muni Bandaríkjamenn eiga 2.500 langdræga kjarnaodda og þar af 1.700 undir yfirborði sjávar í kafbátum. Svipaða sögu er að segja af Rússum. *Bretar eru taldir eiga um 300–400 og Frakkar 384.* Það er einmitt þetta sem er veruleg ógnun við öryggishagsmuni Íslendinga. Okkar stærsta öryggismál er að mínu mati að koma kjarnorkunni burt úr kafbátunum og reyna með öllum tiltækum ráðum að vernda lífríki sjávar. Ég hef margsinnis lagt á það áherslu í umræðu að við þurfum að horfa fyrst og síðast á öryggishagsmuni okkar út frá þessu sjónarmiði. Mengunarslys í höfunum í tengslum við árekstur eða óhöpp í kafbátum geta svipt okkur lífsbjörginni, fullveldinu og lögsögunni í einu vetfangi og þá dugir afskaplega lítið að hafa landvarnirnar í lagi.

Á undanförnum árum og áratugum hafa óhöpp verið mjög tíð í kafbátum og þó að umferð þeirra hafi minnkað verulega í kjölfar þíðunnar þá eiga þau sér engu að síður enn þá stað. Á árunum 1954–1988 var tilkynnt um 200 óhöpp í kjarnorkuknúnum kafbátum, sjö hafa farist, fimm sitja enn á hafsbotni og sex af þessum sjö hafa farist á Norður-Atlantshafi.

Þessir kjarnorkuknúnu kafbátar, sem um er að ræða, eru eins og fljótandi kjarnorkuver og með þeim er nánast ekkert alþjóðlegt eftirlit eða reglur. Ef kjarnorkuslys verða í hafinu er afskaplega lítið hægt að gera við því. Það er ekki hægt að hreinsa upp eins og var reynt að gera í Tsjernóbíl. Þó skaðinn væri náttúrlega ærinn þar þá höfðu menn þann möguleika að hreinsa upp. Það er ekki hægt að gera í hafinu. Þau efni sem frá kafbátum koma verða einfaldlega að dreifast með straumum og dvína með tíma. Þau dvína ekki ört af þeirri einföldu ástæðu að hraði hafstraumanna er mun minni en vindhraðinn. Ef kjarnorkuslys verður á landi þá dreifist mengunin hraðar. Þetta dvínar því ekki ört í hafinu. Þessi slys eru staðbundnari og þar af leiðandi sterkari.

Íslendingar hafa oft lagt áherslu á þennan þátt á al-

þjóðavettvangi og m.a. hefur núv. utanrrh. margsinnis ítrekað nauðsyn þess að draga úr notkun kjarnorku á höfum úti. Ég minnist þess m.a. að Helgi Gíslason, sem þá hefur líklega verið fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, flutti mjög merka ræðu um þetta efni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna haustið 1991 þar sem hann lagði á þetta mikla áherslu. Ræðan er reyndar hér á ensku en í fréttatilkynningu frá utanrrn. segir m.a.:

„Meginefni ræðunnar laut að þeirri hættu sem getur stafað að lífríki sjávar vegna slysa þar sem kjarnakljúfar á höfunum koma við sögu. Rætt er um hættuna og mengun sjávar af völdum geislavirkra efna og lýst þeirri afstöðu að þrátt fyrir alþjóðlegar aðgerðir til að draga úr þeirri hættu séu þær ófullnægjandi hvað varðar slys þar sem kjarnakljúfar koma við sögu. M.a. er bent á að hátt á sjötta hundrað kjarnakljúfar séu í skipum og kafbátum. Fyrirbyggjandi öryggisreglur nái einungis til lítils hluta þeirra.

Þá er gerð grein fyrir þeirri afstöðu íslenskra stjórnvalda að hún telji æskilegt að framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna verði með aðstoð sérfræðinga falið að láta gera könnun á slysum á höfunum þar sem kjarnakljúfar koma við sögu, meta möguleg áhrif þeirra og gera tillögur um aðgerðir sem gætu dregið úr þeirri hættu sem af þeim getur stafað fyrir lífríki sjávar.

Jafnframt er í ræðunni tilkynnt um að á vettvangi Sameinuðu þjóðanna verði lögð fram sérstök greinargerð um þetta efni af hálfu Íslands."

Nú vil ég spyrja út í þetta. Annars vegar hvað gerðist með þessa hugmynd Íslendinga að Sameinuðu þjóðunum verði falið að láta gera könnun á slysum á höfunum þar sem kjarnakljúfar koma við sögu. Hvað varð um þessa sérstöku greinargerð um þetta efni af hálfu Íslands? Hefur hún verið lögð fram?

Mér finnst hins vegar áherslan á þessi mál hafa minnkað verulega að undanförnu. Það kann að hluta til að stafa af því að umferðin um höfin er miklu minni en hún var en þó má þessi áhersla ekki hverfa algjörlega eins og nú hefur gerst. Ég sé t.d. ekki að minnst sé á þetta einu orði í skýrslu nefndarinnar um öryggis- og varnarmál. Það er að vísu hálf blaðsíða um umhverfismál í skýrslunni en því miður er sá málflutningur hræðilega léttvægur vil ég segja. Það sem mér finnst kannski léttvægast við þetta í skýrslunni er að aðalatriðið eru hvalveiðarnar og hvalveiðimálin. Ég sé ekki hvaða gífurleg öryggis- og varnarmál þar eru á ferðinni. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hefur þess orðið vart að hagsmunamál sem Íslendingar töldu fyrst og fremst varða þá sjálfa sæta vaxandi afskiptum annarra ríkja. Hvalveiðar eru dæmi um mál af þessu tagi en hafa má hvalamálið til marks um nauðsyn þess að komið verði í veg fyrir að óraunhæfar kröfur alþjóðlegra öfgahópa í umhverfismálum hafi áhrif á skynsamlega nýtingu auðæfa sjávar í kringum landið."

Ég fæ alls ekki séð hvaða erindi hvalamálið á í skýrslu um öryggis- og varnarmál. Nema það sé til þess að kasta einhvers konar rýrð á þessa svokölluðu alþjóðlegu öfgahópa í umhverfismálum sem hafa hins vegar margir hverjir unnið mjög þarft starf einmitt í tengslum við höfin, að koma í veg fyrir mengun hafsins og vinna gegn mengunarslysum á hafi úti. Þessir hópar hafa í rauninni stutt við bakið á sjónarmiðum sem Íslendingar ættu að hafa í heiðri. Ég vil benda á nýlega — þó það sé kannski eins og að nefna snöru í hengds manns húsi að tala um samtökin Greenpeace á Alþingi þá ætla ég samt að leyfa mér það og vona að það fyrirgefist og ekki sé svo illa komið fyrir þingmönnum að þau séu bara útlæg gerð úr þingsölum nema í neikvæðri merkingu — fréttatilkynningu sem þau hafa sent frá sér, dags. 22. mars 1993, þar sem þau eru að vekja athygli á árekstri sem varð á milli tveggja kjarnorkuknúinna kafbáta nú nýverið. Annar var bandarískur og hinn var sovéskur. Þau fordæma það að þessi atburður skuli hafa átt sér stað og spyrja einmitt þeirrar spurningar hvernig á því standi að nú þegar vesturveldin séu að berjast fyrir því að aðstoða Rússa við að koma fram ákveðnum umbótum heima fyrir, þá sé bandarískur kjarnorkuknúinn kafbátur enn að ferðast um við strendur Rússlands. Það er spurt ef Bandaríkin vilja styðja við lýðræðislega þróun í Rússlandi hvort ekki ætti frekar að senda aðstoð fremur en kafbáta. Það er ekki nema eðlilegt að spurt sé.

Þá er lögð áhersla á í þessari fréttatilkynningu og ályktun frá Greenpeace að það þurfi að reyna að vinna gegn því að byggðir séu fleiri kjarnorkukafbátar og unnið að því að taka úr umferð þá sem þegar eru til staðar. Mér finnst því koma fram í ýmsu því sem samtök eins og Greenpeace eru að gera mjög mikilvægur stuðningur við okkar mikilvægustu öryggismál. Ég sakna þess satt að segja mjög að þessi nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar skuli ekki minnast á þetta einu orði.

Ég fletti lauslega í gegnum skýrslu utanrrh. sem var dreift á borð okkar þingmanna í dag og ég sá heldur ekki að þar væri eitt einasta orð um þessa hluti og þykir mér að þetta hafi horfið allsnögglega úr stefnu utanrrh. sem ég hélt þó og var satt að segja að vona og fagnaði að hann skyldi hafa gerst talsmaður fyrir.

Um skýrsluna almennt vil ég segja að mér finnst almennt vera í henni mikil fortíðarhyggja, að enn þá svífi kaldastríðsandinn þar yfir vötnum og enn séu skýrsluhöfundar í rauninni þátttakendur í umræðu gærdagsins. Ég gæti auðvitað tilfært ýmis dæmi um þetta. T.d. stakk það mig verulega, og ég mundi kannski vilja spyrja út í það vegna þess að það vantar allan rökstuðning fyrir því, sem segir í skýrslunni en það hljóðar svo: „Nábýli við varnarliðið hefur eflt sjálfstraust þjóðarinnar í menningarlegu tilliti og aukið styrk hennar til að bregðast við nýjum aðstæðum á alþjóðlegri upplýsingaöld." — Þessi setning stendur þarna algjörlega órökstudd, eins og hálfgerður hortittur í þessu öllu saman. Ég sé eiginlega ekki hvaða erindi hún á þarna inn og hvernig þetta sjálfstraust þjóðarinnar í menningarlegu tilliti, sem hún hefur öðlast af nábýlinu við herinn, lýsir sér. Það væri fróðlegt að fá svolítinn rökstuðning fyrir því. Mér sýnist að þetta sé einhver setning sem sé innlegg í umræðu gærdagsins en ekki dagsins í dag eða morgundagsins.

Þá er líka dálítið sérkennilegt, eða það er svo sem

ekkert sérkennilegt, það er eins og við má búast. Þegar talað er um endalok kalda stríðsins í skýrslunni er sagt að málstaður lýðræðis og frelsis hafi borið sigur úr býtum í kalda stríðinu. Ég fæ ekki séð að málstaður lýðræðis og frelsis hafi unnið neinn sérstakan sigur í þessu stríði fremur en öðrum því fórnarlambið í öllum stríðum er kannski sannleikurinn fyrst og fremst en það sem bar sigur úr býtum í kalda stríðinu var markaðskerfið. Það bar jú sigur úr býtum því það sem flestir stefna að nú er markaðskerfið. Hins vegar verða menn að átta sig á því að einhverju sem við getum kallað „kapítalsíska púralisma" fylgir ekkert endilega lýðræði og frelsi. Þannig getum við tekið til marks Þýskaland Hitlers. Það var kapítalismi sem þar var á ferðinni. Það var markaðskerfi en það var ekkert lýðræði og frelsi. Við getum tekið Singapore sem dæmi. Það er ekki þar með sagt að þó kapítalismi sé í Singapore sé þar lýðræði og frelsi. Við getum tekið Kína sem dæmi. Kína er að feta sig núna inn á braut aukinnar markaðsvæðingar, skulum við segja, en því hefur ekki fylgt neitt lýðræði eða frelsi í Kína. Þvert á móti hafa þeir heldur hert tökin þó þeir hafi opnað fyrir erlendum fjárfestingum og opnað fyrir markaðinum að ýmsu leyti.

Ég held því að lýðræði, frelsi og mannréttindi, vil ég segja líka, eigi enn þá langt í land. Við getum bara horft á okkar eigin álfu, Evrópu. Það er skortur á mannréttindum að hafna, eins og gert er, vinnuframlagi milljóna manna, að dæma ekki bara milljónir heldur tugi milljóna manna til iðjuleysis, til að vera án hlutdeildar í rekstri samfélagsins eins og gerist. Slíkt á ekki skylt við lýðræði, frelsi eða mannréttindi.

Það er staðreynd að öryggishagmunir þjóða eru kannski samofnir nú sem aldrei fyrr og ég held að virkustu meðölin til þess að tryggja þessa öryggishagsmuni, ekki bara okkar heldur flestra þjóða, sé að draga úr því bili sem er milli ríkra og fátækra, bæði ríkra og fátækra einstaklinga og þjóða, m.a. með því að auka fjárfestingu og uppbyggingu í löndum suðursins og í Austur-Evrópu. Í umhverfismálum þurfa iðnríkin á Vesturlöndum að taka á sig auknar kvaðir, hertar reglur, en jafnframt þarf að byggja upp raunhæfar áætlanir fyrir fátækari ríki heimsins í umhverfismálum.

Í þessu sambandi held ég að mikilvægast sé að styrkja samtök og stofnanir sem eru alþjóðleg í eðli sínu eins og Sameinuðu þjóðirnar og RÖSE, að taka á málunum „glóbalt" — ef við þýðum það hnattrænt þá eigum við að taka á málum hnattrænt. Við Íslendingar getum unnið að þessu. Við getum unnið að þessu innan Norðurlandaráðs. Við getum unnið að þessu innan Evrópuráðsins. Við getum unnið að þessu innan EFTA og EES. Við getum unnið að þessu innan Sameinuðu þjóðanna, RÖSE og fleiri stofnana. Það eru margar stofnanir þar sem við getum látið rödd okkar heyrast og komið þessum sjónarmiðum á framfæri og ég held að við þessar aðstæður eigum við ekkert erindi inn í Vestur-Evrópusambandið.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Í umræðu um þessa þáltill. hafa þeir sem hér hafa talað farið nokkuð vítt um völl og er það ekki óeðlilegt þegar verið er að leggja til breytingu á stöðu Íslands í alþjóðlegu samstarfi sem felst í því skrefi sem hér er mælt með af hæstv. utanrrh. og ríkisstjórn að tekið verði með aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu.

Ég ætla þó ekki að nota þetta tækifæri til að ræða utanríkismál í mjög víðu samhengi eins og út af fyrir sig væru efni til heldur fyrst og fremst að beina sjónum að því skrefi sem hér er verið að taka og því samhengi sem þar er um að ræða. Ég vil þó vekja athygli á því, og það er óhjákvæmilegt, að rökstuðningur hæstv. ráðherra fyrir þessu máli er næsta sérkennilegur þegar fjallað er um breytingarnar á aðstæðum í heiminum og í Evrópu sérstaklega sem rökstuðning fyrir því að nú gerist Ísland aukaaðili að Vestur-Evrópusambandinu.

Það er öðrum þræði dregið fram, sem getur talist staðreynd, að heimurinn hefur breyst á liðnum árum og að hernaðarógn sem fylgdi kalda stríðinu sé ekki hin sama og áður, sé úr sögunni, og óvinurinn sé horfinn þó það sé ekki sagt með þeim orðum. Á sama tíma og þetta er dregið fram fáum við í dag inn á borð okkar skýrslu frá hæstv. utanrrh. þar sem mikið er gert úr því í sambandi við svonefnt varnarlið hér á landi að það horfi í heldur slæmt efni og þar geti verið samdráttur á ferðinni og það blasir við að svonefndar varaliðsherdeildir, sem ætlað er að verði til varna á Íslandi, verði lagðar niður á tímabilinu 1995–1996. Þar stendur, með leyfi forseta: „Íslensk stjórnvöld fylgjast vel með þessum tillögum og er þegar farið að huga að öðrum bandarískum herdeildum sem geta e.t.v. komið í staðinn." Og annað í þessum dúr sem ég ætla ekki að rekja nánar hér vegna þess að þessi skýrsla er ekki dagskrármál hér en margt skondið stendur í þessum kafla sem við ræðum þegar kemur að umræðum um þessa skýrslu utanrrh. Þversagnirnar eru satt að segja alveg himinhrópandi þegar verið er að tala um breytingar á alþjóðavettvangi annars vegar og hins vegar stöðu herliðs í landinu og þörfina á slíku. Það er jafnvel verið að gera því skóna í þessari nýkomnu skýrslu hæstv. utanrrh. að það þurfi að margefla hlut Íslendinga í þessum efnum og samtengja störf svonefnds varnarliðs í landinu, bandarísks herliðs, og íslenskra stofnana til þess að gæta að ýmsum stöðum á landinu þar sem við blasi að bandaríska herliðið, jafnvel að óbreyttu, sé engan veginn í stakk búið til að gæta þessara mikilvægu mannvirkja hér á landi.

Þetta nefni ég hér til þess að vekja athygli á því hversu mikils ósamræmis gætir annars vegar í mati á alþjóðlegum aðstæðum, sem notað er sem rökstuðningur fyrir því skrefi sem hér er verið að taka, og hins vegar þegar kemur að spurningunni um stöðu erlends herliðs í landinu og þörfinni út frá sjónarmiði þeirra sem hafa metið að hér væri hernaðarógn á ferðinni gagnvart Íslandi að gera miklu betur og treysta þessar varnir. Hvar er óvinurinn, hæstv. utanrrh., sem nú er verið að verjast? Menn hljóta að spyrja um það.

Þegar þau tíðindi gerðust í nóvembermánuði að ríkisstjórnin skuldbatt Ísland þjóðréttarlega með svokall-

aðri aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu þá fóru ekki fram á Alþingi neinar umræður um það efni utan einu sinni utan dagskrár að frumkvæði hv. þm. Steingríms Hermannssonar tveimur dögum áður en undirrita átti þetta skjal af hálfu íslenskra stjórnvalda og skuldbinda okkur með þeim hætti. Þetta mál var aldrei formlega afgreitt í utanrmn. Þar var engin tillaga, ef ég man rétt, fram borin um þetta efni og það verður að segja að mikil skemmri skírn var að öllu leyti á aðdraganda þessa máls. Fæstir þingmenn höfðu hugmynd um það hvað til stóð og hvað í þessu skrefi fælist. Engin áform voru uppi um það af hálfu ríkisstjórnarinnar að leita álits þingsins fyrir fram eða leggja það fyrir Alþingi með formlegum hætti. Þó að málið hafi verið kynnt í utanrmn. þá hafði nefndin við undirritun þessa skjals af hálfu íslenskra stjórnvalda 20. nóv. ekki fengið að sjá sjálft aðildarskjalið eða samþykktir Vestur-Evrópusambandsins þar eð þær voru trúnaðarmál. Þótt fram hefði komið að ríkisstjórnin hygðist taka afstöðu til aukaaðildar fyrir árslok var ekki leitað eftir formlegu áliti eins og ég hef getið um. Á þessum vettvangi höfðu hins vegar talsmenn stjórnarandstöðuflokkanna þegar lýst andstöðu sinni við aukaaðild.

Þetta mál hefur sannarlega margar hliðar. Málsmeðferðin sýnir dæmalaust virðingarleysi framkvæmdarvaldsins gagnvart Alþingi og stjórnskipun lýðveldisins til viðbótar við það sem hefur verið að gerast vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Þetta finnst mér vera skýr hættumerki fyrir lýðræðið í landinu þegar staðið er að mikilvægum ákvörðunum með þessum hætti. Með aukaaðild okkar að Vestur-Evrópusambandinu er verið að tengja Ísland inn í hernaðarsamstarf Evrópubandalagsins sem ekki einu sinni öll aðildarríki Evrópubandalagsins vilja gerast aðilar að. Danmörk, Grikkland og Írland hafa staðið þar fyrir utan og eftir að Danir felldu Maastricht-samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslunni á síðasta ári þá var það eitt af skilyrðum danskra stjórnvalda að Danmörk komi hvergi nærri hernaðarþætti Evrópubandalagsins, þ.e. Vestur-Evrópusambandinu, með fullri aðild að því.

Fyrir utan Ísland voru það Tyrkland og Noregur sem skrifuðu undir þessa aukaaðild en það ber að leggja á það áherslu að Ísland verður eina ríkið sem tengist hernaðarþætti Evrópubandalagsins með aukaaðild og sem ekki hefur leitað eftir aðild að bandalaginu. Að þessu leyti höfum við algjöra sérstöðu og það er ekkert undarlegt þó menn tengi þetta skref við gælur valdamikilla manna í stjórnarflokkunum við að sækja um aðild að Evrópubandalaginu og taka það mál á dagskrá.

Það hefur verið upplýst eftir að þetta skref var stigið og raunar í aðdraganda þess, degi fyrr eða svo, hvað í þessari aukaaðild fælist. Ég ætla ekki að fara að rekja það hér í einstökum atriðum. Það liggur fyrir í þessari þáltill. og þó það sýnist ekki vera mikið bindandi ákvæði sem í felast þá er þó alveg ljóst að með því að tengja okkur inn í þessi samtök með þessum hætti er verið að opna brú inn til Evrópubandalagsins á einu mikilvægasta sviði þess ef Maastricht-samningurinn verður að veruleika og sú samrunaþróun sem hann byggir á.

Það er opið samkvæmt þessum aukaaðildarsamningi fyrir þá sem aukaaðilar eru að þau ríki geti tengst ákvörðunum Vestur-Evrópusambandsins, sem heitir því sakleysislega nafni, hverju sinni. Hins vegar er jafnljóst að aukaaðilar geta ekki hindrað ákvarðanir sem samstaða hefur náðst um meðal aðildarríkja. Að mörgu leyti er aðstaða Íslands og annarra sem aukaaðild hafa að Vestur-Evrópusambandinu ekki ólík því sem verður hjá þeim ríkjum í Evrópsku efnahagssvæði sem ekki eru aðilar að Evrópubandalaginu, þ.e. að taka orðalaust við því sem samþykkt er á vettvangi Evrópubandalagsins, að vísu ekki með sams konar eða hliðstæðum skuldbindingum og eru í samningnum um EES.

En enn er þó eftir einhver smáafangi til þess að aukaaðild gangi í gildi og er það þó ekki ítarlega útfært í þáltill. eða því sem henni fylgir. Þar er þess getið að fyrst eftir að Grikklandi hefur verið veitt formleg aðild að samtökunum þá gangi þetta aukaaðildarskjal í gildi en fram að þeim tíma verði ríkin þrjú virkir áheyrnaraðilar í Vestur-Evrópusambandinu. Er þó ekki nánar skilgreint hvað í þeirri stöðu felst.

Í grg. með þáltill. eru miklar vangaveltur um það hvað þetta skref þýðir með tilliti til Atlantshafsbandalagsins og aðildar Íslands að því. Þar gætir þeirrar tvíhyggju sem ég nefndi áðan, að því er Ísland varðar og að því er framtíð Atlantshafsbandalagsins varðar. Vissulega er hér mjög margt óvissu háð en fari svo að Maastricht-samningurinn og samrunaþróunin í Evrópu gangi eftir í aðalatriðum eins og þar er gert ráð fyrir, þá er alveg ljóst að hverju er stefnt með Vestur-Evrópusambandinu. Því er ætlað að verða hernaðarþáttur Evrópubandalagsins fyrst og fremst og þjóna hagsmunum þess í utanríkispólitík á hernaðarsviðinu og auðvitað verða hagsmunir Evrópubandalagsins þar í fyrirrúmi og allt annað hlýtur að víkja sem ekki tengist því og ekki samræmist hagsmunum þessa stórveldis sem þarna er í mótun.

Ég ætla ekki að ræða hér líkurnar hvað mælir með og hvað mælir á móti að þetta gangi eftir. Um það getum við rætt síðar þegar skýrsla utanrrh. verður til umræðu en ég tel að í rauninni sé þessi tillaga óbein yfirlýsing af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar hvert halda skuli í sambandi við hernaðarlegt samstarf, samstarf í öryggismálum, þ.e. að tengja það við hagsmuni Evrópubandalagsins, við hernaðarþátt Evrópubandalagsins og kemur það kannski ekki svo mjög á óvart.

Ég held að það sé afar ófarsælt skref sem hér er verið að stíga. Á meðan Íslendingar hafa ekki markað stefnu sína með öðrum og ákveðnari hætti en fyrir liggur gagnvart Evrópubandalaginu og alveg sérstaklega í ljósi þess að við erum að tengjast því bandalagi þó með mjög ákvarðandi hætti með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Þegar þetta tvennt er lagt saman er alveg ljóst að við erum að ganga mjög langt í þá áttina að binda okkur í öllum meginatriðum á viðskiptasjónarmiði og í öryggismálum við Evrópubandalagið án þess í rauninni að geta þar svo sem nokkru

um ráðið, án þess að vera annað en viðhengi, vera tengt því rétt eins og ómálga aðili. Enda mun það atriði verða vafalaust fram reitt af þeim sem reka vilja á eftir að Ísland sæki um beina aðild að Evrópubandalaginu.

Eitt af því sem rætt var um miðjan nóvember í aðdraganda undirritunar var kostnaður við þessa þátttöku. Það er svo merkilegt að hæstv. utanrrh. sá enga ástæðu til þess í sinni framsögu að skýra nánar hver kostnaðarhlutdeildin væri af þátttöku í þessu Vestur-Evrópusambandi og stiklaði hann þó á því máli í nóvembermánuði sl. eins og flestir muna sem á það hlýddu þegar hæstv. ráðherra varð þrísaga í því máli. Nefndi hann 280 millj. fyrst, síðan 2,8 millj. og þriðja upplýsingin til Alþingis var að hann vissi raunar ekki nokkurn skapaðan hlut hvaða kostnaðaráhrif aðild hefði fyrir Ísland. Það er verkefni fyrir utanrmn. að fá þetta skýrt því ráðherrann virðist ekki neinu nær ef marka má framsögu hans um þetta atriði en hann var þegar hann var að verja gerðir sínar og ríkisstjórnarinnar í nóvember sl.

Ég held að það sé mikil þörf á því fyrir hv. utanrmn. að fara vandlega ofan í saumana á þessu máli. Hér er verið að vitna í samninga og plögg sem eru kannski tiltölulega meinleysisleg að yfirbragði, eins og Petersberg-yfirlýsinguna, sem mun vera tengd við bæ í Þýskalandi þar sem fundur var haldinn og þessi yfirlýsing frá gengin. Viss hluti af þessari yfirlýsingu er eins og sagt er, aukaaðildarríki „munu að öllu leyti samþykkja efni A-kafla III. hluta Petersberg-yfirlýsingarinnar sem verður hluti aukaaðildarskjalsins."

Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að orðlengja um þetta efni frekar nú. Ég varaði mjög eindregið við, eins og við aðrir talsmenn Alþb. þegar þessi mál voru til umræðu í nóvember, því skrefi sem hér væri verið að stíga. Ég held að á þeim tíma sem síðan er liðinn hafi í rauninni enn frekar komið í ljós hvílíkt bráðræði það er fyrir okkur Íslendinga að ætla að fara að tengjast Evrópubandalaginu á hernaðarsviði með þeim hætti sem hér er gert og án þess að um það hafi farið fram nokkrar teljandi umræður á Alþingi eða athuganir á vegum utanrmn., hvað þá að allir þingflokkar á Alþingi hafi verið þátttakendur í þeirri umræðu.

Ég vænti þess að við nánari skoðun þessa máls komist menn að því á Alþingi að þetta sé rangt skref, að meiri hluti verði fyrir því á Alþingi að vísa þessu máli frá. Það hafa að vísu ekki komið fram vísbendingar í þá átt í umræðunni til þessa að svo gæti orðið. En ég vek að lokum, virðulegur forseti, athygli á dálítið sérstöku orðalagi í sjálfri þáltill. þar sem segir: „Alþingi ályktar að lýsa stuðningi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að Ísland gerist aukaaðili að Vestur-Evrópusambandinu (VES)."

Þetta er tillögutextinn. Það er ekki verið að biðja um samþykki fyrir því heldur að lýsa stuðningi við þessa ákvörðun. Einnig orðalag þessarar tillögu tel ég að þurfi að athuga nánar í utanrmn.

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil í upphafi máls míns lýsa stuðningi við þá tillögu sem hér liggur fyrir til þál. um stuðning við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að Ísland gerist aukaaðili að Vestur-Evrópusambandinu. Ég hef lengi verið talsmaður þess að Íslendingar ættu að tengjast þessum samtökum og fá þar rétt til þátttöku til þess að við gætum gætt okkar hagsmuna og látið rödd okkar heyrast og tekið þátt í umræðum um þau mál sem þar eru á dagskrá. Ég tel það enn þá mikilvægara nú eftir að þetta samband ríkja hefur fengið nýtt hlutverk eins og drepið hefur verið á í þessum umræðum.

Umræðurnar hafa að mínu mati verið mjög fróðlegar um margt. Því miður dálítið dreifðar því hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir varði mestum hluta ræðu sinnar til þess að fjalla um skýrslu um öryggis- og varnarmál Íslands, skýrslu sem samnin var af nefnd sem ég átti sæti í ásamt fjórum öðrum mönnum. Ég verð að segja það, frú forseti, að ég mun ekki fara út í umræður um þá skýrslu að þessu sinni og fagna því sem fram kom í máli hv. 8. þm. Reykn. að Alþb. hefur beðið um sérstaka umræðu í þinginu um þessa skýrslu og þá gefst tækifæri til þess að ræða efni hennar nánar og draga ályktanir af því sem þar segir.

Annars þótti mér ræða hv. 8. þm. Reykn., formanns Alþb., mjög merkileg um margt, ekki síst þegar hann sagði í upphafi að ef stjórnmálaflokkarnir settust niður og ræddu um stöðu Íslands í utanríkis- og öryggismálum á þeim tímum sem við nú lifum þá væri ekki unnt að gefa sér það fyrir fram um hvað ágreiningur yrði á milli flokkanna. Þetta finnst mér mjög merkileg yfirlýsing frá formanni Alþb. og til umhugsunar og íhugunar fyrir okkur þingmenn og hljóti að koma til álita bæði í síðari umræðum um þetta mál og um þá skýrslu sem nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar samdi og einnig að sjálfsögðu þegar rædd verður skýrsla utanrrh. sem lögð var fram á þinginu í dag.

Ég get einnig tekið undir með hv. 8. þm. Reykn. um nauðsyn þess að vel sé hugað að þátttöku Íslands í starfi Sameinuðu þjóðanna og minni á að utanrmn. ályktaði um nauðsyn þess sl. haust þegar fjárlagatillögur voru bornar undir hana að menn gættu vel að hagsmunagæslu okkar hjá Sameinuðu þjóðunum. Það mátti lesa það úr ályktun nefndarinnar um það efni að hún taldi ekki eðlilegt að stóll fastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum væri auður lengi og vona ég að hæstv. ríkisstjórn taki þær ábendingar til vinsamlegrar athugunar.

Ég get einnig tekið undir það með hv. 8. þm. Reykn. að aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu er angi af miklu stærra máli, er angi af þeim breytingum sem eru að verða í alþjóðamálum og heimsmálum en hins vegar er ég ósammála honum um að ekki sé eðlilegt að taka þetta mál sérstaklega fyrir og afgreiða það og það spilli engu fyrir okkur um frekari þátttöku og frekari umræðu um stöðu okkar við breyttar aðstæður. Þvert á móti geri aðild okkar að Vestur-Evrópusambandinu okkur auðveldara en ella að halda okkar málstað fram og koma okkar sjónarmiðum á framfæri.

Það barst boð um það til þriggja aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins í Evrópu, sem ekki eru í Evrópu-

bandalaginu, að gerast aukaaðilar að Vestur-Evrópusambandinu og því boði þurfti að svara fyrir ákveðinn tíma eins og kunnugt er og þingmanninum er kunnugt um. Hér hefur verið vitnað til umræðna sem fóru fram um málið í nóvember sl. þegar ritað var undir aðildarskilmálana og plöggin. Þá var það ljóst að það voru þær dagsetningar sem við stóðum frammi fyrir og þá var haldinn fundur í utanrmn. og menn komu sér saman um þá tilhögun sem varð á þessu máli, að borin yrði upp sérstök þáltill. um málið og hana erum við að ræða nú. Hvað sem líður fyrri ágreiningi um form málsins þá finnst mér að á þeim fundi í utanrmn. og þeim viðræðum sem nefndin átti við utanrrh., þá stöndum við í þeim sporum sem við gerum í fullri sátt um málsmeðferðina. En að sjálfsögðu breytir það ekki því sem hv. 8. þm. Reykn. sagði að hér er um anga af miklu stærra máli að ræða sem nauðsynlegt er að ræða, ekki aðeins nú á þessu þingi og í tengslum við þetta mál, heldur áfram. Við Íslendingar þurfum að velta því gaumgæfilega fyrir okkur hvernig við ætlum að skipa okkur við þessar nýju aðstæður.

Þá skýrslu sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir gerði að umtalsefni lít ég á sem efnivið í þær umræður sem ákveðinn — ekki vil ég nota orðið skilaboð — efnivið í umræður um þessi mál og rökstuðning fyrir stefnumótun í málinu. Nefndin taldi sig ekki hafa umboð til þess að gera sérgreindar tillögur. Þótt áherslur hennar séu skýrar og komi fram í meginmáli skýrslunnar finnst mér að það eigi að líta á þessa skýrslu bæði fyrir stjórnarflokkana og einnig fyrir Alþingi allt, eins og Alþb. hefur gert, sem efnivið í umræður sem síðan sé unnt að taka mið af þegar menn ganga til frekari stefnumótunar.

Í skýrslunni er oftar en einu sinni vikið að Vestur-Evrópusambandinu og þátttöku Íslands í því. Í stuttu máli má segja að nefndin komst að þeirri niðurstöðu að það þjóni fullkomlega hagsmunum Íslendinga í öryggis- og varnarmálum að gerast aukaaðilar að Vestur-Evrópusambandinu. Nefndin telur einnig að það hefði augljósa ókosti í för með sér ef Ísland stæði utan samstarfsins í Vestur-Evrópusambandinu, eða eins og segir í skýrslunni, með leyfi frú forseta: „Verði raunin sú að NATO aðlagaðist með þeim hætti að verða fyrst og fremst vettvangur tvíhliða samráðs Vestur-Evrópusambandsins annars vegar og Bandaríkjanna og Kanada hins vegar er hætta á að Ísland einangrist í umræðum um öryggis- og varnarmál. Þannig yrði dregið úr möguleikum á að Ísland gæti beitt áhrifum sínum og að tillit yrði tekið til íslenskra sjónarmiða í hópi Evrópuríkja Atlantshafsbandalagsins. Yrði það afar óheppilegt, ekki síst þar sem nágrannaríki á Norður-Atlantshafi hafa gerst aðilar að Vestur-Evrópusambandinu, Bretland sem fullgildur aðili, Noregur sem aukaaðili."

Nefndin segir einnig, með leyfi frú forseta: „Ástæða er því til að fagna því að Ísland skuli hafa þegið boð Vestur-Evrópusambandsins um að ganga til liðs við sambandið sem aukaaðili. Enginn vafi leikur á að Ísland sem málsvari Atlantshafssamstarfsins á tök á að gegna þar mikilvægu hlutverki. Aukaaðild Íslands stuðlar að því að Evrópuríkin, sem í auknum mæli hafa horft til austurs, hafa hagsmuni sína í vestur á Atlantshafi í huga frekar en ella. Virk þátttaka Íslands í störfum Vestur-Evrópusambandsins mundi því þjóna því hvoru tveggja, málstað Íslands og Atlantshafsbandalagsins."

Mér þótti athyglisverður munur á ræðu hv. 8. þm. Reykn., Ólafs Ragnars Grímssonar, og hv. 10. þm. Reykv., Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Hvað hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson virtist miklu opnari fyrir því að öryggismál Íslands yrðu tengd inn í hið alþjóðlega umhverfi og inn í hinar alþjóðlegu breytingar sem eru að verða. Hann talaði m.a. um nauðsyn þess að velta fyrir sér tengslum Íslands við Sameinuðu þjóðirnar og það öryggiskerfi sem þar er verið að efla. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir velti því fyrir sér við hvað væri átt í skýrslu okkar fimmmenninganna þegar við töluðum um það m.a. að vísa til afnota af Keflavíkurflugvelli í Persaflóastríðinu, hvað væri átt við þegar litið væri á öryggishagsmuni Íslands í því víða ljósi. Ég held að þarna sé komið að vissum kjarnapunkti þegar við ræðum um stöðu okkar nú á tímum og öryggishagsmuni. Ófriðarástand í Júgóslavíu snertir að sjálfsögðu öryggishagsmuni Íslands. Að sjálfsögðu snertir stríð fyrir botni Persaflóa öryggishagsmuni Íslands og menn verða að líta á öryggishagsmuni okkar í þessu stóra samhengi og vega og meta hvernig beri að laga stefnu okkar að breyttum aðstæðum. Ég held að skynsamlegt skref í þá átt sé að gerast aukaaðili að Vestur-Evrópusambandinu. Þess vegna er ég hlynntur tillögunni og tel að hún eigi að hljóta skjótan framgang.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka fyrir óvenjumálefnalega og áhugaverða umræðu um utanríkis- og alþjóðamál í þessum þingsal. Ég sé ekki ástæðu til að amast við því þótt ræðumenn hafi í ræðum sínum yfirleitt fjallað meira um flest annað en þá tillögu sem liggur beinlínis fyrir á dagskrá til umræðu og afgreiðslu heldur fari vítt og breitt yfir sviðið. Fjallað hefur verið um breytta heimsmynd, rætt um skýrslu nefndar sem utanrrh. skipaði á sínum tíma og hefur verið lögð fram til kynningar á Alþingi, og hv. 8. þm. Reykn. boðaði að þeir alþýðubandalagsmenn mundu beita sér fyrir að yrði tekin á dagskrá síðar sem ég fagna, eða nýlega framlagða skýrslu utanrrh. sem mun að sjálfsögðu koma til ítarlegrar umræðu.

Sannleikurinn er sá að hér kvað að mörgu leyti við nýjan tón í umræðu af þessu tagi. Það vakti athygli mína sérstaklega að hv. 10. þm. Reykv. sem talaði af hálfu Kvennalistans fjallaði um alþjóðamál á grundvelli raunsæs mats á valdahlutföllum og styrkleikahlutföllum í stað þess að ræða þetta á hnykslunarhellunni einni saman eins og stundum hefur verið siður fulltrúa Kvennalistans þegar þær fjalla um alþjóðamál, þ.e. að lýsa því einfaldlega yfir að þær séu á móti hernaðarbandalögum og herjum og valdbeitingu. Og afneita þannig vandamálum í staðinn fyrir að ræða þau. Hér kveður við nýjan tón.

Ég verð einnig að segja að ég var afar ánægður með

ræðu hv. 8. þm. Reykn., formanns Alþb. Þar kvað líka mjög við nýjan tón hjá því sem við eigum almennt að venjast frá fulltrúum Alþb. Satt að segja hefði ræðumaður sjálfur sem og það sem hann sagði sómt sér vel á fundi áhugamanna um vestræna samvinnu. Afstaða hans var fordómalaus og jákvæð og ég verð að segja að ég var í stórum dráttum sammála flestu því sem fram kom í ræðu hans.

Auðvitað eru meiri háttar tíðindi að Bandaríkin og Rússland skuli ítrekað koma fram og árétta að þau eru ekki andstæðingar heldur samstarfs- og vinátturíki og að svo skuli komið að þau hafa sameiginlega lagt til hersveitir til friðargæslustarfa, eins og í löndum fyrrverandi Júgóslavíu.

Ég tek einnig undir það sem hv. 8. þm. Reykn. sagði um þá umræðu sem fram fer um hina breyttu heimsmynd á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Og ég tek einnig undir það að nauðsynlegt er af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar að breyta því ástandi sem nú er og var til stofnað af fjárhagsástæðum, þ.e. að styrkja fastanefnd Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna með því að þar komi aftur til starfa fastafulltrúi til þess að veita sendinefndinni forustu og taka þátt í þessari umræðu af okkar hálfu.

Ég er einnig sammála því sem fram kom hjá hv. 8. þm. Reykn. að ég tel fráleitt þegar hér er komið sögu að Evrópubandalagið geri kröfu til þess að hafa tvo, jafnvel þrjá fulltrúa í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna á sama tíma og Evrópubandalagið lýsir því yfir að þar komi forustulandið fram fyrir hönd bandalagsríkjanna og beri fram sameiginleg sjónarmið.

Það er einnig laukrétt sem fram kom í máli hv. 8. þm. Reykn. að varlegt er að ganga út frá því sem gefnu á svo breytilegum tímum að stjórnvöld í Bandaríkjunum gætu ekki einn góðan veðurdag komist að þeirri niðurstöðu að þessi heimsmynd væri svo gjörsamlega breytt að það réttlætti meiri háttar niðurskurð eða breytingar á starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Við höfum að vísu heyrt hver eru sjónarmið*in, eins og þau eru fram borin opinberlega af hálfu* bandarískra stjórnvalda í því efni en það sem við höfum upplifað í breytingum á undanförnum þremur árum hlýtur að vera okkur til áminningar um að slík sjónarmið geta breyst fyrirvaralítið, jafnvel fyrirvaralaust.

Það er athyglisvert þegar sagt er af hálfu formanns Alþb. með hliðsjón af þeim sögulega ágreiningi sem hefur verið um utanríkis- og alþjóðamál milli þess flokks og annarra flokka á hinu háa Alþingi, að hann tók mönnum vara við því að gefa sér fyrir fram að til ágreinings þyrfti að koma milli fulltrúa þingflokkanna um meginþætti alþjóðamála með eins miklum breytingum og þau hafa tekið á undanförnum missirum og árum. Allt bendir þetta til þess að umræða um þessi mál geti farið fram á annan hátt en verið hefur, að menn komist upp úr skotgröfunum og að vígorðasöfn fortíðarinnar heyri líka bráðum til fornminjasöfnum og er það út af fyrir sig vel.

Af einstökum atriðum sem varða þessa tillögu þá staldra ég við örfá atriði. Hv. þm. Páll Pétursson taldi að samþykkt þessarar tillögu gæti leitt til þess að Ísland drægist nauðugt og viljugt inn í atburðarás sem væri okkur ekki að skapi og ekki í þágu íslenskra hagsmuna, jafnvel inn í átök og nefndi til hugsanlega Júgóslavíu. Þetta er misskilningur. Aukaaðilar að Vestur-Evrópusambandinu hafa ekki samningsbundin réttindi eða skyldur samkvæmt endurskoðuðum Brussel-samningi og bera ekki ábyrgð á ákvörðunum samtakanna. Þess vegna getur ekki orðið um neinar pólitískar skuldbindandi byrðar að ræða nema því aðeins að aukaaðilar taki sjálfir um það ákvörðun að þeir óski eftir þátttöku.

Nokkrir þingmenn hafa óskað eftir upplýsingum um kostnað eða fjárframlög vegna þessarar þátttöku. Því er til að svara að Vestur-Evrópusambandið hefur enn ekki komist að endanlegri niðurstöðu um viðmiðanir en til bráðabirgða sett fram áætlanir um það. Samkvæmt því yrði framlag Íslands um 0,11% af föstum heildarútgjöldum Vestur-Evrópusambandsins og miðast þá eingöngu við kostnað vegna þess hluta starfseminnar sem aukaaðilar taka þátt í. Þess vegna er einnig misskilningur að aukaaðildin geti leitt til þess að reikningum verði framvísað vegna dýrra hernaðaraðgerða eða friðargæsluumsvifa. Ég nefni sem dæmi flotaaðgerðir á Adríahafi vegna þess að svo lengi sem Ísland tekur ekki þátt í því og hefur algjöran fyrirvara á því þá mun það ekki taka heldur þátt í kostnaði.

Ef litið er á fjárhagsáætlun Vestur-Evrópusambandsins fyrir árið 1992 og dreginn frá kostnaður vegna varnaráætlunardeildar og geimrannsóknastöðvar sem aukaaðildarlönd taka ekki þátt í mundi þetta 0,11% framlag nema rúmlega 20 þús. sterlingspundum eða u.þ.b. 2 millj. íslenskra króna. Þess ber þó að geta að fjárhagsáætlunin mun fyrirsjáanlega hækka á næstu árum vegna flutninga frá Lundúnum til Brussel og vegna aukinnar starfsemi.

Að því var fundið að við skyldum vera að ræða þetta mál á Alþingi nú í stað þess að það hefði verið tekið til umræðu áður en skjalið var undirritað í Róm 20. nóvember. Því er til að svara að Alþingi var greint *mjög ítarlega frá aðdraganda og undirbúningi* aukaaðildar í skýrslu utanrrh. í fyrra og utanrmn. fjallaði síðan reglulega um málið á fundum sínum alls sex sinnum eins og ég vék að í framsöguræðu minni. Viðræðum um aukaaðildina lauk ekki fyrr en 10. nóv. sl. Þá náðist bráðabirgðasamkomulag og aukaðildarskjalið var undirritað í Róm, tíu dögum síðar, en þar með var ljóst að ekki yrði um lagalega bindandi samninga að ræða heldur pólitíska yfirlýsingu og aðildarríkjum Vestur-Evrópusambandsins og væntanlegum aukaaðilum væri því í sjálfsvald sett hvort skjalið hlyti þinglega meðferð. Það er athyglisvert að t.d. er það svo í Noregi að þar hefur hvorki verið lögð fram skýrsla fyrir Stórþingið né þáltill. um stuðning við aukaaðildina, öfugt við það sem hér er. Og minnir mig á að svipað tilvik þar sem forustumenn „nei-samtakanna" gegn aðild Norðmanna að Evrópska efnahagssvæðinu og Evrópubandalaginu hafa nýlega vakið athygli á því í Noregi að öfugt við það sem hér gerist í samskiptum stjórnar og þings hafa íslensk stjórnvöld birt gerðir af hálfu Evrópubandalagsins sem orðið hafa til eftir að

EES-samningnum var lokið. „Nei-hreyfingin" í Noregi taldi að þessum gerðum væri haldið leyndum fyrir norskum þingmönnum og andstæðingum málsins og vísuðu til þess að það væri ólíku saman að jafna hvað íslensk stjórnvöld væru, eins og það var orðað, „flinkari, opnari og sveigjanlegri" í samskiptum við þingið en samsvarandi norsk stjórnvöld. Og er ástæða til þess að halda þessu til haga að gefnu tilefni. En það var sem kunnugt er ævinlega fyrirrætlun ríkisstjórnarinnar að bera aukaaðild undir Alþingi eins og staðfest var við utandagskrárumræðu um málið fyrir Rómarfundinn. Þar sem Ísland hefur ekki gerst aðili að endurskoðuðum Brussel-samningi heldur einungis aukaaðili að samtökunum án samningsbundinna skuldbindinga og réttinda var ríkisstjórninni ekki skylt að leggja aðildina fyrir þingið til staðfestingar þótt okkur þyki sjálfsagt að gera það og þar með að reyna að afla sem víðtækast stuðnings við þá ákvörðun.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta mál frekar. Ýmis önnur atriði voru vissulega nefnd til sögunnar en eru þess eðlis að ég tel rétt að um þau verði fjallað þegar málið fær eðlilega umfjöllun í nefnd.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vek athygli á spurningu í máli mínu áðan sem varðaði ræðu sem Helgi Gíslason hélt hjá Sameinuðu þjóðunum 1991 og þar sem Íslendingar settu fram þá hugmynd að Sameinuðu þjóðunum yrði falið að gera könnun á slysum á höfunum þar sem kjarnakljúfar kæmu við sögu og að sérstök greinargerð yrði lögð fram um þetta efni af hálfu Íslands. Það ætti að vera tiltölulega útlátalítið fyrir utanrrh. að svara þessari spurningu.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ástæðan fyrir því að ég svaraði þessu ekki í ræðu minni áðan var sú að ég taldi eðlilegt að mál eins og þetta sem varða ekki beinlínis það mál sem hér er á dagskrá yrðu þá rædd í nefndinni. Ég tek undir það sem fram kom hjá hv. þm. að vel má gagnrýna að umhverfisverndarþættinum eru ekki gerð nægilega rækileg skil, t.d. í þeirri skýrslu sem við munum ræða innan skamms tíma um utanríkismál en hv. þm. spurðist fyrir um það hvað hefði orðið í framkvæmd um þá tillögu sem boðuð var í umræðunum í fyrstu nefnd á vettvangi Sameinuðu þjóðanna af varafastafulltrúa okkar þar, Helga Gíslasyni. Tillagan var á þá leið að fá Sameinuðu þjóðirnar til að setja upp sérstakan starfshóp til þess að fjalla um afvopnun í höfunum. Tillagan var flutt og greinargerð sett fram og þess freistað að afla stuðnings hjá allsherjarþinginu í viðeigandi nefnd við slíkri tillögu. Okkur varð því miður minna ágengt en við höfðum vonað og það var sérstaklega vegna þess að pólitískar ástæður þóttu breytast eftir að Gorbatsjov, þáverandi forseti Sovétríkjanna, og Bush Bandaríkjaforseti náðu samkomulagi um afar róttæka áætlun um niðurskurð og afvopnun sem náði einnig til hafanna. Svarið er því einfaldlega það að tilraunin var gerð en í ljósi breyttra aðstæðna fengum við ekki tilskilinn stuðning til þess að koma málinu fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Frágangur stjórnarfrumvarpa, 571. mál, fsp. ISG, þskj. 952.

Leiðsaga skipa, 193. mál, nál. samgn., þskj 961; brtt. samgn., þskj. 962.

Samstarf við Sambandslýðveldið Rússland, 573. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 958.

Útflutningur hrossa, 260. mál, nál. landbn., þskj. 960.

Viðræður við Fríverslunarsamtök Norður-Ameríku, 574. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 959.

Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 515. mál (sameining sveitarfélaga). — Þskj. 872.

Pétur Bjarnason (frh.):

Virðulegi forseti. Ég var kominn þar í ræðu minni í dag sem var verið að ræða um þá staðhæfingu að sameining sveitarfélaga væri m.a. til þess að hamla gegn brottflutningi ungs fólks. Það er vafalaust nokkuð til í því en eins og ég gat um þá tel ég að það sé aðeins einn liðurinn og fleira þurfi til og í þessi nýju sveitarfélög og stærri eða til þeirra þurfi að veita nýja þjónustu og fleiri atvinnutækifæri fyrir þetta unga fólk sem hefur farið þaðan til þess að mennta sig.

Það hefur komið fram í umræðunni að þessi mál eru tilfinningamál ekkert síður en margt annað og það var einmitt minnt á fræg ummæli innan úr Djúpi þegar átti að sameina hreppana sem þar voru. Einn oddvitinn sagði að það væri hætt við að það fækkaði mjög fyrirmönnum í héraði, ef ég man rétt hans orð um þetta mál. Þetta hefur verið haft mikið í flimtingum. Menn hafa haft gaman af þessum ummælum, en ég held að í þessu felist nefnilega nokkuð djúp sannindi þrátt fyrir allt. Það er einmitt um það að ræða að það fækkar fyrirmönnum í héraði. Menn hafa í þessum litlu samfélögum borið ákveðna ábyrgð á sjálfum sér og sínum samferðamönnum og þetta er þeim verulegt tilfinningamál, að hafa áhrif á það sem verið er að vinna að og vera búinn að vera í ábyrgð fyrir sín litlu samfélög um margra ára bil.

Það er talað um að æskilegasta stærðin væri 800–1.000 íbúar en ég vona að ekki verði farið út í það að lögbinda þetta því að hvort tveggja er að aðstæður eru misjafnar og að binda sig við einhverja ákveðna stærð og sameina fortakslaust hvað sem öllum öðrum hagsmunum líður er ekki gæfulegt og ekki líklegt til þess að það verði friður um.

Þá má geta þess líka um þessi litlu sveitarfélög að við það að leggja þau af og fella þau saman við stórt

þéttbýlissveitarfélag tapast mörg réttindi og þar með skyldur sem þessir menn höfðu áður. T.d. held ég að þeir treysti sjálfum sér og sínum nágrönnum betur til þess að ákveða fjallskil, til þess að fjalla um refa- og minkaeyðingu og annað sem þessar dreifðu byggðir varðar meir en þá sem í þéttbýlinu sitja. Þetta hefur reyndar oft komið fram. Þess vegna er spurning þegar að þessu kemur hvort ekki þurfi að koma á einhvers konar hverfastjórnun í hinum nýju sveitarfélögum.

Glöggt dæmi um mistök í þessum efnum eru t.d. nýleg drög að skýrslu Byggðastofnunar þar sem talað er um að héraðskjarni þurfi að ná, ef ég man rétt, 1.500 íbúum og ályktun sem dregin er af því er svo bókstafleg að um miðbik landsins eru tvær og hálf sýsla lögð af sem jaðarsvæði af því að hvor um sig uppfylla þau ekki þetta tölulega gildi. Og skilgreining af þessu tagi held ég að sé mjög varasöm, sérstaklega þegar farið er nákvæmlega út í það að binda sig við tölur. Ég held að við verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga árið 1990 hafi ýmis mistök verið gerð vegna þess hve skammur tími gafst og ýmsir lausir endar síðan sem þurft hefur að hnýta. Með því að gefa sér og ætla sér tíma til starfa af þessu tagi, þá er hægt að koma í veg fyrir margt þessu líkt og ég held að menn ættu að hafa þá reynslu alla fyrir sér þegar farið er í þennan áfanga. Það kom fram í ræðu hér í dag að sparnaður gæti orðið af þessu en það væri ekki endilega rétt að einblína um of á það og ég tek sérstaklega undir það því að samkvæmt núgildandi sveitarstjórnarlögum er gert ráð fyrir fimm ára fjárhagsaðstoð Jöfnunarsjóðs við þau sveitarfélög sem sameinast og jafnvel þó að gæti orðið um að ræða sparnað til lengri tíma litið, þá er alls ekki rétt að gera ráð fyrir því fyrstu árin eftir sameiningu og er reyndar í sveitarstjórnarlögum gert ráð fyrir að til þess að ná fram þeirri hagræðingu þurfi að kosta nokkru fé í upphafi. Það er sá skilningur sem ég held að menn verði að leggja í þessi mál og líka hitt að það eru fleiri sjónarmið en sparnaðarsjónarmið sem ber að hafa í huga við þetta því að markmiðið með þessu er fyrst og fremst að styrkja og efla þessi sveitarfélög og gera þau færari til þess að veita íbúum sínum þá þjónustu sem til er ætlast og þar með treysta byggð í landinu eða ég hef skilið það svo og styð þessi sameiningarmál með það sjónarmið sérstaklega í huga.

En það verður rætt nánar um tilraunasveitarfélög mjög bráðlega, e.t.v. hér á eftir, þess vegna geri ég það ekki sérstaklega að umræðuefni hér, enda ekki á dagskrá. En mér finnst samt að þegar farið er út í þessa vinnu þurfi að hafa í huga þá reynslu sem fengist hefur af sameiningu. Ég gat um það í upphafi að sameining hefur verið framkvæmd á Vestfjörðum meira en víðast hvar um landið. Ég nefni t.d. Ísafjörð og Hnífsdal þar sem tvö þéttbýlissvæði sameinuðust og ég nefni Reykhólasveit þar sem fimm sveitarfélög sameinuðust í eitt og við báðar þessar sameiningar hefur fengist margháttuð reynsla sem ég held að ætti að nýta í þeim störfum sem framundan eru.

Ég ætla aðeins að renna yfir frv. sem hér liggur frammi. Það eru nokkur atriði sem ég vildi örlítið ræða nánar. Ég fagna því sérstaklega hversu víðtækt samráð er um þessar hugmyndir í frv. Samband ísl. sveitarfélaga og landshlutasamtökin sem gegna lykilhlutverki í þessum málum og hafa reyndar unnið heilmikið starf að undirbúningi þessa sem er allt af hinu góða. Hér segir að byggt verði á eftirfarandi:

„Hlutverk umdæmanefndar er að gera tillögur að nýrri skiptingu hvers landshluta í sveitarfélög í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir." Þetta felur þá væntanlega í sér og ég beini því til ráðherra hvort þetta feli þá skýlaust í sér að ekki verði sameinað yfir kjördæmamörk að þessu sinni. Nú hefur það verið svona álitamál og verið til umræðu á þessu stigi öllu og það eru nokkur svæði á landinu sem þannig háttar til að slík sameining gæti komið til greina. Það hefur verið í gangi þegar og er í gangi mjög mikil og víðtæk samvinna milli kjördæmamarka en mér sýnist á þessum texta að ekki sé gert ráð fyrir því að slíkt gerist. Þó minnir mig að á einhverju stigi hafi verið rætt um að ekki væri gerð athugasemd við að sameina yfir sýslumörk eða jafnvel yfir kjördæmamörk. Þess vegna beini ég þessari spurningu til ráðherrans.

Þá kem ég að kynningu þessara mála sem hefur að mínu viti alls ekki verið sinnt nægilega. Kynningin hefur farið fram þannig að nefndin hefur beint henni að sveitarstjórnum eingöngu og þar hefur nokkuð rækilega verið unnið. Hins vegar er reynsla okkar sem horft höfum á þetta úti um landið sú að fólk hefur í vaxandi mæli sýnt þessum málum tortryggni eftir því sem meiri tími og lengri hefur liðið án þess að þessari kynningu væri sinnt á almennum grundvelli. Ef til vill er það ekki nefndarinnar að gera það heldur sveitarfélaga en þetta mál er nú þannig vaxið að það hefur ekki verið og er ekki ljóst með hvaða hætti og á hvaða tímamörkum þetta verður unnið. Þetta er búið að vera í stöðugri vinnslu og það hafa ekki verið kannski nægilega glögg mörk fyrir sveitarstjórnir að fara út í mjög víðtæka kynningu á þessu þannig að þar sem ég þekki til er verulegur skortur á því að almenningur hafi fengið þá kynningu sem þörf er á. Þó ekki væri fyrir annað en þetta atriði, þá vil ég lýsa þeirri skoðun minni hér að sá tími sem er ætlaður til þessara starfa sé allt of knappur.

Það er gert ráð fyrir því að búið sé að kjósa 5–9 manna umdæmanefndir þann 1. júní nk. Nú er apríl byrjaður og það er þó nokkur tími þangað til þessi lög geta gengið í gildi. Það á eftir að vinna þessa vinnu, en síðan fá þessar umdæmanefndir, sýnist mér, þrjá og hálfan mánuð til þess að kynna þetta mál, koma því í gegn og undirbúa og ljúka atkvæðagreiðslu. Mér sýnist nokkuð ljóst að þetta muni ekki ganga eftir og ég held að þetta sé atriði sem sé algerlega nauðsynlegt að skoða áður en þetta frv. verður að lögum því að þrátt fyrir það að ég sé í rauninni mjög sammála megintilgangi þessa frv. sem er að láta á það reyna í sem flestum sveitarfélögum hver afstaða almennings er til sameiningar sveitarfélaga, þá er ég þeirrar skoðunar að þetta sé mál sem verði og eigi að ætla tíma til þess að vinna svo að þetta verði gert á réttan hátt og með næg-

an undirbúning en ekki flaustrað að þessu þannig að árangurinn verði kannski verri en til er ætlast og mörg næstu ár fari í það að leiðrétta þær vitleysur og þau mistök sem gerð verða ef ekki er ætlaður tími til þess að vinna þessi mál eins og þörf er á. Þess vegna held ég að stjórnvöld og félmrh. gerði rétt í því að viðurkenna að það markmið sem hérna er talað um, að sameina sveitarfélög sem næst leið tvö eftir tillögum nefndarinnar, mun ekki nást fyrir kosningarnar 1994, a.m.k. ekki með þeim hætti sem að er stefnt svo að viðunandi sé. Þess vegna tel ég sjálfsagt að þau sveitarfélög sem sýna frumkvæði og vilja til þess að sameinast fyrir þennan tíma fái stuðning til þess en aftur á móti hinum sem telja sig þurfa meiri tíma, meiri upplýsingar og meiri undirbúningsvinnu verði gefinn sá tími í stað þess að pressa á með þessum hætti. Að mínu viti er það líklegasta leiðin til þess að skapa vantrú á þessu annars þarfa framtaki. Þá vil ég aðeins geta þess að þegar fyrsta kynning fór fram á þessu fyrir um ári síðan — eða ég veit ekki hvort það var fyrsta kynning en það var alla vega ný kynning þarna fyrir mörgum á Vestfjörðum — þá lýstu mörg hin smærri sveitarfélög yfir því að það kæmi ekki til greina að þau færu að sameinast næsta litla sveitarfélagi því að sú eining sem við það skapaðist væri jafnmáttlaus til að taka á sveitarstjórnarmálum, þjónustu við íbúana og annað eins og hvor hinna var fyrir. Aftur á móti lýstu þessir sömu aðilar sem voru í forsvari fyrir litlu sveitarfélögin að þeir væru mjög tilbúnir að ræða sameiningu á miklu víðari grundvelli og það er einmitt nálægt því sem leið tvö var að fara. Fyrir Vestfirði þýðir það nokkurn veginn að héraðsnefndir verða sveitarfélög og það er sú leið sem ég held að eigi að fara. En ég held líka að ef eigi að beita þrýstingi, þá sé það sú aðgerð sem mest getur stefnt þessari stefnu í voða sem verða má.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þessi umræða hefur svolítið slitnað sundur af ástæðum sem menn þekkja en um það er ekki að fást. Ég hafði hugsað mér að leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. félmrh. og ræða nokkur atriði sem bæði beint og kannski minna beint tengjast þessu dagskrármáli, þ.e. frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum. Það er óhjákvæmilegt að ræða þar svolítið í leiðinni þau áform sem uppi eru um sameiningu sveitarfélaga og áherslur hæstv. ríkisstjórnar í þeim efnum, en einnig er auðvitað nauðsynlegt annaðhvort nú við þessa umræðu eða þó síðar verði, við 2. umr. málsins eða þá ef, sem væntanlega verður, hér koma á dagskrá byggðamál, þá t.d. með því að hæstv. forsrh. leggi sína árlegu skýrslu um byggðamál fyrir þingið og hún verði rædd sem hefur ekki gerst enn, þá gefist tækifæri til að ræða í stærra samhengi þessara hluta, þ.e. umræðunnar um sameiningu sveitarfélaga og eflingu sveitarstjórnarstigsins annars vegar og stefnumörkunar í byggðamálum almennt séð hins vegar og þess sem hæstv. ríkisstjórn er þar með á prjónunum. Það er alveg óhugsandi annað en þau mál komi hér til umræðu áður en Alþingi lýkur störfum miðað við þá pappíra sem eru að hringsóla um landið og tengjast þessum málum. Ég á þar sérstaklega við uppkast eða drög að stefnumótandi byggðaáætlun eða breyttum áherslum í byggðamálum sem Byggðastofnun hefur verið að vinna að í framhaldi af erindisbréfi hæstv. forsrh. til stofnunarinnar. Enn fremur hlýtur auðvitað lokaskýrsla sveitarfélaganefndarinnar að tengjast þessu máli og koma til umræðu í tengslum við það.

Fyrst vil ég segja það, hæstv. forseti, að það er orðin nokkur saga af samskiptum hæstv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh., og sveitarfélaganna í landinu. Það er auðvitað varla von á öðru en menn leyfi sér að rifja það pínulítið upp við þetta tækifæri hvernig þessi samskipti hafa gengið fyrir sig. Það er satt best að segja með ólíkindum og aðdáunarvert, það langlundargeð og sú þolinmæði sem forsvarsmenn sveitarfélaganna í landinu hafa sýnt í samskiptum sínum við hæstv. ríkisstjón og mesta furða að þau stjórnmálatengsl skulu ekki í hafa verið formlega rofin sem undir eðlilegum og venjulegum kringumstæðum eiga að vera milli þessara tveggja óháðu stjórnsýslustiga í landinu, sveitarfélaganna og ríkisins. Þannig hefur framganga og framkoma ríkisvaldsins við sveitarfélögin verið á þessu kjörtímabili. Nú þarf ekki að rekja það í einstökum atriðum fyrir hv. alþm. sem væntanlega þekkja það að hvað eftir annað hefur ríkisstjórnin og meiri hluti hennar á Alþingi því miður í kjölfarið rofið algerlega samstarfsgrundvöll og samkomulag ríkis og sveitarfélaga um sameiginleg mál og samskiptamál. Grófasta tilfellið var auðvitað þegar hæstv. ríkisstjórn einhliða raskaði grundvelli tekjulegra samskipta ríkis og sveitarfélaga með því að gera strandhögg í tekjum sveitarfélaganna og hundruð millj. kr. upptækar í ríkissjóð með álagningu svonefnds lögguskatts sem að lokum varð niðurstaðan, nefskatts á sveitarfélögin til að fjármagna að sagt var kostnað vegna löggæslu í landinu en hefði alveg eins getað verið hluti af rekstrarkostnaði Tryggingastofnunar ríkisins eða eitthvað annað. Svo gersamlega óviðkomandi var það málaflokknum sem slíkum, þessi upptaka á tekjum sveitarfélaganna. Framhald af þessu máli endurspeglast svo í þeirri fjármögnun sveitarfélaganna á tekjum Atvinnuleysistryggingasjóðs sem er við lýði nú samkvæmt gildandi fjárlögum.

Auðvitað mótmæltu sveitarfélögin þessu harðlega á sínum tíma og reyndu eftir mætti að verjast en þeirra staða er erfið þegar meiri hluti á löggjafarsamkomunni sjálfri á í hlut sem kýs að beita valdi sínu með þeim hætti sem raun bar vitni í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Þess vegna segi ég það, hæstv. forseti, að ég dáist að langlundargeði og úthaldi þeirra sveitarstjórnarmanna í landinu sem enn hafa geð í sér til þess að sitja í nefndum og taka þátt í sameiginlegum verkefnum ríkisstjórnar þessarar sem nú situr og sveitarfélaganna. Þar fara menn sem hafa af miklum forða að taka hvað þolinmæði og langlundargeð snertir.

En það má til marks hafa um aðdáunarlegt úthald þessara manna að eftir sem áður hafa þeir tekið þátt í og setið í nefndum sem starfað hafa að þessari vinnu varðandi sameiningu sveitarfélaganna og náð þar um-

talsverðum árangri ásamt með þeim fulltrúum stjórnmálaflokkanna sem setið hafa í sérstakri stjórnskipaðri nefnd og skilað hefur nýlega skýrslu eins og kunnugt er.

Það er ekki nokkur vafi á því að það er ástæða til að fagna þeirri þróun sem hefur orðið í þessum málum sl. vikur eða einn til þrjá mánuði, frá þeim hugmyndum sem uppi voru í hæstv. ríkisstjórn um að þvinga í gegn með lögum sameiningu sveitarfélaga ef ekki vildi betur til og taka með ákveðnu valdboði á þessum málum. Það lýsti sér annars vegar í því að um skertan atkvæðisrétt íbúa sveitarfélaganna eða minni sveitarfélaganna yrði að ræða þegar gengið yrði til atkvæða um sameiningu eða ekki sameiningu tiltekinna sveitarfélaga sem og í hinu að látið var skína í það að ef menn ekki hlýddu og greiddu rétt atkvæði þá yrði þeim með lögum skipað að sameinast í stærri sveitarfélög á grundvelli þess að lágmarksíbúatala sveitarfélaga yrði hækkuð.

Sem betur fer hefur þetta starf og úthald sveitarstjórnarmanna og fulltrúa stjórnmálaflokkanna í stjórnskipaðri nefnd leitt til þess að málin hafa tekið gjörbreytta stefnu, eru komin í allt annan farveg, eins og sjá má af þessu frv. og niðurstöðum í endanlegu áliti eða lokaskýrslu sveitarfélaganefndarinnar. Þar hafa þau sjónarmið unnið fullan sigur að sveitarstjórnirnar sjálfar skuli ráða hver í sínu tilviki niðurstöðum málsins eða lyktum þess. Menn skuli með einföldum og lýðræðislegum hætti ganga til atkvæða um það hver í sínu sveitarfélagi hvað þeir vilji gera og hafa vald til þess að ráða niðurstöðunni.

Ég tel að einnig hafi orðið framför í málinu hvað það snertir að menn eru í raun og veru horfnir af þessu trúarbragðastríði að sameining sveitarfélaganna „af-því-bara" sé eitthvert allsherjarlausnarorð sem muni leysa atvinnuvandann og byggðamálin bara rétt eins og dögg hverfur fyrir sólu. Það er ekki að sjálfsögðu. Þess vegna hefur athyglin beinst að því, sameining sveitarfélaganna, jú gott og vel en hvað svo og til hvers? Hvaða verkefni á að færa frá ríki til sveitarfélaga, hvernig á að fjármagna þau og hvernig á að gera sveitarstjórnarstigið þá betur úr garði og efla það til þess að takast á við þessi nýju verkefni? Þessu vil ég fagna alveg sérstaklega því jafnágætt mál og sameining sveitarfélaga er í sjálfu sér og mjög víða þar sem hún á við og henni verður við komið með skaplegum hætti, þá er hitt jafnvitlaust og í raun og veru fáránlegt að láta sér detta það í hug að sameining „af-því-bara" án nokkurrar skilgreiningar leysi einhvern vanda í sjálfu sér sem við er að glíma í efnahags- og atvinnumálum eða byggðamálum í landinu. Það er ekki svo. Einhver mörk á korti sem að nafninu til afmarka sveitarfélög skipta litlu máli borið saman við hinar efnislegu aðstæður fólksins í landinu. Þar koma til hlutir sem skipta hins vegar miklu og þar eru auðvitað efst á blaði samgöngumál, tekjur og starfsgrundvöllur sveitarfélaganna, burðir þeirra til að leysa úr sínum verkefnum eða taka við nýjum. Ég tel auðvitað að sá árangur hafi orðið í þessum málum og honum vil ég sérstaklega fagna að æðibunugangurinn sem einkenndi þetta mál í upphafi hefur nokkuð runnið af mönnum, menn eru komnir niður á jörðina, hættir þessum langhlaupum sem einkenndu þetta starf í upphafi af skiljanlegum ástæðum og farnir að skoða þetta meira á efnislegum og rólegum og yfirveguðum forsendum. Það er auðvitað sérstaklega mikilvægt í því sambandi að menn hafa náð samkomulagi um það að valdið skuli liggja hjá sveitarfélögunum sjálfum og meira en það, menn hafa líka náð samkomulagi um það að undirbúningur málsins og tillögugerðin sjálf, tillögurnar sem kosið verði um, verði unnar af heimamönnum. Allt er þetta mjög mikilvægt og veldur auðvitað því að gjörbreyttar aðstæður eru uppi í málinu frá því sem til horfði á síðasta ári þegar hæstv. félmrh. sem um þetta hefur haft forustu virtist vera á góðri leið með að forklúðra þessu máli algjörlega, þ.e. kljúfa þjóðina meira og minna í herðar niður í afstöðu til þessa máls.

Ég held þess vegna að þeir menn sem hér hafa að málinu komið af hálfu sveitarfélaganna og einnig fulltrúar í sveitarfélaganefnd eigi miklar þakkir skildar fyrir að ná þessum árangri, að ná þrátt fyrir allt þessari niðurstöðu og þessari samstöðu sem um málið tókst að lokum.

Sem sagt, málið er komið í allt annan og geðþekkari farveg og ég vænti þess að árangurinn muni líka verða í samræmi við það. Ég var farinn að halda að til þess horfði að ekki yrði neitt úr neinu hvað snerti sameiningu sveitarfélaga á þessu kjörtímabili og e.t.v. mundi það tefjast og frestast lengur að nokkuð raunhæft gerðist í þessum málum eins og af stað var farið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Nú er ég ekki lengur jafnsvartsýnn, ég tel þvert á móti að verulegar líkur séu á því á nýjan leik að það geti orðið þróun í þessum efnum sem verði mönnum til góðs og hagstæð.

Auðvitað er rétt að minna á það og það má ekki tala út frá því í þessari umræðu eins og ekkert hafi verið að gerast, eins og menn séu að uppgötva fyrst núna á þessum vetrardögum gildi þess að skoða sameiningu sveitarfélaga. Það vill æðioft gleymast í þessum efnum að við erum í raun og veru að starfa á grundvelli tiltölulega nýlegra, mér liggur við að segja glænýrra, laga um sveitarfélögin og þar á meðal ákvæða um sameiningu þeirra sem eru, ef ég man rétt, í X. kafla sveitarstjórnarlaganna. Um þetta mál var fjallað gríðarlega mikið á síðasta áratug og heilmikil vinna lögð í það að endurskoða þágildandi sveitarstjórnarlög, sömuleiðis lög um tekjustofna sveitarfélaga og tekjuleg samskipti ríkis og sveitarfélaga og ég leyfi mér að fullyrða að það sé engin ástæða til að láta sem sú vinna sé öll úrelt og ónýt. Það er ekki svo. Þvert á móti hefur á grundvelli þeirra laga heilmikið gerst í sameiningu sveitarfélaga eins og m.a. hv. síðasti ræðumaður minnti á og vitnaði til Vestfjarða. Það má taka dæmin víðar að. Ég get nefnt úr mínu kjördæmi, Norðurl. e., þar hafa á síðustu árum sameinast allnokkur sveitarfélög. Annars vegar í Eyjafjarðarsveit hinni miklu sem nú heitir svo í sveitahreppunum framan Eyjafjarðar eða Akureyrar þar sem orðið er til eitt sveitarfélag úr þremur hreppum. Sömuleiðis má nefna sameiningu sveitarfélaga við Öxarfjörð í hinn nýja Öxarfjarðar-

hrepp. Hvort tveggja gerðist þetta að frumkvæði heimamanna vegna þess að þar voru aðstæður nokkuð borðleggjandi. Þar lá það á borðinu að sameining sveitarfélaga var hagstæð og hún spratt upp úr stórauknu samstarfi sveitarfélaga, samrekstri þeirra á skólum o.s.frv. og var eðlilegt lokaskref í löngu ferli vaxandi samvinnu og samskipta viðkomandi sveitarfélaga. Þannig á þetta að gerast, þannig er það öllum fyrir bestu að þróunin í þessu sé.

Þess vegna er með öllu ástæðulaust að láta eins og þetta hjól hafi verið fundið upp í gær eða fyrradag og það sé um líf eða dauða að tefla í þessum efnum eða að ekkert hafi verið að gerast sem til heilla hafi horft að undanförnu á þessu sviði. Það er ekki svo.

Þrátt fyrir þetta hef ég nokkrar athugasemdir, hæstv. forseti, við frv. eða kannski má kalla það spurningar.

Í fyrsta lagi hef ég nokkrar áhyggjur af því að tímaramminn sem utan um þetta er settur og fram kemur í 1. tölul. 1. gr. frv., seinni mgr., þar er fjallað um að tillögur umdæmanefndar — ef hv. formaður þingflokks Alþfl. vildi hætta þessu flími og vera ekki að trufla hæstv. félmrh. sem ég er að eiga orðastað við, vonandi. (**ÖS:** Hún er nú mín kona.) Það er að vísu rétt en ég þarf samt að ná athygli hæstv. félmrh. og ég veit að hv. formaður þingflokks Alþfl. getur fengið sér sæti og tekið í nefið og verið rólegur smástund á meðan við ræðum þetta mál.

Í seinni mgr. 1. tölul. 1. gr. er fjallað um að tillögur umdæmanefndar skuli vera tilbúnar eigi síðar en 15. sept. nk. Nú verður þetta frv. væntanlega ekki að lögum fyrr en eftir páskaleyfi í lok apríl eða í byrjun maímánaðar, jafnvel þó að trippin verði hratt rekin, og það þýðir auðvitað að þarna er ekki mikill tími til stefnu fyrir þá vinnu sem er hvað vandasömust í þessu öllu saman og það er að gera tillögur um sveitarfélagamörkin sem síðan verði kosið um. Það er að mínu mati langvandasamasta og mikilvægasta efnisatriðið í þessu máli, það er að vel takist til í sambandi við þá tillögugerð og hún verði skynsamleg og vel grunduð, þannig að hún verði sem víðast samþykkt ef menn á annað borð binda vonir við einhvern umtalsverðan árangur í þessum efnum. Þess vegna hef ég af því nokkrar áhyggjur að þarna sé fullhratt rekið á eftir mönnum og mér finnst að það gæti verið skynsamlegt að hafa þarna a.m.k. eitthvert svigrúm ef t.d. ófyrirséðar aðstæður torvelda það einhvers staðar að menn nái saman fyrir þessi tímamörk um tillögur. Mér sýnist að lagaákvæði svona upp sett hafi það í för með sér að þó svo að menn séu með málið í uppnámi og hafi ekki náð saman sem ekki er hægt að útiloka — við skulum segja þann 13. eða 14. sept. — þá verði menn samkvæmt lagabókstafnum að dengja út einhverri tillögu til þess að hægt sé að kjósa um hana, jafnvel í ágreiningi eða berast á atkvæðum um það hvernig hún skuli vera útfærð. Þetta er ekki skynsamlegt að mínu mati ef menn eru fyrst og fremst að hugsa um uppskeruna og ég leyfi mér að stinga upp á því að þarna verði a.m.k. hafður einhver varnagli gagnvart því að það sé heimilt að framlengja þennan frest ef svo ber undir.

Síðan má segja nokkuð sama að mínu mati um tímaáætlunina fyrir atkvæðagreiðslurnar sjálfar, það er ansi knappur tími sem í það er gefinn að kynna og undirbúa til kosninga þessar tillögur.

Áfram má segja það sama um 3. töluliðinn þar sem gert er ráð fyrir því að í framhaldi af því að nú verði ekki samþykkt sameining eða það verði ekki af sameiningu á grundvelli atkvæðagreiðslu um tillögur sem kæmu þá til samkvæmt 1. tölul. og yrði kosið um samkvæmt 2. tölul., þá sé heimilt að leggja fram nýja tillögu. Það skuli gert fyrir 15. jan. og það skulu sömu tímamörk gilda um þá meðferð, þ.e. kosninguna og annað sem í kjölfarið fylgir. Þó svo að þetta sé um hávetur þá er eftir sem áður gert ráð fyrir því að tímaramminn sé þetta knappur. Það finnst mér dálítið óvarlegt. Það er sök sér að reyna þetta í september þegar færð er góð og allir vegir opnir og mönnum ætti að vera það auðveldara en ella að kynna málið og undirbúa kosninguna og láta hana fara fram. Því er auðvitað ekki að heilsa með sama hætti í janúar. Nú liggur það fyrir að varatillagan, ef svo má að orði komast, yrði gerð við þær erfiðu aðstæður að fyrri útgáfan hefði verið felld eða ekki komist á. Þá er væntanlega að sama skapi vandasamt að undirbúa og koma til kosninga nýrri tillögu því þar er þá við einhverja andstöðu eða einhverja erfiðleika að etja sem hafa valdið því að fyrri tillagan var ekki samþykkt.

Þetta tel ég að hv. nefnd sem fær þetta mál til athugunar þurfi að athuga og fyrir alla muni ekki negla sig svoleiðis niður í þessum efnum að af því geti hlotist slys. Ég sé ekki að það sé nein sérstök ástæða til slíks.

En það er annað sem ég vil ræða við hæstv. félmrh. í tengslum við þennan 3. tölulið og endurteknu kosninguna eða varatillöguna, það eru ummæli mjög svo ógætileg sem hæstv. félmrh. hefur viðhaft í fjölmiðlum í tengslum við þetta mál, sem ganga út á það í grófum dráttum sagt að menn skuli gæta sín að vera ekki með mótþróa og fella þær tillögur sem fyrir þá verði lagðar til að kjósa um því ef það gerist í miklum mæli þá sé ekki um annað að ræða en að lögþvinga sameininguna í gegnum það að hækka lágmarksíbúatölu sveitarfélaga sem heimilt er samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

Ég held að það sé í fyrsta lagi þannig að ef hæstv. félmrh. hafi einhvern áhuga á því yfirleitt að fá tillögurnar samþykktar þá ætti hún að forðast ummæli af þessu tagi. Ég er alveg sannfærður um að það mun hafa þveröfug áhrif á viðhorf manna ef þeir ganga til þessa starfs og þessara kosninga undir hótunum sem verður að kallast því miður af þessu tagi. Það er auðvitað alveg gjörsamlega óviðunandi að menn gangi í þessar kosningar undir slíkum þrýstingi eða slíkum hótunum. Og þegar betur er að gáð þá þyrfti þetta auðvitað að gerast þannig að fyrst yrði ákveðin lágmarksíbúatalan ef menn vilja breyta henni og síðan yrði kosið um nýjar sameiningartillögur vegna þess að þá liggur það fyrir hver verði framtíðarlágmörkin í þessum efnum og þá geta menn gengið út frá því í sínum kosningum. Það er auðvitað mikið nær að hafa það þannig en hafa hangandi yfir mönnum hótun um að

þessu verði breytt, e.t.v. að geðþótta í 400 eða 1.000 eða guð má vita hvað, ef menn séu með múður og sameinist ekki í stórum stíl.

Ég teldi mikið nær að það yrði látið á það reyna, þess vegna hér á Alþingi í vor, hvort samstaða er um það að annaðhvort festa í sessi núverandi mörk eða breyta þeim og hækka þá væntanlega eitthvað og ganga frá því áður en kosið verður. Það er a.m.k. mín tilfinning að það sé alveg þveröfug röð á hlutunum sem mundi verða samkvæmt þessu ef menn eiga ekki að gefa sér það að við þessum mörkum verði ekki hreyft, sem væri auðvitað eðlilegast. Þeir væru að ganga til kosninga um sameiningu eða ekki sameiningu sveitarfélaga á grundvelli gildandi laga um málefni sveitarstjórnanna og þau mörk sem þar eru yrðu látin halda sér og það væri á þeim grundvelli, í því ljósi, sem menn gengju til kosninganna.

Ég tel a.m.k. alveg ljóst að hæstv. félmrh. gerir illt eitt með því að láta að því liggja að þeim sem kunna að hafa einhverjar aðrar skoðanir en hæstv. ráðherra á því hvar þeirra málum sé best borgið í sínum sveitarfélögum og mundu leyfa sér í einhverjum tilvikum að fella tillögur að sameiningu við einhver nágrannasveitarfélög að það verði þá bara komið aftan að þeim með því að síðan verði lögunum breytt og þeir píndir hvort sem er í einhverja samvinnu. Það eru ekki heiðarleg vinnubrögð, heiðarleg framkoma gagnvart þeim sveitarfélögum. Það er mikið nær að fyrir liggi t.d. að árið 1995 eða eitthvað svoleiðis muni þessi mörk breytast með einhverjum tilteknum hætti og út frá því geti menn gengið þegar menn taka ákvarðanir um sín mál.

Í fjórða lagi er það orðalag, hæstv. forseti, í athugasemdum við frv. sem ég vil spyrja hæstv. félmrh. út í. Kannski hefur það komið fram að einhverju leyti í umræðunni, ég heyrði það þó a.m.k. ekki nákvæmlega í framsöguræðu hæstv. ráðherra, þar sem sagt er neðst á bls. 2 í athugasemdum við frv. að með frv. þessu sé í öllum aðalatriðum orðið við tillögum sveitarfélaganefndarinnar. Ég óska eftir því að það verði aðeins útskýrt fyrir mér og e.t.v. fleirum sem ekki hafa numið þann fróðleik hver þessi aukaatriði eru þá sem ekki eru eins og þar sem ekki er komið til móts við tillögur sveitarfélaganefndarinnar. Mér finnst það skipta máli að það liggi nokkuð ljóst fyrir strax við 1. umr. hver þessi frávik eru.

Í fimmta lagi, hæstv. forseti, vil ég nefna byggðamálin á nýjan leik og þá skýrsluna miklu eða uppkastið sem komið hefur frá Byggðastofnun og einstöku menn hafa komið höndum yfir með mismunandi aðferðum um breyttar áherslur í byggðamálum og tillögu stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 1993–1996. Af því að svo stórmerkilega vill nú til að hæstv. forsrh. heiðrar okkur með nærveru sinni, þá leyfi ég mér að endurtaka spurningu mína hvort ekki sé að vænta skýrslu frá hæstv. forsrh. um byggðamál og umræðu um hana hér á Alþingi eins og venja hefur verið. En ef minni mitt svíkur ekki, þá hefur slík umræða ekki farið hér fram í vetur en var a.m.k. árlegur atburður.

Ef á annað borð á að taka þessa skýrslu alvarlega eða þetta uppkast eru það auðvitað stórtíðindi í umræðu um þessi mál því að þar er verið að boða að verulegu leyti breyttar áherslur og allt aðra nálgun í umræðum um byggðamál en við höfum átt að venjast á Íslandi, mér liggur við að segja frá landnámsöld ef hægt er að orða það svo, alla vega svo lengi sem menn hafa rætt þessi mál mér vitanlega, þá hefur það nú talist hafa nokkurt gildi að reyna að varðveita og styðja byggðina í landinu sem víðast. Hér er farið út á allt aðra braut. Mér liggur við að segja að hér sé brotið í blað hvað varðar skilgreiningu á því hvað sé byggð. Ég held að hér sé verið að fara út á þá óheillabraut að skilgreina byggðina ekki sem einhvers konar keðju eða belti eins og hún er auðvitað í eðli sínu heldur sem bletti eða punkta. Það er að mínu mati stórháskaleg nálgun. Byggðin á Íslandi, eins og hún dreifist af landfræðilegum og efnislegum ástæðum með ströndinni hringinn í kringum landið, er auðvitað miklu nær því í eðli sínu að vera belti eða keðja heldur en þessir blettir eða kjarnar sem samkvæmt skýrslunni á að búa til þar sem á að þjappa saman uppbyggingu og öll áhersla stjórnvalda á að ganga í það að efla fáeina kjarna eða bletti í landinu, en ekki í grófum dráttum reyna að styðja við byggðina þar sem hún er og leggja fólki lið og veita því þjónustu þar sem það býr heldur einhvers staðar annars staðar að hluta til. Ég held að þetta sé virkilega stórhættuleg nálgun og hún hlýtur að koma inn í umræður um það sem hér er á dagskrá, sameiningu sveitarfélaga, samstarf sveitarfélaga og byggðamynstrið í landinu. Það er t.d. þannig að heilar sýslur eru samkvæmt þessari tillögu Byggðastofnunar settar út af sakramentinu. Það eiga engir kjarnar að vera þar sem uppbygging verður á þjónustu af hálfu hins opinbera. Og hvað eiga menn þá að hugsa í þeim sveitarfélögum, þeim sýslum, Strandasýslu, Norður-Þingeyjarsýslu, á Austurlandi og víðar þar sem svona háttar til? Menn geta væntanlega ekki tekið þetta öðruvísi en sem skilaboð um að mönnum sé nokkuð sama hvort þeir lifi eða deyi. Þeir megi út af fyrir sig hokra þarna ef þeir nenni því. En af hálfu stjórnvalda verði ekki lyft litla fingri til að létta þeim lífsbaráttuna. Og þá hlýtur maður að spyrja sig að því: Til hvers er þá verið að eyða orku í að sameina sveitarfélög á þessum svæðum? Skiptir það þá einhverju máli? Mega þau ekki vera hvort sem heldur er fá eða mörg úr því að þar á ekki að byggja upp neitt samhangandi svæði, þjónustu eða atvinnu sem myndar einhverja eina eðlilega heild? Ég held að þetta gangi ekki upp. Og þarna þarf að samræma áherslur nema stjórnvöld vilji hafa það þannig að það sé bara hver höndin upp á móti annarri. Í einni skýrslunni frá ríkisstjórninni sé þetta svona og í annarri á hinn veginn. Nema að lokum eigi þetta allt saman að falla saman í þá mynd að hugsunin sé að grisja byggðina í landinu og leggja í eyði tilteknar sýslur og ákveðin svæði. Það er auðvitað það sem maður hlýtur að spyrja sig að þegar maður fær svona pappíra í hendur og þá held ég að það eigi líka að segjast eins og það er en ekki vera að dulbúa það á einhverju rósamáli af því tagi sem er í skýrslu Byggðastofnunar eða drögum eða uppkasti eða hvað það nú kallast.

Nú er rétt að taka það fram til að halda allri sanngirni til haga að mér er það vel ljóst að hinir kvöldu klárar á Byggðastofnun eru ekki sekir í þessu máli því þeir eru fyrst og fremst að vinna samkvæmt fyrirskipun og erindisbréfi frá hæstv. forsrh. þar sem þeim er uppálagt að það skuli útfæra vaxtarkjarnastefnu hæstv. ríkisstjórnar og Byggðastofnun eru algerlega skammtaðar forsendur til þess að vinna þessa skýrslu út frá því erindisbréfi sem hún fékk frá hæstv. forsrh. Ég leyfi mér að spyrja hæstv, félmrh. sem væntanlega á eftir að svara hér: Hvað segir hæstv. félmrh. um þessa skýrslu, um þessi drög? Hver er skoðun hæstv. félmrh. á því samhengi sem menn hljóta auðvitað að setja umræður um málefni sveitarfélaganna og sameiningu þeirra í þegar fyrir liggur pappír af þessu tagi unninn að beiðni hæstv. forsrh. um málefni byggðarinnar í landinu?

Ég held, hæstv. forseti, að þetta beri okkur allt að sömu niðurstöðunni sem ég er sannfærður um að reynslan mun sýna eða mundi sýna ef menn færu þá ógæfulegu leið sem upphaflega var áformað og enn virðist að hluta til vera hugsunin hjá hæstv. ríkisstjórn samanber vaxtarkjarnahugmyndina að taka til við að miðstýra með einhverri áætlunargerð og skipulagningu þróun byggðarinnar í landinu út frá skrifborðum í Reykjavík. Það er raunar það sem þetta er. Ég hef ekki séð annan eins miðstýringarpappír í háa herrans tíð, ekki síðan ég var hérna fyrir 20 árum að blaða í fimm ára áætlununum sálugu frá Sovétríkjunum eins og þessa skýrslu hér. Hún er slík miðstýringarárátta að það skulu einhverjir snillingar ákveða það að hér skuli vera vaxtarkjarni en annars staðar ekki, gjarnan þvert á það hvernig þróun byggðarinnar hefur þróast, fólksfjöldinn t.d. hefur breyst undanfarin ár á viðkomandi svæðum.

Það er ákaflega athyglisvert þegar þessi skýrsla er tekin hvaða svæði eru ekki vaxtarsvæði samkvæmt skilgreiningu Byggðastofnunar. Á Vestfjörðum er það svo að þar hefur mestur uppgangsstaður um langt árabil verið Hólmavík í Strandasýslu. Þar hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin allmörg ár. Þar er næg atvinna og þar er íbúafjöldinn nú kominn yfir 500 þannig að Hólmavík er orðin fjórði stærsti staður á Vestfjörðum ef ég man rétt. En það hefur hins vegar fækkað eða staðið í stað íbúafjöldinn á svo til öllum öðrum þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum. Mundu menn þá ekki halda að Hólmavík væri vaxtarsvæði samkvæmt skilgreiningu Byggðastofnunar? Nei, ekki aldeilis. Nei, nei, nei. Hólmavík er ekki vaxtarsvæði þó þar hafi fólkinu fjölgað meir en nokkurs staðar annars staðar á Vestfjörðum um langt árabil. Nei, þá skal Hólmavík ekki vera vaxtarsvæði. Þar á ekkert að gera. En hins vegar er Patreksfjörður hugsanlega kandídat í vaxtarsvæði þar sem fólkinu hefur fækkað jafnt og þétt. Er þetta mjög skynsamleg áætlunargerð? Er þetta ekki miðstýringarárátta að það skuli þá með illu snúa þessu við og láta fækka á Hólmavík af því að mönnum finnst það í Byggðastofnun eða í forsrn. að þar eigi fólkinu ekki að fjölga. Væntanlega er það útkoman. Svona er þetta um fleiri staði.

Annar helsti uppgangsstaður á Vestfjörðum ef ég man rétt, er Tálknafjörður. Það er að sjálfsögðu ekki vaxtarsvæði, Tálknafjörður. Nei, nei, nei. Fólkinu hefur að vísu óvart verið að fjölga þar. Þar hefur atvinnuástandið verið betra en víðast hvar annars staðar á Vestfjörðum en það skal ekki vera vaxtarsvæði þó að fólkinu fjölgi þarna. Svona dæmi má taka víðar að. Ég tek dæmi úr minni heimasýslu, Norður-Þingeyjarsýslu. Þar vill nú svo til að í austustu hreppum og reyndar í flestum sveitarfélögum í Norður-Þingeyjarsýslu hefur núna fjölgað fólki undanfarin nokkur ár þar á meðal t.d. á Þórshöfn um líklega 60 manns á 3–4 árum. Það er að sjálfsögðu ekki vaxtarsvæði, nei, nei, nei. En ýmis önnur bæjarfélög þar sem íbúafjöldinn hefur staðið í stað eða hefur minnkað skulu vera vaxtarsvæði. Ég held að svona tiktúrur ef ég leyfi mér að kalla það svo eigi ekki heima og ég leyfi mér að segja það alveg eins og er í fullri hreinskilni, ég get ekki sagt annað: Ég tel að það eitt að velja þessum kjörnum þetta nafn, vaxtarsvæði, það eitt sé brottrekstrarsök þessara sérfræðinga sem setja slíka hluti á blað vegna þess að að hlýtur að leiða af sér þá gagnályktun að hin svæðin séu ekki vaxtarsvæði, þar eigi að fækka. Nú er það að vísu svo þannig svo höfundaréttinum sé til haga haldið, hann er víst dýrmætur, þá er það auðvitað stefnumörkun hæstv. ríkisstjórnar þar sem þessi nafngift kemur fram. En sama er. Hún er náttúrlega algerlega ónothæf í þessari umræðu m.a. af þessum sökum einum sem ég bendi á að menn hljóta að gagnálykta svo ef ákveðin svæði eru skírð, gefin út, stimpluð sem vaxtarsvæði að hin séu það ekki. Þetta verður auðvitað að taka í samhengi. Það er alveg tómt mál að vera að tala um sameiningu sveitarfélaga í einhverum trúarbragðastíl og þar með muni vandamál landsbyggðarinnar, atvinnulífs og efnahagsmála meira og minna hverfa eins og dögg fyrir sólu ef á sama tíma eru svona hlutir í farvatninu gagnvart heilu sýslunum. Menn skulu a.m.k. taka þær út fyrir sviga og geyma það að vera með miklar vangaveltur um nytsemd þess að sameina þar sveitarfélög.

Þetta fannst mér óhjákvæmilegt að nefna hér, hæstv. forseti, í samhengi við þetta mál. Ég gæti sagt býsna margt fleira um þetta en í trausti þess að tækifæri gefist til þess að ræða stærra samhengi þessara hluta, byggðamálanna og málefna sveitarfélaganna síðar hér á þessu þingi, þá læt ég þetta duga.

Ég segi það að lokum um sameiningu sveitarfélaga að hún er að sjálfsögðu af hinu góða og sú þróun sem þar hefur verið í gangi er ánægjuleg þar sem á allmörgum stöðum á landinu hafa sveitarfélög ýmist þegar sameinast eða eru á góðri leið með að sameinast sveitarfélög í stórum stíl. Það er auðvitað þannig að mjög víða eru sveitarfélögin að nálgast hvert annað í gegnum stóraukið samstarf, í gegnum samrekstur á mörgum sviðum. Það er t.d. víðast hvar orðið svo að allmörg sveitarfélög eru í samstarfi um rekstur í heilbrigðisþjónustu og rekstur skóla, framhaldsskóla. Í velflestum kjördæmum landsins er það orðið þannig að flest eða öll sveitarfélögin eru í einhvers konar skipulögðu samstarfi um rekstur framhaldsskólans, um rekstur heilsugæslustöðva og sjúkrastofnana. Og á minni svæðum eru nokkur sveitarfélög gjarnan orðin í mjög

nánu samstarfi um ýmsan annan rekstur svo sem sorphirðu og fjölmargt af því tagi sem lýtur að daglegri þjónustu við íbúana. Þetta er að sjálfsögðu að færa sveitarfélögin saman þangað til að lokum verður fyrst og fremst stigsmunur á því en ekki eðlis hvort sveitarfélögin leysa þetta í skipulögðu samstarfi á hverju málasviði fyrir sig eða með endanlegri sameiningu. Þannig er það auðvitað að verða mjög víða. Þegar rekstur á skólum, heilsugæslustöðvum, sorphirðu, rekstur á slökkviliði, sjúkraflutningum og fjölmörgum slíkum þáttum er orðinn sameiginlegur, þá fer það auðvitað smátt og smátt að verða „smag sag" ef svo má að orði komast, stigsmunur en ekki eðlis á því hvort um endanlega sameiningu verður svo að ræða að lokum. Og hún mun síðast fylgja í kjölfarið. En það tekur tíma. Þetta þarf að fá frið til að þróast og ef þetta gerist þannig á grundvelli sjálfstæðra ákvarðana sveitarfélaganna sjálfra og af fúsum og frjálsum vilja, þá er það miklu farsælla en að þrýsta þessu á með lögþvingun eða undir hótunum eða með öðrum slíkum hætti. Gerist það, þá munu menn byggja inn í hin nýju sveitarfélög ýmis óleyst vandamál sem ég hef meiri trú á að muni leysast farsællega á grundvellli frjálsra samskipta sveitarfélaganna sjálfra. Og þegar það er búið, þegar þau mál hafa leyst, þá er kominn tími til að sveitarfélögin sameinist. En á meðan enn eru uppi skiptar skoðanir t.d. um það hvar eigi að reka grunnskóla, hve marga í einni sýslu eða í nokkrum samliggjandi sveitarfélögum og það er ekki komin niðurstaða í það mál, það er ekki orðið samkomulag á viðkomandi svæði um slíka hluti, ef menn eru þá lögþvingaðir til þess að sameinast, hvað gerist þá? Þá byggja menn inn í hið nýja sveitarfélag þessi óleystu vandamál sem munu ekki gufa upp. Þvert á móti gætu þau orðið hálfu illvígari viðureignar ef þannig er staðið að hlutunum. En ég held að menn eigi að ræða þetta á þessum nótum, opinskátt og hreinskilnislega út frá þeirri hugsjón að menn ætli að ná árangri því að auðvitað er það það sem skiptir máli og það er það mikilvægasta. Og það er engin deila um það í landinu, það er samstaða um að það er vænlegt að efla sveitarstjórnarstigið og efla sveitarfélögin og til þess þurfa þau auðvitað að stækka því að mörg þeirra og mjög mörg eru allt of lítil til þess að ráða við einhver umtalsverð verkefni. Þar sem hinar efnislegu forsendur eru fyrir hendi, þar sem landfræðilegar og atvinnulegar forsendur eru til þess að sveitarfélög sameinist, þar sem til getur orðið eining sem er eining í sjálfu sér, þar á auðvitað að sameina sveitarfélög en annars staðar ekki vegna þess að það er misskilningur að þú leysir einhver vandamál út af fyrir sig bara si svona: Af því bara að þú sameinir sveitarfélög.

Eitt mun ekki breytast við sameiningu sveitarfélaga og það eru vegalengdir, staðsetning fjallgarða og samgönguhindrana í landinu. Það mun ákvæmlega engu máli skipta um t.d. vegalengdina frá Langanesi og inn á Tjörnes hvort þar eru fimm sveitarfélög eða ekki. Það verður jafnalangt upp á sentímetra frá sýslumörkum á Brekknaheiði og inn á Tjörnes. Sem sagt, hinar efnislegu aðstæður manna breytast ekki við það þó að á kortið séu dregnar einhverjar nýjar línur.

Mér hefur stundum fundist umræðan um þetta pínulítið minna mig á þær hroðalegu ófarir sem nýlenduveldin lentu í í Afríku á sínum tíma þegar þau fóru að búa þar til lönd og gerðu það mjög gjarnan þannig að það voru búin til lönd þar sem voru 2–3 hálfar þjóðir. Annar helmingurinn var í þessu ríki og hinn helmingurinn í hinu. Og hvað hefur það leitt af sér? Jú, jú, það þekkja menn. Það eru ófarir sem segir mönnum auðvitað bara það að það er ekki hægt að búa til með einhverjum svona mannasetningum við skrifborð einhvers staðar í fjarlægum borgum eða öðrum heimsálfum einingar sem eru ekki einingar af sjálfu sér. Landfræðilega, atvinnulega, menningarlega, sögulega eða með slíkum hætti. Það er misskilningur og hann þurfa menn að losna við sem allra fyrst, líka í þessari umræðu.

Hæstv. forseti. Þá endurtek ég það að lokum sem ég sagði í upphafi að ég fagna þó þeim árangri sem orðið hefur í þessari umræðu og þeim tiltölulega skynsamlegu nótum sem þetta mál hefur þróast inn á og ég vona bara að hæstv. félmrh. sem með þetta mál fer og er kappsamur, hæstv. ráðherra, um framgang málsins, skynji hvað málinu er fyrir bestu. Það er að reyna að halda áfram að þróa það á þessari braut í sæmilegu samkomulagi og samstarfi og keyra það ekki hraðar áfram en forsendur gefa tilefni til.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hér hafa orðið gagnlegar umræður um það frv. sem hér er til umræðu og ég tel að hægt sé að draga af þessum umræðum þær ályktanir að góð samstaða geti tekist um framgang málsins þó menn hafi velt hér upp ýmsu sem þeir telja að sé álitamál vegna sameiningar sveitarfélaga. Ég tel ekki ástæðu til þess að hafa mörg orð frekar um þetta mál en vil þó svara nokkrum spurningum sem til mín hefur verið beint.

Hv. 6. þm. Vestf. spurði hvort búið væri að skipa þá samráðsnefnd sem gera á samkvæmt ákvæðum þessa frv. Hún hefur eðli máls ekki verið skipuð enn en verður skipuð strax og þetta frv. hefur verið lögfest hér frá Alþingi. Hlutverk þessarar nefndar er að vera umdæmanefndum til ráðuneytis í störfum sínum og að undirbúa tillögur um frekari framvindu málsins, m.a. um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga, svo og nauðsynlegar breytingar á tekjustofnum sem leiða af verkefnatilfærslu.

Varðandi það sem hv. 3. þm. Vesturl. nefndi um endurskoðun á umboðsvaldi ríkis í héraði, þá vil ég taka undir það og reyndar er það gert einnig í skýrslu sveitarfélaganefndarinnar og kemur þar m.a. fram að sveitarfélaganefndin leggur til að jafnhliða eflingu sveitarstjórnarstigsins taki ríkið til gagngerðrar endurskoðunar umdæmamörk og verkefni umboðsvalds ríkis í héraði þannig að að þessu máli hefur verið hugað sérstaklega.

Varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem ég hygg að bæði hv. 3. þm. Vesturl. og hv. 6. þm. Vestf. nefndu hér, þá er það auðvitað mikilvægt ákvæði sem

þar kemur fram sem snertir þessar sameiningar. Það er kveðið á um það í skýrslu sveitarfélaganefndarinnar að hún leggur til að reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði breytt þannig að sjóðurinn fjármagni í fimm ár, 1994–1998, sérstakt átak vegna sameiningar sveitarfélaga.

Hv. 3. þm. Vesturl. spurði hvort ekki þyrfti að lögfesta á þessu þingi þær breytingar sem þyrfti að gera á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Ég tel að svo þurfi ekki að vera. Það á einmitt að vera samstarfsverkefni þessarar samráðsnefndar með aðild Sambands ísl. sveitarfélaga og ríkisins að skoða einmitt þennan þátt og hverju nákvæmlega þurfi þá að breyta varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og hvaða samkomulagi menn þá ná um fjármagn í þann sjóð í fimm ár vegna þessa sérstaka átaks. Tel ég að það sé nægilegt að lögfesta þær breytingar á haustþingi komandi ef það næst almenn samstaða um sameiningarmál sveitarfélaga.

Það sem hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi, hann orðaði það svo að ríkisstjórnin hefur verið að þvinga í gegn hugmyndum um sameiningu sveitarfélaga, talaði um flumbrugang og fleira í þeim dúr, tek ég ekki mjög alvarlega og tel þetta ekki vera réttmæta gagnrýni hjá hv. þm. Ég vil í því sambandi vitna til þess að 47. fundur Sambands ísl. sveitarfélaga, haldinn í Reykjavík 23. nóv. 1991, lýsti yfir stuðningi við svokallaða leið tvö sem var sú leið, ein af þremur, sem sveitarfélaganefndin hafði lagt fram til umræðu en sú leið gekk lengst. Samband ísl. sveitarfélaga mælti með þeim kosti að unnið yrði áfram í málinu eins og kostur er sem tæki mið af leið tvö. Á öllum stigum málsins hefur því verið farið að því sem Samband ísl. sveitarfélaga hefur lagt til. Þeir lögðu til í nóvember 1991 að skoða þennan kostinn og sveitarfélaganefndin gerði það, vann með þann kost áfram. Síðan fóru þær hugmyndir í umræðu hjá sveitarfélögunum og hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga og eftir þá umræðu kom ný ályktun frá fulltrúaráði Sambands ísl. sveitarfélaga sem gekk skemur en fyrri ályktunin. Þá var um leið farið að þeirri tillögu sem fulltrúaráðsfundurinn síðasti ályktaði um. Ég tel að þetta sé óréttmæt gagnrýni að kenna ríkisstjórninni um það að hún hafi viljað fara aðrar leiðir en Samband ísl. sveitarfélaga vegna þess að á þær hugmyndir sem hafa verið lagðar á borð ríkisstjórnarinnar hefur hún fallist í hvert skipti. Það hafa í öllum tilvikum verið hugmyndir og tillögur Sambands ísl. sveitarfélaga og fulltrúaráðsins. (Gripið fram í.) Ég hef ekkert leynt þeirri skoðun minni, hv. þm., að ég tel að það sé íbúum þessa lands fyrir bestu ef það næðist samstaða um það að ganga lengra í þessu máli heldur en nú er ætlanin en ég sætti mig vel við þessa niðurstöðu og met það að náðst hefur breið samstaða um þetta mál.

Varðandi tímamörkin sem hv. þm. nefndi sem hann taldi mjög knöpp í þessari tillögu, að tillögur umdæmanefndarinnar eigi að vera tilbúnar fyrir 15. sept. 1993. Allar þær dagsetningar sem hér eru nefndar þær hafa orðið til í sameiningarnefnd sveitarfélaga og hafa verið unnar í fullu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga, fulltrúa stjórnmálaflokkanna sem áttu sæti í nefndini og fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga og frv. var á öllum stigum kynnt Sambandi ísl. sveitarfélaga. Ég hygg að menn hafi haft það fyrir sér að það væri nauðsynlegt að reyna að klára málið fyrir 1. des. og þá bæði með tilliti til þess að veðurfar gæti breyst í desember og janúar og það sé nauðsynlegt að ljúka þessu fyrir þann tíma og einnig hygg ég að menn hafi haft í huga sveitarstjórnarkosningar á næsta ári að það væri rétt að ljúka þessu máli áður. Ég tel, af því að hv. þm. nefndi það að skoða þyrfti þessar dagsetningar í nefnd, auðvitað sjálfsagt að nefndin skoði þær dagsetningar og það sé ekki útilokað að hafa meiri sveigjanleika varðandi 15. sept. ef það væri um að ræða viku eða hálfan mánuð í viðbót, en engu að síður tel ég að málinu þurfi að vera lokið fyrir 1. des. en það er auðvitað nefndarinnar að fjalla um það mál.

Varðandi íbúatöluna sem hv. þm. nefndi og talaði um hótanir af minni hálfu um að lögfesta lágmarksíbúatölu ef sameiningarmálin gengju ekki eftir, tel ég að hv. þm. gangi enn of langt í sinni gagnrýni vegna þess að í fyrsta lagi hefur Samband ísl. sveitarfélaga fyrir þremur árum síðan ályktað um lágmarksíbúatölu, 400 íbúa. Ég vil einnig nefna það að í þessari síðustu ályktun fulltrúaráðsfundarins kemur fram, með leyfi forseta: „Á næsta landsfundi sambandsins verði tekin afstaða til þess hvort lágmarksíbúatala í hverju sveitarfélagi skuli hækkuð."

Það sem ég hygg að vaki hér fyrir fulltrúaráðinu er að meta hver niðurstaðan verði um sameiningu sveitarfélaga og taka síðan afstöðu til þess á grundvelli þess hvort þá sé rétt að lögfesta lágmarksíbúatölu. Mér heyrðist að hv. þm. vildi ekki hafa þá skipan á málunum, frekar að lögfesta lágmarksíbúatöluna fyrst og síðan að ganga til sameiningar en þetta er niðurstaða Sambands ísl. sveitarfélaga og fulltrúaráðsins sem ég hef farið í einu og öllu eftir og ég hef sagt það að ég tel að það hljóti að koma til skoðunar hjá sveitarstjórnarmönnum hvort ekki sé rétt að lögfesta lágmarksíbúatölu ef lítið kemur út úr þessum sameiningum. Þannig að hér er ekki um að ræða, eins og hv. þm. sagði, að ég væri uppi með hótanir og ég mundi breyta að eigin geðþótta þessum ákvæðum eða leggja það til við Alþingi varðandi lágmarksíbúatöluna. Það er auðvitað fyrst og fremst landsþings Sambands ísl. sveitarfélaga að fjalla um það á næsta ári með hliðsjón af þeirri niðurstöðu sem verður í sameiningarmálunum.

Ég læt máli mínu lokið, virðulegi forseti.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Það segir reyndar í frv. að fyrir 1. júní 1993 skuli félmrh. skipa sérstaka samráðsnefnd þannig að ég geri ráð fyrir að fyrir þann tíma, ef frv. verður samþykkt, verði hún skipuð.

Ég spurði einnig um hvað liði 6. lið í tillögum sveitarfélaganefndar í sambandi við að ráðuneytin og samtök kennara og Samband ísl. sveitarfélaga undirbúi tillögur sem miði að því að rekstur grunnskóla flytjist að fullu yfir til sveitarfélaga frá og með 1. ágúst

1995, hvort verið er að vinna að því eða hvort á að bíða þar til frv. verður samþykkt og hugað að því síðar eða hvort verið er að undirbúa það að flytja rekstur grunnskólans yfir. Maður hefur heyrt mjög mikið talað um að það væri það fyrsta sem yrði gert í sambandi við að flytja verkefni til sveitarfélaganna þannig að ég mundi gjarnan vilja að hæstv. félmrh. svaraði því hvað líður því að fara að þeim tillögum sveitarfélaganefndar sem ekki eru í þessu frv.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur fram í skýrslu sveitarfélaganefndar að hún leggur til að félmrn., menntmrn., fjmrn., samtök kennara og Samband ísl. sveitarfélaga undirbúi tillögur sem miði að því að rekstur grunnskóla flytjist að fullu yfir til sveitarfélaga frá og með 1. ágúst 1995. Ég hygg að verði frv. þetta samþykkt þá verði fljótlega skipuð slík nefnd sem fari þá yfir það mál og það er reyndar líka verkefni samráðsnefndarinnar sem á að undirbúa tillögur um verkefnatilfærslu að skoða það mál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti.

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að vísu beindi hæstv. ráðherra ekki orðum til mín þannig að það þarf kannski ekki að svara öðru en því að margt í máli okkar hv. 4. þm. Norðurl. e. fór saman, hún svaraði þannig okkur báðum með ýmsu af því.

Ég held að það sé alveg rétt að það hefur verið haft samband við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, hæstv. ráðherra talaði alltaf um Samband íslenskra sveitarfélaga, það er fyrst og fremst stjórnin. Það hefur verið gagnrýnt og mér finnst það bera einmitt vott um hversu viðkvæmt þetta mál er að það er ekki nægilegt að tala við stóru heildirnar þegar um svona stórar einingar er að ræða sem þetta mál snýst um. Þetta er viðkvæmt mál og þarf að vinna á þeim grundvelli.

Ég bar eina spurningu fram sem ég vil endurtaka, það var í sambandi við orðalagið „ný skipting" og um hugsanlega sameiningu yfir kjördæmamörk, hvort það væri skýrt hvort um það væri að ræða eða ekki.

Að lokum hefði ég viljað fá svör við því hvort hæstv. ráðherra telur að náist að koma verkefnaskiptingu og fjármögnun sveitarstjórna í viðunandi horf fyrir sameiningu.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi síðasta atriðið sem hv. þm. spyr um þá get ég ekki svarað því svo vel fari, en ég hygg þó að það verði verkefni umdæmanefndarinnar að skoða það strax og hún kemur saman, einmitt varðandi verkefnatilfærslu. Menn hafa helst í fyrsta áfanga verið að skoða grunnskólann. Hvað skýrar línur liggja fyrir í haust get ég ekki svarað.

Varðandi sameiningu yfir kjördæmamörk þá hefur nefndin vissulega rætt það og fjallað um það í sinni skýrslu en það hefur engin ákvörðun verið tekin um það hvort og hvernig það verður gert.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er tvennt. Hæstv. ráðherra taldi að þessi tími sem gert er ráð fyrir í lið þrjú í frv. væri ekki illa valinn. Ég tel einmitt að það hafi ekki verið hægt að finna verri tíma til þess að fara í þessi mál. Bæði er þetta mjög seint á árinu miðað við það að vera búnir með þetta á eðlilegum tíma, en hins vegar ekki hvað síst er þetta síðasta árið í kjörtímabili bæjar- og sveitarstjórna og menn munu standa í því á þessu hausti um það leyti sem baráttan um völdin hefst í sveitarstjórnunum og það þekkjum við að hún getur verið með ýmsu móti, að ná saman um þessi mál. Það tel ég að sé alveg á hreinu að ekki er hægt að finna verri tíma.

Svo langaði mig að biðja hæstv. ráðherra að segja okkur svolítið skýrari orðum ef hægt er hvaða lágmarksfjölda hún telur að sé eðlilegt að hafa í sveitarfélögum.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég nefndi það áðan að þegar Samband ísl. sveitarfélaga var með þessi mál í umfjöllun, einmitt lágmarksíbúatöluna fyrir 2–3 árum síðan, þá var nefnd talan 400. Sú tala er vel ásættanleg en ég tel að því stærri sem einingarnar eru því betra. Það er mjög æskileg sameining ef um yrði að ræða t.d. 1.000 íbúa, en íbúatalan 400 sem nefnd hefur verið, ég hef ekki gert neinn ágreining um hana.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ber að skilja hæstv. ráðherra þannig að hann muni leggja til að 400 íbúalágmarkið verði lögfest?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fer eftir því hver verður niðurstaðan á landsþingi Sambands ísl. sveitarfélaga sem haldið verður á næsta ári en þar mun þetta mál verða tekið til umræðu.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það varðar svör hæstv. ráðherra við því sem ég kom inn á og kallaði hótanir hæstv. ráðherra um að ef veruleg brögð yrðu að því að sameining sveitarfélaga eða sameiningartillögurnar yrðu felldar þá yrði að hækka lágmarksíbúatöluna. Hæstv. ráðherra viðhafði efnislega þessi orð í viðtölum við fjölmiðla fyrir skömmu aðspurð að ef veruleg brögð yrðu að því að sameiningartillögurnar yrðu felldar þá yrði að hækka með lögum lágmarksíbúatölu sveitarfélaganna. **(EgJ:** Það þarf nú fleiri en eitt atkvæði til þess.) Það er að vísu rétt, hv. göngumaður Egill Jónsson, að það þarf fleiri en eitt atkvæði, það þarf meiri hluta á Alþingi til þess en það skiptir auðvitað máli hvað hæstv. félmrh. leggur til í þessum efnum.

Ég vil svo einnig minna á það, hæstv. forseti, að ég spurði hæstv. félmrh. um samhengi stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar í byggðamálum og þessara sameiningarmála og fékk engin svör, engin. Er sem sagt ekkert samhengi?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar hv. þm. er að vitna til þess sem ég hef sagt opinberlega um þetta þá orðar hann það svo að ég hafi sagt að það yrði að hækka lágmarksíbúatöluna. Ég man ekki nákvæmlega hvernig ég orðaði það en ef mig misminnir ekki þá var það á þann veg að það hljóti að koma til alvarlegrar skoðunar hjá sveitarfélögum að hækka lágmarksíbúatöluna ef lítið yrði um sameiningar á grundvelli þessara ákvæða.

Varðandi skýrslu Byggðastofnunar þá tel ég ekki ástæðu til þess að tjá mig neitt efnislega um hana en ég get ekki í fljótu bragði séð að hún stangist á við þær tillögur sem við erum að ræða hér.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra dregur náttúrlega stórkostlega í land og ég fagna því. Ég unni hæstv. ráðherra því vel að vanda betur orðbragð sitt úr ræðustól á Alþingi og það er auðvitað það sem gildir heldur en gert var í þessu ógætilega sjónvarpsviðtali sem ég held að fleiri en ég hafi tekið eftir og muni nokkuð vel. Það voru mjög ógætileg orð hjá hæstv. félmrh. og sveitarstjórnarmenn víða um land kipptust við undan þeim. Nú hefur hæstv. ráðherra talað hér á allt öðrum nótum í kvöld, fyrst og fremst vísað til frumkvæðis og forræðis sveitarfélaganna í því að komast að niðurstöðu í sínum samtökum og það tel ég vel. Ég fagna auðvitað þessari viðhorfsbreytingu hjá hæstv. ráðherra. Ég segi bara að ef hæstv. ráðherra fer svona fram á næstu vikum eins og hún hefur gert í dag og undanfarið þá horfir vel í þessum málum því það er auðvitað allt, allt önnur sigling hjá hæstv. félmrh. nú og ekkert nema samstarfsvilji og samkomulagsvilji við sveitarfélögin og guð og menn í þessum málum og það er auðvitað vel. Þannig að ég hvet hæstv. ráðherra eindregið til þess að halda áfram á þessari braut.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vísa því á bug að ég sé að segja eitthvað annað í viðtali í útvarpi varðandi þessa lágmarksíbúatölu en ég er að segja hér. Ég held að ég geti alveg fullyrt það að ég sagði ekki meira þar sjálf en að ég teldi að þetta þyrfti að koma til alvarlegrar skoðunar og það er kannski ástæða til þess að grafa upp viðkomandi viðtal til þess að vita hvort okkar hefur rétt fyrir sér. Mig minnir þó að lengra hafi verið gengið þegar þessi frétt var kynnt af fréttamanni í fyrirsögn þar eða í inngangi en efni stóðu til miðað við það sem ég sagði sjálf.

Útbýting þingskjala:

Eftirlit með skipum, 192. mál, nál. samgn., þskj. 956; brtt. samgn., þskj. 957.

Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, 117. mál, nál. félmn., þskj. 954; brtt. félmn., þskj. 955.

Starf og eignir húsmæðraskóla, 430. mál, svar menntmrh., þskj. 946.

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu neitt að marki. Ég þurfti því miður að víkja mér aðeins frá svo ég heyrði ekki nema hluta af ræðu hæstv. félmrh. En það var eitt atriði sem ég vildi ræða örlítið nánar í lok þessarar umræðu í framhaldi af því sem var rætt áðan um lágmarksíbúatölu í sveitarfélagi. Ég tók það fram þegar ég talaði í þessu máli í dag að það er óskynsamlegt að hefja nú umræðu um lagasetningu um lágmarksíbúatölu í sveitarfélagi. Ég vil eindregið ráðleggja stjórnvöldum og þeim sem hafa forustu í þessu máli að flýta sér hægt í þeim efnum. Ég vil taka undir það sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði áðan að með því að hefja harðar deilur um þessi mál meðan þau eru í deiglunni þá eru menn að byggja inn slíkar deilur í hin nýju sveitarfélög. Auðvitað er það Alþingi sem ræður því hvort slíkt lágmark er sett eða ekki en að taka upp umræðu um slík mál núna er alveg út í bláinn.

Ég þarf ekki að endurtaka það sem ég sagði í dag. Ég er fylgjandi meginstefnu þessa frv. Ég mun að sjálfsögðu skoða það í félmn. og er tilbúinn til þeirra breytinga sem Alþingi þykir til bóta á þessu máli svo það megi fara friðsamlega fram í þjóðfélaginu. Ég held að það skipti mestu máli. Þessar umræður og starfið í sveitarfélaganefnd sýna að menn eru tilbúnir til þess að ganga fram í þessu máli þannig að um það verði sæmilegt samkomulag í þjóðfélaginu eftir því sem getur verið í svona viðkvæmu máli.

Ég vil undirstrika að allt valdboð í þessu, allur þrýstingur og ofurkapp í þessu máli, getur spillt fyrir. Ég vona að það hafi farsælan framgang.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Það eru aðeins örstutt tvö atriði. Í fyrsta lagi tel ég það mjög mikilvægt sem var rætt áðan, þ.e. hvernig verður farið með lágmarksíbúafjölda í sveitarfélögum. Ég held að það verði ekki til bóta ef það hangir í lausu lofti og jafnvel sem einhvers konar hótun yfir þeim atkvæðagreiðslum sem munu fara fram í þessum sveitarfélögum að ef menn samþykki ekki sameiningu þá muni hæstv. félmrh. koma með tillögu um lágmarkið. Þess vegna held ég að það sé mjög mikilvægt að menn reyni að ná samkomulagi um þá hluti strax. Það er mín skoðun á því máli að það eigi alls ekki að ræða um að setja nýtt lágmark. Ég tel að það eigi að fara með þeim friði að fólki í litlu sveitarfélögunum allt í kringum landið að það eigi ekki að vera með neins konar hugmyndir um breytingar á lágmarki íbúafjölda í þessum sveitarfé-

lögum á meðan umræða um sameiningu gengur yfir. Það eigi hreinlega að setja það inn í framtíðina hvort einhver hærri lágmörk verði upp tekin en nú þegar eru.

Það var annað sem ég gleymdi þegar ég tók til máls í dag. Það er það sem kemur fram í 1. lið. Þar er talað um að tillögur umdæmanefndar skuli vera tilbúnar fyrir 15. sept. Því næst er sagt: „Tveimur umræðum í sveitarstjórnum um tillögur umdæmanefndar skal lokið án atkvæðagreiðslu sveitarstjórna innan sex vikna frá því að tillögur eru lagðar fram."

Ég tel að þetta sé eitthvað sem nefndin verði að taka til alvarlegrar athugunar. Ég sé ekki tilganginn í umræðum sveitarstjórnarmanna um tillögur sem búið er að gera og ekki má gera breytingar á og ekki má gera ályktanir um. Um hvað eiga sveitastjórnarmenn eiginlega að tala? Það hefur engan tilgang að setja á tvær umræður í sveitastjórnum eftir að búið er að búa til þessar tillögur þegar engin áhrif verður hægt að hafa á það hvernig þær líta út því þær eru komnar í það form sem þær munu verða í. Mér finnst ekki boðlegt, þó ég viti reyndar að þetta ákvæði var í fyrri lögum, að bjóða upp á það aftur að þannig skuli að málum staðið. Ég hefði talið miklu eðlilegra að hér hefði verið sett fram ákvæði um að sveitarstjórnum bæri að gangast fyrir fundum með íbúum sinna sveitarfélaga þar sem þessi mál væru rædd og kynnt en ekki að í viðkomandi sveitarstjórnum fari fram tvær umræður og að sveitarstjórnin megi ekki einu sinni hafa skoðun. Það megi ekki einu sinni gera ályktanir um þær tillögur sem ætlast er til að séu ræddar á fundum sveitarstjórnarmanna um þessi efni. Þess vegna tók ég til máls núna að ég vildi gjarnan koma því á framfæri við nefndina að hún taki þetta ákvæði til athugunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Reynslusveitarfélög, fyrri umr.

Stjtill., 516. mál. — Þskj. 873.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um heimild til að hefja undirbúning að stofnun reynslusveitarfélaga.

Í tengslum við þá miklu vinnu sem unnin hefur verið að sameiningu sveitarfélaga og breytingum á verkefnum og tekjustofnum sveitarfélaga komu fram hugmyndir um að setja á fót tilrauna- og þróunarverkefni meðal sveitarstjórna að norrænni fyrirmynd sem kennt hefur verið við „frikommuner". Hafa þær verið ræddar við margar sveitarstjórnir og samtök þeirra og almennt hlotið góðar undirtektir.

Sveitarfélaganefnd lagði fram í áfangaskýrslu sinni í október 1992 tillögu um að stofnað verði til nokkurra reynslusveitarfélaga á Íslandi í fjögur ár í tengslum við sameiningu sveitarfélaga til undirbúnings á færslu verkefna og tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga og sem aðdraganda breytinga í stjórnsýslu sveitarfélaga. Að lokinni kynningu meðal sveitarstjórna um allt land lýsti fundur fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga, sem haldinn var í febrúar 1993, yfir stuðningi við tillögur nefndarinnar um stofnun reynslusveitarfélaga. Sveitarfélaganefnd telur í lokaskýrslu sinni að stofnun reynslusveitarfélaga sé mikilvæg leið til að efla sveitarstjórnastigið enn frekar á Íslandi. Því leggur nefndin til að stofnuð verði allt að fimm reynslusveitarfélög sem starfi frá 1. jan. 1995 til 31. des. 1998. Lögð er áhersla á að sem flest reynslusveitarfélög verði stofnuð í tengslum við sameiningu sveitarfélaga.

Sú hugmynd kom fram í Sviþjóð um áramótin 1982/1983 að setja á fót tilrauna- og þróunarverkefni þar sem sjálfstæði sveitarfélaga til ákvarðanatöku væri aukið og þeim gert kleift að aðlaga fyrirkomulag þjónustu við íbúana að almennum þörfum. Verkefnið hófst árið 1984 og hugmyndin breiddist síðan út um hin Norðurlöndin á næstu árum. Svipuð verkefni hófust í Danmörku 1985, Noregi 1987 og Finnlandi 1989. Fyrirkomulag þessarar þróunarstarfs hefur verið með mismunandi hætti eftir löndum. Í öllum löndunum hafa verið valin út nokkur sveitarfélög til að verða reynslusveitarfélag, þ.e. sett hafa verið lög sem heimila að einstökum sveitarfélögum sé veitt tímabundin undanþága frá landslögum og reglugerðum í málaflokkum þar sem þau telja að svigrúmi sínu til ákvarðanatöku sé sniðinn of þröngur stakkur, t.d. í skipulagslögum og grunnskólalögum, svo dæmi sé nefnt.

Tilraunaverkefni þar sem stofnað er til reynslusveitarfélaga hlýtur að vera framkvæmt á annan hátt á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum vegna þess að fyrirkomulag sveitarstjórnarmála er töluvert öðruvísi. Sveitarfélögin eru mun fámennari og hafa færri verkefni og aðeins er eitt sveitarstjórnarstig. Á þremur Norðurlandanna eru tvö sveitarstjórnarstig, þ.e. sveitarfélög og héraðsstjórnir. Þá hefur stýring ríkisvaldsins á málefnum sveitarfélaga í gegnum nákvæm laga- og reglugerðafyrirmæli verið meiri á hinum Norðurlöndunum. Ríkisvaldið hefur víðast á hinum Norðurlöndunum samræmt fyrirkomulag á umboðsvaldi í héraði. Bein afskipti íslenskra sveitarfélaga af atvinnurekstri eru meiri en á hinum Norðurlöndunum.

Almennt má draga þá niðurstöðu af reynslusveitarfélögum á Norðurlöndum að sú aðferð að gera í nokkur ár stjórnsýslutilraunir sem lið í undirbúningi meiri háttar stjórnsýslubreytinga hafi heppnast vel. Það er afar mikilvægt að slíkar tilraunir séu vel skipulagðar og undirbúnar. Gera þarf ráð fyrir frá upphafi að fylgst sé með hvernig tilraunirnar gangi fram og að hægt sé að bregðast við um leið og eitthvað fer úrskeiðis. Ekki var stofnað til reynslusveitarfélaga á Norðurlöndunum í tengslum við sameiningu sveitarfélaga enda 20 til 30 ár síðan átak var gert þar í þeim efnum. Ekki heldur til undirbúnings færslu á framkvæmd verkefna frá ríki til sveitarfélaga eða breytinga á tekjustofnum. Þótt svo markmið og útfærsla verkefnisins verði önnur á Íslandi má draga þá almennu ályktun að vel undirbúnar stjórnsýslutilraunir, sem síðan sé fylgt eftir af hlutlausu aðilum, séu mjög mikilvægar sem undanfari meiri háttar stjórnsýslubreytinga.

Í lokaskýrslu sinni skilgreinir sveitarfélaganefndin hugmyndina um reynslusveitarfélög hér á landi þannig að á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum fái sveitarfélögin heimild í tiltekinn tíma og í tilraunaskyni til að taka að sér framkvæmd nýrra verkefna, að vera undanþegin tilteknum ákvæðum laga og reglugerða sem kveða á um skyldur sveitarstjórna og takmarka ákvörðunarvald þeirra, að reyna nýtt rekstrar- og fjármögnunarfyrirkomulag í tilteknum málaflokkum og að þróa nýjungar í stjórnsýslu. Til þess að reynslusveitarfélög fái slíkar heimildir þarf samþykki hlutaðeigandi ráðherra og samþykki laga frá Alþingi. Sveitarfélaganefnd leggur til að unnið verði að stofnun reynslusveitarfélaga með eftirfarandi hætti:

1. Lögð verði fyrir Alþingi til samþykktar á vorþingi 1993 þáltill. þess efnis að stofnað verði til allt að fimm reynslusveitarfélaga, en það er sú tillaga sem hér er mælt fyrir.

2. Félmrh. skipi fjögurra manna verkefnisstjórn sem í eigi sæti tveir menn tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir af félmrh. skal annar þeirra vera formaður.

3. Einstök sveitarfélög, eða sveitarfélög sem undirbúa sameiningu, leggi fram umsókn til félmrn. um þátttöku. Lagt er til að ekki verði sett annað skilyrði en að þau sveitarfélög sem taka þátt hafi a.m.k. 1.000 íbúa. Þó verði heimilt að velja eitt sveitarfélaga með færri en 1.000 íbúa. Sveitarfélög sem sækja um verkefni í tengslum við sameiningu hafi forgang, einkum þegar sveitarfélög á stóru svæði sameinast.

4. Verkefnisstjórn fjalli um umsóknir og velji sveitarfélög til þátttöku. Ákvörðun verkefnisstjórnar um val á sveitarfélögum verður að hljóta staðfestingu félmrh. til að öðlast gildi.

5. Hugmyndir um verkefni, undanþáguákvæði o.fl., verði þróuð í samvinnu verkefnisstjórnar, reynslusveitarfélaga og hlutaðeigandi ráðuneyta.

6. Unnið verði að gerð samnings um verkefni, tekjustofna, undanþáguákvæði o.fl. milli reynslusveitarfélaga annars vegar og félmrn. hins vegar, að höfðu samráði við hlutaðeigandi fagráðuneyti. Samningsdrög liggi fyrir eigi síðar en 1. febr. 1994. Í þeim þarf að koma fram hvernig skuli staðið að tilraunaverkefninu í heild sinni, þ.e. hvaða tilteknu verkefni verði færð frá ríki til sveitarfélags, frá hvaða laga- og reglugerðaskyldu sveitarfélagið skal vera undanþegið og hvernig framkvæmdinni skuli nákvæmlega hagað.

7. Lög um reynslusveitarfélag verði lögð fyrir Alþingi til samþykktar á vorþingi 1994.

8. Samningar verði lagðir fyrir sveitarstjórn reynslusveitarfélaga til samþykktar og skulu fara fram tvær umræður um málið í sveitarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Að því loknu verði samningarnir lagðir formlega fyrir félmrh. og aðra ráðherra sem hlut eiga að máli til undirritunar. Gert verði ráð fyrir því að lög um reynslusveitarfélög verði sett á árinu 1994 þegar drög að samningum milli ríkisins og reynslusveitarfélaganna liggja fyrir. Í lögunum komi m.a. fram hvaða verkefni verði flutt frá ríki til reynslusveitarfélaga og undan hvaða lagaskyldum megi víkja með vísan til hlutaðeigandi laga og einstakra lagaákvæða.

9. Verkefnisstjórn fylgist með framvindu tilrauna- og þróunarstarfs hjá reynslusveitarfélögum og vinni að endurskoðun samninga ef með þarf.

Ákveðin verkefni, sem nú eru verkefni ríkis eða samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga, verða flutt yfir til þeirra reynslusveitarfélaga sem um það sækja. Þau verkefni sem um hefur verið rætt og m.a. koma til greina eru: Í fyrsta lagi málefni fatlaðra, sem í dag eru verkefni svæðisstjórnar, þ.e. sambýli, leikfangasöfn, dagvistun, skammtímavistun, verndaðir vinnustaðir og atvinnuleit. Einnig rekstur stofnana fyrir fatlaða ef um það er að ræða. Hugsanlega mætti gera tilraun með rammafjármögnun í þessum málaflokki, þ.e. að fjárveitingar mundu miðast við fjölda fatlaðra, fötlunarstig þeirra og hvaða þjónusta er í boði.

Rekstur heilsugæslustöðva: Hugsanlega mætti gera tilraunir með nýtt rekstrarfyrirkomulag heilsugæslustöðva í samstarfi við heilbrrn.

Öldrunarþjónusta: Í reynslusveitarfélögunum mætti, ef áhugi er fyrir hendi, gera tilraun með að taka upp rammafjármögnun öldrunarþjónustunnar í stað eyrnamerktra framlaga og greiðslna frá sjúkratryggingum í þrjú til fjögur ár til að fá reynslu á þetta fyrirkomulag áður en því yrði komið á fyrir landið allt. Með rammafjármögnun fengju sveitarfélögin fasta fjárveitingu sem byggðist t.d. á fjölda aldraðra í sveitarfélaginu vegnum með aldri þeirra en tækju að sér í staðinn að sjá um alla þætti öldrunarþjónustunnar í sveitarfélaginu.

Gerð verði tilraun með nýja verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í hafnamálum og gjaldskrá hafna í sveitarfélaginu verði gefin frjáls. Gerð verði tilraun með að auka sjálfstæði sveitarfélaga í ýmsum málefnum svo sem félagslegum húsnæðismálum, skipulagsmálum og byggingarmálum á grundvelli umsókna frá þeim. Rekstur á framhaldsskólastigi í sveitarfélaginu kemur til greina ef um það er að ræða og einnig rekstur sjúkrahúsa ef um það er að ræða.

Felldar verði niður ýmsar kvaðir sem lagðar eru á sveitarfélögin í lögum eða reglugerðum á grundvelli umsókna frá þeim ef viðkomandi ráðuneyti fellst á og Alþingi samþykkir.

Önnur þau verkefni sem reynslusveitarfélög óska eftir að taka að sér, undanþágur frá lögum og reglugerðum eða fjármögnun nýrra verkefna sem reynslusveitarfélög taki að sér verði ákveðin í samningum milli ríkis og viðkomandi reynslusveitarfélags. Gera verður ráð fyrir því að ríkið hafi áhuga á að gera tilraunir með nýjar aðferðir í fjármögnun. Einnig er rétt að gera ráð fyrir því að lög og reglugerðir um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga gildi ekki fyrir reynslusveitarfélög heldur verði framlag sjóðsins á tilraunatímabilinu bundið í samningum þeim sem ríkið og viðkomandi reynslusveitarfélag gera.

Loks má nefna að ríkisvaldið fær tækifæri til að gera tilraun með breytta starfshætti í þeim málaflokkum sem reynslusveitarfélögin taka að sér, þ.e. að í stað þess að hafa umsjón með rekstri einbeiti ríkið sér að stefnumótun og eftirliti með framkvæmd stefnu.

Virðulegi forseti. Mikilvægt er að sú reynsla sem fæst af verkefninu verði sem fjölbreytilegust. Því er nauðsynlegt að þau sveitarfélög sem þátt taka séu mismunandi hvað snertir mannfjölda, atvinnulíf, þjónustustig, dreifingu byggðar innan sveitarfélags, landshætti o.fl. Sveitarfélög sem taka þátt skulu hafa a.m.k. 1.000 íbúa. Þó er heimilt, eins og ég greindi frá áður, að eitt sveitarfélag með færri en 1.000 íbúa taki þátt í þessu verkefni. Hins vegar verður sú regla sett að þau sveitarfélög sem sækja um verkefni í tengslum við sameiningu hafi forgang einkum þegar sveitarfélög á stóru svæði, t.d. innan heillar sýslu, sameinast. Lagt er til að ekki verði valin fleiri en fimm sveitarfélög til þátttöku í verkefninu vegna þess hve umfangsmikið það er. Umsóknir um stofnun reynslusveitarfélaga skulu berast frá sveitarstjórnum til félmrn. fyrir 1. sept. 1993. Heimilt er sveitarstjórnum sem vinna að undirbúningi sameiningar sveitarfélaga að sækja sameiginlega um að stofna reynslusveitarfélög að undangenginni sameiningu þeirra.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þáltill. en legg til að að lokinni þessari umræðu verði henni vísað til hv. félmn.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Sú þáltill. sem hér er til umræðu er, eins og það mál sem síðast var til umræðu, afrakstur vinnu sveitarfélaganefndar og sú tillaga hennar sem er helsta nýmælið. Vil ég við fyrri umræðu um þetta mál koma inn á örfá atriði varðandi málið áður en það fer til félmn. til nánari skoðunar.

Tillagan fjallar einungis um það að veita félmrh. heimild til þess að hefja samninga við þau sveitarfélög sem hafa áhuga á að taka þátt í þessari tilraun. Þessi mál voru rædd mjög ítarlega í sveitarfélaganefnd og hvernig staðið skyldi að þessari nýjung, ef svo má segja. Niðurstaðan varð sú að ekki væri fært annað en veita þessa heimild í upphafi í formi þál. og síðan yrði að setja lög í kjölfarið á grundvelli þeirra samninga sem gerðir yrðu.

Á Norðurlöndunum eru lög um tilraunasveitarfélög mjög ítarleg og nákvæm og segja nákvæmlega fyrir um þær undanþágur sem veittar eru og svo þarf einnig að vera hér. Hér er um nýjung að ræða og þetta mál er mjög vandasamt og alls ekki einfalt. Þeir samningar sem fram undan eru eru því, ef tillagan verður samþykkt, afar vandasamir og flóknir, ekki síst ef niðurstaðan verður sú að undanþágur og tilraunaverkefni hjá þessum sveitarfélögum verða mörg.

Tilgangurinn með þessum tillögum er að reyna m.a. sameiningu sveitarfélaga, ný verkefni og nýja verkaskiptingu í þessum tilraunasveitarfélagum. Á Norðurlöndunum er þetta ekki svo. Sameining sveitarfélaga gekk þar um garð fyrir tveim áratugum eða svo. Reynslusveitarfélög eru því ekki starfrækt á Norðurlöndunum til þess að sameina sveitarfélög eða reyna nýja verkaskiptingu heldur aðallega til þess að reyna undanþágur frá ýmsum lögum og reglugerðum sem sveitarfélögin varða. Við þurfum þess vegna að feta okkur áfram í þessu máli miðað við okkar aðstæður hér og þær eru allmikið öðruvísi en hjá Norðurlandaþjóðunum.

Um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga eða verkefnatilflutning eru ekki gerðar sérstakar tillögur í lokaskýrslu sveitarfélaganefndar umfram það að vísa vinnu um málefni grunnskólans áfram í vinnu fagráðuneyta, kennarasamtaka og sveitarstjórnarsamtaka, eins og áður hefur komið fram. Önnur verkefnatilfærsla bíður þess ef samningar takast um reynslusveitarfélög. Það er þess vegna mjög áríðandi að vel verði vandað til þeirrar samningagerðar sem fram undan er um þessi efni og þeir samningar verði mjög nákvæmir. — Ég vil spyrja virðulegan forseta hvað þetta rauða ljós tákni. Að tíminn sé búinn eða hvað? (**Forseti:** Það er hárrétt hjá hv. þm. Forseti þakkar ábendinguna. Tíminn er búinn.)

Það eru aðeins örfá orð í viðbót ef virðulegur forseti leyfir. Það er nauðsynlegt að þessi reynslusveitarfélög verði raunveruleg reynslusveitarfélög og starfi á sama grundvelli og önnur og að sveitarfélögum verði ekki mismunað. Þessi verkefni séu reynd á sömu forsendum og eru hjá öðrum sveitarfélögum. Það er nauðsynlegt að nákvæmar reglur verði um það hvernig hægt er að ljúka þessari tilraun ef niðurstaðan verður hjá sveitarfélögunum að fara hvert í sína áttina þegar tilrauninni lýkur. Það er nauðsynlegt að meta eignir og skuldir sveitarfélaga inn í þetta samstarf og hafa nákvæm fyrirmæli um hvernig þessu samstarfi á að ljúka því að tilraun er tilraun og henni lýkur þá annaðhvort með því að þessi sveitarfélög halda áfram eða leiðir skilja.

Ég get sparað mér að fara í gegnum þáltill. Ég tel að það eigi að skoða í félmn. hvort sveitarfélögin eigi að vera fimm eða hvort það sé heppilegt. Það er nauðsynlegt að fá einhverja fjölbreytni en ég held að þessi sveitarfélög eigi ekki að vera mörg og það sé alger hámarkstala sem þarna kemur fram. Að öðru leyti fylgi ég þessari tillögu undir sömu formerkjum og því frv. sem var lagt fram og mælt fyrir fyrr í dag.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill taka fram að það var ekki alveg rétt sem forseti sagði. Hv. ræðumaður var ekki alveg búinn með tíma sinn þannig að hann fór ekki fram yfir hann.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessi þáltill. er að sjálfsögðu framhald af því ef frv. um ákvæði til bráðabirgða vegna sameiningar sveitarfélaga verður samþykkt. Þá er fyrirhugað að stofna reynslusveitarfélög. Mér skilst að það sé í tengslum við það frv. þó að það sé sérmál.

Það sem kemur fram í þessari stuttu tillögu er að til þess að undirbúa þetta verði, eins og segir hér, skipuð fjögurra manna verkefnisstjórn. Ég mundi vilja spyrja hvort það sé heilög tala hjá hæstv. félmrh. að þetta sé fjögurra manna verkefnisstjórn eða hvort það byggir á sérstökum tillögum sveitarfélaganefndar. Ég hef ekki séð það í skýrslunni en kannski hefur mér sést yfir það.

Hér er lagt til að reynslusveitarfélögin starfi í fjög-

ur ár frá 1. jan. 1995 til loka desember 1998. Óneitanlega er hér verið að taka mið af því að Norðurlöndin hafa gert tilraunir með ýmiss konar tilraunasveitarfélög þó að það hafi kannski ekki verið beinlínis til þess að sameina þau heldur til þess að flytja verkefni frá ríkinu til sveitarfélaganna. Það er einnig markmiðið hér með sameiningu sveitarfélaga, ef af henni verður, að þau geti tekið við verkefnum frá ríkinu og verkaskiptingin verði hreinni. Þau fái til sín meira vald og meira fjármagn.

Ég tók eftir því í skýrslu sveitarfélaganefndar um tilraunasveitarfélögin að á bls. 17 segir að það sé æskilegt að sveitarfélögin hafi 800 til 1.000 íbúa og það er tiltekið hvaða þjónustu þau gætu hugsanlega staðið að við íbúana. Í skýrslunni segir að það sé æskilegt að sveitarfélög af þessari stærð geti sjálf staðið undir kostnaði við m.a. sorpeyðingu og byggingu hafna. Mér finnst svolítið einkennilegt að sveitarfélögin eigi allt í einu, þó það séu kannski 800 eða 1.000 manna sveitarfélög, að geta staðið að byggingu hafna. Ég mundi vilja fá nánari skýringu á því hvernig það á að vera. Jafnvel þó að við höfum séð á þinginu frv. til laga um breytingu á hafnalögum, þá er það ekki komið í gegnum þingið og ég minnist þess ekki heldur að hafa séð í því frv. að sveitarfélögin ættu sjálf að standa undir byggingu hafna þó kveðið sé á um einhverjar breytingar á kostnaðarskiptingunni. En það stendur alla vega hér að þetta sé æskilegt. Ég mundi gjarnan vilja fá skýringar á því.

Á Norðurlöndunum var, eins og ég sagði, þetta fyrst tekið upp 1984, bæði í Svíþjóð, Danmörku, Noregi og Finnlandi og hefur verið framlengt, t.d. í Finnlandi. Það var tekið þar upp 1988 og átti að standa í fjögur ár en var síðan framlengt til 1996. Staðan er þannig núna að helmingur íbúa Finnlands býr í reynslusveitarfélögum.

Ég hef reyndar ekki hugsað mér frekar en kannski margir aðrir hér að eyða miklum tíma í að ræða þessa tillögu. Þetta er framhald af undirbúningi þessara mála og framhald af vinnu nefndarinnar sem flestir, sem hér hafa talað um þessi mál, eru sammála um að hafi unnið vel að þessum málum. Þessar tillögur eru komnar fram í beinu framhaldi af starfi nefndarinnar. Ég tel ekki fráleitt að efna til þessara reynslusveitarfélaga en mundi leggja áherslu á það líka að valið yrði sem víðast af landinu. Ég bendi á í því sambandi að á Vestfjörðum hefur talsvert mikið verið gert af því, eins og kom fram í máli hv. 2. þm. Vestf., að sameina sveitarfélög þó betur megi kannski gera. M.a býr sú sem hér stendur í sveitarfélagi sem var sameinað öðru fyrir 22 árum síðan þannig að við höfum talsverða reynslu af því í sveitarfélögum af ýmsum gerðum hvernig sameining reynist.

Þar hefur m.a. gerst, eins og ég nefndi reyndar fyrr í dag, að heil sýsla hefur sameinast í einn hrepp, Reykhólahrepp, og væri ekki fráleitt að sá hreppur fengi það hlutverk að gerast tilraunasveitarfélag ef hann æskir þess. Hann er undir mörkum um 1.000 íbúa en undanþáguákvæði er til slíks í athugasemdum með þáltill. Reyndar er í skýrslu sveitarfélaganefndar rætt um að skilyrði fyrir þátttöku um tilraunasveitarfélög séu að verkefni séu í tengslum við sameiningu og þau sveitarfélög sem sameinist hafi forgang og einkum þegar sveitarfélög á stóru svæði, t.d. innan heillar sýslu, sameinast eins og gerst hefur í því tilfelli sem ég var að nefna. Það væri því ekki úr vegi að hreppurinn fengi að spreyta sig á því, ef vilji er fyrir hendi, sem ég veit raunar ekki um og hef ekkert umboð til að óska eftir fyrir þeirra hönd, en ef áhugi er á því því teldi ég það ekki fráleitt. Raunar hefur sú nefnd sem vann að skýrslu um sameiningu sveitarfélaga á Vestfjörðum lagt til að ef valið verði sveitarfélag á Vestfjörðum fái Reykhólahreppur það hlutverk að vera tilraunasveitarfélag þar.

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari till. til þál. og tek undir hana í flestum atriðum. En það er rétt að byrja á því að taka undir með hv. 6. þm. Vestf. hvað snertir ákvæði á bls. 2 um að sveitarfélög sem sækja um þetta verkefni í tengslum við sameiningu hafi forgang. Ég vil beina því til hv. félmn. þegar hún fær þáltill. til úrvinnslu að þetta ákvæði verði fellt niður. Fyrir því eru að mínu mati þau rök að, eins og kom hér fram áðan, þá er sveitarfélag á Vestfjörðum, Reykhólahreppur þar sem heil sýsla, fimm sveitarfélög, sameinuðust og í Eyjafjarðarsveit, eins og reyndar kom fram hér fyrr í kvöld, hefur sameining einnig átt sér stað. Þegar þessi tilraunasveitarfélög verða stofnuð hafa þau flest við ærinn vanda að glíma að takast á við nýtt hlutverk. Þau eru ekki búin að finna sig í því, þau eru ekki búin að venjast því umhverfi sem við þeim blasir og þess vegna tel ég fráleitt að ætla þeim forgang umfram önnur sveitarfélög, einkum með hliðsjón af því að þessi tvö sveitarfélög sem ég nefndi uppfylla önnur skilyrði. A.m.k. er annað þeirra með yfir 1.000 íbúa og hitt líklega undir, en þau hafa aflað sér verulegrar reynslu á þeim tíma sem liðinn er frá sameiningu og má ætla að sú reynsla sé mjög æskileg í einu af þessum mörgu tilraunasveitarfélögum.

Mér finnst rangt að útiloka með þessum athugasemdum og þessari klausu að eitthvað þeirra félaga sem ekki vill sameinast og telur sig geta staðið á eigin fótum án þess geti orðið eitt af þessum reynslusveitarfélögum til þess að sanna einmitt að það þurfi ekki á sameiningu að halda. Við megum ekki ganga svo blint í þetta að við teljum sameiningu án tillits til aðstæðna nauðsynlega, sjálfsagða og hana beri að knýja í gegn.

Það er gert ráð fyrir að þetta taki gildi í ársbyrjun 1995. Í upphaflegri skýrslu var talað um að þetta yrði gert strax á árinu 1994. Ég held að það sé betra að draga þetta aðeins því að eins og ég gat um áðan, þá verður ærinn starfi að koma stjórnsýslu hins nýja sameinaða félags, ef um það er að ræða, í samt lag og venjast nýju umhverfi. Ég sé í sjálfu sér ekkert á móti því þó að þetta verði dregið fram yfir kosningar. Það verða kosningar 1994 og 1998 þannig að tilraunasveitarfélagið verður aðeins fram yfir það. Það skiptir ekki

höfuðmáli þó að önnur sveitarstjórn skili því af sér en sú sem tók við því.

Í a-lið sem er reyndar í „Tillögum að auknu hlutverki sveitarfélaga" segir, með leyfi forseta: „Reynslusveitarfélögin taki í tilraunaskyni við frekari verkefnum svo að reynsla fáist á það hvaða verkefni sé skynsamlegt að flytja til sveitarfélaganna 1990 til viðbótar við þau sem verða flutt 1. jan. 1995." Þá kem ég aftur að því sem ég ræddi nokkuð fyrr í kvöld um frv. það sem lá þar fyrir. Af hverju liggur svona óskaplega á í þessum sameiningarmálum? Hér er um geysilega þýðingarmikla breytingu ræða og breytingu sem verið er að gera til langs tíma. Ég get ekki séð að þrjú, fjögur eða fimm ár séu langur tími í opinberri stjórnsýslu. Við erum hægt og sígandi að breyta kerfi sem hefur verið við lýði um hundruð ára og af hverju þarf endilega að ljúka því umsvifalaust, hvað sem tautar og raular? Í rauninni tel ég að einmitt það að stofna tilraunasveitarfélög sé gott skref núna til þess að láta þau fá þau verkefni sem á að afhenda sveitarfélögum þegar á næsta ári, að mínu mati mörg þeirra án tilskilins eða nægilegs undirbúnings. Ég held að skynsamlegri leið væri einmitt að fá tilraunasveitarfélögunum þessi verkefni, láta þau tilraunakeyra þau, fá reynsluna af þeim og nýta sér hana síðan þegar fært yrði á milli árið 1999 og fara sér mun hægar í þessu en farið hefur verið að undanförnu.

Ég get ekki séð að nokkur nauðsyn sé á að ljúka þessu máli fyrir kjörtímabil þessarar ríkisstjórnar. Yfirleitt nýtur þetta mál, sameining sveitarfélaga, það víðtæks stuðnings þingmanna sem þjóðar allrar að það er ekki nokkur hætta á að þetta mundi leggjast upp fyrir eða ekki njóta þeirrar umfjöllunar og áframhalds sem með þyrfti. Gott dæmi um þetta er einmitt grunnskólinn. Það er búið að lýsa því yfir alloft að hann verði færður til sveitarfélaga 1. ágúst 1994, eftir rúmt ár. Það er alveg gífurlega mikil vinna óunnin áður en það verður gert og þetta er mönnum ljóst. Í vitund flestra þeirra sem hafa komið nálægt skólamálum má ætla að verði af þessu, að skólinn verði færður til sveitarfélaganna 1994. (**Gripið fram í:** 1995.) 1994 sagði ég áðan, hv. þm., og nú er væntanlega verið að tala um álit nefndarinnar. En það sem ég er að vitna í er það sem kom fram í þingræðu í dag og reyndar það sem mér er sagt að hæstv. menntmrh. hafi tilkynnt á fundi með sveitarstjórnum á Suðurlandi nú fyrir skömmu, líklega hálfum mánuði eða þremur vikum, að 1. ágúst 1994 mundi hann leggja til að grunnskólinn færi til sveitarfélaga þannig að það er sá tími sem ég miða við samkvæmt þeim upplýsingum og ég tel það fráleitt að við getum gert það með öllum þeim ráðstöfunum sem með þarf og til þess að sá árangur náist sem þarf. Það á eftir að vinna mikla vinnu í ýmsum undirbúningi, bæði hvað snertir fjármögnun, hvað snertir starfsmannamál og ýmis skipulagsmál.

Mér finnst það liggja í augum uppi að flýtir og æðibunugangur í þessum málum einmitt núna þegar það er upplausn og það er rótleysi bæði á alþjóðavettvangi og innan lands sömuleiðis, slík framganga er til þess fallin að veikja trú almennings á stjórnvöldum og stjórnsýslu í landinu og einmitt núna er síst þörf á að gera það.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég verð að byrja á því að kvarta yfir því að hér er haldið áfram langt fram á kvöld að vinna að málum sem eru út af fyrir sig mjög merkileg og þyrfti að hafa betri tíma til að fjalla um. Hér mun vera innan við helmingur þingmanna í húsinu og fáir í salnum, nokkrir í hliðarherbergjum og ekki veit ég hvar hinir eru, en afskaplega finnst mér vera lítil reisn yfir þessari umræðu að ekki skuli fleiri vera við hana. Ég ætla út af fyrir sig ekki að fara að halda hér langar ræður um undirbúning að stofnun reynslusveitarfélaga en segi það álit mitt að það er að mínu viti alveg eins góð hugmynd að gefa viðkomandi framkvæmdarvaldsaðilum, ráðherrum eða ráðuneytum, með einhverjum hætti leyfi til þess að gera tilraunir með tilflutning verkefna til einstakra sveitarfélaga heldur en að búa til fá tilraunasveitarfélög. Ég hefði talið að það væri ekkert óeðlilegt við það að gefa þann möguleika með einhverjum hætti til t.d. menntmrn. að semja við einhver tiltekin sveitarfélög um að reka grunnskóla að fullu. Ég er sem sagt á þeirri skoðun að það sé ekki endilega nauðsynlegt að sami háttur sé hafður á alls staðar og ég tel að það muni óhjákvæmilega valda verulegum vandamálum ef menn ætla að halda sig við þá ákvörðun eða þá hugmynd um ákvörðun að flytja skólamálin í einu lagi til allra sveitarfélaga í landinu burt séð frá því hvernig fer með þær sameiningar sem menn eru að tala um í dag. Þess vegna tel ég að það þurfi að vera þessir möguleikar báðir að á einhverjum stöðum muni ríkið enn þá annast þessa starfsemi svo framarlega sem ekki tekst að finna farveg til þess að sveitarfélög sameiginlega yfir stærra svæði leysi þá málin í staðinn sem er auðvitað líka hægt að gera. En ég endurtek að ég tel að það sé ekkert síður skynsamleg tilraun að setja einstök verkefni yfir á sveitarfélög heldur en að búa til svona fimm apparöt sem eru kannski gerðar of margar tilraunir í. Og vegna þess að þar verði blandað saman of mörgum hugmyndum fáist ekki kannski nægilega góð heildarniðurstaða og menn dæmi þessar tilraunir þá kannski að hafa mistekist á röngum forsendum.

Það hefði í raun og veru þurft að samþykkja þessa hugmynd um reynslusveitarfélög fyrir löngu síðan ef hún hefði átt að komast í gagnið sem menn hefðu þá hugsað sér að hún gerði því að vitanlega hljóta menn líka að vera að velta fyrir sér t.d. íbúafjölda og verkefnum í samhengi. Nú er þessari umræðu meira og minna blandað saman, annars vegar verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og hins vegar sameiningarhugmyndum. Þarna þarf í raun og veru að vera hægt að skilja betur á milli heldur en gert er og gott hefði verið að menn hefðu í dag haft árangur af einhvers konar tilraunastarfsemi þar sem verkefnum hefði verið komið til sveitarfélaga í tilraunaskyni fyrir nokkrum árum síðan hefðu menn getað velt þeim hlutum fyrir sér í samhengi við þá umræðu sem fer núna fram um sameiningu sveitarfélaga. Ég er út af fyrir sig ekki að

dæma þessa hugmynd sem hér kemur fram óhæfa og tel að hún sé ágæt til skoðunar, en ætla að hafa algeran fyrirvara um stuðning minn við þá niðurstöðu þangað til hæstv. ráðherra leggur fram sínar tillögur á næsta ári og vona þá að menn hafi rætt þessi mál betur. Ég legg þetta inn til umhugsunar og umræðu sem ég var hér að segja áðan, hvort það eigi ekki um leið að gefa færi eða möguleika á því að flytja tiltekin verkefni til sveitarfélaga án þess að þau séu í sjálfu sér tilraunasveitarfélög að öðru leyti og væru þess vegna að taka við eingöngu einu verkefni.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég stend hér upp einungis til að þakka þær umræður sem hafa orðið um þessa tillögu og þær undirtektir sem hún hefur fengið sem ég tel vera jákvæðar og það er reyndar í samræmi við það sem er meðal sveitarstjórnarmanna. Ég tel að það sé mikill áhugi hjá sveitarstjórnarmönnum að taka þátt í þessu verkefni, en stofnun reynslusveitarfélaga er einmitt einn liður í því verkefni að efla sveitarfélögin. Ég tel að hér sé á ferðinni merk tilraun til þróunarstarfs sem mikil samstaða er um meðal sveitarstjórnarmanna ef af verður og þessi tillaga verður samþykkt.

Út af fyrirspurn hv. 6. þm. Vestf. varðandi Reykhólahrepp, hvort hann gæti orðið reynslusveitarfélag, þá er það eins og fram kemur í þessari tillögu fyrst og fremst hlutverk verkefnastjórnarinnar að fjalla um umsóknir og velja sveitarfélög til þátttöku í verkefnum og kynna verkefni meðal sveitarstjórnarmanna. En ég vona, virðulegi forseti, í lokin að þessi þáltill. fái góðan framgang hér á þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Framhald þingfundar.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil spyrja hvað það er sem rekur svo mjög á eftir þeim málum sem hér á að fara að taka fyrir núna þegar klukkan er að verða 11 að kvöldi og ekki mjög margir þingmenn í húsinu, alla vega eru þeir ekki mjög margir hér í þingsal. Hæstv. forseti mun geta gefið upplýsingar um það hversu margir þingmenn eru hér í húsinu. Ég sé ekki að þau mál sem hér liggja fyrir og virðist eiga að halda áfram með samkvæmt dagskrá séu svo áríðandi að það þurfi að ljúka þeim í kvöld. Þetta eru allt mál sem eru til 1. umr. og ef einhver markmið eru með því að taka þau fyrir, þá hlýtur að eiga að efna hér til atkvæðagreiðslu í framhaldi af því, annars mun það vera nokkuð tilgangslaust að koma þeim hér á dagskrá. En ég hef athugasemdir fram að færa við það að hér skuli vera haldið áfram að taka fyrir mál þó að svo áliðið sé kvölds.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að 27 hv. þm. eru hér í húsinu. Jafnframt að hugmyndin var að taka fyrir 9., 10., 11. og 12. dagskrármál. Þannig hljóðar dagskrá kvöldsins.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði reyndar að haga orðum mínum á eitthvað svipaðan máta og hv. 6. þm. Vestf. Ég tel að það sé illa hægt að sætta sig við það að svona sé staðið að málum hér. Þingfundur hefur staðið lengi og nú er klukkan að verða 11 og þá upplýsir forseti að hér eigi eftir að ræða mörg mál. Ég vil þá spyrja einfaldrar spurningar: Hve lengi á þessi fundur að standa? Ég tel að það geti verið nauðsynlegt fyrir ýmsa af þeim þingmönnum sem þó eru hér eftir í þinghúsinu að fá að vita það hve lengi þeir eigi hér að vera.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég vil nú aðeins taka undir með þeim tveimur hv. þm. sem hér hafa talað á undan og spyrja hver sé meiningin. Hæstv. forseti sagði að það væri meiningin að taka fyrir 9., 10., 11. og 12. mál í kvöld. Það lifir nú reyndar ekki mikið eftir kvöldsins, ég held að það hefði verið nær að segja þá í nótt og vil því ítreka spurninguna hvort það sé meiningin að halda áfram fram á nóttina með þessi mál, en a.m.k. sum þeirra hjóta að vera nokkuð viðamikil.

Ég vil líka láta það koma fram að svo er háttað hvað varðar hv. þm. Framsfl. sem sæti eiga í efh.- og viðskn. sem væntanlega fær a.m.k. 9. málið til meðferðar að þeir eru því miður forfallaðir. Annar þeirra er með fjarvistarleyfi í dag og hinn vikinn af þingfundi vegna þess að hann hefur lagt af stað heim í páskaleyfi sem út af fyrir sig má segja að sé kannski athugunarvert, að fara áður en þingfundi lýkur. En það er nú einu sinni svo þegar menn eiga langt að fara að menn reikna kannski ekki með því að þó að fundur hafi átt að vera í dag, að hann standi langt fram á nótt og vil því ítreka spurninguna hvað hæstv. forseti hugsar sér að þessi fundur standi langt fram á nóttina því að það lifir nú ekki mikið eftir kvöldsins til að taka hér fyrir fjögur stór mál.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Eins og forseti hefur áður sagt liggur ekki annað fyrir á þessari stundu en að nú tali hæstv. viðskrh. fyrir 9. dagskrármáli. Ég vil biðja hv. þm. að fallast á að svo verði gert, en á meðan mun forseti kanna hvort hægt sé að koma til móts við óskir hv. þm. um að dagskrá verði að einhverju stytt. Verði því ekki mótmælt tekur hæstv. viðskrh. til máls og ræðir lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. En áður en ég hef tilkynnt að hæstv. ráðherra taki til máls hefur hv. 6. þm. Vestf. óskað að ræða þingsköp.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þau svör sem hér hafa komið, en ég hef mjög miklar athugasemdir við það að hér verði haldið áfram að taka fyrir þessi mál

og vil benda á að það mál sem hér á að fara að taka fyrir núna sem hæstv. viðskrh. ætlar að mæla fyrir tilheyrir efh.- og viðskn. og fulltrúi okkar í efh.- og viðskn. er því miður fjarverandi í kvöld af þeim ástæðum að hún þurfti að vera á fundi annars staðar. Hún hafði setið hér á fundi til kl. 7 og þurfti síðan að sækja annan fund í kvöld og er hér ekki viðstödd, en ég geri ráð fyrir að hún mundi vilja fylgjast með þessu máli þannig að ef hæstv. forseti hefur ákveðið að mælt verði fyrir þessu máli, þá mundi ég mælast til þess að umræðunni yrði síðan frestað en ekki lokið þar sem hér mun vanta mjög marga nefndarmenn úr efh.- og viðskn.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins taka til máls út af orðum hv. þm. Jónu Valgerðar. Nú er það svo að það hefur auðvitað verið siður hér í þinginu, a.m.k. hefð sem er að skapast að menn eru reiðubúnir til þess að vera hér eitt kvöld í viku fram eftir. Það er gert ráð fyrir því. Það fyrirkomulag var kynnt þegar vetraráætlunin var rædd að eitt kvöld í viku yrði tekið til umræðu. Og nú er það svo að við þingmenn erum að fara í páskafrí. Hér eru mörg mikilvæg mál sem þarf að koma til nefndar þannig að ég vil mælast til þess að hér verði haldið áfram til a.m.k. svona eitt til tvö ef þurfa þykir til þess að ljúka þessari dagskrá. (**JVK:** Það eru ekki nógu margir þingmenn í húsinu til þess að senda þau til nefndar.) Ég tel að það sé alveg nauðsynlegt að ljúka þessum málum og bendi á það að einar þrjár nefndir hafa fundi á morgun. Og varðandi það að fulltrúi tiltekins þingflokks sé ekki staddur hér í húsinu, þá er það svo að viðkomandi þingmaður er formaður þingflokks og vissi að það var fyrirhugað að ljúka þessari dagskrá, ljúka þeim málum sem hér væru. Og ég ítreka það aftur að það hefur verið til siðs hér í vetur, ef þurfa þykir, að vera hér fram eftir á þriðjudagskvöldum.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að þessi ræða var hálfundarleg í ljósi þess að hér eru ekki einu sinni nógu margir til þess að koma þessum málum áfram til nefndar. Svo vil ég fá það upplýst hvaða nefndir hafa tekið ákvörðun um það að starfa í páskafríinu. Ég hef a.m.k. ekki orðið var við það í þeim nefndum sem ég hef mætt í að við okkur hafi verið gert samkomulag um það að menn ættu að mæta á nefndafundi í páskafríinu. Það flýtir því auðvitað ekki fyrir neinu að halda svona ræður eins og hv. 17. þm. Reykv. var að gera. Reyndar er hann að efna hérna til ófriðar og ég geri ekki ráð fyrir að menn tali um annað en þingsköp í kvöld sem eftir er.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ef það mætti verða til lausnar þeim ágreiningi sem hér er upp kominn hefur forseti gert könnun á því að a.m.k. þrír hv. formenn þingflokka og varaformaður eru hér í húsinu og forseti vildi nú beiðast þess að fá að gera fimm mínútna hlé til að ræða við þingflokksformennina. Og verði því ekki mótmælt verður nú gert fimm mínútna hlé á þessum fundi. — [Fundarhlé.]

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Stjfrv., 541. mál (fráviksmörk greiðslumarks). — Þskj. 899.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þetta frv. er mjög einfalt í sniðum. Hér er gert ráð fyrir því að landbrh. sé heimilt að semja við Stéttarsamband bænda um önnur fráviksmörk greiðslumarks í sauðfjárafurðum en um getur í 3. mgr. 43. gr. laga nr. 46/1985, fyrir landsvæði þar sem sérstök ástæða þykir til gróðurverndar eða uppgræðsluaðgerða. Enn fremur vegna framleiðenda sem náð hafa 67 ára aldri eða hafa skerta starfsgetu vegna örorku. Þá er í slíkum samningi heimilt að ákveða að efri mörk greiðslumarks séu mishá eftir landsvæðum.

Þetta frv. er flutt með það að markmiði að heimilt verði að veita þeim bændum sem búa á viðkvæmum svæðum möguleika á því að vinna að landgræðslu- og gróðurverndarstörfum og draga í þess stað úr dilkakjötsframleiðslu en halda beingreiðslum, eins og ég sagði hér áðan, og hins vegar að slíkt hið sama sé heimilt þegar um aldrað fólk er að ræða. Þetta mál hefur verið ítarlega rætt á búnaðarþingi og enn fremur hefur það verið tekið upp við forustumenn Stéttarsambands bænda.

Eins og segir í athugasemdum þá hef ég átt viðræður við Stéttarsamband bænda og ritaði formanni þess bréf í febrúarmánuði sl. þar sem m.a. segir:

„Sauðfjárbændur á skilgreindum svæðum, þar sem talin er þörf á sérstökum gróðurverndar- eða landgræðsluaðgerðum, verði leystir undan þeirri kvöð að framleiða a.m.k. 80% upp í greiðslumark sitt til að eiga rétt á fullum beingreiðslum. Þessi tilteknu svæði séu skilgreind svo þröngt að ekki verði um það deilt að þau hafi sérstöðu í þessu tilliti.

Hér er eingöngu verið að tala um valkost til handa bændum, en ekki um það að ræða að þeir verði þvingaðir til fjárfækkunar. Þeir sem á hinn bóginn vildu taka slíku tilboði yrðu jafnframt að undirgangast kvaðir um nokkurt vinnuframlag til gróðurverndar eða uppgræðslu."

Í öðru lagi segir að metið verði hvort ekki sé skynsamlegt að gefa rosknum bændum og öryrkjum rýmri hendur hvað varðar neðri mörk framleiðslu heldur en 80% eins og nú er. Ofangreindar tillögur miða að því að skapa aukið svigrúm til átaka í landgræðslustörfum og veita mönnum með takmarkaða starfsorku möguleika til að draga saman búskap án þess að það hafi tilfinnanlegan tekjumissi í för með sér. Jafnframt skapaðist nokkurt svigrúm til framleiðslu hjá öðrum bændum. Það yrði síðan sérstakt athugunarefni hvort slíkt

svigrúm nýtist sérstaklega á þeim svæðum þar sem sauðfjárrækt er yfirgnæfandi í atvinnulífinu.

Til þess að þetta megi ná fram að ganga er óhjákvæmilegt að fá lagaheimild. Þess vegna er þetta frv. flutt. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og landbn.

Umræðu frestað.

Eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, 1. umr.

Stjfrv., 542. mál (heildarlög). — Þskj. 900.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Vegna gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið var óhjákvæmilegt að heildarendurskoðun færi fram á lögum og reglugerðum sem vörðuðu eftirlit með fóðri, áburði og sáðvörum.

Til þess skipaði ég nefnd sem í eiga sæti Jón Höskuldsson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, formaður, Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir og Gunnar Sigurðsson deildarstjóri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir er byggt á tillögum nefndarinnar. Var það lagt fyrir búnaðarþing nú á þessum vetri, sem mælti fyrir sitt leyti með lögfestingu þess.

Ljóst er að við gildistöku samningsins um EES breytist það viðskiptaumhverfi sem verið hefur fyrir vöruflokka þá sem lög þessi taka til. Einnig hafa verið miklar og örar breytingar á framleiðsluháttum. Með bættum tækjakosti söluaðila og innra eftirliti hefur stöðugleiki vörugæða aukist. Eðli opinbers eftirlits breytist því samhliða yfir í að vera til tryggingar á að þær vinnureglur sem settar eru um notkun hráefna og almenna viðskiptahætti séu haldnar. Erlendis er eftirlitsstarfsemi sem þessi alls staðar beinn hluti framkvæmdarvalds.

Víða erlendis er talið erfitt að stunda nútímabúfjárhald nema með stöðugri lyfjanotkun í fóður. Hér á landi hefur ríkt sú skoðun að lyf skuli aðeins nota í búfjárrækt í sjúkdómstilvikum og þá samkvæmt tilvísun dýralæknis. Ein undantekning hefur verið frá þessu sem er notkun hníslasóttarlyfja í fóðri kjúklinga. Þetta gefur íslenskri búfjárframleiðslu sérstöðu, sem viðurkennd er af hálfu EB. Í samningnum um EES eru í gildi ákvæði um að þessar reglur er varða lyfjanotkun í fóður skuli koma til endurskoðunar árið 1995. Vaxandi skilningur á gildi hreinleika í framleiðslu á landbúnaðarvörum mun gera okkur kleift að tryggja þessum sjónarmiðum brautargengi áfram.

Vegna athugasemda Íslendinga og fleiri þjóða við upphaflega skoðun laga í viðauka II, kafla 14, um áburð hefur EB fallist á sjónarmið sem sett voru fram í þessu tilliti. Þessari sérstöðu mun Ísland halda og mun EB aðlaga sig þessum umhverfissjónarmiðum okkar í viðskiptum með áburð.

Í ljósi þess sem að framan er rakið eru því með frumvarpi þessu lagðar til eftirfarandi meginbreytingar á gildandi lögum:

1. Opinbert eftirlit verði ótvírætt hluti framkvæmdarvaldsins. Framkvæmd gildandi reglna og aðlögun þeirra breytinga sem stöðugt eru í gangi yrði verkefni aðfangaeftirlits sem hluti landbúnaðarráðuneytisins og hefur þannig öðlast hliðstæða stöðu í stjórnkerfinu og sambærilegt eftirlit erlendis.

2. Reglur um vörulýsingar og skilgreiningar á vörum (efna- og lífeðlisfræðilegir þættir) verði færðar til meira samræmis við það sem nú gerist erlendis.

3. Framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt 12. gr. gildandi laga er endurskoðuð í ljósi fenginnar reynslu.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og landbn.

Umræðu frestað.

Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, 1. umr.

Stjfrv., 540. mál. — Þskj. 898.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Frv. þetta um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði sem er á þskj. 898 er flutt í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Það má einnig líta á frv. sem fylgifrv. frv. um viðskiptabanka og sparisjóði sem lagt var fram fyrr á þessu þingi og er nú til umfjöllunar í hv. efh.- og viðskn.

Með lánastofnun er hér átt við félög og stofnanir sem veita lán í eigin nafni og fjármagna starfsemi sína með innlánum eða útgáfu og sölu á skuldabréfum eða öðrum endurgreiðanlegum skuldbindingum til almennings. Það má skipta lánastofnununum í tvo meginflokka. Annars vegar lánastofnanir sem heimild hafa til að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar. Þar er einkum um að ræða viðskiptabanka og sparisjóði. Og svo hins vegar hinn meginflokk lánastofnana, sem eru stofnanir sem ekki fjármagna starfsemi með innlánum frá almenningi heldur útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Helstu dæmi um slíkar stofnanir hér á landi eru fjárfestingarlánasjóðir og aðrir stofnlánasjóðir svo og eignarleigufyrirtæki. Með þátttöku í Evrópsku efnahagssvæði hefur Ísland skuldbundið sig til að lögfesta sams konar reglur um lánastofnanir og gilda innan Evrópubandalagsins. Vegna eðlis innlánsstofnana var ákveðið að við aðlögun núgildandi löggjafar hér á landi að ákvæðum EES-samningsins skyldi fjallað um þær í sérstöku frv. Um allar aðrar lánastofnanir skyldi fjallað í öðru frv. Í frv. um viðskiptabanka og sparisjóði sem hv. efh.- og viðskn. hefur nú til meðferðar, eins og ég nefndi hér fyrr, koma fram ítarlegar reglur um stofnun og starfsemi slíkra lánastofnana. Sömu reglur eiga í rauninni

einnig að gilda um allar aðrar lánastofnanir.

Stofnanir hér á landi sem stunda lánastarfsemi eru fjölmargar. Fjölmörg félög og stofnanir hafa slíka starfsemi að meginverkefni. Í athugasemdum með þessu frv. er birt yfirlit yfir allar þær helstu. Fyrir utan innlánsstofnanirnar er hér um að ræða í fyrsta lagi fjárfestingarlánasjóðina. Þeir hafa allir verið settir á stofn með sérstökum lögum. Í meginatriðum má skipta þeim í tvennt. Annars vegar er um að ræða fjárfestingarlánasjóði sem hið opinbera starfrækir til að sinna sérstökum samfélagslegum verkefnum. Dæmi um sjóði af því tagi eru Byggðastofnun, Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna og Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Hins vegar er um að ræða fjárfestingarlánasjóði sem tengjast ákveðnum atvinnugreinum. Dæmi um þá sjóði eru Ferðamálasjóður, Fiskveiðasjóður Íslands og Iðnlánasjóður. Sjóðir í þessum flokki hafa það hlutverk að stuðla að uppbyggingu og umbótum í hinum ýmsu atvinnugreinum með því að lána fé til fjárfestingar, veita styrki og fjárfesta í eigin fé fyrirtækja. Mörgum þessara sjóða hafa verið tryggðar tekjur með sérstökum álögum á viðkomandi atvinnugrein eða lögbundin framlög á fjárlögum. Á síðari árum hafa hins vegar lögbundnu framlögin í fjárlögunum ýmist verið skert verulega eða algerlega felld niður. Núorðið eru flest lán þessara sjóða á markaðskjörum enda fjármagna þeir starfsemi sína að langmestu leyti með lántökum á almennum markaði ýmist innan lands eða utan.

Í öðru lagi er svo um að ræða aðra lánasjóði en þá sem í daglegu tali eru nefndir fjárfestingarlánasjóðir. Hér er um að ræða ýmsa opinbera sjóði og sjóði í einkaeigu. Þessir sjóðir gegna í reynd svipuðu hlutverki og fjárfestingarlánasjóðirnir, þ.e. þeir veita lán til ýmiss konar fjárfestinga og framkvæmda á afmörkuðu sviði. Sumir þeirra eru stofnaðir með lögum, ég nefni Bjargráðasjóð, Framkvæmdasjóð aldraða, Hafnabótasjóð og Orkusjóð. Aðrir hafa verið stofnaðir af einkaaðilum eins og Fjárfestingalánasjóður stórkaupmanna, Stofnlánasjóður skó- og vefnaðarvörukaupmanna og Stofnlánasjóður raftækjasala.

Í þriðja lagi falla svo undir hugtakið „aðrar lánastofnanir" eignarleigufyrirtækin. Hér er um að ræða nokkur fyrirtæki sem stofnuð hafa verið á grundvelli laga nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi. Auk eignarleigustarfsemi eins og hún er skilgreind í lögunum er þessum fyrirtækjum heimilt að hafa með höndum skylda starfsemi á sviði fjármálaþjónustu.

Hæstv. forseti. Af þessari upptalningu sem ég hef hér stiklað á er ljóst að hér starfa fjölmörg félög og stofnanir sem veita lán. Nokkrar þeirra falla þó utan við skilgreiningar EES-samningsins og frv. um lánastofnanir vegna þess að þeim er ekki heimilt að afla fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum eða öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Dæmi um slíkar stofnanir eru Fiskræktarsjóður, Framkvæmdasjóður aldraða, Framkvæmdasjóður fatlaðra og Stofnfjársjóður fiskiskipa. Aðrir sjóðir af þeim sem ég hef hér rakið falla strangt tekið undir skilgreininguna vegna ákvæða í lögum sem um þá gilda að þeir geti aflað sér fjár með lántökum þótt þeir hafi kosið að afla ekki lánsfjár með útgáfu skuldabréfa til almennings. Dæmi um stofnanir sem hafa slíkar heimildir og eru þar með af þessu tagi eru: Bjargráðasjóður, Hafnabótasjóður, Lánasjóður ísl. námsmanna og Orkusjóður. Þessir sjóðir eru þess eðlis að færa má fyrir því sannfærandi rök að lagaákvæðum um þá sé eðlilegt að breyta þannig að þeir falli ótvírætt utan gildissviðs þessa frv. sé það vilji löggjafans.

Loks skal þess getið að í viðauka IX við EES-samninginn þar sem fjallað er um fjármálaþjónustu eru ákvæði um að byggingarsjóðir ríkisins hér á landi séu undanþegnir ákvæðum samningsins um lánastofnanir.

Með þessu frv. er lagt til að lögfestar verði almennar reglur um starfsemi lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða. Í skilgreiningu frv. á lánastofnunum felst að til lánastofnana þessara teljist öll félög og stofnanir hér á landi sem hafa heimild í lögum eða samþykktum sínum til að veita lán í eigin nafni og afla til þess fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Þetta þýðir með öðrum orðum að félög og stofnanir sem annaðhvort hafa ekki heimild til lántöku eða fjármagna starfsemi sína t.d. með framlögum af fjárlögum og ávöxtun eigin fjár eða hafa einungis heimild til að taka lán hjá öðrum lánastofnunum, falla utan við þessa skilgreiningu og þar með utan við áhrifasvið þessa frv.

Í frv. er lagt til að um stofnun, stjórnun, starfsemi, eigið fé, ársreikning, endurskoðun, slit, samruna, starfsemi erlendra lánastofnana hér á landi og innlendra stofnana erlendis og eftirlit með starfsemi lánastofnana skuli gilda sömu ákvæði og fram koma í frv. til laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Í frv. er valin sú leið að nefna helstu ákvæði á hverju fyrrgreindra sviða í lagagreinunum en vísa að öðru leyti til viðkomandi kafla í frv. um viðskiptabanka og sparisjóði.

Þessi leið var valin með hliðsjón af því að samkvæmt ákvæðum EES-samningsins eiga að gilda sömu reglur um starfsemi allra lánastofnana hvort sem um er að ræða viðskiptabanka og sparisjóði eða aðrar lánastofnanir. Í frv. er lagt til að lánastofnanir af þessu tagi verði í framtíðinni einungis stofnaðar sem hlutafélög. Ákvæði þetta tekur þó eingöngu til lánastofnana sem stofnaðar kynnu að verða eftir gildistöku laganna og hefur því engin áhrif á starfandi lánastofnanir sem lúta að öðru rekstrarformi og geta því haldið áfram að starfa í óbreyttum farvegi.

Það er veittur frestur samkvæmt tillögum frv. til 1. jan. 1995 að breyta lögum um fjölmargar lánastofnanir sem taldar eru upp í bráðabirgðaákvæði I og laga þau að ákvæðum þessa frv. Tímafresturinn er valinn í samræmi við þann aðlögunarfrest sem Íslandi er heimill á þessu sviði samkvæmt EES-samningnum.

Í þessu frv. er lagt til að viðskrh. fari með framkvæmd laganna. Í því felst að hann fer með málefni er lúta almennt að starfsemi þeirra stofnana sem fjallað er um í frv. Það er talið eðlilegt þar sem viðskrh. fer þegar með málefni annarra stofnana á innlendum fjármagns- og lánamarkaði eins og Seðlabanka Íslands,

viðskiptabanka, sparisjóða, verðbréfafyrirtækja, verðbréfasjóða og eignarleiga. Í þessu felst hins vegar alls ekki að viðskrh. taki við málefnum einstakra lánastofnana af öðrum ráðherrum þegar um er að ræða lánasjóði í eigu ríkissjóðs eins og t.d. Fiskveiðasjóðs Íslands eða Landflutningasjóð, heldur fer hann eingöngu með leikreglurnar og bankaeftirlit með þessum stofnunum.

Hæstv. forseti. Með þessu frv. er lagt til að ýmsar almennar reglur um stofnun og starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða gildi einnig um aðrar lánastofnanir hér á landi. Í því felst að sömu kröfur verði gerðar um eigið fé, hæfi stjórnenda, gerð ársreiknings og endurskoðun. Þá verða aðrar lánastofnanir samkvæmt frv. í fyrsta sinn felldar undir bankaeftirlit Seðlabanka Íslands. Í þessu felst bæði samræming á kröfum og starfsheimildum milli stofnana og opinbert eftirlit með starfseminni sem ég tel hvort tveggja afar mikilvægt.

Það er því áríðandi að þetta frv. verði til meðferðar í tengslum við frv. um viðskiptabanka og sparisjóði enda efni þessara frv. nátengt. Hér er fyrst og fremst um tæknilegt frv. að ræða sem ég legg til að verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil spyrja í mikilli alvöru hvort ætlunin sé virkilega að halda áfram umræðu um þetta stóra mál hér og nú. Þannig stendur á að allmargir, reyndar flestir nefndarmenn til að mynda í efh.- og viðskn., eru ekki lengur hér í húsi, forfallaðir og tepptir af ýmsum ástæðum. Sumir komnir til síns heima í páskafrí sem boðað var og út gefið að mundi hefjast á þessum degi, þriðjudegi. Nú lifa ekki nema nokkrar mínútur af þessum sólarhring og þá verður ekki lengur með sanni sagt að páskaleyfi þingmanna hafi hafist á þriðjudegi ef fundur stendur hér fram yfir miðnætti.

Hér er á ferðinni allstórt mál sem ég er nokkuð sannfærður um að við eðlilegar aðstæður mundi kalla á talsverða umræðu og væntanlega ekki bara nefndarmanna sem fá málið til umfjöllunar í hv. efn.- og viðskn. heldur og fleiri sem láta sig varða þessi málefni lánastofnana. Ég vil þess vegna mælast til þess að umræðunni verði frestað og tekið tilliti til þessara aðstæðna hér. Verði ekki orðið við því þá er mér í sjálfu sér ekkert að vanbúnaði að flytja mína ræðu hér og kem henni hér að. Ég mæli nú ekki síður fyrir munn þeirra sem eru fjarstaddir en ég veit að mundu gjarnan vilja taka þátt í umræðum um þetta mál.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti getur fallist á að fresta þessari umræðu.

Umræðu frestað.

Skipulagslög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 455. mál (skipulag miðhálendisins). — Þskj. 791.

Auður Sveinsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á skipulagslögum er varðar skipulag á miðhálendi Íslands.

Á síðasta þingi lagði hæstv. umhvrh. fram frv. til laga um stjórn skipulags- og byggingarmála á miðhálendinu. Það frv. var mjög ítarlegt og tók yfir marga þætti þessa umfangsmikla máls. Það er ekki hægt að segja annað en að skipulags- og byggingarmál miðhálendisins eða landnýting miðhálendisins sé í raun og veru ekkert smámál. Þar þarf að taka á fjöldamörgum atriðum sem reyndar er reynt í frv. sem hér liggur frammi. En því er ekki að neita að það er allmiklu vængstýfðara heldur en það sem lagt var fram á síðasta þingi. Ástæður fyrir því að það frv. náði ekki fram að ganga voru nokkrar. Helstar voru þær að það var ágreiningur um m.a. mörk þess svæðis, mörk sveitarfélaga sem þar áttu hlut að máli, en ekki hvað síst þann þátt sem varðaði stjórnun skipulagsmálanna, hver ætti að fara með þau mál. Til þess að ráða bót á þessu virðist sem hæstv. umhvrh. sé að reyna að bjarga málinu á vissan hátt með þessu frv. sem hér liggur frammi og er rétt að hafa um það nokkur orð því að það er alveg ljóst að þetta er brýnt mál og ég tel að á einhvern hátt verði að ýta þessum málum áleiðis þó ég harmi að frv. sem var lagt fram hér á síðasta þingi hafi ekki náð fram að ganga.

Í greinargerð með þessu frv. er talað um að skipa eigi samvinnunefnd þar sem sæti eiga fulltrúar hinna ýmsu héraðsnefnda ásamt fulltrúa ríkisins eða ráðherra, ráðherra skipar sinn fulltrúa. Eitt af því fyrsta sem þessi samvinnunefnd á að gera er að afmarka miðhálendið með línu sem dregin verður milli heimalanda og afrétta. Það á líka að skilgreina eðli skipulagsins, að hvaða leyti það er frábrugðið héfðbundnu svæðisskipulagi. Og þá held ég að það sé rétt að ítreka að ég tel að það sé ekki hægt að tala um héfðbundið svæðisskipulag einfaldlega vegna þess að það er ekkert eitt svæðisskipulag eins og annað. Það eru engin sveitarfélög eins þannig að það er ekki um að ræða neitt héfðbundið form á svæðisskipulagi. Og reynslan sem liggur fyrir af svæðisskipulagsvinnu er enn á það miklu frumstigi að ég held að við getum ekki á þessu stigi dregið neinar beinar ályktanir af því hvernig það á að vera. Eins er það að ef eitt af fyrstu verkefnum þessarar skipulagsnefndar, eins og ég sagði áðan, á að vera að marka þessa línu sem dregin verður milli heimalanda og afrétta, en það held ég að sé í raun og veru mjög brýnt mál, þá óttast ég að aðalatriðið og það sem kannski liggur hvað mest á í sambandi við þessi skipulagsmál, þ.e. að gefa sér þessar skipulagsforsendur. Vegna þess að þegar unnið er að skipulagi þá þarf að gefa sér forsendur um eftir hverju á að vinna. Þar finnst mér vanta mikið á að vinna ákveðna forvinnu í áætlanagerð. Það vantar stefnumörkun. Og til þess að

taka dæmi um það þá þurfum við að fá að vita hver er stefnan t.d. í ferðamálum. Á að beina ferðamönnum inn á hálendið? Í hvaða magni á að byggja upp þjónustu þar? Eða á að byggja upp þjónustu í hálendisbrúninni? Þetta tel ég ekki vera verkefni samvinnunefndarinnar, sem frv. fjallar um að einhverju leyti, heldur er þetta veganesti sem þessi nefnd á að fá, þetta er í raun og veru stefnumörkun sem á að liggja fyrir áður en hafist er handa.

Nú liggja fyrir ýmsar áætlanir um landnýtingu og ákveðna þróun sem á að vera á þessu svæði og á landinu í heild. Hæstv. umhvrh. hefur lagt fram skýrslu um mótun stefnu í umhverfismálum sem byggð er á sjálfbærri þróun. Hún ætti að tengjast inn í þessa vinnu. Byggðastofnun hefur verið að vinna að stefnumótun um gerð byggðaáætlunar eins og var rætt hérna um fyrr í kvöld og síðan hafa verið birtar tillögur frá Orkustofnun um hvernig á að byggja út orkumannvirki á landinu og hvaða svæði á þá að koma til verndunar.

Þetta eru allt hlutir sem eru þættir í svokölluðu landsskipulagi og mikil upplýsingaöflun hefur átt sér stað þannig að ég held að fyrst þurfi að draga þessa hluti saman áður en hægt er að fara í gang með þessa skipulagsvinnu. Ég sakna þess að í lagafrv. skuli ekki vera gert ráð fyrir að þessi forvinna verði gerð og þessar forsendur gefnar og þessi stefnumörkun þá lögð til grundvallar.

Það er rétt að benda á að það liggur fyrir heilmikil vinna sem var gerð með landnýtingaráætlun sem kom út 1986. Sú áætlun átti að vera stefnumörkun fyrir landsskipulag. Það hefur ekkert verið unnið í því áfram og er það miður því það er geysilega að ég tel þýðingarmikil vinna sem þar liggur fyrir og full ástæða til að byggja áfram á því. Því að þótt eitthvað þurfi að endurskoða þá er enn margt sem er hægt að nýta og væri hægt að leggja til grundvallar í svona skipulagsvinnu.

Ég er ekki viss um að sú nefnd sem um getur í frv. verði í raun starfhæf. Því að eins og segir í frv. á nefndin að fá samþykki eða staðfestingu allra sveitarfélaganna innan hverrar héraðsnefndar og ég leyfi mér að draga í efa að það sé framkvæmanlegt innan þeirra tímamarka sem um getur í þessu frv. Þar held ég að séu ákveðnir hlutir sem ekki eru raunhæfir og held að það þurfi að skoða það aðeins betur. Án þess að ég vilji draga úr mikilvægi þess að þarna þurfi að koma til vinna að leysa þessi mál á hálendinu, þá er hérna um að ræða hálfgert neyðarúrræði til þess að leysa þessi aðkallandi mál sem því miður ætti löngu að vera búið að vinna í. Það er á vissan hátt eins og farið sé að byggja húsið áður en grunnurinn er lagður. Slík gleymska eða vanræksla kann aldrei góðri lukku að stýra — þetta er nú frekar dæmi um ófagleg vinnubrögð.

Áður en farið er í svona skipulagsvinnu hljótum við að þurfa að fá þessa stefnumörkun ekki síst í ferðamálum. Þar eru neyðarúrræði í dag. Við erum með ferðamannastaði sem eru okkur til mikils vansa og þetta horfir í óefni. Hver er í raun og veru stefnan í ferðamálum? Ætlum við að fá hérna inn 200 þús. eða 250–300 þúsund ferðamenn um aldamótin? Hvert á að beina þeim? Á að beina þeim á hálendið eða á að beina þeim frekar í byggð og byggja upp þjónustu í byggðum landsins eða eins og ég sagði áður að hálendisbrúninni til að taka við þessum ferðamannafjölda? Þetta liggur ekki fyrir og á meðan svona hlutir liggja ekki fyrir þá er heldur ekki hægt að vinna að skipulagi.

Það sama er með orkumannvirki og vegi. Og þetta tengist í raun allt hvað öðru. Þannig hefði ég viljað að áður en lengra yrði haldið þá væri ítarlegar fjallað um þessar forsendur sem við þurfum að gefa okkur. Ég hefði séð það sem góðan hlut í frv. að þar væri eitthvað meira um náttúruvernd, hvernig eigi að aðlaga þetta þeirri stefnumörkun sem lögð er fram í umhverfismálum sem er úr skýrslu umhvrh. Mér finnst að það eigi að koma þarna inn í — því voru gerð mjög góð og ítarleg skil í frv. sem ekki náði fram að ganga á síðasta þingi — áður en þessi breyting er tekin fyrir.

Ég held að það sé óframkvæmanleg að ná utan um starfhæfa nefnd sem 40 sveitarfélög eiga þátt í. Hún er allstór þessi nefnd sem lagt er til að verði sett á laggirnar. Hins vegar finnst mér verra að enginn innan þeirrar samvinnunefndar sé t.d. frá Náttúruverndarráði eða frá öðrum aðilum sem koma að þessum málaflokki. Mér finnst að þar þurfi eitthvað að endurskoða og bæta úr.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að hafa þessi orð öllu fleiri því nú fer að renna hér nýr dagur og mér skilst að þá sé komið að páskaleyfi þingmanna þannig að það er engin ástæða til að fara fram yfir þann tíma. En ég legg til að við áframhaldandi umræður um þetta frv. verði það haft til hliðsjónar að menn gefi sér ákveðnar skipulagsforsendur sem mér finnst ekki koma nógu skýrt fram í því sem hér liggur fyrir.

Pétur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Ég hef ekki í hyggju að lengja þennan fund mikið með löngu máli og kem fyrst og fremst upp til að lýsa ánægju minni með það að frv. þetta um stjórn skipulags- og byggingarmála á miðhálendi Íslands, sem lagt var fram á 115. löggjafarþingi skuli vera úr sögu og með þessum hætti lagðar línur í því hvernig farið verði með skipulag á miðhálendi Íslands. Eins og kemur fram í athugasemdum fékk fyrrnefnt frv. kröftug mótmæli af mörgum ástæðum og ég mun ekki fara efnislega í þetta enda missti ég af því að heyra framsögu ráðherrans um þetta mál. En ég fagna því að þetta skuli vera komið í þennan farveg.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hér hafa talað undirtektir við þetta frv. Ég skal að vísu viðurkenna það að ég hefði kosið að sjá hitt frv., sem nefnt hefur verið hér og flutt var í fyrra, ég hefði kosið að sjá það verða að lögum. En það ber að virða og viðurkenna staðreyndir. Við það frv. var bara einfaldlega ekki stuðningur og það þýddi ekkert að berja hausnum við steininn með það mál og þess vegna varð að leita annarra leiða. Ég get alveg fallist á það með

hv. þm. Auði Sveinsdóttur, sem hér talaði áðan, að sitthvað mætti vera ítarlegra í þessu efni varðandi það frv. sem hér liggur fyrir. En það sem skiptir meginmáli er að ég held að þetta sé gert í bærilegri sátt við sveitarfélögin. Og þær ábendingar sem hún kom með í sinni ræðu er ég viss um að umhvn. tekur til athugunar og þá væntanlega einnig sú samvinnunefnd sem vonandi kemst á laggirnar.

Ég held að það skipti mestu að þetta mál komist á nokkurn rekspöl, að um það sé bærileg sátt og þessi vinna geti hafist. Ég tek undir að það þarf að liggja fyrir til hliðsjónar stefnumörkun í ferðamálum og raunar um ýmislegt fleira en mestu máli skiptir að þessi vinna komist af stað og um hana sé sæmilegur friður. Og ég ítreka þakkir mínar til þeirra þingmanna sem hér hafa talað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–8. mál.

Fundi slitið kl. 11.59 síðdegis.

155. FUNDUR

miðvikudaginn 14. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 515. mál, þskj. 872. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Reynslusveitarfélög, stjtill., 516. mál, þskj. 873. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu, stjtill., 437. mál, þskj. 737. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 480. mál, þskj. 828. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Skipulagslög, stjfrv., 455. mál, þskj. 791. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 453. mál, þskj. 785. — 1. umr.
7. Lyfjaverslun ríkisins, stjfrv., 538. mál, þskj. 896. — 1. umr.
8. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 486. mál, þskj. 834. — 1. umr.
9. Fjáraukalög 1992, stjfrv., 539. mál, þskj. 897. — 1. umr.
10. Gjald af tóbaksvörum, stjfrv., 549. mál, þskj. 914. — 1. umr.
11. Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, stjfrv., 550. mál, þskj. 915. — 1. umr.
12. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 337. mál, þskj. 610. — Frh. 1. umr.
13. Afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum, þáltill., 272. mál, þskj. 368. — Fyrri umr.
14. Endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda, þáltill., 360. mál, þskj. 640. — Fyrri umr.
15. Löggjöf um réttindi og skyldur manna sem stunda reikningsskil, þáltill., 405. mál, þskj. 699. — Fyrri umr.
16. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 452. mál, þskj. 779. — 1. umr.
17. Fjárskuldbindingar fyrir ríkissjóð og sveitarfélög, frv., 465. mál, þskj. 803. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Eiður Guðnason umhvrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.

Útbýting þingskjala:

Matvæli, 575. mál, stjfrv., þskj. 965.
Óskir erlendra þjóða um aðstoð við þróun sjávarútvegs, 370. mál., svar utanrrh., þskj. 963.
Tollalög, 26. mál, þskj. 941.
Vörugjald af ökutækjum, 27. mál, þskj. 942.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég býð hv. þm. velkomna til starfa á ný eftir páskahlé og vænti þess að þingmenn komi endurnærðir til starfa fyrir lokasprett þinghaldsins á þessu vori.

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 14. apríl 1993:

„Þar sem Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf., getur ekki enn sótt þingfundi vegna veikinda leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Guðjón A. Kristjánsson skipstjóri, Ísafirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta bréf ritar Björn Bjarnason, varaformaður þingflokks Sjálfstfl.

Guðjón A. Kristjánsson hefur áður setið á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna utandagskrárumræðu sem fyrirhugað er að fari fram í dag klukkan hálffjögur. Hún er að ósk hv. 10. þm. Reykv., um útboð ræstinga í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu. Umræðan fer fram skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaga og má standa í allt að 30 mínútur.

Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 515. mál (sameining sveitarfélaga). — Þskj. 872.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu **já:** AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKJ, FrS, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PBj,

RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, TIO, VE, ÖS.

19 þm. (EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GHall, GÁ, HÁ, JÁ, JBH, JónK, KÁ, ÓRG, StH, SJS, StB, VS, ÞorstP, ÞÞ) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKJ, FrS, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, TIO, VE, ÞÞ, ÖS.

17 þm. (EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GHall, GÁ, HÁ, JÁ, JBH, JónK, KÁ, ÓRG, SJS, StB, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Reynslusveitarfélög, frh. fyrri umr.

Stjtill., 516. mál. — Þskj. 873.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKJ, FrS, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, TIO, VE, ÞÞ, ÖS.

17 þm. (EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GHall, GÁ, HÁ, JÁ, JBH, KSG, KÁ, ÓRG, SJS, StB, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til félmn. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKJ, FrS, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, TIO, VE, ÞÞ, ÖS.

17 þm. (EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GHall, GÁ, HÁ, JÁ, JBH, JHelg, KÁ, ÓRG, SJS, StB, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu, frh. fyrri umr.

Stjtill., 437. mál. — Þskj. 737.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 45:2 atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKJ, FrS, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, TIO, VE, ÞÞ, ÖS.

nei: HG, KHG.

16 þm. (EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GHall, HÁ, JÁ, JBH, KÁ, ÓRG, StG, SJS, StB, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKJ, FrS, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, TIO, VE, ÞÞ, ÖS.

2 þm. (HG, KHG) greiddu ekki atkv.

15 þm. (EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GHall, HÁ, JÁ, JBH, KÁ, ÓRG, SJS, StB, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Heilbrigðisþjónusta, frh. 1. umr.

Stjfrv., 480. mál (Heilsuverndarstöð í Reykjavík o.fl.). — Þskj. 828.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKJ, FrS, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, TIO, VE, ÞÞ, ÖS.

15 þm. (EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GHall, HÁ, JÁ, JBH, KÁ, ÓRG, SJS, StB, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKJ, FrS, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, TIO, VE, ÞÞ.

18 þm. (EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GHall, GunnS, HÁ, JÁ, JBH, KSG, KÁ, ÓRG, SJS, StB, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Skipulagslög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 455. mál (skipulag miðhálendisins). — Þskj. 791.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH,

EKJ, FrS, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PBj, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, TIO, VE, ÞÞ, ÖS.

16 þm. (EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GHall, HÁ, JÁ, JBH, KÁ, ÓRG, RA, SJS, StB, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til umhvn. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKJ, FrS, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PBj, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, TIO, VE, ÞÞ.

17 þm. (EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GHall, HÁ, JÁ, JBH, KÁ, ÓRG, RA, SJS, StB, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Skráning og mat fasteigna, 1. umr.

Stjfrv., 453. mál (þjónustugjöld, stjórn o.fl.). — Þskj. 785.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 94 frá 1976 en það er 453. mál þingsins og er að finna á þskj. 785.

Í fjárlögum fyrir árið 1993 er gert ráð fyrir að Fasteignamat ríkisins verði B-hluta stofnun en Fasteignamatið er nú A-hluta stofnun. Í þessu frv. eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum um skráningu og mat fasteigna í samræmi við þetta. Í frv. er kveðið á um heimildir til handa Fasteignamatinu að innheimta gjald fyrir veitta þjónustu. Slíkar heimildir eru til staðar í lögunum í dag en hér eru þær útfærðar nánar og lagðar frekari grunnur að því að Fasteignamatið geti aflað sér tekna í meira mæli en verið hefur.

Þá er það nýmæli í frv. að lagt er til að sett verði á fót sérstök stjórn Fasteignamats ríkisins sem hafi það hlutverk að hafa eftirlit með störfum stofnunarinnar, móta starf hennar og skipulag. Gert er ráð fyrir því að stjórnin verði skipuð þremur mönnum og þar af einum sem skipaður verður samkvæmt tilnefningu frá Sambandi ísl. sveitarfélaga en sveitarfélög hafa mikla hagsmuni af starfi Fasteignamats ríkisins þar sem fasteignagjöldin, sem er veigamikill tekjustofn sveitarfélaga, eru lögð á á grundvelli fasteignamats. Með þessu verður sveitarfélögunum tryggður aðgangur að stjórn Fasteignamatsins.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessa framsöguræðu lengri en legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram í máli hæstv. fjmrh. að það frv. sem hér er kynnt er einfalt og þarf ekki að hafa um það langa framsögu. Hins vegar hefur umræða um Fasteignamat ríkisins farið fram á vettvangi sveitarstjórna í gegnum tíðina og umfjöllun um hlutverk Fasteignamats ríkisins er eitthvað sem ekki hefur oft átt sér stað í þingsal.

Þetta frv. mun koma til efh.- og viðskn. sem ég á sæti í og ég hefði mjög mikinn áhuga á því að nefndin kynnti sér ýmislegt sem varðar starfsemi Fasteignamatsins og ýmislegt sem mér sýnist að ætti að skoða þegar sett er fram frv. um þetta fyrirtæki sem varðar sveitarstjórnir svo miklu.

Mig langar að bera fram nokkrar spurningar til fjmrh. Þetta frv. fjallar um að taka gjald fyrir þjónustu. Hverjir eiga að greiða það gjald? Eru það fyrst og fremst og eingöngu sveitarstjórnir sem eiga að greiða fyrir þá þjónustu sem sveitarfélög fá hjá Fasteignamati ríkisins? Hver er þessi þjónusta við sveitarfélögin? Er þetta þjónusta sem sveitarfélögin óska eftir?

Þessi starfsemi, sem hér er fjallað um, er grundvöllur að fasteignagjöldum sem er einn af stórum tekjustofnum sveitarfélaganna. Hins vegar ráða sveitarfélögin mjög litlu um það hvernig stofninn eða grundvöllurinn að þessum fasteignagjöldum verður til. Hver er það sem ræður stuðlinum sem aftur veldur því hvort fasteignir eru metnar hátt eða lágt og hvernig virkar stuðullinn?

Nú er það svo, virðulegi forseti, að ég hef ekki hin allra síðustu ár kynnt mér hvernig þessi mál eru og hvort þau hafa breyst. En þegar ég var að skoða stuðlana og virkni Fasteignamatsins á m.a. fasteignir í sveitarfélögum og þar með gjaldtöku og mismun hennar hjá sveitarfélögum, þá var það þannig að gert var mat á húsum. Síðan var gert endurmat, t.d. á nýjum húsum ef þau voru fullgerð. Þá voru tilkynntar allar sölur á fasteignum frá öllum fasteignasölum í sveitarfélaginu. Það var tekið mið af fjölda og þar með eftirspurn eftir eignum í sveitarfélagi. Eftirspurnin var mæld og sett inn í stuðulinn. Stuðullinn hækkaði, fasteignagjöldin hækkuðu, verð hækkaði og áfram fór þetta í hringrás inn í stuðulinn sem hafði þau áhrif að að þar sem eftirspurn eftir húsnæði var mikil, þar sem m.a. var mikil atvinna, hækkaði stuðullinn stöðugt og mat fasteigna. Þar sem einhver samdráttur var eða aðrar þær aðstæður að eftirspurn eftir húsnæði var minni varð verðfall, fasteignagjöld lækkuðu o.s.frv. Það var komið til móts við þennan vanda með því að að landsbyggðinni var heimilað að taka mið af fasteignamati á öðrum stöðum á landinu, þ.e. á þéttbýlissvæðinu, við álagningu fasteignagjalda á stöðum þar sem ástandið var orðið þannig að það var nærri því eignaupptaka hjá fólki vegna þess hve fasteignamat á húsum lækkaði mikið.

Flestöllum sveitarstjórnarmönnum sem ég þekki til og hef átt viðræður við um þessi mál hefur þótt þetta mjög undarlegt. Þeir hafa margir sett fram þessa spurningu: Hvers vegna er verið að meta fasteignir á mörgum stöðum? Hvers vegna þarf fasteignamat sem heil stofnun, Fasteignamat ríkisins, er að vinna við að meta og endurmeta og setja fram stuðla um, að vera að

störfum þegar líka eru starfandi stofnanir sem byggja á tryggingum vegna brunabótamats og þar sem jafnframt er verið að meta vegna brunamatsins og brunabótaáætlunar? Menn hafa spurt sig í öllum þessum samdrætti, öllum þeim áætlunum um að reyna að komast af með fáar stofnanir: Af hverju á ekki að færa mat á fasteignum algerlega inn í brunabótamatið og láta sveitarstjórnirnar sjálfar sjá um framhaldið á því sem þarf að gera varðandi fasteignagjöld, álögur og annað slíkt? Hvers vegna að vera með þessa stóru og miklu stofnun, sem ríkið ætlar nú að losa af sínum fjárlögum væntanlega með því að flytja það yfir á kostnað sveitarfélaganna, ef það er rétt hjá mér, virðulegi forseti, að það séu sveitarstjórnirnar sem greiða þetta gjald til Fasteignamats ríkisins.

Ég hefði óskað þess að fá tækifæri til þess þegar átti að hrófla við þessari stofnun að taka þátt í umræðu um hana. Á hún að eiga framtíð fyrir sér? Á hún rétt á sér? Eiga sveitarfélögin að ráða því hvernig hún er ef hún á að verða við lýði áfram eða á að hafa þetta áfram stofnun á vegum ríkisins sem veldur því sem ég hér hef hreyft?

Mér finnst mjög mikilvægt að skoða þetta mál og ekki sé bara kannað að losa hana af fjárlögum ríkisins yfir í B-hluta þannig að sveitarstjórnirnar fari að halda stofnuninni uppi, heldur að kalla til skoðun sveitarstjórnarmanna á því hvort þeir telja þörf á þessari stofnun. Á hún að vera á þann veg sem hún er í dag? Hver á að breyta henni ef hún á að breytast?

Ég minni á það, virðulegi forseti, að annar nokkuð stór hópur sveitarstjórnarmanna úr öðrum stjórnarflokknum hefur einmitt ályktað um að skoða eigi hvort leggja skuli þessa stofnun niður. Mér fannst nauðsynlegt, miðað við þá skoðun sem ég hef alla tíð haft á þessu máli og verið í hópi þeirra sem hafa talið að Fasteignamat ríkisins sé allt að því óþörf stofnun, þá get ég ekki, virðulegi forseti, þó bara sé verið að fjalla um að flytja þetta til innan fjárlagarammans, annað en komið hér upp og lýst þessari skoðun minni, ekki síst þar sem það kemur í minn hlut að fjalla um þetta mál í nefnd þegar það er komið til nefndar.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka ræðumanni sem tók til máls á undan mér fyrir að hreyfa því sem hún gerði því sumt af því hafði ég einmitt hugsað mér að spyrja um, m.a. hvaða aðilar það eru sem eigi núna að fara að greiða sértekjur. Hitt er alveg rétt að með þessu frv. er verið að uppfylla ákveðin ákvæði sem sett voru inn í fjárlög þessa árs að Fasteignamat ríkisins yrði B-hluta stofnun og í framhaldi af því yrði því sett stjórn en einn forstjóri réði ekki innra skipulagi stofnunarinnar heldur yrði það stjórn, þ.e. þar sem Samband ísl. sveitarfélaga skipar einn en hinir tveir væru skipaðir af ráðherra.

Það er út af fyrir sig gott að þetta sé útvíkkað svolítið þar sem forstjórinn hefur, eins og ég sagði áðan, hingað til getað ákveðið innra skipulagið einhliða og hefur sú ráðstöfun sem forstjórinn hefur þar haft á verið nokkuð umdeild. Minni ég þar á umræður fyrir nokkru í þinginu þar sem getið var um bréf sem forstjórinn hafði skrifað vegna beiðni Fjórðungssambands Vestfirðinga. Ég ætla raunar ekki að gera það að umtalsefni, enda hefur forstjórinn skýrt það nánar og beðið afsökunar á þeim orðum sem hann lét þar falla.

Ég tel tímabært að ræða þetta skipulag, að ræða Fasteignamat ríkisins og hvort sú stofnun á að halda áfram og sú eina breyting sem á henni verði sé sú að henni sé skipuð stjórn og hún hafi sértekjur. Með því er verið að minnka framlag ríkisins til þess að halda uppi þessari stofnun en samt sem áður virðist ekkert eiga að breyta henni. Það verður auðvitað að greiða þessum stjórnarmönnum til viðbótar. Það er ekki talað um neinar breytingar á henni að öðru leyti. Ég spyr ráðherra: Hvernig er fyrirhugað að þessi stjórn starfi? Hver á að setja henni reglur? Mun ráðherra setja henni reglur og hvert verður hlutverk hennar? Á hún að skoða breytt hlutverk Fasteignamatsins? Mér finnst alveg tímabært að skoða í framhaldi af þessu hvort ekki sé hægt að skipta þessu meira upp. Ef Fasteignamatið á aðallega að hafa sínar tekjur frá sveitarfélögunum er líka spurning hvort það eigi ekki alfarið að vera úti um landið hjá þeim sveitarfélögum sem það þjónar mest og þurfi ekki að starfa á höfuðborgarsvæðinu að meiri hluta.

Ég held að það sé tímabært að skoða þetta mjög vel. Þó að þetta sé, eins og hæstv. ráðherra sagði, stutt frv. og kannski ekki mikið efni, þá er nokkuð mikið sem liggur þar á bak við. Ég fagna því að frv. verður skoðað í hv. efh.- og viðskn. og treysti því ekki síst, eins og ég sagði, eftir umfjöllun hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að það verði skoðað mjög vel.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð í þessa umræðu um frv. til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna. Ég vil byrja á því að lýsa stuðningi mínum við vissa þætti þessa frv. Það lætur kannski ekki mikið yfir sér, er ekki mikið að vöxtum og aðeins sjö greinar, en í því eru ákvæði um að skipa Fasteignamati ríkisins stjórn og gera stofnunina að B-hluta stofnun. Þetta held ég að sé til bóta og tel að það mætti vera svo með fleiri stofnanir sem heyra að öðru leyti undir ríkið svo lengi sem hæstv. ríkisstjórn hefur ekki tekist að koma einkavæðingaráformum sínum svo fram að allar opinberar stofnanir séu annaðhvort hlutafélög eða hreinlega seldar. Meðan ríkið hefur þó með stofnanir að gera að einhverju leyti tel ég ekki óeðlilegt að fleiri komi að stjórnum þessara stofnana en forstöðumaður einn og viðkomandi ráðherrar og að stofnunum sé sett stjórn. Það tel ég rétt skref sem hér er tekið og auki út af fyrir sig sjálfstæði stofnananna og fleiri sjónarmið koma að við rekstur þeirra, uppbyggingu og skipulag.

Hins vegar er hér annað ákvæði í frv. sem ég hefði viljað spyrja ráðherra aðeins nánar út í og fylgja eftir spurningum sem komið hafa fram hjá þeim hv. þm. sem hafa talað á undan. Það er gjaldtakan fyrir þá þjónustu sem stofnunin veitir. Nú hygg ég að stofnunin þjóni eingöngu sveitarfélögunum og það séu því

sveitarfélögin sem munu greiða þetta gjald sem hér á að innheimta. Er það auðvitað líka hluti af þeirri stefnu hæstv. ríkisstjórnar að láta opinberar stofnanir starfa í síauknum mæli fyrir sértekjur sem þeim er ætlað að innheimta fyrir þjónustu sína. Þá er spurningin: Hver greiðir þessa þjónustu og hvernig er sú ákvörðun tekin að ríkið skuli ekki lengur veita þessa þjónustu viðkomandi aðilum heldur að þeir sem njóta þjónustunnar skuli greiða fyrir?

Hér eru það sveitarfélögin. Við vitum að áður hefur hæstv. ríkisstjórn velt ýmsum kostnaðarþáttum yfir á sveitarfélögin og oftar en ekki án samráðs við þau. Við munum eftir átökunum sem urðu um lögregluskattinn svokallaða sem var þó enginn lögregluskattur. Það var aðeins nefskattur á sveitarfélögin, greiðslur sveitarfélaga í ríkissjóð og kom lögreglu í sjálfu sér ekki neitt við þó að einhverra hluta vegna væri þessum skatti gefið þetta undarlega nafn. Það var gert án nokkurs samráðs við sveitarfélög. Þrátt fyrir yfirlýsingar um að vinna ekki þannig og ríkisstjórnin hafi lofað sveitarfélögunum að ekki yrðu gerðar breytingar á verkaskiptingu eða kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga öðruvísi en að undangengnum viðræðum við þau og í samráði eða samkomulagi við þau, þá hefur það ítrekað gerst að svo hafi verið unnið af hæstv. ríkisstjórn. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. hvernig því hafi verið varið varðandi það gjald sem hér á að fara að innheimta fyrir þjónustuna sem Fasteignamatið veitir og þá trúlega fyrst og fremst sveitarfélögunum. Hvernig hefur verið háttað því samráði sem þar ætti að hafa farið fram samkvæmt samkomulagi ríkisins við sveitarfélögin?

Hér segir reyndar í athugasemdum við við einstakar greinar frv. um 4.–6. gr. að í þeim greinum séu ákvæði um gjaldtökuheimildir sem ekki þarfnist frekari skýringa. Það er stutt og laggott að segja það í einum litlum málslið: Þarfnast ekki skýringar. En mig hefði langað til þess samt að hæstv. ráðherra gæfi okkur sem höfum áhuga að fylgjast með þessum málum aðeins nánari upplýsingar um hvernig að þessu er staðið.

Í öðru lagi langar mig að spyrja hann hvaða hugmyndir séu uppi með þá gjaldskrá sem samin verður í framhaldi af setningu þessara laga ef frv. fær samþykki. Í 5. gr. frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Gjald skv. 1. mgr. skal taka mið af því umfangi upplýsinga sem keyptar eru og þeim tekjum sem notendur hafa af þeim.“

Hér getur verið um verulegar upphæðir að ræða en fer þó auðvitað eftir því hversu hátt hlutfall verður ef hér verður um að ræða prósentuhlutfall eða eitthvert slíkt hlutfall af verðmætum viðkomandi eigna. Hins vegar finnst mér að það hefði ekki verið óeðlilegt að ákveðin verk hefðu kostað ákveðna upphæð. Þá er spurning um að mat á eign kostar ákveðið og hefur í för með sér ákveðinn kostnað og kannski eðlilegra að gjaldskrá taki mið af því fremur en hún taki mið af verðmætum eignanna. Ég hefði viljað að ráðherra upplýsti okkur aðeins nánar um hvaða hugmyndir eru varðandi gjaldtökuna og uppbyggingu gjaldskrárinnar.

Að lokum langar mig svo til þess að leggja eitt inn í umræðuna og þá hugsanlega til skoðunar eða umræðu í þeirri nefnd sem fær málið til umfjöllunar. Hv. 11. þm. Reykn. talaði um það áðan að eðlilegt væri að nefndin færi allnokkuð ofan í starfsemi þessarar stofnunar og velti fyrir sér hlutverki hennar, uppbyggingu og tilgangi. Við vitum að tryggingafélögin framkvæma sérstakt brunabótamat og hefði verið forvitnilegt að kanna hvort hægt væri að eiga ákveðið samstarf við tryggingafélögin um rekstur Fasteignamatsins og hvort ekki mætti með einum eða öðrum hætti samræma matið og sameina þá vinnu sem fer fram við að meta fasteignir í landinu, annars vegar til fasteignamats og hins vegar til brunabótamats fyrir tryggingafélögin. Án þess að sú hugmynd sé að nokkru mótuð af minni hálfu, þá hefði ég viljað beina henni til nefndarinnar til umræðu eða athugunar.

Rétt í lokin, hæstv. forseti. Við höfum haft af því spurnir að samtök sjálfstæðisfélaga hafi ályktað í þessu efni og fjallað um það hvert ætti að verða hlutverk Fasteignamatsins, jafnvel velt því fyrir sér hvort þessi stofnun sé þörf eða óþörf. Það væri einnig forvitnilegt að heyra álit hæstv. ráðherra á viðhorfum þeirra ályktana þó að mér komi að öðru leyti ekki við innanbúðarvandamál sjálfstæðismanna.

Árni M. Mathiesen:

Frú forseti. Ég tel rétt að það komi fram við þessa umræðu að ég hef miklar efasemdir um nauðsyn, gildi og ágæti þess starfs sem fer fram á vegum Fasteignamats ríkisins. Reyndar tel ég að stundum sé Fasteignamatið tóm vitleysa. Öllum er augljós sá tvíverknaður, jafnvel sá margverknaður, sem í gangi er í þjóðfélaginu þar sem brunabótamat er gert á vegum tryggingafyrirtækja, ýmiss konar möt vegna sölu á eignum eru gerð á vegum fasteignaskrifstofa og síðan þegar ríkið eða opinberir aðilar ætla sér að taka eignir eignarnámi er gert sérstakt mat vegna þess sem oft og tíðum er algerlega í ósamræmi við það sem fasteignamatið er.

Ég tel hins vegar nauðsynlegt að breyta Fasteignamatinu en þá þarf að breyta því í þá átt að færa starfsemina frá ríkinu, frá hinu opinbera og til einkaaðila en ekki að auka umsvif Fasteignamatsins eins og tilhneigingin yrði ef þetta frv. yrði að lögum.

Ég vil beina því til hv. nefndar að hún taki þetta frv. til gagngerrar endurskoðunar út frá því sjónarmiði að færa þessa starfsemi frá ríkinu og til einkaaðila. Eins og frv. er í dag treysti ég mér ekki til þess að styðja það.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég fer að undrast hvort það muni rétt vera að hér sé um stjfrv. að ræða. Þeir sem hér hafa helst talað og með gagnrýnisröddu hafa helst verið úr liði stjórnarflokkanna beggja. Það væri forvitnilegt, þó ekki væri nema vegna upplýsingagildisins, að fá það upplýst hvort þetta frv. hafi verið lagt fram með stuðningi flokkanna eða hvort þar hafi verið miklir fyrirvarar á eins og greinilega hefur mátt ráða af ræðum stjórnarþingmanna.

Ég tel eðlilegt að menn staldri aðeins við þegar lagt er til að endurskipuleggja ríkisstofnun og byrji á að spyrja sig gamallar spurningar: Til hvers er stofnunin? Eða eigum við kannski að spyrja að öðru, hvort ekki sé kominn tími til að efna gamalt kjörorð: Báknið burt, sem ég minnist að var hér hátt reitt í þjóðfélaginu og ungir menn í Sjálfstfl. á þeim tíma lögðu mikið upp úr að væri þeirra kjörorð, báknið burt, minnka ríkisbáknið, og þeir þrír þingmenn úr Sambandi ungra sjálfstæðismanna sem einna helst báru þetta kjörorð fyrir brjósti eru allir komnir inn á hið háa Alþingi og eiga hér sæti, þar á meðal flm. frv., hæstv. fjmrh. Það væri fróðlegt að heyra í ráðherranum um það hvernig hann hygðist fylgja eftir hinni gömlu stefnu sem hann boðaði á sínum tíma um báknið burt. Er Fasteignamat ríkisins óumbreytanlegt bákn sem á að vera í ríkiskerfinu hvað svo sem tautar og raular og hvað svo sem gerist í niðurskurði í ríkisútgjöldum á öðrum sviðum sem bitnar eins og menn vita með harkalegum hætti á almenningi? Ég tel a.m.k. þessa spurningu ekki lakari en hverja aðra þegar menn velta því fyrir sér hvort yfir höfuð sé tilgangur eða nauðsyn á einhverri ríkisstofnun í dag sem kann að hafa verið full þörf fyrir á sínum tíma. Hlutirnir breytast og eðlilegt að menn yfirfari grundvöll að starfsemi þeirra stofnana sem til eru þegar svo langt er um liðið eins og raun ber vitni síðan stofnunin var sett á fót. Það hefur þegar verið nefnt að menn eru með ýmsar skráningar í gangi og ég tek undir þær raddir sem hvetja til þess að það verði athugað hvort ekki sé hægt að samræma þau skráningarkerfi og þær stofnanir sem að þessu vinna.

Ég vil nú benda á það að aðalgreiðandinn fyrir þjónustu Fasteignamats ríkisins eru sveitarfélögin. Þau borga um helming af öllum kostnaði við rekstur Fasteignamats ríkisins sem nemur samkvæmt fjárlögum um 124 millj. kr. á þessu ári og það er að mínu viti eðlilegt að spyrja: Er ekki jafnvel hægt að flytja þessa stofnun yfir til sveitarfélaganna? Á þeim tímum sem allt á að fara yfir til sveitarfélaga væri ekki óeðlilegt að spyrja að því hvort þetta væri ekki stofnun sem ætti vel heima þar sem stærsti kúnninn hjá stofnuninni eru sveitarfélögin. Ég veit að hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin munu taka þessari ábendingu fagnandi.

Þá vildi ég aðeins drepa á fáein atriði í frv. sjálfu. Fyrsta atriðið sem ég hnýt um er það að gert er ráð fyrir að setja stjórn yfir batteríið, en það eru engin ákvæði um það hversu lengi sú stjórn eða þeir stjórnarmenn eiga að sitja sem á að skipa. Getur það verið ætlun fjmrh. að þarna sé skipað í eitt skipti fyrir öll í stjórnina og menn sitji síðan út þessa öld og svo lengi fram á næstu sem menn lifa? (**PJ:** Þess vegna.) Þess vegna, segir hv. 2. þm. Norðurl. v. Ég er ekki viss um að það sé endilega það sem ráðherrann hefur haft í huga þegar sest var niður við að semja frv. að hér yrði um æviráðingu eða æviskipun að ræða. Ég vil þó segja að ef það er niðurstaða manna að athuguðu máli að rétt sé að þessi stofnun verði áfram til, þá tel ég það til bóta að sett verði stjórn fyrir þessa stofnun og styð það að gefinni þeirri forsendu.

En ég hnýt líka aðeins um verksvið stjórnarinnar. Miðað við frv. og gildandi lög er gert ráð fyrir því að ráðherra skipi forstjóra áfram eins og verið hefur, ráðherra ráði fast starfsfólk að fenginni umsögn forstjóra og á því verði engin breyting og ráðherra ákveður gjaldskrá að fenginni tillögu stjórnar svo að maður spyr sig: Hvað á stjórnin að gera? Og miðað við frv. sem hér liggur fyrir, þá er það fyrst og fremst að móta starf og innra skipulag. Er það nægjanlegt verksvið til þess að réttlæta það að setja upp stjórn? Að mínu mati er það ekki. Það þarf að ætla stjórninni meira verksvið en frv. gerir ráð fyrir og ef á annað borð er verið að setja upp stjórn yfir stofnun, þá er það að mínu viti sú stjórn og yfirmaður þeirrar stofnunar sem eiga að fara með mannaforráð í stofnuninni en ekki ráðherrann. Ég tel að stjórnin ætti að hafa meira að segja um ákvörðun gjaldskrár en gert er ráð fyrir í frv. og draga úr ákvörðunarvaldi ráðherrans.

Þá hnýt ég líka um 5. gr. frv. Í fyrstu setningunni er kveðið á um að gjaldið sem taka eigi skuli taka mið af umfangi upplýsinga sem keyptar eru og þeim tekjum sem notendur hafa af þeim upplýsingum. Hér er um að ræða býsna óljóst orðalag um það hvernig eigi að ákvarða gjaldskrá og ég tel að það þurfi að festa þetta frekar. Þetta er of rúm heimild að mínu viti frá löggjafarvaldi yfir til framkvæmdarvalds um ákvörðun á gjöldum.

Þá geri ég líka athugasemd við b-lið 6. gr. frv. en þar er gert ráð fyrir að sú breyting verði frá því sem er í gildandi lögum að heimilt verði að innheimta gjald hjá matsbeiðanda fyrir vinnu við slíka endurskoðun sem menn biðja um eða eru ósáttir við matið eða telja það gallað, þá er heimilt að rukka þá fyrir kostnaðinn sem af því hlýst. Í núgildandi lögum er þetta þrengra ákvæði í 21. gr., en það er einungis heimild til þess að krefjast þess að sá sem biður um endurmat beri kostnaðinn ef krafan er bersýnilega tilefnislaus. Ég tel ekki rétt að víkka þessa heimild frá gildandi lögum eins og lagt er til. Ég tel að ef einhver biður um endurmat og hefur rök fyrir sinni beiðni sem síðan leiðir til breytts endurmats, þá eigi ekki að innheimta endurgjald hjá honum því að hann hafði rétt fyrir sér í sinni ósk. Ég tel að við verðum að hafa þessa heimild þrengri en frv. gerir ráð fyrir, bæði í 6. gr. b-liðar og reyndar einnig í 4. gr. frv.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, spyrja hæstv. ráðherra einnar spurningar og hún er þessi: Hvar á þessi stofnun að vera? Það er hvergi getið um það í lögunum hvert heimili og varnarþing stofnunarinnar er svo ég hafi rekist á í fljótheitum og það er því á valdi ráðherra að ákvarða hvar stofnunin er sett niður. Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um það hjá hæstv. ráðherra hvort til standi að flytja stofnunina, hvort það sé partur af byggðastefnu núv. ríkisstjórnar að leggja til að þessi stofnun verði flutt úr núverandi sveitarfélagi sem hún er í í eitthvert annað eða hvort hún eigi að vera áfram hér á höfuðborgarsvæðinu.

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það skýrt fram vegna

fyrirspurnar hv. 5. þm. Vestf., Kristins H. Gunnarssonar, að þetta frv. var samþykkt í þingflokki Alþfl. sem fram lagt sem stjfrv. og að sjálfsögðu felst í því sá réttur sem er áskilinn til handa þingmönnum að skoða einstök atriði mála í nefnd. Ég gerði minn fyrirvara í þingflokknum eins og oft gerist þegar slík mál eru til umfjöllunar að einhver þingmaður hafi fyrirvara. Minn fyrirvari var um mikil grundvallaratriði í þessu máli, ekki við eina sérstaka grein eða tvær, heldur um grundvallaratriðin um þessa stofnun sem slíka, við Fasteignamat ríkisins. Ég hef verið sveitarstjórnarmaður í rúman áratug með mjög ákveðna skoðun á því hvernig þessi stofnun er, hvernig Fasteignamatið virkar og hefur virkað. Ég hef verið mjög gagnrýnin á það og talið aðrar leiðir jafnfærar og jafnvel betri og trúlega ódýrari. Ég gæti haldið hér langa ræðu um hvernig ég sé fyrir mér hvernig Fasteignamatið hefur virkað varðandi mat á landi, sums staðar ekkert metið, sums staðar hátt metið. Þegar það er hátt metið skal greiða það samkvæmt fasteignamati t.d. þegar sveitarfélag innleysir, en þegar það er lágt metið kemur eitthvað annað til. Ég er í þeirri nefnd sem fær frv. til umfjöllunar og mér fannst það sanngjarnt að ég léti það koma fram hér hver mín viðhorf eru einmitt sökum þess að það snýr að grundvallaratriðum stofnunarinnar.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hafa farið fram um þetta litla frv. og þann áhuga sem menn hafa sýnt á málefnum Fasteignamats ríkisins og vil taka það fram strax að hér er auðvitað um nokkrar breytingar að ræða en þær eru ekki meiri háttar. Það er verið að færa stofnunina eins og gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár úr A-hluta ríkissjóðs í B-hluta og gera hana þannig sjálfstæðari en hún hefur verið hingað til.

Ég vil í örstuttu máli reyna að koma á framfæri nokkrum upplýsingum sem umræðurnar gáfu tilefni til að kæmu hér fram, en að öðru leyti verð ég að vísa til starfs hv. nefndar og vonast til þess að nefndin gefi gaum þeim umræðum sem hér hafa farið fram og rannsaki og svari þeim spurningum sem verður að láta ósvarað í þessari umræðu.

Mig langar fyrst til að segja frá því að 1985 skilaði nefnd sem var að endurskoða lögin um Fasteignamat ríkisins áliti en sú nefnd var sett á laggirnar 1983. Niðurstaða hennar var sú að það væri eðlilegt að færa hin opinberu matskerfi, fasteignamat og brunabótamat, í eina matsstofnun sem væri í eigu ríkisins, sveitarfélaga, tryggingafélaga og lánastofnana. Ekki varð úr því að sinni. 1989 skipaði þáv. fjmrh. aðra nefnd og hún skilaði áliti árið eftir og voru niðurstöðurnar samhljóða niðurstöðum fyrri nefndar.

Ég hef sjálfur látið kanna þetta mál og það verður því miður að segja þá sögu eins og hún er, að það er hægara sagt en gert að sameina þessar matsstofur en ég tel þó að með þeirri breytingu sem hér er verið að gera sé verið að taka ákveðið skref í þá átt. Að mati nokkurra manna sem ég bað um að skoða málefni Fasteignamats ríkisins kemur í ljós að þeir telja að það sé ástæða til þess að breyta Fasteignamatinu til að ná fram meiri hagkvæmni en gildir eða hefur gilt hjá stofnuninni hingað til og það þurfi að koma Fasteignamatinu á eðlilegri grunn, kalla fram markaðssinnaðra viðhorf og að freista þess að samræma matskerfin sem þarf að sinna. Þannig geti Fasteignamatið orðið eins konar samstarfsvettvangur ýmissa aðila.

Í umræðunum hér í dag var spurt hverjir eiga að greiða það gjald sem tilnefnt var í frv. Þá er fyrst því til að svara að í 14. gr. núgildandi laga um Fasteignamat ríkisins er heimild til þess að verðleggja þjónustuna. Þar segir í 2. mgr. 14. gr., sem gert er ráð fyrir að falli brott verði frv. samþykkt, með leyfi forseta, orðrétt:

„Verðlagning þessarar þjónustu skal miðast við endurheimtu kostnaðar Fasteignamats ríkisins, að því marki sem fjárlög á hverjum tíma gera ráð fyrir. Við verðlagningu þjónustu til sveitarfélaga skal tekið sérstakt tillit til upplýsingasöfnunar þeirra, sbr. 9. gr."

Hið nýja orðalag er nokkuð breytt til þess að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem menn telja eðlilegt að séu uppi höfð þegar ákveðið er verð á þeirri þjónustu sem Fasteignamatið þarf að bjóða og selja, fá fyrir peninga.

Þá kem ég að því hverjir greiða þetta gjald. Það eru nefnilega ekki einungis sveitarfélögin sem það eiga að gera, heldur einnig ríkið því að Fasteignamatið er ekki einungis grundvöllur fyrir álagningu fasteignagjalda heldur einnig allra eignarskatta í landinu og án Fasteignamatsins væri ekki hægt að leggja eignarskatta á fólk. Þeir sem telja þessa stofnun óþarfa verða þá jafnframt að finna einhvern nýjan grundvöll til þess að leggja eignarskatt á fólk en ég get vel deilt þeirri skoðun með mörgum hér, að það væri kannski full ástæða til þess að endurskoða þann skattstofn, en það er síðan allt önnur saga. Væri þetta einungis fyrir sveitarfélögin er auðvitað ekkert eðlilegra en að sveitarfélögin sjálf önnuðust þessa starfsemi. Alþingi Íslendinga hefur með þál. falið Fasteignamati ríkisins ýmis verkefni sem Fasteignamatið er að vinna. Ég bendi þess vegna á að það eru ekki bara sveitarfélögin sem koma til með að greiða gjaldið heldur einnig ríkið því að skatturinn þarf á þessu að halda.

Þessu til viðbótar eru kaupendur að þjónustu Fasteignamatsins fyrir hendi, aðallega Skýrsluvélar ríkis og Reykjavíkurborgar sem er sjálfstætt fyrirtæki og aðrir slíkir sem hafa nokkurs konar áskrift að upplýsingum sem hægt er að fletta upp á hverjum tíma með beintengingu við tölvu Fasteignamats ríkisins. Í framtíðinni vonumst við til þess að það kerfi sem þarna er verið að byggja upp og sem byggt hefur verið upp annars staðar verði hægt að samræma þannig að kostnaðurinn við matsgerðina verði ódýrari. Og þessu frv. er beinlínis ætlað að verða skref í þá átt. Starfsemin er að sjálfsögðu lögbundin í dag þannig að það er skylda að afla þjónustunnar frá stofnuninni. Og þegar menn ræða um brunabótamat, þá verð ég að segja frá því að það er auðvitað skýr munur á annars vegar brunabótamati og hins vegar fasteignamati. Því miður er ég nú ekki nægilegur sérfræðingur í þessum efnum til að geta gef-

ið trúverðuga lýsingu á því hver munurinn er, en hann felst þó í því fyrst og fremst að brunabótamatið miðast við það að meta tryggingar á húsum m.a. með tilliti til brunahættunnar sem í húsunum felst. Þetta segir það m.a. að timburhús bera hærra brunabótamat af því að það er líklegt að þau verði frekar fyrir tjóni. Fasteignamatið er allt annars konar því að fasteignamatið byggist fyrst og fremst upp á því að finna út hvert er endurstofnverð eða markaðsverð húss á tilteknum stað. Þannig getur fasteignamatið verið misjafnt frá einum stað til annars, allt eftir því hvert verðlag er almennt á húsum á tilteknum stöðum og hve mikla upphæð megi gera ráð fyrir að þurfi til þess að afla sams konar húsnæðis á tilteknum stað. Ég ætla ekki að hætta mér frekar út í þessa sálma, enda held ég að við verðum lítt bættari hér í þessum umræðum við 1. umr. málsins að fara út í þá að sinni. Hins vegar finnst mér sjálfsagt að nefndin taki sér tíma til þess að fara ofan í þetta mál og ræði þar á meðal um stuðla og annað slíkt sem notaðir eru í þessu skyni.

Þannig er í dag að ráðherra ræður í raun og veru yfir þessari stofnun. Hann skipar forstjórann og hefur fullt vald á stofnuninni samkvæmt lögunum. Með því að fá stofnuninni stjórn og færa hana yfir í B-hluta þá þarf ráðherra að taka tillit til stjórnarinnar eins og tiltekið er í þessu lagafrv. því stjórnin gerir tillögur að gjaldskrá og í því felst auðvitað talsvert vald, þar á meðal það vald að geta komið upp ágreiningi milli ráðherrans og stjórnarinnar. Stjórnin mótar starf og innra skipulag sem er auðvitað það vald sem ráðherrann hefur ásamt forstjóranum í dag og hefur eftirlit með rekstri hennar sem auðvitað er mjög mikilvægt, ekki síst vegna þess að sveitarfélögin sem nú fá aðild að stjórninni eru stórir viðskiptamenn Fasteignamats ríkisins.

Um það hvort ástæða sé til að sameina Brunabótamatið og Fasteignamatið hef ég svarað, ég tel að það sé hægt og við séum að taka fyrsta skrefið í þá átt með því að koma sveitarfélögunum að fyrirtækinu með þessum hætti.

Það var spurt um reglur á grundvelli þessara laga. Slíkar reglur verða auðvitað settar af ráðherra og það verða þá reglur til frekari lýsingar á starfsemi stjórnar og stofnunarinnar. Það er eðlilegt að ráðherra setji reglur eins og í öðrum viðlíka tilvikum.

Hv. 1. þm. Norðurl. e., Guðmundur Bjarnason, studdi vissa hluti í frv. og er ég þakklátur fyrir það, en hann spurðist fyrir um gjaldtökuna. Ég get ekkert sagt frekar um hana en stendur í frv. að öðru leyti en því að með því að skipa fulltrúa sveitarstjórnanna í stjórn stofnunarinnar má gera ráð fyrir að tekið verði tillit til sjónarmiða sveitarfélaganna þegar gjaldskrá verður sett. Hér er um að ræða leiðbeinandi reglu í lögunum og ég hygg að orðalagið um verðmæti eigna og tekjur þjóni þeim tilgangi að það sé hægt t.d. að selja ríkinu sjálfu afurð Fasteignamatsins með tilliti til notagildis ríkisins, þar á meðal með tilliti til þess að þetta er grundvöllur fyrir allri eignarskattsálagningu ríkisins og það ber að taka tillit til þess að nokkru.

Ég tek undir það sem kom fram í máli hv. þm. og best er að eiga samstarf við tryggingafélög, sveitarfélög og reyndar aðra aðila sem eru að skrá fasteignir. Ég nefni sem dæmi stofnanir Reykjavíkurborgar því það veldur að sjálfsögðu verulegum ruglingi þegar íbúðir eru merktar með mismunandi hætti eftir því hvort í hlut á Fasteignamat ríkisins, en við fáum seðla frá því með skattseðlinum okkar, þ.e. álagningarseðlinum, en síðan kemur allt annað númer á íbúðinni þegar verið er að rukka fyrir hitaveitu og rafmagnsveitu svo dæmi sé tekið. Þetta þyrfti auðvitað að samræma, það gerði alla hluti einfaldari. Fasteignamatið hefur að undanförnu verið að hreinsa til í sínum skrám og tölvuvæða og sjálfsagt hafa ýmsir lent í því þegar síðasti seðill var borinn út að þar var beðið um að leiðrétta skekkju sem hafa setið inni í tölvum Fasteignamats ríkisins.

Ég staðhæfi því að það er fullur vilji til þess að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem komu fram í umræðunum sem mér sýnist vera þau að það eigi að draga sem mest úr eins og menn kalla bákninu og ég kannast vel við það að hafa staðið að því slagorði á sínum tíma og tel einmitt að með þessu frv. sé verið að vinna brautargengi þeirri stefnu sem var á bak við slagorðið því það er kannski nauðsynlegt að setja Fasteignamatinu stjórn, stjórn sem síðan setur verð á afurðina og tryggir að það sé aðhald að kostnaðinum. Ef það reynist svo að þeir sem eru kaupendur að þjónustunni sem eru þá fyrst og fremst ríkið, en þó einkum sveitarfélög, telja þetta of dýra þjónustu, þau telja þetta eiga betur heima í sínum höndum, þá er auðvitað vísasti vegurinn að leggja þessa stofnun niður og sveitarfélögin komi sér upp sinni stofnun eða hafi enga stofnun ef þau vilja við það búa. Þannig að hér er verið að opna leið til þess að endurmeta algjörlega starfsemi þessarar stofnunar sem ég held að sé reyndar nauðsynleg þó ég skilji það að ýmsir vilji losna við þá stofnun sem leggur grunn að eignarskattsálagningu landsmanna.

Varðandi einstök smærri atriði þá er komið nánast að tómum kofanum hjá mér. Ég býst við því að það sé eftir skoðun talið eðlilegra að það sé heimilt fyrir Fasteignamatið að innheimta gjald hjá matsbeiðanda fyrir vinnu við endurskoðun, einfaldlega að þessu sé breytt vegna þess að það hefur verið erfitt að meta hvenær slík beiðni var tilefnislaus og hvenær ekki. Í raun og veru þarf beiðnin ekki að vera tilefnislaus þótt endurskoðun leiði ekki til breytinga og það getur verið ósanngjarnt að láta þá eina greiða sem fá sama mat við endurmatið og fyrra matið var en hina sleppa sem fá öðruvísi mat, jafnvel lægra eða hærra alveg burt séð frá því hvert tilefni endurmatsins var. Ég á heldur von á því að þetta sé gert til þess að auðvelda stjórninni að gera tillögur um nýja gjaldskrá, en það er sjálfsagt að skoða þetta í nefndinni. Ég veit að hv. nefndarmenn sem hér eru staddir munu fúsir af áhuga sínum bera skilaboð til nefndarinnar um þau atriði sem hér hafa verið nefnd í umræðunni.

Að lokum var spurt um það, og vona ég að ég hafi komið að flestum umræðupunktunum, hvar stofnunin eigi að vera. Því er til að svara að það eru ekki uppi áætlanir að breyta verustað stofnunarinnar. Ég hlýddi

á umræður sem urðu um þetta mál þegar ég svaraði fyrirspurn á sínum tíma frá hv. 6. þm. Vestf. sem margir muna eftir. Það er ekki hugmyndin að gera breytingar á heimilisfesti stofnunarinnar og þetta frv. fjallar í raun og veru ekkert um það málefni, hins vegar hef ég ekkert á móti því að nefndin fái upplýsingar og viðhorf einstakra þingmanna um það efni eins og önnur.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið velt upp ýmsu í sambandi við Fasteignamat ríkisins og ég vil taka undir að það er, eins og ég sagði áðan, í sjálfu sér gott að nú skuli því ákvæði vera framfylgt sem er í fjárlögum yfirstandandi árs að þessari stofnun skuli skipuð stjórn, svo langt sem það nær. En ég tel að það þurfi að skoða öll þessi mál og einmitt eins og hæstv. fjmrh. hefur verið að velta fyrir sér að hér eru til alls konar möt, ef við getum orðað það svo, bæði brunabótamat og fasteignamat og það vekur upp þær spurningar hvort þessi möt séu ekki oft notuð með hentistefnu að leiðarljósi. Ég minni á það að fasteignamatið sjálft er notað sem grundvöllur eignarskatts fyrir ríkið samkvæmt framtali einstaklinga en síðan er fasteignamatið notað sem gjaldstofn fyrir sveitarfélögin til fasteignagjalda og þá samkvæmt breytingu sem gerðar voru á lögunum 1989 um að nú er það allt saman reiknað upp eins og það væri fasteign sem staðsett væri í Reykjavík. Þannig að allir sem eiga fasteignir úti um landið, hvort sem það er á Kópaskeri, Ísafirði eða Reykjavík, borga af þessum fasteignum sínum eins og þær væru staðsettar í Reykjavík, þannig borga þeir það í dag. En aftur á móti er það þó réttlátara hjá ríkinu vegna þess að ríkið innheimtir eignarskattinn eins og fasteignamatið er og þar er tekið tillit til staðsetningar ásamt fleiru.

En ég tel að það sé í sjálfu sér gott að velta þessum málum öllum upp og þó að þetta sé ekki stórt frv. í sjálfu sér þá held ég að það kalli á miklu frekari athugun á allri skattlagningu og allri notkun á þessu, bæði fasteignamati, brunabótamati og slíku. Það má minna á það að brunabótamat er jú það sem eignin er virt á, þ.e. ef hún brennur þá þarf að byggja hana upp aftur og það er það sem talað er um en aftur á móti greitt af eigninni eftir því hvaða gjaldflokk er um að ræða, hvort það er timburhús eða steinhús, svo ég upplýsi hæstv. fjmrh.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að upplýsa mig um brunabótamat og gjaldflokka því ég veit að hún þekkir það áreiðanlega betur en ég og efast ekki um að hún fari þar með rétt mál. Ég vil einungis segja vegna ummæla hennar sem ég held að öll hafi verið rétt og til þess gerð að upplýsa okkur í umræðunni að ég hygg að sveitarfélögin hafi litið þannig á þegar var verið að innheimta fasteignagjöld að það væri í raun verið að innheimta gjöld sem þjónustugjöld fyrir fasteignirnar. Það væri kannski grunnurinn. Við vitum að það eru auðvitað tekjur sem ráða gjaldþoli einstaklinganna og þess vegna hafi þessar heimildir komið inn í lögin um það að hvort sem húseign var á Kópaskeri eða Hnífsdal eða í Reykjavík þá skipti í raun og veru ekki markaðsverðið máli varðandi fasteignagjöldin því það sé verið að greiða þjónustugjöld af fasteignunum fremur en að borga einhvers konar eignarskatt. Ég hygg að þetta sé kannski skýringin en ef hv. þm. getur upplýst mig um þetta líka þá tek ég leiðbeiningum hennar að sjálfsögðu.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla svo sem ekki að halda hér áfram neinum upplýsingum til hæstv. fjmrh., þetta mun vera rétt sem hann telur að sveitarfélögin hafi þarna ákveðið þetta sem þjónustugjald en þau leggja það á óraunhæfan skattstofn. Þau leggja það á skattstofn sem ekki er raunvirði fyrir. Það er út af fyrir sig allt í lagi ef sveitarfélögin sætu við sama borð um þetta og gætu tekið ákveðin þjónustugjöld af sínum íbúum fyrir þá þjónustu sem þau veita, en þau leggja það á óraunhæfan gjaldstofn og það er það sem ég gagnrýni fyrst og fremst í þessu.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var ein fyrirspurn sem féll niður hjá ráðherranum að svara. Hún var um 3. gr., til hve langs tíma á að skipa mennina í stjórn.

Ég þykist vita að það sé ekki ætlunin, eins og stendur í frv., að menn séu þarna æviráðnir.

Ég vildi líka benda á að þetta fasteignamat er fyrst og fremst eins og fram hefur komið skattstofn fyrir ríki og sveitarfélög. Síðan er til annað kerfi sem er fyrst og fremst vátryggingarmat og er notað á þeim vettvangi, svokallað brunabótamat, eða skyldir útreikningar, þeir eru allt aðrir.

Í 15. gr. um Fasteignamat ríkisins segir svo, með leyfi forseta:

„Opinberir aðilar, ríkisstofnanir, ríkisfyrirtæki, sveitarfélög og allar stofnanir þeirra skulu í öllum viðskiptum og í hvers konar verðmætisviðmiðununum nota upplýsingar fasteignaskrárinnar sem grundvöll viðskipta sinna eftir því sem við getur átt."

Undir þetta falla m.a. bankar, svo dæmi sé nefnt, og Byggðastofnun. Ég spyr: Hvernig stendur á því að þessir aðilar taka veð í eignum langt umfram fasteignamatsverð sem þeim er þó uppálagt samkvæmt þessari grein að fara eftir, en nota þess í stað annað mat sem er brunabótamat. Þannig að ekki einu sinni ríkisfyrirtækin sjálf fara eftir þeim fyrirmælin sem fyrir þau eru lögð í þessum lögum um hvernig eigi að nota fasteignamatið. Það veikir enn grundvöllinn að því að viðhalda þessu fasteignamati.

En ég vildi að lokum segja það, virðulegi forseti, að það fór eins og mig grunaði að það mun reynast hæstv. fjmrh. býsna torsótt sú brekka að flytja báknið eða minnka það, rétt eins og að leggja sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir þær áhyggjur sem hann hefur af því að mér takist ekki að ná bákninu burt og ég vonast til að ég eigi þá hauk í horni þar sem hann er. Það er rétt sem kom fram hjá honum að mér láðist að svara fyrirspurn um stjórnina. Það er algengt að stjórnir séu skipaðar án þess að um það sé getið í lögum til hve langs tíma þær sitji. Það er eðlilegt að það komi fram í reglugerð. Ef engar slíkar reglur eru til þá getur viðkomandi ráðherra skipt um stjórn þegar honum sýnist og þá gerist það þannig að nýr ráðherra setur stjórn og næsti ráðherra er óbundinn af skipun hans. Það mun vera reglan sem um þessi mál gilda. Þannig að það er ekki hægt fyrir neinn ráðherra ef ekki er skýrt lagaákvæði að skipa menn í stjórn til æviloka. Þetta er svar við þessari spurningu.

Ég átta mig satt að segja ekki á 15. gr. sem hv. þm. vitnað til en ég tel að þar sé verið að segja að í hvers konar verðmætisviðmiðunum skuli nota upplýsingar fasteignaskrárinnar. Það sé ekki verið að skylda þá til þess að í raun og veru, (**KHG:** Sem grundvöll viðskipta ...) sem grundvöll viðskipta sinna eftir því sem við getur átt. Ég hygg að þetta orðalag „eftir því sem við getur átt" geti leitt til þess að menn geti sloppið frá því og hér er ekki verið að skylda aðila að nota ákveðið hlutfall, viðkomandi aðilar ráða hvaða hlutfall af fasteignamati þeir velja en mér er kunnugt um að í mörgum tilvikum nota menn heldur brunabótamat. Þetta er þó að breytast og ég vil að það komi skýrt fram að einmitt nú hafa bankar til að mynda og lánastofnanir verið að átta sig á því að það kann að vera betra að nota fasteignamat sem grundvöll heldur en brunabótamat, svoleiðis að mér finnst þessi ábending vera ágæt og fagna því að hún kemur fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjaverslun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 538. mál. — Þskj. 896.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. sem er að finna á þskj. 896 og er 538. mál þingsins.

Hér er á ferðinni frv. sem gerir ráð fyrir því að Lyfjaverslun ríkisins verði gerð að hlutafélagi og ráðherra fái heimild til sölu hlutabréfa í því félagi.

Ég vil taka strax fram í upphafi að í 4. gr. frv. er að finna sérstakt ákvæði sem er nokkuð á annan veg og fyllra heldur en í öðrum frv. um einkavæðingu opinberra fyrirtækja en þar segir í lok greinarinnar: „Við sölu hlutabréfa skal þess gætt að samkeppni verði tryggð á sviði dreifingar og framleiðslu lyfja."

Ég tel ástæðu til þess í upphafi að benda á þetta til tekna ákvæði því hér er um að ræða þá stefnuyfirlýsingu að löggjafinn marki þá stefnu í þessum efnum að samkeppni sé aukin en fyrirtækið lendi ekki í höndum þeirra aðila sem hafi styrkustu stöðuna á lyfjasölu- og dreifingar- og framleiðslumarkaðinum og þetta er sett í því skyni að knýja fram aukna samkeppni og lægra verð á lyfjum.

Tilgangurinn með frv. er sá að breyta Lyfjaversluninni í hlutafélag og jafnframt er aflað heimildar fyrir sölu hlutabréfa í félaginu. Það var ákveðinn starfshópur sem undirbjó þetta mál og í honum voru aðilar sem tekið fram hverjir voru í athugasemdum með frv. Niðurstaða þess hóps var sú að það væri eðlilegt að breyta Lyfjaverslun ríkisins í hlutafélag sem síðar yrði selt.

Ég tek fram að í þessum hóp var m.a. forstjóri Lyfjaverslunar ríkisins, Þór Sigþórsson, hefur hann fylgst náið með þessu máli og frv. unnið að fullu í samráði við hann.

Á innlendum lyfjamarkaði eru nú starfandi nokkur fyrirtæki, bæði á sviði framleiðslu og lyfjadreifingar sem Lyfjaverslun ríkisins starfar í samkeppni við. Þá er ekki lengur talin ástæða fyrir beinum ríkisrekstri á þessu sviði. Bendir ýmislegt til þess að einkavæðing fyrirtækisins gæti orðið til góðs fyrir ríkissjóð og rekstrareininguna sem slíka og lyfjamarkaðinn í heild.

Ég vil taka það fram að á sínum tíma þjónaði Lyfjaverslun ríkisins nokkuð sérstökum tilgangi því venjulega söfnuðu Ríkisspítalar upp verulegri skuld hjá Lyfjaversluninni og síðan var Lyfjaversluninni bætt upp skuldin með aukafjárveitingu í lok ársins. Þetta þekkja gamlir fjárveitinganefndarmenn frá sínum tíma. Þessu er sem betur fer löngu lokið og nú eru viðskipti Lyfjaverslunarinnar og spítalanna á viðskiptalegum grunni. Þess vegna safnast nú upp dráttarvextir og spítalarnir sjá hag sínum best borgið með því að borga þessar skuldir fyrr en síðar.

Lyfjaverslun ríkisins var stofnuð sem starfseining innan Áfengisverslunar ríkisins árið 1921 og var rekin þannig allt fram til ársins 1986 að fjárhagur og skrifstofuhald var aðskilið að fullu frá ÁTVR. Í upphafi var starfsemi fyrirtækisins einkum fólgin í sameiginlegum innkaupum á lyfjum og sjúkragögnum fyrir sjúkrahús og lyfjabúðir. Umsvif voru lítil framan af, aðallega sótthreinsunarefni, áfengislyf, hjúkrunarvörur og efni til ónæmisaðgerða. En upp úr lokum seinni heimsstyrjaldar jókst reksturinn verulega, sérstaklega eftir að keyptar voru miklar birgðir af lyfjum, hjúkrunarvörum og margvíslegum áhöldum til lækninga frá bandarískа hernum.

Árið 1947 hóf Lyfjaverslunin eigin framleiðslu á töflum og um 1950 framleiðslu á stungulyfjum. Haustið 1954 hófst framleiðsla á dreypilyfjum og hefur hún nær alfarið uppfyllt þörf sjúkrahúsa fyrir þessi lyf.

Reksturinn hefur breyst mikið frá stofnun Lyfjaverslunar ríkisins auk þess sem mikil breyting hefur orðið á íslenska lyfjamarkaðinum. Nú eru starfandi, eins og áður sagði, allmörg lyfjainnflutningsfyrirtæki á Íslandi og er starfsemi þeirra mjög áþekk starfsemi Lyfjaverslunar ríkisins hvað þann þátt varðar.

Til skamms tíma voru einungis tvö lyfjaframleiðslufyrirtæki á Íslandi en nýlega bættist hið þriðja í hópinn.

Ég ætla ekki að lýsa eignum Lyfjaverslunarinnar í einstökum atriðum né heldur deildaskiptingu og þess háttar, en ég vil að það komi fram hér að ég tel að þetta fyrirtæki sé í hópi best reknu fyrirtækja í opinberri eigu þótt ástæðulaust sé eins og nú horfir vegna þeirrar samkeppni sem er á þessum markaði að ríkið sé til framtíðar eigandi þessa reksturs.

Starfsemi fyrirtækisins má skipta í þrjá meginþætti, þ.e. framleiðslu, lyfjadreifingu og þjónustu við opinbera aðila. Velta fyrirtækisins nam um 726 millj. 1991, 691 millj. 1990 og árið 1992 var veltan um 800 millj. kr. eða síst lakari en sl. ár. Rétt er að benda á að bókfært eigið fé í árslok er talið vera um 300 millj. kr. en uppgjör 1992 mun liggja fyrir í næstu viku en rekstrartölur benda til þess að afkoman á sl. ári sé síst lakari en árið þar áður.

Það starfa u.þ.b. 60 manns hjá Lyfjaverslun ríkisins, þar af 35 við framleiðslu og 25 við innflutning, sölu, birgðahald og stjórnun.

Í núgildandi lögum um Lyfjaverslun ríkisins, nr. 76/1982, er að finna nokkur ákvæði er veita fyrirtækinu sérstöðu. Gert er ráð fyrir að öll þessi ákvæði verði felld niður, eða flest, þannig að fyrirtækið muni framvegis sitja við sama borð og önnur.

Hér er aðallega fjallað um þau atriði sem bent er á á bls. 3 og 4 í grg. með frv. en það eru ákvæði í 38., 42., 43. og 52. gr. en þar er gerð grein fyrir því hvernig fara mun um þau mál sem þar eru nefnd.

Ég vil taka sérstaklega fram að innflutningur og dreifing bóluefna sem notuð eru til ónæmisaðgerða barna til fermingaraldurs, skv. lögum nr. 38/1978, munu áfram verða í höndum Lyfjaverslunar ríkisins samkvæmt sérstökum samningi sem gerður verður við heilbr.- og trmrn. í sambandi við það mál. Þá vil ég einnig segja frá því að skylduákvæði um birgðahald og framleiðslu lyfja fyrir almannavarnir er fellt niður en það er talið eðlilegt að dómsmrn. semji sérstaklega við sjúkrahús og/eða aðra aðila, þar á meðal gæti auðvitað Lyfjaverslun ríkisins og aðrar lyfjaheildsölur komið til greina um birgðahald nauðsynlegra lyfja eftir atvikum og þörfum hverju sinni.

Hæstv. forseti. Ég held að það sé ástæðulaust að fara fleiri orðum að sinni um frv. sem hér liggur fyrir en vil að lokinni þessari umræðu óska eftir því að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég skal verða við þeirri eindregnu ósk forseta að taka til máls og standa við það að hafa beðið um orðið en ég skal ekki lengja umræðuna mjög mikið.

Ég vildi aðeins segja örfá orð um frv. sem hér er til umræðu um að stofna hlutafélag um Lyfjaverslun ríkisins. Hún er auðvitað enn eitt fyrirtækið, opinbera fyrirtækið, sem hæstv. ríkisstjórn hyggst breyta í hlutafélag og trúlega með það að markmiði að einkavæða það eða selja það og er það þá hluti af þessu einkavæðingarflippi sem hæstv. ríkisstjórn er á. Þykir mér um sumt hefði mátt vanda sig betur og hef ekki lýst stuðningi mínum við öll þau frv. sem ríkisstjórnin hefur sett fram á því sviði eða hvað varðar einkavæðinguna en sum þeirra hafa þó fyllilega átt rétt á sér. Hér voru nýlega til umræðu tvö frv. um hliðstæð mál þessu, að einkavæða opinber fyrirtæki eða stofnanir og lýsti ég stuðningi við annað þeirra en lagðist gegn hinu og það má segja með þetta að það geti kannski hvort tveggja átt við.

Vafalaust er það svo að ýmsir þættir í starfsemi Lyfjaverslunar ríkisins eiga eins vel heima á hinum almenna frjálsa markaði. Þar á ég t.d. við það að á undanförnum árum hefur Lyfjaverslunin í auknum mæli tekið að sér umboðsstörf fyrir erlenda framleiðendur og gert samninga um innflutning og dreifingu lyfja fyrir umboðsmenn. Það er auðvitað mikil spurning hvort það er endilega hlutverk opinberra fyrirtækja og þá er spurningin líka í mínum huga sú hvort ekki hefði verið réttara að breyta eitthvað starfsemi Lyfjaverslunarinnar ef stjórnvöld teldu þessa þætti í starfsemi hennar ekki eðlilega á markaði til þess að fylgja eftir þeim stefnum og hugsjónum sem ríkja nú og hvað mest er talað um, um hina frjálsu samkeppni.

En það kom hins vegar fram í máli hæstv. ráðherra að hér væri um að ræða vel rekið fyrirtæki sem hefur sterka eiginfjárstöðu og hefur á undanförnum árum, eins og fram kemur í grg., skilað umtalsverðum hagnaði í ríkissjóð, þar af eitt árið upp undir 100 millj. kr. En það er sjálfsagt að taka úr einum vasanum og setja í annan því stærsti greiðandi lyfja í landinu er auðvitað sjálfur ríkissjóður sem greiðir u.þ.b. 70% af heildarlyfjakostnaði landsmanna, svoleiðis að hér er kannski að einhverju leyti sýnd veiði en ekki gefin þegar verið er að velta fyrir sér þessum hagnaði sem rennur í ríkissjóð því tekjurnar eru að verulegu leyti það sprottnar líka. En það sem ég hefði viljað að hæstv. ráðherra og þeir sem fjallað hafa um þetta mál, svo og auðvitað sú nefnd sem tekur frv. til umfjöllunar gaumgæfi vel áður en það kemur til 2. umr. eru þeir þættir í starfi Lyfjaverslunar ríkisins sem ekki eiga eins vel heima á hinum frjálsa markaði og eru þess eðlis að Lyfjaverslunin hefur haft nokkra sérstöðu, m.a. við framleiðslu á ákveðnum lyfjum og nefni ég hér t.d. dreypilyf sem, eftir því sem ég best veit, eru nær eingöngu eða eingöngu framleidd og seld af hálfu Lyfjaverslunar ríkisins.

Nú kann að vera að það komi í ljós við nánari athugun að aðrir geti eins vel gert og Lyfjaverslunin og hlutverki hennar á þessu sviði sé þá kannski líka lokið eða sé ekki eins mikilvægt og ég hef álitið og reyndar þykist muna að hafa heyrt þau sjónarmið frá viðskiptavinum Lyfjaverslunarinnar, t.d. frá sjúkrahúsunum, að það sé mjög mikilvægt að þessum þætti starfseminnar sé vel sinnt og það sé alla vega séð fyrir því að hér verði engir hnökrar á og sjúkrahúsin eigi greiðan aðgang að þessum lyfjum.

Það kemur m.a. fram í athugasemdum við frv. þetta að dreypilyfjadeildin var endurnýjuð á árinu 1988 þannig að það er ekki langt síðan að talið var eðlilegt að Lyfjaverslun ríkisins sæi um þessa framleiðslu og sinnti þessu verkefni vel og vafalaust hefur þarna verið lagt út í töluverðan kostnað sem menn hafa talið

eðlilegt og réttlætanlegt að þessi opinbera stofnun leggði út í til þess að sinna sínu hlutverki.

Ég hef að öðru leyti ekki miklar athugasemdir fram að færa við frv., ég veit að það verður skoðað ítarlega í þeirri nefnd sem fær það til meðhöndlunar, hv. efh.- og viðskn., og vildi aðeins koma því á framfæri að það verði skoðað vandlega hvernig séð verði fyrir þessum þáttum sem hafa verið sérstæðir í starfsemi fyrirtækisins. Það segir að vísu hér í 4. gr. frv. og hæstv. fjmrh. dró það sérstaklega fram í máli sínu áðan að við sölu hlutabréfanna yrði þess gætt að samkeppni verði tryggð á sviði dreifingar og framleiðslu lyfja. Nú veit ég ekki alveg nákvæmlega hvernig hæstv. ráðherra sem á að fara með sölu hlutabréfanna ætlar sér að tryggja það öðruvísi en hann geri þá mun á því hver býður í hlutabréfin eða hver hefur áhuga á að kaupa þau, miklu fremur heldur en hvað er boðið í bréfin, þ.e. hvaða verði á að selja þau, það eigi fremur að ráða hverjir eru kaupendurnir. En eftir að hæstv. ráðherra hefur selt bréfin einhverjum aðila þá hefur hann líklega lítið um það að segja hverjum sá aðili síðan selur bréfin aftur nema þau verði seld með einhverri slíkri kvöð sem ég á síður von á að hægt sé að framfylgja.

En þetta voru athugasemdir sem ég vildi koma á framfæri og svo kannski að lokum, hæstv. forseti, aðeins að velta fyrir sér þeim ákvæðum sem hér eru sett fram í 3. gr. frv. um réttindi starfsmanna sem nú starfa hjá Lyfjaverslun ríkisins og eiga samkvæmt ákvæðum þessarar greinar að sitja fyrir störfum hjá hinu nýja hlutafélagi. Þetta er reyndar ekki ný grein í frv. af þessu tagi sem hér er til umræðu og sýnist mér efnislega samhljóða því sem við höfum áður séð. En það hafa hins vegar vaknað upp umræður um gildi greinar af þessu tagi og hvort hægt er að standa við það sem hér er sagt og jafnframt hvort hægt er með ákvæðum eins og koma fram í seinni málslið þessarar greinar um það að réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins samkvæmt ákvæðum 14. gr. laga nr. 38/1954 eigi ekki við um þá starfsmenn sem boðin er sambærileg staða hjá hinu nýja félagi. Þetta veit ég að nefndin skoðar líka í samræmi við það sem áður hefur verið gert. Ég vil minna á það að hjá fyrirtækinu starfa 60 manns þannig að þetta er nokkuð stór vinnuveitandi og fyllilega ástæða til þess að huga að því hvernig fer með starfssvið, starfsvettvang og réttindi þessa starfshóps.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er bara örstutt. Í fyrsta lagi þá hefði ég átt að taka það fram að 3. gr. er nákvæmlega eins og greinar af sama meiði í öðrum frv. og hún þýðir ekkert annað, hvorki meira né minna en það sem þar segir og menn hafa deilt um hér og breytir í sjálfu sér engu um þá umræðu sem hér hefur farið fram.

Í öðru lagi vil ég undirstrika enn og aftur að ætlunin er að stuðla að samkeppni á þessu sviði með sölu fyrirtækisins ef af sölu verður síðar og ég vil taka það fram að einokun er auðvitað ekkert betri í höndum einstaklinga en í höndum ríkisins nema síður sé.

Í þriðja lagi varðandi dreypilyfin þá finnst mér það vera réttmæt athugasemd sem hér kemur fram. Ég tel hins vegar að það sé engin ástæða til þess að óttast að sú starfsemi falli niður því þetta er efnilegasta nýjabrumið í þessari grein hér á landi. Ég held kannski að þessi starfsemi hafi skilað hvað mestu og sé minnst hættan á því að hún fari forgörðum í höndum sterks einkafyrirtækis sem hugsanlega tæki við af Lyfjaverslun ríkisins verði Lyfjaverslunin hf. seld, sem auðvitað verður ekki nema þetta frv. verði að lögum.

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil út af fyrir sig þakka ráðherra fyrir þær athugasemdir sem hann lét hér falla. Það er ekki í sjálfu sér neitt sem ég þarf að svara sérstaklega í því en aðeins vekja athygli á þessu með dreypilyfin. Það kann að vera að það sé áhugaverður þáttur í starfsemi þessa fyrirtækis og kannski það sem gerir það áhugaverðast fyrir nýja eigendur að komast einmitt yfir þá starfsemi en þeim mun meiri ástæða er til þess fyrir ríkið að huga þá að sínum hagsmunum sem stærsti greiðandi, sem er kannski meira en 70% greiðandi að þessum lyfjum, líklega 100% greiðandi að þessum lyfjum því ég hygg að þau séu eingöngu notuð á sjúkrastofnunum og þar greiðir ríkið allan lyfjakostnað og neytandinn ekki einu sinni þau 30% sem þó virðist vera almennt nú og markmið hæstv. ríkisstjórnar að neytendur taki a.m.k. 30% eða þriðjungs þátt í kostnaði við lyfin.

En að lokum, hæstv. forseti, hefði ég viljað nefna það við þessa umræðu að ég tel að það hefði ekki verið óeðlilegt að þetta frv. yrði skoðað í samhengi við og kannski samhliða hugmyndum um breytingar á lögum um lyfjadreifingu því það er m.a. vitnað til þess hér í grg. á einhverjum stað að ákvæði í þessu frv. séu samhljóða ákvæðum í frv. hæstv. heilbr.- og trmrh. um breytingar á lögum um lyfjadreifingu og það eru auðvitað nokkur atriði í 5. gr. sem varða breytingar á þeim lögum. Þess vegna hefði ekki verið óeðlilegt að meðferð þessa frv. hefði tengst umræðum og meðhöndlun þingsins á breytingu á lögum um lyfjadreifingu sem við höfum reyndar beðið lengi eftir að fá að sjá og ég tel að hæstv. ríkisstjórn hefði kannski átt að snúa sér meira að því að skoða þá þætti til að draga úr kostnaði við lyfjadreifinguna fremur en að beina spjótum sínum eingöngu að neytendunum og ná hagnaðinum, eða sparnaðinum réttara sagt, fyrst og fremst fram með því að láta neytandan greiða síaukinn hlut af lyfjakostnaði.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel eðlilegt að þetta frv. verði sent til umsagnar hv. heilbr.- og trn., sem væntanlega verður þá búin að fá ja, nasasjón af lyfjadreifingarfrv. (**Gripið fram í:** Það er ekki búið að dreifa því.) Nei, en það er hægt að lesa frv. þegar það hefur komið fram og bera þetta frv. saman við það. En ég vil einnig að það komi hér skýrt og skorinort fram að þetta frv. er að sjálfsögðu unnið með þeim hætti að heilbrrn. hefur farið yfir frv. og gert tillögur til breytinga sem tek-

ið var tillit til áður en frv. var lagt fram á hinu háa Alþingi.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er enn einu sinni verið að leggja fram frv. til laga um að stofna hlutafélag, þ.e. einkavæðingin í framkvæmd. Þar rekumst við á gamla kunningja, m.a. um *biðlaunaréttindi opinberra* starfsmanna, sem ekki eiga að gilda í þessu frv. frekar en öðrum sem hér hafa verið rædd í svipuðum dúr. En ég ætla nú ekki að halda langt mál um þetta því það er búið að segja hér mörg orð um það og menn mjög „skeptískir" á það að þessi ákvæði skuli sífellt vera sett inn í lög um þessa einkavæðingu en ekki tekið á málum sérstaklega í kjarasamningum eða með því að breyta þeim lögum sem þetta snertir, þ.e. lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

En það sem ég vildi gera hér að umtalsefni er að Lyfjaverslun ríkisins hefur sérstöðu nokkuð á markaðnum, hefur haft ákveðna sérstöðu, og hún hefur líka skilað hagnaði. Sérstaðan er einnig í því fólgin að Lyfjaverslunin veltir 726 millj. á árinu 1991. Ég mundi vilja beina því til nefndarinnar sem skoðar frv. að skoða hlutdeild annarra fyrirtækja. Það eru önnur lyfjafyrirtæki á íslenska lyfjamarkaðnum. Hver er hlutdeild þeirra í fjármagni á markaðnum? Er hún svipuð eða meiri eða minni eða mun þetta fyrirtæki hafa sérstöðu *hvað það varðar hversu miklu það veltir á markaðnum?* Nú skilst manni að stefna ríkisstjórnarinnar sé að einkavæða, það er orðið henni prinsippmál og nánast trúaratriði að einkavæða sem allra mest. Það er hagnaður af þessum rekstri þannig að ekki þarf að losna við fyrirtækið vegna þess að það sé rekið með tapi eins og gildir um sum önnur fyrirtæki sem lagt hefur verið til að yrði breytt. Hefur það verið skoðað hvort einkavæðing þessa fyrirtækis muni áfram skila hagnaði eða hvort ríkissjóður muni áfram hagnast á því að fyrirtækið verði einkavætt? *Hefur ríkið þá tekjur af því* eða hvernig mun þessi einkavæðing koma út? Reynslan hefur sýnt það sums staðar erlendis að það er ekki alltaf hagstætt þegar upp er staðið að einkavæða og breyta í hlutafélag. Það skilar sér ekki á svipaðan hátt til ríkissjóðs á endanum þó það geti skilað einhverju að selja eignir og fá af því tekjur þá breytist e.t.v. rekstrurinn við það þannig að það skili ekki hvorki hagnaði eins og áður var né heldur veiti þeim starfsmönnum vinnu sem eins og hér stendur „eru 60 í dag". Þannig að *það vakna ýmsar spurningar um* það hverju skilar þegar upp er staðið öll sú einkavæðing sem hér á að fara fram, m.a. með þessu frv.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er spurt um hvort einhver vissa sé fyrir því að fyrirtækið eftir að það verður einkavætt skili ríkissjóði meira en í núverandi mynd þess. Þessu er auðvitað mjög erfitt að svara, það verður tíminn að leiða í ljós. Ég bendi hins vegar á að nú er svo komið á íslenska lyfjaframleiðslumarkaðnum að til eru þrjú fyrirtæki. Það eru fjölmörg innflutningsfyrirtæki og gera má ráð fyrir að samkeppni sé nú til staðar sem tryggi að haldið sé niðri vöruverði. En eins og komið hefur fram hér er ríkið langsamlega stærsti kaupandi þessarar framleiðslu.

Ég bendi á að fyrirtæki í einkaeigu borga að sjálfsögðu skatta og skyldur og lyfjaframleiðslufyrirtæki hafa verið nokkuð öflug hér á landi og gert ýmislegt *gagn, tekið þátt í því að byggja upp önnur og ný fyrirtæki* eins og þekkt er og menn vita um.

Þessu til viðbótar vil ég einnig benda á að með þátttöku okkar í Evrópska efnahagssvæðinu má gera ráð fyrir enn aukinni samkeppni því verslunin með þessi lyf verður auvelduð eftir að við gerumst aðilar að því samkomulagi og EES-reglurnar fara að gilda.

Þetta held ég að ætti að tryggja það að við ættum annars vegar að njóta þess að verð lækki og hins vegar gangi starfsemin vel sem ég efast ekkert um því *fyrirtækið er gott þá nýtur ríkissjóður þess í tekjum af* vel reknu fyrirtæki sem skilar hagnaði.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla nú ekki að hafa hér langt mál, aðeins að spyrja hæstv. fjmrh. um þá umsögn sem ráðuneyti hans, fjárlagaskrifstofa, gefur um þetta frv. og reyndar fleiri sem eru í svipuðum dúr. Mig minnir að það að einkavæða Þvottahús Ríkisspítalanna hafi átt að kosta 1,5 millj. Það er enginn kostnaður af því að *einkavæða Lyfjaverslun ríkisins en hins vegar er í* þessari umsögn ekki getið um tap sem ríkissjóður hugsanlega verður fyrir af þessari einkavæðingu sem og annarri á komandi árum. Það kostar kannski ekkert að einkavæða fyrirtækið sem slíkt en hvað getur það þýtt í tekjutapi ríkissjóðs á næstu árum, þessi einkavæðing, bæði þessa fyrirtækis og annarra?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. er ekki löng og efnismikil. Hún er þrjár línur og niðurstaðan er ein lína, þessi, með leyfi forseta: „Ekki verður séð að frv. hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð."

Í fyrsta lagi er ekki ljóst þótt frv. verði að lögum hvort nokkur breyting verði á rekstri fyrirtækisins af því að það er önnur ákvörðun og síðari hvort fyrirtækið verður selt. Ég geri ekki ráð fyrir að formbreyting á fyrirtækinu kosti nokkra fjármuni, það hefur engan kostnað í för með sér nema auðvitað þann pappírskostnað og nefndakostnað sem þegar hefur verið stofnað til sem ekki er mikill en einhver. Verði hins vegar fyrirtækið selt þá geri ég ráð fyrir því eins og ég hef sagt áður hér í andsvari við ræðu 6. þm. Vestf., að ef eitthvað er ætti ríkissjóður að hagnast á þessu. Annars vegar sem kaupandi lyfja sem ættu að verða ódýrari eftir því sem samkeppnin er meiri og betri og hins vegar vegna þess að ég á von á að þetta fyrirtæki haldi áfram að vera gott og kannski betra því lengi getur gott batnað verði það að einkafyrirtæki og þá skili það í ríkissjóð sköttum og skyldum þannig að um einhvern ágóða sé að ræða. Ég held samt svo ég segi það að

lokum að það sé ógerlegt fyrir fjárlagaskrifstofu fjmrn. að gefa aðra umsögn en þessa. Þetta er lögbundið starf fjárlagaskrifstofunnar og það sé ekki hægt að segja annað en hér segir „að ekki verði séð að frv. hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisreikningur 1991, 1. umr.

Stjfrv., 486. mál. — Þskj. 834.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1991 sem er 486. mál þessa þings og liggur fyrir á þskj. 834.

Frv. þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1991 sem lagður var fyrir Alþingi með bréfi fjmrh. til forseta Alþingis í janúar 1993. Þetta er þriðji ríkisreikningurinn sem gerður er upp með nýjum hætti, en með ríkisreikningi ársins 1989 var stigið veigamikið skref í þá átt að færa uppgjör ríksjóðs nær almennum reikningsskilavenjum. Breytingarnar voru gerðar að tillögu ríkisreikningsnefndar og fela þær í sér að færa í ríkisreikningi allar áfallnar kröfur og skuldbindingar ríkissjóðs. Áður höfðu slíkar skuldbindingar komið til færslu þegar Alþingis samþykkti greiðsluheimild til verksins. Með þessum breytta færsluhætti fæst réttari mynd af efnahag ríkissjóðs og raunverulegt rekstrarumfang á árinu er sýnt þar sem gjaldafærslur eru óháðar því hvenær greitt er eða innheimt. Tilgangurinn er að tryggja sem réttasta mynd af eigna- og skuldastöðu ríkissjóðs og koma í veg fyrir að upplýsingum sé misvísað milli ára.

Það sem hér um ræðir er að Alþingi hefur jöfnum höndum með almennum lögum eða sérlögum lagt ýmsar fjárhagsskuldbindingar á ríkissjóð. Veigamestu dæmin um þetta eru ríkisábyrgðir, sameiginlegar framkvæmdir með sveitarfélögum og lífeyrisskuldbindingar. Þessar skuldbindingar falla til með ýmsum móti og án þess að Alþingi hafi bein áhrif á eða fái beinlínis við ráðið. Þegar slíkar skuldbindingar hafa fallið til hefur Alþingi hins vegar þurft að veita heimildir til greiðslu þeirra. Slíkar heimildir ráða tímasetningu greiðslna en breyta engu um skuldbindinguna sem þegar hefur myndast vegna fyrri lagasetningar. Í áritun Ríkisendurskoðunar með ríkisreikningi 1991 er gerð athugasemd við færslu á áföllnum skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands. Telur Ríkisendurskoðun að þessa skuldbindingu hafi átt að færa í ríkisreikningi 1992 þar sem þá fyrst hafi Alþingi með formlegum hætti heimilað yfirtöku á hluta af skuldum Framkvæmdasjóðs Íslands. Fjmrn. telur hins vegar að um þessa færslu gildi það sama og sagt var hér að framan, þ.e. Alþingi hefur samþykkt með lögum um Framkvæmdasjóð Íslands að ríkissjóður beri fulla ábyrgð á skuldbindingum hans og því þurfi ekki sérstaka lagaheimild til að færa allar áfallnar skuldbindingar vegna hans. Var um þá niðurstöðu leitað álits endurskoðenda og sérfræðinga í reikningsskilum.

Það leiðir af þeim breytingum, sem ákveðnar voru með uppgjöri ríkisreiknings 1989, að skuldbindingar, sem ríkissjóður stofnar til eða á hann falla á árinu, séu metnar og færðar í ríkisreikning eftir því sem þær eru best þekktar enda í samræmi við gerðar reikningsskilavenjur. Þannig er t.d. nú lagt mat á skuldbindingar ríkissjóðs gagnvart sveitarfélögum eftir stöðu verkefna í vegagerð, hafnargerð og byggingarframkvæmdum og þær færðar til bókar óháð greiðslum. Þar ræður ekki samþykkt Alþingis á greiðsluheimild til verkefnisins heldur hvort ríkissjóður telst ábyrgur fyrir skuldbindingunni. Á það sama við um áfallnar ábyrgðir ríkissjóðs.

Í greinargerð með frv. var þetta mál frekar skýrt. Ég hef því ekki fleiri orð um það en legg að öðru leyti til að það verði tekið til faglegrar skoðunar og umfjöllunar í fjárln.

Ég vil láta það koma fram hér í þessari ræðu að mér er kunnugt um að það er ágreiningur meðal hv. alþingismanna um þetta tiltekna bókhaldsatriði og það er svo sem ekki í fyrsta sinn sem menn eru ekki nákvæmlega sömu skoðunar um færslu á fjáraukalögum á ríkisreikningi og öðrum færslum er varða ríkisfjármálin. Það er hins vegar að minni hyggju afar brýnt að nefndin sem fær þetta mál til meðferðar, sem er hv. fjárln., láti fara fram gagngera umræðu um þetta mál því hér er á ferðinni mjög mikilvægt atriði sem hefur þýðingu fyrir færslu í náinni framtíð og hefur þýðingu í raun fyrir það hvort það sé virkilega þannig að ráðherra geti með því að víkjast undan því að leggja fyrir Alþingi frv. eins og til að mynda frv. um ríkisreikninga sem gerðist árum saman hér fyrr á árum eins og ég veit að sumir hv. þm. vita, að þá sé ekki hægt að færa til gjalda á ríkisreikningi tilteknar upphæðir sem öllum er ljóst að löngu eru tapaðar og fram kemur í reikningum viðkomandi sjóða svo ég nefni dæmi sem hér er verið að fjalla um.

Við höfum mjög rækilega skoðað þetta mál í fjármálaráðuneytinu, fengið til liðs við okkur færustu sérfræðinga landsins og niðurstaðan varð sú að færa þessa umræddu færslu með þeim hætti sem hér er gert. Mér er hins vegar mjög vel ljóst að nokkrir aðilar þar á meðal yfirskoðunarmenn ríkisreiknings og Ríkisendurskoðun telja að færa skuli þessa tilteknu færslu sem er færsla vegna tapaðra skulda Framkvæmdasjóðs Íslands ekki fyrr en á því ári sem Alþingi samþykkti viðkomandi fjáraukalög. Þetta er þeim mun sérkennilegra þegar það er haft í huga að reikningar Framkvæmdasjóðs fyrir árið 1991 eru gerðir upp með þeim hætti að 1.700 millj. eru afskrifaðar og settar á ríkissjóð. Það sem hins vegar veldur þessum vandræðum er að ein umræða eða tvær í fjáraukalagafrv. áttu sér ekki stað fyrir jól heldur var þeim frestað vegna beiðni stjórnarandstöðunnar yfir jólin og um það var gott samkomulag en slíkt getur að sjálfsögðu ekki breytt því sem liggur fyrir um staðreyndir í ríkisfjármálunum eins og ég held að flestir þeir sem hafa kunnáttu í bókhaldi hljóti að gera sér ljóst.

Ég tek það skýrt fram að þessi umræða sem hér á sér stað er ekki hluti af þeirri hefðbundnu deilu sem uppi hefur verið milli fjmrn. og Ríkisendurskoðunar. Í þessu tilviki er ekki deilt um það hvort færa eigi ríkisreikning og fjárlög upp á greiðslugrunni eða reikningsgrunni, þetta er ekki deila um það. Þetta er deila um það hvernig og hvenær eigi að færa skuldbindingar á reikningsgrunni. Það er engin deila um það að auðvitað á að færa þetta á reikningsgrunni heldur hvenær slíkt eigi að gerast. Og við teljum að eins og ég held að sé gert víðast hvar og ég nefni nýlegt dæmi sem er Landsbanki Íslands. Að sjálfsögðu var ákvörðunin um afskriftir vegna tapaðra útlána á vegum Landsbanka Íslands ekki tekin á sl. ári. Ákvörðunin var tekin á yfirstandandi ári en færð inn í bókhald og reikning Landsbankans á sl. ári svo ég nefni dæmi. (**Forseti:** Forseti verður aðeins að trufla ræðu hæstv. ráðherra. Það er gert ráð fyrir að hér hefjist utandagskrárumræða eins og boðað hafði verið klukkan hálffjögur og vildi þá spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann gæti ekki frestað sinni ræðu því hér verður haldið áfram aftur kl. 6 eins og einnig hafði verið tilkynnt. Það hefur jafnframt verið beðið um andsvör við ræðu hæstv. ráðherra.) Hæstv. forseti þarf ekki að hafa mörg fleiri orð um það. Ég átti eftir u.þ.b. fimm mínútur af ræðu minni en ég skal gera hlé á henni til kl. 6. — [Fundarhlé.]

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Útboð á ræstingu í framhaldsskólum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú hefst utandagskrárumræða eins og boðað hafði verið. Hún fer fram að beiðni hv. 10. þm. Reykv. samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaga, þ.e. hálftímaumræða. Hún fjallar um útboð á ræstingu í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár til að leita svara hjá menntmrh. við ýmsum spurningum sem vakna í tengslum við það útboð á ræstingu í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu sem nú er fyrirhugað. Þetta útboð er auðvitað liður í einkavæðingaráformum ríkisstjórnarinnar þó að ekki hafi farið eins hátt og margt annað eða fengið sömu umræðu og margt annað.

Útboðið var auglýst á vegum Innkaupastofnunar ríkisins um mánaðamótin janúar/febrúar og áttu tilboð að berast stofnuninni fyrir 9. mars sl. Alls bárust 13 tilboð sem hljóðuðu upp á allt frá 56% af kostnaðaráætlun og upp í 190%. Þessi tilboð eru nú til skoðunar hjá Innkaupastofnun og enn hefur ekkert verið gert sem er óafturkræft. Útboðið náði til 23 framhalds- og sérskóla á höfuðborgarsvæðinu og skiptist það í þrjá hluta. Í fyrsta hluta voru 17 framhalds- og sérskólar í Reykjavík, alls 61.380 fermetrar. Í öðrum hluta voru 5 framhaldsskólar í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði með alls 10.782 fermetra og í þriðja hluta var Iðnskólinn í Reykjavík með alls 11.996 fermetra. Var verkið boðið út til 5–7 ára og reiknað með að verktaki tæki það að sér frá og með næsta sumri.

Það sem vekur athygli við útboðið er hversu stór fyrsti hluti þess er eða rúmir 61 þús. gólffermetrar. Það segir sig eiginlega sjálft að við slíkt verk ráða tæpast aðrir en hreingerningafyrirtæki með víðtæka þekkingu og reynslu, bæði í ræstingum og útboðum. Umfang slíkra útboða gerir t.d. ræstingarkonunum sjálfum illmögulegt að bjóða í verkið þó að þær gjarnan vildu. Þeirra skoðanir, þekking og möguleikar eru ekki teknir með í útreikninga þeirra manna sem semja útboðslýsingar. Í því tilviki sem hér um ræðir voru þær einfaldlega dæmdar úr leik þegar í upphafi, enda virðist markmiðið með útboðinu beinlínis vera að auka miðstýringu í ræstingu. Þannig halda þeir sem þessum málum ráða að þeir nái í miðstýrða þekkingu á efnum og vinnuaðferðum sem muni skila þeim sparnaði.

Í útboðslýsingunni er þó ekki alveg horft fram hjá þeim konum sem vinna verkið því þar segir að óski núverandi starfsmenn verkkaupa eftir því að vinna við þrif áfram sé verktaka skylt að ráða þá til starfa við ræstingar eða í önnur sambærileg störf. Þá segir að við ráðningu skuli starfsmaður njóta áunninna réttinda miðað við starfsaldur hjá verkkaupa. Tekur það m.a. til starfsaldurshækkana, uppsagnarfrests, veikinda og orlofsréttar. Í þessu sambandi er hins vegar rétt að geta þess að ræstingin er unnin í svokallaðri tímamældri ákvæðisvinnu og þar af leiðandi fá allar konur greidda sömu upphæð á tímaeiningu án tillits til starfsaldurs og hvað orlof varðar er rétt að það komi fram að þær detta nær allar út af launaskrá 1. júní ár hvert þegar skólum lýkur og koma inn aftur 1. sept. Eftir stendur þó að verktaki á að bjóða þeim vinnu, en það er alveg undir hælinn lagt að það sé í sama skóla og áður.

Allir sem þekkja til skólaræstinga vita þó að það getur skipt verulegu máli vegna þess að þær konur sem þessum störfum sinna eru oft og tíðum bíllausar og með börn og eiga illa heimangengt til vinnu nema hún sé nærri heimili. Þá gefst engin trygging fyrir því að konurnar verði ekki að sæta skertum kjörum. Þvert á móti er það nánast fyrirséð. Vinnulaun eru um 85–90% af kostnaði við ræstingu og ef sparnaður á að nást við útboð hljóta menn að ná honum við þann útgjaldalið. Háskóli Íslands bauð t.d. út ræstingu sl. haust og þar hófu verktakar þegar í stað að endurskoða verklýsingar með tilheyrandi kjaraskerðingu fyrir konurnar, ýmist í formi þess að tímamælingunni var breytt eða stykkin þeirra stækkuð. Laun fyrir ræstingu eru hins vegar ekki svo há að hægt sé að ætla þeim konum sem þessi störf vinna að fórna sér í þágu sparnaðaráforma ríkisins. Fyrir hverja tímaeiningu í eftirvinnu fá konurnar 393 kr. rétt rúmlega og í næturvinnu 474 kr. Hver kona hefur svo stykki sem er áætlað 3–4 tímar og eru launin frá 27–32 þús. kr. á mánuði. Það þarf því ekki að koma á óvart þótt konurnar láti til sín heyra, en í dag voru menntmrh. afhentar undirskriftir

á annað hundrað ræstingarkvenna í Verkakvennafélaginu Framsókn þar sem þær mótmæla þeirri launaskerðingu sem felst í útboðinu.

En útboðið snýr líka að einstökum skólum og þar af leiðandi eru spurningar mínar til menntmrh. svohljóðandi:

1. Hvaða rök eru fyrir því að hafa hluta I í útboðslýsingu eins stóran og raun ber vitni?
2. Er einstökum skólum í hluta I og II í útboðslýsingu heimilt að draga sig út úr útboðinu?
3. Hver verður ávinningur einstakra skóla af hugsanlegum sparnaði í kjölfar útboðs á ræstingu?
4. Er verktaka heimilt að ráða einstaklinga til starfa við ræstingu sem undirverktaka?
5. Hvaða áhrif telur ráðherra að útboðin muni hafa á atvinnuöryggi og laun þeirra kvenna sem nú starfa við ræstingu í framhaldsskólunum?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Vegna þessara spurninga sem fyrir mig hafa verið lagðar vil ég taka þetta fram: Í sambandi við þær aðhaldsaðgerðir sem ákveðnar voru í skólakerfinu við gerð fjárlaga fyrir síðasta ár var sú ákvörðun tekin í menntmrn. að athuga sérstaklega þá rekstrarþætti í skólakerfinu sem flokkast undir stoðstarfsemi. Þar er átt við þá starfsemi sem ekki snýr beint að því að veita börnum og ungmennum fræðslu. Ráðuneytið fékk verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar til liðs við sig í þessu efni. Gerð var nákvæm kostnaðargreining á stoðstarfsemi í skólunum árið 1991 og við þá greiningu kom m.a. í ljós að kostnaður við ræstingar var um 32% af kostnaði við stoðstarfsemi eða tæp 5% af heildarrekstrarkostnaði skólanna en stoðstarfsemin rúmlega 14% af rekstrarkostnaði þeirra. Það var mat verkfræðistofunnar að ná mætti 15–20% lækkun kostnaðar með útboði á ræstingum. Þegar niðurstöður úr þessari könnun lágu fyrir hafði menntmrn. samband við forráðamenn framhalds- og sérskóla á höfuðborgarsvæðinu og óskaði eftir samstarfi við þá um útboð á ræstingarþjónustu. Að því búnu fól ráðuneytið verkfræðistofunni að gera útboðsgögn vegna ræstingar í þessum skólum.

Talið var heppilegast að bjóða ræstinguna út í fáum, stórum einingum m.a. af eftirtöldum ástæðum: Vænta má lægstu tilboða þar sem hagkvæmni stærðarinnar fær notið sín hjá verktaka. Unnt er að gera þá kröfu að verktaki endurráði starfsfólk óski það þess. Framkvæmd ræstingar verður auðveldari og kostnaður við eftirlit lægri ef samið er við fáa verktaka. Þá má geta þess að í nágrannalöndunum hefur það gefið góða raun við útboð á rekstrarverkefnum að hafa útboðin stór en skipta þeim í fáa hluta þar sem einn er stærri en aðrir.

Þegar frumvinnu við útboðsgögn var lokið hafði ráðuneytið samband við þau verkalýðsfélög sem gæta hagsmuna starfsfólks sem starfar við ræstingar í viðkomandi skólum. Haldnir voru fundir með félögunum þar sem fram komu athugasemdir þeirra við útboðsgögn og reynt var að taka tillit til flestra þeirra ábendinga sem fram komu. Samstarfið við verkalýðshreyfinguna hefur í alla staði verið ánægjulegt og viðræður hafa farið fram af hreinskilni á báða bóga. Það var reyndar markmið ráðuneytisins frá upphafi að tryggja sem best hagsmuni þess starfsfólks sem nú starfar við ræstingu á þeim skólum sem um ræðir. Í útboðsgögnum er ótvírætt skilyrði sem tryggir hag starfsmanna. Þeir eiga rétt á endurráðningu með áunnum réttindum og atvinnuöryggi þeirra verði með sama hætti hjá nýjum atvinnuveitanda og verið hefur, enda verði þeir ráðnir sem launþegar en ekki undirverktakar. Ef verktakar kjósa að hafa undirverktaka í sinni þjónustu þarf verkkaupi að samþykja þá.

Eins og fram kom hjá fyrirspyrjanda hefur nokkur hluti félagsmanna í Verkakvennafélaginu Framsókn skrifað undir mótmælabréf þar sem því er mótmælt að í útboði þessu sé verið að skerða laun þess fólks sem nú starfar við ræstingu í skólunum. Þar er því einnig haldið fram að engin áform séu um skerðingu á launum annarra eða hagræðingu í skólum. Í þessu mótmælabréfi gætir nokkurs misskilnings. Fyrir það fyrsta er alls ekki hægt að gefa sér að verið sé að skerða almennt laun ræstingarfólks. Vissulega skal því ekki neitað að í sumum tilvikum kunna kjör fólks að breytast en það getur verið á hvorn veginn sem er til hækkunar eða lækkunar. Hagræðingin og sparnaðurinn sem ráðgert er að ná fram með þessu útboði felst m.a. í því að teknar verði upp nútímalegri vinnuaðferðir en víða tíðkast í skólunum í dag. Það kann að hafa í för með sér fækkun starfsfólks þegar fram líða stundir, en sú fækkun á að verða með því móti að ekki verði ráðið í störf þeirra sem ákveða að láta af störfum.

Menntmrn. er ekki beinn aðili að þessu útboði. Ráðuneytið hefur haft forgöngu um samstarf þeirra skóla sem taka þátt í því, en Innkaupastofnun ríkisins annaðist útboðið. Skólarnir hafa sjálfsákvörðunarrétt í þessum efnum enda er sjálfstæði þeirra tryggt í lögum. Einstakir skólar geta ákveðið að ganga ekki til samninga við verktaka ef þeir telja sig geta náð sama árangri með öðrum aðferðum. Það er von ráðuneytisins og trú að af þessari breytingu hljótist hagræðing og sparnaður. Með því að sparnaði verði náð fram á sviði stoðstarfsemi minnkar þrýstingur á annars konar sparnað í skólakerfinu, til að mynda í kennslunni sjálfri. Þannig munu skólarnir njóta góðs af þeim sparnaði sem næst á þessu sviði. Einnig er von til þess að hægt verði að auka fjárhagslegt svigrúm skóla vegna þess sparnaðar sem næst á þessu sviði.

Ég held að með þessum orðum mínum hafi ég svarað þeim beinu spurningum sem beint var til mín og voru fimm talsins. Ef ég hleyp aðeins á þeim ef ég hef tíma til, þá hef ég svarað því varðandi fyrstu spurninguna um hvers vegna hluti I er þetta stór. Það er mjög skýrt að ef skólarnir telja sig geta náð sama árangri með öðrum leiðum, þá geta þeir dregið sig út úr þessu útboði.

Af skilmálum í útboðsgögnum er ljóst að allar þær konur sem nú starfa við ræstingu í skólunum munu áfram búa við atvinnuöryggi sambærilegt við það sem verið hefur. Áunnin réttindi fylgja þeim til nýrra vinnuveitenda. Breyttir starfshættir hafa í för með sér

að kjör kunna breytast í sumum tilvikum, ýmist til hins betra eða verra.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Á þessum tímum er auðvitað gríðarlega mikilvægt að leita allra leiða til þess að hagræða og spara í rekstri. Það hefur nú verið mottó þessarar ríkisstjórnar í gegnum tíðina að hún væri sífellt að leita slíkra leiða. Ég hef heyrt að í ráðuneytunum hverju um sig séu starfandi sérstakar sparnaðarnefndir þar sem menn leita leiða eftir því hvaða liðir það eru í rekstri ráðuneytanna sem rétt sé að taka og einkavæða og spara sérstaklega. Eftir því sem ég hef heyrt er hugmyndaflug þessara nefnda alveg gríðarlegt vegna þess að allar hafa þær komist að þeirri sömu niðurstöðu að best væri að reka ræstingarfólkið því að þar væri helst sparnaðar að leita.

Nú er það svo að þetta útboð sem hér er til umræðu er gríðarlega stórt og í raun og veru hefði verið kjörið tækifæri fyrir ríkisvaldið með útboði sem þessu að bjóða starfsfólkinu sem nú er starfandi við hvern skóla að bjóða í reksturinn. Nei, sú leið er ekki farin heldur er öllum skólunum slegið saman og útboðið gert með þeim hætti að það má af því marka að það er nákvæmlega ætlað einhverjum einum stórum aðila til að taka það yfir. Þá læðist auðvitað sú hugsun að manni hvort hér sé á ferðinni enn einn angi af þeim einkavinavæðingaráformum sem þessi ríkisstjórn er með uppi. Það er með öðrum orðum verið að koma þarna saman mjög stórum útboðspakka sem einum stórum aðila er ætað að gína yfir. Og nú spyr ég hæstv. menntmrh.: Af hverju var ekki hægt að fara þá leið, a.m.k. fyrst til að byrja með, að bjóða því starfsfólki sem hefur verið starfandi í þessum skólum hvort það kysi að fara þá leið að bjóða í verkið?

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. 10. þm. Reykv. fyrir að vekja máls á þessari svokölluðu hagræðingu hér á hinu háa Alþingi. Ég vil taka undir það sem hér hefur verið sagt að það er auðvitað fráleitt að ráðast í slíkar breytingar án þess að hafa samband við það starfsfólk sem þessu hefur sinnt. Það er nú einu sinni þannig í skólum landsins að ræstingarfólkið er hluti af starfsliðinu. Það hefur verið þar oft lengi, umgengst hluti þar persónulega og er jafnvel oft í vinfengi við börnin eða nemendur í skólanum þannig að ég held að það sé nú engum skóla til góðs að fá eitthvert fyrirtæki yfir sig sem kemur askvaðandi þar með einhverjar hagræðingar.

En fyrst af öllu vil ég spyrja um það sem ég hreinlega skil ekki í þessu máli en það er hvernig þessi sparnaður á að fara fram. Þetta fólk vinnur auðvitað samkvæmt sínum kjarasamningum og það hlýtur að verða þá að mæla allt upp aftur, gera nýja samninga sem af sjálfu leiðir að hljóta að fela í sér kjaraskerðingu því til þess er leikurinn gerður. Auðvitað er ekki hægt að spara neitt í ræstingu nema með því að lækka launin þannig að ég átta mig ekki alveg á hvernig raunverulega hefur samist við verkalýðsfélögin og Verkakvennafélagið Framsókn í þessu tilviki. Ég skil ekki hvernig þeir samningar hafa farið fram. Hér segir ráðherra eftir að hafa hlýtt á mál hv. 10. þm. Reykv. að menn haldi áunnum réttindum. Það er þegar komið fram, ég hef ekki fylgst nákvæmlega með þessum málum á síðustu árum en hafði talsverð afskipti af þessum málum sem opinber starfsmaður fyrr á árum, að ekki er hægt að koma þessari hagræðingu á nema í náinni samvinnu við verkalýðsfélögin. Og ég vil þá fá að heyra um hvernig sparnaðurinn á að nást.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er einkennilegt og virðist vera eitthvað í ætt við bráðsmitandi pest að í hvert skipti sem á að fara að grípa til sparnaðar dettur mönnum fyrst í hug að athuga hvort ræstingarkonur hafi ekki allt of mikið upp úr sér fyrir allt of litla vinnu. Hver hefur ekki heyrt velmektarmenn í ógurlegum ábyrgðarstöðum lýsa því yfir í píslarvættisrómi eitthvað í ætt við Bogesen að þeir beri í raun og veru minna úr býtum en ræstingarkonurnar svona miðað við það ómælda erfiði og áhyggjur sem ábyrgðarstöðunum fylgja? Oft hefur mann undrað að karlmenn, sérstaklega úr efri lögum þjóðfélagsins, skuli ekki sækjast meira en raun ber vitni eftir þessum störfum, þessum ábyrgðarlausu og vel launuðu, áhyggjulausu störfum. Hvers lags raunveruleikatengsl eru þetta eiginlega? Af þeim upphæðum sem málshefjandi, hv. 10. þm. Reykv., las hér upp áðan er ekki hægt að heyra að það sé hægt að sækja mikið gull í greipar skúringarfötunnar. Eða trúa menn því raunverulega að svo sé? Eða blundar kannski undir gamla skoðunin að í raun beri konum að þjóna öðrum og þrífa eftir þá kauplaust eða a.m.k. því minna sem þær fái, því sanngjarnara. Eða er verið að skapa nokkrum karlmönnum aðstöðu til þess að hagnast á vinnu kvenna?

Hingað til hafa ræstingarkonur í skólum séð um sín mál sjálfar og engin milliliður, karlmaður, hagnast á vinnu þeirra. Er þetta brotalöm sem verður að ráða bót á að enginn yfirmaður hagnist á vinnuframlagi fjölda kvenna.

Það er athyglisvert að þessi einkavæðingarhugmynd sem þarna er á ferð hefur ekki vakið mikinn áhuga eða eftirtekt. Er það vegna þess að konur eiga þarna hlut að máli? Hafa svona fáir í raun og veru áhuga á því hvort réttindi þeirra og kjör skerðast, en það hlýtur að vera markmið þessa útboðs, annars væri ekki verið að fara út í það.

Verkakvennafélagið Framsókn afhenti hæstv. menntmrh. mótmæli í dag og ég vil lesa þessi mótmæli hér upp, með leyfi forseta:

„Verkakvennafélagið Framsókn mótmælir harðlega þeirri lítilsvirðingu við launafólk sem felst í áformum menntmrn. um niðurskurð á launum starfsfólks við ræstingar í ríkisskólum. Félagið minnir á að kostnaður við ræstingu í skólum er um 5% af heildarkostnaði við skólahaldið. Engin áform eru um skerðingu á launum annarra eða hagræðingu í skólum. Eingöngu er vegið að launum ræstingarfólks. Við undirritaðar félagskonur í Verkakvennafélaginu Framsókn mótmæl-

um þessum áformum harðlega og munum gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að hnekkja þessum áformum."

Og ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hyggist bregðast við þessum mótmælum og þá hvernig.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau orð sem hv. málshefjandi hafði um þá aðferð sem viðhöfð var við útboð þetta sem hér er til umræðu, þ.e. að hafa einingarnar sem boðnar voru út svo stórar að ógerlegt var fyrir þá einstaklinga sem vinna í dag við þær ræstingar sem boðnar voru út að bjóða í verkið. Þetta er í anda þeirrar stefnu sem við höfum orðið svo áþreifanlega vör við hjá þessari ríkisstjórn, að færa stofnanir og verkefni frá ríkinu á fárra hendur og gera aðeins þeim stóru og efnameiri kleift að taka við verkefnum frá ríkinu.

En mér leikur líka forvitni á að vita hvað hún kostaði, undirbúningsvinnan að þessu útboðsverkefni. Mér skilst að verkfræðiskrifstofa Stefáns Ólafssonar hafi séð um þetta verkefni og af liðnum 950, rekstrarhagræðing, á fjárlögum hafi fari um 6,2 millj. en auk þess hafi farið í þetta verkefni verulegar fjárhæðir af ráðstöfunarfé ráðuneytis. Ég vildi nú gjarnan fá að heyra það hvaða upphæðir þar er um að ræða. Þá einnig að það eru um 300 konur sem vinna við ræstingu í þessum 17 skólum sem mér skilst að séu í einingu 1 í útboðsgögnunum og ákvæði er um að bjóða þeim öllum störf. Hins vegar kemur fram í frétt sem var í Ríkisútvarpinu 24. mars að Hreint og beint sf. hafi átt lægsta tilboðið. Talið er að starfsmenn þess fyrirtækis séu 12 en þeir reikna með að það verði fjölgað upp í 150 sem segir manni það að það sé um helmings fækkun starfsmanna skólanna frá því sem er í dag.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Íslenskar ræstingarkonur geta áreiðanlega gefið hæstv. ráðherra góð ráð um að hvaða leyti hægt sé að spara í ræstingum án þess að hætta að þrífa skólahúsnæði sómasamlega. Mikil áníðsla er á skólum en misjöfn eftir svæðum. Uppmæld meðaltöl verkfræðistofu úti í bæ duga skammt, enda oft miðuð við litla þekkingu á verkefninu, stóra fleti og fá horn. Áreiðanlega er alltaf hægt að hagræða og spara og það hefur verið gert. Enginn er betur í stakk búinn til að benda á raunhæfar leiðir til þess en þær konur sem vinna störfin nú. Þær hafa hins vegar ekki verið spurðar nú frekar en endranær. Ég tel að ekki hafi einasta verið brotið freklega á ræstingarkonum með tilhögun þessa útboðs sem hér er um rætt heldur sé einnig verið að sneiða hjá þeirri leið sem vænlegust er til raunverulegs árangurs *vilji menn spara án þess að slaka á* kröfum. En það er kannski ekki ætlunin. Milliliðirnir hljóta að taka sitt og kannski var það einmitt meiningin.

Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa ályktun kvennalistakvenna í Reykjavík frá 10. febr. sl. um þetta mál, en þar segir:

„Félagsfundur Kvennalistans í Reykjavík mótmælir harðlega hvernig staðið er að útboði á ræstingu og hreingerningu skólahúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Með útboðinu er ekki aðeins vegið að atvinnuöryggi þeirra 300 kvenna sem nú sinna ræstingum í viðkomandi skólum heldur er útboðslýsingin með þeim hætti að þessar konur eiga lítinn sem engan möguleika á því að bjóða í verkið. Um er að ræða rúmlega 84 þús. gólffermetra sem skipt er í þrjá útboðshluta og þar af er sá stærsti rúmlega 61 þús. fermetrar. Umfang útboðsins er slíkt að einungis er líklegt að 2–3 fyrirtæki hafi bolmagn til að bjóða í verkið. Kvennalistinn í Reykjavík er síður en svo andsnúinn hagræðingu, en ef hún hefur í för með sér verri þjónustu, einkaeinokun stórfyrirtækja, öryggisleysi fjölda erfiðisvinnufólks um afkomu sína og aukin völd karla á sviðum þar sem konur hafa sérþekkingu, þá er verr af stað farið en heima setið. Kvennalistinn í Reykjavík krefst þess að opinberir aðilar láti af þeirri hagræðingarpólitík sem byrjar og endar á ræstingarkonunni."

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka þá umræðu sem þetta mál hefur fengið hérna en ég get samt ekki varist þeirri hugsun að það séu nokkuð margir ekki bara hér í þinginu heldur úti í samfélaginu líka sem finnist, eins og hér hefur komið fram, einkavæðing á ræstingu ekki eins merkileg og einkavæðing á ýmsum öðrum þáttum í opinberri starfsemi. Og kannski er það vegna þess að þarna eiga bara einhverjar skúringarkonur í hlut sem þykja kannski ekki eins merkilegur starfskraftur og ýmsir karlar sem vinna á hefðbundnum vinnustöðum. Ég veit ekki hvort það er það sem veldur. En ég veit að þetta er dálítið stórt mál sem yfir okkur vofir núna vegna þess að núna er eftir því sem mér skilst hjá Verkakvennafélaginu Framsókn 387 konur þar sem eru í ræstingu á vegum ríkisins og mjög margar þessara kvenna eru núna með uppsagnarbréf í höndunum. Þannig eru þessar konur í framhaldsskólum allar með uppsagnarbréf í höndunum sem þær fengu 1. febr. sl. Þá skilst mér að það sé líka búið að segja upp konum sem ræsta í dómhúsinu við Lækjartorg, það sé búið að segja upp konum sem ræsta hjá sýslumannsembættinu í Reykjavík og víðar vegna þess að þessi útboð eru áformuð á þessum störfum. Og það er auðvitað mjög óvíst um framtíðina hjá mörgum þessara kvenna eins og hér kom fram því að markmiðið hlýtur að vera að fækka konunum, spara í launaliðnum sem er um 90% af kostnaðinum við ræstingu. Það segir sig eiginlega sjálft. Og í dag eru hjá Verkakvennafélaginu Framsókn um 150 konur á atvinnuleysisskrá þannig að framtíðin er ekkert sérlega björt þegar ríkisstjórnin er að grípa til þessara ráðstafana.

Það hefur verið talað um nauðsyn þess að spara og ég get út af fyrir sig verið sammála því en það á að byrja að spara uppi og færa sig svo niður, ekki að byrja niðri og færa sig upp. Og í því sambandi vil ég nefna Landsbankann af því að við höfum verið hér nýlega með hann til umfjöllunar. Mönnum þykja það kannski ósmekklegar samlíkingar en ég ætla samt að leyfa mér að nefna að nú er fyrirhugaður laxveiðitúr

hjá Landsbankanum í sumar eins og endranær og í DV í gær er þess getið að slík veiðiferð muni kosta næstum 2 millj. kr. í sumar. Þetta eru dálitlir peningar. Þetta eru jafnmiklir peningar og kannski meiri peningar og sparast í einum skóla við útboðið eða áætlað er að sparist. Samt segir bankastjóri Landsbankans í viðtali við DV að þetta sé ekki umræðuhæft þótt menn fari einhver dægur að veiða lax. „Ég nenni ekki að svara þessu", segir hann. Það er ekki hægt að bjóða fólki þetta á sama tíma og er verið að bjóða út ræstingu í framhaldsskólunum og ætla láglaunafólkinu það að taka á sig það sem því fylgir.

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Ég vil undirstrika það sem hefur komið fram reyndar hér áður í þessari umræðu að þetta er aðeins toppurinn á ísjakanum, þetta útboð sem er að fara fram núna. Það er starfandi í öllum ráðuneytunum mikil nefnd spekinga, aðstoðarmanna ráðherra sem eru að finna út hagræðingaráform og það fyrsta sem þeim kemur í hug er að bjóða út ræstingar. Þess vegna er búið að segja upp í dómhúsinu og út um allan bæ. Það er verið að skipta hér höfuðborgarsvæðinu í stórhertogadæmi í ræstingu og það endar örugglega með því að hér verða um það bil 150 konur sem bætast á atvinnuleysisskrá. Það er verið að brjóta upp það vinnuumhverfi sem verið hefur en það er áreiðanlega hægt að finna einhverjar betri leiðir til sparnaðar. Ég trúi því ekki að þarna sé sá akkilesarhæll sem ríkisfjármálin standa og falla með. Þetta er bara einn anginn af þessu einkavæðingaræði sem nú er kallað einkavinavæðing og hefur fengið nýtt nafn og nýtt innihald. Ég hef ekki trú á að þetta verði sú lausn sem menn ætla og það er áreiðanlega hægt að finna leiðir til sparnaðar í samvinnu við það fólk sem vinnur að þessum málum núna.

Guðrún Helgadóttir:

Frú forseti. Ég heyrði ekki betur en hæstv. ráðherra segði hér áðan að þetta mál hefði verið unnið í góðu samkomulagi við verkalýðsfélögin. Síðan er komið hér með ályktun frá Verkakvennafélaginu Framsókn þar sem þessu er harðlega mótmælt. Má ég spyrja: Hvað þýða svona yfirlýsingar? Var ráðherrann að segja ósatt?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég sný mér strax að spurningunum, ég hef ekki nema tvær mínútur. Hv. þm. Finnur Ingólfsson og reyndar fleiri spurðu hvers vegna væri ekki hægt að bjóða þetta út með öðrum hætti en gert var og ég hef þegar svarað því. Það var mat verkfræðinganna að mestur ávinningur yrði með því að bjóða þetta út í stórum einingum og ég hef svo sem engu við það að bæta sem ég rakti áðan.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir — það er best að ég svari strax síðustu spurningunni hvort ég hafi verið að segja ósatt áðan þegar ég sagði að þetta mál hefði verið unnið í góðri samvinnu við verkalýðshreyfinguna. Ég var ekki að segja ósatt. Ég hef átt sjálfur persónulega fundi með fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar þar sem var sérstaklega þakkað fyrir með hvaða hætti menntmrn. stóð að þessu verki. Þessi mótmæli sem hér hafa verið lesin byggjast öðrum þræði á hreinum misskilningi. Það er tvennt í þessu plaggi sem ræstingarkonurnar skrifa undir sem er beinlínis rangt. Það eru þessar setningar: „Engin áform eru um skerðingu á launum annarra eða hagræðingu í skólunum. Eingöngu er vegið að launum ræstingarfólks." Þetta er beinlínis rangt. Það hafa ýmsar hagræðingaraðgerðir átt sér stað í skólakerfinu allt frá því haustið 1991, kennarastöðum hefur fækkað vegna ýmissa breytinga á kennsluháttum og aukagreiðslur til kennara hafa minnkað þannig að þar var nú byrjað en ekki á ræstingafólkinu.

Það er líka rangt að sparnaður náist einungis með launalækkun. Það er verið að breyta hér vinnutilhögun sem þegar tímar líða leiðir e.t.v. til fækkunar starfsfólks. Það má vel vera. Sá sem lætur hafa það eftir sér af bjóðendum í verkið að hann ætli að ráða 150, er beinlínis að skáka sér út úr slíku verki með því að lýsa slíku yfir vegna þess að það er gerð krafa um það í útboðslýsingu að þetta fólk haldi sínum störfum. Svo einfalt er það. (**MF:** Hvar er sparnaðurinn?) Hvar er sparnaðurinn? Sparnaðurinn kemur áreiðanlega ekki fram strax hjá þeim fyrirtækjum sem taka þetta að sér. Það er alveg ljóst. Þau ná engum hagnaði af þessu fyrsta árið eða fyrstu tvö árin, það er alveg ljóst.

Nú er ég búinn með tímann en á margt eftir ósagt og verð að segja aðeins í lokin að mér finnst satt að segja þetta bera vott um alveg dæmalaust forneskjutaut sem maður þarf að hlusta hér á. Þegar verið er að hagræða í rekstri og hér er talað um þetta sem eitthvert hroðalegt orð, einkavæðing. Ég bendi bara á að þetta ræstingarfólk er ekki fastir ríkisstarfsmenn. Það hefur komið meira að segja fram að sumt af þessu fólki er ekki ráðið nema í 9 mánuði á ári. Hvert er atvinnuöryggi þeirra? Það er ekkert með þessu verið að skera atvinnuöryggi þeirra frá því sem er. Ég bið forseta afsökunar, en mér er dálítið niðri fyrir og ég komst ekki til að svara öllum spurningum sem til mín var beint. — [Fundarhlé.]

Ríkisreikningur 1991, frh. 1. umr.

Stjfrv., 486. mál. — Þskj. 834.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) (frh.):

Hæstv. forseti. Þar var komið máli mínu að ég hafði gert grein fyrir mismunandi skoðunum á færslu í ríkisreikning vegna afskrifta eða tapaðra útlána Framkvæmdasjóðs sem fært var á árið 1991 en um það eru skiptar skoðanir. Ég vil einungis til viðbótar því sem ég hef þegar sagt óska eftir því að hv. fjárln. kanni þetta mál rækilega og kalli á sinn fund annars vegar fulltrúa Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmenn ríkisreiknings ásamt fulltrúum fjmrn. og öðrum þeim sem geta lagt nefndinni lið og vonast til að sú skoðun sem þar fer fram verði fagleg því það skiptir að sjálfsögðu

miklu máli að niðurstaðan sé með þeim hætti að flestir geti vel við unað.

Ég vil jafnframt taka það fram að í þessu máli, eins og öðrum málum sem fjalla um svipuð efni, gildir að segja frá því að starfandi er svokölluð ríkisreikningsnefnd sem hefur starfað mjög ötullega að undanförnu og ég á von á því að niðurstöður nefndarinnar liggi fyrir áður en þing kemur saman næsta haust. Það þýðir ekki að endanlega verði komið í veg fyrir að uppi verði mismunandi viðhorf um færslu, hvorki í fjáraukalögum né ríkisreikningi, en það getur þó orðið til þess að skýra málið og sætta menn við tiltekna niðurstöðu.

Ég vil benda á að mér sýnist að í athugasemdum með lagafrv. sé prentvilla á bls. 10 í töflu þar sem talað er um greiðsluuppgjör 1992. Það á væntanlega að vera greiðsluuppgjör vegna ársins 1991.

Um þessi mál, sem ég hef rætt hér um, er síðan fjallað mjög ítarlega á bls. 11 og áfram í athugasemdum með lagafrv.

Þetta frv. er samkvæmt venju í þremur greinum. Í 1. gr. eru sýndar niðurstöður rekstrar- og efnahagsreiknings A-hluta ríkissjóðs. Í 2. gr. eru með sama hætti niðurstöðutölur rekstrar- og efnahagsreiknings B-hluta stofnana ríkisins og 3. gr. felur svo í sér gildistökuákvæði laganna, allt samkvæmt venju.

Niðurstöður ríkisreiknings sýna að rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs á árinu 1991 er neikvæð um 13 milljarða og 450 millj. kr. en var árið á undan neikvæð um 11,3 milljarða. Heildartekjur námu tæpum 106 milljörðum kr. og hækka frá fyrra ári um liðlega 11 milljarða eða tæplega 12%, nánar tiltekið 11,9%. Heildargjöld ríkissjóðs urðu u.þ.b. 119,5 milljarðar á árinu en voru árið áður rúmlega 106 milljarðar kr. Hækkun á milli ára er því 13,4 milljarðar eða 12,6%. Meðalhækkun verðlags milli áranna 1990 og 1991 á mælikvarða landsframleiðslu er 7,4% þannig að raunhækkun gjalda nemur tæplega 5%.

Ef niðurstöður ríkisreiknings eru bornar saman við uppgjör ríkissjóðs á greiðslum ársins þá er afkoman ívið betri samkvæmt greiðsluuppgjöri, eða sem nemur rúmlega 900 millj. kr. Tekjur eru alls 6 milljörðum kr. hærri í reikningsuppgjöri sem skýrist af því að álagðar tekjur ársins verða hærri en það sem innheimtist á árinu. Af þeirri fjárhæð eru 1,7 milljarðar kr. hækkun beinna skatta og 1,6 milljarðar kr. vegna óbeinna skatta. Þá eru áfallnar en óinnheimtar vaxtatekjur 1,7 milljarðar kr.

Frávik frá gjöldum eru 6,9 milljarðar kr. Ef taldir eru upp helstu liðir er í fyrsta lagi um að ræða yfirteknar skuldbindingar vegna Framkvæmdasjóðs Íslands að fjárhæð rúmlega 1,6 milljarðar kr. og vegna Byggðastofnunar 1,2 milljarðar kr.

Í öðru lagi voru gefin út skuldabréf að fjárhæð 1,2 milljarðar kr. til kaupa á fullvirðisrétti og greiðslu förgunarbóta vegna nýs búvörusamnings.

Í þriðja lagi eru gjaldfærðar skuldbindingar vegna lífeyrissjóða, 1,8 milljarðar kr. umfram greiðslur. Loks eru áfallnir vextir umfram greidda 2,5 milljarðar kr. Á móti þessu vegur að í greiðsluuppgjöri eru færðar til gjalda greiðslur sem koma til lækkunar skuldbindingum fyrri ára. Er hér einkum um að ræða ýmsar greiðslur vegna landbúnaðarmála. Þessi lækkun skýrist að sjálfsögðu af því að í fyrri reikningum höfðu þær skuldbindingar þegar verið færðar.

Varðandi frekari greinargerð um niðurstöðu og framvindu ríkisfjármála á árinu vísast til endurskoðunarskýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning 1991 og skýrslu fjmrh. frá því í febrúar á síðasta ári um ríkisfjármál 1991.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum leggja til að að lokinni 1. umr. verði frv. þessu vísað til fjárln. og þar fari fram frekari umræða og skoðun og sérstaklega á því efni sem nokkur ágreiningur er um.

Að lokinni umræðunni óska ég enn fremur eftir því að málinu verði vísað til 2. umr.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hæstv. fjmrh. að sá skoðanaágreiningur sem er um meðferð Framkvæmdasjóðs í þessu máli er ekki sömu ættar og sá ágreiningur sem verið hefur milli Ríkisendurskoðunar og fjmrn. um nokkuð langt árabil. Það sést kannski m.a. á því að sá sem hér stendur hallast meira að sjónarmiðum Ríkisendurskoðunar í þessu máli en sjónarmiðum fjmrn. en hefur þó stutt dyggilega sjónarmið fjmrn. í hinum deilumálunum um langt árabil

Ástæðan fyrir því hins vegar að ég kvaddi mér hljóðs til andsvara er að minna hæstv. fjmrh. á að það er ekki rétt hjá honum að það hafi legið augljóslega fyrir að það væri þetta tap á Framkvæmdasjóði og þess vegna væri bara spurning um að bóka það. Hvað hafði gerst í þessu máli? Það sem gerðist var að í mars 1990 undirritaði ríkisendurskoðandi, Halldór Sigurðsson, ársreikninga Framkvæmdasjóðs á þann veg að sjóðurinn stæði bara vel. Síðan nokkrum mánuðum seinna, í ágústmánuði sama ár, kemur skýrsla sem beðið var um af hálfu nýrrar ríkisstjórnar þar sem Ríkisendurskoðun kemst að annarri niðurstöðu. Segjum nú svo að ekki hefði komið til ný ríkisstjórn, sem bað um nýja skýrslu um Framkvæmdasjóð, og fjmrh. hefði bara tekið gilda áritun ríkisendurskoðanda á ársreikningana fyrir 1990, sem gerð var í mars 1991, þar sem ríkisendurskoðandi sá ekkert athugavert og taldi stöðuna það góða að ekki þyrfti að gera neitt í málefnum sjóðsins. Þá var sá ráðherra og sú ríkisstjórn í góðri trú og gat fyllilega með réttu setið út árið 1991 án þess að aðhafast nokkuð í málefnum Framkvæmdasjóðs. Þess vegna er það ekki fyrr en tekin er sú formlega ákvörðun af þinginu að viðurkenna þessa nýju stöðu sem málið kemur reikningslega til færslu að mínum dómi.

Þetta vildi ég rifja upp til þess að menn vissu af þessari atburðarás en áréttа svo að ég er alveg sammála fjmrh. um að þetta mál ber auðvitað að skoða vandlega í nefnd en ekki ræða ítarlega í þingsölum.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að deila við hv. 8. þm. Reykn. um það að ríkisendurskoðandi hafði farið yfir

efnahag sjóðsins á árinu 1990 og að á árinu 1991 hafi önnur skýrsla komið sem sýndi aðra niðurstöðu. Það er, að ég held, rétt. Þetta gerist oft í málum eins og þessum. Við höfum séð það í bankakerfinu og hjá sjóðunum að skjótt skipast veður í lofti. Ég hygg að samkvæmt nýjustu áætlunum megi gera ráð fyrir því að það þurfi að afskrifa a.m.k. 800 millj. til viðbótar hjá Framkvæmdasjóði eftir því sem menn kynnast betur og þekkja betur endurgreiðsluhæfni þeirra sem tekið hafa lán úr sjóðnum.

Um þetta snýst ekkert ágreiningurinn í þessu máli sem við erum að ræða nú heldur um þá tímasetningu hvenær færa skuli slíkt. Það er okkar mat, sem höfum stillt upp ríkisreikningnum, að það skuli gerast þegar menn vita um að það eigi að afskrifa. Það kom auðvitað fram í fjáraukalagafrv. sem var lagt fram haustið 1991. Þá lá fyrir að hjá öllum sem að þessu máli komu að þetta yrði að gera. Hins vegar dróst fram yfir áramótin að Alþingi samþykkti að veita greiðsluheimildina. Við höfum mjög vel rökstutt okkar skoðanir á þessum málum og teljum að viss hætta sé fólgin í því að beðið er eftir afgreiðslu Alþingis. Það eru söguleg rök fyrir því að stundum hafa ríkisreikningar og fjáraukalög ekki verið afgreidd fyrr en mörgum árum eftir að átti að afgreiða slík lög og það mundi auðvitað gefa ranga niðurstöðu ef það þyrfti að geymast þangað til Alþingi kæmi saman. Í þessu tilliti er Alþingi eins konar aðalfundur og það er stjórnin, framkvæmdarvaldið, sem stillir upp þessum reikningum. Eins og hjá venjulegum félögum eða fyrirtækjum er venja að færa færslur eins og þessar á það ár þegar menn sáu ljósast, þeir sem bera ábyrgð eins og stjórnir, að þetta yrði hin endanlega niðurstaða. Aðalfundurinn kemur hins vegar ekki fyrr en ári seinna.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vandinn í þessu máli er sá að á árinu 1991 var sá sem að gerst átti að sjá með mismunandi skoðanir á málinu. Annars vegar sagði Ríkisendurskoðun í mars: Það er allt í fína lagi með þennan sjóð. Og hins vegar sagði hún í ágúst: Nei, það er ekki allt í fína lagi með þennan sjóð. Það hafði ekkert gerst í málefnum sjóðsins frá mars til ágústmánaðar til þess að réttlæta slíka breytingu. Það hafði ekkert nýtt komið til. Þess vegna segi ég við hæstv. fjmrh.: Það er ekki alveg augljóst að það hafi verið hægt að halda því fram að á árinu 1991 hafi mátt sjá þetta. Það er fyllilega mögulegt, eins og ég hef bent á, að ríkisstjórn hefði tekið áritun Ríkisendurskoðunar á ársreikninga Framkvæmdasjóðs góða og gilda og beðið svo þar til á árinu 1992 þegar kom að nýrri áritun, í mars t.d. 1992, með að taka málin til skoðunar af því að ekkert nýtt kom fram í málefnum sjóðsins. Þess vegna hef ég sagt í þessari deilu: Eitt er þó alveg víst í málinu, þ.e. hvenær Alþingi gerir sína samþykkt. Það er þó a.m.k. alveg ljóst. Allt hitt eru matsatriði og ég var að leiða rök að því með því að benda á þær staðreyndir að það geti verið nokkrum tilviljunum háð hvernig þau matsatriði eru. Ef t.d. fjmrh. hefði hampað áritun Ríkisendurskoðunar á ársreikningi 1990 þá hefði ekkert gerst.

Kjarni máls er að eitt er fast. Þegar forseti þingsins lýsir af forsetastól að frv. sé orðið að lögum og verði sent hæstv. ríkisstjórn til samþykktar þá er a.m.k. í öllum þessum umræðum um hina flóknu ríkisreikninga alveg ljóst hvenær það gerist.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef það er rétt hjá hv. þm. að það hafi legið fyrir í ágúst 1991 að Ríkisendurskoðun hafi sagt að þessa fjármuni vantaði í sjóðinn þá er það röksemd fyrir því að þegar á því ári hafi átt að stilla málinu upp í ríkisreikningi með þeim hætti sem ríkisstjórnin gerir samkvæmt góðri reikningsskilavenju, enda ber ríkissjóður ábyrgð samkvæmt almennum lögum á Framkvæmdasjóðnum. Sjóðurinn var gerður upp fyrir árið 1991 með þessari færslu þannig að til þess að þar stemmi saman hlýtur auðvitað að eiga að fara þannig með málið.

Um það snýst hins vegar deilumál okkar og yfirskoðunarmanna ekki. Þetta er alveg nýtt sjónarmið á málinu og er vissulega gaman að menn skuli fletta upp nýjum sjónarmiðum. Deilan snýst um það hvort bíða eigi eftir því að Alþingi samþykki greiðsluheimildina, sem gerðist eftir áramótin, eða hvort það eigi að láta nægja það álit ríkisstjórnarinnar sem kemur fram í frv. sem lá fyrir fyrir jól því þá var öllum ljóst að þetta tap hafði orðið. Um það snýst þessi deila í örfáum orðum.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Við 1. umr. um frv. um samþykkt á ríkisreikningi teldi ég hlýða að þeir yfirskoðunarmenn sem sæti eiga á Alþingi tækju til máls og fjölluðu um það mál í nokkrum orðum. Eins og nú standa sakir erum við tveir, við hv. 9. þm. Reykv. meðal yfirskoðunarmanna. Sá þriðji er Sveinn G. Hálfdánarson skrifstofumaður í Borgarnesi en því miður er hv. 9. þm. Reykv. ekki viðstaddur.

Sú umfjöllun af hálfu yfirskoðunarmanna gæti átt þátt í því að gera virkari samskipti yfirskoðunarmanna og Alþingis varðandi þetta mál en yfirskoðunarmenn starfa, eins og kunnugt er, á ábyrgð Alþingis.

Yfirskoðunarmenn eru pólitískt kjörnir. Að þessu sinni og ég hygg ævinlega hafa þeir kostað kapps um að blanda ekki pólitík í störf sín heldur leitast við að fjalla um mál efnislega eftir því sem við á.

Á því ári sem hér er um að ræða, árinu 1991, störfuðu tvær ríkisstjórnir og tveir hæstv. fjmrh. og yfirskoðunarmenn gættu þess í sínum störfum að gera hvergi tilraun til þess að grafast fyrir um það hvað mætti kenna einum fjmrh. eða einni ríkisstjórn fremur en annarri. Er það út af fyrir sig sönnun fyrir því að þeir hafa leitast við að haga sínum störfum án tillits til pólitískra sjónarmiða.

Drög að ríkisreikningi voru send til Ríkisendurskoðunar og til yfirskoðunarmanna ríkisreiknings í desember sl. og endurskoðun var lokið í febrúarmánuði. Ákjósanlegt væri að ríkisreikningur gæti verið fyrr á

ferðinni þannig að endurskoðun gæti verið lokið um það bil sem þing kemur saman haustið eftir fjárlagaár og hygg ég að að því sé stefnt að þessu sinni.

Yfirskoðunarmenn lögðu býsna mikla vinnu í starf sitt. Þetta sést m.a. af því að þeir lögðu fram um 192 fyrirspurnir til Ríkisendurskoðunar sem upplýsingar voru síðan veittar við og svör gáfust við. Þá þurfti að fara yfir mjög margar skýrslur sem Ríkisendurskoðun setti saman, sumar sem svör við þessum fsp., sumar um önnur efni sem tengjast þessum málum. Auk þessa þá tóku yfirskoðunarmenn upp þann hátt að kynna sér sérstakt svið ríkisrekstrarins utan við hina beinu yfirskoðun ríkisreikningsins. Að þessu sinni var valið að kynna sér flugmálasvið ríkisrekstrarins og er gerð grein fyrir því í skýrslu yfirskoðunarmanna og settar fram nokkrar ábendingar, ekki í beinu tillöguformi þar sem hér var einungis um að ræða eins og ég sagði að kynna sér þetta svið en settar fram ýmsar ábendingar um það sem þyrfti að hugsa hvort ekki mætti betur fara á þeim vettvangi. Ég tel að út af fyrir sig sé ávinningur að kynnast svona einstökum sviðum sérstaklega þrátt fyrir að það sé ekki í tengslum við hina beinu yfirskoðun ríkisreiknings á því ári.

Ég vil svo geta þess að þrátt fyrir að ýmsar athugasemdir komi fram í skýrslu yfirskoðunarmanna og beinar tillögur um breytingar á þeim ríkisreikningi sem hér er til umfjöllunar þá er tekið býsna sterklega undir þær athugasemdir sem fram koma í skýrslu Ríkisendurskoðunar og það er ætlun yfirskoðunarmanna sem nú hafa verið kjörnir að nýju, en þeir eru kjörnir til eins árs, að í næstu skýrslu þeirra verði ekki einungis um að ræða slíkar aðfinnslur eða athugasemdir um það sem betur mætti fara heldur verði líka reynt að draga fram það sem sérstaklega hefur verið vel gert eða það sem áunnist hefur og það er réttmætt að þær stofnanir sem skila árangri í rekstri fái þá viðurkenningu að þeirra sé getið í skýrslu yfirskoðunarmanna.

Ég vil jafnframt láta þess getið að frá því að þessi ríkisreikningur varð til eða frá þessu fjárlagaári, árinu 1991, hafa komist fram nokkrar breytingar sem við teljum vera til bóta í meðferð ríkisfjármála. Er sjálfsagt að geta þeirra enda höfum við gert það í þeirri skýrslu sem liggur fyrir. Það er m.a. að gerð hefur verið sérstök skrá yfir eignir ríkisins og þrátt fyrir að við teljum að sú eignaskrá sé nokkuð ófullkomin eða a.m.k. ekki tæmandi, þá teljum við hana mjög mikið til bóta og leggjum til að reynt verði að fylla hana svo sem kostur er. Þá getum við þess að frá lokum þessa fjárlagaárs hefur verið gefin út sérstök handbók um innheimtu ríkissjóðstekna og er það að við ætlum til verulegra bóta og leiðir væntanlega og vonandi til þess að betra samræmis sé gætt á milli hinna einstöku innheimtumanna ríkissjóðs en oft hefur verið og nokkuð hefur verið fundið að af hálfu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings á mörgum undanförnum árum.

Í þriðja lagi getum við þess að í desember sl. voru gefnar út sérstakar reglur um risnu og dagpeninga af hálfu fjmrn. og ég vænti þess að það megi verða til bóta. Það var mjög áberandi við endurskoðun ríkisreikningsins að ekki var fullnægjandi gengið frá ýmsum þeim reikningum sem hér er um að ræða. Það skorti afar oft t.d. áritun yfirmanns sem er nauðsynleg krafa þegar um slíka reikninga er að ræða. Ég vænti þess að með hinum nýju reglum sem hæstv. fjmrh. hefur væntanlega beitt sér fyrir að settar voru í desember sl., þá komist þessir reikningar í betra horf en áður hefur verið.

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla um einstaka kafla í skýrslu yfirskoðunarmanna þó það gæti verið fróðlegt að draga þar mörg atriði fram en tíminn mun tæplega leyfa það hér á þessum kvöldfundi. En skýrslan skiptist í átta kafla og ásamt ýmsum undirliðum sem veita upplýsingar um starf yfirskoðunarmanna að þessu sinni og þær athugasemdir sem þeir hafa gert.

Ég vil svo draga hér fram nokkur svör við því sem mér sýnist þörf á vegna þess sem komið hefur fram í máli hæstv. fjmrh. þar sem hann telur að ágreiningur þurfi að vera um einstök atriði í athugasemdum Ríkisendurskoðunar og athugasemdum yfirskoðunarmanna annars vegar og skoðana fjmrn. og hæstv. fjmrh. hins vegar.

Hér hefur verið drepið á einn þátt þessara mála að því er varðar færslu á 1.633 millj. kr. sem ríkissjóður yfirtók af skuldum Framkvæmdasjóðs Íslands á árinu 1992. Staðreyndir þess máls eru þær að Alþingi samþykkti lög þann 24. jan. 1992 sem heimiluðu að yfirtaka allt að 1.700 millj. kr. af skuldum Framkvæmdasjóðs og þessi heimild var notuð 9. mars það ár, árið 1992, og yfirtekin sú fjárhæð sem hér er fjallað um, 1.633 millj. kr. Síðan gerist það að í ríkisreikningi eins og hér hefur komið fram hefur þessi greiðsla úr ríkissjóði verið færð á ríkisreikning 1991. Við teljum að hér sé ekki rétt að staðið og yfirskoðunarmenn leggja fram í lok sinnar skýrslu tillögu um að þessari færslu sé breytt því hún eigi að koma fram á árinu 1992 en ekki 1991. Í röksemdum hæstv. fjmrh. í ræðu hans áðan og í greinargerð með þessu frv. og sömuleiðis í ýmsum fleiri gögnum sem fram hafa komið af hálfu hæstv. fjmrh. er sótt í svokallað samkomulag sem gert hafi verið á vegum ríkisreikningsnefndar með aðild Ríkisendurskoðunar sem hafði í för með sér að breytingar urðu á færslu ríkisreiknings á árinu 1989. Þessar breytingar voru að dómi okkar yfirskoðunarmanna til bóta og gefa gleggri mynd af efnahag ríkissjóðs en áður hafði verið samkvæmt eldri uppsetningu. En á grundvelli þeirra breytinga sem þá voru gerðar telur síðan hæstv. fjmrh. sig geta fært rök fyrir því að eigi að færa þessar 1.633 millj. kr. eða að minnsta kosti sé heimilt að færa þessar 1.633 millj. kr. á árinu 1991 en ekki 1992. Ég hef því aflað mér upplýsinga um það samkomulag sem hér er verið að vitna til því að tíðum hefur verið um það rætt að athugasemdir Ríkisendurskoðunar komi í bakið á því samkomulagi sem fulltrúi hennar hafi gert á vegum svokallaðrar ríkisreikningsnefndar.

Samkvæmt því segir í tillögum ríkisreikningsnefndar við þessar breytingar sem gerðar voru fyrir uppgjör ríkisreiknings fyrir árið 1989, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin lagði til að í ríkisreikningi komi ábyrgð-

ir til bókunar þegar Ríkisábyrgðasjóður hefur leyst þær til sín.“ Síðar segir: „Til álita kemur að ganga lengra og færa til gjalda í A-hluta samsvarandi fjárhæð og Ríkisábyrgðasjóður afskrifar í sínum reikningi vegna affalla. Ákveðið var að bíða með frekari breytingar þar til fyrir liggur skilgreining vinnuhóps II um flokkun ríkisaðila og skilgreiningu málaflokka.“ Um þetta er það að segja að á árinu 1991 var ekkert af skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands gjaldfallið hjá Ríkisábyrgðasjóði og engin króna hafði verið greidd. Þannig að ekki er hægt að rekja greiðslu til þessa hluta samkomulagsins. Þá segir: „Til álita kemur að ganga lengra og færa til gjalda í A-hluta samsvarandi fjárhæð og Ríkisábyrgðasjóður afskrifar.“ En mér er ekki kunnugt um hvort Ríkisábyrgðasjóður hafi afskrifað á sínum reikningi vegna slíkra affalla en tæplega getur það verið þar sem þessar greiðslur voru ekki gjaldfallnar.

Í öðru lagi segir í tillögum vinnuhóps I á vegum ríkisreikningsnefndar frá því í september 1991 er fjallað var um ábyrgð utan efnahags A-hluta. Þar segir:

„Vinnuhópurinn leggur til að í fjárlögum og ríkisreikningi verði gerð sérstök grein fyrir ábyrgðum utan efnahags A-hluta. Hér er m.a. um að ræða ýmsa sjóði sem eru utan A-hluta fjárlaga en ríkissjóður er í ábyrgð fyrir. Hér er m.a. um að ræða Byggingarsjóð ríkisins, Byggingarsjóð verkamanna, Lánasjóð ísl. námsmanna, Framkvæmdasjóð og Byggðastofnun.“

Þetta sýnir það að gert er ráð fyrir því að um leið og allar ábyrgðir ríkissjóðs og allar lántökur og allar skuldbindingar og ábyrgðir ríkissjóðs, þ.e. A-hluta ríkissjóðs, skulu færðar í ríkisreikningi þá er ekki gert ráð fyrir því að færa yfir á A-hluta ríkissjóðs ábyrgðir samkvæmt fyrirtækjum utan efnahags A-hlutans, eins og það er kallað, þ.e. ábyrgðir sjóða og fyrirtækja í B-hluta. Þetta sem sagt sannar að tillögur sem fyrir liggja voru gerðar um að skuldbindingar A-hluta ríkissjóðs og ábyrgðir utan A-hluta ríkissjóðs komi fram í skýringum með ríkisreikningi í stað þess að færa þær í reikninginn sjálfan áður en þær falla á ríkissjóð. Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahags A-hlutans sem ríkissjóður hefur ekki leyst til sín verði þannig ekki gjaldfærðar fyrr en formleg heimild til gjaldfærslu liggur fyrir.

Ég tel að það sem ég hef vitnað í þessi gögn, sem röksemdir hæstv. fjmrh. eru sóttar, sanni að í því samkomulagi sem vitnað er til er ekki gert ráð fyrir því að færa yfir á reikning A-hluta skuldbindingar í B-hluta sjóðum og fyrirtækjum fyrr en þær eru gjaldfallnar. Nú var ekki því til að dreifa varðandi Framkvæmdasjóð Íslands og til viðbótar við þau rök sem áður hafa komið fram sýnist mér því að það sé á misskilningi byggt eða beinlínis rangt að það samkomulag sem þarna var gert hafi gefið því færturna að þannig væri að málum staðið sem hæstv. fjmrh. hefur kosið að gera í þessum ríkisreikningi. Ég fæ ekki betur séð en að hæstv. fjmrh. hafi teygt sig út yfir það samkomulag sem gert var en kenni síðan öðrum um að hafa brotið það.

Segja má að öll röksemdafærslan fyrir þessari færslu í ríkisreikningi 1991 eigi sér stoð í þessum misskilningi. Og þyrfti kannski ekki að fara ofan í það miklu frekar heldur en gert hefur verið en það er þó ýmislegt í þeim málum sem væri ástæða til að ræða, t.d. það að ráðherra gerði því skóna í sinni ræðu að tæplega þyrfti heimild Alþingis til að færa útgjöld vegna sjóða sem hafa samkvæmt lögum ríkisábyrgð ef þeir lenda í greiðsluþroti eða í erfiðleikum með sína greiðslu. (Gripið fram í.) Ég tel að það sé tvímælalaust að það þurfi heimild Alþingis fyrir greiðslum úr A-hluta yfir til B-hluta nema þá að því sé til að dreifa að í fjárlögum sé ætlað fyrir fé til þeirra greiðslna. Rétt er að taka fram að jafnan er á fjárlögum nokkur fjárhæð til að mæta slíkum áföllum og á síðari árum m.a. á fjárlögum 1991 var fjárhæð til að mæta óvissum útgjöldum og fjárhæð til þess að fjmrh. gæti ráðstafað með samþykki ríkisstjórnar til nýrra eða óvæntra verkefna. Sjálfsagt er að viðurkenna að þessar fjárhæðir hafa iðulega verið of lágar. En ef það væri svo að þetta yrði gert að reglu að ef vitað er að B-hluta sjóðir og stofnanir ættu naumast fyrir þeim skuldbindingum sem þær hafa tekið á sig og síðan þær skuldbindingar teknar yfir á A-hluta ríkissjóðs þá ætti auðvitað að gera það við fleiri sjóði og stofnanir en Framkvæmdasjóð Íslands. Og ef litið er á árið 1991 og sú reikningsregla sem hæstv. fjmrh. hefur notað varðandi Framkvæmdasjóð ætti að gilda væri með sama hætti eðlilegt að taka þar inn sem útgjöld hjá A-hluta ríkissjóðs verulegan hluta af skuldum Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, skuldir vegna ferju og flóabáta, skuldir Síldarverksmiðja ríkisins, neikvæðan höfuðstól Orkusjóðs í árslok 1991, neikvæðan höfuðstól Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina í árslok 1991, neikvæðan höfuðstól Hlutfjársjóðs í árslok 1991 og hluta af þeim skuldbindingum sem Byggingarsjóður verkamanna hafði tekið á sig í árslok 1991 og var langt í frá að hann hefði burði til að standa undir. Sjálfsagt eru fleiri B-hluta sjóðir og stofnanir sem væru undir þá sök seldar að eðlilegt væri að færa skuldbindingar þeirra yfir á A-hluta ríkissjóðs á sama hátt og hæstv. fjmrh. hefur hér kosið að gera með Framkvæmdasjóð Íslands. En yfirskoðunarmenn ríkisreiknings mæla ekki með því og Ríkisendurskoðun hefur ekki mælt með því heldur er mælt með því að gerð séu skil eins og samkomulag á vegum ríkisreikningsnefndar greinir á milli A-hluta annars vegar og B-hluta hins vegar. Skuldbindingar A-hlutans og lán, sem A-hlutinn hefur tekið, verði birtar hverju sinni í útgjöldum A-hlutans á ríkisreikningi og síðan í fjáraukalögum eða fjárlögum en gerð verði grein fyrir þeim skuldbindingum sem hvíla á B-hlutanum, í texta og með upptalningu bæði í fjárlögum eða fjárlagafrv. a.m.k. og í fylgigögnum með ríkisreikningi.

Ég ætla þá að ég hafi gert grein fyrir þessum þætti í þeim athugasemdum sem fram hafa komið í máli og ýmsum gögnum frá hæstv. fjmrh. sem ég tel að byggist á misskilningi og oftúlkun á samkomulagi sem gert var á vegum þeirrar nefndar sem títt hefur verið vitnað til að vinni á vegum ríkisreikningsnefndar með aðild fulltrúa Ríkisendurskoðunar.

Í ræðu sinni hér áðan vék hæstv. ráðherra lítið eða ekki að öðru efnisatriði sem fram kemur í athuga-

semdum með þessu frv. og einnig hefur komið fram í öðrum gögnum frá hæstv. fjmrh. en það fjallar um innheimtumál. Að þessu efni er t.d. vikið mjög sterklega í skriflegu svari hæstv. fjmrh. við fsp. frá Árna M. Mathiesen um innheimtu virðisaukaskatts og staðgreiðslu opinberra gjalda á þskj. 727. Ég tel eðlilegt að segja örfá orð um þetta efni vegna þess að athugasemdir yfirskoðunarmanna og athugasemdir Ríkisendurskoðunar hafa verið teknar nokkuð óstinnt upp af hálfu hæstv. fjmrh. í þeim gögnum sem frá honum hafa komið.

Nú er um fagleg efni að ræða og ætti ekki að verða tilefni til ágreinings. Ég hlýt að beina því til hæstv. fjmrh. um leið og menn hljóta að líta í eigin barm, ég sem yfirskoðunarmaður og ég gæti jafnframt beint því til starfsmanna Ríkisendurskoðunar, að það ber auðvitað að forðast að gera ágreining um jafnfagleg og reikningsleg efni og innheimtumál ríkissjóðs. Í skýrslu yfirskoðunarmanna eru gerðar athugasemdir við innheimtumál og talið að þau þurfi að færa til betri vegar en í gögnum sem frá hæstv. fjmrh. hafa komið er talið að innheimtumál ríkissjóðs hafi verið í mjög góðu horfi á árinu 1991 þannig að ekki sé tilefni til þeirra athugasemda sem gerðar hafa verið. Í þeirri framsetningu sem kemur fram hjá hæstv. fjmrh. er gerð grein fyrir því að eðlilegt sé að draga frá þegar innheimtuhlutfall er reiknað, í fyrsta lagi eftirstöðvar, þ.e. sem ekki hefur verið innheimt á árunum á undan.

Í öðru lagi er talað um að skattar, sem lagðir eru á samkvæmt áætlun skattstjóra, séu tíðum hærri en sanngjarnt sé og innheimtist illa og það þurfi að taka tillit til þess.

Gerð er grein fyrir því að óeðlilegt sé að taka að fullu opinber gjöld sem lögð hafa verið á aðila sem síðan lenda í gjaldþrotaskiptum. Við það að lenda í gjaldþrotaskiptum yrðu þessi gjöld fryst og það er sömuleiðis talið óeðlilegt að reikna inn í það sem er óinnheimt það sem hefur tapast við gjaldþrot.

Í fjórða lagi er talið að dráttarvextir, sem reiknaðir eru á þau gjöld sem lenda inn á þau svið sem ég hef hér rakið, séu oftaldir. Auðvitað er eðlilegt að gera grein fyrir því að hve miklu leyti það sem skortir á að innheimta sé fullkomin stafi af slíkum aðstæðum og það er í rauninni gert í skýrslu Ríkisendurskoðunar og í skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisins. Að því er vikið hjá yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings að það beri að líta á þessi atriði. T.d. er sagt að gjaldþrot hafi farið vaxandi og gerð grein fyrir hversu mjög þau hafa vaxið á síðustu árum og þar sé að finna orsakir fyrir því að innheimta sé ekki í eins góðu lagi og vera þyrfti.

Ég tel óeðlilegt að undanskilja alla þessa þætti þegar verið er að draga það fram hvernig innheimta hafi tekist. Ég tel að þá væri ranglega að verki staðið og ég tel að hæstv. fjmrh. sé í raun að búa til ágreiningsefni um það sem ekki þarf að deila. Ef maður vildi hártoga þessa hluti er auðvitað hægt að segja að það mætti bæta við einum lið enn sem ekki ætti að taka með þegar innheimtuhlutfallið er metið, en það eru þeir sem ekki vilja borga. Ef þeir væru líka undanskildir þá væri innheimtan auðvitað 100%.

Þessi efni eru fagleg og eiga ekki að þurfa að vera deiluefni en ég tel að komast megi fram hjá því með því að gera skilmerkilega grein fyrir því að hve miklu leyti skortir á innheimtuna vegna allra þessara atriða sem hér hafa verið talin og menn þurfi þá ekki að greina á um þau efni sem eru mjög svo fagleg.

Hæstv. fjmrh. líkti hv. Alþingi við aðalfund í einhverju fyrirtæki. Ég kann ekki við þá samlíkingu. Samkvæmt stjórnarskránni er eigi heimilt að greiða úr ríkissjóði án heimilda Alþingis og ég tel að nokkur munur sé á stjórn í fyrirtæki sem jafnan fer með vald í umboði aðalfundar á milli aðalfunda og hæstv. ríkisstjórn, að hún þarf að sækja sitt vald til Alþingis og það meira að segja hverju sinni sem greiðslur fara fram án þess að heimildir hafi áður verið gefnar. Þess vegna tel ég eðlilegt og nauðsynlegt að heimilda sé leitað í fjáraukalögum áður en greiðslur eru inntar af hendi enda er þá farið að í samræmi við það sem stjórnarskráin kveður á um.

Ég held að ef segja ætti eitt um þann ríkisreikning, sem hér liggur fyrir, þá er það einna alvarlegast hve skuldastaða ríkissjóðs er orðin slæm og hvað halli ríkissjóðs á mörgum árum hefur leitt til alvarlegrar stöðu. Í niðurstöðum efnahagsreiknings A-hluta ríkissjóðs sést að peningalegar eignir ríkissjóðs námu tæpum 79,8 milljörðum kr. í árslok 1991 og að þær höfðu aukist um 18% frá ársbyrjun, en heildarskuldir að meðtöldum skuldbindingum vegna lífeyrisréttinda námu 211 milljörðum kr. Hafa skuldir A-hluta ríkissjóðs því aukist í árslok 1991 um 16,7% frá ársbyrjun. Þannig jók ríkissjóður peningalegar skuldir sínar umfram eignir á því ári, 1991, um 18,1 milljarð kr. Þær tölur og sú niðurstaða kemur þeim vitaskuld ekki á óvart sem hafa fjallað um fjármál ríkisins á árinu 1991 og árunum þar á undan vegna þeirra miklu erfiðleika sem fram komu þá í ríkisbúskapnum og þess mikla halla sem þá var á ríkissjóði.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, rekja hér þær tillögur sem yfirskoðunarmenn gera í VIII. kafla skýrslu sinnar, en þar leggja yfirskoðunarmenn til við Alþingi að ríkisreikningurinn fyrir árið 1991 verði samþykktur með svofelldum breytingum, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Að framlag að fjárhæð 1.633 millj. 431 þús. kr. til Framkvæmdasjóðs Íslands, fjárlagaliður 01-173, verði ekki samþykktur sem útgjöld ársins 1991 en færist sem framlag í ríkisreikning ársins 1992.

2. Að færð sé til baka lánveiting endurlána ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs vegna framkvæmda við Sandgerðishöfn að fjárhæð 287 millj. 336 þús. kr. en á móti lækki ógreidd gjöld um sömu fjárhæð.

3. Niðurstöðutölur reikningsins breytist í samræmi við þetta."

Rétt er að taka það fram vegna þess að ekki hefur verið gert að umtalsefni að lánveiting endurlána ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs vegna framkvæmda við Sandgerðishöfn er með þeim hætti að endurlán ríkissjóðs lána Hafnabótasjóði. Hafnabótasjóður lánar í ríkishluta framkvæmda við Sandgerðishöfn og enginn ber kostnað af láninu og enginn endurgreiðir lánið nema ríkis-

sjóður. Með tilliti til þessa er í raun um framlag ríkisins að ræða sem tekið er að láni og ríkissjóður lánar sjálfum sér með viðkomu á tveimur stöðum. Rétt er að geta þess að ef farið verður að tillögu okkar yfirskoðunarmanna varðandi þessa færslu hefur það engin áhrif á niðurstöðu ríkisreiknings. Það er álit okkar að hér sé ekki farið að í samræmi við hafnalög og ekki farið eðlilega að af hálfu ríkissjóðs.

Ég vil svo að síðustu vísa til þess að þar sem fjáraukalög fyrir árið 1991 hafa ekki verið afgreidd er það auðvelt og jafnframt skylt að afgreiða þau á sama hátt og það frv. sem hér liggur fyrir þannig að saman fari svo sem lög kveða á um fjárhæðir í báðum þessum gögnum.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla hvorki að ræða um innheimtuárangur né heldur gott starf yfirskoðunarmanna heldur einungis um eitt efnisatriði og það varðar þá færslu sem hér hefur nokkuð verið gerð að umtalsefni. Ég vil taka fram að það liggur fyrir álit vinnuhóps II sem Ríkisendurskoðun vitnaði til og var birt í maí 1992 og þar segir, með leyfi forseta:

„Hvað snertir ábyrgðirnar sem slíkar álítur vinnuhópurinn eðlilegt að gerð sé grein fyrir þeim í heild sinni í ríkisreikningi líkt og reglan er í reikningi peningastofnana. Þetta gildir jafnt um allar tegundir ríkisábyrgða. Enn fremur er sjálfgefið að gjaldfæra í ríkisreikningi ábyrgðir sem falla á ríkissjóð. Að mati hópsins er skynsamlegt að færa greiðslur af þessu tagi þegar þær eiga sér stað nema um sé að ræða bersýnilega tapaðar ábyrgðir sem ættu að færast strax og fullvissa er fengin um tapið."

Þetta lá fyrir. Ríkisendurskoðun hafði skilað inn áliti í ágúst, ríkisstjórnin hafði tekið ákvörðun um að leggja starfsemi sjóðsins niður, sjóðurinn átti engan möguleika á að ná þessu upp. Þess vegna er þetta öðruvísi mál en atvinnutryggingardeildin, Orkusjóður og fleiri því að starfsemin hafi verið lögð niður og engin leið fyrir sjóðinn að ná þessum peningum upp aftur. Þetta er það sem gerir muninn og ég tek fram að hér er ekki um það að ræða að greidd séu framlög úr A-hluta ríkissjóðs heldur eru þetta yfirteknar, tilteknar skuldir sjóðsins og þær færðar upp í reikningum A-hluta ríkissjóðs og á því er nokkur munur.

Ég ætla ekki að ræða þetta frekar að sinni en þetta skýrir kannski í hnotskurn að það er ágreiningur um þetta mál. Ég óska eftir því að þetta mál verði til sérstakrar umfjöllunar í hv. fjárln. og þar fái öll sjónarmið að koma fram þannig að fjárln. geti dæmt um þetta. Að sjálfsögðu er það síðan Alþingis að taka ákvörðun að lokum.

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek að sjálfsögðu undir það að eðlilegt er að hv. fjárln. fjalli um þessi mál og kalli eftir gögnum eins og kostur er, en orð hæstv. fjmrh. sönnuðu ekkert eða gáfu því engar röksemdir að færa þessa færslu, 1.633 millj. kr., á árinu 1991. Á árinu 1991 hafði engin greiðsla farið fram, engin kvöð fallið á ríkissjóð og Ríkisábyrgðasjóður hafði eigi þurft að standa fyrir neinum greiðslum. Á hinn bóginn gerðist það á árinu 1992 að þá afgreiddi Alþingi lög um heimild til þess að yfirtaka þessa skuld og í mars sama ár ákvað hæstv. fjmrn. að nota þessa heimild og það var alveg með eðlilegum hætti. Þess vegna á þetta að færast á árið 1992 og ég hef skýrt það áður í máli mínu.

Til viðbótar hefði það verið í lófa lagið fyrir hæstv. fjmrh. að koma þessu yfir á árið 1991 ef málið hefði verið afgreitt með fjáraukalögum á því ári ellegar með annarri heimild, t.d. ef lánsfjárlög hefðu þá verið afgreidd. Þá væri í lófa lagið að koma þessu yfir á árið 1991. Hins vegar var ekkert rökrétt að gera það og í sjálfu sér sker það líka úr hvenær Alþingi samþykkir slíka heimild og hvenær sú heimild er notuð.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er að sjálfsögðu ósammála því sem kemur fram hjá hv. yfirskoðunarmanni og alþm. Ég bendi á að ástæðan fyrir því að þetta gerðist ekki á árinu 1991 var einmitt vegna þess að mér var það ekki í lófa lagið. Það kom nefnilega í ljós undir jól að það var samið um það að fresta afgreiðslu þessara mála yfir áramótin og þess vegna var útilokað að láta hina formlegu afgreiðslu Alþingis koma fyrr en þá. Það sem skiptir auðvitað máli er það sem ég las upp að það er álit starfshópsins í ríkisreikninganefndinni að þegar um töp og afskriftir er að ræða þá eigi að færa það strax samkvæmt góðri reikningsskilavenju og í þessu tilviki lá ákvörðun stjórnvalda fyrir, frv. hafði komið fram, Ríkisendurskoðun hafði kveðið upp dóm sinn þannig að allir vissu að þetta tap hafði átt sér stað á árinu 1991 og fyrr. Þar af leiðandi er okkar álit að það eigi að færa þetta á árið 1991 þó að ég viðurkenni vissulega að það er út af fyrir sig hægt að búa til þá reglu að færa slíkt aldrei fyrr en greiðsluheimildin sjálf er samþykkt á Alþingi. En í þessu tilviki er ekki um beinar greiðslur að ræða, heldur yfirtöku skuldar sem greiðist síðan af ríkissjóði hægt og rólega þegar fellur á ríkisábyrgðina eða þegar ríkissjóður tekur að sér að endurgreiða hin erlendu lán sjóðsins.

Ég held, virðulegi forseti, að ekki sé ástæða til þess fyrir mig að deila frekar um þetta nú. Ég tek undir margt og flest af því sem hv. þm. sagði og ég held að margt af ábendingum hans og ábendingum yfirskoðunarmanna eigi við rök að styðjast. Ég tek undir það og vænti þess að í virðulegri fjárln. verði hægt að halda áfram faglegri umfjöllun um málið og ég vil að síðustu leggja áherslu á það að ég tel að umræðan hér hafi fyrst og fremst verið fagleg og ég fagna því.

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst taka það fram að í raun og veru er ekki eðlismunur á beinum útgjöldum eða greiðslum úr ríkissjóði og yfirtöku skuldbindinga. Þær ber að færa í A-hluta, þær ber að færa í fjárlögum og fjáraukalögum annars vegar og í ríkisreikningi hins vegar þannig að það er ekki eðlilsmunur á því.

Ég vek athygli á því sem segir á bls. 12 í greinargerð með þessu frv., með leyfi forseta:

„Ráðherra, sem vildi sýna góða stöðu ríkissjóðs á tilteknu ári, gæti þannig einfaldlega frestað framlagningu frv. til formlegrar staðfestingar á niðurstöu sem efnislega lá þó fyrir."

Það er eins hægt að snúa þessu við og segja: Ráðherra sem vildi sýna góða niðurstöðu á tilteknu ári gæti flýtt slíkum greiðslum. Ég er ekki að drótta því að hæstv. fjmrh. En það eru nýir hættir að taka það upp að flýta slíkum færslum umfram það sem heimildir Alþingis segja til um.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9.–17. mál.

Fundi slitið kl. 7.05 síðdegis.

---

156. FUNDUR

fimmtudaginn 15. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til forsætisráðherra:

1. Bætur vegna þorskaflabrests, fsp., 353. mál, þskj. 632.

2. Alþjóðlegur sjávarútvegsskóli, fsp., 366. mál, þskj. 646.

Til heilbrigðisráðherra:

3. Heimili fyrir alfatlaða, fsp., 476. mál, þskj. 823.

Til menntamálaráðherra:

4. Íþróttir, æskulýðs- og tómstundastarfsemi, fsp., 496. mál, þskj. 848.

Til fjármálaráðherra:

5. Viðhaldsþörf ríkiseigna, fsp., 568. mál, þskj. 938.

Til sjávarútvegsráðherra:

6. Samstarf við Sambandslýðveldið Rússland, fsp., 573. mál, þskj. 958.

Til utanríkisráðherra:

7. Viðræður við Fríverslunarsamtök Norður-Ameríku, fsp., 574. mál, þskj. 959.

Bætur vegna þorskaflabrests, ein umr.

Fsp. FI, 353. mál. — Þskj. 632.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Það er nokkuð langt um liðið síðan þessi fsp. var lögð fram til forsrh. um bætur vegna þorskaflabrests. Það eru sjálfsagt margar ástæður fyrir því að ekki hefur gefist tími til þess að svara henni, en sl. sumar þegar aflahámark var ákveðið á einstaka fisktegundir, þá var það alveg ljóst að einstök svæði og einstök skip urðu fyrir verulegri skerðingu í þorskveiðum vegna þess að þorskafli milli ára var verulega skorinn niður. Það voru allir sammála um það á þessum tíma og eru held ég enn að það væri alveg nauðsynlegt að bæta einstökum skipum og einstökum byggðarlögum það áfall sem þarna varð. Hins vegar varð svo að það var ágreiningur um hvaða leiðir skyldu farnar. Hæstv. sjútvrh. ásamt fjölda þingmanna, bæði úr stjórn og stjórnarandstöðu ásamt hagsmunasamtökum í sjávarútvegi, voru því sammála að eðlilegast væri að fara þá leið að nota aflaheimildir Hagræðingarsjóðs til þess að bæta þennan brest.

Hæstv. forsrh. vildi fara aðra leið og hann lýsti þeirri leið en hún er sú að greiða sérstakar bætur eða styrk úr ríkissjóði að upphæð 450 millj. kr. til þess að jafna þann mismun sem þarna varð á eða þá skerðingu sem einstök skip urðu þarna fyrir. Þetta virtist verða niðurstaðan. A.m.k. kom það fram í viðtali við hæstv. forsrh. á Stöð 2 11. ágúst sl. þar sem hæstv. forsrh. Davíð Oddsson segir, með leyfi forseta:

„Það er verið að senda bætur fyrir þau skip sem tapa þorski vegna niðurskurðar. Þær gætu verið fyrir þá sem mest fá frá allt að 11 millj. kr. niður í fáeinar þús. kr. á einstökum bátum."

Nú var þetta sagt 11. ágúst sl. Liðnir eru 245 dagar síðan en í þessu sama viðtali lýsti hæstv. forsrh. því yfir að þetta yrði nú allt saman klárt föstudaginn 14. ágúst. Því spyr ég á þeirri fsp. sem hérna liggur fyrir:

„Hvenær mega útgerðarmenn búast við að fá bætur vegna þorskaflabrests á yfirstandandi fiskveiðiári sem forsrh. lofaði í ágúst sl. að þeir fengju þá innan tíðar?"

Hæstv. forsrh. hefur látið hafa það eftir sér í fjölmiðlum og hér við þingskapaumræðu ekki alls fyrir löngu að það ætti að leysa þessi vandamál í tengslum við þróunarsjóð sjávarútvegsins. Auðvitað verður að taka þessum ummælum eins og þau eru sögð eins og hverju öðru gríni, enda er hæstv. forsrh. landsþekktur frá fyrri tíð sem húmoristi, því að það getur auðvitað enginn tekið því öðruvísi en gríni einfaldlgea vegna þess, virðulegi forseti, að ef það á að leysa vanda þróunarsjóðs sjávarútvegsins ... (**Forseti:** Ég verð að vekja athygli hv. þm. á því að ræðutími hans er löngu liðinn og ég bið hann um að ljúka máli sínu.) Ég þakka þér fyrir, hæstv. forseti, ein setning er eftir. Hún er sú að það er verið að taka þessa peninga, hæstv. forsrh., frá sjávarútveginum til þess að greiða þetta aftur.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að fylgjast jafnnáið með almanakinu fyrir mína hönd og hann gerir. Ég vil aðeins nefna vegna þessa máls en þetta hefur iðulega verið rætt í þingsalnum og mönnum því málið kunnugt, að upphaflega var frá því greint að lagðar hefðu verið fram í ríkisstjórn tillögur þess efn-

is að leitast yrði við að bæta þann þorskbrest eða jafna þann þorskbrest sem leiddi af aflaúthlutunum í landinu með þrenns konar hætti eða frá þremur aðilum.

1. Frá Atvinnuleysistryggingasjóði.
2. Frá ríkissjóði.
3. Frá Fiskveiðasjóði.

Þegar þessar hugmyndir og tillögur voru lagðar fram, þá kom upp mikil andstaða frá hagsmunaaðilum m.a. og frá þingmönnum sem fundu þessum hugmyndum flest til foráttu og það bárust mikið af álitum og bréfum frá hagsmunaaðilum þar sem þeir andmæltu því að þessari aðferð og þessum tillögum yrði fylgt fram og þær næðu fram að ganga.

Í annan stað var einn af þessum aðilum, Fiskveiðasjóður, andvígur því að ganga til þessa verks að sínum hluta til. Ég tel að það hafi ekki verið nægilega málefnalega rökstutt af hálfu Fiskveiðasjóðs að taka þá afstöðu. En þessir þættir urðu auðvitað til þess að málin fóru í bið. Andstaða þeirra aðila sem áttu að njóta þessara bóta varð auðvitað til þess líka að ýta undir það að þetta mál færi í bið. Ég hef hins vegar alla tíð verið þeirrar skoðunar að það væri réttlætismál að koma til móts við þá aðila sem fyrir mestri þorskskerðingu urðu og ég tek það fram að málinu hefur ekki verið lokið. Ýmsir töldu þó, þar með innan ríkisstjórnar, að þær miklu breytingar sem gerðar voru í nóvembermánuði þar sem var létt stórum fjárhæðum af atvinnulífinu, þar með talið sjávarútveginum, breytingar voru gerðar á gengi, að þar með hafi forsendur breyst og því þyrfti ekki frekar að fjalla um þessar tillögur. Ég hef ekki verið þeirrar skoðunar og aðrir ráðherrar ýmsir í ríkisstjórn voru mér sammála um það, að engu að síður ættu menn að horfa til þess að ýmsir aðilar í sjávarútvegi hefðu orðið verr úti í þessum efnum en félagar þeirra og samkeppnisaðilar. Þessi mál hafa verið rædd nú í tengslum við gerð kjarasamninga og eru orðin þáttur í þeim og tengjast þeim og ég tel að þær niðurstöður sem þar munu fást verði gengið til kjarasamninga nú á næstu tveimur dögum eða svo, muni mjög uppfylla þau sjónarmið sem hv. þm. hefur og jafnvel þau sjónarmið sem ég hef þannig að nú getur þingmaðurinn farið að búa til nýtt almanak um það hvenær þessi lausn verður. Ég nefni nú 2–3 daga, en það tengist því að þessir kjarasamningar gangi eftir. Ég treysti því að þingmaðurinn varðveiti almanakið fyrir mig í framtíðinni jafn vel og hingað til.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Hér er náttúrlega alveg dæmigert mál um úrræðaleysi ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum. Það voru gefnar yfirlýsingar um að bæta þann skell að hluta sem þeir sem höfðu mestan þorskafla fengu á sl. sumri. Það hefur ekki verið efnt og það kemur niður á þeim sem síst skyldi, litlum stöðum sem lifa á þessum þorskafla.

Nú er sagt að þetta mál verði leitt til lykta í kjarasamningum eftir 2–3 daga. Ég hef satt að segja ekki heyrt aumlegri svör en þetta og hvort þessir 2–3 dagar verða að 2–3 mánuðum eða 2–3 árum, þá er alveg ástæða til þess að varðveita dagatalið, það er alveg satt, og ég treysti hv. fyrirspyrjanda til að gera það.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir að gefa hv. þm. Finni Ingólfssyni tækifæri til þess að halda áfram almanaksrannsóknum sínum. En ég verð að segja það að mér þykir það furðulegt að hlýða á málflutning hv. þm. Jóns Kristjánssonar þegar hann talar um að þetta beri vitni um úrræðaleysi hæstv. ríkisstjórnar. Er ekki staðan einmitt sú að ríkisstjórnin hefur núna verið að leggja fram tillögur í sjávarútvegsmálum, sem hafa bara, virðulegi þingmaður, hlotið nokkuð góðar undirtektir hjá Framsfl., hafa m.a. leitt til þess að annar hv. þm. stjórnarandstöðunnar, Jóhann Ársælsson, lýsir því yfir í Morgunblaðinu í dag að það sé bersýnilegt að Framsfl. styðji þessar tillögur. Þróunarsjóðurinn og sú nýbreytni sem í honum felst er auðvitað ekkert annað en viðleitni ríkisstjórnarinnar til þess að gera útgerðinni kleift að laga sig að breyttu ástandi stofnanna og það var einmitt hugsunin á bak við þá tillögu sem hæstv. forsrh. bar fram á síðasta sumari. Það er hins vegar þannig að hún var umdeild eins og hæstv. forsrh. hefur sagt hér frá, en mér þykir í þessu tilefni rétt að fá fram afstöðu Framsfl. til þeirrar tillögu. Er hv. þm. Jón Kristjánsson reiðubúinn til þess að útdeila 450 millj. til samfélagsins?

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Spurningin til hæstv. forsrh. er einföld: Á að bæta þeim þorskbrestinn sem verst urðu úti? Því hefur forsrh. lofað. Hann lofaði því í ágúst sl. og síðan er þetta búin að vera eintóm langavitleysa. Hann nefnir sífellt til nýjar dagsetningar hvenær hann ætlar að koma með tillögur til úrbóta. Nú er það eftir tvo daga í lok kjarasamninga. (**Forsrh.:** Ef kjarasamningar ganga eftir.) Ef kjarasamningar ganga. En það var í kringum 20. mars sem hann sagði að það kæmi með tillögum um þróunarsjóð sjávarútvegsins. Það komu engar tillögur um það með þróunarsjóði hvernig ætti að bæta þennan þorskbrest. Menn bíða eftir því um allt land að hæstv. forsrh. komi og efni sín loforð.

En hann sagði ýmislegt annað líka í síðasta mánuði. Hann sagði líka að vextir færu lækkandi og á næstu dögum, sagði hann, 23. mars mundu vextir lækka a.m.k. um 1%. Það hefur ekki gengið eftir, hæstv. forsrh.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Það er nú ekki hv. 3. þm. Vesturl. Jóhanns Ársælssonar að svara fyrir Framsfl. eða lýsa því yfir hvað Framsfl. styður eða styður ekki. Ég get sagt frá því hér að Framsfl. styður ekki alla sjávarútvegsstefnu núv. ríkisstjórnar og Framsfl. er andvígur því veiðileyfagjaldi sem hér er verið að innleiða. Framsfl. er ekki á því að níðast á smábátum og nóg um það.

Þessi fsp. er fyllilega tímabær og eins og hv. 2. þm. Vesturl. komst réttilega að orði, þá er þetta mál orðið

að algerri lönguvitleysu og sýnir náttúrlega hvernig ríkisstjórnin er vanmáttug til þess að meðhöndla vandann í sjávarútvegi og sjávarútvegsstefnuna. Alþfl. hefur verið að hnoðast við það í allan vetur að beygja Sjálfstfl. í málinu og hefur tekist það að töluverðum hluta og það tel ég illt.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Auðvitað finnst hæstv. forsrh. það dálítið undarlegt að menn skuli fylgjast með almanakinu. En ríkisstjórn sem ekki gerir greinarmun á því hvað eru mínútur, klukkustundir, dagar, vikur, mánuðir eða jafnvel ár, þeim mönnum sem þannig hugsa og greina þar alls ekkert á milli finnst auðvitað skrýtið að menn skulu vita að dagarnir líða áfram. En það eru útgerðarmennirnir, hæstv. forsrh., sem hafa fylgst með dagatalinu miklu nákvæmar heldur en ég, mennirnir, sem trúðu því þegar hæstv. forsrh. lýsti því yfir á tröppum Stjórnarráðsins að þetta yrði allt saman klárt föstudaginn 14. ágúst, það eru þeir sem hafa fylgst með dagatalinu. En mér þótti vænt um það í ræðu hæstv. forsrh. að hann lýsti því yfir að hann væri þeirrar skoðunar að það þyrfti að bæta þennan aflabrest sem orðið hefði þrátt fyrir aðgerðirnar sem gripið var til í nóvember á sl. vegna þess að staða útgerðarinnar í dag er sú að hún er verri heldur en hún var fyrir aðgerðir ríkisstjórnarinnar í nóvember.

Það kom fram í þessari umræðu líka að þróunarsjóðurinn var auðvitað grín og það er gott. Það er ekki talað um hann í þessari umræðu. Nú á að leysa þetta allt saman í kringum kjarasamninga. Þá erum við komnir að nákvæmlega sömu niðurstöðunni. Það á að nota aflaheimildir Hagræðingarsjóðs sem menn vildu strax í upphafi fyrir 245 dögum síðan. Kjarasamningar leiða það nú í ljós. Það á að fara þá sömu leið og stjórnarandstaðan lagði til á Alþingi og hæstv. sjútvrh. lagði til að farin yrði. Nú verður það niðurstaðan. Hún verður klár eftir tvo daga. Niðurstaðan fyrir útgerðarmennina er sú að það er búið að halda þessari atvinnugrein, undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar, í spennu, í algerri óvissu í 245 daga. Er það skynsamleg efnahagsstjórn, hæstv. forsrh., af því að þú ferð nú með, virðulegi ráðherra, yfirstjórn efnahagsmála í landinu?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins fá að nefna vegna þess að hér kom fram hjá hv. 2. þm. Vesturl. að ég hefði sagt í lok mars að vextir mundu fara lækkandi og það hefði ekki gerst. Það er nefnilega akkúrat það sem hefur gerst. Ég er hissa á því að þingmaðurinn skuli ekki hafa fylgst með því. Ef menn eru að hugsa um sjávarútveginn sérstaklega, þá ætti hv. þm. að vita að eins og staða sjávarútvegsins er og eins og greiðsluflæði hans er og tekjumynstur hans er, þá er nafnvaxtalækkun sú sem orðið hefur sem er meira en 1%, nafnvaxtalækkun í raun raunvaxtalækkun fyrir sjávarútveginn eins og tekjumynstur sjávarútvegsins er. Þetta viðurkenna talsmenn sjávarútvegsins í viðtölum við ríkisstjórnina og forráðamenn hennar og þetta ætti hv. þm. að vita.

Alþjóðlegur sjávarútvegsskóli, ein umr.

Fsp. ÖS, 366. mál. — Þskj. 646.

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Mörgum af helstu háskólaþjóðum heimsins hefur tekist að nýta skólastarf til að styðja með drjúgum hætti við ýmsa þætti í sínum útflutningi. Þetta gera þær með því að örva erlenda námsmenn til að ljúka menntun sinni við háskóla viðkomandi landa og þeir hverfa síðan aftur til síns heima og setjast þar í stjórnunarstöður. Ítrekaðar kannanir hafa síðan sýnt að þegar þetta sama fólk þarf að taka ákvarðanir um fjárfestingar í sínu heimalandi þar sem þarf að kaupa verkefni eða tæki erlendis frá, þá leitar það langoftast til síns gamla námslands. Þannig hafa erlendir námsmenn reynst gömlu iðnaðarþjóðunum drjúg fjárfesting. Þetta nefni ég hér til þess að undirstrika hversu mikla áherslu erlendar iðnaðarþjóðir leggja á að skapa tengsl við tilvonandi forustumenn með því að ná þeim til náms við sína háskóla. Þær gera sér grein fyrir því að það skilar sér aftur með margföldum hætti.

Það má minna á það, virðulegi forseti, að þegar Bretar stórhækkuðu sín skólagjöld í byrjun síðasta áratugar, þá leiddi það til mikilla mótmæla frá samtökum breskra iðnrekenda sem töldu að þegar fram í sækti mundi þetta hafa óheillavænlegar afleiðingar fyrir breskan iðnað og í kjölfarið var komið á fót styrkjum til góðra, erlendra nemenda.

Við Íslendingar höfum auðvitað takmarkaða möguleika á þessum sviðum. Við erum fámennir og búum við tiltölulega einhæft atvinnulíf. Við gegnum eigi að síður forustuhlutverki á nokkrum sviðum atvinnutengdra vísinda. Ég nefni jarðhita og sjávarútveg. Við höfum hlotið alþjóðlega viðurkenningu á sviði jarðhitarannsókna með því að hér er staðsettur jarðhitaháskóli Sameinuðu þjóðanna. Við njótum líka alþjóðlegrar viðurkenningar fyrir forustuhlutverk okkar á sviði sjávarútvegs.

Í svari utanrrh. við skriflegri fsp. minni til hans um hversu margar óskir hafa borist á síðustu árum til Íslendinga um aðstoð við uppbyggingu sjávarútvegs annarra þjóða kemur fram að þeim hefur fjölgað verulega. Á síðustu þremur árum hafa stjórnvöld fjölmargra ríkja komið á framfæri óskum í þessa veru. Þar má nefna Namibíu, Grænhöfðaeyjar, Malaví, Angólu, Tansaníu, Mósambík, Kenýa, Túnis, Vestur-Sahara, Haítí, Srí Lanka, Seychelleseyjar, Eystrasaltsríkin öll, Kamtsjatka, Chile, Íran, Oman og Suður-Afríku. Öll þessi ríki eiga það sameiginlegt að sjávarútvegur er þar enn þá í frumbernsku og nær öll uppbygging í greininni og þjálfan starfsmanna er þar skammt á veg komin.

Hérna, virðulegi forseti, tel ég að mikil tækifæri liggi fyrir Íslendingum. Takist okkur að tengjast upp-

byggingu greinarinnar í þessum löndum, þá er ekkert efamál að það mun skila sér margfalt í kaupum á skipum, vélbúnaði og hvers konar þekkingu héðan til þessara landa. Besta leiðin til þess er að mínu viti að setja hérlendis á stofn alþjóðlegan sjávarútvegsskóla þar sem hægt er að þjálfa og mennta efnilega vísindamenn frá þjóðum þar sem menntun í sjávarútvegsfræðum er komin skammt á veg. Í því sambandi má minna á að jarðhitaháskólinn er einmitt byggður upp á stuttum en mjög hagnýtum námskeiðum þar sem sérhver nemandi er undir strangri handleiðslu þjálfaðra vísindasmanna þannig að námið sjálft er ekki mjög langt og því ekki mjög dýrt. Kostnaðinn mætti fjármagna með þrennum hætti:

1. Þróunaraðstoð okkar Íslendinga gæti farið til að kosta námsdvöl fólks við slíkan skóla hér á landi.

2. Sumar þjóðir gætu væntanlega borgað sjálfar kostnaðinn af námsdvölinni. Ég nefni þar sérstaklega þjóðir við Indlandshaf og Persaflóa.

3. Fá þyrfti Sameinuðu þjóðirnar inn í slíkan skóla þannig að hann væri að einhverju leyti fjármagnaður með framlögum frá þeim.

Ég tel, virðulegi forseti, að hér sé um mjög brýnt mál að ræða og hef þess vegna innt hæstv. forsrh. eftir afstöðu ríkisstjórnarinnar til stofnunar slíks alþjóðlegs sjávarútvegsskóla hér á landi.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Í greinargerð sem lögð var fyrir ríkisstjórn í mars frá Útflutningsráði Íslands, Sjávarútvegsstofnun háskólans, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Samtökum atvinnurekenda í sjávarútvegi um þekkingarútflutning og alþjóðlegt námskeiðahald um þetta mál er lagt til að kannað verði með hvaða hætti breyta megi reynslu Íslendinga á sviði sjávarútvegs í söluhæfa þekkingu og þá sérstaklega með því að bjóða námskeið á alþjóðlegum vettvangi. Í greinargerðinni er lagt til að fram fari forathugun og eftirspurn eftir menntun, fræðslu og ráðstefnuhaldi á sviði sjávarútvegs erlendis, framboði á námskeiðum og aðstöðu hér á landi verði kannað og mat lagt á sérstöðu Íslendinga og styrk í alþjóðlegu samhengi auk þess sem leitað verði upplýsinga um hvaða ráðstafanir séu nauðsynlegar í tengslum við eflingu á þekkingarútflutningi. Menntmrh. hefur í undirbúningi að skipa starfshóp sem fjallar um skipulag og eflingu skólastarfs í sjávarútvegi.

Starfshópnum verður falið að gera úttekt á því hvernig nám í sjávarútvegsfræðum hefur þróast á undanförnum árum og kanna hvernig við Íslendingar stöndum miðað við aðrar þjóðir sem eru framarlega á sviði veiðitækni, fiskvinnslu, matvælatækni, stjórnunar- og markaðssetningar. Starfshópnum verði jafnframt falið að gera tillögur um hvernig gera megi námið skilvirkara, m.a. með samræmingu á starfsemi hinna ýmsu skóla sem veita fræðslu í sjávarútvegsmálum eða með sameiningu þeirra.

Bent skal á að á vegum Sammennta, sem er samstarfsnefnd atvinnulífsins og skóla um menntun og þjálfun í tengslum við evrópsku starfsáætlunina, COMETT, hefur m.a. verið unnið að greinargerð fyrir menntun og þjálfun í sjávarútvegi. Auk þess er nú unnið á vegum Sammennta að þriggja ára verkefni um gæðastjórnun fyrir starfsfólk og stjórnendur í fiskvinnslu í Evrópu. Sjútvrn. styrkir þetta verkefni, enda lítur það svo á að með því fáist mikilvæg reynsla af því hvernig standa ber að fræðslustarfi af þessu tagi á alþjóðlegum vettvangi. Af þessu má sjá að nú þegar er unnið að útflutningi á þekkingu á sjávarútvegssviðinu. Hin síðari ár hefur fræðsla á sjávarútvegssviði ekki verið í fullu samræmi við þarfir atvinnugreinarinnar fyrir menntað vinnuafl og er brýnt að skipuleggja fræðslumálin þannig að þau nýtist fyrst og fremst íslenskum fyrirtækjum sem eiga í síharðnandi samkeppni á erlendum mörkuðum.

Í framhaldi af starfi starfshóps menntmrh. um eflingu skólahalds í sjávarútvegi er hins vegar eðlilegt að mínu mati að huga að víðtækari þekkingarútflutningi og jafnvel stofnun sérstaks alþjóðlegs sjávarútvegsskóla á Íslandi en ljóst er að stofun slíks skóla þarf auðvitað mikinn undirbúning. Ég tek mjög undir þau sjónarmið hv. fyrirspyrjanda að þetta er mjög áhugavert mál og brýnt og ég tel að við eigum að fylgja því fast eftir að sú vinna sem þegar hefur verið hafin og beinist í þennan farveg endi með því að hægt verði að stofna alþjóðlegan sjávarútvegsskóla á Íslandi.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. þetta ágæta svar. Það er gott að heyra að hæstv. menntmrh. skuli hafa ákveðið að setja á fót nefnd til þess að endurskoða og kanna með hvaða hætti samstarf einstakra skóla í sjávarútvegi getið orðið til þess að það geti skipulagslega séð orðið til að hugsanlega auka útflutningstekjur okkar á sviði sjávarútvegs með því að flytja þekkingu úr landi.

Hv. fyrirspyrjandi, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, talar hins vegar um málið út frá háskólastiginu einu og sér ef ég skildi hans ræðu rétt hér áðan. Ef hann gerir það ekki, hv. þm., þá furðar mig dálítið sú ræða er hann flutti úr þessum ræðustóli er við mæltum fyrir till. til þál. um sameiningu skóla á sviði sjávarútvegs, þ.e. Vélskóla, Stýrimannaskóla og Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði vegna þess að sú þáltill. gerir einmitt ráð fyrir auknu samstarfi þessara skóla, öflugum sjávarútvegsskóla sem geti tekið við þessu hlutverki sem hv. þm. er að spyrja hér um.

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Mínar hugmyndir varðandi alþjóðlegan sjávarútvegsskóla eru þess eðlis að hann skæri á hin hefðbundnu tengsl á milli framhaldsskóla, verkmenntaskóla og háskóla. Að því er varðar þær deilur sem hv. þm. Finnur Ingólfsson vísaði í hér í fyrri viku og vörðuðu tillögu hans og hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, þá er það rangt hjá honum að ég hafi lagst gegn tillögunni. Hið eina sem ég gerði vegna þess að ég hef mikið álit á hv. þm. Finni Ingólfssyni og tel hann vandaðan til orðs og æðis, var að furða

mig á því að skólastjórar þessara þriggja skóla sem hann lagði til að yrði slegið saman í einn, höfðu skrifað grein og undruðust mjög ýmsar rangfærslur og misskilning sem kom fram. Ég benti þingmanninum á að hann ætti e.t.v. að leita sér gleggri upplýsinga.

Ég vil að öðru leyti, virðulegi forseti, þakka hæstv. forsrh. fyrir svar hans sem ég tel vera mjög jákvætt. Þar kemur fram að það er búið að setja niður starfshóp sem á að kanna möguleika á þessu sviði. Mér fannst að vísu verksvið starfshópsins vera tiltölulega loðið, en ég fagna því hins vegar að í lok síns svars lýsti hæstv. forsrh. því yfir að það væri skoðun hans að það væri mjög þarft að setja slíkan skóla á fót á Íslandi. Ég tek það svo að hann muni beita sér fyrir því innan ríkisstjórnarinnar þegar búið er að leita allra þeirra upplýsinga sem þarf til. En ég bendi á það að á Íslandi er búið að safna saman mjög mikilli þekkingu og mjög mikilli reynslu og ég er ekki í nokkrum vafa um það að við erum mjög aflögufær á þessu sviði og það sannar einmitt hversu stíft erlendar, vanþróaðar þjóðir sækja nú til Íslendinga um aðstoð á þessu sviði. Ég tel að í því felist viðurkenning á því að þær telji að hingað geti þær sótt mikla þekkingu og við eigum auðvitað að svara því. Við eigum að koma þessu fólki til aðstoðar og við eigum um leið að reyna að nota það til þess að efla okkar útflutning. Þær þjóðir sem hafa leitað til Íslendinga eru allt saman þjóðir sem búa við mjög frumstæðan sjávarútveg. Öll uppbygging á eftir að fara þar fram. Ef við komumst til leiksins á frumstigi þeirrar uppbyggingar þá er alveg ljóst að þar bíða okkar ómæld tækifæri. Ég tel því að svona skóli muni skila sér margfalt til baka.

Heimili fyrir alfatlaða, ein umr.

Fsp. GHelg, 476. mál. — Þskj. 823.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Á löggjafarþinginu 1983–1984 var flutt till. til þál. um vistunarvanda öryrkja. Flm. voru Helgi Seljan, Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Helgadóttir og Kristín S. Kvaran. Í tillögu þessari fólst áskorun á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að leysa vandamál þeirra öryrja sem eins og þar segir, með leyfi hæstv. forseta, „eiga sakir andlegrar og líkamlegrar fötlunar örðugt um vistun á þeim stofnunum sem fyrir eru.“

Þessi tillaga hlaut þá afgreiðslu að meiri hluti hv. allshn. taldi ekki þörf á tillögunni þar sem eins og þar segir, í bréfi ráðherra komi fram m.a. „að fulltrúi ráðuneytisins í stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra og öryrkja samkvæmt lögum nr. 47/1979 hefur flutt um þetta mál ályktun í nefndinni sem samþykkt var í lok október sl.“ Þar með vísar meiri hluti nefndarinnar tillögunni frá með rökstuddri dagskrá. Minni hluti nefndarinnar sem var við Jóhanna Sigurðardóttir mótmæltum þessu, en þannig fór afgreiðslan.

Síðan gerðist svo sem ekkert í málefnum þessara sjúklinga sem allra erfiðast eiga þar til Lionshreyfingin á Íslandi gengst fyrir söfnun og, eins og menn muna, seldi rauða fjöður. Þátttaka var gífurlega mikil þannig að það söfnuðust milli 26 og 27 millj. kr. og mun hafa fylgt því það skilyrði að byggt yrði hús í nágrenni við Reykjalund. Þetta var raunar gert og þar stendur nú hús sem styrkt var síðan úr Framkvæmdasjóði fatlaðra með miklum fjármunum. En því miður er enginn í þessu húsi og það stendur þarna til einskis gagns og hefur svo verið um alllangt skeið. Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. heilbrrh. á þskj. 823:

„1. Hver var byggingarkostnaður heimilis fyrir alfatlaða sem byggt var í landi Reykjalundar?

2. Hvernig er byggingin fjármögnuð, með

a. söfnunarfé,

b. framlögum úr Framkvæmdasjóði fatlaðra,

c. öðru?

3. Hvenær var húsið fullbyggt?

4. Hvað var gert ráð fyrir mörgum vistmönnum við hönnun hússins?

5. Hvenær verður húsið tekið í notkun?“

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Fyrsta spurning hv. þm. hljóðar svo:

„Hver var byggingarkostnaður heimilis fyrir alfatlaða sem byggt var í landi Reykjalundar?“

Byggingarkostnaður heimilisins var samtals 77,9 millj. kr. að meðtöldum framkvæmdum við lóð og göngustíga. Skipting er um 70 millj. vegna hússins sjálfs og 7,9 millj. vegna umhverfis.

Síðan er spurt í öðru lagi:

„Hvernig var byggingin fjármögnuð, með

a. söfnunarfé,

b. framlögum úr Framkvæmdasjóði fatlaðra,

c. öðru?“

Svarið við þessari spurningu er að söfnunarfé Lions var samtals um 34 millj. kr. Ríkissjóður hefur lagt byggingunni til samtals 44 millj. kr., fyrst og fremst úr Framkvæmdasjóði fatlaðra en einnig úr ráðstöfunarfé heilbr.- og trmrh. þannig að það er ljóst að verulega meira en helmingur af byggingarkostnaðinum kom úr ríkissjóði.

Í þriðja lagi var spurt:

„Hvenær var húsið fullbyggt?“

Lokaúttekt var í apríl 1992.

Í fjórða lagi var spurt:

„Hvað var gert ráð fyrir mörgum vistmönnum við hönnun hússins?“

Svarið við þeirri spurningu er að vistmenn verða 7 talsins.

Spurt er hvenær húsið verði tekið í notkun. Stefnt er að því að heimilið verði tekið í notkun strax í upphafi ársins 1994. Fyrstu áætlanir um útgjöld við rekstur hússins námu um 45 millj. kr. í rekstrarkostnað á ári sem er rúmlega helmingur af stofnkostnaði heimilisins. Nú hefur rekstraráætlun verið endurskoðuð þar sem væntanlegir forsvarsmenn þessa rekstrar telja þegar betur er að gáð að heimilið henti ekki fyrir mjög mikið fatlaða vistmenn. Sú er þeirra niðurstaða nú þannig að nýjustu upplýsingar sem við í heilbrrn. höf-

um fengið um væntanlegan rekstrarkostnað miðað við heilt ár eru 25 millj. kr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessar upplýsingar sem voru mjög skýrar og ég skal hafa fulla samúð með honum í þessu máli þar sem varla er nú hægt að telja þessi hræðilegu mistök til hans synda. En það er auðvitað umhugsunarefni hver ber ábyrgð á öðru eins og þessu.

Nú er mér ljóst að þetta söfnunarfé mun hafa verið afhent Reykjalundi og því hlýtur náttúrlega Reykjalundur að bera einhverja ábyrgð á byggingu þessa fáránlega húss og þar með auðvitað heilbr.- og trmrn. Það segir sig sjálft að þetta fólk þarfnast svo sannarlega skjóls. En að það skuli þurfa 77,9 millj. til þess að vista þetta fólk, — hvers konar bruðl er þetta? 44 millj. þurfti að leggja til viðbótar 34 millj. sem söfnuðust úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Og maður hlýtur að spyrja: Stríðir það ekki á móti almennri skynsemi að þessir vesalings sjúklingar, sem margir hverjir vita lítið um það sem fram fer í kringum þá, skuli þurfa allt þetta fé til þess að unnt sé að veita þeim skjól?

Nú veit ég líka að forráðamenn á Reykjalundi hafa auðvitað séð fáránleikann í þessu þegar upp er staðið og mér er kunnugt um að hugmyndir eru uppi núna, sem hafa verið sendar ráðuneytinu, um að setja í þetta hús fólk sem er búið að fá einhverja endurhæfingu og hefur tekið einhverri endurhæfingu og getur þá notið þess að vera í þessu húsi því ekkert vantar nú á að þetta sé fallegt og vel búið. En eftir stendur að óleystur er vandi þeirra sjúklinga og ég legg áherslu á það, hæstv. forseti, vandi þeirra sem söfnunin var byggð á, er óleystur. Og því hlýt ég að spyrja hæstv. ráðherra, — ég skal ekki blanda mér í það hvaða sjúklingar verða settir þarna inn, en ég spyr þá: Hvernig á að leysa vanda þeirra sem söfnunin snerist um og hver er í raun og veru ábyrgur? Hver stóð fyrir því að í þetta fóru 80 millj.? (**Forseti:** Ég verð að vekja athygli hv. þm. á að tími hans er liðinn.) Hæstv. forseti. Mér er það fullljóst.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það var fyrrv. heilbrrh. sem tók ákvörðun um að taka við þessu söfnunarfé og verja því eins og gert var ráð fyrir og stefna að því að þarna skyldi opnað sambýli fyrir fjölfatlaða þannig að sú ákvörðun lá fyrir þegar ég kom í ráðuneytið. Einu afskiptin sem ég hef haft af málinu frá því að ég kom að því er sú að leggja mig fram um að reyna að útvega það fé úr ríkissjóði í gegnum Framkvæmdasjóð fatlaðra sem vantaði til þess að þetta söfnunarátak Lionsmanna gæti skilað þeim árangri sem að var stefnt sem eins og fram kemur voru 44 millj. til viðbótar við þær 34 sem skilað var.

Þeir alvarlega fjölfötluðu einstaklingar sem gert var ráð fyrir að færu inn í þetta sambýli eru flestir, ég held allir, á stofnunum í dag, þ.e. á sjúkrahúsum. Það var gert ráð fyrir því að þeir flyttust inn á þetta sambýli og eins og ég sagði að rekstrarkostnaðurinn vegna þessara 7 vistmanna yrði um 45 millj. kr. á ári. Læknarnir sem að þessu standa höfðu samband við mig og sögðu að þeir teldu við nánari athugun að þeir mikið fjölfötluðu einstaklingar sem upphaflega var ráðgert að vista á þessu sambýli væru ekki vel fallnir til vistunar á slíkum stofnunum, þeir þyrftu miklu meiri umönnun og miklu meiri gæslu og miklu meiri heilbrigðisþjónustu heldur en þarna var hægt að veita. Þeirra ráð eru þau að það séu minna fatlaðir einstaklingar vistaðir á þessu sambýli sem dregur úr rekstrarkostnaði vegna sambýlisins þannig að það lækkar þá fyrirsjáanlega rekstrarkostnað úr 45 millj. á ári í um það bil 25 millj. Þá verður ekki séð annað heldur en þeir fjölfötluðu einstaklingar sem rætt hefur verið um séu enn í miklum vanda staddir. Þeir eru nú vistaðir á ýmsum sjúkrastofnunum þar sem ekki er gert ráð fyrir slíkri vistun og ég sé ekki fram á að það verði miklar breytingar á því alveg á næstunni.

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þetta er hið merkilegasta mál og mér finnst að menn ættu kannski að draga svolítinn lærdóm af því sem þarna kemur fram. Hæstv. heilbrrh. sagði að sérfræðingar hefðu við nánari athugun komist að raun um að byggingin hentaði ekki.

Maður hlýtur að spyrja sjálfan sig, hefði ekki verið full ástæða til að sú nánari athugun hefði farið fram áður en var farið af stað? Það fer ekki hjá því að maður hugsi til annarra hliðstæðra atvika eins og heimilis sem byggt var í Krýsuvík á sínum tíma, þar sem einmitt við nánari athugun þegar heimilið var byggt var ekki hægt að nota það fyrir neitt nema þá helst svínageymslu vegna þess að sérfræðingar virðast við nánari athugun geta snúist svo frá fyrri ákvörðunum sínum. Þetta finnst mér vera hlutur sem þurfi virkilega að skoða og reyna að draga einhvern lærdóm af.

Eins spyr maður í sambandi við þetta mikla og dýra hús: Hvernig var háttað eftirliti með byggingunni á byggingartímanum?

Viðhaldsþörf ríkiseigna, ein umr.

Fsp. SAÞ, 568. mál. — Þskj. 938.

Fyrirspyrjandi (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hefur ýmislegt verið rætt og ritað um íslenskan byggingariðnað. Sú umfjöllun hefur m.a. snúist um kostnað, hönnun, byggingaraðferðir, byggingarefni, vinnugæði og viðhald. Fram til þessa hefur okkur Íslendingum verið hugleiknara að byggja nýtt en huga að viðhaldi og endingu þess sem þegar er byggt. Það er e.t.v. skiljanlegt í ljósi þess að flest mannvirki hér á landi eru reist á þessari öld og stundum virðumst við í þeirri trú að nánast væri þeim ætlað að standa til eilífðar án mik-

illar umhirðu, en steypt hús eru ráðandi hér í byggingarháttum frá um 1930.

Í seinni tíð hefur það orðið æ ljósara að þau byggingarefni og aðferðir sem nútímatækni hefur fært okkur eru ekki síður forgengileg en það sem fyrr tíðkaðist og nútímabyggingar þarf að vanda bæði í hönnun, efnisvali og byggingu ef þær eiga að endast og þá skiptir ekki síður máli að vel sé staðið að eðlilegu og nauðsynlegu viðhaldi. Peningum er kastað á glæ með því að láta byggingar grotna niður vegna ónógs viðhalds. Í þeim efnum eru opinberir aðilar ekki góð fyrirmynd og nægir í því sambandi að nefna Þjóðleikhúsið, Þjóðminjasafnið, Árnagarð og margar fleiri byggingar sem stórfé kostar að gera við svo að viðunandi sé. Það þarf að gera verulegt átak í að stórauka endingartíma viðhaldsaðgerða og finna endingarbetri viðgerðaraðferðir. Til þess þarf að auka rannsóknir og finna þær aðferðir sem henta best íslenskum aðstæðum en hingað til höfum við oft beitt ýmsum aðferðum sem reynst hafa vel erlendis en eiga miður við erfiða veðráttu og aðstæður á Íslandi.

Á ráðstefnu sem nýlega var haldin á vegum framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins kom fram að búast má við gífurlegu viðhaldi á mannvirkjum á Íslandi í náinni framtíð. Þar kom einnig fram að skýringa væri líklega að leita í rangri hönnun, röngu efnisvali, ónógum efnisgæðum, rangri meðferð efna á byggingarstað o.s.frv. Sem sagt, flestu sem úrskeiðis gat farið. Í lokaorðum Steindórs Guðmundssonar, forstöðumanns framkvæmdadeildarinnar, kom fram að á næstu tveimur áratugum gæti þessi viðhaldsbaggi náð óhugnanlegri stærðargráðu eða allt að 200 milljörðum kr. Töluverður hluti af þeim eignum sem um ræðir er í eigu ríkisins eða stofnana þess. Því beini ég eftirfarandi fsp. til fjmrh.:

„1. Hefur verið gerð heildarúttekt á ástandi og viðhaldsþörf ríkiseigna? Hvaða fjármuni þarf ríkið að leggja til viðhalds ríkiseigna svo að ástand þeirra geti talist viðunandi?

2. Hver er talin meðalending viðhaldsaðgerða? Eru áform um að reyna að tryggja að viðhaldsaðgerðir skili betri árangri en nú er?

3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að byggingariðnaðurinn verði aðstoðaður við að taka við auknum viðhaldsverkefnum og bæta gæði þjónustu sinnar á því sviði, t.d. með auknu fé til rannsókna, tilraunaverkefna o.fl.?“

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég mun gera tilraun til þess að svara fsp. hv. þm. Svar við fyrstu fsp. er á þessa leið: Ekki hefur verið gerð nein sérstök heildarúttekt á ástandi og viðhaldsþörf ríkiseigna. Þess ber þó að geta að samkvæmt upplýsingum eignaskrár ríkisins er fasteignamat ríkiseigna um það bil 44 milljarðar kr. Og ég tek það fram að þessi eignaskrá er tiltölulega ný því að fyrir skömmu átti ríkið ekki heillega skrá yfir sínar eigin eignir.

Samkvæmt upplýsingum tæknimanna sem fjmrn. hefur haft samband við er ekki talið óeðlilegt að viðhalds- og endurbyggingarþörf mannvirkja geti verið 2–2,5% á ári af verðmæti fasteignamats þannig að ástand þeirra geti talist fyllilega viðunandi á hverjum tíma eða þær endurbyggðar til þess að mæta breytingum á rekstri t.d. vegna breyttrar tækni, en oft er erfitt að gera skil á milli þessa tveggja.

Sem svar við annarri spurningu vil ég segja að eðli máls samkvæmt er líftími viðhalds einstakra byggingarhluta mjög mismunandi. Samkvæmt upplýsingum sem komu fram á þeirri ráðstefnu sem hv. fyrirspyrjandi nefndi, þ.e. ráðstefnu framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins um útveggi á Íslandi og haldin var í marsmánuði sl., þá er svo að dæmi séu nefnd endingartími steypuviðgerða í útveggjum styttri en menn hafa gert ráð fyrir fram að þessu eða aðeins um það bil 8 ár. Umrædd ráðstefna var viðleitni í þá átt að reyna að tryggja að viðhaldsaðgerðir skili betri árangri en áður hefur verið. Þessa dagana er unnið að stofnun sérstakrar viðhalds- og endurbyggingardeildar við framkvæmdadeildina þannig að gera má ráð fyrir betri árangri á sviði viðhalds fasteigna í eigu ríkisins í framtíðinni, enda eyðir ríkissjóður nú þegar verulegum fjármunum í viðhald og endurbyggingu. Má í því sambandi minna á eins og hv. fyrirspyrjandi gerði Þjóðleikhúsið og fyrirhugaða endurbyggingu Þjóðminjasafnsins auk þess að á yfirstandandi fjárlagaári verða notaðar um 900 millj. kr. í viðhaldsverkefni vegna A-hluta húsnæðis á vegum ríkissjóðs. Fjmrn. mun auk þess beita sér fyrir því að stofnanir á vegum ríkisins greiði húsaleigu fyrir afnot þeirra fasteigna sem eru í eigu ríkisins. Húsaleigutekjurnar verða síðan notaðar til þess að greiða fyrir viðhald þessara bygginga í framtíðinni.

Sem svar við þriðju fsp. vil ég benda á eins og gert hefur verið af öðrum einnig að á næstu árum og áratugum verður ekki hjá því komist að verja tugum milljarða í viðhald fasteigna hér á landi. Þess vegna er eðlilegt að gera ráð fyrir því að rannsóknir á þessu sviði geti leitt til verulegs sparnaðar fyrir þjóðarbúið og sá kostnaður sem leiðir af rannsóknum hlýtur að berast uppi fyrst og fremst af heildarkostnaðinum og renna til þeirra aðila sem stunda slík rannsóknastörf.

Það er umhugsunarvert hvers vegna líftími einstakra byggingarhluta eins og t.d. útveggja er jafnstuttur og raun ber vitni. Reyndar kom það fram á þessari ráðstefnu mjög rækilega, ég átti þess kost að sitja hana að nokkru leyti, að Íslendingar hafa haft nokkra oftrú á steypu og talið að þeir hafi himin höndum tekið þegar steypan kom til sögunnar, en steypan er forgengileg eins og menn vita og kannski forgengilegri en menn hafa haldið hingað til. Þess vegna þarf ekki aðeins að verja fjármunum til rannsókna og tilraunaverkefna á sviði viðhalds, heldur þarf einnig að verja fjármunum til endurskoðunar á þeim byggingaraðferðum sem notaðar hafa verið hér á landi á undanförnum áratugum.

Ég vona að þessi svör hafi upplýst a.m.k. að nokkru það sem óskað var eftir í fsp. hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. greinargóð svör og einkanlega fagna ég því að hann telur að það megi búast við betra viðhaldi á ríkiseignum í framtíðinni og einnig þá auknum rannsóknum. En að undanförnu hefur viðhald opinberra bygginga verið rætt eins og ráðherra gat um í tengslum við atvinnumál og það aukna atvinnuleysi sem við stöndum frammi fyrir í seinni tíð. Þá hefur m.a. verið rætt um að flýta verkefnum sem vitað er að eru óhjákvæmileg á næstu árum. Þess vegna vil ég ítreka nauðsyn þess að fyrir liggi heildarúttekt á ástandi og viðhaldsþörf ríkiseigna sem gæti orðið undirstaða framkvæmdaáætlunar næstu ára. Á þann hátt gæti ríkisvaldið komið í veg fyrir sóun fjármuna með því að bæta úr brýnni umhirðu eigna sinna og spara þannig fé sem annars færi seinna í stórfellda endurbyggingu vanhirtra mannvirkja og síðast en ekki síst fært fjölda atvinnulausra vinnu sem ekki er síður mikilvægt verkefni í nútíð og framtíð.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda. Ég held að ég geti fullyrt að ríkisstjórnin hefur mikinn skilning á þeim viðhorfum einnig og þau hafa verið mjög til skoðunar, ekki síst í tengslum við hugsanlega kjarasamninga en viðræður um þá hafa farið fram þessa dagana. Á þessari stundu er ekki nákvæmlega vitað hvort af þeim verður, en svo kann að verða og vonandi verður af því jafnvel innan stundar.

Ég vil einnig bæta við að fjmrn. hefur óskað eftir því við fagráðuneytin og þá einkum þau stærstu, menntmrn. annars vegar og heilbrrn. hins vegar, að gerð sé áætlun um viðgerðir og viðhald á húsum en eins og eðlilegt er er gífurlega mikill hluti húsakosts ríkisins á vegum þessara tveggja ráðuneyta. Það liggja fyrir a.m.k. frá öðru ráðuneytinu slíkar áætlanir og ég hygg að hitt ráðuneytið muni geta skilað inn slíkum áætlunum innan tíðar og þær verða þá auðvitað hafðar til hliðsjónar þegar ákveðið verður í hvaða röð ríkið mun beita áhrifum sínum til þess að hægt verði að halda þessu húsnæði við með viðhlítandi hætti.

Viðræður við Fríverslunarsamtök Norður-Ameríku, ein umr.

Fsp. ÁRÁ, 574. mál. — Þskj. 959.

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hafa staðið yfir viðamiklar viðræður milli Evrópuríkjanna í EFTA og Evrópubandalaginu um viðskipti og samskipti á fleiri sviðum en í milliríkjaviðskiptum. Með þessu hefur orðið til samningur sem nú er til umfjöllunar hjá velflestum aðildarríkjum þessara tveggja bandalaga, m.a. hér fyrir Alþingi Íslendinga, og væntum við þess að hann verði staðfestur innan nokkurra mánaða og leiði til umfangsmikilla samskipta þessara ríkja og verulegrar aukningar í milliríkjaviðskiptum. Okkur Íslendingum er mjög svo nauðsynlegt að eiga greiðan aðgang að mörkuðum annarra ríkja. Reynslan kennir okkur að fríverslun, þ.e. frjáls verslun, markaðsaðgangur og markaðssetning hefur reynst okkur betur heldur en hin eldri leið þar sem höft og skammtanir réðu ríkjum.

Með þessum samningum kemur fram viðamikil niðurfelling á tollum og almennar leikreglur munu ráða ríkjum fremur en höft og bönn sem ég nefndi áðan. Á undanförnum áratugum höfum við sveiflað markaðssókn okkar. Í síðari heimsstyrjöldinni sóttum við mjög inn á markaði Norður-Ameríku. Síðan með auknum samskiptum okkar við Evrópuríkin hefur markaðssókn okkar færst til austurs, en það má sjá þess merki í Ameríku að þar er að vænta verulegrar uppsveiflu á efnahag og jafnvel að suður til Mið-Ameríku eða í Mexíkó sé að vænta verulegs hagvaxtar og þannig sé þar að myndast viðskiptasvæði sem sé mjög álitlegt í næstu framtíð. Vegna þessa og vegna þess sem orðið hefur í viðræðum milli ríkja um mótun efnahagsbandalaga, tollabandalaga, fríverslunarbandalaga, þá er ljóst að heimurinn er um þessar mundir að skipast í nokkur svæði sem hafa nánari viðskipti sín á milli heldur en á milli þessara svæða. Vegna þessa spyr ég hæstv. utanrrh. hvort hann hyggist undirbúa og fara fram á viðræður við Fríverslunarsamtök Norður-Ameríku, svokölluð NAFTA, um fríverslun, um markaðsaðgang, samskipti og samstarf á fleiri sviðum, til að mynda þeim sviðum sem samningur um Evrópskt efnahagssvæði tekur til.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Reykn. spyr um undirbúning að viðræðum við Fríverslunarsamtök Norður-Ameríku á grundvelli svokallaðs NAFTA-samnings, um fríverslun, markaðsaðgang, samskipti og samstarf. Í fyrra náðist samkomulag milli Bandaríkjanna, Kanada og Mexíkó um fríverslun milli þessara þriggja landa, þ.e. hinn svokallaði NAFTA-samningur. Þessi samningur hefur enn ekki verið fullgiltur. Ein ástæðan er sú að ný ríkisstjórn í Bandaríkjunum hefur gert það að skilyrði að gerðir verði þrír hliðarsamningar við Mexíkó, m.a. um mengunarmál, vinnulöggjöf o.fl. Samningurinn á einnig eftir að hljóta samþykki löggjafarþinga hinna þriggja ríkja og talið er að ekki sé öruggur þingmeirihluti fyrir samningnum, hvorki í Bandaríkjunum né Kanada að svo stöddu. Því má segja að framtíð NAFTA er enn í nokkurri óvissu og því varla við því að búast að hugsanlegir samningsaðilar séu á þessari stundu reiðubúnir til formlegra samningaviðræðna við þriðja aðila.

Hitt er annað mál að af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur því verið lýst yfir að Íslendingar vilji láta á það reyna og kanna það hvort þeir eigi þess kost að taka upp slíka fríverslunarsamninga við samningsaðila NAFTA að því tilskildu að samningurinn komist á og að samningsaðilar vilji útvíkka gildissvið hans. Enn er

eftir að koma á daginn hvort sá vilji er fyrir hendi. Það veltur á ýmsu til viðbótar því sem ég hef þegar sagt, m.a. á því hvort árangur næst í Uruguay-viðræðunum um GATT sem nú standa yfir. NAFTA-samningurinn gerir ráð fyrir því að hvaða ríki sem er geti gerst aðili að honum með samþykki annarra samningsaðila. Umsókn um aðild mundi því þýða fjórhliða viðræður eða jafnvel enn flóknari viðræður eftir því hversu mörg aðildarríki verða orðin að NAFTA þegar viðræður hefjast. Fyrirsjáanlegt er að slíkar viðræður hefðu umtalsverðan kostnað í för með sér og þess vegna verður að meta vel ávinninginn fyrir Ísland áður en farið er út í slíkar viðræður. Þess skal getið að tollakjör Íslendinga að því er varðar íslenskar sjávarafurðir eru okkur tiltölulega mjög hagstæð.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að eins og fram hefur komið í fjölmiðlum samþykkti ríkisstjórnin í október sl. að skipa starfshóp til þess að gera forkönnun á gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin. Í þessum starfshópi eru fulltrúar frá utanríkisviðskiptaráðuneyti, fjmrn., landbrn. og viðskrn. Starfshópurinn er nú í þann mund að leggja seinustu hönd á áfangaskýrslu til ríkisstjórnarinnar sem hann mun skila nú á næstu dögum. Áfangaskýrslan verður kynnt í ríkisstjórn og framhald málsins síðan mótað í framhaldi af því.

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svörin sem hann veitti við fsp. og tek undir það sem kemur fram í þeim. Að vísu er fríverslunarsamband ríkjanna í Norður-Ameríku ekki staðfest af þingum þeirra, en samningur á milli þeirra lýsir ákveðnum vilja. Hann nær til ýmissa atriða og málaflokka fleiri en beinna milliríkjaviðskipta og er á þann hátt nokkuð líkur þeim samningum sem hafa orðið ofan á í samskiptum ríkjanna í Evrópu og við erum aðilar að, en ég tel eins og ráðherrann miklu skipta að ríkisstjórn Íslands láti heyra vilja sinn og ég tek undir að við látum í ljós vilja Íslands til að gera samninga við þessi ríki. Telji þau rétt að bíða úrslita í GATT-viðræðum verður svo að vera. Viðræður um GATT hafa staðið í áratugi og ekki enn náð þeim árangri sem menn væntu í byrjun og pendúllinn, sem vísar á hvort árangur sé væntanlegur eða ekki, hefur sveiflast mjög sterklega núna síðari árin vegna ágreinings milli annars vegar Bandaríkjanna, sem eru aðilar að því bandalagi sem ég hef spurt um, og hins vegar Frakka eða Evrópubandalagsins.

Ég tel ekki líklegt að GATT-viðræðunum ljúki á næstunni með árangri og tel þess vegna rétt að við lýsum vilja okkar til samnings af þessu tagi við þessi ríki.

Út af dagskrá voru tekin 4. og 6. mál.

Fundi slitið kl. 11.34 árdegis.

---

157. FUNDUR

fimmtudaginn 15. apríl,
að loknum 156. fundi.

Dagskrá:

1. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 453. mál, þskj. 785. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Lyfjaverslun ríkisins, stjfrv., 538. mál, þskj. 896. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 541. mál, þskj. 899. — Frh. 1. umr.
4. Eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, stjfrv., 542. mál, þskj. 900. — Frh. 1. umr.
5. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 543. mál, þskj. 901. — 1. umr.
6. Útflutningur hrossa, stjfrv., 260. mál, þskj. 341, nál. 960. — 2. umr.
7. Eftirlit með skipum, stjfrv., 192. mál, þskj. 223, nál. 956, brtt. 957. — 2. umr.
8. Leiðsaga skipa, stjfrv., 193. mál, þskj. 224, nál. 961, brtt. 962. — 2. umr.
9. Búfjárhald, frv., 512. mál, þskj. 865. — 1. umr.
10. Heimild til að selja jörðina Lönguhlíð í Vallahreppi, frv., 518. mál, þskj. 875. — 1. umr.
11. Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 540. mál, þskj. 898. — Frh. 1. umr.
12. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 486. mál, þskj. 834. — Frh. 1. umr.
13. Fjáraukalög 1992, stjfrv., 539. mál, þskj. 897. — 1. umr.
14. Gjald af tóbaksvörum, stjfrv., 549. mál, þskj. 914. — 1. umr.
15. Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, stjfrv., 550. mál, þskj. 915. — 1. umr.
16. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 337. mál, þskj. 610. — Frh. 1. umr.
17. Afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum, þáltill., 272. mál, þskj. 368. — Fyrri umr.
18. Endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda, þáltill., 360. mál, þskj. 640. — Fyrri umr.
19. Löggjöf um réttindi og skyldur manna sem stunda reikningsskil, þáltill., 405. mál, þskj. 699. — Fyrri umr.
20. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 452. mál, þskj. 779. — 1. umr.
21. Fjárskuldbindingar fyrir ríkissjóð og sveitarfélög, frv., 465. mál, þskj. 803. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Eiður Guðnason umhvrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.,

Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Útbýting þingskjals:
Útlán og afskriftir ríkisbankanna, 565. mál, svar viðskrh., þskj. 964.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):
Áður en gengið er til dagskrár vil ég geta þess að fyrirhugað er að atkvæðagreiðslur um 1. og 2. dagskrármál fari fram kl. 1.30, en forseti fyrirhugar að gera hlé upp úr kl. 12.30 sem standi til kl. 1.30 og strax að loknu hléi fari atkvæðagreiðslur fram.

Þá vill forseti einnig geta þess að ekki verða tekin fyrir í dag 5. 7. og 9. mál á dagskrá fundarins.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 541. mál (fráviksmörk greiðslumarks). — Þskj. 899.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:
Virðulegi forseti. Það mál sem hér er tekið fyrir varðar meðhöndlun á beingreiðslum í sauðfjárrækt og er flutt af landbrh. með það fyrir augum að því er virðist að geta með samningum vikið frá þeim reglum sem nú eru í lögum þar að lútandi. Fyrir þessu má tína rök sem mæla með slíkri breytingu en það er einnig ýmislegt sem gefur merki um að hér sé um að ræða afar viðkvæm og vandmeðfarið mál. Hér er fjallað um atvinnuréttindi manna og verður að hafa það fast í huga að ekki sé gengið á rétt þeirra einstaklinga sem þar um ræðir.

Í tengslum við þetta vakna nokkrar spurningar. Sú fyrsta og mikilvægasta tengist búvörusamningnum frá 1991 og sérstaklega bókun 6 í viðauka II þess efnis að vegna þess mikla samdráttar sem verði í ríkisútgjöldum vegna samningsins á næstu árum verði tryggt fjármagn allt að tveimur milljörðum kr. til framkvæmda í landgræðslu og skógrækt. Í bókuninni er rætt um það að frá þessum hlutum verði gengið á þann hátt að þetta veiti bændum landsins vinnu við landgræðslu og skógrækt. Þá vaknar sú spurning hvort það sé ætlun ríkisstjórnar og ráðherra að þetta fjármagn verði í raun tekið af beingreiðslufénu en verði ekki sérstök fjárveiting til landgræðslu og skógræktar. Ef það er hugsunin á bak við þetta að beingreiðslurnar eigi að koma í staðinn eru þær í raun teknar af tekjum sem hefðu annars runnið til þeirra bænda sem hefðu sauðfjárræktina að aðalatvinnu. Ef hópur bænda hverfur úr sauðfjárrækt en heldur beingreiðslunum sem tekjum vegna annarrar vinnu eins og landgræðslu er alveg ljóst að það skerðir tekjur þeirra sem áfram verða í sauðfjárrækt. Þeir fá að vísu aukinn framleiðslurétt en eingöngu markaðsþátturinn, afurðastöðvaverðið, kemur þá í þeirra hlut.

Þetta er einnig vandmeðfarið að því leyti að sú staða getur verið uppi að enda þótt menn telji einstök svæði þannig að ástæða sé til að beita ákvæðinu þá séu einstakar jarðir sem séu vel fallnar til sauðfjárræktar og þá þyrfti að leggja áherslu á að möguleikar þeirra verði ekki skertir. Síðan hefði ég áhuga á að fá svar landbrh. til viðbótar við fyrstu spurningu mína um það hvaða hugsun sé á bak við síðustu setninguna í 1. gr. en þar stendur, með leyfi forseta: „Þá er í slíkum samningi heimilt að ákveða að efri mörk greiðslumarks séu mishá eftir landsvæðum."
Hefur eitthvað verið mótað hvernig þessu yrði beitt?

Virðulegi forseti. Ég hef ekki miklu fleiri orð um þetta. Eins og ég sagði í upphafi er hægt að finna rök bæði með og móti málsmeðferðinni eins og þarna er verið að leggja til, en í mínum huga er nú efst hversu viðkvæmt málið er og vandmeðfarið á öllum stigum og sviðum.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):
Herra forseti. Auðvitað er laukrétt hjá hv. þm. að öll þau mál sem snúa að sauðfjárræktinni eru misjöfn um þessar mundir. Þegar búvörusamningurinn var gerður sáu menn ekki það erfiða atvinnuástand fyrir sem nú er og þann mikla samdrátt sem orðið hefur í neyslu á dilkakjöti og á það raunar við um búvörulögin þegar þau voru sett á sínum tíma 1985. Má segja að allan tímann síðan hafi menn verið að reyna að bregðast við minni neyslu á dilkakjöti. Vorið 1991 var ákveðið að stemma svo stigu við framleiðslunni að ríkið hætti öllum útflutningsbótum, en bændur bæru sjálfir ábyrgð á sinni framleiðslu en þó var ákveðið að þeir skyldu fá beingreiðslur sem næmi helming búvöruverðsins eins og hv. þm. og raunar flestum er kunnugt um.

Þegar menn undirrituðu samningana á sínum tíma, þá höfðu þeir gert sér vonir um að fleiri mundu hverfa frá sauðfjárrækt en síðar reyndist og höfðu einnig vonir um að minni framleiðsluréttur mundi vakna, sem hafði m.a. legið niðri vegna riðu. Á hinn bóginn er nú komið á daginn að flestir reyna að halda áfram að búa á jörðum sínum í von um betri tíð og kannski vegna þess að þeir sjá ekki önnur úrræði og eru að leita fyrir sér í nýjum hliðargreinum búskaparins, ferðaþjónustu, tamningu hrossa eða einhverju þvílíku.

Með þessu frv. er verið að reyna að auðvelda þessi skipti. Opnaður er möguleiki fyrir því að bændur geti haldið beingreiðslunni þó þeir snúi sér að störfum við gróðurvernd eða landgræðslu á mjög viðkvæmum svæðum. Í kjördæmi okkar, Norðurl. e., er auðvitað augljóst að benda á Mývatnssveit eða Bárðardal í því samhengi. Jafnframt er opnaður möguleiki á því að aldraðir bændur eða sjúkir geti dregið úr framleiðslu en þó haldið beingreiðslum. Gallinn við framleiðslukerfi landbúnaðarins eins og það hefur verið er ósveigjanleiki þess sem við eigum reyndar mörg dæmi um og sum mjög dapurleg frá liðnum árum þegar bændur hafa orðið fyrir stórkostlegu fjárhagslegu tjóni vegna þess

að þeir hafa fengið alvarlega sjúkdóma sem þeir hafa síðan náð sér eftir. Með þessu frv. er verið að reyna að girða fyrir að slíkt endurtaki sig.

Vitaskuld rétt hjá hv. þm. að þeir bændur sem vilja notfæra sér það svigrúm á markaðnum innan lands, sem framkvæmd þessara laga mundi gefa, fá auðvitað ekki beingreiðslur. Þeir fá þó þann hluta verðsins sem ætlað er að standa undir föstum og breytilegum kostnaði við búreksturinn sem er auðvitað léttir á búinu. Það þýðir þá um leið að þeir þurfa ekki að taka af launahlutanum til að mæta þeim kostnaði á meðan. Við sjáum það víða í sambandi við nautakjötsframleiðsluna núna að bændur telja sig hafa hag af því að framleiða nautakjöt þó svo þeir geri sér grein fyrir því að slík framleiðsla gefur lítið eða ekki neitt upp í launalið búsins en á hinn bóginn dugir til þess að mæta breytilegum og föstum kostnaði við búreksturinn og er þá með öðru til þess fallið að létta undir. Ekki má heldur gleyma því að síðustu dilkarnir, sem framleiddir eru, eru auðvitað ódýrastir og má raunar segja að í sumum tilvikum muni slíkt svigrúm koma út sem bein hækkun á launalið bóndans vegna þess að kostnaðurinn fellur til hvort sem er. Með frv. er því verið að reyna að gera hvort tveggja í senn að auka svigrúmið innan þess kerfis, sem búvörusamningurinn hefur rígskorðað, og hins vegar að veita nokkurt svigrúm fyrir bændur að þeir geti losnað við offramleiðslu sína á heimamarkaði á sama verði og framleiðslan er seld.

Eins og nú standa sakir eru menn að reyna fyrir sér á erlendum mörkuðum hvort hægt sé að finna einhvers staðar markað fyrir dilkakjöt á öðrum forsendum en áður þegar ríkisvaldið ábyrgðist mismuninn. Ríkisvaldið hélt uppi greiðslum fyrir útflutt dilkakjöt hversu lítið sem fékkst fyrir það. Auðvitað geta bændur ekki haldið slíku áfram á eigin ábyrgð. Þess vegna eru menn í alvöru að reyna mjög til þess að finna einhverja markaði og ég hygg að þeir mundu telja það góðan ávinning ef þeir gætu fengið sama verð fyrir kjötið og fæst á mörkuðum innan lands.

Hv. þm. spurði hvort það bæri að skilja frv. svo að uppi væru ráðagerðir um að svigrúm sem skapaðist með þessum hætti ætti að nýtast sumum byggðarlögum en öðrum ekki. Með öðrum orðum hvort ætti að reyna að koma til móts við þau byggðarlög sem væru háðust sauðfjárframleiðslunni. Ég álít að það sé nauðsynlegt að í lögunum sé slík heimild en það mál hefur ekki verið rætt við forustumenn Stéttarsambands bænda. Ég vil á hinn bóginn minna á svæði eins og Dalasýslu. Ég var þar nú yfir páskana í góðu yfirlæti og átti tal bæði við sveitarstjórnarmenn og forustumenn í búnaðarfélaginu þar. Auðvitað er kvíði manna yfir tekjusamdrættinum mjög mikill einmitt þarna vegna þess að þar er ekki að öðru að hverfa en því sem beinlínis skapast vegna umsvifa í landbúnaði eftir að gegnumakstur um Dali hefur dottið niður með Steingrímsfjarðarheiði og umsvif í ferðaþjónustu eru þar lítil.

Auðvitað eru fleiri slík svæði í Þingeyjarsýslum, Húnavatnssýslum, Múlasýslum, Strandasýslu og víðar þar sem möguleikar bænda til tekjuöflunar til hliðar við búskapinn eru minni en annars staðar þar sem búin eru í miklu nábýli við þéttbýlisstaði og bjóða upp á ótal aðra möguleika. Þetta mál er sem sagt ekki útrætt milli landbrn. og bændasamtakanna, en það hefur verið opnað fyrir þennan möguleika. Þessi möguleiki verður til umræðu og ég hygg raunar að allir hljóti að vera sammála um það að nauðsynlegt sé að brjóta upp kerfið með jákvæðum hætti þannig að sauðfjárbúin megi styrkjast. Það er nauðsynlegt að þau stækki og það er nauðsynlegt að reyna að hafa stefnuna í landbúnaðarmálum á þann veg að efnahagur bænda megi á ný fara batnandi.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svo að það liggi alveg ljóst fyrir, þá hefur það verið mín skoðun og ég hef mælt fyrir henni þar sem ég hef haft tækifæri til þess að það beri að taka sérstakt tillit til þeirra svæða sem eiga mest sitt undir sauðfjárrækt. Í umfjöllun minni um málið hef hins vegar ég komist að því að það er afar erfitt mál í framkvæmd en það þýðir ekki að menn eigi að gefast upp við að finna leiðir til þess.

Hæstv. ráðherra svaraði hins vegar ekki spurningu minni varðandi það hvort beingreiðslur til bænda sem stunduðu landgræðslu og hættu sauðfjárframleiðslu, ættu að teljast sem hluti af því fjárframlagi sem, samkvæmt bókun 6 í viðauka II búvörusamningsins upp á 2 milljarða á ákveðnu árabili, átti að renna til landgræðslu og skógræktar. Þeirri spurningu er enn ósvarað en skiptir í mínum huga verulega miklu máli að það liggi ljóst fyrir hver hugsun þar sé á bak við.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi ábending hv. þm. er rétt. Ég gleymdi að svara þessari fyrirspurn. Þegar búvörusamningurinn var til umræðu á sínum tíma, þá vakti ég athygli á því að þessi bókun væri mjög laus og það var alls ekki ráð fyrir því gert með þessari bókun heldur að tíundað yrði það fé sem varið er til landgræðslu þannig að hægt væri að segja nákvæmlega að einhverjir peningar væru vegna þessarar bókunar. Þessi bókun felur almennt í sér yfirlýsingu um að við Íslendingar viljum leggja meira af mörkum til landgræðslu- og gróðurverndarstarfa og við teljum rétt að bændastéttin leggi til þá vinnu í stórum dráttum sem unnin verður í þessu skyni.

Ég lít ekki svo á að með þessu frv. sé verið að draga úr nauðsyninni á því að við verjum til landgræðslu- og gróðurverndarstarfa meiri fjármunum en við höfum gert. Í mínum huga tengist þetta ekki þeirri grein búvörusamningsins sem hv. þm. vitnaði til þó að á hinn bóginn sé ráðstöfun af þessu tagi styrkur til viðleitni okkar við að vernda gróður í landinu og rækta upp örfoka svæði. Auðvitað nýtist vinna þessara bænda til þeirra hluta þó að fjármagn sem fellur til með þessum hætti sé ekki til þess fallið að svara til þess fyrirheits sem gefið var með þeirri grein búvörusamningsins sem vitnað var til.

Ég vil á hinn bóginn aðeins minna á það að ástæð-

an fyrir því að við höfum farið hægar í sambandi við landgræðslu- og gróðurverndarstörf en við höfum kosið er einungis sú að það er mjög erfitt í ári hjá okkur Íslendingum nú. Við stöndum frammi fyrir halla á ríkisfjármálum sem er of mikill og af þeim sökum er á þessari stundu ekki hægt að gefa fyrirheit um mikil útgjöld til þessara verka né annarra.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka svör ráðherra sem voru skýr hvað þetta snerti, sambandið á milli þessara þátta sem ég nefndi hér áðan. Hins vegar fannst mér ráðherra gera nokkuð lítið úr þessari bókun með tilliti til þess að í henni var tekin fram ákveðin upphæð, til hvaða verkefnis hún ætti að renna og undirritað af tveim ráðherrum þáv. hæstv. ríkisstjórnar.

Varðandi hins vegar það sem hæstv. ráðherra sagði um að vegna hins erfiða efnahagsástands hefði ekki verið hægt að fara eins hratt í starfsemi að uppgræðslu og gróðurvernd og menn höfðu ætlað, þá held ég nú reyndar að því mætti alveg eins snúa við og segja að einmitt í þessu erfiða atvinnuástandi væri svigrúm til þess og vinnufúsar hendur til þess að taka þátt í slíku starfi. Það er alveg ljóst að í okkar þjóðfélagi ætlum við ekki að láta nokkurn þjóðfélagsþegn lifa við algjöra örbirgð þannig að allir þurfa sína framfærslu og ég veit ekki hvað gæti verið heilbrigðara verkefni einmitt í ástandi eins og nú er heldur en að vinna að gróðurvernd og uppgræðslu. Mörg þeirra verkefna eru þess eðlis að það þarf ekki mikla aðra peninga heldur en það sem þarf fyrir hinar vinnandi hendur.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki samninginn hér við höndina en ég man það áreiðanlega rétt að í þessari tilvitnuðu grein var talað um að það bæri að stefna að þessu markmiði. Það var ekki fyrirheit sem var í gadda slegið, eins og forseti neðri deildar Alþingis sagði nú stundum. Þar var um fyrirheit að ræða sem gefið var í tilefni af búvörusamningnum og búist við því að geta lagt meira til landgræðslustarfa í framtíðinni heldur en sú ríkisstjórn sem þá sat hafði sjálf treyst sér til að gera. Auðvitað var slíkt fyrirheit gefið í von um það að efnahagsástand hér yrði svipað áfram og það var þá — og er ég þá að tala um verð á sjávarafla erlendis o.s.frv., hin ytri skilyrði þjóðarbúsins. Þær forsendur hafa allar breyst. Og þó að það sé rétt að það sé hollt mönnum að fást við landgræðslustörf og líka rétt að það geti verið gott þegar illa árar í atvinnulífi að ríkið hlaupi undir bagga, þá er hitt líka rétt að haustið 1988 var gert svo mikið af slíkri eyðslu að við höfum síðan stunið þungan undan því og erum enn að reyna að ná okkur eftir þær röngu ráðstafanir sem ráðist var í þá um haustið. Staða ríkissjóðs er mjög bág og við getum ekki eins og þá bara ausið og ausið án þess að hafa gát á hlutunum. Við verðum að svara fyrir fortíðina, það er nú einu sinni svo, og reyna að bæta fyrir þær syndir sem áður hafa verið drýgðar og það er ástæðan fyrir því að við eigum nú ekki digra sjóði sem hægt er að ausa úr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, frh. 1. umr.

Stjfrv., 542. mál (heildarlög). — Þskj. 900.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég get í meginatriðum lýst stuðningi mínum við það frv. sem hér liggur frammi um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Megininntak þess er að við sköpum okkur grundvöll til þess að framfylgja þeim undanþágum sem við fengum gagnvart samningnum um EES þess efnis að við héldum hér uppi strangari skilyrðum varðandi lyfjanotkun í fóðurframleiðsu, svo og um áburðarnotkun. Ég tel að þetta sé afar mikilvægt fyrir okkur sem matvælaframleiðsluþjóð í þeirri viðleitni okkar að sýna fram á það að við framleiðum hér matvöru sem sé bæði hrein af aðskotaefnum og sömuleiðis að lyf séu eingöngu notuð til meðhöndlunar sjúkdóma.

Það hefur verið unnið nokkurt starf á síðustu missirum varðandi það að sýna fram á hreinleika íslenskrar matvöru og það er vel því það duga ekki orðin tóm í því. Við verðum að geta vísað til rannsóknaniðurstaðna og samkvæmt því sem nú er komið fram — og þar vitna ég í þær rannsóknir sem hafa verið gerðar með efnainnihald mjólkurafurða — eru þessar vörur okkar mjög hreinar af öllum slíkum efnum. Þetta segi ég m.a. vegna þess að við hljótum að stefna að því í framtíðinni að útvíkka það svið, matvörur sem við flytjum út, og vinna nýja markaði fyrir hágæðalandbúnaðarvörur. Það tekur að vísu langan tíma. Það er ekkert sem við eigum í hendi á næstunni, en ég hef bent á það á öðrum vettvangi að það væri mjög æskilegt að þar leituðu menn samvinnu við þá aðila sem hafa séð um markaðssetningu og vöruþróun í fiskafurðum fyrir okkur, m.a. með það fyrir augum að í framtíðinni þegar við förum að selja meira unna vöru gæti þar orðið um að ræða vöru sem væri unnin úr blönduðu hráefni, bæði frá sjónum og landinu. Ég veit reyndar að einstakir aðilar eru farnir að þreifa fyrir sér með slíka hluti.

Virðulegi forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki meira um þetta að segja nema hvað ég vil ítreka það við ráðherra að það verði strax farið að vinna að því hvernig við ætlum að setja fram okkar mál um áramótin 1995/1996 þegar eru þau tímamót varðandi þær undanþágur sem við höfum fengið og að við undirbyggjum vel þær kröfur okkar sem við hljótum að setja fram um að fá að viðhalda þeim undanþágum áfram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leiðsaga skipa, 2. umr.

Stjfrv., 193. mál (heildarlög). — Þskj. 224, nál. 961, brtt. 962.

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. til laga um leiðsögu skipa sem fyrst var lagt fyrir á síðasta Alþingi og var þá til meðferðar í hv. samgn. en náði þá eigi afgreiðslu. Frv. var endurflutt á þessu þingi og hefur verið athugað að nýju af hálfu nefndarinnar.

Nefndin leggur til í áliti sínu á þskj. 961 að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum sem fluttar eru tillögur um á þskj. 962. Innan nefndarinnar var góð samstaða um afgreiðslu þessa máls og stendur hún einróma að áliti því sem birtist á þessu þingskjali.

Nefndin fékk á sinn fund Ólaf Steinar Valdimarsson, ráðuneytisstjóra í samgrn., og henni bárust umsagnir frá Vitastofnun Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sambandi ísl. kaupskipaútgerða, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landhelgisgæslu Íslands og Siglingamálastofnun ríkisins. Enn fremur barst umsögn frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. þar sem gert er ráð fyrir að frv. feli ekki í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

Í brtt. nefndarinnar kemur fram í fyrsta lagi að skilgreining á orðinu „hafnarsvæði" í 2. gr. frv. orðist svo að um sé að ræða svæði við höfn sem nánar er tilgreint í reglugerð. Í frv. er notað orðið „særými" sem ekki samrýmist orðaskýringum né heldur því sem talað er um í daglegu tali þegar rætt er um hafnarsvæði.

Þá eru lagðar til tvær efnislegar breytingar á 5. gr. frv. Annars vegar er lagt til að skylda útgerða til að hafa umboðsmann hérlendis, ætli skip þeirra að hafa viðkomu í íslenskri höfn, takmarkist við magn hættulegs varnings, sem skipið flytur, og að hinn hættulegi varningur sé umfram hættumörk samkvæmt reglugerð. Núgildandi reglugerð um flutning á hættulegum varningi er frá árinu 1982. Í 3. gr. hennar er vísað til alþjóðareglna sem byggjast á viðauka við alþjóðasamning um varnir gegn mengun hafsins sem fullgiltur hefur verið af Íslands hálfu. Þau fela í sér mörk er varða flutning hættulegra efna. Hins vegar er lagt til við 5. gr. frv. að 2. mgr. falli brott en í reglugerð er ráðherra setur verði kveðið á um þau skilyrði sem umboðsmanni ber að uppfylla.

Flutt er brtt. við 6. gr. frv. sem felur í sér að í nýjum málslið verði kveðið á um tilkynningarskyldu erlendra veiðiskipa til Landhelgisgæslunnar þegar þau sigla inn í íslenska efnahagslögsögu. Er það í samræmi við 4. gr. laga nr. 13/1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, en þar segir jafnframt að skip skuli tilkynna Landhelgisgæslunni hvaða veiðar það hefur stundað og á hvaða svæði og hvaða þjónustu skipið sækir til hafnar.

Breytingin á 7. gr. frv. sem lögð er til á þskj. 962 er um að í stað orðsins leiðsögumaður í frv. komi orðið „hafnsögumaður". Er það í samræmi við skilgreiningu á hugtökum sem eru í 2. gr. frv.

Virðulegi forseti. Eins og áður sagði eru þessar brtt. fluttar af nefndinni í heild og nefndin stendur öll að áliti sem birtist á þskj. 967 og leggur einróma til að frv. verði með þeim breytingum samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heimild til að selja jörðina Lönguhlíð í Vallahreppi, 1. umr.

Frv. JónK o.fl., 518. mál. — Þskj. 875.

Flm. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 875 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Lönguhlíð í Vallahreppi, Suður-Múlasýslu. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Egill Jónsson, Gunnlaugur Stefánsson og Hjörleifur Guttormsson.

Í frv. er kveðið á um að ríkisstjórninni sé heimilt að selja Katrínu Ásgrímsdóttur og Gísla Guðmundssyni jörðina Lönguhlíð í Vallahreppi, Suður-Múlasýslu, og að við söluna skuli fylgt ákvæðum 3.–5. mgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65 frá 31. maí 1976, sbr. lög nr. 90 30. maí 1984.

Hér er um einfalt mál að ræða sem þarfnast ekki mikilla skýringa fram yfir það sem kemur fram í greinargerð frv.

Frumvarpið er flutt í samræmi við óskir hreppsnefndar Vallahrepps. Hjónin Gísli Guðmundsson og Katrín Ásgrímsdóttir keyptu íbúðarhús og útihús og jarðræktarframkvæmdir á jörðinni á árinu 1988. Þar hafði hefðbundinn búskapur verið lagður niður, en í stað þess hafa þau hafið uppbyggingu á gróðrarstöð sem þau hafa rekið á jörðinni. Nú þegar hefur verið ráðist í verulegar endurbætur á jörðinni og fyrirhugaðar eru umfangsmeiri framkvæmdir. Framkvæmdir þessar kalla á fjármagn og nauðsynlegt er að taka lán í því skyni. Ekki hefur fengist samþykkt að fá frekari heimildir til veðsetningar á jörðinni þar sem sú skylda hvílir á ríkinu að innleysa slíkar framkvæmdir ef ábúendur fara af jörðinni síðar meir og þar sem þannig hagar til nú að hluti af áætlaðri uppbyggingu gróðrarstöðvarinnar er á landi skammt frá sem ekki tilheyrir jörðinni.

Að mati sveitarstjórnar er besti kosturinn að núverandi ábúendur kaupi jörðina, en með því er ríkið leyst undan þeim skyldum sem eru samkvæmt jarðalögum um innlausn eigna. Hreppsnefnd Vallahrepps leggur einnig á það áherslu að framkvæmdir geti haldið áfram á jörðinni í því skyni að tryggja búsetu núverandi ábúenda og styrkja atvinnulíf í sveitinni. Starfsemi garðyrkjustöðvarinnar í Lönguhlíð skapar jafnframt fleirum störf og því er mikilvægt að sú uppbygging geti haldið áfram.

Ég hef í rauninni ekki miklu við þessa greinargerð að bæta. Hér er um að ræða ungt fólk sem hefur hafið atvinnurekstur á þessari jörð og vill taka á sínum rekstri fulla ábyrgð og kaupa þá jörð sem hér er um að

ræða og hefur til þess stuðning sinna sveitunga.

Ég beini því til forseta að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 540. mál. — Þskj. 898.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað. — [Fundarhlé.]

Útflutningur hrossa, 2. umr.

Stjfrv., 260. mál (kostnaður við skoðun). — Þskj. 341, nál. 960.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti landbn. Alþingis um frv. til laga um breytingu á lögum um útflutning hrossa.

Um langa tíð hefur verið lögbundið að ríkissjóður greiði kostnað við skoðun útflutningshrossa. En þetta lagaákvæði hefur hins vegar um árabil verið óvirkt og þessi kostnaður greiddur af þeim sem útflutninginn hafa annast. Með þessari breytingu er því einungis verið að færa lögin til þess horfs sem í rauninni er í framkvæmd. Hér er þess vegna ekki um nýjan kostnað eða skattlagningu að ræða í þessu tilviki og ber að undirstrika það alveg sérstaklega.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið og kallað fyrir sig þá aðila sem best þekkja til framkvæmdar þess, auk þess sem nefndinni bárust greinargerðir frá ýmsum aðilum.

Nefndin varð þess áþreifanlega vör að hér er um óþarflega flókna framkvæmd að ræða og það kom skýrt fram í samtölum við þá aðila sem til nefndarinnar komu að e.t.v. væri hægt að einfalda þessi mál betur og gera þau jafnvel kostnaðarminni og ódýrari í framkvæmd heldur en nú er. Þess vegna varð nefndin sammála um að beina því til landbrh. hvort ekki væri eðlilegt að endurskoða þær reglur sem um þetta giltu og það fyrirkomulag sem nú er uppi með það fyrir augum að gera þessi mál einfaldari og auðveldari í framkvæmd.

Þetta læt ég nú nægja, virðulegur forseti, til viðbótar við nefndarálitið sjálft og vænti þess að hér séu mál skýrð með þeim hætti að dugi til þess að málið nái framgangi í þinginu.

Árni M. Mathiesen:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. frsm. mjög skilmerkilega framsögu og taka undir með honum þar sem hann leggur til að kannaðir verði möguleikar á því að breyta því útflutningsleyfafyrirkomulagi sem nú er á hrossaútflutningi. Og ég treysti honum til þess að fylgja því eftir við hæstv. landbrh.

Ég vil einungis koma hér upp til þess að undirstrika það hversu mikilvæg grein hrossaútflutningur er að verða. Hrossaeign landsmanna og áhugi á hrossarækt og tamningum hefur aukist gríðarlega og sem betur fer er að vaxa hér úr grasi kynslóð manna sem kann vel til verka í þessum efnum og er fullkomlega samanburðarhæf við það besta sem gerist erlendis. Þetta er að mínu viti vaxtarbroddur í landbúnaði og ber að hlúa að honum á sem allra bestan hátt til þess að hann megi verða mikill að vexti og skila þjóðarbúinu bæði fjárhagslegum ávinningi og ávinningi sem fæst þegar orðspor Íslands er best á erlendri grund.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það nál. sem hér er til umræðu fjallar að vísu um takmarkaðan þátt í sambandi við útflutning á hrossum og þá fyrst og fremst þetta: Hver á að greiða fyrir skoðun og eftirlit með hrossunum? Eins og kom fram í máli hv. formanns landbn. hafa það verið útflytjendurnir sem hafa greitt þetta gjald þó reglur og lög mæli fyrir um annað og hér er eingöngu verið að festa þá hefð sem komist hefur á.

En það sem mig langaði til að spyrja hv. formann um er hvort landbn. hafi nýtt sér það tækifæri sem gafst með því að fjalla um þetta mál, útflutning á hrossum, til að skoða betur með hvaða hætti stjórnvöld geta stutt þennan útflutning. Hv. landbn. er kunnugt um að hér er um vaxtarbrodd að ræða í íslenskum landbúnaði. Fjöldamargir bændur hafa verið að hasla sér völl í þessari atvinnugrein, bundið við hana mjög miklar vonir og þeim heimilum til sveita fjölgar sem treysta á afkomu sína hvað varðar ræktun, tamningar og útflutning á hrossum. Nú hefur markaður erlendis fyrir hross farið vaxandi sem betur fer og er það vel. En möguleikarnir eru mjög miklir og þá sérstaklega í Bandaríkjunum þó ég sé ekki að draga úr því mikla markaðsstarfi sem unnið hefur verið á síðustu áratugum í Þýskalandi og annars staðar í Evrópu. En útflytjendur hrossa hafa haft orð á því að framtíðin kunni að vera í Bandaríkjunum. Það hefur verið haft á orði að ef sá markaður opnast fyrir alvöru þá dugi 70 þús. íslensk hross skammt til þess að standa undir þeim útflutningi. Því langar mig til þess að spyrja hv. formann landbn. hvort fram hafi farið einhver úttekt á þessu máli í landbn. þegar þessi afmarkaði hlutur í sambandi við gjaldtökuna á útflutningnum var til umræðu, hvort málið í heild hafi verið skoðað með einhverjum hætti og ef hæstv. landbrh. er hér til staðar, hvort hann gæti gefið einhver svör eða lýst yfir vilja sínum um það að leggja þessu mikilæga starfi lið.

Það hefur verið sagt að íslenski hesturinn gæti verið hinn nýi íslenski sendiherra á breyttum tímum í markaðsstarfi Íslendinga, ekki einvörðungu að þjóna landbúnaði með auknum tekjum fyrir þá sem þar starfa, heldur rutt brautina fyrir fjölmargar aðrar útflutningsgreinar og haldið landi og þjóð hátt á loft.

Þetta er nokkuð sem ég held að þyrfti að ræða betur í þinginu af því að hér liggja miklir möguleikar fyrir þjóðina og þá ekki síst fyrir landbúnaðinn í landinu. En ég mundi vilja óska eftir því ef hv. formaður landbn. mundi vilja gefa okkur einhver svör um þetta efni.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Það er skemmst frá því að segja að landbn. fjallaði ekki um markaðsmál hrossa að þessu sinni heldur aðeins um þann þáttinn sem laut að afgreiðslu málsins, þ.e. fyrirkomulagi á útflutningsvottorðum og skoðunargjöldum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JGS, JHelg, JónS, JVK, LMR, MF, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, ÞÞ, ÖS.

1 þm. (PP) greiddi ekki atkv.

28 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EGuðn, EKG, GHH, GAK, GHall, GÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, StG, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JGS, JHelg, JónS, JVK, LMR, MF, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, ÞÞ, ÖS.

1 þm. (PP) greiddi ekki atkv.

29 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GAK, GHall, GÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, StG, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JGS, JHelg, JónS, JVK, LMR, MF, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, ÞÞ, ÖS.

1 þm. (PP) greiddi ekki atkv.

29 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GAK, GHall, GÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, StG, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Skráning og mat fasteigna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 453. mál (þjónustugjöld, stjórn o.fl.). — Þskj. 785.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JGS, JHelg, JónS, JVK, LMR, MF, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, ÞÞ, ÖS.

29 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GAK, GHall, GÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, StG, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JGS, JHelg, JónS, JVK, LMR, MF, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, ÞÞ, ÖS.

29 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GAK, GHall, GÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, StG, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Lyfjaverslun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 538. mál. — Þskj. 896.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JGS, JHelg, JónS, JVK, LMR, MF, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, ÞÞ, ÖS.

28 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GHall, GÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, StG, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JGS, JHelg, JónS, JVK, LMR, MF, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, ÞÞ, ÖS.

26 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EGuðn, EKG, GHH, GHall, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, StG, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 541. mál (fráviksmörk greiðslumarks). — Þskj. 899.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ,

IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónS, JVK, LMR, MF, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, ÞÞ, ÖS.
25 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EGuðn, EKG, GHH, GHall, HBl, HG, JÁ, JóhS, JBH, JónK, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, StG, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónS, JVK, LMR, MF, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, ÞÞ, ÖS.
25 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EGuðn, EKG, GHH, GHall, HBl, HG, JÁ, JóhS, JBH, JónK, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, StG, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, frh. 1. umr.

Stjfrv., 542. mál (heildarlög). — Þskj. 900.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónS, JVK, LMR, MF, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, ÞÞ.
26 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EGuðn, EKG, GHH, GHall, HBl, HG, JÁ, JóhS, JBH, JónK, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, StG, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, HÁ, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónS, JVK, LMR, MF, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, ÞÞ.
27 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EGuðn, EKG, GHH, GHall, GunnS, HBl, HG, JÁ, JóhS, JBH, JónK, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, StG, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Leiðsaga skipa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 193. mál (heildarlög). — Þskj. 224, nál. 961, brtt. 962.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónS, JVK, LMR, MF, PP, PJ, PBj, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, ÞÞ, ÖS.
27 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EGuðn, EKG, GHH, GHall, HBl, HG, JÁ, JóhS, JBH, JónK, KSG, KHG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, RA, StG, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 962,1 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónS, JVK, LMR, MF, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, ÞÞ, ÖS.
26 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EGuðn, EKG, GHH, GAK, GHall, HBl, HG, JÁ, JóhS, JBH, JónK, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, StG, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
3.–4. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 962,2 samþ. án atkvgr.
5. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 962,3 samþ. án atkvgr.
6. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 962,4 samþ. án atkvgr.
7. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
8.–11. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JHelg, JónS, JVK, LMR, MF, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, ÞÞ, ÖS.
26 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EGuðn, EKG, GHH, GHall, HBl, HG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, StG, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Heimild til að selja jörðina Lönguhlíð í Vallahreppi, frh. 1. umr.

Frv. JónK o.fl., 518. mál. — Þskj. 875.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónS, JVK, LMR, MF, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, ÞÞ, ÖS.
25 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EGuðn, EKG, GHH, GHall, HBl, HG, JÁ, JóhS, JBH, JónK, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, StG, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JHelg, JónS, JVK, LMR, MF, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, ÞÞ, ÖS.
27 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EGuðn, EKG, GHH, GHall, GÁ, HBl, HG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, StG, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 540. mál. — Þskj. 898.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, HÁ, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónS, LMR, MF, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, ÞÞ, ÖS.
27 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EGuðn, EKG, GHH, GHall, GunnS, HBl, HG, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, StG, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónS, JVK, LMR, MF, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, ÞÞ, ÖS.
26 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EGuðn, EKG, GHH, GHall, HÁ, HBl, HG, JÁ, JóhS, JBH, JónK, KSG, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, StG, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Ríkisreikningur 1991, frh. 1. umr.

Stjfrv., 486. mál. — Þskj. 834.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Frv. það sem hér er nú til umfjöllunar á ný fjallar um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1991. Hæstv. fjmrh. flutti í gær framsöguræðu sína fyrir frv. þessu en auk þess fjallaði einn af yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings ítarlega um málið og gerði grein fyrir nokkrum athugasemdum sem yfirskoðunarmenn og Ríkisendurskoðun hafa gert við framlagningu ríkisreikningsins og þetta frv.

Ég hygg að það sé nokkuð óvenjulegt að yfirskoðunarmenn og Ríkisendurskoðun geri tillögu um breytingu á ríkisreikningi og tel ástæðu til að beina athygli hv. þm. að þeirri staðreynd að hér liggja fyrir tillögur frá yfirskoðunarmönnum um breytingar á framsetningu reikningsins. Ég minnist þess ekki að svo hafi áður borið við þann tíma sem ég hef setið á Alþingi og ég hygg að það sé reyndar enn lengra síðan ef það er ekki nýmæli að svona sé staðið að málum eða svona lagað komi upp.

Það mál sem meginágreiningurinn virðist vera um varðandi framsetninguna nú er það hvort telja skuli ákveðin útgjöld ríkissjóðs vegna fjárhagstapa Framkvæmdasjóðs Íslands fram í ríkisreikningi fyrir árið 1991 eða árið 1992. Ég tel að það sé ástæða til að fara nokkrum orðum um þessar athugasemdir Ríkisendurskoðunar og þeirra ágætu manna sem valist hafa sem yfirskoðunarmenn á ríkisreikningnum vegna þessa óvenjulega máls sem hér liggur nú fyrir. En það er ekki bara þetta mál sem yfirskoðunarmenn hafa gert að umræðuefni í sinni skýrslu og finnst mér reyndar vanta nokkuð á það í því frv. sem hér liggur fyrir um samþykkt á ríkisreikningi að fjallað sé um það eða að fram komi af hálfu fjmrn. og hæstv. fjmrh. afstaða hans til þeirra ýmsu efnisatriða og ábendinga sem þar koma fram og svo í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Ég held að það sé til lítils að Ríkisendurskoðun og yfirskoðunarmenn leggi mikla vinnu í það að gera athugasemdir við hin ýmsu mál hjá hinum ýmsu stofnunum og ráðuneytum ríkisins ef síðan er lítið eða ekkert með það gert. Ég hygg reyndar að það hafi verið svo í gegnum tíðina að oftar en ekki hafi umfjöllun um ríkisreikning verið heldur lítil hér í hv. Alþingi, menn hafi látið þessar athugasemdir fram hjá sér fara, ég vil nú ekki segja sem vind um eyru þjóta, en þó mætti e.t.v. segja það að menn hafi oftar en ekki gert heldur lítið með það og lítið rætt um ríkisreikninginn, látið svo sem þetta væri afgreitt mál og hér væri aðeins verið að fjalla um staðreyndir sem fyrir lægju og vissulega er það svo í langsamlega flestum tilvikum.

Það má líka segja að ríkisreikningurinn að þessu sinni og fyrir tvö ár þar á undan sé með nokkuð öðrum hætti en áður. Hefur oft áður verið fjallað um það hér í þingsölum og ætla ég ekki að fara að rekja það mál sérstaklega. En hann á þó að gefa betri heildaryfirsýn og gefa þeim sem vilja skoða þessar upplýsingar, velta þeim fyrir sér og hugleiða þær betri yfirsýn yfir stöðu ríkisfjármála en áður, heildarskuldbindingar ríkissjóðs eins og þær eru á hverjum tíma. Það er einmitt það sem menn hafa verið að leitast við að gera betur en áður var. Segja má einnig að með flutningi fjáraukalaga oftar nú en áður var og þeirri viðleitni hæstv. fjármálaráðherra að leita nýrra útgjaldaheimilda innan viðkomandi fjárlagaárs með fjáraukalögum í stað þess að veita aukafjárveitingar sýnir að hér er betur staðið að málum hin síðari ár en áður var. Allt þetta ber að þakka.

En mig langar fyrst til að gera hér aðeins frekar að umtalsefni athugasemd sem fram kemur í greinargerð eða skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins þar sem þeir velta því einmitt fyrir sér hvernig eigi að meðhöndla svona skýrslur og hvernig eigi síðan að vinna úr þeim og ætla, með leyfi forseta, að lesa eina

málsgrein úr þessari skýrslu. Þar segir:

„Yfirskoðunarmenn telja sjálfsagt að birt verði reglulega með skýrslum Ríkisendurskoðunar hvernig athugasemdum hennar hefur verið fylgt eftir. Hið sama er að segja um athugasemdir yfirskoðunarmanna. Leggja yfirskoðunarmenn áherslu á að fram komi í skýrslu yfirskoðunarmanna og Ríkisendurskoðunar fyrir næsta ár yfirlit yfir þær stofnanir og ráðuneyti sem athugasemdir hafa verið gerðar við og hvernig þessir aðilar hafa brugðist við þeim ábendingum. Yfirskoðunarmenn telja að stofnanir og ráðuneyti þurfi með rökstuddum hætti að gera grein fyrir viðbrögðum sínum ef vel á að vera."

Hér tel ég að sé mikilvæg ábending og við höfum reyndar rætt þetta, þeir þm. hv. sem sæti eiga í fjárln., hvernig fylgja beri eftir hinum ýmsu skýrslum Ríkisendurskoðunar um opinberar stofnanir. Það á við um fleira en ríkisreikning að sjálfsögðu.

Ég tel að Alþingi ætti að setja sér ákveðnar starfsreglur í þessu sambandi og mér er kunnugt um það að í sumum nágrannaþingum er sérstök nefnd, sérstök eftirlitsnefnd sem fer yfir skýrslur af þessu tagi og fylgir því eftir að eitthvað sé með þær gert en þær séu ekki bara eins og oft vill verða einhvers konar réttlæting á því að menn hafi framfylgt einhverjum lagaákvæðum og skoðað málið. Síðan fer skýrslan ofan í skúffu og er aldrei meira um hana hugsað og ekkert gert með þær ábendingar sem í henni eru. Þá er unnið fyrir gýg og illa að málum staðið. Hér er hins vegar bent á þetta mál og hugmyndir settar fram um það hvernig hugsanlega megi standa að eftirlitinu og að stofnunum og ráðuneytum sé gert skylt að gera grein fyrir þeim athugasemdum og ábendingum sem settar eru fram af hálfu eftirlitsmannanna og Ríkisendurskoðunar og hvernig við hefur verið brugðið.

Þetta finnst mér að vanti nokkuð í umfjöllun ráðuneytisins í athugasemdum við frv. það sem hér er til umræðu og að ráðherra geri okkur aðeins grein fyrir því hvernig hann, t.d. hæstv. fjmrh., hugsar sér að fylgja þessu eftir. Mig langar að taka hér nokkur dæmi úr þessari annars ágætu skýrslu yfirskoðunarmanna. Þar er t.d. greint frá því að í ríkisreikningi fyrir árið 1991 séu mörg dæmi um að kostnaður sé færður á viðfangsefni hjá einstökum stofnunum sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum viðkomandi stofnunar. Þetta leiðir til þess að umfang einstakra verkefna og viðfangsefna er aukið umfram það sem vilji Alþingis hefur staðið til eða umfram það sem fjárlög eða sérlög sem Alþingi hefur samþykkt hafa gert ráð fyrir. Þetta finnst mér að við þurfum að hugleiða og skoða og fá kannski nánar fram hvað hér er á ferðinni. Að sjálfsögðu mun fjárln. leita eftir þeim upplýsingum því að hér er ekki tækifæri til þess að spyrja yfirskoðunarmenn nánar um þessa skýrslu eða út í hana þó svo vilji nú til að tveir þeirra séu hv. þm. en því miður ekki nema annar þeirra í þinginu um þessar mundir. Enda hlýtur það að vera vettvangur nefndarinnar að fjalla um þessi mál og skoða þau nánar og velta fyrir sér hvað hér býr að baki.

Annað atriði sem mig lagar að nefna úr þessari skýrslu eru athugasemdir yfirskoðunarmanna um samræmdar reglur um notkun stimpilklukku. Svo vill til að það virðast alls ekki vera í gildi samræmdar reglur um þetta og einstakar stofnanir nota stimpilklukku, aðrar ekki, og á enn öðrum er verið að glíma við að fá starfsmenn til að sætta sig við þessa sjálfsögðu reglu sem er meira að segja í lagaákvæðum, í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. En í 30. gr. laga nr. 38/1954, segir, með leyfi forseta:

„Hafa skal stimpilklukkur í skrifstofum og vinnustofum þar sem því verður við komið og halda skrá um hvernig starfsmenn koma til vinnu."

Yfirskoðunarmenn benda á það að hér er ekki í nærri því öllum tilvikum farið að settum reglum og benda á að þar sem slíkar klukkur eru m.a. undirstaða fjarvista- og yfirvinnuskráningar þá sé nauðsynlegt að setja samræmdar reglur í þessu efni fyrir allt ríkiskerfið, ekki aðeins fyrir einstakar stofnanir, og síðan eigi forsvarsmenn eða forstöðumenn þessara stofnana í átökum eða a.m.k. í erfiðleikum við að koma þessu á eða fá starfsmenn stofnananna til þess að fylgja eftir svona sjálfsögðum leikreglum sem lög kveða á um.

Þetta vildi ég nefna og draga fram aðeins örfá atriði úr þessari skýrslu yfirskoðunarmanna en hér er auðvitað bent á fjölmörg fleiri atriði sem ástæða er til að skoða betur og verður vafalaust gert í umföllun fjárln. um þetta frv.

Í sjálfri skýrslu Ríkisendurskoðunarinnar er síðan fjallað um fjölmörg önnur mál. Þar er m.a. nokkuð tekið á innheimtumálunum sem reyndar voru hér allmikið rædd í gær og hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir í sinni framsöguræðu. Hv. þm. Pálmi Jónsson, sem er einn af yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings, gerði það einnig og mig langar til að fara ofurlítið yfir það líka.

Ég vil fyrst segja að mér finnst það mjög slæmt, og það er nánast óviðunandi, að opinberir aðilar, annars vegar fjmrn. í greinargerð með þessu frv. og hins vegar Ríkisendurskoðun í sinni skýrslu, skuli greina svo á um það hvernig þessar upplýsingar eru settar fram og að ekki skuli vera hægt með nokkuð ljósum hætti og greinargóðum að setja fram hver er raunveruleg innheimta og hvað stendur eftir óinnheimt af þeim gjöldum sem almenningi og fyrirtækjum er ætlað að greiða í ríkissjóð.

Nú er ég ekki að segja að það sé vísvitandi sett fram með mismunandi hætti og að hvort tveggja geti ekki verið rétt eftir því hvaða forsendur menn gefa sér, og sýnir það einu sinni enn hversu auðvelt það er að fara alla vega með tölur eftir því hvernig mönnum sýnist ef til vill best að meðhöndla þær eða setja þær fram. En það getur ekki verið ásættanlegt fyrir þá sem vilja vita best og sannast um það hvernig mál standa. Í greinargerð frv. segir fjmrn. m.a. að þessi misvísun sé vegna þess hvernig farið er með annars vegar áætlanir frá skattstjóra og hins vegar raunverulega álagningu svo og hvernig fram séu talin þau opinberu gjöld sem ekki innheimtast á ári hverju en safnast upp sem óinnheimt ár frá ári. Segir m.a. í greinargerðinni að með þessari aðferð Ríkisendurskoðunar, að telja fram bæði áætlanir skattstjóra svo og þessar óinnheimtu eft-

irstöðvar, þá fari þetta innheimtuhlutfall stöðugt lækkandi. Nú held ég að það geti ekki verið viðvarandi. Það getur auðvitað orðið einhver breyting á því þegar horfið er frá einu kerfi til annars, að þá komi fram slíkur mismunur. En til lengri tíma litið ætti ekki að verða sú breyting á að innheimtuhlutfall fari stöðugt lækkandi og eftirstöðvar stöðugt hækkandi nema innheimtan eða eftirlitið sé ekki í góðu lagi. Og það vil ég árétta og biðja hæstv. ráðherra a.m.k. að skýra mér þá frá ef ég skil þetta ekki rétt. Ég held að það hljóti að vera svo að til lengri tíma litið ætti þetta að vera svipað hlutfall ef ávallt er staðið eins að innheimtunni, sömu vinnubrögðum beitt og auðvitað helst betri, til þess að bæta innheimtuna en ekki hið gagnstæða. En í skýrslu Ríkisendurskoðunar er bent á það að virðisaukaskattur, staðgreiðsluskattar, svo og skattur sem er hér gefin yfirskriftin bifreiðagjöld, hafi innheimst verr en áður. Og þó að bifreiðagjöldin séu út af fyrir sig ekki stór upphæð þá hlýtur það að vera óásættanlegt að af þeim innheimtist ekki nema 76% eða að nær fjórðungur álagðra bifreiðagjalda sé óinnheimtur. Hér hlýtur að þurfa að taka betur á heldur en gert hefur verið. Ég veit reyndar að hæstv. fjmrh. hefur verið uppi með ýmsar hugmyndir um það að bæta innheimtu opinberra gjalda og beitt sér fyrir því að á þeim sé tekið fastar en áður og ber að fagna því. En hér hlýtur þó að þurfa að gera enn betur en áður hefur verið gert og óviðunandi að þessir innskattar innheimtist ekki betur en kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Hér er t.d. gerð grein fyrir því að vanskil launagreiðenda á staðgreiðslu séu mjög alvarlegt brot sem taka þarf hart á og auðvitað á það að vera óásættanlegt að ekki séu gerð skil á staðgreiðslusköttum sem fyrirtækin eða launagreiðendur hafa þá þegar innheimt fyrir hönd ríkissjóðs af launaþegunum sjálfum. Þetta er ekki nýtt mál en það verður að taka á þeim málum af meiri hörku en gert hefur verið og eiga að vera fyrir hendi skýlausar heimildir til þess að stöðva atvinnurekstur launagreiðenda sem ekki standa í skilum með staðgreiðslu skatta og þá verður fjmrn. og hæstv. fjmrh. að setja sínum innheimtumönnum skýrari reglur um það hvernig að skuli staðið til þess að ná hér betri tökum á en verið hefur.

Í greinargerð frv. eru hins vegar þessar innheimtutölur settar fram með nokkuð öðrum hætti. Þar er aðeins tekin álagningin og innheimtan innan ársins. Ef þær tölur eru skoðaðar þá má auðvitað segja að nokkuð vel sé staðið að innheimtu ef innheimtuhlutfallið er yfir 99% í innheimtu staðgreiðsluskattanna og 98,5–99% af innheimtu virðisaukaskattsins. Hér sýnist mér þó að misvísun sé á upplýsingum og nauðsynlegt að setja þetta fram með þeim hætti að skiljanlegt sé þeim sem um málið fjalla og að því koma og vilja vita það sem réttast er í þessum innheimtumálum.

Mig langar að nefna hér nokkur önnur atriði sem fram koma í skýrslu Ríkisendurskoðunar með ríkisreikningnum og minna á þær, gera grein fyrir þeim athugasemdum hér í þessum ræðustóli þannig að hv. þm. sé betur ljóst — því ég er nú ekki viss um að allir hv. þm. lesi þessa ágætu skýrslu Ríkisendurskoðunar nægilega vel. En þar eru einmitt ábendingar um fjölmargt sem betur mætti fara og nauðsynlegt er að tekið sé á en ekki látið sem vindur um eyru þjóta eins og ég nefndi hér áðan.

Ég vil t.d. fletta hér upp á umfjöllun um stofnanir menntmrn. þar sem settar eru fram í nokkrum atriðum athugasemdir eins og t.d. þetta, með leyfi forseta: „Viðveruskráningu var mjög oft ábótavant og jafnvel ekki fyrir hendi eins og skylt er. Bókhald minni stofnana var oft á tíðum ekki eins og skyldi. Þannig vantaði oft að sjóðbók fylgdi bókhaldi. Áritanir og skýringar á tilefni gjaldareikninga voru oft ófullnægjandi. Aksturssamningar vegna aksturs starfsmanna umfram 1.000 km í þágu stofnana voru oft á tíðum ekki fyrir hendi eins og skylt er samkvæmt reglugerð um bifreiðamál ríkisins. Eignaskrár þeirra stofnana sem teknar voru til athugunar vantaði oftar en ekki.“ Hér eru almennar athugasemdir við ýmsar stofnanir menntmrn., sé gripið niður í þessa skýrslu, og margt fleira er af svipuðum toga.

Mig langar einnig að gera hér að umtalsefni og spyrja ráðherra út í hvernig hæstv. ráðherra eða hans samráðherrar hugsi sér að bregðast við athugasemdum Ríkisendurskoðunar við stofnun sem undir félmrn. heyrir og er Tjaldanesheimilið. Þetta er reyndar ekki heldur nýtt mál, því svo háttar til með rekstur þessarar ágætu stofnunar að samkvæmt lögum ætti hún að heyra undir félmrn. sem ein af stofnunum fatlaðra en er undir stjórn Ríkisspítalanna og rekin af Ríkisspítölum líklega samkvæmt gömlu gjafabréfi um þessa stofnun sem gerir það að verkum að það hefur ekki tekist að samræma þarna annars vegar rekstur stofnunarinnar undir þann málaflokk sem hún á þó að heyra og ætti þess vegna að falla undir félmrn. Og í athugasemdum Ríkisendurskoðunar um rekstur þessa heimilis segir, með leyfi forseta:

„Erfiðleikar hafa myndast varðandi fjárframlög til Tjaldanesheimilisins þar sem rekstur og stjórn heimilisins heyrir undir Ríkisspítala en fjárveitingar undir félmrn. Fjmrn. telur sig illa í stakk búið til þess að fjalla um fjárveitingar til rekstrar heimilisins þar sem afskipti þess af rekstri heimilisins séu engin. Ríkisendurskoðun telur að rekstur og stjórn Tjaldanesheimilisins eigi að flytjast til félmrn. þannig að málefni heimilisins falli að öllu leyti undir sama ráðuneyti.“

Undir þessa athugasemd Ríkisendurskoðunar vil ég eindregið taka. Og ég vil beina þessu til hæstv. fjmrh. eða hans samráðherra, hvort heldur það eru hæstv. félmrh. eða heilbrrh. því raunverulega þyrftu þeir allir að koma að þessu máli til að gera það upp og koma þessum vandræðagangi út úr heiminum. Og þegar Ríkisendurskoðun hefur sett fram athugasemd af þessu tagi þá finnst mér ekki heldur ganga að málin séu látin eiga sig og ekkert gerist annað en að erfiðleikarnir haldi áfram og jafnvel hlaði upp á sig eins og gerst hefur í raun á undanförnum árum varðandi þessa stofnun.

Enn langar mig að grípa hér niður á öðum stað í þessari skýrslu þar sem verið er að fjalla um stofnanir heilbrrn. Í greinargerð um Borgarspítalann er svohljóðandi athugasemd, með leyfi forseta:

„Um 30 læknar hafa samið við spítalann um móttöku einkasjúklinga í húsnæði spítalans gegn greiðslu aðstöðugjalds. Eftirlit með því að læknar skili þessu aðstöðugjaldi hefur verið lítið og reyndist erfitt að koma því við. Þá hafa greiðslur borist seint. Lögð er áhersla á að leitað verði leiða til að koma á virkara eftirliti með notkun lækna á aðstöðu og sagt verði upp samningum við þá lækna sem ekki hafa staðið í skilum."

Ég vil út af þessu segja að ég tel að það sé sjálfsagt að semja við lækna um að þeir noti eða geti fengið afnot af stofnunum sem þeir vinna á til þess að taka á móti einkasjúklingum gegn ákveðinni greiðslu eða ákveðnu aðstöðugjaldi eins og það er kallað hér. Ég tel að það geti leitt til betri nýtingar á tækjabúnaði ýmiss konar og húsnæði fremur en verið sé að stofna til einkaaðstöðu þessara sérfræðinga úti í bæ með þá auðvitað nýjum stofnkostnaði bæði í tækjabúnaði og húsnæði. Þarna mætti samnýta eða nýta húsnæði betur sem fyrir hendi er og tæki og þá greiddu viðkomandi sérfræðingar hluta af þeim greiðslum sem þeir fá fyrir þjónustuna til viðkomandi stofnana. Ég er því ekki að gera þessa athugasemd hér eða draga hana fram úr skýrslu Ríkisendurskoðunar af því að ég sé á móti því sem hér er verið að ræða um heldur þvert á móti að undirstrika að ég tel að það sé ekki óeðlilegt að svona sé að málum staðið en það þarf þá hins vegar að vera tryggt að greiðslur skili sér á eðlilegan hátt. Það getur ekki verið svo flókið að koma því eftirliti við og ganga svo tryggilega frá samningum við sérfræðingana að þeir greiði til stofnunarinnar hvort heldur það er nú Borgarspítalinn eða aðrar hliðstæðar stofnanir það sem þeim ber. En það er alveg óviðunandi að ekki sé þá gert eitthvað með svona athugasemd, henni fylgt eftir og séð til þess að hlutir af þessu tagi séu í góðu lagi.

Enn eitt langar mig að nefna úr þessari skýrslu og kannski að vekja sérstaklega athygli á því að undir umhvrn. er fjallað um töluvert margar stofnanir þess ráðuneytis og margvíslegar athugasemdir gerðar við rekstur eða tilhögun þeirra stofnana. Það kemur svolítið á óvart eftir að hafa farið yfir skýrsluna alla að það eru kannski ein eða tvær stofnanir undir hverju ráðuneyti sem gerðar eru athugasemdir við. En þegar fjallað er um þetta nýja ráðuneyti umhverfismála þá eru margar athugasemdir við flestallar stofnanirnar sem undir það heyra. Ekki veit ég hvort það er fyrir það að svo vandlega hafi verið litið yfir málefni þess ráðuneytis eða með eitthvað öðrum hætti heldur en hin ráðuneytin, hugsanlegt er líka að starfsmenn Ríkisendurskoðunar hafi hér eitthvað skipt með sér verkum og vinnutilhögun ekki verið nákvæmlega sú sama en það vekur þó, finnst mér, nokkra athygli að svo skuli vera að með nýja skrifstofu eins og aðalskrifstofu umhvrn. skuli þurfa að gera athugasemdir eins og þær sem hér eru settar fram af hálfu Ríkisendurskoðunar og mig langar til að nefna nokkrar. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Nokkuð skortir á að ferðareikningar væru nægjanlega vel úr garði gerðir. Eignaskrá var ekki fyrir hendi. Kostnaður vegna sama viðfangsefnis var færður hvort tveggja hjá aðalskrifstofu og á ýmis verkefni." Ég veit nú eiginlega ekki hvað hér er á ferðinni og hefði þurft að fá betri skýringar. Það fást væntanlega betri skýringar í umfjöllun nefndar um þetta, hvort hér er verið að tvífæra kostnað. Það er nú varla en hér er að minnsta kosti tilefni til athugasemda af hálfu Ríkisendurskoðunar. Og svo seinasta athugasemdin með aðalskrifstofuna: „Gerð var athugasemd við óvenjumikinn ferðakostnað sem færður var á viðfangsefnið „Náttúruhús í Reykjavík." Mér finnst það nokkuð sérkennilegt að það skuli þurfa að gera svo margar athugasemdir og sumar alvarlegar við starfsemi nýjasta ráðuneytisins og þeirrar skrifstofu, aðalskrifstofu ráðuneytis þess sem hefði þó átt að fara af stað með öðru fasi. Sama má segja um stofnanir sem undir þetta ráðuneyti heyra. Þær eru auðvitað ekki nýjar heldur hafa verið fluttar undir ráðuneytið. Þar eru nokkuð margar athugasemdir við t.d. Náttúruverndarráð. Þar er m.a. fjallað um stimpilklukkuna sem ekki var notuð og er það reyndar víða sem þær athugasemdir eru gerðar. Hér hjá veiðistjóra einnig þar er stimpilklukka ekki notuð, hjá skipulagsstjóra ríkisins er stimpilklukka ekki notuð, svo nefnd séu nokkur dæmi, og eru trúlega tilefni þess að yfirskoðunarmenn gerðu það sérstaklega að umræðuefni í sinni skýrslu að hvað þetta varðaði þyrfti að koma á betra formi og samræmdu formi milli allra ríkisstofnana.

Hæstv. forseti. Ég hef nú farið yfir nokkur atriði sem mér finnst full ástæða til að vekja athygli á og ræða og fjölmargt fleira mætti auðvitað tína til úr þessari skýrslu og ræða í tengslum við staðfestingu eða samþykkt ríkisreiknings fyrir árið 1991. En ég ætla ekki að tína til öllu fleira. Það eru auðvitað ýmsar athugasemdir við einstakar stofnanir undir B-hluta en ég læt þetta gott heita hvað það varðar en langar þá aðeins aftur að snúa mér að því deilumálinu sem helst var til umræðu í gær er þeir ræddu hér þetta frv. hæstv. fjmrh. og hv. þm. Pálmi Jónsson, einn af yfirskoðunarmönnum. Það eru málefni Framkvæmdasjóðs Íslands og hvernig fara beri með þær greiðslur sem óhjákvæmilega hafa nú þegar fallið á ríkissjóð vegna þess að sjóðurinn hefur ekki getað innheimt þær útistandandi kröfur sem hann hefur átt á aðila og þær koma því til með að falla sem gjöld á ríkissjóð.

En málið snýst kannski ekki um það heldur hvernig skuli með fara og hvenær skuli fram telja í ríkisreikningi, það er ágreiningsefnið. Nú er það ljóst að báðir aðilar, bæði fjmrn. og Ríkisendurskoðun hafa sjálfsagt nokkuð til síns máls. Fjmrn. segir hér í sérstakri greinargerð sem það hefur sett fram varðandi þetta ágreiningsefni að þeir hafi leitað álits endurskoðenda og sérfræðinga í reikningsskilum og talið sig fara þarna að bestu manna yfirsýn og setja þetta mál fram í ríkisreikningi á þann hátt sem þeir telja réttast. Ríkisendurskoðun og yfirskoðunarmenn eru hins vegar ekki sammála þeirri málsmeðferð og ég tel nauðsynlegt að fjárln. fari ítarlega yfir þetta mál allt saman því það hlýtur óneitanlega að geta skapað nokkurt fordæmi. Það hlýtur að geta gefið nokkurt fordæmi um

það hvernig með verði farið í framtíðinni og þá ekki bara greiðslur af þessu tagi heldur hugsanlega ýmsar aðrar greiðslur sem getur verið álitamál um hvenær beri að reikningsfæra og hvenær séu orðnar skuldbindingar fyrir ríkissjóð sem beri að gjaldfæra.

Það kom fram hér í umræðunum í gær að ef svo verður að ríkisreikningur stendur óbreyttur eins og fjmrn. hefur sett fram þá hefði átt að færa öfugan höfuðstól ýmissa annarra sjóða einnig sem gjöld í A-hluta ríkissjóðs. Mér finnst þó kannski að það hljóti að fara nokkuð eftir því — ef við erum að ræða um starfsemi opinberra sjóða — hvort viðkomandi sjóður er enn starfræktur og hefur enn möguleika á að bæta eiginfjárstöðu sína eða hvort viðkomandi sjóður er að hætta störfum eða hefur hætt störfum, hugsanlega verið lagður niður, og ljóst er hverjar skuldbindingarnar eru. Nú finnst mér það hins vegar ekki vera alveg skýrt hvað varðar þetta ákveðna ágreiningsefni hverjar skuldbindingarnar eru í raun og hugsanlega meiri en þær 1.700 millj. sem nú er verið að gjaldfæra í ríkisreikningi fyrir árið 1991. Mig minnir að ég hafi einhvers staðar séð eða heyrt talað um að það kynni að vera allt að 800 millj. kr. í viðbót við þessar 1.700 millj. Og þá spyr maður ef sjóðurinn hefur hætt störfum á árinu 1991 og þá verið ljóst hverjar skuldbindingarnar væru, (**Fjmrh.:** Hætt útlánastarfsemi.) hætt útlánastarfsemi, en þá ekki verið samt skýrt hver væru heildartöpin eða áföllin á ríkissjóð. (Gripið fram í.) Hæstv. fjmrh. staðfestir að það kunni að vera 800 millj. kr. í viðbót. — Það er e.t.v. ekki rétt að við hæstv. ráðherra tökum upp samtal hér úr ræðustóli, virðulegur forseti, en ráðherra staðfestir það þá hér á eftir úr ræðustóli. — En það finnst mér benda til þess að málin séu ekki að fullu krufin til mergjar og við þurfum því, þeir hv. þm. sem sitja í fjárln., að skoða þetta mál ítarlega og ræða það bæði við fjmrn. og fulltrúa hæstv. fjmrh. svo og Ríkisendurskoðun og heyra álit þeirra. Og e.t.v. er þar að auki ekki óeðlilegt að fjárln. afli sér upplýsinga um það hjá öðum aðilum utanaðkomandi eða óviðkomandi hvernig eðlilegast sé að fara með hluti af þessu tagi þannig að réttum og eðlilegum reikningsskilavenjum sé framfylgt.

Ég vil því, hæstv. forseti, ekki á þessu stigi kveða upp úr með það hvernig mér sýnist að með þessar færslur eigi að fara og hvaða tillit eigi þá að taka til þeirra athugasemda sem yfirskoðunarmenn hafa hér sett fram við ríkisreikning. En ég hlýt þó að benda á að það hlýtur að vera nokkuð sérkennilegt ef það færi svo að Alþingi tæki ekki tilliti til ábendinga þeirra yfirskoðunarmanna sem Alþingi hefur kosið og þeir þá trúlega að velta fyrir sér stöðu sinni. Þeir eru kosnir af hv. Alþingi til að gegna þessu trúnaðarhlutverki, koma með athugasemdir eða ábendingar sem auðvitað geta ekki verið annað en þeirra skoðanir og Alþingi á síðan eftir að segja sitt álit á málinu. En það hlyti að verða nokkuð sérkennileg staða ef það kæmi upp að Alþingi féllist ekki á þeirra niðurstöðu eða álit um það hvernig fara beri með þessar færslur sem hér hafa valdið ágreiningi. Það er auðvitað líka ofurlítið — ég vil nú ekki segja að það sé spaugilegt en það örlar þó kannski á því að við stjórnarandstæðingar höfum ofurlítið gaman af því að heyra þá takast á um þessar færslur, hv. þm. Pálma Jónsson fulltrúa Sjálfstfl. sem yfirskoðunarmaður ríkisreiknings, og fyrrv. ráðherra, fyrrv. fjárveitinganefndarmaður sem hefur komið að þessum málum á ýmsum vettvangi og hins vegar hæstv. fjmrh., (**Fjmrh.:** Þetta eru húnvetnsk glímubrögð.) fulltrúa Sjálfstfl. í ríkisstjórninni sem leggur þetta fram með öðrum hætti heldur en yfirskoðunarmaðurinn vill við hafa. Þetta eru kannski húnvetnsk glímubrögð, ég kann lítið inn á þau en báðir þessir ágætu hv. þm. munu nú telja ættir sínar til Húnvetninga og ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni, hæstv. forseti. Ég vil aðeins ítreka að ég tel að það sé nauðsynlegt að það finnist farvegur eða vinnubrögð til að fylgja eftir athugasemdum af því tagi sem hér eru settar fram og það sé einhver aðili sem Alþingi getur treyst sem muni fara yfir þessar athugasemdir og beina því til viðkomandi stofnana og fylgja því eftir að stofnanirnar annaðhvort verði við þeim athugasemdum sem þar eru settar fram með því að lagfæra sín mál eða þá á hinn bóginn gefi skýringar á því af hverju það er ekki gert ef ráðuneytin og stofnanirnar sem undir þau heyra telja ekki ástæðu til þess að verða við slíku.

Þetta á eins og ég sagði ekki eingöngu við um skýrslu Ríkisendurskoðunar varðandi ríkisreikninginn heldur og ýmsar aðrar stjórnsýsluendurskoðanir sem Ríkisendurskoðun hefur framkvæmt á undanförnum árum og það er mál sem Alþingi þarf að velta fyrir sér. Við höfum rætt það í fjárln., þeir hv. þm. sem þar sitja, hvernig með skuli farið, en ég tel að hér sé um það stórt mál að ræða að það þurfi að koma á skipulegum vinnubrögðum um það hvernig fara skuli með mál af þessu tagi.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er vissulega hægt að taka undir að það er svolítið einkennilegt að standa frammi fyrir þeim ágreiningi sem hér er risinn á milli tveggja þingmanna Sjálfstfl. og þó að hann sé að mestu leyti málefnalegur, ég get tekið undir það, þá erum við að sjálfsögðu að ræða líka fjármál ríkisins, uppgjör á fjármálum ríkisins málefnalega, hvernig að því skuli staðið.

Þegar rætt er um ágreining af þessu tagi er yfirleitt vísað í það að ekki séu fullmótaðar tillögur komnar frá ríkisreikningsnefnd og það nýjasta sem við höfum heyrt um að hún ljúki störfum er að það muni gerast a.m.k. fyrir árslok og helst fyrir upphaf næsta þings eða næsta vetur. Vonandi verður það sem fyrst því að það er mjög mikilsvert að álit ríkisreikningsnefndar, sem er búin að vinna mikið í þessum málum, liggi fyrir.

Það hefur komið fram í umræðum hér á undan að þetta þurfi að sjálfsögðu að ræða miklu betur. Það þurfi að ræða þetta og skoða málin frá öllum hliðum í fjárln. Að því búnu kemur málið aftur til 2. umr. og væntanlega hefur það þá skýrst betur. Það er þó nokkuð merkilegt að yfirskoðunarmenn komast að sömu

niðurstöðu og Ríkisendurskoðun í sambandi við endurskoðun ríkisreiknings 1991. Ég vil einnig taka undir það sem fram kom í máli hv. 1. þm. Norðurl. e. að það mun vera sjaldgæft að slíkur ágreiningur komi fram þannig að það séu lagðar fram beinar tillögur um breytingu á ríkisreikningi þegar hann er tilbúinn, prentaður og kominn hér inn í Alþingi fyrst sem stór bók og síðan sem frv. til laga.

Ég ætla ekki gera þennan ágreining mikið að umtalsefni hér, en vil þó benda á það að við vorum fyrir nokkru síðan að ræða um málefni Landsbankans. Landsbankinn er í eigu ríkisins, hann er ríkisbanki og það kemur í ljós um síðustu áramót að staða hans er þannig eftir það ár að við það verður ekki unað og ríkissjóður verður að koma til skjalanna. Þessa sögu þekkja alþingismenn og flestir landsmenn, svo mikið sem rætt var um það hér fyrir nokkru síðan. Sá vandi sem þar var um að ræða var til kominn á árinu 1992. Þá skyldi maður ætla að þær ákvarðanir sem hér voru teknar í formi framlaga, skuldabréfa eða hvað það nú verður endanlega frá ríkinu, mundi þá koma inn í þann reikning til þess að laga þá stöðu. Svo verður þó ekki gert. Samkvæmt upplýsingum sem við höfum fengið í fjárln., við spurðum að þessu, þá mun það ekki verða gert. Þeim reikningi verður ekki breytt til samræmis við það og framlag til Landsbankans verður ekki fært í ríkisreikningi fyrir árið 1992. Þó er þessi vandi til kominn á því ári. Núna er verið að ræða þann vanda og gera samþykktir í framhaldi af því. Mér finnst þetta vera nokkuð skylt mál og vil beina því til hæstv. fjmrh. hvað honum finnst um það, hvort hann telji ekki að þarna sé nokkuð skylt mál. Þessi vandi verður til á árinu 1992. Á þá að færa það þannig í bókhaldi Landsbankans og á þá þar af leiðandi að færa það í ríkisreikninginn sem síðar mun koma fyrir árið 1992 eða er þetta háð því þegar málið er rætt og afgreitt hér á Alþingi þótt vandinn hafi orðið til á árinu 1992? Það sama gerðist með Framkvæmdasjóð. Vandinn varð til á árinu 1991 en ekki var tekið á honum fyrr en á árinu 1992. En þetta verður að öðru leyti rætt í fjárln. og sjálfsagt meira hér við 2. umr.

Ég ætla að öðru leyti ekki að gera að umtalsefni skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings þar sem ég tel að hv. þm. Pálmi Jónsson hafi gert það hér mjög skilmerkilega og raunar bætti hv. þm. Guðmundur Bjarnason þar nokkru við.

Ég ætla hins vegar að nefna nokkra atriði sem koma fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Fyrst vil ég nefna að í endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar er vakin sérstök athygli á skuldastöðu A-hluta ríkissjóðs og þróuninni frá árinu 1987, þ.e. að heildarskuldir A-hluta ríkissjóðs að frádregnum kröfum séu orðnar 131,4 milljarðar kr. Að vísu eru lífeyrisskuldbindingar meðtaldar sem eru 55 milljarðar, þ.e. tæpur helmingur af upphæðinni er lífeyrisskuldbindingar vegna opinberra starfsmanna. Engu að síður er þetta mjög alvarleg staða og má benda á að skuldastaða ríkisins hefur hækkað mjög mikið milli ára og sem hlutfall af tekjum A-hluta ríkisins er þetta 124%. Þetta er sem sagt rúmlega árstekjur ríkissjóðs.

Þá er einnig hægt að benda á eitt atriði í framhaldi af þessu sem fylgir auðvitað skuldsetningunni, þ.e. að fjármagnskostnaður A-hluta ríkissjóðs er tæpir 13 milljarðar kr. á árinu 1991 og er þá nokkurn veginn sama upphæð og álagður tekjuskattur einstaklinga árið 1991 eða 13,9 milljarðar. Allur tekjuskattur einstaklinga á árinu fer því til þess að greiða fjármagnskostnað af skuldum.

Þá vildi ég einnig benda á að ekki hefur náðst að innheimta virðisaukaskattinn eins og áætlað var. Ég bendi sérstaklega á að það virðist sem framkvæmd virðisaukaskattsins sé mun þyngri í vöfum en öll framkvæmdin var áður á söluskattinum. Það var þó ein af aðalástæðunum fyrir því að svo mjög var barist fyrir því að taka upp virðisaukaskattskerfi að það yrði mun skilvirkara, það sparaði ótrúlega mikið, mun betur gengi að innheimta virðisaukaskattinn en söluskattinn. Hins vegar sýnist mér að framkvæmdin og reynslan síðan virðisaukaskatturinn var settur á sýni þvert á móti að viðvaranir þeirra sem töldu að þetta yrði ekki til bóta hafa haft við rök að styðjast að ég nú ekki tali um allan þann kostnað sem af því varð að breyta söluskattskerfinu yfir í virðisaukaskattskerfi. Þær tölur hef ég ekki en ég man að þegar umræðan fór fram voru þetta umtalsverðar upphæðir. Svo virðist koma í ljós að virðisaukaskattskerfið sé í raun og veru ekki miklu betra en söluskattskerfið.

Þá má einnig nefna að mjög mikil vanskil eru á bifreiðagjöldum á þessu ári og hafa ekki innheimst nema 76% af bifreiðagjöldum á þessu ári. Þarna virðist vera pottur brotinn í innheimtu bifreiðagjalda og þyrfti að herða eftirlit með því.

Í umræðum um fjárlög, fjáraukalög og nú um ríkisreikning hefur oft komið fram að rekstrarhallinn varð 13,5 milljarðar kr. en var 11 milljarðar á árinu áður þannig að hallinn hækkaði talsvert mikið og þó varð aukning á tekjum einnig umtalsverð því að ríkissjóðstekjurnar hækkuðu líka allmikið. Þær hækkuðu um 4,2% á milli ára en það hefur ekki dugað til þess að koma á móti því að hallinn minnkaði á þessu ári.

Í sambandi við tekjuöflun ríkissjóðs finnst mér rétt að vekja athygli á þeirri staðreynd hversu hátt hlutfall tekna ríkisins er orðið af sköttum einstaklinga. Eignarskattar jukust nokkuð mikið. Þeir jukust eiginlega einna mest að raungildi á þessu ári. Þarna var 13% aukning á milli ára og tekjuskattur hækkaði líka, en sérstaklega hækkaði tekjuskattur einstaklinga mjög mikið. Hann jókst á milli ára um 315 millj. kr. en hann minnkaði aftur hjá fyrirtækjum. Ég bendi á það sem er að gerast einnig núna á yfirstandandi ári að tekjuskattur einstaklinga var hækkaður, staðgreiðslan var hækkuð úr rúmlega 39% í 41,5% og það virðist því vera að tilhneigingin núna frá þessu ári, 1991, og fram til ársins í ár sé sú að hækka tekjuskatt einstaklinga á móti því að skattar fyrirtækja fari lækkandi. Ég veit að þetta er rökstutt með því að fyrirtækin standi svo illa að þau þurfi að losna við eitthvað af skattgreiðslum sínum og það þurfi að létta sköttum af þeim. En ég get ekki séð að einstaklingarnir standi svo miklu betur að hægt sé að hækka sífellt skatta á þeim til þess að koma til móts

við sjónarmið atvinnurekstrarins. Þarna held ég að við þurfum að stansa og skoða hvort það sé rétt að það sé sífellt hærra hlutfall sem bæði eignarskattar og tekjuskattar einstaklinga skili en minnkandi hlutfall fyrirtækja.

Önnur tekjuöflun ríkissjóðs á þessu ári er arðgreiðslur. Þær lækkuðu umtalsvert á árinu 1991 og munaði þar mest um það að á árinu 1990 voru rúmar 500 millj. kr. arðgreiðslur frá Íslenskum aðalverktökum en engin arðgreiðsla barst á árinu 1991 eins og segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Það segir raunar ekki í þessari skýrslu og ég þori ekki að fullyrða um það hvort Íslenskir aðalverktakar hafi átt að greiða arð á þessu ári en a.m.k. berst engin arðgreiðsla á þessu ári. Því væri fróðlegt að spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort Íslenskir aðalverktakar hafi ekki átt að greiða neinn arð á árinu 1991 eða hvernig á því stendur að engin arðgreiðsla barst frá þeim á því ári. Það er ekki mjög langt síðan, hvort það var arðgreiðsla fyrir árið 1991 eða fyrir 1992 þori ég nú ekki að fullyrða, en eigendur að Íslenskum aðalverktökum og Sameinuðum verktökum fengu háar greiðslur og var það mikið rætt, um einn milljarður kr. skiptist á milli einstaklinga. Hvort það var fyrir þetta ár eða síðasta ár vil ég ekki leyfa mér að fullyrða, en það stingur nokkuð í augu að árinu 1991 skuli Íslenskir aðalverktakar engan arð greiða til ríkissjóðs en á sama tíma eða á svipuðum tíma er stórum fjárupphæðum skipt á milli eigenda.

Sala eigna, sem átti að skila nokkrum tekjum á þessu ári, varð ekki mikil því að bókfærðar tekjur af sölu eigna ríkissjóðs á þessu ári námu alls 383 millj. kr. og af því fóru 305 millj. til þess að kaupa aðrar fasteignir eða aðallega til kaupa á húsnæði SS við Laugarnesveg. Þarna varð nú meiri hreyfing á fjármagni og litlar tekjur að hafa af sölu eigna á þessu ári. Kannski var það ekki markmiðið fyrir árið 1991 en a.m.k. fyrir árið 1992 og 1993 er ætlunin að hafa miklar tekjur af sölu eigna en það virðist ekki ætla að ganga eftir.

Ég gerði áðan að umtalsefni mismuninn á innheimtu söluskatts og virðisaukaskatts, þ.e. að ekki virðist ganga betur að innheimta virðisaukaskatt en söluskattinn á sínum tíma, en í úttekt Ríkisendurskoðunar á því hvernig hafi náðst að innheimta söluskattinn, sem hefur ekki verið lagður á síðan í árslok 1989, kemur í ljós að ekki hefur gengið mjög vel að innheimta þessar gömlu skuldir eða eins og segir í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Í árslok 1989, sem var síðasta árið sem söluskattur var við lýði, námu gjaldfallnar eftirstöðvar 3 milljörðum 554 millj. kr. Á árinu 1990 og 1991 nam álagning tæpum 700 millj. kr. Á því ári sem enginn söluskattur er á lagður, á árinu 1990 og 1991, er álagning 700 millj. kr. en það eru að stærstum hluta reiknaðir dráttarvextir." Síðan koma einhverjar lækkanir vegna breytinga og afskrifta sem er upp á rúman milljarð kr. En á sama tíma hafa aðeins innheimst 715 millj. kr.

Það er alveg greinilegt að þarna innheimtist í raun og veru ekki nema um 5,6% af útistandandi skuldum söluskatts. Fróðlegt væri að vita hvort eitthvað af þessu er innheimt með skuldabréfum. Dæmi voru um það að gamlar söluskattsskuldir væru settar á skuldabréf og þau síðan sett í innheimtu. Ég veit ekki um hversu háar upphæðir þar er að ræða, en þó einhverjar milljónir og mér finnst það svolítið einkennilega staðið að verki þar sem þeir sem vildu gera upp söluskattsskuldir sínar og standa í skilum þó þeir hefðu orðið að safna upp einhverjum skuldum, sem hefði dregist að borga af ýmsum ástæðum, gerðu þá hreint fyrir sínum dyrum og sömdu og undirrituðu skuldabréf til greiðslu á þessum skuldum. Þær skuldir standa enn þá á skuldabréfi, a.m.k. hjá nokkrum aðilum, en á sama tíma er rúmur milljarður kr. afskrifaður hjá þeim sem standa ekki í skilum, hjá þeim sem semja ekki um greiðslu og standa ekki í skilum með greiðslu á söluskatti á neinn hátt. Hjá þeim er hægt að afskrifa rúman milljarð kr. og ég vildi því spyrja hæstv. ráðherra að því hvernig er með þessi skuldabréf sem ég veit að munu vera til. Eru mörg slík skuldabréf í gangi og hvernig hefur gengið að innheimta af þeim eða er eitthvað af þeim innifalið í þeirri upphæð sem hér er verið að afskrifa? Ef svo er sitja trúlega ekki allir við sama borð í því.

Hægt væri að rekja hvernig staða ýmissa stofnana er samkvæmt þessum reikningi og hvort þær hafa staðist fjárlög eða farið mikið fram úr fjárlögum. Ég ætla að nefna tvær stofnanir, önnur er Bessastaðastofan og hin er Þjóðleikhúsið sem er hjá menntmrn. Það sem ég vildi fyrst og fremst vekja athygli á er að vinna við þessar stofnanir hefur farið mjög mikið fram úr fjárlögum og Ríkisendurskoðun telur að ástæða þess að þær fara svona mikið fram úr fjárlögum sé sú að hönnunarvinnu hafi verið mjög ábótavant. Áætlun hafi engan veginn staðist og til þess að koma í veg fyrir það að framkvæmdin fari svo langt fram úr áætlun þurfi að skilgreina þessa hluti miklu betur í upphafi og hönnun allra verkþátta eigi að vera lokið áður en framkvæmdir hefjast. Það er athyglisvert að t.d. Bessastaðastofa hefur farið fram úr áætlun um 56,9%. Framkvæmdakostnaðurinn var 176 millj. en áætlunin 112 millj. og Þjóðleikhúsið þurfti að fá á fjáraukalögum 220 millj. kr. til aukinna framkvæmda við endurbætur hússins og fór þannig að í fjáraukalögum fyrir árið 1991, sem eru frá því í desember 1991, var samþykkt 250 millj. kr. framlag til verkefnisins. Á þeim tíma hafði bæði ríkisábyrgð fyrir láni sem tekið var, sjálf lántakan og uppgreiðsla lánsins allt verið gert án heimildar Alþingis og þar tel ég að sé ekki rétt að málum staðið. Þó að ég sé ekki að gagnrýna að það hafi þurft að endurbæta og endurbyggja Þjóðleikhúsið og vonandi verður hægt að ljúka því eins og fyrirhugað er þá hefur að ýmsu leyti ekki verið nógu vel að verki staðið og síðan farið út í bæði lántöku og ríkisábyrgð án heimildar Alþingis.

Þá mætti einnig spyrja um hvort einhverju af þeim athugasemdum, sem Ríkisendurskoðun hefur gert í sambandi við einstakar stofnanir, hefur verið fylgt eftir og hvort einhverju hefur verið breytt. T.d. hafa verið gerðar athugasemdir við sendiráðin og sagt að samræmt reikningsform fyrir sendiráð og fastar nefndir sé

ekki til. Þar leggur Ríkisendurskoðun til að ráðuneytið hafi forgöngu um að útbúa reikningsform til notkunar í sendiráðum og hjá fastanefndum. Ég vildi spyrja hvort búið sé að bæta þetta sem hér er gerð athugasemd við. Einnig er gerð athugasemd við bifreiðamál ríkisins og sérstök skýrsla kom reyndar út á vegum Ríkisendurskoðunar um bifreiðamál ríkisins þar sem ýmsar athugasemdir eru gerðar. Ég vildi einnig spyrja hæstv. ráðherra að því hvort verið er að vinna eitthvað eftir þeirri skýrslu eða hvort eitthvað hefur verið tekið tillit til þeirra ábendinga, sem þar voru gerðar, hvort búið er að lagfæra eitthvað af þeim ágöllum sem þar var bent á.

Hægt væri að halda áfram að rekja einstök atriði en ég geri nú ráð fyrir að betur verði farið yfir það eins og ég sagði áðan þegar málið verður rætt í fjárln. Ég ætla þó aðeins að nefna hér eitt og það er vegna þess að ásamt því að eiga sæti í hv. fjárln. þá sit ég einnig í samgn. Alþingis. Mér finnst einkennilegar athugasemdir, ef ég má orða það svo, sem gerðar eru við Vegagerð ríkisins. Ég ætla að lesa hér stutta kafla um athugasemdir þar. Varla er hægt að búast við því að menn skilji þessar athugasemdir nema með því að lesa þær a.m.k. tvisvar en þær hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Viðskiptaskuldir A-hluta Vegagerðar við B-hluta Vegagerðar hafa aukist um 106,6 millj. kr. Hér er um óbeina lántöku A-hlutans hjá B-hluta Vegagerðar að ræða. Ríkisendurskoðun bendir á að lántaka þessi hjá B-hlutanum er vegna viðskipta sem A-hlutinn á við B-hlutann og bókfærir sem vegaframkvæmdir hjá A-hluta."

Þarna virðist vera mikið samkrull á milli A-hluta og B-hluta Vegagerðarinnar og trúlega er það eitthvað sem þarf að lagfæra. Ég er ekki að segja að Vegagerðin sé með vísvitandi villandi upplýsingar þarna eða villandi færslur. Ég er alveg viss um að allir hjá Vegagerðinni vinna þar af einlægum áhuga og heilindum fyrir framgangi mála hjá stofnuninni og leggja metnað sinn í að hafa sem mest fjármagn til vegagerðar og vinna vel úr því. Þessar athugasemdir þarf greinilega að skoða og vita hvort ekki sé hægt að aðgreina þennan efnahag betur og raunar mun því eins og mörgu öðru í þessum ágreiningi um fjármál vera vísað til ríkisreikningsnefndar. En eins og ég segi erum við hér að ræða ríkisreikning fyrir árið 1991 og e.t.v. er nú búið að lagfæra þessi mál og breyta þessu eitthvað til betri vegar. Ég sé nú að hv. 1. þm. Norðurl. e. hristir höfuðið en það kemur kannski í ljós hér á eftir hvort þessi mál hafa verið lagfærð.

Að öðru leyti ætla ég ekki að lengja umræðurnar. Ég mun skoða þetta mál eins og aðrir fjárlaganefndarmenn þegar það kemur til nefndarinnar en trúlega mun mikill tími hjá nefndinni fara í það að ræða þann ágreining sem hér er milli Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings annars vegar og fjmrn. hins vegar. Þann ágreining þarf að leysa og skera úr honum og á meðan þessi ágreiningur er ekki leystur er afgreiðsla fjáraukalaga líka í lausu lofti fyrir árið 1991 og 1992 því að það hlýtur að fylgjast að að þeim sé lokið um leið. Mér er þá eiginlega spurn hvort nauðsyn beri til að afgreiða ríkisreikninginn nú, hvort þetta verður ekki allt að skoðast í samhengi.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ríkisreikningur er eðli máls samkvæmt niðurstaða þess hvernig tekist hefur til við stjórn ríkisins hverju sinni. Það hlýtur því að vekja athygli manna að meðan við erum að ræða um endurskoðun ríkisreiknings árið 1991 er ekki einn einasti maður í salnum sem situr fyrir meiri hlutann í hv. fjárln. Það er einn ráðherra staddur hér. Svo vill til að eðlilegt hefði verið að eiga orðastað við ýmsa aðra ráðherra vegna þeirra athugasemda sem hér koma fram. Maður hlýtur að spyrja sig, hæstv. forseti, (Gripið fram í.) já, hæstv. forseti, sem nú situr, er vissulega fulltrúi meiri hlutans og raunar manna fróðastur um það mál sem hér er á dagskrá, en hann á ekki marga kosti nú að ræða þetta mál.

En menn hljóta að spyrja, hæstv. forseti: Hafa þingmenn einhvern áhuga á rekstri ríkisins þegar þeir sjá ekki ástæðu til þess að hlýða á þær umræður sem fara fram um athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings? Ég hlýt að byrja ræðu mína á því að lýsa yfir undrun minni að hér skuli nær eingöngu vera staddir þeir hv. þm. sem tilheyra minni hluta hv. fjárln. og sem dæmi um að áhuginn virðist ekki vera mikill telur formaður fjárln. ekki ástæðu til þess að sitja undir þessum umræðum. (**Fjmrh.:** Hann var hér rétt áðan.) En nóg um það. Það er ekki nóg að hann hafi verið hér, hann er hér ekki, hæstv. ráðherra.

Ég skal reyna, hæstv. forseti, að endurtaka ekki mikið af því sem aðrir hafa sagt, en vildi þá kannski frekar vekja athygli á nokkrum atriðum sem ég held að hafi ekki komið fram, en auðvitað hlýt ég að minnast á eitthvað það sem aðrir kunna að hafa nefnt. En fyrst vegna síðustu orða síðasta hv. ræðumanns þá tel ég mjög illa farið ef samþykktir á ríkisreikningum hvers árs fara að dragast. Við töldum það til mikilla bóta þegar farið var að sýna ríkisreikning mjög fljótt og þegar á næsta ári og fyrrv. hæstv. fjmrh. gerbreytti vinnubrögðum í þeim efnum. Þegar hann tók við embætti lagði hann fram ríkisreikning síðustu 10 ára og má geta nærri hve mikinn áhuga menn höfðu á ríkisreikningum sem voru 10 ára gamlir og margir hverjir orðnir til löngu áður en þeir þingmenn, sem um hann fjölluðu, komu á þing. Þess vegna hafði von okkar verið sú að ríkisreikningur yrði afgreiddur jafnóðum og jafnframt að menn reiddu ekki fjárhæðir af hendi án heimilda og þess vegna yrðu fjáraukalög einnig lögð fram jafnóðum. Í endurskoðun ríkisreiknings fyrir 1991 segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirskoðunarmenn fóru yfir ríkisreikninginn með hliðsjón af fjárlögum ársins 1991. Þeir telja að nauðsynlegt sé að samræma enn betur en gert hefur verið uppsetningu fjárlaga og ríkisreiknings. Þeir leggja áherslu á að fjárlög og ríkisreikningur verði á sambærilegum grunni og að tölur á bak við hvern lið eigi sér sama uppruna. Í því skyni er óhjákvæmilegt að setja reglur um færslu svokallaðra safnliða þannig að

samlestur á ríkisreikningi og fjárlögum sýni raunverulegar tilfærslur og breytingar."

Eins og nú háttar til vantar verulega á að ríkisreikningurinn sé gagnsær miðað við fjárlögin og fjáraukalög sem samþykkt eru á fjárlagaárinu. Í þinginu liggur nú frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1991 og ég tel alveg nauðsynlegt, hæstv. forseti, að þessi tvö gögn verði samþykkt og fái afgreiðslu samtímis. Ég á mjög erfitt með að fallast á að það verði að bíða þangað til einhver ágreiningur, sem er uppi og hér hefur auðvitað komið fram, verður leystur. Ég get ekki betur séð en Alþingi hljóti að virða athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og hæstv. ráðherra verði ósköp einfaldlega að lúta þeirri niðurstöðu svo að menn hætti nú að jagast um hvernig eigi að bókfæra greiðslur úr ríkissjóði enda segir einnig í skýrslu Ríkisendurskoðunar, með leyfi hæstv. forseta:

„Rétt er að minna á og rifja upp þá tímabæru breytingu sem átti sér stað á árinu 1989 er fólst í því að leita nýrra útgjaldaheimilda innan viðkomandi fjárlagaárs með fjáraukalögum. Það fyrirkomulag er í mun betra samræmi við fyrirkomulag stjórnarskrárinnar í þessu efni og gerir Alþingi kleift að rækja betur hlutverk sitt um afgreiðslu heimilda áður en greiðsla er innt af hendi." Enn fremur segir: „Í þessu sambandi má benda á þann ágreining sem verið hefur milli fjmrn. og Ríkisendurskoðunar um þær uppgjörsaðferðir sem beitt hefur verið hjá ríkissjóði. Í megindráttum hefur ágreiningurinn snúist um það hvort í yfirliti um fjármál ríkissjóðs innan ársins og í fjárlögum og fjáraukalögum eigi að sýna allar lántökur og lánasamninga, sem ríkissjóður gerir eða yfirtekur á viðkomandi uppgjörstímabili, óháð greiðslufyrirkomulagi eða hvort einungis beri að sýna þá lánasamninga sem hafa haft greiðslur í för með sér."

Ég vil aðeins segja um þetta atriði sem hér hefur verið tekist á um, sem er yfirtaka ríkissjóðs á Framkvæmdasjóði, að það hlýtur að vera rétt hjá Ríkisendurskoðun að það er auðvitað ekki hægt að bókfæra þá ábyrgð fyrr en Alþingi hefur samþykkt hana. Svo einfalt er það. Þangað til er hún ekki á borðinu. Ég held að menn hljóti að verða að fallast á að þetta mál beri að leysa eins og Ríkisendurskoðun segir.

Ég ætla að minnast á örfá atriði, sem hér koma fram, og mun þá aðeins fletta í gegnum ritið sem liggur á borðum okkar og þá fyrst á bls. 12 þar sem talað er um aukagreiðslur. Hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ný lög um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, hafa m.a. að markmiði að samræma laun og starfskjör æðstu embættismanna ríkisins, þar með taldar ýmsar aukagreiðslur sem því starfi kunna að fylgja. Í ljósi þessa telja yfirskoðunarmenn tímabært að gera heildarúttekt á ýmiss konar aukagreiðslum utan kjarasamninga til annarra ríkisstarfsmanna en þeirra er undir Kjaradóm og kjaranefnd falla."

Það má kannski hafa gaman af því að eina slíka aukagreiðslu fá yfirskoðunarmenn ríkisreiknings og hana mjög ríflega. Ekki veit ég hvernig hún hefur verið ákveðin, en þar er um umtalsverða fjármuni að ræða. En þess vegna minnist ég á þetta að fyrir nokkrum dögum mátti lesa í dagblöðum bæjarins að yfir 300 ríkisstarfsmenn væru með yfir 3 millj. í árstekjur. (**Fjmrh.:** Þetta er í svari frá Alþingi.) Þetta kom fram í svari frá Alþingi, þá þess heldur. Hæstv. ráðherra hefur leiðrétt mig og segir að þetta komi fram í svari á Alþingi.

Okkur sem erum ansi fjarri slíkum upphæðum hlýtur að vera forvitni á að vita hvaða starfsmenn ríkisins ná þessum umtalsverðu tekjum sem eru órafjarri öllu því sem heitir kjarasamningar. Auðvitað eiga slíkar greiðslur ekkert að eiga sér stað þó að við vitum öll hvernig þær eru til komnar, óunnin yfirvinna, bifreiðastyrkir og alls kyns hlunnindi sem hvergi koma raunverulega fram sem laun en eru auðvitað laun engu að síður.

Á bls. 14 er minnst á atriði sem ég hef líka oft gert athugasemd við sem eru svokallaðir safnliðir en það eru upphæðir sem hvert ráðuneyti fær fyrir sig til þess að deila út eftir því sem þurfa þykir. Eitt ráðuneyti hefur mikið af slíkum safnliðum og er það menntmrn. og fjárln. hefur raunar lagt í það vinnu að skipta þessum safnlið að verulegu leyti. Ríkislögmaður hefur komist að þeirri niðurstöðu að sú útdeiling fjárln. hafi raunverulega ekkert praktískt gildi vegna þess að Alþingi hafi ekki samþykkt þá útdeilingu, sem er auðvitað rétt, þar sem ekki birtist í fjárlögum hvað hefur fallið í hlut hvers aðila. Sú vinna fjárln. tel ég að sé alveg marklaus nema listi yfir þessar úthlutanir birtist á fjárlögum. Ég sé nú að hæstv. fjmrh. kinkar kolli, ég vona til samþykkis.

Sannleikurinn er sá að þessir safnliðir hafa verið algerir huldusjóðir og enginn fær að vita hvað við þessa fjármuni er gert og heilu jarðirnar hafa verið keyptar án þess að nokkur heimild hafi legið fyrir því svo að dæmi séu tekin og ætla ég nú ekki að rifja upp ævintýrið um jörðina Flekkuvík enn einu sinni. En þau jarðakaup hefðu þótt mikill brandari í mínu byggðarlagi á sínum tíma.

Á bls. 14 er einnig vikið að tölvukaupum ríkisins og hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirskoðunarmenn telja að taka verði á tölvumálum ríkisins og ríkisstofnana með markvissari hætti en gert hefur verið. Ekki er kunnugt um að til sé nein samræmd opinber stefna í tölvumálum ríkisins" og nú bið ég menn að hlusta „þó að til þessa málaflokks sé árlega varið að því er talið er 3 milljörðum kr."

Við áttum nokkurn orðastað um þessi mál, hæstv. fjmrh. og ég, fyrr í vetur þar sem ég benti á að mér þætti óþarflega mikið í lagt vegna tölvukaupa embættis sem heyrir undir hans ráðuneyti sem var skattrannsóknastjóraembættið og án þess að ég væri að ásaka starfsmenn þar á bæ um nokkurn skapaðan hlut, en það menn um að fara varlega í tölvuævintýrinu sem hér hefur gengið yfir á undanförnum árum. Sannleikurinn er sá að Íslendingar hafa töluvæðst hraðar og og ég leyfi mér að fullyrða, meira en flestar aðrar þjóðir og við högum okkur stundum í þeim efnum eins og við séum 250 millj. en ekki 250 þús. Ég man ekki hvort ég

hef áður minnst á það að mig rak í rogastans þegar ég kom á þing Sameinuðu þjóðanna og sá menn sitja — ekki með rafmagnsritvélar — heldur gamlar ritvélar sem við köllum hakkavélar nú til dags. En Bandaríki Norður-Ameríku virðast alveg komast af án þess að tapa áttum í þessu ævintýri. Ég held að það sé kominn tími til að staldra við, og Ríkisendurskoðun virðist vera sammála mér um það og hún talar um að yfirskoðunarmenn hafi óskað eftir því við Ríkisendurskoðun að stofnunin geri sérstaka úttekt á þessum málaflokki. Þeir fjármunir sem hafa farið í tölvur á Íslandi eru út úr öllu korti. Auðvitað eru tölvur nauðsynlegar og þægilegar en ég held að meiri samnýting á þeim tækjum hefði skilað betri árangri en raun ber vitni og minni pappírseyðslu.

Svo aðeins sé vikið aftur að alls kyns launagreiðslum sem virðast fá að ganga sjálfala að sumu leyti er á bls. 17 minnst á þegar talað er um flugmálasviðið að við síðustu kjarasamninga hafi launakjör flugumferðarstjóra hækkað án alls samhengis við kjör annarra opinberra starfsmanna. Hér segir, með leyfi hæstv. forseta: „Telja verður að samninganefnd ríkisins beri að varast slíka hluti.“ Ég spyr: Hvernig stendur á þessu? **(Fjmrh.:** Þingmaðurinn á að spyrja ráðherrann.) Hæstv. forseti. Mér heyrðist hæstv. fjmrh. biðja mig að spyrja ráðherra. (Gripið fram í.) Fyrrv. ráðherra. Ég tel að núv. ráðherra hljóti að verða að svara fyrir ráðuneytið þó að það varði hluti sem voru fyrir hans tíð.

Skóladæmi upp á eyðslu, sukk og sóun í þjóðfélagi okkar er einmitt á flugmálasviðinu þar sem Flugstöð Leifs Eiríkssonar er æpandi dæmi um hvernig örfáir menn hafa fengið að leika lausum hala og safna takmarkalausum auði með því að byggja mannvirki eins og flugstöðin er. Væri öll sú saga nóg til þess að í öðrum löndum hlytu ráðherrar að fjúka. En hér í landi virðist ekkert duga til að losna við þá.

Hæstv. forseti. Örfá önnur atriði sem hafa orðið á vegi mínum við lestur þessarar endurskoðunar:

Í kafla sem fjallar um endurbætur Þjóðleikhúss kemur fram að 12. apríl 1991 hafi menntmrh. og fjmrh. gefið út skriflega yfirlýsingu þess efnis að þeir mundu beita sér fyrir því að fjárveiting fengist á fjáraukalögum fyrir allt að 220 millj. kr. til aukinna framkvæmda við endurbætur hússins, þ.e. Þjóðleikhússins. Svo segir hér: „Á grundvelli yfirlýsingarinnar tók verktakinn erlent lán að fjárhæð 220 millj. kr. með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs og var lánið síðan greitt upp af ríkissjóði í október 1991. Ríkisábyrgðin, lántakan og uppgreiðsla lánsins voru gerð án heimildar Alþingis.“ Maður spyr: Hvað á þetta að þýða? Mér er alveg ljóst, hæstv. forseti, að fyrrv. hæstv. fjmrh. stóð fyrir þessu, það breytir engu, það breytir engu fyrir mér. Það virðist heldur ekki hafa staðið í hæstv. núv. fjmrh. að greiða skuldina ef ég skil rétt.

Síðan kemur langur listi yfir athugasemdir um ýmsar stofnanir menntmrn. þar sem bókhald er oft og tíðum ekki eins og skyldi, eins og segir hér, áritanir og skýringar á tilefnum gjaldreikninga oft ófullnægjandi, aksturssamningur vegna aksturs starfsmanna umfram 1.000 km í þágu stofnana eru oft og tíðum ekki fyrir hendi og eignaskrár þeirra stofnana sem teknar voru til athugunar vantaði oftar en ekki.

Ég er ansi hrædd um að þetta verði að taka alvarlega og gera einhverjar úrbætur á. Löngum hefur verið vitað að utanrrn. hefur t.d. lítið eftirlit haft með sendiráðum þjóðarinnar og eignaskrár þar verið afar ófullkomnar og þarf svo sannarlega að bæta úr því.

Það er auðvitað ekkert nema sorgin sjálf að sjá fleiri tugi milljóna sem farið hafa í að þýða EES-samninginn, sem mikill vafi er á að nokkurn tímann verði að veruleika, og hefði þeim milljónatugum verið betur varið öðruvísi en um það þýðir líklega ekki að fást úr þessu.

Ef við flytjum okkur út í sjútvrn. kemur þar heilmikil upptalning af sjóðum sem eru í vörslu ráðuneytisins og þar er hægt að lesa ýmislegt skrýtið. Einn þessara sjóða er sérstakur sjóður til hvalarannsókna, og þar segir að á árinu 1985 hafi Hafrannsóknastofnun og Hvalur hf. gert með sér samning vegna veiða á hval í vísindaskyni. Ég óskaði eftir að fá reikninga þessa sjóðs og á þeim reikningum, sem voru undarlegir í betra lagi, stóð „Hvalasjóður, Grindavíkurhús“ og mér hefur ekki tekist á fá neina skýringu á því hvað þetta Grindavíkurhús er og vildi gjarnan fá að vita hvort ráðherra veit eitthvað um það frekar. Nú, það eru tveir sjóðir vegna hvalveiðimála. Annar þessi sjóður er sérstakur sjóður til hvalarannsókna og úr honum á einungis að verja fé til hvalarannsókna. Eigið fé sjóðsins nam 19,1 millj. í árslok 1991 og rekstrarhagnaður ársins 3,9 millj. kr. Um hinn sjóðinn sem heitir Hvalasjóður segir, með leyfi hæstv. forseta: „Um Hvalasjóð er ekki svo kunnugt sé að finna nein ákvæði í lögum eða reglugerð. Á sínum tíma mun andvirði ólöglegs hvalaafla hafa runnið í sjóðinn.“ Þegar farið er að skoða þessa mjög svo ófullkomnu reikninga þá kemur fram að þar hefur verið greidd risna, filmur og ýmislegt sem erfitt er að sjá hvað koma þessum sjóðum við. En um Hvalasjóðinn segir þó: „Ekki er að fullu ljóst hvaða hlutverki sjóðnum er ætlað að gegna en hann mun m.a. hafa staðið að hluta undir ýmsum kostnaði hinna svokölluðu hvalamála, þ.e. baráttunni fyrir veiði og nýtingu hvala.“

Ég mun auðvitað ekki linna látum, hæstv. forseti, fyrr en hæstv. fjmrh. hefur látið mig hafa hvern einasta reikning sem hefur verið greiddur úr þessum sjóði. Hvern einn og einasta. Ég hlýt auðvitað að eiga rétt á því sem þingmaður og sem nefndarmaður í fjárln. vegna þess að ég veit ósköp vel hvert þessir peningar fóru en ég ætla ekki að segja það fyrr en ég hef það á pappír. Og það er nú ekki falleg saga.

En í stórum dráttum er auðvitað alveg óþolandi að þessir sjóðir séu meira og minna eftirlitslausir enda er tekið fram að þessir sjóðir, sem eru fjölmargir, hafi að geyma umtalsverða fjármuni. Þeir eru að vísu gerðir upp af löggiltum endurskoðanda en hvorki er fjallað um tekjur sjóðanna, ráðstöfun þeirra í fjárlögum né eru þeir uppfærðir í ríkisreikningi á árinu 1991. Hér segir, með leyfi hæstv. forseta: „Að mati Ríkisendurskoðunar eru þessir sjóðir þess eðlis að færa ætti þá í ríkisreikningi auk þess sem fjalla ætti um ráðstöfun fjár-

muna þeirra á fjárlögum." Að sjálfsögðu. Auðvitað eiga einstakir ráðherrar ekkert að sitja yfir sjóðum með umtalsverðum fjármunum sem þeir geta ráðstafað eftir eigin geðþótta. Það er auðvitað alls ekki við hæfi og ég vona að gengið verði eftir því að þessu linni.

Ég harma auðvitað að geta ekki átt nokkurn orðastað við hæstv. félmrh. Mér sýnist að í félmrn. sé langt frá því allt sé eins og það á að vera. Hér eru gerðar verulegar athugasemdir við einstakar stofnanir um málefni fatlaðra á Vestfjörðum, Austurlandi, Suðurlandi, Tjaldanesheimilið og fleiri. Það er auðvitað mikill skaði ef þeim, sem þessum góðu stofnunum stjórna, tekst ekki að reka þær þannig að gagnrýni sé óþörf. Málefnið er vissulega gott en þarna sýnist töluvert vanta á að farið sé að eðlilegum bókhaldsreglum og heimilda leitað til greiðslna.

Hæstv. forseti. Ég skal fara að stytta mál mitt enda ekki við marga að tala, áhugi á þessu máli virðist ekki vera tiltakanlegur. Ég tek undir þær athugasemdir sem eru gerðar við umhvrn. Auðvitað er mjög leitt ef þetta nýja ráðuneyti virðist ekki fylgja einföldustu reglum um bókhaldsskyldu og að fylgiskjöl liggi fyrir vegna útgjalda stofnunarinnar.

Fjárln. fær þetta mál til meðferðar og ég vænti þess að hún sýni því meiri áhuga innan nefndarinnar en hún hefur gert á þessum fundi. Ég ítreka það sem hefur áður komið fram að endurskoðun ríkisreiknings er auðvitað marklaus ef ekki er gengið mjög hart eftir að athugasemdir séu virtar og eftir þeim farið og gengið eftir að hinar ýmsu stofnanir lagfæri það sem ábótavant er því að annars er þetta bara pappírsplagg eins og tíðkaðist áður fyrr þegar ríkisreikningar hrönnuðust upp á heilum áratug án þess að vera lagðir fyrir Alþingi. Þá litu menn auðvitað bara á þetta sem pappírsplagg sem enginn nennti að lesa og fór gegnum þingið án athugasemda. Nú hefur verið unnið verk til að lagfæra þetta og það hlýtur auðvitað að vera krafa okkar að fjáraukalög fyrir árið 1991, sem eru enn óafgreidd, fái nú afgreiðslu ásamt ríkisreikningnum og síðan að þingið fari ekki heim, hæstv. forseti, fyrr en komin eru fjáraukalög fyrir árið 1993. Það er ljóst að áður en þing kemur saman aftur vantar heimildir fyrir greiðslum, t.d. úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Ef á að fara að byrja þann leik aftur að greiða umtalsverða fjármuni án heimildar þá þykir mér illa farið. Ég legg því mikla áherslu á það að þessi tvö plögg hljóti að fylgjast að og við hreinsum borð okkar áður en við förum heim af þinginu.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég mun reyna að stytta nokkuð mál mitt enda þótt ýmislegt sem fram hefur komið í dag gefi tilefni til þess að flutt sé ítarleg skýrsla um þau atriði sem hafa verið nefnd í umræðunni. Ég mun víkja að nokkrum atriðum sem fram komu hjá hv. ræðumönnum og byrja þá á hv. 1. þm. Norðurl. e. Hann ræddi nokkuð um ábendingar yfirskoðunarmanna og spurðist fyrir um hvað gert væri við slíkar ábendingar og hvort farið væri eftir þeim og vitnaði síðan til ýmissa atriða sem koma fram í skýrslu yfirskoðunarmanna en í þeirri bók sem vitnað er stundum til og gefin var út í febrúar 1993 er annars vegar um skýrslu yfirskoðunarmanna að ræða og hins vegar um skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Því er til að svara og tek ég það fram vegna þess að á ræðu hv. þm. mátti skilja að ég hefði ekkert um það getið í ræðu minni að ég vitnaði sérstaklega til þessara ábendinga allra í lok ræðu minnar sem gagna sem þyrftu að skoðast þegar ríkisreikningur fengi þá meðferð sem honum ber í hv. fjárln. Það sem gerist hins vegar venjulega og hefur gerst núna að sögn yfirskoðunarnefndarmanna er það að haldinn hefur verið fundur með starfsmönnum fjmrn. þar sem farið er vandlega ofan í þær ábendingar sem koma fram hjá yfirskoðunarmönnum. Mér er kunnugt um að það er auðvitað ætíð samstarf á milli Ríkisendurskoðunar og fjmrn. þótt það samstarf birtist ekki í sölum Alþingis með þeim hætti að maður gæti ætlað að það sé gott en það er nú þannig að auðvitað hljóta þessar tvær stofnanir að hafa með sér mjög náið samstarf. Skýrslan er gefin út og hún er send öllum hv. alþingismönnum og öllum hæstv. ráðherrum og þannig liggja þessar ábendingar fyrir og síðan er fylgir fjmrn. auðvitað þessum ábendingum eftir eins og það telur viðeigandi. Í því sambandi má t.d. geta um það að risnumál voru tekin sérstaklega fyrir og gefnar út reglur sem byggðust á tillögugerð Ríkisendurskoðunar. Þetta var gert vegna þess að ábendingar komu fram um slíkt. Bílamál voru sérstaklega tekin fyrir, fyrst vegna ábendingar frá Ríkisendurskoðun og síðan vegna þess að fjárln. sjálf tók málið fyrir og formaður fjárln. gerði þau mál sérstaklega að umtalsefni í framsöguræðu með nál. meiri hlutans. Þau mál eru nú til sérstakrar skoðunar og stefnt er að því að ná fram nokkrum sparnaði í akstri og bílakostnaði hins opinbera.

Varðandi önnur atriði sem fram komu hjá hv. þm. þá get ég tekið undir flestar þær ábendingar sem koma fram. Fleiri hv. ræðumenn nefndu til að mynda aukagreiðslur til ýmissa starfsmanna ríkisins og þó einkum og sér í lagi þeirra sem hafa heyrt til Kjaradómi og verið í ráðherraröðuðum flokki. Af þessu tilefni tek ég fram að það er einmitt þessi hópur sem hefur á sl. ári, samkvæmt skýrslu starfsmannaskrifstofu fjmrn., lækkað mest í launum á milli ára vegna þess að yfirvinna og þóknanir hafa verið teknar af þessum hópi meira en öðrum. Því til viðbótar er því til að svara, sem reyndar kemur fram í skýrslu yfirskoðunarmanna, að nú hafa verið sett ný lög og þessi mál eru nú til sérstakrar skoðunar, m.a. hjá kjaranefnd sem var nýlega skipuð en fyrir fáeinum vikum komu tilnefningar Kjaradóms til ráðherra um skipan í kjaranefnd sem tekur á þessum málum. Ég vil því láta það koma hér sérstaklega fram að þau eru til skoðunar og ég hef einmitt skoðað þessi mál sérstaklega og tilefni hafa verið til þess og fyrirspurnir hafa verið lagðar fram á Alþingi. Þeim hefur verið svarað og öllum má ljóst vera að þessi mál krefjast þess að tekið sé sérstaklega á þeim. Reyndar er það svo í skýrslu yfirskoðunarmanna að þar er fjallað um þá starfsmenn sem ekki heyra undir Kjaradóm eða kjaranefnd heldur eru næstu starfsmenn við. Það lag í

embættismannakerfinu tekur reyndar, ef grannt er skoðað, langsamlega hæst hlutfall aukaþóknana og yfirvinnu. Þetta mál er hins vegar flókið vegna eftirlaunagreiðslna, sem þyrfti auðvitað að taka tillit til í þessu sambandi, og að því ógleymdu að mjög stór hópur sem tekur hæst laun hjá ríkinu eru læknar, sérfræðingar í læknisstétt eins og ég veit að hv. þm. þekkir og sá sem skoðar hóp t.d. 100 eða 200 launahæstu starfsmanna ríkisins rekur sig fljótt á það hve margir læknar eru í þeim hópi. Það er auðvitað vegna sérstakra samninga sem gerðir hafa verið við þá stétt manna. Skal ég þó bæta við að hér er einungis átt við greiðslur beint úr ríkissjóði en ekki greiðslur sem eru fengnar með öðrum hætti, eins og t.d. frá Tryggingastofnun ríkisins, sem eru líka allverulegar.

Ég ætla ekki að ræða ítarlega um innheimtumálin. Þó sé ég mig tilknúinn til þess að segja um þau nokkur orð og þá aðallega vegna þess að ég hef satt að segja lent í nokkrum vandræðum með þessi mál eftir að skýrsla Ríkisendurskoðunar kom út því þar er gefið í skyn að innheimtuárangur sé ekki nægur. Ég hef orðið fyrir aðkasti, ef ég má nota svo andstyggilegt orð, þar á meðal í svokallaðri Þjóðarsál sem menn hafa hringt inn og talið að það sé aumingjaskapur að ná ekki þeim peningum sem þarna hljóta að vera geymdir hjá einhverjum svindlurum. Málið er hins vegar miklu flóknara. Bæði þessi kerfi, staðgreiðslukerfið og virðisaukaskattskerfið eru ný og við verðum að gæta okkar dálítið þegar rætt er um innheimtumálin og það gerði hv. þm. að sjálfsögðu, ég er ekki að saka hann um að skilja ekki þessa hluti eða hafa verið að leggja eitthvað annað til, síst skal ég gera það. Ég er hins vegar að benda á að framsetningin hjá Ríkisendurskoðun getur valdið misskilningi. Það þarf nefnilega að taka tillit til þess að í mörgum tilvikum er um áætlanir að ræða. Ofan á áætluð gjöld leggjast síðan dráttarvextir og þetta vefur utan á sig og heldur áfram að gera það þar til það afskrifast og það gerist venjulega ekki fyrr en að loknu gjaldi. Menn verða að átta sig á því að það eru einmitt þeir sem hafa hætt rekstri af einhverjum ástæðum sem lenda í slíkum áætlunum þar sem áætlun er kannski einungis gerð með álagi, 25% álagi annars vegar og síðan með dagsektum hins vegar. Þetta er gert jafnvel þótt enginn virðisaukaskattskyld starfsemi hafi átt sér stað. Síðan er þetta í kerfinu og magnast þar upp með dráttarvöxtum þar til gjaldþrot á sér stað. Það hvort gjaldþrot á sér stað fer einungis eftir því hvort innheimtumenn eða aðrir þeir sem eru lánardrottnar viðkomandi aðila telja að einhver fengur sé í slíku gjaldþroti. Þetta vil ég taka fram vegna þess að það þarf að taka tillit til þessa og ég kem aðeins síðar að því aftur vegna þess sem kom fram hjá hv. 6. þm. Vestf.

Í tilefni af orðum hv. 1. þm. Norðurl. e. vil ég einungis fá að segja að eftirstöðvar í staðgreiðslu og virðisaukaskatti eru miklar. Ástæðan er sú að það hefur verið farið af miklum krafti í það að efla innheimtuna í þessum tveimur skatttegundum sem eru svokallaðir vörsluskattar. Við í fjmrn. erum mjög viðkvæm fyrir því ef þessum skuldum er ekki skilað inn því þarna er um að ræða vörslu á sköttum sem aðrir greiða en fyrirtækin sem eiga að skila skattinum til ríkissjóðs. Þess vegna hefur ekki verið samið um þessa skatta, það er ekki hægt að semja um að setja þessa skatta á skuldabréf o.s.frv. Það sem hefur til viðbótar gert það að verkum að við höfum bókstaflega lagt okkur fram um að ná þessum greiðslum sem allra fyrst er að Alþingi gerði fyrir þremur árum þá breytingu á lögum að þessir skattar eru ekki lengur forgangskröfur. Áður og fyrrum skipti ekki svo miklu máli hvort ríkið gekk eftir því að ná þessum fjármunum vegna þess að ef hætta reyndist vera fyrir hendi og um gjaldþrot var að ræða spruttu þessar kröfur upp sem forgangskröfur sem hægt var að ná í á undan þeim sem áttu almennar kröfur. Þessu var breytt. Þess vegna hefur ríkið gengið með miklum krafti fram til þess að ná fullnustu í þessum málum og ég tel að það hafi stórkostlega batnað. Reyndar segir Ríkisendurskoðun að nýju innheimtureglurnar séu til stórkostlegra bóta vegna innheimtumála ríkissjóðs.

Um bifreiðagjöldin vil ég einungis segja frá því að mikið átak var gert í upphafi sl. árs sem skilar sér að sjálfsögðu á árinu 1992. Ég ætla ekki að ræða um einstök atriði sem koma fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar eða yfirskoðunarmanna nema sérstakt tilefni gefist til en einungis segja frá því að þessum ábendingum öllum er að sjálfsögðu haldið til skila og þær sendar til þeirra aðila sem framkvæma hlutina á hverjum stað.

Ég ætla ekki heldur að ræða um færsluna í Framkvæmdasjóð. Það höfum við gert áður og ég held að sú umræða sé þegar fullnægjandi, a.m.k. við 1. umr. málsins. Ég fer einungis fram á það að hv. nefnd skoði það mál til hlítar og kanni allar hliðar þess.

Þá vík ég næst að máli hv. 6. þm. Vestf. og þar var fyrst bent á Landsbankann og tekið dæmi af honum. Nú er ég ekki með reikning Landsbankans við höndina, ég tók hann ekki með mér, ég á hann reyndar á minni skrifstofu, en hér er ekki líku saman að jafna. Mér finnst stundum eins og maður sé kominn í hálfgert kennarahlutverk þegar maður fer að reyna að skýra út þessa hluti en ég hygg — og nú get ég ekki sagt þetta 100% af því að ég hef ekki reikninginn fyrir framan mig — að halli Landsbankans, sem reyndar var ákveðinn á þessu ári hve yrði mikill, kemur fram í reikningum sl. árs, þ.e. í reikningum fyrir 1992. Hins vegar er það ný ákvörðun sem hefur í raun og veru ekkert með þann halla að gera sem tekinn er á þessu ári og greint er frá, ég hygg ef þetta er rétt hjá mér, að hjá endurskoðendum bankans að ríkisstjórnin hafi lofað að leggja fram skuldabréf til þess að bankinn geti staðið við svokallaðar BIS-reglur. Þar er einungis verið að ræða um tæknilega hluti því öllum er ljóst að Landsbanki Íslands er engan veginn gjaldþrota heldur liggur fyrir þegar reikningurinn er samþykktur loforð um það að skuldabréf eða þá með einhverjum öðrum hætti leggi ríkið bankanum lið. Það gerist auðvitað ekki fyrr en á þessu ári. Gagnvart ríkissjóði, sem þarna var minnst á, þarf halli Landsbankans á sl. ári engan veginn að koma nálægt ríkissjóði eða ríkisreikningi

einfaldlega vegna þess að eignirnar eru ekki færðar upp með þessum hætti í ríkisreikningi og skuldbindingar bankans, sem vaxa auðvitað þegar afskriftir verða, koma A-hluta ríkissjóðs ekkert við á þessu stigi. Mál Framkvæmdasjóðs er allt annarrar gerðar því að lánastarfseminni var hætt og þá þegar lá fyrir að það væri ekki hægt að láta hugsanlegar tekjur sjóðsins ná gjöldum. Í Landsbankanum er þetta auðvitað allt annað því þar var um það að ræða að eiginfjárstaðan var spurning um 8% hlutfall sem er auðvitað allt, allt annars eðlis því að Landsbankinn á auðvitað vel fyrir skuldinni.

Hins vegar er það þannig með Framkvæmdasjóð að sú ákvörðun var tekin með lögunum um Framkvæmdasjóð að ríkið ber ábyrgð á skuldbindingum hans. Skal ég ekki fara frekar út í þessa sálma.

Hv. þm. rak réttilega raunasögu ríkissjóðs á umliðnum árum og benti á hve gífurleg skuld hefur safnast upp, eða rúmlega 130 milljarðar í árslok 1991 og staðan hefur versnað verulega síðan. Þetta er auðvitað alvarlegt en það er enn alvarlegra að þessar skuldir eru að verulegu leyti erlendar skuldir. Það sem einkennir skuldir hins opinbera hér á landi og skilur þær frá skuldum annarra ríkja er hve hátt hlutfall af skuldum hins opinbera hér á landi eru erlendar skuldir og það er einmitt sú staða sem er svo hættuleg, það er sú staða sem kom m.a. upp í Færeyjum. Ef litið er til Finnlands, Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs til að mynda og skuldasamsetningin skoðuð við hliðina á skuldasamsetningu íslenska ríkisins kemur í ljós að þar eru erlendar skuldir miklu lægra hlutfall og innlendu skuldirnar geta aldrei verið jafnhættulegar þeim erlendu vegna þess að vaxi erlendar skuldir þjóðarinnar, þar með ríkisins, of mikið þá er auðvitað efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar í hættu. Þetta vildi ég að kæmi fram því ég deili áhyggjum mínum með hv. þm. varðandi þessar miklu skuldir.

Ég hef þegar rætt nokkuð um virðisaukaskattinn sem hv. 1. þm. Norðurl. e. fjallaði einnig um. Það er rétt að tekjuskattur einstaklinga vex talsvert á árinu 1991 bæði vegna þess að þáverandi ríkisstjórn hafði hækkað hlutfall og í raun dregið úr skattfrelsismarkinu en hækkunin á sér líka stað vegna þess að veltan varð meiri en búist hafði verið við.

Hv. þm. gerði síðan að umtalsefni greiðslur Aðalverktaka. Af því tilefni vil ég segja þetta: Þegar fjárlög fyrir árið 1991 voru afgreidd á hinu háa Alþingi var gert ráð fyrir því að Aðalverktakar skiluðu 400 millj. kr. sem arðgreiðslu til ríkisins á árinu 1991. Það gerðist ekki. Hvers vegna skyldi það ekki hafa gerst? Það var vegna þess að þáv. fjmrh. tók þessa peninga í ríkissjóð á gamlársdag, eða daginn fyrir gamlársdag 1990, til að sýna betri stöðu 1990 en efni stóðu til. Þess vegna kom ekkert framlag 1991. Þetta getur hv. 8. þm. Reykn. auðvitað skýrt en fyrirspurnina á að bera til hans því að ég skil ekki af hverju þetta var gert nema til þess að styrkja stöðu ríkissjóðs árið áður og þetta var viku eftir að fjárlögin voru afgreidd á hinu háa Alþingi með heimild til þess að kalla fram þessa fjármuni 1991. Fjármunirnir sem Sameinaðir verktakar voru hins vegar að deila út voru til útdeilingar snemma árs 1992, þá kom þessi niðurstaða frá ríkisskattanefnd en þeir peningar hafa ekki verið greiddir vegna þess að fjmrh., sá sem hér stendur, stefndi í því máli. Þess vegna geta þær greiðslur ekki farið fram með þeim hætti sem ríkisskattanefnd úrskurðaði fyrr en dómur liggur fyrir í því máli sem ekki verður fyrr en eftir nokkur ár. Þetta vildi ég að kæmi fram þannig að það fari ekkert á milli mála.

Ég hef fjallað ítarlega um virðisaukaskattinn og staðgreiðsluna og innheimtuna sem ég held að byggist nokkuð á misskilningi hjá hv. þm. því að innheimtuárangurinn, söluskatturinn markast af því að þarna er nánast eingöngu um gamlar áætlanir að ræða þar sem engin velta hefur átt sér stað. Allt er reiknað með fullum dráttarvöxtum og þess vegna í raun og veru engin eign á bak við þetta, en okkur er ekki heimilt að afskrifa þetta fyrr en að loknu gjaldþroti fyrirtækjanna. Ég tek fram að engin skuldabréf eru gefin út í dag vegna virðisaukaskattsins eða staðgreiðslunnar, það er ekki gert, það er starfsregla ráðuneytisins. Hafi verið gefin út skuldabréf sem ég veit reyndar að gert var í fyrri tíð vegna söluskattsskulda og var gert hjá a.m.k. öllum ráðherrum sem voru þarna á undanförnum árum, því var hætt eftir mitt síðasta kjörtímabil, þá slitnar skuldabréfið algjörlega frá sjálfri kröfunni. Með öðrum orðum, með því að samþykkja skuldabréfið þá telst greiðandinn hafa greitt söluskattsskuldina og í bókum ríkisins heitir það ekki lengur söluskattsskuld heldur er það skuld samkvæmd skuld af sérstöku skuldabréfi. Þetta er auðvitað sama reglan og er notuð almennt í viðskiptum manna á meðal og til að mynda við lánastofnanir.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um Bessastaðastofu, ég kem síðar að Þjóðleikhúsinu. Ég hef áður minnst á að bifreiðamál hafa verið tekin fyrir af fjárln. og fjmrn. og vegna vegagerðar er mér auðvitað orða vant, ég þekki það mál ekki nægilega vel en þannig hagar til að bæði véladeildin og birgðadeildin eru B-hluta fyrirtæki — ég lít hér við til sérfræðings í þessum efnum sem er situr í forsetastól, formaður samgn. þingsins, og þekkir þessi mál mun betur en ég. Hugsunin er sú að þessar B-hluta stofnanir vinni fyrir A-hlutanum og fái síðan greiðslur frá A-hlutanum. Auðvitað er nokkur hætta á því að það verði svona blóðrennsli þarna á milli, kannski án þess að það fari í gegnum hjartað. Það er viss hætta á því og ég held að þessi ábending sé réttmæt og fyllsta ástæða til þess að skoða það, en í þessum orðum er í raun og veru ekki verið að áfellast Vegagerðina, það sagði reyndar hv. þm., heldur var hún kannski meira að gera gaman að orðalagi ábendingarinnar sem nánast er óskiljanlegt fyrir aðra en þá sem eru sérfræðingar í þessum málum.

Þá kem ég, virðulegi forseti, að ræðu hv. 14. þm. Reykv. og ég get tekið undir það að áhugaleysi þingmanna er nokkurt á þessum málum, a.m.k. í dag. Þetta mál, sem hér er til umræðu, er dálítið sérstakt, þ.e. ríkisreikningur 1991 því að fyrrv. ráðherra hefði að verulegu leyti þurft að svara fyrir það sem kemur fram í

gagnrýni og ábendingum yfirskoðunarmanna og Ríkisendurskoðunar. Af því að hv. þm. las texta um 1989 þegar breyting var gerð vil ég benda á að sú breyting var gerð af fyrrv. ráðherra, hv. 8. þm. Reykn. Um það var full samstaða og það er enginn ágreiningur sem ég kannast við um að það skuli ekki færa ríkisreikning upp með þeim hætti að allar skuldbindingar komi fram í reikningnum og það er til mikilla bóta og mikilla framfara. Ég bendi á að sá reikningur, fyrir 1989, var ekki lagður fram fyrr en 1991 um haustið eftir að stjórnarskipti höfðu átt sér stað, það vildi þannig til, og þá varð auðvitað gífurleg breyting á þessum málum öllum. Við erum enn að stíga okkar fyrstu skref í þessum efnum og alltaf hljóta að koma upp álitaefni sem menn þurfa að *slípa til á meðan menn eru að læra á* þetta nýja kerfi.

Nú hafa verið lagðir fram reikningar fyrir 1990 og 1991 þannig að það heldur dregur saman og því er m.a. að þakka að yfirskoðunarmenn hafa unnið miklu betur og hraðar á undanförnum árum en oft á árum áður.

Ég ætla ekki að þreyta hv. þm. með því að ræða um greiðslugrunn og reikningsgrunn, hvenær eigi að telja *fram skuldbindingar, hvort það eigi að gerast við fjár*aukalög eða ekki, nægur tími er til þess að halda áfram og gamna sér við slíkar deilur og ekki að ræða frekar um Framkvæmdasjóð Íslands. Hins vegar hef ég gert nokkuð að umtalsefni þær aukagreiðslur sem hv. þm. nefndi í ræðu sinni. Til viðbótar því sem ég hef sagt nú þegar vil ég þó taka fram að þessar aukagreiðslur þurfa ekki í öllum tilvikum að vera faldar launagreiðslur. Við verðum að átta okkur á því að í mörgum tilvikum er um að ræða útlagðan kostnað en það getur hins vegar verið í vissum tilvikum að um sé að ræða hlunnindi og sé svo á að skattleggja þau hlunnindi. Við þekkjum auðvitað slík dæmi. Við skulum til að mynda tala um símakostnað alþm. Það er auðvitað mjög erfitt að greina nákvæmlega í sundur hvað eru einkasímtöl og hvaða símtöl eru vegna vinnunnar. Strangt til tekið ætti að skattleggja fyrir hlunnindi sem eru hrein einkasímtöl. Það er hins vegar ákaflega erfitt og það sem verið er að benda á og ábendingin nær til er að taka þessi mál öll til skoðunar, ekki síst vegna nýrra laga um Kjaradóm og kjaranefnd sem vitnað er til í textanum hjá yfirskoðunarmönnum og það verður að sjálfsögðu gert.

Það er rétt hjá hv. þm. að ýmsir starfsmenn ríkisins eru með verulega háar tekjur og ég hef nokkuð fjallað um það áður í ræðu minni og sagt frá því að þau mál séu nú til skoðunar.

Um tölvukaupin get ég verið sammála hv. þm. og á þeim hefur jafnframt verið tekið og hefur það til að mynda komið fram í fjárlagagerðinni fyrir yfirstandandi ár þar sem þessi upphæð er lækkuð verulega. Ég tek alveg heils hugar undir það að þetta er kostnaður sem menn þurfa að líta mjög til og má búast við því að hann sé að stórum hluta hulinn. Menn gleyma því þegar þeir eru að tölvuvæða að það þarf kannski að breyta lögnum í gömlum húsum og slíkar lagnabreytingar eru kannski settar á endurnýjun eða á einhverja allt aðra liði en eru í raun hulinn tölvukostnaður. Þetta höfum við verið að reyna að kanna og verið að reyna að stemma stigu við því að menn fari sér að voða í þessum efnum. En ég skal viðurkenna að við höfum ekki gengið svo langt að óska eftir því að fyrirtæki og stofnanir á vegum ríkisins grípi *til gömlu hakkavél*anna þó svo þær reynist kannski vel hjá Sameinuðu þjóðunum.

Um flugumferðarstjórana er það að segja að þegar ég kom til starfa í ráðuneytinu lá þessi samningur fyrir og hann hefur vægast sagt valdið mér vandræðum og ætla ég ekki að hafa fleiri orð um það. Aðrir geta skýrt betur út hvernig á honum stendur. Sjálfsagt er hægt að færa rök fyrir því að annarra kosta hafi ekki verið völ *á þessari stundu en ég held að það séu aðrir færari um* að skýra það út en ég.

Það sama gildir um ákvörðunina 12. apríl um Þjóðleikhúsið. Páv. menntmrh. Svavar Gestsson, fyrrv. formaður Alþb., og páv. fjmrh., núv. formaður Alþb., gerðu með sér þennan samning og sá samningur gekk út á það að taka lán og lánið var auðvitað tekið fyrir framkvæmdir sem búið var að framkvæma. Ekki nóg með það heldur gerðist það tveimur dögum fyrir stjórnarskipti að gengið var frá þessum gerningi. (**GHelg:** Þeim stjórnaði Árni þingmaður Johnsen.) Ef Árni þingmaður Johnsen hefur haft þau völd í tíð síðustu ríkisstjórnar að hann beri bæði ábyrgð á aðgerðum menntmrh. páv. og fjmrh. páv. þá hefur hv. þm. Árni Johnsen meiri völd en ég hélt. (**GHelg:** Hann var formaður framkvæmdanefndar ...) Já, já. Ég endurtek það. Hann hafði a.m.k. meiri völd þá en hann hefur í dag, það vil ég fullyrða, því að þetta orkaði tvímælis og ég held að hv. þm. ætti kannski bara að taka þetta mál upp á þingflokksfundi Alþb. og ræða þetta þar því að ég hugsa að bestu skýringarnar fengjust á slíkum fundi. En það er hárrétt hjá hv. þm. að þetta er auðvitað mál sem þarf að ræða og vandamálið kemur að mínu mati til fjmrn. á þann hátt að barið er að dyrum og sagt: Það er bara búið að vinna fyrir þessa peninga og hvað eigum við að gera? Ég held nefnilega að þetta hafi gerst svona. Þá hafi góð ráð verið dýr og niðurstaðan hafi þá verið að taka þetta sem lán hjá verktakanum, og þetta er sjálfsagt ekkert einsdæmi, og beita sér fyrir því síðan um haustið að þetta kæmi inn á fjáraukalög. Það sem hins vegar var slæmt í málinu var það að þessir tveir ágætu ráðherrar vissu það tveimur dögum fyrir stjórnarskiptin að þeir yrðu ekki ráðherrar um haustið. Ef þeir hefðu verið ráðherrar um haustið hefði þetta verið einfaldara, þeir hefðu getað talað við ríkisstjórnina og fengið svona nokkurn veginn umboð meiri hluta Alþingis. Það lá hins vegar fyrir að úr slíku yrði ekki.

Ég hygg að a.m.k. hv. 8. þm. Reykn. hafi ekki verið glaður í bragði að gera samninginn og af því að hv. þm. sagði að ég ætti að svara fyrir hann hér og það er út af fyrir sig rétt, stöðu minnar vegna á ég að gera það, en ég tel að það hafi ekki verið. En ég vil bæta við, það er alveg sama hvort samningurinn hafi verið gerður eða ekki þá hafði ríkið þá þegar bakað sér þá ábyrgð að verktakinn gat hvenær sem er fengið ríkið til

að greiða greiðsluna. Við skulum átta okkur á því. Þetta er þess vegna spurning um form en ekki efni. Það hefði þurft að takast á við þetta mál miklu fyrr en í apríl 1991. Ræða mín má ekki skoðast sem einhver árás á fyrrv. ráðherra sem stóðu hérna frammi, a.m.k. annar þeirra, fyrir orðnum hlut og gat ekki annað.

Um Hvalasjóðinn, sem ég las nú um í þessari skýrslu og reyndar fleiri sjóði, ætla ég fátt eitt að segja. Ég vil nú benda hv. þm. á að sjálfsagt er auðveldast að leggja fram fsp. og óska eftir skriflegu svari til sjútvrh. og biðja hann um að gera grein fyrir þeim greiðslum sem hafa verið greiddar úr sjóðnum. Ég held að það sé auðveldasta aðferðin til þess að kalla fram þessar upplýsingar.

Hæstv. forseti, ég hef ekki farið í einstökum atriðum yfir ábendingar yfirskoðunarmanna. Ég hef rætt um aukagreiðslur um bifreiðamál. Ég tek það fram vegna þess að kallað var eftir skýrum samningum um þjónustu að að því er unnið að gera það sérstaklega vegna útboðanna. Ég hef rætt nokkuð um tölvukaup ríkisins. Ég hef komið mér undan því að ræða um stimpilklukkur. Þær hafa orðið vandræðamál í sumum stofnunum, en þær eru a.m.k. notaðar í því ráðuneyti sem ég vinn í núna og það er reynt að ganga eftir því. Hv. 1. þm. Norðurl. e., sem er fyrrv. heilbrrh., ætti að þekkja það manna best hve erfiðlega getur verið að fá fólk til þess að stimpla sig inn og út.

Loks vil ég víkja að því að hv. 14. þm. Reykv. krafðist þess að afgreiðsla fjáraukalaga fyrir 1991 yrði geymd þar til þetta mál, ríkisreikningur 1991, yrði afgreiddur. Það eina sem ég vil segja varðandi það er að málið verður auðvitað í höndum nefndarinnar. Það fer þangað og það er nefndin sem ákveður sjálf hvenær hún afgreiðir mál frá sér. En það kann vel að vera rétt að þetta sé nauðsynlegt að mati nefndarinnar, en ég bið hv. þm. að gera það ekki að skilyrði ár eftir ár því að það er alveg ljóst að þá verður a.m.k. 2–3 ára töf á afgreiðslu fjáraukalaga fyrir viðkomandi ár og það gæti kostað mikið rifrildi ef greiðsluheimildir fengjust ekki fyrr en tveimur árum seinna um það hvenær mætti færa skuldbindingar á ríkisreikning. Allir vita að deilurnar sem nú eru uppi eru m.a. vegna þess að það tafðist um áramótin að taka ákvörðun Alþingis um það hvenær er hægt að færa 1.633 millj. kr. skuldbindingar. Við gætum því lent í miklum vandræðum ef við gerðum þetta að fastri reglu.

Hæstv. forseti. Ég vonast til þess að ég hafi a.m.k. svarað flestöllu var beint til mín í fyrirspurnaformi. Ég þakka umræðurnar því að þær hafa verið mjög ítarlegar og ég held miklu ítarlegri en nokkurn tíma áður a.m.k. eftir að ég kom inn á Alþingi. Ég held að það sé til bóta og ég óska eftir því að hv. nefnd taki þessi mál til skoðunar og faglegrar umfjöllunar því að það mun verða til bóta fyrir okkur öll og gera okkur einfaldara að mæla þann árangur sem náðst hefur á ári hverju í þessum efnum.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör sem hann hefur gefið hér. Það verður að segjast eins og er að hann hefur þann háttinn á að svara yfirleitt þingmönnum þegar þeir bera fram spurningar en það verður ekki sagt um alla hæstv. ráðherra að þeir geri það.

Ég er honum hins vegar alveg ósammála um þessa útfærslu. Ég tók dæmið af Landsbankanum vegna þess að það er svo nýbúið að ræða það í þinginu. Þar var staðan sú að endurskoðandi vildi ekki skrifa upp á reikninginn með þeim halla sem hann er nema til kæmi yfirlýsing frá ríkissjóði þó að aðstoð ríkissjóðs sé ekki öll þess vegna heldur einnig vegna BIS-reglna. En það er þá spurning fyrst sú staða var komin upp á árinu 1992 hvort hún færist þá ekki í ríkisreikninginn 1992. Við getum kannski endalaust þráttað um þessa hluti en staða Framkvæmdasjóðs var einmitt þannig að útlánin voru töpuð á þessu umdeilda ári en ákvörðun var ekki tekin um að standa að því að greiða þau fyrr en á næsta ári á eftir. Við erum því enn ósammála um þessa hluti.

Að öðru leyti get ég verið honum sammála um það sem hann ræddi um erlendu skuldirnar því að ég vakti einnig athygli á skuldastöðu ríkissjóðs. Það sem er hættulegast í þessu er að ekki skuli vera hægt að breyta genginu vegna þess að svo mikið af þessum skuldum eru erlendar. Ekki er lengur hægt að breyta genginu til þess að aðstoða undirstöðuatvinnuveg okkar, sjávarútveginn, vegna þess að það hefur svo gífurleg áhrif á skuldastöðuna um leið. Það er ekki lengur nein lausn að tala um gengisbreytingar eða gengislækkanir.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki vera langorður en andsvör gefa svo afar stuttan tíma til þess að koma fram athugasemdum að ég hef því ákveðið að nota mér rétt minn að tala öðru sinni. Ég vil byrja á því að þakka ráðherra fyrir svör hans við fjölmörgum spurningum sem var beint til hans og þó ekki væri allt í spurningaformi heldur umfjöllun um þetta mál sem ég tel að hafi verið ítarleg og góð. Eins og hæstv. ráðherra sagði sjálfur þá hefur kannski ekki oft áður verið fjallað svo ítarlega um ríkisreikning en ég tel að það sé full ástæða til þess. Ég vil nefna aftur það sem ég gerði að meginatriði fyrr í mínu máli hvernig farið er með svona athugasemdir sem koma frá yfirskoðunarmönnum og Ríkisendurskoðun. Hafi ég sagt það í fyrri ræðu minni að ráðherra hafi ekkert um það getið í framsöguræðu sinni í gær þá biðst ég afsökunar á því því að það var þá a.m.k. ekki það sem ég meinti heldur að umfjöllunin hafi verið lítil og ég held að ég hafi sagt að lítið eða ekkert hafi verið fjallað um það í grg. þessa frv. og það var það sem ég vildi draga fram. Þar eru aðeins tvö atriði tekin fram sérstaklega og hér segir m.a. í athugasemdum: „Fjmrh. vill gera tvö mál að umfjöllunarefni.“ Þessi skýrsla er þó í raun mjög ítarleg og fjallar um mörg mál.

Vissulega er gott að á sumum málum hefur nú þegar verið tekið og ákveðið að fylgja þeim eftir og mér er auðvitað ljóst að skýrslur af þessu tagi eru sendar bæði þingmönnum og ráðherrum og koma til umfjöllunar í öllum ráðuneytum. En það er nú einu sinni svo

að ef ekki er einhver ákveðinn farvegur til þess að fjalla um þær, einhver aðili sem fylgir því eftir að eitthvað gerist, er eins hætt við því að þær lendi a.m.k. oft ofan í skúffu og séu lítið skoðaðar og ekki er nægilega vel fylgt eftir annars ágætum athugasemdum og mikilli vinnu sem búið er að leggja í að fara yfir málin eins og hér hefur verið gert. Þetta vildi ég aðeins árétta og ítreka, hæstv. forseti, í þessari umræðu.

Svo langar mig aðeins að bæta við út af umfjölluninni um innheimtumálin. Ég hef kannski ekki verið nægilega skýr í ræðu minni áðan. Mér finnst óásættanlegt að samræmi ríki ekki hjá stofnunum sem eiga vissulega alla jafnan gott samstarf eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra, þ.e. fjmrn., starfsmenn þar annars vegar og starfsmenn Ríkisendurskoðunar hins vegar, skuli þá ekki fara þeim höndum um mál af þessu tagi sem eru vissulega viðkvæm. Afar þýðingarmikið er að upplýsingar sem koma fram til umfjöllunar í fjölmiðlum séu réttar og trúverðugar og ekki þess eðlis að hæstv. ráðherrar verði fyrir aðkasti í þjóðarsálinni af því að umfjöllunin sé ónákvæm. Þá verður að krefjast þess af opinberum stofnunum eins og þeim tveimur, sem hér eru að fjalla um sama málið, að þær geri það á þann hátt að tölurnar og upplýsingarnar séu samanburðarhæfar og skiljanlegar þeim sem þurfa um þau að fjalla. Mig langar til að vitna í skýrslu yfirskoðunarmanna og Ríkisendurskoðunar, textinn er frá yfirskoðunarmönnum en hann styðst a.m.k. að verulegu leyti við álit Ríkisendurskoðunar sem er öllu ítarlegra hér á eftir en hér segir, með leyfi forseta:

„Aukning eftirstöðva ríkissjóðstekna á árinu er umtalsverð og nema gjaldfallnar eftirstöðvar í árslok 1991 tæpum 20 milljörðum kr. Til samanburðar má geta þess að útgjöld menntmrn. námu tæpum 17 milljörðum kr. á árinu 1991."

Hér eru ekki neinar smátölur sem verið er að tala um. 20 milljarðar kr. sem eru óinnheimtir fyrir utan svo það að menn eru að velta því fyrir sér oft og tíðum hvað séu mikil undanskot undan skatti sem er enn annað mál. Erum við þar að tala um aðra 20 milljarða kr.? Mig minnir að ég hefi séð eða lesið það haft eftir hv. formanni fjárln. á einhverjum fundi eða ráðstefnu sem hann sat nýlega að hann var að áætla þessa tölu þegar hann talaði um að undanskot eða skattsvik væru kannski á bilinu 5–15 milljarðar og þeir geta þá kannski alveg eins verið 20 og 15. En þar er alla vega um gífurlega stóra tölu að ræða. Svo að alls réttlætis sé nú gætt, það sem kannski er búið að áætla í einhverjum tilvikum en ekki innheimta, eru 20 milljarðar kr. Þetta eru auðvitað umtalsverðar upphæðir, hærri tala en það kostar að reka allt menntakerfið, menntmrn. með þeim stofnunum sem undir það heyra í heilt ár sem ekki er þó nema 17 milljarðar kr. Þetta sýnir okkur bara stærðirnar og hversu nauðsynlegt er að þeir sem eiga að sjá um innheimtuna fylgi henni eftir og menn séu þá líka ekki með neinn skollaleik í því sambandi.

Ég fór því miður líka aðeins ónákvæmlega með tölur áðan þegar ég vitnaði í greinargerð með frv. sem er til umræðu, upplýsingar frá fjmrn., þegar ég var að tala annars vegar um hvað áætlað er að staðgreiðsla innheimtist. Hér er sagt að áætluð innheimta af staðgreiðslunni þegar tölurnar eru miðað við álagingu staðreiðslu á launagreiðslu hvers árs um sig, þá hafi innheimtan verið 98,5% á undanförnum fjórum árum sem hér eru tilgreind. Ef þrotabú eða gjaldþrot eru tekin út úr talnasafninu er þessi tala varðandi innheimtu staðgreiðslunnar orðin yfir 99% og reyndar segir nú eitt árið 99,8%. Það er nær 100% innheimta.

Með virðisaukaskattinn er það aðeins lakara. Þar er talað um að innheimtuhlutfallið sé rúm 97% en hér er verið að tala um innheimtuna innan hvers árs en ekki talað um eftirstöðvarnar. Það verður auðvitað að taka það með inn í dæmið og setja tölurnar þannig fram að þær séu vel skiljanlegar öllum aðilum eins og ég áréttaði áðan.

Nú langar mig aðeins líka að nefna það af því að ráðherrann talaði um það hvernig einstakir ráðherrar gætu e.t.v. leikið sér með innheimtu skatta yfir áramót. Af því að hann er nú í hrókasamræðum við hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, fyrrv. hæstv. fjmrh., þá var það einmitt spurning um það hvernig þessir tveir ágætu menn hefðu fjallað um eða farið með innheimtu skatta um eða yfir áramót. Ég ætla ekki að blanda mér í deilu þeirra eða fjalla um það frekar. Þeir hafa kannski verið að ræða það eitthvað núna, eru enn að fjalla um það mál. En það segir í grg. hæstv. fjmrh. með þessu frv., með leyfi forseta:

„Ráðherra sem vildi sýna góða stöðu ríkissjóðs á tilteknu ári gæti þannig einfaldlega frestað framlagningu frv. til formlegrar staðfestingar á niðurstöðu sem efnislega lá þó fyrir."

Það er einmitt þetta sem gengur ekki, það er það að menn geti leikið sér svona með tölur fram og til baka og hv. þm. Pálmi Jónsson benti nú reyndar á það í ræðunni í gær að það væri kannski ekki endilega þannig að það væri hægt að fresta framlagningunni. Það væri kannski hægt að flýta aðgerðunum. Það er kannski það sem vangavelturnar snúast um að hæstv. núv. fjmrh. sé að gera. Hann sé að koma þeim 1.700 millj. sem eru töp Framkvæmdasjóðs Íslands yfir á árið 1991 til þess að laga stöðu ársins 1992.

Ég ætla ekki að gera honum það upp en svona spurningar geta vaknað og menn hljóta að velta því fyrir sér ef leikreglurnar eru ekki skýrar og ef liggur ekki nógu vel fyrir hvernig menn eiga að taka á þessum málum. Þess vegna þarf fjárln. að fjalla ítarlega um málið m.a. vegna þess fordæmisgildis sem það getur haft og ég nefndi í ræðu minni áðan.

Hæstv. forseti. Að lokum þetta með stimpilklukkurnar. Það er vissulega rétt hjá hæstv. ráðherra að ég þekki ofurlítið til þessa stimpilklukkumáls, bæði sem fyrrv. heilbrrh. því að það hefur nú ekki síst verið í heilbrigðisstofnununum sem hefur reynst nokkuð erfitt að koma þessu á og líka síðar sem einn af stjórnarnefndarmönnum í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna. Það vill svo til að Ríkisspítalarnir hafa einmitt verið að glíma við að koma á þessari stimpilklukkuskyldu og fá því framfylgt eins og lög kveða á um. Af því að það hefur nú ekki gengið eins vel upp, fljótt og auðveldlega og skyldi — það hefur tekið tíma og er reyndar

ekki enn í höfn — þá hafa Ríkisspítalarnir og stjórnendur þeirra verið gagnrýndir fyrir að hafa ekki getað gert þetta nægjanlega fljótt og vel. En það er ekkert sagt við hina sem ekkert gera. Þeir eru ekki einu sinni að reyna það og það er það sem yfirskoðunarmenn benda á, það sé nauðsynlegt að taka á þessu með samræmdu formi og ekki bara gagnrýna þá sem eru þó að glíma við málið án þess að ná því fram fyllilega heldur líka gagnrýna hina sem gera ekkert í málinu. Nauðsynlegt er að koma á samræmdum reglum og sjá til þess að allir virði þessa reglu og skyldu sem kveður á um í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki margt, það er einungis það sem snýr að ábendingum yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og umfjöllun fjmrn. um þær ábendingar. Ég held að hv. fjárln. þurfi aðeins að gera sér grein fyrir stöðu okkar í þessum efnum og hvert hlutverk hvers aðila er. Mér finnst a.m.k. í seinni tíð ábendingar yfirskoðunarmanna vera mjög góðar og auðvitað þarf að tryggja að þær fái umfjöllun. Ég er hins vegar ekki sammála því að þetta sé einhver dómur sem eigi að fara eftir heldur séu þetta ábendingar. Ég tel að fjárln. eigi að vera nokkurs konar eftirlitsaðili í þeirri merkingu sem til að mynda þekkist sums staðar á Norðurlöndum enda liggur það nokkuð í hlutarins eðli. Það þýðir að fjárln. getur á hverju ári, t.d. við fjárlagaundirbúninginn og fjárlagagerðina, fylgst með því hvort farið er að ráðum yfirskoðunarmanna sem Alþingi hefur kosið. Ég fagna því ef fjárln. ræddi í umfjöllun sinni um málið nokkuð um hlutverk hennar í þessum efnum. Þetta vildi ég einungis segja um innheimtumálin. Ég vil svo bæta því við að ég hef auðvitað rætt mjög ítarlega við ríkisendurskoðanda um þau mál sem okkur greinir á um. Ég á von á athugasemdum frá Ríkisendurskoðun ekki síst vegna þess hvernig framsetning fjmrn. var í svari við fsp. frá hv. þm. Árna Mathiesen en sú framsetning var nokkuð hvatvís og kannski stundum sterkt tekið til orða þótt það breyti ekki því að um ágreining er að ræða hvernig eigi að mæla innheimtuárangurinn. Ég vonast til þess að þær athugasemdir sem ríkisendurskoðandi mun gera fari til nefndarinnar og þá sé hægt að skoða þær jafnframt.

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í máli mínu áðan kom reyndar fram að ég teldi að fjárln. eða einhver annar aðili innan þingsins eða á vegum þingsins ætti að fjalla um eða hafa nokkurs konar eftirlitshlutverk. Ég sagði frá því að mér er kunnugt um að eftir m.a. ferð fulltrúa fjárln. til Noregs til að kynna sér starfsemi fjárlaganefndarinnar þar að þar er ákveðið form á eftirliti með framkvæmd skýrslna af þessu tagi. Þar er reyndar um að ræða sérstaka nefnd, það er ekki fjárlaganefndin heldur sérstök nefnd sem hefur þetta eftirlitshlutverk. Það sem ég gerði fyrst og fremst athugasemdir við og reyndi að draga fram í umræðunni var að einhver hefði slíkt hlutverk og að þessum athugasemdum væri að einhverju leyti fylgt eftir. Þær eru auðvitað enginn dómur eins og hæstv. ráðherra nefndi. Þær eru fyrst og fremst ábendingar sem við þurfum að taka tillit til og líta á og þá að ákveða hvað af þeim menn vilja láta koma til framkvæmda og hvað ekki. Auðvitað er alls ekki þar með sagt að allt í svona ábendingum sé heilagt og sjálfsagt og skuli framkvæma. En það segir einmitt á einum stað í skýrslu yfirskoðunarmannanna að ráðuneytin og stofnanirnar þurfi að gera grein fyrir því hverju þær hafa framfylgt og hverju ekki og þá af hverju ekki. Það er fyrst og fremst þetta eftirlitshlutverk og að málinu sé framfylgt en að ágætum skýrslum sem búið er að leggja mikla vinnu í sé ekki stungið undir stól og þær síðan ekkert skoðaðar nánar.

Eftirlitshlutverkið má vera hjá fjárln. og getur verið það ef sú vinnuregla er tekin upp og það ákveðið að svo skuli vera, en þá hygg ég að líka þurfi að huga að því að bæta eitthvað starfsaðstöðu fjárln. og skapa starfsmönnum hennar betri aðstöðu til að gegna því mikilvæga hlutverki og nefndarmönnunum sjálfum ef það verður fjárln. eða hverjum öðrum þeim aðila sem fengi slíkt eftirlitshlutverk.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Fullgilding samnings um fríverslun milli Íslands og Færeyja, 354. mál, nál. utanrmn., þskj. 970.

Kirkjugarðar, 375. mál, nál. allshn., þskj. 971; brtt. allshn. þskj. 972.

Móttökuskilyrði sjónvarps og hljóðvarps á Djúpavogi, 576. mál, fsp. HG, þskj. 966.

Niðurskurður kennslustunda 1992, 335. mál, svar menntmrh., þskj. 947.

Fjárskuldbindingar fyrir ríkissjóð og sveitarfélög, 1. umr.

Frv. MF o.fl., 465. mál. — Þskj. 803.

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 803 um kynningu á efni reglugerða sem fela í sér fjárskuldbindingar fyrir ríkissjóð og sveitarfélög.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir að eftirlit þingsins með setningu reglugerða verði eflt og er það í samræmi við þá stefnu sem Alþingi markaði með setningu nýrra þingskapalaga vorið 1991. Þau lög miða m.a. að því að efla eftirlit þingsins með störfum framkvæmdarvaldsins og í samræmi við það hafa fastanefndir þingsins meira svigrúm en áður til að fjalla um önnur mál en þau sem þingið vísar til þeirra.

Árlega heimilar þingið framkvæmdarvaldinu að setja fjölda reglugerða með stoð í lögum. Í mörgum tilvikum er þó ekki ljóst þegar heimild er veitt hvernig þessu valdi verði beitt eða hvaða fjárskuldbindingu það

muni hafa í för með sér fyrir ríki eða sveitarfélög. Fyrir kemur að þessum heimildum sé beitt á mjög vafasaman hátt og áhöld um hvort viðkomandi reglugerð eigi sér stoð í lögum miðað við þær upplýsingar sem fram hafa komið í umræðum á hv. Alþingi um viðkomandi lagafrv. Mörg dæmi eru einnig fyrir því að reglugerðir séu settar seint eða ekki þrátt fyrir skýr ákvæði þar að lútandi í lögum. Verði af aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið mun framkvæmdarvaldið í ríkara mæli en áður að setja reglugerðir svo koma megi í framkvæmd gömlum og nýjum ákvæðum samningsins. Það er ekki ólíklegt að einhverjar af þessum reglugerðum verði settar með stoð í gömlum lagaheimildum og þeim þannig beitt á annan hátt en til stóð þegar lögin voru sett. Líklegt er að sumar reglugerðanna hafi í för með sér verulegan kostnað fyrir ríki og sveitarfélög sem Alþingi hefur ekki fengið tækifæri til að fjalla um eða taka afstöðu til.

Við höfum nú þegar séð og fjallað um frv. vegna EES sem fela í sér heimildir til ráðherra að setja reglugerðir sem munu leggja verulegar byrðar á sveitarfélögin. Þar er ekki verið að tala um nokkrar milljónir eða tugi milljóna, þarna eru á ferðinni útgjöld sem nema hundruðum og þúsundum milljóna á fáum árum.

Flm. þessa frv. þykir því tímabært að lögtaka ákvæði sem eiga að tryggja það að þingið fái greinargóðar upplýsingar um þær reglugerðir sem fyrirhugað er að setja og ekki síður um þær fjárskuldbindingar sem reglugerðir hafa í för með sér. Tilraun hefur verið gerð til þess að láta fjárlagadeild fjmrn. leggja fram kostnaðarmat með þeim frv. sem lögð eru fram. Þetta er ágæt viðleitni en oftar en ekki er þetta kostnaðarmat afar ónákvæmt eða ófullnægjandi. Reglugerðir varða almenning, fyrirtæki og sveitarfélög oft meira en sjálf lögin sem þær byggjast á. Þess vegna er gert ráð fyrir í þessu frv. að öllum frv. til laga sem lögð verða fram á Alþingi fylgi sérstök greinargerð um þær reglugerðir sem gert er ráð fyrir að verði settar. Í greinargerð skal tíunda efni reglugerðarinnar og skýra þann kostnað sérstaklega sem hún kann að hafa í för með sér fyrir ríki og sveitarfélög. Með því gefst þingnefndum betra tækifæri en áður til að meta reglugerðarákvæði frv. og fylgjast með því hvernig ráðherrar fara með það umboð sem þingið veitir þeim.

Flm. þessa frv. telja einnig nauðsynlegt að fjárln. þingsins hafi tök á að fylgjast með þeim fjárskuldbindingum sem felast í reglugerðum sem settar verða. Þess vegna er sérstaklega kveðið á um það í frv. að fjmrh. sé skylt að láta meta fjárskuldbindingar og fjárútlát sem felast í sérhverri reglugerð sem sett er. Hann skal jafnframt gera fjárln. Alþingis grein fyrir þeim innan átta vikna frá því að viðkomandi reglugerð birtist í Stjórnartíðindum. Ákvæði þetta ætti að gera fjárln. kleift að fylgjast skipulega með þessum kostnaði og taka tillit til hans við fjárlagagerð. Ákvæðið veitir fjárln. einnig möguleika á að veita framkvæmdarvaldinu ákveðið aðhald og hafa eftirlit með því hvernig ráðherrar fara með það umboð sem þeim hefur verið veitt með heimild til að setja reglugerð.

Verði af aðild Íslands að samningum um Evrópska efnahagssvæðið sem þó er með öllu óvíst eins og málum er nú komið er mikilvægara en áður að fjárln. þingsins geti fylgst með þessum skuldbindingum. Viðbúið er að reglugerðarvaldi verði beitt með öðrum hætti en áður hefur tíðkast verði af aðild okkar við EES og því mjög brýnt að frv. þetta verði að lögum sem allra fyrst.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. fjárln.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 1992, 1. umr.

Stjfrv., 539. mál (greiðsluuppgjör). — Þskj. 897.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til endanlegra fjáraukalaga fyrir árið 1992 en með því eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöðutölur um greiðslur úr ríkissjóði á árinu 1992 umfram þær heimildir sem veittar hafa verið af Alþingi í fjárlögum 1992 og lögum nr. 118/1992, fjáraukalögum fyrir árið 1992. Með frv. að þeim lögum sem lagt var fyrir Alþingi í okt. sl. fylgdi ítarleg greinargerð um framvindu ríkisfjármála á árinu 1992 og þær heimildir sem óskað var samþykktar á umfram heimildir fjárlaga. Þá var í febrúar sl. lögð fyrir Alþingi ítarleg skýrsla um ríkisfjármál ársins 1992 þar sem afkoma ríkissjóðs er skýrð í samanburði við áform samkvæmt fjárlögum og útkomu þess árs. Ég mun því aðeins stikla á helstu atriðum um framvindu og niðurstöður ríkisfjármála en vísa að öðru leyti til fyrrnefndrar skýrslu og greinargerðar með fjáraukalögum sl. haust.

Rekstrarhalli ríkissjóðs varð samkvæmt greiðsluuppgjöri ríkisbókhalds 7,2 milljarðar kr. eða tæpum 2 milljörðum kr. lægri en áætlun sem gerð var í tengslum við frv. til fjáraukalaga í september sl. Áætlunin gerði ráð fyrir að allar útgjaldaheimildir fjárauka- og fjárlaga væru nýttar á árinu. Svo fór þó ekki og munar þar mestu um lægri vaxtagreiðslur sem nam 1,1 milljarði kr. og minni stofnkostnaði að fjárhæð 1 milljarði kr. Í heild urðu gjöldin 2,5 milljörðum kr. innan heimildar. Þá reyndust tekjur 0,4 milljörðum kr. hærri en áætlanir fjárauka- og fjárlaga. Ég tek fram að hér er samþykktum fjáraukalögum haustsins bætt við fjárlagaheimildirnar.

Heimildir til lántöku umfram það sem ætlað var í lánsfjárlögum 1992 voru sóttar með því að nýta ónýttar heimildir lánsfjárlaga frá árinu 1991. Samkvæmt því voru nægar lántökuheimildir til þess að mæta lánsfjárþörf ársins sem alls varð 16,1 milljarður kr. Ég tek þetta hér fram. Þetta hefur gerst áður en mér sýnist að Ríkisendurskoðun hafi gert lítils háttar athugasemd við þetta atriði og talið að heimildir þyrftu að vera til þess á sjálfu árinu 1992. Því ætti kannski að bæta við að

lántökurnar í upphafi ársins eða í febrúar voru auðvitað vegna hallans sem varð á árinu 1991 en erlendar lántökur í febrúarmánuði á sl. ári voru til þess að gera upp við Seðlabankann vegna hallans á árinu 1991. Áður en ég skýri nánar frávik frá fjáraukalögum sem samþykkt voru í desember sl. vil ég aðeins gera grein fyrir framvindu ríkisfjármála á sl. ári.

Núverandi ríkisstjórn markaði í upphafi ferils síns þá meginstefnu í ríkisfjármálum að draga úr halla á ríkissjóði án þess að almennir skattar yrðu hækkaðir. Höfuðáherslan var lögð á lækkun útgjalda. Mikilvægur liður í þeirri viðleitni var að auka virkni og ábyrgð einstakra ráðherra og ráðuneyta í mótun fjárlagatillagna og eftirliti með framkvæmd fjárlaga. Ríkisstjórnin tók um mitt ár 1991 ákvörðun um verulega lækkun á heildarútgjöldum ríkissjóðs 1992 og skiptingu þeirra á einstök ráðuneyti. Hverjum og einum ráðherra var ætlað leggja fram tillögur að sparnaði innan ráðuneytis síns og útfæra þær. Þetta kallaði á nýja forgangsröðun verkefna og verulega þrengri fjárhagsramma en ráðneytin höfðu haft. Þó svo að einstakar sparnaðartillögur tækju nokkrum breytingum og aðrar næðu ekki fram að ganga voru fjárlög 1992 afgreidd frá Alþingi með um 4,1 milljarðs kr. halla og var það svipað markmiði ríkisstjórnarinnar.

Annar mikilvægur liður í að ná fram lækkun ríkisútgjalda var að auka fjárhagslega ábyrgð stofnana ríkisins. Ríkisstjórnin tók þá ákvörðun að stofnunum ríkisins yrði heimilt að flytja ónotaðar rekstrarfjárveitingar milli ára. Þessi stefna var mörkuð í ljósi þess að rekstur stofnana ríkisins er samfelldur frá ári til árs. Flutningur á ónotuðum fjárveitingum yfir áramót hvetur til aukins aðhalds og sparnaðar í rekstri og stofnanir hafa möguleika á að haga rekstri sínum með sveigjanlegri hætti. Þannig er almennt ekki sótt um viðbótarheimildir til rekstrar nema í sérstökum tilvikum, en þess í stað miðað við það að greiðslum umfram heimildir til einstakra málaflokka verði mætt með heimildum næsta árs.

Afkoma ríkissjóðs varð mun betri en árið á undan. Rekstrarhalli varð 7,2 milljarðar kr. samanborið við 12,5 milljarða árið 1991 og lækkaði um 5,3 milljarða kr. frá fyrra ári. Á árinu 1992 námu innheimtar tekjur ríkissjóðs 103,4 milljörðum kr. Þar af nam innheimta skatta 95,8 millj. kr. samanborið við 95,5 milljarða kr. árið 1991. Samkvæmt því hækkuðu skatttekjur um 2,4% milli ára. Á sama tíma hækkaði hins vegar verðvísitala landsframleiðslu um rúmlega 3%. Þetta þýðir að skatttekjur ríkissjóðs dragast saman um um það bil 0,5% að raungildi milli áranna 1991 og 1992, en heildartekjurnar aukast hins vegar lítillega.

Erfitt árferði og vaxandi atvinnuleysi setti mark sitt á tekjuhlið ríkissjóðs á árinu 1992. Þetta endurspeglast einkum í minnkandi tekjum af staðgreiðslu tekjuskatts, en einnig í innheimtu veltuskatta. Samdráttur þjóðarútgjalda, sem ræður mestu um tekjurnar, varð að vísu heldur minni en gert hafði verið ráð fyrir í áætlun fjárlaga en á móti vega minni verðbreytingar.

Þá vantaði nokkuð upp á áætlaðar tekjur af sölu eigna. Þessir þættir eru meginskýring þess að heildarinnheimta tekna árið 1992 varð rétt um tveimur milljörðum kr. undir áætlun fjárlaga. Þar af var tekjuskattur einstaklinga 840 millj. kr. undir áætlun og virðisaukaskattur 500 millj. kr. Útgjöld A-hluta ríkissjóðs á árinu 1992 námu alls 110,6 milljörðum kr. samanborið við 112,5 milljarða kr. árið 1991. Lækkun milli ára er 1,7%. Leita þarf langt aftur til að finna dæmi þess að útgjöld ríkissjóðs lækki milli ára í krónum talið.

Séu útgjöldin borin saman við fjárlög ársins, þá fóru þau um einum milljarði kr. fram úr fjárlögum en það er minna frávik en verið hefur mörg undanfarin ár. Að teknu tilliti til breytinga á verðvísitölu í landsframleiðslu lækka útgjöld um 5,4 milljarða kr. frá árinu 1991. Þannig lækka bein rekstrargjöld ríkissjóðs um 2 milljarða kr. þrátt fyrir að um 430 millj. kr. vanti upp á tekjur Hagræðingarsjóðs. Vaxtagjöld ríkissjóðs lækka um nær 1,8 milljarða kr. Það skýrist að jöfnu af lægri vaxtagreiðslum vegna fjárþarfa ríkissjóðs innan ársins og minni vaxtagreiðslum af spariskírteinum vegna minni innlausnar en árið áður. Þá dróst framlag til viðhalds og stofnkostnaðar saman um nær 2,2 milljarða kr. milli ára. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs, þ.e. sú fjárhæð sem ríkissjóður þarf að taka að láni til þess að fjármagna halla á rekstri og lánareikningnum, varð 7,2 milljarðar kr. á móti 14,6 milljörðum kr. árið 1991. Hrein lánsfjárþörf hins opinbera í heild, þ.e. bæði ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og opinberra lánastofnana, nam 23,8 milljörðum kr. á sl. ári en varð 40,2 milljarðar kr. árið 1991. Lánsfjárþörfin er 4,6 milljarða kr. hærri en áætlað var og þar af stafa rúmlega 4 milljarðar kr. af aukinni lánsfjárþörf ríkissjóðs sjálfs vegna meiri halla en áætlað hafði verið.

Þá mun ég, hæstv. forseti, víkja að þeim frávikum sem urðu umfram heimildir í fjárlögum og fjáraukalögum ársins 1992. Heildargreiðslur á árinu urðu 110,6 milljarðar kr. en heimildir voru rúmlega 113 milljarðar. kr. Þannig urðu greiðslur í heild 2,5 milljörðum innan heimilda. Greiðslur umfram áætlanir voru 1.300 millj. kr. Þar vega sjúkratryggingar þyngst eða 466 millj. og munar þar mestu um lyfja-, læknis- og tannlæknakostnað. Áætlað er að flytja hluta þessara umframgreiðslna til yfirstandandi árs.

Hafrannsóknastofnun fer 342 millj. kr. fram úr heimildum sem skýrist alfarið af því að einungis hluti af aflaheimildum Hagræðingarsjóðs var seldur á sl. ári, á árinu 1992. Vegna Skipaútgerðar ríkisins eru færðar 100 millj. kr. til gjalda sem eru kostnaður umfram áætlaðar tekjur af sölu eigna. Þá eru greiðslur til Háskóla Íslands 50 millj. kr. umfram áætlun þar sem rekstrarsparnaður stofnunarinnar kemur ekki að fullu fram fyrr en á þessu ári. Loks má nefna að atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna urðu 30 millj. kr. umfram heimildir. Aðrar umframgreiðslur einstakra stofnana urðu mun lægri. Á móti þessu vegur að greiðslur innan heimilda eru rúmlega 3,8 milljarðar. kr. Þar vega vaxtagreiðslur langþyngst eða 1.050 millj. kr. Greiðslur til viðhalds og stofnkostnaðar urðu samtals um 1.200 millj. kr. innan heimilda. Þá voru greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs 228 millj. kr. innan heimilda og greiðslur til uppgjörs búvörusamn-

ings 148 millj. kr. Inneignir annarra fjárlagaliða eru mun lægri.

Næst mun ég víkja að yfirfærslu heimilda milli ára. Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um aukna fjárhagslega ábyrgð stofnana eru fjárheimildir til rekstrar nú í annað sinn með almennum hætti færðar á milli ára með tilliti til greiðslustöðu í árslok. Áður voru geymdar fjárveitingar nær eingöngu miðað við óhafin framlög til stofnkostnaðar og viðhalds. Þessi stefna var mörkuð í ljósi þess að rekstur stofnana ríkisins var samfelldur frá ári til árs og það væri nánast tilviljun ef greiðslustaðan um áramót væri nákvæmlega í samræmi við heimildir. Það hefur sýnt sig að þessi flutningur á greiðsluheimildum yfir áramót hvetur til aukins aðhalds og sparnaðar í rekstri þar sem stofnanir hafa möguleika á að haga rekstri sínum með sveigjanlegri hætti en áður hefur verið eins og reynsla síðasta árs hefur ótvírætt sýnt. Undir þetta tekur Ríkisendurskoðun sérstaklega í nýlegri skýrslu sinni. Nánar er gerð grein fyrir fjárhæðum til einstakra stofnana í fskj. með frv. Alls er gert ráð fyrir að flytja innstæðu til rekstrar að fjárhæð 912 millj. kr. til þessa árs og lækka rekstrarheimildir um 780 millj. kr. Þá eru innstæður til stofnframkvæmda hækkaðar um 739 millj. kr.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta frv. sem er frv. til endanlegra fjáraukalaga. Ég vil þó benda á tvö atriði sérstaklega sem ég bið hv. nefnd um að taka til athugunar. Annars vegar er um að ræða liðinn Hafrannsóknastofnun sem er liður upp á 342 millj. kr. Áætlað var að ná þessum fjármunum inn á þessu ári með sölu hagræðingarheimildar. Það gæti breyst og þarf þá að taka tillit til þess. Hins vegar er upphæð á Tryggingastofnun ríkisins upp á 450 millj. kr., há upphæð. Þessa upphæð þarf að kanna nánar og kryfja og hafa samband bæði við fjmrn. og heilbrrn. þegar fjallað verður um þann þátt í þessu frv.

Á bls. 13 í athugasemdum með frv. er skýrt frá því hvaða reglur gilda um flutning innstæðna og umframgjalda yfir áramót. Það eru sömu reglur og áður hafa verið kynntar á hinu háa Alþingi. Loks bendi ég á að í fskj. með frv. er í einstökum atriðum sýnt hvernig sá flutningur á inneignum og skuldum á sér stað yfir áramótin. Þetta er gert með sama hætti og á sl. ári og ég tel að þetta sé einhver mesta framför sem hefur átt sér stað í ríkisrekstrinum því að því miður virtist brenna við á árum áður að menn teldu það nánast skyldu sína að eyða öllu því fé sem þeir höfðu til umráða áður en árinu lyki því oft fannst viðkomandi stjórnendum eins og þeim væri refsað fyrir það á árinu eftir ef þeir komu ekki öllum fjármunum í lóg. Á sama hátt gefur þessi yfirfærsla tækifæri til þess að leggja þær kvaðir á stofnanir og fyrirtæki að þær tækju með sér skuldir frá fyrra ári og reyni jafnvel ekki einungis á einu ári heldur kannski á einu, tveimur eða þremur árum að vinna upp þá stöðu sem orðið hefur vegna þess að viðkomandi stofnun hefur farið yfir fjárlagaheimildir. Þetta er kannað mjög ítarlega í hverju einstöku tilviki á grundvelli fyrirliggjandi reglna og um það er víðtæk samstaða á milli fjmrn. og viðkomandi stofnana, a.m.k. viðkomandi ráðuneyta, hvernig með skuli fara. Ég tel að þessir starfshættir séu mjög til bóta og fagna því að Ríkisendurskoðun tekur undir það.

Að þessum orðum mæltum, hæstv. forseti, legg ég til að þessu máli, frv. til fjáraukalaga á þskj. 897, verði vísað til 2. umr. og hv. fjárln.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu væntanlega síðasta fjáraukalagafrv. fyrir árið 1992, en eins og þingheimur veit, þá var rétt fyrir áramótin samþykkt frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1992 þar sem hefði átt að vera tekið nokkurt tillit til stöðu mála og átt að vera nokkuð ljóst hvernig einstakar stofnanir ríkisins, ráðuneyti og stofnanir þeirra, reiknuðu með að koma út eða hver staða þeirra yrði um áramót. Það sem vekur fyrst athygli við lestur eða yfirferð þessa frv. sem er nú til meðhöndlunar er það að greiðslustaða ríkissjóðs virðist vera allverulega breytt frá því að fjáraukalög voru seinast samþykkt í desembermánuði fyrir sl. ár. Það er ekki svo að það hafi verið um mitt ár eða á haustdögum heldur var komið fram í desember þegar Alþingi gekk endanlega frá og samþykkki þau fjáraukalög og þá væntanlega samkvæmt bestu vitund um það hvernig staða mála hjá ráðuneytum og einstökum stofnunum væri. Hér er hins vegar sýnt að samkvæmt þessu fjáraukalagafrv. hafa tekjur farið 400 millj. kr. umfram það sem þá var áætlað. Nú má svo sem segja það að 400 millj. kr. í innheimtu skatta yfir 100 milljarða kr. innheimtu sé ekki hátt hlutfall og kannski má segja innan skekkjumarka, en þó finnst mér að þegar svo nærri áramótum var komið eins og raun bar vitni þegar fjáraukalögin voru samþykkt í desember, þá hefði mátt sjá nokkuð fyrir hver staðan yrði. Þó vekur öllu meiri athygli að hér voru samþykkt viðbótarútgjöld til hinna ýmsu stofnana og ráðuneyta upp á nærri 2,5 milljarða eða samkvæmt frv. þessu 2 milljarða 491 millj. kr. Það vekur þó kannski enn meiri athygli að síðan kemur fram í yfirliti og yfirlýsingu og fréttatilkynningum frá hæstv. fjmrh. og frá ráðuneyti hans að ríkissjóður hafi komið svo og svo vel út, svona og svona mikið betur út en áætlanir gerðu ráð fyrir og útgjöld hafi reynst miklu minni en áður var áætlað. Af því má sjálfsagt álykta og gera sjálfsagt fjölmargir að svo vel hafi tekist til í ríkisfjármálum og í sparnaðaraðgerðum og áætlunum hæstv. ríkisstjórnar að eyðslan hafi orðið nærri því 3 milljörðum kr. minni en fjárlög seinasta árs hafi gert ráð fyrir.

Sé málið nú skoðað betur þá er auðvitað langt frá því að svo sé og ég vil segja víðs fjarri að hin nýju vinnubrögð sem hæstv. fjmrh. var að hæla sér og ríkisstjórn þeirri sem hann situr í af hér áðan við gerð fjárlaga á seinasta eða fyrir seinasta ár hafi skilað svo miklum árangri. Ég held að þetta sé eitt dæmið um það, en aðeins eitt dæmið, hversu fjarri það í raun er þó hægt sé að segja að hér sé nokkru minna eytt en seinustu fjáraukalög gerðu ráð fyrir, en það segir fyrst og fremst til um þá ónákvæmni sem var viðhöfð í þeim vinnubrögðum þegar áætlanir eru lagðar fyrir Alþingi

um það hver útgjöldin kunni að verða. Tekjurnar reyndust nokkru meiri, segir í greinargerðinni og allt gott um það og innheimtust ívið betur en gert var ráð fyrir og eins og ég nefndi áðan, kannski innan skekkjumarka að tala um þessar 400 millj. kr. En ef við lítum aðeins á útgjöldin, þá er það sem sparast hefur og ráðherra hældi sér og samráðherrum sínum fyrir aðhald og sparnað, þá er nú þegar grannt er skoðað fyrst og fremst um tvo þætti að ræða sem hafa valdið því að hér hefur ekki verið eytt öllu sem áður var áætlað. Það er annars vegar það að vaxtagjöld eru verulega lægri heldur en áætlað hafði verið og ber að fagna því. Vaxtagjöld eru auðvitað hálfgerðir blóðpeningar að þurfa að eyða milljörðum kr. í að greiða vexti í stað þess að geta notað þá fjármuni til annarra og mikilvægra þátta í útgjöldum ríkisins. En þessi upphæð er samt verulega lægri heldur en áætlað var og hlýtur það að vekja athygli að áætlunin skuli ekki hafa verið nákvæmari um miðjan desember heldur en þetta, hálfur annar milljarður kr.

Hinn liðurinn sem mest munar um er svo það að ráðuneyti og stofnanir hafa ekki eytt þeim fjármunum sem þeim voru ætlaðir til stofnkostnaðar og viðhalds á seinasta ári. Stofnkostnaður og viðhald eru þeir liðir sem sparast hafa ef má kalla það sparnað eða segja að um sé að ræða sparnað en um það hef ég líka mínar efasemdir. Það er þá samhljóða þeim efasemdum sem fram koma í úttekt Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 1992 þar sem Ríkisendurskoðun gerir ráð fyrir því að eitthvað af þessum stofnkostnaði muni streyma út á hinu nýbyrjaða ári, þ.e. á þessu ári, og því sé alls ekki um raunverulegan sparnað að ræða í útgjöldum ríkissjóðs þó greiðslustaðan hafi verið þessi um áramótin. Hæstv. fjmrh. greindi frá því sem nýjung í vinnubrögðum nú og ég er algerlega sammála honum um það að ég tel að það sé mjög mikilvæg nýjung að gefa stofnunum og ráðuneytum möguleika á því að flytja fjármuni milli ára og þurfa ekki að strekkjast við það eða gera ráð fyrir því að öllu sé nú upp eytt um áramót til þess að eiga möguleika á að nýta þá fjármuni sem þeim hafa þó verið ætlaðir á fjárlögum og fjáraukalögum undangengins árs.

En ef við lítum á þessar upphæðir þá kemur það fram í greinargerð með frv. sem nú er til umræðu, skýringar við 3. gr. frv., að nánast í öllum ráðuneytunum er gerð grein fyrir upphæð stofnkostnaðar sem ekki hafi verið eytt á sl. ári og séu fluttar til næsta árs. Leyfi ég mér að taka tvær eða þrjár tilvitnanir. Í 1. liðnum sem er æðsta stjórn ríkisins segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar af eru 42,6 millj. kr. vegna stofnkostnaðar á Bessastöðum sem fluttar eru til næsta árs.“ Um menntmrn. segir: „Þar af eru 299,5 millj. kr. vegna stofnkostnaðar.“ Utanrrn. er að vísu með lægri tölu en þó aðeins. Landbrn. er með um 84 millj. kr., dóms- og kirkjumrn. með 60 millj. þar sem líka segir: „Þar af eru 59,1 millj. kr. vegna stofnkostnaðar og viðhalds sem fluttar eru til næsta árs.“ Þetta á við um öll ráðuneytin og samanlagt eru þessar tölur upp á 1.100–1.200 millj. kr. og þar er þá kominn þessi svokallaði sparnaður. Ég spyr hæstv. fjmrh. hvort hann geri sjálfur ekki ráð fyrir því að eitthvað af þessum upphæðum, kannski meiri hlutinn af þeim, fari út núna og verði ráðstafað á þessu ári þannig að hér sé ekki um sparnað hjá ráðuneytunum að ræða.

Ég vil líka benda á annað sem mér finnst dálítið merkilegt í þeirri glímu sem aðilar á vinnumarkaði hafa háð við ríkisvaldið vegna kjarasamningagerðarinnar að fá ríkisvaldið til þess að leggja einhverja fjármuni í framkvæmdir til þess að auka atvinnu. Menn eru kannski að tala um einhver hundruð millj. kr., þá skuli það koma í ljós að geymdar fjárveitingar vegna einmitt þessara sömu þátta, framkvæmda á vegum hins opinbera og viðhalds, skuli vera á annan milljarð kr. frá fyrra ári. Ef þessu hefði nú verið varið til þeirra verkefna á seinasta ári sem áætlað var, þá hefði hallinn vissulega verið sem því nam hærri eða lækkunin á útgjöldunum sem því nemur minni í þessu frv., þá hefði kannski atvinnuástandið verið líka með eitthvað öðrum hætti heldur en raun ber vitni í dag og þrýstingur á stjórnvöld til aðgerða til þess að koma á kjarasamningum e.t.v. aðeins minni. En ég held að skýringanna sé kannski að leita að einhverju leyti í því að svo hart hefur verið gengið fram af hálfu ráðuneytanna, hæstv. ráðherra og forsvarsmanna stofnananna, um það að halda sig innan ramma fjárlaga að forstöðumennirnir hafa gripið til þess að halda stofnkostnaðarfjárveitingunum og viðhaldsfjárveitingunum eftir. Þeir vilja auðvitað fyrst og fremst sjá um það að stofnanirnar sinntu sínu hlutverki, gegndu sínu hlutverki, veittu þá þjónustu sem þeim er ætlað en spara við sig að fara í þær framkvæmdir sem þeim var þó ætlað eða var heimilt skulum við segja, var heimilt samkvæmt fjárlögum fyrra árs að leggja í. Þess vegna eru þessar upphæðir ónotaðar og ef við ætlum að standa við þau fyrirheit að leyfa stofnunum að flytja fjárveitingar milli ára og nýta sér þessa stöðu sem er þá jákvæð hjá viðkomandi stofnunum, þá á þetta fjármagn eftir að fara að verulegu leyti út núna á þessu nýbyrjaða ári.

Þetta vildi ég draga fram fyrst sem athugasemd mína við frv. sem er til umræðu og þau vinnubrögð sem mér sýnist að hafi verið viðhöfð á seinasta ári, ónákvæma áætlanagerð við fjáraukalagagerðina í haust og sem samþykkt voru í desember og það hversu hart hefur verið gengið að stjórnendum stofnananna að fara ekki umfram á fjárlögum. Það er auðvitað gott að staðið sé við fjárlög . . . ekki hægt að ætlast til annars en að menn geri það og þaðan af síður að hvetja til hins gagnstæða, en þarna var búið að skapa svo mikla spennu og svo mikla hræðslu eða ótta hjá forsvarsmönnum stofnananna um að þeir gætu ekki haldið sig innan fjárlagarammans að þessi verður afgangurinn.

Þegar litið er á þær hugmyndir sem uppi voru hins vegar um áætlaðan sparnað í ríkisfjármálunum á árinu 1992, þá átti hann að vera með nokkuð öðrum hætti en þeim að draga úr stofnkostnaði og viðhaldsframkvæmdum. Hann átti að vera fólginn í því að draga úr launa- og rekstrarútgjöldum. Það átti að draga úr tilfærslum og þar áttu að vera megintölurnar eða áætlaður sparnaður upp á rúma 5 milljarða kr. En sparn-

aðurinn færist sem sagt yfir í vaxtagjöldin upp á tæpa 2 milljarða og fjárfestingarnar upp á 2 milljarða. Þannig sýnist mér þetta nú líta út, hæstv. fjmrh., og auðvitað væri hægt að fara mörgum orðum um það hvernig til hefur tekist í einstöku ráðuneytum og spyrja spurninga. Kannski ætti það þá fremur við um einstaka fagráðherra að velta því upp við þá hvernig þeim hefur gengið að standa við þau fyrirheit og þau nýju vinnubrögð sem hæstv. fjmrh. var að tala um að hér hefðu verið viðhöfð og tekin hefðu verið upp fyrir fjárlagagerðina við seinasta ár.

Hann nefndi það líka, hæstv. ráðherra, að langur vegur var frá að tækist að standa við þá tekjuöflun af sölu eigna sem áætluð hafði verið. Í upphafi árs var gert ráð fyrir að selja eignir fyrir 1 milljarð 75 millj. kr. Þær hafa síðan lækkað um 575 millj. kr. í fjáraukalögunum þannig að eftir stóðu 500, millj. kr. en af þessum 500 millj. kr. náðist ekki einu sinni að innheimta helminginn eða ekki nema 238 millj. kr. þannig að óinnheimtar voru 262 millj. kr. Og sama virðist muni verða uppi á þessu ári sem nú gengur yfir okkur. Þar var gert ráð fyrir verulegum tekjum af sölu eigna sem sýnist nú þegar ljóst að ekki muni ganga eftir, en það bíður betri tíma að ræða þau mál.

Mig langar að fara hér örfáum orðum um nokkra þætti sem ráðgert var að spara verulegar upphæðir á og hefur ekki gengið fram svo sem ráðherrar höfðu hugsað sér. Þar munar nú kannski mestu um áætlaðan sparnað í heilbrigðis- og tryggingamálum, bæði af því að það er að sjálfsögðu stærsta ráðuneytið eða útgjaldasamasta skulum við fremur segja þá horfa menn til þess að þar sé helst um auðugan garð að gresja og hægt að ganga langt í að ná fram sparnaði og gæta aðhalds. Auk þess hefur hæstv. núv. heilbr.- og trmrh. hefur farið fram með miklum bægslagangi og stundum kokhreysti í áætlunum sínum um það að skera niður útgjöld til þessa annars viðkvæma og mikilvæga málaflokks. En það kemur líka í ljós að málin hafa ekki gengið fram með þeim hætti sem ráðherra hafði hugsað sér og langur vegur frá því að þau markmið hafi náðst. Hér segir t.d. í greinargerð Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 1992, þar sem m.a. er fjallað um þennan áætlaða sparnað, með leyfi forseta:

„Af 3 milljarða kr. áætluðum sparnaði rekstrarútgjalda hafa um 2 milljarðar kr. náð fram að ganga. Fjárfesting og stofnkostnaðarframlög urðu um 1,6 milljörðum kr. lægri en ráð var fyrir gert og viðhaldskostnaður hækkaði um 400 millj. kr. minna en áætlað var." Þetta er það sem ég hef verið að draga hér fram um stofnkostnað og viðhaldið. Síðan segir hérna: „Hins vegar nam hækkun almannatrygginga, atvinnuleysistrygginga, niðurgreiðslna og annarra tilfærslna um 300 millj. kr. en áætlaður sparnaður ársins var 2,5 milljarðar kr."

Sparnaðurinn var áætlaður 2,5 milljarðar en útgjöldin hækkuðu um 300 millj. kr. þannig að það var æðilangt frá því að markmiðin næðust hér við þessi nýju vinnubrögð hæstv. ráðherra.

Hæstv. heilbrrh. hefur nokkuð hælt sér af því að þrátt fyrir það að markmiðin um að draga úr lyfjakostnaði og ýmsum öðrum útgjöldum í hans ráðuneyti hafi ekki gengið fram, þá hafi þó tekist að lækka og spara allnokkuð í fjárveitingum til sjúkrahúsanna. Mestu muni um aðhaldsaðgerðir á stóru sjúkrahúsunum þremur í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu og hafi sá sparnaður skilað liðlega 560 millj. kr. Hér er um stóra upphæð að ræða og ber ekki að gera lítið úr því að það náist að gæta aðhalds í rekstri þessara dýru stofnana. En hins vegar hef ég stundum haldið því fram áður hér úr þessum ræðustól að það séu ekki öll kurl komin til grafar hvað þennan sparnað varðar og ég gef heldur lítið fyrir þá skýrslu sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur þó hampað mjög og hælt sér af frá Ríkisendurskoðun um þennan sparnað þar sem reynt er að gera grein fyrir því að þessi sparnaður hafi haft lítil áhrif. Ég held að við séum ekki búin að sjá það hver áhrifin kunna að verða. Ég óttast meira langtímaáhrif af slíku en skammtímaáhrifin og veit það að stjórnendur og starfslið þessara stofnana leggja sig fram um það að starfsemin fari ekki úr skorðum og öll sú þjónusta sé veitt áfram sem hnökraminnst þó að dregið sé úr fjárveitingum og þurfi að gæta hins ýtrasta aðhalds. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir, og er nú orðalagið reyndar varkárt, með leyfi forseta:

„Enn sem komið er bendir ekkert til þess að lækkun á framlögum til sjúkrahúsanna þriggja hafi haft í för með sér verulega breytingu á þjónustu við sjúklinga almennt."

Þetta er varkárt og ég leyfi mér að spyrjast fyrir um það, hvaðan hefur Ríkisendurskoðun þessa niðurstöðu og hvaðan eru þessar upplýsingar fengnar? Ég hringdi í landlækni til þess að spyrja hann eftir því hver væri hans afstaða til þessa máls og hvort hann hefði verið spurður um það, hvort Ríkisendurskoðun eða aðrir aðilar sem að þessu hafa komið hafi leitað álits hans á þessum sparnaði og afleiðingum hans og hann tjáði mér að svo hefði ekki verið og er þó landlæknir sá sem helst hefur yfirsýn yfir þessi mál. Hér segir síðar í skýrslu Ríkisendurskoðunar að biðlistar séu nánast óbreyttir og er þó aðeins eitt nefnt til. Það er biðlisti einstaklinga á Borgarspítalanum vegna gerviliða sem er nánast óbreyttur, en einnig eru nefndar hér hjartaaðgerðir. Biðlisti hjartaaðgerða hefur styst, enda var gripið til sértsakra aðgerða til þess að stytta biðlista vegna hjartaaðgerða. Það var gripið til sérstakra aðgerða í því sambandi og verður að líta á það óháð þessum sparnaðaraðgerðum og hugsanlegra áhrifa af þeirra völdum.

Ég vil þess vegna ítreka það, hæstv. forseti, að ég hef mínar efasemdir um þau vísindi sem liggja að baki þessari skýrslu um sparnaðinn á sjúkrahúsunum. Þó að hægt sé að benda á það að í krónum talið hafi nokkuð sparast þá vitum við ekki um það hver áhrifin kunna að hafa verið. Hér er t.d. nefnt í skýrslunni að legudögum hafi fækkað um 8.800 á þessum þremur sjúkrahúsum milli ára 1991 og 1992 eða um 1,5%. En ef gluggað er í eldri skýrslu sem ég held að hefði verið nauðsynlegt að gera til samanburðar til þess að sjá hver þróunin hefur verið til lengri tíma litið, þá kemur í ljós að fækkun legudaga á milli áranna 1990 og

1991 var á Ríkisspítölunum einum 10.150 legudagar eða 2,5% og 2,2% á Borgarspítalanum. Það var meiri fækkun það árið heldur en seinasta ár sem segir okkur að þær aðhaldsaðgerðir sem sjúkrahúsin hafa gripið til á þeim tíma hafa auðvitað verið að skila sér fram á seinasta ár, hafa haft einhver áhrif á það og veruleg fækkun á legudögum á milli ára 1990 og 1991 hafi auðvitað leitt til þess að ekki þurfti að grípa til eins harkalegra aðgerða á seinasta ári og menn hafa reynt eins og ég nefndi áðan að verja þá þjónustu sem hefur verið í gangi.

Sama má segja þegar rætt er um það að aðgerðum hafi fjölgað jafnvel þrátt fyrir minni fjárveitingar, þá erum við á hverju ári að taka í gagnið nýja tækni, nýja þjónustu og við erum að fá nýja unga menn til starfa með nýja þekkingu og reynslu sem þeir hafa áunnið sér erlendis og allt hefur þetta auðvitað áhrif á starfsemina og hefur sín áhrif, kannski enn þá fremur en það að upphæðum sé hnikað til milli ára. Það svo margt margt annað sem spilar inn í það að úttekt svo þröng sem hér er gerð og að mér virðist með litlum upplýsingum getur ekki sagt okkur mikið til um það hvað hefur verið að gerast.

Mig langar í sambandi við tilfærsluna milli ára sem ráðherra greindi hér frá og gerð er grein fyrir í greinargerð frv., yfirfærsluheimilda og gjalda frá 1992–1993, að spyrja aðeins út í það hvað varðar þessar reglur sem hér eru fram settar og við höfum reyndar rætt áður. Ég hygg að það hafi verið rætt um það einhvern tíma á seinasta ári þegar fjallað var um yfirfærslu milli áranna 1991 og 1992, að þær vinnureglur sem ráðuneytið notar þurfa að vera vandaðar og menn þurfa að átta sig á því vel hvernig að þessu á að standa þannig að leikreglur skapist sem allir geta unað við og stjórnendur stofnana geti verið nokkuð sáttir við og þá líka að þeim sé ljóst að hverju þeir ganga þegar þeir reyna að geyma fjárveitingar milli ára. Hér er t.d. í 2. tölul. í þessum reglum á bls. 13 í greinargerðinni með frv. sagt, með leyfi forseta:

„Ekki er fluttur greiðsluafgangur hjá stofnunum sem fengið hafa aukafjárveitingu á árinu. Undantekningar eru gerðar þegar um er að ræða afmörkuð verkefni sem ekki hefur tekist að ljúka fyrir áramót."

Ég held að hér sé mál sem við þurfum að staldra við og huga sérstaklega að hvernig staðið er að því þegar um hefur verið að ræða að stofnanir hafa fengið aukafjárveitingar og ekki síst að þessu sinni þegar það er ljóst einmitt í frv. núna að verulegur hluti af því sem sparaðist um sjálf áramótin, þ.e. í greiðslustöðunni um áramótin, á eftir að fara út á þessu nýbyrjaða ári í framkvæmdir og viðhaldskostnað ef stofnanirnar fá að nota það sem þeim var þó að einhverju leyti veitt með aukafjárveitingum, þ.e. það sé ekki algilt að aukafjárveitingar séu strikaðar út og það sé þá skoðað vandlega hvaða tilvik það eru þegar rætt er hér um afmörkuð verkefni sem ekki hefur tekist að ljúka fyrir áramót. Ég hef hér t.d. sérstaklega í huga ákveðna leiðréttingu sem gerð var á seinasta ári vegna sértekna á Ríkisspítölum upp á nærri 100 millj. kr. og það mundi vissulega muna mikið um það og kæmi stjórnendum Ríkisspítala mjög á óvart ef það væri svo að það ætti ekki að flytja þessa fjárveitingu til. Nú sé ég það ekki í því yfirliti sem fylgir með greinargerðinni um tilfærslur fjárveitinga, en það kann að vera að þar séu einhverjar aðrar upphæðir færðar á móti sem mér er ekki kunnugt um og verður auðvitað aflað upplýsinga um það í meðferð fjárln. á þessu frv. þegar það kemur þangað eins og ýmsum öðrum tölum sem hér þarf að taka til skoðunar og þá ekki aðeins þeim sem hæstv. ráðherra benti fjárln. sérstaklega á heldur ýmsum öðrum. Það má reyndar nefna það að hæstv. ráðherra minnti á framlög t.d. í Tryggingastofnun ríkisins upp á rúmar 450 millj. en þá kemur fram í listanum um yfirfærslurnar að Tryggingastofnun ríkisins er síðan gert að spara á næsta ári eða flytja með sér yfir 200 millj. kr. sem hæstv. heilbr.- og trmrh. þarf þá líklega að glíma við að spara í viðbót við það sem fjárlög ársins í ár, fjárlög ársins 1993 gera ráð fyrir að hann spari í sínu ráðuneyti eða sínum málaflokkum, þá er hér gert ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins flytji yfir 200 millj. kr. sem þarf að spara að auki. Ég held að það sé því ýmislegt sem þarf að skoða betur í þessum málum og í þessu frv. sem hér liggur nú fyrir til umræðu.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að taka að þessu sinni lengri tíma til umfjöllunar um málið, en mér sýnist að því miður hafi nú farið svo að ýmislegt af þeim fyrirheitum sem hæstv. ríkisstjórn var með um að draga úr ríkisútgjöldum hafi ekki gengið eftir og nýju vinnubrögðin hafi ekki skilað því sem til var ætlast eins og dæmin sanna og fjölmörg dæmi eru um í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaganna á seinasta ári. Það séu aðrir þættir sem ráðið hafa meiru um það að ekki fór allt út sem þó var búið að gera ráð fyrir með fjáraukalögunum. Þeir fjármunir voru ekki allir greiddir út fyrir áramót, en það er ekki um að ræða sparnað því að verulegur hluti af stofnkostnaðarframlögum og viðhaldsfjárveitingum á eftir að fara út á þessu ári.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil leggja inn örfá orð í þessa 1. umr. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1992, það síðasta, en þetta frv. kemur að sjálfsögðu til fjárln. sem ég á sæti í þannig að það gefst tækifæri til að fjalla þar um það nánar. En eins og fram hefur komið við þessa umræðu er þetta lokafrv. fyrir árið 1992 og þá kemur reynsla á hvernig fyrsta heila ár núv. ríkisstjórnar og núv. fjmrh. hefur komið út.

Það er oft svo að fjárlögum er fylgt úr hlaði með þeim orðum — og þetta fjárlagafrv. fyrir árið 1992 var engin undantekning að því leyti — að það væri um raunhæfustu fjárlög að ræða sem lögð hefðu verið fram. Það kom auðvitað í ljós að svo var ekki. Og það var einnig svo að það vantaði ekki viðvaranir í þeim efnum. Stjórnarandstaðan og minni hluti fjárln. varaði mjög sterklega við mörgum atriðum í þessu fjárlagafrv. sem mundu ekki standast og það hefur nú komið á daginn í lokaafgreiðslu þessara fjáraukalaga að þær viðvaranir áttu við rök að styðjast og mun ég aðeins

koma nánar að því varðandi einstök atriði.

Í mars kom skýrsla Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 1992 og þar koma fram meginlínur í því hvernig þessi gerningur hefur staðist. Þar kemur fram að það skakkar 3,1 milljarði kr. að fjárlögin standist þær áætlanir sem voru gerðar í upphafi árs. Það er dálítið merkilegt að það kom hér frv. til fjáraukalaga hið næstsíðasta, eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. tók fram í sinni ræðu, sem gerði ráð fyrir að þessi halli yrði nokkru meiri þannig að það er hægt að kynna að hallinn hafi minnkað milli þessara fjáraukalagafrumvarpa. En auðvitað stendur það eftir að halli ríkissjóðs er mun meiri en fjárlögin gerðu ráð fyrir.

Ég held að ef blaðað er í skýrslu Ríkisendurskoðunar og í fjáraukalagafrv. og þessi tvö fjáraukalagafrumvörp eru skoðuð í samhengi, þá komi það í ljós að samdráttur, atvinnuleysi, útgjöld ríkisins af þeim sökum og tekjutap er að verða stærsti vandi ríkisfjármálanna. En mér finnst og það er áreiðanlega svo um marga fleiri að ríkisstjórnin hafi ekki brugðist við þessum vanda með nógu sannfærandi hætti.

Það kom fram í ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. að það sem munar í afkomu ríkissjóðs er í vaxtakostnaðinum og í fjárfestingarliðnum en hér á bls. 4 í skýrslu Ríkisendurskoðunar er tekið fram að fjárfesting hafi verið 1,6 milljörðum kr. lægri en ráð var fyrir gert, en viðhaldskostnaður hækkað um 400 millj. kr. minna en ráð var fyrir gert. Þetta er nú dálítið einkennilegt í því atvinnuástandi sem er og var á sl. ári og vafasöm efnahagsráðstöfun svo að ekki sé meira sagt. Þó að það sé vissulega jákvætt á pappírunum að þessir liðir hafi lækkað og viðhaldskostnaður hafi hækkað minna en ráð var fyrir gert, þá þýðir það að ekki hafi verið atvinna af þessum sökum og það er spurning hvað þetta er mikill sparnaður fyrir ríkið í heild, mjög vafasamt að hann sé nokkur. Ég held að þetta sé nefnilega angi af þeirri samdráttarstefnu sem rekin hefur verið allt sl. ár og það hefur ekki verið brugðist við vaxandi atvinnuleysi með nógu afgerandi hætti.

Í fjárlagafrv. sem afgreitt var í desember er afgreidd 709 millj. kr. aukafjárveiting til Atvinnuleysistryggingasjóðs og einnig hefur atvinnuástandið afgerandi áhrif á tekjuhlið ríkissjóðs. Það kemur í ljós að tekjurnar lækka af þessum sökum en útgjöldin hækka mjög hraðfara. Það er þess vegna að þessi stefna ríkisstjórnarinnar um samdrátt og afskiptaleysi ríkisvaldsins á öllum sviðum er að verða mesti vandi ríkisfjármálanna. Og niðurstaðan er að rekstrarhalli ríkissjóðs nemur 7,2 milljörðum kr. í árslok 1992 sem er 3,1 milljarði kr. hærri fjárhæð en fjárlög gerðu ráð fyrir.

Það mætti auðvitað lengi tína til atriði sem hafa ekki gengið eftir í fjárlögunum. Það kemur í ljós að t.d. í tryggingakerfinu hafa þau útgjaldamarkmið sem fram voru sett alls ekki staðist. Því eru gerð skil í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þar var áætlað í fjárlögum að sparnaður almannatrygginga árið 1992 næmi rúmum 1,1 milljarði kr. miðað við rekstrarumfang ársins 1991. Það var áætlað að spara 850 millj. kr. í sjúkratryggingum en reyndin varð sú að þær greiðslur jukust um 180 millj. kr. milli áranna og það segir orðrétt í skýrslu Ríkisendurskoðunar, með leyfi forseta:

„Þannig var niðurstaða ársins nokkuð langt frá þeim markmiðum sem að var stefnt. Mestu munar að sá sparnaður sem stefnt var að í lyfjakostnaði, svo og lækna- og tannlæknakostnaði náði ekki fram að ganga á árinu 1992."

Það vantaði ekki að það var varað við þessum aðgerðum í upphafi ársins 1992 og minni hluti fjárln. á þeim tíma varaði mjög sterklega við því að þessar aðgerðir sem þá var gripið til í almannatryggingakerfinu væru vanhugsaðar, fljóthugsaðar og mundu ekki standast. Það er nú auðvitað komið á daginn.

Það var varað við því mjög sterklega þegar fjárlögin voru til umræðu á sínum tíma að sala eigna mundi ekki ganga eftir. Það hefur komið á daginn. Og enn á árinu 1993 er lagt upp með óraunhæf markmið í þessum efnum sem þegar á fyrstu 4 mánuðum ársins, en nú eru tæplega 4 mánuðir liðnir af árinu, er ljóst að það stendur ekki steinn yfir steini í þeim áformum. En samt eru þessi markmið sett. Ekki síður var varað við að sala aflaheimilda Hagræðingarsjóðs mundi ekki skila þeim tekjum sem áætlað var og það hefur svo sannarlega komið á daginn að það hefði verið ástæða til að taka tillit til ábendinga stjórnarandstöðunnar að þessu leyti. En það sem er langalvarlegast í þessu öllu saman er það að Atvinnuleysistryggingasjóður mokar til sín peningum til þess að greiða út atvinnuleysisbætur sem er auðvitað nauðsynlegt og þyrfti auðvitað að taka fleiri aðila þar inn því að það er fjöldi af fólki atvinnulaust og nýtur ekki bóta þannig að það er ljóst að á yfirstandandi ári verða útgjöld þessa sjóðs gríðarleg. Og þess vegna ætti höfuðáherslan nú að vera lögð á að reyna að stemma stigu við þessum útgjöldum og það er vandséð að aðgerðir sem leiða til þess að fólki sé sagt upp í stórum stíl leiði til nokkurs sparnaðar. Í mörgum tilfellum er verið að segja upp fólki á lægstu töxtum. Því eru borgaðar atvinnuleysisbætur sem jaðrar við það að vera jafnháar og þessir taxtar sem fólkið vinnur á. Mér finnst allt of mikil áhersla vera lögð á það að skera niður útgjöld án þess að taka tillit til þess hvaða áhrif það hefur á atvinnustigið í landinu og þær aðgerðir sem hafa verið í þessum efnum eru afar ómarkvissar og máttlausar.

Nú þessa dagana er þóf um þessi mál í kjarasamningum, hvort það á að auka aðgerðir ríkisvaldsins til atvinnusköpunar. Það er ekkert útséð um það hvort samningar nást. Verkalýðshreyfingin og Vinnuveitendasambandið, aðilar vinnumarkaðarins hafa verið með útrétta hönd í þessum efnum svo mánuðum skiptir en ríkisvaldið hefur dregið lappirnar. Þessi mál sjást í hnotskurn í þessu fjáraukalagafrv. og það eru meginleinkenni þess hvað samdrátturinn hefur leikið ríkisfjármálin illa, bæði gjalda- og tekjumegin.

Ég get tekið undir það að á ýmsum sviðum hefur verið unnið vel á síðasta ári og opinberir starfsmenn og embættismenn og aðrir sem vinna hjá ríkisvaldinu hafa reynt sitt ýtrasta til þess að halda utan um þá fjármuni sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Ég ætla ekki að halda því fram að það sé allt vont í þeim efnum. Hins vegar þó

að eitthvað hafi áunnist, þá er það allt unnið fyrir gýg vegna þess að það er samdráttur í þjóðfélaginu sem ekki hefur verið brugðist við með nógu skýrum og afgerandi hætti.

Ég mun að þessu sinni ekki fara í einstaka liði þessa fjáraukalagafrv. Það gefst tækifæri til þess í fjárln. að fjalla þar um nánar, bæði þá liði sem hæstv. fjmrh. benti sérstaklega á í sinni framsöguræðu og aðra, en ég vildi einkum við þessa 1. umr. undirstrika það hver þörf er á því að breyta um stefnu, reyna að gera sitt af hálfu ríkisvaldsins til þess að koma hjólum atvinnulífsins til þess að snúast, til þess að stuðla að því að sem flestir hafi atvinnu í landinu og til þess að stuðla að því að sem flestir geti greitt til ríkisvaldsins af sínum tekjum eðlileg gjöld og hafi tekjur til þess. En það hefur allt saman brugðist á síðasta ári að meira eða minna leyti og því er nú komið sem komið er í ríkisfjármálunum. Auðvitað hafa utanaðkomandi aðstæður gert þarna erfitt fyrir. Mér dettur ekki í hug að halda því fram að svo hafi ekki verið. En hins vegar séu utanaðkomandi aðstæður erfiðar þarf ríkisvaldið að hafa forustu um að bregðast við þeim með sannfærandi hætti en það hefur svo sannarlega ekki verið gert á síðsta ári og þau áform sem uppi hafa verið í þeim efnum hafa runnið út í sandinn meira og minna eins og er hægt að tína til dæmi um, en ég ætla að láta þessi orð nægja í 1. umr.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki hugsað mér að lengja þessa umræðu mikið um þessi mál en vil aðeins vekja athygli á örfáum atriðum. Það er þá fyrst og fremst það að samkvæmt þessum fjáraukalögum hefur ekki verið rétt metin sú staða sem kom fram í fjáraukalögum sem samþykkt voru í desember sl. og má undarlegt heita að það skuli á þeim tíma ekki hafa verið raunhæfara mat en gert var. Þá vil ég einnig geta þess í sambandi við yfirfærsluheimild á milli áranna 1992 og 1993 að mótaðar hafa verið vinnureglur, samkvæmt því sem segir í grg. með frv., um hvernig að því skuli staðið og þær vinnureglur eru í þremur liðum. Þar er í fyrsta lagi talað um, með leyfi forseta, að „miðað er við að flutningur innstæðu takmarkist við lækkun sem náð er með hagræðingu eða flutningi verkefna milli ára. Ef hins vegar af einhverjum ástæðum hefur ekki verið haldið uppi þeirri þjónustu sem gert er ráð fyrir í fjárlögum fellur heimildin niður."

Mér finnst þetta ekki vera nógu skýrt þar sem hér er talað um að flutningur innstæðu milli ára takmarkist við lækkun sem náð er með hagræðingu eða flutningi verkefna milli ára en þó ekki ef af einhverjum ástæðum hafi ekki verið haldið uppi þeirri þjónustu sem gert er ráð fyrir, þá falli heimildin niður. Það hefur auðvitað ekki verið haldið uppi þeirri þjónustu sem gert er ráð fyrir með því að flytja hluta af þeirri þjónustu í verkefnum milli ára. Ég get því ekki séð hvernig hægt er að segja að þetta skuli notað ef þetta er bara verkefni sem flutt er á milli ára, en hins vegar ekki ef það hefur ekki verið haldið uppi þeirri þjónustu sem átti að gera. Ég held að það þurfi að skoða betur þessar reglur sem hér hafa verið settar fram, enda veit ég nú ekki til þess að þær hafi verið samþykktar, þær hafi verið kynntar einu sinni á fundi í fjárln. en ekki verið samþykktar og ég held að það þurfi að ræða það betur og móta skýrari vinnureglur um það hvernig að þessum málum skuli staðið.

Það er líka spurning hvort það er raunverulegur sparnaður í ríkisrekstri þegar verið er að færa nauðsynleg verkefni sem hefðu átt að vinnast á árinu 1992 yfir á árið 1993. Sama fjármagnið hlýtur að fara til þeirra verkefna hvorum megin áramótanna sem það er fært, og þá er ekki um beinan sparnað í raun og veru að ræða. Þessu vildi ég velta hér upp í framhaldi af þessu og auk þess vil ég taka undir orð þeirra ræðumanna sem hér hafa talað á undan mér. Ég tel að sparnaðurinn hafi alls ekki náðst. Ef við nefnum aðeins t.d. heilbrrn., þá kemur hér viðbótarframlag til Tryggingastofnunar ríkisins upp á 450 millj. kr. rúmar og í síðustu fjáraukalögum sem samþykkt voru í desember var bætt við heilbr.- og trmrn. 1.600 millj. kr. Þá erum við komin með um 2 milljarða kr. í viðbót við upphaflega samþykkt fjárlög og það voru 2 milljarðar kr. sem áttu að nást í sparnað í heilbr.- og trmrn. þannig að ég get ekki séð að sparnaðurinn sé nokkur.

Hæstv. heilbrrh. hefur hampað skýrslu þar sem segir að náðst hafi sparnaður í sjúkrahúsarekstri á höfuðborgarsvæðinu, en ég get ekki nú kallað það sparnað þegar á móti kemur að fólk hefur leitað meira til sérfræðinga. Það hefur þurft að kaupa sér meira af lyfjum utan sjúkrahúsa og það kemur auðvitað fram í auknum kostnaði hjá Tryggingastofnun ríkisins. Þannig að það er nú sama hvort þetta er tekið úr vinstri vasanum eða hægri. Það hlýtur að verða sama upphæðin þegar upp er staðið með auðvitað ómældu erfiði og amstri hjá þeim sem þurfa að nota þessa þjónustu, það er svo aftur annað mál. En peningalega get ég ekki séð að þetta skili neinum sérstökum hagnaði fyrir ríkissjóð.

Hér er verið eins og hæstv. fjmrh. sagði að stefna að því að leggja síðustu hönd á uppgjör ríkissjóðs fyrir síðasta ár, árið 1992. Það er út af fyrir sig gott mál að það skuli vera komið til Alþingis svo snemma þegar ekki er lengra liðið á árið 1993 en raun ber vitni. En ég vil minna á það sem kom fram í umræðum áðan um ríkisreikning fyrir árið 1991. Það er uppi ágreiningur um ýmis mál hvernig með skuli fara í sambandi við hann, hvort ákveðnir liðir skuli færast þar eða yfir á árið 1992 og eins og ég sagði í umræðunni um ríkisreikning fyrir árið 1991 sem við vorum með í dag, þá tel ég að þessi mál tengist öll saman. Ég tel að það tengist hvort hægt er að ljúka ríkisreikningi fyrir árið 1991, hvernig farið verður með lokafjáraukalög fyrir árið 1991 og svo þau fjáraukalög sem við erum að ræða hér núna fyrir árið 1992. Ég held að því miður hafi ekki náðst sá sparnaður sem áætlað var. Það er alveg greinilegt og reyndar ekki öll kurl komin til grafar enn. En eins og ég sagði í upphafi, þá hef ég ekki hugsað mér að hafa langa umræðu um þetta núna. Ég

ætla að geyma mér það til 2. umr. um málið.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu lengi. Ég get tekið undir margt af því sem fram hefur komið í þessari 1. umr. um málið. Ég get tekið undir það að það er að vonum að menn reki augun í þann mikla mun sem er á niðurstöðum fjárlaga plús fjáraukalaga sem lögð voru fram í haust og afgreidd í desember og þessarar endanlegu niðurstöðu sem hér birtist í frumvarpsformi, en auðvitað á eftir að fara með það mál inn í nefndina og sjálfsagt tekur það einhverjum breytingum þar, þar til þetta liggur endanlega fyrir.

Varðandi stofnkostnaðinn, þá er það út af fyrir sig rétt að búast má við því að það verði auknar framkvæmdir á yfirstandandi ári nema um varanlegar tafir sé að ræða sem stafi af því að menn kjósi að undirbúa verkin betur en gert hefur verið á umliðnum árum. Ég get reyndar nefnt dæmi um það og veit dæmi þess að menn hafa farið hægar í sakirnar t.d. í útboðum í stórum verkefnum af því að þeir vissu að það mundi ekki skaða verkið á næsta ári í framlögum og ég á þá von á því að slík verk taki þá heldur lengri tíma, en sem betur fer segi ég, af því að í þessu tilviki og í sumum getur verið sparnaður að því að verkin séu undirbúin betur á pappír áður en menn móta þau í steinsteypu.

Ég vil einnig benda á að það er ekki einungis verið að færa á milli ára inneignir heldur líka skuldir. Við megum ekki gleyma því að þetta virkar á báða vegu.

Ég ætla ekki að hefja hér deilur um sparnað og útgjöld í heilbrigðis- og tryggingmálum, enda heyrði ég á hv. 1. þm. Norðurl. e. að hann saknaði vinar í stað þar sem hæstv. heilbrrh. er ekki mættur á þennan fund, en ég get þó ekki varist því að benda á bls. 5 í skýrslu Ríkisendurskoðunar og reyndar líka bls. 40 þar sem Ríkisendurskoðun, reyndar á grundvelli sinnar eigin skýrslu, bendir á árangur sem orðið hefur í rekstri sjúkrahúsanna og klykkir út með því að segja: án þess að séð verði að þjónusta við sjúklinga hafi minnkað verulega. Ég ætla ekki að gera lítið úr því að ugglaust eru að skila sér verk fyrri ára og tek undir það sem sagt hefur verið um þessi mál að þetta eru líklega þau mál sem brýnast er að ná tökum á. Flestallar OECD-þjóðir hafa verið að reyna að ná tökum á útgjöldum til heilbrigðismála, einkum og sér í lagi vegna óhóflegs kostnaðar af sérhæfðum sjúkrastofnunum og ég bendi á að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin telur að 60% af heilbrigðiskostnaðinum sé varið í kostnað vegna sjúklinga síðustu 6 mánaða á æviárum sjúklinganna. Þetta þykir Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni vera röng áhersla, hefur bent á að það mætti nota þessa fjármuni betur til forvarna eða til fjármuna í þriðja heiminum. Ég ætla ekki að taka þá deilu upp hér í dag sem er um þessi atriði. Ég vil hins vegar benda á að Bandaríkjaforseti valdi nýlega þá manneskju sem hann treysti allra best í því stóra ríki til þess að fást við og kljást við þessi mál en það var eiginkona hans, Hillary Clinton, sem leiðir nú hóp sérfræðinga sem ætlað er að skila raunhæfum tillögum en kostnaður heilbrigðisþjónustunnar í Bandaríkjunum er sá mesti í heiminum í dag, þegar allt er talið saman, bæði opinber kostnaður og kostnaður sem einkaaðilar greiða vegna heilbrigðisþjónustunnar. Ég hygg að þetta sé það verkefni sem sé kannski stærsta verkefnið sem við stöndum frammi fyrir og ég hvet eindregið til þess að þingmenn úr öllum stjórnmálaflokkum gefi því gaum því að hér er spurning um það hvernig nýta má fjármunina betur en við gerum í dag.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. og hv. 6. þm. Vestf. fjölluðu aðeins um þær vinnureglur sem notaðar eru við flutning innstæðna og umframgjalda yfir áramót. Ég tek undir það að þessar reglur eru auðvitað alltaf til skoðunar, en það skiptir þó auðvitað miklu máli að þær séu nokkuð fastar í sessi til einhvers tíma í senn því að stofnanirnar eða stjórnendurnir verða frá upphafi að vita hverjar vinnureglur eru til að geta treyst því að þeim verði ekki breytt í lok ársins. Og ég tek skýrt fram að þetta eru vinnureglur fjmrn. við það að setja saman frv. til fjáraukalaga. Eftir að frv. hefur verið lagt fyrir þingið, þá er auðvitað valdið hjá þinginu þannig að það er ekki eðlilegt að fjárln. eða þingið semji þessar reglur. Hins vegar hefur þingið auðvitað allt vald til þess að breyta frv. eins og gefur að skilja. Ég hef hins vegar ekkert á móti því að fjárln. ræði reglurnar og gefi ábendingar því að þar eru auðvitað vanir menn og konur.

Um fyrri liðinn sem hv. þm. Jóna Valgerður, 6. þm. Vestf. minnti á, þá held ég að þetta sé nú tiltölulega skýrt, þ.e. sá texti sem kemur fram í 1. tölul. en þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ef hins vegar af einhverjum ástæðum hefur ekki verið haldið uppi þeirri þjónustu sem gert er ráð fyrir í fjárlögum, fellur heimildin niður."

Þetta er sett hér inn til þess að koma í veg fyrir það að einstakir stjórnendur stofnana grípi til þess ráðs að draga úr þjónustunni eins og Alþingi samþykkti að hafa hana í fjárlögum og ætli síðan að ná sér þannig í fjármuni sem þeir geta flutt til næsta árs til þess að eyða þeim á næsta ári. Ef hins vegar stendur þannig á að það væri ekki hægt að inna þjónustuna af hendi af einhverjum ástæðum á því ári sem liðið er, þá ber að sjálfsögðu að taka tillit til þess. En hér er einungis verið að koma í veg fyrir það að menn búi til sparnað með því að fara gegn vilja Alþingis og vona ég að það skýri kannski aðeins textann eins og á að skilja hann.

Það er óþarfi fyrir mig að hafa mörg fleiri orð um það sem fram hefur komið. Ég kannast við sértekjur sem ofáætlaðar voru vegna Landspítalans að mig minnir vegna göngudeildar krabbameinsdeildar. Ég taldi það mál hafa leyst á milli ráðuneytanna og það skýrist þá í hv. fjárln.

Að lokum, hæstv. forseti, vil ég taka undir það sem hv. þm. Jón Kristjánsson sagði um vanda ríkissjóðs. Hann er mikill og hann er vaxandi og við höfum áhyggjur af þeim vanda. Þessum vanda er stundum deilt í tvo þætti og sagt að annars vegar sé hann af hagrænum toga. Eins og kom fram hjá hv. þm., þá er það kvíðvænlegt þegar horft er á vaxandi útgjaldatölur vegna atvinnuleysistrygginga. Það er enn fremur

slæmt að þurfa að sjá tekjur lækka vegna veltubreytinga í þjóðfélaginu, en sú veltubreyting stafar af samdrættinum í okkar atvinnulífi. Við getum þó huggað okkur við það að þessi halli hverfur um leið og efnahagur þjóðarinnar lagast á nýjan leik.

Hinn þátturinn er sá kerfislægi eða innbyggði og hann er hættulegri. Allar okkar nágrannaþjóðir kappkosta nú að reyna að finna lausn á þessum kerfislægu útgjöldum, þessum innbyggða vexti sem er í ríkisútgjöldunum og sænska dæmið er kannski nýjasta og besta dæmið um það hvernig ríkisstjórn reynir að ná tökum á þessu mikla vandamáli.

Á mánudaginn kemur verður haldinn fyrsti fundur fjármálaráðherra EFTA-ríkjanna og EB-ríkjanna saman einmitt til að ræða um það hvernig hægt sé að bregðast við vaxandi atvinnuleysi á Evrópska efnahagssvæðinu. Í undirbúningsskjölum kemur skýrt fram að allar ríkisstjórnirnar eða a.m.k. flestar hverjar eru að reyna að leita leiða með því að breyta útgjöldum ríkisins, hverfa frá eða draga úr tilfærslum og niðurgreiðslum en nýta í staðinn fjármagnið til framkvæmda, sér í lagi þeirra framkvæmda sem geta orðið grundvöllur nýs hagvaxtarskeiðs. Þar koma auðvitað samgöngur langhelst til sögunnar því að með bættum samgöngum á milli héraða má stækka atvinnusvæðin og ná fram meiri hagræðingu sem auðvitað kemur þjóðinni allri vel. Þetta vil ég taka fram vegna þess að ég held að það skorti ekki skilning af hálfu ríkisstjórnarinnar á þessu viðfangsefni og ég held að það þurfi að fara annað til þess að leita að slíkum skilningsskorti. Ég ætla nú ekki að hefja umræður um það hér, en vissulega hefur það stundum hvarflað að manni að margir, kannski allt of margir, *átti sig ekki á því* að halli ríkissjóðs og aukin skuldsetning hans í dag getur ekki orðið annað en kostnaður heimilanna og fyrirtækjanna á morgun því að það er engum til að dreifa til að greiða þessar skuldir öðrum en okkur sjálfum, einstaklingum og fyrirtækjum. Mér hefur stundum fundist og ég gæti nefnt nýleg dæmi þar um, meira að segja svo nýleg að maður þorir varla að nefna þau, sem benda til þess að því miður sé ekki alltaf allt of mikill skilningur á þessum sannindum.

Að svo mæltu vonast ég til þess að nefndin sjái sér fært að afgreiða þetta frv. sem allra fyrst og satt að segja finnst mér varla boðlegt að biðja um að frv. verði geymt vegna ágreinings um færslu á málum frá 1991 því að þetta frv. á sér alveg sjálfstætt líf að mínu mati og þarf að ræðast sérstaklega sem aðskilið mál frá öðrum.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. fjmrh. fór að ræða það hér að það væri skilningsleysi á því í samfélaginu að vandi ríkissjóðs yrði vandi heimilanna og fyrirtækjanna í framtíðinni. Það má vel vera. En hann sagði jafnframt að ríkisstjórnin hefði mikinn skilning á atvinnumálum. Ég vil hins vegar árétta þá skoðun mína sem ég hef margoft látið koma fram og við í Framsfl. að það þarf að líta á þessi mál í þjóðhagslegu samhengi, þ.e. á afkomu þjóðfélagsins í heild. Það er ekki nægilegt að stefna að góðri afkomu ríkissjóðs ef það verður til þess að draga þróttinn úr atvinnulífinu í landinu. Það er til lítils að bæta stöðu ríkissjóðs og draga úr möguleikum nýrra atvinnuvega eins og t.d. ferðamannaþjónustu eða draga þannig lífið úr sjávarútveginum að þessar atvinnugreinar verði hálflamaðar á eftir og auki atvinnuleysið. Ég tel að það hafi verulega skort á þennan skilning hjá núv. hæstv. ríkisstjórn og í reynd hjá hæstv. fjmrh. Hitt er svo annað mál að það er mikil ástæða til þess að hafa áhyggjur af afkomu ríkissjóðs og þeim mikla halla sem þar er og mér hefur skilist að áhyggjur ríkisstjórnarinnar væru miklar í þeim efnum. En þrátt fyrir það stefnir í mjög vaxandi halla og það væri fróðlegt að fá það upplýst hér við þessa umræðu fyrst hæstv. fjmrh. hóf hana hvert er hans mat á því hver verði fjárlagahallinn á árinu 1993 miðað við þá kjarasamninga sem nú er verið að gera og hvernig hæstv. fjmrh. hafði hugsað sér að það yrði fjármagnað.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst út af því síðastnefnda. Því miður get ég nú ekki staðfest hver fjárlagahallinn verður á þessu ári. Kjarasamningar liggja ekki endanlega fyrir og því ekki hægt að svara því fyrr en svo er, en eins og hugmyndir liggja fyrir um, þá gæti ég trúað að fjárlagahallinn að óbreyttu gæti orðið 12–13 milljarðar á þessu ári. Ég get ekki hér og nú greint frá því hvort og hvernig viðbrögð ríkisstjórnarinnar verða til þess að *ná niður þeim áætlaða halla*. Það verður að bíða betri tíma.

Í öðru lagi vil ég taka fram að mér finnst dálítið einkennilegt að saka ríkisstjórnina um skilningsleysi á málefnum atvinnulífsins þegar fyrir liggur að engin ríkisstjórn hefur skóflað sköttum jafnrækilega af atvinnulífinu og fært yfir á aðra eins og núv. ríkisstjórn. Og þegar við það bætist að reynt er að halda uppi kaupmættinum með öllum tiltækum ráðum og kannski þar stundum gengið fulllangt á ríkissjóð í þeim efnum. Ég vil nefna dæmi um þetta sem ég veit að hv. 1. þm. Austurl. þekkir líka, að með skattahækkunum og gengislækkunum á árinu 1989, þá varð kaupmáttur ráðstöfunartekna það árið 7,8% lakari en árið á undan. Árin 1992 og 1993 til samans er áætlað að kaupmáttarrýrnunin þegar miðað er við ráðstöfunartekjur verði 7,1% lakari heldur en var 1991. Þessi samanburður sýnir kannski við hvað er að etja og hve mikið er í lagt að reyna að halda kaupmættinum uppi með aðgerðum þrátt fyrir þau vandamál sem við stöndum frammi fyrir.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh. að ákveðið hefur verið að fella niður skatt eins og t.d. aðstöðugjöldin. En það hefur líka verið ákveðið að skattleggja ferðamannaþjónustuna í landinu sérstak-

lega. Það er fyrst núna sem ríkisstjórnin ætlar að standa við loforð sem hún gaf fyrir mörgum mánuðum og er búin að hafa yfir sér verkfallshótanir í marga mánuði til þess að standa við eigin loforð. Hvers konar vinnubrögð eru þetta, hæstv. fjmrh.? Af hverju eru menn að eyða tíma sínum og þrótti í mál af þessu tagi í stað þess að eyða honum í það verkefni sem blasir við okkar alls staðar í þjóðfélaginu, þ.e. að auka atvinnuna? Vissulega er rétt hjá hæstv. fjmrh. að það er mikilvægt að halda uppi kaupmætti. En að mínu mati er miklu mikilvægara að halda atvinnu fyrir sem flesta, jafnvel þótt það þurfi að kosta einhverja kaupmáttarskerðingu. Ég tel að það sé mikilvægara eins og núna stendur að við reynum að jafna byrðar samfélagsins með þeim hætti. Hvort nægilegur skilningur er á því verkefni hjá aðilum vinnumarkaðarins skal ég ekkert segja um. En a.m.k. hefur mér fundist vera heldur lítill skilningur á því hjá hæstv. ríkisstjórn og satt best að segja hafa aðgerðir hennar í skattamálum verið afar fálmkenndar og ruglingslegar svo ekki sé nú meira sagt.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sammála hv. þm. um það að það skiptir ákaflega miklu máli við erfiðar aðstæður að jafna byrðum á okkur því að við erum í raun að skipta tapi um þessar mundir en ekki að deila út ágóða. Það verður einungis gert með þeim hætti að þeir greiði til sameiginlegra þarfa sem það geta og við það hefur stefna ríkisstjórnarinnar miðast.

Hv. þm. segir að stefna ríkisstjórnarinnar sé fálmkennd í skattamálum. Kannski má halda því fram og ég skal vissulega viðurkenna að stundum hefur verið gripið til óvæntra aðgerða, ekki síst þegar um hefur verið að ræða að ná kjarasamningum eða reyna einmitt að jafna byrðunum á landsmenn. En meginstefnan hefur þó verið sú að reyna að breikka skattstofna. Ég minni á að þótt ferðamannaiðnaðurinn þurfi að bera 14% virðisaukaskatt í öllum greinum nú, en hann þurfti að gera það í flestum greinum áður, þá verður tryggingagjaldið jafnframt lækkað af ferðamannaþjónustunni.

Þetta vildi ég að kæmi skýrt fram en vissulega má segja og ég skal viðurkenna það að það að lækka t.d. sérstaklega skatta af matvælum sé stílbrot á þessari stefnu. Ég leyni því ekkert að ég hefði fremur viljað sjá hærra hlutfallið almennt lækkað en fara þá leið sem uppi er krafa um, en þá verður auðvitað pólitískt mat að ráða. Þegar til lokaniðurstöðunnar kemur borgar sig að halda friði og stöðugleika í þjóðfélaginu og reyna að byggja upp framtíðina við slík skilyrði eða á að halda áfram og vera í stríði við aðila vinnumarkaðarins?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gjald af tóbaksvörum, 1. umr.

Stjfrv., 549. mál. — Þskj. 914.

og

Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, 1. umr.

Stjfrv., 550. mál (einkaréttur til sölu á tóbaki). — Þskj. 915.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Komið hefur fram ósk frá hæstv. fjmrh. að taka til umræðu sameiginlega tvö dagskrármál og ef ekki koma fram athugasemdir þá verður tekið fyrir í fyrsta lagi 14. dagskrármálið, Gjald af tóbaksvörum, og 15. dagskrármálið, Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir að fá að mæla fyrir þessum tveimur frv. í einni framsöguræðu, enda er það frv. sem síðar er á dagskrá bein afleiðing fyrra frv. sem er efnislega aðalfrv. Með því frv. er lagt til að tekið verði upp nýtt gjald er leggja skal á allt tóbak og gjaldinu er ætlað að koma í stað einkasölugjalds á tóbaki. Talið er eðlilegra fyrir ríkið og mun einfaldara miðað við núverandi aðstæður að afla þeirra tekna af tóbakssölu sem taldar eru æskilegar á hverjum tíma með beinni skattlagningu á innflutning þess og framleiðslu í stað þess að afla þeirra tekna sem einkasöluaðili. Frv. gerir ekki ráð fyrir breytingum á fyrirkomulagi tóbaksvarna. Áfram verður í gildi ákvæði um merkingar, bann við auglýsingum o.s.frv. Þær verðlagningarreglur sem munu gilda samkvæmt þessu frv. ef það verður að lögum eru byggðar á þeim aðferðum sem notaðar hafa verið við ákvörðun verðs hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins á undanförnum árum.

Gert er ráð fyrir hækkun tóbaksgjalds um 3% til að mæta framlagi í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem annars hefði orðið af tekjum eins og þekkt er. Í megindráttum felast þessar nýju álagningarregur tóbaks í því að við kostnaðarverð vindlinga er bætt föstu gjaldi, þ.e. tóbaksgjaldi, sem nemur 5,60 kr. á hvert stykki. Gjald þetta er grunngjald sem má hækka í samræmi við þróun framfærsluvísitölunnar. Á kostnaðarverð annars tóbaks er hins vegar lagt fast gjald er nemur 4,30 kr. á gr nema neftóbak þar sem gjaldið nemur 1,50 kr. á gr. Engar reglur munu gilda um ákvörðun heildsölu- og smásöluálagningar.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að tóbaksgjald verði innheimt með sama hætti og vörugjald að öðru leyti en því að tóbaksgjald verður magngjald. Samkvæmt a-lið 2. mgr. 1. gr. er lagt til að tóbaksgjald verði innheimt af öllu ónunu tóbaki. Þetta leiðir til þess að af hráefnum til tóbaksframleiðslu ber þegar við tollafgreiðslu að greiða tóbaksgjaldið.

Samkvæmt b-lið þessarar greinar er lagt til að gjald af hverju grammi af nettóþyngd hvers pakka af vindlum verði 4,30 kr. Á árinu 1992 voru seld tæplega 26 tonn af vindlum og hefðu tekjur ríkissjóðs þá verið tæpar 112 millj. kr. vegna þeirra miðað við það gjald sem að ofan greinir fyrir utan aðflutningsgjöld og virðisaukaskatt. Samkvæmt c-lið er lagt til að gjaldið verði 560 kr. af hverjum 100 stykkjum af vindlingum. Gjald af hverju grammi vindlings er samkvæmt þessu aðeins hærra en af öðru tóbaki. Á árinu 1992 seldust rúmlega 400 þús. mill af vindlingum en mill eru þúsund stykki. Miðað við svipaða sölu má áætla að tekjur af gjaldinu af vindlingum á næsta ári verði 2,2 milljarðar eða rúmlega það á verðlagi janúarmánaðar á þessu ári.

Samkvæmt d-lið greinarinnar er lagt til að sama gjald verði lagt á reyktóbak og vindla. Til þessa hefur einkasölugjaldið af reyktóbaki verið nokkru lægra en af vindlum. Sala á árinu 1992 nam tæpum 14 tonnum. Miðað við svipaða sölu næmu tekjur af gjaldi af reyktóbaki um 59 millj. kr. á næsta ári á núvirði. Í f-lið 1. gr. er lagt til að gjald á neftóbak, sem inniheldur ammoníakupplausn, verði 1,50 kr. af hverju grammi. Sala þess á árinu 1992 nam rúmum 17 tonnum.

Í 2. gr. er sýnt hvernig skipting tóbaksgjaldsins verður á milli Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og ríkissjóðs en með afnámi einkasölu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins af tóbaki munu tekjur Jöfnunarsjóðs af landsútsvari lækka. Með því að láta 3% af tóbaksgjaldinu renna í sjóðinn er talið að vega megi upp þessa lækkun.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla sérstaklega um 3., 4. og 5. gr. en í 6. gr. er lagt til að allar gjaldskyldar tóbaksvörur skulu merktar merki tollyfirvalda til sönnunar því að tóbaksgjald hafi verið af þeim greitt og er það sama regla og nú gildir.

Í 7. gr. er kveðið á um heimild til handa fjmrh. að hækka tóbaksgjald í samræmi við hækkun framfærsluvísitölu. Grunngjaldið er miðað við framfærsluvísitölu í janúar 1991 sem hefur það í för með sér að fjmrh. á hverjum tíma hefur heimild til að hækka tóbaksgjaldið sem næst 10% frá því sem nú gildir. Þessi heimild er til að tryggja að ráðherra hafi nokkurt svigrúm til verðákvörðunar, m.a. til að bregðast við ef afnám á einkasölu á tóbaki verður til þess að tóbaksverð lækki.

Í 8. gr. er fjallað um reglurnar um vörugjald. Ég tek fram að þá mundu sömu reglur gilda um tóbaksgjaldið og greiðslu þess og um vörugjald og þar með greiðslufrest á vörugjaldi.

Í 9. gr. er fjallað um tóbaksvarnir en samkvæmt 15. gr. laga nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, þá skal verja til þeirra 0,2% af brúttósölu ÁTVR. Í frv. sem er til umræðu er gerð tillaga um að 0,5% af tekjum ríkisins af tóbaksgjaldi sbr. 1. gr. frv. til laga um gjöld af tóbaksvörum verði varið til tóbaksvarna. Með þessu ákvæði á að vera tryggt að fjárframlög til tóbaksvarna verði með sama hætti og nú tíðkast þrátt fyrir þá kerfisbreytingu sem hér um ræðir.

Því miður birtist ekki með frv. umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. en sú umsögn verður að sjálfsögðu send hv. efh.- og viðskn. sem fær málið til afgreiðslu, en ég get látið það koma fram að það er gert ráð fyrir að tekjur ríkisis geti aukist um allt að 100 millj. kr. miðað við óbreytta sölu verði þetta frv. samþykkt.

Verðlag tóbaks mun líklega hækka eitthvað, bæði vegna hækkunar tóbaksskattsins og eins vegna þess að heildsalar þurfa álagningu til að mæta heildsölukostnaði. Hækkunin mun leiða til samdráttar í neyslu að mati tóbaksvarnarnefndar. Þegar allt er saman dregið er náttúrlega um nokkra óvissu að ræða, en heldur má gera ráð fyrir að frv. auki tekjur ríkissjóðs.

Hæstv. forseti, ég mun nú víkja að síðara frv., þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf. Þær breytingar sem þar eru gerðar eru breytingar sem leiða af fyrra frv. en frv. þessu er ætlað að breyta lögum þannig að einkaréttur ríkisins til sölu á tóbaki verður afnuminn. Í frv. sem ég mælti fyrir hér rétt í þessu er gerð grein fyrir því að nettótekjur ríkissjóðs af tóbakssölu munu hækka við afnám einkasölunnar. Gjöld af tóbaksvörum breytast af einkasölugjaldi í tóbaksgjald sem verður innheimt við tollafgreiðslu.

Eins og hv. alþm. vita á sér stað verðjöfnun á tóbaki í dag. Verði frv. þetta að lögum fellur hún að mestu niður, enda verður ekki séð hvaða sjónarmið það eru sem réttlæta verðjöfnun á tóbaki umfram aðrar vörur, þar á meðal ýmsar nauðsynjavörur. Í kjölfar frjálsrar verslunar með tóbak er ljóst að tóbaksdeild ÁTVR verður lögð niður. Samt sem áður tek ég fram að það er álit þeirra heildsala sem ég hef átt tal við um þetta efni að munur á vöruverðinu verði mjög lítill. Það hefur tíðkast að heildsalar hafa dreift álagningunni þannig að nokkur hluti flutningskostnaðarins kemur fram í hærri álagningu á þéttbýlissvæðunum og er talið að ekki verði mikill munur á álagningunni þrátt fyrir það að flutningskostnaðurinn komi til. Þótt það sé ekkert markmið í sjálfu sér fyrir þann sem hér stendur tel ég rétt að það komi fram.

Sumir telja að þetta frv. hafi í för með sér stórkostlega breytingu á söluvenjum. Svo er að sjálfsögðu ekki vegna þess að tóbak fæst í öllum matvöruverslunum, sjoppum og hvar sem er og er ekki selt í sérstökum verslunum eins og áfengi, en ekki er gert ráð fyrir því í þessu frv. né heldur hefur ríkisstjórnin markað neina stefnu í þeim efnum og verður að sjálfsögðu að skilja hér rækilega á milli annars vegar tóbaks og hins vegar áfengis. Ég leyni því hins vegar ekki að ég tel að það væri til bóta ef ríkið hætti útsölu á áfengi. Ég tel að engin nauðsyn sé á því að opinberir starfsmenn afgreiði brennivín á daginn á meðan þjónar í veitingahúsum geta gert það á kvöldin. Þetta þýðir hins vegar ekki það að ég sé hlynntur frjálsri sölu áfengis, síður en svo, því að ég tel að auðvitað eigi sveitarstjórnir og lögregluyfirvöld að hafa mest um það að segja hvar slíkar verslanir eigi að vera opnar og hvaða skilyrði eigi að vera fyrir hendi til þess að opna megi slíkar verslanir. Það er til að mynda í góðu samræmi við þá reglu sem hér gildir um áfengissölu að kvöldi til. Mér finnst það vera í reynd dálítið sérkennilegt að fjmrh. á hverjum tíma geti t.d. ráðið hve margar áfengissölur eru opnar í Reykjavík á daginn. Mér finnst það vera

frekar stjórnvaldið sem stendur íbúunum nær sem eigi að ráða slíku og þá í fullu samráði við lögreglu yfirvöld og ég hef aldrei skilið hvers vegna fjmrh. á að ráða því nákvæmlega hvenær sveitarstjórnum úti á landi þóknast að opna útsölur þar. Mjög margar beiðnir liggja fyrir um slíkt og ég tel að fjmrh. sé ekki sá sem mest vit hefur á þeim málum jafnvel þótt í þá stöðu veljist nú oft menn sem þekkja vel til brennivínsmála, misjafnlega mikið þó sem betur fer eins og dæmin sýna. Ég held að þessu máli sé betur varið hjá stjórnvöldum sem eru nær íbúum hvers byggðarlags fyrir sig, en ég tek fram að hér er ekki verið að fjalla um þau mál, síður en svo, heldur einungis um tóbaksverslunina.

Hæstv. forseti. Að allra síðustu mælist ég til þess eftir að þetta mál hefur fengið þá umræðu sem þarf við 1. umr. málsins, verði frv. vísað ti 2. umr. og þá til afgreiðslu í efh.- og viðskn. hv. Alþingis.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Þetta mál mun nú koma til umfjöllunar í þeirri nefnd sem ég á sæti í, en ég vil þó við 1. umr. láta koma fram nokkrar athugasemdir.

Mér finnst þessi frumvarpssmíð vera heldur óvönduð og greinargerð málsins vera ónákvæm og í reynd upplýsti hæstv. fjmrh. að hún væri ekki lögum samkvæmt vegna þess að það vantaði greinargerð og umsögn frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Spurningin hlýtur fyrst og fremst að vera sú, mun það leiða til einhverrar hagkvæmni í þjóðfélaginu að leggja niður stöður þessara sex manna hjá ÁTVR sem frv. þetta gengur í reynd út á? Það er aðalatriði málsins. Það er að losna við sex embættismenn hjá ÁTVR og annað markmið frv. er nú svo göfugt að fella niður verðjöfnun á tóbaki, enda verði ekki séð að það sé réttlátt að vera að verðjafna slíkan varning umfram aðrar vörur.

Það er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh. að það er misjafnt vöruverð í landinu. En sem betur fer eru til þeir aðilar sem leggja metnað sinn í það að vöruverð á vissum vörum sé sambærilegt um allt land. En nú gerir hæstv. fjmrh. bara beina tillögu um að það sé eðlilegt að það sé greitt mun hærra verð fyrir tóbak í Grímsey, svo einn staður sé nefndur, en í Reykjavík. Það sé sjálfsagt mál. Þetta finnst mér vera vond hugsun og ég lýsi vonbrigðum mínum með það að hæstv. fjmrh. skuli sérstaklega taka það fram í ræðu sinni að það sé nú ekki mikið réttlæti í þessu fólgið. Hvað sem má um neysluhópa áfengis segja, þá tel ég að það sé eðlilegt að það sé selt á sama verði í landinu öllu þannig að það ríki jafnræði í þeirri notkun eða misnotkun eftir því sem menn telja á hverjum tíma.

Hér liggur ekkert fyrir um það hvaða áhrif þetta mál muni hafa á rekstur ÁTVR. Það stendur að vísu að það munu verða lagðar niður sex stöður og síðan muni heildsalar taka að sér alla dreifingu og birgðahald ef ég skil málið rétt. Ég veit ekki betur en ÁTVR séu búið að byggja upp sölumet í þessu sambandi og hafi byggt húsnæði til þess að geyma þessar vörur. Síðan kemur hæstv. fjmrh. og segir að að sjálfsögðu munu heildsalarnir þurfa að hækka sína álagningu til að mæta kostnaði. Ég efast ekki um að þetta er rétt. Er líklegt, hæstv. fjmrh., að þessi álagning verði meiri en það sem það kostar ÁTVR í dag að höndla með þessa vöru, þar með talið sá kostnaður sem mun óhjákvæmilega verða áfram á fyrirtækinu vegna þess að húsnæði þess og aðstaða mun ekki nýtast að fullu?

Hæstv. fjmrh. sagði að þetta mundi færa ríkissjóði 100 millj. til viðbótar og það væri að sjálfsögðu aðallega vegna þess að þetta hækkar skattinn og þetta mundi sennilega leiða til þess að vöruverð á þessari vöru mundi hækka eitthvað. Er ekki alveg ljóst, hæstv. fjmrh., að það væri hægt að ná alveg sama árangri í tekjuöflun til ríkissjóðs með því að hækka skattinn á tóbaki?

Ég vil taka það fram að ég er ekki á móti því sem kallað er einkavæðing. Ég tel að almennt eigi einstaklingar að hafa með höndum þau mál sem þeir geta og ekki er nauðsynlegt að ríkið fjalli um. En ég er ekki meðfylgjandi einkavæðingu einkavæðingarinnar vegna eins og hæstv. ríkisstjórn virðist vera. Það virðist vera aðalatriðið að einkavæða án þess að það sé nokkur hagur að því og í þessu tilviki þykir mér trúlegt að það muni leiða til óhagkvæmni í þjóðfélaginu. En það virðist ekki skipta núverandi ríkisstjórn nokkru einasta máli. Það er aðalatriði að koma þessum sex starfsmönnum í burtu og fela heildsölunum að fjalla um þetta allt saman án þess að það sé gerð minnsta tilraun til þess að gera grein fyrir því hver hagur verði af málinu og því hlýtur maður að spyrja: Hvaða úttekt liggur fyrir frá ÁTVR í þessu máli? Þeir hljóta að hafa skilað greinargerð um málið áður en þetta frv. var flutt.

Mér þykir líka líklegt að það hafi verið haft samband við Verslunarráð Íslands, Kaupmannasamtökin eða einhverja slíka aðila og þeir spurðir um það hver hagkvæmnin verði að þessu. En það er ekki gerð minnsta tilraun til þess í frv. til að útskýra það og aðeins sagt að Fjárlaga- og hagsýslustofnun muni skila áliti um þetta einhvern tíma síðar sem þeir áttu að hafa gert. Ég vil lýsa yfir mikilli óánægju með þessa frumvarpssmíði og það hlýtur að verða til þess að efh.- og viðskn. verður að fara rækilega ofan í þessa þætti málsins til þess að leiða fram sannleikann í málinu. En þó er nú e.t.v. besta setningin í þessari greinargerð, með leyfi forseta:

„Í ljósi þessa má því álykta að það sé í raun siðferðilega ámælisvert af ríkinu að stunda verslun með tóbak."

Það má vel vera að það sé siðferðilega ámælisvert af ríkinu að stunda verslun. En er líklegt, hæstv. fjmrh., eða er hugmyndin með þessu frv. að minnka verslun með þessa vöru? Er það þá ekki siðferðilega ámælisvert að flytja ekki frv. sem dregur úr verslun með tóbaki? Er einhver sérstök siðferðisbót í því að ríkið hætti að selja ákveðna hluti ef aðrir munu selja jafnmikið og e.t.v. meira? Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvernig standi á því að ríkisstjórnin telur þetta frv. vera sérstaka siðferðisbót til handa ríkisstjórninni. Ég get verið sammála hæstv. fjmrh. að ríkisstjórnin þarf mjög á því að halda um þessar mundir að sýna slík frumvörp. En að hér sé komið lausnarorðið á nýju siðferði

ríkisstjórnarinnar leyfi ég mér að efast um þótt ég hafi þar ekki nein sérstök mál í huga og vildi biðja hæstv. fjmrh. að upplýsa það hér í hverju þetta nýja siðferði er fólgið.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Siðbótamaðurinn í ríkisstjórninni hefur nú lagt fram tvö frumvörp sem hafa lengi verið til umfjöllunar í fjölmiðlum þó að þau komi ekki til okkar kasta fyrr en nú og eftir því sem best verður séð á þessum frumvörpum virðist markmiðið með þeim fyrst og fremst vera að draga úr ríkisumsvifum eins og segir í greinargerð með öðru þeirra. En þar eru menn að reyna að efna einhver fyrirheit í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að draga úr ríkisumsvifum þar sem þess er kostur og afnema einkarétt ríkisins til sölu á tóbaki. Það er kannski ekki seinna vænna að ríkisstjórnin fari að uppfylla einhver þau loforð sem hún gaf um einkavæðingu í stefnuyfirlýsingu sinni vegna þess að ekki gengur nú vel að selja þau fyrirtæki sem áttu að skila heilmiklum tekjum til ríkissjóðs á þessu ári og reyndar kjörtímabilinu öllu. En ég er ekki sannfærð um að þetta sé rétt stefna sem ríkisstjórnin er hér með, þ.e. að afnema þennan einkarétt ríkisins til sölu á tóbaki og áfengi vegna þess að ég sé ekki einkavæðingu eða það að draga úr ríkisumsvifum sem dyggð í sjálfu sér. Það getur þjónað ákveðnum markmiðum að draga úr ríkisumsvifum og að einkavæða, en menn verða þó að gera sér grein fyrir hver þau markmið eru nákvæmlega. Ef menn hefðu t.d. einhver markmið eins og þau að draga úr neyslu áfengis og tóbaks og vildu þar af leiðandi beita einkavæðingu til þess, þá væri þetta auðvitað skiljanlegt. En það eru engin sérstök markmið sett í þessum frumvörpum önnur en þau að draga úr ríkisumsvifum en markmiðin eru engin.

Ég hef alltaf skilið það svo að ef við værum að koma á frjálsri verslun með einhverja vöru, þá værum við að bjóða upp á frjálsa samkeppni, frjálsa verðmyndun sem leiddi síðan hugsanlega til aukinnar neyslu, til lægra vöruverðs o.s.frv. Nú verður það ekki svo að það verði frjáls verslun í rauninni með tóbak og áfengi, ekki áfengi sérstaklega en tóbak er auðvitað selt hvar sem er, en það er ekki frjáls verðmyndun í þessum vöruflokki þannig að við getum aldrei talað um að einkavæða á þann máta sem menn hafa yfirleitt hugsað sér þegar um einkavæðingu er að ræða. Tóbak og áfengi er yfirleitt ekki eins og aðrar nauðsynjavörur og geta ekki lotið sömu lögmálum og aðrar nauðsynjavörur. Þess vegna hnaut ég líka um þetta eins og sá sem talaði hér á undan mér að það er dálítið sérkennilegt yfirleitt að vera að líkja tóbaki við aðrar vörur, þar á meðal ýmsar nauðsynjavörur eins og gert er í greinargerð með frv. vegna þess að þó að ég viti það að tóbak sé ýmsum mikil nauðsyn og ég hef svo sem verið í þeim hópi líka, þá eru þetta ekki hinar hefðbundnu nauðsynjavörur. Það vill nefnilega þannig til með tóbak og áfengi að það eru kannski einu lögleiddu fíkniefnin í landinu og við skulum bara horfast í augu við það. Þetta eru auðvitað fíkniefnin sem eru lögleidd og sem eru seld með vissri vernd af ríkisins hálfu, en það er ekki þar með sagt að þau eigi að lúta sama frjálsræði og aðrar vörur.

Hingað til hafa yfirvöld haft þrjár aðferðir til þess að takmarka neyslu á bæði áfengi og tóbaki. Það er í gegnum aðgengið, að takmarka aðgengi að þessum vörum, þ.e. eins og með áfengi að selja það á fáum tiltölulega afmörkuðum stöðum. Það er í gegnum verðmyndunina og það hefur t.d. verið með tóbakið að verðleggja það hátt, draga þannig úr neyslunni, og svo hefur það verið í gegnum fræðsluna.

Nú kann það að vera minn ókunnugleiki en mér sýnist eins og á þessu frv. um gjald af tóbaksvörum sé í rauninni girt fyrir þann möguleika að beita hækkunum til þess að sporna gegn neyslu eins og verið hefur. Það hefur verið hægt að taka einfalda ákvörðun um það að hækka verulega tóbak til þess m.a. að ná tekjum í ríkissjóð, en líka til þess að draga úr neyslu en mér sýnist á þessu frv. að þetta muni ekki vera hægt áfram. Það þurfi þá sérstaka lagabreytingu til þess því að í 7. gr. frv., og ráðherra leiðréttir mig ef þetta er ekki rétt hjá mér, er sagt að fjmrh. sé heimilt með reglugerð að hækka gjald af hverri gjaldskyldri einingu, samkvæmt 2. mgr. 1. gr., þannig að það hækki í réttu hlutfalli við hækkun sem kann að verða á framfærsluvísitölu en annað ekki, þetta sé grunntaxti sem hækki síðan með vísitölu. Þannig að ef þetta er rétt skilið hjá mér, þá verði ekki hægt að beita t.d. verðhækkunum á tóbaki til þess að stýra neyslu og hafa stjórn á henni.

Þá kemur fram í greinargerðinni eða athugasemdum við lagafrv. að engar regur munu gilda um ákvörðun heildsölu- og smásöluálagningar, þ.e. heildsalinn geti ákveðið það sjálfur hvað hann tekur mikið til sín og eins sá sem er með þetta í smásölu sem þýðir þá væntanlega það, ef ég skil þetta líka rétt, að heildsalinn og sá sem er með þetta í smásölu getur gefið tiltekinn afslátt meðan hann verður að ná upp neyslu. Ef hann vildi ná upp neyslu á sinni tóbakstegund, þá gæti hann gefið afslátt af heildsöluverði, af smásöluverði í tiltekinn tíma og þetta er auðvitað alkunna á markaðnum að fyrirtæki beita slíkum aðferðum til þess að ná markaðsstöðu, þá geta þau gert það meðan þau eru ná upp tiltekinni neyslu á vörunni. Og ég held að þetta ákvæði t.d. muni virka neysluhvetjandi. Þar af leiðandi finnst mér að þetta frv. þjóni voða litlum tilgangi vegna þess að það hafi það eitt að markmiði að draga úr ríkisumsvifum, heldur held ég að það geti verið slæmt vegna þess að það muni auka neyslu á tóbaki.

Það var gert að umtalsefni hérna á undan mér að það væri dálítið sérkennilegt að sjá það í grg. með frv. að fjmrh. væri að þessu til þess að gera ákveðna siðbót vegna þess að hann hefði móral yfir því að ríkisstjórnin væri að selja tóbak, það væri siðferðilega ámælisvert af ríkinu að stunda verslun með tóbak. Þetta er náttúrlega mjög sérkennileg syndaaflausn sem farið er fram á þarna vegna þess að eftir sem áður á að selja tóbak og eftir sem áður á að hafa tekjur af áfengi og tóbaki og heldur meiri en núna þannig að þetta er nú hreinlega kattarþvottur en ekki hvítþvottur. Og það eina sem menn gætu gert ef þeir vildu í rauninni fá

einhverja syndaaflausn og gera siðbót og draga úr neyslu á áfengi og tóbaki, væri hreinlega að flytja frv. um að afnema réttinn til að selja tóbak og áfengi ef menn væru í raun og veru að hugsa um siðbótina eða þá að flytja einhver frumvörp um að draga úr neyslu á tóbaki og áfengi. En mér finnst þessi frumvörp vera varhugaverð og ég held að þau þurfi mjög gaumgæfilegrar skoðunar við.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er nú svo að menn hafa lengi deilt um það hvort kom á undan, eggið eða hænan. Ég er ekki sammála þeirri röð sem hæstv. fjmrh. hafði þegar hann var að raða þessum frv. og þeirri röð sem er á dagskránni. Mér finnst aðalfrv. vera á þskj. 915 og frv. á þskj. 914, þ.e. frv. um gjald af tóbaksvörum, sé afleiðing af hinu fyrra. Ef hið síðara yrði ekki að lögum, þ.e. frv. um afnám einkasölunnar á tóbaki, þá þyrfti ekki á hinu frv. að halda.

Auðvitað er hér um að ræða lið í einkavæðingarkrossferð ríkisstjórnarinnar. Þetta eru trúarbrögð hjá blessuðum mönnunum, því miður, því að í eftirsókn sinni eftir að dýrka þessi trúarbrögð reynast þeir ótrúir þjónar, þeir reynast ranglátir ráðsmenn svo að maður noti orðalag úr Biblíunni, þeir rýra aðstöðu ríkissjóðs og ríkisins sem þeir eru kjörnir til að fara með. Þeir sýna ríkinu ekki eðlilegan trúnað. Núverandi kerfi hefur reynst vel. Ríkiseinkasalan hefur gefið drjúgar tekjur og það var einföld skattheimta, meira að segja að mínum dómi réttlát skattheimta. Ég hef ætíð verið því fylgjandi þegar ríkissjóður hefur verið í fjárþröng sem hann hefur nú verið svo lengi sem ég man eftir, þá hef ég verið því fylgjandi að hækka áfengi og tóbak fremur en hækka aðra skatta. Ég rökstyð það með því að þetta er skattur sem maður greiðir með glöðu geði eða getur neitað sér um að greiða eftir atvikum. Og þeir sem neyta þessarar vöru greiða skattinn en sleppa ef þeir neyta hennar ekki.

Í frv. um gjald af tóbaksvörum eru því gerðir skórnir að með samþykkt þess frv. muni tekjur ríkissjóðs aukast eitthvað, en það hefði nú verið auðvelt að hækka verðið eftir gamla skipulaginu. Ég þarf út af fyrir sig ekki að bæta miklu við ágæta ræðu hv. 1. þm. Austurl. hér um. Ég tel að þessi einkavæðing sé misráðin. Hún gengur í flestum tilfellum út á það hjá hæstv. ríkisstjórn að hygla einhverjum ákveðnum aðilum í þjóðfélaginu, væntanlega til þess að eiga þar hauka í horni síðar þegar kemur að dómsdegi ríkisstjórnarinnar, þ.e. kosningadegi næst. Það er verið að færa það sem fémætt er í eigu ríkisins í hendur ákveðinni aðila í þjóðfélaginu og oftast er það nú kolkrabbinn. Hér er verið að hygla ákveðinni tegund verslunar, þ.e. tóbaksinnflytjendum. Hv. 1. þm. Austurl. gerði rækilega grein fyrir því hvernig verðjöfnunin sem ég tel að eigi fullan rétt á sér hverfi, tóbakið verði dýrara í Grímsey en í Reykjavík og það finnst mér spor aftur á bak og óréttlæti. Þetta nýja skipulag hvetur til auglýsingastríðs eða gæti hvatt til auglýsingastríðs og ég lít svo á að okkur sé sómi að því Íslendingum að hafa bann við auglýsingum á tóbaki og áfengi. Ég vil halda í það bann. En tvímælalaust verður þrýstingur á ef hið nýja skipulag verður tekið upp að hverfa frá því banni.

Ég lít svo á, frú forseti, að samþykkt þessara tveggja frumvarpa sé skref aftur á bak og ég er andvígur þessari breytingu sem hér er lögð til. Hæstv. fjmrh. var enn fremur með hótanir um að ganga lengra og ráðast næst á Áfengisverslunina. Ég er líka anvígur því.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Í máli þriggja síðustu ræðumanna hafa komið fram athugasemdir við þessi frumvörp sem hér eru til umræðu og hæstv. fjmrh. mælti fyrir. Get ég tekið undir flest af þeim atriðum sem þar komu fram og skal reyna að endurtaka þau ekki mikið. Í mínum huga er þetta tvíþætt mál. Annars vegar er hér um að ræða einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar, að losa ríkið við sem mest umsvif og þá efnahagsmál. Hins vegar er það heilbrigðismál. Við vitum að í núgildandi fjárlögum er gert ráð fyrir því að ríkið fái töluverðar tekjur af sölu á ríkisfyrirtækjum. Hér er þó held ég nokkur undantekning á þar sem hér er ekki gert ráð fyrir neinum hagnaði af því að ríkið hætti þessari starfsemi og afhendi hana öðrum, enga greiðslu fyrir það. Heildsalarnir eiga að fá þarna nýja vörutegund sem er eftirsótt af mörgum og því viss verslun með án þess að þurfa að greiða neitt fyrir í upphafi fyrir það að fá þetta frá ríkinu. Þarna er verið að færa ákveðnum aðilum í þjóðfélaginu upp í hendurnar möguleika á því að auka tekjur sínar og það verulega eins og hæstv. fjmrh. gaf í skyn því að þeir mundu hækka töluvert dreifingarkostnaðinn við það að fá þetta í hendur. Ég vil bæta þessu við önnur þau atriði sem hér hefur verið bent á af þeim sem gert hafa athugasemdir við þetta frv. að þessu leyti.

Hv. 10. þm. Reykv. benti á að hér væri um frjálsa verðlagningu að ræða og því gætu seljendur komið á tilboðsverðum til þess að auka sölu tímabundið og stækkað þannig sinn markað í framtíðinni. En mér sýnist að þetta geti verið notað á fleiri vegu. Við vitum að þetta er vara sem er eftirsótt af ýmsum og því gæti það laðað viðskiptavini að verslun ef þar væri á boðstólum þessi vara á lágu verði eitthvað tímabundið. Við vitum það að kaupmenn telja að sé hagur af því að bjóða á einhverjum vildarkjörum ákveðna vörutegund til þess að fá viðskiptavini til sín og þannig hagnast á því í reynd þó að veittur sé afsláttur á vörutegund í von um að það auki heildarviðskipti. Þá er það hin hliðin sem ég minntist á, þ.e. heilbrigðismálin. Ég tel að það sé margsannað hversu skaðleg tóbaksneyslan er, sérstaklega reykingarnar, og því megi ríkið ekki hugsa um þetta mál út frá fjárhagslegu sjónarmiði heldur fyrst og fremst út frá heilbrigðissjónarmiði. Hvað getur ríkið gert til þess að draga úr slæmum afleiðingum af neyslu þess? Það eru svo glöggar skýrslur frá læknum um afleiðingarnar af tóbaksneyslu og ég býst við að við mörg hver þekkjum það af eigin raun vegna ýmissa atvika eða dæma um það. Það er ekki aðeins

dýrkeypt fjárhagslega heldur eru það miklar þjáningar sem þeir verða fyrir sem ekki þola þessa neyslu og verða að leita til lækna og sjúkrahúsa til meðferðar. Þar er kominn þungur baggi sem bætist á ríkið vegna þeirrar meðferðar sem þetta fólk þarf þá á að halda. Ég vil taka undir það sem sagt var um furðuleg viðhorf um siðferðisaflausn með þessu frv. Það er sannað erlendis hvað snertir t.d. áfengisneyslu að þar sem ríkiseinkasala er, þar er minni neysla en þar sem sala er frjáls. Meira að segja hefur sums staðar, t.d. í sumum fylkjum Bandaríkjanna, verið gefin frjáls sala og hefur þá í kjölfarið af því fylgt ótrúlega mikil aukning á neyslu, sem er svo mikil breyting að ekki er hægt annað en halda því fram að það sé bein afleiðing af því að einkasölu er hætt.

Við vitum það líka að þegar einstaklingar fara að sjá möguleika á því að græða á aukinni sölu, þá eru notaðar margar leiðir til þess að vinna að því, jafnvel þó að beinar auglýsingar séu bannaðar. Ég vonast til þess að það bann muni gilda áfram, en tækifærin eins og ég hef bent á og fleiri hafa rakið til þess að vekja athygli á vörunni eru vitanlega mörg þó að ekki sé um beinar auglýsingar að ræða. Því miður hefur nú verið sniðgengið og gengið nokkuð langt í því að fara fram hjá ákvæðunum um bann við auglýsingum um tóbak og áfengi. Við þurfum ekki annað en sjá hinar mörgu greinar í blöðum og tímaritum um áfenga drykki og það er má segja daglega í blöðum og tímaritum um það fjallað á einhvern hátt. Auðvitað er það ekkert annað en óbein auglýsing. En við vitum líka að þeir sem hafa ávinning af aukinni sölu vilja gjarnan greiða eitthvað fyrir slíkar óbeinar auglýsingar þannig að leiðirnar til slíkra hluta eru ákaflega margar.

Mér fannst dálítil mótsögn í því hjá hæstv. fjmrh. að hann sagði eða vildi undirstrika að þetta frv. fjallaði eingöngu um tóbak en ekki áfengi, en sagði samt síðan í framhaldi af því að sín skoðun væri sú að það ætti að hafa sama hátt á með áfengið að ríkið hætti að selja það. Það er, verð ég að viðurkenna, að sjálfsögðu í mínum huga miklu stærra mál og ég vonast satt að segja til þess að fjmrh. muni ekki knýja fram að leggja slíkt frv. fram hér á Alþingi, heldur hugsa fyrst og fremst um hina hliðina, þ.e. heilbrigðismálin og afleiðingarnar af neyslu þessara efna. Ég skal ekki fara mörgum orðum um það, en hlýt þó vegna þessara ummæla hæstv. fjmrh. að láta í ljós vonbrigði mín með það hvað Alþingi er tómlátt að taka á þeim málum miðað við hinar sífelldu fréttir af afleiðingum af áfengisneyslunni og þá skemmst er að minnast frétta nú um páskana að á hverjum morgni var sagt að annasamt hefði verið hjá lögreglunni og þá fyrst og fremst að stilla til friðar í heimahúsum. Ég held að allir geti gert sér í hugarlund hvar þar hefur þá legið að baki.

En ég vil taka undir með öðrum og láta í ljós vonbrigði mín með þetta frv. og vonast til þess að það verði ekki afgreitt á þessu þingi heldur snúi Alþingi sér að því að reyna að fá ávinning með þveröfugum aðferðum að draga úr kostnaði við afleiðingar af neyslu tóbaks.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég mun ekki halda hér langa ræðu. Það hafa komið fram flestir efnisþættir málsins og þessi umræða hefur kannski verið talandi dæmi um það gagn sem getur verið af 1. umr. En það sem ég ætlaði að gera hér að umtalsefni er það á hvaða vettvangi Alþingi fjallar um þessa tillögu.

Nú er það rétt að hér er verið að fjalla um skattlagningu ríkisins og á þeim forsendum er málinu vísað til efh.- og viðskn. Það virðist hins vegar ekki vera neitt álitamál og vilji hæstv. ráðherra sem ber málið fram að það eigi að halda í það minnsta svipaðri skattlagningu áfram sem hingað til. Mér sýnist þess vegna í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram að umfjöllun þingsins um þetta mál hljóti ekki síður að vera út frá heilbrigðissjónarmiði og á þeim forsendum fyndist mér eðlilegt og æskilegt að málið yrði sent til umsagnar frá efh.- og viðskn. til heilbr.- og trn. Það er alveg ljóst eins og hér hefur komið fram að neysla þessara vara sem hér hefur verið til umræðu hvort sem það er nauðsynjavara eða ekki, það er nú meira túlkunaratriði en annað. Ég sé að vísu enga aðra skilgreiningu á því hvað er neysluvara eða nauðsynjavara en þá að það sé vara sem fólk sækist eftir á hverjum tíma og á hverjum stað svo fremi sem neysla hennar er innan þeirra laga og reglna sem þjóðfélagið setur, en það er alveg ljóst að neyslan á þessum vörum sem við höfum hér verið að ræða um er í beinu samhengi bæði við verð og aðgengi. Þetta hefur margsinnis verið sýnt fram á og þess vegna tel ég að það verði að fara mjög vel ofan í það hvaða afleiðingar þessar breytingar gætu haft á neysluna sem hér eru lagðar til og þá fyrst og fremst sá sveigjanleiki í smásöluverði sem þar kann að hafa áhrif.

Að lokum, hæstv. forseti, mundi ég nú ráðleggja hæstv. fjmrh. eins og ég ráðlagði hv. 17. þm. Reykv. í umræðu um Sementsverksmiðjuna að stjórnarliðar læsu nú vel og vandlega og ættu einhvers staðar í fórum sínum afrit af viðtali sem Morgunblaðið tók við sir Chippendal Keswick,stjórnarformann Hambros bankans, um einkavæðingu og nauðsyn hennar og þeim markmiðum sem menn hygðust ná með einkavæðingu. Mér sýnist nefnilega að það sé mjög handahófskennt og hafi hvergi verið sett fram skilmerkilega hvað ríkisstjórnin á við með tali sína um einkavæðingu.

Nú er ég þeirrar skoðunar að ýmislegt sem ríkið hefur verið að sýsla við á síðustu árum og hefur verið selt, það séu full rök fyrir því ef um er að ræða starfsemi sem býr við samkeppni úti í þjóðfélaginu. Það er hins vegar allt annað þegar um er að ræða fyrirtæki sem ríkið er að færa einstökum aðilum nánast til þess að stunda sem einokunarstarfsemi. Kannski er frægasta dæmið Bifreiðaskoðun Íslands og að mínu mati er að fara á sömu leið með Jarðboranir ríkisins. Og það er mjög athyglisvert að lesa þetta viðtal við sir Keswick þar sem hann nefnir það að á Norðurlöndum og þar með talið Íslandi séu ríkisfyrirtæki mörg mjög vel rekin og því erfitt að átta sig á því hvaða hagnaði og hagkvæmni menn ætla að ná fram með einkavæðingunni. Þar tekur hann aftur Bretland sem dæmi á

móti þar sem þörfin hafi verið orðin mjög knýjandi vegna þess að ríkisrekstur þar hafi verið orðinn yfirþyrmandi bákn. Við þurfum ekki annað en líta hérna yfir Austurvöllinn og á aðalstöðvar Pósts og síma til þess að sjá ríkisfyrirtæki sem veitir góða þjónustu, virðist vera vel rekið og sú þjónusta er á verði sem er fyllilega samkeppnisbær og líklega meiri en það, væntanlega ef eitthvað er ódýrari en hliðstæð þjónusta í nágrannalöndum.

Virðulegi forseti. Það er nú komið aðeins út fyrir efni þessara frv. en að gefnu tilefni. — [Fundarhlé.]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér þykir miður að hafa misst af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram um þetta frv. en þingmenn míns kjördæmis voru á fundi í Vegagerð ríkisins þannig að e.t.v. er það svo að hér hefur komið fram eitthvað af því sem mig hefur langað að spyrja um og vona ég þá að fjmrh. hafi tök á því þrátt fyrir það að svara mér í örfáum orðum því sem hvílir mér á huga eða hjarta. Þetta er frv. um afnám einkasölu ríkisins og skoðast væntanlega sem tillaga um einkavæðingu fyrirtækja ríkis.

Um einkavæðingu stofnana almennt og ríkisfyrirtækja eru deildar meiningar. Ég held að ég skoðist ekki „fanatísk" í þessum efnum, en hins vegar er það svo að hvað varðar einkavæðingu sumra þátta hjá ríkinu er ég mjög varkár.

Sumt af því sem hefur verið á hendi hins opinbera í gegnum tíðina hefur verið barn síns tíma, þótti eðlilegt að það væri á höndum ríkis eða sveitarfélaga á þeim tíma sem það var sett á laggir og jafnvel nauðsynlegt til að yfirleitt kæmist á en oft tekið of langan tíma að skoða það að aflétta þessu af hendi hins opinbera og verið umdeilt þegar það var gert. Þetta eru hlutir sem ævinlega þarf að skoða með opnum huga og líta á það sem lagt er til hverju sinni. Ég gæti varðandi þessi mál nefnt það, að á sínum tíma var það mjög mikilvægt atriði að setja á laggir bæjarútgerðir í hinum ýmsu sveitarfélögum á landinu og voru mikilvægar í atvinnuuppbyggingu sinna sveitarfélaga, en það var jafnrétt að leggja þessar bæjarútgerðir af sem slíkar þegar þar að kom því að þær voru einmitt barn síns tíma á þennan hátt sem ég nefndi hér áður.

Sumir þættir einkavæðingaráforma eru þó af þeim toga að ég er þeirrar skoðunar að varlega ætti að fara. Þar er ég að vísa til þeirra þátta sem hægt er að orða á þann veg að varði almannaheill á einhvern hátt. Þar mundi ég líka flokka undir sumar þær stofnanir sem er áformað að gera að hlutafélögum með sölu í huga og þá gætu í slíkum tilfellum verið mjög afgerandi þættir hvaða tímasetning er á slíkum áformum, hvaða aðstæður eru í þjóðfélaginu, hvaða líkur eru á því að almenningur almennt mundi eignast hlut í slíkum stofnunum og hvort hætta er á að þær fari á fárra hendur svo að ég nefni eitthvað.

Ég hef reyndar verið talsmaður þess í mínum flokki að fara varlega í sumum afmörkuðum málum er lúta að einkavæðingu. Ég hef í þessu máli fundið til þess að ég hef af því nokkrar áhygggjur eða réttara væri að segja að ég er ekki alveg sannfærð og tel að þetta frv. hafi að sumu leyti öfug áhrif en þau áhrif sem mætti ætla að séu þau markmið almennt sem ná eigi fram með einkavæðingu. Þegar ég er að tala um almenn markmið, þá hefði ég haldið að það sem menn vildu ná fram væri væntanlega lækkuð útgjöld ríkisins og lækkað vöruverð ef um vöru er að ræða. Þetta tvennt saman séu orsakir eða markmið þess að það eigi að einkavæða, losa af höndum ríkisins ákveðin útgjöld og lækka þau og það sé til hagsbóta fyrir neytandann.

Þetta frv. finnst mér einhvern veginn að samræmist þessu ekki alveg og þess vegna vil ég aðeins vera með þessa hugleiðingu við fjmrh. Mér finnst að þetta frv. leiði til hækkaðs vöruverðs án þess að ég einmitt með þessum orðum sé að setja fram þá skoðun að tóbak eigi að vera ódýrt. Þvert á móti vil ég að tóbak sér fremur dýrt, en ég bendi á þennan þátt í þessum vangaveltum mínum um markmið þess sem neytandinn eigi að njóta við einkavæðingu. Mér virðist líka að þetta frv. muni auka útgjöld ríkisins en ekki að þeim verði aflétt að því marki sem ég tel að muni nást fram með einkavæðingu.

Við skoðun á frv. vakna nokkrar spurningar sem ég ætla að leggja fyrir fjmrh. Þessi tóbakseinkasala hefur haft það í för með sér að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur gegnt eftirlitshlutverki. M.a. er ekki flutt inn tóbak frá ýmsum stöðum, ýmsum löndum. Það eru t.d. engir staðlar hér hjá okkur. Það getur verið um það að ræða að það sé mismunandi mikið tjörumagn í tóbaki og það standist ekki þá Evrópustaðla sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur ákveðið að taka mið af. Það getur verið um að ræða tóbak sem inniheldur ýmiss konar aukefni, sé unnið á stöðum þar sem e.t.v. er meira um áburð eða önnur efni sem hafa komist í tóbakið. Þetta hefur mér skilist að, eftir því sem ég hef leitað mér upplýsinga, sé meðal þess sem eftirlitið lýtur það. Það kemur fram hér í greinargerð með frv. ef ég, með leyfi hæstv. forseta, les hér nokkrar línur:

„Þau sjónarmið, sem einkum réttlættu einkarétt ríkisins til innflutnings og heildsölu á tóbaki, voru á sínum tíma þau að með þessum hætti mætti afla ríkissjóði tryggra tekna í formi einkasölugjalda af vörum þessum auk þess sem líklegra þótti að þetta fyrirkomulag tryggði betur en ella hagstæðari innkaup á vörum þessum til landsins. Einnig var á það bent að með þessum hætti væri mun auðveldara að annast eftirlit með innflutningi á þessum vörum þar sem honum mætti aðeins einn aðili sinna með lögmætum hætti.

Telja verður að framangreind sjónarmið eigi ekki lengur við um innflutning og heildsölu þessara vara. Kemur þar einkum þrennt til." Og eru þau þrjú atriði tilgreint. Svo kemur fram í greinargerðinni: „Í öðru lagi hefur tóbakseinkasalan í raun aðeins annast innflutning og birgðahald fyrir umboðsmann en engin takmörkun verið á innflutningi og smásalan frjáls. Í þriðja lagi verða möguleikar til eftirlits með ólögmætum innflutningi og sölu þessara vara ekkert síðri við þessa breytingu eftir að merkingar eru teknar upp á tóbak."

Í ljósi þess sem ég sagði hér áður hvaðan tóbak hefur verð flutt inn í gegnum Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einmitt með tilliti til þessara efna og þess sem ég hef þegar rakið, þá langar mig að spyrja ráðherra: Hver mun sjá um eftirlitið hvað þetta varðar þegar einkasalan hefur verið aflögð?

Mér skilst að ÁTVR velti um 12 milljörðum kr. og þar af séu um það bil 4 milljarðar velta vegna tóbakssölunnar. Á sínum tíma þegar fyrirtækin, Áfengisverslunin og tóbakseinkasalan voru sameinuð 1962 held ég að það hafi verið, var það gert m.a. af því að talið var að það væri hagkvæmara í rekstri og þá átti m.a. við bæði mannahald, útkeyrslu og fleira, samrekstur af þessum þáttum. Því langar mig að spyrja fjmrh. hvort rekstrarkostnaður Áfengisverslunar hækki ekki eftir að búið er að taka tóbakið frá, tekjur lækka en þarna er ákveðinn rekstur áfram til staðar, m.a. og væntanlega hærri dreifingarkostnaður. Varla verður um mikla breytingu eða a.m.k. ekki fyrst um sinn á húsakosti og varla stórkostlegar breytingar á starfsmannahaldi umfram það sem hefur verið getið hér í greinargerð.

ÁTVR hefur staðið fyrir jöfnunaraðgerð varðandi kostnað og tóbaksverð. Það hefur verið fullyrt að innflytjandi geti ekki dreift vörum þessum fyrir sama verð úti á landi og að hækkun vegna þessa gæti orðið allt að 11%. Það er líka nefnt í greinargerðinni að það sé óeðlilegt að verðjafna þessa vöru fremur en matvöru og það er alveg rétt að það getur vissuleg verið mjög umdeilt. En það hefur verið gert fram að þessu og þetta er einn af þeim þáttum sem fólk hefur gengið út frá að sé á sama verði hvar sem maður er staddur og því spyr ég hvort þessi breyting muni leiða til þess að tóbaksverð verði hærra úti um land og verði kannski mjög misjafnt eftir því hvar maður er staddur á landinu og þá m.a. vegna flutningskostnaðar.

Annað sem ég velti fyrir mér er að ef til kemur 11% hækkun af þessum völdum og að það er í lagi vegna þeirra áhrifa sem það veldur, væri þá ekki bara miklu nær að ríkissjóður tæki þessi 11% til sín með hækkuðum álögum og við óbreyttar aðstæður? Landsútsvar ÁTVR er eitthvað um 325 millj. og þriðjungur af því vegna tóbaks og þá mundi ég halda að það væri svona um 108 millj. en 3% tóbaksgjald gæfi mun minna, sennilega eitthvað yfir 70 millj. Þar að auki vegur tóbakið þungt í vísitölunni og e.t.v. kemur alltaf 11% hækkun tóbaks eins og verið er að tala um — ég veit að sú tala eru getsakir, en hefur það þá ekki mjög mikil áhrif á vísitöluna og þar með mikilvæga þætti sem skipta ríkisvaldið máli? Er ríkissjóður ekki bara að tapa mjög mikið á þessari aðgerð núna?

Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um ýmislegt annað sem ég tel samt svo minni háttar að það hljóti að verða rætt þegar aðilar koma á fund nefndar. Það má þó nefna að þegar talað er um það hér í greinargerðinni að stöður eru lagðar niður í tóbaksdeild og m.a. vegna dreifingar, þá er það nú svo að það er líka ákveðin framleiðsla hjá ÁTVR. Það er neftóbaksframleiðslan sem margir mundu ekki vilja verða án og einhver hefur sagt mér að það séu framleidd um 12 tonn á ári af því, þá veltir maður því fyrir sér, hvernig er með dreifingu þar? Er hægt að leggja alla dreifingu af af því að umboðsaðilar eiga að sjá um það? Munu þeir taka að sér að dreifa neftóbaki fyrir ríkið eða mun ríkið hugsanlega leggja niður þessa framleiðslu? Og lokaspurning mín er e.t.v. þessi og lít ég svo á að þetta séu ljúfmannlegar vangaveltur af minni hálfu fremur en annað: Ef Áfengisverslunin tapar, ef umboðsmenn tapa nema þeir fái að hækka vöruna og ef neytendur tapa af því að varan hækkar, hver í ósköpunum hagnast á málinu?

Ég vona að fjmrh. sjái sér fært þó þessar spurningar hafi e.t.v. komið fram að svara mér í fáum orðum því sem ég hef hér spurt um.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. 11. þm. Reykn. fyrir þær ábendingar sem hún setti fram og aðvaranir sem ganga í sömu átt og kom fram í orðum okkar stjórnarandstæðinga sem höfum talað áður um þetta mál. En í orðum mínum lagði ég áherslu á að hér væri að mínu mati um meira heilbrigðismál en efnahagsmál að ræða og ég vil því taka undir það sem hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði eða ábendingu hans um að málið yrði sent til umsagnar hv. heilbr.- og trn. til þess að fá álit hennar á málinu. Þar sem hv. 11. þm. Reykn. á sæti í efh.- og viðskn. sem væntanlega fær málið formlega til meðferðar, þá vildi ég beina þeirri ósk til hennar að hún mundi sjá um að efh.- og viðskn. leitaði umsagnar heilbr.- og trn. um málið.

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hjá mér hafa þetta nú meira verið spurningar, en ég ætla ekki að leggja mat á það hvort þetta eigi að skoðast sem heilbrigðismál, en það er stórt skref þegar við eru að víkja frá einkasölunni á þessum þætti. Af því að þingmaðurinn var ekki kominn í sal þegar ég hóf mál mitt, þá lýsti ég því yfir að ég vildi skoða þessi mál sem varða einkavæðinguna með mjög opnum huga, en tel líka mjög mikilvægt að fá svör við áleitnu spurningum þegar þau varða þætti af þeim toga sem ég hef þegar sett fram.

Ég mun koma þessari ósk á framfæri við hv. formann efh.- og viðskn. og eins og þingmanninum er kunnugt, þá hefur það oft gerst að mál eru send til umsagnar nefnda, en ég get ekki svarað því hér hvort það verður gert með þetta, en ég vil beina beiðni þingmannsins til formanns.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég get víst ekki þakkað góðar undirtektir við mál mitt sem flutt var sem framsöguræða með tveimur frv. sem hér eru til umræðu. Ég verð að játa að ég skil að sjálfsögðu sjónarmið þeirra sem hér hafa talað. Við höfum átt því að venjast um margra áratuga skeið að hafa þann háttinn á sem við þekkjum um einkasölu Áfengis- og tóbaksverslunarinnar. Þess

vegna þykir mönnum ugglaust einkennilegt að það sé bryddað upp á nýjungum í verslun með þessar vörur.

Ég ætla að reyna að fara nokkrum orðum um örfá sjónarmið sem komu fram í umræðunni. Að öðru leyti verð ég að vísa því til nefndarinnar og óska eftir því að þeir fulltrúar nefndarinnar sem fær málið til meðferðar sem væntanlega verður efh.- og viðskn., sjái til þess að hægt verði að fá sem fyllstar og bestar upplýsingar um málið frá öllum aðilum. Ég hef síður en svo á móti því að málið fari til heilbrn. til umsagnar. Það er opin leið til þess samkvæmt þingsköpum og síst hefði ég á móti því. Ég fellst reyndar á, sem hér hefur komið fram, að þessi mál eru öðrum þræði heilbrigðismál.

Hér hefur nokkuð verið gert veður út af verðjöfnuninni og ég held að í sambandi við hana verðum við að gera greinarmun á tvenns konar verðjöfnun. Annars vegar þeirri verðjöfnun sem yrði væntanlega hætt af hálfu hins opinbera en það er verðjöfnun sem felst í því að deila flutningskostnaði og álögum niður á vöruverðið þannig að það sé sama útsöluverð á hverri tegund fyrir sig út úr verslunum og síðan er það reyndar þannig að verslun með þessa vöru er líka annars staðar heldur en í venjulegum verslunum og sjoppum því það er heimilt að leggja meira á vöruna ef hún er seld að kvöldi til, t.d. á skemmtistöðum, á börum og slíkum stöðum því þar er verð allt annað heldur en að degi til í verslunum. Þetta er verðjöfnun sem oftast er talað um. Hins vegar, af því það kom fram í máli hv. 1. þm. Norðurl. v., verðum við að átta okkur á því að í dag er ekki verðjöfnun milli tegunda. Slíkt var gert áður. Það þekktist fyrir meira en tíu árum síðan að álagningin á tóbaki var misjöfn, tók ekkert tilliti til innihalds þess sem var á boðstólum. Álagningin var misjöfn frá einni tegund til annarrar. Þetta breyttist á miðjum síðasta áratug þannig að sú verðjöfnun er ekki enn til staðar.

Það er spurt um áhrif á Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og ríkissjóð. Það hefur ekki verið gerð sérstök úttekt á því nákvæmlega hvaða áhrif þetta hefur eitt og sér á tóbaksverslunina. Auðvitað hefur málið verið skoðað. Það var nefnd að störfum sem í átti sæti forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunarinnar sem skilaði áliti um það hvort heppilegt væri að versla með áfengi og tóbak með öðrum hætti en nú er gert. En það var ekki sérstaklega skilið í sundur hvað varðaði tóbakið. Það er rétt sem hér hefur komið fram að tóbakssalan er nú rúmur þriðjungur heildarsölu Áfengis- og tóbaksverslunarinnar. Til að fara nákvæmar með þá tölu sem ég held að sé rétt í þessari umræðu þá var heildarvelta eða heildarsala ÁTVR með virðisaukaskatti áætluð og er áætluð á yfirstandandi ári 12.600 millj. kr. tæplega, þ.e. 12,6 milljarðar. Þetta er samkvæmt fjárlögum og það er gert ráð fyrir að einkasöluálagningin skili 6 milljörðum 350 millj. kr. í ríkissjóð. Af þessari tölu er áætlað að velta áfengissölunnar sé 5,5 milljarðar eða 44%, bjór sem auðvitað er áfengi en flokkast sérstaklega tæplega 2,5 milljarðar, nánar tiltekið 2 milljarðar 450 millj. eða 19%, og tóbak 37% eða 4,6 milljarðar. Þetta kemur út þegar reynt er að spá fyrir um það hvernig salan verður á þessu ári en þess skal getið að hún hefur nokkuð breyst frá ári til árs og að undanförnu hefur borið á því að bjórsalan hefur heldur dregist saman eins og menn vita sem fylgjast með fréttum af því úr blöðum.

Þetta þýðir auðvitað að stór hluti sölunnar í ÁTVR í krónum talið hverfur frá fyrirtækinu. En ég get ekki því miður á grundvelli þessara talna sagt neitt um það að hve miklu leyti þetta hefur áhrif á fyrirtækið sem slíkt enda þarf þá að taka tillit til þess hvaða möguleika fyrirtækið hefur til að breyta sínum rekstri þar á meðal húsakosti og öðrum hlutum starfseminnar. Það er alveg rétt sem hefur komið fram hjá hv. þingmönnum ýmsum sem hér hafa talað að það má auðvitað hækka skattinn strax og ná þannig auknum tekjum. Ef það væri einasta markmið frv. að ná inn meiri tekjum þá fellst ég á þá skoðun að líklega má kreista fram meiri tekjur af tóbakssölu með því að hækka skattinn strax. Hins vegar hef ég efasemdir um að svo sé hægt í áfengissölunni. Enda hefur nokkuð borið á því, sem betur fer mundu sumir segja, að áfengissala hafi dregist saman sem þýðir væntanlega annað tveggja nema hvort tveggja sé að gerast að minna sé drukkið vegna þess að fólk veigri sér við að kaupa áfengi sem er dýrt og noti fjármunina til annars eða hafi ekki efni á að drekka og hins vegar má gera ráð fyrir því að þegar áfengi hefur náð ákveðnu verði þá sé freistingin mikil til að smygla og brugga. Þetta er auðvitað það sem allir vita, og ég ætlaði nú að segja sem allir vita og þekkja en þá varð mér litið á hv. 2. þm. Suðurl., en ég veit að hann er nú ekki sérfræðingur á þessu sviði. En þetta er auðvitað það sem er talið gerast þegar verð á áfengi hækkar úr hófi fram.

Hv. 1. þm. Austurl. sagði réttilega frá því sem reyndar kom fram í minni framsöguræðu að það hafi láðst að láta fylgja með frv. umsögn fjárlagaskrifstofu. Hún er til nú þegar, hún er stutt og laggóð og segir lítið annað en það sem kom fram í minni framsöguræðu, þannig að það eitt út af fyrir sig ætti ekki að tefja málið, enda liggur sú umsögn fyrir um leið og nefndarstarfið hefst.

Ég ætla hér ekki að ræða um siðferðið. Ég skal viðurkenna það að ég tel að það hefði mátt sleppa þessum rökum í greinargerð með frv., ég sé ekki að það styrki málstað fjmrh. að nota þetta sem rök þótt ugglaust sé hægt að tefla þeim fram og þessi rök höfði til sumra þá eru þetta ekki nein meginrök af minni hálfu að tala um þetta með þeim hætti að hér sé verið að ná fram betra siðferði ríkisins og ég fellst alveg á þau sjónarmið að meðan ríkið tekur til sín verulega fjármuni af þessari sölu þá getur ríkið auðvitað ekkert hlaupið frá þeirri ábyrgð sem það ber á því að þessi fíkniefni eru til sölu. En ég er þeirrar skoðunar að það sé nánast útilokað að hugsa sér að Ísland eitt Vestur-Evrópulanda og Evrópulanda banni neyslu þessara efna með lögum hversu sammála sem við getum orðið um það að efnin séu fremur óholl en holl. Verð ég þó að geta þess sem fram kom hér í umræðunum að sumir hv. þm. telja sig borga skattana með glöðustu geði þegar þeir borga þá í formi neyslu á þeim varningi sem ÁTVR hefur upp á bjóða, svo ég vitni nú til

ágætrar ræðu flokksbróður hv. 2. þm. Suðurl., þ.e. hv. 1. þm. Norðurl. v.

Meginspurningin er auðvitað sú sem kom fram hjá hv. þm., til hvers erum við að þessu? Má þetta ekki bara vera eins og það hefur verið hingað til? Erum við nokkuð bættari með því að breyta? Þannig er yfirleitt spurt. En mér finnst kannski að menn ættu að spyrja öðruvísi. Menn eiga að spyrja: Af hverju á ríkið að gera þetta? Eru sömu aðstæður nú fyrir hendi eins og voru fyrir nokkrum áratugum síðan? Af hverju á ríkið þá ekki að halda áfram að hafa einokun á sölu eldspýtna? Fyrir nokkrum árum síðan hafði ríkið einokun á sölu eldsspýtna. Jónas frá Hriflu kom því á á sínum tíma og það var ekki fyrr en á síðasta áratug ef ég man rétt sem það varð heimilt að flytja inn eldspýtur. Ríkið hafði einkaleyfi og það var ekki baráttulaust sem það fékkst í gegnum þingið að ná fram þessu stórmerka framfaraspori að það mættu aðrir flytja inn eldspýtur til landsins en ríkið. Auðvitað var hægt að spyrja þá sömu spurninga eins og þeirra: Erum við eitthvað bættari þótt einstaklingar og fyrirtæki fái að flytja inn eldspýtur? Og ég hefði sjálfsagt ekkert átt betra með að svara þeirri spurningu þá en að svara þessari spurning nú. Ég vil þó geta þess að lífið hefur breyst. Og það mætti kannski rifja upp önnur efni sem ég ætla ekki að fara út í. Fyrir nokkrum árum var starfandi viðtækjaverslun ríkisins, þetta var svona af sama meiði. Það mátti auðvitað enginn flytja inn viðtæki nema ríkið af því að ríkið hafði einokun á útvarpi og það þurfti að tryggja að allir borguðu skatt af viðtækjunum sínum og þess vegna átti auðvitað ríkið að versla með öll viðtæki eða útvarpstæki. Ég man eftir því að það kostaði stórkostlega baráttu að leyfa öðrum að flytja inn útvarpstæki. Nú þykir það sjálfsagt. Það kann að vera að stundum eigi að snúa spurningunni við og spyrja sig: Er það eðlilegt að ríkið flytji þetta inn? Er það kannski ekki meginreglan að menn geti frjálsir flutt inn varning en ríkið eigi einungis að gera það þegar þörf er á að slíkt gerist? Þá reyni ég að svara þeirri spurningu: hvað hafi breyst? Það sem hefur breyst er það fyrst og fremst að nú er komið svokallað frísvæði, það er tollfrjálst svæði sem starfar samkvæmt lögum og reglum og sá varningur sem fluttur er til landsins og geymdur á þessu frísvæði jafngildir því eða er jafnsettur og hann hafi ekki verið fluttur til landsins. Þetta þýðir að það er hægt að fara í tollvörugeymsluna og leysa þennan varning út og borga þá af honum toll. Það er þess vegna hægt í dag fyrir heildsala, hugsum okkur það, að ná í þennan varning í tollfrjálsa geymslu, borga þar toll — af því hér er um að ræða mjög mikla hátollavöru — strax við móttöku vörunnar og dreifa henni síðan. Þessi möguleiki var ekki fyrir hendi fyrir nokkrum árum síðan og af þeirri ástæðu var eðlilegt að ríkið sæi um birgðahald. Ég vek athygli á því að í dag tekur ríkið áhættu á birgðahaldinu. Áhættuna af því að birðirnar sem eru hjá ríkinu seljist ekki. Sem betur fer er nú innflutningsverðið ekki stór hluti verðsins, ég kem að því síðar, en það er samt þannig að mér finnst ekkert sjálfsagt eða sjálfgefið að ríkið eigi að taka þessa áhættu. Mér finnst alveg eins að framleiðendurnir og innflytjendurnir eigi að taka þessa áhættu. Í dag eru fullir möguleikar til þess af því að við höfum þetta tollfrjálsa svæði.

Um frjálsa verðmyndun er kannski álíka erfitt að fjalla. Það er rétt sem komið hefur fram í umræðunum að það er auðvitað um nokkurt frelsi að ræða þótt það sé takmarkað og takmarkist aðallega af því að skatturinn er skattur á tóbakseininguna. Það er skattur á innihald vörunnar og þess vegna er sá skattur fastur alveg burt séð frá því hvort innkaupsverðið er hátt eða lágt af þeirri vöru sem hér er um að ræða. En það er hins vegar rétt að lægra innflutningsverð þýðir lægra útsöluverð og þannig er það í dag og þeir sem kaupa vindlinga og vindla vita að verðið er ákaflega misjafnt eftir vörutegundunum. Samkvæmt lagafrv. hefur hins vegar ráðherrann, ef þessi breyting verður samþykkt, þann möguleika að geta hækkað og lækkað innan svona um það bil 10% marka. Og ástæðan fyrir að það sést ekki mjög glögglega af frv. er sú að viðmiðunin er vísitala á tilteknum tíma sem er aftur í tímann, ef ég man rétt 1. jan. 1991. Það þýðir í raun að ef upp koma einhverjir slíkir verslunarhættir sem gefa ráðherranum ástæðu til að breyta álagningunni þá hefur hann þessa möguleika og getur notað þennan möguleika þess vegna á allar tóbaksvörur. Þannig að þessi möguleiki er fyrir hendi. Og auðvitað verður það létt í framtíðinni tel ég að koma fram hækkun á þessari vöru.

Ég held að það sé ástæða til þess, hæstv. forseti, að segja frá hvernig verð verður til, hvernig það er saman sett t.d. af algengri vindlingategund. Við skulum taka tegund sem menn þekkja, t.d. Winston. Ég ætla að rekja hvernig verðið er saman sett í prósentum. Það má gera ráð fyrir að innkaupsverðið sé um 15% af útsöluverðinu, tollurinn er 7%, þ.e. hann er 50% af innkaupsverði, síðan kemur tóbaksgjald sem er 44%, heildsöluálagning og 16,5% smásöluálagning gerir 14%, síðan er 24,5% virðisaukaskattur sem þýðir 20% af heildarvöruverðinu. Þetta eru samtals 100%. Það sem gerist við breytinguna er að innkaupsverðið verður væntanlega óbreytt, það veit enginn reyndar. Ég las það nýlega í bresku blaði og sjálfsagt hefur það komið í íslensku pressunni líka að það má búast við verðstríði á milli risanna í tóbaksframleiðslunni í Bandaríkjunum og þar hefur annað fyrirtækið lækkað verð á vindlingum vegna þess m.a. að Bandaríkjaforseti hefur hótað eða hefur sagt að menn geti átt von á frekari skatt á tóbak þó þeir séu alger börn á við okkur þegar um er að ræða skattlagningu á tóbak enda telja tóbaksframleiðendur að þar sé um mikið atvinnumál að tefla í Bandaríkjunum eins og menn vita.

En í stað tóbaksálagningarinnar eins og hún er í dag þá kæmi sem sagt tóbaks- og heildsöluálagning plús 3% í jöfnunarsjóðsálagningu í staðinn fyrir 44% en það má áætla að hækkunin yrði 3–5% eftir tegundum. Það er áætlun sem við höfum gert eftir að hafa kynnt okkur þessa verðlagningu og kannað málið nokkuð að undanförnu. Ég held að það hafi upplýsingagildi að átta sig á því hvernig verðið verður til því það sýnir að innkaupsverðið er það lítið að þó það lækkaði verulega þá hefur það ekki úrslitaþýðingu. Það er þekkt í

neyslu á þessum vörutegundum að menn eru mjög íhaldssamir og skipta sjaldan um neyslutegundir. Hvort neyslan eykst eða minnkar get ég hins vegar ekkert sagt til um, þar ráða sjálfsagt bæði verð og önnur atriði, þar á meðal áróður. Og það er tryggt samkvæmt þessu frv. að þeir sem stunda opinberan áróður fá sama fjármagn eftir sem áður. En ég hef hins vegar verið þeirrar skoðunar að verðið hafi vissa þýðingu en það hefur ekki úrslitaþýðingu því miður þá er það nú svo um þessi fíkniefni eins og mörg önnur.

Í ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. kom fram að með þessu frv. væri verið að hygla einhverjum aðilum og hann gaf það í skyn að þetta gæti nú verið gott fyrir þann flokk sem fjmrh. væri í. Ég vil að það komi fram að hér er mjög mikill misskilningur á ferðinni. Ég staðhæfi það hér og nú að það er ekki gert fyrir heildsalana sem flytja tóbakið til landsins að breyta þessu kerfi. Staðreyndin er nefnilega sú að heildsalarnir hafa látið ríkið þjóna sér í þessum efnum. Hlutverk ríkisins hefur verið þjónustuhlutverk fyrir heildsalana. Ég er alveg handviss um að stærstu tóbaksinnflytjendurnir, sem eru auðvitað ágætir menn og ágæt fyrirtæki, vilja hafa kerfið óbreytt því að það þjónar þeirra hagsmunum best. Í raun og veru snýst þessi starfsemi kannski helst um að þjóna hagsmunum innflytjendanna. Þetta er nú einu sinni svona, jafnskringilega sem mönnum finnst það vera orðað úr mínum munni þá er það auðvitað þætilegt að þurfa ekki að sjál um birgðahald, þurfa ekki að hafa neitt fyrir vörunni, hirða bara kommisjónina á þurru en koma frekar til skila óbeinum auglýsingum og reyna að hafa áhrif á það hvaða tegundir eru keyptar. Þetta þurfum við að hafa í huga. Ég vísa því á bug þegar menn halda því fram frv. og ætla mér þá skoðun að ég sé að flytja frv. um þetta efni til að hygla einhverjum tilteknum heildsölum hér í Reykjavík. Þeir menn eru gjörsamlega á rangri braut. Ég veit að ég mundi gera þeim mestan greiða með því að láta þetta ógert.

Hv. þm. Jóhannes Geir ræddi um einkavæðingu í prinsippinu. Það er eflaust rétt margt af því sem kom fram hjá Chippendal Keswick bankastjóra sem heimsótti okkur ekki alls fyrir löngu. En þá átti hann auðvitað fyrst og fremst við bankana. Mér er kunnugt um að sá banki, sem hann stjórnar, lánar íslensku ríkisbönkunum verulega fjármuni og hann hefur mikla hagsmuni eins og lánardrottnar íslensku ríkisbankanna af því að ríkið beri fulla ábyrgð á þeim bönkum. Þannig er hægt að tryggja sig gjörsamlega fyrir öllum töpum sem lánardrottnarnir gætu hugsanlega orðið fyrir ef bankarnir væru einkafyrirtæki.

Hv. 11. þm. Reykn. spurðist fyrir um hver ætti að sjá um eftirlitshlutverkið. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að Áfengis- og tóbaksverslunin haldi því áfram. Ef ég skyggnist inn í næstu öld þá sé ég fyrir mér að Áfengis- og tóbaksverslunin gæti breyst í eftirlitsnefnd og einmitt stundað það eftirlit sem ríkið á að gera með sölu á jafnviðkvæmum varningi og þetta fyrirtæki sér um dreifingu á í dag. Ég held að það gæti jafnvel verið til bóta að ríkisfyrirtæki hefði fyrst og fremst eftirlitshlutverki að gegna en væri ekki sjálft að stússa í því að dreifa vörunni og afhenda hana einstökum kaupendum. Ég held að oft sé betra að ríkisvaldið sjái um eftirlitið og að það sé virkara ef ríkisvaldið heldur sig aðeins frá því að sjá um framkvæmdina. Alltaf er viss hætta á því að eftirlitið verði ekki eins gott ef menn eru sjálfir að fást við þessa starfsemi. Ég gæti nefnt dæmi um þetta en ég ætla ekki að gera það nú. Ég held að lítil hætta sé á því að eftirlit verði ekki í lagi og ég minni á að í Evrópu gilda ákveðnir staðlar og ég veit ekki betur en að við aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu sé enn betur tryggt en áður að hér verður ekki á boðstólum annað en það sem er viðurkennd vara í þessum efnum ef ég má komast svo hátíðlega að orði um þettan varning.

Um áhrifin á ÁTVR get ég ekki sagt neitt á þessari stundu. Það fer auðvitað allt eftir því hvernig fyrirtækið breytir sér í framhaldi af þessum breytingum ef þær verða samþykktar. Ég hef áður rætt um verðjöfnunina sem hv. þm. spurðist fyrir um. Ég skal segja frá því að þegar sá heildsali, sem ég hef talað við um þetta, var spurður um verðjöfnunina — og ég skal viðurkenna að ég varð nokkuð hissa — þá sagði hann: „Við munum áreiðanlega dreifa vörunni um landið þannig að hún kosti nákvæmlega það sama hvar sem er á landinu." Ég spurði: „Af hverju?" „Vegna þess að þetta er vara sem fólk notar á hverjum degi og það er vant því að geta borgað nákvæmlega sömu krónutölurnar og markaðslegir hagsmunir okkar eru í húfi að fólk á Hólmavík geti keypt vöruna á sama verði og er viðurkennt verð í Reykjavík." (Gripið fram í.) Verðuppbæðin skiptir auðvitað máli. Hér eru menn að tala um einhverjar nokkrar krónur á pakka af sígarettum. Hins vegar gæti vissulega gerst að vissar verslanir gætu haft hag af því að hafa álagninguna akkúrat enga. Það hefur enginn nefnt hér. (**Gripið fram í:** Jú, ég hef heyrt það.) Jæja, þá hefur það farið fram hjá mér. En auðvitað gæti það gerst. Þá er spurning: Er það réttlætanlegt? Því er til að svara að það gerist auðvitað um ýmsan annan varning og er alþekkt í verslun að menn stilla upp vinsælli vöru, sérstaklega vöru sem litlir krakkar hafa áhuga á, við búðarkassana til að freista þess þegar stór reikningur kemur að mæðurnar eða feðurnir segi já við börnin þegar börnin grípa gotterí við kassana því að það er svo lítill hluti heildarverðsins hvort sem er. Þannig er sálfræðin í verslununinni, hvorki betri né verri.

Varðandi landsútsvarið vil ég segja það eitt að við breyttum frv. í meðferð fjmrn. í fullu samkomulagi við félmrn. með tilliti til þess að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skaðaðist ekki af þessu máli. Það kemur mér því á óvart ef hægt er að reikna það út að Jöfnunarsjóðurinn fái minna við breytinguna en áður.

Að síðustu stendur ekki til að breyta neinu með neftóbakið, það verður áfram lagað með sínum hefðbundna hætti. Hins vegar frá mínum bæjardyrum séð fyndist mér vel koma til álita að selja þá einingu ef menn vilja kaupa hana. Ég býst við að það fólk — ég hef skoðað fyrirtækið — sem þar vinnur og framleiðir tóbakið eftir öllum kúnstarinnar reglum gæti vel hugsað sér að eiga slíkt fyrirtæki. Við höfum reyndar

áður selt framleiðsludeild úr Áfengisversluninni og það gerðum við á sl. ári. Það stendur ekkert til. Það er ekki nefnt í þessu frv. og engin ákvörðun hefur verið tekin um slíkt en ég sé hins vegar úr af fyrir sig á þessari stundu ekki neitt því til fyrirstöðu.

Ég vona að ég hafi a.m.k. skýrt ýmislegt sem fjallað hefur verið um. Ég veit að ég hef ekki svarað öllum spurningum sem til mín hefur verið beint einfaldlega vegna þess að ég hef ekki svörin við þeim á þessari stundu en vil einungis benda hv. nefnd á að leita slíkra svara sem áreiðanlega verða auðfengin.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tók eftir því að eitthvað hefur ráðherra heyrt misvel þær athugasemdir sem voru gerðar við frumvörp hans í ræðustólnum fyrir kvöldmat vegna þess að í máli mínu var aðalinntakið tvennt:

Í fyrsta lagi hvort eftir sem áður væri hægt að hækka og beita verðstýringu á tóbak með því að stjórnvöld hefðu ótakmarkaða heimild til að hækka tóbak ef þau vildu svo við hafa til að stýra neyslunni. Ég skildi frv. svo að þetta yrði ekki hægt nema í 7. gr. er gefið visst svigrúm en þegar það svigrúm hefur verið nýtt þá getur hækkun bara verið í samræmi við vísitölu. Ekki er hægt að gera það með einfaldri ríkisvaldsákvörðun eftir þessa breytingu ef ég hef skilið þetta rétt.

Í öðru lagi lagði ég einmitt út af þessu með heildsölu- og smásöluálagninguna og benti á það sem stendur í athugasemdum við frv. en þar segir: „að engar reglur muni gilda um ákvörðun heildsölu- og smásöluálagningar". Þar af leiðandi gæti sú staða komið upp að sú álagning yrði einfaldlega felld niður til að bjóða tóbakið á einhverju tilboðsverði. Enda þótt ekki megi auglýsa það þá berst það fljótt út til þess að ná í kúnnana. Ég tala ekki um ef eitthvert verðstríð er í uppsiglingu hjá tóbaksrisunum þá er alveg opin leið að það verðstríð komi hér inn á markaðinn með þeim afleiðingum og áhrifum sem það hefur. Ef við erum með það fyrirkomulag sem er í dag þá hefur slíkt verðstríð engin áhrif vegna þess að ríkið getur eftir sem áður haldið uppi verðinu eins og það er í dag og fær þá bara meira í sinn hlut ef tóbaksframleiðendur lækka sitt verð. En verðstríð eftir þessa breytingu mundi hafa bein áhrif hér á markaðinn. Þegar tóbaksrisarnir eru annars vegar þá er engum grið gefin.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er að mörgu leyti sammála því sem kemur fram hjá hv. ræðumanni en ég bendi á að þegar t.d. er talað um bandarísku tóbaksrisana þá eru auðvitað möguleikar þeirra af skornum skammti vegna þess að hluti innflutningsverðlagsins af heildarverðinu er í dag og mun varla fara langt frá því að vera um það bil 15% af útsöluverði þessarar vöru. Jafnvel þótt þeir lækkuðu verðið um 10, 15 eða 20%, og þeim þykir mikið þegar talað eru um nokkurra prósentuna verðlækkun, þá hefur það auðvitað ekki úrslitaáhrif á útsöluverðið. Ég er hins vegar sammála því að auðvitað er einhver hætta á að frjáls verðlagning eða frjálst útsöluverð getur gert það að verkum að sumir sjái sér hag af því að halda verðlagningunni niðri. Það gildir um þessa vöru eins og aðrar og þekkist auðvitað hér eins og annars staðar að vissu vöruverði er haldið niðri til að freista þess að fá kaupendurna til að koma í verslunina. Ég get vel fallist á það. Við vitum ekkert hvernig það virkar fyrr en við sjáum það hvernig þetta verður í raun. Auðvitað verða menn að feta sig áfram í þessum efnum eins og öðrum. Ég legg hins vegar mikinn þunga á það sem ég hef sagt að ég vil að við spyrjum okkur ekki: hvers vegna á að breyta? heldur: hvers vegna á ríkið að gera þessa hluti? Ég hef enn ekki heyrt neitt koma fram í þessum umræðum í dag sem sannfærir mig um að nauðsyn sé á því nema síður sé að ríkið sjái um þessa starfsemi.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans og upplýsingar sem komu fram í allítarlegri ræðu hans hér áðan. Jafnframt þakka ég honum fyrir að víkja sérstaklega að mér kannski meira en öðrum með sum atriði þó ég hafi ekki beinlínis gefið tilefni til þeirra atriða sem hann nefndi. En jafnframt verð ég þó að láta í ljós vonbrigði mín eins og hv. 10. þm. Reykv. gerði að hann hafi ekki tekið eftir öllu sem ég sagði og skal ég fyrirgefa honum það. En ég minntist einmitt á þá hættu eins og hv. 10. þm. Reykv. að tóbakið yrði notað sem tálbeita í verslun með tímabundnum lækkunum a.m.k. þó hæstv. ráðherra segði nú í framsöguræðu sinni að heildverslunin þyrfti að fá meira til sín og því mundi verðið hækka af þeim sökum.

En það sem hæstv. fjmrh. byrjaði ræðu sína á og endaði líka var það að hann sagðist ekki hafa heyrt neinar ábendingar eða rök fyrir því að ríkið ætti að versla með þetta. Ég reyndi a.m.k. að benda á í orðum mínum að ég teldi að ríkið ætti að vera með þetta vegna þess að hér væri að mínu mati meira um að ræða heilbrigðismál en efnahagsmál. Ég minntist á þær afleiðingar fyrir þá sem reykja sem kæmu vegna ýmissa sjúkdóma. sem eru fylgikvillar tóbaksneyslu. Við vitum líka að síðustu árin hefur verið lögð sívaxandi áhersla á rétt þeirra sem reykja ekki til þess að hafa hreint loft. Óbeinar reykingar geta undir vissum kringumstæðum haft mjög alvarlegar afleiðingar. Mér finnst þess vegna að annað gildi um áfengi og tóbak en aðrar vörur og eins og hæstv. ráðherra sagði sjálfur er hér um fíkniefni að ræða, fíkniefni sem Alþingi og ríkisvald hefur reynt að berjast gegn á síðustu árum, sem betur fer með nokkrum árangri. Um nokkurra ára skeið fór tóbaksneysla minnkandi enda þótt ýmsir óttist að hún sé að vaxa aftur a.m.k. meðal unglinga. En úr því að það kerfi, sem við búum við, hefur þó skilað þeim árangri að úr tóbaksneyslu hefur dregið þá tel ég varhugavert að gera þessa breytingu þar sem eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, það er sannað sums staðar erlendis að þar sem einkaverslun hefur verið afnumin þá hefur áfengisneysla vaxið svo mikið að ótvírætt er

hægt að rekja það til þeirrar breytingar. Alveg á sama hátt og hæstv. ráðherra sagði að erfitt væri í Bandaríkjunum að hækka mikið skatta á tóbaki vegna hagsmuna tóbaksframleiðenda þá er það svo að eftir því sem fleiri fara að vinna við þessi fíkniefni og eiga þar af leiðandi hagsmuna að gæta þeim mun meiri verður þrýstingurinn á að ekki verði settar þar miklar hömlur. Um það þekkjum við því miður dæmi. Þetta skiptir mestu máli í mínum huga og eru rökin fyrir minni afstöðu miklu fremur en hin efnahagslegu rök enda þótt líka megi spyrja sig að því hverning ríkið á að græða á þessari breytingu eins og kom glöggt fram í spurningum hv. 11. þm. Reykn. Þrátt fyrir ýmsar upplýsingar sem hæstv. ráðherra gaf um verðmyndun tóbaks og ýmislegt fleira vantar upplýsingar um mikilvæga þætti í ávinningi ríkisins eða tapi af þessari breytingu.

Í greinargerð frv. kemur t.d. fram að væntanlega muni fækka um a.m.k. sex stöður. En í greinargerðinni kemur ekki fram hversu margir vinna nú hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Ég tók ekki eftir því í ræðum hæstv. fjmrh. að það kæmi neitt fram hversu stór hluti af starfsliði Áfengis- og tóbaksverslunarinnar þessar sex stöður eru. Úr því að hér er um að ræða meira en einn þriðja af heildarveltu þá hygg ég nú að mér sé óhætt að fullyrða að það er ekki nærri því einn þriðji af stöðum sem eru nú í dag hjá ÁTVR. Eins og hér var vikið að áður og hæstv. ráðherra gerði einnig er því alveg ósvarað hvernig tekst að draga úr rekstri í samræmi við tekjutapið, t.d. að nýta húsnæði og ýmislegt annað. Ekki verður forstjórastaðan lögð niður, alltaf verður að hafa forstjóra þó samdráttur verði meiri en um þriðjung í fyrirtækinu. Ég geri varla ráð fyrir því að laun hans verði lækkuð mikið heldur. (**Gripið fram í:** Það borgar sig að sameina þetta Ríkisspítölum og hafa einn stjórnanda.)

Ég vænti þess að mér hafi tekist að skýra heldur betur en í mínu fyrra máli fyrir hæstv. ráðherra hvað er efst í mínum huga í þessu máli og ég vonast til þess að það verði tekið til athugunar í nefndarstarfi. Ég vil þakka hv. 11. þm. Reykn. fyrir að lýsa yfir að hún muni koma á framfæri ábendingu minni um að þetta mál verði einnig skoðað í hv. heilbr.- og trn. og það verði litið á málið út frá því sjónarmiði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. ÁRÁ, 337. mál (stofnfjárbréf). — Þskj. 610.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum, fyrri umr.

Þáltill. GHG o.fl., 272. mál. — Þskj. 368.

Flm. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. á þskj. 368 um afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum. Þar sem 1. flm. er ekki hér á þinginu, þá mæli ég fyrir þessari tillögu fyrir hönd flm. sem eru Guðmundur H. Garðarsson, Sólveig Pétursdóttir og Þuríður Pálsdóttir. Tillagan hljóðar þannig.

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að leggja fyrir Alþingi frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem leiði til afnáms tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum og jafnræðis í skattalegri meðferð vaxtahluta lífeyrisins."

Á 113. löggjafarþingi var samþykkt till. til þál. svipaðs efnis og hér er fram lögð. Af hálfu hv. fjmrh. var ekki orðið við þeim tilmælum sem þál. felur í sér. Á 115. löggjafarþingi var samhljóða þáltill. einnig lögð fram en fékk ekki viðeigandi afgreiðslu. Þar sem hér er um að ræða mikið mannréttinda- og réttlætismál gagnvart þúsundum aldraða sem með ráðdeild og sparsemi hafa á starfsævinni lagt til hliðar mikið fé af takmörkuðum tekjum til að mæta ellinni er þetta mál endurflutt í trausti þess að eftirlaunafólk fái að njóta þessa sparnaðar lífeyrisgreiðslnanna, með sama hætti og aðrir sparifjáreigendur.

Í upprunalegri greinargerð þessa máls á 113. löggjafarþingi segir svo:

„Afar brýnt er að afnema það ranglæti sem viðgengst í skattalegri meðferð iðgjalda til lífeyrissjóðanna ásamt því hvernig lífeyrisgreiðslur frá sjóðunum valda lækkun greiðslna tekjutryggingar frá Tryggingastofnun.

Þannig má í raun segja að iðgjöld sjóðfélaganna til lífeyrissjóðanna sé skattlagt í þrígang, fyrst iðgjaldið, síðan greiðslur frá sjóðunum og hvernig þeir valda skerðingu tekjutryggingar frá Tryggingastofnun sem auðvitað er líka skattlagning.

Í flestum löndum Evrópubandalagsins eru iðgjöld bæði launþega og atvinnurekenda skattfrjáls, en lífeyrir frá lífeyrissjóðum í þessum löndum er aftur á móti skattskyldur eins og hér a landi. Nú kann einhver að halda því fram að 4% iðgjald sjóðfélagans sé innifalið í persónuafslættinum í staðgreiðslunni. Um það má deila. En nauðsynlegt er að taka af öll tvímæli þannig að launþeginn sjái greinilega að iðgjald hans til lífeyrissjóðs sé ekki skattstofn.

Margoft hefur komið fram hversu mikið ranglæti felst í því að þeim einstaklingum sem innt hafa af hendi greiðslur til lífeyrissjóðanna skuli refsað þegar að töku ellilífeyris kemur með því að greiðslur frá sjóðunum valdi lækkun á greiðslum Tryggingastofnunar. Í kjarasamningum í febrúar 1990 var samið um að greiðslur frá lífeyrissjóðum valdi minni lækkun á tekjutryggingu en aðrar tekjur. Frá því að þetta var ákveðið hefur aftur sigið á ógæfuhliðina svo að ekki verður lengur við unað."

Í greinargerð Jónasar Bjarnasonar verkfræðings um ofangreint efni, og þessi greinargerð er reyndar birt í meðfylgjandi fskj., en þessa greinargerð tók hann saman fyrir Landssamband lífeyrissjóða, má sjá að jaðarskattur einstaklings sem býr einn getur orðið 76% á tilteknu tekjubili, þ.e. af hverjum 1.000 kr. sem elliílfeyrir hans frá lífeyrissjóði hækkar um heldur hann einungis eftir 239 kr. Í þessari greinargerð Jónasar Bjarnasonar koma fram ýmsar athyglisverðar upplýsingar og m.a. segir þar í niðurstöðum á bls. 8 í fskj., með leyfi virðulegs forseta:

„Niðurstaðan er hér sú að greiðslur gegnum lífeyrissjóði sæta mun óhagstæðari skattalegri meðhöndlun en greiðslur beint til launþega. Þetta ætti t.d. að hvetja launþega til þess að óska eftir að ekki verði greitt af yfirvinnu þeirri í lífeyrissjóð, heldur gangi greiðslan beint til þeirra. Þannig geti þeir „búið til sinn eigin lífeyrissjóð"." — En það hefur einmitt nýverið komið fram tillaga hér á Alþingi um aukið frelsi í þessum málum, enda hefur núverandi fyrirkomulag sætt talsverðri gagnrýni, m.a. í þá veru sem þessi tillaga tekur á. Enn fremur segir í greinargerð Jónasar:

„Þetta letur launþega til að greiða í lífeyrissjóð og verðlaunar þá sem hafa komið sér undan lagaskyldu sinni að greiða í lífeyrissjóð. Ekki skiptir miklu máli hvort greitt hefur verið í lífeyrissjóð eða ekki." — Þetta atriði kemur ekki síst fram í tengslum við greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og almennt í heilbrigðis- og tryggingamálum.

Ofangreint ástand þessara mála er Alþingi og ríkisstjórn til hreinnar skammar. Því er mikilvægt að þessi þál. verði afgreidd þegar á þessu þingi þannig að fjmrh. fari ekki í grafgötur um vilja Alþingis og leggi þegar fram lagafrv. til lausnar málinu.

Í greinargerð með till. til þál. sem lögð var fram á 115 löggjafarþingi eru framgreind sjónarmið áréttuð með svohljóðandi hætti:

„Þegar staðgreiðslu skatta var komið á var um leið tekin upp tvísköttun lífeyrisgreiðslna. Þær höfðu áður verið undanþegnar tekjuskatti. Eftir breytinguna var tekjuskattur lagður á þær tekjur sem launþegi greiddi sem iðgjald í lífeyrissjóð (4%) og síðan er lífeyririnn skattlagður á nýjan leik þegar hann er greiddur út. Eins kom upp skattaleg mismunun hvað varðar ávöxtun hluta lífeyrisiðgjaldsins þar sem tekinn er tekjuskattur af lífeyrisgreiðslum á sama tíma og ávöxtun annars sparifjár er skattfrjáls. Hér er um óviðunandi ástand að ræða. Tvísköttun tekna af þessu tagi er óþolandi og sömuleiðis mismunun í skattlagningu fjármagnstekna með þeim hætti sem hér er bent á.

Það skal áréttað að hér er eingöngu farið fram á breytta skattalega meðferð iðgjaldshluta launþega í lífeyrissjóð."

Virðulegi forseti. Ýmsir hafa orðið til þess að álykta um þetta mál, t.d. Félag eldri borgara sem hefur gert ýmsar samþykktir, m.a. þá samþykkt sem gerð var á stjórnarfundi í Félagi eldri borgara þann 16. nóv. 1992, en þar segir m.a.:

„Félagið mótmælir því misrétti sem í því felst að þeir peningar sem einstaklingar greiða í lífeyrissjóði skuli af ríkisvaldinu skattlagðir tvisvar og í mörgum tilvikum í raun þrisvar þar sem greiðslur úr lífeyrissjóðum skerða ýmsar greiðslur almannatrygginga, svo sem heimilisuppbót, tekjutryggingu og sérstaka heimilisuppbót."

Það er því ljóst að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða, sem margir hafa áhyggjur af, ekki síst eldri borgarar þessa lands og því er það von mín að þessu máli verði vel tekið á hinu háa Alþingi.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til síðari umræðu og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. TIO o.fl., 452. mál (leigutekjur af íbúðarhúsnæði). — Þskj. 779.

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þetta er 452. mál þingsins á þskj. 779. Meðflm. mínir að þessu frv. til laga eru hv. þm. Guðjón Guðmundsson og Sturla Böðvarsson.

Samkvæmt gildandi skattalögum mega einstaklingar ekki telja til gjalda neinn kostnað af öflun tekna eins og gildir um menn með atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og einnig um lögaðila. Tekjur af útleigu á eigin íbúðarhúsnæði eru skattskyldar og hefur ekki verið heimild í lögum til þess að draga leiguútgjöld vegna íbúðarhúsnæðis frá leigutekjum. Hins vegar er heimilt samkvæmt 2. mgr. 32. gr. tekjuskattslaga að draga beinan kostnað við íbúðarhúsnæði frá leigutekjum.

Í 2. mgr. 2. tölul. C-liðar 7. gr. laganna segir að af íbúðarhúsnæði sem skattaðili á og notar til eigin þarfa skuli hvorki reikna tekjur né gjöld. Er með þessu frv. leitað leiða til að útfæra nánar þetta ákvæði laganna.

Það háttar oft svo til að menn þurfa að flytja milli byggðarlaga eða landshluta, t.d. vegna tímabundinna starfa eða náms. Við slíkar aðstæður getur verið verulega íþyngjandi fyrir íbúðareigendur að vera knúnir til þess af skattalegum ástæðum að selja eigin íbúð í heimabyggð og tryggja sér með kaupum húsnæði á þeim stað sem flutt er til. Dæmi eru um það að einstaklingar sem þannig flytja tímabundið milli landshluta greiði mun hærri leigugjöld fyrir íbúð en sem nemur leigutekjum af eigin húsnæði í heimabyggð. Eru þó í slíku tilfelli reiknaðar leigutekjur til skattlagningar. Sprettur af þessu bagaleg mismunun eftir búsetu og á það kannski einkum og sér í lagi við um þá sem búa fjarri höfuðborgarsvæðinu og ef til vill í nokkrum mæli einnig þá sem búa fjarri Akureyri.

Með þeirri breytingu sem hér er gerð tillaga um verða tekjur af útleigu á eigin íbúðarhúsnæði jafnaðar út með leiguútgjöldum. Verði tekjur af útleigu eigin húsnæðis umfram leiguútgjöld er gert ráð fyrir að með

slíkar tekjur verði farið samkvæmt ákvæðum laganna um skatta á tekjur utan atvinnurekstrar.

Tillaga þessi snertir 7. gr. laganna og ber þar til tvennt. Annars vegar er verið að útfæra nánar ákvæði 2. tölul. C-liðar 7. gr. laganna um skattalega meðferð eigin íbúðarhúsnæðis. Hins vegar verður með þessari breytingu ekki til sjálfstæður frádráttarliður og er því ekki efni til að fella þessa breytingu inn í 30. gr. laganna þar sem skilgreindir eru sjálfstæðir frádráttarliðir frá tekjum utan atvinnurekstrar.

Ekki er gerð tillaga um að þessi breyting nái aðeins til tímabundinnar útleigu á eigin íbúðarhúsnæði. Í raun er verið að útvíkka skattalega stöðu eigin íbúðarhúsnæðis eins og hún er skilgreind í 7. gr. laganna. Af ýmsum ástæðum getur verið hagstætt fyrir einstakling að leigja út eigin íbúðarhúsnæði í lengri eða skemmri tíma og tryggja sér íbúðarhúsnæði með leigu. Telja flytjendur frv. ekki vera sérstaka ástæðu til þess að skattaleg meðferð eigin íbúðar komi í veg fyrir slíkan sveigjanleika í húsnæðismálum.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir þessu frv. og legg til að eftir 1. umr. verði því vísað til hv. efh.- og viðskn.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um þetta frv. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þetta virðist nú vera aðeins til lagfæringar á þeirri stöðu sem getur komið upp þegar menn þurfa um tíma að vera búsettir annars staðar og vilja heldur leigja sér húsnæði og halda úti sínu eigin húsnæði einnig til leigu á meðan en ekki að selja það. Þetta hefur oft skapað mönnum erfiðleika, veit ég, og það hefur verið þannig í framkvæmd þar sem ég þekki til, að hafi menn haft bein leigubýtti milli landshluta, þá hefur ekki komið til skattaleg meðferð á húsaleigugreiðslum ef hægt er að sýna að Jón fari í íbúð Björns og Björn í íbúð Jóns, en ef einhver einn er þarna í milli, að menn leigja ekki hvor af öðrum og hafa ekki bein leiguskipti, þá eru þessar tekjur skattlagðar ef hægt er að kalla tekjur. Og það er alveg greinilegt að það vantar eitthvað inn í lögin til þess að koma til móts við það fólk sem þarf að standa í því að leigja húsnæði sitt tímabundið vegna atvinnu eða náms eða annars slíks.

Ég held að þetta sé mjög gott mál ef væri hægt að koma þessu í gegn og kannski þarf það nú ekki mikla skoðun. Ég hygg að þetta sé ekki stórt fjárhagsspursmál fyrir fjmrn. en það er engin umsögn frá ráðuneytinu um þetta frv. eins og raunar á nú að vera þegar frumvörp eru lögð fram sem geta snert skattlagningu eða haft áhrif á fjárhagsstöðu ríkissjóðs, en ég hygg að þetta sé ekki stórt í sniðum hvað það varðar þannig að ég vil aðeins koma hér til þess að lýsa yfir ánægju minni með það að þetta skuli vera komið fram og tekið á þessum vandkvæðum sem ég veit að fólk á oft í og hefur lent í ýmsum erfiðleikum og vandamálum í sambandi við það að gera grein fyrir þessu, gera grein fyrir húsaleigu, sem það fær greidda fyrir eigið húsnæði og þarf síðan í raun og veru aftur að borga jafnvel meira en það fær greitt, en verður síðan að greiða skatt af þeirri leigu sem það fær. Og mér sýnist að hér sé um leiðréttingu að ræða ef þetta getur gengið eftir.

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir fór nokkrum orðum um þetta frv. og vil ég þakka henni fyrir góðar undirtektir við frv. Eitt atriði kom fram í hennar máli sem vakti athygli mína, en það var að hv. þm. taldi að ef um íbúðaskipti væri að ræða, þá væru slík íbúðaskipti ekki efni til skattlagningar. Ég hygg að þetta hljóti að vera nokkuð misjafnt eftir skattumdæmum. Ég tel mig hafa upplýsingar um það að einmitt slík íbúðaskipti hafi orðið tilefni til skattlagningar og tel ég mig þekkja eitt slíkt dæmi.

Í raun og veru má líka líta svo á að samkvæmt laganna hljóðan eigi slík íbúðaskipti að verða efni til skattlagningar hjá þeim sem fær íbúð í skiptum fyrir sína íbúð í heimabyggð.

Ég vil taka það fram að það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að það fylgja ekki þessu frv. útreikningar á því hversu mikil útgjöld þetta getur þýtt fyrir ríkissjóð eða hversu mikið tekjutap það getur þýtt fyrir ríkissjóð. Frv. var að vísu sent til fjmrn. en þaðan barst aðeins óformleg umfjöllun um það. Ég hygg hins vegar að þarna sé um frekar litlar fjárhæðir að ræða og megináherslu hef ég nú lagt í flutningi þessa máls á að það er í raun og veru verið að skattleggja með þeim hætti sem nú er á þessum málum tekjur sem ekki eru raunverulegar tekjur.

Ég vil að lokum þakka hv. 6. þm. Vestf., Jónu Valgerði Kristjánsdóttur, fyrir undirtektir við þetta frv.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins taka það fram vegna þess sem kom fram hjá hv. þm. á undan mér að ég veit dæmi um þetta, a.m.k. á milli landshluta, ég veit dæmi um á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, þekki þar til. Og það hefur verið gert þannig að þegar bein býtti hafa verið á íbúðum, þá hefur það ekki verið skattlagt. En hins vegar ef um skipti milli þriggja aðila hefði verið að ræða, þá er aftur skattlagt og þetta er auðvitað mjög mikið misræmi og óréttlæti fólgið í slíku. En það má vel vera að þetta sé misjafnt eftir umdæmum og það er sjálfsagt að beina því til nefndarinnar að hún skoði einmitt þetta sérstaklega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5., 7., 9., 18. og 21. mál.

Fundi slitið kl. 9.58 síðdegis.

158. FUNDUR

föstudaginn 16. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 486. mál, þskj. 834. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Fjárskuldbindingar fyrir ríkissjóð og sveitarfélög, frv., 465. mál, þskj. 803. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Fjáraukalög 1992, stjfrv., 539. mál, þskj. 897. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Gjald af tóbaksvörum, stjfrv., 549. mál, þskj. 914. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, stjfrv., 550. mál, þskj. 915. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 337. mál, þskj. 610. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum, þáltill., 272. mál, þskj. 368. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 452. mál, þskj. 779. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Utanríkismál, skýrsla, 570. mál, þskj. 949.
10. Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, stjtill., 274. mál, þskj. 370, nál. 826. — Síðari umr.
11. Fullgilding samnings um fríverzlun milli Íslands og Færeyja, stjtill., 354. mál, þskj. 633, nál. 970. — Síðari umr.
12. Samningur um verndun villtra plantna og dýra í Evrópu, stjtill., 533. mál, þskj. 891. — Fyrri umr.
13. Samþykkt um votlendi, stjtill., 534. mál, þskj. 892. — Fyrri umr.
14. Alþjóðasamningur um viðbúnað gegn olíumengun, stjtill., 535. mál, þskj. 893. — Fyrri umr.
15. Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, stjtill., 536. mál, þskj. 894. — Fyrri umr.
16. Evrópusamningur um fullnustu refsidóma, stjtill., 537. mál, þskj. 895. — Fyrri umr.
17. Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels, stjtill., 566. mál, þskj. 933. — Fyrri umr.
18. Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands, stjtill., 567. mál, þskj. 934. — Fyrri umr.
19. Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku, stjfrv., 300. mál, þskj. 467, nál. 820 og 821, brtt. 822. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Eiður Guðnason umhvrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill tilkynna að kl. 4 í dag hefst utandagskrárumræða samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaga sem þýðir að hún mun standa í hálfa klukkustund. Umræðan fer fram að beiðni hv. 8. þm. Reykn. og fjallar um stöðu samninga milli aðila vinnumarkaðarins.

Ríkisreikningur 1991, frh. 1. umr.

Stjfrv., 486. mál. — Þskj. 834.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GAK, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, SighB, SP, StH, TIO, VS, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

28 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárln. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GAK, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, SighB, SP, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

30 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StH, SJS, StB, VE, ÞÞ) fjarstaddir.

Fjárskuldbindingar fyrir ríkissjóð og sveitarfélög, frh. 1. umr.

Frv. MF o.fl., 465. mál. — Þskj. 803.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GAK, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, SighB, SP, StH, TIO, VS, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

28 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárln. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, GAK, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, SighB, SP, StH, TIO, VS, ÞÞ.
31 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddur.

Fjáraukalög 1992, frh. 1. umr.

Stjfrv., 539. mál (greiðsluuppgjör). — Þskj. 897.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKJ, FrS, GAK, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, SighB, SP, StH, TIO, VS, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.
29 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárln. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GAK, GB, GHelg, HÁ, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, SighB, SP, StH, TIO, VS, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.
30 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Gjald af tóbaksvörum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 549. mál. — Þskj. 914.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GAK, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, SighB, SP, StH, TIO, VS, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.
28 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GAK, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, SighB, SP, StH, TIO, VS, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.
29 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, frh. 1. umr.

Stjfrv., 550. mál (einkaréttur til sölu á tóbaki). — Þskj. 915.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GAK, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, MF, ÓE, PP, PJ, PBj, RA, SP, StH, TIO, VS, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.
31 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JHelg, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, VE) fjarstaddur.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, GAK, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, MF, ÓE, PP, PJ, PBj, RA, SighB, SP, StH, TIO, VS, ÞorstP, ÞÞ.
31 þm. (ÁJ, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, VE, ÖS) fjarstaddur.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. ÁRÁ, 337. mál (stofnfjárbréf). — Þskj. 610.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GAK, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, SighB, SP, StH, TIO, VS, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.
27 þm. (ÁJ, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GAK, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, SighB, SP, StH, TIO, VS, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.
1 þm. (ÁMM*) greiddi ekki atkv.
28 þm. (ÁJ, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, GHH,

GuðjG, GHall, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHG o.fl., 272. mál. — Þskj. 368.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GAK, GB, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, SighB, SP, StH, TIO, VS, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

28 þm. (ÁJ, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til efh.- og viðskn. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKJ, FrS, GAK, GB, GÁ, GHelg, HBl, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, SighB, SP, StH, TIO, VS, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

29 þm. (ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. TIO o.fl., 452. mál (leigutekjur af íbúðarhúsnæði). — Þskj. 779.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GAK, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, MF, ÓE, PP, PJ, PBj, RA, SighB, SP, StH, TIO, VS, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

28 þm. (ÁJ, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GAK, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, SighB, SP, StH, TIO, VS, ÞorstP, ÞÞ.

28 þm. (ÁJ, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, VE, ÖS) fjarstaddir.

Utanríkismál.

Skýrsla utanrrh., 570. mál. — Þskj. 949.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Skýrsla sú um utanríkismál sem ég mæli hér fyrir og dreift var á Alþingi þriðjudaginn 6. apríl sl., er hin önnur í röðinni sem lögð er fram í tíð núv. ríkisstjórnar. Á liðnum árum hafa bæði skýrslur um utanríkismál og umræður þingsins í kjölfar þeirra tekið mið af þeim viðfangsefnum sem efst voru á baugi hverju sinni í íslenskum utanríkismálum eða í alþjóðamálum. Fyrir ári eins og raunar nokkur undanfarin ár voru Evrópumál og hagsmunir Íslands í tengslum við Evrópska efnahagssvæðið í brennidepli og því vart við öðru að búast en að þeim málum yrði meiri gaumur gefinn i umfjöllun þingsins en öðrum þáttum alþjóðamála.

Af ástæðum sem ekki þarf að tíunda á þessum vettvangi verða utanríkisviðskiptin og málefni Evrópska efnahagssvæðisins óhjákvæmilega veigamikil og tímafrek enn um sinn en mikilvægir þjóðarhagsmunir mega ekki verða til þess að byrgja Íslendingum sýn gagnvart heimsatburðum í stærra samhengi. Fjarlægðir milli heimshluta skipta æ minna máli með þeim afleiðingum að atburðir víðs fjarri Íslandsströndum kunna að hafa áhrif hér á landi líkt og komið hefur í ljós hvað eftir annað, t.d. í ófriðnum á Balkanskaga og Persaflóastríðinu þar á undan svo að nefnd séu dæmi.

Við þetta bætist að skilin milli einstakra þátta í utanríkismálum eru ekki eins skýr og áður þar sem öryggismál svo tekið sé dæmi eru nú samþætt efnahags- og viðskiptamálum, mannréttinda- og umhverfismálum sem aldrei fyrr. Aðstæður í heiminum hafa bein og óbein áhrif á lífsskilyrði okkar þjóðar og í meira mæli en nokkru sinni. Þjóðleg utanríkisstefna krefst því fullnægjandi heildarsýnar yfir marga og afar ólíka þætti alþjóðamála samtímis. Við gerð þessarar skýrslu hefur hliðsjón verið höfð af þessum veruleika. Áhersla hefur verið lögð á almenn frekar en sértæk viðfangsefni, á nauðsynlega aðlögun íslenskrar utanríkisstefnu á tímum stórfelldra breytinga í alþjóðamálum. Ég vona því að skýrslan ásamt bæði þeim umræðum sem þegar hafa átt sér stað í tilefni aukaaðildar Íslands að Vestur-Evrópusambandinu og umræðum sem boðaðar hafa verið vegna nýútkominnar skýrslu nefndar um öryggis- og varnarmál — að allar þessar umræður geti stuðlað að ítarlegri og málefnalegri umfjöllun um utanríkismálin á þeim tímamótum sem Íslendingar standa á um þessar mundir.

Í fyrri skýrslum mínum til Alþingis hef ég lagt á það áherslu að stjórnvöld í samvinnu við Alþingi gerðu sér far um að meta áhrif umskiptanna á alþjóðavettvangi á forsendur og framkvæmd utanríkisstefnunnar. Nú á tímum umróts er ekki síður brýnt en á tímum kyrrstöðu kalda stríðsins að Alþingi og ríkisstjórn standi saman um meginmarkmið utanríkisstefnunnar.

Ég tel ástæðu til að fagna þeim vísbendingum sem nýlega hafa komið fram á Alþingi af hálfu eins forustumanna stjórnarandstöðunnar um að flokkur hans kunni e.t.v. við hinar breyttu aðstæður í alþjóðamálum að vilja leggja lið aukinni samstöðu, samstöðu af því tagi sem öðru fremur hefur gert Íslendingum kleift á undanförnum áratugum að standa vörð um sjálfstæði þjóðarinnar og ná fram mikilvægum markmiðum í samskiptum við aðrar þjóðir. Slík viðhorfsbreyting verður vonandi til þess ef hugur fylgir máli, sem væntanlega kemur í ljós við þessa umræðu, að skapa rökræðum um íslensk utanríkismál vinsamlegra og skynsamlegra umhverfi en verið hefur.

Breyttar aðstæður gefa einnig tilefni til að huga sérstaklega að tilhögun skýrslugjafar utanrrh. til Alþingis í framtíðinni og mun ég víkja nánar að því síðar.

Virðulegi forseti. Staða Íslands í heiminum hefur breyst í veigamiklum atriðum á örstuttum tíma. Á tímum kalda stríðsins tryggði lykilstaða landsins í varnarsamstarfi vestrænna ríkja Íslendingum áhrifastöðu í Evrópu langt umfram það sem stærð þjóðarinnar eða efnahagslegir burðir gáfu tilefni til. Við hinar breyttu aðstæður verður ekki lengur gengið að því sem vísu að tillit verði tekið til íslenskra hagsmuna í evrópsku samstarfi af þeim sökum. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að Ísland muni ekki slást í hóp þeirra EFTA-ríkja sem sótt hafa um aðild að Evrópubandalaginu. Umsókn Noregs, Svíþjóðar og Finnlands að Evrópubandalaginu veldur því að þungamiðja norræns samstarfs mun á næstunni færast nær Brussel. Ísland á því það á hættu að verða nokkuð afskipt, jafnvel einnig í norrænu samstarfi.

Þessum breytingum þurfa Íslendingar að mæta af fullri einurð, hvort heldur sjálfvalin einangrun í tortryggni eða gagnrýnislaus undanlátssemi við volduga nágranna eru óásættanlegir kostir sem stuðla mundu að jaðarstöðu Íslands. Því er óhjákvæmilegt að Íslendingar hafi sjálfir að því frumkvæði að koma ár sinni betur fyrir borð í breyttu alþjóðlegu umhverfi með jafnvel virkari utanríkisstefnu en hingað til. Haldi Íslendingar hins vegar að sér höndum getur fátt komið í veg fyrir að stefnumörkun og ákvarðanir annarra ríkja hafi æ meiri áhrif á hagsmuni Íslands í framtíðinni.

Á sviði öryggis- og varnarmála hefur ríkisstjórnin ákveðið að Ísland gerist aukaaðili að Vestur-Evrópusambandinu til að tryggja Íslendingum hlutdeild í samráði Evrópuríkja Atlantshafsbandalagsins. Í júní 1992 setti ég á fót nefnd fulltrúa samstarfsflokka í ríkisstjórn og embættismanna til að fjalla um öryggis- og varnarmál Íslands við breyttar aðstæður í alþjóðamálum. Nefndin skilaði nýlega áliti þar sem koma fram athyglisverðar ábendingar sem hafðar verða til hliðsjónar við stefnumörkun í náinni framtíð. Sókn ríkja Evrópubandalagsins í átt til nánara pólitísks sambands hefur einnig bein áhrif á íslenskt viðskiptaumhverfi. Að sönnu leiðir þróun þess ekki nauðsynlega til aukinna viðskiptahindrana, en hefur þó óhjákvæmilega áhrif á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Þess vegna þurfi að grípa til aðgerða til að tryggja stöðu Íslands á mikilvægasta markaðssvæðinu, Evrópu. Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið gafst ekki aðeins tækifæri til að tryggja aðgang að mörkuðum, heldur leiðir hann einnig til hraðari aðlögunar íslenskra fyrirtækja að nútímalegu viðskiptaumhverfi og aukinni samkeppni.

Við lok kalda stríðsins bundu margir við það vonir að takast mætti að koma á nýrri skipan heimsmála sem mundi einkennast af friðsamlegum samskiptum og samstarfi lýðræðisríkjanna. Alþjóðlegum og svæðisbundnum samtökum, ekki síst Sameinuðu þjóðunum, var ætlað að renna styrkum stoðum undir hina nýju skipan. Dregið skyldi úr spennu og hættu á átökum, landamæri opnuð og stuðlað að aukinni hagsæld í skjóli frjálsrar verslunar þjóða í millum. Frjáls viðskipti kæmu loks með afgerandi hætti í stað verndarstefnu og einangrunarhyggju.

Eftirleikurinn hefur orðið allur annar. Fáir gera sér lengur vonir um að fram undan bíði viburðasnautt þúsund ára sæluríki. Ofstæki, hatur og þjóðernishroki í einstökum ríkjum hefur á örstuttum tíma opinberað vanmátt hins alþjóðlega samfélags til að hafa hemil á skærum og átökum og þetta hefur minnt á að markmiðum lýðræðisríkjanna verður ekki náð nema með hægfara þróun og þrotlausu starfi til langs tíma.

Snurður hafa einnig hlaupið á þráðinn í tilraunum ríkja Vestur-Evrópu til að koma á nánara sambandi sín í milli á viðskipta- og efnahagssviðinu. Ekki verður séð fyrir endann á GATT-viðræðunum og átti þeim þó að ljúka fyrir árslok 1990. Mikið er í húfi að þar takist vel til því renni þær út í sandinn aukast líkur á því að viðskiptaerjur magnist milli Bandaríkjanna, Evrópu- og Asíuríkja og brjótist jafnvel út í viðskiptatríði. Víst má telja að enginn fer með sigur af hólmi í slíkum átökum. Þar tapa allir.

Umrót hefur farið vaxandi í öðrum heimshlutum, m.a. í mörgum þróunarlöndum þar sem stjórnleysi hefur leyst einræði af hólmi. Það verður að teljast ógnvekjandi að hátt á annar tugur ríkja um heim allan er talinn eiga eða geta framleitt gereyðingarvopn.

Þetta ótrygga ástand í heiminum veldur því að óhjákvæmilegt er að hugað verði áfram að öryggi og landvörnum. Þrátt fyrir að skipting Evrópu í andstæðar fylkingar og sú beina hernaðarógn sem henni fylgdi heyri nú sögunni til, um sinn a.m.k., getur engin þjóð leyft sér að láta öryggi sitt og landvarnir fyrir róða. Ekki væri þó síður háskalegt að láta undir höfuð leggjast að leita allra þeirra færa sem nú gefast til að stuðla að auknum friðsamlegum samskiptum og samvinnu þjóða, ekki síst þeirra sem fyrir stuttu voru sitt hvorum megin markalínu austurs og vesturs. Þetta á við um samvinnu í öryggis- og varnarmálum en einnig á sviði efnahags- og viðskiptamála, umhverfismála og mannréttinda. Í þessu efni getur Ísland lagt lóð sitt á vog-

arskálarnar með virkri þátttöku í fjölþjóðasamstarfi.

Virðulegi forseti. Í skýrslu nefndar um öryggis- og varnarmál sem áður er á minnst er réttilega á það bent að á tímum örra breytinga í heimsmálum standi Íslendingar ekki vörð um öryggi sitt nema með virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og með varnarsamstarfi við vinveitt nágrannaríki. Breytingar sem átt hafa sér stað valdi því að renna þurfi fleiri stoðum undir íslenska öryggishagsmuni en gert er með varnarsamningnum við Bandaríkin og aðildinni að Atlantshafsbandalaginu. Jafnframt er áréttað að varnarsamstarfið við Bandaríkin og þátttaka Íslands í samstarfinu innan Atlantshafsbandalagsins séu og verði hin bjargfasta undirstaða öryggis landsins.

Þrátt fyrir óhjákvæmilegar stefnubreytingar innan Atlantshafsbandalagsins og í varnarsamstarfinu hafa hvorki Ísland né önnur bandalagsríki hug á grundvallarbreytingum. Á sama hátt og íslensk stjórnvöld hafa tekið þátt í aðlögun Atlantshafsbandalagsins að nýjum aðstæðum hafa þau átt skoðanaskipti við fulltrúa bandarískra stjórnvalda á ýmsum stigum um framtíð og framkvæmd varnarsamstarfsins bæði í ljósi breyttra aðstæðna á Norður-Atlantshafi og niðurskurðar útgjalda til varnarmála í Bandaríkjunum. Af hálfu bandarískra stjórnvalda og í öðrum nálægum bandalagsríkjum hefur hernaðarlegt mikilvægi hnattlegu Íslands verið ítrekað, ekki síst samfara fækkun í bandarísku herliði á meginlandi Evrópu og aukinni hættu á svæðisbundnum átökum. Á það má benda að varnaráætlanagerð Atlantshafsbandalagsins byggist nú æ meir og mun meira en áður á liðsauka og birgðaflutningum frá Norður-Ameríku til Evrópu.

Á undanförnum árum hefur Ísland ásamt öðrum aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins tekið þátt í að laga bandalagið að breyttum aðstæðum og nýjum verkefnum. Aðlögun þessi endurspeglast m.a. í nýrri öryggismálastefnu, sem byggist á fækkun í herjum og áherslu á fjölþjóðlegar viðbragðsskjótar hersveitir, stofnun Norður-Atlantshafssamstarfsráðsins, þátttöku í friðargæslu og aukinni ábyrgð evrópskra aðildarríkja á sameiginlegu öryggi okkar.

Af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur áhersla verið lögð á varfærna aðlögun bandalagsins þannig að ekki yrði dregið úr stjórnmálalegri samstöðu eða kjarna varnarsamstarfsins, einkum hvað varðar sterk tengsl aðildarríkjanna í Norður-Ameríku og Evrópu. Einnig hefur það verið afstaða íslenskra stjórnvalda að æskilegt væri að stofna til sem nánastra tengsla og samvinnu Atlantshafsbandalagsins við aðrar stofnanir og samtök í Evrópu.

Þrátt fyrir nokkra umræðu um fjölgun bandalagsríkja hefur ekki verið talið tímabært að skilgreina sérstök inntökuskilyrði. Íslensk stjórnvöld munu hvetja til þess að umsóknir um fulla aðild eða beiðnir um öryggisskuldbindingar verði skoðaðar fyrst og fremst með tilliti til þess hvort það styrki bandalagið og stuðli að stöðugleika í Evrópu til lengri tíma litið.

Þótt aðlögun Atlantshafsbandalagsins hafi að flestu leyti verið árangursrík er enn óljóst hvernig bandalagið mun þróast og hvert meginhlutverk þess verður. Stórfelld svæðisbundin átök verða yfirleitt ekki til lykta leidd af einni stofnun eða samtökum, heldur þarf sameiginlegt átak til að koma á friði og finna lausn á deilumálum. Þar getur Atlantshafsbandalagið vissulega gegnt lykilhlutverki vegna hernaðarlegra burða og stjórnmálalegra áhrifa, ekki síst í Mið- og Austur-Evrópu. Það hefur burði til að annast friðargæslu eða jafnvel aðgerðir til að stilla til friðar í Evrópu ef Sameinuðu þjóðirnar eða Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu óska eftir því að bandalagið taki að sér slík verkefni, enda samrýmist það stofnskrá og markmiðum þess. Öðrum aðilum er ekki til að dreifa til þess að gegna þessu hlutverki.

Tillaga ríkisstjórnarinnar til þál. þar sem lýst er stuðningi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu endurspeglar þau varanlegu áhrif sem umskiptin í Evrópu hafa haft á samstarf vestrænna ríkja í öryggismálum. Aukaaðild Íslands að sambandinu er ekki aðeins í samræmi við íslenska öryggishagsmuni heldur þjónar hún einnig hagsmunum Atlantshafsbandalagsins sem heildar. Er það í samræmi við sjónarmið sem fram kom í viðræðum nefndarinnar um öryggis- og varnarmál við stjórnvöld í Bandaríkjunum, Noregi og Bretlandi og við forustumenn Atlantshafsbandalagsins þar sem allir viðmælendur okkar lýstu ánægju sinni með þá ákvörðun Íslands að taka boði um aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu.

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hafa Evrópuríki, hvert með sínum hætti, þurft að taka afstöðu til þess hvernig framtíðarsamstarf ríkja álfunnar væri best háttað. Evrópubandalagið hefur nú öðlast slíkt vægi að allt milliríkjasamstarf innan Evrópu tekur mið af því sem þar gerist. Sókn Evrópubandalagsríkjanna í átt til nánara pólitísks sambands virtist um skeið óstöðvandi, en úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu um Maastricht-samkomulagið í Danmörku, naumur stuðningur Frakka við það og tregða Breta hafa valdið því að jafnvel þótt Maastricht-samkomulagið verði að lokum samþykkt, bæði í Bretlandi og Danmörku má heita að allur vindur sé úr seglum heitustu talsmanna sambandsríkis Evrópu.

Umrót á gjaldeyrismörkuðum Evrópu hefur einnig leitt til efasemda að efnahagslegar forsendur séru fyrir evrópskri gjaldeyriseiningu.

Alkunna er að innan Evrópubandalagsins hefur því gjarnan verið haldið fram að erfitt væri að gera hvort tveggja í senn, fjölga aðildarríkjunum og styrkja innviði bandalagsins. Því var það skilyrði upphaflega sett á leiðtogafundi Evrópubandalagsins í Lissabon að aðildarviðræður við EFTA-ríkin, þau sem sótt hafa um aðild, gætu ekki hafist fyrr en eftir samþykkt Maastricht-samkomulagsins. Fjögur EFTA-ríkjanna hafa nú engu að síður hafið aðildarviðræður við Evrópubandalagið. En fari svo að Bretar eða Danir felli Maastricht-samkomulagið munu aðildarviðræður þessar greinilega lenda í uppnámi. Margt annað getur orðið til þess að draga aðildarviðræður á langinn. Ekki er heldur víst að sú niðurstaða náist að lokum sem verði samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu í ríkjunum fjórum.

Umsækjendur úr röðum EFTA-ríkjanna geta því þurft að treysta á EES-samninginn lengur en næstu tvö ár.

Hvert nýtt aðildarríki breytir eðli og svipmóti Evrópubandalagsins og raskar viðkvæmu valdajafnvægi innan þess. Það er því farið varlega í sakirnar áður en nýjum ríkjum er hleypt að samningaborðinu. Tilboð leiðtogafundarins í Lissabon til EFTA-ríkjanna um að aðildarviðræður skyldu hefjast fljótt fékkst ekki fram nema fyrir verulegan pólitískan þrýsting og verður því vart endurtekið í bráð. EFTA-ríkin hafa nú þegar hvert á sinn hátt svarað því tilboði. Vangaveltur um mögulega aðild Íslands að EB eru því fjarlægari nú en fyrir ári síðan. Næst þegar Evrópubandalagið vekur máls á því að fjölga aðildarríkjum, þá verður það að takast á við umsóknir nýfrjálsra ríkja Austur-Evrópu þar sem svokölluð Visegrad-ríki, þ.e. Tékkland, Ungverjaland og Pólland, verða fremst í biðröðinni. Sú lota getur teygst fram á næstu öld ef af henni verður. Fjölgi aðildarríkjum mikið fram yfir 16 er ljóst að taka verður allar stofnanir EB til gagngerrar endurskoðunar og óvíst er hversu langan tíma það tekur, en því verkefni munu þeir væntanlega sinna samkvæmt þegar gerðu samkomulagi eftir 1996.

Hinir kredduföstustu talsmanna Evrópubandalagsins hafa jafnan haldið því á loft að ekki þýði annað í samstarfi Evrópuríkja en að taka við öllum skuldbindingum án undantekninga, ekki gefist kostur á að velja og hafna. Þess sjást nú nokkur merki að þessi bókstafstrú er á undanhaldi þótt hún sé langt frá því að vera horfin af sjónarsviðinu.

EES-samningurinn markar að því leyti tímamót að með honum var í fyrsta skipti vakið máls á því að veita ríkjum utan Evrópubandalagsins hindrunarlausan aðgang að innri markaðnum án þess að því fylgdi að taka við öðrum skuldbindingum en þeim sem nauðsynlegar væru fyrir snurðulausan rekstur Evrópska efnahagssvæðisins. Gamlar starfsaðferðir innan Evrópubandalagsins sem miðuðust við að staðla og samræma öll tæki og starfsaðferðir hafa þróast í þá átt að setja aðildarríkjunum almenn markmið sem þau uppfylla síðan hvert á sinn hátt. Með Maastricht-samkomulaginu er fest í sessi þessi starfsregla að enga ákvörðun beri að taka á efra stjórnsýslustigi sem hægt væri að taka á neðra stigi án vandkvæða eða viðskiptahindrana. Samkvæmt þessari reglu, sem kennd hefur verið við dreifræði, er tryggt að sameiginlegar stofnanir EB gangi ekki um of inn á valdsvið einstakra aðildarríkja eða sveitarstjórna. Þess er þegar farið að gæta í stjórnkerfi Evrópubandalagsins að tekið er tillit til þessa því að tilskipanir eru að verða æ færri og almennari að eðli. Vaxandi sveigjanleiki EB tekur á sig aðrar myndir. Innan Evrópubandalagsins hefur hvort tveggja gerst að nokkur aðildarríki hafa tekið sig saman um að efla samstarf sín í milli án þess að öll aðildarríkin væru þar með og það að einstök ríki hafa verið undanþegin nýrri samþykktum EB á tilteknum sviðum. Má þar nefna undanþágu Dana frá hlutum Maastricht-samkomulagsins og Breta frá félagsmálasáttmála Evrópubandalagsins. Ef byggja á upp frekara samstarf allra Evrópuríkja verður að taka tillit til sérstöðu hvers og eins þeirra, finna hverju sína vistarveru.

Að öllu þessu samanlögðu getur þróunin auðveldlega orðið á þann veg að EES-samningurinn geti átt fyrir höndum lengri lífdaga en menn ætluðu fyrir fáeinum missirum. Hvernig sem öðrum aðildarríkjum EFTA vegnar í aðildarviðræðunum verður EES-samningurinn traustur grunnur sem hægt verður að byggja á þegar samskiptum Íslands og Evrópubandalagsins verður ráðið til lykta í framtíðinni. Þær skuldbindingar og þau réttindi sem EES-samningnum fylgja munu standa þótt semja verði um einfaldara fyrirkomulag stofnana verði samningsaðilar ekki aðrir en Ísland og Evrópubandalagið.

Virðulegi forseti. Tilraunir til að hemja borgarastyrjöldina í fyrrverandi Júgóslavíu hafa enn ekki borið árangur. Íbúar Bosníu-Hersegovínu hafa orðið hart úti og hætta er á að átökin breiðist út til annarra landsvæða.

Ísland var á sínum tíma fyrst vestrænna ríkja til þess að viðurkenna sjálfstæði Slóveníu og Króatíu og viðurkenndi Bosníu-Hersegovínu skömmu síðar. Ísland stóð fyrir aðildartillögu Slóveníu að allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og utanrrh. þáði heimboð til Slóveníu dagana 14.–15. okt. sl. Á sama tíma stóð til að sækja heim Króatíu en af því gat ekki orðið af óviðráðanlegum ástæðum. Makedóníu var nýlega veitt aðild að Sameinuðu þjóðunum. Ísland var í síðustu viku meðflytjandi að tillögu á allsherjarþinginu um aðildina og hef ég sent utanríkisráðherra landsins heillaóskaskeyti og tilkynnt honum að íslensk stjórnvöld séu reiðubúin til viðræðna um stjórnmálasamband ríkjanna. Stjórnvöld hafa á undanförnum mánuðum tekið virkan þátt í alþjóðlegu starfi um málefni fyrrverandi Júgóslavíu. Auk almennra framlaga til hjálparstofnana var framlag Íslands á sl. ári til friðargæslusveita Sameinuðu þjóðanna í fyrrverandi Júgóslavíu tæpar 5 millj. kr. og viðbótarframlag til flóttamannastofnunar 3 millj. Ríkisstjórnin hafði samstarf við Rauða kross Íslands og Hjálparstofnun kirkjunnar um fjársöfnun til stuðnings stríðshrjáðum þegnum í fyrrverandi Júgóslavíu og Sómalíu og söfnuðust um 22 millj. kr. Þar af voru 4 millj. kr. framlag stjórnvalda. Einnig ákvað ríkisstjórnin að stofna vinnuhóp um aðgerðir til aðstoðar í fyrrverandi Júgóslavíu með fulltrúum utanrrn., Rauða kross Íslands og Hjálparstofnunar kirkjunnar. Tillögum vinnuhópsins var hrundið í framkvæmd. Þær fólu í sér kaup á fæði fyrir níu þúsund flóttamenn í Slóveníu, fatasöfnun, matvælasendingar og endurbyggingu húsnæðis fyrir flóttamenn fyrir 16 millj. kr. Fatasöfnunin heppnaðist vel og söfnuðust alls um 150–160 tonn af hlýlegum skjólfatnaði, en verðmæti hans er áætlað um 30–50 millj. kr. Það samstarf sem ríkisstjórnin hefur átt við óopinber félagasamtök hefur því skilað góðum árangri og er vonast til að framhald geti orðið á þessu samstarfi.

Til viðbótar þessu ákvað ríkisstjórnin að veita 6,4 millj. kr. til að greiða laun allt að þriggja einstaklinga sem kunna að verða ráðnir til friðargæslustarfa í ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu. Slík ákvörðun hefur ekki

verið tekin áður og er liður í því að Ísland axli aukna ábyrgð á alþjóðavettvangi. Loks ákvað ríkisstjórnin að afsala sér 115 millj. kr. lánsheimild á niðurgreiddum vöxtum frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins að því tilskildu að lánið yrði notað til uppbyggingar og aðstoðar við flóttafólk í fyrrverandi Júgóslavíu en vextir af umræddu láni eru mun lægri en af öðrum sambærilegum lánum sem Ísland á kost á.

Þátttaka Sameinuðu þjóðanna í friðarumleitunum hefur farið stigvaxandi. Öryggisráðið hefur samþykkt ályktun um efnahagslegar refsiaðgerðir auk annarra ályktana til þess að auka skilvirkni refsiaðgerðanna. Aðgerðirnar hafa hins vegar ekki enn þá skilað þeim árangri sem vonir voru við bundnar. Atlantshafsbandalagið hefur jafnt og þétt aukið þátttöku í framkvæmd refsiaðgerða Sameinuðu þjóðanna. Flotadeild bandalagsins hefur aðstoðað við framkvæmd ályktana öryggisráðsins. Nýlega ákvað bandalagið að aðstoða Sameinuðu þjóðirnar við framkvæmd ályktunar öryggisráðsins frá 31. mars sl. um aðgerðir til að framfylgja banni við flugi yfir Bosníu-Hersegovínu. Auk þess er hafinn undirbúningur að þátttöku Atlantshafsbandalagsins í framkvæmd Vance/Owen-friðaráætlunarinnar. Þess má geta að íslensk stjórnvöld styðja að fullu aðgerðir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Atlantshafsbandalagsins til að knýja Serba í Bosníu-Hersegovínu og serbnesk stjórnvöld til að virða friðaráætlunina.

Virðulegi forseti. Samskipti Íslands og Rússlands hafa verið vinsamleg á undanförnun áratugum. Stjórnmálaástandið í Rússlandi og breytingar á viðskiptum ríkjanna hafa nú sett þessum samskiptum þrengri skorður en ella og þrengri skorður en æskilegt væri. Þótt enn hafi ekki gefist tækifæri til beinna viðræðna íslenskra og rússneskra ráðamanna hafa íslensk stjórnvöld tekið þátt í samráði og aðgerðum vestrænna ríkja til aðstoðar nýfrjálsum ríkjum í Mið- og Austur-Evrópu, þar á meðal Rússlandi, innan hins svokallaða 24 landa samstarfs. Kanna þarf sérstaklega með hvaða hætti auka má samskipti Íslands og Rússlands með það fyrir augum að Ísland geti frekar stutt við bakið á lýðræðisþróuninni í Rússlandi.

Á árinu 1992 voru haldnar tvær ráðstefnur í Washington, Lissabon og Tókíó að frumkvæði Bandaríkjastjórnar til þess að hvetja til og samræma aðstoð við fyrrverandi Sovétlýðveldin. Ríkisstjórn Íslands ákvað að veita 17 millj. kr. á síðasta ári í aðstoð. Stofnanir, fyrirtæki og félög á Íslandi lögðu fram svipaða upphæð. Stórum hluta framlags ríkisstjórnarinnar var varið til tækniaðstoðar við sjávarútveg í Kamtsjatka. Æskilegt er að Ísland taki þátt í að festa í sessi lýðræði og markaðshagkerfi í Rússlandi með aðstoð af þessu tagi.

Hvað varðar viðskipti ríkjanna tveggja hafa endalok miðstýringarinnar þegar haft áhrif á þá tilhögun sem verið hefur við lýði í marga áratugi.

Viðskiptafrelsi í stað miðstýringar ríkisverslunar gerir nýjar kröfur til þeirra sem vilja stunda viðskipti í Rússlandi en skapar jafnframt nýja möguleika, ný tækifæri. Sá vaxtarbroddur sem gefur sérstakt tilefni til bjartsýni í viðskiptum Íslands og Rússlands er samstarf á sviði orkumála, þar með talinn undirbúningur jarðhitaveitu á Kamtsjatka. Samvinna í sjávarútvegi er enn á byrjunarstigi. Íslensk fyrirtæki gætu hugsanlega látið í té vel búin skip, tækni- og markaðsþekkingu ef viðunandi lausn finnst varðandi greiðslufyrirkomulag, t.d. við Kamtsjatka og í Barentshafi. Og í því lagafrv. sem nú liggur fyrir um þróunarsjóð sjávarútvegsins eru ákveðin ákvæði sem eiga að auðvelda íslenskum fyrirtækjum að taka þátt í verkefnum af þessu tagi. Viðskiptabókun Íslands og Rússlands féll úr gildi um síðustu áramót en hefur nú verið framlengd til áramóta.

Þótt litið hafi verið á Jeltsín, forseta Rússlands, og ríkisstjórn hans sem eins konar persónugerving umbótastefnunnar er ekki þar með sagt að umbætur standi og falli með þessum einstaklingum. Á hinn bóginn skiptir miklu að réttkjörnir leiðtogar, sem sannanlega hafa umboð þjóðarinnar, veiti Rússlandi forustu í erfiðum hamskiptum frá kommúnísku alræði til lýðræðis og blandaðs hagkerfis. Ef ekki tekst fljótlega að leysa stjórnarfarslegar deilur og höggva á þann hnút sem torveldar róttækar efnahagsaðgerðir er alls óvíst hvað gerast kann í Rússlandi. Alls ekki er hægt að útiloka almenna upplausn og átök sem gætu haft afdrifaríkar afleiðingar um gervalla heimsbyggðina. Þrátt fyrir að afturhaldsöfl í Rússlandi hafi styrkst á undanförnum mánuðum er víst að ekki verður aftur horfið til þess ástands sem ríkti á valdatímum kommúnista. Á hinn bóginn er óljóst hvað við tekur. Ekki verður gengið að því vísu að það verði lýðræði og frjálst markaðshagkerfi að vestrænni fyrirmynd. Fundur Jeltsíns og Clintons forseta Bandaríkjanna í Vancouver og þjóðaratkvæðagreiðslan í Rússlandi síðar í þessum mánuði vekja nokkrir vonir um að Rússlandi geti sigrast á fyrrnefndum vandamálum sem vissulega eru risavaxin.

Ísland viðurkenndi sjálfstæði og fullveldi allra aðildarríkja Samveldis sjálfstæðra ríkja í byrjun liðins árs. Stofnað hefur verið til formlegs stjórnmálasambands við Úkraínu og Georgíu. Sú stefna var mörkuð í upphafi að láta ákvörðun um stjórnmálasamband við samveldisríkin, önnur en Rússland, einkum ráðast af möguleikum á sviði viðskipta eða annarra áþreifanlegra samskipta.

Íslensk sérþekking á nýtingu jarðhita getur komið að góðum notum í ýmsum samveldisríkjanna. Auk Rússlands hafa Úkraína, Armenía og Georgía látið í ljós áhuga á samvinnu við Íslendinga á þessu sviði. Þess má vænta að víðtæk samvinna geti komist á á komandi árum þannig að íslenskir sérfræðingar taki þátt í að flýta jarðhitanýtingu í sumum þessara ríkja.

Nú þegar liðið er á annað ár frá því að samveldi sjálfstæðra ríkja var stofnað og þrátt fyrir nokkrar væntingar í upphafi hefur það enn ekki orðið meira en mjög laustengt ríkjabandalag. Aðildarríkin eiga öll við risavaxna stjórnmálalega og efnahagslega erfiðleika að stríða og ekki bætir úr skák að tvíhliða samskipti einstakra samveldisríkja eru mjög misjöfn og minna en friðsamleg í mörgum tilvikum.

Rússland og Úkraína komust að samkomulagi um skiptingu Svartahafsflotans í fyrra en deilan um yfir-

ráð yfir Krímskaga er enn óleyst. Það sem veldur jafnvel enn meiri áhyggjum innan samveldisins sem utan er tregða úkraínskra stjórnvalda til að leyfa flutninga á langdrægum kjarnaflaugum frá Úkraínu til Rússlands þrátt fyrir samningsbundnar skuldbindingar í þessum efnum. Samkvæmt Minsk-samkomulaginu á síðasta ári voru öll skammdræg kjarnavopn flutt frá Úkraínu til Rússlands, en um þriðjungur allra langdrægra kjarnaflauga Sovétríkjanna fyrrverandi eru enn í Úkraínu í trássi við svonefnt Lissabon-samkomulag sem Kasakstan og Hvíta-Rússland stóðu einnig að. Úkraína hefur ekki fullgilt samninginn gegn útbreiðslu kjarnavopna eða START I samninginn um takmörkun langdrægra kjarnavopna.

Margt bendir til þess að Úkraínustjórn reyni að nota kjarnavopnin sem tromp á hendi í samskiptum við Rússland og Vesturlönd, einkum Bandaríkin. Vestræn ríki, sem hafa heitið umtalsverðu fjármagni til aðstoðar við eyðingu kjarnavopna og til endurþjálfunar vísindamanna í samveldisríkjunum, leggja mikla áherslu á að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu kjarnavopna. Því gæti ákvörðun Úkraínu um að virða að vettugi umsamdar skuldbindingar til skemmri eða lengri tíma hafi mjög neikvætt fordæmisgildi varðandi útbreiðslu slíkra vopna.

Stuðningur íslenskra stjórnvalda við baráttu Eystrasaltsríkjanna fyrir endurheimt sjálfstæðis og fullveldis á árunum 1990–1991 hefur valdið því að sérstök tengsl hafa myndast á milli Íslands og ríkjanna þriggja. Þetta endurspeglaðist m.a. í nýlegri heimsókn Brazauskas, nýkjörins forseta Litáens, hingað til lands. Áframhaldandi stuðningur vinveittra ríkja getur jafnvel ráðið úrslitum um hvort takast muni að renna nægilega styrkum stoðum undir sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna í framtíðinni.

Íslensk stjórnvöld hafa af fremsta megni reynt að aðstoða Eystrasaltsríkin við að hefja þátttöku í alþjóðlegu og fjölþjóðlegu samstarfi, m.a. með því að kynna þeim rekstur og skipulag utanríkisþjónustu. Einnig hafa Norðurlöndin verið samtaka í aðstoð við ríkin þrjú, t.d. með því að standa straum af þátttöku þeirra í starfsemi Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu í Vínarborg á síðasta ári.

Ísland veitti Eystrasaltsríkjunum 1 millj. Bandaríkjadala í greiðslujafnaðaraðstoð á síðasta ári. Þá hafa stjórnvöld staðið að þjálfun og námskeiðum fyrir fjölda einstaklinga frá ríkjunum þremur, þar á meðal með styrkveitingum til náms við Háskóla Íslands og þjálfun í stjórnun fyrirtækja. Síðastnefnda verkefnin var einnig styrkt af íslenskum félögum og fyrirtækjum. Einnig hafa verið veittir styrkir vegna hugsanlegra samstarfsverkefna og til stofnunar lyfjaverksmiðju í Litáen, til rannsókna á jarðvarma og til ráðgjafar um flugöryggismál.

Fjármálaráðherrar Norðurlanda undirrituðu samkomulag í Helsinki um fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin í þeim tilgangi að aðstoða þar lítil og meðalstór fyrirtæki. Samkvæmt áætluninni verður varið meira en 7,5 milljörðum íslenskra króna til fjárfestinga í formi ábyrgða á lánum sem renna til þessara ríkja og hefur m.a. verið leitað til Evrópubankans og Norræna fjárfestingarbankans um þessa fjármögnun.

Af skiljanlegum ástæðum hefur verið tilhneiging á Vesturlöndum á undanförnum árum til að spyrða saman Eystrasaltsríkin þrjú og móta heildarstefnu gagnvart þeim þótt í raun séu ólíkar aðstæður og hagsmunir í hverju ríki. Þetta er m.a. afleiðing af nauðsynlegri samstöðu Eystrasaltsríkjanna meðan þau voru að brjótast undan sovéskum yfirráðum og afleiðing af landfræðilegri og efnahagslegri smæð þeirra. Nú um tveimur árum eftir að ríkin þrjú öðluðust fullt sjálfstæði á ný fer hvert þeirra í auknum mæli eigin leiðir. Tvíhliða samskipti þeirra við önnur ríki eru að komast í fastari skorður. Eftir sem áður eiga Eystrasaltsríkin sameiginlegra hagsmuna að gæta á sviði öryggismála og einkum hvað varðar samskiptin við Rússland.

Mjög hefur verið lagt að rússneskum stjórnvöldum á alþjóðavettvangi að ljúka samskiptum við Eystrsaltsríkin um áætlun um brottflutning rússnesks herliðs. Vonast er til að brottflutningur rússnesks herliðs frá Eystrasaltsríkjunum haldi áfram þrátt fyrir yfirlýsingu stjórnvalda í Moskvu nýlega um að brottflutningur hafi verið stöðvaður sökum húsnæðiseklu í Rússlandi. Einstök ríki hafa staðið að fjölþjóðlegu samráði um hvernig hugsanlega væri hægt að auðvelda brottflutninginn með efnahagsaðstoð, ekki síst fjárveitingum til byggingar íbúðarhúsnæðis. Íslensk stjórnvöld hafa tekið undir áskoranir um umsamin en skilyrðislausan brottflutning rússnesks herliðs frá Eystrasaltsríkjunum. Vestræn ríki, þar á meðal Ísland, hafa algjörlega hafnað óbeinni tengingu rússneskra stjórnvalda milli brottflutnings og réttinda rússneskra minnihlutahópa í ríkjunum þremur.

Ísland og önnur Norðurlönd hafa gengið frá tvísköttunarsamningum við Eystrasaltsríkin þrjú og undirbúningur er hafinn að gerð fríverslunarsamnings við þau einnig.

Þótt öll ríki Mið- og Austur-Evrópu hafi virst vera órofa heild á tímum kalda stríðsins, ofurseld sovéskri yfirdrottnun og miðstýrðu hagkerfi í rúmlega fjóra áratugi kemur stjórnmálalegur, efnahagslegur og menningarlegur munur þeirra í millum æ betur í ljós. Aðlögun þessara ríkja að lýðræði og markaðskerfi verður óhjákvæmilega misjöfn að umgangi og í tíma, en miklu skiptir fyrir öll ríki álfunnar að múr velmegunar og öryggis komi ekki í stað járntjaldsins sem fyrir var.

Samskipti Íslands við ríki Mið- og Austur-Evrópu hafa löngum fyrst og fremst verið á sviði viðskipta, en verulega hefur dregið úr þeim frá því sem var. Ísland á eftir sem áður gott samstarf við þessi ríki innan alþjóðlegra og fjölþjóðlegra stofnana og samtaka.

Öryggismál eru ofarlega á baugi víðast hvar í Mið- og Austur-Evrópu. Endalok Varsjárbandalagsins og upplausn Sovétríkjanna skildu þar eftir tómarúm sem flest ríkin á svæðinu reyna nú að eyða í krafti samvinnunnar innan Norður-Atlantshafssamstarfsráðsins og Ráðstefnunnar og öryggi í Evrópu fremur en með svæðisbundinni varnarsamvinnu. Nú og um næstu framtíð verða næg tilefni í Mið- og Austur-Evrópu til

deilna og jafnvel átaka sem erfitt gæti reynst að reisa skorður við. Þar koma við sögu staða þjóðernisminnihluta, skipan landamæra, nýting náttúruauðlinda, að ónefndum afleiðingunum af styrjöldinni í fyrrverandi Júgóslavíu og erfiðri sambúð Sovétlýðveldanna fyrrverandi. Einnig stendur flestum fyrrverandi bandalagsríkjunum Sovétríkjanna stuggur af hugsanlegri valdatöku kommúnista eða þjóðernis- og öfgasinna í Rússlandi. Miklu skiptir því að það takist að brúa bilið til meiri stöðugleika með friðsamlegum hætti.

Íslensk stjórnvöld hafa á undanförnum árum talið eðlilegt og æskilegt að Atlantshafsbandalagið stofnaði til samskipta við fyrrverandi aðildarríki Varsjárbandalagsins á sem flestum sviðum. Þess vegna var Ísland frá upphafi fylgjandi tillögunni um stofnun Norður-Atlantshafssamstarfsráðsins og hefur síðan hvatt til þess að samstarfið yrði eflt í áföngum. Auk fyrrverandi Varsjárbandalagsríkja hefur Albaníu nú verið veitt aðild að þessu samstarfsráði og Finnlandi áheyrnaraðild.

Starfsáætlun Norður-Atlantshafssamstarfsráðsins er umfangsmikil. Hún kveður á um samstarf á sviðum öryggis- og varnarmála, efnahagsmála, vísinda og rannsókna, umhverfismála og upplýsinga. Í áætluninni fyrir þetta ár er sameiginleg friðargæsla eitt þeirra verkefna sem vonir eru bundnar við að geti leitt til nánari tengsla bandalagsins og samstarfsríkjanna á sviði hermála.

Þrátt fyrir að stofnun Norður-Atlantshafssamstarfsráðsins komi um tíma til móts við þarfir ríkja í Mið- og Austur-Evrópu er engu að síður nauðsynlegt að ráðið öðlist annan og meiri tilgang. Meðan bandalagið er ekki tilbúið að koma til móts við ríki þessi með öryggisskuldbindingar eða gera greinarmun á einstökum samstarfsríkjum er ekki raunhæft að gera ráð fyrir að þau láti sér nægja til frambúðar að ráðið sé eins konar biðstofa hugsanlegrar aðildar að Atlantshafsbandalaginu sem hugur margra þessara ríkja vissulega stendur til. Hafi Norður-Atlantshafssamstarfsráðið einungis óbein áhrif á öryggismál í Evrópu er sennilegt að sum samstarfsríkjanna í Mið- og Austur-Evrópu leggi aukna áherslu á bein tvíhliða samskipti við Atlantshafsbandalagið.

Virðulegi forseti. Í tæpa tvo áratugi hefur Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu verið snar þáttur í skipan öryggismála í Evrópu. Frá upphafi miðuðust helstu verkefni ráðstefnunnar við hina þrjá meginþætti Helsinki-skjalsins, öryggismál, efnahagssamvinnu og mannréttindi. Meðan kalda stríðið var í algleymingi var mestum árangri náð á sviði öryggismála og mannréttinda, en í kjölfar leiðtogafundar í París árið 1990 og Helsinki-fundarins á síðasta ári eignaðist ráðstefnan sínar fyrstu stofnanir og er nú orðin mun margþættari en áður.

Ísland hefur tekið þátt í störfum ráðstefnunnar frá upphafi eins og öll önnur Atlantshafsbandalagsríki og talið hana nauðsynlegan hluta evrópskrar öryggisskipunar seinni ára, ekki síst á dögum kalda stríðsins. Ráðstefnan hefur lengi verið eini sameiginlegi vettvangur allra Evrópuríkja þar sem fjallað er um öryggismál í víðu samhengi. Þó svo að verkefnin hafi í vaxandi mæli skarast við verkefni annarra stofnana og samtaka í Evrópu eftir að kalda stríðinu lauk hefur það verið afstaða Íslands líkt og annarra Atlantshafsbandalagsríkja að ekki sé nauðsynlegt að kveða afdráttarlaust á um verkefni og verkaskiptingu stofnana og samtaka meðan breytingaskeiðið stendur enn yfir. Á tímum óvissu og öryggisleysis er slík skörun betri en aðgerðaleysi. Vegna aukinna umsvifa ráðstefnunnar var ákveðið á síðsta ári að opna skrifstofu Íslands í Vín. Fylgst verður með þróun ferlisins og ákvörðun tekin um frekari tilhögun á þátttöku Íslands í þessu samstarfi að fenginni reynslu.

Evrópuráðið hefur unnið mjög árangursríkt starf á mörgum sviðum, sérstaklega á sviði mannréttindamála. Í kjölfar stjórnmálalegra umbrota á undanförnum árum hefur mikilvægi Evrópuráðsins aukist og stendur nú yfir allsherjarendurskoðun á starsemi stofnunarinnar. Slík endurskoðun miðar ekki síst að því að gera Evrópuráðinu betur kleift að greiða götu ríkja Mið- og Austur-Evrópu sem reyna nú að tileinka sér lýðræðislegt stjórnarfar að vestrænni fyrirmynd. Í ríkjum þessum er litið á aðild að Evrópuráðinu sem upphaf aukinnar samvinnu við vestræn ríki og sem lið í varðveislu öryggishagsmuna.

Við núverandi aðstæður í alþjóðamálum, þar sem aukin áhersla er lögð á virðingu fyrir mannréttindum og lýðræði sem undirstöðu réttlætis og varanlegs friðar, getur Ísland hiklaust lagt skerf af mörkum ekki síst með virkari þátttöku í Evrópuráðinu.

Norðurlöndin standa nú á mikilvægum krossgötum í alþjóðamálum. Hinar föstu skorður sem einkenndu samskipti austurs og vesturs á tímum kalda stríðsins áttu sinn þátt í því að Norðurlöndin gátu einbeitt sér að samstarfi sínu innbyrðis á þeim sviðum sem það tók til. Hinar stórfelldu pólitísku breytingar sem átt hafa sér stað í umheiminum valda því að norrænt samstarf þarf í auknum mæli að laga sig að kröfum nýrra tíma, þeirri óvissu sem einkennir þróunina í austanverðri Evrópu annars vegar og samrunaferlinu í álfunni vestanverðri hins vegar.

Þrátt fyrir þessar breytingar eða jafnvel vegna þeirra munu Norðurlönd áfram hafa sameiginlega hagsmuni og áhugamál sem best verður unnið að í þeirra hópi. Aukin áhersla á svæðisbundna samvinnu í Evrópu og nauðsyn á nálgun við evrópska samrunaferlið stuðlar enn frekar að norrænni samvinnu og samstöðu. Þar vegur EES-samstarfið þyngst en nú er fyrirsjáanlegt að öll Norðurlönd taki í fyrsta skipti sameiginlegan þátt í viðskiptasamstarfi Evrópu.

Þegar fram líða stundir og fleiri Norðurlandanna kunna að hafa gerst aðilar að Evrópubandalaginu þarf að endurmeta norræna samvinnu þannig að hún verði áfram í samræmi við þarfir allra Norðurlanda. Fyrrnefnd atriði, og einkum það síðastnefnda, sýna að það verður að leggja sérstaka áherslu á að efla óformlegt samráð og samstarf Norðurlandaþjóðanna sem hefur á ýmsan hátt auðveldað Íslandi þátttöku í alþjóðlegu og fjölþjóðlegu samstarfi til þessa.

Samstarfshópur forsætisráðherra Norðurlandanna

hefur lagt fram skýrslu um endurmat á norrænni samvinnu. Virkari þátttaka forsætisráðherranna í norrænu samstarfi er vissulega af hinu góða, enda getur hún leitt til þess að samstarfið fái aukið pólitískt vægi. Hins vegar er full ástæða til að minna á hlutverk fagráðherra, ekki síst utanríkisráðherra og utanríkisviðskiptaráðherra þar sem ýmsar þær breytingar, sem kallað hafa á endurmat á norrænu samstarfi, falla undir verksvið þeirra.

Lok kalda stríðsins hafa opnað nýjar leiðir í svæðisbundnu samstarfi ríkja jafnframt því sem ríki gera sér í auknum mæli grein fyrir mikilvægi þess að fást við uppsafnaðan vanda með sameiginlegum aðgerðum. Þessi þróun hefur m.a. leitt til endurskoðunar hefðbundinna leiða í öryggismálum. Ríkari áhersla er lögð á að samvinna á sviði efnahags- og viðskiptamála, stjórnmála, umhverfismála og menningarmála stuðli að friði og öryggi í heiminum.

Svæðisbundið samstarf um umhverfisvandann á norðurslóðum hefur aukist verulega og má t.d. nefna Rovaniemi-ferlið á sviði umhverfisnefndar með aðild átta ríkja: Rússlands, Kanada Bandaríkjanna og Norðurlandanna. Þessi sömu ríki tóku þátt í stofnun Barentsráðsins í byrjun þessa árs. Tilgangur ráðsins er að stuðla að auknum samskiptum ríkja á Barentshafssvæðinu og í næsta nágrenni og brúa bilið milli Rússlands og Vesturlanda. Af hálfu Íslands hefur höfuðáhersla verið lögð á tvo málaflokka innan þessa samstarfs, annars vegar umhverfismál, sem litið er á sem helsta viðfangsefni ráðsins, en hins vegar viðskiptasamstarf.

Stofnun Barentsráðsins á sér að hluta til fyrirmynd í Eystrasaltsráðinu, enda eru marmið samtakanna að mörgu leyti svipuð. Aðilar að Eystrasaltsráðinu eru ríki sem liggja að Eystrasalti ásamt Noregi. Íslandi var upphaflega ekki boðin aðild að ráðinu og synjað um stöðu áheyrnarfulltrúa. Ísland hefur látið í ljós áhuga á því að nálgast þetta samstarf og er sú ósk nú til umræðu innan ráðsins.

Virðulegi forseti. Atburðir í Mið-Austurlöndum hafa á undanförnum áratugum verið orsök deilna og átaka sem ekki hafa einungis verið svæðisbundin heldur hafa oft og tíðum ógnað stöðugleika og friði á alþjóðavísu á alþjóðlegum vettvangi. Langvarandi togstreita Ísraels og Arabaríkja, vandi Palestínumanna og efnahagsleg misskipting í þessum heimshluta hafa tengst útflutningi olíu til iðnvæddra ríkja og leitt til vígbúnaðarkapphlaups sem virðist óstöðvandi. Af þessum sökum voru Mið-Austurlönd átakasvæði kalda stríðsins. Eftir sem áður hafa iðnríkin verulegra hagsmuna að gæta í þessum heimshluta.

Stjórnvöld á Íslandi hafa ekki haft bein afskipti af deilum í Mið-Austurlöndum eða nálægum svæðum, en hafa á hinn bóginn tekið þátt í umræðum og samráði um málefni þessa heimshluta á alþjóðavettvangi og tvíhliða við einstaka deiluaðila þegar tækifæri hafa gefist. Ríkisstjórnin hefur stutt friðarumleitanir Bandaríkjastjórnar í Mið-Austurlöndum. Hún hefur látið í ljós áhyggjur vegna atburða eða aðgerða deiluaðila sem spillt gætu fyrir friði. Þetta á t.d. við um nýlegan brottflutning ísraelskra stjórnvalda á rúmlega 400 palestínskum liðsmönnum heittrúarsamtaka frá herteknu svæðunum til Líbanons. Af því tilefni gerði utanrrh. stjórnvöldum í Ísrael bréflega grein fyrir afstöðu Íslands þar sem lögð var áhersla á að stjórnvöld í Ísrael fari að alþjóðalögum og afturkalli ákvörðun sína um nauðungarflutninga Palestínumanna jafnframt því sem nauðsyn varna gegn hryðjuverkum var áréttuð.

Ísland hefur einnig látið sig varða almenn mannréttindi í Mið-Austurlöndum. Þannig hefur Ísland gerst meðflytjandi að tillögum á þingi Mannréttindaráðs Sameinðuu þjóðanna um byggðir ísraelskra landnema á herteknu svæðunum og um mannréttindi í Írak og Íran. Einnig hafa íslensk stjórnvöld fordæmt brot Íraksstjórnar á ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og refsiaðgerðir samtakanna gegn Írak og Líbíu eru enn í gildi hér á landi.

Nú þegar betur horfir en lengi áður um friðsamlega lausn deilumála milli Ísraela og Arabaríkja og þegar hlutskipti Palestínumanna er ofarlega á baugi vill svo til að ekki er hægt að útiloka að aðstæður í Arabaríkjunum verði til að viðhalda og jafnvel auka spennu allt frá Persaflóa til Atlantshafs. Hér er einkum átt við vöxt og viðgang heittrúarstefnu múhameðstrúarmanna. Þótt heittrúarstefnan hafi staðbundin sérkenni og sé stjórnmálalega frumstæð getur hún með tíð og tíma orðið alvarleg ógnun við sunnanverða Evrópa og við lýðræði og mannréttindi víða um heim.

Pólitísk samskipti Íslands og Kína hafa verið með takmarkaðra móti undanfarin ár. Með hliðsjón af þeirri jákvæðu þróun sem átt hefur sér stað í Kína á undanförnum árum er eðlilegt að hugað verði að eflingu samskipta Íslands og Kína en jafnframt að lögð verði áhersla á úrbætur í mannréttindamálum.

Nýlega var lagt fram frv. á Alþingi með ítarlegri greinargerð um afnám viðskiptaþvingana gegn Suður-Afríku. Það er mat íslenskra stjórnvalda að þrátt fyrir hörmulegt ofbeldisástand í landinu verði umbótaþróuninni ekki snúið við. Mannréttindabrot eru ekki lengur framin í skjóli stjórnvalda og kynþáttaaðskilnaðarstefnan hefur verið afnumin. Forsendur viðskiptabanns íslenskra stjórnvalda eru þar með brostnar. Viðskiptabann Íslendinga hefur engin efnahagsleg áhrif á Suður-Afríku. Nágrannaþjóðir okkar og mikilvægir viðskiptaaðilar Suður-Afríku hafa aflétt banninu. Viðskiptabann Íslendinga hefur því ekki gildi lengur. Þrátt fyrir að viðskiptahagsmunir Íslendinga í Suður-Afríku séu óverulegir er óeðlilegt með hliðsjón af framangreindu að íslensk fyrirtæki búi við verri viðskiptaskilyrði en samkeppnisaðilar í öðrum ríkjum.

Virðulegi forseti. Að kalda stríðinu loknu skapaðist loks grundvöllur fyrir Sameinuðu þjóðirnar til þess að gegna hlutverki sínu eins og það var upphaflega hugsað. Nú síðustu árin hafa völd öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna aukist og verkaskipting þess og allsherjarþingsins er ekki eins skýrt afmörkuð og áður. Auknar kröfur eru nú gerðar til öryggisráðsins við framkvæmd mannúðaraðstoðar vegna aðgerða gegn stórfelldum mannréttindabrotum og jafnvel við eflingu lýðræðislegra stjórnarhátta sem áður voru af pólitísk-

um ástæðum frekar túlkuð sem úrlausnarefni allsherjarþingsins. Þetta aukna mikilvægi öryggisráðsins og hugsanlegar breytingar á skipan þess veldur því að íslensk stjórnvöld þurfa að fylgjast sérstaklega vel með störfum ráðsins, jafnvel með tímabundna setu Íslands í huga.

Alls eru nú friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á þrettán stöðum í heiminum og starfa rúmlega 60 þús. manns í þessum friðargæslusveitum. Árlegur kostnaður við friðargæslu á vegum Sameinuðu þjóðanna nemur nú meira en þremur milljörðum Bandaríkjadala. Þá hafa ríki sem freista þess að tileinka sér lýðræðislega stjórnarhætti óskað eftir því að Sameinuðu þjóðirnar sendi eftirlitsmenn til að fylgjast með frjálsum kosningum. Þannig hafa íslenskum stjórnvöldum borist óskir frá Sameinuðu þjóðunum um að tilnefndir yrðu starfsmenn til starfa við friðargæslu í ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu og víðar og einnig að tilnefndir yrðu aðilar sem starfað gætu við kosningaeftirlit. Ríkisstjórnin hefur þegar orðið við ósk um tilnefningu starfsmanna til friðargæslu. Einnig hefur verið lagður fram listi yfir starfsmenn sem til greina koma til eftirlits með kosningum. Þegar hefur verið óskað eftir íslenskum starfsmanni vegna kosninga í Erítreu og hefur verið brugðist jákvætt við þeirri beiðni. Ég vil taka það fram að af hálfu ríkisstjórnarinnar verður áhersla lögð á liðveislu íslenska ríkisins við verkefni af þessu tagi.

Í framhaldi af ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Rio de Janiero í júní 1992, samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í desember sl. að stofna sérstaka umhverfisnefnd (Commission on Sustainable Development) sem hefði það verkefni að fylgjast með og vinna að framgangi samþykkta ráðstefnunnar. Kosið var í nefndina í fyrsta skipti í febrúar sl. og hlaut Ísland kosningu í nefndina.

Þátttaka Íslands í umhverfisnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur í för með sér verulega aukin verkefni fyrir íslensk stjórnvöld. Mikilvægt er að vel og skipulega verði að þessu starfi staðið.

Umhverfisnefndin verður mikilvægasta stofnun Sameinuðu þjóðanna í umhverfismálum. Hún mun annast samræmingu aðgerða hinna ýmsu stofnana Sameinuðu þjóðanna á sviði umhverfismála og fylgjast með starfi nefnda sem vinna að framgangi einstakra samþykkta Ríó-ráðstefnunnar. Í samræmi við framkvæmdaáætlun Ríó-ráðstefnunnar er nú starfandi fjöldi alþjóðlegra nefnda um einstök framkvæmdaatriði áætlunarinnar og munu þær hafa mikil áhrif á störf þessarar umhverfisnefndar. Unnið verður m.a. að málaflokkum sem skipta sérhagsmuni Íslands miklu, svo sem að því er varðar fiskveiðar, nýtingu lifandi auðlinda hafsins og verndun andrúmsloftsins.

Virðulegi forseti. Alvarleg mannréttindabrot eiga sér stað í flestum ríkjum heims. Það er stjórnvalda í hverju ríki að sjá til þess að mannréttindi séu virt, en jafnframt er nauðsynlegt að leggja ríka áherslu á alþjóðlegt samstarf og aðhald. Eðlilegt er að ríki, sem staðið hafa framarlega í baráttunni fyrir mannréttindum, miðli reynslu sinni til þeirra sem af stjórnmálalegum, efnahagslegum, félagslegum eða öðrum ástæðum standa öðrum þar að baki.

Lok kalda stríðsins hafa gert ríkjum kleift að endurskoða hefðbundnar áherslur í öryggismálum. Umburðarlyndi, skilningur og virðing fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi eru í auknum mæli talin vera undirstaða friðar og öryggis í heiminum. Viðfangsefni alþjóðlegra stofnana og samtaka endurspeglar þetta í auknum mæli. Þótt íslensk stjórnvöld geti ekki teflt fram herliði til varðveislu friðar geta þau lagt mikilvægan skerf af mörkum þar sem mannréttindamál eru annars vegar. Þannig hefur mannréttindamálum verið gefinn aukinn gaumur á undanförnum árum m.a. með vaxandi þátttöku í mannréttindadráði Sameinuðu þjóðanna.

Friðargæsluverkefni miðast í auknum mæli við þætti sem eru taldir undirstaða friðar þar á meðal virðingu fyrir lýðræði og mannréttindum, þ.e. hér er um að ræða þætti sem eru utan hins hernaðarlega sviðs.

Miklar vonir voru bundnar við stóreflt mannréttindastarf við lok kalda stríðsins. Síðastliðin tvö ár hefur orðið vart við vandamál sem hamlað hafa þessu starfi. Þá á ég við ágreining milli ríkja í norðri og suðri sem farið hefur vaxandi. Krafa nokkurra þróunarlanda um svokallaða menningarlega afstæðishyggju sem felur í sér að mannréttindi geti verið breytileg eftir aðstæðum, efnahagslegu þróunarstigi og fleiru, verður æ háværari. Reglan um algildi mannréttinda er því mikilvægari nú en nokkru sinni fyrr sem einn af hornsteinum alþjóðlegs mannréttindastarfs.

Eitt af mikilvægari verkefnum 47. allsherjarþingsins var undirbúningur og samþykkt dagskrár alþjóðlegrar mannréttindaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin verður í Vín á komandi sumri þar sem ákveðið hefur verið að Íslendingar muni taka fullan þátt.

Virðulegi forseti. Takmörkun á útbreiðslu gereyðingarvopna og búnaði til að beita þeim er orðin eitt mikilvægasta viðfangsefnið á sviði afvopnunarmála. Íslensk stjórnvöld hafa brugðist við þessari þróun með því að gerast nýlega aðili að sérstöku samstarfi ríkja til að hefta útbreiðslu á langdrægum eldflaugum og tækni eða búnaði til framleiðslu þeirra. Þetta samstarf (Missile Technology Control Regime) hefur miðast við að koma í veg fyrir að slíkar eldflaugar og búnaður kæmust til ríkja sem beitt gætu þeim til árása eða ógnana með samræmdum útflutningstakmörkunum og upplýsingaskiptum. Ráðgert er að Ísland verði einnig þátttakandi í hliðstæðu samstarfi annars hóps, svonefndum Ástralíu-hópi, um takmörkun á útbreiðslu efna- og lífefnavopna og efna eða búnaðar til framleiðslu þeirra.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að tryggja framkvæmd samningsins um bann við útbreiðslu kjarnavopna (Non Proliferation Treaty) sem tók gildi árið 1970. Íslensk stjórnvöld fordæmdu nýlega ákvörðun Norður-Kóreu um að rjúfa samninginn og hvöttu stjórnvöld til að hlíta ákvæðum samningsins um eftirlit Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. Samningurinn við bann við útbreiðslu kjarnavopna verður endurskoðaður árið 1995 auk þess sem þá verður tekin

ákvörðun um frekari gildistíma hans. Mörg ríki þar á meðal Ísland hallast að því að samningurinn eigi að hafa ótakmarkaðan gildistíma.

Ísland átti þátt í öðrum mikilvægum áfanga í takmörkun á útbreiðslu gereyðingarvopna sem stofnaðili að samningnum um bann við framleiðslu, öflun, þróun og notkun efnavopna, sem var undirritaður í París í byrjun þessa árs. Samningurinn tekur gildi árið 1995 en um þessar mundir er unnið að undirbúningi fullgildingar af hálfu Íslands.

Athygli manna beinist nú í æ ríkari mæli að samningaviðræðum um algjört bann við tilraunum með kjarnorkuvopn. Íslensk stjórnvöld eru í grundvallaratriðum hlynnt umsömdu allsherjarbanni við tilraunum þegar til lengri tíma er litið og hafa gerst meðflytjendur að ályktunartillögu um það efni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Ekki verður þó unnt að útiloka tilraunir með kjarnavopn með öllu svo lengi sem þau eru snar þáttur í öryggis- og varnarstefnu Atlantshafsbandalagsins.

Afvopnun á höfunum var gerð ítareg skil í skýrslu minni til Alþingis á síðasta ári. Ég vil minna á það að eftir yfirlýsingu Bandaríkjaforseta um niðurskurð kjarnavopna á höfunum í september 1991 og viðbrögð stjórnvalda í fyrrverandi Sovétríkjum, en þetta til samans fól í sér að öll skammdræg kjarnavopn og stýriflaugar búnar kjarnaoddum skyldu fjarlægðar úr flotum ríkjanna og eyðilögð að miklum hluta, hefur orðið mikil breyting til hins betra á þessum vettvangi. Einnig kveða báðir sáttmálarnir, START I og START II, á um verulega fækkun kjarnorkuvopna í höfunum.

Ég vil benda á að áhugi Íslendinga á kjarnorku í höfunum er öðru fremur af umhverfislegum toga spunninn. Hin síðustu ár hefur það gerst að komið hefur til sögunnar sérstakt umhverfisráðuneyti sem fjallar um mál sem þessi og hafa ráðuneytin tvö, umhvrn. og utanrrn., að sjálfsögðu náið samráð um þessi og önnur mál þar sem þau láta til sín taka á vettvangi ýmissa alþjóðastofnana.

Virðulegi forseti. Á sama hátt og aðrar þjóðir hefur Ísland tekið þróunaraðstoð sína til endurskoðunar. Ríkisstjórnin hefur ákveðið og fylgir því eftir í verki í fyrsta sinn að auka verulega fjárframlög til þessa málaflokks. Í byrjun árs 1992 skilaði starfshópur á vegum forsrn. skýrslu um framtíð þróunarsamvinnu á vegum íslenska ríkisins. Þessi skýrsla var síðan til meðferðar í hópi embættismanna frá fimm ráðuneytum og skilaði hópurinn áliti í desember. Enn hefur ekki verið tekin afstaða til álitsins í ríkisstjórn.

Árangur þróunarmála hefur verið minni en vonir stóðu til við lok seinni heimsstyrjaldarinnar. Oft er jafnvel talað um að áratugi hinna glötuðu tækifæra í þessum efnum. Þessu valda ýmsar ástæður. Iðnríkin hafa greitt minna til þóunarmála en þau höfðu lofað, aðstoðin var oft ómarkviss, tilgangur þróunarsamvinnu var í mörgum tilvikum lausn efnahagslegra vandamála heima fyrir og var oft veitt misjafnlega spilltum stjórnvöldum í pólitískum tilgangi. Lok kalda stríðsins hafa gert það að verkum að iðnríkin og alþjóðlegar stofnanir hafa á undanförnum árum endurskoðað tilgang og markmið þróunaraðstoðar. Um þessar mundir er þróunaraðstoð í auknum mæli beint til einkaaðila, stuðlað er að stofnun og eflingu smáfyrirtækja, aukin áhersla er lögð á svokallaða sjálfbæra þróun, lausn fólksfjölgunarvandamálsins, aukna þátttöku kvenna í atvinnulífi og útrýmingu sárustu fátæktar. Einnig hafa iðnríkin í auknum mæli tengt þróunaraðstoð við pólitískar úrbætur, sem jafnframt hefur leitt til aukinna vandamála í samskiptum við þróunarlöndin sem kvarta sáran yfir yfirlætislegri góðvild fyrrverandi nýlenduherra í ýmsum tilvikum. Fara verður varlega í þessum efnum og allar aðgerðir verða að taka mið af tilgangi og markmiði þróunaraðstoðar, sem er velmegun og hagsæld einstaklingsins í viðkomandi löndum.

Þessi þróun er vísbending um að iðnríkin gera sér í auknum mæli grein fyrir að þörfin fyrir stórfellt átak á sviði þróunarmála hefur líklega aldrei verið meiri en á núverandi tímamótum þegar fjöldi ríkja hefur sett stefnuna á lýðræði og aðrar pólitískar og efnahagslegar úrbætur.

Virðulegur forseti. Í upphafi máls míns vék ég að því að breytingarnar í alþjóðamálum gæfu tilefni til að endurskoða fyrirkomulag skýrslugjafar til Alþingis um utanríkismál. Á undanförnum árum hefur sú venja verið viðhöfð að utanrrh. gefi þinginu ársyfirlit um utanríkismál þar sem safnað er á einn stað ítarlegum upplýsingum um þá fjölmörgu málaflokka sem undir utanrrh. heyra. Eðlilegt er að utanrrn. gegni áfram þeirri sjálfsögðu skyldu að upplýsa bæði Alþingi og almenning um stöðu íslenskra utanríkismála á hverjum tíma. Spurningin er hins vegar hvort hinar öru breytingar á alþjóðavettvangi og sífellt flóknari samþætting hinna ýmsu þráða utanríkismálanna valdi því ekki að stuðla beri að reglubundnari og markvissari umræðu á Alþingi um utanríkismál en tíðkast hefur hin síðustu ár. Ég vil, áður en ég lýk máli mínu, virðulegi forseti, gera það að tillögu minni að í stað árlegrar prentaðrar yfirlitsskýrslu geri utanrrh. Alþingi reglulega grein fyrir stöðu utanríkismála á haustþingi og vorþingi en komi upplýsingum um afmarkaða málaflokka, þar á meðal utanríkisviðskipti, þróunarmál eða starfsemi tengda varnarsvæðum, á framfæri með öðrum hætti eftir því sem tilefni er til. Vonast ég til að þannig megi beina umræðum um utanríkismál í skipulegri og árangursríkari farveg eftirleiðis, Alþingi og þjóðinni allri til heilla.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka skýrslu um utanríkismál og lestur hæstv. utanrrh. úr þeirri skýrslu. En ég vil hefja mál mitt með því að taka undir það sem hæstv. utanrrh. sagði í lok síns máls að ég held að það sé ákaflega mikilvægt að breyta þessari skýrslugerð og umræðu, sem er að sjálfsögðu afar nauðsynleg, um utanríkismál. Ég tek undir það sem segir í upphafi skýrslunnar að utanríkisstefnan er á vegamótum. Mér þótti hins vegar ekki horfa nægilega vítt um svið á þessum vegamótum, hvorki í skýrslu hæstv. utanrrh. né

því sem hann sagði hér sem mér heyrðist reyndar vera lestur af þessum fyrsta kafla eða hinni eiginlegu skýrslu um utanríkismál.

Mér þótti allt of þröngt litið á það sem er að gerast í Evrópu. Þó að það sé afar mikilvægt þá er þó fjölmargt fleira í minnkandi heimi sem kemur okkur Íslendingum mjög mikið við. Ég hef hugsað mér að fara kannski dálítið víðar yfir þetta svið.

Ég vildi í upphafi nefna fáein atriði sem koma fram í skýrslunni. Ég vil í fyrsta lagi fagna því að í upphafi skýrslunnar kemur nú fram í fyrsta sinn mjög eindregið að því er ég fæ séð að það sé ákvörðun íslensku ríkisstjórnarinnar að sækja ekki um aðild, eins og önnur EFTA-ríki eru að gera, að Evrópubandalaginu. Þessu vil ég að sjálfsögðu fagna. Ég sakna þess hins vegar að sjá ekki skýrar og ákveðið koma fram hvaða stefnu við Íslendingar hyggjumst hafa til framtíðar litið í tengslum okkar við Evrópubandalagið. Ég ætla ekki að fara að ræða það hér. Við höfum haft tækifæri til að ræða þá þáltill. sem liggur fyrir um tvíhliða samninga og ég geri mér vonir um að um þá tillögu náist hér samstaða og þannig markist sú stefna sem ég fyrir mitt leyti og ég hygg æðimargir fleiri telja sjálfsagða og eðlilega fyrir okkur Íslendinga.

Í máli hæstv. utanrrh. og í skýrslunni komu að vísu fram enn nokkrar efasemdir um þær spár sem hingað til hafa verið um framtíð hins Evrópska efnahagssvæðis. Kann vel að vera að rétt reynist það sem hæstv. utanrrh. nefndi að þessi samtök muni verða langlífari heldur en menn höfðu yfirleitt talið. En um það ætla ég ekki að ræða nú, við höfum rætt það svo ítarlega við önnur tækifæri.

Ég vil aðeins koma inn á það sem segir í viðauka með skýrslunni um varnarsvæðið eða sérstaklega Flugstöð Leifs Eiríkissonar og Fríhöfnina. Mér finnst nauðsynlegt að leiðrétta þann málflutning og þann fréttaflutning sem frá því hefur heyrst. Í skýrslunni kemur fram að halli hafi verið á rekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar um u.þ.b. 54 millj. kr. á síðasta ári. Hins vegar kemur fram í skýrslunni að Fríhöfnin hefur skilað í ríkissjóð 510 millj. kr. Raunar sé ég ekki annað en nauðsynlegt sé að skoða þessa hluti saman. Það hefur komið fram á öðrum vettvangi að hæstv. utanrrh. telur sér það til tekna að hafa ekki tekið ákvörðun um byggingu þessarar flugstöðvar og reyndar get ég sagt að ég hafði mínar efasemdir um þessa byggingu, mér þótti mikið í lagt. Ég held hins vegar að þegar nú er litið á þessa framkvæmd og þá raun sem af henni er fengin þá hljótum við Íslendingar að fagna því að á Keflavíkurflugvelli er þó risin núna mannsæmandi móttaka fyrir þá ferðamenn sem hingað koma. Það getur vel verið að það hefði mátt byggja þessa byggingu á einhvern annan máta og leggja minna til hennar en ég held að við getum í raun verið stoltir af því mannvirki sem þarna er risið og borið höfuðið hátt þegar við tökum á móti erlendum gestum. Ég held einnig að það verði að líta á afkomu þessarar stöðvar í heild og þá verði að sjálfsögðu að taka tillit til þess gífurlega fjármagns sem frá Fríhöfninni rennur í ríkissjóð. Mér er tjáð að verslun í þessari fríhöfn sé nú einhver sú mesta á hvern farþega sem þekkist í nokkurri fríhöfn a.m.k. hér í kringum okkur. Mér sýnist því allt benda til þess að þarna hafi reksturinn í raun verið mjög árangursríkur.

Ég vil einnig nota tækifærið og vara við þeim hugmyndum um svokallaða einkavæðingu Fríhafnarinnar. Ég sé satt að segja ekki ástæðu til þess þegar reksturinn gengur svona vel og skilar svona miklu í ríkissjóð og ég hef sérstaklega áhyggjur af því að útboð á rekstri Fríhafnarinnar kunni að stefna í hættu þeirri atvinnu sem fjölmargir Suðurnesjamenn hafa þarna og ekki er á það ástand bætandi. Mér þótti því rétt við þessa umræðu, þar sem þetta kemur þarna fram, þegar í upphafi míns máls að vekja aðeins athygli á þessu og vildi gjarnan spyrja hæstv. utanrrh. hvert sé hans sjónarmið á bæði þessari fjárhagsafkomu eins og ég hef rakið hana núna og af þeim hugmyndum að einkavæða Fríhöfnina. Ég held satt að segja að það sé afar mikilvægt að hafa í huga að rekstur Keflavíkurflugvallar og flugstöðvarinnar má ekki vera á einni hendi. Ég held að það væri að fara úr öskunni í eldinn. En svo gæti vel farið ef þetta yrði allt saman boðið út.

En svo ég snúi mér að hinum eiginlegu utanríkismálum þá, eins og ég sagði áðan, þótti mér ekki horft nógu vítt frá þessum vegamótum sem ég er sammála hæstv. utanrrh. að utanríkisstefnan stendur nú á. En vegamótin eru mjög stór, þau ná yfir heiminn allan. Í raun og veru hefur orðið bylting í heiminum öllum. Kalda stíðinu er væntanlega lokið og komið hefur í ljós að í heiminum hafa verið að þróast nýir pólar og nýjar áherslur og nýir erfiðleikar líka sem verður að skoða og eru miklu, miklu víðtækari heldur en að þeir snúi að Evrópu fyrst og fremst eða henni einni. Evrópa er ekki nema einn þáttur í þessu. Margir telja að í heiminum séu að skapast þrír pólar í efnahagsmálum og svo geti jafnvel farið að átökin á milli þessara efnahagssvæða verði í raun engu minni og jafnvel engu síður hörð heldur en átökin í kalda stríðinu. Evrópa hefur stefnt og stefnir að því eins og allir þekkja að þar verði efnahagslegur eða jafnvel pólitískur samruni. Ég kem að því síðar hvernig það hefur tekist. Við þekkjum að sjálfsögðu viðleitni Norður-Ameríku til að mynda þar efnahagssvæði og margir eru þeir sem telja að jafnvel öflugasta efnahagssvæðið kunni að verða austursvæði Asíu með Japan í broddi fylkingar þó það sé töluvert skemmra á veg komið. Hins vegar er alveg ljóst að þar er gífurlegur markaður sem er ounninn og á ég þar fyrst og fremst við Kína.

Ég hygg að þeir séu líka fleiri og fleiri sem óttast satt að segja að viðleitni GATT til þess að draga úr eða fá afnumdar viðskiptahindranir með tollum verði til lítils í þeim átökum sem kunna að vera fram undan og eru reyndar þegar hafin og alveg augljós í raun. Þau eru augljós t.d. í þeirri verndarstefnu sem komið hefur mjög sterkt fram í Evrópu og hæstv. utanrrh. hefur manna mest lagt áherslu á að þar réði mjög miklu. Og mér sýnist sömuleiðis að í skýrslunni sé ekki nægilega tekið á þeim gífurlega stóru vandamálum, þó að þau séu sannarlega nefnd, sem við mannkyninu blasa, ekki aðeins á sviði umhverfismála sem eru sannarlega

mjög stór og margir telja að muni setja afar stórt strik í reikning allrar efnahagsþróunar á næstu árum. Ég fagna því svo sannarlega að Íslendingar hafa tekið virkan þátt í starfi á sviði umhverfismála og ég fagna því að umhvrn., sem um stóðu mikil átök hér á þingi fyrir fáum árum og Sjálfstfl. lagði sig allan fram um að stöðva, hefur fengið að starfa og sýnt sitt mikilvægi. Ég held að það sé rétt þróun.

Ég held hins vegar að við höfum ekki enn þá dregið upp rétta mynd af þeim gífurlega stóru vandamálum sem þar eru fram undan og hljóta að snerta okkur, eyðing ósonlagsins er mjög nefnd en síðustu skýrslur um eyðingu ósonlagsins gefa eindregið til kynna að þar séu miklu alvarlegri mál á ferðinni heldur en menn hafa hingað til talið. Einnig hefur sannarlega verið rætt um hluti eins og upphitun jarðar o.s.frv., en á þeim hefur ekki verið tekið nægilega mikið. Ég hygg að þeir séu fleiri og fleiri sem núna horfa til þess að öll efnahagsþróun verði að taka miklu meira tillit til þessara mála og lýsir það sér í því að menn eru farnir að tengja saman efnahagsþróun og umhverfismál í því sem menn kalla sjálfbæra þróun, sem mér finnst nú vera ákaflega lélegt orð fyrir þetta en þetta er þýðing á „sustainable development" á ensku. Mér finnst sjálfbær þróun ekki lýsa nægilega vel því sem þarna er um að ræða. En ég hygg að menn skilji við hvað ég á.

En þau eru fleiri vandamálin, t.d. offjölgun í heiminum. Ég átti þess tækifæri nýlega að sitja ráðstefnu í Róm sem fjallaði um þetta mál. Þar voru mættir menn, bæði frá þeirri stofnun Sameinuðu þjóðanna sem um þetta fjallar og sömuleiðis frá FAO, Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna. Þar kom fram að raunar er ekkert sem bendir til þess að takast megi að draga úr fjölgun mannkynsins. Talið er að mannkynið tvöfaldist fyrir árið 2030 og verði þá orðið um 11–12 milljarðar manna. Einnig kom fram hjá fulltrúum FAO að ekkert bendir til þess að takast muni að fæða þetta fólk, að auka svo framleiðslu matvæla að það megi fæða. Þvert á móti er margt sem bendir til þess að halli undan fæti. Gífurlega mikil umhverfisspjöll hafa orðið þar sem þessi fjölgun er hvað mest, t.d. um miðbik jarðar. Skógar hafa horfið í löndum eins og Eþíópíu t.d. sem var 40% þakið skógi fyrir 40 árum en nú er talið að skógur þeki þar aðeins um 1% lands. Þeir eru fleiri og fleiri sem telja að þetta hljóti að hafa gífurleg áhrif á efnahagsþróun líka vestrænna landa og allra þeirra svæða sem ég nefndi fyrr í mínu máli, allra þeirra efnahagssvæða. Þessi lönd verða ekki lengur mjólkuð eins og gert hefur verið af hráefni fyrir framleiðslu iðnríkjanna. Búið er að þurrmjólka þessi svæði. Ekki verður lengur gengið fram hjá því ef þarna á að verða einhver von um endurreisn að veita mjög vaxandi aðstoð til þessara svæða sem mun verða kostnaðarsöm fyrir hin háþróuðu lönd.

Þeir eru því æðimargir í dag sem spá því að sú hraða efnahagsþróun sem var sé í raun liðin. Hún muni a.m.k. í framtíðinni alls ekki byggjast á því að ausa hráefni úr auðlindum jarðar eða jafnvel á fjármagni, heldur muni hún fyrst og fremst byggjast á þekkingu og á það leggja öll þau svæði sem ég nefndi áðan höfuðáherslu í dag. Þeir eru margir sem telja að í raun sé heimurinn kominn upp á einhvers konar hásléttu og menn þurfi að fara að athuga hvernig þeir ætla að fóta sig þar því svellið getur verið hált. Þetta finnst mér skorta mjög mikið í umræðuna hér heima, og algjörlega í skýrslu hæstv. utanrrh., hver er í raun og veru framtíð okkar Íslendinga á þessari hásléttu. Hver er hún? Ætlum við að setja okkur ákveðin markmið sem við síðan vinnum að? Ætlum við að verða einhvers konar framleiðendur hráefnis, hrááls og lítt unnins fisks og útflytjendur á raforku án þess að fá tækni og þekkingu inn í landið? Ætlum við að verða eins konar láglaunasvæði? Eða getum við fundið okkur þar stöðu sem gerir okkur kleift að halda landinu sem hálaunalandi? Því það höfum við verið þó mjög hafi hallað undan fæti núna upp á síðkastið. Ég held að þetta sé satt að segja umræða sem þurfi að taka miklu alvarlegar heldur en verið hefur og á miklu víðara plani en kemur fram í skýrslu hæstv. utanrrh., langtum víðara plani.

Ég held að þetta séu hlutir sem við verðum að taka tillit til í mótun á okkar stefnu t.d. í menntamálum og þróun okkar atvinnulífs. Á hvað ætlum við að leggja áherslur þar með tilliti til umhverfisins í heiminum? Ætlum við að hverfa frá því sem hér var hafið einu sinni að leggja opinbert fjármagn í markaðsleit og markaðsrannsóknir sem verða stöðugt mikilvægari? Ég hlýt að gagnrýna það sem hefur gerst í þeim málum. Ég held að ríkisvaldið verði að leggja meira fjármagn í markaðsleit heldur en gert hefur verið. Ætlum við ekki eins og aðrar þjóðir að stuðla að því að hér myndist háþróaður iðnaður til útflutnings og leggja til hans áhættufé? Ætlum við ekki að auka átak í menntun sem gerir okkur kleift að starfa í þessu nýja alþjóðlega umhverfi? Allt eru þetta hlutir sem því miður hefur mjög dregið úr í tíð núv. ríkisstjórnar og engin stefna sést mörkuð á þessu sviði. Ef til vill kann einhverjum að þykja að ég sé kominn hér út í annað svið heldur en utanríkismál en það tel ég ekki því að framtíð okkar þjóðar sem sjálfstæðrar þjóðar byggist ekki síst á því að okkur takist að fóta okkur á þessum vegamótum sem hæstv. utanrrh. segir réttilega að utanríkisstefnan sé á en ég segi: miklu meira en utanríkisstefnan í raun heldur heimurinn allur og ekki síst framtíð þessarar þjóðar. Þarna vantar alla stefnumörkun.

Ég get tekið undir það sem segir í grein í Morgunblaðinu í gær þar sem talað er um það hvort við Íslendingar ætlum að gerast útflytjendur hráefnis og það er það sem ég er að segja. Ætlum við að gerast það eða ætlum við okkur eitthvað hærra og meira markmið?

Ég gæti haldið áfram að tala um þessa hluti nokkuð lengi en ég ætla að ræða dálítið um það sem utanrrh. leggur hvað mesta áherslu á, þ.e. sambandið við Evrópu og það sem þar er að gerast, og reyna að gera það í aðeins víðara samhengi heldur en gert var.

Ég tel afar mikilvægt fyrir okkur Íslendinga í þeirri heimsmynd sem ég hef reynt að draga hér upp í örfáum orðum að við sogumst ekki inn fyrir tollmúra Evrópu, alls ekki. Ég tel að við verðum að setja upp sterk-

ar varnir gegn því. Ég tel einnig afar mikilvægt að við missum á engan máta tök á þeim auðlindum sem þetta land hefur og reyndar furða ég mig á því að ekkert skuli vera rætt um það hvernig við getum aukið okkar sókn á þeim sviðum. Hvað um fiskimiðin sem eru rétt á mörkum 200 sjómílna? Eigum við Íslendingar ekki að beita okkur fyrir því að ná einhverjum yfirráðum yfir þeim eins og reyndar hefur komið fram hjá einstökum hv. þm.? Hljótum við ekki að taka upp sókn í stað varnar á þessum sviðum?

Ég tek undir það sem kemur fram í skýrslu hæstv. utanrrh. að það hefur valdið ýmsum verulegum vonbrigðum sem er að gerast í Evrópu. Ég viðurkenni að ég sá allt aðra mynd fyrir mér þegar gengið var til viðræðna um þátttöku í hinu Evrópska efnahagssvæði fyrir þremur árum eða rúmlega það. Þá héldu menn að þarna væri að myndast einhvers konar efnahagseining, en svo er alls ekki og því fer víðs fjarri. Reyndar hefur komið fram að þarna er ekki síst um sókn fjármagnsins, hins stóra fjármagns í Þýskalandi og kannski eitthvað í Frakklandi að ræða. Og það sem fyrst og fremst hefur gerst í Evrópu er það að þetta fjármagn hefur náð miklu meiri áhrifum heldur en menn gerðu ráð fyrir. Mig grunar að það verði ekki til þess að skapa frið um þróunina í Evrópu, heldur þvert á móti kunni það að verða til þess að skapa þar vaxandi ófrið. Þetta hlýtur að vekja okkur Íslendinga til umhugsunar um það hvernig við getum forðast að verða fórnarlamb þessarar þróunar.

Það vekur vissulega líka til umhugsunar að þarna hafa orðið atburðir sem hafa bókstaflega leitt í ljós veikleika þessarar samstöðu. Í skýrslunni er réttilega rætt um fyrrverandi Júgóslavíu og ég vil reyndar taka undir það sem hefur komið fram hjá hæstv. utanrrh. og Margréti Thatcher, þau eru þar á sama bát, að ég tel að það hafi verið haldið á þeim málum af ótrúlega mikilli skammsýni. Ég tel að það sem þarna hefur viðgengist sé óafsakanlegt. En það er kannski því að kenna að þarna er ekki olía. Það var olía í Kúvæt en það er ekki olía í Júgóslavíu. Þarna eru framin slík mannréttindabrot að hver maður hlýtur að bera höfuðið lágt þegar um það er rætt. En það sem ég vildi fyrst og fremst nefna er að þarna hefur komið fram algjör veikleiki Evrópu við að taka á slíkum málum. Það er ekki neinn styrkur í þessari sterku Evrópu sem átti að verða til að taka á svona málum heldur bara veikleikinn. Er það hlutur sem við viljum taka þátt í? Þetta svokallaða Vestur-Evrópusamband sem við erum núna að flækjast inn í sem aukaaðilar er ekki nokkur hlutur fyrir okkur til að taka þátt í, enginn. Og ég hlýt enn að gagnrýna það að við séum að gerast aukaaðilar. Það hefur reyndar sýnt sig að sá eini aðili sem kynni að vera fær um að taka þátt í þessu ef aðilar að Atlantshafsbandalaginu vilja er Atlantshafsbandalagið. Ég er sammála því að við eigum að halda áfram þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu. Ég tel reyndar að við eigum í öryggismálum heimsins að skoða nýjar leiðir og beita okkur fyrir því að Sameinuðu þjóðirnar taki sem allra mest yfir það eftirlitshlutverk sem sýnir sig að þarf að hafa í heiminum auk þess hlutverks að halda friðinn og stofna til friðar þar sem ófriður hefur skapast. Það er innan Sameinuðu þjóðanna sem við eigum að beita okkur en ekki í Vestur-Evrópusambandinu sem var í upphafi fætt andvana, má segja, og ég hef ekki trú á að verði mikið úr og er kannski að því leyti ekki svo hættulegt fyrir okkur Íslendinga að taka þátt í. En við eigum að leggja áherslur á það sem við viljum að verði ofan á í öryggismálum í þessari nýju heimsmynd. Og það er að mínu mati fyrst og fremst eftirlitshlutverk Sameinuðu þjóðanna. Þá gætum við tekið góðan þátt í því að hafa eftirlit með því brölti sem kann að vera hér á Norður-Atlantshafinu og allur heimurinn notið góðs af því.

Ég tel með öðrum orðum að við eigum í þessari nýju heimsmynd að draga úr þeirri Evrópuhyggju sem hefur gagntekið ýmsa menn hér og fara að horfa miklu víðar í kringum okkur. Þó það sé svo að viðskipti okkar við Bandaríkin hafi mjög dregist saman þá tel ég að við eigum að leggja á það mjög mikla áherslu að hafa gott samband við Bandaríkin og ég held að þar séu mjög margir möguleikar. Ég held að ekkert séu síður möguleikar í sambandi við Bandaríkin t.d. að koma hér upp hátækniiðnaði. Ég vil taka það fram að ég er mjög sammála þeirri áherslu sem er lögð á frísvæðið, t.d. við Keflavíkurflugvöll og ég vona að úr því verði. Ég tel stórum meiri líkur til þess að við getum fengið Bandaríkjamenn og Japani til að starfa þar heldur en Evrópuþjóðirnar, m.a. vissulega vegna tengsla okkar við Evrópu í gegnum hið Evrópska efnahagssvæði. En ég tel að við eigum að ganga lengra og við eigum að leita eftir samstarfi á ýmsum sviðum efnahagsmála við Bandaríkin og við svæði í Austur-Asíu.

Ég tel með öðrum orðum að við eigum að forðast það að dragast inn í nokkurt af þessum efnahagsbandalögum en reyna að hafa við þau öll hið besta samstarf. Einhverjum kann kannski að þykja að þetta sé ófær leið fyrir smáríki því að við tölum stöðugt um það að við séu úti á jaðri eins og kom fram hjá hæstv. utanrrh. Einu sinni var sagt að við væru á mörkum hins byggilega heims. Þetta er endaleysa. Við erum ekki úti á neinum jaðri. Við erum á miðju hins byggilega heims. Samgöngurnar hafa gjörbreytt þessu. Flugsamgöngur t.d. eru óvíða betri til allra þessara efnahagssvæða en frá Íslandi og ég sé ekki nokkra minnstu ástæðu til þess að óttast um framtíð þjóðarinnar þótt hún tengist ekki Evrópu þeim böndum sem sumir kjósa. Ég tel feykinógu langt gengið í þeim efnum og vissulega allt of langt á sumum sviðum, t.d. samning um veiðar hér heima, í sjávarútvegi og fleira þess háttar, en ég ætla ekki að fara að ræða það hér. Við höfum rætt það mikið.

Ég skal ekki lengja mál mitt mikið en vil leggja áherslu á að þessi vegamót eru miklu stærri en kemur fram í skýrslu hæstv. utanrrh. Þau ná til heimsins alls og það er afar mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að marka okkar stefnu í utanríkismálum með tilliti til þess sem er að gerast og tengja þar inn mörkun stefnu í uppbyggingu atvinnulífs hér og þá til langs tíma, verja til þess verulegu fjármagni, hætta þessum samdráttartilhneigingum sem eru hjá hæstv. núv. ríkisstjórn. Það

er engin ástæða til þess að vera með þennan bölmóð og svartsýnistal, sem einkennir hæstv. ríkisstjórn, ef við tökum á málum á framsýnan máta og með þá framtíð í huga sem ég hygg að flestir hugsandi menn hallist nú að að fram undan sé.

Ég vil að lokum taka undir það að utanríkismál og starfsemi okkar á utanríkissviðinu verðum við að efla. Við erum ekki einir í heiminum, við verðum að styrkja okkar starfsemi til þess að geta verið sjálfstæð þjóð í þessum heimi, sjálfstæð þjóð í heimi þar sem efnahagslandamæri eru að hrynja. Við þurfum í raun og veru að endurvekja þá þjóðræknistilfinningu sem hér var og sem lyfti þessari þjóð úr vesöld í sjálfstæða þjóð, og mér finnst sumir hafa gleymt. Ég held að það sé ekkert síður þörf á henni í þessum litla heimi sem við erum í í dag heldur en þegar við brutumst undan Dönum.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég beið með nokkurri forvitni eftir þeirri skýrslu sem hæstv. utanrrh. hefur lagt hér fyrir Alþingi. Ástæðurnar voru margar. Í fyrsta lagi velti ég því fyrir mér hvaða ályktanir ráðherrann mundi draga af því mikla umróti sem hefur verið í veröldinni allri á síðustu missirum.

Í öðru lagi velti ég því fyrir mér hvernig ráðherrann mundi, sérstaklega í ljósi skýrslu hans í fyrra, taka á þeirri staðreynd að flest það sem menn töldu að mundi gerast í málefnum Evrópubandalagsins og þeirra þjóða sem því tengjast, sérstaklega fyrir einu til tveimur árum síðan, snýr nú að okkur með öfugum formerkjum. Í stað hinnar glæstu framtíðarsýnar Evrópu skrifa menn nú um upplausn álfunnar, um afturför, um svartsýni og um gífurlega efnahagslega kreppu sem enginn endir virðist vera á.

Í þriðja lagi velti ég því fyrir mér hvort ráðherrann mundi í þessari skýrslu sýna raunveruleg merki þess að vilji væri til þess að skapa við þessar nýju aðstæður vettvang fyrir umræður allra flokka hér á Alþingi um ályktanir sem menn kynnu að draga af þessu öllu saman.

Ég vil segja það strax í upphafi að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með skýrsluna hvað þetta snertir. Að vísu kemur fram í þriðju málsgrein upphafskafla skýrslunnar sú yfirlýsing að það sé nauðsynlegt á þessum miklu óvissutímum að Alþingi og ríkisstjórn standi saman í þessum málum. Ég er alveg sammála því. En síðan er skýrslan samfelld lýsing á því að ríkisstjórnin hafi ein ákveðið þetta og hitt og það kemur strax fram á þessari sömu síðu að ríkisstjórnin hafi ákveðið aðild að Vestur-Evrópusambandinu. Mér finnst þess vegna mjög mikilvægt að menn átti sig á því í þessari umræðu hvort raunverulegur vilji er fyrir hendi hjá hæstv. utanrrh. og hæstv. ríkisstjórn til þess að skapa skilyrði fyrir því að áður en ákvarðanir séu teknar leggi menn í þá miklu vinnu að endurmeta allar þær nýju aðstæður sem nú blasa við.

Ég vil líka segja það að mér finnst nokkuð þröng heimssýn í þessari skýrslu. Ég tek sem dæmi að það er fyrst á bls. 26 í skýrslunni eftir að búnir eru að vera fjölmargir kaflar um hin og þessi umfjöllunarefni sem vikið er að þeirri nýju umræðu og þeim nýju verkefnum sem við blasa á vettvangi Sameinuðu þjóðanna varðandi öryggismál. Og grundvallarskjalið í þeirri þróun, tillögugerð aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, sem hann setti fram samkvæmt ósk leiðtogafundar öryggisráðsins, fær í þessari skýrslu aðeins eina stutta málsgrein á bls. 26. Mér finnst endurspeglast í þessu, virðulegi utanrrh., það sem ég vék aðeins að hér um daginn að þegar utanrrn. og þar með Ísland hefur verið án fastskipaðs sendiherra hjá Sameinuðu þjóðunum núna um langt bil, rúmlega ár ef ekki meir nú þegar, þá sést það greinilega á þessari skýrslu að annaðhvort hafa menn ekki upplýsingar eða ekki vilja til að setja þessar miklu breytingar í rétt samhengi.

Ég vil líka nefna það hér, þó að ég muni koma að því nokkru síðar, að það er mjög sérkennilegt að sjá það að utanrrh. Íslands skuli í afstöðu sinni til kjarnorkuvopnatilrauna vera vígbúnaðarsinnaðri heldur en fulltrúadeild Bandaríkjaþings og öldungadeild Bandaríkjaþings því sú afstaða sem lýst er á bls. 31 gengur gegn nýsamþykktum lögum á Bandaríkjaþingi um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn. Í skýrslunni segir að ekki sé unnt að útiloka tilraunir með kjarnorkuvopn með öllu svo lengi sem þau eru stór þáttur í varnarstefnu Atlantshafsbandalagsins. En það er einmitt það sem bandaríska þingið gerði í október í fyrra, það útilokaði slíkar tilraunir eftir 1996. Það eru lög í Bandaríkjunum í dag. Ég velti því fyrir mér: Er þessi texti í skýrslunni byggður á svo hróplegri vanþekkingu í utanrrn. að menn hafi ekki skilning á því hvað þessi lög þýða sem höfðu stuðning ⅔ í öldungadeildinni til þess að Bush gæti ekki beitt neitunarvaldi, að menn setja á blað texta af þessu tagi? Eða er það virkilega stefnuaðstaða utanrrh. að vera vígbúnaðarsinnaðri heldur en ⅔ bandarísku öldungardeildarinnar í þessum málum? Ég vænti að svo sé ekki og skýringin sé frekar alveg ótrúleg vanþekking á því sem hefur verið að gerast í Bandaríkjunum á síðustu missirum sem liggur hér að baki. Svo stendur meira að segja hér að stjórnvöld í Bandaríkjunum séu treg til að semja um allsherjarbann og telji nauðsynlgt af öryggisástæðum að halda tilraunum áfram. Virðulegi utanrrh. Þetta var stefna ríkisstjórnar George Bush. Þessi skýrsla er send Alþingi í apríl 1993. Hinn nýi forseti Bandaríkjanna hefur það á stefnuskrá sinni að koma á allsherjarbanni við tilraunum með kjarnorkuvopn. Það er yfirlýst stefna hinnar nýju ríkisstjórnar Bandaríkjanna og hún hefur afneitað því að nauðsynlegt sé að halda tilraunum áfram af öryggisástæðum. Og það hefur þingið líka gert. Þingið hefur leyft að hámarki 15 tilraunir fram að 1996, þar af fjórar, ef ég man rétt, sem Bretar eiga að fá að framkvæma í tilefni af stöðu Bandaríkjanna. Eftir 1996 er varanlegt bann á tilraunum með kjarnorkuvopn nema aðrar þjóðir hefji þær tilraunir á tímabilinu þannig að stefnan er þvert á móti að koma á allsherjarbanni við tilraunum með kjarnorkuvopn.

Mér finnst satt að segja dálítið dapurlegt að slík vanþekking, sem ég reikna nú frekar með að þetta sé, skuli vera augljós í utanrrn. á Íslandi, að menn fylgj-

ast ekki með heldur endurtaka bara gamlar lummur frá ríkisstjórn sem var felld í kosningunum í Bandaríkjunum því að þessi texti hefur út af fyrir sig sómt sér vel í 12 ár undir Reagan og Bush. Þá var hann réttur en hann er það ekki í dag.

Virðulegi forseti. Það er alltaf nokkuð flókið að taka á skýrslu af þessu tagi vegna þess að auðvitað víkur hún að fjölmörgum atriðum þó í stuttu máli sé. Ég ætla þess vegna ekki að fara með einhverjum tæmandi hætti yfir skýrsluna heldur frekar nefna ýmsa þætti inn í umræðuna sem ég tel nauðsynlegt að vakin sé athygli á. Það fyrsta sem ég vil nefna í því samhengi er spurningin um það hvort raunverulegur vilji sé til þess að Alþingi og ríkisstjórn standi saman um meginmarkmið utanríkisstefnunnar. Ef svo er, þá er það auðvitað ekki hægt að ríkisstjórnin ákveði einhliða hver stefnan eigi að vera og segi svo við þingið: Nú skulið þið samþykkja það sem við erum búnir að ákveða. Þess vegna blasir það við okkur að finna farveg fyrir umræður um þessi mál á næstu mánuðum. Hann getur verið innan utanrmn. Vissulega. Ég tel það alveg geta komið til greina með vissum hætti. En það má líka finna honum annað form. Aðalatriðið er, held ég, að reynslan af síðustu missirum kenni okkur það að það má ekki halda áfram með þeim hætti.

Í öðru lagi, virðulegi utanrrh., er notað hér nokkuð oft hugtakið samrunaþróunin í Evrópu og í skýrslunni er að finna þá grundvallarforsendu að í Evrópu sé í gangi eitthvað sem kalla mætti samrunaþróun. Það er hægt að draga það mjög í efa að atburðarásin í Evrópu, virðulegi utanrrh., beri þess merki. Þvert á móti hefur stór hluti Evrópu verið að skilja sig frá því sem hann áður tilheyrði. Tékkóslóvakíu hefur verið skipt upp í tvö ríki. Júgóslavía er sundruð. Innan fyrrverandi Sovétríkjanna eru þegar komin fram þó nokkuð mörg sjálfstæð ríki. Sum þeirra munu kannski klofna upp í enn fleiri ríki þannig að ef litið er yfir Evrópu í heild sinni, þá fullyrði ég að það er miklu frekar hægt að færa rök fyrir því að þar sé ekki í gangi samrunaþróun.

Sjálfsagt hvílir hér á bak við hugmyndin um að það sem hefur verið að gerast innan Evrópubandalagsins sé samrunaþróun, en þar ber fyrst að vekja athygli á því að Evrópubandalagið er ekki Evrópa. Hvað eftir annað er í þessari skýrslu orðanotkun sem felur það í sér að þegar menn eru í reynd að tala um Evrópubandalagið segja menn bara Evrópa. Ég veit að þetta er gert víða úti í heimi. Margir fulltrúar Evrópubandalagsins tala svona. Hugtakið Evrópa er notað mjög lauslega. En við getum ekki gert það þegar við erum að reyna að fást við grundvallarþætti í utanríkisstefnu Íslendinga. Hefur samrunaþróun verið að styrkjast í Evrópubandalaginu á því tímabili sem liðið er frá því að utanrrh. gaf Alþingi síðast skýrslu? Svarið er tvímælalaust nei. Samstarfið í gjaldeyrismálum og gengismálum er miklu veikara nú en það var fyrir einu til tveimur árum síðan og mjög vafasamt að það muni styrkjast í bráð.

Maastricht-samkomulagið er enn þá í fullkominni óvissu og það er auðvitað mjög merkilegt að fylgjast með því hve erfiðlega gengur í Bretlandi, ekki í Danmörku heldur í Bretlandi fyrst og fremst að fá það staðfest. Stjórnkerfi sumra lykillanda eins og Ítalíu er t.d. í upplausn og samstarf Þjóðverja og Frakka er nú með töluvert öðrum hætti en það var um langt árabil. Það sem kannski skiptir höfuðmáli er að við veikleikann, bæði pólitískan og efnahagslegan hjá öðrum ríkjum í Evrópubandalaginu, hefur Þýskaland í æ ríkari mæli farið sínar eigin leiðar efnahagslega og að nokkru leyti pólitískt. Þannig að ef litið er á þróunina á síðustu missirum, þá er kannski meira um það að ræða að Evrópubandalagið sjálft hefur verið að togast í sundur og þjóðareiningarnar að skipa sér sérstöðu í gengismálum, í gjaldeyrismálum og í öðrum þáttum efnahagsmála. Ég held þess vegna að það sé ekki hægt að líta þannig á að í Evrópu sé í gangi einhver samrunaþróun sem þurfi að vera grundvallarforsenda í umræðu hér á landi. Þvert á móti má færa fyrir því rök að það sé hið nýja sundurþykki og hin nýju átök og hin nýja óvissa í málefnum álfunnar í heild sinni sem skapi nýjar aðstæður. Það er auðvitað líka mjög athyglisvert þegar maður horfir tvö ár, jafnvel eitt ár aftur í tímann, að vonir manna um það að stofnanir Evrópu, Evrópubandalagið, Vestur-Evrópusambandið, kannski Ráðstefnan um öryggi og samvinnu þó að fleiri ríki taki þar þátt, gætu orðið grundvöllur að lausn vandamála eins og t.d. í Júgóslavíu, þessar vonir hafa að engu orðið og það hefur orðið að leita til Sameinuðu þjóðanna og síðan NATO til þess að taka að sér verkefni sem ýmsir töldu fyrir einu eða tveimur árum síðan að þessar nýju evrópsku stofnanir ættu að annast. Þess vegna er kannski miklu meira verkefnið að glíma við það hvernig stendur á því að allt þetta liggur nánast í rúst hvað hugmyndaheim höfundanna um hvað hina miklu, nýju Evrópu snertir.

Virðulegi forseti. Vissulega kemur utanrrh. í skýrslunni við og við að óvissu í þessum efnum eins og hann gerir á bls. 6 þar sem hann segir: „Óvissa setur nú svip á stjórnmálaástandið í Evrópu.“ Og segir: „Snurður einnig hafa hlaupið á þráðinn í tilraunum ríkja Vestur-Evrópu til að koma á nánara sambandi sín á milli á viðskipta- og efnahagssviðinu.“ Ég verð að segja með fullri virðingu að mér finnst orðið „snurður“ vera ansi vægt orð í þessu samhengi. Það eru satt að segja miklu stærri grundvallarvandamál sem þar hafa komið fram heldur en að hægt sé að gefa þeim þetta heiti.

Í því samhengi er fróðlegt að benda líka á það að á bls. 11 segir hæstv. ráðherra: „EES-samningurinn getur átt fyrir höndum lengri líftíma en marga grunar.“ Það kann vel að vera, en hann er bara ekki fæddur enn, hæstv. ráðherra, sem lögformlegur gerningur milli þjóðanna. Hann er enn þá í meðferð. Og fréttir gærdagsins voru þær að fæðingunni yrði frestað enn um sinn þannig að við erum hugsanlega komin fram í síðari hluta kjörtímabils núv. ríkisstjórnar án þess að þessi ungi hafi komið úr egginu. Þess vegna er fullkomlega ótímabært að fara að velta því fyrir sér hvað hann muni lifa lengi. Fyrst þarf hann nú að fæðast, hæstv. ráðherra. Það hefur hann ekki gert enn.

Það er líka mjög fróðlegt að velta því fyrir sér, af

því að hér hefur nú staðið mikil umræða um það hvað Íslendingar hafi verið sérkennilegir í þessu og hæstv. ráðherra fór á alþjóðlegan vettvang og gaf lýsingar á ræðustíl og þingsköpum og líffæraástandi þingmanna á Íslandi. Svo kemur bara í ljós að Ísland er í hópi þeirra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins sem hafa verið landa fyrst til þess að ganga frá málinu. Það er röð af ríkjum sem eru sum hver ekki einu sinni búin að leggja samninginn fyrir þjóðþingin. Það kom fram í gögnum sem hæstv. utanrrh. afhenti utanrmn. að minni beiðni fyrir skömmu síðan að það er ekki búið að leggja frv. um Evrópskt efnahagssvæði fyrir franska þingið enn þá, ekki einu sinni búið að leggja grunnfrv., frv. sem við vorum að afgreiða hérna í janúar, fyrir franska þingið. Og hefur verið kvartað yfir þingsköpum í Frakklandi eða líffæraástandi franskra þingmanna? Eða hvað er það sem veldur að ríkisstjórnin í Frakklandi er ekki enn búin að leggja frv. fyrir franska þingið? Ég nefni þetta bara sem eitt dæmi af mörgum. Þannig hlýtur lærdómur okkar, jafnvel þótt menn væru miklir stuðningsmenn Evrópska efnahagssvæðisins, að vera sá að þeir sem eru með okkur í þessari farþegalest eru sífellt að grípa í bremsurnar. Á sama tíma hafa svo íslensk fyrirtæki og ýmsir aðrir verið að gera sér vonir um það og miðað kannski verkefni sín við það að hægt væri að koma þessu í gang, en þá eru bara félagar okkar í þessari lest að koma í veg fyrir það.

Allt þetta finnst mér kalla á umræður um það hvernig 260 þús. manna hagkerfi á að haga sér í þessari þróun allri saman og þar vil ég nefna hlut sem er ekki vikið að í þessari skýrslu en hefur orðið mér æ meira umhugsunarefni. Það eru þær ályktanir sem við getum dregið út frá því að við erum bara 260 þús. manna þjóð. Kannski er tími til kominn að við setjumst niður og förum bara að velta þeirri staðreynd fyrir okkur einni og sér, látum allt annað bara bíða í bili, veltum því fyrir okkur að það hljóta að vera efnisleg takmörk fyrir því hvað 260 þús. manna þjóð getur tekið mikið að sér af alþjóðlegum verkefnum. Það eru takmörk fyrir því hvað hún getur teygt sig mikið til verkefna og samstarfs á alþjóðavettvangi. Hún hefur ekki mannafla til þess, hún hefur ekki embættismenn. Fyrirtækin geta ekki hagnýtt er möguleikana o.s.frv. Ég held að ég hafi einu sinni áður sagt það við hæstv. utanrrh. að það ruglar menn kannski í ríminu að sitja í mörg ár á fundum erlendis kringum þessi stóru hringborð sem þar eru. Þar mætir utanríkisráðherra Bandaríkjanna og hann fær svona spjald og svo situr hann einn fyrir aftan það með kannski einum embættismanni og svo utanríkisráðherra Bretlands og svona koll af kolli. Og svo kemur þessi utanríkisráðherra frá 260 þús. manna þjóðinni og hann fær sams konar spjald og hann fær líka einn stól og annan stól fyrir annan mann. Þannig að þeir sitja þarna alveg í sama þungavigtarflokki, sá sem er fulltrúi Bandaríkjanna, Bretlands og Frakklands og sá sem er fulltrúi 260 þús. manna þjóðar. Það er kannski engum manni hollt til lengdar að sitja marga svona fundi.

Þetta snertir líka hið efnahagslega samstarf okkar. Ég óttast það dálítið að menn séu að dreifa þar kröftunum allt of víða. Í raun og veru þarf kannski ekki mjög stórt svæði af markaði veraldarinnar, litlar hillur fyrir íslenska hagkerfið til að gera það nokkuð gott. Ef við erum aftur á móti að teygja okkur allt of víða og alls staðar án þess að nýta þau tækifæri sem gefast til fullnustu þá verður kannski lítið úr þeim möguleikum sem opnaðir eru.

Ég vil biðja hæstv. utanrrh. að hugleiða þennan þátt stærðarinnar í allri þessari umræðu því að í raun og veru er það þannig að þegar maður les þessa skýrslu í gegn, þá skín víða orðalag og hugsunarháttur sem gefur það til kynna að hér sé nokkuð öflugt ríki að útskýra sín viðfangsefni og marka stefnuna. Og það kunni kannski að vera ágæt byrjun á umræðu milli flokkanna að menn geri sér grein fyrir þeim takmörkunum sem við höfum.

Virðulegi forseti. Hér að undanförnu hafa verið nokkrar umræður um Atlantshafsbandalagið og Sameinuðu þjóðirnir og tengsl okkar við Atlantshafsbandalagið og að hluta til einnig samning við Bandaríkin um þá starfsemi sem þau hafa haft hér á landi. Mér finnst því miður í þessari skýrslu nánast engin tilraun vera gerð til þess að draga einhverjar nýjar ályktanir af því mikla sem gerst hefur. Ég veit að ég þarf ekki að rifja það upp hér í þessum sal að í áratugi hefur sú röksemd verið notuð fyrir aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, fyrir dvöl bandaríska hersins á Íslandi að Íslandi sé ógnað frá fyrst og fremst Sovétríkjunum. Eins og við vitum eru Sovétríkin ekki til og Varsjárbandalagið ekki lengur til. Bandaríkin og Rússland hafa gert formlegan vináttusamning og þó ég hafi nú ekki lesið þessa skýrslu grannt, hæstv. utanrrh., hverja einustu setningu, þá vil ég spyrja að því: Er það virkilega þannig að í þessari skýrslu sé hvergi minnst á hinn formlega vináttusamning Rússlands og Bandaríkjanna, hæstv. utanrrh.? Ég get að vísu farið aftur yfir skýrsluna og reynt að leita þetta uppi. En mér finnst það líka dálítið merkilegt ef hægt er að leggja skýrslu fyrir Alþingi um þessi mál þar sem drepið er á mörgu og hér er búinn að vera síðan 1951 samningur við Bandaríkin um varnir Íslands, fyrst og fremst vegna ógnar frá Sovétríkjunum, og menn ætla bara ekkert að fjalla um það að nú er höfuðóvinurinn búinn að gera formlegan vináttusamning við þann sem er hér til að verja okkur fyrir þessum sama höfuðóvini. Menn mega passa sig mjög á gamla orðfærinu í þessari nýju umræðu Hér stendur t.d. á bls. 7 í þessum stutta kafla: Bjargföst undirstaða öryggis — þetta er nú skáldlegt orðalag, alltaf mjög hættulegt að tala um bjarg, utanrrh., í alþjóðamálum um þessar mundir. Þau hafa haft mikla tilhneigingu til þess að klofna. „Bjargföst undirstaða öryggis“ — og þar stendur þessi gullvæga setning:

„Í skýrslu nefndarinnar um öryggis- og varnarmál er réttilega á það bent að á tímum örra breytinga í heimsmálum standi Íslendingar ekki vörð um öryggi sitt nema með virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og með varnarsamstarfi við vinveitt nágrannaríki.“ Lykilhugtak, „vinveitt nágrannaríki“, í þessum stutta kafla um hina bjargföstu undirstöðu öryggis. Og nú vil ég spyrja bæði af stjórnmálaástæðum og rökrænum ástæð-

um, hæstv. utanrrh.: Hver eru hin óvinveittu nágrannaríki? Eða eru einhver nágrannaríki sem ekki flokkast undir þetta heiti „vinveitt nágrannaríki"? Ég veit ekki betur en Ísland starfi í Atlantshafsráðinu þar sem fyrrverandi ríki Austur-Evrópu og NATO-ríkin hafa gengið að einu borði til þess að starfa saman. Ég veit ekki betur en að Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu sé búin að fá nýtt hlutverk þar sem þessi ríki sitja einnig. Og ég nefni enn hinn formlega vináttu- og friðarsamning Rússa og Bandaríkjanna. Ef Rússland er orðið formlegt vinátturíki Bandaríkjanna, eins og það er orðið með formlegum samningi, er það þá enn þá óvinaríki Íslands, hæstv. utanrrh.? Eða er ríki sem er orðið formlega, samkvæmt alþjóðlegum samningi, vinátturíki Bandaríkjanna ekki vinátturíki okkar? Hvers konar hugmyndafræði og rökfræði liggur á bak við það að segja „með varnarsamstarfi við vinveitt nágrannaríki"? Og þetta á að vera bjargið, hæstv. ráðherra.

Ég nefni þetta bara sem lítið dæmi um það að mér finnst í þessari skýrslu ekki nokkur tilraun gerð til þess að fara undir yfirborðið á því sem verið hefur að gerast. Ég get skilið það, af því að maður þekkir dálítið til í ráðuneytum, að svona skýrslur eru oft samdar þannig að embættismenn eru látnir semja einhvern texta og svo er þessu hrúgað svona saman og það er kannski tilviljunum háð hvað í þessu stendur. En hæstv. utanrrh. hefur þó sagst hafa og oft sýnt meiri metnað en þann að taka bara einhver plögg frá embættismönnum og endurprenta þau sem álitgerðir frá sér. Mér finnst vera mjög brýnt að menn fari að setja sig í það að fara undir yfirborðið á þessu af því að það þarf að skoða hugtökin upp á nýtt. Hér er notað hugtakið „vinveitt nágrannaríki". Hvað merkir það í þessari nýju umræðu, við þessar nýju aðstæður, við brotthvarf Varsjárbandaglagsins, við stofnun Atlantshafsráðsins, við vináttusamning Rússlands og Bandaríkjanna? Og svo er sett hér innan gæsalappa hugtakið „hin bjargfasta undirstaða öryggis landsins".

Síðan er þar á eftir kafli sem heitir „Óbreytt hlutverk varnarliðsins". Það er satt að segja, virðulegi forseti, afar sérkennilegur kafli. Hvernig getur varnarliðið haft óbreytt hlutverk við þær aðstæður sem nú eru orðnar? Það getur ekki verið óbreytt, hæstv. ráðherra. Það má hins vegar ræða það að hve miklu leyti það kann að breytast og hvernig þær breytingar eiga að verða, en það getur alls ekki verið óbreytt. Og hvers vegna getur það ekki verið óbreytt? Það eru margar ástæður, ekki bara þessar formlegu sem ég hef hér rakið um stofnun Atlantshafsráðsins og brotthvarf Varsjárbandalagsins og um vináttusamning Bandaríkjanna og Rússlands. Það er líka sú staðreynd að samkvæmt upplýsingum Bandaríkjamanna sjálfra eru flugvélar Rússa hættar að fljúga hér í kring að mestu eða öllu leyti. Það væri t.d. fróðlegt að utanrrh. upplýsti hér hvenær herflugvél frá Rússlandi flaug síðast inn í okkar lofthelgi. Í öðru lagi væri fróðlegt að ráðherrann upplýsti, hvers eðlis hefur umferð kjarnorkukafbáta Rússlands verið hér á undanförnum missirum? Eða er það kannski staðreynd að vegna efnahagserfiðleikanna í Rússlandi hafi þeir einfaldlega ekki lengur efni á því að verja eldsneyti, mannafla og orku, fjármagni og tækjabúnaði í að endurnýja þennan flota og halda honum gangandi, bæði flugflotann og kjarnorkuvopnaflotann. Ætli það sé ekki þannig?

Þar að auki er það auðvitað þannig að í Bandaríkjunum er í gangi markviss stefna um að skera niður hernaðarumsvif Bandaríkjanna í Evrópu. Ég held, virðulegi forseti, að það sé heldur hvergi að finna í þessari skýrslu tilvísun til þess að hin nýja stjórn Bandaríkjanna tilkynnti fyrir þó nokkrum vikum síðan á fundi Atlantshafsbandalagsins að hin nýja stjórn stefni að enn meiri fækkun hermanna Bandaríkjanna í Evrópu heldur en fyrri stjórn stefndi að. Ég held að það sé hvergi í þessari skýrslu. Og það kom heldur ekki fram í ræðu hæstv. ráðherra að hann gerði nokkra tilraun til þess að draga ályktanir af því.

Það eina sem sagt er hér er að fram hafi komið á Bandaríkjaþingi tillögur um að leggja niður varaliðsherdeildir sem tengdar hafa verið Íslandi á árunum 1995–1996. Bandaríkin hafa sem sagt ákveðið sjálf að leggja fram tillögur um það að nú sé ekki lengur þörf á þessum varaliðsherdeildum. Þá kemur utanrrh. Íslands og vill endilega halda þeim áfram eða finna einhverjar nýjar. Er það virkilega þannig að utanríkisráðherra Íslands sé að biðja um meiri hernaðarumsvif heldur en Bandaríkin telja nauðsynlegt út frá þeirra upplýsingum? Og hvaðan koma þá utanríkisráðuneytinu á Íslandi upplýsingar sem kalla á það að það telur þá nauðsynlegt að finna nýjar varaliðsherdeildir fyrir þær sem Bandaríkin ætla að leggja niður? Er þetta virkilega þannig að sú stefna sem er ríkjandi innan ráðuneytisins, hvort sem það er hjá ráðherrunum eða embættismönnunum, sé að loka augunum fyrir því sem er að gerast, það skuli bara halda áfram öllu því sem verið eins og heimurinn hafi ekkert breyst? Það sé bara óbreytt hlutverk varnarliðsins, bjargföst undirstaða öryggis, svo að maður vitni í nokkrar kaflafyrirsagnir? Mér finnst, virðulegi ráðherra, þetta ekki vera vitnisburður um það að menn séu reiðubúnir að skoða þetta með opnum huga, mér finnst þetta vera svona álíka og þessi tilvitnun sem ég gat um hér áðan, í kjarnorkuvopnatilraunastefnu Bandaríkjastjórnar, að það er vitnað í gömlu stefnu Bush í þessari skýrslu. Þó að skýrslan sé lögð fyrir Alþingi um það bil hálfu ári eftir að Bush féll, þá eru forsendurnar bara gamla stefna Bush í þessari skýrslu og Ísland ætlar að fylgja henni áfram, takk fyrir.

Eins er umræðan hér um herstöðina. Hún ber engin merki þess að gerð sé tilraun til að draga ályktanir af hinum nýju viðhorfum sem hafa verið að koma fram í Washington. Er Ísland þó með sendiherra enn þá í Washington. Þó að ekki sé sendiherra hjá Sameinuðu þjóðunum, þá er enn þá sendiherra í Washington. Það er heldur ekki, virðulegi forseti, ef ég hef lesið þessa skýrslu grannt, ég skal þó ekki útiloka að það hafi farið fram hjá mér, gerð mikil tilraun til þess í skýrslunni að fjalla um kjarnorkuafvopnun á höfunum. Þó var það nú þannig að utanríkisráðherra Íslands, Jón Baldvin Hannibalsson, hafði merkilegt frumkvæði að því fyrir nokkrum árum síðan að flytja það mál inn á alþjóð-

legan vettvang. Síðan það var gert hafa verið að koma fram staðreyndir og upplýsingar sem sýna enn meiri þörf á þeirri stefnu nú en áður vegna þess að nú er að koma fram í dagsljósið hvernig Sovétríkin höguðu sér varðandi umhverfisöryggi hafsins í meðferð búnaðar kjarnorkukafbátanna og kjarnorkukafbátanna sjálfra á hafsvæðum sem eru í nágrenni Íslands. Það hefði þess vegna verið full ástæða til þess að endurvekja nú þá stefnu af miklum krafti. Það er hins vegar ekki gert í skýrslunni og sakna ég þess að hæstv. utannrrh. skuli ekki hafa reynt að endurvekja sínar fyrri hugmyndir og tengja þær við þær staðreyndir sem nú renna miklu sterkari stoðum undir það stefnufrumkvæði sem hann tók á sínum tíma heldur en þó lágu fyrir. Ég minni t.d. á að hann hefur sagt frá því að hann og þáv. forsrh. Steingrímur Hermannsson hafi háð nokkra lotu við Margréti Thatcher og aðra á leiðtogafundi NATO, að mig minnir í London, sællar minningar, þar sem utanrrh. stóð vaktina langt fram eftir nóttu meðan aðrir sátu að veisluborði í orðahríð við fulltrúa annarra ríkja sem ekki vildu samþykkja að afvopnun á höfunum væri tekin inn í stefnumótunina. Nú eru aftur á móti komin fram skýr og efnisleg rök sem liggja á hafsbotninum og upplýsingar úr hinu nýja stjórnkerfi í Rússlandi sem eiga að gera þennan málflutning svo sterkan í dag að ég efast um að jafnvel baráttuglaðir menn á fundum NATO mundu treysta sér til að leggjast gegn hugmyndum og tillögum sem þeir gerðu þó á fundinum í London á sínum tíma.

Eins er þetta auðvitað með herstöðina, hæstv. utanrrh. Það liggur alveg ljóst fyrir það þær breytingar sem hafa orðið hljóta að breyta eðli hennar með afgerandi hætti og eins og ég sagði fyrir páska, þá getur enginn maður fullyrt það í dag að Bandaríkjastjórn muni ekki einhliða taka ákvarðanir um það að minnka og jafnvel skera niður með afgerandi hætti þá starfsemi sem hér hefur verið. Hver á að vera afstaða Íslands í þessu? Á afstaðan að vera bara að bíða, búa til frasa eins og bjargföst undirstaða öryggis, óbreytt hlutverk varnarliðsins eða eigum við að reyna að búa hér til grundvöll fyrir sameiginlega afstöðu Íslendinga gagnvart hinu nýja öryggiskerfi? Hver er ástæðan fyrir því að það er í gangi mjög víðtæk umræða um alþjóðlegt öryggiskerfi, umræða sem nánast hverfur í þessari skýrslu? *Henni er hvergi lyft í þessari skýrslu.* Þó er það að dómi kunnáttumanna það merkilegasta sem hefur verið að gerast á vettvangi öryggismála á síðustu missirum, að í fyrsta skipti frá því að kalda stríðið frysti Sameinuðu þjóðirnar skömmu eftir síðari heimsstyrjöldina eru menn nú að koma fram með fjölda tillagna og framkvæma breytingar sem allar fela í sér nýtt öryggiskerfi. Ástæðurnar eru margar:

1. Lok kalda stríðsins sýna það að vandamál sem hafa verið falin knýja á um fjölþjóðlegar lausnir. Menn ráða ekki við átök af þjóðernisuppruna eða uppbrot ríkja án þess að fara í fjölþjóðlegar lausnir af því tagi.

2. Hættan sem umhverfinu stafar af margvíslegum mengunarorsökum er orðin slík og svo víðtæk að hún ógnar ekki síður öryggi ríkja heldur en vígbúnaðarkapphlaupið áður fyrr. Og menn geta ekki tekist á við þetta vandamál nema með nýju öryggiskerfi.

3. Það er staðreynd að þekkingin á að búa til kjarnorkuvopn, tæknigetan til að búa til kjarnorkuvopn og efnahagslega getan til að búa til kjarnorkuvopn er orðin mjög útbreidd og það eru núna milli 15 og 20 ríki sem geta hæglega komið sér upp kjarnorkuvopnum ef þau svo kjósa. Hvernig ætla menn að glíma við það vandamál? Menn fengu sýnishorn af því vegna Norður-Kóreu fyrir nokkrum vikum síðan. Og sýnishornið sýndi auðvitað að eina raunhæfa leiðin til þess að glíma við að vandamál var í gegnum fjölþjóðlegt öryggissamstarf tengdu Sameinuðu þjóðunum. Þetta var auðvitað ástæðan fyrir því að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna steig það skref að boða í fyrsta skipti í sögu sinni til leiðtogafundar öryggisráðsins. Það hefur aldrei gerst áður. Í áratugi komu varla utanríkisráðherrar inn í sal öryggisráðsins, hvað þá heldur forsætisráðherrar eða forsetar. Það voru annaðhvort sendiherrar eða minni háttar embættismenn í ráðuneytunum heima fyrir sem þar sátu. En á síðustu missirum eru þeir orðnir svo margir fundirnir sem hæstv. utanríkisráðherrarnir mæta á að menn eru hættir að telja þá. Og það sem löndin telja mikilvægast er að sumir af þeirra æðstu mönnum sitji í sætunum þegar atkvæðagreiðslan fer fram og leiðtogar allra ríkjanna töldu nauðsynlegt að koma saman til fundar og taka ákvörðun um að biðja hinn nýja framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að skila þeim tillögum um nýtt öryggiskerfi. Það gerði hann fyrir tæpu ári síðan. Og nú fer reglulega fram hjá Sameinuðu þjóðunum í hverjum mánuði umræða milli ríkjanna í öryggisráðinu þar sem þau taka afstöðu til þessara hugmynda lið fyrir lið þannig að þau eru í reynd að smíða þetta nýja kerfi frá einum mánuði til annars. Það er ekki einhver umræða eða hugtök eða vangaveltur. Sú smíði er í gangi. Eðli þess kerfis hlýtur að vera það að smáþjóðir sem ekki hafa eigin her hljóta að hafa varanlega hagsmuni af því hvernig sú umræða verður og hvaða ákvarðanir verða teknar. Þá kem ég enn og aftur að því að það er bókstaflega óskiljanlegt að á slíkum umbrotatímum og nýsköpunartímum í sögu Sameinuðu þjóðanna skuli utanrrh. Íslands einmitt kjósa að Ísland hafi þar ekki sendiherra. Það er nánast eins og tilkynning til Sameinuðu þjóðanna að Ísland eitt örfárra ríkja í Sameinuðu þjóðunum telji ekki mikilvægt að fylgjast með því sem þar er að gerast og hafa fullmektuga sveit manna. Það er ekki hægt að kalla sendiherra Íslands Sameinuðu þjóðanna til fundar. Það hefur ekki verið hægt missirum saman því hann er ekki á staðnum. Hann er ekki til. Og það er satt að segja dálítið sérkennilegt miðað við að úrval manna sem rætt er nú um að séu að sækjast eftir hinum og þessum embættum á vegum ríkisstjórnarinnar að *ráðherrann skuli ekki geta fundið einhvern til* að gegna þessari stöðu.

Fyrir örfáum árum síðan voru ýmsir sem sögðu að þessi umræða um nýtt, alþjóðlegt öryggiskerfi væri nánast í blámóðu fjarskans, draumórar sem ekki tæki því að tala um. Það sem skipti máli væru þær stofnanir sem fyrir væru, hernaðarbandalögin og annað þeim tengt. Nú er þetta gjörbreytt. Nú er þetta bara að ger-

ast. Og menn þurfa ekki annað en fara hérna inn í lesherbergi þingsins, taka International Herald Tribune á hverjum einasta degi og það er ekki bara ein, ekki bara tvær, ekki bara þrjár, það er fjöldi frétta í þessu blaði sem eingöngu fjallar um það hvernig Sameinuðu þjóðirnar eru að taka upp þessi nýju verkefni, frétt eftir frétt eftir frétt eftir frétt. Og ef maður lítur yfir þennan vettvang frásagnanna á síðustu tveim til þremur missirum og ber það saman við það sem var fyrir tveimur til þremur árum, þá sjá menn þessar breytingar í raunveruleikanum. Væntanlega er það ekki stefna Íslendinga að vera hér með erlenda herstöð varanlega. Það hefur a.m.k. enginn íslenskur stjórnmálamaður sagt það fram að þessu. Menn tala stundum um þessi mál núna út frá atvinnuhagsmunum og öðrum slíkum, gjaldeyrishagsmunum. En ég minni á það að menn eins og núv. formaður utanrmn. hafa ávallt sagt það að menn gætu ekki dæmt varnarsamninginn við Bandaríkin og tilvist herstöðvarinnar út frá peningalegum hagsmunum eða atvinnuhagsmunum. Menn yrðu að gera það út frá öryggishagsmunum. Og það er alveg ljóst, ef maður gerði innihaldsgreiningu og hefði það sem verkefni, jafnvel doktorsverkefni í stjórnmálafræðum, að framkvæma innihaldsgreiningu á röksemdum fyrir dvöl hersins á Íslandi á undanförnum 40 árum, þá er það alveg ljóst að þær röksemdir eiga flestar ekki við í dag. Þær eru úreltar. Og eiga íslensk stjórnvöld þá að bregðast við með þeim hætti að fara að leita dauðaleit að nýjum röksemdum, bara einhverjum röksemdum til þess að geta rökstutt að þetta verði að vera svona áfram? Eða á að breyta því? Á virkilega að fara að halda áfram að gefa skýrslu hér til Alþingis að þegar jafnvel Bandaríkin sjálf gera tillögu um það að hætta að vera með varahersveitir á Íslandi, þá komi endilega utanrrh. Íslands og segi: Nei, það þarf að halda þeim áfram?

Ég hef nefnt þetta hér, virðulegi forseti, vegna þess að mér finnst nauðsynlegt að þegar hæstv. ráðherra — og ég fagna því — tekur jákvætt undir það að menn hefji nýja umræðu, þá geri hann sér líka grein fyrir því að heimurinn hefur breyst með þeim hætti að þeir sem hafa setið báðum megin við þetta borð þurfa að endurskoða sín vinnubrögð og sínar hugmyndir.

Ég sagði í október í þessum ræðustól í umræðum um stefnuræðu forsrh. að það væri nauðsynlegt að bæði stjórn og stjórnarandstaða tækju upp ný vinnubrögð, hættu fyrri vinnubrögðum varðandi efnahagsmál í landinu. Hæstv. utanrrh. kaus þá, og reyndar hæstv. forsrh. líka, að henda þessa yfirlýsingu á lofti og endurtaka hana hvað eftir annað á þann veg að nú hefði ég sagt að nú yrði stjórnarandstaðan að taka upp ný vinnubrögð, hætta úreltum, gömlum stjórnarandstöðuvinnubrögðum. Þetta var svona sniðugt í nokkra mánuði. En ég held, hæstv. ráðherra, ef horft er til atburðanna á sviði íslensks efnhagslífs og kjaramála á þeim tíma sem liðinn er frá því í október, þá geti menn dregið þá ályktun að það hafi verið rétt sem ég sagði, það hefði verið skynsamlegt fyrir bæði fyrir stjórn og stjórnarandstöðu að setjast niður og reyna að ná nokkuð breiðri samstöðu um þá miklu erfiðleika sem hér er við að glíma. Það var ekki gert. Þvert á móti fóru menn að reyna að fleyta flokkspólitískar keilur í þeirri orðræðu. Niðurstaðan er sú að ríkisstjórnin og þjóðin situr uppi með mikinn vanda. Ég vona að það verði ekki vinnubrögðin í þessari umræðu um utanríkismál.

Ég hef af fullum heilindum komið hér fram og sagt: Við skulum ræða þessa hluti með nýjum hætti. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að það eru ekki allir ánægðir með það, t.d. í mínum flokki eða annars staðar í þjóðfélaginu sem hafa stutt ýmis þau sjónarmið, ég geri mér fyllilega grein fyrir því. Ég er ekki svo blindur. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að þegar menn koma fram með slíkar yfirlýsingar, þá taka menn þá áhættu að skammsýnir, ungir stjórnmálamenn fari fram í fjölmiðlum og komi með billegar og ómerkilegar tilgátur um það hvað liggi þarna á bak við eins og formaður þingflokks Alþfl. gerði á Stöð 2. (**ÖS:** Vertu ekki spældur, Ólafur minn.) Já, þetta frammíkall er ágætt dæmi um pólitískan þroska stuðningsliðs utanrrh. að kalla hér fram í: „Vertu ekki spældur, Ólafur minn." Ef þetta er standardinn á umræðunni sem helstu forustumenn stjórnarflokkanna, eins og formaður þingflokks Alþfl. vilja hafa, þá er það auðvitað alveg ljóst að það er vonlaust að fara hér inn í þann farveg að bjóða upp á opna umræðu um þessi mál. Ég segi hins vegar við hæstv. utanrrh.: Þessi mál eru miklu alvarlegri en svo að menn geti leyft sér það að taka á þeim með þessum hætti. Menn geta ekki leyft sér það. Og það verður prófraun á hæstv. ríkisstjórn á næstu mánuðum hvort hún er reiðubúin í þessar umræður eða ekki með einhverjum hætti að finna þeim formlegan farveg eða hvort þetta verður eins og í efnahagsmálunum að skammsýnin, hrokinn og spíssfyndugheitin fái að ráða ferðinni. Verður það leiðbeinandi það sem formaður þingflokks Alþfl. hefur sagt við upphaf þessarar umræðu eða verður það leiðbeinandi sem Björn Bjarnason hefur sagt við upphaf þessarar umræðu? Það verður mjög fróðlegt að fylgjast með því hvor þeirra mun ráða þessum viðbrögðum, hv. þm. Björn Bjarnason eða hv. þm. Össur Skarphéðinsson.

Að lokum, virðulegi forseti, ætla ég að fara örfáum orðum um Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson vék aðeins að því máli hér áðan og ég tel líka nauðsynlegt að gera það hér með örfáum orðum.

Nú er það nokkuð ljóst, greinilega, að það voru mikil mistök að byggja þessa flugstöð á sínum tíma einfaldlega vegna þess að hún var of dýr. Við vorum margir sem sögðum það 1983, 1984 og 1985: Þessi flugstöðvarbygging er allt of dýr. Ég sat í nefnd um þá byggingu, ég lagðist gegn henni. Ég benti á það að á Heathrow, Kastrup, Lúxemborg og annars staðar létu menn sér nægja kassabyggingar, ekkert mjög glæsilegar en einfaldar kassabyggingar sem hægt var þá að stækka ef þörf væri. Nei takk, það var ekki gert hér. Bandaríkjamenn höfðu boðið, ef ég man rétt, 40 millj. dollara. Þeim dollurum var veifað framan í þjóðina og sagt: Ætla menn að hafna þessu tilboði frá Bandaríkjamönnum? Hvað er þetta? Eru menn á móti vestrænni samvinnu? Og ég veit ekki hvað og hvað. En Banda-

ríkjamenn höfðu auðvitað vit á því að segja: Þetta eru 40 millj. dollarar og ekki dollar meir. Niðurstaðan varð sú að íslenska þjóðin skuldar nú, hæstv. ráðherra, 4 milljarða í þessari byggingu. Og það hefur verið viðfangsefni stjórnvalda um langt árabil að glíma við þennan fortíðarvanda.

Þá gerist það, virðulegi ráðherra, að aðstoðarmaður utanrrh., Þröstur Ólafsson, tilkynnir það að búið sé að taka ákvörðun um útleigu Fríhafnarinnar, þessarar meginviðskiptastarfsemi sem fer fram í flugstöðinni. Og það eigi að bjóða reksturinn út í haust. Hér er greinilega á ferðinni enn á ný eitthvert einkavæðingarflipp af hálfu stjórnarflokkanna án þess að nokkur efnisrök séu færð fyrir því að það sé hagkvæmt. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðherra:

Í fyrsta lagi: Hvar hefur verið tekin ákvörðun um að leigja út Fríhöfnina í haust?

Í öðru lagi: Er þetta ákvörðun stjórnarflokkanna beggja, ef þessi ákvörðun hefur verið tekin, eða er hún ákvörðun ráðherrans eins? Er formið á þessu með þeim hætti að ráðherra geti ákveðið þetta nánast einn og sér án þess að spyrja Alþingi að því? Og ég vil spyrja: Hver eru rökin? Eru rökin efnahagsleg? Hefur rekstur flugstöðvarinnar í núverandi formi ekki verið hagkvæmur? Og ég vil spyrja t.d. hæstv. utanrrh. hvort hann hafi kynnt sér opinberar tölur um hagkvæmni flugstöðva.

Ég er hér með fyrir framan mig skrá yfir hagkvæmni 500 flugstöðva í veröldinni og það sem á ensku stendur: „The world's top 500 duty free shops 1991." Hvað kemur í ljós þegar þessar tölur eru skoðaðar? Hagkvæmnismælikvarðinn er sala á farþega. Þá kemur í ljós að í flugstöðinni í Keflavík er salan 43,78, í Vínarborg 11,09, í Kaupmannahöfn 14,24, í Frankfurt 16,88, í Amsterdam 27,55, í London 16,58. Ég gæti haldið áfram að þylja þessar tölur hér, en þær sýna það að flugstöðin, Fríhöfnin, salan, viðskiptastarfsemin sem fram fer í flugstöðinni hér á Íslandi er miklu hagkvæmari heldur en þær helstu flugstöðvar sem Íslendingar koma í. Og hver eru þá rökin fyrir að breyta þessu formi ef þegar er ljóst að það hefur náðst miklu meiri hagkvæmni í rekstrinum hér hjá okkur á Íslandi heldur en í þessum helstu nágrannalöndum? (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Ég skal ljúka máli mínu á örfáum mínútum. (**Forseti:** Hæstv. ráðherra verður að yfirgefa ...) Já, ég veit það að vegna annarra skyldustarfa verður ráðherrann að fara, en ég vil hins vegar biðja hann hér síðar í umræðunni að víkja að þessu máli og það gefst þá kannski tækifæri til þess að fara um það fleiri orðum.

Ég er hér með í höndum tölur yfir launakostnað í flugstöðinni sem hefur farið hraðminnkandi á undanförnum árum. Ég er með tölur yfir söluaukningu sem hefur farið hraðvaxandi. Ég er með tölur yfir umsvifin og annað, farþegafjöldann og fleira, sem allt bendir til þess að sá rekstur sem þar hefur verið sé einstaklega hagkvæmur. Og hvaða aðilar gætu boðið í þennan rekstur? Eru það kannski Flugleiðir og Eimskipafélagið enn á ný sem eiga þá líka að fara að teygja sína anga inn í þessa starfsemi? Mér finnst þetta vera enn eitt dæmið um fljótræðislega ákvörðun sem ekki sé nokkurt vit í að vera tilkynna af hálfu utanrrn. að eigi að verða að veruleika í haust án þess að menn hafi tækifæri til þess að fara efnislega og af skynsemi ofan í þessa þætti. Ég vona að hæstv. ráðherra svari þessu síðar í þessari umræðu svo að við getum vikið að þessum afmarkaða þætti.

Útbýting þingskjals:

Staða samkynhneigðs fólks, 577. mál, fsp. ISG, þskj. 967. — [Fundarhlé.]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil í upphafi máls míns setja fram þá skoðun að mér finnst þessi skýrsla utanrrh. vel úr gerði gerð. Það er á henni nokkuð nýtt snið miðað við það sem áður hefur verið. Hún er skipulegri í uppbyggingu og þess vegna ætti að vera auðveldara fyrir hv. þm. að kynna sér efni hennar og aðra sem áhuga hafa á því máli. En því miður verður að segja það eins og er að miðað við þátttökuna í þeim umræðum sem hér fara fram virðast þeir ekki vera mjög margir. En hvað sem því líður þá er nauðsynlegt að þessi skýrsla sé rædd hér á Alþingi og menn geri grein fyrir skoðunum sínum á stöðu alþjóðamála. Ég lít þannig á að í þessum umræðum gefist mönnum tækifæri til þess að lýsa sjónarmiðum sínum varðandi ýmsa meginþætti alþjóðamálanna og það sé frekar í tengslum við einstök mál sem hér eru til afgreiðslu á hinu háa Alþingi þar sem menn lýsa afstöðu sinni til þeirra ákvarðana sem við blasa á vettvangi utanríkismála hér hjá okkur Íslendingum. Þannig var skömmu fyrir páska umræða um þátttöku okkar í Vestur-Evrópusambandinu og það munu fara fram hér umræður síðar um skýrslu nefndar um öryggis- og varnarmál og þá gefst mönnum tækifæri til þess að ræða nánar stöðu Íslands í öryggis- og varnarmálum. Ég lít sem sagt þannig á að í þessum umræðum gefist okkur þingmönnum tækifæri til að ræða fremur almennt um stöðu alþjóðamála og þróun þeirra en einstök ákvörðunaratriði sem við okkur blasa við stefnumótun Íslands í utanríkis- og alþjóðamálum.

Það segir á bls. 6 í skýrslunni, þegar rætt er um þær breytingar sem orðið hafa á þróun alþjóðamála frá því að sovétkerfið hrundi og stjórnkerfi kommúnismans í Sovétríkjunum og í austurhluta Evrópu, að þær breytingar hafi orðið á þann veg, eins og segir í skýrslunni, með leyfi hæstv. forseta:

„En veruleikinn hefur þó orðið annar og fáir gera sér lengur vonir um að fram undan bíði viðburðasnautt þúsund ára sæluríki. Ofstæki, hatur og þjóðernishroki í einstökum ríkjum hafa á örstuttum tíma opinberað vanmátt hins alþjóðlega samfélags til að hafa hemil á skærum og átökum og minnt á að markmiðum lýðræðisríkjanna verður ekki náð nema með hægfara þróun og þrotlausu starfi til langs tíma."

Við hljótum öll að vera sammála því mati sem þarna kemur fram, þessari lýsingu sem þarna kemur fram í þann mund sem Sovétríkin voru að byrja að liðast í sundur og kommúnisminn að hrynja þá urðu nokkrar umræður um það á alþjóðlegum vettvangi

hvort þetta táknaði endalok sögunnar, þessi mikla umbylting en flestir voru sammála um að svo væri ekki og þróunin síðar sýnir okkur svart á hvítu að svo er alls ekki. Í sumum löndum Evrópu, í austurhluta álfunnar og í Sovétríkjunum fyrrverandi má segja að sagan sé að hefjast, það sé að hefjast — og við hljótum að vona að svo sé — það sögulega skeið hjá þessum þjóðum sem við á Vesturlöndum höfum kynnst þegar við höfum þróað stjórnarhætti í átt til lýðræðis, og að svipað sé að hefjast í þessum ríkjum að í þessum óróa og upplausn allri séu vonandi að skjóta rótum hugmyndir um lýðræðislega stjórnarhætti og það kunni að skapast grundvöllur fyrir því að slíkir stjórnarhættir þróist í þessum ríkjum.

En það sem segir í skýrslunni um vanmátt hins alþjóðlega samfélags hlýtur að vera okkur mikið umhugsunarefni sem Íslendingum þegar talað er um að hið alþjóðlega samfélag sé vanmáttugt til að hafa hemil á skærum og átökum. Við hljótum að þurfa að velta því fyrir okkur eins og aðrir hvernig hið alþjóðlega samfélag eigi að bregðast við aðstæðum eins og við fylgjumst nú með í Júgóslavíu fyrrverandi og í öðrum ríkjum þar sem greinilega herðir mjög að fólki ef það er ekki beinlínis myrt af algeru miskunnarleysi. Í dag hafa okkur borist fréttir um það að serbneski herinn sé að sækja inn í bæinn Srebrenica sem hefur verið mjög í fréttum og friðargæslulið Sameinuðu þjóðanna sé við því búið að flytja tugi þúsunda á brott frá borginni, fólk sem hefur búið við hungur og vosbúð um margra mánaða skeið vegna hernaðarátakanna og þeirra aðstæðna sem skapast hafa vegna þess að hjálparsveitum og friðargæslusveitum hefur verið meinað að fara inn í bæinn og hjálpa þessu fólki.

Frammi fyrir þessu finnst mörgum að við sem búum við frelsi og efnahagslega velsæld höfum verið allt of aðgerðalitlir og það sé unnt að gera til okkar ríkari kröfur en gerðar hafa verið um að við leggjum þessu fólki lið. Nú í vikunni var viðtal við Margréti Thatcher, fyrrverandi forsætisráðherra Breta, sem tók af skarið mjög afdráttarlaust í þessu efni og sagði sem svo að Vesturlönd og hinar frjálsu þjóðir ættu að leggja þeim lið sem berjast gegn Serbum, það ætti að afnema vopnasölubann á múhameðstrúarmenn í Bosníu og gefa þeim færi á því að vígbúast til þess að geta snúist gegn serbneska hernum. Aðrir benda hins vegar á það að yrði gripið til slíkra aðgerða þá mundi serbneski herinn eflast og Rússar kynnu að leggja honum lið og rjúfa þannig það vopnasölubann sem allir telja í orði a.m.k. að eigi að gilda gagnvart Serbum.

Þarna er í hnotskurn minnt á þann vanda sem við blasir þegar að því kemur að taka ákvarðanir eins og þessar. Menn óttast annars vegar að aðstoð kunni að leiða til langvinnari hernaðarátaka en standa síðan aðgerðalausir hjá og horfa á þegar bæir falla eins og sá sem er að falla í dag.

Í blaði sem gefið er út af samtökunum Læknar án landamæra, sem eru frönsk að uppruna, þetta eru frönsk samtök lækna sem hafa lagt sig fram um að aðstoða fólk á hættusvæðum og þá sem búa við styrjaldarástand eða hungursneyð, í nýjasta blaði þessara samtaka er forustugrein þar sem fjallað er um hvernig eigi að standa að hjálpar- og mannúðarstörfum á alþjóðavettvangi og hvernig eigi að draga mörkin á milli þess þar sem menn beita annars vegar hervaldi og hins vegar láta sér nægja, ef þannig mætti að orði komast, að senda hjálparsveitir á vettvang og sveitir lækna eða annarra sem veita aðstoð. En eins og við vitum hefur markmiðið með íhlutun herja á vegum Sameinuðu þjóðanna og annarra í löndum fyrrverandi Júgóslavíu miðað að því að auðvelda vistflutning og flutning á hjálpargögnum til þeirra sem eiga um sárt að binda vegna átakanna. Í þessari forustugrein er komist þannig að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Mannúðaraðstoð getur stuðlað að því að almenningur einfaldi fyrir sér hættuástand. Annars vegar sjáum við hungruð og deyjandi saklaus fórnarlömb og hins vegar matvæli og hjálpargögn sem verður að koma til þeirra hvað sem það kostar. Í Mogadishu, Sarajevo og Monróvíu sjáum við sams konar myndir af fórnarlömbum sem kalla á hjálp. Frá þeim sjónarhóli séð mætti líkja landgöngu bandarískra hermanna í Sómalíu við fyrsta skref mannsins á tunglinu. En Sómalía er alls ekki tunglið. Hermennirnir áttuðu sig smátt og smátt á því að þeir voru við störf í raunverulegu landi sem á sér flókna sögu, eigin hefðir og stjórnmál. Nú er komið að okkur að átta okkur á því hvernig hugsanagangur okkar er einfaldaður með því að leggja aðeins mannúðarmál til grundvallar í samskiptum fórnarlambs og bjargvættar. Það er ákaflega hættulegt fyrir samfélag þjóðanna að leyfa einu ríki að hlutast hernaðarlega til um málefni annars ríkis aðeins með mannúðleg markmið.

Í tveimur undantekningartilvikum er unnt að beita herafla. Fyrra tilvikið er þegar öflug og ofbeldisfull ríkisstjórn kúgar hluta þegna sinna. Síðara tilvikið er þegar ríki hættir að starfa og fólkið er skilið eftir varnarlaust. Við þessar aðstæður verður alþjóðlegur herafli að láta að sér kveða með öðrum fyrirmælum en þeim að láta mannúðarsjónarmið ráða. Við pólitískum hörmungum verður að bregðast með pólitískum aðgerðum. Ef ætlunin er að berjast gegn glæpastjórn er ekki nægilegt að koma hjálpargögnum til þeirra sem óttast glæpamennina. Lítum á það sem gerðist í síðari heimsstyrjöldinni. Engum datt í hug að fara með mat og ábreiður til Auschwitz. Eina hugsanlega svarið var hernaðarlegt. Hjálparstofnanir sem reyndu að koma hjálpargögnum í útrýmingarbúðirnar voru réttilega gagnrýndar þegar sannleikurinn kom í ljós."

Það er fast að orði kveðið í forustugrein þessara samtaka, fast að orði kveðið um það hvernig bregðast þurfi við og niðurstaða höfundarins er sú að ástandið í Bosníu sé t.d. á þann veg að þar verði ekki lengur við það unað að menn sinni einungis mannúðarstörfum eða hjálparstörfum heldur verði að láta til skarar skríða með herafla til að binda enda á það ógnarástand sem ríkir í þessum hluta Evrópu. Þetta er mikilvægt málefni sem við Íslendingar þurfum að ræða og velta fyrir okkur og erum knúnir til vegna þátttöku okkar í alþjóðlegu samstarfi að taka afstöðu til.

Við höfum látið að okkur kveða með ýmsum hætti.

Við höfum ekki staðið gegn því t.d. á vettvangi Atlantshafsbandalagsins eins og okkur hefði verið fært sem aðildarþjóð að því bandalagi að herstjórnum bandalagsins hafi verið gefin fyrirmæli um að beita flugher til þess að halda uppi öryggi í lofthelginni yfir Bosníu-Hersegovínu í umboði Sameinuðu þjóðanna en spurningin er hvort sú aðgerð ein er nægjanleg og hvort ekki verður að grípa til enn þá harkalegri aðgerða með herafla. Þannig heyrði ég í fréttum í hádeginu haft eftir Owen lávarði, sem er annar höfunda friðaráætlana Sameinuðu þjóðanna, að það væri ekki nægilegt að láta orrustuþoturnar fljúga yfir Bosníu-Hersegovínu og fylgjast með því sem þar sé að gerast í lofthelginni heldur ættu þær að nota vopnabúnað sinn til að sprengja upp aðgönguleiðir og vegi og brýr og samgöngumannvirki til þess að hindra framgang herafla Serbíu. Við kunnum að standa frammi fyrir því núna að ákvarðanir verði teknar um frekari aðgerðir hernaðarlegs eðlis til að binda enda á þau voðaverk sem unnin eru í þessum hluta Evrópu því það hefur verið sagt að ef ætlunin sé að beita utanaðkomandi herafla til þess að stilla til friðar, því það er það sem þarf að gera en ekki að gæta friðar þar sem enginn friður ríkir, þá þurfi kannski að senda 70–100 þúsund manna herafla á vettvang. Og menn sjá það fyrir sér að slíkar ákvarðanir tekur enginn stjórnmálamaður án þess að íhuga vel alla kosti málsins.

Það er nauðsynlegt fyrir okkur að velta þessu fyrir okkur hér á þessari stundu því að þeir atburðir eru að gerast í Evrópu, eru að gerast með þátttöku okkar ef svo má að orði komast, sem aðila að Atlantshafsbandalaginu, aðila að Sameinuðu þjóðunum og aðila að Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu. Til þess kann vissulega að koma að óskað verði eftir því við okkur Íslendinga að við látum meira af hendi rakna, ekki aðeins fjárhagslega heldur einnig með öðrum hætti, til þess að unnt sé að stilla til friðar á þessum slóðum. Þess verður ekki óskað af okkur að við leggjum til mannafla til hernaðar heldur í friðargæslu og mannúðarstörf og við hlytum að taka slíkt til athugunar eins og við höfum gert þegar kallað hefur verið til okkar af hálfu Sameinuðu þjóðanna en eins og við vitum hafa margir Íslendingar látið að sér kveða við friðargæslustörf á vegum Sameinuðu þjóðanna. Ákvarðanir um að auka þátttöku okkar í þeim voru teknar nú í vetur og kom í ljós að það er mikill áhugi hjá mörgum hér að taka þátt í slíku starfi.

Í utanrmn. Alþingis hefur verið rætt um þátttöku Íslands í friðargæslu og ég vil reifa það sjónarmið mitt að mér finnst ákaflega mikilvægt að ef til þess kæmi að um það yrði beðið að við létum frekar að okkur kveða, hvort heldur væri á vegum Sameinuðu þjóðanna eða einhverra annarra samtaka, þá verði að búa þannig um hnúta að þeir sem fari í slík störf hljóti góðan undirbúning og þjálfun og fullkomna vitneskju um það hvaða hættur kynnu að vera á ferðinni þegar menn taka sér slík störf á hendur sem má líta á sem fórnarstörf í þágu friðar og viðleitni til þess að búa þeim sem hér búa á jörðinni með okkur betri aðstæður. Þannig finnst mér að út frá þessu orðalagi sem er á bls. 6 í skýrslunni um vanmátt hins alþjóðlega samfélags, þá þurfum við að velta því fyrir okkur hvaða kröfur á að gera, hvaða sjónarmið við höfum um það yfirleitt hvenær á að hlutast til um málefni annarra ríkja með hervaldi og hvað það er sem réttlætir það að farið er inn í önnur ríki á grundvelli ákvarðana Sameinuðu þjóðanna eða annarra alþjóðastofnana og hlutast til um málefni þessara ríkja. Ég las hér upp úr forustugrein þessara læknasamtaka sem njóta alþjóðlegrar viðurkenningar og þar dregur höfundurinn t.d. skil á milli atburða í Sómalíu annars vegar þar sem herafli fór á vettvang á vegum Sameinuðu þjóðanna og hins vegar bendir hann á það sem er að gerast í Bosníu. Það er greinilegt af orðum hans að hann telur réttlætanlegra að beita herafla í Bosníu heldur en í Sómalíu, ef menn hafa farið inn í Sómalíu einungis í mannúðarskyni því að það komi að því þegar herafla er beitt að þá þurfi menn einnig að taka pólitískum afleiðingum þess og uppræta þá með hervaldi það sem veldur íbúunum og fólkinu mestri hættu og mestu tjóni.

Þessar spurningar eru mjög áleitnar, allar þessar spurningar í samstarfi ríkja hvað eigi að gera og hverjar séu skyldur okkar sem búum við frið og öryggi til þess að auka og koma á slíku ástandi hjá þeim þjóðum sem búa við öryggisleysi og ófrið.

Evrópuráðsins er getið hér í skýrslunni og sagt að ráðið hafi öðlast aukið hlutverk við þær breytingar sem eru að verða í Evrópu með fjölgun lýðræðisríkja og hruni einræðisstjórna í austurhluta álfunnar. Þar hafa menn tekist á við þessa spurningu: Hvað getum við gert án þess að beita hervaldi til þess að koma á stjórnarháttum í þessum ríkjum þar sem mannréttindi eru virt, þar sem lýðræðislegir stjórnarhættir eru í heiðri hafðir og þar sem fólk býr við sæmilegt öryggi þrátt fyrir afskipti stjórnvalda? Það má velta því fyrir sér hvort það sé skynsamleg leið í slíkum málum að þröngva, ef þannig mætti að orði komast, lýðræðislegum stjórnarháttum upp á ríki. Ef til vill má segja sem svo að slíkt felist í þeirri kröfu sem Evrópuráðið gerir til stjórnarhátta í aðildarríkjum sínum og þær ströngu kröfur sem þar eru gerðar og sú mælistika sem notuð er við umsóknarríki, þar er þess krafist að þau hafi tileinkað sér lýðræðislega stjórnarhætti, þar hafi t.d. farið fram frjálsar kosningar, þar hafi verið gerðar ráðstafanir til þess að tryggja rétt minni hluta o.s.frv. En Evrópuráðið fer ekki til þessara ríkja með einhverja forskrift og segir: Þetta er það sem þið eigið að taka upp, heldur skoðar það hvern þátt í stjórnarfari landanna fyrir sig og metur þróun hans og stöðu. Og ég held að þetta sé sú rétta aðferð. Ég held að við eigum ekki að nálgast þessi ríki með einhverja forskrift og segja: Svona á þetta að vera. Við höfum þetta svona og þið eigið að laga ykkur alveg að okkar forskrift í þessu efni. Þvert á móti verðum við að líta á aðstæður í hverju ríki fyrir sig, skoða og meta, setja fram ákveðnar lágmarkskröfur og síðan að leggja þessum þjóðum lið við að þróa þá þætti í stjórnkerfinu, í samfélaginu sem við teljum að samrýmist best þeim sjónarmiðum sem byggjast á lýðræðislegum stjórnarháttum. Með öðrum orðum að í stað þess að fara til þessara ríkja

með forskrift, þá eigum við að segja við þau: Við skulum leggja ykkur lið. Við skulum auðvelda ykkur að þróa stjórnarhætti ykkar og koma á nýrri stjórnskipan, taka upp málfrelsi og skoðanafrelsi og virðingu fyrir minnihlutahópum. Þetta skulum við aðstoða ykkur við, en við ætlum ekki að gera til ykkar meiri kröfur um það hvernig þið standið að þessu heldur en þið sjálfir eruð reiðubúnir til að gera. Í þessu felst með öðrum orðum eins konar fræðslustarf og ræktunarstarf og þar held ég að við Íslendingar sem vopnlaus smáþjóð ættum einnig að huga að verkefnum fyrir okkur í þessu starfi. Þegar krafa er gerð til hins alþjóðlega samfélags um að það leggi eitthvað af mörkum í því efni að bæta kjör þeirra sem nú búa við vandkvæði eftir hrun einræðisstjórnanna, þá ættum við að huga að því hvort við gætum ekki látið meira að okkur kveða á þessu lýðræðislega sviði varðandi vernd mannréttinda, stjórnskipun, málfrelsi og skoðanafrelsi. Það sé viðfangsefni sem við ættum að huga að og ef óskir koma til okkar um framlag til friðargæslu, þá hljótum við einnig að beina athygli okkar að mannúðarstörfum frekar en þeim sem eru hernaðarlegs eðlis. Ég held að það sé mikilvægt fyrir okkur að ræða þetta og velta þessu fyrir okkur og mér finnst að skýrsla utanrrh. gefi tilefni til þess og sérstaklega vangavelturnar í henni um hlutverk hins alþjóðlega samfélags við það að uppræta það sem nú veldur mestum óróa og vandkvæðum í ýmsum ríkjum Evrópu.

Það hlýtur einnig að vera markmið okkar hér í vesturhluta álfunnar að stuðla sem mest að því að þeir sem nú búa við vandkvæði í austurhlutanum geti leyst úr sínum vanda á sínum heimaslóðum því að ella kynnum við að kalla yfir álfuna mikinn flóttamannastraum sem þegar hefur vakið ótta og dregið fram í dagsljósið, ef þannig mætti að orði komast, mjög frumstæðar hvatir eins og brjótast fram í útlendingahatri og voru t.d. mjög til umræðu í þýskum stjórnmálum í Þýskalandi fyrr í vetur. Það hlýtur að vera markmið í sjálfu sér að halda þannig á málum að þróunin í þeim ríkjum sem nú eru að berjast fyrir nýjum stjórnarháttum leiði ekki til upplausnar í þeim ríkjum þar sem tiltölulega góð festa hefur verið í stjórnarháttum og það verður best gert með því að leggja þessum þjóðum lið á þeirra heimavelli og auðvelda þeim að leysa sín vandamál heima fyrir. Og þá verðum við líka þá að draga nokkur mörk á milli þeirra ríkja sem eru vestan fyrrverandi Sovétríkjanna og síðan ástandsins í Sovétríkjunum fyrrverandi þar sem ástandið virðist því miður vera mun verra en t.d. í Póllandi, Ungverjalandi, Tékklandi og Slóvakíu. Ástandið í Úkraínu, Rússlandi og Hvíta-Rússlandi er mun verra en í þessum ríkjum og þar er greinilega nauðsynlegt að draga einhver mörk og huga að aðgerðum með mismunandi hætti eftir aðstæðum í hverju ríki fyrir sig. En þessu þurfum við að sinna eins og aðrar þjóðir. Þótt við séum fámenn þjóð þá erum við þátttakendur eins og hér hefur komið fram, þá sitjum við við sama borð og hin stærri ríki og það eru gerðar kröfur til okkar í þessu sambandi eins og til annarra þjóða.

Ég vildi, frú forseti, gera þetta að meginefni í mínu máli, þessar hugleiðingar um þessi atriði. Eins og ég sagði tel ég að við munum ræða nánar um öryggi og varnir Íslands síðar þegar skýrsla um það efni verður tekin til meðferðar hér á Alþingi. Þó vil ég aðeins drepa á þátttöku okkar í fjölþjóðasamstarfi í Evrópu. Ég hef þegar minnt á Evrópuráðið og ég er sammála því mati hér í skýrslunni að mikilvægi þess er að aukast. Ég tel einnig að það sé rétt mat að Atlantshafsbandalagið sé hornsteinn okkar utanríkisstefnu og þátttaka í því og mér finnst líka sjálfsagt að þróa Atlantshafsbandalagið á þann veg sem gert er með svokölluðu Norður-Atlantshafssamstarfsráði þar sem ríkin í Austur-Evrópu og Sovétríkjunum fyrrverandi koma til viðræðna og samstarfs við Atlantshafsbandalagsríkin. Og loks finnst mér sjálfsagt að við Íslendingar tökum þátt í samstarfinu á vettvangi Vestur-Evrópusambandsins og ég tel að það sé eðlilegt skref að stíga það eins og fram hefur komið í ræðum sem ég hef flutt um það mál hér á þingi.

Þá er það Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu. Í mínum huga er sá samstarfsvettvangur afsprengi kalda stríðsins. Til hans var stofnað árið 1975 til að reyna að sætta viðhorf Varsjárbandalagsríkjanna og Atlantshafsbandalagsríkjanna og hlutlausra ríkja í Evrópu á tímum kalda stríðsins. Þessi ráðstefna þjónaði ákveðnu og töluvert mikilvægu hlutverki á þeim tíma og ekki ber að gera lítið út hlutverki ráðstefnunnar á því breytingaskeiði sem gengið hefur yfir. En að mín mati fer hlutverk þessarar ráðstefnu nú síminnkandi. Ég er þeirrar skoðunar að ekki sé ástæða til að búast við því að hún verði endilega mjög langlíf. Eftir því sem fleiri ríki eiga aðild að Evrópuráðinu og eftir því sem samstarfið á vettvangi Norður-Atlantshafssamstarfsráðsins verður meira, svo að ekki sé nú talað um hugmyndir ríkja í austurhluta Evrópu um aðild að Evrópubandalaginu, sem kunna að koma til ákvarðana innan fárra ára, þá held ég Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu gegni minna hlutverki. Mér finnst að við Íslendingar ættum að miða okkar þátttöku í alþjóðlegu samstarfi við það að þessi vettvangur eigi eftir að dragast saman og e.t.v. hverfa alfarið úr sögunni og þá verði að líta til þess að samstarf þeirra þjóða sem þarna sitja stendur traustari fótum innan stofnana sem urðu til í lok fimmta áratugarins og upphafi þess sjötta og hafa áunnið sér traust og eru nú þær stofnanir sem ríkin í austurhluta Evrópu vilja helst tengjast, og þar á ég við Atlantshafsbandalagið, Evrópbandalagið og Evrópuráðið. Mér finnst því líklegast að Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu verði ekki langlíf, og mér finnst í sjálfu sér ekki nauðsynlegt að hún verði langlíf, eftir að fjölgað hefur ríkjum í þessum stofnunum. Þannig kynni þar að verða á breyting og auðvitað kunna að verða fleiri breytingar sem valda því að verkefni og viðfangsefni alþjóðastofnana taki breytingum.

Hér kom fram í máli hv. 7. þm. Reykn. það sem hann kallaði Evrópuhyggju sem hann óttast og telur að sé of ríkjandi hér á Íslandi — þetta hefur komið fram í umræðum okkar um þátttökuna í Evrópska efnahagssvæðinu — og það mátti skilja á máli hv. 7. þm.

Reykn. að Evrópuhyggjan væri andstæða við náið samstarf við Bandaríkin eða ríkin í Norður-Ameríku eða annars staðar en í Evrópu. Ég held að þetta sé mikill misskilningur. Ég held að menn geti tekið virkan þátt í samstarfi Evrópuríkjanna án þess að fórna nokkru í samstarfi við önnur ríki og á þessum breytingatímum sé nauðsynlegt fyrir ríki að skoða alla þá möguleika sem þau hafa til þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Okkur Íslendingum bjóðast slík tækifæri í samvinnu Evrópuríkjanna og við eigum að skoða þau og vega og meta en ekki nálgast þau með því hugarfari að þátttaka í Evrópusamstarfi útiloki okkur frá nánum og góðu samskiptum við nánar samstarfsþjóð eins og hina bandarísku sem við höfum auðvitað tengst nánar en nokkurri annarri á grundvelli varnarsamningsins. Ég held að við þurfum ekki að óttast að þar rofni um eða skilji á milli vegna þess að við lítum á okkur sem Evrópuþjóð og tökum þátt í þessu Evrópusamstarfi.

Ég ætla ekki á þessum vettvangi að leggja mat á þróunina innan Evrópubandalagsins. Ég er þeirrar skoðunar að hún endurspegli nú mjög þær efnahagslegu þrengingar sem eru í Evrópu. Það er staðreynd sem unnt er að rökstyðja með dæmum að það hægir yfirleitt alltaf á samrunaþróuninni í Evrópu þegar Evrópuríkin ganga í gegnum efnahagslegar þrengingar eins og nú hafa gengið yfir, og þá þurfa ríkisstjórnir og stjórnmálamenn og fyrirtæki að huga að sínum eigin málum frekar en að sinna framvindu mála eins og Evrópumálanna og það virðist alltaf hafa gerst að það hefur hægt á þessari samrunaþróun á slíkum erfiðleikatímum.

Ég minni einnig á það að þróunin í Evrópubandalaginu á eftir að mótast mjög af því sem gerist í Danmörku nú 18. maí nk., þegar Maastricht-samkomulagið verður borið þar undir þjóðaratkvæði í annað sinn. Og síðan, eins og hér hefur komið fram, hefur breska þingið ekki enn þá tekið endanlegar ákvarðanir varðandi Maastricht-samninginn eða samkomulagið, en eftir að línur hafa skýrst varðandi afstöðu Dana og Breta, þá kann það einnig að taka mjög skamman tíma fyrir Evrópuríkin að ná vopnum sínum og halda áfram þannig að við erum nú á óvissutíma í þessu en mér finnst ástæðulaust að líta þannig á eins og hann þurfi að vara mjög lengi. Við Íslendingar þurfum að fylgjast mjög náið með þessu og ég held að það sé samdóma álit allra, hvar í flokki sem þeir standa og hér hafa tekið til máls, að það sé okkur Íslendingum ákaflega brýnt að fylgjast náið með framvindunni í Evrópubandalaginu og huga að því hvernig hagsmunum okkar er best borgið gagnvart því. Ég tel að það sé skynsamlegt að gera það á grundvelli EES-samningsins. Það er rétt sem hér hefur komið fram að EES-samningurinn er ekki kominn í gildi enn, en allar líkur benda nú til þess að hann komist í gildi og ég held að það sé frekar formsatriði heldur en efnisatriði sem tefja málið úr þessu og við eigum á grundvelli þátttöku okkar í Evrópska efnahagssvæðinu að móta okkur stefnu um framtíðarsamskiptin við Evrópubandalagið. Og mjög æskilegt væri að sem víðtækust samstaða tækist um slíka stefnumótun á Alþingi eftir hinar miklu og langvinnu deilur sem hér hafa staðið yfir um þátttökuna í Evrópska efnahagssvæðinu og okkur eru í fersku minni.

Þetta verður sífellt viðfangsefni okkar hér að fylgjast með þróuninni innan Evrópubandalagsins og eins og ég segi, þá væri æskilegast að það myndaðist sem víðtækust pólitísk samstaða um það hvernig að því starfi verður staðið eftir að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur tekið gildi.

Hv. 8. þm. Reykn. vék í máli sínu að samstarfi Bandaríkjanna og Rússlands og ég tek undir það með honum að sá samningur sem þar var gerður og þeir undirrituðu Jeltsín og Bush í Washington í júní sl., ef ég man rétt, er mjög merkilegur. Það er mjög merkilegt að lesa þann samning og ef hann er túlkaður frá orði til orðs og lögð sú merking í hann sem orðin gefa til kynna, þá er þetta mikill vináttusamningur. En mitt mat á þessum samningi er að hann sé nú frekar pólitísk viljayfirlýsing heldur en honum hafi verið hrundið í framkvæmd og ég hallast að þeirri skoðun sem Henry Kissinger setti fram skömmu eftir að samningurinn var gerður þar sem hann flutti nokkur varnaðarorð af þessu tilefni að menn mættu ekki láta blekkjast af því sem þarna stæði því að það væru svo mikil óvissuatriði, sérstaklega hjá öðrum samningsaðilanum, þ.e. hinum rússneska, að það væri mjög óvarlegt að ganga þannig fram og treysta til fullnustu orðum þessa samnings. En ég tek undir það með hv. 8. þm. Reykn. að samningurinn er merkilegur og orðin sem í honum standa eru mörg mjög athyglisverð miðað við samskipti Bandaríkjanna og Sovétríkjanna og það hvernig þau þróuðust og hvaða þáttaskil urðu með þessari samningsgerð. En ég held að það sé nauðsynlegt að líta til þess að framkvæmd samningsins byggist á ákveðinni þróun í Rússlandi sem því miður hefur ekki orðið. Það hefur ekki myndast stöðugleiki innan rússneska stjórnkerfisins og það hefur ekki þróast með þeim hætti að það sé við því að búast að Bandaríkjamenn sem annar aðili samningsins líti þannig á að unnt sé að treysta orðum hans 100% ef þannig mætti að orði komast eða að nokkru gagni fyrr en tekist hefur að breyta stjórnarháttum í Rússlandi. Eins og við vitum standa þau átök núna yfir einmitt þessa dagana og ef rétt er munað, þá verður núna 25. apríl atkvæðagreiðsla í Rússlandi um þessi mál og þá fæst leiðbeining a.m.k. frá þjóðinni um það hverjum hún treystir fyrir stjórn landsins og síðan eftir það verða væntanlega frekari ákvarðanir teknar þar um framvindu stjórnmála. En ég er einn þeirra sem enn efast um að það sé unnt að gera samninga af þessu tagi við Rússland og treysta þeim alfarið. Ég held að það sé nauðsynlegt að hafa borð fyrir báru í þessu efni og menn eigi ekki að rasa um ráð fram þó að þeir eigi að leggja þessari þróun lið. Ég leit þannig á að þessi samningur væri gerður m.a., eins og síðan Clinton gerði þegar hann hitti Jeltsín á dögunum í Vancouver, þegar hann tilkynnti honum um fjárhagsaðstoð, að þessi samningur hafi verið viðleitni Bandaríkjastjórnar undir forustu Bush til þess að ýta undir lýðræðislega þróun í Rússlandi og samningurinn sé gerður með því fororði að árangur ná-

ist í því að breyta stjórnarháttum í Rússlandi. Þetta er mín skoðun á þessu og ég skipa mér í þá sveit sem vill bíða frekar og sjá og fylgjast með hver framvindan verður í Rússlandi og hvernig mönnum tekst þar að komast út úr þeim hremmingum sem þar eru.

Ég ætla að öðru leyti ekki að gera að umtalsefni það sem komið hefur fram í þessum umræðum. Ég vil aðeins minna á það vegna þess að það hefur verið rætt um hlutverk Atlantshafsbandalagsins í þágu Sameinuðu þjóðanna að að sjálfsögðu var það strax í upphafi ljóst að Atlantshafsbandalagið var myndað sem hluti af því öryggiskerfi sem Sameinuðu þjóðirnar urðu eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar. Í stofnsáttmála Atlantshafsbandalagsins er vísað í 51. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna og það skýrt fram tekið að til bandalagsins sé stofnað í fullu samræmi við Sameinuðu þjóða kerfið þannig að það er í sjálfu sér ekkert nýtt að Atlantshafsbandalagið starfi innan þess ramma sem Sameinuðu þjóðirnar mynda og þess öryggiskerfis sem þar var komið á laggirnar þó að hitt sé nýtt eins og fram hefur komið að á ráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins í Ósló nýverið var ákveðið að bandalagið mundi leggja fram herafla í þágu Sameinuðu þjóðanna og Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu ef þess yrði óskað til þess að stilla til friðar á svæðum utan varnarsvæðis bandalagsins.

Í lok máls míns, frú forseti, vil ég láta þess getið að ég er sammála því sem kom fram í ræðu utanrrh. að það væri æskilegt að finna þessari umræðu um utanríkismál hér á þinginu nýtt form. Það er mikið sem er hér undir þegar þessi skýrsla er rædd með þeim hætti sem hér er gert og það væri betra að afmarka sig kannski meira við einstaka þætti hverju sinni heldur en að hafa jafnmikið undir eins og óhjákvæmilegt er þegar þessi stóra skýrsla er rædd. Ég vona að það takist samkomulag um það hér í þinginu að taka upp nýja skipan varðandi þessa málsmeðferð.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir það að leggja nú fyrir Alþingi viðamikla skýrslu um utanríkismál. Því miður er hann af óviðráðanlegum ástæðum ekki enn mættur hér en ég féllst á að mælendaskrá gæti verið óbreytt engu að síður þó að hann væri ekki mættur, en hann kemur hér síðar og við getum þá skipst á skoðunum ef svo ber undir, en ég held að ekkert af því sem ég hafði hugsað mér að segja sé særandi á nokkurn veg. Það er málefnaleg umræða sem hér fer fram og ekki ómerk. En þetta plagg er þannig að það á auðvitað eftir að fá frekari skoðun, bæði megintextinn og viðaukar og fylgiskjöl.

Hæstv. utanrrh. fer vítt yfir völlinn í þessari skýrslu þegar fjallað er um lífshagsmunamál íslensku þjóðarinnar, utanríkismálin, og þar með fullveldis- og sjálfstæðismálin. Það er nú hvorki meira né minna en þetta sem við erum að ræða. Það gætir því margra grasa og auðvitað misjafnra. Ekki mun ég í þessu stutta máli reyna að fjalla um nema lítið eitt af því sem í hugann kemur og frekar þá það sem mér er hugleikið heldur en eitthvað sem ógeðfelldara er og það finnst auðvitað líka. En von mín er sú, eins og ráðherrans sem hann lét í ljósi í morgun, að í umræðunni í dag og næstu daga og kannski ár þar muni menn skiptast á skoðunum, slíkar umræður munu leiða til varúðar í öllu málinu og umræður verði þar til þess vaxnar, eins og eðlilegt og sjálfsagt er og alltaf hefur verið á Alþingi Íslendinga, að í lokin reynum við að sameinast um það sem við náum samkomulagi um að sé mikilvægast fyrir þjóðina í heild sinni. Að því erum við að keppa og til þess erum við hér og það á þess vegna að vera ástæðulaust að fárast yfir því að menn ræði í hreinskilni um málið.

Það er þannig að strax um miðbik fyrstu síðu þessarar skýrslu getur að líta eftirfarandi setningu, sem vissulega gladdi mig. Setningin er svohljóðandi, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin hefur ákveðið að Ísland muni ekki slást í hóp þeirra EFTA-ríkja sem sótt hafa um aðild að Evrópubandalaginu."

Hér er komin staðfesting á þeirri stefnu sem raunar hefur verið ríkjandi nú um þriggja til fjögurra ára skeið því að í þeirri merku bók sem Evrópustefnunefnd gaf út er í lokin dregið saman það sem menn eru sammála um í nefndinni — þetta var níu manna nefnd þingmanna eins og hv. þm. vita — þar segir í 1. tölul. í fyrirsögn: „Aðild að Evrópubandalaginu er ekki á dagskrá." Og síðan segir:

„Enginn íslensku stjórnmálaflokkanna hefur á stefnuskrá sinni aðild að Evrópubandalaginu. Sumir flokkanna orða það svo í stefnuyfirlýsingum sínum og samþykktum að umsókn um aðild sé ekki á dagskrá. Aðrir kveða svo að orði að aðild komi ekki til greina."

Síðan gera einstakir nefndarmenn frekari grein fyrir sjónarmiðum sínum og þar er það sérstaklega tekið fram sem menn voru meira og minna sammála um, en síðan er vitnað frekar í sérákvæði eða sérskoðanir, en um þetta meginmál sem öllu skiptir, var algjör samstaða og við glöddumst öll yfir því og vonum að það haldi áfram að samkomulag geti náðst um meginmálið.

Ef ég vík þá aftur að skýrslunni, þá er síðar á þessari fyrstu blaðsíðu setning sem hljóðar svo: „Á sviði öryggis- og varnarmála hefur ríkisstjórnin ákveðið að Ísland gerist aukaaðili að Vestur-Evrópusambandinu til að tryggja Íslendingum hlutdeild í samráði Evrópuríkja Atlantshafsbandalagsins." Þessi setning gleður mig svo sem ekki á sama hátt og hin fyrri en engu að síður er við það allt saman unandi og þarf ekki frekar um það að ræða.

Í sambandi við þessi mál var það raunar svo að þegar ég las skýrsluna yfir fannst mér ég sakna einhvers. Það væri eitthvað meira en lítið sem vantaði í þessa skýrslu og ég fletti síðan áfram til að finna hvað það gæti verið og kannski grunaði mig það sem verst var að það vantaði algerlega að ræða um okkar mestu og mikilvægustu mál, þ.e. landhelgismálið og þá landgrunnsmálið, því að þar eigum við gífurleg auðæfi óheimt, úr greipum Ægis getum við sagt, því að hafsbotninn er auðvitað undirstaða alls þess sem yfir honum er. Og það er kannski rétt að minna á það að þeg-

ar allt þetta byrjaði að gerast með stóra landhelgislínu, þá voru það Bandaríkjamenn sem árið 1945 frekar en 1946 tóku sér 200 mílna landgrunnsréttindi fyrir öllum sínum ströndum. Síðar var það alveg ljóst og kennimenn og stjórnmálamenn bentu á það að sá sem ætti hafsbotninn mundi líka eignast sjóinn þar fyrir ofan og allar þær auðlindir sem þar var að finna. Sú varð líka raunin á að smám saman voru Suður-Ameríkuþjóðirnar að heimta 200 mílna réttindi. Við vorum tiltölulega seinir, Evrópumenn, að átta okkur á því hvað væri að gerast. Það var sem sagt ekki nein sérstök forusta af okkar hálfu þá. En raunar er landhelgissaga Íslendinga orðin það mikil að menn mættu gjarnan hugsa um hvað var þar að gerast þegar við höfðum fengið takmarkað frelsi að vísu, ekki fullkomið. Árið 1918 byrjuðu okkar bestu menn strax að vinna að því að reyna að fá úr gildi felldan eða breytt samningi sem var gerður milli Breta og Dana um viðskiptamálefni sem voru þess valdandi að erlend skip gátu verið í okkar landhelgi allt inn að þremur mílum og síðan smáþróaðist þetta upp í það að við jukum þessi réttindi okkar.

En það sem vakti mig til vitundar um hvað það væri sem skorti svona sáran í þessa skýrslu hæstv. ráðherra var það að maður að nafni dr. Manik Talvani, sem var okkar aðaltrúnaðarmaður og sérfræðingur á hafréttarráðstefnunni árum saman, á annan áratug, mikill vinur Hans G. Andersens og samstarfsmaður þennan langa tíma, kom hér við á ferð sinni til Evrópu á leið til síns heima í Bandaríkjunum og ég notaði tækifærið til þess og nokkrir fleiri að ná af honum tali. Raunar hafði hann nú frumkvæðið að því að ná í okkar því hann stoppaði hér, hann langaði til þess, hafði komið hér svo oft áður, langaði til að koma við. Og þá orðaði ég það við hann hvort hann gæti, ef um það kæmi ósk frá réttum íslenskum yfirvöldum, hjálpað okkur að átta okkur á því hvernig við gætum heimt þau réttindi sem við eigum á Reykjaneshrygg út í 350 mílur á Hatton-banka og út í 600 mílur allt norður að Pól, á Norðurpólinn ef farið er þá leiðina, og svo aftur á hafsbotnssvæðið sem er autt enn þá, 200 mílur milli Noregs og Íslands.

Það er skemmst frá að segja að hann leyfði mér að greina réttum yfirvöldum frá því að hann mundi skoða það með miklum áhuga vegna þess að þetta svæði, norðurslóðirnar, var nú víst held ég einmitt hans prófverkefni en hann er eins og ég sagði merkur vísindamaður á þessum sviðum. Það gerðist sem sagt að hann er til þess reiðubúinn að athuga það að aðstoða okkur við að heimta þessi réttindi okkar.

Þegar við höfum byrjað að berjast fyrir einhverju á sviði landgrunnsmála og landhelgismála yfirleitt, þá hefur verið alveg ótrúleg deyfð yfir Alþingi, hvað þá framkvæmdarvaldinu. Menn máttu helst aldrei heyra það nefnt að það væri nokkur möguleiki að hreyfa sig í eina átt eða aðra því að það hlytu að koma einhverjar hefndarráðstafanir og við gætum aldrei komið þessu fram, þetta væri brot á alþjóðalögum. En alþjóðalög myndast nú aldrei nema fyrir venju og þess vegna væri það gjörsamlega vonlaust að hreyfa þessu máli. Ég veit ekki hvað oft ég hef farið í þetta púlt til þess að segja þessa sömu setningu. Nú er að því komið að þetta getur ekkert gengið lengur. Við erum að reyna að rækta upp og verja okkar meginauðlegð og varðveita frá bæði mengun og ofveiði og við eigum þessi gífurlega miklu réttindi hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Og skyldi ekki alþingismönnum líka það betur að við eigum þessi réttindi til sjávarins og alls sem er yfir honum nú þegar er svo komið. Þessi réttindi byggjast á því sem kallað er framlenging landgrunnsins, the natural prolongation of the sea bed, út á höfin og allt sem þar hreyfist ekki öðruvísi en í snertingu við botninn og síðan allar botnlægar tegundir og allt sem í botninum er þar að auki, olían og það allt saman sem við höfum rætt um áður og komist alllangt í því í samningum við Breta að geta náð samningum á Hatton-Rockall svæðinu eins og allir hér vita. En þetta hefur verið trassað. Og við höfum ekki leyfi til þess að fara með það vald að vera þingmenn og ráða þar af leiðandi yfir æðstu stjórn landsins án þess að við könnum öll þessi atriði og þrýstum á um framkvæmdir ef þrýsting þarf að hafa.

En þá er komið að því að minna á að sá styrkleiki, sem við Íslendingar höfum þegar við lítum á 74. gr. hafréttarsáttmálans sem fjallar um hafsbotninn, er m.a. fólginn í 6. tölul. þeirrar greinar. Þar segir að þrátt fyrir önnur ákvæði skuli ytri mörk landgrunnsins á neðansjávarhryggjum ekki vera lengra en 350 mílur frá grunnlínu. En þar sem ekki er um neðansjávarhryggi að ræða heldur framlengingu af öðrum sökum, t.d. framburður ánna o.s.frv. og landris að fornu og nýju, geta mörkin náð lengra, t.d. fara Indverjar út í einar 1.300 mílur og margir aðrir nokkuð skemmri leið en þeir. Það sem er aðalatriðið í sambandi við þetta er að það voru Íslendingar og Rússar af öllum mönnum sem á hafréttarráðstefnunni gengu til samninga um það hve langt menn mættu fara út eftir hafsbotninum á neðansjávarhryggjum, því eins og allir vita eru bæði í Atlantshafinu og þó einkum og sér í lagi í Kyrrahafinu langir og mjög víðáttumiklir neðansjávarhryggir sem eru jafnvel þúsundir mílna. Og þegar um það var orðið samkomulag á hafréttarráðstefnunni um að þjóðirnar ættu meira en 200 mílur, það væri fullveldisréttur að einnig þessari framlengingu sem ég var að nefna og menn þekkja, þá var það auðvitað alveg ljóst að það var ekki hægt að við Íslendingar, sem erum á hæsta punktinum á Norður-Atlantshafinu og njótum þess þar af leiðandi að eiga þessa framlengingu í allar áttir því að enginn getur framlengt að okkur heldur frá okkur, þegar þetta var síðan skoðað nánar, þá gengum við til óformlegra samninga.

Ég man það vel og hef sagt frá því hér þegar Hans Andersen ræddi við aðalsamningamann Rússa á hafréttarráðstefnunni. Sá rússneski var mjög yggldur og þegar búið var að halda eina þrjá, fjóra fundi var farið að reyna að tala saman í alvöru. Hann hafði haft orð á því að værum mestu „imperíalistar" veraldarsögunnar því að við ætluðum okkur að eignast hafsbotnssvæðið 2.000 mílur suður í höf. Og við sögðum það náttúrlega vera mikla fjarstæðu, en hvað þeir gætu

hugsað sér að við gætum farið langt því að varla ættum við að fara skemmra en margir aðrir sem hefðu framlengingu bara frá framburði ánna en ekki beina óslitna framlengingu landgrunnsins. Og þá man ég það eins og það hefði gerst í gær að á lokafundinum sagði sá rússneski eitthvað í þá áttina: „Jæja, við verðum að klára þetta. Þið verðið auðvitað að fá eitthvað og getum við þá ekki sagt að þið fáið 100 mílur í viðbót?" Og við sögðum: „Nei, við verðum að fá a.m.k. 200, ekki má það vera minna heldur en hitt." Þá hló einhver og sagði: „Við segjum þá 150 þannig að heildarlandhelgin verði 350." Þessi tillaga fór beint inn í hafréttarsáttmálann og enginn mótmælti.

Síðan er komið nokkuð á annan áratug og enn þá horfum við upp á það að verið er að rányrkja Reykjaneshrygginn og við erum minnt á það núna á hverjum degi að það er verið að gjöreyða stofnum sem þar eru og það er ekkert aðhafst eða lítið, varla að Landhelgisgæslunni sé beitt, en hún er peningalaus og varð að skera niður eins og allir aðrir því að það nú orðið móðins að skera niður, sérstaklega að halda því í skefjum sem mikilvægast er, en eyða þá kannski í eitthvað þarflausara. Þetta er nú það sem við þurfum að kljást við núna og sameinast um reyndar áfram.

Þá kemur að EES-samningnum blessaða. Við höfum deilt um það mál og eigum ábyggilega eftir að gera það áfram. En við þurfum fyrst að átta okkur á því að það er enginn EES-samningur til. Hvar er sá samningur? Ég hef lýst eftir honum æ ofan í æ. Hann er hvergi til. (Gripið fram í.) Já, einn þingmaður, einmitt sá sem greip fram í, hefur strax skilið þetta af því að hann er svo barnalegur eins og ég. Þetta liggur í augum uppi. Það er ekkert um það að tala. Það er enginn samningur til sem vantar í meira og minna alla partana. Ég á nú að heita hæstaréttarlögmaður og ég veit að það er enginn samningur til ef botninn er úr honum og hefur aldrei verið settur saman, er suður í Borgarfirði. Og það er þó játað af þeim sem eru óðastir í að þvæla okkur inn í þetta allt saman, að það vanti allt kjötið á beinið. Núna erum við að fá fréttir af því á hverjum degi að ef það eru ekki Spánverjar, þá eru það einhverjir aðrir. Og hæstv. utanrrh. sjálfur hefur sagt það og segir núna annan hvern dag að kannski verði ekkert úr þessu á þessu árinu. Auðvitað verður ekkert úr því á þessu árinu og heldur ekki hinu næsta ef við ætlum ekki að láta neitt verða úr því. Við höfum ekkert upp úr því að þessi samningur verði að veruleika. Þess vegna er það alveg nákvæmlega eins rétt núna og fyrir þó nokkrum árum að segja: Flýtum okkur hægt, bíðum átekta. Við höfum allt að vinna með biðinni en engu að tapa.

Fyrir eitthvað tveimur árum síðan eða svo komu þeir heim hæstv. ráðherra og hans aðalsamningamaður, Hannes Hafstein. Það var mikið um dýrðir og það var komið hér upp í pontu og sagt: „Við fengum allt fyrir ekkert." Það hljóta allir Íslendingar að muna þetta. Við fengum allt fyrir ekkert. Hvers vegna voru þeir þá að leita eftir einhverju öðru ef þeir voru búnir að fá allt fyrir ekkert? Þetta hefur allt verið á þessum nótunum. Og nú fréttum við það í gær eða fyrradag að það er kominn nýr utanríkisráðherra í Finnlandi. Hann afneitar öllu þessu EES og Evrópubandalagi meira og minna.

Menn eru að sjá það nú í vaxandi mæli, fleiri og fleiri sjá það víða um heim að það er ekkert hagstætt að vera endilega stórveldi. Það er ekkert unnið við það. Það eru miðlungsstóru ríkin og smáríkin sem eru að komast í tísku. — Velkominn ráðherra, ég var einmitt að vonast til að þú kæmir. Ráðherrann hefur að vísu heyrt mig segja þetta allt saman áður svo ég get endurtekið það við hann bara prívat, en þetta var nú það sem ég vildi þó segja nú að það eru minni löndin sem eru að komast í tísku. Það er verið að skipta upp stórum ríkjum sem að vísu hafa verið til komin með óeðlilegum hætti en engu að síður er það nú svo.

Þá er að athuga það sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson gat sérstaklega um í sinni ræðu, að viðskiptaerjur, eins og hann kallaði það hóflega, munu verða með Evrópubandalaginu annars vegar og Japönum og nágrönnum Japana hins vegar og síðan Bandaríkjamönnum, að þarna mundi verða þrefalt átakasvæði, þrír pólar sem mundu berjast á sviði viðskipta. Ég held að það sé ekki heppileg þróun að það gerist þannig. Ég held að við eigum að hugsa núna rækilegar en oft áður um tvíhliða samninga við Evrópubandalagið. Það hefur alltaf legið á borðinu að geta hafið þá samninga og það hefur eingöngu verið trassað að fullkomna þá og það hefur staðið upp á okkur en ekki aðra að reyna að hrinda því fram, alveg eins og samningur við Breta, það stendur opið að ræða við þá hvenær sem er.

Auðvitað hljótum við að hugleiða betur en við höfum gert hvað hægt er að gera innan vébanda GATT. Ég held að það sé einmitt leiðin og við getum gert það í rólegheitunum að taka þá samninga upp og styðja auðvitað alla þá sem vilja raunverulegt frjálsræði í viðskiptum því að það er auðvitað ekki frjálsræði í viðskiptum, ef við tökum Evrópubandalagið sérstaklega, þá er það ekki frjálsræði gagnvart öðrum sem vilja flytja inn á þeirra svæði. Evrópubandalagið getur auðvitað ekki kallast fríverslunarbandalag, heldur þvert á móti. Það er haftabandalag. Það lokar sínum mörkuðum fyrir öðrum og það verður ekkert frjálsræði úr því ef allir loka sínum mörkuðum fyrir öllum utanaðkomandi. Þetta er nú svo augljóst mál að ég held að ég sé ekkert að ræða frekar um þetta nú. — Ráðherrann hefur brugðið sér frá og það er ekkert sérstakt við hann að tala frekar en það sem ég sagði hér áðan.

Ég vænti þess að menn gefi sér tíma til að hugsa sitt ráð og séu ekki að flasa að neinu. Við eigum þessi miklu réttindi sem ég var að geta hér um og við erum sjálfstæð þjóð og ætlum okkur ekkert að fórna sjálfstæðinu, ekki einu sinni hluta af frjálsræðinu sem við auðvitað mundum gera ef við sökkvum okkur á kaf í þetta Evrópuævintýri allt saman. Við getum bara tekið lífinu með ró og við munum sigra.

Útbýting þingskjala:

Umferðarlög, 256. mál, nál. allshn., þskj. 978; brtt. allshn., þskj. 979.

Verndun nytjavatns, 578. mál, stjfrv., þskj. 983.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vona að ég nái athygli manna þó að hér sé mikið að gerast fyrir utan gluggann og það sé kannski erfitt að keppa við forseta vorn sem ríður um í söðli hér utan dyra, en ég ætla nú samt að reyna.

Ég skal játa það að a.m.k. framan af þessari umræðu hér í dag fannst mér dálítið erfitt að átta mig á henni, kannski ekki síst vegna þess að við höfum dálítið mikið og munum ræða mikið um utanríkismál hér á þinginu. Við munum a.m.k. þrisvar núna með stuttu millibili ræða um utanríkismál og þó að það sé sífellt gert undir nýjum formerkjum, þá finnst mér eins og við séum alltaf að ræða sama hlutinn. Það er kannski ekki rétt að segja þrisvar sinnum því að það er auðvitað miklu oftar. Fyrir skömmu ætluðum við að ræða aðild að Vestur-Evrópusambandinu og þá kom í ljós að menn höfðu gert með sér þegjandi samkomulag um það að ræða þá ekki skýrslu um öryggis- og varnarmál sem jafnframt lá fyrir, en auðvitað er ekki hægt að ræða aðild að Vestur-Evrópusambandinu án þess að tala jafnframt um öryggis- og varnarmál, það segir sig eiginlega sjálft. Við munum því væntanlega fá sérumræðu um öryggis- og varnarmálin eða þá skýrslu. Engu að síður finnst mér að þau mál hafi fengið afskaplega mikið rúm hér í umræðunni, öryggis- og varnarmálin, og við munum svo ræða þau aftur þriðja sinni þegar sjálf skýrslan verður tekin til umfjöllunar. Það má því segja að allt er þegar þrennt er. Við verðum þá búin að ræða öryggis- og varnarmál hér í þrígang og það hlýtur að vera orðið nokkuð gott — skyldi maður ætla.

Þar fyrir utan er auðvitað önnur hlið á þessum málum, utanríkismálum, en á henni virðast bara vera tvær hliðar, og sú hliðin snýr að Evrópubandalaginu og Evrópska efnahagssvæðinu því að það höfum við auðvitað rætt hér nánast í síbylju í langan tíma. En það er kannski eins farið með okkur þingmenn og Soffíu frænku sem sagðist bara kunna eitt lag, en ólíkt henni finnst okkur einhvern veginn eins og það eigi alls staðar við en það fannst ekki Soffíu frænku. Ef menn þekkja þær bókmenntir, þá muna þeir það.

Ég ætla samt að reyna að taka þátt í þessari umræðu um utanríkismál. Ég ætla nú ekki nema lítillega að fjalla um þetta tvennt, ef þá eitthvað, heldur að snúa mér að öðrum hlutum sem mér finnst ekki síður skipta máli að við ræðum hér á Alþingi. Það varðar m.a. þróunaraðstoð, það varðar mannréttindamál, það varðar stöðu mála bæði við Persaflóa og í Júgóslavíu, það varðar GATT o.fl.

Okkur hefur orðið tíðrætt hér á þingi að undanförnu um hina breyttu heimsmynd og reyndar höfum við verið að ræða um breytta heimsmynd allt frá því að segja má að hún hafi breyst eða frá 1989. Ég held að síðan þá hafi engin umræða átt sér stað um utanríkismál án þess að við höfum lagt áherslu á hina breyttu heimsmynd. Stundum finnst mér að við tölum eins og við séum fyrsta kynslóðin sem upplifi breytta heimsmynd. Það hafi aldrei nein kynslóð á undan okkur upplifað það að fara í gegnum slíkt breytingaferli, þetta sé eitthvað alveg nýtt í sögunni.

Það eru miklar breytingar á öllum sviðum núna. Það eru breytingar í tækni, það eru breytingar í hugmyndum, það eru breytingar í stjórnmálum, það eru breytingar í umhverfi, í lífsháttum o.s.frv. Og þetta er ekkert nýtt. Þetta hafa allar kynslóðir gengið í gegnum með einum eða öðrum hætti, auðvitað mishastarlega en þær hafa allar þurft að takast á við þetta og þá dugir ekki bara að fara í gömlu hjólförin heldur þurfa menn að reyna einhvern veginn að koma sér upp úr þeim og skoða hlutina frá svolítið nýju sjónarhorni. Mér dettur stundum í hug ef við lítum til baka, ef maður hugsar til kynslóðarinnar sem var að taka út þroska sinn um og eftir síðustu aldamót, sem upplifði tvær heimsstyrjaldir, sem upplifði að heiminum væri skipt í tvö áhrifasvæði. Þetta voru auðvitað alveg gífurlegar breytingar sem þessi kynslóð upplifði og ég hugsa að hvergi sé því lýst eins vel og í bókinni „Veröld sem var" eftir Stefan Zweig. Það er auðvitað mjög góð aldarfarslýsing og sýnir hvernig hægt er í rauninni að kippa fótunum undan heilli kynslóð og hvernig hún þarf að takast á við og horfast í augu við breytta heimsmynd sem var auðvitað alveg hræðileg fyrir þá kynslóð. Sú kynslóð var ekki heldur sú eina sem þurfti að horfa upp á þetta.

Ef maður hugsar til baka aftur í tímann til þess tíma sem okkur finnst alltaf vera hvað stórfenglegastur sem er endurreisnartíminn — við tölum um endurreisnartímann með glampa í augum því þá gerðist allt, þá voru þessir stóru snillingar uppi, þessir andans menn sem sköpuðu hér ódauðleg listaverk — en ef við hugsum nú um endurreisnarkynslóðina og það sem hún upplifði frá miðju 15. aldar og fram á miðja 16. öld. Hún upplifir landafundina. Það finnst heil heimsálfa — að vísu má víst ekki segja það hér að það hafi fundist heil heimsálfa því að auðvitað voru Íslendingar búnir að finna þessa heimsálfu áður svo að við skulum halda því til haga. (**Gripið fram í:** Það var þar fólk. Það bjó þar líka fólk.) Já, en þessi kynslóð upplifir það samt að hún finni heila heimsálfu. Hún vissi ekki af þessari heimsálfu sem þarna var. Auðvitað var hún þar fyrir og auðvitað var þar líf fyrir en Vesturlandabúar og Evrópubúar fundu hana í þeim skilningi að þeir vissu ekki af henni fyrir. Og auðvitað breytir það gjörsamlega þeirra heimsmynd að uppgötva þetta. Þessi kynslóð upplifir líka gífurlegar tækninýjungar. Við getum tekið Galileo, við getum tekið Kópernikus og fleiri. Þetta eru alveg gífurlegar tækninýjungar, breytt heimsmynd. Við getum tekið prentverkið, Gutenberg. Það er nýr fjölmiðill sem kemur til sögunnar. Við getum tekið trúarbrögðin. Það kemur til sögunnar að kirkjuskipanin breytist. Allt þetta þurfti þessi kynslóð að horfast í augu við og takast á við og gerði það auðvitað að mörgu leyti með glæsibrag.

Þetta þurfum við að gera líka. Við getum horft til baka eins og ég geri núna og greint þetta allt í sundur og séð hvað menn gerðu og hvað þeir gerðu rétt og hvað var á ferli á þessum tíma, hvaða öfl voru að verki. Það er mjög auðvelt að horfa til baka og segja það. Það er miklu erfiðara að segja það þegar maður er í deiglunni miðri eins og við erum í dag og kannski

upplifum við mjög mikla kaos í veröldinni. En kaos getur bæði verið tortímandi en hún getur líka verið mjög skapandi. Og það er kannski einmitt það sem menn náðu þá út úr kaos á endurreisnartímanum. Þeir náðu að nýta hinn skapandi kraft og það er einmitt þetta sem við erum að gera núna, og þá er ég ekki bara að tala um okkur Íslendinga heldur í miklu stærra samhengi. Við sem erum að fjalla um málin og skoða heiminn í dag þurfum að reyna að nýta þennan skapandi kraft sem er í kaos og hann verður ekki nýttur öðruvísi en menn hugsi upphátt. Og í því felst auðvitað tjáningarfrelsið að mönnum leyfist að hugsa upphátt og setja hugsanir sínar í orð þó þær séu ekki endilega fullmótaðar, þó þær standist ekki allar árásir sem á þær eru gerðar. Og það hefur mér stundum fundist brenna við í pólitískri umræðu á Íslandi að mönnum leyfist þetta ekki af því að þeir verði alltaf að koma fram með hugmyndir sínar algerlega fullskapaðar og fullmótaðar og skotheldar og menn megi hvergi reka í vörðurnar og þeir eigi sérstaklega í pólitík að vera eins konar leiðsögumenn, þeir eigi að koma fram sem leiðsögumenn og vísa lýðnum veginn með einhverjum hætti. Þetta er ekki mín pólitíska sýn og þess vegna hlýt ég að fagna því að formaður Alþb., Ólafur Ragnar Grímsson, skuli hafa hugsað upphátt hér í ræðustól um Sameinuðu þjóðirnar, um NATO, um þær breytingar sem fram undan eru, þó að ég sé ekki — ég tek það fram — sammála honum um þessa hluti, þá finnst mér það skipta máli að menn hugsi upphátt, að menn fari upp úr hjólförunum. En ég er ekki að segja það, ég er ekki endilega sammála honum vegna þess að ég hef ekki þá trú á NATO og slíkum bandalögum að þau breyti um eðli rétt si svona. Ég held þvert á móti að það þurfi að búa til ný kerfi með nýjum tímum. En auðvitað verð ég að segja það að ég er svo sem ekki laus við það sem á dönsku er kallað „skadefro" fremur en aðrir, við ákveðna meinfýsni. Mér fannst formaður Alþb. þarna kominn að vissu leyti í svipaða stöðu gagnvart sínum flokki eins og ég komst í gagnvart hans flokki, ekki síst í EES-málinu þar sem ég var að reyna að komast upp úr einhverjum hjólförum og horfa á málið frá svolítið víðara sjónarhorni og fékk nú bágt fyrir frá sumum. (**Gripið fram í:** Hvar er Hjörleifur?) (**GHelg:** Þetta er eðlilegt.) Já, það kann að vera eðlilegt. Mér finnst eðlilegt að ...(**GHelg:** Hjörleifur er ekki hérna. Mér fannst skylt til að segja eitthvað ...) Já, við megum ekki persónugera þetta um of þó að mönnum hætti stundum til þess í pólitískri umræðu þá má nú ekki gera það um of. En þetta segi ég ekki vegna þess að ég líti svo á að þeir sem endilega tala hæst fyrir EES eða ráða núna för t.d. í utanrrn. og móta stefnu okkar í utanríkismálum séu komnir upp úr einhverjum hjólförum. Ég lít ekki svo á, alls ekki. Mér finnst t.d. þessi skýrsla sem hér liggur fyrir að mörgu leyti óskaplega mikið því marki brennd að þeir sem skrifa hana og þeir sem hugsa sig í gegnum þessi mál eru mjög brenndir eða markeraðir af kaldastríðshugmyndum. Þær lifa góðu lífi enn þá og í rauninni finnst mér merkilegt hvað þessi skýrsla hefur lítið breyst þrátt fyrir þessa breyttu heimsmynd sem við erum alltaf að tala um, hvað hugmyndirnar hafa lítið breyst og útsýnið hefur lítið breyst.

Hér hefur sem sagt verið bent á það að hér er enn þá gömul hugtakanotkun á ferðinni. Það eru enn þá gömlu óvinaímyndirnar í skýrslunni og ótrúleg í rauninni vil ég segja skammsýni og fordómar oft og tíðum. Þannig er fjallað í skýrslunni um hinn svokallaða velmegunarmúr í stað járntjalds sem er verið að tala um umhverfis Austur-Evrópu, en þegar ég les þennan kafla, þá verð ég að segja að mig rekur svolítið í vörðurnar því að í byrjun þessa kafla, segir svo, með leyfi forseta:

„Þótt öll ríki Mið- og Austur-Evrópu hafi virst órofa heild á tímum kalda stríðsins, ofurseld sovéskri yfirdrottnun og miðstýrðu hagkerfi í rúmlega 4 áratugi, kemur stjórnmálalegur, efnahagslegur og menningarlegur munur þeirra í milli æ betur í ljós." Þessi munur hefur alltaf verið og hann hefur alltaf verið ljós. Það er bara spurning hvort menn hafa komið auga á hann. Og ég furða mig á því að menn skuli steypa öllum þessum ríkjum hér saman þó þau hafi verið ofurseld sovéskri yfirdrottnun, þó þau hafi haft sama hagkerfi, þá hefur hver þjóð sín einkenni, hver þjóð hefur sínar rætur, á sinn menningarlega bakgrunn, sína sögu. Og það hefur alltaf verið til staðar. Hefur mönnum einhvern tíma dottið í hug að bera saman Tékkóslóvakíu og Rúmeníu? Það er algerlega fráleitt. Þjóðir sem eiga svo gerólíka sögu, búa við svo gerólíkar aðstæður. Og þetta segir manni það að það er þessi kaldastríðsútsýn, það eru bara einhverjir kleppar einhvers staðar, það er Austur-Evrópa sem er einn kleppur í merkingunni hópur, ekki þessari nútímamerkingu þess hugtaks, og síðan er Vestur-Evrópa einn hópur og Norðurlöndin einn hópur o.s.frv. Þannig er auðvitað heimsmyndin ekki síst af öllu þegar við tölum um þessi ríki Austur-Evrópu því að þau eru auðvitað svo gerólík og eiga sér svo ólíka sögu. Þetta finnst mér eitt af dæmunum um það hvernig menn eru enn þá í hjólförunum í þessum málum. Ég gæti nefnt fleiri dæmi úr þessari skýrslu en hirði út af fyrir sig ekki um það.

Átök í Júgóslavíu og hörmungarnar í Júgóslavíu hafa orðið mönnum hér að umtalsefni og ekki síst hv. 3. þm. Reykv., formanni utanrmn. og margt þar ágætlega gert í þeirri umfjöllun. Kannski erum við að horfa upp á núna, bæði í Bosníu-Hersegovínu eða í fyrrum ríkjum Júgóslavíu og eins fyrir Persaflóa nú nýverið, þau átök sem eru og munu væntanlega verða dæmigerð fyrir framtíðina. Þessi átök eru staðbundin. Menn eru annars vegar að tala um átök sem spretta m.a. út af hagsmunatogstreitu múslimaríkis við Vesturlönd og þar sem miklir auðlindahagsmunir Vesturlanda eru í húfi, aðgangur að auðlindum sem Vesturlönd leggja auðvitað mikið upp úr og hafa alltaf gert að hafa þann aðgang tryggðan. Þá er eins og það sé eiginlega einskis svifist til þess að tryggja þann aðgang. Þetta sáum við fyrir botni Persaflóa. Hins vegar erum við með staðbundin átök sem rísa af þjóðernisdeilum og það eru átök sem kannski miklu fremur kalla á það að Vesturlönd blandi sér í þau vegna þess að almenningur á Vesturlöndum þrýstir mjög á um það að stjórnvöld láti

sig þetta varða, að stjórvöld skipti sér af því sem þarna er að gerast. Þetta eru sem sagt kannski dæmigerð átök fyrir framtíðina. Aðstæður eru engu að síður gerólíkar og viðbrögðin eru líka gerólík í þessum tveimur tilvikum. Þannig sjáum við að í rauninni var ekkert til sparað, ef við getum sagt sem svo, í stríðsrekstrinum fyrir botni Persaflóa, öll nútímatæki og tól notuð sem hönd á festi og ekki segi ég þetta vegna þess að ég telji að það hafi verið til fyrirmyndar, alls ekki. Ég er bara að benda á hvernig viðbrögðin eru ólík. Hins vegar virðast menn svolítið hafa dregið lappirnar þegar Júgóslavía er annars vegar.

Þá er líka sá munur að hörmungarnar við Persaflóa hafa legið nánast í þagnargildi. Það hefur farið afskaplega lítið fyrir frásögnum af þeim hörmungum sem þar áttu sér stað í kjölfar stríðsrekstursins. Hins vegar höfum við hörmungarnar í fyrrum ríkjum Júgóslavíu og sérstaklega í Bosníu-Hersegovínu daglega fyrir augunum og vitum mjög gjörla hvað fólkið þar þarf að ganga í gegnum.

Ég tók eftir því að formaður utanrmn. vitnaði í sinni ræðu í leiðara í blaði Lækna án landamæra ef ég skildi hann rétt, þar sem eru tekin tvö dæmi um það hvenær réttlætanlegt sé að beita hervaldi. Annars vegar sé það þegar ríkisstjórn eða ríkisvaldið beiti þegna sína verulegu kúgunarvaldi með einhverjum hætti. Í öðru lagi sé það þegar þjóðir séu nánast skildar eftir á köldum klaka. Hvorugt þessara tilvika átti í raun og veru við í Persaflóadeilunni, hvorugt átti við. Það sem var notað auðvitað sem átylla í því máli var innrás Írak í Kúvæt sem auðvitað var með öllu óréttlætanleg, en engu að síður er sú innrás í sjálfu sér ekkert ólík innrás Bandaríkjamanna í Panama á sínum tíma. En það er bara ekki sama hver í hlut á.

Þá vitum við mjög gjörla um hina hræðilegu stríðsglæpi í Bosníu-Hersegovínu, sem eru auðvitað óvenjulega grimmilegir og sérstaklega vil ég í því sambandi nefna hvernig konur hafa verið beittar þar ofbeldi, hvernig konum hefur verið nauðgað þar til þær verða barnshafandi og haldið í fangabúðum þar til það gerist. Það er út af fyrir sig heldur ekkert nýtt þó það hafi komist í umræður núna, þetta mun m.a. hafa gerst í seinni heimsstyrjöldinni að Þjóðverjar hafi m.a. beitt þessu. Þetta auðvitað fylgir öllum stríðum, að hermenn fari um eins og logi yfir akur og nauðgi konum. Það fylgir öllum stríðsrekstri, held ég. En stríðsglæpir þeir sem voru framdir í Persaflóastríðinu hafa hins vegar legið í þagnargildi og kannski er það vegna þess að að vissu leyti var ákveðin þjóðasátt, og er ég að tala í fleirtölu, þjóðasátt í Persaflóadeilunni um það að leiða hana til lykta með hervaldi og Sameinuðu þjóðirnar gáfu í rauninni út óútfyllt leyfi til þess að aðildarríkin gætu farið með hervaldi þar. Tölur benda hins vegar til og því hefur ekki verið mjög haldið á lofti, það er reyndar stórt hlaup í því, að þar hafi verið drepin um 125–300 þús. manns, segja tölur og á sama tíma hafi fallið eftir því sem mér skilst 148 bandarískir hermenn. Þarna er auðvitað um alveg gífurlegt mannfall að ræða.

Nú nýverið var sett á laggirnar í Bandaríkjunum rannsóknarnefnd um stríðsglæpi Bandaríkjanna við Persaflóa undir forustu Ramsey Clarke, sem var dómsmálaráðherra Bandaríkjanna árin 1961–1968. Sú nefnd kemst að því að þar hafi verið framdir það sem nefndin kallar stríðsglæpir og þá er þar um að ræða brot á Genfarsamningunum frá 1948, að það hafi átt sér stað í Persaflóa.

Það væri út af fyrir sig hægt að benda á ýmislegt sem sagt er í þeirri álitsgerð sem sú nefnd sendi frá sér, en ég nefni hér örfá sláandi dæmi. Það segir t.d. í þessari skýrslu að farnar hafi verið 110 þús. árásarferðir gegn Írak og 88 þúsund tonnum af sprengjum hafi verið varpað sem jafngildir um það bil 7 Hiroshima sprengjum. Og svo segir: „Af þeim 7% sprengjanna sem tilheyrðu rafeindakerfi missti rúmur fjórðungur marks." Þetta voru þessar rafeindastýrðu sprengjur sem áttu einungis að hitta hernaðarlega mikilvæg mannvirki, en um fjórðungur þeirra hafi misst marks, segir í þessari skýrslu og það hefur þá verið svolítið undir hælinn lagt hvar þær lentu.

Þeir atburðir sem þarna gerðust og er svo sem alls ekki lokið vekja kannski ekki óskaplega bjartar vonir í brjósti manns um Sameinuðu þjóðirnar vegna þess að auðvitað voru Sameinuðu þjóðirnar ábyrgar fyrir því sem þarna gerðist að vissu leyti með því að gefa út svona opið leyfi. En engu að síður eru held ég Sameinuðu þjóðirnar það sem við hljótum að setja traust okkar á núna og höfum ekki önnur betri samtök til þess.

Atburðirnir í Bosníu-Hersegovínu eru auðvitað mjög ofarlega í huga allra núna og ég held að ekkert okkar sem hér erum séum kannski í stakk búin til þess að segja nákvæmlega fyrir um það hvernig við því eigi að bregðast. Það er staða sem er mjög vandasöm og erfið og það vakti óneitanlega athygli þegar Margrét Thatcher kom fram í sjónvarpið og lýsti því sem sinni skoðun, að það ætti að vígvæða múslimana í Bosníu-Hersegovínu vegna þess að það væri ekki hægt að skilja þá eftir með þessum hætti vopnlausa andspænis Serbum sem hafa allt vopnabúr júgóslavneska hersins á sínum snærum. Þetta eru út af fyrir sig mjög eðlileg viðbrögð og skiljanleg og það verð ég að segja að maður freistaðist til þess að hrífast að vissu leyti að þessum málflutningi, enda þó að ég hafi yfirleitt aldrei verið sammála frú Thatcher, þá verður ekki annað um hana sagt en það að hún er ekki svona geðlurða eins og manni finnst hægt að segja um ansi marga vestræna pólitíkusa nú um tíðir. Það er sem sagt kraftur í henni. En það er ekki víst að það sé betra illt að gera en ekki neitt í þessum málum og í því sambandi má kannski minnast þess að Bandaríkjamenn vopnuðu Kúrda á 8. áratugnum. Þeir létu Kúrda hafa vopn og skildu þá síðan eftir með þessi vopn og í rauninni kom afskaplega lítið út úr því fyrir þá annað en að þeir voru stráfelldir í þessum átökum.

Ábyrgð Vesturlanda á þessum málum er vissulega mikil og ef maður spólar aðeins til baka, þá hafa Vesturlönd að vissu leyti borið ábyrgð á því í hvaða hnút þessi mál eru komin og kannski byrjunin hafi nú verið sú þegar Vesturlönd með Þjóðverjana reyndar og EB

í broddi fylkingar viðurkenna sjálfstæði Bosníu-Hersegovínu þann 6. apríl 1992. Þann 6. apríl 1992 voru liðin 51 ár frá því að Hitler gerði árás á Belgrad og það segir sig eiginlega sjálft að Serbar hljóta að upplifa þetta sem ögrun. Fyrir Serbum var seinni heimsstyrjöldin háð í gær. Hún er það lifandi í minningu þeirra allra enn þá. Þar að auki lá það fyrir á þessum tíma að Bosníu-Serbar sem eru 33% íbúanna voru ósáttir við það að þetta sjálfstæði yrði veitt og það var ekki búið að útkljá nein þau mál sem venjulega fylgja sjálfstæðum ríkjum. Þannig að þarna hafa kannski Vesturlönd lagt mjög þungt lóð á þær vogarskálar sem síðan hafa hallast æ meir og leitt til þeirra átaka sem þarna eiga sér stað.

Í þessu sambandi langar mig aðeins til þess að koma inn á mannréttindamálin sem fá reyndar afskaplega lítinn hlut, finnst mér, í þessari skýrslu en þar finnst mér almennt frammistaða íslenskra stjórnvalda hafa verið ákaflega slæleg og það snýr bæði að okkur hér innan lands og eins að ríkjum sem þau hafa haft samskipti við. Innan lands ætla ég bara að nefna það sem dæmi um frammistöðu stjórnvalda í mannréttindamálum að mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna frá 1948 hefur aldrei verið opinberlega birt á Íslandi. Hún var að vísu þýdd og birt í Andvara 1951 og síðan í sérprentun sem gefin var út á vegum ríkisstjórnarinnar, en hún hefur aldrei verið birt opinberlega. Þó er hún núna fáanleg í riti sem Ragnar Aðalsteinsson lögfræðingur hefur gefið út og það er dálítið sérkennilegt að það skuli þurfa lögfræðistofu úti í bæ til þess að gefa út slíkt grundvallarplagg sem maður skyldi ætla að mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna væri.

Þá má líka nefna Genfarsáttmálana frá 1949 og bókanirnar við þá frá 1977. Þessir sáttmálar hafa aldrei verið þýddir né heldur birtir opinberlega og það er nú kannski enn þá verra ef þeir hafa ekki einu sinni verið þýddir eftir því sem mér skilst best. Rauði krossinn gaf þá út 1991, þ.e. meginreglur þessara samninga, en ekki samningana í heild sinni. Og þó að þetta rit sé að mörgu leyti ágætt, þá er það svolítið erfitt aflestrar. Það er mín skoðun að þetta eigi auðvitað að þýða og gefa út og kynna almenningi. Ég held að það sé mjög mikilvægt einmitt núna þegar öll þessi umfjöllun er um stríðsglæpi í Evrópu í rauninni rétt fyrir utan dyrnar hjá okkur að fólki séu kynntir þessir samningar sem eru ákveðnir grundvallarsamningar i samskiptum þjóða. Og brot þjóða á þessum grundvallarsamningum eru alveg jafnalvarleg og bara brot einstaklinga á landslögum. Þá má nefna það eins og hér hefur nú kannski komið fram einhvern tíma áður að það er enginn mannréttindakafli í stjórnarskránni okkar.

Burt séð frá þessu sem þá snýr að Íslendingum og innanlandsmálum, þá finnst mér að stundum stjórnist íslensk stjórnvöld af því sem reyndar er kallað hér í skýrslunni menningarleg afstæðishyggja. Mér finnst sett svolítil gagnrýni fram í skýrslunni að þróunarlöndin vilji hafa menningarlega afstæðishyggju að leiðarljósi, en mér finnst íslensk stjórnvöld stjórnast af þessari afstæðishyggju í mannréttindamálum þegar kemur að þróunaraðstoðinni. Það finnst mér m.a. endurspeglast í Malaví-málinu nú nýverið, þegar hæstv. utanrrh. fór til Malaví og heiðraði þar Hastings Banda með nærveru sinni því að auðvitað er utanrrh. ekki þar bara í einhverri persónulegri heimsókn og þessi heiður tengist ekki hans persónu heldur íslenska ríkinu og íslenskri þjóð, hann er þarna sem fulltrúi hennar og ég hefði haldið að það væri nær að heiðra einhvern annan en Banda með nærveru sinni. Við getum kannski látið vera þá aðstoð sem þar var reidd fram, en ég held að sjálf heimsóknin hafi verið satt að segja mjög misráðin og skil eiginlega ekki hvað lá þar til grundvallar. Þetta kallar hins vegar á umræður að mínu mati, t.d. umræður um það hvort skilyrða eigi þróunarhjálp með einhverjum hætti, sérstaklega ef þróunarhjálpin er veitt tilteknum ríkjum og ríkisstofnunum eða ríkisapparötum, hún sé þá skilyrt hugsanlega með því að þau sýni fram á einhverjar framfarir eða að þau standi sig í mannréttindamálum og þau þurfi að gera það. Það gæti gilt öðru máli ef þróunaraðstoðin fer til samtaka. Eins ef um er að ræða neyðarhjálp því að í neyðarhjálp er einfaldlega um það að ræða að halda lífinu í fólkinu sem býr á þessum tilteknu svæðum og ekki hægt að vera að spyrja um það hvernig mannréttindamálum sé háttað á slíkum augnablikum. En ég vil aðeins skilja þarna á milli annars vegar þróunarhjálpar og hins vegar neyðarhjálpar.

Enn eitt varðandi mannréttindamálin. Mér finnst eins og það sé engin afstaða tekin til þess og engin umræða í rauninni um það hver samskipti okkar eigi að vera við ríki sem brjóta gróflega mannréttindi. Þá er ég að tala um efnahagsleg samskipti eða pólitísk samskipti og í því sambandi vil ég t.d. nefna Ísrael. Ég held að það sé alveg ljóst, við þurfum ekki að nefna annað en þessar síðustu aðgerðir þegar þeir reka Palestínumenn úr landi. Það er klárlega brot á Genfarsáttmálanum, alvarlegt brot á Genfarsáttmálanum og þar af leiðandi skilgreinist sem stríðsglæpir. Engu að síður held ég að sé á dagskránni hér í dag fríverslunarsamningur Íslands og Ísraels og það er auðvitað liður í þessum samningum sem EFTA er að gera við ýmis ríki. Og til þess að það valdi nú engum misskilningi, þá vil ég að það komi fram, fyrst það tækifæri gafst, að ég hef komið á framfæri athugasemdum innan þingmannanefndar EFTA út af þessum fríverslunarsamningi og komið á framfæri þeirri skoðun minni a.m.k. að ég telji að hann renni ekkert svona alveg ljúflega ofan í okkur hérna, hvort sem hann gerir það eða ekki.

Um GATT hef ég rætt lítillega áður, enda tengist það að ýmsu leyti alþjóðasamningum í viðskiptum og þá EES m.a. og þeirri umræðu allri saman, en GATT beinist gegn viðskiptahömlum og beinist að því að auka frelsi í viðskiptum rétt eins og EES-samningurinn. Munurinn er sá hins vegar að það er ekki sama stofnanauppbygging og heimsviðskiptin eru öll undir í GATT. Þetta hljómar kannski ekkert illa og GATT hefur stundum verið tekið eins og ég hef bent á sem nokkurs konar valkostur við EES, að menn eigi að beina sjónum sínum meira að GATT og hafa heiminn allan undir og berjast fyrir frjálsum viðskiptum um

heim allan. Það hljómar ekki illa, en það skapar hins vegar óendanleg vandamál og það er auðvitað engin tilviljun hversu illa gengur að koma GATT-samningnum á koppinn. Það er auðvitað vegna þess að það eru mjög miklir hagsmunir á ferðinni og það eru mikil vandamál sem fylgja því að auka frjálsræði í viðskiptum, ekki bara svæðabundið heldur um heim allan eins og þarna er gert ráð fyrir. Og það er engin tilviljun og það er ekki nein meinbægni í frönskum bændum að vera að mótmæla GATT-samkomulaginu. Það er ekki einhver rótgróin íhaldssemi eða forpokun eða neitt slíkt. Það eru bara gallharðir hagsmunir sem þar eru á ferðinni því að Bandaríkjamenn gera kröfu um það að Frakkar dragi úr framleiðslu sinni á olíufræjum, og það er m.a. minnst á það í skýrslu utanrrh. að þeir eigi að draga úr þessari framleiðslu, um ég man ekki hvort það er þriðjung eða fjórðung. Það er úr 13 millj. tonnum af olíufræjum í 9 millj. tonna og Bandaríkjamenn ætla sér þennan hlut sem Frakkar eiga að minnka við sig. Franskir bændur segja: Verði þetta að veruleika og verði umbætur eða hugmyndir Evrópubandalagsins í landbúnaðarmálum að veruleika, þá mun það þýða að ⅓ hluti ræktaðs lands í Frakklandi verður sennilega tekin úr ræktun, það sé þá ekki lengur arðvænlegt að rækta á þessum landsvæðum. Þeir benda hins vegar á að það sé hægt að breyta framleiðslunni, þeir geti farið að framleiða pappír, þeir geti farið út í líffræna ræktun o.s.frv. en það taki allt tíma. Og þetta er auðvitað spurningin um lífsbjörgina hjá þessum bændum.

Einn er sá þáttur líka um GATT sem hér hefur nánast aldrei verið gerður að umtalsefni og það er umhverfisþáttur GATT. Þannig er ekki minnst á það einu orði hér í skýrslu utanrrh. Ég var líka með samantekt sem var gerð á vegum ASÍ og BSRB um GATT-samkomulagið og þar er heldur ekki minnst á umhverfisþáttinn. Og svo virðist sem menn hafi alveg sleppt honum í allri umfjöllun hérna, en hins vegar er hann mikið til umræðu erlendis og það er eitt af því sem kannski strandar á núna í þessum GATT-málum, það er umhverfisþátturinn. Í Bandaríkjunum hafa 300 samtök og hópar mótmælt GATT-samningnum og þar á meðal eru umhverfisverndarhópar því að í GATT kemur alveg sama vandamálið upp og í EES, þ.e. hvernig á að vega og meta umhverfiskröfur andspænis viðskiptahindrunum. Hvenær eru umhverfiskröfur viðskiptahindranir, dulbúnar viðskiptahindranir og hvenær eru þær það ekki? Þetta er það vandamál sem við er að eiga. Þetta umhverfisverndarfólk óttast m.a. að aukið frelsi í viðskiptum dragi úr vilja stjórnvalda til þess að gera kröfur í umhverfismálum. Á móti má segja að mjög harðar kröfur í umhverfismálum, sérstaklega harðar kröfur um framleiðsluaðferðir, muni kannski dæma þróunarlöndin að vissu marki úr leik og muni gera það að verkum að þau eigi miklu erfiðara með að uppfylla þær kröfur en iðnaðarríkin. Þannig að á þessu eru auðvitað margar hliðar.

Í því sambandi má kannski nefna að um það er rætt að Þjóðverjar hyggist, og hvort þeir hafa gert það, ég þekki það ekki svo vel, gera kröfur um það að bílaframleiðendur taki sína bíla aftur og endurnýti þá eða komi þeim í einhverjar stálbræðslur. Þetta er auðvitað eitthvað sem er miklu þægilegra fyrir þýska bílaframleiðendur að gera heldur en við skulum segja japanska. Þeir eiga erfiðra með að taka á móti þessum japönsku bílum og flytja þá aftur til Japan og endurvinna þá þar og þetta sé dulbúin viðskiptahindrun sem í þessu felist. En jafnframt er það auðvitað mjög mikilvægt umhverfismál að þetta sé gert með einhverjum hætti og ég held að þetta sé m.a. eitt af því sem Kassagerð Reykjavíkur stendur andspænis núna og fleiri umbúðafyrirtæki hér með allt sem flutt er til Þýskalands. Þau verða að taka á móti því aftur og það verða þeir einfaldlega að gera og þetta er mikilvægt umhverfismál, eins og ég segi, en þetta kannski ívilnar fyrirtækjum sem eru að framleiða fyrir heimamarkað, þennan litla, þjóðlega markað.

En ég held að GATT sé ekkert í höfn og það sé enn nokkuð í land að GATT-samningurinn verði að veruleika og það verði gerðar á honum talsverðar breytingar áður en það gerist. En ég sakna þess að vissu leyti hversu lítil umræða fer fram hér um GATT-samninginn og hvað í honum felst og mér þykir miður ef við stöndum aftur í sömu sporum, verði nú GATT-samningur gerður, og við stóðum þegar Dunkel setti fram sínar hugmyndir, þá kom það yfir okkur eins og hvítur stormsveipur og einhvern veginn öllum að óvörum og það sama muni gerast núna ef við ekki höldum þessari umræðu vakandi.

Um þróunarmálin vil ég segja nokkur orð. Það sem er dapurlegast í þeim efnum er að maður sér það að bilið milli ríkra þjóða og fátækra hefur stækkað á sl. 30 árum þrátt fyrir ýmsar aðgerðir. Og af því að ég var að tala um GATT-samninginn, þá er það auðvitað umhugsunarefni, að svo virðist sem alþjóðlegar viðskiptahindranir af ýmsu tagi — þá eru það hindranir sem Vesturlönd setja á þróunarlöndin — kosti þróunarlöndin tíu sinnum meira, eftir því sem skýrslur telja, en hjálpin sem þau fá, þróunaraðstoðin. Þetta er úr skýrslu sem nefnist Human Development Report frá 1992 en þar kemur fram að fórnarkostnaður þróunarlandanna sé tíu sinnum meiri vegna viðskiptahindrananna heldur en þróunarhjálpin sem þessi lönd fá. Og ástæðan er einfaldlega sú eins og ég kom hér aðeins inn á áðan að alþjóðlegir markaðir eru hvorki frjálsir né hagkvæmir. Þeir eru bara frjálsir fyrir suma en ekki aðra. Og hindranirnar hitta verst fyrir þróunarlöndin vegna þess að þær hitta fyrir vinnuaflsfrekar greinar eins og textílframleiðslu, fataframleiðslu, skóframleiðslu, landbúnað o.s.frv. og þetta eru yfirleitt allt greinar þar sem eru miklar viðskiptahindranir í gangi. Þess vegna er auðvitað mjög mikilvægt að reyna að opna glufur á þessum alþjóðlegu mörkuðum fyrir þróunarlöndin, en þá legg ég fyrst og fremst áherslu á að það verður auðvitað að vera fyrst og fremst fyrir þróunarlöndin en Vesturlönd sigli ekki inn í þær glufur undir fölsku flaggi.

Þá er eitt sem skiptir verulegu máli þegar við erum að tala um þróunarlöndin og það eru þeir vextir sem þau eru látin greiða af erlendum skuldum, en þeir munu á síðasta áratug hafa verið 17% raunvextir sem

þessi ríki þurftu að greiða af sínum erlendu skuldum þegar önnur ríki þurftu að greiða 4% vexti. Þarna er auðvitað gífurlegur aðstöðumunur og þau þurfa að greiða peningana miklu hærra verði en aðrir.

Í þessari skýrslu utanrrh. finnst mér vanta alla stefnumörkun varðandi þróunaraðstoð. Mér finnst t.d. vanta skýra stefnumörkun um það hvort eigi að vega þyngra, atvinnuhagsmunir okkar eða hagsmunir hinna fátæku. Og stundum finnst mér að þróunaraðstoðin hjá okkur taki miklu frekar mið af íslenskum atvinnuhagsmunum heldur en hagsmunum hinna fátæku þjóða. Við þurfum ekki annað en rifja upp allan þann mat sem við erum að reyna að setja ofan í þessar þjóðir hvort sem þær eru vanar því að borða þennan mat eða ekki af því að við þurfum að koma þessu í lóg hjá okkur sjálfum. Nú forsmái ég ekki þennan mat ef hann kemur að notum, en oftar en ekki hefur hann ekki gert það.

Í skýrslunni er lögð áhersla á að það þurfi að breyta skipulagi Þróunarsamvinnustofnunar og þar er m.a. lagt til að sett verði á stofn sérstök skrifstofa þróunarmála innan utanrrn. og Þróunarsamvinnustofnun Íslands verði lögð niður og skrifstofa þróunarmála í utanrrn. yfirtaki verkefni hennar og síðan að framkvæmd verkefna verði ýmist boðin út eða falin hæfum aðilum. Þá er gert ráð fyrir því að þessu stjórni eitthvert ráð, þróunarmálaráð, skipað fulltrúum utanrrh., fjmrh., iðnrh. og viðskrh. og umhvrh. og fulltrúum sem tilnefndir verða af frjálsum félagasamtökum. Ég vil segja það að mér finnst það mjög varhugaverð leið sem hér á að fara í þessum þróunarmálum. Þetta þýðir það að þetta fer allt saman inn í utanrrn. og sjálfstæði Þróunarsamvinnustofnunar er þar með úr sögunni en það sem er kannski mikilvægt við slíkar sjálfstæðar stofnanir er einmitt að það kemur fleira fólk að málunum en þegar þetta er inni í ráðuneyinu. Og við sjáum það alveg fyrir okkur þegar þetta er komið inn í utanrrn. og þar eru ráðherrar utanríkismála, fjármála, iðnaðar og umhverfis sem eiga að skipa í þetta, þá er þetta alls staðar sama fólkið. Mér þætti gaman að vita hvað margir einstaklingar úr þessum ráðuneytum, hvað þeir hver og einn sitja í mörgum svona ráðum, nefndum og stjórnum. (**Gripið fram í:** Það er alltaf Þröstur.) Ja, hann er náttúrlega fyrir þarna núna þannig að það breytir í sjálfu sér ekki miklu, hann er á fleti fyrir svo að það verður væntanlega óbreytt. En það er verið að færa allt með þessum hætti undir framkvæmdarvaldið og það koma æ færri hendur að málum. Mér skilst að það hafi einmitt verið markmið með því að búa til svona sjálfstæðar stofnanir að fá utanaðkomandi aðila til þess að leggja í púkkið og koma með hugmyndir og ég er alveg sannfærð um að það hefur reynst mjög vel. Ég er t.d. alveg sannfærð um það að ástæða þess að það skuli minnst hér í þessari skýrslu á stofnunina um málefni kvenna, þ.e. UNIFEM, er ekki vegna þess að sú hugmynd kom fram uppi í utanrrn. Hún kemur m.a. í gegnum Þróunarsamvinnustofnun, í gegnum það fólk sem m.a. hefur setið þar í stjórninni og þar vil ég nefna Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur t.d. Þetta er auðvitað það mikilvæga í þessum málum, það er að fá fleiri til liðs og nýta fleiri krafta. En þetta er bara liður í því sem mér sýnist vera að gerast á fjölmörgum sviðum núna, að það er verið að færa stofnanirnar meira og minna undir ráðuneytin og valdið á æ færri hendur. Og ég mun ræða það síðar hér og það mun án efa gefast tækifæri til þess vegna þess að ég held að það hafi verið að gerast svona án þess að við höfum kannski skoðað það neitt meðvitað eða verið tekin um það einhver meðvituð ákvörðun, heldur gerist þetta bara svona hægt og sígandi í hverju ráðuneyti. Ég vil sem sagt vara við þessu.

Að lokum, virðulegi forseti, ég ætla ekki að hafa þetta lengra. En það er ekki hægt að fara héðan úr pontu án þess aðeins að drepa almennt á umhverfismálin vegna þess að þau eru í rauninni orðin alfa og ómega allra hluta og ég held að við þurfum að beygja pólitíska stefnumörkun á nær öllum sviðum undir umhverfismálin. Við stöndum einfaldlega í þeim sporum og að því leytinu til get ég tekið undir mjög margt sem kom fram í máli hv. 7. þm. Reykn., Steingríms Hermannssonar í þessum málum, við erum komin upp á ákveðna hásléttu. Og kannski er þetta einmitt stærsta ögrun okkar kynslóðar og þarna er kannski ákveðinn vaxtarbroddur fólginn í hugmyndalegri nýsköpun. Og ég held að við þurfum bæði að hugsa okkur í gegnum og tala upphátt og hugsa upphátt um það sem ég vil kalla vistvæna efnahagsstefnu og vistvæna varnarstefnu. Ég kem því enn einu sinni á framfæri hér að við skoðum þau mál þegar við ræðum um öryggis- og varnarmál og finnst mér ég stundum verða eins og Kato gamli þegar ég nefni það og sakna þess nú að menn skuli ekki aðeins velta vöngum yfir þessu, hugsa upphátt um það hér í þessari pontu.

Eins og ég segi, mér finnst þetta vera mikilvægasti þátturinn. Ég vil segja það hér að það er ekki mín skoðun að við þurfum að afneita hagvexti. Hagvöxtur og hagvöxtur er sitt hvað en við þurfum að beygja hagvöxtinn undir sjálfbæra þróun og ef það er gert er hann ekki skaðlegur, en ef hann er ekki beygður undir sjálfbæra þróun, þá getur hann unnið óbætanlegt tjón.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þessari umræðu verður nú frestað um sinn á meðan fram fer utandagskrárumræða sem áður hafði verið tilkynnt og átti að hefjast kl. 4. Þessi umræða fer fram að beiðni hv. 8. þm. Reykn. og er um stöðu samninga milli aðila vinnumarkaðarins.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Staða samninga milli aðila vinnumarkaðarins.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár vegna þeirra tíðinda að Alþýðusamband Íslands hefur slitið viðræðum um nýja kjarasamninga að sinni vegna þess að viðbrögð ríkisstjórnarinnar og ákvarð-

anir hennar hafa á engan hátt getað orðið grundvöllur nýrra kjarasamninga.

Í margar vikur hefur þjóðin hlustað á það að bæði forsrh. og aðrir forráðamenn ríkisstjórnarinnar hafa lýst því yfir að á vegum ríkisstjórnarinnar væri unnið að grundvelli nýrra kjarasamninga. Þjóðin hefur í sjónvarpi horft á forustumenn launafólks og atvinnulífs ganga í Stjórnarráðið dag eftir dag og fylgst með fundum ríkisstjórnarinnar um þessi efni. Niðurstaðan er hins vegar sú að sú tilkynning, sem ríkisstjórnin lét frá sér fara í gær, hefur siglt samningunum í strand.

Í upphafi er nauðsynlegt að ítreka að það er mikilvægt að skapa stöðugleika og traustan grundvöll fyrir endurreisn íslensks efnahagslífs. Langtímakjarasamningar voru tvímælalaust forsendan fyrir því að það væri hægt. Það sagði utanrrh. um páskana og það er rétt hjá honum. En forsenda fyrir slíkum langtímasamningum var hins vegar sú að ríkisstjórnin legði fram grundvöll efnahagslegra ákvarðana sem bæði launafólk og fulltrúar atvinnulífsins gætu unað við og byggt á. Vikum saman hefur verið sagt að forsenda þess að gera kjarasamning til eins og hálfs árs væri viðunandi efnahagsleg stefnumótun af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Það sem nú hefur gerst er það að ákvarðanir ríkisstjórnarinnar ná ekki þessu marki og þess vegna er nauðsynlegt að spyrja hæstv. forsrh.: Hvað hyggst ríkisstjórnin nú gera? Greint hefur verið frá því að Alþýðusamband Íslands telur að ákvarðanir ríkisstjórnarinnar dugi á engan hátt sem grundvöllur kjarasamninganna. Hyggst ríkisstjórnin breyta ákvörðunum sínum, taka þær til skoðunar og leggja fram nýjar tillögur sem launafólk getur unað við og byggt á?

Ég vil í þessu sambandi minna á að okkur hafa borist í dag tölur um vaxandi atvinnuleysi. Forsrh. sagði í janúarmánuði þegar hann var spurður um nýjar atvinnuleysistölur: Þetta mun lagast í vor þegar áhrif efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar frá sl. vetri fara að koma í ljós. Nú sýna nýjustu tölur að atvinnuleysi fer vaxandi en ekki minnkandi. Allir vita sem til þekkja á vettvangi atvinnulífsins að forsendan fyrir vaxtalækkun, forsenda fyrir því að forsvarsmenn fyrirtækjanna vítt og breitt í atvinnulífinu væru reiðubúnir að fara í þær aðgerðir sem þarf til þess að koma hjólum atvinnulífsins í gang á nýjan leik er sá stöðugleiki sem Alþýðusambandið hefur stefnt að.

Fulltrúar launafólks hafa sýnt á undanförnum vikum og mánuðum að ríkur vilji er hjá launafólki að ganga til samstarfs af því tagi sem ég hef gert að umræðuefni og það er mikill ábyrgðarhluti fyrir ríkisstjórnina að gera nú að engu með ákvörðunum sínum að slíkt víðtækt samkomulag geti náðst.

Framganga ríkisstjórnarinnar í þessu máli hefur verið þannig að fyrir páska voru fulltrúar ASÍ og Vinnuveitendasambandsins reiðubúnir að ganga þá frá kjarasamningum. Þá beið sveit samningamanna á miðvikudegi, fyrst fram að kvöldmat, síðan eftir kvöldmat eftir því að ríkisstjórnin skilaði ákvörðunum sínum. Ríkisstjórninni tókst þá ekki að ná samkomulagi um ákvarðanir sínar og varð að senda samningamenn launafólks aftur heim vegna þess að ríkisstjórninni tókst ekki að verða við óskum þeirra um að skila ákvörðunum sínum fyrir páska þótt ljóst væri að ríkisstjórnin væri búin að hafa margar vikur til þess að taka þessar ákvarðanir. Hvað veldur því að ríkisstjórnina tekur margar vikur að veita svör við tiltölulega einföldum spurningum? Það er nauðsynlegt að forsrh. skýri það. Hvað gerist svo eftir páska? Það sama kemur í ljós. Þegar ríkisstjórnin sendir frá sér skjalið kemur í ljós að spurningunum er ekki svarað. Ekki er svarað hvernig á að ná vaxtalækkun. Ekki er svarað hvernig á að fjármagna lækkun matarskattsins, virðisaukaskatts af matvælum í 14%. Ekki er svarað hvernig eigi að lækka kostnað heimilanna í heilbrigðisþjónustu og varðandi lyf. Það sem verkalýðshreyfingin er búin að bíða eftir í rúman mánuð fær hún loksins á þann hátt að svörin eru ekki fullnægjandi. Það er mikill ábyrgðarhluti fyrir ríkisstjórn að stefna íslensku þjóðfélagi út í óvissuna á nýjan leik. Ég skora þess vegna á hæstv. forsrh. að taka ákvarðanir ríkisstjórnarinnar til endurskoðunar yfir helgina þannig að þegar samningamenn koma saman að nýju á mánudagsmorgun verði ríkisstjórnin búin að leggja þann grundvöll að nýjum kjarasamningum sem þarf. Það er hlutverk ríkisstjórnar Íslands.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég geri ekkert með það þó hv. þm. reyni að nota tækifærið til þess að koma höggi á ríkisstjórnina, honum ber að gera það í starfi sem leiðtogi stjórnarandstöðuflokks. En það er einnig þarft að ræða þetta mál málefnalega. Ekkert þýðir að halda því fram að kjarasamningar hefðu náðst fyrir mörgum vikum ef legið hefðu fyrir ákvarðanir ríkisstjórnar. Allur þingheimur og þjóðin öll veit að forsenda af hálfu Alþýðusambandsins fyrir því að kjarasamningar tækjust var að greitt hefði verið úr þeirri flóknu stöðu sem var í áldeilunni, og það gerðist fyrir fáeinum dögum. Þetta veit hv. þm. og hefði átt að átta sig á þegar hann talaði áðan.

Þegar gengið var til umræðna um kjarasamninga nú voru uppi sjónarmið hjá aðilum, beggja vegna við borðið, um það að staðan í þjóðfélaginu væri slík að ekki væri skynsamlegt að ganga til samninga til lengri tíma. Þær raddir voru mjög sterkar innan Vinnuveitendasambandsins vegna stöðunnar í sjávarútvegi, ekki síst vegna lækkandi verðs og almennrar óvissu. Þær raddir voru líka uppi innan Alþýðusambandsins að ekki væri skynsamlegt við núverandi aðstæður að ganga til samninga sem tækju til lengri tíma. Þær raddir voru á hinn bóginn líka uppi innan beggja þessara raða að það væri reynandi og eftir því leitandi að reyna að ná samningum til lengri tíma. Þær raddir urðu ofan á að leita þessara leiða. Ég fyrir mitt leyti og ríkisstjórnin var þess fýsandi að þessir kostir væru skoðaðir. Það var vegna þessara kosta sem atbeini ríkisstjórnarinnar og ríkisins urðu að koma til vegna þess að forsendan fyrir kjarasamning til lengri tíma var atbeini ríkisins. Ríkisstjórnin hefur unnið að þessu markmiði með þeim öflum sem vildu samning til lengri tíma og ég tel að ríkisstjórnin hafi teygt sig afskaplega langt í þeim efn-

um. Ég tel að ekki sé hægt að sýna fram á það með rökum eða dæmum að ríkisstjórnin hafi í annan tíma, um háa herrans tíð mælt, teygt sig svo langt til þess að stuðla að kjarasamningum og að hlutdeild ríkisins í kjarasamningi hafi átt að vera jafnmikil og stóð til í þessum kjarasamningum. Það er því rangt og eingöngu pólitískir sleggjudómar að halda því fram að ríkisstjórnin hafi með afstöðu sinni gert það að verkum að menn hafa nú um stund hrokkið frá því að stefna að kjarasamningum til lengri tíma. Ég tel að þeir aðilar, sem vildu kjarasamningana til skemmri tíma, hafi því miður orðið ofan á innan Alþýðusambandsins og vilji nú leita eftir samningum til skemmri tíma. Ljóst er að til bráðabirgðasamninga þarf ekki atbeina ríkisvaldsins. Þess vegna er það svo að staðan í augnablikinu er sú að aðilar á vinnumarkaði munu leita eftir því sín á milli að ræða samninga sem gilda til skemmri tíma. Þeir hafa báðir tilkynnt það að það sé dagskrárefni viðræðna næstu daga að leita eftir samningum til skemmri tíma sem ég vildi kalla bráðabirgðasamninga. Við þær aðstæður þarf ekki að koma til atbeini ríkisstjórnarinnar með þeim hætti sem við vorum fús í ríkisstjórn að fylgja fast eftir.

Ég vonast til að viðræðurnar muni þó leiða til þess að menn hugsi sinn gang á nýjan leik og hverfi að þeim hugmyndum að þrátt fyrir allt sé skynsamlegra að leita eftir mögulegum og færum til þess að samningar séu til lengri tíma. Ég er sammála því sem hv. þm. nefndi að vissulega er mikilvæg forsenda fyrir stöðugleika, fyrir batnandi kjörum vegna þess að vextir kunna að lækka og önnur slík skilyrði fyrir því að atvinnulífið fari af stað, að samningar séu gerðir til lengri tíma. Þess vegna var ríkisstjórnin þrátt fyrir allt tilbúin til að ganga jafnlangt og hún gerði. Ef menn horfa á þau dæmi sem eru tiltekin sem skýring á því að Alþýðusambandið hafi fallið frá því að ganga þá götu til enda að reyna lengri samninga, sjá þeir að þau eru þess eðlis að það er bersýnilega fyrirsláttur. Það hefur ekki verið eining innan þess hóps að fara þá leið sem áður var talað um af hálfu Alþýðusambandsins. Vissulega er mikill skaði að sú hafi orðið niðurstaðan hjá þessum ágætu samtökum.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég er ekki sannfærður um að þessi umræða sé fyllilega tímabær og aukin heldur verður hún ekki tæmd á hálftíma. Ef slitnar upp úr samningum, sem ekki hefur gerst enn þá, a.m.k. ekki formlega, þá held ég að óhjákvæmilegt sé að fá langa umræðu eftir helgina. Ég er ekkert hissa þó að það slitni upp úr samningaumleitunum vegna þess að sá grundvöllur sem ríkisstjórnin lagði fram frá sinni hendi er mjög veikur. Að vísu er sumt í þessu tilboði skynsamlegt að mínum dómi og virðingarvert hjá ríkisstjórninni, en sumt er nokkuð skrumkennt og í óskalistastíl. Mér finnst sönnun þess að ríkisstjórnin hafi fundið það sjálf að þetta var ekki raunhæft, heldur fyrst og fremst auglýsingamennska að hún skyldi senda tilboðið í sjónvarpið jafnhliða því sem samningamennirnir fengu það.

Það sem mér finnst vanta í þennan grundvöll er í fyrsta lagi kjarajöfnunin. Sáralítil kjarajöfnun er í þessum hugmyndum. Raunhæfar hugmyndir um vaxtalækkun vantar. Sjávarútvegurinn er skilinn eftir á köldum klaka. Sá mikli halli sem hann er rekinn með núna lagast ekki nema að litlu leyti við þessar aðgerðir. Síðast en ekki síst ber að hafa í huga að ekki var neinn allsherjarvinnufriður tryggður með því þó þessir samningar gengju saman því að BSRB er eftir og BSRB hefur a.m.k. fram að þessu verið hunsað af ríkisstjórninni.

Taktík þessarar ríkisstjórnar þegar í nauðirnar hefur rekið hefur verið að draga ofurlítið af slæmum verkum sínum til baka og láta margt standa eftir. (Forseti hringir.) Ég held, frú forseti, að ríkisstjórnin hafi haldið klaufalega á málinu og ég leyfi mér að fullyrða að fyrrv. forsrh. hefði haldið lögulegar á málinu.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er hafið yfir allan vafa að það voru og eru sameiginlegir hagsmunir launþega í landinu, forsvarsmanna atvinnulífs og þjóðarheildarinnar að það hefðu tekist samningar til langs tíma. Hitt er jafnljóst að það var engan veginn auðvelt að ná slíkum samningum. Á þeim stutta tíma sem ég hef hér til umráða, ætla ég aðeins að svara einni spurningu og hún er þessi: Þeir sem halda því fram að þessir samningar hafi strandað á því að ríkisstjórnin hafi verið ófús til þess að leggja fram af sinni hálfu það sem til þurfti hafa annaðhvort ekki kynnt sér málið eða talað gegn betri vitund. Sannleikurinn er sá að við þessar kringumstæður þegar nánast allir vegvísar um efnahags- og atvinnulíf okkar stefna niður á við og þegar það er orðið ljóst að það er um nánast ekkert að semja milli atvinnuveitenda og launþega, sneru þessir aðilar sér sameiginlega til ríkisstjórnarinnar. Við vísum í fyrsta lagi til þess að ríkisstjórnin greip til efnahagsaðgerða á sl. hausti. Í því fólst að létta sköttum af atvinnulífinu svo nam mörgum milljörðum króna. Í því fólst að auka útgjöld ríkissjóðs til atvinnuskapandi aðgerða. Í því fólst að grípa til sérstakra aðgerða, m.a. stóraukinna framlaga til hagræðingar og skuldaskila í sjávarútvegi fyrir utan þá gengisaðlögun sem þá fór fram. Núna liggur fyrir að af hálfu ríkisstjórnarinnar var í boði að greiða fyrir þessum samningum með verulega auknum framlögum til atvinnuskapandi aðgerða, með breytingum á skattkerfinu, fyrst og fremst til þess að koma til móts við kröfur forustumanna Alþýðusambands Íslands þannig að teflt var á tæpasta vað um það að sameiginleg markmið næðust. Þá á ég einfaldlega við það að teflt var á tæpasta vað um stöðuna í ríkisfjármálum, en aukinn halli á þeim stefndi auðvitað á móti markmiðinu um lækkun vaxta. Ég endurtek: Það er staðreynd að af hálfu stjórnvalda, ríkisstjórnarinnar, var gengið mjög langt til móts við þessa aðila. Sú staðreynd að samningar tókust ekki er ekki ríkisstjórninni að kenna heldur því, eins og fram kom hjá forsrh., að þau öfl sem vildu ekki standa að slíkum langtímasamningum af pólitískum ástæðum urðu einfaldlega ofan á.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Nú hefur slitnað upp úr samningaviðræðum ríkisstjórnar og ASÍ, a.m.k. í bili. Hæstv. forsrh. sagði í hádegisfréttum eitthvað á þá leið að hann dragi í efa samningsvilja ASÍ. Þó fólk standi upp frá samningsborði þarf það ekki að merkja skort á samningsvilja, það er alveg marktæk afstaða að líka ekki innihald samningsboða. Ég fullyrði að það hafi einmitt verið óánægja með tilboð ríkisstjórnarinnar eða yfirlýsingu, eins og það er kallað, sem olli samningsslitum en ekki skortur á samningsvilja. Hverjum ætti að vera meira í hag en einmitt launþegum að ná samningum og það sem fyrst? En af hverju stafar þá óánægjan? Ekki þarf að rýna fast eða lengi í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar til að skilja afstöðu ASÍ því það er fátt þar fast í hendi og með tilliti til þess að launþegar þurfa nú meira en áður að treysta á aðgerðir stjórnvalda. Í ljósi þeirra staðreynda að bágt ástand atvinnuveganna í landinu gerir þá lítt aflögufæra er ljóst að í tilboðum ríkisstjórnarinnar verða að felast áþreifanlegar kjarabætur, ekki óljósar yfirlýsingar um að stefnt skuli að eða unnið skuli að. Slíkt og þvílíkt hafa menn oft heyrt áður og oftar en ekki orðið lítið úr efndum.

Nú verður í ljósi þess sem ég sagði áðan með mikilvægi aðgerða ríkisstjórnarinnar að liggja fyrir tryggingar um hvað skuli gert og hvernig og ekki síður hvernig skuli fjármagna aðgerðirnar. Mig hefði langað til að gera aðeins að umræðuefni hvernig tilboð ríkisstjórnarinnar um fé til atvinnuskapandi aðgerða snúa að konum. Það virðist fyrst og fremst vera hugsað um að bæta atvinnuástand karlkynsins en þar sem launþegahreyfingarnar sjálfar virðast ekki frekar en fyrri daginn hafa mikið við það að athuga fjölyrði ég ekki um það frekar en beini þess til kvenfólks í launþegahreyfingunni til umhugsunar.

Mjög mikilvægar kjarabætur, ekki síst fyrir láglaunafólk og barnafólk, er vissulega loforð um lækkun virðisaukaskatts á matvælum. Að vísu er launþegum ætlað að bíða í átta mánuði eftir að þær aðgerðir komi að fullu til framkvæmda en ekki liggja fyrir fullunnar tillögur þar um fjármögnun frekar en í öðru og sama gildir um heilbrigðismálin þar sem sagt er að unnið verði að því að lyfja- og lækniskostnaður verði ekki fólki ofviða. Ég hefði gjarnan viljað gera það að umræðuefni aðeins líka en það er auðvitað skylda ríkisstjórnarinnar að vinna heimavinnuna sína almennilega og koma með tilboð (Forseti hringir.) þar sem ekki eru bara yfirlýsingar heldur fastmótaðar tillögur um fjármögnun tilboða.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að það ferli sem hefur verið frá sl. hausti í samningamálunum er ferli glataðra tækifæra fyrir ríkisstjórnina. Það hefur verið alveg ljóst frá því í haust að verkalýðshreyfingin hefur verið fús til samninga án verulegra kauphækkana. Hins vegar hafa vinnubrögð ríkisstjórnarinnar verið sein og fálmkennd, þau hafa verið í því fólgin að leggja nýjar álögur á fólkið í landinu, nýjar álögur í skattamálum, nýjar álögur í heilbrigðiskerfinu og tryggingakerfinu, setja fram ákvarðanir um atvinnuskapandi aðgerðir sem hafa svo verið dregnar til baka eins og ákvarðanir um viðhald opinberra bygginga, vegagerðar o.s.frv. og ekkert samráð hefur verið haft t.d. í fjárln. um aðgerðir í ríkisfjármálum núna upp á síðkastið. Störf í þeirri nefnd hafa alveg legið niðri.

Það er engin furða við þessar aðstæður þó að verkalýðshreyfingin sé treg og tortryggin að semja á grundvelli almennt orðaðar yfirlýsingar frá ríkisstjórninni um að stuðla skuli að lækkun vaxta og það skuli tekin upp öflug sókn í atvinnumálum til að treysta íslenskt atvinnulíf. Þetta hefur heyrst áður. Og að ríkisstjórnin sé reiðubúin til samstarfs við samtök launafólks um slíka sókn. Þetta eru bara almennt orðaðar yfirlýsingar og sú yfirlýsing sem birtist í Morgunblaðinu í morgun er í stórum dráttum eins og kosningastefnuskrá. Það mætti halda að það væru kosningar fram undan. Þessi bið hefur auðvitað stórskaðað efnahagslífið og sett efnahagsmálin í mjög mikla óvissu.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Þegar röðin er komin að láglaunafólki og konum, sem oftar en ekki eru reyndar sömu manneskjurnar, þá er venjulega lítið svigrúm og það er einmitt það sem við stöndum frammi fyrir núna. Ríkisstjórnin hefur létt álaginu af fyrirtækjum með því að lækka tekjuskatt og afnema aðstöðugjald og reyndar á þann hátt að það nýtist síst þeim sem mest þurfa á að halda. Það má heldur ekki gleyma því að ríkisstjórnin ber ábyrgð á því hversu slæm lífskjör eru núna. Það er hennar ábyrgð ekki síst og þar má t.d. nefna hinn aukna kostnað við heilsugæslu, læknishjálp og lyf sem er kominn á einu ári, síðasta ári, upp um 30% þannig að það er ekki að furða þó krafa sé gerð til þess að ríkisstjórnin komi þarna inn í þetta mál því að hennar er svo sannarlega ábyrgðin.

Það er ríkisstjórninni sannarlega ekki til sæmdar að hafa hundsað BSRB í þessum viðræðum núna og ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að nú verði reynt til þrautar að byrja ærlega aftur og halda þessum samningaviðræðum áfram og ekki að reyna að kljúfa launþegahreyfinguna eins og mér sýnist að sé fyllilega ásetningur ríkisstjórnarinnar.

Það má líka benda á það að fólk hefur nú minni tekjur vegna minni vinnu og atvinnuleysisbætur eru tekjur sem enginn á auðvelt með að lifa af þannig að við lifum í umhverfi sem við verðum að viðurkenna og það þarf að opna á allar hugmyndir, m.a. til atvinnusköpunar. Það mætti fara að hugsa sér að stytta vinnutíma og deila þeim störfum sem nú eru til skiptanna á fleiri.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Það úrræða- og aðgerðaleysi sem einkennt hefur stefnu þessarar hæstv. ríkisstjórnar í efnahags- og atvinnumálum kemur e.t.v best fram

gagnvart aðilum vinnumarkaðarins við gerð þeirra kjarasamninga sem staðið hafa yfir að undanförnu. Þjóðarsáttin sem rofin var á sl. hausti var auðvitað upphafið að þessu öllu saman, en síðan hefur tíminn allur einkennst af úrræðaleysi og úrtölum. Stjórnin hefur m.a. reynt að leika biðleiki eins og t.d. í uppákomunni í kringum Landsbankann og ég hygg að að hluta til hafi þeirri uppákomu verið ætlað það hlutverk að draga mátt og kjark úr launþegahreyfingunni. Eftir mikið þóf og þrýsting kemur loksins plagg frá hæstv. ríkisstjórn og hæstv. forsrh. sem er svo loðið og máttlaust að launþegasamtökin geta að sjálfsögðu ekki tekið mikið mark á því plaggi, enda sýna atburðir næturinnar og dagsins í dag hverjar afleiðingarnar eru. Og maður getur auðvitað spurt hvað ríkisstjórn hugsi, líklega ekki neitt, sem setur fram setningu eins og t.d. þessa: Til að treysta íslenskt atvinnulíf þarf öfluga sókn í atvinnumálum. Þetta vita auðvitað allir og þetta hafa menn oftsinnis heyrt. En það er eins og öfugmæli þegar það kemur frá þessari hæstv. ríkisstjórn sem ekkert hefur gert annað en vera með úrtölur og barlómurinn hefur verið það sem mest hefur verið áberandi í umræðum hjá þessari hæstv. ríkisstjórn.

Sama er auðvitað að segja með textann sem varðar vaxtamálin sem hefur verið ein aðalkrafa launþegahreyfingarinnar í sambandi við þessa kjarasamninga og reyndar vinnuveitendanna líka. Þar segir: Ríkisstjórnin mun stuðla að áframhaldandi lækkun vaxta og aðgerðum í peningamálum verður hagað þannig að vextir geti lækkað. Það á að gera í auknum mæli með frjálsu útboði á markaði, fjölbreytni í framboði bréfa, ríkisverðbréfum í erlendri mynt o.s.frv. Þetta er nú varla orðalag sem er líklegt til þess að styrkja mjög samningastöðuna.

Nei, hæstv. forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir hæstv. ríkisstjórn og hæstv. forsrh. að vinna heimavinnu sína betur nú um helgina og ég tek undir það með frummælanda hér í þessum umræðum að það verði gert vegna þess að það hlýtur að vera eitt af meginmarkmiðunum að koma á langtímasamningum sem geta skapað stöðugleika hér í efnahags- og atvinnulífi.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Forsrh. gat þess áðan þegar hann svaraði upphafsmanni þessarar umræðu að í þessum samningaviðræðum sem nú hafa staðið yfir hafi verið mismunandi skoðanir beggja vegna borðsins, eins og hann sagði. Hugtakið „beggja vegna borðsins" í kjaraviðræðum hefur hingað til haft þá merkingu að öðrum megin séu atvinnurekendur og hinum megin sé launþegahreyfingin. Ég skil þetta hugtak ekki lengur vegna þess að ég veit ekki hverjir sitja hvorum megin borðsins í þeim kjaraviðræðum sem nú fara fram vegna þess að mér hefur sýnst að ríkisvaldið sitji öðrum megin og atvinnurekendur og ASÍ sitji hinum megin. Spurningin er því hvort það verði þá mismunandi og tvær skoðanir uppi hjá ríkisstjórninni og tvær hjá ASÍ og VSÍ eða hvað á forsrh. við vegna þess að hugtakið „beggja vegna borðsins" hefur öðlast alveg nýja vídd í þeim viðræðum sem nú hafa farið fram.

Forsrh. sagði líka áðan að hlutdeild ríkisins hefði aldrei verið stærri í kjaraviðræðum og ríkisvaldið hefði aldrei gengið eins langt í kjaraviðræðum og nú hefur verið og var að telja það þessari ríkisstjórn til ágætis. Ég veit ekki hvort það er rétt að ríkisstjórnin geri það vegna þess að ástæðan fyrir því að hlutdeild ríkisins er svona stór er sú að sjaldan hefur ríkisstjórn verið jafnmikill örlagavaldur í kjaramálum og efnahagsmálum eins og þessi ríkisstjórn, ýmist með aðgerðum sínum eða aðgerðarleysi. Í aðgerðum getum við nefnt aðgerðir ríkisstjórnarinnar gegn launafólki. Hún hefur verið dálítið mikilvirk í þeim og svo hefur hún sýnt aðgerðarleysi í efnahags- og atvinnumálum þannig að hún er mikill örlagavaldur og það er eðlilegt að hlutur hennar sé stór við þessar aðstæður. Það sem hefur hækkað að undanförnu og haft áhrif á kjör launafólks er ýmislegt sem ríkisvaldið hefur hækkað. Við getum tekið orkukostnaðinn, húshitunarkostnað, heilbrigðisþjónustuna o.s.frv. Matur hefur ekki hækkað. Bændur hafa ekki hækkað afurðir sínar og matur hefur ekki hækkað hér í búðum. Það er ríkisvaldið sem hefur gengið á undan og hækkað vörur og þess vegna er það auðvitað mjög eðlilegt að það spili stórt hlutverk í þessu og það ráði miklu um framgang þessara viðræðna og það verður að axla þá ábyrgð.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Forustumenn ríkisstjórnarflokkanna hafa í margar vikur rætt við forsvarsmenn ASÍ og VSÍ. Það hefur verið forsrh. og utanrrh. ljóst í margar vikur hvaða ákvarðanir þurfti að taka til þess að hægt væri að skapa grundvöll fyrir langtímakjarasamningum. Það var ljóst fyrir páska. Ríkisstjórninni tókst hins vegar ekki að taka þær ákvarðanir, virðulegi ráðherra, og þess vegna varð að senda alla samningamennina heim. Síðan kemur það loksins í ljós þegar ríkisstjórnin sendir frá sér ákvarðanir að þær duga ekki og ráðherrunum hlýtur að hafa verið það ljóst að þær mundu ekki duga. Þess vegna er það auðvitað alveg furðuleg óskammfeilni í bæði hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. að koma hér upp og fara að drótta því að forustu Alþýðusambandsins að það sem forusta Alþýðusambandsins hefur sagt núna á þessum sólarhring sé fyrirsláttur. Er forsrh. að væna Benedikt Davíðsson, forseta Alþýðusambands Íslands, um að mæla ekki af heilindum eða sannferðuglega það sem hann hefur sagt í þessum málum? Og síðan kemur hæstv. utanrrh. og fer að tala í dularfullum tón um það að það séu einhver öfl inni í Alþýðusambandinu sem hafi ekki viljað þessa samninga. Getgátur af þessu tagi eru ekki ráðherrum sæmandi sem eiga að taka það hlutverk alvarlega að koma á sáttum í samfélaginu til þess að endurreisn íslensks atvinnulífs geti hafist. Því miður sýnist mér það vera þannig að ríkisstjórnin ætlar ekki að gera neitt meir. Hún ætlar að láta duga þessi ófullnægjandi svör og þá er alveg ljóst að hér blasir við áframhaldandi atvinnuleysi. Hér blasa við áframhaldandi svo háir vextir að það hefur skapað gífurlega

rekstrarerfiðleika fyrir útflutningsgreinarnar og ógna stöðugleika gengisins. Það er alveg ljóst að óvissan á vinnumarkaðinum mun skapa þannig ástand í íslenskum efnahagsmálum núna í sumar að það er ekki viðunandi að ríkisstjórnin hagi verkum sínum með þessum hætti. Þess vegna endurtek ég tilmæli mín til hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. að þeir sýni nú ábyrgð og taki málefni sín til endurskoðunar en láti það ekki duga að mæta í þingsalinn með aðdróttanir í garð forustumanna samtaka launafólks í landinu.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Fyrst vegna aukaatriðis sem hefur verið gert að nokkru atriði í umræðum hér með hvaða hætti þessi yfirlýsing var kynnt. Það var gert með nákvæmlega þeim hætti sem aðilum vinnumarkaðarins hafði verið greint frá af að gert yrði og það var hálftíma millibil milli sendinga til þeirra og til sjónvarps. Og það er nú svo að eftir að forsrh. hefur skrifað undir yfirlýsingu fyrir ríkisstjórnarinnar hönd, þá á öll þjóðin á sama tíma rétt á að vita hvað í slíkri yfirlýsingu felst.

Varðandi það sem spurt var um „beggja vegna borðsins" sem ég hafði nefnt, þá var ég að tala um aðdraganda samninga. Áður en kom til kasta ríkisstjórnarinnar var ljóst að beggja vegna þess borðs, sem menn sátu við þá, voru uppi deildar meiningar um það hvort ætti að semja til langs eða skamms tíma. Þegar niðurstaðan varð sú að reyna að semja til lengri tíma, þá var komið að borði ríkisstjórnar og ríkisstjórnin hefur svo sannarlega reynt að stuðla að því að það yrði gert.

Menn hafa tekið upp hér eina og eina setningu úr þessari yfirlýsingu sem hér hefur verið til umræðu og sagt að það væri þunnt sem þar væri kynnt, óskir og væntingar sem þar voru nefndar. Auðvitað geta menn tekið slíkar setningar út úr öllum slíkum yfirlýsingum. Ég fullyrði það og er tilbúinn til að fara í samanburð um þau efni. En þegar menn horfa á þann veruleika sem í þessari yfirlýsingu var, þá er um það að ræða að ríkisstjórnin var tilbúin til þess að verja meiri fjármunum af sinni hálfu til að skapa grundvöll fyrir kjarasamningum en menn hafa í annan tíma verið tilbúnir til að gera. Þetta er ekki hægt að hrekja og þetta er mjög mikilvægt.

Ég tek undir með þeim sem hér hafa sagt að það sé mikilvægt, mjög mikilvægt, að samningar séu gerðir til langs tíma. Og ég tel að það sé mikill ábyrgðarhluti hjá aðilum vinnumarkaðar sem hafa fengið þann grundvöll sem yfirlýsing ríkisstjórnarinnar sannarlega var ef þeim tekst ekki á þeim grundvelli að ná samningum til lengri tíma. Meðan aðilar hins vegar kjósa sjálfir, þeir hafa forræði máls, gáum að því, meðan þeir kjósa sjálfir að fjalla um samninga til skemmri tíma, þá eru þeir við það borð en ríkisstjórnin ekki. Kjósi þeir hins vegar að halda áfram viðræðum um samninga til lengri tíma, þá er ríkisstjórnin auðvitað við það borð áfram.

Utanríkismál, frh. umr.

Skýrsla utanrrh., 570. mál. — Þskj. 949.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka þessa skýrslu sem hér liggur fyrir til umræðu. Hún er ítarleg og hún er að mínu mati vel unnin að ýmsu leyti og ég get tekið undir margt sem þar er sagt þó að ég áskilji mér rétt til að gera athugasemdir við annað. Mér finnst það í sjálfu sér mjög gleðileg breyting að utanríkismálum er gefið miklu meira rúm í störfum Alþingis nú á síðustu árum en var hér fyrrum og utanríkismál hafa sannarlega fengið mikla athygli á þessu þingi og sjaldan eða aldrei verið rætt meira um utanríkismál eða mál tengd utanríkismálum en á þessu þingi. Ekki er reyndar allt jafngæfulegt sem ákvarðað hefur verið hér í þeim efnum en nóg um það.

Ég mun, frú forseti, stikla á nokkrum stikkorðum í þessari skýrslu sem mig langar til að gera að umtalsefni. Á síðu 5 segir frá því og ég get út af fyrir sig tekið undir með skýrsluhöfundi: „Fátt rýrir orðstír ríkja meira en óvæntar byltur í utanríkismálum."

Þetta er a.m.k. rétt að misvissu marki, enda hafi utanríkisstefnan verið í sæmilegu lagi, góð og siðmannleg. Ég held hins vegar að bylting á utanríkisstefnu Austur-Evrópuríkjanna t.d. sem við höfum horft upp á á undanförnum árum auki fremur traust á þeim heldur en ef þau hefðu haldið áfram óbreyttri stefnu þannig að í þessu er e.t.v. nokkur mótsögn. Hins vegar hefur utanríkisstefna íslensku ríkisstjórnarinnar breyst að nokkru leyti. Aðildin að Vestur-Evrópusambandinu t.d. er algerlega óvænt bylta, aukaaðildin að Vestur-Evrópusambandinu. Það má jafnvel segja að það sé óvænt bylting í utanríkisstefnu Íslendinga að meiri hluti Alþingis skuli hafa samþykkt uppkast að samningi um Evrópskt efnahagssvæði, svo sem hann varð í endanlegri gerð og opnun fiskveiðilögsögu okkar sem endurgjald fyrir tollaívilnanir er líka stefnubreyting sem er byltingarkennd.

Ég lít svo á að utanríkisþjónustan sé okkur ákaflega mikilvæg og ég er ekki viss um að allir Íslendingar hafi skilning á því hve geysimikilvæg vel rekin utanríkisþjónusta er og hvað utanríkisráðherraembættið í sjálfu sér er geysilega mikilvægt. Ég hygg hins vegar að hæstv. utanrrh. sé sjálfum vel ljóst hverja vigt embættið getur haft. Hann hefur sjálfur stært sig af því í útvarpsþætti að í gegnum starf sitt sem utanrrh. hafi honum tekist t.d. að koma að verulegu leyti í framkvæmd eða sé vel komin á veg með að koma í framkvæmd landbúnaðarstefnu Alþfl. í gegnum EES-samninginn og í gegnum GATT-samningana sem ég mun gera að umræðuefni síðar í þessu spjalli mínu.

Þessi utanríkismálaskýrsla ber auðvitað mjög keim af hinni miklu Evróputilhneigingu ríkisstjórnarinnar og samskiptunum við Evrópu, sú áherslubreyting, sem orðið hefur á utanríkisstefnu Íslendinga í tíð þessarar ríkisstjórnar í þá átt að tengja okkur fastar við Evrópu og losa um tenglsin við Bandaríkin er veruleg breyting. Ég lít svo á og hef nýlega látið þá skoðun koma

fram hér úr ræðustól að aukaaðildin að Vestur-Evrópusambandinu hafi verið mistök og það sé rangt hjá ríkisstjórninni að leggja svo mikla áherslu á að tengja sem fastast böndin við Evrópubandalagið. Ég tel að það sé ekki einungis rangt heldur sé það benlínis hættulegt og geti í mörgum tilfellum skaðað hagsmuni Íslendinga í bráð og lengd. Það hafa þrjú stór skref verið tekin til að tengja okkur Evrópubandalaginu. Í fyrsta lagi að við skulum ganga inn í það fordyri Evrópubandalagsins sem Evrópskt efnahagssvæði er orðið. Í öðru lagi að við skulum gerast aukaaðilar að hernaðararmi Evrópubandalagsins, þ.e. Vestur-Evrópusambandinu, og í þriðja lagi að við skulum hafa opnað fiskveiðilögsögu okkar fyrir flota Evrópubandalagsins.

Í þessari skýrslu hef ég ekki rekist á landhelgismál og það hefur verið gert að umræðuefni í þessum umræðum af hv. 4. þm. Reykv., réttilega, því að sannarlega eru landhelgismálin málefni sem eiga heima í þessari umræðu og eiga heima í svona skýrslu. En það stendur bara svo illa á tungli að með hinum miklu tengslum okkar við Evrópubandalagið erum við að glata síðasta tækifærinu til frekari útfærslu landhelginnar. Hverjum dettur það í huga að eftir að við erum orðnir formlega aðilar að Evrópsku efnahagssvæði sem kannski gerist undir árslok eða innan árs, að við gætum fært út fiskveiðilögsögu okkar enn frekar?

Ég tel að ríkisstjórnin hafi haldið að mörgu leyti illa á málum í utanríkismálum og af ótrúlegri skammsýni. Á bls. 8 í þessari skýrslu er fjallað um herinn og ég vil, með leyfi forseta, lesa nokkrar línur úr þeirri klausu:

„Eftirlits- og varnarhlutverk varnarliðsins á Íslandi er óbreytt og ekki hafa orðið verulegar breytingar á liðsafla eða búnaði þess á sl. ári. Á hinn bóginn má búast við að vart verði við almennan niðurskurð útgjalda til varnarliðsins og á Bandaríkjaþingi eru nú til meðferðar tillögur um verulega skerðingu á varaliði bandaríska hersins. Verði þessar tillögur samþykktar er hugsanlegt að þær varaliðsherdeildir, sem eru ætlaðar til varna á Íslandi, verði lagðar niður á tímabilinu 1995–1996. Íslensk stjórnvöld fylgjast vel með þessum tillögum og er þegar farið að huga að öðrum bandarískum herdeildum sem geta e.t.v. komið í staðinn. Enn er nauðsynlegt að varaliðið, sem hefur það verkefni að verja hernaðarlega mikilvæga staði á landinu á hættu- eða ófriðartímum samkvæmt sérstakri varnaráætlun, haldi reglubundnar æfingar á Íslandi til að kynnast staðháttum, veðurfari og landslagi.

Virk þátttaka Íslendinga í vörnum landsins hefur verið á dagskrá íslenskra stjórnvalda allt frá árinu 1985 og kemur það m.a. fram í fundasökn innan hermálanefndar Atlantshafsbandalagsins, þátttöku í gerð varnaráætlana fyrir Ísland, heræfingum hér á landi og rekstri Ratsjárstofnunar. Með hliðsjón af ofangreindum breytingum er tímabært að auka þátttöku íslenskra sérfræðinga og starfsmanna í verkefnum sem tengjast beinlínis framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna frá árinu 1951. Þannig er æskilegt að kanna í samráði við dómsmrn. hvort Landhelgisgæslan geti í samvinnu við varnarliðið tekið þátt í auknu eftirliti með hafsvæðum umhverfis Ísland. Þess má og geta að nú er í gildi samningur um samstarf Landhelgisgæslunnar og bandarískra sjóhersins um sjómælingar við Ísland, en slíkar mælingar koma m.a. að notum við tundurduflavarnir. Einnig þarf að stefna að nánara samstarfi Landhelgisgæslunnar og þyrlubjörgunarsveitar varnarliðsins."

Ég verð að játa það að mér finnst öðrum þræði hér verið að undirbúa hervæðingu á Íslandi og því er ég í grundvallaratriðum ósammála. Ég tel að við eigum að halda áfram að vera vopnlaus þjóð og við eigum ekki að taka að okkur, a.m.k. ekki í ríkum mæli, hernaðarstörf. Ég lít svo á þrátt fyrir fullyrðingar á bls. 10, þá sé Vestur-Evrópusambandið ögrun við Atlantshafsbandalagið. Nú er ég ekki eins og hv. 8. þm. Reykn., Ólafur Ragnar Grímsson, orðinn neinn lautinant í hjálpræðisher NATO, en ég tel að aðild að NATO dugi okkur og varnarsamningurinn sé yfirleitt nægilegur til þess að friða þá sem hræddastir eru í þessum efnum.

Á bls. 11 segir svo með leyfi forseta: „Vangaveltur um mögulega aðild Íslands að EB eru því fjarlægari nú en fyrir ári." Þessi setning finnst mér koma eins og skrattinn úr sauðarleggnum miðað við annað innihald skýrslunnar því ég lít svo á að við séum nær Evrópubandalaginu nú, miklu nær og miklu nær aðild að Evrópubandalaginu en við vorum fyrir ári síðan og var þá tekið öðruvísi til orða í skýrslunni þar sem utanrrh. fjallaði um það mál af miklu gáleysi.

Í þessari skýrslu getur á einum stað um hugsanlegan velmegunarmúr sem kæmi í stað járntjaldsins. Það kann að vera og það er vafalaust mjög mikilvægt að lífskjör jafnist og batni austan hins gamla járntjalds, en ég er hræddur við að reisa annan múr, þ.e. múr viðskiptahindrana, múr peningavalds á milli Bandaríkjanna og Evrópubandalagsins. Járntjaldið hafi með nokkrum hætti færst í vestur, vestur fyrir Evrópu og ríkisstjórn Íslands hefur skipað okkur Evrópumegin við þann múr.

Hér er fjallað nokkuð um norrænt samstarf og öðruvísi mér áður brá. Ég er ekki samþykkur því sem segir hér á bls. 22: „Hinar föstu skorður sem einkenndu samskipti austurs og vesturs á tímum kalda stríðsins áttu sinn þátt í því að Norðurlönd gátu einbeitt sér að samstarfi sínu innbyrðis." Mér finnst þetta vera tóm vitleysa. Ég held að kalda stríðið hafi út af fyrir sig ekki verið neinn hvati til norræns samstarfs. Hitt er rétt að norrænt samstarf hefur breyst mjög mikið á þessu ári og vægi þess hefur að mínum dómi minnkað ákaflega sorglega. Norrænt samstarf er að verulegu leyti komið til Brussel og þar tel ég að það eigi ekki heima. En við Íslendingar fáum ekki verulega um það ráðið og hinar norrænu þjóðirnar verða auðvitað að fá að ráða sínum málum sjálfar, en ég harma þá breytingu sem þar hefur orðið jafnframt því sem það vekur furðu mína að allt í einu taka menn til, menn sem hafa á undanförnum árum gert við hvert tækifæri sem boðist hefur lítið úr norrænu samstarfi, að lofsyngja mikilvægi norræns samstarfs þegar það er komið til Brussel og er hætt að vera norrænt samstarf nema að tiltölulega litlu leyti.

Í þessari skýrslu er réttilega nokkuð fjallað um umhverfismál og ég tel að það sé af hinu góða þó að ástæða væri til að gera það ítarlegar en gert er í skýrslunni því að umhverfismál eru að verða mál málanna og Íslendingum er lífsnauðsyn að taka þar virkan þátt og reyna að hafa áhrif á þróunina.

Hér er getið um þátttöku í afvopnunartilraunum. Ég tel að Ísland eigi að taka þátt í afvopnunartilraunum sem mest en mér finnst gæta nokkurrar þversagnar í því þegar við viljum afvopna heiminn annars staðar en jafnframt leggja áherslu á svo sem gert er í þessari skýrslu að vopnabúnaður hér á landi minnki ekki. Þetta finnst mér vera mikil þversögn.

Í skýrslunni er nokkuð fjallað um GATT og þróunin rakin. Eins sakna ég þó í þeirri umfjöllun sem kemur okkur Íslendingum verulega við. Það er hvergi minnst á það hér í skýrslunni að ríkisstjórn Íslands hafi gert neinn fyrirvara út af GATT-málinu. Ég hef að vísu orðið var við það eftir því sem ég hef kynnst GATT-samningunum í sambandi við þingmannanefnd EFTA, að þar hefur ríkisstjórn Íslands ekki haldið á lofti þeim fyrirvara og þeim skilyrðum sem ríkisstjórnin setti þann 10. jan. 1992 og friðaði okkur þingmenn á Alþingi og ég tel að á því máli hafi verið illa haldið.

Ég vil leyfa mér til þess að öllu sé til skila haldið að lesa þessa samþykkt ríkisstjórnarinnar eins og hún er prentuð í Alþingistíðindum 10. jan. 1992. Þá fóru fram að tilhlutan þess sem hér stendur umræður utan dagskrár um samþykkt ríkisstjórnarinnar um GATT og ég vitna til ræðu hæstv. forsrh. þar um en hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Við frekari vinnslu þessa máls á Norðurlandavettvangi og innan viðskiptasamninganefndar GATT í Genf verður lögð áhersla á eftirfarandi atriði:

1. Unnið verður að því að fá fram þriðjungs lækkun allra tolla á sjávarafurðum til samræmis við aðra vöruflokka. Enn fremur leggur Ísland áherslu á að sambærilegar tillögur og fyrir liggja um lækkun ríkisstyrkja til landbúnaðar nái einnig til sjávarútvegs.

2. Ísland mun gera mjög strangar kröfur á sviði heilbrigðiseftirlits vegna innflutnings á landbúnaðarafurðum. Hér kemur sérstaklega til næmi íslenskra búfjárstofna fyrir smitsjúkdómum vegna langrar einangrunar og er í þeim efnum vitnað til biturrar og dýrkeyptrar reynslu þegar á hefur verið slakað. Ísland ætlast til viðurkenningar á þessum sérstökum aðstæðum.

3. Nauðsynlegt er að leyfilegt sé að framreikna stuðningsaðgerðir miðað við verðbólgu og verðtryggja skuldbindingar, einkanlega í tollaígildum og innanlandsstuðningi. Það er út í hött að sveiflur í verðlagi eða gengi eða skattkerfisbreytingar leiði til þess að sumar þjóðir taki á sig meiri skuldbindingar en aðrar.

4. Íslendingum þykir miður að tillögur Dunkels varðandi niðurskurð útflutningsuppbóta skuli ná svo skammt sem raun ber vitni. Útflutningsbæturnar eru þó sá þátturinn sem hefur verst áhrif á heimsviðskipti. Í tilboði sínu bauðst Ísland til þess að draga úr útflutningsbótum um 65%. Íslensk stjórnvöld hafa í millitíðinni ákveðið að stefna að algeru afnámi útflutningsbóta frá haustinu 1992. Ísland mun telja það afturför ef hverfa þarf frá þeirri stefnu vegna þrýstings sem skapast af öðrum ákvæðum í samningsdrögunum. Sú aðgerð að hverfa frá útflutningsbótum er sársaukafull og hefur m.a. í för með sér verulegan samdrátt í landbúnaðarframleiðslu. Ísland kýs hins vegar að halda sig við þessa stefnu en telur að taka eigi tillit til slíkra aðgerða í samkomulaginu og telja það viðkomandi landi til góða. Af þessum sökum telur Ísland að inn í samningsdrögin ætti að koma ákvæði sem hvetji til meiri samdráttar í útflutningsbótum og veita viðurkenningu fyrir slíka aðgerð. Að dómi Íslands er álitlegast að gera það með eftirfarandi hætti:

a. Ríki sem skuldbindur sig til að afnema allar útflutningsbætur hafi rétt til þess frá þeim tíma sem slík aðgerð kæmi til framkvæmda að grípa til magntakmarkana á innflutningi á vörum sem útflutningsbætur eru afnumdar á.

b. Þá fjárhæð sem útflutningsbætur eru skornar niður um umfram hina almennu umsömdu prósentu, 36%, skal heimilt að reikna til góða sem sérstakt álag við tollaígildun fyrir þær vörur sem í hlut eiga og/eða sem sérstakar niðurskurðarfríar innanlandsgreiðslur sem bætast við „græna boxið".

5. Studdar verða kröfur um meiri sveigjanleika við skilgreiningu svonefndra grænna greiðslna beint til bænda og áskilið að þær verði ekki bundnar einstaklingum heldur geti þær flust milli bænda og bújarða.

Ekki er enn komið að því Ísland taki bindandi afstöðu til hins nýja fyrirkomulags heimsviðskipta sem nú er í smíðum. Verði hins vegar hægt að samræma þau sjónarmið sem taka þarf tillit til innan ramma heildarsamkomulags er óhugsandi að Ísland velji þann kost að standa utan þess. Íslendingar munu sem aðrar þjóðir áskilja sér rétt til að taka afstöðu til samkomulagsins þegar það liggur fyrir í heild í ljósi jafnvægis samningsins og gagnkvæmra hagsmuna aðildarríkja."

Síðan segir hæstv. forsrh.: „Þetta er sú samþykkt sem ríkisstjórnin gerði í dag. Það er verið að fjölfalda hana og ég vona að hún komi til þingmanna sem allra fyrst."

Frú forseti. Ég taldi mér skylt að rifja þetta upp vegna þess að þetta hefur fallið niður úr skýrslunni. Þetta er utanríkispólitísk yfirlýsing sem gefin var á árinu 1992 og ég tel að eigi heima í þessari skýrslu. Og jafnframt ætti það að fylgja hvernig hefur verið unnið eftir þessari yfirlýsingu. Ég óttast að það hafi lítið sem ekkert verið gert. Hins vegar eru engin tvímæli á því að þetta var kynnt fyrir okkur á Alþingi sem fyrirvari ríkisstjórnarinnar og ég grip aftur niður síðar í umræðunum þar sem hæstv. forsrh. er að svara fyrirspurn frá mér, þ.e. um eðli þessarar samþykktar. Ég spurði:

„Ber að skoða þessa samþykkt sem formlegan fyrirvara sem lagður verður fram sem svar ríkisstjórnar Íslands við hugmyndum eða tillögu Dunkels eða ber að skilja þetta sem yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem ætluð sé til heimabrúks eða verður henni einungis komið á framfæri sem innlegg í ræðu hæstv. utanrrh. eða formælanda Íslands í þessum umræðum?"

Hæstv. forsrh. svaraði svo: „Virðulegi forseti. Þessi samþykkt ríkisstjórnarinnar eða svar, athugasemd, sem formlega verður lögð fram á mánudaginn kemur vegna þeirrar tillögu sem herra Dunkel hefur lagt fram sem andsvar og fyrirvarar af Íslands hálfu en jafnframt verður þetta plagg notað" og þá er gripið fram í: „Sem fyrirvari?" og forsrh. svarar: „já, fyrirvari af Íslands hálfu vegna þess tilboðs sem herra Dunkel lagði fram og þjóðirnar hafa nú til meðferðar. En jafnframt verður þetta plagg notað í dag af hálfu Íslendinga í viðræðum norrænu þjóðanna í Ósló sem eru að móta sína sameiginlegu afstöðu eða ná fram sem víðtækastri samstöðu varðandi það hvernig þær vilji sameiginlega svara þessu tilboði. En óháð því hvaða niðurstaða verður þar, þá stendur þetta plagg sem svar íslensku ríkisstjórnarnnar." Og aftur er gripið fram í: „Sem fyrirvari?" Forsrh. segir: „Ég held að ég sé búinn að svara þessu alloft, ágæti þingmaður. Ég vona að aðrir heyri betur hér í salnum heldur en þessi virðulegi ágæti þingmaður."

Því miður sé ég ekki betur en þetta hafi verið plagg sem einungis hefur verið til innanlandsbrúks. Mér er ekki kunnugt um að eðlilega hafi verið haldið á þessu máli af utanrrh. eða utanríkisþjónustunni og a.m.k. eru þessir fyrirvarar Íslands ekki ofarlega í huga þeirra manna sem greina okkur íslenskum þingmönnum frá gangi GATT-viðræðna.

Þá langar mig til að fara nokkrum orðum, frú forseti, um þátttöku Íslands í Sameinuðu þjóðunum. Ég lít svo á að Sameinuðu þjóðirnar séu með nokkrum hætti von heimsins, en mér sýnist að Sameinuðu þjóðirnar séu hornreka núv. ríkisstjórnar. Núv. ríkisstjórn hefur ekki séð sóma sinn í því einu sinni að setja íslenskan sendiherra til Sameinuðu þjóðanna heldur ríkir þar bráðabirgðaástand. Kannski fæst einhver krati eða þarf að geyma þetta pláss handa einhverjum krata. En ég tel að það sé óviðunandi að láta við svo búið standa að setja ekki þarna fullmektugan sendiherra til Sameinuðu þjóðanna sem fylgi þar eftir af fullum myndugleik og í fullu umboði málefnum Íslands.

Ég hef líka ákveðnar athugasemdir fram að færa varðandi afstöðu Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna til ýmissa mála. Ég nefni einungis eitt dæmi. Það er um ríkjahóp þann sem Ísland hefur verið aðili að um Vestur-Evrópuríki og önnur sem eru þau ríki sem við viljum helst eiga félagsskap við á alþjóðavettvangi. Ísrael hefur sótt ákaflega á að komast í þann hóp og mætt andstöðu sumra þessara ríkja þannig að það hefur ekki enn þá verið tekið inn í þennan hóp. Sú hefur verið afstaða Íslands þangað til í vetur að standa gegn innkomu Ísraels í hópinn, en í vetur fékk sendifulltrúinn fyrirmæli um það að breyta um afstöðu og styðja inntökubeiðni Ísraels. Nú er það út af fyrir sig gott að vera gestrisinn og þægilegur við Ísraelsmenn og það hafa Íslendingar reyndar oft verið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annars staðar, en ýmis verk Ísraels nú í seinni tíð eru þess eðlis að þeir eru ekki sérstaklega geðfelldir félagar á alþjóðavettvangi og það er því verra að þessi ríki í ríkjahópnum skiptast á um að vera formælendur hópsins og það hefur það í för með sér að ef Ísrael væri tekið í hópinn að við yrðum að lúta því að Ísrael talaði fyrir hönd Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna tímunum saman og kannski í viðkvæmum málum. Þetta finnst mér vera óskynsamlegt og ekki eðlileg íslensk utanríkispólitík. Ég nefni einungis þetta eina dæmi þó fleiri mætti til tína.

Ég lít svo á að verkefni Sameinuðu þjóðanna séu þess eðlis að það sé full ástæða til þess að Ísland taki þar þátt af fullum heilindum, fullri atorku og þá á ég sérstaklega við umhverfismál sem nú eru að verða eitt meginviðfangsefni Sameinuðu þjóðanna. Í kjölfar ráðstefnunnar í Ríó hefur komist hreyfing á þessi mál og þau eru orðin mjög mikilvæg í starfi og umfjöllun á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Umhverfismálaumræðan þar er ekki að öllu leyti eins og ég tel að þjónaði best hagsmunum Íslendinga vegna þess að umhverfismálaumræðan þar fer fyrst og fremst fram um land og reyndar loft. Hafið er að miklu leyti undanskilið og ég tel að Íslendingar eigi að nota hvert tækifæri til þess að reyna að beita sér fyrir því að athyglin beinist að hafinu, skynsamlegri nýtingu hafsins og siðmannlegri umgengni um hafið. Í skýrslu hæstv. utanrrh. varð ég ekki var við það við skjótan yfirlestur að mál væri gert að þeirri hættu sem okkur stafar af losun kjarnorkuúrgangs í hafið eða þeirri ógn sem okkur stafar af hugsanlegum kjarnorkuslysum í hafinu í kringum Ísland. Það tel ég vöntun og ég tel að íslenska utanrrn. megi ekki láta neitt tækifæri ónotað og íslenska ríkisstjórnin til þess að vekja athygli á þessari hættu og á því að þetta er ástand sem verður að breyta.

Ég lít svo á að utanríkispólitík núv. ríkisstjórnar sé ekki ásættanleg vegna þess að hún gengur fyrst og fremst út á það að tengja okkur Evrópubandalaginu.

Hér hefur verið talað um þróunaraðstoðina og ég ætla að leiða hest minn frá því. Sumt hefur kannski tekist sæmilega hjá okkur en sumt er okkur til minnkunar. Við höfum lofað fjármagni til þróunaraðstoðar, við höfum innágengist að verja til þess fjármunum og við höfum ekki staðið við það og það er náttúrlega ekki gott. Hins vegar höfum við efni á því að verja peningum í mislukkaðar aðgerðir í þróunaraðstoðarmálum eins og t.d. þegar hæstv. utanrrh. brá undir sig betri fætinum og heimsótti Hastings Banda í Malaví sem mér finnst ekki vera geðfelldur gestgjafi eins og stendur. Hæstv. utanrrh. var hrifinn af þessari persónu og fór um hann lofsamlegum orðum í íslenskum fjölmiðlum, mig minnir að honum hafi fundist hann vera ákaflega hygginn maður. Það getur vel verið að hann sé hygginn á sinn hátt (**Utanrrh.:** Hann er Jónas frá Hriflu þeirra í Afríku.) en ég held að hans stjórnarhættir séu ekki með þeim hætti að hann sé heppilegur gestgjafi fyrir hæstv. utanrrh. Þaðan af verr líkar mér þegar verið er að ráðast á látinn íslenskan stjórnmálaskörung, Jónas Jónsson frá Hriflu, og líkja Hastings Banda við hann. Það tel ég vera bæði ósmekklegt og stráksleg orðbragð sem hæstv. utanrrh. sé til skammar.

Á fyrri árum hefur mér stundum þótt ríkisstjórnir Íslands óþarflega fylgispakar Bandaríkjamönnum. Gildir þar einu þó ég hafi stutt flestar þær ríkisstjórnir en

nú er þó svo komið að ég óttast þá kollsteypu sem mér finnst íslensk utanríkispólitík vera að taka, þ.e. að fjarlægjast Bandaríkin með þeim hætti sem hér er gert og er þó þar flest á uppleið og von um bætta og breytta stjórnarhætti undir nýjum forseta og traustara efnahagslífi en þar hefur verið um sinn í Reagan/Bush kreppunni. Ég óttast þá kollsteypu að snúa okkur alfarið til Evrópubandalagsins sem núv. ríkisstjórn gerir.

Ég tel að okkur sé mikilvægt að halda uppi myndugri og sjálfstæðri íslenskri utanríkisstefnu, gæta viðskiptahagsmuna okkar hvarvetna, bæði í austri og vestri, norðri og suðri, og láta sjálfstæða og mynduga rödd Íslands heyrast á alþjóðavettvangi og kannski er besta tækifærið í starfi Sameinuðu þjóðanna.

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 338. mál, nál. allshn., þskj. 980.

Ávana- og fíkniefni, 339. mál, nál. allshn., þskj. 981.

Leiðsaga skipa, 193. mál, þskj. 969.

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Fyrir tveimur árum mátti heyra margan halda því fram að við lifðum á ánægjulegum breytingartímum, við slaka á spennu milli austurs og vesturs, vaxandi einingu, ekki í einungis hefðbundinni Vestur-Evrópu heldur teygðist samstarfið stöðugt í austurátt og samvinna tækist væntanlega loksins um fækkun kjarnavopna. Í dag má vissulega segja að við lifum á athyglisverðum tímum breytinga en svo sannarlega er nú erfiðara að hamra á því jákvæða. Þrátt fyrir gott samstarf núverandi stjórnarherra í Moskvu og Washington verður ekki með góðu móti séð hvað framtíðin felur í skauti sér við ótryggt ástand í Rússlandi. Eins og komið hefur fram í dag hefur Balkanskagi logað í hræðilegu stríði undanfarin tæp tvö ár og spennan þaðan teygir sig í suður, norður, austur og vestur. Sú samvinna sem Vestur-Evrópa var markvisst sögð byggja upp innan vébanda sinna hefur gengið hægar og tregar en vonast var eftir og eftir að járntjaldið hvarf er silfurmúrinn að hlaðast upp milli Vestur- og Austur-Evrópu.

Loks er önnur kjarnorkuvá fyrir dyrum. Vá sem ekki byggir að mestu leyti á vopnakapphlaupi heldur á afleiðingum lélegrar uppbyggingar kjarnorkuvera, aðallega í fyrrverandi austantjaldslöndum þar sem tíðir lekar hafa orðið undanfarið og vá sem felst í kjarnorkuúrgangi jafnt á láði sem legi.

Þetta er sú sýn sem blasir við okkur héðan af Íslandi þegar horft er til meginlandanna úr miðju Atlantshafi. Þrátt fyrir landfræðilega legu okkar má ekki á neinn hátt segja að það ástand sem ríkir í kringum okkur snerti okkur lítið. Bæði í efnahagslegu og öryggislegu tilliti erum við samofin því sem gerist í kringum okkur. Það er því mikilvægt að við gerum það sem í okkar valdi stendur til að hafa áhrif á gang mála og reyna þannig að tryggja afkomu okkar, öryggi og framtíðarmöguleika. Í því sambandi er rétt að gera sér grein fyrir því hvort, hvert og hversu hratt eigi að stefna í samrunaþróun Evrópuríkja, ekki aðeins milli ríkjanna 12 og EFTA heldur allrar Evrópu.

Í umræðum á alþjóðavettvangi hefur talsvert verið rætt um hver mörk Evrópu muni verða í framtíðinni, hvort mörkin muni skorðast við Úralfjöll og Atlantshaf, hvort þau þrengist eða víkki út. Ljóst er að ríkin í austri hafa af efnahagslegum ástæðum áhuga á nánari tengslum við vesturhluta meginlandsins og muni væntanlega í framtíðinni er umrótinu linnir leita eftir slíku.

Með tilliti til þess hversu erfiðlega hefur gengið að ná einingu um samruna þeirra landa sem nú reyna slíkt má sjá hvílík hyldýpisgjá í menningarlegu og efnahagslegu tilliti hlýtur að vera milli Vestur-Evrópulanda og þeirra ríkja sem liggja austast í þeirri Evrópu sem við skilgreinum í dag, hvað þá heldur þeirra ríkja sem liggja enn austar. Því er brýn nauðsyn að fara sér hægt í samrunaferlinu og meta gaumgæfilega hvert skref. Tel ég einsýnt að í þeirri þróun muni menningararfur einstakra þjóða og þjóðarbrota leika stórt hlutverk í endanlegri samsetningu Evrópu þannig að bandalög myndist milli þeirra ríkja sem standa næst hvert öðru í menningarlegu tilliti. Skilgreining Evrópu gæti því hugsanlega endað sem skilgreining á sameiginlegum menningararfi sem geti fallið saman í eina heild, Evrópu. Það þykir einsýnt að gildistaka EES-samningsins muni dragast, jafnvel allt fram á næsta ár og lengra er vart unnt að spá. Jafnframt er víst að ef úr samningnum verður muni hann vara lengur gagnvart flestum EFTA-ríkjum en spáð var fyrr í vetur. Mun samningurinn þá væntanlega hafa borgað sig og línur breyst og e.t.v. skýrst innan Evrópu eins og ég benti á í framsöguræðu minni við 1. umr. um EES-samninginn á sl. hausti.

Enn fremur hafa úrslitin í atkvæðagreiðslu í Danmörku um Maastricht-samninginn haft meiri áhrif en ætla hefði mátt í fyrstu. Nú velta margir vöngum yfir því hvort Maastricht verði nokkurn tímann að veruleika í nánast upphaflegri mynd. Efnahagsbandalagið mun þannig verða laustengdara en ráð var fyrir gert. Auðvitað munu slíkar niðurstöður valda ýmsum ráðamanninum innan EB vonbrigðum. Á hinn bóginn má velta fyrir sér hvort æskilegt sé með tilliti til þess ástands, sem nú ríkir og ríkja mun í nánustu framtíð í Austur-Evrópu, að svo þéttur efnahags- og samrunakjarni sem EB gæti orðið og jafnvel EES þó í minna mæli sé að það hafi jákvæð áhrif á gang mála í Austur-Evrópu, þ.e. hvort slíkt muni flýta fyrir uppbyggingu þar og hvort slíkur kjarni muni geta haldið niðri spennu sem óhjákvæmilega myndast milli svo nálægra ríkja með svo mismunandi efnahag.

Ég minntist áðan á silfurmúrinn. Þetta orðatiltæki er að verða æ algengara þegar rætt er um mismuninn á lífsafkomu Austur- og Vestur-Evrópubúa. Þess hefur gætt í umræðum að þessi silfurmúr geti orðið hátt í jafnskeinuhættur og járntjaldið var áður ef Vestur-Evrópuríki gæta þess ekki að styðja fjárhagslega við þá þróun sem þar verður að eiga sér stað. Þegar gætir innan Austur-Evrópu spennu, vonbrigða og reiði í garð

efnaðra ríkja. Því er afar brýnt að þessi nýfrjálsu ríki fái markvissa aðstoð til að flýta fyrir uppbyggingu í hvaða formi sem þessi aðstoð verður veitt. Slíkt verður á endanum beggja hagur, veitenda og þiggjenda.

Það er ekki eingöngu á sviði efnahagslegrar uppbyggingar sem nauðsynlegt er að eiga samvinnu við Austur-Evrópuríkin. Eins og ég gat um hér áðan þá steðjar að mikil kjarnorkuógn úr austri og sú ógn stafar að þessu sinni ekki aðallega af kjarnorkuvopnum heldur af kjarnorkuverum og kjarnorkuúrgangi. A.m.k. 20 kjarnorkuver í Austur-Evrópu eru nánast að hruni komin. Þegar hafa orðið nokkur slys og nú síðast í Tomsk í Síberíu og nú er ekki lengur spurning hvort um annað slys verði að ræða heldur hvenær. Enn er kjarnorkuúrgangur ekki urðaður nægilega tryggilega í jörðu og síðast en ekki síst eru höfin farin að fá sinn skammt af geislun vegna úrgangs.

Einn er sá þáttur sem hefur ekki nægilega verið ræddur opinberlega en það eru afleiðingar geislunar á menn og annað umhverfi. Til að gefa litla hugmynd um afleiðingar Tsjernóbíl-slyssins, þess slyss sem hingað til hefur verið talið stærsta kjarnorkuslys sögunnar, þá er vitað með vissu að á þriðja þúsund manns hafa þegar látist vegna geislunar. Talið er að alls 11 milljónir manna hafi orðið fyrir beinum áhrifum geislunar í meira eða minna mæli og af þeim hópi hefur aðeins lítill hluti hlotið reglulegt eftirlit. Vestur-Evrópulönd hafa heitið fjármunum til að hefja verkefni sem miðast að því að leita uppi, fylgjast með og lækna eða fremur lina þjáningar þeirra sem fyrir geislun urðu. Þetta verkefni á einnig að vera fyrirmynd fyrir þau viðbrögð sem beita á við sams konar slys. Meira en tvö ár hafa liðið frá því að ýta átti verkefninu úr vör en sökum erfiðs efnahagsástands í Vestur-Evrópu hefur það ekki hafist enn.

Ég vil benda á að áætlaður lækniskostnaður vegna þessa slyss mun nema um 55 milljörðum Bandaríkjadollara en aðeins brot af þeirri upphæð hefur þegar verið reitt fram. Það er mjög miður að ekki skuli hafa tekist betur með að hefja framkvæmd þessa verkefnis.

Afleiðingar kjarnorkuslysa eru ekki einangruð fyrirbæri, þær snerta alla heimsbyggðina og þar er Ísland engan veginn undanskilið. Það er því brýnt að vera á verði og taka virkan þátt í að koma á auknu öryggi í kjarnorkumálum. Þessi mál verða okkur æ tengdari með hugsanlegri vaxandi geislun sjávar norðan Íslands og við verðum að beina kröftum okkar í að gera það sem í okkar valdi stendur til að bægja slíkri ógnun frá gjöfulum fiskimiðum okkar. Kjarnorkuvá er ekki óraunhæfur eða fjarlægur möguleiki, heldur gæti slík ógn dunið yfir fyrr en varir í okkar nánasta umhverfi. Því er skylda okkar Íslendinga að beita okkur af öllu afli til að tryggja kjarnoruöryggi hvar sem er í heiminum.

Ég hef beint augunum aðallega í austurátt, til Evrópu og því sem þar hefur gerst að undanförnu enda eðlilegt þar sem svo miklar umbreytingar eða umbylting er þar að verða. Við höfum hins vegar átt gott og náið samstarf við nágranna okkar í vestri, Bandaríki Norður-Ameríku og Kanada. Til skamms tíma áttum við mun meiri viðskiptahagsmuna að gæta þar en í dag og e.t.v. skapast slíkt tækifæri aftur fyrr en varir. Við höfum einnig haft varnarsamning við Bandaríkin og tryggt þannig öryggishagsmuni okkar. Mikilvægt er að við rjúfum hvergi þau góðu tengsl sem við höfum við þessa granna okkar.

Eins og stendur er mikil spenna á viðskiptasviðinu milli vina okkar í austri, EB og Bandaríkjanna, vegna GATT-samningsins. Vonandi tekst okkur að finna lausn á þeim samningsörðuleikum sem allra fyrst. Hætta er á að ef slíkt næst ekki sem fyrst muni skapast aukin spenna almennt milli þessara ríkja og afleiðingarnar af því ástandi eru ófyrirsjáanlegar. Nauðsynlegt er fyrir okkur að gæta þess að halda því góða sambandi sem við höfum átt við granna okkar beggja vegna Atlantshafsins og leggja okkar af mörkum þar sem kostur er. Við eigum að styðja vel við samstarfsþætti beggja aðila, þ.e. NATO og RÖSE, og við eigum jafnframt að fylgjast vel með þeirri þróun sem fram fer á hvoru meginlandinu fyrir sig, hvort heldur er á öryggis- eða viðskiptasviðinu og hvort heldur er Vestur-Evrópusambandinu eða NAFTA. Með virki þátttöku í alþjóðasamstarfi og árvökulum augum okkar mun okkur væntanlega takast að fyrirbyggja einangrun eða að við heltumst úr lestinni en fylgjast heldur með þróuninni og jafnvel hafa hlutfallslega meiri áhrif á þróunina en ætla mætti miðað við stærð þjóðar og legu landsins.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil nota þetta árlega tækifæri þegar skýrsla hæstv. utanrrh. um utanríkismál er til umræðu til að koma inn á nokkur atriði, bæði úr skýrslunni sjálfri og eins önnur sem hæst ber í umræðu um utanríkis-, afvopnunar- og friðarmál og öryggismál og annað þar sem hér heyrir undir.

Ég vík fyrst að aðstæðum okkar Íslendinga heima fyrir og ræði lítillega um stöðu okkar í ljósi breyttra aðstæðna umhverfis og í heiminum. Því neitar auðvitað enginn að það séu breyttir tímar og enda sennilega sagt oftar en nokkuð annað í þessum umræðum öllum. En eins og réttilega var minnt á fyrr í umræðunni í dag þá hafa hlutir í mannkynssögunni auðvitað áður tekið breytingum og menn verða svolítið að halda aftur af sér að upplifa sjálfa sig ekki sem hina merkilegustu allra kynslóða þar sem allt sé með öðrum og merkilegri hætti en áður hefur verið eða verða muni eins og segir í ritningunni. Það er auðvitað talsvert hátt reitt til höggs að dæma sig svo hátt. (Gripið fram í.) Það segir margt merkilegt þar, hv. framm íkallandi, það er góð bók. Enda þótt það sem sagt er sé rétt eru miklar breytingar að eiga sér stað og hafi verið svo á undanförnum árum er það líka hárrétt sem hér var minnt á að oft áður hefur mannkynið gengið í gegnum miklar sviptingar á skömmum tíma og nægir að fylgja því umróti og upplausnarástandi sem orðið hefur oftar en einu sinni fyrr á þessari öld í tengslum við aðdraganda styrjalda og svo framvegis. Við höfum séð bandalög myndast og bandalög hverfa á þessari öld, oftar en

einu sinni, og eigum vonandi eftir að sjá það framvegis því að það er að mínu mati óhjákvæmilegir fylgifiskur og hluti af framtíð mannkynsins. En samt er þetta nú svo að við hljótum að ræða hlutina í ljósi ríkjandi aðstæðna hvers tíma. Mig langar til að ræða pínulítið stöðu herstöðvarinnar í Keflavík út frá þeim aðstæðum sem nú eru uppi í utanríkis- og alþjóðamálum.

Lengi var það svo að ein helsta réttlæting þeirra sem mæltu fyrir veru erlends hers í landinu var sú að Vesturlöndum stafaði slík ógn af hernaðarmætti Sovétríkjanna og af þeim sökum væri ófriðvænlegt í heiminum og þess vegna yrði herinn að vera hér. Menn muna og þekkja að lengst af hefur það verið svo í orði kveðnu að allir stjórnmálaflokkar á Íslandi hafa verið sammála um að ekki væri æskilegt að hafa hér erlendan her og lengi vel var sagt: Hann mun ekki verða hér á friðartímum. Um það erum við sammála. Miklir svardagar fóru fram um það að þó svo að menn yrðu nú við erfiðar aðstæður og ófriðvænlegar horfur í heiminum að fá hingað erlendan her eða sætt sig við veru hans þá kæmi eitt ekki til greina og það væri það að hann væri hér á friðartímum. Svo deildu menn um það hvað skyldu kallast friðartímar.

En veigamesta röksemdin var jafnan sú, eftir jafnfjarlægar röksemdir og átök á Kóreuskaganum og annað slíkt sem gripið var til þegar allt um þraut, að hin mikla hernaðarógn, sem stafaði af Sovétríkjunum, gerði það nauðsynlegt að hér væri erlendur her.

Nú stendur í þessum skýrslum að þaðan sé ekki ógnar að vænta lengur. Að vísu er talsvert til þarna af vopnum en eins og mál hafa þróast hafa sérfræðingar utanrrn. og höfundar bæði þessarar skýrslu utanrrh. og líka skýrslu stjórnskipaðarar nefndar komist að því að þaðan sé ekki ógnar að vænta. Maður skyldi þá ætla að þetta gamalgróna atriði kæmi á dagskrá hvort ekki séu komnir friðartímar sem gera það að verkum að allir stjórnmálaflokkar á Íslandi geta þá staðið við þau loforð og þá svardaga að hér verði ekki erlendur her á friðartímum. Ég leyfi mér að inna eftir því, ekki síst hæstv. utanrrh., eru komnir friðartímar? Eða er verið að búa sér til einhver ný hugtök í þessum efnum? Það sýnist mér reyndar og gangi út á það að segja: Jú, þrátt fyrir það að hér séu út af fyrir sig komnir friðartímar og að Íslandi stafi í raun og veru engin ógn, sem vænta megi að bregðast þurfi við, þá eru samt af öðrum ástæðum forsendur eða skilyrði sem kalla á að hér verði erlendur her. Ég tel að menn eigi auðvitað að ræða þetta svona og talsmenn Sjálfstfl., Alþfl. og fleiri flokka eiga að koma til dyranna eins og þeir eru klæddir í þessum efnum og segja: Niðurstaða skýrslu nefndar um öryggis- og varnarmál Íslands og boðskapurinn í skýrslu hæstv. utanrrh. er sá að þessi gamla hugsun sé úrelt. Hvað sem líði friðartímum í heiminum og í kringum okkur, þá erum við að breyta um stefnu og leggjum til að hér verði til frambúðar erlendur hér í landinu. Það er kannski barnaskapur og bernska, eins og áðan var hermt var upp á ræðumann, sem gerir það að verkum að ég hafði alltaf ímyndað mér að þeir tímar gætu komið að Íslendingar yrðu á nýjan leik sammála um að nú væru friðartímar, friðvænlegt í heiminum og við gætum látið erlendan her hverfa á brott. Á engri stund hefði ég orðið glaðari en þeirri.

Ég er auðvitað þeirrar skoðunar að þeir tímar geti komið og séu kannski í nánd, að nokkru leyti þegar runnir upp, það verðum ekki við sem tökum ákvarðanir um veru erlends hers í landinu, heldur sá hinn sami erlendi her, taki það upp hjá sjálfum sér að segja einn góðan veðurdag: Góðan daginn, nú er þetta þannig að hér höfum við ekkert að gera lengur. Verið þið sæl. Good bye. Og þeir taka saman pjönkur sínar og fara. Ég segi alveg eins og er, miklu frekar vildi ég sjá Íslendinga sjálfa hafa manndóm í sér að taka slíkar ákvarðanir en að mæta þeim með þessum hætti og standa eftir með kjálkann niður á bringu og vita ekki hvað þeir ættu af sér að gera.

Eitt það allra nöturlegasta í umræðum undanfarinna missira finnst mér stundum vera það að það bryddar á því að menn séu næstum eins og að biðja hinn erlenda her um að vera hér áfram, draga sem minnst saman seglin. Þá er sú nöturlega staðreynd orðin óhrekjanleg sem andstæðingar þessarar hersetu um áratugi hafa haldið fram og varað við að svo geti farið að við verðum svo efnahagslega háð veru hans hér að við lendum í því sjálf að óska eftir veru hans án þess að fyrir því séu e.t.v. lengur nokkur haldbær rök, hafi þau yfirleitt einhvern tímann verið til.

Ég er þeirrar skoðunar að það ætti að taka þetta mál á dagskrá undir þeim formerkjum að í ljósi breyttra aðstæðna og þeirra tíma sem nú eru uppi yrði reynt að leita sem mestrar samstöðu um það að herinn hyrfi úr landinu, staðið yrði að því með þeim hætti sem auðveldastur yrði fyrir alla aðila. Íslendingar sjálfir gætu þá tekið að sér, ef einhverjir væru, þá þætti mála sem tengjast þessu sviði sem talið væri ástæða til að halda uppi og leggja síðan aðra af.

Mér finnast þær miklu þverstæður, sem eru á ferðinni í málflutningi manna um þessar mundir þar sem annars vegar er varað við því og sagt berum orðum, væntanlega réttilega af mönnum sem hafa verið í viðræðum við hina erlendu aðila, eins og höfundum skýrslu um öryggis- og varnarmál, að búast megi við áframhaldandi samdrætti hjá hinum erlenda her í landinu, eins og víðar í útlöndum, bæði vegna þessa alþjóðlega umhverfis sem hefur breyst, líka vegna þess sem þekkt er að nú leggja menn mikið kapp á að skera niður útgjöld til hermála, sérstaklega í Bandaríkjunum. Þetta er viðurkennt, og Íslendingar þurfa að búa sig undir þetta og horfast í augu við að þetta geti gerst á næstu missirum. En í hinu orðinu er svo blaðinu snúið við og sagt: En herstöðin hér á Íslandi hefur aldrei verið mikilvægari en nú. Það er mjög merkilegur málflutningur. Þetta mundi útvarpsstjóri sennilega kalla þverstæður, ekki satt, hæstv. utanrrh., ef ekki óleysanlegar, a.m.k. illeysanlegar þverstæður.

Ég sé ekki alveg samhengið í því að annars vegar séu Bandaríkjamenn að draga saman og skera niður og fækka í herstöðinni og fækka vígtólum, en hins vegar sé stöðin orðin mikilvægari en nokkurn tímann fyrr. Ég

sé ekki alveg samhengið. Vildi kannski hv. þm. Björn Bjarnason útskýra það fyrir mér? Hann á einhverja aðild að einu af þessum plöggum sem hér liggja fyrir þingmönnum, þó kannski ekki því sem nú er á dagskrá en öðru sem hér er fyrir hendi.

Ég held að við ættum að taka þetta á dagskrá undir þessum formerkjum og auðvitað manna okkur upp í það að taka þessa ákvörðun sjálfir og stýra því hvernig að henni verði staðið, hún undirbúin og henni hrint í framkvæmd. Vissulega fylgja því miklar breytingar sem við Íslendingar þurfum að taka á eins og menn ef erlendi herinn og sá stóri vinnuveitandi, sem hefur skapað störf og veitt mikið fjármagn inn í landið, sérstaklega á ákveðin landsvæði, hverfur með sitt hafurtask og að verulegu leyti með honum þau umsvif sem hafa stafað af veru hans hér. En ætlum við að láta stranda á því að leysa það verkefni? Ég segi nei, ég vona ekki, og ég held að þjóðin hafi ráðið við stærra átak en það að mæta því og byggja upp annað í staðinn. Þetta er þó þrátt fyrir allt í stærðargráðu mælt miklu minni sveifla, miklu minna útslag en við höfum oft orðið fyrir á undanförnum árum og áratugum, t.d. í gegnum sveiflur í afla eða verðmæti í sjávarútvegi okkar.

Að þessu eiga menn að snúa sér og ganga upprétt ir til þess. Ég tel að heilmiklir möguleikar séu til að mæta þessu, t.d. með því að nýta þá aðstöðu og þá möguleika sem eru á Keflavíkurflugvelli. Að mínu mati hafa menn alls ekki náð að spila þar úr hlutunum eins og hægt væri og það strandar m.a. að mínu mati á fornaldarlegu skipulagi að hluti af samgöngumálum landsmanna heyrir þarna undir utanrrn. en ekki réttbær yfirvöld og það hefur staðið framþróun í þessum málum á því sviði fyrir þrifum. Því þarf auðvitað að breyta og taka á fleiru í þessu sambandi.

Ef við hverfum svo aðeins út fyrir landsteinana, hæstv. forseti, svona meira til hins alþjóðlega ástands, er það svo að tilfinningar manns eru býsna blendnar gagnvart því sem þar hefur verið að gerast. Því miður. Það er nefnilega ekki svo að það sé eingöngu hægt að standa upp og fagna þó margt jákvætt hafi gerst því það eru líka mjög alvarlegir hlutir að gerast. Á ýmsum stöðum sér ekki fyrir endann á umróti og upplausn sem ríkir. Auðvitað fagna allir endalokum kalda stríðsins, eða a.m.k. þeir sem hafa fallist á að því sé lokið. Nú hefur leikið vafi á því fram á síðustu stundu að þau skilaboð hafi komist til allra. Lengi vel lék grunur á því að t.d. Morgunblaðið hefði ekki frétt af því að kalda stríðinu væri lokið. Nú tel ég að það sé komið á hreint þar á bænum og jafnvel innstu hringir í Sjálfstfl. séu komnir með þetta nokkuð á hreint. Þó hefur mér stundum fundist að hv. formaður utanrmn. þyrfti að lesa sér aðeins betur til í þessum efnum og honum hætta dálítið til að falla í gamla kaldastríðstransinn af og til þegar þessi mál ber á góma. En við skulum fagna því að kalda stríðinu sé lokið og við skulum fagna því að hið ómanneskjulega, miðstýrða kerfi, sem fyrir löngu var gengið sér til húðar í austanverðri Evrópu, hefur fallið. Þá kemur að því sem ekki er hægt að fagna og það er því ófremdarástandi sem ríkir þar og víðar og engan veginn séð fyrir endann á hvaða afleiðingar hefur fyrir heimsfriðinn, fyrir efnahagsþróun o.s.frv. Auðvitað er mála sannast að meira og minna öll austanverð Evrópa er í upplausn og alls ekki séð fyrir endann á því hvernig því reiðir af. Hin gömlu lýðveldi Sovétríkjanna, fleiri en færri, eiga við gífurlega erfiðleika að etja í samskiptum innbyrðis, líka á stjórnmálasviðinu. Þar eru deilur milli lýðvelda og milli þjóðarbrota og jafnvel bein hernaðarátök eins og menn þekkja.

Í Júgóslavíu er ástand mála öllum kunnugt og því miður er ekki miklu fegurri sögu að segja af ástandinu á ýmsum öðrum svæðum. Þar má nefna Afríku, Mið-Austurlönd og fleiri staði.

Ég er þeirrar skoðunar að ástand mála í Júgóslavíu í dag sé einhver átakanlegasta sönnun þess sem uppi er í heiminum hvílíkt böl vígbúnaðarkapphlaup kaldastríðsáranna var mannkyninu. Auðvitað er engin leið að horfa fram hjá því að aðalógæfan í dag er sú vopnaupphleðsla, sem átti sér stað á þessum svæðum, og því miður víðar í heiminum, í skjóli og skugga kalda stríðsins þar sem allir hlutir voru réttlættir og bláfátæk ríki eyddu tugum prósenta af ráðstöfunartekjum sínum árum og áratugum saman í brjálæðisleg kaup á vopnum. Hver er afleiðingin? Jú, hún er sú að vítt og breitt um heiminn eru til óhemjubirgðir af vopnum og svo gerast hlutir eins og gerst hafa um austanverða Evrópu, eða á Balkanskaga, og þá er þetta ein púðurtunna, ein samfelld púðurtunna vegna þess að átök milli þjóða, lýðvelda og þjóðarbrota, eru auðvitað af allt öðrum toga þegar þau eru háð með mannskæðum drápstólum af því tagi sem vígbúnaðaruppbyggingin á kaldastríðsárunum hafði í för með sér. Það er líka allt annar hlutur fyrir alþjóðlega aðila að reyna að stilla þar eitthvað til friðar.

Ég endurtek að ég held að ástand mála í Júgóslavíu og reyndar miklu víðar í heiminum, því miður, sé átakanleg sönnun þess böls sem vígvæðingin og vígbúnaðarkapphlaupið var á kaldastríðsárunum. Að mínu mati er það gjaldþrot þeirrar hugmyndafræði að í gegnum vígbúnað fælist helsta öryggi mannkynsins. Eða ætla menn virkilega að réttlæta ástandið í Júgóslavíu og vígvæðinguna sem þar hefur orðið og það sem þar er að gerast blákaldir og standa á því að þetta hafi verið réttlætanlegt frá einhverju sjónarhorni séð? Ég treysti mér ekki til þess. Ég er þess vegna enn í dag jafnsannfærður og ég hef alla tíð verið um það að lausnin fyrir mannkynið í þessum efnum felst ekki í vígvæðingu. Hún felst ekki í hernaðarbandalögum, hún felst ekki í því að vopnast og vopnast, hver sem betur getur, því að það endar með því að vopnunum verður beitt einhvers staðar, ef ekki í átökum á milli þjóða þá innbyrðis eins og dæmin sanna.

Auðvitað er engin önnur lausn í þessu en sú að afvopna heiminn. Hin eina varanlega lausn er að afvopna heiminn þannig að þessi gígvænlegu morðtól úti um allt geti ekki lent í höndum hópa, manna eða þjóðarbrota þegar ríki liðast í sundur eða upplausnarástand verður af einhverjum sökum. Hversu oft hafa menn ekki lent í því, t.d. Vesturlönd, Bandaríkjamenn, Bret-

ar, Frakkar, að við stjórnarskipti, byltingar eða annað umrót einhvers staðar í löndum þriðja heimsins hafa þeir allt í einu staðið frammi fyrir því að ríki sem þeir hafa sjálfir vopnað í gríð og erg á undanförnum árum voru komin niður í andstæðar raðir og börðust jafnvel við þá sjálfa? Vita menn hve stór hluti vopnanna sem Írakar notuðu var frá Bandaríkjamönnum sjálfum þegar þeir fóru að berjast við þá? Drjúgur hluti. Þannig hefur það víðar verið. Er ekki hægt að læra eitthvað af þessu? Ég spyr.

Af því að miklar umræður hafa af eðlilegum ástæðum sprottið um það hvað á að gera þegar ástand mála verður eins og það er í Júgóslavíu þá held ég að menn eigi að ræða þetta í tvennu lagi. Annars vegar þær aðstæður sem þar eru fyrir hendi og menn verða auðvitað að horfast í augu við og verður ekki breytt, þ.e. sagan verður ekki endurtekin og við getum ekki spólað aftur á bak og byrjað upp á nýtt árið 1945, því miður, því að þá mundum við væntanlega reyna að gera ýmislegt betur. Hins vegar eiga menn að halda aðgreindri umræðu um það hvernig við ætlum svo að fyrirbyggja varanlega í framtíðinni að slíkir hlutir geti gerst. Það er auðvitað eðlilegt að menn leiti allra leiða til þess, liggur mér við að segja, að reyna að grípa inn í ástand mála eins og það er nú á Balkanskaga þegar konur og börn eru að verða aðalfórnarlömb í harmleiknum eins og alltaf verður í styrjöldum, saklaust fólk. Á hinn bóginn verða menn líka samtímis að reyna að átta sig á því hvernig við ætlum svo að fyrirbyggja þegar þessum hildarleik einhvern veginn lýkur, sem vonandi verður sem fyrst, að slíkt geti endurtekið sig. Þá hefur nokkuð umræða orðið um það hvernig á að gæta öryggisins í þessu sambandi og hver getur tekið að sér það hlutverk.

Ég held að lausnin liggi ekki í því að Bandaríki Norður-Ameríku, þó öflug séu, eða hernaðarbandalög eins og NATO taki að sér eitthvert alþjóðlegt lögregluhlutverk. Ég held að það sé mikil skammsýni, byggð á úreltum hugsunarhætti, að ímynda sér að þær leifar kalda stríðsins sem birtast í þessum myndum, séu lausnin í framtíðinni. Það er a.m.k. ekki sú lausn sem ég vil sjá og mig dreymir um. Ég held að menn ættu að hyggja að því hvar standa þeir ef menn setja traust sitt á slíka hluti gagnvart svæðisbundnum átökum eða aðstæðum af einhverju tagi þar sem þessir hinir sömu aðilar væru þátttakendur í deilunum. Hvað ætla menn að gera þá, ef menn ætla að byggja öryggiskerfi framtíðarinnar upp á þeim, á þessum kjarnorkuvígbúnu stórveldum? En hvað með það nú ef átökin verða við bæjardyrnar hjá annaðhvort Bandaríkjamönnum eða Evrópuþjóðunum í NATO? Segjum sem svo að annaðhvort Bandaríkjamenn sjálfir eða Frakkar séu þátttakendur í þeim hildarleik eða aðilar að honum eða tengjast honum af einhverjum ástæðum. Segjum sem svo að um sé að ræða átök í norðanverðri Afríku á því svæði sem Frakkar hafa haft og hafa mikil ítök og þeir hafa með einum eða öðrum hætti dregist inn í þann hildarleik, því eins og menn vita hefur þar verið og er af og til franskur her á ýmsum svæðum. Hvað gera menn þá? Dugar þá NATO til að gæta öryggisins og stilla til friðar í slíkum leik ef eitt aðildarríkjanna er þáttakandi í honum eða aðili að deilunni? Gengur það upp, samanber 5. grein stofnsamþykktar NATO um árás á eitt ríki eða aðild eins ríkisins að deilum geri það að verkum að þau eigi öll aðild að henni? Ég held að menn verði að fara í gegnum slíkar spurningar og ræða þetta út frá slíkum grundvallaratriðum ef menn ætla að komast til botns í málunum. Ég held þess vegna að leitin standi áfram að einhverju því alþjóðlegu öryggiskerfi sem við getum treyst á til frambúðar og er ekki jafnmiklum annmörkum háð og þær hugmyndir ýmsar sem menn hafa haft til umræðu upp á síðkastið. Þá kemur kannski að hlutverki Sameinuðu þjóðanna og mögu leikum þeirra að menn undir stjórn þeirra með einhverjum hætti stilli þarna til friðar og tryggi síðan í framhaldinu friðvænlegar horfur í heiminum.

Ég held að flestir fagni því að á allra síðustu árum hefur öryggisráð Sameinuðu þjóðanna tekið mun virkari þátt í lausn deilumála af þessu tagi og verið miklu virkari stofnun á allan hátt en áður var. Sumir segja að það gangi svo langt að öryggisráðið skyggi nú orðið á stofnunina sjálfa, Sameinuðu þjóðirnar, og hin pólitíska þyngd og þungamiðja samstarfsins á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sé nú í öryggisráðinu fremur en á allsherjarþingi eða í stofnuninni sem slíkri. Það er ekki aðalatriðið í mínum huga heldur hitt að starfið þar skili árangri og það hefur það sannarlega gert í ýmsum tilvikum. En meira þarf til og menn benda auðvitað á að það sé kannski að nokkru leyti líkt á komið með Sameinuðu þjóðunum í dag og Alþingi hinu forna, hinu forna þjóðríki á Íslandi sem hafði þing og lög en vantaði framkvæmdarvald og það má til sanns vegar færa að þetta sé ekki með öllu óskylt ástand. Þá er spurningin: Er hægt að búa Sameinuðu þjóðunum til framkvæmdarvald? Ég svara því hikstalaust að það er sú leið sem ég tel að menn eigi að hyggja fyrst og fremst að og þó kannski spyrja sig fyrst að því að hve miklu leyti þarf slíkt að vera fyrir hendi ef hægt er að tryggja áframhaldandi þróun afvopnunar og alþjóðlegra samninga um þau mál sem geri það að verkum að smátt og smátt hverfi þessi hættulegustu manndrápstól úr sögunni. Þá verður auðvitað smátt og smátt þetta verkefni viðráðanlegra og þá þurfa menn ekki endilega að sjá það fyrir sér að það þurfi stórveldi með gífurlegan hernaðarstyrk eða heil hernaðarbandalög til þess að annast einhverja öryggis- og friðargæslu. Hernaðarmátturinn er þá fyrst og fremst til kominn í þessu sambandi vegna þess vígbúnaðar sem hlaðist hefur upp á undanförnum áratugum vítt og breitt um heiminn. En ég held að við eigum ekki að ganga út frá því eða gefa okkur að hann eigi að verða þar eða verði þar um aldur og ævi.

Ég er ekki þeirrar skoðunar að hernaðarbandalög í tilvistarkreppu séu sá grundvöllur sem við eigum að byggja framtíð okkar á í þessu sambandi.

Á Kyrrahafssvæðinu starfaði merkilegt hernaðarbandalag sem hét ANZUS og heitir kannski enn, leifarnar af því, ekki man ég það nú. Það þótti merkilegur klúbbur á þeim tíma sem ég hafði nokkra þekkingu á málum á því svæði og bjó á Nýja-Sjálandi um skeið.

En svo kom allt í einu babb í bátinn. Það kastaðist í kekki með þeim Nýsjálendingum og Bandaríkjamönnum, þeir urðu ekki sammála um afstöðuna til kjarnorkuvígbúnaðar. Þá leystist hernaðarbandalagið upp, bara hvarf þegar Nýsjálendingar samþykktu lög um friðlýsingu Nýja-Sjálands og nýsjálenskrar lögsögu fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum. Þannig að ekki hefði verið gott fyrir menn að stóla á það.

Ég tel að þær hugmyndir sem ræddar hafa verið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna síðustu missirin og lúta m.a. að endurskipulagningu öryggisráðsins séu mjög athyglisverðar í þessu sambandi. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að Íslendingar eigi að styðja fjölgun fastafulltrúa í öryggisráðinu. Ég tel að svæðisbundnu stórveldin, ef svo má kalla, Indland, Brasilía, Nígería, sem gjarnan hafa verið nefnd í þessu sambandi, eigi tvímælalaust að koma inn sem fastafulltrúar í öryggisráðið ef við ætlum að halda áfram á þeirri braut að byggja öryggisráðið upp sem þá virku stofnun á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem fari með þessi mál, vegna þess að eitt af því sem hefur verið haft á öryggisráðið og Sameinuðu þjóðirnar í þessu sambandi er tortryggni þriðja heims ríkjanna í garð þess, mannað fastafulltrúum eins og það hefur verið fyrst og fremst frá herveldunum og vesturveldunum. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að Íslendingar ættu að styðja það að t.d. þessar þrjár þjóðir gerist fastafulltrúar í öryggisráðinu og síðan liggur það fyrir að Þýskaland og Japan í krafti stærðar og efnahagslegs styrks hafa einnig gert um það tilkall að koma þarna inn þó það sé e.t.v. af ofurlítið öðrum toga og tengist ekki beint með sama hætti þeirri hugsun að öryggisráðið sjálft verði á komandi árum hinn virki vettvangur fyrir þessi mál.

Ég er sem sagt sannfærður um að það væri til bóta að breikka ráðið með þessum hætti ef það mundi þá í kjölfarið þýða virkari þátttöku og breiðari samstöðu þriðja heims landanna og þeirra heimsálfa sem þar eiga fyrst og fremst hlut að máli.

Ég held að það mundi líka falla vel saman við þá þróun alþjóðlegra samninga um þessi mál sem hefur verið ánægjuleg og kannski það stórkostlegasta fyrir utan tvíhliða samninga Bandaríkjamanna og Sovétríkjanna sálugu og síðar Rússa um afvopnun, þá eru það þeir stóru alþjóðlegu samningar sem eru í burðarliðnum eða hafa verið að nást undanfarin missiri. Þar ber auðvitað hæst framlengingu samnings um bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna, þar eru samningar sem eru á döfinni eða umræður standa um, t.d. um afar þýðingarmikinn þátt þessara mála sem er eftirlit með og upplýsingar um vopnaviðskipti í heiminum. Það er angi af því máli sem ég gerði áðan að umtalsefni að menn reyni að snúa af þessari braut upphleðslu vígbúnaðar og vopna hist og her í heiminum, bæði af öryggisástæðum en líka öðrum, efnahagslegum og umhverfislegum sem ég kem síðar að.

Ég nefni að sjálfsögðu einnig hinn nýja og stóra samning um bann við þróun, framleiðslu og birgðasöfnun og beitingu efnavopna og eyðileggingu núverandi birgða. Auðvitað er það stórkostlegur árangur að sá samningur er núna kominn á koppinn. Vonandi verður hægt að ljúka því sem til þarf að festa hann og aðra slíka í sessi sem þarna mætti nefna í sama hópnum.

En samt er það nú svo að þó að maður gleðjist auðvitað yfir þessari þróun allri þá get ég að nokkru leyti tekið undir það með hv. 10. þm. Reykv., Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, að mér finnst samt ekki gæta í þessum skýrslum og umræðum um þessi mál í raun nægjanlega mikilla breytinga á framsetningu manna. Mér finnst of mikill eimur og keimur eftir af kaldastríðshugsunarhættinum víða í þessum efnum. Ég tók mér það m.a. fyrir hendur í sambandi við þessa umræðu eða undirbúnings henni að fara í gegnum þennan hefðbunda lista ályktana á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um öryggis- og friðarmál. Ég var svona að velta því fyrir mér, hlýtur að ekki að hafa gerst í ljósi allrar þessar jákvæðu þróunar, þessara samninga og þessara tíðinda að þjóðirnar séu að verða meira sammála um þessi efni? Ég held að það væri kannski fróðlegt fyrir fleiri hv. alþm. heldur en mig að fara yfir blaðsíður 53 til 75 í skýrslu um 47. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, þær ályktanir úr fyrstu nefnd sem lúta að afvopnunar- og öryggismálum. Hver er staðan þar? Hún er sú að við afgreiðslu á drjúgum hluta þessara tillagna þá meira og minna þverklofna þjóðirnar. En það er mjög athyglisvert að í langflestum tilvikum eru það sömu örfáu löndin sem eru þar ein á báti, sitja hjá eða greiða atkvæði gegn tillögu sem kannski yfirgnæfandi meiri hluti fulltrúa eða aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna samþykki að öðru leyti.

Það má renna aðeins yfir þá hluti eins og þetta er númerað upp þarna í skýrslunni. Ef við tökum tillögur númer 47/46, þ.e. 46. tillögu á 47. þingi, þá er það samningur við bann um kjarnorkuvopnatilraunir. Þetta er tillaga sem er vel þekkt, flutt af Mexíkó og eitthvað yfir 20 öðrum ríkjum. Hvernig er afgreiðslan? Hún er samþykkt með 118 atkvæðum en 2 ríki greiða atkvæði gegn henni. Hver eru það? Bandaríkin og Bretland. Um 40 sitja hjá, þar með yfirleitt Norðurlöndin og Vesturlöndin. Önnur tillaga, nr. 47, um bann við kjarnorkuvopnatilraunum sem er flutt af Mexíkó, Íslandi og öðrum Norðurlöndum og 93 öðrum ríkjum, þannig að maður skyldi ætla að þokkalegar horfur væru á því að sú tillaga yrði samþykkt. Hver var afgreiðslan? Hún er samþykkt með 159 atkvæðum, 1 ríki greiðir atkvæði gegn henni og 4 sitja hjá. Bandaríkin leggjast leggjast gegn tillögunni, Bretland, Frakkland, Ísrael og Kína sitja hjá. Í hverri tillögunni á fætur annarri birtist þessi klúbbur, gjarnan og oftast undir forustu Bandaríkjanna en studdur af Bretum og Frökkum þar sem þeir leggjast gegn tillögum, aðgerðum á sviði öryggismála, sérstaklega í sambandi við kjarnorkuvopn, sem studdar eru af kannski 100 eða 150, þ.e. yfirgnæfandi meiri hluta aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna. Það verður auðvitað að segjast alveg eins og er að þegar maður fer í gegnum þessa hluti þá slær á þá bjartsýni sem að öðru leyti maður gæti verið haldinn þegar maður lítur yfir þróun mála undanfarin missiri. Mér finnst að þessir hlutir hefðu átt að breytast ef allt væri þarna með felldu.

Ég nenni ekki að fara að lesa upp fleiri af þessum tillögum en bendi hv. alþm. á að gera það þeir sem áhuga kunna að hafa á, það er býsna fróðleg lesning. Þá verð ég að segja alveg eins og er að mér finnst þarna allt of lítið hafa gerst. Ég hefði viljað sjá að samstaðan væri að aukast um þessi mál og það birtist til að mynda í atriðum eins og þessu.

Hæstv. forseti. Ég vil svo lítillega nefna það sem fleiri ræðumenn hafa gert og þarf ekkert að fjölyrða um að það eru auðvitað fleiri rök fyrir nauðsyn afvopnunar í heiminum heldur en öryggisrökin ein og þar eru sérstaklega og efst á blaði efnahagslegu rökin og umhverfisrökin. Það er þannig að sú sóun auðlinda sem vígbúnaðarkapphlaupið hefur haft í för með sér hún getur ekki gengið áfram. Það er ekkert eitt atriði mikilvægara ef koma á einhverju lagi á efnahags- og umhverfismál í heiminum heldur en að beina kröftunum úr þessum farvegi í eitthvað annað þarfara. Nærtækast er auðvitað það að beina þeim yfir í það að taka til eftir þetta brjálæði, að hreinsa upp eftir þessa áratugi sóunar, mengunar og hörmunga sem vígbúnaðarkapphlaup kaldastríðsáranna hefur verið. Og ætli það sé ekki ærið verkefni fyrir þá krafta sem vonandi verður hægt að sameina í heiminum að taka til, t.d. í Sovétríkjunum gömlu, að hreinsa þar upp eftir ósköpin og ætli þurfi ekki eitthvað að taka til í eigin garði líka í Bandaríkjunum, Bretlandi, Frakklandi og víðar. Þangað er auðvitað nærtækt að beina fyrst kröftunum í það að uppræta þá hluti sem eru afleiðing þessa brjálæðis. En það er auðvitað síðan lífsspursmál af öðrum ástæðum, einfaldlega þeim að svo er gengið á auðlindir jarðar og svo er búið að fara með móður náttúru í þessum darraðardansi að það er lífsnauðsynlegt að þar verði staðar numið. En því miður er það nú svo að það virðist hægara sagt en gert þó margir tali á þessum nótum um að hrinda þar einhverju verulegu í framkvæmd og enn er það svo að vígbúnaðariðnaðurinn er kannski öflugustu hagsmunasamtök heimsins og fara býsna mikið sínu fram.

Í fréttunum í gær eða fyrradag kom lítil sakleysisleg frétt um einhverja snillinga sem höfðu fundið upp afar hitaþolið plast, það þyldi 7.000 gráðu hita, ef ég man rétt. Og hverjir voru það sem kveiktu á þessu? Það var auðvitað hergagnaiðnaðurinn. Þetta fundust þeim dýrmætar fréttir, þarna væri eitthvað sem hægt væri að nota í ný vopn. Þannig er það nú því miður að ósköp lítið virðist hafa breyst í þessum efnum, enda kannski varla við því að búast. Það er jú einu sinni eðli allra stofnana, samanber Parkinson heitinn, að reyna að viðhalda sjálfum sér og auðvitað er það nákvæmlega eins með vopnaiðnaðinn, hernaðarbandalögin og önnur slík úrelt fyrirbæri sem ættu að vera, þau hafa auðvitað innbyggða þessa tilhneigingu til að reyna að viðhalda sjálfum sér, réttlæta sjálf sig og finna sjálfum sér tilgang, jafnvel þó þau týni óvininum og búi við tilvistarkreppu þá fara menn af stað og reyna að skapa sér ný verkefni, nýjan tilgang.

Það verður einnig að nefna þá í þessu sambandi sem hér hefur líka verið gert að auðvitað er það svo að augu manna hafa á undanförnum áratugum opnast æ betur fyrir því að í sjálfu sér stafar mannkyninu ekkert minni ógn af þeirri misskiptingu auðs og gæða í heiminum sem er við lýði milli norðurs og suðurs og fátækra þjóða og ríkra, heldur en því stafar af vígbúnaðinum sjálfum. Þetta eru meira og minna tvær hliðar á sama peningnum. Forsenda stöðugleika og framfara á þessu sviði er auðvitað að það takist að jafna lífskjörin í heiminum, það er alveg augljóst mál og að því verður að vinna jöfnum höndum og ekki minni krafti en hinu að ná samningum um afvopnun og meðferð þeirra mála.

Ég hafði, hæstv. forseti, líka lítillega hugsað mér að nefna við þetta tækifæri ástand mála í Palestínu og stöðuna þar. Það hefur reyndar áður verið rætt á þessu þingi utan dagskrár og innan og satt best að segja er það þannig að það er í manni nokkur hrollur stundum þegar maður veltir því fyrir sér hversu mikið vantar upp á að þjóðirnar séu sjálfum sér samkvæmar, m.a. þegar kemur að því að taka ákvarðanir og beita viðkvæmum vopnum eins og refsiaðgerðum á viðskiptasviðinu. Þeim hefur þó verið beitt og það með miklum árangri að ég held að flestir viðurkenni, t.d. í Suður-Afríku og nú hefur það verið reynt um skeið á Balkanskaganum. En ýmislegt virðist þar spila inn í og menn hafa spurt sig að því hvort það sé mikil samkvæmni í viðbrögðum til að mynda Vesturlanda við brottrekstri Palestínumanna af hálfu Ísraelsstjórnar annars vegar og ýmsum öðrum viðbrögðum hins vegar. Annað dæmi um þetta er býsna hrollvekjandi og það er það að af fundi sjö stærstu iðnríkja heims bárust þær fréttir að þar sætu menn og veltu því fyrir sér hvort þeir ættu ekki að bíða með hertar efnahagsráðstafanir, efnahagsþvinganir gagnvart Serbum, fram yfir kosningar hjá Jeltsín. Ég verð að segja alveg eins og er að það fer hrollur um mig þegar hugsunarháttur af þessu tagi opinberast. Sem sagt: Snillingarnir sátu þarna á fundi og veltu því fyrir sér, verður þá ekki að hafa það þó að nokkur hundruð eða einhver þúsund í viðbót deyi í Júgóslavíu og það ástand haldist óbreytt um sinn í einhverjar vikur ef það skyldi hafa góð áhrif á kosningabaráttuna hjá Jeltsín að við bíðum með að afgreiða ályktanir um hertar efnahagsþvinganir gagnvart Serbum? Er þetta mikil samkvæmni í framkvæmd þessara mála? Ég held að það sé ekki mjög skrýtið og á því verða menn að átta sig að ýmis þróunarlönd og þriðja heims ríki bera ekki alltaf taumlausa virðingu eða lotningu fyrir Vesturveldunum sem oft og tíðum ganga fram með þessum hætti.

Að lokum, hæstv. forseti, ætla ég að gerast spekingslegur eins og fleiri og tala um þessa merkilegu tíma sem við höfum verið að upplifa og þar á meðal í evrópsku og norrænu samstarfi. Þar er margt á hverfanda hveli eins og kunnugt er og enginn EES-samningur til segir helsti sérfræðingur okkar í þeim málum, Eyjólfur Konráð. Margt er óljóst um hvernig þau mál þróast á næstu mánuðum, til að mynda hver verða afdrif aðildarumsókna sumra nágrannaríkja okkar að Evrópubandalaginu og í hvaða sporum við Íslendingar stöndum einir eða ásamt einhverjum öðrum þjóðum á næstu missirum. Ég hef einhvern veginn þá eðlislægu

tilhneigingu við slíkar aðstæður að menn eigi að fara frekar varlega og rjúka ekki upp til handa og fóta þegar slíkir sviptingatímar ganga yfir og taka einhverjar fljótræðislegar og lítt undirbúnar ákvarðanir. Ég hef þess vegna verið dálítið hissa á því hversu langt menn hafa gengið t.d. í umræðum um norrænt samstarf á síðustu missirum að vera að rótast í því. Er það bara ekki í ágætu lagi eins og það er og liggur eitthvað á að gefa sér fyrir fram að á því þurfi að verða einhverjar stórkostlegar breytingar? Eigum við ekki að sjá til hvað verður og taka svo ákvarðanir í ljósi staðreynda en ekki á grundvelli einhverra spádóma, sem ganga ekki alltaf eftir, um það hvað kunni að verða? Það er afar hæpið og hættulegt að vera að rótast í viðkvæmum og vandasömum verkefnum eins og utanríkismál og samstarf þjóða eru, hvort sem það er í menningarlegum, efnahagslegum eða öryggislegum tilvikum á grundvelli þess að menn hafa einhverjar spár eða hugmyndir um það hvernig hlutirnir kunni að þróast eða verða í fyllingu tímans. Þá held ég að vænlegra sé að fara rólega, gá vel að sér og kasta því ekki á glæ sem menn hafa í höndunum, það tel ég tvímælalaust eiga við um norrænt samstarf. Eins og ég segi hef ég þess vegna verið nokkuð hissa á því hversu mér virðast menn vera óðfúsir til þess að rjúka upp til handa og fóta, gefa sér að það sé meira og minna búið að vera í sinni hefðbundnu mynd og hljóti að þurfa að taka einhverjum kollsteypum á næstu árum. Ég vil ekki gefa mér að svo sé. Ef það kemur á daginn að hraðlestin mikla til Brussel fari að einhverju leyti út af sporinu, einhverjir vagnar detti aftan úr lestinni o.s.frv., eigum við þá ekki bara að taka á þeim ástæðum sem uppi verða þegar þar að kemur en varðveita og standa vörð um gott samstarf norrænna þjóða, þeirra sem það a.m.k. vilja áfram, á meðan það er við lýði og forsendur eru fyrir því?

Ég held að þeir tímar gætu vel komið að innan tveggja til þriggja ára væru Norðurlöndin á nýjan leik að skoða það hvernig þau gætu að einhverju leyti breytt áherslum eða endurskipulagt sitt ágæta samstarf en það væri ekki í þeim skilningi að þetta snerist um það að fara að leigja sér einhverja fundarsali niðri í Brussel til þess að hittast þar eins og mér virðast sumir láta í veðri vaka þegar um þetta er rætt. Við skulum a.m.k. láta það gerast fyrst áður en við förum að fara út í slík fasteignakaup.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. síðasti ræðumaður beindi til mín fyrirspurn sem ég ætla ekki að svara í þessari umræðu enda verða umræður síðar um þá skýrslu sem hann ræddi, skýrslu um öryggis- og varnarmál Íslands. Sú umræða verður að tilhlutan Alþb. eins og kunnugt er.

En ég get ekki orða bundist um það að í máli hv. ræðumanns kom fram að það er djúpstæður ágreiningur á milli hans og formanns Alþb. um afstöðuna til þeirra mála sem hér eru til umræðu. Annars vegar til hlutverks Atlantshafsbandalagsins og ekki síst til varnarstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli.

Í ræðu sem hv. 8. þm. Reykn., formaður Alþb., flutti 6. apríl sl. komst hann þannig að orði, með leyfi hæstv. forseta: „Þess vegna kann það vel að vera að þeir sem hafa áhuga á að starfrækja þá starfsemi sem hér hefur verið, og þá á ég við þessa herstöð, geti velt því fyrir sér hvort hún eigi kannski vænlegri framtíð, ef það má nota það orðalag, sem hluti af nýju öryggiskerfi tengdu Sameinuðu þjóðunum og breiðri samvinnu milli kannski Vesturheims annars vegar og Evrópu hins vegar og síðan hinna heimshlutanna heldur en sem skipulagsbundinn hluti af því stofnanaverki sem Evrópubandalagið hefur komið sér upp.“ Hv. síðasti ræðumaður útlistaði varnarstöðina á Keflavíkurflugvelli þannig að hann er gjörsamlega fastur í gömlum tíma og ræða hans í heild var að verulegu leyti tímaskekkja. Honum ferst mjög illa að saka aðra um að vera fasta í gömlum tíma miðað við þann málflutning sem hann hafði uppi. Það er þessi ágreiningur, milli hans og formanns Alþb., sem endurspeglaðist mjög greinilega í ræðu hans og það virðist vera að innan Alþb. séu, því hv. ræðumaður er varaformaður Alþb., öflugir talsmenn óbreyttrar afstöðu í utanríkis- og öryggismálum þrátt fyrir þær miklu breytingar sem orðið hafa.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að svara hv. þm. Birni Bjarnasyni, ég er ekki í neinni yfirheyrslu hjá honum. Það er ekki þannig og þetta var ekki andsvar við neinu í minni ræðu, heldur einhverjar túlkanir út í loftið á mínu máli sem eru mér óviðkomandi. Hv. þm. Björn Bjarnason getur leikið sér með það eins og hann vill. Ég held að hann hafi algjörlega snúið öfugt því í því litla sem hann vitnaði í mitt mál, ég tók það einmitt fram að Íslendingar gætu sjálfir annast í fyllingu tímans að svo miklu leyti sem ástæða þætti til einhverja þætti sem eru á skyldum sviðum þeim sem herstöðin í Keflavík eða ratsjárstöðvakerfi eða aðrir slíkir þættir hafa gegnt hér enda verði það þá í slíka þágu sem hér er um að ræða, þ.e. hluti af einhverju skipulögðu alþjóðlegu öryggiskerfi en ekki á þeim forsendum sem það er í dag, hluta af hernaðaruppbyggingu og vígbúnaði eins herveldis eða hernaðarbandalags.

Ég held að engin ástæða sé fyrir hv. þm. Björn Bjarnason að hafa áhyggjur af því að einhver ágreiningur sé um þessi mál í Alþb. Það liggur alveg skýrt fyrir hvaða afstöðu Alþb. hefur í þessum grundvallarmálum og hefur lengi haft. Það er á móti erlendum her í landinu og það er á móti hernaðarbandalögum. Það stendur skýrt skrifað í stefnuskrá þess. Hins vegar þakka ég hv. þm. Birni Bjarnasyni umhyggjuna fyrir velferð okkar, honum hefur lengi þótt vænt um Alþb. eins og kunnugt er og auðvitað er gott að eiga slíka vini að.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var ekki að efna til yfirheyrslu yfir hv. þm., þvert á móti var ég að vekja athygli á þeirri staðreynd að hans málflutningur stangast alfarið á við það sem fram hefur komið í málflutningi formanns Alþb. í þessum umræðum og umræðum sem fóru fram

6. apríl. Enginn þarf að fara í grafgötur um það ef hann settist niður með hv. þm. og ræddi við hann um utanríkis- og öryggismál hvaða niðurstöður hann vildi fá í slíkum umræðum. En hv. 8. þm. Reykn. sagði einmitt í umræðunum 6. apríl, með leyfi hæstv. forseta: „Ég tel ekki að það sé hægt fyrir nokkurn ábyrgan stjórnmálamann að gefa sér það fyrir fram áður en slík umræða fer fram, umræða sem er byggð á þessum nýju aðstæðum, að gefa sér það fyrir fram um hvað ágreiningur yrði."

Ef ég ætti að setjast niður með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni væri ég í engum vafa um hvað við mundum deila. Hins vegar eru þetta orð formanns Alþb. og ég vil aðeins ítreka þá skoðun mína að hér hefur komið fram djúpstæður ágreiningur á milli formanns og varaformanns Alþb. um afstöðuna til utanríkis- og öryggismála.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 3. þm. Reykv., Björn Bjarnason, er ósporlatur og viljugur að koma í ræðustólinn og leggja óumbeðinn framlag sitt til málanna. Ég held að það sé langbest að menn lesi bara þær umræður og þau orð sem hafa fallið og láti það tala fyrir sig sjálft en reiði sig ekki um of á túlkanir hv. þm. Björns Bjarnasonar.

Hins vegar er líklega rétt hjá hv. þm. að viss ágreiningur á milli okkar, þ.e. mín og hv. þm. Björns Bjarnasonar í þessum efnum, er nokkuð ljós. T.d. þegar ég les þá skýrslu, sem hann á aðild að um öryggis- og varnarmál Íslands, eru þar náttúrlega brandarar sem ég veit svo sem ekki hvort á að taka allt of alvarlega en er alveg ljóst að ég gæti ekki skrifað undir. Ég fór bara yfir það í máli mínu t.d. hvernig ég teldi vænlegast í framhaldinu að reyna að tryggja nýskipan öryggismála í heiminum. Ég er sammála því að menn eiga ekkert að gefa sér fyrir fram í þeim efnum að um þá hluti þurfi að verða ágreiningur. En það er fullkomlega eðlilegt á þessu stigi málsins þegar mjög margt af þessu er breytingum undirorpið og mjög frjó umræða fer fram um þessa hluti, m.a á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, séu uppi ýmis sjónarmið í þeim efnum. Sumir eru e.t.v. þeirrar skoðunar að eitthvað sé púkkandi upp á þessar leifar kalda stríðsins sem hernaðarbandalögin eru. Ég er það ekki. Ég hef ekki þá tilfinningu að það sé til frambúðar vænlegasta lausnin, jafnvel þó að menn kunni að þurfa að grípa til þess við ríkjandi aðstæður þegar hörmungar ganga yfir að fela slíkum aðilum eitthvert hlutverk og allt gott um það að segja. Menn verða auðvitað að grípa það og reyna að leita allra leiða og nota það sem hægt er við aðstæður eins og nú eru í Júgóslavíu en menn eiga ekki að rugla því saman við hvað menn telji vænlegast fyrirkomulag þessara mála til framtíðar litið. Það held ég að alþjóðlegt öryggiskerfi á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem sé allt öðruvísi upp byggt en gömlu hernaðarbandalögin, sé miklu vænlegri kostur.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Utanríkismál eru áreiðanlega ekki aðeins eitt eða aðeins tvennt eins og stundum hefur virst á umræðum um málið. Umræðan í dag hefur mjög berlega leitt margbreytileikann í ljós og ekki síður skýrsla hæstv. utanrrh. Að því leyti til tel ég að umræðan í dag hafi verið jákvæðari en hún hefur oft verið vegna þess einfaldlega að það hefur verið víðari sjóndeildarhringur. Eitt af því sem hefur komið fram hér er það að utanríkismál eru allt í senn, spurning um viðskipti og vináttu, stríð og frið, umhverfið, bestu-vina-bandalög, varnarstefnu, mannréttindi og mannúð og raunar ýmislegt fleira. Herinn, NATO og varnarmálin hafa óneitanlega sett svip sinn á utanríkismálaumræðuna allt frá stofnun lýðveldisins. Þessi mál hafa fengið töluverða umfjöllun hér í dag og það vakti raunar athygli mína að fyrsta áherslan sem hæstv. utanrrh. sá ástæðu til að leggja í máli sínu var afstaða eins manns til þessara mála, þ.e. hv. 8. þm. Reykn. Út af fyrir sig eru skoðanir hans góðra gjalda verðar og ég veit að í eina tíð var kært með þessum tveimur mönnum í tíð lifrabandalaga en mér þykir þetta samt sem áður býsna sérkennileg áhersla. Því miður er hæstv. ráðherra fjarri í umræðunni og þykir mér það óheppilegt en hafi hann einhverjum svo brýnum störfum að gegna að hann geti ekki verið við þann dag sem skýrslan er til umræðu þá verður það að vera hans mál en ekki mitt.

Umræðan um varnarmál Íslands og aðild okkar að hernaðarbandalaginu NATO er út af fyrir sig alltaf gild en ég verð að segja að þrátt fyrir að allir virðist á einu máli um að gjörbreyttar aðstæður séu í heiminum þá fannst mér ótrúlega fátt nýtt koma fram í umræðunni í dag. Við höfum heyrt flest af þessu á tíma kaldra, heitra eða engra stríða ef maður telur að hið síðasta hafi einhvern tímann átt sér stað og við höfum heyrt það áður að enn um sinn sé þörf fyrir hernaðarbandalög á borð við NATO. Við höfum áður heyrt að þess bíði nýtt hlutverk en kannski er auðveldara að færa rök fyrir því máli nú en oft áður. Það þýðir ekki þar með að það sé rétt. Umræðan er hins vegar opnari.

Ég ætla ekki að eyða fleiri orðum að þessu þar sem ég vænti þess að frekar sé efni til þess að taka þetta mál sérstaklega fyrir þegar umræðan verður um skýrsluna um öryggis- og varnarmál eins og boðað hefur verið.

Ég get þó ekki alveg horfið frá hinni almennu umræðu sem hefur verið í dag án þess að nefna utanríkisviðskipti. Þau eru stærri þáttur af efnahagslífi okkar Íslendinga en flestra annarra þjóða. Umræða um þau er sífellt fyrirferðarmeiri er utanríkismál eru rædd. Tilfærsla utanríkisviðskipta yfir í utanrrn. hefur án efa orðið til þess að tengja þessa umræðu enn frekar annarri utanríkismálaumræðu og það held ég að hljóti að vera af hinu góða. Hitt er svo annað hvernig sú umræða hefur gengið fyrir sig. Það hlýtur að mörgu leyti að gera þessa umræðu ómarkvissa nú hversu mikið er verið að ræða um smærri atriði en ekki hinar heilu línur og ég sakna þess dálítið að heyra of mikið af smáatriðum rædd og of lítið af beinni stefnumörkun. Þess vegna vísa ég í þá ræðu sem ég held ég geti sagt að sé undantekning í dag öðru fremur en það er starfssystir

mín úr Kvennalistanum, hv. 10. þm. Reykv., sem náði að setja þetta mál í víðara samhengi en ýmsir aðrir í dag.

Vissulega er klárt að vegna þess hve óljóst er um afdrif hins Evrópska efnahagssvæðis og vegna þess í hvaða lamasessi öll skipan utanríkisviðskipta okkar er þar sem verið er að bíða úrslita í því máli er eðlilegt að þetta beri á góma. En ég verð að óska þess að EES-draumarnir, hvernig svo sem þeir munu rætast eða ef þeir munu á einhvern hátt rætast, verði ekki eins lamandi fyrir íslensk utanríkisviðskipti og stóriðjudraumar hafa verið fyrir atvinnuþróun hér á landi í allt of mörg ár. Við höfum nefnilega því miður fordæmi fyrir því að það að einblína of mikið á eitt mál hefur staðið annarri og merkilegri umræðu og öðrum málum fyrir þrifum. En ég ætla að geyma mér það a.m.k. að sinni að fjalla nánar um framtíð utanríkisviðskipta Íslendinga.

Í EES-umræðunni fyrr í vetur var tekist á um grundvallaratriði í því máli, þ.e. hvort við stefndum inn fyrir Evróputollmúrana eða ekki. Í því máli var að sinni a.m.k. knúin fram pólitísk niðurstaða á Alþingi. Þjóðin var ekki spurð álits og það er hneisa og ég vil benda á að ekki er of seint að bæta fyrir það. Við megum hafa það hér í huga.

Það er ósk mín að við munum fyrr frekar en síðar komast úr þeim þrönga farvegi sem Evrópusamstarfið virðist stefna í og geta fjallað af meira frelsi og víðsýni um utanríkisviðskipti og utanríkispólitík gagnvart EB-löndunum eins og öðrum löndum en unnt er í skugga þessa bákns sem upp er að rísa.

Í rauninni verður að fara að líta víðar og ég sé ekki að hægt sé á meðan við eyðum þeirri orku sem við gerum nú í það að líta einungis til þeirrar Evrópu sem innan þessara tollmúra er.

Áður hefur verið sagt í dag og ég tek undir það að það er afskaplega hvimleitt að heyra þau sjónarmið enduróma æ ofan í æ að Evrópa byrji og endi við tollmúra innri markaðarins. Þetta er þeim mun furðulegri sjálfhverfa í ljósi þeirra atburða sem eiga sér nú stað við þröskuld Evrópubandalagsins, bakdyrnar segja sumir, ég vil ekki skilgreina þar hvað er þar fram og aftur, hverjir fá að fara sparidyramegin inn.

Í rústum fyrrverandi Júgóslavíu eiga sér nú stað atburðir sem ég hygg að muni hafa meiri áhrif á framtíð Evrópu og raunar alls heimsins en allar tilskipanir sem borist hafa og berast munu frá Brussel. Ég held að nauðsynlegt sé að útskýra þetta nánar, þetta er ekkert endilega augljóst. Þarna er að gerast dæmi eða svipmynd af því sem sagan sýnir okkur að getur gerst þá minnst er varir og næstum því hvar sem er ef viss skilyrði skapast. Ég held að ástæða sé til að gefa sérstaklega gaum að skilyrðunum vegna þess að við erum ekki laus við þessi einkenni nokkurs staðar og við erum hvergi örugg í rauninni nema við gerum okkur grein fyrir því við nákvæmlega hvaða skilyrði svona lagað getur gerst. Þetta eru ekki einu skilyrðin en þetta er samt sem áður mikilvæg vísbending. Þau skilyrði sem þarna eru fyrir hendi eru að þarna er töluvert mikið vald á fárra höndum. Það er misbeiting valds, það er mögulegt að ógnarstjórn geti ríkt, þarna er ákveðin hernaðarhyggja. Í þessu stríði höfum við því miður orðið vör við óskaplega margt af hinu neikvæða sem getur gerst, þ.e. bæði mannfyrirlitning, kvenfyrirlitning, þrælsótti, pólitískt siðleysi, hatur, misrétti, þjóðernishroki og trúarofstæki. Allt er þetta til staðar með einum eða öðrum hætti í ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu, því miður. Þetta er ekki vegna þess að fólkið sem byggir Balkanskaga sé eitthvað verr af guði gert en annað fólk. Þvert á móti held ég að ótrúleg þrautseigja og langlundargeð við hörmulegar aðstæður hafi sýnt sig seinustu tvö árin. Ég bendi á það að þessi skilyrði, öll eða einhver, nærðu einnig nasisma og fasisma. Þessi skilyrði áttu sinn hlut í kúgun nýlenduveldanna á ríkjum þriðja heimsins á nýlendutímabilinu, í útrýmingu indíána í Ameríku og öllum þeim blóðuga yfirgangi sem við þekkjum úr sögu allra heimsálfa. En ef eitthvað er þá er návígið nú meira en var á nýlendutímanum til að mynda. Nú er það fjórði heimurinn, þ.e. þjóðernisminnihlutar, trúarminnihlutar og smáþjóðir sem verða fyrir barðinu á yfirgangi, ekki síður en þriðji heimurinn sem var svo þægilega fjarlægur og okkur sem byggjum hinn vestræna heim gengur enn mjög vel að aðgreina okkur frá og það er kannski einn okkar helsti vandi.

Það eru skilyrði af þessu tagi sem hafa nært kúgun svarta meiri hlutans í Suður-Afríku, Kúrda í Tyrklandi, Írak og Íran. Rósturnar í Indlandi og grimmdarverk í Kambódíu eiga einnig rætur í atburðum og aðstæðum af þessu tagi.

Ef grannt er skoðað er ýmislegt sameiginlegt með þeim svæðum þar sem upp spretta grimmdarleg átök og þetta er e.t.v. sú lexía sem skiptir okkur ekki síður máli ef við erum í alvöru að tala um það hver framtíðin verði í öryggis- og varnarmálum heimsins en það að hyggja að því hvaða tæki við höfum til að glíma við slíkan vanda.

Það er vinsæl kenning og eiginlega alveg furðu lífseig að það sé fyrst og fremst í glundroða sem mestu grimmdarverkin spretta. Það er einfaldlega ekki rétt. Oft og tíðum er það einmitt þar sem stjórnvöld hafa sterka valdaaðstöðu og öflugan, hlýðinn og þýlyndan her þar sem getur skapast miðstýrt ógnarvald og þar geta grimmdarverkin einnig sprottið upp þótt með yfirbragði glundroða sé.

Það er hættuleg tilhneiging að varpa ábyrgðinni yfir á stjórnleysi, að það hafi allt farið úr böndunum en það er mjög oft reynt. Þessi skilyrði eru fyrir hendi í Serbíu, þ.e. valdið. Í ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu háttar þar raunar svo til að herinn var að stærstum hluta mannaður Serbum, allt að 80%, þótt fólksfjöldi innan fyrrverandi Júgóslavíu endurspegli alls ekki þessi hlutföll þar sem Serbar voru alls ekki 80% af íbúum fyrrverandi Júgóslavíu.

Pólitísk stjórn hefur verið meira og minna í höndum Serba frá stofnun konungsríkis Serba og Króata í lok fyrri heimsstyrjaldarinnar en það ríki fékk nafnið Júgóslavía árið 1929. Þótt Tító væri að króatísku bergi brotinn þótti löndum hans, Króötum, hann draga taum Serba á kostnað Króata og Slóvena og það á sér að

hluta til sögulegar skýringar sem ég tel ekki ástæðu til að fara hér nánar út í. Það er staðreynd að Serbar höfðu tök á her og á öflugu miðstýrðu valdakerfi þegar nú fyrir stuttu sauð upp úr á Balkanskaga og afleiðingarnar eru ekki tilviljun. Af þessum sökum hefur serbneskum stjórnvöldum, ekki þjóðinni heldur stjórnvöldum, tekist að beita hernum til þeirra hroðalegu grimmdarverka sem raun ber vitni. Þarna er um skipuleg, kerfisbundin voðaverk að ræða, ekki stjórnlausan her sem enginn getur hamið. Stjórnvöld í Serbíu bera fulla pólitíska ábyrgð á því sem er að gerast. Tilgangurinn er augljós svo langt sem hann nær, þ.e. að skapa sér ótvíræða yfirburðastöðu á Balkanskaga með því að ná undir sig landi, völdum og þarna erum við enn og aftur að sjá stórveldisdraum í reynd, Stór-Serbía er ekkert nýtt hugtak.

Í þessu sorglega stríði hafa vissulega verið framin grimmdarverk af allra hálfu. Það má ekki gleymast. En nú orðið liggja fyrir of margar skýrslur og of skipulegar rannsóknir til þess að líta fram hjá því að skipulegust og þar með skelfilegust eru þessi grimmdarverk þar sem valdhafarnir ráða yfir öflugasta hernum þar sem Serbar flæða yfir sitt land og annarra.

Því miður hafa fullyrðingar um skipulagt þjóðarmorð Serba á múslímum reynst réttar og skelfilegar skýrslur hafa nú borist um kerfisbundnar nauðganir á múslímakonum og enginn getur vefengt að eru í stærri stíl en nokkurn hafði órað fyrir. Sú opinbera tala sem oftast er vitnað til er að um 20.000 konur hafi orðið fyrir barðinu á þessum hroðalegu misþyrmingum en ég held að ekki nokkur maður treysti sér til þess að nefna miklu lægri tölu. Sameinuðu þjóðirnar hafa tekið saman býsna greinargóða skýrslu um þessi mál og sú skýrsla er talin einna áreiðanlegust þeirra pappíra sem til eru og þar er tekið mjög sterkt til orða enda ekki að ástæðulausu. Einnig hefur Evrópuráðið safnað gögnum sem eru talin mjög áreiðanleg og allt ber að sama brunni, við erum að horfa upp á ástand sem er ekki hægt að sætta sig við, það held ég að sé alveg hægt að fullyrða fyrir hönd allra.

Ég talaði fyrir stuttu síðan við konu sem er geðlæknir að mennt og hefur verið á ferð á þessum slóðum. Hún benti réttilega á að ef hægt væri að stoppa þetta stríð með pappírum þá væri búið að því. Skýrslunar eru til, staðreyndirnar eru til og engin furða að nú séu margir orðnir afskaplega óþolinmóðir á að sýna hug sinn og vilji helst grípa til einhverra aðgerða. Íslendingar hafa vissulega sýnt hug sinn til þessara mála.

Í skýrslu hæstv. ráðherra kom fram greinargott yfirlit yfir ástandið á þessum slóðum en aftur á móti verð ég að segja að ég er mjög óánægð með það svar sem ég fékk nýverið frá hæstv. ráðherra varðandi flóttamenn — ég man reyndar ekki hvort það var hæstv. utanrrh. eða forsrh. sem tók að sér að svara þeirri spurningu — en það er staðreynd að mjög mikill flóttamannastraumur er frá ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu og nágrannaþjóðir okkar hafa tekið við þúsundum og tugþúsundum flóttamanna og þar sem mest er þá skipta flóttamennirnir hundruðum þúsunda en það er í nágrannalandinu Þýskalandi.

Öll viljum við auðvitað að Króatar, Slóvenar, Bosníu-múslímar, Bosníu-Serbar, Bosníu-Króatar, Makedónímenn, Svartfellingar og Serbar geti átt sér friðsælt líf heima hjá sér en það er staðreynd að þessi flóttamannastraumur er núna og margir sjá ekki fram á líf í sínu eigin landi og við verðum að axla okkar eigin ábyrgð þar. Ég get gagnrýnt íslensk stjórnvöld fyrir það að ekki hefur verið hugað að því. Hins vegar hafa íslenskir þingmenn, nánast allir sem einn, mótmælt þeim grimmdarverkum sem hafa verið framin í Bosníu, þ.e. nauðgunum, og íslenskar konur tóku höndum saman með kynsystrum sínum um alla Evrópu í eftirminnilegri mótmælastund fyrir utan þetta hús á Austurvelli fyrir skömmu. Það er eðlilegt að spurt sé og sú spurning verði sífellt áleitnari: Hefur verið gripið til réttra ráðstafana til að stöðva þessa ógn? Er of seint að grípa inn í með vopnavaldi? Er það rétt sem Bosníu-múslímar segja að ef þeir hefðu auðugar olíulindir í fjallshlíðunum sínum væri stríðinu löngu lokið? Er það rétt sem Margrét Thatcher sagði í sjónvarpsviðtali nýverið, með leyfi forseta vitna ég í þýðingu af því: „Það er rangt að neita múslímum Bosníu um vopn til verndar sér. Ef við hefðum ekki haft flugvélar til að verja okkur með í orrustunni um Bretland hefðum við farist og einnig frelsið í Evrópu. En við börðumst og sigruðumst á einræðinu og frelsuðum heiminn undan því. Þannig er ferill Vesturlanda. Á að skilja eftir börn, konur og varnarlaust fólk, gegn morðóðum harðstjóra og Vesturlönd að hafast ekkert að? Er það stefna okkar? Þetta er ekki samboðið Evrópu og Bandaríkjunum."

Svo mörg voru þessi orð og það eru margir sem deila þessari heilögu reiði með Margréti Thatcher og öðrum sem hafa tjáð sig um þetta og vilja stöðva þann hrylling sem á sér stað með hvaða hætti sem er. En ég hlýt að benda á að margir, sem þekkja gleggst til þessara mála, hafa efasemdir um þær leiðir sem hún bendir á, þ.e. að „Vesturlandalöggan", við þessi góðu, geti alltaf komið á friði og réttlæti alls staðar. Í fyrsta lagi er þetta náttúrlega mjög hrokakennd afstaða. Látum vera ef hún væri rétt þá væri þetta réttlætanlegt en þetta er einnig afstaða sem ekki stenst og ég held að sýni sig best að hefur ekki átt uppi á pallborðið í þeim aðgerðum sem þó hafa verið á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þær hafa verið máttminni en við hefðum viljað en þær hafa a.m.k. ekki enn að mínu mati gert illt verra og það er hægt.

Við höfum fleiri dæmi um inngrip í alþjóðamál og ég hlýt að benda á það að Persaflóastríðið skilur eftir sig siðferðilegar spurningar sem er ekki auðvelt að svara, Falklandseyjastríðið einnig svo ég nefni eitthvað sem kemur nálægt þeirri konu sem ég vitnaði til áðan. Við megum heldur ekki gleyma því að það er mögulegt að einhverjum ríkjum fyrrverandi Sovétríkjanna fyndist nauðsynlegt að leggja Serbíu lið í nafni einhvers samslavnesks arfs a.m.k. með ófyrirsjáanlegum afleiðingum ef farið væri af stað með „Vesturlandalögguna" og reynt að grípa þarna inn í með of miklu offorsi.

Ég held að þrátt fyrir allt þá séu þau tæki sem not-

uð hafa verið og sú stefna sem mörkuð hefur verið fyrst og fremst að nýta Sameinuðu þjóðirnar í þeirri viðleitni til friðar sem hefur verið á Balkanskaga. Ég held að við séum þar á réttri leið. En ég er sannfærð um það að pressan verður sífellt meiri á lönd utan Balkanskaga að grípa inn í með öðrum hætti en gert hefur verið nú. Verði það gert þá er nauðsynlegt að allir þeir sem hafa einhverja rödd á alþjóðlegum vettvangi tjái sig af fullri ábyrgð í því máli og ég held að þar sé fyrst og fremst hægt að grípa til þess íslenska orðtaks „að rasa ekki um ráð fram".

Frá upphafi hafa Króatar og múslímar knúið mjög á um beina hernaðaríhlutun Vesturlanda í Bosníu og það mun verða áfram. En það er sorgleg staðreynd að ein af ástæðunum fyrir því að ástandið er eins og það er í ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu er sú að löndin sem Serbar hafa herjað á hafa ekki staðið saman. Serbum hefur tekist að deila og drottna fyrst gegn Króötum en þá studdu Slóvenar og Bosníumenn Króata mjög takmarkað. Síðan í Bosníu þar sem Króatar hafa jafnvel í sumum tilvikum lagt Serbum lið gegn umbun og eigin ávinningi. Hvernig má vera að í landi, þar sem þjóðir bjuggu í tiltölulega góðri sátt og samlyndi þar sem fjölskyldubönd voru bundin þvert á trú og þjóðerni, er nú allt farið í bál og brand og hvernig er hægt að bregðast við því? Þessi spurning á ekki bara við um Júgóslavíu og þau ríki sem sprottið hafa upp úr því fyrirbæri heldur á þetta við hvar og hvenær sem slíkar aðstæður geta komið upp aftur. Ég held að það sé nauðsynlegt að þessi lærdómur sé veganesti í allri alþjóðaumræðu nú. Hvað er þá til ráða? Það er að vera stöðugt með samvinnu, þrýsting, upplýsingamiðlun og samstarf við fólk sem vill stöðva ófriðinn innan þeirra landa þar sem ófriður er.

Viðskiptabann getur vissulega skilað árangri og ég tel að viðskiptabannið á Serbíu hafi skilað árangri en kannski ekki eins miklum og vonast hafði verið eftir. En ég hef efasemdir um árangur af því að bara sé hægt að valtra yfir á ákveðnum svæðum. Ég held að þetta sem ég er að fjalla um sanni það og sýni að við verðum að gera Sameinuðu þjóðirnar að virkara afli í friðargæslu við mismunandi aðstæður en nú er og þarna erum við hugsanlega að tala um að byggja upp aðra hefð en verið hefur. Það er einfaldlega þannig að hér og á nokkrum öðrum stöðum hefur friðargæsla Sameinuðu þjóðanna ekki skilað mjög miklum árangri en það þýðir ekki að hún hafi ekki skilað neinum árangri. Ég held einnig að það sé allt of lítið gert af því að ná óformlegu samstarfi, bæði við hjálparhreyfingar og friðarhreyfingar, innan þeirra landa sem ófriðurinn er. Það hefur því miður sýnt sig á Balkanskaga að þar hafa sérfræðingar mætt og ekki náð ýkja miklum tengslum við þá sem þar eru fyrir þrátt fyrir tvímælalaust góðan vilja.

Ég vil minna á að það eru sjálfsagt flestir búnir að gleyma því þegar mæður serbnesku hermannanna mótmæltu linnulítið í Belgrad og heimtu að lokum syni sína úr stríðinu í Króatíu. Þetta var árangur á þeim stað og þeirri stund sem þá var þótt því miður þurfi núna meira til.

Ég hef séð ástæðu til þess að eyða nokkrum tíma í þetta mál einfaldlega vegna þess að ég held að við munum standa frammi fyrir átökum vegna hins svokallaða fjórða heims, vegna þjóðernisminnihluta, vegna trúarbragðaminnihluta og vegna smáþjóða í framtíðinni þar sem landakortið er mjög margslungið, ekki bara í Evrópu heldur víðast hvar um heiminn. Við verðum að reyna að gera okkur grein fyrir því við hvaða aðstæður getur orðið suðuhætta þar sem þetta ástand er. Ég held að það sé einmitt þar sem mikil kúgun myndast gagnvart þessum minni hlutum. Þetta verðum við að horfast í augu við, ekki síst innan þessarar vestrænu Evrópu því að þar held ég að sé verið að loka augum fyrir ákveðnum vandamálum sem hverfa ekki.

Það eru býsna mörg atriði sem er kannski ábyrgðarhluti að fjalla ekki um í þessari utanríkismálaumræðu en hér verður maður alltaf að velja og hafna og sem betur fer höfum við kvennalistakonur þegar í yfirgripsmikilli ræðu hv. 10. þm. Reykv. komið að allmörgum atriðum og ég hlýt að vísa til þeirrar ræðu.

Áður en ég fer úr ræðustól vil ég nefna sérstaklega eitt annað atriði en það er hversu nauðsynlegt það er að finna þróunaraðstoð farveg sem virkar. Fyrr í vetur og raunar á undanförnum árum hef ég og fleiri kvennalistakonur bent sérstaklega á það að menn líta nú í vaxandi mæli til þeirrar þróunaraðstoðar sem fer um hendur kvenna af hreinum praktískum ástæðum af mun meiri alvöru en áður hefur verið gert. Þetta er engin tilviljun. Það hefur nefnilega komið í ljós að sú þróunaraðstoð sem fer um hendur kvenna nýtist mjög vel. Við verðum t.d. að líta á það að það eru konur, ekki karlar, sem eru kjölfestan í landbúnaði í Afríku þar sem því miður eru enn mjög víða erfiðar aðstæður. Ef þekking á að berast áfram hefur það sýnt sig að konurnar eru líklegri til að miðla þekkingunni til annarra kynslóða en karlarnir eins og staðan er núna. Það er líka staðreynd sem Alþjóðabankinn hefur meira að segja sérstaklega séð ástæðu til þess að nefna að sá peningur sem fer um hendur kvenna nýtist sérstaklega vel og ekki síst í þriðja heiminum. Þarna eru því tvö atriði sem er sérstaklega ástæða til að geta um.

Ég tek undir með hv. 10. þm. Reykv. að vara við að við förum að taka þróunaraðstoð inn í stofnunina undir framkvæmdarvaldið þangað sem ætlunin mun vera að færa starfið sem hefur farið fram innan Þróunarsamvinnustofnunar til utanrrn. Ég tel að þetta sé öfugþróun og að þrátt fyrir falleg orð um samvinnu við frjáls félagasamtök sé verið að stíga skref frá því að geta náð þeirri bestu virkni sem hægt er í þróunaraðstoð en fara ekki í þá átt sem ég efast ekki um að stefnt er, þ.e. að þróunaraðstoð verði virkari og áhrifaríkari en fyrr hefur verið.

Ýmsar leiðir eru til þess að miðla þróunaraðstoð til góðra verkefna og við höfum ágætis dæmi innan lands um frjáls samtök sem hafa gert mjög góða hluti í þróunaraðstoð og ég vil líka nefna að samtökin UNIFEM, sem starfa á vegum Sameinuðu þjóðanna, hafa unnið þrekvirki. Nýlega var hér á ferðinni formaður þessara samtaka, Sharon Capeling-Alkakija, og hún miðlaði

upplýsingum sem ég held að hefðu verið ýmsum að gagni. Því miður virtist áhugi ráðamanna á heimsókn hennar vera sorglega lítill. En ég vona að hún verði engu að síður til þess að það verði hægt að miðla þeim boðskap sem hún hafði fram að færa.

Sambúð norðurs og suðurs í framtíðinni mun verða mjög mikilvæg og sífellt fleiri eru farnir að gera sér grein fyrir því. Þar komum við m.a. inn á umhverfismálin en ég vil benda á það auk þess sem ég gat áðan, að einnig hefur sýnt sig að það er mjög mikilsvert í umhverfismálum að hafa konurnar í liði með sér þegar verið er að byggja upp þróunarhjálp í löndum þriðja heimsins og það á að virkja þennan kraft sem er fyrir hendi. En umhverfismálin verða því aðeins það sem þau verða að vera í framtíðinni, að þjóðirnar í norðri séu reiðubúnar til þess að hugsa öll mál upp á nýtt, mæla hagvöxt eftir öðrum stærðum en gert hefur verið núna og þjóðirnar í suðri hafi möguleika á því að brauðfæða sig án þess að gera þá sömu reginskissu og við höfum gert víða í norðrinu, þ.e. að gereyða skógum og menga allt umhverfi okkar. Til þess er sagan að við lærum af henni, bæði nútímasagan og fyrri saga.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson): Virðulegi forseti. Einn þeirra hv. þm., sem talaði áðan, taldi ástæðu til að fagna því sérstaklega að umræður um utanríkis- og alþjóðamál væru æ fyrirferðarmeiri á dagskrá Íslendinga og mátti á honum skilja að af því mætti álykta að þingheimur hefði ekki asklok fyrir himin. Ef við lítum hins vegar yfir salinn þá má telja hér átta hv. þm., kannski níu, og segir það kannski sína sögu um þann brennandi áhuga sem er á þessari merku tímamótaumræðu. Ég nefndi orðið tímamót. Margir hafa nefnt það orð í umræðunni. Það er sjálfsagt ekki við hv. þm. að sakast þótt sú umræða hafi drepist á dreif. Að einhverju leyti má kenna fyrirminu um sem minnir þá á þær hugmyndir sem voru nefndar um að æskilegt væri að breyta þessu formi þannig að umræðan væri einbeittari, við einskorðuðum okkur við afmarkaðri efni.

En um tímamótin langar mig að segja örfá orð. Stundum er gagnlegt að reyna að setja sig í annarra spor þegar menn meta umræðuefni af þessu tagi. Fyrir fáum dögum buðu Danir, sem formenn þetta missirið fyrir Evrópubandalagið, til fundar í Kaupmannahöfn þar sem saman voru komnir utanríkisráðherrar, Evrópuráðherrar, Evrópubandalags- og EFTA-ríkja og tíu svokallaðra nýfrjálsra ríkja í Mið- og Austur-Evrópu og Eystrasaltsríkin. Þar voru ekki fulltrúar hinna 16 samveldisríkja.

Þarna vildu menn bera saman bækur sínar um hvað hefði orðið úr tímamótunum, hvernig mál hefðu þróast á breytingaskeiðinu frá hinum herfilega viðskilnaði kommúnismans í Austur-Evrópu og í viðleitni þeirra til þess að byggja upp annars konar þjóðfélag, byggt á lýðræði og blönduðu hagkerfi. Einnig að bera saman bækur sínar um það hvert hald hefði verið í fyrirheitum vestrænna stjórnmálaleiðtoga um aðstoð og stuðning á þessum háskalegu tímum og í þriðja lagi að spyrja spurninga um það hver framtíðin yrði að því er varðaði samstarfsform Evrópubúa.

Auðheyrt var af þessum umræðum að það er mjög takmarkaður skilningur meðal hinna makráðari stjórnmálamanna á Vesturlöndum við hvers konar sálarháska og við hvers konar tilvistarvanda þeir menn eiga sem eru í forustuhlutverki í þessum þjóðfélögum og þá á ég við Austur-Evrópuþjóðirnar. Hrun kommúnismans var algert vegna þess að hann reyndist vera ekki aðeins siðferðilegt slys, hugmyndafræðilegt slys, hann reyndist vera efnahagslegt óráð og hann reyndist vera hið herfilegasta umhverfisslys sem sagan kann frá að greina. Þessir menn hafa orðið að standa frammi fyrir því að væntingar voru miklar um skjót umskipti til hins betra. Þeir hafa hins vegar mátt upplifa það að ástandið hefur á mörgum sviðum versnað mjög verulega áður en nokkur von er til þess að það fari batnandi.

Það fer ekki á milli mála hvert þeir beina vonum sínum og hvert þeir líta sér til halds og trausts, hinir lýðræðislega kjörnu leiðtogar Austur-Evrópu. Þeir hafa viljað líta til Evrópubandalagsins sem bakhjarls og í ræðum þeirra vitnuðu þeir í hástemmdar yfirlýsingar hinna pólitísku leiðtoga Evrópubandalagsins um það að þar væri bakhjarlinn að finna; að Evrópubandalagið mundi vissulega styðja við bakið á þeim; að það væri hin sterka stóra heild sem hefði til þess burði og afl. Í annan stað litu þeir til Atlantshafsbandalagsins. Þeir voru hófstilltir í orðum í ræðum sínum en í samtölum utan funda fór ekki á milli mála að þeir eru í angist og kvíða yfir því hvernig hlutirnir gætu axlast í fyrrverandi Sovétríkjum, í Rússlandi. Þeir bera mikinn kvíðboga fyrir því að þar séu lýðræðisöflin blaktandi á veiku skari, þar geti hæglega farið svo að þjóðernisöfl, hernaðaröfl, byggð á gömlu nomenklatúru, valdastétt kommúnismans, kæmist afur til valda. Þeim er mjög í mun að áður en þau ótíðindi gerist þá geti þeir varpað akkerum sínum í örugga höfn í vestrænum samtökum. Þess vegna líta þeir til Evrópubandalagsins. Þess vegna líta þeir til Atlantshafsbandalagsins sem þessir menn líta á sem voldugasta friðarafl heims. Engan mann hef ég heyrt lýsa því bandalagi með innblásnari hætti en Václav nokkurn Havel, forseta tékknesku flauelsbyltingarinnar en málflutningur hans var hins vegar dæmigerður fyrir málflutning hinna. Þar var ekki verið að tala í slagorðunum gömlu sem gömlu íslensku sossarnir hafa haft uppi í umræðum sínum um utanríkismál hingað til. Og þar fór ekkert á milli mála hver væru forgangsmálin, hvað þeir mætu sem raunverulegan bakhjarl. Þeir ræddu ekki mikið um Sameinuðu þjóðirnar. Sannleikurinn er sá þótt menn geri sér vissulega vonir um að hrun kommúnismans og endalok tvískiptingar heimsins í tvær valdablokkir gefi Sameinuðu þjóðunum nýtt tækifæri, mun það taka langan tíma.

Hitt er alveg augljóst mál að nokkurrar beiskju gætti í þeirra ræðum að því er varðar Evrópubandalagið. Þeir sögðu: Við erum ekki fyrst og fremst að biðja um aðstoð, við viljum ekki fyrst og fremst koma fram fyrir ykkur sem beiningarmenn. Þeir nefndu tölur máli sínu

til stuðnings og sögðu: Öll efnahagsaðstoð allra G-24 ríkjanna við Ungverjaland, sem er einna efst á blaði sem þiggjandi, er innan við 1% af þjóðarframleiðslu okkar. Það er ekki það sem skiptir sköpum. Miklu meir munar um beina fjárfestingu, t.d. þýskra fyrirtækja í Ungverjalandi, en það sem skiptir sköpum er það að við viljum fá að versla við ykkur vegna þess að við vitum af reynslu ykkar að verslunin er farartæki efnahagslegra framfara. Þar hafið þið algjörlega brugðist vegna þess að við höfum orðið að upplifa það að sá partur Evrópubandalagsins eða sú hlið þess sem að okkur snýr er ekki fríverslunarbandalag heldur framsóknarbandalag, þ.e. verndarstefnubandalag, sem boðar afturhaldssama, innhverfa sérhagsmunastefnu að því er varðar verslun og viðskipti með landbúnaðarafurðir, matvörur og hráefni sem er það sem þessar þjóðir hafa upp á að bjóða. Þar er boðið upp á innflutningsbann í anda íslenskrar landbúnaðarstefnu, þar er boðið upp á kvóta, þar er boðið upp á boð og bönn og skammtanir. Þar er þeim boðið að keppa við gerviverð vegna niðurgreiðslna, styrkja, ríkisforsjár með svipuðum hætti og við stöndum frammi fyrir þessu bandalagi sem sjávarútvegsþjóð. Þeir sögðu: Þið hafið brugðist vonum okkar og ef ekki verður breyting hér á þá megið þið vita að þið hafið valdið almenningi í þessum þjóðum, þeim hundruðum milljóna sem byggja þessi þjóðfélög, sárum og alvarlegum vonbrigðum og megið eiga von á því að þetta verði nýtt af gömlu kommúnista-fasista öflunum, nomenklatúrunni, til að byggja upp valdastöðu sína í þessum þjóðfélögum.

Til sannindamerkis dreifðu þeir leiðara úr aðalmálgagni gamla tékkneska kommúnistaflokksins sem nú kennir sig náttúrlega við sósíalisma og vinstri stefnu þar sem tíundað var að loforðin og boðorðin um stuðninginn við hið frjálsa markaðskerfi hefðu orðið sér til skammar, enginn skilningur væri á hinni félagslegu neyð sem fólk byggi við á umþóttunartímanum og að þessi ríki, eða allur almenningur, væri í vaxandi mæli að upplifa það að vera þægilegt fjárfestingartækifæri fyrir stórfyrirtæki og síðan væri borgvirkinu, Evrópubandalaginu, lokað við nefið á þeim.

Í vesturhópnum sögðu menn sem svo sér til afbötunar: Já, en það er samdráttarskeið, það er eiginlega kreppa á Vesturlöndum og menn vita það að kreppan er gróðrastía verndarhyggjusjónarmiða og verndarstefnu. Menn segja: Við verðum að vernda landbúnaðinn okkar, við verðum að vernda vefnaðariðnaðinn okkar, við verðum að vernda stáliðnaðinn okkar, við verðum að vernda járniðnaðinn okkar, við verðum því miður að loka á ykkur, eins og vestrið hefur sagt við hinar snauðu þjóðir Afríku, Suður-Ameríku o.s.frv.

Þá er þeim bent á að þetta sama Evrópubandalag getur skipt sköpum um aðra samninga í heimsbyggðinni sem þessar þjóðir í Austur-Evrópu binda miklar vonir við. Það eru GATT-samningarnir. Þeir voru spurðir út úr um það: Hafið þið ekki sagt að ef Uruguay-lotunni yrði lokið þá mætti heimshagkerfið búast við því að aukin viðskipti, ekki síst með matvæli, mundu auka þjóðarframleiðslu heimsins um 200 milljarða Bandaríkjadala á ári? Það munar um minna.

Nú var aftur komið að tómum kofanum þegar leitað var eftir svörum vegna þess að forustumenn Evrópubandalagsins fóru náttúrlega að verja sérhagsmunina sína, reyna að varpa sök á Bandaríkin og eitthvað þess háttar þannig að ekki bætti þetta mikið úr skák.

Mér kom það í hug þegar mér fannst togna úr þræðinum um tímamótin eða honum væri drepið á dreif að ekkert væri úr vegi að íslenskir alþingismenn reyndu að setja sig í spor þeirra manna, sem eru að upplifa þessi tímamót, sem eru að fara í gegnum reynslu sem mun vissulega hafa mótandi áhrif á þróun mála í okkar heimshluta.

Einn þessara ræðumanna setti málið upp eitthvað á þessa leið: Hvernig má það vera úr því að við erum öll orðin svona sammála eftir hrun kommúnismans, við erum öll sammála um það að hann er fallinn og farinn og farið hefur fé betra og vonum að hann komi aldrei aftur? Við höfum öll verið að segja að við höfum sameiginleg pólitísk markmið. Við stefnum að því að byggja upp valddreift lýðræðisþjóðfélag. Við viljum byggja það á reynslu þeirra þjóða sem best hefur vegnað, þ.e. á markaðskerfi eða samkeppni, blönduðu hagkerfi. Við viljum viðurkenna réttarkerfi, fjölflokkakerfi o.s.frv. En hvernig stendur þá á því, úr því að við erum öll svona sammála um þetta, að í skipulagsformum samstarfsins þá erum við öll í hólfum og skotum? Hér er Evrópubandalagið, þarna eru EFTA-ríkin, hérna er þetta Evrópska efnahagssvæði, síðan erum við, við erum á öðru þróunarstigi, við erum ekki tæk í félagsskapinn, hvað þá heldur einhverjar þjóðir sem eru kannski enn skemmra á veg komnar svo maður nefni ekki Afríku eða eitthvað þess háttar.

Mér fannst fróðlegt að heyra þessar umræður og taka þátt í þeim vegna þess að mér fannst vera meira innihald í þessari umræðu um tímamótin og hvað í þeim fælist og hvernig menn eru raunverulega að upplifa þessar breytingar en í retoríkinni, skrúðmælginni og fíneríinu sem oft má heyra í ræðum leiðtoganna á hátíðlegum stundum.

Hvað kemur það þessari umræðu við? Jú, það kemur henni mikið við. Menn hafa sagt: Samrunaferillinn í Evrópu er bara blaður, er ekki Evrópa öll að leysast í sundur?

Með samrunaferlinum í Evrópu erum við að sjálfsögðu að tala um þær breytingar sem hafa átt sér stað innan Evrópubandalagsins og þær breytingar sem hafa átt sér stað með því að reyna að opna innri markaði Evrópubandalagsins fyrir öðrum þjóðum fyrir utan, þ.e. EES-samningurinn. Ég þarf ekkert að fara í grafgötur um það að vonir þessara leiðtoga, í Mið- og Austur-Evrópu og það á við um marga a.m.k. í fyrrum Sovétríkjunum líka, er að þessi markaður verði opnaður fyrir þeim. Veruleika hinnar pólitísku tvískiptingar í Evrópu má lýsa í fáum orðum — það er verndarstefna versus krafan um fríverslun. Og líti þá hver í eigin barm. Hverjir eru það sem eru málsvarar verndarstefnu og taka til varnar fyrir sérhagsmuni í þjóðfélagi okkar eða í þjóðfélögunum í kringum okkur? Hverjir eru það sem eru sjálfum sér samkvæmir þegar þeir reyna að boða opnun þessara þjóðfélaga, líka á mark-

aðssviðinu? Það er pólitík. Það er þetta sem ég á við þegar ég tala um hættuna á því að hin nýja skipting Evrópu verði í kringum múra velmegunarkerfanna, þ.e. að hér verði einhvers konar virki utan um forréttindi og sérhagsmuni en hinum snauðu, sem eru skildir eftir í rústum kommúnismans, verði haldið niðri eða haldið utan dyra í nafni þessarar verndarstefnu. Hvað þýðir fríverslun? Auðvitað mun það þýða breytingar, aðlögun, líka fyrir hin ríku þjóðfélög Vestur-Evrópu. En ef menn hafa trú á að fríverslun á heimsvísu sé sé öllum til góðs þegar til lengri tíma er litið, því aðeins að menn hafi trú á því, þá eru menn reiðubúnir til að opna þessi þjóðfélög. Það er ákaflega dapurlegt til þess að vita að stjórnmálaleiðtogar koma hver á fætur öðrum á alþjóðlegar ráðstefnur og fara þar með faðirvorið sitt um fríverslun en eru ekki fyrr komnir heim en þeir fara að dekra við sérhagsmunina. Það er með öðrum orðum hægara að boða heilræðin en að halda þau.

Virðulegi forseti. Kannski er ekki ástæða til að víkja að einstökum atriðum sem hefur borið á góma í umræðunni vegna þess einfaldlega að hv. alþm. eru flestir hverjir horfnir á braut, meira að segja flestir þeirra sem báru fram einhverjar fyrirspurnir. Ég ætla að staldra við örfá atriði.

Spurt var um hver væri afstaða íslenskra stjórnvalda til tillagna sem eru uppi um bann við tilraunum með kjarnavopn. Út af fyrir sig er svarið einfalt: Ísland hefur stutt tillögur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um það að ná fram samningum um slíkt bann.

Að þessu leyti er stefna íslensku ríkisstjórnarinnar nákvæmlega hin sama og fram hefur komið hjá hinum nýja forseta Bandaríkjanna. Hann sagði t.d. í ágætri ræðu í mars 1992: „Íhuga mætti algjört bann við tilraunum með kjarnavopn í tveimur áföngum. Þannig yrði fjöldi tilrauna takmarkaður samkvæmt samkomulagi ef reynslan af slíkri takmörkun yrði vænleg og ekkert óvænt gerðist yrði hægt að stefna að algjöru banni.“ — Þetta er vel og skynsamlega mælt. Hitt er svo annað mál að það er staðreynd að Bandaríkin eru forusturíki Atlantshafsbandalagsins og að Atlantshafsbandalagið byggir enn varnarstefnu sína að hluta til á því að viðhalda kjarnavopnum. Spurningin er einfaldlega þessi: Ætla menn að ná fram samningum um slíkt bann eða ætla menn að gera það einhliða? Hingað til hafa hvorki stjórnvöld í Bandaríkjunum né forsvarsmenn Atlantshafsbandalagsins treyst sér til að lýsa því yfir að það verði hægt að gera einhliða. Auðvitað tengist þetta viðleitni manna til þess að koma í veg fyrir útbreiðslu kjarnavopna. Ég nefndi í ræðu minni að tæpir tveir tugir ríkja væru við það að ráða yfir kjarnavopnum og stoða þá lítt einhliða yfirlýsingar til að halda aftur af þeim.

Að því er varðar afvopnun á höfunum þá vísaði ég til þess í ræðu minni að um það hefði ég fjallað mjög ítarlega í skýrslu minni til Alþingis seinast og ég fjallaði um það í ræðu minni áðan og þarf ekki miklu við það að bæta. Ég var spurður að því hvernig á því stæði að hinn gagnmerki vináttusamningur Bandaríkjanna og Rússlands væri ekki nefndur á nafn í skýrslunni. Vikið er að breyttum samskiptaháttum og nánari samstarfi Bandaríkjanna og Rússlands á nokkrum tugum staða í skýrslunni en ekki á þennan merkilega samning, vegna þess að hann er enginn samningur. Hann er yfirlýsing, pólitísk yfirlýsing, og byggir á því að það er samstarf milli þessara ríkja, fyrst og fremst um það að styðja þróun í átt frá alræðisstefnu til lýðræðis og samstarf á grundvelli samninga sem þegar hafa verið gerðir um afvopnun. Tvíhliða samningar og yfirlýsingar er út af fyrir sig ágætt. Þetta er yfirlýsing en hún mun duga skammt til að tryggja frið. Ætli við getum ekki nefnt nokkra tugi tvíhliða samninga, ekki bara yfirlýsinga, milli ríkja sem kveða á um það að öll vandamál skuli leyst með friðsamlegum hætti, um það að ríkin afsali sér rétti til valdbeitingar með vopnum? Og allir hafa verið rifnir í tætlur. Það hefur reynslan kennt okkur.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson furðaði sig mikið á því að það orðalag hefði verið notað að hlutverk varnarliðsins, sem er hér á grundvelli tvíhliða samnings við Bandaríkin, væri óbreytt og hvernig mætti slíkt vera? Er ekki óvinurinn fallinn í valinn? Hvernig getur það haft óbreytt hlutverk? Skýring á þessu er einföld. Við ræðum það kannski nánar ef við ræðum skýrslu nefndarinnar, sem ég skipaði til þess að meta stöðu okkar í öryggismálum. En kjarninn í svarinu er sá að hlutverk varnarliðsins samkvæmt samningnum er fyrst og fremst það að tryggja öryggi siglingaleiða yfir Atlantshaf með öruggum hætti en á því er Atlantshafssamstarfið byggt, það er líflína Atlantshafsbandalagsins. Enn er þörf á því, þrátt fyrir allt. Það er sameiginlegt mat forustuþjóða Atlantshafsbandalagsins að þær breytingar sem orðið hafa á heiminum séu ekki slíkar að svo stöddu að hægt sé að láta öryggi þessara siglingaleiða eins og vind um eyrun þjóta. Enn verði að tryggja vegna óvissu og áhættu sem tengd er breytingaskeiðinu, hvað sem síðar kann að verða.

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem fram kom í umræðunni, ég held hjá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, að þörf er á því fyrir okkur Íslendinga að taka upp ítarlegri umræður um GATT-samningana. Þeir eru vissulega þýðingarmestu samningar sem eru á smíðaborðinu í alþjóðamálum, snerta þjóðarhagsmuni okkar og hagsmuni allra þjóða og væri mjög þarft og gagnlegt ef skipulega væri reynt að efla skilning manna á því, ekki síst meðal þeirra sem hvað helst eru ánetjaðir hinni úreltu verndarstefnu, hvað þar er í húfi.

Þá vil ég loks nefna að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson beindi til mín spurningum um tillögur nefndar til lausnar fjárhagsvanda Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Reyndar er rétt að geta þess að hv. þm. Steingrímur Hermannsson beindi þeirri spurningu til mín fyrst í umræðunni en hann er sem kunnugt er fyrir löngu horfinn á braut og hefur engan áhuga á að bíða eftir þeim svörum. (Gripið fram í.) Það er nefnilega það. En um þetta er það að segja að utanríkis- og fjármálaráðherra fólu tveimur mönnum, þeim Hreini Loftssyni og Þresti Ólafssyni, það verkefni að skila tillögum um lausn á fjárhagsvanda Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Sá fjárhagsvandi er kunnur og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson nefndi tölur um það sem láta nærri og hann kynntist á sínum tíma sem fjmrh. og ég

á undan honum. Og við vitum öll hvernig vandinn er til kominn. Allt of lengi hefur verið látið reka á reiðanum um að leysa það. Undan því verður hins vegar ekki komist, þetta er partur af fortíðarvanda frá tímabilinu 1983–1987. Það er athyglisvert að út af fyrir sig væri þessi fjárhagsvandi enginn ef allar tekjur af þeirri starfsemi sem fram fer á Keflavíkurflugvelli og í flugstöðinni færi til að standa undir þessum fjárhagslegu skuldbindingum. Miðað við árið 1991 og á verðlagi þess árs voru tekjur af almennri flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli alls 1.224 millj. en þar af runnu aðeins um 790 til ríkissjóðs, aðallega í formi hagnaðar fríhafnar, í formi eldsneytisgjalds og farþegagjalds. Verulegur upphæð, eða 270 millj., fór til að standa undir starfsemi flugstöðvarinnar, tæplega 14% af þessum tekjum rann til Flugmálastjórnar, til annarra þarfa, m.a. vegna byggingar og reksturs á flugstöðvum úti á landi, það voru tæpar 170 millj. eða 13,5%. Það lætur nærri að það sé sú upphæð sem þarf í viðbót við tekjur flugstöðvarinnar til að standa undir afborgunum og vöxtum á ári hverju vegna þeirra lána sem á henni hvíla.

Til þess að svara spurningu hv. þm. er þess að geta að starfshópurinn gerði tillögur um lausn á þessum fjárhagsvanda á þessa leið: Aðgerð til tekjuaukningar, það var hækkun innritunargjalds, hækkun lendingargjalds og hækkun húsaleigu, alls 122 millj. kr. Aðgerðir til gjaldalækkunar, fasteignaskattur lagður af, breyting á innskatti virðisaukaskatts og heildaráhrif á afkomubata, 167 millj., eða nokkurn veginn nákvæmlega hin sama upphæð og rennur til óskyldrar starfsemi af tekjum flugstöðvarinnar.

Síðan segir: „Framangreindar tillögur miða að því að rekstrarstjórn flugstöðvarinnar verði efld með stofnun sérstaks félags er verði í eign ríkisins. Meginverkefni þess félags verður að standa straum af greiðslum vegna skuldbindinga flugstöðvarinnar. Ekki er ráðlegt að hagsmunaaðilar í flugstöðinni eigi aðild að því félagi eða sitji í stjórn þar sem eitt verkefni þess yrði að annast samskipti stjórnvalda við þá og annast um útboð rekstrar í stöðinni. Í þessu sambandi verður að gæta sérstöðu flugstöðvarinnar vegna samninga við Bandaríkjamenn og staðsetningar hennar á varnarsvæðinu."

Með öðrum orðum, hér eru tillögur um lausn á fjárhagsvandanum sem er auðvitað af hinu góða og felur þá í sér að það verði stofnað sérstakt rekstrarfélag sem verði í eigu ríkisins. Tillögur hafa út af fyrir sig verið samþykktar í ríkisstjórn en með fyrirvara um að samkomulag náist milli utanrrn. og samgrn. um svokölluð eldsneytisgjöld eða afnám þeirra.

Fullgilding samnings um fríverslun milli Íslands og Færeyja, síðari umr.

Stjtill., 354. mál. — Þskj. 633, nál. 970.

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég kynni nál. frá utanrmn. á þskj. 970 um till. til þál. um fullgildingu samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og landsstjórnar Færeyja hins vegar um fríverslun milli Íslands og Færeyja. Álitið er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund til viðræðna um hana Guðmund Sigþórsson frá landbúnaðarráðuneytinu, Arndísi Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneytinu og Gunnar Snorra Gunnarsson frá utanríkisráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar."

Undir þetta rita 6. apríl sl. Björn Bjarnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur Hermannsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Geir H. Haarde, Páll Pétursson, Árni R. Árnason og Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um verndun villtra plantna og dýra í Evrópu, fyrri umr.

Stjtill., 533. mál. — Þskj. 891.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Með þáltill. þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu samnings frá 1979 um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæði í Evrópu. Markmið samningsins er að vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra og lífsvæði þeirra. Sérstök áhersla er lögð á tegundir sem hætt eru komnar eða eru fágætar. Samningurinn hefur að geyma almenn ákvæði um náttúruvernd og sérstök ákvæði um friðun eða verndun þeirra tegunda sem skráðar eru í viðaukum I–III. Auk þess eru ákvæði um veiðiaðferðir sem tilgreindar eru í viðauka IV.

Gerist Ísland aðili að samningnum verður að gera nokkra fyrirvara við hann vegna íslenskra laga og íslenskra aðstæðna. Þessir fyrirvarar eru birtir í fskj. með till.

Viðauki I er skrá yfir 475 tegundir háplantna og 26 tegundir mosa sem eru friðaðir samkvæmt samningnum. Aðilar að samningnum skulu friða þessar tegundir og tryggja að vaxtarstaðir þeirra njóti sérstakrar verndar.

Aðeins þrjár þessara tegunda vaxa á Íslandi með vissu. Tvær þessara tegunda, davíðslykill (Primula egaliksensis) og dvergtungljurt (Botrychium simplex), eru mjög sjaldgæfar hér á landi og því friðaðar. Þriðja tegundin er gullbrá, en hún er algeng í mýrum, einkum inn til landsins. Hún er ekki friðuð hér á landi enda ekki talin ástæða til þess. Gera þarf fyrirvara við samninginn af Íslands hálfu um þessa tegund.

Viðauki II er skrá yfir þær tegundir dýra sem aðilar að samningnum skuldbinda sig til þess að friða nema gerðir séu sérstakir fyrirvarar um annað, sbr. 6., 10. og 22. gr. Friðun fuglategunda tekur einnig til eggjatöku. Aðilum samningsins ber jafnframt að

tryggja að lífsvæði þessara tegunda njóti verndar, einkum fengi- eða varpstaðir og viðkomu- eða hvíldarstaðir, sbr. 4. gr.

Í skránni eru 30 tegundir íslenskra varpfugla og reglulegra fargesta sem eru nú þegar friðaðar allt árið á Íslandi samkvæmt lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966. Takmörkuð eggjataka í kríuvarpi er þó heimil hér á landi og leyfilegt er að taka húsandaregg úr hreiðrum sé þeirri reglu fylgt að skilja minnst fjögur egg eftir í hverju hreiðri. Gera þarf fyrirvara við samninginn af hálfu Íslands um töku eggja frá kríu og húsönd hérlendis.

Í viðauka II eru taldar upp nítján tegundir hvala. Það er stefna íslenskra stjórnvalda að sjávarspendýr beri að nýta á sjálfbæran hátt, jafnt og aðrar lifandi auðlindir hafsins. Því er nauðsynlegt af Íslands hálfu að gera fyrirvara um allar hvalategundir sem finnast hér við land. Slíkir fyrirvarar verða samkvæmt ákvæðum 22. gr. samningsins aðeins gerðir í upphafi eða þegar nýjar dýrategundir eru teknar upp í viðauka. Því verður fyrirvarinn nú að ná til allra hvalategunda, einnig þeirra fjögurra tegunda sem nú eru friðaðar samkvæmt reglugerð nr. 163/1973, um hvalveiðar. Ástand einstakra stofna verður síðan að ráða því hvenær rétt þykir af Íslands hálfu að nýta hvern stofn.

Þá eru í þessum viðauka sex tegundir íslenskra spendýra sem ekki eru friðaðar á Íslandi og þarf að gera fyrirvara um þær. Auk þess eru í viðaukanum átta tegundir hvala sem ekki eru friðaðar samkvæmt íslenskum lögum, fimm tegundir íslenskra hvala og þrjár tegundir hvala sem flækjast stöku sinnum til landsins. Enn fremur verður að gera fyrirvara við samningin vegna friðunar á tófu og ísbirni sem eru einnig á skrá í viðauka II en þessi dýr eru ekki friðuð á Íslandi.

Í viðauka III eru skrár yfir dýratgundir sem eru verndaðar. Veiði þessara tegunda er heimiluð en henni skal stjórna þannig að þessum tegundum sé ekki stofnað í hættu. Samningsaðilar eru skuldbundnir til þess að vernda þær dýrategundir sem upp eru taldar í þessum viðauka og forða þeim frá útrýmingu með lagalegum og stjórnunarlegum ráðstöfunum.

Í viðauka II eru allar fuglategundir sem ekki eru nefndar í viðauka II, að 11 tegundum undanskildum. Aðeins tvær íslenskar tegundir, sem falla undir viðauka III, njóta ekki verndar samkvæmt íslenskum lögum, en það eru hrafn (Corvus corax) og kjói (Stercorarius parasiticus) sem veiða má allt árið samkvæmt lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966. Þessar tegundir ættu samkvæmt samningnum að hljóta vernd og þarf því að gera fyrirvara við hann vegna þeirra.

Af þeim 11 tegundum sem undanskildar eru í viðaukanum eru fjórar íslenskar. Ein þeirra, stari (Sturnus vulgaris), er friðuð samkvæmt lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, en hinar þrjár, silfurmávur (Larus argentatus), sílamávur (Larus fuscus) og svartbakur (Larus marinus), eru ekki friðaðar á Íslandi.

Í viðauka III eru einnig allar hvalategundir sem finnast við Ísland, aðrar en þær sem nefndar eru í viðauka II yfir friðuð dýr. Landselur og útselur eru einnig í skránni, auk nokkurra selategunda sem stundum flækjast til landsins. Það er ekkert sem mælir á móti því að Íslendingar skuldbindi sig til að vernda þessar tegundir, enda má nytja þær á heföbundinn hátt samkvæmt Bernarsamningnum.

Í viðauka IV eru ákvæði þar sem lagt er bann við tilteknum dráps- og veiðiaðferðum. Meðal annars er bannað að nota eitur og svefnlyf við veiðar. Einnig er bann lagt við því að elta uppi og veiða dýr á vélknúnum ökutækjum og bannað er að svæla út dýr með gasi eða reyk. Þá eru í viðaukanum ákvæði um gerð skotvopna sem notuð eru til veiða. Sumar þær veiðiaðferðir, sem taldar eru upp í viðauka IV, eru notaðar hér á landi við veiðar á dýrum sem valdið geta tjóni eins og t.d. þær aðferðir sem tíðkaðar hafa verið frá fornu fari við að svæla ref úr greni.

Í 9. gr. Bernarsamningsins er kveðið á um að veita megi undanþágur frá banni við notkun þessara veiðiaðferða finnist engin önnur viðunandi lausn og undanþágan stefni viðkomandi dýrastofni ekki í útrýmingarhættu. Það er því ástæðulaust að gera fyrirvara við einstök atriði í viðauka IV.

Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að leggja til að till. þessari verði að lokinni umræðunni vísað til síðari umræðu og hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samþykkt um votlendi, fyrri umr.

Stjtill., 534. mál. — Þskj. 892.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegur forseti. Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu á breytingum á samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf.

Markmið samþykktarinnar er að vernda votlendissvæði heimsins, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla. Hverju aðildarríki ber að tilnefna a.m.k. eitt votlendissvæði á skrá samþykktarinnar yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði. Tvö votlendissvæði hafa verið tilnefnd af hálfu Íslands: Mývatn-Laxá og Þjórsárver.

Helstu atriði breytingarinnar eru að stofnsett er ráðstefna samningsaðila sem skal koma saman til fundar reglulega til að meta og stuðla að framkvæmd samþykktarinnar. Jafnframt er tekið upp ákvæði um fjárframlög samningsaðila, sem ákveðin skulu samkvæmt framlagakvarða sem samþykktur er af aðilum samþykktarinnar.

Ég leyfi mér að leggja til að till. þessari verði að lokinni umræðunni vísað til síðari umræðu og hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðasamningur um viðbúnað gegn olíumengun, fyrri umr.

Stjtill., 535. mál. — Þskj. 893.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegur forseti. Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu alþjóðasamnings frá 1990 um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun og samstarf þar um.

Árið 1989 samþykkti aðalþing Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) ályktun þess efnis að haldin skyldi alþjóðleg ráðstefna um viðbúnað og viðbrögð við olíumengun á sjó. Ályktun þessi var samþykkt í ljósi undanfarinna olíumengunaróhappa sem mörg hver voru mjög alvarleg. Í kjölfar ályktunarinnar var umhverfisnefnd stofnunarinnar (MEPC) falið að gera drög að alþjóðasamningi. Drögin voru lögð fyrir ráðstefnu á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar árið 1990. Samningurinn sem hér um ræðir var samþykktur á ráðstefnunni og var hann undirritaður af hálfu flestra aðildarríkja Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

Markmið samningsins er að stuðla að alþjóðlegri samvinnu um viðbrögð við mengunaróhöppum er stafa af olíu. Með aðild að samningnum getur sérhvert ríki reitt sig á aðstoð frá öðrum aðildarríkjum þegar verulega mengunaróhöpp eiga sér stað á hafsvæði þess. Helstu skuldbindingar samningsins eru:

Þess er krafist að sérhver samningsaðili hafi á að skipa áætlunum og lágmarksútbúnaði, þar á meðal fjarskiptabúnaði, til að bregðast við olíumengunaróhöppum.

Í samningnum eru ákvæði um tilkynningarskyldu í aðildarríkjum um atvik sem hafa eða geta haft í för með sér losun olíu í hafið.

Enn fremur hefur samningurinn að geyma ákvæði um með hvaða hætti samningsaðilar skuli bregðast við mengunaróhöppum er stafa af olíu og hvenær eðlilegt sé að tilkynna slík óhöpp til annarra ríkja.

Í samningnum eru ákvæði um samstarf samningsaðila á sviði rannsókna og þróunar í því skyni að draga úr áhrifum olíumengunar og óhappa.

Unnið er að því að auka tækjabúnað og þjálfa mannafla til að mæta mengunaróhöppum í íslenskri lögsögu í samræmi við ákvæði samningsins, og verður því lokið á næstu árum. Samkvæmt 4. gr. samningsins er sérhver samningsaðili skuldbundinn til þess að tryggja að tilkynnt sé um mengunaróhöpp í lögsögu sinni. Ákvæði þetta er í samræmi við 20. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986. Í 4. gr. samningsins er enn fremur kveðið á um að samningsaðili skuli skylda stjórnendur skipa, sem sigla undir fána þess og eru utan lögsögu þess, að tilkynna um losun eða ummerki olíu til næsta strandríkis sem er aðili að samningnum. Endurskoða verður ofangreind lög um varnir gegn mengun sjávar hvað þetta varðar og miðað verður við að niðurstaða liggi fyrir áður en samningurinn tekur gildi.

Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að leggja til að till. þessari verði að lokinni umræðunni vísað til síðari umræðu og umhvmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, fyrri umr.

Stjtill., 536. mál. — Þskj. 894.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegur forseti. Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar er afrakstur þeirrar alþjóðlegu samvinnu sem átt hefur sér stað á undanförnum árum, um rannsóknir á gróðurhúsaáhrifum, mat á niðurstöðum og mótun leiða til úrbóta. Samningurinn var lagður fram til undirritunar á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Rio de Janeiro. Eiður Guðnason umhverfisráðherra undirritaði samninginn fyrir Íslands hönd 12. júní 1992.

Samningurinn fjallar um loftslagsbreytingar af manna völdum. Um er að ræða stefnumarkandi rammasamning sem kveður ekki á um ákveðnar aðgerðir, en gert er ráð fyrir að aðildarríki semji og samþykki bókanir við samninginn. Með aðild að honum gangast samningsaðilar, hver um sig og sameiginlega, undir þá skuldbindingu að stemma stigu við auknum gróðurhúsaáhrifum með því að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum og vega upp á móti útstreymi gróðurhúsalofttegunda með því að vernda og auka, þar sem við á, lífmassa, skóga og höf og önnur vistkerfi á landi, á ströndum og í hafi.

Samningurinn hefur þannig ekki að markmiði að stöðva loftslagsbreytingar af manna völdum, heldur að stuðla að aðgerðum sem miðast við að halda loftslagsbreytingum í því horfi sem vistkerfi jarðar getur lagað sig að.

Í 4. gr. samningsins er að finna þær skuldbindingar sem íslensk stjórnvöld taka á sig, gerist Ísland aðili að samningnum. Þær eru eftirfarandi:

Að gefa út og leggja fyrir þing aðila, innan sex mánaða frá gildistöku samningsins hvað Ísland varðar og reglulega eftir það, skrá yfir áætlað útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum fram til aldamóta, eftir uppsprettum og fjarlægingu þeirra eftir viðtökum.

Að semja, framkvæma og endurskoða reglulega áætlun um aðgerðir til að draga úr og vega upp á móti útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum. Hún skal ná til aldamóta og fela í sér stefnumið og ráðstafanir sem miða að því að Ísland, eitt sér eða í samvinnu við önnur ríki sem upp eru talin í viðauka I (OECD-ríki), takmarki útstreymi á koltvísýringi og öðrum gróðurhúsalofttegundum af manna völdum.

Miða skal við að útstreymið verði ekki meira um aldamót en það var árið 1990. Þess ber þó að geta að ofangreint markmið sem vísað er til í samningnum felur ekki í sér lagalega skuldbindingu.

Að vernda og auka viðtaka og geyma fyrir gróðurhúsalofttegundir, þar með talið lífmassi, skógar og höf og önnur vistkerfi á landi, á ströndum og í hafi.

Að taka tillit til sjónarmiða er varða loftslagsbreytingar í framkvæmdum og við stefnumótun og gera viðeigandi ráðstafanir til að meta og draga úr áhrifum þeirra á loftslagið.

Að stuðla að menntun, þjálfun og aukinni meðvitund almennings varðandi loftslagsbreytingar.

Að taka þátt í vísindalegri samvinnu og samvinnu um miðlun tækni, rannsóknir og vöktun, og miðlun ýmiss konar upplýsinga.

Að veita fé til aðstoðar þróunarlöndum við að framkvæma skuldbindingar þeirra samkvæmt samningnum.

Þess ber að geta að í samningnum er lögð rík áhersla á að samningsaðilar beiti kostnaðarhagkvæmum aðgerðum til að ná settum markmiðum, m.a. með sameiginlegum aðgerðum einstakra ríkja.

Í 14. gr. samningsins er fjallað um lausn deilumála og ýmsir valkostir taldir upp. Talið er rétt að Ísland samþykki gerðardómsmeðferð vegna deilna sem upp koma vegna túlkunar eða framkvæmd samningsins.

Í framhaldi af ofangreindri samþykkt umhverfisráðherra á annarri veðurfarsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna árið 1990, skipaði þáverandi umhverfisráðherra, Júlíus Sólnes, sérfræðinganefnd til að kanna útstreymi koltvísýrings hér á landi og semja framkvæmdaáætlun um hvernig ná megi settu markmiði árið 2000.

Fyrsta verk nefndarinnar var að kanna uppsprettu koltvísýrings og annarra gróðurhúsalofttegunda hér á landi og meta hve mikið af þessum efnum er losað út í andrúmsloftið árlega. Nefndin birti niðurstöður úr þessari könnun í skýrslu sem ber heitið Útstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi árið 1990 og gefin var út af umhverfisráðuneytinu í maí 1992.

Þannig hefur hluta þeirra skuldbindinga sem samningurinn felur í sér verið fullnægt. Næsta verkefni nefndarinnar verður að meta útstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi fram til aldamóta og gera áætlun um ráðstafanir og aðgerðir til að fullnægja markmiði samningsins. Ýmsir möguleikar eru fyrir hendi hér á landi til að draga úr gróðurhúsaáhrifum af manna völdum. Þær aðgerðir sem hér um ræðir mundu einnig stuðla að þjóðhagslegum hagnaði, lausn annarra verkefna á sviði umhverfismála og aukinni framkvæmd þeirra skuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist á sviði þróunaraðstoðar. Má þar nefna aukna notkun innlendra orkugjafa í stað innflutts jarðefnaeldsneytis í iðnaði og samgöngum, úrbætur í sorphirðu og sorpförgun, orkusparnað í samgöngum og við fiskveiðar, aukna skógrækt og landgræðslu, bætta náttúruvernd og samvinnu Íslands og annarra ríkja á sviði nýtingar jarðvarma og virkjunar fallvatna. Þegar er unnið að framgangi þessara verkefna.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt stefnumótun í umhverfismálum þar sem m.a. er lögð áhersla á ýmsar aðgerðir til að draga úr og vega upp á móti útstreymi gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Stefnumótunin kveður jafnframt á um að gerð verði framkvæmdaáætlun fyrir hvern atvinnuveg er stuðli að sjálfbærri þróun atvinnuvegarins, m.a. með tilliti til sjónarmiða er varða loftslagsbreytingar.

Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að leggja til að till. þessari verði að lokinni umræðunni vísað til síðari umr. og utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Evrópusamningur um fullnustu refsidóma, fyrri umr.

Stjtill., 537. mál. — Þskj. 895.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegur forseti. Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu samnings um alþjóðlegt gildi refsidóma sem gerður var í Haag 28. maí 1970 og samnings um flutning dæmdra manna sem gerður var í Strassborg 21. mars 1983.

Megintilgangur samninganna er að gera fullnustu viðurlagaákvörðunar mögulega í öðru ríki en þar sem ákvörðunin var tekin. Að baki samningunum búa mannúðarsjónarmið og refsigæslusjónarmið. Það eru annars vegar hagsmunir dómþola að fá að afplána refsingu í heimalandi sínu og jafnframt það sjónarmið að með þeim hætti sé auðveldara að vinna að félagslegri endurhæfingu hans og búa hann undir komu út í þjóðfélagið á ný. Hins vegar er það sjónarmið að samningarnir stuðli að því að unnt sé að láta mann, sem flúið hefur land eða sætt útivistardómi, taka út refsingu sem hann hefur hlotið í öðru ríki. Á þessu sviði sem og mörgum öðrum hefur þörf á alþjóðlegri samvinnu aukist undanfarin ár í kjölfar aukinna samskipta og ferðalaga milli ríkja sem m.a. leiða til þess að afbrot eru oftar en áður framin af mönnum sem ekki eru búsettir í því ríki sem afbrotið er framið í.

Efni samninganna er nátengt og má raunar segja að yngri samningurinn hafi verið gerður til fyllingar hinum eldri sem uppfyllti ekki að öllu leyti þær væntingar sem til hans voru gerðar. Ástæðan er einkum sú að hann hefur að geyma flóknar og nákvæmar reglur um málsmeðferð og af þeim ástæðum hefur aðild að honum ekki orðið eins víðtæk og vonast var til í upphafi.

Við gerð samningsins um flutning dæmdra manna var farin sú leið að hafa einfaldari reglur en í eldri samningnum til að tryggja einfaldari og skjótvirkari málsmeðferð. Ákvæði yngri samningsins eru flest rammaákvæði sem veita svigrúm til mats. Í honum eru ekki ákvæði sem fela í sér skyldu fyrir samningsríki til að verða við beiðni um flutning á fullnustu. Það er hins vegar meginreglan samkvæmt samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma en í honum eru einnig nákvæmar reglur um skilyrði fyrir flutningi á fullnustu og

á hvaða grundvelli sé unnt að synja beiðni. Samkvæmt honum getur eingöngu það ríki þar sem ákvörðun er tekin (dómsríkið) óskað eftir flutningi á fullnustu en samkvæmt hinum samningnum getur dómþoli og ríki sem hann er ríkisborgari í (fullnusturíkið) einnig sett fram beiðni um fullnustu í því ríki.

Til þess að geta framfylgt ákvæðum samninganna hér á landi hafa verið lögð fram á Alþingi frumvörp til laga um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma og um breyting á almennum hegningarlögum.

Það er meginregla samkvæmt samningunum að hvert ríki skuli bera þann kostnað sem á fellur vegna samninganna í því ríki, sbr. 14. gr. samningsins um alþjóðlegt gildi refsidóma og 5. mgr. 17. gr. samningsins um flutning dæmdra manna. Fullnusturíkið ber því allan kostnað vegna fullnustu og getur ekki endurkrafið dómsríkið um hann. Samningarnir fela því í sér kostnaðarskuldbindingar en ólíklegt er að kostnaður verði mikill í raun hér á landi þar sem málafjöldi verður ef að líkum lætur ekki mikill og einnig má hugsa sér að einhver kostnaður sparist vegna flutnings fullnustu úr landi.

Um ákvæði samninganna leyfi ég mér að vísa til athugasemda með tillögunni en um einstök ákvæði þeirra og framkvæmd hér á landi vísast enn fremur til athugasemda með frv. til laga um alþjóðlegrar samvinnu um fullnustu refsidóma og um breytingu á almennum hegningarlögum.

Ég leyfi mér að leggja til að tillögu þessari verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels, fyrri umr.

Stjtill., 566. mál. — Þskj. 933.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Ísraels. Samningurinn var undirritaður í Genf 17. sept. 1992. Ein af meginástæðum þess að EFTA-ríkin hófu fríverslunarviðræður við Ísrael var sú að ríkisstjórn Ísraels ákvað á árinu 1991 að hækka verulega innflutningstolla sína frá 1. jan. 1992. Útflytjendur í EFTA-ríkjum töldu að með þessum aðgerðum Ísraelsstjórnar mundu þeir tapa markaðshlutdeild í Ísrael, einkum til bandarískra aðila og aðila ríkja Evrópubandalagsins, þar sem þau ríki höfðu fríverslunarsamning við Ísrael. Bandaríkin gengu frá slíkum samningi 1985 og Evrópubandalagsríkin 1975. Samningurinn við Ísrael er að mestu byggður á fríverslunarsamningum milli einstakra EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins frá 1972–1973, þ.e. fríverslun með iðnaðarvörur og heimild til verðjöfnunar, í tilviki Íslands álagningu tolla og fjáröflunartolla eða verðjöfnunar á vörur unnar að hluta eða öllu leyti úr landbúnaðarhráefnum.

Í samningaviðræðunum var það afstaða Ísraels að hafa sem mesta samsvörun við fríverslunarsamninga þeirra við Bandaríkin og EB. Þetta olli ýmsum erfiðleikum. Ekki síst að fulltrúar Ísraels bentu á að fiskur og fiskafurðir féllu alveg fyrir utan þessa samninga og auk þess væri fiskur og fiskafurðir flokkaðar sem landbúnaðarvörur og hluti af landbúnaðarstefnu þeirra. Þó nokkur veiði væri í vötnum og væri þessi veiði oft hluti af starfsemi samyrkjubúa. Einnig væri veiði stunduð af þeirra hálfu í Miðjarðarhafi. Af hálfu EFTA-ríkjanna var bent á að það væri ófrávíkjanleg stefna í fríverslunarviðræðum þeirra að fríverslun skyldi ná til fisks og fiskafurða. Þetta deilumál var það síðasta sem leystist í samningaviðræðunum og varð til þess að samningaviðræðurnar tóku nokkrum mánuðum lengri tíma en stefnt hafði verið að. Niðurstaðan er mjög ásættanleg fyrir Ísland. Ísrael mun með fáeinum undanþágum koma á fullri fríverslun með fisk og fiskafurðir að loknum aðlögunartíma. Ísrael lækkaði tolla í 80% af grunntolli 1. jan. 1993 og fjórar frekari lækkanir, hver um sig 20% af grunntolli, koma til framkvæmda ár hvert þannig að tollurinn verður að fullu afnuminn 1. jan. 1997. Kvótar verða einnig smám saman hækkaðir og felldir úr gildi að loknum aðlögunartíma. Undanþágur frá fullri fríverslun með fisk og fiskafurðir varða fyrst og fremst nokkrar sjaldgæfar tegundir vatnafisks.

Landbúnaðarvörur sem slíkar falla utan fríverslunarsamningsins. Einstök EFTA-ríki gerðu þó samhliða samningnum um fríverslun tvíhliða samning um þær vörur við Ísrael. Í tvíhliða samningi Íslands og Ísraels er einungis um að ræða vörur sem ekki eru framleiddar hér á landi, einkum ávexti. Með þessum samningi og fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna við Mið- og Austur-Evrópuríki og Tyrkland ætti í framtíðinni að skapast meiri möguleikar við að auka markaðshlutdeild okkar í þessum ríkjum. Ísrael og hin EFTA-ríkin hafa þegar staðfest samninginn. Í athgasemdum við þáltill. er gerð ítarleg grein fyrir samningnum og viðskiptum Íslands við Ísrael undanfarin ár og vísast til þess.

Ég leyfi mér að leggja til að tillögu þessari verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umræðu og hv. utanrmn.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Þessi till. til þál. sem hér er lögð fram kemur til kasta utanrmn. eins og aðrar sem mælt hefur verið fyrir hér og þar sem ég á sæti þar mun ég auðvitað hafa tækifæri til að skoða þennan samning þar. Til þess hins vegar að öllu sé nú til haga haldið, þá vil ég að fram komi hér strax við 1. umr. ákveðnar efasemdir frá minni hendi um ágæti þessa samnings og þess að gera þennan samning. Þá vil ég sérstaklega benda á það að þarna er ekki um fríverslunarsamning við venjulegt ríki að ræða, heldur er þarna um fríverslunarsamning að ræða við ríki sem hefur staðið í og stendur enn í hernaðarátökum, hefur hertekið svæði

sem Palestínumenn búa á og innlimað þau í ríki sitt. Það skiptir auðvitað verulegu máli í þessu sambandi, bæði mannréttindaþáttur þessa máls og eins að skoða hvernig viðskiptum við þessi svæði er háttað og hvernig þau tengjast inn í þennan samning. Og ég vil minna á það að hér var staddur ekki alls fyrir löngu fulltrúi frá Palestínumönnum sem kom hingað gagngert til þess að ræða einmitt slík mál, m.a. við Verslunarráð Íslands og lagði áherslu á það að viðskipti yrðu aukin við Palestínumenn, en það hafa ýmsir bent á það, og vil ég m.a. vitna þar í umræður sem áttu sér stað í þingmannanefnd EFTA, að Ísraelsmenn geri þessi viðskipti með ýmsum hætti erfið og það hafði verið þar ákveðinn þrándur í götu. Og þess vegna hljótum við í utanrmn. að skoða m.a. þennan þátt málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands, fyrri umr.

Stjtill., 567. mál. — Þskj. 934.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, og lýðveldisins Póllands sem undirritaður var í Genf 10. des. 1992.

Samningurinn er að mestu byggður á fríverslunarsamningum milli einstakra EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins frá 1972–1973, þ.e. fríverslun með iðnaðarvörur og heimild til verðjöfnunar, í tilviki Íslands álagningu tolla og fjáröflunar eða verðjöfnunar á vörur unnar að hluta eða öllu leyti úr landbúnaðarhráefnum. Jafnframt felur svo samningurinn við Pólland í sér að smám saman verði komið á fullri fríverslun með fisk og fiskafurðir milli EFTA-ríkjanna og Póllands og ákveðnum aðlögunartíma, sbr. II. viðauka samningsins.

Pólland mun fella niður innflutningstolla á öllum fiski og fiskafurðum um 10% við gildistöku samningsins. Afgangurinn fellur svo niður á sama aðlögunartíma og gildir fyrir innflutning iðnaðarvara, þ.e. í fimm jöfnun áföngum frá 1. jan. 1995 þannig að full fríverslun verði komin á 31. des. 2001.

Á undanförnum árum hafa helstu útflutningsvörur Íslands til Póllands verið síld og fiskimjöl. Núverandi tollar á þessum vörum eru 15% á síld og 10% á fiskimjöli. Við gildistöku samningsins mun tollur á síld verða 5% og á mjöli 0%. Mjög erfitt ef ekki útilokað væri í framtíðinni að keppa við aðrar þjóðir t.d. Norðmenn um útflutning á þessum vörum ef Ísland gerði ekki þennan fríverslunarsamning. Landbúnaðarvörur eru ekki hluti fríverslunarsamningsins. Einstök EFTA-ríki gerðu þó samhliða samningnum um fríverslun tvíhliða samning um ákveðnar landbúnaðarvörur við Pólland. Í tvíhliða samningi Íslands og Póllands er hins vegar um að ræða vörur sem ekki eru framleiddar hér á landi, einkum ávexti. Svíþjóð hefur staðfest samninginn og austurríska þingið hefur samþykkt hann. Samningurinn er til umfjöllunar í finnska, norska og svissnesku þingunum og búist er við því að Póllandi leggi hann fyrir þingið fljótlega. Í athugasemdum við þáltill. er gerð ítarleg grein fyrir samningum og viðskiptum Íslands við Pólland undanfarin ár og vísast til þess.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 10. og 19. mál.

Fundi slitið kl. 7.47 síðdegis.

159. FUNDUR

mánudaginn 19. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fullgilding samnings um fríverslun milli Íslands og Færeyja, stjtill., 354. mál, þskj. 633, nál. 970. — Frh. síðari umr. (Atvkgr.)
2. Samningur um verndun villtra plantna og dýra í Evrópu, stjtill., 533. mál, þskj. 891. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Samþykki um votlendi, stjtill., 534. mál, þskj. 892. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Alþjóðasamningur um viðbúnað gegn olíumengun, stjtill., 535. mál, þskj. 893. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, stjtill., 536. mál, þskj. 894. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Evrópusamningur um fullnustu refsidóma, 537. mál, þskj. 895. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels, stjtill., 566. mál, þskj. 933. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands, stjtill., 567. mál, þskj. 934. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Lyfjalög, stjfrv., 547. mál, þskj. 907. — 1. umr.
10. Almannatryggingar, stjfrv., 489. mál, þskj. 838. — 1. umr.
11. Félagsleg aðstoð, stjfrv., 488. mál, þskj. 837. — 1. umr.
12. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 546. mál, þskj. 906. — 1. umr.
13. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 554. mál, þskj. 919. — 1. umr.
14. Heilbrigðisþjónusta, frv., 422. mál, þskj. 718. — 1. umr.
15. Eiturefni og hættuleg efni, frv., 456. mál, þskj. 792. — 1. umr.
16. Almannatryggingar, frv., 490. mál, þskj. 839. — 1. umr.
17. Réttarstaða barna með krabbamein, þáltill., 505. mál, þskj. 857. — Fyrri umr.
18. Rannsóknarnefnd til að rannsaka ráðningu framkvæmdastjóra ríkissjónvarpsins, þáltill., 572. mál, þskj. 953. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.

Aðalmaður tekur sæti í ný:

Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.

Útbýting þingskjala:

Atvinnuþátttaka kvenna á landsbyggðinni, 462. mál, svar félmrh., þskj. 973.

Einkavæðing og tekjumarkmið fjárlaga, 478. mál, svar forsrh., þskj. 975.

Framhaldsnám í listgreinum, 459. mál, svar menntmrh., þskj. 976.

Lánasjóður ísl. námsmanna, 460. mál, svar menntmrh., þskj. 977.

Leiðsögumannsstörf, 579. mál, fsp. PBj, þskj. 985.

Lögreglumenn og bifreiðaeign lögreglu, 528. mál, svar dómsmrh., þskj. 968.

Skipting heildarútlána Stofnlánadeildar landbúnaðarins, 322. mál, svar landbrh., þskj 982.

Snjómokstur og upplýsingar um færð, 514. mál, svar samgrh., þskj. 984.

Störf í opinberri þjónustu á landsbyggðinni, 509. mál, svar forsrh., þskj. 974.

Erindi lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Eistlandi.

Fullgilding samnings um fríverslun milli Íslands og Færeyja, frh. síðari umr.

Stjtill., 354. mál. — Þskj. 633, nál. 970.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

10 þm. (EKG, FrS, GHall, GHelg, HBl, JónS, MF, ÓRG, StG, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

10 þm. (EKG, FrS, GHall, GHelg, HBl, MF, ÓRG, PJ, StG, SJS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 989).

Samningur um verndun villtra plantna og dýra í Evrópu, frh. fyrri umr.

Stjtill., 533. mál. — Þskj. 891.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.
11 þm. (EKG, FrS, GHall, GHelg, HBl, JÁ, MF, ÓRG, SighB, StG, SJS) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samþykkt um votlendi, frh. fyrri umr.

Stjtill., 534. mál. — Þskj. 892.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.
9 þm. (EKG, FrS, GHall, GHelg, HBl, MF, ÓRG, StG, SJS) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Alþjóðasamningur um viðbúnað gegn olíumengun, frh. fyrri umr.

Stjtill., 535. mál. — Þskj. 893.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.
12 þm. (EgJ, EKG, FrS, GHall, GHelg, HBl, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, StG, SJS) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, frh. fyrri umr.

Stjtill., 536. mál. — Þskj. 894.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.
9 þm. (EKG, FrS, GHall, GHelg, HBl, MF, ÓRG, StG, SJS) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Evrópusamningur um fullnustu refsidóma, frh. fyrri umr.

Stjtill., 537. mál. — Þskj. 895.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.
9 þm. (EKG, FrS, GHall, GHelg, HBl, MF, ÓRG, StG, SJS) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels, frh. fyrri umr.

Stjtill., 566. mál. — Þskj. 933.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

9 þm. (EKG, FrS, GHall, GHelg, HBl, MF, ÓRG, StG, SJS) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands, frh. fyrri umr.

Stjtill., 567. mál. — Þskj. 934.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

9 þm. (EKG, FrS, GHall, GHelg, HBl, MF, ÓRG, StG, SJS) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Um þingsköp.

Breyting á dagskrá.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Þegar ég kom hér út til þingfundar, þá sá ég að dagskráin sem liggur fyrir er ekki með öllu sú sama og ég skoðaði á skrifstofu minni í morgun, þ.e. hér hafa mál verið færð til og lyfjalögin eru nú 9. mál á dagskrá og komin fram fyrir almannatryggingar, félagslega aðstoð og hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sem var ef ég man rétt á undan á dagskránni í morgun. Ég vil kvarta undan þessu vegna þess að við þingmenn höfum í ærnu að snúast og þurfum að reyna að skipuleggja tíma okkar og vinnubrögð og það segir sig eiginlega sjálft að maður hlýtur að skoða dagskrána með tilliti til þess hvaða mál maður eigi að undirbúa sig fyrir að morgni dags til umræðu seinni partinn. Ég vil koma á framfæri athugasemdum við að svona skuli staðið að málum og þetta gerir manni mjög erfitt um vik.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þessi umkvörtunaratriði hv. 10. þm. Reykv. Á laugardag lá fyrir dagskrá hér í anddyri þingsins þar sem gert var ráð fyrir því að tvö mjög veigamikil mál, almannatryggingar og félagsleg aðstoð, yrðu fyrst tekin til umræðu. Undir normal kringumstæðum hér í þinginu hefði þessi dagur a.m.k. allur farið í umræðu um þessi tvö mál. Nú er hins vegar búið að breyta dagskránni og lyfjalögin hafa verið sett fram fyrir og eins og forseti hefur tilkynnt, þá á að taka þau hér til umræðu nú.

Staða þessara mála er þannig í nefnd þingsins að með góðu samkomulagi allra aðila hafa þessi mál þrátt fyrir að ekki sé búið að mæla fyrir þeim hér í þinginu verið tekin til umfjöllunar, menn hafa fallist á þetta. 1. umr. í nefnd þingsins um almannatryggingar og félagslega aðstoð er lokið. Sáralítil umræða á einum stuttum fundi hefur farið fram um lyfjalögin og þeirri yfirferð er ekki lokið þannig að það væri auðvitað eðlilegt undir öllum kringumstæðum að taka hér fyrst til umræðu eins og dagskráin gerði ráð fyrir í upphafi almannatryggingalögin og síðan lögin eða frv. um félagslega aðstoð og láta síðan frv. um lyfjalögin mæta afgangi í þessari umræðu. Ég segi það fyrir mig, hæstv. forseti, að ég hafði undirbúið mig þannig fyrir þessa umræðu að hér yrðu almannatryggingalögin og lögin um félagslega aðstoð til umfjöllunar en ekki lyfjalögin þannig að ég segi fyrir mig, ég er ekki tilbúinn til umræðu um frv. um lyfjalögin eins og þau liggja fyrir núna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill benda á að öll þessi mál, sem hér hafa verið nefnd, eru á dagskrá fundarins og því er gert ráð fyrir að þau komi á dagskrá og til umræðu. Þá vill forseti líka minna á að hún getur breytt röð mála á dagskrá ef því er að skipta. Að þessu sinni hefur verið breytt röð mála og nýrri dagskrá dreift að ósk hæstv. ráðherra sem á mál á dagskránni og gerir forseti engar athugasemdir við það.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð þeirra hv. þingmanna, sem hér hafa gert athugasemd við dagskrána og ég vildi fyrir hönd míns þingflokks fara fram á það við hæstv. heilbrrh. hvort hann gæti ekki fallist á það að dagskrármálið bíði til morguns. Það eru fleiri rök sem ég er þá með í huga heldur en þau sem hér voru nefnd, þar á meðal forföll í mínum þingflokki. Það eru tveir þingmenn sem ætluðu að taka til máls í dag um þetta mál en geta það ekki vegna fjarveru, annar vegna veikinda og hinn vegna þess að hann er ekki kominn til þings þannig að það væri þægilegra ef hæstv. heilbrrh. gæti á það fallist að umræðan biði til morguns.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er að sjálfsögðu forseti sem ákveður dagskrá og forseti ræður því hvaða mál eru tekin á dagskrá og hún auglýsir dagskrá fyrir fund, en menn verða að vera viðbúnir því að alveg þar til fundur hefst getur forseti ákveðið breytingu á dagskrá. Öll þau mál sem voru sett upphaflega á dagskrá þessa fundar eru á dagskrá og þingmenn hafa enga afsökun fyrir því að frábiðja sér það að ræða eitthvert tiltekið mál sem á dagskránni er vegna þess að þeir séu ekki undirbúnir út í það. Það er alveg út í hött. Ég kom að sjálfsögðu hingað undirbúinn til að mæla fyrir öllum þeim málum sem eru á dagskránni og varða mig og ég

reikna með því að þingmenn hafi gert það sama þannig að mér er alveg sama ef forseti tekur þá ákvörðun að breyta út frá hinni auglýstu dagskrá. Það er mér alveg að meinalausu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta hafði borist ósk um það frá þingflokki Alþb. að umræðunni um þetta mál, sem hér hefur verið boðað að eigi að taka til umræðu, lyki ekki án þess að hv. þm. Alþb., sem eru fjarverandi og forseta er kunnugt um a.m.k. í öðru tilvikinu eru fullkomlega eðlilegar ástæður, fái tækifæri til að taka til máls við þessa umræðu. Þessi mál verða þá væntanlega á dagskrá á morgun einnig. Forseti væntir þess að hv. þm. geti þá sætt sig við að þessi umræða hefjist nú og síðan verði henni þá frestað ef komið er að því að henni getur lokið.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur komið fram að dagskránni hefur verið breytt frá því í morgun og það hafa ýmsir gert við það athugasemdir. Hæstv. forseti sagði að það væri vegna þess að hæstv. heilbrrh. hefði gert beiðni þar að lútandi. Nú hefur hæstv. heilbrrh. sagt að hann væri jafn vel undirbúinn undir öll þessi mál og þá spyr ég hæstv. forseta: Er þá ekki rétt að fara eftir þeirri dagskrá sem skráð var í morgun? Er nokkur ástæða til að taka þessa dagskrá fram fyrir hana?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill nú benda á að málum á þessari dagskrá hefur ekki verið breytt. Það hefur aðeins verið fært til eitt mál ofar á dagskrána. Það var fært upp fyrir önnur mál sem voru fyrir ofan. En úr því að þessi eindregna ósk hefur borist hér þá er það forseta a.m.k. að meinalausu að taka hér fyrst fyrir 10. dagskrármálið.

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 489. mál (heildarlög). — Þskj. 838.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Áður en ég hef mál mitt vildi ég gjarnan árétta það að ég lít svo á að það hafi þá verið ákvörðun forseta að fenginni athugasemd m.a. frá einum þingflokkanna að frv. til lyfjalaga yrði þá á dagskrá á morgun. Og að hv. þm. séu þá undirbúnir undir að taka þátt í þeirri umræðu á morgun þannig að frekari tafir verði ekki á því máli. Að sjálfsögðu ef miðar vel öðrum málum á dagskránni á þessum fundi sem mér skilst að standi til kl. 4 þá verða þingmenn að vera tilbúnir að taka fyrir öll þau mál sem á dagskránni eru.

Gildandi lög um almannatryggingar nr. 67/1971 gengu í gildi þann 1. jan. 1972. Lögunum hefur á liðnum tveimur áratugum verið breytt rúmlega 60 sinnum. Þrátt fyrir að ýmsar þessar breytingar hafi verið allumfangsmiklar hafa lögin aldrei verið endurútgefin á öllu þessu tímabili. Í byrjun ársins 1992 var ákveðið í heilbr.- og trmrn. að nauðsynlegt væri að undirbúa endurútgáfu laganna um almannatryggingar. Fljótlega kom hins vegar í ljós að við sífendurteknar breytingar höfðu eyður myndast í lögin og jafnvel höfðu númer einstakra lagagreina raskast. Niðurstaðan varð því sú að nauðsynlegt væri að fella lögin saman og leggja þau þannig fyrir Alþingi ásamt breytingum sem gera þyrfti á þeim vegna aðildar Íslands að Evrópsku efnahagssvæði.

Frv. það sem hér liggur frammi á þskj. 838 er því annars vegar samfelling laganna og hins vegar nauðsynlegar breytingar sem gera þarf á lögum um almannatryggingar vegna samningsins um EES. Öðrum breytingum á gildandi lögum hefur verið haldið í lágmarki. Þó hafa ýmis ákvæði laganna sem í raun voru orðin úrelt vegna eldri breytinga verið felld niður. Þá hefur orðalag nokkurra ákvæða verið aðlagað breyttri framkvæmd. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar vegna annarra lagabreytinga. Loks hafa verið gerðar breytingar í framhaldi af ábendingum tveggja starfshópa. Annars vegar hefur verið breytt orðalagi ákvæðis til bráðabirgða varðandi öryrkjavinnu í samræmi við ábendingar starfshóps um öryrkjavinnu. Hins vegar hafa nokkrar breytingar verið gerðar á ákvæðum um svokallaða sjúklingatryggingu almannatrygginga að fengnum tillögum vinnuhóps er skoðaði reynsluna af framkvæmd þessara ákvæða.

Í athugasemdum við einstakar greinar frv. er gerð grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið á viðkomandi ákvæðum.

Ég tel rétt að víkja hér stuttlega að meginreglum Evrópubandalagsins á sviði almannatrygginga sem jafnframt verða meginreglur hins Evrópska efnahagssvæðis á þessu sviði. Reglurnar stefna ekki að því að koma á sameiginlegu almannatryggingakerfi í aðildarríkjunum. Þeim er á hinn bóginn ætlað að tryggja samspil almannatryggingalöggjafar aðildarríkjanna. Meginreglurnar koma ekki í veg fyrir að reglur aðildarríkjanna á sviði almannatrygginga séu ólíkar bæði að formi og efni þannig að réttindi launþega og sjálfstæðra atvinnurekenda geta verið mismunandi eftir því hvar þeir starfa.

Meginreglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar hvíla á fjórum meginstoðum:

Í fyrsta lagi á jafnræðisreglunni en hún tryggir að launþegar og einstaklingar sem starfa sjálfstætt skuli að því er varðar aðgang þeirra að almannatryggingabótum og greiðslu þeirra standa jafnfætis ríkisborgurum viðkomandi Evrópubandalagsríkis.

Í öðru lagi er samlagningarreglan sem tryggir að launamenn og einstaklingar sem starfa sjálfstætt missa í engu áunnin réttindi eða réttindi sem þeir eru um það bil að ávinna sér þó svo að þeir flytjist til eða hefji störf í öðru aðildarríki.

Í þriðja lagi útflutningsreglan en hún tryggir að bótaþegi fær áunnin réttindi án tillits til þess hvort hann býr í landinu þar sem réttindin eru áunnin eða ekki.

Í fjórða lagi hlutfallsreglan en hún tryggir bótaþega

hlutfallsgreiðslu ef hann vegna breytinga á vinnustað hefur ekki náð því að vinna sér inn nægileg réttindi til að tryggja fullar bætur.

Með samningi um Evrópska efnahagssvæðið hafa EFTA-löndin ákveðið að hlíta reglum EB á sviði almannatrygginga og þetta frv. er flutt til að staðfesta það. Samanburður á íslenskri löggjöf á sviði almannatrygginga og reglum Evrópubandalagsins á þessu sviði hefur leitt í ljós að íslensku lögin eru í nokkrum atriðum ósamrýmanleg. Þær breytingar sem þarf að gera á íslenskum almannatryggingalögum lúta að því að tryggja að meginreglurnar fjórar séu virtar, þær fjórar reglur sem ég gerði grein fyrir hér áðan.

Íslensk almannatryggingalög gera hvergi kröfu um íslenskt ríkisfang þannig að það kallar ekki á breytingu. Hins vegar þarf að taka öll tvímæli af um að það sé ekki háð heimild tryggingaráðs að aðrar bætur almannatrygginga en grunnlífeyrir séu greiddar úr landi. Þá þarf að bæta inn í lög um almannatryggingar ákvæði um að almannatryggingabætur annars staðar frá dragist frá almannatryggingabótum hér á landi. Ákvæði af þessu tagi eiga að tryggja að bótaþegi fái aldrei bætur oftar en einu sinni fyrir sama tryggingatímabilið. Ákvæðið er mikilvægt vegna þess að tryggingakerfi EES-ríkjanna byggjast ýmist á búsetu eða vinnu og því er ekki óhugsandi að einstaklingur geti áunnið sér tvöfaldan rétt.

Ein helsta breytingin á almannatryggingalögum hér á landi vegna reglna Evrópubandalagsins á sviði almannatrygginga er sú að tryggja þarf að í ákvæðum laga um almannatryggingar séu engin ákvæði um bætur sem í raun eru bætur af félagslegum toga. Eins og fyrr hefur verið rakið verður að flytja bætur almannatrygginga milli landa í samræmi við þann rétt sem hlutaðeigandi hefur áunnið sér í landinu. Þar sem kerfi félagslegrar aðstoðar hér á landi er skammt á veg komið hefur verið gripið til þess ráðs í gegnum tíðina að setja inn í almannatryggingalög ýmis ákvæði um aðstoð sem ber frekar keim félagslegrar aðstoðar heldur en almannatrygginga. Í frv. því sem hér liggur fyrir hafa öll slík ákvæði verið felld út og sett í frv. til laga um félagslega aðstoð sem lagt er fram samhliða þessu frv. og ég mun mæla fyrir hér á eftir. Með þessu móti er tryggt að við munum ekki þurfa að flytja þessar bætur milli landa því bætur félagslegrar aðstoðar er ekki skylda að flytja milli landa líkt og bætur almannatrygginga.

Virðulegi forseti. Ég hef nú rakið helstu ástæður þess að hér er lagt fram nýtt frv. til laga um almannatryggingar. Frv. telst til svokallaðra EES-frumvarpa. Það er ákjósanlegt ef hægt væri að afgreiða frv. á þessu þingi. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar heilbr.- og trn. Alþingis.

Virðulegi forseti. Í lokin vil ég ítreka það sem hér hefur komið fram í máli mínu. Efnisatriði þeirra breytinga sem hér er um að ræða eru þríþætt. Í fyrsta lagi er verið að fella saman í einn lagabálk allar þær breytingar sem í áranna rás hafa verið gerðar á lögum um almannatryggingar. Það er nauðsynlegt að fella það saman vegna þess að þær miklu breytingar sem gerðar hafa verið hafa orðið til þess að m.a. greinar sem vitnað er í í reglugerðum og víðar hafa raskast eða öllu heldur númer þeirra. Þetta er atriði nr. eitt. Atriði nr. tvö er að vegna þess að við höfum gerst aðilar að Evrópsku efnahagssvæði og tökum þar við ákveðnum réttindum og einnig ákveðnum skyldum þarf að skilja á milli þeirrar aðstoðar almannatrygginga sem annars vegar er tryggingabótalegs eðlis og hins þáttarins sem er félagslegs eðlis þannig að í lögunum um almannatryggingar verði sambærileg ákvæði hér á Íslandi og í nágrannalöndunum þar sem bætur félagslegs eðlis eru ekki í lögum um almannatryggingar. Og í þriðja lagi, og það er þriðja efnisatriði þessa frv., er svo eins og ég áður sagði gerðar breytingar í framhaldi af ábendingum tveggja starfshópa annars vegar varðandi öryrkjavinnu og hins vegar varðandi svokallaða sjúklingatryggingu almannatrygginga og er hvort tveggja gert til að auka réttindi þeirra sem þessarar aðstoðar njóta.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það sem rekur mig hér upp til andsvara við hæstv. heilbr. og trmrh. er upphaf ræðu hans áðan þar sem eina ferðina enn er ekki um annað að ræða hjá honum en ofanígjöf við okkur þingmenn. Ýmist eru mál eða málflutningur okkar á misskilningi byggt eða við erum undirbúningslaus. Ég hef aldrei kynnst nokkrum ráðherra ég vil næstum segja manni sem sýnir eins mikla lítilsvirðingu þeim sem hann á þó að starfa með sem eru t.d. nefndarmenn í heilbr.- og trn. Og ég vil benda hæstv. ráðherra á það sem hann jú veit ofurvel sjálfur, að við gerðum við hann einhvers konar „gentlemen's agreement" þó maður eigi auðvitað ekki að gera það nema við gentle-menn um það að senda út til umsagnar frv. um almannatryggingar og félagslega aðstoð. Við samþykktum líka að senda út til umsagnar frv. um heilbrigðisþjónustu þó það sé ekki búið að mæla fyrir þessu og þó þetta sé ekki komið til nefndar. Við þingmenn vorum að liðka þar sérstaklega til svo fáum við ekkert nema skít og skömm frá ráðherranum. Ég verð að segja að mér finnst vanta alla tillitssemi hjá þessum ráðherra, ekki bara við sjúklingana í landinu, við höfum oft rætt það, heldur líka við þingmenn.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst afskaplega leiðinlegt hvað hv. þm. er hörundssár en ef mér hefur verið eitthvað fjarri skapi þá var það að móðga þennan hv. þm. Og mér finnst afskaplega leiðinlegt að hún skuli hafa særst eins og fram kom í máli hennar hér áðan og biðst ég bara velvirðingar á því. Það eina sem ég leyfði mér að benda hv. þm. á er það að sjálfsögðu að þeir verða eins og ráðherrar að vera undirbúnir til að taka þátt í umræðu um þau mál sem forseti, samkvæmt forsetavaldi, setur á dagskrá hverju sinni. Sú skylda nær bæði til þingmanna og ráðherra. Ég tók það fram að ég væri að sjálfsögðu undirbúinn undir slíkt og vonaðist til þess að hv. þm. væru það líka þannig að það mál sem

var til umræðu, frv. um lyfjalög, gæti komið til umræðu á morgun. Ég sé nú ekki, virðulegi forseti, að þessi ummæli séu til þess að særa annað en mjög auðsæranlegt fólk. Og ég biðst afsökunar á því.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Til að leiðrétta allan misskilning þá skal ég taka það skýrt fram að hæstv. ráðherra særði mig ekki með þessum ummælum. Það þurfa nefnilega einhverjar tilfinningar að vera á milli fólks til að særindi geti átt sér stað. Ég varð einfaldlega reið hæstv. ráðherra yfir þessum ummælum vegna þess að mér finnst við hafa teygt okkur mjög langt og allt of langt í rauninni í heilbr.- og trn. til að koma til móts við ráðherrann. Og það skiptir auðvitað máli hvort hér er rætt út um lyfjalögin í dag eða á morgun eða síðar m.a. vegna þess að það mál verður ekki sent eða a.m.k. ekki með mínum vilja til umsagnar frá nefndinni fyrr en það er komið þangað.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég bið enn forláts. Ég verð að viðurkenna að mér heyrðist það á rödd hv. þm. hér áðan að hv. þm. væri særður en að eigin áliti var hann það ekki heldur var hv. þm. reiður. Ég bið bara forláts á að hafa misskilið tóninn í rödd hv. þm. og vona að ég geri það ekki aftur.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu um almannatryggingar lætur í sjálfu sér lítið yfir sér og ekki síst eftir að maður hefur hlustað á ræðu hæstv. heilbr.- og trmrh. þá er það svo að þetta sé bara svona formsatriði kannski að ganga frá málinu. Þegar hins vegar þessi tvö mál eru skoðuð í samhengi, þ.e. þetta frv. um almannatryggingarnar og frv. um félagslega aðstoð, þá er hér um mjög viðamikið mál að ræða. Menn hafa sagt það hér í þessari umræðu og ekki kannski síður í þeirri umræðu sem fram hefur farið í hv. heilbr.- og trn. að hér sé ekki um neinar grundvallarbreytingar að ræða á almannatryggingalöggjöfinni, hér sé fyrst og fremst um það að ræða að færa til þess horfs sem samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði gerir ráð fyrir og greina þá á milli tryggingamálanna og þess þáttar í almannatryggingalögunum sem eru til staðar í dag er snúa að félagslegri þjónustu. Þessi breyting ein og sér hefur í för með sér grundvallarbreytingar. Og þær grundvallarbreytingar kristallast mjög í seinna frv., þ.e. félagslegu þjónustunni þar sem ýmis réttindi sem eru skyldubundin samkvæmt almannatryggingalögunum eru færð yfir í frv. um félagsþjónustuna og einvörðungu gert ráð fyrir þar opnum heimildum ráðherra til að taka hinar og þessar ákvarðanir, þ.e. ráðherrann eða þá tryggingaráð. Þetta felur auðvitað í sér grundvallarbreytingu á því fyrirkomulagi sem verið hefur.

Það er búið að gera margar breytingar á almannatryggingalögunum frá því árið 1971 er þau voru upphaflega sett eða þau lög sem að stofni til eru í gildi. Það er orðin full þörf á breytingum á almannatryggingalöggjöfinni. Það hefur átt sér stað mikið starf á undanförnum árum, allt frá árinu 1978 að ég hygg þar sem menn hafa verið að leita leiða til að taka almannatryggingalöggjöfina til endurskoðunar. Það eru margar nefndir sem skipaðar hafa verið í þau mál. Þær hafa komist misjafnlega langt í þeim efnum. En ég er sannfærður um að það er orðin full þörf á að gera á almannatryggingalöggjöfinni breytingar meira en bara einhvers konar lagahreinsun. Þessar nefndir eins og ég segi hafa komist misjafnlega langt með sitt verk. Yfirleitt hefur það nú farið svo að þegar viðkomandi ráðherra sem skipað hefur viðkomandi nefnd hefur látið af störfum þá hefur nefndarstarfið verið skammt á veg komið og þar af leiðandi ekkert orðið úr. Fyrrv. heilbrrh., Guðmundur Bjarnason, skipaði á sínum tíma nefnd til þess eins og fleiri ráðherrar hafa gert til að endurskoða almannatryggingalöggjöfina. Sú nefnd skilaði frá sér skýrslu sem var fullbúið lagafrv. um almannatryggingar sem gerði ráð fyrir þeirri grundvallarbreytingu á almannatryggingalögunum að það var fært frá þeim sem betur mega sín, þ.e. frá þeim sem njóta almannatrygginga í dag og sá hópur er til því miður og fær greiddan út lífeyri sem er uppbót oft og tíðum á góðar tekjur. Frá þessum hópi var fært og þeim hópum í almannatryggingalögunum sem búa við þokkalegar aðstæður til þeirra sem búa við erfið kjör. Þeir hópar eru einnig til og því miður er í mörgum tilfellum þar sárt upp á margt að horfa. Bara út frá þeirri ástæðu er full þörf á að taka grundvallarhugsunina í almannatryggingalöggjöfinni til endurskoðunar.

Fyrrv. hæstv. ráðherra lagði þetta frv. hér fram á Alþingi árið 1991 á vorþingi. Hann óskaði eftir stuðningi Alþfl. við að koma þessu máli fram. Alþfl. treysti sér ekki til þess að standa að þeim grundvallarbreytingum sem þar voru lagðar til. Síðan hefur það verið að eiga sér stað að í tíð núv. ríkisstjórnar hafa einstök mál verið tekin út úr því frv. og gerð að lögum. Það eru allt saman atriði er sérstaklega snúa að því að skerða rétt en ekkert hefur verið gert í því að auka rétt þeirra sem þurfa á aðstoðinni að halda. Frv. sem fyrrv. ráðherra lagði hér fyrir var á sínum tíma þannig hugsað að það yrði að samþykkja það í heild sinni þannig að þessi tilflutningur á réttindum gæti átt sér stað, þ.e. að færa frá þeim sem betur mega sín til hinna sem búa við mjög erfiðar aðstæður.

Þegar almannatryggingalöggjöf er endurskoðuð, hvort sem það verður nú gert af núv. hæstv. heilbr.- og trmrh. eða ekki, þegar og ef það verður gert þá er mjög mikilvægt að þetta markmið sé haft í huga vegna þess að ég held að það séu flestir sem gera sér það nokkuð ljóst að útgjöld almannatrygginganna á næstu árum munu ekki geta aukist. Hins vegar blasir það við og það eru staðreyndir sem menn hafa hér alls staðar fyrir framan sig að útgjöld almannatrygginganna, sérstaklega á sviði lífeyristrygginga, munu á næstu árum aukast alveg stórkostlega nema gripið verði til sérstakra aðgerða og þá á ég ekki aðeins við aðgerða á sviði lífeyristrygginga heldur aðgerða er snerta líka lífeyrissjóðakerfið í landinu.

Nú höfum við þrír þingmenn Framsfl. lagt fram frv. til laga á Alþingi um eigin eftirlaunasjóði launafólks sem gerir ráð fyrir því að einstaklingar geti komið sér upp eigin eftirlaunasjóðum. Öllum sé skylt á aldrinum 16–67 ára að greiða í slíka eftirlaunasjóði. Þegar fram líða stundir og sú kynslóð sem þannig mun koma inn á næstu árum hefur náð 67 ára aldri og þarf á aðstoð almannatryggingganna að halda, þá á þessi kynslóð að geta létt verulega á greiðslubyrði almannatryggingganna vegna þess að í eigin eftirlaunasjóðum eiga að geta verið til þær innstæður og sú vátryggingavernd að ekki þurfi á aðstoð almannatryggingganna að halda í eins ríkum mæli og nú er. Það frv. gerir í raun ráð fyrir verulegum sparnaði á sviði almannatrygginga, en það er auðvitað sparnaður sem ekki næst hér einn, tveir og þrír eða þ.e. á næstu vikum, mánuðum eða árum. Það eru einhverjir áratugir í það að það muni gerast en það er full ástæða til þess að fara að undirbúa þann jarðveg sem allra, allra fyrst.

Ef menn aftur á móti halda áfram á þeirri sömu braut og menn eru á í dag, þ.e. smátt og smátt að hækka lífeyris- eða frítekjumark lífeyrissjóðanna gagnvart þeim einstaklingum sem eru að fá verulega fjármuni út úr lífeyrissjóðunum, þá mun auðvitað enginn sparnaður nást og þegar menn hafa það í huga að ætla að skoða þessi grundvallaratriði með almannatryggingalöggjöfinni, þá verða menn auðvitað að horfa á lífeyrissjóðakerfið í heild sinni í tengslum við þær almennu breytingar sem þar eru að eiga sér stað. Þetta frv. er hins vegar sáralítið breytt frá tryggingarþætti almannatryggingganna, þ.e. það er eingöngu búið að taka út tryggingaþátt almannatryggingganna, setja hann inn í sérstakt frv. og flokka síðan upp á nýtt það sem menn vilja kalla félagslegar bætur. Ég tel að í frv. um almannatryggingar séu enn inni nokkrir þættir er tengjast félagslegri þjónustu sem þurfi sérstaklega að skoða. Það eru einnig inni í frv. um félagslega þjónustu sem við tökum hér umræðu um á eftir ýmsir þættir er að mínu viti eru ekki beint á því sviði að vera flokkaðir sem félagsleg þjónusta, heldur er um tryggingarþátt þess máls að ræða þannig að það eru hlutir sem þarf að skoða. En breytingin sem hér er verið að gera er skýrð af hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrst og fremst í þá veru að skilja að þessa tvo þætti og það er vegna þess að kröfur eru uppi í Evrópubandalaginu að það sé gert. Þegar menn hins vegar halda slíku fram sem ég veit að er rétt, þá þurfa menn auðvitað að setja það gaumgæfilega niður fyrir sér og velta því upp og skoða mjög gaumgæfilega, hvaða þættir eru það þá sem Evrópubandalagið skilgreinir sem félagslega þjónustu og hvaða þættir eru það sem Evrópubandalagið skilgreinir sem almannatryggingar. Ég er ekki viss um þegar menn lesa þessi frumvörp að þar sé allt sem nákvæmlega fellur saman og þá hluti held ég að nefndin þurfi sérstaklega að skoða. En fyrst á annað borð farið er að taka það til umræðu á þinginu og lagt er fyrir nýtt frv. til laga um almannatryggingar, þá tel ég eðlilegt að nefndin gefi sér góðan tíma til þess að skoða ýmsa hluti þessa máls. Nefndin gefi sér einnig tíma til þess að meta hvort ekki sé rétt að gera ýmsar breytingar, nota þetta tækifæri sem núna gefst til þess að gera ýmsar breytingar á almannatryggingalöggjöfinni sem nauðsynlegt er að lagfæra og mér finnst það vera eðlilegt, a.m.k. hef ég í hyggju að kanna hvort sá vilji sé til staðar í hv. heilbr.- og trn. að gera ýmsar breytingar á almannatryggingalögunum fyrst á annað borð er farið að taka það upp. Ef ekki, þá að flytja nokkrar brtt. við málið eins og það mun liggja fyrir í þinginu við 2. umr.

3. gr. þessa frv. gerir ráð fyrir skipun í stöður við Tryggingastofnun ríkisins. Það hefði nú haft sáralitlar breytingar í för með sér þó svo ekki annað skref en það hefði verið stigið í tengslum við þessa breytingu að afnema þær skipanir sem þarna er um að ræða. 3. gr. í þessu frv., sem er samhljóða 3. gr. laganna, heftir um margt starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins. Í því stjórnfyrirkomulagi sem þar er er enginn sveigjanleiki og því miður vil ég halda því fram að stjórnskipulagið sem þar er búið að byggja upp með öllum þessum fjölda skipana embættismanna við stofnunina geri það að verkum að stjórnun sé mjög örðug í stofnuninni og engum sveigjanleika þar fyrir að fara. Það er dálítið hart að slíkt skuli geta verið til staðar í stofnun sem fer með á árinu 1992 milli 25 og 26 milljarða kr. Látum það nú vera að til væri einhver ríkisstofnun sem slíkur ósveigjanleiki í stjórnkerfi fyrir fyndist í eins og í Tryggingastofnun ríkisins og þar væri kannski velt einhverjum hundruðum þús kr. eða einhverju minna, kannski einhverjum fáum millj. en þessi stóra stofnun sem veltir 25–26 milljörðum kr. af fé skattborgaranna, að slíkt stjórnfyrirkomulag skuli vera þar við lýði sem þar er og hefur verið um langan tíma. Allar þær nefndir sem hafa fjallað um almannatryggingalögin hafa fyrst og fremst komist að þeirri niðurstöðu að það sé alveg nauðsynlegt að breyta stjórnfyrirkomulagi þessarar stofnunar. Því hefði átt að nota þetta tækifæri vegna þess að það snertir ekki bótarétt almennings. Það snertir einvörðungu stjórnfyrirkomulagið og stjórnskipulag stofnunarinnar. Því hefði átt að nota þetta tækifæri til þess að gera breytingar á því og gera það sveigjanlegra. Auðvitað er útilokað að það verði gert og um það verði sérstaklega fjallað í hv. heilbr.- og trn. En af þessum 25–26 milljörðum sem þessi stofnun fór með af fé skattborgaranna á árinu 1992, þá fór hún 453 millj. kr. fram úr því er hún hafði til ráðstöfunar samkvæmt því sem henni var úthlutað á fjárlögum og fjáraukalögum. Þetta er stórt og viðamikið apparat, bákn í orðsins fyllstu merkingu, þessi stofnun. Þar vinnur mikið af mjög góðu og hæfu starfsfólki við mjög erfiðar aðstæður á afskaplega lágum launum. Húsnæðisaðstæðurnar einar og sér gera það að verkum að þarna er mjög þröngur og erfiður vinnustaður. En fyrst og fremst held ég að það sé stjórnskipulagið sem þarf að taka til athugunar og stokka það algerlega upp frá grunni og færa meiri ábyrgð inn í einstök svið stofnunarinnar en stofnunin hefur og auka ábyrgðina á einstökum sviðum í stofnuninni. Því miður held ég að þeirri ábyrgð sé í mörgum tilfellum ekki fyrir að fara.

Ríkisendurskoðun hefur framkvæmd á þessari stofn-

un stjórnsýsluendurskoðun. Þær helstu niðurstöður sem Ríkisendurskoðun komst að eru þær sömu og þær nefndir sem verið hafa starfandi á vegum heilbrrn. hafa einnig komist að. Og það er dálítið merkilegt ef maður lítur á þær fyrstu niðurstöður sem Ríkisendurskoðun kemst að ef ég má, með leyfi hæstv. forseta, vitna í. Þar segir:

„Tryggingastofnun ríkisins nær við núverandi aðstæður að sinna því hlutverki sínu að afgreiða réttarbætur til réttra aðila á réttum tíma. Aðrir þættir í starfsemi stofnunarinnar hafa setið á hakanum, svo sem áætlanagerð, hagsýsla ýmiss konar og faglegir þættir er lúta að tryggingamálum."

Þetta segir nú gríðarlega mikið um þessa ágætu stofnun, þ.e. hún nær að gegna því hlutverki sínu að afgreiða réttarbætur á réttum tíma til réttra aðila. Væri þetta nú bara það sem menn settu sér sem meginmarkmið, þá hefði það markmið náðst. En það hlýtur að vera svo að hjá stofnun eins og Tryggingastofnun ríkisins að þar hafi menn miklu háleitari markmið til að stefna að heldur en bara þetta að geta afgreitt réttar bætur til réttra aðila á réttum tíma.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er einnig komið að því að á milli heilbrrn. og Tryggingastofunar sé oft og tíðum mjög lítið samráð og ýmsar þær reglugerðir sem koma til framkvæmda, um það hafi ekki verið haft samráð við Tryggingastofnunina áður en henni er ætlað að framkvæma margar þær reglugerðir sem settar eru. Ég hygg að þetta sé alveg hárrétt. Af reynslu þekki ég þetta frá þeim tíma er ég starfaði í heilbrrn. og ég trúi ekki að hann sé svo hörundssár að hann taki þessa gagnrýni mína alla til sín þannig að þetta eru auðvitað hlutir sem hafa viðgengist í gegnum tíðina hvaða ráðherra svo sem það er sem setið hefur í heilbr.- og trmrn. Hins vegar eins og ég hef sagt margoft áður, hafa menn komist að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt sé að gera þessar breytingar. Þær breytingar hafa fyrrv. ráðherra verið kynntar á Alþingi, en Alþfl. á sínum tíma treysti sér ekki að takast á við og staðfesta.

Svo að ég haldi áfram að vitna í þessa skýrslu Ríkisendurskoðunar, þá kemur þar einnig fram að í almannatryggingalögum kemur hvergi skýrt fram hver eigi að vera tengsl heilbr.- og trmrn. og tryggingaráðs að öðru leyti en því að ráðherra skipar formann ráðsins úr þeim fimm manna hópi sem Alþingi kýs í ráðið. Þannig virðist tryggingaráð fyrst og fremst þurfa að standa Alþingi skil gerða sinna en ekki ráðherra. Sé þetta rétt hjá Ríkisendurskoðun, sé þetta með þessum hætti, þá má líka segja: Heilbr.- og trmrh. hefur ekkert um stjórn þessarar stofnunar að segja. Tryggingaráðið ber ábyrgð gagnvart Alþingi. Þá spyr maður sig þeirrar sömu spurningar: Ber þá tryggingaráðið ábyrgð á því að stofnunin skuli hafa farið 453 millj. kr. fram úr fjárlögum og fjáraukalögum ársins 1992? Kemur hæstv. heilbr.- og trmrh. það mál ekkert við? Er það einvörðungu Alþingis þá að tala við tryggingaráð í þeim efnum?

Stjórnskipun Tryggingastofnunar hefur verið nánast óbreytt sl. árartug þrátt fyrir að tillögur um breytingar hafi komið fram. Ekkert opinbert eða staðfest skipurit er til að Tryggingastofnun. Helsti galli stjórnskipunar stofnunarinnar hin víða stjórnspönn forstjórans. Og síðan er vitnað í það að í stofnuninni séu starfandi 14 deildir, 14 deildarstjórar, hlutverk þeirra skarist allt meira og minna og þeir þurfi allir að sitja á fundum hjá forstjóranum með oft og tíðum sömu málin og verið að afgreiða þar sömu hlutina.

Svo að ég vitni enn í álit Ríkisendurskoðunar og þær niðurstöður sem hún komst að eftir að hafa framkvæmt þessa stjórnsýsluendurskoðun þá segir hér, með leyfi forseta:

„Forstjóri stjórnar stofnuninni og ber ábyrgð á rekstri hennar gagnvart tryggingaráði og heilbr.- og trmrn. Eitt og annað dregur þó úr möguleikum hans að sinna hlutverki sínu á fullnægjandi hátt. Þar má nefna óhentugt og úrelt stjórnskipulag, svo og ráðherraráðning ýmissa lykilmanna stofnunarinnar. Yfirstjórn stofnunarinnar hefur ekki tekið af nægilegri festu á ýmsum vandamálum innan stofnunarinnar sem hefur á stundum truflað starfsemina. Þá virðist vera nokkur togstreita á milli deilda og starfssviða þeirra og verkefni ekki nægjanlega skilgreind. Það er álit Ríkisendurskoðunar að við núverandi aðstæður fari ekki nægilega vel saman vald og ábyrgð og gera verði þær skipulagsbreytingar að ábyrgð, valdsvið og boðlínur milli ráðherra, tryggingaráðs og yfirstjórnar stofnunarnnar verði skýrari."

Þá má segja að það sem ég benti á áðan, að mér fyndist rétt að taka 3. gr. þessa frv. til athugunar í nefndinni, sérstaklega með þetta í huga og ekki síst þegar það er haft í huga að það er niðurstaða fleiri nefnda, sem um málið hafa fjallað, það er niðurstaða Ríkisendurskoðunar að nauðsynlegt sé að taka þetta stjórnfyrirkomulag til sérstakrar athugunar. Engin áætlana- eða hagdeild er til hjá Tryggingastofnun þrátt fyrir að hún fari með 25–26 milljarða kr. fé skattborgaranna. Fjárlagatillögur eru unnar af endurskoðunardeild án þátttöku viðkomandi deilda. Á þetta jafnt við um áætlun vegna greiðslu bóta og rekstrarkostnaðar viðkomandi deilda. Það er álit Ríkisendurskoðunar að þessu þurfi að breyta.

Þannig mætti endalaust halda áfram og benda á ýmsa þá agnúa er Ríkisendurskoðun sá í sinni stjórnsýsluendurskoðun á stofnuninni og ég tel að þetta tækifæri sem gefst nú þegar hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur lagt fyrir þetta frv. um almannatryggingar verði tekið til endurskoðunar. Og eins og ég segi, það snertir ekki bótaréttinn eða einstaklingana sem slíka, ekki að öðru leyti en því að það snertir þá rúma 100 einstaklinga sem eru starfandi við stofnunina við erfiðar aðstæður, kannski ekki síst út af því hvernig stjórnskipulagið er. Okkur tækist jafnvel með breytingu á þessu stjórnfyrirkomulag og stjórnskipulagi að gera þá ánægðari heldur en þeir eru í dag.

Þetta ætla að láta nægja um stjórnfyrirkomulagið og kem þá að 7. gr. frv. þar sem örlitlar viðbætur eru frá núgildandi lögum þar sem gert er ráð fyrir því í 7. gr. að rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta leggur tryggingaráð úrskurð á málið. Síðan

koma tveir nýir málsliðir: „Máli skal skjóta til úrskurðar tryggingaráðs eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun lá fyrir í málinu. Tryggingaráði er þó heimilt, ef sérstaklega stendur á, að víkja frá fjögurra mánaða frestinum.“

Þetta held ég að sé að mörgu leyti ágætt og alveg nauðsynlegt að komi hér inn þannig að þarna séu ekki opnir möguleikar öllum stundum á því að skjóta málum þegar mönnum sýnist til tryggingaráðs til úrskurðar jafnvel eftir að einstaklingurinn hefur sætt sig við þá niðurstöðu er hann hafi fengið sem úrskurð hvort sem það er frá sjúkratryggingadeild, slysatryggingadeild eða tryggingayfirlækni. Hins vegar finnst mér að þetta þurfi að vera gagnkvæmt. Þ.e. mér finnst eðlilegt að það komi inn önnur fjögurra mánaða regla þar sem á það er látið reyna að tryggingaráð hafi þá ekki nema fjóra mánuði til þess að úrskurða í þeim málum sem til ráðsins er vísað. Það er eðlilegt að þetta sé gagnkvæmur réttur. Nú veit ég það ekki, það eru kannski ekki ýkja mörg mál sem þannig hafa komið til úrskurðar tryggingaráðs sem þangað hefur verið vísað og því vildi ég spyrja hæstv. ráðherra hvort honum sé kunnugt um hversu mörg þau mál eru og hversu langan tíma það hefði tekið að fá afgreiðslu þeirra vegna þess að það er gert ráð fyrir því, bæði í núgildandi lögum og í þessu frv. að tryggingaráð geti kallað sér til aðstoðar menn með læknisfræðilega þekkingu, lögfræðilega þekkingu eða félagsfræðilega þekkingu til þess að leita aðstoðar við úrskurði í þessum flóknu málum. Þetta atriði kom inn á sínum tíma í almannatryggingalöggjöfina ég hygg árið 1989 og var þá mjög mikilvægt atriði. Það var ítrekað búið að flytja frumvörp til laga á Alþingi um breytingu á almannatryggingalögunum sem gerðu ráð fyrir því að sérstakur úrskurðaraðili eða dómstóll yrði settur upp þangað sem hægt væri að vísa öllum málum sem í gegnum stofnunina færi og einstaklingurinn gerði sig ekki ánægðan með til frekari úrskurðar hjá viðkomandi dómstóli. Þetta mundi að mínu viti hafa þær afleiðingar að hættan yrði sú að öll mál sem þannig kæmu fyrir tryggingaráð eða yrðu úrskurðuð á vegum Tryggingastofnunar færu til slíks úrskurðaraðila vegna þess að einstaklingurinn mundi alls ekki sætta sig við það sem honum væri ætlað frá tryggingunum.

Í 12. gr. núgildandi laga er gert ráð fyrir því að endurhæfingarlífeyrir geti verið greiddur sem er biðtími frá því er greiðslu sjúkradagpeninga og slysadagpeninga lýkur til þess tíma er fyrir liggur hver endanleg örorka viðkomandi einstaklings verður. Ég tel ekki sjálfgefið að það eigi að flytja endurhæfingarlífeyrinn úr almannatryggingunum yfir í félagslegu þjónustuna. Þetta er einn hluti af þeirri keðju sem hangir saman frá því að viðkomandi einstaklingur verður fyrir slysi eða sjúkdómi þar til hann fær fá sjúkra- eða slysadagpeninga. Síðan myndast tímabil frá því að þeim greiðslum lýkur þar til ljóst er hver verður ororka viðkomandi einstaklings þannig að hann fær örorkulífeyri eða örorkustyrk. Ég tel eðlilegt að endurhæfingarlífeyririnn sé hluti af tryggingalöggjöfinni vegna þess að hann er einn hluti af þeim bótagreiðslum, sem einstaklingurinn á rétt á, og því óeðlilegt að einstaklingurinn fari tímabundið út úr almannatryggingafarveginum yfir í önnur lög er snúa að félagslegu þjónustunni.

Í 12. gr. er fjallað um þær upphæðir og skerðingar, sem gert er ráð fyrir, eins og er í núgildandi lögum. Ég tel rétt að nefndin skoði einnig í því sambandi hvort ekki sé rétt að greina á milli ellilífeyris og örorkulífeyris. Ég er sannfærður um að aðstæður margra öryrkja eru miklu erfiðari en aðstæður ellilífeyrisþega. Í því frv., sem fyrrv. heilbrrh. lagði fyrir þingið, var annars vegar gerður greinarmunur á örorkulífeyri og hins vegar ellilífeyri. Það réðst af því að þá komust menn að þeirri niðurstöðu að aðstæður þeirra hópa væru mjög mismunandi. Í 11. gr. frv. kemur fram að hin svokallaða 90% regla, 10% skerðingu á elli- og örorkulífeyri hjóna verði áfram haldið við lýði. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt að skoðað verði í nefndinni hvort ekki sé rétt að hætta slíkri skerðingu. Það eru breyttir tímar og það eru ýmiss konar hlutir bæði inni í þessum þætti um félagslegu þjónustuna og einnig í almannatryggingalögunum sem sérstaklega koma til móts við einstaklinginn sem býr einn eins og sérstaka heimilisuppbótin sem fólk í sambýli á alls ekki rétt á. Því finnst mér vera hæpið að refsa því sérstaklega eins og gert hefur verið í gegnum tíðina með þessari svokölluðu 90% reglu. Þeim er sérstaklega refsað hvað tekjuákvarðanirnar varðar, þ.e. hvernig sameiginlegar tekjur hjóna eru taldar.

Í 14. gr. frv., sem snýr að barnalífeyri, hljóðar 6. mgr. svo, með leyfi forseta:

„Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að greiða barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára ef annað foreldri eða báðir foreldrar eru látnir. Enn fremur ef foreldrar eru ellilífeyrisþegar eða örorkulífeyrisþegar, annað eða báðir.“

Þetta finnst mér í raun vera dæmigerð félagsleg aðstoð og eðlilegt að færi út úr almannatryggingunum og yfir í félagslega þjónustu en aftur á móti að endurhæfingarlífeyririnn kæmi inn í almannatryggingalögin.

Í slysatryggingunum finnst mér eðlilegt að þar sé sérstaklega hugað að þeirri samræmingu sem þarf að verða að mínu viti á bótum eftir því hvort greitt er út samkvæmt slysatryggingakafla almannatryggingarinnar eða sjúkratryggingakafla almannatryggingarinnar. Dæmi um þetta eru mýmörg. Ég get nefnt eitt og því kynntist ég er ég var starfandi í heilbrrn. Tvær ungar stúlkur, báðar 26 ára gamlar, komu eitt sinn í heimsókn til mín. Svo illa var komið fyrir þeim báðum að þær höfðu misst maka sína. Önnur hafði misst maka sinn úr sjúkdómi en hin hafði misst maka sinn af slysförum. Þær gátu alls ekki áttað sig á því hvernig stóð á því að önnur fékk bætur frá Tryggingastofnun ríkisins í átta ár en hin fékk bætur frá Tryggingastofnun ríkisins í sex mánuði. Þarna er mikill munur á. Þegar menn gá betur að auðskiljanlegt af þeirri ástæðu að önnur fékk bætur greiddar samkvæmt slysatryggingakaflanum en hin samkvæmt sjúkratryggingakaflanum. Þarna er mikill mismunur á. Staðreyndin er hins vegar sú að þessar ungu stúlkur voru jafnilla settar og því finnst mér

eðlilegt að þarna sé komið á ákveðinni samræmingu þó svo ég geri mér alveg grein fyrir því að þessi tryggingasvið hvort um sig eru fjármögnuð með mismunandi hætti. Ég geri mér alveg grein fyrir því. En frv. fyrrv. heilbrrh. gerði einmitt ráð fyrir því að komið væri á verulegri samræmingu milli þessara hópa, þ.e. ekkju- og ekkilsbótum.

Frv. gerir ráð fyrir að ekkjulífeyrir færist úr almannatryggingunum, þ.e. bætur til þeirra kvenna sem missa maka sinn eftir fimmtugt fá sérstakan ekkjulífeyri sem greiddur er frá aldrinum 50–67 ára. Þetta er flutt úr almannatryggingunum yfir í félagslegu þjónustuna. Ég held að það sé ekki rétt. Mér finnst eðlilegt að þetta sé hluti af almannatryggingalöggjöfinni. Hins vegar er spurning hvort gera á þann mismun á kynjunum sem gert er ráð fyrir í lögunum en það ákvæði er auðvitað barn síns tíma. Þetta var með þessum hætti árið 1971 og var full þörf á. Ég er ekki viss um að þörfin sé eins mikil í dag en ég geri mér þó grein fyrir að hún er til staðar. Þetta finnst mér vera tryggingamál en ekki félagsleg aðstoð.

Þegar nefndin lítur yfir þessi frv. þá finnst mér hún þurfa að huga að þessum þáttum sérstaklega: Hverjar eru kröfur Evrópubandalagsins í þessum efnum? Hvaða kröfur gerir Evrópubandalagið? Hvaða kröfur gerir samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði til þess hvernig þessu er skipt milli félagslegu þjónustunnar og yfir í almannatryggingarnar og það mat sem nefndin þarf síðan að leggja á það?

Fyrst verið er að skoða frv. á annað borð finnst mér að menn þurfi líka að huga að umönnunarbótum, sem eru fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem hefur verið flutt frv. um á Alþingi en hefur ekki komið inn. Nú þegar atvinnuleysi er mjög mikið er ég sannfærður um að hægt væri að spara verulega fjármuni með því að taka upp greiðslur til þeirra sem sjá um umönnun elli- og örorkulífeyrisþega. Fólk, sem er jafnvel á atvinnuleysisbótum í dag, fær ekki greitt fyrir að veita umönnun sínum allra nánustu á eigin heimilum. Með því að taka slíkt upp er hægt að spara verulega fjármuni í sjúkrahúsarekstrinum á þessum öldrunarstofnunum en geiða frekar þeim aðstandendum þóknun eða laun fyrir þessa aðstoð. Þetta finnst mér að nefndin þurfi að taka til sérstakrar athugunar. Eins þarf nefndin að taka til sérstakrar könnunar og rækilegrar skoðunar greiðslur á vasapeningum til þess fólks sem er inni á stofnunum og verður fyrir verulegri skerðingu á vasapeningum ef það vinnur sér inn einhverjar verulegar tekjur. Það er svo að á sínum tíma var gerð sú breyting, líklega árið 1990, að þessir vasapeningar voru tekjutengdir sérstaklega. Mér er sagt að það fyrirkomulag, sem þar var komið á, hafi ekki gengið upp sem skyldi og því séu nú gerðar í þessu frv. örlitlar breytingar þar á.

Nú kann vel að vera að hæstv. heilbr.- og trmrh. finnist að með þessum tillögum og þeim breytingum sem ég er að tala um sé í einhverjum tilvikum verið að auka útgjöld almannatrygginganna. Ég hygg að það sé alveg hárrétt. Hins vegar ef nefndin vill skoða þessa hluti af kostgæfni og velta því fyrir sér um leið með hvaða hætti má spara annars staðar til þess að geta bætt úr fyrir þá hópa sem ég hef hér minnst á, sem þurfa verulega á aðstoð tryggingana að halda, en spara á móti á öðrum sviðum þannig að útgjöldin muni ekki aukast í heild sinni fyrir ríkið. Því verði það meginmarkmið haft að leiðarljósi að færa frá þeim sem búa við betri aðstæður til þeirra sem þurfa raunverulega á aðstoð tryggingana að halda.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég held að í rauninni þurfi ekki að hafa mjög mörg orð um það frv. til laga um almannatryggingar sem hér liggur fyrir, þ.e. ekki það eitt og sér. Líklegast hefði verið heppilegast ef það hefði verið talað saman um frv. til laga um almannatryggingar og hins vegar frv. til laga um félagslega aðstoð vegna þess að segja má að þetta séu nokkurs konar „síamstvíburar" því að þarna er einfaldlega verið að skilja á milli félagslegrar aðstoðar og tryggingar, lífeyris-, slysa- og sjúkratryggingar sem hvort tveggja er í dag inni í gildandi lögum um almannatryggingar. Eins og hefur komið fram er þetta fyrst og fremst gert vegna aðildarinnar að hinu Evrópska efnahagssvæði vegna þess að þannig háttar til hjá þeim og eins vegna þess að þær reglur, sem gilda munu um almannatryggingar sem eru kynntar í greinargerðinni, þ.e. jafnræðisreglan, samlagningarreglan, útflutningsreglan og hlutfallsreglan munu gilda um tryggingarnar eftir sem áður, þ.e. um þessar lífeyris-, slysa- og sjúkratryggingu en ekki um hina félagslegu aðstoð. Hún er því ekki greidd á eftir fólki, t.d. úr landi. Það er auðvitað þar sem hundurinn liggur grafinn vegna þess að ef hún væri eftir sem áður inni í lögunum þá væri það sjálfsagt talsverður kostnaðarauki fyrir opinbera aðila. Þess vegna hefði verið æskilegt að tala um þetta tvennt saman en ég get kannski við sjálfa mig sakast að ég var höndum seinni að færa það í mál við annaðhvort ráðherra eða forseta að það yrði gert.

Þegar greint er svona á milli annars vegar tryggingana og hins vegar félagslegrar aðstoðar hlýtur auðvitað að vakna sú spurning: Hvað er hvað, hvar eru mörkin? Þau getur oft reynst erfitt að draga eins og kom fram hjá þeim sem talaði á undan mér. Stundum mætti kannski segja að sitthvað sem er inni í þessu frv. hafi yfir sér meiri blæ félagslegrar aðstoðar en beinna trygginga og einnig má segja að ýmislegt sem er inni í frv. um félagslega aðstoð ætti kannski betur heima í tryggingaþættinum en í frv. um félagslega aðstoð.

Það verður að segjast eins og er að það var löngu tímabært að taka til skoðunar og gera ákveðna tiltekt í almannatryggingalöggjöfinni því að hún er, eins og allir sjá sem lesa þá útgáfu, sem nýjust er, eins og stagbætt flík þar sem hefur verið gerð hver endurskoðunin á fætur annarri, oft margar á ári, og því alltaf bætt við gildandi lög án þess að nokkur heildarendurskoðun hafi átt sér stað. Því var auðvitað orðið löngu tímabært að endurskoða lögin í heild sinni. Hins vegar hefði auðvitað verið kjörið tækifæri fyrst að farið var út í þá endurskoðun að setja inn í hana ýmislegt sem nú vantar eða gera ákveðnar efnislegar endurbætur sem

orðnar eru nauðsynlegar. Því fyrst það er ekki gert þýðir þetta væntanlega að við þurfum að byrja á því strax aftur að bæta þessa flík. Mér segir svo hugur um að það muni ekki líða á löngu þar til hafist verður handa við að bæta hana aftur.

Ýmislegt hefði mátt skoða í þessu sambandi eins og hér hefur verið bent á, t.d. umönnunarbætur þegar um umönnun aldraðra er að ræða, það hefði mátt koma einhverju slíku inn í lögin. Eins hefði verið full ástæða til að skilja betur en nú er gert á milli örorkulífeyrisþega og ellilífeyrisþega í lögunum. Mér finnst eiginlega mjög bagalegt fyrir öryrkja að það skuli alltaf vera talað um þá í sama orðinu, þ.e. örorkulífeyrisþega og ellilífeyrisþega. Þetta eru auðvitað gjörólíkir hópar, ekki bara hvað aldur varðar því að öryrkjar eru náttúrlega oft yngri og meðalaldurinn þar er mun lægri en hjá ellilífeyrisþegum. Auðvitað getur verið bráðungt fólk í þeim hópi. Það er ekki bara aldurslega sem er mikill munur heldur líka tekju- og eignalega. Við vitum auðvitað að margir ellilífeyrisþegar eru ágætlega settir fjárhagslega. Þeir eiga talsverðar eignir sem þeir hafa safnað um ævina. Þeir hafa líka oft talsverðar eignatekjur sem hafa ekki komið til meðhöndlunar hjá Tryggingastofnun þegar verið er að fjalla um bætur en örorkulífeyrisþegar eru án efa upp til hópa eignalaust eða eignalítið og mjög tekjulítið fólk, fólk sem hefur t.d. ekki eignatekjur. Þannig að mér finnst orðið mjög mikilvægt að skilja þarna á milli þannig að almenningur geri sér grein fyrir því að þetta eru hópar með mjög ólíka hagsmuni og ólíkar þarfir. Kannski hefði verið ástæða til að gera eitthvað slíkt í þessu frv.

En eins og ég segi ætla ég ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Við eigum eftir að fara vandlega í gegnum það í heilbr.- og trn., en ég mun kannski ræða ýmislegt sem varðar aðskilnað milli tryggingganna og félagslegrar aðstoðar undir næsta dagskrárlið sem er frv. til laga um félagslega aðstoð.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka þeim tveimur hv. þm. sem hafa tekið til máls um það frv. sem hér liggur frammi sem er að sjálfsögðu ekki nema önnur hlið sama máls því að frv. til laga um félagslega aðstoð er hin hliðin sem er nauðsynlegt að hafa í huga þegar þetta frv. er rætt. Ég tek það aðeins fram út af orðum hv. 11. þm. Reykv. að við smíði þessara frv. var auðvitað höfð hliðsjón af því að gera sem minnstar breytingar aðrar en þær sem leiða af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Eins og ég tók fram í framsögu minni voru ekki aðrar breytingar gerðar á frv. til laga um almannatryggingar en þær einar eins og þar kemur fram að taka tillit til ábendinga tveggja starfshópa um tiltölulega lítilvæg málefni. Hins vegar er það að sjálfsögðu grundvallarbreyting þegar aðskilið er úr almannatryggingalögunum, sem gilda í dag, annars vegar bætur sem eru tryggingabótalegs eðlis og hins vegar bætur sem hafa eðli félagslegrar aðstoðar. Þó er meginbreytingin þar sú að allar bætur, er varða félagslega aðstoð, eru gerðar að heimildarbótum. Sumar bæturnar, sem nú eru lögskipaðar samkvæmt gildandi lögum um hluti sem er félagsleg aðstoð, eru í því frv. gerðar að heimildarbótum. Það er auðvitað meginbreytingin sem þar er gerð. Hún hefur bæði kosti og galla en ástæðulaust er að ræða nú frekar, við getum rætt það hér á eftir.

Auðvitað er líka alveg rétt að við horfum fram á mikinn vöxt í lífeyriskerfinu og útgjöld vegna þess. Ætli vöxtur í greiðslum lífeyristrygginga sé ekki að meðaltali á annan milljarð á ári eingöngu vegna fjölgunar þeirra borgara sem ná 67 ára aldri og hærri. Þetta veldur okkur að sjálfsögðu nokkrum erfiðleikum hvað varðar möguleika til að standa undir þeim kostnaði. Þó eru áhrifin af breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar alls ekki komin fram og munu ekki koma fram af fullum þunga fyrr en eftir u.þ.b. tvo áratugi. Ástæðan er sú að fram að þeim tíma er líka að fjölda aldursflokknum 24–65 ára, þ.e. aldursflokknum sem með sköttum og skyldum stendur undir kostnaðinum við rekstur þjóðfélagsins þannig að þó að útgjöld til velferðarmála á hvern einstakling fari nú hratt vaxandi á næstu árum og áratugum þá mun, ef okkur tekst að tryggja nokkuð stöðuga atvinnu, kostnaður vegna velferðarmála á hvern vinnandi mann fara lækkandi næstu tvo áratugina eða svo, en eftir þann tíma mun hann fara mjög ört vaxandi þannig að við höfum um það bil tvo áratugi miðað við það að okkur takist að halda þolanlegu atvinnustigi í landinu, þá höfum við um það bil tvo áratugi til þess að búa okkur undir mjög mikinn kostnaðarvanda sem þá mun blasa við vegna breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar. Sá vandi mun ekki fyrst og fremst blasa við í opinberum útgjöldum heldur í útgjöldum lífeyrissjóðanna því að margir þeirra munu þá ekki geta staðið við þau fyrirheit sem þeir eru að gefa fólki á vinnualdri nú. Það er alveg rétt hjá hv. 11. þm. Reykv. að við þurfum að skoða þessi mál með góðum fyrirvara.

Ég tek undir bæði með honum og hv. 10. þm. Reykv. sem talaði áðan að það verða auðvitað alltaf grá svæði á milli þess sem skilgreint er sem tryggingabótaaðstoð og þess sem skilgreint er sem félagsleg aðstoð og þar geta menn ekki leitað út af fyrir sig úrskurðar neinna reglna hjá Evrópubandalaginu eða hjá Evrópsku efnahagssvæði, heldur er það tvennt sem menn verða að huga að að mínu viti fyrst og fremst. Það er: Hver eru viðfangsefni félagslegrar aðstoðar sveitarfélaganna í þeim löndum sem við viljum helst bera okkur saman við. Hvaða þætti í kerfinu eru sveitarfélögin með hjá sér? Það vill svo til að hér á Íslandi er þessi þáttur félagslegrar aðstoðar afskaplega skammt á veg kominn. Það sem hefur hindrað það að þetta kerfi hafi verið tekið upp hér er að þótt sveitarfélögin hafi verið mjög fjölmenn eru fá þeirra öflug og þess vegna hefur ekki orðið sú þróun hér eins og hefur orðið víðast hvar í nágrannalöndunum að sveitarfélögin hafi tekið við ákveðnum þáttum félagslegrar aðstoðar sem er veitt af sveitarfélögum meðal grannþjóðanna, heldur hefur þessi aðstoð sem þannig hefur verið veitt, komið í gegnum tryggingakerfið hjá okkur. Þetta er önnur viðmiðunin sem við getum horft á, þ.e. hvaða hlutir af núverandi almannatryggingakerfi falla undir

félagslega aðstoð sveitarfélags í þeim löndum sem við berum okkur saman við því að það er auðvitað alveg ljóst að ef niðurstaða fæst í umræður um fækkun og stækkun sveitarfélaga á Íslandi, þá mun þeirri niðurstöðu fylgja ný verkaskipting á milli ríkis og sveitarfélaga, þar á meðal ný verkaskipting á sviði félagslegrar aðstoðar og ýmiss annars reksturs, svo sem reksturs heilsugæslustöðva, reksturs á öldrunarþjónustu o.fl. svo að dæmi séu tekin af þeim viðfangsefnum sem falla undir heilbr.- og trmrn. Þetta er önnur viðmiðunin sem menn hafa haft og horft á.

Hin viðmiðunin hlýtur að vera hlutlæg, þ.e. að menn reyni að meta það sjálfir um atriði sem eru á hinu gráa svæði hvort fólkið telur það rétt að skilgreina það sem hluta af almannatryggingakerfi eða hluta af kerfi félagslegrar aðstoðar.

Út af því sem hv. 11. þm. Reykv. tók séstaklega fyrir í ræðu sinni hér áðan, þ.e. hann minntist á endurhæfingarlífeyri annars vegar og hluta af barnalífeyri hins vegar, þá er því til að svara að eins og hv. þm. hafa veitt athygli, þá hefur frv. til laga um almannatryggingar og frv. til laga um félagslega aðstoð bæði verið prentuð upp. Í þeirri uppprentun er einmitt sú breyting gerð, önnur af þeim breytingum sem hv. þm. taldi rétt, þ.e. að hluti af barnalífeyrisgreiðslunum, sá hluti sem hann orðaði í sinni ræðu er kominn yfir í frv. um félagslega aðstoð.

Ég vil íterka það, virðulegi forseti, að það hefur ekki af hálfu heilbrrn., það var vísvitandi gert, verið lagt út á þá braut að flytja umtalsverðar breytingar á núverandi skipan almannatryggingamála. Ég get tekið undir margt af því sem hv. þm. hafa sagt varðandi skipurit Tryggingastofnunar ríkisins sem raunar er ekki til eins og hv. 11. þm. Reykv. gat um. Ég get tekið undir að það er nauðsynlegt að gera þar ýmsar breytingar. Þær breytingar verða ekki gerðar sumar hverjar nema með breytingu á lögum. Í heilbr.- og trmrn. er nú verið að vinna í samvinnu við stjórnendur Tryggingastofnunar ríkisins og Ríkisendurskoðun. Hugmyndir um breytingu á stjórnsýslufyrirkomulagi Tryggingastofnunar ríkisins munu örugglega kalla á frv. til breytinga á almannatryggingalögum þegar þar að kemur, en við vildum ekki setja slík atriði inn í þetta frv. hér því að hér var um að ræða frv. sem við töldum að ætti að vera fyrst og fremst sniðið við þarfir EES-samningsins og ætti ekki að hafa í sér mjög mörg atriði sem hugsanlega gætu valdið ágreiningi hér á hinu háa Alþingi, heldur hægt væri að afgreiða þetta frv. tiltölulega ágreiningslítið.

Ég ítreka þakkir mínar til hv. þingmanna og þingnefnd mun að sjálfsögðu skoða þau atriði sem hv. þm. minntust sérstaklega á í máli sínu hér áðan.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins spurning til hæstv. heilbr.- og trmrh. út af því sem ég kom inn á áðan í minni fyrri ræðu þegar ég spurði hvort hæstv. ráðherra fyndist það koma til greina að hv. heilbr.- og trn. tæki ýmsa hluti í þessu frv. til skoðunar er snúa að rýmkun á bótarétti, hækkun á bótum til einstaklinga sem njóta almannatrygginganna í dag en jafnframt þá á móti þessu til að auka ekki heildarútgjöldin legði nefndin til einhvern ákveðinn niðurskurð og sparnað á ýmsum öðrum sviðum þannig að útgjöldin mundu ekki aukast við slíka breytingu. Ég spyr hæstv. heilbr.- og trmrh.: Finnst honum slík vinna af hálfu nefndarinnar koma til greina?

Að öðru leyti hjó ég eftir því þegar ráðherrann var að svara okkur sem höfðum tekið til máls og gat um þau viðfangsefni sem menn þyrftu að velta fyrir sér, hvað sveitarfélögin og ríkisvaldið ættu að gera, var hæstv. ráðherra að segja með þessu að þessi pakki sem búið er að setja upp í frv. um félagslega þjónustu skuli hér á næstu árum, kannski á þessu ári eða því næsta, afhentur sveitarfélögunum og sagt: Gerið þið svo vel. Hér er það sem þið eigið að gera. Ef leikurinn er gerður til þess m.a., þá sýnist mér að það geti verið nokkrir milljarðar kr. sem þarna er um að ræða.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil svara síðari spurningunni fyrst. Það er að sjálfsögðu ekkert slíkt sem liggur á bak við þessa skiptingu, heldur urðu menn að velja sér einhverja aðferð til þess að geta framkvæmt þá skiptingu á milli félagslegrar aðstoðar og bóta almannatryggingalegs eðlis. Þetta var ein af þeim viðmiðunum sem menn höfðu. Svona kerfi verður ekki fært til sveitarfélaganna í einu vetfangi. Það verður ekki gert nema með samþykki þeirra og það verður heldur ekki gert nema með því að breyta mjög verulega skipan sveitarstjórnarmála hér í landinu því að eins og nú standa sakir geta sveitarfélögin mörg hver alls ekki tekið að sér slíka þjónustu.

Í annan stað get ég auðvitað ekkert sagt fyrir um hvaða vinnubrögð hv. heilbr.- og trn. viðhefur og auðvitað er hverjum nefndarmanni og þingmanni frjálst að flytja þær brtt. við þetta frv. sem viðkomandi sjálfur kýs. En ég mundi engu að síður óska eftir því við hv. heilbr.- og trn. að það yrði kannski valið annað tækifæri til þess að gera þær breytingar sem eru efnislega umdeilanlegar og kunna að valda ágreiningi. Það verða örugglega mörg tækifæri til þess bæði í umfjöllun um mörg frumvörp hv. þm. sem hér hafa verið lögð fram um almannatryggingar og fleira. Ég ítreka aðeins ósk mína um það að þessa tiltölulega ágreiningslitlu breytingu sem ég tel vera, verði hægt að afgreiða svona eins og það kerfi sem við höfum bundið okkur til að taka upp með samningum við EES geti staðist.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagsleg aðstoð, 1. umr.

Stjfrv., 488. mál. — Þskj. 837.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið áður í

umræðum á þessum degi, þá er frv. til laga um félagslega aðstoð sem hér er fylgt úr hlaði í raun réttri fylgifrv. með frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar. Ein helsta breytingin á almannatryggingalögunum hér á landi vegna reglna Evrópubandalagsins á sviði almannatrygginga er sú að tryggja þarf að í ákvæðum laga um almannatryggingar séu engin ákvæði um bætur sem í raun eru bætur af félagslegum toga.

Eins og fyrr hefur verið rakið verður að flytja bætur almannatrygginga milli landa í samræmi við þann rétt sem hlutaðeigandi hefur áunnið sér í landinu. Þar sem kerfi félagslegrar aðstoðar er skammt á veg komið hér á landi hefur verið gripið til þess ráðs gegnum tíðina að setja inn í almannatryggingalög ýmis ákvæði um aðstoð sem bera frekar keim félagslegrar aðstoðar heldur en almannatrygginga.

Í frv. það sem hér liggur fyrir hafa verið flutt öll ákvæði almannatryggingalaga sem talið er að séu í raun ákvæði um félagslega aðstoð. Með þessu móti er tryggt að við munum ekki þurfa að flytja á milli landa þessar bætur því bætur félagslegrar aðstoðar er ekki skylt að flytja milli landa eins og bætur almannatrygginga. Til að tryggja þetta enn frekar er það skýrt tekið fram að almenn skilyrði þessara bóta sé lögheimili á Íslandi eins og það er skilgreint í lögheimilislögum. Til bóta félagslegrar aðstoðar teljast samkvæmt frv. mæðra- og feðralaun, umönnunarbætur, barnalífeyrir vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára, endurhæfingarlífeyrir, makabætur, ekkju- og ekklabætur, ekkjulífeyrir, heimilisuppbót, sérstök heimilisuppbót, uppbætur vegna sérstakra aðstæðna og uppbót vegna reksturs bifreiðar og bifreiðakaupastyrkur. Þá er það nýmæli í frv. að í það er sett heimild til Tryggingastofnunar ríkisins til að endurgreiða sjúkratryggðum kostnað vegna læknishjálpar og lyfja, enda sé hann umtalsverður. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að endurgreiða kostnaðinn að hluta eða að fullu að teknu tilliti til tekna og í samræmi við reglur sem heilbr.- og trmrn. setur.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv. en minni á að það telst til svokallaðra EES-frumvarpa. Það er því nauðsynlegt að frv. verði afgreitt á þessu þingi og enn nauðsynlegra vegna þess að í 11. gr. er það ákvæði sem er nýmæli að unnt sé að endurgreiða sjúkratryggðum kostnað vegna læknishjálpar og lyfja, enda sé hann umtalsverður. Hér er um nýmæli að ræða sem væri mjög ákjósanlegt að fá lögleitt sem allra fyrst.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar heilbr.- og trn.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Eins og hefur komið fram, þá er þetta fylgifrv. með því almannatryggingalagafrv. sem var til umfjöllunar fyrr á þessum degi.

Fyrst af öllu aðeins út af orðum hæstv. heilbrrh. hér áðan í andsvari við mig og spurningu minni um það hvort til stæði að flytja jafnvel þætti þessa frv. um félagslega aðstoð yfir til sveitarfélaganna þegar það verður orðið að lögum , þá kom það fram í máli hæstv. ráðherra að það stæði ekki til gera það eins og ástatt væri nú. Ég skil það mætavel.

Af orðum hans mátti hins vegar skilja að þetta kæmi allt saman vel til greina þegar sveitarfélögin væru orðin stærri og væru fær um að taka að sér stærri og viðameiri verkefni. Ég efast um að einhvern tíma getum við komið á því fyrirkomulagi a.m.k. í náinni framtíð að hægt sé að byggja upp það öflug sveitarfélög og jöfn að stærð og getu til þess að sinna svo viðamiklum málum eins og lagt er til í þessu frv., að okkur takist að færa slík verkefni yfir til sveitarfélaganna. Það væri gott ef slíkt væri hægt, en ég efast um að við sjáum inn í þá framtíð að það muni gerst. Hættan er sú, því miður, að með því að færa aukin verkefni í félagslegri þjónustu yfir til sveitarfélaganna skapist þær aðstæður í landinu að þjónustan verði mjög mismunandi eftir því hversu öflugt og sterkt viðkomandi sveitarfélag er, hversu heppinn þú ert að búa í sterku og öflugu sveitarfélagi eða hversu óheppinn þú ert að búa í sveitarfélagi sem er í sífelldri varnarbaráttu og hefur ekki tök til þess að setja peninga í félagslega þjónustu, hugsar miklu meira um það sem nauðsynlegt er reyndar að gera, að byggja upp atvinnulífið, og hver einasta króna sem til ráðstöfunar er í viðkomandi sveitarfélagi fari til uppbyggingar atvinnulífsins, til að tryggja atvinnu en félagslega þjónustan sitji á hakanum. Þetta er hættan og ekki síst þegar menn eru hér að flytja mjög viðkvæma og stóra málaflokka frá almannatryggingunum yfir í félagslega þjónustu sem síðan á kannski einhvern tíma í framtíðinni að fara yfir til sveitarfélagnna. En auðvitað er það mikilvægt að geta látið sveitarfélögin hafa mikilvæg og stór verkefni og færa ákvarðanatökuna sem næst fólkinu sem þar býr.

Það er rétt sem hæstv. heilbrrh. sagði, það er búið að prenta frv. upp — ég tók eftir því eftir að ég hafði flutt mína ræðu — og flytja a.m.k. eitt atriði, þ.e. þetta með styrkinn til barna á aldrinum 18–20 ára vegna skólanáms, yfir í félagslegu þjónustuna. Það er sjálfsagt eftir ábendingar sem fram komu í hv. heilbr.- og trn. um að þannig mættu þeir hlutir betur fara og ég fagna því.

Í 1. gr. frv. eru þessar bætur skilgreindar sem eiga eftir að falla undir félagslega aðstoð. Í fyrsta lagi vil ég fara örfáum orðum um mæðra- og feðralaun. Ég tel að fyrst menn eru að stíga það skref á annað borð að færa það úr almannatryggingunum og ætla að færa það yfir í félagslega þjónustu, þá væri miklu nær að taka það sem hluta af barnabótakerfinu í heild sinni og færa það yfir í skattkerfið. Ég tel því vera miklu betur fyrir komið þar heldur en fara að færa það inn í hluti um félagslega aðstoð.

2. Umönnunarbæturnar finnst mér það vera dæmi um félagslega þjónustu og rétt að færa þær yfir.

3. Endurhæfingarlífeyririnn. Ég kom inn á það í minni fyrri ræðu. Ég teldi eðlilegra að endurhæfingarlífeyririnn væri inni í almannatryggingunum, færi ekki yfir í félagslegu aðstoðina.

4. Makabæturnar tel ég eðlilegt að færa líkt og umönnunarbæturnar sem í raun og veru mætti að mínu viti slá saman og ef það yrði nú kannski gert í þessari endurskoðun að setja upp nýjan bótaflokk sem væru umönnunarbætur elli- og örorkulífeyrisþega sem gætu sparað verulega fjármuni fyrir ríkið með því að greiða fyrir þessa þjónustu sem veitt yrði á heimilunum.

5. Ekkju- og ekklabætur. Þá fyndist mér eðlilegra að líkt og með mæðra- og feðralaunin gæti það verið hluti af hinu almenna skattakerfi og ætti ekki að flokka sem félagsleg aðstoð.

6. Sérstaka heimilisuppbótin. Það er reyndar eðlilegt að mínu viti að hafa það sem hluta af þessu frv. um félagslega aðstoð. Sama gildir um uppbætur vegna sérstakra aðstæðna. Það er hins vegar mjög yfirgripsmikill og víður málaflokkur og það er eiginlega fátt, sem ekki er hægt að flokka þar undir, enda útgjöld veruleg, skipta hundruðum millj. kr. vegna þessara heimildarbóta sem þarna er um að ræða. Eins er með bensínstyrk sem þarna er um rætt eða bætur vegna rekstur bifreiðar og síðan bifreiðakaupastyrkinn. Þetta eru allt eðlilegir hlutir innan félagslegu aðstoðarinnar.

Mér finnst að í frv. kristallist sú grundvallarbreyting sem við höfum rætt hér fyrr í umræðunum. Breytingin kemur mjög skýrt fram, þ.e. þar sem frv. gerir ráð fyrir því að allar þessar bætur verði heimildarbætur en á mörgum stöðum í almannatryggingalögunum var um skýran bótarétt einstaklinganna að ræða þar sem fyrirmæli voru um að þessir hlutir skyldu greiddir og ég ætla örlítið að koma inn á það.

Í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir því að heimilt sé að greiða hverjum þeim sem á lögheimili hér á landi og verður ekkja eða ekkill innan 67 ára aldurs bætur í sex mánuði eftir lát maka. Þetta er með öðrum orðum heimild en í 17. gr. laganna er þetta orðað svo: „Hver sem á lögheimili hér á landi og verður ekkja eða ekkill innan 67 ára aldurs á rétt á bótum í sex mánuði."

Á þessu er náttúrlega grundvallarbreyting og svona er það á ýmsum öðrum stöðum í frv. að þar sem réttur er til staðar er nú gert að heimild. Í 6. gr. varðandi ekkjulífeyrinn er hins vegar spurning að mínu viti hvort ekki sé eðlilegra að það sé hluti af almannatryggingunum eins og ég lýsti áðan sem einn hlekkur í þeirri keðju frá því að menn hætta að fá sjúkradagpeninga og slysadagpeninga yfir í biðtímann eftir endanlegu orörkumati. En í 6. gr. er gert ráð fyrir því að heimilt sé að greiða konu, sem lögheimili á hér á landi og orðin 50 ára við lát mannsins, ekkjulífeyri til 67 ára aldurs, enda hafi hún átt heimili hér a.m.k. þrjú síðustu árin. Þetta eru heimildir en í 18. gr. núgildandi laga er gert ráð fyrir því að þegar bætur niður falla skv. 17. gr., þ.e. ekkjubæturnar, þá á hver sú kona sem á lögheimili hér á landi og er orðin 50 ára við lát manns sín rétt á ekkjulífeyri til 67 ára aldurs. Þarna er um grundvallarbreytingu að ræða. Ég spyr hæstv. ráðherra að því hvort honum finnist ekki eðlilegt að ekkjulífeyririnn sé eins og hver annar hluti af lífeyriskerfi og færist ekki yfir í þetta frv. heldur verði áfram hluti af almannatryggingalögunum. Yrði sú breyting gerð á þessum frumvörpum þá horfir málið allt öðruvísi við vegna þess að þá er þar ekki um heimildarbætur að ræða.

Ég kom inn á 7. gr. frv. um endurhæfingarlífeyrinn áðan og ætla ekki að orðlengja frekar um það. Þar finnst mér líka orka tvímælist hvort flytja eigi yfir.

9. gr. frv. er orðuð svo, með leyfi forseta: „Heimilt er að greiða einhleypingi, sem nýtur óskertrar tekjutryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar..." Þegar menn hins vegar lesa frv. um almannatryggingar, 17. gr. þess frv., er í raun og veru hvergi talað um tekjutryggingu. Þá grein þurfa menn því að skoða nákvæmlega. Þar er bara talað um uppbót á lífeyri eins og var og eins og er í almannatryggingalögunum í dag. Tekjutryggingin er bara uppbót á lífeyri en þarna er farið að tala um tekjutryggingu. Það er í fyrsta skipti, a.m.k. sem ég tók eftir því, þegar ég las frv. að talað er um tekjutrygginguna. Þetta er spurning um vinnubrögð en ekki endilega það hvaða nöfnum við köllum þetta.

Þá gildir það sama að í núgildandi lögum er gert ráð fyrir því að heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót fylgi tekjutryggingunni og einbúi hafi rétt eða njóti hann ekki hagræðis af sambýli en eins og þetta er sett upp í frv. þá er um heimild að ræða. Í raun og veru má segja að þegar bæði frumvörpin eru skoðuð saman þá er verið að skerða rétt. Nú er ég ekki að segja það með þessu, hæstv. ráðherra, að það sé ætlun ríkisstjórnar og heilbrrn. að gera slíkt. Hins vegar þegar menn lesa umsögnina um frv. um félagslega aðstoð er gert ráð fyrir 75 millj kr. sparnaði sem að þessu liggi. Þeim sparnaði verður að mínu viti ekki náð öðruvísi en nýta eitthvað af þeim heimildum sem eru til staðar í þessu frv. um félagslegu aðstoðina og þá komum við að nákvæmlega sömu niðurstöðunni. Það er með öðrum orðum ætlunin að skerða réttindin og til þess eru menn að fá auknar heimildir til þess að spara 75 millj. kr.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Eins og hæstv. heilbr.- og trmrh. vék áðan að í umræðum um frv. til laga um almannatryggingar þá er auðvitað stærsta breytingin sem hér er á ferðinni í þessu frv. sú að þarna koma inn heimildarákvæði a.m.k. í ákveðnum tilvikum þar sem skilgreiningin var áður sú að einstaklingurinn hefði rétt til tiltekinnar þjónustu. Núna er heimilt að veita honum tiltekna þjónustu samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir. Þarna er auðvitað veruleg breyting á ferðinni vegna þess að nú er ekki lengur rétturinn skilgreindur heldur heimildin til þess að veita honum tiltekna aðstoð. Það skiptir auðvitað verulegu máli fyrir einstaklingana sem leita aðstoðar að þessi breyting er hér gerð. Ég óttast að þetta geti leitt til þess að staða þeirra versni gagnvart opinberum aðilum og gagnvart Tryggingastofnun ríkisins með þessu ákvæði.

Ég hef ekki rekist á það í frv. að nokkur grein sé gerð fyrir því hvernig á því standi að hér sé bara um heimildarákvæði að ræða en ekki neina skyldu. Í athugasemd við lagafrv. segir að frv. geri alls staðar ráð fyrir að um heimildarákvæði sé að ræða og svo segir bara: „Um nánari skýringar vísast til athugasemda með

frv. til laga um almannatryggingar". Það kann að vera að það hafi farið fram hjá mér en mér finnst ekki að það hafi verið mikil útskýring á því af hverju þetta er gert með þessum hætti.

Ég vil benda á nokkur dæmi um það hvernig þetta kemur út.

Í 2. gr. þessa frv. segir að heimilt sé að greiða mæðra- og feðralaun til einstæðra foreldra. Í núgildandi lögum segir: „Mæðralaun skulu greidd einstæðum foreldrum sem hafa börn sín undir 18 ára aldri á framfæri". Þetta er auðvitað reginbreyting. Þetta breytir sjálfsagt engu til að byrja með í framkvæmd en þetta er auðvitað reginbreyting þegar annars vegar segir að þau skulu greidd og hins vegar að heimilt sé að greiða þessi laun.

Í 7. gr. er sagt að heimilt sé að greiða konu, sem á lögheimili hér á landi og er orðin 50 ára við lát mannsins ekkjulífeyri til 67 ára aldurs, enda hafi hún átt hér lögheimili a.m.k. þrjú síðustu árin o.s.frv. Í núgildandi lögum segir að hver sú kona sem lögheimili á hér á landi og orðin var 50 við lát mannsins eigi rétt á eftirlífeyri. Þannig er það orðað í núgildandi lögum.

Í 9. gr. er sagt að heimilt sé að greiða einhleypingi heimilisuppbót sem nýtur óskertrar tekjutryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar og er einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað. Í núgildandi lögum segir að einhleypingi, sem nýtur óskertrar tekjutryggingar, skuli að auki greiða heimilisuppbót. Þarna er því um talsverða breytingu að ræða og að mínu viti breytir hún réttarstöðu einstaklinganna gagnvart Tryggingastofnun og þeirri kröfu sem þeir eiga á bótum. Ég óska eftir því að ráðherra geri nánar grein fyrir því hvers vegna farið var út í það að gera þetta allt að heimildarákvæðum í stað þess að haga því til eins og hingað til hefur verið.

Sú spurning vaknar auðvitað þegar frv. er lesið sem og hitt sem hefur nú þegar verið rætt, hvernig mörkin væru fundin á milli félagslegrar aðstoðar annars vegar og tryggingabóta hins vegar eins og ég vék að hér áðan. Sú spurning vaknar auðvitað líka af hverju eitthvað sem skilgreint er sem félagsleg aðstoð og verður skilgreint þannig í íslenskum lögum ætti að heyra undir Tryggingastofnun ríkisins og heilbr.- og trmrh. Auðvitað hljómar mjög ankannalega að heilbr.- og trmrh. sé að mæla fyrir lögum um félagslega aðstoð og verði eftirleiðis að gera breytingar á lögum um félagslega aðstoð en ekki félmrh. og þetta skuli heyra undir málasvið hans. En sú skýring kom auðvitað hjá ráðherra, sem liggur kannski í augum uppi þegar maður fer að skoða þetta, að ráðuneytið hefði skoðað þessi mál og þessa skiptingu milli félagslegrar aðstoðar og tryggingabóta með tilliti til þess hvaða aðstoð sveitarfélögin veittu meðal grannþjóðanna. Það hefði verið viðmiðunin við frumvarpssmíðina. Mér finnst nú liggja nokkurn veginn í augum uppi að þetta þýði þá að reynt verði að færa þessi verkefni út til sveitarfélaganna sem hér er um að ræða.

Ráðherra sagði líka að ef af fækkun og stækkun sveitarfélaganna yrði þá mundi fylgja aukinn verkefnatilflutningur og þar á meðal kæmi þetta hér til álita. En nú skulum við gefa okkur að fækkun og stækkun sveitarfélaganna verði ekki eins hröð og menn hafa búist við, það muni gerast hægar og þau munu ekki verða í stakk búin til þess að taka við verkefnum mjög hratt, þá vaknar upp sú spurning hvort þetta verði áfram hjá Tryggingastofnun eða er hugsanlegt að menn reyni samt sem áður að ýta þessu út til sveitarfélaganna þó að þau séu hugsanlega vanbúin. Nú er ég ekki að segja að þau telji sig endilega vanbúin því að ég vil ítreka það enn eina ferðina hér á þingi að eitt eru sveitarfélög og annað eru einstaklingarnir sem í sveitarfélögunum búa og kann vel að vera að þó að sveitarfélögin telji sig í stakk búin til þess að taka einhver viss verkefni eða veita vissa þjónustu að þeir sem í sveitarfélögunum búa séu ekki alveg sammála því. Þess vegna vaknar hjá manni viss ótti um það að reynt verði vegna fáránleikans í því að ráðherrann sé að vasast í frumvörpum og lögum um félagslega aðstoð að ýta þessu með einhverjum hætti fyrr en ella út til sveitarfélaganna og þau verði hugsanlega vanbúin til þess að taka við málinu.

Þetta eru þær helstu athugasemdir sem ég vil gera við þetta frv. að svo stöddu en að sjálfsögðu áskil ég mér allan rétt til þess að fara nánar ofan í málið í heilbr.- og trmn.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég ítreka þakkir mínar til þeirra hv. tveggja þingmanna, sem hér hafa tekið til máls, og skal leitast við að svara spurningum þeirra eftir bestu getu.

Í fyrsta lagi liggur auðvitað alveg fyrir að það orkar tvímælis eins og ég var að segja hér áðan og mun alltaf orka tvímælis og verður alltaf umdeilanlegt hvernig menn skipta viðfangsefnum á milli félagslegrar aðstoðar og almannatryggingakerfis. Út af fyrir sig er þar enginn stóridómur til annar en Alþingi Íslendinga þegar Alþingi afgreiðir tillögur sem lög frá Alþingi.

Ég sagði áðan að það væri einn af þeim þáttum, sem við hefðum litið til, hvaða aðstoð sveitarfélög í nágrannalöndunum veita fólki þegar við klufum almannatryggingalögin í frv. um almannatryggingar og frv. um félagslega aðstoð en við fórum ekki alfarið eftir því. Við höfðum það til hliðsjónar ásamt mörgum fleiri atriðum. En eins og ég segi verður alltaf umdeilanlegt um einstök atriði hvorum megin hryggjar þau eiga að liggja.

Þá var einnig spurt sérstaklega hvaða ástæða væri til þess að taka alls staðar upp í þessu frv. heimild í sambandi við greiðslur um félagslega aðstoð í stað þess sem er í nokkrum tilvikum í gildandi lögum að þar er um skyldugreiðslu að ræða. Svarið við því er mjög einfalt. Það er ekki endilega víst eins og skyldan er framkvæmd í dag að það sé í samræmi við réttlætiskennd þeirra aðila sem um fjalla, þar á meðal hv. alþm. sem setja lögin. Dæmi eru um það vegna þess að

fjármagns- og eignatekjur falla ekki undir þá teknaskilgreiningu sem valda skerðingu á tekjutryggingu og heimildaruppbótum sem þeim fylgja, að aðilar komi, sem eru ekki að fela að þeir eru með mjög miklar eignatekjur og vaxtatekjur, en krefjast á grundvelli greiðsluskylduákvæðisins í almannatryggingalögunum fullra greiðslna, ekki bara á tekjutryggingu heldur á öllum viðbótargreiðslum sem atvinnutekjulausum lífeyrisþegum eru ætlaðar. Meira að segja eru dæmi um að kröfur komi frá aðilum, sem eru með mjög háar tekjur sem eru svona saman settar, um að þeir fái greiddar úr almannatryggingum hæstu mögulegu greiðslur sem ætlaðar eru lágtekjufólki. Þetta er afleiðing af ákvæðinu um skyldugreiðslur sem er hins vegar ekki í samræmi við það sem flestir telja vera eðlilegt að aðili skuli geta fengið svo háar greiðslur úr tryggingakerfinu sem hefur mjög háar tekjur eingöngu vegna þess að ekki er um atvinnutekjur að ræða heldur eigna- og vaxtatekjur. Í 5. gr. segir að heimilt sé ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi að greiða maka elli- og örorkulífeyris makabætur sem eru allt að 80% af grunnlífeyri. Þetta er óbreytt í gildandi lögum en í 6. gr. frv. segir:

„Heimilt er að greiða hverjum þeim, sem á lögheimili hér á landi og verður ekkja eða ekkill innan 67 ára aldurs, bætur í sex mánuði eftir lát maka, 15.448 kr. á mánuði."

Í gildandi lögum er um skylduákvæði að ræða. Nú er ég ekki að draga neitt úr því og tilheyrendur mega ekki misskilja orð mín þannig að ég geri mér ekki fulla grein fyrir því að það er auðvitað áfall í lífi hvers og eins að missa maka sinn, hvort sem um er að ræða innan 67 ára aldurs eða ekki. En það gæti verið, og eru sjálfsagt mörg dæmi um það, að í fjárhagslegum þrengingum, sem þessi þjóð á við að etja, teldu menn ekki eðlilegt að hátekjufólk fengi í sérstakar greiðslur upp á 15.448 kr. á mánuði úr ríkissjóði jafnvel þó svo það hefði misst maka sinn. Það eru því ýmis rök fyrir því að í staðinn fyrir að menn hafi svona ótvíræðar greiðsluskyldur á ríkinu sé þeim breytt í heimildir. Líka getur verið ástæða til þess að endurskoða greiðslur almannatryggingakerfisins til tiltekinna einstaklinga sem áttu kannski mikinn rétt og fyllsta rétt á þessum greiðslum þegar til þeirra er stofnað en aðstæður hafa hins vegar breyst mjög verulega. Eins og sjálfsagt flestallir aðrir þingmenn veit ég mörg dæmi þess að með þessu hafi fólk fengið úr almannatryggingakerfinu verulegar fjárhæðir sem það hefur ekki átt rétt á miðað við þær aðstæður sem viðkomandi aðili býr við nú um stundir þó svo að aðstæðurnar hafi verið þannig þegar til bótaréttarins var stofnað að viðkomandi hefði fyllstu þörf fyrir slíkar greiðslur.

Margir trúðu því áður fyrr, einkum og sér í lagi þegar tryggingalöggjöfin væri sett, að þeir einir mundu leita á vit tryggingarinnar sem hefðu raunverulega þörf fyrir aðstoð. En því miður er það oft þannig að þeir sem mest hafa eru allra manna kröfuharðastir um meira. Líka eru dæmi um slíkt í tryggingakerfinu. Þess vegna held ég að það sé rétt, virðulegi forseti, að sú breyting sé gerð sem hér er lögð til að í staðinn fyrir skylduákvæði séu heimildarákvæði um greiðslu vegna félagslegrar aðstoðar og Íslendingum er nú einu sinni þannig farið að þeir sem fá slíkar heimildir vilja gjarnan teygja sig lengra en skemmra í það að nota þær heimildir. Ég býst ekki við að mikil breyting verði þar á.

Ég ítreka að ég þakka hv. þm. sem tekið hafa til máls um þetta frv. og vænti þess að það eigi greiða leið í gegnum hv. heilbr.- og trn.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbr.- og trmrh. gat ákveðinna útskýringa á því hvers vegna teknar væru upp heimildabætur í a.m.k. þeim þremur tilvikum sem ég minntist á. Út af fyrir sig getur það verið skiljanlegt að stofnunin, Tryggingastofnun í þessu tilviki, vilji hafa möguleika á því að ná með einhverjum hætti til þeirra sem hafa miklar eignatekjur þannig að þeir fái ekki hæstu mögulegu greiðslur úr tryggingakerfinu eins og ráðherra var að tala um. En hann sagði að það væru dæmi um að einstaklingar með mjög háar eigna- og vaxtatekjur fengju slíkar greiðslur. Þetta er út af fyrir sig skiljanlegt en það er jafnfráleitt að þessir einstaklingar fái þá tekjutrygginguna sem er inni í almannatryggingalögunum og er ekki nein heimildargreiðsla. Það er skilgreindur ákveðinn réttur til tekjutryggingar og það er þá alveg jafnfráleitt að þessir einstaklingar fái tekjutryggingu. Það sem þyrfti að gerast í þessu tilviki er það sem hefur margsinnis verið rætt og það er almennt að koma á skatti á fjármagnstekjur og ef þær væru taldar til tekna, skatttekna eins og aðrar tekjur þá kæmi það líka til skoðunar hjá Tryggingastofnunar ríkisins og þá mundi það hafa t.d. áhrif á tekjutrygginguna. Þannig að mér finnst þetta ekki vera mikil rök, virðulegur ráðherra.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Aðeins að rifja upp að við afgreiddum á síðasta þingi breytingu á lögum um almannatryggingar sem gera það akkúrat að verkum að um leið og fjármagnstekjuskattur yrði tekinn upp á Íslandi þá mundu fjármagnstekjur leiða til skerðingar á tekjutryggingu. Hins vegar fannst okkur ekki eðlilegt og Alþingi tók undir það að gera ráð fyrir að fjármagnstekjur leiddu til skerðingar á tekjutryggingu í almannatryggingakerfinu á sama tíma og fjármagnstekjur eru ekki skattlagðar hjá öðrum borgurum. Það var nú eiginlega ástæðan fyrir því að það var ekki gert. Hins vegar vita allir hv. þm. minn vilja í sambandi við skattlagningu fjármagnstekna og ég held ég þurfi engu við það að bæta.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ef skattlagning fjármagnstekna kemst á eins og hefur verið talað um margsinnis en er alltaf inn í einhverri óráðri framtíð a.m.k. virðist

manni það á helstu talsmönnum þessarar ríkisstjórnar, ef það kemst á þá þýðir það að tekjutrygging einstaklinga með miklar fjármagnstekjur skerðist. Þar af leiðir að þessir einstaklingar munu ekki njóta þeirrar heimilisuppbótar sem gert er ráð fyrir í 8. gr. þessa frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 1. umr.

Stjfrv., 546. mál (eftirlit á varnarsvæðum). — Þskj. 906.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Í gildandi lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit er ekki sérstaklega tekið fram að lögin gildi um heilbrigðis- og mengunareftirlit á varnarsvæðunum. Í framkvæmd hefur þetta eftirlit verið þannig að varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins hefur í krafti samkomulags við varnarliðið falið heilbrigðiseftirliti Suðurnesja að annast heilbrigðis- og mengunareftirlit á varnarsvæðunum. Varnarliðið greiðir heilbrigðiseftirliti Suðurnesja árlega fjárhæð vegna eftirlits með eftirlitsskyldri starfsemi á þess vegum. Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli greiðir síðan um það bil þriðjung af rekstrarhalla heilbrigðiseftirlits Suðurnesja vegna eftirlits þess á varnarsvæðum, en íbúafjöldi á varnarsvæðum er þriðjungur af íbúafjölda sveitarfélaganna á Suðurnesjum.

Íslensk fyrirtæki, sem starfa á varnarsvæðunum, bera á hinn bóginn engan kostnað vegna eftirlitsskyldrar starfsemi sinnar líkt og íslensk fyrirtæki annars staðar á landinu. Þessu vilja menn nú breyta þannig að utanríkisráðherra geti annaðhvort gert samning við viðkomandi fyrirtæki um greiðslu vegna eftirlits heilbrigðiseftirlits Suðurnesja eða sett um það sérstaka gjaldskrá. Meðal þeirra fyrirtækja, sem hér um ræðir, eru Íslenskir aðalverktakar hf. og Flugleiðir hf.

Með frumvarpi þessu er lögfest að eftirlit samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nái einnig til varnarsvæðanna og að utanríkisráðherra, sem samkvæmt lögum nr. 105/1954 hefur lögsögu á varnarsvæðunum, skuli semja við heilbrigðiseftirlit Suðurnesja til að framkvæma það eftirlit.

Í fylgiskjali með þessu frv. fylgir mat fjárlagaskrifstofu fjmrn. og umsögn um frv. þar sem fram kemur m.a. eins og þegar hefur komið fram í framsöguræðu minni að megintilgangurinn með frv. er að taka af tvímæli um hvernig hátta skuli framkvæmd laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit á varnarsvæðunum. Talið er að heildartekjur af álagningu heilbrigðiseftirlitsgjaldsins á fyrirtæki geti numið 2–3 millj. kr. Þær tekjur munu koma til lækkunar á því framlagi sem Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli mundi annars verða að greiða og hreinar tekjur ríkissjóðs af starfsemi embættisins ættu að öðru jöfnu að hækka um sömu fjárhæð, segir fjárlagaskrifstofa fjmrn.

Virðulegur forseti. Ég hef ekki fleiri orð um þetta frv. en legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjalög, 1. umr.

Stjfrv., 547. mál (heildarlög). — Þskj. 907.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegur forseti. Þann 18. ágúst 1991 skipaði ég nefnd til að athuga hugmyndir um breytingu á lyfjadreifingu í samræmi við stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar um að stuðla að lækkun dreifingarkostnaðar á lyfjum með því að koma á samkeppni á öllum stigum en þannig segir orðrétt í stefnuyfirlýsingu hv. ríkisstjórnar.

Í nefndina voru skipaðir Brynjólfur Sigurðsson prófessor, formaður, Einar Magnússon, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Guðmundur Sigurðsson, heilsugæslulæknir, Guðrún S. Eyjólfsdóttir, lyfjafræðingur hjá Lyfjaeftirliti ríkisins og lyfjaverðlagsnefnd, Kristján Guðjónsson, deildarstjóri í Tryggingastofnun ríkisins, og Jón Sæmundur Sigurjónsson, hagfræðingur í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir: „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd, sem fær það verkefni að athuga hugmyndir um breytingu á lyfjadreifingu, sérstaklega með það í huga, að meira frjálsræði en nú ríkir í þessum málaflokki geti leitt til meiri hagkvæmni og betri þjónustu á þessu sviði, þannig að dregið verði úr álagningarþörf án þess að slakað verði á öryggiskröfum með tilliti til búnaðar, vöruframboðs og faglegs eftirlits. Nefndinni er falið að gera tillögur að breyttu fyrirkomulagi lyfjadreifingar, -skráningar og heildsölu með þeim hætti sem athuganir hennar leiða í ljós að þurfi svo að framangreindum markmiðum verði náð.“ Nefndin skilaði áliti sínu í byrjun apríl 1992.

Í niðurstöðu álitsins segir m.a. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Sýnt er fram á að nauðsynlegt sé að taka upp hlutfallsgreiðslur fyrir lyf ef ná eigi fram samkeppni á smásölustigi. Vegna ákvæða um stjörnumerkt lyf og lyf í B-flokki og reyndar einnig vegna reglna um greiðslur elli- og örorkulífeyrisþega fyrir lyf, þá verður árangur af hlutfallsgreiðslum takmarkaður nema breytingar verði gerðar á greiðslufyrirkomulagi fyrir ofangreinda lyfjaflokka. Þá er vert að vekja athygli á að af og til koma mjög dýr lyf á markað. Framleiðendur þeirra hafa að jafnaði einkaleyfi til framleiðslu á þeim til nokkurra ára. Þessi lyf geta verið svo dýr að útgjöld sjúkratrygginga vegna eins slíks lyfs geta hæglega numið tugum og jafnvel hundruðum milljóna króna. Mikilvægt er að gerðar séu ráðstafanir til þess að þessi dýru lyf séu ekki notuð í stað ódýrari lyfja ef hjá því verður komist út frá læknisfræðilegu sjónarmiði. Almannatryggingakerfið er á föstum fjárlögum.

Gera verður ráð fyrir að staðið skuli við fjárlög. Þegar óvænt útgjöld koma til, eins og vegna nýrra dýrra lyfja, þarf að vera hægt að beita sveigjanleika annaðhvort með auknum fjárveitingum eða að nefnd skipuð fulltrúum Tryggingastofnunar ríkisins, lyfjanefndar, landlæknis og ráðuneytis gæti ákveðið aðra tilhögun á greiðsluþátttöku sjúkratrygginga en almennar reglur leyfa.

Vilji stjórnvöld koma á frelsi í lyfjadreifingunni telur nefndin ráðlegast að fyrst verði komið á hlutfallsgreiðslum fyrir lyf. Fyrst þegar breyttu endurgreiðslukerfi hefur verið komið á er tímabært að rýmka reglur um lyfsöluleyfi þannig að frelsi til að stofna apótek aukist. Meðan verið er að komast að því hvort samkeppni muni eiga sér stað getur verið ráðlegt að hafa hámarksverð á lyfjum, þannig að fyrirtækin hafi tækifæri til að keppa innan þess ramma sem hámarksverðið veitir.

Verði sú raunin að samkeppnin verði næg til að halda niðri lyfjaverðinu opnast möguleikar til að létta opinberum afskiptum af smásöluverði lyfja, hvort sem það væri með því að afnema hámarksverðið eða með því að heimila lyfsölum að ákveða afgreiðslugjald upp á eigin spýtur fyrir hverja lyfjaávísun.

Leita þarf leiða til að örva samkeppni í innflutningi og heildsölu lyfja. Í því sambandi þyrfti m.a. að kanna kosti og galla samhliða innflutnings (parallel import) og meta hugsanlegan ávinning sem slíkt fyrirkomulag gæti haft í för með sér.

Ætla verður að auknu frelsi í lyfjasölu fylgi fjölgun útsölustaða og þar með greiðari aðgangur að lyfjum, sem að öðru jöfnu leiðir til hærri heildarkostnaðar. Á móti kemur aukin kostnaðarvitund þeirra sem nota lyf ef hlutfallsgreiðslur verða teknar upp auk þess sem vænta má aukinnar samkeppni. Í því sambandi er samanburður við lyfjaverð á erlendum mörkuðum mikilvægur. Ef endurgreiðslur sjúkratrygginga verða miðaðar við verð lyfja á erlendum mörkuðum, mun það hvetja lyfjaheildsala til að komast að hagstæðara verði en sem nemur viðmiðunarverðinu. Einnig munu sérstakar ráðstafanir vegna nýrra dýrra lyfja geta dregið úr lyfjakostnaði.

Lyfjakostnaður ræðst mjög af ávísanavenjum lækna. Af hálfu heilbrigðisyfirvalda hefur lítið verið gert af því að fræða lækna um ný lyf. Fræðsla á því sviði hefur nær alfarið verið höndum lyfjaframleiðenda og umboðsmanna þeirra. Eðlilegt er að sú fræðsla sé gerð í eiginhagsmunaskyni og beri keim af einhliða áróðri. Nauðsynlegt er að koma á mótvægi við slíka upplýsingagjöf og er eðlilegt að það starf fari fram á vegum heilbrigðisyfirvalda. Breyttar reglur um endurgreiðslur sjúkratrygginga auka þörf lækna fyrir upplýsingar um lyf þar sem hlutfallsgreiðslur munu leiða til, að hagsmunir sjúklinga og sjúkratrygginga fara saman þegar læknir tekur ákvörðun um lyfjagjöf."

Virðulegur forseti. Þetta var niðurstaða nefndar sem skilaði áliti sínu í byrjun apríl árið 1992 og skilaði samhljóða áliti. Ég rifjaði þetta upp til þess að vekja athygli hv. þm. á því að þessum niðurstöðum nefndarinnar hefur verið fylgt í einu og öllu. Sá grunnur sem þetta nefndarstarf hefur verið byggt á og raunar hefur verið byggt á grunni sem hæstv. fyrrv. heilbrrh. lagði á margan hátt í ráðuneytinu með störfum hans að því að auka aðhald að lyfja útgjöldum og reyna að draga úr lyfjakostnaði. Þannig að það getur vart komið nokkrum hv. þm. sem fylgst hefur með þessum málum á óvart hvaða stefnu þessi mál hafa tekið vegna þess að ef nokkur mál hafa verið vel undirbyggð þá eru það þessi.

Eins og fram kemur í framangreindri tilvitnun í niðurstöður nefndarinnar ráðlagði nefndin fyrst að teknar yrðu upp hlutfallsgreiðslur fyrir lyf til að örva samkeppni. Að sömu niðurstöðu hafði annar starfshópur komist sem ég skipaði eftir samþykkt ríkisstjórnarinnar í maí 1991 um að reynt yrði að stemma stigu við síhækkandi lyfjakostnaði en augljóst var þá að lyfjakostnaður færi langt fram úr fjárlögum ef ekkert yrði aðhafst. Þeim starfshópi var falið að vinna tillögur um lækkun lyfjakostnaðar strax á árinu 1991 og árangurinn af því starfi var metin á milli 500 og 600 millj. kr. í sparnaði fyrir tryggingakerfið á árinu 1991. Markmiðið með vinnu starfshópsins var að auka kostnaðarvitund lækna og almennings á lyfjum og jafnframt að vinna að breyttu neyslumunstri á lyfjum. Starfshópurinn taldi að vænlegasta leiðin til að auka og efla kostnaðarvitund lækna og almennings fælist í hlutfallsgreiðslu sjúklinga á lyfjum í stað fasts gjalds óháð verði og magni eins og tíðkast hafði um árabil. Til að unnt yrði að hrinda þessum breytingum í framkvæmd þurfti hins vegar að breyta lögum um almannatryggingar. Það var að sjálfsögðu ekki gert fyrr en Alþingi hafði komið saman sem ekki var fyrr en haustið 1991.

Fyrstu tillögur starfshópsins miðuðust þess vegna við aðgerðir sem hægt væri að hrinda í framkvæmd án lagaheimilda. Starfshópurinn gerði tillögur um breytingar á reglugerð um greiðslu almannatrygginga í lyfjakostnaði en þær breytingar tóku gildi 1. júlí 1991. Helstu nýmæli þessara breytinga voru breytingar á flokkun þeirra lyfja sem sjúkratryggingar greiða að fullu að hluta eða alls ekki. Þá var fastagjald sjúklings hækkað um 13%, úr 750 kr. í 850 kr. en gjaldið hafði ekki hækkað síðan 1. febr. 1990. Fastagjald elli- og örorkulífeyrisþega var hækkað úr 230 í 250 kr. Fastagjald fyrir svoköllуð bestukaupalyf voru hins vegar lækkuð um 9% úr 550 í 500 kr. fyrir aðra en elli- og örorkulífeyrisþega. Gjald elli- og örorkulífeyrisþega fyrir bestukaupalyf lækkaði úr 170 í 150 kr. Þá var hámarksskammtur lyfja fyrir eitt fastagjald miðaður við 60 daga í stað 100 áður.

Með reglugerðinni breyttist greiðslufyrirkomulag nokkurra lyfjaflokka, þannig að almannatryggingar taka ekki lengur þátt í kostnaði þeirra. Má þar nefna svefnlyf, róandi lyf, neflyf, hálslyf, hóstalyf, kveflyf, hægðalyf og algeng sýklalyf.

Gert var ráð fyrir að þessar breytingar gætu dregið úr útgjöldum Tryggingastofnunar ríkisins vegna lyfjamála um 350–400 millj. kr. á einu ári, miðað við óbreytt neyslumynstur.

Í kjölfar þessara breytinga varð verulegur samdráttur í lyfjanotkun og þar með lyfjakostnaði á seinni

helmingi ársins 1991. Lyfjakostnaður sjúkratrygginga vegna sjúklinga utan sjúkrahúsa var 2,6 milljarðar árið 1990. Í ljósi reynslunnar hafði verið gert ráð fyrir að þessi útgjöld yrðu 2,95 milljarðar kr. árið 1991. Vegna ýmissa aðgerða, sem gripið var til í tíð Guðmundar Bjarnasonar, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem m.a. fólust í lækkun álagningar í heildsölu og smásölu haustið 1990, stefndu útgjöldin hins vegar í heldur lægri tölu, eða um 2,85 milljarða króna, þegar ríkisstjórnin gerði samþykkt sína í maíbyrjun 1991. Kostnaður sjúkratrygginga vegna lyfja á árinu 1991 varð 2,385 milljarðar króna.

Heildarsparnaður á árinu reyndist því vera um 565 millj. kr. miðað við að ekkert hefði verið aðgert og þar af 465 millj. kr. vegna aðgerðanna sem tóku gildi 1. júlí 1991 og um 100 millj. kr. vegna aðgerða fyrrv. heilbrrh.

Minni lyfjanotkunar og sparnaðar varð mest vart í júlí, ágúst og september 1991, en úr sparnaðinum dró síðustu mánuði þess árs. Ástæður sparnaðarins voru eftirfarandi:

1. Minni lyfjanotkun.
2. Ávísun á ódýrari lyf.
3. Aukin þátttaka sjúklinga í lyfjakostnaði.

Á síðustu mánuðum ársins 1991 og fyrstu mánuðum ársins 1992 dró úr sparnaði. Það var því nauðsynlegt að grípa að nýju til ýmissa aðgerða til að sporna við auknum kostnaði og til að halda honum innan marka fjárlaga ársins 1992. Með breytingum á almannatryggingalögum í lögum nr. 1/1991 fékkst heimild til að breyta fastagjaldi sjúkratryggðra fyrir lyf í hlutfallsgreiðslur. Sú breyting kom til framkvæmda 1. ágúst 1992 eftir nokkrar tafir vegna kjarasamninga en þar var hrint í framkvæmd því atriði sem nefndin sem skilaði skýrslu í byrjun apríl 1992 taldi að væri nauðsynlegur undanfari annarra aðgerða til að draga úr lyfjakostnaði.

Frá 1. ágúst 1992 greiða sjúklingar 25% af verði hvers lyfs upp að 3000 kr. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða 10% upp að 700 kr. Á sama tíma tóku gildi frekari breytingar sem allar miða að því að draga úr útgjöldum ríkissjóðs vegna lyfjakostnaðar. Sérstaklega er þess vænst að nýjar reglur, sem skylda lækna til að geta þess á lyfseðlinum hvort breyta megi lyfjaávísun í ódýrasta samheitalyf hverju sinni, komi til með að skila árangri.

Þann 18. jan. 1993 tók gildi ný reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði. Helstu breytingar sem reglugerðinni fylgja, eru þessar:

1. Fyrir þau lyf, sem áður voru greidd af sjúkratryggingum gegn framvísun lyfjaskírteina ella af sjúklingum sjálfum að hluta, greiðir sjúkratryggður nú fyrir hverja lyfjaávísun fyrstu 500 kr. af verði lyfsins. Af verði lyfsins umfram 500 kr. greiðir sjúkratryggður 12,5% en þó aldrei meira en 1.500 kr. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða fyrstu 150 kr. af hverri lyfjaávísun. Af verði lyfsins umfram það greiða þeir 5% en þó aldrei meira en 400 kr. Með þessari breytingu er gert ráð fyrir því að lyfjakort verði að mestu leyti óþörf.

2. Fyrir önnur lyf, sem sjúkratryggingar taka þátt í að greiða mun sjúkratryggður nú greiða fyrstu 500 kr. af verði lyfsins. Af verði umfram 500 kr. greiðir sjúkratryggður 25%, þó aldrei meira en 3.000 kr. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða fyrstu 150 kr. af verði lyfsins. Af verði lyfsins umfram það greiða þeir 10% en þó aldrei meira en 800 kr.

3. Nokkur lyf, sem áður voru greidd að hluta af sjúkratryggingum, eru nú færð yfir í svokallaðan 0-flokk, sem þýðir að notandi greiðir lyfið að fullu. Má þar nefna væg verkjalyf og lyf til lækkunar á blóðfitu.

Áfram er gert ráð fyrir að sjúkratryggingar greiði að fullu lyf sem sjúklingi er lífsnauðsyn að nota að staðaldri. Er þar um að ræða alla sömu lyfjaflokka og sjúkratryggingar hafa hingað til greitt að fullu. Þá er einnig gert ráð fyrir því í reglugerðinni að Tryggingastofnun ríkisins sé heimilt að kveða á um fulla greiðslu sjúkratrygginga á öllum lyfjum í sérstökum tilfellum, svo sem þegar um er að ræða síendurteknar alvarlegar sýkingar eða óvenjumikla lyfjanotkun að staðaldri.

Með þessum breytingum mun hlutdeild sjúklinga í heildarlyfjakostnaði hækka úr 24–25% í 31–32%, að meðaltali en hlutdeild sjúkratrygginga í lyfjakostnaði lækkar að sama skapi.

Jafnframt ætti hlutur sjúklinga í lyfjakostnaði á Íslandi að vera orðinn svipaður og hann er að meðaltali í öðrum Evrópulöndum.

Innan Evrópubandalagsins hafa skilmálar og reglur um viðurkenningu lyfja fyrir fólk og dýr verið samræmdar í síauknum mæli. Á þessu ári mun lyfjalöggjöf EB ná til allra verksmiðjuframleiddra lyfja, þar á meðal bóluefna, lyfja sem unnin eru úr blóði og geislavirkra lyfja.

Auk tæknilegrar samræmingar á evrópskum lyfjareglugerðum hafa á síðustu tveimur árum verið gerðar samþykktir eða tillögur um fleiri aðgerðir innan bandalagsins sem stefna að einum sameiginlegum lyfjamarkaði í Evrópu frá árinu 1993. Þessar aðgerðir miða m.a. að því að samkeppni aukist og upplýsingar um markaðinn verði aðgengilegri á sameiginlega markaðinum á sviði verðlagningar og þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði. Stefnt er að því að ákvæði í lögum aðildarlanda hins sameiginlega evrópska markaðar, sem koma í veg fyrir samkeppni í verði og þjónustu verði afnumin.

Við samningu lagafrumvarpsins sem hér er mælt fyrir hefur verið tekið mið af tilskipunum sem samþykktar hafa verið innan Efnahagsbandalagsins og gilda munu innan hins Evrópska efnahagssvæðis.

Búast má við að fleiri tilskipanir varðandi lyfjamál verði samþykktar innan EB, sem nú þegar eru til í formi tillagna, tilmæla og orðsendinga frá ráði EB, svo sem varðandi hómópatalyf, rannsóknir varðandi skráningar lyfja, verðlagseftirlit og endurgreiðslu lyfja, evrópska lyfjaskráningarstofnun, lagalegar kröfur til lyfja, o.s.frv.

Gert er ráð fyrir að þau ákvæði tilskipana EB um lyfjamál, sem ekki er minnst á í frumvarpinu, verði felld inn í reglugerðir, sem settar verða í kjölfar samþykktar frumvarpsins.

Framangreint nefndarálit, um aukið frjálsræði í

lyfjadreifingu ásamt fyrirsjáanlegri þróun Evrópumarkaðar styður þá stefnu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og ríkisstjórnarinnar, að stuðlað verði að lækkun dreifingarkostnaðar á lyfjum með því að koma á samkeppni á öllum stigum.

Lagafrumvarp þetta hefur verið samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Frumvarpið hefur verið sent til umsagnar á ýmsum stigum við samningu þess, m.a. Læknafélagi Íslands, Apótekarafélagi Íslands, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Stéttarfélagi íslenskra lyfjafræðinga, Félagi íslenskra stórkaupmanna, lyfjanefnd og Lyfjaeftirliti ríkisins. Þessir aðilar og ýmsir aðrir hafa gefið álit sitt. Þess hefur verið freistað eftir föngum að taka tillit til athugasemda sem fram hafa komið.

Þá hefur þingflokkur sjálfstæðismanna einnig gert athugasemdir og brtt. við einstakar greinar frv. sem tekið hefur verið tillit til.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru:

1. Aukið frelsi til að setja á stofn lyfjabúðir. Gert er ráð fyrir að ekki þurfi lengur forsetaleyfi til lyfjasölu og að reglur um stofnun apóteka verði rýmkaðar. Handhafar lyfsöluleyfa munu hafa tíma til að aðlagast breyttum aðstæðum fram til 1. júlí 1995. Eftir þann tíma er heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skylt að veita hverjum þeim sem uppfylla skilyrði frumvarpsins lyfsöluleyfi.

2. Aukið frelsi í verðlagningu lyfja, sem ef að líkum lætur mun hafa áhrif til aukinnar samkeppni og lækkunar lyfjaverðs. Dregið verður úr opinberum afskiptum af lyfjaverði og lyfjaverðlagsnefnd verður lögð niður.

3. Breytingar verða á reglum um auglýsingar lyfja. Heimilt verður að auglýsa lausasölulyf en reglur um auglýsingar annarra lyfja eru hertar. Lyfjabúðir fá heimild til að auglýsa verð og þjónustu sem þær hafa ekki haft.

4. Sjúkrahúsapótek geta annast afgreiðslu lyfja til sjúklinga sem útskrifast og göngudeildarsjúklinga.

5. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að einungis héraðsdýralæknar hafi heimild til lyfjasölu með sama hætti og verið hefur heldur fá allir dýralæknar heimild til að kaupa lyf í heildsölu til að nota í sjúkravitjunum. Gert er ráð fyrir að þeir hafi síðan heimild til að selja dýralyf á allt að hámarksútsöluverði, sem ákveðið er af lyfjagreiðslunefnd.

6. Lyfjagreiðslunefnd verður skipuð og fær hún það verkefni að ákveða hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum, dýralyfjum og þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði sjúkratryggðra í samræmi við lög um almannatryggingar og fjárlög hverju sinni.

Frumvarpið fellir saman í ein lög lyfjalög, nr. 108/1984, með síðari breytingum, og lög um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, með síðari breytingum og gerir ráð fyrir að heiti þeirra verði lyfjalög. Auk þeirra nýmæla, sem frumvarpið hefur að geyma, eru lagðar til nokkrar breytingar og lagfæringar á gildandi lögum í ljósi reynslu af framkvæmd þeirra og í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins. Þannig er fækkað allverulega þeim ákvæðum laganna sem mæla fyrir um setningu reglugerða en þess í stað sett almenn heimild til að setja í reglugerðir nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

Þær breytingar, sem samþykkt samningsins um Evrópska efnahagssvæðið kallar á að gerðar verði á lyfjalögunum frá 1984 og lögunum um lyfjadreifingu frá 1982, hafa þegar verið lagðar fyrir Alþingi í frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði (116. löggjafarþing, 25. mál, þskj. 25). Breytingartillögurnar á þessum lögum er að finna í V. kafla laganna, 19. og 20. gr. Verði það frumvarp orðið á lögum áður en frumvarp þetta er samþykkt af Alþingi mun þurfa að gera viðeigandi breytingar á gildistökuákvæði þess frumvarps sem hér er mælt fyrir.

Virðulegi forseti. Ég hef nú rakið helstu breytingar sem frv. til lyfjalaga hefur í för með sér verði það að lögum. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og til meðferðar heilbr.- og trn. Alþingis.

Umræðu frestað. — [Fundarhlé.]

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Meðferð opinberra mála, 372. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 987; brtt. meiri hluta allshn., þskj. 988.

Norðurlandasamningur um almannatryggingar, 283. mál, nál. utanrmn., þskj. 986.

Tilkynning.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill upplýsa að eftirtaldir ráðherrar verða viðstaddir óundirbúnar fyrirspurnir á morgun, þriðjudaginn 20. apríl: Sjútvrh., menntmrh., utanrrh., heilbr.- og trmrh., viðskrh., umhvrh. og landbrh.

Rannsóknarnefnd til að rannsaka ráðningu framkvæmdastjóra ríkissjónvarpsins, fyrri umr.

Þáltill. PP o.fl., 572. mál. — Þskj. 953.

Þáltill. of seint fram komin. — Samþ. með 55 shlj. atkv. að hún yrði tekin til meðferðar og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞÞ, ÖS.

8 þm. (EKG, FrS, GHall, GHelg, HBl, MF, ÓRG, StG) fjarstaddir.

Flm. (Páll Pétursson):

Frú forseti. Á þskj. 953 flytjum við Steingrímur J. Sigfússon, Kristín Ástgeirsdóttir, Steingrímur Hermannsson, Ólafur Ragnar Grímsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, svohljóðandi tillögu:

„Alþingi ályktar með vísan til 39. gr. stjórnarskrárinnar að kjósa nefnd níu alþingismanna til að rannsaka aðdraganda og forsendur fyrir ráðningu framkvæmdastjóra ríkissjónvarps, m.a. með tilliti til fjárhagslegra tengsla hans við stofnunina og menntamálaráðuneytið og starfsemi á vegum þess."

39. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Alþingi getur skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum."

Nokkrum sinnum á undanförnum árum hafa komið fram á Alþingi tillögur um skipan rannsóknarnefnda skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar. Ég nefnd sem skipuð var árið 1954 til að rannsaka okur, tillögur um fræðslustjóramálið, tillögur um Hafskipsmálið og e.t.v. fleiri.

Ég ætla ekki að rifja upp í löngu máli aðdraganda þessa máls. Dagskrárstjóri sjónvarpsins hafði verið í leyfi um fjögurra ára skeið, hann kom aftur til starfa og fékk skömmu síðar uppsagnarbréf með vísan til ráðningarsamnings með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Þessi uppsögn var næstum samhljóða uppsagnarbréfum sem nokkrir aðrir starfsmenn stofnunarinnar höfðu fengið dagana á undan þó með þeirri breytingu að viðkomandi starfsmaður var þéraður og hann var leystur frá vinnuskyldu hina tilskyldu þrjá mánuði uppsagnarfrestsins. Það voru engar ástæður tilgreindar í uppsagnarbréfinu fremur en í öðrum uppsagnarbréfum til starfsmanna enda hefði þá hugsanlega orðið torveldara fyrir starfsmanninn að fá sér nýtt starf og uppsagnarbréfið hefði getað orðið honum íþyngjandi í framtíðinni. Fjölmiðlar hafa gert því skóna að uppsögnin eigi rætur að rekja til niðrandi ummæla sem starfsmaðurinn hafði um aðra starfsmenn sjónvarpsins í sjónvarpsþætti. Þetta er alveg úr lausu lofti gripið þó að hver hafi nú étið það eftir öðrum. Þetta mál hefur ekkert með málfrelsi að gera. Starfsmenn sjónvarpsins standa alveg jafnréttir eftir sem áður þótt það hafi verið farið um þá niðrandi orðum í einum sjónvarpsþætti því þjóðin veit að þeir eru störfum sínum vaxnir. Mér finnst hins vegar alvörumál að í þættinum, þessum tilvitnaða sjónvarpsþætti sagði starfsmaðurinn frá áformum sínum um alveg gjörspillta stjórnarhætti. Hann kvaðst mundu afhenda vinum sínum verkefni sem starfsfólk sjónvarpsins hafði áður unnið að og hann kvaðst mundu semja handritin í stórum stíl sjálfur og bjóða vinum sínum að framleiða og kallaði það meira að segja útboð. Það er alveg ný skilgreining á útboðum. Útboð er í mínum skilningi það að gefa mörgum kost á að bjóða í sama verkið samkvæmt verklýsingu og taka síðan hagstæðasta tilboði, ekki það að hringja í vin sinn og bjóða honum að vinna verk fyrir ákveðna upphæð eða semja við hann um ákveðna upphæð. Síðan hafði starfsmaðurinn hótanir uppi um utanaðkomandi pólitíska íhlutun í málefni sjónvarpsins. Mér fannst að þessi þáttur afhjúpaði fyrst og fremst skuggaleg áform starfsmannsins um spillta stjórnarhætti.

Þessum starfsmanni var sagt upp með lögmætum hætti eins og öðrum starfsmönnum sem uppsögn hafa fengið. En hin pólitíska íhlutun lét ekki á sér standa. Menntmrh. setti Pétur Guðfinnsson í orlof í eitt ár á fullum launum og undirskrifaði ráðningarbréf og gerði dagskrárstjórann sem sagt hafði verið upp störfum að framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

Ég dreg það ekkert í efa út af fyrir sig að menntmrh. hafði lögformlegt vald til þess að fremja þennan gerning en þrátt fyrir það var hann siðlaus. Þetta var löglegt en siðlaust. Menntmrh. lýsti því yfir í kvöldfréttum sjónvarps 3. apríl að þetta væri pólitísk ákvörðun og ég vitna beint til orða hans, með leyfi forseta: „Mín ákvörðun er auðvitað pólitísk. Hún er það."

Ráðherrann upplýsti að hann hefði gert þetta í samráði við formann Sjálfstfl. og forsrh., Davíð Oddsson, og með vitund fyrrverandi formanns Sjálfstfl., sjútvrh. Þorsteins Pálssonar. Ég fullyrði að þótt hæstv. menntmrh. hafi skrifað undir ráðningarbréfið eigin hendi þá velkist ég ekki í vafa um þátt forsrh. og formanns Sjálfstfl. í þessu máli. Svona vinnubrögð verða ekki til í kollinum á hæstv. menntmrh. Enda sagði hinn nýráðni framkvæmdastjóri sjónvarpsins í fögnuði sínum og þakklæti að Davíð væri verkstjóri ríkisstjórnarinnar og bein tilvitnun: „Ég held að engin ríkisstjórn gæti eignast betri verkstjóra." Þetta var sem sagt heimsmet.

Ég hef haft hörð orð um þessa pólitísku íhlutun og þarf ekki að endurtaka þau hér. Ég tel það mjög alvarlegt að líða hér þvílíka stjórnarhætti og það varði þjóðina alla. Nýráðinn framkvæmdastjóri sjónvarpsins er kunnur og umsvifamikill kvikmyndagerðarmaður. Sumir halda því fram að hann sé heimsfrægur listamaður. Hann hefur staðið að framleiðslu margra kvikmynda og tekist að fjármagna þær með ýmsum hætti og ég lái ekkert listamanni þó að hann gangi djarflega fram í því að hrinda verkum sínum í framkvæmd, jafnvel þótt það kunni að kosta það að lítið fjármagn verði eftir handa öðrum listamönnum í sama geira. Framkvæmdastjórinn hefur setið í ýmsum stofnunum sem hafa haft áhrif á framvindu kvikmyndalistar og fjármögnun kvikmyndagerðar. Margvíslegar upplýsingar hafa komið opinberlega fram undanfarna daga um starfshætti þar. Þá er þáttur menntmrn. og menntmrh. í samskiptum þeirrar stofnunar og nýráðins framkvæmdastjóra að mínum dómi alveg sérstakt íhugunarefni.

Dagblaðið Tíminn upplýsti í fyrri viku að menntmrh. hefði með óvenjulegum og óviðurkvæmilegum hætti skipt sér af úthlutun úr Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðnum. Vitnaði Tíminn til bréfs til stjórnar sjóðsins. Menntmrh. brást hinn versti við og þrætti fyrir þessa bréfagerð og skoraði á Tímann að birta slíkt bréf ófalsað ef til væri. Þetta gerði Tíminn strax næsta dag, og þar að auki bréf Hrafns Gunnlaugssonar til

menntmrh. Ólafs G. Einarssonar, stílað á hann persónulega og ritað á bréfsefni fyrirtækis Hrafns, Film. Bréfið til stjórnar sjóðsins var undirritað fyrir hönd ráðherrans „på ministerns vägnar" af páv. ráðuneytisstjóra, Knúti Hallssyni.

Standist hin fyrsta staðhæfing hæstv. menntmrh., að hann hafi ekkert um bréfið vitað fyrr en Tíminn birti það, þá eru starfshættir í menntamálaráðuneytinu íslenska næsta furðulegir. Þá hefur ráðuneytisstjóri rifið upp persónulegt bréf Hrafns Gunnlaugssonar til menntmrh. Ólafs G. Einarssonar og svarað því fyrir hönd ráðherrans að honum forspurðum. Þetta eru næsta furðuleg vinnubrögð og þó ekki væri nema vegna fordæmisgildisins algerlega óviðundandi. Undirtylla ráðherrans rífur upp bréf til ráðherrans, greinilega stílað á hann, svarar því upp á sitt eindæmi og undirskrifar fyrir hönd ráðherrans og að sjálfsögðu á ábyrgð ráðherrans samkvæmt lögunum um ráðherraábyrgð. Síðan sendir hann bréfið til erlendrar menningarstofnunar án vitundar ráðherrans. — „Yes minister." Ég hef nú þekkt hæstv. menntmrh. lengi og mér þykir lítið leggjast fyrir þann góða mann ef hann lætur undirtyllu sína hlunnfara sig svona. Það er eitt að láta hinn góða verkstjóra í ríkisstjórninni, svo notað sé orðalag Hrafns Gunnlaugssonar, beygja sig til að undirskrifa heimskulegan gerning og hitt er að láta undirtyllu fara svona á bak við sig.

Þá ber einnig að bæta því við að DV upplýsti það sl. fimmtudag að sonur Knúts Hallssonar ráðuneytisstjóra hafi verið ráðinn af Hrafni Gunnlaugssyni til arðvænlegs verkefnis á vegum sjónvarpsins eftir að Knútur hafði undirskrifað fyrir hönd ráðherrans.

Hæstv. menntmrh. upplýsti í Morgunblaðinu 17. apríl, þvert ofan í yfirlýsingu í Tímanum fáeinum dögum fyrr, að hann hefði séð bréfið eftir að það var sent. Hæstv. menntmrh. var vel viti borinn meðan hann var þingflokksformaður Sjálfstfl. og ég hafði líka reynslu af því að hann var réttorður maður, sæmilega réttorður. Ég veit hins vegar ekki hvað hann er að gera í þessu ráðuneyti sem hann hefur valist til að veita forstöðu og bera ábyrgð á. Það er að verða nokkuð óljóst fyrir mér.

Það er rétt að geta þess að í bréfi Hrafns til hæstv. menntmrh. Ólafs G. Einarssonar sem Knútur gerði innlegg í bréf menntmrh. er farið með algerlega staðlausar fullyrðingar eins og t.d. að Hin helgu vé gætu átt styrks von af Eurimage og þar að auki er hótun um málssókn sem er alveg fáránleg. Ég get þessa hér vegna þess að það er grafalvarlegt mál ef ríkisstjórn Íslands eða einstök ráðuneyti eða ráðherrar gera sig að fíflum á erlendum vettvangi. Það skaðar álit þjóðarinnar út á við. Svo umsvifamikill og frægur kvikmyndaframleiðandi og kvikmyndagerðarmaður sem Hrafn Gunnlaugsson er þarf að sjálfsögðu að hafa mikil fjármálaleg samskipti við framkvæmdastjóra sjónvarpsins, samanber þá starfslýsingu sem Pétur Guðfinnsson samdi á sínum efsta starfsdegi hjá sjónvarpinu 2. apríl 1993 og hæstv. menntmrh. lét verða fylgiskjal með ráðningarbréfi Hrafns. Ég er hérna með ljósrit af þessu bréfi og á það er skrifað með eigin hendi ráðherrans „Fylgiskjal með ráðningarbréfi Hrafns Gunnlaugssonar 2/4 1993. ÓGEi." Þetta er örugglega með hendi hæstv. menntmrh. og þarna hefur hvorki hæstv. forsrh. né Knútur Hallsson haldið um pennann né um hönd ráðherrans.

Í þessari verklýsingu er getið um nokkur atriði sem framkvæmdastjórinn á að sinna:

„Setja upp ytri ramma dagskrár og stjórna síðan gerð mánaðarlegra draga að dagskrá sjónvarpsins. Í framhaldi af því er síðan útfærð vikulega nákvæm dagskrá fyrir eina viku í senn. Framkvæmdastjóri er því í reynd yfirdagskrárstjóri sjónvarpsins. Framkvæmdastjóri er einnig yfirmaður kynningarþjónustu og öll framsetning og áferð heildardagskrár er í hans höndum."

Síðan segir: „Eitt mikilvægasta verkefni framkvæmdastjóra er að skipta því fé sem sjónvarpið fær til ráðstöfunar á ári hverju á milli deilda sjónvarpsins. Þetta vinnur hann þegar fjárlög liggja fyrir og gerir um það tillögur sem síðan eru lagðar fram í framkvæmdastjórn og í útvarpsráði."

Síðan segir: „Framkvæmdastjóri tekur virkan þátt í samstarfi norrænna og ervópskra starfsbræðra sinna og sækir alþjóðlega fundi á því sviði."

Síðan segir: „Framkvæmdastjóri hefur nokkurt fé til dagskrárgerðar á sínum vegum. Þar er um að ræða greiðslu fyrir samstarfsverkefni, norræn, evrópsk eða önnur. Undir þetta flokkast einnig ýmsir sérstakir atburðir og óvæntar uppákomur sem ekki er svo auðvelt að sjá fyrir."

Og ég bið menn að taka eftir: „Framkvæmdastjóri staðfestir með undirskrift sinni alla meiri háttar kaupsamninga á íslenskum kvikmyndum. Hann gerir samstarfssamninga við utanaðkomandi fyrirtæki, erlend og innlend."

Loks vitna ég hér í enn eina glefsuna í starfslýsingunni: „Á vegum skrifstofu framkvæmdastjóra er vinna allra deilda sjónvarpsins og tæknideilda samhæfð, nokkurs konar framleiðslustýring og á hans vegum er því endanleg úthlutun á tíma manna og tækjum."

Á þessum stuttu tilvitnunum í verklýsingu framkvæmdastjóra sjónvarpsins sést að starfinu fylgja margvísleg samskipti við kvikmyndagerðarmenn og fyrirtæki þeirra. Þegar sami maðurinn er beggja megin borðsins og semur við sjálfan sig er augljós hætta á hagsmunatengslum, bæði fjárhagslegum og annars eðlis. Þetta vekur einnig tortryggni en vonandi ástæðulausa hjá öðrum kvikmyndagerðarmönnum sem ekki fá verkefni eða viðskipti. Það er því þeim mun meiri ástæða til varfærni þar sem framkvæmdastjórinn er eða hefur verið umsvifamikill í stjórnum stofnana kvikmyndaiðnaðarins og hefur átt margvísleg viðskipti við sjónvarpið, bæði meðan hann var dagskrárstjóri og eins meðan hann var í orlofi frá því embætti. Þá á kvikmyndamaðurinn margvísleg samskipti við menntmrn. Honum hefur tekist að selja menntmrn. kvikmyndir til sýningar í grunnskólum fyrir miklu hærra verð en aðrir og það án íhlutunar Námsgagnastofnunar og jafnvel þótt þær hafi verið bannaðar börnum.

Í framhaldi af ráðningu Hrafns Gunnlaugssonar sem

framkvæmdastjóra sjónvarpsins hefur orðið mikil umræða bæði um umsvif hans og starfshætti menntmrh. og ráðuneytis hans. Hrafn segist bera hreinan skjöld og vill hreinsa mannorð sitt og ég hef fullan skilning á því sjónarmiði. Yfirleitt trúi ég nú á það góða í manninum og menn eiga ekki að þurfa að liggja undir ámæli saklausir. Og sama máli hlýtur að gegna með hæstv. menntmrh. Honum hlýtur að vera kappsmál að sýna fram á að í ráðuneyti sínu sé hvergi óhreint mjöl í pokahorninu og starfshættir séu í lagi. Þetta er ekkert einkamál hæstv. menntmrh. eða Hrafns Gunnlaugssonar. Þetta er mál stofnana þeirra og þetta er mál sem allan almenning varðar. Þess vegna er rannsóknarnefnd alþingismanna, skipuð af Alþingi samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar, réttasta leiðin til þess að allur sannleikurinn komi í ljós. Nefndin fær víðtækt umboð til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar. (Forseti hringir.) Séu starfshættir stjórnvalda siðspilltir þá kemur það í ljós í nefndarstafinu. Séu þeir í lagi og viðkomandi saklausir og ekki neitt athugavert við aðdraganda eða forsendur ráðningar framkvæmdastjórans og ekki um nein óeðlileg tengsl að ræða, þá kemur það í ljós. Og það ætti að vera Hrafni og vinum hans og vinum menntmrh. mikið gleðiefni og fagnaðar að fá sig hreinsaða með þessum hætti.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Hér er lagt til að Alþingi kjósi sérstaka rannsóknarnefnd til að fara ofan í saumana á samskiptum sjónvarpsins og Hrafns Gunnlaugssonar. Það er svo sem ekki í fyrsta sinn sem alþingismönnum hefur dottið í hug að nýta sér heimildir 39. gr. stjórnarskrár til að skipa nefnd þingmanna til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða, eins og segir í stjórnarskránni. Dæmi eru um að tillögur um skipan rannsóknarnefnda samkvæmt 39. gr. stjórnarskrár hafi verið samþykktar, síðast fyrir tæpum 40 árum, í svonefndu okurmáli. Fleiri eru hins vegar dæmin um að slíkum tillögum hafi verið vísað frá og ég vona að svo verði gert nú.

Sannleikurinn er sá að það getur ekki verið skynsamleg leið til að rannsaka mál hlutlaust að kjósa til þess menn sem þegar hafa tekið afstöðu í pólitísku deilumáli. Þeir menn eru ekki hlutlausir og verða það ekki við það eitt að taka sæti í rannsóknarnefnd. Þess vegna á að fella þessa tillögu eða vísa henni frá. Hin eðlilega leið er að biðja hlutlausan aðila að rannsaka það sem menn vilja í þessu tilviki láta rannsaka. Sá hlutlausi aðili er til og heyrir raunar undir Alþingi þar sem er Ríkisendurskoðun.

Ég trúi ekki öðru en flm. þessarar tillögu geti sætt sig við það að Ríkisendurskoðun athugi fjármálaleg samskipti sjónvarpsins og Hrafns Gunnlaugssonar þótt þeir við það missi af þeirri ánægju sem þeir kynnu að hafa af því að vera með pólitískt þukl í sambandi við rannsóknina. Slík athugun Ríkisendurskoðunar getur ekki einvörðungu beinst að öðrum aðilanum sem í viðskiptum á. Hún hlýtur að beinast að þeim báðum.

Í allri þeirri dæmalausu umræðu sem orðið hefur undanfarnar vikur er látið líta svo út sem Hrafn Gunnlaugsson hafi haft fé af Ríkisútvarpinu með annaðhvort ólögmætum eða þá ósiðlegum hætti. Fyrir fram trúi ég því ekki, en ef svo verður talið, þá hljóta yfirmenn Ríkisútvarpsins að bera ábyrgð.

Þann 7. apríl sl. ritaði Hrafn Gunnlaugsson Ríkisendurskoðun bréf þar sem hann fór fram á að Ríkisendurskoðun athugaði hvort eitthvað benti til að hann hefði brotið af sér í starfi eða notfært sér stöðu sína hjá sjónvarpinu til þess að draga sér fé eða hygla sjálfum sér fjárhagslega. Þessu bréfi svaraði Ríkisendurskoðun þann 13. apríl sl. Í því bréfi sagði m.a.:

„Með vísan til framangreinds og starfsemi Ríkisendurskoðunar að öðru leyti telur hún sig ekki geta orðið við óskum einstakra starfsmanna ríkisins um sérstakar athuganir af ofangreindu tagi. Af þeim sökum getur stofnunin ekki orðið við framangreindri beiðni yðar. Hins vegar mun stofnunin endurskoða þá afstöðu sína ef henni berst beiðni um sérstaka athugun á fjárhagslegum samskiptum yðar við Ríkisútvarpið af þar til bærum aðilum, þ.e. forseta Alþingis, menntmrh. eða útvarpsstjóra." Hér lýkur tilvitnun en undir þetta bréf ritar Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi.

Ég hef lýst því yfir að ég mundi fara fram á þessa rannsókn ef eftir því yrði leitað. Það gerði Hrafn Gunnlaugsson með bréfi til mín dags. 17. þ.m. og í framhaldi af því hef ég í dag óskað þess að Ríkisendurskoðun framkvæmi þessa endurskoðun.

Hér gæti ég undir öllum venjulegum kringumstæðum látið máli mínu lokið en kringumstæður eru ekki venjulegar. Stjórnarandstaðan og fjölmiðlar hafa staðið fyrir alveg einstæðri ófrægingarherferð. Hún hefur einkum beinst að mér fyrir það að ráða Hrafn Gunnlaugsson í starf framkvæmdastjóra sjónvarps um eins árs skeið á meðan Pétur Guðfinnsson er í leyfi. Í því sambandi hef ég verið sakaður um valdníðslu og gengið er svo langt að fullyrða að með þessari ákvörðun minni sé í rauninni vegið að allri þjóðfélagsgerð okkar. Inn í þessa umræðu eru svo dregin atriði sem eru þessari ráðningu óviðkomandi. Þar nefni ég kaup ráðuneytisins á sýningarrétti á þrem kvikmyndum Hrafns, svo og kaup sjónvarpsins á mynd í vinnslu.

Fyrst þá nokkur orð um þá ákvörðun mína að ráða Hrafn í eitt ár í starf framkvæmdastjóra sjónvarps. Það gerði ég í fyrsta lagi vegna þess að ég taldi hann hæfan til að taka starfið að sér. Um það geta menn haft breytilegar skoðanir. Ég studdist við orð og meðmæli Péturs Guðfinnssonar og viðræður við Heimi Steinsson útvarpsstjóra, vel að merkja áður en sjónvarpsþátturinn, sem olli þessu írafári, var sýndur. Svo og studdist ég við fundargerð útvarpsráðs frá 19. febr. sl.

Það er líka mitt mat að nefndur sjónvarpsþáttur hafi alls ekki gefið tilefni til brottvikningar úr starfi dagskrárstjóra, en það er eina skýringin sem mér er kunnugt um að hafi verið gefin á brottvikningunni. Og svo tala menn um að hér sé um valdníðslu að ræða af minni hálfu, — já og í rauninni sé vegið að allri þjóðfélagsgerð okkar eins og hv. 1. flm. þessarar till. orðar það, minna mátti það nú ekki vera. Þjóðfélagið ríðar bara til falls við að ráðherra setur til starfa við Ríkisútvarpið mann sem útvarpsstjóri hefur vikið frá úr

öðru starfi. Ég vísa því algerlega á bug að ég hafi með þessari ákvörðun minni misfarið með vald. Ég hef heldur ekki níðst á neinum og þetta er ekki tilræði við alla okkar þjóðfélagsgerð. Hér var farið að lögum og ég var að gegna embættisskyldu minni að setja mann í laust starf. Svona fullyrðingar „að vegið sé að þjóðfélagsgerð okkar" standast ekki þegar lögmæt aðgerð er framkvæmd.

Ég kem þá að því sem reynt hefur verið að gera tortryggilegt, kaup ráðuneytisins á þrem myndum Hrafns Gunnlaugssonar. Forverar mínir hafa sumir hverjir keypt sýningarrétt á íslenskum kvikmyndum. Fyrst og fremst hygg ég að með þessum kaupum hafi ráðherrar viljað sýna stuðning sinn við íslenska kvikmyndagerð með því að kaupa sýningarrétt á myndunum. Þessum kaupum er það sameiginlegt að greiddar hafa verið hærri upphæðir fyrir minni réttindi en ég lagði til að ráðuneytið greiddi fyrir myndir Hrafns Gunnlaugssonar með aðeins einni undantekningu. Þess vegna er það rangt sem hv. 1. flm. tillögunnar sagði hér áðan að myndir Hrafns hefðu verið keyptar fyrir miklu hærra verð. Það er rangt. Svo mikið þótti liggja við að gera kaup á myndum Hrafns tortryggileg að fenginn var prófessor til að leggja mat á sagnfræðilegt gildi myndarinnar Hvíti víkingurinn. Það mat var neikvætt. Nú hafði sú mynd hins vegar ekki verið keypt og þegar þessum áhugamönnum varð það ljóst var prófessorinn sóttur aftur og komst að sömu niðurstöðu og áður, en nú um myndirnar sem keyptar höfðu verið. Ég legg ítrekaða áherslu á að sýningarréttur á íslenskum kvikmyndum er ekki keyptur með sagnfræðilegt gildi í huga heldur sem stuðningur við list í landinu.

Um samning sjónvarpsins á kaupum sýningarréttar á myndinni Hin helgu vé ætla ég ekki að dæma. Það verkefni fær Ríkisendurskoðun. En grunur minn er nú sá að þar hafi sjónvarpið gert góðan samning en Hrafn slæman.

Hæstv. forseti. Tími minn leyfir ekki mikið lengri ræðu þótt tilefni hafi sannarlega gefist til að segja fleira. Ég vil aðeins segja vegna orða hv. þm. Páls Péturssonar um afskipti mín af úthlutun úr Norræna kvikmyndasjóðnum, þar sem ég hef verið borinn þeim sökum í dagblaðinu Tímanum að ég sé ósannindamaður, að það bréf, sem Hrafn Gunnlaugsson skrifaði og stílað var á mig sem ráðherra, sá ég ekki fyrr en síðar og um bréfið sem fyrrv. ráðuneytisstjóri skrifaði Norræna kvikmyndasjóðnum vissi ég heldur ekki fyrr en síðar. Það var hins vegar ekki svo að ég væri að lesa þau bréf fyrst þegar þau birtust í Tímanum. Það hef ég aldrei sagt. Auðvitað hafði ég séð þau áður en Tíminn birti þau.

Hæstv. forseti. Ég er andvígur þessari tillögu. Það er í hæsta máta óeðlilegt að setja nefnd alþingismanna yfir mál sem þetta, mál sem blásið hefur verið út og gert að flokkspólitísku deilumáli þar sem látið er að því liggja að um fjármálalegt misferli sé að ræða. Slík mál eru viðfangsefni Ríkisendurskoðunar.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Fyrst varðandi þá niðurstöðu hæstv. menntmrh. að hann vonist til að þessari tillögu verði vísað frá eða hún verði felld. Ég hlýt að draga þá ályktun af þessari niðurstöðu hæstv. ráðherra að það sé samkomulag um það á milli stjórnarflokkanna að tillögunni verði vísað frá eða hún verði felld. Og ég hlýt í tilefni af því að spyrja hæstv. utanrrh. og hv. formann þingflokks Alþfl.: Er það svo að Alþfl. hafi samþykkt að skrifa upp á þetta mál, mál Hrafns Gunnlaugssonar, sem svo hefur verið nefnt? Er það svo að Alþfl. hafi samþykkt að gera Hrafn Gunnlaugsson að einingartákni ríkisstjórnarinnar, ríkisstjórnar Íslands? Er það fuglinn í merki Alþfl. og Sjálfstfl., hrafninn, eða hvað, virðulegi forseti? Ég skora á hæstv. utanrrh. að fá nú málið sem hann hafði ekki þegar umræða fór fram um þetta mál hér um daginn.

Stundum er það svo, virðulegi forseti, í umræðum um þjóðmál að einstök mál opna sviðið, það er eins og dregið sé frá sviðinu eins og gerist á leiksýningum að tjöldin eru dregin frá og þá kemur eitt og annað í ljós. Það er rétt sem hv. þm. Páll Pétursson sagði hér um daginn að þetta mál, eins og það birtist okkur, vegur að þjóðfélagsgerðinni. Það er ekki hótfyndni. Það er rétt. Þarna sér þjóðin inn í fyrirgreiðslupólitíkina sem Sjálfstfl. hefur rekið sérstaklega á undanförnum árum, bæði í gegnum ríkið og Reykjavíkurborg. Þarna sést hvernig Sjálfstfl. hefur hyglað sínum mönnum á kostnað annarra, hlaðið undir forréttindi einstakra hópa. Og er það að furða, virðulegi forseti, að menn tali um spillingu í þessu sambandi?

Auðvitað má segja að það sé leitt að málið sé þannig vaxið að það þurfi fyrst og fremst að tala um einn einstakling í þessu máli vegna þess að að mínu mati er hann hluti fyrir heild. En engu að síður er ferill hans og tengsl alls staðar í kerfinu, í öllum sjóðum og ríkisstofnunum sem snerta menningarmál með þeim hætti að það er óhjákvæmilegt að opna þau. Honum er vikið úr starfi sem dagskrárstjóri sjónvarpsins. Hann er ráðinn nokkrum dögum seinna sem framkvæmdastjóri sömu stofnunar. Það eru augljós hagsmunatengsl sem þarna er um að ræða.

Í fyrsta lagi hafði þessi maður selt sjónvarpinu tæki.

Í öðru lagi hafði hann selt mynd á betra verði með hraðari greiðslum en nokkrir aðrir í sjónvarpið.

Í þriðja lagi fær hann styrk úr Kvikmyndasjóði og blekkir sjóðinn í leiðinni, lýsir því yfir um leið og hann skrifar undir styrkmóttökuna að hann muni ekki leita eftir sérstökum stuðningi sjónvarpsins.

Í fjórða lagi fær hann styrk út á myndina úr Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðnum með venjulegum hætti.

Í fimmta lagi skammar hann sjóðinn fyrir það að láta sig ekki hafa nógu mikla peninga og fær til þess ráðuneytisstjórann í menntmrn. sem var hér af hæstv. ráðherra áðan sakaður um óvenjuleg embættisafglöp. Ég hef satt að segja aldrei heyrt ráðherra bera á ráðuneytisstjóra sinn önnur eins embættisafglöp og þau sem fram komu hér í máli hæstv. ráðherra áðan.

Í sjötta lagi kemur það fram að þessi einstaklingur lætur ekki hér við sitja. Hann smokrar sér inn í Vestnorræna sjóðinn og fær þar sérstakan styrk upp á 5

millj. kr. En stjórn þessa sjóðs hefur verið mjög treg til að láta menn hafa stuðning til nokkurs hlutar. Og, virðulegi forseti, nú skil ég loksins af hverju hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni lá svona mikið á að hreinsa út stjórn Vestnorræna sjóðsins í fyrra, henda út þeim mönnum sem þar voru og höfðu verið og setja inn nýja menn.

Í sjöunda lagi er þessi maður, virðulegi forseti, skipaður formaður Menningarsjóðs útvarpsstöðva.

Í áttunda lagi selur hann þrjár myndir til Námsgagnastofnunar sem eru bannaðar börnum.

Þarf meira? Þetta gengur ekki, hæstv. utanrrh. þó hæstv. ráðherra þyki vænt um stólinn sinn.

En það er hægt að nefna önnur dæmi um vinnubrögðin að undanförnu þar sem menn eru að setja menningarlífið á Íslandi undir póltíska ráðstjórn Sjálfstfl. Ég ætla að nefna nokkur dæmi. Það sem hrópar í himininn er dæmið með Hrafn Gunnlaugsson. Næsta dæmi sem ég nefni er Þjóðminjasafnið þar sem Guðmundi Magnússyni er troðið inn í blóra við allt starfsfólkið. Þriðja dæmið sem ég nefni er t.d. yfirstjórn Listasjóðs. Þar tilnefnir ráðherrann einn mann. Hvern? Láru Margréti Ragnarsdóttur. Í hvaða flokki er hún? Sjálfstfl. að ég best fæ vitað. Í fjórða lagi nefni ég Bókmenntakynningarsjóð. Hver er þar skipaður af ráðherra án tilnefningar? Ólafur Oddsson. Í hvaða flokki er hann? Sjálfstfl., eða hvað? Ég nefni í fimmta lagi stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva. Ég nefni í sjötta lagi stjórn Rithöfundasjóðs Íslands. Hver er þar? Sverrir Hermannsson. Í hvaða flokki er hann? Hann er í Sjálfstfl. Ég nefni í sjöunda lagi stjórn Þýðingarsjóðs. Hver er þar? Hannes Hólmsteinn Gissurarson. Í hvaða flokki er hann? Í Sjálfstfl. Og þá má kannski geta þess að Hannes Hólmsteinn Gissurarson fékk á dögunum sérstaka fyrirgreiðslu úr Menningarsjóði útvarpsstöðva. Til hvers? Til að gera þátt. Um hvað? Um hugmyndahvörf Íslendinga á 20. öld. Hannes Hólmsteinn Gissurarson. Víðsýni og málefni, eru þau í för þess manns? Nei, það held ég ekki, virðulegi forseti.

Og þessi sami flokkur, sem beitir sér með þessum hætti, lætur sig hafa það auk þess í menningarmálum að leggja skatta á alla menningarstarfsemi þannig að það er þrengt að henni langt umfram það sem nokkurn tíma hefur verið áður.

Það er von, virðulegi forseti, að það sé talað um „einkavinavæðingu". Það er snjallt orð, virðulegi forseti. Það lýsir betur en allt annað hinum helgu véum Sjálfstfl. sem Alþfl. virðist nú hafa samþykkt að innsigla með því að gera hrafninn líka að sínu merki. Ja, svei!

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Sú þáltill. sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir því að sett verði á laggirnar þingnefnd með vísan til 39. gr. stjórnarskrárinnar. Það er skoðun mín að þetta ákvæði stjórnarskrárinnar, sem þarna er vísað til, sé of lítið notað og í rauninni alls ekki notað ákvæði í dag en ætti sannarlega að vera í notkun hér. Það er auðvitað markleysa að vera með slíkt inni í stjórnarskrá ef því er ekki beitt. Ég held að þetta ákvæði hafi verið sett inn til þess að styrkja eftirlitshlutverk Alþingis og auka aðhald í stjórnkerfinu og það mun sannarlega ekki af veita.

Það má geta þess að í stjórnarskrám allra nágrannaríkja okkar, nema líklega Bretlands, eru sambærileg ákvæði sem fjalla einmitt um það að setja á laggirnar þingnefndir sem eru þá pólitískt skipaðar til þess einmitt að rannsaka þátt framkvæmdarvaldisns í ýmsum athöfnum. Þá má geta þess að t.d. er ákvæði í dönsku svokölluðu „Retsplejeloven" þar sem gert er ráð fyrir því að hægt sé að setja upp — og það er dómsmrh. í því tilviki sem getur skipað dómara í nefnd til þess að rannsaka einstakar aðgerðir á vegum ráðuneyta og ríkisvalds og þetta ákvæði er mjög virkt í Danmörku. Þannig hafa yfirleitt verið skipaðar einar fjórar slíkar nefndir á ári og ein slík nefnd velti Schlüter forsætisráðherra í Tamílamálinu.

Við hins vegar hér á landi gerum aldrei neitt slíkt. Við rannsökum ekki þessi mál. Við bara tökum þessu eins og hverjum öðrum hvirfilvindi sem gengur yfir og síðan er málið búið og úr sögunni og skammtímaminnið nær svo stutt að þetta fellur í gleymskunnar dá.

Undanfarin ár hefur bæði almenningur og stjórnmálamenn talað mikið um siðleysi í íslenskum stjórnmálum og það eru gjarnan nýir stjórnarherrar í ríkisstjórn eins og nú sitja sem gagnrýna siðleysið í stjórnarathöfnum þeirrar ríkisstjórnar sem fyrir var. Þetta siðleysi einkennist auðvitað af því að sumir hafa betri aðgang að valdi og fjármunum en aðrir. Það getur verið í gegnum fjölskyldutengsl, í gegnum pólitísk tengsl eða vináttutengsl eins og nú hefur m.a. gerst.

Í þessum málum hefur verið mikil samtrygging í gegnum árin. Það er ekkert nýtt. Samtryggingin er ekki nýtilkomin. Hún hefur verið lengi. Hún birtist m.a. í því að það er mjög lítil virðing fyrir leikreglum og í þessum efnum eru margir sekir. En málið er einfaldlega það að nú er mælirinn fullur. Þetta var kornið sem fyllti mælinn og kannski er ekki einu sinni rétt að tala um korn vegna þess að manni finnst eins og það sé ekki hægt að snúa sér við í þessu samfélagi þegar kemur að kvikmyndagerð og öðrum slíkum hlutum án þess að rekast alltaf á sama manninn. Og það er löngu tímabært að menn axli ábyrgð í svona málum, bæði á borði sem í orði. Þar vísa ég bæði til Hrafns Gunnlaugssonar, því að auðvitað þarf hann að bera slíka ábyrgð, og ég vísa líka til hæstv. menntmrh. sem hlýtur að bera ábyrgð í þessu máli.

Það þarf ekki annað en rifja upp þá sögu sem hér hefur verið sögð alloft, bæði hér í þessari pontu og fjölmiðlum um bréfaskiptin við Norræna kvikmyndasjóðinn. Það furðulega í því máli er að svo virðist sem hæstv. menntmrh. hafi verið eini maðurinn sem ekkert vissi um þau bréfaskipti. Það vissu allir aðrir um þau bréfaskipti og þess má geta t.d. að í janúar sl. var viðtal við Knút Hallsson, þáv. ráðuneytisstjóra í menntmrn., um þessi bréf, um það að þetta bréf hafi verið skrifað og um það að Hrafn Gunnlaugsson hafi sent ráðherranum bréf. Hvernig getur svo ráðherra komið eins og af fjöllum þegar umræðan byrjar um þetta í fjölmiðlum núna í apríl? En þegar búið er að stilla

málinu upp við nefið á ráðherra þá kemur hann fram í fjölmiðlum og segir: Gott og vel. Ábyrgðin er mín. Ég hlýt að bera ábyrgð á þessu þó að ég hafi ekkert vitað um málið. Og hann segir, með leyfi forseta, í DV: „Það skiptir ekki máli hvort skammstöfunin þýðir fyrir hönd ráðuneytisins eða ráðherra. Það breytir hins vegar engu að ráðherrann er auðvitað ábyrgur fyrir öllu. Hann skýtur sér ekkert undan ábyrgð jafnvel þótt hann hafi ekki séð bréf eins og í þessu tilviki." Þetta segir ráðherra. Hann er sem sagt óður og uppvægur að axla ábyrgð á þessu máli og hvað svo, virðulegur ráðherra, hvað svo? Hversu mörg dæmi höfum við ekki séð um þetta að menn séu óðir og uppvægir að játa á sig ábyrgð á málum og hvað gerist svo? Ekki neitt.

Minnumst Perlunnar, byggingarframkvæmdanna þar. Það fór verulega fram úr öllum fjárhagsáætlunum. Menn gengu þar maður fram fyrir mann og játuðu á sig ábyrgð. Hitaveitustjóri, byggingarnefndin, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson játaði á sig ábyrgð. En hvað gerðist? Ekki neitt. Það sama er í þessu máli. Nú er ráðherra kominn og hann er búinn að játa á sig ábyrgð en það á ekkert að gerast. Það kostar ekkert að bera ábyrgð. Það er það furðulega.

Við getum rakið mörg svona dæmi. Það er ekki langt síðan Fjárfestingarfélagið lækkaði um 30% gengið á öllum verðbréfum sínum eins og ekkert hefði í skorist. Hver bar ábyrgð þar? Enginn. Í Landsbankamálinu? Enginn. Í Perlunni? Enginn. Í þessu máli? Enginn. Þannig hafa menn ekki getað snúið sér við án þess að einhverjir væru tilbúnir að taka á sig ábyrgð sem ekkert kostar. Þetta mál sem við erum að fjalla um hér ber öll einkenni pólitískrar spillingar og það verður að skoðast, ef stjórnmálamenn eiga ekki algerlega að glata öllum trúverugleika hjá þessari þjóð.

Ég hef auðvitað heyrt það hér í þinginu og eins hjá einstaka mönnum í þessari svokölluðu „intelligensíu" okkar að þeir séu orðnir leiðir á málinu, þeir séu orðnir þreyttir á þessari umræðu og vilji fara að ræða um eitthvað annað, enda er þetta óþægilegt, þetta er ekki skemmtilegt mál. En við verðum að hafa meira en hálfsmánaðar úthald í mál eins og þessi.

Það hefur líka heyrst hérna og m.a. frá ráðherra að þetta væri ófrægingarherferð. Menn hafa talað um persónulegar ofsóknir. Hversu oft hafa menn á Ítalíu ekki verið leiðir á þeim málum sem þar hafa komið upp? Og kannski hafa þeir allt of oft orðið leiðir og þess vegna sijta þeir í þeirri súpu sem þeir sitja í núna. Hversu leiðir voru menn ekki orðnir á Watergate-málinu? Hversu leiðir voru þeir ekki? Hversu leiðir haldið þið að menn séu ekki orðnir á málum Attalis og Evrópubankans? Má ekki segja að þetta sé ófrægingarherferð gegn bankanum, gegn Attali? Auðvitað má segja það.

Þeir sem fara frjálslega með vald, hafa völd, þeir vita að úthald þverr. Þeir vita að mál gleymast. Þess vegna er þeim alveg sama þó þeir þyrli svolitlu upp. Þetta fellur allt í gleymskunnar dá um síðir og það er auðvitað í því skjóli sem menn skáka hér núna. En það er mál til komið að sýna þor og þol og hafa úthald í þessu máli og ég skora á þingmenn ef þeir vilja síðbót í stjórnmálum, eins og þeir nú gjarnan segja, að þeir samþykki þá tillögu sem hér er til umræðu. Ef þeir vilja auka veg og virðingu og ef þeir vilja öðlast trúverðugleika, þá samþykkja þeir þetta. Það kemur ekkert annað til greina. Ef allt er með felldu í þessu máli eins og sumir vilja vera láta, þá er líka ekkert að óttast — eða hvað?

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það eru næsta fáheyrðir atburðir sem valda því að við nokkrir hv. þm. flytjum tillögu þessa um skipun rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar. Sem sagt þeir fáheyrðu atburðir að starfsmanni, sem sagt hafði verið upp störfum með lögformlegum hætti af sínum yfirboðara, er nær samstundis troðið í krafti valds hæstv. ráðherra inn í æðri stöðu í sömu stofnun heldur en sú var sem hann var talinn óhæfur til að gegna. Þetta eru auðvitað fáheyrðir atburðir og þeir kalla á óvenjuleg viðbrögð.

Spurningin snýst hér ekki síst um það hvað sé þá orðið með sjálfstæði ríkisstofnana yfirleitt ef þessi málsmeðferð verður liðin, hver sé stjórnskipuleg staða Ríkisútvarpsins og stjórnenda þeirrar stofnunar. Er það ekki svo, hæstv. forseti, að fyrir þessu þingi liggi frv. til laga um stjórnsýslulög og menn hafi verið hér að ræða hér úrbætur í stjórnskipun okkar og meðferð framkvæmdarvaldsins í landinu? Á þetta kannski að verða svarið á þessum vetri eða ætla menn að afgreiða frv. til nýrra stjórnsýslulaga með það að leiðarljósi að bæta hér meðferð mála svona í kjölfarið eins og til gamans?

Þetta mál snýst að sjálfsögðu í þriðja lagi um það hvort menn geti lokað gjörsamlega augunum fyrir augljósum hagsmunaárekstrum sem stofnað er til með ákvörðunum af þessu tagi. Ég hef leyft mér að gagnrýna skipan samkeppnisráðs en, guð minn góður, það eru smámunir borið saman við þá augljósu hagsmunaárekstrahættu og fyrirliggjandi hagsmunaárekstra sem verða sjálfkrafa með því að skipa þennan „umsvifamikla" kvikmyndagerðarmann í stjórnunarstöðu og fjármálastjórastöðu hjá Ríkissjónvarpinu.

Ég tel að það sé mjög eðlilegt við þessar aðstæður að grípa til 39. gr. stjórnarskrárinnar og skipa þessa rannsóknarnefnd. Það er alsiða allt í kringum okkur hjá þjóðþingum bæði Norðurlandanna, Bandaríkjanna og víðar, þeirra sem við gjarnan berum okkur nú saman við, að grípa einmitt til slíkra úrræða þegar óvenjulegir og alvarlegir atburðir af þessu tagi eiga í hlut. Mér finnst það mjög eðlilegt að skipa nefnd sem er þá kosin hlutfallskosningu á Alþingi og styrkleikahlutföll allra stjórnmálaflokka endurspeglast þar af leiðandi í þeirri nefnd.

Það var næsta sérkennilegt að heyra það vanmat á hv. alþm. sem hæstv. menntmrh. fór hér áðan. Það var helst á honum að heyra að alþingismenn væru gjörsamlega ófærir um að stjórna hlutlausri eða hlutlægri úttekt á máli við þessar aðstæður. Það eru þá væntanlega þeir fimm menn sem ríkisstjórnarmeirihlutinn mundi fá af níu í slíka nefnd því að þeir hefðu þó al-

tént meiri hluta. Við hvað er meiri hlutinn hræddur? Er það fulltrúi Alþfl. sem hæstv. menntmrh. og Sjálfstfl. treystir ekki? Nægir það ekki stjórnarflokkunum að þeir fengju fimm af níu í þessa nefnd til þess að treysta því að hún mundi ekki misnota stöðu sína? Mér finnst þetta næsta sérkennilegur málflutningur, sem hér kom frá hæstv. menntmrh.

Það er líka óhjákvæmilegt, það liggur í öllu eðli þessa máls, að athyglin beinist að flokksböndunum og meðferð framkvæmdarvaldsins í skjóli þess Flokks með stórum staf sem hér hefur vélað um. Og ég fullyrði: Alls staðar annars staðar mundi mál af þessu tagi kalla á mjög hörð viðbrögð og úttekt af því tagi sem hér er gerð tillaga um. Það nægir að nefna það eitt sem snýr að samskiptunum við Norræna kvikmyndasjóðinn þó allt hitt bætist nú ekki við. Og það er auðvitað sérkennilegt, hæstv. forseti, og merkilegt að þessi ríkisstjórn og flokkar, sem ganga fram undir merkjum einkavæðingar, nánast þeim formerkjum að ríkisrekstur sé af hinu illa og það beri alls staðar þar sem því verður við komið að skera niður, spara, einkavæða, segja upp, setja inn tilsjónarmenn o.s.frv., hegða sér svo með þessum hætti eins og dæmin sanna þegar kemur aftur að meðferð framkvæmdarvaldsins og ráðstöfun embætta hjá hinu opinbera. Þá eru það flokksböndin og innstu flokkshagsmunirnir sem einir virðast skipta máli. Velferð stofnananna og hagur þeirra er gjörsamlega fyrir borð borið. Hrafni er troðið inn í sjónvarpið, með illu, Guðmundi Magnússyni inn í Þjóðminjasafnið, með illu, Hannesi Hólmsteini inn í háskólann, með illu o.s.frv. Sammerkt er öllum þessum ákvörðunum að þær eru í andstöðu við og óþökk við starfsfólk og stjórnendur þessara stofnana. Og eiga þetta ekki að heita frjálshyggjumenn, einkavæðingarsinnar, forkólfar þess að ríkisreksturinn þurfi nú að víkja sem víðast? Hvað eru þeir að þvælast inn í þessar stofnanir? Af hverju eru þeir ekki trúir sjálfum sér og leggja til að þetta verði þá frekar lagt niður eða boðið út eða einkavætt?

Þessi sérkennilegi vinkill á einkavæðingarríkisstjórninni hlýtur að draga að sér nokkra athygli. Ég held að meðferð valdsins í þessum efnum kalli á heildarúttekt. Er það e.t.v. það sem hæstv. ríkisstjórn og Sjálfstfl. sérstaklega er hræddur við í þessu sambandi, að rannsóknarnefnd þingsins skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar, sem færi að fara ofan í þessi mál, sæi kannski ástæðu til að skoða þetta í almennu samhengi? Og það skyldi nú ekki vera það sem ríkisstjórnin væri m.a. hrædd við og þá líka Alþfl. sem eins og kunnugt er hefur haft talsvert af embættum til að úthluta hér á undanförnum mánuðum. Nei, hæstv. forseti. Ég tel að það séu fullgild rök fyrir því að standa að rannsókn eða úttekt á þessu máli með þeim hætti sem hér er lögð fram tillaga um og ég spyr aftur: Við hvað eru menn hræddir? Þolir málið úttekt og rannsókn? Er þá ekki öllum fyrir bestu að hún fari fram? Viðbrögð hæstv. ríkisstjórnar eða hæstv. menntmrh. benda til þess að þetta mál sé auðvitað svo ljótt fyrir hæstv. ráðherra, fyrir ríkisstjórnina að það verði að kæfa það í fæðingunni að farið sé ofan í saumana á því. Og jafnvel níu alþingismönnum úr öllum þingflokkum, þar sem stjórnarliðið hefur meiri hluta, sé nú ekki treystandi til að líta á þessi mál. Þar gætu svo óþægilegir hlutir komið fram í dagsljósið.

Það mun verða Sjálfstfl. og stjórnarliðinu til viðbótarháðungar í málinu og skammar og þeir munu sitja lengur uppi með það jafnvel heldur en sjálfan glæpinn ef þeir kæfa svo allar tillögur um hlutlausa eða hlutlæga úttekt á málinu í fæðingunni eins og mér virðist vera ætlunin að gera hér. Það vita allir að staða Ríkisendurskoðunar til að rannsaka svona mál, eins og þegar hefur fram komið í höfnun á beiðni viðkomandi einstaklings, er mjög takmörkuð og þar með er verið að drepa málinu á dreif að vísa eingöngu í það. Það er miklu nær að samþykkja þessa tillögu og láta úttekt fara fram á þeim grundvelli.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. sagði að það væri fáheyrður atburður að manni væri vikið úr starfi og ráðinn svo í æðri stöðu. Ég þarf aðeins að taka hv. þm. á upprifjunarnámskeið. Hann er kannski búinn að gleyma atburði sem var ekki alveg óskyldur þessum þegar hann sem ráðherra vék einum starfsmanna sinna hjá Skógrækt ríkisins úr starfi og kollega hans páv., hæstv. fjmrh., réð viðkomandi til starfa í fjármála- og umhverfisráðuneytunum þar sem ég held að hann hafi reynst vel. Menn geta svo velt því fyrir sér hvort viðkomandi starfsmaður hafi tekið að sér veigameira starf heldur en hann var látinn víkja úr, ég læt það liggja á milli hluta. En það er hægt að nefna fleiri dæmi sem hafa átt sér stað og eru ekki alveg óskyld því sem við erum hér að ræða.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki var nú merkileg málsvörnin hjá hæstv. menntmrh. Enn varð honum það á í þessum örfáu orðum að fara rangt með og er þó nóg komið af því að við héldum, t.d. hvað varðar minni hæstv. ráðherra varðandi þau bréf sem berast hans ráðuneyti eða fara frá því ráðuneyti. Hæstv. ráðherra fór hér rangt með þegar hann taldi sig finna hliðstæð fordæmi frá tíð fyrri ríkisstjórnar. Það dæmi sem hann nefndi var þannig vaxið að þar var fallist á uppsögn manns sem ásamt fleiri starfsmönnum hafði sagt upp störfum. Þar var því ólíku saman að jafna. Fallist var á uppsögn manns sem þegar hafði sagt starfi sínu lausu. Um slíkt var ekki að tefla í þessu tilviki og málsatvik ósambærileg að öðru leyti. Þetta er auðvitað heldur dapurlegt og ber vitni um þennan vonda málstað sem hæstv. menntmrh. er þrúgaður af að hann skuli þurfa að grípa til ósanninda trekk í trekk og gera þar með hlut sinn sífellt verri og verri í málinu. Og ég ráðlegg hæstv. menntmrh. að vera ekki að fara fleiri slíkar ferðir hér í ræðustólinn því það að lengja þann lista ónákvæmni, ósannsögli eða þá hreinlega vanhæfni, sem hæstv. ráðherra er orðinn ber að í þessu máli, er honum sjálfum fyrir verstu.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þetta gengur ekki lengur, hæstv. utanrrh., sagði hv. 9. þm. Reykv., Svavar Gestsson. Ég veit ekki hvort hv. þm. urðu á mismæli eða hvort hann var kannski að gefa í skyn að hæstv. menntmrh. væri fjarstýrt af utanrrh. eins og upphafsmaður þessarar umræðu lét mjög í veðri vaka.

Hv. þm. hefur setið lengi í ríkisstjórnum. Hann veit það að eins og lögfræðingarnir kalla það er ríkisstjórn ekki fjölskipað stjórnvald, hún er ekki nefnd. Hver ráðherra hefur sjálfur vald á og ber sjálfur ábyrgð á sínum embættaveitingum og það hefur komið hér fram að þær eru ekki ræddar í ríkisstjórn og ekki kynntar samstarfsflokki, svo að það sé alveg á hreinu.

Síðan liggur hér fyrir tillaga sem er um tvennt. Hún er í fyrsta lagi um það að setja upp nefnd alþingismanna til þess að rannsaka aðdraganda og forsendur fyrir ráðningu framkvæmdastjóra ríkissjónsvarps. Í þessari nefnd verða væntanlega þeir menn sem hvað mest hafa rannsakað þetta mál, þ.e. menn eins og hv. þm. Páll Pétursson, Steingrímur Hermannsson, Svavar Gestsson og Ólafur Ragnar Grímsson. (**StH:** Ég verð ekki í nefndinni.) Þeir eru búnir að rannsaka málið mjög. Þeir eiga að rannsaka aðdraganda og forsendur ráðningar. (**SJS:** Árni Johnsen verður ...) Hafa þeir frekar en nokkur annar vefengt rétt eða vald menntmrh. til þess að setja umræddan framkvæmdastjóra? Hefur einhver farið fram með þeim rökum að hann hafi ekki farið þar að lögum?

Hvað ætla þessir ágætu þingmenn að rannsaka? Ælta þeir að rannsaka innyfli menntmrh., ætla þeir að sálgreina hann? Hvað ætla þeir að rannsaka? Það er til hugtak í austur-evrópsku réttlæti sem heitir „alþýðudómstóll". Þetta er hápólitískt mál. Deilan snýst um það, þegar þeir voru að telja það upp, er þetta ekki sjálfstæðismaður sem var ráðinn? Og þeir ætla að rannsaka ráðherrann sem réð hann. Og hverjir ætla að verða rannsóknardómarar? Hv. þm. Páll Pétursson, hv. þm. Svavar Gestsson, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Og hver haldið þið meðal heiðvirðs almennings í landinu að treysti þessum rannsóknardómurum, pólitískur rannsóknarréttur í pólitísku máli? (**SJS:** Það eiga að vera níu í nefndinni ekki bara þrír.) (Gripið fram í.) Hins vegar er svo hér annað mál. (Gripið fram í.) Það er búið að bera hér úr þessum ræðustóli upp og telja upp (Gripið fram í.) fjölmargar sakargiftir, — virðulegi forseti, hef ég orðið? — það er búið að bera hér upp í þessum ræðustóli fjölmargar sakargiftir, telja þær upp í mörgum liðum, sem varða fjárhagsleg tengsl einstaklings við stofnunina, ríkissjónvarp, menntmrn. og væntanlega ýmsar undirstofnanir þess. Það eru mjög alvarleg mál og það er vert að rannsaka. Haldið þið eða heldur einhver yfirleitt að þeir sem eru best til þess fallnir að rannsaka það af óhlutdrægni og hlutleysi séu þessir hv. þm.? Það dettur engum í hug. Það dettur ekki nokkrum einasta manni í hug.

Má ég segja hv. 9. þm. Reykv. einn hlut og vitna nú til eigin reynslu. Fyrir ekki löngu síðan, fáum árum, var ég sem fjmrh. og síðar utanrrh. borinn mjög alvarlegum sökum af fjölmiðli hér á landi, fréttastofu Stöðvar 2. Ég var borinn þeim sökum að hafa misnotað aðstöðu mína sem fjmrh. til þess að láta almannasjóð greiða fyrir fimmtugsafmæli konu minnar. Þessum ásökunum var haldið áfram svona um það bil í hálft ár án þess að ég gæti nokkurn tíma borið hönd fyrir höfuð mér. Maðurinn var með öðrum orðum dæmdur af grunsemdum í fjölmiðli. Það var ekki fyrr en mér tókst að fá Ríkisendurskoðun til þess að fara ofan í saumana á þessu máli eftir því sem það var unnt, með því að biðja konu mína að leggja fram öll tiltæk gögn um það hvernig hún hefði kostað sína afmælisveislu, að Ríkisendurskoðun treysti sér til þess að vísa þessum ásökunum á bug. (Gripið fram í.) Og það var eina leiðin sem ég hafði til þess. (**ÓRG:** Og hver var látinn hætta hjá ÁTVR út af þessu máli? Núv. framkvæmdastjóri þingflokks Sjálfstfl.) (**Forseti:** Ekki frammíköll.)

Virðulegi forseti. Þegar maður er borinn sökum og getur ekki borið hönd fyrir höfuð sér og þær varða misbeitingu á fjármálalegu valdi eða tengslum við opinbera stofnun, þá á hann í raun og veru engra kosta völ annarra en þeirra að leita til hlutlausrar stofnunar eins og Ríkisendurskoðunar. Að vísu getur Alþingi sagt: Hér er fjárln. Hún gæti út af fyrir sig samkvæmt þingsköpum rannsakað slík mál og meira að segja skoðunarmenn ríkisreiknings þar sem er m.a. hv. þm. Svavar Gestsson. En að ímynda sér að það sé að fullnægja réttlætinu að Alþingi kjósi hér þá menn, nákvæmlega þessa rannsóknardómara sem hér hafa borið umræddan einstakling öllum þessum sökum í einhverja pólitíska nefnd — er það ekki einum of glært? Þar væru hins vegar fulltrúar annarra pólitískra flokka, að deila um hvað? Að fara ofan í saumana á fjárreiðum útvarpsins, sjónvarpsins eða einhverra sjóða eða nefnda undir menntmrn.?

Virðulegi forseti. Málið er ákaflega einfalt. Það vill enginn maður á Íslandi, enginn heiðvirður maður taka upp slíkan rannsóknarrétt eða slíkan alþýðudómstól, ekki nokkur. Þetta er pólitískur skrípaleikur. Ef þið meinið það sem þið eruð að segja þá ættuð þið allir, þið sjálfir að taka undir þá niðurstöðu og þá lausn sem er að biðja hlutlausa stofnun eins og Ríkisendurskoðun um að fara ofan í þær sakargiftir sem þið hafið sjálfir flutt hér úr þessum ræðustól. Það er jafnmikil nauðsyn fyrir þessar stofnanir sem hlut eiga að máli eins og þann einstakling sem þið hafið borið sökum og ekki getur með öðru móti borið hönd fyrir höfuð sér.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Atburð sé ég anda mínum nær. Fyrir liðlega 10 árum eða svo voru í forustu Alþfl. menn sem kunnu skil á formlegum kröfum í stjórnmálum annars vegar og siðrænum kröfum hins vegar. Þeir menn virðast ekki lengur vera til í forustu Alþfl. Hæstv. utanrrh. fór með þuluna um fjölskipað eða ekki fjölskipað stjórnvald. Hún breytir engu í þessu máli en má ég þó minna á að hann fékk málið þegar ég skipaði tiltekinn skólastjóra á sínum tíma þó hann hafi kosið að ganga fram með þeim hætti sem menn þekkja í þessu sérstaka Hrafnsmáli af því að þessum utanrrh. þykir greinilega vænna um núv. stjórn en þá sem þá

sat og það segir mikið um grundvallarpólitíska innstillingu hans.

Staðreyndin er auðvitað sú að málið er siðlaust með öllu, hæstv. forseti. En ég spyr hæstv. ráðherra: Er hann þeirrar skoðunar að það þurfi að verða til nefnd, stofnun eða hvað við eigum að kalla það sem getur tekið á öllum þáttum máls af þessu tagi, hinum lögformlega, hinum fjárhagslega og hinum siðræna þætti líka sem Alþfl. einu sinni kunni skil á fyrir rúmum 10 árum en hefur núna gleymt eins og flestum grundvallaratriðum jafnaðarstefnunnar?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að það sé ekki besta lausnin í siðferðilegum deilumálum að gefa þeim sjálfdæmi, hv. þm. Svavari Gestssyni, hv. þm. Páli Péturssyni eða hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni um það hvað er siðgæði og hvað er rétt siðferðileg hegðun. Ég er eindregið þeirrar skoðunar vegna þess að ég er ekki með pólitískum rannsóknarréttum og ég er ekki með alþýðudómstólum.

En, virðulegi forseti, hv. þm. sagði hér: Sú var tíð að Alþfl. flutti hér tillögur um t.d. kröfur til þingnefnda um eftirlit með framkvæmd laga. Það vill svo til að ég er hér með í höndunum frv. til laga þar sem 1. flm. var Vilmundur Gylfason sem menn hafa oft vitnað til. Hann flutti hér tillögu sem var um það að efla eftirlitsstarf þingnefnda með framkvæmd laga. Hann flutti jafnframt tillögu um það að skipa sérstakar nefndir til þess að athuga framkvæmd laga. Hann vildi opna fyrir það að bandarískum sið að heimilt væri þingnefndum að kalla fyrir sig einstaklinga þótt ekki væru í opinberu starfi. En hann gerði skýran greinarmun á því hvort við værum að ræða um hlutverk þingnefnda við að fylgja eftir framkvæmd laga og hafa eftirlit með samskiptum ríkisstofnana við almenning eða að ætla að misbeita þessu valdi með því að setja á stofn pólitískar nefndir pólitískra andstæðinga sem þegar eru búnir að komast að niðurstöðu í málinu, þegar eru búnir að dæma viðkomandi einstakling og setja stimpil rannsóknarréttarins á slíkar niðurstöður. Vegna þess að það er munur á því að reyna af hálfu löggjafans að fylgja fram réttum lögum og svo hinu að setja upp pólitíska dómstóla yfir einstaklingum. Það er hlutverk dómstóla en ekki Alþingis. Menn eru hér að rugla því saman. Eitt er hlutverk löggjafarvalds, annað framkvæmdarvalds og svo dómsvalds. Og þingmenn geta ekki, hv. þm., og eiga ekki að taka sér hlutverk dómarans.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enginn hefur lagt til að stjórnarandstaðan ein skipaði nefndina. En hvað er hæstv. ráðherra að segja með þessu? Hann er að segja það að hann treysti ekki þingmönnum stjórnarflokkanna til að fara í nefndina. Hann er að segja það að hann treysti ekki hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni til að fara í nefnd af þessu tagi. Hann er að segja það að hann treysti ekki hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að fara nefnd af þessu tagi. (**Utanrrh:** Hann er að segja að þetta sé ekki pólitísk ...) Hann er að segja það að hann treysti ekki hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að fara í nefnd af þessu tagi. Hann er að lýsa því yfir og ég skil það vel, að hann treysti ekki þingmönnum stjórnarflokkanna til þess að fella réttan dóm að mati þessa leiðtoga Alþfl. sem hefur gleymt því að jafnaðarstefnan hvílir á siðrænum forsendum líka. (**Utanrrh.:** Stjórnmálamenn eru ekki dómarar.)

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal hafa þetta afar stutt. Þetta er aðferð hv. þm. að í staðinn fyrir að svara málefnalega að svara með dylgjum; að telja upp menn og segja: Formaður Alþfl. treystir ekki sínum eigin þingmönnum. (Gripið fram í.) Þetta eru dylgjur. Það sem ég var að segja er þetta: Það er ekki hlutverk stjórnmálamanna að setja sig upp í dómarasæti, ef um siðferðileg málefni er að ræða, yfir pólitískum andstæðingum sínum. (Gripið fram í.) Það er ekki hlutverk stjórnmálamanna að setja upp gervidómstóla. (Gripið fram í.) Að setjast í dómarasæti um málefni sem þeir geta ekki kveðið upp dóm um á öðrum en pólitískum forsendum. (Gripið fram í.) Þið eruð þegar búnir að kveða upp ykkar dóm. (Gripið fram í.) (**Forseti:** Ekki trufla umræðuna.) Þetta er fráleitt, þessi frammíköll eru til marks um rökþrot hv. þm. Það sem um er að ræða er einfaldlega þetta og ég segi: Ef um er að ræða ávirðingar sem fram eru bornar og varða fjárhagsleg málefni, þá er enginn aðili betur til þess fallinn en Ríkisendurskoðun að vinna það verk. Henni yrði treyst. Hv. þm. yrði ekki treyst til þess. Til þess er hann þegar búinn að segja allt of margt með ásökunum sínum hér úr þessum ræðustól. Það verða aðrir að koma til, til þess að kveða upp hlutlægan dóm í því efni. (**SvG:** Ég treysti Gunnlaugi.) Þér er ekki treystandi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Andsvörum er lokið. Forseti vill beina því til þingheims að halda ró sinni í þessum umræðum.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég mun reyna að halda ró minni í þessu máli, en hér er til umræðu till. til þál. um að Alþingi kjósi nefnd níu alþingismanna til að rannsaka aðdraganda og forsendur fyrir ráðningu framkvæmdastjóra ríkissjónvarpsins m.a. með tilliti til fjárhagslegra tengsla hans við stofnunina og menntmrn. og starfsemi á vegum þess.

Ég get í sjálfu sér fallist á það að einhver hluti af þessari rannsókn geti farið fram af hálfu Ríkisendurskoðunar, en að rannsaka aðdraganda og forsendur fyrir ráðningunni er verkefni sem ég tel að Ríkisendurskoðun geti ekki unnið. Þess vegna hlýtur það að vera mjög eðlilegt að þetta starf fari fram innan þingsins eins og hefði verið gert og eins og hefði þótt eðlilegt hjá öðrum vestrænum lýðræðisþjóðum sem hæstv. utanrrh., sem hér talaði næstur á undan mér, vitnar oft til og tekur mjög til fyrirmyndar, a.m.k. þegar hann er á

fundum erlendis og gerir lítið úr störfum Alþingis. Þess vegna hlýtur það að vera mikið grundvallaratriði að þessi tillaga verði samþykkt. Ef það er rétt sem var helst að heyra hér á máli hæstv. menntmrh. að hann og þá væntanlega báðir stjórnarflokkarnir leggi til að málinu verði vísað frá, þá hefur eitthvað mikið gerst innan Alþfl. frá því að þetta mál var síðast hér á dagskrá, þá var ég því miður ekki viðstödd, var erlendis, en ég hef lesið þá umræðu og fylgst með og þótti mér þar hv. formaður þingflokksins taka verulega upp í sig.

Hér er til umræðu mál sem þjóðinni líður illa út af. Hvað sem hæstv. menntmrh. kann að segja, þá er það svo. Ríkissjónvarpið er mikill vinur þessarar þjóðar. Það er mín skoðun og það er alla vega skoðun fólks á landsbyggðinni og ég vona að svo sé einnig hér í Reykjavík. Ég get ekki hugsað mér það að starfsemi sem fer fram innan veggja þessarar ágætu og virtu stofnunar verði sköðuð og hún sett í uppnám. Því verður að fara fram rannsókn á ráðningu framkvæmdastjórans eins og lagt er til með þessari tillögu.

En það er líka annað sem væri áhugavert að rannsaka og væri verðugt rannsóknarefni en það er það hvað sjálfstæðismönnum gengur til í sambandi við málefni ríkissjónvarpsins almennt. Við því fást kannski ekki svör í rannsókn sem þessari, en þeir tala ekki upphátt varðandi áhuga sinn og fyrirætlanir í sambandi við ríkissjónvarp og Ríkisútvarp. Það gerir hins vegar einn af aðalráðgjöfum hæstv. forsrh. í einu af dagblöðunum nýlega. Hannes Hólmsteinn Gissuraron segir hér orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég lít svo á að með ráðningu Hrafns í stöðu framkvæmdastjóra sjónvarpsins hafi Ólafur G. Einarsson rétt hlut hans eftir að hann hafði verið beittur ranglæti. Ráðherrann hefur komið vel og skörulega fram í þessu máli og tryggt sjónvarpinu krafta hugmyndaríks atorkumanns." Síðan segir: „Hitt er annað mál að allt vekur þetta okkur til umhugsunar um hvort það geti verið eðlilegt að ríkið reki sjónvarpsstöð. Er ekki heppilegra að einkavæða sjónvarpið?"

Og það er einmitt þar sem hundurinn liggur líklega grafinn. Ótti minn er alla vega sá að það sem liggi á bak við þetta allt saman það sé að eyðileggja stofnunina innan frá. Þá verði auðveldara að tala fyrir því að hún verði seld eða gefin einhverjum. Það var nefnilega ekkert sérstaklega vinsælt þegar landsfundur Sjálfstfl. samþykkti þá ályktun að selja Rás 2. Það var ekkert sérstaklega vinsælt, ekki á landsbyggðinni alla vega, ekki í Norðurlandskjördæmi eystra og ég hef grun um að það hafi átt einhvern þátt í því að Sjálfstfl. kom ekkert sérstaklega vel út úr þeim kosningum á landsbyggðinni, ekki eins og sjálfstæðismenn höfðu ætlað sér alla vega.

Vinnubrögð hæstv. menntmrh. eiga sér sennilega enga hliðstæðu í sögu íslenskrar stjórnsýslu og þó svo að hæstv. menntmrh. hafi reynt hér áðan að koma með eitthvert hliðstætt dæmi, þá fórst honum það frekar illa úr hendi. Og þar að auki eru þessi vinnubrögð í algerri þversögn við ýmis grundvallaratriði í stefnu Sjálfstfl. sem gefur sig út fyrir að vera á móti miðstýringu, á móti óeðlilegri íhlutun ríkisstjórnar í málefni sjálfstæðra stofnana og ég þarf varla að taka það fram að Sjálfstfl. hefur ekki aðhyllst stjórnarhætti Ráðstjórnarríkjanna, en því er ekki að neita að þessi vinnubrögð minna um margt á austantjaldstaktík eins og hún var og hét.

Ég nefndi það áðan að á fundum sínum erlendis talaði hæstv. utanrrh. stundum um störf Alþingis og þá allt frekar í niðrandi tón. Ég get tekið undir það að vissu marki að störf Alþingis mættu vera á annan hátt, mættu vera hnitmiðaðri á ýmsan hátt. En ég fordæmi hins vegar þegar hæstv. utanrrh. leyfir sér að lítilsvirða þessa virðulegu stofnun á fundum sínum erlendis. Mér þætti fróðlegt ef hæstv. utanrrh. svaraði því hér, hvort hann telji að hjá öðrum Evrópuþjóðum, hjá öðrum vestrænum lýðræðisþjóðum þættu þau vinnubrögð við hæfi sem hæstv. menntmrh. hefur beitt í þessu máli. Og það væri kannski forvitnilegt líka að heyra álit hæstv. umhvrh., sem er mjög kunnugur allri starfsemi og stjórnsýslu á hinum Norðurlöndunum, á því hvort þessi vinnubörgð yrðu viðurkennd eða hvert álit okkar nágrannaþjóða væri á vinnubrögðum sem þessum. Staðreyndin er nefnilega sú að það á að koma þessum ákveðna manni, áðurnefnda manni og margnefnda, Hrafni Gunnlaugssyni, bakdyramegin í það starf sem útvarpsstjóri hafði leyst hann frá í lok síðasta mánaðar. Í stuttri verklýsingu á starfi framkvæmdastjóra sjónvarpsins, sem var sett saman sama dag og Hrafn Gunnlaugsson var settur í starf framkvæmdastjóra, segir nefnilega:

„Framkvæmdastjóri er því í reynd yfirdagskrárstjóri sjónvarpsins."

Það er verið að koma manninum bakdyramegin í það starf sem útvarpsstjóri hafði vísað honum úr og þetta á að gera hvað svo sem útvarpsstjóri segir, hvað svo sem starfsfólkið segir og hvað svo sem þjóðin segir.

Ég ætla annars ekki að gera persónu Hrafns Gunnlaugssonar að umræðuefni hér, en það eitt sem er víst er að staða framkvæmdastjóra Ríkissjónvarpsins er mikil áhrifastaða í okkar þjóðfélagi. Og það er mikilvægt að það ríki traust á þeim manni sem skipar þá stöðu þó svo að í þessu tilfelli sé aðeins verið að tala um ársráðningu.

Í fjölmiðlum að undanförnu og ég tala nú ekki um manna á meðal hafa verið á sveimi mjög grófar ásakanir í garð Hrafns Gunnlaugssonar og þetta mál þarf allt að rannsaka. Það er vilji þjóðarinnar og ég vil segja að ef Sjálfstfl. vill ekki að þessi rannsókn fari fram eins og lagt er til í þessari tillögu, þá er maðkur í mysunni.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta var nú um það bil að snúast upp í allhávaðasamt leikrit rétt áðan en hefur nú lægt í bili. Hæstv. menntmrh. hafði orð á því í máli sínu að ákveði til þess að skipa svokallaða rannsóknarnefnd hefði ekki verið brúkað í 40 ár og hæstv. utanrrh. bætir um betur og skekur hér hnefa og segir: Íslenska þjóðin vill ekki, enginn heiðvirður maður vill svona rannsóknarnefnd. Nú veit ég náttúrlega ekki

hverjir hvísla í eyra hæstv. ráðherra, en eitthvað finnst mér nú rödd þjóðarinnar hafa hljómað á annan veg. En það er líka spurning, hæstv. ráðherra bendir hér á menn og segir: Þjóðin vill ekki þennan mann. Þjóðin vill ekki hinn manninn. Eru einhverjir hér innan dyra, sem hæstv. ráðherra Jón Baldvin treystir sér til að benda á og segja að þjóðin vilji? (**Utanrrh.:** Hún vill ekki pólitíkusa.) Hún vill ekki pólitíkusa. Þá er nú farið að skerðast um skotfærin ef þjóðin vill ekki póltíkusa. Til hvers treystir þjóðin þá pólitíkusum sínum? (**Utanrrh.:** Að vera í stjórnmálum.) (**Gripið fram í:** Að vera í ríkisstjórn.) Auðvitað eru þetta stjórnmál og ég vil minna á að það er ákvæði í útvarpslögum um það að ráðherra ráði framkvæmdastjóra ríkisútvarpsins en útvarpsstjóri ræður alla aðra starfsmenn. Til hvers er þetta ákvæði þarna? Það er til þess að ákvörðun sé tekin á stjórnmálalegum grunni um hver sé framkvæmdastjóri þannig að auðvitað eru þetta stjórnmál. Og þarna er líka um grófa íhlutun stjórnvalda að ræða í rekstur stofnunarinnar svo auðvitað eru þetta stjórnmál.

Hæstv. ráðherrar bæði menntamála og utanríkismála segja að það sé ekki hægt að samþykkja hér rannsóknarnefnd skipaða þingmönnum til þess að taka á þessu máli. Það mál sé best komið hjá Ríkisendurskoðun. En jafnframt sagði hæstv. utanrrh. að hér væri um það að ræða hvort mál þetta stæðist siðferðilega skoðun. Ríkisendurskoðun leggur ekki siðferðilegt mat á neitt. Ríkisendurskoðun heldur sig við lög og það má vel vera að allar þær ávirðingar sem bornar eru á umræddan aðila — og hann skal sannarlega vera saklaus af þangað til hann er fundinn sekur — það má vel vera að þær séu allar löglegar. En það kann að vera að það raðist svo margir löglegir atburðir saman á þann hátt að þeir hætti að vera siðferðilega réttir þó þeir séu löglega réttir. Og það er einmitt það sem þetta mál snýst um, þ.e. hversu marga atburði hér er um að ræða, hversu mikil orsakatengsl og það er það sem þarf að rannsaka. Ég skil ekki af hverju má ekki gera það með þessum hætti ef aðrar þjóðir hafa notað þessa aðferð, hvað er það sem gerir íslensku þjóðina svona mótfallna þessari aðferð eins og hæstv. ráðherra fullyrðir? Eða er almenningur hjá öðrum þjóðum ekki heiðvirður? Svona nefndir eru notaðar þar aftur og aftur með ágætum árangri og ég sé ekkert sem mælir á móti því að sama aðferð sé viðhöfð hér. Og það þarf jafnvel ekki að stangast á störf Ríkisendurskoðunar og störf svona nefndar. En ég hef þá trú að svona nefnd gæti kallað fyrir sig fleiri aðila og skoðað fleiri hliðar málsins heldur en Ríkisendurskoðun mundi gera jafnframt sem svona nefnd, sem yrði saman sett af mönnum úr öllum flokkum og með réttum styrkleikahlutföllum miðað við samsetningu þingsins, hafi möguleika á því að líta á málið frá fleiri sjónarhornum heldur en ríkisendurskoðandi því að vissulega væri hann að fara út fyrir sitt verksvið ef hann færi að leggja siðferðilegt mat á. Ef hér er allt með felldu, þá held ég að ríkisstjórnin stæði brattari eftir ef hún sæi sóma sinn í að standa að þessari aðgerð heldur en ef hún vísar henni frá með einhverjum rökum um það að málið sé betur komið hjá Ríkisendurskoðun. Og ég held að hæstv. ríkisstjórn ætti öll að leggja betur eyrun við því sem þjóðin segir og reyna að heyra óbrenglað hvað þjóðin segir því að þjóðin núna vill aðgerðir í þessu máli.

Ábyrgðarvæðing er orð sem ýmsir úr ríkisstjórninni hafa tekið sér mikið í munn þegar kemur að því að rökstyðja einkavæðinguna svokölluðu. Í þessu máli held ég að ríkisstjórnin ætti einmitt að líta sér nær og ábyrgðarvæða sjálfa sig. Ef hún hefur ekkert að óttast, þá stæði hún best eftir ef hún gerði það.

Útbýting þingskjals:

Rannsóknarnefnd til að rannsaka ráðningu framkvæmdastjóra ríkissjónvarpsins, 572. mál, till. til rökst. dagskrár frá GHH, þskj. 990.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að flytja í máli þessu svohljóðandi tillögu til rökstuddrar dagskrár:

„Þar sem fyrir liggur að menntamálaráðherra hefur óskað athugunar Ríkisendurskoðunar á fjárhagslegum samskiptum setts framkvæmdastjóra ríkissjónvarpsins við stofnunina telur Alþingi ekki ástæðu til að kjósa rannsóknarnefnd samkvæmt stjórnarskránni til að fjalla um málið. Því samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Virðulegi forseti. Þessi tillaga skýrir sig sjálf. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um hana fleiri orð.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér hefur komið fram tillaga til rökstuddrar dagskrár með þeim rökum að þetta sé ekki réttur vettvangur til þess að taka á þessu máli. Er það væntanlega í samræmi við það sem hæstv. utanrrh. sagði hér áðan. Hæstv. utanrrh. sagði að það væri ekki hlutverk stjórnmálamanna að fjalla um þetta mál, það væru embættismenn sem ættu að gera það. Hæstv. menntmrh. lýsti því yfir að þetta væri pólitísk ákvörðun, þetta er pólitískt mál, að sögn menntmrh., sem verið er að fjalla um og hæstv. utanrrh. og formaður þingflokks Sjálfstfl. vilja vísa því frá að stjórnmálamenn fjalli um pólitískar ákvarðanir. Það eru embættismennirnir sem að þeirra mati eiga að fjalla um pólitískar ákvarðanir.

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að vekja athygli á því að það sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér var ekki andsvar við minni ræðu heldur frekar andsvar við ræðu hæstv. utanrrh. ef ég hef skilið hans mál rétt. En málið er það að hæstv. menntmrh. hefur þegar ákveðið að óska eftir því að Ríkisendurskoðun rannsaki hin fjármálalegu tengsl sem ásakanir eru uppi um að séu með óeðlilegum hætti. Það kemur ekkert pólitík við og það er sjálfsagt og eðlilegt að Ríkisendurskoðun annist slíka rannsókn. Um það hefur þegar komið fram bréf frá menntmrh. og þess vegna hefur verið flutt hér tillaga til rökstuddrar dagskrár um að Alþingi kjósi ekki

þá rannsóknarnefnd sem tillagan sem til umræðu er á dagskrá þingsins gerir ráð fyrir, heldur taki fyrir næsta mál á dagskrá.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var einmitt að fjalla um þessa tillögu hv. þm. Geirs H. Haarde um það að vísa frá þeirri þáltill. sem hér er til umfjöllunar. Eins og hér hefur komið fram í umræðunum er hún miklu víðtækari heldur en sú fjármálalega athugun sem bent er á í dagskrártillögunni þannig að hann er þá að skjóta yfir markið með þessum tillöguflutningi, því að eins og ég sagði þá ítrekaði hæstv. menntmrh. það mjög og undirstrikaði að þetta væri pólitísk ákvörðun og þar af leiðandi hlýtur málið að vera fyrst og fremst pólitískt mál. (**Menntmrh.:** Vill þingmaðurinn ekki klára setninguna sem ég sagði um þetta?)

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þetta mál er margslungið. Í því felast spurningar um fjármálalega misnotkun á valdi, vissulega, og auðvitað er það rétt að það er verkefni Ríkisendurskoðunar að skoða fjármálalega þætti. En þetta mál felur líka í sér spurninguna um misnotkun á valdi, margvíslegu valdi, bæði embættislegu valdi og pólitísku valdi og það er ekki verkefni Ríkisendurskoðunar að fjalla um það.

Hæstv. utanrrh. reyndi í tilfinningaþrunginni vörn sinni fyrir snúningi Alþfl. í þessu máli að vísa til þess að sú tillaga, sem við höfum flutt um skipun nefndar samkvæmt ákvæðum í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins, væri brot á grundvallarreglum lýðræðisríkja. Má ég minna hæstv. utanrrh. á það að í Bandaríkjunum tíðkast það nánast á hverju ári að þingnefndir fjalli um mál af þessu tagi. Má ég minna hæstv. utanrrh. á það að einhver frægasta nefnd þessarar tegundar í sögu Bandaríkjaþings á síðustu áratugum var Watergate-nefndin þar sem þingið í Bandaríkjunum taldi nauðsynlegt að rannsaka pólitískt misferli sem síðan leiddi til þess að forsetinn sagði af sér. Það er þess vegna fjöldi dæma um það í nútímalýðræðisríkjum á Vesturlöndum að þingið taki að sér verkefni af þessu tagi.

Má ég líka minna hæstv. utanrrh. á það að hann gleymdi því í hinni sérkennilegu vörn fyrir snúningi Alþfl. í málinu að Alþingi kýs pólitíska endurskoðunarmenn ríkisreiknings. Formaður þingflokks Sjálfstfl., Geir H. Haarde, hefur gegnt því starfi. Nú gegnir einn þingmaður Sjálfstfl., Pálmi Jónsson, slíku starfi ásamt hv. þm. Svavari Gestssyni. Og það var sérkennilegt, hæstv. utanrrh., að utanrrh. skyldi kjósa sjálfur, og ég bið hann að hlusta á mig, skyldi kjósa sjálfur að draga inn í þessa umræðu það mál sem hér var fyrir nokkrum árum og snerti meintar ásakanir vegna áfengiskaupa hæstv. utanrrh. Hvað gerðist því máli, hæstv. utanrrh.? Það sem gerðist var það að gögn láku út úr ríkisstofnun og framganga ýmissa manna í því máli var auðvitað með þeim hætti að embættismaður hjá þeirri stofnun sem átti í hlut var látinn víkja, hæstv. utanrrh., var látinn víkja vegna þessa máls. Og það er þess vegna fyrir okkur sem þekkjum þessa sögu, hæstv. utanrrh., napurt að það skuli einmitt vera Geir H. Haarde, þáv. endurskoðunarmaður ríkisreikninga, núv. formaður þingflokks Sjálfstfl., sem er látinn flytja þessa tillögu sem hæstv. utanrrh. ætlar greinilega að greiða atkvæði. Það er napurt, hæstv. utanrrh., fyrir okkur sem þekkjum sögu þessa gerningaveðurs sem hæstv. utanrrh. kaus að koma með hér inn í umræðuna. Það verður einhvern tíma talinn athyglisverður punktur í þeirri sögu.

Auðvitað er það þannig að okkar tillaga fjallar ekki bara um fjármálalegt misferli, hugsanlegt. Hún fjallar fyrst og fremst um það að rannsaka aðdraganda og forsendur fyrir ráðningu framkvæmdastjóra sjónvarpsins. Hvað er búið að upplýsa síðan þessi tillaga kom fram? Það er í fyrsta lagi búið að upplýsa það að Hrafn Gunnlaugsson skrifaði menntmrh. bréf um að menntmrn. beitti sér fyrir því að þjónusta fjárhagslega hagsmuni Hrafns Gunnlaugssonar í norrænum kvikmyndasjóði. Hvað var gert við þetta bréf? Ráðherrann fékk aldrei að sjá það. Ráðuneytisstjórinn svaraði því án þess að ráðherrann fengi að sjá það og síðan ræður Hrafn Gunnlaugsson son ráðuneytisstjórans til óljósrar dagskrárgerðar í sjónvarpinu. Kannski eru þetta tilviljanir allt saman. Kannski eru það tilviljanir. En kannski er það ábending um vefinn, vef áhrifa og valds sem er ofinn fram hjá og í kringum hæstv. menntmrh. Og auðvitað er það þannig, hæstv. menntmrh., að ráðherrann ætti auðvitað að kalla Hrafn Gunnlaugsson til sín, núv. framkvæmdastjóra sjónvarpsins, og spyrja: Vissi hann þá að ráðuneytisstjórinn hafði ekki rætt málið við ráðherrann þó að bréfið væri stílað til ráðherrans? Var Hrafn Gunnlaugsson í vitorði með Knúti Hallssyni um það að leyna hæstv. menntmrh. þessu máli?

Málið er auðvitað allt með þeim hætti að það krefst ítarlegrar skoðunar, hæstv. ráðherra, út frá stjórnsýslunni, ekki bara hinu fjárhagslega misferli. Og ég vil nefna fleira. Er það tilviljun, hæstv. utanrrh., að eitt fyrsta verk hins nýja dagskrárstjóra, Hrafns Gunnlaugssonar þegar hann kemur aftur til starfa er að ákveða að mynd eftir Lárus Ými, sem átti að verða páskamynd sjónvarpsins, er ekki sýnd? Hún er ekki sýnd. Er það tilviljun? Er það tilviljun að þegar Hemmi Gunn er búinn að ákveða að hafa í sínum þætti viðtal við Albert Guðmundsson, þá er það fyrsta verk vinar forsrh., Hrafns Gunnlaugssonar, í hinu nýja starfi að segja: Nei, ekkert viðtal við Albert Guðmundsson? Eru þetta allt saman tilviljanir, hæstv. ráðherra? Er það virkilega þannig að allur þessi vefur, sem hefur flétt-ast hérna upp fyrir framan þjóðina, sé bara tilviljun? Eða er það markviss misnotkun á embættislegu valdi í þágu pólitískra hagsmuna, listrænna hagsmuna ákveðinna manna þar sem níðst er á öðrum þegar búið er að ákveða að þeirra mynd, mikilvægt verk, verði páskamynd sjónvarpsins, þá er því ýtt til hliðar. Það vita auðvitað allir hér að Lárus Ýmir er sá maður í hópi íslenskra kvikmyndagerðarmanna sem hefur haft burði til að andmæla Hrafni Gunnlaugssyni á vettvangi kvikmyndagerðarmanna á undanförnum árum og þá er það eitt fyrsta verkið að segja: Hans mynd út af dag-

skránni sem páskamynd. Hann er ekki hluti af því kerfi sem dagskrárstjórinn lýsti sjálfur sem „ég og vinir mínir". Ég og vinir mínir. Það eru þeirra myndir sem verða sýndar. Þetta mál er þess vegna allt þannig vaxið, hæstv. ráðherrar, að Ríkisendurskoðun getur ekki lokið þessu máli.

Ég er út af fyrir sig alveg tilbúinn til þess að ræða það ef ráðherrarnir vilja ræða málið, en þetta er ekki bara orðið neyðarmál milli ríkisstjórnarflokkanna, að sá þáttur málsins sem snertir fjármálin sé falinn Ríkisendurskoðun. En það sem snertir hugsanlega misnotkun á embættislegu valdi, bæði í menntmrn. og í sjónvarpinu til að mismuna íslenskum listamönnum, til þess að skerða jafnræði á sviði lista á Íslandi, það sé skoðað því það er alvarlegur hlutur ef hér er verið að setja upp kerfi og hefur verið í gangi sem mismunar listrænu frelsi og listrænu jafnrétti á Íslandi. Það vita auðvitað allir sem vinna að þessum verkum að það er fjöldi íslenskra kvikmyndagerðarmanna sem höfðu fengið sams konar vilyrði og Hrafn Gunnlaugsson frá hinum norræna sjóði og kannski jafnvel betra vilyrði, skýrara vilyrði. En ekki fór menntmrn. að beita sér í þágu þeirra, nei, alls ekki. Þvert á móti var því beitt bara í þágu eins manns. Og er það ekki stórkostlegt dæmi um þennan vef, þennan vef vináttu, valds og áhrifa að það kom í ljós á þessum sömu dögum og þetta mál er til umræðu að formaður stjórnar Menningarsjóðs útvarpsstöðva hafi ákveðið að fela Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni að gera kvikmynd, handrit að kvikmynd. Hannes Hólmsteinn Gissurarson. Nei, kæru vinir á ráðherrastólum, við skulum ekki láta svona kerfi misnotkunar sem hugsanlega kemur niður á listrænu jafnrétti í landinu þróast hér áfram. Við skulum hreinsa þetta út.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. nefndi Watergate og setti síðan á innblásna ræðu um frelsi listamanna til þess að starfa án opinberrar íhlutunar og án mismununar. Hann hefði líka getað nefnt aðra nefnd sem var jafnvel enn þá frægari. Hún var kennd við McCarthy og var einmitt sett upp á þeim forsendum að ríkisvaldið og þingið taki sér vald til þess að segja hverjir væru rétt bornir og réttbærir til þess yfirleitt meðal bandarískra listamanna að halda mannréttindum. Það sem ég er að segja er einfaldlega þetta, virðulegi forseti: Ríkisendurskoðun dæmir ekki í siðferðilegum efnum, það er alveg rétt, mikið rétt. Hún svarar bara þessari spurningu: Er sannleiksgildi fólgið í þeim ásökunum sem bornar hafa verið fram í þessum ræðustól og fjölmiðlum um margvíslegt fjármálalegt misferli í samskiptum þessa einstaklings og ríkisstofnana? Því getur Ríkisendurskoðun svarað. Hún er bær til þess. Hún er hlutlaus dómari í því efni, ekki satt? Um það geta menn verið sammála.

Þá kemur að hinu, hver á að dæma hinn siðferðilega þátt, um það hvort ráðherrann hafi t.d. brotið lög eða misbeitt valdi sínu? Það gerir ekki Ríkisendurskoðun. Hverjir gera það? Gera það hv. þm. Páll Pétursson, Svavar Gestsson og Ólafur Ragnar Grímsson? (**SvG:** Gunnlaugur Stefánsson). Og, við skulum taka hv. þm. á orðinu, síðan ef það kæmu fulltrúar stjórnarflokkanna sem hefðu annað pólitískt mat á umræddum einstaklingi — það var nefnilega einn hv. þm. sem sagði: Samkvæmt útvarpslögum er það svo að það er menntmrh. sem skipar framvæmdastjóra þótt útvarpsstjóri skipi aðra. Með öðrum orðum, menntmrh. er pólitískur aðili og menn koma hér síðan og segja og eins og hv. þm. Svavar Gestsson taldi upp: Þeir hafa skipað fullt af mönnum sem eru sjálfstæðismenn. Við erum á móti því.

Ég vil ekki taka ábyrgð á öllum þeim embættaveitingum sem starfsfélagi minn í ríkisstjórn á sínum tíma, hv. þm. Svavar Gestsson, vélaði um, enda ber ég ekki ábyrgð á því. Ríkisstjórnin er ekki fjölskipað stjórnvald. En menn verða að gera greinarmun á einu. (Forseti hringir.) Ef um er að ræða fjárhagsásakanir um fjárhagslega misbeitingu, þá er það Ríkisendurskoðun. Ef menn eru að tala um misbeitingu á valdi, þá vill svo til að hér stendur í 26. gr. þingskapa:

„Heimilt er nefnd að eigin frumkvæði að fjalla um önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar." Gjörið þið svo vel.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er athyglisvert tilboð. Er hæstv. utanrrh. reiðubúinn að sameinast með okkur um að það skuli vera sú nefnd þingsins sem þetta mál heyrir undir sem framkvæmir þessa rannsókn? Ég er alveg tilbúinn að ræða það. Ég er einn af flm. þessarar tillögu og ef utanrrh. vill gera það til málamiðlunar að það verði frekar þingnefnd sem annist þetta verk, þá skal ekki standa á mér að mynda þá samstöðu. Ég er tilbúinn, hæstv. ráðherra. (**Utanrrh.:** Hv. þm. þarf ekki að semja við mig um þingsköp.) Þetta er ekki spurning um þingsköp, en það var spurning: Meinar hæstv. ráðherra eitthvað með því sem hann er að segja hér? Hann virtist vera að bjóða upp á það að málið væri kannað með þessum hætti vegna þess að það var þó áfangi í umræðunni að í þessari síðustu ræðu hæstv. utanrrh. var hann farinn að viðurkenna að það væru ýmsir þættir í þessu máli sem Ríkisendurskoðun gæti ekki kannað og það er auðvitað grundvallaratriði þegar hæstv. utanrrh. er búinn að viðurkenna það að sú tillaga, sem hæstv. menntmrh. hefur gert við Ríkisendurskoðun, snýr bara að hluta málsins. Og þá verður það spurningin hvort ríkisstjórnin vill láta kanna málið allt, hreinsa það allt út eða ekki. Hreinsa m.a. það út hvort valdinu hefur verið misbeitt pólitískt í þágu annarlegra hagsmuna.

Hæstv. ráðherra nefndi McCarthy-tímann. Það er alveg sjálfsagt að taka það hér upp. Var það McCarthy-ismi að mynd Lárusar Ýmis var sett út af páskadagskránni af Hrafni Gunnlaugssyni? Var það McCarthy-ismi að banna Hemma Gunn að tala við Albert Guðmundsson? Ég er alveg tilbúinn að láta skoða þá pólitísku hugsun sem hefur stýrt völdum þessara manna. Var það kannski ekki jákvæður McCarthy-ismi

að láta vin sinn Hannes Hólmstein fá rúmar 2 millj. til að gera kvikmyndahandrit?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef menn spyrja sig: Er það líklegt að þeir menn sem mest hafa talað hér í þessum ræðustól og tíundað nákvæmlega allar ávirðingar umræðds einstaklings sem ekki er nú hér innan þingsala til þess að bera hönd fyrir höfuð sér, er það líklegt að þeir geti einhvern tíma talist hlutlausir dómarar í þeim málum sem þeir eru að fjalla um? Ég held ekki. Ég held að þeir hafi sýnt það með því sem þeir hafa sagt að þeir hafa þegar komist að niðurstöðu, þeir hafa þegar kveðið upp sína dóma. Þeir hafa engu við það að bæta og ég hef ekki trú á því að réttsýnt fólk muni fá traust á þeim dómsniðurstöðum. Og ég held að það breyti engu þótt fulltrúar stjórnarflokkanna komi með í þessa nefnd vegna þess að ég held að þetta verði ekkert annað en venjuleg pólitísk átök. Við erum hér að fjalla um mál sem er búið að gera algjörlega pólitískt.

Það eina sem hægt er að gera er að fara lið fyrir lið yfir hinar fjárhagslegu ávirðingar sem menn hafa talið hér upp og það er ekki bara Ríkisendurskoðun sem getur verið bær til þess. Meira að segja hv. þm. sem er *einn af endurskoðunarmönnum ríkisreikninga hefur* þar sinn rétt og fjárln. hefur visst valdsvið í því efni. En ef menn ætla að fara að tala um listrænt mat eða siðferðilega dóma, þá erum við komin mjög á hálan ís vegna þess að menn treysta ekki niðurstöðum pólitískra andstæðinga sem fara svo offari eins og hér hefur verið gert til þess að kveða upp slíka dóma.

Ég nefndi hér vegna þingskapanna 26. gr. sem kveður einfaldlega á um það að þingnefnd getur gert ákveðna hluti án þess að máli sé vísað til hennar að venju. Og hún gæti vafalaust spurt margra spurninga, t.d. þessara: Hefur ráðherra farið út fyrir valdsvið sitt? (Forseti hringir.) Hefur eitthvað gerst í samskiptum ráðherra í sambandi við þessa embættisveitingu sem brýtur í bága við grundvallarreglur stjórnsýslu? Slíkt gæti nefnd gert, en hún gæti tæpast gert það ef hún væri skipuð þeim mönnum sem þegar eru búnir að kveða upp dóminn.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er dálítið fróðlegt að fylgjast með Alþfl. Fyrir þá sem eru að hlusta á þessa umræðu er rétt að segja frá því að það er einn forustumaður Alþfl. sem fyrir nokkru hvarf úr salnum. Það er formaður þingflokks Alþfl., hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hann hefur ekki verið viðstaddur þessar ræður hæstv. utanrrh. Kannski er það nú smávottur um að það sé þó til heil hugsun enn þá hjá formanni þingflokks Alþfl. að hann hefur flúið salinn undir ræðum hæstv. utanrrh. af því að formaður þingflokks Alþfl. veit að nú er samviskan orðin vond, nú er málstaðurinn orðinn veikur.

Þegar þetta mál var fyrr rætt hér í þinginu, þá talaði hv. þm. Össur Skarphéðinsson einn fyrir Alþfl. Ræða hans fékk víðtækan hljómgrunn meðal þjóðarinnar. Síðan hefur málið verið kallað inn á teppið hjá hæstv. forsrh. og Sjálfstfl. og nú mætir formaður Alþfl. með vörn sem, hæstv. ráðherra, er aumkunarverð. Hún er aumkunarverð. Ef ráðherrann er sammála okkur hinum um það að í þessu máli þurfi að skoða fleira en hin fjárhagslegu tengsl eða hina fjárhagslegu misnotkun — og hann er búinn að segja það hér aftur og aftur að í þessu máli séu þeir þættir líka til, spurningin er um hugsanlega misbeitingu valds, spurningin um pólitísk ítök, hugsanleg spurning um siðferðilegan brest — þá skulum við sameinast um það, hæstv. utanrrh., að finna farveg fyrir athugun á því máli.

Ég hef ekki sóst eftir sæti í þessari nefnd þó að ráðherrann sé hvað eftir annað búinn að segja að ég eigi að vera þar. Ég er meira að segja tilbúinn til þess að Alþfl. eigi alla menn í nefndinni. Ég er tilbúinn til þess að veita þetta yfir á þingnefnd sem er undir forustu stjórnarflokkanna. Ég er tilbúinn til þess að kjósa nefnd óháðra manna utan þings. Ég er tilbúinn í allar slíkar hugmyndir. En það er bara eitt sem ég er ekki tilbúinn til, hæstv. utanrrh., það er að láta þögnina geyma þá þætti í þessu máli sem þarf einna helst að kanna.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Í þessari umræðu hefur ýmislegt verið sagt sem orkar nú, svo að ekki sé meira sagt, verulega tvímælis. Hér kom hæstv. utanrrh. og talaði um að við sem flytjum þessa tillögu og höfum talað fyrir þessari tillögu værum að gera hér kröfu um alþýðudómstól að austur-evrópskri fyrirmynd. Ég frábið mér slíkra samlíkinga, hæstv. utanrrh. Hér er ekki verið að tala um neinn dómstól. Hér er verið að tala um að *setja upp nefnd sem skipuð er samkvæmt ákvæði í* okkar stjórnarskrá og sem kjörin er hér á þingi eftir þeim háttum sem hér tíðkast. Þessi nefnd mun auðvitað ekki fella neinn dóm, hún er enginn dómstóll. Það er verið að villa um fyrir fólki þegar ráðherrann notar alltaf hugtakið dómur og dómstóll og dómsniðurstaða. Þannig verður það ekki. Þessi nefnd mun starfa, hún mun skila af sér skýrslu og sú skýrsla leiðir ekki til neinnar dómsuppkvaðningar. Hún er fyrst og fremst þá, ef eitthvað óhreint er í pokahorninu, pólitískur þrýstingur á ríkisstjórnina um að gera eitthvað í þessum málum. Það er það eina sem þessi skýrsla getur gert. Og ég held að ríkisstjórnin ætti ekki að vera hrædd, hún mundi hafa meiri hluta í nefndinni.

Ég vitnaði hér áðan til annarra Evrópuríkja og að það væru sams konar nefndir í þeim löndum og það merkilega er að það er einmitt að gerast núna í öllum Evrópulöndunum í kringum okkur að menn eru að ræða um slíkar rannsóknarnefndir og mikilvægi þess að slíkar rannsóknarnefndir séu settar á laggirnar og starfi oftar en nú er. Þannig hefur t.d. Evrópubandalagið tekið saman heila skýrslu um slíkar rannsóknarnefndir sem eiga sér stoð ýmist í stjórnarskrám eða lögum. Og það er talað um það sem gott fordæmi í þessari skýrslu frá Evrópubandalaginu að í Þýskalandi háttar því þannig til að það er hægt að setja rannsóknarnefnd upp að tilstuðlan eins fjórða hluta fulltrúa í Bundestag. Minni hluti fulltrúa í Bundestag getur sem sagt farið

fram á það að sett sé á laggirnar rannsóknarnefnd og þá skal það gert. Og þeir tala um það sem til fyrirmyndar og þetta eigi Evrópubandalagsríkin að taka til skoðunar vegna þess að hinn pólitíski meiri hluti í þjóðþingunum hafi tilhneigingu til þess að setjast á slíkar tillögur vegna þess að hann vilji ekki láta skoða embættisfærslu þeirrar ríkisstjórnar sem hann styður og þar af leiðandi sé mikilvægt að koma inn einhverjum slíkum minnihlutarétti. Og það er nákvæmlega það sem á að fara að gerast hér, ríkisstjórnarmeirihlutinn ætlar að reyna að koma í veg fyrir það að embættisfærsla m.a. sé skoðuð því að þetta mál snýst ekkert bara um einstaklinginn Hrafn Gunnlaugsson. Þetta snýst um embættisfærslu og það þarf að skoða báða aðila. Það þarf að skoða framkvæmdastjóra ríkissjónvarpsins og það þarf að skoða sjónvarpið sem stofnun og menntmrn. sem stofnun í þessu máli. Það verður ekki bara annar aðilinn skoðaður. Og þess vegna er þetta spurning um embættisfærslu sem þarf skoðunar við.

Ég hef talað við marga út af þessu máli á undanförnum dögum og það hafa margir haft samband við mig og ég heyri það að fólki er mjög mikil alvara með þessu máli og það er mikill þungi í fólki vegna þessa máls. Ég segi það fyrir mig að mér er líka mikil alvara með þessu máli. Þó að hér hafi kannski einhverjum fundist þróast skrípaleikur, þá er þetta ekki skrípaleikur. Þetta er mikið alvörumál. Og það á við um okkur kvennalistakonur allar að okkur finnst þetta alvarlegt mál. Við erum ekki að taka þátt í þessu máli til þess að koma höggi á ríkisstjórnina. Það þarf ekki. Ríkisstjórnin veitti sér höggið sjálf með þessu máli. Það þarf ekki okkur til. Ríkisstjórnin hlýtur að fá högg af því, hún er búin að fá högg af því. Sjálfstfl. hlýtur að fá högg af málinu og Alþfl. ef hann dinglar með eins og virðist nú ætla að gerast hér. Ég vil benda mönnum á það að maðurinn sem kom þessu gerningaveðri af stað, ég fullyrði að það er hæstv. forsrh., hvar er hann núna? Hefur umræðan snúist um hann? Hann er hlaupinn í skjól og umræðan snýst hérna um hæstv. utanrrh. og menntmrh. En upphafsmaðurinn er kominn í skjól og það hefur ekkert verið um hann rætt hérna og það er auðvitað dapurlegt ef við ætlum að fara frá þessari umræðu án þess að gera okkur grein fyrir því hver var upphafsmaðurinn.

Ég skil ekkert í flokksmönnum í Sjálfstfl. að lynda þessu því að auðvitað hefur forsrh. haft fjöregg flokksins og ríkisstjórnina að leiksoppi. Hann hefur hætt því hvoru tveggja í þessu máli. Og ætla menn að treysta slíkum forsrh. í framtíðinni, sem leikur sér með þessum hætti að fjöreggi flokks og ríkisstjórnar vegna vináttu sinnar við einn mann? Að hann setji allt „á spil" eins og maður segir. Hvernig ætla menn að treysta slíkum forsrh. í framtíðinni? Og hvar er hann nú? Ég spyr.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er fullkomlega sammála því sem hv. þm. sagði þegar hún sagði: Þetta er alvarlegt mál. Þetta er grafalvarlegt mál. Af mörgum ástæðum. Ég get auðveldlega sett mig í spor þess einstaklings utan þings sem borinn er þessum ásökunum, öllum þeim ásökunum sem hér hafa verið fram bornar og spurt sjálfan mig: Hvert á hann að leita réttar síns? Menn tala héðan úr þessum ræðustól í þinghelgi og þessar ásakanir eru mjög alvarlegar. Þær eru eitthvað á annan tug og þær eru bæði um fjármálalegt misferli og siðferðilega bæklun. Það er mjög alvarlegt mál eins og hver sá einstaklingur sem orðið hefur fyrir því getur auðveldlega skilið.

En það er líka alvarlegt út frá öðru sjónarmiði. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál þegar einstaklingur, stjórnmálamaður, er borinn sökum um að misbeita valdi sínu sem er hinn hluturinn sem á þá að rannsaka. En nú er það svo með hinn pólitíska þátt málsins að þótt við setjum leiðtoga stjórnarandstöðunnar í nefnd með einhverjum öðrum fulltrúum stjórnarflokkanna til þess að halda áfram þeim deilum af því tagi sem hér hafa farið fram þá segi ég einlæglega fyrir mig: Ég á ekki von á því að nokkur verði að bættari eða það leysi nokkurn skapaðan hlut vegna þess að ég held að þeir sem hafa komið hér fram í hlutverki saksóknarans verði aldrei trúverðugir í hlutverki dómarans. Það er laukrétt sem sagt hefur verið. Ríkisendurskoðun getur bara ráðið til lykta hluta af málinu, hinum fjárhagslegu ávirðingum, en það skiptir líka miklu máli.

En hver er sá sem getur kveðið upp dóm, hlutlægan dóm, ekki pólitískan, sem almenningur í landinu gæti treyst og snýr að spurningunni um misbeitingu valds? Ég nefndi hér að það þarf ekki sérstaka rannsóknarnefnd. Í raun og veru er það viðfangsefni stjórnmála frá degi til dags og það getur samkvæmt þingsköpum nefnd gert án þess að máli sé vísað til hennar. En það getur þá ekki orðið með trúverðugum hætti nema að því verki komi aðrir en þeir sem þegar hafa komið fram í hlutverki saksóknarans.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. utanrrh. talar hér um einstaklinga sem eigi undir högg að sækja og hvernig þeir eiga að verja hendur sínar þegar þeir eru bornir alvarlegum sökum hér á þingi í krafti þinghelgi. Hér hefur ekkert verið sagt í þessari pontu sem ekki hefur komið fram í dagblöðum og hefur verið haldið fram af ýmsum aðilum sem eru þó ekki með neina þinghelgi og er í sjálfu sér hægt að sakfella fyrir það sem þeir hafa þá þar sagt, ef mönnum sýnist svo. En hér er ekki bara um einhverja einstaklinga úti í bæ að ræða. Hér er um embættismann að ræða, háttsettan embættismann hjá sjónvarpinu og hér er um ráðherra að ræða og fleiri en einn ráðherra. Og þetta eru ekki bara einhverjir einstaklingar úti í bæ sem eiga undir högg að sækja. Þetta eru valdamenn í samfélaginu og ef þeir ætla sér stóran hlut eins og þeir virðast ætla sér og eru fyrirferðarmiklir í stjórnkerfinu, þá verða þeir auðvitað að búast við því að þeirra athafnir séu skoðaðar.

Ráðherra spurði: Hver getur fellt hlutlægan dóm í þessu máli, um misbeitingu valds t.d.? Geta það þessir pólitísku aðilar sem hér hafa gerst ásakendur í mál-

inu? Geta þeir það? spurði ráðherra. Ég efast ekkert um það að við erum ekki til þess hæf að fella hlutlægan dóm hér hvert og eitt fyrir sig. En almenningur getur það, honum er nefnilega treystandi til sumra hluta, hæstv. ráðherra. Hann á að geta fellt sinn dóm í þessu máli eftir að skýrsla hefur verið saman tekin og eftir að almenningur hefur kynnt sér það mál. Ef fólki finnst að þar sé ekkert feitt á stykkinu, þá fellur þetta mál einfaldlega niður, en ef málið er þannig vaxið og það kæmi fram í þessari skýrslu að líkur bendi til að um verulega misbeitingu á valdi sé að ræða, þá kemur einfaldlega pólitískur þrýstingur á stjórnvöld í málinu. Það er dómurinn.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér kemur í hug undir þessari umræðu að líklega kemur okkur hér í koll hversu við Íslendingar misbeitum orðum og ofnotum orð í hinni pólitísku baráttu. Hér stendur stjórnmálamaður sem hefur verið borinn margvíslegum sökum svona í hita leiksins í pólitíkinni, kallaður landráðamaður, borin á brýn landráð. Mér koma í hug stjórnmálamenn fyrri tíðar sem hefur verið borið það á brýn að þeir væru geðveikir, bilaðir á sinni, siðferðilega vankaðir o.s.frv. Þessi orð eru svo gengisfelld að Íslendingar taka þau eins og hverja aðra orðaleppa þegar þau eru sögð af einum stjórnmálamanni um annan eða af einni stjórnmálafylkingu um aðra. Þess vegna er það að þegar kemur að álitamálum um embættisfærslu, um veitingu embætta, þá endar þessi umræða venjulega í gagnkvæmnisásökunum: Hann gerði nú þetta, þessi hérna áður fyrr o.s.frv. — og almenningur er engu nær. Ég tek undir það með hv. þm. að ef einhver aðili væri hér til, sem væri ekki þegar stimplaður fyrir fram sem saksóknari, með fyrir fram gefna skoðun, þá gæti verið ágætt að fá hlutlausa skýrslu. Hvað á svo að gera við þessa skýrslu, birta hana almenningi? Ekki hefði ég neitt á móti því. En að lokum erum við að tala um hluti sem snúast um hvort valdi hafi verið misbeitt af hálfu hins opinbera eða níð um æru einstaklings úti í bæ sem er varnarlaus. Til þess höfum við dómstóla. Og þó að það væri ekki annað en það sem kæmi út úr þessu, að Ríkisendurskoðun kvæði upp úr um það hver er niðurstaðan að því er varðar ásakanirnar um fjármálalegt misferli, þá er það a.m.k. að mínu mati meginþátturinn því að ég gef ekkert, ekki neitt fyrir orðaleppa stjórnmálamanna hvers um annan. (**ÓRG:** Er Hrafn Gunnlaugsson stjórnmálamaður í þessu tilviki?) Nei, þið eruð búnir að gera þetta að pólitík.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti Ég vil benda hæstv. utanrrh. á að það eru ekki bara orð sem hafa verið gengisfelld í pólitík. Siðferðið hefur líka verið gengisfellt í pólitík, alvarlega, og það er tímabært að reyna að skrifa upp kúrsinn á siðferðinu í stjórnmálum. Ef það er svona mikill þyrnir í augum hæstv. utanrrh. að það séu þingmenn sem fara í þessa nefnd, þá segi ég eins og fleiri sem hér hafa talað: Ég er alveg tilbúin til þess að skoða það að staðið verði að því með einhverjum öðrum hætti, að það verði t.d. skipuð nefnd einhverra hlutlausra aðila sem við getum kallað svo til þess að skoða þetta mál, aðila sem væru þá tilnefndir af einhverjum stofnunum í samfélaginu og það verði þá engir pólitíkusar sem komi nálægt því eða nálægt því að tilnefna í slíka nefnd. Mér finnst það alveg til skoðunar og ég væri alveg tilbúin til þess að ræða það að breyta t.d. þessari tillögu með þeim hætti. Þetta segi ég bara fyrir mig perónulega og hef svo sem ekki haft samráð við neinn um það mál. En ef það eitt er svona mikill þyrnir í augum ráðherra að það séu þingmenn í nefndinni, þá finnst mér að það hljóti að koma til skoðunar.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur verið mjög athyglisverð og satt að segja hefur ýmislegt komið fram í máli hæstv. utanrrh. sem bendir til þess að hann hljóti að vera tilbúinn til að beita sér fyrir því og ég spyr hæstv. utanrrh. að því: Er hann tilbúinn til að beita sér fyrir því að afgreiðslunni á tillögu hv. þm. Geirs H. Haarde verði frestað? Ég spyr að gefnu tilefni vegna orða hans í þessari umræðu þar sem hann hefur aftur og aftur látið að því liggja að aðrar leiðir kæmu til greina. En hæstv. ráðherra hefur valið ef hann styður tillögu hv. þm. Geirs H. Haarde þá hefur hann kosið hörðustu og grimmustu leiðina í raun og veru. Hvaða leiðir eiga hæstv. ráðherra og stjórnarmeirihlutinn í þessu máli? Hann á auðvitað þá leið að fallast á þá tillögu sem hér er til umræðu. En hann á líka þá leið að vísa tillögunni til þingnefndar samkvæmt þingsköpum, annaðhvort til allshn. eða viðkomandi nefndar, þ.e. menntmn. En niðurstaða hæstv. utanrrh. er sú að tillagan má ekki einu sinni fara til þingnefndar. Það á að hafna því áður en þingnefnd fær að fjalla um málið.

Í öðru lagi á hann þá leið að ákveða að málið fái meðferð — og það er pólitísk ákvörðun — samkvæmt 26. gr. þingskapa, þ.e. í menntmn., og að málinu verði frestað á meðan að öðru leyti. Er hæstv. ráðherra tilbúinn til að fallast á það? Nei, ekki samkvæmt tillögu hv. þm. Geirs H. Haarde, ef hæstv. ráðherra styður þá tillögu sem ég trúi að hann geri.

Hæstv. ráðherra á þann kost líka í þessu máli, ef honum er svona umhugað að lendingin verði málefnaleg, að beita sér fyrir því að það verði sett niður óháð nefnd utan þingsins en fyrir því eru fjölmörg dæmi líka. Nei, hæstv. ráðherra hefur líka hafnað því og í raun og veru ákveðið að banna Alþingi að ræða málið. Að banna Alþingi Íslendinga að ræða málið. Og hver er að fella dóm? Hver er dómstóllinn hér í dag? Það er hæstv. utanrrh. og Sjálfstfl. sem ætla að neita Alþingi um að fá að fjalla um þetta mál. Hér er um að ræða atlögu að þjóðfélagsgerðinni, atlögu að grundvelli þingræðis og lýðræðis í okkar landi vegna þess að þetta mál snertir allt sviðið.

Auðvitað er það svo, virðulegi forseti, að það væri hægt að hugsa sér það að allar ákvarðanir á tilteknum siðlausum hlutum væru taldar löglegar. Það væri hægt

að huga sér það, virðulegi forseti, t.d. að einhver einn maður hefði fengið alla dagskrárpeninga framkvæmdastjóra sjónvarpsins, 26 millj. á ári. Það væri löglegt en það væri siðlaust. Það væri hægt að hugsa sér það að einn maður fengi alla peninga Kvikmyndasjóðs á ári. Það væri löglegt en það væri siðlaust. Það væri hægt að hugsa sér það að einn maður fengi að sýna sínar myndir í sjónvarpinu en aðrir ekki. Það væri formlegur gerningur réttur. Það væri löglegt en það væri siðlaust. Og það vær hægt að hugsa sér það að sami aðilinn og hefði notið þessara fríðinda þó ekki væri nema að hálfu leyti yrði skipaður yfirmaður sömu stofnunar. Það getur verið löglegt en það er siðlaust. Og fyrir þetta kerfi gengur nú Alþfl. og formaður hans fremst í víking til að verja. Og ég spyr, virðulegi forseti: Hvar er Alþingi Íslendinga statt ef við höfum enga möguleika af neinu tagi til að ræða mál af þessum toga málefnalega og yfirvegað í rólegheitum af því að meiri hlutinn hefur gert sig að dómstóli? Alþýðudómstóllinn í þessum sal heitir Jón Baldvin Hannibalsson samkvæmt umræðunni hér í dag, virðulegi forseti.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það væri nú ástæða til að spyrja hvers vegna það er sem ég kem svo oft í þennan ræðustól í tilefni af þessu máli. Sannleikurinn er sá að það er vafalaust af því að ég er brenndur af því sjálfur að hafa verið borinn mjög alvarlegum ásökunum og með þeim hætti að það vafðist mjög lengi fyrir mér að ná rétti mínum. Ég sat uppi með það að hafa verið dæmdur fyrir fram, dæmdur af fjölmiðlum, dæmdur sekur fyrir fram og ég reyndi það að ég átti að lokum ekki annarra kosta völ heldur en að leita til þessarar opinberu stofnunar sem hér hefur verið nefnd, Ríkisendurskoðunar, til þess að fá rétt minn hlut, til þess að ná aftur að hreinsa æru mína. Og af því að hv. þm. sagði að ég væri hér alþýðudómstóll og að verja kerfi, þá skal ég segja það alveg eins og er að mér er meira í mun að sá einstaklingur — þó að ég þekki hann ekkert, beri enga ábyrgð á ráðningu hans eða listrænum gjörðum, get vafalaust ekki talist í aðdáendahópi hans, það litla sem ég hef séð eftir hann — mér er meira í mun að þessi einstaklingur verði ekki dæmdur fyrir fram og hafi einhver úrræði til þess að ná rétti sínum, jafnalvarlegum ásökunum og hann hefur verið borinn, heldur en verja kerfi. En um kerfið segi ég, af því að við tölum hérna um hlutverk Alþingis sem dómstóls: Sá yðar sem syndlaus er kasti fyrsta steininum.

Það væri hægt að setja upp margar rannsóknarnefndirnar um ábyrgð Alþingis á störfum bankaráða, um ábyrgð Alþingis á störfum stofnana sem fara með opinber fjárráð, Byggðastofnunar t.d., og fleiri og fleiri stofnana, og margt fróðlegt kæmi í ljós. En um hina pólitísku nefnd, sem sett yrði upp á Alþingi Íslendinga til þess að rannsaka það í einstökum atriðum, mundu menn segja: Pólitík, pólitík, pólitík. Það er stjórnmálalegur ágreiningur á bak við þetta. Og menn mundu ekki trúa pólitískri nefnd í slíkum málum. Þess vegna er það svo að við verðum einfaldlega að viðurkenna það að þegar búið er að gera mál pólitískt, það snýst um pólitíska ágreining, þá höfum við engan endanlegan dómstól að leita til. (Forseti hringir.) Við verðum að útkljá það í þjóðmálaumræðunni en þegar um er að ræða ákveðnar ásakanir um fjármálamisferli á einhvern einstakling úti í bæ, sem ekki getur hér borið hönd fyrir höfuð sér, þá er þetta leiðin til þess að rétta hans hlut.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. utanrrh. verður tíðrætt um tiltekinn áburð sem hann varð fyrir fyrir nokkrum árum og ég þekki það mál nokkuð vel. Hæstv. utanrrh. valdi að leita til Ríkisendurskoðunar og það var skynsamlegt af honum. En ég spyr hann í allri vinsemd: Var það ekki svo að þrátt fyrir álit Ríkisendurskoðunar ætti ráðherrann að mörgu leyti um sárt að binda vegna þessa áburðar þrátt fyrir þá niðurstöðu sem kom frá Ríkisendurskoðun? Við skulum því gera okkur grein fyrir því, hæstv. ráðherra, að hún leysir ekki þennan vanda ef við setjum okkur í spor þess manns með þeim hætti sem hæstv. utanrrh. talaði um hér áðan sem hér hefur að hans sögn verið borinn þungum ásökunum. Ríkisendurskoðun nægir ekki að þessu leytinu til eins og hæstv. ráðherra veit sjálfur. Þess vegna þurfum við að ræða þann möguleika hvort við finnum ekki annan flöt á málinu eins og þann að fela þingnefnd að skoða málið samkvæmt 26. gr., eins og það að kjósa sérstaka nefnd eða með einhverjum öðrum hætti. Og ég spyr hæstv. ráðherra: Er hann tilbúinn til að opna fyrir eitthvað slíkt vegna þess að ef hann ekki gerir það, þá er hann að taka þátt í því með íhaldinu að moka yfir forarvilpuna sem þjóðin hefur séð ofan í að undanförnu. Og hann er að taka þátt í því að loka fyrir það að hægt verði að skapa hér samstöðu á Alþingi um það að fundin verði leið til þess að menn sem eru bornir þungum ásökunum, stjórnmálamenn eða aðrir, að það sé hægt að verja þá fyrir því með sanngjörnum, eðlilegum hætti sem er þjóðarsátt um.

Hæstv. utanrrh. nefndi bankana. Af hverju breyttum við bankalögunum? Hvernig breyttum við, ég og hann, í stjórnarandstöðu á sínum tíma bankalögunum eins og þau komu frá Sjálfstfl. og Framsókn? Hvernig breyttum við þeim? Við settum inn ákvæði um það að hagsmunatengsl bankastjóra við fyrirtæki voru bönnuð. Af hverju má ekki tala um það í þessu máli? Af hverju á að moka yfir graftarkýlið, hæstv. utanrrh.?

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þetta hefur um margt verið býsna merkileg umræða og merkilegastar eru þó sennilega þær ræður sem hér hafa ekki verið haldnar. Í allri þessari umræðu er langmerkilegasta ræðan sú sem ekki hefur verið haldin, þ.e. ræða hæstv. forsrh. Það er auðvitað mjög sérkennilegt hvernig Sjálfstfl. kýs að reyna að þegja sig út úr þessu klúðri undir forustu hæstv. forsrh. sem hefur tekið þann einan þátt í umræðum um þetta mál, bæði utan dagskrár fyrir nokkrum dögum og nú í dagskrá að roðna og hvítna á víxl. En í ræðustólinn hefur hæstv. forsrh. ekki farið.

Framsöguræða formanns þingflokks Sjálfstfl. fyrir þingmáli sem hér er komið fram, tillaga til rökstuddrar dagskrár, sem mér er nú nær að kalla tillögu til órökstuddrar dagskrár því að það er enginn rökstuðningur fyrir tillögunni, var ekki löng. Ég giska á svona 20–50 orð. Það er framlag Sjálfstfl. í umræðunni fyrir utan bágborna málsvörn hæstv. menntmrh. Og það er hæstv. utanrrh. sem þagði hér um daginn og beitti þá fyrir sig þingflokksformanni sínum sem ríður nú eins og riddari á hvítum hesti inn í þessa umræðu og reynir að höfða til samkenndar með gömlu máli sem tengdist honum sjálfum persónulega. Ég skil ekki almennilega tilganginn eða samhengið þegar um tiltölulega óskylda og ósambærilega hluti er að ræða.

Ég skil ekki hvernig hæstv. utanrrh., sem er utanríkisráðherra og ferðast um löndin og þekkir til mála hjá öðrum þjóðum, getur staðið hér og flutt af þeim sannfæringarkrafti sem hann virðist hlaðinn röksemdir sem allar ganga út á það að úthúða því að Alþingi sjálft sinni málum af þessu tagi. Hvernig stendur á því að aðrar þjóðir allt í kringum okkur beita þessari aðferð ríkulega og í vaxandi mæli? Eru þeir ekki pólitískir líka á danska og bandaríska þinginu? Var ekki Tamílamálið bærilega pólitískt? Það var samt rannsóknarnefnd af þessu tagi sem hefur rannsakað fjölmörg mál af þessu tagi. (Gripið fram í.) Og auk þess sem hér hefur verið á það bent að mönnum er ekki endilega fast í hendi að þetta sé nákvæmlega rannsóknarefnd, sérlega kjörin rannsóknarnefnd samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar. Ef samstaða getur skapast um það hér á þingi að allshn. eða menntmn., sem málið gæti heyrt undir, tæki þess í stað á grundvelli 26. gr. þingskapa málið að sér, t.d. þá þætti þess sem ekki fara til Ríkisendurskoðunar, þá er að opið væntanlega af okkar hálfu, tillögumanna, að breyta því.

En það liggur fyrir að hér er um pólitíska ákvörðun að ræða. Hæstv. menntmrh. hefur sjálfur lýst því yfir. Og það liggur fyrir að hér á ekki að fella dóm, hæstv. utanrrh. Það er neðan við virðingu hæstv. utanrrh. að reyna að drepa málinu þannig á dreif. Það sem vakir fyrir tillögumönnum, það sem er eðli málsins er að hér á að rannsaka mál, upplýsa mál, koma þeim upplýsingum á framfæri. Þá liggja þær fyrir. Það er gangurinn. Hér er ekki dómsmál á ferð og það hefur engum manni dottið það í hug.

Ég hlýt að spyrja hæstv. utanrrh. vegna þess kapps sem hann flytur mál sitt með hér: Á hann von á því að þarna séu á ferðinni einhverjar upplýsingar sem ekki megi líta dagsins ljós? Hvers vegna að leggjast gegn því að málið sé upplýst? Treystir hæstv. utanrrh. ekki nefnd níu alþingismanna til þess að safna saman gögnum í þessu máli, að stýra því verki að taka saman skýrslu, koma þeim upplýsingum á framfæri? Og svo geta menn tekið ákvarðanir um framhaldið. Þá kemur að því en ekki fyrr.

Þetta er auðvitað mjög sérkennilegur málflutningur hjá hæstv. utanrrh., að tala hér eins og hann gerir um pólitíska rannsóknarrétt, um að þingmenn séu fyrir fram búnir að gera sér upp skoðun, af því að menn hafi tínt hér til hluti sem þurfi að rannsaka, þá séu þeir orðnir óhæfir. Hér hafa ekki verið felldir dómar. Menn hafa fyrst og fremst talið hér upp málsástæður sem geri það að verkum að óhjákvæmilegt sé að upplýsa þetta mál. Það eru ekki sakfellingar, það eru ekki fyrir fram dómar. Það er eingöngu til að rökstyðja þá tillögu sem hér er flutt að þetta mál þurfi rannsóknar við og ég held að öll þjóðin bíði eftir því að slík rannsókn fari fram.

Eins og fram hefur komið er í raun og veru verið að drepa öllum þáttum málsins á dreif nema einum, með því að vísa því með þessum hætti til Ríkisendurskoðunar, þ.e. hinum fjármálalega. Og það liggur í loftinu að svo fremi sem Ríkisendurskoðun leiðir ekki fram í dagsljósið stórfellda misnotkun og misferli með fé, þá verði afgangnum af málinu sópað undir teppið. Það er það sem hér er á ferðinni. Þetta er dulbúin aðferð til þess að sópa málinu í raun og veru öllu saman undir teppið utan þennan eina þátt af því að það liggur fyrir og um það eru menn sammála að hendur Ríkisendurskoðunar eru bundnar að þessu leyti.

Ég er sannfærður um það að stjórnarliðar gera illt mál verra með því að koma svona í veg fyrir það frammi fyrir alþjóð, leggjast svona gegn því að málið verði upplýst og rannsakað. Það eru auðvitað dapurleg örlög, ekki síst Alþfl., að ganga fram með þessum hætti og ég leyfi mér að spyrja hæstv. utanrrh.: Eru það hinar almennu aðstæður í málinu sem hæstv. ráðherra vill ekki að veri upplýstar? Er það kannski það sem ég leyfði mér að nefna hér áður, samhengið við meðferð hæstv. ríkisstjórnar almennt á embættisveitingavaldinu? Er hæstv. ráðherra e.t.v. hræddur um að ónefndar eða nefndar embættisveitingar eins og ráðning menningarfulltrúa að sendiráðinu í Lundúnum eða aðrir slíkir hlutir gætu hugsanlega komið fram í dagsljósið ef rannsóknarnefnd á vegum þingsins færi að fara almennt yfir þetta svið, að það gæti reynst fleira gruggugt og fleira ámælisvert? Nei, hæstv. forseti. Það er mjög athyglisvert hvernig þessi umræða hefur þróast. Hæstv. forsrh. hefur farið í ferðina sem aldrei var farin. Hann hefur flutt hér ræðuna sem ekki var flutt með því að sitja hér undir umræðum og hvítna og roðna á víxl en taka ekki að öðru leyti þátt í umræðunni. Og formaður þingflokks Alþfl. er flúinn af hólmi og hafa nú orðið snögg hlutverkaskipti þar sem hæstv. utanrrh., sem þagði þunnu hljóði og lét strika sig út af mælendaskrá í utandagskrárumræðum hér fyrir nokkrum dögum, gengur nú berserksgang hér í umræðunni af einhverjum ástæðum sem mér eru ekki ljósar nema ef vera skyldi að svo hafi verið komið heilsufari ríkisstjórnarinnar af þessum sökum að hann sé að reyna að bjarga lífi hennar með þátttöku sinni í þessari umræðu.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Alveg var þetta dæmigerður Steingrímur J. Sigfússon, með allri virðingu. Nú var talað um það að þetta væri sko Alþfl., þetta væri flokksmál og síðan fór hann auðvitað í gamla hjólfarið um að reyna að gera tortryggilega ráðningu menningarfull-

trúa í London o.s.frv. En það er ekki einleikið. Þeir sem flutt hafa þessa tillögu koma nú hér hver á fætur öðrum upp í ræðustól og vilja semja um tillöguna. Þeir eru tilbúnir til að draga hana til baka, breyta henni, taka upp aðra tillögu o.s.frv. Með öðrum orðum eru þeir farnir að sjá það þrátt fyrir allt að þetta er ekki alveg sjálfgefið og klárt mál.

Flestar af þeim ásökunum sem bornar hafa verið á umræddan mann eru fjárhagslegs eðlis. Þær varða viðskiptaleg tengsl hans við sjónvarpið, við Námsgagnastofnun, við sjóðaúthlutanir og eitthvað þess háttar. Flest af þessu er af því tagi eftir því sem ég hef heyrt af ásökunarlistanum hingað til. Um þau mál eru þeir aðilar, sem nefndir hafa verið til, Ríkisendurskoðun, fjárln. og jafnvel skoðunarmenn ríkisreiknings, fyllilega bærir að fjalla. Þeim ber meira að segja skylda til þess.

Hvað er það svo hitt? Eru það ekki fyrst og fremst einhverjar ásakanir á hæstv. menntmrh. um að hann hafi misbeitt valdi sínu, ekki við það að setja þennan mann til eins árs, það hefur enginn sagt að það væri ólöglegt eða neitt þess háttar, heldur hvað? Heldur vegna þess að þessi einstaklingur hafi hugsanlega gert sig sekan um eitthvað og þess vegna sé maðurinn — ja óhæfur. Hvað er þá eftir af þessari tillögu? Allir vita það að þótt hv. stjórnarandstæðingar sem hér hafa borið þessar ásakanir fram settust í nefnd, þá verður hún ekkert merkilegri fyrir það. Hún verður enginn dómstóll. Hún er ekki bær til þess að kveða upp neina slíka dóma. Hún er bara í sinni pólitík eins og hv. þm. sem sagði: Ja, hvað með menningarfulltrúann í London, en ætlast væntanlega ekki til þess að ég svari líku líkt. Ég ætla a.m.k. að hlífa honum við því, enda kemur það þessu máli ekkert við. Niðurstaðan er með öðrum orðum þessi: Flm. tillögunnar eru farnir að segja: Ja, við erum alveg tilbúnir að draga hana til baka, semja um hana eða koma með eitthvað annað. Þá það. En ég sem ekki við þá úr þessum ræðustól.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú vel til fundið hjá hæstv. utanrrh. að leggja til að samningaviðræðurnar fari fram hérna utan þingsalarins og vel hægt að verða við því. Enn er nú hæstv. utanrrh. algjörlega fastur við sama heygarðshornið. Hann heldur sig við að tala um dómstól og dóma og pólitík. Og hann talar jafnvel eins og rannsóknarnefnd sem kosin yrði hlutfallskosningu hér á Alþingi samanstæði af eintómum stjórnarandstæðingum og byggir málflutning sinn upp á því, bendir á nokkra stjórnarandstæðinga úti í þingsalnum og segir: Treystið þið þessum mönnum? Telur upp svona þrjá menn og horfir algjörlega fram hjá þeirri staðreynd að hér er verið að tala um að setja saman nefnd, verkstjórn fyrir ákveðinni rannsókn, úttekt sem samanstæði af fulltrúum allra þingflokka. Þetta er auðvitað málflutningur sem er svo út í hött og hæstv. utanrrh. langt frá því samboðinn. Síðan snýr hæstv. utanrrh. út úr að vegna þess að tillögumenn hafi boðið upp á að ræða aðrar mögulegar leiðir til þess að stjórna rannsókn og úttekt á þessu máli, séum við þar með að viðurkenna að þessi tillöguflutningur sé eitthvað gallaður. Það er ekki svo. Að sjálfsögðu er það okkar skoðun að þetta sé mjög skynsamleg og vænleg aðferð til að gera þetta, en ef til samkomulags mætti takast um það, samstaða að stýra þessu máli á einhvern annan hátt, þá er sjálfsagt að athuga það. Af því að aðalatriði málsins er ekki kosning þessarar nefndar heldur er aðalatriðið að upplýsa málið, að rannsaka það og vonandi koma því þannig út úr heiminum. Og, hæstv. utanrrh., sem ber þessa miklu umhyggju fyrir viðkomandi einstaklinga og örugglega á fölskvalausum forsendum, er það nú ekki öllum fyrir bestu að reyna að upplýsa málið? Það er eina skynsamlega og varanlega aðferðin til að koma svona máli út úr heiminum og ef allt þolir dagsins ljós og kemur fram í dagsins ljós, þá er það öllum fyrir bestu.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég verð nú að segja að nú er ég eiginlega alveg að tapa áttum í þessu máli er ég hlusta á hæstv. utanrrh. Hann segir að hann hafi ekkert á móti því að hin fjárhagslega hlið þessa máls sé rannsökuð. (**Gripið fram í:** Það er nauðsynlegt.) Það er nauðsynlegt. En síðan segir hann: Það er enginn til sem fellt getur dóm. Þá spyr ég: Til hvers á þá að vera að rannsaka? Það þarf væntanlega eitthvert dómsorð hvort sem það er formlegt til sektar eða til þess að sanna sakleysi. Hæstv. ráðherra segir að það sé enginn hlutlaus í þessu máli sem geti um það fjallað vegna þeirrar umræðu sem hafi farið fram.

Þá spyr ég: Hvernig á þá að snúa sér í málum yfirleitt ef umræða má ekki fara fram? Umræða leiðir oft í ljós þörf á rannsókn. Hvað á ég nú að gera ef ég fyrir tilviljun kemst að einhverju stórkostlegu misferli einhvers staðar í stjórnsýslunni eða hjá embættismanni og ég vil gjarnan láta rannsaka það mál og tel brýna þörf á því, er þá leiðin fyrir mig að steinþegja yfir því svo enginn annar en ég komist að því? Reyna síðan kannski að fá stofnaða rannsóknarnefnd samkvæmt þessari grein stjórnarskrárinnar sem hér er nefnd. Þegar ég síðan væri innt eftir því hvers vegna ég vildi láta setja á stofn þessa nefnd, á ég þá þá að segja: Ég get ekki sagt það vegna þess að það má enginn vita það, vegna þess að þá verður enginn hlutlaus aðili eftir til þess að dæma um það? Hvernig á að bera sig að í þessu máli, hæstv. ráðherra? Og ef væntanleg skýrsla Ríkisendurskoðunar fæli í sér þær ávirðingar að hugsanlega væri ástæða til einhverra fleiri og meiri aðgerða, hvaða leið á þá að fara, hæstv. ráðherra? Hvert eiga menn að snúa sér og hvernig í þessu landi til þess að reyna að sjá til þess að réttlæti, ekki bara lagalegu réttlæti heldur siðferðilegu réttlæti líka, sé framfylgt?

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það hefur vafist fyrir mörgum í þessum sal hvers vegna hæstv. utanrrh. hefur senn flutt 20 ræður í þessu máli. Ráðherrann sem hælir sér yfirleitt af því að tala lítið í þingsölum. Málið er svo stórt í augum formanns Alþfl. að hann telur nauðsynlegt að tala nánast eftir hverjum manni þannig að Sjálfstfl. þarf

ekki að gera neitt. Forsrh. þarf ekki einu sinni að vera í salnum. Ráðherrar Sjálfstfl. þurfa ekki að gera neitt, formaður þingflokksins þarf ekki að gera neitt nema koma með sínar litlu tillögu af því að formaður Alþfl. hefur tekið að sér að verja Sjálfstfl. og allt hans valdakerfi í þessu máli. Ráðherrann hefur sagt: Svarið við því hvers vegna ég hef talað svona oft í þessu máli er mín eigin reynsla. Ég lenti hér í máli eins og þjóðin þekkir. Ég var sakaður um röng áfengiskaup og til að hreinsa mig bað ég Ríkisendurskoðun að fara í málið og það var hið eina sem ég gat gert. Það er vissulega rétt, að hæstv. ráðherra bað Ríkisendurskoðun að fara í málið. En það gerðist fleira, hæstv. ráðherra í málinu. Og við sem þekkjum þetta mál höfum auðvitað tekið eftir því að ráðherrann hefur ekki talað um það í þessari upprifjun. Það var embættismaður látinn hætta út af þessu máli, hæstv. utanrrh. Það var háttsettur embættismaður hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Hann var látinn hætta með kurteislegum hætti vegna þessa máls. Síðan var honum veitt ákveðið starf af hálfu Sjálfstfl. Það er svo önnur saga. En ráðherrann má bara ekki slá striki yfir það að embættismaður var látinn hætta út af þessu máli. Við höfum ekki verið að taka þetta mál inn í þessar umræður. Það gerir ráðherrann sjálfur. En við sem þekkjum málið spyrjum í forundran: Af hverju vill hann gleyma þeim þætti síns eigin máls sem fólst í því að háttsettur embættismaður hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins var látinn hætta vegna mistaka í starfi út af þessu máli, máli utanrrh.? Þannig að með því eina máli sem hann er sjálfur, hæstv. ráðherra, búinn að koma hér inn með er hann að sanna fyrir okkur sem þekkjum málið að í því sé auðvitað líka spurning um það hvort embættismaður eigi að víkja. Og auðvitað er ekki líka verið að tala um einstaklinginn Hrafn Gunnlaugsson í þessu máli eða einstaklinginn Ólaf G. Einarsson. Það er verið að tala um dagskrárstjóra og nú framkvæmdastjóra sjónvarpsins, einn af æðstu embættismönnum í íslensku menningarlífi, og hæstv. menntmrh.

Kannski hefur Sjálfstfl. og sérstaklega hæstv. forsrh. ásakað Alþfl með svo stórum orðum vegna þeirrar ræðu sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson flutti hér, vegna nýyrðisins „einkavinavæðing“ sem hæstv. félmrh. bjó til um þetta mál, að vegna ríkisstjórnarsamstarfsins þurfi hæstv. utanrrh. að standa hér og flytja þessar makalausu ræður. Og auðvitað er það forvitnilegt hvers vegna hæstv. utanrrh. flytur næstum því 20 ræður í þessu máli. En það er þá líka forvitnilegt hvers vegna hv. þm. Össur Skarphéðinsson flytur nú enga ræðu og hvers vegna hv. þm. Össur Skarphéðinsson er ekki einu sinni í salnum. Það er líka fróðleg spurning, hæstv. utanrrh. og síðan hæstv. forsrh. Því það er eitt í þessu máli sem því miður hefur ekki verið mikið rætt hér vegna framgöngu hæstv. utanrrh. og það er framganga hæstv. forsrh. Þjóðin verður að geta treyst því að forsrh. hennar segi satt. Væntanlega eru ég og hæstv. utanrrh. sammála um það og þingheimur allur. En hefur hæstv. forsrh. Davíð Oddsson sagt satt í þessu máli?

Dagskrárstjórinn fyrrverandi og núverandi framkvæmdastjóri hefur ítrekað sagt opinberlega að forsrh. hafi komið að þessu máli sem verkstjóri í ríkisstjórninni. Hvað merkir það? Fyrrv. framkvæmdastjóri sjónvarpsins, Pétur Guðfinnsson, hefur verið spurður að því opinberlega hvort forsrh. hafi talað við hann. Pétur Guðfinnsson treysti sér ekki til þess að svara þeirri spurningu, hvort það hafi verið hæstv. forsrh. Davíð Oddsson sem bað hann um að fara í frí. Við sem höfum fylgst með málinu höfum veitt því athygli að Pétur Guðfinnsson þorir ekki að svara því hvort hæstv. forsrh. var maðurinn sem bað hann um að fara í frí. Og við tókum auðvitað öll eftir því sem hlustuðum á viðtalið við fyrrv. dagskrárstjóra sjónvarpsins, núv. framkvæmdastjóra, þegar hann var spurður um hlut forsrh. í ríkissjónvarpinu, að hann kom sér hjá því að svara. En forsrh. hefur sagt við þjóð sína: Ég hef ekki komið nálægt þessu máli, en samt sem áður er það þannig að höfuðpersónurnar í þessu máli treysta sér ekki til að svara því hver er hlutur forsrh. í málinu vegna þess að ef þær segðu sannleikann, þá væru þær jafnframt að afhjúpa það að forsrh. hefur sagt ósatt í málinu. Davíð Oddsson, hæstv. forsrh., formaður Sjálfstfl., hefur ekki treyst sér til að segja sannleikann í málinu. Það er alla vega það sem sker úr þegar maður hlustar á vitnisburð núv. framkvæmdastjóra sjónvarpsins og fyrrv. framkvæmdastjóra sjónvarpsins að þeir treysta sér ekki til þess að taka af skarið um hlut forsrh., Davíðs Oddssonar. Er það kannski það sem hæstv. utanrrh. er að tryggja með framgöngu sinni í þessari umræðu að hún verði með þeim hætti að kastljósið fari ekki á það sem blasir við að vera ósannindi hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar í þessu máli? Því ef það bætist ofan á allt að forsrh. er bak við tjöldin að bjóða framkvæmdastjóra sjónvarpsins, Pétri Guðfinnssyni að taka sér frí. Hann situr á samráðsfundum með fyrrv. dagskrárstjóra Hrafni Gunnlaugssyni um hvernig eigi að taka á málinu, en segir síðan við þjóð sína: Ég hef ekki komið nálægt því. Þá, hæstv. utanrrh., erum við væntanlega báðir sammála um það að í siðuðum ríkjum á slíkur forsrh. að víkja. Það erum við væntanlega báðir sammála um, að í siðuðum lýðræðisríkjum víkur slíkur maður ef sannleikurinn kemur í ljós. Og það er kannski skýringin á þessari sérkennilegu framgöngu hæstv. utanrrh. hér í dag að hann er að verja sjálft forsætisráðherraembætti Davíðs Oddssonar.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Á einum stað stendur: „Vont er þeirra ranglæti, en verra er þeirra réttlæti.“ Þegar ég sagði fyrr í þessum umræðum að ég leyfði mér að efa að stjórnmálamenn á borð við þann sem hér talaði seinast væru vel til þess fallnir að setjast í dómarasæti, sérstaklega út af hinum siðferðilega ávirðingarþætti sem nefndur hefur verið til sögunnar, þá átti ég við málflutning eins og þann sem hér var áðan. Hv. þm. heyrðu það. Þetta var sannarlega ekki mikið alvörumál eins og ég trúi að það sé fyllilega og hafi verið bæði í hug og hjarta ýmissa þingmanna sem hér töl-

uðu. Þetta er bara venjulegt, pólitískt leikrit. Þetta er orðið að máli um það að reyna að koma höggi á Alþfl. Alþfl., hvaða hlut á hann að þessu máli? Ekki nokkurn. (**Gripið fram í:** Þig.) Hann á engan hlut að þessu máli. Þessi maður er ekki alþýðuflokksmaður, þessi maður er að vísu þekktur fyrir það að hafa veist að Alþfl. í kosningum. Það kemur bara þessu máli ekki nokkurn skapaðan hlut við. Ég þekki ekki þennan mann, hvorki sem listamann né mann. Ég er aðeins að segja eitt: Ég vildi sem sakfelldur maður ekki eiga mitt réttlæti undir mönnum á borð við þann sem talaði hér seinast.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. utanrrh. Þögn þeirra segir yður sannleikann. Það er sagt um framgöngu valdsmanna. Ég fór hér með lýsingu á því hver væri hlutur hæstv. forsrh. í þessu máli. Ég dró hér inn í umræðuna hvernig núverandi og fyrrverandi framkvæmdastjórar sjónvarpsins hafi ekki treyst sér til að segja sannleikann um samskipti sín við forsrh. vegna þess að þá væru þeir að afhjúpa forsrh. sem ósannindamann gagnvart þjóðinni. Hæstv. utanrrh. segir ekki orð um það í sínu andsvari. Ekki orð. Er það vegna þess að hæstv. utanrrh. veit að afskipti hæstv. forsrh. þola ekki dagsljósið í þessu máli vegna þess að þá yrði hæstv. forsrh. að víkja? Þá yrði forsrh. í siðuðu lýðræðisríki að víkja. Ef hæstv. utanrrh. vildi hafa uppi þær siðferðiskröfur sem hann hefur hér í umræðunni talað fyrir gagnvart stjórnmálamönnum, þá veit hann að ef það yrði sannað í rannsókn hlutlausra aðila að forsrh. Davíð Oddsson hefur sagt ósatt um hlut sinn í þessu máli, þá væri hann ekki deginum lengur forsrh. Það er ekkert okkar sem flytjum þessa tillögu sem segir að það sé þingnefnd samkvæmt þessari grein stjórnarskrárinnar sem sé aðalatriðið. Við höfum sagt, hæstv. utanrrh.: Það er sannleikurinn sem er aðalatriðið. (**Utanrrh.:** Sannleikurinn mun gera yður frjálsa.) Hann mun gera okkur frjálsa, já, hæstv. utanrrh., og hann mun gera þjóð þína og okkur frjálsa ef þú þorir að láta hlutlausa aðila kanna hlut forsrh. í málinu. Og þess vegna er spurning mín hér: Þorir hæstv. utanrrh. að láta hlutlausa aðila kanna hlut forsrh. í málinu eður ei? Við erum tilbúnir til þess að sjálfsögðu að breyta þessari tillögu á þann veg að þjóna samstöðunni og sannleikanum. En hæstv. utanrrh. hefur hér bara talað fyrir þögninni, þögninni um ósannindi hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar í þessu máli. (**Utanrrh.:** Vei yður, þér hræsnari.)

Flm. (Páll Pétursson):

Frú forseti. Ég ætla ekki sem 1. flm. þessarar tillögu að fara að draga hana til baka. Hún mun að sjálfsögðu hljóta sína afgreiðslu hér á þinginu. Síðan geta menn farið að huga að öðrum leiðum þegar þessi leið hefur verið gengin. Mér fannst nú ekki vini mínum hæstv. menntmrh. farast hönduglega málsvörnin sín hér áðan og lifandis ósköp kenndi ég í brjósti um hann. Það er auðvitað fráleit hugmynd sem fram kemur í tillögu til rökstuddrar dagskrár sem hv. þm. Geir H. Haarde flutti hér áðan og hæstv. menntmrh.ýjaði að að í farvatninu væri. Hún ber náttúrlega vitni um það að hæstv. menntmrh. telur sig ekki þola rannsókn. Hann telur sína embættisfærslu ekki þola rannsókn. Það er ekki stórmannlegt að hengja þennan vesalings dagskrárstjóra út, þennan fyrrv. dagskrárstjóra og núv. framkvæmdastjóra og láta málið snúast bara um hann. Málið snýst ekkert bara um hann. Málið snýst um stjórnarhætti í landinu. Málið snýst um pólitískt siðferði í landinu þó að þessi aumingja maður, þessi góði listamaður sem þarna hefur tekið að sér framkvæmdastjórastarf í sjónvarpinu verði hér að einhverju fórnarlambi. Þetta sýnir bara það að mennirnir hafa vonda samvisku. Þeir þora ekki að láta kanna þetta mál og vísa því á Ríkisendurskoðun. Út af fyrir sig ber ég fyllsta traust til Ríkisendurskoðunar. Svona nefnd sem sett væri á stofn mundi að sjálfsögðu njóta atbeina Ríkisendurskoðunar til að kanna þá reikningslegu þætti málsins sem að Ríkisendurskoðun snýr. En Ríkisendurskoðun hefur þrengra starfsvið heldur en nefnd kosin samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar. Það er nú heila málið. Þess vega telja þessir herrar sig vera stikkfrí, ef þeir geta komið málinu bara á Ríkisendurskoðun.

Varðandi það bréf sem hæstv. menntmrh. kynnti hér áðan og hann hefur skrifað Ríkisendurskoðun, þá er það gott svo langt sem það nær. Ríkisendurskoðun getur reyndar skoðað ýmislegt fleira í málinu heldur en þar var nefnt og kann að vera að farið verði fram á það líka úr því að þessi ríkisendurskoðunarleið er valin.

Nefnd alþingismanna til þess að fara ofan í þetta mál er sá traustasti vettvangur sem við gætum til þess fengið. Nefnd alþingismanna hefði aðstöðu, kjörin skv. 39. gr. stjórnarskrár, og hefði allt annað valdsvið heldur en venjulegar þingnefndir því hún getur krafist skýrslna, hún getur krafist svara, hún getur krafist bréflegra og munnlegra upplýsinga sem venjulegar þingnefndir hafa ekki tök á. Svona þingnefnd gæti upplýst málið en hún ætti ekki að vera neinn dómari og hún ætti ekki að vera skipuð okkur hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni og Svavari Gestssyni. Auðvitað mundu flokkarnir kjósa í hana einhverja menn og meiri hluti nefndarinnar yrði að sjálfsögðu úr stjórnarliðinu því að stjórnarliðið hefur fleiri fulltrúa á Alþingi. Hún mundi að sjálfsögðu starfa undir forustu annaðhvort sjálfstæðismanns eða alþýðuflokksmanns. Ég veit að við erum töluverðir karlar hérna í stjórnarandstöðunni en ég skil ekki hversu voðalegir vesalingar þetta eru sem hér hafa talað fyrir stjórnarliðið og treysta sér ekki til þess að mæta okkur á þessum vettvangi. Ég skil þetta ekki. Það er verið að draga fjöður yfir eitthvað, það er verið að reyna að fela. Það er sá leikur sem verið er að leika.

Ég hafði um þetta og hef haft um þetta sterk orð. Ég hef talað um valdníðslu og ég hef talið vegið að þjóðfélagsgerðinni og ég ætla ekki að taka það aftur. Við Íslendingar höfum reynt að hafa hér siðmenntað samfélag. Hér hefur verið framinn siðlaus gerningur. Ef við látum þennan gerning standa og þessi siðlausi gerningur tekur langt fram öðrum stjórnvaldsaðgerðum, sem ekki hafa nú allar verið penar, ef við látum

hann standa, þá drögum við þjóðfélagsgerðina niður á lægra plan, þá erum við að vega að þjóðfélagsgerðinni og íslenskt þjóðfélag verður ekki samt eftir svona meðferð. Ef stjórnvöld haga sér eins og stjórnvöld hafa gert í þessu máli, ef þau komast upp með það óátalið, þá er ekki íslenskt þjóðfélag, íslenskt stjórnmálalíf það sama og það var fyrir mánuði síðan.

Þáttur hæstv. menntmrh. er aumkunarverður í þessu máli. Það er ekki nóg með það að hann hafi látið kúga sig. Allur hans málflutningur er í rugli. Hann er orðinn margsaga í blöðunum um hvenær hann hafi séð bréfið. Hann þrætti fyrir bréfið í DV og nú sagði hann hér áðan að auðvitað hefði hann séð bréfið. Þetta er ekki trúverðugt yfirklór, það er nú síður en svo. Hann hefur látið hafa sig, með leyfi að segja, að fífli. Ég vorkenni manninum því ég veit að þetta er besti maður en örlögin voru honum svo óblíð að sitja til verka í þessari ríkisstjórn þar sem hann hefur lent í eða látið hafa sig til þess að vinna þessi verk og verða margsaga.

Ég man eftir því að sá maður, sem hér hefur talað háværast ég held þau 18 ár sem ég er búinn að sitja á þingi af þingbræðrum mínum fyrr og síðar um siðspillingu, um samtryggingu, var Vilmundur heitinn Gylfason. Samtryggingin kom aldeilis berlega í ljós hér í kvöld þegar loksins tók til orða hæstv. utanrrh. Hann hefur hlaupið hér í ræðustól á eftir hverjum manni tvisvar sinnum í hvert skipti til þess að berja höfðinu við steininn, til þess að reyna að varpa sökinni á Hrafn, til þess að reyna að láta málið snúast um Hrafn. Málið snýst bara um miklu, miklu stærri og meiri hluti heldur en Hrafn. Málið snýst um pólitíska þroska okkar, um það siðferði hvað við leyfum okkur að gera í skjóli valdsins og hvaða takmörk við setjum okkur. Um það snýst þetta mál. Þó að umsvifamikill kvikmyndagerðarmaður hafi tekið embætti, sem var náttúrlega dæmalaust dómgreindarleysi að veita honum, þá er það ekki aðalatriðið. Aðalatriðið og kjarni málsins er sá að þessa stjórnarhætti höfum við ekki haft og við stjórnarandstæðingar a.m.k. viljum ekki innleiða þá hér. Ég hafði trú á því að Alþfl. hefði sómatilfinningu til þess að reyna að sitja hjá, til þess að reyna að liggja nú lágt í landinu. Nei, það varð ekki. Hæstv. utanrrh. veður hér fram fyrir skjöldu og nú er hann að bera blak, nú er hann kominn í buxurnar hæstv. forsrh. Nú er það forsrh. sem talar upp úr hæstv. utanrrh.

Hæstv. utanrrh. talar um það að við viljum búa til einhvern dómstól með þessari rannsóknarnefnd. Það er nú síður en svo og hann ætti sannarlega að vera betur að sér í stjórnsýslu heldur en það, búinn að vera ráðherra í öll þessi ár og iðulega farið á fremstu grös. Ef til dómsmeðferðar þyrfti að koma, þá yrði það auðvitað landsdómur, sem við reyndar kusum hér fyrir nokkrum dögum síðan, sem fengi það mál til meðferðar. Það er hugsanlegt að starf þessarar nefndar leiddi til þess að landsdómur yrði kallaður saman og þá yrði það hans að dæma, ekki okkar Ólafs Ragnars Grímssonar eða Svavars Gestssonar sem hæstv. utanrrh. hefur þrástagast á að mundi taka sæti í þessari nefnd sem ég veit ekkert um hvort mundi verða.

Frávísunin ber þess vitni að hæstv. ríkisstjórn telur þetta mál ekki þola dagsljósið. Hún er tilbúin að hengja út Hrafn Gunnlaugsson og fjármálaleg afskipti hans. En hún vill ekki láta ræða um siðferði sitt. Hún vill ekki láta tala um embættisgerninga sína. Það er pólitísk siðblinda sem fram kemur í verkum ríkisstjórnarinnar. Auðvitað vita það allir hér inni, auðvitað veit þjóðin það öll hvað sem menntmrh. segir, hvað sem utanrrh. segir, að rótin að þessu máli er frá hæstv. forsrh. og það skiptir engu máli þó að hæstv. forsrh. þegi, það skiptir bara engu máli. Hann mundi ábyggilega ekki bæta sig á því að tala neitt. Það er kannski skynasmlegast fyrir hann að þegja.

Ég tel að hv. 8. þm. Reykn. hafi tekið nokkuð mikið upp í sig þegar hann hélt að forsrh. þyrfti að segja af sér fyrir það að hafa skrökvað. Hér hafa ráðherrar komist upp með það að skrökva án þess að segja af sér. Það er ekki búið að samþykkja það frv. sem ég hef borið fram um viðbótargrein í lögin um ráðherraábyrgð og þar af leiðandi geta menn skákað í því skjólinu. Það kann að vera að þeir hafi samið um það, þessir „sjentilmenn" sem sömdu í Viðey um árið, að setjast á það frv. og vísa svo þessu frá líka. Það kann að vera að þarna lægju einhverjir þræðir á milli. Það kann að vera að þeim kæmi báðum betur að haldast í hendur eins og þeir gerðu þegar þeir fóru út í Viðey og gerðu „kúpp" í þessu þjóðfélagi.

Um þetta mál er auðvitað pólitískur ágreiningur. Sumir vilja þola stjórnarhætti sem birtast í þessum pólitíska gerningi, þessum siðlausa pólitíska gerningi, löglega en siðlausa pólitíska gerningi. Sumir vilja það ekki. Og hverjir eiga að gera upp pólitískan ágreining nema stjórnmálamenn?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Páli Péturssyni fyrir alla þá miklu samúð sem hann *hefur með mér, en hann verður nú að búa við það þó* að ég kunni ekki að meta hana í þessu tilviki. En hann sparaði ekki stóru orðin frekar en stundum áður og nú er hann farinn að velta því fyrir sér hvort það sé þá ekki leiðin út úr þessum vanda sem stjórnarandstaðan er búin að koma sér í með þessum dæmalausa tillöguflutningi að stefna mér fyrir landsdóm. Ja, því ekki það? Ég mundi frekar kjósa það að standa fyrir máli mínu fyrir landsdómi heldur en fyrir pólitískt kjörinni nefnd alþingismanna. Það segi ég alveg hreint eins og er. (**SvG:** Landsdómur er kosinn líka.) Landsdómur er kosinn þannig já, en það er þó a.m.k. ekki vitað fyrir fram að þeir sem í honum sitja hafi tekið afstöðu í þessu máli sem við erum hér að ræða um.

Ég þoli vel að það sé farið ofan í kjölinn á aðdraganda þess að ég skipaði Hrafn Gunnlaugsson til eins árs í stöðu framkvæmdastjóra sjónvarps. En ég segi hins vegar um leið að ég tel slíka rannsókn óþarfa. Ég hef skýrt frá aðdraganda þessa máls öllum og ég hef ekkert að fela þar, ekki nokkurn skapaðan hlut. Menn virðast hins vegar núna orðnir sammála um það að hin fjármálalegu samskipti Hrafns Gunnlaugssonar og sjónvarpsins verði rannsökuð hjá Ríkisendurskoðun og það

verður gert. Ég hef farið fram á það og ég hef ástæðu til að ætla að Ríkisendurskoðun muni verða við þeirri beiðni minni. (**Gripið fram í:** En Knútur, hvað um Knút?) Hafi verið sagt hér að fyrrv. ráðuneytisstjóra hafi orðið á stórfelld embættisafglöp ... (**SvG:** Að ráðherrann hefði borið á hann embættisafglöp.) Já, það er bara rangt. (Gripið fram í.) Ég hef ekki borið á hann embættisafglöp, það er beinlínis rangt. Ég hef hins vegar sagt það — og ég hef ekkert orðið margsaga í sambandi við þessar bréfaskriftir Hrafns Gunnlaugssonar í bréfi stílað á mig og í framhaldi af því bréf fyrrv. ráðuneytisstjóra til Norræna kvikmyndasjóðsins, ég hef ekkert orðið margsaga í því. Ég hef eingöngu sagt að mér var ókunnugt um þessi bréf í fyrsta lagi þegar bréf Hrafns barst í ráðuneytið og í öðru lagi að fyrrv. ráðuneytisstjóri skrifaði bréfið til Norræna kvikmyndasjóðsins. (**SvG:** Án þess að þú vissir um það?) Án þess að ég vissi um það já, það er það sem ég hef sagt. (**SvG:** Hann skrifaði fyrir hönd ráðherra.) Já, fyrrv. menntmrh. ætti nú að vita það að það fer ekkert bréf út úr menntmrn. fremur en öðrum ráðuneytum sem ráðherra ekki skrifar undir öðruvísi en að það sé fyrir hönd ráðherra eða fyrir hönd ráðuneytis. Ég hélt nú að fyrrv. ráðherra vissi þetta. Ég þekki a.m.k. engin dæmi þess að bréf fari öðruvísi út úr ráðuneytinu.

Hér er ráðist á formann Alþfl., hæstv. utanrrh., fyrir það að taka upp varnir fyrir fjarstaddan mann. Hann hefur skýrt það út hvers vegna hann gerir það. (Gripið fram í.) Hann hefur orðið fyrir svipuðum árásum sjálfur og þekkir þetta. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson lætur svo hér liggja að því að forsrh. hafi sagt ósatt og síðan spinnur hann bara áfram ræðuna og er farinn að trúa því sjálfur að hæstv. forsrh. hafi sagt ósatt og í öllum venjulegum lýðræðisríkjum ætti hann að segja af sér. Þetta er bara orðið svona. Manninum er borið á brýn að hafa sagt ósatt og ræðan svo spunnin áfram út frá því að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er farinn að trúa því sjálfur. Þetta er nú málflutningurinn sem hér er hafður uppi.

Hv. þm. Svavar Gestsson kom hér fram í hlutverki siðgæðisvarðarins og honum varð tíðrætt um nokkrar nefndir sem ég sem menntmrh. hef skipað fulltrúa í vegna þess að kjörtímabil þeirra sem áður sátu þar var úti. Og hann er að gera eitthvert meiri háttar mál út af því að ég hef skipað sjálfstæðismenn í einstök sæti þar. Hverja ætli hv. þm. og fyrrv. ráðherra Svavar Gestsson hafi skipað í þessi sæti? Ætli hann hafi skipað sjálfstæðismenn? (**Gripið fram í:** Árna Johnsen í Þjóðleikhúsið.) Já. Hann gerði það. Það vill nú svo til að það eru líka til dæmi svo sem um það að ég hafi nú skipað aðra en sjálfstæðismenn í nefndir og ráð. (Gripið fram í.) En hann taldi sérstaklega upp Bókmenntakynningarsjóð og Þýðingarsjóð þar sem ég hafði skipað sjálfstæðismenn, það er alveg rétt. Síðan talaði hann um Ríthöfundasjóð og nefndi þar Sverri Hermannsson alveg sérstaklega. Það vill nú svo til að úthlutunarnefnd starfslauna úr launasjóði ríthöfunda er skipuð nákvæmlega sömu mönnum og sitja í Ríthöfundasjóði og það var samkomulag við Ríthöfundasambandið að þeir sætu þarna í báðum þessum stjórnum og þess vegna skipaði ég Sverri Hermannsson. Svona einfalt er það. Hann var eini maðurinn sem er skipaður án tilnefningar.

Í úthlutunarnefnd starfslauna sitja þrír menn sem eru allir tilnefndir af Ríthöfundasambandinu, en í Ríthöfundasjóðnum situr einn án tilnefningar og það er rétt, það er Sverrir Hermannsson af því að hann situr líka í hinum sjóðunum.

Það hefur verið gert hér mikið mál úr því og raunar líka í sumum fjölmiðlum að ég hafi sagt í viðtali að þetta mál væri allt saman pólitískt, ráðning mín í starf framkvæmdastjóra sjónvarps hafi verið pólitísk. Það er rétt að vissu marki. Ég sagði það aðspurður hvort ráðningin væri pólitísk að hún væri það vegna þess að ég væri pólitískt skipaður ráðherra og ég tæki mínar ákvarðanir sem slíkur. Og ég bætti því líka við — en það hefur verið vandlega passað upp á það að vera ekkert að skýra frá öllu samtalinu — að þegar mér þættu menn vera beittir rangindum, þá brygðust ég við, alveg sama hvar í flokki menn væru. Þetta var í þessu sama viðtali sem hefur verið gert mikið mál úr að ég hefði talað um sem sérstaklega pólitíska ákvörðun.

Hæstv. forseti. Ég þarf svo sem ekki að hafa hér mikið fleiri orð um þessa umræðu, enda held ég að í raun og veru sé nóg talað í þessu máli öllu. Ég hef lýst þeirri skoðun minni að nefnd samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar, eins og hér er lagt til, sé ekki líkleg til þess að komast að eðlilegri niðurstöðu. Ég tek undir þau orð hæstv. utanrrh. að þeir sem komið hafa hér fram í hlutverki saksóknarans geta ekki orðið trúverðugir dómarar.

Flm. (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Samúð mín sem ég hafði með hæstv. menntmrh. breyttist hér á þessum mínútum í vorkunnsemi. Ég held að hæstv. menntmrh. ætti að greina svolítið nánar frá samskiptum Hrafns við menntmrn. Ég held að það hefði visst upplýsingagildi. Auðvitað er hæstv. menntmrh. orðinn margsaga í þessu máli. Ég hef ekki tíma hér í stuttu andsvari til þess að rekja blaðaviðtöl eða fjölmiðlaviðtöl við ráðherra eða hvað sem hann hefur sagt. Sem betur fór fyrir hann hvarf hann til Ameríku og flutti þar fyrirlestur í Harvard og þagði í nokkra daga. En það getur vel verið að ég rifji þetta upp einhvern tíma síðar og setji saman greinarstúf eða hafi orð á því hér í betra tómi.

Það hefur komið í ljós að fyrrv. ráðuneytisstjóri í menntmrn. rífur upp póstinn ráðherrans, persónulega merktan ráðherranum, svarar bréfunum hans á ábyrgð hans, skrifar undir fyrir hönd hans, sendir þau til útlanda ráðherranum til skammar en á ábyrgð hans og því spyr ég: Til hvers er hæstv. menntmrh. að vera í svona ráðuneyti og láta ganga svona yfir sig? Því er hann að sitja á þessum stóli? Er ekki eins gott að láta þá bara Knút um það að stjórna þessu öllu og þá á eigin ábyrgð? Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Ég nenni ekki að elta ólar við hæstv. menntmrh. því hann er ekkert aðalkallinn í málinu. Það er aðalkallinn í málinu sem ég vil hafa fyrir sökum, þann sem ber auðvit-

að hina siðferðilegu ábyrgð á málinu, forsætisráðherrann á Íslandi.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að vekja athygli á þeirri sérkennilegu stöðu sem núna er komin upp í menntmrn. Ég starfaði þar á fjórða ár en ég kannast ekki við það að embættismenn hafi sent út bréf af þessu tagi fyrir mína hönd án þess að bera það undir ráðherrann. Ég hygg að þeir menn sem hafa gegnt ráðherrastörfum þekki engin dæmi um vinnubrögð af þessu tagi. Það er orðið býsna alvarlegt ef það er þannig að ráðuneytisstjórarnir séu bara í því að semja bréfin. Það væri fróðlegt að skoða hvernig þetta er í landbrn. Það væri sniðugt t.d. að hv. landbn. rannsakaði það mál alveg sérstaklega hvort það eru einhverjir embættismenn sem sitja með bréfhnífa, smella upp bréfunum fyrir ráðherrana og svara svo bréfunum og ráðherrarnir lesa svörin löngu síðar. Til hvers er framkvæmdarvaldið? Það væri fróðlegt að fá yfirlit yfir það hvort þetta sé yfirleitt með þessum hætti í Stjórnarráði Íslands um þessar mundir, að þeir viti ekkert hvað þetta embættislið er að gera. Ég verð að segja það að ráðuneytisstjórinn í menntmrn. er orðinn afkastamikill maður, hann sitji með bréfhnífa yfir póstinum til ráðherrans og svari fyrir hann óbeðinn og sendi svarið ólesið. Þetta eru kraftamenn sem eru komnir þarna til forstuverka í menntmrn., það verð ég að segja. Miðað við þau kynni sem ég hafði af því góða liði sem þar var, þá þekki ég ekki vinnubrögð af þessu tagi. Ég tel sem fyrrv. ráðherra, og segi það alveg fullum fetum, þessi vinnubrögð fyrir neðan allar hellur.

En niðurstaða umræðunnar var dregin saman hér í fáum orðum af hæstv. menntmrh. Hún er sú að það á að hafna því að Alþingi fái að ræða þessa tillögu. Tillaga til rökstuddrar dagskrár hefur verið flutt og umræðan hefur verið mjög athyglisverð. Utanrrh. hefur gengið fram í málinu af mikilli hörku. Tvær ræður hafa verið fluttar í þessum umræðum bæði nú og áður sem hafa verið mjög merkilegar til umhugsunar. Það er ræða hv. þm. Geirs Haarde og það er ræða hæstv. dómsmrh. þegar hann svaraði fyrir málið á sínum tíma. Það er bersýnilegt að það er þannig í Sjálfstfl. a.m.k. þó það virðist ekki vera í Alþfl. að sumir menn eigi erfitt með að halda uppi málsvörn fyrir þessi ósköp sem menn ætla nú að fara að moka yfir þá forarvilpu sem hér hefur verið rædd.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Á ég að trúa því að hv. þm. Svavar Gestsson meðan hann gegndi ráðherraembætti í menntmrn. hafi setið með bréfhníf í höndunum og rifið upp öll bréf sem til ráðuneytisins bárust? Á ég að trúa þessu? Ég gat ekki skilið annað á hv. þm. heldur en svo hefði verið. Ég hélt satt að segja að hann hafandi verið þarna í þrjú ár þekkti alveg vinnubrögðin í ráðuneytinu. (Gripið fram í.) Ég hef ekki skoðað það alveg sérstaklega og ég veit ekki hvort það er hægt að finna út úr því hvort það hafi einhvern tíma gerst að bréf hafi verið skrifað úr ráðuneytinu, undirritað af ráðuneytisstjóra eða einhverjum starfsmanni þar án þess að það hafi verið borið undir ráðherra. Í þessu tilviki var það gert og ég hef ekki orðið margsaga í þessu máli, alls ekki. (Gripið fram í.) Nei, það hefur annar maður sagt hér í þessum umræðum. Þannig að menn skulu ekkert hneykslast á því þótt ráðuneytisstjórinn eða aðrir starfsmenn ráðuneytisins opni póst þó að hann sé stílaður á nafn ráðherra. Bréfin eiga hins vegar öll að berast á borð ráðherra. Það var ekki í þessu tilviki, því miður var það ekki svo, þannig að ég vona að menn skilji alveg hvernig þetta mál er allt í pottinn búið.

Hv. þm. Svavar Gestsson segist ekki kannast við að bréf hafi verið send út án hans vitundar þegar hann var í menntmrn. Ég hef nú grun um að ýmis bréf fari út úr ráðuneytinu hrein rútínubréf ef ég má nota þau orð. (**SvG:** Er þetta rútínubréf?) Þetta er það ekki, nei. (**SvG:** Nei, ég spurði bara.) Já, ég er búinn að svara því. Það er það ekki. Og ég er ekki að svara því í fyrsta skipti. Það er ég ekki að gera. Ég hef fundið að því að þetta var gert.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nei, ég sat ekki með bréfhnífinn, ég hafði aðra í því. Það voru ritararnir sem opnuðu bréfin og síðan voru þau stimpluð til bókunar í ráðuneytinu, Innkomið eða eitthvað því um líkt og síðan voru þau send inn til mín. Svo sendi ég þau fram til afgreiðslu. Svo fékk ég tillögu frá embættismanninum um afgreiðslu á bréfinu. Síðan skrifaði ég stundum samþykkt en stundum breytti ég tillögunni og í bréfum af þessu tagi þá er það auðvitað alveg ljóst að þau eiga ekki að fara út án þess að ráðherrann fari yfir málið. Spurningin er hvort það er rétt ábending sem hér kom fram, var skotið að mér hér í salnum áðan, hvort það er rétt ábendingin sem frá honum kom að það sé hafið aftur það ástand í menntmrn. að það sé mikið betra fyrir menn að tala við Birgi sjálfan, þ.e. Knút, heldur en hæstv. menntmrh.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. menntmrh. sagði að ég væri búinn að sakfella hæstv. forsrh. hér í ræðustólnum fyrir að hafa sagt ósatt. Það hef ég ekki gert. Ég hef hins vegar bent á missagnir milli yfirlýsinga hæstv. forsrh. og yfirlýsinga annarra sem eru fyrst og fremst gerendur í þessu máli. Hæstv. forsrh. hefur sagt hvað eftir annað opinberlega að hann hafi ekki komið nálægt þessu máli. Ég hef spurt hér: Eru ráðherrarnir reiðubúnir að láta kanna hinn raunverulega hlut forsrh. í þessu máli? Eitt af víðlesnari blöðum landsins sagði það í aðalfyrirsögn fyrir viku síðan að hæstv. forsrh. hefði beðið Pétur Guðfinnsson að víkja fyrir Hrafni. Þessu hefur ekki verið mótmælt. Það er birt viðtal við Pétur Guðfinnsson og þegar hann er spurður um þetta: „Hafði forsrh. samband við þig?“ Þá svarar Pétur Guðfinnsson: Ég vil ekki tjá mig um það. Og það er ítrekað hvort hann hafi talað við forsrh. líka og þá segir Pétur Guðfinnsson: „Ég vil ekki svara þeirri

spurningu." Síðan bið ég hæstv. menntmrh. að hlusta á svar Hrafns Gunnlaugssonar í fréttum ríkissjónvarpsins þegar hann er spurður um samtal sitt við forsrh. og skoða grannt hvernig Hrafn Gunnlaugsson dansar í kringum það að svara þeirri spurningu. Og ég bendi hæstv. menntmrh. líka á það að Hrafn Gunnlaugsson hefur ítrekað sagt að forsrh. Davíð Oddsson hafi komið að þessu máli sem verkstjóri ríkisstjórnarinnar, hvað sem það merkir. Og mér hafa borist upplýsingar um það þar sem fullyrt er að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hafi tvisvar sinnum haft samband við útvarpsstjóra Heimi Steinsson morguninn sem hann vék Hrafni Gunnlaugssyni úr starfi dagskrárstjóra. (Gripið fram í.) Tvisvar. Það er því alveg ljóst á öllu þessu sem fram hefur komið í fjölmiðlum landsins þó ekki sé annað að bæði Hrafn Gunnlaugsson og Pétur Guðfinnsson treysta sér ekki til að staðfesta það að forsrh. hafi ekki komið nálægt þessu máli. Og þess vegna er auðvitað þessi umræða hér í dag, fjarvist forsrh., málþóf utanrrh. og svör menntmrh., fyrst og fremst skjaldborg um einn mann. Og það er ekki Hrafn Gunnlaugsson, það er skjaldborg um hæstv. forsrh., Davíð Oddsson.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eins og fyrri daginn, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði náttúrlega ekki neitt. Hann var ekki með neinar sakfelllingar, alls ekki. Hann benti bara á missagnir, eins og það heitir núna í þessari ræðu hv. þm. Ég þekki auðvitað ekkert einkasamtöl hæstv. forsrh. við einn né neinn. Ég þekki það ekki. En ég þekki mætavel þau tilmæli Péturs Guðfinnssonar við mig um að fá leyfi frá störfum. Því hef ég skýrt frá fyrir lifandi löngu og þau tilmæli voru endurvakin öðru hverju frá því skömmu eftir að ég kom í ráðuneytið. Það eru staðreyndir málsins þannig að það þurfti enginn að biðja Pétur Guðfinnsson um að taka sér frí frá störfum. Það þurfti ekkert annað en ákvörðun mína. (Gripið fram í.) Þannig var það. (**ÓRG:** Hver borgar launin hans?) Hver borgar launin hans? Það verður samkomulag á milli ríkisútvarpsins og menntmrn. Það hef ég þegar rætt við fjármálastjóra ríkisútvarpsins og það er mál sem verður samkomulag um þannig að það þarf enginn að hafa áhyggjur af því að Pétur Guðfinnsson fái ekki laun í fríinu. Það verður staðið við það. Það er til vísa sem er einhvern veginn á þessa leið:

Viljirðu svívirða saklausan mann,
segðu engar beinar skammir um hann,
heldur læturðu aðeins í veðrinu vaka,
þú vitir hann hafi unnið til saka.

(**PP:** Ákveðnar skammir.) (**SvG:** Ráðherrann kann ekki vísuna.) (**ÓÞÞ:** Hún hefur versnað mjög, vísan.)

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef fyrst og fremst í ræðum mínum hér seinni hluta þessarar umræðu rætt um hæstv. forsrh. Hann hefur verið hér í húsinu. Hann hefur hins vegar ekki þorað að vera í þingsalnum. Hvers vegna skyldi hæstv. forsrh. Davíð Oddsson ekki þora inn í þessa umræðu? Hvernig stendur á því að hæstv. forsrh. leggur ekki í það að segja hér í ræðustólnum, ræðustóli Alþingis, það sem hann hefur sagt við þjóðina að hann hafi ekki komið nálægt þessu máli? Er kannski skýringin sú að hæstv. forsrh. veit að hann hefur sagt þjóðinni ósatt og hann leggur ekki í það að endurtaka ósannindin hér í ræðustóli á Alþingi og þess vegna er hann fjarverandi? Það hlýtur að vera einhver skýring á því hvers vegna leiðtogi ríkisstjórnarinnar, formaður Sjálfstfl., í ljósi alls þess sem sagt hefur verið í þessu máli þorir ekki að vera í þingsalnum í þessari umræðu og þorir ekki að taka til máls. Og sú þögn og sú fjarvist hrópar miklu hærra heldur en ræður hæstv. menntmrh. í þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 13.–17. mál.

Fundi slitið kl. 9.06 síðdegis.

---

160. FUNDUR

þriðjudaginn 20. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Almannatryggingar, stjfrv., 489. mál, þskj. 838. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Félagsleg aðstoð, stjfrv., 488. mál, þskj. 837. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 546. mál, þskj. 906. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Rannsóknarnefnd til að rannsaka ráðningu framkvæmdastjóra ríkissjónvarpsins, þáltill., 572. mál, þskj. 953, rökst. dagskrá 990. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Leiðsaga skipa, stjfrv., 193. mál, þskj. 969. — 3. umr.
7. Útflutningur hrossa, stjfrv., 260. mál, þskj. 341. — 3. umr.
8. Lyfjalög, stjfrv., 547. mál, þskj. 907. — Frh. 1. umr.
9. Atvinnuleysistryggingar, 554. mál, þskj. 919. — 1. umr.
10. Eiturefni og hættuleg efni, frv., 456. mál, þskj. 792. — 1. umr.
11. Eftirlit með skipum, stjfrv., 192. mál, þskj. 223, nál. 956, brtt. 957. — 2. umr.

12. Almenn hegningarlög, stjfrv., 338. mál, þskj. 616, nál. 980. — 2. umr.
13. Ávana- og fíkniefni, stjfrv., 339. mál, þskj. 617, nál. 981. — 2. umr.
14. Kirkjugarðar, stjfrv., 375. mál, þskj. 659, nál. 971, brtt. 972. — 2. umr.
15. Norðurlandasamningur um almannatryggingar, stjfrv., 283. mál, þskj. 406, nál. 986. — 2. umr.
16. Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, stjtill., 274. mál, þskj. 370, nál. 826. — Síðari umr.
17. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 372. mál, þskj. 656, nál. 987 og 991, brtt. 988. — 2. umr.
18. Umferðarlög, stjfrv., 256. mál, þskj. 333, nál. 978, brtt. 979. — 2. umr.
19. Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku, stjfrv., 300. mál, þskj. 467, nál. 820 og 821, brtt. 822. — 2. umr.
20. Heilbrigðisþjónusta, frv., 422. mál, þskj. 718. — 1. umr.
21. Almannatryggingar, frv., 490. mál, þskj. 839. — 1. umr.
22. Réttarstaða barna með krabbamein, þáltill., 505. mál, þskj. 857. — Fyrri umr.
23. Fjöleignarhús, stjfrv., 517. mál, þskj. 874. — 1. umr.
24. Húsnæðisstofnun ríkisins, frv., 402. mál, þskj. 696. — 1. umr.
25. Orlof, frv., 471. mál, þskj. 813. — 1. umr.
26. Fjáröflun til varna gegn ofanflóðum, frv., 485. mál, þskj. 833. — 1. umr.
27. Greiðsluaðlögun fyrir fólk í verulegum greiðsluerfiðleikum, þáltill., 520. mál, þskj. 878. — Fyrri umr.
28. Ofbeldi gegn konum á Íslandi, þáltill., 529. mál, þskj. 887. — Fyrri umr.
29. Stytting vinnutíma, þáltill., 558. mál, þskj. 925. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 20. apríl 1993:

„Þar sem Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi, er erlendis og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi, Þuríður Pálsdóttir yfirkennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Geir H. Haarde, formaður þingflokks Sjálfstfl.“

Þuríður Pálsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Útbýting þingskjals:

Meðferð opinberra mála, 372. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 991.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Bréf menntamálaráðuneytisins til Norræna kvikmyndasjóðsins.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í tveimur dagblöðum í dag birtist viðtal við Knút Hallsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóra í menntmrn., um bréfaskriftir hans til Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins. Hann fullyrðir þar í fyrsta lagi að menntmrh. hafi séð umrætt bréf áður en það fór utan og fullyrðir það á báðum stöðunum. Mín spurning er: Er þetta rétt hjá ráðuneytisstjóranum? Hvernig stendur á því að hann fullyrðir þetta þrátt fyrir yfirlýsingar ráðherrans hér í gær?

Í öðru lagi fullyrðir ráðuneytisstjórinn að bréfið hafi verið samþykkt á heilmiklum fundi, eins og það er orðað, sem haldinn hafi verið í lista- og safnadeild menntmrn.

Í þriðja lagi fullyrðir hann að bréfið hafi verið samþykkt á fundi þar sem hafi verið fulltrúar Kvikmyndasjóðs, Stöðvar 2 og Ríkisútvarpsins þar sem fjallað hafi verið um málið.

Í fjórða lagi fullyrðir ráðuneytisstjórinn að þetta sérstaka bréf hafi ekki einasta verið skrifað og sent heldur hafi verið ákveðið að ræða málið, ekki bara við sjóðinn heldur við menntamálaráðherra Norðurlandanna allra hvorki meira né minna, þannig að það stóð til samkvæmt þessum orðum að „stórveldið Hrafn Gunnlaugsson“ yrði til meðferðar á heildarfundi menntamálaráðherra Norðurlanda, að vísu óformlegum fundi. Ég spyr hæstv. menntmrh.: Hvor segir satt, hann eða ráðuneytisstjórinn?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Þeim sem vilja stimpla mig ósannindamann hefur bæst öflugur liðsauki þar sem er fyrrverandi ráðuneytisstjóri í menntmrn., ef rétt er eftir honum haft í tveimur dagblöðum í dag. Ég hef svo sem engu við að bæta það sem ég hef áður sagt að ég þekkti ekki þessi bréf. Ég þekkti ekki bréf Hrafns Gunnlaugssonar áður en bréf Knúts Hallssonar var sent til stjórnar Norræna kvikmyndasjóðsins. Ég þekkti heldur ekki til þessa heilmikla fundar sem á að hafa verið haldinn í ráðuneytinu. Ég er ekkert að gera því skóna að sá fundur hafi ekki verið haldinn. Hann hefur vafalaust verið haldinn. Ég var ekki á honum, enda hefur það svo sem hvergi komið fram heldur, og mér

var alveg ókunnugt um þann fund eða hverjir sátu hann.

Að ákveðið hafi verið að ræða málið á fundi norrænu menntamálaráðherranna, er ekki rétt. Það má vel vera að það hafi verið ákveðið á þessum heilmikla fundi að fara þess á leit við mig að ég tæki málið upp á fundi ráðherranna. Ég hef raunar greint frá því áður að ráðuneytisstjóri hafi farið þess á leit við mig. Það vill nú svo til að ég á í fórum mínum minnisblað þar sem þessa er farið á leit og ég hef skýrt frá því áður að það kom að sjálfsögðu aldrei til greina og var ekki gert Ég fór á fund menntamálaráðherra Norðurlanda, ég held að ég muni dagsetninguna rétt, fundurinn hafi verið 30. nóv., og það hvarflaði aldrei að mér að taka þetta mál upp á þeim fundi.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Mér er að sjálfsögðu kunnugt um það af nokkurri reynslu að menntmrn. er heilmikið ráðuneyti. En að þaðan gangi út bréf sem eru ekki rútínubréf með þeim hætti sem var upplýst hér í gær og þar séu haldnir heilmiklir fundir án þess að ráðherrann frétti af því, þar sem eru auk þess fulltrúar, sérstakir embættismenn eru staddir á þessum fundi. Á þessum fundi var yfirmaður lista- og safnadeildar ráðuneytisins. Mér er kunnugt um það að þessi fundur fjallaði ekki um þetta bréf en bréfið var sýnt á þessum fundi og það kom fram mjög alvarleg athugasemd við þetta bréf á fundinum þar sem það var talið eðlilegra að bréf af þessu tagi færi ekki til Bengt Forslunds heldur til Ólafs Ragnarssonar sem situr sem fulltrúi Íslands í stjórn sjóðsins.

Það hefur ekki komið fram heldur í þessu máli og ég vil bæta þeirri spurningu við til hæstv. menntmrh.: Telur hann eðlilegt að bréf til hans, klögumál frá samtökum kvikmyndagerðarmanna um þetta sama mál fari ekki einasta til Kvikmyndasjóðs og annarra skyldra aðila heldur einnig í afriti til forsrh. Íslands?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég hef sagt það áður og get endurtekið að hér að ég tel þessi bréfaskipti ekki eðlileg og ég hef engu við það að bæta.

Sala m/s Heklu.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Í skýrslu sem nýlega kom fram um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 1992 segir að því sem næst sé lokið að selja eignir Skipaútgerðar ríkisins, en jafnframt að í marsmánuði núna 1993 hafi m/s Hekla verið seld fyrir 80 millj. kr. Síðan segir: „Ljóst er að sala eigna Skipaútgerðarinnar muni ekki nægja til að greiða upp allar áhvílandi skuldir útgerðarinnar, er hún hættir rekstri og má ætla að þar vanti 30–50 millj. kr."

Þegar rætt var um stofnun hlutafélags um rekstur Skipaútgerðarinnar í fyrra, þá kom fram að undirbúningshópurinn gerði m.a. tillögur um að kaupa þetta skip fyrir 120 millj. kr. Getur hæstv. samgrh. svarað því hvers vegna því tilboði sem gert var í fyrra upp á 120 millj. kr. var ekki tekið en nú er skipið selt fyrir 80 millj. kr.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Eins og ég hélt raunar að þingmönnum væri kunnugt voru skip Skipaútgerðar ríkisins sett í sölu. Það var öllum frjálst að leggja inn formlegt tilboð um kaup á hverju skipi fyrir sig eða þeim öllum. Ekkert slíkt tilboð barst eins og hér hefur verið lýst.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og þingheimi er kunnugt var rætt um það hér í fyrra þegar verið var að leggja niður Skipaútgerð ríkisins að það væri í gangi undirbúningshópur sem hefði gert tilboð í eignir Skipaútgerðarinnar. Þessu var ekki sinnt og talið að það væri ekki raunhæft vegna þess að það mundi jafnvel þurfa að styrkja það félag til rekstrarins. Það hefur hins komið í ljós að við að leggja niður Skipaútgerðina þarf að veita styrki til að sinna þeim stöðum sem Skipaútgerðin sinnti áður.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Hér kvað örlítið við annan tón hjá hv. þm. Það er rétt að það komu fram fyrirspurnir og ég veit ekki hvort á að kalla það tilboðsnafni þar sem farið var fram á feykilega styrki úr ríkissjóði í sambandi við áframhaldandi rekstur á skipum Skipaútgerðar ríkisins, en slíkar hugmyndir voru ekki uppi.

Það barst ekkert tilboð um það eitt og sér að kaupa Esjuna fyrir 120 millj. kr. burt séð frá öðrum. Það var talað um verulega styrki áfram úr ríkissjóði til þessa rekstrar, en það var alls ekki þá í myndinni, enda hafði ríkissjóður ekki ráð á því að halda áfram að greiða 1 millj. á dag með rekstri Skipaútgerðar ríkisins og hefði ugglaust orðið meira með hliðsjón af því hvernig rekstur á öðrum strandflutningum hefur gengið síðan Skipaútgerðin var lögð niður eins og ég hélt að hv. þm. væri kunnugt. Hitt er auðvitað rétt hjá hv. þm. að það er lítils háttar styrkur vegna samgangna við Norðurfjörð en það eru engar 300 millj. á ári.

Vaxtamál.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að ræða við hæstv. forsrh. Ég sá að hann hafði gengið hér í sal í upphafi fundar en sætið er autt.

Hæstv. forseti. Kjarasamningar eru strand og mér sýnist að ríkisstjórninni takist ekki að skapa efnahagslegar forsendur fyrir t.d. lækkun vaxta og hægri höndin virðist ekki vita hvað sú vinstri gjörir. Fjármagnskostnaðurinn og vaxtatilboðin í fjármagnið eru ein aðalorsök vandans. Ríkisstjórnin og lífeyrissjóðirnir með aðila vinnumarkaðarins á bak við sig ráða vaxtatilboðum til sparifjáreigenda, enda er innlendur fjármagns-

markaður að færast í skrýtið horf. Sem dæmi um það jukust innlán í bönkum og sparisjóðum úr 144 milljörðum 1970 í 170 milljarða 1992. Á sama tíma stækkuðu lífeyrissjóðirnir úr 118 milljörðum í 171 milljarð og eru orðnir stærstu sparendur í þjóðfélaginu. Hins vegar hefur ríkissjóður stækkað hlut sinn úr 52 milljörðum 1990 í 105 milljarða 1992. Þar af eru húsbréf orðin 36 milljarðar. Allur nýr sparnaður er að falla í einn farveg. Þessar tölur sýna að það eru ríkisstjórnin og lífeyrissjóðirnir sem ráða vaxtastiginu sem allt er að sliga. Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Hvers vegna var það 24. mars þegar ríkisstjórnin ákvað að Seðlabankinn lækkaði vexti með ákveðnum aðgerðum að sama dag gerist það í útboði ríkisins að vextir á ríkisbréfum hækka úr 12,40 í 12,43%? Sama dag gerist það einnig í útboði á húsbréfum að þau eru tekin á 7,25 sem var í næsta tilboði á undan 7,20. Ætla má að ríkisstjórnin hafi gjörþekkt áætlun Seðlabankans um vaxtalækkun, en hvers vegna veit hægri höndin ekki um þá vinstri? Sömu daga er ríkisstjórnin að hækka vexti eins og ég hér gat um. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvort hann kann skýringu á þessari þróun.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Vegna fyrirspurnar hv. 5. þm. Suðurl. hef ég í sjálfu sér ekki endanlegt svar um þetta, en ég hef mína skoðun á því. Ég hef mína skoðun á því að meginástæðan til þess að vextir í þessu útboði á þessum tiltekna degi sem hv. þm. nefndi hækkuðu lítillega, og gengu þá, eins og hv. þm. sagði réttilega, þvert á þá þróun sem hafði verið á undanförnum dögum þar á undan, hjá Seðlabanka, og reyndar bönkum, hafi verið sú að akkúrat þessa tvo, þrjá daga sem þetta útboð stóð yfir voru uppi mjög háværar kröfur um gengisfellingu í landinu af hálfu hagsmunaaðila. Ég er þeirrar skoðunar, og það er eingöngu skoðun, að sú háværa krafa um gengisfellingu, akkúrat á þeim dögum sem útboðið stóð yfir, hafi verið til þess fallin að skapa mikla óvissu, hafi því ekki verið til þess fallin að menn treystu sér til þess að kaupa víxla þrjá til sex mánuði fram í tímann með lækkun í huga. Þessi gengisfellingarkór skapaði þessa óvissu og leiddi til hærri vaxta þarna.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. svar hans, en það má segja um þessar mundir að eins og Winston Churchill orðaði það: „Svarti seppi er sestur í sál hæstv. forsrh. og þjóðarinnar einnig.“ Það skortir viljann. Ríkisstjórnin hefur tekið að sér stærstu sparendur í þessu landi og stríðelur þá á háum vaxtatilboðum í Þjónustumiðstöð ríkisbréfa. Það er ástæðan. Hin ástæðan er sú að aðilar vinnumarkaðarins tala tungum tveim og hafa komist upp með það. Hér er verið að bjóða sparifjáreigendum, sterkríkustu mönnum landsins, vaxtatilboð sem eru eins og útlán bankanna í dag og við sjáum að sparnaðurinn er að hverfa frá bönkunum sem verða að standa undir atvinnulífi landsmanna yfir til ríkissjóðs eins og ég gat um hér í ræðu minni. Þess vegna er brýnt við þessar aðstæður þegar vonleysið grúfir yfir atvinnulífi landsmanna, að hæstv. forsrh. skapi stefnu sem dugir til þess að menn stígi skref til verulegrar vaxtalækkunar.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég er hv. þm. algerlega sammála um að það er afskaplega mikilvægt að skilyrði séu sköpuð til þess að vextir megi lækka. Reyndar hafa vextir farið lækkandi og eru nú með því lægsta sem hefur verið um langt bil. Ég er líka þeirrar skoðunar að eitt mikilvægasta verkfærið í þeim efnum að skapa skilyrði til frekari vaxtalækkunar sé stöðugleiki og vissa um framtíðarþróun í efnahagsmálum og þar séu því kjarasamningar til lengri tíma frekar en skemmri mjög mikilvægt innlegg í málið.

Lán til viðhalds félagslegra íbúða.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil beina fyrirspurn til hæstv. félmrh. Á fundi í félmn. í morgun tókst stjórnarmeirihlutanum loks að afgreiða frv. um húsnæðismál út úr nefndinni. Í því voru ábendingar húsnæðismálastjórnar, m.a. um að taka upp lán til meiri háttar viðhalds félagslegra íbúða, ekki teknar til greina. Einnig er mikið vandamál í stofnuninni varðandi greiðsluerfiðleika. Ég spyr því félmrh.: Hyggst hæstv. ráðherra grípa til aðgerða með framlagningu frv. um þessi mál fyrir þinglok? Ef svo er ekki, hvenær verður það þá gert ef það er ætlunin að gera það yfir höfuð?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Félmrn. er ljóst að skoða þarf vandlega hvort ekki sé rétt að opna fyrir lánveitingar til meiri háttar viðgerða vegna félagslegra íbúða. Þess vegna var það fyrr í vetur að félmrn. skrifaði til Húsnæðisstofnunar og óskaði eftir mati stofnunarinnar á því hvað það kostaði að opna fyrir slíkan lánaflokk. Ráðuneytinu barst ekki bréf Húsnæðisstofnunar þar að lútandi, heldur sendi Húsnæðisstofnun beint erindi sitt um að opnað yrði fyrir slíkan lánaflokk til Alþingis sem var þá með til umfjöllunar frv. um Húsnæðisstofnun.

Það hefur verið til skoðunar í ráðuneytinu að fara yfir löggjöfina og reynsluna af félagslega íbúðakerfinu. Þeirri greinargerð verður mér skilað væntanlega innan fárra daga. Mér er kunnugt um að þar verður lagt til að opnað verði fyrir slíka lánamöguleika, en ég á ekki von á því að slíkt frv. komi fram fyrr en á hausti komanda.

Varðandi greiðsluerfiðleikalán þá hef ég áður upplýst það hér á Alþingi að það er til skoðunar milli þriggja ráðuneyta, viðskrn., fjmrn. og félmrn., hvort hægt sé að grípa til aðstoðar við þá sem eru í miklum greiðsluerfiðleikum.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég harma að það virðist ekki eiga að grípa til aðgerða í þessum málum fyrir þinglok. Ég

get ekki fallist á þau rök að ekki hafi unnist tími í þessum efnum. Frv. til laga um húsnæðismál hefur verið hér til meðferðar í Alþingi síðan fyrir áramót og það hefur allt kapp verið lagt á það að draga allt vald í þessum efnum undir ráðherrann.

Hér hef ég í höndum, með leyfi hæstv. forseta, bréf dags. 7. jan. frá félmrn. til Sigurðar E. Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins, og þar er einmitt óskað eftir umsögn Húsnæðisstofnunar um tillögu frá starfshóp um félagslegar íbúðir. Ég harma það að ekki virðist vera vilji til skjótra viðbragða í þessum efnum.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég hygg að það séu eðlileg vinnubrögð að gera sér grein fyrir því hvað kostar að opna fyrir slíkan lánaflokk og hvernig á að fjármagna hann áður en ákvörðun er tekin um að opna fyrir hann. Það var ósk félmrn. að Húsnæðisstofnun upplýsti það. Það hefur enn ekki verið gert og eins og ég sagði var málinu vísað beint til Alþingis áður en það lá fyrir.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir að það verður að gera sér grein fyrir hvað hlutirnir kosta áður en ráðist er í þá og það verður líka að leggja fram nauðsynleg frumvörp um lagabreytingar og vinna þau svo. En hér er einmitt gerð grein fyrir kostnaði við meiri háttar viðhald á félagslegu húsnæði sem er 150–175 millj. kr. á þessu ári þannig að menn hafa litið á þetta og það eru því ekki fulboðleg rök að eingöngu vegna þessa dragist þetta svo sem raun ber vitni. Hæstv. ráðherra og stjórnarmeirihlutinn hefur verið upptekinn við aðra þætti, við það að draga völdin undir ráðuneytið í þessu efni.

Reglugerð um sölu og veitingar áfengis.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Mig langar að spyrja hæstv. dómsmrh. hvort það standi til eða hafi verið breytt ákvæðum 9. gr. reglugerðar nr. 425/1989, um sölu og veitingar áfengis. Það sem þarna er á ferðinni, ef mínar upplýsingar eru réttar, er að það er verið að tala um það að afnema bann við áfengisveitingum um miðjan dag og spurningin er sú, hvernig er slík ákvörðun tekin og er ástæða til þess að að sé gert með reglugerðarbreytingu eða með einhverjum öðrum hætti? En fyrsta spurningin er auðvitað: Er eitthvað slíkt í bígerð?

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er rétt að það hefur verið tekin ákvörðun um það atriði sem hv. þm. spyr um. Lögum samkvæmt er sú ákvörðun tekin með reglugerð sem dómsmrh. gefur út.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Fyrst svo er, þá er aðeins einu atriði í minni fyrirspurn ósvarað og það er hvort hæstv. dómsmrh. telji það eðlilegt að taka svo veigamikla ákvörðun, sem ég tel að hér sé á ferðinni, með þessum hætti þótt lög heimili eða hvort þetta sé hugsanlega eitthvað sem ætti frekar að ræðast í víðara hópi heldur en einungis innan ráðuneytisins.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Lög kveða svo á um að dómsmrh. taki þessa ákvörðun með reglugerð. Alþingi hefur mælt svo fyrir. Ég tel það vera eðlilega skipun þessara mála.

Jöfnunargjald á innfluttar landbúnaðarafurðir.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði að beina fyrirspurn til hæstv. landbrh. varðandi fréttir sem fram hafa komið undanfarna daga um að fullkomin óvissa ríki nú um hvort samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði hafi Íslendingar heimildir til að leggja jöfnunargjald á innfluttar landbúnaðarafurðir, ákveðna flokka þeirra, eins og haldið hefur verið fram. Samkvæmt fréttum Morgunblaðsins í gær, og telur blaðið sig hafa áreiðanlegar heimildir fyrir því, þykir nú mjög tvísýnt að íslensk stjórnvöld hafi möguleika á því samkvæmt samningnum að leggja jöfnunargjald á innflutt matvæli unnin úr kjötvörum — svo eru taldir upp ýmsir réttir — og á hinn bóginn segir að erlend matvælafyrirtæki geti fengið greiddar útflutningsuppbætur vegna útflutnings hingað til lands og vegna slæmrar samkeppnisstöðu. Því geti svo farið að framleiðsla matvæla með allt að 20% kjöthluta leggist hér af og reiknað sé með að þar sé á ferðinni 20% af kjötmarkaðnum eða 3 þús. tonn.

Það er náttúrlega algerlega óþolandi, hæstv. ráðherra, að nokkur óvissa ríki um þetta efni. Þar nægir ekki, eins og hæstv. landbrh. svarar í fjölmiðlum í dag, að lýsa því yfir að það sé afdráttarlaus skoðun ríkisstjórnarinnar að þetta eigi að vera svona. Það er bara ekki það sem málið snýst um. Hæstv. ríkisstjórn Íslands má að sjálfsögðu hafa þá afdráttarlausu skoðun að þetta eigi að vera heimilt samkvæmt samningnum. En það er spurningin um það hvernig efnisþættir málsins standa. Svo virðist sem talsmenn Evrópubandalagsins hafi lýst þeirri skoðun sinni á fundi sérfræðinganefndar nú fyrir skömmu að þetta sé ekki heimilt. Ég spyr því hæstv. landbrh.:

1. Hvernig hyggst ríkisstjórnin eyða þessari óvissu?
2. Reynist þetta ekki heimilt, hvaða áhrif mun það hafa á afstöðu hæstv. landbrh. til samningsins um Evrópskt efnahagssvæði?

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þetta mál var tekið upp á fundi landbn. í morgun og eftir þeim spurnum sem ég hef haft af þeim nefndarfundi hefur þar verið eytt óvissu og ég hef í rauninni ekki meiru við það að bæta sem ég hef áður sagt að skilningur ríkisstjórnarinnar í þessum efnum er afdráttarlaus. Það verða lögð jöfnunargjöld á

kjötvörur við innflutning til landsins í pöstu og pitsu. Hitt er athyglisvert að innflutningur á kjöti í pitsu var án jöfnunargjalds og tolla á þeirri tíð sem fyrirspyrjandi var landbrh.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Já, hæstv. landbrh. hefur alltaf merkilegar upplýsingar fram að færa. Hann upplýsti það til viðbótar því að skoðun ríkisstjórnarinnar væri sú að þetta væri í lagi að það hefði verið haldinn fundur í landbn., (**Gripið fram í:** Góður fundur.) góður fundur sjálfsagt og hefði eytt óvissu. Getur hæstv. landbrh. ekki skilið það að það sem málið snýst um er að fá það staðfest frá Evrópubandalaginu, viðsemjendum okkar að þessi heimild haldi og það þarf að afla slíkrar staðfestingar með óyggjandi hætti áður en þetta mál verður afgreitt hér á þinginu?

Að sjálfsögðu vék svo hæstv. landbrh. sér undan því að svara til um sína afstöðu ef það reynist svo að stórum hluta af íslenska kjötmarkaðnum kunni að vera stefnt í hættu með beinum áhrifum þessa samnings. Því ætti hæstv. landbrh. að svara og svara því sem hann er spurður um en ekki vera að blanda hér óskyldum hlutum inn í umræðuna.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er nú mjög kveðið fast að orði og krafist þess að ég fái afdráttarlaus svör varðandi landbúnaðarmál frá Evrópubandalaginu frá forvera mínum, en í hans tíð var sú ákvörðun tekin að ekki yrðu sendir fulltrúar af Íslands hálfu til þess að fjalla um landbúnaðarþáttinn í samningunum um hið Evrópska efnahagssvæði þannig að mjög hefur hv. þm. skipt um skoðun síðan þá. Ég ítreka það sem ég sagði og hef margsinnis sagt í þessum ræðustól: Það er afdráttarlaust að það er heimild til þess að leggja jöfnunargjöld á innfluttar kjötvörur í iðnaðarvarningi eins og pitsu og slíkum vörum. Sú tortryggni sem hv. þm. vísar til byggist á því að í hans tíð var innflutningur leyfður á kjötvörum án jöfnunargjalda frá þessum löndum en nú var ákveðið frá síðustu áramótum að taka upp jöfnunargjöldin og það er heimilt samkvæmt þeim samningum sem við höfum gert um Evrópska efnahagssvæðið.

Steingrímur J. Sigfússon:

Það er ákaflega erfitt, hæstv. forseti, að ræða þessi mál af einhverju viti við hæstv. landbrh. því hann virðist alls ekki hirða um eða kunna grundvallarstaðreyndir í málinu. T.d. virðist hæstv. landbrh. ekki vita að landbúnaðarþáttur þessarar samningagerðar kom til á síðustu stigum. Upphaflega var það sagt og fullyrt af báðum aðilum að landbúnaðarmál og landbúnaðarstefna og viðskipti með landbúnaðarvörur yrðu algjörlega utan við þetta viðræðuferli. Það var síðan að kröfu Evrópubandalagsins á síðustu stigum samningagerðarinnar sem landbúnðarmál komu inn í þá mynd.

Að öðru leyti eru það náttúrlega árásir á hæstv. utanrrh., fyrrv. og núv. í einum og sama manninum, sem hæstv. landbrh. fer hér með, en hann er að fullyrða að þessum málum harfi ekki verið sinnt af hálfu fyrri ríkisstjórnar þegar hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson fór með málið.

Ég held að hv. þm. og hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. ættu að manna sig upp í það að standa vörð um hagsmuni landbúnaðarins núna og gera það upp við samvisku sína hvort þeir vilja stofna honum í hættu með þeirri samningagerð sem þeir bera ábyrgð á en ekki reyna sífellt að finna sökudólga í fortíðinni í þessum efnum og svara svo einu sinni þeim spurningum sem lagðar eru fyrir hæstv. ráðherra. Þessi dagskrárliður er, hæstv. forseti, ekki satt, til þess að leggja spurningar fyrir ráðherra en ekki til þess að gefa þeim tækifæri til þess að snúa út úr? (Gripið fram í.) Ég held að hæstv. forseti ætti að hafa það í huga.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti starfar eftir þingsköpum.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Hann er ráðríkur, forveri minn. Hann vill fá að ráða annarra orðum.

Ég ítreka það sem ég sagði. Það eru heimildir fyrir því að leggja jöfnunargjöldin á. Sú ákvörðun hefur verið tekin að gera það sem ekki var gert í tíð síðustu ríkisstjórnar og það var tekin ákvörðun um það eftir stjórnarskiptin að Íslendingar ættu fulltrúa þar sem landbúnaðarmál voru rædd í tengslum við samningsgerðina um Evrópska efnahagssvæðið, gagnstætt því sem áður var.

Rannsóknarnefnd til að rannsaka ráðningu framkvæmdastjóra ríkissjónvarpsins, frh. fyrri umr.

Þáltill. PP o.fl., 572. mál. — Þskj. 953, rökst. dagskrá 990.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 990 samþ. með 33:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, GHH, GuðjG, ÞurP, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, GAK, SalÞ.

nei: ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF.

5 þm. (ÓRG, EKG, FI, FrS, LMR) fjarstaddir.

13 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hafa þau tíðindi gerst að tveir einstaklingar í þessu þjóðfélagi hafa verið bornir nokkuð þungum sökum. Annars vegar kvikmyndagerðarmaðurinn Hrafn Gunnlaugsson og hins vegar hæstv. menntmrh. Kvikmyndagerðarmaðurinn leitaði eftir því að hans æra yrði hreinsuð og óskaði eftir því að Rík-

isendurskoðun færi yfir þau mál sem að honum sneru fjárhagslegs eðlis. Ég er hlynntur því að það verði gert. Hinn einstaklingurinn, sem jafnframt er ráðherra í ríkisstjórninni, óskar ekki eftir hreinsun. Þingið telur heldur ekki rétt, ef það samþykkir þetta, að hans æra verði hreinsuð eða tilraun gerð til þess. Það segir allmikið um Alþingi Íslendinga ef þannig verður að verki staðið og þessi tillaga samþykkt sem hér liggur fyrir. Ég segi nei.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Óttinn hefur orðið hreinskiptninni yfirsterkari hjá flm. þessarar tillögu. Þeir þora ekki að láta nefnd alþingismanna fara yfir málið, nefnd sem að meiri hluta væri skipuð stjórnarsinnum og undir forustu stjórnarsinna. Þeir þora ekki að leggja spilin á borðið og það segir mér að þeir viti að þeir hafi eitthvað að fela. Það verður ekki við það unað og hér verður ekki staðar numið. Þetta mál hefur sýnt þjóðinni verklag og siðferðisstig foringja stjórnarflokkanna og það er eins gott að rekja þá slóð alla. Það er nauðsynlegs vegna pólitísks siðferðis á Íslandi og það mun verða gert. En með því að vísa frá tillögu um rannsóknarnefnd, ef það verður gert, þá hafa forkólfar stjórnarinnar játað sig seka. Ég segi nei.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það verður með hverjum deginum sem líður, hverjum nýjum fréttum af þessu dæmalausa máli ljósara og ljósara að það er algjör nauðsyn að fram fari vönduð og ítarleg rannsókn á öllum aðdraganda þess. Þær fréttir, sem nú síðast í dag urðu tilefni umræðna hér fyrir stundu síðan, einar og sér kalla á það að farið sé ofan í saumana á þeim hlutum sem hafa gerst eða ekki gerst í menntmrn. þar sem nú orðið er hæstv. menntmrh. ekki aðeins margsaga í málinu heldur liggur orðið fyrir að þeim ber í grundvallaratriðum ekki saman, ráðuneytisstjóra og hæstv. ráðherra ráðuneytis, um það hvernig meðferð skjala hafi verið í ráðuneytinu og hver beri ábyrgð á tilteknum atburðum.

Nú er það réttlæting flm. þessarar frávísunartillögu, að svo miklu leyti sem hirt var um að rökstyðja hana í fáeinum orðum hér í gær og í örfáum línum í greinargerð, að með því að fela Ríkisendurskoðun úttekt á hinum fjárhagslegu þáttum þessa máls, þá verði málið upplýst. Þeir hlutir sem voru til umræðu áðan eru ekki viðfangsefni Ríkisendurskoðunar að skoða. Það verður sífellt ljósara að kannski alvarlegustu þættir þessa máls sem þarf að rannsaka og upplýsa liggja utan verksviðs Ríkisendurskoðunar. Þess vegna er þessi tillaga um að sópa málinu undir teppið, um að þegja hneykslið í hel, um að moka ofan í forarvilpuna. Og ætla menn að láta bjóða sér það, hv. alþm., það sem hér hefur verið gert? Þess vegna er það auðvitað nauðsynlegt að byrja á því að fella þessa frávísunartillögu, afgreiða þessa þáltill. til síðari umr. sem hér liggur fyrir um kosningu sérstakrar rannsóknarnefndar og þá gefst jafnframt tækifæri til þess að leita eftir samstöðu um það hér í þinginu á hvern hátt nákvæmlega þessari úttekt verði háttað. Það ætti að vera öllum fyrir bestu og alveg sérstaklega þeim sem aðild eiga að málinu ef þeir hafa ekkert að fela, að það verði allt saman upplýst. Ég segi nei, hæstv. forseti, við þessari frávísunartillögu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í því máli sem hér er um að ræða hefur komið í ljós eitthvert ljótasta sjóðasukk sem um getur í Íslandssögunni og er þá langt til jafnað, vissulega. Það hefur í öðru lagi komið fram að allur ferill þessa máls er löðrandi í ósannindum sem einkum beinist að hæstv. menntmrh. sjálfum þar sem menn virðast vera að sópa undir teppið mikilvægum staðreyndum í aðdraganda málsins. Það er þess vegna nauðsynlegt að málið verði rannsakað til hlítar og það verði gert af þingnefnd samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar sem fari yfir aðdraganda og forsendur málsins. Hver treystir æðstu prestunum í hinum helgu véum til að rannsaka málið sjálfir? Hver treystir því að æðstu prestarnir, sem nú slá skjaldborg um hin helgu vé, geti rannsakað málið hlutlaust í ráðherradómstólnum sem hér er um það bil að kveða upp úrskurð og þingmennirnir ætla að hlýða? Hver treystir æðsta prestinum, Ólafi G. Einarssyni, hæstv. menntmrh.? Hver treystir æðsta prestinum, Jóni Baldvini Hannibalssyni, hæstv. utanrrh.? Hver treystir æðsta prestinum, Davíð Oddssyni, hæstv. forsrh.? Ég segi: Enginn treystir þessum dómurum í ráðherradómstóli hinna helgu véa. Þess vegna segi ég nei, hæstv. forseti, við þessari tillögu sem er auðvitað hneyksli vegna þess að hún gengur út á það að banna málfrelsi og eðlilega meðferð mála á Alþingi Íslendinga.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég hef harðlega átalið vinnubrögð hæstv. menntmrh. varðandi ráðningu nýs framkvæmdastjóra sjónvarpsins. Það mun hins vegar ljóst að lagalega hafði hann rétt til þess og þess vegna er þarflaust að setja sérstaka rannsóknarnefnd á laggirnar til þess að rannsaka þann þátt málsins. Hans er valdið og hans er líka ábyrgðin. Það er hins vegar jafnskýrt að það hafa komið fram ávirðingar um fjárhagsleg samskipti hins nýja framkvæmdastjóra við stofnanir undir menntmrn. Sérhver maður er saklaus uns annað sannast og það er nauðsynlegt að gera allt sem hægt er til að gera viðkomandi kleift að hnekkja þeim áburði. Því hefur viðkomandi einstaklingur óskað eftir og í þeim tilgangi hefur m.a. verið óskað eftir því líka af hæstv. menntmrh. að Ríkisendurskoðun kanni samskiptin við sjónvarpið. Það er hins vegar líka ljóst að samkvæmt þingskapalögum hafa þingnefndir umboð til að kalla til sín mál sem þær telja brýnt að fjalla um. Það er því klárt að athugun á hinum fjárhagslegu þáttum málsins getur farið fram í fjárln. þingsins. Af þeim ástæðum tel ég að þessi tillaga um sérstaka rannsóknarnefnd sé óþörf og segi því já við frávísun.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er sannarlega dapurlegt til

þess að vita að stjórnarsinnar ætla að stöðva það að sett verði á laggirnar pólitísk nefnd til þess að kanna þetta pólitíska mál. Ég tel að slík nefnd ætti að hafa alla burði til þess að vinna það verk sómasamlega þannig að réttir dómstólar geti síðan kveðið úr um ef ástæða þykir til. Þessi hræðsla er ekkert annað en pólitískur heigulsháttur. Það má alltaf finna öllu formi eitthvað til foráttu, m.a. slíkri pólitískri nefnd. Ef vilji er fyrir hendi að finna annað form þá geri ég ráð fyrir því að hvert annað það form sem líklegt væri til að leiða sannleikann í ljós yrði jafnframt dæmt ónothæft vegna þess að það er verið að fela. Ég segi nei við þessari frávísunartillögu.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Umræður hér á Alþingi um setningu manns í stöðu framkvæmdastjóra sjónvarps til eins árs hafa svo sannarlega verið þeim til lítils sóma sem fyrir upphlaupinu hafa staðið. Óvenjulangt hefur verið seilst í getgátum og dylgjum um einstakling sem hefur ekki nokkur tök á að bera hönd fyrir höfuð sér á þessum vettvangi. Ljóst er að þingmenn sem fyrir slíkum málatilbúnaði standa eru verstir allra til þess fallnir að kveða upp siðferðisdóma yfir öðrum mönnum. Tillaga um að fela níu þingmönnum að hefja rannsókn á ráðningu manns í starf um stundarsakir er fljótfærnislegt klaufaspark manna sem þegar hafa farið offari í málatilbúnaði sínum. Sóma þingsins vegna ber að vísa slíkri tillögu frá. Ég segi já.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Mesta spillingarmál í embættisveitingu þessa lands á að þagga niður með því að hafna rannsókn. Lýðræðinu er hætt, þinginu er hætt þegar svo hrokafullir og sjálfumglaðir menn ríkja og drottna. Ég veit að málið þolir illa dagsljósið en dómurinn verður sýnu þyngri sem fellur á herðar hinna siðspilltu ráðherra af hálfu þjóðarinnar í næstu kosningum. Menn munu ganga í kjörklefann með þessa syndaskjöðu og minnast hæstv. forsrh. og hæstv. menntmrh. um leið og þeir greiða atkvæði. Þá verður að lokum gert upp í þessu máli. Þá mun íslenska þjóðin segja: Við viljum nýja menn sem stjórna ekki með þeim hætti sem hér hefur gerst. Ég segi nei.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég var ósammála ákvörðun hæstv. menntmrh. varðandi ráðningu framkvæmdastjóra sjónvarpsins, en ég efast ekki um að ráðherrann kann að hafa farið að lögum og hafi haft valdið í sínum höndum og vonandi að hann hafi tekið ákvörðun sína samkvæmt sinni bestu sannfæringu. En þó að skoðanir séu skiptar um þessa ráðningu og vinnubrögð, þá saka ég ráðherrann ekki um valdníðslu. Þessi þáttur málsins um embættisfærslu menntmrh. liggur ljós fyrir hér í þinginu, hefur rækilega verið upplýstur í umræðum sem hér hafa farið fram og þarfnast því ekki frekari rannsóknar. En um hinn þátt málsins, þann þátt sem getið er um í seinni hluta tillögunnar um skipun þingnefndar, hinar fjárhagslegu hliðar og jafnvel alvarlegar ávirðingar um vafasama beitingu opinbers fjár eins og umræður í fjölmiðlum hafa vitnað um að undanförnu, um það eru allir sammála að þurfi að rannsaka og athuga gaumgæfilega. Ég tek undir að slík úttekt og athugun fari fram og nú hefur menntmrh. beðið Ríkisendurskoðun um að slíkt verði gert. En ég tel mjög eðlilegt að Alþingi eigi hlut og aðild að þeirri úttekt og að þeirri athugun.

Í þingsköpum, 26. gr. og 31. gr., er fjallað um það hvernig með slík mál á að fara á grundvelli 26. gr. þar sem segir:

„Heimilt er nefnd að eigin frumkvæði að fjalla um önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar. Um slík mál getur nefnd gefið þinginu skýrslu, sbr. 31. gr."

Og í 31. gr. segir:

„Nefnd getur með skýrslu gert þinginu grein fyrir athugun sinni ..."

Ég styð það að slík athugun fari fram á vegum Alþingis í fjárlrn. (**HG:** Umhvn., er það ekki?) Sú nefnd sem hér hefur verið lögð til að framkvæmi sérstaka rannsókn um þessar hliðar málsins er óþörf af því að þingsköp heimila slíkt. Ég segi því já við frávísunartillögunni.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég hlýt að vekja athygli þingmanna á því að tillaga sú sem hér var flutt af okkur nokkrum stjórnarandstæðingum fjallar ekki bara um það að kanna fjárhagsleg samskipti framkvæmdastjóra ríkissjónvarpsins við sjónvarpið heldur líka við ráðuneyti menntamála og starfsemi á þess vegum. Það snýr m.a. að ráðherranum sjálfum og hlut hans í þessu máli öllu saman en bréf ráðherrans til Ríkisendurskoðunar snýr hins vegar einvörðungu að sjónvarpinu, ekki að hans ráðuneyti og starfsemi á þess vegum. Því er hér um formlegt yfirklór að ræða hjá ráðherranum þegar hann biður um athugun Ríkisendurskoðunar, enda er allur hinn siðræni þáttur málsins eftir, svo sem könnun á hagsmunatengslum þess manns sem hér um ræðir, framkvæmdastjóra ríkissjónvarpsins og ráðherra í ríkisstjórninni.

Mér finnst þessi tillaga sem hér liggur frammi til rökstuddrar dagskrár vera í raun tilraun til valdbeitingar á Alþingi. Það er verið að bera okkur hin atkvæðum hérna, loka fyrir málið á Alþingi, stöðva umræðuna. Þeir sem það gera liðka ekki fyrir þingstörfum hér á Alþingi því hér er valdbeiting á ferðinni og menn verða að muna að æ sér gjöf til gjalda. Ég segi nei.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki tekið þátt í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram um það mál sem hér er á dagskrá, en ég vil nota þetta tækifæri til þess að vekja athygli á því að núv. hæstv. ríkisstjórn hefur margítrekað það að ein af höfuðástæðunum til þess að hún vilji einkavæða ríkisstofnanir sé sú að það eigi að færa þar stjórnunarhætti í líkingu við það sem gerist í almennum rekstri úti í þjóðfélaginu.

Virðulegi forseti. Ég bendi á það að í þeirri at-

burðarás sem átt hefur sér stað innan Ríkisútvarpsins/sjónvarps hafa öll grundvallaratriði í stjórnun og rekstri sem viðgangast í almennum rekstri, m.a. í einkageiranum sem hæstv. forsrh. m.a. er mjög tamt að vitna til, hafa öll grundvallaratriði hvað þetta snertir verið brotin. Ef það gerðist í einkafyrirtæki að deildarstjóra væri sagt upp störfum af framkvæmdastjóra og stjórn fyrirtækisins réði hann daginn eftir sem aðstoðarframkvæmdastjóra, þá þætti slíkt fyrirtæki óstarfhæft og það er nánast öruggt að það yrði samstundis kallaður til hluthafafundur og gerðar viðeigandi ráðstafanir og stjórninni væntanlega vikið frá. Þannig fara nú saman orð og athafnir hjá núv. hæstv. ríkisstjórn. Þau vinnubrögð sem hér hafa verið höfð í frammi eru m.a. með þessum rökum sannarlega til þess fallin að grafa undan Ríkisútvarpinu sem stofnun og ég er þess fullviss að mikill meiri hluti þjóðarinnar stendur að baki þeim sem vilja standa vörð um þá stofnun.

Í þessu ljósi og atburðarás síðustu daga, þá verð ég að segja það að í atkvæðaskýringu hæstv. forsrh. hér áðan var um að ræða einhverja þá mestu og augljósustu siðblindu sem ég hef heyrt um langan tíma. Þeir aðilar sem svona tala eru svo flæktir í viðkomandi atburðarás að þeir hafa ekki lengur nokkra yfirsýn yfir málið. Ég segi því nei.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er með mig svipað og þann sem talaði á undan mér að ég hef ekki tekið þátt í umræðum um þetta mál. En þetta mál sem hér á að vísa frá er þess eðlis að fólkið í landinu krefst þess að hið sanna komi í ljós. Þess vegna eigum við sem erum hér fulltrúar þjóðarinnar að verða við þeim kröfum. Það snýst ekki um persónur og það snýst ekki bara um fjármál eða fjármálaspillingu, heldur um grundvallaratriði lýðræðisins og það snýst um siðgæði í stjórnmálum. Ég segi nei.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það með hvaða hætti var staðið að ráðningu framkvæmdastjóra sjónvarpsins hefur síst orðið til þess að auka sóma þeirrar ríkisstjórnar sem hér situr. Því verður ekki bjargað úr þessu og mér er kannski alveg sama. Hins vegar er mér virðing Alþingis mikils virði og þess vegna, virðulegi forseti, og hæstv. forsrh., ef hann er hér einhvers staðar, þess vegna segi ég nei.

Um þingsköp.

Ráðning framkvæmdastjóra ríkissjónvarpsins.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa þau undur orðið í lýðræðisríki seint á 20. öld að meiri hluti stofnunarinnar hefur hafnað því að kosin verði rannsóknarnefnd til að fjalla um það mikilvæga mál sem við vorum hér að ræða. Þetta er þeim mun sérkennilegra þegar þess er gætt að í öllum Evrópuríkjum eru til nefndir af þessu tagi sem starfa með mjög virkum hætti. Það liggur fyrir skýrsla um þau mál, m.a. hjá fulltrúum okkar í EFTA-nefnd þar sem kemur fram nákvæmlega með hvaða hætti þessar nefndir starfa í hinum einstöku EFTA-ríkjum, með öðrum orðum nefndir af þessum toga eru alls staðar til þar sem starfað er með lýðræðislegum, eðlilegum hætti á forsendum þingræðisins. En Alþingi Íslendinga og meiri hluti þess hefur beygt sig fyrir æðstu prestunum í hinum helgu véum, ráðherradómurunum Jóni Baldvini, Davíð Oddssyni og Ólafi Einarssyni, hæstv. ráðherrum sem kváðu upp dóm sinn hér áðan. Þar með er auðvitað ekki sagt að þessu máli sé lokið, virðulegi forseti, því í gær lýsti hæstv. utanrrh., formaður Alþfl., því yfir að hann teldi að það væri eðlilegt að skoða aðrar leiðir í þessum efnum og ég segi: Úr því að þessi orrusta vannst ekki, þá er að snúa sér að hinni næstu vegna þess að hér er um að ræða mál sem snertir þjóðfélagsgerðina alla, spurninguna um það hvort við viljum búa í þjóðfélagi sem byggir á almennum, siðrænum forsendum eða hvort við búum í bananalýðveldi.

Þess vegna hljótum við að kanna það næstu daga, virðulegi forseti, hvort það eru forsendur til þess að skapa samstöðu um það í þingnefndum að í málið verði farið á grundvelli 26. gr. þingskapa. Ég vil lýsa því sem minni skoðun, m.a. í framhaldi af ræðu hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar hér áðan að ég tel óhjákvæmilegt að á það verði látið reyna í fjárln. strax hvort hún er tilbúin til þess að fara í þetta mál og ekki aðeins að því er varðar samskipti Hrafns Gunnlaugssonar við sjónvarpið eins og gert er ráð fyrir í bréfi hæstv. menntmrh., heldur í samskiptum hans við alla þá fjölmörgu sjóði og stofnanir sem hafa verið nefndar í þessari umræðu. Og ég tel fullvíst að fulltrúar Alþb. í fjárln. muni beita sér fyrir því að kanna hvort meiri hluti fáist fyrir því þar að í málið verði farið af þeirri nefnd og að skýrslu verði skilað fyrir lok þingsins núna í vor.

Ég tel einnig mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að það verði kannað jafnframt hvort rétt sé að það verði til óháð rannsóknarnefnd í þessu máli utan þingsins því að hvar annars staðar á að skoða þá ósannindaflækju sem menntmrn. hefur vafið sig í í þessum málum? Við höfum aldrei séð annað eins eins og í dagblöðunum og Morgunblaðinu í dag. (**Utanrrh.:** Er þetta að ræða um þingsköp, virðulegi forseti?) Virðulegi forseti. Þetta er um þingsköp vegna þess að ég hlýt að lýsa því yfir að á vettvangi Alþingis Íslendinga, ef þar má tala fyrir æðsta prestinum sem talaði 20 sinnum í gær, á vettvangi Alþingis Íslendinga hljóta menn að ræða um þessi mál og áskilja sér allan rétt til þess þó að æðstu prestar hinna helgu véa hafi fellt sinn dóm hér hrokafullir í dag.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill ítreka við þingmenn að þeir haldi sig við gæslu þingskapa þegar þeir biðja um orðið undir þeim lið.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég skal reyna að verða við orðum og óskum forseta, enda er ég ekki tíður gestur hér í ræðustóli til að ræða um þingsköp og skal reyna að halda mig við það mál.

Hér í atkvæðagreiðslunni áðan gerðu tveir þingmenn, tveir hv. stjórnarliðar, grein fyrir atkvæði sínu með þeim rökum að hugsanlegt væri að fjárln. Alþingis eða aðrar þingnefndir eftir atvikum tækju að sér rannsókn á máli því sem hér hefur verið til umræðu. Ég vil lýsa því yfir fyrir mína parta sem einn af nefndarmönnum í hv. fjárln. að það er sjálfsagt að fjárln. taki til umfjöllunar og athugunar öll þau mál sem varða fjárhagsleg samskipti hins opinbera, ríkisins, við hinar ýmsu stofnanir og þá aðila sem fá eða fengið hafa fjárveitingar á fjárlögum. Um það eru sérstök ákvæði í þingsköpum Alþingis þar sem gerð er grein fyrir því, með leyfi forseta:

„Fjárln. á rétt á að fá þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar um rekstur og fjárhagsáætlanir fyrirtækja og stofnana sem óska eftir framlögum úr ríkissjóði."

Í viðbót við það sem hér kom áður fram hjá þeim hv. þm. sem gerðu grein fyrir atkvæði sínu með þessum rökstuðningi, að vísa málum til þingnefnda, og í viðbót við þá grein sem hv. þm. Svavar Gestsson vitnaði til hér áðan um heimild nefnda að eigin frumkvæði að fjalla um hin ýmsu mál, það geta nefndir gert samkvæmt þingsköpum.

Ég vil aðeins lýsa því yfir fyrir mína parta að það skal ekki standa á því að við fulltrúar Framsfl. í fjárln. séum tilbúnir til þess að vinna með hv. stjórnarliðum að slíkri úttekt eða rannsókn og að sjálfsögðu einnig að fylgjast með framvindu athugunar Ríkisendurskoðunar á þessu máli eins og fjárn. gerir með flest þau mál önnur sem Ríkisendurskoðun tekur til umfjöllunar og varða fjármál og fjármálaleg afskipti eða samskipti ríkissjóðs við hinar ýmsu stofnanir. Við fáum þær skýrslur yfirleitt til umfjöllunar í fjárln., ræðum við Ríkisendurskoðun og eitt af því sem ég held að þingið þyrfti að taka til athugunar sérstaklega er það hvernig þeim athugasemdum, sem Ríkisendurskoðun kemur á framfæri við þingið í sínum skýrslum sem hún leggur hér fyrir, er framfylgt, hvernig farið er með þau mál. Við höfum rætt það í fjárln. oftar en einu sinni og það kom hér fram í umræðum við hæstv. fjmrh. fyrir örfáum dögum, um ríkisreikning, að hugsanlega ætti það að vera formlegt hlutverk fjárln. að fara yfir slíkar skýrslur og fylgja þeim eftir. Það er e.t.v. seinni tíma mál að fjalla um það hvernig að slíku skuli staðið, en ég lýsi því hér með yfir, hæstv. forseti, að við fulltrúar Framsfl. í fjárln. erum ábyggilega tilbúnir til að fara með stjórnarliðum í þessa vinnu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti telur að nefndir hafi fullt leyfi til þess að starfa eftir því sem þingsköp kveða á um án þess að ræða þurfi það hér undir þeim lið sem heitir gæsla þingskapa.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. gerði rétt í því að hlýða á mál mitt núna. Ég hef aldrei orðið vitni að því áður á Alþingi Íslendinga að ráðherra geri hróp að forseta sem situr í forsetastóli og stjórnar þinginu. Ég hef aldrei orðið vitni að slíku áður. Það er vaðið inn úr hliðarsölum og öskrað á forseta: „Er þetta um gæslu þingskapa?" Er það sóma þingsins vegna sem ráðherrar temja sér slíkt? Ég hef oft séð það að ráðherrar hafa gengið til forseta, verið að gera athugasemdir við dagskrá og ræða við þá um það að þeirra mál virðist ekki hafa náð jafnhratt fram og þeir hafi vonað og snúið reiðir frá forsetastóli. En að það gerist hér á Alþingi Íslendinga að ráðherra leyfi sér það að koma vaðandi úr hliðarsal inn í þingsalinn og gera hróp að forseta — ég vona það sóma þingsins vegna að ég verði ekki aftur fyrir þeirri reynslu hér í sölum Alþingis.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er löng hefð fyrir því, hæstv. forseti, eins og allir vita sem hér hafa átt sæti einhvern tíma að ræða undir liðnum gæsla þingskapa eða þingsköp allt sem lýtur að tæknilegri meðferð mála hér í þinginu. Hér hafa menn kvatt sér hljóðs undir þessum lið til þess að ræða beitingu tiltekinnar greinar þingskapanna í sambandi við frekari málsmeðferð þessa máls. Ég tel að það sé fullkomlega eðlilegt að menn skiptist á skoðunum um það hvort samkomulag geti orðið um það í þinginu að þessu máli verði fram haldið á grundvelli þessara heimildaákvæða þingskapalaganna sjálfra og ég kann ekki annan lið til þess að nota til að fjalla um slíkt hér á Alþingi.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því að þrír ræðumenn Alþfl. hafa í raun boðið upp á frekari athugun málsins á vegum Alþingis í þingnefndum. Það gerði fyrst hæstv. utanrrh. í umræðum í gær um tillögunna þegar hann að fyrra bragði og fyrstur manna nefndi ákvæði 26. gr. þingskapalaganna um að þingnefndir gætu sjálfar haft frumkvæði að úttekt af þessu tagi. Síðan gerist það í dag að tveir aðrir þingmenn Alþfl., hv. formaður þingflokksins og hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson bjóða upp á þetta sama. Ég lít því svo á að fram sé komið tilboð af hálfu Alþfl. um að málið verði rannsakað í þingnefndum og ég fagna því tilboði og ég er sannfærður um að því verður tekið fegins hendi af öllum fulltrúum stjórnarandstöðunnar a.m.k. Þar með liggur í öllu falli fyrir skýr meiri hluti í þinginu sem vill að málið verði rannsakað með þessum hætti. Ég skildi atkvæðaskýringar talsmanna Alþfl. þannig að þeir greiddu atkvæði með þeim hætti sem þeir gerðu í trausti þess, vegna þess að þeir væru að bjóða upp á skoðun málsins í þingnefnd. — Og hér er kinkað kolli og það er mjög mikilsvert að þessi skilningur liggi fyrir og hann er réttur. Þar með sýnist mér að málið hafi tekið þá stefnu að það verði ekki þaggað niður með þeim hætti sem einhverjir hafa e.t.v. ætlast til með atkvæðum sínum hér áðan, heldur muni þingnefndirnar, fjárln. og e.t.v. einnig menntmn., eða allshn. eða þær sem um þetta gætu fjallað efni málsins samkvæmt, taka þær til skoðunar og það er vel.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur nú komið og menn þekkja sem hér eru hef ég nokkra reynslu í því að gera athugasemd við gæslu þingskapa, þakka engu að síður fyrir þá ókeypis kennslu sem hæstv. utanrrh. gerði tilraun til þess að veita mér og þá sérstaklega hæstv. forseta í þeim efnum og ég tek undir það með hv. 2. þm. Vestf. að það var fjarska ósmekklega að hlutunum staðið. Ég er sannfærður um að hann sem gamall kennari og örugglega góður veit að þetta er ekki skynsamleg leið til þess að ná sáttum í málum að haga sér með þeim stráksleg hætti sem hann gerði í salnum hér fyrir augnabliki.

Þessi umræða snýst ekki aðeins um það, virðulegi forseti, hvernig túlka beri 25. og 26. gr. þingskapalaganna. Hún snýst einnig um það hvort þessar greinar verða notaðar. Það eru tíðindin í þessari umræðu. Og það hefur komið fram, eins og ég skil málið, að það er meiri hluti á Alþingi fyrir því að nota 26. gr. Ég vil inna eftir því svo að það sé alveg skýrt, hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér að hér hafi fulltrúar stjórnarandstöðuflokka og eins stjórnarflokks talað alveg skýrt í þeim efnum og ég vil spyrja hv. 5. þm. Austurl. hvort það sé ekki svo að hann muni í fjárln. standa að ákvörðun um að hún taki fjárhagsleg samskipti Hrafns Gunnlaugssonar við sjónvarpið og fleiri stofnanir til sérstakrar athugunar.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það hér úr þessum ræðustól að ég er mjög slegin yfir þeirri atkvæðagreiðslu sem átti sér stað hér áðan og ég eiginlega veit ekki hvert mér finnst ég vera komin. Mér finnst þessi beiting meirihlutavalds sem hér átti sér stað áðan svo yfirþyrmandi og í rauninni svo alvarleg tíðindi að meiri hluti Alþingis skuli með þessum hætti koma í veg fyrir rannsókn þessa alvarlega máls að það hlýtur að verða okkur öllum mikið umhugsunarefni á hvaða leið íslenskt stjórnkerfi er og þeir ráðamenn sem hér sitja. En vegna orða síðasta ræðumanns vil ég taka það fram að við kvennalistakonur erum að sjálfsögðu reiðubúnar til þess að beita okkur fyrir því í fjárln. að sú nefnd geri það sem í hennar valdi stendur til þess að halda áfram könnun þessa máls, en ég verð auðvitað að viðurkenna það að við stöndum að nokkru leyti uppi ráðalaus gagnvart þeim ráðherra sem hér á hlut að máli og hefði auðvitað fyrir löngu átt að vera búinn að segja af sér.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Umræðan hér um gæslu þingskapa er ekki mjög traustvekjandi í garð nefnda þingsins. Hæstv. utanrrh. nefndi í gær að þingnefndir gætu tekið upp mál og fjallað um þau. Það hlýtur öllum hv. þm. að vera kunnugt. Það sem var sérstakt við umræðuna í gær var það að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson bauð úr þessum ræðustóli að semja við hæstv. utanrrh. um verkefnaskiptingu í nefndum þingsins. Það var ósmekklegt. Það er hvorki hlutverk þingmanna né annarra að semja úr ræðustóli við hæstv. ráðherra eða aðra um það hvernig þingnefndir taka á málum. Það er hlutverk þingnefndanna sjálfra að hafa þar forgöngu og það er rétt boðleið í gegnum formenn eða aðra í þingnefndunum. Þess vegna sýndi formaður Alþb. þingnefndum og þinginu mikla óvirðingu með ummælum sínum í gær.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Í tilefni af spurningum hv. þm. Svavars Gestssonar um afstöðu mína til athugunar á fjárhagslegum hliðum þessa máls þá þóttist ég vera mjög skýr í mínu máli er ég gerði grein fyrir atkvæði mínu við atkvæðagreiðsluna. Ég styð það að athugun á fjárhagslegum hliðum og tengslum þessa máls verði á dagskrá fjárln. samkvæmt þingsköpum og þá 26. gr., 31. gr. og 25. gr. Og ég vil ítreka það sem ég hef áður sagt að ég tel það mjög eðlilegt, og að það sé eitt af hlutverkum Alþingis, að eiga aðild að slíkri athugun þegar svo mikið er í húfi eins og raun ber vitni um þessar mundir.

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Ég tel að þessi umræða um gæslu þingskapa hafi verið mjög gagnleg og hafi leitt í ljós að það er bersýnilega meiri hluti á Alþingi fyrir því að þessi sérstöku mál verði tekin til rannsóknar í fjárln. og e.t.v. fleiri nefndum þingsins eftir atvikum. Að *vísu tók ég eftir því að einn af talsmönnum* Sjálfstfl. í fjárln., hv. 3. þm. Suðurl., talaði um þessi mál með nokkrum öðrum hætti. En ég segi ekki að það þurfi að breyta svo miklu þó Sjálfstfl. sé þversum í þessu máli. Hann er að vísu stjórnarflokkur en ef nýr meiri hluti myndast í fjárln. til að rannsaka mál af þessu tagi þá hefur það sinn gang. Þar og annars staðar hljóta menn að ákveða núna á næstu dögum að halda þeim málum áfram. Ég tel að svör hv. 5. þm. Austurl. hér áðan hafi eftir atvikum verið alveg skýr í þessu efni. Mér er það auðvitað ljóst að hv. þm. Alþfl. eru í þessum málum í mjög þröngri og erfiðri stöðu. Þeir hafa kosið að leita að þessari útleið í þessu efni, m.a. í framhaldi af tilboðum Jóns Baldvins Hannibalssonar, hæstv. utanrrh., í gær þannig að það er ljóst að þó að æðstu prestarnir í hinum helgu véum hafi kveðið upp dóm hér áðan þá er það ekki endanlegur dómur. Málið verður áfram til meðferðar, hæstv. forseti.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 489. mál (heildarlög). — Þskj. 838.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, HÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHelg, GunnS, HG, IBA, ISG, JHelg, JónK, KHG, LMR, MF, ÓRG, PP, RA, SP, StG, StH, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Félagsleg aðstoð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 488. mál. — Þskj. 837.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, ÓE, ÓÞÞ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
21 þm. (EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHelg, HG, IBA, ISG, JHelg, KHG, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, StG, StH, StB, VE, ÞurP) fjarstaddur.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frh. 1. umr.

Stjfrv., 546. mál (eftirlit á varnarsvæðum). — Þskj. 906.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
20 þm. (EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHelg, HG, IBA, ISG, JHelg, KHG, LMR, MF, ÓRG, PP, StG, StH, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Leiðsaga skipa, 3. umr.

Stjfrv., 193. mál (heildarlög). — Þskj. 969.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
21 þm. (EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHelg, HG, IBA, ISG, JHelg, KHG, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, StH, StB, VE, ÞurP) fjarstaddur.

Frv. afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 992).

Útflutningur hrossa, 3. umr.

Stjfrv., 260. mál (kostnaður við skoðun). — Þskj. 341.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, KSG, KÁ, KE, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
22 þm. (EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GÁ, GHelg, HG, ISG, JHelg, JVK, KHG, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, StH, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Frv. afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 993).

Lyfjalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 547. mál (heildarlög). — Þskj. 907.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegur forseti. Í gær mælti hæstv. heilbrrh. fyrir frv. til lyfjalaga. Þetta frv. er greinilega búið að vera lengi í burðarliðnum í hæstv. ríkisstjórn og eitthvað staðið í sjálfstæðismönnum en nú eru allar líkur á að fullt samkomulag sé á milli Alþfl. og Sjálfstfl. um þetta frv., alla vega segir hæstv. heilbr.- og trmrh. í Morgunblaðinu þriðjudaginn 6. apríl að hann hafi lagt þetta frv. fyrir þingflokkana og gert á því smávægilegar breytingar og að fullt samkomulag hafi náðst.

Hæstv. heilbrrh. gerði það að umræðu þegar hann mælti fyrir frv. í gær að meginmarkmið frv. sé að lækka lyfjakostnað. Hann gerði að umtasefni þá miklu kostnaðarvitund er hann taldi vakna hjá fólki við það að greiða hlutfall af lyfjaverði. Svo mátti skilja að það réði úrslitum hjá sjúklingi um val lyfja hvað það kostaði. En sannleikurinn er sá að sjúklingurinn hefur sjaldnast nokkuð með það að gera á hvaða lyf hann er settur. Hann treystir þar læknum í einu og öllu sem eðlilegt er því að hinn almenni borgari hefur ekki fagþekkingu á því hvaða lyf henti best í hvaða tilviki. Því

tel ég það misskilning hjá hæstv. ráðherra þegar hann telur að hlutfallsgreiðslur lyfja muni vekja einhverja kostnaðarvitund hjá sjúklingum, sem nú sem áður er æðst allra vitunda ef marka má orð ráðherra. (**Heilbrrh.:** Meðvitundin er nú æðri.) Þetta er hin eina sanna meðvitund hjá hæstv. heilbrrh., það er kostnaðarmeðvitundin og ef slokknar á henni þá virðist vera lítið eftir af hæstv. heilbrrh. Ég er svo sem ekkert að gera lítið úr því út af fyrir sig því það skiptir auðvitað miklu máli hvað hlutirnir kosta. En sannleikurinn er sá að eftir því sem hlutfallið er hærra sem sjúklingurinn borgar þeim mun meira sparar ríkið og meira borgar sjúklingurinn. Annað skeður nú ekki merkilegt við þetta kerfi. Enda finnst mér ástæða til að leyfa því kerfi að sanna sig en það hefur einmitt vantað hjá hæstv. ráðherra að hann hafi haft þolinmæði til að bíða eftir því að breyting sem hann boðar fái að sanna sig.

Við Íslendingar búum við nokkuð örugga heilbrigðisþjónustu og ég tel frábærlega örugga þjónustu á sumum sviðum. Heilbrigðisþjónustan er eitthvað sem öllum kemur við og snertir okkur á einhvern hátt einhvern tímann á lífsleiðinni. Lengi má bæta góða heilbrigðisþjónustu en það má líka vinna óbætanlegt tjón á heilbrigðismálum eins og dæmin sanna. Hér til umfjöllunar er komið frv. til lyfjalaga sem felur í sér viðtækar breytingar á dreifingu og sölu lyfja. Núverandi fyrirkomulag er 200 ára gamalt. Flestir Íslendingar hafa mikið traust á þjónustu apótekanna og ekki að ástæðulausu. Lyfsalan hefur verið stór hlekkur í heilbrigðisþjónustunni en með þessu frv. er óneitanlega á vissan hátt verið að aftengja hana heilbrigðisþjónustunni og tengja hana í ríkari mæli rekstri stórmarkaða. Þrátt fyrir ákvæði í 1. gr. frv. þar sem kveðið er á um að lyfsala sé þáttur í heilbrigðisþjónustu tel ég að með frv. sé verið að tengja hana almennri verslun í landinu.

Í stuttu máli er aðalmarkmið frv. að draga úr lyfjaútgjöldum með því að auka frjálsræði í sölu og dreifinu lyfja. Auk þess koma fram í þessu frv. atriði sem tengjast samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Sú forsenda, sem gefin er í frv. um að aukið frjálsræði í lyfsölu skili sér í minnkandi útgjöldum ríkis og einstaklinga, er ekki marktæk ef við skoðum alla þætti frv. Og ef við berum saman hvernig þessu er háttað í löndum þar sem fullt frjálsræði ríkir og þá tek ég Bandaríkin sem dæmi. Þar er lyfjaverð hæst og samanborið við lyfjaverðið sem er lægst sem er í Portúgal þá búa Portúgalar við nákvæmlega sama kerfi og Íslendingar. Það eru ýmis atriði sem spila inn í það af hverju Portúgalar geta boðið upp á enn lægra lyfjaverð en Íslendingar. Þar koma til hagstæðari innkaup og stærri markaðir.

Rétt er að skoða hvort lagt er meira á lyf á Íslandi en annars staðar í kringum okkur. Ég hef tölur frá Pharmacy fyrir árið 1991 um samsetningu smásöluverðs lyfja. Það er meðalverð sérlyfs gegn lyfseðli frá apóteki í nokkrum Evrópulöndum. Og þá er því þannig farið að fyrir hverjar 100 kr. sem lyfið kostar fær apótekið 30 kr., ríkið 20 kr. og heildsalinn 10 kr. og framleiðandinn 40 kr. Ef við tökum Danmörku sem dæmi fær danska ríkið rúmlega 17 kr., apótekið fær rúmar 27,5 kr., heildsalinn fær 4,1 og framleiðandinn 51,4 kr.

Ég tel Danmörku sem dæmi vegna þess að Danir hafa verið að skoða það eins og við að breyta sínu lyfsölukerfi á svipaðan hátt. Schlüter lagði áherslu á það á sínum tíma að gera það en hrinti því ekki í framkvæmd og nú eru jafnaðarmenn komnir við stjórnvölinn í Danmörku, frændur ráðherrans, og þeir hafa ákveðið að breyta ekki sínu sölukerfi. Þeir telja að ávinningur, sem í upphafi var áætlað að yrði við breytinguna, yrði enginn og gallarnir of margir til að þeir treysti sér til að fara út í þessa breytingu. Auðvitað þurfum við að skoða innflutningsmálin mjög ítarlega því að við getum eflaust sparað með hagkvæmari innkaupum. En það þarf að sjálfsögðu að fara með gát í innflutningi líka því að við höfum verið blessunarlega laus við það að verða fyrir áföllum í innflutningi því að við höfum skipt við örugga framleiðendur.

Það kemur málinu kannski ekki við en hollt er að minnast þess að árið 1985 hefðum við getað orðið fyrir því að fá til landsins eyðnismitað blóð frá Frakklandi ef menn hefðu ekki verið vel á verði. Við megum hvergi slaka á í öryggiskröfum varðandi innflutning á lyfjum. Við vitum að víða í heiminum er svindlað mjög á lyfjum og ýmis slys hafa orðið vegna þess.

Mér finnst gæta töluverðs tvískinnungsháttar í þessu frv. Í fyrsta lagi á það að auka frjálsræði og samkeppni og hins vegar á það að auka rekstur á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum, sem sé að auka rekstur apóteka á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum. Ríkið ætlar t.d. hér í Reykjavík að setja upp lyfjaverslun á Landspítalanum, og að ég held á Borgarspítalanum, sem getur að sjálfsögðu verið eðlilegt. Þá getur sjúklingurinn farið heim með lyf í takmörkuðum skömmtum og það getur eflaust verið til mikillar hagræðingar fyrir sjúklinga ef slík apótek eru á stöðunum. En þá er óneitanlega verið að keppa við lyfjaverslanir í kring og mig langar að spyrja hæstv. heilbrrh. hvernig slík lyfjaverslun, sem rekin yrði af ríkinu, standist nýsamþykkt samkeppnislög. Ég held að það hljóti að stangast á við nýsamþykkt samkeppnislög.

Það er viss miðstýringarárátta í þessu frv. Til dæmis er gert ráð fyrir að lyfjanefnd ríkisins, sem fær mikil völd, sé skipuð fimm mönnum og heilbrrh. á að skipa alla fimm mennina til fjögurra ára. Sömuleiðis, eins og ég sagði hér áðan, er áætlað að sjúkrahús og heilsugæslustöðvar megi selja lyf sem má telja sjálfsagt og eðlilegt í þeim tilvikum sem þær eru ekki í beinni samkeppni við lyfsala því ég tel að sérstaklega á smærri stöðum yrði það mjög erfið samkeppni fyrir lyfsala að fá inn samkeppnisaðila frá ríkinu. Það eru náttúrlega mjög ólíkar aðstæður sem ríkið er með varðandi lyfsölu og svo lyfsalar sjálfir.

Ég mun skoða þetta frv. mjög náið í heilbr.- og trn. eins og við erum nú að sjálfsögðu þegar byrjuð að gera því það er búið að fara yfir frv. á tveimur fundum í nefndinni þrátt fyrir að það hafi verið fyrst í gær sem hæstv. heilbrrh. mælti fyrir þessu máli. Það eru eflaust margir ljósir punktar í þessu frv. þó ég ætli ekkert að margfalda þá núna vegna þess að það eru svo stórir

gallar á frv. og það hefur þegar komið í ljós við yfirferð frv. og stjórnarsinnar hafa þegar viðurkennt að það eru gallar á því sem eru svo augljósir að þá verður að taka til mjög náinnar skoðunar.

En maður hlýtur að spyrja sig eins og ávallt þegar verið er að breyta lögum: Fyrir hverja er þetta frv.? Er verið að lækka lyfjaverð með samþykkt þessa frv.? Ég finn engin rök fyrir því. Enda eru engin rök fyrir því gefin í frv. Ef þetta varðar hlutfallsgreiðsluna sem heilbrrh. gerir að aðalatriði þá kemur hlutfallsgreiðslan þessu frv. ekkert við þó að heilbrrh. hafi gert það að aðalatriði í sinni ræðu í gær.

Þá spyr maður sig: Lækka lyf við fleiri lyfsöluleyfi? Mér er kunnugt um að það liggja fyrir beiðnir um þrjú apótek, t.d. í Glæsibæ. Ég get ekki séð hvernig hæstv. heilbrrh. synjað umsækjendum um leyfi. Þeir uppfylla öll skilyrði sem frv. gerir ráð fyrir. (**Gripið fram í:** Þeim ber að veita þeim leyfi samkvæmt lögum.) Já, það er rétt hjá hv. þm., þeim ber að veita þeim leyfi og geta þar af leiðandi ekki synjað þeim. Það er gömul og ný staðreynd að eftir því sem lyfjaverslunum fjölgar eykst lyfjanotkun og það er andstætt heilbrigðismarkmiðum og andstætt markmiðum forvarna. Ef stórmarkaðir eru með lyfjaverslanir verður opnunartíminn að sjálfsögðu lengdur og ekkert stendur í þessu frv. um að lyfjaverslun geti ekki verið opin frá átta á morgnanna til ellefu á kvöldin eins og stórmarkaðir eru oft. Þá má spyrja sig: Er það ekki allt í lagi? Er það ekki gott mál? Þá spyr maður sig að því hvernig stendur á því að áfengisverslanir eru ekki opnar í stórmörkuðum t.d. til ellefu ef verslanir eru opnar til ellefu. Mér heyrðist ég heyra það í útvarpinu ekki alls fyrir löngu að hæstv. heilbrrh. taldi að hann treysti sér ekki rýmka um sölu áfengisverslunar og ég er heldur ekki að biðja um það. En það er nú einu sinni þannig að mjög margir lyfjaneytendur eru í þjóðfélaginu og þá er ég að tala um ofætur á lyf. Ef þetta frv. verður að lögum mun það auðvelda þessum lyfjaætum að ná sér í lyf. Mörg lausasölulyf eru þannig að sá sem tekur mikið kemst í vímu. Svo dæmi sé tekið er aðeins unnt að kaupa í einu 10 kódímagnyltöflur í apóteki. En nú verða kannski þrjú til fimm apótek í einni verslun og það verður aldeilis gósentíð fyrir þessa aðila þegar þeir geta bara á einu bretti fyllt vasana af þessum lausasölulyfjum. Vegna fæðar apóteka hafa þessir aðilar þekkst úr. Ráðherrann brosir mjög. Hann þekkir kannski ekki þessi vandamál. Svo vill til að ég þekki þetta vandamál mjög vel úr mínu fyrra starfi og ég held að þetta sé meira vandamál en ráðherra gerir sér grein fyrir. Verið er að auðvelda mjög lyfjanotendum að ná til lyfja.

Maður spyr líka: Eykur þetta frv., ef að lögum verður, öryggi neytenda? Ég tel einmitt vegna þess hversu vandaðar lyfjaverslanir eru á Íslandi eru slys varðandi lyf nánast fátíð á Íslandi. Í dag eru 34 apótek á Íslandi og af þeim eru 25 á höfuðborgarsvæðinu. Með þessu frv. er mjög líklegt að fjöldi apóteka á höfuðborgarsvæðinu fjölgi til muna. Það er erfitt að hafa eftirlit með um 80–90 apótekum í stað 40. Hvert slys vegna rangrar afgreiðslu í lyfjagjöf getur verið afar dýrkeypt.

Maður spyr sig líka: Bætir þetta frv. þjónustuna? Já, ég tel þetta frv., ef að lögum verður, bæti þjónustuna. Það bætir þjónustuna í Kringlunni og það bætir þjónustuna í Glæsibæ og það bætir eflaust þjónustuna á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Nú geta menn eflaust farið innan tíðar að kaupa sér lyf í Bónus. En hvað um landsbyggðina? Bætir þetta þjónustuna í Stykkishólmi eða á Blönduósi? Ég býst við að lyfjafræðingar á þessum stöðum fari að hugsa sér til hreyfings. Þeir græða ekki óskaplega á þessum stöðum. Veltan er kannski 12 millj. kr. en veltan í stærri apótekum hér er kannski 700 millj. kr. Ég efast um að þeim aðilum, sem eru á þessum smærri stöðum, detti í hug að halda áfram að reka apótek á þessum litlu stöðum ef þeir sjá sér hag í að fara hingað á Stór-Reykjavíkursvæðið. Ég stórefast um það. Það hefur verið þannig að þessir smærri apótekarar þeir hafa auðvitað verið að bíða eftir „betri brauðum“ á Stór-Reykjavíkursvæðinu og á stærri stöðum eins og Akureyri og Akranesi o.s.frv. Það má kannski segja að þeim hafi verið haldið í hálfgerðri gíslingu úti á landi en nú er gíslingunni lokið. En þá er kannski sagt að heilsugæslustöðvarnar taki við. Það kann vel að vera en þannig er að nokkrar heilsugæslustöðvar á landinu reka apótek, ég tek Búðardal sem dæmi en þar er enginn lyfjafræðingur. Eftir þessu frv. verður að vera lyfjafræðingur og læknar geta ekki lengur rekið apótekið í Búðardal. Á fjórum öðrum stöðum háttar svipað til, ég nefni sem dæmi Klaustur og Vopnafjörð, Fáskrúðsfjörð. Segjum svo að ekki fáist lyfjafræðingur til að reka þessi apótek. Hver er þá þjónustan við þessa staði? Þessu þurfum við að fá skýr svör við. (**Heilbrrh.:** Það liggur alveg fyrir í frv.) Það liggur ekki fyrir í frv., hæstv. ráðherra, en þú skýrir það eflaust fyrir okkur hér á eftir. Einmitt þessi þáttur í frv. finnst mér ekki fullkomlega útfærður. Ég velti því líka fyrir mér og það gera fleiri að þeir sem hafa kostað miklu til að koma sér á þessa smærri staði, ég tek Siglufjörð sem dæmi, þá er apótekaranum þar gert að kaupa visst húsnæði og kaupa allt „komplettið“ og hann leggur allt sitt undir. Svo á hann kannski von á því að ríkið komi í samkeppni við hann, annaðhvort heilsugæslustöðin, sjúkrahúsið eða nýr lyfsali. Þá er hann náttúrlega orðinn algjörlega eignalaus og ríkið virðist ekki hafa neina ábyrgð gagnvart þessum aðila þó svo honum hafi verið gert á sínum tíma að kaupa þessar eignir.

Mér finnst augljóst í þessu frv. að auðvitað er verið að reyna að ná til þessara fáu aðila sem eru sérleyfishafar í dýrum „brauðum“, þ.e. lyfsalar sem hafa það mjög gott. Menn sjá ofsjónum yfir að þessir aðilar græði of mikið. Auðvitað er alveg hárrétt að þessir aðilar hafa það alveg prýðilegt og rúmlega það. Aðstaða hjá lyfsölum er mjög mismunandi. Ég tel að það sé léttur leikur að taka á þeim atriðum án þess að gjörbylta öllu sölukerfinu. Ég tel það vera léttan leik.

Ég sagði áðan að frv. væri andstætt heilbrigðissjónarmiðum að því leytinu til að mjög aukið framboð á lyfjabúðum eykur lyfjaneyslu. Þannig er að lyfjabúðir versla ekki með neitt sælgæti, lyfjaverslanir versla með eitur. Í frv. er gert ráð fyrir að nú megi auglýsa

svokölluð lausasölulyf eða lyf án lyfseðils. Ég sé fyrir mér að þegar svo margir lyfsalar eru komnir á markaðinn verða þeir að sjálfsögðu að lifa af sinni verslun sem verður augljóslega erfiðari eftir því sem fleiri koma og þeir auglýsa að sjálfsögðu meira. Ég sé fyrir mér að Bónus getur auglýst eina vikuna: „30% afsláttur af sjóveikitöflum, opið til ellefu í kvöld". Það er ekkert sem bannar það í þessu frv., ekki nokkur skapaður hlutur. Ég sé fyrir mér að ýmis verkjalyf, kvíðastillandi lyf o.s.frv. sem eru gefin án lyfseðils verða auglýst í stórum stíl. Þetta óttumst við sem aðhyllumst forvarnir. Enda þótt frjálsræði sé gott ... (**Gripið fram í:** Það eru þó betri forvarnir en sjóveikipillur.) Sjóveikipillur eru náttúrlega forvarnalyf en í miklum mæli neytt ávanalyf — ég ætla ekki að vera með neina lyfjafræði hér — en það eru ýmis lyf sem er neytt í óhófi einmitt vegna þess að áhrifin eru mjög hressandi og lyfjaneytendur þekkja þau afskaplega vel. Við gerum þennan aðgang einmitt mjög greiðan með auknu frelsi — auknu frelsi í auglýsingum, auknu frelsi með því að það séu svo margar lyfjaverslanir í einni stórverslun að menn geta fyllt vasana af lyfjum.

Ég hef ekki rætt neitt um lyf fyrir dýr og þátt dýralækna. En sú breyting hefur verið gerð á frv. frá upphaflegri gerð þess að dýralæknar áttu ekki að geta selt lyf en með frv. geta allir dýralæknar selt lyf, ef ég skil það rétt, þ.e. þeir eru þá með lyfsöluna alfarið.

Aftur á móti þegar kemur að mönnunum þá er heilsugæslulæknum ekki treystandi til að hafa lyfsöluna með höndum. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Hver eru rökin á bak við þetta?

Mig langar að vitna í lokaverkefni frá Háskóla Íslands, viðskipta- og hagfræðideild, frá því 1992. Ritgerðin er eftir Hrannar Erlingsson. Hann er með mjög ítarlegar ritgerðir um smásölu lyfja á Íslandi. (**Gripið fram í:** Hvað er í þessari ritgerð?) Hann er með margar mjög áleitnar spurningar og svarar þeim síðan. Svo ég vitni nú beint í orð hans þá segir hann: „Gagnstætt ríkisrekstrinum þá hefur það sýnt sig undanfarin ár og áratugi að frjáls samkeppni hefur yfirleitt stuðlað að lækkun vöruverðs og betri þjónustu. Þrátt fyrir þessa þjónustu er ýmislegt sem bendir til þess að í lyfjadreifingunni sé frjáls samkeppni ekki góður kostur. Ástæðurnar eru margvíslegar en nefna má atriði eins og litla þekkingu neytenda á vörunni, takmarkaða samkeppni á heildsölumarkaðnum, hættu á aukinni neyslu vegna auglýsinga o.s.frv. Núverandi kerfi í smásölunni hefur í grundvallaratriðum reynst vel. Ekki hafa komið upp vandamál með öryggisþætti og almenningur virðist telja þjónustuna fullnægjandi. Deila má um hvernig til hefur tekist að halda niðri kostnaði en bent er á að vísitala lyfjaverðs hefur hækkað minna en með almennum verðlagsbreytingum undanfarið ár."

Hann kemur líka inn á það í ritgerð sinni að hvert nýtt apótek eykur heildarkostnað greinarinnar, velta apóteksins minnkar vegna þess að salan dreifist á fleiri aðila. Því kemur það út úr útreikningum lyfjaverðlagsnefndar að auka verði tekjur apótekanna. Af því leiðir að hækka verður álagninguna. Í lokaorðum sínum í þessari ritgerð segir hann:

„Niðurstaðan var ótvíræð. Aukið frelsi í smásölu lyfja er við núverandi aðstæður afar óæskilegt. Ástæður fyrir þessu eru fjölmargar en nefna má þætti eins og aukinn kostnað, hættu á aukinni neyslu, mismuninn milli landsbyggðarfólks og höfuðborgarbúa og svo mætti lengi telja. Það verður að viðurkennast að sem fylgismanni frjálsrar samkeppni á flestum sviðum þá olli þessi niðurstaða mér talsverðum vonbrigðum."

Þetta er úr ritgerð um smásölu lyfja á Íslandi. Ekki ætla ég að segja að þetta sé hinn eini stórisannleikur, en mér finnst margt benda til að það sé mikill sannleikur í þessu fólginn. Margt af því sem kemur fram í þessari ritgerð samræmist skoðunum mínum á þessu máli.

Ég sagði áðan að margt nýtilegt sé í frv. En það eru ekki mörg stór atriði sem eru nýtileg og þess vegna er ég ekki að telja þau upp og ég mun geyma mér það til 2. umr. Ég tel að við eigum að flýta okkur hægt hvað þessi mál varðar. Það er von mín að frv. fái mikla umræðu í þinginu, fái faglega meðferð í heilbr.- og trn. og að ekki verði reynt að kýla þetta frv. í gegnum þingið án þess að þeir miklu agnúar, sem á því eru, verði slípaðir til. Sannast sagna er ekkert í þessu frv. sem hvetur menn til að flýta sér að afgreiða það. Margt í þessu frv. er dæmt til að mistakast.

Ég tel að það þurfi að breyta lyfjalögum en það verður að gera á vandaðri hátt en hér er boðað á flestum sviðum og það verður að sjálfsögðu að leita þeirra leiða sem eru til raunverulegra hagsbóta fyrir þjóðina í heild.

Ég hef verið með margar spurningar til hæstv. heilbrh. og ég veit ekki hvort hann hefur náð þeim öllum en mig langar að minnast á þær nokkrar alveg í blárestina. Mig langar að spyrja hann að því eins og ég gerði áðan: Hvernig stenst þetta frv. nýsamþykkt samkeppnislög þegar ríki og einstaklingar eru komnir í samkeppni? Mig langar að spyrja ráðherrann hvort hann hafi ekki áhyggjur af því að meira framboð af lyfjum og auglýsingar auki lyfjaneyslu í landinu. Frv. eykur á miðstýringu að mínu mati. Mig langar að fá rök ráðherra fyrir því að það auki ekki miðstýringu. Hann minntist ekkert á það í framsögu sinni. Hvar telur hæstv. að þjónustan batni? Telur hann að þjónusta batni á landsbyggðinni? Þessum spurningum vona ég að hann svari því að þær brenna á mörgum þessa dagana. Fyrir hvern er þetta frv.? Er það fyrir almenning í landinu?

Geir H. Haarde:

Virðulegur forseti. Komið er til umfjöllunar eftir töluvert langan undirbúning og aðdraganda frv. til nýrra lyfjalaga. Efni þess hefur valdið verulegum umræðum og blaðaskrifum í aðdraganda þess að málið kemur til kasta Alþingis. Sýnir það með öðru að hér er um að ræða málefni sem er gríðarlega mikilvægt en jafnframt viðkvæmt. Þar koma við sögu hagsmunir ýmissa aðila en auðvitað síðast en ekki síst hagsmunir þeirra, sem þurfa að nota lyf auk að sjálfsögðu hagsmuna þess aðila sem greiðir stærstan hluta lyfjareiknings landsmanna, þ.e. hins opinbera. En þannig er með

verslun með lyf að hún er á ýmsan hátt frábrugðin öðrum viðskiptum, þ.e. verslun með aðra vöru. Þess vegna eru alls staðar í siðuðum þjóðfélögum gerðar ríkari kröfur til viðskipta með þessa vöru en almennt gerist með aðra vöruflokka. Þar kemur tvennt til. Í fyrsta lagi er um að ræða varning sem er ekki aðeins vandmeðfarinn heldur getur á köflum verið hættulegur og þarf sérstaka faglega kunnáttu og þekkingu til að meðhöndla rétt. Í öðru lagi er það svo í það minnsta hér á landi að aðilinn sem greiðir fyrir lyfin er ekki sá sem notar þau og aðilinn sem greiðir fyrir lyfin er ekki sá sem ákveður hversu mikið skuli notað af lyfinu. Hér er því um að ræða samspil þess sem ávísar á lyfin, læknisins, í fyrsta lagi og í öðru lagi sjúklingsins, sem notar lyfin, og í þriðja lagi hins opinbera, sem greiðir fyrir þau að stærstum hluta í mörgum tilfellum. Það er af þessum sökum sem þetta er ekki jafneinfalt mál og ýmsir vilja gefa í skyn.

Hér liggur fyrir frv., sem gerir ráð fyrir því að sameina í ein lög þá löggjöf sem nú er til á Íslandi um þessi málefni, þ.e. lyfjalög og lög um lyfjadreifingu. Inn í þetta koma svo jafnframt ýmis sjónarmið sem tengjast fyrirhuguðum samningi um Evrópskt efnahagssvæði og kalla á breytingar í þessum málaflokki.

Nú er það þannig að í þeim samningi eru ekki sérstök ákvæði um það hvernig skipa skuli smásöludreifingu innan lands í hverju þeirra ríkja sem aðilar kunna að gerast að þeim samningi. Þar eru aðeins almenn ákvæði um að ekki sé mismunað á grundvelli þjóðernis eins og kunnugt er. En það skipulag, sem fyrir valinu verður í hverju ríki, er alfarið á ákvörðunarsviði þess og ræður auðvitað hvert ríki því hvernig þeim málum verður skipað hjá sér.

Við höfum um langt árabil á Íslandi búið við lyfjadreifingarkerfi sem byggir á því að forseti Íslands úthlutar svokölluðum lyfsöluleyfum og enginn má selja lyf nema hafa slíkt forsetaleyfi til þess. Þessi leyfi hafa verið tiltölulega fá þó svo að ráðherra hafi í hendi sér að fjölga þeim og hafi gert á umliðnum árum með tilliti til búsetubreytinga, mannfjölgunar o.s.frv. Við erum með kerfi í smásöludreifingunni á Íslandi sem er orðið gamalt og vissulega að mörgu leyti úrelt. Spurningin í því efni er þá sú hvaða leið er skynsamlegust til að gera þar breytingar á. Það frv. sem liggur fyrir og er til umfjöllunar markar að sjálfsögðu þá stefnu sem ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir hafa orðið ásáttir um í því efni.

Þetta frv. hefur sætt sérstakri meðferð milli stjórnarflokkanna og er orðið að samkomulagsmáli milli þeirra og því liggur það fyrir að um þau atriði sem þetta frv. fjallar um er pólitískt samkomulag. Hins vegar er það auðvitað þannig í máli sem þessu þar sem um er að ræða margvísleg fagleg sjónarmið að ekki fer hjá því að fagnefnd þingsins, sem um þetta fjallar, heilbr.- og trn., kann að þurfa að skoða slíka þætti gaumgæfilega til þess að tryggja að allt sé eins og best verður á kosið í jafnvandasömum og vandmeðförnum málaflokki. Ég er þá að tala til að mynda um ákvæðin sem lúta að samhliða innflutningi lyfja. Ég tel t.d. að það sé grundvallaratriði þegar slíkur innflutningur verður heimilaður með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði að þannig sé að þeim málum staðið að slík lyf séu skráð og að þess sé gætt að ekki geti komið til þess að í gegnum slíkar leiðir komist hingað til landsins í almenna dreifingu fölsk lyf, eftirlíkingar eða annað þess háttar.

Mér sýnist að frv. sé þannig úr garði gert að heilbrrh. í gegnum skráningu og að Lyfjaeftirlit ríkisins ásamt lyfjanefnd ríkisins sjái um að hér sé ekki hætta á ferðum. Ég nefni þetta sem dæmi um þau atriði sem fara verður í saumana á í hv. heilbr.- og trn.

Ég vil einnig nefna nokkur önnur atriði sem eru svipaðs eðlis en eins og þegar hefur komið fram þá hefur hv. heilbr.- og trn. þegar byrjað að undirbúa sig undir það að fjalla um þetta frv. og eins og ég segi tel ég að vel geti komið til þess að samkomulag geti náðst um breytingar á þessu frv. í einhverjum atriðum án þess að þar verði um grundvallarbreytingar að ræða á þeirri stefnu sem mörkuð er í frv.

Ég vek athygli á því sem segir í 1. gr. frv. og það er reyndar til undirstrikunar þess sem ég lét getið í upphafi að verslun með lyf er ekki það sama og verslun með venjulegar vörur. Ég vek athygli á því sem segir í 1. gr. frv. að lyfjadreifing er hluti af heilbrigðisþjónustu. Þetta er sérstaklega undirstrikað í upphafi frv. í greininni um markmið og yfirstjórn. Þar segir jafnframt: „Starfsmenn lyfjadreifingar skulu vinna með öðrum aðilum heilbrigðisþjónustunnar að þeim heilbrigðismarkmiðum sem stefnt er að hverju sinni“, að sjálfsögðu í samræmi við þær reglur sem gilda um Evrópskt efnahagssvæði eftir að það hefur tekið gildi.

En ég ætlaði að víkja að nokkrum öðrum atriðum sem ég tel ástæðu til að drepa á og skýra sérstaklega. Það er ekki þannig með þessu frv. að gert sé ráð fyrir því að ríkið hefji samkeppni við einkaaðila á þessu sviði í stórfelldum stíl eins og hefur mátt skilja af ummælum einstakra aðila. Það sem um er að ræða að því er varðar apótekaþjónustu á sjúkrahúsum er að sjúkrahúsum verður gefinn kostur á því að afgreiða lyf, selja lyf, til sjúklinga sem eru að útskrifast og til göngudeildarsjúklinga. Með þessu er því verið að bjóða upp á þjónustu sem margir telja að hafi skort á til þessa en ég vil taka fram sem skoðun mína að ég tel sjálfsagt að sjúkrahús notfæri sér þá heimild sem um er að ræða í 34. gr. frv. og leiti útboða um slíkan rekstur og hagnýti sér þá sérþekkingu sem lyfsalar hafa í þessum efnum og það sé skynsamleg verkaskipting að bjóða slíka þjónustu út til þeirra sem hafa mesta reynslu á því sviði. Auk þess má gera ráð fyrir að það verði hagkvæmara en að taka með í reksturinn innan sjúkrahússins alla þá liði í rekstrarkostnaði sem ella þyrfti að gera því að sjálfsögðu liggur fyrir að í rekstri sjúkrahússapóteks sem stæði fyrir sölu til sjúklinga við útskrift þeirra eða göngudeildarsjúklinga þyrfti að taka með allan kostnað og aðgreina þann rekstur frá öðrum rekstri sjúkrahússins.

Ekki er heldur rétt að ætlunin með þessu frv. sé að gefa færi á því að heilsugæslustöðvar geti í stórum stíl, jafnvel í Reykjavík, farið að stunda lyfsölu í samkeppni við apótek. Hins vegar er sá möguleiki fyrir

hendi samkvæmt frv. að þar sem ekki fæst lyfsali til starfa á slíkum stöðum geti heilsugæslustöðin tekið að sér slíka þjónustu enda er það þá væntanlega það eina sem er praktískt í málinu, það eina sem skynsamlegt er að gera ef menn vilja hverfa frá þeirri skipan að annaðhvort læknar eða sveitarfélög eins og nú tíðkast sums staðar standi fyrir lyfsölunni. Ég hygg að menn séu almennt á því að sú skipan sé ekki eðlileg, a.m.k. ef aðrir möguleikar eru fyrir hendi, að læknar annist lyfsölu því að þar getur verið um að ræða beina hagsmunaárekstra eða þá að sveitarfélögin geri það. Heldur er þá sá möguleiki opinn að heilsugæslustöðvar á minni stöðum geti staðið fyrir þessari starfsemi. En auðvitað er þetta ekki aðalatriði þessa frv. vegna þess að um það er auðvitað ekki deilt að það á að reyna að tryggja hinum minni stöðum á landsbyggðinni viðunandi þjónustu á þessu sviði og það hefur verið gert með ýmsum praktískum lausnum til þessa eins og ég hef vikið að. Ekki er hugmyndin að hverfa frá því að mæta þörfum hinna minni staða í þessu tilliti. Ég vek athygli á því að gert er ráð fyrir því samkvæmt þessu frv. að lyfsalar geti rekið útibú, fleiri en eitt, í sveitarfélögum þar sem ekki er grundvöllur fyrir sjálfstæðri lyfjaverslun og tekin eru af tvímæli um það í frv. að þessi heimild sé fyrir hendi og að hér geti verið um að ræða fleiri en eitt útibú ef því er að skipta.

Hins vegar að því er varðar það atriði frv. sem mestar umræður hafa staðið um, þ.e. þá grein frv. sem gerir ráð fyrir auknu frelsi í lyfsölu, er um það að segja að það hefði mátt hugsa sér að fara aðrar leiðir í þessu efni, t.d. þá að hafa það ekki sem skilyrði að lyfjafræðingur stæði fyrir rekstrinum heldur gæti hvaða fyrirtæki sem væri fengið lyfsöluleyfi með því skilyrði einu saman að það hefði lyfjafræðing í þjónustu sinni. Sú leið er hins vegar ekki farin hér heldur er þetta bundið við lyfjafræðinga. Ekki geta aðrir fengið þessi lyfsöluleyfi en lyfjafræðingar sem uppfylla ákveðin skilyrði. Eflaust má færa rök fyrir því að rétt sé að ganga lengra í þessu efni. Ég tel hins vegar að hér sé farin skynsamleg millileið að þessu leyti þó að eflaust sýnist sitt hverjum um það atriði.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því í þessari grein að lyfjafræðingur sem starfrækir lyfsölu getur að sjálfsögðu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar ráðið því sjálfur í hvaða formi hann rekur fyrirtæki sitt. Í dag er það þannig að menn verða að reka apótek í eigin nafni sem einkafyrirtæki en samkvæmt þessu er það svo að kjósi apótekari eða lyfsali frekar að reka fyrirtæki sitt sem hlutafélag er ekkert sem stendur í vegi fyrir því ef viðkomandi aðili uppfyllir skilyrði hlutafélagalaga að öðru leyti. Kjósi hann að velja annað rekstrarform eru þeir möguleikar einnig fyrir hendi.

Hins vegar má jafnframt spyrja að því í sambandi við verðlagningu lyfjanna í kaflanum um það efni, sem er XIV. kafli frv., hvort eðlilegt sé að verðlagning lyfja, sem seld eru án lyfseðils, skuli vera frjáls og það skuli vera hámarksverð á öðrum lyfjum. Það mætti hugsa sér að það hámarksverk væri eingöngu það verð sem hið opinbera greiddi en að öðru leyti væri verðlagning á slíkum lyfjum einnig frjáls. Sú leið er hins vegar ekki farin í þessu frv. og þarna er sett inn hámarksverðlagsákvæði, m.a. til að tryggja jafnræði í lyfjakostnaði milli landshluta en einnig jafnframt vegna þess að mínum dómi að menn vilja ekki stíga of stór skref í einu í þessu efni. Við verðum auðvitað að gera okkur grein fyrir því að hér er verið að véla um afskaplega vandmeðfarin og viðkvæm svið þar sem ekki er aðstaða til að taka stór skref eða gera byltingarkenndar breytingar í einu vetfangi. Þess vegna er þessi leið valin að því er varðar lyfjaverðið að sett er ákveðið hámarksverð á lyfseðilskyldum lyfjum. Hins vegar kemur fram í grg. að telji menn sér kleift að selja undir því hámarksverði með því að lækka sína eigin álagningu þá getur að sjálfsögðu enginn bannað mönnum það.

Síðan eru tekin af tvímæli í eftirlitsákvæðum frv. um að Samkeppnisstofnun eigi að fylgjast með því að menn fari í einu og öllu eftir ákvæðum samkeppnislaganna í þessu efni.

Ég hef drepið á nokkur atriði sem ég tel að ástæða sé til þess að koma inn á. Ég vek athygli á því að Lyfjaeftirlit ríkisins mun hafa samkvæmt frv. þessu gríðarlega mikilvægt og umfangsmikið verk með höndum. Ég treysti því að þannig verði búið að Lyfjaeftirlitinu að það geti unnið störf sín þannig að það standi undir öllum þeim skuldbindingum sem á það eru lagðar og skyldum samkvæmt þessu frv. en vissulega mætti hugsa sér að draga eitthvað úr þeim kvöðum sem á þá stofnun eru lagðar í frv. með því að flytja yfir á aðra aðila. Til að mynda mætti hugsa sér að athugun á verðlagi lyfja í öðrum löndum flyttist yfir til lyfjagreiðslunefndar en ég tel það í sjálfu sér ekki stórmál hvorum megin hryggjar slíkt verkefni liggur, en það er hins vegar annað dæmi um mál sem ég tel rétt að fái faglega meðferð í heilbr.- og trn. og sé rætt við þá aðila sem þar koma við sögu eins og t.d. Lyfjaeftirlitið og lyfjanefnd ríkisins sem svo verður væntanlega kölluð.

Ég lét hér getið lyfjagreiðslunefndarinnar sem er nýtt fyrirbæri í þessum lagatexta, kemur að hluta til í staðinn fyrir núverandi lyfjaverðlagsnefnd. Í ákvæðum um þessa nefnd segir eingöngu að hana skipi fimm menn sem ráðherra velur til fjögurra ára en hins vegar taki fulltrúar samtaka lyfsala og samtaka lyfjaheildsala sæti í nefndinni þegar hún fjallar um hámarksverð á lyfjum. Þarna mætti hugsa sér að hafa fyllri ákvæði þó svo að þau séu ekki inni í frv. Ég beini því til nefndarinnar að kanna það hvort ástæða kunni að vera til þess.

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég einungis segja það að sú stefnumörkun, sem er að finna í frv., er í samræmi við ályktanir landsfundar Sjálfstfl. undanfarin ár, til að mynda ályktanir landsfundarins 1991 þar sem var farið ítarlega í saumana á þessum málaflokki. Þess vegna er alrangt að halda því fram að Sjálfstfl. hafi verið að beita sér gegn því að frv. kæmi fram. Við teljum að frv. sé í aðalatriðum í samræmi við stefnu flokksins eins og hún var samþykkt í þessum málum á síðasta landsfundi og þess vegna sé rétt að breyta lögum landsins í átt við það sem þetta frv. gerir ráð fyrir og í samræmi við þá stefnu sem þar er mörkuð. En

eins og ég sagði, ég reikna ekki með því að heilbrrh. geri ráð fyrir því að þetta frv. sé óbreytanlegt, það þurfi að fara óbreytt úr heilbr.- og trn. Ég vek þá sérstaklega athygli á ýmsum faglegum þáttum þessa máls sem ég hef drepið á. En hinni pólitísku stefnu varðandi grundvallaratriði málsins um að auka á frjálsræði í þessum málaflokki verður að sjálfsögðu ekki breytt og það er það sem er aðalatriði þessa frv.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eftir að hafa hlustað á ræðu hv. 8. þm. Reykv. Geirs H. Haarde áttar maður sig betur á hversu málið er afskaplega viðkvæmt í ríkisstjórninni. Maður sér að Sjálfstfl. er að hálfu leyti búinn að samþykkja þetta mál, það er nú ekki meira en svo. Markmið og tilgangur frv. er alveg klár í 1. gr. frv. Hv. þm. þarf ekki að koma og túlka þennan tilgang fyrir okkur enda verður ekki spurt að því þegar upp er staðið hvernig hv. þm. hafi túlkað tilgang og markmið þessara laga þegar þetta frv. verður orðið að lögum. Það kemur skýrt fram í lögunum komist frv. alla leið.

Staðreyndin er nefnilega sú og það kom mjög skýrt fram í umræðu í heilbr.- og trn. í morgun að með frv. getur ríkið í gegnum sjúkrahús og heilsugæslustöðvar verið í samkeppni við þá einstaklinga sem starfandi eru með apótek á stöðum hvort sem er úti um land eða í Reykjavík. Það er ekkert í frv., hv. þm., sem segir að fyrirkomulagið skuli vera annað í Reykjavík en úti á landi. Þegar samkeppnin er komin á fulla ferð þá munu heilsugæslustöðvar í Reykjavík eins og annars staðar vafalítið leita eftir því að veita skjólstæðingum sínum sem besta þjónustu m.a. með því að bjóða þeim upp á að geta fengið keypt lyf inni á heilsugæslustöðvunum með því að stjórnir heilsugæslustöðvanna taki lyfjafræðinga í þjónustu sína sem verði þeir aðilar sem séu með lyfsöluleyfið.

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að ég hafi skýrt nákvæmlega út í ræðu minni hver sé hugmyndin með þessum ákvæðum og hvað sé ekki hugmyndin með þessum ákvæðum. Hins vegar ef hv. þm. Finnur Ingólfsson telur að þarna sé verið að bjóða upp á óeðlilega samkeppni við einkaaðila og það sé sá galli á þessari frumvarpssmíð þá efast ég ekkert um að við náum saman um að breyta því og ég efast heldur ekkert um það að hæstv. heilbrrh. verður með okkur í því að koma í veg fyrir óeðlilega samkeppni ríkis og einkaaðila á þessu sviði, eða réttara sagt óeðlilega samkeppni ríkisins við einkaaðila á þessu sviði. Ég fagna því reyndar að hv. þm. Finnur Ingólfsson, þingmaður Framsfl., skuli nú bera fram sjónarmið þessi að ríkið eigi ekki að standa í óeðlilegri samkeppni við einkaaðila.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þar sem ég held að hv. 8. þm. Reykv. hafi jafnvel misskilið mig eða mína ræðu áðan vegna þess að ég tel það, hv. þm., að það komi vel til greina að til þess að hægt sé að koma á samkeppni í lyfsölunni geti verið nauðsynlegt að heilsugæslustöðvarnar sýni lyfsölunum ákveðna samkeppni. Aftur á móti ef sú regla á að gilda að það megi ekki gera á stöðum þar sem samkeppnin er til staðar eins og í Reykjavík þurfa menn auðvitað að taka það skýrt fram í frv. eða í lögunum ef á að lögfesta frv. Það er ekki gert og það er það sem ég benti á ræðu minni að ef það er einhver túlkun einstakra þingmanna Sjálfstfl. að þetta skuli vera með þessum hætti eða einhverjum öðrum þá þarf sú túlkun að koma fram í lögunum ef það á að halda þegar fram líða stundir.

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta eru svolítið furðulegar vangaveltur hjá hv. þm. vegna þess að ekki er ætlunin með þessu frv. að opna fyrir það að heilsugæslustöðvarnar stundi slíkan rekstur almennt séð. Þetta er undantekningarmöguleiki þar sem um er að ræða staði þar sem ekki fást aðrir til þess að taka að sér þessa þjónustu. Til þess að taka af öll tvímæli þá er ég til í það fyrir mitt leyti í samvinnu við hv. þm. að sjálfsögðu að taka hér af skarið ef þess þarf. Hins vegar held ég ekki að yfirmönnum eða stjórnum heilsugæslustöðva almennt, t.d. í Reykjavík, detti yfirleitt í hug að fara að leggja í kostnað sem því mundi fylgja að fara að setja upp slíkan rekstur þegar þjónustan á þessu sviði er jafngóð og hún reyndar er og á vonandi eftir að batna með ákvæðum þessa frv. þegar það kemur til framkvæmda í öðrum greinum þess.

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að koma upp og taka þátt í þessari umræðu til að fagna sérstaklega því að þetta frv. hefur verið lagt fram og vonandi áttar hv. 11. þm. Reykv. sig enn þá betur á því hvaða stöðu þetta frv. hefur meðal stjórnarliða að ræðu minni lokinni. Því er þó ekki að heilsa að ég sé hundrað prósent sammála öllu því sem fram kemur í frv. Þau atriði sem ég tel helst gagnrýniverð eru þess eðlis að þar tel ég ekki vera nógu langt gengið í átt til aukins frjálsræðis. Þá er þar fyrst til að nefna þar sem fjallað er um lyfsöluleyfi í 21. gr. að ég teldi skynsamlegra og betur til þess fallið að koma á virkri samkeppni og meiri möguleikar væru til þess að lækka dreifingarkostnað og þar með verðlag ef lyfsöluleyfið væri ekki bundið við lyfjafræðing heldur að það fyrirtæki eða einstaklingur sem hefði verslunarleyfið og stæði fyrir rekstrinum hefði leyfið en að svipuð skilyrði gilti um þá leyfisveitingu og gildir um lyfjaheildsölu og lyfjaframleiðslu og er um það fjallað í IX. kafla og XII. kafla frv. Ég vonast til þess að hv. nefnd taki þetta til athugunar þegar hún fjallar um frv. í þinginu. Hvað lyfjaverðlagninguna varðar tel ég að sé farin skynsamleg leið að þessu sinni að setja á hámarksverð en að opið sé fyrir þann möguleika að þeir sem hafa þá hagkvæmni í rekstri geti selt lyfin ódýrari og þannig geti notendur lyfjanna notið þess.

Ég tel hins vegar að það sé athugandi þegar fram líða stundir og við fáum meiri reynslu á það kerfi, sem

hér er lagt til, að þá verði athugað að hafa fullkomið frelsi á verði lyfja.

Í 34. gr. í XIII. kafla frv. er fjallað um lyfsölu sjúkrahúsa. Ég er sammála því sem þar kemur fram að nauðsynlegt sé að sjúkrahús geti selt lyf til þeirra sem njóta þar göngudeildarþjónustu og eru að útskrifast af sjúkrahúsunum. Það er til mikils hagræðis fyrir þá sem eru að útskrifast og göngudeildarþjónusta er þess eðlis að nauðsynlegt getur verið að sjúkrahúsin geti selt þeim sjúklingum lyf. Ég tel hins vegar að það ætti að ganga lengra en gert er í 3. mgr. 34. gr. þar sem talað er um það að stjórn sjúkrahúsa sé heimilt að leita útboða um rekstur sjúkrahússapóteks og að það ætti fremur að vera skylt að leita útboða um rekstur sjúkrahússapóteksins.

Ég er hins vegar ekki jafnbjartsýnn á meiningu og tilgang hv. 11. þm. Reykv. og hv. 8. þm. Reykv. var. Þau orð hans sem féllu hér finnast mér frekar benda til þess að hann mundi sjálfur ef hann fengi einhverju um það ráðið beita sér mjög fyrir auknum apótekarekstri sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva og jafnvel annarra heilbrigðisstofnana sem mundi tefla mjög í hættu þeirri samkeppni sem vonandi kæmist á með samþykkt þessa frv. og þeirri hagræðingu og lækkun lyfjaverðs sem við vonum að muni hljótast af því. Því hef ég trú á því að hæstv. heilbrrh. muni beita þessari grein á þann hátt að sjúkrahúsin leiti útboða þó svo að þeim sé það ekki skylt samkvæmt frv. og muni fara öðrum höndum um þennan rekstur en hv. 11. þm. Reykv. hefði gert.

Í 12. gr. er fjallað um neyðartilfelli þar sem lyfjafræðingum er heimilt að afhenda lyf í minnstu pakkningu án lyfseðils. Ég hef efasemdir um að þetta sé skynsamlegt og mér finnst að þau tilvik þar sem sjúklingur nær í lyfjafræðing en ekki í lækni í okkar nútímaþjóðfélagi ættu ekki að vera til. Ef svo illa skyldi vilja til að ekki næst í lækni þegar nauðsynlegt er en það næst í lyfjafræðinginn, hafa þá lyfjafræðingurinn og sjúklingurinn nægjanlega þekkingu til þess að ákvarða hugsanlega hvaða lyf eigi að nota og hins vegar að ákvarða hvernig eigi að nota það? Þá á ég við hvernig á að gefa lyfið inn, hugsanlega með því að dæla því í æð. Þetta held ég að nefndin þyrfti að hafa í huga þegar hún fer yfir þetta. Ég hef, eins og herra forseta er kannski kunnugt, meiri þekkingu á dýralyfjum en mannalyfjum og í huganum hef ég farið yfir hvaða tilfelli það gætu verið þar sem það væri réttlætanlegt að lyfsali seldi lyf vegna neyðartilfellis hjá sjúku dýri þar sem dýralæknir kæmi hvergi nærri og að gagn gæti verið af lyfjanotkuninni og ég get ekki séð hvaða tilfelli það ættu að vera. Hugsanlega eru þessi tilfelli til hvað varðar mannalyf en ef grein sem þessi á að vera í lögunum þá þarf hún að vera miklu mun betur útfærð en hún er og takmarkaðri. Ef þetta á að gilda jafnt um dýralyf og mannalyf þá held ég að eftirlitið með slíkri lyfjasölu til dýra ætti ekki að vera á hendi landlæknis heldur á hendi yfirdýralæknis því landlæknir hefur hvorki aðstæður né möguleika til þess að meta slíka lyfjagjöf í tilfellum minna sjúklinga, ef ég má svo að orði komast.

Í 42. gr. í XV. kafla er fjallað um lyfsölusjóð. Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum í þann kafla. Mér finnst hann vera óþarfur og úreltur á þeim tímum sem við lifum í dag og mætti því mín vegna falla algjörlega niður.

Að lokum, herra forseti, þar sem ég get ekki farið úr stólnum án þess að nefna aðeins það sem almennt er talað um dýralyf þá finnast mér þær breytingar sem ætlunin er að gera vera til bóta en hef þær einar athugasemdir við það að það gætu verið tilfelli sem varða dýr og dýralyf að svipaðar undanþágur mætti gera og fjallar um 28. gr. X. kafla um lyfjaútibú og ég bið hv. nefnd að skoða það í meðferð sinni á frv.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegir forseti. Það var nú nokkuð sérkennilegt að hlusta á tvo hv. þm. Sjálfstfl. sem gerðu sitt besta til að mæla með þessu frv. Ég verð reyndar að segja það að hv. 8. þm. Reykv. fór ákaflega varlega í sakirnar, hann taldi það hálfgerða nauðsyn hjá Sjálfstfl. að fylgja þessu frv. vegna þess að hér væri það aðalatriði að auka frjálsræði þó að frjálsræði sé ekki mikið í þessu. Það kemur helst fram í því að fjölga lyfsölustöðum eða lyfjabúðum. Hann fann það samt út að þarna væri eitthvert frjálsræði á ferðinni enda þótt hann viðurkenndi að við byggjum við mjög gott kerfi í dag þá væri nauðsynlegt að vera meðmæltur þessu frv. þess vegna. Ég segi bara „litlu verður Vöggur feginn".

Hins vegar kom hv. þm. Árni M. Mathiesen og taldi ekki nóg að gert í frjálsræðisátt og það skil ég vel miðað við hugsunarhátt hans því að hann er einn af þeim postulum hér sem heldur einna mest fram frjálshyggju í sinni stærstu mynd. Hann taldi að fullkomið frelsi yrði að ríkja í verði lyfja og skylt að leita útboða og þessar hugmyndir kannast maður við. En til hvers ætti það að leiða? Samkvæmt markmiðum frv. er verið að reyna að lækka lyfjaverð. En hvað sagði hv. þm. Árni Mathiesen um það? Hann vonar — ég endurtek — hann vonar að lækkun lyfjaverðs leiði af frv. Það kemur fram í máli hans eins og reyndar allra sem um þetta hafa fjallað og skrifað á síðustu vikum að ekkert í þessu frv. segir að það verði lækkun lyfjaverðs. Menn vona, það er leitast við, það gæti leitt af frv. o.s.frv., eru þær umsagnir sem fylgja frv. og umsagnir sem birst hafa í blaðagreinum.

Segja má að með því að leggja fram þetta frv. sé það orðið sýnt sem raunar hefur oft komið fram í umræðunum í þinginu að Alþfl. er orðinn heltekinn af frjálshyggjuhugsjón, orðinn kaþólskari en páfinn.

Markmið þessa frv. er eins og ég sagði áðan að ná að lækka verðið. Það skilur maður út af fyrir sig mjög vel því að í rekstri íslenska ríkisins er stór liður að greiða lyfjakostnað. Til þess að lækka verðið er auðvitað frjálsræðishugsjónin sú að auka samkeppni. En skyldi það nú vera skilyrði fyrir því að lækka verðið? Hæstv. heilbrrh. hefur verið að vinna að því, því verður ekki á móti mælt, frá því að hann tók sæti heilbr.- og trmrh. að lækka verð á lyfjum. Eins og oft hefur komið fram í umræðum þá hefur hann gefið út a.m.k. fimm reglugerðir um lyfjamálin á undanförnum mán-

uðum. Það er spurning hvort ekki hefði verið hægt að leita frekari lækkunar á lyfjaverði með þeim lögum sem við búum við í dag. Það er spurning hvort það þurfi ný lög til að ná niður lækkun lyfjakostnaðar. Mér sýnist að í frv. sé trúin á samkeppnina, trúin á frelsið þó takmarkað sé mjög í þessu frv., sem gerir það að verkum að menn halda að það leiði til lækkunar á lyfjaverði.

Í framsöguræðu hæstv. ráðherra í gær kom fram að minni lyfjanotkunar og sparnaðar hafi orðið vart í þremur mánuðum 1991, þ.e. júlí, ágúst og september í kjölfar nýrrar lyfjagreiðslureglugerðar. Hverjar voru þá ástæður sparnaðarins? Það rekur hæstv. ráðherra einnig hér. Hann segir, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi minni lyfjanotkun, í öðru lagi ávísun á ódýrari lyf og í þriðja lagi aukin þátttaka sjúklinga í lyfjakostnaði."

Skoðum þær ástæður sem hafa orðið til þess að lækka lyfjakostnað og byrjum á fyrsta liðnum, minni lyfjanotkun. Hún hefur af sjálfsögðu leitt af því að hlutur sjúklinga varð meiri og trúlega hefur heilsufarsástand landsmanna líka verið nokkuð gott í júlí, ágúst og september. En það er spurning hvort þetta frv. muni verða til þess að það verði minni lyfjanotkun. Ég get ekki séð að það sé markmið frv. Að auka samkeppni hlýtur að vera til að auka veltu, til að lækka verðið og þar af leiðandi til að fleiri kaupi vöruna. En er markmið heilbrigðisþjónustunnar að fleiri kaupi lyf? Mér sýnist þetta stangast á.

Í öðru lagi voru ástæður sparnaðarins að dómi heilbrrh. ávísun á ódýrari lyf. Vissulega hefði verið hægt að halda því áfram með því að þróa áfram þær aðferðir sem notaðar hafa verið í sambandi við svokallaða bestukaupalista. En það er ekkert sérstaklega nauðsynlegt að breyta lögum um lyfjamál þess vegna. Það er hægt innan núverandi kerfis.

Í þriðja lagi aukin þátttaka sjúklinga í lyfjakostnaði. Eins og ég sagði áðan hefur hæstv. heilbr.- og trmrh. á síðustu mánuðum getað lagt fram fimm reglugerðir um ýmsar breytingar á kostnaðarþátttöku sjúklinga og ekki var nokkur nauðsyn til að breyta lyfjalögunum til þess að breyta kostnaðarþátttöku sjúklinga. Það er stefna ríkisstjórnarinnar og þeir koma henni fram án þess að breyta lyfjalögum.

Þetta sem náðist fram á sl. ári og gerði það að verkum að lyfjakostnaður lækkaði á þremur mánuðum, júlí, ágúst og september 1991, allar þær ástæður sem hæstv. ráðherra tilgreinir þar. Til að ná þeim markmiðum þarf ekki lagabreytingu.

Hæstv. ráðherra ræðir oft um það í umræðum um heilbrigðisþjónustuna hvers vegna lyfjaverð sé svo hátt hér á landi. Samkvæmt þessu frv., sem hér er lagt fram, telur hann það vera vegna þess að ekki séu nógu margar lyfjabúðir, samkeppni sé ekki nógu mikil. En hvernig hefur reynslan verið hjá öðrum þjóðum sem hafa reynt að hafa lyfjaverð frjálst? Það er nærtækt að skoða Bandaríkin. Þar er lyfjaverð algerlega frjálst. Þar hefur lyfjaverð hækkað langt umfram verðbólgustigið í landinu. Á Íslandi er þetta þveröfugt. Þar hefur lyfjaverðsvísitala, ef við getum kallað það svo, verið undir framfærsluvísitölu og lánskjaravísitölu. Þetta sannar því ekki að frjálst verð lækki lyfjaverð. Í grein eftir Böðvar Jónsson í Morgunblaðinu fimmtudaginn 8. apríl sl., segir hann og vitnar í lokaverkefni Hrannars Erlingssonar, með leyfi forseta:

„Niðurstaðan var ótvíræð. Aukið frelsi í smásölu lyfja við núverandi aðstæður er afar óæskileg. Ástæður þess eru fjölmargar en nefna má þætti eins og aukinn kostnað, hættu á aukinni neyslu, mismunun milli landsbyggðarfólks og höfuðborgarbúa og svo mætti lengi telja."

Ég verð að segja að með þessu frv. sýnist mér að farið sé að fjalla mikið um aukaatriði. Ekki er verið að vinna rétt að því að ná niður verði á lyfjum, verið er að horfa á það að frjálsræðið og samkeppnin hljóti að skila lækkun lyfjaverðs og það verður markmiðið. Að auka frjálsræðið, fjölga lyfjabúðum og auka samkeppni að þeirra áliti.

Margir hafa látið í sér heyra síðan fyrst var byrjað að ræða um þetta nýja lyfsölukerfi. Því hefur verið haldið fram að fyrst og fremst apótekarar sjái hagsmunum sínum ógnað, þeir græði ekki eins mikið ef þetta verður að veruleika. Vel má vera að einhver hræðsla sé þar. Þó hef ég ekki trú á að þeim gangi það eitt til því að ekki græða allir apótekarar á sinni sölu. Við skulum heldur ekki gleyma því að þó þeir hafi haft af þessu góðar tekjur þá hafa þeir líka víða í sveitarfélögum og ég þekki dæmi um það, verið skattkóngar umdæmanna. Þeir hafa greitt skatta af þessum góðu tekjum sem sumir þeirra hafa haft. Þurfi samfélagið að ná í meira af þessum tagnaði þá er ósköp einfalt að leggja á hátekjuskatta. En Sjálfstfl. er ekki tilbúinn í að leggja á hátekjuskatta í miklum mæli. Ég sé að hv. þm. Árni M. Mathiesen brosir, hann er sennilega sammála þessu.

Fleiri hafa látið í sér heyra en apótekarar. Það hefur verið leitað álits hjá ýmsum þeim sem þekkja þessi mál mjög vel. E.t.v. má segja niðurstöðu margra þeirra í stuttu máli með þessum orðum: Í þessu nýja lyfsölukerfi verður sú breyting að fjöldi lyfsala verður ótakmarkaður. Það er líka staðreynd að innflytjendum lyfja hefur fækkað og raunar innlendum lyfjaframleiðendum vegna þess að það er tilhneiging til að það fari í færri og stærri fyrirtæki. Í dag stefnir t.d. í sölu Lyfjaverslunar ríkisins, en frv. um það sáum við fyrir nokkrum dögum. Það stefnir í einokun hér á landi hvað varðar lyfjaframleiðslu. Kannski verða í mesta lagi tvö stór fyrirtæki og kannski ekki einu sinni tvö, kannski kaupir annað hitt upp eða þau sameinast. Þeir telja margir sem um þetta fjalla engar líkur á því að verð lyfja muni lækka. Þau verða auðvitað misdýr þó hámarksverð sé sett á þau og þau hljóta að verða dýrari úti á landsbyggðinni þegar engin jöfnun eða föst verðskrá er til því að verðjöfnun mun hverfa. (**Heilbrrh.:** Það er engin verðjöfnun á lyfjum núna.) Það er föst verðskrá, virðulegi ráðherra. Enginn hagnaður er fyrir seljanda að lækka verð. Kaupandinn ræður heldur engu um það hvaða lyf hann kaupir. Hann kaupir þau lyf sem læknirinn ávísar á fyrir hann. Einnig má benda á það þó ég sé nú ekki að mæla með að við breytum

hér okkar kerfi yfir í það sem er í Svíþjóð þar sem er ríkiseinkafyrirtæki í lyfsölu. En kannski væri það jafnvel vænlegri lausn. Þar er lyfjaverð 30–40% lægra en hér.

Í síðasta lagi. Hingað til hefur apótekurum verið gert það að skyldu að kaupa eignir fyrrverandi apóteka þar sem þeir byrja að starfa. Þetta hefur verið gert samkvæmt lögum og ekki er enn þá séð fyrir endan á því hvernig ríkið ætlar að standa við skuldbindingar gagnvart núverandi lyfsölum. Eða hefur ríkið engar skuldbindingar í því sambandi? Ég mundi vilja spyrja hæstv. ráðherra að því? Hefur hann skoðað það mál til botns hvort ekki geti komið upp að lyfsalar eða apótekarar eigi kröfu á ríkið vegna þess að þeir glata þeim verðmætum sem í dag eru fólgin í lager og húsnæði sem þeir hafa keypt eða útbúið sér vegna þess að þeir eru skyldugur til þess? Þetta frv. getur leitt til lækkunar á lyfjaverði í Reykjavík, það er hugsanlegt, með mikilli fjölgun á lyfsölu. En það mun ekki leiða til lækkunar á lyfjaverði úti á landsbyggðinni, það er útilokað. Það er auðvitað eins og annað í þeim dúr sem hæstv. ríkisstjórnin hefur stundað því hún hefur ekki verið að vinna að jöfnun milli landshluta.

Í einni grein frv. er rætt um að nú skuli dýralæknar fá að afgreiða lyf sem héraðsdýralæknar hafa áður haft einkaleyfi á að gera. Það er í sjálfu sér ágætt mál. Ég get ekki séð neitt athugavert við það að dýralæknar eins og héraðsdýralæknar fái að afgreiða lyf vegna sjúklinga sinna. En jafnframt er bannað í þessu frv. að læknar geti stofnsett lyfsölur og það er talið að það sé mjög greinilega tekið fram að læknar eigi ekki að reka apótek. En skyldi nú vera alveg víst að það náist? Við höfum heyrt að það eigi að fara að setja á stofn, ef frv. verður að lögum, fleiri lyfsölur t.d. í læknamiðstöðinni Domus Medica. Auðvitað verður lyfjafræðingur að sækja um leyfi til að reka þar lyfsölu en tæplega stendur hann nú einn að því. Læknarnir sjálfir mega ekki stofna lyfsölu með honum en þeir eiga maka og börn og tengdabörn og ekki er nokkur einasti vandi að láta þá aðila standa að því að reka lyfsölu. Því verður ekki mikill vandi að fara fram hjá því að læknarnir geti sjálfir rekið lyfsölu í því sama húsnæði sem þeir eru með mikla starfsemi. Hver er þá kominn til með að segja að þeir muni ávísa á ódýrari lyf? Það hlýtur að vera þeim hagstætt að ávísa á dýrari lyf.

Ég held að það sem hefði þurft að nást fram til að reyna að lækka lyfjakostnað í landinu hefði verið að gera meira í að efla kostnaðarvitund lækna, ekki kostnaðarvitund sjúklinga. Því að sjúklingarnir, eins og ég sagði áðan, ráða ósköp litlu um það hvaða lyf þeir þurfa að kaupa. Ef barnið þitt er veikt þá spyrð þú ekki að því hvað lyfið kostar sem er á lyfseðlinum. Þú ferð ekki í fullt af lyfjaverslunum til að leyta að ódýrara verðinu ef barnið er heima veikt og þig vantar lyf. Þú ferð bara í fyrstu verslunina og leysir það út ef þú hefur efni á því. En þú spáir ekkert í það hvað það er, hvort það er ódýrasta lyfið eða hvort þú ferð í ódýrustu verslunina. Ég held því að samkeppnin til að lækka lyf með þessu frv. skili sér ekki alveg.

Þá má einnig geta þess að í Vestur-Þýskalandi eru mörg apótek, mörg og smá, eins og líklega er fyrirhugað að hér verði. Það veldur því að þau þurfa að fá lyf send frá heildsölum a.m.k. fjórum sinnum á dag. Skyldi þetta ekki vera ákaflega ódýrt í Þýskalandi? Nei, reyndar ekki. Lyfjaneyslan er þar enn þá meiri en á Íslandi. Lyfjaneysla Vestur-Þjóðverja er tvöföld á við Íslendinga og lyfjaverðið með allri samkeppninni og mörgu og smáu apótekunum er það hæsta í Evrópu. Þar af leiðandi er auðvitað kostnaður þýsku tryggingganna í samræmi við það. Staðreyndin er sú að smásala lyfja er hvergi frjáls í Evrópu. Hún er það í Bandaríkjunum og ég rakti það áðan hvaða áhrif það hefur haft. Víðast hvar eru ákvæði um fólksfjölda á bak við hverja lyfjabúð, fjarlægð á milli þeirra og sama verð innan sama ríkis o.s.frv.

Reyndar má rekja það að í Grikklandi voru til skamms tíma í gildi reglur sem heimuluðu öllum lyfjafræðingum þar í landi að setja á stofn apótek. Hverjar urðu afleiðingarnar? Apótekum fjölgaði að sjálfsögðu á 25 árum úr 1.400 í 7.500. Þetta olli auðvitað miklum vandræðum í lyfsölumálum Grikkja. Nú hafa þeir sett lög þar sem eru ákvæði um lágmarksíbúafjölda að baki hverju apóteki og einnig reglur um fjarlægð á milli þeirra. Á Íslandi boða yfirvöldin hins vegar að nú skuli þar upptekið einmitt það sama lyfsölufyrirkomulag sem kom Grikkjum hvað verst en eins og ég sagði hafa Grikkir nú aflagt það.

Nokkuð er um það í athugasemdum með þessu frv. að fullyrt sé að þetta þurfi að gerast vegna EES. Það sé alveg nauðsynlegt að breyta því vegna þeirra laga um EES sem hér hafa verið samþykkt ef það svæði verður að veruleika. Hins vegar er það ekki alveg rétt vegna þess að búið er að leggja hér fram frv. sem taka á því sem þarf að breyta í sambandi við lyfjalög vegna EES. Engin þörf er á að breyta öllu því sem hér er verið að gera bara til að koma til móts við EES-samninginn. Það er alger firra að halda því fram.

Það væri hægt að halda áfram endalaust að ræða um þá stóru galla sem eru á þessu frv. Ég ætla ekki að halda því fram að engir kostir finnist í því. Eins og ég sagði áðan þá tel ég að ákvæðin um dýralækna geti orðið til bóta. En vert væri að skoða ýmsar greinar í frv. ofurlítið nánar.

Ég vildi spyrja hér um 42. gr. sem raunar fór svolítið fyrir brjóstið á hv. þm. Árna Mathiesen, það er um lyfsölusjóð. Þar segir: „Starfrækja skal lyfsölusjóð til eflingar lyfjadreifingu í dreifbýli.“ Það er vissulega ágætt ef einhvers staðar á að vera hægt að koma á einhverri jöfnun e.t.v. í sambandi við eða aðstoð við það að lyfjadreifing í dreifbýli leggist ekki alveg niður. Um þessa grein segir í athugasemdum:

„Þá er gert ráð fyrir að sjóðurinn hafi aðeins hlutverki að gegna fram til 1. júlí 1995 ...“ Það er nú ekki verið að gera ráð fyrir því að þessi sjóður starfi neitt mjög lengi og ég mundi vilja spyrja hæstv. ráðherra að því hvort talið er að hann muni hafa skilað sínu hlutverki 1. júlí árið 1995, það sé þá búið að koma öllu þessu breytta fyrirkomulagi á og sjóðurinn hafi ekki hlutverk eftir það. Hins vegar á að skipa þrjá menn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára þannig að þetta stang-

ast nú nokkuð á, en e.t.v. hefur hæstv. ráðherra skýringar á þessu.

Ég ætla aðeins að nefna hér helstu nýmæli frv. Það er aukið frelsi til að setja á stofn lyfjabúðir. Ég hef nokkuð rakið það hér að ég tel ekki að það frelsi muni leiða til þess að verðið lækki eða þjónustan batni, síður en svo.

Annað nýmæli frv. er aukið frelsi í verðlagningu lyfja eins og hér stendur og er nokkuð dæmigert fyrir athugasemdir með frv. „Aukið frelsi í verðlagningu lyfja, sem ef að líkum lætur mun hafa áhrif til aukinnar samkeppni og lækkunar lyfjaverðs," ef að líkum lætur og þetta kemur einnig fram í umsögn fjmrn., fjárlagaskrifstofunnar, um þetta frv. því að þar segir:

„Að öllum samanlögðu mun frv. að líkindum lækka lyfjakostnað ríkisins." En svo kemur einnig: „Á móti kemur að aukið aðgengi að lyfjum mun að líkindum auka lyfjaneyslu."

Þetta segir meira að segja fjmrn.

Þá er hér þriðja atriðið í nýmælunum að breytingar verði á reglum um auglýsingar lyfja. Það verður heimilt að auglýsa lausasölulyf en reglur um auglýsingar annarra lyfja eru hertar og lyfjabúðir fá hemild til að auglýsa verð og þjónustu. Það er nærtækt að spyrja: Til hvers eru auglýsingar? Auglýsingar eru auðvitað til þess að skapa þörf til þess að þeir sem hlusta á þær hugsi nú sem svo: Já, ég þarf nú endilega að ná mér í þetta, og eins og hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir gat um hér áðan, þá geta menn farið að auglýsa það að þeir hafi nú verkjalyf í hverri búð, það sé opið til kl. 11 o.s.frv. þannig að breytingar á reglum um auglýsingar hljóta að leiða til meiri notkunar. Og ekki er það markmiðið með frv. eða hvað.

Sjúkrahúsaapótek, er fjórði liðurinn hér, sem geta annast afgreiðslu lyfja til sjúklinga sem útskrifast og göngudeildarsjúklinga. Ég held aftur á móti að það geti verið gott mál svo langt sem það nær. Maður hefur oft þekkt dæmi þess að sjúklingar illa haldnir eru að koma út af sjúkrahúsi og fá lyfseðil og þurfa þá e.t.v. að fara langar leiðir til þess að ná í þau lyf eða fá einhvern af ættingjum eða vinum sem kannski eru allir í vinnu til þess að sækja þessi lyf fyrir sig þannig að með ákveðnum takmörkunum held ég að sjúkrahúsaapótek sem geti annast afgreiðslu lyfja geti verið til bóta. Hins vegar má það ekki vera það mikið að það sé í samkeppni við þá lyfjasölu sem er á staðnum og þá er ég að tala um apótekin sem verða að afgreiða þau lyf sem beðið er um og verða að hafa þann lager sem til er ætlast.

Svo í síðasta lagi hér, það verður skipuð lyfjagreiðslunefnd. Það er eitt af nýmælum frv. og hún fær það verkefni að ákveða hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum, dýralyfjum og þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði. Og það er von að Sjálfstfl. spyrji: Hvar er allt frelsið? Það er nú reyndar ekki meira en þetta í verðlagningunni.

Ég ætla að öðru leyti ekki að fara í sérstakar einstakar greinar. Ég tel að lyfjakostnaður hér sé ekki miklu hærri en eðlilegt er miðað við staðsetningu landsins og fámenni og ég hef enga trú á því að þetta frv. í frjálsræðisátt, eins og það er orðað, og með því að auka samkeppni muni skila því að lyfjaverðið lækki. Það hlýtur að auka kostnaðinn, auka fjárfestinguna, fjölga búðunum og þar með verður það ekki til þess að lækka lyfjakostnað.

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Frú forseti. Lyf eru auðvitað ekki eins og hver önnur verslunarvara eins og fram hefur komið í umræðunum en þegar búið er að gefa út lyfjaávísun, þá eigum við að beita þeim tækjum sem möguleg eru til þess að fá lyfið gegn lyfjaávísuninni á sem hagstæðustu verði. Og þau tæki sem við höfum best í þessu sambandi eru hinn frjálsi markaður og við eigum að beita honum. En hann er með þeim ósköpum gerður að við getum ekki sagt fyrir um það með fullri vissu hvernig hann mun hegða sér og þess vegna segist ég vona að frv. hæstv. heilbrrh. ef það verður að lögum muni leiða til lægra lyfjaverðs. Það er óþarfi fyrir hv. 6. þm. Vestf. að hæðast að mér fyrir að haga orðum mínum á þennan hátt.

Samkeppni þýðir ekki endilega að það séu fleiri en eru núna á markaðnum í dag sem muni vera þar í framtíðinni. Það getur verið samkeppni milli þeirra sem þar eru fyrir í dag og aðrir telji sér ekki hag í því að koma inn í þá samkeppni. Það er ekki endilega víst að það muni fleiri kaupa lyf þó að aðgengið sé meira. Það er hugsanlegt að það verði um hin svokölluðu lausasölulyf sem ekki eru lyfseðilsskyld eða fólk vilji eyða peningum sínum frekar í þau heldur en eitthvað annað. En hvað varðar lyfseðilsskyldu lyfin, þá eru það læknarnir sem eiga að ávísa á þessi lyf og eiga að halda aftur af óhóflegri notkun þeirra.

Hér á landi höfum við, virðulegi forseti, reynt að hafa skatta almenna. Við höfum ekki sett skatta á tilteknar stéttir. En ef hv. 6. þm. Vestf. vill leggja sérstakan skatt á apótekara, þá er eins víst að sá skattur verði kenndur við hv. þm. Jónu Valgerði.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því að það yrði lagður hátekjuskattur á þá apótekara sem kannski hafa nokkrar milljónir, 5 millj. kannski, við getum nefnt það, eða meira í árstekjur, þó að sá skattur yrði kenndur við mig. Ég mundi alveg örugglega standa undir því. En við verðum náttúrlega ekki sammála um það hvernig eigi að ná niður lyfjaverði, við hv. þm. Árni Mathiesen. Hann trúir á það að samkeppnin muni ná niður verðinu. Ég trúi engan veginn á það, ég hef sýnt fram á með rökum hér á undan að það getur tæplega gerst. Ég get auðvitað ekki fullyrt það, ekki frekar en hann getur fullyrt að samkeppnin og frjálsræðið muni hugsanlega leiða til lækkunar á verði.

Það er líka svolítið einkennilegt þegar hann svarar því til að það muni jafnvel ekki verða neitt fleiri verslanir? Til hvers þá? Ég bara spyr.

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Frú forseti. Til hvers þá? spyr hv. þm. Jóna Val-

gerður. Hún sagði sjálf í sinni ræðu að hugsanlega mundi lyfjaverð lækka á þéttbýlissvæðunum. Og þá vísa ég til þeirrar greinar í frv. um að það megi selja lyf lægra verði en það hámarksverð sem lyfjaverðlagsnefnd mun væntanlega ákvarða. Og þá spyr ég hv. þm.: Af hverju mega íbúar þéttbýlissvæðanna ekki njóta þess þá að lyfjaverð gæti hugsanlega lækkað á þeim svæðum, ef það þýðir ekki hærra verð fyrir aðra landsmenn?

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Jú, ég sagði það að það mundi hugsanlega lækka á höfuðborgarsvæðinu. En ég held þó ekki að til lengra tíma litið muni það lækka. Það gæti hugsanlega orðið það fyrst en til lengri tíma litið, þá mun það ekki lækka verðið vegna þess að það verður til þess að auka fjárfestingu. Og við höfum horft upp á það hér hvernig atvinnugreinar fara, sem auka fjárfestingu sína og hafa ekki á bak við sig nægilega veltu. Það hlýtur hv. þm. að vera mér sammála um.

En að öðru leyti held ég að þó svo að íbúar höfuðborgarsvæðisins nytu þess á einhvern hátt, þá yrði það ekki til lengri tíma. Og það sýnir enn og aftur að sú ríkisstjórn sem hér situr og annar aðalflokkur hennar sem kennir sig við jafnaðarmennsku, meinar í raun og veru ekkert með því, hann vill engan jöfnuð.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Eftir þessu frv. til lyfjalaga sem hér er til umfjöllunar hefur verið beðið með nokkurri óþreyju og einnig líka nokkurri eftirvæntingu því að allt síðan í júní 1991 hefur hæstv. heilbr.- og trmrh. lýst því yfir að þetta frv. væri væntanlegt alveg á næstu dögum. Þegar það hins vegar kemur hér fram ... (**Heilbrrh:** Það er ekki frá júní 1991.) Frá júní 1991 minnist ég þess úr viðtali við hæstv. ráðherra að hann lýsti því yfir að það yrði eitt af þeim fyrstu verkum sem hann mundi beita sér fyrir á sviði lyfjamála að fá fram breytingar á því fyrirkomulagi sem nú væri við lýði. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að það var ekki hægt að koma því þá strax í framkvæmd því að þá sat þing ekki þannig að hæstv. ráðherra hefur vafalaust átt þá við að hann ætlaði að leggja það fyrir á haustþinginu 1991. (**Heilbrrh.:** Það var gert. Hlutfallsgreiðslukerfið.) Það var ekki heildarendurskoðun á lögunum.

Þá kem ég að því sem ég ætlaði lítillega að minnast á. Menn hafa hins vegar verið að gera ýmislegt á sviði lyfjamála í heilbr.- og trmrn. á undanförnum árum og undanförnum mánuðum. Fimm reglugerðarbreytingar á einni og sömu reglugerðinni hafa verið gerðar frá því í júní eða um mitt ár 1991 og engin af þessum reglugerðarbreytingum hefur reyndar fengið að sanna gildi sitt þannig að það er allsendis óljóst hvað menn voru að gera á þeim tíma. Það er líka allsendis óljóst hver tilgangurinn var með öllum þessum reglugerðarbreytingum. Þegar menn hins vegar velta því fyrir sér hvernig á að lækka lyfjakostnaðinn og þá á ég við það, hvernig ætla menn að lækka þau útgjöld er Tryggingastofnun ríkisins verður fyrir vegna lyfjaútgjalda og þá koma einkum þrjár leiðir til greina:

1. Að geta lækkað innkaupsverð lyfjanna í landinu.
2. Að breyta og einfalda lyfjadreifingarkerfið sem við lýði er og þá um leið hafa áhrif á það hver álagningin á lyf er.
3. Þá er það ákvörðunaratriði hver á að vera kostnaðarþátttaka einstaklingsins í lyfjakostnaðinum í heild sinni.

Þessi fyrstu tvö atriði, þ.e. innkaupsverðið og svo hitt, það hvernig lyfjadreifingakerfið er, þær hugmyndir eru núna kynntar í þessu frv. Ríkisstjórnin hefur hins vegar sjálf kynnt það á undanförnum mánuðum og missirum hvaða leiðir hún hefur viljað fara í kostnaðarþátttöku einstaklinganna. Kostnaðarþátttaka einstaklinganna í lyfjakostnaðinum hefur verið hækkuð úr 18% frá miðju ári 1991 upp í 32% tæp eins og hún mun verða á árinu 1993 eða með öðrum orðum með þessum hætti er búið að leggja á hundruð millj. kr. álögur á sjúklinga. Nú kemur fram frv. sem gerir ráð fyrir því að breyta skipulagi lyfjamálanna. Ég fagna því að því leyti til að hér er gerð tilraun til breytinga. En það er með þetta frv. eins og margt annað sem kemur frá ríkisstjórninni, að það er langt frá því að vera algerlega fullkomið. Því hafa þeir þingmenn sem hér hafa talað á undan mér lýst nákvæmlega ýmsum þeim breytingum sem gera þarf á frv. Hv. 8. þm. Reykv., formaður þingflokks Sjálfstfl., hefur lýst því hér að hann telji nauðsynlegt að gera ýmsar breytingar á frumvarpinu í hv. heilbr.- og trn. Undir það tek ég, þó svo að í frumvarpinu sé margt sem mér finnst vera athygli vert og rétt að gefa gaum. Menn geta almennt sameinast um það markmið að lækka lyfjakostnaðinn. Hins vegar er spurningin: Hvaða leiðir ætla menn að fara í þeim efnum? Er leið samkeppninnar vænleg? Hún er það að mínu viti að vissu leyti. En það sem skiptir höfuðmáli í þessum efnum er hvort okkur tekst að lækka inkaupsverð lyfjanna í landið. Takist okkur það þá tekst okkur að draga úr lyfjakostnaðinum.

Umræða um þetta frumvarp hefur reyndar staðið lengi, bæði hér innan þings og utan, þrátt fyrir og meira að segja á meðan frumvarpið var alls ekki komið hér inn og hafði ekki verið lagt fyrir Alþingi. Ýmsar yfirlýsingar hafa verið gefnar, bæði af stjórnarsinnum og stjórnarandstæðum, um efni frumvarpsins. Á það ber hins vegar að líta að það lá alls ekki fyrir hvert efnisinnihald þess yrði. Ég hélt satt að segja að frumvarpið gerði ráð fyrir örlítið meiri breytingum en þarna er um að ræða og örlítið öðruvísi breytingum en raun er á, eins og þær liggja hér fyrir í frumvarpinu. Ég lýsti því yfir í upphafi að ég styddi breytingar í frjálsræðisátt og breytingar á lyfjainnkaupum í landið, einföldun á því kerfi sem við búum við. Við 7 eða 8 þingmenn Framsfl. höfum lagt fyrir þingið frumvarp til lyfjalaga, sem er 15. mál þingsins, og er um margt gerir ráð fyrir svipuðum breytingum og hér er um að ræða, þó eru þær að mörgu leyti líka mjög ólíkar.

Við gerðum t.d. ráð fyrir því í því frumvarpi að þetta bákn sem búið er að byggja upp í kringum lyfja-

málin í landinu yrði að mestu leyti lagt af. Lyfsölusjóður, hann yrði lagður niður. Það er reyndar gert ráð fyrir því í þessu frv. að hann verði lagður niður árið 1995. Lyfjaeftirlit ríkisins yrði lagt niður. Lyfjaverðlagsnefnd yrði lögð niður. Í staðinn fyrir þetta kæmi lyfjamálastjóri, sem starfandi væri sem ráðgjafi heilbrrh. og við heilbrrn.

Nú kann mönnum að sýnast sitt hvað í þessum efnum, að það væri nú ekki skynsamlegt að leggja allar þessar nefndir og ráð niður sem þarna er um að ræða. Þeim væri fengið þetta hlutverk. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að allar þessar nefndir og ráð séu starfandi áfram undir öðrum formerkjum. Lyfjaverðlagsnefndin er ekki lögð niður en það er breytt um nafn á henni og hún er kölluð lyfjagreiðslunefnd. Hefur að mörgu leyti mjög svipað hlutverk, þó örlítið víðtækara, sem ég tel varasamt og kem inn á síðar.

En til viðbótar þessu bákni sem þarna var búið að byggja upp er lyfjamálastjóranum í heilbrrn. bætt við. Öll þau verk sem eru á verksviði þessara nefnda og ráða, sem ég hef hérna lýst, geta öll og eiga öll að vera inni í ráðuneytinu vegna þess að frumvarpið gerir ráð fyrir — og það gerði reyndar einnig frumvarp okkar framsóknarmanna — mjög víðtækum heimildum fyrir heilbr.- og trmrh. til að stjórna lyfjamálunum í landinu. Og þegar menn tala um valddreifingu í þeim efnum þá er þetta frv. náttúrlega ekki til neinnar valddreifingar. Þetta frv. er til mjög mikillar miðstýringar, þar sem allar ákvarðanir og allt vald um útgáfu á lyfjaleyfum, starfsleyfum og öðru slíku er fært í hendur eins manns, heilbr.- og trmrh.

Ég er ekki að gagnrýna þetta. Af því ég veit að hæstv. heilbr.- og trmrh. er ekki hörundsár maður þá má hann ekki taka það svo að þetta sé gagnrýni. Ég vil hins vegar benda á þetta vegna þess að lyfjaverslunin í landinu lýtur svolítið öðrum lögmálum en önnur verslun. Hún er miklu nær því að flokkast undir verslun með áfengi og tóbak. Þess vegna þurfa afskipti heilbrigðisyfirvalda að vera meiri af þessum málaflokki en gengur og gerist. Menn mega ekki blekkja sig með því í umræðunni að hér sé um eitthvert óskaplegt frjálsræði að ræða, svo mikla valddreifingu. Nei, það er ekki það sem er á ferðinni. Það er um stóraukna miðstýringu, þetta frumvarp gerir ráð fyrir stóraukinni miðstýringu. Og í raun um leið og það gerir ráð fyrir þessari auknu miðstýringu, hún lýsir sér í því að á öllum sviðum er verið að ganga eftir því að ýmiss konar gjöld séu greidd fyrir leyfi og þar fram eftir götunum, sem í flestum tilfellum fjmrh. á að ákveða hvert verð viðkomandi leyfa verði. Með þessu er auðvitað verið að ýta undir að verð lyfja geti hugsanlega hækkað.

En þessi þrjú atriði sem ég minntist á hafa afgerandi áhrif á það hvort okkur takist að lækka lyfjakostnaðinn eða ekki, þ.e. innkaupsverðið, lyfjadreifingakerfið og kostnaðarþátttaka einstaklinganna. Ég ætla að ganga út frá þessum tveimur fyrstu þáttum, þ.e. innflutningsverðinu og svo hins vegar lyfjadreifingarfyrirkomulaginu og verðlagningunni.

Ég byrjaði á því að líta á þann kafla í þessu frv. er snýr að innflutningi og dreifingu lyfja, sem er 11. kafli, eða innflutningur og heildsala lyfja. Þá varð ég að vissu leyti fyrir nokkrum vonbrigðum. Og sérstaklega þegar ég las síðustu setningarnar í umsögn fjmrn. um þetta frumvarp þar sem segir svo, með leyfi forseta: „Að öllu samanlögðu mun frumvarpið að líkindum lækka lyfjakostnað ríkisins og helst að vænta árangurs í innflutningsverði og í innkaupum sjúkrastofnana."

Ég er sannfærður um það að hægt er að ná verulegum sparnaði í innkaupum á sjúkrastofnanir. Hins vegar er það fyrirkomulag sem byggt er upp í frumvarpinu um innflutningsfyrirkomulagið, sem ég tel að sé ekki neitt, ekki neitt skipulag. Það getur raunverulega hver sem er flutt inn. Það er hægt að versla fram hjá viðkomandi lyfjaheildsala, en lyfjaheildsalan þarf fyrst að spyrja heilbr.- og trmrh. að því: Má ég vera lyfjaheildsali? Get ég fengið leyfi til þess? Heilbrrh. tekur sér einhvern umþóttunartíma og segir síðan: Já. Þetta er allt í lagi og hérna færðu leyfi til þess. — Þetta er miðstýring, það þarf að leita eftir þessu.

En það er hvergi í þessu frumvarpi leitað leiða til þess að hafa sameiginleg innkaup fyrir allt landið. Við búum í 250 þúsund manna þjóðfélagi. Og lyfjaiðnaðurinn í heiminum, förum við út á hinn alþjóðlega markað og ætlum að versla, það er eins og bara eitt fyrirtæki í Bandaríkjunum sé að kaupa eitthvað inn. Og menn segja: Þetta skiptir engu máli, þeir ná engum hagstæðum innkaupum, það er ekki hægt. Ég tala nú ekki ef það eru síðan margir smáir aðilar á Íslandi að kaupa þetta litla magn inn sem við þó notum.

Þess vegna er að mínu viti grundvallaratriði í fyrsta lagi að menn nái saman um sameiginleg innkaup fyrir Ísland. Frumvarp okkar framsóknarmanna gerði ráð fyrir ákveðinni leið í þeim efnum, þar sem yrði leitað útboða á alþjóðlegum markaði til að tryggja lágt verð. En við erum litlir og náum þess vegna jafnvel ekki góðum árangri og lágu verði. Þess vegna eigum við að binda okkur við þjóðir eins og t.d. Svíana sem hafa náð miklum og góðum árangri á þessu sviði, að draga lyfjaverðið niður, hafa sameiginleg innkaup með þeim. Fleiri Norðurlandaþjóðum — og nú með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið gefst okkur enn betra tækifæri að binda okkur við aðrar Evrópuþjóðir og eiga samvinnu við þær þjóðir um innkaup. Þannig náum við til að lækka verðið. Umboðsmennirnir, það sem við höfum kallað heildsalar í dag, það þekkist ekki orðið í verslun að það séu til eitthvað sem heita heildsalar. Menn geta haft umboðsmenn hér eins og í Áfengis- og tóbaksversluninni, og sagt: Við höfum umboðsmenn fyrir þessi lyf. Ríkisvaldið, Tryggingastofnun ríkisins eða lyfjainnkaupanefnd eða hvaða nöfnum sem menn vilja kalla þetta, getur sem slíkt farið út á alþjóðlegan markað í samvinnu við aðrar þjóðir og leitað tilboða og sagt síðan við þessa umboðsmenn: Við höfum náð verðinu niður. Þið fáið síðan bara prósentur af því verði sem við erum búin að semja um.

En áður en þetta getur gerst þá þurfum við auðvitað að afnema verðskráninguna á lyfjunum þegar lyf er skráð. Og því gerir þetta frumvarp ráð fyrir. Sá möguleiki er þannig skapaður og því ber að fagna.

Verði þetta frumvarp hins vegar samþykkt óbreytt

þá er eina vörn Tryggingastofnunar ríkisins í þessum efnum sú að mínu viti að Tryggingastofnun ráði lyfjafræðing í sína þjónustu. Stofnunin sendir síðan viðkomandi lyfjafræðing til heilbrrh. og segir: Ég óska eftir heildsöluleyfi til innflutnings lyfja. Þessi eini aðili fer síðan að flytja inn öll þau lyf er Tryggingastofnun ríkisins telur sig þurfa á að halda. Eða með öðrum orðum, af þeim 2,7 milljörðum sem Tryggingastofnun greiðir fyrir lyf í dag mun hún auðvitað leitast við, til þess að lækka sinn kostnað, að geta keypt inn mjög hagkvæmt. Stofnunin sem slík fær sér lyfjaheildsöluleyfi í gegnum lyfjafræðing, sem verður til þess að menn geta náð þeim árangri þar að kaupa inn í nokkuð miklu magni. Og um leið gerist það sem betur fer að menn ná til að lækka verðið, en stofnunin getur þá um leið sagt við apótekarana eða þá lyfjafræðinga sem eru komnir með smásöluleyfi: Við kaupum lyf frá þeim aðilum sem bjóða best í það sem við erum búnir að kaupa inn.

Gengi þetta nú eftir, að þetta færi fram með þessum hætti, þá er um mjög mikla miðstýringu að ræða og alveg hreint ótrúlega. Nú kunna menn að segja að samkeppnisreglur á hinu Evrópska efnahagssvæði muni ekki heimila þessa hluti. En það eru nú ótal leiðir til þess að fara fram hjá slíku fyrir stofnun eins og Tryggingastofnun ríkisins, sem er með 80% í greiðslum af öllum lyfjakostnaði landsmanna, t.d. með því að ráða fleiri lyfjafræðinga heldur en einn í sína þjónustu, sem hefðu leyfi til innflutnings.

Ef menn mundu nú hins vegar fara þá leið að setja upp lyfjakaupanefnd sem væri skipuð fulltrúum þeirra aðila sem mestra hagsmuna eiga að gæta um að fá lyf sem ódýrust þá auðvitað trúi ég því að menn gætu náð verðinu verulega niður og Tryggingastofnun, sem þarf sennilega að greiða fyrir þetta, þyrfti ekki á slíkri miðstýringu að halda til þess að tryggja lágt lyfjaverð, eins og ég var að lýsa hér áðan.

Varðandi dreifinguna þá tek ég undir það ákvæði frumvarpsins, og ég tel afskaplega mikilvægt að leyfið sé bundið við lyfjafræðing en ekki við eitthvert ákveðið fyrirtæki. Og það sem ég var hér að segja áðan um hvaða möguleikar gæfust á því að ríkið tæki þetta allt saman yfir og mundi algjörlega sjá um þetta og ýtti einstaklingunum algjörlega til hliðar, — ef leyfið er ekki bundið einstaklingi, bara fyrirtæki — þá skapast enn þá meiri möguleikar á þessu. Og ábyrgðin er auðvitað miklu meiri sem hvílir á einstaklingnum en einhverju fyrirtæki sem ræður lyfjafræðing í sína þjónustu, vegna þess að ábyrgðin er bein í fyrra tilfellinu en óbein í því síðara, þannig að ég tel afskaplega mikilvægt að binda þetta við lyfjafræðing en ekki fyrirtæki.

Varðandi þann kafla frumvarpsins sem fjallar um lyfjaþjónustu á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum. Ég tek undir það að ég tel vera mikilvægt að sjúkrahúsapótekin hafi þann möguleika að afgreiða lyf til göngudeildarsjúklinga og þeirra aðila sem eru að útskrifast af sjúkrahúsunum. Ég held hins vegar, áður en menn ganga frá þessu máli, að þá sé afskaplega mikilvægt að fá svar við því hvað það eru margar komur á göngudeildir sjúkrahúsanna og hvað margar af þessum komum leiða til þess að gefinn er út lyfseðill. Þegar sá fjöldi liggur fyrir, borið saman við heildarfjölda útgefinna lyfseðla þá geta menn spurt sig þeirrar spurningar sem vert er að spyrja sig: Er kannski með þessu, þrátt fyrir að þessar takmarkanir eða heimildir séu ekki opnari en hér er lagt til, verið að ýta ríkisreknum sjúkrastofnunum út í beina samkeppni við einstaklingana? Er það þá það sem Sjálfstfl. var að samþykkja með þessu frumvarpi? Þannig að þennan hlut held ég að við þurfum alveg sérstaklega að skoða.

Varðandi heilsugæslustöðvarnar og það sem við ræddum hér örlítið áðan í andsvari þá finnst mér það vel koma til greina, hvort sem það er í Reykjavík eða úti á landi, og ef ég man rétt þá held ég ég hafi lesið það í einhverju ágætu viðtali við hæstv. heilbr.- og trmrh., gott ef það var ekki í Alþýðublaðinu, að sá möguleiki væri til staðar að heilsugæslustöðvarnar gætu veitt þessa þjónustu, að afgreiða og selja lyf. Fyrir margar heilsugæslustöðvarnar sem veita heilbrigðisþjónustu þá gæfist þarna gott tækifæri til þess að afla sértekna. En ég geri mér grein fyrir því að það gæti auðvitað verið í beinni samkeppni við einstaklingana.

En það er bara á svo mörgum öðrum sviðum í þessu frumvarpi þar sem menn eru að stefna ríkinu í samkeppni við einstaklingana þannig að heilsugæslustöðvarnar væru auðvitað ekkert einsdæmi í þeim efnum. Og það er það sem ég held að Sjálfstfl. þyrfti að átta sig á í þessu, hvort menn vilja fara þá leið eða ekki, en ekki bara að túlka það nú þannig að þetta gildi fyrir einstök svæði úti um land en annað gildi í Reykjavík. Þá þarf auðvitað að taka það skýrt fram í þessu frumvarpi ef sú regla á að vera í gildi, eins og hv. 8. þm. Reykv. sagði hér áðan, að menn skyldu skoða með opnum huga í hv. heilbr.- og trn., og til þess er ég auðvitað tilbúinn.

Ég tel að í kaflanum um dreifingu og sölu, þ.e. hverjir fái lyfsöluleyfi, þá séu ýmsar hættur. Hætta t.d. á ákveðnum hagsmunatengslum sem gætu verið til staðar. Ég er sannfærður um að það er hægt að koma á samkeppni að vissu leyti í smásölunni, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Og verðið mun lækka á þessu svæði meðan það mun haldast hátt úti á landi. Það er ekki innbyggt í þetta fyrirkomulag nein jöfnun, þannig að það mun myndast með þessu frumvarpi, verði það að lögum, mismunur á lyfjaverði úti um land og lyfjaverði á höfuðborgarsvæðinu, og kem ég örlítið betur að því á eftir.

En varðandi hagsmunatengslin þá sé ég þau þessi: Lyfjafræðingur fær leyfi heilbr.- og trmrh. til að starfa sem slíkur. Hann stofnar hlutafélag sem sér um rekstrinn. Hluthafar í hlutafélaginu gerast auðvitað allir sérfræðingarnir, heilsugæslulæknarnir og heimilislæknarnir sem starfa í næsta nágrenni við staðsetningu þessa apóteks eða þessarar lyfjaverslunar, og ekkert að því að svo geti það verið, vegna þess að það bannar enginn læknum að eiga hlut í hlutafélagi og ekkert í frumvarpinu sem bannar það að þeir geti átt hlut í slíku, það er ekkert í frumvarpinu sem bannar það.

Auðvitað eru það bullandi hagsmunir fyrir lækna að

ávísa á ákveðin lyf og segja viðkomandi einstaklingi: Farðu nú með þetta í þetta apótek, þar færðu þetta alveg örugglega. Á þessu er auðvitað viss hætta.

Ég tel að í nefndinni þurfi að skoða alveg sérstaklega hvernig hægt sé að koma í veg fyrir að þetta ástand geti skapast. En gerist það þá erum við komnir í mjög svipað fyrirkomulag og viðgengst í Japan, þar sem læknarnir reka lyfjaverslanirnar. Og þá vitna ég til upplýsinga Apótekarafélags Íslands, sem ég tel nú, þó svo að þeim sé málið skylt, full ástæða til að taka mark á, auglýsing sem birtist hér í Mbl. ekki alls fyrir löngu. Á því línuriti sem þar birtist kemur í ljós að lyfjanotkun í Japan er sú almesta í heiminum. Að því stefnum við alls ekki. Og þegar við skoðum þetta þá sjáum við það að þessi rauða súla hér gildir um Ísland, og við erum bara ekkert óskaplega háir, við erum bara með tiltölulega litla lyfjanotkun miðað við margar aðrar þjóðir hér allt í kringum okkur.

Hins vegar kæmum við ekki í veg fyrir að þessi hagsmunatengsl þarna mundu skapast þá lentum við í þessu japanska fyrirkomulagi. Og með samkeppninni sem við erum að tala um þá er viss hætta á því að við lendum í þýska fyrirkomulaginu, en þeir eru næsthæstir. Og ekki erum við að keppa með þessu frumvarpi að lenda einhvers staðar hér mitt á milli. Eða með öðrum orðum, þá tek ég undir það sem hv. 8. þm. Reykv. sagði áðan: Það er ýmislegt að skoða í þessu máli í hv. heilbr.- og trn. til að koma í veg fyrir að þessir hlutir geti gerst. Og til þess erum við tilbúnir, a.m.k. við framsóknarmenn og ég þykist vera viss um það að svo sé um aðra stjórnarandstöðuþingmenn, að skoða málið út frá því. Því að öll höfum við þetta sama markmið: Hvernig ætlum við að lækka lyfjakostnaðinn án þess að velta því yfir á einstaklingana?

Í 39. gr. frumvarpsins, sem er afskaplega stutt, aðeins setning, þar segir með leyfi forseta: „Verðlagning lyfja, sem seld eru án lyfseðils, er frjáls." Þetta er gott að því marki og að svo miklu leyti og svo langt sem þetta nær. Og það held ég að sé nú vert fyrir marga landsbyggðarþingmenn að hafa í huga hvað muni gerast ef þetta muni ganga fram með þessum hætti. 20% af allri lyfsölu í landinu eru lyf sem eru seld án þess að lyfseðill sé að baki. Með því að setja hámarksálagningu á lyfseðilsskyldu lyfin, sem ég tel vera býsna góða leið svona sem millileik í þessu til að byrja með, til að ná ákveðinni samkeppni fyrir neðan hámarksverðið. En með því að setja hámarksverð, sem við skulum segja að verði býsna lágt og mörg apótekin úti um land, þessi litlu, segja hugsanlega: Við þessar aðstæður er bara alveg útilokað að lifa. Ef við megum ekki fara með verðið upp fyrir það sem heilbrrh. tekur ákvörðun um eða staðfestir væntanlega frá lyfjagreiðslunefnd, hvert þetta hámark á að vera — verðlagsákvörðun var reyndar áður í nefnd, en nú gæti hún hugsanlega orðið alveg hjá heilbrrh. — og apótekin litlu mega ekki fara upp fyrir þetta hámarksverð, eru rekin með tapi, hvað munu þau gera? Þau munu auðvitað hækka verðið upp úr öllu valdi á þeim lyfjum sem eru seld án lyfseðils. Til hvers? Til þess að standa undir rekstrarkostnaði apóteksins vegna þess að lyfseðilsskyldu lyfin gera það ekki. Eða með öðrum orðum magnylbréfið í Stykkishólmi verður dýrara heldur en magnylbréfið í Reykjavík. Og það eru og engar takmarkanir á því að þetta geti gerst. Og það er auðvitað allt of dýrt að skreppa til Reykjavíkur til þess að kaupa magnyltöflurnar þegar er hægt að fá þær fyrir vestan, nema menn fari þá að kaupa inn í ákveðnu magni þegar þeir eiga ferð til Reykjavíkur, eins og fólk gerir núna í smásöluversluninni þar sem það nýtir sér Hagkaup og Bónus. Það er auðvitað ein leið. En það mundi auðvitað leiða til þess að lyfjanotkun mun aukast, það er ekki nokkur einasti vafi á því.

Eins og ég sagði þá tel ég þá leið að setja hámarksverð, það skiptir auðvitað miklu máli hvert hámarksverðið verður, það góða leið til þess að leyfa mönnum að fara að keppa þar fyrir neðan, að það þarf auðvitað að horfa á hámarksverðið á lyfseðilsskyldu lyfjunum um leið og menn skoða verðlagninguna á lyfseðilslausu lyfjunum.

Flesta af þeim agnúum sem á frumvarpinu eru tel ég að hægt sé að laga í meðförum heilbr.- og trn. og að því held ég að nefndin eigi nú sérstaklega að keppa. Þó er eitt atriði þar sem ég get með engu móti sætt mig við og það er 41. gr. frumvarpsins. Í 40. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að lyfjagreiðslunefnd sé skipuð fimm mönnum sem heilbr.- og trmrh. skipar til fjögurra ára í senn. Bara skipunartíminn einn og sér þarf að breytast, ef þetta gengi nú eftir, vegna þess að það er eðlilegt út frá hlutverki nefndarinnar að skipunartími nefndarinnar verði sá sami og skipunartími ráðherrans vegna þess að þarna ætlar hæstv. heilbr.- og trmrh. að afhenda nefnd mjög pólitíska framkvæmd lyfjamála í landinu. Í 41. gr. er gert ráð fyrir því að lyfjagreiðslunefnd ákveðið fyrir Tryggingastofnun ríkisins þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði sjúkratryggðra í samræmi við lög um almannatryggingar og fjárlög hverju sinni.

Þessi pólitíska ábyrgð verður að mínu viti að vera í höndum heilbr.- og trmrh. Hún er það ekki með því að vísa málinu til nefndar. Heilbrrh. skipar lyfjaverðlagsnefnd í dag. Sú nefnd gengur oft og tíðum þvert á það sem ráðherrar vilja. Þessi lyfjagreiðslunefnd gæti gert hið sama. Hún mun bara horfa á eitt og segir: Sjúklingarnir skipta mig engu máli. Nefndin mun bara segja: Við störfum í samræmi við fjárlögin, og af því að fjálögin eru þessi þá þarf kostnaðarþátttakan að vera þessi. Heilbrrh. mun síðan skjóta sér bak við nefndina og segja: ábyrgðin er hennar, og fría sig þannig ábyrgð. Ekki bara núv. hæstv. heilbrrh. heldur þeir sem munu koma í framtíðinni, gangi þetta fram með þessum hætti. Ég tel það ótækt að afhenda svona pólitískan þátt á stjórnun lyfjamálanna í hendur einhverri nefnd sem starfandi er, og þó hún sé skipuð af heilbrrh.

Eins og ég segi og hef sagt, það er margt mjög gott í þessu frumvarpi. En um þá hluti hef ég ekki sérstaklega talað enda hafa verið nógir til þess að benda á góðu hlutina. Hér hef ég fyrst og fremst verið að benda á það sem ég tel að betur megi fara. Og ég tel rétt að það sé skoðað mjög gaumgæfilega í nefndinni hvort

ekki sé hægt, og ég veit að hæstv. heilbrrh. er tilbúinn til þess að hlusta á a.m.k. sjónarmið manna í þeim efnum, hvort ekki sé rétt að gera ýmsar þær breytingar til þess að bæta það frumvarp sem hér liggur fyrir áður en það verður lögfest.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er að mínu mati ákaflega varasamt frumvarp. Og sú er von mín að sú nefnd sem fær það til meðhöndlunar hugsi sinn gang vel og vandlega áður en það kemur óbreytt aftur inn í þingið.

Í upphafi frumvarpsins, þ.e. í 1. gr. I. kafla, segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Markmið laga þessara er að tryggja um land allt góða lyfjaþjónustu, m.a. í samræmi við þær reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu og nægilegt framboð lyfja á sem hagstæðustu verði."

Að mínu viti er þetta frumvarp ekki til þess fallið að framfylgja þessum markmiðum, því að það gengur miklu lengra en lög um lyfjasölu gera víðs vegar um Evrópu. Samkvæmt þessu frv. er einfaldlega gert ráð fyrir að smásala lyfja verði gefin frjáls. Smásala lyfja er hvergi frjáls í Evrópu. Víðast hvar eru ákvæði um fólksfjölda að baki hverri lyfjabúð, fjarlægð milli þeirra, sama verð innan sama ríkis o.s.frv. Stórmörkuðum er hvergi heimilt að reka apótek nema á Englandi, en enska tryggingakerfið ræður þó fjölda þeirra og staðsetningu í raun. Í Vestur-Þýskalandi er frelsi einna mest til þess að setja upp apótek, en eignarhald er þó eins og alls staðar nema í Englandi bundið við lyfjafræðing. Einn lyfjafræðing, eitt apótek, fagleg og fjárhagsleg ábyrgð, þetta er ekki aðgreint. Apótekin í Vestur-Þýskalandi eru mörg og smá og það veldur því að þau þurfa að fá lyf send frá heildsölum minnst fjórum sinnum á dag. Þó er lyfjaneysla Vestur-Þjóðverja tvöföld á við Íslendinga, lyfjaverð það hæsta í Evrópu og kostnaður þýsku tryggingganna í samræmi við það.

Ef við lítum til Grikklands þá voru til skamms tíma í gildi reglur sem heimiluðu öllum lyfjafræðingum þar í landi að setja á stofn apótek. Afleiðingarnar urðu þær að apótekunum fjölgaði á 25 árum úr 1.400 í 7.500. Þetta olli miklum vandræðum í lyfjasölumálum Grikkja og nú hafa þeir sett lög þar sem eru ákvæði um lágmarksíbúafjölda að baki hverju apóteki og einnig reglur um fjarlægð á milli þeirra. Og vegna þessarar stöðu fékk Grikkland eitt Evrópubandalagslanda aðlögunarfrest til ársins 1997 hvað varðar heimildir lyfjafræðinga frá öðrum EB-löndum til að setja upp apótek á Grikklandi.

Á Íslandi er hins vegar verið að gera allt annað. Þar er nú verið að gera ráð fyrir að upp skuli tekið einmitt það sama lyfsölufyrirkomulag sem kom Grikkjum í svo mikinn bobba að þeir hafa nú aflagt það. Ef af þessum breytingum yrði má velta því fyrir sér hver gæti orðið staða Íslendinga í lyfsölumálum að loknum EES-samningum. En samkvæmt þeim drögum að frv. um lyfsölumál sem kynnt hafa verið yrði íslenska dreifingarkerfið hvað varðar stofnun apóteka það frjálsasta í allri Evrópu og opnara öllum lyfjafræðingum innan EES-svæðisins en annars staðar þekkist. Öll vitum við að í Bandaríkjum Norður-Ameríku er smásala lyfja frjáls. En kostnaður hins opinbera þar í landi er orðinn svo óheyrilegur að bandarísk yfirvöld líta norrænt fyrirkomulag lyfsölu öfundaraugum. Þetta vita lyfjafræðingar og þessar upplýsingar hef ég frá einum þeirra lyfjafræðinga sem kunnastur er þessum málum.

Það er svo einkennilegt að þessi ríkisstjórn virðist hafa mestan áhuga á því að breyta því sem hefur verið í lagi. Það er alveg dæmalaust að horfa hér upp á hvern málaflokkinn á fætur öðrum tættan í sundur, einmitt þá málaflokka sem þjóðarsátt var um, heilbrigðiskerfið, skólakerfið. Og maður skilur ekki hvers vegna menn láta svona. Í athugasemdum við lagafrumvarpið segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Í maí 1991 samþykkti ríkisstjórnin að reynt yrði að stemma stigu við síhækkandi lyfjakostnaði. Í framhaldi þessa skipaði heilbr.- og trmrh., Sighvatur Björgvinsson, starfshóp og fól honum að vinna tillögur um lækkun lyfjakostnaðar strax á árinu 1991. Markmiðið með vinnu starfshópsins var að auka kostnaðarvitund lækna og almennings á lyfjum og jafnframt að breyttu neyslumynstri almennings á þeim." — Hæstv. forseti, mér þætti nú vænt um ef hæstv. ráðherra mætti vera að að hlýða á mál mitt. (**Heilbrrh.:** Ég hef ekki vikið úr þessum sal síðan umræðan hófst.) Jæja, ég sá ekki betur en ráðherrann væri að ræða við formann þingflokks Sjálfstfl. (**Heilbrrh.:** Ég sagði eitt orð við hann.)

Nú vitum við það að eftir þann hamagang sem á undan er genginn í sjúkrahúskerfi Reykjavíkurborgar þá stæra menn sig af því að hafa náð niður kostnaði um 540 millj. Hvernig hefur svo sá sparnaður sýnt sig? Lyfjakostnaður jókst um 180 millj. og um 300 millj. fóru í hagræðingu. Sparnaðurinn er sem sé enginn. En menn eru hér að tala um að vinna að breyttu neyslumynstri almennings á þeim, þ.e. á lyfjum. Hvernig hugsa menn þetta?

Það er auðvitað alveg ljóst að verði þetta frumvarp að lögum þá spretta upp út um allar grundir lyfjaverslanir. Það verður samkvæmt þessu frumvarpi, man ég nú ekki hvaða grein, leyft að auglýsa lyf sem seld eru án lyfseðils. Hingað til hefur það verið samkomulag með þjóðinni að lyf auglýsa menn ekki, ekki í nokkru siðuðu landi. Og halda menn nú að þetta verði breytt notkun til bóta? Hafa menn hugsað út í það að unglingar sem eru að gutla við verkjalyf eins og panódíl og magnyl og annað slíkt, sem með skynsamlegri notkun er svo sem hættulítið, og blanda þessu saman við áfengi t.d., geta nú farið í hvaða búð sem er og keypt þetta. Eru menn virkilega ekkert hræddir við þetta? Eru menn virkilega ekki hræddir við þetta?

En ef við lítum á hvort það verði betri þjónusta við sjúklinga þá vitum við öll að apótek eða lyfjaverslanir úti á landsbyggðinni hafa átt í erfiðleikum vegna þess einfaldlega að sem betur fer ber lyfjasalan ekki uppi verslanirnar. Og sú er auðvitað skýringin á því að vel flest ef ekki öll apótek selja alls kyns aðra vöru, svo sem snyrtivörur og annað slíkt, vegna þess að að öðrum kosti væri ekki hægt að reka verslunina. Hvern-

ig halda menn nú að lyfsöluleyfi dreifist á landið þegar hægt er að fara að reka lyfjaverslanir hvar sem er? Vitaskuld koma þær upp hér á þéttbýlissvæðunum. Það er ekkert fýsilegur kostur að fjölga lyfjaverslunum úti á landsbyggðinni. Ég held að þetta verði menn að hugsa mjög vandlega um áður en lengra er haldið.

Um þetta mál hefur margt skynsamlegt verið skrifað og ég er hér með í höndunum ritgerð frá Háskóla Íslands, viðskipta- og hagfræðideild, eftir Hrannar Erlingsson. Hann talar um að hann sé mikill stuðningsmaður samkeppni í verslun. En hver eru lokorð hans eftir mjög áhugaverða og góða skýrslu, þar sem hann setur sér að kanna hvort við viljum, eins og hann segir, með leyfi hæstv. forseta: „Viljum við fá frjálsa samkeppni eins og á matvörumarkaðnum, ríkisrekstur eða er núverandi fyrirkomulag kannski það besta?" Hann er að leita að því hvort með aukinni samkeppni verði náð betri þjónustu og lækkun lyfja. Og ég ætla að leyfa mér, hæstv. forseti, ef því verður ekki mótmælt, að lesa hér lokaorð hans. Og hann segir:

„Markmiðið með þessari ritsmíð var að hún yrði innlegg í umræðuna um hvernig fyrirkomulag við viljum hafa á smásölu lyfja hérlendis. Þar sem flestar hugmyndir, sem fram hafa komið undanfarið, hafa beinst að auknu frjálsræði í lyfsölunni þá einbeitti ég mér að þeim þáttum, kostum og göllum. Niðurstaðan varð ótvíræð: Aukið frelsi í smásölu lyfja er við núverandi aðstæður afar óæskileg. Ástæður þess eru fjölmargar en nefna má þætti eins og aukinn kostnað, hættu á aukinni neyslu, mismunun milli landsbyggðarfólks og höfuðborgarbúa og svo mætti lengi telja.

Það verður að viðurkennast að sem fylgismanni frjálsrar samkeppni á flestum sviðum þá olli þessi niðurstaða mér talsverðum vonbrigðum. Vonandi er þetta þó undantekningin sem sannar regluna. Útkoma af þessu tagi," segir Hrannar Erlingsson, „er einmitt góð áminning um að hversu góðar sem hagfræðikenningar eru og hversu vel sem þær reynast í raun þá eru þær ekki algildar. Hvert dæmi þarf að skoða fyrir sig og þó kenning eigi vel við á einu sviði þá er það ekki sönnun fyrir því að hún sé viðeigandi á öðrum stað. Sá tími kann að koma að aðstæður verði á þann veg að frjáls samkeppni í lyfjadreifingu verði góður kostur. Að því er þó ekki komið í dag eða nánustu framtíð.

Þrátt fyrir að frjáls samkeppni eigi ekki við í lyfjadreifingunni er ekki þar með sagt að allt sem dreifingunni viðkemur þurfi að vera óbreytt um aldur og ævi. Hægt er að þróa núverandi kerfi og bæta það á ýmsan hátt. Það er vinna sem aldrei tekur endi því stanslaus þróun á sér stað á þjóðfélagsgerðinni. Sú þróun hefur alls staðar áhrif og ekki síður á besta fyrirkomulag smásölulyfja en annars staðar."

Þetta voru lokaorð Hrannars Erlingssonar í ritgerð sem heitir Smásala lyfja á Íslandi, og er gefin út á vegum Háskóla Íslands, viðskipta- og hagfræðideild.

Menn hafa skrifað fleira skynsamlegt um þetta mál. Í Morgunblaðinu 17. apríl sl. er grein eftir Erlend Jónsson, sem er dósent í rökfræði og aðferðafræði vísinda við Háskóla Íslands. Og ég held að það sé hollt að vitna aðeins í það sem hann segir í þessari grein, með leyfi hæstv. forseta. En hann segir:

„Nýtt frumvarp til lyfjalaga, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, er reist á þessri rökvillu," segir hann, hann er búinn að vitna aðeins í Ágúst H. Bjarnason um rökvillur. „Sú ályktun er dregin, að þar sem aukin samkeppni og frelsi hafi á mörgum sviðum leitt til lægra verðlags og betri þjónustu, þá hljóti aukin samkeppni og frelsi að leiða til lægra verðlags og betri þjónustu á smásölu lyfja.

Rökstuðningur við frumvarpið byggist einnig á ýmsum öðrum hugsanavillum. Þannig hefur lyfjasölu verið líkt við sölu á almennri matvöru og þá sérstaklega mjólkursölu: hér er komin rökskekkjan óleyfileg samlíking, sem Ágúst segir" — þ.e. Ágúst H. Bjarnason — „í því fólgna, „að menn fara úr einu í annað og dæma eitt eftir öðru án þess að fullvissa sig um hvort það sé eins, líkt eða svipað". Þegar teknar eru ákvarðanir um jafnmikilvægt mál og fyrirkomulag á smásölu lyfja og umbylta á þrautreyndu kerfi, sem ekki aðeins við, heldur líka frændþjóðir okkar á Norðurlöndum, hafa ekki enn séð ástæðu til að breyta í grundvallaratriðum, þarf að gæta ýtrustu varúðar og láta ekki einföldustu rökskekkjur glepja okkur sýn. Nauðsynlegt er að beita skynsemi."

Og Erlendur Jónsson segir á öðrum stað, með leyfi hæstv. forseta: „Sala lyfja er einnig frábrugðin annarri sölu að því leyti að hún á ekki að vera neysluhvetjandi. Það á ekki að vera markmið lyfsala að selja sem mest af lyfjum, að auka neysluna eða skapa þarfir fyrir ný lyf. Hans hlutverk er eingöngu að sjá til þess að afgreiðsla lyfja sé örugg og lúti ákveðnum faglegum kröfum, og veita viðskiptavinum sem besta þjónustu."

Ég held að hér sé mælt af mikilli skynsemi og menn hefðu betur hugsað þetta mál áður en af stað var farið.

Í Morgunblaðinu í morgun, 20. apríl, er einnig grein sem Ingólfur J. Petersen, lyfsali í Mosfellsapóteki, skrifar. Og þar segir hann, með leyfi hæstv. forseta: „Apótekarafélag Íslands hefur í umræðunni um lyfjadreifinguna bent á, að samfara frelsi til að opna apótek fylgi annars vegar fækkun apóteka í dreifbýli, sem leiðir af sér að draga mun þar úr lyfjaþjónustu. Hins vegar muni apótekum fjölga í þéttbýli. Það kalli á mikla fjárfestingu, sem lyfjasölunni mun ætlað að standa undir, en hætt er við að einingarnar verði smáar og þar með síður hæfar til að veita þá þjónustu sem til er ætlast. Í því sambandi má t.d. benda á, að 3 lyfjafræðingar hafa fest sér húsnæði í einni og sömu verslunarmiðstöðinni í Reykjavík! Engin slík dæmi eru kunn úr dreifbýli." — En hér mun vera átt við húsnæði í Kringlunni. Og þannig er ég hrædd um, hæstv. forseti, að fari fyrir þessu. Menn setja slíkar verslanir upp hér á þéttbýlissvæðinu en sýnu ófýsilegra er að setja slíkar verslanir upp úti á landsbyggðinni.

Þess má t.d. geta að það tók Dani tíu ár, Schlüterstjórnina, að velta því fyrir sér hvort Danir ættu að taka lyfsölumálin upp að nýju og gefa þau frjáls. Og eftir tíu ár endaði sú umræða með því að það var ákveðið að breyta ekki neinu. Þannig að menn hafa velt þessu fyrir sér víða í löndunum í kringum okkur

og komist að þeirri niðurstöðu að hér yrði að fara mjög varlega.

Í tíð hæstv. fyrrv. heilbrrh. Guðmundar Bjarnasonar var gerð mjög heiðvirð tilraun til þess að lækka álagningu í heildsölu og smásölu lyfja haustið 1990 og þar var farið af stað af nokkurri hófsemi og með allgóðum árangri. Það er einu sinni svo að lyf eru ekki eins og önnur vara. Ég þekki ekki það fólk sem kaupir lyf án þess að þurfa á þeim að halda að mati lækna. Það eru auðvitað undantekningar frá því ef fólk er háð lyfjum af öðrum ástæðum, en slíkt heyrir auðvitað til undantekninga. Ég veit ekki hvaða fólk það er sem á að flykkjast í lyfjaverslanir samkvæmt auglýsingum. Við skulum hugsa okkur að fjölskylda sé með veikt barn. Læknir kemur og gefur út lyfjaávísun. Dettur nokkrum heilvita manni í hug að foreldrarnir fari að hlaupa á milli lyfjaverslana til þess að reyna að finna lægsta verðið á umræddu lyfi? Ég get ekki almennilega séð þessa stöðu fyrir mér. Ég held að umræddir foreldrar flýttu sér í næstu lyfjaverslun og næðu í lyfið til þess að barninu batnaði, eða hver sem í hlut ætti. Og við höfum ekki farið með lyf eins og aðrar vörur og við viljum ekki gera það og ég vil ekki gera það. Ég vil ekki að lyfjaverslanir séu í samkeppni.

Síðan tala menn um að til þess að létta þeim sem minnst hafa lyfjakaup verði lyf afgreidd frá heilsugæslustöðvum. Þá finnst mér málið vera komið í kross því að þar með er ríkið farið að keppa við einkaframtakið, ef ég skil þetta mál rétt.

Hæstv. forseti. Um þetta mál mætti ótal margt segja. Við erum enn að daðra við EES og hér er í athugasemdum frumvarpsins talin upp röð af alls kyns tilskipunum Efnahagsbandalagsins, eins og vænta má. Og hér segir, með leyfi hæstv. forseta: „Gert er ráð fyrir að þau ákvæði tilskipana EB um lyfjamál, sem ekki er minnst á í frumvarpinu, verði felld inn í reglugerðir, sem settar verða í kjölfar samþykktar frumvarpsins." Ég geri ráð fyrir að þetta hljóti að vera byggt á því að af EES-samningum verði, sem ýmsum sýnist að sé vafasamara nú en nokkru sinni fyrr. Þannig að þess vegna held ég að hefði mátt bíða með að breyta þessu frumvarpi þar til sýnt yrði hvort af EES-samningum verður.

Ég hef einnig áhyggjur af því að lyfjaeftirlit verði mun minna en verið hefur. Almar Grímsson lyfjafræðingur, sem um langt skeið vann í heilbrrn., vann merkilegt starf við að kanna lyfjanotkun Íslendinga og stóð fyrir mörgum umbótum sem gerðar voru varðandi þau mál. Ég get ekki séð að það verði sams konar eftirlit með útgáfu lyfja, hvorki eftirlitið með þeim lyfjum sem læknar ávísa né lyfjanotkun almennt, eftir að þetta frumvarp yrði að lögum. En ég vil ítreka að ég óttast ekki minna misnotkun lyfja, sem verði mun auðveldari eftir að hægt er að ganga að ýmsum lyfjum á mörgum stöðum og án þess að kunnáttumenn afgreiði þau, og hugsa þá sérstaklega til unglinganna okkar. Ég held að þeir muni eiga mun auðveldara með að ná sér í lyf. Og ég er sannfærð um að þetta frumvarp muni ekki stuðla að lækkun lyfjaverðs. Það held ég að sé mesti misskilningur og menn ættu ekki að treysta því.

Í stuttu máli sé ég ekki ástæðuna fyrir þessu frumvarpi. Þó hefur óneitanlega verið þannig um þetta talað að menn sjái ofsjónum yfir gróða einstakra apótekara. Það má vel vera að þeir hafi hinar ágætustu tekjur. Eftir því sem mér hefur nú sýnst er obbinn af þeirra tekjum af allt öðru heldur en lyfjum sem betur fer, vegna þess að apótekin bæta sér einfaldlega gott heilsufar landsmanna með því að selja alls kyns aðra hluti og skemmtilegri heldur en lyf svo sem snyrtivörur, sokka og nærföt og ýmislegt annað sem til sölu er í apótekum. (**Gripið fram í:** Skemmtilegt?) Og það er mun skemmtilegra heldur en lyf, óneitanlega. Sem betur fer er heilsufar landsmanna ekki verra en það að það er ekki augljós gróðavegur að selja eingöngu lyf og er það vel.

Ég held að þarna hafi menn látið glepjast af klisjum sem eru heldur leiðigjarnar og ekki kannski til þess fallnar að umbreyta kerfi sem hefur gengið allsæmilega þangað til núv. hæstv. heilbrrh. kom til sögunnar. Það blasir við hverjum manni að það verður æ erfiðara fyrir fólkið í landinu að kaupa lyf og það liggur fyrir og ég hef umsagnir lyfjafræðinga fyrir því að fólk sem fær lækni á heimili sitt og ávísun á lyf það lætur jafnvel lítil börn bíða um stund, vill sjá hvort málið lítur ekki betur út á morgun, áður en menn sækja lyfið, vegna þess að þau kosta svo mikla peninga. Og heimilislæknar hér í Reykjavík halda því fram að þeir í stórum stíl taki ekki gjald af sjúklingum sínum vegna þess að þeir hafi hreinlega ekki brjóst í sér til þess, og horfa að sjálfsögðu fram á — það gleður kannski hæstv. heilbrrh. — verulegt prívat tekjutap. Vegna þess að mönnum er auðvitað ekki alveg sama um sjúklinga sína sem betur fer. Og ég veit að dæmi eru til þess á sjúkrahúsum bæjarins að menn biðja starfsfólk að geyma tékka til einhvers ákveðins tíma, jafnvel vísareikninga og guð má vita hvað, af því fólk á ekki fyrir heilbrigðisþjónustu sem það þarfnast. Og hafi nú Alþfl. komið inn í ríkisstjórn til þess að svo sé þá er orðið erfitt að sjá tilganginn með þeim góða flokki. Og yrði sennilega undarlegur svipur á manni sem einu sinni barðist fyrir allt öðru, en hann hét Haraldur Guðmundsson. Ég býst ekki við að hann hafi gert ráð fyrir því að það yrði Alþfl. sem rifi niður lög um almannatryggingar og kæmi á þeim ójöfnuði sem nú er óðum að taka öll ráð í okkar þjóðfélagi. Það er sorglegt til þess að vita og þarf álíka rökstuðning og dæmalausar yfirlýsingar manna hér í dag í ákveðinni atkvæðagreiðslu til að réttlæta gerðir sínar. Og er ég hrædd um að þar eigi við það sem Erlendur Jónsson dósent segir um rökvillur.

Hæstv. forseti. Ég gæti talað langt mál um þetta frumvarp. Ég á því miður ekki sæti í hv. heilbr.- og trn. En ég treysti því að þar sé það kunnáttufólk til staðar sem fari vandlega ofan í þetta frumvarp og gæti þess að hér séu ekki stigin of stór skref. Ég held að menn ættu að hugsa sig um áður en þeir samþykkja 17. gr. frv., sem hefst á þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta: „Heimilt er að kynna og auglýsa lausasölulyf fyrir almenning."

Ég vildi spyrja, hæstv. forseti: Til hvers þarf að

auglýsa lyf? Handa hverjum? (**IP:** Til að selja þau.) Ég mundi persónulega aldrei lesa lyfjaauglýsingar nema ég hefði grun um að ég þarfnaðist einhverra lyfja. Meðan ég er heilbrigð eða held að ég sé það þá hef ég ekki áhuga á lyfjum fremur en aðrir landsmenn. Þess vegna er auðvitað auglýsing á lyfjum fullkomlega siðlaust athæfi. Og þó ekki væri nú annað þá bið ég hv. heilbr.- og trn. að hleypa þeim ósköpum ekki af stað að menn berjist hér um á markaðnum við að troða lyfjum upp á fólk. Þvílíkt og annað eins. Flest er nú hægt að nota sér til að græða peninga.

En það má vel vera að þetta þyki Alþfl. aukin samkeppni í lyfjaheildsölu og smásölu, og hún komi til með að skila sér í lægra vöruverði, en kannski meiri sölu. Það gæti verið að aukin sala hjálpaði upp á lægra lyfjaverð og uppi stæðu apótekararnir og græddu sem aldrei.

Ég held að menn ættu að hugsa þessi mál í heild sinni og skoða frv. afar vel áður en það verður gert að lögum, sem ég vona að gerist ekki á þessu þingi. Ég hef lokið máli mínu, forseti.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs til að veita andsvar vegna þess sem mér í senn kom þessi ræða hv. þm. á óvart og mér ofbýður það sem hún sagði. Í fyrsta lagi kom mér það á óvart að þessi hv. þm., sem er fyrsti alþýðubandalagsmaðurinn sem tekur til máls í þessari umræðu, er eini þingmaðurinn sem sér ekkert nýtilegt við þetta frumvarp, og eini þingmaðurinn sem stillir sér upp við hliðina á lyfsölum og samtökum þeirra og vitnar orðrétt og les hér yfir okkur greinargerðir Apótekarafélags Íslands. Þetta er eini hv. þm. sem tekur afstöðu þannig að engu megi breyta, hvorki í einokunarkerfi smásöludreifingar né einkasölukerfi umboðsmanna erlendra lyfjainnflytjenda til Íslands. Þetta kom mér mjög á óvart og ég spyr: Er þetta afstaða flokks hennar?

Það sem mér ofbýður er málflutningur af því tagi sem hún hafði hér áðan, þar sem hv. þm. sagði í annarri setningunni að þetta frumvarp yrði til þess að stórauka misnotkun á lyfjum, en í hinni setningunni að hún þekkti ekki nokkurn mann á Íslandi sem tæki eða notaði lyf umfram það sem viðkomandi læknir segði til. Þessar röksemdafærslur ganga auðvitað ekkert upp fremur en margt annað sem frá hv. þm. kemur. Enn meira ofbýður mér það þó að hv. þm. skuli ekki vita það að síðan í ágústmánuði á sl. sumri hefur legið fyrir Alþingi frv., bandormur frá heilbr.- og trmrn., vegna aðildar að Evrópsku efnahagssvæði þar sem við undirgöngumst m.a. heimild til þess að auglýsa lausasölulyf. Þetta hefur verið til meðferðar á Alþingi síðan í ágúst og hv. þm. vinnur ekki betur heimavinnuna sína en svo að það er eins og hún sé fyrst að veita þessu athygli núna og hefur ekki hugmynd um hvernig á því stendur að þetta ákvæði er tilkomið í frv. Mér ofbýður slíkur málflutningur hv. þm. Þessi hv. þm. vinnur sannarlega ekki sína heimavinnu.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mikið lifandis skelfing er það þreytandi þegar mönnum hitnar í hamsi þegar þeir finna að þeir eru á villigötum að þá koma þeir alltaf með sömu rökin: þingmaðurinn veit ekki, þingmaðurinn skilur ekki. Ég þekki afar vel öll þingskjöl þessa árs eins og allra annarra ára, hæstv. ráðherra og hæstv. forseti, og ég hygg að ég lesi betur þingskjöl en flestir aðrir þingmenn í þessum góða sal.

Það er alveg dæmalaust að menn skuli enn þá nenna að spyrja ævinlega: Er þetta skoðun þingflokksins? Svo vill til að í þingflokki okkar höfum við fullt leyfi til að vinna samkvæmt því drengskaparheiti sem við skrifuðum hér undir, og taka afstöðu til mála samkvæmt okkar eigin sannfæringu.

Lengi, lengi höfðu menn tilhneigingu til þess að tala illa um og kannski verr um heildsala en nokkurt annað fólk. Heildsalar eiga alveg rétt á sér eins og hverjir aðrir og apótekarar líka jafnvel þó þeir hafi afskaplega góðar tekjur. Minn heimabær hefur t.d. notið mikils góðs af gróða apótekarans í bænum og skal hann hafa eilífar þakkir fyrir fallega listasafnið sem hann gaf bænum. En málið snýst bara ekki um þetta og engin rökvilla er í því, hæstv. forseti, að segja að fólk noti ekki lyf nema það þurfi á þeim að halda. Það á við um allflest venjulegt fólk. Auðvitað er til fólk sem misnotar lyf alveg eins og fólk sem misnotar áfengi. En sem betur fer er það nú fólk sem við teljum kannski ekki alveg heilbrigt og við því er brugðist á annan hátt. En það sem ég óttast um eru unglingarnir sem án þess að hafa mikið vit til þess að velja og hafna munu eiga auðveldari aðgang að lyfjum þegar þau eru orðin verslunarvara sem er auglýst. Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að svara skætingi ráðherrans.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég les þessi orð hv. þm. þannig að hún hafi ekki í orðum sínum áðan verið að kynna stefnu flokksins síns. Það finnst mér góð tíðindi og ég vona það að um þá afstöðu, sem hún kynnti áðan, standi hún ein í sínum flokki.

Um heimalestur eða ekki heimalestur vil ég ekkert segja annað en það að síðan í ágúst hefur legið fyrir hvaða skuldbindingar við undirgöngumst m.a. á þessu sviði við aðild okkar að Evrópsku efnahagssvæði og að flytja það mál nú eins og það væri nýtt lýsir ókunnugleika.

Í þriðja lagi varðandi orð hv. þm. um Harald Guðmundsson, þá er þar hvert orð satt. En það er aðeins einn maður sem hv. þm. er þekkt fyrir að hafa látið í ljós opinberlega álit sitt á hvað hefði falleg augu. Það var Ceausescu, fyrrv. einvaldur í Rúmeníu en ekki Haraldur Guðmundsson og hv. þm. ætti kannski að skoðast um sviðið hjá þeim aðila sem hann dáði svo mikið hvernig heilbrigðiskerfinu var háttað í því landi.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sorglegar eru röksemdirnar nú. Oft hefur verið vitnað í ferðapistil frá Rúmeníu sem ég

skrifaði fyrir líklega 21 ári. Þar er eins, minnisleysið herjar á mannskapinn. Ég hafði ekki minnst orði á að Ceausescu hefði falleg augu. Hins vegar gerði ég létt grín að aðdáun þegna hans og sagði, ef ráðherrann vill vita það sem ég skrifaði, að konur fengju stjörnur í augu þegar þær litu foringjann. Þannig var það og hafði ekkert með augun í Ceausescu að gera. Því síður skil ég nú alveg hvað sá heiðursmaður á erindi inn í umræðuna. Ekkert veit ég um heilbrigðiskerfið hjá honum og satt að segja hafði lítil tækifæri til að kynna mér það þá þrjá daga sem ég var í Rúmeníu fyrir 21 ári. Hins vegar, hæstv. forseti, finnst mér nú satt best að segja að það eigi að berja í bjöllu þegar ráðherrar landsins byrja að bulla í ræðustól.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. 1. umr. um þetta frv. til lyfjalaga hefur nú staðið alllanga hríð og er það í sjálfu sér ekki einkennilegt. Frv. fjallar um einn mikilsverðasta þáttinn í heilbrigðisþjónustu landsmanna. Frv. felur í sér miklar breytingar. Með því er ætlað að taka upp nýtt skipulag á þeim sviðum sem það fjallar um og ýmsar þær breytingar sem í frv. greinir frá eru umdeildar.

Ég tel að í frv. felist margir kostir og ég ætla ekki að að tíunda mörg einstök atriði þess en ég hvet til þess að frv. sé athugað mjög gaumgæfilega. Frv. og þetta málasvið er vandasamt og það hefur miklu meira gildi að leitast við að vanda gerð slíkra laga en hrapa um of að afgreiðslu þeirra. Þess vegna hvet ég til þess að Alþingi taki sér tíma til þess að fjalla um þetta mál og mér sýnist að sá tími sem eftir lifir þessa þings sé býsna knappur. Ég hvet hæstv. ráðherra og hv. þingnefnd til þess að taka sér þann tíma til þess að fjalla um málið sem þarf til þess að vanda sem allra best þessa lagasmíð og þá ekkert síður þó að það verði til þess að frv. verði ekki afgreitt fyrr en á næsta þingi. Í ljósi þessara orða minna, sem fela auðvitað í sér beiðni til hv. nefndar og hæstv. ráðherra og jafnframt áskorun um vinnubrögð er auðvitað ekki ástæða til þess fyrir mig að fjalla um frv. í einstökum atriðum í mörgum greinum heldur spara tíma í ræðustóli Alþingis við umræðuna og takmarka hana við örfá atriði.

Í umræðunni hefur komið í ljós og það er auðvitað eitt aðaleinkenni frv. að með frv. er stefnt að því að gera lyfjasölu og lyfjadreifingu mun frjálsari en verið hefur og ég get tekið undir það með ýmsum ræðumönnum að mér þykir vænt um frelsið. En frjálsræði er þannig að mér þykir nú að stundum þurfi að haga því svo að það sé ekki óbeislað. Frjálsræðinu þurfa að fylgja takmörk og ég lít svo til að einnig í þessu tilliti, lyfjaverslun og sölumeðferð á lyfjum, þurfi frelsið að hafa sín takmörk.

Hér á landi munu vera um það bil 6 þúsund manns á bak við hverja lyfjaverslun eða apótek að meðaltali og ætlunin mun vera að með auknu frjálsræði í lyfjasölu fjölgi apótekum mjög á sumum svæðum landsins, þ.e. á þéttbýlissvæðunum. Auðvitað er fjarri lagi að bak við hvert apótek séu 6.000 viðskiptavinir. Á bak við sum þeirra eru fáir, raunar allt of fáir viðskiptavinir til þess að þau geti starfað eðlilega eða allt niður í 1.000 manns eða þar í kring. Lyfjaverslun sem hefur svo fáa viðskiptavini á a.m.k. mjög í vök að verjast og getur naumast staðist miðað við það skipulag sem er í dag og enn síður miðað við þær breytingar sem frv. gerir ráð fyrir. Ýmsar aðrar lyfjaverslanir hafa 2.000–3.000 þúsund manns meðal viðskiptavina sinna og standa þær sums staðar nokkuð höllum fæti.

Ég held að enginn vafi sé á því að til þess að lyfjaverslun geti staðist þá þurfi hún að hafa tiltekinn fjölda viðskiptavina á bak við sig. Það væri til ófarnaðar að stefna að því að t.d. í afmörkuðum héruðum þar sem ekki er fleira fólk en svo að ein lyfjaverslun getur starfað með sæmilegu móti, þá væri farið að veita fleiri lyfsöluleyfi til þess að kollvarpa þeim möguleikum sem sú lyfjaverslun hefur sem þar er fyrir á svæðinu. Þetta á auðvitað ekki við í aðalþéttbýli landsins. Það eru vitaskuld miklu fleiri viðskiptamenn en 6.000 manns á bak við hverja lyfjaverslun. Segja má að það frv. sem hér liggur fyrir sé að þessu leyti miklu meira sniðið við hagsmuni aðalþéttbýlis landsins en við hagsmuni strjálbýlisins. En við lagasetningu verður þó að gæta þess að hagsmunir strjálbýlisins verði ekki fyrir borð bornir þannig að sú starfsemi sem þar er nauðsynlegt að sé rekin geti þrifist áfram.

Ég vil því í raun gera þá einu athugasemd við þetta frv. við þessa umræðu að í VII. kafla þess um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi virðist mér að 21. gr. sé opin um of, að það skorti að frelsið hafi sín takmörk. Frelsið er gott en það þarf að setja því einhver mörk. Ég tel að ekki verði komist hjá því af hálfu hv. nefndar sem athugar væntanlega frv. mjög vandlega og mér þætti ekki ólíklegt að það væri hyggilegt að sú athugun stæði allt til næsta þings að inn í 21. gr. þurfi að bæta skilmálum um það hvaða fólksfjöldi standi á bak við lyfjaverslun í einhverju afmörkuðu byggðarlagi til þess að heimilt sé að bæta öðru lyfsöluleyfi við. Í 21. gr. eru tilgreind þau skilyrði sem uppfylla þarf til þess að lyfsöluleyfi sé veitt en þar segir þó: „Ráðherra skal veita lyfsöluleyfi.“ Það segir ekki: Ráðherra er heimilt að veita lyfsöluleyfi heldur: „Ráðherra skal veita lyfsöluleyfi.“ Ef sá er sækir um er lyfjafræðingur, ef hann hefur starfað í þrjú ár, og má þó vera undanþága frá því ákvæði. Hafi hann verslunarleyfi eða hafi samið við einhvern annan sem hefur verslunarleyfi um rekstur á hans vegum og hann fullnægi kröfum sem lyfjaeftirlit setur um húsnæði og búnað.

Lyfjafræðingur, sem hefur starfað í þrjú ár og sækir um leyfi í einhverju tilteknu byggðarlagi án tillits til þess hvort þar sé möguleiki fyrir rekstri tveggja lyfjaverslana, skal fá leyfi samkvæmt frv. Mér sýnist að þessi atriði frv. séu með þeim hætti að við þau verði ekki unað, þeim verði að breyta.

Mörg ákvæði frv. hafa verið tekin til umfjöllunar í mjög góðum umræðum í dag og gildir þá einu hvort þeir sem hafa talað hafa verið úr liði stjórnarliða eða liði stjórnarandstæða. Bent hefur verið á ýmis atriði sem eru bæði til bóta og sem kann að þurfa að athuga nánar. Ég ætla ekki að fjalla frekar um þau en ég hlýt auðvitað að benda á að í eðli sínu er hér ekki verið að fjalla um pólitísk mál. Frv. er að sjálfsögðu stjfrv. og

á því er haldið sem slíku en auðvitað er gott ef hægt er að fjalla um mál af þessu tagi og afgreiða mál af þessu tagi án þess að endilega sé verið að kljúfa fylkingar niður eftir pólitískum línum. Auðvitað er hægt að gera öll mál að pólitísku málum en mál af þessum toga eru ekki í eðli sínu pólitísk þó að ég unni að sjálfsögðu hæstv. heilbrrh. þess að leggja fyrir mál sem eru með mörgum og augljósum kostum og skal ekki draga úr því að það er auðvitað fengur fyrir okkur stjórnarliða. Þrátt fyrir þetta tel ég fara vel á því eins og ég hef fundið að sá hugur hefur raunar verið í ræðum flestra þeirra ræðumanna sem hafa talað í dag að ekki liggur fyrir annað en sá hugur að leitast við að afgreiða þessi mál á þann hátt að löggjöfin megi reynast sem best þegar hún kemur til framkvæmda. Að því ber Alþingi að keppa og ég læt verða mín lokaorð, herra forseti, að óska þess að málið verði athugað svo gaumgæfilega í þingnefnd og að því ég ætla væntanlega til næsta þings að við höfum afgreitt og fengið yfir okkur góð lög um þetta mikilvæga málasvið þegar Alþingi hefur afgreitt það.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Búið er að fara svo ítarlega yfir efni þessa frv. og vítt og breitt um allt sviðið að ég þarf ekki að taka mjög langan tíma í þessum ræðustól. Ég vil byrja á því að fagna því að frv. til lyfjalaga hefur komið fram og tel að nauðsynlegt sé að fara vel yfir lög um innflutning, lyfjadreifingu og sölu ef vera kynni að það hefði í för með sér lækkandi verð á lyfjum í framtíðinni þá tel ég það af hinu góða. En þetta frv. er þannig að ég get ekki séð að það muni nást einhver samstaða um að afgreiða það sem lög á þessu þingi því það er að mörgu leyti mjög gallað. Meginmarkmið frv. er frelsi í lyfjadreifingu og sölu sem á að lækka lyfjaverðið. Frelsið og um leið helstu breytingar frv. felast í auknu frelsi til að opna apótek, heimild dýralækna til lyfjasölu og apótekum verður heimilað að ákveða verð á lausasölulyfjum, auglýsa þau villt og galið og stunda heimsendingarþjónustu. Allt þetta á að leiða til þess að verð á lyfjum lækki. Það væri vissulega af hinu góða ef sú væri raunin á. Hins vegar hafa í umræðunni hér og í skrifum ýmissa sérfræðinga um þetta frv. komið fram verulegar efasemdir um að þær breytingar sem frv. felur í sér muni leiða til lækkunar á lyfjaverði. Einnig hefur komið fram og það finnst mér mjög alvarlegur hlutur að frelsi til þess að opna lyfjaverslanir muni þýða fjölgun lyfjaverslana í þéttbýli á kostnað dreifbýlis og muni jafnvel þýða það að lyf verði seld hærra verði í dreifbýlinu en í þéttbýlinu.

Allt þetta eru atriði sem við þurfum að fara mjög vel yfir og ég tek undir það sem hv. þm. Pálmi Jónsson sagði áðan um hættuna á mismunun þeirra sem búa á þéttbýlissvæðinu og svo í dreifbýlinu til þess að nálgast lyfin og einnig á kostnað þeirra. En það eru nokkur atriði í greinum þessa frv. sem ég vildi fara yfir og spyrja ráðherra nánar út í og þá fyrst og fremst ef ég byrja á 2. gr. þar sem er fjallað um Lyfjaeftirlit ríkisins sem á að vera sjálfstæð stofnun sem lyfjafræðingur veitir forstöðu. Þar stendur: „Tryggja skal Lyfjaeftirliti ríkisins hæfilegt starfslið ...“ Mér finnst þetta ákaflega loðið og hefði viljað heyra hugmyndir ráðherra um það hvað er „hæfilegt starfslið Lyfjaeftirlits ríkisins“ vegna þess að hlutverk þess er mjög víðtækt. Einnig hvers vegna Lyfjaeftirlit ríkisins á að fylgjast með lyfjaverði innan lands og gera reglulegan samanburð á innlendu lyfjaverði og lyfjaverði í helstu nágrannalöndum fyrir lyfjagreiðslunefnd. Hvers vegna er þetta ekki hlutverk lyfjagreiðslunefndar?

Síðan kemur í III. kafla sem er um lyfjaskrár og ég fer aðeins lauslega yfir þetta því við eigum auðvitað eftir að fara yfir frv. mjög ítarlega í heilbr.- og trn. og fá þangað bæði umsagnir og menn til viðtals til þess að fara yfir frv. með okkur og munum örugglega leggja í það mjög mikla vinnu því það skiptir afar miklu máli að lög sem þessi verði góð þegar þau hljóta samþykki Alþingis.

En í III. kafla er fjallað um lyfjaskrár og 6. gr. finnst mér afar einkennileg. Þar er bara sagt: „Ísland er aðili að evrópsku lyfjaskránni“ — þetta er staðreynd sem er ekki endilega þörf á að hafa í lagatexta. Síðan kemur í lagatexta — „Gildir hin enska útgáfa lyfjaskrárinnar hér á landi.“

Hvers vegna þarf það að vera bundið í lagatexta að hér skuli gilda ensk útgáfa á lyfjaskrá? Mér finnst þetta afar einkennilegt að hafa svona ákvæði inni.

Þá er annað ákvæði í þessari sömu grein: „Ísland er aðili að Pharmaceutical Inspection Convention (PIC). Ensk útgáfa GMP — Leiðbeiningar um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð með viðaukum, svo og aðrar leiðbeiningar sem settar eru af þessum aðilum, skulu gilda hér á landi.“

Ef Ísland er ekki lengur aðili að evrópsku lyfjaskránni og síðan að PIC og GMP þá þýðir það að það mun þurfa lagabreytingu til til þess að breyta þessu sem eru bara venjulegar staðreyndir. Við erum aðilar að samningum og er það sjaldnast fest með þessum hætti í lagagreinum.

Þá er hér V. kaflinn þar sem talað er um ávísun lyfja, lyfseðla og afgreiðslu þeirra og merkingu lyfja — og ég vona að hæstv. heilbrrh. heyri til mín — en þar er sagt: „Landlæknir hefur eftirlit með lyfjaávísunum lækna og afhendingu lyfjafræðinga á lyfjum í neyðartilfellum.“

Mér finnst þetta afar gott ef það getur gerst að landlæknisembættið geti haft mjög strangt eftirlit með lyfjaávísunum lækna. Við þekkjum öll dæmi þar sem hefur verið um það að ræða að læknar hafa vísað ótæpilega á lyf. Fyrir stuttu síðan var á dagskrá hjá Bylgjunni að ég held, viðtal við ungan mann og reyndar upptaka þar sem hann fór í heimsókn til læknis og bað um róandi lyf, svefnlyf og eitthvað fleira og fékk ávísun á það allt, bara eftir sinni eigin beiðni en án þess að það væri farið neitt nákvæmlega út í það af hvaða þörfum, af hverju hann þyrfti að fá þessi sterku lyf. Ég veit dæmi þess að það hefur verið haft samband við landlæknisembættið út af störfum lækna og ávísun á róandi lyf en manni hefur fundist oft og tíðum vera heldur lítið gert í því að laga þá hluti.

Síðan er í 13. gr.: Ráðherra setur reglugerð um gerð

lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu. Í reglugerð þessari skal m.a. kveða á um eftirfarandi atriði:" — Síðan er það talið upp: Gerð lyfseðla, ávísun lyfja, hvort lyf megi einungis afhenda gegn lyfseðli, hve mikið magn og hve oft gegn sama lyfseðli.

Ég vildi gjarnan vita í samráði við hvern hæstv. heilbrrh. ætlar að setja þessa reglugerð. Það er ekkert í greininni sem segir það að ráðherra þurfi að hafa nokkurt einasta samráð. Nú er ég ekki að segja að núv. hæstv. heilbrrh. ætli ekki að hafa samráð við einhvern t.d. læknismenntaðan einstakling um þessa reglugerð hvernig hún verður, en það gæti farið svo að einhvern tímann veldist í ráðherrastól, í heilbrrn., maður sem ekki hefði hug á því að hafa neitt slíkt samráð og þá getur hann samkvæmt 13. gr. sett reglugerðina án nokkurs samráðs. Ég hefði gjarnan viljað heyra það hvort ráðherra telur ekki, úr því það er verið að setja inn í lög að við séum aðilar að evrópsku lyfjaskránni og PIC o.fl. og skulum hafa enska útgáfu að lyfjaskrá, að það sé enn frekar ástæða til þess að hafa í 13. gr. ákvæði um að ráðherra skuli setja reglugerð í samráði við einhverja þá aðila sem hafa þekkingu til að bera.

Síðan er í 21. gr. um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi. Þar rak ég mig á nokkuð sem ég get illa sætt mig við að sé með þeim hætti sem fram kemur í frv. en það er: „Fyrir lyfsöluleyfi skal greiða gjald sem ákveðið er af fjármálaráðherra." Ekki einu sinni í samráði við heilbrrn. eða hæstv. heilbr.- og trmrh. hverju sinni, heldur skal fjmrh. hafa fullt vald til þess að ákveða hvað skuli greiða fyrir lyfsöluleyfi. Þó hlýtur sérþekkingin á þessum sviðum að vera í heilbr.- og trmrn. og því eðlilegt að þessi lyfsöluleyfi eða gjaldið skuli ákveðið í samráði við heilbr.- og trmrh. eða ráðuneytið eða að heilbr.- og trmrh. ákveðið þetta gjald hverju sinni.

Þá er í 22. gr.: „Hvert lyfsöluleyfi takmarkast við rekstur einnar lyfjabúðar og ber lyfsöluleyfishafi sjálfur faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar. Lyfsöluleyfishafa er heimilt að sækja um leyfi til að reka útibú frá lyfjabúð sinni í sveitarfélögum þar sem lyfjabúðir eru ekki reknar." Mig langar til að spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. hvort það sé með svipuðum hætti og er í dag. Ef ég tek bara dæmi úr minni heimabyggð, þá er apótek starfrækt á Selfossi en flestir Eyrbekkingar og Stokkseyringar sækja sín lyf í kaupfélagið þangað sem fimmrútan kemur með pappakassa þar sem lyfin eru í þartilgerðum bréfpokum merkt hverjum einstaklingi sem á að fá lyfin og jafnvel hægt að taka þau út í reikning kaupfélagsins. Er þetta það fyrirkomulag sem ráðherrann sér fyrir sér á útibúum þessara apóteka? Ef ekki þá fagna ég því ef strangari kröfur verða gerðar í framtíðinni en þær sem eru gerðar í dag að lyfjafræðingur afgreiði lyfið í bréfpokann en sendi það síðan í einhverja verslun út í sveitarfélag og þar sér afgreiðslufólk um afgreiðslu til neytenda. Ég lít á þetta sem útibú, að vísu í pappakassa en útibú samt.

Þá er í 23. gr.: „Lyfsöluleyfi fellur niður:

1. ef leyfishafi er sviptur lyfjafræðingsleyfi sínu eða verslunarleyfi,

2. ef leyfishafi brýtur á einn eða annan máta ákvæði þessara eða annarra laga," o.s.frv.

Hver er það sem fellir niður lyfsöluleyfið eða metur hvort leyfishafi hefur brotið af sér? Það er ekkert um það í þessari grein hver skuli fella niður lyfsöluleyfið eða hafa úrskurðarvald um það hvort leyfishafi hafi brotið af sér og við hvað skal miðað.

„3. í lok þess árs sem leyfishafi verður 70 ára. Heimilt er að framlengja leyfi um eitt ár í senn eftir þann tíma, að fenginni umsögn landlæknis."

Þarna finnst mér eðlilegt að það gildi sömu reglur og eru varðandi ríkisstarfsmenn um starfsaldur.

Þá er það 27. gr.: „Starfsmenn lyfjabúða eru bundnir þagnarskyldu um alla vitneskju eða grun sem þeir í starfi sínu öðlast um sjúkdóma eða önnur einkamál."

Þetta getur verið afar erfitt í framkvæmd ef útibúin eru starfrækt með þeim hætti sem ég lýsti áðan, þá getur það verið afar erfitt að fara fram á þessa þagnarskyldu.

Eins er það um afgreiðslu lyfja: „Lyfjafræðingar eða aðstoðarlyfjafræðingar skulu bera ábyrgð á afgreiðslu lyfseðils og hafa með höndum lokaeftirlit að rétt sé afgreitt samkvæmt lyfjaávísun eða eiturbeiðni."

Ég tel það afar hæpið að slíkt eftirlit eigi sér stað í dag þegar lyfin eru afgreidd í útibúum kaupfélaga eða annarra verslana úti í sveitarfélögunum.

Síðan er það 37. gr.: „Á hverju deildaskiptu sjúkrahúsi skal starfa þriggja til fimm manna lyfjanefnd sem er ráðgefandi um lyfjaval sjúkrahússins." Það getur vel verið, það þekki ég ekki, að það sé gert í dag, það séu starfandi lyfjanefndir inni á sjúkrahúsunum en ef ekki þá vildi ég gjarnan vita hvort laun þeirrar nefndar skulu greiðast af framlögum til sjúkrahúsanna og ef svo er í dag þá er ágætt að vita það.

Þá er það lyfjaverðið og það er 40. gr.: „Hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum og dýralyfjum skal ákveðið af lyfjagreiðslunefnd. Í nefndinni eiga sæti fimm menn sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar nefndinni formann. Þegar fjallað er um hámarksverð á lyfjum taka sæti í nefndinni tveir fulltrúar, annar skipaður af samtökum lyfsala og hinn af samtökum lyfjaheildsala."

Þarna hefði ég gjarnan viljað sjá að það væri nánar kveðið á um það hverjir það eru sem á að skipa í nefndina eða hvaða skilyrðum þeir eiga að fullnægja vegna þess að ég óttast að þetta verði pólitískt skipuð nefnd sem fjalli um hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum og dýralyfjum eftir þeirri pólitísku stefnu sem er rekin hverju sinni en slíkt má ekki viðgangast við sölu lyfja að það sé pólitísk stefna ráðherra hverju sinni sem ráði þar ákvörðun um lyfjaverð.

Þá er í grg. með frv., athugasemdir við lagafrv., á bls. 13:

„Ætla verður að auknu frelsi í lyfjasölu fylgi fjölgun útsölustaða og þar með greiðari aðgangur að lyfjum, sem að öðru jöfnu leiðir til hærri heildarkostnaðar. Á móti kemur aukin kostnaðarvitund þeirra sem nota lyf ef hlutfallsgreiðslur verða teknar upp auk þess sem vænta má aukinnar samkeppni."

Í þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar áður þá

finnst mér að það sé í raun og veru búið að afsanna það að nákvæmlega þessi atriði geti haft í för með sér lækkun á verði lyfja. Það hefur komið fram bæði hér í ræðum hv. þm. og eins í þeim skrifum sem ég hef séð í dagblöðum undanfarið, þá hefur þetta verið hrakið, einmitt þetta, fjölgun útsölustaða og það að hækka kostnaðarhlutdeild sjúklings að það hafi endilega í för með sér lækkun á lyfjaverði.

Á bls. 15 er sagt frá því að frv. feli það í sér að það verði fækkað allverulega þeim ákvæðum laga sem mæla fyrir um setningu reglugerða en þess í stað sett almenn heimild til að setja í reglugerðir nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

Þarna er sem sagt verið að taka í burtu það ákvæði þar sem mælt er fast fyrir setningu reglugerðar en sett svona almenn heimild. Sjálfsagt er það gert til að geta tekið inn þær EES-tilskipanir eða reglugerðir sem koma til með að birtast á næstu mánuðum eða árum ef EES-samningurinn verður samþykktur.

Þá langaði mig til þess að spyrja ráðherra aðeins um 25. gr. þar sem ég rakst á það að það hafa verið gerðar athugasemdir, Apótekarafélag Íslands hefur gert athugasemdir við það að þurfa að senda frá sér upplýsingar um sölu lyfja á tölvutæku formi og hafa fundið því aðallega til foráttu að þessum upplýsingum fylgi kennitala sjúklings og númer þess læknis sem lyfseðilinn skrifar. Félagið lítur svo á að þær upplýsingar séu trúnaðarmál sjúklings og læknis annars vegar og sjúklings og apóteks hins vegar. Felur 25. gr. það í sér að það verður að gefa upp þessar upplýsingar sem Apótekarafélag Íslands hefur mótmælt?

Að lokum vil ég aðeins nefna umsögn um frv. til lyfjalaga sem kemur frá fjmrn., fjárlagaskrifstofu. Þetta er skylda sem þarf að uppfylla, með hverju frv. á að fylgja umsögn frá fjmrn., fjárlagaskrifstofu. Það verð ég hins vegar að segja að aftur og aftur verður maður fyrir gífurlegum vonbrigðum með það hversu fljótfærnislegar þessar umsagnir fjárlagaskrifstofu fjmrn. eru unnar. Þessi til að mynda er svona samantekt á greinargerð frv. og athugasemdum við það. Það er ekkert um það hvað þetta muni þýða inn í framtíðina, það er ekkert um það ef frv. verður samþykkt hvort þetta geti til lengri tíma litið þýtt eitthvert tekjutap fyrir ríkið. Þetta er nánast bara endursögn á greinargerðinni í heldur styttra formi. Heldur er þetta nú burðugra heldur en sú umsögn sem var með frv. sem við vorum að fara yfir um daginn þar sem umsögnin var upp á að mig minnir þrjár línur, heldur er þetta þó burðugra en í raun segir það ekkert meira vegna þess að maður er engu nær eftir þessa umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. Þetta eru vinnubrögð sem við þurfum að búa við. Hér kemur inn hvert frv. á fætur öðru frá þessari hæstv. ríkisstjórn og umsagnirnar eru allar með þessum hætti. Mér finnst þetta til skammar og það er til lítils að setja reglur sem bindur fjmrn. eða hvert ráðuneyti til að láta slíka umsögn fylgja frv. ef akkúrat ekkert er á henni að græða. Akkúrat ekki neitt. Það eina sem maður veit nákvæmlega um þetta er að þeir eru sjálfsagt sammála því að fjmrn. eigi að ákveða eitt og sér gjaldtöku. Þeir eru sjálfsagt sammála því. En þeir segja t.d.: „Mikilvæg forsenda þess að frjálsræði í lyfjasölu skili sér í minni útgjöldum er að verð lyfja hafi áhrif á ákvarðanir lyfjanotenda." Hafið þið bara heyrt annað eins? Það er ekkert verið að tala um áhrif lyfsins eða læknisingarmátt þess. Nei, ekki aldeilis. Það er að frjálsræði í lyfjasölunni skili sér í minni útgjöldum að verð lyfja hafi áhrif á ákvarðanir lyfjanotenda eða á hvaða lyf læknirinn ávísar. Þetta er speki sem kemur frá fjmrn. Umsögn fjmrn. um þann kostnað sem þetta frv. hefði hugsanlega í för með sér eða hvað það þýðir inn í framtíðina. Á þessu eigum við svo sjálfsagt að byggja ef frv. verður að lögum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár, á þessari umsögn. Mér finnst hún bara vera til skammar fyrir þá deild sem sendir hana frá sér.

Virðulegi forseti. Það var ýmislegt sem ég hefði viljað fara yfir nánar í skrifum um þetta frv., bæði af hálfu apótekara, lyfsala og eins annarra sem um þetta frv. hafa fjallað en það hefur verið gert mjög rækilega hér. Ég vil geta þess að ég hélt þegar störfum þingsins var breytt á þann máta að starfsemin var færð í eina deild þá ætti það að þýða skilvirkari og betri störf þingsins og ég tók það einhvern veginn í mig að 1. umr. væri gróf yfirferð yfir hvert frv. og síðan tækju nefndir þau til umfjöllunar en aðalumræða færi fram eftir þá umfjöllun því nefndir mundu auðvitað kynna sér hvert frv. mjög vel og kalla til álit sérfróðra manna. En það hefur ekki orðið og það er eins með þetta frv. og svo mörg, mörg önnur að 1., 2. og 3. umr. eru allar orðnar aðalumræður um þau mál sem við erum að fjalla um hverju sinni. Ég held að maður hljóti að komast að þeirri niðurstöðu eftir störf þingsins í vetur og að það hafi jafnvel verið skilvirkara þegar við störfuðum í tveimur deildum.

Jón Helgason:

Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði áðan í ræðu sinni að hann óttaðist að lyfjabúðir verði of margar vegna þess hversu opnar heimildir væru eða skyldar til að veita lyfsöluleyfi í 21. gr. Ég skal ekkert draga úr þeirri skoðun hv. þm. að að því leyti muni þetta ekki horfa til sparnaðar en ég hef samt sem áður frekar áhyggjur af þveröfugu, þ.e. að lyfjabúðir verði of fáar á afmörkuðum svæðum. Það er vegna ákvæðisins sem er í 22. gr., niðurlagi hennar, að starfandi læknir, tannlæknir og dýralæknir má ekki vera eigandi, hluthafi eða starfsmaður lyfjabúðar. Að vísu virðist vera að þetta ákvæði um dýralæknana sé marklaust því vegna ákvæða í 30. gr., eins og segir í athugasemdum með þeirri grein, með leyfi hæstv. forseta:

„Reglur um heimild dýralækna til sölu dýralyfja munu breytast í þá veru að allir dýralæknar munu framvegis geta selt dýralyf á allt að hámarksverði sem ákveðið er af lyfjagreiðslunefnd. Hingað til hefur þessi heimild verið bundin við héraðsdýralækna. Er þetta nýmæli til verulegra þæginda fyrir þá sem njóta þjónustu dýralækna." Skal ég ekki draga úr því að það muni hafa þau áhrif en þarna sýnist mér að ekki sé gert ráð fyrir að það verði að neinu haft ákvæði 22. gr. um að dýralæknar megi ekki vera eigandi, hluthafi eða starfsmaður lyfjabúðar, þ.e. þeirra lyfjabirgða sem hann

þarf á að halda og þeir sem njóta þjónustu hans á viðkomandi svæði. En þetta virðist horfa öðruvísi við hvað varðar læknana. Þá kem ég að því sem ég sagði að væru mínar áhyggjur fyrst og fremst af þessu frv. Í fámennum afskekktum læknishéruðum hefur það verið þannig og er þannig að heilsugæslulæknirinn rekur það apótek sem rekið er á viðkomandi svæði. Hann hefur þannig vinnu við það til viðbótar við læknisstörfin sem vegna fámennis í héraði eru ákaflega takmörkuð.

Ég hef heyrt að eftir að þetta frv. kom fram þá hefur vaknað sá ótti að torvelt verði að fá lækni til starfa ef hann verður sviptur þessum hluta starfsins í þessum héruðum þar sem að sjálfsögðu verða tekjurnar svo miklu lægri en þar sem fjölmennari héruð er um að ræða.

Ég vil því spyrja af hverju er verið að leggja niður skipulag sem vel hefur reynst í þessum héruðum, þ.e. þetta hefur tryggt íbúunum bæði góða læknisþjónustu og góða lyfjaþjónustu en þarna er hvoru tveggja stefnt í voða. Varla er hægt að skylda neinn til að reka lyfjaverslun á einhverju svæði þar sem hætt er við að notkun lyfja sé það lítil að erfitt sé að standa undir sjálfstæðum rekstri ef það er ekki samhliða öðru starfi. Ég hef því heyrt það að þar sem svona eru aðstæður þá óttast menn að þetta muni valda uppnámi bæði í lækn is- og lyfjaþjónustu.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði að þetta frv. væri ekki í eðli sínu pólitískt mál en ef að lögum verður frv., sem hefur þau áhrif að það mismunar fólkinu í landinu og stefnir í hættu þjónustu á þessum svæðum þá er það að mínu mati mjög pólitískt mál. Ég vil því biðja þá nefnd sem fær þetta frv. til meðferðar að taka þetta atriði til ítarlegrar athugunar þannig að með lagasetningu á Alþingi verði ekki stefnt í hættu þessari lífsnauðsynlegu þjónustu fyrir íbúa á þeim svæðum sem erfiðasta hafa aðstöðu að þessu leyti ef það skipulag riðlast sem við búum nú við.

Ég vænti þess að það hafi ekki verið ætlun hæstv. heilbrrh. að þetta hefði þau áhrif sem ég hef nefnt að ég óttast að það geri og ég hef ekki trúað öðru en hann yrði þakklátur fyrir það að nefndin leiti þeirra úrræða sem geti á þessu sviði tryggt farsæla lausn. Hér er að sjálfsögðu ekki um að ræða mörg svæði þar sem víða er sá fjöldi að baki lækni í hverju heilsugæsluumdæmi að það verður að vonast til þess að hægt sé að halda uppi viðunandi lyfjaþjónustu eftir þessu skipulagi.

En ég vil endurtaka það að heilbr.- og trn. taki þetta mál til ítarlegrar athugunar. Ég vil trúa að það stafi af athugunarleysi en alls ekki af ásetningi að valda þarna erfiðleikum eða miklum kostnaðarauka, annað hvort með því að fara að greiða lækninum hærri þóknun fyrir tekjumissinn eða fyrir íbúana að þurfa að sækja læknisþjónustu og lyf um miklu lengri og torfæran veg á stundum.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem hér hafa talað í dag fyrir mjög málefnalega umfjöllun um þetta frv. Hins vegar er ég alveg sammála hv. 4. þm. Suðurl. að það er orðið spurning hvort við eigum ekki að skoða okkar þingsköp upp á nýtt vegna þess að þessi umræða er nokkuð dæmigerð um í hvaða átt umræður eru að þróast um mál sem er ekki pólitískur ágreiningur um af því tagi að hér séu menn með einhvers konar óeðlilegan málflutning sem alls ekki hefur verið, málflutningurinn og umræðurnar um þetta mál hafa allar verið mjög málefnalegar og menn hafa ekki verið að ræðast við í neinum hálfkæringi. Engu að síður er það svo að menn hafa sumir ekki setið mjög mikið á fundinum og komið gjarnan og farið og komið þá með spurningar sem kannski tveir eða þrír þingmenn áður eru búnir að leggja fyrir ráðherra. Því er ástæða til þess að skoða það hvort það er ekki rétt að taka upp einhverja þá reglu um 1. umr. mál að fulltrúar flokkanna í nefndum væru fulltrúar þeirra í 1. umr. um málin og hitt heyrði þá frekar til undantekninga að menn sem ekki ættu sæti í viðkomandi nefndum væru að leggja sitt til við 1. umr. (**JónK:** Viltu þá ekki einnig ráða hverjir töluðu?) Einnig væri það til athugunar, virðulegi forseti, að sumar af þeim spurningum sem lagðar eru fyrir ráðherra að honum óundirbúnum um svona mál geta verið mjög tæknilegs eðlis, þess eðlis að ráðherra geti ekki svarað þeim á stundinni en eru hins vegar þesslegar að þær eiga heima fyrst og fremst í þingnefnd sem um málið fjallar, þangað sem hægt er að kalla alla þá sérfróða menn sem að samningu frv. hafa komið. Því þó svo að ráðherra hafi legið yfir máli þá er auðvitað alveg ljóst að það er hægt að spyrja fjölmargra spurninga um sérfræðileg álitamál, ekki síst í málum eins og lyfjaþjónustu og lyfjaverslun sem ráðherra getur ekki svarað úr sæti sínu í þinginu. Þessu kasta ég fram algjörlega áreitnislaust, ég er ekki að höggva í einn eða neinn. Ég held að það sé ástæða fyrir hv. Alþingi til þess að skoða nokkuð hvort menn séu sáttir við þá þróun sem orðið hefur í umræðum á Alþingi eftir að deildaskipun var afnumin.

En ég vil þá snúa mér að þeim fyrirspurnum sem hér hafa komið og byrja á því sem auðvitað skiptir meginmálinu: Er stefnt að því að afgreiða þetta mál núna fyrir vorið? Svarið við því er já. Ríkisstjórnin stefnir að því að afgreiða þetta frv. núna á þessu þingi, m.a. sökum þess að afgreiðsla þess er einn þáttur í fjárlagagerðinni fyrir síðustu áramót en þó ekki aðeins vegna þess. Þetta frv. hefur hlotið lengri undirbúning en sennilega flest frv. þessarar ríkisstjórnar því undirbúningur hófst þann 1. ágúst árið 1991 þegar ég skipaði nefnd til þess að leggja grundvöll að breyttu skipulagi á sviði lyfjadreifingar í landinu. Álit þeirrar nefndar kom út veturinn 1992 og var sent mjög víða um. Allir hv. alþm. fengu eintak af því áliti og það var sent út til allra fjölmiðla, allra hagsmunasamtaka og kynnt mjög rækilega. Í þessu áliti komu m.a. fram, eins og ég vitnaði í í ræðu minni í dag, þau markmið sem heilbrrn. setti sér um breytingu á þessum málum. Í framhaldi af því var síðan samið frv., fyrstu drög að frv. til lyfjalaga sem var kynnt í ríkisstjórninni í aprílbyrjun árið 1992 og var þannig kynnt fyrir ráðherrum beggja stjórnarflokkanna sem fengu þar með og þá þegar og

þeirra flokkar aðild að málinu. Ég skal vissulega viðurkenna það að stjórnarandstaðan fékk ekki málið með sama hætti en öll hagsmunasamtök, Apótekarafélagið, Stéttarfélag lyfjafræðinga, innflutningsaðilar, Læknafélagið og allir þeir aðilar sem að þessu máli koma, fengu send til umsagnar drög að þessu frv. í aprílmánuði fyrir einu ári síðan. Þessum aðilum öllum var gefinn kostur á því að ræða þessi frumvarpsdrög í sinn hóp og það var mikil almenn umræða um þessi mál í þjóðfélaginu eins og hv. þm. Finnur Ingólfsson gat um í sinni ræðu. Þannig að það er búið að vera núna í eitt og hálft ár stöðug umræða um það frv. sem verið er að mæla fyrir í dag. Síðasta sumar var síðan notað til þess að yfirfara frv. af öllum hagsmunaaðilum og það var einnig rætt í ríkisstjórninni. Það var síðan sent til stjórnarflokkanna í desembermánuði sl. sem höfðu frv. til umfjöllunar um nokkurra vikna skeið og lögðu mikla vinnu í umfjöllun um málið, fóru mjög vandlega ofan í saumana á því og í þeirri vinnu voru gerðar ýmsar breytingar. Þar að auki hafa þessir hagsmunaaðilar haft frv. álíka lengi til skoðunar. Vissulega er það rétt að hv. stjórnarandstaða hefur ekki fengið jafnmikla aðild að skoðun á þessu frv. eins og t.d. hagsmunaaðilarnar allir úti í þjóðfélaginu hafa fengið. Svo maður tali nú ekki um ríkisstjórnina og hennar flokka. En þetta er engin skammbær smíð, þetta er ekkert sem menn hafa verið að setja saman á síðustu vikum eða mánuðum. Það er búið að vinna í þessu í eitt og hálft ár, þar á meðal margra vikna vinnu af þingflokkum hv. stjórnarflokka. Og eins og hv. þm. formaður þingflokks Sjálfstfl. sagði þá er komið fullt samkomulag um öll meginefni málsins. Að sjálfsögðu er það alltaf svo, eins og hér hefur komið fram í umræðu, að einum þingmanni kann að þykja of langt gengið og öðrum þingmanni kann að þykja of skammt gengið og menn geta jafnvel verið í einum og sama flokki með slíkar skoðanir en þá er að finna hinn gullna meðalveg. Ég tel að hinn gullni meðalvegur sé fundinn í þessu frv. og þess vegna sé okkur ekkert að vanbúnaði að stefna að afgreiðslu þess á þessu vori vegna þess að allir hagsmunaaðilar sem að málinu hafa komið eiga þess von og ég trúi því eftir þá vandlegu umfjöllun sem frv. hefur fengið í dag. Ég viðurkenni það að stjórnarandstaðan hefur ekki fengið jafnmikinn tíma en með mjög fáum undantekningum, ef nokkrum, hefur stjórnarandstaðan kynnt sér málið mjög vel, það hefur komið fram í umræðunum í dag og ég held að frá hennar sjónarmiði eigi ekki heldur að vera neitt því að vanbúnaði að hægt sé að afgreiða frv. á þessu vori eins og ríkisstjórnin stefnir að.

Hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir spurði hvert væri markmiðið með þessu frumvarpi, fyrir hverja þetta frumvarp væri samið. Það kemur fram í fyrstu setningu frumvarpsins því að þar segir: „Markmið laga þessara er að tryggja um land allt góða lyfjaþjónustu, m.a. í samræmi við þær reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu og nægilegt framboð lyfja á sem hagstæðustu verði.“ Þetta eru fjögur meginefni frumvarpsins, að tryggja góða lyfjaþjónustu um allt land, líka í strjálustu byggðunum. Og frumvarpið, eins og það er úr garði gert, tryggir þá þjónustu betur heldur en núgildandi lög gera. Ég skal víkja að því á eftir. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að við höfum hliðsjón af þeim reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu og við höfum bundið okkur til þess að fylgja. Í þriðja lagi er meginefni frumvarpsins að tryggja nægilegt framboð lyfja þannig að alls staðar verði framboð nægilegt, bæði að magni og að gæðum, og að tryggt sé að Íslendingar geti ávallt notið þeirra lyfja sem nýjust eru og fullkomnust á markaðnum. Og í fjórða lagi er með frumvarpinu stefnt að því að reyna að tryggja sem hagkvæmast verð á lyfjamarkaðnum á Íslandi, en það er einfaldlega staðreynd að lyf á Íslandi eru dýrari en í flestum eða öllum öðrum löndum. Og það þarf ekkert endilega að vera lífsins lögmál að allir hlutir skuli óhjákvæmilega vera dýrari á Íslandi en annars staðar. Það er ekkert lögmál sem er óumbreytanlegt.

Hv. þm. spurði einnig: Hvað með samkeppni apóteka og sjúkrahúsaapóteka, m.a. hvað varðar göngudeildarsjúklinga? Ég á nú ekki von á því að þar verði um mikla samkeppni að ræða, af því einfaldlega að veikindi flestra göngudeildarsjúklinga eru þannig að það er ekki rétt að ætlast til þess að göngudeildarsjúklingar, sem eru í meðferð á göngudeildum spítala, séu ávallt sendir út í lyfjabúð til þess að sækja lyf sem þeir eiga að fá á göngudeildinni, og komi svo aftur til að fá lyfið sitt. Það er enn óæskilegra þegar um er að ræða sjúklinga eins og t.d. krabbameinssjúklinga, sem eru í lyfjameðferð, þar sem ákvörðun um lyfjagjöf er ekki tekin fyrr en blóðrannsókn hefur farið fram og metið er í kjölfar blóðrannsóknar hve mikið magn af lyfinu skal gefa krabbameinssjúklingnum sem er til meðferðar á göngudeild. Þá hefur skipulagið verið þannig, sem ekki er eðlilegt, að fyrst fer fram blóðrannsóknin, síðan er skrifaður lyfseðill og sjúklingurinn sendur með lyfseðilinn út í lyfjabúð. Síðan þarf hann að koma á göngudeildina aftur með lyfið svo hægt sé að gefa honum það. Þessu breytti ég með reglugerðarákvæði fyrir einu ári síðan þannig að ég heimilaði, og hef til þess stoð í lögum, göngudeildum stóru sjúkrahúsanna að afgreiða lyfin beint til þessara sjúklinga þannig að þeir gætu fengið lyfin, sem þeim eru gefin á göngudeildunum, afgreidd á þeim stöðum þar sem sjúklingarnir fá þessi lyf. Ég tel að þetta sé breyting til bóta, þetta sé til hagræðis fyrir sjúklinginn og ég held að um þessi mál verði ekki mikil samkeppni milli apóteka og sjúkrahúsapóteka að öðru leyti en því að ég minni á það sem kom fram hjá hv. þm. Geir Haarde, að það er gert ráð fyrir því í þessu frv. að sjúkrahús, sem svo kjósa, geti boðið út rekstur apóteka sinna og þá til lyfsala eða lyfjafræðinga, ef verkast vill. Þetta heimildarákvæði er opnað í þessu frv. þannig að ef stjórnendur sjúkrahúsa telja að þeir geti fengið hagstæðara tilboð með þessum hætti, geti fengið hagstæðari rekstur, þá er þeim heimilt að gera það þannig.

Hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl., sagði líka að hún óttaðist það að aukið aðgengi að lyfjum mundi auka neyslu þeirra vegna þess að margir lyfjaneytendur, eins og hún sagði orðrétt, væru ofætur á lyf. Nú er ekki langt síðan að urðu hér miklar um-

ræður á Alþingi um aðgerðir þess sem hér stendur til að reyna að draga úr lyfjaneyslu Íslendinga. Þá voru nú ekki margir sem fullyrtu það að margir Íslendingar væru ofætur á lyf, nema síður væri, heldur var því þvert á móti haldið fram, eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir gerði af og til í sinni ræðu, að enginn Íslendingur tæki lyf umfram þarfir. En vissulega er það rétt hjá hv. þm. að það eru ýmsar ábendingar um að Íslendingar neyti sumra lyfja ekki í hófi. Ábendingar hafa komið fram um t.d. ofnotkun Íslendinga á sýklalyfjum, sem hefur nú dregið mjög úr eftir síðustu aðgerðir heilbrrn. En við skulum samt sem áður gera okkur fulla grein fyrir því, eins og hér hefur verið á bent, að það eru náttúrlega ekki sjúklingarnir sem ráða lyfjaneyslunni heldur þeir sem lyfjaávísanirnar gefa, sem eru læknarnir. Og ég á ekki von á því að þó að fjölgaði eitthvað lyfjaútibúum eða lyfsölum í landinu, að þá mundi lyfjanotkun lyfseðilsskyldra lyfja aukast við það.

Hins vegar er það alveg rétt að þau ákvæði sem við höfum undirgengist í EES-samningnum um heimild til að auglýsa lyf sem eru ekki lyfseðilsskyld, þ.e. lausasölulyf, að sá samningur kynni að auka eitthvða neyslu slíkra lyfja. En það yrði þá miklu fremur vegna þess að við höfum undirgengist samning um það að heimila auglýsingar slíkra lyfja en vegna þess að útsölustöðum lyfja mundi eitthvað fjölga.

Síðan spurði hv. þm. eins og svo margir aðrir þingmenn hafa spurt: Hvað um lyfjadreifinguna á landsbyggðinni? Er þetta frumvarp að stefna í hættu lyfjadreifingu á landsbyggðinni? Og við skulum gera okkur fulla grein fyrir því að við erum ekki fyrst og fremst að spyrja þessarar spurningar: Hvað verða margar lyfsölur á landsbyggðinni? heldur: Er tryggt að lyfjadreifingin á landsbyggðinni verði ekki verri en hún er? Í því sambandi skulum við hafa hugfast að í lögum um heilbrigðisþjónustu er heilbrigðisyfirvöldum lögð sú skylda á herðar að sjá um lyfjadreifingu vegna þess að lyf eru, eins og hefur komið fram hér, ekki eins og venjuleg neysluvara heldur er lyfjadreifing hluti af heilbrigðisþjónustunni, og það er skylda heilbrigðisyfirvalda að sjá til þess að lyfjum sé dreift til allra landsins barna með sem bestum hætti.

Og þá er spurt: Hvað er gert til þess að tryggja það í þessu frumvarpi? Það er gert meira til að tryggja það en gert er í núgildandi lögum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því, eins og er í núgildandi lögum, að heilsugæslustöð geti starfrækt lyfjaverslun og munu þær náttúrlega gera það fyrst og fremst í framtíðinni, eins og gert er nú, á þeim stöðum þar sem lyfjaverslun er ekki starfandi. Það er skylda heilbrigðisyfirvalda að sjá til þess að lyfjadreifing sé góð. Heilbrigðisyfirvöld munu hér eftir sem hingað til að sjálfsögðu nýta sér heimildir gildandi laga til þess að heilsugæslustöðvar dreifi lyfjum á þeim stöðum þar sem ekki er um lyfjabúðir að ræða.

En það eru fleiri ákvæði í frumvarpinu til þess að tryggja þetta. Það eru ákvæði, eins og hér hefur verið bent á í umræðunni, í frumvarpinu um heimild til lyfsala til þess að starfrækja útibú frá lyfjaverslun sinni, eitt eða fleiri, í þeim sveitarfélögum þar sem lyfjaverslun er ekki starfrækt. Þetta er gert núna. T.d. starfrækir lyfsalinn á Patreksfirði lyfjaútibú á Þingeyri og á Bíldudal. Og lyfsalinn í Neskaupstað starfrækir lyfjaútibú á Fáskrúðsfirði. Það er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að þessi leið sé opin áfram og það er tekið sérstaklega fram í 28. gr., en þar segir svo, með leyfi forseta: „Ef lyfjatæknir er ekki fáanlegur til starfa í útibúi frá lyfjabúð er heimilt að veita staðbundinn afgreiðslurétt öðrum ábyrgum umboðsmanni, sem lyfsali ræður til þess, og skal Lyfjaeftirliti ríkisins tilkynnt um nafn og stöðu hans.“ Með öðrum orðum það er lyfjafræðingurinn, sem lyfsöluleyfið hefur, sem hefur heimild til þess að opna lyfsölu frá lyfjaverslun sinni, opna útibú á þeim stöðum þar sem ekki eru opnar lyfjaverslanir. Hann getur ráðið þangað til starfa lyfjafræðing til þess að sjá um rekstur útibúsins. Hann getur ráðið lyfjatækni, ef umsvifin eru ekki nógu mikil til að standa undir greiðslu launa til lyfjafræðings, og ef umsvifin eru ekki einu sinni nógu mikil til þess að standa undir launagreiðslum til lyfjatæknis þá segir hér: „... er heimilt að veita staðbundinn afgreiðslurétt öðrum ábyrgum umboðsmanni, sem lyfsali ræður til þess, og skal Lyfjaeftirliti ríkisins tilkynnt um nafn og stöðu hans.“

En það eru fleiri öryggisnet í þessu frumvarpi, vegna þess að í að 30. gr. segir svo, með leyfi forseta: „Lyfjaheildsölum er heimilt að selja lyf lyfsöluleyfishöfum, stofnunum sem reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónsutu eða öðrum sérlögum,“ og svo kemur nýja viðbótum: „læknum, tannlæknum og dýralæknum til notkunar á eigin stofum eða í sjúkravitjunum og þeim tilraunastofum sem vinna að rannsóknum lyfja.“ Þarna er líka í þriðja lagi verið að opna heimildir til þess að lyfjaheildsalar geti selt læknum beint lyf til nota í vitjunum eða á stofum sínum, og síðan segir: „Kostnaður lækna og tannlækna vegna slíkra lyfjakaupa fellur undir reksturskostnað, en dýralæknar hafa heimild til að selja dýralyf á allt að hámarksútsöluverði.“ Þetta þýðir í þéttbýlinu það að læknar, sem starfrækja stofu, þurfa ekki lengur eins og áður gerðist að skrifa út lyfseðla á sjálfa sig til þess að eiga lyf á stofum sínum fyrir sjúklinga sem þangað ganga, heldur geta þeir keypt lyf beint af lyfjaheildsala og haft þau á stofum sínum og afgreitt þau til sjúklinga sinna gegn gjaldi. En þetta þýðir það í mesta dreifbýlinu, þar sem ekki eru einu sinni aðstæður til þess að hafa opið lyfjaútibú, hvorki með lyfjafræðingi, lyfjatækni né ábyrgum afgreiðslumanni, og ekki eru einu sinni aðstæður til þess að heilsugæslustöð afgreiði lyf, að þá er lækninum sem gegnir í viðkomandi héraði heimilt að sjá um slíka lyfjaafgreiðslu. Ef þetta frumvarp breytir eitthvað dreifingu lyfja í dreifbýlinu þá er það breyting til bóta frá því sem núverandi kerfi gerir ráð fyrir, þá er það breyting sem tryggir betri og öruggari lyfjadreifingu í dreifbýlinu en nú á sér stað.

Hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir sagði einnig að það væri andstætt heilbrigðisstefnunni, það væri andstætt forvörnum í heilbrigðismálum að fjölga lyfjabúðum. Er það þá góð heilbrigðisstefna og fornvarnastarf í heil-

brigðismálum að fækka lyfjabúðum? Ætti kannski að fækka lyfjabúðum ofan í eina, og það væri mjög mikill árangur í forvörnum í heilbrigðismálum? Er það forvörn í heilbrigðismálum að gera fólki torvelt að ná í lyf? Auðvitað ekki. Hvar eru þá mörkin? Eru mörkin þá þau sem þau eru núna, nákvæmlega sá fjöldi lyfjabúða sem er í dag, og það sé andstætt heilbrigðisstefnu og forvörnum að fjölga þeim? Eða á kannski að fjölga um tvo sölustaði í viðbót eða fjóra, eða kannski fækka um tvo eða fjóra? Hver eru mörkin á milli þess sem hv. þm. telur eðlilegt og æskilegt um fjölda lyfjabúða og því sem hann telur að þegar lyfjabúðir væru þá orðnar það margar að það væri orðið andstætt heilbrigðisstefnu að fjölga þeim?

Auðvitað þrátt fyrir sérkenni lyfjaverslunar þá hljóta málin að þróast þar eins og annars staðar, að lyfjaverslanir verði opnar á þeim stöðum þar sem eftirspurn og markaður er fyrir starfsemi þeirra. Þannig er það í dag. Lyfjaverslanir eru ekki opnar á öðrum stöðum en þeim þar sem talið er, að áliti eigendanna sjálfra, að sé grundvöllur fyrir lyfjabúðum. Og þetta frumvarp breytir því á engan veg. Þetta frumvarp breytir því ekki að lyfjaverslun verður því aðeins starfrækt til frambúðar af einstaklingi, að það sé grundvöllur fyrir henni. Þar sem ekki er grundvöllur fyrir sjálfstæðri lyfjabúð er heimild til að opna lyfjaútibú. Þar sem ekki er grundvöllur fyrir rekstri lyfjaútibús er heimilt að heilsugæslustöð afgreiði lyf, og þar sem er ekki grundvöllur fyrir þeirri afgreiðslu getur heilsugæslulæknirinn sjálfur keypt lyf í heildsölu og séð um að þjóna fólkinu í hinum dreifðu byggðum.

Síðan vék hv. þm. að því að þetta frv. hefði í för með sér aukna miðstýringu. Það er nú síður en svo. Það er nú síður en svo að það hafi í för með sér aukna miðstýringu að ráðherra skuli afsala sér þeim rétti sem hann hefur í dag til þess að velja úr hópi menntaðra lyfjafræðinga tiltekinn fámennan hóp fólks sem öðlast réttindi til þess að versla með lyf á einhverjum tilteknum svæðum, en breytingin verður þess í stað gerð þannig að allir lyfjafræðingar, sem uppfylla tiltekin skilyrði um menntun og hæfi, fái rétt til þess að versla með lyf ef þeir svo sjálfir kjósa og ef lyfjaverslunin þeirra uppfyllir þau ströngu ákvæði sem eru í íslenskum lögum um búnað og rekstur lyfjabúða.

Þetta er náttúrlega ekki aukin miðstýring nema síður væri. Það er ekki heldur aukin miðstýring, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að allir þeir sem afla sér tilskilinna leyfa til innflutnings á lyfjum hafi jafnan rétt, sama rétt til innflutnings frá viðurkenndum framleiðendum, en eins og kerfið er í dag þá eru það bara einkaumboðsmenn hinna erlendu framleiðenda sem hafa leyfi til að flytja inn vörur sem þeir framleiða. Það er öfugmæli að kalla þetta aukna miðstýringu.

Það var hins vegar fólgin aukin miðstýring í þeim hugmyndum fyrrv. heilbrrh. sem m.a. hv. þm. Finnur Ingólfsson gerði að umræðuefni, að skipulagi innflutningsverslunar með lyf skuli hagað þannig að stofnað verði eitt hálfopinbert fyrirtæki með aðild ríkisins og allra heildsala eða innflytjenda á lyfjum til landsins, sem fái einkarétt á innflutningi allra lyfja, með svipuðum hætti eins og nú er gert í Svíþjóð þar sem einkaréttur á innflutningi er í höndunum á einu hálfopinberu fyrirtæki. Það er aukin miðstýring. Það er ekki í tillögum mínum í þessu frumvarpi.

Það getur vel verið að menn geti fært rök fyrir því að a.m.k. fyrsta kastið gæti slíkt fyrirtæki náð eitthvað hagstæðari samningum um innkaupsverð. En við Íslendingar höfum einfaldlega reynsluna af slíkri einokun, þegar einu fyrirtæki er færður réttur eins og sá að sitja eitt að innflutningsverslun til landsins á tilteknum vörum. Við höfum reynslu af slíkum rekstri. Við höfðum viðtækjaverslun ríkisins, við höfðum einokun á innflutningi. Sú reynsla var nú ekki þannig að menn telji rétt að hverfa til þeirra stjórnarhátta á ný. Það sem Svíar þurfa auðvitað að gera þegar þeir gerast aðilar að fjölþjóðasamningi um frjáls viðskipti eins og Evrópsku efnahagssvæði er að skoða þetta skipulag, endurskoða það frá grunni vegna þess að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði gerir ekki ráð fyrir því að hægt að sé að fela einu fyrirtæki einkainnflutning á neinni vöru til nokkurs lands. Svíar neyðast því til þess að endurskoða fyrirkomulag sitt á innflutningi lyfja til Svíþjóðar og hverfa frá því skipulagi að það sé bara eitt sænskt, hálfopinbert fyrirtæki sem hafi það á sínu verksviði að flytja inn lyf til Svíþjóðar. Þar verður samkeppnin að komast að eins og annars staðar, hitt heyrir til liðins tíma sem hefur hvergi skilað góðri raun þegar til lengri tíma er litið og heilt heimsveldi, sem byggðist á þessum hugmyndum, heimsveldi kommúnismans, hrundi til grunna. Þegar tjöldin hrundu, pótemkintjöldin sem menn notuðu til að dylja það sem var inni fyrir, þá sáu menn að síðastliðinn mannsaldur hefur skilað þessum löndum fátækari en þau voru í upphafi hans þegar þau fóru inn í þetta kerfi.

Heilbrigðisráðherra úr einu baltnesku ríkjanna kom í heimsókn til okkar fyrir nokkrum vikum. Ég átti m.a. viðræður við hann. Þetta var ríkt land þegar kommúnisminn hóf þar innreið sína, miklu ríkara land en Ísland. Hann fór með mér á nokkrar stofnanir á suðvesturhorni landsins og þegar við skildum þá sagði hann: Mikið öfunda ég ykkur Íslendinga af þessum 50 árum. — Við skulum ekki hverfa aftur til þeirra hátta sem menn voru að gera tilraunir með í baltnesku löndunum og víðar fyrir 50 árum og skildu þau eftir í þessum sporum.

Hv. 8. þm. Reykv. Geir H. Haarde kom með nokkrar ábendingar sem allar eru áhugaverðar eins og aðrar ábendingar sem komu fram. En meginkjarninn í máli hans var þessi: Við höfum náð samkomulagi um þetta frumvarp. Það er sjálfsagt að skoða einstök atriði í meðförum þess í nefnd, einstakar ábendingar, og skoða betur ýmis þau atriði sem menn eru búnir að fara yfir mörgum sinnum í samstarfi þessara flokka. En hann sagði: Meginefni þessa frumvarps mun standa óbreytt því að það er í samræmi við þá stefnu sem ríkisstjórnin hefur markað í málefnasáttmála sínum, það er í samræmi við þá stefnu sem ríkisstjórnin markaði í fjárlögum. Svo bætti hann við og það voru hans orð en ekki mín: Það er í meginatriðum í samræmi við

stefnu Sjálfstfl. eins og hún var mörkuð á síðasta landsfundi flokksins.

Þetta er auðvitað kjarni málsins. Það er komið samkomulag um meginstefnu þessa frumvarps. Það er komið samkomulag um afgreiðslu þess. Það hefur fengið jákvæð viðbrögð frá stjórnarandstöðunni þó sjálfsagt sé að athuga ýmsar þær ábendingar sem hún kom með, sem varða ekki meginkjarna frumvarpsins. Ég hef ekki nokkra trú á öðru en því að menn standi við að afgreiða þetta frumvarp eins og til var stofnað.

Hv. þm. Árni M. Mathiesen kom með nokkrar ábendingar og benti fyrst á að hann teldi að 21. gr. í frv. sem hefst með orðunum „Enginn má stunda lyfsölu hér á landi nema sá sem hefur til þess leyfi ráðherra" væri allt of þröng. Eins og ég benti á áðan þá sagði hv. flokksbróðir hans, 2. þm. Norðurl. v. að þessi grein væri allt of rúm svo að ég vil líta svo á að þarna höfum við náð málamiðlun þar sem farið hefur verið bil beggja. En hv. þm. Árni M. Mathiesen sagði að hann teldi í fyrsta lagi ekki rétt að lyfsöluleyfi væru bundin við lyfjafræðing heldur ætti hver og einn, þar á meðal félög og fyrirtæki, að geta fengið lyfsöluleyfi að því tilskildu að þessir aðilar hefðu lyfjafræðing í þjónustu sinni sem væri ábyrgur fyrir faglegum hliðum málsins.

Auðvitað kemur þetta til skoðunar. En eins og ég segi var textinn í 21. gr. frv. sú málamiðlun sem náðist. Sumir telja að það gangi of langt, aðrir telja að það gangi of skammt en þetta varð niðurstaðan í málamiðluninni, þetta var samkomulagsgrundvöllurinn, og ég reikna að sjálfsögðu með því að menn skoði það með þeim augum. Ef það kemur í ljós að það fyrirkomulag að lyfjafræðingur geti stofnað hlutafélag um rekstur sinn gengur vel er nú ekki langt sporið yfir í það að hlutafélög geti farið með lyfsöluleyfin sjálf að því tilskildu að þau hafi í þjónustu sinni lyfjafræðing með tilskilin réttindi sem bæri ábyrgð á rekstrinum. Það er hins vegar niðurstaða í þessu frumvarpi að ekki sé rétt að stíga sporið svo langt fram að þessu sinni heldur staðnæmast þar sem 21. gr. gerir ráð fyrir.

Þá gerði hv. þm. athugasemdir við 34. gr. frv., þar sem segir að sjúkrahúsum sé heimilt að starfrækja sérstök sjúkrahúsapótek og að stjórn sjúkrahúss sé heimilt að leita útboða um rekstur slíkra apóteka. Hv. þm. taldi réttara að þetta væri stjórnum sjúkrahúsa skylt en ekki bara heimilt. Ég er honum ekki sammála. Ég tel að stjórnir sjúkrahúsa eigi að hafa það val hvort þær vilji reka sjúkrahúsapótek á vegum sjúkrahússins eða bjóða rekstur sjúkrahúsapóteka út. Samkvæmt texta frumvarpsins geta þær gert hvort tveggja. T.d. getur verið álitamál hjá stjórnum sjúkrahúsa, sem setja upp lyfjanefndir til þess að ákveða hvaða lyf skuli notuð á sjúkrahúsinu, hvort þær eigi þá að bjóða sjúkrahússapóteksreksturinn út þar sem yrðu væntanlega á boðstólum öll lyf, þar á meðal lyf sem lyfjanefnd sjúkrahússins hefði tekið ákvörðun um að ekki séu notuð. Það getur líka verið áhorfsmál hvort að stjórn sjúkrahúsa telur að sér yrði stuðningur að því í rekstri að reka sjálf sjúkrahúsapótekið eða fá annan til þess að reka það, en eins og er gengið frá frumvarpinu er um heimildarákvæði að ræða þannig að stjórnir sjúkrahúsa geti ráðið hvora leiðina þær velja og það tel ég vera skynsamlegt.

Þá ræddi hv. þm. eins og fleiri um það ákvæði 12. gr. frv. þar sem segir að í neyðartilvikum sé lyfjafræðingum heimilt að afhenda lyf í minnstu pakkningu án lyfseðils. Þetta ákvæði er líka í gildandi lögum. Í gildandi lögum er kveðið á um að lyfjafræðingum sé í neyðartilvikum heimilt að afgreiða lyf. Sú eina breyting er gerð í þessu frumvarpi að heimildarákvæðið er þrengt vegna þess að það er sagt í frumvarpinu að í neyðartilvikum sé lyfjafræðingum heimilt að afhenda lyf í minnstu pakkningu án lyfseðils en í gildandi lögum er ekki um slíka takmörkun að ræða. Ég tel að í strjálbýlu landi eins og hjá okkur Íslendingum þar sem mjög alvarleg slys geta komið upp að þá sé nauðsynlegt að lyfjafræðingur geti fengið þessa heimild, þ.e. að afgreiða lyf í neyðartilvikum en þurfi ekki að neita um afgreiðslu lyfs í slíkum tilvikum ef t.d. næst ekki í lækni. Auðvitað vitum við að ef eitthvert slys yrði eða sjúklingur yrði fyrir miklu áfalli og ekki næðist í lækni mundi lyfjafræðingurinn engu að síður, og það á eigin ábyrgð, afgreiða lyf til viðkomandi sjúklings eða slasaðs manns ef um neyðartilvik væri að ræða. Ekki mundi Alþingi vilja bera ábyrgð á því að það yrði ekki hægt. En ég bendi á að gert er ráð fyrir því að landlæknir hafi einnig eftirlit með afhendingu lyfjafræðinga á lyfjum í neyðartilvikum þannig að ekki er verið að opna með þessu neinn möguleika til þess að lyfjafræðingur gæti hafið afhendingu lyfja meira og minna eftirlitslaust eða eftirlitslítið út á þessa klásúlu í lögunum. Enda héldi slíkur lyfjafræðingur ekki lyfsöluleyfi sínu lengi ef hann yrði staðinn að svoleiðis verknaði. Mér er ekki kunnugt um að það hafi verið gert, lyfjafræðingur hafi gerst sekur um slíkt. Ég tel að sú stétt hafi miklu meiri ábyrgðartilfinningu en svo að þeir færu að iðka þetta heimildarákvæði ótæpilega.

Þá gerði hv. þm. athugasemdir við ákvæði V. kafla um Lyfsölusjóð. Ég vil aðeins benda hv. þm. á að gert er ráð fyrir því að kaflinn um Lyfsölusjóð falli úr gildi 1. júlí 1995 þegar komið er að því að lyfsala er orðin frjáls. Þá er ekki lengur talið eðlilegt að verið sé að skattleggja öll apótek til að standa undir starfsemi eins og Lyfsölusjóður veitir sem m.a. hefur því hlutverki fyrst og fremst að gegna að hjálpa apótekurum eða lyfsölum í núverandi kerfi til þess að kaupa eignir af forverum sínum sem þeir eru skyldaðir til að kaupa í núgildandi kerfi og greiða matsverð fyrir. Eftir breytinguna eru menn ekki lengur skyldaðir til að kaupa lyfjaverslun og lyfjabirgðir forvera sinna og þá minnkar hlutverk Lyfsölusjóðs sem því nemur og mönnum þykir rétt að hann falli þá niður frá og með 1. júlí 1995.

Í því sambandi hefur komið upp spurning um það hjá nokkrum þingmönnum hvort líklegt væri að lyfsalar, sem hafa hafið rekstur með því að kaupa apótek af fyrirrennurum sínum í þeirri trú að þeir fengju þá viðtakandann til að kaupa eignirnar þegar þeir létu af störfum, hvort sú breyting að fella þessa kaupskyldu niður gæti skapað ríkinu skaðabótaábyrgð. Ég hef óskað eftir því við virtan lögmann sem mér var vísað á af

ríkislögmanni að hann léti mér í té álitsgerð um nákvæmlega þetta efni. Niðurstaða lögmannsins var mjög afdráttarlaus. Hann telur að lyfsalar eigi ekki slíka skaðabótakröfu á ríkið. Ég hef beðið ríkislögmann um álit hans á þessari niðurstöðu. Hann hefur tjáð sig sammála henni. Ég mun láta þessar upplýsingar að sjálfsögðu ganga til heilbr.- og trn. Ég tel ekki að það sé ástæða til að hafa áhyggjur af þessu en auðvitað eiga lyfsalar alltaf þá leið eins og aðrir borgarar landsins að leita til dómstóla með þetta ágreiningsefni og auðvitað kveða dómstólarnir upp hinn endanlega dóm.

Nokkur orð um ræðu hv. 6. þm. Vestf. Alveg er ég sannfærður um að hún var á móti því á sínum tíma að einkasöluleyfi mjólkurverslana til verslunar með mjólk og mjólkurvörur yrði fellt niður og tekin yrði sú skelfilega áhætta að þessar vörur skyldu fluttar inn í almennar matvöruverslanir í staðinn. Ég veit ekki hvort allir hv. þm. muna eftir þeim umræðum. Þar var m.a. fullyrt að þetta mundi valda hækkun á barnadauða á Íslandi vegna þess að mjólkurverslanirnar, sem voru sérhannaðar til að versla með mjólk og mjólkurvörur, mundu umgangast þessa vöru af miklu meiri varfærni og vandvirkni en venjulegir kaupmenn. Því var haldið fram að þetta mundi hafa það í för með sér að seld yrði skemmd vara og hættuleg, sérstaklega börnum landsins sem mundu veikjast unnvörpum eftir þessar breytingar. Því var haldið fram að það næði auðvitað ekki nokkurri átt að vera að fjölga útsölustöðum mjólkur hömlulaust með þessum hætti því að gamla kerfið væri svo miklu betra. Alveg er ég sannfærður um að hv. 6. þm. Vestf. var á þessari skoðun. Ég er næstum því viss um að hv. 6. þm. Vestf. er enn á þessari skoðun. Ég er það hins vegar ekki. Ég er ekkert hræddur um að aukið frjálsræði í lyfjasölu, jafnvel sá skelfilegi atburður að verslanir eins og Hagkaup og Bónus færu að standa í því að flytja inn lyf og opna lyfjabúðir, ég hef engar áhyggjur af því að það verði til þess að hér fyllist allir skólar af eiturlyfjaneytandi unglingum eða okkur verði stórkostlega hætta búin vegna þess að þessir aðilar hefðu ekki möguleika á því að vanda sín verk jafnmikið og þeir sem versla með lyf í dag.

Hins vegar er alveg rétt hjá hv. þm. að ekkert ákvæði í þessu frv. til lyfjalaga hljóðar svo: „Lyfjaverð á Íslandi skal lækka.“ Ég hef ekki trú á slíkum ákvæðum í lögum. Ég hef ekki trú á því að leggja fram frumvarp á Alþingi þar sem segir: „Lyfjaverð á Íslandi skal lækka um 5% hinn 1. janúar 1994 og svo um 1% á mánuði eftir það til miðs árs.“ Þetta eru ekki aðgerðir sem eru líklegar til að bera árangur. Þetta eru aðgerðir sem margir af genginni kynslóð voru hrifnir af en því miður gengu þær ekki upp.

Hins vegar eru í frumvarpinu ákvæði um breyta umhverfinu í íslenskri lyfjaverslun í þá veru að það sem hefur reynst okkur vel á öðrum sviðum, þ.e. aukin samkeppni og meira frjálsræði, geti líka borið sama árangur í lyfjaverslun, bæði í innflutningsverslun og smásöluverslun. Ég trúi því að reynsla okkar Íslendinga sem við höfum fengið af því hverju frjálsari samkeppni geti áorkað muni hjálpa okkur í þessu tilviki eins og öðrum.

Hv. þm. sagði að með þessu yrði verðjöfnunarkerfi á lyfjum afnumið. Það er ekkert verðjöfnunarkerfi á lyfjum til á Íslandi í dag. Það er engin verðjöfnun á lyfjum. Það sem verið er að gera ráð fyrir er það að setja hámarksverð á lyfseðilsskyld lyf, en leyfa þeim sem með lyfin versla að selja þau á lægra verði, sem komi neytandanum til góða, ef viðkomandi lyfjasalar geta verðlagt sína vöru á lægra verði en hámarksverðinu nemur. Er það svona skelfilegt? Auðvitað mun það leiða til þess að lyf verða kannski dýrari á einum stað en öðrum. Auðvitað getur það leitt til þess, eins og hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir sagði, að magnyl verður dýrara í Stykkishólmi en í Reykjavík. En í guðs almáttugs bænum — hvað er frjáls samkeppni um verð annað en það að vara verður dýrari á einum stað en öðrum? Formælendur frjálsrar samkeppni sem segja: Við getum ekki samþykkt að ekki sé sama verð á sömu vöru í öllum verslunum, eru auðvitað ekki formælendur frjálsrar samkeppni. Við þá aðila sem hafa þá skoðun segi ég einfaldlega þetta: Þá skuluð þið, herrar mínir og frúr, flytja tillögu um að taka upp á ný í matvöruverslun verðlagsákvæði og loka verslunum eins og Bónus, eins og Hagkaup, eins og stórmörkuðum — ekki bara á Reykjavíkursvæðinu heldur víðs vegar um land — sem bjóða vöruna á lægra verði en sá sem hæst selur hana. Það er hin frjálsa samkeppni sem hefur fært okkur meiri ávinning í launamálum láglaunafólks með lækkuðu matvöruverði en nokkrir kjarasamningar. Það eru algjör öfugmæli að halda því fram að sú staðreynd að þessi samkeppni hefur leitt til þess að matvara er ódýrari t.d. í Bónus en í einhverri annarri verslun sé svo skelfileg að það beri að afnema það fyrirkomulag og leita og taka aftur upp gömlu viðmiðunina um verðlagsráðsverð sem gildir það sama um allt land og í öllum verslunum. Menn geta ekki sagt A öðruvísi en að segja B, menn geta ekki sagt: ég styð frjálsa samkeppni en ég er á móti því að vara sé á mismunandi verði í mismunandi verslunum. Slík röksemdafærsla gengur hreinlega ekki upp. Frumvarpið afnemur ekkert verðjöfnunarkerfi á lyfjum því að það er ekki til. Það er ekkert til að afnema. Það mun ekki gera lyfin dýrari en þau eru á þeim stöðum þar sem óhagkvæmast er að versla með lyf. En það mun lækka vöruverðið þar sem samkeppni getur þrifist og sú samkeppni mun hafa afleiðingar og áhrif um land allt. Eru menn virkilega á móti því að ein verslun fái að lækka verðið á vöru sinni ef hún getur það vegna þess að einhver önnur verslun getur það ekki? Eru menn virkilega á móti því?

Ég hef svarað fyrirspurn hv. 6. þm. Vestf. um kaup á eignum apótekara. Þá minntist hv. þm. á, sem fleiri hafa gert, ákvæði 22. gr. um að starfandi læknar, tannlæknar og dýralæknar megi ekki vera eigendur, hluthafar eða starfsmenn lyfjabúða. Hv. þm. sagði: Hvað er það sem bannar samkvæmt þessu nýja frumvarpi að lyfsala rísi í læknamiðstöð? Ekkert bannar það fremur en það er bannað í núgildandi lögum að læknamiðstöðvar rísi í lyfsölum. En eins og hv. þm. náttúrlega veit þá er það mjög algengt, a.m.k. hér á Reykjavíkursvæðinu, að lyfsalar, sem opna lyfjabúð, leigi lækn-

um pláss fyrir stofurekstur sinn, stundum fyrir lítið fé, í sama húsi og lyfjabúðin er rekin. Ekkert í núgildandi lögum bannar það þannig að hv. þm. hefur ekkert að vinna við að halda í þessi lög eins og þau eru í dag.

Það sem er hins vegar nýtt í frv., sem er ekki í lögum eins og þau eru í dag, er að starfandi læknum er í frumvarpinu bannað að vera eigendur, hluthafar eða starfsmenn lyfjabúða. Ekkert slíkt ákvæði er í gildandi lögum. Einu ákvæðin um þetta eru í siðareglum Læknafélagsins. Í siðareglum Læknafélagsins er þeim bannað að vera eigendur, starfsmenn eða hluthafar í rekstri lyfjabúða. Með þeirri breytingu, sem hér er lagt til, er gert ráð fyrir því að þessar siðareglur lækna um að þeir megi ekki vera beggja vegna borðsins séu settar í landslög og ég skil ekki að menn skuli vera á móti því.

Hv. þm. minntist nokkuð á samanburð á lyfjaverði í Þýskalandi og Íslandi. Vissulega er lyfjaverð hátt í Þýskalandi. En samanburður, sem hefur verið gerður í heilbrigðisráðuneytinu á útsöluverði 16 algengustu lyfja hér og annars staðar á hinum Norðurlöndunum og sé sá samanburður síðan yfirfærður á samanburð við önnur lönd, bendir til þess að þrátt fyrir þetta háa verð í Þýskalandi sé lyfjaverð á Íslandi 20% hærra en þar. Er ekki, hv. þm., ástæða til þess að hugleiða þetta? Eða eigum við að gefa okkur það enn einu sinni að öll vara, hverju nafni sem hún nefnist, skuli vera dýrust á Íslandi?

Hv. 11. þm. Reykv. kom með nokkrar fyrirspurnir, m.a. um hlutverk lyfjaverðlagsnefndar og lyfjagreiðslunefndar. Það er rétt hjá hv. þm. að í þessu frv. er lyfjaverðlagsnefnd lögð niður en í staðinn stofnuð lyfjagreiðslunefnd sem hefur talvert annað og viðameira hlutverk en lyfjaverðlagsnefnd hafði því að hún hefur m.a. það hlutverk að taka ákvarðanir um greiðslur almannatrygginga og greiðsluhlutdeild almannatryggina í lyfjum miðað við fjárlög eins og þau eru úr garði gerð hverju sinni. Þessi nefnd hefur m.a. því hlutverki að gegna að taka ákvarðanir frá ári til árs og innan ársins um breytingar á hlutdeild almannatrygginga í lyfjakostnaði, jafnvel frá einu lyfi til annars, jafnvel miðað við ný lyf sem koma á markaðinn innan ársins og hafa veruleg útgjaldaáhrif í för með sér sem valda því að Tryggingastofnun ríkisins þyrfti að skoða greiðsluhlutdeild sína í samheitalyfjum. Þetta er nýtt hlutverk og miklu meira hlutverk en lyfjaverðlagsnefnd hafði.

Hins vegar er ekki rétt hjá honum að með ákvæði frv. um lyfjamálastjóra sé verið að stofna til eins viðbótarbatterísins í viðbót eins og hann tók fram því að í gildandi lögum eru ákvæði um að lyfjamálastjóri skuli starfa í heilbrrn. Í frumvarpinu er ekki verið að bæta þar einu eða neinu við. Ekki er verið að búa til neitt nýtt verksvið eða starfsheiti því að eins og hv. þm. veit er í gildandi lögum gert ráð fyrir starfsemi lyfjamálastjóra.

Fleiri hv. þm. tóku hér til máls. Ég hef ósköp litlu við það að bæta sem ég sagði í andsvari við 14. þm. Reykv. öðru en því að hún vitnaði í grein Erlends Jónssonar dósents, sem birtist í Morgunblaðinu nú á dögunum þar sem greinarhöfundur þykist í orði kveðnu nota vísindalegar aðferðir, aðgerðagreiningar, til þess að sanna mál sitt um óhagkvæmni þess kerfis sem lyfjafrumvarpið gerir ráð fyrir. Ég verð að segja eins og er að ég tel að maður sem fer eins frjálslega með fræðimennskuna og þessi ágæti dósent ætti fremur að skrifa sig sem „greinarhöfundur er eiginmaður apótekara" en dósent við Háskóla Íslands. Það vill svo til að hann er hvort tvegja. Sú grein sem hann skrifar í Morgunblaðinu er hins vegar engin vísindamennska en hún er grein eins og eiginmaður apótekara gæti hugsanlega skrifað vegna þess að allar þær tölur sem hann vinnur út frá í þessari svokallaðri aðgerðagreiningu sinni eru hreinn tilbúningur hans sjálfs. Ein byggist m.a. á því að það muni kosta 10% í hækkuðu lyfjaverði að koma á frjálsri samkeppni. Það er tala sem hann býr sér til sjálfur. Önnur byggist á því að það sé auðveldara en að efna til frjálsrar samkeppni að fá apótekara í Reykjavík til þess að lækka álagningu sína sjálfviljuga úr 58,5%, eins og hún er í dag, í 10%. Það gefur þessi ágæti eiginmaður apótekara sér sjálfur. Þetta er einhver sú vitlausasta fræðimennska sem ég hef séð og full ástæða til þess að svara því á öðrum vettvangi en þessum.

Hv. 4. þm. Suðurl. spurði hvað ég teldi vera hæfilegt starfslið Lyfjaeftirlits. Ætli það ráðist nú ekki af aðstæðum á hverjum tíma? Í frv. er ekki gert ráð fyrir því að starfslið Lyfjaeftirlits verði aukið frá því sem nú er en það sem kann að þykja hæfilegt í dag kann að þykja minna en hæfilegt á morgun. Hv. þm. spyr: Hvernig stendur á því að það er hlutverk Lyfjaeftirlitsins að afla upplýsinga erlendis frá um verð til samanburðar við útsöluverð á innlendum markaði en ekki lyfjagreiðslunefndar? Svarið við því er það að Lyfjaeftirlit ríkisins hefur gert þetta í mörg ár, byggt upp sérstakt upplýsingakerfi til að afla þessara upplýsinga, sem aðrir aðilar eru ekki með, og við teljum eðlilegt að Lyfjaeftirlitið hafi áfram þessu upplýsingahlutverki að gegna.

Síðan spurði hv. þm. hvernig stæði á ákvæðum 6. gr. Þar er staðfest að Ísland er samkvæmt samningi aðili að evrópsku lyfjaskránni og að hin enska útgáfa lyfjaskrárinnar gildi hér á landi. Þetta er ákvæði í lagatexta einfaldlega til þess að íslensk heilbrigðisyfirvöld þurfi ekki að þýða allan þennan bálk, þ.e. ensku útgáfu lyfjaskrárinnar, vegna þess að í lyfjafræðinni eru hvort eð er hin ensku heiti og hugtök yfirleitt notuð.

Hv. þm. spurði um 12. gr., þ.e. að landlæknir hafi eftirlit með lyfjaávísunum lækna og afhendingu lyfjafræðinga á lyfjum í neyðartilvikum. Ég tek fram í sambandi við spurningu hv. þm. að í öðrum stað í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að lyfjafræðingar og lyfsalar séu skyldir til þess eins og aðrar heilbrigðisstéttir að veita landlækni og heilbrigðisyfirvöldum upplýsingar um þau atriði sem heilbrigðisyfirvöld kalla eftir. Þar með tel ég að kominn sé í lagatexta grundvöllur til þess að krefja apótekara um þær upplýsingar sem við höfum ekki getað fengið frá þeim sem varða t.d. ávísanavenjur lækna og fleira sem er nauðsynlegt fyrir heilbrigðisyfirvöld að geta fylgst með.

Þá spyr hv. þm. af hverju sé ekki ákvörðun um samráð í 13. gr., um reglugerðarvald ráðherra. Sjálfsagt er að skoða það. Þá spyr hv. þm. hvernig standi á því að fjrmh. skuli einn ákvarða lyfsöluleyfisgjald, af hverju hann skuli ekki hafa samráð um það við heilbrrh. Það er sjálfsagt að skoða það. Hv. þm. spyr hver svipti lyfsala lyfsöluleyfi. Það er heilbrrh. samkvæmt tillögu landlæknis og Lyfjaeftirlits ríkisins. Ákvæði um það hvenær það skuli gert er í lögum um réttindi og skyldur lyfjafræðinga. Þá spyr hv. þm. hver taki ákvörðun um að leyfi sé framlengt þegar lyfjafræðingur er orðinn sjötugur eða eldri. Svarið er: heilbrrh. að fenginni tillögu landlæknis. Hv. þm. spyr hvernig standi á því að ákvæðið er ekki gert fortakslaust eins og um opinbera embættismenn. Svarið er það að lyfjafræðingar eða lyfsalar eru ekki opinberir embættismenn. Sama ákvæði gildir um framlengingu á læknisleyfi eftir sjötugt, þ.e. heilbrrh. getur framlengt leyfi læknis til að stunda lækningar eftir sjötugsaldur að fenginni umsögn landlæknis.

Þá vekur hv. þm. athygli á því að í frv. er gert ráð fyrir almennri reglugerðarheimild til ráðherra í samræmi við ákvæði frv. í staðinn fyrir það að telja upp eins og í gildandi lögum í hvaða tilvikum ráðherra setji í reglugerð. Svarið við þeirri spurningu er í fyrsta lagi það sem hv. þm. tók fram, það er varðandi frekari tilskipanir frá EES, og í öðru lagi að þetta er hið almenna ákvæði um reglugerðarheimildir sem er í lögum. Almennt er ákveðið í lögum að ráðherra hafi heimildir til þess að setja reglugerðir í samræmi við lögin, en ekki talið upp í hvaða tilvikum ráðherra hafi heimild til að setja reglugerðir.

Þá spurði hv. þm. um upplýsingaskylduna skv. 21. gr. Ég hef svarað þeirri spurningu nú þegar.

Hv. þm. Jón Helgason spurði um 22. gr., um lyfjaútibú og hvernig ætti að tryggja lyfjadreifingu í strjálbýli. Ég tel að ég hafi svarað því í ræðu minni áðan og ítreka að ég tel að eins og frá frv. er gengið sé dreifing lyfja í hinum dreifðu byggðum betur tryggð en í gildandi lögum og það var ætlun mín að svo yrði. Að sjálfsögðu tel ég rétt og skylt að hv. heilbr.- og trn. skoði þau ákvæði frumvarpsins til þess að færa sér heim sanninn um að það er verið að reyna að gera þetta, tryggja þetta betur en gert er í gildandi lögum.

Virðulegi forseti, ég held ég hafi svarað öllum þeim spurningum sem til mín hefur verið beint og hef lokið máli mínu.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrrh. má eiga það að hann svarar spurningum. Hann er búinn að taka í það a.m.k. 45 mínútur en hann hefði getað sparað sér í það minnsta 20 mínútur ef hann hefði ekki snúið út úr fyrir þeim sem voru að spyrja hann. (**Gripið fram í:** Sextíu og fimm.) Ja, þess þá heldur, virðulegi forseti.

En það er æðierfitt að rökræða við hæstv. heilbrrh., sem setur samasemmerki við sölu mjólkurafurða og sölu lyfja. Ég tel að þarna sé ekki um sambærileg mál að ræða en það telur hæstv. heilbrrh. greinilega.

Ég spurði hann nokkurra ákveðinna spurninga og hann svaraði því að nokkru leyti en sneri mjög út úr fyrir mér. Ég talaði um það að ég teldi það af hinu góða að göngudeildarsjúklingar gætu fengið afgreiðslu á lyfjum á sjúkrahúsum. En ég sagði jafnframt að aðrir sjúklingar — það er líka gert ráð fyrir því í frv. að allir sjúklingar sem útskrifast geti fengið afgreiðslu lyfja. Ég spurði hvort að þetta rækist ekki á nýsamþykkt samkeppnislög. Þrátt fyrir það að þetta sé ágætis mál þá getur það rekist á önnur lög og það var það sem ég spurði um.

Hann talaði um það að ég vildi helst eitt apótek á landinu að mér skildist. Það var náttúrlega eins og hans var von og vísa. Ég ætla að minna hæstv. heilbrrh. á að ég var að tala um að ég óttaðist að kannski yrðu þrjú apótek í Glæsibæ og kannski fjögur, fimm í Kringlunni, og ég talaði um að það yki neyslu þeirra sem væru sólgnir í lyf. Þá ætla ég að minna hæstv. heilbrrh. á að í heilbrn. er frv. frá hæstv. heilbrrh. um varnir gegn áfengi og fíkniefnum. Einmitt í því frumvarpi kemur skýrt fram að eftir því sem aðgengið er meira er neyslan meiri. (Forseti hringir.) Ég hef næstum því lokið máli mínu, virðulegi forseti, en ég gladdist sérstaklega yfir því sem hv. 2. þm. Norðurl. v. og forseti þingsins sagði hér áðan. Hann vildi fara hægt í þessu máli og vill ekki afgreiða málið á þessu þingi því að hann vill vanda betur til. Ég styð tillögu hans í því máli.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég tók fram held ég að það skipti afskaplega litlu máli um neyslu landsmanna á lyfsöluskyldum lyfjum hvort það er eitt, tvö eða þrjú apótek í Glæsibæ vegna þess að það eru læknarnir, sem skrifa út lyfin, sem ráða að verulegu leyti neyslu þeirra. Ég hef enga ástæðu til þess að óttast að það verði eitt, tvö eða þrjú — hvað þá heldur fleiri — apótek í Glæsibæ, og ég er alveg sannfærður um að ef einhverjir væru svo vitlausir að ætla að fara að stofna tvö eða þrjú eða fjögur apótek í Glæsibæ yrði ekki langt að bíða þangað til aðeins eitt stæði eftir. Það er eðli frjálsrar samkeppni, og hvaða apótek stæði þá eftir? Það apótek sem byði neytendum bestu þjónustuna og bestu kjörin.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Enn snýr hæstv. heilbrrh. út úr. Kannski misskilur hann mig. Ég er ekki að tala um lyf sem þarf lyfseðil með. Ég er að tala um lausasölulyf, virðulegi forseti. Ég er að tala um lyf sem ekki þarf lyfseðil við. Aukin neysla verður á lausasölulyfjum. Það er ég að tala um og ekkert annað og nú bið ég hæstv. heilbrrh. að snúa ekki einu sinni enn út úr fyrir mér hvað þetta mál varðar. Hann kannski veit ekki betur en mörg lyf lausasölu eru vanabindandi ef neytt er mikils af þeim.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Magnyl er lyf sem er selt í lausa-

sölu án lyfseðils. Ég sé ekki að neysla á magnyli mundi stóraukast við að það væru þrjú fremur en eitt apótek í Glæsibæ. Auðvitað getur mig greint á um það við hv. þm. en ég er bara ekkert sannfærður um það að þrjú apótek í Glæsibæ gætu rekið sig á sölu á magnyl.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir afdráttarlausa yfirlýsingu hans um það að ekki eigi að taka of bókstaflega ákvæði 22. gr. um að læknir megi ekki standa að lyfjabúð. En hæstv. ráðherra lýsti því yfir að þar sem ekki væri grundvöllur að rekstri lyfjabúðar þá væri lækni heimilt að annast lyfjadreifingu en þar hagar yfirleitt þannig til að viðkomandi læknir er sá eini sem mun ávísa út úr þeirri lyfjabúð.

En ég hafði líka í mínu máli ekki síður áhyggjur af öðru en lyfjadreifingunni, það var stöðu læknisins. Og því vildi ég spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki sé skylt að veita öðrum lyfsöluleyfi ef einhver kemur og telur sér hag í því að bæta lyfsölu, við einhverja aðra starfsemi þó ekki sé grundvöllur til að reka hana sjálfstætt. Yrði þá ekki að veita slíkum aðila leyfi og yrði þá ekki um leið að svipta heilsugæslulækninn leyfinu? Eða gæti hann haldið áfram að reka sína lyfjaþjónustu?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Samkvæmt núgildandi kerfi getur apótekari, sem vill reka apótek þar sem læknir eða sveitarfélag sér um reksturinn, krafist þess að fá að reka lyfsöluna þar. Og þá er náttúrlega takmarkinu náð sem er þjónusta við dreifbýlið því þá er hún komin í héraðið. Engu að síður heldur læknirinn þeim rétti að geta keypt lyf í heildsölu til stofureksturs síns á svæðinu þannig að sá réttur verður ekki frá honum tekinn því hann hefur þann rétt líka þó hann starfi í mesta þéttbýlinu.

Það hefur verið gripið til sérstakra aðgerða, eins og hv. þm. vita, til að tryggja mönnun í mesta dreifbýlinu, tryggja mönnun á heilsugæslulæknisstöðum í mesta dreifbýlinu, það hefur tekist. Það hefur ekki tekist með því að veita læknunum aðgang að lyfsölu heldur með því að reyna að bæta starfskjör þeirra með sérstökum aðgerðum. Og nú háttar þannig til að það er ekkert læknislaust heilsugæsluumdæmi til á landinu og hefur ekki verið um nokkuð langt skeið. Þetta hefur verið tryggt, ekki með aðgangi lækna að lyfjasölu, því að þeir fullyrða það sjálfir og hafa gert við mig þar sem ég hef rætt við þá, þar sem læknar stunda lyfjasöluna, að þeir hafi lítið út úr því annað en fyrirhöfnina. Það hefur hins vegar verið gert með því að bæta aðstöðu þeirra með sérstökum hætti með góðum stuðningi fjárln. og því verður haldið áfram til að tryggja það eins og hingað til að allar þessar stöður heilsugæslulækna, líka í hinu mesta dreifbýli, verði mannaðar.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aftur þakka hæstv. heilbrrh. fyrir afdráttarlausar yfirlýsingar um að þarna verði reynt að huga einnig að læknisþjónustunni og tryggja hana. En þá vil ég í lokin í tilefni af sagnfræði hæstv. ráðherra um mjólkurdreifingu í ræðu sinni hér áðan benda á það að á meðan sú skylda hvíldi á mjólkurstöðvunum að dreifa mjólk í smásölu þá höfðu þær þegar samið við ýmsar aðrar verslanir en sínar eigin um dreifingu. Og það var síðan að frumkvæði mjólkurbúanna sjálfra að þetta kerfi var lagt niður enda vitum við öll að umbúðir um mjólkurvörur og öll meðferð er svo gjörbreytt frá hinum tímanum.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Ekki ætla ég að deila við frænda minn um mjólkursölumál því að þar veit hann miklu meira en ég og betur. En hitt vil ég benda hv. þm. á að í núgildandi lyfjadreifingarkerfi semja apótekararnir um dreifingu sinnar vöru við ýmsa aðila eins og t.d. þá sem hv. þm. Suðurl. Margrét Frímannsdóttir ræddi um hér áðan, sem afgreiða lyf upp úr poka í hennar kjördæmi.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nú þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör — hann má eiga það, eins og hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir sagði hér áðan, að hann reynir yfirleitt að svara öllum sem bera spurningar fram.

Hins vegar, af því hann hafði áhyggjur af því eða var sannfærður um það öllu heldur að ég hefði verið ein af þeim sem hefði mótmælt mjólkureinkasölunni þá get ég fullvissað hann um að svo var ekki. Ég átti þá þátt í mörgum ályktunum og ef hann grefur það upp þá getur hann örugglega séð undirskrift mína undir það frá ýmsum hagsmunasamtökum kvenna þar sem þess var krafist að mjólkursalan væri frjálsari. En það sýnir einmitt hvað hæstv. ráðherra dregur stundum rangar ályktanir af ýmsu sem hann er að fjalla um.

Hann fullyrti áðan að það þyrfti ekki endilega að vera hátt lyfjaverð á Íslandi. Ég er alveg sammála honum í því en ég er ekki sammála honum í því að það sé rétt hjá honum að telja það fram að í Þýskalandi sé lægra verð en á Íslandi og það sé vegna þess að hann hafi skoðað það með því að bera saman ákveðna körfu af lyfjum. Það er ekkert sem segir mér hvað var í þeirri körfu og hvaða lyf hafa hér verið borin saman þannig að ég tel ekki hægt að svara þessu sem einhverri röksemd.

Mér fannst það líka athyglisvert í svari hans að hann sagði að lyf verða kannski dýrari á einum stað en öðrum. Og það er einmitt það sem við höfum verið að gagnrýna, að lyfin verða alveg örugglega dýrari á einum stað en öðrum og það er mjög hætt við því að það verði á landsbyggðinni. Ekki vegna þess að það sé í gangi í dag sérstök jöfnun, það er mér alveg fullkunnugt um, hins vegar er ákveðið fastagjald á afgreiðslu lyfja, ákveðið svokallað afgreiðslugjald, sem er það sama hjá öllum apótekum.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Menn geta orðað sömu hugsun

með ýmsum hætti. Menn kannast við þá frægu samlíkingu á bjartsýnismanni og svartsýnismanni að annar segir að glasið sé hálftómt en hinn segir að glasið sé hálffullt, og eiga þá báðir við það sama. Hv. þm. segir að þetta geti leitt til þess að lyf verði dýrari á einum stað en öðrum, ég segi hins vegar að þetta geti leitt til þess að lyf verði ódýrari á einum stað en öðrum. Það er munurinn aftur á svartsýnismanni og bjartsýnismanni og ég hef ekkert fleira um það að segja.

Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því í þessu frv. að lyfin verði nokkurs staðar dýrari en þau eru núna, heldur að þau geti orðið ódýrari vonandi á sem allra flestum stöðum.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Frjáls samkeppni, hún á að skila lækkuninni, sagði hæstv. ráðherra áðan. Og lyfjaverð skal lækka, það standi ekki í frumvarpinu. Það er alveg rétt, það er ekki hægt að láta slíkt standa í frumvarpi.

En það er hægt með svokölluðum bestukaupalista og það hefur hæstv. ráðherra oft haft á orði í umræðum um heilbrigðismál. Þannig að ég tel að það hefði alveg verið hægt að ná lækkun fram með ákveðnum aðgerðum innan lyfjalaganna, eins og þau eru í dag, og að frjálsa samkeppnin muni ekki skila lækkun. Enda er mjög tekið vægt til orða í sambandi við það í frumvarpinu að það sé hugsanlegt að lyf lækki og fleira í þeim dúr.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fastgreiðslukerfi, þar sem greitt er ákveðið fastagjald fyrir lyf, er hægt að nota bestukaupalista. Það var hægt í því kerfi sem var í gildi m.a. árið 1991. Nú höfum við tekið upp hlutfallsgreiðslukerfi á lyf, þar er ekki hægt að styðjast við bestukaupalista. Vegna þess að sjúklingurinn borgar einfaldlega ákveðið fastagjald og síðan hlutfall af verði lyfsins sem umfram er, þannig að sú aðferð sem hv. þm. benti á, hún gat átt við í gamla kerfinu og var notuð þá, náði þeim árangri sem húnn gat náð, hún á ekki við í því kerfi sem við notum nú. Þá verðum við að reyna að leita annarra leiða, m.a. þeirra leiða aukinnar samkeppni sem hefur skilað okkur árangri á öðrum sviðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Röð mála á dgaskrá.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er hér með dagskrá dagsins í dag og á henni eru 29 mál. Við erum núna að ræða 8. mál. Mér er tjáð að það eigi að ljúka þessari dagskrá og vera hér eitthvað fram eftir nóttu. Þess vegna kemur mér það á óvart að mál nr. 20, 21 og 22, sem heyra til heilbrrh. eru ekki í beinu framhaldi af öðrum þeim málum sem heyra til hans, þ.e. 8., 9. og 10, máli, heldur koma málefni sem falla undir dóms- og kirkjumrh. þarna á milli. Þetta eru allt saman þingmannamál og mér sýnist þetta vera þannig, miðað við gang mála í dag, að þá megi reikna með því að þessi mál verði tekin á dagskrá einhvern tíma um miðja nótt. Og þar sem mér er illa við að láta kalla hæstv. heilbr.- og trmrh. úr rúminu til þess að hlusta á málflutning minn, sem á þarna tvö mál, að þá vildi ég nú beina þeim tilmælum til virðulegs forseta og hæstv. heilbr.- og trmrh. að þau mál sem heyra til heilbrrn., verði rædd hér öll í röð en mál þingmanna séu ekki ævinlega látin bíða þar til síðast á dagskránni og þá reiknað með því að hér séu engir viðstaddir nema viðkomandi þingmenn sem eiga þau mál sem á dagskrá eru. — [Fundarhlé.]

Eiturefni og hættuleg efni, 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 456. mál (ósoneyðandi efni). — Þskj. 792.

Frsm. heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 52 frá 1988 um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum sem hv. heilbr.- og trn. flytur. Frv. þetta er flutt að ósk hæstv. umhvrh. svo hægt verði að framfylgja ákvæðum Vínarsamningsins frá 22. mars 1985 um verndun ósonlagsins og Montreal-bókunarinnar við hann um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, sem gerð var 16. sept. 1987.

Ísland gerðist aðili að Vínarsamningnum og Montreal-bókuninni við hann árið 1989. Aðildarþjóðir Montreal-bókunarinar skuldbinda sig samkvæmt fyrstu ákvæðum hennar til að draga úr notkun tiltekinna klórflúorkolefna um 20% fyrir árið 1993 og um 50% fyrir árið 1998, og er þá miðað við notkun eins og hún var árið 1986. Jafnframt skuldbinda aðildarríkin sig til að tryggja að notkun halóna verði ekki meiri heima fyrir árið 1992 en hún var árið 1986.

Í ljósi nýrrar vitneskju um ástand ósonlagsins var ákveðið á fundum aðildarríkja samningsins í Lundúnum í júní 1990 og í Kaupmannahöfn í nóvember 1992 að herða verulega ákvæði Montreal-bókunarinnar. Á fundinum í London samþykktu aðildarríkin m.a. að minnka notkun klórflúorkolefna um 50% fyrir árið 1995 og 85% fyrir árið 1997 og hætta notkun þeirra alfarið fyrir árið 2000. Jafnframt var ákveðið að minnka notkun halóna um 50% fyrir árið 1995 miðað við notkun ársins 1986 og hætta henni alfarið fyrir árið 2000.

Ísland hefur fylgt áætlun þeirra þjóða sem lengst hafa gengið í að draga úr notkun ósoneyðandi efna og í samræmi við það er þegar búið að uppfylla þær skuldbindingar að mestu leyti sem felast í þessum hertu kröfum sem samþykktar voru í London árið 1990. Sem dæmi má nefna að strax árið 1991 hafði notkun klór-

flúorkolefna hér á landi minnkað um 50% og notkun halóna um 68% miðað við notkun ársins 1986. Nú liggur fyrir á hæstv. Alþingi till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórn Íslands til að staðfesta þær breytingar við Montreal-bókunina sem gerðar voru í London 1990 og er sú tillaga á dagskrá í dag til síðari umræðu.

Breyting á Montreal-bókuninni, sem gerð var í Kaupmannahöfn í nóvember 1992, felur m.a. í sér strangari tímamörk en áður. Samkvæmt breytingunni er banninu við notkun tiltekinna klórflúorkolefna flýtt um fjögur ár og skal henni alfarið hætt fyrir 1. jan. 1996. Jafnframt skal notkunin hafa dregist saman um 75% fyrir 1. jan. 1994 miðað við notkunina 1986. Banninu við notkun halóna er flýtt um fimm ár og verður notkun ekki heimil eftir 1. jan. 1994. Tekið skal fram að þetta bann við notkun nær einungis til nýrra efna en notkun endurunninna og endurnýttra efna verður heimil áfram svo og tiltekin bráðanotkun.

Eins og ég sagði áðan hafa Íslendingar verið í hópi þeirra þjóða sem mesta áherslu hafa lagt á að draga úr notkun ósoneyðandi efna. Á alþjóðlegum vettvangi hefur því m.a. verið lýst yfir að stjórnvöld á Íslandi ætli að fylgja svipaðri stefnu í takmörkun á notkun ósoneyðandi efna og hin Norðurlöndin. Frv. þetta er flutt til að hægt verði að uppfylla þær skuldbindingar sem nú felast í Montreal-bókuninni eftir breytingarnar sem gerðar voru á henni í Kaupmannahöfn í nóvember sl. Setja þarf nýjar reglur um notkun ósoneyðandi efna hér á landi, um notkun, sölu og innflutning ósoneyðandi efna, en til þess þarf lagabreytingu.

Framkvæmd Vínarsamningsins og Montreal-bókunarinnar eru á verksviði umhvrn. og því er eðlilegt að umhvrh. setji slíkar reglur um notkun ósoneyðandi efna. Samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 96 frá 1969, ásamt síðari breytingum, fer umhvrn. með mál sem varða varnir gegn mengun á landi, í lofti og á legi. Þrátt fyrir það hefur umhvrh. ekki ótvíræða heimild í gildandi lögum til að setja nauðsynlegar reglur um notkun ósoneyðandi efna.

Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. Alþingis hefur fjallað um frumvarpið á þremur fundum. Á fundi hjá nefndinni komu Jón Gunnar Ottósson skrifstofustjóri og Sigurbjörg Sæmundsdóttir deildarstjóri frá umhvrn., Óskar Maríusson frá VSÍ og Ágúst Elíasson og Óskar Gunnarsson frá samtökum fiskvinnslustöðva. Nefndin kynnti sér m.a. drög að þeirri reglugerð um varnir gegn mengun af völdum klórflúorkolefna og halóna sem fyrirhugað er að setja verði frumvarpið að lögum. Fram kom hjá fulltrúum ráðuneytisins að reglugerðardrögin voru send hagsmunaaðilum til umsagnar sl. vor og að búið væri að taka tillit til þeirra athugasemda sem borist höfðu.

Eftir að hafa gengið úr skugga um að góð sátt væri um ákvæði reglugerðarinnar og að ekki væri vandkvæðum bundið að uppfylla þær kröfur sem þeim fylgja varð nefndin við tilmælum hæstv. umhvrh. um að flytja þetta frumvarp.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. en tel óþarft að vísa málinu til nefndar þar sem það er flutt af hv. heilbr.- og trn.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. formanni heilbr.- og trn. að það var samkomulag um það í nefndinni að flytja þetta mál. En mig langar að spyrja hæstv. heilbrrh. hvers vegna nefndin var beðin um að flytja þetta mál því að venjulega koma sík mál frá ráðherra. Þetta mál er þannig vaxið að það er til að draga úr mengun en ákvæði frv. auka verulega kostnað hjá ýmsum atvinnugreinum og ég nefni þar sérstaklega t.d. efnalaugar. Þær verða fyrir verulegum kostnaði þegar þær fá ekki lengur að nota þau efni sem hér talin upp. Og eins veldur þetta kostnaði hjá frystiiðnaðinum og fleiri fyrirtækjum þannig að þetta er verulegur kostnaðarauki fyrir mörg fyrirtæki. Ég vil bara að það komi hér fram, þrátt fyrir að við séum sammála þessu frumvarpi, að við þurfum að gangast undir þetta, að þá mun þetta í þyngja atvinnurekstri þó nokkuð. (**Heilbrrh.:** Ég tek þetta ekki fyrir aftur. Þetta er ekki ég.)

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. formanni heilbr.- og trn. þá er þetta frv. flutt að beiðni umhvrh. enda heyra þessi mál undir umhvrn. og umhvrh. Ég veit að hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir ber mjög hag frystiiðnaðarins fyrir brjósti. Í máli hennar gætir hins vegar töluverðs misskilnings vegna þess að þau efni sem hún er að tala um hér eru að hverfa, verða einfaldlega ekki fáanleg, þau verða ekki til, þau verða ekki á markaði. Okkur er nauðugur kostur að hætta að nota þessi efni, og auðvitað viljum við ekki verða til þess að auka eða hraða eyðingu ósonlagsins. Ég veit að hv. þm. vill það ekki. Annaðhvort gætir misskilnings eða einkennilegs tvískinnungs í málflutningi hennar og hún er þá í rauninni bara að flytja sitt mál til þess að tefja málið.

En staðreyndir þessa máls eru ákaflega einfaldar. Það er verið að hætta notkun ósoneyðandi efna alls staðar þar sem það er hægt, taka þau af markaði og setja í rauninni á svartan lista. Við höfum lýst því yfir að við ætlum að vera samstiga Norðurlöndunum í þeim efnum. Þar hefur verið haft samráð við hagsmunaaðila. Og ég hygg að um það sé enginn ágreiningur hér að við eigum að ganga langt í þessum efnum, eins langt og tæknilega er mögulegt. Það eru til önnur efni og það eru sífellt að koma fram ný efni sem ekki hafa þessi háskalegu áhrif á ósonlagið og ég verð að segja að mér kemur þessi málflutningur þingmannsins ákaflega mikið á óvart enda þótt ég viti að hún ber hag hraðfrystiiðnaðarins mjög fyrir brjósti. Frumvarpið er einfaldlega flutt, virðulegi forseti, til þess að taka af tvímæli um útgáfu reglugerða þannig að reglugerðarútgáfa eigi ótvíræða stoð í lögum. Um það hélt ég að væri enginn ágreiningur og satt að segja kemur mér málflutningur þessa fulltrúa Framsfl. ákaflega mikið á óvart.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta mál efnislega en mér sýnist að hér sé á ferðinni frv. sem snert-

ir mjög mikilvægan þátt umhverfismála. Og með tilliti til þingskapa þá kemur mér dálítið á óvart að á einhverju stigi skuli umhverfisnefnd ekkert koma að þessu máli og vil því spyrja að því hvort það væri ekki eðlilegt. Ég geri mér ekki grein fyrir því að fullu, e.t.v. er þetta af því að hér sé um að ræða lagabálk sem heyrir undir heilbr.- og trmrh., en mér finnst það hlyti að hafa verið eðlilegt að eitthvert samráð hefði verið haft við umhvn.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:
Virðulegi forseti. Skýringin á því að þetta mál kemur frá heilbr.- og trn. er einfaldlega sú að löggjöfin um eiturefni heyrir undir heilbr.- og trmrh. enda þótt þessi sérstaki þáttur, að því er varðar þessi ósoneyðandi efni, hafi verið á verksviði umhvrn. Það má rétt vera hjá hv. þm. að það hefði ekkert verið óeðlilegt að umhvn. kæmi að málinu, ég get alveg fallist á það. En hins vegar er hér í rauninni um svo sáraeinfalt mál að ræða að ég átti satt að segja ekki von á því að það mundi vekja mikla umræðu, þegar einfaldlega er um það að ræða að treysta stoð í lögum fyrir útgáfu reglugerða.

Jón Helgason *(andsvar)*:
Hæstv. forseti. Eins og ég sagði hefur umhvn. ekkert að þessu máli komið þannig að ég geri mér ekki grein fyrir því hversu einfalt eða flókið málið er, það hefur ekki verið skoðað. En þetta var aðeins vegna formsins sem ég kom með þessa ábendingu þar sem mér finnst málsmeðferð nokkuð óvanaleg.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:
Virðulegi forseti. Það er langt frá því að ég ætli að tefja þetta mál enda talaði ég tæpa eina mínútu og ég vona að það tefji ekki málið þó ég tali í aðra mínútu nú. En ég er alveg hissa á því hvað hæstv. umhvrh. umhverfðist við það að ég spurði hæstv. heilbr.- og trrh. Ég bið bara afsökunar á því, hæstv. umhvrh., að ég skyldi ekki leita til þín og spyrja af hverju umhvrh. (**Forseti:** Ekki persónuleg ávörp í salnum.) Ég bið afsökunar á því ef mér hefur orðið það á, en ég var að tala við hæstv. umhvrh. og ekkert sérstaklega persónulega að mér fannst. (**Forseti:** Það var í 2. persónu.) En það sem ég var að tala um og hann sagði réttilega að ég bæri hag atvinnulífsins fyrir brjósti. Það er alveg hárrétt. (**Umhvrh.:** Frystiiðnaðarins.) Ja, þú sagðir frystiiðnaðrins. Og ég ber hann fyrir brjósti, það er alveg rétt. En þetta kemur líka við kúabændur og ég ber þá líka fyrir brjósti. Og þetta kemur við millilandaskip og þetta kemur við ýmsa aðila. Og ég sagði það hér áðan að ég samþykki þetta mál. En ég vildi bara vekja athygli á því að þetta hefur í för með sér verulegan kostnaðarauka fyrir atvinnulífið.

Og nú ætlar hæstv. ráðherra að tefja málið enn og frekar.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:
Virðulegi forseti. Þetta mál snertir ekki bara kúabændur og frystiiðnað, þetta snerir alla sem byggja þessa jörð.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:
Virðulegi forseti. Nú urðum við sammála, ég og hæstv. umhvrh.

Margrét Frímannsdóttir:
Virðulegi forseti. Ég var að vísu mjög undrandi fyrst þegar því var beint til hv. heilbr.- og trn. að flytja þetta mál sem þó var samkvæmt þeim lýsingum sem við fengum algjört samkomulagsmál innan ríkisstjórnarinnar, en við fengum síðan skýringar á því. En ég get þó ekki að því gert að ég vil vekja athygli á því að það hefur í fyrsta skipti gerst í þeirri tíð sem ég hef verið hér og unnið nefndarstörf, að við fengum þá reglugerð sem stendur til að setja, við fengum hana tilbúna. Það var ekki verið að veita ráðherranum heimild til þess að setja reglugerð, eins og oft er, án þess að þingið hafi nokkuð séð hana, heldur fengum við þessa reglugerð og gátum fjallað um hana sérstaklega. Það eru vinnubrögð sem mér finnast til fyrirmyndar og vildi gjarnan sjá fleiri taka þau upp.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, síðari umr.

Stjtill., 274. mál. — Þskj. 370, nál. 826.

Frsm. utanrmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):
Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 826 um till. til þál. um breytingu á Montreal-bókun um efni sem valda rýrnum ósonlagsins frá utanrmn. Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund til viðræðna um efni hennar Jón Gunnar Ottósson, Sigurbjörgu Sæmundsdóttur og Þóri Ibsen frá umhvrn. Þá sendi nefndin tillöguna til umhvn. þingsins til umsagnar. Í umsögn umhvn., sem dags. er 12. mars sl., er lagt til að tillagan verði samþykkt óbreytt. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar. Undir þetta rita 25. mars 1993: Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur Hermannsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Árni R. Árnason, Ólafur Ragnar Grímsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Páll Pétursson, Tómas Ingi Olrich og Sigríður Anna Þórðardóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuleysistryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 554. mál (aðild að stéttarfélagi, hámarksaldur, biðtími o.fl.). — Þskj. 919.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):
Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar. Lögin um atvinnuleysistryggingar eru að stofni til

frá árinu 1981 og eru nr. 64. Á árunum 1981–1992 hefur lögunum verið breytt átta sinnum. Með lögum nr. 96 frá 1990 var gefin út samfelld útgáfa laganna með þeim breytingum sem gerðar hefðu verið fram að þeim tíma. Síðan hefur lögunum verið breytt tvisvar.

Ört vaxandi atvinnuleysi síðustu mánaða og missira hefur leitt í ljós ýmsa vankanta á gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar. Þá var með lögfestingu tryggingagjalds frá og með 1. jan. 1991 skv. lögum nr. 113 1990 fjölgað þeim sem greiddu til Atvinnuleysistryggingasjóðs án þess að réttindum til greiðslna úr sjóðnum væri breytt. Ég ákvað því að skipa vinnuhóp sem falið var að endurskoða ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar. Í vinnuhópnum átti sæti Jón H. Magnússon, lögfræðingur hjá Vinnuveitendasambandi Íslands, Lára V. Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, Margrét Tómasdóttir, deildarstjóri Atvinnuleysistryggingasjóðs, Pétur Sigurðsson, formaður stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og Dögg Pálsdóttir skrifstofustjóri, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Nefndin hefur skilað lagafrumvarpi því sem hér er mælt fyrir og er það lagt fyrir Alþingi í þeirri mynd sem hv. nefnd gekk frá frumvarpinu.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru:

1. Réttur til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði verður ekki lengur bundinn við aðild að stéttarfélagi.

2. Sjálfstætt starfandi, sem skilað hafa tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi síðustu tólf mánuði áður en þeir hættu sjálfstæðri starfsemi, öðlast rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði með sama hætti og launamenn, enda uppfylli þeir skilyrði reglna sem heilbr.- og trmrh. setur að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og séu atvinnulausir og séu í atvinnuleit. Drög reglna um skilyrði sjálfstætt starfandi eru fskj. með frv. þessu. Sýna þau hvaða áform eru uppi í þessu sambandi þó auðvitað séu drög þessi ekki endanleg.

3. Hámarksaldur vegna greiðslu atvinnuleysisbóta er færður úr 71 ári í 70 ár. Jafnframt eru sett inn ákvæði um það að ef atvinnulaus nýtur einnig elli- eða örorkulífeyrisgreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins þá skuli samanlagðar bætur frá Atvinnuleysistryggingasjóði og Tryggingastofnun aldrei nema hærri fjárhæð en hámarksbótum atvinnuleysistrygginga.

4. Reglur um missi bótaréttar þeirra sem segja upp starfi sínu án gildra ástæðna og verða atvinnulausir af þeim sökum verða hertar og sá tími sem bótaréttur fellur niður af þessum sökum er lengdur. Sömuleiðis eru reglur um heimild atvinnulausra til að neita starfi og ákveðið hvaða afleiðingar neitun hefur á bótarétt. Þá eru viðurlög við að afla sér bóta með röngum eða villandi upplýsingum hert mjög verulega og heimilt að endurkrefja viðkomandi um allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem fengin hefur verið úr Atvinnuleysistryggingasjóði með sviksamlegum hætti.

5. Reglur eru settar um biðtíma vegna atvinnuleysisbóta ef mánaðartekjur viðkomandi síðustu tvo mánuði áður en atvinnuleysi hófst voru hærri en sem nemur tvöföldum atvinnuleysisbótum.

6. Atvinnulausir geta komist undan 16 vikna biðtímanum milli bótatímabila með því að sækja og ljúka námskeiðum, sem sérstaklega eru ætluð atvinnulausum, í a.m.k. átta vikur.

Efnislega eru breytingar þær sem gerðar eru með frv. þessu að lögum um atvinnuleysistryggingar af tvennum toga. Annars vegar er tekið á því hverjir eiga rétt á atvinnuleysistryggingabótum og hins vegar er hert á ýmsum ákvæðum er varða framkvæmd laganna. Ég vil í máli mínu hér á eftir víkja nokkuð nánar að þessum þáttum.

Lítum þá fyrst á ákvæði um rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Um árabil hefur aðild að stéttarfélagi verið skilyrði bótaréttar úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Árið 1988 skipaði þáv. heilbr.- og trmrh. nefnd sem falið var að endurskoða lög og reglur um atvinnuleysistryggingar hér á landi. Nefndin skilaði áliti í nóvemberlok 1989. Í nefndinni endurspegluðust mismunandi viðhorf til þess hversu langt skyldi ganga í tillögum til breytinga að því er varðar aðild að atvinnuleysistryggingum. Fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna í nefndinni vildu fella niður skilyrði um stéttarfélagsaðild. Fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Atvinnuleysistryggingasjóður voru á hinn bóginn á móti slíkri rýmkun bótaréttar. Ekki náðist samstaða í þáv. ríkisstjórn um að leggja fram frumvarp sem gerði ráð fyrir niðurfellingu skilyrðisins um stéttarfélagaaðild. Á þessum tíma hafði íslenskum stjórnvöldum samt sem áður nýverið borist athugasemd frá sérfræðinganefnd Evrópuráðsins varðandi framkvæmd Íslands á ákvæði félagsmálasáttmála Evrópu um að allir menn skulu eiga jafnan rétt á að njóta félagslegrar velferðarþjónustu. Þrátt fyrir þá alvarlegu athugasemd féllust aðilar í þáv. ríkisstjórn ekki á það að leggja fram frumvarp sem gerði ráð fyrir niðurfellingu skilyrðisins um stéttarfélagaaðild, þó þeir hinir sömu hafi skipt um skoðun frá því þá og þar til nú. Með frv. þessu er hins vegar tryggt að launamenn, hvort sem þeir standa innan eða utan stéttarfélaga, eigi rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði ef til atvinnuleysis kemur.

Í árslok árið 1990 samþykkti Alþingi lög um tryggingagjald. Tryggingagjaldið kom í stað launaskatts, lífeyristryggingagjalds, slysatryggingagjalds, vinnueftirlitsgjalds og iðgjalds í Atvinnuleysistryggingasjóð. Þessi lög voru samþykkt samhljóða frumvarpi sem flutt var af þáv. hæstv. fjmrh., sá var Ólafur Ragnar Grímsson, hv. þm. Samkvæmt lögunum er gjaldskyldur vegna tryggingagjalds hver sá aðili sem innir af hendi eða reiknar greiðslur sem teljast laun. Gjaldskyldan samkvæmt lögum sem hv. þáv. fjmrh. beitti sér fyrir tók þannig til allra launagreiðenda, þ.e. einstaklinga, félaga, sjóða og stofnana, sveitarfélaga og stofnana þeirra, ríkissjóðs, ríkisstofnana, erlendra verktaka og annarra þeirra aðila sem greiða laun eða hvers konar þóknanir fyrir starf. Þá nær gjaldskyldan og til allra þeirra sem vinna við eiginn atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi. Tekjum af tryggingagjaldi er m.a. þannig ráðstafað að 0,15% af gjaldstofninum renna til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Í grg. sem fylgdi frv. hæstv. þáv. fjmrh., Ólafs

Ragnars Grímssonar, sagði skýrum stöfum að breyting sú sem verða ætti á gjaldtöku til Atvinnuleysistryggingasjóðs, þar sem iðgjald var tekið af öllum launamönnum, einnig sjálfstætt starfandi, ætti í engu að breyta skipan á rétti til atvinnuleysisbóta að því er varðaði hverjir ættu rétt til bótanna, hversu háar þær væru og miðað við hvaða tímabil. Við þingmeðferð málsins kom á hinn bóginn í ljós að áhugi var á því meðal sumra þingmanna að unnið yrði að breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar í þá veru að saman færu réttindi og skyldur í þessu efni. Með frv. þessu er gert ráð fyrir því að sjálfstætt starfandi eigi rétt til atvinnuleysisbóta eftir sömu reglum og launamenn, að fullnægðu því skilyrði að þeir séu hættir eigin atvinnurekstri, að þeir séu í atvinnuleit og að þeir fullnægi að öllu öðru leyti skilyrðum reglna sem heilbr.- og trmrh. setur að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Með frumvarpinu er því tryggt loksins að saman fari réttindi og skyldur gagnvart Atvinnuleysistryggingasjóði. Með frumvarpinu og þeim drögum að reglugerð um þetta efni, sem sýnd eru, eru varfærnislega stigin fyrstu skref gagnvart þessari opnun á Atvinnuleysistryggingasjóði. Tíminn mun skera úr hvort of varfærnislega er stigið, af þeim sökum er einnig gert ráð fyrir að nánari útfærsla skilyrða bótaréttar sjálfstætt starfandi sé í reglum sem ráðherra setur.

Víkjum þá nánar að ýmsum atriðum sem snerta herðingu á framkvæmd laga um atvinnuleysistryggingar. Meðan atvinnuleysi var nánast óþekkt hér landi virðist sem á atvinnuleysisskrá hafi lent ýmsir einstaklingar sem í raun voru hvorki atvinnulausir né heldur í atvinnuleit heldur óvinnufærir. Í frv. þessu er reynt að herða á ýmsum ákvæðum er snerta framkvæmd þessara mála til að tryggja eftir því sem kostur er að á atvinnuleysisskrá á hverjum tíma séu eingöngu þeir einstaklingar sem eru raunverulega atvinnulausir og eru raunverulega í atvinnuleit. Þá hefur einnig verið hert á ákvæðum varðandi viðbrögð við því þegar einstaklingur verður atvinnulaus af eigin sökum, þ.e. ef hann hefur sjálfur sagt upp vinnu sinni og fær ekki aðra í hennar stað. Sömuleiðis hefur frv. að geyma ákvæði um verulega hert viðurlög við því þegar einstaklingur aflar sér atvinnuleysisbóta með vísvitandi röngum eða villandi upplýsingum og heimild er í frv. til endurkröfu á hlutaðeigandi þegar svo stendur á. Sem betur fer eru dæmi af þessu tagi óalgeng en þau þekkjast þó allnokkur og full ástæða er til að taka á þeim af fullri hörku.

Þá gerir frv. ráð fyrir að upphaf greiðslna atvinnuleysisbóta verði tekjutengt og miðað við meðaltekjur síðustu mánaða áður en til atvinnuleysis kom. Frv. gerir ráð fyrir engum biðtíma hjá þeim sem hafa tekjur sem eru jafnháar eða lægri en tvöfaldar bætur atvinnuleysistrygginga. Hinir sem hafa hærri tekjur munu á hinn bóginn þurfa að bíða einhverja daga, allt eftir tekjum.

Loks eru í frv. tillögur um hið svokallaða 16 vikna tímabil sem mikið hefur verið til umræðu, ekki síst eftir að langtímaatvinnuleysi varð svo algengt sem raun ber vitni. Um langt skeið hafa lög um atvinnuleysistryggingar gert ráð fyrir því að einstaklingur, sem notið hefur bóta í eitt bótatímabil sem er að hámarki eitt ár, falli af bótum í 16 vikur áður en hann kemst á bætur á nýjan leik. Í frv. er meginreglunni um 16 vikna biðtíma haldið en einstaklingum gefinn kostur á að losna undan því með endurmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeiði eða taka þátt í átaksverkefnum í a.m.k. 8 vikur á hverju bótatímabili. Sinni hinn atvinnulausi ekki tilboði um slíkt fellur hann af bótum í 16 vikur.

Með þessum ákvæðum er talsvert hert á framkvæmd gildandi laga. Með því er bæði komið til móts við ábendingar þeirra sem starfa við framkvæmd laganna svo og haft í huga að í forsendum fjárlaga þessa árs var gert ráð fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóður skyldi spara 100 milljónir kr. á þessu ári miðað við óbreytt atvinnuleysisstig. Í kostnaðarmati fjárlagaskrifstofu fjmrn., sem birt er sem fskj. með frumvarpinu, kemur fram að umrædd ákvæði frumvarpsins ásamt þeirri ákvörðun stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs að lækka umsýsluþóknun stéttarfélaga vegna afgreiðslu atvinnuleysisbóta skili u.þ.b. 100 millj. kr. sparnaði. Fjárlagaskrifstofa fjmrn. hefur endurmetið þetta sparnaðarmat sitt og skilað bréfi til heilbr.- og trmrn. sem framsent verður hv. heilbr.- og trn. Þar kemur fram að fjárlagaskrifstofa áætlar að þessi ákvæði frumvarpsins ásamt ákvörðun stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs að lækka umsýsluþóknun stéttarfélaga muni skila ekki 100 heldur 130 millj. kr. sparnaði, eða nokkru meiru heldur en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga.

Á hinn bóginn er ljóst af öðrum ákvæðum frumvarpsins, ekki síst ákvæðinu um rétt sjálfstætt starfandi til atvinnuleysisbóta og brottfall 16 vikna biðtímans, fylgir verulegur kostnaðarauki fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég vísa aftur í kostnaðarmat fjárlagaskrifstofu. Þar er gert ráð fyrir að frv. auki útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs um 180–230 millj. kr. nettó. Fjármálaskrifstofan hefur hins vegar endurskoðað þetta mat sitt, eins og ég áðan sagði, og þá til lækkunar og telur nú að nettó útgjaldaaukningin vegna frumvarpsins, verði það að lögum, verði á bilinu 150–200 millj. kr. Bréf þar að lútandi hefur verið sent heilbr.- og trn. Alþingis.

Virðulegi forseti. Ég hef hér gert ítarlega grein fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Áður en ég lýk máli mínu vil ég þó nefna tvö atriði sem nefnd sú, sem samdi frv. þetta, vakti sérstaka athygli á í bréfi sínu til mín þegar hún lauk störfum. Þar er annars vegar um að ræða réttindi námsmanna, sem lokið hafa eða hætt námi, til atvinnuleysisbóta, og hins vegar rýmkun á heimildum til Atvinnuleysistryggingasjóðs til að veita styrki skv. VIII. kafla laganna. Ég hef afráðið að flytja frumvarpið óbreytt eins og það kom frá nefndinni en leyfi mér að vísa umfjöllun um þessi tvö atriði til skoðunar heilbr.- og trn. er hún fjallar um frv. þetta, og mun sjá til þess að hv. nefnd fái umrætt bréf nefndarinnar, sem frumvarpið samdi, með þessum ábendingum sem voru stílaðar til mín.

Frumvarp þetta er á forgangslista ríkisstjórnarinn-

ar yfir þau þingmál sem ljúka þarf á yfirstandandi þingi enda víst að fjölmargir atvinnulausir fylgjast með afdrifum frumvarpsins hér. Ég leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frumvarpinu vísað til 2. umr. og til hv. heilbr.- og trn.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er satt að segja furðu seint sem það gerist á vegum núv. hæstv. ríkisstjórnar að mál af þessu tagi er lagt fram. Miðað við það alvarlega ástand sem hér er á vinnumarkaði, miðað við þá staðreynd að við búum við meira atvinnuleysi en nokkru sinni fyrr á Íslandi og hefur það fylgt þessari ríkisstjórn svo að segja alveg frá því að hún tók við, sem út af fyrir sig er sérstaklega alvarlegt vegna þess að í stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum hefur ekkert verið gert til þess að styrkja stöðuna í atvinnulífinu með almennum ráðstöfunum þannig að það gæti orðið til þess að draga úr atvinnuleysi. Þvert á móti fer atvinnuleysi stöðugt vaxandi og þrátt fyrir þær yfirlýsingar sem ríkisstjórnin gaf í desembermánuði sl. um að ráðstafanir hennar þá, m.a. gengisbreyting o.fl., hefðu það í för með sér að atvinnuleysi mundi ekki aukast enn frekar í framhaldinu, þá hefur það nú gerst eins og menn þekkja að atvinnuleysi hefur farið vaxandi alla mánuðina frá því að ríkisstjórnin lýsti því yfir að hún væri að grípa til efnahagsráðstafana til þess að stöðva aukningu atvinnuleysisins.

Þetta atvinnuleysi er hrikalegt um allt land. Og af þeim ástæðum fluttum við alþýðubandalagsmenn sl. haust till. til þál. um rannsóknir á afleiðingum atvinnuleysis, félagslegum afleiðingum fyrir einstaklinga og hópa, bæjarfélög og samtök, sálrænum afleiðingum fyrir ýmsa aðila og áhrifum atvinnuleysis á rekstur ýmissa neyðarstofnana hér í þjóðfélaginu, eins og rakið er í þeirri tillögu. Sú tillaga hefur nú verið til meðferðar í hv. félmn. Alþingis í allan vetur. Mér er ekki kunnugt um að hún hafi fengið afgreiðslu enn þá en við hljótum auðvitað að leggja á það áherslu, alþýðubandalagsmenn, að þessi tillaga fái afgreiðslu á yfirstandandi þingi, því að hún hefur verið lengst allra þingmála á þessu sviði til meðferðar þingsins í vetur þannig að það er auðvitað sanngjarnt að fara fram á það að þessi tillaga verði afgreidd á Alþingi því sem nú situr.

Sú tillaga hefur verið send til umsagnar mjög margra aðila. Þeir hafa allir lýst yfir stuðningi við tillöguna nema einn. Ég kem að því síðar hver sá aðili er, en einn þeirra aðila sem lýsir áköfustum og ákveðnustum stuðningi við tillögu okkar um rannsóknir á afleiðingum atvinnuleysis er lögreglustjóraembættið í Reykjavík. Og af hverju skyldi það nú vera sem lögreglustjóraembættið í Reykjavík lýsir ákveðnustum stuðningi við tillögu um rannsóknir á afleiðingum atvinnuleysis? Jú, það er auðvitað vegna þess að afleiðingar atvinnuleysis eru ekki fyrst og fremst efnahagslegar í augnablikinu, þær eru ekki fyrst og fremst félagslegar í augnablikinu. Heldur vegna þess að þessar afleiðingar eru oft og tíðum langtímaafleiðingar sem munu mæta okkur, ekki aðeins á komandi mánuðum heldur jafnvel á komandi árum, og birtast í hrikalegum hlutum sem sjást núna í þróun þjóðfélaganna í Vestur-Evrópu m.a. og hafa birst um það upplýsingar í skýrslum sem hafa komið frá Evrópubandalaginu, þar sem farið er yfir áhrif atvinnuleysis, m.a. á margvísleg afbrot og þróun afbrota í ríkjum Evrópubandalagsins samkvæmt þeirri skýrslu sem þar hefur verið tekin saman.

Hins vegar er sá aðili sem hefur ekki talið ástæðu til þess að samþykkja tillögu til rannsóknar á afleiðingum atvinnuleysis, það er Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum lýsti því yfir í umsögn sinni að það ætti ekki að samþykkja þessa tillögu. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum — Suðurnesjum, ég endurtek — sagði, virðulegi forseti, nokkurn veginn orðrétt í umsögn sinni á þessa leið: Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum telja ekki ástæðu til þess að samþykkja sérstaka tillögu af þessu tagi þar sem þessi mál eru undir farsælli stjórn félmrn. Og það er satt að segja nokkurt umhugsunarefni að einmitt svona tónn skuli koma frá Suðurnesjum þaðan sem hafa líka borist fréttir um það að bæjarstjórn Keflavíkur hefur eins og kunnugt er ekki borið sig eftir þeim litlu möguleikum sem þó eru til innan gildandi laga varðandi stuðning við atvinnustarfsemi úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Ég legg á það verulega áherslu, virðulegi forseti, sem 1. flm. þeirrar tillögu sem ég er hér að ræða um, að hún verði afgreidd á yfirstandi þingi þannig að afleiðingar atvinnuleysis verði rannsakaðar í þaula hér á landi eins og í öðrum löndum.

Auk þess að flytja þessa tillögu þá höfum við alþýðubandalagsmenn flutt á Alþingi frv. til laga um réttindi þeirra sem ekki hafa atvinnu. Þetta frv. er þegar til meðferðar í hv. heilbr.- og trn. og það er brýnt að það mál fái sem allra besta meðferð á þessu þingi, sérstaklega með hliðsjón af því að ríkisstjórnin leggur áherslu á að það frv. sem hér er til meðferðar fái afgreiðslu á þinginu. Og ég tel að það sé óhjákvæmilegt að þessi frumvörp verði að einhverju leyti afgreidd samhliða. Ég tel að það sé óeðlilegt og ósanngjarnt með öllu að ætla sér að afgreiða stjórnarfrumvarpið og láta svo sem hitt frumvarpið sé ekki til. Það kemur auðvitað ekki til greina að líða það.

Auðvitað má hugsa sér að þær breytingar sem hæstv. ríkisstjórn gerir tillögur um í sínu frv. verði að einhverju leyti sameinaðar því frv. sem við alþýðubandalagsmenn höfum flutt þannig að þetta verði gert með einhverjum hætti að einu þingmáli, og ég teldi auðvitað að það væri farsælast. Með hliðsjón af stöðunni að það yrði reynt að mynda heildarsamstöðu um Atvinnuleysistryggingasjóð og það hvernig þar er á málum haldið.

Mér heyrist það hins vegar ekki, virðulegi forseti, vera ætlun hæstv. heilbr.- og trmrh. að stuðla að neinu samkomulagi um þetta mál. Hann kýs að hafa í framsöguræðu sinni uppi sérkennilegan málflutning varðandi aðdraganda þessa máls, m.a. á vegum fyrrv. hæstv. ríkisstjórnar. Hann kýs í framsöguræðu fyrir frumvarpi, ráðherrann, á síðustu dögum eða síðustu

vikum þingsins, þá kýs hann í framsöguræðu fyrir frumvarpi að veitast að okkur alþýðubandalagsmönnum og formanni Alþb. alveg sérstaklega. Þannig að það er bersýnilegt að hæstv. heilbrrh. vill ekki, eins og hann talar, ná víðtækri samstöðu um þessi mál heldur vill hann efna til ófriðar þar sem þess er kostur. Ég verð að segja það að ég vona, virðulegi forseti, að allir góðgjarnir menn hér í þessari stofnun hafi vit fyrir ráðherranum og reyni að koma í veg fyrir það að yfirlýsingar hans verði til þess að trufla meðferð málsins yfirleitt. En það hlýtur auðvitað að vekja alveg sérstaka furðu þegar ráðherra, sem búinn er að sitja hér yfir máli í heilan dag, um lyfjamál, mælir svo fyrir máli eftir kvöldmat, á löngum fundi, hann byrjar sína framsöguræðu á sérstakri atlögu að fyrrv. ríkisstjórn og alveg sérstaklega Alþb. Ég held að það sé satt að segja afar óvenjulegt af ráðherrum sem vilja koma málum sínum fram í þinginu að þeir byrji á því að flytja mál sitt með þessum hætti, þó maður sé auðvitað ýmsu vanur frá þessum hæstv. ráðherra sem alltaf reynir að stofna til ófriðar, ef hann á kost á því, að þá var þetta satt að segja lengra gengið heldur en ég átti jafnvel von á af hans hálfu.

Eitt af því sem hæstv. ráðherra gerði sérstaklega að umtalsefni var það að menn hafi verið tregir til að breyta lögunum um Atvinnuleysistryggingasjóð og taka þar aðra inn. Af hverju er það? Hvað eru lögin um Atvinnuleysistryggingasjóð? Þau eru samningur. Þau eru samningur sem var gerður upphaflega 1955 eftir 6 vikna verkfall verkalýðshreyfingarinnar þar sem samið var um 12% launahækkun, sem var rifin út með gengislækkun nokkrum mánuðum síðar, en eftir stendur eftir það langa verkfall þessi Atvinnuleysistryggingasjóður. Verkalýðshreyfingin vildi slá skjaldborg um þennan sjóð, hann var stofnaður fyrir það fólk sem var í stéttarfélögunum. Og það var þannig á Íslandi þangað til núv. stjórn tók við, að það var í rauninni nægilegt að vera með sjóð sem næði til þessa fólks af því að það var ekki um að ræða víðtækt, almennt og langvarandi atvinnuleysi á Íslandi á þeim tíma.

Þegar það síðan gerist að einn af forustumönnum Sjálfstfl. flytur á síðasta kjörtímabili frv. um að opna Atvinnuleysistryggingasjóð fyrir öllum, án þess að auka við tekjur hans þá felst auðvitað í því frv. lækkun á bótum þeirra sem fá bætur almennt úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Og ástæðan fyrir andstöðu verkalýðshreyfingarinnar var ekki einhver tregða almennt heldur var hún fyrst og fremst sú að verkalýðshreyfingin vildi ekki láta Sjálfstæðisflokkinn komast upp með að lækka atvinnuleysisbætur. Svo kemur hér hæstv. heilbr.- og trmrh. í framsöguræðu fyrir máli og byrjar á því að veitast að þessum sjónarmiðum á Alþingi, m.a. okkar alþýðubandalagsmanna sem höfum auðvitað viljað taka tillit til verkalýðshreyfingarinnar í þessu efni af því að þetta er kjarasamningur sem hér er um að ræða. Og af því að þetta er kjarasamningur, virðulegi forseti, þá var það líka niðurstaða okkar 1982, þegar lögin voru endurskoðuð á sínum tíma, að það var samið um það mál við Alþýðusambandið og við Vinnuveitendasambandið.

Það frv. sem hér liggur fyrir varð ekki til á sama hátt. Hæstv. heilbrrh. skipar endurskoðunarnefndina án þess að um sé að ræða tilnefningar á ábyrgð þessara aðila. Mér er ekki kunnugt um að þetta frv. hafi verið borið upp í miðstjórn Alþýðusambands Íslands áður en það var lagt fram á Alþingi. Með öðrum orðum, það er brotið í blað að því leytinu til að gengið er fram hjá Alþýðusambandinu þegar verið er að undirbúa málið. Auðvitað er staðan þannig, virðulegi forseti, að miðað við allar aðstæður þá hlýtur verkalýðshreyfingin að halda utan um Atvinnuleysistryggingasjóð og það kerfi sem þar er í meginatriðum. Hún hlýtur að gera það, henni er skylt að gera það. En auðvitað er staðan hins vegar þannig að til viðbótar við það fólk sem er í stéttarfélögunum þá er núna í tíð núv. ríkisstjórnar um að ræða stórfellt atvinnuleysi hjá þúsundum manna sem eru utan stéttarfélaga og það verður auðvitað að tryggja því fólki atvinnuleysisbætur. Og það er af þeim ástæðum sem við alþýðubandalagsmenn leggjum fram viðamikið frv. sem felur í sér heildarendurskoðun á þrennum lögum má segja, um atvinnuleysistryggingar, um vinnumálaskrifstofu félmrn. og um vinnumiðlun o.fl.

Í því frv. sem hæstv. ríkisstjórn hefur loksins lagt fram, seint og um síðir og hefur tekið ótrúlegan tíma að koma þessu fram, miðað við það lið sem er við vinnu í ráðuneytum þá er það alveg ótrúlegur tími sem tekur að koma saman fjögurra síðna frv., það er alveg ótrúlegur tími. Það eru sex meginbreytingar í þessu frv. Ég ætla aðeins að víkja að þeim, virðulegur forseti.

Það er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því að réttur til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði verði ekki lengur bundinn við aðild að stéttarfélagi. En þessi ákvæði, virðulegi forseti, eru þó miðuð við þá eina sem kallaðir eru launamenn þannig að þeir sem hafa t.d. lokið námi en hafa aldrei fengið vinnu eru hvergi hér. Þeir sem hafa lokið námi, segjum í iðnskólum, og hafa aldrei fengið vinnu eru ekki hér. Þeir sem hafa lokið langskólanámi af einhverju tagi, t.d. á framhaldsskólastigi eru hvergi hér. Það er ekki gert ráð fyrir að þeir séu hér. Þannig að það er auðvitað alveg útilokað mál að þetta frv. verði afgreitt öðruvísi en að það verði tryggt að allir þeir sem ekki hafa vinnu fái atvinnuleysisbætur og að þetta fólk verði ekki útilokað eins og frv. gerir ráð fyrir.

Ég tók eftir því að hæstv. heilbrrh. sagðist mundu ætlast til þess að hv. heilbr.- og trn. skoðaði sérstaklega stöðu námsmanna í þessu efni. Ég held að það sé lágmark, ég verð að segja það alveg eins og er að það sé lágmark og ég held að það sé eðlileg krafa að frv. verði altækt að því er varðar atvinnulaust fólk ef það er það ekki núna. Þannig að þetta frv. er að þessu leytinu þröngt og nær ekki að uppfylla þær mannréttindakröfur sem við eigum að gera til frv. af þessu tagi við þær aðstæður fjöldaatvinnuleysis sem er í landinu um þessar mundir.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að sjálfstætt starfandi einstaklingar sem skilað hafa tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi síðustu 12 mánuði áður en þeir hættu sjálfstæðri starfsemi geti öðlast rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði með sama hætti og launa-

menn enda uppfylli þeir skilyrði reglna sem heilbr.- og trmrh. setur að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og séu atvinnulausir og séu í atvinnuleit. Það er alveg augljóst mál, virðulegur forseti, að þetta ákvæði er einnig of þröngt. Þetta ákvæði er einnig of þröngt vegna þess að það er að sjálfsögðu nokkur hópur manna sem ekki getur fullnægt þessum skilyrðum en er þó orðinn atvinnulaus og búinn að vera atvinnulaus kannski langtímum saman. Þar getur t.d. verið um að ræða fólk sem hefur starfað í landbúnaði, svo ég nefni dæmi, þar getur verið um að ræða þá sem hafa róið til fiskjar á eigin fari skamma stund en ná þó ekki þessu 12 mánaða tryggingatímabili. Þannig að það er ljóst að í þessu ákvæði er einnig of skammt gengið ef menn ætla sér í raun og veru að koma til móts við þann veruleika að við þurfum að eiga lög sem ná til allra þeirra sem ekki hafa lífsframfæri af því að selja vinnuafl sitt.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að hámarksaldur vegna greiðslu atvinnuleysisbóta verði færður úr 71 ári í 70 ár og jafnframt er sett inn ákvæði um það að ef atvinnulaus maður nýtur einnig elli- eða örorkulífeyrisgreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins þá skulu samanlagðar bætur frá Atvinnuleysistryggingasjóði og Tryggingastofnun aldrei nema hærri fjárhæð en hámarksbótum atvinnuleysistrygginga.

Ég tel út af fyrir sig, virðulegi forseti, og ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að það komi vel til greina og sé eðlilegt að huga að því hvernig eigi að tengja saman annars vegar atvinnuleysisbætur og hins vegar ellilífeyrisbætur, elli- og örorkulífeyri og tekjutryggingu. Ég skal ekkert um það segja hvort það er nákvæmlega rétt aðferð sem hér er gerð tillaga um en áskil mér allan rétt til þess að gera athugasemdir við síðar, en ég endurtek það að ég tel ekkert óeðlilegt við það að það mál sé skoðað.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir því að reglur um missi bótaréttar þeirra sem segja upp starfi sínu án gildra ástæðna og verði atvinnulausir af þeim sökum verði hertar og sá tími sem bótaréttur fellur niður af þessum sökum er lengdur. Sömuleiðis eru reglur um heimild atvinnulausra til að neita starfi og ákveðið hvaða afleiðingar neitun hefur á bótarétt. Þá eru viðurlög við að afla sér bóta með röngum eða villandi upplýsingum hert mjög verulega og heimilað endurkrefja viðkomandi um allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem fengin hefur verið úr Atvinnuleysistryggingasjóði með sviksamlegum hætti.

Ég er út af fyrir sig þeirrar skoðunar, virðulegur forseti, að það sé sjálfsagt mál að hafa um þessi mál einnig reglur. Sjálfsagt mál að hafa um þessi mál einnig skýrar reglur. Ég efast hins vegar um það að það eigi að kveða á um þær í smáatriðum eins og hér er gert í lagatextanum sjálfum. Ég held að sú stífni sem kemur fram í lagafrv. að því er þetta varðar geti orðið til þess að skapa flókna, erfiða og ósanngjarna aðstöðu fyrir hina atvinnulausu við vissar kringumstæður og ég bendi á að það fólk sem hér er um að ræða eru manneskjur og það ber auðvitað ekki að meðhöndla það sem afbrotamenn á einn eða neinn hátt. Hér er auðvitað í raun og veru verið að færa Atvinnuleysistryggingasjóði ákveðið dómsvald. Það er verið að færa honum vald til þess að segja: Þessi eða hinn hefur ekki uppfyllt reglurnar að fullu og þess vegna má stjórn sjóðsins eða ráðherrann dæma viðkomandi í launamissi. Er það eðlilegt kerfi, virðulegi forseti, að samþykkja lög sem eru þannig að ráðherra eða stjórn sjóðs geti svipt menn launum með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir? Ég held að það verði a.m.k. að skoða það mál mjög vandlega og mér finnst satt að segja að refsigleðin í þessu frv. sé æði mikið á skjön við mannréttindaræðurnar sem hæstv. utanrrh. flutti í gær fyrir einn mann sem þó er ekki atvinnulaus eins og kunnugt er heldur hefur fengið atvinnu í öflugasta atvinnuátaki ríkisstjórnarinnar fyrr og síðar eins og hv. þm. Jón Kristjánsson komst að orði. Ég held að í þessum efnum, þó að menn setji reglur um missi bótaréttar gegn misnotkun og þess háttar, þá eigi menn að ganga hægt um þær dyr og gæta sanngirni á öllum sviðum.

Í fimmta lagi eru reglur settar um biðtíma vegna atvinnuleysisbóta ef mánaðartekjur viðkomanda síðustu tvo mánuði áður en atvinnuleysi hófst voru hærri en sem nemur tvöföldum atvinnuleysisbótum. Þetta ákvæði er skýrt nánar á fskj. á bls. 10 í frv. þar sem kemur fram hvaða áhrif tekjutenging frestunar hefur á greiðslu atvinnuleysisbóta.

Ég vil segja það sem mína skoðun, virðulegi forseti, að ég tel út af fyrir sig ekkert að því að menn hugleiði það að tengja þessa hluti með einhverjum hætti saman, ekkert að því. Ég tel hins vegar að þær hugmyndir sem eru í frv. þurfi að skoða mikið nánar og ég segi það um þessar hugmyndir sem þarna koma fram í tölulið 5 í aðalbreytingum frv., í tölulið 3 og í tölulið 4, að um þær eigi að ræða mjög rækilega við verkalýðshreyfinguna og aðila vinnumarkaðarins og ekki að ganga frá þeim nema í fullu samkomulagi við þá aðila.

Í sjötta lagi er í frv. ekki gert ráð fyrir því að fella niður 16 vikna bótalausa tímann, það er ekki gert ráð fyrir því eins og þó er látið í veðri vaka og alltaf sagt af heilbrrh. aftur og aftur í einhverjum fjölmiðlum. Það er gert ráð fyrir því að atvinnulausir geti hins vegar komist undan 16 vikna biðtímanum milli bótatímabila með því að sækja og ljúka námskeiðum sem sérstaklega eru ætluð atvinnulausum í a.m.k. 8 vikur.

Um þetta mál má auðvitað margt segja, virðulegur forseti, og í grg. frv. er farið yfir þetta mál lítillega og sömleiðis í umsögn um frv. frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. Þar segir svo, með leyfi forseta: „Gerð er sú breyting á 10. gr. frv. að ef fólk sækir námskeið eða tekur þátt í átaksverkefni í a.m.k. 8 vikur þá fellur það ekki af bótum eftir hvert tímabil."

Nú er það út af fyrir sig ekki óskynsamlegt að mínu mati, virðulegur forseti, að tengja þessa hluti með einhverjum hætti saman, þ.e. námskeið, starfsþjálfun og atvinnuleysi. Mér fannst t.d. athyglisvert það verkefni sem hefur verið unnið að könnun á um nokkurt skeið á vegum menntmrn. og Iðnskólans í Reykjavík varðandi það unga fólk sem hugsanleg fær ekki vinnu hér á Reykjavíkursvæðinu í sumar og gert er ráð fyrir að

geti stundað nám í Iðnskólanum í Reykjavík í sumar og það verði metið sem hluti af réttindanámi. En til þess að þetta segi eitthvað, virðulegi forseti, þá verður maður auðvitað að fá að vita hvað er hér verið að bjóða upp á. Á hvaða námskeiðum á fólk kost? Það eru námskeið MFA og Námsflokkana t.d. eða hvað?

Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að fara fram á það að því fylgi miklu ítarlegri greinargerð hversu mikið námsframboð er í gangi á vegum þessara aðila. Ég held að þetta sé mál sem þyrfti að skoða mikið mikið nánar og ég tel að það sé eðlilegra að fella niður 16 vikna bótalausa tímann með beinum og jákvæðum hætti frekar en að vera að búa þarna til skilyrt kerfi eins og hér er gert ráð fyrir sem er í raun og veru þannig að það er varla hægt að ímynda sér að núverandi framboð á námskeiðum fullnægi þeirri þörf sem uppi er. Ég spyr hæstv. heilbr.- og trmrh.: Hefur verið gerð könnun á því hvort núverandi framboð á námskeiðum á vegum MFA og Námsflokka Reykjavíkur fullnægi þessum þörfum? Ég bendi á í þessu sambandi, virðulegi forseti, að það eru fleiri atvinnulausir í landinu en þeir sem búa í Reykjavík og nágrenni. Hvað með þá sem t.d. búa á Siglufirði eða Eskifirði eða í Stykkishólmi? Þeir eiga ekki kost á því að sækja einhver námskeið hjá Námsflokkum Reykjavíkur, þeir eiga ekki kost á því að fara á námskeið hjá MFA nema í mjög takmörkuðum mæli. Það er þannig augljóst að þetta skilyrði um námskeiðin verður kannski hægt að uppfylla í Reykjavík en það nokkurn veginn útilokað að uppfylla það víða úti á landi. Með þessu er þá verið að segja að í raun eigi að afnema 16 vikna bótalausa tímann þar sem kostur er á þessum námskeiðum, þ.e. í Reykjavík og nágrenni en 16 vikna bótalausi tíminn eigi áfram að vera úti á landi. Það er auðvitað mjög sérkennilegt að þingmaður Ísfirðinga og Vestfirðinga í stól heilbr.- og trmrh. skuli flytja frv. af þessu tagi sem getur falið í sér mismunun á þann hátt sem ég hef verið að lýsa og þess vegna alveg óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. ráðherra að því sérstaklega hvernig hann hugsar sér þetta í framkvæmd.

Varðandi aðrar breytingar þess frv. sem hér liggur fyrir þá er rétt að geta þess að í 15. gr. frv. er veitt heimild til að veita styrki til þróunarverkefna til varanlegrar atvinnusköpunar. Er hér um að ræða, eins og segir í ummælum fjmrn., verulega rýmkun á starfssviði sjóðsins en hámark er á þessari starfsemi skv. 37. gr. laganna um að útgjöld fari ekki yfir 40% af árlegum vaxtatekjum sjóðsins og það er mat fjmrn. að þetta muni geta kostað um 30 millj. kr.

Út af fyrir sig vil ég segja það í fyrsta lagi, virðulegur forseti, að ég tel að það sé sjálfsagt mál að endurskoða þetta ákvæði með hliðsjón af fenginni reynslu og ég hef tekið eftir því að sveitarfélögin hafa verið að sækja til Atvinnuleysistryggingasjóðs varðandi stuðning við tiltekna atvinnustarfsemi og það hefur út af fyrir sig sums staðar gengið nokkuð vel. Ég nefni t.d. Húsavík í því sambandi. Annars staðar hafa menn verið eitthvað seinir til eins og í Keflavík eins og kom fram í fréttunum í gær. En það er eitt, hæstv. ráðherra, sem mér finnst afar sérkennilegt í því máli og ég ætla að koma að hér og það er að þegar stjórn sjóðsins hefur fjallað um málið þá er það ráðherrann sem ákveður hvort peningarnir fara út eða ekki. Það er auðvitað nauðsynlegt að það sé skýrt vegna þess að fyrir nokkru komu um það fréttir í fjölmiðlum aftur og aftur að um þessi mál hefði sérstaklega verið fjallað í ríkisstjórninni (**Heilbrrh:** Það er annað mál.) og ef það er allt annað mál þá er gott að hæstv. ráðherra útskýri það fyrir mér vegna þess að ég geri ráð fyrir því að fleiri en ég hafi skilið þetta með þeim hætti sem ég var að rekja og bið ráðherrann að fara yfir það í máli sínu, en það var ekki gert í framsöguræðunni.

Samkvæmt mati fjmrn. er gert ráð fyrir því að frv. hafi í för með sér um 400 millj. kr. í viðbótarútgjöld miðað við 5% atvinnuleysi en atvinnuleysið er núna um 6% og hæstv. heilbrrh. sagði frá því áðan að það væri von á frekari útreikningum í þessu efni til heilbr.- og trn. (**Heilbrrh:** Það er á leiðinni þangað.) og á leiðinni þangað og út af fyrir sig er það gott en ég verð að segja eins og er að ég held að menn þurfi að staldra við það. Það er auðvitað ljóst að þetta kostar peninga, þetta er kerfi sem ekki er ódýrt, en þetta kerfi er auðvitað afleiðing af þeirri þjóðfélagsgerð sem við búum við eins og sakir standa. Meðan það er svo að meiri hluti Alþingis eða hver sem það er sem ber ábyrgð á atvinnu- og efnahagsstefnu með þeim hætti að mörg þúsund manna verða atvinnulausir þá á þessi sami meiri hluti Alþingis auðvitað að sjá til þess að þetta fólk fái að halda mannréttindum. Það kostar auðvitað einhverja fjármuni við þær aðstæður sem hér er um að ræða í dag þegar atvinnuleysið er jafnmikið og raun ber vitni.

Í því frv. sem við alþýðubandalagsmenn höfum flutt um svipuð mál og snertir endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar, vinnumiðlun og vinnumálaskrifstofu félmrn. er komið við á mörgum fleiri stöðum en þeim sem gert er í þessu frv. Það er t.d. gert ráð fyrir því að allir eigi rétt á atvinnuleysisbótum þó svo að þeir hafi aldrei fengið vinnu og séu ekki í stéttarfélögum enda hafi viðkomandi verið atvinnulaus í fjórar vikur. Ég tók eftir því að hæstv. heilbr.- og trmrh. hneykslaðist mikið á þessu ákvæði þegar hann talaði um okkar frv. fyrir nokkrum vikum. Þetta með fjórar vikur. Ég vil útskýra það, virðulegi forseti, hvernig það er til komið. Það er þannig til komið að við teljum að það verði að setja ákveðnar reglur um það hvaða aðdraganda það getur átt sér að maður sem aldrei hefur haft vinnu komist inn í þetta almenna bótakerfi. Það getur ekki gerst án einhverrar atrennu að einhverju tagi og ég tel þess vegna að það sé ekkert óeðlilegt að miða við einhvern tíma af þessu tagi þegar um er að ræða fólk sem aldrei hefur haft vinnu, en ég segi hefur aldrei haft vinnu. Við gerum ráð fyrir því að atvinnuleysisbætur geti komið til allra en ekki þess hóps eins sem hæstv. ráðherra gerir hér ráð fyrir að bæta við.

Í öðru lagi gerum við ráð fyrir að sextán vikna bótalausi tíminn falli niður án námskeiðaskilyrða eins og þau eru sett fram í frv. hæstv. ríkisstjórnar.

Í þriðja lagi leggjum við til að Atvinnuleysistryggingasjóður verði sjálfstæð stofnun og heyri ekki und-

ir Tryggingastofnun ríkisins. Hún verði sjálfstæð stofnun sem heyri undir félmrh. og í því felst ekki einhver meinbægni við núv. hæstv. heilbrrh., það kemur málinu ekkert við hver situr á þeim stól, heldur felst í því sá veruleiki að félmrh. fer með vinnumálaskrifstofu félmrn. og vinnumiðlunina líka. Við teljum nauðsynlegt að tengja saman með mjög virkum hætti vinnumiðlunina og atvinnuleysisskráninguna en slíta þetta ekki í sundur eins og nú er gert. Það er ástæðan fyrir því að við flytjum þessa tillögu.

Í fjórða lagi gerum við ráð fyrir því að bætur fyrir hvert barn á framfæri hins atvinnulausa hækki nokkuð frá því sem nú er. Hverjar eru bæturnar fyrir hvert barn á framfæri hins atvinnulausa núna? Hverjar eru þær? Þær eru um það bil 85 kr. á dag. Auðvitað er alveg ljóst að miðað við núverandi ástand í þessum efnum getur það ekki gengið.

Við verðum að gera okkur grein fyrir því, virðulegi forseti, að í sambandi við atvinnuleysi og réttindi atvinnulausra erum við að fikra okkur út úr kerfi gífurlega mikillar eftirspurnar eftir vinnuafli og inn í kerfi þar sem um getur verið að ræða talsvert mikið atvinnuleysi um eitthvert skeið, vonandi samt ekki eins mikið og nú er. Í grannlöndum okkar eins og í Danmörku, Þýskalandi og víðar er atvinnuleysisstuðningur miðaður við það að hinn atvinnulausi og fjölskylda hans geti sem næst, burt séð frá atvinnunni, tekið þátt í þjóðfélaginu almennt en þurfi ekki að vera dæmdur til þriðja eða fjórða flokks tilveru af einhverju tagi. Þess vegna er óhjákvæmilegt að endurskoða þennan þátt sérstaklega sem lýtur að börnunum því engir eru viðkvæmari fyrir atvinnuleysinu en börn hinna atvinnulausu. Þess vegna er sú uppsetning sem er í gildandi lögum að þessu leyti til algerlega fráleit. Það er dálítið merkilegt að þó hæstv. ráðherra teldi sig hafa tíma til þess áðan í framsöguræðu sinni að hjóla í Alþb. sá hann enga ástæðu til að ræða þennan mannréttindaþátt málsins og afleiðingar atvinnuleysis yfirleitt og ástæður þess og sérstaklega þann þátt sem lýtur að börnum.

Í fimmta lagi er gert ráð fyrir því að hinn atvinnulausi haldi bótarétti einhvern tíma þó hann veikist. En nú er það þannig að maður sem verður atvinnulaus missir bótaréttinn ef hann veikist. Auðvitað er þetta algerlega fráleitt kerfi í þjóðfélagi þar sem þeir, sem hafa vinnu, halda vinnulaunum samningsbundið þó þeir veikist um einhvern tíma. Þessu ákvæði á auðvitað að breyta og um þetta atriði var heldur ekki fjallað í sérkennilegri framsöguræðu hæstv. heilbrrh.

Í sjötta lagi leggjum við til að tekið verði sérstaklega á hinu almenna starfsþjálfunarkerfi. Sá tími sem menn geta haldið bótum á meðan þeir eru í námi lengist úr sex vikum í sex mánuði og atvinnuleysistryggingasjóðskerfið tengist við kerfi Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Það er í raun og veru eina eðlilega svarið í þessu efni. Þess vegna er tillagan flutt.

Í sjöunda lagi gerum við tillögu um það, virðulegi forseti, að breyta úthlutunar-, skráningar- og útborgunarkerfinu frá því sem það er nú. Núna er þetta þannig að hinn atvinnulausi þarf að fara á marga staði með vottorð, kvittanir og stimpla til að fá þennan rétt. Við gerum ráð fyrir að einfalda skriffinnskukerfið. Heimila að það verði einfaldað og það verði allt á einum stað þar sem hinn atvinnulausi fær þjónustu sína. Það er ekki heldur tekið á því, hvorki í ræðu, greinargerð né frv. hæstv. ráðherra.

Í áttunda og níunda lagi gerum við svo brtt. varðandi lög um vinnumiðlun og lög um vinnumálaskrifstofu félmrn. sem ég ætla ekki að fara út í hér í umræðum um Atvinnuleysistryggingasjóð.

Virðulegi forseti. Hvað er atvinnuleysi? Atvinnuleysi er það ástand þegar einhver einstaklingur getur ekki selt þjóðfélaginu vinnuafl sitt. Atvinnuleysi er það ástand þegar markaðurinn vill ekki kaupa vinnuaflið sem maðurinn á. Atvinnuleysi er með öðrum orðum ástand þar sem vinnuaflinu, sem er í raun sú eina eign sem við eigum, hefur verið hafnað. Í þjóðfélögum svokallaðra Vesturlanda á Evrópusvæðinu, sem svo er nefnt, er núna talað um 10%, 11% eða 12% atvinnuleysi. Áttundi til tíundi hver maður er atvinnulaus. Í þessum efnum hljóta menn auðvitað að velta því fyrir sér hvar við erum stödd með þessi þjóðfélög. Það er t.d. sagt og tekið þannig til orða að í Danmörku sé ástandið prýðilegt í efnahagsmálum en þar er tíundi hver maður atvinnulaus. Ég segi að það þjóðfélag sé vont og sú stjórn vond sem líður atvinnuleysi af þessu tagi.

Menn hafa út af fyrir sig deilt um hvað er til ráða í þessum efnum. Við alþýðubandalagsmenn fluttum og gerðum grein fyrir tillögum um átak í atvinnumálum sl. haust. En menn geta auðvitað líka velt fyrir sér öðrum hliðum þessara mála eins og þeim: Er eitthvað hægt að gera til að jafna vinnunni meira á milli okkar hér í þjóðfélaginu? Er hugsanlegt að hægt sé að gera einhverjar ráðstafanir til þess að þeir, sem hafa mikla vinnu og sumir miklu meiri vinnu en venjulega dagvinnu, gefi eitthvað eftir af vinnutíma sínum til að aðrir fái vinnu? Er hægt að hugsa sér að ná einhverri viðtækri þjóðfélagssátt um það að jafna vinnunni? Er hugsanlegur hlutur að t.d. aðilar vinnumarkaðarins væru tilbúnir til að taka á máli af þessu tagi og að tengja þetta kerfi við námskerfi þjóðfélagsins, menntakerfi þjóðfélagsins, við orlofskerfi þjóðfélagsins, við eftirlaunakerfi þjóðfélagsins og lífeyriskerfi þjóðfélagsins í heild. Ég held, virðulegur forseti, að ef við viljum taka á máli af þessu tagi þá verðum við að gera það á tiltölulega breiðum grundvelli. Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því að við sem hér erum í þessum sal og gegnum skyldustörfum eigum í raun og veru engin brýnni verkefni. Við eigum engar brýnni skyldur við þjóðfélagið, við sjálf okkur, við umhverfið, við framtíðina, við börnin í þessu landi en að við tökum á máli af þessu tagi. Við eigum að finna til þess að við berum ábyrgð í þessu efni. Við eigum ekki að víkja þessu máli frá okkur og segja að hin milda hönd markaðarins eigi að leysa það. Sú kalda krumla hefur núna ýtt 6% landsmanna út af vinnumarkaðnum. Auðvitað er ljóst og kemur hvergi betur fram en í atvinnuleysinu að markaðslögmálin duga ekki. Atvinnuleysið er sönnunin fyrir því að hin köldu markaðslög-

mál duga ekki. Reynslan í Evrópu um þessar mundir segir að ríkisstjórnir sem byggja stefnu sína á markaðslögmálunum einum eru að vísa tíunda hverjum manni út af vinnumarkaði. Þeir sem vilja taka á vanda atvinnuleysisins þurfa að þora að ráðast til atlögu við markaðslögmálin. Aftur á móti þeir sem þora ekki að taka á markaðslögmálunum bera ábyrgð fremur en allir aðrir á því að þola atvinnuleysið. Aldrei hefur hagkerfi okkar orðið sér til augljósari skammar gagnvart öllum almennum mannréttindar- og mannúðarsjónarmiðum en einmitt um þessar mundir og birtist í fjölda atvinnuleysingja í Evrópu, upp á milljónir og tugmilljónir manna. Markaðskerfið sem stendur núna hrokafullt upp í heiminum og segir „ég einn veit, ég einn ræð, ég einn get" og ætlar að segja allri heimsbyggðinni fyrir verkum hefur ákveðið að henda áttunda til tíunda manni út úr þjóðfélögum sínum.

Tölurnar frá vinnumálaskrifstofu félmrn. um atvinnuleysi, sem birtast í hverjum einasta mánuði, eru þess vegna áfellisdómur yfir markaðsofstækinu sem ræður ríkjum, m.a. í okkar þjóðfélagi að nokkru leyti. Ég tel þess vegna, virðulegi forseti, að alveg óhjákvæmilegt sé að látið verði á það reyna hvort menn eru tilbúnir til að taka myndarlega á málum. Við alþýðubandalagsmenn erum örugglega tilbúnir til þess þrátt fyrir storkunar- og frýjuorð ráðherrans hér áðan að reyna að stuðla að góðri samvinnu um þessi mál eins og kostur er á yfirstandandi þingi. En við gerum auðvitað þá sjálfsögðu kröfu að frv. okkar um réttindi þeirra sem hafa ekki atvinnu að fái þinglega meðferð samhliða því frv. sem hæstv. heilbr.- og trmrh. var áðan að mæla fyrir.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega er fjallað um merkilegt og mikilvægt frv. sem sannarlega markar tímamót. En það virðist vera svo að frv. fari öfugt ofan í hv. 9. þm. Reykv. því að hann hefur allt á hornum sér. Fremur mætti halda að verið væri að gera stórfelldar breytingar eða niðurskurð á atvinnuleysisbótum. En eins og hv. þm. vita er verið að gera verulegar endurbætur á þessari löggjöf. Kannski er ástæða til að vekja athygli á því að að grunni til eru núgildandi lög frá 1981. Mig minnir að hv. 9. þm. Reykv. hafi verið heilbr.- og trmrh. þegar þessi löggjöf var sett. Mér finnst því málflutningur þingmannsins ankannalegur.

Ástæðan til þess að ég kom með andsvar var ekki síður þær athugasemdir og ónot sem hv. þm. setti í Suðurnesjamenn. Þótt samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum hafi ekki sérstakt dálæti á tillöguflutningi Alþb. á hinu háa Alþingi sé ég ekki ástæðu til að það sé margítrekað og vakin athygli á því að þeir ágætu menn sem þar skipa forustu hlaupi ekki upp til handa og fóta til að fagna tilllögflutningi þeirra alþýðubandalagsmanna svo ekki sé talað um þær dylgjur sem þingmaðurinn var með í garð bæjarstjórnar Keflavíkur. Ég er sannfærður um að bæjarstjórn Keflavíkur leggur mikla áherslu á það að fá þau framlög úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem mögulegt er og ég veit reyndar að bæjarstjórnin í Keflavík hefur lagt á það áherslu og fengið framlög úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Þess vegna vildi ég mótmæla þessum málflutningi þingmannsins.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. verður auðvitað að hafa það eins og honum sýnist hvað honum finnst ankannalegt og hvað ekki. Ég nenni ekki að vera að röfla um það við hann á síðkvöldi. Ég var heldur ekki að biðja um að samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum fögnuðu tillögum Alþb. Það er alltaf þessi flokkspólitíski naglaskapur í Sjálfstfl. Aldrei er hægt að horfa yfir málin eins og þau eru. Við erum ekki að tala um Alþb. og hagsmuni þess. Við erum að tala um atvinnulaust fólk í landinu. Skilur þingmaðurinn það ekki?

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. vill víkja sér undan pólitískri umræðu og veigrar sér við flokkspólitískri umræðu en heldur hér langa ræður um hina köldu hönd markaðshyggjunnar. Fróðlegt væri að vita hver andstæða þeirrar köldu handar væri, hvort það væri eitthvert nýtt markaðskerfi sem Alþb. gæti fremur hallað sér að í dag.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég heyri loksins hver var undirtónninn og ástæðan fyrir því að þingmaðurinn stökk upp. Það var vegna þess að sá sem hér stendur hann gagnrýndi hina köldu hönd markaðarins. Það er sérkennilegt að þingmaðurinn skuli ekki vita að andstaðan við hina köldu hönd markaðarins og afleiðingar af stjórnaraðferðum hennar heitir jafnaðarstefna. Það er athyglisvert að Alþfl. skuli ekki hafa nefnt það orð í núverandi stjórnarsamstarfi.

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get ekki látið ómótmælt fullyrðingum sem fram komu í máli hv. 9. þm. Reykv. og varðar frv. er ég flutti fyrir tveimur árum og snýr að málefnum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Hann kom með alveg nýja kenningu sem hafði aldrei heyrst í tengslum við það mál, þ.e. að frv. hefði verið flutt þannig að það gerði ráð fyrir því að atvinnuleysistryggingar lækkuðu til hinna atvinnulausu. Þetta er fjarstæðukenndur málflutningur og kom aldrei nokkurn tímann fram. Þingmaðurinn hélt því fram að af þessum ástæðum hefði Alþýðusambandið séð sig knúið til að leggjast gegn frv. Þetta er bara hrein og klár vitleysa. Þingmaðurinn hefur ekki kynnt sér umræður eða önnur gögn varðandi þetta mál hér fyrir tveimur árum. Ástæður Alþýðusambandsins voru allt aðrar og þær komu greinilega fram. Þeir vildu bara ekki gera þessa breytingu af prinsippástæðum vegna þess sem hv. þm. gat um að þeir töldu sig eiga þennan sjóð einir í kjölfar verkfallsins 1955. Það var ástæðan. Sem betur fer hafa orðið skoðanaskipti á þeim bæ alveg eins og hjá hv. þm. Svavari Gestssyni og hans skoðanabræðrum sem á sínum tíma lögðust gegn þessu máli en hafa

skipt um skoðun og vilja nú að þessi sjálfsögðu mannréttindi, atvinnuleysistryggingar, nái ekki bara til þeirra sem eru í verkalýðsfélögum og ekki bara þeirra sem tóku þátt í verkfallinu 1955 heldur til annarra landsmanna og annarra launamanna.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er auðvitað alveg augljóst mál að ef fjölgar stórkostlega þeim sem eiga að fá stuðning úr Atvinnuleysistryggingasjóði óbreyttum án aukinna tekna sjóðsins hlýtur það að þýða lækkun á þeim sem fyrir eru. Ég þekki þetta mál allvel, m.a. vegna þess sem hv. 1. þm. Vesturl. nefndi áðan að ég fór með þessi mál í ríkisstjórn árin 1980–1983 þegar núgildandi lög voru endurskoðuð í heild.

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Málið snerist ekki um að lækka atvinnuleysistryggingar, hv. þm., enda var um að ræða réttindi sem menn öfluðu sér annaðhvort með greiðslu sérstakra gjalda af launum sínum ellegar með almennu skattfé. Þar áttu auðvitað allir borgarar að eiga jafnan rétt. Þetta snerist ekki um lækkun með einum eða neinum hætti. Um var að ræða í því frv. á þeim tíma réttindabót fyrir þann tiltölulega litla hóp landsmanna, reyndar örfáa menn, sem eru ekki aðilar að stéttarfélögum en hefðu þarna komið til greina vegna atvinnuleysis en vantaði hins vegar þennan rétt.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mikilvægt er að þannig sé haldið á málum að réttur þeirra sem fyrir eru verði ekki skertur og að fleiri komi inn, allir þeir sem eru atvinnulausir. En því miður er það þannig í frv. því sem hv. þm. Geir H. Haarde flytur núna að ekki eru allir þeir sem eru atvinnulausir teknir inn. Hann gengur því skemmra nú en hann gerði í frv. sínu fyrir nokkrum árum.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar ég hlustaði áðan á ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar duttu mér í hug fjögur orð. Þvílík hræsni, þvílík yfirboð. Er hv. þm. búinn að gleyma því að hann og flokksfélagar hans hafa borið ábyrgð á því að ekki hefur verið samþykkt þrátt fyrir þingmeirihluta á Alþingi Íslendinga að veita þeim sem eru atvinnulausir en eru ekki meðlimir í stéttarfélögum rétt til atvinnuleysisbóta? Hv. þáv. heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason lagði slíkt frv. fram í ríkisstjórn árið 1989. Þá var það hv. þm. Svavar Gestsson og flokksbræður hans sem beittu valdi sínu sem ráðherrar í ríkisstjórn til að segja nei þótt þingmeirihluti væri fyrir málinu. Er hann búinn að gleyma því, hv. þm., að það var formaður hans, Ólafur Ragnar Grímsson, sem tók sérstaklega fram árið 1990 og þó það væri verið að skattleggja alla vinnu launamanna í landinu til atvinnuleysistrygginga ættu þeir sem stæðu utan stéttarfélaga engan rétt.

Ég vil taka það fram til þeirra sem e.t.v. hlusta á þetta mál að þeir atvinnuleysingjar sem eru nú án atvinnuleysisbóta og standa utan stéttarfélaga væru með fullan rétt til atvinnuleysisbóta ef þingflokkur Alþb. hefði ekki komið til sem hefur staðið gegn því í fjögur ár að þingmeirihlutinn fengi að koma til skjalanna. Að leyfa sér að ræða í þessu sambandi um það frumkvæði Alþb. að leggja fram á Alþingi vitlausasta frv. sem lagt hefur verið fram um margra ára skeið, frv. sem ber ekki meiri virðingu fyrir atvinnuleysingjum en svo að ef það væri samþykkt væru lög um atvinnuleysistryggingar óframkvæmanleg. Vísasta verkið til að tryggja að enginn Íslendingur fengi atvinnuleysisbætur væri að samþykkja frv. Alþb.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Af einhverjum ástæðum er það nú svo að ráðherrann var eiginlega alveg það sem heitir froðufellandi núna. Þetta er nokkuð sérkennilegt. Krakkarnir hefðu orðað þetta þannig að það er greinilegt að ráðherrann er „spældur“. Það er eitthvað að. Er eitthvað erfitt í Alþfl. þessa dagana? Ég skil ekki alveg hvernig Alþb. hefur komið í veg fyrir það a.m.k. sl. tvö ár að þessu kerfi væri breytt vegna þess að hæstv. ráðherra hefur verið í stjórn með íhaldinu sínu allan þann tíma sem hann vill nú greinilega helst vera, honum líður best í svoleiðis stjórnum. Hvað hefur hann verið að gaufa í tvö ár? Ekki hefur það vonda Alþb. staðið í vegi fyrir honum. Ekki hefur hann þurft að flytja svona froðufellandi skammarræður yfir Alþb. sl. tvö ár út af því. Hvað er að? Er erfitt í stjórnarsamstarfinu? Vill ráðherrann fara að skipta um stól? Á að fara að reka hann? Hvað er að?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nei, ég er hneykslaður. Ég er hneykslaður á því að maður eins og hv. þm. Svavar Gestsson skuli leyfa sér að flytja ræðu eins og hann flutti áðan en bera ekki meiri virðingu fyrir atvinnulausu flólki á Íslandi en svo að leggja fram till. um breytingar á kjörum þess sem eru meiri hrákasmíð og verr unnið frv. en sést hefur hér á þingi um ára skeið, jafnvel áratuga skeið og er svo slæmt að ef það væri samþykkt á Alþingi eins og Alþb. lagði það þá væru lög um atvinnuleysistryggingar óframkvæmanlegar.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur greinilega ekki gert sér grein fyrir því sem er viðhorf þjóðarinnar um þessar mundir. Þegar hann talar þannig um eitthvert mál að það sé vitlaust og það sé slæmt og það sé hrákasmíð og það sé hneykslí og að ekki hefði átt að flytja það þá eru það talin meðmæli með málinu. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að flytja þessa stuðningsræðu með frv. Alþb.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Að sumu leyti mætti segja um frv. „loksins, loksins“ því að hér er loksins tekið á ýmsum vandamálum sem hafa verið á atvinnuleysismálum hér

á landi, þ.e. á atvinnuleysistryggingum. En að ýmsu öðru leyti verð ég að lýsa því strax að mér finnst þetta frv. gallað og ég hefði viljað ganga lengra.

Ég er þeirrar grundvallarskoðunar að allir eigi að njóta atvinnuleysisbóta hvort sem þeir eru félagar í stéttarfélögum eða ekki, stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, eru listamenn eða hvaða atvinnu sem menn stunda. Ekki er hægt að komast hjá því að skoða aðeins það ástand sem við stöndum frammi fyrir í þjóðfélagi okkar. Menn hljóta að verða að endurskoða núgildandi lög út frá því og því miður að taka inn í dæmið að hugsanlega stöndum við frammi fyrir varanlegu atvinnuleysi upp á nokkur prósent, vonandi ekki mjög mörg, á næstu árum.

Samkvæmt nýjustu tölum frá félmrn. er atvinnuleysi nú um 5,4% eftir þeirri mælingu sem þar á sér stað. En ýmsir hafa bent á að sú mæling nær ekki nógu langt og að öllum líkindum er atvinnuleysið nokkuð meira. Þetta er nýtt í íslensku samfélagi, þ.e. ef horft er til tímans eftir síðari heimsstyrjöld því að frá því að kreppunni lauk og Bretar hernámu Ísland hefur varla verið hægt að tala um neitt atvinnuleysi að ráði enda þótt það hafi verið tímabundið á einstaka stöðum á landinu. En það breytir ekki því að á sjötta áratugnum óttuðust menn að atvinnuleysi færi vaxandi. Því var það að í verkfallinu 1955, sem hér hefur verið minnst á, var áhersla lögð á að komið yrði á fót Atvinnuleysistryggingasjóði. Það tókst og var sú löggjöf, sem þá kom fram, mjög merkileg. Síðan hefur meginhugsunin í löggjöfinni í rauninni breyst harla lítið. Hún hefur verið sú að eiginlega væru þeir sem eru atvinnulausir vinnufælnir og væru að koma sér undan því að vinna. Eiginlega var allt gert til að gera mönnum óaðlaðandi að þiggja atvinnuleysisbætur.

Auðvitað er það svo að við vildum hafa þannig ástand að allir gætu fengið vinnu við sitt hæfi vegna þess að það er mjög sterkt í félagsmótun okkar og gildismati að fólki sé hollt að vinna og að maðurinn verði maður í gegnum vinnu sína þó að ýmislegt annað auðvitað komi þar til. En við stöndum frammi fyrir því núna að nauðsynlegt er að breyta þessum lögum og hefði átt að vera búið að gera það fyrir löngu í ljósi þess vaxandi atvinnuleysis sem við höfum horft upp á mánuðum saman.

Ég get ekki annað en lýst furðu minni yfir þeirri tregðu sem hefur verið á því að taka á þessum lögum. Þá á ég ekki bara við núverandi ríkisstjórn heldur ekki síður verkalýðshreyfinguna sem árum saman hefur sýnt mikla tregðu og í rauninni staðið fast á þessum lögum og eins og hér hefur komið fram litið á lögin og sjóðinn sem sína eign en auðvitað er um mannréttindi ræða og þá umhyggju sem samfélaginu ber að sýna öllum þegnum.

Eins og hefur verið rakið þá er um nokkrar nýjungar að ræða í þessu frv. sem ég fagna að sjálfsögðu og þá er ég að tala um að ekki skuli lengur vera skilyrði að menn séu aðilar að stéttarfélögum og að hér skuli opnað fyrir að sjálfstæðir atvinnurekendur geti fengið atvinnuleysisbætur. En spurningin er auðvitað sú hvernig við skilgreinum sjálfstæðan atvinnurekstur, hverjir eru það og hvernig á að skilgreina það hvenær þeir eru atvinnulausir og hversu lengi þeir hafa verið atvinnulausir. Ég hlýt að varpa fram þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh.: Hvernig koma t.d. listamenn inn í þessa mynd? Þar er um allsérstæðan hóp að ræða sem eru sjálfstæðir atvinnurekendur ef má flokka þá þannig en það getur verið afar erfitt að skilgreina það hvenær þeir teljast vera atvinnulausir. Þetta er að mínum dómi hópur sem þarf að gefa gaum því að samdrátturinn í þjóðfélaginu kemur ekki síst niður á þeim ágæta hópi fólks.

Hér er um það að ræða að verið er að lækka aldursmörk þeirra sem rétt eiga á atvinnuleysisbótum úr 71 ári í 70 og ýmsar fleiri breytingar sem órþarft er að minnast á hér, hert eftirlit og fleira slíkt. En sá galli sem mér finnst einna stærstur á frv. er að hér skuli ekki vera vikið frá þeirri reglu að fólk missi atvinnuleysisbætur eftir eitt ár í 16 vikur. Ég á sannast að segja afar bágt með að skilja það hvernig fólki er ætlað að lifa þennan tíma. Þetta tímabil sem fólk missir atvinnuleysisbæturnar er einmitt vottur um þetta gamla hugarfar sem var ríkjandi að gera fólki erfitt fyrir og í raun að ganga út frá því að það geti allir fengið vinnu. Það segir sig nokkuð sjálft að þegar fólk er búið að vera á atvinnuleysisbótum í heilt ár á rúmlega 40 þús. kr. er varla mikið í varasjóði og ekki um annað að ræða en leita til félagsmálastofnunar viðkomandi sveitarfélags. Hvað er verið að gera með því? Í stað þess að sækja í Atvinnuleysistryggingasjóð sem aflar sér tekna bæði með framlögum frá ríkinu og með tryggingagjaldi og öðru er sótt í vasa sveitarfélaganna. Við vitum að þeir erfiðleikar sem fjöldi fjölskyldna stendur frammi fyrir núna hefur komið mjög greinilega fram hjá félagsmálastofnunum víða um land. Við hljótum að verða að horfa á þetta í samhengi hvernig á að fjármagna atvinnuleysið, hvert á að sækja það fé. Er einhver lausn að vísa fólki yfir á sveitarfélögin? Hvernig eru þau undir það búin að taka á móti þessu vaxandi atvinnuleysi? Við vitum að tiltölulega ríkt sveitarfélag eins og Reykjavík getur sinnt þessu og þyrfti auðvitað að sinna sínum vandamálum miklu betur en gert er en við hljótum líka að horfa á hin minni sveitarfélög sem mörg hafa orðið fyrir tekjumissi vegna samdráttar og gjaldþrota og örðugleika, hvernig eiga þau að brúa þetta bil þegar fólk þarf að bíða í 16 vikur? Mér finnst þetta gamaldags og ég skora á hæstv. heilbr.- og trn. að skoða þetta atriði sérstaklega þó að það þýði auðvitað aukinn kostnað að afnema þetta. En þetta er gjörsamlega út í hött að mínum dómi.

Vert er að nefna ýmis fleiri atriði í þessu frv., m.a. það atriði að tekjutengja bæturnar eins og gert er ráð fyrir hér. Í sjálfu sér er ekkert rangt við þá hugsun að fólk geti ekki gengið beint í atvinnuleysisbætur um leið og það verður atvinnulaust og jafnvel fólk sem hefur haft mjög háar tekjur en háar eða sæmilega háar tekjur segja auðvitað lítið um stöðu fólks. Hvort þetta fólk hefur nú 250 þús. kr. eða meðaltekjur þá hlýtur öllum að vera ljóst að það að missa atvinnuna þýðir algjört hrun og ekki síður fyrir þá sem hafa hærri tekjur og fólk sem er væntanlega með ýmsar skuldbindingar á

sínum herðum. Reyndar vaknar sú spurning sem ég hef oft velt fyrir mér hvernig í ósköpunum fólk fer að því að lifa á þessum bótum sem hér eru greiddar. Hjá okkur á Íslandi er a.m.k. allt annað kerfi en það sem ég þekki frá Norðurlöndunum þar sem fólk fær atvinnuleysisbætur í hlutfalli við launin. Þeir voru einmitt að lækka bæturnar í Svíþjóð og kostaði þar mikil átök og lá við að ríkisstjórnin spryngi en henni var bjargað þar af svokölluðu „nýju lýðræði" eins og svo oft áður. Þar var um það að ræða að lækka bæturnar niður í 80% af launum ef ég man rétt. Ég þori ekki alveg að sverja að þessi tala sé rétt hjá mér en þar er um það að ræða að fólk fær ákveðið hlutfall af sínum launum. Það er stór spurning hvort það sé réttlátt að þeir sem hafa tiltölulega háar tekjur haldi áfram þokkalega háum tekjum eða á að greiða öllum það sama? Þetta er auðvitað mikið matsatriði. En það sem mér finnst kannski vega þyngst er að atvinnuleysisbætur eru mjög lágar hér á landi.

Auðvitað verður að nefna það að í frv. er gert ráð fyrir að ef fólk fer á námskeið, í endurmenntun eða starfsþjálfun þá haldi það atvinnuleysisbótum, þ.e. ef þessi námskeið eða átaksverkefni standa í a.m.k. átta vikur á hverju bótatímabili. Þetta finnst mér að sjálfsögðu af hinu góða. Þarna er verið að lengja tímann en ég hlýt að spyrja hæstv. heilbrrh. um endurmenntunarnámskeiðin. Hvar eiga þau að fara fram? Hverjir eiga að standa fyrir þeim? Ég veit að MFA og Námsflokkar Reykjavíkur hafa haldið uppi slíkum námskeiðum en ég veit líka að aðsóknin var svo gífurleg hjá Námsflokkum Reykjavíkur að þar ætlaði allt að springa. Síðast þegar ég vissi þá skorti fjármagn til að hægt væri að halda þeim námskeiðum uppi handa öllu þessu fólki. Það þýðir lítið að setja svona ákvæði í lögin ef ekki er nægilegt framboð á verkefnum. Þetta hljótum við að þurfa að horfa á í samhengi en ég er vissulega þeirrar skoðunar að það er mjög til bóta ef fólk á kost á verkefnum af þessu tagi, menntun og starfsþjálfun því að atvinnuleysi án þess að fólk hafi nokkuð við að vera er mannskemmandi. Þessi námskeið kosta auðvitað peninga og hver á að fjármagna þau? Hvaðan eiga þeir peningar að koma?

Ég er sammála þeirri stefnu, sem hefur verið tekin upp, að reyna að styðja sveitarfélögin til að efna til ýmiss konar vinnu á sínum snærum til að draga úr atvinnuleysi og slíkt þarf að efla. Í raun og veru er ég þar með komin að spurningunni um hvernig við ætlum að fjármagna atvinnuleysið hér á landi? Hvaðan ætlum við að taka þá peninga? Í rauninni er um fátt annað að ræða en aukin framlög úr ríkissjóði og við þurfum einfaldlega að horfast í augu við það að atvinnuleysið er vaxandi. Það mun kosta okkur aukið fé og við verðum hreinlega að gera ráð fyrir því að þarna verði um aukin útgjöld ríkisins að ræða.

Líka eru hert ákvæði gagnvart þeim sem segja sjálfir upp vinnu, þ.e. þeir þurfa að bíða eftir bótum og ég spyr því: Hver er það sem metur það hvort fólk segir upp að ástæðulausu? Margt getur legið að baki því þegar fólk segir upp vinnu og ekki er alltaf einfalt að meta það hver er ástæðan. Hæstv. heilbrrh. kom inn á það í framsöguræðu sinni að menn hafa komist að því við það að skoða þá sem eru á atvinnuleysisskrá og hafa verið lengi á atvinnuleysisskrá að þar er fólk sem er ekki í leit að vinnu og við getum kannski sagt að það sé vinnufælið. Það getur verið fólk sem af ýmsum orsökun á ekki í raun og veru heima á vinnumarkaðnum. Mjög margt getur legið þar að baki og hvað á að gera við það? Hvernig á að aðstoða það fólk? Á að vísa því á félagsmálastofnanir? Þetta er ákveðið fyrirbæri sem er til í öllum þjóðfélögum. Fólk sem tollir ekki í vinnu og getur ekki unnið þó að því sé boðið eitt og annað.

Ég ætla ekki að hafa miklu lengra mál um frv. en vil þó koma að því í lokin að fyrir þinginu liggur tillaga sem minnst var á fyrr í kvöld um könnun á afleiðingum atvinnuleysis, flutt af þingmönnum Alþb. Vissulega er mjög þarft að kanna hvaða afleiðingar atvinnuleysi hefur bæði fyrir einstaklinga og fyrir samfélagið. En ég held að ekki sé síður vert að einbeita sér að því að kanna orsakir atvinnuleysis og mér finnst ég hafa orðið mikið vör við það í umræðum erlendis að menn eru farnir að taka atvinnuleysi sem gefið. Í dag hlustaði ég á ræðu Ágústs Einarssonar, sem er formaður bankaráðs Seðlabankans, þar sem hann spurði: Hvers vegna skyldi atvinnuleysi vera eitthvað minna hér en í öðrum ríkjum Evrópu? Þetta eru samfélög af sömu gerð. Ég held einmitt að við megum ekki gefa okkur að atvinnuleysi sé eitthvað eðlilegt í þeirri gerð samfélaga sem við lifum í núna og hafa gengið í gegnum gríðarlegar breytingar. Eftir því sem ég hef komist næst þá vita menn harla lítið um orsakir atvinnuleysisins og þá er ég að tala um Evrópu í heild. Menn geta auðvitað bent á einstaka þætti en þetta hefur ekki verið almennilega kannað svo að mér sé kunnugt. Ef við horfum á ástandið hér á landi þá getum við auðvitað bent á atriði eins og þann mikla aflasamdrátt, sem hér hefur átt sér stað, sem hefur auðvitað leitt til þess að fyrirtæki hafa orðið að segja upp fólki. Við höfum horft upp á fjöldamörg gjaldþrot fyrirtækja. Við höfum séð fyrirtæki og stofnanir hagræða í rekstri sínum og mörg þeirra hafa farið þá leið að ráða ekki fólk í stað þess sem hættir. Þar ofan á bætist niðurskurður ríkisins og síðast en ekki síst vil ég nefna það sem mér finnst að hafi ekki verið nægur gaumur gefinn sem eru tæknibreytingar og þær afleiðingar sem þeim fylgja sem eru hreinlega minni þörf fyrir vinnuafl. Þetta hefur ekki síst komið fram í landbúnaði þar sem þörfin fyrir vinnuafl er miklu minni en áður var. Þetta leiðir okkur að þeirri spurningu hvernig við getum ráðið bót á atvinnuleysinu. Það er ekki eingöngu um það að ræða að við reynum að koma til móts við þá sem eru orðnir atvinnulausir, sem við þurfum auðvitað að gera, heldur finnst mér að þetta sé þjóðfélagsfyrirbæri sem við þurfum að horfa á í miklu víðara samhengi og reyna að skilja orsakir og afleiðingar. Ekki síst er það með tilliti til þess unga fólks sem er að koma út á vinnumarkaðinn og horfir því miður ekki upp á glæsta framtíð nú í augnablikinu. Hvað ætlum við að gera til þess að veita ungu fólki vinnu? Mér finnst þetta vera meginvandamálð sem við Íslendingar stöndum frammi

fyrir? Hvernig ætlum við að reka þjóðfélag okkar á næstu árum í ljósi þess samdráttar sem hefur orðið hér og virðist því miður vera fram undan? Hvað ætlum við ungu fólki að gera í framtíðinni í ljósi þess að hér er og hefur verið samdráttur og líka í ljósi þeirra tæknibreytinga sem ég gerði að umræðuefni? Síðast en ekki síst þarf að gefa gaum að þeim sérkennum sem koma fram í atvinnuleysismunstrinu. Þar er ég ekki síst að hugsa um atvinnuleysi kvenna sem er að mínum dómi sérstakt vandamál sem þarf að skoða. Ef við horfum á svæði eins og Suðurnesin þar sem atvinnuleysi kvenna er yfirþyrmandi og miklu meira en hjá körlum þá gefur auga leið að því þarf sérstaklega að sinna og það þarf líka að horfa á þetta mál í samhenginu þéttbýli/dreifbýli þar sem annað sérkenni á atvinnuleysismynstrinu kemur fram.

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í mínu máli er ég hlynnt ýmsum þeim breytingum sem eru lagðar hér til en að öðru leyti hefði mér þótt mega ganga lengra. Ég vil nefna sérstaklega eitt atriði sem mér finnst vera mjög til bóta og það er vönduð umsögn fjmrn. Mér hefur stundum þótt umsagnir vera býsna stuttaralegar í þeim frumvörpum sem við höfum fengið hér til meðferðar en mér finnst að hér hafi sérstaklega verið lögð mikil vinna í að skoða þetta mál og mér finnst þetta vera mjög til bóta og einmitt koma okkur þingmönnum sem erum að fara í gegnum þessi frumvörp að miklu gagni. Mergurinn málsins er auðvitað sá að þær mjög svo nauðsynlegu breytingar sem hér eru lagðar til nái fram að ganga nú á þessu vori því að þessar breytingar hafi beðið allt of lengi, en þar að auki hljótum við enn einu sinni að krefja ríkisstjórnina svara við þeim spurningum hvernig hún ætli að bregðast við vaxandi atvinnuleysi því að þrátt fyrir ýmis fögur orð og yfirlýsingar bólar nú heldur lítið á aðgerðum og samkvæmt síðustu tölum vex atvinnuleysið enn. Manni ógnar það ástand ef hér verður enn meiri samdráttur og enn verður að skera niður afla. Hvernig í ósköpunum ætlum við að bregðast við þessu ástandi? Auðvitað á ríkisstjórnin ekki ein að svara þeim spurningum heldur þarf þjóðin öll að velta því fyrir sér hvernig framtíð við ætlum að skapa í landinu en það er nú einu sinni ríkisstjórnin sem situr við stjórnvölinn og hún ber ábyrgð á því að gripið verði til aðgerða og það strax.

Jón Helgason:

Herra forseti. Með þessu frv. er verið að glíma við afleiðingar af einu stærsta vandamáli sem nú er í þjóðfélagi okkar, sívaxandi atvinnuleysi. Slíkt er lífsnauðsynleg nauðvörn þó að flestir munu sammála um að atvinnuleysisbætur draga aðeins úr einum þætti afleiðinga af atvinnuleysi því að svo margþættar eru þær afleiðingar.

Vaxandi atvinnuleysi á sér að sjálfsögðu ýmsar orsakir. En tvímælalaust er ein þeirra sú trú sem hefur verið alið á af núv. hæstv. ríkisstjórn að það sé ávinningur fyrir þjóðfélagið að leggja niður sem allra flest óhagkvæm störf, sem svo eru nefnd, t.d. að leggja niður framleiðslu ef hægt er að flytja inn vöru á lægra verði. Þetta virðist því miður hafa tekist býsna vel síðustu missirin.

En þá kemur spurningin: Hversu dýru verði er þetta keypt fyrir þjóðfélagið í heild ef allar hliðar þess eru skoðaðar? Hversu mikinn þátt á þessi stefna í því að þjóðartekjur hafa dregist saman? Hversu mikinn þátt á þessi stefna í viðskiptahalla þeim sem við eigum nú við að glíma og hversu mikinn þátt á þessi stefna í ört vaxandi atvinnuleysi?

Þessu og mörgu fleira í þessu sambandi þarf að gera sér glögga grein fyrir því að öll hljótum við að vera sammála um að mikið má gefa fyrir það að hægt væri að breyta ástandinu þannig að sem allra minnst þyrfti að greiða af atvinnuleysisbótum, jafnvel þótt réttur til þeirra verði rýmkaður eins og það frv. sem hér er til umræðu kveður á um.

Við framsóknarmenn styðjum þá breytingu og viljum því stuðla að framgangi þessa frv. Við teljum þó að ýmis atriði þess þurfi að skoða við meðferð málsins í nefnd og færa til betri vegar eins og kostur er. Ég ætla ekki að lengja mál mitt með því að endurtaka það sem fyrri ræðumenn hafa nefnt en víkja aðeins að einu.

Bændur voru í hópi þeirra sem bættust við greiðendur tryggingagjalds árið 1991 og við afgreiðslu þeirrar breytingar var því gefið fyrirheit á Alþingi um að fá þar réttindi á móti. Við lögfestingu þessa frv. munu þeir fá réttindi skv. 1. gr. þess ef þeir hætta alveg atvinnurekstri. En þrátt fyrir gífurlegan samdrátt í vinnu við landbúnað, sem nú blasir við, er ekki líklegt að þetta ákvæði nái til margra í fyrstu og vonandi sem fæstra. En vegna þessa vanda, sem blasir þar við, voru atvinnumálin tekin til meðferðar í búnaðarþingi í síðasta mánuði og gerð um þau ályktun. Vil ég lesa hér upphaf þeirrar ályktunar, með leyfi hæstv. forseta:

„Búnaðarþing vekur athygli á og lýsir áhyggjum sínum vegna ört vaxandi atvinnuleysis í landinu.

Í því sambandi bendir þingið á þann gífurlega samdrátt sem orðið hefur í framleiðslu búvara, sérstaklega í sauðfjárframleiðslu, á árunum 1991 og 1992. Fullvirðisréttur, nú greiðslumark til sauðfjárframleiðslu, hefur lækkað úr 12.300 tonnum niður í 8.600 eða um 3.700 tonn. Miðað við verðlagsgrundvöll sauðfjárafurða 1. sept. 1992 hefur verðmæti sauðfjárframleiðslunnar lækkað um 1.787.396 þús. kr., þar af launahlutinn um 810 millj. Það svarar til a.m.k. 760 ársverka í frumframleiðslunni.

Þessu til viðbótar var samið um niðurfærslu á gjaldalið verðlagsgrundvallar sauðfjárafurða um 2% haustið 1991 og 4% haustið 1992. Niðurfærslan nemur 256 millj. kr. sem a.m.k. í fyrstu kemur til lækkunar á launalið þannig að heildarlækkun hans nemur einum milljarði 66 millj. kr. sem svarar til 1.000 ársverka í frumframleiðslunni.

Greiðslumark til mjólkurframleiðslu var fært niður um 5 millj. lítra 1. sept. 1992. Verðmæti þessa mjólkurmagns nemur 262.900.000 kr., þar af launaliður 109 millj. kr. eða sem svarar 103 ársverkum. Því til viðbótar kemur niðurfærsla á gjaldalið verðlagsgrundvallar fyrir kúabú um 1% haustið 1992, um 2% haustið 1993 og 2% haustið 1994.

Samtals nemur niðurfærslan 262.900.000 kr. sem a.m.k. kemur í fyrstu niður á launalið. Heildarlækkun hans nemur því 372 millj. kr. eða sem svarar 350 ársverkum í mjólkurframleiðslunni. Alls nemur því lækkun launaliðar vegna samdráttar í sauðfjár- og mjólkurframleiðslu 1 milljarði 438 millj. kr. eða sem svarar 1.350 ársverkum í frumframleiðslunni.

Þá er eftir að meta þann hlut fastakostnaðar af framleiðslunni sem fellur ekki út í hlutfalli við samdráttinn í framleiðslunni. Sá kostnaður kemur að mestu til lækkunar á launalið bóndans."

Ég hef lesið þessar örfáu tölur til að vekja athygli á þeim gífurlega vanda sem blasir við í landbúnaðinum. Það hlýtur að vera óhjákvæmilegt að þjóðfélagið bregðist á einhvern hátt við honum. Þess vegna var farið fram á það að Þjóðhagsstofnun gerði ítarlega úttekt á þessari stöðu og hvaða afleiðingar þetta hefði í för með sér, ekki aðeins fyrir bændur heldur einnig fyrir þá sem vinna að úrvinnslu- og þjónustustörfum fyrir þá og verða kannski fyrir hlutfallslega enn þá meiri samdrætti a.m.k. á sumum sviðum.

Vegna þessarar stöðu bar búnaðarþing fram þá áskorun að breytt yrði lögum um atvinnuleysistryggingar á þann veg að atvinnuleysi sem leiðir af samdrætti í búvöruframleiðslunni gefi framleiðendum rétt til atvinnuleysisbóta, a.m.k. sem svarar launalið niðurfærslunnar. Vil ég beina þeirri eindregnu ósk til hv. *heilbr.- og trn. að þetta verði eitt þeirra atriða sem hún* taki til sérstakrar athugunar.

Vafalaust er ekki einfalt mál að finna þarna lausn á. En ég vil þó benda á að búrekstur hérlendis er yfirleitt fjölskyldubúrekstur þar sem bæði hjón vinna að honum og síðan auðvitað aðrir úr fjölskyldunni ef þeir eru heima við. En vegna þessarar lækkunar launa vegna samdráttarins sem a.m.k. í sauðfjárræktinni gæti numið 40% af launum á sumum búum er augljóst að þar sem áður hefur verið vinna fyrir tvo þá er ekki lengur fyrir hendi vinna nema fyrir einn. Þá virðist það vera eðlilegt að sá sem þannig missir vinnu sína njóti þegar fullra atvinnuleysisbóta. Þannig mætti bæta úr þessu.

En ég sagði áðan að þessi samdráttur í frumframleiðslunni ylli einnig samdrætti í úrvinnslu og þjónustu. Þess vegna er þessi staða svo miklu verri nú fyrir bændur en hefði verið á undanförnum árum. Þá var yfirleitt hægt að leita að vinnu í þéttbýli í næsta nágrenni þar sem það var fyrir hendi, og það er mjög víða, til þess að drýgja tekjur sínar. Nú er sá kostur ekki lengur fyrir hendi vegna þessa atvinnuástands þar sem yfirleitt er líka ört vaxandi atvinnuleysi þar.

Eins og ég sagði ætla ég ekki að lengja mál mitt með því að endurtaka fleiri atriði þó að sjálfsögðu væri margt hægt að ræða um þetta alvarlega vandamál en ég vonast til að frv. verði afgreitt á þessu þingi og þá með eins miklum umbótum og nefndin sér sér fært að koma við við athugun málsins.

En ég vil líka í lokin láta þá von í ljós að þessi umræða og þær upplýsingar sem hafa komið fram við hana muni hvetja ríkisstjórnina til að huga betur að atvinnumálunum sem hún taldi ekki vera í sínum verkahring þegar hún var mynduð og reyni að stuðla að því að þessari geigvænlegu þróun, sem er ört vaxandi atvinnuleysi, verði snúið við.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Búið er að rekja hversu mikil nauðsyn hefur verið orðin á því að koma með breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Ég vil svo sannarlega taka undir það og benda á hversu ríkisstjórnin hefur sofið á verðinum í sambandi við atvinnuleysið yfirleitt. Því til sönnunar vitna ég í fjárlagafrv., fyrst fyrir árið 1992 en á haustmánuðum 1991 voru þær upplýsingar gefnar að atvinnuleysið væri 1,7%. Því var spáð í þjóðhagsáætlun í frv. það ár að það yrði 2% á árinu 1992. Það reyndist síðan hafa verið 3%. Þegar lagt var fram fjárlagafrv. fyrir næsta ár á eftir, árið 1993 sem nú er yfirstandandi, reyndist atvinnuleysið hafa orðið 3% á árinu 1992. Það var því helmingi meira en ríkisstjórnin hafði reiknað með. Hverju skyldi síðan hafa verið spáð fyrir yfirstandandi ár? Því var spáð að það yrði allt að 3,5% og í dag stöndum við frammi fyrir því að það er 5,4%. Það eru *ekki komnir nema fjórir mánuði af árinu og það er að* tvöfaldast.

Þetta vildi ég benda á til þess að leggja áherslu á að mér finnst að ríkisstjórnin hafi gjörsamlega sofið á verðinum í sambandi við það að fylgjast með því hversu alvarlegt þetta mál er og hversu hraður skriður er á atvinnuleysinu í landinu.

Einnig má minna á það að í upphafi ferils síns fannst ríkisstjórninni það ekki vera í sínum verkahring að skipta sér af atvinnumálum yfirleitt en sem betur fer virðist það frv. sem nú er lagt fram, þar sem lagðar eru til ákveðnar breytingar, og einnig hitt að ríkisstjórnin er farin að ræða um það að hún þurfi að gera ýmislegt til atvinnuuppbyggingar, benda til þess að það sé að breytast. Það hefur komið fram öðru hvoru í vetur þó ekki hafi mikið verið gert. Það bendir þó til þess að hún sé að átta sig á því að það er hennar hlutverk. Það verður heldur ekki skilið öðruvísi að hér skuli þó vera Atvinnuleysistryggingasjóður en að það sé viðurkenning fyrir því að ríkisstjórnin er skyldug að standa að því að allir hafi vinnu því ef þeir hafa ekki vinnu þurfa þeir á atvinnuleysisbótum að halda.

Mér finnst það vera nokkurt grundvallaratriði að gera sér grein fyrir þessu öllu vegna þess að þeir sem eru atvinnulausir búa við mikið böl og það er erfitt að vera atvinnulaus og það er litið niður á þá. Það hefur verið ríkjandi skoðun í þjóðfélaginu að þeir sem eru atvinnulausir séu hálfgerðir aumingjar. Það hefur ekki verið litið á það sem óhjákvæmilega afleiðingu af því hvernig þjóðfélagið hefur þróast og öllum þeim samdrætti sem orðið hefur. Ég held að þetta sé nokkurt grundvallaratriði þegar við erum að skoða þessi mál.

Ég hefði einkum viljað benda á tvennt og er raunar komið fram hjá þeim sem hér hafa talað á undan mér en það er að í frv. sýnist mér ekki vera tekið á málefnum námsmanna, hvorki þeirra sem eru að ljúka *námi né þeirra sem eru í hléi frá námi. Við getum kall*að það sumarfrí eða menn hafa kannski tekið sér eitt-

hvert hlé frá námi og það er engan veginn tekið á þeim málum hér.

Í öðru lagi hefur það líka komið fram að ekki er tekið á málefnum allra þeirra sem geta talist vera sjálfstæðir atvinnurekendur og ég beini því til nefndarinnar að skoða það sérstaklega.

Þá er í þriðja lagi ekki að mér sýnist í þessu frv. tekið neitt á því hvaða aðstæður hafa skapast í landbúnaði. Hv. þm. Jón Helgason, sem talaði á undan mér, gerði málefni bænda mikið að umtalsefni og ég vil taka undir margt af því sem kom fram í máli hans og ekki ástæða til að endurtaka það en ég held að það sé stétt sem virkilega þarf líka að skoða hvernig stendur í sambandi við atvinnuleysistryggingar.

Hv. heilbr.- og trn. þarf að skoða ýmislegt í þessu, þ.e. hvernig þessum skilgreiningum er fylgt eftir í drögum að reglugerð um skilyrði sjálfstætt starfandi til að eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Að vísu vil ég þakka það að hér skuli koma fram drög að reglugerð því að það kemur ekki oft fram og er mjög til bóta að fá það með frv. hvernig hugsað er að reglugerðir sem tengjast þeim muni líta út þannig að menn geti gert sér grein fyrir því hvernig þær verði.

En ég ætla ekki að lengja umræðuna, ég vildi koma þessum athugasemdum á framfæri í sambandi við þróun atvinnuleysisins og að öðru leyti vísa ég í þær umræður sem hér hafa farið fram.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls. Í fyrsta lagi lýsa þeir yfir stuðningi við meginatriði í reglugerðinni þó að sjálfsögðu sé það þannig eins og hefur komið fram í máli þeirra að ýmislegt má betur fara og æskilegt væri að geta betur gert en áformað er í frv. Hins vegar eigum við að sjálfsögðu á hinn bóginn við þann vanda að etja að eins og Atvinnuleysistryggingasjóður er fjármagnaður stendur hann ekki undir útgjöldum sínum eins og sakir standa þannig að ríkissjóður verður að hlaupa undir bagga og borga verulegar fjárhæðir umfram tekjur og eignir Atvinnuleysistryggingasjóðs. Góður vilji takmarkast að sjálfsögðu af því fjármagni sem við höfum við slíkar aðstæður. Kannski mætti segja að menn hefðu betur uggað að sér því að í lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð voru honum tryggðir ákveðnir tekjustofnar en á mörgum umliðnum árum þegar atvinnuleysi var lítið sem ekkert tíðkuðu þáverandi ríkisstjórnir með aðild þáverandi stjórnmálaflokka við fjárlagaafgreiðslu að afgreiða í lánsfjárlögum ákvæði um að þrátt fyrir greiðsluskuldbindingar ríkissjóðs á mótframlögum við aðrar tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs í formi iðgjalda skyldi ríkissjóður undanþeginn slíkum greiðslum. Ef slík tillaga hefði ekki verið flutt ár eftir ár þá væri eignarstaða Atvinnuleysistryggingasjóðs allt önnur en hún er og reyndist vera og þá væri vandi sjóðsins til að fjármagna atvinnuleysisbætur af eignum sínum og tekjum ekki sá hinn sami og hann er í dag. Þessi skammsýni okkar Íslendinga í góðærinu hefnir sér nú þegar við þurfum á sjóðnum að halda og væri betra að við létum okkur það að kenningu verða að ekki er alltaf hægt að gera út á framtíðina, að gera ekki ráð fyrir því að leggja í sjóð til mögru áranna, gera ekki ráð fyrir því að sjóður eins og Atvinnuleysistryggingasjóður þurfi e.t.v. einhvern tímann að standa við skuldbindingar sínar. Það gerðum við Íslendingar ekki, þess vegna erum við staddir í þeim vanda sem við erum staddir nú er varða málefni sjóðsins.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði hvers vegna ekkert hefði verið gert af hálfu stjórnvalda til þess að kanna félagsleg áhrif atvinnuleysis. Ég veit ekki betur en það hafi verið gert og á vegum hæstv. félmrh. hafi einmitt verið unnin slík könnun um nokkurra mánaða skeið og einmitt nú um þessar mundir sé verið að vinna niðurstöður þeirrar könnunar. Það er því alveg rétt sem Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum sögðu í bréfi til heilbr.- og trn. að þessi mál eru í öruggum höndum félmrh. Félmrh. hefur lokið við þá könnun sem hv. þm. gerði að umtalsefni sínu og er að láta vinna niðurstöður hennar. Málin eru því í öruggum höndum og Suðurnesjamenn höfðu rétt fyrir sér eins og stundum áður.

Ég ætla ekki að ræða frv. þeirra alþýðubandalagsmanna um atvinnuleysistryggingar neitt frekar sem þeir fluttu fyrir nokkrum vikum. Það gerði ég þegar hv. þm. Svavar Gestsson mælti fyrir málinu á næturfundi. Ég held að hann hafi ekki riðið feitum hesti frá þeim orðaskiptum og ég ætla að láta mér nægja að segja aðeins það um það frv. að það var slík hrákasmíð, það var svo illa unnið, svo lítill metnaður var lagður í þá vinnu að ef Alþingi hefði fallist á tillögur alþýðubandalagsmanna og samþykkt frv. eins og það kom frá hv. þm. Svavari Gestssyni væru lögin um atvinnuleysistryggingar óframkvæmanleg. Þar ræki sig eitt á annars horn, í sumum lagagreinunum væri einhver ákveðin framkvæmd bönnuð en í öðrum lagagreinum væri sama framkvæmd leyfð. Málið var svo illa unnið að það er til skammar fyrir heilan þingflokk að leggja það fram, ekki síst um mál sem hann telur jafnmikils virði og atvinnuleysistryggingar. Ég ítreka að svo illa var málið unnið að ef frv. hefði verið samþykkt þá væri ekki hægt að framkvæma lög um almannatryggingar.

Hv. þm. gerði líka athugasemdir við það að gert væri að skilyrði fyrir greiðslu atvinnuleysisbóta til þeirra sem teljast vera sjálfstæðir atvinnurekendur eða með öðrum orðum hjá sjálfum sér að þeir hafi greitt iðgjald af vinnu sinni sl. 12 mánuði. Ég tel þetta eðlilega kröfu. Ég tel að aðilar sem eru sjálfstætt starfandi og greiða ekki skatta til ríkisins og vinna svokallaða svarta vinnu eigi ekki að hafa rétt til aðildar að Atvinnuleysistryggingasjóði. Þeir hafa ekki greitt til sjóðsins iðgjald fyrir sína svörtu vinnu, þeir hafa ekkert greitt til samfélagsins í formi skatta fyrir sína svörtu vinnu, þeir hafa talið sér það hagkvæmara að vinna slíka vinnu án þess að greiða skatta og skyldur af vinnu sinni fremur en að greiða skatta og skyldur og iðgjöld af störfum sínum eins og aðrir. Mér finnst sannast sagna að þeir sem velja þann kostinn sjálfir, ekki hvattir til þess af neinum öðrum en sjálfum sér, eigi ekki rétt á því að ganga að sameiginlegum sjóðum landsmanna þegar á þarf að herða með sama hætti

og sama rétti og hinir sem hafa fyllilega borgað alla skatta sína. Mér finnst því ekki eðlilegt af hv. þm. að gera athugasemd við það að aðili sem hefur unnið svarta vinnu og ekki greitt iðgjöld til ríkisins til Atvinnuleysistryggingasjóðs eða opinber gjöld til ríkisins að eigi að fá aðgang að Atvinnuleysistryggingasjóði til jafns við hina.

Þá spurði hæstv. fyrrv. ráðherra, núv. hv. alþm. Svavar Gestsson, einnig hvort rétt væri að ráðherra gæti stöðvað afgreiðslu sjóðstjórnar á styrkjum til atvinnuskapandi framkvæmda eins og frá því er gengið í gildandi lögum og eins og frá því er gengið í því frv. sem hér liggur fyrir. Það getur ráðherra ekki og hér ruglar hv. þm. saman tvennu, þ.e. annars vegar þeim styrkjum og fjárhagsfyrirgreiðslum sem stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs getur varið af fé sjóðsins samkvæmt lagatexta í gildandi lögum og síðan þeim fjármunum sem stjórnin ver til atvinnuskapandi aðgerða samkvæmt bráðabirgðaákvæði í gildandi lögum sem sett var á haustþinginu og varðar það samkomulag að sveitarfélögin greiða ákveðinn nefskatt til Atvinnuleysistryggingasjóðs sem samtals skilar af sér á árinu u.þ.b. 500 millj. kr. og atvinnuleysistryggingasjóðsstjórninni ásamt fulltrúum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga er síðan falið það verkefni að gera tillögur og taka við umsóknum sveitarfélaga um ráðstöfun á því fé og gera tillögur um hvernig því skuli ráðstafað. Þessi þáttur sem þarf að berast undir heilbr.- og trmrh. og öðlast samþykki hans til þess að koma til framkvæmda en ekki sá hluti sem varðar almennar styrkveitingar sjóðstjórnar og er gert ráð fyrir því að standi varanlega í lögunum en ekki aðeins til bráðabirgða í eitt ár eins og segir í gildandi lögum.

Þá vík ég næst að spurningum hv. 18. þm. Reykv. Hv. þm. spurði: Hvað með listamenna? Hvorum megin hryggjar munu þeir fá atvinnuleysisbætur?

Svarið við því er fólgið í tveimur atriðum, annars vegar í frv. og hins vegar í grg. Í fyrsta lagi er svarið við þeirri spurningu fólgið í 6. gr. frv. en þar er áskilið að til þess að öðlast rétt til atvinnuleysisbóta þurfi m.a., eins og þar segir, að hafa staðið skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi síðustu tólf mánuði áður en sjálfstæðri starfsemi er hætt. Þarna hafa listamenn sama val og aðrir sjálfstæðir atvinnurekendur. Vilja þeir eða gera þeir skil á tryggingaiðgjaldi af reiknuðu endurgjaldi vinnu sinnar síðustu tólf mánuði áður en þeir óska eftir bótum frá Atvinnuleysistryggingasjóði. Í öðru lagi þurfa þeir að uppfylla skilyrði 1. gr. draga að reglugerð á bls. 11 þar sem segir: „Í reglugerð þessari er merking hugtaka sem hér segir: Sjálfstætt starfandi, þ.e. einstaklingur sem starfað hefur við eigin rekstur eða sjálfstæða starfsemi og tilkynnt starfsemina með þeim hætti sem krafist er af hálfu skattayfirvalda."

Hafi listamaður eins og hver annar sem stundar sjálfstæða starfsemi uppfyllt þessi skilyrði, þ.e. tilkynnt sig sem sjálfstætt starfandi einstakling til skattyfirvalda og síðan greitt iðgjöld af reiknuðu endurgjaldi vegna launa með sama hætti og aðrir sjálfstætt starfandi einstaklingar fær hann aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði, annars ekki. Honum eins og öðrum er að verulegu leyti í sjálfsvald sett hvort hann vill njóta þessara réttinda. En viðkomandi getur ekki bæti sleppt og haldið, viðkomandi getur ekki tekið þá ákvörðun að láta ekki skrá sig sem sjálfstæðan atvinnurekanda hjá skattyfirvöldum en engu að síður hljóta þau réttindi sem atvinnuleysistryggingasjóðslögin gera ráð fyrir.

Þá spurði hv. þm. um umræddar 16 vikur og um endurmenntunarnámskeið í því sambandi og spurðu fleiri hv. þm. um þau. Ég vil gjarnan í því sambandi benda þeim á að lesa síðustu mgr. 10. gr. frv. en þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Gefa skal atvinnulausum kost á að sækja endurmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeið eða taka þátt í átaksverkefnum í a.m.k. 8 vikur á hverju bótatímabili."

Þarna er löggjafinn að undirgangast þá skyldu að gefa skuli atvinnulausum kost á slíkum námskeiðum og ekki bara þeir tveir aðilar sem eru nefndir voru til sögunnar sem það gera, það er einnig rekið endurmenntunarnámskeið á vegum félmrn. og ég er í þann mund að skipa nefnd til þess að athuga hvernig Atvinnuleysistryggingasjóði gæti betur stutt að endurmenntunarnámskeiðum en hann gerir nú.

Það liggur hins vegar alveg fyrir að geti framkvæmdarvaldið ekki uppfyllt þessa skilmála greinarinnar, þ.e. gefið atvinnulausum kost á annað hvort endurmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeiði eða átaksverkefni í einhverri atvinnustöð, munu þá náttúrlega þeir hinir sömu ekki missa 16 vikurnar úr atvinnubótagreiðslum á næsta ári. Það segir sig sjálft að ef á viðkomandi atvinnustöð eða atvinnusvæði er enginn kostur gefinn á slíku átaksverkefni eða starfsmenntunarnámskeiði er ekki hægt að svipta viðkomandi bótum vegna þess að hann hafi ekki sótt námskeiðið. Hins vegar ef kostur er gefinn á slíkum námskeiðum og átaksverkefnum og sá sem er á atvinnuleysisskrá lætur hjá líða að sækja slík námskeið eða átaksverkefni þrátt fyrir hvatningu til þess hefur hann með ákvörðun sinni afsalað sér möguleikanum að fá greiðslur atvinnuleysisbóta fyrstu 16 vikur á nýju ári.

Í sambandi við atvinnuleysisbótagreiðslur hafa menn almennt um tvö kerfi að velja. Annað hvort er kerfi eins og þetta, þ.e. eftir einhvern ákveðinn tíma missa menn atvinnuleysibætur í einhvern tiltekinn tíma og öðlast þær ekki aftur fyrr en að þeim tíma liðnum. Það er önnur aðferðin sem viðhöfð er. Hin er sú að gera ekki slíkar takmarkanir en takmarka hins vegar bótaréttindin í heild við einhvern ákveðinn biðtíma, jafnvel allt niður í eitt ár. Það eru dæmi þess í Vestur-Evrópuríkjum að atvinnuleysingjar missa réttindin til atvinnuleysisbóta eftir aðeins eitt ár samfellt á bótum. Hvergi er til kerfi svo ég viti til þar sem gert er ráð fyrir því að atvinnulaust fólk geti haldið atvinnuleysisbótum í ótakmarkaðan tíma heldur flyst atvinnulaust fólk þá yfir á einhvers konar aðrar bótagreiðslur og þá yfirleitt á félagslega aðstoð sveitarfélaga í einhverju formi.

Þá vakti hv. þm. athygli á því að atvinnuleysisbætur væru lágar og það er alveg rétt, Víða eru borgaðar hærri atvinnuleysisbætur en hér. Hins vegar er fjárhæð

atvinnuleysisbóta ákveðin í lögum og það eru rakalaus ósannindi sem komu fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni fyrr í umræðunum að það að fjölga atvinnuleysingjum sem njóta atvinnuleysisbótaréttar verði til þess að lækka atvinnuleysisbæturnar. Það er með öllu ósatt, hvorki er gert ráð fyrir því í þessu frv. að fjölgun á atvinnuleysisskrá og til atvinnuleysisbótaréttar verði til þess að lækka atvinnuleysisbætur hvers og eins né heldur er gert ráð fyrir slíku í frv. þeirra alþýðubandalagsmanna um að auka verulega réttindi fólks til að fá greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Það er því mesti misskilningur að annars vegar fari saman fjöldi atvinnuleysingja og hins vegar fjárhæð bóta til hvers og eins.

Síðan spurði hv. þm. hver fjármagni Atvinnuleysistryggingasjóð þegar eignir hans eða ráðstöfunarfé er gengið til þurrðar. Í 38. gr. gildandi laga er tekið skýrt fram að verði um greiðslubrest að ræða hjá Atvinnuleysistryggingasjóði hleypur ríkissjóður undir bagga og á að greiða það sem á vantar, annaðhvort með framlögum eða lánum.

Hv. þm. spurði: Hver metur ef fólk segir upp að ástæðulausu? Það er eitt af því sem úthlutunarnefndir á hverju svæði verða að meta. Fjölmörg önnur og miklu umdeilanlegri matsatriði eru á valdi úthlutunarnefndanna en þetta.

Eins og ég sagði áðan þá eru atvinnuleysistryggingar ekki félagsmálastofnun. Atvinnuleysistryggingar eru eingöngu ætlaðar til þess að veita styrki þeim sem eru atvinnulausir, geta unnið og eru í atvinnuleit. Hins vegar er alveg rétt hjá hv. þm. að fjölmargir einstaklingar í þjóðfélagi okkar á góðum aldri geta ekki unnið vegna sjúkleika eða annars krankleika, líkamlegs eða andlegs. Sumir þeirra hafa verið á atvinnuleysisbótum en atvinnuleysisbótakerfið hefur aldrei verið hugsað eða ætlað til þess að greiða bætur til fólks sem getur ekki unnið af slíkum ástæðum þó svo það fengi vinnutilboð. Atvinnuleysistryggingar eru aðeins ætlaðar fólki sem er atvinnulaust og er sannanlega í atvinnuleit. Ef menn spyrja hvað eigi þá að gera gagnvart því fólki sem er á vinnualdri en getur ekki unnið af einhverjum ástæðum. Ef það fellur ekki undir ákvæði laga um örorkubætur eða örorkustyrki er alveg ljóst að þá hvílir framfærsluskyldan á viðkomandi sveitarfélagi. Þannig er aðstoðarkerfi okkar um félagslega aðstoð uppbyggt. Hins vegar er ekki réttlátt og ekki rétt að sveitarfélög reyni að nota Atvinnuleysistryggingasjóð sem félagsmálastofnun, aldrei hefur verið ætlast til þess og örugglega ekki af þeim sem á sínum tíma, eins og hv. þm. Svavar Gestsson sagði, sömdu um atvinnuleysistryggingar og Atvinnuleysistryggingasjóð.

Hv. þm. Jón Helgason vék nokkrum orðum að vanda bænda og síst skal ég gera lítið úr því. Það er alveg rétt sem hann sagði, bændur hafa orðið fyrir miklum tekjubresti og í röðum bænda er margt fátækt fólk sem á í erfiðleikum. En bændur eru í frv. meðhöndlaðir eins og allir aðrir sjálfstæðir atvinnurekendur, þ.e. sama krafa er gerð til þeirra til þess að þeir öðlist atvinnuleysisbótarétt eins og gerð er til annarra sjálfstæðra atvinnurekenda. Margir þeirra hafa misst mjög spón úr aski sínum jafnvel ekkert síður en bændur og við skulum t.d. í því sambandi nefna marga trillukarla sem hafa orðið fyrir verulegum tekjubresti vegna aflaskerðingar. Við getum í þessu sambandi nefnt t.d. vörubifreiðastjóra sem hafa einnig orðið fyrir miklum tekjubresti. Tekjubrestur er því ekki eingöngu bundinn við bændastéttina þó svo að margir þar séu grátt leiknir.

Hvað er þá það sem bændur þurfa að uppfylla í þessu tilviki til þess að fá rétt til atvinnuleysisbóta? Í fyrsta lagi þarf að hafa verið greitt af reiknaðri vinnu þeirra iðgjald síðustu tólf mánuði. Ég reikna ekki með að það sé neitt vandamál gagnvart bændum vegna þess að iðgjaldaskil af þeirri vinnu eru trygg. Þar er ekki um að ræða neina svarta vinnu, a.m.k. ekki svo neinum mæli nemi. Það á því ekki að skapa þeim vandamál.

Hvaða annað atriði þurfa þeir að uppfylla? Þeir þurfa að vera atvinnulausir. Ég held að ekki sé heldur neitt vandamál í því sambandi að það liggi ekki ljóst fyrir hvort bóndi sé atvinnulaus eða ekki. Hins vegar þarf að vera ákvæði um það að viðkomandi sé sannanlega í atvinnuleit. Svo maður fari að reyna að átta sig á hvað gætu verið vandamál í sambandi við afgreiðslu til bænda á atvinnuleysistryggingabótum gæti verið visst vandamál hvort rétt væri að skoða bónda sem byggir t.d. mjög einangrað, hvort hann væri í atvinnuleit ef atvinnuleit hans einskorðaðist við hans eigin jarðareign. Náttúrlega eru ekki miklar líkur á því ef um er að ræða mann sem er að bregða búi og hefur engar tekjur af búi sínu. Þá eru ekki miklar líkur á því að hann geti fengið einhverja aðra atvinnu á sinni eigin jörð. Það væri líklegt að úthlutunarnefndir gerðu kröfu til þess að viðkomandi bóndi væri sannanlega í atvinnuleit og væri þá reiðubúinn til að taka atvinnutilboði í næsta nágrenni sínu ef möguleikar væru á atvinnuskapandi aðgerðum þar.

Fjórða krafan sem gerð er, sem er sjálfsagt sú viðkvæmasta, þ.e. að viðkomandi hafi ekki lengur tekjur af eign sinni. Bóndi getur vissulega haft tekjur af eign sinni, jafnvel þó hann sé búinn að bregða búi. Hann getur t.d. hafa leigt framleiðsluréttinn, þá hefur hann tekjur af eign sinni. Hann getur t.d. hafa hafið ferðabúskap, þá hefur hann tekjur af eign sinni. Hann getur verið með hlunnindabúskap þó hann sé búinn að bregða hefðbundnu búi, þá hefur hann tekjur af eign sinni. Það veldur því að hann hefur ekki rétt til atvinnuleysisbóta. En nákvæmlega sama gildir um alla sjálfstæða atvinnurekendur. Vörubílstjóri öðlast t.d. ekki rétt til atvinnuleysisbóta samkvæmt þessu frv. ef hann leigði vörubílinn sinn og hefði tekjur af honum. Trillukarl öðlaðist ekki heldur réttindi til atvinnuleysisbóta ef hann leigði trilluna sína og hefði tekjur af henni. Krafan, sem gerð er, er því sú að sjálfstæður atvinnurekandi auk þeirra annarra atriða sem ég hef tekið fram, hafi ekki heldur tekjur af eignum sínum. Ég vara mjög við því að það er erfitt að gera undanþágu fyrir eina atvinnustétt í sambandi við þessa kröfu.

Virðulegi forseti. Ég ítreka þakkir mínar til hv. þm.

sem hér hafa tekið til máls og ég held að ég hafi svarað þeim spurningum sem til mín var beint.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í þessum umræðum höfum við nokkuð velt fyrir okkur þeim hópum sem eru utan við kerfið núna og lenda utan við það eftir þær breytingar sem er verið að leggja til. Ég spurði áðan um hvað yrði um listamenn. Hér hefur líka verið minnst tölu-vert á námsmenn.

Hæstv. heilbrrh. sagði í svarræðu sinni að honum þætti það réttlátt að menn gætu ekki gengið í opinbera sjóði eða sjóði almennings. Auðvitað er hægt að taka undir það en það eru til hópar sem hafa það mikla sérstöðu í samfélaginu að það verður að horfa alveg sérstaklega á þá. Ég endurtak að þar verður mér einkum starsýnt á listamenn og námsmenn, fólk sem er að koma heim úr námi eða lýkur námi sínu hér og fær enga vinnu. Hvað á það að gera? Það er í atvinnuleit en samkvæmt þessum reglum á það ekki rétt á bótum og er þar af leiðandi vísað á félagsmálastofnanir og einnig námsmenn sem eru í hléi um sinn.

Ég get auðvitað ekki annað en skorað á hv. heilbr.- og trn. að skoða alveg sérstaklega hvort það þurfi ekki að taka tillit til hópa sem hafa ákveðna sérstöðu.

Þetta er auðvitað spurning um hvers konar kerfi við erum að ræða um. Ég lít á Atvinnuleysistryggingasjóð sem hluta af velferðarkerfi okkar, sem hluta af okkar félagslegu aðstoð því það er ekki eingöngu um það að ræða að atvinnureksturinn borgi í þennan sjóð, það er líka um það að ræða að ríkið leggur beint fram fé af skattfé almennings og eins og okkar velferðarkerfi gengur út á það að styðja þá sem erfitt eiga þá á það líka að gilda um atvinnuleysistryggingarnar að mínum dómi.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Talvert mikill munur er á þessum tveimur hópum. Annars vegar listamönnum sem eru í fullu starfi í list sinni og hins vegar námsmönnum sem koma heim frá skóla. Listamaðurinn, sem er í fullu starfi við listgrein sína, hefur val. Hann getur sjálfur ákveðið að tilkynna sig sem sjálfstætt starfandi og greitt skatta og skyldur til samfélagsins sem slíkur. Námsmaðurinn þarf að vinna að mig minnir u.þ.b. í 10 vikur á árinu til þess að öðlast rétt að Atvinnuleysistryggingasjóði. En ég er ansi hræddur um að ef við færum að gefa einstökum sjálfstætt starfandi atvinnurekendum það val að þeir gætu gerst aðilar að Atvinnuleysistryggingasjóði án þess að tilkynna sig til skattyfirvalda sem sjálfstætt starfandi og án þess að gera ráð fyrir því að greiða neina skatta og skyldur til ríkisins þá rynnu tvær grímur á ýmsa. Listamennirnir hafa þetta val. Þeir geta tryggt sér þessi réttindi með því að ákveða það að tilkynna sig sem sjálfstætt starfandi til skattyfirvalda og greiða síðan skatta og skyldur í samræmi við tekjur sínar. Hvers vegna skyldu þeir ekki gera það ef þeir vilja tryggja sér þessi réttindi? Tekjur listamanna geta verið litlar og þá greiða þeir lítil eða engin gjöld til ríkisins. Tekjur listamanna geta líka verið miklar og þá greiða þeir sem því svarar. Hvers vegna ætti að selja þeim einum slíkt sjálfdæmi? Það væri ekki í samræmi við hugsjónar hinnar hagsýnu húsmóður.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst þetta útúrsnúningur hjá hæstv. heilbrrh. Ég er fyrst og fremst að vekja athygli á hópum sem hafa sérstöðu í samfélaginu og ég gæti nefnt bændur líka. Þetta eru ákveðnir hópar sem búa við sérstaka stöðu í samfélagi okkar. Listamenn eru einn slíkur hópur, kjör þeirra eru afar mismunandi og tekjur mjög sveiflukenndar. Það er auðvitað rétt að þeir gætu tilkynnt sig og ættu auðvitað að gera það og afla sér þeirra réttinda eigi þeir þess kost. En flestir þeir listamenn, sem ég þekki, hafa afar lágar tekjur og ráða hreinlega ekki við slíkt. Við erum einfaldlega að glíma við þá spurningu hvernig komum við til móts við hópa sem búa við slíka sérstöðu. Hverjar eru skyldur samfélagsins við þá?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef listamenn eins og aðrir sjálfstætt starfandi einstaklingar hafa litlar eða engar tekjur borga þeir litla eða enga skatta. Þeir ráða því einfaldlega sjálfir hvort þeir vilja fá aðild að þessu félagslega kerfi með því að tilkynna sig eins og aðrir gera til skattyfirvalda og svo borga þeir ekkert meira en aðrir, þeir borga hlutfallslega alveg það sama og aðrir. Ég spyr: Af hverju skyldu listamenn, þó þeir séu alls góðs maklegir, verða undanþegnir því að taka þátt í greiðslum í sameiginlega sjóði landsmanna eftir efnum og aðstæðum bara af því að þeir eru listamenn?

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ekki hafi verið hægt að skilja orð mín þannig að ég hafi ætlast til að bændur nytu einhverra forréttinda þó ég minntist fyrst og fremst á þá. Til að spara tíma undirstrikaði ég að ég tæki undir athugasemdir sem fyrri ræðumenn höfðu gert og vildi þar með gera ýmislegt í þeirra máli að mínu. Ég vil sannarlega taka undir það að ég tel að engra vandi sé meiri í atvinnuleysi en þess unga fólks sem er að koma út úr skólakerfinu á hvaða stigi sem það er og finnur enga vinnu. Ég ætlaðist sannarlega ekki til þess að bændur fengju atvinnuleysisbætur ef þeir hefðu einhverjar aðrar tekjur. Ég held að okkur sé flestum ljóst það sem ég var að reyna að segja að þar hefur staðan gjörbreyst svo núna á síðustu tveimur árum vegna atvinnuleysisins og möguleikarnir til að sækja vinnu í nágrenni eru nú ekki orðnir neinir vegna þess að einnig er vaxandi atvinnuleysi í þéttbýli. Atvinnuleysisbætur eru því eina úrræðið. Ég tók sem dæmi ef tveir einstaklingar, hjón, hafa unnið að búrekstri sínum saman en tekjurnar dragast svo mikið saman að það eru ekki lengur tekjur nema fyrir annað, þá hlýtur hitt að teljast atvinnulaust. Þetta var dæmið sem ég benti á að mætti taka til skoðunar.

Vissulega er rétt sem hæstv. ráðherra sagði að gott er að vera fyrirhyggjusamur. En ég vil benda á þann mismun að fyrri ríkisstjórnir töldu það aðalverkefni sitt að hugsa um atvinnulífið og reyna að koma í veg fyrir atvinnuleysi en boðskapur þessarar ríkisstjórnar í upphafi var að skipta sér ekki af atvinnulífinu.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég var ekki að gera hv. þm. upp þær skoðanir að hann vildi að bændur yrðu meðhöndlaðir öðruvísi en aðrir sjálfstætt starfandi. Í tilefni fyrirspurnar hans fór ég aðeins yfir þær reglur sem samkvæmt drögum að reglugerð gilda um sjálfstætt starfandi og reyndi að benda á það sem kynnu að vera vandkvæði fyrir bændastéttina sérstaklega. Annað var ég ekki að gera. Út af seinni athugasemd hv. þm. vil ég aðeins taka það fram að sá háttur að takmarka greiðslur mótframlaga ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs átti sér ekkert síður stað á þeim árum þegar ekkert atvinnuleysi var í landi og ríkisstjórnir hugsuðu um öll önnur vandamál en atvinnuleysi. Samt sem áður takmörkuðu þær líka á þeim árum mótframlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ef menn hefðu ekki gert það þá væri staða Atvinnuleysistryggingasjóðs öll önnur en hún er í dag til að standa undir útgjöldum af eigin fé. En það skiptir ekki máli. Það er meira bókhaldsatriði vegna þess að í öllum tilvikum er það ríkissjóður sem er bakábyrgur.

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Allítarlegar umræður hafa farið fram um atvinnuleysi og Atvinnuleysistryggingasjóð sem er auðvitað eðlilegt vegna þess að hér er um að ræða alvarlegasta þjóðfélagsmein á Íslandi um þessar mundir. Mér heyrist að í síðari hluta umræðunnar hafi ráðherrann kannski aðeins náð að hafa stjórn á skapi sínu sem bendir til þess að það gæti orðið til þess að menn gætu afgreitt þessi mál skikkanlega í heilbr.- og trn. þar sem menn hafa fyrir framan sig tvö frv. sem hljóta auðvitað að fá þinglega meðferð samtímis. Auðvitað er útilokað að láta stjórnarfrv. hafa forgang í því.

Ég vildi aðeins víkja að nokkrum atriðum sem fram komu í máli hæstv. ráðherra um leið og ég þakka honum fyrir þau svör sem ég hann veitti við spurningum mínum. Þá er í fyrsta lagi þau ummæli hans sem lutu að því að í öðrum löndum eru menn ekki á atvinnuleysisbótum árum saman. Menn fara þar inn í svokölluð félagsleg stuðningskerfi af margvíslegu tagi. Þau kerfi eru hins vegar ekki til hér. Þess vegna erum við að nokkru leyti að láta Atvinnuleysistryggingasjóð gegna verkefni sem þessi félagslegu kerfi gera annars staðar. Það er ekki aðeins gert í frv. okkar alþýðubandalagsmanna heldur er það líka gert í því frv. sem hér liggur fyrir. Að nokkru leyti er líka farið inn á þá braut í þessu frv. Þetta leiðir auðvitað hugann að því hvað hin félagslega aðstoð á Íslandi er veik, sú félagslega aðstoð sem tekur við þegar almennum réttindakerfum eða sértækum réttindakerfum sleppir. Þegar Atvinnuleysistryggingasjóður er búinn að gera skyldu sína, þegar réttindi fólks í veikindum eru tæmd, þegar örorka og örorkulífeyrir kemur ekki til þá er alveg ljóst að samkvæmt gildandi lögum eiga sveitarfélögin að koma til skjalanna, það stendur í lögunum um félagslega þjónustu sveitarfélaga. Þau hafa framfærsluskyldu eins og hæstv. ráðherra benti á. Þá stöndum við frammi fyrir nýjum vanda sveitarfélaganna í landinu út af atvinnuleysinu, miklu alvarlegri og þyngri en þau hafa nokkurn tímann áður staðið frammi fyrir. Fjöldi sveitarfélaga um land allt hefur greitt mjög lítið í félagslegan framfærslustuðning. Önnur hafa greitt allháar upphæðir en þó tiltölulega mjög lítinn hluta af heildarútgjöldum sínum.

Nú er það þannig að yfir þessi sveitarfélög, sem eru oft vanmegna, eru að hellast framfærslukröfur sem þau ráða afskaplega lítið við. Spurningin sem við stöndum þá frammi fyrir er sú: Er ekki óhjákvæmilegt um leið og við endurskoðum reglur um atvinnuleysistryggingar að menn skoði jafnframt þá hluti sem snúa að hinni almennu félagslegu aðstoð sem sveitarfélögin eiga að veita? Ég er auðvitað fyllilega sammála hæstv. heilbrrh. um það að Atvinnuleysistryggingasjóður og það kerfi, sem hann byggir upp, á ekki að verða til þess að létta því af sveitarfélögunum sem þau hafa þó borið þannig að þau minnki útgjöld sín til félagsmála vegna þess að Atvinnuleysistryggingasjóður styrki þjónustu sína. Ég held að með nokkrum rétti megi t.d. halda því fram að með vaxandi atvinnuleysi og þeirri staðreynd að fleiri sækja til Atvinnuleysistryggingasjóðs hafa færri sótti til félagsmálastofnana sumra sveitarfélaga eins og t.d. í Reykjavík og Kópavogi. Staðan er t.d. þannig í Reykjavík að árið 1992 voru skjólstæðingar Félagsmálastofnunar færri, mun færri en árið 1991. Talan á fyrstu þremur til fjórum mánuðum þessa árs er að verða svipuð og hún var á fyrstu þremur til fjórum mánuðum ársins 1991 þegar atvinnuleysið var miklu minna. Bersýnilegt er að þessi fjárhagslega byrði á sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu er núna að vaxa mjög mikið frá því sem var á sl. ári.

Einmitt af þessum ástæðum leggjum við alþýðubandalagsmenn það til í frv. okkar að Atvinnuleysistryggingasjóður verði fluttur til félmrn. þannig að þetta verði eitt heildarkerfi þar sem hver þáttur er skýrt afmarkaður í ákveðnum lögum en þetta verði eitt heildarkerfi þar sem menn vinni saman að lausnum á tilteknum félagslegum verkefnum. Þetta vildi ég segja í fyrsta lagi, virðulegur forseti.

Í öðru lagi vildi ég aðeins koma að útgjaldaþætti þessara mála. Mig minnir að í umsögn fjmrn., sem ég er reyndar ekki með fyrir framan mig, sé gert ráð fyrir að það vanti 1.600 millj. í Atvinnuleysistryggingasjóð á þessu ári miðað við það atvinnuleysisstig sem var þegar umsögnin var gefin út. Nú bendir margt til þess að atvinnuleysið verði meira og þarna dugi ekki til 1.600 millj. heldur þurfi þar að koma til nokkru hærri tala. (**Gripið fram í:** Hvert stig er 600 millj. kr.) Hvert stig er talið 600 millj. segir hv. þm. Til viðbótar þessum vanda sem er á bilinu 1,5–2 milljarðar kr. kemur svo auðvitað sú hækkun á bótarétti sem við erum að tala um í frv. sem verður vonandi bætt í með-

förum heilbr.- og trn. Við erum með öðrum orðum að tala um tölu sem er a.m.k. í kringum tvo milljarða kr. Í framhaldi af því vil ég spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh.: Er það ætlun ríkisstjórnarinnar að leggja fram fyrir þinglokin frv. til fjáraukalaga sem gerir það kleift að Atvinnuleysistryggingasjóður geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt gildandi lögum? Það er alveg óhjákvæmilegt að fá upplýsingar um það hvort það er ætlunin og/eða a.m.k. yfirlýsingu um að jafnvel þótt aukafjárlög verði ekki samþykkt þá verði staðið að fullu við lagaákvæðin um Atvinnuleysistryggingasjóð. Nú ber svo vel í veiði að í salnum eru a.m.k. þrír fjárlaganefndarmenn og auk þess tveir fyrrv., annar að baki mér og hinn ekki langt undan mér á vinstri hönd. Auðvitað kann vel að vera að þessi mál hafi verið rædd án þess að ég viti neitt um það en ég held að nauðsynlegt sé að fá upplýsingar um það hvort það er ætlunin að flytja fjáraukalagafrv. sem bæti 2–2,5 milljörðum kr. við Atvinnuleysistryggingasjóð. Hæstv. núv. heilbrrh. hélt margar innblásnar ræður um það á síðasta kjörtímabili að ríkisstjórnin ætti ekki að borga meira út úr ríkissjóði en stæði í fjárlögum eða fjáraukalögum. Hann hlýtur því að vera sammála okkur um að það sé eðlilegt að flytja fjáraukalagafrv. í þessu skyni. Af þeim ástæðum legg ég þessa spurningu fyrir hann.

Að lokum spyr ég hæstv. ráðherra um eitt atriði sem ég vænti að hann heyri — hann er að spjalla við Framsfl., það er ágætt — (**Gripið fram í:** Hluta af honum.) svona part af honum. Það sem ég ætlaði að spyrja hæstv. ráðherra um lýtur að þeim málum sem hann ræddi hér áðan við hv. 2. þm. Suðurl. í sambandi við atvinnuleysistryggingaréttindi bænda. Ég held að ég hafi alveg skilið uppsetningu eða svar ráðherrans. Ég skildi það þannig að að bændur ættu rétt á þessum bótum vegna þess að tryggingagjaldið innheimtist af bændum jafnharðan á tiltekinn hátt og þeir eiga sennilega erfiðara með það en nokkrir aðrir atvinnurekendur eða nokkrir aðrir einyrkjar í landinu, liggur mér við að segja, að komast undan því að borga það ef þeir á annað borð leggja inn afurðir sínar. Spurning mín er þá þessi: Hvað um aðra sem eru starfandi á lögbýlum en eru ekki bændur? Eiga kannski minni háttar bústofn sem er hluti af launakjörum þessa fólks en teljast ekki bændur í skilningi laganna og eru þess vegna ekki með reiknuð laun eins og bændur eru yfirleitt. Spurning mín er um þetta fólk. Ég held að staða þess í sveitum sé jafnvel valtari en bændanna sjálfra. Ef á annað borð er þröngt fyrir dyrum í landbúnaði um þessar mundir, sem ég hygg að sé, þá geri ég ráð fyrir því að vinnuöryggi þessa fólks sé tæpt löngu áður en kemur að bændunum sjálfum. Það er svo skrýtið þó mönnum finnist það kannski sérkennilegt að ótrúlega mikill fjöldi fólks á Íslandi vinnur takmarkaðan tíma á bændabýlum, tekur út launin sín í einhverri minni háttar bústofnseign, og fær kannski þá að greiða tryggingagjald af því innleggi sem menn hafa af bústofnseigninni, segjum að það séu 50 rollur eða eitthvað því um líkt. En það er þá eina greiðslan og þá spyr ég: Hvernig eru atvinnuleysisbætur þessa fólks ákveðnar? Fær þetta fólk aðeins hluta atvinnuleysisbóta af því að það greiðir bara hluta gjalds og er ekki með fullt grundvallarbú eins og það var kallað áður fyrr? Þessar spurningar vildi ég leggja fyrir hæstv. ráðherra, annars vegar varðandi almennt starfsfólk á lögbýlum og hins vegar varðandi aukafjárlög.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki að taka þátt í þessari umræðu. En vegna þess að fjármál Atvinnuleysistryggingasjóðs komu til umræðu vil ég aðeins geta þess að á þessari stundu er með engu móti séð hvernig verður séð fyrir þeim fjármunum sem þarf til að standa straum af þeim atvinnuleysisbótum sem eru fyrirsjáanlegar. Atvinnuleysistryggingasjóður var afgreiddur í fjárlögunum með 1.464 millj. framlag úr ríkissjóði, 500 millj. í framlag frá sveitarfélögum ef ég man rétt sem er endurgreitt eftir ákveðnum reglum. Síðan átti sjóðurinn að ganga á eignir sínar ef ég man rétt upp á 250 til 300 millj. kr. Þá vorum við upplýstir um það í fjárln. eftir áramótin að það mundi vanta a.m.k. 1.200 millj. kr. til viðbótar til að standa straum af því atvinnuleysi sem þá var fyrirsjáanlegt. Fjárlögin voru samþykkt miðað við 4% atvinnuleysi. Fulltrúar Þjóðhagsstofnunar komu í desember og töldu að atvinnuleysi yrði 4%. Um miðjan janúar var þessi spá hækkuð upp í 5%, nú er atvinnuleysi í mars orðið 5,4%. Það er því sýnilegt að hér er fjárvöntun upp á milljarða kr. og a.m.k. fyrir fjárlaganefndarmönnum hefur ekki verið kynnt enn þá fjáraukalagafrv. í þessu skyni. Síðan til viðbótar eru þau útgjöld sem þetta frv. hefur í för með sér, sem er réttlætismál og ég styð það og við framsóknarmenn höfum stutt það í öllum meginatriðum og teljum að það taki á brýnum réttindamálum og hefði náttúrlega þurft að gera það miklu fyrr. Fjárhagsleg hlið þessa máls er ekki frágengin, það er langt því frá, og auðvitað þarf að gera ráðstafanir í þeim efnum. Það kemur heim og saman við það sem oft hefur verið tekið fram í umræðum um önnur mál, efnahags- og atvinnumál, að atvinnuleysisvandinn er að verða stærsti vandi ríkisfjármálanna. Það er ljóst að fjármálavandinn, sem stafar af atvinnuleysinu, er áreiðanlega kominn yfir fimm milljarða kr. ef reiknað er bæði gjalda- og tekjumegin. Hér er því ekki um neinn smáræðis vanda að ræða og það er í rauninni undarlegt að það skuli þurfa kjarasamninga sem hafa reyndar ekki tekist enn þá og það skuli þurfa margra mánaða þóf til að fá ríkisstjórnina til að leggja fram tilboð eða tillögu um 1 milljarð til atvinnuaukningar við þær aðstæður sem nú eru.

Þetta vildi ég láta koma fram við þessa umræðu en að öðru leyti viljum við framsóknarmenn greiða fyrir þessu frv. í öllum meginatriðum, að það nái fram að ganga, því að hér er náttúrlega um mikilsverð réttindamál að ræða þó að það vanti inn í þetta frv. eins og hefur komið fram hér ýmsa hópa sem illa eru settir.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan svara hv. þm. Í fyrsta lagi trúi ég því nú ekki að hv. þm. Svavar Gests-

son geri það að skilyrði fyrir því að svona réttindamál séu afgreidd að frv. þeirra alþýðubandalagsmanna sé afgreitt um leið því eins og ég hef sagt áður við þetta tækifæri, það frv. er þannig að ef það væri samþykkt væru lögin um atvinnuleysistryggingar ekki framkvæmanleg. Ég trúi því ekki að hann geri það að skilyrði fyrir því að afgreiða jafnan rétt til allra vinnandi manna á Íslandi til atvinnuleysisbóta að hans frv. sem þannig er gert verði samþykkt, ella fallist hann ekki á að afgreiða þetta réttindamál. Ég trúi því nú ekki að það sé rétt, enda mundi ég aldrei á slíkt skilyrði fallast.

Hv. þm. spyr: Hvað um það búandlið sem ekki eru bændur en hafa tekjur af bústofni? Ég reikna með án þess að geta svarað því að úthlutunarnefndirnar myndu skoða saman tölul. 3 í 6. gr. og tölul. 4, þ.e. viðkomandi hafi staðið skil á tryggingaiðgjaldi af reiknuðu endurgjaldi síðustu 12 mánuði og að þau skil séu miðuð við að á síðustu 12 mánuðum hafi viðkomandi unnið samtals a.m.k. 425 dagvinnustundir miðað við viðmiðunarlaun þau sem greidd eru í landbúnaði. Mér finnst einsýnt að úthlutunarnefndirnar mundu velja þá leið. Síðan var auðvitað spurningin: Hvernig hefur viðkomandi tilkynnt sig til skattyfirvalda? Hefur hann tilkynnt sig sem launþega? Þá ætti hann ekki að vera í vandræðum. Eða hefur hann tilkynnt sig sem sjálfstætt starfandi? Einnig í þessu tilviki er það viðkomandi einstaklingur sjálfur sem ræður talsvert miklu um hvaða meðferð hann fær hjá kerfinu.

Hv. þm. spurði um fjáraukalög í þessu sambandi. Ég vil benda á að í gildandi lögum er ákvæði sem fór fram hjá hv. þm. þegar hann samdi margumtalað frv. sitt, en í 38. gr. gildandi laga segir svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Nú skortir sjóðinn [þ.e. Atvinnuleysistryggingasjóð] reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar. Skal stjórn sjóðsins þegar í stað tilkynna það ráðherra. Ríkissjóður skal leggja fram fé til að bæta úr fjárskortinum, annaðhvort sem fjárframlag eða lán".

Þar með lýkur tilvitnuninni. Þetta er gersamlega ótvírætt ákvæði. Ef ákvæði fjárlaga duga ekki til útgjalda sjóðsins, þá skal ríkissjóður samkvæmt lögunum leggja fram fé til að bæta úr fjárskortinum og skiptir þá ekki máli í því sambandi hvort fjáraukalög eru afgreidd að vori eða hausti. Þetta hefur verið gert meira að segja upp á milljarða kr. þó svo fjáraukalög hafi ekki verið afgreidd fyrr en fjárlagaárið er liðið. Fólk getur því verið alveg öruggt um það að þó svo eigið fé Atvinnuleysistryggingasjóðs dugi ekki til, þá stöðvast ekki greiðslur sjóðsins fremur en t.d. að greiðslur úr sjúkratryggingakerfi þó svo áætlun fjárlaga standist ekki né heldur stöðvast greiðslur ellilífeyris þó áætlun fjárlaga um lífeyrisgreiðslur vegna ellilífeyrisþega standist ekki. Þetta eru ákvæði í öðrum sérstökum lögum sem eru gersamlega ótvíræð um greiðsluskyldu ríkisins í því sambandi.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég lagði áherslu á áðan var að þingmál okkar alþýðubandalagsmanna fengi þinglega meðferð og ég geri ráð fyrir því að það sé sama ósk og krafa og hæstv. ráðherra gerir. Ég geri þá kröfu að málið fái þinglega meðferð og það verði farið rækilega yfir það samhliða þessu frv. Ef það eru einhver mál eða einhver atriði í því frv. sem menn ekki treysta sér til þess að samþykkja, þá hefur það sinn gang en ég tel að það sé óhjákvæmilegt að það verði litið á þessi mál í samhengi og ég tel það hrokafulla frekju af hæstv. ráðherra að ætlast til þess að hans mál eitt fái meðferð í þinginu og segja hér: Ég mun a.m.k. ekki samþykkja það, rétt eins og hann sé Alþingi Íslendinga. Hann er sem betur fer bara 1/63 af því.

Í öðru lagi fannst mér sérkennilegt að setja hlutina þannig upp hér áðan eins og 38. gr. laganna hefði farið fram hjá undirrituðum. Það er mjög sérkennilegt vegna þess að það vill svo til að þessi grein var skrifuð inn í lögin í minni tíð í heilbr.- og trmrn. og var eitt af helstu nýmælunum í þeim lögum, sett þar inn fyrst og fremst vegna þess að við töldum þá þegar að Atvinnuleysistryggingasjóður gæti lent í vanda og ríkissjóður yrði þá að hlaupa undir bagga. Mér finnst þessi skætingur ráðherrans í okkar garð aftur og aftur afar sérkennilegur og benda til þess að hann sé vansæll í sínu starfi um þessar mundir af einhverjum ástæðum.

Loks svo það, virðulegi forseti, sem hann svaraði til um búandlið, þá er vandinn sá að þegar fólk er með svo lítið innlegg að það dugir ekki fyrir 425 vinnustundum í reiknaðri vinnu, þá er þetta fólk réttlaust og það er bersýnilegt að það hefur ekki verið róið fyrir þessa vík þegar frv. var samið.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þeir sem ekki skila 425 dagvinnustundum á ári hafa ekki rétt til greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði, hvorki þessir aðilar né aðrir. Það er ekki verið að undanþiggja eða gera neina sérstaka meðferð fyrir þá aðila sem hv. þm. talaði um. Þar eru allir jafnir fyrir lögunum.

Í öðru lagi fær frv. þeirra alþýðubandalagsmanna að sjálfsögðu þinglega meðferð. Það hefur það fengið. Það fá öll mál sem tekin eru til umræðu hér. Hv. þm. var hins vegar að tala um að hann mundi ekki fallast á að afgreiða frv. mitt og ríkisstjórnarinnar nema frv. þeirra alþýðubandalagsmanna yrði afgreitt líka. Slík skilyrði getur hann ekki sett. Hann er bara 1 af 63 alþingismönnum. Ég mun hins vegar ekki fallast á slíkt skilyrði. Og ég held að ég hafi meiri áhrif á afgreiðslu mála í þessu ágæta þingi en hv. þm.

Að lokum, virðulegi forseti, ég hélt að 38. gr. hefði farið fram hjá hv. þm. vegna þess að í athugasemdum við 3. gr. frv. þess sem hann lagði fram á sínum tíma er þess getið að með því sem þar er lagt til í 3. gr. frv. sé gert ráð fyrir því að ríkissjóður greiði sérstaklega þann kostnað sem til fellur vegna frv. En það er tekið fram í 38. gr. gildandi laga að það skuli gert. Þess vegna var umrædd till. hv. þm. í frv. gersamlega óþörf og ég hélt að hann hefði verið að gera sína óþörfu tillögu vegna þess að hann hefði gleymt 38. gr.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Tillagan í frv. alþýðubandalagsmanna gengur út á það að fjármögnun þeirra viðbótarverkefna sem frv. gerir ráð fyrir sé sérstaklega úr ríkissjóði og sé umfram hið almenna tekjukerfi Atvinnuleysistryggingasjóðs. Það er því bersýnilegt að ráðherrann er að þessu leytinu til að snúa út úr og reyna að hindra það eins og hann getur að frv. sem alþýðubandalagsmenn hafa lagt fram fái þinglega meðferð. Hann er greinilega á móti því. Við munum auðvitað freista þess ef hann fæst ekki til þess að tryggja það að málið verði samþykkt eins og kostur er, þá munum við auðvitað freista þess og hljótum að gera brtt. við afgreiðslu þessa máls og sjá hverju fram vindur. En ég segi alveg eins og er, að þær stellingar sem hæstv. ráðherra setur sig í gagnvart frv. okkar alþýðubandalagsmanna benda í fyrsta lagi til þess að hann hafi vonda samvisku, en í öðru lagi til þess að hann leyfir sér meiri hroka gagnvart stjórnarandstæðingum en góðu hófi gegnir. Það kann vel að vera að hann hafi meiri áhrif hér í þinginu en ég, það kann vel að vera. En það að lýsa því yfir við þingheim er ekki skynsamlegt, hæstv. ráðherra. Það lýsir ekki mikilli auðmýkt gagnvart Alþingi Íslendinga. Það verð ég að segja.

Loks þetta: Hæstv. ráðherra hefur því miður engu svarað um það hvort hann vill beita sér fyrir því að hér verði flutt fjáraukalög eða ekki í þessu máli. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að stjórnarandstaðan taki það þá til athugunar að hún flytji frv. til fjáraukalaga til þess að hlutur Atvinnuleysistryggingasjóðs sé tryggður og þeirra sem þurfa fé úr honum.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú því fyrir að þakka að hv. þm. Svavar Gestsson setti í sinni ráðherratíð í 38. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar svo ótvíræð ákvæði um greiðsluskyldu ríkissjóðs að flutningur á fjáraukalagafrv. við þessar aðstæður er algerlega óþarfur. En vegna spurningar hans hér áðan vil ég taka fram að mér líður mjög vel í því ráðherrasæti sem ég er í og er fús til þess að halda uppi umræðum við hv. þm. eins og fara gerist.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Forgangslisti um afgreiðslu mála.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að vísu að leiða hjá mér hroka hæstv. heilbrrh. þar sem hann talar um áhrif sín á þingstörf hér. Hins vegar voru önnur ummæli í orðum hans í framsögu hér fyrr í kvöld sem urðu til þess að ég bað um orðið um þingsköp. Hann talaði um það að það mál sem við höfum nýlokið umræðu um væri á forgangslista ríkisstjórnarinnar til afgreiðslu fyrir þinglok. Ég vil spyrja hæstv. forseta: Hefur slíkur forgangslisti borist forsætisnefnd? Hefur hann verið ræddur við formenn þingflokka? Ef svo er ekki, hvenær verður það gert? Það er ekki nema tæpar þrjár vikur eftir af þingtímanum. Hvenær er von á þeim forgangslista sem mér skilst á hæstv. heilbrrh. að sé tilbúinn og liggi fyrir? Er meiningin að ræða slíkan forgangslista við stjórnarandstöðuna yfirleitt eða á sá hroki sem hæstv. heilbrrh. sýnir stjórnarandstæðingum í umræðum að gilda? Ég spyr hæstv. forseta þessarar spurningar. Ég trúi því reyndar ekki að það verði svo en ég vil spyrja um þennan forgangslista.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forgangslisti hefur ekki borist forsætisnefnd og þar af leiðandi ekki verið ræddur á fundi forsætisnefndar eða við formenn þingflokka. Forseti væntir þess að slíkur forgangslisti sjái dagsins ljós innan skamms tíma. Það eru að því er forseti telur 11 vinnudagar eftir miðað við þá starfsáætlun sem samþykkt var í haust og endurskoðuð um áramótin. Forseti hefur ekki hugsað sér að sýna neinn hroka í samvinnu sinni eða samstarfi við stjórn eða stjórnarandstöðu nú fremur en endranær og væntir þess að eiga gott samstarf við alla þingmenn eins og forseti hefur reynt að gera og telur að hafi vel til tekist.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram til að fyrirbyggja allan misskilning að ég átti ekki við að hæstv. forseti hefði sýnt neinn hroka hér eða átti von á því. Það voru ummæli hæstv. heilbrrh. áðan um áhrif sín hér í þinginu fram yfir aðra þingmenn sem urðu til þess að ég hafði þessi ummæli. En hins vegar vil ég ítreka að það er mál til komið, af því að það er nú upplýst, ég var nú ekki búinn að telja það saman, að það eru aðeins 11 starfsdagar eftir af þinginu, að við fáum að vita um það hvað eru forgangsmál hér svo að við séum ekki að dunda við að afgreiða einhver mál sem á ekkert að afgreiða í vor. Við erum búnir með 9 mál, ef ég hef tekið rétt eftir, af dagskránni í dag og það eru 20 mál eftir og það væri fróðlegt að vita hvort það á að klára dagskrána í nótt því klukkuna vantar nú 10 mínútur í 12 og ekki síst ef það er nú eitthvað af þeim málum sem á ekkert að afgreiða fyrir þinglok og eru ekkert á þessum forgangslista sem virðist liggja tilbúinn á borðum ríkisstjórnarinnar.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 2. þm. Austurl. fyrir að vekja athygli á þessu máli og það væri kannski rétt að fá þennan forgangslista. Hæstv. heilbrrh. sagði að þetta mál væri á forgangslista ríkisstjórnarinnar þannig að hann er með öðrum orðum til. Ég vildi fara fram á það við hæstv. heilbrrh. að hann læsi upp þennan lista hérna þannig að við gætum fengið upplýsingar um það hvað er á þessum lista. Ég geri ekki ráð fyr-

ir því að hann þurfi að bera það upp við aðra þingmenn úr því að hann ræður þessu mestöllu hvort eð er, eða ráðherra, hvað er á þessum lista þannig að ég skora á hann að koma hingað í ræðustólinn og afhenda forgangslistann.

En fyrir utan forgangslista hæstv. ríkisstjórnar, þá er náttúrlega venjan sú áður en þingi lýkur, að það er einnig farið yfir þau mál sem stjórnarandstaðan hefur flutt og hlýtur að leggja áherslu á af sinni hálfu. Og það er auðvitað óhjákvæmilegt að hefja umræður um það og ég er sannfærður um það að hæstv. forseti mun taka þeim umræðum vel eins og hún hefur yfirleitt gert. En erindi mitt er fyrst og fremst að skora á hæstv. heilbrrh.: Út með leyniplaggið. Komdu, hæstv. ráðherra, með forgangslistann.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti væntir þess að það verði ekki farið að ræða hér um einhvern væntanlegan forgangslista hæstv. ríkisstjórnar undir liðnum „um gæslu þingskapa". Það er mál sem er fjallað um á vettvangi þingflokksformanna og forseta og verður gert með hefðbundnum hætti innan tíðar eins og forseti sagði hér áðan. Forseti hefur nú þegar kallað eftir þessum forgangslista og veit að hann mun sjá dagsins ljós innan skamms og á þessum tíma sem venja er rétt áður en þing fer heim, hvort sem um er að ræða vor eða fyrir jólin. Þetta veit forseti að hv. þm. þekkir vel með alla sína þingreynslu að baki og þarf ekki að upplýsa það hér.

Hér hefur verið minnst á að það sé langt liðið á kvöld og forseti getur tekið undir það en vill minna á að gert var ráð fyrir því að hér yrðu kvöldfundir. Það hefur legið fyrir að það eigi að reyna að ljúka hér sem allra mestu af þeirri dagskrá sem fyrir liggur. Þau mál sem nú er beðið eftir að taka til umræðu eru þess eðlis að það verður vonandi ekki löng umræða en væntanlega gefst næði til þess að nefndarformenn fái að mæla fyrir nefndarálitum sem hér liggja fyrir og þingmenn sem eru búnir að bíða hér í allt kvöld eftir því að fá að mæla fyrir sínum málum sem eru hér á dagskránni. Meiningin var einmitt að taka nú fyrir mál sem hv. 4. þm. Suðurl. bíður óþreyjufull eftir.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé þingskapamál að ræða starfshætti þingsins og mér heyrist að hæstv. heilbrrh. hafi ekki verið svo stirt um málbeinið hér í kvöld að hann gæti alveg komið hérna upp í ræðustól og upplýst okkur um það, hvenær meiningin er að ríkisstjórnin leggi fram þennan margumrædda forgangslista. Ég vænti þess að hann geri það og þá mun ég ekki og ætla mér ekki að tefja þingstörfin. Mér er það fullljóst að það átti að vera kvöldfundur í kvöld og ætla ekkert að ræða það í sjálfu sér. Ég bara bendi á það sem er fram undan og ég er ekkert að víkja mér undan því að taka þátt í þingstörfum og hef verið hér í allan dag til þeirra hluta.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. MF og KÁ, 490. mál (umönnunarbætur). — Þskj. 839.

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 839 um breytingu á lögum um almannatryggingar, með síðari breytingum, sem ég flyt ásamt hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur. Frv. felur í sér breytingu á 13. gr. laganna þar sem kveðið er á um greiðslu umönnunarbóta foreldra eða framfærenda veikra barna.

Markmið þessa frumvarps er tvíþætt. Í fyrsta lagi er það flutt til að rétta hag þeirra foreldra er eiga börn sem þannig er ástatt um að dvöl þeirra á sjúkrastofnun kallar á verulega umönnun af hálfu foreldra meðan barnið dvelst á sjúkrastofnuninni. Sem dæmi má taka að krabbameinssjúk börn þurfa mjög á návist foreldra að halda meðan þau dveljast á sjúkrastofnun. Þessir foreldrar verða því oft mjög bundnir yfir börnum sínum sem jafnast á við að börnin séu í daglegri umsjá þeirra í heimahúsi. Með frumvarpinu er því ætlunin að tryggja að foreldrar, sem búa við þessar aðstæður, njóti óskertra umönnunarbóta. Samkvæmt frumvarpinu geta foreldrar, sem eiga börn er dveljast á sjúkrastofnun, átt kost á umönnunarbótum meðan barnið dvelst á sjúkrastofnuninni ef þau uppfylla hin almennu skilyrði fyrir umönnunarbótum sem kveðið er á um í 1. mgr. laganna. Þessi almennu skilyrði eru m.a. þau að veikindi barnsins hafi í för með sér tilfinnanleg útgjöld fyrir foreldrana eða sérstaka umönnun eða gæslu af þeirra hálfu meðan á dvöl barns á sjúkrastofnun stendur.

Í öðru lagi er í frumvarpinu gert ráð fyrir að heimilt verði að greiða umönnunarbætur til framfærenda barna sem vegna sjúkdóms eða fötlunar geta ekki nýtt sér að fullu þá opinberu þjónustu sem þau samkvæmt lögum eiga rétt á. Samkvæmt núgildandi lögum skerðast umönnunarbætur um leið og barn á rétt á eða nýtur einhverrar opinberrar þjónustu, t.d. ef barn er á skólaskyldualdri. Bæturnar skerðast þó að barnið geti ekki vegna sjúkdóms eða fötlunar nýtt sér skólagöngu nema að litlu leyti. Oftar en ekki þurfa foreldrar að fylgja barninu í og úr skóla og jafnvel dveljast í skóla meðan á kennslu stendur. Í þeim tilvikum telja flutningsmenn þessa frumvarps eðlilegt að heimilt verði að greiða fullar umönnunarbætur í ljósi þess að foreldri eða framfærandi barns er í raun jafnbundinn vegna veikinda eða fötlunar barnsins og á meðan það naut engrar opinberrar þjónustu.

Gert er ráð fyrir að framkvæmd greinarinnar fari eftir reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur í samráði við félagsmálaráðherra að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Hinn 22. des. 1991 voru samþykkt lög sem fólu í sér þá breytingu á lögum um almannatryggingar að ákvæði um greiðslur umönnunarbóta vegna fatlaðra barna eða þeirra sem haldin eru langvarandi sjúkleika voru felld inn í lög um almannatryggingar en bæturnar voru áður greiddar samkvæmt bráðabirgðaákvæði í

lögum um málefni fatlaðra. Breyting þessi var vissulega til bóta þar sem loks var festur í lögum réttur foreldra eða framfæranda mikið veikra barna til umönnunarbóta. Styrktarfélag krabbameinsveikra barna er líklega það félag sem mest hefur barist fyrir bættri réttarstöðu barna sem eiga við langvarandi veikindi að stríða og foreldra þeirra. Þá tel ég ekki með Samtök fatlaðra en þar fékkst veruleg réttarbót við samþykkt laga um málefni fatlaðra. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna hefur því oft tekið þau lög til fyrirmyndar í baráttu sinni fyrir bættri réttarstöðu sinna skjólstæðinga.

Þegar áðurnefnd breyting var gerð á lögum um almannatryggingar hélst inni ákvæði sem áður hafði verið í lögum um málefni fatlaðra þess efnis að dagleg þjónusta við barn utan heimilis skerði umönnunarbætur. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna hafði þó áður sent hv. þm. erindi þar sem bent var á óréttmæti þessarar skerðingar. Börn með langvarandi sjúkdóma njóta daglegrar þjónustu utan heimilis, m.a. þjónustu sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Það jafngildir þó ekki að þar með dragi úr þörf barns fyrir umönnun foreldra eða framfæranda. Þvert á móti má ætla að þörf barns sem gengur undir erfiða læknismeðferð á sjúkrahúsi fyrir návist sinna nánustu skyldmenna sé enn meiri en þegar það dvelst í heimahúsi. Í þeim tilvikum sem barnið dvelur á sjúkrahúsi er það því algengara en ekki að foreldrar dvelji á sjúkrahúsinu 24 tíma á sólarhring. Því er með öllu óeðlilegt að umönnunarbætur skerðist vegna þessa. Þá er barn sem er á grunnskólaaldri talið njóta þjónustu hins opinbera og umönnunarbætur skerðast ef barn haldið langvarandi sjúkdómi getur stundað skóla þó svo um afar stopula skólagöngu sé að ræða. Þess eru jafnvel dæmi að umönnunarbætur hafi verið skertar vegna barns á skólaskyldualdri sem haldið var alvarlegum sjúkdómi og gat vegna þess alls ekki sótt skóla heilt skólaár. Þetta barn átti sinn rétt á kennslu í heimahúsi, því var hins vegar ekki sinnt og því var það án kennslu heilt skólaár. Umönnunarbætur móðurinnar sem reyndar er einstæð voru hins vegar skertar vegna réttar barnsins til daglegrar þjónustu utan heimilis í formi skólagöngu, réttar sem það gat ekki notfært sér.

Það er afar mikilvægt fyrir bata barns eða unglings sem gengið hefur gegnum erfiðan sjúkdóm og erfiðar aðgerðir að komast í eðlilegt umhverfi barna öðru hvoru á meðan það er að ná fullum bata. Því er það svo að löngu áður en sjúklingurinn er fær um að fara einn í skóla og dvelja þar fullan kennsludag fara foreldrar með barnið í skóla og dvelja þar með því eða eru til staðar þar sem hægt er að kalla þau til með stuttum eða engum fyrirvara ef eitthvað kemur upp á. Það er því í mörgum tilvikum ekki um það að ræða að skólinn taki alfarið við gæslu og umönnunarhlutverkinu þann tíma sem barnið dvelur innan veggja skólans. Þess vegna er ekki um það að ræða að foreldri geti farið út að vinna á meðan barnið er í skólanum til þess að létta þá skuldabyrði sem lagst hefur á heimilið vegna veikindanna og fjarveru foreldra frá vinnu. Þó svo að alvarlega veikt barn eða unglingur stundi að einhverju leyti skóla verður foreldri að vera til taks allar stundir dagsins og það sama má að sjálfsögðu segja um foreldra margra fatlaðra barna. Því ættu umönnunarbætur ekki að skerðast vegna þessa.

Í 1. gr. frv. þessa sem ég mæli hér fyrir er eins og áður hefur komið fram vikið að þessum atriðum.

Ég vil einnig geta þess við umræðu um frv. þetta að greiðsla umönnunarbóta vegna alvarlegra veikra barna er af einhverjum ástæðum mjög misjöfn. Jafnvel þó að umönnunarþörf einstaklinga sé svipuð eða söm er alls ekki víst að þau séu metin í sama flokk hvað varðar umönnunarþörf eða greiðslu umönnunarbóta. Og enn ætla ég að vitna í erindi sem Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna hefur sent frá sér, að þessu sinni til hæstv. heilbr.- og trmrh. 12. mars sl. Sjálfsagt er ástandið það sama hvað varðar börn og unglinga með aðra alvarlega sjúkdóma eða fötlun. En bréfið hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Til heilbrigðis- og tryggingaráðherra, Sighvatar Björgvinssonar.

Fyrir hönd stjórnar Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna vil ég undirrituð fara þess á leit við þig, ráðherra góður, að þú beitir þér fyrir því að foreldrar krabbameinssjúkra barna sem eru í lyfjameðferð fái leiðréttingu á greiðslum umönnunarbóta, þ.e. að allir þessir foreldrar fái greiddar bætur samkvæmt 1. flokki eða lágmark 175 stundir. Mér undirritaðri er það ágætlega kunnugt að foreldrum þessara barna hefur verið mjög mismunað hingað til hvað þessar greiðslur varðar þar sem ég hef á undanförnum árum gert könnun um þessi mál meðal foreldra krabbameinssjúkra barna og komist að mörgu misjöfnu. Við í stjórn Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna getum engan veginn sætt okkur við hvernig þessi mál hafa verið afgreidd frá Tryggingastofnun ríkisins. Reyndar skiljum við þessar afgreiðslur alls ekki því eftir því sem við best vitum er það sami aðilinn innan Tryggingastofnunar sem yfirfer allar umsóknir áður en þær eru afgreiddar. Við förum eindregið fram á að úrbætur verði gerðar í þessum málum strax og leggjum áherslu á að foreldrar allra barna sem greinast með krabbamein fái greiddar hæstu bætur frá greiningardegi og þar til meðferð lýkur.

Máli mínu til stuðnings vil ég geta þess að dæmi eru um að börn sem hafa greinst með sama sjúkdóm og eru stödd nánast á nákvæmlega sama stað í meðferðinni og njóta svipaðrar þjónustu frá hinu opinbera fá ekki greiddar sömu bætur, en engin viðunandi svör fást við þessu. Einnig viljum við benda á að þó svo að börnin njóti einhverrar þjónustu frá hinu opinbera er algjör fásinna að það skuli skerða umönnunarbæturnar því umönnun foreldra minnkar í flestum tilfellum ekki heldur er það svo að hún eykst oft og tíðum. Þessi skerðing virkar heldur ekki hvetjandi á það að nota opinbera þjónustu til handa þessum börnum sem þó er þeim mjög mikilvæg. Ef skoðaður er meðfylgjandi listi sem er niðurstaða úr áðurnefndri könnun sem ég hef verið að vinna að má sjá að hér er ekki um stóran hóp að ræða. Eftir því sem ég hef komist næst eru það 20 börn sem hafa greinst með krabbamein yngri en 16 ára sem njóta einhverra bóta frá Tryggingastofnun ríkis-

ins. Af þeim 18 börnum sem ég hef náð til eru 6 börn metin í 1. flokk, 175 stundir. Það eru hin börnin sem við óskum eftir leiðréttingu fyrir.

Ég vil sérstaklega benda á börn sem hafa farið í mergskipti, þau eiga við mikil vandamál að stríða og þurfa mikla umönnun. Hér er aðeins um þrjú mjög svipuð tilfelli að ræða sem ekkert nýtur sömu bóta. Við förum fram á að þetta verði leiðrétt skilyrðislaust. Þau fái öll greitt samkvæmt 1. flokki, 175 stundir. Þó svo að þessi börn geti að einhverju leyti þegið einhverja opinbera þjónustu, svo sem sótt skóla eða leikskóla, eru dæmi þess að foreldrar þurfi að vera með þeim á þessum stofnunum. Slitrótt skólaganga er einkennandi fyrir þessi börn og ýmis sálræn og líkamleg vandamál. Það tekur mörg ár fyrir þessi börn að ná sér ef það tekst þá nokkurn tímann.

Einnig vil ég benda á að í tvennum tilfellum hefur Tryggingastofnun orðið það á að ofgreiða bætur til foreldra og er nú að endurheimta þessar upphæðir án þess að samið sé við foreldra um það með því að taka það af þeim litlu fjárhæðum sem þetta fólk fær til ráðstöfunar. Þetta kemur manni hálfundarlega fyrir sjónir þegar rétt er að fólki með annarri hendinni en hrifsað með hinni.

Við óskum eftir að þessar innheimtuaðgerðir á ofangreindu verði látnar niður falla.

Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna er ungt félag sem þó hefur unnið sér virðingu meðal landsmanna og mætt skilningi. Það merkjum við á þeim árangri sem náðist 5. mars sl. í söfnunarátakinu „Börn með krabbamein". Við lítum á þennan góða árangur sem ábendingu frá fólkinu í þessu landi til hins opinbera um að úrbóta er þörf. Við höfum ítrekað beðið um skilning frá hinu opinbera en ávallt komið að lokuðum dyrum. Þar sem við vitum að þú hefur sýnt þessum málum skilning að undanförnu skorum við á þig að sýna viljann í verki og koma þessum málum í lag hið allra fyrsta.

Með vinsemd og virðingu og ósk um skjóta afgreiðslu."

Undir bréfið ritar Jóhanna Guðbrandsdóttir, ritari Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna.

Virðulegi forseti. Með bréfi þessu fylgir yfirlit um 20 krabbameins veik börn þar sem það elsta er fætt 1977 en það yngsta 1990. Foreldrar sex þessara barna fá greiddar umönnunarbætur samkvæmt 1. flokki, þ.e. 175 klukkustundir á mánuði. Engu að síður eru þau mörg hver enn á lyfjagjöf. Sum hafa farið í mergskipti og önnur eru á leið í mergskipti. Nokkur þessara barna, ásamt öðrum alvarlega veikum eða fötluðum börnum njóta einhverrar opinberrar þjónustu, ýmist í skóla eða á sjúkrastofnunum. Þess vegna eru greiðslur umönnunarbóta skertar þrátt fyrir að þörf þeirra fyrir umönnun foreldra skerðist ekki.

Með þessu frv. leggjum við flm. til að þessu verði breytt. Ég legg til að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. heilbr.- og trn.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umfjöllunar tekur að vissu leyti á þeim vandamálum sem nú eru í gildandi almannatryggingalöggjöf og snertir krabbameinssjúk börn. En af því það kom fram áðan í umræðunni hjá hæstv. heilbrrh. að hann réði ýmsu um þingstörfin þá væri fróðlegt að fá að heyra frá hæstv. ráðherra hver sé hans skoðun á efni þess frv. sem hér liggur fyrir. Ég geri mér grein fyrir því að þarna er um viðamikla breytingu að ræða á því fyrirkomulagi sem nú er í gildi almennt hjá fötluðum börnum og þeim greiðslum sem ganga til aðstandenda fatlaðra barna. Ég kem fyrst og fremst í ræðustólinn til þess að fá fram viðbrögð hæstv. ráðherra við efni þessa frv. Ég segi fyrir mig, ég er tilbúinn til þess að styðja það vegna þess að ég held að þau vandamál sem að þessum hópi steðja séu það mikil að það sé nauðsynlegt að leysa þau.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst fyllilega koma til greina að skoða það efni sem er í þessu frv. Þessi mál eru í skoðun í heilbrrn., þar erum við að athuga hvað við getum gert mikið innan ramma óbreyttra laga. Það er ekki rétt að þessi hópur hafi ekki notið neins stuðnings og alls staðar komið að lokuðum dyrum. Það eru ekki nema örfáir mánuðir síðan samþykkt var lagabreyting sem tryggði honum verulega réttarbætur þó svo að e.t.v. hafi ekki verið gengið nógu langt. Það er því orðum aukið að þessi hópur njóti einskis skilnings og komi alls staðar að lokuðum dyrum. En þrátt fyrir það að svo sé tekið til orða þá vil ég taka það fram að við erum að skoða málin í heilbrrn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarstaða barna með krabbamein, fyrri umr.

Þáltill. MF og KÁ, 505. mál. — Þskj. 857.

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. á þskj. 857 um réttarstöðu barna með krabbamein og annarra sjúkra barna sem ég flyt ásamt hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að fara yfir og gera tillögur um bætta réttarstöðu barna með krabbamein, svo og annarra sjúkra barna, og aðstandenda þeirra, einkum með tilliti til almannatrygginga. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Tryggingastofnunar, Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna og annarra hliðstæðra samtaka."

Í greinargerð segir:

„Árið 1991 voru samþykkt lög frá Alþingi þar sem kveðið var á um að framfærendur barna með krabbamein og annarra sjúkra barna fengju greiddar umönnunarbætur. Greiðsla umönnunarbóta er þó háð því að barnið dveljist í heimahúsi og skerðist verði barnið að

dveljast á sjúkrastofnun eða ef það nýtur einhverrar opinberrar þjónustu. Gildir þá einu þótt foreldrar eða framfærendur séu í raun jafnbundnir við umönnun og aðhlynningu barnsins og þegar það dvelst í heimahúsi.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu hafa lagt fram frumvarp þar sem tekið er á þessu atriði, en það er á fleiri sviðum sem nauðsynlegt er að bæta réttarstöðu mikið veikra barna og aðstandenda þeirra og því er þessi tillaga flutt.

Sama ár og áðurnefnd lög voru samþykkt sendi Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og alþingismönnum ítarlegar tillögur og ábendingar um þau atriði tryggingamála sem betur máttu og mega fara. Einnig benti félagið á göt í tryggingakerfinu sem gera það að verkum að þessir sjúklingar, þ.e. börn með krabbamein og önnur mikið veik börn, og aðstandendur þeirra búa á ýmsan hátt við lakari kjör en aðrir hvað tryggingakerfið varðar.

Frá árinu 1991 hefur lítið breyst hvað varðar réttarstöðu þessara sjúklinga eða aðstandenda þeirra. Því leggjum við til að skipuð verði nefnd sem fari yfir og geri tillögur um bætta stöðu barna með krabbamein, svo og annarra sjúkra barna og aðstandenda þeirra. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Tryggingastofnunar, Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna og annarra hliðstæðra samtaka. Eðlilegt verður að telja að nefndin taki í störfum sínum tillit til þeirra ábendinga og tillagna sem áður hafa verið sendar alþingismönnum og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Eftirtalin atriði felast í tillögum þessum:

Að foreldrar mikið veikra barna eigi kost á þjónustu stuðningsfjölskyldu, félagsráðgjöf og dagvist."

Í dag er sem betur fer orðið algengara en áður var að foreldrar fatlaðra barna eigi kost á aðstoð frá svokölluðum stuðningsfjölskyldum þó vissulega megi enn stórauka þessa nauðsynlegu þjónustu og þá með tilliti til þess að foreldri með alvarlega veikt barn eða ungling á ekki rétt á aðstoð stuðningsfjölskyldu þó svo þörfin sé vissulega fyrir hendi. Það sama má segja um dagvist þar sem sérmenntað fólk tæki að sér umönnun veikra barna. Stöðug alvarleg veikindi barns eru mikið álag á hverja fjölskyldu sem fyrir því verður. Segja má að allt venjulegt fjölskyldulíf fari úr skorðum. Eðlilega má því oft reikna með því að þarfir t.d. systkina barnsins verði út undan í baráttunni við sjúkdóminn. Því álagi sem fylgir alvarlegum veikindum verður vissulega aldrei létt af fjölskyldum á meðan á veikindum stendur en með aðstoð eins og stuðningsfjölskyldum, dagvist og félagsráðgjöf má gera barátttuna aðeins léttbærari.

Eins og ég áður gat um er nauðsynlegt að gera ákveðnar leiðréttingar á greiðslu umönnunarbóta til foreldra eða framfærenda alvarlega veikra barna og ég mælti fyrir frv. þess efnis hér áðan. Þar er þó ekki tekið á einu atriði sem vissulega þarfnast leiðréttingar en það er að sérstakt tillit verði tekið til einstæðra foreldra við ákvörðun umönnunarbóta.

Þá verður að teljast eðlilegt að þótt foreldri alvarlega veikra barna fái greiddar umönnunarbætur eigi barnið eða unglingurinn rétt á örorkustyrk til 16 ára aldurs, því veikt barn eða unglingur getur oft og tíðum ekki unnið sér fyrir neinum tekjum með sumarvinnu eins og algengt er að heilbrigð börn geri. Örorkustyrkur væri greiðsla til barnsins, umönnunarlaun eru greiðslur til foreldra.

Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna bendir okkur einnig á að í nokkrum tilvikum þurfa fjölskyldur að reka tvö heimili tímabundið vegna veikinda barna. Alvarleg veikindi barns hafa iðulega í för með sér verulega röskun á fjárhag heimilis. Annað foreldri eða báðir geta þurft að vera frá vinnu um mjög langan tíma. Tekjumissir verður verulegur og því oft þrengri fjárhagur en ella. Ofan á allt kemur svo að allur sá kostnaður sem veikindunum fylgir, t.d. vegna tíðra ferða á sjúkrahús eða heilsugæslu. Sérstaklega á þetta við ef fjölskylda hefur búsetu úti á landi og þarf þá jafnvel að reka annað heimili í nágrenni við sjúkrastofnun. Þátttaka trygginga í þessum tilvikum er takmörkuð eða engin. Þá njóta börn með krabbamein eða önnur alvarlega veik börn og aðstandendur þeirra ekki réttar til styrks eða lána vegna bifreiðakaupa, þó er oftar en ekki nauðsyn á því að fjölskylda hafi yfir að ráða góðri bifreið. Vegna smithættu er ekki sama hvernig barn ferðast.

Aðstandendur alvarlegra veikra barna eiga ekki rétt á styrk vegna aðstoðar við heimilisstörf. Þegar fleiri börn eru í heimili þyrfti oft nauðsynlega að fá aðstoð til að annast hin börnin eða aðstoð við heimilishaldið þannig að foreldrar hafi meiri tíma aflögu. Þetta er mjög mikilvægt þar sem þarfir hinna barnanna á heimilinu verða oft út undan vegna tímaskorts og þess tilfinningalega uppnáms sem foreldrar eru í þegar barn greinist með alvarlegan sjúkdóm.

Þá vil ég nefna það hér að þrátt fyrir alla þá umræðu sem orðið hefur um aukinn lyfjakostnað og að draga þurfi úr lyfjakostnaði þeirra sem eiga við langvarandi sjúkdóma að stríða þá eru t.d. sum lyf sem krabbameinsveik börn þurfa að fá ekki á frílista. Þarna er jafnvel um að ræða verulegar fjárhæðir sem fara í lyfjakostnað. Þá þurfa þessi börn oft að leita til sérfræðinga og fara í rannsóknir þó þau séu ekki innrituð á sjúkrahús. Öllu þessu fylgir kostnaður sem getur reynst aðstandendum þessara barna erfiður.

Reglur um ferðakostnað erlendis þarf að endurskoða, aðeins er greitt fyrir einn fylgdarmann þó nauðsynlegt sé að báðir foreldrar fylgi veiku barni sínu til aðgerða erlendis. Þá er heldur ekki greitt fullt fyrir báða foreldra þegar um er að ræða mergskipti þar sem merggjafinn er systkini mergþega. Mér er kunnugt um dæmi þar sem merggjafinn var aðeins 10 ára gömul systir mergþegans sem var fjögurra ára stúlka. Aðeins var greitt að fullu fyrir annað foreldrið sem fylgdi þeim systrum en að hálfu fyrir hitt. Þó var það svo í þessu tilviki að um leið og mergskiptin höfðu farið fram fór litla stúlkan í mánaðar einangrun og að sjálfsögðu var móðir hennar með henni í einangruninni. Faðirinn var hjá þeirri eldri sem þurfti sína umönnun en hann fékk þó ekki greiddan nema að hálfu leyti þann kostnað sem af ferðalaginu hlaust.

Að síðustu vil ég nefna hér nauðsyn á þátttöku í sálfræðikostnaði. Barn sem greinst hefur með alvarlegan sjúkdóm þarf andlega hjálp ekki síður en líkamlega. Alþekkt er að andlegt jafnvægi eykur líkur sjúklings á bata. Eftir erfiða læknismeðferð og aðgerðir er aðstoð sálfræðings eða félagsráðgjafa einnig nauðsynleg þessum sjúklingum til að hjálpa þeim að takast að nýju á við daglegt líf. Og oft og tíðum þarfnast fjölskylda alvarlegra veikra barna einnig aðstoðar sérfræðinga til að takast á við þau tilfinningalegu vandamál sem veikindi barns hafa í för með sér. Tryggingastofnun ríkisins tekur hins vegar ekki þátt í kostnaði af slíkri aðstoð. Þar þarf að verða breyting á.

Virðulegi forseti. Ég hef talið upp nokkur þau atriði sem ég tel að nefnd sú sem hér er lagt til að verði skipuð taki til athugunar. Margt er þó ótalið, en þetta sýnir þó svo ekki verður um villst að ýmsu er ábótavant hvað varðar réttarstöðu þessa hóps þjóðfélagsþegna sem allir eru ungir að árum. Það er verkefni okkar að bæta þar úr. Því er þessi tillaga flutt og ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Frv. AÓB o.fl., 422. mál (trúnaðarmenn sjúklinga). — Þskj. 718.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum. Flm. ásamt mér eru þingkonurnar Guðrún J. Halldórsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir.

Þetta frv. er nú endurflutt en í allbreyttri mynd. Það var áður flutt á 112. löggjafarþingi, en varð þar ekki útrætt. Það er nú flutt með breytingum sem orðið hafa í samræmi við ábendingar sem fram hafa komið hjá starfsfólki sjúkrahúsa.

Meginefni þessa frv. er að sett verði á fót staða trúnaðarmanna sjúklinga við sjúkrahús og þeir séu talsmenn sjúklinga og aðstandenda þeirra gagnvart sjúkrahúsum og heilbrigðisyfirvöldum. Þetta tel ég að sé mjög brýnt að gera þar sem þrátt fyrir mikla og góða viðleitni starfsfólks á sjúkrastofnunum eru fjöldamörg dæmi um það að fólk komi inn á sjúkrahús án þess að það viti hvert það eigi að snúa sér til að afla upplýsinga og einnig það að aðstandendur, t.d. mjög mikið veikra sjúklinga, hafa ekki tök á því eða þekkingu á því að vita hvert á að leita til þess að fá upplýsingar sem allir eru fúsir að veita.

Því miður eru til dæmi um það að út úr slíku hafi orðið biturleiki, einkum þegar um alvarleg veikindi og jafnvel dauðsföll á sjúkrahúsum er að ræða. Ég held að með því að setja á laggirnar slíka þjónustu trúnaðarmanna sjúklinga og aðstandenda þeirra mætti bæta þar mjög um. Þar sem þetta er endurflutningur frv. og efnislega hefur það ekki breyst mikið, þá tel ég ekki ástæðu til að hafa lengri framsögu að öðru leyti en því að drepa á þær breytingar sem gerðar hafa verið, en þær felast einkum í því að tryggja það að trúnaðarmaður sé í nánum tengslum við annað það starf sem fer fram á viðkomandi sjúkrastofnunum og gegnir starfi trúnaðarmanns samhliða öðrum skyldustörfum á stofnuninni. Einnig er gefið svigrúm til þess að trúnaðarmenn á stærri sjúkrahúsum komi úr fleiri heilbrigðisstéttum en hjúkrunarfræðinga eins og var í upphaflega frv. Og þá er gert ráð fyrir því að þeir geti haft með sér náið samstarf og jafnvel myndað teymi trúnaðarmanna sem hafi góða yfirsýn yfir starfsemi sjúkrahússins og bein tengsl við sem flestar heilbrigðisstéttir. Það er ekki síst fyrir ábendingar hjúkrunarfræðinga sem þessar breytingar hafa verið gerðar á frv. Ég held að sú ábending sé mjög vel ígrunduð þar sem því miður eimir enn eftir af því að það sé töluverð stéttskipting á sjúkrahúsum.

Að öðru leyti vísa ég til frumvarpstexta en þar er lagt til að á eftir 29. gr. laga um heilbrigðisþjónustu komi ný og fremur ítarleg grein og er það í samræmi við þá skoðun mína að það sé heppilegt að kveða skýrt á í lagatexta og vísa ekki einungis til reglugerða eða túlkunar. Einnig vísa ég til greinargerðar með þessu frv. en þar tel ég að þau rök sem ég vil færa fram í málinu komi fram. En ég ítreka að þetta frv. er efnislega nokkuð breytt frá því frv. sem flutt var á 112. löggjafarþingi og ég vona að það verði til þess að það muni eiga greiðari leið í gegnum þingið heldur en það frv. sem mætti nokkurri tortryggni heilbrigðisstétta að ástæðulausu að mínu mati.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 338. mál (fíkniefnaviðskipti). — Þskj. 616, nál. 980.

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. sem allir nefndarmenn undirritað um frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, á þskj. 980. Með leyfi forseta mun ég nú gera grein fyrir nál.

„Nefndin hefur fjallað um frv. og bárust henni umsagnir frá Samtökum áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann, Sýslumannafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands og Lögmannafélagi Íslands. Þessir aðilar eru meðmæltir samþykkt frv.

Í frv. er lagt til að lögfest verði refsiákvæði um viðtöku, geymslu og flutning ávinnings af fíkniefnabrotum, en telja verður að almennt sé ekki unnt samkvæmt gildandi lögum að refsa fyrir viðtöku ágóða af fíkniefnasölu og gildir það sama um flutning, geymslu og aðra sambærilega aðstoð sem kemur til eftir að

frumbrotið er framið. Markmið 1. gr. frv. er annars vegar að ná til þeirra sem standa að fíkniefnaviðskiptum án þess að eiga beina aðild að innflutningi eða dreifingu fíkniefnanna. Hins vegar verði fíkniefnaviðskipti takmörkuð með því að refsivert verði að aðstoða við undanskot ávinnings af fíkniefnaviðskiptum.

Samhliða þessu frv. er flutt frv. til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, 339. mál, og er þar lagt til að við lögin bætist sams konar ákvæði og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Refsiákvæðinu er ætlað að hamla gegn fíkniefnaviðskiptum og enn fremur takmarka möguleika milliliða til að tryggja sér ávinning af fíkniefnaviðskiptum. Er nefndin þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að lögfesta ákvæði af þessu tagi og mælir með samþykkt frv."

Virðulegi forseti. Allshn. telur afar mikilvægt að þessu máli verði vel tekið á hinu háa Alþingi því að hér er um að ræða nauðsynlegar lagabreytingar í tengslum við bárattuna gegn fíkniefnaviðskiptum. Umsagnaraðilar lögðu einnig áherslu á mikilvægi þessa máls. Hér er lögð áhersla á viðskiptin sjálf og þá aðila sem hafa haft ágóða af slíkum viðskiptum. Þessara milliliða hefur verið erfitt að ná til því að vafi hefur leikið á því að hvaða leyti hægt sé að refsa þeim fyrir hlutdeild í fíkniefnabroti, þeim sem t.d. tekur við, geymir eða flytur ágóða vegna brotsins. Um þetta segir m.a. í grg. með frv., með leyfi forseta:

„Vafi er talinn leika á því að hvaða leyti sé hægt að refsa þeim fyrir hlutdeild í fíkniefnabroti sem t.d. tekur við, geymir eða flytur ágóða af fíkniefnabroti. Samkvæmt 22. gr. hegningarlaga, þar sem fjallað er um hlutdeild, skal hverjum þeim refsað sem með liðsinni í orði eða verki, fortölum, hvatningum eða á annan hátt tekur þátt í því að brot samkvæmt lögunum er framið. Hlutdeildarákvæði tekur fyrst og fremst til hlutdeildar í verknaði sem til er komin áður en brot er framið eða samtímis framningu þess. Almennt er aðstoð, sem veitt er eftir það tímamark, refsilaus nema hún sé veitt samkvæmt samkomulagi sem gert var fyrir verknaðinn.

Með hliðsjón af framansögðu verður að telja að almennt sé ekki unnt samkvæmt gildandi lögum að refsa fyrir viðtöku ágóða af fíkniefnasölu. Það sama gildir um flutning, geymslu og aðrar sambærilega aðstoð sem kemur til eftir að frumbrotið er framið."

Hér er gerð tillaga um nýja grein við 173. gr. hegningarlaga, þ.e. 173. gr. b, en hún er í þeim kafla hegningarlaga sem nefnist: Brot sem hafa í för með sér almannahættu. Í núgildandi ákvæði, 173. gr. a er mælt fyrir um refsingu við sölu og afhendingu á fíkniefnum en vafi hefur leikið um hlutdeildarbrot eins og áður er getið. Þess vegna er nauðsynlegt að breyta bæði hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni — en það mál er hér næst á dagskrá — og mæla fyrir um refsingu allt að 10 ára fangelsi fyrir þá sem standa að fíkniefnaviðskiptum án þess að eiga beina aðild að innflutningi eða dreifingu fíkniefnanna. Þótt þessi tvö lagafrumvörp standi alveg sjálfstætt, þá er nú frv. til *meðferðar í efh.- og viðskn. um peningaþvott* eða peningaþvætti eins og það er nú nefnt og er það frv. tengt þeim frumvörpum sem hér er mælt fyrir.

Frv. um peningaþvætti byggist á tilskipun frá Evrópubandalaginu og á að reyna að fyrirbyggja að fjármálastofnanir verði notaðar í þessum tilgangi. Það er því mikilvægt að mínu mati að meðferð þessa máls verði hraðað eftir föngum. Grundvöllur þeirrar lagabreytingar sem hér hefur verið rætt um byggist m.a. á umræðum á alþjóðavettvangi um aðgerðir gegn ólöglegum fíkniefnaviðskiptum og athyglinni undanfarin ár hefur verið í auknum mæli beint að fjárhagshlið viðskiptanna. Þessi hlið mála hefur einnig verið raunhæft vandamál hér á landi og því er nauðsynlegt að enginn vafi leiki á um refsingar við þessum brotum og hægt sé að refsa fyrir þessi brot sjálfstætt. Þetta mál er því mikilvægur liður í baráttunni gegn fíkniefnum og það er nauðsynlegt að senda þessi skilaboð út í þjóðfélagið í varnaðarskyni sem fyrst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ávana- og fíkniefni, 2. umr.

Stjfrv., 339. mál (fíkniefnaviðskipti). — Þskj. 617, nál. 981.

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá allshn. um frv. til laga um breyting á lögum um ávana- og fíkniefni en allir nefndarmenn undirrita þetta álit.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með samþykkt þess. Frv. er flutt samhliða frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, 338. mál, og vísast til álits nefndarinnar um það mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kirkjugarðar, 2. umr.

Stjfrv., 375. mál (heildarlög). — Þskj. 659, nál. 971, brtt. 972.

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir áliti allshn. um frv. til laga um kirkjugarða, greftrun líka og líkbrennslu á þskj. 971, en brtt. eru á þskj. 972. Nefndarálitið undirrita allir nefndarmenn en Anna Ólafsdóttir Björnsson þó með fyrirvara.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Ara Edwald, aðstoðarmann dómsmrh.- og kirkjumrh., Þorstein Geirsson, ráðuneytisstjóra dómsmrn., og Davíð Ósvaldsson frá Líkkistuvinnustofu Eyvindar Árnasonar. Umsagnir bárust frá biskupi Íslands, Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma, Fríkirkjunni í Reykjavík, Verslunarráði Íslands, Reykjavíkurborg, Samkeppnisstofnun og Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Á meðal nýmæla frv. má nefna að lagt er til að af-

marka megi við kirkjugarðinn óvígða reiti og eru utanþjóðkirkjumenn þá sérstaklega hafðir í huga. Þess má geta að óvígður grafreitur er þegar fyrir hendi í Gufuneskirkjugarði og tilbúinn til afnota fyrir þá sem þess óska. Enn fremur verði heimilt að afmarka svæði í kirkjugarði og greftra þar án þess að grafarnúmers innan svæðisins sé getið og er þar komið til móts við óskir þeirra sem vilja hvíla í ómerktum gröfum. Kirkjugarðsstjórn mundi þó búa yfir öllum upplýsingum ef á þyrfti að halda, t.d. vegna opinberrar rannsóknar.

Frá því að frv. var lagt fram á 115. löggjafarþingi hafa verið gerðar á því breytingar sem miða að því að afmarka betur hvaða verkefnum kirkjugörðum er ætlað að kosta með kirkjugarðsgjöldum. Er frv. ætlað að jafna aðstöðu þeirra sem njóta þjónustu sem greidd er af kirkjugarðsgjöldum þannig að hún sé ekki misjöfn eftir landshlutum og eftir því hver sér um útförina. Nokkrum breytingum sem nefndin leggur til er ætlað að koma enn frekar til móts við athugasemdir þeirra sem óttast hafa um samkeppnisstöðu þeirra sem starfa við útfararþjónustu.

Nokkur túlkunaratriði voru rædd ítarlega í nefndinni og fékkst sá skilningur á hugtakinu „prestsþjónusta" í 2. mgr. 10. gr. frv. að forstöðumönnum skráðra trúfélaga yrði greitt fyrir þjónustu vegna útfara með sama hætti og prestum þjóðkirkjunnar. Er það í samræmi við það meginsjónarmið sem gilda á um túlkun laganna að þeim skuli framfylgt af umburðarlyndi og víðsýni gagnvart trúfélögum utan þjóðkirkjunnar. Einnig var upplýst að þótt ekki megi setja girðingar um leiði eða gera grafhýsi í kirkjugarði útiloki það t.d. ekki að þró sé steypt í leiðið. Það verði samkvæmt 28. gr. háð mati kirkjugarðsstjórnar hversu langt megi ganga og ágreiningi um það skotið til skipulagsnefndar kirkjugarða. Þá leggur nefndin til að gerðar verði eftirtaldar breytingar á frv.:

1. Lögð er til sú breyting á 2. gr. að ekki þurfi einróma samþykki maka og niðja látins manns um að lík hans skuli brennt. Þessi breyting er m.a. hugsuð til þess að einn sérvitringur í hópi niðja geti ekki komið í veg fyrir líkbrennslu þrátt fyrir vilja maka.

2. Lögð er til sú breyting á 9. gr. að utanþjóðkirkjusöfnuðum með a.m.k. 1.500 gjaldskylda meðlimi sé heimilt að kjósa fulltrúa sinn í kirkjugarðsstjórn. Í frv. er miðað við 2.000 gjaldskylda meðlimi en borist hafa ábendingar um að sú tala sé of há. Samkvæmt ákvæðinu þarf utanþjóðkirkjusöfnuður að uppfylla ákvæðið um fjölda gjaldskyldra meðlima á því svæði sem hinn sameiginlegi kirkjugarður eða kirkjugarðar þjóna. Þá eru enn fremur tekin af tvímæli um að söfnuðum sem uppfylla skilyrði greinarinnar verði heimilt en ekki skylt að skipa fulltrúa í kirkjugarðsstjórn.

3. Lögð er til sú breyting á 11. gr. að Samband ísl. sveitarfélaga eigi fulltrúa í skipulagsnefnd kirkjugarða en hlutverk hennar er að hafa yfirumsjón með kirkjugörðum landsins eins og nánar er mælt fyrir um í frv. Er þetta lagt til í ljósi þess að samkvæmt frv. hafa sveitarfélög með höndum margs konar verkefni. Þó er lögð áhersla á að ekki er með frv. verið að auka skyldur sveitarfélaga svo að einhverju skipti.

4. Lagt er til að í kaflafyrirsögn IV. kafla sé getið um skyldur sveitarfélaga og rétt en ekki eingöngu skyldur. Er þetta lagt til vegna 15. gr. sem kveður á um heimild sveitarfélaga til eignarnáms með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytis á hentugu landi undir kirkjugarð.

5. Lagt er til að 12. gr. verði breytt þannig að skylda sveitarfélags varðandi girðingu um kirkjugarð nái til þess að leggja til efni í girðinguna en það þurfi ekki að kosta uppsetningu hennar. Er ákvæðið þannig óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að ekki er tæmandi talið um hvaða byggingarefni geti verið að ræða. Það kom skýrt fram í nefndinni að þrátt fyrir það væri ekki stefnt að því að auka á kvaðir sveitarfélaga vegna þessa heldur væri aðeins verið að hafa ákvæðið opið varðandi önnur byggingarefni en áður eru upp talin.

6. Lagt er til að 2. málsl. fyrri mgr. 13. gr. falli brott, en þar er kveðið á um gerð og lýsingu vegar sem sveitarfélag á að leggja á kirkjugarði. Nefndin gengur út frá þessum atriðum sem vísum og er þeirrar skoðunar að óþarft sé að mæla fyrir um þau í lagatexta.

7. Lagðar eru til tvær breytingar á 21. gr. Annars vegar falli niður ákvæði um að dóms- og kirkjumálaráðuneyti leiti umsagnar skipulagsnefndar kirkjugarða um umsóknir um leyfi til útfararþjónustu. Í stað þess setji ráðherra nánari reglur um leyfisveitingu í reglugerð. Hins vegar verði skýrt mælt fyrir um í síðari mgr. að reki kirkjugarðsstjórnin útfararstarfsemi verði sú starfsemi og allir þættir tengdir henni algerlega aðskildir frá lögboðnum verkefnum kirkjugarðsstjórna.

8. Lögð er til sú breyting á 26. gr. sem miðar að því að gera ákvæðið skýrara.

9. Lagt er til að orðalagi 27. gr. verði leiðrétt til að fyrirbyggja misskilning.

10. Lagt er til að 37. gr. verði breytt þannig að Ríkisendurskoðun fari yfir reikningshald kirkjugarða.

11. Lagðar eru til tvær breytingar á 38. gr. Annars vegar falli niður 3. málsl. 4. mgr. en hann þykir óþarfur. Hins vegar verði 5. mgr. leiðrétt í samræmi við ákvæði laga um aðför, nr. 90/1989.

12. Lagt er til að síðari málsl. 44. gr. falli brott, en þar er kveðið á um kirkjuskoðunargjald sem prófasti ber fyrir skoðun kirkjugarðs og heimagrafreits. Ákvæði þetta er úrelt en kirkjuskoðunargjald var síðast ákvarðað 20 álnir og hefur ekki verið innheimt um langt árabil.

13. Lagt er til að 45. gr. verði breytt en réttara mun vera að nefna utanþjóðkirkjusöfnuði sem skráða í ákvæðinu.

14. Lagt er til að orðalagi 49. gr. verði breytt og mælt fyrir um að sóknarprestur skuli að jafnaði vera viðstaddur upptöku líks. Gefur það svigrúm til þess að forstöðumaður trúfélags utan þjóðkirkjunnar verði viðstaddur athöfnina sé þess óskað. Sóknarprestur yrði heldur aldrei viðstaddur ef við því yrði amast af ættingjum. Ákvæðið stefnir aðeins að því almennt að uppgröftur líka fari fram með ákveðnum virðuleik.

15. Lögð er til breyting á dagsetningu í 53. gr.

16. Lögð er til breyting á fyrirsögn frv. en orðinu „líka" þykir þar ofaukið."

Virðulegur forseti. Þessi mál hafa verið allnokkuð í umræðunni og því þyki mér rétt að bæta hér nokkrum athugaemdum við.

Þegar frv. til laga um kirkjugarða var lagt fyrir 115. löggjafarþing var ljóst að nokkur skoðanamunur var um það hvernig skyldi skipað nokkrum fjárhagslegum atriðum, aðallega varðandi útfararþjónustu en frv. gerði þá ráð fyrir því að kirkjugarðsstjórnir gætu niðurgreitt útfarir með kirkjugarðsgjöldum. Var því sjónarmiði haldið fram af einkaaðilum í útfararþjónustu sem starfa hér á Reykjavíkursvæðinu að slíkar niðurgreiðslur leiddu til aðstöðumunar hjá þeim sem stunduðu útfararþjónustu, en umsvifamesta útfararþjónusta landsins er sem kunnugt er rekin af kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma. Var tekið undir þessa gagnrýni m.a. af verðlagsráði og Verslunarráði Íslands. Virðist reyndar hafa verið svo um árabil að útfararþjónusta Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma hafi notið nokkurrar niðurgreiðslu af kirkjugarðsgjöldum.

Í því frv. sem nú er lagt fram hefur verið tekið á þessu máli á þann veg að niðurgreiðsla á útgjöldum er hlutlaus gagnvart því hver sér um útförina og líka gagnvart því hvar hún fer fram á landinu auk þess sem tekið er skýrt fram í lögum að þar sem kirkjugarðsstjórnir annist útfararþjónustu, þá skuli sú starfsemi og fjárhagur henni tengdur vera algerlega aðskilinn frá lögboðnum verkefnum kirkjugarðsstjórnar. Eins og fram kemur í nál. leggur allshn. síðan til þá viðbót að Ríkisendurskoðun séu sendir reikningar kirkjugarða. Reglur eru því skýrar um það eftir þessu frv. hvað það er sem má greiða af kirkjugarðsgjöldum. Sú leið sem farin er í frv. er að fastsetja hvaða þjónusta það er sem er veitt án sérstaks endurgjalds. Kemur það fram í 10. gr. frv. og er verkefni sem þar eru tilgreind þau að taka allar grafir í garðinum, sjá um árlegt viðhald legstaða og bera kostnað af prestsþjónustu við útfarir. Hefur hingað til verið mjög misjafnt eftir landshlutum í hvaða mæli aðstandendur hafa þurft að greiða fyrir fyrri liðina tvo, en síðasti liðurinn, prestsþjónustan, er í flestum tilvikum nýmæli og ætti hér í Reykjavík t.d. að geta vegið að nokkru upp á móti þeirri hækkun á útfararkostnaði sem orðið hefur vegna þess að Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma hafa hætt niðurgreiðslum innan stofnunar í samræmi við álit Verðlagsráðs um samkeppnisstöðuna.

Þetta fjárhagsmálefni hefur eins og áður var lýst verið það atriði sem helst hefur verið deilt um í tengslum við þessa lagasetningu og ætti nú að hafa verið ráðið til lykta en auk þess lagði allshn. nokkrar breytingar sem áður hefur verið greint frá í nál.

Ég vil að lokum ítreka það sem fram kemur í almennum athugasemdum með frv. að ekki er lögð til með þessu frv. breyting á þeim grundvelli sem aðstöðugjald er fyrir útreikning ákveðinna tekna kirkjugarða þótt innheimta aðstöðugjalds hafi verið felld niður með lögum nr. 113/1992, um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Þessu atriði verður ekki ráðið til lykta án tengsla við önnur atriði sem tengjast afnámi aðstöðugjaldsins og þarf að fjalla nánar um þau efni sem lög nr. 113/1992 taka til, verða sett niður til frambúðar fyrir árið 1994.

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka nefndarmönnum fyrir vel unnið starf í allshn. og vona að þessu máli verði vel tekið hér á hinu háa Alþingi.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram í upphafi máls míns að þótt ég riti undir nál. með fyrirvara, þá hef ég ákveðið að styðja þetta frv. og stuðningur minn er ekki eingöngu vegna þess að ég sé sáttur við öll þau ákvæði sem þar eru heldur fyrst og fremst til þess að sýna ákveðna samstöðu vegna þess að það er útlit fyrir að ákveðin sátt hafi náðst í mjög erfiðu deilumáli, þó e.t.v. ekki fullnaðarsátt. Það munu komandi vikur og mánuðir leiða í ljós, þar sem enn eru einhver gagnrýniatriði í umræðunni. En þar sem nú er komin ákveðin niðurstaða í þessa mál, þá finnst mér ástæða til þess að styðja það til enda. Og ég vil einnig taka undir með hv. formanni nefndarinnar að það hefur verið unnið vel í þessu máli innan nefndarinnar og ég þakka henni einnig samstarfið og elju og þolinmæði við að vinna þetta frv. eins vel og hægt var miðað við það að nokkur efnislegur skoðanaágreiningur var uppi. Og það er einmitt að þessum efnislega skoðanaágreiningi sem minn fyrirvari lýtur.

Það er almennt séð fyrst og fremst vegna þess að mér þykir nokkuð langt enn þá seilst í þá átt að sýna of mikla forsjárhyggju gagnvart óskum fólks um það hvað það vill að verði um það eftir andlátið. Svo sem kunnugt er hefur hér lengi verið sú hefð að ekki má í raun koma jarðneskum leifum fólks fyrir annars staðar en í kirkjugarði. Vissulega er það til bóta og það mikilla bóta að nú skuli vera möguleiki til þess bæði að hafa óvígðan reit innan kirkjugarðs og einnig að hafa ómerktar grafir. Hvort tveggja kemur til móts við sjónarmið þeirra sem ekki kjósa að hvíla annaðhvort í vígðri mold eða leggja það á ættingja sína t.d. að fara að hirða um grafir og annað slíkt. En í sumra augum er það einfaldlega álag á ættingja sem þeir kjósa ekki að standa fyrir. Og ég tel fulla ástæðu til þess að virða hinstu óskir fólks. Það sem ekki er gert hérna, og ég hefði kosið að sjá í þessu frv., er það að virða óskir þeirra sem vilja hafa þann háttinn á að geta t.d. fengið að láta dreifa ösku sinni út yfir hafið. Þetta er þekkt hjá ýmsum öðrum þjóðum. Ég verð að segja það eins og er að þeir sem ég hef rætt þetta mál við, trúa mér hreinlega ekki þegar ég segi að t.d. gamlir skipstjórar hafi ekki leyfi til þess að láta dreifa ösku sinni yfir Faxaflóa eða einhver fengsæl mið eftir sinni ósk. Mér þykir það alla vega mjög einkennilegt að vera með svona ofvaxna forsjárhyggju gagnvart jarðneskum leifum fólks og að virða ekki það sem oft er viðkvæmt hjá fólki, en það eru hinstu óskirnar. Og þetta tel ég að maður verði að taka alvarlega. Ég geri mér alveg grein fyrir því að það væri breyting á hefð sem hefur verið, ef það væri farið út á þessa braut sem ég nefni hér, en ég held að sú breyting væri til bóta.

Ég held að það sé nauðsynlegt að það komi fram að ég hef þennan fyrirvara, þennan ákveðna efnislega fyrirvara vegna þess að ég tel að það verði að virða óskir fólks og þetta er ekki að neinu leyti hugsað sem einhvert ábyrgðarleysi eða fleipur með jarðneskar leifar, síður en svo, heldur einmitt það að virða það hvernig fólk vill ráða því hvað verður um þeirra jarðnesku leifar. Ég geri mér hins vegar fullkomna grein fyrir því að einhver mörk verður að setja og ég tel það t.d. eðlilegt að það sé þá miðað við það að fólk sé ekki skylt að láta ker með ösku fara ofan í mold ef það kýs eitthvað annað og mér þykir satt að segja nokkuð hjákátlegt svo að ekki sé meira sagt að það skuli vera borið við heilbrigðissjónarmiðum m.a. hjá þeim sem mæla gegn slíkri tilhögun. Það kom fram í störfum nefndarinnar að meiri hluti þeirrar ösku sem fer í duftker kemur nú reyndar af kistu sem er brennd með. Ég læt það liggja á milli hluta að ræða það hvort það sé yfir höfuð ástæða til þess að vera að brenna kistur í stórum stíl, en látum það nú vera. En hér er ekki um óyfirstíganlegt mál að ræða í augum margra annarra þjóða og ég sé ekki að við ættum að þurfa að hafa svo ýkjamiklar áhyggjur af því að t.d. allur Faxaflói verði mengaður vegna slíks. Þetta er bara fyrirsláttur og ekkert annað.

Þetta er minn meginfyrirvari en einnig geri ég athugasemd við það þrátt fyrir orð hv. formanns allshn. að það skuli vera miðað enn við aðstöðugjald í þessu frv. þar sem fyrir liggur að aðstöðugjald er stofn sem ekki á að miða við í framtíðinni. Og mér þykir það hreinlega skjóta skökku við að vera að setja núna í lög viðmiðun við aðstöðugjald. Ég held að það hefði ekki verið svo óskaplega erfitt að reyna að glíma við þetta mál. Nógu mörg erfið úrlausnarefni voru leyst við vinnslu þessa máls, bæði á milli þinga og í nefnd þannig að það var óþarfi að gefast upp í þessari glímu og það er hjákátlegt að vera að setja núna í lög ákvæði um viðmiðun við aðstöðugjald eins og gert er í 38. gr. þessa frv.

Varðandi útfararkostnað tel ég að það hafi náðst viðunandi niðurstaða, a.m.k. eftir því sem kynnt var í nefndinni. Það sem fyrst og fremst er í mínum huga mikilvægt er sú samræming og sú nýja skipan að þjóðkirkju og ákveðnum landsvæðum sé ekki hyglað umfram aðra varðandi niðurgreiðslu á útfararkostnaði að þetta frv. muni ekki verða til þess að hækka útfararkostnað almennt heldur jafna. Og mér þykir mikilvægt að þær upplýsingar komi fram í nefndinni og treysti því að svo muni verða.

Þetta eru þau atriði sem mér þykir á þessu stigi málsins mikilvægast að drepa á. Vissulega hefði verið verðugt að ræða þetta mál á dagtíma og taka ítarlegri umræðu, ekki síst eftir alla þá umræðu sem verið hefur áður en frv. kom í þann búning sem það nú er eða verður ef brtt. hv. nefndar verða samþykktar. En þar sem ekki er hægt að bjóða upp á betri tíma fyrir þetta mikilvæga mál, þá held ég að það sé alveg óþarfi að vera að tefja þennan þingfund mikið lengur. Ég tek það sérstaklega fram að minn fyrirvari er fyrst og fremst vegna þessara efnisatriða en það eru önnur atriði einnig sem ég hefði gjarnan viljað gera hér að umtalsefni. Það er bagalegt að vinna undir þessari pressu sem nú er. Við erum hér býsna mörg sem þurfum að sækja nefndarfundi snemma í fyrramálið, höfum beðið lengi eftir að komast að í þessa umræðu og ég læt þetta duga að þessu sinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norðurlandasamningur um almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 283. mál. — Þskj. 406, nál. 986.

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég kynni hér nál. á þskj. 986 um frv. til laga um heimild til þess að fullgilda Norðurlandasamning um almannatryggingar frá utanrmn.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund til viðræðna um það Ara Skúlason frá Alþýðusambandi Íslands og Björn Arnórsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Nefndin sendi heilbr.- og trn. málið til umsagnar og mælti hún með að frv. yrði samþykkt.

Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir álitið skrifa Björn Bjarnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur Hermannsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Geir H. Haarde, Páll Pétursson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Árni R. Árnason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála, 2. umr.

Stjfrv., 372. mál (ákæruvald lögreglustjóra o.fl.). — Þskj. 656, nál. 987 og 991, brtt. 988.

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá meiri hluta allsh. um frv. til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 frá 26. mars 1991, með síðari breytingum. Þetta nál. er á þskj 987.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Halldór Þorbjörnsson hæstaréttardómara frá réttarfarsnefnd. Umsagnir bárust frá fjmrn., héraðsdómi Norðurlands eystra, héraðsdómi Reykjavíkur, héraðsdómi Suðurlands, héraðsdómi Vesturlands, héraðsdómi Norðurlands vestra, ríkissaksóknara, Sýslumannafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands og lögreglustjóranum í Reykjavík. Allir þessir umsagnaraðilar voru sammála um nauðsyn þessarar lagabreytinga.

Í frv. er í fyrsta lagi lagt til að ákæruvaldi lögreglustjóra verði breytt, en það er samkvæmt 28. gr. laganna takmarkað við tilteknar tegundir minni háttar brota. Það hefur í för með sér að embætti ríkissak-

sóknara hefur umtalsverðan fjölda af minni háttar málum til meðferðar sem ekki er unnt að afgreiða með öðrum hætti en útgáfu ákæru og síðan dómstólameðferð. Þessi mál hefðu mörg hver verið afgreidd með dómsátt án afskipta ríkissaksóknara samkvæmt eldri lögum um meðferð opinberra mála. Markmið frv. er að ákæruvald lögreglustjóra nái til þessara mála og enn fremur að réttaröryggi almennings verði bætt með því að mál gangi hratt og vel fyrir sig.

Tilefni breytinganna er dómur Hæstaréttar frá 7. jan. 1993 þar sem túlkað var hvernig ríkissaksóknari mætti beita heimild 2. mgr. 28. gr. laganna til að fela lögreglustjórum ákæruvald. Meiri hluti nefndarinnar tekur hins vegar undir þá almennu ábendingu Lögmannafélags Íslands að viss hætta geti verið því samfara að einn og sami maðurinn annist rannsókn brotamáls, ákæri í því og sæki síðan málið. Hins vegar er rétt að benda á það í þessu sambandi að lögreglan rannsakar að sjálfsögðu mál í umboði ákæruvaldsins, þar með ríkissaksóknara, þannig að hér ætti ekki að vera mikil hætta á ferðum. Rétt er einnig að benda á að réttarfarsnefnd samdi frv. um hin nýju lög um meðferð opinberra mála og opnaði þar fyrir ákæruvald lögreglustjóra. En um þetta segir m.a. í grg. með frv., með leyfi virðulegs forseta:

„Ákvæði 28. gr. laga um meðferð opinberra mála um ákæruvald lögreglustjóra voru nýmæli og í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 19/1991 var ákvæðið mótað á þann veg að ákæruvald lögreglustjóra var afmarkað við tilteknar tegundir minni háttar brota. Af hálfu réttarfarsnefndar var þetta gert með því hugarfari að á síðari stigum gæti komið til athugunar að færa út ákæruvald lögreglustjóra þegar reynsla hefði fengist af þessum nýmælum."

Reynslan hefur nú leitt í ljós þörf á þeim lagabreytingum sem hér eru lagðar til en það var einmitt eitt af meginmarkmiðum aðskilnaðar dómsvalds og framkvæmdarvalds að hraða meðferð mála til þess að tryggja enn frekar réttaröryggi. En ef þessi breyting verður ekki gerð sem hér er lögð til þá mun vinnuálag hjá ákæruvaldi og dómstólum aukast mjög og þykir ýmsum sem það sé allmikið nú þegar.

Í öðru lagi er lagt til að aðild að kröfugerð um kyrrsetningu á eignum sakbornings skv. 85. gr. laganna verði breytt þannig að sá sem stýrir rannsókn eða ríkissaksóknari geti gert kröfu um kyrrsetningu. Er breytingin lögð til í tilefni af úrskurði sem kveðinn var upp í héraðsdómi Reykjavíkur 17. september 1992. Þar var niðurstaðan sú að lögreglustjóri gæti aðeins krafist kyrrsetningar ef hann færi með ákæruvald í þeim brotaflokki sem brot heyrði til. Þörf er á að breyta ákvæðinu þannig að lögreglustjóri hafi heimild til þess að krefjast kyrrsetningar við rannsókn máls en nauðsynlegt getur verið að slík tryggingarráðstöfun sé gerð strax í upphafi rannsóknar.

Í þriðja lagi er lagt til að ákvæðum um útgáfu fyrirkalls og ákæru skv. 120. gr. laganna verði breytt. Er miðað við að frestur til fyrirkalls miðist við móttöku dómara á ákæru og skuli hann eigi síðar en þremur vikum eftir móttöku ákæru gefa út fyrirkall á hendur ákærða. Samkvæmt gildandi lögum er fresturinn fjórar vikur eftir að ákæran er gefin út. Komið hefur fyrir að birting ákæru, sem gefin hefur verið út, hefur dregist þannig að ógerlegt hefur verið fyrir dómara að gefa út fyrirkall tímanlega. Komið hafa ábendingar um að 5. gr. frumvarpsins sé ekki nógu skýr þannig að óljóst sé hvort fresturinn byrji að líða þegar máli hefur verið úthlutað dómara til meðferðar eða þegar málið berst dómstólnum. Kemur vafinn upp þar sem um fjölskipaðan dómstól er að ræða. Til þess að taka af allan vafa er lagt til að orðalagi ákvæðisins verði breytt og fyrri skilningurinn verði lagður til grundvallar.

Þessi breyting við 5. gr. mundi orðast svo:

„Jafnframt gefur hann svo fljótt sem verða má, og eigi síðar en þremur vikum eftir að hann fær í hendur ákæru, út fyrirkall á hendur ákærða sem greinir stað og stund þingfestingar ásamt áskorun til hans um að sækja þing."

Frv. miðar að því svo sem að framan er lýst að sníða vankanta af nýlegum lagabálki og er í samræmi við þann tilgang sem ætlunin var að ná með samþykkt þess.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frv. með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingi Björn Albertsson og Kristinn H. Gunnarsson.

Undir nál. skrifa: Sólveig Pétursdóttir, Jón Helgason, Sigbjörn Gunnarsson, Pétur Bjarnason og Björn Bjarnason.

Frsm. minni hluta allshn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hluta allshn. sem er að finna á þskj. 991.

Ástæða þess að ég tel mig ekki geta tekið þátt í afgreiðslu málsins er fyrst og fremst sú að verið er með þessu frv. að víkka frekar en gert var með setningu laga nr. 19/1991 heimild þá sem hægt er að veita lögreglustjóra til að gefa út ákæru vegna svokallaðra minni háttar brota.

Minni hlutinn getur ekki fallist á 2. gr. frumvarpsins en þar er ákvæðum um ákæruvald lögreglustjóra breytt þannig að það geti tekið til fleiri mála, þ.e. tiltekinna tegunda minni háttar afbrota.

Lögmannafélag Íslands bendir á í umsögn sinni um málið að ávallt sé ákveðin hætta því samfara að einn og sami maðurinn annist rannsókn brotamáls, ákæri í því og sæki síðan málið. Við slíkar aðstæður sé ekki nægilega tryggt að gætt sé þeirrar hlutlægni við rannsókn sem 31. gr. laganna býður. Samkvæmt því lagaákvæði ber rannsóknara að gæta jafnt að þeim atriðum er horfa til sýknu og sektar. Hætt er við að ef hann eigi að sækja mál að rannsókn lokinni muni hann beina rannsókninni að þeim atriðum er horfi til sektar til þess að ná fram sakfellingu síðar og þar með „sýna árangur í starfi". Það sé þáttur eða veikleiki í mannlegu eðli sem ekki megi loka augunum fyrir. Minni hluti nefndarinnar telur rétt að taka tillit til þessarar ábendingar,

jafnvel þótt að aðeins sé um kæru að ræða eða heimild til útgáfu kæru.

Enn fremur kom fram við störf í nefndinni hjá fulltrúa réttarfarsnefndar, Halldóri Þorbjörnssyni, að ekki hafi verið valin heppilegasta leiðin í þessu máli við setningu laga um meðferð opinberra mála með því að hafa ákværuvald í svo mörgum málum í höndum lögreglustjóra. Sú stefna var hins vegar mörkuð með setningu laganna og það var sú niðurstaða sem þar fékkst. *Því leggst minni hlutinn ekki gegn þessu máli en mun* ekki taka þátt í afgreiðslu þess vegna þessara vankanta.

Eins og fram kom í máli frsm. meiri hluta hv. allshn. eru líkur á því að mörgum þeirra mála sem hér um ræðir ljúki með dómsátt. Það á hins vegar áreiðanlega ekki við um öll þau brot sem hér um ræðir og ég vek athygli á því að það geta verið býsna alvarleg brot sem geta leitt til tveggja ára fangelsisdóms. Útvíkkun á kæruheimild lögreglustjóra er því orðin töluvert mikil. Einnig er vert að spyrja sig þeirrar spurningar hvort yfir höfuð hafi verið valin rétt leið með því að gefa lögreglustjórum allvíðtæka heimild til útgáfu ákæru er lög um meðferð opinberra mála voru sett 1991.

Það er vegna þess að um þetta hafa reynst eitthvað skiptar skoðanir innan réttarfarsnefndar að ég varpa þessari spurningu fram. Ég geri mér grein fyrir því að henni verður ekki svarað í þessari umræðu og með þessum breytingum. Það var nokkuð bagalegt að þetta kom ekki fram að ég muni er það mál var til umfjöllunar í allshn. fyrir tveimur árum og því gerðum við nefndarfólk ekki athugasemd þá. Við fengum þá niðurstöðu sem varð án þess að skoðanaskiptin kæmu í ljós frá réttarfarsnefnd. En ég vil vekja athygli á því að athugasemd Lögmannafélagsins og efasemdir Halldórs Þorbjörnssonar í þessu máli, sem ég tek skýrt fram að eru vangaveltur frekar en bein gagnrýni, hníga í sömu átt. Mér finnst því álitamál hvort ástæða sé til að víkka út heimild sem nú þegar má deila um og því hef ég kosið að taka mér meiri umhugsunartíma og sitja hjá við afgreiðslu þessarar útvíkkunar og áskil mér rétt til þess síðar að taka málið e.t.v. upp ef ástæða þykir til. En ég ætla ekki að fara ítarlegar út í þau skoðanaskipti sem urðu innan nefndarinnar. Nefndarmenn vita af því og ég get tekið undir það að það er ekki tilefni til þess hér og nú að breyta um stefnu heldur einungis að vekja athygli á því að hugsanlega hefur þarna ekki verið valin eina færa og góða leiðin. Ég get hins vegar heils hugar tekið undir það að mikil þörf er á að stytta þann tíma sem málsmeðferð tekur og það er auðvitað tilgangurinn með þessu frv. og það er jákvæði hlutinn.

Ég tel ástæðu til þess að gera örlitla athugasemd vegna 5. gr. þessa frv. þar sem í túlkun meiri hluta nefndarinnar kom fram að það er gert ráð fyrir því að sá frestur sem þar um ræðir hefjist þegar máli hefur verið úthlutað dómara til meðferðar og þessi túlkun er til komin til þess að eyða vafa þar sem um fjölskipaðan dóm er að ræða.

Dómstjóra í fjölskipuðum dómi er samkvæmt þessu ekki veitt aðhald frá því hann móttekur ákæru og þar til hann úthlutar málinu. Vissulega má ætla og ég hef enga ástæðu til annars en að ætla það að þetta leiði ekki til þess að óeðlilegur dráttur verði á slíkri úthlutun. Og eftir því sem upplýsingar voru veittar innan nefndarinnar þá skilst mér að mál séu dagsett þegar við móttöku til embættis. En það breytir því ekki að það er mögulegt að óeðlilegur tími líði frá því að dómstjóri móttekur mál og þar til hann úthlutar því til dómara. Það tel ég óheppilegt og ef dæmi koma í framtíðinni *upp um það að óeðlilegur dráttur verði á úthlutun mála* hjá dómstjóra þá tel ég óhjákvæmilegt að þarna verði sett ákvæði um frest hans, ekki síður en frest dómaranna sjálfra.

Þessar athugasemdir geri ég við þetta frv. og eins og ég lýsti áður þá mun ég ekki taka þátt í afgreiðslu málsins. En ég tel að þau rök sem fram komu í nefndinni um það að ef breyting verði ekki gerð þá muni það óhjákvæmilega þýða lengingu á þeim tíma sem málsmeðferð tekur, þá tel ég að miðað við núverandi kerfi séu ekki ástæður til þess að leggjast gegn þessu máli og þar með að styðja það að óeðlilegur dráttur verði á málum. Ég vek athygli á því að það er hægt að fara fleiri leiðir og vonast til þess að þær umræður sem vöknuðu innan nefndarinnar munu leiða til þess að menn hafi þetta hugfast.

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir): Virðulegi forseti. Í tilefni þessa minnihlutaálits þykir mér rétt að koma með nokkrar athugasemdir. Eins og ég hef nefnt áður þá kom það skýrt fram hjá umsagnaraðilum að þeir voru fylgjandi þeirri breytingu sem frv. gerir ráð fyrir og það voru allir dómstólar landsins, ríkissaksóknari, lögreglustjórinn í Reykjavík og fleiri aðilar sem sendu umsagnir ásamt Lögmannafélagi Íslands, en þar sem sérstaklega er vitnað til þeirrar umsagnar þá tel ég rétt að taka það fram að þeir vísa einmitt til þessa dóma sem er minnst á í grg. með frv., annars vegar dóms Hæstaréttar Íslands frá 7. jan. 1993 og síðan héraðsdóms Reykjavíkur frá 17. sept. 1992 og segja sem svo að hér sé því verið að reyna að sníða vankanta af nýlegum lagabálki. Þeir koma með þessi almennu aðvörunarorð, en segja síðan í lokin:

„Laganefnd hlýtur að vekja athygli á þessu og jafnframt að leggja til að farið sé varlega í þessum efnum.“ — Þetta er sem sé almenn viðvörun sem að sjálfsögðu er rétt að hafa í huga.

Halldór Þorbjörnsson kom sem fulltrúi réttarfarsnefndar á fund allshn. en réttarfarsnefnd samdi einmitt frv. um meðferð opinberra mála í tengslum við aðskilnaðinn. Þeir opnuðu þar fyrir ákæruvald lögreglustjóra m.a. vegna þess að það hefði þótt ófært að það væri bara einn aðili í Reykjavík sem gæti ákært, þ.e. ríkissaksóknari, en ekki hefði þótt heppilegt að fara að stofna nýtt bákn, þ.e. ríkissaksóknara út um allt land.

Halldór tók undir það að þetta væri stigsmunur og hér væri um að ræða ákæruvaldið í víðari merkingu, enn fremur að hann hefði sjálfur bent á ýmis atriði sem þyrfti að breyta, m.a. skv. 5. gr. frv.

Ég held nú reyndar að ummæli hans hafi e.t.v. eitthvað verið misskilin en meiri hluti nefndarinnar taldi

þessar breytingar réttar enda þótt full ástæða sé til að fara varlega á þessu sviði.

Varðandi dómstjóra sem hv. þm. minntist á hér áðan þá hef ég ástæðu til að ætla að ákveðnar reglur gildi um verk þeirra og tel því ekki ástæðu til þess að óttast um starfsemi þeirra.

Það er einnig rétt að benda á 27. gr. laga um meðferð opinberra mála en þar getur ríkissaksóknari m.a. kveðið á um rannsókn máls og mælt fyrir um framkvæmd hennar eða tekið rannsókn í sínar hendur. Enn fremur er rétt að benda á 4. gr. laga um Rannsóknarlögreglu ríkisins þar sem ríkissaksóknari getur falið Rannsóknarlögreglu ríkisins rannsóknir einstakra mála, hvar sem er á landinu, þegar hann telur þess þörf. Þannig að þetta eru víðtækar heimildir.

Segja má að þetta sé ákæruvaldið í víðari merkingu en ýmsum hefur einmitt þótt óheppilegt hversu lítil tengsl hafa verið hér á landi milli lögreglu og ríkissaksóknara en það hvílir sama hlutlægnisskyldan á þessum aðilum, skv. 31. gr. laganna um meðferð opinberra mála.

Að síðustu má svo benda á athyglisvert viðtal í Dagblaðinu í dag við Gísla Guðjónsson réttarsálfræðing í Bretlandi um íslenskt réttarkerfi en hann telur meiri líkur á réttlátri málsmeðferð hér á landi en t.d. bæði í Bretlandi og í Bandaríkjunum. Segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Hérna eru játningar yfirleitt fengnar fram á grundvelli miklu ítarlegri vinnu þar sem einnig er tekið tillit til þess við rannsóknir mála að viðkomandi geti verið saklaus. Rannsóknarvinna lögreglu hér er mjög vönduð og því meiri líkur á réttlátri málsmeðferð."

Frsm. minni hluta allshn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég held að þessi síðustu orð sem hv. þm. vitnaði til ítreki það einmitt að það er ekki sjálfgefið að það að lögreglan hafi á hendi rannsókn mála tryggi góða málsmeðferð og það sé einmitt það sem hann er að vekja athygli á að hér hafi tekist vel til og því ber að sjálfsögðu að fagna.

Ég tek undir það að við fengum jákvæðar umsagnir þó með þeim viðvörunarorðum sem við höfum báðar rakið hér, framsögumenn álits meiri hluta og minni hluta, en að sjálfsögðu voru sumar þessara umsagna stuttaralegar. Það má vel vera að ástæða þess að tekið var undir þau sjónarmið sem koma fram, eða þær breytingar sem gerðar eru með þessu frv., geti verið að enginn vill það ófremdarástand að mál fari að hlaðast upp hjá ríkissaksóknara eins og fyrirsjáanlegt er og þarna ráði hreinlega raunsæi. Um þetta get ég í rauninni ekki sagt, ég held hins vegar að það geti alveg eins verið og ég held í rauninni að það megi greina það á ræðum framsögumanna beggja hluta allshn., meiri hluta og minni hluta, að í rauninni séum við býsna mikið sammála um að það þurfi að gæta ákveðinnar varfærni í svona viðkvæmum málum. Spurningin er bara sú hvort við veljum að styðja þá leið sem farin var með setningu laga um meðferð opinberra mála og fylgt er eftir og gerð ítarlegri eða hvort við kjósum að kanna fleiri leiðir í samræmi við þær athugasemdir sem fram hafa komið og e.t.v. leitað annarra lausna. Ég vil alls ekki útiloka það. Ég hef hins vegar ekki séð klæðskerasniðna neina lausn sem er sjálfgefið að verði betri. Ég held að það sé of mikið að segja að valið standi einungis um það að setja upp mikið bákn í kringum ríkissaksóknaraútibú víða um land og þess að bæta á þau mál sem lögreglan hefur ákæruvaldið í. Og ég geri mér að sjálfsögðu grein fyrir því að þarna er einungis um útvíkkun ákæruvalds að ræða. Um það þarf ekkert að deila. Þarna er munur sem ég vil leyfa mér að telja stigsmun en ekki eðlis um það hvernig, á hvern hátt varfærni sé best gætt. Eins og ég tek sérstaklega fram og er búin að gera hér áður þá hef ég ekki ákveðið að leggjast gegn málinu heldur vil einungis koma með þessar ábendingar, en þar sem ekki var talin ástæða til að taka upp frekari könnun á leiðum í þessu máli þá get ég ekki staðið að afgreiðslu málsins og sit því hjá.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 256. mál (almenn endurskoðun). — Þskj. 333, nál. 978, brtt. 979.

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá allshn. um frv. til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 50 frá 30. mars 1987, á nál. 978 og með brtt. á þskj. 979.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Ólaf Walter Stefánsson, skrifstofustjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, frá Umferðarráði Þórhall Ólafsson formann, Óla H. Þórðarson framkvæmdarstjóra og Guðmund Þorsteinsson, Ólaf Ólafsson landlækni og Brynjólf Mogensen og Kristin R. G. Guðmundsson yfirlækna á Borgarspítalanum. Umsagnir bárust frá Bifhjólasamtökum lýðveldisins, Bifreiðaskoðun Íslands, Ökukennarafélagi Íslands, Landssambandi íslenskra akstursíþróttafélaga, Náttúruverndarráði, lögreglustjóranum í Reykjavík, Umferðarráði, Slysavarnaráði Íslands, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Sýslumannafélagi Íslands, Neytendasamtökunum, Vinnueftirliti ríkisins og Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

Frumvarp þetta miðar að því að endurskoða nokkur ákvæði umferðarlaganna og gera þau jafnframt skýrari og einfaldari í framkvæmd. Enn fremur hefur frumvarpið að geyma nýmæli, svo sem ákvæði sem heimila ráðherra að setja reglur um æfingaakstur á bifreið án löggilts ökukennara en undir leiðsögn sérstaks leiðbeinanda, að tími til æfingaaksturs verði lengdur úr þremur mánuðum í sex og kveðið verði á um skyldunotkun hlífðarhjálms við akstur torfærutækis. Þetta atriði í sambandi við leiðbeinandann er rætt sérstaklega

í greinargerð með frv. og þar segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Talið hefur verið að það sé að nokkru leyti reynsluleysi að kenna að ungir ökumenn lenda oftar í umferðaróhöppum en aðrir ökumenn. Ástæða þessa sé í sjálfu sér ekki vanþekking á umferðarreglum eða léleg ökukennsla heldur fyrst og fremst of lítil reynsla í akstri. Er talið að úr þessu megi bæta með því að heimila nemanda að æfa sig í akstri með leiðbeinanda sem þegar hefur hlotið reynslu í akstri þannig ökutækis. Slík heimild er fyrir hendi í nokkrum löndum og er talin hafa skilað árangri. Oft er um það að ræða að foreldri eða eldra systkini sé þannig leiðbeinandi."

Það er skilningur nefndarinnar að hér sé um að ræða viðbót við hina hefðbundnu ökukennslu sem nú er í dag.

Auk þessara nýmæla leggur nefndin m.a. til að við frumvarpið bætist ákvæði um bann við framúrakstri á vegamótum og um heimild til ráðherra að setja reglur um torfæruakstur utan vega. Reyndar tel ég réttara og það er skilningur nefndarinnar að það sé nákvæmara að tala hér um akstur utan vega því að torfæruakstur bíður upp á fremur þrönga túlkun og bið ég hv. þm. um að athuga það. Þá leggur nefndin til að ráðherra verði veitt heimild til að setja reglur um notkun hlífðarhjálma við hjólreiðar. Breytingartillögur nefndarinnar eru þessar:

Lagt er til að ný grein komi á eftir 4. gr. sem kveði á um breytingu á 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, um bann við framúrakstri við gatnamót. Í a–d-liðum ákvæðisins eru taldar upp undantekningar frá banninu. Fram hefur komið að þær hafa verið túlkaðar sem sjálfstæð heimild til framúraksturs en ekki undantekningar frá almennu banni við framúrakstri eins og réttara þykir. Til þess að eyða óvissu um túlkun ákvæðisins og í ljósi markmiðs þess, að tryggja greiða umferð án þess að stefna umferðaröryggi í hættu, leggur nefndin til að orðalagi þess verði breytt.

Lögð er til breyting á 6. gr. til að taka af tvímæli um að þokuljós megi nota ásamt ökuljósum með lágum ljósgeisla.

Lagt er til að ný grein komi á eftir 7. gr. sem heimili ráðherra að setja reglur um torfæruakstur utan vega. Talsvert mun hafa borið á því að unglingar, sem ekki hafa almennt bifhjólapróf, aki t.d. torfæruhjólum utan vega en ekki hefur verið hægt að beina þessum akstri inn á æfingasvæði eða inn í keppni sökum kröfu um ökuréttindi.

Lögð er til breyting á 10. gr. en viðmiðun sú, sem nota á í sambandi við bifhjól í d-lið ákvæðisins, þykir betur komin í reglugerð.

Lagt er til að 11. gr. verði breytt þannig að í fyrsta lagi verði b-liður að c-lið og öfugt. Í öðru lagi er lagt til að aldur leiðbeinanda við æfingaakstur verði 24 ár í stað 21 árs og í þriðja lagi skal hann hafa a.m.k. fimm ára reynslu af að aka viðkomandi ökutæki í stað þriggja ára.

Lögð er til leiðrétting á tilvísun í 13. gr.

Lagt er til að ný grein komi á eftir 19. gr. frumvarpsins sem kveði á um heimild ráðherra til að setja reglur um notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar. Landlæknir, yfirlæknir slysavarðstofunnar í Reykjavík og heilaskurðlæknir komu á fund nefndarinnar. Var erindi þeirra að mæla með því við nefndina að hún flytti breytingartillögu við frumvarpið um skyldu barna til að nota hlífðarhjálma á reiðhjólum. Nefndin fékk senda m.a. greingargerð frá Slysadeild Borgarspítalans um rannsókn á slysum á börnum í umferðinni. Þar komu ýmsar athyglisverðar upplýsingar í ljós en í ályktun segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Umferðarslys barna eru sem betur fer lítill hluti af heildarslysatíðni barna. Slysin eru þó mun alvarlegri en önnur slys. Reiðhjólaslys eru algengustu umferðarslys barna og eru alvarleg þar sem helmingi fleiri börn þurftu að leggjast inn á sjúkrahús en eftir barnaslys almennt. Notkun á reiðhjólahjálmum mundi fækka alvarlegum höfuðáverkum hjá börnum sem lenda í reiðhjólaslysum." Af þessu tilefni fékk nefndin starfsmenn Umferðarráðs til fundar við sig. Þeir kynntu nefndarmönnum kynningarstarf ráðsins um þetta efni en töldu ekki tímabært að lögfesta skyldu til að nota hlífðarhjálma á reiðhjólum. Lagasetningin hefði ekki gildi fyrr en notkun hlífðarhjálma hefði náð ákveðnu marki (20–25%). Skiptar skoðanir komu fram í nefndinni um málið, hvort rétt væri að lögfesta notkun hlífðarhjálma við hjólreiðar, við hvaða aldur ætti að miða notkunina og um gerð hjálmanna. Niðurstaða meiri hluta nefndarmanna varð sú að leggja til að ráðherra hefði heimild til að setja reglur um notkun hlífðarhjálma á reiðhjólum. Er litið svo á að með þessu sé ekki lögfest heimild til þess að skylda hjólreiðamenn til að nota hlífðarhjálma. Slíkri skyldu ber hins vegar að veita lagavernd. Með þessari niðurstöðu meiri hluta nefndarmanna er komið er til móts við sjónarmið þeirra sem vilja lögfesta notkun hlífðarhjálma við hjólreiðar en beðið með frekari ákvarðanir löggjafans í þessu efni.

Að lokum eru lagðar eru til breytingar á 28. gr. sem miða aðallega að því að lagfæra orðalag 112. gr. umferðarlaga.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Ingi Björn Albertsson stendur að breytingartillögum nefndarinnar en styður ekki 7. lið breytingartillagnanna (um notkun hlífðarhjálma við hjólreiðar).

Undir nál. rita eftirtaldir nefndarmenn, Sólveig Pétursdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Auður Sveinsdóttir, Björn Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Pétur Bjarnason, Sigbjörn Gunnarsson, Jón Helgason og Ingi Björn Albertsson, sá síðastnefndi með fyrirvara.

Ég vil einnig nota þetta tækifæri til að þakka hefndarmönnum í allshn. fyrir vel unnin störf að þessu máli. Hér er um að ræða mjög mikilvægt mál sem snertir flesta landsmenn og er það von mín að þessu máli verði vel tekið hér á Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjöleignarhús, 1. umr.

Stjfrv., 517. mál. — Þskj. 874.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um fjöleignarhús. Frv. ef að lögum verður er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 59/1976, um fjölbýlishús, sem jafnan eru kölluð fjölbýlishúsalögin.

Núgildandi lög eru knöpp og stutt, aðeins 19 greinar og er gildissvið þeirra mjög vítt og þau eru að mestu ófrávíkjanleg. Það gefur auga leið að hin ófrávíkjanlegu fyrirmæli laganna hljóta að eiga misjafnlega vel við um þau margbreytilegu hús sem þau taka til. Þegar þannig eru settar fáar, víðtækar og sameiginlegar meginreglur leiðir af sjálfu sér að mörgum atriðum hlýtur að vera ósvarað. Hafa menn helst fundið lögum nr. 59/1976 það til foráttu að þau veki í raun upp fleiri spurningar og álitamál en þau svari. Hefur það leitt til óvissu meðal eigenda um réttarstöðu sína í mörgum efnum sem svo hefur fætt af sér ágreining, deilur og jafnvel málaferli út af stórum sem smávægilegum álitaefnum. Slíkt ástand er óviðunandi, hús mega ekki loga í deilum vegna óljósrar og ófullkominnar löggjafar. A.m.k. ekki þegar sýnt er að gera má betur. Það er nauðsynlegt að svo skýrar og nákvæmar reglur gildi að menn geti jafnan gengið að því sem vísu hver réttindi þeir eigi og hverjar skyldur á þeim hvíla.

Af þessum ástæðum skipaði ég nefnd hinn 6. desember 1988 til að endurskoða lög nr. 59/1976, um fjölbýlishús. Nefndin hefur starfað með nokkrum hléum frá því hún var skipuð þar til frv. þetta var fullgert í febrúarmánuði sl. Aflaði nefndin sér margvíslegra gagna og upplýsinga um framkvæmd laga nr. 59/1976, um fjölbýlishús, og reynslu af þeim og einnig nefnd um lög um sama efni nr. 19/1959, um sameign fjölbýlishúsa. Þá kallaði nefndin eftir ábendingum og upplýsingum frá mörgum aðilum, þar á meðal Húseigendafélaginu, dómaraembættum og þinglýsingaryfirvöldum. Einnig hefur nefndin fengið gagnlegar ábendingar frá Fasteignamati ríkisins og fjölmörgum aðilum öðrum sem búa yfir þekkingu og reynslu á þessu réttarsviði, svo sem lögfræðingum og fasteignasölum. Loks aflaði nefndin sér upplýsinga og gagna um löggjöf og réttarframkvæmd á þessu sviði annars staðar á Norðurlöndum og í fleiri Evrópulöndum.

Að tillögu nefndarinnar fól ég Sigurði Helga Guðjónssyni, hæstaréttarlögmanni að vinna úr fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum og semja drög að frumvarpi í samráði við aðra nefndarmenn. Sigurður Helgi er sá lögfræðingur hérlendur sem hefur kynnt sér þessi mál hvað mest og býr hann yfir mikilli reynslu og þekkingu á þessu réttarsviði. Við samningu frv. þessa var víða leitað fanga eins og ég hef drepið á. Frv. á sér enga eina og beina fyrirmynd hvorki innlenda né erlenda. Sitthvað hefur þó reynst nýtilegt í núverandi löggjöf og eins í eldri lögum frá 1959. Af erlendri löggjöf reyndust norsku lögin, þýsku lögin, frönsku og svissnesku lögin hvað notadrýgst hvað fyrirmyndir varðar. Einnig komu dönsku lögin nokkuð til skoðunar. Þá hefur dómaframkvæmd bæði hér á landi og í þessum löndum svarað ýmsum spurningum og gefið hugmyndir að ýmsum ákvæðum. En fyrst og fremst er frumvarpið frumsmíð, byggt á íslenskum aðstæðum og fenginni reynslu hér á landi af núgildandi löggjöf og fyrirrennara hennar frá 1959 og ábendingum frá fjölmörgum aðilum sem hafa reynslu og þekkingu á þessu réttarsviði.

Meðal þeirra sem lásu yfir drög að frumvarpinu á undirbúnings- og vinnslustigi og gáfu gagnlegar ábendingar og ráð má nefna: Dr. Gauk Jörundsson, umboðsmann Alþingis, Arnljót Björnsson prófessor, Markús Sigurbjörnsson prófessor, Friðgeir Björnsson dómstjóra, Jón Steinar Gunnlaugsson hrl., Sigmar Ármannsson, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra tryggingafélaga, Karl Axelsson, héraðsdómslögmann, fyrrv. lögfræðing Húseigendafélagsins, Sigrúnu Benediktsdóttur hdl., fyrrv. lögfræðing Húseigendafélagsins og formann þess, Magnús Axelsson, löggiltan fasteignasala, formann Húseigendafélagsins, Tryggva Gunnarsson hrl. og Magnús Erlingsson lögfræðing.

Þetta frv. er ótvírætt ítarlegra og fyllra og hefur að geyma svör við fleiri álitaefnum en samsvarandi löggjöf í nokkru öðru landi í Evrópu a.m.k. Er það við hæfi því að í fáum löndum er þetta form eignaraðildar að fasteignum almennara og útbreiddara en einmitt hér á landi.

Þótt í frv. felist ýmsar mikilvægar breytingar frá gildandi löggjöf þá eru þær í raun minni, a.m.k. frá gildandi rétti en virðast kann við fyrstu sýn. Byggist það á því að í frv. er safnað saman öllum eða flestum réttarreglum, bæði skráðum og óskráðum, sem taldar hafa verið gilda á þessu réttarsviði. Koma því upp á yfirborðið ýmis atriði og ýmsar reglur, sem í raun gilda ólögfestar, en eru þó flestum ókunnar nema lögfræðingum sem hafa rannsakað þessi mál sérstaklega. Einnig er í frumvarpinu leitast við að skýra ýmis atriði sem þótt hafa óljós og ófullkomin í gildandi löggjöf. Mun ég nú gera grein fyrir helstu breytingum frá núgildandi löggjöf sem felast í frv.

Frv. er allt miklu fyllra og ítarlegra en núgildandi lög. Núgildandi lög leyna mjög á sér. Það þarf að kunna mjög góð skil á ýmsum öðrum réttarsviðum svo sem eignarrétti, félagarétti og kröfurétti og skaðabótarétti til að geta glöggvað sig á réttarstöðu eigenda og eins þarf að þekkja vel til dómaframkvæmda á þessum sviðum. Ekki er hægt að ætlast til að eigendur slíkra húsa búi almennt yfir þannig þekkingu eða afli sér hennar. Þess vegna taldi nefndin það mikilvægasta viðfangsefni sitt að draga saman í eitt frumvarp, eina löggjöf, allar réttarreglur, skráðar og óskráðar, sem gilda á þessu sviði og kosta kapps um að gera löggjöfina eins aðgengilega, auðskiljanlega og ítarlega og framast var kostur.

Löggjöf á þessu sviði þarf að vera þannig úr garði gerð að hinn almenni borgari, eigandi, geti sjálfur á eigin spýtur, án lögfræðiaðstoðar, að mestu áttað sig á réttarstöðu sinni. Þetta er sú löggjöf sem hvað mest og beinast snertir daglegt líf fólks í þessu landi og eignir þess og þarf þess vegna annarri löggjöf fremur að

vera skýr og ítarleg og aðgengileg almenningi. Er frumvarpið mikið ítarlegra en núgildandi lög og hefur það, svo dæmi sé tekið, að geyma fjórum sinnum fleiri greinar.

Hefur nefndin valið þann kost að taka ýmsar skýringar inn í lagatextann sjálfan sem ef til vill ættu lagatæknilega séð frekar heima í athugasemdum í greinargerð. Byggist það á ofangreindum sjónarmiðum og því að lögin eigi að vera sem ítarlegust og þar eigi að vera að finna sem flest svör og að almenningur þurfi ekki nema í undantekningartilvikum að leita svara og skýringa í lögskýringargögnum sem eru fæstum aðgengileg og handgengin.

Þá er horfið frá því að hafa ákvæði um húsfélög í sérstakri reglugerð og eru slík ákvæði felld inn í lagatextann þar sem þau eiga ótvírætt betur heima. Er því horfið frá danska fyrirkomulaginu í þessum efnum og lagt til að tekinn verði upp svipaður háttur og t.d. í norsku lögunum frá 1983. Í frv. er sérstakur kafli, IV. kafli sem fjallar um húsfélög og byggist þetta á því að sem allra mest eigi að vera í lögunum sjálfum og því er í frv. á lagatextanum tekið á þeim atriðum sem nú eru í reglugerð. Í frv. er notað eða skýrt nýtt heiti eða hugtak, fjöleignarhús, sem nær yfir öll þau fjölbreytilegu hús sem frv. tekur til.

Ákvæði frv. eru almennt betur löguð að hinum víðtæku gildissviðum þess og þeim margvíslegu húsum sem falla undir það þó gildissviðið sé hið sama og í gildandi lögum að mestu þá miða gildandi lög aðallega við íbúðarhús og þau af stærri gerðinni og brennd því marki. Ákvæði frv. eru að sínu leyti sveigjanlegri og veita meira svigrúm til frávika og tekið sé meira mið af sérháttum í mismunandi húsum svo sem smærri húsum og atvinnuhúsnæði en gildandi lög. Sá kostur er þó valinn eins og í gildandi lögum að hafa ákvæði frv. að meginstefnu til ófrávíkjanleg sem þýðir að eigendum er almennt óheimilt að semja sig undan þeim. Frv. hefur hins vegar að geyma mikið rýmri heimildir til frávika en gildandi lög.

Í frumvarpinu eru ýmis grundvallarhugtök ræki lega skýrð sem sum hver eru óljós og á reiki í gildandi lögum. Má þar nefna hugtök eins og „hús", „séreign", „sameign" og „sameign sumra".

Ákvæði um hlutfallstölur og þýðingu þeirra eru ítarlegri og er opnað fyrir þann möguleika að þær megi ákvarða á grundvelli innbyrðis verðmætis eignarhlutar þegar um atvinnuhúsnæði eða blandað húsnæði er að ræða. Sömuleiðis eru ákvæði um skiptayfirlýsingar gleggri og nákvæmari. Þá eru nýmæli fólgin í ákvæðum um breytingar á skiptayfirlýsingu og hlutfallstölum en slík ákvæði skortir í núgildandi lögum.

Lagðar eru til nákvæmari, skýrari og fyllri reglur um ráðstöfunar- og hagnýtingarrétt eigenda yfir séreign. Er tekið á ýmsum álitamálum sem reynst hafa óþrjótandi þrætuefni, t.d. breytingum á hagnýtingu, svo sem þegar atvinnustarfsemi er sett á laggirnar í íbúðarhúsnæði, skiptingu séreignar í fleiri eignarhluti, bílskúra og ráðstöfun þeirra, eignatilfærslu innan hússins o.fl. Er hnykkt á skyldu eiganda til að halda séreign við og húsfélagi veittur íhlutunarréttur ef út af er brugðið. Um framangreind atriði eru ekki eða þá mjög ófullkomin ákvæði í gildandi lögum.

Í fumvarpinu eru ákvæði um ráðstöfun sameignar, breytta hagnýtingu hennar og um byggingar ofan á hús, við hús eða á lóð þess og um bílastæði sem fela í sér nokkrar breytingar frá gildandi lögum en eru þó fyrst og fremst ítarlegri og nákvæmari.

Í frumvarpinu eru nýmæli um heimildir einstakra eigenda til að gera ráðstafanir varðandi sameign til að koma í veg fyrir tjón og til að ráðast í nauðsynlegar viðgerðir þegar húsfélag fæst ekki til athafna. Hér er þó um mjög þröngar og vandmeðfarnar heimildir að ræða, nánast neyðarúrræði.

Reglur frumvarpsins um ákvarðanatöku um sameiginleg málefni eru mun ítarlegri og sumpart nokkuð frábrugðnar því sem nú gildir. Á það t.d. við um úrræði eiganda sem ekki er hafður með í ráðum, en núgildandi ákvæði um það efni hafa þótt veita eiganda of mikinn rétt og hafa stundum leitt til óeðlilegrar og ósanngjarnar niðurstöðu. Reglur frumvarpsins um töku einstakra ákvarðana eru í megindráttum hinar sömu og í gildandi lögum eða öllu heldur gildandi rétti því teknar eru inn í frumvarpið ýmsar ólögfestar meginreglur sem taldar hafa verið gilda í því efni.

Í frumvarpinu eru mun skýrari og ítarlegri reglur um sameiginlegan kostnað og skiptingu hans en í núgildandi lögum. Sameiginlegur kostnaður er rækilegar skilgreindur og reglur um skiptingu hans eru að nokkru aðrar en nú gildir. Eftir sem áður er meira um það að sameiginlegur kostnaður skiptist eftir hlutfallstölum en í frv. er lagt til að þeim kostnaðarliðum sem skipta skal að jöfnu verði fjölgað.

Í frv. eru skýrari ákvæði um bótaskyldu eigenda gagnvart öðrum eigendum og afnotahöfum í húsinu vegna vanrækslu á viðhaldi séreignar, mistaka við meðferð hennar og viðhald og bilunar á búnaði hennar og lögnum. Núgildandi ákvæði um það efni hafa þótt mjög óskýr og óljós og hafa sætt mikilli gagnrýni.

Þá er það nýmæli í frv. að samsvarandi bótaregla verði látin gilda um skaðabótaábyrgð húsfélags.

Í frv. eru ákvæði um ábyrgð eigenda út á við gagnvart sameiginlegum kröfuhöfum og sameiginlegum skuldbindingum. Á því atriði er ekki tekið í núgildandi lögum. Er lagt til að lögfestar verði reglur sem í því efni eru taldar gilda á grundvelli ólögfestra meginreglna. Frv. hefur að geyma skýrari, afdráttarlausari og nokkuð breyttar og víðtækar reglur um úrræði húsfélags við vanefndir eða brot eigenda. Núgildandi ákvæði um það efni hefur ekki þá virkni og þau varnaðaráhrif sem skyldi en samkvæmt því getur húsfélagið krafist þess að hinn brotlegi flytji úr húsinu.

Í frv. er lagt til að auk þess geti húsfélag bannað hinum brotlega búsetu í húsinu og krafist þess að hann selji eignarhluta sinn. Í öllum tilvikum eru gerðar kröfur til þess að húsfélag verði að sanna vanefndir og brot og má gera ráð fyrir því að ríkar sönnunarkröfur verði gerðar. Hins vegar er húsfélagi gert að gæta í hvívetna réttrar aðferðar við ákvörðun og við að framfylgja henni. Þá er einnig kveðið á um réttarstöðu einstakra

eigenda sem brot bitnar á þegar húsfélag fæst ekki til að grípa til aðgerða.

Frv. hefur að geyma ítarleg ákvæði um húsfélög og er hlutverk þeirra, tilgangur og valdssvið skilgreint. Einnig má nefna það mikilvæga nýmæli að ekki þurfi að hafa sérstaka stjórn þegar eignarhlutir í húsi eru sex eða færri. Þá fara eigendur saman með stjórn eða fela einum eiganda að fara með verkefni stjórnar í slíkum húsum. Er hér slakað á formfestu í núgildandi löggjafa sem er óraunhæf í minni húsum. Er óþarfi að íþyngja mönnum meira í þessu efni en nauðsynlegt er og er það fráleitt nauðsynlegt að hafa þunglamalegt stjórnkerfi í litlum húsum. Sú tilhögun sem hér er mælt fyrir um er í samræmi við það sem í raun hefur tíðkast í þannig húsfélögum. Þá er skyldum verkefnum á valdsviði stjórnar húsfélaga nákvæmar lýst en í gildandi löggjöf.

Loks eru ákvæði um sérstakar húsfélagsdeildir, ef svo háttar til að um sameign sumra en ekki allra er að ræða, nokkurs konar sameign innan sameignar.

Í frv. er ákvæði um kynningu laganna, ráðgjöf og leiðbeiningar sem félmrn. á að annast en þó getur ráðherra falið Húsnæðisstofnun ríkisins eða öðrum aðilum það verkefni. Það er mjög mikilvægt að vel sé staðið að því að fræða almenning um efni löggjafar af þessu tagi sem hefur svo mikil og bein áhrif á hagsmuni margra borgara.

Frv. sjálft er það ítarlegt og aðgengilegt að það má með litlum breytingum nota það jafnframt sem handbók eða uppflettirit. Einnig má hugsa sér að viðbætur, ýmsir formálar, t.d. fundarboð, fundargerðir, tilkynningar af ýmsum toga og fleira verði fellt þar inn ásamt þeim reglugerðum sem settar verða samkvæmt lögunum um eignaskiptayfirlýsingar og ákvörðun eignarhluta og fleira.

Hvað ráðgjöf og leiðbeiningar á þessu sviði varðar þá er mjög mikið leitað til félmrn. og hafa starfsmenn þess eftir bestu getu reynt að leiðbeina fólki en það er mikið álitamál hvort ráðuneytið sjálft sé réttur aðili eða vettvangur í þessu efni.

Í frv. er gert ráð fyrir því að fela megi Húsnæðisstofnun eða jafnvel Húseigendafélaginu að veita upplýsingar, ráðgjöf og leiðbeiningar í þessu efni. Hér er rétt að leita leiða til að samræma með einhverjum hætti krafta, reynslu og þekkingu þessara aðila þannig að sama starfsemi sé ekki margskipt hjá fleiri aðilum.

Þá er í frv. lagt til að sett verði á fót sérstök kærunefnd í fjöleignarhúsamálum sem eigendur geti leitað til með ágreiningsmál sín og fengið rökstutt álit sitt. Kærunefnd þessi er með líku sniði og gert er ráð fyrir að verði í húsaleigumálum samkvæmt fyrirliggjandi frv. á Alþingi til húsaleigulaga. Það er álit nefndarinnar sem samdi frv. að brýn þörf sé á slíkum opinberum álitsgjafa á þessu sviði. Taldi nefndin jafnvel koma til álita að ganga lengra og veita kærunefndinni úrskurðarvald í tilteknum málum en að svo stöddu þótti það ekki rétt. Menn eru í engum tilvikum skyldugir að leita til kærunefndar og geta jafnan snúið sér til dómstóla með ágreining sinn. Þó má búast við því að menn telji nefndina góðan og fýsilegan kost því þar fá mál skjótari afgreiðslu og af aðila með sérþekkingu og reynslu í þessum málaflokki. Sameignin og hin nána samvinna og samneyti sem hún kallar á gerir það að verkum að á þessu sviði framar öðrum er sérstök þörf á að skjótur endi sé bundinn á deilumál og þrætur.

Virðulegi forseti. Lögum samkvæmt hefur fjárlagaskrifstofa fjmrn. látið í té umsögn um frv. með tilliti til aukins kostnaðar ríkissjóðs. Þar koma helst og raunar eingöngu til álita ákvæði frv. um kynningu laga og ráðgjöf og um kærunefndina. Er það mat fjárlagaskrifstofunnar að kostnaður vegna kynningar mundi tæplega fara yfir 1 millj. kr. fyrsta árið og fara svo lækkandi. Kostnaður vegna kærunefndarinnar er metinn á u.þ.b. 1 millj. kr.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla mér ekki að lengja þessa umræðu um þetta mál mikið. Hér er um nokkuð mikinn lagabálk að ræða og ég vil lýsa stuðningi við það að setja ítarlegar reglur um það vandasama málefni sem hér er tekið til meðferðar um fjöleignarhús. Þetta frv. er dæmigert mál sem þarf að fá vandlega skoðun í nefnd og ég hef tækifæri til þess í félmn. að fjalla um það. Hins vegar sýnist manni í fljótu bragði við yfirlestur á þessu máli að hér sé um ansi mikla forræðishyggju að ræða í mörgum tilfellum og væri ástæða fyrir félmn. að fara rækilega yfir það hvort ástæða er til þess að setja svo ítarleg lög sem þetta frv. ber vitni. Það er spurning hvort það er þörf á því að setja það í lög að stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og húsvörður séu skyldir til að mæta á fund nema fundarseta þeirra sé bersýnilega óþörf eða þeir hafi lögmæt forföll. Þetta er kannski heldur mikið af því góða. Síðan er endurskoðendum húsfélagsins skylt að sækja fund og taka til máls. Þetta er komið inn í lagatexta. Ég held það væri ástæða fyrir félmn. að fara nokkuð krítískt í þennan texta og velta því fyrir sér hvort það er ástæða til þess að hafa þennan lagatexta svo ítarlegan sem raun ber vitni.

Hins vegar er náttúrleg alveg nauðsynlegt eins og stendur í 3. gr. að skilgreina það að með húsi í lögum þessum er átt við byggingu sem varanlega er skeytt við land. Þetta er náttúrlega alveg nauðsynlegt að taka fram.

Ég ætla ekki að lengja umræðu um þetta mál, ég tel þessa lagasetningu þarfa en ég held að það eigi að varast að setja alla mögulega og ómögulega hluti inn í lagatexta, húsnæðislöggjöfin er því marki brennd því miður að það er verið að setja lög um alla mögulega og ómögulega hluti og þetta er viðbót við þá lagasetningu. Ég ætla að sjálfsögðu ekkert að hafna þessu frv. en eins og ég sagði í upphafi þá er hér þörf á því að það séu skýrar og ákveðnar reglur til þess að fara eftir í sambýli og mikil þörf á slíku en ég held að það megi gera of mikið af öllu og það verði að fara yfir þetta frv. með tilliti til þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Frv. MF og KHG, 402. mál (útrýming heilsuspillandi húsnæðis). — Þskj. 696.

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 696 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, með síðari breytingum.

Frv. þetta er aðeins tvær greinar. Í 1. gr. er lagt til að við 11. gr. laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins bætist nýr töluliður er orðist svo:

„4. Lán til endurbóta eða útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði."

2. gr. er gildistökuákvæði, að lög þessi öðlist þegar gildi.

Í 11. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins er tilgreint hverjir geta notið láns úr Byggingarsjóði ríkisins. Með frumvarpi þessu er lagt til að við greinina bætist nýr töluliður er felur í sér heimild handa sjóðnum til að veita jafnframt lán til endurbóta eða útrýmingar heilsuspillandi húsnæði.

Þegar núgildandi lög um Húsnæðisstofnun ríkisins voru sett á árinu 1988 var gert ráð fyrir að Byggingarsjóður ríkisins gæti veitt lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði. Það ákvæði var fellt brott með lögum nr. 70/1990.

Rökin fyrir því að fella heimildina brott voru þau að lánsumsóknir vegna þessa væru afar fáar og álit manna að þær féllu undir ramma laganna annars staðar eftir breytingarnar. Ákvörðun þessi sætti á sínum tíma töluverðri gagnrýni og efasemda gætti meðal hv. þm. um að þetta mundi reynast rétt. Það hefur síðar komið í ljós að ekki hefur reynst unnt að afgreiða allar umsóknir sem borist hafa vegna endurbóta eða útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði. Ástæða þess er sú að lagaheimildir vantar. Vegna þessa liggja óafgreiddar lánsumsóknir hjá Húsnæðisstofnun ríkisins eða að þeim hefur verið hafnað. Þetta eru lánsumsóknir sem ekki er með nokkru móti hægt að fella undir lögin um félagslegt húsnæði þar sem ekki er um nægjanlegar tekjur að ræða til þess að viðkomandi umsækjandi eigi lánsmöguleika í húsbréfakerfinu. Hér er t.d. átt við nokkra ábúenda lögbýla sem ekki falla innan ramma núverandi lánakerfis. Þeir sem geta sótt um lán til félagslegra íbúða eru sveitarfélög eða félagasamtök. Þar hafa framkvæmdaaðilar kaupskyldu og síðan forkaupsrétt þegar til endursölu íbúða kemur. Ekki er mögulegt samkvæmt núgildandi reglum að veita félagslegt íbúðalán vegna lögbýla vegna þess að þar fylgir jörðin með. Reglur um innlausnir og endursölu koma í veg fyrir að hægt sé að byggja félagslega íbúð á eignarjörð eða bújörðum. Því situr efnalítið fólk er býr á lögbýlum eða bújörðum ekki við sama borð og þeir sem búa í sveitarfélögum, þorpum, kaupstöðum eða hér í borginni og eiga rétt á lánum í félagslega húsnæðiskerfinu.

Ég þekki dæmi þess að ungt fólk sem býr í lélegu húsnæði á lögbýli getur ekki byggt nýtt húsnæði eða endurbætt núverandi íbúðarhúsnæði vegna þess að það á engan lánsrétt.

Árið 1985 festu ung hjón í Skaftárhreppi kaup á jörð ásamt mannvirkjum sem tilheyra jörðinni, þar með talið lítið íbúðarhús sem byggt var árið 1933 og var því eðlilega orðið frekar lélegt. Í óveðrinu í febrúar 1991 skemmdist íbúðarhúsið mjög illa svo ekki hefur verið búið í því síðan nema yfir sumarmánuðina. Heilbrigðisnefnd Skaftárhrepps hefur skoðað og metið húsið og skilað greinargerð. Í niðurstöðu þeirrar greinargerðar kemur fram að húsið er við núverandi aðstæður með öllu óíbúðarhæft og að viðgerð borgi sig ekki. Ungu hjónin sem eiga þrjú börn eru illa stödd. Þau hafa sótt um lán til Húsnæðisstofnunar en þar sem þau búa á lögbýli hefur ekki verið hægt að afgreiða umsókn þeirra jákvætt. Skaftárhreppur hefur einnig sótt um lán til að byggja félagslega kaupleiguíbúð á jörðinni en ekki er heldur hægt að verða við því af ástæðum sem ég nefndi áðan. Jörðin fylgir húsinu og getur ekki fallið undir lög um úthlutun í félagslega kerfinu. Sveitarstjórnin sendi greinargerð með umsókn sinni til Húsnæðisstofnunar. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Vegna þekktra aðstæðna í hefðbundnum greinum landbúnaðar hafa tekjur fjölskyldunnar af búrekstrinum verið lágar hingað til en með því að stunda tilfallandi atvinnu samhliða hefur þeim tekist að standa við allar sínar skuldbindingar. Jörðin býður hins vegar upp á ýmsa vannýtta möguleika til fjölbreyttari búskapar sem aukið geta tekjur þeirra í framtíðinni. Í því sambandi má nefna t.d. skógrækt, leigu eða sölu sumarbústaðalóða og lax- og silungsveiði. Takmarkaðar tekjur af búinu hingað til gera það hins vegar að verkum að möguleikar þeirra til lána úr almennu húsnæðislánakerfi ríkisins eru ófullnægjandi. Fram til ársins 1990 gafst sveitarfélögum í landinu kostur á hagstæðum lánum til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði. Fjölmörg dæmi eru um að slík lán hjálpuðu fólki í svipaðri aðstöðu og að framan er lýst. Með lögum nr. 70/1990 var þessi lánaflokkur hins vegar felldur niður og svo virðist sem ekkert hafi komið í staðinn fyrir aðila utan þéttbýlisstaða sem þarfnast sérstakrar fyrirgreiðslu.

Íbúðarhúsnæði á nokkrum bújörðum í Skaftárhreppi er enn með þeim hætti að miðað við nútímaþarfir verða þar naumast eðlileg kynslóðaskipti nema að þeim sem við taki gefist kostur á lánafyrirgreiðslu líkt og öðrum með sambærilega tekjumöguleika. Hver sveitarstjórn hlýtur að telja hagsmunum síns sveitarfélags best borgið með því að ungt fólk vilji búa þar. Skiptir þá ekki máli hvort fólk kýs að búa í þéttbýli eða á bújörð sem veitt getur viðunandi afkomu.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps skorar því á stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins að taka tillit til erfiðra aðstæðna fjölskyldunnar sem að framan er getið og veita Skaftárhreppi lán til byggingar félagslegrar kaupleiguíbúðar á jörðinni og með því að gera þeim kleift að búa þar áfram. Jafnframt er óskað eftir því að málið fái skjóta afgreiðslu vegna eðlis síns.

Virðingarfyllst, Bjarni Matthíasson oddviti."

Af ástæðum sem ég hef áður rakið er ekki hægt að verða við þeirri ósk að sveitarfélagið byggi félagslegt húsnæði á bújörðinni.

Það var ekki ætlunin við samþykkt þeirra breytinga sem gerðar voru á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins 1990 að mismuna fólki með þessum hætti og afar mikilvægt að lánsrétturinn sé sá sami eða sambærilegur hvort sem búið er í dreifbýli eða þéttbýli. Vissulega má athuga hvort ekki sé hægt að breyta lögum um úthlutun lána í félagslega húsnæðiskerfinu til þess að bæta úr þessu og mér hefur skilist að hæstv. félmrh. hafi skipað nefnd sl. sumar sem sé að athuga þann möguleika. Við flm. þessa frv. leggjum hins vegar til að aftur verði tekin inn í lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins heimild til lána vegna endurbóta eða útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.

Mér er kunnugt um að umsóknir vegna þessa hafa borist frá ábúendum lögbýla og að þær er ekki hægt að afgreiða þrátt fyrir augljósa þörf. Því vona ég að hv. þm. reynist jákvæðir gagnvart þessu frv. og það hljóti skjóta afgreiðslu.

Kostnaður sem samþykkt þess hefði í för með sér yrði óverulegur ef nokkur, hér er aðeins um örfáar umsóknir að ræða. Eftir því sem mér er sagt hafa þær verið 2–3 á ári og því hægt að afgreiða þær innan þess fjárlagaramma sem Húsnæðisstofnun hefur.

Ég til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. félmn.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem fram kemur hjá hv. frsm. að þetta mál hefur nokkuð verið skoðað í félmrn. í tengslum við endurskoðun sem fram hefur farið á félagslega íbúðakerfinu en það hefur þótt rétt að fara yfir reynsluna af nýjum lögum sem sett voru fyrir tveim eða þremur árum síðan og hefur nefnd sem starfað hefur á mínum vegum m.a. skoðað þetta atriði og fleiri og í því sambandi heimsótt húsnæðisnefndir víðs vegar um landið. Ég held að það sé rétt sem segir í frv. að það hafi komið í ljós að ekki sé lagaheimild til að veita lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði. Ég tel að hér sé að hluta til um misskilning að ræða því það þarf að gera greinarmun á heilsuspillandi húsnæði í þéttbýli annars vegar og á lögbýlum hins vegar. Um heilsuspillandi húsnæði í þéttbýli er það að segja að það fellur undir félagslega íbúðalánakerfið enda sé eignarhluti undir hinum almennu eignarmörkum sem eru rúmlega 1,8 millj. kr. Lakar húsnæðisaðstæður, svo sem heilsuspillandi húsnæði eru einmitt settar efstar á blað þegar húsnæðisnefndir raða umsóknum í forgang. Einnig tel ég rétt að benda á að jafnvel þó að eignarhlutinn fari yfir 1,8 millj. kr. en húsnæðið er sannanlega heilsuspillandi þá kemur til skjalanna undanþáguákvæði laganna, þ.e. heimild til að gera undanþágu frá eignamörkum þegar umsækjandi býr við ófullnægjandi húsnæðisaðstæður. Það ákvæði á við um heilsuspillandi húsnæði. Þess vegna tel ég að það sé vel séð fyrir þessu varðandi lánaflokk í félagslega kerfinu þegar um er að ræða heilsuspillandi húsnæði í þéttbýli.

Um heilsuspillandi húsnæði á lögbýlum gegnir öðru máli eins og hv. frsm. nefndi. Þau mál falla utan garðs í félagslega kerfinu og ekki er réttur heldur varðandi Byggingarsjóð ríkisins en sá vandi tengist þó ekki því að íbúðirnar séu heilsuspillandi heldur því að þær eru á lögbýlum. Þetta stafar af því að hér er ekki einungis um íbúðir að ræða heldur einnig jarðir. Kaupskylda og forkaupsréttur sveitarfélaga nær eðli máls samkvæmt ekki eingöngu til íbúðanna. Til að ráða bót á þessari eyðu sem er fyrir hendi í félagslega kerfinu þá hefur það einmitt komið til skoðunar í þessari nefnd sem ég nefndi hvort ekki sé rétt að koma á sérstökum lánaflokki vegna lögbýla. Nefndin sem vinnur að þessari athugun leggur til, er mér kunnugt um þó hún hafi ekki skilað mér skýrslu, þau nýmæli að Byggingarsjóður verkamanna veiti viðkomandi sveitarfélagi sérstakt lán vegna lögbýla með ábyrgð sveitarfélags en án kaupskyldu. Sveitarfélag endurláni síðan viðkomandi umsækjanda vegna lögbýlisins. En nefndin telur sem sagt rétt að leysa þetta mál innan félagslega kerfisins en ekki innan Byggingarsjóðs ríkisins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Orlof, 1. umr.

Frv. KHG, 471. mál (orlofsreikningur launþega). — Þskj. 813.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáröflun til varna gegn ofanflóðum, 1. umr.

Frv. KHG o.fl., 485. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 833.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stytting vinnutíma, fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 558. mál. — Þskj. 925.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um styttingu vinnutíma en flutningskonur ásamt mér eru aðrar þingkonur Kvennalistans.

Tilllögtextinn er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir styttingu vinnuvikunnar með það að markmiði m.a. að skapa fleiri störf. Vinnuvika í dagvinnu verði stytt í 35 stundir í áföngum og án kjaraskerðingar. Haft verði samráð við aðila vinnumarkaðarins og jafnframt

kannað hvort slík aðgerð geti verið liður í kjarasamningum."

Þannig hljóðar tillögtextinn. Í umræðum hér fyrr í vetur um sveigjanlegan vinutíma, sem einnig er þáltill. okkar kvennalistakvenna, tók ég fram að sú tillaga væri nátengd þeirri tillögu sem ég hef nú flutt. Síðan þá eru jafnvel komnar enn ríkari ástæður til að flytja slíka tillögu þar sem nú er verið að velta fyrir sér ýmsum möguleikum varðandi atvinnusköpun og upp hafa verið teknar þríhliða viðræður milli atvinnurekenda, launþega og ríkisvaldsins í því skyni ekki síst.

Eins og fram kemur í greinargerð með þessari þáltill. þá er einmitt verið hér að leitast við að benda á möguleika til að skapa fleiri störf án þess að þurfa að kosta svo miklu til. Ég vil aðeins geta örfárra atriða sem fram koma í greinargerðinni en vísa að öðru leyti til hennar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í þessari tillögu er hins vegar gert ráð fyrir að unnt verði að stytta vinnudag hvers og eins án kjaraskerðingar. Ýmis fyrirtæki hafa hagrætt verulega á undanförnum árum og afköst starfsfólks aukist. Í flestum tilvikum kemur slík hagræðing aðeins fyrirtækinu til góða en ekki starfsfólki sem innir af hendi meiri vinnu á skemmri tíma. Einnig er rétt að hafa í huga að aðstöðugjaldi hefur nú verið létt af íslenskum fyrirtækjum og tekjuskattur þeirra lækkaður. Þessar breytingar ættu að skapa svigrúm til styttingar vinnutíma.

Í tillögunni er lagt til að kannað verði hvort slíkar breytingar á vinnutíma geti verið liður í kjarasamningum. Mikil áhersla hefur að undanförnu verið lögð á að aukin atvinna sé forsenda kjarasamninga. Stjórnvöld hafa átt þátt í þríhliða samningaviðræðum ásamt launþegum og vinnuveitendum. Eðlilegt er að ræða styttingu vinnutíma í slíkum viðræðum. Með styttingu vinnutíma er hægt að skapa fjölmörg störf og spara samfélaginu umtalsverðar fúlgur sem ella væru greiddar í atvinnuleysisbætur. Þannig væru stjórnvöld í stakk búin til að mæta auknum útgjöldum vegna styttingar vinnutíma opinberra starfsmanna og líklega aflögufær til að hlaupa undir bagga ef atvinnurekendur teldu lækkun skatta og hagræðingu undanfarinna ára ekki hrökkva fyrir kostnaði við styttingu vinnuvikunnar.

Stytting vinnuvikunnar hefur vissulega fleiri kosti. Þar bendi ég á að fjölga þarf samverustundum fjölskyldunnar. Við búum við hraksmánarlegan aðbúnað barna og ég held að þetta sé eitt af því sem líta þarf til. Ég vil einnig benda á það að enn er vinnutími mjög langur hér á landi, mun lengri en í nágrannalöndunum þrátt fyrir samdrátt. Meðalvinnutími var samkvæmt könnun kjararannsóknarnefndar 45,8 stundir á viku á þriðja ársfjórðungi ársins 1992 og þetta þrátt fyrir vaxandi atvinnuleysi. Ég tel einnig rétt að halda því til haga að umræða um styttingu vinnutíma er síður en svo ný af nálinni á Íslandi. Á 110. löggjafarþingi fluttu þingmenn Alþb. þáltill. um styttingu vinnutímans og á 113. löggjafarþingi fluttu tveir þingmenn Alþfl. einnig tillögu um styttingu vinnutíma.

Hér búum við nú við þær aðstæður í kjarasamningum og varðandi atvinnuleysi að kjarasamningar eru í uppnámi og meðal þess sem ekki þykir hafa verið bent á raunhæfar leiðir í er atvinnusköpun, þ.e. að skapa fleiri störf. Einnig vil ég benda á að mjög hefur skort á að mínu mati að umræða hafi verið nógu frjó um þessi mál. Það er ekki bara þörf á að skapa störf heldur að deila þeim störfum sem fyrir hendi eru milli fleiri. Þetta ætti að vera öllum til hagsbóta. En ég vísa að öðru leyti til þess sem fram kemur í greinargerð og fylgiskjölum með þessari tillögu. Ég vona að félmn., sem ég óska eftir að forseti vísi þessari tillögu til að lokinni umræðu, gangi rösklega í það verk að reyna að koma þessum hugmyndum í umræðuna og það er best gert með því að samþykkja og afgreiða þessa tillögu núna í vor. Ég bið einnig um að málinu verði vísað til síðari umr.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hér er hreyft athyglisverðu máli sem snertir styttingu vinnuvikunnar, sem hefur það að markmiði að skapa fleiri störf en flutningsmenn leggja til að vinnuvika í dagvinnu verði stytt í 35 stundir í áföngum án kjaraskerðingar. Það er tvennt sem ég vil láta koma fram í þessu sambandi.

Í fyrsta lagi að í september 1987 skipaði ég nefnd sem falið var að leita leiða til að stytta vinnutíma án þess að tekjur skerðist og liggur fyrir ítarleg skýrsla í því sambandi en nefndin skilaði mér áliti í júlí 1988. Ábendingar nefndarinnar beindust einkum að tveimur þáttum.

Í fyrsta lagi bendir nefndin á atriði sem samningsaðilar á vinnumarkaði gætu beitt sér fyrir með samningum sín á milli. Nefndin lagði til að samningsaðilar semji um lækkun yfirvinnukaups en hækkun dagvinnulauna.

Í öðru lagi benti nefndin á nokkrar stjórnvaldsaðgerðir sem eru til þess fallnar að stytta vinnutímann. M.a. er bent á staðgreiðslu fyrirtækja á sköttum af launagreiðslum og takmörkun á yfirvinnu með lögum.

Álit vinnutímanefndarinnar var sent helstu samtökum aðila vinnumarkaðarins til umsagnar. Sannast sagna hlutu tillögur nefndarinnar dræmar undirtektir þannig að lítið hefur gerst í málinu frá því að álit þetta kom fram. Annað atriði sem e.t.v. hefur haft áhrif er sú staðreynd að sá útreikningur á vinnutíma á Íslandi sem oftast er vitnað til er ekki samanburðarhæfur hliðstæðra erlendra útreikninga. Hérlendis er einkum stuðst við upplýsingar sem birtast í fréttabréfi kjararannsóknarnefndar um vinnutíma. Sannleikurinn er sá að þær upplýsingar gefa ekki alls kostar rétta mynd af raunverulegum vinnutíma hér á landi. En einmitt í greinargerð með þessari þáltill. er vitnað til þess að meðalvinnutími var samkvæmt könnun kjararannsóknanefndar 45,8 stundir á viku á þriðja ársfjórðungi ársins 1992 eins og segir í greinargerð með þáltill. Aðferð kjararannsóknarnefndar byggir á því að einungis sé tekið tillit til vinnutíma þeirra sem eru í fullu starfi. Vinnutími þeirra er settur á 40 klukkustundir í dagvinnu á viku og síðan bætt við meðaltalsyfirvinnu. Þessi aðferð er ekki mæling á meðalvinnutíma allra heldur einungis þeirra sem eru í fullu starfi. Kjara-

rannsóknarnefnd hefur reiknað út fyrir félmrn. vinnutíma félagsmanna í Alþýðusambandi Íslands að sjómönnum undanskyldum og byggt á leiðbeiningarreglum Alþjóðavinnumálastofnunar sem yfirleitt eru notaðar í nágrannalöndunum. Sé þeirri aðferð beitt var lengd greiddrar vinnuviku á árinu 1991 41,2 stundir fyrir karla og 29,6 stundir fyrir konur sem gefur 36,9 stundir að meðaltali á viku. Á árinu 1990 var þessi tala 35,3 stundir. Á því ári voru hliðstæðar tölur 36 fyrir Noreg og 36,9 fyrir Svíþjóð, 36,7 fyrir Spán og 39,7 fyrir Þýskaland. Í síðastnefnda tilvikinu er miðað við greiddan tíma en í hinum við unnar stundir. E.t.v. hefur þetta dregið úr vilja manna til að grípa til aðgerða á þessu sviði.

Við þetta er þó skylt að bæta að vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar og lífskjarakönnun félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands gefur til kynna að vinnutími ýmissa hópa sem standa utan við ASÍ sé lengri en að framan greinir.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði í upphafi míns máls þá tel ég þessa þáltill. allrar athygli verða en með hliðsjón af því sem að framan greinir er e.t.v. vafasamt að draga þá ályktun að stytting vinnutímans leiði til jafnmikillar fjölgunar starfa og flutningsmenn gera sér vonir um.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég tel að rétt að benda á að tillögtextinn er nokkuð varfærinn, ekki síst vegna þess að flutningskonum var kunnugt um ákveðnar ábendingar aðila vinnumarkaðarins og því er í rauninni gert ráð fyrir að þetta verði ekki gert nema með samráði við aðila vinnumarkaðarins. Hins vegar vil ég benda á að það var mikið þenslutímabil 1987 og 1988 og nú eru breyttir tímar og meira knýjandi að grípa til einhverra aðgerða. Hvort sem þær skila því sem maður vonar eða einhverju minna þá er allt til góðs. Og ég held að það sé full ástæða til að reyna að leita þessara leiða og ekki síst vegna þeirra breyttu aðstæðna sem nú eru í samfélaginu. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að það er ekki hægt að gera sér vonir um að öll sú vinna sem mundi deilast á fleiri mundi skila sér í fjölgun starfa, en engu að síður er hægt að gera ráð fyrir því mjög eindregið að eitthvað muni skila sér.

Varðandi vinnutímann þá hafa þær deilur sem hafa verið um það hversu samanburðarhæfar tölur kjararannsóknanefndar verið slíkar að vissulega er ástæða til að taka tillit til þess. Ég veit ekki betur heldur en á fylgiskjali I séu upplýsingar sem safnað hefur verið saman á hliðstæðan hátt á þeim Norðurlöndum sem gefa upp tölur þar og þar kemur í ljós að þar er alveg augljóslega langsamlega lengstur vinnudagur á Íslandi ef borið er saman við nágrannalöndin. Þetta eru að vísu ekki glænýjar tölur en ég hygg að þar sem samdráttur er líka í flestum þessara landa þá sé munurinn enn þá verulegur. Og því birti ég fleiri gögn með þessari tillögu til að reyna að sýna það sem fyrir hendi er. En vissulega er ekki um auðugan garð að gresja þar. Þó veit ég að það er byrjað að gera kannanir núna með öðrum hætti og það ætti að skila okkur betri „statistik" sem auðvitað alltaf er mjög gott til að glöggva sig á aðstæðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11., 19., 27. og 28. mál.

Fundi slitið kl. 2.11 árdegis.

---

161. FUNDUR

miðvikudaginn 21. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Lyfjalög, stjfrv., 547. mál, þskj. 907. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Eiturefni og hættuleg efni, frv., 456. mál, þskj. 792. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 554. mál, þskj. 919. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Almannatryggingar, frv., 490. mál, þskj. 839. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Réttarstaða barna með krabbamein, þáltill., 505. mál, þskj. 857. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Heilbrigðisþjónusta, frv., 422. mál, þskj. 718. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Almenn hegningarlög, stjfrv., 338. mál, þskj. 616, nál. 980. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Ávana- og fíkniefni, stjfrv., 399. mál, þskj. 617, nál. 981. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Kirkjugarðar, stjfrv., 375. mál, þskj. 659, nál. 971, brtt. 972. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Norðurlandasamningur um almannatryggingar, stjfrv., 283. mál, þskj. 406, nál. 986. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
11. Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, stjtill. 274. mál, þskj. 370, nál. 826. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
12. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 372. mál, þskj. 656, nál. 987 og 991, brtt. 988. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
13. Umferðarlög, stjfrv., 256. mál, þskj. 333, nál. 978, brtt. 979. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
14. Fjöleignarhús, stjfrv., 517. mál, þskj. 874. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
15. Húsnæðisstofnun ríkisins, frv., 402. mál, þskj. 696. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
16. Orlof, frv., 471. mál, þskj. 813. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
17. Fjáröflun til varna gegn ofanflóðum, frv., 485. mál, þskj. 833. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

18. Stytting vinnutíma, þáltill., 558. mál, þskj. 925. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
19. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 552. mál, þskj. 917. — 1. umr.
20. Vegalög, stjfrv., 553. mál, þskj. 918. — 1. umr.
21. Alferðir, stjfrv., 447. mál, þskj. 773. — 1. umr.
22. Eftirlit með skipum, stjfrv., 192. mál, þskj. 223, nál. 956, brtt. 957. — 2. umr.
23. Lendingar ferjuflugvéla á Rifi, frv., 448. mál, þskj. 774. — 1. umr.
24. Vegur milli Þingvalla og Hvalfjarðar um Leggjarbrjót, þáltill. 523. mál, þskj. 881. — Fyrri umr.
25. Ferðaþjónusta, frv., 524. mál, þskj. 882. — 1. umr.
26. Ferðamálastefna, þáltill., 525. mál, þskj. 883. — Fyrri umr.
27. Hættur af völdum sjávarágangs, þáltill., 530. mál, þskj. 888. — Fyrri umr.
28. Stefnumótun í ferðamálum, þáltill., 531. mál, þskj. 889. — Fyrri umr.
29. Útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða, þáltill., 556. mál, þskj. 923. — Fyrri umr.
30. Öryggisfræðslunefnd sjómanna, frv., 564. mál, þskj. 931. — 1. umr.
31. Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku, stjfrv., 300. mál, þskj. 467, nál. 820 og 821, brtt. 822. — 2. umr.
32. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, stjfrv., 557. mál, þskj. 924. — 1. umr.
33. Ólympískir hnefaleikar, þáltill., 388. mál, þskj. 682. — Frh. fyrri umr.
34. Ráðgjafar- og fræðsluþjónusta fyrir nýbúabörn, þáltill., 399. mál, þskj. 693. — Fyrri umr.
35. Flutningur verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu, þáltill., 467. mál, þskj. 807. — Fyrri umr.
36. Íþróttasjóður ríkisins, þáltill., 503. mál, þskj. 855. — Fyrri umr.
37. Skólabúðir að Núpi, þáltill., 510. mál, þskj. 863. — Fyrri umr.
38. Lista- og menningarmiðstöð í Álafosshúsunum í Mosfellsbæ, þáltill., 511. mál, þskj. 864. — Fyrri umr.
39. Alþjóðlegur skipstjórnar- og fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, þáltill., 560. mál, þskj. 927. — Fyrri umr.
40. Myndlistarverkefni, þáltill., 562. mál, þskj. 929. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Reykv.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv.,
Jóhanna Sigurðardóttir félmrh.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.,
Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

Útbýting þingskjals:
Íslensk endurtrygging, 307. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1002.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):
Forseti vill geta þess áður en gengið er til dagskrár að strax að loknum atkvæðagreiðslum fer fram utandagskrárumræða skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaga að beiðni hv. 11. þm. Reykv. og er umræðuefnið útboð á rekstri Fríhafnarinnar í Keflavík.

Lyfjalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 547. mál (heildarlög). — Þskj. 907.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
19 þm. (EKJ, FrS, HÁ, ISG, JóhS, JGS, KSG, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, StG, StH, StB, VE, ÞurP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Eiturefni og hættuleg efni, frh. 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 456. mál (ósoneyðandi efni). — Þskj. 792.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
19 þm. (EKJ, FrS, HÁ, ISG, JóhS, JGS, KSG, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, StG, StH, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Atvinnuleysistryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 554. mál (aðild að stéttarfélagi, hámarksaldur, biðtími o.fl.). — Þskj. 919.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ,

GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (EKJ, FrS, GunnS, HÁ, ISG, JóhS, JGS, KSG, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, StG, StH, StB, TIO, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. MF og KÁ, 490. mál (umönnunarbætur). — Þskj. 839.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (AÓB, EKJ, FrS, HÁ, ISG, JóhS, JGS, KSG, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, StG, StH, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Réttarstaða barna með krabbamein, frh. fyrri umr.

Þáltill. MF og KÁ, 505. mál. — Þskj. 857.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HG, IBA, IP, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (GÁ*) greiddi ekki atkv.

19 þm. (EKJ, FrS, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, KSG, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StH, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Heilbrigðisþjónusta, frh. 1. umr.

Frv. AÓB o.fl., 422. mál (trúnaðarmenn sjúklinga). — Þskj. 718.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (EKJ, FrS, HÁ, ISG, JóhS, JGS, JónS, KSG, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StH, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 338. mál (fíkniefnaviðskipti). — Þskj. 616, nál. 980.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

17 þm. (EKJ, FrS, ISG, JóhS, JGS, KSG, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StH, StB, VE, ÞurP, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (EKJ, FrS, ISG, JóhS, JGS, KSG, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StH, StB, SvG, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (EKJ, FrS, ISG, JóhS, JGS, KSG, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StH, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Ávana- og fíkniefni, frh. 2. umr.

Stjfrv., 339. mál (fíkniefnaviðskipti). — Þskj. 617, nál. 981.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (EKJ, FrS, ISG, JóhS, JGS, KSG, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StH, StB, SvG, VE, ÞurP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

18 þm. (EKJ, FrS, HÁ, ISG, JóhS, JGS, KSG, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StH, StB, VE, ÞurP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (EKJ, FrS, ISG, JóhS, JGS, KSG, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StH, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Kirkjugarðar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 375. mál (heildarlög). — Þskj. 659, nál. 971, brtt. 972.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (EKJ, FrS, ISG, JóhS, JGS, KSG, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StH, SJS, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Brtt. 972,1–15 (við þar tilgreindar greinar) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

1 þm. (ÖS*) greiddi ekki atkv.

16 þm. (EKJ, FrS, ISG, JóhS, JGS, KSG, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StH, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

2.–54. gr., svo breyttar, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (EKJ, FI, FrS, ISG, JóhS, JGS, KSG, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StH, SJS, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Brtt. 972,16 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (EgJ, EKG, EKJ, FrS, ISG, JóhS, JGS, KSG, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StH, SJS, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Norðurlandasamningur um almannatryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 283. mál. — Þskj. 406, nál. 986.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg,

JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (EgJ, EKJ, FrS, ISG, JóhS, JGS, KSG, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (EgJ, EKJ, FrS, ISG, JóhS, JGS, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (EgJ, EKJ, FrS, ISG, JóhS, JGS, KSG, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, frh. síðari umr.

Stjtill., 274. mál. — Þskj. 370, nál. 826.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Tillgr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (EgJ, EKJ, FrS, ISG, JóhS, JGS, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (EKJ, FrS, ISG, JóhS, JGS, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 999).

Meðferð opinberra mála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 372. mál (ákæruvald lögreglustjóra o.fl.). — Þskj. 656, nál. 987 og 991, brtt. 988.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, JÁ, JBH, JHelg, JónS, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
4 þm. (AÓB, JVK, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.
19 þm. (EKJ, FI, FrS, GunnS, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, KSG, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónS, KHG, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (AÓB, GÁ, JVK, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.
16 þm. (EKG, EKJ, FrS, ISG, JóhS, JGS, JónK, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

3.–4. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónS, KHG, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
4 þm. (AÓB, JVK, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁJ, EgJ, EKG, EKJ, FrS, ISG, JóhS, JGS, JónK, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Brtt. 988 (ný efnismgr. 5. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónS, KHG, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
4 þm. (AÓB, JVK, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.
16 þm. (EKG, EKJ, FrS, ISG, JóhS, JGS, JónK, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

6.–7. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónS, KHG, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
4 þm. (AÓB, JVK, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.
16 þm. (EgJ, EKJ, FrS, ISG, JóhS, JGS, JónK, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónS, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (JVK, KE) greiddu ekki atkv.
15 þm. (EKJ, FrS, ISG, JóhS, JGS, JónK, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Umferðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 256. mál (almenn endurskoðun). — Þskj. 333, nál. 978, brtt. 979.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (EKJ, FI, FrS, ISG, JóhS, JGS, JónK, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StB, SvG, VE, ÞurP) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (EKG, EKJ, FrS, ISG, JóhS, JGS, JónK, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StB, SvG, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Brtt. 979,1 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónS, JVK, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
18 þm. (EgJ, EKG, EKJ, FrS, ISG, JóhS, JGS, JónK, KSG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

5. gr. (verður 6. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 979,2 samþ. án atkvgr.
6. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
7. gr. (verður 8. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 979,3 samþ (ný grein, verður 9. gr.) án atkvgr.
8.–9. gr. (verða 10.–11. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 979,4 samþ. án atkvgr.
10. gr. (verður 12. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 979,5 samþ. án atkvgr.
11. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
12. gr. (verður 14. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 979,6 samþ. án atkvgr.
13. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
14.–19. gr. (verða 16.–21. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 979,7 (ný grein, verður 22. gr.) samþ. með 41:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IP, JBH, JHelg, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
nei: IBA.
2 þm. (JÁ, KHG) greiddu ekki atkv.
19 þm. (EgJ, EKJ, FI, FrS, HBl, ISG, JóhS, JGS, JónK, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, StG, StB, VE, ÞurP) fjarstaddir.

20.–27. gr. (verða 23.–30. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 979,8 (ný 28. gr., verður 31. gr.) samþ. án atkvgr.
29.–30. gr. (verða 32.–33. gr.) samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JBH, JHelg, JónK, JónS, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (EH, EgJ, EKJ, FrS, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JVK, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Fjöleignarhús, frh. 1. umr.

Stjfrv., 517. mál. — Þskj. 874.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (EgJ, EKJ, FI, FrS, ISG, JóhS, JGS, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Frv. MF og KHG, 402. mál (útrýming heilsuspillandi húsnæðis). — Þskj. 696.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (EgJ, EKJ, FrS, ISG, JóhS, JGS, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Orlof, frh. 1. umr.

Frv. KHG, 471. mál (orlofsreikningur launþega). — Þskj. 813.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (EgJ, EKJ, FrS, GÁ, ISG, JóhS, JGS, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Fjáröflun til varna gegn ofanflóðum, frh. 1. umr.

Frv. KHG o.fl., 485. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 833.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (EgJ, EKJ, FrS, ISG, JóhS, JGS, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Stytting vinnutíma, frh. fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 558. mál. — Þskj. 925.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (ÁMM, EgJ, EKJ, FrS, GÁ, ISG, JóhS, JGS, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, SJS, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Útboð á rekstri Fríhafnarinnar í Keflavík.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Eins og forseti hafði tilkynnt í upphafi fundar fer nú fram utandagskrárumræða skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaga, að beiðni hv. 11. þm. Reykv. og er umræðuefnið útboð á rekstri Fríhafnarinnar í Keflavík.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hér hljóðs utan dagskrár vegna fréttar um það að ákveðið hafi verið að bjóða út rekstur Fríhafnarinnar í Keflavík.

Útboð á einstökum rekstrarþáttum ríkisins getur verið af hinu góða og með þessari umræðu er ég ekki að hafna öllum slíkum hlutum. Hins vegar þurfa að vera ákveðnar forsendur fyrir því að slík útboð fari fram, t.d. ef skortur er á rekstrarhagkvæmni í viðkomandi

fyrirtæki, ef skortur er á rekstrarárangri í viðkomandi fyrirtæki, ef stofnanir fara ítrekað umfram fjárlög, ef stofnanir skila ekki því inn í ríkissjóð sem þeim er ætlað á fjárlögum eða að uppi eru hugmyndir um það hjá stjórnvaldinu að ýmiss konar bruðl og óráðsía fari þar fram. Þessu er ekki til að dreifa um Fríhöfnina í Keflavík og er það öðru nær. Nokkur dæmi vil ég nefna því til staðfestu.

1. Hagnaður Fríhafnarinnar í Keflavík árið 1978 var 4,3 millj. kr. Árið 1992 er hagnaðurinn 532 millj. kr. Því til viðbótar greiðir Fríhöfnin 80 millj. kr. í húsaleigu til flugstöðvarinnar. Þetta telst því ekki skortur á rekstrarárangri.

2. Sala á hvern farþega á árunum 1978–1992 hefur tæplega fjórfaldast, úr 795 kr. í 3.020 kr. á hvern mann. Þetta getur ekki talist skortur á rekstrarárangri.

3. Fríhöfnin hefur skilað 50–100 millj. kr. meira í ríkissjóð á ári hverju en fjárlög gera ráð fyrir. Það er ekki hægt að ásaka Fríhöfnina fyrir það að hafa ekki staðið við fjárlög.

4. Risna Fríhafnarinnar, fyrirtækis sem veltir tæpum tveimur milljörðum kr. er 3.600 kr. árið 1992. Ferðakostnaður vegna utanlandsferða er ekki ein einasta króna. Þarna verður varla talað um það af hálfu ríkisvaldsins að um bruðl og óráðsíu sé að ræða. Með öðrum orðum, Fríhöfnin í Keflavík er gullmoli sem ríkið er með í höndunum, sem búið er að byggja upp af eljusemi, af útsjónarsemi og miklum dugnaði þess starfsfólks sem þar vinnur. Það er auðvitað ekki hægt undir slíkum kringumstæðum að sætta sig við að þessi gullmoli sé afhentur bara einhverjum, jafnvel einhverjum útvöldum.

Flugstöðin í Keflavík á við mikla rekstrarerfiðleika að etja. Á því hef ég skilning. Og ég hef skilning á því að ríkisstjórnin vilji auka tekjur Flugstöðvarinnar með því m.a. að láta fyrirtæki sem þar eru starfandi borga meira. Því spyr ég hæstv. utanrrh.: Hefur verið rætt við stjórnendur og starfsfólk Fríhafnarinnar í Keflavík um það að hugsanlega verði tekjur Fríhafnarinnar auknar inn í ríkissjóð, Fríhöfnin verði látin borga meira, það verði leitað leiða til þess? T.d. með því að Fríhöfnin taki að sér rekstur Íslensks markaðar sem skilar engri einustu krónu í ríkissjóð í dag, borgar 20% lægri leigu en Fríhöfnin greiðir til flugstöðvarinnar. Bara með þessari aðgerð einni saman, að láta Fríhöfnina yfirtaka rekstur Íslensks markaðar, greiða sömu leigu, er hægt að skila tekjum til viðbótar í ríkissjóð á bilinu 70–90 millj. kr.

Á vegum ríkisstjórnar hafa áður verið uppi hugmyndir og tillögur til útboðs á rekstri Fríhafnarinnar. Það var árið 1981. Þá átti að grundvalla útboðsleiguna á þeim hagnaði sem þá var í Fríhöfninni. Ef þetta hefði gengið eftir hefð það þýtt að Fríhöfnin væri að skila 240 millj. kr. til ríkisins í dag. En hún skilar 530 millj. kr. Það er því ekki hægt að afhenda einhverjum Fríhöfnina þó svo að það séu loforð um að tekjurnar eigi að aukast. Í fyrsta lagi eru engar tryggingar fyrir því að tekjurnar muni aukast. Í öðru lagi mundi ríkissjóður þurfa að taka á sig byrðar á bilinu 60–80 millj. kr. vegna biðlauna. Í þriðja lagi yrði mikil óvissa hjá starfsfólki. Sennilega kæmi til uppsagna, atvinnuleysis og viðbótarútgjalda ríkissjóðs vegna aukins atvinnuleysis. Fái Flugleiðir, eins og talað er um, þennan gullmola, þá yrði það enn ein gjöf þessarar ríkisstjórnar til kolkrabbans. Þá yrði allur rekstur Flugstöðvarinnar í Keflavík kominn á hendi eins fyrirtækis og það er auðvitað ekki við það búandi. Verði þetta boðið út, þá er það rangt að mínu viti. Það er óvirðing og vanþakklæti ríkisstjórnarinnar við mikinn og góðan rekstrarárangur þess fólks sem nú er starfandi við Fríhöfnina. Ég vil því að lokum spyrja hæstv. utanrrh. nokkurra spurninga auk þeirra spurninga sem ég hef þegar lagt fyrir hann:

1. Kemur til greina að afhenda Flugleiðum Fríhöfnina í Keflavík?

2. Hvað greiða Flugleiðir í ríkissjóð af rekstri Fríhafnarinnar í Reykjavík sem Flugleiðir hafa?

3. Kemur til greina að afhenda Fríhöfninni rekstur flugstöðvarbyggingarinnar?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Í fyrri viku við umræður um skýrslu utanrrh. lagði hv. þm. Steingrímur Hermannsson fram fyrirspurnir um málefni flugstöðvarinnar. Hann hafði að vísu ekki meiri áhuga á málinu en svo að hann var löngu farinn þegar svörin voru veitt. En svörin voru veitt og ég vísa til þeirra til viðbótar því sem hér kemur fram.

Hv. þm. spurði: Stendur til að afhenda Flugleiðum rekstur Fríhafnarinnar? Svarið er nei.

Í annan stað: Hefur verið rætt við starfsfólk um að auka tekjur Fríhafnar? Svarið er nei. Það hefur ekki verið gert, en svarið er jafnframt og ég ætla að nota hérna tækifærið til þess að boða það, það verður gert.

Í þriðja lagi: Kemur til greina að Fríhöfnin yfirtaki rekstur flugstöðvarinnar? Svarið er nei.

Í fjórða lagi: Kemur til greina að Fríhöfnin fái eða yfirtaki þá starfsemi sem nú fer fram á vegum Íslensks markaðar innan flugstöðvarinnar? Svarið er já. Það kemur til greina.

Loks var spurt um hvernig á því standi að Flugleiðir skili engu í ríkissjóð til reksturs Flughafnar á Reykjavíkurflugvelli og mætti eins spyrja um rekstur Fríhafnar á Akureyri. Svarið við því er: Spurðu samgrh. eða fjmrh. Ég hef ekki upplýsingar um það.

Virðulegi forseti. Það er laukrétt að rekstur Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli í flugstöðinni er til mikillar fyrirmyndar. Það er mjólkurkýr sem hefur skilað svona um það bil 35% af heildartekjum af flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli til ríkissjóðs. Að sjálfsögðu mun ríkið fara vel með þá mjólkurkú og það stendur nú ekki aldeilis til að slátra henni. Vandinn er allur annar. Ég skipaði starfshóp ásamt með fjmrh. í september sl. til þess að kanna fjárhagsvanda flugstöðvarinnar í heild. Honum er best lýst á þann veg, ef ég miða við tölur frá árinu 1991, að af um 1.225 millj. kr. tekjum renna 64% af þessum tekjum í ríkissjóð. Um 22% fara til flugstöðvarinnar en milli 13 og 14% til Flugmálastjórnar. Langsamlega besti tekjustofninn

sem rennur til ríkissjóðs er hagnaðurinn af rekstri Fríhafnarinnar.

Nú er það hins vegar svo að skuldir vegna bygginga Flugstöðvarinnar eru miklar, um það bil 4 milljarðar. Afborganir og vextir af þeim fara að verða mjög þungbærar þannig að að óbreyttu, meðan þessir tekjustofnar fara til ríkissjóðs eða til óskyldrar starfsemi, þá vantar tekjur. Starfshópurinn, sem ég skipaði, skilaði áliti í desemberlok. Hann lagði það til að gripið verði til aðgerða til tekjuaukningar, bæði vegna hækkunar innritunargjalds, hækkunar lendingargjalds og hækkunar húsaleigu; að gripið yrði til lækkunar á útgjöldum með því að lækka eða leggja af fasteignaskatt og breyta fyrirkomulagi virðisaukaskattsinnheimtu þannig að afkomubati yrði 167 millj. kr. Þessar tillögur mættu andstöðu samgrh. af þeirri ástæðu að þetta mundi koma að einhverju leyti við Flugleiðir, en það er ástæða til þess að vekja athygli á því, virðulegi forseti, að af tekjum sem þarna eru skapaðar fara um 14% til óskyldrar starfsemi, þar á meðal til Flugmálastjórnar við uppbyggingu og rekstur annars staðar á landinu.

Kjarni þessa máls er síðan sá að þessi starfshópur skilaði tillögum um það að rekstri flugstöðvarinnar yrði breytt í hlutafélag en það hlutafélag verði alfarið í eigu ríkisins eins og þar segir: „Meginverkefni þessa félags verði að standa straum af greiðslum vegna skuldbindinga flugstöðvarinnar. Ekki er ráðlegt að hagsmunaaðilar í flugstöðinni eigi aðild að því félagi eða sitji í stjórn þar sem eitt verkefni þess er að annast samskipti stjórnvalda við þá og annast útboð á rekstri stöðvarinnar." Þannig vona ég að ég hafi tekið af tvímæli um þetta. Þessar tillögur eru síðan til endurskoðunar. Þær hafa verið lagðar fram breyttar hjá ríkisstjórn og starfshópnum falið að undirbúa þær frekar en það er fyrst og fremst um það að ræða að hækka innritunargjöld. Einnig er í þessum tillögum sagt að til greina komi annaðhvort að bjóða út eða endurskipuleggja verslunarrekstur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Kjarni þessa máls er þessi: Það er fyrirsjáanlegt að sá fjárhagsvandi sem nú hvílir þungt á hinu opinbera eigi eftir að vaxa. Ef dregur úr starfsemi á vegum varnarliðsins þannig að stærri hluti af rekstri flugvallarins eða flugþjónustunnar komi í hlut ríkisins, þá verður þessi vandi enn þá meiri. Þarna þarf að grípa til aðgerða. Þær beinast ekki að fríhafnarrekstrinum sem eins og fram hefur komið skilar miklum og góðum tekjum í ríkissjóð. Annaðhvort er að breyta skiptingu fjárins eða afla tekna eða lækka útgjöld.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Mér varð það nú á að spyrja sessunaut minn hér áðan hvort hann fengi niðurstöðu í ræðu hæstv. utanrrh. því það gerði ég ekki og það gerði hann raunar heldur ekki. Og ég held að svör hæstv. ráðherra hafi verið svo loðin að þau geti þýtt nánast hvað sem er. Það eyðir þar af leiðandi ekki þeirri óvissu sem starfsfólk Fríhafnarinnar er í núna. Ég held að ég verði að vekja sérstaka athygli á því ef það skyldi hafa farið fram hjá einhverjum hér að Suðurnes eru erfiðasta og viðkvæmasta atvinnusvæðið hér á landinu og búin að vera það um alllanga hríð og það hlýtur að skipta máli á svona fjölmennum vinnustað hvaða háttur verður á rekstri þessa fyrirtækis sem hv. málshefjandi lýsti mjög vel að er rekið með mesta myndarbrag og sóma. Og mér finnst í rauninni ekki hægt að bjóða fólki upp á það sem ég veit að stendur vel að sínu starfi að lifa í einhverri óvissu um það hvernig framhaldið verður á þeirra starfi. Það er ekkert sem mælir með því að hér verði farið að rótast til. Við vitum alveg hvernig vandinn varð til varðandi kostnaðinn við byggingu flugstöðvarinnar. Það á ekki að þurfa að bitna á vel reknu fyrirtæki né starfsfólkinu sem þar vinnur. Og þetta held ég að sé mergurinn málsins.

Ég held líka að dæmin sýni það bæði að útboð á vegum ríkisins hafa ekki verið með tilliti til hagkvæmni og þau hafa tíðum verið að hygla. Einkavæðing sú sem reynt hefur verið að ná heldur ekki, þannig að efasemdirnar eru enn til staðar.

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið hefur þetta málefni verið til umræðu um skeið í stjórnkerfinu, þ.e. afkoma flugstöðvarinnar og afkoma þess verslunarreksturs sem þar er stundaður. Fríhöfnin er ein þeirra verslana sem þar eru og um hana verður með réttu að segja að hún hefur náð markverðum árangri um langt skeið miðað við hlutfall verslunar hvers farþega samanborið við aðrar fríhafnir. Þessum árangri má ekki glopra niður hvers konar breytingar sem afráðnar verða og auðvitað verðum við að gæta réttinda þeirra starfsmanna sem þar hafa verið á vegum okkar.

Það verður að geta þess, virðulegi forseti, að um þetta efni segja þeir starfsmenn að þeir hafi fyrir því heimildir að sú nefnd sem lagt hefur þessar hugmyndir fyrir ríkisstjórn hafi veitt 20 mínútna umræðu við forstjóra fyrirtækisins og það voru öll kynni nefndarinnar af fyrirtækinu. Hvort þetta er rétt skal ég ekki um segja, en ef fyrir þessu er fótur, þá er ekki víst að allar tillögur nefndarinnar séu virkilega ráðlegar.

Ég fyrir mitt leyti hlýt að vara við aukinni gjaldtöku af farþegum, af flugáhöfnum, af flugfélögum sem skipta við flugvöllinn og tel það ekki leið til að bæta afkomu flugstöðvarinnar eða afkomu okkar af þeirri starfsemi sem þar er rekin. Ég tel að við eigum fremur að stefna að auknum umsvifum við flugvöllinn og í því samhengi verður að gæta þess að við höfum þá reynslu og ábendingar að það er nauðsyn að létta af einokun sem þar hefur verið ráðandi, hvort heldur er einokun ríkisfyrirtækja eða markaðsráðandi fyrirtækja líkt og segja má um Flugleiðir og Íslenskan markað.

Um samanburð Íslensks markaðar og Fríhafnarinnar verð ég þó að viðurkenna að er ekki með öllu sanngjarn því farþegum er öllum beint í gegnum Fríhöfnina. Þeir hins vegar fyrir tilviljun rekast á Íslenskan markað í flugstöðinni. Þetta er mismunur á aðstöðu fyrirtækis og ríkisstofnana. Ég tel nauðsynlegt, virðulegi forseti, að þess verði gætt að við höfum hér starfsfólk á okkar vegum. Það hefur sýnt mjög góða frammi-

stöðu og hefur áunnið sér ákveðin réttindi sem við eigum að gæta.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið hér í umræðunni er Fríhöfnin í Keflavík rekin með góðum og vaxandi hagnaði. Fríhöfnin er í hópi söluhæstu fríhafna heims, nr. 76 á lista sem ég hef undir höndum frá árinu 1991 og virðist þar vera áttunda söluhæsta fríhöfnin af 130 stærstu fríhöfnum heimsins hvað varðar sölu á farþega á árinu 1991 eða með 44 dollara tæpa á farþega. Þessi tala hækkar enn á árinu 1992 í 47 dollara á mann. Það verður þess vegna erfitt að finna rök fyrir breytingum vegna þess að þarna sé einhverju ábótavant í rekstri. Enn síður finnast þau með því að skoða þróun mála undanfarin ár þar sem hagnaður og sölutekjur hafa vaxið ár frá ári.

Ég minni á að tekjur Ferðamálaráðs eru hlutfall af sölutekjum Fríhafnarinnar og sá rökstuðningur sem hæstv. utanrrh. fór með að breytingarnar væru nauðsynlegar vegna rekstrarhalla flugstöðvarinnar eru út í hött, algerlega út í hött. Það er að sjálfsögðu bókhaldsatriði hvernig þessum tekjum er þá ráðstafað upp í afborgarnir af lánum Fríhafnarinnar eða öllu heldur flugstöðvarinnar. Það sem skiptir máli er að starfsemin sé vel rekin, hún skili hagnaði. Ríkið fær þann hagnað og hæstv. utanrrh. fær ekki nokkurn mann til að trúa því að það þurfi að framkvæma umtalsverðar breytingar eða einkavæðingu á rekstrinum til þess að hægt sé að ráðstafa þessum tekjum yfir í tiltekin verkefni. Það er bull og vitleysa og allir hv. alþm. sem og aðrir hugsandi menn sjá að þannig er það. Þess þarf nú ekki. En hitt er miklu nær að menn velti því fyrir sér, á ekki að fela þessu duglega fólki sem svona vel hefur staðið að málum að reyna að bjarga því sem bjargað verður í þessum rekstri og öðrum þáttum hans og innleiða sambærilegan árangur í rekstri víðar í flugstöðinni? Og eins og venjulega verður svo að átelja það að hæstv. ríkisstjórn talar síðast allra við starfsfólkið sem hefur væntanlega frétt af þessum hugmyndum í gegnum fjölmiðla þessu tilviki eins og öðru. Og það ætti að fara að benda hæstv. ríkisstjórn á það að láta þann rekstur á vegum hins opinbera sem gengur vel og skilar hagnaði í friði, reyna frekar að gera eitthvað í hinu sem er afvelta.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. kveðjuna sem hann sendi mér. Ég varð að víkja af fundi, það er rétt, eftir alveg ótrúlega dauflega skýrslu hæstv. utanrrh. um utanríkismál, en ég get fullvissað hæstv. utanrrh. um það að ég fékk að heyra svör hans.

Einkavæðing virðist vera lykilorðið hjá þessari hæstv. ríkisstjórn. Einkavæðing getur svo sannarlega verið réttlætanleg í ýmsum tilfellum en þegar einkavæðing er orðin trúarbrögð, þá getur hún orðið hættuleg og hætt við að hún brenni börnin sín eins og við höfum nýlega heyrt fréttir af.

Hér hefur verið rakið mjög ítarlega að rekstur Fríhafnarinnar er hinn ágætasti, en hæstv. utanrrh. vildi líta á flugstöðina í heild sinni og telur að rekstur flugstöðvarinnar sé ekki eins góður og hann ætti að vera að því er mér skilst. Ég vil taka undir það sem kom fram hjá síðasta ræðumanni að vitanlega verður að líta á þetta í heildinni eins og reyndar hæstv. utanrrh. gerði og staðreyndin er sú að Fríhöfnin skilaði á síðasta ári umfram fjárlög meira en þeim halla sem talinn er vera á flugstöðinni. Samkvæmt skýrslu hæstv. utanrrh. er halli á flugstöðinni talinn vera 54 millj. 388 þús. kr. ef ég man rétt, en Fríhöfnin skilaði hins vegar í ríkissjóð 510 millj. kr. og það er um það bil 60 millj. kr. umfram það sem gert var ráð fyrir á fjárlögum. Mér sýnist því að þessi rekstur sé hinn ágætasti og það er alveg augljóst að þarna hefur gott starfslið verið og ég vil taka alveg sérstaklega undir það að þegar rætt er um breytingu á starfsháttum, þá verður að hafa í huga hagsmuni starfsliðsins. Og ég gef satt að segja ekki mikið fyrir skýrslu sem byggist á störfum þess manns sem einna frægastur er fyrir það að setja á hausinn hér eitt öflugasta verslunarfyrirtæki landsins á fjórum árum.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég var mjög undrandi á einni athugasemd hæstv. utanrrh. hér áðan. Það er rétt að það var unnin skýrsla um það hvernig ætti að mæta fjárhagsvanda flugstöðvarinnar án þess að samgrn. kæmi þar að og það er vitaskuld líka rétt að ég ætlaðist til þess að sú skýrsla yrði rædd í ríkisstjórninni áður en ákvörðun yrði tekin. Það er vitaskuld líka rétt að ég tel að það sé ekki hægt að leysa vanda ríkissjóðs eins og nú er komið með því að leggja meiri pinkla á fyrirtæki í landinu. Og það er raunar líka rétt að Flugleiðir skaffa okkur Íslendingum um 6% af gjaldeyristekjum, og ferðaþjónustan um 12% þannig að það er af þessum sökum líka rétt að ég vil gera það sem í mínu valdi stendur til þess að lækka kostnað við ferðaþjónustu hér á landi og með þeim hætti auka gjaldeyristekjur okkar Íslendinga.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hún er bersýnilega nokkuð sérkennileg þessi starfsnefnd utanrrn. sem hefur ekki haft fyrir því að ræða ekki við starfsfólkið og ekki einu sinni við samgrn. um þau mál sem hér er verið að fjalla um.

Ég vil benda á, virðulegi forseti, að í skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins á bls. 17 eru gerðar tillögur um umbætur í rekstri flugstöðvarinnar. Þar er bent á það að það sé rétt að sameina rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Flugmálastjórnar á Keflavíkugflugvelli, að hækka lendingargjöld, að hækka innritunargjald og reyna að ná inn hærri húsaleigutekjum, t.d. með því að Fríhöfnin yfirtaki rekstur Íslensks markaðar.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1991 er einnig fjallað um þetta mál og þar kemur fram vandinn. Hver er hann? Hann er sá að skuldir flugstöðvarinnar við Ríkisábyrgðasjóð námu án dráttarvaxta 3,1 milljarði kr. í lok ársins 1991 og þar kemur það líka

fram að uppsöfnuð vanskil, vanskil við Ríkisábyrgðasjóð jukust á árinu 1991 einu saman um 130 millj. kr. Tillaga Ríkisendurskoðunar í hnotskurn er þessi: Ef fyrirtækið á að geta gengið, þá verður ríkissjóður að yfirtaka skuldir af flugstöðinni upp á 1,7 milljarða kr. og auk þess að hækka tekjur fyrirtækisins um 150 millj. kr. Og það er auðvitað þetta verkefni sem utanrrh. á að snúa sér að að taka á með beinum hætti í stað þess að draga saklaust starfsfólk Fríhafnarinnar inn í þau vandamál sem hér um ræðir. Og ég hlýt að spyrja í framhaldi af orðum hæstv. utanrrh. hér áðan: Er það ætlun ríkisstjórnarinnar að taka á þessu máli? Hvenær og hvernig? Það þolir enga bið því að án breytinga má gera ráð fyrir því að vanskilin hjá Ríkisábyrgðasjóði aukist á þessu ári um 150–200 millj. kr.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Eins og fram hefur komið í þessum umræðum — sem reyndar er vel kunnugt — er rekstur Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli til mikillar fyrirmyndar. Fjárhagsvandi flugstöðvarinnar stafar þess vegna alls ekki af rekstri Fríhafnarinnar.

Hins vegar leita menn nú allra leiða til þess að treysta fjárhagsgrundvöll þessa mikilvæga fyrirtækis sem er flugstöðin í heild. Þar hlýtur að koma til greina hvernig megi hafa enn meiri tekjur af þeim rekstri sem Fríhöfnin nú stendur fyrir, m.a. og ekki síst með því að athuga hvort ekki sé rétt að fá Fríhöfninni stærra verslunarsvæði, aukið athafnasvæði í flugstöðinni. Í því sambandi kemur að sjálfsögðu líka til greina að athuga rekstrarform og fyrirkomulag þessarar starfsemi. Það er einmitt þetta sem nú er verið að gera og eins og kom fram í máli utanrrh., þá verða teknar upp viðræður við starfsmenn og stjórnendur Fríhafnarinnar um það hvernig best sé að standa að þessu.

Ég er sannfærður um að það má finna í þessu máli leiðir sem í senn skila ríkissjóði auknum tekjum og tryggja starfsöryggi fólksins sem þarna vinnur og hefur unnið og vinnur vel.

Ég tel að það væri t.d. afar óheppilegt að fela Flugleiðum einum að annast þessa starfsemi. Ég held að það væri alls ekki í samræmi við þá stefnu um samkeppni í okkar samfélagi sem nú er uppi og Alþingi hefur nýlega samþykkt.

Menn hafa rætt hér nokkuð um óvissu um framtíð Fríhafnarinnar. Sem betur fer er sú óvissa nú fyrst og fremst um það hvernig best sé að færa út kvíarnar í Fríhöfninni í framtíðinni?

Finnur Ingólfsson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanrrh. svörin og þeim þingmönnum sem þátt tóku í þessari umræðu. Ég fagna því alveg sérstaklega í svari hæstv. utanrrh. að það kom skýrt fram að ekki kæmi til greina að Flugleiðir tækju að sér þennan rekstur. Það ítrekaði líka hæstv. viðskrh. og taldi það ekki samrýmast samkeppnisreglum eða góðum samkeppnisvenjum að minnsta kosti ef Flugleiðir tækju þetta yfir. Þannig að það er ekki hægt að líta öðruvísi á en svo að í útboðið, fari það hugsanlega fram þá verði Flugleiðum bara ekki gefinn kostur á að vera með. Því ef Flugleiðir tækju þennan rekstur yfir þá mundi draga úr þeirri samkeppni sem nú er milli Fríhafnarinnar og Flugleiða. Það er samkeppni milli Fríhafnarinnar og þess sem Flugleiðir eru að selja um borð í flugvélunum. Í öðru lagi, ef menn halda að hægt sé að auka tekjur Fríhafnarinnar með því að hækka verðið þá er það misskilningur vegna þess að þá dregur úr sölu á hvern farþega, salan flyst yfir í fríhafnir í nágrannalöndum okkar þannig að verslunin fer úr landi. Það væri röng leið.

Ég fagna því að hæstv. utanrrh. ætlar að hafa sérstakt samráð um þetta við starfsfólkið eins og hann lýsti hér yfir. Ég lít því svo á að ekkert verði gert í útboði á þessu sviði eins og sagt hefur verið og sagt er hér í Suðurnesjatíðindum og haft eftir Þresti Ólafssyni: „Ríkisstjórnin hefur samþykkt að bjóða út rekstur Fríhafnarinnar í Flugstöð Leifs Eiríkisonar.“ Ég trúi ekki að það verði farið út í nein slík útboð að minnsta kosti ekki á meðan ekki er farið að tala við starfsfólk Fríhafnarinnar. Hér hafa allir sameinast um að lýsa því hversu óskaplega vel þetta fyrirtæki er rekið. Rekstrarárangur mikill, allir eru að þakka starfsfólki sérstaklega fyrir þennan árangur. Það er því auðvitað eins og ég sagði áðan óvirðing við þetta starfsfólk ef því er ekki treystandi til að halda áfram á þeirri sömu braut og það er á í dag.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hafi það verið aðaláhyggjuefni þeirra sem um þetta mál spyrjast, hvort til standi að afhenda Flugleiðum rekstur Fríhafnarinnar, þá stóð það skýrum stöfum í upphaflegri álitsgerð þessara starfsmanna utanrrn. og fjmrn. að það kæmi ekki til greina. Það hefur aldrei komið til álita.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, fyrrv. samgönguráðherra, talaði af dæmafáu yfirlæti og ábyrgðarleysi um þann fjárhagsvanda sem hér er við að eiga. En hv. þm. Svavar Gestsson, yfirskoðunarmaður ríkisreiknings, birti hins vegar tölur yfir það hver sá vandi er, rúmlega þrír milljarðar miðað við árslok 1991 og vanskilavandi verulegur. Nú er út af fyrir sig hægt að segja að tekjurnar af þeirri starfsemi sem fram fer á Keflavíkurflugvelli séu ærnar og miklu meira en nógar til að standa undir afborgunum og vöxtum af þessum uppsafnaða fjárhagsvanda. En það fer stór hluti af honum beint í ríkissjóð og í annan stað fara um 14% til annarrar óskyldrar starfsemi. Það þekkir fyrrverandi samgrh. manna best og reyndar núv. samgrh. líka. Ef þetta væri ekki svo þá væri þessi vandi enginn. Og það þyrfti ekkert um það að fást. Þannig að fyrrv. samgrh. ætti að tala af sæmilegri virðingu um staðreyndir. Við verðum að hafa það í huga að fram undan eru breytingar sem munu íþyngja okkur Íslendingum enn meir. Við komum til með að taka á okkur í vaxandi mæli skuldbindingar við að halda hér uppi alþjóðlegum flugvelli í stað þess að hafa haft af honum tekjur eingöngu má búast við að við höfum af honum aukinn kostnað. Það þýðir þess vegna ekkert að láta eins og vandinn sé ekki til staðar. Það breytir engu um að starfsfólk Frí-

hafnarinnar hefur skilað miklum árangri bæði í skilum til ríkissjóðs og í samanburði við annan flugvallarrekstur. Og það má líka sjá það m.a. af því að hlutur launa í rekstri þess fyrirtækis hefur lækkað mjög verulega á undanförnum árum. En það þýðir ekkert að blása á þetta vandamál. Kjarni málsins er sá að það kemur til álita samkvæmt þessum tillögum að breyta núverandi rekstrarformi í hlutafélag í eigu ríkisins. Að öðru leyti liggja tillögurnar um auknar tekjur fyrir og lækkun gjalda.

Lögskráning sjómanna, 1. umr.

Stjfrv., 552. mál (öryggisfræðsla og nýliðanám). — Þskj. 917.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Slysavarnaskólinn hefur starfað frá árinu 1985. Frá upphafi til loka febrúarmánaðar 1993 hafa 7.392 sjómenn sótt námskeið við skólann. Þar af hafa 1.320 nemendur komið tvisvar. Til samanburðar má geta þess að árið 1991 voru að meðaltali 6.136 menn sem stunduðu sjómennsku á íslenskum fiskiskipum og 390 á kaupskipum. Slysavarnafélagi Íslands var formlega falin starfræksla skólans árið 1988 og með lögum um Slysavarnaskóla sjómanna, nr. 33/1991, var starfsemi hans lögfest. Slysavarnafélag Íslands fer samkvæmt lögunum með yfirstjórn skólans sem starfar á vegum þess og ábyrgð. Félagið heldur námskeið fyrir starfandi og verðandi sjómenn um öryggis- og björgunarmál á helstu útgerðarstöðum landsins og annast öryggis- og slysavarnafræðslu fyrir nemendur í skipstjórnar- og vélastjórnarnámi. Markmið skólans er að auka öryggi sjómanna með fræðslu og þjálfun í meðferð björgunar- og öryggisbúnaðar og almennri fræðslu um slysavarnir á sjó. Með námskeiðum Slysavarnafélagsins urðu tímamót í allri öryggisfræðslu sjómanna. Með þeim var í fyrsta sinn komið á fastri og skipulegri fræðslu fyrir alla sjómenn um öryggis- og björgunarmál. Lögbundin öryggisfræðsla stuðlar tvímælalaust að auknu öryggi sjófarenda og verður að teljast nauðsynlegur þáttur í starfi. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða með framangreindum lögum skal samgönguráðherra leggja fram frumvarp til laga um breyting á lögum um lögskráningu sjómanna sem m.a. kveði á um skyldu sjómanna, sem lögskráðir eru, til að hafa hlotið grundvallarfræðslu um öryggismál í Slysavarnaskóla sjómanna þegar lögskráning fer fram. Með frumvarpi þessu er lagt til að öryggisfræðsla verði gerð að skyldu fyrir alla sjómenn og að lögskráningarstjórar hafi eftirlit með því að menn fullnægi henni. Í frumvarpinu er sérstaklega vísað til náms í Slysavarnaskóla sjómanna, en heimilt er að meta annað sambærilegt nám, hérlendis eða erlendis, sem jafngilt. Er þar m.a. átt við nám sem fullnægir alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna sem Ísland mun fullgilda á næstunni og skuldbindur aðildarríki til að viðurkenna skírteini annarra aðildarríkja. Í samþykktinni eru talin upp þau atriði sem skipverjar þurfa að kunna skil á til að fá skírteini og gildir það jafnt um yfirmenn og undirmenn. Eðlilegt er að hafa aðlögunartíma til að fullnægja ákvæðinu, enda hafa ekki allir starfandi sjómenn sótt námskeiðin. Telja verður að um 800 sjómenn hafi ekki fengið slíka fræðslu. Árlega getur skólinn tekið um 400 nemendur á almennum námskeiðum og um 200 á smábátanámskeiðum. Að tveimur árum liðnum má því ætla að allir starfandi sjómenn hafi lokið námi í öryggisfræðslu. Hér er lagt til að skipstjórnarmönnum sé veittur skemmri frestur en öðrum skipverjum, m.a. þar sem þeir bera sem stjórnendur meiri ábyrgð á öryggismálum um borð. Hér er ennfremur lagt til að nýliðar fái frest til að hljóta öryggisfræðslu. Tilgangur þessa ákvæðis er fyrst og fremst sá að tryggja að allir sjómenn hljóti öryggisfræðslu og er ekki talið rétt að hindra menn í að hefja störf ef svo er ekki.

Um 2. gr. er það að segja að aukin starfsþjálfun fyrir nýliða er tvímælalaust árangursríkasta leiðin til að fækka vinnuslysum á sjó, enda er slysatíðni meðal þeirra mjög há. Samkvæmt 8. gr. sjómannalaga ber skipstjóra að sjá um að nýliða sé leiðbeint um störf þau sem hann á að sinna um borð. Það leikur enginn vafi á því að leiðbeiningarskyldan verður auðveldari fyrir skipstjórann ef nýliðinn hefur hlotið þá fræðslu sem hér er stefnt að. Auk leiðbeiningarskyldu skipstjóra um borð er nauðsynlegt að taka upp starfsþjálfun í landi fyrir alla sem ætla að hefja sjómannsstörf um lengri eða skemmri tíma. Slík fræðsla færi þá væntanlega fram með bóklegu námi, verklegri þjálfun og sýnikennslu, annars vegar fyrir háseta á fiskiskipum og hins vegar milli háseta á kaupskipum. Nú þegar hefur komið út kennslubók fyrir háseta á kaupskipum og unnið er að því að semja kennslubók fyrir háseta á fiskiskipum.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð og legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og samgn.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er verið að leggja fram er í þá átt að auka öryggi sjómanna. Ber vissulega að fagna því að þar sé sterkar að orði kveðið en fyrr til að auka öryggi sjómanna.

Það sem ég vildi fyrst og fremst vekja athygli á við þessa umræðu varðar lögskráningu. Hér er miðað við að þeim mönnum sem eru lögskráðir sé skylt að hafa sótt slysavarnarskóla. En lögskráning miðast við 12 brúttólesta skip, hún miðast ekki við minni skip en 12 brúttólestir. Ég vildi því spyrja hæstv. ráðherra, ef hann getur svarað því eða þá að vísa því til nefndarinnar að skoða hvernig er hugsað að koma til móts við það að þessi skylda sé einnig sett á þá skipstjóra og skipstjórnarmenn sem eru á bátum undir 12 brúttólestum. Hvort hægt sé að finna einhverja leið í því með breytingum hér. En samkvæmt þessu frv. get ég ekki séð að þetta nái til skipverja á skipum sem eru undir 12 brúttólestum. Í því sambandi vil ég einnig vekja athygli á því að á liðnum vetri hafa óhöpp og slys ým-

iss konar verið mjög tíð einmitt á bátum undir 10 brúttólestum og jafnvel undir 6 brúttólestum en þeir falla að sjálfsögðu allir undir þetta. Þannig að ég tel að það sé full þörf á því að setja þar ákveðnari reglur um það að þeir sjómenn hafi einnig sótt þessi námskeið.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég tel sjálfsagt að það sé athugað í þessu samhengi hvort rétt sé að breyta reglum um lögskráningu sjómanna þannig að brúttólestafjöldinn sé færður niður. Ég hef síður en svo neitt við það að athuga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegalög, 1. umr.

Stjfrv., 553. mál (ferjur og flóabátar). — Þskj. 918.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þetta frv. er einfalt í sniðum, ein efnisgrein sem hljóðar svo: „Vegagerð ríkisins er heimilt að kaupa, eiga og hafa umsjón með ferjum og flóabátum sem reknir eru til samgöngubóta, svo og að eiga aðild að félögum sem hafa eignarhald á þeim."

Frv. þetta er flutt til samræmis við þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að stofn- og rekstrarkostnaður við ferjur og flóabáta sem fram til síðustu áramóta hefur verið greiddur með fjárveitingum úr ríkissjóði verði eftirleiðis greiddur af mörkuðum tekjum til vegamála í samræmi við VII. kafla vegalaga. Til þess að það sé unnt er nauðsynlegt að þessi breyting verði gerð enda hefur hún í för með sér miklu liprari framkvæmd en ella mundi og öruggari og veldur því að samband Vegagerðar og þeirra sem bera ábyrgð á rekstri viðkomandi flóabáta verður milliliðalaust. Þetta fyrirkomulag er því til þess fallið að styrkja rekstur ferja og flóabáta og á að vera öllum til hagsbóta.

Eins og kunnugt er eru uppi hugmyndir um að breyta rekstrartilhögun þeirra í þá veru að skilja eignarhald frá rekstri og ná fram með þeim hætti aukinni hagkvæmni, t.d. með því að bjóða út reksturinn og bjóða hugsanlegum tilboðsgjöfum ferjurnar og flóabátana til leigu.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og samgn.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegur forseti. Það hefur legið fyrir um nokkurn tíma að þetta frv. mundi koma fram enda búið að ákveða það með fjárlagafrv. sem er samþykkt fyrir árið 1993 að Vegagerð ríkisins fari að sjá um og reka ferjur og flóabáta. Það er því verið að benda á að Vegagerðin hefur ekki hingað til haft heimild til að kaupa eða eiga eða ráðstafa eignum ferja og flóabáta.

Eftir er að skoða mjög vandlega hvernig farið verður með rekstur ferja og flóabáta. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það á þessu stigi. Við munum skoða þetta mál í hv. samgn. Ég er sammála hæstv. ráðherra að því leyti að ég tel að það þurfi að skoða þennan rekstur og endurskipuleggja. Hann er byggður á gamalli reynslu, gömlum aðstæðum sem hafa breyst þannig að það þarf að skoða það upp á nýtt. En hvort allar hugmyndir okkar fara saman skal ég ósagt látið en ég mun skoða það í hv. samgn.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég hef ekki verið þeirrar skoðunar að það væri ástæða til að snúast gegn því að ferjur yrðu hluti af verkefnum Vegagerðarinnar. En auðvitað verð ég að endurtaka þær athugasemdir sem ég hef áður gert um þetta mál, þ.e. að þessum verkefnum hafa auðvitað ekki fylgt neinir peningar til viðbótar til Vegagerðarinnar. Það er sorglegt hvernig að þeim málum öllum hefur verið staðið. Ég ætla ekki að fara að endurtaka mínar ræður um það hvers konar æfingar hafa verið gerðar í sambandi við fjármögnun vegaframkvæmda hér á undanförnum missirum þar sem annars vegar hefur verið gengið á tekjustofna Vegagerðarinnar og hins vegar hefur Vegagerðinni verið gert að taka lán í staðinn til að fara í framkvæmdir. Það er auðvitað allt ein sorgarsaga.

Hins vegar er margt sem þarf að skoða vel í sambandi við þessar ferjur og flóabáta og ég ætla bara að biðja menn að vera ekki að gefa sér neina hluti fyrir fram um það hvernig farið verður með þau mál. Við höfum hugmyndir um það, við höfum séð það í frv. til vegalaga sem hefur verið lagt hér fram en ekki er gert ráð fyrir að verði afgreitt á þessu þingi, að menn ætli sér að leggja niður starfsemi sumra ferja hér sem nú er verið að reka við landið. Það þarf auðvitað að skoða þau mál vel áður en menn ganga þá göngu til enda. En það er kannski ekki mikil ástæða til að hafa áhyggjur af því í bili, en það er mikið atriði að Vegagerðin fari með gát af stað í þessi mál. Þetta frv. t.d. kemur fram með mjög litlum fyrirvara og það var svona með semingi að menn gátu fengist til að senda þetta til umsagnar þannig að menn sem eiga hlut að máli og eru að reka þessar ferjur í kringum landið fengju að sjá þetta frv. Ég tel að það hafi alla vega ekki verið neitt tilefni til að standa svona að málum. Þetta hefði getað komið fram fyrir nokkuð löngu síðan því það er auðvitað búið að taka þá ákvörðun að Vegagerð ríkisins standi í þessum rekstri fyrir nokkuð löngu síðan.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þessi umræða endurtekur sig æ ofan í æ. Hér er um það að ræða að nú er svo komið að ríkið hefur tekið á sig skuldbindingar sem eru í kringum 2,3 milljarðar vegna ferja og flóabáta og er allur þunginn af þeim skuldbindingum orðinn til á allra síðustu árum. Það eru ekki nema nokkur ár síðan að varið var til stofnkostnaðar á fjárlögum 1–2 millj. kr. og nú er svo komið að skuldirnar nema á þriðja milljarð. Það hefur líka verið venja hér í sambandi við ferjur og flóabáta að málefni þeirra hafa velkst á milli ráðuneyta, samgrn. og fjmrn., og það hefur ekki verið þangað til ég kom í embætti samgrh. gerð tilraun til

þess að veita nægilega rekstrar- og stofnstyrki til ferja og flóabáta að dugað hafi fyrir viðkomandi fjárlagaári þó svo að þingmönnum og öllum mætti ljóst vera að þar væri vísvitandi um vanáætlanir að ræða. Það sem hér er verið að gera er að í fyrsta skipti, ég veit ekki hvort ég á segja svo áratugum skipti eða a.m.k. í fyrsta skipti svo fjölmörgum árum skiptir, 10 eða 20 a.m.k., gerð tilraun til þess að koma málunum í það horf að í fyrsta lagi liggi nákvæm áætlun fyrir um það hverjar séu afborganir og vextir af þeim lánum sem hvíla á viðkomandi rekstri og jafnframt gerð tilraun til að gera raunhæfar rekstraráætlanir um þessar ferjur og þessa flóabáta. Þannig að hér er verið að reyna að koma þessum málum í það horf sem við öll viljum að þau séu í.

Í öðru lagi vil ég að það komi alveg skýrt fram að auðvitað hljótum við að taka til endurskoðunar hversu lengi og hvort nauðsynlegt sé að reka og halda uppi vissum ferjuleiðum. Ég hef áður sagt að það væri einfaldara mála að takast á við rekstur t.d. Akraborgarinnar sem hv. þm. er kunnugastur ef jafnt og þétt hefði verið greitt af þeim lánum sem hún var keypt fyrir. En það hefur ekki verið gert heldur voru lánin afborgunarlaus þangað til á síðasta ári, ef ég fer rétt með. Þess vegna hvíla á því skipi eitthvað í kringum 100 millj. kr. en ætti auðvitað að öllu eðlilegu að vera búið að greiðast algjörlega upp þannig að væri skuldlaust. Þetta setur málin auðvitað í meiri óvissu en ella. Það er enginn vafi á því.

Uppi eru hugmyndir um og það hef ég áður sagt hér hvort hagkvæmt þyki að fara í göng undir Hvalfjörð. Auðvitað gefur það auga leið að ekki halda menn uppi ferju við hliðina á göngunum. Ef við tölum um Fagranesið, svo ég minnist á flóabát við Ísafjarðardjúp þaðan sem hinn fyrri þingmaður kemur, þá liggur það líka fyrir að verið er að reyna að veita fjármuni til að bæta vegasamgöngur fyrir vestan en hins vegar hefur mjög dregið úr búskap í Djúpi þannig að unnt er e.t.v. að leysa málin með öðrum og ódýrari hætti. Samgöngumálin eru í stöðugum breytingum en þó eru höfuðáhyggjur okkar nú ekki af þessum tveimur skipum sem þarna var sérstaklega rætt um heldur af hinum skipunum sem eru hluti af samgöngukerfinu, hvað sem öllu öðru líður. Þá er ég að tala um Herjólf og Baldur sem höfuðþungi skuldbindinganna stafar af og við sjáum ekki á þessari stundum hvernig við getum dregið úr en búist er við því á allra næstu árum að ár eftir ár verði meðgjöf ríkisins um hálfur milljarður á ári og það eru auðvitað fjárhæðir sem við viljum ekki sjá í kringum slíkan rekstur þó svo að kaupin á þessum skipum geri það óhjákvæmilegt að við verðum að standa við þessar skuldbindingar á næstu árum.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég var út af fyrir sig ekki að gagnrýna þessar aðferðir samgrh., þ.e. þær að færa þessi mál yfir til Vegagerðarinnar, ég held að það geti út af fyrir sig geti verið rétt ákvörðun þegar til lengri tíma lítur en það breytir engu í sjálfu sér um það hvernig að þessum málum hefur verið unnið. Hæstv. ráðherra nefndi t.d. Akraborgina. Í því fyrirtæki á ríkið 65% og hefur átt til margra ára. Skuldirnar hafa verið í Ríkisábyrgðasjóði og verið þar á vanskilavöxtum. Menn hafa verið að reikna upp tölur í þessu dæmi sem gefa núna í dag, eins og hæstv. ráðherra sagði, eitthvað um 100 millj. kr. í skuldum. En auðvitað er það ekki boðlegt að ríkið standi svona að málum þar sem það er meirihlutaeigandi og ætti út af fyrir sig ekki að breyta neinu þó það hefði komið yfir til Vegagerðarinnar, en mér þykir það gott ef hæstv. ráðherra stendur þá við það að koma þessum málum öllum í betra horf. Það er ekki nýtt að menn hafi gert rekstraráætlanir fyrir þessi skip og ég held að það sé út af fyrir sig ekki neitt til þess að hæla sér af en auðvitað er það nauðsynlegt og til þess að menn hafi yfirsýn yfir þessi verkefni. Ég mótmæli því heldur ekki að menn skoði málin upp á nýtt eins og það hvort það eigi að reka skip eins og Akraborg eða önnur af þeim skipum sem hér er verið að reka á ferjuleiðum. En mér finnst að það sé í sjálfu sér erfitt að sætta sig við það að þessi nýi póstur komi bótalaust yfir á vegaféð. Ég tel að það hefði verið ástæða til þess að það hafi verið staðið myndarlegar að þessum málum þegar Vegagerðin yfirtók þennan rekstur.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil í fyrsta lagi segja vegna ábendinga hv. þm. um dráttarvexti í Ríkisábyrgðasjóði að sú athugasemd er fullkomlega réttmæt og ég hef óskað eftir því við Vegagerðina að fá nákvæmar upplýsingar um dráttarvaxtareikning vegna ferju- og flóabáta á undanförnum árum, bæði á smíðatíma þeirra og endranær, þannig að hægt sé að leiðrétta eftir á til eðlilegra vaxta þessa skuldfærslu því það nær auðvitað engri átt ef einhver dráttur í kerfinu hefur valdið því að þessi skip eru dýrari en vera þyrfti og að verið sé að reyna að ná tekjum af ferjum og flóabátum með óeðlilegri skráningu á skuldum þeirra vegna.

Á hinn bóginn vil ég alveg taka undir það að auðvitað hefði það verið æskilegt ef við hefðum getað látið allar tekjur Vegasjóðs renna til samgöngumála en ástandið í ríkisfjármálum er þannig núna að við höfum ekki treyst okkur til þess og af þeim sökum kemur bæði til þess á þessu ári og eins hinu síðasta að hluti af tekjum Vegasjóðs er tekinn beint í ríkissjóð.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég kem hér eingöngu til þess að þakka hæstv. ráðherra fyrir þessa yfirlýsingu. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að hann skuli ætla að beita sér í þessu máli hvað varðar það að reikna upp aftur skuldir þessara fyrirtækja sem hann var að tala um því auðvitað tek ég undir með honum, það nær ekki nokkurri átt að ríkið sem er meirihlutaeigandi að svona rekstri skuli hafa látið hlutina danka með þeim hætti sem búið var að láta gera undanfarin ár og ég fagna þessu.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð um þetta frv. sem hér er til umræðu. Ég missti því miður af fram-

söguræðu hæstv. samgrh., hún hefur varla verið mjög löng því ég skaust hálfa mínútu eða svo í símann. En hvað um það. Málið lætur út af fyrir sig ekki mikið yfir sér á prenti, aðeins ein efnisgrein og svo gildistökugrein og efnisgreinin ekki löng, aðeins tvær línur á blaði. En efnið er þó nokkuð veigamikið. Það er auðvitað verið að fela hér Vegagerð ríkisins nýtt hlutverk, nýtt verkefni sem ég á þessu stigi er síður en svo að mæla gegn, ég held hins vegar að það þurfi að skoða þetta ítarlega eins og hér hefur reyndar komið fram í umræðunum. Það geta verið ýmsir þættir í málinu sem þarf að skoða, í hverju einstöku tilviki líka varðandi þær ferjur og þá flóabáta sem nú eru til og eru í rekstri, hvernig háttar þar eignarhaldi og hvernig kemur ríkið með Vegagerð ríkisins sem þann aðila sem á að sinna málunum að hverju einstöku félagi eða fyrirtæki sem í dag sjá um og eiga að forminu til ferjurnar og flóabátana.

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins á þessu stigi leggja það inn í umræðuna að það sé nauðsynlegt að fara í þetta með nokkurri gát. Við þingmenn Norðurl. e. höfum nú þegar orðið vitni að því hvernig farið var að þegar semja átti um rekstur á Hríseyjarferjum svokölluðum, ferjum sem ganga á milli Hríseyjar og Grímseyjar og lands, og ég verð að segja það umbúðalaust að mér fannst þar vera farið nokkuð flaustурslega að í upphafi og ríkisstjórnin eða ríkisvaldið í gegnum Vegagerð ríkisins flýta sér e.t.v. einum of mikið því málin voru ekki nægjanlega vel undirbúin. Nú leystist það mál út af fyrir sig tiltölulega farsællega og ber að fagna því að það tókst að koma því máli þannig fyrir að ég held að um rekstrarmálin sé sátt eftir því sem þar getur verið. En hér er verið að tala um eignarhaldið á þessum skipum og hvernig staðið er að því að kaupa og hafa umsjón með skipunum og það er það sem ég vil að sé líka skoðað vel því þegar farið er af stað með nýtt verkefni eins og þetta, nýjum aðilum falið að annast rekstur sem áður hefur verið í höndum heimamanna í flestum tilvikum á þeim stöðum þar sem verið er að veita þessa brýnu og nauðsynlegu þjónustu, þá sé það gert í fulli sátt. Þá sé það gert þannig að Vegagerð ríkisins sé ekki sett í þá erfiðu stöðu að koma eins og eitthvert yfirvald og stundum skapa sér jafnvel þá ímynd að vera óvinur eða andstæðingur þeirra aðila sem eiga að njóta þjónustunnar. Þannig má þetta ekki gerast. Það er mjög mikilvægt að þetta fari af stað í sátt og fari vel af stað þannig að farsællega sé að málinu staðið til frambúðar og lengri tíma litið.

Annað mál langaði mig að nefna, hæstv. forseti, í þessari umræðu og koma því á framfæri að eins og við vitum öll þá var það áður að ríkið lagði þessum samgöngutækjum fjármuni bæði til stofnkostnaðar og til reksturs utan við þá fjármuni sem hingað til hafa farið til vegagerðar. Það hafa auðvitað oft verið háar upphæðir, það eru háar upphæðir sem hafa komið úr ríkissjóði inn í þennan rekstur og til þess að kaupa eða styrkja eignaraðila við kaup á skipum, ferjum og flóabátum. Nú er hins vegar gert ráð fyrir því að þessi kostnaður komi af mörkuðum tekjum til vegamála. Um þetta vil ég hafa allan fyrirvara og ætlast til þess að hv. samgn. sem trúlega fær málið til umfjöllunar skoði þann þáttinn sérstaklega og hvort þá ekki er ástæða til þess, ef þetta verður, sem allt bendir til, frambúðarform fyrirkomulags á eignarhaldi og rekstri þessarar þjónustu, þá sé hugað að því hvernig tekna er aflað til þessa málaflokks. Hugsanlega ætti fjárln. þingsins einnig að koma að því vegna þess að í gegnum tíðina hefur hún fjallað um þær fjárveitingar sem hafa runnið til ferja og flóabáta. Fjármunum hefur verið varið beint af fjárlögum ríkisins til þess málaflokks og fjárln., áður fjárveitinganefnd, fjallað um þá þætti í samráði og samvinnu við samgöngumálanefndir þingsins sem eins og menn muna samkvæmt fyrra skipulagi á þinghaldi voru tvær og unnu að þessum verkefnum saman, þ.e. samgöngunefndir efri deildar og neðri deildar þingsins meðan það form ríkti hér. Þannig að ég tel að það sé ekki óeðlilegt að beina því til hv. samgn. að samráð sé haft við fjárln. um þessi fjármál og um framtíðarskipulag og form á kostnaðargreiðslum, bæði stofnkostnaði og rekstrarkostnaði við ferjur og flóabáta.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom hjá hv. þm. hafa málefni ferja og flóabáta verið hjá samgöngunefndum þingsins, fjárveitingar til þeirra, en hins vegar hefur það verið svo að efh.- og viðskn. hefur fjallað um heimildir til kaupa á ferjum og flóabátum í sambandi við lánsfjárlög og þá hefur málið komið undir fjmrn. og þannig er það nú að fjmrn. fer með eignarhald þessara skipa en ekki samgrn. sem hefur leitt til margvíslegra árekstra og tafa og eitt skýrasta dæmið um það er auðvitað útgerðin á Sæfara. Þegar það skip var keypt til landsins þá voru allir endar lausir og það var mjög ljóst að ekki náðist samkomulag um það milli samgrn. og fjmrn. hvernig staðið yrði að stofnun hlutafélags um það skip enda skuldir á því, ef ég man rétt, einhvers staðar á annað hundrað millj. kr. en eftir þeim upplýsingum sem ég hef mun skipið vera 16–18 millj. kr. virði.

Ég vil líka segja að það er ekki rétt að flaustурslega hafi verið staðið að undirbúningi þess að taka rekstur Sæfara úr höndum Hríseyjarhrepps. Fyrir síðustu áramót hótaði hreppurinn því að leggja reksturinn niður en á hinn bóginn átti Vegagerðin ítarleg samtöl, bæði við hreppsnefndir og fulltrúa hreppsnefnda Grímseyjar og Hríseyjar og hin hörðu viðbrögð sem urðu eftir að niðurstaða útboða lá fyrir komu mér í opna skjöldu. Ég vissi ekki betur en hreppsnefndir beggja hefðu sætt sig við niðurstöðu sem varð um það hverjir mættu taka þátt í útboðinu en það mál er allt leyst eins og hér hefur komið fram og er auðvitað áminning um það að þessi mál eru öll viðkvæm.

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað rétt hjá hæstv. samgrh. að það hafa fleiri nefndir komið að þessum málum í hv. Alþingi heldur en fjárln. og samgn., það er efh.- og viðskn. einnig, en þetta var athugasemd af minni hálfu til umhugsunar og til umfjöllunar í samgn.

hvort eitthvert samráð yrði haft við aðrar nefndir þingsins um það hvernig staðið yrði að þessum fjárveitingum, þ.e. hvaðan fjármögnunin kemur til að reka ferjurnar og flóabátana og auðvitað líka í stofnkostnaðargreiðslurnar og þá er það eðlilegt að það sé fjárln., en ekki meira um það.

Svo aðeins út af því sem kom upp með Hríseyjarferjurnar þá vil ég bara ítreka það sem ég sagði áðan að mín aðvörun var aðeins sú að það yrði staðið að málum þannig að þegar verið er að leggja af stað með nýtt rekstrarform eins og ég tel að þarna sé á ferðinni, nýir rekstraraðilar koma að málunum, þá eru þessi mál viðkvæm og það þarf að gera það þannig að það skapist um það sem allra best sátt. Það tókst með þessar Hríseyjarferjur, ég undirstrika það að ég veit ekki annað en að um það sé fullt samkomulag og það er vel. En það kann að hafa verið og ekki bara í því tilfelli sem hæstv. ráðherra nefndi með Sæfara, aðra ferjuna, það hefur verið þannig staðið að málum að betur hefði mátt gera, þ.e. það hefði betur verið gengið frá öllum hnútum í upphafi en að þessu var verið að vinna og auðvitað hefði ráðuneyti hæstv. samgrh. fjallað um þau mál ásamt fjrmn. þó það hafi gengið á ýmsu. En við skulum ekki vera að rekja þá sögu og ég hef enga skoðun á því hvers virði þessi skip eru í dag en samkvæmt upplýsingum sem þó komu fram á fundum okkar þingmanna Norðurl. e. með fulltrúum, eignaraðilum þessara skipa og rekstraraðilum, þ.e. Hríseyingunum, kom fram að skipið mundi vera miklu meira virði en 16–18 millj., mig minnir að menn hafi talað um kannski helmingi hærri upphæðir en þetta en það geri ég ekki að frekara umræðuefni núna.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. nefndi í svari sínu áðan Fagranesið og Baldur. Ég ætlaði ekki að draga það neitt sérstaklega inn í þessa umræðu en finnst þó að ég þurfi að tiltaka hér nokkur atriði. Hann sagði m.a. að það væri e.t.v. hægt að leysa samgöngumál Ísafjarðardjúps, þ.e. að þjónusta eyjarnar og ströndina eins og það er kallað með öðru en bílaferjum. Nú skal ég ekki um það deila, auðvitað þarf ekki beinlínis bílaferju fyrir þá staði en málið er bara ekki svo einfalt að það sé hægt að leysa það með því að það sé hægt að nota minna skip í þetta.

Fagranesið hefur hingað til ekki verið bílaferja, ekki fyrr en þetta skip sem keypt var fyrir einu og hálfu ári síðan. Þá var áformað að koma þarna á bílaferju, en gamla Fagranesið flutti þó bíla þó þar væri ekki um bílaferju að ræða. Það stytti leið þeirra sem þurftu að fara þennan veg og jafnvel á tímum þegar enginn vegur var um Ísafjarðardjúp þá fór fólk oft með bíla sína með Fagranesinu og komst þannig áleiðis inn á aðra landshluta.

Enn er það svo að þó komin sé bílvegur um Ísafjarðardjúp þá er vegur þar mjög ófullkominn. Bundið slitlag er ekki á nema líklegast um einum fjórða í mesta lagi af þeirri leið sem þarna þarf að fara þó ég hafi það ekki nákvæmlega í kílómetrum og þó nokkur hluti vegarins er algerlega óuppbyggður enn þá. Málið er því ekki svo einfalt að þarna séu komnar greiðar samgöngur og góður vegur sem fólk hljóti að nota í staðinn fyrir bílaferju.

Það er að vísu svo að það hefur verið þróunin alls staðar í heiminum í kringum okkur að meira hefur verið leitað í að byggja upp vegi en dregið úr rekstri ferja. En ég vil aftur benda á að í Ísafjarðardjúpi er ekki heldur hægt að afgreiða málið með því að þarna geti í raun og veru bara lítið skip sinnt þessu, menn hafa talað um jafnvel rækjubátana eða hraðbáta í þessu sambandi. Þarna breytist oft veður á mjög skammri stund og ég veit að menn sem þekkja þarna til og landsmenn kannski allir vita að þarna hafa oft orðið alvarleg slys einmitt vegna þess að veður breytist mjög fljótt.

Í sambandi við Baldur þá ræddi hæstv. ráðherra um að hann kæmi í staðinn fyrir veg sem ekki er haldið opnum um Barðastrandarsýslu. Það er alveg rétt. En ég vil benda á að sú rekstraráætlun sem gerð var fyrir Baldur á sínum tíma reyndist ekki raunhæf, þ.e. farþegafjöldinn margfaldaðist og bílaflutningurinn jókst mjög mikið á milli ára eftir að Baldur var tekinn í notkun. Þannig að þó núna sé verið að skoða það að rekstur Fagranessins standi ekki undir því að flytja þarna bíla og fólk á milli þá er ekki alveg víst að það sé búið að skoða það nægilega vel og ég minni á að þessi rekstraráætlun sem gerð hafði verið fyrir Baldur reyndist ekki raunhæf að því leyti að hún skilaði miklu meiri tekjum heldur en gert hafði verið ráð fyrir.

Það er hins vegar alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að staðan í málefnum ferja og flóabáta hefur verið mjög slæm. Þarna hafa safnast upp skuldir og stofnkostnaður og dráttarvextir sem ekki hefur verið alveg á hreinu hver ætti að greiða. Ríkinu hefur ekki beinlínis verið fært þetta til eignar þó svo að ríkið hafi lagt í þennan stofnkostnað. Það hefði auðvitað fyrst og fremst þurft að ganga frá því strax í upphafi og fyrir allmörgum árum síðan hvernig fjármögnun væri og ekki hvað síst þegar farið var út í að kaupa nýjar ferjur hvernig ætti að fjármagna þær hvernig eignarhlutfallið væri og sem sagt alla fjármögnun á stofnkostnaði.

Ríkisendurskoðun hefur gert úttekt á rekstri ferja og flóabáta. Það hefur verið fjallað um hana í hv. fjárln. en ég teldi það nauðsynlegt að í samgn. yrði jafnframt því að ræða þetta mál fjallað um þá úttekt sem Ríkisendurskoðun hefur gert á rekstri ferja og flóabáta. Það hefur ekki verið gert enn svo mér sé kunnugt heldur hefur Vegagerðin skilað inn sinni úttekt á því sem varðar rekstur ferja og flóabáta. Eins og ég sagði áðan þá held ég að þessi mál þurfi öll að skoðast mjög rækilega og vissulega með það í huga að samgöngur eru að breytast. En ég bendi enn og aftur á það að ég tel ekki að það sé svo einfalt að segja að það þurfi ekki rekstur bílaferju í Djúpinu á meðan ekki er enn búið að byggja upp þokkalega vel akfæran veg sem haldið er opnum svo nægi íbúum þessara svæða.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er fleiri en nokkur orð sem fallið hafa hér í umræðunum sem ég sé ástæðu til að tjá

mig um heldur en í sjálfu sér efni frv. sjálfs eða það sem þar hangir á spýtunni. Þó einnig nokkrar athugasemdir um það. Það er ekkert nema af hinu góða að menn velti því fyrir sér hvaða fyrirkomulag sé best á meðferð mála af þessu tagi innan ríkisgeirans og ég hef áður látið það sjónarmið mitt koma fram að það geti verið fullkomlega réttlætanleg ráðstöfun að fela Vegagerð ríkisins að taka að sér yfirumsjón með þessum rekstri af hálfu ríkisins. Ég hafði sjálfur oft velt því fyrir mér að e.t.v. gæti verið ástæða til þess að sameina á einum stað með einhverjum hætti undir hatti væntanlega þá samgrn. þá þætti samgöngumálanna sem njóta beinlínis tilstyrks eða stuðnings af hálfu hins opinbera. Þar má nefna fjárlagaliðina sem lúta að stuðningi við samgöngur í strjálbýli, vetrarsamgöngur, samgöngur á sjó og stuðning við einstöku flugleiðir o.s.frv. Ein aðferð sem þar kemur fyllilega til greina er að láta Vegagerðina taka meira til sín af verkefnum á þessu sviði og með því er auðvitað verið að gera Vegagerð ríkisins að enn meiri samgöngustofnun en hún þegar er. Vegagerðin er eins og allir þekkja stærst þessara stofnana, miklu mun stærri en Flugmálastjórn, Vita- og hafnamálastofnun eða aðrar slíkar sem helst kæmu til greina fyrir þá utan Póst og síma. Með því að taka undir þetta er ég hins vegar ekki að fella neina stóra dóma yfir fortíðinni og ég í sjálfu sér sé ekki annað og veit ekki til annars en menn hafi á hverjum tíma samkvæmt bestu vitund reynt að fara með þessi mál. Það hefur fyrst og fremst verið samstarf tveggja aðila sem þar hefur komið til sögunnar, það er Alþingis og samgrn.

Í gegnum tíðina hefur fjárstuðningur ríkisins til samgönguþátta af þessu tagi, reksturs ferja og flóabáta og til vetrarsamgangna verið afgreiddur af tveimur nefndum þingsins í samstarfi, þ.e. samgn. eða samvinnunefnd samgöngumála, eins og það var nefnt á meðan Alþingis starfaði deildarskipt, og fjárveitinganefnd. Í þessum nefndum hafa setið margir mætir menn bæði núv. hæstv. samgrh. og fyrrv. hæstv. samgrh. og örugglega samkvæmt bestu samvisku unnið að þessum málum og ég held ég megi fullyrða að tillögur samvinnunefndar samgöngumála eða fjárveitinganefndar hafi á undanförnum árum svo langt sem ég man hér á þinginu hafi verið afgreiddar samhljóða og án ágreinings. Í þeim tillögum og samþykki Alþingis hefur að sjálfsögðu falist stuðningur við eða blessun á því fyrirkomulagi sem við lýði hefur verið á þessu sviði. Þannig að ég held nú að allir þeir sem þátt hafa átt í þessu á undanförnum árum að þetta fyrirkomulag hefur verið við lýði hljóti að þurfa að taka til sín sinn hluta ábyrgðarinnar. Þess vegna verð ég að segja alveg eins og er að mér finnast tilburðir hæstv. núv. samgrh. til að reyna að stipmla síðasta forvera sinn í starfi sem alveg sérstakan amlóða í þessum efnum harla lágkúrulegar, harla lítilmótlegar. Þó svo hæstv. núv. samgrh. sé e.t.v. ekki mjög metnaðarfullur fyrir sína hönd og vandamanna í starfi þá held ég að hann eigi að setja sér rismeiri markmið hvað metnað snertir en þetta.

Hæstv. ráðherra hefur verið óþreytandi við að draga upp tortryggilega mynd af meðferð þessara mála innan stjórnkerfisins undanfarin ár. Hann hefur viðhaft orð jafnvel af því tagi að þetta hafi verið í ólestri ef ekki óreiðu þegar hann kom að þessum málum og hann hefur fellt harða dóma um einstakar fjárfestingaákvarðanir sem teknar hafa verið á undanförnum árum og varða endurnýjun á ferjum og flóabátum. Hann nefnir gjarnan háar tölur í því sambandi svo sem eins og áfallnar skuldbindingar upp á rúmlega 2 milljarða kr. eins og þeir hlutir standa í dag. Það er auðvitað alveg sjálfsagt mál að fara yfir það. Í hverju felast þá þessar tölur, hvað er á bak við þær? Hverjir bera þar ábyrgð? Jú, langþyngst vega þarna tvær ákvarðanir ríkisstjórna og Alþingis um endurnýjun á ferjum, þ.e. ákvörðun um að endurnýja flóabátinn Baldur, sem var tekin í tíð ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. undir forustu páv. samgrh. hæstv. Matthíasar Bjarnasonar, núv. hv. 1. þm. Vestf. Þá var tekin sú ákvörðun að endurnýja flóabátinn Baldur með smíði ferju í hans stað hér innan lands, nánar tiltekið á Akranesi. Sú smíði varð tafsöm og af ýmsum ástæðum varð hún dýr. Þetta stendur fyrir fjórðungi til til fimmtungs af þeirri upphæð sem hér er um að ræða. Varla er hæstv. núv. samgrh. Halldór Blöndal sem var sjálfstæðismaður síðast þegar ég vissi að skorast undan þeim hluta ábyrgðarinnar sem heyrir þá til ríkisstjórnar sem hann studdi og samgrh. úr hans eigin flokki. Það hefur hins vegar lítið farið fyrir því að hæstv. ráðherra tæki það sérstaklega fram að hann bæri persónulega vissa ábyrgð á þessum málum þegar hann hefur fjallað um þau á undanförnum missirum. Seinni ákvörðunin sem hér skiptir mestu máli er ákvörðunin um að endurnýja Herjólf. Og það er nú þannig að undirbúningur þess máls hafði farið fram í tíð líklega tveggja ríkisstjórna á undan þeirri sem endanlega tók ákvörðunina, þ.e. ríkisstjórna Sjálfstfl. og Framsfl. á árunum 1986–1987 og síðan ríkisstjórnar Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. á árunum 1987–1988. Einstakir forustumenn Sjálfstfl., ekki síst þingmenn flokksins úr Suðurlandskjördæmi, höfðu auðvitað gengið mjög fram fyrir skjöldu í þessu máli og stóðu að sjálfsögðu að og áttu beinlínis hlut að því að á fjárlögum áranna, ja ég hygg alveg frá 1987 og þangað til það kom að því að byggja skipið voru heimildir til að hefja endurnýjun á Herjólfi. Ég man ekki annað en þær hafi yfirleitt verið samþykktar hér á þinginu og allir staðið að því. Þingmenn Suðurl. úr öllum flokkum yfirleitt kappsamir um að að þessu máli yrði unnið.

Það er hins vegar hárrétt að það kom í hlut ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, þriðja ráðuneytis þess ágæta hæstv. fyrrv. forsrh. að ljúka þessu máli og taka ákvörðun sem hafði reyndar dregist mjög mikið og tafist af ýmsum ástæðum en það var gert með stuðningi og undir beinlínis þrýstingi þingmanna ekki síður úr stjórnarandstöðuflokkum og sérstaklega þingmanna Sjálfstfl. úr Suðurlandskjördæmi. Það helsta sem gagnrýnt var á þeim tíma sem ákvörðunin var tekin var að skipið skyldi ekki vera stærra og dýrara en ákveðið var að byggja. Það er alveg sjálfsagt að rökræða við hæstv. samgrh. um það hvort þetta hafi ver-

ið óþarfar eða vitlausar ákvarðanir. Það skulum við þá bara ræða eins og menn með rökum og gagnrökum en ekki undir þeim formerkjum sem hæstv. ráðherra hefur sérstaklega tamið sér í þessu máli öllu saman.

Varðandi formið á rekstrinum hefur um mjög langt árabil það form verið við lýði að rekstrarfélög hafa verið stofnuð í samstafi ríkisins og heimaaðila sem samgangnanna njóta, oftast sveitarfélaganna en einnig að hluta til einstaklinga eða fyrirtækja á viðkomandi svæðum. Þessi rekstrarfélög, sem með verulegri aðild ríkisins allt frá því að ríkið á verulegan meiri hluta í sumum þeirra og minni hluta í öðrum, hafa síðan fengið annars vegar rekstrarstyrki á hverju ári til að jafna reikningana en hins vegar hefur ríkið séð um endurnýjun skipakostsins og yfirleitt gert það í gegnum greiðslur á svonefndum stofnframlögum. Þessi tilhögun, hvenær sem hún kom fyrst til sögunnar, þá er í öllu falli ljóst eða a.m.k. nær mín þekking til þess að hún á sér nokkurra áratuga sögu. Um hana virðist Alþingi hafa verið sæmilega sátt fram á síðustu missiri. Engar tillögur höfðu verið fluttar á Alþingi af neinum mönnum svo ég best viti né neinum ríkisstjórnum en þær hafa verið mismunandi undanfarin ár og kjörtímabil eins og menn þekkja með aðild allra flokka nema Kvennalistans eftir að hann kom til sögunnar fram á allra síðustu ár. Þannig að ég held að það verði nú bara að draga þá niðurstöðu af þessari söguskoðun að fram á síðustu missiri virðist hafa verið samstaða um það og sátt á Alþingi Íslendinga og í ríkisstjórnum hverjir sem hlut hafa átt að máli að hafa þarna ákveðið skipulag við lýði. Það segir ekki að því megi ekki breyta, það er sjálfsagt mál að skoða það. En það afsannar auðvitað með öllu og gerir fullkomlega ómerkan, gerir að ómagaorðum, tilburði hæstv. núv. samgrh. til að draga einhverja einstaka stjórnmálamenn frá fyrri tíð til sérstakrar ábyrgðar í þessum efnum og reyna að koma á þá ómerkilegu klámhöggi, ég segi ekki níðhöggi, án þess að rökstyðja það nokkuð frekar. Þetta er auðvitað feiknarlega ómerkileg framganga sem stenst ekki á nokkurn hátt skoðun, fellur um sjálfa sig þegar farið er yfir forsendur og rök í málinu.

Ég sé mig knúinn til þess, vegna þess, hæstv. forseti, m.a. að samgrh. kom nú enn einu sinni inn á þessa sömu hluti í ræðum sínum hér áðan, að fara lítillega yfir þessi mál í tengslum við þetta mál sem gengur út á að fela Vegagerð ríkisins að yfirtaka eða annast rekstur á þessum ferjum og flóabátum.

Megingallinn á málinu síðan að mínu mati og það hafa reyndar fleiri nefnt er svo sá að þessir pinklar eru hengdir á Vegagerðinna að henni óbættri. Ég verð að segja alveg eins og er að hæstv. samgrh. er miklu slappari en ég hafði vonast til að hann yrði, miklu linari að láta það yfir sig ganga og vegamálin eða samgöngumálin liggur mér við að segja að framkvæmdamöguleikar Vegagerðarinnar á komandi árum verði skertir beinlínis sem nemur auknum byrðum vegna reksturs ferja og flóabáta. Það er það sem gerist. Nú er það svo að gildandi vegáætlun og vegáætlanir undanfarinna ára og væntanlega vegáætlanir framtíðarinnar, m.a. sú sem hæstv. samgrh. er nú með til endurskoðunar, ganga út frá einu. Þær ganga út frá því að Vegagerðin fullnýti til framkvæmda í vegamálum hina mörkuðu tekjustofna sína. Það er auðvitað alveg augljóst mál að ef teknar eru inn á þessa hina sömu mörkuðu tekjustofna Vegagerðarinnar ný verkefni sem hæstv. ráðherra metur svo að geti orðið allt að hálfum milljarði kr. þegar mest lætur á næstu árum þá skerðist ráðstöfunarfé Vegagerðarinnar til sinna hefðbundnu verkefna að sama skapi. Þetta eru náttúrlega ekki flókin fræði og auðskilin hverjum manni. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. samgrh. að reyna að koma sér hjá að ræða þennan þátt málsins, hann er augljós. Það að Vegagerðinni að nafninu til hafi verið merkt einhver hækkun á bensíngjaldi eða mörkuðum tekjum við síðustu áramót við yfirtöku þessara verkefna drepur málinu á dreif vegna þess að málið snýst ekki um það heldur að Vegagerðin hefur samkvæmt lögum ákveðna tekjumöguleika. Á bensíngjaldi og þungaskatti er þak sem er framreiknað miðað við tiltekna vísitölu og þessi gjöld er óheimilt samkvæmt gildandi lögum að hækka nema að tilteknu marki. Og jafnvel þó það væri nú ekki þá sýnir reynslan það að því eru takmörk sett hvað menn treysta sér til að beita þessum tekjustofni.

Nú er hæstv. samgrh. sem sagt væntanlega búinn að lúffa fyrir ofríki fjmrn. ef ég þekki rétt og hefur ekki reynst sterkari í bakinu en svo eða hnjáliðunum að hann hefur bognað á einhverjum af þessum stöðum undan þessum þrýstingi. Þetta eru auðvitað megnustu ótíðindi fyrir samgöngumálin og sérstaklega Vegagerðina eða vegamálin hvað framtíðina snertir þó það bætist ekki við sem viðbótarharmleikur að hæstv. samgrh. hefur orðið að þola það að til viðbótar séu umtalsverðar tekjur Vegagerðarinnar gerðar upptækar í ríkissjóð á þessu ári og komandi árum ef marka má áætlanir. Þetta er auðvitað hið dapurlega í málinu og ég hafði vonast til að ef af þessari skipulagsbreytingu yrði þá yrði það a.m.k. gert á grundvelli einhverra samninga um að Vegagerðin fengi einhverjar sérmerktar viðbótartekjur upp í þann kostnað. Þó menn hefðu nú kannski ekki náð því fram að hver einasta króna kæmi t.d. í formi beinnar fjárveitingar úr ríkissjóði, en þar hefur þetta verið vistað undanfarin ár, ríkissjóður hefur kostað þessi verkefni, þá hefði a.m.k. einhver áætlun eða einhver samningur um að Vegagerðin fengi, segjum 300 millj. kr. á ári í föst framlög næstu nokkur árin í þessi útgjöld þó verið til bóta. En að sitja uppi með þetta verkefni gjörsamlega óbætt er auðvitað mikill harmleikur og þeim mun meiri sem hæstv. ráðherra er nú óþreytandi við að útlista hversu mikil útgjöld muni stafa af endurnýjun ferjanna hér á næstu árum.

Hæstv. ráðherra reyndi í sama dúr og áður í þessu máli að gera það mjög tortryggilegt þegar ferja var keypt til að annast sjósamgöngur á Eyjafirði og við Grímsey. Staðreyndin er nú sú, hæstv. ráðherra, að þau mál höfðu verið í ólestri, það leyfi ég mér að segja. Þannig var að á þessum slóðum þjónaði á sínum tíma skip sem hét Drangur og við munum báðir eftir, ég og hæstv. samgrh. Það endaði lífdaga sína í Karíbahafinu og síðustu stofnstyrkirnir voru greiddir þangað ef ég

man rétt. Eftir að skipið var horfið úr rekstri á Íslandi fékk það senda ávísun suður til karabíska hafsins vegna þess að það var talið að ríkið væri siðferðilega skuldbundið til að efna samninga eða efna loforð um stofnfjárframlög til eiganda þess skips og mætti nú kannski einhverjar ræður halda um það en það eru aðrir en ég sem bera ábyrgð á því. Síðan var það svo að það átti að heita að Ríkisskip þjónuðu Grímsey á 1.500–2.000 tonna strandferðaskipi og það gaf nú ekki góða raun, hæstv. ráðherra. Ég hygg að það megi segja með nokkrum rétti án þess að ég vilji vera að taka of stórt upp í mig að samgöngumál Grímseyinga hafi verið í ólestri á þessum árum áður en Sæfari kom til sögunnar. Þess vegna var það að þegar fyrir lá að jafnframt þurfti að ráðast í einhverjar aðgerðir til að bæta úr vanda Hríseyjar þar sem sú ferja, Sævar, sem þar hefur þjónað var orðin of lítil og réð ekki við flutningaþörfina á háannatímanum yfir sumarið. Sú hugmynd vaknaði að leysa þessi mál bæði á einu bretti með tilkomu annars skips sem þjónaði eyjunum báðum en fyrst og fremst tryggði mannsæmandi samgöngur við Grímsey. Þess vegna var það að leitað var til Alþingis og þar var fengin heimild til að ráðast í kaup á skipi til siglinga á Eyjafirði. Þannig að eins og venjulega og rétt og eðlilegt er þá var það að sjálfsögðu Alþingi sem tók ákvörðun um að heimila þessa fjárfestingu og í kjölfarið var keypt það sem ég tel og flestir eru sammála um að sé ódýrt og mjög heppilegt skip í þetta verkefni. En samt nægjanlega stórt og öflugt til að þjóna á þessari siglingaleið sem er að hluta til fyrir opnu hafi, nægjanlega burðarmikið til að geta annast alla þungaflutninga sem þarf á þessari leið. Árangurinn af rekstri þessa skips er stórkostlegur. Hann er m.a. tugir ef ekki hundruðir millj. kr. í aukin útflutningsverðmæti til handa íslensku þjóðinni. Nú glottir hæstv. samgrh. og liggur greinilega betur á honum en gerði fyrir nokkrum mínútum þegar hann var nokkuð brúnaþungur í ræðustóli.

Þá er best að fara yfir það með hæstv. samgrh., hann veit það kannski ekki og er það þó til skammar ef svo væri í hans kjördæmi, að svo til öllum aukaafla Grímseyjarbáta að svo miklu leyti sem hann féll til var hent áður en þessar samgöngur komu til vegna þess að það voru ekki forsendur til að verka slíkan afla í Grímsey. Þar var eingöngu saltfiskverkun og það sem ekki gekk í saltfiskverkun fór forgörðum. Og síðan geta menn líka spurt sig að því hvernig rekstrarafkoma væri ef mönnum hefðu ekki opnast þeir möguleikar sem samgöngurnar hafa boðið upp á nú hin síðar ár til að miðla afla á milli lands og eyjar, til að senda besta aflann til verkunar í dýrmætari vöru í landi í gegnum vinnslu í frystihúsum í Hrísey eða á Dalvík o.s.frv. En miklu skiptir það að allri sjósókn úr Grímsey, sem er umtalsverð svo ekki sé nú talað um yfir sumartímann þegar þaðan róa jafnvel tugir aðkomubátar, hafa nú opnast greiðar samgöngur til lands með sinn afla. Það bíður upp á mun verðmætari framleiðsluvöru þegar upp er staðið heldur en einhæf saltfiskverkun gat áður. Til viðbótar því sem má auðvitað ekki gleyma að það hefur auðvitað gjörbreytt öllum lífsskilyrðum á þessum stað að fá þessar samgöngur. Ég tel að þarna hafi verið staðið ekki bara eðlilega heldur skynsamlega og farrællega að málum og skammast mín ekki hætishót fyrir að aðild mína að þessu máli. Ég er frekar stoltur af því ef eitthvað er að hafa getað átt þátt í því ásamt fleiri góðum mönnum að sjálfsögðu á Alþingi á þeim tíma að létta þessu dugmikla og kjarkmikla fólki sem býr í Grímsey norður og reyndar í Hrísey og víðar við Eyjafjarðarsvæðið lífsbaráttuna.

Síðan má til viðbótar ræða það ef hæstv. samgrh. vill að það var ákveðið að ráðast í nokkrar viðbótar fjárfestingar í skipinu alveg sérstaklega til að auka möguleika ferðaþjónustu á Eyjafjarðarsvæðinu til að nýta sér þetta skip. Það held ég að hafi sömuleiðis gefist vel. Það er enginn vafi á því að þar hafa þegar nýst möguleikar og munu á komandi árum nýtast í vaxandi mæli. Nú er það svo að ferðaþjónustan er sú grein sem menn hafa a.m.k. fram til síðustu missira talað mikið um sem einn helsta mögulegan vaxtarbrodd í íslensku atvinnulífi, skammast yfir því ýmsir að það skuli ekki vera lagt meira í uppbyggingu á því sviði af hálfu opinberra aðila og þess vegna kemur það nú dálítið þverstæðukennt fram, svo ekki sé meira sagt, þegar menn svo hins vegar agnúast út í og gera tortryggilegar ráðstafanir af þessu tagi sem gagngert eru rökstuddar með því að verið sé að breikka grundvöll eða efla uppbyggingu á sviði ferðaþjónustu eins og að nokkru leyti kaupin á þessum ferjum, bygging og kaup á þessum ferjum hafa verið. Auðvitað er það alveg ljóst að endurnýjun bæði Fagraness, kaup Sæfara og að nokkru leyti Baldurs, taka mið af ekki bara almennum samgönguhagsmunum eða samgönguhagsmunum íbúanna heldur möguleikum þessara svæða til að nýta tækin í þágu ferðaþjónustu. Þetta taldi ég rétt að láta koma hér fram, virðulegur forseti, úr því að umræðan hafði á annað borð borist inn á þetta spor sem hæstv. samgrh. hefur aðallega haft forustu um.

Ég er svo auðvitað albúinn að ræða við hann um þessi mál og fagna því að fá tækifæri til þess hér á þinginu þar sem við erum nokkurn veginn jafnréttháir að ræða þessi mál, ég og hæstv. ráðherrann. Mér hefur fundist hitt leiðinlegra þegar hæstv. ráðherra hefur valið tækifærin á fundum í fjarlægum landshlutum framan við fjölmiðla þar sem ég er fjarstaddur til að gera þessi mál að umtalsefni og þá sérstaklega þátt minn í þeim sem fyrrv. samgrh., með afar ómálefnalegum og ómaklegum hætti að ég tel, ég verð að segja það. Það finnst mér satt best að segja ekki mjög rismikil framkoma og gef henni þá ekki frekari einkunnir hér. En að ræða þetta málefnalega og rólega úr ræðustól á Alþingi þar sem við höfum báðir málfrelsi og svipaðan rétt, til þess er ég albúinn.

Ég vona að sú hv. nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar fari yfir þá þætti þess sem lúta að stöðu Vegagerðarinnar og samgöngumálanna til framtíðar litið og reyni að mynda sér á því einhverja rökstudda skoðun hvort það sé skynsamleg ráðstöfun hjá okkur Íslendingum að taka þarna hundruð milljóna kr. á næstu árum út úr tekjustofnum sem sérstaklega eru ætlaðir og merktir vegamálum lögum samkvæmt og ráð-

stafa í þessi verkefni. Nú er það svo að þegar síðast var unnið að endurskoðun langtímaáætlunar í vegagerð reyndu sérfræðingar Vegagerðarinnar og þeirra sem að því starfi komu frá samgrn. og þingflokkum að gera sér grein fyrir því hvert verkefnið væri — að byggja hér upp nútímalegar og greiðar samgöngur á landi um allt landið. Jú, ef ég man stærðargráðuna rétt eða tölur þá var þar slegið á að þetta væru eitthvað um 75–80 milljarðar kr. á verðlagi ársins 1991 sem til þyrfti og tæki miðað við núverandi fjárveitingar a.m.k. 25 ár. Þetta er nú verkefnið sem við okkur blasir í vegamálunum. Og ef við erum þeirrar skoðunar að það sé eitt með brýnni hagsmuna- og framfaramálum í okkar landi að byggja þessar samgöngur upp, er það þá skynsamleg áhersla að taka þessa fjármuni út úr því verkefni og í aðrar þarfir, þær sem hér um ræðir? Því þessum samgöngum þurfum við að sjálfsögðu einnig að sinna. Þær eru mikilvægar og eiga ekki að falla niður ef við á annað borð ætlum að byggja þetta land og búa þar mannsæmandi lífi þá þurfum við að geta sinnt samgöngumálum þessara svæða sem eru bundnar af eða háðar samgöngum á sjó.

Ég hefði gjarnan viljað að hv. þingnefnd eyddi svolítilli orku í að fara svona heildstætt yfir þetta mál og setja það í samhengi við samgöngumálin að öðru leyti og tekjuöflun eða fjárveitingar til þess málaflokks. Og í trausti þess að svo verði hef ég þessi orð mín ekki fleiri en bið þess að sjá hverjar lyktir verða af starfi nefndarinnar.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Að sumu leyti var ræða hv. þm. með venjulegum formerkjum. Hann var mjög undrandi yfir því að ég hef látið í ljósi skoðun á því hvernig til hefur tekist með rekstur ferja og flóabáta á undanförnum árum og telur raunar að með því sé ég að veitast að sér persónulega og telur það sérstaklega ámælisvert að mér skuli koma í hug að hafa uppi slík ummæli ef hann er fjarverandi.

Nú er það svo um fréttamenn að þeir spyrja ekki hv. þm. að því um hvað þeir vilja fá vitneskju og í öðru lagi er það svo að stjórnmálamenn og sérstaklega ráðherrar verða að una því bæði meðan þeir gegna embætti og raunar síðar líka að um þeirra störf sé fjallað. Í því felst engin persónuleg áreitni. Undarlegt af stjórnmálamanni að halda því fram. Á hinn bóginn er alveg sjálfsagt annað slagið að rifja það upp hvernig staðið hefur verið að málum.

Út af ummælum hv. þm. er nauðsynlegt fyrir mig að taka tvennt fram. Í öðru lagi er þetta frv. hér flutt vegna þess að það var talið nauðsynlegt að setning nýrra heildarlaga biði haustsins og samgöngumálin í víðara samhengi yrðu tekin upp þá en á hinn bóginn yrði látið við það sitja nú á þessu vori að það litla frv. sem ég mæli hér fyrir yrði samþykkt sem nauðsynlegt er til að Vegagerðin geti tekið yfir málefni ferja og flóabáta.

Hitt málið sem ég hygg að nauðsynlegt sé fyrir mig að leiðrétta og ég hef gert mjög að umræðuefni er vond skuldastaða ferja og flóabáta og er nauðsynlegt til að fylla upp í þá mynd að vekja athygli á nokkrum atriðum.

Ef við byrjum á þeirri ferju sem hér er næst, Faxaflóaferjunni Akraborg, þá var hún keypt hingað til lands á árinu 1982 og aflað til þess nauðsynlegra lánsheimilda hjá ríkissjóði. Um það segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar: „Þar sem félagið hefur ekki haft bolmagn til að standa undir greiðslum af lánum sem tekin voru vegna kaupanna hefur hlaðist upp vanskilakostnaður hjá Ríkisábyrgðarsjóði. Stór hluti af skuldarhöfuðstól félagsins við ríkissjóð hefur verið vegna áfallinna dráttarvaxta.“ Um skuldir Akraborgar er það síðan að segja að Akraborg skuldaði á árinu 1987 72,4 millj. kr., 1988 79,5 millj. kr., 1989 92,7 millj. kr., 1990 137 millj. kr. og 1991 á síðasta ári forvera míns í 141,3 millj. kr.

Á því herrans ári hvíldu með öðrum orðum 141 millj. kr. á Akraborginni en samkvæmt fjárlögum fyrir það ár var ekki varið einni einustu krónu til stofnkostnaðar vegna Akraborgar. Það var varið 1 millj. kr. á árinu 1991 til stofnkostnaðar vegna Mjóafjarðarbáts en ekki einni einustu krónu til Akraborgar og höfðu þó skuldir Akraborgar vaxið frá árinu 1989 úr 92,7 millj. kr. í 141,3 millj. kr.

Ef ég tek með sama hætti hvernig skuldastaða flóabáta hefur vaxið í heild sinni frá árinu 1987 — ég vil taka fram að á þeim árum voru sjálfstæðismenn samgrh., þannig að varla er það nú sérstök árás á forvera minn sem er í Alþb., þá var það svo að á árinu 1987 að skuldir ferja og flóabáta voru samtals 135,5 millj. Á sama ári var varið til stofnkostnaðar samkvæmt fjárlögum 2,4 millj. kr., rétt 1,5%. Á árinu 1988 hækkuðu skuldir á ferjum upp í 285 millj. kr. eða meira en tvöfölduðust. Þá voru framlög ríkisins til stofnkostnaðar lækkuð niður í 1,1 millj. kr. Á árinu 1989 varð enn stökk. Þá hækkuðu skuldir upp í 472 millj. kr., framlag á fjárlögum til stofnkostnaðar var 2,1 millj. kr. Á árinu 1990 hækkuðu lánin upp í 603 millj. kr., þá voru framlög til stofnkostnaðar 8,4 millj. kr. Á árinu 1991 voru skuldir komnar upp í 1,6 milljarða kr. Samkvæmt fjárlögum voru ætlaðar 7 millj. kr. til stofnkostnaðar vegna skulda á flóabátum sem námu 1,630 milljörðum kr. Með fjáraukalögum fékk ég fram nokkra leiðréttingu þannig að til stofnkostnaðar fóru á árinu 1991 71,9 millj. kr. en voru 7 millj. kr. á fjárlögum. Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir 119 millj. kr. Þá eru skuldirnar komnar upp í 2,4 milljarða kr. samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Það má auðvitað segja að þessi miklu lán eru öll tekin með samþykki Alþingis, ég hef ekki neitað því. En ef við horfum t.d. á lántökuheimildir vegna hins nýja Herjólfs þá voru það 100 millj. kr. árið 1988, 100 millj. kr. árið 1989, 500 millj. kr. árið 1990 og 500 millj. kr. árið 1991 og þá var skrifað undir. Á sl. ári var nauðsynlegt að leita enn nýrrar lántökuheimildar upp á 400 millj. kr. vegna kaupa á þessu skipi og er þá staðan gagnvart ríkissjóði 1,5 milljarðar kr. Ef við horfum á skip eins og Sæfara, þá standa sakir þannig þar að á árinu 1989 var óskað eftir lánsheimild að upp-

hæð 35 millj. kr. Nýrri lánsheimild ári síðar upp á 40 millj. kr. Nýrri lánsheimild ári síðar upp á 23 millj. kr. Staðan gagnvart ríkissjóði á sl. ári var 108 millj. kr. Þannig að það hefur verið höfð sú aðferð uppi að náð hefur verið í lánsheimild eftir lánsheimild ár eftir ár og samgönguráðherrar hafa ekki haft svigrúm eða kraft til þess að mæta þeim aukna fjárfestingarkostnaði og vaxtakostnaði sem þessu hefur fylgt. Afleiðingin er með öðrum orðum sú að á árinu 1992 er 119 millj. kr. varið til stofnkostnaðar.

Með öðrum orðum er ég ekki að halda því fram að *forveri minn hafi verið eitthvert sérstakt dæmi að þessu* leyti sem samgrh., ég sagði í ræðu minni fyrr í dag að þessi mál hefðu verið á margra höndum, þingsins, samgrn. og fjmrn., og nú væri nauðsynlegt að koma ábyrgðinni niður á einn stað. Ég vil líka segja að ég gerði þessi mál ekki að sérstöku umræðuefni í ræðu minni fyrir frv. heldur spunnust umræðurnar út af athugasemdum þingmanna sem tóku til máls.

Ég hygg að óhjákvæmilegt sé fyrir okkur sem berum hagsmuni dreifbýlisins fyrir brjósti að við fáum öruggar tekjur til þess að koma í veg fyrir að þessi skuldasöfnun haldi áfram í þessum þætti samgöngumálanna og ég vona að við berum gæfu til þess að finna lausn á þeim málum.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kann stórum betur við tóninn í hæstv. samgrh. núna þegar hann ræðir þetta svona. Það er alveg rétt að framsöguræða hans í málinu í byrjun var áreitnislaus, það var frekar það sem fram kom í umræðunum síðar þegar hann svaraði hv. 1. þm. Norðurl. e. sem ég sá ástæðu til að gera athugasemdir við en auðvitað einnig ýmis ummæli innan þings og utan sem hann hefur viðhaft um þessi mál á undanförnum mánuðum. En rökræður um þetta mál á þeim nótum, sem áðan fóru fram af hálfu hæstv. ráðherra, eru af allt öðrum toga og ég er meira en tilbúinn til að taka þátt í þeim. Þá get ég lýst því yfir að ég er alveg sammála hæstv. samgrh. um það að í þessum málaflokki sem og mörgum fleirum hefur frágangur málanna þegar að því er komið að ákveða hvernig greiða skuli af teknum *lánum með ríkisábyrgð eða beinlínis af ríkinu og* vistuð í Ríkisábyrgðasjóði alls ekki verið sem skyldi, það er alveg hárrétt. Við bjuggum um árabil við það að þegar lánin höfðu einu sinni verið tekin og vistuð í Ríkisábyrgðasjóði þá var það upp og ofan hvort eitthvað var greitt af þeim eða ekki. Í mörgum tilvikum hafa þau safnast þar upp eða legið þar árum saman og frægt er náttúrlega dæmið af flugstöðinni sem var nefnt áðan.

Mér er tjáð að enn séu ógreidd og í óskilum og afvelta lán sem eru að verða hátt í áratugagömul vegna raðsmíðaskipanna svonefndu og um allt þetta má lesa í ýmsum skýrslum frá Ríkisendurskoðun sem hefur farið yfir þessa deild undanfarin ár. Auðvitað er alveg hárrétt að þar er margt alls ekki í því lagi sem það ætti að vera. Þar deila náttúrlega allir, sem að málunum hafa komið undanfarin ár, ábyrgðinni og rétt að hver axli sitt í þeim efnum. Að öðru leyti vísa ég til þess sem ég áður sagði, hæstv. forseti, ég tel að ég hafi þar komið mínum sjónarmiðum fullnægjandi á framfæri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku, 2. umr.

Stjfrv., 300. mál. — Þskj. 467, nál. 820 og 821, brtt. 822.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 820 um frv. til laga um brottfall laga nr. 67/1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku, sbr. lög nr. 30/1990, frá meiri hluta utanrmn.

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Ara Skúlason og Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands og Sigurlaugu Gunnlaugsdóttur, Kristin H. Gunnarsson og Stefán Stefánsson frá Suður-Afríkusamtökunum.

Með samþykkt laga um viðskiptabann við Suður-Afríku sýndu íslensk stjórnvöld samstöðu með ályktunum Sameinuðu þjóðanna sem fordæmdu kerfisbundin mannréttindabrot hvíta minni hlutans í Suður-Afríku. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti árið 1990 ályktun þar sem ákveðið var að beita Suður-Afríku viðskiptaþvingunum þar til fullsýnt væri að umbótaþróuninni yrði ekki snúið við. Nú standa mál svo að mannréttindabrot eru ekki lengur framin í skjóli stjórnvalda, kynþáttaaðskilnaðarstefnan hefur verið afnumin og samkomulag hefur náðst í viðræðum ríkisstjórnar Suður-Afríku og Afríska þjóðarráðsins (ANC) um stjórn landsins til aldamóta og gert er ráð fyrir þingkosningum á næsta ári þar sem kynþættir verða jafnrétthair." — Reyndar liggur fyrir að þær kosningar verða í síðasta lagi í apríl næsta ár samkvæmt ákvörðun suður-afrísku stjórnvaldanna. — „Í ljósi þessa verður ekki önnur ályktun dregin en að framhald verði á umbótaþróuninni.

Viðskiptabann Íslendinga hafði fyrst og fremst pólitíska þýðingu en engin merkjanleg áhrif á efnahagslífið í Suður-Afríku. Hefur bannið því ekkert gildi nú þegar nágrannaþjóðir okkar og mikilvægir viðskiptaaðilar Suður-Afríku hafa aflétt því. Eðlilegt er því að íslensk fyrirtæki búi við sambærileg skilyrði og samkeppnisaðilar í öðrum ríkjum. Má af því tilefni nefna að Norðurlönd hafa afnumið eða eru að afnema viðskiptabannið hjá sér, sbr. yfirlit í fylgiskjali.

Eftir sem áður verður vopnaviðskiptabann við Suður-Afríku samkvæmt bindandi ályktunum öryggisráðsins virt að fullu. Inn- og útflutningur vopna er óheimill hérlendis nema með sérstöku leyfi dómsmálaráðuneytisins og mun, ef á reynir, verða höfð hliðsjón af ályktunum öryggisráðsins komi beiðni um slík viðskipti fram.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt."

Undir nál. rita 25. mars, Rannveig Guðmundsdóttir, Árni R. Árnason, Sigríður A. Þórðardóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Tómas Ingi Olrich.

Virðulegi forseti. Ég nefndi það í nál. og kemur fram þar að á fskj. er yfirlit um afstöðu nokkurra landa til viðskiptabannsins gegn Suður-Afríku og vil ég leyfa mér að lesa þetta yfirlit, með leyfi forseta.

„Viðskiptabannið var afnumið í Danmörku 17. mars 1992 og 10. júlí í Bandaríkjunum. Ríki Evrópubandalagsins hafa einnig afnumið viðskiptabann gagnvart Suður-Afríku.

Finnsk stjórnvöld afnámu viðskiptabannið við Suður-Afríku í júní 1991. Enn er í gildi bann við fjárfestingum. Utanríkismálanefnd þingsins fjallar nú um afnám fjárfestingarbannsins. Nokkrir nefndarmenn í utanríkismálanefnd Finnlands dvöldust í Suður-Afríku dagana 27. febrúar til 5. mars og lýsti formaður utanríkismálanefndarinnar því yfir við það tækifæri að síðustu leifar viðskiptabannsins, þ.e. bann við fjárfestingum, yrði afnumið innan skamms. Í framkvæmd fá hins vegar öll finnsk fyrirtæki undanþágu frá banninu við fjárfestingum í Suður-Afríku.

Sænsk stjórnvöld hafa lagt til að viðskiptabannið verði afnumið og er málið nú til meðferðar í sænska þinginu. Ingvar Carlson, formaður sænskra jafnaðarmanna, hefur lýst því yfir að hann styðji þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Litið er á yfirlýsingu hans sem opinbera stefnu sænska jafnaðarmannaflokksins. Þó að Svíar aflétti ekki banni gegn fjárfestingum skal tekið fram að sænsk fyrirtæki, sem voru í viðskiptum við Suður-Afríku áður en bannið kom til, fá undanþágu frá viðskiptabanninu, enda sé sýnt fram á að viðskiptin skapi Svíum atvinnu.

Norsk stjórnvöld afnámu viðskiptabannið frá 15. mars sl. Áfram verður bann við sölu á olíu, enda er Noregur olíuframleiðsluríki og beitti sér ötullega fyrir að öryggisráðið samþykkti ályktun um olíuviðskiptabann við Suður-Afríku á sínum tíma og samþykkti sérstök lög þar sem olíusala og flutningur á olíu til Suður-Afríku voru bönnuð. Öryggisráðið samþykkti hins vegar aldrei ályktun um olíuviðskiptabann. Noregur hefur setið í nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna um olíuviðskiptabann gegn Suður-Afríku frá upphafi, en hefur hins vegar nýlega sagt sig úr þeirri nefnd. Þá hefur flutningur á olíu annarra landa verið heimilaður með norskum flutningsskipum og er búist við að olíuviðskiptabannið verði að fullu afnumið á næstu mánuðum.

Kanadísk stjórnvöld eru enn fylgjandi viðskiptabanni en fylgjast náið með stjórnmálaþróuninni í Suður-Afríku."

Virðulegi forseti. Hér á Íslandi hefur eingöngu verið um almennt viðskiptabann að ræða. Hins vegar voru t.d. í Noregi sérstök lög um bann við olíusölu auk laga um almennt viðskiptabann enda ekki hægt að bera okkur saman við olíuþjóð eins og Norðmenn í þessum efnum. Viðskiptaþvinganir gegn löndum eru neyðarúrræði sem er einungis beitt að uppfylltum ákvæðum þjóðaréttar. Með samþykkt laga um viðskiptabann við Suður-Afríku sýndu íslensk stjórnvöld samstöðu með samfélagi þjóðanna og fordæmu kerfisbundin mannréttindabrot í Suður-Afríku.

Stjórnvöld í Suður-Afríku voru brotleg samkvæmt þjóðarétti og því voru viðskiptaþvinganir samfélags þjóðanna eðlileg viðbrögð og uppfylltu öll skilyrði slíkra neyðarúrræða. Mannréttindabrot eru ekki lengur framin í skjóli stjórnvalda, kynþáttaaðskilnaðarstefnan hefur verið afnumin og fullsýnt þykir að umbótaþróuninni verði ekki snúið við. Forsendur viðskiptabanns Alþingis eru því brostnar.

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Við fjórir nefndarmenn í utanrmn. skilum séráliti um þetta mál og leggum þar til að afnám viðskiptabannsins verði bundið því að fyrir liggi ákvörðun um lýðræðislegar kosningar í Suður-Afríku. Ég kom að þessu máli á sínum tíma þegar viðskiptabannið var sett á og við urðum, eins og kom fram hjá hv. frsm. meiri hlutans, við samþykkt Sameinuðu þjóðanna. Sömuleiðis urðum við fyrir miklum þrýstingi frá Afríska þjóðarráðinu sem lagði mikla áherslu á það að þjóðir sýndu samstöðu gegn mannréttindabrotum með því að setja á viðskiptabann.

Ég lít á viðskiptabann sem algjört neyðarúrræði og vitanlega má ekki setja það á nema að fullnægðum ákvæðum þjóðaréttar. Staðreyndin er því miður sú að viðskiptabann hefur raunar mjög sjaldan borið þann árangur sem að er stefnt. Við settum á viðskiptabann fyrst og fremst sem táknræna athöfn til stuðnings við þann meiri hluta í Suður-Afríku sem varð að þola mikil mannréttindabrot og við vildum með því sýna afstöðu okkar til slíks framferðis.

Það er rétt að margt hefur batnað í Suður-Afríku og sem betur fer virðist í uppsiglingu samkomulag og viðræður fara fram á milli stjórnvalda og þess meiri hluta sem þar hefur verið undirokaður. Því miður fer því víðs fjarri að ofbeldisverkum hafi linnt eins og nýleg dæmi og fréttir bera vitni um. Að vísu má segja að það sé ekki að undirlagi stjórnvalda þótt lengi megi deila um framgang þeirra í þeim málum.

En það sem hefur ráðið fyrst og fremst afstöðu okkar til þess að vilja fara okkur hægt í þessu máli er samþykkt sem gerð var á ráðstefnu Afríska þjóðaráðsins sem var haldin í Jóhannesarborg dagana 19.–21. febr. sl. Þar var mikið fjölmenni, m.a. mikið fjölmenni erlendra gesta og þar var einróma farið fram á að viðskiptabannið yrði ekki afnumið fyrr en, eins og sagði þar í samþykktinni, „ ... tilkynnt hefði verið samþykkt dagsetning kosninga". Með þetta í huga sem við leggjum til á sérstöku þskj. að 2. gr. orðist svo:

„Lög þessi öðlast gildi þegar samkomulag liggur fyrir um lýðræðislegar kosningar í Suður-Afríku."

Samkvæmt því sem mér hefur verið tjáð er gert ráð fyrir að það geti orðið mjög fljótlega.

Að sjálfsögðu eru þarna ýmsir viðskiptahagsmunir margra þjóða í húfi, þeir eru ekki miklir hjá okkur þó eflaust megi gera ráð fyrir því að menn geti haslað sér

þarna völl og vonandi verður það svo. Við teljum hins vegar að þegar um slík mannréttindamál er að ræða verði þeir að víkja og ekki síst þegar menn eru að ná þeim árangri sem að var stefnt þó ég sé þeirrar skoðunar að það sé ekki nema að litlu leyti fyrir tilstuðlan viðskiptabannsins.

Mér sýnist óþarft að hafa um þetta fleiri orð. Það er rétt sem hv. frsm. meiri hlutans rakti að mjög margar þjóðir hafa eða eru að afnema viðskiptabannið, Svíar hafa að vísu ekki enn þá gert það og það er þar til umræðu. Kanadamenn hafa verið mjög ákveðnir í því að afnema það ekki strax og hafa sinnt einmitt þeim tilmælum sem við teljum rétt að verða við og ég vísaði til áðan frá ráðstefnu Afríska þjóðarráðsins. Einnig er athyglisvert að afnám þessa banns hefur verið bundið vissum skilyrðum hjá ýmsum þjóðum eins og að sjálfsögðu bann við flutningi vopna en líka olíu og fjárfestingu og þeir hlutir eru núna í meðferð. Okkur sýnist því að engin hætta felist í því og reyndar í samræmi við upphaflega afstöðu okkar að binda afnámi við slíku skilyrði eins og ég nefndi áðan. Hér var þetta bann sett á, eins og ég sagði, til að sýna vissa samstöðu með Afríska þjóðarráðinu og þegar Afríska þjóðarráðið fer fram á að þeirri samstöðu verði fram haldið með því að afnema ekki viðskiptabannið teljum við rétt að verða við því. Því leggjum við til brtt., sem ég hef þegar lýst, og kemur fram á þskj. 822.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa mörg orð í viðbót við það sem hv. frsm. minni hluta utanrmn. sagði en vil taka undir þau sjónarmið sem hann hafði fram að færa. Eins og hv. frsm. meiri hlutans gat var viðskiptabannið fyrst og fremst sett á sem pólitískur þrýstingur og það er nákvæmlega ástæðan fyrir því að það er að mati minni hluta utanrmn. talið heppilegt að bíða um stund. Ekki er verið að tala um langa bið heldur að bíða um stund með að aflétta banninu vegna þess að það getur hugsanlega skapað pólitískan þrýsting í samfélagi með öðrum þjóðum sem velja sömu leið. Þessa þrýstings er leitað og má þar nefna þá niðurstöðu sem varð af fundinum í Jóhannesarborg 19.–21. febr. Mér finnst í rauninni að þar sem við eigum fyrst og fremst að vera sjálfum okkur samkvæm í þessu væri það helst gert með því að bíða eftir því að samþykkt dagsetning kosninga hafi verið tilkynnt því að það er vonandi í vændum núna þrátt fyrir að það hafi verið að einhverra mati komið dálítið bakslag eftir hið hörmulega morð á Chris Hanis, eins af forustumönnum Afríska þjóðarráðsins. Það yrði í mesta lagi stutt töf en þrátt fyrir allt er líka mikilvægt að við höfum örlitla viðspyrnu ef svo ólíklega vildi til að þróunin hægði á sér því að það er mikilvægt að beita þeim ráðum sem hægt er til þess að leggja þeim lið sem eiga í mannréttindabaráttu. Það er klárlega það sem vakti fyrir stjórnvöldum, er þetta bann var sett. Þótt bannið hafi verið við lýði í fimm ár þá skiptir ekki sköpum að það verði í einhverja mánuði í viðbót vegna verslunarhagsmuna okkar. Vissulega er rétt að sum samkeppnisríkja okkar hafa aflétt verslunarbanni en önnur hafa ekki gert það og þetta er vonandi og að mínu mati aðeins spurning um stuttan tíma en þetta er spurning um að vera sjálfum sér samkvæmur pólitískt séð. Það tel ég að skipti miklu máli.

Í grein í Time 19. apríl sl. er einmitt sérstaklega gert að umtalsefni í tilefni morðsins á Chris Hani að það að vera samkvæmur sjálfum sér í baráttunni hafi unnið þá sigra, sem þegar hafa verið unnir, í þeim þrýstingi sem flestar þjóðir hafa beitt Suður-Afríku og þessi árangur hefur náðst vegna þess að þessi þrýstingur hefur verið sá sem hann er. Af þessum ástæðum tel ég að við eigum að doka við og það er ekki nema um smástund að ræða. Við eigum að beita þeim þrýstingi sem mögulegt er, nýta þau pólitísku tækifæri sem við höfum til að leggja þessu máli lið allt til þess að það hillir undir meiri mannréttindi og meira réttlæti.

Með þessu er ég ekki að gera lítið úr því sem hefur verið gert. Ég vek athygli á því að fulltrúar þeir sem komu frá Suður-Afríkusamtökunum á fund hæstv. utanrmn. lögðu ríka áherslu á að sá árangur, sem hefði náðst, væri mjög umtalsverður og þetta væri einungis spurning um örlitla biðlund og þá væri fullnaðarsigur unninn.

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Eins og hefur komið fram er ekki ágreiningur um það í utanrmn. hvort aflétta skuli viðskiptabanninu við Suður-Afríku heldur hvenær. Ágreiningurinn er um hvort það skuli gert núna eins og meiri hluti nefndarinnar leggur til eða hvort skuli beðið eins og segir í brtt. minni hlutans: „lögin skulu ekki öðlast gildi fyrr en samkomulag liggi fyrir um lýðræðislegar kosningar í Suður-Afríku". Minni hlutinn vísar til samþykktar á ráðstefnu Afríska þjóðarráðsins sem haldin var í Jóhannesarborg dagana 19.–21. febr. sl. Eins og við vitum er atburðarásin ákaflega hröð í Suður-Afríku og margt sem gerist, hörmungar, manndráp og upplausnarástand að nokkru leyti og hins vegar heldur þessi stjórnmálaþróun áfram. 1. apríl sl. var efnt til fundar í CODESA sem er samstarfsvettvangur stjórnmálaafla allra kynþátta í landinu. Ef menn vilja kynna sér þann samstarfsvettvang nánar bendi ég á grein sem Davíð Þór Björgvinsson, dósent í lagadeild háskólans, ritaði nýlega í Morgunblaðið um þessa þróun þar sem hann lýsir stjórnskipulegri stöðu mála.

1. apríl hittust þessir fulltrúar á fundi og komu sér saman um að halda áfram samningaviðræðum og liggur ljóst fyrir að ekki er lengur deilt um að hvort lýðræðislegar kosningar eigi að fara fram, það er markmið sem allir vinna að, og samkomulag liggur fyrir um að lýðræðislegar kosningar fari fram í landinu. Talað er um að þær muni fara fram annað hvort í mars eða apríl á næsta ári. Um þetta fékk ég ítarlegar upplýsingar frá sendiráði Suður-Afríku í Danmörku sem ég hef sent öllum nefndarmönnum í utanrmn. og þar geta menn kynnt sér sjónarmið stjórnvalda um þennan þátt málsins. Síðan geta menn einnig kynnt sér þróunina af lestri blaðagreina þar sem fjallað er um þessa fram-

vindu og m.a. í nýjasta tölublaði danska blaðsins Weekendavisen er þetta rakið mjög nákvæmlega og skýrt frá því að fyrir lok maí eigi að vera komið samkomulag um hvernig eigi að standa að frekari breytingum. Fyrir lok júní eigi að setja á laggirnar samstarfsráð um hvernig eigi að framkvæma breytingarnar og koma á laggirnar kjörnefndum og kosninganefnd. Fyrir lok október nk. er miðað að því að menn hafi náð samkomulagi og samþykkt kosningalöggjöfina og síðan verði kosningarnar eins og hér segir, líklega í mars. En í ramma þess samkomulags, sem allir 26 flokkarnir í Suður-Afríku starfa eftir og vinna innan, er gert ráð fyrir því að kosningar verði í síðasta lagi í apríl á næsta ári. Enda þótt miðað hafi verið við og minni hlutinn miði við fund, sem var haldinn í febrúar, finnst mér að svo margt hafi gerst síðan að það liggi alveg ljóst fyrir að þeim skilyrðum, sem minni hlutinn setur, verði ekki aflétt fyrr en samkomulag liggi fyrir um lýðræðislegar kosningar, þeim skilyrðum hafi þegar verið fullnægt. Samkomulag liggur fyrir um lýðræðislegar kosningar. Tímaáætlun liggur fyrir um það hvernig að þessu starfi skuli unnið og það liggur fyrir hvað eigi að gera á hverjum tíma og viðræðurnar 1. apríl sl. voru taldar skila meiri árangri og betri árangri en menn væntu. Mér finnst að ágreiningurinn um tímasetninguna í þessu hljóti að vera úr sögunni ef menn líta á þessi gögn og miða við það sem fram kom í utanrmn.

Sagt er að Kanadamenn hafi ekki enn samþykkt afnám bannsins. Það má að verulegu leyti rekja til aðildar Kanada að breska samveldinu og sjónarmiðum sem þar ríkja. Að sjálfsögðu snertir það ekki okkur Íslendinga þar sem við erum ekki hluti af því samstarfi sem samveldisríkin eiga.

En varðandi tímasetninguna finnst mér líka nauðsynlegt að hafa í huga að þetta snertir íslensk fyrirtæki. Það er alveg vitað mál og það liggur fyrir að það eru mörg íslensk fyrirtæki sem vænta þess að nú í vor verði tekin ákvörðun um afnám viðskiptabannsins og þegar ágreiningur um það á þinginu er ekki alvarlegri en það sem hefur komið fram væri mjög æskilegt að allir gætu sameinast um málið. Ég nefni eitt dæmi, eitt fyrirtæki, það er fyrirtækið Marel sem er að sækja inn á markað í Namibíu eins og við vitum. Íslendingar ætla sér stóran hlut við uppbyggingu á sjávarútvegi og fiskveiðum í Namibíu. Marel lítur þannig á að Namibía og Suður-Afríka séu eitt markaðssvæði og tvö fyrirtæki í Suður-Afríku ráða yfir 80% af fiskveiðkvóta landsins og miklu í Namibíu. Þessi fyrirtæki á Marel viðskipti við og það kann að verða þannig að ef við afnemum ekki viðskiptabannið verði spillt fyrir möguleikum Íslendinga við uppbyggingu á sjávarútvegi og fiskveiðum í Namibíu og þeim verkefnum sem við viljum vinna þar að vegna þess hve markaðurinn er samtengdur Suður-Afríku. Það er því tímaþrýstingur í málinu með íslenska hagsmuni í huga og eins og ég segi, þegar ágreiningurinn er ekki meiri en sá sem ég hef lýst, finnst mér að við séum að deila um keisarans skegg þegar við erum að lýsa ágreiningi í þessu efni. Ég mæli eindregið til þess að frv. verði samþykkt og viðskiptabannið við Suður-Afríku verði afnumið strax í vor.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir þau orð formanns utanrmn. að hér ber ekki mikið á milli efnislega. Það er heldur lakara að mönnum skyldi ekki takast að verða sammála og afgreiða málið í samkomulagi úr hv. utanrmn. (**BBj:** Það komu nýjar upplýsingar fram eftir að málið fór úr nefndinni.) Þá er upplagt að nefndin taki málið til sín á nýjan leik og skoði það á milli 2. og 3. umr. ef eitthvað er nýtt, nýjar upplýsingar eða breyttar forsendur og væntanlega stendur ekki á formanni nefndarinnar að hlutast til um það. Þess vegna er hægt að kalla aftur brtt. og afstýra því að menn gangi efnislega til atkvæðagreiðslu fyrr en málið hefur verið rætt á nýjan leik.

Ef ég man rétt var allgóð samstaða um það, gott ef bara ekki einróma samstaða á Alþingi á sínum tíma, þegar lögin um viðskiptabann á Suður-Afríku og Namibíu voru loksins sett á, en við Íslendingar vorum því miður í hópi allra síðustu þjóða til að grípa til slíkra ráðstafana. Sömuleiðis var samstaða um að fella niður viðskiptabannið á Namibíu þegar aðstæður höfðu breyst í því landi og mér hefði fundist skemmtilegast ef málinu hefði þá lokið þannig að menn hefðu síðan orðið sammála um það hvernig viðskiptabannið yrði fellt niður gagnvart Suður-Afríku þegar það væri tímabært. Við 1. umr. málsins nefndi ég þann möguleika að við færum svipaða leið og sumar hinna Norðurlandaþjóðanna að fella bannið niður í áföngum eða þannig að við héldum einhverjum táknrænum hlutum viðskiptabannsins þangað til enn betur hefði miðað í lýðræðisátt í Suður-Afríku. Þetta er sú leið sem sumar hinna Norðurlandaþjóðanna hafa farið, þ.e. að afnema t.d. fyrst bann við viðskiptum með vörur og þjónustu en viðhalda banni á fjárfestingum og e.t.v. einhverjum afmörkuðum þáttum viðskipta, vopnum eða olíuvörum eða einhverju slíku og þannig gætu ýmsar leiðir komið til greina til þess að vera í takt að þessu leyti að menn drægu táknrænt úr viðskiptatakmörkunum til að sýna velþóknun sína á þróun í rétta átt en tækju ekki það skref, sem margar þjóðir og sérstaklega Norðurlandaþjóðirnar hafa verið hikandi við, að afnema viðskiptabannið að fullu fyrr en betur væri búið að innsigla samkomulag kynþáttanna um kosningar og framkvæmd umbótanna á stjórnskipun landsins. Mér finnst ekki til mikils mælst miðað við þær upplýsingar sem formaður utanrmn. kom hér með, að vísu úr dönsku blaði, við skulum ætla að þær séu áreiðanlegar, að fyrir liggi tímasett áætlun þar sem verulegir atburðir muni gerast í maí og júní í rétta átt í þessum efnum að haga þá gildistöku laganna með það að leiðarljósi ef það má verða til samkomulags um afgreiðslu málsins. Þetta kann ýmsum að þykja smámunasemi og ekki stórt mál á hvorn veginn þetta fer, hvort lögin öðlist þegar gildi eftir að þetta samkomulag liggur fyrir sem vonandi verður innan skamms. Ég held að það sé efnislega rétt og í samræmi við þær áherslur sem menn hafa með þessu táknræna viðskiptabanni Íslendinga sem það hef-

ur auðvitað fyrst og fremst verið alla tíð að menn standi að þessu á þennan hátt. Ég leyfi mér enn að vona að samstaða geti tekist um afgreiðslu málsins á þessum nótum.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg sjálfsagt að taka málið fyrir í utanrmn. á mánudaginn. Þar verður fundur og atkvæðagreiðsla um málið fer væntanlega ekki fram fyrr en í fyrsta lagi á mánudaginn. Sjálfsagt er að taka það fyrir á fundi þá um morguninn og ég get látið nefndarmenn hafa dönsku blaðagreinina, sem ég las úr sem kom ekki út fyrr en núna um helgina, þannig að ekki er von að nefndin hafi getað tekið afstöðu til þess og ekki við nefndarmenn að sakast þegar nýjar upplýsingar berast. Hitt er ljóst að samkomulagið liggur fyrir og engar tímasetningar þarf í því efni. Mér finnst að það eigi að afnema bannið og ekki verður heldur deilt um það á milli minni hluta og meiri hluta hvort eigi að afnema það í áföngum eða ekki. Það verður að afnema þetta viðskiptabann og það verður að afnema það eins og minni hlutinn segir þegar þetta samkomulag liggur fyrir. Ég tel að þetta samkomulag liggi fyrir og ég get komið þessum upplýsingum til meðnefndarmanna minna og mun gera það á mánudaginn og þá sjáum við til hvernig staðan verður í málinu þegar það kemur hér til atkvæðagreiðslu á mánudag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með skipum, 2. umr.

Stjfrv., 192. mál (heildarlög). — Þskj. 223, nál. 956, brtt. 957.

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Frv. þetta til laga um eftirlit með skipum var lagt fram á síðasta Alþingi og var þá til meðferðar og athugunar í hv. samgn. en hlaut eigi afgreiðslu. Frv. var lagt fram að nýju á þessu Alþingi og hefur samgn. athugað frv. áfram og fjallað um það á mörgum fundum. Á fundi nefndarinnar komu Páll Hjartarson frá Siglingamálastofnun ríkisins og Ólafur Steinar Valdimarsson, ráðuneytisstjóri í samgrn. Nefndinni bárust umsagnir frá Sambandi ísl. kaupskipaútgerða, Sambandi ísl. tryggingafélaga, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Fiskifélagi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, siglingadómi og fjmrn.

Í þeim umsögnum, sem nefndin hefur fengið er að meginhluta komist að þeirri niðurstöðu að frv. sé til verulegra bóta frá gildandi lögum og í heild má segja að í þessum umsögnum séu gerðar miklar athugasemdir við frv. eins og það liggur fyrir.

Samgn. hefur afgreitt málið frá sér og leggur til að það verði samþykkt með nokkrum breytingum sem fluttar eru tillögur um á þskj. 957 og stendur nefndin í heild að þeim breytingum en þrír nefndarmanna, þeir Árni M. Mathiesen, Stefán Guðmundsson og Guðni Ágústsson skrifa þó undir nál. með fyrirvara.

Í brtt. nefndarinnar er lagt til að á 6. gr. verði gerð sú breyting að við 2. mgr. bætist málsliður og 2. mgr. orðist svo:

„Ráðherra setur reglur um hæfniskröfur er þeir sem hanna og smíða skip skulu uppfylla. Þær skulu m.a. taka mið af réttindum hlutaðeigandi iðngreina."

Sú breyting sem í þessu felst er það að í síðari málslið er vísað til þess að þegar ráðherra setur reglur sem fara skal að við hönnun eða smíði skipa þá skuli tekið mið af réttindum þeirra iðngreina sem í hlut eiga og er það eðlilegt að þannig sé að verki staðið.

Í 8. gr. frv. er gerð brtt. af hálfu nefndarinnar þannig að í stað 2. og 3. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:

„Eigi má flytja inn fiskiskip sem er 15 ára eða eldra."

Í þessari grein leggur nefndin til að gerð sé breyting. Í gildandi lögum var eigi heimilt að flytja inn skip hverju nafni sem nefndist ef það væri 12 ára eða eldra. Í frv. eru veruleg frávik frá þessu sem er í gildandi lögum en meginreglan er þó sú í frv. sjálfu eins og það var lagt fram að miðað skyldi við 15 ár. Eftir allmiklar umræður og athuganir á málinu komst nefndin að þeirri niðurstöðu að ástæðulaust væri að hafa í lögum aldursmörk að því er varðaði skip nema að því er tekur til fiskiskipa. Við höfum kynnst því á undanförnum þingum, þar á meðal á þessu þingi að þurft hefur að grípa til lagasetningar, bæði fyrir pramma, björgunarbát og áður við fleiri slík skip til þess að fara fram hjá þessu lagaákvæði sem er í gildandi lögum. Það er skoðun nefndarinnar að höfðu samráði við tæknimenn um þessi efni að sjóhæfni skipa fari hvergi nærri alltaf eftir aldri þeirra og er þess vegna lagt til að þetta aldurshámark gildi einvörðungu um fiskiskip.

Siglingamálastofnun ríkisins hefur fallist á þessi sjónarmið sem komu fram í nefndinni og segir í umsögn til nefndarinnar að stofnunin fallist á sjónarmið varðandi það að aldursákvæðum verði sleppt í lögum fyrir önnur skip en fiskiskip en þar eru settar fram röksemdir fyrir að halda inni 15 ára aldursákvæðum. Þær röksemdir eru m.a. fólgnar í því að við þennan aldur þurfa skip að fara í gegnum ítarlega skoðun og viðgerð, a.m.k. þau skip sem eru í flokki hjá hinum ýmsu flokkunarfélögum. Hér er oft um að ræða dýrar viðgerðir og tímafrekar og því getur orðið álitamál einmitt um þessi aldursmörk hvort skip skuli keypt til landsins eða ekki og því er þessi aldursregla valin en ekki einhver önnur að þá skal fara í þessa ítarlegu skoðun og viðgerð skipa.

Oft tíðkast að áður en slík skoðun og viðgerð fer fram kjósa eigendur skipa fremur að selja skip sitt í stað þess að leggja í þessa kostnaðarsömu aðgerð jafnvel þótt lægra verð fáist fyrir skipin. Ef þeirri aldursskoðun og viðgerð er lokið eru skipin aftur á móti á hinn bóginn væntanlega í betra ástandi og þá dýrari. En lögákveðin aldursmörk og viðgerðir þeim samfara eru meginástæðan fyrir því að þessi aldursviðmiðun er

valin að því er varðar fiskiskip en ekki einhver önnur.

Rétt er að geta þess að þær raddir heyrðust innan nefndarinnar að ástæða væri til þess að afnema öll aldursmörk en það varð að samkomulagi að miða að þessu sinni við þau mörk sem hér hafa verið tilgreind að því er varðar fiskiskip en afnema öll aldursmörk að því er varðar önnur skip, báta og pramma sem áður hefur verið í lögum. Þá tel ég að þessi brtt. sé þar með fullskýrð.

Í þriðja lagi er lögð til sú breyting á 9. gr. frv. að orðið „yfirvélstjóri" falli brott, þ.e. að yfirvélstjóri falli brott úr hópi þeirra sem ábyrgð ber á því að lögskipaðar skoðunaraðgerðir fari fram á skipum. Í núgildandi lögum er þessi ábyrgð á herðum eiganda skips, útgerðarmanns og skipstjóra og þykir nefndinni ekki ástæða til að fjölga í þeim hópi sem ber ábyrgð á því að lögskipuð skoðun skuli fara fram en hún mun að jafnaði fara fram einu sinni á ári.

Við greinina er síðan bætt í brtt. nefndarinnar að um starfsskyldur yfirmanna við skoðunargerð og verkaskiptingu fari samkvæmt III. kafla sjómannalaga nr. 35/1985 þar sem vikið er að því hvaða skyldur hinir ýmsu yfirmenn skips bera við slíka lögskipaða skoðun á skipi. Þar með telur nefndin að þess sé fyllilega gætt að ekki sé gengið á hlut neinna af yfirmönnum skipsins og telur raunar að ábyrgð skipstjóra á lögskipaðri skoðun sé næg til þess að tryggt sé að hún fari fram. Aðrir yfirmenn skips hljóti þá að knýja á við skipstjóra að hann gæti þess að lögum sé framfylgt.

Þá er í fjórða lagi lögð til breyting á 2. mgr. 13. gr. um framkvæmd skyndiskoðunar. Að óbreyttu frv. mætti ætla að varðskip Landhelgisgæslunnar yrði að leita leyfis hjá Siglingamálastofnun í hvert skipti sem varðskipsmenn létu fram fara skyndiskoðun á hafi úti. Miðað við þá breytingu, sem kemur fram í brtt. nefndarinnar á þskj. 957 er ákveðið að sérstakt samkomulag skuli vera á milli þessara stofnana, þ.e. Siglingamálastofnunar ríkisins og Landhelgisgæslu Íslands um framkvæmd skyndiskoðunar. Þar er lagt til að stofnanirnar semji um tilhögun á slíku eftirliti framvegis.

Fimmta brtt. er við 35. gr. og varðar gildistöku frv. og þarfnast ekki skýringa.

Í sjötta lagi er lagt til að við frv. bætist ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið verði á um meðferð þeirra mála sem þingfest hafa verið fyrir siglingadómi fyrir gildistöku laga þessara.

Í frv. er lagt til að siglingadómur verði lagður niður, þess í stað verði mál rekin fyrir almennum dómstólum. Þetta ákvæði til bráðabirgða er til þess að taka allan vafa um það að þau mál, sem höfðuð hafa verið fyrir siglingadómi þegar lögin taka gildi, skuli vera þar til meðferðar áfram og þeim lokið fyrir þeim dómi.

Rétt er að taka fram að í mörgum umsögnum um málið er mælt með því og talið eðlilegt, sem fram kemur í frv., að leggja siglingadóm niður. Hins vegar var ekki talið til bóta af hálfu umsagnaraðila úr siglingadómi en niðurstaða nefndarinnar var að láta ákvæði frv. um þetta efni standa að þessu leyti en bæta aðeins við þessu ákvæði til bráðabirgða til að taka af tvímæli um þau mál sem fyrir dómnum liggja þegar frv. tekur gildi.

Ég tel, virðulegi forseti, að ég hafi þá skýrt starf nefndarinnar og brtt., sem nefndin leggur fram á þskj. 957, en nefndin leggur til, að vísu þrír nefndarmanna með fyrirvara, að frv. verði samþykkt með þessum breytingum sem á því þskj. greinir.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu okkar hv. þm. Guðna Ágústssonar hvað varðar brtt. meiri hluta nefndarinnar við 9. gr. frv. Við erum andvígir þeim breytingum sem meiri hluti samgn. gerir á greininni. Við hv. þm. Guðni Ágústsson styðjum greinina eins og hún stendur í frv. og teljum að þeir sem sömdu frv. hafi haft fullan skilning á nauðsyn þess að ásamt skipstjóra sjái yfirvélstjóri um lögskipaðar skoðunaraðgerðir. Ég fagna mjög að nefndin sem vann þetta frv. hafi einmitt tekið þetta inn og þykir það hins vegar mjög miður að þingnefnd skuli að ekki betur athuguðu máli en raun bar vitni taka þá ábyrgð og ákvörðun að fella þetta veigamikla atriði út sem ég tel að sé mjög þungt á metunum.

Við lítum svo á að yfirvélstjóri búi yfir þeim upplýsingum hvað varðar ástand skips og búnað sem sjálfsagt sé að skoðunarmaður hafi stuðning af og alla vitneskju um þegar árleg skoðun skips fer fram. Það er enginn vafi og það þekkja menn og ættu að vita að auðvitað er í svo gríðarlega mörgum atriðum um borð í þessum skipum, sem eru orðin jafntækjavædd og er í dag, er það í svo miklum mæli sem einmitt er leitað til vélstjóranna til þess að sinna hinu nauðsynlegasta viðhaldi tækja og búnaðar.

Í huga okkar er það mikið öryggisatriði að yfirvélstjóri sjái um þessa þætti, að sjálfsögðu — og ég ítreka það — að sjálfsögðu með skipstjóra eins og stendur í 9. gr. sem endanlega ber mesta ábyrgð á því sem gerist um borð eins og við vitum.

Hv. þm. Pálmi Jónsson gat um það að nefndin hefði ekki séð ástæðu til þess að fjölga í þeim hópi sem ætti að hafa eftirlit með með skoðanagerðunum. Ég verð að segja að sá hópur er ekki stór sem þarna er verið að tala um, það er spurning um það hvort þessir menn sem þarna eru, hvort hann á að vera einn eða tveir. Það er nú hópurinn sem talað er um að eigi að vera til staðar þegar skoðunarmenn koma og fara yfir búnað skipsins.

En hvað er það þá sem okkur hv. þm. Guðna Ágústsson greinir fyrst og fremst á um við meiri hluta nefndarinnar? Það stendur í sjómannalögunum, virðulegi forseti, og mér þykir rétt aðeins að grípa niður á nokkrum atriðum, hvað það er sem ætlast er til af vélstjóra skipsins að falli í verkahring hans og það sé hans að sjá um þannig að menn glöggvi sig á því hversu mikil ábyrgð hvílir raunverulega á herðum vélstjóra um borð í skipum. Þar segir:

„Vélstjóri stjórnar og ber ábyrgð á vélgæslunni. Hann skal sjá um óaðfinnanlegan rekstur, meðferð og viðhald á vélbúnaði skipsins, tilheyrandi lögnum og útbúnaði, svo og á þeim hluta af bol skipsins sem lyk-

ur um vélarrúm ásamt tilheyrandi geymum og gögnum."

Það er ekkert lítið sem hér er lagt á herðar vélstjóra til þess að fylgjast með. Síðar í lögunum, til þess aðeins að skilgreina það hvað er verið að tala um, segir svo, með leyfi forseta, og nú væri ekki verra að þeir hv. nefndarmenn sem hér eru, hv. þm. Pálmi Jónsson og Sigbjörn Gunnarsson, sem hafa leitt þetta starf og knúið á um það að þessi breyting yrði gerð, hlustuðu grannt á því ég dreg það í efa að þeir hafi lesið þetta mjög ítarlega yfir eða farið yfir það. Ég á bágt með að trúa því að ef þeir hafa gert það að þeir hafi þá lagt til að fella þetta út. Hvað er það m.a. sem vélstjórinn á að sjá um? Undir vélstjórann heyrir ræsilokakerfi skips, akkerisvindur skips, rafbúnaður allur, skrúfubúnaður allur og svo ýmislegt annað og ég ætla að leyfa mér að telja það upp vegna þess að ég er að segja það að oft og tíðum er það svo þegar skip eru á hafi úti og ég tala nú ekki um um hin hefðbundnu veiðiskip okkar, eins og þau eru orðin tækjavædd í dag, þá er það ýmislegt sem þar fer úrskeiðis og þá eru vélstjórarnir venjulega kallaðir til til þess að gera við og bjarga hlutunum. Einmitt þar eru slysin hvað tíðust um borð. Þess vegna er það mér mikið mál að menn reyni að búa sem best um til þess að við getum komist hjá slíku. En vélstjórinn á einnig að sjá um botn- og síðuloka ásamt ýmsum röralögnum. Hann á að sjá um bómskrúfuna, hann á að sjá um varahlutina, olíu-, vatns- og sjótankana, slökkvibúnaðinn, brunakerfið, loftblásaralokur og loftrásir. Raunverulega hvílir allur tækjabúnaðurinn og vélbúnaðurinn á herðum vélstjórans. Það er það sem við hv. þm. Guðni Ágústsson viljum að sé haft inni og erum örugglega með sama skilning á því að sú nefnd sem lagði mikla vinnu í að semja frv. hafði. Það er fyrst og fremst öryggisatriði að vélstjórinn sé hafður þarna við. Því á ég mjög bágt með að skilja það og átta mig á því hvað það er sem fær eina þingnefnd til þess að taka slíka ákvörðun eins og hér er gert að kippa slíkum atriðum út.

Að lokum, virðulegi forseti, þá vil ég segja að ég tel mig geta talað í þessum málum af nokkurri reynslu vegna þess að ég hef unnið við þessar aðstæður og þurft að gera það í æðimörg ár, fara með skip í slíkar skoðunaraðgerðir og ég tel mig vita það og þekkja hvernig þessir hlutir ganga raunverulega fyrir sig. Ég fullyrði það úr þessum ræðustól að það er mikið mál bæði fyrir útgerð og sjómenn, áhöfnina alla, að vélstjóri sé hafður þarna með til þess að tryggja sem best að hlutirnir sem eiga að vera í lagi um borð séu í lagi.

Að endingu segi ég það enn og aftur að ég harma það að samgn. skuli ekki geta náð samkomulagi um ekki stærra atriði en stendur þarna í frv. um það hvort fyrsti yfirvélstjóri skipsins eigi að hafa umsjón með þessu ásamt skipstjóra. Að sjálfsögðu munum við greiða atkvæði gegn tillögu meiri hluta nefndarinnar að fella þetta atriði út.

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé misskilningur eða ekki rétt að hér sé um eitthvert atriði að ræða sem vegur þungt eins og hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði. Ekkert sem kemur fram í brtt. nefndarinnar raskar því sem hv. þm. lagði til. Ekkert. Hv. þm. lagði til að vélstjóri sé til staðar þegar skoðun fer fram og hann gefi upplýsingar um tækjabúnað og annað slíkt sem undir hann heyrir og það er allt hárrétt sem hv. þm. sagði um það að mikið af öryggistækjum skipsins heyrir einmitt undir vélstjóra. Ekkert í þessu sem raskar því að vélstjóri sé hafður við, eins og hv. þm. orðaði það, til að tryggja sem best að hlutirnir séu í lagi þegar skoðun fer fram. Að sjálfsögðu hlýtur vélstjóri, yfirvélstjóri eða staðgengill hans úr hópi vélstjóra að vera við slíka skoðun. Það segir sig sjálft.

Á hinn bóginn er þetta þannig að við leggjum til að lögin standi að þessu leyti óbreytt frá því sem verið hefur og það sé skipstjórans að sjá til þess af yfirmönnum um borð að lögskipuð skoðun fari fram. Aðrir sem eiga að sjá um það eru eigandi skipsins og útgerðarmaður sem alla jafnan eru í landi og þetta teljum við vera nóg þrátt fyrir að það hefði út af fyrir sig verið að meinalausu að telja upp fleira eða það hefði ekki haft nein alvarleg áhrif að fleiri hefðu verið taldir sem ættu að sjá til þess að lögskipuð skoðun færi fram. Það er óþarfi og þarf ekki að breyta gildandi lögum frá því sem þau eru hvað þetta snertir.

Hitt liggur alveg ljóst fyrir að allt það sem hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði um það að undir vélstjóra heyra öryggistæki og mikið af búnaði um borð og um nauðsyn þess að hann sé viðstaddur þegar skoðun fer fram og gefi upplýsingar og beri fram kvartanir og allt það sem til þarf, eru sjálfsagðir hlutir og því er í engu raskað með þeim breytingum sem nefndin hefur lagt til.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Við bætum okkur sjálfsagt ekki mikið á því að vera að eiga hér orðastað við nefndarmenn. Við erum búnir að skiptast á skoðunum úti í nefnd um þetta mál, en ég vil bara leiðrétta það sem kemur fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. v., Pálma Jónssyni og formanni samgn., að auðvitað er það eitthvað sem hlýtur að liggja að baki því að meiri hluti samgn. gerir tillögu um að yfirvélstjórinn sé tekinn þarna út. Það hlýtur eitthvað að búa þar að baki. Ég hef margspurt um það í nefndinni en aldrei fengið svör við því hvað það er sem liggur að baki. Halda menn að það sé, eins og ég sagði hér áðan, einhver tilviljun að þetta atriði sé komið inn? Hverjir sömdu þetta frv.? Þetta er ekki tillaga frá einhverjum stjórnarandstæðingum. Þetta er frv. lagt fram af samgrh. og við hv. þm. Guðni Ágústsson erum að reyna að verja skoðanir hæstv. samgrh. sem hljóta hér að birtast. En við höfum ekki haft erindi sem erfiði að reyna að telja flokksbræðrum hans trú um það að ráðherrann hafi rétt fyrir sér í þessum efnum, því miður.

En hverjir voru það sem sömdu þetta frv.? Það tekur ekki langan tíma að rifja það upp. Í nefndinni áttu sæti Ragnhildur Hjaltadóttir skrifstofustjóri, sem var formaður nefndarinnar. Ásamt henni voru í nefndinni Einar Hermannsson, fulltrúi Sambands ísl. kaupskipaútgerðar, Helgi Laxdal, varaforseti Farmanna- og fiski-

mannasambands Íslands, Jónas Haraldsson, skrifstofustjóri LÍÚ, og Magnús Jóhannesson siglingamálastjóri. Þetta eru þeir sem sömdu þetta frv. Halda menn að það hafi ekki eitthvað staðið á bak við það að höfundar þessa frv. hafi séð ástæðu til þess að bæta þessu hér inn? Auðvitað er það. Mönnum er það ljóst að þessi skip hafa tekið miklum breytingum á síðustu árum og það er mikið öryggisatriði að yfirvélstjóri sé þarna kallaður til ábyrgðar ásamt skipstjóra.

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem komið hefur fram hjá hv. formanni samgn. og hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að þessi mál voru talsvert rædd í nefndinni. Hins vegar varðandi það atriði sem hv. þm. Stefán Guðmundsson gerir fyrirvara um, þá talar hann um að eitthvað búi að baki hugmyndum meiri hlutans um það að halda þessari grein óbreyttri frá gildandi lögum. Auðvitað býr ekkert að baki. Menn telja hins vegar eins og fram kom í orðum hv. formanns nefndarinnar að það sé óþarfi að fjölga þeim aðilum sem ábyrgðin hvílir á og það kom glögglega fram í máli hv. þm. Pálma Jónssonar að ábyrgð hvílir eftir sem áður á vélstjórum um meðferð þeirra hluta sem við á. En ég efast nú ekki um að hæstv. samgrh. er ánægður með að menn skuli verja mál hans af jafnmiklum þrótti og hv. þm. Stefán Guðmundsson gerði hér áðan og mun hann áreiðanlega frétta af því. En það er auðvitað rétt að við bætum okkur ekki mikið með að ræða þetta mál frekar.

Ástæðan fyrir því að ég tek til máls er að ég vil að það komi fram að ágreiningur var helstur í nefndinni um aldursákvæðin og ég tel málið mjög til bóta eins og samkomulag tókst um í nefndinni. Ég tek undir þetta nál. en vil þó að það komi fram að ég tel að það eigi að fella úr gildi aldursákvæði fiskiskipa jafnt sem annarra og að skoðun skeri úr um haffæri skipa. Engin aldursákvæði eru í gildi varðandi atvinnutæki önnur, svo sem bifreiðar eða flugvélar hvað þetta varðar, heldur er það fyrst og fremst skoðun sem sker úr.

Þannig er að mörg skip eru hér á landi sem eru eldri en 15 ára og hafa að verulegu leyti verið endurbyggð og halda sínu gildi þrátt fyrir að vera komin til ára sinna. Annað er það sem vænta má að verði á næstu árum, þess er að vænta að Íslendingar leiti fanga e.t.v. á fjarlæg mið og þannig muni hugsanlega íslensk skip verða skráð a.m.k. tímabundið í öðrum löndum. Ef svo verður og fiskiskip verða komin yfir þetta 15 ára aldurstakmark sem lagt er til, þá þarf eftir sem áður að flytja frv. til laga ef menn óska þess að það skip verði að nýju skráð hér á landi.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég endurtek það að mér finnst það lélegur málflutningur þegar menn eru að tala um það og hafa það sem eitthvert skálkaskjól í þessu að það sé ekki ástæða að vera að fjölga þeim sem um þessa þætti eigi að fjalla og menn eru að tala um einhvern hóp manna í því þegar þeir eru að tala um að þetta eigi að vera þeir lykilmenn sem eru kannski helst um borð, það er skipstjórinn sjálfur sem auðvitað ber ábyrgð á skipi og ásamt honum sé þar kallaður til yfirvélstjóri. Mér finnst þetta vera lélegur útúrsnúningur en engin vörn fyrir því að fella út úr frv. það atriði sem þar var lagt til að yfirvélstjóri skyldi verða kallaður þar til. Það er fyrst og fremst lélegur útúrsnúningur en engin vörn í málinu.

Sigbjörn Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað var ekki um neinn útúrsnúning að ræða. Meiri hluti samgn. taldi ekki ástæðu til þess að bæta yfirvélstjóra inn í gildandi lög. Það er í sjálfu sér enginn útúrsnúningur þó að menn kjósi ekki að gera þessar breytingar sem lagt er til í frv. Dylgjur um það sem komu fram hér áðan um hvað búi að baki, ég get ekki gert mér það í hugarlund hvað bjó að baki þessu í nefndinni sem samdi þetta frv. að yfirvélstjórum var skotið þarna inn og hef sem sagt engan áhuga að heyra neitt um það sérstaklega nema þeim rökum var ekki haldið á lofti í eyru nefndarmanna. Auk þess kom ekkert fram um það þess efnis að það hefði valdið vanda til þessa varðandi lögbundnar skoðunargerðir að vélstjórar hefðu ekki haft þessa lagaskyldu sem frv. lagði til.

Árni M. Mathiesen:

Frú forseti. Eins og fram kemur í nál. samgn. um það frv. sem hér um ræðir, frv. til laga um eftirlit með skipum, þá skrifa ég undir nál. með fyrirvara. Ég vil aðeins gera grein fyrir því hvers vegna ég geri það og ástæðan er breytingin sem lagt er til að gerð sé á 8. gr., þ.e. breytingar þar á 2. og 3. mgr. þar sem stendur að eigi megi flytja inn fiskiskip sem eru 15 ára eða eldri. Það er mín skoðun að ekki sé nógu langt gengið í breytingum á þessari grein og að það eigi ekki að vera nein aldursmörk á þeim skipum sem flutt eru til landsins, það eigi einungis að gera strangar kröfur til þess útbúnaðar og til ástands skipanna sem til landsins eru flutt og það sé það sem eigi að ráða hvaða skip fá leyfi til þess að koma hingað til lands en ekki hversu gömul þau eru. Ég tel að aldurinn hafi lítið um það að segja hvert ástandið er og það sé miklum mun öruggara og farsælla að það sé ástandið eitt sem segir til um það hvort skipin fái að koma hingað til landsins og ég treysti Siglingamálastofnun fullvel til þess að framfylgja slíkum reglum.

Ég mun hins vegar styðja þetta frv. og þessa breytingu sem hér er lögð til þar sem ég geri ekki ráð fyrir því að það sé hægt að ná fram frekari breytingum, en sú breyting sem nefndin leggur til er þó til mikilla bóta að mínu mati frá því sem ástandið er í dag.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla að bæta aðeins fáum orðum við þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég tel að það sé margt í þessu frv. sem horfir til bóta og ég mun styðja það. Það er auðvitað ekki allt eins og menn

vilja hafa það og þegar margir koma að máli, þá þarf stundum að sætta sjónarmiðin. Ég get vissulega tekið undir það sem hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði um ábyrgð vélstjóra, en ég er honum ekki alveg sammála. Ég tel að með því að vísa til sjómannalaganna, þá sé í raun og veru verið að gera þessum sjónarmiðum hátt undir höfði og ég tel ekki að vélstjórar eigi að neinu leyti að þurfa að vera í vafa um sína stöðu þó að þeirra nafn sé ekki þarna sett. Ég hefði reyndar talið að skipstjóra hefði átt að telja fyrstan í þessari röð og það sé hann í raun og veru sem ber alltaf ábyrgðina þegar upp er staðið og það sé það sem hefði þá í raun og veru átt að koma skýrast fram.

Ég ætlaði að nefna hér atriði sem við höfum fjallað um í nefndinni. Það er það ákvæði sem nefndin leggur til að komi í 6. gr. 2. mgr. Það er þannig orðað:

„Ráðherra setur reglur um hæfniskröfur er þeir sem hanna og smíða skip skulu uppfylla. Þær skulu m.a. taka mið af réttindum hlutaðeigandi iðngreina."

Það sem hér er á ferðinni er að nefndin er að koma því til skila til ráðuneytis, ráðherra og stofnunarinnar að hún taki þessi mál til endurskoðunar og það er ástæða til þess að gera það vegna þess að hjá þessari stofnun tíðkast aðferðir sem ekki eru með sama hætti hjá sambærilegum iðngreinum. Ef við t.d. tökum húsasmíðar og byggingarreglugerðir og berum það saman við skipasmíðar og eftirlit með þeim og þær reglugerðir sem farið er eftir, þá kemur það í ljós að það eru ekki gerðar kröfur með sama hætti til ábyrgðar á verkefnum í skipasmíðum eins og hjá húsasmiðum. Það er t.d. alveg skýlaus krafa að húsasmíðameistari skuli bera ábyrgð á öllum verkefnum í húsasmíðum og það má kannski orða það þannig að menn þurfa að hafa meistaraskóla, menn þurfa að hafa öll réttindi til þess að mega bera ábyrgð þó ekki sé á öðru en því að smíða dyraskýli við húsið sitt. En þannig hagar til í dag að það getur hvaða maður sem er smíðað skip, lagt í það rafmagn og unnið öll þau verk sem tilheyra skipasmíði án þess að hafa til þess nokkur réttindi. Og ég verð að segja það alveg eins og er að ég held að það séu ekki mikil brögð að því að þeir sem ekki kunna til verka séu að framkvæma þessa hluti. En mér finnst fáránlegt að þannig sé staðið að og mikið ósamræmi í því að annars vegar gera þær kröfur sem eru gerðar t.d. til bygginga í landinu, en framleiðsla og smíði og viðgerðir á skipum sem eru að mínu viti ekki síður mikilvægt að gera miklar kröfur um þann iðnað að það skuli vera með þessum hætti. Þessu vildi ég nú vekja hér athygli á.

Svo vil ég koma að því atriði sem hv. 3. þm. Reykn. var hér að nefna, þ.e. með innflutninginn á skipum og þau ákvæði um hámarksaldur þeirra sem hér eru lögð til. Nú er eingöngu lagt til að innflutt fiskiskip verði háð þessum hámarksaldri og hann hækkar úr 12 árum í 15 ár. Og ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst að fiskiskip séu bara orðin alveg nægilega gömul til innflutnings þegar þau eru orðin 15 ára og það þurfi ekki að vera opið fyrir það að þau verði flutt inn eldri. Það mun setja Siglingamálastofnun í mikinn vanda og hefur raunar gert á undanförnum árum að þurfa að glíma við það að gera kröfu til breytinga á skipum sem menn hafa keypt erlendis og í góðri trú stundum um að ekki þyrfti svo mikið að gera við þau og hafa svo staðið frammi fyrir kröfum Siglingamálastofnunar sem hafa kostað miklu meira en þeir létu sér detta í hug þegar þeir ákváðu kaupin á þessum skipum. Þetta er bara vandi sem Siglingamálastofnun hefur staðið frammi fyrir hvað eftir annað. Og ég vil meina að henni sé töluvert aukinn vandi með því að hækka þessar reglur upp í 15 ár fyrir nú utan það að nú er þessum reglum aflétt af öðrum tegundum skipa og ég tel að þar hafi kannski verið fulllangt gengið að aflétta þeim gagnvart flutningaskipunum en geri mér hins vegar grein fyrir því að það verður býsna erfitt að halda slíkum ákvæðum á um flutningaskipin ef EES-samningarnir koma til framkvæmda. Í þeim er raunverulega gert ráð fyrir því að hver sá sem flytur eða á skip eða kaupir það í EES-ríkjunum hafi rétt til að fá þau skráð á Íslandi hafi þau hlotið þar haffæriskírteini og að það verði ekki gerðar kröfur um neinar breytingar á skipum sem hafa hlotið haffæriskírteini á EES-svæðinu þó að menn sæki um að fá að skrá þau hér á landi þannig að út af fyrir sig held ég að menn verði að viðurkenna það að ef væru hámarksakvæði hér á ferðinni gagnvart flutningaskipum, þá mundu þau varla halda.

Ég ætla svo sem ekki að fara að teygja lopann yfir þessum hlutum annað en að segja það að við höfum talið það skyldu okkar að gera meiri kröfur til fiskiskipaflotans hjá okkur en gerðar eru til fiskiskipa í löndunum í kringum okkur. Ég held að menn þurfi að vara sig á því að missa ekki út úr höndunum á sér þann rétt og þann möguleika að halda í sérstöðu okkar í þessu. Við erum að bjóða sjómönnum okkar upp á miklu óblíðari og erfiðari aðstæður á fiskimiðunum en yfirleitt er sótt út í frá löndunum í kringum okkur og það er þess vegna sem menn hafa talið það réttlætanlegt að gera töluvert meiri kröfur til fiskiskipaflotans hérna, bæði hvað varðar öryggi, aðbúnað skipverja og styrkleika á skipum. Þetta er eitthvað sem ég tel að við eigum að halda í og það er þess vegna sem ég vil meina að við eigum ekki að gefa meira eftir í þessum málum heldur en hér er lagt til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lendingar ferjuflugvéla á Rifi, 1. umr.

Þáltill. IP o.fl., 448. mál. — Þskj. 774.

Flm. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þál. á þskj. 774 um lendingu ferjuflugvéla á Rifi. Auk mín eru flm. Guðjón Guðmundsson og Jóhann Ársælsson.

Þáltill er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að kanna möguleika á aukinni notkun flugvallarins á Rifi á Snæ-

fellsnesi til móttöku erlendra ferjuflugvéla. Í því skyni skipi ráðherra nefnd sem í eigi sæti m.a. fulltrúar Flugmálastjórnar og heimamanna. Skal nefndin gera úttekt á flugvellinum og tillögur að úrbótum, svo og hvernig fá megi erlenda ferjuflugmenn til að nota flugvöllinn. Nefndin ljúki störfum eigi síðar en 1. janúar 1995."

Í grg. segir:

„Á undanförnum árum hefur margsinnis verið bent á hve margir flugvellir úti á landi eru vannýttir á meðan mikið álag er á Reykjavíkurflugvelli. Þar sem mikil nauðsyn er á að nýta sem best þau mannvirki, sem fyrir eru í landinu, er eðlilegt að athugað sé hvort ekki megi nýta eitthvað af ónýttum flugvöllum til móttöku ferjuflugvéla. Samkvæmt skilgreiningu samgönguráðuneytisins er ferjuflug „þegar loftfari er flogið (venjulega án farþega eða farms) milli staða, til dæmis til afhendingar nýjum eiganda eða milli viðhaldsstöðvar og heimaflugvallar". Það sem í daglegu tali er nefnt ferjuflug er einkaflug, leiguflug eða annað þjónustuflug og ferjuflug. Á árunum 1988–1992 voru skráðar lendingar minni flugvéla (með hámarksmassa undir 5.700 kg), sem höfðu viðkomu hér á landi, alls 12.322 eða 2.464,4 að meðaltali á ári. Árið 1988 voru 1.420 (62,4%) lendingar á Reykjavíkurflugvelli en 854 (37,6%) á Keflavíkurflugvelli. Lendingum ferjuflugvéla í Reykjavík hefur síðan fækkað ár frá ári og voru þær á því síðasta 1.126 (47,8%) á móti 1.231 (52,2%) í Keflavík. Ástæður þess má eflaust rekja til aukins kennslu- og einkaflugs í Reykjavík, auk umræðna í tengslum við flugslys við Reykjavíkurflugvöll um staðsetningu vallarins og þá hættu sem fylgir aðflugi og lendingum ferjuflugvéla á honum.

Á flugvellinum á Rifi á Snæfellsnesi eru tvær flugbrautir og báðar með bundnu slitlagi. Önnur er 1.000 metra löng með olíumöl sem slitlagi og er búin flugbrautar- og aðflugshallaljósum. Hin er 800 metra löng þverbraut með klæðningu sem slitlag.

Staðsetning flugvallarins á Rifi er að mörgu leyti heppileg til móttöku erlendra ferjuflugvéla. Er því eðlilegt að fela samgönguráðherra að kanna möguleika á aukinni notkun hans í þessu skyni. Minni erlendar flugvélar geta lent á flugvellinum í samræmi við brautarlengdir og burðarþol flugbrauta. Hins vegar þyrfti væntanlega að bæta aðflugs- og snjóhreinsibúnað og eldsneytisafgreiðslu á vellinum ætti að auka notkun hans til móttöku á erlendum ferjuflugvélum. Þá þyrfti einnig að lengja opnunartíma vallarins og auka veðurupplýsingagjöf. Allt kostar þetta nokkra peninga. Því er hér lagt til að ráðherra skipi nefnd með þátttöku Flugmálastjórnar og heimamanna, auk annarra til að gera úttekt á flugvellinum og gera tillögur að úrbótum, þannig að leiða megi í ljós hagkvæmni þessara ráðstafana. Rétt þykir að nefndin skili áliti eigi síðar en 1. janúar nk."

Virðulegi forseti. Ég held ég þurfi ekki að hafa mörg orð um þessa tillögu, hún skýrir sig sjálf. Það er sem sé verið að gera tillögu um það að nýta betur þá fjárfestingu sem er úti á landi og ég vona að sú nefnd sem lagt er til að þarna verði skipuð verði skipuð hið allra fyrst. Ég legg til að að lokinni umræðu um þetta mál verði þessari tillögu vísað til hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegur milli Þingvalla og Hvalfjarðar um Leggjabrjót, fyrri umr.

Þáltill. ÍP og GÁ, 523. mál. — Þskj. 881.

Flm. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. á þskj. 881 um gerð vegar milli Þingvalla og Hvalfjarðar um Leggjabrjót. Flm. ásamt mér er Guðni Ágústsson.

Þáltill. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að kanna möguleika á gerð varanlegs vegar á hinni gömlu þjóðleið um Leggjabrjót milli Þingvalla og Hvalfjarðar."

Í grg. segir svo:

„Allt frá upphafi Íslandsbyggðar og fram á þessa öld var fjölfarin leið milli Þingvalla og byggðanna norðan Hvalfjarðar. Var leiðin kennd við Leggjabrjót sem er urðarkast á miðjum fjallveginum. Um Leggjabrjót lá leið manna þegar farið var til Alþingis og að Skálholti. Leiðin geymir spor liðinna kynslóða sem fóru um veginn, bæði í skóla og til biskupssetursins í Skálholti, til Alþingis og í öðrum erindum. Leiðin um Leggjabrjót tengdi saman byggðir Hvalfjarðar og Suðurlands, einkum Þingvallasveit.

Um Leggjabrjót eru aðeins 20 km frá Botnsskála í Hvalfirði og að Þingvöllum. Hér er um stutta en afar fagra og söguríka leið að ræða. Oft hefur verið rætt um að leggja akfæran veg um Leggjabrjót og hefur áhugi í þeim efnum farið vaxandi á síðustu árum. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps hafa ályktað um málið. Og í tillögu að svæðisskipulagi sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar, sem nú er á lokastigi, er lagt til að gerð verði „akfær vegtenging um Leggjabrjót upp úr Botnsdal" og að Þingvöllum.

Vegur um Leggjabrjót hefði geysimikla og jákvæða þýðingu í sambandi við ferðamál og ferðamannaþjónustu. Með tilkomu vegar um Leggjabrjót mundi opnast nýr Þingvallahringur sem yrði vinsæll og fjölfarinn og mundi skapa ný atvinnutækifæri í ferðaþjónustu bæði í Hvalfirði og á Akranesi. Þá yrði stutt af þessum vegi að hæsta fossi landsins, Glym í Botnsá, sem er sérstakt náttúruundur.

Fram hafa komið hugmyndir um framtíðarútivistar- og skíðasvæði í Botnssúlum fyrir Akranes, Borgarnes og höfuðborgarsvæðið, enda er Bláfjallasvæðið nú þegar næstum fullnýtt. Í Botnsdal og Botnssúlum er kjörið svæði til útivistar og heilsuræktar. Botnsdalur er skjólgóður dalur, þar er náttúrufegurð mikil og jarðhiti. Þar er því kjörið að byggja upp aðstöðu og þjónustu í tengslum við útivistar- og skíðasvæði í Botnssúlum. Forsenda þess er bættar samgöngur og akfær vegur um Leggjabrjót. Fjárfesting í slíkum vegi mundi

verða arðbær og hagkvæm, skapa nýja möguleika og ný atvinnutækifæri í ferðaþjónustu og heilsurækt og tengja saman að nýju hinar fögru byggðir Árnessýslu og syðri hluta Borgarfjarðar."

Virðulegi forseti. Þetta er að sjálfsögðu ekki forgangsverkefni í vegamálum á Vesturlandi en mér finnst vera kominn tími til að það verði gerðar kostnaðaráætlanir um þessa framkvæmd og framkvæmdaáætlanir og eins og kemur fram í grg. þá er þetta atvinnuskapandi framtak og ég vona að þessi þáltill. fái jákvæða umfjöllun og verði tekin fyrir í hv. samgn.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Hér er um athyglisverða þáltill. að ræða. Ég vildi aðeins spyrja flm. till. um það hvaða augum hann líti það framtak jarðeigenda í Botnsdal sem mér er kunnugt um en þeir hafa gert eiginlega útivistarsvæði á eigin kostnað og plantað þar trjám og í raun og veru lagt áherslu á það að svæðið væri útivistarsvæði, opið öllum. Þannig að fyrir frumkvæði landeigenda í raun og veru hefur þarna verið stigið skref í þá átt sem að hluta til er verið að ræða um í þessari þáltill. Nú er hins vegar hugsanlegt að vegagerð rekist eitthvað á áform þessara aðila um þetta friðland sem opið er öllum svo ég hefði viljað spyrja hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur, 1. flm. þessarar þáltill., hvort flm. hennar hafa velt fyrir sér möguleikum á því að tryggja það framfaramál sem þeir eru að flytja með þeim hætti að þeim hagsmunum sem þarna er þegar búið að koma fyrir í Botnsdal væri ekki stefnt í hættu. Ég ber fulla virðingu fyrir þeim vanda sem í þessari þáltill. er að finna og vildi spyrja um þetta atriði.

Flm. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þá athygli sem hann vekur á þessari þáltill. Ég fullvissa hann um það að ég ber mikla virðingu fyrir því sem hefur verið gert í þessum fagra dal. Hér er ekki verið að tala um nein náttúruspjöll, alls ekki, og það sem yrði gert þarna yrði gert í fullri samvinnu við heimamenn. Öðruvísi yrði ekki farið af stað og ég býst við því að hv. þm. hafi farið um þetta svæði og ég tel að það sé mjög einfalt að gera þessa hluti án þess að það komi til nokkurra náttúruspjalla.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hættur af völdum sjávarágangs, fyrri umr.

Þáltill. JHelg og JónK, 530. mál. — Þskj. 888.

Flm. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þál. um úttekt á hættu af sjávarágangi á þskj. 888. Tillöguna flyt ég ásamt Jóni Kristjánssyni. Hún hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera úttekt á hættu sem kann að stafa af sjávarágangi hérlendis og gera tillögur um hvernig við er hægt að bregðast, m.a. hvernig verja skuli núverandi mannvirki og hvaða reglur skuli gilda um byggingu nýrra mannvirkja með tilliti til breytinga sem vænta má á sjávarmáli."

Í grg. kemur fram að tjón á mannvirkjum af völdum sjávarágangs eru ekki ný hér á landi og mesta flóð sem vitað er um Básendaflóðið sem var fyrir u.þ.b. tveimur öldum. Ástæðan fyrir slíku tjóni er að sjálfsögðu sú að mannvirki hafa verið reist of nálægt flóðfari sem hafaldan getur náði til í mestu aftökum. Ástæða þess að byggja svo nálægt sjávarmáli var að sjálfsögðu yfirleitt ekki skortur á landrými hér á landi heldur var hagkvæmt að sem stystur vegur væri í byggingar sem notaðar voru vegna sjósóknar eða flutninga á sjó þegar engin tækni til flutnings á landi eða ferða þar var fyrir hendi.

Þess vegna eru mannvirki í hættu á allmörgum stöðum á landinu og það hefur verið reynt að minnka þá hættu með því að byggja sjóvarnargarða sem víða hafa bjargað mannvirkjum frá tjóni, en annars staðar hefur ekki verið nóg að gert svo að tjón hefur af orðið.

Nú eru aðstæður hins vegar gerbreyttar og það virðist því ekki ástæða til þess þegar ný mannvirki eru reist önnur en hafnargerð að vera með þau svo nálægt sjó eins og áður var. Það er líka nauðsynlegt að hafa það í huga að vísbendingar eru um það að landsig sé hér nokkuð viðvarandi og líkur benda til að það muni halda áfram. Nákvæmar mælingar eru ekki margar fyrir hendi en ýmsar breytingar á landi, t.d. í nágrenni Reykjavíkur sem hægt er að sjá af frásögnum fyrri tíma að hafi orðið hér, benda eindregið í þessa átt. Hafnamálastofnun er nú í samvinnu við Raunvísindastofnun að gera nokkurt átak til að ganga frá nákvæmum búnaði til mælinga á nokkrum stöðum þó að fjárskortur setji því skorður. Það hlýtur að taka nokkurn tíma að fá örugga niðurstöðu um það hvað þessar breytingar gerast hratt, hvað sjávarmálið hækkar ört en fljótlega ætti þó að vera hægt að sjá betur hvert stefnir.

Með tilliti til þessara staðreynda virðist það vera fjarstæða að reisa ný mannvirki mjög nálægt eða neðarlega miðað við sjávarmál. Í ljósi reynslu síðustu ára þar sem stórar byggingar sem eiga að standa um aldir ná langt niður fyrir stórstraumsflóðfar, virðist augljóst að nú þegar þyrfti að setja reglur sem stuðluðu að því að menn færu varlega í framkvæmdir á þennan hátt.

Eins og ég sagði í upphafi er þetta því raunverulega tvíþætt: Annars vegar að gera úttekt á stöðunni með mannvirki eins og þau eru í dag og þeirri hættu sem þeim er búin. Við höfum nú síðast á þessum vetri og sl. ári heyrt frásagnir af því að við suðurströndina hefur land verið að eyðast af einhverjum ástæðum, e.t.v. þrálátra vinda, og mannvirki í hættu af þeim sökum. Þetta er æskilegt að vita sem best um þannig að menn geri sér grein fyrir því hvaða verkefni þarna eru fyrir hendi til þess að verjast þessari hættu. Hins veg-

ar er það svo með þau mannvirki sem verða byggð í náinni framtíð að það verði að hafa það í huga að mörg þeirra a.m.k. eiga að standa í áratugi og aldir og því má ekki taka óþarfa áhættu við staðsetningu þeirra.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umræðu og samgn. til athugunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ferðaþjónusta, 1. umr.

Frv. SJS, 524. mál. — Þskj. 882.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um ferðaþjónustu. Þetta er mál nr. 524 á þskj. 882. Það er rétt að hafa örstuttan aðdraganda að því hvers vegna þetta mál er nú flutt hér á nýjan leik en hér er á ferðinni endurflutningur á frv. sem flutt var sem stjfrv. á löggjafarþinginu 1990–1991. Það var þá gert í kjölfar á viðamiklu nefndastarfi að ferðamálum sem hafði skilað m.a. þeim afrakstri sem hér getur að líta í frv. og einnig till. til þál. um stefnumörkun á sviði ferðamála.

Sú er ástæða þess að ég kaus að endurflytja þetta frv. nú til að koma ferðamálum á dagskrá að í fyrirspurnatíma á Alþingi fyrir nokkru síðan upplýsti hæstv. samgrh. að ekki væri í vændum frumvarpsflutningur af hans hálfu varðandi málefni ferðaþjónustunnar og fylgdi sú skýring af hálfu hæstv. ráðherra að ekki hefði náðst samkomulag í hæstv. ríkisstjórn milli sín og fjmrh. um útgjaldahlið slíkar endurskoðunar laga um ferðamál. Þá upplýsti hæstv. ráðherra enn fremur að það væri ekki á dagskrá af sinni hálfu að endurflytja eða nýta með þeim hætti þetta frv. eða þau þingmál sem lögð voru fram á sviði ferðamála í tíð fyrri ríkisstjórnar. Af þeim sökum hef ég ákveðið að endurflytja þetta frv. óbreytt eins og það kom frá þeirri nefnd er starfaði að ferðamálum á árunum 1990–1991 og skilaði þessu verki. Ég tel nauðsynlegt að koma ferðamálunum á dagskrá þingsins og draga athyglina að þörfinni á því að endurskoða í heild sinni lagamálefni ferðaþjónustunnar. Það er löngu tímabært og á ýmsa annmarka núgildandi löggjafar hefur verið bent og menn rækilega rekið sig á það í starfseminni. Eitt af mörgu sem þar má nefna eru gildandi lagaákvæði um tryggingar ferðaskrifstofa og sú einhæfa flokkun sem samkvæmt gildandi lögum ríkir um þá sem sinna mismunandi starfsemi á sviði ferðamála eða ferðaþjónustureksturs og ferðamiðlunar. Þar er í raun og veru orðið um fullkomlega úrelt lagafyrirmæli að ræða sem standa að nokkru leyti fjölbreytni og grósku og möguleikum minni rekstraraðila fyrir þrifum.

Frv. þetta skiptist í nokkra kafla. Í I. kafla er markmið þess rakið. Í II. kafla er vikið að stjórn ferðamála, ákvæði um ferðaþing, Ferðamálaráð og þar fram eftir götunum. Í III. kafla er svo vikið að tekjustofnum Ferðamálaráðs eða fjármögnun ferðamála. Í IV. kafla að ferðamiðlun. Í V. kafla eru felld inn í þetta frv. þau ákvæði sem nú eru í sérlögum um veitinga- og gististaði, en þetta frv. felur m.a. í sér það nýmæli að helstu lagaákvæði ferðaþjónustunnar eru sameinuð á einum stað, en eins og kunnugt er gilda nú um þetta mismunandi lög, annars vegar lög um skipan ferðamála, hins vegar lög um veitinga- og gististaði og reyndar fleiri lagaákvæði sem eiga við en eru á mismunandi stöðum í lagasafninu. Í VI. kafla er fjallað um eftirlit og upplýsingaskyldu og síðan kemur kafli með ýmsum ákvæðum.

Tímans vegna fer ég mjög hratt yfir sögu en ég hef þegar getið um aðdraganda frv. og ætla þá að leyfa mér að nefna í örfáum orðum helstu nýmæli þess miðað við gildandi lög þannig að menn geti þá glöggvað sig á því í hverju þau felast.

Það má segja að í fyrsta lagi sé nýmæli sá markmiðskafli sem lögunum fylgir og er reyndar samhljóða markmiðskafla í till. til þál. um stefnumörkum í ferðamálum þar sem reynt er að skilgreina og setja ferðaþjónustunni markmið.

Í öðru lagi er kveðið á um ferðaþing sem ráðgefandi samkomu um málefni ferðaþjónustunnar. Þarna er verið að reyna að hefja ferðaþjónustuna á sambærilegan stall og aðrar atvinnugreinar sem flestar eiga sín árlegu þing af þessu tagi sem hafa vissu hlutverki að gegna, eru í öllu falli umræðuvettvangur viðkomandi starfsmanna og ráðamanna í viðkomandi grein. Í sumum tilvikum hafa þau jafnvel viðameira hlutverki að gegna. Nægir að nefna búnaðarþing, fiskiþing, iðnþing o.s.frv. og hugsunin sú að með þessu væri undirstrikað að ferðaþjónustan væri atvinnugrein í sínum eigin rétti og fullorðin atvinnugrein í hópi slíkra.

Í þriðja lagi er tillaga um verulega breytingu á skipan ferðamálaráðs að fækkað verði úr núverandi 23 fulltrúum, ef ég man rétt, niður í níu þannig skipaða að ráðherra tilnefni einn í stað fimm nú. Fjórir yrðu tilnefndir af öðrum aðilum sem væru stærstu hagsmunaaðilar í ferðaþjónustunni og fjórir yrðu kosnir á ferðaþingi.

Í fjórða lagi má nefna að verkefni Ferðamálaráðs eru skilgreind upp á nýjan leik og verða meira á sviði stefnumótunar í ferðamálum en nú er og verða þá bundin og tengd ferðamálastefnu hvers tíma. Frv. gerir ráð fyrir því að starfrækt verði skrifstofa ferðamála og hún fái meira sjálfstæði en sú sem nú starfar um daglegan rekstur undir forustu ferðamálastjóra. Í frv. er kveðið á um samstarf ferðamálaráðs við utanrrn. og Útflutningsráð Íslands um landkynningu og markaðsmál. Það er sömuleiðis nýmæli. Í gildandi lögum eru ekki ákvæði um samstarf, skipulagt eða lögbundið samstarf af því tagi.

Þá er veitt heimild í lögunum til handa Ferðamálaráði að gerast beinn þátttakandi í eða aðili að rekstri ferða- og upplýsingamiðstöðva í kjördæmum landsins í samvinnu við heimaaðila. Í áttunda lagi er vikið að ferðamálafulltrúum og stuðningi ríkisins við þá. Í níunda lagi er lögð mikil áhersla á umhverfisvernd sem eitt af meginverkefnum Ferðamálaráðs og Náttúruverndarráði er tryggð aðild að ráðinu. Í tíunda lagi er

vikið að formlegu samstarfi Ferðamálaráðs við opinbera aðila um málefni fjölsóttra ferðamannastaða og er þá aftur á ferðinni ekki síst að tryggja umhverfisvernd.

Frv. gerir ráð fyrir því að markaður tekjustofn Ferðamálaráðs haldist óbreyttur, en að skilyrði megi setja um mótframlög frá hagsmunaaðilum til einstakra verkefna. Þannig var má segja miðlað málum milli ólíkra sjónarmiða sem annars vegar gengu í grófum drættum út á óbreytt eða jafnvel aukið hlutverk ríkisins á þessu sviði en hins vegar þau sjónarmið sem uppi voru og hafa verið að hagsmunaaðilarnir sjálfir ættu að leggja meira af mörkum í þessu skyni. Hér er valin sú leið að núverandi tekjustofn haldi sér óbreyttur en lögin gera ráð fyrir því að skilyrða megi fjárstuðning í tilteknum tilvikum eða í tiltekin verkefni við mótframlög hagsmunaaðila.

Vikið er að lánstíma Ferðamálasjóðs og gert ráð fyrir að hann mundi lengjast með þessum lagaákvæðum úr 15 árum í allt að 40. Fram hefur komið að skammur lánstími er mörgum þungur í skauti sem eru að ráðast í fjárfestingar eða uppbyggingu á þessu sviði. Komið er inn á möguleikana á því að setja á fót áhættulánadeildir við Ferðamálasjóð, m.a. vegna þróunarverkefna. Hér eru allnýstárleg ákvæði um ferðamiðlun sem taki bæði til ferðaskrifstofa og skipuleggjenda ferða, umboðssala og fyrirtækja sem reka tölvukerfi fyrir bókanir og upplýsingar. Enn fremur er löggjöfin mjög einfölduð hvað varðar ákvæði um veitinga- og gistihús. Þar sem nú eru í lögum allítarleg ákvæði um flokkun slíkra staða er gert ráð fyrir því að rammalöggjöf yrði látin nægja en hliðstæð ákvæði þá sett í reglugerð. Ýmiss konar þjónusta og afþreyingarstarfsemi fyrir ferðamenn er gerð skráningarskyld samkvæmt frv. og lögð er áhersla á neytendavernd og komið er inn á neytendavernd í lögunum en slík ákvæði er ekki að finna í gildandi löggjöf.

Þetta má segja að séu í sem allra stystu máli sagt helstu nýmælin og meginbreytingarnar samkvæmt þessu frv. Ég tel að þó það sé nú endurflutt tveimur árum eftir að það kom fyrst fram, þá sé það að öllu leyti í fullu gildi og væri til mikilla bóta miðað við gildandi löggjöf sem er að nokkru leyti komin til ára sinna og í vissum tilvikum beinlínis hamlandi á framþróun í greininni að mati þeirra hagsmunaaðila sem komu að því að semja þetta frv. Það er að sjálfsögðu ekki mín trú, þó bjartsýnismaður sé, hæstv. forseti, að mál þetta nái afgreiðslu á yfirstandandi þingi sem skammt lifir af, sumardagurinn fyrsti á morgun, en með því að endurflytja það hér taldi ég mig leggja mitt af mörkum til þess að koma ferðamálunum á dagskrá á nýjan leik. Ég teldi æskilegt að hv. nefnd sem væntanlega fær málið til meðferðar kæmi því út til umsagnar og þá fengi það þá umferð á nýjan leik hver viðhorf helstu hagsmunaaðila í ferðaþjónustunni eru til lagasetningar í þessa veru og í öllu falli er að því gagn frekar en ekki að mínu mati að hreyfa við málefnum greinarinnar úr því að svo óbyrlega blæs sem raun ber vitni í hæstv. ríkisstjórn að þar hefur ekki náðst samstaða milli ráðherra um að leggja fram neitt á þessu sviði.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. samgn.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Hér er með þessu frv. til laga um ferðaþjónustu hreyft í senn mjög mikilvægu máli en vandmeðförnu. Ég geri ráð fyrir því að sú staðreynd að þetta frv. er nú endurflutt af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, sem gegndi því mikilvæga embætti í ferðaþjónustu að vera samgrh. í síðustu ríkisstjórn, endurspegli á vissan hátt ákveðna erfiðleika sem eru fólgnir í því að taka á þessum vanda. Ég tel fullvíst að ekki hafi hann skort til þess áhuga að taka á þessu vandamáli en engu að síður er staðreynd málsins sú að hér er verið að flytja í senn frv. til laga um ferðaþjónustu og till. til þál. um ferðamálastefnu sem ekki tókst að koma í gegn í tíð síðustu ríkisstjórnar.

Ég þykist alveg vita það að núv. ríkisstjórn muni einnig verða í erfiðleikum með að taka á þessu vandamáli þó að til þess standi mikil efni að á því verði tekið. Ég er 1. flm. þessa frv. mjög sammála um að það er afar brýnt að tekið verði á málinu. Ég tel hins vegar fullvíst að það verði nokkur aðdragandi að því og nauðsynlegt að mótuð verði heildstæð stefna í ferðamálum fyrir Íslendinga og það held ég að eigi í og með rætur að rekja til þess hversu vandamálið er flókið og erfitt að taka á því. Hins vegar er mjög mikilsvert að hefja hið fyrsta þessa vinnu og þau gögn sem hér eru lögð fram. Frv. ásamt fylgigögnum er að mínu mati mjög mikilvægt framlag til þessarar umræðu. Ég hef sjálfur samið þáltill. um þetta mál sem nálgast talsvert mikið þetta frv. ásamt þeirri till. til þál. sem hér er einnig á dagskrá í dag þó að sú þáltill. sem ég er flm. að leggi hugsanlega meiri áherslu á rannsóknarsviðið sérstaklega og þróunarsviðið og mun ég koma að því þegar það mál verður á dagskrá.

Ég kvaddi mér hljóðs til þess að undirstrika það að hér er verið að hreyfa afar þýðingarmiklu máli sem nauðsynlegt er að ýta úr vör og ég lít á þau gögn sem hér hafa verið lögð fram með þessu frv. og frv. sjálft sem markvert framlag til þessara mála og það muni stuðla að því að á þessu máli verði tekið föstum tökum. En ég kvaddi mér einnig hljóðs til þess að undirstrika að það er vandmeðfarið mál og því til sönnunar get ég nefnt að mér er kunnugt um það að mjög margar þjóðir eiga í mjög miklum erfiðleikum með að fóta sig í stefnumörkun í ferðamálum. Það hefur m.a. tjáð mér Bryan C. Clarke, sem er forstöðumaður sjálfstæðrar rannsóknarstofnunar í umhverfismati einkum og sér í lagi. Sú stofnun er raunar viðurkennd af Sameinuðu þjóðunum sem sérstök stofnun á sviði umhverfismála og umhverfismats en hefur einnig fetað sig talsvert mikið inn á þær slóðir að skoða ferðamálin sérstaklega vegna tengsla þeirra við umhverfismálin. Hann hefur undirstrikað við mig að það væri mjög erfitt að taka á þessum málum og menn stæðu víða ráðþrota frammi fyrir því hvernig þeir ættu að móta ferðastefnu svo vel færi og þá er verið að tala um ferðastefnu sem kannski mætti orða sem sjálfbæra ferðastefnu, ferð-

stefnu sem gangi ekki á þá auðlind sem hún byggist á. Í þessu frv. er sérstaklega tekið á þessum tengslum umhverfismálanna við ferðamálin og það hygg ég að sé undirstöðuatriði að samtengja það.

Ég vil að lokum fagna því að þetta frv. hafi verið lagt fram og tel að það sé markvert framlag til markvissari umræðu um þetta mikilvæga mál.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. ræðumanni, Tómasi Inga Olrich, fyrir hans orð og vil taka undir með honum að það er vissulega vandasamt verk að semja heildarlöggjöf af þessu tagi og ég tala nú ekki um þegar taka þarf að mörgu leyti tillit til nýrra sjónarmiða sem fram eru komin á síðustu árum og auðsjáanlega er kannski óvíða vandasamara að samræma við ríkjandi viðhorf eða fyrri viðhorf á sviði atvinnugreinar af þessu tagi eins og þegar í hlut eiga ferðamálin. Þá á ég auðvitað sérstaklega við ný viðhorf manna til umhverfisverndar og hugmynda um sjálfbæra þróun hlutanna sem kannski eiga hvergi betur við í raun í hnotskurn en einmitt í ferðamálunum því svo náskyld er sú grein og nátengd auðvitað hvað alla framtíðarmöguleika og afkomu snertir því að skynsamlega sé gengið um auðlindina, náttúruna í þessu tilviki.

Aðeins vegna þess að hv. þm. nefndi til marks um það hversu erfitt þetta verk væri að í tíð fyrri ríkisstjórnar hefði ekki náðst að afgreiða þessi þingmál, þá er það rétt og ég get vissulega tekið undir það að það voru vonbrigði sérstaklega hvað frv. snertir að það skyldi ekki ná fram að ganga. Það var að vísu mjög langt komið. Þannig var að nefndin sem skipuð var um mitt sumar eða snemma sumars 1989 skilaði af sér á árinu 1990 í áföngum og frv. var lagt fyrir þingið sem sigldi í kjölfarið og var þannig statt þegar þingi lauk óvenju snemma sökum alþingiskosninga vorið 1991 að það beið 2. umr. í seinni deild, efri deild þingsins, en hafði verið afgreitt í gegnum neðri deild samhljóða. Þess vegna kom það mönnum nokkuð á óvart að upp reis ágreiningur um málið í síðari þingdeild sem varð þess valdandi í tímahraki síðustu daga þinghaldsins, sem ekki var hægt að framlengja sökum í hönd farandi alþingiskosninga, að málið dagaði uppi. Það var slys og menn væru nokkuð betur staddir að mínu mati í þessum efnum í dag ef þetta mál hefði náð fram að ganga.

Reyndar var allt gert af hálfu þeirra aðila sem að undirbúningnum stóðu til þess að reyna að tryggja sem víðtækasta samstöðu um þetta mál. Þar á meðal voru skipaðir fulltrúar þingflokka stjórnarandstöðunnar í endurskoðunarnefndina sem náði samstöðu og lagði síðan fram sameiginlegt álit og samkvæmt venju hefði maður búist við og bjóst reyndar við að það mundi að sjálfsögðu greiða götu málsins í gegnum þingið að í nefndinni höfðu starfað hv. þáverandi alþm. Friðjón Þórðarson fyrir Sjálfstfl. og Kristín Einarsdóttir fyrir Kvennalista, höfðu skilað og skrifað undir sameiginlegt nál. og þar með var fram lagt þetta frv. En þetta fór nú engu að síður eins og það fór og þýðir ekki að fást um það. Mín heilræði til núv. ríkisstjórnar, reyni hún að koma sér að verki í þessum efnum sem ég vil vona að hún geri, eru einmitt þau að reyna frá byrjun að standa þannig að málum með tilliti til þess að þetta er vandasamt verkefni að reyna að ná um það sem víðtækastri samstöðu og þá þannig að fulltrúar allra stjórnmálaflokka séu hafðir með í ráðum. Ég er þess boðinn og búinn hvenær sem er að leggja þessum málaflokki lið ef maður finnur fyrir vilja til þess að þiggja slíka liðveislu og vona að þannig geti málin þróast og þessi orðaskipti okkar hér leggi lóð á þá vogarskál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ferðamálastefna, fyrri umr.

Þáltill. SJS, 525. mál. — Þskj. 883.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni till. til þál. um ferðamálastefnu sem er nátengd því þingmáli sem hér var síðast mælt fyrir. Þetta er sömuleiðis afrakstur af nefndastarfinu sem getið var um frá árunum 1989 til 1990 og ég þarf í raun og veru ekki að hafa um hana nein frekari orð, hún er efnislega í samræmi við frv., sérstaklega markmiðskafla þess. Gengur út á að til viðbótar gildandi löggjöf á hverjum tíma sé jafnframt í gildi mörkuð og yfirlýst ferðamálastefna sem stjórnvöld styðjist við og helstu framkvæmdaaðilar á þessu sviði.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað ásamt frv. til hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 21., 28.–30. og 32.–40. mál.

Fundi slitið kl. 5.57 síðdegis.

162. FUNDUR

mánudaginn 26. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 552. mál, þskj. 917. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Vegalög, stjfrv., 553. mál, þskj. 918. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku, stjfrv., 300. mál, þskj. 467, nál. 820 og 821, brtt. 822. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Eftirlit með skipum, stjfrv., 192. mál, þskj. 223, nál. 956, brtt. 957. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Lendingar ferjuflugvéla á Rifi, þáltill., 448. mál, þskj. 774. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Vegur milli Þingvalla og Hvalfjarðar um Leggjabrjót, þáltill., 523. mál, þskj. 881. Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Hættur af völdum sjávarágangs, þáltill., 530. mál, þskj. 888. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Ferðaþjónusta, frv., 524. mál, þskj. 882. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Ferðamálastefna, þáltill., 525. mál, þskj. 883. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Umferðarlög, stjfrv., 256. mál, þskj. 1001. — 3. umr.
11. Norðurlandasamningur um almannatryggingar, stjfrv., 283. mál, þskj. 406. — 3. umr.
12. Almenn hegningarlög, stjfrv., 338. mál, þskj. 616. — 3. umr.
13. Ávana- og fíkniefni, stjfrv., 339. mál, þskj. 617. — 3. umr.
14. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 372. mál, þskj. 1000. — 3. umr.
15. Kirkjugarðar, stjfrv., 375. mál, þskj. 998. — 3. umr.
16. Eiturefni og hættuleg efni, frv., 456. mál, þskj. 792. — 2. umr.
17. Íslensk endurtrygging, stjfrv., 307. mál, þskj. 476, nál. 1002. — 2. umr.
18. Stjórnsýslulög, stjfrv., 313. mál, þskj. 505, nál. 996, brtt. 997. — 2. umr.
19. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, stjfrv., 557. mál, þskj. 924. — 1. umr.
20. Ólympískir hnefaleikar, þáltill., 388. mál, þskj. 682. — Frh. fyrri umr.
21. Ráðgjafar- og fræðsluþjónusta fyrir nýbúabörn, þáltill., 399. mál, þskj. 693. — Fyrri umr.
22. Flutningur verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu, þáltill., 467. mál, þskj. 807. — Fyrri umr.
23. Námsbraut í öldrunarþjónustu, þáltill., 500. mál, þskj. 852. — Fyrri umr.
24. Íþróttasjóður ríkisins, þáltill., 503. mál, þskj. 855. — Fyrri umr.
25. Skólabúðir að Núpi, þáltill., 510. mál, þskj. 863. — Fyrri umr.
26. Lista- og menningarmiðstöð í Álafosshúsunum í Mosfellsbæ, þáltill., 511. mál, þskj. 864. — Fyrri umr.
27. Alþjóðlegur skipstjórnar- og fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, þáltill., 560. mál, þskj. 927. — Fyrri umr.
28. Myndlistarverkefni, þáltill., 562. mál, þskj. 929. — Fyrri umr.
29. Vegalög, frv., 293. mál, þskj. 425. — 1. umr.
30. Fjáröflun til vegagerðar, frv., 294. mál, þskj. 426. — 1. umr.
31. Stefnumótun í ferðamálum, þáltill., 531. mál, þskj. 889. — Fyrri umr.
32. Útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða, þáltill., 556. mál, þskj. 923. — Fyrri umr.
33. Öryggisfræðslunefnd sjómanna, frv., 564. mál, þskj. 931. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.,
Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon 4. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:

Afbrot barna og unglinga, 521. mál, svar félmrh., þskj. 995.
Kirkjugarðar, 375. mál, þskj. 998.
Lögræðislög, stjfrv., 580. mál, þskj. 1004.
Meðferð opinberra mála, 372. mál, þskj. 1000.
Útflutningur á iðnvarningi tengdum sjávarútvegi, 482. mál, svar utanrrh., þskj. 994.

Lögskráning sjómanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 552. mál (öryggisfræðsla og nýliðanám). — Þskj. 917.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, GB, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónS, KHG, KE, LMR, ÓRG, RG, StH, SJS, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, BBj, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, ÞorstP, ÞurP.
28 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, GB, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónS, KHG, KE, LMR, ÓRG, RG, StH, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Vegalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 553. mál (ferjur og flóabátar). — Þskj. 918.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, GB, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónS, KHG, KE, LMR, ÓRG, RG, StH, SJS, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
27 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, FI, GB, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónS, KHG, KE, LMR, ÓRG, RG, StH, SJS, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku, frh. 2. umr.

Stjfrv., 300. mál. — Þskj. 467, nál. 820 og 821, brtt. 822.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 27:1 atkv. og sögðu
já: BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, JóhS, JBH, KSG, MF, ÓE, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
nei: ÁJ*.
10 þm. (AÓB, ISG, IP, JÁ, JónK, JVK, KÁ, ÓÞÞ, PP, StG) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, FI, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónS, KHG, KE, LMR, ÓRG, RG, StH, SJS, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 822 felld með 23:15 atkv. og sögðu
já: AÓB, FI, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JónK, JVK, KÁ, MF, ÓÞÞ, PP, RA, StG.
nei: ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GAK, JóhS, JBH, KSG, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
1 þm. (GuðjG) greiddi ekki atkv.
24 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKJ, GB, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónS, KHG, KE, LMR, ÓRG, RG, StH, SJS, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 26:5 atkv. og sögðu
já: AÓB*, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, JóhS, JBH, KSG, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
nei: GHelg, ISG, JVK, KÁ, PP.
7 þm. (GÁ, IP, JÁ, JónK, ÓÞÞ, RA, StG) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, FI, GB, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónS, KHG, KE, LMR, MF, ÓRG, RG, StH, SJS, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, ISG, IP, JÁ, JóhS, JónK, JVK, KSG, KÁ, MF, ÓE, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, StB, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
nei: PP.
3 þm. (GHelg, ÓÞÞ, StG) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JGS, JBH, JHelg, JónS, KHG, KE, LMR, ÓRG, RG, SJS, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Lendingar ferjuflugvéla á Rifi, frh. fyrri umr.

Þáltill. IP o.fl., 448. mál. — Þskj. 774.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, MF, ÓE,

ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

22 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, GB, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónS, KHG, KE, LMR, ÓRG, RG, SJS, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, ÞurP.

24 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, GB, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónS, KHG, KE, LMR, ÓRG, RG, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er rétt að geta þess að óskað hefur verið eftir því að fresta atkvæðagreiðslu um 4. dagskrármálið og hefur forseti orðið við því. Sú beiðni kom frá hv. 6. þm. Vestf.

Vegur milli Þingvalla og Hvalfjarðar um Leggjabrjót, frh. fyrri umr.

Þáltill. IP og GÁ, 523. mál. — Þskj. 881.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

22 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, FI, GB, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónS, KHG, LMR, ÓE, RG, SJS, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, VS, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

17 þm. (ÁMM, EH, GB, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónS, KHG, RG, SJS, SvG, TIO, VE) fjarstaddir.

Hættur af völdum sjávarágangs, frh. fyrri umr.

Þáltill. JHelg og JónK, 530. mál. — Þskj. 888.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, VS, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

16 þm. (EH, GB, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónS, KHG, RG, SJS, SvG, TIO, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, VS, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

17 þm. (EH, FI, GB, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónS, KHG, RG, SJS, SvG, TIO, VE) fjarstaddir.

Ferðaþjónusta, frh. 1. umr.

Frv. SJS, 524. mál. — Þskj. 882.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, VS, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

16 þm. (EH, GB, HÁ, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónS, KHG, ÓÞÞ, RG, SJS, SvG, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, VS, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

16 þm. (EH, FI, GB, HÁ, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónS, KHG, RG, SJS, SvG, TIO, VE) fjarstaddir.

Ferðamálastefna, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS, 525. mál. — Þskj. 883.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, VS, ÞorstP, ÞurP.
16 þm. (EH, GB, HÁ, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónS, KHG, RG, SJS, SvG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, VS, ÞorstP, ÞurP.
17 þm. (EH, FI, GB, HÁ, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónS, KHG, RG, SJS, SvG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Það hefur verið óskað eftir að fresta umræðu um 10. dagskrármálið og verður orðið við því. (**Dómsmrh.:** Hver óskaði eftir því?) Það kom fram á fundi með formönnum þingflokka og það var m.a. 1. þm. Norðurl. v., þ.e. formaður þingflokks Framsfl., og formaður þingflokks Alþb. sem báru fram ... (**RA:** Og formaður þingflokks Alþfl.) þannig að það er þá væntanlega ljóst að það kom fram ósk um það og hefur forseti orðið við því.

Norðurlandasamningur um almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 283. mál. — Þskj. 406.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, StH, StB, VS, ÞorstP, ÞurP.
19 þm. (ÁJ, EH, GB, HÁ, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónS, KHG, ÓÞÞ, RG, SP, SJS, SvG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1005).

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 338. mál (fíkniefnaviðskipti). — Þskj. 616.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, VS, ÞorstP, ÞurP.
16 þm. (EH, GB, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónS, KHG, ÓE, RG, SJS, SvG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1006).

Ávana- og fíkniefni, 3. umr.

Stjfrv., 339. mál (fíkniefnaviðskipti). — Þskj. 617.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, VS, ÞorstP, ÞurP.
15 þm. (EH, GB, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónS, KHG, RG, SJS, SvG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1007).

Meðferð opinberra mála, 3. umr.

Stjfrv., 372. mál (ákæruvald lögreglustjóra o.fl.). — Þskj. 1000.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, KSG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, VS, ÞorstP, ÞurP.

4 þm. (AÓB, JVK, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.

16 þm. (EH, GB, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónS, KHG, PP, RG, SJS, SvG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1008).

Kirkjugarðar, 3. umr.

Stjfrv., 375. mál (heildarlög). — Þskj. 998.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, VS, ÞorstP, ÞurP.

16 þm. (EH, FI, GB, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónS, KHG, RG, SJS, SvG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1009).

Eiturefni og hættuleg efni, 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 456. mál (ósoneyðandi efni). — Þskj. 792.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, StB, VS, ÞorstP, ÞurP.

18 þm. (EH, GB, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónS, KHG, ÓÞÞ, PP, RG, StG, SJS, SvG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP.

16 þm. (EH, GB, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónK, JónS, KHG, RG, StG, SJS, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP.

16 þm. (EH, GB, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónS, KHG, PJ, RG, StG, SJS, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hefur verið óskað eftir því að fresta 17. dagskrármáli og verður orðið við því. Sú ósk kemur frá formanni nefndarinnar.

Stjórnsýslulög, 2. umr.

Stjfrv., 313. mál. — Þskj. 505, nál. 996, brtt. 997.

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. um frv. til stjórnsýslulaga sem er á þskj. 996, undirritað 20. apríl 1993 og það eru allir nefndarmenn sem skrifa undir þetta álit, þ.e. Sólveig Pétursdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Björn Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Jón Helgason, Kristinn H. Gunnarsson og Sigbjörn Gunnarsson, en fjarstaddur afgreiðslu málsins var Ólafur Þ. Þórðarson.

Þar að auki gerir nefndin nokkrar brtt. sem eru á öðru þingskjali.

Hin mikla þróun sem átt hefur sér stað í íslensku þjóðfélagi síðustu fimm áratugina hefur kallað á ítarlega löggjöf á ýmsum sviðum. Hefur stjórnsýslunni annars vegar verið falið að sjá um framkvæmd þessara laga og hins vegar að setja stjórnvaldsfyrirmæli um nánari útfærslu á þeim. Valdsvið stjórnsýslunnar hefur því sífellt aukist. Afleiðingarnar eru m.a. þær að athafnir borgaranna eru á sífellt fleiri sviðum háðar afskiptum og eftirliti stjórnsýslunnar.

Oft og tíðum hefur komið til árekstra milli einstaklinga og hinna ýmsu stofnana ríkisins sem dregið hafa fram í sviðsljósið hina miklu þörf fyrir aukið réttaröryggi borgaranna gagnvart stjórnsýslunni. Það er ljóst að borgararnir hafa mikla hagsmuni af því að starfs-

lið stjórnsýslunnar valdi þeim störfum sem hún fer með og að þar séu viðhafðar þær málsmeðferðarreglur og lögð til grundvallar þau sjónarmið sem almennt eru til þess fallin að lögfræðilega rétt og málefnaleg úrlausn fáist í hverju máli.

Við höfum verið mjög sinnulaus hér á landi um mikilvægi vandaðrar málsmeðferðar þrátt fyrir það að hún sé grundvöllur þess að mál verði nægjanlega upplýst og að það skapist nauðsynlegur grundvöllur þess að hægt sé að taka rétta og málefnalega ákvörðun. Á hinum Norðurlöndunum fór fram mikil umræða eftir seinni heimsstyrjöldina hvort sett skyldu almenn stjórnsýslulög eða hvort setja skyldi ítarlegar málsmeðferðarreglur í helstu lagabálka. Ekki er að sjá að slík umræða hafi farið fram hér á landi og er skemmst frá því að segja að hér voru hvorki sett almenn stjórnsýslulög né ákveðið að taka upp sömu aðferð og Danir fylgdu fram til ársins 1985 að setja vandaðar málsmeðferðarreglur í helstu lagabálka. Virðist hinn íslenski réttur því hafa þróast mjög tilviljanakennt að þessu leyti. Ég tel því mjög mikilvægt að fram fari umræða hér á landi um þennan grundvallarþátt réttarríkisins sem vandaðar málsmeðferðarreglur eru og um þau gæði sem í þeim felast þannig að við gerum okkur grein fyrir því hverju við erum að fórna þegar fylgt er verklagi í stjórnsýslunni sem fer í bága við þessar grundvallarreglur.

Í skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1989, bls. 7, vakti umboðsmaður Alþingis athygli Alþingis á því að brýn þörf væri fyrir setningu stjórnsýslulaga. Umboðsmaður vakti sérstaka athygli á þörf fyrir reglur um aðgang málsaðila að gögnum máls, um sérstakt hæfi starfsmanna stjórnsýslunnar og skýrar reglur um stjórnsýslukæru. Um öll þessi atriði er fjallað í frv. til stjórnsýslulaga.

Allshn. Alþingis leitaði álits umboðsmanns Alþingis á frv. Í umsögn umboðsmanns Alþingis segir m.a. svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Það frv. sem hér liggur fyrir tekur á öllum meginþáttum almennra lagareglna um stjórnsýslu. Ég tel að framsetning frv., bæði hvað snertir efni og form, sé með þeim hætti að þar verði bætt úr brýnni þörf ef að lögum verður. Í frv. eru teknar upp fjölmargar reglur sem nú eru taldar gilda í íslenskum rétti en það er skoðun mín að með því að taka þær í heildarlög verði auðveldara, jafnt fyrir starfsfólk stjórnsýslunnar og þá sem til hennar leita með mál sín, að beita þessum reglum og það muni stuðla að bættum stjórnsýsluháttum. Sérstaklega á þetta við í þeim tilvikum þar sem hinar einstöku reglur hafa verið nánar útfærðar í frv.

Í frv. til stjórnsýslulaga sem hér er til umfjöllunar er að finna nokkrar af mikilvægustu málsmeðferðarreglum stjórnsýsluréttarins. Hér er um að ræða þær grundvallarmálsmeðferðarreglur sem í gildi eru í nágrannaríkjum okkar og taldar eru nauðsynlegar í sérhverju lýðræðisríki til þess að stuðla að réttaröryggi almennings í skiptum við stjórnvöld. Þessar reglur eru misítarlegar og strangar frá einu landi til annars.

Í athugasemdum með frv. er gerð ítarleg grein fyrir þeim sjónarmiðum sem frv. er byggt á en síðustu ár hafa verið nokkuð skiptar skoðanir um það hversu ítarleg slík löggjöf ætti að vera hér á landi. Fram kemur í athugasemdunum að haft var í huga að aðstæður hér á landi eru að sumu leyti frábrugðnar því sem gerist erlendis. Stjórnsýsla okkar er að mörgu leyti frumstæðari og lausari í reipunum en stjórnsýsla nágrannaþjóða okkar. Þannig hafa stjórnsýsluvenjur ekki náð að mótast hér á landi nema á afmörkuðum sviðum stjórnsýslunnar.

Þá er einnig rétt að hafa í huga að málsmeðferð virðist ólík á milli einstakra ráðuneyta og einstakra ríkisstofnana án þess að séð verði að nokkur eðlismunur réttlæti það. Með tilliti til stöðu stjórnsýslunnar í dag, svo og með hliðsjón af því hversu margbreytileg sú starfsemi er sem stjórnsýslulögunum er ætlað að taka til, var farin sú leið að hafa lögin ekki of ítarleg heldur er gert ráð fyrir því að þau hafi einungis að geyma helstu meginreglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni. Hefur því verið reynt að stilla undantekningum í hóf og orða þær með almennum hætti. Hins vegar er gengið út frá því að smátt og smátt myndist stjórnsýsluvenjur til fyllingar ákvæðum laganna, ekki síst fyrir tilstuðlan umboðsmanns Alþingis.

Ég vil einnig vekja athygli á því að leitast hefur verið við að hafa lagatextann bæði einfaldan og skýran þannig að lögin verði sem aðgengilegust fyrir almenning og starfsmenn stjórnsýslunnar og er þar um mjög mikilvægt atriði að ræða. Þá er rétt að vekja athygli á því að ljóst er af frv. að reynt hefur verið eftir megni að byggja á réttaröryggissjónarmiðum án þess þó að girt sé fyrir það að málsmeðferð í stjórnsýslunni geti í mörgum tilvikum verið einföld, hraðvirk og ódýr.

Loks er rétt að benda á það að frv. hefur verið byggt á sömu sjónarmiðum og stjórnsýslulög annarra Norðurlanda, að gera málsmeðferð einfalda og leggja sem minnstar byrðar á borgarana í samskiptum við stjórnvöld og við meðferð stjórnsýslumála.

Allshn. varð sammála um það að frv. það sem hér liggur fyrir sé vel til þess fallið að verða að okkar fyrstu almennu stjórnsýslulögum. Nefndarmenn voru hins vegar sammála um það að í ljósi reynslunnar verði þörf á að skoða einstök atriði laganna að nokkrum árum liðnum. Í þessu sambandi er rétt að benda á reynslu t.d. Norðmanna, en þeir settu sér stjórnsýslulög árið 1967. Nokkrum ákvæðum þeirra laga hefur nú verið breytt og hafa þau verið gerð ítarlegri og strangari að fenginni reynslu.

Í umræðum um frv. til stjórnsýslulaga hefur aðallega verið fjallað um kosti slíkra laga út frá sjónarhorni borgaranna. Ef grannt er skoðað kemur í ljós að stjórnsýslulög eru þegar til lengri tíma er litið einnig til hagsbóta fyrir stjórnsýsluna. Í dag ríkir á mjög mörgum sviðum veruleg réttaróvissa um það hvernig haga beri meðferð stjórnsýslumála. Þetta verður oft til þess að málum seinkar í meðferð og töluverður tími hjá stjórnsýslunni fer til spillis af þessum sökum. Þá er stjórnsýslan einnig mjög berskjölduð fyrir gagnrýni á þá málsmeðferð sem hún viðhefur þar sem hún hefur ekki við almenn stjórnsýslulög að styðjast og getur því ekki vitnað í lög og sýnt fram á að réttri málsmeðferð

hafi verið fylgt. Með þetta í huga erum við nefndarmenn fullvissir um að starfsskilyrði stjórnsýslunnar muni batna að þessu leyti þegar fram í sækir við tilkomu stjórnsýslulaganna þar sem stjórnsýslulög munu eyða réttaróvissu sem ríkir á mörgum sviðum.

Þar sem meginmarkmið stjórnsýslulaganna er að tryggja sem best réttaröryggi borgaranna í skiptum við hið opinbera er ljóst að kynna þarf efni laganna fyrir almenningi með tryggilegum hætti. Þá er einnig mjög mikilvægt að boðið verði upp á t.d. námskeið þar sem efni stjórnsýslulaganna verði kynnt fyrir starfsmönnum stjórnsýslunnar og að handhægt skýringarefni á lögunum verði útbúið þeim til hægðarauka svipað og gert var í tilefni af gildistöku nýrra réttarfarslaga hinn 1. júlí 1992.

Allshn. hefur fjallað ítarlega um frv. og leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Í fyrsta lagi er lögð til orðalagsbreyting á 4. mgr. 5. gr. sem miðar að því að gera ákvæðin skýrara.

Í öðru lagi er lögð til breyting á 13. og 14. gr. sem hefur það í för með sér að stjórnvaldi verður aðeins skylt að vekja athygli aðila máls á því að mál hans sé til meðferðar að hann eigi andmælarétt.

Loks er lagt til að orðalag 26. gr. verði lagfært.

Virðulegi forseti. Umboðsmaður Alþingis hefur tvívegis beint þeim tilmælum til forsætisráðherra að flutt verði frv. til stjórnsýslulaga. Þá hefur Alþingi tvisvar ályktað um nauðsyn þess að undirbúin verði almenn stjórnsýslulöggjöf, í síðara skiptið með atbeina allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi. Frv. til stjórnsýslulaga er nú flutt í þriðja sinn á Alþingi. Góð samstaða hefur náðst um frv. þetta og er það því von mín að afgreiða megi frv. á því þingi sem nú situr og sem fyrst.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, GunnS, HG, ISG, IP, JÁ, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

25 þm. (ÁRÁ, EH, GB, GÁ, HÁ, HBl, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SighB, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, GunnS, HG, ISG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP.

28 þm. (ÁRÁ, EH, GB, GÁ, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SighB, StG, SJS, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 997,1 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, GunnS, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

25 þm. (ÁRÁ, EH, FI, GB, GÁ, HBl, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SighB, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, GunnS, HÁ, HG, ISG, IP, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

26 þm. (ÁRÁ, EH, FI, GB, GÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SighB, StG, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

6.–12. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 997,2 (ný 13. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 997,3 (ný 14. gr.) samþ. án atkvgr.
15.–25. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 997,4 samþ. án atkvgr.
26. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
27.–36. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, GunnS, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, KHG, KE, LMR, ÓE, PJ, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

26 þm. (ÁRÁ, EH, GB, GÁ, HBl, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SighB, StG, StH, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, 1. umr.

Stjfrv., 557. mál (heildarlög). — Þskj. 924.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála. Frv. felur í sér nokkrar breytingar á gildandi lögum um stofnunina, einkum í auknu sjálfstæði stofnunarinnar, auknum verkefnum henni til handa og beinni þátttöku kennara í starfi hennar.

Nauðsyn vel skipulagðra og faglegra rannsókna á skólastarfi hér á landi er óumdeild. Með þessu frv. er stigið mikilvægt skref í þá átt að auka rannsóknir og mat í þágu menntamála. Mikilvægt er að slíkar rann-

sóknir séu framkvæmdar af óháðum aðila. Þannig er lögð áhersla á sjálfstæði rannsóknastofnunar gagnvart yfirvöldum menntamála annars vegar og þeim aðilum er meta skal hins vegar. Í samræmi við aukið verksvið stofnunarinnar er gert ráð fyrir því í 2. gr. frv. að Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála skiptist í tvær deildir, rannsókna- og þróunardeild annars vegar og prófa- og matsdeild hins vegar. Auk þess að framkvæma rannsóknir, sjá um samningu prófa og sjá um mat á skólastarfi er gert ráð fyrir að stofnunin sinni faglegri ráðgjöf um rannsóknir og þróunarverkefni, svo og þjálfun og ráðgjöf til kennara, kennaraefna og háskólastúdenta í fræðilegum vinnubrögðum. Þá veitir rannsóknastofnunin menntmrh. ráðgjöf um breytingar á námsskrá í samræmi við niðurstöður prófa og mats á skólastarfi.

Varðandi stjórnun stofnunarinnar þykir rétt að hverfa frá því skipulagi að stjórnarnefnd tilnefnd af tilteknum aðilum stýri daglegu starfi. Í frv. er því gert ráð fyrir að stjórnun þessarar stofnunar verði með sama hætti og yfirleitt er um stofnanir ríkisins þar sem forstöðumaður stýrir venjulegum rekstri. Gerðar eru sömu kröfur til hæfni forstöðumanns og gerðar eru til prófessora við Háskóla Íslands. Menntmrh. ráði forstöðumann til fimm ára í senn. Þá er gert ráð fyrir að starf stofnunarinnar verði metið á þriggja ára fresti af þar til kvöddum sérfræðingum.

Í stað stjórnarnefndar samkvæmt núgildandi lögum er gert ráð fyrir faglegri ráðgjafarnefnd sem tekur þátt í mótun heildarstefnu en hlutast ekki til um dagleg rannsóknarstörf. Í ráðgjafarnefndinni eigi sæti sex aðilar. Fulltrúum kennara er fjölgað um einn þar sem bæði Kennarasamband Íslands og Hið íslenska kennarafélag eigi fulltrúa í ráðgjafarnefndinni. Einnig á rektor Háskólans á Akureyri að taka sæti í nefndinni, en þar hefur nú verið stofnuð kennaradeild. Auk þess eiga sæti í nefndinni eins og var í stjórnunarnefndinni fulltrúi menntmrh. sem formaður nefndarinnar, rektor Háskóla Íslands og rektor Kennaraháskóla Íslands.

Með þessu frv. er verið að tryggja þátt kennara í beinu starfi Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála umfram það sem er samkvæmt gildandi lögum. Samkvæmt núgildandi lögum geta einungis háskólakennarar innt vinnuskyldu sína af hendi við stofnunina, en í frv. er gert ráð fyrir að kennarar á grunnskóla- og framhaldsskólastigi eigi þess einnig kost, sbr. það sem segir í 6. gr. frv. Lögð er áhersla á að gera stofnunina stjórnunarlega óháða yfirvöldum menntamála og öðrum þeim er aðild eiga að starfsemi þeirri sem meta skal. Stofnuninni er tryggt aðhald en jafnframt veitt aukið frelsi þar sem hagsmunaaðilar munu ekki hafa beinan íhlutunarrétt í daglegu starfi stofnunarinnar.

Ég legg til, hæstv. forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. sem tekur á mjög mikilvægum atriðum í skólastarfi, rannsóknum og mati og mér sýnist fljótt á litið að þetta frv. sem hér hefur verið mælt fyrir af hæstv. menntmrh. sé til bóta hvað varðar þennan þátt mála. Ég áskil mér að sjálfsögðu rétt til þess að koma með athugasemdir í umfjöllun hv. menntmn. um málið, en það er ljóst að bæði rannsóknir og mat á skólastarfi hefur verið vanrækt hér fram til þessa. Á síðasta þingi lagði ég fram þáltill. ásamt öðrum hv. þm. sem átti að taka á þessu máli, og þá á ég við mati á skólastarfi, þar sem lagt var til að skipuð yrði nefnd sem mótaði tillögur um það hvernig mat á skólastarfi skyldi fara fram. Þessi tillaga náði ekki fram að ganga, en í áfangaskýrslu 18 manna nefndar sem hæstv. menntmrh. skipaði til þess að móta tillögur að nýrri menntastefnu, er kafli sem fjallar um mat á skólastarfi. Það eru ekki fullmótaðar tillögur sem þar koma fram þannig að á þessu stigi málsins er erfitt að gera sér grein fyrir nákvæmlega hvernig meiningin er að þetta mat fari fram, en þó er þar gert ráð fyrir að fjölga samræmdum prófum í grunnskólanum. Vel má vera að ástæða sé til þess, en hitt er annað mál að það þarf að hafa í huga að það er kostnaðarsamt og fleira sem þarf að skoða áður en teknar eru ákvarðanir um slíkt, en ég vona að hv. Alþingi fái að koma að þeim málum áður en frá því verður endanlega gengið.

Ég lýsi ánægju með það að verið er að gera þá stofnun sem hér um ræðir sjálfstæðari en hún er í dag með þessu frv. og auk þess er tryggð aðild bæði Kennarasambands Íslands og Hins íslenska kennarafélags að stofnuninni í gegnum ráðgjafarnefnd og þá vil ég sérstaklega taka fram að það að Háskólinn á Akureyri skuli einnig eiga þar aðild tel ég af hinu góða.

Sem sagt, fljótt á litið sýnist mér að hér sé tekið á þörfu máli. Nú er ekki langt eftir af þessu þingi þannig að ég geri mér ekki grein fyrir því hvort menntmn. tekst að afgreiða þetta frv. á þeim örfáu dögum sem eftir eru ef staðið verður við starfsáætlun, en þó segir mér svo hugur að þetta mál geti unnist nokkur hratt þar sem það er frekar einfalt í sniðum, en eins og ég tók fram í upphafi máls míns, þá áskil ég mér að sjálfsögðu rétt til þess að komi athugasemdir í hv. menntmn.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt sem fram kemur í athugasemdum við það frv. sem hér er til umræðu að flestir eru sammála um það að mikil þörf er á því að auka rannsóknir í mennta- og skólamálum. En það er auðvitað ekki sama hvernig að því er staðið og hvernig þær eru skipulagðar. Ég fagna því að sjálfsögðu að hér skuli komið frv. um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, en sannast að segja vakna ýmsar spurningar hjá mér við lestur þessa frv. og ég hefði gjarnan óskað þess að við hefðum nú meiri tíma til þess að skoða þetta mál en þann örstutta tíma sem eftir er til þingloka, þ.e. ef staðið verður við starfsáætlun.

Ég verð aðeins að kvarta hér í upphafi yfir því að mér finnst ekki gerð nógu vel grein fyrir því í sjálfu frv. hvaða breytingar eru hér á ferð. Tæknilega séð er það mjög til bóta þegar nákvæm grein er gerð fyrir því hverju er verið að breyta. En ef ég lít á sjálft frv. þá er

kannski stóra spurningin hjá mér 2. gr. þar sem verið er að taka út úr tillögum 18 manna nefndarinnar þá hugmynd að Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála verði falið að annast mat á skólastarfi og prófagerð. Þetta tengist 4. gr. frv. líka. Ég verð að lýsa ákveðnum efasemdum gagnvart þessum vinnubrögðum. Ég hefði nú haldið að það væri affarasælast að fá niðurstöðu í störf nefndarinnar og í rauninni að tillögur hennar lægju endanlega fyrir áður en farið er að taka einstök atriði út úr hugmyndum nefndarinnar og gera að lögum. Og ég nefni þetta sérstaklega vegna þess að hvað varðar framhaldsskólann, þá er það mjög umdeilt og á auðvitað algerlega eftir að komast að niðurstöðu um það hvort það er æskilegt og hvort það verði fari út í það að taka upp samræmd próf í framhaldsskólum. Ég hef sjálf mjög miklar efasemdir um þetta og finnst í rauninni að þær hugmyndir gangi nokkuð þvert á sjálfstæði framhaldsskólans og það að framhaldsskólinn byggist ekki á skólaskyldu heldur frjálsu vali þeirra nemenda sem inn í hann koma. Sannast að segja finnst mér helst til miklar miðstýringar- og forræðishugmyndir sem í þessu felast þó að ég sé sammála því að það þurfi að eiga sér stað eitthvert samræmt mat á því hvort tilskildum árangri er náð í skólunum. En þessi hugmynd að færa prófagerð, þó að kennarar séu þar með í ráðum, inn í þessa stofnun, ég vil fá að skoða hana mjög rækilega.

Ég lýsi efasemdum gagnvart því að vera að taka þessa hugmynd inn í lagafrv. áður en nefndin er endanlega búin að ganga frá sínum tillögum og þær búnar að fá þá umfjöllun meðal skólafólks sem þær vissulega eiga skilið að fá.

Varðandi 3. gr. frv. þá er hún óbreytt frá fyrri lögum. Það vaknaði spurning hjá mér varðandi 3. lið 3. gr. þar sem komið er inn á það hlutverk rannsókna- og þróunardeildar að veita kennurum, kennaraefnum og háskólastúdentum í framhaldsnámi á sviði uppeldis- og menntamála þjálfun og ráðgjöf í fræðilegum vinnubrögðum eftir því sem aðstæður leyfa. Og mér leikur forvitni á að vita hvernig þessu hefur verið framfylgt. Ég hef sjálf stundað nám í uppeldis- og kennslufræðum og varð ekki vör þar neitt við Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála. Það kann vel að vera að þarna eigi sér stað ákveðin samskipti og í ljósi þess að við erum bara að breyta lögunum, þá er auðvitað mjög fróðlegt að það komi fram hvernig núgildandi lög hafa reynst. Hvernig hefur verið háttað samstarfi Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála og þeirra skóla sem eru að mennta fólk í uppeldis- og kennslumálum.

Varðandi 5. gr., ég var búin að nefna þetta atriði í 4. gr. með hin samræmdu próf í framhaldsskólum sem eins og ég nefndi hér áðan hef miklar efasemdir um, en varðandi 5. gr. þá er þar bara um lagatæknilegt atrið að ræða. Hér er gert ráð fyrir 5 ára ráðningartíma og ég var að velta fyrir mér hvort það þurfi ekki að vera eitthvert samræmi í þessu hjá ríkiskerfinu. Það er ýmist um 4, 5 eða 6 ára ráðningartíma að ræða hjá forstöðumönnum, bankastjórum og ýmsum sem verið er að ráða í opinbera þjónustu og það er svona umhugsunaratriði hvort það þurfi ekki að vera samræmi í þessum atriðum.

Eins varðandi 6. gr. af því að ég þekki ekki til í þessari stofnun, þá væri líka fróðlegt að fá það fram hvernig 6. gr. laganna hefur verið framfylgt hingað til, hvort og hvernig háskólakennarar og aðrir hafa nýtt sér það atriði laganna að geta sinnt rannsóknaskyldu sinni hjá Rannsóknastofnun uppeldismála eða öðrum störfum, hvort þessi grein hefur virkað.

Varðandi 7. gr. þá vil ég líka setja fram hér ákveðnar efasemdir. Mér finnst að sjálfsögðu að skólarnir á háskólastigi sem vinna að því að mennta fólk í uppeldis- og kennslumálum eigi aðild að þessari stofnun, en ég verð að lýsa ákveðnum efasemdum varðandi það að þetta séu rektorar þessara skóla. Ef ég þekki rétt til, þá er enginn þeirra sérmenntaður í uppeldis- og kennslumálum. Tveir þeirra eru raungreinamenn og sá þriðji íslenskufræðingur. Þeir geta að sjálfsögðu verði mjög góðir og gegnir í þessum málum, en mér finnst það ekkert sjálfgefið að að séu rektorar og mér finnst það vel koma til greina að við í menntmn. athugum það hvort það sé ekki einfaldlega nóg að það séu fulltrúar þessara skóla og þá hafi skólarnir val um það fólk sem best er að sér í þessum fræðum. Mér dettur í hug t.d. varðandi Háskólann á Akureyri að það liggi beint við að sá sem ráðinn verði þar forstöðumaður kennaradeildar eigi aðild að þessari ráðgjafarnefnd. Þeir sem eru að vinna beint í þessu eigi þarna sæti en ekki rektorar háskólanna sem auðvitað eru í allt, allt öðrum störfum þó þeir að sjálfsögðu hafi ákveðna þekkingu á þessum málum.

Eins varðandi 8. gr. þá er hér kveðið á um það sem sjálfsagt er að það skuli fylgst með því hvað þessi stofnun er að gera og gerð úttekt á hennar starfi á þriggja ára fresti af þar til kvöddum sérfræðingunm og ég hefði gjarnan viljað fá meira að vita um það hvernig þetta er hugsað. Það er sjálfsagt mögulegt í þessu að fá erlenda sérfræðinga til þess að fylgjast með eða einhverja aðra en ég fæ ekki betur séð en allir helstu sérfræðingar þjóðarinnar í uppeldismálum séu komnir inn í þessa stofnun þó að ýmsir fleiri séu til. Sumir sérfræðingar hafa t.d. verið gerðir að ráðuneytisstjórum og verða varla kvaddir þarna til starfa, en ég hefði gjarnan viljað fá að vita hvernig þetta er hugsað, hvers konar mat þarna á að vera og hvort t.d. er verið að hugsa þarna um samstarf við erlenda háskóla eða eitthvað slíkt.

Eins og hér hefur komið fram, þá er ég að sjálfsögðu fylgjandi því að Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála sé efld og ég tek undir það að ég held að það sé mikilvægt að hún sé sjálfstæð og geti sjálf stýrt því hvaða rannsóknir þar eru stundaðar og það er einmitt mjög mikilvægt að við getum horft á okkar skólamál óháð pólitískum hugmyndum, það eigi sér stað hlutlaust mat á því hvað verið er að gera þó að auðvitað komi hugmyndir manna um skólamál og skólastefnu þar alltaf inn í og ég er fylgjandi því að menntmrn. sé ekki með puttana allt of mikið í þessari starfsemi, enda á hér að vera um vísindalega rannsóknastofnun að ræða og mikilvægt að hún sé óháð.

Eins og ég hef hér nefnt, þá set ég spurningarmerki við ýmis atriði þessa frv. sem við getum að sjálfsögðu rætt í menntmn., en vissulega ítreka ég það að mér finnst nauðsynlegt að við fáum meiri tíma til þess að ræða og kanna þetta mál og við tengjum það því sem er að gerast í umræðunni um skólamál almennt en hér sé ekki farið að samþykkja lög ef menn svo komast kannski að þeirri niðurstöðu að t.d. samræmd próf í framhaldsskólum komi ekki til greina eins og nefndin hefur lagt til.

Útbýting þingskjals:
Umferðarlög, 256. mál, þskj. 1001.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):
Hæstv. forseti. Ég þakka þeim hv. þm. tveimur sem hafa talað fyrir undirtektir við þetta mál. Ég skil orð þeirra beggja svo að það sé fylgi þeirra við eflingu og aukið sjálfstæði Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála og það er einn megintilgangurinn með flutningi þessa frv.

Það er vissulega rétt að rannsóknir og mat á skólastarfi hafa ekki verið í þeim farvegi sem æskilegt er og hafa kannski verið vanrækt eins og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir nefndi.

Ég læt að sjálfsögðu í ljós þá von að frv. fái afgreiðslu á þessu þingi. Mér er alveg ljóst að það er til nokkuð mikils mælst ef haldið verður við starfsáætlun þingsins og við ljúkum hér þegar ein vika er af maímánuði, en engu að síður mælist ég til þess að hv. menntmn. athugi þetta mál og hafi tíma til þess að fara rækilega ofan í það. Parkinson segir einhvers staðar á einum stað að málin leysist á þeim tíma sem sé til umráða og kannski getur það átt við í þessu tilviki.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir lýsti efasemdum um tiltekin atriði í frv. og mér finnst alveg sjálfsagt að hv. menntmn. athugi þau atriði sérstaklega sem þingmaðurinn nefndi. Mér finnst það ekki ráða úrslitum um hvort þetta mál nær fram að ganga eða ekki, hvort ákvörðun hafi verið tekin um samræmd próf í framhaldsskólunum sem hefur verið rætt sem einn möguleika og nefnd um mótun menntastefnu hefur sett fram sem hugmynd. Ég ætla ekki að fara frekar út í það á þessu stigi hvort það sé skynsamleg leið eða ekki. Það tengist að sjálfsögðu umræðunni um aðgang að háskólastiginu hvort taka eigi upp samræmd próf í vissum kjarnagreinum í framhaldsskólakerfinu og það ætti þá að vega upp á móti hugmyndum sem hafa heyrst um inntökupróf í háskólana.

Hv. þm. spurði um hvernig framkvæmd 3. mgr. 3. gr. hefði verið þar sem þetta mun vera nokkuð óbreytt frá gildandi lögum, þ.e. að meðal verkefna rannsókna- og þróunardeildar væri að veita kennurum, kennaraefnum og háskólastúdentum í framhaldsnámi á sviði uppeldis- og menntamála þjálfun og ráðgjöf í fræðilegum vinnubrögðum eftir því sem aðstæður leyfa. Mér er því miður ekki kunnugt um hvernig það hefur verið framkvæmt til þessa, en það er sjálfsagt að afla þeirra upplýsinga og leggja þær upplýsingar fyrir hv. menntmn.

Varðandi ráðningartíma forstöðumannsins sem hér er lagt til að verði 5 ár, þá má það vel vera rétt sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir nefndi að þarna þyrfti kannski að gæta samræmis hjá hinu opinbera. Þetta er komið í einstaka lagabálka að menn séu ráðnir til ákveðins tíma, en það mun vera eitthvað breytilegt. Ég ætla ekki að leggja mat á það hvort samræming sé þar nauðsynleg, en það má vel vera, en það er ekki endilega víst að það sé það eina rétta að ráða alla til 5 ára eða til fjögurra ára eða 8 ára eða hvað það er. Það er sjálfsagt að kanna það betur.

Varðandi spurninguna um 6. gr. hvernig háskólakennarar hefðu nýtt sér þá heimild sem er í gildandi lögum um að inna hluta af sinni vinnuskyldu með störfum innan stofnunarinnar. Ég hef heldur ekki upplýsingar um það en ítreka það sem ég sagði í minni framsögu að þarna er verið að breyta frá gildandi lögum að kennarar, ekki bara háskólakennarar, heldur kennarar og aðrir sérfræðingar í opinberri þjónustu fá þarna heimild til þess hjá rannsóknastofnuninni að inna hluta af sinni vinnuskyldu af hendi með störfum innan stofnunarinnar að fengnu samþykki forstöðumanns. Þessar upplýsingar ætti líka að vera hægt að leggja fyrir hv. menntmn.

Hv. þm. spurði um 7. gr. hvort það væri endilega rétt að rektorar skólanna þriggja, Háskóla Íslands, Kennaraháskólans og Háskólans á Akureyri, ættu að sitja í ráðgjafarnefndinni. Mér finnst sjálfsagt að nefndin athugi það. Þetta var tekið óbreytt upp úr gildandi lögum að því er varðaði rektora Kennaraháskólans og Háskóla Íslands og rektor Háskólans á Akureyri eðlilega bætt þarna inn í. Mér finnst sjálfsagt að nefndin íhugi þetta atriði hvort þarna eigi þá frekar að sitja fulltrúar þessara skóla. Mér finnst nokkuð til í því sem hv. þm. nefndi í þessu samhengi.

Um 8. gr. og hvernig starf stofnunarinnar skuli metið, ég tók orð þingmannsins þannig að hún væri samþykk þessu ákvæði að slíkt mat færi fram en efaðist kannski eitthvað um að sérfræðingar væru tiltækir. Ég held að svo hljóti nú að vera en ég sé ekkert að því í fljótu bragði að jafnvel yrði leitað samstarfs við erlenda háskóla til þess að framkvæma slíkt mat. Mér finnst það koma mjög vel til greina.

Ég ítreka þakkir mínar fyrir góðar undirtektir við þetta mál og vonast til að hv. menntmn. geti fundið sér tíma til þess að athuga málið eins rækilega og nefndinni þykir nauðsynlegt, en ég vona að að geti orðið þannig að málið hljóti afgreiðslu á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ólympískir hnefaleikar, frh. fyrri umr.

Þáltill. KHG og IBA, 388. mál. — Þskj. 682.

Ingibjörg Pálmadóttir:
Virðulegi forseti. Það er nú orðið nokkuð langt síðan mælt var fyrir þessari þáltill. um ólympíska hnefa-

leika, en það gerði hv. flm. Kristinn H. Gunnarsson en auk hans er Ingi Björn Albertsson á þessari þáltill.

Það kom æðimargt fram í máli hans sem vert væri að rifja upp þó langt sé um liðið og erfitt að hefja þessa umræðu aftur nú eftir hvað — ég held að það sé mánuður síðan umræða var hér í þinginu. (**KHG:** Meira.) Meira, segir hv. flm.

Það kemur fram í greinargerð með þessari tillögu að það sé mikill munur á ólympískum hnefaleikum og þeim hefðbundnu hnefaleikum sem við þekkjum. Það kemur fram þar einmitt að í ólympískum hnefaleikum séu aðeins þrjár lotur en í hefðbundnum séu það 12 lotur, þannig að það sé ekki hægt að rota viðkomandi, ef ég skil það rétt, nema þrisvar sinnum í hinum ólympísku og auk þess sem menn verja höfuð sitt með hlífðarhjálmum í ólympískum hnefaleikum.

Það var mjög ítarleg framsaga hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni eins og hans er von og vísa um þetta „mikilvæga mál". Ég segi það nú svona innan gæsalappa, „mikilvæga mál", en eftir því sem fjölmiðlar hafa fjallað um þetta gæti maður ímyndað það að þetta væri stórmál því að fá mál hafa fengið jafnmikla umfjöllun í fjölmiðlum og þessi tillaga um ólympíska hnefaleika nema ef væri Hrafnsmálið sem hefur kannski tekið örlítið meira pláss í fjölmiðlum en þetta þannig að maður gæti ímyndað sér að hérna væri hið mesta þjóðþrifamál á ferðinni. Það kom fram í framsögu hv. þm. að 140 lönd sendu keppendur í ólympíska hnefaleika og allt upp í 450 keppendur sem kepptu. Mér fannst það eiginlega koma fram í máli hv. flm. að það væri nú svona hálfpúkó að Íslendingar tækju ekki þátt í þessari merkilegu íþrótt og fannst mér það vera spurning hvort honum gæti fundist það púkó þó við tækjum ekki þátt í þessari íþrótt, þar sem honum finnst ekkert endilega að við þurfum að taka þátt í öllum mögulegum erlendum samskiptum sem kannski skipta okkur stundum meira máli en þessi ákveðna íþróttagrein.

Góð íþrótt er gulli betri, segir gamall málsháttur og hver íþrótt hefur sín markmið. Íþróttir efla líkama og sál eins og kunnugt er, ýmist sem hópíþróttir eða einstaklingsíþróttir og markmiðin eru margs konar. Markmiðin geta verið þau að koma bolta í mark eða keppa við klukkuna í hlaupum eða sundi og það getur líka verið markmið að sýna fegurð og mýkt o.s.frv. En hvert er markmið hnefaleikanna sem slíkra? Ég vona að ég fái skýr svör við því hjá hv. flm. Frá mínum sjónarhóli séð er markmiðið að rota einstaklinginn. Og ég hef ekki séð hingað til konur stunda þessa íþrótt sem skiptir kannski ekki höfuðmáli og langar ekkert sérstaklega að sjá konur stunda hnefaleika, hvorki ólympíska né hefðbundna með 12 lotum. Það er ekki þess vegna en þetta er klassísk karlmannaíþrótt. Og það er sannað mál að karlmenn eru árásargjarnari en konur almennt og ég held að þessi íþrótt sé til að hvetja til árásargirni. Ég hef oft horft á bæði ólympíska og hefðbundna hnefaleika í sjónvarpi og mér finnst alveg makalaust að sjá þetta og heyra í áhorfendum þegar er búið að kýla keppandann kaldan og hann liggur þarna rotaður, þá kalla menn: Fallegt! Fallegt! Stórkostlegt! Mér finnst þetta merkilegt fegurðarskyn vegna þess að við erum nú að tala um að íþróttir yfirleitt séu fallegar, en þetta er auðvitað eins og allt annað háð smekk einstaklinga. Mér finnst þetta ekki smekkleg íþrótt sem slík.

Það kom fram í máli hv. þm. þegar hann mælti fyrir þessari tillögu að það verða tiltölulega ekki meiri slys í þessari íþrótt en öðrum íþróttagreinum. Ég veit að hann er vel lesinn í þessum málum og kann að vera að þetta sé allt saman rétt. En það er ekki alveg sama hvar menn slasast í íþróttum. Algengustu slys í þessari íþrótt eru höfuðmeiðsli og eftir höfðinu dansa limirnir þannig að það er mikilvægt að toppstykkið sé í lagi og slys á höfði eru oftast óbætanleg séu þau mikil. Mér finnst þetta alla vega ekki mjög áríðandi mál og ekkert forgangsmál í íþróttum almennt að hér verði hafnir hnefaleikar að nýju.

Svo er það annað sem ég hef svolítið fylgst með. Ég hef mjög mikinn áhuga fyrir íþróttum almennt og fylgist mjög vel með íþróttum af því að ég tel að íþróttir séu mikilvægar, bæði fyrir unga og aldna og hef oft talað um íþróttir á hinu háa Alþingi, að börn eru sífellt að skapa sér fyrirmyndir með íþróttum og þau sjá fræga íþróttamenn og reyna að líkja eftir þeim. Ef við komum t.d. í Borgarnes eða Stykkishólm, þá er körfuboltakarfa fyrir utan alla bílskúra og öll hús vegna þess að þar er körfuboltinn í hávegum hafður og flest börn og unglingar leika er í körfubolta. Ef við aftur á móti komum á Akranes, þá sjáum við alls staðar fótboltavelli og börn og unglinga vera að leika sér í fótbolta vegna þess að það eru frægir fótboltagarpar á Akranesi. Ef við komum inn í Hafnarfjörð, þá sjáum við börn og unglinga vera alls staðar í handknattleik. Segjum svo, við erum nú mjög sterkir Íslendingar, íslenskir karlmenn eru afskaplega sterkir sem hefur sannast í gegnum tíðina, þá munum við náttúrlega ná alveg geysilegum árangri í þessari grein og ég sé fyrir mér að það verði þá fyrirmyndin að börn og unglingar standi í þessum kýlingum og það er einmitt sú fyrirmynd sem mig langar ekkert að sjá. Og ég minni bara á það að góð íþrótt er gulli betri en ég efast um ágæti þessarar íþróttar.

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Það er að vonum að hv. 2. þm. Vesturl. kvarti yfir því hvernig umræðan er sundur slitin þannig að erfitt verði að halda uppi heillegri umræðu um mál og ég get tekið undir þær umkvartanir þingmannsins. Ég vil minna á það að ég mælti fyrir þessu máli fyrir alllöngu, vel fyrir páska og gert var ráð fyrir því að umræðu yrði fram haldið mjög fljótlega eftir mína framsöguræðu ef ekki sama dag. Það hefur hins vegar atvikast þannig að málið hefur ekki komist að til umræðu og kemur mjög skyndilega til umræðu í dag þannig að hvorki mér né öðrum flm. var gert viðvart um að vera tiltækir eða sérstaklega undirbúnir með okkar skjöl þegar málið yrði til framhaldsumræðu og ég veit að 2. flm. málsins var á mælendaskrá. Ég verð að taka undir það að það er afar bagalegt að skipulag þinghaldsins skuli vera með þeim

hætti að menn hafi ekki vitneskju um hvað fram undan er næsta þingdag þegar þingdegi lýkur. Það kemur auðvitað niður á þessu máli eins og svo mörgum öðrum.

Hvað varðar þá efnislegu umfjöllun sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. Vesturl., þá kom greinilega fram hjá honum ákveðin skoðun gagnvart greininni sem er ekkert við að segja. Menn hafa fullt frelsi til þess að hafa sína skoðun á málum og ekki amast ég við því. Hins vegar tók ég eftir því að ræðumaður fjallaði ekkert um hið raunverulega innihald tillögunnar sem er að afla upplýsinga um greinina. En þáltill. er þannig fram sett að hér er ekki verið að leggja til að hnefaleikar verði leyfðir. Það vænti ég að hv. þm. átti sig á. Hér er hins vegar verið að leggja til að afla upplýsinga um þessa grein hnefaleika og á grundvelli þeirra upplýsinga verði síðan frekari ákvarðanir teknar. Og rökstuðningur fyrir því að ástæða væri til að taka þetta mál til athugunar er einkum af tvennum toga. Það fyrra að íþróttagreinin hefur mjög mikið breyst frá því að lögin um bann við hnefaleikum voru sett árið 1956 og þróast sérstakt afbrigði sem nefnist ólympískir hnefaleikar sem tillagan fjallar um. Það lá ekki fyrir þá og er auðvitað í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa sjálfsagt að endurskoða forsendur sem lágu að baki lagasetningunni á sínum.

Hið síðara er rannsóknir sem fram hafa farið á þessari íþróttagrein og þeir sem keppt hafa í henni. Meðal þeirrar þjóðar sem hvað mestar efasemdarraddir hafa verið uppi um hvort leyfa ætti þessa íþróttagrein eða ekki, þ.e. Svía, og ég rakti í mínu máli niðurstöður sænsku skýrslunnar frá 1990 sem er afar athyglisverð og ég vænti þess að menn taki nú þær niðurstöður trúanlegar. Þær niðurstöður eru líka rökstuðningur fyrir því að taka málið til athugunar og afla gagna til þess að fá frá fleiri áttum upplýsingar um þessa íþróttagrein og þá sem stundað hafa keppni í henni.

Niðurstöður sænsku skýrslunnar, sem fjallaði bæði um líkamsmeiðsl og áhrif á andlegt atgervi manna eða félagslega stöðu í þjóðfélaginu sem var mjög víðtæk, eru einmitt gagnstæðar því sem fram komu í máli hv. 2. þm. Vesturl. eins og t.d. sú fullyrðing að hnefaleikar hvetji til árásargirni. Það er ekki niðurstaða sænsku skýrslunnar. Þvert á móti var það niðurstaða hennar að þeir menn sem höfðu iðkað hnefaleika reyndust vera ekki síðri þjóðfélagsþegnar en aðrir, þ.e. íþróttamenn sem stundað höfðu aðrar greinar, og reyndar kom það sænsku rannsóknarlæknunum mjög á óvart að þeir virtust miklu frekar vera í jafnvægi og sátt við þjóðfélagið heldur en iðkendur í öðrum íþróttagreinum sem þeir notuðu til samanburðar, þ.e. í knattspyrnu og frjálsum íþróttum. Þeir fundu engar vísbendingar í þá átt að persónuleiki þeirra sem höfðu iðkað hnefaleika hefði breyst í þessa veru, heldur þvert á móti hið gagnstæða. Og auðvitað verður maður að taka slíkar niðurstöður alvarlega, taka mark á þeim og hugsa málið út frá þeim staðreyndum sem liggja fyrir.

Þá var einnig varðandi meiðslin kannað sérstaklega hvort höfuðmeiðsl væru algengari eða alvarlegri meðal keppenda í hnefaleikum en í knattspyrnu og frjálsum íþróttum og það kom ekkert fram sem benti til þess að svo væri. Það er því ekki annað að sjá miðað við þessa ítarlegu könnun en að það sé full ástæða til þess að kanna rækilega og leita af sér allan grun um það hvort þessi sænska niðurstaða sé í samræmi við niðurstöður manna í öðrum löndum.

Þær forsendur sem menn notuðu til þess að banna íþróttagreinina hafa í raun verið afsannaðar með sænsku skýrslunni. Því er það eitt og sér næg ástæða til að taka málið upp til endurskoðunar.

Enn ein ástæða er til þess að líta á málið er sú staðreynd að íþróttir aðrar en hnefaleikar eru ekki bannaðar. Um íþróttir gilda sérstök lög, íþróttalög, og samkvæmt þeim er meginreglan þannig að allar íþróttagreinar eru leyfðar. Það er einfaldlega á valdi sérsambanda ÍSÍ og ÍSÍ sjálfs að ákveða hvað er leyft og hvað er bannað, þeir geta gert það. En menn geta hér hafið iðkun á hvaða íþróttagrein sem er án þess að spyrja nokkurn að því. Og meðan það er niðurstaðan í okkar þjóðfélagi að hafa þá meginreglu að íþróttir séu leyfðar nema þær séu sérstaklega bannaðar með sérstökum lögum, þá finnst mér ástæða til þess varðandi þá einu íþróttagrein sem bönnuð er með lögum að taka málið til endurskoðunar þegar gögn benda til þess með fullgildum rökum að forsendur bannsins eigi ekki við. Í mínum huga snýst þetta líka um stefnu í íþróttamálum. Ætlum við að láta þessa stefnu gilda sem að öðru leyti er eða ætlum við að taka út úr einstaka greinar og banna þær með lögum á óljósum forsendum?

Það er hægt að nefna ýmsar íþróttagreinar hér á landi sem eru hættulegar og hafa orðið alvarleg slys af en engum hefur dottið í hug að flytja mál um að banna. Við getum nefnt ýmsar íþróttagreinar af austurlenskum toga sem hér eru iðkaðar eins og karate og ýmis afbrigði af þeirri íþróttagrein. Það er hægt að nefna algengar íþróttagreinar eins og knattspyrnu. Ég held að slysatíðni og meiðsl af knattspyrnu séu afar mikil og það þekki ég sjálfur af eigin raun, bæði með að hafa lifað og hrærst í því um langan tíma og verið þátttakandi, að margir eru afar illa farnir eftir knattspyrnuiðkun. En engu að síður hefur engum þingmanni dottið í hug að flytja hér frv. um að banna knattspyrnu.

Menn verða aðeins að gæta að forræðishyggjunni í þessu. Ef það á að vera meginstefna sem ég er út af fyrir sig sammála að leyfa íþróttaiðkun, þá þarf sérstök rök ef það á að taka tilteknar greinar út úr og banna þær. Ég held að við ættum að láta það í hendur íþróttasambandanna að sjá um framkvæmd og eftirlit í þeim efnum. Telji menn hins vegar rétt að grípa inn í og banna tilteknar greinar, þá geta menn ekki staldrað eingöngu við hnefaleika því að þá þurfa menn að líta yfir miklu fleiri íþróttagreinar og ef menn nota þær forsendur sem upphaflega voru notaðar, þegar bannað var sett, þá lenda menn óhjákvæmilega í því að banna fleiri íþróttagreinar en nú eru bannaðar, ef menn vilja vera sjálfum sér samkvæmir í sinni aðferðafræði.

Hér var spurt um markmið hnefaleika, þá væntanlega ólympískra hnefaleika. Markmið þeirra sem stunda keppni er að vinna leik og leik vinna menn á stigum

fyrst og fremst. Markmiðið er ekki að slá menn niður heldur er markmiðið að vinna á grundvelli úthalds og tækni. Ég held að þau gögn sem ég nefndi og vitnaði í í minni framsögu ættu að vera nægjanleg staðfesting þess að þessi grein eða það sem á þessu stigi er vitað um hana, sé ekki hættulegri en aðrar og jafnvel að sumu leyti síður því að það er afar mikið lagt upp úr öryggisgæslu í þessari íþróttagrein, miklum mun meira en í öðrum sem væri kannski full ástæða til þess að færu inn á svipaðar brautir og hnefaleikamenn hafa gert erlendis.

Ég get nú í sjálfu sér ekkert sagt um þátt fjölmiðla í málinu, ég leiði það hjá mér. Það er þeirra að taka á málum og þeir ráða því sjálfir. Sumum málum gera þeir góð skil, öðrum ekki og það þarf ekki endilega að vera gert eftir því mati sem okkur finnst að ætti að vera. Við verðum bara að una því. Sum mál sem manni finnst sjálfum vera mikilvæg mál, fá hér enga umfjöllun í fjölmiðlum og við því er ekkert að gera. Það er einfaldlega utan við okkar verksvið að skipta okkur af því þótt þau sjónarmið séu greinilega nokkuð uppi innan núv. ríkisstjórnar að það sé ekki, að menn eigi að skipta sér dálítið af því hvernig fjölmiðlar fjalla um mál. En það er lota sem við getum tekið hér á öðrum tíma undir öðru máli hvernig stjórnmálamenn eiga að skipta sér af fjölmiðlum.

Að öðru leyti held ég að hafi ekki verið í ræðunni hér áðan atriði sem gefa tilefni til frekari svara og skýringar en ég hef þegar reitt fram. Ég vil að endingu leggja á það áherslu að menn líti á þetta mál eins og hver önnur út frá efni sínu og forsendum og láti ekki fordóma sem byggðir eru á öðrum grunni ráða afstöðu sinni til máls. Það er mikilvægt í þessu máli sem öðrum að menn taki mark á því sem fyrir liggur af upplýsingum og staðreyndum og ákvarðanatakan verði út frá því en síður út frá órökstuddum tilfinningum og efni þessarar tillögu er eins og ég gat um í upphafi að afla upplýsinga þannig að menn hafi betri grunn til að standa á þegar til þeirrar ákvörðunartöku kemur hvort menn eigi að halda sig við núgildandi lög eða breyta þeim. Það er nákvæmlega það sem tillagan snýst um, það er að afla upplýsinga og vitneskju og ég vænti þess að varla sé nokkur þingmaður á móti því.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. flm. fór aftur yfir sviðið og sagði að menn mættu ekki vera með fordóma eða órökstudda tilfinningasemi í sambandi við þessa tillögu og ég er alveg sammála því. Ég var með ákveðna spurningu sem hann reyndi að svara. Hann svaraði henni reyndar ekki fullkomlega að mínu mati. Ég spurði hann hvert væri markmið þessarar íþróttar og hann sagði það að vinna leik með úthaldi og tækni. Mér sýnist tæknin vera í því fólgin að vanka viðkomandi einstakling þannig að hann annaðhvort rotist eða alla vega vankist svo að hann geti ekki staðið upp aftur. Það eru þeir fordómar sem ég hef fyrir þessari tillögu.

Hann sagði einmitt og mér fannst hann mjög draga í land og ég skil hann vel, hann dró mjög í land og sagði að það ætti eftir að skoða hvort leyfa ætti þessa íþrótt. En hv. flm. Kristinn H. Gunnarsson og hv. þm. Ingi Björn Albertsson hljóta að vera að leggja þetta mál fram vegna þess að þeir hafa trú á því að þetta sé hið besta mál. Það getur ekki annað verið, annars mundu þeir láta það óhreyft. Af því að flm. var að tala um það líka að það væru ýmsar aðrar íþróttir sem væru hættulegar og ekki bannaðar, þá hef ég ekki heyrt neitt t.d. talað um það að hér þyrfti að fara að keppa í japanskri glímu eða eitthvað slíkt. (**KHG:** Það er gert.) Það er ekki gert, hv. þm., ekki þessari heföbundnu.

Það kom einmitt fram hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að það væri búið að rannsaka þetta mjög mikið í Svíþjóð varðandi slysatíðni og hann sagði líka það í sinni framsögu fyrir rúmum mánuði síðan að félagslega gengi mönnum betur, þeim sem stunda þessa íþrótt en almennt og ég spyr nú bara: Er það hnefarétturinn sem hefur valdið því að þeim hefur gengið svona sérstaklega vel félagslega sem keppendur í Svíþjóð?

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú ekki hnefarétturinn heldur það að þeir sem stunda þessa íþróttagrein eins og ýmsar aðrar verða að ná valdi á sjálfum sér, á andlegu hliðinni til þess að ná árangri. Það er grundvöllur árangurs í flestum íþróttagreinum að menn séu andlega vel undirbúnir og það er það atriði sem hefur skipt mestu máli að mati þeirra sem rannsökuðu þetta mál. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem ég hef um málið sem er fyrst og fremst hin ítarlega sænska skýrsla þá tel ég sjálfsagt að leyfa þessa keppnisgrein. Hins vegar geri ég mér það alveg ljóst að þegar hreyfa á við áralöngu banni, þá vilja menn kannski fá staðfestingu úr fleiri áttum og því er farin sú leið að leggja til að afla upplýsinga, ekki bara þeirra upplýsinga sem við höfum heldur annarra upplýsinga sem fyrir liggja og fylgir raunar með listi yfir í sænsku skýrslunni þannig að menn geta sótt sér þau gögn og þegar það liggur fyrir og ef það er í samræmi við það sem ég hef séð, þá mundi ég greiða atkvæði með því að þessi grein yrði leyfð. Hins vegar ef þessar frekari upplýsingar væru í ósamræmi eða hnigu að öðru leyti í aðrar áttir, þá væri ég kannski með efasemdir um málið. Ég lít því svo á að það sé skynsamlegt að vinna að því að breyta þeim lögum sem eru á grundvelli upplýsinga og staðreynda og tel að menn megi síst af öllu leggjast gegn því og mér finnst það alveg ótrúleg afdalamennska að tala eins og hv. 2. þm. Vesturl. gerði hér í andsvari.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðgjafar- og fræðsluþjónusta fyrir nýbúabörn, fyrri umr.

Þáltill. GJH o.fl., 399. mál. — Þskj. 693.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um

ráðgjafar- og fræðsluþjónustu fyrir nýbúabörn sem er að finna á þskj. 693, en 1. flm. þessarar tillögu, Guðrún J. Halldórsdóttir, situr ekki á þingi nú. Hún var hér inni sem varamaður er hún flutti þessa tillögu en náði ekki að mæla fyrir henni sjálf. Því vil ég hér til glöggvunar gera nokkuð grein fyrir tillögunni fyrir hennar hönd og okkar annarra flutningskvenna. En tillgr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að

setja á stofn farþjónustu fyrir nýbúabörn utan Reykjavíkur þannig að þau, foreldrar þeirra og kennarar geti fengið viðtöl og ráðgjöf varðandi nám og samskiptavandamál sem upp koma,

setja á stofn móttökudeild fyrir nýbúabörn í Reykjavík þar sem þau fengju lágmarkskennslu í íslensku áður en þau hefja nám í almennum skólum."

Með þessari tillögu fylgir greinargerð þar sem m.a. kemur fram hversu mörg nýbúabörn eru talin hér í fræðsluumdæmum landsins og það er alls haustið 1992 201 barn. Raunar er þess getið einnig í greinargerð að þessi tala hafi þar fyrir utan hækkað síðan í haust þannig að þetta er verulegur hópur sem hér er um að ræða. Ég vil einnig geta þess að þetta er ekki í fyrsta skiptið sem við kvennalistakonur hreyfum þessu máli í vetur. Við 2. umr. fjárlaga fluttum við brtt. um það að hækka liðinn Sérkennsla í grunnskólum úr 10,2 millj. í 20 millj. kr. Tilgangur þeirrar tillögu var að þessi hækkun yrði nýtt til þess að bæta úr bráðum vanda sem skapast hefur vegna barna sem ekki fá kennslu við sitt hæfi í íslensku skólakerfi, þ.e. nýbúabörnin. Og samkvæmt þeim upplýsingum sem lágu þá til grundvallar er þarna um 150 börn að ræða. Ég vil geta þess að fyrir nokkrum mánuðum kom út skýrsla á vegum menntmrn., Íslenskukennsla fyrir nýbúa, sem voru tillögur starfshóps. Sú könnun leiddi í ljós að það var brýn þörf fyrir þessi 150 börn og enn meiri er hún nú er börnunum fjölgar án þess að úrræðin séu til staðar og ef eitthvað er, þá er hægt að segja að úrræðum hafi fækkað vegna þess að klipið hefur verið svo geigvænlega af því fjármagni sem ætlað er til sérkennslu. En það er athyglisvert og í rauninni ógnvekjandi að eina fjármagnið sem ætlað er í þessi mál eru af sérkennslukvótanum og hann er hreinlega ekki til skiptanna. Hann er rýr fyrir og síst er hann til skiptanna þegar viðbótarverkefni koma. Ég vil vekja athygli á því að mörg þeirra barna sem hafa flust erlendis frá til Íslands eru börn flóttafólks sem við höfum boðið velkomin til Íslands, alla vega í orði og að hluta til hefur verið staðið þokkalega að því að taka á móti þeim en íslenska skólakerfið er gersamlega vanbúið að mæta þörfum þessara nemenda og því miður eru dæmi þess að þessir nemendur hafi verið í tómarúmi innan íslensks skólakerfis svo árum skiptir. Það er auðvitað hreinn smánarblettur á okkur sem menningarþjóð og sem gestgjafa og sem hinu nýja þjóðlandi þessara barna.

Í þessari skýrslu sem ég gat um áðan var gert ráð fyrir því að það þyrfti fjárveitingu upp á 23–31 millj. kr. til þess að halda uppi sómasamlegri íslenskukennslu og styðja nýbúabörnin á annan hátt. Við kvennalistakonur þóttumst mjög hófsamar að biðja í fyrsta áfanga um ekki nema um það bil helming eða þriðjung þessarar upphæðar í viðbót. En við gerðum líka ráð fyrir að fleiri úrræði væru fyrir hendi. Við erum langt á eftir nágrannaþjóðum í þessum efnum og það held ég að engum geti dulist. Ég held hins vegar að þessi till. til þál. sem Guðrún J. Halldórsdóttir og við aðrar þingkonur Kvennalistans flytjum dragi út úr allra brýnustu verkefnin á þessu sviði. Þessi verkefni út af fyrir sig þurfa ekki að vera svo ýkja kostnaðarsöm en ég held að þetta sé algert lágmark og grundvöllur þess að við getum talið okkur vera að gera þokkalega bara að rækja okkar fyrstu skyldur. En ég vil ítreka það að þarna er verið sem sagt að tala um ráðgjafarþjónustu og það að taka á móti börnunum og liðsinna þeim áður en þau koma í íslenska skólakerfið því að það mundi án efa hjálpa mikið til ef það væri búið að búa þeim þokkalegar lágmarksaðstæður áður en þau hefja nám í almennum skólum.

Í þeirri skýrslu sem ég gat um áðan sem tekin var saman á vegum menntmrn. kemur það fram hvernig nágrannaþjóðir okkar standa að þessum málum og ég held nú að við ættum að geta leitað í smiðju til þeirra um þær úrlausnir sem þar hafa verið reyndar og hvernig þær hafa gefist. Og ég vek sérstaklega athygli á því að þarna er ólíku saman að jafna og mér þætti það engin ofrausn ef þingið tæki á sig rögg og samþykkti þessar tillögur. Það hafa öll rök í þessu máli komið fram nú þegar og ég held að það sé ekki nokkur maður sem neitar því að þarna er um brýnan vanda að ræða til úrlausnar og það þarf að gera eitthvað í þessu og það strax. Við kvennalistaþingkonur fylgdum þessari tillögu ekki eftir í fjárlögum þar sem við höfðum ekki tryggan stuðning við hana, en ég vil líka vekja athygli á því að þessi tillaga er mun hnitmiðaðri en sú viðbót við fjárveitingar sem við lögðum til. Þar er einungis verið að setja þann ramma sem hægt er að vinna innan, en jafnvel þótt það hafi ekki verið samþykkt, þá held ég að það hljóti að vera hægt að finna einhverjar glufur og eitthvert fjármagn til þessa brýna verkefnis.

Ég vil ítreka það að hafi vandinn verið mikill er við kynntum okkar tillögur fyrir jól, þá er hann enn meiri núna. Þessum börnum fjölgar og nú er mikill straumur flóttamanna innan Evrópu og ég veit að það er verið að prýsta á íslensk stjórnvöld og ég tel að það sé fullkomlega réttmætt að líta á það að við þurfum að axla okkar ábyrgð eins og aðrar þjóðir í þeim efnum. En til þess að við getum gert það, þá verðum við auðvitað að hafa eitthvað upp á að bjóða. Og það er hreint ótrúlegt að það skuli hafa gerst eins og ég gat um hér áðan á undanförnum árum að þau börn sem þegar eru innan skólakerfisins okkar, skólakerfisins sem sumir hverjir hafa nú talið að væri nokkuð þokkalegt, þessi börn skuli vera þar meira og minna í reiðileysi. Þau fá ekki þá þjónustu sem þau eiga bæði rétt á og hafa þörf á og þau geta jafnvel verið árum saman nánast óuppgötvuð. Ef þau hafa sig ekki í frammi, ef þau verða ekki að vandamálum vegna uppivöðslusemi, þá má alveg eins búast við því að þau týnist og hvernig farn-

ast þessum börnum þá í samfélaginu okkar?

Ég vil undir lok framsögu þessarar fá að vitna í viðtal og umfjöllun sem er sérstaklega um þetta mál í nýjasta tölublaði tímaritsins Veru, en þar er einmitt viðtal við hv. 1. flm. þessarar tillögu og ég vil taka undir það sem hún segir og fá að vitna, með leyfi forseta, í ummæli hennar:

„Fyrst við erum að bjóða fólki að koma hingað verðum við að veita því þá þjónustu sem þarf til að verða málfarslega fullveðja. Ef við tökum á móti nýbúum verða börnin þeirra að standa jafnfætis öðrum börnum. Það kostar bæði fé og fyrirhöfn, en við höfum ekki efni á undirmálsfólki," segir Guðrún í þessu viðtali. Og hún tekur dæmi, sem ég held að við ættum nú að íhuga vel. Með leyfi forseta segir Guðrún þarna:

„Ástandið er hrikalegt. Í hverri viku er haft samband við námsflokkana alls staðar að af landinu og við beðin um aðstoð. Sívaxandi hópar barna af erlendum uppruna eru í skólum landisns. Það eru í fyrsta lagi börn foreldra sem flutt hafa aftur heim til Íslands. Þau standa best að vígi. Í öðru lagi eru þetta börn sem flytja hingað frá löndum þar sem töluð eru mál skyld íslensku. Þau standa verr að vígi og lenda oft í erfiðleikum, t.d. einelti. Í þriðja lagi eru hér börn foreldra frá fjarlægum málsvæðum. Sá hópur stendur verst að vígi vegna þess að það er ekki bara tungumálið heldur líka hugsunarhátturinn sem er þeim framandi."

Ég vil nú ekki síst staldra við þennan seinasta hóp hérna vegna þess að ég held að við gerum okkur ekki öll grein fyrir því hversu sérstök vandamál þarna eru á ferðinni og hversu vel við þurfum að taka á þessu máli ef vel á að vera. En Guðrún segir þarna aftar í þessu viðtali og er þá að bera saman annars vegar börn sem koma frá þjóðum sem eru okkur nær og svo hins vegar börn sem koma t.d. frá Asíu. En hún segir, með leyfi forseta:

„Asíubúum er evrópskt málfræði óþekkt fyrirbæri og hugsanagangur okkar er þeim mjög framandi. Málhugsun okkar stendur Rússum miklu nær en Asíubúum. Eins og aðrar þjóðir tölum við mikið í myndum og máltækjum — við erum alltaf ómeðvitað að vitna í lífshætti okkar. Það er mjög erfitt fyrir Asíubúa að skilja okkur vegna þess að lifnaðarhættir þeirra og atvinnulíf er allt öðruvísi en okkar og þessar tilvitnanir hjá þeim eru fólgnar í allt öðru." Og hún tekur dæmi og getur þess að sveitamaður frá Kambódíu eigi t.d. erfitt með að skilja orðtækið að róa öllum árum að einhverju þó Rússi geti skilið það.

Ég held að það sé alveg ljóst að við höfum ekki leyfi til þess að bjóða flóttamenn hingað velkomna nema að fylgja því eftir á sómasamlegan hátt að þeir fái öll þau tækifæri sem við höfum sem erum hér fyrir í landinu. Og við eigum ekki rétt á því að láta fólk standa verr að vígi vegna þess að það eigi erfitt með að tjá sig og hugsanir sínar. Og ég vil vekja athygli á því og það kemur raunar fram í þeirri skýrslu sem ég gat um og eins í þessu tölublaði Veru sem ég vitnaði í, að þrátt fyrir mikinn samdrátt í ýmsum málum í efnahagslífi í Svíþjóð, þá á þessi þáttur menntamála að fá fullan stuðning áfram. Það er að vísu eitthvað breyttar áherslur þar en þetta er talið atriði sem ekki er hægt að sneiða hjá. Og við erum rétt að byrja og með samþykkt þessarar þáltill. held ég að við mundum stíga það skref sem er bráðnauðsynlegt að stíga nú þegar og það þolir ekki bið.

Ég sé að ræðutími minn er að renna út og ég vil þá í lokin mælast til þess að þessari tillögu verði vísað til síðari umræðu og hv. menntmn. og ég vonast til þess að hún fái þar skjóta og jákvæða afgreiðslu. Upplýsingarnar liggja allar fyrir og hér er ekki eftir neinu að bíða.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Vandamál nýbúa hafa fyrr komið til umræðu á þessu þingi og það er enginn efi á að nauðsynlegt er að veita nýbúabörnum staðgóða kennslu í íslensku eins fljótt og auðið er eftir að þau koma til landsins og áður en þau hefja almennt nám í íslenskum skólum. Það er einnig nauðsynlegt að kennarar nýbúabarna og aðstandendur þeirra fái ráðgjöf.

Ingibjörg Hafstað hefur í vetur unnið fyrir menntmrn. að þessum málum með aðstöðu í Námsflokkum Reykjavíkur og sinnir hún m.a. margvíslegri ráðgjöf við kennara og aflar upplýsinga um stöðu íslenskukennslu fyrir nýbúa. Menntmrn. hefur ákveðið að ráða Ingibjörgu Hafstað áfram til að sinna málefnum nýbúa og byggja upp þjónustu við þá. Stuðningshópur verður settur á laggirnar til skipulagningar á áframhaldandi starfi Ingibjargar.

Í þessari þáltill. sem hér er til umfjöllunar er lagt til að sett verði á stofn farþjónusta fyrir nýbúabörn utan Reykjavíkur. Meginþungi á þessu sviði er í Reykjavík og á Reykjanesi, en allnokkrir nemendur eru búsettir úti um land. Þess vegna kemur fyllilega til greina að starfsmaður ráðuneytisins fari í haust á haustþing kennara og skólastjóra og hitti jafnframt starfsfólk fræðsluskrifstofa til að ræða stöðu mála í hverju fræðsluumdæmi. Þá væri jafnframt hugsanlegt að starfsmaðurinn gæti veitt nýbúum og aðstandendum þeirra ráðgjöf í samráði við fræðsluskrifstofur og skólana.

Starfshópur um íslenskukennslu fyrir nýbúa lagði m.a. til að sett yrði á stofn ráðgefandi miðstöð fyrir nýbúa, bæði börn og fullorðna, og þjónaði þessi miðstöð einnig kennurum. Það má segja að starf Ingibjargar Hafstað sé fyrsti vísirinn að slíkri miðstöð. Vitaskuld þarf að efla þessa þjónustu þannig að hún geti staðið undir nafni.

Varðandi seinni hluta tillögunnar þar sem lagt er til að komið verði á móttökudeild fyrir nýbúabörn við upphaf búsetu á Íslandi er vert að taka fram að þessi hugmynd kemur fram í skýrslu starfshóps um íslenskukennslu fyrir nýbúa frá því í október á síðasta ári. Það fer ekki milli mála að vel skipulögð íslenskukennsla skilar góðum árangri. Til stendur að halda sumarnámskeið fyrir nýbúabörn í ágústmánuði nk. Reykjavíkurborg og menntmrn. standa sameiginlega að því námskeiði og hefur Ingibjörg Hafstað meðal annarra staðið að undirbúningi þess. Þetta námskeið veit-

ir okkur alveg áreiðanlega dýrmæta reynslu fyrir skipulagningu annarra slíkra í framtíðinni. Þá sýnist brýnt að önnur ráðuneyti sem um málefni nýbúa fjalla komi að þessu máli. Mér sýnist sjálfsagt að hv. menntmn. athugi þetta mál gaumgæfilega.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir hans athugasemdir í þessari umræðu sem ég vil nú leyfa mér að túlka sem stuðning við þessa tillögu, a.m.k. það að komið sé á laggirnar þeirri þjónustu sem hér um ræðir og ég vona að það verði líka hv. menntmn. veganesti við afgreiðslu þessa máls. En ég ítreka það að hér er um uppsafnaðan vanda að ræða. Nú þegar stöndum við frammi fyrir því að við þurfum bæði að styðja þau börn sem þegar eru innan okkar skólakerfis og ég fagna því að sjálfsögðu að nú er farið að huga að því og raunar var mér nokkuð vel kunnugt um það, en ég ítreka það sem hv. 1. flm. þessarar tillögu hefur sagt í þessu viðtali sem ég vitnaði til að þetta kostar bæði fé og fyrirhöfn. Og það er kannski það sem ekki síst vantar núna. En allt sem komið er af stað í þessu er af hinu góða. Það er ég sannfærð um og ég geri ráð fyrir að það muni jafnframt sýna fram á það að hér sé um það stórt mál að ræða að það þurfi að feta sig áfram og gera betur og m.a. og ekki síst taka við þeim ábendingum sem eru í þessari tillögu og framfylgja þeim og það verður auðvitað best gert með því að samþykkja tillöguna.

Ég ítreka það að ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að taka jákvætt í efni tillögunnar, taka undir þau sjónarmið sem þar koma fram og staðfesta það að það er skilningur á því að hér þurfi að halda áfram og gera betur því að hér höfum við kannski verið í okkar einangrun dálítið andvaralaus og ekki gert okkur grein fyrir því að nú þegar er hér um töluvert mál að ræða og ekki mun það minnka. Ég er sannfærð um það sjálf að það verða gerðar auknar kröfur á okkur í framtíðinni og mér finnst það ekki óeðlilegt að taka á móti flóttafólki og þá verðum við að vera reiðubúin til þess að gera það með þeim sóma og þeirri reisn sem okkur er skylt og gera öllum þeim sem hingað til landsins flytja kleift að standa sem réttast og best í okkar samfélagi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Námsbraut í öldrunarþjónustu, fyrri umr.

Þáltill. FI o.fl., 500. mál. — Þskj. 852.

Flm. (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um námsbraut í öldrunarþjónustu sem er á þskj. 852 og er 500. mál þingsins. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir og Jón Kristjánsson. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að koma á fót námsbraut í öldrunarþjónustu við framhaldsskólana fyrir þá sem hefðu hug á að stunda heimaþjónustu við aldraða sem atvinnu."

Evrópubandalagið og Evrópuráðið hafa valið árið 1993 ár aldraðra í Evrópu. Í löndum Evrópu verður með margvíslegum hætti vakin athygli á stöðu og kjörum aldraðra. Allir sem láta málefni aldraðra sig varða, þ.e. aldraðir sjálfir, stjórnmálamenn og þeir sem vinna með öldruðum um allan heim, standa frammi fyrir sömu vandamálum og sömu spurningum.

Við Íslendingar lifa nú lengur en íbúar flestra annarra landa og með ári hverju fjölgar ellilífeyrisþegum hér á landi. Mikil uppbygging hefur á síðustu árum orðið í málefnum aldraðra fyrir tilstilli ríkisvalds, sveitarfélaga, dugmikilla einstaklinga og félagasamtaka sem stofnuð hafa verið í kringum málefni aldraðra. Stór hópur aldraðra býr við góða heilsu og er andlega hress. Þessir einstaklingar hafa væntingar til áframhaldandi þátttöku í daglegu lífi. Aðrir sem ekki njóta góðrar heilsu gera kröfu um aðstoð og þjónustu á heimilum sínum sem auðveldar þeim að búa sem lengst á eigin heimili. Til að hægt sé að veita slíka þjónustu þarf á vel menntuðu og þjálfuðu starfsfólki að halda. Til þessa hefur verið gengið út frá því sem vísu að hinir og þessir geti sinnt öldrunarþjónustu og til þess þurfi ekki sérstaka menntun, nema þá helst menntun í umönnun sjúkra. Þetta er alrangt því að góð öldrunarþjónusta krefst góðrar menntunar, hún krefst starfsfólks sem hefur góða menntun, mikla reynslu og þjálfun. Staðreyndin er sú að kunnáttuleysi starfsmanna í öldrunarþjónustu er vísasti vegurinn til að gera hana kostnaðarsamari og afkastalitla. Um þetta höfum við mörg dæmi sem ég ætla ekki sérstaklega að fjalla um hér að þessu sinni.

Öldrunarþjónustan er orðin umfangsmikil starfsgrein og því eðlilegt að ætla öldrunarfræði ákveðinn stað í menntakerfinu sem ekki hefur verið gert fram undir þetta. Því er hér lagt til að skipulögð verði sjálfstæð námbraut í öldrunarfræði við framhaldsskólana hliðstæð uppeldisbraut, þ.e. eins og uppeldisbrautirnar eða heilbrigðisbrautirnar þar eru og jafngildi þeirra í stigum. Námi á öldrunarbraut í framhaldsskóla að viðbættum verkþjálfunarþætti er ætlað að gefa viss réttindi við öldrunarþjónustu auk þess að vera grunnur undir frekara nám.

Staðreyndin er sú að þetta er orðið löngu tímabært og væri því ágætt á ári aldraðra að fá slíka þáltill. samþykkta og að það skref yrði stigið strax haustið 1993 að slíkri námsbraut væri komið upp við framhaldsskólana. Það er nú ekki margt á prjónunum til þess hér á Íslandi að vekja máls og athygli á ári aldraðra sem svo hefur verið valið. Þetta gæti þó verið einn vottur þess.

Að lokinni þessari umræðu legg ég að til að þessari þáltill. verði vísað til síðari umr. og hv. menntmn.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Vegna þessarar till. til þál. vil ég

taka fram að fyrirhugað er að skipuleggja nám í öldrunarfræðum á framhaldsskólastigi í samvinnu menntmrn., heilbrrn. og hagsmunaaðila, þ.e. atvinnurekenda og samtaka launþega.

Á síðustu árum hafa viðhorf í öldrunarþjónustu gerbreyst. Það er ekki lengur talið æskilegt að líta á öldrunarþjónustu eingöngu sem umönnunarstörf í anda hjúkrunar, heldur er stefnan sú að gera öldruðum kleift að lifa eðlilegu lífi og þjónustan felist mest í að hjálpa þeim með það nauðsynlegasta og veita félagslega hvatningu og uppörvun. Fyrirsjáanlegt er að öldruðum muni fjölga ört á komandi árum og því mikilvægt að byggð verði upp þjónusta sem sinni þessu fólki.

Stefnan í þessum málum er að breyta viðhorfum almennings til öldrunar og m.a. að hvetja einstaklinga til að huga að öllum lífsferli sínum strax og fullorðinsaldri er náð. Þannig er fólk hvatt til að axla aukna ábyrgð á eigin afkomu og aðstæðum á efri árum.

Það er ljóst að með auknum fjölda aldraðra eykst þörfin fyrir fagmenntað fólk sem kann að sinna þjónustu við þá. Á grundvelli kjarasamninga getur ófaglært starfsfólk í umönnunarstörfum sótt svonefnd kjarna- og valgreinanámskeið, alls 270 stundir, og veita þessi námskeið kaupauka. Innan opinbera menntakerfisins hefur þessu málefni hins vegar ekki verið sinnt sem skyldi.

Í áfangaskýrslu nefndar um mótun menntastefnu kemur fram að brýn þörf er á að skipuleggja stuttar starfsnámsbrautir. Af hálfu menntmrn. er vilji fyrir því að standa að skipulagningu nokkurra brauta sem gætu verið eins konar fyrirmynd námsskipulags á öðrum sviðum. Nám í öldrunarfræðum er ein slík námsbraut og nú er verið að hefja skipulagningu á slíku námi eins og ég sagði í upphafi. Hugmyndin er að um verði að ræða eins og hálfs til tveggja ára nám sem deilist á nokkur námstímabil, ýmist á vinnustað eða í skóla. Mikilvægt er við skipulagningu á stuttu starfsnámi að höfð séu náin samráð við hagsmunaaðila því áður en námið er skipulagt þarf að nást samkomulag um starfssvið og starfsréttindi. Slík samráðsvinna er nú að hefjast að frumkvæði menntmrn.

Þetta vildi ég upplýsa, hæstv. forseti, af þessu tilefni. Hér er hreyft þörfu máli, en undirbúningur er sem sagt þegar kominn af stað. Það er sjálfsagt að þetta mál fái engu að síður athugun í hv. menntmn.

Flm. (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Aðeins þetta. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans viðhorf í þessum efnum og ég fagna því sérstaklega að af hálfu menntmrn. skuli undirbúningur þessa máls vera hafinn. Ég legg áherslu á það sem ég sagði hér áðan að það væri auðvitað mikilvægt ef hægt væri að koma því við og væri í anda þess sem nú er að gerast þar sem árið 1993 hefur verið valið, þetta ár, ár aldraðra, að hægt væri strax í haust að koma slíkri námsbraut á fót við fjölbrautaskólana. Ég geri mér grein fyrir því að þetta kostar undirbúning og tekur tíma, en eins og hæstv. ráðherra lýsti hér áðan, þeim hugmyndum sem uppi væru um hvernig þetta gæti farið af stað. Ég sé það þó fyrir mér þegar fram líða stundir að þetta yrði miklu viðameira nám heldur en eins eða tveggja ára nám, en auðvitað gæfi það þá rétt til áframhaldandi náms, a.m.k. skildi ég ræðu hæstv. ráðherra svo að það gæfi rétt til áframhaldandi náms á ýmsum sviðum í uppeldisfræði eða heilbrigðisbrautum viðkomandi skóla og væri engin blindgata, gæfi stig til áframhaldandi náms og þaðan til stúdentsprófs.

Ég þakka hæstv. ráðhera svörin og fagna því að þetta skuli vera komið af stað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íþróttasjóður ríkisins, fyrri umr.

Þáltill. IP o.fl., 503. mál. — Þskj. 855.

Flm. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til ál. á þskj. 855 um eflingu Íþróttasjóðs ríkisins. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Stefán Guðmundsson, Jón Kristjánsson og Finnur Ingólfsson. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd er hafi það verkefni að gera tillögu um hvernig best verði staðið að eflingu Íþróttasjóðs ríkisins. Markmið sjóðsins verði að styðja framkvæmdir við íþróttamannvirki er fram fara á vegum íþróttafélaga eða samtaka þeirra. Í nefndinni skulu m.a. sitja fulltrúar tilnefndir af Íþróttasambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nefndin skili af sér tillögum fyrir 1. okt. 1993."

Í greinargerð segir m.a.:

„Forsaga. Árlega fram til ársins 1990 voru um 80 félögum veittir styrkir úr Íþróttasjóði ríkisins til að mæta stofnkostnaði við uppbyggingu íþróttamannvirkja. Jafnframt fór fram á vegum sjóðsins úttekt á viðkomandi mannvirkjum til að þau stæðust alþjóðlega staðla um æfingar og kappleiki. Styrkir þessir námu 40% af framkvæmda- og stofnkostnaði, en greiðsla dróst oft úr hömlu. Í fjárlögum 1993 er aðeins gert ráð fyrir 14 millj. kr. til þessara framkvæmda.

Með breytingu á lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87/1989, og nýrri reglugerð fyrir sjóðinn, nr. 609/1989, var verksvið hans takmarkað verulega og sveitarfélögum ætlað að byggja íþróttamannvirki í þágu skóla og til almenningsnota. Einnig var gert ráð fyrir að sveitarstjórnir veittu byggingarstyrki til íþróttafélaga og íþróttasamtaka eftir því sem ákveðið væri í fjárhagsáætlun sveitarfélaga hverju sinni.

Tilgangur — helstu kostir.

1. Sveitarfélög eru misjafnlega í stakk búin til að takast á við framangreind verkefni. Þau sveitarfélög, sem verr eru sett, hafa litla möguleika á að leggja fram fjármuni í þessum tilgangi. Framlög sveitarfélaga til íþrótta- og æskulýðsmála eru mjög mismunandi. Árið

1990 voru þau í kaupstöðum frá 2.225 kr. á íbúa og allt upp í 8.765 kr. á íbúa." — Með tillögunni er súlurit sem sýnir þetta. — „Í minni sveitarfélögum var þessi munur enn meiri og nokkur dæmi eru þess að sveitarfélög leggi ekkert til þessara mála. Ljóst er því að íbúar landsins sitja ekki við sama borð hvað þetta snertir. Með 15% framlagi Íþróttasjóðs ríkisins næðist nokkur jöfnuður að þessu leyti.

2. Eftir fyrrnefnda lagabreytingu hafa allnokkur hinna stærri sveitarfélaga gert samninga við íþróttahreyfingu síns byggðarlags um uppbyggingu íþróttamannvirkja þar sem kveðið er á um að sveitarfélagið leggi fram 75–80% framkvæmdakostnaðar, en viðkomandi íþróttafélag 20–25%. Ljóst er að íþróttafélög, sem greiða ferðakostnað, laun þjálfara og önnur útgjöld er íþróttastarfi fylgja, munu eiga í miklum erfiðleikum með að safna saman fjármunum fyrir 20–25% af framkvæmdakostnaði við íþróttamannvirki. Víða mun slíkt ekki nást nema með því að stórhækka æfingagjöld, en flestir virkir félagar íþróttasamtakanna eru börn og skólafólk sem hafa lítið eða ekkert fé til ráðstöfunar. Styrkir frá Íþróttasjóði ríkisins mundu því leysa mikinn vanda. Æskilegt væri að styrkirnir næmu a.m.k. 15% af kostnaði við gerð íþróttamannvirkja og greiddust ári eftir að framkvæmda- og stofnkostnaður félli til.

3. Áður fyrr þurfti samþykki stjórnar sjóðsins fyrir hverju mannvirki er sjóðurinn studdi. Áður en til samþykktar kom fór íþróttafulltrúi ríkisins yfir allar teikningar og bar þær saman við alþjóðlega staðla. Oft þurfti að breyta teikningum eftir þá úttekt. Með þessu móti var tryggt að byggð voru vönduð mannvirki og kom mun síður til kostnaðarsamra breytinga og endurbóta eftir á. Nú fer engin slík úttekt eða ráðgjöf fram. Ljóst er að þörfin er fyrir hendi og hafa ÍSÍ og KSÍ hvort um sig skipað mannvirkjanefnd í þessu skyni. Sömuleiðis hefur Samband íslenskra sveitarfélaga komið á fót vísi að ráðgjöf í þessu augnamiði. Eðlilegt er að slík ráðgjöf og úttekt fari fram á einum stað, en að öðrum kosti gæti þurft að bera sama fjölnota íþróttamannvirki undir margar nefndir, t.d. ef hvert sérsamband innan ÍSÍ kæmi sér upp mannvirkjanefnd. Með því að tengja ráðgjöf og úttekt samþykki stjórnar Íþróttasjóðs er tryggt að vönduð úttekt fari fram á hverju mannvirki sem stjórnin samþykkir.

4. Rétt er að hafa í huga að með auknum rannsóknum er að koma æ betur í ljós að íþróttir koma í veg fyrir margháttaða sjúkdóma og draga úr streitu og þunglyndi. Rannsóknir sýna einnig að börnum og unglingum, sem stunda íþróttir, er ekki eins hætt við félagslegum vandamálum sem í æ ríkari mæli setja svip sinn á þjóðlífið.

5. Á undanförnum árum hefur íþróttakennsla í skólum verið dregin saman í sparnaðarskyni. Á sama tíma hefur innivera barna og unglinga aukist verulega vegna sjónvarpsgláps og tölvuleikja. Rík ástæða er því til að styðja íþróttastarf sem fram fer á vegum frjálsra félaga eða samtaka þeirra og stuðla á þann hátt að aukinni hreysti æskunnar."

Ég held að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þessa þáltill., hæstv. forseti, og legg til að að umræðu lokinni verði hv. menntmn. falið að fjalla um hana.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig gott mál ef Alþingi er reiðubúið að standa að eflingu íþróttastarfsins í landinu með því að auka stuðning við framkvæmdir á vegum íþróttafélaga og samtaka þeirra. Mér finnst hins vegar vera álitamál hvort skipa á enn eina nefndina til þess að fjalla um þessi mál. Íþróttanefnd ríkisins hefur starfað að ég held í rúmlega fimm áratugi og haft umsjón með Íþróttasjóði og á sl. ári skipaði ég sérstaka nefnd sjö manna til þess að endurskoða íþróttalögin.

Íþróttanefnd ríkisins starfar sem ráðgefandi nefnd fyrir menntmrh. og menntmrn. og stýrir Íþróttasjóði þó að minna fjármagn sé til skiptanna nú en áður. Endurskoðunarnefnd íþróttalaga sem ég nefndi áðan hefur lagt fram áfangaskýrslu og það verður unnið að því á næstunni að ganga frá drögum að frv. til íþróttalaga.

Eins og hv. 1. flm. tillögunnar tók fram urðu verulegar breytingar á högum Íþróttasjóðs með lögum um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem tóku gildi um áramótin 1989/1990. Sveitarfélögin tóku þá yfirbyggingu og rekstur íþróttamannvirkja en úr íþróttalögum var einungis felldur niður hluti af II. kafla laganna þar sem voru ákvæði um Íþróttasjóðinn og í staðinn kom ný grein sem orðast svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Bygging íþróttamannvirkja í þágu skóla og til almenningsnota er í verkahring sveitarfélaga. Sveitarstjórn veitir byggingarstyrki til íþróttafélaga og íþróttasamtaka eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarfélags.

Alþingi veitir árlega fé í sjóð sem nefnist Íþróttasjóður. Fé úr sjóðnum skal veita til byggingar íþróttamannvirkja á vegum félaga sem um getur í 2. mgr." — þ.e. íþróttafélaga og íþróttasamtaka, ekki til sveitarfélaga. „Íþróttanefnd gerir tillögur til fjárveitinganefndar um skiptingu fjárins."

Eins og þarna kemur fram veitir Alþingi árlega ákveðna fjárhæð til þess að styrkja byggingu íþróttamannvirkja á vegum íþróttafélaga. Þetta eru ekki háar fjárhæðir, það er ekki hægt að segja það. Sjóðurinn hefur árlega fengið 14–16 millj. kr. á síðstu þremur árum og það er ekki nema rétt um það bil helmingur umsækjenda sem hefur hlotið styrki úr Íþróttasjóði og það æðimisjafna, allt frá 150 þús. kr. upp í 1 millj. En þrátt fyrir að þarna sé ekki um háar fjárhæðir að ræða, þá hefur ráðuneytið fengið fjölmargar bendingar um að þær hafi leyst ýmsan vanda, komið að góðum notum og bætt aðstöðu til íþróttaiðkana, ekki síst hjá minni félögum og í dreifðari byggðum.

Með vísan til þessa sem ég hef hér sagt, þá hef ég efasemdir um að tilefni sé til að skipa sérstaka nefnd sem hafi þetta verkefni með höndum, að kanna hvernig best verði staðið að eflingu Íþróttasjóðs ríkisins. Íþróttanefnd ríkisins hefur m.a. þetta viðfangsefni. Íþróttalögin eru í endurskoðun og þar kemur þetta mál

áreiðanlega mjög sterkt inn, hvernig megi efla Íþróttasjóðinn. En ég tel sjálfsagt að hv. menntmn. taki þetta mál til sérstakrar athugunar og ég efast ekkert um í sjálfu sér vilja þingmanna til þess að leggja sitt af mörkum til að Íþróttasjóður verði efldur.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er að vonum að flm. þessarar þáltill. sjái ástæðu til að hreyfa þessu máli hér á Alþingi því að efndir ríkisstjórnarinnar á fyrirheitum um Íþróttasjóð ríkisins og byggingu íþróttamannvirkja hafa verið með slíkum endemum að það væri full ástæða til þess að Alþingi tæki nú af skarið og gæfi ríkisstjórninni strangari fyrirmæli, einkum ef málið er skoðað í ljósi þeirra yfirlýsinga sem sá flokkur lét frá sér fara sem fer með þessi málefni í núverandi ríkisstjórn. Þar var ekki skortur á gylliboðum og yfirboðum til þess að ná eyrum hv. kjósenda. Fátt er mönnum heilagt í Sjálfstfl. til þess að fá stuðning kjósenda fyrir kosningar en hins vegar vill það nú brenna við hjá þeim ágæta flokki að lítið verður um efndirnar þegar kemur að því að standa við hin fögru fyrirheit. Og það hittir einmitt vel á að koma fram með þessa þáltill. og ætti að minna hæstv. menntmrh. á þá samþykkt, sem hann á að starfa eftir frá sínum flokki, sem Sjálfstfl. lét frá sér fara á landsfundi 10. mars 1991. Þar gaf hann út línuna um það hvað sá flokkur mundi gera ef hann fengi aðstöðu til þess að hreyfa við þessum málum hér á Alþingi. Og það var nú ekkert lítið sem var í boði. Ég vil, með leyfi forseta, fá að vitna hér í þann kafla samþykktar landsfundar Sjálfstfl., flokks hæstv. menntmrh., sem er svo umhugað um opinbera sjóði eins og allir vita og ætla að lesa fáeinar línur undir kaflanum Íþróttamannvirki, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Endurskoða þarf verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga með það í huga að auka hlutdeild ríkisins í byggingu íþróttamannvirkja. Í þessum efnum skal leggja sérstaka áherslu á byggðarlög þar sem slík mannvirki eru ekki fyrir hendi. Landsfundur Sjálfstfl. leggur til að sérstakt átak verði gert í landinu þar sem reist verði íþróttahús í öllum byggðarlögum landsins þar sem engin slík aðstaða er fyrir hendi."

Hér er miklu lofað. Nú er ástæða til að spyrja hæstv. menntmrh. sem var svo lánssamur fáum dögum eftir að búið var að samþykkja þessa yfirlýsingu hans flokks að setjast í ríkisstjórn sem fer með þessi mál, menntamálin, íþróttamálin, og hefur fjmrh. þar að auki sér til halds og trausts til að efna kosningaloforðið. Hvar eru efndirnar, hæstv. menntmrh.? Hvar eru efndirnar? Það var ekki að heyra í ræðu hæstv. ráðherra hér áðan að það væri neitt verið að vinna í því að auka þessi framlög. Það væri fróðlegt að fá fram frá hæstv. ríkisstjórn og þeim ráðherra sem fer með þessi mál hvernig á að standa við þessi fyrirheit. Eða var þetta bara „allt-í-plati-samþykkt" hjá Sjálfstfl. eins og margt annað í þessari hvítu bók sem hefur örninn eða fálkann framan á, nokkuð grimmilegan fugl? Það verður nefnilega knúið á um efndir í byggðarlögum nákvæmlega það sem tilgreint er í samþykktinni, þar sem aðstaðan er ekki fyrir hendi. Því hef ég kynnst á ferðum mínum um landið undanfarnar vikur. Menn vilja fara af stað til að koma þessari aðstöðu upp á stöðum bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum þar sem engin aðstaða er fyrir hendi. Og hvaða stuðnings mega þessir aðilar vænta frá hæstv. ríkisstjórn í ljósi yfirlýsingar Sjálfstfl.? Menn vilja fara af stað með þessar byggingar á stöðum eins og Bíldudal, Þingeyri, Súðavík, Stöðvarfirði, Fáskrúðsfirði, svo ég nefni dæmi. Menn bíða eftir efndunum. Það er ekki svo að þetta mál hafi verið kjósendum lítils virði. Menn tóku eftir þessu og lögðu nokkuð upp úr því að stjórnmálaflokkar hefðu stefnu í þessum málum og vilji gera eitthvað því að þetta er eitt af þeim málum sem treystir búsetu í landinu, að skapa aðstöðu þar sem hún er ekki fyrir hendi á þessu sviði. Og það væri fróðlegt, virðulegi forseti, fyrst fjórir þingmenn hafa tekið sig til um að flytja málið í stað hæstv. menntmrh. að ráðherrann upplýsti hvar efndirnar eru á vegi staddar hjá hæstv. ríkisstjórn. Eða á kannski að fara með þessa samþykkt og þessi fyrirheit eins og margt annað að það er allt í plati, að menn geti ekki treyst Sjálfstfl. í þessum efnum eins og mörgum öðrum?

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Þar sem klukkan er alveg að verða fjögur og þingflokksfundir um það bil að hefjast, þá verður umræðu um þetta dagskrármál frestað.

Fundinum er frestað til kl. 6, þá fer fram útbýting þingskjala, en ekki verður gengið til dagskrár. — [Fundarhlé.]

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjala:

Aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu, 437. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 1013.

Geymslufé, 209. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1016; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1017.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 276. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 1011; brtt. meiri hluta félmn., þskj. 1012.

Tvíhliða samningur við Evrópubandalagið, 303. mál, nál. utanrmn., þskj. 1018; brtt. utanrmn., þskj. 1019.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 208. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1014; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1015.

Út af dagskrá voru tekin 4., 10., 17., 22. og 25.–33. mál.

Fundi slitið kl. 6.10 síðdegis.

163. FUNDUR

þriðjudaginn 27. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, stjfrv., 557. mál, þskj. 924. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Ólympískir hnefaleikar, þáltill., 388. mál, þskj. 682. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Ráðgjafar- og fræðsluþjónusta fyrir nýbúabörn, þáltill., 399. mál, þskj. 693. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Námsbraut í öldrunarþjónustu, þáltill., 500. mál, þskj. 852. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Eftirlit með skipum, stjfrv., 192. mál, þskj. 223, nál. 956, brtt. 957. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Stjórnsýslulög, stjfrv., 313. mál, þskj. 1010. — 3. umr.
7. Eiturefni og hættuleg efni, frv., 456. mál, þskj. 792. — 3. umr.
8. Umferðarlög, stjfrv., 256. mál, þskj. 1001. — 3. umr.
9. Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku, stjfrv., 300. mál, þskj. 467. — 3. umr.
10. Íslensk endurtrygging, stjfrv., 307. mál, þskj. 476, nál. 1002, brtt. 1003. — 2. umr.
11. Húsnæðistofnun ríkisins, stjfrv., 276. mál, þskj. 384, nál. 1011, brtt. 1012. — 2. umr.
12. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 208. mál, þskj. 249, nál. 1014, brtt. 1015. — 2. umr.
13. Geymslufé, stjfrv., 209. mál, þskj. 250, nál. 1016, brtt. 1017. — 2. umr.
14. Aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu, stjtill., 437. mál, þskj. 737, nál. 1013. — Síðari umr.
15. Öryggis- og varnarmál Íslands. Skýrsla.
16. Stuðningur við réttindabaráttu Eystrasaltsríkjanna á alþjóðavettvangi, þáltill., 278. mál, þskj. 388. — Frh. fyrri umr.
17. Opnun sendiráðs í Peking, þáltill., 563. mál, þskj. 930. — Fyrri umr.
18. Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1992, þáltill., 237. mál, þskj. 301, nál. 950, brtt. 951. — Síðari umr.
19. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 484. mál, þskj 832. — 1. umr.
20. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 545. mál, þskj. 903. — 1. umr.
21. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 548. mál, þskj. 908. — 1. umr.
22. Ráðherraábyrgð, frv., 342. mál, þskj. 621. — Frh. 1. umr.
23. Lagaráð Alþingis, þáltill., 441. mál, þskj. 755. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Eiður Guðnason umhvrh.,
Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.,
Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.,
Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Útbýting þingskjala:

Íslensk endurtrygging, 307. mál, brtt. heilbr.- og trn., þskj. 1003.
Stjórnsýslulög, 313. mál, þskj. 1010.

Um þingsköp.

Skýrsla um stefnu ríkisstjórnarinnar í rannsóknar- og þróunarmálum.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þann 29. mars sl. bar ég fram þá fyrirspurn til hæstv. menntmrh. hvenær væri að vænta skýrslu um stefnu ríkisstjórnarinnar í rannsóknar- og þróunarmálum, en sú beiðni sem snertir þessa skýrslu var lögð fyrir hv. Alþingi að ég hygg í októbermánuði. Samkvæmt þingsköpum mega líða mest 10 vikur frá því er skýrslubeiðni er lögð fram og samþykkt og þangað til skýrsla er lögð fram. Í þeim umræðum sem fram fóru 29. mars sl. sagði hæstv. menntmrh. að viðkomandi skýrsla yrði tilbúin í næstu viku, þ.e. þá væntanlega fyrir 6. apríl eða svo. Nú er sú dagsetning liðin og ég spyr hæstv. menntmrh. á ný: Hvenær er þess að vænta að hæstv. ríkisstjórn leggi fram skýrslu um stefnu ríkisstjórnarinnar í rannsóknar- og þróunarmálum?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Skýrsla nefndarinnar sem ég skipaði í fyrra til þess að vinna úr gögnum sem þá lágu fyrir, m.a. skýrslu OECD, var lögð fyrir fund ríkisstjórnarinnar fyrir viku, þriðjudaginn 20. þ.m. Hún var rædd lítillega á fundi ríkisstjórnarinnar í morgun en ekki vannst tími til þess að afgreiða málið endanlega, en ég vænti þess að ríkisstjórnin muni afgreiða málið á næsta fundi sínum og í beinu framhaldi af því verður skýrslan lögð fyrir Alþingi.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessar upplýsingar. Ástæðan til þess að ég var að reka á eftir skýrslunni var sú að ég hafði hugsað mér að fara fram á það að hér færu fram umræður um stefnu ríkisstjórnarinnar að því er varðar rannsóknir, þróun og vísindastarfsemi og ef skýrslan verður lögð fram í næstu viku ætti að vera kostur á því.

Um þingsköp.
Afgreiðsla mála í iðnaðarnefnd.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vísa til 18. gr. þingskapa Alþingis þar sem segir:

„Forseti skal gera áætlun um afgreiðslu mála úr nefndum í samráði við formenn þeirra þannig að unnt sé að skipa málum niður á dagskrá þingsins í hagkvæmri tímaröð og dreifa þeim sem jafnast á þingtímann."

Í haust fluttum við þingmenn Alþb. tvö mikilsverð mál sem eru á verksviði iðnn. þingsins. Annað er frv. um jarðhitaréttindi, 69. mál þingsins, sem vísað var til nefndar 13. okt. á síðasta ári. Hitt frv. var um orku fallvatna, 157. mál þingsins, sem vísað var til nefndar 4. nóv. sl.

Þegar ég mælti fyrir fyrra þingmálinu, 69. máli, um jarðhitaréttindi, þá tók hæstv. iðnrh. þátt í þeirri umræðu og sagði m.a., með leyfi forseta, ég leyfi mér að vitna til þess því að það varðar málið og málsmeðferðina:

„Ég veit að hv. 4. þm. Austurl. er mikill áhugamaður um þetta mál og ég treysti á gott samstarf við hann. Ég vil segja það alveg skýrt að ég held að það væri mjög affarasælt að það frv. sem stjórnin hyggst leggja fram komi fram sem fyrst og verði rætt í þinginu og í hv. iðnn. samhliða því sem frv. sem hv. 4. þm. Austurl. stendur að sem 1. flm."

Síðar í umræðunni mun það hafa komið fram af hálfu hæstv. ráðherra að hann vænti lögfestingar á þessu máli fyrir jólahlé. Þetta mál, annað af tveimur sem ég nefndi var af hálfu ríkisstjórnarinnar á þeim lista sem fylgdi með stefnuræðu hæstv. forsrh. sl. haust sem annað af tveimur aðalmálum sem vænta mætti frá ríkisstjórninni. Hitt var um orku fallvatna eða eignarhald á virkjunarrétti fallvatna. Það mál einmitt sem liggur frv. fyrir um í iðnn. þingsins. Hvorugt málanna hefur enn sést í þinginu. Bæði málin snerta náið stöðu Íslands gagnvart samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, íslenskar auðlindir. Og hv. iðnn. mun hafa verið mjög hægfara í þessu máli fram að þessu, e.t.v. með vísan til þess sem fram hefur komið frá hæstv. ráðherra þó að mér sé ekki kunnugt um það í einstökum atriðum.

Ég hlýt að átelja það að þessi mál hafi ekki verið til umfjöllunar í nefndinni á þessu ári, það best ég veit á fundum nefndarinnar, og ég vænti þess að það upplýsist hér. Ég bið hæstv. forseta um íhlutun um málið þannig að um þessi þýðingarmiklu frumvörp verði fjallað í iðnn. fyrir þinglokin og afstaða liggi fyrir. Þessi mál hafi verið flutt margsinnis.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að hv. iðnn. hefur verið næsta hægfara í þessum málum, enda gerir hann sér manna best grein fyrir að hér er um afskaplega flókin og vandasöm mál að ræða sem þarfnast mikillar yfirlegu. Hitt er eigi að síður rétt sem kom fram í máli hans að því var lýst yfir fyrr á þessum vetri að von væri á skyldum frumvörpum frá ríkisstjórninni. Ég man ekki betur en það hafi verið rætt og um það hefði verið dágott samkomulag innan iðnn. að þessi mál yrðu tekin samhliða. Og það er líka rétt að fram komi, virðulegi forseti, að ég hef haldið góðum svefni án þess að vera truflaður af þeim félögum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar með miklum óskum um það að iðnn. haldi fund um þessi mál. Hins vegar kemur það auðvitað til greina.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að hryggja hv. þm. Össur Skarphéðinsson með því að ég mun gera ráðstafanir til að raska svefnró hans snarlega í þessu máli þannig að iðnn. geti fjallað um þetta mál. Það er rétt sem hann sagði að um það var fullt samkomulag að um frv. Hjörleifs Guttormssonar og fleiri hv. þm. yrði fjallað samhliða stjfrv. sem þá var væntanlegt alveg næstu daga. Nú hefur hins vegar ekkert bólað á því og það er auðvitað brýnt að á málinu verði tekið og það verður þá að gera það á grundvelli fyrirliggjandi frv. frá Hjörleifi Guttormssyni og fleiri hv. þm. Hins vegar hlýtur það að vekja athygli að þetta mál skuli ekki vera komið enn þá frá hæstv. ráðherra eins og hann lagði mikla áherslu á að fá það fram. Mér sýnist það benda til þess að það sé sjóðandi ágreiningur um málið á milli stjórnarflokkanna. En það gengur náttúrlega ekki að láta það tefja jafnmikilvægt mál og þetta og verður þá að taka það úr höndunum á stjórnarliðinu og afgreiða það með öðrum hætti.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég átti ekki von á því að hv. formaður iðnn. notaði þetta tækifæri sérstaklega til að gera grín að þeirri ríkisstjórn sem hann hefur talið sig stuðningsmann að (**ÖS:** Ég notaði ekki tækifærið til þess.) með því að tala um að hér væru flókin mál er þarfnist yfirlegu (**Gripið fram í:** Þetta er kannski bara allt of flókið mál.) og telji ekki að hæstv. ríkisstjórn sé bær um það að koma frá sér þessum málum af þeim sökum. Hitt liggur fyrir að hæstv. iðnrh. var ekki fyrst að líta á þessa pappíra sl. haust. Hann er búinn að vera með í mótum frv. um þessi efni að ég veit og það var kynnt í iðnn. á sínum tíma fyrir um tveimur árum síðan og reyndar iðnaðarráðherrar á undan honum allt frá dögum Sverris Hermannssonar sæla, en á sínum tíma flutti ég frv. um þetta efni á þingi 1982–1983, um bæði þessi efni.

Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að ég átel þá málsmeðferð sem hér liggur fyrir af hálfu iðnn. eins og málum er komið svo ekki sé nú talað um stöðu ríkisstjórnarinnar gagnvart þessum þýðingarmiklu málum, þar sem Evrópurétturinn er að dynja yfir ef EES-samningurinn verður staðfestur. Og hvar standa menn þá? Ég treysti hæstv. forseta til að taka á þessu máli gagnvart iðnn. og fylgjast með því að um þessi frumvörp verði fjallað í ljósi þeirrar alvöru sem þessi mál eru í nú og ætti að vera öllum þingheimi ljóst.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 557. mál (heildarlög). — Þskj. 924.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HG, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RA, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞurP, ÖS.
21 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JHelg, JónS, MF, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddur.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Ólympískir hnefaleikar, frh. fyrri umr.

Þáltill. KHG og IBA, 388. mál. — Þskj. 682.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HG, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞurP, ÖS.
21 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JHelg, JónS, MF, ÓÞÞ, RA, RG, SalÞ, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddur.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Ráðgjafar- og fræðsluþjónusta fyrir nýbúabörn, frh. fyrri umr.

Þáltill. GJH o.fl., 399. mál. — Þskj. 693.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞurP, ÖS.
19 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JÁ, JHelg, JónS, MF, ÓÞÞ, RG, SalÞ, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Námsbraut í öldrunarþjónustu, frh. fyrri umr.

Þáltill. FI o.fl., 500. mál. — Þskj. 852.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞurP, ÖS.
18 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JÁ, JHelg, JónS, MF, ÓÞÞ, RG, SalÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Eftirlit með skipum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 192. mál (heildarlög). — Þskj. 223, nál. 956, brtt. 957.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞurP, ÖS.
18 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JÁ, JHelg, JónS, MF, ÓÞÞ, RG, SalÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 957,1 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, VS, VE, ÞurP, ÖS.
20 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JónS, MF, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SJS, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
7. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 957,2 samþ. án atkvgr.
8. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 957,3 (ný 9. gr.) samþ. með 24:8 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, JóhS, JBH, KSG, LMR, ÓE, PJ, SigG, SAÞ, SP, StB, VE, ÞurP.

nei: FI, IP, JGS, PP, StG, StH, VS, ÖS.

12 þm. (AÓB, HG, ISG, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JÁ, JHelg, JónS, MF, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SighB, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér hér að vitna til þess sem segir á þskj. 956:

„Guðni Ágústsson og Stefán Guðmundsson skrifa undir nál. með fyrirvara varðandi brtt. við 9. gr. þar sem þeir telja að yfirvélstjóri eigi að vera í hópi þeirra er ábyrgð skulu bera á að lögskipaðar skoðunaraðgerðir fari fram á skipum, svo sem gert er ráð fyrir í frv.

Meiri hluti samgn. leggur til þá breytingu að yfirvélstjóra sé ekki skylt að sjá um ásamt skipstjóra að lögskipaðar skoðanir fari fram á skipum. Við hv. þm. Guðni Ágústsson eins og ég sagði áðan erum sammála þeim er sömdu frv. en þeir voru, virðulegi forseti: Ragnhildur Hjaltadóttir skrifstofustjóri, Einar Hermannsson, fulltrúi Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Helgi Laxdal, varaforseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Jónas Haraldsson, skrifstofustjóri LÍÚ, og Magnús Jóhannesson, þáv. siglingamálastjóri. Við hv. þm. Guðni Ágústsson erum sammála þeim mönnum er sömdu frv. og trúum því að það standi eitthvað á bak við það að þeir hafi talið nauðsynlegt að yfirvélstjóri fari einnig með þetta mál ásamt skipstjóra. Við erum sem sé sammála því að greinin standi óbreytt eins og hæstv. samgrh. Halldór Blöndal leggur til. Hér er að okkar áliti um mikið öryggismál að ræða fyrir sjómenn og ætti vonandi fremur að verða til þess að draga úr slysum um borð í skipum og styðjum við því að 9. gr. standi eins og hæstv. samgrh. leggur til. Við erum af þessum ástæðum á móti brtt. meiri hluta nefndarinnar á 9. gr. frv.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Hér er um algjört smámál að ræða. Við leggjum til að lögin eins og þau eru standi óbreytt hvað þetta atriði snertir. Hér er einvörðungu um það að ræða að eigandi skips og útgerðarmaður í landi og skipstjóri af skipshöfninni beri ábyrgð á því að lögskipuð skoðun fari fram sem mun vera á um það bil eins árs fresti. Það haggar í engu að þegar skoðunargerðin sjálf er framkvæmd, þá verða auðvitað yfirvélstjóri eða aðrir vélstjórar skipsins til staðar til þess að gefa upplýsingar og finna að því sem betur mætti fara og þarf að athuga við skoðunargerðina sjálfa. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Þetta raskar í engu hlut yfirvélstjóra eða annarra yfirmanna sem standa að baki skipstjóra skipsins. Einvörðungu er um það að ræða að skipstjóri skal framfylgja því eða bera ábyrgð á því að lögum um lögskipaðar skoðunargerðir sé hlýtt. Að öðru leyti er málið algjört smámál og þarf ekki frekari útskýringar við.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar atkvæðagreiðsla átti að fara fram um þetta mál í gær höfðu mér borist upplýsingar sem urðu þess valdandi að ég bað um að atkvæðagreiðslu væri frestað. Og eftir að umræðunni um þetta mál lauk þar sem tekið var fyrir nál. samgn. sem ég hafði ekki skrifað undir með neinum fyrirvara heldur samþykkt, þá hafa ákveðnir aðilar beðið um það að fá að ræða við nefndina og það snertir 9. gr. Ég álít að það sé okkar hlutverk að hlusta á þá aðila í þjóðfélaginu sem málið varðar hverju sinni þegar lagasetning er gerð og ég óska því hér með eftir því að hv. samgn. taki málið upp á milli 2. og 3. umr. Ég mun sitja hjá við afgreiðslu á 9. gr. en að öðru leyti greiða málinu öllu atkvæði.

10.–12. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 957,4 samþ. án atkvgr.
13. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
14.–34. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 957,5 samþ. án atkvgr.
35. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 957,6 (nýtt ákv. til brb.) samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PP, PJ, RA, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞurP, ÖS.

20 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JÁ, JHelg, JónS, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SighB, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Stjórnsýslulög, 3. umr.

Stjfrv., 313. mál. — Þskj. 1010.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PP, PJ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞurP, ÖS.

22 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JÁ, JHelg, JónS, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SalÞ, SighB, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1025).

Eiturefni og hættuleg efni, 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 456. mál (ósoneyðandi efni). — Þskj. 792.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞurP, ÖS.

22 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EGuðn, EKG, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JÁ, JHelg, JónS, KE, MF, ÓRG, RG, SalÞ, SighB, StH, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1026).

Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku, 3. umr.

Stjfrv., 300. mál. — Þskj. 467.

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er leggur minni hluti utanrmn. til að afnám banns taki ekki gildi fyrr en lýðræðislegar þingkosningar hafa verið ákveðnar í Suður-Afríku. Mér virtist koma fram nokkur misskilningur í sambandi við þessa tillögu og m.a. kom fram hjá formanni utanrmn. í umræðum í nefndinni þegar málið var tekið fyrir á ný að meiri hlutinn lítur svo á að þessi ákvörðun hafi þegar verið tekin. Það teljum við ekki. Það er unnið að því að ná samkomulagi um hin erfiðu málefni Suður-Afríku og vonandi tekst það. Eins og þau mál standa núna hefur verið ákveðið að lýðræðislegar kosningar fari fram en dagsetning þeirra hefur ekki verið ákveðin, m.a. hefur komið fram í máli hv. formanns að það kunni að frestast fram yfir áramótin. Við lítum því svo á að í raun sé ekki orðið samkomulag um þetta atriði fyrr en heildarsamkomulagið liggur fyrir. Þetta er eitt af fjölmörgum atriðum í mjög flókinni samningsgerð um lýðræðislegar kosningar og fjölmargt fleira sem þar er verið að semja um á milli mig minnir 26 eða 28 stjórnmálaflokka og samtaka. Vonandi tekst þetta en þar til heildarsamkomulag liggur fyrir er ekki hægt að segja að þessi ákvörðun hafi verið tekin. Við byggjum okkar brtt. ekki síst á því að Afríska þjóðarráðið hefur nýlega lagt eindregið til að viðskiptabann verði ekki afnumið á þessu stigi, þ.e. fyrr en heildarsamkomulag liggur fyrir og þar með dagsetning á lýðræðislegum kosningum. Því varð ekki samkomulag þegar málið var tekið fyrir á ný í utanrmn. um að hverfa frá þessari brtt.

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil aðeins skýra frá því að eins og fram kom við 2. umr. málsins þá kom fram ósk um það að utanrmn. kæmi saman og ræddi þetta mál á milli umræðna og það var gert. Og eins og hv. 7. þm. Reykn. hefur skýrt frá varð niðurstaðan sú að meiri hlutinn og minni hlutinn hafa ólíkan skilning á því hvað felst í brtt. minni hlutans. Meiri hlutinn telur að það liggi þegar fyrir samkomulag í Suður-Afríku um að lýðræðislegar kosningar fari fram og spurningin sé sú hvort þær fari fram á þessu ári eða fyrir lok apríl á næsta ári. Úr þessum ágreiningi varð ekki skorið á nefndarfundinum og þess vegna stendur málið í sömu stöðu og það var hér við 2. umr. eins og fram hefur komið.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég harma það að meiri hluti utanrmn. skuli þrýsta á um afgreiðslu þessa frv. Ég tel að það sé óráð af Íslands hálfu að fella úr gildi þau lög sem hér voru sett á sínum tíma á meðan ekki er ljóst að staðið verði við fyrirheit um kosningar og þær dagsettar og annað það sem knúið er á um af fulltrúa meiri hluta fólks í Suður-Afríku. Ég átta mig í rauninni alls ekki á því hvað rekur á eftir því að fella þessi lög úr gildi sem góð samstaða var um á sínum tíma að sett yrðu eftir að knúið hafði verið á um það hér um lengri tíma að Ísland stigi þetta skref. Menn segja e.t.v. að það skipti ekki miklu máli, lóð Íslands í þessari vogarskál, en ég tel hins vegar að svo sé þó ekki væri nema gagnvart okkur sjálfum og stöðu okkar á alþjóðavettvangi og varðar þá engu hvað aðrar þjóðir hafa gert í þessum efnum sem við berum okkur stundum saman við, en sumar Norðurlandaþjóðirnar aðrar en Ísland hafa dregið það að fella lög um viðskiptabann úr gildi með svipuðum röksemdum og fulltrúar í stjórnarandstöðu hafa borið fram í sambandi við þetta mál.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ekki veit ég hve stórar fjárupphæðir það eru sem þeir menn bjóða sem svo fast knýja á íslenska ríkisstjórn að fá að flytja inn vörur frá Suður-Afríku. Það hefur ekki verið upplýst hér í umræðunni af hæstv. utanrrh. hvort Alþfl. á von á fjármunum sem knýi hann þetta áfram með þeim hraða sem hér er unnið. Hitt er annað mál að meðan ekki er ákveðinn dauðdagi manns, hvenær hann er dauður, þá er hann lifandi. Það liggur nokkuð ljóst fyrir og þarf ekki mikið mannvit til að átta sig á því. Meðan ekki hefur verið ákveðið hvenær kosningar fara fram, þá hefur það ekki verið ákveðið hvenær kosningar fara fram, svo einfalt er það mál. Auðvitað er hægt að segja að þetta sé allt öðruvísi og snúa þessum hlutum gjörsamlega við.

Íslenskir fjölmiðlar birta litlar fréttir af því sem er að gerast í Suður-Afríku. En sennilega hefur landið aldrei verið nær blóðugri borgarastyrjöld en í dag. Og það er ekki víst hvort þeir úr hópi hvítra manna, sem

hafa enn verið að reyna að stíga þann jafnvægisdans að ná árangri, halda völdum eða ekki. Það er ekki hægt að halda þeim leik áfram að skjóta foringja svertingjanna ef þeir þykja of efnilegir og reyna þannig að brjóta niður baráttu þeirra fyrir sjálfstæði. Það gengur ekki upp. Ég vil þess vegna undirstrika að það er ekki í þágu friðar í Suður-Afríku að leggjast nú á þá sveif að afgreiða þetta mál. Það er ekki í þágu friðar. Mér er ljóst að það er í þágu verslunarhagsmuna einhverra Íslendinga að ná þessu í gegn. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Hins vegar hljótum við að spyrja: Er vöruþurrð í landinu? Er það eitthvað sem við þurfum svo nauðsynlega að kaupa frá Suður-Afríku að okkur sé það þjóðarnauðsyn að aflétta þessu banni áður en ákvörðunin hefur verið tekin? Það er rétt að það verði upplýst hér ef svo er.

Mér er ljóst að utanríkisstefna hæstv. utanrrh. hefur verið ærið umsvifamikil á marga vegu. Við höfum verið ákaflega djarfir í utanríkismálum að styðja sjálfstæði ríkja. Við höfum ekki gert kröfu um það að mannréttindi séu virt. Við höfum ekki gert eitt eða neitt til að tryggja það að landamæri slíkra ríkja haldi velli. Við horfum bara brosandi á blóðbaðið sem hlýst af vinnubrögðunum, þar á meðal hv. formaður fjárln.

Ég veit ekki hvort sú utanríkisstefna sem við höfum fylgt á undanförnum árum, að flýta okkur hægt í því að ganga fram fyrir skjöldu á óróasvæðum heimsins, hefur verið röng. Ég er sannfærður um það í það minnsta að við höfum ekki skaðað neinn með henni. Auðvitað er hvíti minni hlutinn í Suður-Afríku logandi hræddur um það að hann verði einfaldlega þurrkaður út, að hann verði drepinn taki þeir svörtu völdin. Svo einfalt er það mál. Mannfjöldamunurinn er slíkur að það þarf ekki stórvirk tæki til að taka yfir. Þessi skelfing er slík miðað við það sem þeir vita að þeir hafa gert að þó nokkuð stór hópur hvítra lætur sér ekki detta það í hug að gefa eitt eða neitt eftir og þeir munu þrjóskast við nema þeir horfi fram á það að heimurinn haldi áfram að krefjast þess að þarna komi niðurstaða, þingkosningarnar verði ákveðnar. — Nú er hv. fulltrúi Verslunarráðsins genginn í salinn (**Gripið fram í:** Og út aftur.) og út aftur hinum megin, enda hefur hann fyrir meira kaupi að vinna en aðrir sem hér eru og getur því ekki haldið kyrru fyrir.

Ég tel að í þeirri stöðu sem Íslendingar eru nú blasi það við að hæstv. utanrrh. verði að upplýsa hverjir það eru sem sækja svona fast að honum að þetta mál verði klárað. Hvaða gylliboð eru það sem í boði eru fyrir Alþfl. svo að þetta fari í gegn? Við vitum að það hafa ekki neinar fréttir borist af því að fjármagn hafi komið frá norsku verkalýðshreyfingunni heim til Íslands til þess að styrkja Alþfl. Við vitum ekki hvernig á að fjármagna rósakaupin næst fyrir sveitarstjórnarkosningarnar. Það má vel vera að það sé verið að ganga frá þeim málum með þessum hlutum nú. En hitt blasir við að það eru ekki hagsmunir íslenskrar þjóðar, íslenskra neytenda sem hafa knúið á um þetta, það hljóta að vera einhverjir aðrir hagsmunir.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Í tilefni blóði drifinnar ræðu hv. 2. þm. Vestf. er rétt að taka fram eftirfarandi: Stjórnvöld á Norðurlöndum hafa aflétt þessu viðskiptabanni sem hér segir: Finnsk stjórnvöld gerðu það í júní 1991, dönsk stjórnvöld 17. mars 1992 og síðar öll aðildarríki Evrópubandalagsins. Sænsk stjórnvöld hafa lagt til að viðskiptabannið verði afnumið. Það er til meðferðar í sænska þinginu. Formaður sænskra jafnaðarmanna, Ingvar Carlsson, hefur lýst því yfir að hann styðji þessar aðgerðir stjórnarinnar og litið er á þá yfirlýsingu hans sem afstöðu sænska Jafnaðarmannaflokksins. Norsk stjórnvöld afnámu viðskiptabannið 15. mars þannig að það eru þá stjórnvöld alls staðar á Norðurlöndum sem hafa þegar tekið þessar ákvarðanir. Að því er varðar bann við vopnasölu, þá er það áfram í gildi eins og nánar hefur verið skýrt. Ég geri ráð fyrir því að ásakanir hv. 2. þm. Vestf. um mútustarfsemi og annað slíkt eigi þá við í öllum þessum tilvikum en af því að hann spurði um viðskiptahagsmuni, þá er rétt að svara því málefnalega: Það eru aðeins ein samtök sem hafa óskað eftir beinu viðskiptalegu samstarfi milli Íslendinga og Suður-Afríku, þ.e. íslenskum fjárfestingum í Suður-Afríku og það er ANC, þ.e. African National Congress, hin pólitísku baráttusamtök fyrir mannréttindum blökkumanna og íslensk stjórnvöld hafa reynt að taka því vel.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Sú upptalning sem kom fram hér í máli hæstv. utanrrh. um þau stjórnvöld á Norðurlöndum sem þegar hefðu aflétt viðskiptabanni á Suður-Afríku er, held ég, okkur þingmönnum öllum vel kunn. Þessi upptalning kemur fram í grg. með frv. til laga og lögð hafa verið fram ýmis gögn um þetta þannig að það er auðvitað ekkert nýtt í því máli. En þó svo að stjórnvöld hafi gert þetta víða í löndunum í kringum okkur, þá er tvennt í því máli.

Í fyrsta lagi hafa þau ekki afnumið það að fullu, þau hafa flest hver haldið eftir ákveðnum þáttum í þessu viðskiptabanni, á vopnaviðskiptum, á olíuviðskiptum, á fjárfestingu og ýmsu slíku. Enginn hefur enn gengið fram og afnumið það að fullu og öllu held ég að mér sé óhætt að fullyrða.

Í öðru lagi er rétt að halda því til haga að auðvitað hafa í þessum löndum verið skiptar skoðanir um það hvort það bæri að afnema viðskiptabannið og þó svo stjórnvöld hafi náð sínu fram er ekki þar með sagt að það hafi gerst samhljóða og einróma í þjóðþingunum.

Atburðir undanfarinna daga og sérstaklega morðið á Chris Hani gera það að verkum að menn ættu kannski að fara sér hægt í þessum málum og a.m.k. ekki reyna að þrýsta þessu í gegnum þingið. Þessir atburðir geta auðveldlega dregið dilk á eftir sér og það getur brugðið til beggja átta með þróunina í Suður-Afríku á næstu vikum og mánuðum. Það er alveg ljóst að þó að búið sé að setja saman ákveðið plan um það hvernig standa skuli að málum á næstu mánuðum í Suður-Afríku og menn hafi rætt um það og komið sér saman um það að reyna að stefna að kosningum, fyrstu

frjálsu kosningunum í sögu Suður-Afríku, í apríl nk., þá er það bara hugmynd. Dagsetningin hefur ekki verið ákveðin og hún getur auðvitað breyst, eins og hún hefur svo sem gert áður, og dagsetningunni getur seinkað.

Því hefur oft verið haldið fram, hef ég tekið eftir í fjölmiðlum hér, að Chris Hani hafi verið einn helsti stuðningsmaður Nelsons Mandela, hafi verið mikill forustumaður, sem hann auðvitað var, í ANC og hægri hönd Nelsons Mandela. Ég held að hið rétta sé miklu frekar að Chris Hani hafi verið einn af gagnrýnendum Nelsons Mandela og einn af þeim sem fannst Mandela og hans stuðningsmenn fara of hratt eða vera of samstarfsfúsir skulum við segja og það eru öfgamenn til hægri sem drepa Chris Hani og róta með því upp miklu moldviðri meðal blökkumanna. Og eins og menn hafa kannski heyrt í fjölmiðlum að undanförnu, þá hefur gagnrýni á Nelson Mandela aukist verulega og hann á undir högg að sækja fyrir það að hann sé of samstarfsfús við hvíta minni hlutann. Ég held að ef þessu moldviðri verði rótað mjög mikið upp, þá geti orðið þarna mjög hættulegt ástand eins og hér hefur verið bent á. Mér finnst því fyllsta ástæða til að fara hægt í þetta mál. Auðvitað veit ég það eins og allir sem hér eru að tala um þetta að afstaða okkar skiptir engum sköpum í þessu máli. En við verðum að ræða um svona mál af fullri reisn og við verðum að hafa þá hugmynd sjálf að við séum samábyrg í því sem er að gerast í heiminum í kringum okkur og við viljum hafa á því skoðanir sem við getum staðið við þó að við höfum kannski ekki neitt gífurlega mikil áhrif.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það þarf alveg sérstaka athyglisgáfu til að hlýða á ræður hæstv. utanrrh. Það þarf eiginlega sömu hæfileikana og þegar menn lesa meðmælabréf. Það er ekki það sem stendur í meðmælabréfi sem skiptir máli, heldur það sem menn hafa komið sér undan að setja í meðmælabréfið, það sem menn koma sér undan að segja frá til þess að þurfa nú ekki að greina ósatt frá. Hæstv. utanrrh. er sérfræðingur í að flytja ræður af því tagi að það sem hann lætur ósagt er það sem skiptir öllu máli, ekki það sem hann segir, enda mjög tæpt á því að hann feti vegi sannleikans með það sem hann segir.

Í þessu máli blasir það við að hæstv. utanrrh. staðfesti það hér í þessum ræðustól, ef rétt er hlýtt, að það er ekki búið að ákveða hvenær kosningarnar fara fram. Það staðfesti hæstv. utanrrh. hér. Það má kannski segja líka að hann hafi staðfest það á sinn hátt varðandi hagsmunina. Það liggur alveg ljóst fyrir að það eru ekki hagsmunir íslenskrar þjóðar að gera þetta. Það er engin vöruþurrð í verslunum á Íslandi. Allan þann varning sem þeir eru að selja getum við keypt af sómasamlegum aðilum. Það sem blasir við er það að verið er að þrýsta á það á bak við af einhverjum aðilum með fjárhagslega hagsmuni að þetta verði gert. Það er það sem blasir við. Það er það sem gerðist á Norðurlöndum. Mönnum varð svo brátt. Menn biðu ekki eftir því hvort það yrði staðreynd að kosningar yrðu eða ekki.

Hæstv. utanrrh. hefur ekkert upplýst enn með kratagullið frá Noregi, hverjir borguðu. Því var lofað á sínum tíma af foringja Alþfl. að það yrði upplýst. Því var lofað. Svo var það borið á borð fyrir alþýðu þessa lands að það væri eitthvert verkalýðsfélag í Noregi sem hefði verið að borga peninga til íslenska Alþfl. Það hefur verið ljóta misnotkunin á fjármagni sem þar hefur átt sér stað. Hvernig haldið þið að hafi gengið að lesa það upp hjá verkalýðsfélaginu á fundi að svona mikið hafi verið greitt úr sjóðum félagsins til íslenska Alþfl.? Sá gjaldkeri hefði verið rekinn sem hefði látið sér detta í hug að lesa upp slíkt á fundi. Það liggur þess vegna ljóst fyrir, það er staðreynd, að það kom erlent fé inn til íslenska Alþfl. á sínum tíma. Í dag er ekkert gefið upp hvernig rósakaupin eru fjármögnuð, það er ekkert gefið upp. En það styttist í kosningar og það þarf að fara að ganga frá því hvernig eigi að fjármagna rósakaupin. Það blasir við. Það má vel vera að hæstv. utanrrh. vilji tengja þetta tvennt saman og verði honum þá að góðu og njóti hann vel.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, ÞurP, HBl, JBH, KSG, LMR, GAK, ÓE, PJ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÖS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, SalÞ.

nei: FI, GHelg, HG, ISG, IP, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, KE.

19 þm. (EgJ, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónS, MF, RG, SighB, StG, ÞorstP, ÁJ, EH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1027).

Íslensk endurtrygging, 2. umr.

Stjfrv., 307. mál. — Þskj. 476, nál. 1002, brtt. 1003.

Frsm. heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti heilbr.- og trn. um frv. til laga um stofnun hlutafélags um Íslenska endurtryggingu.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Bjarna Þórðarson, framkvæmdastjóra Íslenskrar endurtryggingar. Umsagnir bárust frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, starfsmönnum Íslenskrar endurtryggingar, Íslenskri endurtryggingu, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Tryggingastofnun ríkisins og Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Í frumvarpinu er lagt til að stofnað verði hlutafélag um Íslenska endurtryggingu sem taki við rekstri, eignum og skuldum félagsins og mælir nefndin með samþykkt þess.

Nefndin leggur til á sérstöku þingskjali að gerðar verði leiðréttingar á dagsetningum í frumvarpinu.

Hv. þm. Finnur Ingólfsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins vegna umræðna hér í þinginu, en höfðu engar athugasemdir við þá afgreiðslu málsins sem hér er lögð til.

Undir þetta álit heilbr.- og trn. skrifa Sigbjörn Gunnarsson, Sólveig Pétursdóttir, Sigríður Anna Þórðardóttir, Margrét Frímannsdóttir, Ingibjörg Pálmadóttir, Geir H. Haarde og Lára Margrét Ragnarsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JBH, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞurP, ÖS.

28 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KHG, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SighB, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1003,1 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, HG, ISG, IP, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, PP, PJ, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞurP.

27 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EGuðn, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónS, KHG, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SighB, StG, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
3.–6. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 1003,2 samþ. án atkvgr.
7. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 1003,3 samþ. án atkvgr.
8. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, PJ, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞurP.

28 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónS, KHG, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SighB, StG, SvG, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 2. umr.

Stjfrv., 208. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 249, nál. 1014, brtt. 1015.

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. og brtt. efh.- og viðskn. um frv. til laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Frv. hefur verið rætt allmikið í nefndinni og nefndin hefur náð saman um þetta álit og þessar brtt. og ég vil þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir gott starf að málinu.

Ég vil rekja í stuttu máli þær brtt. sem nefndin leggur til að gerðar verði við frv. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að síðari mgr. 1. gr. falli brott þar sem segir að málefni viðskiptabanka og sparisjóða heyri stjórnarfarslega undir viðskrh. Þetta leiðir að sjálfu sér.

Við 8. gr. er gerð brtt. um það að ríkisviðskiptabanka sé óheimilt án samþykkis Alþingis að taka víkjandi lán í því skyni að efla eiginfjárstöðu sína umfram það sem Tryggingarsjóður viðskiptabanka getur veitt, sbr. 76. gr. frv. Ástæðan fyrir þessu er sú að nefndin telur eðlilegt að það sé sjálfvirk ríkisábyrgð á öllum eðlilegum bankaviðskiptum ríkisbankanna, en að ráðstafanir varðandi eigið fé þeirra hljóti að koma til afgreiðslu Alþingis og að þeir geti ekki gert eiginfjárráðstafanir án þess að fara eftir eðlilegum reglum eins og gilda almennt um ríkisábyrgðir.

Við 10. gr. er lögð til breyting um að ráðherra geti synjað hluthafa um að eignast hlut í banka og rétt til meðferðar atkvæða. Þar er verið að tala um að ráðherra þurfi að gera slíkt en ekki bankaeftirlitið.

Um 12. gr. er svipað að segja. Þar er verið að taka á því að það sé ráðherra sem ákveði hvort menn geti farið með hlut í viðskiptabanka en ekki bankaeftirlitið.

Í 18. gr. er gert ráð fyrir að seinni málsgreinin falli niður en hún er um að fjallað sé um málið í skattalögum.

Í 23. gr. er gerð brtt. um að 3. mgr. falli brott en þar er líka verið að fjalla um skattalega meðferð sem á heima í skattalögum.

Í 34. gr. er brtt. þar sem hugtakið „skoðunarmenn" er fellt niður en hugtakið „endurskoðandi" tekið upp í staðinn og gert ráð fyrir því að það séu löggiltir endurskoðendur sem starfi að endurskoðun þessara stofnana.

Í 39. gr. er gerð brtt. þar sem kveðið er á um að það sé verkefni bankaráðanna að móta stefnu í vaxta- og gjaldskrármálum og setja almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir stofnunarinnar, hvort tveggja að fenginni umsögn bankastjóra eða sparisjóðsstjóra. Hér er átt við að það sé hlutverk bankaráðanna að leggja meginlínur varðandi vaxtaákvarðanir og gjaldskrár án þess að bankaráðin séu að fjalla um gjaldskrána og vaxtaákvarðanir af einstökum lánaflokkum í smáatriðum.

Einnig kemur inn nýr töluliður sem orðast svo, með leyfi forseta: „að setja að fenginni tillögu bankastjóra eða sparisjóðsstjóra leiðbeiningar um árlega upplýsingagjöf til bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar um veitt lán og ábyrgðir til einstaklinga og lögaðila sem, beint eða óbeint, vegna eignarhlutdeildar eða á annan hátt hafa veruleg áhrif á ráðstafanir hlutaðeigandi stofnunar eða eru undir stjórn einstaklinga eða lögaðila sem hafa slík áhrif." Hér er enn ein grein sem var í frv. felld inn í þessa 39. gr.

Við 40. gr. er gerð brtt. sams konar og fyrr, þ.e. að hugtakið „skoðunarmenn" falli niður en „endurskoðendur" komi í staðinn. Sams konar brtt. er einnig lögð til við 43. gr.

Við 44. gr. er brtt. sem er til skýringar og hún hljóðar svo, með leyfi forseta: „Um verðbréfaviðskipti viðskiptabanka og sparisjóða gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga um verðbréfaviðskipti."

Þá er brtt. við 45. gr. þar sem síðari mgr. breytist og breytist aðeins merkingin þegar einu „og" er breytt í „eða", en greinin hljóðar svo samkvæmt tillögu nefndarinnar, með leyfi forseta: „Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt að stunda tímabundið aðra starfsemi en þá sem um getur í 44. gr. ef það er einungis í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum fyrirtækja við viðskiptabanka eða sparisjóð eða liður í endurskipulagningu á starfsemi viðskiptaaðila þessara stofnana." Það er því ekki um það að ræða, eins og stóð í frv., að það þurfi hvort tveggja til, lok á viðskiptum og endurskipulagning samhliða heldur er nóg að annað atriðið sé tiltekið.

Í 46. gr. eru brtt. þar sem verið er fyrst og fremst að breyta því að ráðherrar taki ákvarðanir í staðinn fyrir bankaeftirlitið.

Lagt er til að 52. gr. falli brott og efni hennar tekið inn í 39. gr.

Við 53. gr. er brtt. þar sem kveðið er á um að sparisjóðum sé þó heimilt að fela Lánastofnun sparisjóðanna, eða félagi sem leysir hana af hólmi, að leggja fyrir hlutaðeigandi sparisjóð leiðbeinandi tillögur um vexti og þjónustugjöld. Þetta stendur í frv. en við leggjum til að þarna sé líka vitnað til samkeppnislaganna sem eru nýsamþykkt og að þetta þurfi að vera innan ramma þeirra. Nefndin telur reyndar eðlilegt að sparisjóðirnir geti með þessum hætti unnið saman í gegnum Lánastofnun sparisjóðanna. Fyrir því eru margvísleg rök og nefndin sem slík lítur ekki svo á að það samstarf sem hefur verið milli sparisjóðanna í lánastofnuninni brjóti í bága við samkeppnislögin en telur hins vegar eðlilegt að það sé alveg skýrt og falli sem slíkt undir samkeppnislög, sbr. IV. kafla þeirra laga þar sem fjallað er um slíkar heimildir.

Í 54. gr. er fellt niður hugtak um 90 daga binditíma vegna skilgreiningar á lausu fé,

Í 55. gr. eru ákvarðanir um að eiginfjárþáttur A skuli nema helmingi eigin fjár fyrir frádrátt. Þar er um það að ræða að víkjandi lán mega ekki vera of stór þáttur í eigin fé viðskiptabankanna.

Við 58. gr. er brtt. Greinin er umorðuð. Ég ætla ekki að lesa hana upp, en þetta er fyrst og fremst spurning um það að fella texta þessarar greinar inn í það sem viðgengst sem góð endurskoðunarvenja og reikningsskiljavenja í stað þess texta sem fyrir var í greininni.

Við 61. gr. er líka brtt. þar sem er umorðun á greininni og þar er verið að fella textann betur að því sem gengur og gerist í sambandi við endurskoðun og reikningsskil.

Við 62. gr. er svipað á ferðinni. Þar er líka um það að ræða að hugtakið „skoðunarmenn" fellur niður en „endurskoðandi" kemur í staðinn.

Við 63. gr. er enn fremur verið að fjalla um svipaða hluti og fyrst og fremst verið að styrkja frumvarpstextann þannig að hann falli betur að því sem gengur og gerist og telst vera góð venja við endurskoðun og reikningsskil.

Við 64. gr. er gert ráð fyrir að fyrri mgr. falli brott en að seinni mgr. orðist svo, með leyfi forseta: „Bankaeftirlit getur látið fara fram sérstaka endurskoðun hjá viðskiptabanka eða sparisjóði og ráðið til þess löggiltan endurskoðanda. Bankaeftirlitinu er heimilt að láta hlutaðeigandi stofnun bera kostnaðinn af slíkri endurskoðun."

Við 67. gr. er brtt. þar sem verið er að breyta hugtakinu „skoðunarmenn" yfir í hugtakið „endurskoðendur" og síðan er breytt tilvísun sem hafði ruglast.

Við 68. gr. er brtt. þar sem fjallað er um skyldur bankaráða, sparisjóðsstjórna eða bankastjóra og sömuleiðis endurskoðenda í þessu. Þarna er gerð sambærileg brtt. og ákvæðið gert sambærilegt við það sem gildir í sambandi við verðbréfaviðskipti, þ.e. verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði.

Síðan eru gerðar smávægilegar breytingar á 68. gr., þar á meðal 3. mgr., þar sem kveðið er á um að þegar ríkisviðskiptabanki á í fjárhagslegum erfiðleikum, þá skuli ráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu um ráðstafanir sem grípa skuli til.

Við 69. gr. er orðinu „skoðunarmanna" breytt í „stjórnar".

Við 76. gr. er lagt til að breyta textanum varðandi Tryggingarsjóð viðskiptabanka til samræmis við nýsamþykkt lög sem voru afgreidd hér í tengslum við aðgerðir varðandi Landsbanka Íslands.

Við 78. gr. er ákvæði um heimild Tryggingarsjóðs sparisjóða til að taka lán með samþykki ráðherra.

Við 84. gr. er brtt. Það er ekki efnisleg breyting en í frumvarpstextanum stóð, með leyfi forseta: „Bankaeftirlitið skal krefja eftirlitsaðila í heimaríki erlends viðskiptabanka eða sparisjóðs um eftirfarandi upplýsingar" en nefndin vill breyta þessu þannig að bankarnir afli þessara upplýsinga en krefjist þess ekki vegna þess að þeir hafi ekki boðvald yfir þessum aðilum.

Í 85. gr. er brtt. sem er ekki efnisbreyting og við 93. gr. er brtt. sem er ekki mikil efnisbreyting heldur en 98. gr. ætti að falla brott samkvæmt tillögum nefndarinnar. Þar er kveðið á um framsal á valdi til bankaeftirlitsins sem nefndin telur ekki við hæfi.

Við 103. gr. er gerð tillaga um breytingu á gildistökuákvæðum þannig að lögin öðlist gildi 1. júlí 1993, en sé ekki tengt gildistöku EES. Síðan bætist við ný málsgrein sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Viðskiptabankar og sparisjóðir sem starfandi eru við gildistöku laga þessara skulu samræma samþykktir sínar ákvæðum laganna á fyrsta aðalfundi eftir gildistöku þeirra."

Ég vil að lokum taka það fram, virðulegi forseti, að þessi nýja löggjöf er mjög mikilvæg. Hún skapar samræmdan starfsramma fyrir viðskiptabanka og sparisjóði og löggjöfin verður með frv. þessu, ef að lögum verður, færð til nútímahorfs og verður í samræmi við

það sem gildir hjá okkar helstu viðskipta- og samkeppnisþjóðum.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá frsm. hv. efh.- og viðskn. er hér gríðarlega stórt mál á ferðinni. Líklega er þetta með stærstu frumvörpum sem afgreidd verða á þessu þingi því hér er um að ræða lagabálk upp á 103 greinar.

Þegar nefndin sem sett var á laggirnar til þess að skoða lögin um viðskiptabanka og sparisjóði hóf sitt verk, þá átti hennar verkefni fyrst og fremst að vera það að samræma gildandi lög hér við það sem gengur og gerist í nágrannalöndum okkar í samræmi við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að það væri full ástæða til þess að endurskoða lögin í heild og hún valdi þá leið að sameina gildandi lög um viðskiptabanka og lög um sparisjóði og það er auðvitað ástæðan fyrir því hversu gríðarlegur lagabálkur er hér á ferð og hversu miklar breytingar hér er verið að leggja til.

Eins og fram kom í máli frsm., þá skrifa allir nefndarmenn undir nál. en ég tel samt rétt að fara nokkrum orðum um þetta frv. og víkja að nokkrum atriðum og það er sérstaklega varðandi Tryggingarsjóð viðskiptabanka sem ég vil koma skoðun minni á framfæri.

Það er mikið um nýjungar í þessu frv. og í rauninni verið að færa bankastarfsemi að mörgu leyti til nútímahorfs. Það er líka verið að taka tillit til þeirra breytinga sem hér hafa orðið í viðskiptum og bankakerfinu. Þar er fyrst að nefna það atriði sem kemur fyrir í 2. lið brtt., þ.e. brtt. við 8. gr. þar sem kveðið er á um það að ríkisviðskiptabönkum er bannað að taka víkjandi lán umfram það sem Tryggingarsjóður viðskiptabanka getur veitt, þ.e. það er óheimilt að taka slík lán án samþykktar Alþingis. Okkur í efh.- og viðskn. fannst rétt að stíga þetta skref, bæði til þess að tryggja þá samkeppnisstöðu sem hér á að vera á viðskiptamarkaði og ekki síður til þess að fylgjast með stöðu ríkisbankanna eins og dæmin sanna að mikil þörf er á.

Ég vil líka vekja athygli á þeim breytingum sem nefndin lagði til og í rauninni ganga í þá átt að gera alla ábyrgð skýrari og valdsviðið skýrara í lögunum en var í upprunalegu frv. þar sem nefndin leggur til að það sé ráðherra sem ótvírætt fer með framkvæmd laganna og veitir þau leyfi eða afnemur þau leyfi sem um ræðir. En samkvæmt frv. var býsna mikið um það að slíkt vald var fært til bankaeftirlitsins.

Þá náðist líka samkomulag um það að bankaráðin verði áfram mótandi aðili í vaxtastefnu bankanna en það var gert ráð fyrir því að þær ákvarðanir færu til bankastjórnarinnar. Þetta á ekki síst við og snertir auðvitað efnahagsstefnu hverrar ríkisstjórnar eða ríkisstjórna á hverjum tíma og við vorum sammála um að það væri rétt að bankaráðin hefðu nokkuð að segja um vaxtastefnuna, enda ræður hún miklu um afkomu bankanna.

Þá vil ég líka nefna það atriði sem kom nokkuð til umræðu og hefur verið umrætt í sambandi við stöðu fyrirtækja í landinu og stöðu bankanna, en það er það að í rauninni hafa bankarnir ekki heimild samkvæmt núgildandi lögum til þess að reka önnur fyrirtæki en þau sem snerta bankastarfsemi. En því miður er ástandið í okkar þjóðfélagi þannig að bankarnir hafa orðið að taka undir sína stjórn hótel, veitingahús og allt sem nöfnum tjáir að nefna og reyna auðvitað að halda þessum fyrirtækjum gangandi meðan verið er að koma rekstrinum í horf og koma fyrirtækjunum í verð. Hér með fá þau heimild í lögum til þess að stunda tímabundið aðra starsemi en þá sem beint heyrir undir bankastarfsemi.

Ég vil sérstaklega geta hér ákvæðis sem snertir sparisjóðina, en það var allmikið rætt í nefndinni hvort sparisjóðirnir ættu að hafa heimildir til samráðs sín í milli varðandi vexti og ýmis þjónustugjöld, en í upprunalega frv. var gert ráð fyrir slíkri heimild og við það er staðið í tillögum nefndarinnar, enda telja sparisjóðirnir það vera lífsnauðsyn fyrir sig að hafa slíka heimild vegna þess að sumir sparisjóðir eru einfaldlega svo litlir og hafa svo fáa starfsmenn að þeir eiga ekki nokkra möguleika á því að vera sjálfir að taka ákvarðanir um vexti og þjónustugjöld. Þess vegna hafa sparisjóðirnir komið á fót sameiginlegri stofnun sem sinnir þessum málum og þjónar öllum sparisjóðum í landinu og það er í rauninni í gegnum þá stofnun sem þetta samráð á sér stað. Viðskiptabankarnir vildu takmarka heimildir sparisjóðanna, en nefndin komst að þeirri niðurstöðu að þeim ætti að vera heimilt að vinna saman svo framarlega sem það samráð og sú samvinna sé í samræmi við nýsamþykkt lög um samkeppni, nýju samkeppnislögin.

Þá kem ég að Tryggingarsjóði viðskiptabanka, virðulegi forseti, sem er nú kannski aðalatriði míns máls. Hér gerist það að verið er að taka mið af þeim lögum sem voru samþykkt hér fyrr í vetur, lög nr. 16/1993, þar sem breytingar voru gerðar á hlutverki Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og honum veitt heimild til þess að veita lán eða veita ríkisbönkunum og viðskiptabönkunum stuðning. Þetta er orðinn hlutur en mitt samþykki við þá breytingu var bundið því að efh.- og viðskn. færi ofan í þau lög og reglur sem gilda um þennan sjóð.

Í meðferð nefndarinnar kom það fram að ráðherra hefur eða er í þann mund að setja á laggir nefnd til þess að skoða Tryggingarsjóð viðskiptabanka í heild. En nefndin leggur samt sem áður til breytingar varðandi tryggingarsjóðinn sem hugsanlega eru þá til bráðabirgða og kann kannski að orka tvímælis að vera að taka inn þessar lagabreytingar þegar nefnd er að hefja störf til þess að endurskoða lögin, en við komumst nú að þeirri niðurstöðu að það væri rétt að breyta þessu, þ.e. að taka hér inn þær samþykktu breytingar sem gerðar voru fyrir örfáum vikum og í öðru lagi að kveða á í lögunum um stjórn sjóðsins, en áður var kveðið á um stjórn sjóðsins í reglugerð þannig að skipan stjórnar er nú tekin inn í lög. En auðvitað kann þetta að breytast.

Þá vil ég að lokum sérstaklega fagna þeim breytingum sem hér verða á varðandi ráðningu bankastjóra,

endurtaka það sem ég hef áður sagt um þau efni, en samkvæmt þessum lögum eru nú sett ákvæði um hæfniskröfur á hendur bankastjórum og þeim beri að hafa þá menntun og þá reynslu sem slíkir menn þurfa að hafa og jafnframt að það beri að auglýsa stöðu bankastjóra og það verður nú spennandi að sjá hvernig þessum ákvæðum verður framfylgt. Við munum fylgjast rækilega með því því að hér gefst auðvitað tækifæri til þess að rjúfa þá hefð flokksveitinga eða stöðuveitinga gömlu flokkanna sem hafa tíðkast um áratuga skeið og er löngu mál að linni. Hér er gert ráð fyrir sex ára ráðningartíma bankastjóra og ég vil aftur vekja athygli á því sem ég nefndi í gær varðandi tillögur um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála þar sem var verið að ræða um fimm ára ráðningartíma. Í öðrum tilvikum er um að ræða fjögurra ára ráðningartíma hjá ríkinu og ég spyr enn hvort ekki sé ástæða til þess að samræma slíkar reglur. Ég er frekar á því að það sé rétt að styðjast við eina ákveðan reglu í ráðningum hjá ríkinu þó að eflaust kunni að vera hægt að færa rök að öðru.

Virðulegi forseti. Að mínum dómi er hér um mjög gott og merkilegt mál að ræða. Þetta eru auðvitað lagabreytingar sem við hefðum getað tekið upp á Alþingi án þess að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði hefði nokkurn tíma komið til, en það varð niðurstaða þeirrar nefndar sem samdi þetta frv. að fara út í þessar miklu breytingar sem hér er verið að leggja til og ég styð þær heils hugar.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég stend að nál. efh.- og viðskn. eins og allir aðrir nefndarmenn en kaus að skrifa undir það með fyrirvara og vil gera nokkra grein fyrir því sem og afstöðu minni almennt til þessa máls. Ég get tekið undir það sem fyrri ræðumenn hafa sagt að hér er á ferðinni að mörgu leyti þörf endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um málefni viðskiptabanka og sparisjóða. Þá held ég að það sé enn fremur tímabært og eðlilegt að sameina nú þessi lagaákvæði í eina löggjöf eins og hér er lagt til og að flestu leyti eru efnisákvæði þessa frv. að mínu mati til bóta svo að ekki sé nú minnst á brtt. efh.- og viðskn. sem færa ýmislegt til betri vegar. Að vandlega athuguðu máli að dómi nefndarinnar, þá er rétt að breyta þarna ýmsu og ég stend að þeim brtt. að sjálfsögðu eins og aðrir nefndarmenn.

Fyrirvari minn er fyrst og fremst tvíþættur, þ.e. annars vegar almenns eðlis. Það eru nokkur almenn atriði sem varða bankamálin sem við viljum hafa fyrirvara á um og þá ekki síst framgöngu hæstv. núv. ríkisstjórnar í þeim efnum varðandi ýmis atriði í framkvæmd stjórnarstefnunnar eins og hún tengist bankamálunum. Þar má nefna vaxtastefnuna, það má nefna mannaráðningar í bankakerfinu og vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar t.d. þegar málefni Landsbankans voru hér til umfjöllunar fyrir nokkru síðan. Við viljum í öllu falli að það sé alveg ljóst og misskiljist ekki að með stuðningi við þessa lagabreytingu eða þetta frv. erum við ekki að skrifa upp á eða lýsa yfir ánægju með margt af því sem hæstv. ríkisstjórn hefur aðhafst varðandi bankamálin.

Hins vegar er fyrirvarinn svo efnislegur að nokkru leyti. Það eru nokkur atriði frv. sem ég vil hafa fyrirvara á og einkum og sér í lagi er það þó eitt efnisatriði sem snýr að Tryggingarsjóði viðskiptabankanna og stjórn hans eða fyrirkomulagi sem ég kem að síðar.

Varðandi einstök efnisatriði get ég farið fljótt yfir sögu og vísa bæði til þess sem fram kom í máli formanns efh.- og viðskn. og eins þess sem fjallað er um þessi mál í nál. Ég tel að sú breyting sem lögð er til á 8. gr. frv. sé mjög mikilsverð. Þar er lagt til að inn í 3. mgr. 8. gr. bætist nýr málsliður sem taki af öll tvímæli um það að ríkisviðskiptabanka sé óheimilt án samþykkis Alþingis að taka víkjandi lán í því skyni að efla eiginfjarstöðu sína umfram það sem Tryggingarsjóður viðskiptabanka getur veitt, sbr. 76. gr. þessara laga. Þar með er það alveg ljóst og áskilið að um víkjandi lánveitingar af því tagi sem áttu sér stað nú rétt fyrir sl. áramót þegar allt í einu óforvarandis þær fréttir berast að Seðlabankinn hafi veitt Landsbankanum víkjandi lán upp á á annan milljarð kr., að slíkir hlutir geta ekki endurtekið sig. Ef af lagabreytingu verður er ljóst að víkjandi lánveitingar án samþykkis Alþingis geta eingöngu farið fram í gegnum Tryggingarsjóð viðskiptabanka og þá að sjálfsögðu innan þeirra lánsheimilda sem þar eru fyrir hendi eða veittar eru sérstaklega með heimild Alþingis. Með þessu fyrirkomulagi er að mínu mati hringnum alveg lokað og tekin af öll tvímæli um það að fjárhagsfyrirgreiðsla af þessu tagi til banka getur ekki farið fram óöruvísi en að Alþingi samþykki það sérstaklega. Það er af tveimur ástæðum mikilvægt, tel ég. Hið fyrra er auðvitað ósköp einfaldlega vinnuregla í þessum efnum að ábyrgðir eða fjármunir af þessu tagi séu ekki útbærir nema Alþingi hafi veitt heimildir til þess í hverju einstöku tilviki. Það er sú vinnuregla sem hér á að hafa í heiðri. En það er enn fremur mikilvægt vegna þess að með þessu er að sjálfsögðu verið að hafa áhrif á innbyrðis stöðu lánastofnana og samkeppnisstöðu þeirra. Slíkt er mjög vandasamt að gera og eðlilegt að Alþingi taki það til umfjöllunar í hvert eitt skipti. Þess vegna held ég að það sé mjög mikilsvert að samstaða hefur tekist um þessar breytingar á 8. gr. og ég vona þess vegna að þeir hlutir endurtaki sig ekki sem áttu sér stað rétt fyrir síðustu áramót þegar án t.d. nokkurs samráðs við efh.- og viðskn. eða Alþingi gripið var til veitingar þessa víkjandi láns úr Seðlabankanum yfir í Landsbankann. Það eru ekki hlutir sem eðlilegt er að beri að eða gangi til með þeim hætti.

Ég vil lítillega nefna þann þátt þessa máls sem snýr að breytingu á ákvæðum um hlutafélagabanka. Nú er ljóst að með þessu frv. verða talsverðar breytingar á þeim takmörkunum sem giltu áður um hlutafé í hlutafélagabönkum. Sem sagt, að mestu leyti eru felldar út þær takmarkanir sem áður giltu um upphæð eða eignarhlut einstakra aðila í slíkum fyrirtækjum og horfið yfir í það að almenn ákvæði hlutafélagalaga gildi einnig um hlutafélagabanka. Nú má segja að það sé ekki óeðlilegt að menn vilji eftir því sem kostur er að hin almennu ákvæði gildi einnig um atvinnustarfsemi

á þessu sviði, þ.e. rekstri banka í hlutafélagaformi, eftir því sem við getur átt. Hins vegar er það svo og það kemur glöggt fram þegar lesin er 10. gr. frv. að menn gera sér auðvitað mjög vel grein fyrir því að það getur reynst óhjákvæmilegt að taka sérstaklega á málum varðandi bankarekstur og þess vegna eru þar allítarleg ákvæði um meðferð eignarhluta í viðskiptabönkum þegar einhverjir einstakir aðilar hyggjast eignast eða eignast virkan eignarhlut eða meiri hluta eða ráðandi hluta í slíku fyrirtæki. Bankaeftirlitið hefur því hlutverki að gegna og það er beinlínis gert ráð fyrir að það geti gripið í taumana ef mönnum sýnist að það stefni í óefni eða óeðlilegt ástand af einhverju tagi í rekstri slíks banka. Og það má segja að þarna sé valin sú leið að hverfa frá bannreglu eða beinum takmarkandi ákvæðum í lögum yfir að því ráði að þessir hlutir séu leyfilegir innan tiltekinna marka og þá undir eftirliti bankaeftirlitsins. Ég verð að segja eins og er að fyrir mitt leyti hef ég vissan fyrirvara á um þetta fyrirkomulag, ekki vegna þess að ég búist svo sem við að það skipti mjög miklu eða það stefni í það hér á allra næstu árum að heilir bankar komist í eigu örfárra aðila eða einhverjir einstakir eignaraðilar að hlutafélagabanka eignist þar ráðandi hlut, heldur fremur hitt að til framtíðar litið er ég ekki viss um að þetta fyrirkomulag verði mjög einfalt í framkvæmd og þjált. Ég óttast að það geti orðið býsna vandmeðfarið eða erfitt að draga mörkin og hvenær kæmi að því að bankaeftirlitið teldi sig knúið til að grípa í taumana eða spyrna við fótum og grípa til þess afdrifaríka ákvæðis 3. mgr. 10. gr. frv. eins og hún er hér upp sett að synja hlutaðhafa um að eignast aukinn eignarhlut í hlutafélagabanka eða a.m.k. um atkvæðisrétt hans út á þann eignarhlut.

Þetta er auðvitað geysilega vandmeðfarið vald sem bankaeftirlitinu er þarna sett í hendur og ef maður horfir eingöngu á þetta frá því sjónarhorni hvernig takast mundi ef á reyndi að framkvæma þetta ákvæði laganna, þá leyfi ég mér að hafa um það vissar efasemdir að mönnum sé greiði gerður með því að ætla þeim svona hlutverk. Það hlýtur að geta komið til álita að vera þarna með ákveðin takmörk sem hreinlega tryggi nægjanlega dreifða eignaraðild í fyrirtæki af þessu tagi. Það er það sem málið snýst um, að afstýra því að um óeðlilega samþjöppun eignarhluta í banka eða bankakerfinu geti orðið að ræða. Nú mundu menn sjálfsagt segja að ef hér væru 20 sjálfstæðar bankastofnanir og þar af kannski átta í hlutafélagaformi og sumar þeirra litlar þá breytti það ekki öllu þó að jafnvel einn eða tveir slíkir litlir hlutafélagabankar væru í eigu eins aðila eins og tíðkast kannski sums staðar erlendis þar sem tugir stofnana keppa á markaði og þá hafa menn kannski ekki miklar áhyggjur af því þó að einhver einstök slík fyrirtæki séu jafnvel í hreinni einkaeigu eins aðila eins og dæmi eru um frá nálægum löndum. En hér gegnir auðvitað allt öðru máli. Hér eru fyrst og fremst fjórir aðilar starfandi á þessum markaði. Það eru þrír viðskiptabankar og svo sparisjóðirnir og aðeins einn af þessum bönkum er hlutafélag. Og þar af leiðandi kynnu því að fylgja langtum meiri völd og ítök og áhrif í bankaheiminum á Íslandi ef einn eða örfáir aðilar næðu undirtökum í rekstri hlutafélagabanka. Þess vegna er ekki endilega víst að við ráðum við það vegna aðstæðna að hafa alveg sömu ákvæði gildandi hér og eru erlendis. Ég hef þó ákveðið að setja mig ekki upp á móti þessari breytingu í trausti þess að menn verði vakandi gagnvart því sem gerast kunni á komandi árum að þessu leyti og með hliðsjón af því að ég tel það ekkert óeðlilega hugsun, ekkert óeðlilegan vilja að almenn ákvæði hlutafélagalaga geti gilt um þetta að svo miklu leyti sem kostur er. En þessi vandi er þarna til staðar, samanber þau ákvæði sem sett eru upp í 10. gr. frv.

Þá vil ég enn fremur fagna 8. lið brtt., þ.e. þeirri breytingu sem nefndin varð sammála um að gera á 39. gr. frv. en hún gengur út á það að færa í grófum dráttum til fyrra horfs hlutverk bankaráða og sparisjóðsstjórna varðandi mótun stefnu í vaxta- og gjaldskrármálum, og að setja almenna reglu um lánveitingar og ábyrgðir stofnunarinnar. Frv. gerði ráð fyrir því að þetta hlutverk, þ.e. hvað það snertir að móta stefnu í vaxta- og gjaldskrármálum, hyrfi út úr starfslýsingu bankaráðanna og sparisjóðsstjórnanna og færðist yfir í hendur bankastjórnanna. Ég tel að það hefði verið um afturför að ræða og sjálfsagt mál að bankaráðin eða sparisjóðsstjórnirnar gegni þessu lykilhlutverki í stjórnun fyrirtækjanna. Þetta er alveg undirstöðuatriði varðandi alla starfrækslu lánastofnana. Það er að móta meginlínur og stefnu í vaxta- og gjaldskrármálum og ég held að það stríði gegn almennri og góðri stjórnsýsluvenju að lægra sett stjórnstig í fyrirtæki sé með lögum falið úrslitavald af þessu tagi. Það væri beinlínis ankannalegt að mínu mati að bankaráðið eða sparisjóðsstjórnir hefðu ekki yfir þessum úrslitaþætti að segja heldur lægra sett stjórnsýslustig innan stofnananna sem eru bankastjórnirnar eða sparisjóðsstjóri eða stjórar. Ég held að þarna sé tvímælalaust um breytingu að ræða til bóta og að þetta verði fært í grófum dráttum til núverandi horfs eins og það stendur samkvæmt lögum.

Þá vil ég nefna í þriðja lagi um efnisþættina að rætt var ítarlega það ákvæði 53. gr. sem lýtur að samstarfi sparisjóðanna varðandi ákvörðun í vaxtamálum og gjaldskrármálum. Nú er almenna ákvæðið að sjálfsögðu bannákvæði en eðlilegt er að samráð um slíka hluti sé bannað milli viðskiptabankanna en síðan kemur að því að sparisjóðirnir eru auðvitað allt öðruvísi settir í þessu efni heldur en bankarnir sem slíkir. Það má segja að að mörgu leyti væri það hliðstætt ef sparisjóðunum væri bannað að bera saman bækur sínar um vaxtaákvarðanir eins og einstökum útibúum viðskiptabankanna væri bannað að hafa samráð sín í milli eða samræma sínar gjaldskrár. Og ég held að mönnum þætti það nú ekki mjög gæfulegt ef útibú Búnaðarbankans á Sauðárkróki mætti ekki hafa neitt samráð við aðalstöðvarnar eða Búnaðarbankann á Blönduósi eða hvar sem það nú væri, (**VE:** Mundu vextirnir ekki lækka á Króknum?) þannig að ég held að þegar þetta er skoðað, þá hljóti menn auðvitað að komast að þeirri niðurstöðu að það sé einmitt af hinu góða að spari-

sjóðirnir sem hver um sig starfar á afmörkuðu svæði og eru alls ekkert í innbyrðis samkeppni af eðlilegum ástæðum nema þá helst að færa megi að því einhver rök að það geti átt sér stað hér á Reykjavíkursvæðinu, þurfi einmitt að geta eflt sig sem eining í þessari samkeppni á móti viðskiptabönkunum með sín útibú sem gjarnan eru þeir sem þar er keppt við. Og það er auðvitað alveg fráleitt að það geti á nokkurn hátt þjónað samkeppnismarkmiðum að banna sparisjóðum t.d. einum við Þistilfjörð og öðrum á Patreksfirði að bera saman bækur sínar um vaxtamál því að ekki eru þeir að keppa innbyrðis. En hins vegar er þarna sá vandi fyrir hendi eins og nefndin auðvitað vissi mætavel hafandi nýlega afgreitt frv. til laga um samkeppnismál að það er auðvitað ekki heppilegt að svona lagaákvæði stríði beinlínis gegn hinum almennu settu leikreglum eins og samkeppnislögin ganga frá þeim varðandi óheimilt samráð um slíka þætti. Þess vegna var það niðurstaða nefndarinnar og það tel ég hafa verið farsæla lausn í þessu nokkuð svo vandasama tæknilega atriði sem ég lít nú fremur á sem tæknilegt heldur en efnislegt álitamál, að taka það fram eins og gert var í frumvarpsgreininni þegar frv. var lagt fram að þetta samráð sparisjóðanna gegnum lánastofnun sé heimilt, en bæta síðan við: enda brjóti slíkt ekki í bága við ákvæði samkeppnislaga, sbr. IV. kafla þeirra laga. Þetta var lausnin sem efh.- og viðskn. datt ofan á og leggur til í sínum brtt. og ég tel að þar hafi fundist farsæl lausn á þessu atriði. Þetta mun væntanlega þýða í framkvæmd að sparisjóðirnir halda ósköp einfaldlega áfram sínu samstarfi eins og að hefur verið en Samkeppnisstofnun metur það hvort hún sjái ástæðu til þess að gera við það einhverjar athugasemdir eða hafa af því afskipti. Og frumkvæðið kæmi þá frá Samkeppnisstofnun að hafa af því afskipti eða samkeppnisráði ef það mæti það svo. Þetta finnst mér líka mikilvægt að liggi ljóst fyrir að hlutirnir snúi svona til þess að sparisjóðirnir séu ekki neinni óvissu um það að þeir megi að settum þessum lögum starfa áfram með þeim hætti sem þeir hafa gert þangað til þá að athugasemdir væru gerðar við það. Og það sé ég ekki að samkeppnisráð eða Samkeppnisstofnun hafi nokkra minnstu ástæðu til að gera og gæti rökstutt það ítarlegar ef ástæða þætti til.

Að þessu slepptu, hæstv. forseti, ætla ég að gera aðeins að umtalsefni Tryggingarsjóð viðskiptabankanna sem er auðvitað afar mikilvægur þáttur í bankastarfseminni og ég tala nú ekki um ósköpin eftir það nýja hlutverk sem honum hefur verið falið með lagabreytingunum frá því í vetur með lögum nr. 16/1993, um ráðstafanir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana, en þá var tryggingarsjóðnum heimilað að veita viðskiptabanka víkjandi lán í því skyni að efla eiginfjárstöðu sína, enda yrði þá láns til þess aflað með sérstakri lántöku og upp var sett sérstök deild við Tryggingarsjóð viðskiptabanka í þessu skyni þannig að hann starfar nú í tveimur aðskildum deildum. Ég held að í sjálfu sér sé þetta ekkert óeðlilegt fyrirkomulag. Það sem ég hef miklu meiri efasemdir um er að tryggingarsjóðurinn sé eftir þetta gerbreyta hlutverk stjórnskipulega settur eins og hann var og út af fyrir sig er, þ.e. með einhverri blandaðri stjórn tilnefndri af viðskrh. sem í eigi sæti að hluta til fulltrúar hagsmunaaðilanna sjálfra, þ.e. lánastofnananna. Ég tel að það sé nauðsynlegt að taka það mál til endurskoðunar, enda er það reyndar boðað, samanber það sem um það segir í nál., en ég vil hafa skýran fyrirvara á um það að þetta fyrirkomulag sem þá til bráðabirgða verður notast við, þ.e. að stjórn tryggingarsjóðsins sé þá skipuð sex mönnum og séu þrír þeirra tilnefndir eða skipaðir af ráðherra samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. viðskiptabanka og síðan einn eftir tilnefningu fjmrh., einn eftir tilnefningu Seðlabanka og einn án tilnefningar frá viðskrh. sjálfum. Þetta er nú hálfgert möndl að mínu mati og svona blandaður kokkteill sem ég hef vissar efasemdir um að eigi að byggja mikið á til frambúðar. Ég tel koma verulega til álita í ljósi þessa breytta hlutverks Tryggingarsjóðs viðskiptabanka að yfir honum sitji þingkjörin stjórn. Þetta er afar vandasamt verkefni sem þarna er lagt á herðar sjóðsins, sérstaklega sá þáttur starfseminnar sem er þá verkefni lánadeildarinnar, þ.e. að veita viðskiptabanka víkjandi lán. Hitt má segja að sé eðlilegri og reglubundnari hluti af starfrækslu bankamálanna, þ.e. að starfrækja innstæðudeildina og hverra hlutverk er að tryggja skil á innlánsfé þegar skipt er búi.

En ég endurtek það að í ljósi þessa gerbreytta hlutverks og eðlis í raun og veru Tryggingarsjóðs viðskiptabanka, þá tel ég að það þurfi að gaumgæfa stjórnunarfyrirkomulag hans og stjórnskipulega stöðu mjög vel og vonandi verður það gert í þeirri endurskoðun sem ráðherra hefur boðað, en ég hef fullan fyrirvara á um það fyrirkomulag sem þá á að notast við til bráðabirgða samkvæmt lögunum, annars vegar frá því í vetur og hins vegar brtt. nefndarinnar, að í uppáskrift minni felst alls ekki neinn stuðningur við það fyrirkomulag til frambúðar.

Hæstv. forseti. Ég held að ég fari ekki fleiri orðum um einstaka efnisþætti frv. Ég hef gert grein fyrir því sem ég tel helst standa upp úr í þeim efnum hvað mína afstöðu snertir. Það mætti auðvitað heilmargt segja um þessi bankamál að öðru leyti. Ég tel auðvitað að stefna hæstv. ríkisstjórnar í bankamálum hafi verið ákaflega flaustursleg að ýmsu leyti. Hæstv. ríkisstjórn rauk af stað og boðaði þau áform að einkavæða ríkisbankana, a.m.k. annan og ef ekki báða, rjúka til og breyta þeim í hlutafélög og helst selja a.m.k. annan þeirra sem allra fyrst, gott ef fjárlög gerðu ekki ráð fyrir því bæði í fyrra og aftur í ár að Búnaðarbankinn yrði meira og minna seldur á árinu. Ég held nú að menn hafi almennt ekki tekið þetta mjög alvarlega og kannski ekki ástæða til, enda virðist ekkert ætla að verða úr þessum áformum og ætla ég síst að harma það. En auðvitað er þetta ekki mjög trúverðug framganga satt best að segja að kasta svona hlutum á milli sín með þessum hætti. Það er meira en einhver smámál hvernig resktrarfyrirkomulagi og meðferð mikilvægustu viðskiptabanka þjóðarinnar er fyrir komið, enda hefur komið á daginn að mönnum er alls ekki sama um það hvernig með þá hluti er farið. En af furðu mikilli léttúð finnst

mér að hæstv. ríkisstjórn hafi gasprað um þessi mál þó að niðurstaðan verði e.t.v. og vonandi sú að ekkert verði síðan úr einu eða neinu og bankarnir verði reknir út þetta kjörtímabil í óbreyttu formi og að fullu og öllu í eigu ríkisins sem er auðvitað langfarsælasta niðurstaðan að mínu mati. Nóg er nú samt sem er á hverfanda hveli hér þó að menn láti ríkisviðskiptabankana í friði. Og reyndar er það svo, að það er kannski að verða algengasta óskin til þessarar ríkisstjórnar að hún leyfi hlutunum að vera í friði en sé ekki að andskotast með það sem er í ágætu lagi eins og það er. Það hefur ekki tekist að sýna fram á það með neinum rökum að það sé nokkur skapaðan hlutur að í rekstri Búnaðarbankans svo að dæmi sé tekið og það sé nokkur skapaður hlutur sem vinnist með því að fara að rótast í honum. Það kemur t.d. á daginn t.d. að Búnaðarbankinn hefur verið best rekni bankinn undanfarin ár. Hann hefur þurft að afskrifa minna og verið rekinn með betri rekstrarlegri niðurstöðu undanfarin ár en hinir bankarnir, ekki síður einkabankinn en ríkisbankarnir og þannig brestur menn öll rök til þess að réttlæta breytingar af því tagi sem hæstv. ríkisstjórn hefur boðað á resktarfyrirkomulagi bankanna nema þá einhver huglæg rök, pólitísk rök og það er auðvitað það eina sem þarna er á ferðinni, það er af því bara að það er stefna ríkisstjórnarinnar að einkavæða. Þetta er svo raunalegt að það er þyngra en tárum taki þegar menn standa gjaldþrota uppi í umræðunni og hafa engin rök til að færa fram.

Ég hef sagt það um þessa einkavæðingarumræðu alla saman og það á auðvitað ekki síst við um bankana þegar þeir eiga í hlut, ég hef ekkert á móti því að menn taki það til skoðunar á hverjum tíma hvað eigi að vera á höndum ríkisins og hvað ekki og hvaða rekstrarform eigi að vera á hinum einstöku þáttum starfseminnar, jafnt hins opinbera sem einkarekstursins. En ef menn eru komnir út á þá hálu braut að breyta „af-því-bara", hafa engin rök fram að færa fyrir því sem menn hafa ekki varðandi bankana þá er illa komið. Hitt liggur ljóst fyrir að það getur verið óhagstætt og ég er reyndar þeirrar skoðunar að það yrði það augljóslega að fara að hrófla við rekstrarformi bankanna nú við þessar viðkvæmu aðstæður í bankamálum.

Það vita jú allir hvað hefur gengið yfir í bankaheiminum í kringum okkur. Því miður höfum við Íslendingar síðan komist á blað í þeim efnum í fjármálaumræðu umheimsins í gegnum breytingarnar sem rokið var í gagnvart Landsbankanum og það er ekki nokkur vafi á því í mínum huga ef síðan yrði haldið áfram og farið að baksa við að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög þá mundi það vekja tortryggni erlendis. Menn mundu væntanlega spyrja sig: Er ríkið með þessu í einhverri viðkvæmri, hættulegri stöðu í bankamálunum að koma sér í meiri fjarlægð frá ábyrgðum með því að breyta þessum fyrirtækjum yfir í hlutafélag og takmarka í fyrstu umferð ábyrgð sína við hlutaféð?

Það er enginn vafi á því að mínu mati að það væri ákaflega óskynsamlegt að vera að gefa slík merki, senda slíkar fréttir út til umheimsins. Þannig að vonandi verður það nú að bankarnir verði látnir í friði og þetta frv. breytir að sjálfsögðu engu um það fyrirkomulag sem í gildi hefur verið að þessu leyti og ég fagna því.

Ég vil enn fremur fagna því að um það tókst ágætis samstaða í efh.- og viðskn. og stóð svo sem ekkert annað til að rekstrarform sparisjóðanna yrði í grófum dráttum látið í friði eins og það hefur verið. Það eru að vísu minni háttar breytingar sem lúta t.d. að sparisjóðsstjórnunum en skipta í sjálfu sér ekki miklu máli, það haldast í grófum dráttum þau ákvæði sem tryggja forræði heimaaðilanna í stjórnun sparisjóðanna og það er vel vegna þess að sparisjóðirnir eru um margt ákaflega merkilegar stofnanir þar sem valdið er í heimabyggð. Valdið er dreift en ekki samþjappað og menn eru tiltölulega sjálfstæðir gagnvart rekstrarlegum ákvörðunum í hverjum einstökum sjóði á hverjum stað.

Ég er ekki viss um að menn hafi alltaf áttað sig á því í umræðum um þessi mál, byggðamál eða flutning stofnana eða valddreifingu eða hvað það nú er, að í sparisjóðafyrirkomulaginu eiga menn ákaflega merkilegt dæmi um slíkar sjálfstæðar valddreifðar stofnanir sem þó í gegnum samstarf og samvinnu og ákveðna sameiginlega starfrækslu nýta sér alla sömu kosti og hinar stóru miðstýrðu einingar ríkisviðskiptabankanna gera. Þetta finnst mér sýna að það er að mörgu leyti gera hvort tveggja, njóta kostanna sem felast í valddreifingu og virkri þátttöku fjölda fólks í stjórnun slíkra fyrirtækja en jafnframt nýta sér alla þá kosti sem tæknin og samstarf hefur upp á að bjóða í nútímaþjóðfélagi.

Að svo mæltu, hæstv. forseti, fjölyrði ég ekki um þetta frekar en vísa til þess sem ég sagði í upphafi að í heildina tekið eru hér á ferðinni eðlilegar og þarfar breytingar á frv. en fyrirvara þann sem ég og minn þingflokkur höfum á um stuðninginn við málið hef ég þegar skýrt og kemur fram í þessu tvennu, annars vegar er hann almenns eðlis og hins vegar lýtur hann að þeim efnisþáttum sem ég hef nefnt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu, 437. mál, nál. minni hluta utanrmn., þskj. 1021.

Geymslufé, 2. umr.

Stjfrv., 209. mál (almenn heimild). — Þskj. 250, nál. 1016, brtt. 1017.

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. efh.- og viðskn. á frv. til laga um geymslufé, breyting á lögum nr. 9/1978.

Frv. er afar einfalt, það felst fyrst og fremst í því að í stað þess að einungis sé hægt að greiða skuld á geymslureikningi í ríkisviðskiptabanka þá sé hægt að

opna hann þannig að þetta gildir um aðra viðskiptabanka og sparisjóði að þeir megi taka við geymslufé.

Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til að lög þessi öðlist gildi 1. júlí 1993, en það sé felld niður tilvísun í Evrópska efnahagssvæðið varðandi gildistöku.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu, síðari umr.

Stjtill., 437. mál. — Þskj. 737, nál. 1013 og 1021.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég flyt hér nál. meiri hluta utanrmn. um till. til þál. um aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu.

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk hún við þá umfjöllun ýmis gögn um málið frá utanríkisráðuneytinu. Einnig barst nefndinni ályktun um málið frá Varðbergi, félagi ungra áhugamanna um vestræna samvinnu. Þá komu á fund nefndarinnar Sigþrúður Gunnarsdóttir og Sveinn Rúnar Hauksson frá Samtökum herstöðvaandstæðinga.

Meiri hluti nefndarinnar telur mikilvægt að Ísland gerist aukaaðili að Vestur-Evrópusambandinu og vill í því sambandi taka undir eftirfarandi kafla í ályktun Varðbergs um málið frá 22. mars sl.:

„Varðberg, félag ungra áhugamanna um vestræna samvinnu, telur það þjóna öryggishagsmunum Íslands að ríkisstjórn Íslands staðfesti aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu og taki virkan þátt í að fylgjast með og móta öryggis- og varnarmál Evrópu. Aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu ásamt aðild annarra ríkja Atlantshafsbandalagsins tryggir að sjónarmið NATO-ríkjanna hafi áhrif á stefnumótun Vestur-Evrópusambandsins þannig að Evrópubandalagið verði ekki einrátt í varnar- og öryggismálaumræðu Vestur-Evrópu."

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að tillagan verði samþykkt."

Frsm. minni hluta utanrmn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Á þskj. 1021 er nál. minni hluta utanrmn. sem er svohljóðandi:

„Utanríkismálanefnd hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund Gunnar Pálsson frá utanríkisráðuneytinu og Sigþrúði Gunnarsdóttur og Svein Rúnar Hauksson frá Samtökum herstöðvaandstæðinga. Þá fékk nefndin umsögn um málið frá Varðbergi, félagi ungra áhugamanna um vestræna samvinnu.

Minni hluti utanríkismálanefndar mótmælir því hvernig þetta mál bar að á Alþingi. Skjal um aukaaðild var undirritað af umhverfisráðherra, f.h. utanríkisráðherra, í nóvember sl. án þess að áður væri leitað eftir vilja Alþingis. Núna, tæpu hálfu ári síðar, er svo leitað blessunar á þegar gerðum hlut. Er það bæði andlýðræðislegt og andþingræðislegt að standa þannig að málum.

Vestur-Evrópusambandið var stofnsett árið 1948 en lá nánast í dvala þar til á allra síðustu árum. Á fundi EB í Maastricht í desember 1991 var reynt að blása í það nýju lífi og því ætlað að vera nokkurs konar hernaðararmur sameiginlegrar stefnu EB í utanríkis- og varnarmálum.

Aukaaðildin að VES tengist þeirri almennu umræðu sem nú fer fram um stöðu Íslands á alþjóðavettvangi og hvernig hagsmunum þjóðarinnar verði best borgið.

Kalda stríðinu er lokið og óvinaímyndir þess að engu orðnar. Vígbúnaður, vopnakapphlaup og hernaðarbandalög verða ekki lengur réttlætt með öflugum óvini í austri eða vestri. Sovétkerfið er hrunið og engin ógn stafar lengur af meintri útþenslustefnu þess. Við þessar aðstæður hlýtur sú skilgreining og það mat á öryggishagsmunum Íslendinga, sem mótaðist í deiglu kalda stríðsins, að breytast. Það hlýtur að draga verulega úr áherslunni á hernaðarlegt mikilvægi Íslands og hefðbundnar landvarnir.

Stærsta ógnunin við öryggi Íslendinga, sem og annarra þjóða, er sú arfleifð kalda stríðsins sem liggur í hinum gífurlegu vopnabirgðum heimsins. Mikilvægustu öryggishagsmunir íslensku þjóðarinnar eru nú að vernda hafsvæðin kringum landið m.a. fyrir geislavirkum úrgangi og þeirri hættu sem fylgir umferð kjarnorkuknúinna kafbáta. Við þessar aðstæður duga hernaðarbandalög og hefðbundnar landvarnir skammt og þar af leiðandi þjónar það ekki hagsmunum Íslendinga að gerast aukaaðilar að VES. Þetta verður enn augljósara þegar haft er í huga að VES hefur þá afstöðu til kjarnavopna að þau séu óhjákvæmileg til að tryggja öryggi og frið í Evrópu.

Sem vopnlaus þjóð eiga Íslendingar að ástunda friðsamleg samskipti við allar þjóðir og stuðla að öryggi, friði og auknum jöfnuði milli þjóða fyrst og fremst á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Minni hlutinn mun greiða atkvæði gegn tillögunni og leggur til að hún verði felld."

Undir þetta nál. skrifa Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Steingrímur Hermannsson, Ólafur Ragnar Grímsson og Páll Pétursson.

Virðulegur forseti. Um þetta þarf kannski ekki að hafa mörg orð, við höfum þegar rætt þetta allítarlega við 1. umr. um málið. Við höfum líka rætt þetta mál dálítið þegar skýrsla utanrrh. var hér til umfjöllunar og við munum væntanlega koma inn á þetta mál í dag þegar skýrsla um öryggis- og varnarmál verður til umfjöllunar þannig að í sjálfu sér þyrfti ekki að segja um þetta mjög margt.

Ég vil hins vegar koma þeirri skoðun á framfæri að í skýrslu um öryggis- og varnarmál sem tekin hefur verið saman af þeirri nefnd sem starfar á vegum utanrrh. er það viðurkennt að heimsmyndin hafi breyst og það sé ekki hægt að leggja lengur sama skilning í hugtökin samherji og mótherji og áður var, en engu að síður virðast ekki dregnar af því þær ályktanir sem mað-

ur skyldi halda og menn halda eftir sem áður dauðahaldi í ákveðna hluti eins og hernaðarbandalög og þá NATO og Vestur-Evrópusambandið.

Ég held hins vegar að það sé tímanna tákn og kannski til marks um þá breytingu sem er að eiga sér stað og hefur átt sér stað og vil vekja athygli á því að á fund utanrmn. komu fulltrúar frá Samtökum herstöðvaandstæðinga en þau samtök hafa aldrei áður verið kölluð á fund í utanrmn. eftir því sem upplýst var í nefndinni. Samtökin hafa rétt eins og Varðberg, félag ungra áhugamanna um vestræna samvinnu, sent utanrmn. tilskrif og í nál. meiri hluta utanrmn. var sérstaklega vitnað í umsögnina frá Varðbergi. Ég held að það sé því ekki úr vegi að drepa aðeins á nokkur atriði sem koma fram í umsögn um þetta mál eða áherslupunktum um þetta mál frá Samtökum herstöðvaandstæðinga en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Ísland á ekkert erindi inn í hernaðarbandalag. Ísland gerðist stofnaðili að hernaðarbandalaginu NATO 1949 með því skilyrði að hér yrði ekki her á friðartímum. Við þetta hefur ekki verið staðið. Fram til þess hefur NATO hreykt sér af því að hafa tryggt frið í Evrópu. Sá friður hefur ekki nægt til að losa Ísland við erlenda hersetu.

Vestur-Evrópusambandið er ekki einungis venjulegt hernaðarbandalag þar sem sjálfstæð fullvalda ríki taka sig saman um varnarmál og aðra hernaðarhagsmuni. Vestur-Evrópusambandið felur í sér hernaðarsamvinnu Evrópubandalagsins, vísi að einum her. Samrunamarkmið EB, sem sérstaklega voru staðfest með Maastricht-samkomulaginu, eru ekki einungis einn markaður og ein mynt heldur eitt ríki og einn her."

Þá segir í þessari samantekt að ótalið sé það atriði í stefnuskrá Vestur-Evrópusambandsins sem stingur hvað mest í stúf við hagsmuni Íslands, þá lífshagsmuni þjóðarinnar sem varla er ágreiningur um. Hér er átt við nauðsyn þess að kjarnorkuvopnum verði eytt og þá ekki hvað síst í höfunum. Stefna Vestur-Evrópusambandsins (og NATO) er andstæð þessu markmiði. Þar er lögð áhersla á að kjarnavopn sé óhjákvæmilegur þáttur í að forðast styrjöld og tryggja öryggi og frið í Evrópu.

Þá er bent á það í þessari álitsgerð að afstaða Íslendinga gagnvart kjarnorkuvígbúnaði sé alfarið neikvæð og þar segir: „Í skoðanakönnunum hafa komið fram mjög skiptar skoðanir á hermálum. Skipt hefur mjög í tvö horn um afstöðu til veru bandarísks herliðs á Íslandi. Hins vegar hefur afgerandi meiri hluti stutt aðild að NATO þegar spurt er á einfaldan hátt, með eða á móti. Ef spurt er um innihald, þ.e. stefnu Atlantshafsbandalagsins og Vestur-Evrópusambandsins varðandi kjarnavopn þá eru 90% aðspurðra á móti NATO samanber afstaðan til kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum."

Og þá segir: „Forvitnilegt væri að sjá hver niðurstaða yrði nú í sambærilegri könnun á viðhorfum Íslendinga til erlendrar hersetu og aðildar að hernaðarbandalagi eftir þær stórkostlegu breytingar sem orðið hafa í umheiminum á allra síðustu árum. Allar forsendur sem gefnar voru fyrir tilvist NATO og aðild Íslands að því hernaðarbandalagi eru fallnar. Sovétríkin eru horfin af landakortinu og Varsjárbandalagið ekki lengur til. Austur-Evrópuríki hafa sótt um aðild að NATO og í stað viðsjár og tortryggni einkennast samskipti austurs og vesturs af samvinnu og samráði. Utanrrh. lýsti því yfir nýverið að allt eins megi búast við því að Bandaríkjaher verði á brott af Íslandi þrátt fyrir yfirlýsingar Bandaríkjastjórnar um hið gagnstæða. Á sama tíma leggur ráðherrann svo ríka áherslu á að Ísland þiggi aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu. Spyrja má hvort Íslendingum þætti það hugnanlegt framhald á þróun hermála í Evrópu sem nú einkennist m.a. af samdrætti af hálfu Bandaríkjanna að spænskar eða þýskar hersveitir setjist hér að í stað Bandaríkjahers."

Undir þetta rita Sigþrúður Gunnarsdóttir, formaður samtakanna og Sveinn Rúnar Hauksson ritari.

Mér fannst ástæða til að koma þessu á framfæri við þingmenn og leggja áherslu á það. Ég held að þarna hafi kannski gerst atburðir sem séu til marks um þróunina sem þrátt fyrir allt er í samskiptum þjóða og manna.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég hef látið í ljósi þá skoðun á undanförnum vikum að það sé mikilvægt að skapaður sé vettvangur til þess að allir stjórnmálaflokkarnir í landinu geti rætt saman um utanríkisstefnu Íslendinga í ljósi gjörbreyttra viðhorfa í alþjóðamálum. Ég hef tekið eftir því að ýmsir forustumenn núverandi stjórnarflokka hafa tekið undir þá hugsun sem hvílir að baki þessari hugmynd. Hins vegar verður að segja þá sögu eins og hún er að vinnubrögðin varðandi það mál sem við hér erum að ræða, aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu, eru í fullkominni andstöðu við þessa hugsun. Það er satt að segja mjög sérkennilegt af hæstv. ríkisstjórn að halda þannig á málum að ætla sér að ganga frá aukaaðild Íslands að þessu hernaðarsamstarfi án þess að Alþingi gæti áður fjallað um málið, hvorki á vettvangi utanrmn. né hér í þingsalnum með ítarlegum hætti. Ég held að allir eigi að geta verið sammála um það að slík vinnubrögð hvorki sæma mikilvægi utanríkismála né eru vænleg til þess að skapa efnislega og eðlilega málefnalega umræðu í landinu. Ég vil þess vegna í upphafi þessarar umræðu lýsa þeirri von minni að nú verði slíkum vinnubrögðum hætt. Sú reynsla sem menn hafa haft af meðferð þessa máls sé hin síðasta af þessu tagi.

Auðvitað er það líka, virðulegi forseti, fullkomlega út í hött að þessi umræða fari fram án þess að hæstv. utanrrh. sé viðstaddur. Nú hef ég ekki hugmynd um hvað hann er að gera, blessaður. Það má vel vera að hann sé mjög önnum kafinn en þetta er ekki mjög brýnt mál, virðulegi forseti? (**Forseti:** Forseta er kunnugt um að hæstv. utanrrh. er á fundi í forsrn. og það er þá aðeins fyrir forseta að gera að gera honum skilaboð, þá mundi hann mæta hér.) Í sjálfu sér er það nú þannig, virðulegi forseti, að ég get alveg flutt mína ræðu án þess að hæstv. utanrrh. sé viðstaddur en mér

finnst það hvorki sæma þinginu né sæma hæstv. utanrrh. að umræða af þessu tagi, virðulegi forseti, fari fram án þess að hæstv. utanrrh. sé viðstaddur. Hér er verið að taka til afgreiðslu og mæla fyrir nál. utanrmn. um aðild Íslands að hernaðarbandalagi. Það er ekki lítið skref, virðulegi forseti, fyrir okkar þjóð að gerast með formlegum hætti aðili að þessu bandalagi. Þetta er nú ekkert dægurmál og mér finnst það hvorki vera rétt stjórn á þinginu né rétt forgangsröð á vinnuáætlun hæstv. utanrrh. að hann skuli einmitt velja þann tíma þegar þessi umræða fer fram til að vera fjarstaddur. Það hlýtur að hafa verið hægt að finna einhvern annan tíma á þessum sólarhring, virðulegi forseti, þar sem þessi umræða gæti farið fram. Og ég verð að segja það alveg eins og er, það særir dálítið virðingu mína fyrir þinginu og fyrir þeim störfum sem við erum hér að vinna og fyrir þeim formlega gerningi sem það er að þjóðþing taki ákvörðun af þessu tagi, að sá ráðherra sem ber ábyrgð á málinu skuli ekki vera viðstaddur. En ég ætla ekki að gera kröfu til þess að hann sé kallaður hingað, það er ekki þess vegna, virðulegi forseti, mér finnst þetta bara einfaldlega ekki ná nokkurri átt. Og auðvitað ætti forsetinn að sjá um það að svona hlutir gerist ekki.

Hver er ástæðan fyrir því að við erum að fjalla um þetta mál hér? Hún er í raun og veru sú að Evrópubandalagið tók um það ákvörðun í Maastricht að þróa enn frekar sameiginlega utanríkisstefnu sína og byggja upp úr Vestur-Evrópusambandinu eins konar hernaðararm þeirrar sameiginlegu Evrópustefnu Evrópubandalagsins. Það er ástæðan fyrir því að við stöndum nú hér í þessum sporum. Er einhver sérstök ástæða fyrir Íslendinga til þess að tengjast með þessum hætti ákvörðun Evrópubandalagsins um sameiginlega utanríkisstefnu og styrkleika hennar í nýju hernaðarbandalagi, nýju að því leyti til að eðli þess og verkefni tekur verulegum breytingum? Mitt svar hefur verið nei. Ég sé enga ástæðu til þess í ljósi þess sem fram hefur komið að slík ákvörðun sé tekin.

Sá sem mælti fyrir áliti meiri hluta utanrmn. hefur nokkuð haldið fram þeirri kenningu og sama hefur hæstv. utanrrh. gert að það sé nauðsynlegt fyrir Íslendinga vegna aðildarinnar NATO að vera aðili að Vestur-Evrópusambandinu vegna þess að innan Vestur-Evrópusambandsins muni fara fram samhæfing á stefnu Evrópuríkjanna innan NATO. Það er í sjálfu sér mjög merkileg kenning og ég hef nú lýst því yfir í utanrmn. og get endurtekið það hér, að ég efast um að það sé mikill fótur fyrir henni. En ef hún væri rétt, þá vekur það auðvitað upp mjög merkilega spurningar um það hvernig Atlantshafsbandalagið sé að breytast. Ég ætla í því sambandi að nefna eitt ríki sem aldrei hefur verið nefnt í þeirri umræðu og það er Kanada.

Nú vill svo til að ég og hv. þm. Björn Bjarnason störfuðum lengi saman í nefnd sem bar heitið Öryggismálanefnd. Það var að vísu eitt af fyrstu verkum þessarar ríkisstjórnar að leggja þá nefnd niður í einhverju sparnaðaræfafári sem greip forsrn. á fyrstu mánuðum tilvistar núv. forsrh. þó að sparnaðurinn væri aðallega fólginn í því að starfsmaður nefndarinnar var færður inn í forsrn. Áður en hv. þm. Björn Bjarnason tók sæti í þeirri nefnd, sæti sem fyrrv. forsrh. Geir Hallgrímsson hafði haft á sínum tíma í nefndinni, þá átti nefndin viðræður við ráðuneytisstjóra varnarmálaráðuneytisins í Kanada. Það voru mjög merkilegar viðræður. Í þeim kom fram að þeir hagsmunir sem Kanada taldi sig aðallega hafa af aðild að Atlantshafsbandalaginu var að verjast Bandaríkjunum. Það hljómaði í fyrstu nokkuð sérkennilega sem kenning en síðan kom útskýring ráðuneytisstjórans í varnarmálaráðuneytinu kanadíska á því sjónarmiði. Hún var á þessa leið: Kanadamenn telja öryggi sínu á engan hátt ógnað einu og sér, öryggi Kanada sé samofið öryggi Bandaríkjanna og það séu engar líkur á því að nokkurt ríki muni leggja til orrustu við Kanada án þess að leggja um leið til orrustu við Bandaríkin. Þess vegna þurfi Kanada í sjálfu sér ekki á neinni aðild að hernaðarbandalagi að halda til þess að tryggja öryggi sitt. Hins vegar sé hið stóra grannríki Kanada, Bandaríkin, mjög erfitt í sambúð og það þrengir mjög að Kanada á sviði alþjóðamála að búa í tvíbýli með Bandaríkjunum í þessum heimshluta. Þess vegna sé það nauðsynlegt fyrir Kanada innan NATO að geta átt bandamenn hinna ýmsu Evrópuríkja í því að knýja Bandaríkin til skoðanabreytinga og afstöðubreytinga af ýmsu tagi. Það var þess vegna alveg ljóst í þessum umræðum sem að vísu fóru fram fyrir nokkuð mörgum árum síðan að Kanada leitaði eftir því að fá hin ýmsu ríki Evrópu innan NATO til þess að mynda með sér bandalag gegn skoðunum Bandaríkjanna innan bandalagsins á hverjum tíma.

Á sama hátt á ég nú eftir að sjá ríkisstjórnir Breta í framtíðinni leita eftir nánu bandalagi við ríkisstjórnir Frakka sem hafa haft takmarkaðan áhuga á hernaðarsamvinnu innan Atlantshafsbandalagsins og hafa satt að segja meiri áhuga á því að koma sér upp sameiginlegum herafla með Þjóðverjum eins og atburðir sýna á síðustu missirum. Þá á ég eftir að sjá ríkisstjórn í Bretlandi leggja á það kapp að sameina fyrst sjónarmið sín með ríkjunum á meginlandi Evrópu áður en kemur að viðræðum við Bandaríkin um það hver afstaðan eigi að vera.

Mörg fleiri orð væri hægt að færa fram um þessa kenningu. Þetta er í raun og veru eina kenningin sem talsmenn þess að Íslendingar gerist aðilar að Vestur-Evrópubandalaginu hafa flutt fram. Það er alveg ljóst að öryggishagsmunir Íslands styrkjast ekki við aðild að Vestur-Evrópusambandinu. Það hefur verið viðurkennt af hæstv. utanrrh. Öryggishagsmunir Íslands styrkjast ekki. Það er alveg ljóst að önnur ríki Vestur-Evrópusambandsins skuldbinda sig ekki með neinum hætti til þess að grípa til aðgerða ef öryggi Íslands er ógnað, ekki með neinum hætti. Það er engin skuldbinding af hálfu hinna fullgildu aðildarríkja Vestur-Evrópusambandsins að grípa til neinna aðgerða til að koma Íslandi til bjargar ef á það kynni að verða ráðist. Að því leyti er Vestur-Evrópusambandið allmiklu óðruvísi en NATO. Þess vegna hafa ekki verið færð fram af hálfu talsmanna þessa máls rök fyrir því að af öryggisástæðum þurfi Íslendingar að gerast aðil-

ar að þessu bandalagi. Einu rökin eru þau að Ísland megi ekki einangrast frá þeirri pólitísku umræðu sem fram fer á þessum vettvangi. En það hlýtur, virðulegi forseti, fyrst og fremst að vera sú pólitíska umræða sem snýr að sameiginlegri þróun sameiginlegrar utanríkisstefnu Evrópubandalagsins. Það er miklu líklegra að verða meginviðfangsefni þessa bandalags heldur en eitthvert samráð innan Atlantshafsbandalagsins. Og ég tel þess vegna, þegar umbúðirnar eru teknar utan af þessum málflutningi, að með þessari aðgerð sé fyrst og fremst verið að tengja Íslendinga inn í sameiginlega utanríkisstefnu Evróubandalagsins á þann hátt að Íslendingar geti setið við það borð þar sem hernaðarumræðan um þá utanríkisstefnu fer fram. Og það er nú satt að segja dálítið fáránlegt að það ríki í Vestur-Evrópu sem hefur engan her eigi einmitt að sitja við það borð innan Evrópubandalagsins þar sem hermálin eru rædd á grundvelli hinnar sameiginlegu utanríkisstefnu.

Ég held þess vegna, virðulegi forseti, að þetta mál sé ekki mjög mikið hugsað og mér finnst satt að segja að sú skýrsla sem verður rædd hérna seinna í dag að því leyti sem hún víkur að þessu Vestur-Evrópusambandi vera í mjög miklu skötulíki hvað það snertir að reyna að færa einhver sannfærandi rök fyrir því að þetta sé nauðsynjamál. Það er það á engan hátt. Enda kemur það í ljós, virðulegi forseti, að samstaðan um þetta mál nær ekki út fyrir raðir stjórnarflokkanna og ég vil nú spyrja hv. þm. Björn Bjarnason, sem situr hér einn til andsvara af hálfu ríkisstjórnarflokkanna í þessu máli: Finnst honum það skynsamlegt einmitt á þessum tímum sem hér hafa verið nefndir, að þá skuli það gerast í fyrsta sinn í sögu íslenska lýðveldisins að það myndast þröngur meiri hluti fyrir afgerandi aðgerð í utanríkismálum eins og þetta er? Það er alveg ljóst að í þeirri atkvæðagreiðslu sem hér mun fara fram mun birtast þrengsti meiri hluti sem fram hefur komið í nokkurri meiri háttar ákvörðun Íslendinga í utanríkismálum. Varðandi aðildina að Atlantshafsbandalaginu var breiðari meiri hluti. Varðandi inngönguna í EFTA var breiðari meiri hluti. Við afgreiðslu EES-samningsins reyndist vera breiðari grundvöllur fyrir þeim samningi eins og fram kom í atkvæðagreiðslu hér í vetur. En það stefnir allt í það að í þessari atkvæðagreiðslu verði það bara fótgönguliðar ríkisstjórnarflokkanna sem af flokkslegri hollustu styðja þetta mál. Framsfl., Kvennalistinn og Alþb. gera það ekki. Mér finnst þess vegna sá þáttur málsins líka vera með þeim hætti að hann setji mikil spurningarmerki við það hvort hér sé skynsamlega á málum haldið af hálfu ríksstjórnarinnar. Ég er með þá kenningu að hæstv. utanrrh. hafi tekið þetta mál upp þegar hann var staddur á því þrepi á þróunarferli sínum sem ég hef stundum kallað í léttum dúr inngönguæðið. Það var hér í fyrra að það mátti ekki birtast nein samtök í okkar heimshluta að hæstv. utanrrh. vildi ekki ganga í þau. Og hann meira að segja setti á töluverðar flugeldasýningar til þess að mótmæla því að hann fengi ekki að komast í baltíska ráðið. Það komu varla saman menn hér í vesturhluta álfunnar á þeim missirum og stofnuðu einhvers konar samtök að hæstv. utanrrh. vildi ekki vera þar. Svona menn eru kallaðir á ensku máli joiners sem ganga yfirleitt í alla klúbba sem þeim er boðið að ganga í og það verður aðalatriði verknaðarins að vera meðlimur. Undirbúningurinn var lítill. Mér er kunnugt um það að innan stjórnarflokkanna fór ekki fram ítarleg umræða um þetta. Málið var ekki rætt ítarlega í þingflokki Sjálfstfl. áður en þetta var ákveðið. Það hefur verið upplýst. Það hefur líka verið upplýst að það var ekki mikil umræða um málið í þingflokki Alþfl., það var engin umræða um málið í utanrmn. áður en ríkisstjórnin tók sína ákvörðun og það fór engin formleg umræða fram hér í þinginu.

Virðulegi utanrrh. Ég gerði við það athugasemd hér áðan að mér fannst ekki við hæfi að láta þessa umræðu fara hér fram þannig að ráðherrann væri ekki viðstaddur, en ég nenni nú hins vegar ekki að fara að endurtaka hluti sem ég var ekki með áðan í minni ræðu en vil þó segja það að lokum og benda hæstv. utanrrh. á það að líklega mun það gerast við afgreiðslu þessa máls að hér mun birtast þrengsti meiri hluti sem nokkru sinni hefur birst við afgreiðslu á aðild Íslands að alþjóðlegum samtökum og það held ég að sýni dálítið hvað málið er hæpið og hvað það er illa unnið.

Í upphafi máls míns, og ég get látið það vera mín lokaorð líka, lét ég í ljósi þá ósk að þeir menn sem m.a. eru forustumenn stjórnarflokkanna sem hafa tekið undir það sem ég hef sagt á undanförnum vikum að það þyrfti að eiga sér stað umræða milli flokkanna í landinu um utanríkisstefnu framtíðarinnar, láti það ekki henda sig aftur að vinna að málum með þeim hætti eins og gerðist í þessu máli. Vinnubrögðin í þessu máli eru á engan hátt samboðin veigamiklu utanríkismáli af því tagi sem hér er verið að afgreiða.

Ég vil svo að lokum taka undir þau sjónarmið sem fram komu í ræðu frsm. minni hlutans, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, sem flutti mál sitt fyrir hönd okkar fulltrúa Framsfl., Alþb. og Kvennalista sem utanrmn. eru.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að það sé dregin upp röng mynd af þessu máli þegar sagt er að það hafi ekki verið ítarlega rætt og menn hafi ekki skipst á skoðunum um það. Það hafa menn gert um nokkurt árabil mundi ég segja því að þetta mál hefur verið á dagskrá og hugmynd um það að Ísland gerðist aðili að þessum samtökum hefur verið á dagskrá um nokkurt skeið þannig að það er nú ekki rétt. Það hefur einnig verið rætt innan flokka. Það hefur verið rætt í Sjálfstfl. að sjálfsögðu og það var ályktað um það í flokksráði Sjálfstfl. síðasta haust að Ísland ætti að gerast aðili að þessum samtökum.

Varðandi spurninguna um hina víðtæku fylkingu sem stæði að baki þessu á pólitískum vettvangi, þá á það náttúrlega eftir að koma í ljós í þingsalnum hvernig atkvæði falla hér, en fyrir frumkvæði fulltrúa Kvennalistans var leitað álits Samtaka herstöðvaandstæðinga í utanrmn. og einnig frá Samtökum um vestræna samvinnu, Varðberg. Til nefndarinnar kom álykt-

un Varðbergs og mér finnst rétt að láta þess getið að í stjórn Varðbergs sem gerði þessa ályktun sitja fulltrúar Framsfl., Sjálfstfl. og Alþfl. þannig að það kunna þá að vera einhver kynslóðaskipti í Framsfl. sem valda því að yngri menn styðja þetta mál en ekki hinir eldri. Ég get ekki svarað um það en ef litið er á þessi samtök sem eru samtök áhugamanna um þátttöku Íslands í vestrænu samstarfi, þá var ekki ágreiningur um þetta mál í þeirri stjórn sem ályktaði á þann veg sem við fengum vitneskju um í utanrmn.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má vel vera að einhverjir „esóterískir" áhugamenn um utanríkismál í Sjálfstfl. hafi rætt þetta mál á undanförnum árum. Það þekki ég ekki. En það er hins vegar staðreynd sem ekki hefur verið mótmælt hér í þinginu að aðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu hafði ekki verið rædd í þingflokki Sjálfstfl. áður en ríkisstjórnin hafði tekið sína ákvörðun. Það var upplýst hér á sínum tíma. Og það var líka ljóst að umræða hafði ekki farið fram í utanrmn. í aðdraganda þess að ríkisstjórnin tók sína ákvörðun. Málið kom til utanrmn. þannig að ríkisstjórnin hafði tekið sína ákvörðun og málið var ekki rætt hér í þinginu í aðdraganda þess. Það var það sem ég sagði áðan að hvorki formlega í þingflokki Sjálfstfl., í utanrmn. né hér í þinginu var málið rætt með formlegum hætti áður en ríkisstjórnin tók sína ákvörðun. Mér er hins vegar ljóst að málið hefur verið rætt síðan, en þá lá bara fyrir að ríkisstjórnin hafði mótað sína stefnu.

Hvað líður einhverjum ungum mönnum í Framsfl. sem hafa verið plataðir til þess í stjórn Varðbergs að styðja inngönguna í Vestur-Evrópusambandið, þá er svo langt síðan ég var kunnugur í þeim herbúðum að ég á mjög bágt með að upplýsa það mál eitthvað. En ég þekkti það þó frá fyrri tíð að það voru ýmsir ungir menn í Framsfl. í stjórn Varðbergs á sínum tíma, en þeir voru nú frekar áhrifalitlir í flokknum og ef það er nú eini anginn að hugsanlegum stuðningi við þetta mál út fyrir þröngan hring Alþfl. og Sjálfstfl. að það finnist einhver ungur framsóknarmaður í stjórn Varðbergs, það er það eina sem hér er tínt til til þess að sýna það að það séu þó einhverjir til aðrir en þeir sem sitja hér á ríkisstjórnarbekkjunum sem styðja málið, þá finnst mér það sanna það sem ég sagði áðan að hér er að myndast einhver þrengsta afgreiðsla meiri háttar utanríkismáls sem menn hafa séð sögu lýðveldisins.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Síðast þegar þetta mál var á dagskrá, þá vorum við hv. 8. þm. Reykn. meira sammála um stöðu Íslands á alþjóðavettvangi en nú, enda er hann ekki að ræða um það. Hann er að ræða um einhver forms- og aukaatriði varðandi málsmeðferð þessa máls á vettvangi stjórnmálaflokkanna sem auðvitað er þeirra mál hvernig þeir standa að slíkum afgreiðslum og snertir ekki efni þessa máls sem er auðvitað aðalatriðið.

Varðandi það að gera lítið úr þeim sem stóðu að þessari samþykkt og beðið var um að fá álit frá í utanrmn. þá finnst mér það alveg fráleitt að tala þannig um umsagnaraðila nefndairnnar en gera síðan lítið úr því þegar nefndin hefur fengið þeirra skoðanir og fara þá að lítillækka það fólk með þeim hætti sem hv. ræðumaður gerði, það finnst mér ekki sæma.

Þetta mál er þannig vaxið að við skulum ræða efni þess og þegar það var hér til fyrri umræðu, þá vorum við hv. þm. að verulegu leyti sammála. Hann talaði um að þetta væri lítill angi af miklu stærra máli og við erum sammála um það. Það voru ákveðnar tímasetningar sem íslenska ríkisstjórnin þurfti að bregðast við. Hún gerði það. Málið hafði verið rætt hér í þinginu. Í einni fyrstu ræðu sem ég flutti hér í þinginu, þá vakti ég máls á þessu og sætti ákúrum fyrir þannig að málið hafði verið rætt hér á þessum vettvangi og víðar áður en ríkisstjórnin tók sína ákvörðun. Og þetta finnst mér aukaatriði. Aðalatriðið er það sem var hér og einkenndi umræðuna 6. apríl þegar við hv. 8. þm. Reykn. vorum að meginatriði sammála um efni þessa mikla máls og þurfum þess vegna núna að setja á deilur um aukaatriði til þess að reyna kannski að slá ryki í augu einhverra sem fylgjast með þessum umræðum.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hann er greinilega mikilvægur þessi ungi framsóknarmaður í stjórn Varðbergs sem stóð að þessari ályktun þannig að það er nú kannski rétt fyrir þá sem eru í forustu Framsfl. að kynna sér það hver er þessi höfuðsnillingur sem hv. þm. Björn Bjarnason gerir nú að sínu aðalhaldreipi þegar hann er að reyna að sýna fram á að það finnist einhverjir menn sem styðja þetta mál fyrir utan þingmenn stjórnarflokkanna. Hins vegar hafa þeir almennt ekki verið mjög hátt skrifaðir í sögu Framsfl. sem hafa setið í stjórn Varðbergs. Það er staðreynd.

Hv. þm. vék að þeim umræðum sem fóru fram fyrir páska og það er auðvitað alveg rétt að gera það, ekki hægt að gera það hér í andsvari. Vandinn í framhaldi af þeim umræðum og í þessu máli og í umræðum sem við munum koma að hér síðar í dag er spurningin um það hvort þeir sem eru í forustu fyrir ríkisstjórnarflokkunum eru tilbúnir til þess að setjast niður með okkur hinum með opnum huga, og ræða „objektivt" hvað hefur breyst í heiminum og reyna að draga ályktanir af því. Við vitum það báðir ég og hv. þm. að ástæðan fyrir því að við erum að ræða þetta mál hér í dag er að Evrópubandalagið ákvað í Maastricht að koma sér upp hernaðararmi sinnar sameinuðu utanríkisstefnu. Ef Evrópubandalagið hefði ekki ákveðið það í Maastricht þá færi þessi umræða ekki fram hér í dag. Það vitum við báðir. Það er tilefni þess að þessi umræða fer fram. Það má vel vera að hv. þm. hafi talið það lengi að Ísland ætti að gerast aðili að Vestur-Evrópusambandinu en það var bara ekkert opnað á þann möguleika fyrr en Evrópubandalagið samþykkti í Maastricht að breyta þessari þyrnirós sem sofið hafði nærri í hálfa öld í hinn nýja hernaðararm sameiginlegrar utanríkisstefnu Evrópubandalagsins. Við eigum

ekki að láta Evrópubandalagið taka ákvarðanir um það hvað Ísland gerir í utanríkismálum.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér er ekki kunnugt um að Framsfl. sem slíkur eigi einhvern fulltrúa í stjórn Varðbergs. Ég veit satt að segja ekki hverjir skipa þá stjórn og hef ekki haft fyrir að gá að því. Það getur vel verið að þar sé einhver sem er flokksbundinn Framsfl. en hann er þar ekki valinn af Framsfl. eða sem fulltrúi hans á nokkurn hátt. Ég veit sem sagt ekki hverjir skipa þessa stjórn og ég hef ekki orðið var við að Framsfl. hafi kosið mann til starfa í þeirri nefnd.

Það er rétt sem hér hefur komið fram að ofurlítið hafði hugsanleg aðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu verið nefnd á Íslandi áður en ríkisstjórnin tók sína ákvörðun. Ég minnist þess að hv. 3. þm. Reykv. hafði haft orð á þessu. Ég las eftir hann blaðagrein um málið sem mér fannst athyglisverð þótt ég væri ekki sammála henni. Ekki man ég hvort hann var þá orðinn alþingismaður eða hvort hann var enn þá ritstjóri á Morgunblaðinu eða ritstjórnarfulltrúi eða hver sem sá starfstitill var, hann var örugglega ekki orðinn formaður utanrmn. þegar hann skrifaði þá grein. Ég leit nú fremur á þetta svona sem rödd hrópandans í eyðimörkinni fremur en að þetta væri eitthvað sem væri að dynja á. Það er auðvitað alveg rétt að þetta er, eins og hv. 8. þm. Reykn. sagði hér rátt áðan, þröng afgreiðsla. Ríkisstjórnin leitaði engrar samvinnu um þessa ákvörðun sína og ríkisstjórnin hefur ekki leitað neinnar samvinnu við stjórnarandstöðuflokkana það ég veit um ákvarðanir í utanríkismálum. Þeir taka sínar ákvarðanir án þess að spyrja okkur. Sem dæmi um hvernig unnið er var einn liður í því að leggja niður öryggismálanefndina sem starfað hafði um allmargra ára skeið og átti að tryggja pólitíska samstöðu eða pólitískan vettvang til umræðna um öryggismál. Þessi nefnd var lögð niður. Þess í stað skipaði forsrh., ég veit ekki hvað hann er kallaður, hermálafulltrúi eða hvað það nú er, í forsrn. Ég nálgast þetta ekki frá sama sjónarhorni og hv. 8. þm. Reykn. því mér finnst hann sakni þess að ríkisstjórnin tali ekki við sig. Ég sakna þess út af fyrir sig ekkert. Ríkisstjórnin markar sína utanríkismálastefnu eins og henni sýnist en ég er hins vegar ekki sammála henni.

Ég þarf ekki miklu við að bæta það sem frsm. minni hluta utanrmn., Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sagði hér áðan. Hún gerði prýðilega grein fyrir áliti okkar sem skipum minni hluta utanrmn. og ég ætla heldur ekkert að fara að endurtaka það sem ég sagði hér við fyrri umræðu málsins. Ég vil bara láta það koma fram að meðferð málsins í nefndinni hefur ekki breytt í neinu afstöðu minni né þær umræður og upplýsingar sem þar hafa komið fram. Ég er enn þeirrar skoðunar að þessi aukaaðild sé mistök og þessi aukaaðild getur orðið okkur skaðlegt. Það er alveg tryggt að hún bætir á engan hátt stöðu Íslands, hún tryggir í engu öryggishagsmuni Íslands, hún kostar okkur einhverja fjármuni, enginn veit hve mikla, en einhverja fjármuni kostar þetta. Þar er ekki sparseminni fyrir að fara í þessum þætti, þó hæstv. ríkisstjórn gumi mikið af aðhaldi sínu í útgjöldum þá er þessi þáttur undantekinn. Aukaaðildin getur skapað okkur hættu á að dragast inn í hernaðarátök og þessi aðild veikir NATO ef nokkuð er.

Hæstv. ríkisstjórn hefur tvö pólitísk meginmarkmið og um það snúast gerðir hennar að uppfylla þau. Það er í fyrsta lagi að hlynna að þeim sem hún hefur velþóknun á, þ.e. gæðingunum, ekki hinum breiða fjölda sem hefur komið þeim til valda, heldur þeim sem hafa verið þar fremstir í flokki og lagt mest á sig til að koma þeim í þá aðstöðu sem þeir eru núna. Þetta er fyrra markmiðið og hæstv. ríkisstjórn hefur orðið býsna vel ágengt við þetta verkefni sitt. Þetta er undirrótin að einkavæðingunni, þetta er undirrótin að fjölmörgum gerðum ríkisstjórnarinnar og einstakra ráðherra á undanförnum tveimur árum. Ég ætla nú ekki að fara að nefna nýjustu dæmin. Við ræddum þau í fyrri viku.

Annað meginmarkmiðið er að tengja okkur sem nánast Evrópubandalaginu, koma okkur í sem föstust tengsl við það bandalag. Þetta er skref í þá átt. Nú erum við að verða aukaaðilar að hernaðararmi Evrópubandalagsins.

Ég vil að síðustu, frú forseti, láta það koma fram að ég tel að hér sé ekki um friðarbandalag að ræða. Ég hef reyndar aldrei notað það orð um NATO heldur.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við 1. umr. þessa máls lýsti ég mínum sjónarmiðum í sambandi við þá tillögu sem hér liggur fyrir og andstöðu minni við að þetta skref sé stigið sem hér er gert ráð fyrir. Ég tel að ekkert hafi komið fram síðan og ekki við þessar umræður heldur sem rökstyður það með neinum viðhlítandi hætti að hér sé skynsamlega ráðið að tengja Ísland með aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu. Ég tel í raun að þögnin um þau rök eða hversu veikburða þau eru sem fram eru borin af tillögumönnum tali sínu máli. Ekki hefur heldur verið upplýst í þessari umræðu og eftir umfjöllun í utanrmn. hvaða kostnaður er samfara þessu fyrir Íslands hönd. Eitt af þeim atriðum sem rætt var hér í nóvembermánuði sl., þegar hæstv. utanrrh. stiklaði á upphæðum allt frá 0 og upp í 280 millj. kr. og vissi ekkert hvað upp sneri. Það er svo að sjá sem utanrmn. hafi ekki heldur tekist að varpa ljósi á þennan þátt málsins þó að hann sé auðvitað ekki meginmál í þessu samhengi á meðan ekki er um fjallháar upphæðir að ræða sem ég geri ekki ráð fyrir að séu þarna eins og málið er vaxið nú. En um þetta vitum við raunar sáralítið. Bakgrunnur þessa máls er auðvitað sá að Evrópubandalagið er að þróast í átt að ríkisheild með öllu því sem tilheyrir. Er að móta sér sína öryggismálastefnu, er að koma upp sínu hernaðarbandalagi sem stórveldi og það er þessu bandalagi sem okkur er ætlað að tengjast með aukaaðild. Ég tel það afar hættulegt fyrir íslenska hagsmuni að ganga inn í þetta samstarf sem þarna er um að ræða m.a. vegna þess að það mun styrkja þá aðila sem sækja í það leynt og ljóst að Ísland verði hluti af Evrópubandalaginu í framtíðinni.

Þeir þræðir sem spunnir verða í gegnum aðild að Vestur-Evrópusambandinu kunna að reynast drjúgir þeim öflum hér á landi sem erlendis sem vilja sjá Ísland inni í þessu samhengi. Og það fer auðvitað ekkert milli mála að aðilar sem eru að skoða málin út frá stórveldishagsmunum Evrópubandalagsins, hagsmunum þess sem verðandi Evrópustórveldis og ríkisheild, horfa til Íslands ekkert síður en Bandaríkin sem útvarðsstöðvar í sambandi við sína öryggis- og hernaðarhagsmuni. Það er gegn slíku sem við eigum að verjast, gegn slíkum sjónarmiðum, og halda okkur utan hernaðarbandalaga um leið og við eigum að hverfa úr NATO við fyrstu hentugleika þá eigum við síst af öllu að fara að tengjast öðru hernaðarbandalagi eins og hér er gert ráð fyrir.

Í skýrslu hæstv. utanrrh. á síðasta ári var varpað nokkru ljósi á það hvaða augum hann liti aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu á þeim tíma. Hæstv. ráðherra sagði þá, með leyfi forseta, eftir að rakið hafði verið hvað væri að gerast innan Evrópubandalagsins og það er í rauninni samhljóða því sem ég er hér að tala um, þróun þess í áttina að ríkisheild í framhaldi af Maastricht-samningnum, en þá segir hæstv. utanrrh. í skýrslu sinni til Alþingis 1992:

„Það mál leiða líkur að því að eftir því sem ákvæðum Maastricht-samkomulagsins verður hrint í framkvæmd muni Evrópubandalagið í auknum mæli koma fram með samræmda afstöðu til mála á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Í því felst í reynd að það verður nánast ókleift að reka Atlantshafsbandalagið sem stofnun sextán jafnréttháttra ríkja. Þungavigt þess samráðs og samstarfs sem fram fer á vettvangi bandalagsins færist yfir á Evrópubandalagið annars vegar og Bandaríkin hins vegar."

Hér er í raun verið að viðurkenna að það séu stórveldin beggja vegna Atlantshafsins sem verði átakapunktarnir eða pólarnir í þessu samstarfi. Hvernig það samstarf síðan þróast og hvort það heldur um það er auðvitað mikil óvissa og margt sem bendir til þess að þessir þræðir kunni að rofna og NATO í þeirri mynd sem verið hefur verði þar með úr sögunni.

Hæstv. utanrrh. virðist vera búinn að gera það upp við sig hvert beri að halda ef svo fer. Hann segir í skýrslu sinni 1992, með leyfi forseta:

„Aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu mundi ekki einungis vega upp á móti breytingum á stöðu landsins vegna breyttra starfshátta Atlantshafsbandalagsins heldur einnig tengja Ísland Evrópusamstarfinu á sviði öryggis- og varnarmála með hliðstæðum hætti og EES gerir á sviði utanríkisviðskiptamála."

Er ekki auðvelt að leggja hér saman tvo og tvo úr þessum málflutningi? Hann er ekkert annar en sá að með breytingum sem eru að verða á innviðum Atlantshafsbandalagsins og hugsanlegri upplausn þess bandalags telur hæstv. ráðherra að okkur beri að leggja spilin saman með Evrópustórveldinu í samstarfi á sviði öryggis- og varnarmála með hliðstæðum hætti og gert er á sviði utanríkisviðskiptamála innan EES.

Á þessu vildi ég vekja athygli. Ég tel að þetta sé í rauninni meginmál í sambandi við þá tillögu sem hér liggur fyrir að hér er verið að taka stefnu á hernaðarbandalag sem kann að taka við af Atlantshafsbandalaginu áður en langur tími líður og margt sem bendir til þess og þar eigi andstæður eftir að þróast þannig á viðskiptasviði að það muni einnig kalla fram andstæður á sviði öryggis- og hernaðarmála með auðvitað miklum breytingum sem af því hljótast. Ég tek undir það sem fram kemur í nál. minni hluta utanrmn. í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Ég vek athygli á því að það er sérstaklega tilfært að það þjóni ekki hagsmunum Íslendinga að gerast aukaaðilar að Vestur-Evrópusambandinu. Þetta verður, segir í álitinu með leyfi forseta: „Þetta verður enn augljósara þegar haft er í huga að Vestur-Evrópusambandið hefur þá afstöðu til kjarnavopna að þau séu óhjákvæmileg til að tryggja öryggi og frið í Evrópu."

Það er rétt, þetta er sjónarmið innan Vestur-Evrópusambandsins en hvernig liggja málin hjá Atlantshafsbandalaginu? Liggja þau eitthvað öðruvísi hjá Atlantshafsbandalaginu að því er varðar kjarnorkuvopnin? Ónei. Í stofnskrá Atlantshafsbandalagsins og í stefnu þess sem ítrekuð hefur verið nú á undanförnum missirum kemur það alveg skýrt fram að Atlantshafsbandalagið heldur í þann rétt og þá stefnu að geta beitt kjarnorkuvopnum að fyrra bragði. Nákvæmlega sama atriði og hér er verið að gagnrýna með réttu af minni hluta utanrmn. Þetta held ég að menn ættu að hafa í huga einnig í ljósi þeirrar umræðu sem fram hefur farið að undanförnu að því er varðar eðli Atlantshafsbandalagsins sem er enn þá hernaðarbandalag stórvelda þó að mótsagnirnar innbyrðis milli þeirra stórvelda sem eru burðarásinn í þessu bandalagi kunni að leiða til þess að það lognist úr af og það væri vel ef svo yrði. En áður en það gerðist ættu Íslendingar að vera búnir að kveðja þann vettvang þar er ekki eftir neinu að bíða. En þá eigum við heldur ekki að flækja okkur inn í nýju hernaðarbandalagi af þeim toga sem hér er lagt til.

Útbýting þingskjals:

Evrópskt efnahagssvæði, 440. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 1020.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að lýsa yfir algjörri andstöðu minni við aðild eða aukaaðild, hvort sem heldur er, okkar Íslendinga að þessu svokallaða Vestur-Evrópusambandi. Ég get með engu móti komið auga á hvaða gagnsemi það hefur í för með sér fyrir okkur og hvaða ástæða er yfir höfuð til þess að vera að troða okkur inn í þetta aukahernaðarbandalag ef svo má að orði komast sem stórveldin og hernaðarblokkin innan Evrópubandalagsins hefur verið að reyna að blása lífi í á undanförnum missirum.

Í fyrsta lagi er auðvitað nauðsynlegt að átelja málsmeðferðina, eins og reyndar hefur rækilega verið gert, bæði af framsögumanni minni hluta við þessa umræðu og áður, sem hæstv. ríkisstjórn hefur viðhaft í þessu sambandi. Það eru auðvitað engin rök og engin frambærileg svör af hálfu ríkisstjórnarinnar eða talsmanna

hennar hér eins og hv. formaður utanrmn. var að burðast við áðan að við Íslendingar höfum verið settir upp við vegg og orðið að svara á einhverjum tilteknum dagsetningum. Það er alls ekki boðleg málsflutningsástæða í máli af þessu tagi. Ef menn fá ekki þann tíma sem þeir telja sig þurfa til eðlilegs samráðs og eðlilegrar lýðræðislegrar ákvarðanatöku í sínu stjórnkerfi þá á ósköp einfaldlega að gera mönnum aðvart um það og það ræðst þá hvaða afleiðingar það hefur. Það er auðvitað enn til minnkunar hv. stjórnarliðum að bera málið þannig fram að við Íslendingar höfum verið upp við vegg og orðið að hrökkva eða stökkva. Ekki vex virðing mín fyrir málatilbúnaði hæstv. ríkisstjórnar í þessu sambandi að heyra slík svör eins og hér komu áðan frá hv. þm. Birni Bjarnasyni. (**Forseti:** Forseti vill vekja á því athygli að hugmyndin var að upp úr klukkan hálffimm hæfist umræða um skýrslu um öryggis- og varnarmál. Forseti vill benda hv. þm. á að tveir möguleikar eru fyrir hendi, að hv. þm. fresti ræðu sinni fljótlega eða stytti mál sitt mjög og fel ég hv. þm. það í hendur að ákveða hvort hann gerir. Hugmyndin var að umræðu um skýrsluna lyki um klukkan sjö.) Forseti segir ræðumanni fréttir og ég spyr nú að því, til hvers er verið að gefa manni orðið hér ef maður er stoppaður af eftir eina og hálfa mínútu og sagt að nú hafi verið meiningin að hefja aðra umræðu. Ég kann satt best að segja ekki mjög vel við svona stjórn. Ég ætla að tala eins og mér sýnist í þessu máli og hef heilmikið að segja og stytti ekki mál mitt af þeim sökum þó mér séu færðar í ræðustólinn þær fréttir að það hafi staðið til að hefja umræðu um annað mál um það leyti sem mér er gefið orðið. Ég spyr nú bara aftur, hæstv. forseti, til hvers er verið að þessu? (**Forseti:** Forseti getur fullvissað hv. þm. um að það var búið að tilkynna um þessa umræðu fyrr í dag. (**Gripið fram í:** Var það ekki klukkan fimm?) Forseta hefur borist miði þar sem talað er um að þessi umræða hefjist upp úr 16.30. En það má vel leysa málið á þann veg að umræðan hefjist þá ekki fyrr en um klukkan 17 og þá bið ég hv. þm. að halda ræðu sinni áfram. Um það hafði verið samið.) Ég er að sjálfsögðu tilbúinn til að fresta máli mínu, hæstv. forseti, ef eftir því er leitað. Það er að sjálfsögðu velkomið af minni hálfu. Mér er ekkert kappsmál að halda þessa ræðu nákvæmlega núna, það má eins vera síðar á þessum sólarhring eða hvenær sem tími verður tekinn til þess á sólarhringnum, þannig að ég bið hæstv. forseta einfaldlega að gera mér aðvart ef forseti óskar eftir því að ég geri hlé á ræðu minni, en ég get haldið áfram á meðan forseti óskar þess. En það er rétt að taka það fram að ég ætla að tala eins og efnið býður upp á og ég hef þörf til en ekki afmarka ræðutíma minn af einhverju öðru. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa eftir að hafa rætt við málshefjanda um skýrslu um öryggis- og varnarmál, að hann segir að það hafi verið talað um að þessi umræða gæti haldið áfram allt að því til klukkan fimm og bið ég því hv. þm. afsökunar þar sem hér ber ekki alveg saman, en sem sagt ég bið hv. þm. að halda áfram ræðu sinni.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir það, þá er málið vonandi komið á hreint.

Hæstv. forseti. Ég var í upphafi máls míns að taka undir þau mótmæli sem fram hafa komið bæði í nál. minni hlutans og eins í umræðum um þetta mál varðandi vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar og hafna með öllu þeim rökum að okkur Íslendingum hafi borið einhver nauðsyn til að hrökkva eða stökkva eins og okkur hafi verið stillt upp við vegg í þessu sambandi og taka um það ekki minni ákvörðun en þá hvort við gerumst aðilar að þessu hernaðarbandalagi eða ekki, undir þá einhverri tímapressu og ef skilja mátti orð hv. formanns utanrmn., Björns Bjarnasonar, þannig áðan að þetta réttlætti það að hunsa lögbundið samráð t.d. við utanrmn. Alþingis þá er ég algjörlega mótfallinn slíkum málflutningi, tel hann ekki sæmandi. (**BBj:** Þetta er misskilningur.) Staðreyndin er sú að ríkisstjórnin meira og minna skáskaut sér með þetta mál bakdyramegin og laumaðist til þess að ákveða aukaaðild að þessu hernaðarbandalagi án þess að uppfylla svo mikið sem lögbundna samráðsskyldu t.d. við utanrmn. Þetta liggur fyrir. Það er meira og minna farið aftan að þessum hlutum öllum. (**JBH:** Nei.) (**BBj:** Þetta er áreiðanlega misskilningur.) (Forseti hringir.) Þetta er enginn misskilningur, hv. framsíkallendur, þetta liggur fyrir. Menn geta gefið öllu nafn, einhverri blaðagrein eftir hv. þm. Björn Bjarnason eða einni setningu í ræðu, að þar með hafi farið fram umræður um þetta og málið hafi verið kynnt. Þó að menn líti stórt á sig og ég efa ekki að hv. þm. Björn Bjarnason geri það, en með fullri virðingu fyrir greinaskrifum hans eða ræðum þá jafngildir það ekki þessu samráði sem lögin hafa gert ráð fyrir að væru um svona meiri háttar utanríkismálefni. Það er nú ekki svo.

Ég tel þetta auðvitað, hæstv. forseti, einhverja örgustu tímaskekkju sem lengi hefur borið að í íslenskum stjórnmálum að fara að troða Íslendingum inn í Vestur-Evrópubandalagið nú um þessar mundir. Íslendingum, vopnlausri smáþjóð, einmitt við þær aðstæður að heldur friðvænlegar horfir í heiminum, annað meginhernaðarbandalagið er liðið undir lok og hitt á í tilvistarkreppu og er að flandra fram og til baka um heiminn að reyna að leita sér að einhverjum nýjum verkefnum, rétt eins og fyrirtæki sem vantar verkefni eða stofnun sem þarf að fara í leiðangur til að réttlæta tilvist sjálfrar sín. Og er nú skaði að Parkinson heitinn skuli vera dauður því hann hefði örugglega getað gerst ráðgjafi hjá NATO við það að finna því tilgang, hann var sérfróður í því að kryfja það til mergjar hvernig stofnanir og fyrirtæki leitast ævinlega við að réttlæta tilvist sjálfs sín og helst auka umfang sitt reglubundið eitthvað á hverju ári. Auðvitað er þetta nákvæmlega eins með NATO.

Vestur-Evrópusambandið er, eins og margoft hefur komið fram eða hefur a.m.k. verið hugsað, að verða einhvers konar hernaðararmur Evrópubandalagsins. Þess gætir auðvitað æ meira í alþjóðasamskiptum að Evrópubandalagsríkin komi fram sem blokk. Til að mynda hefur það gerst á síðustu árum að einn ráðherra hefur tekið til við að tala fyrir hönd allra Evrópubandalagsríkjanna víða á alþjóðavettvangi. Þannig er t.d. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna núna bæði í

nefndum og jafnvel á allsherjarþinginu þegar sá utanrrh. talar sem fer með forustu fyrir Evrópubandalaginu það missirið, þá er sagt að hann tali fyrir hönd ríkjanna tólf og þar með er verið að reyna að gefa þessu sífellt meira þann blæ að hér sé á ferðinni ríkjasamsteypa eða ríki sem tali einum rómi. Það er auðvitað ætlun þeirra sem lengst vilja ganga í samrunanum innan Evrópubandalagsins að samræma einnig hernaðarstefnuna. Gegn því er hins vegar mikil andstaða eins og kunnugt er. Þar á meðal eru til að mynda Evrópubandalagsþjóðir sem alls ekki vilja taka þátt í hernaðarsamstarfinu innan Vestur-Evrópusambandsins og má þar nefna Íra, sem reyna að halda í sitt hlutleysi eins og kunnugt er, og frændur okkar Dani. Mér finnst það merkilegt að hér hefur sáralítið verið fjallað um þá staðreynd að sú Norðurlandaþjóðanna sem þó er í Evrópubandalaginu, neitar að taka þátt í hernaðarsamstarfinu innan Vestur-Evrópusambandsins og hefur ákveðið að gera það ekki, ef ég veit rétt. Það finnast mér vera enn frekari rök fyrir því að við Íslendingar séum ekki að þvæla okkur inn í þetta enda í raun og veru fráleitt og hér hafa engin efnisleg rök komið fram sem réttlæta það eða rökstyðja að við Íslendingar höfum af því eitthvert gagn, einhverjar hagsbætur. Og hverjar ættu þær að vera fyrir vopnlausa smáþjóð annað en að hafa af þessu einhvern kostnað og að það fái einhverjir fínir karlar að fara þarna út og sitja á fínum fundum og fara í fínar veislur og vera meðlimir í þessum klúbbi, að vísu aukameðlimir. Þeir fái að sitja á aftari bekkjunum eins og prúðir og stilltir smásveinar. Auðvitað er þetta það sem þetta meira og minna snýst um að það eru einhverjir hégómlegir menn sem langar til að vera gjaldgengir í þessum klúbbi og skyldi það nú ekki vera svo að þeir gætu sjálfir hugsað sér að verða sendifulltrúarnir eða sækja þessa fundi og ráðstefnur, t.d. hv. þm. Björn Bjarnason? Ég býst við, að hann sem er alvanur ferðalögum á slíkar samkundur og hefur t.d. valið sér að ferðafélaga og nýlega farið á fund Bildenberg-samtakanna með ekki ófínni förunaut en hæstv. iðn.- og viðskrh. og veri hann velkominn í þann klúbb og Alþfl., að slíkir menn sjái sjálfa sig í draumum sínum fyrir sér sem þátttakendur á þessum fínu fundum og í þessum klúbbum. Annað verður ekki úr þessu í besta falli, a.m.k. vona ég það að þetta verði ekki annað en flandur af því tagi af okkar hálfu. Ég geri ekki ráð fyrir því að það verði mikið gert með Íslandsmanninn á þessum vettvangi enda í sjálfu sér ekki tilefni til. En tímaskekkja er þetta auðvitað fram úr öllu hófi. Ef menn á annað borð taka eitthvert mark á því sem menn gjarnan vilja gera að hlutirnir séu að þokast í rétta átt, kalda stríðinu sé lokið og þær óvinaímyndir sem einkenndu umræðuna á þeim tíma liðnar undir lok. Hvers vegna í ósköpunum ættu einmitt þá Íslendingar við þær aðstæður að fara að troða sér inn í nýtt hernaðarbandalag, nýlenduþjóðanna í Evrópu, sem auðvitað verður undir leiðandi forustu kjarnorkuveldanna í Evrópubandalaginu, Breta og Frakka, og að nokkru leyti þá Þjóðverja eftir því sem þeir eru í vaxandi mæli að gera sig gildandi á þessum vettvangi? Hafa menn trú á því að Íslendingar almennt séu mjög spenntir t.d. fyrir því að fara að taka þátt í eða skrifa í vissum mæli upp á kjarnorkuvígbúnaðarstefnu Frakka, framferði Frakka á Kyrrahafinu? Eða þá stefnumörkun sem hér er stuðst við, sem Vestur-Evrópusambandið byggist á ekki síður en NATO og kjarnorkuveldi NATO, að áskilja sér rétt til að beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði, að leggjast gegn ályktunum um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn af því að þeir vilja halda í réttinn til þess að ekki bara að eiga slík vopn, gera tilraunir með slík vopn, heldur nota þau að fyrra bragði í hernaðarátökum? Ég leyfi mér að fullyrða það að ef slík spurning væri lögð fyrir Íslendinga í skoðanakönnun eða með einhverjum öðrum hætti í kosningum t.d., þá mundi 95% þjóðarinnar hafna því algjörlega að koma nálægt slíkum hlutum. Þannig að þetta er auðvitað svo gjörsamlega andstætt öllu held ég sem stendur okkur Íslendingum sem vopnlausri smáþjóð næst að engu tali tekur.

Síðan er þetta auðvitað sú spurning hvers vegna ættu Íslendingar að gerast aðilar að Vestur-Evrópusambandinu ef þeir ætla ekki inn í Evrópubandalagið? Hvers vegna í ósköpunum? Það er í beinni mótsögn að fara að blanda sér inn í þessi mál, hernaðarsamvinnu Evrópubandalagsríkjanna sem ekki einu sinni öll þeirra vilja taka þátt í, samanber það sem ég áður sagði um Dani og Íra og ef ég man rétt er það eitthvert eitt Evrópubandalagsríki enn sem ekki hefur tekið þátt í Vestur-Evrópusambandinu. Kannski geta þessi kunnu áhugamenn um það mál upplýst það hér af hverjum þetta bandalag samanstendur nú um stundir.

Ég held að það sé alveg fráleitt að við, ef maður á að taka mark á því að enn ríki um það samstaða á Íslandi að við ætlum ekki inn í Evrópubandalagið, séum þá að fara inn í þetta bandalag. Alveg fráleitt. Við eigum auðvitað að leggja okkar lóð á vogarskálar málefna afvopnunar, málefna fjölþjóðasamninga, um takmörkun vígbúnaðar og sem betur fer þá miðar heilmikið í þeim efnum. Það eru auðvitað stórkostlegir hlutir að gerast hvað varðar samningagerðina, t.d. um efnavopn og hvers kyns eitur- og sýklavopn þar sem margra ára samningalotu er núna að ljúka með farsælum hætti. Vonandi takast samningar um að framlengja samninginn um bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna en þann samning þarf eins og kunnugt er að endurnýja fyrir 1996, ef ég man rétt, til þess að gefa honum framhaldslíf og það er mikil umræða um samninga og niðurstöður sem tengist takmörkunum eða banni við tilraunum með kjarnorkuvopn. Fleira mætti nefna af þessu tagi sem vissulega er í rétta átt og að slíkum hlutum eigum við að starfa og einbeita okkur. Ef við eigum einhverja peninga eða einhvern mannafla aflögu í utanríkisþjónustunni eða annars staðar í íslenska stjórnkerfinu þá er þeim betur varið í það að taka þátt í slíku starfi en að fara að flækjast með í Vestur-Evrópusambandinu. Það fullyrði ég.

Að lokum vil ég svo segja það, hæstv. forseti, að ég fagna auðvitað mjög þeirri samstöðu sem tekist hefur með stjórnarandstöðunni um að hafna þessari tillögu um aðild að Vestur-Evrópusambandinu eða aukaaðild, ég tel það að mörgu leyti mikilsvert og talsvert merki-

leg tímamót að slík samstaða hefur hér tekist að hafna því með öllu. Ég er alveg sannfærður um það að þessi afstaða stjórnarandstöðunnar á mikinn hljómgrunn úti í þjóðfélaginu. Ég þyrði óhikað að leggja það í dóm þjóðarinnar við núverandi aðstæður hvort við Íslendingar ættum að koma nálægt þessu eða ekki og auðvitað ætti að gera það ef allt væri með felldu hér. Þetta er auðvitað stórkostlega afdrifarík ákvörðun að mínu mati og hefur allt of litla athygli hlotið sem slík að þarna er verið að þvæla Íslandi inn í hernaðarbandalag sem enginn veit hvað kann að hafa í för með sér í fyllingu tímans, enginn veit hvernig kann að þróast og inn í hvaða skuldbindingar eða hluti við drögumst eða tengjumst með því að fara að taka þátt í þessu starfi sem þarna fer fram.

Ef til vill dagar þetta uppi og ef til vill koðnar þetta niður eins og að mörgu leyti margt bendir til að hugmyndir sameiningarsinna á meginlandi Evrópu, þeirra sem lengst vilja ganga þar, séu að gera þessa mánuðina, þ.e. að snúast að sumu leyti upp í andhverfu sína, a.m.k. sé að stöðvast sú hraða samrunaþróun sem ýmsir töldu að væri þar á fullri ferð og yrði ekki aftur snúið með. Mikið vatn hefur til sjávar runnið síðan Danir leystu Evrópu úr álögum og mönnuðu sig upp í að fella Maastricht-samkomulagið í frægri atkvæðagreiðslu fyrir tæpu ári síðan og flestir mundu viðurkenna að margt horfi öðruvísi um samrunaferlið í Evrópu og samstarf Evrópuþjóða heldur en þá var talið. Það mun að sjálfsögðu geta haft mikil áhrif á lífdaga og störf Vestur-Evrópusambandsins hvernig þeir hlutir þróast og e.t.v. á þetta bandalag eftir að leggjast í dvala aftur á nýjan leik eins og það lengst af hefur reyndar haldið sig, alveg frá því að það var stofnað 1948, eða hvenær það nú var. Og færi betur að það sofnaði og helst náttúrlega svefninum langa eins og önnur slík sambærileg fyrirbæri, hernaðarbandalög, sem eru auðvitað sorglegar leifar hugsunarháttar sem er orðinn gjaldþrota í heiminum og hefur átakanlega sannað skipbrot sitt, hugsunarháttur vígbúnaðarins og vígbúnaðarkapphlaupsins og vígvæðingarinnar og fælingarinnar sem skilur ekkert eftir sig nema óleysanleg vandamál þar sem vígbúnaður hefur hlaðist upp á einstökum landsvæðum og nægir að horfa til Júgóslavíu um dæmin hvað af því getur hlotist þar sem illa tekst til.

Ég tek þess vegna sérstaklega undir þá setningu sem hér er í nál. minni hlutans að stærsta ógnunin við öryggi Íslendinga er auðvitað þessi arfleifð kalda stríðsins sem liggur í gífurlegum vopnabirgðum og kjarnorkuvæðingu heimsins og ekki síst heimshafanna. Það er nú eins og kunnugt er angi af stefnu þessara bandalaga bæði Vestur-Evrópusambandsins og NATO að ekki aðeins áskilja sér rétt til þess að halda kjarnorkuvopn, gera með þau tilraunir og beita þeim að fyrra bragði ef á þau yrði ráðist, heldur einnig að játa hvorki né neita tilvist þeirra á einhverjum einstökum stað, í skipi eða flugvél, og áskilja sér rétt til að ferðast með slík tól um heimshöfin allt upp að 12 mílum án nokkurra takmarkana eða möguleika þjóða til að takmarka síka umferð.

Þetta er auðvitað gjörsamlega óviðunandi réttarstaða fyrir strandríki og eyþjóðir eins og Íslendinga eins og þessi mál standa í dag að hernaðarveldin skuli í krafti stærðar sinnar og neitunarvalds á alþjóðavettvangi hafna öllum hugmyndum um að hægt sé að setja einhverjar reglur um umferð og meðferð slíkra hluta á höfunum. En eins og kunnugt er þá beita herveldin því fyrir sig að í skjóli ákvæða um frjálsa för skipa á heimshöfunum og loftfara um loftrúmið sé þeim frjálst að ferðast að vild með kjarnorkuvopn eða á kjarnorkuknúnum farartækjum um öll heimsins höf upp að 12 mílna landhelgi og lofthelgi þjóða. Það væri nær að einbeita kröftunum að því að ná fram útbótum í slíkum efnum heldur en fara að ráðstafa mannafla og fjármunum í að dandalast á einhverja fundi sem aukaaðilar að þessu Vestur-Evrópusambandi. Það verða satt best að segja ekki mjög rismikil ferðalög að mínu mati eða uppbyggileg þátttaka af okkar hálfu á fundum af því tagi hverjir sem sendimennirnir nú verða.

Herra forseti. Ég vildi ekki láta hjá líða að nota þetta tækifæri þar sem ég hef ekki tekið mikinn þátt í fyrri umræðum um þetta mál að lýsa yfir algerri andstöðu minni við þessi áform og lýsa því yfir að ég mun áskilja mér allan rétt til að berjast gegn því á komandi árum, fari svo hrapallega að okkur verði flækt inn í þetta nú, að við slítum okkur þá út úr því samstarfi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill geta þess að umræða sú sem samið hafði verið um að fram færi eftir kl. 16.30 eða upp úr því verður nú að fara fram kl. 17. Einn hv. þm. er á mælendaskrá, hv. 2. þm. Vestf. Forseti vill leyfa sér að spyrja hann hvort hann kjósi að fresta ræðu sinni alveg og forseti fresti þar með umræðunni eða hvor hv. þm. treystir sér hugsanlega til að ljúka ræðu sinni á ekki miklu lengri tíma en þessum fimm mínútum. (**ÓÞÞ:** Þetta er athyglisverð fyrirspurn úr forsetastól. Þar sem það liggur ljóst fyrir að ég kemst ekki yfir að flytja ræðuna á þeim tíma sem hér er boðið upp á þá hyggst ég fresta henni.) Forseti vill þakka hv. þm. fyrir það og er því umræðunni um þetta mál frestað þar til síðar á þessum fundi.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjala:

Snjómokstur á Möðrudalsöræfum, 581. mál, fsp. HG, þskj. 1022.

Varsla minja í umsjá Þjóðminjasafns, 582. mál, fsp. HG, þskj. 1023.

Öryggis- og varnarmál Íslands.

Skýrsla nefndar á vegum ríkisstjórnarinnar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Gert var samkomulag milli formanna þingflokka og forseta um fyrirkomulag þessarar umræðu að hver þingflokkur hefði allt að 30 mín. til umráða og að um-

ræðan hæfist milli kl. 16.30 og 17. Nú má segja að kl. sé rétt um 17. Það er gert ráð fyrir að umræðunni verði lokið kl. 19.30 í síðasta lagi og þá verði gert kvöldverðarhlé til kl. 20.30 í kvöld, en eins og hv. þm. vita verður hér fundur í kvöld.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að hæstv. forseta sé fullljóst að samkvæmt þingsköpum fara umræður fram eftir ákveðnum greinum þingskapa. Auðvitað er hægt að taka ákvörðun um eins og þar stendur að annan veg sé staðið að þessu. Það er einnig ákveðin grein í þingsköpum sem fjallar um það og vænti ég að forseti sé svo vel lesin að ekki þurfi að fara út í að þylja hér númer á þessum greinum.

Ef forseti hyggst starfa á annan hátt en hinar hefðbundnu greinar segja fyrir um þá ber forseta að bera slíkt samkomulag upp undir atkvæði í þinginu. Svo einfalt er það mál. Þingið getur að sjálfsögðu tekið ákvörðun um að hér verði talað í hálftíma af hverjum þingflokki, klukkutíma, tíu mínútur eða hvað sem er og þetta held ég að allir viti nema hæstv. utanrrh. sem hefur ekki enn þá gert sér grein fyrir að það eru mjög góð þingsköp prentuð hér á Alþingi og það þarf aðeins að fara eftir þeim. Og til þess að fara eftir þeim þarf forsetinn að bera svona samkomulag undir þingið. Það er einföld atkvæðagreiðsla tekur sáralítinn tíma en þá er löglega að ákvörðuninni staðið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. 2. þm. Vestf. vill forseti taka fram að það er alsiða á hinu háa Alþingi að forseti semji við formenn þingflokka og náist um það samningar að umræða taki ákveðinn tíma hefur ekki verið tíðkað að bera slíkt undir þingheim.

Nú á ég ekki von á að hv. 2. þm. Vestf. sé beinlínis að mótmæla því fyrirkomulagi sem hér hefur verið samið um en hann hefur óskað eftir að ræða þingsköp öðru sinni og gefur forseti honum orðið.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Mér hefur verið það nokkur raun á undanförnum árum að það hefur verið mikil samkeppni að sækjast eftir því að verða forsetar en lítil löngun að lesa þingsköpin. Þetta ósamræmi hefur valdið því að það hefur verið stjórnað á dálítið frjálslegan og stundum heimilislegan hátt. Nú er það svo að þessi þingsköp eru ákaflega einföld. Það tekur augnablik að gera þetta. Ég óska eftir að það verði gert, svo einfalt er það. Að farið sé eftir þingsköpum, þetta samkomulag borið undir atkvæði, og ég efa ekki að það verður samþykkt. (**Utanrrh:** Það er bara enginn í þingsalnum.) Oft hefur nú hógværð hæstv. utanrrh. verið mikil en aldrei sem nú. Hann telur sig minna en ekkert og þar með að enginn sé í þingsalnum því hina metur hann nú ekki mikils sem hér eru inni. (**Gripið fram í:** Það hefur enginn áhuga á þessu.) Og nú stendur það þannig, hæstv. forseti, að það hefur borist ósk um að þetta verði borið undir atkvæði og ég vænti þess nú að forseti hringi bjöllunni láti greiða atkvæði um þetta samkomulag og fari þannig eftir þingsköpunum og sýni með því og sanni að sá forseti sem nú gegnir störfum í forsetastól viti deili á þingsköpunum og sé alveg ljóst að þetta er það sem hægt er að gera undir þessum kringumstæðum og þá er löglega að ákvörðunartökunni staðið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þar sem fram hefur komið ósk frá hv. 2. þm. Vestf. um að atkvæðagreiðsla fari fram um hvort brugðið skuli út af þingsköpum samkvæmt þeim samningi sem forseti gerði við formenn þingflokka mun forseti verða við því og mun nú freista þess að hafa hér atkvæðagreiðslu.

Forseti vill upplýsa að þessi atkvæðagreiðsla fer fram samkvæmt 90. gr. þingskapa sem hljóðar svo: „Eftir uppástungu forseta eða formanns þingflokks má bregða út af þingsköpum þessum ef tveir þriðju hlutar þeirra þingmanna, er um það greiða atkvæði, samþykkja."

Það hefur komið fram ósk frá hv. 2. þm. Vestf. að hér fari fram atkvæðagreiðsla og mun nú forseti leitast við að láta hana fara fram þar sem nægir að tveir þriðju þeirra þingmanna sem atkvæði greiða samþykki tillöguna. (**Gripið fram í:** Hver er tillagan?)

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það getur ekki talist brot á þingsköpum þótt þingheimur í þingflokkum sínum komi sér saman um að víkja frá tiltekinni grein þingskapa. Ef samkomulag er um það gert af hálfu forstöðumanna þingflokka þá er það gert að höfðu samráði við þingflokk og þar af leiðandi við þingheim. Þessi atkvæðagreiðsla er þess vegna óþörf.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill lýsa þeirri skoðun sinni að sérhver þingmaður geti krafist þess að atkvæðagreiðsla fari fram telji hann þess þörf. Nú stendur svo á að ég hygg að ekki séu nægilega margir hv. þm. í húsinu til að unnt sé að atkvæðagreiðsla fari fram og forseti vill nú mælast til þess við hv. 2. þm. Vestf. að hann nýti sér þann þinglega rétt sinn að tala eins og hann þarf. En að öðru leyti verði þetta samkomulag látið standa. Verði svo ekki hlýtur forseti að gera hlé á þessum fundi um sinn.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég met það mjög við forseta að hafa vitnað í þá grein þingskapa sem á að fara eftir og á að beita undir þessum kringumstæðum og jafnframt að hafa óskað hér eftir því að atkvæðagreiðsla fari fram sem er að sjálfsögðu skýlaus réttur þeirra sem þess óska.

Ég tel aftur á móti að sú ákvörðun forseta að óska hér eftir atkvæðagreiðslu verði til þess að eftirleiðis muni forsetar bera svona mál upp í upphafi fundar þannig að fyrir liggi samþykki þegar menn eru nægilega margir við og ekki þurfi að koma til þess að ákvarðanataka raskist ef meiri hluti, í þessu tilfelli tveir

þriðju hlutar þingmanna, er því hlynntur. Ég ætla þess vegna að þessu sinni að draga mína kröfu til baka.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill þakka hv. 2. þm. Vestf. fyrir að taka tillit til þessa. Er því umræðum um þingsköp lokið og verður gengið til 15. dagskrármáls.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegur forseti. 23. júní 1992 ákvað núv. utanrrh. í samráði við forsrh. að skipa nefnd fulltrúa samstarfsflokkanna í ríkisstjórn og embættismanna til að fjalla um öryggis- og varnarmál Íslands við breyttar aðstæður í alþjóðamálum. Þessi nefnd hefur nú skilað áliti og sú skýrsla hefur verið lögð hér fram á Alþingi, þó ekki sem formlegt þingskjal, í marsmánuði 1993.

Nú er það þannig að í sjálfu sér hefði komið til greina að láta þessa skýrslu nánast liggja milli hluta í umfjöllun hér á Alþingi fyrst hæstv. ríkisstjórn kaus að leggja hana ekki formlega fyrir Alþingi og biðja um umræður um hana. Það var hins vegar ósk þingflokks Alþb. að hér færi fram sérstök umræða um þessa skýrslu. Óneitanlega er það nokkuð sérkennilegt að það skuli vera fyrir okkar beiðni sem þessi skýrsla kemur til umfjöllunar. Ég hefði satt að segja haldið að hæstv. ríkisstjórn, sérstaklega þeir hv. þm., sem í þessa nefnd voru settir, hefðu frekar átt að hafa frumkvæði að því.

Hver er ástæðan fyrir því að ég beitti mér fyrir því að þessi ósk var sett fram? Hún er skýr. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að það sé mjög brýnt við þær gjörbreyttu aðstæður sem nú eru í heimsmálum, sérstaklega í okkar heimshluta, að fram fari milli allra stjórnmálaflokka á Alþingi og annarra mikilvægra aðila í þessu þjóðfélagi grundvallarumræða um lykilþætti og forsendur í utanríkisstefnu Íslendinga í framtíðinni. Það þarf ekki að rekja það hér í þessum sal að íslenska þjóðin hefur í áratugi verið klofin í mjög hörðum deilum um utanríkismál. Þær deilur hafa sett svipmót sitt á þetta þjóðfélag með mjög afgerandi hætti í stjórnmálum, í menningarmálum, jafnvel í efnahags- og atvinnumálum. Nú er það ljóst eins og reyndar fram kemur í þessari skýrslu að allar þær meginforsendur sem lágu að baki þessari skiptingu eru að dómi skýrsluhöfunda liðnar undir lok. Þá finnst mér það vera röng ákvörðun hjá hv. ríkisstjórn að fara þá leið að skipa í nefnd af þessu tagi eingöngu fulltrúa samstarfsflokkanna í ríkisstjórn. Þar með er hæstv. ríkisstjórn að gefa til kynna að mat Íslendinga á því hvaða ályktanir eigi að draga af þessum nýju forsendum í utanríkis- og öryggismálum hljóti að vera bundið við ríkisstjórnarsamstarf á hverjum tíma. Það tel ég vera, óháð öllum öðrum atriðum, rangt. Ég tel þess vegna mjög brýnt og vil setja þá skoðun fram hér að það sé mikilvægt að þessar umræður haldi áfram. Ein af ástæðunum fyrir því að ég beitti mér fyrir því í mínum þingflokki að við óskuðum eftir umræðu um þessa skýrslu er sú að ég tel að það þurfi að finna form fyrir það að þessi umræða og umfjöllun haldi áfram. Það væri mikill skaði ef með þessari skýrslu yrði þeirri vinnu og þeirri umræðu lokið. Ég vil þess vegna hér í upphafi þessarar umræðu setja fram þá eindregnu skoðun að fulltrúar allra flokka hér á Alþingi eigi að ræða saman um það á næstu vikum hvernig þessari vinnu verður fundinn farvegur. Ég vona satt að segja að forráðamenn ríkisstjórnarflokkanna sýni því skilning.

Ég tel einnig og það eru rök fyrir því að þessi vinna eigi að halda áfram að nefndin hafi kannski vegna þess hve skamman tíma hún hafði og ýmsir í nefndinni voru önnum kafnir ekki leitað eftir viðræðum við nægilega marga aðila og alls ekki kynnt sér nægilega rækilega ýmis þau nýju viðhorf sem uppi eru. Ég vil í því sambandi nefna það að nefndin kýs að ræða eingöngu við stjórnvöld í Noregi og Bretlandi. Nú er það alveg ljóst að t.d. Danmörk, sem fer með utanríkis- og öryggismál bæði í Grænlandi og Færeyjum þó okkur ýmsum þyki það nú ekki við hæfi á okkar tímum, þá er það engu að síður staðreynd, er ekki í viðræðuhópi þeirra sem nefndin kýs að tala við um þróun mála í þessum heimshluta. Ég nefni einnig Kanada sem ég vék einnig nokkuð að hér fyrr í dag sem ekki er heldur rætt við.

Ég vil einnig nefna þá sérkennilegu staðreynd að nefndin kýs að eiga viðræður við fulltrúa bandarískra stjórnvalda í miðri kosningabaráttunni. Nú er það alveg ljóst að það hafa orðið stjórnarskipti í Bandaríkjunum og það er líka ljóst að þótt viss samhljómur sé á milli stefnu núv. stjórnar og fyrrv. stjórnar, þá er þar líka ýmislegt nýtt að finna. M.a. hefur það birst í því að hin nýja ríkisstjórn í Bandaríkjunum ætlar að ganga mun fyrr og mun lengra fram í niðurskurði bandarísks herafla í Evrópu en Bush-stjórnin ætlaði sér. Það er líka ljóst að ríkisstjórn Clintons er með aðra afstöðu til kjarnorkuvopna en ríkisstjórn Bush. Clinton Bandaríkjaforseti hefur lýst því yfir að hans stefna sé allsherjarbann með tilraunum með kjarnorkuvopn. Það var aftur á móti stefna Reagans- og Bush-stjórnarinnar að tilraunir með kjarnorkuvopn væru forsenda fyrir öryggisstefnu Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins. Þess vegna er það í sjálfu sér ekki mjög skynsamlegt að eiga viðræður við jafnmikilvæg stjórnvöld og hin bandarísku á óvissutímum kosningabaráttunnar, sérstaklega nú þegar við sjáum að kosningarnar leiddu til stjórnarskipta. Þess vegna er hægt að færa fyrir því magvísleg rök sem ég ætla ekki að gera hér vegna skorts á tíma að það hafi á engan hátt verið farið nægilega vítt í vinnu nefndarinnar. Ég nefni líka það að mjög lítið í skýrslunni er að finna um þær merkilegu umræður sem fram hafa farið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um nýtt öryggiskerfi og nýtt hlutverk Sameinuðu þjóðanna í þeim efnum.

Þó ekki væri annað en þetta sem ég hef nú nefnt, þá er auðvitað ærin ástæða til þess að halda þessari umræðu áfram. Hvers vegna þarf hún að halda áfram? Jú, það er vegna þess að hlutirnir hafa breyst með mjög afgerandi hætti. Og ég ætla hér, virðulegi forseti, að lesa nokkrar setningar og málsgreinar úr þessari skýrslu sem ég er alveg sammála og sýna mjög rækilega hvað forsendurnar hafa breyst mikið. Ég les, með leyfi virðulegs forseta, fyrst á bls. 8:

„Söguleg þáttaskil hafa átt sér stað í Evrópu á örfáum árum.

Sovéska heimsveldið hefur liðast sundur og ný þjóðríki risið úr rústum þess. Hugmyndakerfi kommúnismans hefur runnið sitt skeið á enda og lýðræðisleg umbótaöfl hafa tekið við stjórntaumum víðast hvar í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Hættan á hernaðarátökum austurs og vesturs er liðin hjá og mannkynið býr nú ekki lengur í skugga ógnar af gereyðingarstyrjöld.

Á tímum kalda stríðsins hafði öryggsishugtakið öðru fremur hernaðarlega merkingu. Á því hefur orðið mikil breyting. Efnahagsmál og viðskipti vega nú mun þyngra á metunum í samskiptum ríkja en fyrir nokkrum árum. Í stað hugmyndafræðilegrar togstreitu kalda stríðsins ríkir nú samkeppni þjóða sem allar aðhyllast markaðshagkerfi í einni eða annarri mynd. Öryggi byggist því í ríkari mæli á víðtæku samstarfi um efnahagsmál og viðskipti en einnig hafa umhverfis- og félagsmál, þjóðfrelsi og mannréttindi meiri þýðingu en áður. Mál, sem áður var litið á sem innanlandsmál, eru nú í mörgum tilvikum alþjóðleg vandamál sem valda deilum og ófriði. Öryggishugtakið er margslungið sem aldrei fyrr og samofið ólíkum þáttum alþjóðamála og innanlandsmála."

Ég nefni hér einnig, virðulegi forseti, bls. 18. Ég les aftur, með leyfi virðulegs forseta:

„Umrótið, sem átt hefur sér stað í heimsmálum á undanförnum fjórum árum, gerir að verkum að vestræn ríki leggja sig nú fram um að endurmeta markmið og leiðir í utanríkismálum. Á alþjóðavettvangi, ekki síst innan Atlantshafsbandalagsins, hefur Ísland átt aðild að stefnumótandi ákvörðunum um viðbrögð við þessum breyttu aðstæðum. Hinar föstu skorður, sem einkenndu tímabil kalda stríðsins, eru úr sögunni. Hefðbundin aðgreining samherja og mjótherja hefur að miklu leyti tapað merkingu sinni. Dregið hefur úr vægi hermála og aukið svigrúm gefist til að takast á við önnur knýjandi úrlausnarefni í alþjóðamálum."

Ég les áfram, virðulegi forseti: „Lok kalda stríðsins markar mikilvægustu straumhvörf í alþjóðamálum á síðustu hálfri öld. Þrátt fyrir að deila megi um orsakir og eðli kalda stríðsins voru úrslit þess skýr og afgerandi: Ríki Mið- og Austur-Evrópu, þar á meðal Rússland, afneituðu hugmyndafræði kommúnismans og tileinkuðu sér í aðalatriðum þær hugsjónir og markmið sem mótað hafa vestræn samfélög. Málstaður lýðræðis og frelsis bar þannig sigur úr býtum í kalda stríðinu.

Benda má á að a.m.k. fjögur höfuðeinkenni kaldastríðstímabilsins: Yfirgnæfandi mikilvægi hernaðarlegs öryggis og landvarna í alþjóðamálum, skarpa aðgreiningu austurs og vesturs, hugmyndafræðilegt reiptog milli alræðiskerfis kommúnismans annars vegar og lýðræðislegs stjórnarfars og markaðskerfis hins vegar, ásamt gríðarlegri hernaðaruppbyggingu og ógnandi hernaðarstefnu Varsjárbandalagsins, einkum undir lok tímabilsins.

Öll eru þessi einkenni horfin eða á undanhaldi."

Ég vil nefna hér enn á ný, virðulegi forseti, fleiri málsgreinar og hluta í þessari skýrslu eins og t.d. á bls. 44 þar sem sagt er að breytingar á meginlandinu leiddu til þess að viðvörunartími NATO lengdist mikið og hætta á skyndiárás Rauða hersins vestur á bóginn í Evrópu hvarf. Breyttar pólitískar aðstæður valda því að hernaðarógn er ekki fyrir hendi á Norður-Atlantshafi. Orðrétt: „... hernaðarógnun er ekki fyrir hendi á Norður-Atlantshafi."

Ég nefni einnig að á bls. 50 er lýst þeirri skoðun að áhersla á lýðræðislega stjórnarhætti, mannréttindi og virðingu fyrir lögum og rétti muni setja æ sterkari svip á friðarviðleitni einkum í Evrópu. Og Íslendingar eiga að leggja áherslu á virka þátttöku í slíku starfi og líta á það sem framlag sitt til þess að stuðla að stöðugleika og friði í sínum heimshluta og veröldinni allri að taka þátt í friðargæsluverkefnum af margvíslegu tagi. Og ég nefni einnig að á bls. 52 þar sem segir: „Aðlögun að breyttum aðstæðum í heiminum kallar á ráðstafanir til að kröftum á heimavelli sé stillt saman og þeim beitt með skilvirkum hætti.

Allt kefst þetta heilstæðrar utanríkisstefnu og markvissrar þátttöku íslenska ríkisins í alþjóðasamstarfi."

Virðulegi forseti. Ég hef hér um það bil 20 mínútur til umráða. Ég hef notað nokkurn tíma af þeim 20 mínútum til þess að lesa upp úr þessari skýrslu, til þess að sýna það að í henni er að finna í lýsingu á veruleikanum, í lýsingu á breytingum fjölmargt af því sem fyllilega er hægt að ná grundvallarsamstöðu um í umræðum milli flokka. Hins vegar verð ég að segja eins og er að þegar kemur að þeim ályktunum sem dregnar eru í skýrslunni varðandi þessi atriði, þá skilur á milli.

Í skýrslunni er reynt með margvíslegum hætti að tína til rök sem eiga að sýna þá niðurstöðu að þrátt fyrir allar þessar grundvallarbreytingar hafi í raun og veru ekkert gerst. Herinn eigi að vera hér áfram, nánast í óbreyttri mynd og við eigum að vera aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Helst er að finna kvartanir yfir því að það kunni að vera af peningalegum ástæðum sem Bandaríkjamenn ákveði að fækka hér í herstöðinni. Það fer engin umræða fram í þessari skýrslu um það að grundvallarbreytingar sem átt hafa sér stað á hernaðarstöðunni á Norður-Atlantshafi hljóta að leiða til grundvallarbreytinga á eðli herstöðvarinnar á Íslandi. Og satt að segja er það alveg furðulegt að sjá hér á bls. 45–47 þar sem þessi starfsnefnd íslensku ríkisstjórnarinnar er nánast að harma, gagnrýna eða lýsa með neikvæðum hætti að Bandaríkin ætli af sparnaðarástæðum að draga saman hernaðarumsvifin á Íslandi. Og það kemur auðvitað alveg greinilega fram í þessum textum það sem ég hef verið að benda á um nokkuð margra ára skeið að viðhorfin í Bandaríkjunum hafa verið að breytast með þeim hætti að það mun kannski fyrst og fremst ráðast í bandarísku þinginu hvað verður um herstöðina hér vegna þess að niðurskurður á fjárframlögunum þar mun ráða því hvað gerist í herstöðinni. Ræddu fulltrúar nefndarinnar við einhverja í bandarísku þinginu? Það held ég ekki. Hins vegar sýnir greining á því sem hefur verið að gerast í Bandaríkjunum á síðustu missirum að það eru fyrst og fremst fjárframlögin sem ráða því hvað gert er í hernaðarmálunum. Ástæðan fyrir því að Bandaríkjamenn

hafa ekki í dag heimild samkvæmt lögum til þess að framkvæma kjarnorkuvopnatilraunir eftir árið 1996 er að í fjárlögum bandarískra þingsins var klippt á peningana sem þarf til þess að gera þessar tilraunir. Og á sama hátt er alveg ljóst að bandarískra þingið mun nota fjárlögin á næstu árum til þess að stýra hernaðarstefnunni.

Í þessari skýrslu er heldur engin tilraun gerð til þess að draga ályktun af því að flugvélar rússneska hersins hafa ekki sést hér um mjög langan tíma, að greinilegur samdráttur hefur orðið í kafbátaumferðinni á þessu svæði. Hvaða starfsemi er í bandarísku herstöðinni hér? Hún er fyrst og fremst tengd — ekki vörnum Íslands heldur — umferð fyrrum sovéskra flugvéla og umferð kjarnorkukafbáta um hafið hér í kring. Ef staðreynd máls er orðin þannig að bæði vegna breyttrar stjórnarstefnu í Bandaríkjunum og eins vegna breytts ástands í fyrrum Sovétríkjunum sé hvorki til fjármagn Sovétmegin, nú Rússlandsmegin, né Bandaríkjamegin til þess að reka þessa starfsemi áfram, þá er alveg ljóst að það hljóta að verða grundvallarbreytingar á henni og það hlýtur að vera verkefni Íslendinga að hvetja til þess að þær grundvallarbreytingar verði. Og það er auðvitað alveg fáránlegt þegar það blasir við að komin er þessi sátt á milli Rússlands og Bandaríkjanna, það er búið að draga gersamlega úr spennunni, hún er horfin eins og segir í skýrslunni sjálfri, og báðir hinir stóru aðilar eru í kappi um að draga saman, þá skuli helst vera að finna í þessari skýrslu tilraunir til þess að halda áfram eða jafnvel auka við, finna einhverjar nýjar varasveitir fyrir þær sem kunna að hverfa.

Herstöðin á Íslandi kom sem hluti af kalda stríðinu. Hún er búin að vera mjög erfiður þáttur í íslensku þjóðlífi. Það þarf ekki að endursegja þá sögu hér. Það hafa ýmsir reynt á undanförnum árum að færa þau rök fyrir hersetunni að hún þurfi að vera af efnahagslegum ástæðum, vegna atvinnu á Suðurnesjum og annars af því tagi. Hv. þm. Björn Bjarnason hefur a.m.k. hingað til ekki viljað skipa sér í sveit þeirra manna sem verja áframhaldandi starfsemi bandarískra hersins á Íslandi út frá atvinnuhagsmunum eða fjárhagslegum hagsmunum. Mér finnst í þessari skýrslu allt of langt gengið að reyna að tína til hin peningalegu og efnahagslegu rök í þessum efnum.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði í upphafi og það er ekkert svigrúm til þess að gera það á mjög stuttum tíma, þá fjallar þessi skýrsla um mjög flókið og viðamikið mál. Ég tel að hún geti ekki verið síðasta orð Alþingis eða stjórnvalda á Íslandi um þessi efni. Hún sýnir þvert á móti þörfina á því að menn setjist niður og fari yfir þessar breytingar með mjög veigamiklum hætti. Ég nefni sem dæmi að flokkarnir í utanrmn. hafa sameinast um tillögu varðandi tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið í efnahagsmálum. Ég nefni sem dæmi að þrír stjórnarandstöðuflokkar hafa sameinast hér í afstöðu sinni gagnvart Vestur-Evrópusambandinu. Hvorugt af þessu hefði verið hugsanlegt fyrir nokkrum árum síðan. Þannig sjáum við ekki aðeins breytingarnar í veröldinni, heldur líka breytingar hér inn á við hjá okkur og ég vona að sú viðleitni okkar alþýðubandalagsmanna til að vekja sérstaka athygli á þessari skýrslu, bæði til þess að benda á það sem við erum ósammála í þessari skýrslu en eins til að benda á það að í henni er að finna að ýmsu leyti athyglisverða greiningu, verði til þess að ríkisstjórnarflokkarnir hugleiði í alvöru að nú þarf að skapa grundvöll til þess að menn komi að þessum málum með nýjum hætti.

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég hef áður lýst því yfir að ég fagna því að Alþb. skuli hafa beitt sér fyrir þessari umræðu. Mér þótti það ekki vera á verksviði okkar tveggja alþingismanna sem sátum í þessari nefnd að fara fram á sérstaka umræðu um skýrslu, sem við sömdum, hér á hinu háa Alþingi. Þess vegna er það kannski tímanna tákn að Alþb. bað um þessa umræðu sem hér fer fram í dag.

Ég hef sagt það og er þeirrar skoðunar að það verði að líta á þessa skýrslu sem góðan grunn að nauðsynlegum umræðum um stöðu Íslands í öryggis- og varnarmálum á þessum miklu breytingatímum og get þar verið sammála hv. síðasta ræðumanni að hér er ekki um neitt endanlegt skjal að ræða í þessu máli. Þetta er framlag til þessara umræðna sem byggist á ákveðnum forsendum sem ég tel að séu hinar skynsamlegu, nauðsynlegu forsendur sem við leggjum á þessari stundu.

Mér þótti gæta þess í máli hv. 8. þm. Reykn. að hann virðist ekki átta sig á þeirri þverstæðu sem er í skýrslunni þar sem annars vegar er talað um hina varanlegu öryggishagsmuni Íslands sem þurfi að gæta og þeirra sé best gætt með aðild að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningnum við Bandaríkin og hins vegar því sem nefndin er að velta fyrir sér og veltir mjög fyrir sér í álitinu, hvað er að gerast í Bandaríkjunum, hvaða áhrif þessar breyttu aðstæður hafa á afstöðu Bandaríkjanna til þessa tvíhliða varnarsamnings. Og þar bendir nefndin sérstaklega á að það eru ekki uppi nein áform í Bandaríkjunum eða annars staðar að leggja niður það varnarkerfi sem Atlantshafsbandalagið byggist á og varnarsamningurinn tvíhliða byggist á, heldur er spurningin: Með hvaða hætti verður þetta samstarf framkvæmt? Og það bendum við á og það er rétt hjá nefndinni og einnig sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að þar standa menn frammi fyrir ákvörðunum um fjárveitingar Bandaríkjaþings og það er það sem nefndin er að velta fyrir sér.

Við þurfum að gæta varanlegra öryggishagsmuna okkar. Við höfum tvíhliða varnarsamning við Bandaríkin. Við vitum hvernig staðan er núna, hvaða breytingar verða mun ráðast að mestu leyti af ákvörðunum um fjárveitingar á Bandaríkjaþingi. Þetta finnst mér grunnhugsun í þessu máli sem menn verða að velta fyrir sér og við þurfum ekkert að fara í grafgötur um það sem fylgjumst með þessum málum að það hefur þegar orðið breyting á Keflavíkurflugvelli varðandi þetta því að flugvélum hefur fækkað. Það hafa verið fluttar þaðan á brott eftirlits- og ratsjárflugvélar og orrustuflugvélunum hefur fækkað. Eftirlits- og ratsjárflugvélar hafa verið fluttar þaðan á brott og litlum flugvélum hefur fækkað. Enn er þrýstingur á að skera

niður í Bandaríkjunum útgjöld til varnarmála og er engan veginn útilokað að það komi til með að snerta öryggishagsmuni Íslands og gæslu þeirra. Um það hefur náðst viðtækari samstaða en áður að þeirra skuli gætt með aðild að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningi við Bandaríkin.

Þessari hugsun er verið að lýsa í skýrslunni en ekki er verið að leggja málið þannig upp að Íslendingar eigi að ganga með einhvern betlistaf til bandarískra stjórnvalda og krefjast þess þar að útgjöld séu aukin eða annað slíkt, heldur er verið að draga upp þessa raunsæju mynd og benda á það að ákvarðanir um þetta ráðast að verulegu leyti af fjárveitingum á Bandaríkjaþingi. Hins vegar er mjög mikilvægt í þessu samhengi og kemur fram í skýrslunni að Bandaríkjamenn ætla sér, sem er eðlilegt og sjálfsagt og þyrfti raunverulega ekki að ræða að nokkru leyti, að hafa samráð um þetta efni við íslensk stjórnvöld. Allur vafi um það efni hverfur þegar menn lesa þessa skýrslu. Síðan kann að vera að erfitt verði að hafa áhrif á þær ákvarðanir sem teknar kunna að vera af bandarískum stjórnvöldum eða Bandaríkjaþingi. Hvað um það, þannig liggur þetta mál fyrir og sú raunsæja mynd er dregin í þessari skýrslu. Það er niðurstaða nefndarinnar að áfram verði að vera bandarískur herstyrkur til að verja fullveldi og lögsögu og einnig verði að liggja fyrir áætlanir um liðsauka. Þetta séu lágmarksvarnir óháð því hvernig hernaðarlegar aðstæður séu nákvæmlega á hverjum tíma og grunnur til að byggja á ef þörf krefur. Við skulum minnast þess að ekkert ríki hefur brugðist á þann hátt við lokum kalda stríðsins og því að sovéska ógnin er horfin eins og skýrslan bendir á að leggja niður landvarnir sínar. Fjárveitingar til hermála hafa hins vegar verið skornar niður og fækkað í herjum vegna þessara breytinga. Hins vegar kemur hvergi til álita að halda ekki uppi trúverðugum vörnum lögsögu og fullveldi ríkja. Hvergi er heldur í bígerð að skera svo niður að ekki verði til staðar grunnur til að byggja á ef þörf krefur í framtíðinni. Þá má nefna áhuga ríkjanna í Mið- og Austur-Evrópu að gerast aðilar að Atlantshafsbandalaginu og þau hafa engan áhuga á því að gerðir verði frekari afvopnunarsamningar á vettvangi Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu. Þetta eru staðreyndir sem menn skulu hafa í huga og ekkert þýðir að draga upp aðra mynd varðandi Ísland en önnur ríki þegar um þessi mál er rætt.

Spurningin um þetta kemur fram í skýrslunni og hefur einnig áður komið fram í umræðum: Hvernig getur nefndin ítrekað nauðsyn þess að varnarsamningum sé haldið fram og að við höldum uppi þessu tvíhliða varnarsamstarfi við Bandaríkin um leið og hún bendir á að engin hernaðarógn sé lengur fyrir hendi á Norður-Atlantshafi? Um leið er ljóst að þar sem norðurfloti Rússa er enn stór og öflugur getur hann orðið ógn gegn öryggi Íslendinga og magnast á nýjan leik. Það ræðst af pólitískum aðstæðum í Rússlandi og ekki er skynsamlegt á þessu stigi málsins að líta þannig á að þessi pólitíska afstaða í Rússlandi geti ekki breyst. Í svona umræðum verður að gera greinarmun á pólitískum fyrirætlunum og hernaðarmætti. Ef menn eru ekki reiðubúnir til þess að gera slíkan greinarmun þegar þeir leggja mat á stöðu alþjóðamála, meta annars vegar hinn pólitíska vilja og hins vegar þann hernaðarmátt, sem er fyrir hendi, þá fara umræður fram frá mínum bæjardyrum séð á grundvelli sem hlýtur að leiða til rangrar niðurstöðu. Í umræðum af þessu tagi verður að leggja mat annars vegar á hernaðarþáttinn og hins vegar hinn pólitíska vilja og við vitum og getum litið á það að hernaðarmátturinn er fyrir hendi í nágrenni Íslands á Kólaskaganum þótt hinn pólitíski vilji hafi breyst og sé vonandi breyttur til langframa í Rússlandi. Það þarf a.m.k. lengri tími að líða þangað til menn átta sig á því hvort hernaðarmátturinn muni dragast saman og minnka. Svo er ekki þótt hernaðarflugvélar sjáist sjaldnar á ferli í nágrenni Íslands en áður og skipaferðir og vafalaust einnig kafbátaferðir hafi dregist saman.

Þetta er ekki einkaskoðun þessarar nefndar. Þetta er mat allra nágrannaríkja okkar og ekki síst Norðmanna sem leggja mikla áherslu á þessa staðreynd og minna á hana og þurfa að gera það kannski með auknum þunga núna vegna þess að hið pólitíska andrúmsloft er þannig að mönnum hættir til að gleyma veruleikanum þegar hugað er að hernaðarmættinum. Það ætti að vera okkur mikilvæg áminning um það hve fljótt veður geta skipast í lofti að líta til þeirra atburða sem hafa verið að gerast á alþjóðavettvangi og í samskiptum ríkja á undanförnum árum. Hrun kommúnismans, stórbreytingar í Evrópu, átökin í Júgóslavíu. Allt eru þetta atburðir sem enginn sá fyrir og enginn átti í raun og veru von á að mundi gerast á þeim tíma sem við lifum og jafnskömmum tíma og á þennan hátt. Þessar breytingar ættu að vera okkur skýr áminning um það að ekki er áhættulaust að leggja mat á þróun mála og mér finnst að þar verði frekar að taka mið af raunverulegum aðstæðum en óljósum hugmyndum um pólitíska framvindu. Raunveruleikinn í nágrenni okkar segir okkur að full ástæða sé til þess að vera áfram á varðbergi og huga að öryggishagsmunum þjóðarinnar eins og gert hefur verið. Í skýrslunni er því ekki um þversögn að ræða þegar fjallað er um þetta heldur er verið að skýra og skilgreina varanlega öryggishagsmuni Íslendinga og bandamanna þeirra. Það er gert á sama hátt og í öðrum ríkjum en einnig tekið tillit til landfræðilegra, sögulegra og herfræðilegra þátta sem snúa sérstaklega að okkur Íslendingum og heimshluta okkar. Um leið og varnarsamningurinn við Bandaríkin tryggir varanlega varnarhagsmuni felst í honum ómetanlegur samningsbundinn vettvangur fyrir nauðsynlegt samráð og samvinnu við Bandaríkin, nánasta bandamann Íslendinga í rúm 50 ár og hið eina, sanna Atlantshafsveldi. Reyndar eru Bandaríkin álitin eina sannkallaða risaveldi heimsins um þessar mundir og þau eru það ríki sem allir frá múslimum í Bosníu til öryggissamtaka í Evrópu og Sameinuðu þjóðanna treysta mest á eftir lok kalda stríðsins. Krafa er gerð til Bandaríkjanna um afskipti af öllum málum eins og við vitum og hvarvetna um forustu í slíkum afskiptum hvort sem við lítum til Evrópu, Afríku eða Asíu. En Sameinuðu þjóðirnar og aðrir byggja á því að Bandaríkjamenn taki af skarið og

virðast reiðubúnir til að treysta á forustu þeirra að því er varðar afskipti og friðarumleitanir á átakasvæðum. Þess vegna er mikilvægt að það megi jafnvel færa nokkur rök að því að við þessar breyttu aðstæður sé hið tvíhliða gildi varnarsamningsins við Bandaríkin jafnvel mikilvægara fyrir okkur en nokkru sinni fyrr hvað sem líður framkvæmd samningsins og fjölda hermanna eða þeirra tækja sem þeir ráða yfir á Keflavíkurflugvelli. Vangaveltur um þetta atriði er annar meginstraumurinn í skýrslunni sem er síðan tengt saman með þeim atriðum sem hv. 8. þm. Reykn. nefndi og er rétt að mati nefndarinnar. Ég get ekki farið út í það sem allir eru sammála um. Mér finnst ástæðulaust fyrir mig að ræða það. Ég vildi draga fram þennan þátt sem ég held að sé kannski það sem andstæðingar þessara mála, sem ég hef rætt, gagnrýna helst. Ég vildi nota tækifærið til þess frekar en ræða þau atriði sem flestir og allir hljóta að vera sammála um og koma fram í skýrslunni.

Sem betur fer hefur skýrslan orðið grundvöllur undir umræður og á vonandi eftir að verða hvati til frekari umræðna þegar fram líða stundir.

Hitt meginstefið í skýrslunni er sú spurning sem komið er að oftar en einu sinni og mig langar til að víkja sérstaklega að að lokum og með því að vísa á bls. 52 í lokamálsgrein þar sem segir, með leyfi frú forseta:

„Samræmd stefnumörkun í utanríkismálum krefst þess einnig um þessar mundir að hugað verði að varnar- og viðskiptahagsmunum Íslands í samhengi. Standi Ísland utan Evrópubandalagsins og haldi samrunaþróunin í Evrópu áfram sem horfir í utanríkis- og öryggismálum eykst mikilvægi varnarsamnings Íslands við Bandaríkin. Jafnframt er Evrópubandalagið langstærsti markaðurinn fyrir íslenskar útflutningsvörur. Ólíkt því sem gerist meðal bandamanna í Vestur-Evrópu, þar sem horfur eru á frekari samtvinnun viðskiptasamstarfs og samvinnu á sviði öryggismála, er hætt við að þessir tveir þættir íslenskrar utanríkisstefnu greinist að í auknum mæli. Eitt mikilvægasta úrlausnarefni íslenskra utanríkismála hlýtur að vera að koma í veg fyrir að slík þróun leiði til togstreitu eða hagsmunaárekstra í framtíðinni." Þarna varpar nefndin þessu upp sem vikið er að og nefndin greinir frá. Hún mælir ekki með aðild að Evrópubandalaginu eða neinu slíku. Hún mælir með aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu, en þessi mynd er dregin upp í lokin: Hvað gerist ef við eigum viðskiptalega mest undir Evrópubandalaginu og Evrópubandalagsríkin auka samvinnu sína í öryggis- og varnarmálum sem við stöndum utan? Hins vegar eigum við þá í ríkara mæli varnarsamstarf við Bandaríkin og meira undir þessum tvíhliða samskiptum. Verða þarna hugsanlegir árekstrar í mótun íslenskrar öryggis- og utanríkisstefnu sem við þurfum að huga sérstaklega að? Þetta er hitt stefið í skýrslunni fyrir utan spurninguna um varnarsamstarfið, sérstaklega við Bandaríkin og það er hvernig það kemur við hagsmunagæslu okkar í alþjóðamálum og í viðskiptamálum sérstaklega að öðru leyti.

Þetta eru þau atriði sem ég vildi vekja sérstaklega máls á. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara orðum um skýrsluna í heild. Það hefur verið gert og hún liggur hér fyrir en mér þótti rétt að draga athyglina að þessum tveimur meginstefum sem bæði snerta í raun okkar öryggishagsmuni og minna á að nefndin telur að þeirra verði best gætt af Íslands hálfu með aðild að Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamstarfi við Bandaríkin og bendir á að það tvíhliða varnarsamstarf hljóti auðvitað að taka mið af þeim breytingum sem orðnar eru á alþjóðavettvangi og í heimsmálum.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er svo með þessa skýrslu að ég veit ekki hvað við eigum að taka hana hátíðlega. Hæstv. utanrrh. skipaði nefnd, þrjá embættismenn, og síðan fulltrúa frá stjórnarflokkunum til þess að setja skýrsluna saman. Eins og mér hefur skilist er hún þeirra verk og verður væntanlega undirstaða undir stefnumótun ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í utanríkis- og varnarmálum. Ekki var leitað eftir breiðri samstöðu við aðra stjórnmálaflokka. Í dreissugheitum sínum þóttust þeir einfærir um þessa stefnumótun. Gott og vel. En með þessum vinnubrögðum verða náttúrlega aðrar ríkisstjórnir að sjálfsögðu óbundnar af skýrslunni og þeirri stefnu sem mótuð verður á grundvelli hennar. Næsta ríkisstjórn, svo framarlega sem guð gefi að hún verði ekki skipuð sömu flokkum, er gersamlega óbundin af þeirri stefnu sem fram kemur í skýrslunni. En náttúrlega er árátta hjá þessari ríkisstjórn að hunsa stjórnarandstöðuna og leita ekki eftir neinu samráði við hana.

Ég nefni öryggismál, annað atriði í öryggismálum sem bar á góma fyrir klukkustundu, síðan þegar núv. ríkisstjórn leysti öryggismálanefnd frá störfum, lagði hana niður og skipaði síðan sérstakan hermálafulltrúa.

Ég nefni skólastefnu þar sem hæstv. menntmrh. skipaði 18 manna nefnd til þess að móta skólastefnu. Nær allir þessir menn voru flokksbundnir eða nafnkenndir sjálfstæðismenn Ég sá í fljótu bragði einn krata í nefndinni.

Ég nefni málefni Ríkisútvarpsins undir forustu hv. þm. Tómasar Inga Olrich. Hún er ríkisstjórnarnefnd og á álitsgerðum sem svona eru samdar verður ekki tekið mark lengur en þann valdatíma sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tekst að vera við völd.

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur reyndar gefið fordæmi fyrir því að gera ekkert með það sem fyrri ríkisstjórnir hafa gert, tekur ekki einu sinni mark á formlega gerðum samningum sem fyrrv. ríkisstjórn gerði. Ég nefndi t.d. búvörusamninginn. Það væri líka ómaksins vert að nefna langtímastefnumótun í vegagerð þar sem núv. hæstv. samgrh., Halldór Blöndal, breytir gegn ákvörðunum sem þar voru teknar og stendur ekki við þau fyrirheit sem gefin voru og segir svo í þótta sínum: „Ég var alltaf á móti þessum ákvörðunum."

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur sem betur fer ekki stofnað neitt þúsund ára ríki hér. Hún situr að vísu til næstu kosninga sem verða kannski ekki fyrr en vorið 1995 eða í síðasta lagi vorið 1995 og nóg um það.

Ég verð að játa að mér finnst skýrslan ekki sæta neinum stórtíðindum. Þarna er tíndur saman sögulegur fróðleikur. Sums staðar í skýrslunni kemur fram mjög sérkennileg söguskoðun. T.d. er ekki minnst á atburð sem mér þykir nokkuð sögulegur og ég tel að hafi verið áhrifaríkur í íslenskri utanríkispólitík og haft verulega þýðingu á þróun sögu okkar, en það var sá atburður þegar Hermann Jónasson, þáv. forsrh., neitaði Lufthansa um aðstöðu hér á landi. Ekkert er minnst á þetta í söguskoðun skýrsluhöfunda. Reyndar er fjöldamargt í skýrslunni sem ástæða væri til að gera athugasemdir við og þar sem komist er kúnstuglega að orði og ég ætla, frú forseti, að nefna örfá atriði. Á bls. 11 segir t.d.:

„Nábýli við varnarliðið hefur eflt sjálfstraust þjóðarinnar í menningarlegu tilliti og aukið styrk hennar til að bregðast við nýjum aðstæðum og alþjóðlegri upplýsingaöld." Þetta leyfi ég mér að draga í efa, frú forseti. Síðan segir: „Þátttaka Íslands í Evrópska efnahagssvæðinu mun stuðla að auknu aðhaldi og bættri hagstjórn."

Þetta þykir mér vera langt seilst um hurð til lokunnar. Þeir hafa ekki mikið traust á sjálfum sér þessir menn ef þeir eiga von á að kontóristarnir í Brussel hafi vit fyrir þeim við að stjórna landinu. Það vil ég segja og endurtaka sem ég hef reyndar oft sagt þó ég gagnrýni ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og telji að hún sé afar óheppileg fyrir íslenskt þjóðfélag þá var ég þó sannfærður um að það er hundrað sinnum skárra að hafa hana yfir sér heldur en þurfa að lúta valdinu frá Brussel.

Það eru fleiri hæpnar fullyrðingar, frú forseti. Á síðu 22 er verið að tala um Evrópubandalagið og þar segir t.d.: „Nægir að benda á að Evrópubandalagið hefur haft lykilhlutverki að gegna í samvinnu um aðstoð við ríkin í Mið- og Austur-Evrópu." Ég er ekki alveg viss um að ríkin í Mið- og Austur-Evrópu telji sig hafa fengið neina sérstaka hjálp eða mikla hjálp eða nægilega hjálp frá þessum sem hér eru taldir gegna lykilhlutverki. Við nokkrir þingmenn hlustuðum í fyrri viku á klögumál þingmanna Mið-Evrópuríkja nokkurra sem kvörtuðu sárlega undan þeim hindrunum sem Evrópubandalagið lagði á viðskipti þeirra við bandalagið. Ég veit ekki hvað ég á að vera að fara nákvæmlega í þennan sparðatíning.

Hér segir frá því í kaflanum um Vestur-Evrópusambandið á bls. 31 og það hefði alveg eins getað átt erindi í síðasta dagskrármál eða það dagskrármál sem var á dagskrá á undan þessu til að sýna fram á hverslags glapræði það er að ganga í Vestur-Evrópusambandið. „Fulltrúi formennskuríkis í VES mundi í slíkum tilvikum vera málsvari VES-ríkjanna allra. Þar sem öll Evrópuríki NATO verða beint eða óbeint aðilar að VES gætu umræður í NATO smám saman tekið á sig mynd tvíhliða skoðanaskipta milli ríkja Norður-Ameríku annars vegar og Vestur-Evrópusambandsins hins vegar." Þarna taka nú nefndarmenn að sér að ákveða framtíð Dana sem seinast þegar ég vissi voru í NATO en láta sér ekki detta í hug að ganga í Vestur-Evrópusambandið.

Þessi skýrsla er í stórum dráttum sett saman til að reyna að réttlæta þá óskynsamlegu ákvörðun sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók, að ganga í Vestur-Evrópusambandið og einn þátturinn enn í nálgun ríkisstjórnarinnar til Evrópu. Ég nenni ekki að tíunda hér fleiri gullkorn úr þessari skýrslu. Ég er sammála sumu í skýrslunni þar sem eru sæmilega hlutlausar frásagnir en allt er nú verra með ályktanirnar.

Nú vitum við að kalda stríðið er búið en mér finnst eins og þessi nefnd hafi botnfrosið og sé ekki þiðnuð enn. Ég verð að draga í efa fullyrðingarnar um mikilvægi Keflavíkurstöðvarinnar sem fram koma í skýrslunni. Mér finnst það gefa auga leið að í breyttum heimi þá minnki mikilvægi þessarar herstöðvar og sú hernaðarógn sem að Íslendingum steðjar er náttúrlega fyrst og fremst af kjarnorkuslysi og kjarnorkuslys eru okkur síst fjær með stöðinni öflugri eða með stöðinni lítilli eða ef hún færi. Ég held að Keflavíkurherinn hafi aldrei minnkað áhættuna af kjarnorkuslysi.

Ég tel sem sagt að þessi skýrsla sé e.t.v. innlegg í umræðuna innan ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og í stuðningsflokkum hennar en ég sé ekki að hún verði neinn grundvöllur eða undirstaða í framtíðinni svo framarlega sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar situr ekki nema út þetta kjörtímabil. Ég tel að ríkisstjórnir á komandi tímum hafi sáralítið gagn af þessari skýrslu.

Ég vil, frú forseti, ljúka máli mínu í bili með því að leggja áherslu á að ég tel að Íslendingar þurfi að halda uppi myndugri íslenskri utanríkisstefnu og Ísland hafi út af fyrir sig ýmislegt til að segja heiminum og ég legg til að við leggjum t.d. miklu meiri áherslu á starf okkar og þátttöku í starfi Sameinuðu þjóðanna heldur en við höfum gert. Ég tel að ríkisstjórn Íslands sé á villigötum í utanríkismálum yfirleitt. Það er undarleg ógæfa sem yfir verkum hennar á því sviði er og þar af leiðir að ég held að þessi skýrsla sé ekki plagg sem við munum þurfa að fara eftir í framtíðinni svo framarlega sem auðnan ljær Íslendingum nýja ríkisstjórn áður en langt um líður.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa mjög mörg orð um þessa skýrslu, ég hef þegar gert hana að umtalsefni, gerði það í 1. umr. um þál. um aðild að Vestur-Evrópusambandinu og hef kannski ekki mjög miklu við það að bæta. Það er skoðun mín að það hefði verið skynsamlegra að ræða hana betur í tengslum við þá umræðu heldur en svona sérstaklega vegna þess að mér sýnist að það sé meginmarkmiðið með þessari skýrslu að rökstyðja annars vegar áframhaldandi veru í NATO og áframhaldandi veru bandaríks hers hér á landi og hins vegar aðild að Vestur-Evrópusambandinu.

Mér finnst þessi skýrsla að mörgu leyti dálítið sérkennileg. Í fyrsta lagi er viðurkennt í henni að aðstæður hafi breyst og við horfum upp á breytta tíma og það er talað um þessar breyttu aðstæður m.a. og segir, með leyfi forseta:

„Hinar föstu skorður sem einkenndu tímabil kalda stríðsins eru úr sögunni. Hefðbundin aðgreining sam-

herja og mótherja hefur að miklu leyti tapað markingu sinni. Dregið hefur úr vægi hermála og aukið svigrúm gefist til að takast á við önnur knýjandi úrlausnarefni í alþjóðamálum."

Þetta eru vissulega orð að sönnu, þessi hefðbundna aðgreining í samherja og mótherja hefur tapað merkingu sinni og sem betur fer eru menn nú að baksa við ýmislegt annað en vígbúnað og vopnakapphlaup. Þetta er í sjálfu sér ágæt viðurkenning sem á þessu felst í skýrslunni. Í öðru lagi má nefna að það er að vissu leyti að finna í skýrslunni nýja skilgreiningu á öryggisishagsmunum. Það er vissulega lagt nokkuð upp úr hefðbundnum öryggishagsmunum, þ.e. hefðbundnum landvörnum, en jafnframt er fjallað í skýrslunni um svokallaða aðra öryggishagsmuni og þar er auðvitað nefnt það sem skiptir okkur Íslendinga verulegu máli sem eru yfirráð yfir náttúruauðlindum, verndun fiskveiðilögsögunnar og fiskstofna. Og það gera sér auðvitað allir Íslendingar grein fyrir því að takist þetta ekki þá er allt sem heitir fullveldi farið fyrir lítið. Þá er talað um trausta stjórn efnahagsmála að það sé öryggismál og þarf ekki að fara mörgum orðum um það. Það er kannski eitt af þessum nýju hugtökum sem hafa komið inn í öryggisumræðu á undanförnum árum og gott ef það var ekki Hans Dietrich Genscher sem kom með það hugtak inn í umræðu um öryggis- og varnarmál að tala um efnahagslega öryggisstefnu. Síðan er hér talað um lýðræðislega stjórnarhætti sem vissulega er mikilvægt atriði í öryggis- og varnarmálum. Þá er talað um innra öryggi og þá alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi, almannvarnir og loks umhverfisvernd og reyndar síðast en ekki síst orðstír Íslands sem er talinn hér öryggis- og varnarmál og má svo sem til sanns vegar færa að svo sé. En mér finnst umhverfisverndin koma nokkuð aftarlega í þessu öllu saman og ég held að hún sé alveg órjúfanlega tengd því því sem við getum kallað yfirráð yfir náttúruauðlindunum vegna þess að mengun hafsins og mengunarslys vinna skaða á náttúruauðlindum, fiskinum í sjónum hér í kringum landið, og þá eru þau sú ógn fyrir öryggi landsins sem allt annað slær út í rauninni.

Það er sem sagt viðurkennt að það eru breyttir tímar, það er viðurkennt að það þarf að skilgreina öryggisishagsmuni að ýmsu leyti upp á nýtt en af þessu er samt ekki eins og ég sagði áðan dregnar ályktanir sem manni fyndist eðlilegt því í rauninni er allt lagt upp úr því í skýrslunni að tryggja að allt verði við það sama og var. Að það verði áfram bandarískur her, að við verðum áfram aðilar að NATO og reyndar gott betur því það er gert ráð fyrir að við göngum inn í nýtt hérnaðarbandalag sem er Vestur-Evrópusambandið. Þannig að þær glufur sem virðast hafa myndast í hugskoti þeirra manna sem sömdu þessa skýrslu, eru bara fylltar upp jafnharðan af gömlum lummum, gömlum hugsunum. Það segir um þessa hluti í skýrslunni sem er dálítið sérkennilegt en þar segir, með leyfi forseta: „Enginn vafi leikur á að áfram verður að vera bandarískur herstyrkur á Íslandi til að verja fullveldi og lögsögu þjóðarinnar og vegna sameiginlegra öryggishagsmuna Íslendinga og bandamanna þeirra. Einnig þarf til að tryggja varnir Íslands að gera áfram ráð fyrir liðsauka. Að auki verður æðsta stjórn ríkisins, stjórnkerfi og stofnanir að geta starfað á skilvirkan hátt á hættu- og ófriðartímum." Það er sem sagt talið að á þessu leiki enginn vafi að þetta þurfi nú allt saman að tryggja. Nefndarmaður og formaður utanrmn., hv. 3. þm. Reykv. Björn Bjarnason, lagði upp úr því hér áðan að öll ríki Vestur-Evrópu legðu nú talsvert upp úr því að byggja á (**BBj:** Hvarvetna í Evrópu.) hvarvetna í Evrópu á hefðbundnum landvörnum og sínum hefðbundnu öryggishagsmunum. En til þess að geta byggt á hefðbundnu varnarkerfi eða núgildandi varnarkerfi verða menn auðvitað að fallast á að það kerfi hafi yfirleitt verið rétt. Og það er auðvitað grundvallaratriði, fallast menn á það eða fallast þeir ekki á það. Mér finnst í skýrslunni að nefndarmenn rembist svolítið eins og rjúpan við staurinn að koma þeirri söguskoðun á framfæri að þetta kerfi hafi allt saman verið hið eina rétta og hið besta kerfi allra kerfa. Það er nefnilega dálítið sérkennilegt þegar maður er á fundum með fulltrúum frá Mið- og Austur-Evrópu þar sem allt er miklum breytingum undirorpið, þar sem hlutirnir gerast mjög hratt og menn verða að hugsa hluti upp á nýtt fyrir sín samfélög þá segja þessir fulltrúar mjög gjarnan við einmitt fulltrúa frá Vestur-Evrópu að þar sé aftur ákveðin tregða til að hugsa hluti upp á nýtt. Þar sé ákveðin tregða til að breyta, krafan sé mjög einhliða gerð til ríkja Mið- og Austur-Evrópu um að hugsa hlutina upp á nýtt.

En eins og ég sagði áðan þá hlýtur það að vera grundvallaratriði að menn fallist á að hefðbundið og núgildandi varnarkerfi hafi verið hið besta kerfi allra kerfa og það er einmitt það sem endurspeglast í þessari skýrslu og mér finnst að mörgu leyti eins og ég hef áður nefnt vera að finna í henni umræðu gærdagsins. Stundum finnst mér nefndarmenn sérkennilega lítilþægir fyrir hönd þessarar þjóðar og þeirra manna sem hér hafa lagt gjörva hönd á plóginn í sl. hálfa öld. Það segir t.d., með leyfi forseta, á bls. 26: „Í krafti aðilarinnar að Atlantshafsbandalaginu hefur Íslendingum tekist að varðveita sjálfstæði landsins og fullveldi í meira en 40 ár." Er einhver ástæða til að ætla að Íslendingar hefðu glatað sjálfstæði landsins og fullveldi á þessum 40 árum hefðu þeir ekki verið aðilar að Atlantshafsbandalaginu? (**BBj:** Já.) Er þetta sá vörslumaður fjöreggs okkar sem mestu máli hefur skipt á undanförnum 40 árum? Ég veit að nefndarmenn svara því játandi og gera það í rauninni í skýrslunni, en ég er ekki sannfærð um að svo sé. Það er auðvitað þegar maður stendur í þeim sporum sem við stöndum í núna, þ.e. kalda stríðinu er lokið og menn halda því mjög á lofti að í kalda stríðinu hafi verið einhverjir sigurvegarar, að sigurvegararnir hafi verið það sem við getum kallað hugmyndir lýðræðisríkja á Vesturlöndum og sú heimsmynd sem þeir sem þar réðu för drógu upp að hún hafi verið staðfest núna. Það hafi verið til eitthvað sem hét góða liðið og vonda liðið eins og börnin segja, hin einfalda svart/hvíta heimsmynd. Einhverjir í góða liðinu og einhverjir aðrir í vonda liðinu og góða liðið hafi unnið. Ég hef aldrei trúað þessari mynd sem var

dregin upp öll kaldastríðsárin og ég trúi henni ekki enn. Hún verður ekki betri þótt hún sé endurtekin núna. Ég held að hættan að stríðslokum fyrir Íslendinga hafi verið afskaplega lítil og hættan á yfirráðum heimskommúnismans sem menn predikuðu mjög hafi verið alveg hverfandi lítil. Menn þurfa auðvitað ekki annað en líta á ástandið sem var í heiminum að lokinni seinni heimsstyrjöldinni. Menn þurfa ekki annað en líta á ástandið sem var í þessum þáverandi ríkjum Sovétríkjanna, og svo hitt hvernig staðan var í Bandaríkjunum. Þarna var auðvitað gjörólíku saman að jafna. Það sem hefur kannski knúið menn öðru fremur til að endurskoða alla hluti er að menn höfðu ekki efni á því ástandi sem skapaðist og því vopnakapphlaupi sem skapaðist í kalda stríðinu. Ef við horfum á það sem það hefur skilið eftir sig í vopnabúrum heimsins, þetta kapphlaup kalda stríðsins, þá eru engir sigurvegarar, þá töpuðum við öll.

Þessu vildi ég nú koma hér á framfæri vegna þess að mér leiðist þegar menn tala í svart/hvítum myndum og þegar sagan er algerlega skoðuð út frá sögu hinna svokölluðu sigurvegara og vildi gjarnan leggja þetta hér inn í umræðuna.

Öryggishagsmunir okkar í þessari skýrslu finnast mér líka skilgreindir mikið út frá þörfum annarra. Nú er afskaplega göfugt og við viljum öll vera þátttakendur í þessu samfélagi þjóðanna og leggja okkar þar af mörkum og ég legg áherslu á að það eigum við að gera, m.a. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og vettvangi Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu. En þegar kemur að því að meta öryggishagsmuni okkar, hvort sem það eru hinir hefðbundnu öryggishagsmunir eða nýjar skilgreiningar á öryggishagsmunum þá verðum við auðvitað að ganga út frá stöðu okkar hér á Íslandi, okkar Íslendinga, og við verðum þá að meta þau skref sem við stígum út frá okkar hagsmunum, okkar þörfum en ekki þörfum annarra ríkja. En mér finnst það vera talsvert mikið gert í þessari skýrslu og ég vil í því sambandi benda á að það er talað um það hér á einum stað að Ísland sé mikilvægt fyrir millilendingar vegna loftflutninga frá Norður-Ameríku til átakastaða í og utan Evrópu og þess vegna þurfi að treysta hér herstöð í sessi. Þá segir:

„Ísland er því mikilvægt burt séð frá hernaðargetu og umsvifum norðurflota Rússa á hverjum tíma. Landið tengist einnig náið öryggi Evrópu og á Atlantshafi eftir kalda stríðið og nýrri varnarstefnu NATO. Í henni er annars vegar gert ráð fyrir fækkun í herjum og hins vegar lögð áhersla á að til reiðu séu hersveitir sem brugðist geti hratt við yfirvofandi hættu. Fækkun í bandarískum hersveitum í Evrópu úr um 300 þús. fyrir örfáum árum í um 100 þús. árið 1996 veldur því að leiðin yfir hafið verður hernaðarlega mikilvægari en áður." Og svo segir, að Ísland væri stoð brúarinnar yfir Atlantshafið. Þetta hefur komið fram í samræðum við æðstu embættismenn í NATO: „Áherslan í NATO á Ísland mun því ekki dofna þótt e.t.v. yrði staðið öðruvísi að málum í framtíðinni vegna nýrra aðstæðna."

Mér finnst í þessum kafla öllum verið að ræða um hagsmuni einhverra annarra en okkar. Mér finnst verið að ræða um að Ísland henti til einhvers konar millilendinga og sem einhvers konar bækistöð þá fyrir NATO og fyrir einhverja hagsmuni sem ekki eru okkar. Og ég held að þetta tengist m.a. því sem við höfum svo sem rætt um hér áður að við höfum að ýmsu leyti haft herstöðina að féþúfu, við höfum haft af henni miklar tekjur á undangengnum árum eins og hefur verið bent á og mönnum er í mun að ýmsu leyti að missa ekki þær tekjur út úr hagkerfinu og það er svo sem ekkert skrýtið miðað við þær aðstæður sem hér eru í dag.

Þá er líka lögð á það áhersla í tengslum við Vestur-Evrópusambandið og talin svo ágæt rök fyrir því að ganga inn í það samband að ýmsir aðrir séu svo ánægðir með það að við förum þar inn. Það er t.d. sagt hér í skýrslunni að í viðræðum nefndarinnar við bandarísk, bresk og norsk stjórnvöld og æðstu embættismenn NATO gæti mikillar ánægju með þá ákvörðun íslenskra stjórnvalda að Ísland gerðist aukaaðili að Vestur-Evrópusambandinu. Eindregið var tekið undir það álit nefndarinnar að full þörf væri á að rödd Íslands heyrðist á vettvangi Vestur-Evrópusambandsins og að það yrði ekki aðeins íslenskum hagsmunum til framdráttar heldur einnig hagsmunum NATO og Bandaríkjanna. Og það er lagt mjög mikið upp úr því að einhverjir aðrir og þá ekki síst bandarísk stjórnvöld séu ánægð með það ef við göngum þarna inn. Þetta er svo endurtekið reyndar í nál. meiri hluta utanrmn. um aðildina að Vestur-Evrópusambandinu, í tilvitnun sem sótt er í bréf sem Varðberg sendi til utanrmn. vegna þess máls.

Hv. formaður utanrmn., hv. 3. þm. Reykv., las hér upp úr skýrslunni ákveðinn áherslupunkt sem hann vildi koma á framfæri sem var á þá lund að sú hætta væri fyrir hendi að tveir meginþættir íslenskrar utanríkisstefnu, þ.e. viðskiptasamstarf annars vegar og samvinna á sviði öryggismála hins vegar, aðgreindust. Og það segir í skýrslunni:

„Standi Ísland utan EB og haldi samrunaþróunin í Evrópu áfram sem horfir í utanríkis- og öryggismálum, eykst mikilvægi varnarsamnings Íslands við Bandaríkin." Og síðan segir: „Ólíkt því sem gerist meðal bandamanna í Vestur-Evrópu, þar sem horfur eru á frekari samtvinnun viðskiptasamstarfs og samvinnu á sviði öryggismála, er hætt við að þessir tveir þættir íslenskrar utanríkisstefnu greinist að í auknum mæli. Eitt mikilvægasta úrlausnarefni íslenskra utanríkismála hlýtur að vera að koma í veg fyrir að slík þróun leiði til togstreitu og hagsmunaárekstra í framtíðinni."

Formaður utanrmn. varpaði því hér fram að þetta væri eitthvað sem þyrfti að taka til skoðunar og umhugsunar á næstunni. Þetta væri vandi sem við stæðum andspænis, en í rauninni lét hann því alveg ósvarað hvernig úr þessu eigi að vinna. Er þetta staða sem getur gengið upp eða getur hún ekki gengið upp og hvaða vankantar eru þá því samhliða? Mér finnst að þarna sé ákveðinni spurningu varpað fram í rauninni en algerlega látið ósvarað sem maður hefði þó kannski haldið að nefnd sem á að fjalla um öryggis- og varn-

armál Íslands og móta einhverja stefnu í þeim málum a.m.k. reyndi að takast á við.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri, virðulegi forseti. Eins og ég hef sagt áður finnst mér að við höfum eytt þó nokkuð miklum tíma í að ræða öryggis- og varnarmálin og það er svo sem ágætt, en auðvitað hefði verið mun skynsamlegra að standa þannig að *málum að við þær breyttu aðstæður sem eru í heiminum* og þær breyttu aðstæður sem eru í íslensku samfélagi í dag að allir aðilar, allir pólitískir aðilar á Alþingi kæmu að slíkri umræðu og kæmu að slíkri skýrslugerð.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Mig langar til að fara hér nokkrum orðum um þessa skýrslu úr því að hún er orðin að umtalsefni. Í fyrsta lagi vil ég eins og fleiri hafa reyndar gert átelja skipan þessarar nefndar sem er einhver sérkennileg samblanda fulltrúa stjórnarflokkanna og embættismanna. Og það er auðvitað dálítið merkilegt að hæstv. ríkisstjórn hefur valið sér það verklag nánast í öllum tilvikum, jafnvel þegar hin umdeildustu eða viðkvæmustu mál eru til umfjöllunar að skipa eða manna nefndir og ráð eingöngu með þröngt skilgreint flokksfulltrúum sínum. Þetta er auðvitað afar athyglisvert, sérstaklega í ljósi þess að Sjálfstfl. gerði um það kröfu hér stanslaust allt sl. kjörtímabil þegar skipað var í nefndir og stjórnir þar sem allir stjórnmálaflokkar áttu fulltrúa. En sú ríkisstjórn sem þá sat eða ríkisstjórnir mönnuðu gjarnan starfsnefndir með fulltrúum allra flokka og óskuðu eftir fulltrúum stjórnarandstöðuflokka í nefndir og ráð, þá var það nú enginn annar en Sjálfstfl. sem gerði um það kröfu að fá ekki bara einn fulltrúa í slíkar nefndir heldur tvo og það var látið eftir Sjálfstfl. hvað eftir annað á síðasta kjörtímabili að hann fengi tvo fulltrúa í nefndaskipun af þessu tagi. Nú er öldin önnur og það heyrir til hreinna undantekninga ef það yfirleitt þekkist að ríkisstjórnin beri það við að leita eftir einhverri pólitískri samstöðu eða pólitískri breidd í nefndarstarf af einu eða öðru tagi.

Strax þessi skipan nefndarinnar gerir það að verkum að frá upphafi var borin von að þetta plagg gæti orðið heilbrigður grundvöllur skoðanaskipta eða stefnumótunar í utanríkismálum. Það kann að verða einhvers virði í augum einhverra á meðan þessi ríkisstjórn og þetta stjórnarsamstarf lafir, sem guð láti nú gott á vita að verði ekki lengi, en eftir það er það marklaust og ónýtt plagg, það liggur í hlutarins eðli. Ætli menn að ná einhverri samstöðu um hlutina eða vilji menn vinna verk sem hafi eitthvert gildi til frambúðar og einhverja vísun til framtíðar umfram það kjörtímabil sem yfir stendur, þá gera þeir það auðvitað með því að hafa í slíku starfi fulltrúa allra helstu stjórnmálahreyfinga í landinu.

Í öðru lagi vil ég koma að því, hæstv. forseti, sem sagt er hér á bls. 26 og 27 um Atlantshafsbandalagið og ég reyndar get nú stytt mál mitt hvað það snertir vegna þess sem hv. síðasti ræðumaður, 10. þm. Reykv., sagði. Ég ætlaði einmitt að koma inn á nákvæmlega sama hlut, þ.e. þennan kostulega sjálfbirgingslega texta hér sem í raun og veru slær því fram að það hafi eingöngu verið vegna aðildar að Atlantshafsbandalaginu sem Íslendingar hafi yfirleitt getað varðveitt sjálfstæði og fullveldi. Maður hlýtur auðvitað að spyrja: Hvernig í ósköpunum gátum við öðlast sjálfstæði og fullveldi hér fyrr á öldinni úr því að Atlantshafsbandalagið var ekki til, var ekki komið til sögunnar til að færa okkur það? Sú vanmetakennd sem hér endurspeglast af síðum skýrslunnar auðvitað ber það fyrst og fremst með sér að þar tali menn sem hafi enga trú á því að Íslendingar geti verið sjálfstæð þjóð á eigin forsendum. Við þurfum einhverja erlenda aðila, helst þetta hernaðarbandalag til að passa upp á þá hluti fyrir okkur. Þetta er auðvitað svo sjálfbirginslegur og kostulegur texti að það er leitun að öðru eins.

Það er í fyrsta lagi sagt að í krafti aðildarinnar hafi það tekist að varðveita sjálfstæði landsins og fullveldi í meira en 40 ár, sem sagt væntanlega frá því að Atlantshafsbandalagið kom til sögunnar og maður fer að spyrja sig að því, var Ísland þá ekki sjálfstætt og fullvalda frá 1944–1949 eða hvað? Sennilega ekki. Sennilega á þessi texti að túlkast þannig, það hafi verið svona hálfgert ómark af því að NATO var ekki komið á koppinn. Svo er því að sjálfsögðu haldið fram að það hafi verið einhver happadrýgsta ákvörðun allra tíma að ganga í NATO. Svo er enn fremur fullyrt og það er auðvitað dálítið merkileg söguskýring að NATO hafi átt ríkan þátt í að koma af stað og örva þá friðsamlegu lýðræðisbyltingu sem átti sér stað í austurhluta álfunnar og var undirrót þess að pólitísk skipting Evrópu heyrir nú sögunni til. (**Utanrrh:** Það segir Havel.) Það er nú aldeilis ekkert annað sem þarna er fullyrt. Ja, miklir menn erum við. Það er víst ábyggilegt að þá hrjáir ekki minnimáttarkenndin, höfundana að þessum texta, svo mikið er víst.

Í þriðja lagi er í kaflanum um hernaðarlega stöðu Íslands og Keflavíkurstöðina margt kostulega sagt. Þar nefni ég til að mynda það sem reyndar hefur þegar hér verið gert að umtalsefni og er á bls. 45. Þær eru auðvitað mjög merkilegar þessar tilraunir til að réttlæta veru erlends hers og reyna eins og nokkur kostur er að telja mönnum trú um það að hernaðarlegt mikilvægi Íslands sé a.m.k. óbreytt og helst ef eitthvað er vaxandi eftir því sem friðvænlegar horfir í heiminum. Og hvað er það nú sem þar er sérstaklega nefnt? Það er í fyrsta lagi sameiginlegur skilningur manna á viðræðum í Brussel og Washington, það grundvallarálit að hernaðarleg staða Íslands hafi ekkert breyst. Það er mjög mikilvægt að vita það að menn hafa orðið sammála *um það á þessum fundum í Washington og* Brussel.

Í öðru lagi er sagt að Keflavíkurstöðin sé einnig mikilvæg fyrir millilendingar vegna loftflutninga frá Norður-Ameríku. Hvað nota menn til að lenda flugvélum? Menn nota flugvelli og þeir fara ekki í burtu þó að hér sé ekki her. Og það er hægt að starfrækja flugvelli og hægt að lenda flugvélum þó að menn séu ekki í hernaðarbandalögum eða haldi heri. Auðvitað er þetta kostulegur brandari. Það sem hér er verið að segja er: Það er gott að hafa flugvöll á Íslandi til að

geta millilent á leiðinni yfir Atlantshafið. Það er nokkuð til í því þó að það sé nú reyndar þannig að af tæknilegum ástæðum fari mikilvægi slíks millilendingarflugvallar minnkandi vegna þess að langdrægni flugvélanna sem hér eiga yfirleitt í hlut fer vaxandi. En það getur út af fyrir sig verið nokkur rök fyrir því að það sé ágætt að hafa hér flugvöll og hann er hér þegar. Það kemur bara bókstaflega herstöðin eða hernum ekkert við og er auðvitað eins og hver annar útúrsnúningur. Og í þriðja lagi er það svo fullyrt án rökstuðnings að Ísland sé því mikilvægt burt séð frá hernaðargetu og umsvifum norðurflota Rússa eða hernaðarógninni sem að okkur steðjar á hverjum tíma, burt séð frá því. Það er gaman að bera þennan málflutning saman við það sem sagt var fyrir svo sem 10 árum síðan og væri nú gaman að taka hér fram blaðagreinar eftir Björn Bjarnason eða ræður eftir ýmsa menn svona frá því fyrir 10 árum og bera það saman við þessar fullyrðingar. Þá er ég hræddur um að það kæmi ýmislegt kostulegt í ljós. Þá var það Rússagrýlan sem réttlæta átti hér veru hersins og var fyrst og fremst notuð í þessu sambandi.

Af sama tagi er auðvitað orðalagið á bls. 51, þar sem fullyrt er að breyttar aðstæður og nýjar áherslur hafi aukið mikilvægi landsins fyrir frið og stöðugleika í Evrópu og svo er sagt að Keflavíkurstöðin tengist náið þeim möguleika NATO að beita sér utan bandalagssvæðisins og þá er það auðvitað álitamál ef menn taka mark á þessari fullyrðingu, vilja menn það? Hefur verið tekin um það einhver pólitísk ákvörðun að Ísland vilji auðvelda NATO að standa í hernaðaríhlutunum út um allar koppa grundir? Og hvenær var hún tekin? Er það stefna þessarar ríkisstjórnar að Ísland sé meðmælt því? Ég hefði gaman af að fá svör við því. (**Utanrrh:** Þetta er friðargæsla.)

Sömuleiðis er það merkilegt sem sagt er á bls. 51 og eru það kannski mestu tíðindin í þessari skýrslu ef maður tekur það alvarlega og það held ég að maður verði að gera eftir ræðu hv. þm. Björns Bjarnasonar hér áðan. Það er þar sem segir: „Nauðsynlegt er að trúverðugar varnir verði áfram á landinu til að verja fullveldi og lögsögu þjóðarinnar." Ég skil þennan texta þannig, sérstaklega í ljósi ræðu hv. þm. Björns Bjarnasonar, að það sé verið að boða hér þau tíðindi að það eigi að vera erlendur her á Íslandi um aldur og ævi, óháð þróun mála í heiminum, hversu friðvænlegt megi teljast. Hér skuli vera erlendur her og halda uppi svokölluðum hervörnum óháð öllu öðru. Sem sagt, allt tal um að erlendur her eigi ekki að vera hér á friðartímum sé lagt til hliðar og er það þá þannig að það sé orðin stefna Sjálfstfl. og stefna Alþfl. að það eigi að hafa hér erlendan her um aldur og ævi á Íslandi? Ad infinitum. Er það stefnan, hæstv. utanrrh.? Er Alþfl. sem slíkur búinn að taka upp þá stefnu og hvenær var stefnan um að hér ætti ekki að vera her á friðartímum lögð af? Hvenær var hún slegin af í Alþfl.? Er fyrir því flokksstjórnarsamþykkt í Alþfl. að hér skuli vera her um aldur og ævi hversu friðvænlegt sem teljast megi í heiminum? Eða hvernig á að lesa þennan texta? Og er það hv. þm. Björn Bjarnason sem talar þar fyrir hönd Alþfl. eins og væntanlega Sjálfstfl.?

Auðvitað er það svo, hæstv. forseti, að þessi skýrsla er afar ómerkilegt plagg. Hún fullyrðir í annarri setningunni sem er rétt og allir eru sammála um að mjög margt hafi breyst, en í hinu orðinu reynir hún jafnan að sanna að samt sem áður hafi ekkert breyst, hér eigi auðvitað að vera bandarískur her og við eigum að vera í NATO um aldur og ævi. Þetta er auðvitað kostulegur framsetningur manna sem eru að rembast við að réttlæta hér kaldastríðshugsunarháttinn, vígbúnaðarkapphlaupið og allt það þó seint sé að þeirra mati vonandi og flestra allra annarra.

Það er auðvitað þarft verk að opna upp og víkka út umræðu um breytta stöðu í alþjóðamálum og utanríkisstefnu okkar Íslendinga. En þetta tregablandna dekur við vígbúnaðarkapphlaupið og kaldastríðstímann er ónýtt plagg til þess að leggja grunninn að slíkri umræðu. Ef hana á að hefja, þá á auðvitað að byrja á því að skipa nefnd fulltrúa allra stjórnmálaflokka sem afli gagna og kynni sér það sem markvert er í þessum efnum áður en farið yrði svo síðan út í það að ræða frekari áherslur eða stefnumótun af þessu tagi. Og það verður fróðlegt að heyra hvort hæstv. utanrrh. er tilbúinn til þess að henda þessu plaggi og beita sér fyrir því að skipuð verði einhvers konar starfsnefnd allra stjórnmálaflokka sem leggi þá grunninn að slíkum umræðum.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu skýrsla um öryggis- og varnarmál Íslands sem hv. síðasti ræðumaður lýsti sem mjög ómerkilegu plaggi. Ég er honum ekki sammála. Ég held að þetta sé allmerkileg skýrsla, mjög merkileg raunar miðað við það á hvern hátt er hér tekið á nýjum viðhorfum og nýjum aðstæðum í öryggismálum.

Hér hefur verið fjallað nokkuð ítarlega um ástæður sem liggja til þess að það sé sérstakt tilefni til þess nú að leita víðtækrar samstöðu í umræðunni um öryggis- og varnarmál. Ég hygg að það sé hægt að taka undir þessi orð og fagna þeirri viðleitni sem fram hefur komið hjá þeim flokkum sem hingað til hafa verið einna harðastir í andstöðu sinni við þátttöku Íslendinga í varnarsamstarfi vestrænna ríkja. Ég held að það séu sérstakar ástæður til þess að það eigi nú að leita víðtækrar samstöðu um öryggis- og varnarmál. Og þessar sérstöku ástæður eru eftirfarndi:

Það ríkir nú mikið ójafnvægi í stjórnmálum og efnahagsmálum Austur-Evrópu og þetta ójafnvægi hefur aukið óvissu, m.a. í umfjöllun um öryggismál og veikt grundvöll allra áætlana í öryggismálum. Þetta er ein af ástæðunum. Það ber einnig að geta þess að aukið vægi alþjóðlegra viðskipta og öryggishagsmunir sem tengdir eru viðskiptum og efnahagsmálum leiða Íslendinga nú í æ ríkara mæli út á vandrataðar brautir þar sem mikils sveigjanleika er þörf. Við þessar aðstæður er í sjálfu sér mjög brýnt að leita sem víðtækastrar samstöðu í öryggis- og varnarmálum, bæði í varnarmálum og einnig að því er varðar önnur atriði í öryggismálaumræðunni.

Að lokum er svo að nú blasir það við að hlutverk Íslands í varnarsamstarfi vestrænna ríkja hefur breyst allverulega við hrun Sovétríkjanna og það er hugsanlegt eins og getið er hér réttilega í þessari skýrslu að þjóðin verði að horfa fram á það að axla auknar byrðar í varnarmálum. Við þessar aðstæður er líka nauðsynlegt að leita eins víðtækrar samstöðu í þessum málaflokki og hægt er. Það verður æ flóknara fyrir okkur í þessari stöðu að gæta öryggishagsmuna þjóðarinnar. Þeir tengjast viðskiptaöryggi, þeir tengjast efnahagslegu sjálfstæði og efnahagsmálum, þeir tengjast einnig umhverfisöryggi. En það má ekki líta svo á að öryggismál fjalli ekki lengur um hernaðarmál eða varnarmál í þrengstu merkingu. Það er talað hér um í þessari skýrslu í II. kafla að þverrandi hernaðarógn hafi orðið til þess að tekið sé aukið tilliti til almennra utanríkishagsmuna, ekki síst efnahags- og viðskiptamála. Í raun og veru má segja að hernaðarógnin hafi breytt um eðli. Í stað ógnarjafnvægis sem byggðist á gífurlegri uppbyggingu hergagna og eyðingarmáttar tveggja hernaðarbandalaga er komið óvissuástand þar sem erfitt er að tryggja að sterk eða meðalsterk kjarnorkuveldi með til þess að gera veikt stjórnmálalíf og veikt lýðræði sem ýmist er í burðarliðnum eða vaklandi á brauðfótum beiti ekki hernaðarmætti sínum til lausnar á flóknum og rótgrónum deilumálum innan sinna vébanda og í tengslum þeirra við nágrannaríki. Þessi þáttur er mjög vandmeðfarinn þannig að það er ekki hægt að segja að hernaðarógnin hafi vikið heldur hefur hún breytt um eðli. Á meðan þetta ástand varir þurfa Íslendingar að temja sér mikinn sveigjanleika í umfjölluninni um öryggismál og þeim ber að sjálfsögðu að standa mjög fast við þá stefnu sem hefur verið kjölfestan í íslenskum öryggis- og varnarmálum og tryggja varnir landsins í heföbundnum skilningi áfram, þ.e. landvarnir í orðsins fyllstu merkingu.

Ég vildi að þetta sjónarmið kæmi hér fram og ég tel að í umfjöllun um aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu hafi komið fram nokkuð takmarkaður skilningur á þessari nauðsyn og það komi fram hér óþarflega mikil viðkvæmni gagnvart mikilvægi NATO í lýðræðisþróuninni í Austur-Evrópu sem er almennt viðurkennt, það er almennt viðurkennt að NATO gegndi mjög mikilvægu hlutverki í þeirri þróun. Einnig tel ég að í máli hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur hafi komið fram þegar hún var að ræða um einföldun á alþjóðlegum stjórnmálum Evrópu að þar ættist við gott og illt og finnst mér hún hafa gengið nokkuð langt í að rugla saman afleiðingum hugmyndafræðilegs ágreinings annars vegar, þ.e. lýðræðisins annars vegar og alræðishyggju kommúnistaríkjanna hins vegar og svo afleiðingum þessa hugmyndafræðilega ágreinings sem var kalda stríðið og ógnarjafnvægið. Það er ekki hægt að fría sig við að taka siðferðilega afstöðu til þessa hugmyndafræðilega ágreinings sem þarna var uppruni kalda stríðsins og ógnarjafnvægisins.

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil aðeins víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 10. þm. Reykv., þar sem hún vék sérstaklega að því m.a., að ríkin í Austur-Evrópu kvörtuðu undan því að ríkin í vesturhluta álfunnar sýndu ekki nægilegan sveigjanleika í afstöðu sinni til breyttra aðstæðna og ekki nægilega skjót viðbrögð. Það sem þessi ríki eiga við er það að ríkin í vesturhluta Evrópu hafi ekki viljað hleypa þessum ríkjum inn í Atlantshafsbandalagið, Evrópubandalagið og önnur samtök sem þessi lýðræðisríki hafa stofnað. Það er það sem þau eiga við og fram hefur komið og kom m.a. fram hér á landi um síðustu helgi þegar ráðuneytisstjóri ungverska utanríkisráðuneytisins heimsótti landið. Það er einnig rangt hjá hv. 10. þm. Reykv. að halda því fram að það sé einhver vafi um það að það hafi verið hætta í Evrópu í kringum 1950. Ný gögn sýna ótvírætt að það lágu fyrir áætlanir um það hvernig ætti að leggja undir sig vesturhluta Evrópu með hernaðarátökum sem hæfust í Austur-Þýskalandi. Það liggja fyrir upplýsingar um þetta, það liggja fyrir m.a. birgðir af umferðarmerkjum sem átti að setja upp víða í Vestur-Evrópu, það liggja fyrir bunkar af fölsuðum peningaseðlum sem átti að dreifa, það liggja meira að segja fyrir haugar af heiðursmerkjum sem átti að veita þeim hermönnum sem hefðu tekið þátt í þessari sigurgöngu kommúnistmans vestur á bóginn. Þessar upplýsingar liggja allar fyrir og það er fráleitt að láta eins og ekkert hafi verið upplýst um þessa þætti nú eftir að kommúnistminn hrundi. Þetta hefur þvert á móti allt verið staðfest það sem menn töldu hættulegast varðandi stefnu kommúnistmans hér í Evrópu.

Varðandi þann þátt í skýrslu nefndarinnar þar sem talað er um afstöðu annarra ríkja til þess að Ísland taki þátt í Vestur-Evrópusambandinu þá er ástæðan fyrir því að nefndin lagði sig eftir að kynnast viðhorfum annarra þjóða í þessu efni að hér var því haldið fram á Íslandi í umræðum um þátttökuna í Vestur-Evrópusambandinu að hún væri í óþökk Bandaríkjanna og ýmissa samaðila okkar að Atlantshafsbandalaginu. Þetta var mikilvægur liður í málflutningi ýmissa og það var nauðsynlegt þegar nefndin fór af stað að kanna þetta mál að komast að niðurstöðu og kanna viðhorfin og hún kynnti niðurstöðu sína í skýrslunni þannig að þær röksemdir að þetta væri í óþökk bandamanna okkar reyndust á röngum forsendum reistar. Þetta vildi ég aðeins láta koma fram í tilefni af ræðu hv. 10. þm. Reykv. Ég vil einnig vekja máls á því sem hún gat um í lok ræðu sinnar þar sem hún vitnaði í lokamálsgrein skýrslunnar eins og ég gerði í minni fyrri ræðu að þar er einmitt drepið á atriði sem þarf að ræða. Eins og ég sagði í minni ræðu þá lítum við á þetta sem grunn að frekari umræðum og þetta er atriði sem mér finnst að sé nauðsynlegt að varpa ljósi á. E.t.v. er þetta ekki það áhyggjuefni sem þarna er nefnt. En engu að síður er þetta atriði dregið fram og það er ekki hægt að ætlast til þess að menn svari öllum slíkum spurningum í skýrslu sem þessari. Það þarf að varpa þeim fram og fá umræður um þær og skoða málið og vonandi gerist það í framhaldi af þessum umræðum að við munum ræða þetta frekar. Og mér finnst fráleitt hjá hv. þm. ýmsum sem hér hafa látið það í ljós að vegna þess hverjir sömdu þessa skýrslu þá muni hún aldrei verða neitt

nema tímabundin álitsgerð og aldrei verði tekið mið af henni nokkru sinni eftir að þessi ríkisstjórn er farin frá, það finnst mér fráleitt. Auðvitað verður hún eins og hvert annað skjal sem menn munu taka mið af í umræðum hér á landi. Hún verður innlegg í umræðurnar og hún byggist á mati á tímum sem við nú lifum og það verður vísað til hennar sem slíkar. Hún verður að sjálfsögðu ekki sígilt bókmenntaverk eða verk sem menn geta að eilífu stuðst við þegar þeir taka afstöðu til okkar utanríkismála en hún er mat á stöðunni eins og hún er í dag og ég er viss um að þótt tíu manns hefðu verið í nefndinni þá hefði niðurstaðan að því leyti orðið hin sama. Hún hefði að vísu ekki orðið hin sama varðandi ýmsar niðurstöður sem dregnar eru og viðhorf nefndarmanna til Atlantshafsbandalagsins, til varnarsamningsins, því þessar umræður hér hafa dregið það greinilega fram að það er ágreiningur um þessi grundvallarsjónarmið. Og þeim verður ekki eytt með þessari skýrslu en hins vegar er nauðsynlegt að vekja athygli á þeim og það hefur komið fram í umræðunum. Þannig að mér finnst ástæðulaust að gera lítið úr skýrslunni vegna þess hverjir sátu í nefndinni. Það er nær að meta hana sem framlag til umræðnanna. Og það þótti mér hv. málshefjandi, hv. 8. þm. Reykn. gera og hann gerði það með þeim hætti að það var greinilegt að hann a.m.k. telur að hér sé um skjal að ræða sem ástæða sé til að ræða frekar og skoða með framtíðina í huga. Það kom greinilega fram ágreiningur á milli hans og hv. 4. þm. Norðurl. e. að þessu leyti og hv. 1. þm. Norðurl. v. að þessu leyti þannig að þessi umræða hefur dregið fram ágreining um þetta atriði. Ég veit ekki hvar ég á að flokka hv. 10. þm. Reykv. í því efni en ef ég mætti gera það þá finnst mér hún nú fremur hallast að því að skýrslan sé viðfangsefni sem eigi að ræða um þótt núv. ríkisstjórn færi frá völdum.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil láta það koma fram að þeir þingmenn Austur-Evrópuríkja sem ég hef hitt nýlega og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir ásamt fleiri íslenskum þingmönnum kvörtuðu ákaflega sárlega undan samskiptum sínum við Evrópubandalagið vegna þess að þeir sögðu beinlínis að talið um verslunarfrelsið, frelsistalið væri orðin tóm. Evrópubandalagið girti sig af fyrir þeirra framleiðsluvörum. Og þeir byggðu þessar girðingar með óréttmætum hætti til að verjast innflutningi til Evrópubandalagsins á ódýrum landbúnaðarvörum frá Austur-Evrópu. Þeir hafa ekki margt að selja. Þeir hafa fyrst og fremst ódýrar landbúnaðarvörur að selja en Evrópubandalagið ver sig gegn þeim og þeir tala um „unfair trade barriers" á enskunni og nota jafnvel stærri orð en það. Þetta bið ég nú hv. 3. þm. Reykv. að kynna sér í ferðasögu sem fulltrúar Íslands í þingmannanefnd EFTA hafa verið að skoða í dag. Ritari okkar hefur gert útdrátt um síðustu ferð okkar til Genfar og þar kemur þetta einmitt mjög skýrt fram.

Ég lít svo á að það sé ofætlun að telja þessa skýrslu grunn að einhverri mikilli framtíðarumræðu um öryggismál Íslands. Ég held að það sé alger misskilningur hjá hv. 3. þm. Reykv. að þeir hafi verið að skrifa einhverja Njálu með þessari skýrslu. Það er þeirra mat á stöðunni í dag sem fram kemur í skýrslunni. Ég tel að það sé rangt og einsýnt kaldastríðsmat á stöðunni og ég á ekki von á því að í framtíðinni verði þetta talið einhvert sérstakt stórinnlegg í utanríkisstefnu Íslendinga.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ef ég hefði ekki vitað betur þá hefði ég ályktað eftir ræður þeirra hv. þm. Páls Péturssonar, utanrrh. skuggaráðuneytis Framsóknar, og hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, formanns Alþb., að hér hefðu orðið merkileg hlutverkaskipti. Að hv. þm. Páll Pétursson væri í reynd formaður Alþb. og talaði máli þess en hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson væri hins vegar nýkjörinn formaður Framsfl. en hefði náð kjöri með stuðningi þess arms Framsfl. sem venjulega var kenndur við vestræna samvinnu og væri þess vegna eiginlega andlegur leiðtogi þessa unga manns sem var hér mikið á dagskrá og er í stjórn samtaka um vestræna samvinnu. (**BBj:** Varðbergs.) Varðbergs já. Ég er ekki alveg klár á hvað þessi samtök heita. (**Gripið fram í:** Þetta er misskilningur.) Það er merkilegt ef þetta er misskilningur. En af máli mannanna mátti ekki ályktа annað. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson fór viðurkenningarorðum um þessa skýrslu og varði meginhluta ræðutíma síns til að lesa með mikilli velþóknun valda kafla úr skýrslunni. En til þess nú að menn ályktuðu ekki sem svo að hann væri í einu og öllu ásáttur við skýrsluna þá tíndi hann til eitt og annað fremur lítilvægt sem mætti finna að eins og t.d. það að ekki hafi verið talað við nógu marga, t.d. ekkert verið talað við hann og ekkert verið talað við Bill Clinton og hefði verið betur ef það hefði verið gert fyrr.

Hann væri í stórum dráttum, mátti ráða af þessu, sammála forsendunum en það væri kannski einhver áherslumunur að því er varðaði ályktanirnar. En hann lét í ljós að á grundvelli svo góðrar skýrslu þá þyrftum við endilega að halda áfram þessum umræðum. Þarna kvað við nýjan tón hjá formanni Alþb. Það er að vísu alveg nýtt að við ræðum utanríkis- og öryggismál hér dögum saman nærri því fyrir tómum sal, það eru varla fleiri í salnum en þeir sem taka þátt í umræðunum, hefur aðeins bæst við núna eftir að ég byrjaði að tala, og hefði nú ekki gerst hér áður fyrr á meðan andlegir leiðtogar Alþb. og þeir sem lýsa svipuðum skoðunum og hv. þm. Páll Pétursson voru að móta utanríkisstefnu Alþb. hér á gullaldardögum þess. Þarna er mikill munur á. Hv. þm. Páll Pétursson hafði allt á hornum sér, talaði að vísu ekkert um umræðuefnið, talaði mikið um að ríkisstjórnin væri vond og vitlaus og skipaði vitlausa menn í nefndir o.s.frv. en hefði átt að endurtaka framlag sitt úr umræðunum um aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu því þar vann hv. þm., talmaður Framsfl., utanríkisráðherrann í skuggaráðuneytinu, það afrek að segja það vitlausasta sem sagt hefur verið í umræðunum undanfarna sólarhringa og verður að halda til haga. Hann sagði í þeim umræðum að núv. ríkisstjórn á Íslandi skæri sig úr í samanburði við ríkisstjórnir aðrar á Norðurlöndum í Evrópudekri sínu, að hún sæi orðið ekkert nema Evrópu

og væri í þann veginn að snúa baki við Bandaríkjunum sem honum þótti ákaflega mikið miður og mátti ekki annað heyra á honum þegar hann var að segja þetta en að þarna væri utanrrh. Framsóknar orðinn eiginlega nokkuð öflugur talsmaður þess að viðhalda nú þétt tengslunum við Bandaríkin en honum var svo mikið í mun að koma höggi á ríkisstjórnina út af Evrópudekri að þetta datt nú út úr honum. Og þetta segir hv. þm. um ríkisstjórn sem er sú eina á Norðurlöndum sem ekki hefur sótt um aðild að Evrópubandalaginu og hefur lýst því yfir að það mál sé ekki á dagskrá, og um þá einu ríkisstjórn á Norðurlöndum sem hefur lýst því yfir að hún vilji sérstaklega leita eftir samningum um aðild Íslands að fríverslunarbandalagi við Bandaríkin og Kanada og ríkisstjórn sem hefur, í þessari skýrslu t.d., lagt höfuðáherslu á það að hornsteinn öryggis- og varnarstefnu Íslands sé þrátt fyrir umrót tímans að viðhalda varnarsamningnum við Bandaríkin, eina ríkisstjórnin á Norðurlöndum sem það gerir og að aðildin að Atlantshafsbandalaginu sé eftir sem áður forsenda okkar öryggismála. Þessi málsgrein í ræðu hv. þm., utanrrh. Framsóknar, var með öðrum orðum það vitlausasta sem ég hef heyrt í þessum umræðum og ég held því hér með til haga.

En þegar kemur að málflutningi formanns Alþb. þá er það eins og fyrri daginn að við talsmenn ríkisstjórnarinnar verðum að segja: Þetta sætir allt nokkrum tíðindum, að formaður Alþb. lýsir á fordómalausan hátt vilja sínum til að ræða utanríkis- og öryggismál á þeim forsendum sem hér eru lagðar. Þetta kallar á það að menn fái svar við einni spurningu: Talar formaður Alþb. í nafni þess flokks sem hann er formaður fyrir? Eða er það kannski hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem mér heyrðist tala á svipuðum nótum og Páll Pétursson, svona „hafandi-allt-á-hornum-sér"-ræðu. Eru þeir raunverulegir talsmenn Alþb., þeirrar stefnu sem Alþb. raunverulega fylgir?

Það sætir ekkert voðamiklum tíðindum þótt prófessor doktor Ólafur Ragnar Grímsson lýsi þessum skoðunum ef þær eru bara persónulegar skoðanir hans sjálfs, en ef þetta væru skoðanir Alþb. sem hann var að lýsa þá eru það merkileg tíðindi í stjórnmálum og ástæða til þess að reyna að fá það nú fram og þessi umræða ekki til einskis ef það tækist að fá þetta upplýst.

Það fer ekkert á milli mála að Alþb. og forverar þess höfðu tiltekna hugmyndafræði að hornsteini í utanríkispólitískri afstöðu sinni. Alþb. og forverar þess byggðu þetta á þeirri hugmyndafræði sem þeir töldu sig eiga sameiginlega með Sovétríkjunum gömlu og sálugu. Þau töldu Sovétríkin vera framfarasinnað afl. Þau töldu þess vegna aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og veru bandarísks hers hér vera forkastanlega á hugmyndafræðilegum forsendum. Nú þarf ekki að orðlengja það að þessi hugmyndafræði reyndist vera hin mesta fólska og reyndar glæpamennska, þ.e. Sovétríkin voru aðallega glæpahringur, og menn vilja ekki eyða miklum orðum í þá sögu. En þá er spurningin: Úr því að það er svo að þetta var allt saman á misskilningi byggt hvernig stendur á því að þeir forustumenn Alþb. sem nú vilja ekkert kannast við sögu sína eða fortíð hafa engar ályktanir af þessu dregið? Úr því að það var svo, hafa þeir þá ekki jákvæðari afstöðu gagnvart Atlantshafsbandalaginu sem varnarsamtökum lýðræðisríkjanna með t.d. sama hætti og þeir forustumenn lýðræðisaflanna í Austur-Evrópu sem loksins hafa hrist af sér klafa hinnar kommúnísku kúgunar og hafa ályktað að Atlantshafabandalagið hafi verið raunveruleg varnarsamtök lýðræðis og verið þeim sverð og skjöldur í raun og veru og jafnframt fylgt því eftir með því að segja: Það er meginmarkmið okkar á þessum óvissutímum — ég er að tala um forustumenn þjóða eins og Ungverja, Pólverja og Tékka — að ná aðild að þessu bandalagi.

Það má ályktа af orðum hv. þm., formanns Alþb., að hann hugsi á þessum nótum. Það getur enginn dregið þær ályktanir af orðum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar ef hann er nú í skuggaráðuneytinu í utanríkismálum í Alþb., eða orðum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Þeir hafa ekkert breyst þó heimurinn hafi breyst. Þeir hafa ekkert breyst þótt Sovétríkin séu fallin. Þeir hafa ekkert breyst þótt kommúnisminn sé fyrir bí. Þeir eru enn að tuða með sama versið sitt: Ísland úr NATO, herinn burt. Og hafa að öðru leyti allt á hornum sér, það er þeirra stefna. (**SJS:** Þú hefur nú ekki breyst mikið heldur.) Nei, ekki eftir að ég ungur að árum gerði mér grein fyrir því hvers konar fordæðisskapur þetta allt saman var þá hefur það ekki mikið breyst, það er rétt. En ekki tilefni líka til mikilla breytinga.

En nú spyr ég og vil fá það upplýst, er formaður Alþb., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, að tala í umboði síns flokks eða er hann hér með eitthvert sólóspil svona rétt áður en hann kveður landið og fer til Indlands? Er það svo að þær skoðanir sem hv. þm., formaður Alþb., hefur lýst hér hafi stuðning í þingflokki Alþb.? Er það svo að miðstjórnin standi að baki þessu eða er hér um að ræða sjónarspil þar sem það er þannig í reynd að formaðurinn er að setja á svið pólitískt leikrit en það er enginn stuðningur við þetta leikrit innan flokksins? Ef það væri hins vegar svo þá sætti það einhverjum tíðindum, en í raun og veru koma hér fram talsmenn gömlu sjónarmiðanna, þ.e. hv. þm. Páll Pétursson og Steingrímur J. Sigfússon, þeir eru í sama flokki. Þeir hafa sömu hugmyndafræðina og þeir eru í sömu fortíðinni. Hjá þeim hefur ekkert breyst. Þess vegna er óþarfi út af fyrir sig að vera að efna til eða hafa einhver hátíðleg orð um að það sé æskilegt í ljósi breyttra aðstæðna og breyttra hugmynda og breyttra tíðinda að fara að finna sér sameiginlegan vettvang fyrir umræður um utanríkismál. Þeir eru enn í gömlu skotgröfunum.

Nú er það svo að þessi skýrsla hér sem er skýrsla þessarar nefndar, knapporð, vel fram sett, ekki mjög flókið plagg og segir út af fyrir sig ekki margt en þó þetta: Þær breytingar sem riðið hafa yfir eru auðvitað sögulegar og fáir hefðu séð þær fyrir eða spáð fyrir um þær fyrir ekki mjög mörgum árum. Það eru auðvitað stórmerkileg tíðindi að Sovétríkin eru fallin, að nýlenduveldi Sovétríkjanna eru liðin undir lok, að komm-

únisminn sem hugmyndafræði er svo gjörsamlega afskrifaður um gjörvalla heimsbyggðina að það finnst varla nokkur maður með fullu viti sem mælir honum bót og var þetta þó hvorki meira né minna en ráðandi stefna í þriðja parti veraldarinnar. Og ekki bara það, heldur voru hér fjölmennar stjórnmálahreyfingar á Vesturlöndum, þar með talið Alþb. og forverar þess sem í einu og öllu höfðu sömu skoðanir í utanríkis- og alþjóðamálum og þetta fólskulega fordæðuafl. Nú væri ástæða til þess að fá svör við því. Hér er verið að draga ályktanir að breyttum forsendum en forustumenn Alþb., aðrir en formaðurinn, hafa engar ályktanir að því er virðist dregið af þessum breyttu forsendum. Það kemur ekki fram í máli þeirra, þeir vilja bara þögnina. Þeir vilja bara að þögnin geymi fortíðina. Það er það sem þeir vilja og það er ekki mikið hægt að tala við menn sem vilja bara þögn. (**SJS:** Skipaðu okkur í nefndina. Þá skulum við tala við þig.) Ég er einmitt að segja það, ágæti þingmaður, að það hefði verið til lítils að skipa þessa þagnarbindindismenn í einhverja nefnd. Til hvers? (**Gripið fram í:** Það má reyna.) Ég hefði talið í flestum tilvikum að endurhæfingunni væri lokið, endurhæfingunni á að vera lokið og ég er að lýsa eiginlega vonbrigðum mínum yfir því að tregðan skuli vera svona ofboðsleg. Það er bara einn maður í Alþb. sem orðar einhverja nýja hugsun, allt svo ekki nýja hugsun fyrir aðra en nýja hugsun fyrir þá alþýðubandalagsmenn, hinir eru enn í gamla tossabekknum, allir. (**Gripið fram í:** Framsókn?) (**Gripið fram í:** Og Páll Pétursson.) Og Páll Pétursson, já, utanríkisráðherraefni Framsfl. Það kemur hins vegar ekkert á óvart því hann hefur sýnt það bæði í utanríkismálum sem innanlandsmálum að hann er nokkuð traustur, „sólíd" og sjálfum sér samkvæmum sem talsmaður íhaldssemi og afturhalds á öllum sviðum. Það er nokkuð pottþétt grundvallarafstaða og breytir ekki mikið út af því. (**Gripið fram í:** Hvaða leikrit er þetta?)

Það er ástæðulaust að lengja þessa ræðu mikið enda er klukkan að verða sjö og fréttatími bráðum.

Virðulegi forseti, þrátt fyrir allt talið um breytingarnar þá er það svo að í staðinn fyrir hinar föstu skorður kalda stríðsins þá eru núna mikil óvissutímabil sem við lifum og sem fyrirsjáanleg eru fram undan. Eins og ég hef vikið að áður nýlega úr þessum ræðustól, þá skilja það fáir betur heldur en þeir sem nýlega eru lausir undan áþján kommúnismans. Þar er verið að framkvæma tilraun sem er geysilega áhættusöm og hvílir á veikum stoðum, tilraun til þess að koma á lýðræðislegum þjóðfélagsháttum og fjölflokka lýðræði, réttaríki og svo framvegis. Meðan sú tilraun er í óvissu er auðvitað ekkert tilefni til þess fyrir lýðræðisöflin að leysa upp varnarsamtök sín sem skilað hafa þeim svo ótrúlegum og óviðjafnanlegum árangri sem raun ber vitni. Og allra síst þegar forustumenn lýðræðisaflanna í Mið- og Austur-Evrópu mega síst af öllu til þess hugsa og vilja gjarnan að öryggi og vernd þessara samtaka nái til þeirra líka. Þetta er kjarninn í þeirri hugsun sem er verið að setja fram í þessari skýrslu, ásamt með því að meginforsendan fyrir öryggi Íslands á þessum óvissutímum er að viðhalda samstarfi lýðræðisaflanna beggja vegna Atlantshafsins. Fari svo að hernaðarlegri nærveru hersveita Bandaríkjamanna á meginlandi Evrópu ljúki þá er samt sem áður nauðsynlegt að öryggi siglingaleiða þvert yfir Atlantshafið sé tryggt. Þetta eru svona grundvallarforsendurnar. Þetta þarf ekki að þýða, alls ekki, að ekki geti orðið breytingar á starfsemi varnarliðsins hér, þvert á móti. Við skulum búa okkur undir það að þær geti orðið mjög verulegar í framhaldi af því sem þegar hefur orðið. Það ætti ekkert að koma okkur á óvart. En samt sem áður eru það sameiginlegir hagsmunir okkar og bandalagsþjóða okkar að viðhalda árvekni okkar og viðhalda afli þessara samtaka vegna þess að hvað svo sem við viljum segja um jákvæða þróun á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, vonin um það að Sameinuðu þjóðirnar geti aftur orðið veigameira afl í samræmi við upphaflegan sáttmála sinn eða að samtök eins og RÖSE geti í framtíðinni gegnt einhverju hlutverki, þá er staðreyndin sú að einu samtökin sem geta raunverulega, ef þörf krefur, gegnt hlutverki friðaraflsins, gegnt hlutverki þeirra samtaka að koma á friði og varðveita frið í okkar heimshluta, er Atlantshafsbandalagið. Þeir sem hafa verið þessarar skoðunar lengi þurfa náttúrlega ekki að vitna mikið um það. Þetta er forsendan fyrir því að íslensk utanríkisstefna eins og hún var mótuð eftir stríð hefur reynst farsæl svo með ólíkindum má telja. En þau stjórnmálaöfl á Íslandi, sem alla tíð hafa gagnrýnt þetta hatrammlega, hafa haft rangt fyrir sér, þurfa nú að endurmeta það eins og þau þurfa yfirleitt að taka allar sínar pólitísku forsendur til endurmats. Þess vegna er ákaflega jákvætt að heyra formann Alþb. tala með þeim hætti að það örlar á slíkri hugsun, þarf hann þó síður á því að halda en þeir sem að baki honum standa, þ.e. hinir raunverulegu arftakar hinnar kommúnísku arfleifðar.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég velti því fyrir mér í þessari umræðu hvernig á því stóð að hæstv. utanrrh. bað ekki um orðið fyrr en fulltrúar allra annarra flokka voru búnir að tala nánast allan þann tíma sem þeir höfðu til umráða. Það var auðvitað alveg ljóst að hæstv. utanrrh. beið með að taka þátt í þessari umræðu þar til enginn annar hafði reglum samkvæmt rétt til þess að taka þátt í henni. (**Utanrrh:** Nú, höfðuð þið ekki tíma?) Nei, nei, það höfum við ekki haft, hæstv. utanrrh., vegna þess að utanrrh. er fullkomlega kunnugt um það að samið var um það að hér væri hálftími á flokk og hæstv. utanrrh. var fullkunnugt um það að allir flokkar voru búnir með sinn tíma, a.m.k. Alþb. og ég held líka Sjálfstfl. og gott ef ekki Framsfl. líka, kannski á Framsfl. eftir eina eða tvær mínútur. En þá kveður hæstv. utanrrh. sér hljóðs. Og ég velti því fyrir mér hvers vegna. Ég fékk svarið í ræðunni. Svarið var auðvitað það að hæstv. utanrrh. hefur að því er virðist engan áhuga á málefnalegri umræðu um þessi mál, heldur virðist hann fyrst og fremst hafa áhuga á dálítið skemmtilegri, ég skal játa það, pólitískri leikfimi. Það var auðvitað mjög fyndið að heyra þennan fyrr-

verandi borgarfulltrúa Alþb., Jón Baldvin Hannibalsson, koma hér upp og tala með þeim hætti sem hann gerði áðan. (**Forseti:** Forseti verður að gera athugasemd við hv. þm. sem er kominn út í efnislega umræðu um málið.) (**ÖS:** Í hvaða flokki varst þú þá?) Já, virðulegi forseti, ég mun gera það ef ég fæ að ljúka þessu á þessari einu og hálfu mínútu sem ég hef eftir og ætla ekki að fara að fjalla um frammíköllin hjá hinum fyrrverandi borgarfulltrúa Alþb. í salnum, Össuri Skarphéðinssyni. (**ÖS:** Í hvaða flokki varst þú?) Það er auðvitað dálítið gaman að hlusta á þessa tvo fyrrverandi borgarfulltrúa Alþb. vera að vitna í salnum, annan í ræðustólnum og hinn í frammíkalli. Það væri auðvitað líka skemmtilegt að tala um þá einkunn sem hæstv. utanrrh. gaf 12 ára formennsku Hannibals Valdimarssonar í Alþb., ef ég ætti að fara að vitna orðrétt í það sem hann sagði áðan.

Þetta var auðvitað á engan hátt hæstv. utanrrh. til sóma. Ég ætla bara að segja það eitt um það þegar þessi umræða er búin, hæstv. utanrrh., það hefur enginn okkar möguleika á að halda henni áfram, að sú ræða sem hv. þm. Björn Bjarnason flutti í þessari umræðu, hún var málefnaleg, ég var ekki sammála öllu sem hann sagði, en hún var málefnaleg, innlegg hæstv. utanrrh. var bara svona málfundaæfing í gamla Ísafjarðarstílnum. Kannski nokkuð góð sem slík, en má ég nú í framhaldinu biðja miklu frekar um ræður frá hv. þm. Birni Bjarnasyni heldur en þessa uppákomu frá fyrrv. borgarfulltrúa Alþb.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég held að ég sé ekki alveg búin með minn tíma í þessari umræðu en það kom svo sem ekkert á óvart að hæstv. utanrrh. var í eina tíð borgarfulltrúi Alþb., það vita jú þeir sem hafa setið í borgarstjórn, enda kom það auðvitað vel fram í máli hæstv. utanrrh. áðan að hann er afskaplega vel að sér í svokölluðu „kommajargoni" því hann talaði um að endurhæfingu væri lokið. Um daginn var hann að tala um alþýðudómstóla. Hann gerði kröfu um sjálfsgagnrýni eins og tími sjálfsgagnrýninnar væri upp runninn, en það þekkja menn úr þessum fræðum. Það er greinilega gerð hér einhvers konar krafa um það að fólk standi eins og vitnandi herkerlingar og játi á sig ýmist sannar eða uppdiktaðar syndir í þessum málum. Mér fannst það m.a. koma fram hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich í minn garð þar sem hann benti mér föðurlega á það að ég kæmist ekkert hjá því að taka siðferðilega afstöðu til hugmyndafræðilegs ágreinings milli lýðræðis annars vegar og miðstýrðs kerfis hins vegar og ég get alveg sagt honum það að það vefst ekkert fyrir mér að taka siðferðilega afstöðu í þeim efnum. Ég fagna endalokum Sovétkerfisins og ég get nefnt absalút gildi í þeim efnum. Ég tel að sum gildi séu absalút og þau séu ekkert umsemjanleg. Það er t.d. með lýðræðið, mannréttindin og ýmsa slíka hluti. Þegar við förum svo að færa okkur yfir í hernaðinn og varnarmálin svokölluðu sem byggjast þá á hernaði og hernaðarbandalögum, þá erum við ekki lengur að tala um absalútgæði eða gildi þá erum við að færa okkur yfir á hið afstæða. Þá geta menn komið upp með ýmsar skoðanir á því hvernig þar hafi verið staðið að málum.

Söguskoðanir hafa komið líka til umræðu og það er í rauninni allt undir, heimurinn allur eins og eitt kálfskinn en hv. þm. Björn Bjarnason hélt því fram að það lægju fyrir staðfestar áætlanir um það hvernig Sovétkerfið, kommúnisminn, ætlaði að leggja undir sig Vestur-Evrópu. Í þeim efnum er auðvitað ekkert staðfest. Þetta eru söguskoðanir eins og svo margt annað. Um þetta deila sagnfræðingar og hafa deilt. (**BBj:** Áætlunin liggur fyrir.) Já, en hvaða þýðingu sú áætlun hafði er allt önnur saga, hv. þm., og við getum rætt það kannski nánar síðar, tíminn er ekki mikill til þessara hluta. Söguskoðanir verða til með ýmsum hætti og ég vil benda á eina söguskoðun sem er að finna í skýrslunni sem hér liggur fyrir. Þar segir, með leyfi forseta: „Hlutleysisstefnan sem tekin var upp 1918 byggðist ekki á trú á að hlutleysi dygði öryggi smáríkja. Með henni var í reynd viðurkennt að Ísland væri á áhrifasvæði Atlantshafsveldisins Bretlands." Hvaðan er þetta komið að þetta hafi ekki byggst á trú á að hlutleysi dygði öryggi smáríkja? Ég held að menn hafi ekki stafkrók fyrir sér í þessum efnum og ef menn hefðu litið svo á að Ísland væri á áhrifasvæði Atlantshafsveldisins er þá ekki nær lagi að menn hefðu sótt um hervernd í stað þess að Ísland væri hernumið í seinni heimsstyrjöldinni? Er þá einhver ástæða til þess að ætla að menn hefðu haft þá skoðun að hér ætti aldrei að vera her á friðartímum en nú virðist sem verið sé að hverfa frá þeirri skoðun, m.a. í þessari skýrslu hér. Svona verða nú söguskoðanirnar til og þetta er algjörlega órökstutt. Það væri gaman að vita hvað menn hefðu nákvæmlega fyrir sér í þessu, í hvað þeir geti vitnað þessu til sannindamerkis.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég verð að játa það að mér þótti gott að kratarnir voru ekki alveg klumsa í þessari umræðu og þagnarbindindið rofnaði á hæstv. utanrrh. enda er honum málið að vissu leyti skylt og ekkert óeðlilegt við það þó hann taki til máls þegar utanríkismál eru til umræðu á Alþingi. Hann gerði það sannarlega í sínum gamla alþýðubandalagsstíl, þ.e. „kommajargon" sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún nefndi áðan. Og það læðist að mér illur grunur. Ég hélt að kommúnisminn væri dauður en kannski er einhver neisti ennþá logandi í brjóstinu á hæstv. utanrrh. Ég ætla að biðja hv. 3. þm. Reykv., sem er eins og menn vita mjög grandvar í umgengni sinni við kommúnismann og tortrygginn, að gefa gaum að þessu hvort það gæti skeð að það hefði þarna leynst einhver neisti og væri falin þarna kommúnistaglóð í brjóstinu á hæstv. utanrrh.

Ég held að hæstv. utanrrh. hafi tekið vitlaust eftir þegar hann var að hlusta á mig talandi um Vestur-Evrópusambandið, það er altítt með kommúnista að þeir taki vitlaust eftir. Ég þekki dálítið til á öðrum Norðurlöndum eins og hann og ég veit ósköp vel að Finnar, Svíar og Norðmenn hafa mikinn áhuga á inngöngu í Evrópubandalagið. Forustumenn þeirra koma til dyranna, eða utanríkisráðherrar þeirra, eins og þeir eru

klæddir og segja það sem þeir meina en eru ekki að pukrast með þessa löngun sína eins og hæstv. utanrrh. á Íslandi. Það er helst að það losni um málbeinið á honum á góðri stund í útlöndum þegar hann er að kvarta undan því að Íslendingar séu tíu árum á eftir öðrum Norðurlöndum í framkvæmd þarfra mála.

Hæstv. utanrrh. er ekki hreinskilinn í þessu efni, ekki jafnhreinskilinn a.m.k., hann ýjaði að þessu í skýrslu sinni til Alþingis um utanríkismál í fyrra en opnaði skáphurðina vitundarögn en kom ekki út eins og hv. þm. Karl Steinar Guðnason, eða hv. 3. þm. Reykv. eða hv. 5. þm. Norðurl. v., þeir hv. þm. Björn Bjarnason og Vilhjálmur Egilsson.

Ég var að vekja athygli á því að vinir okkar og frændur Danir, sem þrátt fyrir það að vera bæði í NATO og í Evrópubandalaginu, vilja ekki gerast aðilar að Vestur-Evrópusambandinu. Það finnst mér fréttnæmast um afstöðu Norðurlanda til Vestur-Evrópusambandsins.

Það er tilfellið að ég er mikill vinur Bandaríkjamanna. Járntjaldið er fallið en það er nýtt tjald að myndast á milli Bandaríkjanna og Evrópubandalagsins. Það verður átakasviðið á næstu árum þar sem skarast hagsmunir Bandaríkjamanna og Evrópubandalagsins. Ríkisstjórn Íslands er að basla við að færa okkur og staðsetja okkur Evrópubandalagsmegin við þetta tjald og það held ég að sé ekki skynsamlegt.

Það er mikill misskilningur að ég sé einhver utanríkisráðherra í skuggaráðuneyti hjá Framsókn. Ég er hins vegar annar af tveimur fulltrúum flokksins í utanrmn. og leyfi mér að taka einstöku sinnum til máls um utanríkismál í þessum þingsal.

Mér þóttu það ljótar fréttir sem hv. 3. þm. Reykv. upplýsti áðan að kommúnistarnir höfðu verið búnir að búa til heilmikið af umferðarmerkjum og peningum til þess að gera illt af sér á Vesturlöndum og jafnvel heiðursmerkjum líka. Ég held að kommúnistarnir hafi verið að hanna atburðarás eins og hv. 8. þm. Reykn. gerir iðulega því iðulega langar hann til að hanna atburðaráðs en hún gengur ekki alltaf eftir fremur en þetta með umferðarmerkin hjá kommúnistunum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson): Virðulegi forseti. Þeir sem voru í forustu fyrir hinu unga lýðveldi Íslendinga í lok stríðsins stóðu frammi fyrir því að verða að taka örlagar ákvarðanir á grundvelli gefinna forsendna, mats á þeim forsendum, í þeirri heimsmynd sem við blasti að loknu stríði. Þetta kalla menn nú eftir á að menn gefi sér einhverja söguskoðun. Þeir gáfu sér það og áttu það sameiginlegt með forustumönnum annarra lýðræðisríkja hvort heldur þeir forustumenn voru vinstra eða hægra megin á vettvangi stjórnmála, að Sovétríkin á þeim tíma væru hættuleg lýðræðisríkjunum og lýðræðinu í heiminum, að eftir að lýðræðisríkin hefðu afvopnast en hin stalinísku Sovétríki voru grá fyrir járnum og byggðu upp mikið kjarnavopna veldi þá væru þau hættuleg lýðræðinu í heiminum og þau væru hættulega árásargjarn aðili gagnvart Vestur-Evrópu. Viðbrögðin voru þau að stofna varnarsamtök, Atlantshafsbandalagið.

Nú geta menn litið til baka og spurt sjálfa sig spurninga um söguskoðunina, um þróunina. Staðreyndin er sú að forustumenn þriggja stjórnmálaflokka á Íslandi þá, Sjálfstfl., Alþfl. og Framsfl. — reyndar flestir, hann klofnaði náttúrlega eins og venjulega — tóku afdráttarlausar ákvarðanir og þegar við lítum núna til baka þá erum við flest þeirrar skoðunar að þær ákvarðanir hafa reynst vera réttar og sú utanríkisstefna sem mótuð var hafi reynst afar farsæl. Gegn þessum ákvörðunum og gegn þessari utanríkisstefnu hefur Alþb. sem stjórnmálaflokkur og forusta þess og forverar þess og Möðruvallaarmur Framsfl. háð styrjöld alla tíð, frá upphafi vega til þessa dags og hafa talið það og það hefur verið uppistaðan í þeirra pólitík að þetta hafi verið rangar ákvarðanir. Ísland hefði átt að bregðast við með því að treysta á vopnlaust hlutleysi af því að Sovétríki Stalíns væru annað hvort ekki hættuleg eða vegna þess að þau voru beinlínis velþóknanleg, vegna þess að á hugmyndafræðilegum forsendum var litið á þau sem bandamann.

Nú, allmörgum áratugum seinna, koma menn fram í íslenskri pólitík eins og þetta skipti engu máli, eins og þessi fortíð eigi bara að vera gleymd og það þurfi ekki að draga neinar ályktanir af þeim ákvörðunum sem menn þá tóku, eða þeirri pólitík sem menn þá ráku eða þeirri trú sem menn höfðu. Menn geti bara sagt: Þetta er liðin tíð, við berum enga ábyrgð á því þótt flokkurinn, Alþb., eða hvaða nafni hann hét þá, hafi haft þessa afstöðu áður fyrr, nú erum við nýir og breyttir menn. Þá spyr maður: Nýir og breyttir um hvað? Að hvaða leyti? Í hverju birtist það? Hafa menn dregið einhverjar ályktanir um það að þessi stjórnmálaheimspeki, þessi hugmyndafræði hafi reynst vera röng, hafa menn hafnað henni, er komin einhver ný í staðinn? Hafa menn t.d. hafnað þeim hugmyndum um hagstjórn og hagkerfi sem ríkjandi voru, sem voru grundvöllur þessa þjóðfélagskerfis? Hafa menn t.d. dregið þá ályktun að nú séu menn eindregið fylgjandi blönduðu hagkerfi og markaðskerfi sem forsendu lýðræðislegra stjórnarhátta? Hafa menn dregið þá ályktun að það hafi vissulega verið rétt þegar menn vita staðreyndirnar um ógnarveldi stalínismans að stofna Atlantshafsbandalagið, að lýðræðisríkin hafi haft rétt fyrir sér í því að stofna slík varnarsamtök?

Nei, nei. Það örlaði á því hjá formanni Alþb., en þegar menn spyrja þá sem eiga að vera í skuggaráðuneytinu í utanríkismálum í Alþb., hvort heldur hann heitir Steingrímur J. Sigfússon eða Hjörleifur Guttormsson, ég tala nú ekki um skuggaráðherrann í Framsókn, þá fá menn gamlar málfundaæfingar, útúrsnúninga, dylgjur og dellu og umræðan verður í sama gamla stílnum, um ekki neitt og til einskis.

Það er mesti misskilningur að með því að vekja athygli á því að hv. þm. Páll Pétursson talar meira í anda Alþb. en formaður þess, hafi ég verið að stunda málfundaæfingar, alls ekki, það var svona. Málflutningur hans er miklu meira í samræmi við hinn hefðbundna málflutning Alþb. en ræður formanns Alþb. og það þýðir ekkert að vera með útúrsnúninga um það hverjir hafi verið borgarfulltrúar í kosningasamtökum fyrir

20 eða 30 árum. Vegna þess að þar með er líka verið með dylgjur, að gefa í skyn að að baki því hafi verið trú á Sovétið, að ég hafi verið í þeim samtökum til þess að lýsa yfir stuðningi eða fylgi við hugmyndafræði eða stefnu Alþb. og Sósíalistaflokksins sem hv. þm. veit að var ekki.

Til hvers er þá þessi umræða? Meira að segja það, þegar hv. þm. Páll Pétursson segir: Danir, þeir eru á móti Vestur-Evrópusambandinu, er líka til marks um það hvernig hann umgengst staðreyndir og snýr öllu öfugt. Danir eru í Evrópubandalaginu, meðlimir í Evrópubandalaginu, fullgildir. Þeir hafa haft þá skoðun að þeir hafa ekki viljað fylgja samrunaferlinu í einu og öllu, gert við það fyrirvara og tekist að semja um það. En þeir geta líka, sem aðildarríki bæði að Atlantshafsbandalaginu og aðildarríki að Evrópubandalaginu komið öllum sínum sjónarmiðum og gætt allra sinna hagsmuna innan Evrópubandalagsins, þurfa þar af leiðandi ekki á því að halda að grípa til aukaaðildar að Vestur-Evrópusambandinu eins og við og Norðmenn sem yrðum þar ella einangraðir.

Út af fyrir sig er ekki mikið meira um þetta að segja. Ég vil að lokum, virðulegi forseti, nefna eitt og það er þetta: Þótt heimurinn hafi breyst mikið þá er það einu sinni svo eins og fram kemur í þessari skýrslu að meðan menn vilja viðhalda samstarfi lýðræðisríkjanna í varnarsamtökum þá er hornsteinn íslenskrar öryggisstefnu að viðhalda þessari líflínu yfir Atlantshafið. Íslendingar eiga á erlendum vettvangi innan Atlantshafsbandalagsins og innan Vestur-Evrópusambandsins fyrst og fremst að láta rödd sína hljóma sem talsmenn þessarar Atlantshafssamvinnu lýðræðisríkjanna í ljósi þeirrar góður reynslu sem við höfum af því samstarfi. Þegar menn spyrja: Þýðir það engar breytingar á stöðu varnarliðsins á Íslandi, þá er svarið það að það getur vel verið að það þýði breytingar á því. Það hefur komið hér fram að þegar hafa orðið minni háttar breytingar að því er varðar framkvæmdir. Menn geta ímyndað sér það að sú varðstöð breyti um eðli að því leyti að hún verði fyrst og fremst eftirlits- og gæslustöð í víðara samhengi afvopnunarsamninga. Menn gætu ímyndað sér að það yrði dregið verulega úr starfsemi en gengið frá samningum á þann veg að það væri öruggt að það mætti efla þá starfsemi á ný ef þörf krefur vegna breyttra aðstæðna í heiminum. Spurning um það hvort Ísland á að vera hersetið land um aldur og ævi, á þetta að vera óbreytt, er auðvitað út í hött. Að sjálfsögðu getur allt þetta breyst. En menn komast ekkert undan því að svara einföldum spurningum um grundvallarsjónarmið engu að síður og það er engin goðgá að rifja upp staðreyndir um reynslu þjóðarinnar á liðnu tímabili kalda stríðsins eða draga ályktanir af því hverjir höfðu rétt fyrir sér á því tímabili í ljósi reynslunnar og hverjir höfðu rangt fyrir sér og að hve miklu leyti menn þurfa þá að endurmeta sínar skoðanir og sín viðhorf í ljósi reynslunnar og útúrsnúningar og dylgjur í gamla stílnum breyta engu um það.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:
Virðulegi forseti. Eftir þessa seinni ræðu hæstv. utanrrh. þá verð ég enn að ítreka það að það er framkoma sem ekki er við hæfi að ráðherrar þess málaflokks sem til umræðu er taki svo seint þátt í umræðunum að a.m.k. fulltrúar tveggja flokka, í þessu tilviki Alþb. og Sjálfstfl., eru búnir með allan sinn tíma og fulltrúar tveggja annarra flokka eiga mjög lítinn tíma eftir og núna eftir þessa seinni ræðu líklegast engan.

Þetta er auðvitað ekki eðlileg framganga í umræðunni, hæstv. utanrrh., ef ætlunin var að umræðan væri einhver eðlileg umræða um skoðanir og stöðu. Pólitík kalda stríðsins fólst auðvitað ekki bara í afstöðu, hún fólst líka í ákveðnum stíl. Mér fannst hæstv. utanrrh. vera mjög í þeim stíl hér í dag. Það er auðvitað mjög athyglisvert fyrir okkur sem hlustum á þessar umræður að hæstv. ráðherra vék í engu að því sem var þó upphaf þessarar umræðu eins og ég greindi frá í upphafi minnar ræðu, hvort það væri vilji ríkisstjórnarflokkanna að stofna grundvöll til þess að fulltrúar allra flokka gætu haldið áfram að ræða þessi mál á eðlilegan og málefnalegan hátt. Það er auðvitað mjög athyglisvert að utanrrh. Íslands svarar því engu. Ég dreg ekki aðra ályktun af framgöngu hans í þessum umræðum en þá að hann vilji ekki slíka umræðu. Ég tel hins vegar að hv. þm. Björn Bjarnason vilji þá umræðu og það er auðvitað orðin nokkuð sérkennileg staða í umræðunni þegar aðaltalsmaður Sjálfstfl. vill greinilega slíka umræðu en formaður Alþfl. vill hana ekki. (**Forseti:** Forseti vill vekja athygli ...) Ég er svo, virðulegi forseti, í þeirri stöðu að ég get ekki undir þessum dagskrárlið vikið að ýmsum efnisþáttum í þessari seinni ræðu hæstv. utanrrh. Það má vel vera að ég geri það í umræðunni um Vestur-Evrópusambandið sem verður á eftir því auðvitað er það mjög sérkennilegt fyrir okkur sem fylgdust með hæstv. utanrrh. á blómaárum hans sem ungs marxista, því það er auðvitað munurinn á formanni Alþfl. og formanni Alþb. að formaður Alþb. ...(**Forseti:** Alþb. var búið með sinn tíma í þessari umræðu.) Já, ég er að ljúka þessu, virðulegi forseti, að formaður Alþfl. var um langt tímabil mjög öflugur marxisti og líka fyrir mig sem var í framboði með hæstv. utanrrh. 1974 fyrir flokk sem ekki hefur verið nefndur hér enn, þann sem hafði það á stefnuskrá sinni að herinn ætti að fara og Ísland ætti að vera utan hernaðarbandalaga og var þá utanrrh. sjö árum áður farinn úr Alþb. en var enn með þessa skoðun. Það væri auðvitað mjög gaman að fara í gegnum alla þessa umræðu og þær ályktanir sem hæstv. utanrrh. dró af henni og þessa stöðu sem hann setti sig í að vera hinn syndlausi maður sem gæti talað eins og skólameistari við aðra. (Forseti hringir.) En eins og forseti er að benda mér á þá hef ég ekki rétt til þess að ræða það undir þingsköpum en við munum skoða það hvort það verður gert undir öðrum dagskrárlið síðar. En ég harma það að hæstv. utanrrh. skyldi ganga fram með þessum hætti í umræðunni. — [Fundarhlé.]

Útbýting þingskjals:
Íslensk endurtrygging, 307. mál, þskj. 1028.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 208. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 249, nál. 1014, brtt. 1015.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1015,1 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, HG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

23 þm. (EH, EGuðn, FI, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JÁ, JHelg, JónS, KSG, KE, MF, ÓRG, PP, RA, SP, StG, StH, SJS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, HG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

23 þm. (EH, EGuðn, FI, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JÁ, JHelg, JónS, KSG, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SP, StG, StH, SJS) fjarstaddir.

2.–7. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, HG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

22 þm. (EH, EGuðn, FI, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JÁ, JHelg, JónS, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SP, StG, StH, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1015,2–32 (við þar tilgreindar greinar) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, HG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

22 þm. (EH, EGuðn, FI, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JÁ, JHelg, JónS, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SP, StG, StH, SJS) fjarstaddir.

8.–103. gr. (verða 8.–101. gr.), svo breyttar, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, HG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

22 þm. (EH, EGuðn, FI, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JÁ, JónS, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SP, StG, StH, SJS, SvG) fjarstaddir.

Ákv. til brb. I–III samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, HG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

22 þm. (EH, EGuðn, FI, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JÁ, JónS, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SighB, SP, StG, StH, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP.

21 þm. (EH, EGuðn, FI, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, JÁ, JónS, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SP, StG, StH, SJS, ÖS) fjarstaddur.

Geymslufé, frh. 2. umr.

Stjfrv., 209. mál (almenn heimild). — Þskj. 250, nál. 1016, brtt. 1017.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

20 þm. (EH, EGuðn, FI, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, JÁ, JónS, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SP, StG, StH, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1017 (ný 2. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

21 þm. (EH, EGuðn, FI, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, JÁ, JónS, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SP, StG, StH, SJS, SvG) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

20 þm. (EH, EGuðn, FI, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, JÁ, JónS, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SP, StG, StH, SJS) fjarstaddir.

Aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu, frh. síðari umr.

Stjtill., 437. mál. — Þskj. 737, nál. 1013.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Eins og allir vita höfum við Íslendingar eitt og annað að greiða og það hefur ekki verið afgangur á fjárlögum Íslands, en engu að síður erum við í vaxandi mæli þátttakendur í ýmsum kostnaði úti í Evrópu. Ég minnist þess að við erum þátttakendur í banka sem við stofnuðum þar, hlutafélagsbanka, og mér er það minnisstætt hversu hressir margir þingmenn voru með það að greiða atkvæði með því á sínum tíma og allir vita nú hvernig hagað er fjármunum þess banka og hvernig þau mál standa. Það hefur ekki verið gerð nein grein fyrir arði til íslenska ríkisins af þeirri bankastofnun og ég á ekki von á því að svo verði.

Hér erum við að taka á okkur fjárhagslegar skuldbindingar vegna þess að Íslendingar hafa ákveðið að gerast aðilar, aukaaðilar að vísu, að Vestur-Evrópusambandinu. Það er með þetta eins og fleira, ríkisstjórnin tekur sínar ákvarðanir og svo er komið með hlutina til þingsins eins og um orðinn hlut sé að ræða.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt að fara örlítið yfir sögu Evrópu frá því að heimsstyrjöldinni síðari lauk. Það vill svo til að heimsstyrjöldin síðari hafði meiri áhrif til þess að breyta Evrópu og heiminum reyndar öllum en nokkur önnur styrjöld sem háð hefur verið. Ríkin tvö sem þá biðu ósigur, Þýskaland og Japan, gengust undir skuldbindingar um að verja ekki fjármunum til hernaðar. Í Þýskalandi er það stjórnarskrárbundið að þýskur her má ekki fara út fyrir Þýskaland til þess að berjast. Þessi lönd tvö, Þýskaland og Japan, hafa haft rýmri fjárráð en önnur iðnríki heimsins til þess að byggja upp sitt efnahagslíf og í dag standa þessi tvö ríki upp úr hvort í sínum heimshluta, þ.e. Þýskaland sem algjör efnahagslegur sigurvegari í Evrópu og Japan sem algjör efnahagslegur sigurvegari í Asíu. Staða Japans er nú reyndar það sterk að það má orða það svo að þeir séu efnahagslegur sigurvegari í heiminum.

Í Evrópu standa málin þannig að Bretar, sem voru leiðtogar í stóru heimsveldi, hafa nú fjárhagslegt bolmagn nánast til þess eins að geispa og minnast hinna gömlu góðu daga. Ekki er nú meira risið á breska ljóninu en það að seinustu vígaferlin tengdust Falklandseyjum og satt best að segja hygg ég að fæstir Íslendingar hafi vitað af þeim eyjaklasa út af strönd Argentínu áður en til þeirrar styrjaldar kom. Hins vegar hafa Bretar að einu leyti sérstöðu. Þeir eru með meiri reynslu í stjórnunarhæfni en nokkur önnur þjóð í heiminum og að því leyti kemur það oft fram að yfirburðir Breta í mannlegum samskiptum hvað slíkt snertir eru staðreynd sem ekki er hægt að ganga fram hjá.

Bretar hafa lagt á það höfuðáherslu allt frá því að heimsstyrjöldinni síðari lauk að efla eitt afl í vestrænni samvinnu í varnarmálum, þ.e. Atlantshafsbandalagið. Frakkar hafa aftur á móti haft þá skoðun alla tíð að það sé niðurlægjandi fyrir Evrópu að þurfa að hafa Bandaríkin með í Atlantshafsbandalaginu. Mér hefur stundum fundist að fyrir Frökkum hafi farist á nákvæmlega sama veg og fyrir Þorgeiri nokkrum Hávarssyni þegar hann hafði lent í þeirri lífsreynslu að hann átti líf sitt Þormóði að þakka. Það gat hann aldrei fyrirgefið honum að hann skyldi hafa bjargað lífi sínu og undi því illa að hafa á þann hátt, að honum sjálfum fannst, komist í þá stöðu að vera minni maður en Þormóður. Frakkar hafa aldrei getað fyrirgefið Bandaríkjamönnum það að hafa bjargað þeim undan Þjóðverjum. Það er slík niðurlæging sögulega séð, að Frakkar sjálfir skyldu ekki vera menn til þess að losna við þýska herinn, að þeir hafa reynt mjög að ala á þeirri sögulegu blekkingu að það hafi verið Útlendingahersveit Frakka sem hafi dugað það vel að það sé henni að þakka að Frakkland endurheimti sitt sjálfstæði á nýjan leik. Átökin voru svo hörð að á sínum tíma átti að hafa París sem höfuðstöðvar fyrir Atlantshafsbandalagið, en vegna sérhyggju hershöfðingjans gamla, de Gaulle, þá sprakk allt í loft upp á milli þessara aðila og höfuðstöðvarnar voru fluttar til Brussel.

Ég held að það fari ekki á milli mála að það sem er að gerast í dag er að þessir aðilar hafa með sínum ákvörðunum reynt að finna leið fram hjá því sem þeir sömdu um í friðarskilmálunum á sínum tíma við Þjóðverja, þ.e. að það eru Bretar og Frakkar sem með þessu móti eru að stuðla að því, og þó sérstaklega eru það Frakkar, að þýskt fjármagn verði notað til þess að koma upp Evrópuher.

Ég fer ekki dult með það að mér stendur veruleg ógn af þessari sérhyggju og það fer ekki á milli mála að þetta hefur verið gert í fullri andstöðu við Bandaríkjamenn jafnvel þó að þeir á yfirborðinu láti kyrrt liggja. Ég hygg að þetta verði til þess að Bandaríkjamenn muni í vaxandi mæli á næstu árum draga sig alveg burt frá Evrópu og segi sem svo: Við munum ekki skipta okkur meir af innbyrðis deilum Evrópuþjóða. Við höfum tvisvar þurft að fara með her yfir Atlantshafið til þess að skakka þar leikinn og við hefðum sennilega þó betur gert það í hvorugt skiptið, ef niðurstaðan er sú að þessar þjóðir vilja í reynd einn Evrópuher.

Ég held nefnilega að það gleymist oft, bæði á Íslandi og í Evrópu, að í Bandaríkjunum líta menn svo á að þeir hafi virkilega fært fórnir í tveimur heimsstyrjöldum. Þeir æskumenn sem féllu á vígvöllum Evr-

ópu voru að sjálfsögðu fórnin sem þeir færðu. Og í dag spyr ég sjálfan mig: Hvaða nauðir eru það sem reka í reynd ríki Atlantshafsbandalagsins til þess að mynda nú tvær fylkingar í varnarmálum? Hvaða nauðir eru það? Svarið er ósköp einfalt: Ástæðan er sú að Evrópa vill ekki una því að búa aðeins við það að hafa heimildir til þess að beita sínum her ef á hana er ráðist. Evrópa vill koma sér upp her til þess að skakka leikinn eins og hún telur að hún hefði gert t.d. í fyrrverandi lýðveldum Júgóslavíu ef þessi Evrópuher hefði verið til staðar.

Ég er aftur á móti ekki búinn að sjá það að vandamál heimsins verði leyst, hvorki á Balkanskaganum né á öðrum jaðarsvæðum Evrópu og Asíu með því að Evrópuher skerist þar í leikinn. Ég er sannfærður um það að hernaðaraðgerðir sem ekki hljóta blessun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna munu ekki verða af hinu góða fyrir mannkynið. Þær munu tvímælalaust verða til þess að auka hernaðarandann í heiminum og þá hugsun að sá sterki eigi að hafa rétt til þess að láta vopnin tala og taka sér í hendur lögregluleftirlit á hinum ýmsu svæðum jarðarinnar án þess að Sameinuðu þjóðirnar hafi samþykkt það.

Ég vil minna á það að á sama tíma og Íslendingar hafa verið mjög örir á það að samþykkja fullveldi landa án þess að ganga eftir þeirri eðlilegu kvöð að það liggi fyrir að ríkisstjórnir viðurkenni mannréttindi í þeim löndum sem eru að verða fullvalda, þá höfum við með þeirri ákvarðanatöku að sækja þarna um aukaaðild í reynd skipað okkur í þá fylkingu að hálfu leyti að færa okkur nær hernaðarumsvifum Evrópu en við höfum áður gert.

Það er eitt sameiginlegt með Bandaríkjamönnum og Íslendingum. Báðar þessar þjóðir lifðu við erlenda áþján um aldaskeið. Aftur á móti er það sérkenni Evrópu og þeirra sem munu stjórna þeim Evrópuher sem hér er verið að byggja upp, að forfeður þeirra voru nýlenduherrar heimsins og hafa engu gleymt í þeim efnum. Ég er ekki trúaður á það að Evrópa sem slík vinni neina hernaðarsigra, ég er ekki trúaður á það. Evrópa er landfræðilega séð tengd Asíu og ef horft er á það út frá mannafla, þá blasir það við að Asía er svo margfalt stærri að það mætti heldur betur vera tæknilegur munur á milli þessara þjóða ef Evrópa ætti að koma betur út í styrjöld ef hún færi í stríð við Asíu. Hins vegar blasir sú hætta við og þýðir ekki að blekkja sig í þeim efnum.

Ég veit að menn hafa alfarið sumir hverjir hafnað því að nokkrar stórkostlegar styrjaldir eigi eftir að verða á þessari jörð. Auðvitað vill enginn að slík styrjöld ætti sér stað, auðvitað vona allir að hún verði ekki. En ef menn skoða mannkynssöguna og meta það kalt og rólega út frá líkindum, þá er mjög margt sem bendir til þess að hinn mikli þéttleiki í mannfjölda sem er í Asíu geti orðið til þess að þeir leiti eftir meira landi sem hvergi er að finna nema annars vegar í Síberíu og hins vegar í Ameríku og því er styrjaldarhætta raunveruleg. Þetta segi ég hér vegna þess að valdayfirráð á þessum hnetti hafa í gegnum tímabilin færst frá einu svæði til annars. Það sem ég óttast með tilkomu þessa nýja bandalags sem hér hefur verið stofnað er að það sé ekki hægt að treysta því jafn vel og innan Atlantshafsbandalagsins að menn láti sér nægja að standa að landvörnum.

Heilar þjóðir fá á sig ímynd eftir ýmsum leiðum. Bretar hafa t.d. haft það sem orðatiltæki um Frakka að þeir væru lagnari að komast í stríð en að standast þau og það sem mér finnst í þeirri stöðu sem nú blasir við er það að Frakkar munu óneitanlega verða mjög sterkur áhrifaaðili í ákvarðanatöku innan þessa nýja sambands. Ef einhver þjóð er þar dálítið til hliðar í hinni nýju Evrópu af þessum þremur þjóðum sem þar hafa haft mest völd, þá fer ekki milli mála að það eru Bretarnir. Þeir eru til hliðar. Frakkar munu leggja höfuðkapp á það að standa fast við hlið Þjóðverja og þeir munu leggja höfuðkapp á það líka að frönsk áhrif í hinum nýja Evrópuher verði tryggð.

Ég hef ekki trú á því að Þjóðverjar muni leggja kapp á það að hafa þar forustu. Sögulega séð er það kannski svo að Þjóðverjar eru eina þjóðin sem vildi gjarnan að þeir mættu tefla upp á nýtt viss tímabil á þessari öld. Ég tel þess vegna að með þýsku fjármagni og franskri fljótfærni stafi Evrópu meiri hætta af þessum nýja her sem menn hafa verið að koma upp heldur en flestu öðru sem þeir hafa verið að dunda við að undanförnu og það er engin tilviljun að með þessu líta Frakkarnir svo á að þeir séu raunverulega búnir að endurheimta fullt sjálfstæði Evrópu á ný eftir seinni heimsstyrjöldina.

Menn hafa sumir hverjir viljað hafa horn síðu Atlantshafsbandalagsins og þó sérstaklega Bandaríkjamanna. Persónulega er ég þeirrar skoðunar að engin þjóð hafi unnið meir að því að efla lýðræðið í heiminum en Bandaríkjamenn og kannski er það ekkert skrýtið því að sá skilningur Stalíns þegar heimsstyrjöldinni síðari lauk, að þessi heimsstyrjöld væri að því leyti sérstæðari en aðrar að sigurvegararnir mundu yfirfæra sitt stjórnunarkerfi til þeirra ríkja sem þeir hefðu brotið á bak aftur, reyndist sögulega rétt og það var það sem raunverulega gerðist.

Mér er ljóst að Björn Bjarnason, sem er ungur maður, telur sig hafa unnið nokkuð stóra sigra í utanríkismálum með því að hafa þar um meira að segja en aðrir ungir menn sem hafa komið inn á Alþingi Íslendinga á undanförnum árum. Samt er það svo að ég gruna hann um það að hafa gleymt þeirri gömlu setningu í landafræðinni sem hann mun hafa lært þegar hann var í skóla og hljóðaði eitthvað á þá leið að Balkanskaginn væri púðurtunna Evrópu. Og óneitanlga fer það ekki á milli mála að núv. utanrrh. þessarar þjóðar hefur farið allóvarlega með eldfærin í nágrenni við þá púðurtunnu og blóðbaðið sem á sér stað í Júgóslavíu er á ábyrgð vestrænna þjóða sem töldu að það væri hægt að komast að þeirri niðurstöðu að samþykkja að viss landssvæði innan Júgóslavíu yrðu gerð að sjálfstæðum ríkjum án þess að til blóðbaðs kæmi. Þeir samþykktu þetta og svarið var blóðbað. Þess vegna hlýtur maður að spyrja: Hvernig yrði því tekið í Kanada ef einhver þjóð tæki sig til fyrir utan Kanada og samþykkti það að Quebéc yrði sjálfstætt ríki? Yrði

það samþykkt af Kanada? Mundi það ganga fyrir sig með friði eða yrði það til þess að vopnum kanadíska hersins yrði beint að Quebéc og þeir sem þar væru innan veggja yrðu teknir af lífi ef þeir sýndu mótspyrnu? Ég held nefnilega að Íslendingar hafi stundað mjög glannalega utanríkispólitík og vestrænar þjóðir líka og þó að lávarðurinn hóti nú hörðu eftir að hafa verið dreginn á asnaeyrunum alllengi í friðarviðræðunum varðandi Júgóslavíu, þá hefur það ekkert að segja, það hefur ekki stöðvað neitt blóðbað. Vestur-Evrópusambandið sem hér er verið að tala um að setja á stofn, hefur haft þá trú að þeir geti tekið að sér lögregluhlutverk.

Hér er látið að því liggja í þessari tillögu að þeir geri ráð fyrir því að það verði fyrst og fremst í umboði Sameinuðu þjóðanna sem þeir starfi. Það þarf ekkert sameiginlega yfirstjórn yfir herafla Evrópu til þess að þeir geti starfað í umboði Sameinuðu þjóðanna. Það er alger blekking að halda því fram. Það er alveg nóg undir þeim kringumstæðum að hver þjóð leggi fram hermenn inn á þessi svæði. Hitt er alger blekking. Þess vegna er hér verið að tína fram hluti sem eru hreinar lygar og eru raunverulega til þess eins að draga fjöður yfir það sem verið er að gera. Auðvitað munu allar þjóðir heims sem eru innan Sameinuðu þjóðanna undir vissum kringumstæðum leggja til friðargæsluliðsmenn inn á svæði þar sem órói er ef þessar þjóðir á annað borð hafa her. Það þarf enga yfirstjórn til þess. Málið er einfalt. Það er fyrst og fremst verið að gera það kleift með þessum aðgerðum að tryggja það að hægt sé að setja þýskt fjármagn í hernaðaruppbyggingu í Evrópu og þetta veit hv. formaður utanrmn., Björn Bjarnason, mætavel.

Það er nú svo komið að hv. formaður þingflokks Alþfl., 17. þm. Reykv., er nú kominn hér í salinn og verður það nú að teljast til tíðinda. (**ÖS:** Það er rangt.) Ég býð hann að sjálfsögðu velkominn í salinn, en ég ég áttaði mig ekki á því hvað veldur að hann vill heiðra þingsalinn með nærveru sinni þessa stundina.

En burt séð frá því þó að menn haldi fram hlutum eins og þeim að það eigi að stofna þennan her til þess að fara að vinna fyrir Sameinuðu þjóðirnar sem allir vita að er alrangt, þá blasir það við að Evrópa er í dag að ráðgera miklar refsiaðgerðir gegn Serbum á sama tíma og Króatarnir eru að vinna sams konar verk, nákvæmlega eins verk en að vísu í minna mæli. Og þá vaknar ein spurningin: Ef matvæli verða af skornum skammti í Svartfjallalandi og Serbíu, hverjir munu fyrstir falla úr hungri? Verða það hermennirnir sem nauðguðu múslimakonunum sem falla fyrstir? Eða verða það konur og börn á þessu svæði? Meti það nú hver fyrir sig hvaða líkur séu á því að það verði hermennirnir sem falli fyrstir. Ég hef ekki trú á því. Ég hef trú á því að barnadauði muni stóraukast á svæðinu. Ég hef trú á því að gamalmenni muni falla. Ég hef trú á því að konur muni miklu fremur falla úr vosbúð og hungri en karlmennirnir á þessu sviði. Sannleikurinn er nefnilega sá að Evrópa er búin að setja af stað þann eld á þessu svæði sem hún þorir ekki að slökkva. Svo einfalt er það mál. Frakkar þora ekki að senda herlið inn til Júgóslavíu einfaldlega vegna þess að þeir minnast þess að Serbarnir voru það harðir bardagamenn á sínum tíma að þeir gáfust aldrei upp fyrir nasistunum. Þeir vilja ekki fórna sínum mönnum. Bretar vilja það ekki heldur. Og þó var það svo að fyrrv. forsrh. Bretlands, Thatcher, hélt því fram að vestrænar þjóðir gætu ekki annað en farið inn með her. Og auðvitað væri sú aðgerð það eina sem mundi stöðva þessa slátrun, stöðva slátrunina á þeim sem ekki bera á henni ábyrgð, en hinir sem standa með vopnin reidd yrðu að sjálfsögðu að verjast og lúta ofurefli.

Ég er sannfærður um það að undir mörgum kringumstæðum þarf að skakka leikinn í þessum heimi á næstu árum. Það blasir við að það verður víða óróleiki. En sú stefna sem Evrópa hefur markað að við leysum úr vandamálum á milli þjóðarbrota með því að veita ákveðnum löndum sjálfstæði, sú stefna er skipulögð aðgerð til borgarastyrjalda ef hún er framkvæmd á þann hátt sem gert var í Júgóslavíu. Ef við látum mannréttindin vera nr. 2 en þjóðrembinginn nr. 1, þá fer illa fyrir mannkyninu. Það eru mannréttindin og aftur mannréttindin sem skipta öllu máli á þessum svæðum. Sambandslýðveldi sem hefði virt mannréttindi þegnanna í Júgóslavíu var miklu líklegra til þess að geta leyst þessi vandamál heldur en sú hugsun að hluta landið í sundur. Ég get ekki varist þeirri hugsun að þarna á bak við hafi legið viss hefnd vegna þess að þetta land hafi lotið stjórn kommúnista á undanförnum árum.

Auðvitað er það svo að Maastricht-samkomulagið stefnir að því að gera Evrópu að einu ríki, einu ríki sem talar fjölmörg tungumál. Og Evrópuher gæti líka verið notaður til að halda því ríki saman. Mér er spurn: Trúum við því að eitt fjarskiptanet sé svo mikils virði að á þeirri forsendu eigum við að vera þarna með? Trúum við því í alvöru að Ísland eigi einhverja samleið með þessum þjóðum ef þær taka ákvarðanir um hernaðarleg átök? Ég segi nei. Ég hef stutt aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Ég hef gert það út frá því sjónarmiði að ég hef trúað því að vera Bandaríkjamanna í Atlantshafsbandalaginu tryggði það að þeir mundu ekki fara með her á hendur öðrum þjóðum í Evrópu þó að innanlandsátök yrðu á ákveðnum svæðum. Það yrði ekki gripið til vopna nema á bandalagið yrði ráðist. Og við höfum horft á átök í Tékkóslóvakíu. Við horfðum á átök í Ungverjalandi og Atlantshafsbandalagið hreyfði sig ekki. Menn mega deila um hvort þetta sé rétt eða rangt. Ég tel að það hafi verið rétt að hreyfa sig ekki. Mér finnst það skjóta dálítið skökku við svo ekki sé meira sagt þegar Austur-Evrópa hefur látið af því að hafa hernaðarbandalag og þegar viðurkennt er að stjórnarhættir á því svæði öllu þokist í þá átt að verða sambærilegir við það sem er á Vesturlöndum, að undir þeim kringumstæðum detti mönnum í hug að það sé brýnasta málið sem vestræn stjórnvöld hafi við að glíma, það sé að stofna Evrópuher, það sé brýnasta málið á sama tíma og atvinnuleysi sækir á um alla Evrópu, á sama tíma og kreppa er um Evrópu, þá sé brýnasta málið að stofna Evrópuher. Ég veit ekki hvort formaður utanrmn. Íslands, hv.

þm. Björn Bjarnason, er þeirrar skoðunar að svo sé.

Vissulega hafa menn notað her í Evrópu í tvennum tilgangi, annars vegar til þess að ráðast á aðrar þjóðir, hins vegar til þess að aga eigin þjóðir. Og vissulega hefur Ísland átt stjórnmálaleiðtoga sem mat það svo að Bismarck væri einhver mesti hæfileikamaður sem Evrópa hefði haft sem stjórnmálamann og vissulega skal það viðurkennt að Bismarck var mikilhæfur. En hann var ekki kallaður járnkanslarinn eða kenndur við járn út í bláinn.

Núna er það svo að Evrópa mun trúlega vera með um 20% af sínum þegnum í lok þessarar aldar 67 ára og eldri. Ekkert svæði heimsins er jafngamalt. Ég held að sú staðreynd ætti að duga til þess að minna þá á það að það sem Evrópa þarfnast mest í dag, er ekki að byggja upp Evrópuher.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stuðningur við réttindabaráttu Eystrasaltsríkjanna á alþjóðavettvangi, frh. fyrri umr.

Þáltill. BBj o.fl., 278. mál. — Þskj. 388.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil taka af öll tvímæli með það að að sjálfsögðu vil ég að Eystrasaltsríkjunum vegni sem best sem þjóðum. Ég vil taka af öll tvímæli með það að á alþjóðavettvangi eigum við að veita þeim stuðning, en að einu leyti getur Ísland aldrei slakað á kröfum og það er krafan um það að þessi ríki eins og öll önnur ríki jarðarinnar virði mannréttindi. Menn halda því fram að af því að Rússar hafa fjölmennt inn í þessi ríki, þá standi þeim ógn af Rússunum og að þeir eigi að hafa rétt til þess að gera Rússana að annars flokks þegnum.

Það er dálítið merkilegt en þjóð sem fyrir mörgum öldum aflagði þann rétt að það bæri að hefna, að það væri ættarskylda að hefna, hún virðist nú ef meta má þá flm. sem standa að þessari tillögu telja það að barn sem fætt er í Lettlandi af rússneskum foreldrum sitji uppi með vissa erfðasynd, það eigi ekki að hafa sömu mannréttindi og ef það væri af lettneskum uppruna. Það er boðskapurinn sem borinn er á borð á Alþingi Íslendinga. Ekki er þetta nú beint í samræmi við það sem Einar Benediktsson skáld sagði:

> Réttan skerf sinn og skammt
> á hvert skaparans barn
> allt frá vöggu að gröf.

Það var engin undantekning í hans boðskap að ef svo stæði á eins og í Lettlandi eða Litáen, þá ættu sum börnin að hafa minni rétt en önnur. Það var enginn slíkur boðskapur. Og trúa menn því að það verði til þess að tryggja frið í framtíðinni við stórveldið Rússland, tryggja eðlileg verslunarsamskipti á milli Rússlands og þessara landa, að Íslendingar reyni nú allt hvað þeir geti til þess að styðja þessar þjóðir í því að þær þurfi ekki að virða mannréttindi? Ég segi nei. Og mig undrar það satt best að segja að mönnum detti í hug að halda því fram að á vissum svæðum jarðarinnar og hjá vissum íbúum jarðarinnar eigi menn ekki að standa þannig að málum að mannréttindi þurfi að virða.

Einn dekksti bletturinn á vestrænni menningu í dag er sú staðreynd að Vesturlönd hafa liðið Ísraelsmönnum um alllangt skeið að brjóta allar reglur Sameinuðu þjóðanna varðandi mannréttindi á herteknum svæðum. Það má segja sem svo að Ísraelsmönnum hefur verið liðið í skjóli herstuðnings sem þeir hafa átt vísan frá Vesturlöndum að sitja yfir hlut Araba á herteknum svæðum. Þessi staðreynd er ein alvarlegasta ógnunin við heimsfriðinn í dag. Eigum við að byggja upp fleiri slíkar púðurtunnur, fleiri slík svæði? Auðvitað ekki. Auðvitað eigum við að trúa því að íbúar Lettlands, íbúar Litáens og Eistlands séu jafngóðir þegnar þessara landa af hvaða þjóðerni sem þeir eru. Við eigum að gera þá kröfu til þessara ríkja að þeir grafi stríðsöxina og innbyrðis deilur verði látnar niður falla um það hvort fólk hafi verið flutt inn á þessi svæði til þess að þurrka þessi þjóðarbrot út. Hvers vegna? Vegna þess að ef menn ætla að velja leið hefndanna, þá verður aldrei um nein endalok að ræða. Það verður aldrei um nein endalok að ræða og þá halda menn áfram að byggja upp ófrið á þessu svæði.

Ég vil því, herra forseti, vænta þess að þeir flm. sem hafa flutt þessa tillögu hér inn á Alþingi Íslendinga geri sér grein fyrir því að íslenska þjóðin getur ekki staðið að því tvöfalda siðgæði að krefjast þess annars vegar að mannréttindi séu virt alls staðar í heiminum og segja svo: Á vissum svæðum jarðarinnar þarf ekki að virða mannréttindi vegna þess að þeir sem þar eru að vaxa úr grasi eru með erfðasyndina með sér.

Flm. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þessi ræða hv. 2. þm. Vestf. var í raun endurtekning á því sem hann hefur nú áður flutt hér og ég andmælti þá og vil ítreka þau andmæli nú þannig að það fari ekki á milli mála að hér fer hv. þm. algerlega með rangt mál. Það vakir alls ekki fyrir flm. þessarar tillögu að stuðla að mannréttindabrotum, síður en svo. Þvert á móti fjallar tillagan um það að Eystrasaltsríkjunum séu ekki settir óeðlilegir kostir á alþjóðavettvangi við umsóknir þeirra í alþjóðasamtök. Þessi tillaga var flutt hér á sl. hausti að gefnu tilefni. Mál hafa þróast á þann veg, t.d. í Evrópuráðinu að nú blasir við að í maí nk. verði samþykkt bæði að Eistland og Litáen verði aðilar að þeim samtökum sem gera strangastar kröfur til mannréttinda af öllum alþjóðasamtökum í Evrópu þannig að það er alls ekki með nokkru móti unnt að segja að flm. þessarar tillögu, sem m.a. höfðu umsókn þessara ríkja um aðild að Evrópuráðinu í huga, séu með nokkrum hætti að stuðla að mannréttindabrotum. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm.

Umræðan um þetta mál er nú að komast á lokastig og þar sem þróun mála á vettvangi Evrópuráðsins hefur verið með þeim hætti í vetur sem ég var nú að lýsa,

þá býst ég nú ekki við því að þessi tillaga fari lengra en til nefndar. Málið er komið í höfn varðandi þessi ríki. Þess er beðið að kosningar fari fram í Lettlandi og eftir það er víst að Evrópuráðið mun taka vel í umsókn Letta um aðild þannig að ég held að megintilgangurinn sem um var fjallað í þessari tillögu sé að nást, en ég vona að hún komist til utanmrn. og þar verði unnt að skoða málið þegar frá afgreiðslu málsins hér í þinginu hefur verið gengið.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þau sérstæðu tíðindi hafa nú gerst að hv. 1. flm. þessa máls telur fullnægjandi að málið komist til nefndar og er það í sjálfu sér mjög mikil framför að ekki eru gerðar kröfur til þess að það verði samþykkt, en hitt er þó öllu sérstæðara að það er eins og það hafi gleymst þar sem stóð í greinargerð og hv. flm. mætti nú gjarnan muna, það er að ekki verði gerðar óeðlilegar kröfur varðandi mannréttindi. Ég marglas þetta upp og spurði hv. þm. Björn Bjarnason um þetta atriði á sínum tíma. Hann svaraði því aldrei, kom sér ávallt undan því og það er vel ef nú er svo komið að hann telur nóg að þetta mál fari til nefndar.

Flm. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er alrangt hjá hv. þm. og ég get ekki annað en staðið hér og andmælt þessu enn og aftur. Það er hvergi á það minnst í þessari tillögu að það verði ekki gætt fyllstu mannréttinda í þessum ríkjum. Tillagan snýst um það að þessum þjóðum og þessum ríkjum verði ekki settir óeðlilegir kostir á alþjóðavettvangi. Það er því stuðningur við réttindabaráttu þeirra á alþjóðavettvangi og ekki síst með hliðsjón af óskum þeirra um aðild að alþjóðasamtökum eins og Evrópuráðinu.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lít svo á að hvorki Evrópuráðið né nokkur annar aðili hafi látið sér detta það í hug að setja þessum ríkjum óeðlilega kosti, aldrei nokkurn tíma. Þeir hafa aðeins farið fram á það að þeir virtu þær skuldbindingar sem þar eru gagnvart mannréttindum. Er nokkuð óeðlilegt að svo sé? Er það ekki hið besta mál að þeir geri þá kröfu og eigum við ekki bara að fagna því að það séu gerðar strangar kröfur um að menn virði mannréttindi ef þeir ætla að ganga þar inn? Ég átta mig satt best að segja ekki á því hvers vegna hv. 3. þm. Reykv. fór út í það að flytja þessa tillögu, ég átta mig ekki á því. Ég held að það hafi verið einn stór misskilningur frá upphafi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1992, síðari umr.

Þáltill. SJS o.fl., 237. mál. — Þskj. 301, nál. 950, brtt. 951.

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég kynni hér álit utanrmn. um tillögu til þál. um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1992. Álitið er stutt, svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali."

Undir þetta skrifa Björn Bjarnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur Hermannsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Geir H. Haarde, Páll Pétursson, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Árni R. Árnason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Röð mála á dagskrá.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég sé að það er verið að breyta hér röð frá dagskrá. Auðvitað hefur forseti alla heimild til þess að víkja til liðum á dagskránni, en ég hefði nú óskað eftir því að það yrði reynt að fylgja nokkurn veginn raðaðri dagskrá og ég hef grun um það að það séu nokkrar ástæður fyrir því að hér er heldur tómlegt í þingsal. Mér finnst það nú ekki alveg við hæfi að halda hér áfram þingfundum með einn eða tvo þingflokka á fundum, ef ég get rétt í eyðurnar hér í þingsalnum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það líður væntanlega ekki svo langur tími áður en hægt verður að taka 17. dagskrármálið fyrir, en á meðan verður, eins og forseti hefur boðað, tekið fyrir 19. dagskrármálið.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. KHG og ÖS, 484. mál (vaxtagjöld af íbúðarlánum). — Þskj. 832.

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Það er að sönnu skaði að þingflokksfundir standi yfir hjá stjórnarflokkum meðan mikilvæg mál eru rædd, en engu að síður tel ég rétt að nýta tækifærið sem gefið er til þess að mæla fyrir málinu og vænti þess að það þýði ekki minni stuðning við málið þótt þingmenn séu uppteknir við önnur störf.

Það frv. sem ég mæli hér fyrir og flyt ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni á þskj. 832 er svohljóðandi með leyfi forseta:

„1. gr. Síðasti málsl. 1. tölul. 3. mgr. C-liðar laganna orðast svo:

Vaxtagjöld af lánum annarra íbúða, sem framteljandi kann að eiga, mynda ekki stofn til vaxtabóta."

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1994 á tekjur ársins 1993 og eignir í lok þess árs."

Með þessu frv. fylgir stutt greinargerð til þess að gefa yfirlit yfir efnisinnihald nánar en fram kemur í lagatextanum sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Með frv. þessu er lagt til að íbúðareigendur geti fengið vaxtabætur þótt þeir búi ekki í þeirri íbúð um einhvern tíma sem keypt var til eigin nota og jafnframt kveðið skýrt á um að vaxtabætur eru aðeins greiddar með einni íbúð, þeirri sem ætluð er til eigin nota.

Í ákvæðum núgildandi laga um vaxtabætur er íbúðarhúsnæði til eigin nota skilgreint þannig að húsnæðið sé nýtt til íbúðar af eiganda sjálfum. Það hefur í för með sér að íbúðareigandi missir vaxtabætur þann tíma sem hann af einhverjum ástæðum dvelst ekki í íbúðinni og á ekki heimili þar og jafnvel leigir hana út.

Margvíslegar ástæður geta valdið því að íbúðareigandi dvelst ekki í eigin íbúð. Hann getur ákveðið að sækja atvinnu í önnur byggðarlög, verið í námi eða þurft vegna veikinda að flytja heimili sitt þangað sem nauðsynlega læknisþjónustu er að fá, svo fátt eitt sé nefnt.

Flutningsmönnum þykir ekki rétt að íbúðareigandi missi rétt til vaxtabóta við það eitt að búa ekki sjálfur í íbúðinni hvort heldur það er um lengri eða skemmri tíma og er því lagt til að brott falli ákvæði síðasta málsliðar 1. tölul. 3. mgr. C-liðar 69. gr. sem skilgreinir íbúðarhúsnæði til eigin nota þannig „að átt er við að húsnæðið sé nýtt af eiganda þess sjálfum".

Við þessa breytingu verða vaxtagjöld, sem vaxtabætur miðast við, ákvörðuð á sama hátt og frádráttarbær vaxtagjöld voru í gildistíð vaxtafrádráttar hjá einstaklingum þar sem skilgreiningunni á íbúðarhúsnæði til eigin nota er breytt til samræmis við það sem gilti fyrir gildistöku laga, nr. 79/1989, um vaxtabætur.

Vegna þeirrar breytingar, sem að framan er rakin á hugtakinu íbúðarhúsnæði til eigin nota, er nauðsynlegt að setja ákvæði sem tekur af öll tvímæli um það að íbúðareigandi getur ekki fengið vaxtabætur með fleiri en einni íbúð og er því lagt til að málsliðurinn orðist svo sem fram kemur í 1. gr. frumvarpsins."

Það er rétt að rekja stuttlega forsögu málsins. Hún er á þann veg að árið 1989 var ákveðið að leggja af þau endurgreiðslukerfi sem þá höfðu verið til um tíma í gegnum skattakerfið til aðstoðar fólki til að afla sér húsnæðis, kaupa sér húsnæði, það voru húsnæðisbætur og svokallaður vaxtafrádráttur. Þessi bótakerfi voru sameinuð í eitt, sem heitir vaxtabætur, með sérstökum lögum nr. 79/1989. Þegar maður skoðar það frv. sem var undanfari þeirra laga þá kemur glögglega í ljós að tilgangur frv. var að koma opinberri aðstoð í einn farveg vegna endurgreiðslukerfis á vaxtagjöldum. Tilgangurinn var ekki að breyta um forsendur fyrir því að menn gætu fengið þessar bætur. Það kemur berlega í ljós í athugasemdum sem eru með þessu frv. en þar segir í athugasemd við 1. gr. þess frv., með leyfi forseta: „Í 3. mgr. eru vaxtagjöld þau sem vaxtabæturnar miðast við skilgreind. Eru vaxtagjöldin ákvörðuð á sama hátt og frádráttarbær vaxtagjöld í gildistíð vaxtafrádráttar hjá einstaklingum."

Eða með öðrum orðum er skýrt tekið fram að það er ekki verið að breyta skilgreiningunni á rétti manna til bótanna, það er hugsunin í frv. eins og hún er kynnt í því. Engu að síður kom inn sú breyting sem er tilefni þess frv. sem ég mæli fyrir en það er skilgreining á orðunum „húsnæði til eigin nota" þannig að það sé húsnæði nýtt til íbúðar af eiganda þess sjálfum. Eða með öðrum orðum að menn fá aðeins vaxtafrádrátt eða vaxtabætur af íbúðarhúsnæði sem þeir hafa keypt og eiga ef þeir búa í húsnæðinu. Það þýðir að um leið og þeir flytja úr því um einhvern tíma, t.d. eitt ár, þá missa þeir vaxtabæturnar þann tíma. Þannig var kerfið ekki áður og orðalag í lagatextanum í lögunum um tekjuskatt og eignarskatt fyrir þessa breytingu var þannig að skilyrði var að vaxtagjöldin væru gjöld af skuldum sem sannanlega eru notaðar til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota eða endurbóta á því. Eða með öðrum orðum að menn væru að borga vexti af lánum vegna kaupa á húsnæði en það væri ekki skilyrði að menn byggju í því til að halda bótaréttinum.

Ég hef, virðulegi forseti, rakið hvernig hugsunin á bak við núgildandi lagaákvæði um vaxtabætur var sú að breyta ekki forsendum bótaréttarins en engu að síður slæddist inn setning sem gerði það. Tilefni frv. er að breyta þeirri setningu og lögunum til sama horfs og var áður en menn tóku upp vaxtabótakerfið. Ég tel að það sé allnokkurt réttlætismál að þessi réttur til vaxtabóta verði færður til sama horfs og var áður meðan vaxtafrádráttur og húsnæðisbætur voru við lýði einkum og sér í lagi fyrir fólk sem af einhverjum ástæðum dvelur ekki í sinni íbúð um einhvern tíma. Þekki ég nokkur dæmi þess að fólk stundar atvinnu í öðru byggðarlagi en það á íbúð í, leigir þá sína íbúð og þar á móti leigir aðra í því byggðarlagi sem það dvelur og sækir atvinnu. Lögin eins og þau eru í dag hafa það í för með sér að það fólk missir vaxtabæturnar þann tíma sem þetta ástand varir sem er bersýnilega ósanngjarnt því fólk er eftir sem áður aðeins eigandi að einni íbúð, er að reyna að borga af lánum vegna þeirrar íbúðar og standa í skilum við þau og þannig komast yfir húsnæði þannig að tilgangurinn með því að eiga húsnæði er hinn sami og ætlast er til í lögunum.

Til þess að taka af öll tvímæli um að þessi réttur sé bara um eina íbúð þá þótti okkur flm. rétt að taka það skýrt fram eins og kom fram í 1. gr. frv. þannig að við teljum að með þeirri breytingu á lagatextanum sé loku skotið fyrir alla möguleika á að misnota vaxtabótakerfið í þessu skyni.

Ég vil, virðulegur forseti, ekki dvelja lengur við framsögu með þessu máli. Ég hygg að ég hafi rakið öll efnisatriði þess og vænti þess að menn hafi náð merk-

ingu frv. og ástæðum fyrir því að það er flutt og vil leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Opnun sendiráðs í Peking, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 563. mál. — Þskj. 930.

Flm. (Árni Johnsen):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um opnun sendiráðs í Peking og viðskiptaskrifstofu í Suður-Kína og sameiningu sendiráða í Evrópu.

Tilllögugreinin liggur að sama máli og ástæðurnar eru fyrst og fremst þær að Íslendingar þurfa mjög svo á því að halda að styrkja stöðu sína á erlendum mörkuðum bæði til að selja vörur sínar, framleiðslu og hugvit. Í Kína, þar sem fjórðungur mannkyns býr, eru nú tvímælalaust miklir möguleikar til árangurs á þessum sviðum.

Kínverska samfélagið hefur um langt árabil verið tiltölulega einangrað og sjálfu sér nógt um marga hluti en nú á sér stað mikil umbylting í þessu fjölmennasta ríki jarðar og sú umbylting gæti þjónað framtíðarmöguleikum og hagsmunum Íslendinga tvímælalaust að mínu mati.

Kínverska samfélagið siglir nú hraðbyri frá miðstýringu til markaðssetningar að hætti heimamanna því sú breyting á sér stað innan frá og virðist ganga allvel fyrir sig að dyr séu opnaðar með nýjum hætti til framfara og framkvæmda. Það er mikill skortur á svokallaðri nútímaþekkingu sem kannski má þá tengja hinum vestrænu samfélögum í Kína og kemur m.a. ugglaust til vegna þess að um nokkurt árabil var framhaldsmenntun stöðvuð í Kína en fór síðan á skrið aftur og þeir kínverskir menntamenn sem nú eru sérfræðingar hvort sem er á sviði rannsókna eða verkfræði eða annarra þátta eru tiltölulega ungir að árum. Þeir hafa kannski 7–10 ára starfsreynslu þeir elstu og það undirstrikar auðvitað ástæðuna fyrir því hvers vegna kínverska samfélagið eða kínversk stjórnvöld leita nú mjög grannt eftir samvinnu við aðrar þjóðir og leita eftir þekkingu frá öðrum þjóðum. Í Kína á sér stað ákveðið átak í uppbyggingu atvinnulífs og hagkerfis á þann hátt að kínversk stjórnvöld bjóða erlendum aðilum sem vilja fjárfesta í Kína í framkvæmdum eða fyrirtækjum helmings hlutdeild í stofnkostnaði og eignaraðild. Þetta hefur borið góðan árangur og margt nýtt hefur komið fram á þessum vettvangi í Kína. Það er áberandi að þær þjóðir sem hraðast hafa siglt inn á þennan markað fjórðungs mannkyns eru Danir, Þjóðverjar og Bretar. Íslendingar koma þar líka við sögu með nýstofnuðu fyrirtæki í Guangzhou í héraðinu Gunagdong í Suður-Kína og það sýnir að það er búið að opna dyrnar og plægja jarðveginn fyrir frekari átök ef menn hafa vilja og getu til að takast á við slík verkefni og horfa til framtíðarinnar með það í huga að vilja tryggja stöðu og möguleika Íslendinga.

Það er kannski mikið í lagt að ætla samhliða að opna sendiráð í Peking og viðskiptaskrifstofu í Suður-Kína en ástæðan er fyrst og fremst sú að landið er stórt og þar eru misjafnar aðstæður. Formsins vegna væri ugglaust nauðsynlegt að hafa sendiráð eða viðskiptaskrifstofu í Peking en það er líka jafnljóst að það eru ekki síður rök fyrir því að hnýta upp slíkt einnig í Suður-Kína þar sem mest er umbylting og mest uppbygging á sér stað. Þetta er nánast á öllum sviðum kínverska þjóðlífsins í öllum atvinnugreinum hvort sem er til lands eða sjávar. Það er ótrúlegt og forvitnilegt að fylgjast með því af eigin raun í þessu stóra landi hvernig menn eru að sníða sér nýjan stakk, með breyttum viðhorfum inn í framtíðina.

Kínverska samfélagið hefur löngum verið þekkt fyrir nægjusemi og iðjusemi. Það segir okkur e.t.v. sína sögu að laun í Kína eru mjög lág miðað við það sem við þekkjum á Vesturlöndum. Verkamannalaun hjá almennum fyrirtækjum til að mynda í Suður-Kína eru 2.000–4.000 kr. á mánuði. Laun stjórnenda eru kannski 8.000–10.000 kr. ísl. á mánuði og það er auðvitað á þessum grunni sem kínverska samfélagið á eftir að byggja sig sterkt upp í aukinni tækniværðingu á nútímahátt. Það er kannski þess vegna sem það eru miklir möguleikar fyrir þjóð eins og Íslendinga til að takast á við þau verkefni sem þar bjóðast og þá möguleika til markaðssetningar fyrir það sem ég gat um fyrr, íslenska framleiðslu og íslenskt hugvit.

Það var lögð fram þáltill. fyrir einu eða tveimur árum í Alþingi um opnun sendiráðs í Japan. Niðurstaða þeirrar könnunar var sú að það væri betur farið í höndum hagsmunaaðila að sinna þeim þáttum sem sendiráð og viðskiptaskrifstofur ættu að framkvæma ella heldur en opna þar formlegt sendiráð af hálfu íslenskra stjórnvalda auk þess sem það væri þá aukinn kostnaður sem skilaði sér ekki nema að vissu marki.

Ég er alveg sammála því að niðurstaðan varðandi Japan er ekki óskynsamleg. En ef maður leggur þessi tvö ríki saman af þessu tilefni, Kína og Japan þá er það eins og dagur og nótt. Japan er eitthvert skipulagðasta ríki veraldar í framleiðslu, allri stýringu, bæði inn og út úr landinu og þar er allt í mjög föstum skorðum og mjög markvisst unnið. Svo markvisst að það eru ekki dæmi um neitt líkt því annars staðar í heiminum. Kína hins vegar er má segja galopið. Þar er minnst skipulagning nema ef vera skyldi í sumum ríkjum Afríku, minnst skipulagning til átaka og uppbyggingar eins og kínversk stjórnvöld hafa ákveðið að framkvæma bæði atvinnulega séð og félagslega séð á uppbyggingu húsnæðis fyrir atvinnurekstur og íbúa þessa fjölmenna ríkis.

Þess vegna mælir allt með því að mati flm. þessarar tillögu, sem auk mín eru Guðjón Guðmundsson, Árni R. Árnason og Egill Jónsson, að ganga til þess að opna viðskiptaleiðir við kínverska stórveldið sem í framtíðinni að mínu mati á eftir að verða mikill og merkilegur risi á alls konar vettvangi í framleiðslu og markaðsmálum. Það liggur fyrir það dæmi sem ég nefndi varðandi stofnun verksmiðju í Guangzhou. Það

liggur fyrir að íslenskir aðilar eru að leita hófanna um að taka að sér verkefni á sviði hönnunar í vegagerð, í hönnun vegagerðarmannvirkja, það liggur fyrir að íslenskir aðilar eru að kanna möguleika á framleiðslu á íslenskum húsgögnum eftir íslenska hönnuði í Kína og það ræður auðvitað mestu um leitina eftir því að þar er hægt að hafa 20 menn í vinnu á móti einum á Íslandi. Menn vilja ugglaust freista þess að markaðssetja á svo stóru svæði og í gegnum svo hagkvæman kost því heimurinn minnkar snarlega. Nú geta menn unnið að einu fyrirtæki allan sólarhringinn þó þeir séu á mörgum stöðum á jörðinni. Þeir ljúka vinnu klukkan sjö í tölvunni í Kína og þá tekur tölvan í Danmörku við og síðan klukkan sjö að morgni næsta dags getur tölvan í Los Angeles haldið áfram rekstri þessa eina fyrirtækis.

Það er til að mynda fróðlegt að sjá hvernig fyrirtæki í Hong Kong, sem eru lykillinn að miklum vaxtarbroddum í Kína, stilla upp þessum vinnubrögðum og sigla hraðbyri til árangurs. Það má kannski segja að ef maður ber saman Evrópu og Asíu að þar hafi Hong Kong náð ákveðnu forskoti varðandi uppbyggingu og nýtingu á mannafla og möguleikum sem hefur háð Evrópu í uppbyggingu iðnaðar við dýrari kost og miklar aðstæður.

Þannig að ef menn vilja horfast í augu við þær breytingar sem eiga sér stað í heiminum og þá stórkostlegu möguleika sem eru í farveginum í kínverska stórveldinu þá eiga Íslendingar ekki að sitja eftir, þeir eiga að taka þátt í þessari uppbyggingu með því að koma á starfsemi af hálfu stjórnvalda. Öll þessi starfsemi í dag er í gegnum íslensk stjórnvöld og þeir eru milliliðir á hvaða vettvangi sem menn vilja fara inn í kínverska stórveldið, þá er það í gegnum stjórnvöld formlega en ekki einkaaðila. Til að mynda Gunagdong-fylki sem er eitt af 31 fylkjum Kína, eru 65 millj. íbúa. Í Guangzhou, sem er höfuðborg fylkisins, eru þrjár lögfræðiskrifstofur með 40–70 lögfræðinga hver og þessar þrjár skrifstofur sjá um allar framkvæmdir og öll tengsl við erlenda aðila í þessu 65 milljóna héraði. Það sýnir að það þarf að fara þessa formlegu leið af hálfu stjórnvalda í gegn.

Þessi tillaga er ekki hugsuð þannig að það eigi að stofna til fjölmenns eða glæsilegs sendiráðs, heldur vinnuskrifstofu þar sem fáir en dugmiklir menn vinni við eðlilegar aðstæður, engan íburð heldur eðlilegar aðstæður. Það er nefnt í þessari tillögu að hugsanlega megi draga saman starfsemi sendiráða til að mynda í Skandinavíu, að hafa ekki hin formlegu sendiráð í sama horfi og þau hafa verið heldur að breyta þar í takt við tímann og nýta þann mannafla og þá möguleika á annan hátt, en það ræður kannski ekki úrslitum í þessu máli heldur hitt að menn horfist í augu við þá geysilega miklu möguleika sem kínverska umhverfið býður upp á í dag. Það segir sína sögu að fjárfestar hvar sem er í heiminum og í hvaða heimsálfu sem er, stefna fyrst og fremst á Kína í dag. Þeir stefna á Kína til þess að byggja þar upp, leggja hönd á plóginn og nýta þá möguleika sem eru þar. Það er á þessum nótum sem tillagan er lögð fram. Það er gjörólíkt umhverfi sem um er að ræða, annars vegar í Japan sem er Þýskaland Asíu, feykilega vel skipulagt, hins vegar Kína þar sem allar dyr eru opnar og stjórnvöld hreinlega þyrstir í samvinnu og sambýli með erlendum aðilum sem hafa þekkingu, fjármagn, frumkvæði eða vilja til að takast á við uppbyggingu á þessu svæði.

Ég legg til að að lokinni umræðu sé þessu máli vísað til utanrmn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við erum að ræða mál sem er á verksviði hæstv. utanrrh. og ég hefði talið eðlilegt að hæstv. ráðherra væri hér við umræðuna ef hann er í þinghúsi og óska eftir því að honum verði gert viðvart að ég óska eftir nærveru hans þó ekki væri nema stundarstund, en ég met það að hér er hv. formaður utanrmn. viðstaddur umræðuna en það kemur ekki alveg í stað fyrir ráðherrann ef hæstv. forseti vill athuga það.

Hér er mælt fyrir tillögu um opnun sendiráðs í Peking og viðskiptaskrifstofu í Suður-Kína og sameiningu sendiráða í Evrópu. Það er allt undir í einni tillögu þannig að hér er meira en lítil breyting sem er verið að gera tillögu um á verksviði utanríkisþjónustunnar íslensku. Mér finnst nauðsynlegt að átta sig á hvort þessi tillaga, flutt af fjórum hv. þm. Sjálfstfl., nýtur stuðnings og er líkleg að fá framgang innan tíðar þar sem annar stjórnarflokkanna stendur að flutningi þessari tillögu.

Nú verð ég að viðurkenna það að ég, vesalingur minn, stóð að því ásamt þremur öðrum þingmönnum að flytja tillögu um íslenskt sendiráð í Japan en það er verið að skjóta það niður heldur betur með þessum tillöguflutningi, raunar fullyrt í greinargerð að niðurstaðan hafi verið sú varðandi sendiráðið í Japan að aðilar í einkarekstri og viðskiptum hefðu málin á sinni könnu án tilkomu sendiráðs eins og það er orðað í greinargerð með tillögunni.

Ég vil nú nefna það að ég veit ekki betur en að tillagan um opnun sendiráðs í Japan sé til umfjöllunar í hv. utanrmn. og ekki sé niðurstaða komin í það mál. Ég veit ekki hvaðan hv. flm. hafa upplýsingar um annað en ég er þar með ekki að leggjast gegn því að athugað verði hvort sendiráð Íslands í Austur-Asíu væri betur komið í Peking með viðskiptaskrifstofu í Suður-Kína sem hér er lagt til jafnhliða því sem slátrað verði nokkrum sendiráðum í Evrópu, þau lögð niður. Ég tel út af fyrir sig að sú hugmynd sem hér er sett fram sé með vissum hætti stuðningur við það sjónarmið að það þurfi að dreifa íslensku utanríkisþjónustunni út fyrir hin þröngu mörk sem hún hefur verið bundið við til þessa. Við flm. tillögunnar um íslenskt sendiráð í Japan við gerðum ráð fyrir að sendiráð sem þar væri staðsett þjónaði nærliggjandi svæði, ef hægt er að tala um nærliggjandi í þeim víðáttum sem um er að ræða í Austur-Asíu, þar á meðal í Kína.

En burt séð frá þessu, virðulegur forseti, þá er það kannski ekki þetta efni sem veldur tíðindum heldur sá rökstuðningur sem fylgir með þessari tillögu því hér loksins er komið ljós í myrkri fyrir utan EES sem var lengi talin helsta týran á stjórnarheimilinu, þá er það

orðið í rauninni slokknað í samanburði við þá sýn sem þessir hv. fjórir þm. Sjálfstfl. draga upp í þessari tillögu um það hvað er að gerast í Kína, hvaða gífurlegu möguleikar séu þar fyrir Íslendinga með viðskiptum við Kína vegna þess hvað þar er allt galopið, frjálst og í framsókn og á framfarabraut að mati flm. Ég verð að segja það að hér er vissulega snúið nokkuð við blaði frá því sem heyra mátti til skamms tíma, allt fram undir að þessi tillaga kemur fram frá þingflokki Sjálfstfl. sem hefur haft svona ýmislegt að athuga í sambandi við þjóðfélagsskipun í þessu milljarðaríki, ríki sem telur milljarð íbúa, sennilega á annan milljarð, og út af fyrir sig margt sem bent var á þar með réttu að því er snerti stjórnarform þó ég ætli ekki að fara að gerast dómari yfir því, hvorki til eða frá. En ég man ekki betur en menn hefðu talið að heldur ógætilega hefði verið farið að af öldungaveldinu í Kína þegar þeir slátruðu stúdentunum og uppreisninni á torgi hins himneska friðar í maímánuði 1989. Gott ef hæstv. utanrrh. eyddi ekki fáeinum orðum að því að það hefðu ekki verið fyrirmyndarvinnubrögð þegar hann lagði fram skýrslu til þingsins í mars 1990.

En til þess, virðulegur forseti, að ekkert fari á milli mála þá hlýt ég að vekja athygli á þeim ótvíræðu yfirlýsingum sem felast í greinargerð með þessari tillögu. Það er ekkert smáræði sem hér er fram reitt um þau stórkostlegu verkefni sem þarna séu fram undan vegna þjóðfélagsaðstæðna í Kínaveldi. Það er bent á að þar sé að finna urmul verslana með mikið vöruúrval fyrir verkafólk en flm. tíunda reyndar að þetta verkafólk hafi tekjur sem nemi 2–3 þús. á mánuði. Ég átta mig því ekki alveg á á hverju viðskiptin nærast í þessum stórverslunum. En það er líka greint frá því að í borginni Guangdong, ef ég reyni að líkja eftir framburði hv. 1. flm., (**ÁJ:** Héraðinu.) þar séu einnig glæsilegustu og nýtískulegustu stórverslanir sem um getur með vöruúrvali. En það er nú hætt við því að alþýðan hafi ekki mikið erindi nema rétt til þess að skoða í gluggana.

Ég vil út af fyrir sig ekki gera lítið úr tillögunni á neinn hátt, en ég tel að megintíðindin séu það mat flm., hv. þm. Árna Johnsen, Guðjóns Guðmundssonar, Árna R. Árnasonar og Egils Jónssonar, á þjóðfélagsaðstæðum í Kína og þeim möguleikum sem þar hafi skapast. Það gerðist að vísu samkvæmt orðum flm. að það var lokað fyrir menntun í eitthvert tímabil en það reynist bara í rauninni hafa orðið hið mesta happ því í skjóli þess að lokað var á menntunina þá er starfsaldur sérfræðinga í þessu ríki svo lágur, 7–10 ár, að það þarf nauðsynlega á aðstoð að halda erlendis frá og þar opnast möguleikarnir fyrir Íslendinga, íslenska hönnuði og sérfræðikrafta til þess að hjálpa til vegna þess að þeir lokuðu á menntunina um allnokkurt skeið, stjórnendurnir í öldungaveldinu í Peking.

En lokaorð tillögunnar voru endurtekin af hv. flm. um að allir helstu fjárfestar í heiminum stefni nú til Kína. Íslenskir fjárfestar munu í þeim hóp og ég er síður en svo að lasta það að menn leiti nýrra sambanda viðskiptalegs eðlis, tel það einmitt hið besta mál að það sé gert, en mér finnst kannski að hér sé þó verið að reisa nokkrar skýjaborgir, a.m.k. þurfi menn að átta sig á því að ekkert er kannski mjög auðunnið í þessum efnum og ég vildi, virðulegur forseti, óska eftir því að hæstv. utanrrh. sem mér sýnist vera horfinn úr salnum, en ég ætla að óska eftir því að hæstv. ráðherra greini frá áliti sínu á þessari tillögu sem hér er flutt. Ég mun koma því til ráðherrans á eftir ef það nær honum ekki nú.

Flm. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki ætla ég í andsvari að fjalla um það andlega áfall sem það virðist hafa orðið hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að kerfi kommúnismans virðist vera að brotna niður innan frá í Kína heldur víkja að nokkrum efnisatriðum.

Í fyrsta lagi varðandi það sem segir í greinargerð um niðurstöðu athugunar á sendiráði í Japan að ef þær upplýsingar eru rangar að niðurstaðan liggi fyrir þá er það vel því ég tel um margt mjög athyglisvert að skoða þann möguleika til hlítar að ná viðskiptalegri samvinnu í auknum mæli við Japani hvort sem það er með opnun sendiráðs, viðskiptaskrifstofu eða á annan hátt. Þar eru dýrir markaðir og mikilvægir.

Í öðru lagi er lögð áhersla á það í þessari tillögu og þeirri ræðu sem ég flutti að það er mikill óplægður akur í Kína. Í því liggja ekki borðleggjandi möguleikar en möguleikar sem er ástæða til þess að fylgja eftir og reyna að vinna úr af fremsta megni. Það gera menn ekki nema taka til hendi og takast á við verkefnið eins og það liggur fyrir og það er hagkvæmast að gera það að mínu mati með opnun viðskiptaskrifstofu í þeim stíl sem ég nefndi í minni ræðu.

Varðandi spurningar hv. þm. um verðmyndunina til að mynda í Guangzhou í héraðinu Guangdong þá var mjög sérstætt að verða vitni að því og sjá það svart á hvítu að mismunur á verði búða í sömu götu gat verið hundraðfaldur. Gæðin voru að vísu mismunandi en skór í einni búð af ódýrari gerð kostuðu 100 sinnum meira af dýrari gerð í næstu búð. Það sýnir kannski mest byltinguna og breytinguna sem á sér stað, umrótið, að þetta á eftir að finna sér farveg og þarna eru, eins og sagt er í grg., dýrustu verslanir sem menn geta séð. Þarna er ekki verið að byggja, virðulegi forseti, neinar skýjaborgir, þarna er verið að horfast í augu við möguleika sem er ástæða til þess að vinna úr.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það gleður mig að hæstv. utanrrh. er hér til þess að greina frá sínum viðhorfum til þessarar tillögu sem hér er flutt en hv. 1. flm. greinir okkur frá því að stjórnmálakerfið sem hefur verið við lýði í Kína síðan 1949 að Maó vann sigur í byltingu sé að brotna innan frá og það eru nokkur tíðindi. Ég hugsa að hv. formaður utanrmn. hlýði af athygli á þessa frásögn sem hér er flutt af þingmanni Sjálfstfl. Ég hafði staðið í þeirri meiningu að það mætti mörgu nafn gefa í sambandi við stjórnarfar og ég hef ekki orðið var við annað heldur en þar séu ríkjandi allþétt tök einsflokkskerfis undir forustu kommúnistaflokks

Kína og sem sýndi sitt andlit að því er varðaði breytingar í frjálsræðisátt í maí 1989 og hefur ekki mikið verið dregið í land í þeim efnum. En ég ætla sem sagt ekki að gerast dómari þar að lútandi, ég bendi á það sem hv. þm. segir hér í grg.: „Allt er í mjög föstum skorðum [þ.e. í Japan] og nánast fullnýttir möguleikar, en mismunurinn á Kína og Japan eru eins og dagur og nótt. Í Kína eru opnir möguleikar til allra átta og kallað á kunnáttu, fjármagn og framtak erlendis frá í samfélagi þar sem liðlega milljarður manna býr."

Þetta er sannarlega ljós í myrkri sem hér hefur kviknað í þingflokksherbergi Sjálfstfl. og við skulum vona að það rætist eitthvað af þeim draumum sem hv. flm. hefur hér flutt þingi og þjóð.

Flm. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að heldur birtir yfir hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni eftir því sem líður á umræðuna. Aðeins eitt atriði til ábendingar um raunveruleikann í breytingum á stjórnkerfi innan Kína þó þar sé auðvitað margt óljóst enn og getur brugðið til beggja vona, það er það átak sem á sér stað í fjárfestingum í sameign og samvinnu við erlenda aðila. Það hefði ekki komið til greina í Kína fyrir fáum missirum en siglir nú hraðbyri og til að mynda þær lögfræðiskrifstofur sem ég nefndi fyrr í ræðu minni og hafa verið lykillinn að slíkum hlutum og þáttum, það er allt sem bendir til að þær muni losna upp að hluta og menn geti þar farið á einkaframtaksnótum í ákveðnum þætti í nafni stjórnvalda. En í stuttu máli er kannski ekki gott að fara inn á þessa þróun en þetta eru grunnlínur sem eru svo auðsæjar og skiljanlegar mönnum sem skoða grannt hvaða hlutir eru að gerast í Kína. Það er að vísu svolítið misjafnt eftir landsvæðum í Kína, en þar sem aðalumrótið er og umbyltingin, þar sem þróun er hröðust, það er í Suður-Kína, það er tvímælalaust.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég sá að hæstv. utanrrh. var hér að fylgjast með umræðu og ég vænti þess að hann sé að því enn því ég tel rétt að inna hann dálítið eftir stefnu íslenskra stjórnvalda í þeim málum sem tillagan lýtur að. Ég vil segja um efnisatriði tillögunnar að það er auðvitað af hinu góða og ekki nema gott um það að segja að menn vilji gera átak til þess að auka útflutning frá okkur til annarra ríkja og er sjálfsagt að taka við slíkri tillögu með opnum huga. En þar sem ég tel að í þessari tillögu séu atriði sem að nokkru leyti stangast á við skýrslu utanrrh. um utanríkismál sem nýlega var hér til umræðu, þá þykir mér rétt að inna ráðherrann eftir afstöðu hans til þessarar tillögu eða hvort hér sé um að ræða stefnubreytingu.

Ég vil fyrst segja um ályktunina um að opna sendiráð í Peking og viðskiptaskrifstofu í Suður-Kína að að þessu er vikið, samskiptum við Kína, í skýrslu utanrrh. á bls. 25, en þar segir, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af þeirri jákvæðu þróun, sem átt hefur sér stað í Kína á undanförnum árum, er eðlilegt að hugað verði að eflingu samskipta Íslands og Kína en að jafnframt að lögð verði áhersla á úrbætur í mannréttindamálum."

Það er tengt saman í þessari skýrslu og mér þykir því rétt að inna hæstv. ráðherra eftir því hvort búið sé að falla frá því atriði, hinu síðara, þ.e. að leggja áherslu á úrbætur í mannréttindamálum í Kína samhliða eflingu samskipta. En þáltill. aftengir þetta mál.

Annað atriðið sem ég hnýt aðeins um í tillögunni er að í ályktunargreininni segir að utanrrh. undirbúi sameiningu sendiráða í Evrópu sem nemur fækkun sendiráða um 2–3 augljóslega í þeim tilgangi að draga þar úr starfsemi til mótvægis við aukninguna fyrir austan þannig að ekki sé verið að stofna til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Mér finnst það ekki ríma við stefnu ríkisstjórnarinnar um EES. Ég hef skilið mál manna sem því máli fylgja á þann veg að menn ætluðu þvert á móti að leggja aukna áheslu á að vinna markaði í Evrópu og mér finnst það trauðla vera leiðin til þess að draga úr starfsemi sendiráða þar og fækka þeim jafnvel um 2–3. Mér þykir því rétt, virðulegi forseti, að spyrja hæstv. ráðherra utanríkismála að því hvort hann sé sammála þessari ályktunargrein að það sé rétt að sameina sendiráð í Evrópu og fækka þeim um 2–3 og hvort það sé í takt við þau markmið sem menn hafa sett sér með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Þriðja atriðið sem mig langaði til að nefna, virðulegi forseti, er það sem fram kemur í grg. með ályktunartill. um sendiráð í Japan og að það hafi verið gerð könnun á því og niðurstaðan hafi verið sú að aðilar í einkarekstri og viðskiptum hefðu málin á sinni könnu án tilkomu sendiráðs. Ég efa ekki að hér sé rétt frá greint þó að ég hafi ekki séð þetta fyrr, en ég bendi á það að í skýrslu utanrrh. sem ég vitnaði til fyrr, kemur fram að Japan er eitt af mikilvægustu markaðssvæðum Íslendinga. Í skýrslunni er helstu mörkuðum Íslendinga skipt í sex svæði og eitt af þeim sex er Japan. Og mér þykir það merkilegt ef það er niðurstaða utanrrn. eða opinberra aðila að það sé ekki ástæða til að opna sendiráð þar til þess m.a. að stuðla að auknum viðskiptum og útflutningi þangað. Það væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra mundi vilja upplýsa um þetta mál og ég get getið þess til upplýsinga að á síðasta ári var verðmæti vöruútflutnings til Japans 7,5% af okkar útflutningi þannig að þetta er ekkert lítið markaðssvæði í þeim skilningi og rétt að leggja nokkuð á sig til þess að vinna þar aukinn hlut fyrst menn hafa náð þarna nokkurri fótfestu.

Þá vildi ég líka minna á eitt atriði sem mér finnst satt að segja dálítið neyðarlegt ef mál standa eins og ég held að þau séu að íslenska utanríkisþjónustan sé þannig skipulögð að sendiherra Íslands í Japan hefur aðsetur í Moskvu, sinnir bæði Rússlandi og Japan og áður Sovétríkjunum og Japan. Nú má vera að sögukunnátta mín sé ekki alveg fullkomin en ég veit ekki betur en milli þessara tveggja ríkja sé enn þá stríð. Þessi tvö ríki, Japan og Sovétríkin, hafa aldrei samið frið eftir síðari heimsstyrjöldina og miðað við þær upplýsingar sem ég hef úr þessum málaflokki, þá þykir þetta hið neyðarlegasta mál fyrir íslensku utanríkis-

þjónustuna að vera þannig skipulögð að sinna Japan með sendiherra sem situr í Moskvu. Ég vildi spyrja hæstv. utanrrh. hvort það standi ekki til að fara að breyta þessu, hvort það væri ekki skynsamlegt að breyta þessu þannig að sendiherra Íslendinga í Japan sitji ekki í Moskvu heldur þá a.m.k. í öðru ríki sem býr við frið gagnvart Japönum.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til, virðulegi forseti, að fjalla frekar um þessa þáltill. og ítreka bara það sem ég sagði í upphafi að ég tel það af hinu góða ef menn sameinast um það að vinna nýja markaði hvar svo sem þeir eru, hvort sem þeir eru undir rauðum fána eða einhverjum öðrum, en auðvitað að tilskildu því að menn gleymi ekki því sem menn settu sér sem skilyrði í öðrum löndum og hér í skýrslunni, að gleyma ekki mannréttindamálunum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Mér skilst að tveir hv. þm. hafi spurt um afstöðu mína til þessa máls. Því er nokkuð vandsvarað. Það mun vera svona óskráð regla í stjórnarsamstarfi að stjórnarþingmenn flytji ekki tillögur á verksviði ráðherra án samráðs við þá, en af einhverjum ástæðum hefur þannig tiltekist um þessa tillögu að slíkt samráð var ekki haft og ég hef ekki kynnt mér þetta með öðrum hætti en þeim að lesa þetta yfir þegar því var dreift í þingsölum.

Um afstöðuna er það að segja að hvað svo sem segja má um Kína, þá er þessi tillaga byggð á þeirri forsendu að loka sendiráðum annars staðar vegna þess að ég geri ráð fyrir því að menn virði þá grundvallarreglu í ríkisfjármálum að það standi ekki til að auka útgjöld við starfrækslu sendiráða og þetta verði því aðeins gert að dregið verði úr útgjöldum vegna sendiráða einhvers staðar annars staðar.

Hér er nefnd sú hugmynd að fækka sendiráðum á Norðurlöndum og hafa aðeins eitt, í Danmörku, þ.e. því eina ríki Norðurlanda sem er í Evrópubandalaginu. Þær hugmyndir hafa verið ræddar, t.d. í ríkisstjórn og a.m.k. í þingflokki Alþb., og þar bera menn við þeim rökum að sendiráð á Norðurlöndum eru í raun og veru sýsluskrifstofur fyrir Íslendinga sem búa á Norðurlöndum og þurfa á að halda þjónustu á Íslandi en Íslendingar búsettir á þessum þríhyrningi, Kaupmannahöfn/Osló/Stokkhólmur eru einhvers staðar á bilinu 15–20 þús. manns. Það þykir því ekki ráðlegt. Sú lausn að opna einhverjar umboðsskrifstofur til þess að sinna þessu með minni tilkostnaði hefur verið könnuð og stenst ekki. Það mundi verða dýrara að hafa sendiráð starfrækt á einum stað og hafa síðan farandsendiherra á ferðalögum á dagpeningum um hinar borgirnar eða svæðin.

Þá hafa menn hreyft þeirri hugmynd hvort ekki væri rétt að loka sendiráðum í Evrópubandalaginu með þeim rökum að Evrópubandalagið sé að þróast í átt til bandalagsríkis með samþjóðlegu valdi og því ætti að nægja að hafa sendiráð í Brussel sem þyddi þá að loka núverandi sendiráðum í London, París og Bonn og síðar meir kannski Berlín. Um þetta er mikill ágreiningur. Reyndar fælist í þessu líka að loka sendiráðinu í Kaupmannahöfn því að Danmörk er að sjálfsögðu Evrópubandalagsríki.

Það sem mælir með þessu að því er varðar viðskiptalega þáttinn er það að íslenskt viðskiptalíf þarf ekki á sérstakri fyrirgreiðslu sendiráða að halda í næstu stórborgum. Þar eru viðskiptatengsl með þeim hætti að þeim má þjóna á annan veg. Hins vegar er þetta á þeirri forsendu að þetta byggir á þeirri framtíðarskipan að Evrópubandalagið væri orðið að einu sambandsríki. Það er ekki orðið að því enn þá þannig að það mun varla gerast á þessu kjörtímabili trúi ég þannig að að því er þessa tillögu varðar án þess að ræða nokkurn skapaðan hlut um Kína, þá sýnist mér í fljótu bragði að það skorti samstöðu um forsendurnar, þ.e. hvar á að loka.

Öllum sem þetta hafa skoðað ber saman um að síst geti Ísland út frá eigin hagsmunum lagt af sendinefndir hjá fjölþjóðlegum samtökum þar sem hiti og þungi dagsins í utanríkisþjónustunni er, þ.e. í sendiráðunum í Brussel, hjá Evrópubandalaginu og Atlantshafsbandalaginu, EFTA-sendinefndinni í Genf og fastanefndinni hjá Sameinuðu þjóðunum í New York.

Það hefur verið vikið að þeirri tillögu sem hér var flutt og afgreidd að því er varðar viðskiptatengsl við Austurlönd fjær, þ.e. tillögunni um sendiráð í Tókíó. Það mál er þaulrætt við helstu útflutningsaðila á þeim mörkuðum og skiptir nú reyndar í tvö horn um skoðanir á því. Hin stóru sölusamtök sem þar hafa haslað sér völl hafa opnað viðskiptaskrifstofu og telja að þau geti þjónað hagsmunum okkar best sjálf og eru ekki fylgjandi opnun sendiráðs þeirra hluta vegna. Kannaðar voru hugmyndir um samstarf við viðskiptaskrifstofur annarra Norðurlanda, a.m.k. sem fyrsta skref og sumum þótti það álitlegur kostur til að byrja með, en í raun og veru varð niðurstaðan sú hin sama og ég vék að í upphafi að ef menn vilja halda kostnaði við utanríkisþjónustu innan þeirra marka sem nú er, þá verður ekki efnt til nýrrar sendiráðsstarfsemi á fjarlægum slóðum nema með því að draga saman seglin einhvers staðar annars staðar. Um Tókíó er að vísu það að segja að starfræksla sendiráða þar er margfalt dýrari en nokkurs staðar annars staðar. Meira að segja er hún svo dýr að þegar ýmsar hinar efnaminni þjóðir tóku að loka sendiráðum sínum og flytja þau brott vegna þess að þau höfðu ekki fjárhagslegt bolmagn til að halda þeim uppi, gripu Japanir til þess ráðs að fara að niðurgreiða sendiráðsþjónustu erlendra ríkja með því að bjóða þeim niðurgreidda húsaleigu í fjölbýlishúsi í Tókíó. En jafnvel sú niðurgreidda húsaleiga mundi verða ofviða íslenska ríkinu að óbreyttu.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skildi það á orðum hæstv. ráðherra að hann væri nokkuð sár yfir því að samstarfsflokkurinn hefði ekki virt hann þess að spyrja hann um viðhorf til þessa máls, stórbreyting á íslensku utanríkisþjónustunni, áður en þessi tillaga var flutt og því sé ráðherrann nokkuð vanbúinn að veita hér svör (**ÓÞÞ:** Hefur ekki kynnt sér Kína neitt.) og ekki kynnt sér innviðina í Kína, en greinargerðin getur nú leitt

stjórnarliðið í allan sannleika um stöðu mála þar. Það eru í rauninni stóru tíðindin í sambandi við þetta mál, það er sú nýja sýn og það nýja ljós, ekki EES heldur þetta nýja ljós í austri sem fjórir hv. þm. Sjálfstfl. hafa hér leitt inn í þingsalinn. En ég vildi spyrja hæstv. ráðherra að því hvert sé raunverulegt viðhorf hans til þess að færa út utanríkisþjónustuna eitthvað út fyrir þann þrönga hring sem hún nú er því að ég tek undir það með hv. flm. þessarar tillögu að það er full þörf á því að færa út íslenska utanríkisþjónustu til nýrra svæða sem lofa góðu eða þar sem möguleikar eru til þess að auka m.a. viðskipti og tengsl. Og þó að tillagan um opnun sendiráðs í Japan hafi fengið misjafnar undirtektir hjá umsagnaraðilum, þá voru þar aðilar sem tóku jákvætt undir. Ég minni á ferðamálaaðila, sem lögðust á þá sveif, en það á auðvitað ekki eingöngu að spyrja þá hagsmunaaðila sem þegar hafa haslað sér völl. Það á að hugsa um samskiptin í víðara samhengi, möguleikana til þess að nema ný lönd í viðskiptum og samskiptum og þess vegna finnst mér að þetta sé í raun alvörumál sem við erum að ræða hér um og megum ekki drepa niður með togstreitu um það hvort sendiráð sé staðsett í Peking eða í Tókíó heldur að reyna að efla okkar samskipti við þennan heimshluta þar sem mannfjöldi er mikill og möguleikar áreiðalega á samskiptum eru verulegir.

Flm. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fagna því að hæstv. utanrrh. lagði í engu rök gegn því að það kynni að vera mikilvægt að fara inn á þá braut að opna viðskiptaleiðir við Kína heldur vék hann athygli að því að það kynni að vera tæknilega erfitt fjárhagslega vegna þröngs kosts í fjármálum íslenska ríkisins. Hann nefndi það sem vikið er að í tillögunni um sameiningu eða breytingu á rekstri sendiráða í Skandinavíu og ef íslensku sendiráðin með ótöldum tugum starfsmanna í Skandinavíu, kannski 20–30 starfsmönnum alls. Nú kann það að vera of í lagt en ef íslensku sendiráðin eru fyrst og fremst sýsluskrifstofur fyrir Íslendinga búsetta í Skandinavíu, þá kynnu nú að vera full rök fyrir því að kanna hvort ekki væri hægt að gera þar haganlegri þjónustu en nú er og leggja eitthvað af mörkum á markaðssvæðum sem varða fjórðung mannkyns og kynnu að vera ýmsir framtíðarmöguleikar fyrir Íslendinga þannig að mér finnst ástæða til að skoða þetta á þeim nótum. Það þarf að vera samstaða um forsendur, það verður að vera samstaða um stefnu en það er tvímælalaust mitt sjónarmið að það eigi að færa þessa starfsemi út, það eigi að breyta henni, það eigi að gera hana markvissari varðandi markaðssetningu heldur en almenna opinbera þjónustu. Það kunna að vera ágreiningsatriði í þeim efnum en það hlýtur að vera á sama tíma og Íslendingar þurfa að fá meira verð fyrir hvert kíló á sinni framleiðslu hvar sem er í heiminum, þá eigi að leggja höfuðáherslu á markaðssetninguna og vinna þar farvegi fyrir íslenska framleiðslu og reyna þá að draga saman seglin að sinni í hinni opinberu þjónustu sem hefur verið lengi í föstum farvegi.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins ítreka eina spurningu til hæstv. utanrrh. sem ég bar fram til hans og ekki kom svar við og það var hvort ekki stæði nú til að gera breytingu á því neyðarlega fyrirkomulagi sem er í utanríkisþjónustunni að sendiherra Íslands í Japan er með aðsetur í Moskvu. Það þarf ekki mikinn rökstuðning til að lýsa því hvað þetta er afleitt fyrirkomulag þar sem ríkin tvö áttu í styrjöld og hafa aldrei samið frið og samskipti milli þeirra taka eðlilega mið af því að þar er aðeins um að ræða vopnahlé en ekki friðarsamninga. Ég veit að það skiptir nokkru máli að á þessu verði breyting og ég vildi því leyfa mér, virðulegi forseti, að ítreka spurningu mína til hæstv. utanrrh. um það hvort ekki standi til á næstunni að gera breytingar á því fyrirkomulagi að sendiherra Íslands í Japan sitji í Moskvu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Fyrst verður að sjálfsögðu að óska hv. flm. til hamingju með það að þar fara sjálfstæðir og frjálsir menn sem ekki telja sig þurfa að biðja leyfis þó þeir flytji þáltill. inn í sali þingsins. Það er nú svo með hv. 1. flm. að hann hefur stundum verið nokkuð djarfur þegar hin skráðu lög hafa verið annars vegar en nú eru hin óskráðu lög brotin og utanrrh. kvartar sáran hér úr ræðustól yfir því. Hann getur þó alls ekki kvartað, hæstv. utanrrh., yfir því að hér er þó að finna greinargóðar upplýsingar um Kína sem hljóta að koma hæstv. ráðherra að gagni í allri framhaldsumfjöllun um þetta mál.

Auðvitað hefur hæstv. utanrrh. lesið þetta mjög grannt yfir þó að hann hiki við að tala um eyðslu í sendiráðum Íslands í Evrópu nú. En það vill svo til að hæstv. utanrrh. á ýmsar merkar ræður í þingtíðindum þar sem hann talar um óþörf sendiráð og bruðl í utanríkisþjónustunni. Satt best að segja hlýtur það að vera næsta verkefni hv. 1. flm. að fletta þessum ræðum upp og koma þeim á framfæri við hæstv. utanrrh. svo hann hugleiði það nú í ljósi sinna fyrri greinargerða um þessi mál að e.t.v. sé hægt að spara einhvers staðar í Evrópu. Það er nú einu sinni svo að Evrópa er ekki eina heimsálfan, ekki stærsta heimsálfan og ekki merkilegasta heimsálfan heldur. Ef Ísland vill reka utanríkismálastefnu eins og Ísland hlýtur að vilja þá hlýtur það að vera okkar metnaður að eiga einhvers staðar sendiráð í Asíu, það er sjálfgefið. Og ég vil taka undir það með 1. flm. að það hlýtur að vera rökrétt að það sendiráð sé staðsett í Peking. Nú er ég ekki að hugsa um lakkrísverksmiðjur eða nokkurn skapaðan hlut slíkt, ég held bara að hv. 1. flm. hafi með réttu áttað sig á því að þó íslenska ríkið mundi ekki græða í virðisaukaskatti ef við færum að flytja vörur frá Kína í stórum stíl til að selja þær í verslunum á Íslandi þá mundu íslenskir neytendur hagnast á því tiltæki, það fer ekkert á milli mála. Og það er svo að í ýmsum verslunum á höfuðborgarsvæðinu eru seldar vörur frá Kína, m.a. skór.

Ég er sannfærður um það að þessi tillaga sem hér er flutt — upplýst að sé bort á óskráðum lögum að flytja

hana — á eftir að verða þess valdandi að við eigum eftir að setja upp utanríkisþjónustu í Kína, það er aðeins tímaspursmál hvenær það verður og hvort hv. flm. gengur svo langt í stuðningi sínum við tillöguna að hann beiti sér fyrir að skipta um utanrrh. veit ég að sjálfsögðu ekki enn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það voru örfá atriði sem ég vildi bæta við en skorti tíma til í fyrri ræðu. Það eru mörg heilræði sem koma fram í þessu máli. Ég er ekki í vafa um að hv. flm. eru að koma hér ýmsum skilaboðum til ríkisstjórnarinnar í gegnum tillöguna og greinargerðina með henni. Ég benti á þann þátt sem snýr að menntun og því mikla happi fyrir möguleika Íslendinga í Kína sem urðu við það að öldungunum í Peking datt í hug að loka fyrir skólahald um skeið sem veldur þessu sem kemur fram í greingargerð með tillögunni að starfsaldur fólks er lágur, sérfróðra manna aðeins innan við tíu ár að mér skilst og þurfa þeir því á aðstoð að halda. Þannig sést að fátt er svo með öllu illt ef við Íslendingar getum notið góðs af þessum tilþrifum kínverskra stjórnvalda.

En það sem ég vildi benda á í sambandi við þetta mál og bakgrunn þess rökstuðnings sem hér er fluttur er það að ekki getur það nú talist að öllu leyti fagnaðarefni að þetta stóra ríki sé að leggja inn á braut iðnvæðingar og það nokkuð óheftrar iðnvæðingar eins og mér sýnist af lýsingu sendimanns hæstv. landbrh. sem er 1. flm. málsins og tók ómakið af landbrh. að fara í austurveg eins og kunnugt er af fréttum.

Ég held að það sé umhugsunarefni fyrir okkur þegar við heyrum um þær breytingar sem þarna eru að gerast og vitum það af fregnum að umhverfi manna í Kína, þó það hafi nú ekki komið fram í máli hv. 1. flm. þessari tillögu, þykir ekki að öllu leyti hið besta hvað varðar umhverfi. Mengun mun óvíða vera meiri og tilfinnanlegri en í iðnaðarhéruðum í Suður-Kína ef marka má fréttir — að vísu ekki hér í greingargerð með þessari tillögu. Og við skulum aðeins íhuga hvaða þýðingu það hefur, hvaða afleiðingar það hefur fyrir aðstæður í umhverfismálum heimsins ef milljarðurinn í Kína og gott betur reynir að feta slóð óheftrar iðnvæðingar og sækja inn á hliðstæða braut og Vesturlönd hafa gert. Þá fer nú að þrengjast um hjá kotkörlunum hér á Vesturlöndum og reyndar mannkyni öllu. Ég tala nú ekki um ef Indverjar tækju upp á hinu sama. Ég er að minna á þetta hér vegna þeirrar einföldu augljósu staðreyndar, hæstv. forseti, að bústaðurinn jörð þolir ekki orkunotkun, efnislega framleiðslu og sóun sem henni tengist, þá mengun sem þessu fylgir í eitthvað viðlíka mæli og tíðkast hefur í hinum iðnvædda hluta heimsins til þessa. Og þess vegna eru tíðindi, hvaðan sem þau koma, um að þjóðir séu að feta svipaða slóð og Vesturlönd engin fagnaðartíðindi nema þá að því fylgi að verið sé að jafna aðstæður á jörðunni milli landa og heimshluta, að hinn ríkari hluti heimsins dragi þá saman að því er varðar okkar hlut í umsvifum, orkunotkun og þeirri mengun sem henni fylgir. Ég þarf ekki annað en vísa til þeirra áhrifa sem aukinn koltvísýringsmengun er líkleg til að valda á jörðinni en margt annað sem bætist við. Þess vegna þurfum við auðvitað í umræðum um þessi mál að minnast þessara þátta sem snerta okkur eins og jarðarbúa alla og það geta ekki talist nein sérstök fagnaðartíðindi að feta sig inn á braut óheftrar iðnvæðingar þarna og við þurfum að minnast þess að sjálf eigum við auðvitað skyldur að ganga í öfuga átt, þ.e. að draga úr þeirri sóun sem fylgir búskap Vesturlanda. Ég veit að hv. formaður Verslunarráðs Íslands tekur undir með mér að hagvaxtarmódelið sem er afleiðingin eða mælikvarðinn á „efnahagslega velgengni" sem svo er kölluð og ég vil nú setja innan gæsalappa sem stefnir umhverfi jarðar hraðfara í átt til þrenginga, svo ekki sé sagt til glötunar.

En ég vil ljúka með því að það er ánægjulegt að framkvæmdastjóri Verslunarráðsins skuli vera viðstaddur umræðuna. Hann hefur eflaust kynnt sér þann boðskap, það nýja ljós sem flm. þessarar tillögu um sendiráð í Peking og viðskiptaskrifstofu í Suður-Kína hafa kveikt innan Sjálfstfl., það nýja ljós sem þar hefur verið tendrað. Ég undrast það út af fyrir sig að flm. hafi ekki tryggt formlegan stuðning framkvæmdastjóra Verslunarráðsins við málið.

Flm. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það virðist koma hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni á óvart að byltingarmennirnir skuli koma úr röðum sjálfstæðismanna. Það verður að vera hans mál.

Tvö efnisatriði úr ræðu hans. Hvort það sé fagnaðarefni að kínverska þjóðin sigli til óheftrar iðnaðarþróunar, það er ekki til umræðu hér að mínu mati. Menn geta hins vegar ekki lokað augunum fyrir því að það á sér stað umbylting og þróun í átt til nútímatækni á vestræna vísu í Kína. Í Kína er fjórðungur mannkyns. Við verðum og eigum að efla okkar markaði. Við getum lært af frændum okkar Dönum, sem sigla hvarvetna í heiminum inn á markaði þar sem möguleiki er, ekki eingöngu til að taka þátt í uppbyggingu og þar með hlutdeild í kostnaði og stofnun fyrirtækja heldur fyrst og fremst til að skapa farveg fyrir sölu á danskri framleiðslu. Þetta hafa þeir gert manna mest erlendra þjóða í Kína á undanförnum missirum. Um það snýst þetta mál að opna þær dyr og reyna að vinna úr því.

Í öðru lagi vil ég leiðrétta það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði um mína för til Kína fyrir nokkrum vikum. Ég fór ekki þangað sem sendimaður landbrn., né samgrh., né á vegum íslenskra stjórnvalda á neinn hátt. Mér var boðið þangað persónulega af íslenskum aðilum sem eru þátttakendur í rekstri í Suður-Kína og af kínverskum stjórnvöldum sem eru þátttakendur í þeim sama rekstri. En á engan hátt á vegum íslenskra ráðherra eða stjórnvalda.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. ÖS, 545. mál (vaxtagjöld af búseturéttaríbúðum). — Þskj. 903.

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Breytingin varðar 1. mgr. C-liðar 69. gr. laganna en óbreytt hljóðar greinin svo, með leyfi forseta:

„Maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr. og ber vaxtagjöld af lánum, sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, á rétt á sérstökum bótum, vaxtabótum."

Fram til þessa hafa tvímæli verið á því hvort handhafar búseturéttar sem eiga eignarhluta í íbúð sinni njóti vaxtabóta til jafns við aðra sem kaupa íbúðir eða eignarhluta í íbúð innan félagslega húsnæðiskerfisins. Hið opinbera hefur tregðast til að viðurkenna nema í örfáum tilvikum að þeir hafi rétt til vaxtabóta þrátt fyrir að engum blöðum sé að fletta um að slíkir einstaklingar greiða öll vaxtagjöld vegna lána sem tekin eru vegna stofnkostnaðar húsnæðisins. Þetta hefur leitt til mikils ósamræmis milli þeirra kjara sem einstaklingar á mismunandi stigum félagslega húsnæðiskerfisins njóta enda er það svo, virðulegi forseti, að greiðslubyrði fjölskyldna í kaupleiguíbúðum innan búsetukerfisins er um 10–15 þús. kr. hærri á mánuði en annarra samsvarandi fjölskyldna innan kaupleigukerfisins þrátt fyrir jafnháar vaxtagreiðslur.

Ég hef því, virðulegur forseti, lagt til með þessu frv. að umræddri lagagrein verði breytt með þeim hætti að inn í hana verði bætt að ákvæðin um vaxtabætur nái einnig til þeirra sem kaupa eignarhluta í íbúð samkvæmt 92. gr. laga nr. 86/1988. Sú grein fjallar um búseturétt í félagslegum kaupleiguíbúðum þar sem viðkomandi kaupir jafnframt eignarhlut í íbúðinni þegar búseturéttarsamningur er gerður.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að það er mitt álit og raunar annarra sem eru miklu fremri mér að lögspeki að þrátt fyrir afstöðu hins opinbera, þá sé erfitt að vefengja rétt búseturéttarhafa til vaxtabóta enda er ljóst að þeir uppfylla skilyrði laganna um að bera vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið vegna íbúða sem sannarlega eru einungis til þeirra eigin nota. Hér er um mikið sanngirnis- og réttlætismál að ræða og fremur en leita eftir úrskurði dómstóla tel ég miklu eðlilegra að hið háa Alþingi taki af allan vafa í málinu og breyti lögunum þannig að ótvírætt sé að þau nái einnig yfir búseturéttarhafa sem eiga hlut í húsnæði sínu.

Sú staðreynd að ekki er tekið með ótvíræðum hætti í lögunum á rétti handahafa búseturéttar til vaxtabóta á sér næsta eðlilega skýringu. Lögin um vaxtabæturnar voru settar áður en búseturéttarkerfið, sem eins og menn vita er vinsæll kostur í húsnæðismálum hinna Norðurlandanna, kom til sögunnar sem valkostur í húsnæðiskerfi Íslendinga. Það er miklu fremur skýringin á því hvers vegna ekki er tekið skýrt á rétti þeirra sem kaupa sér búseturétt fremur en að hið opinbera hafi með einhverjum hætti amast við þessu húsnæðisformi. Enda er það svo að einstakir skattstjórar hafa heimilað nokkrum handhöfum búseturéttar að fá vaxtabætur þó nú liggi hins vegar fyrir úrskurðir þar sem vaxtabótum er hafnað og raunar í þeim talin þörf á lagabreytingum til að taka af allan vafa í þessu efni. Það út af fyrir sig, virðulegi forseti, undirstrikar að mínum dómi nauðsyn þess að skýra málið rækilega.

Ég sagði áðan að það væri sjálfsagt af sjónarhóli réttlætis og sanngirni að búseturéttarhafar nytu vaxtabóta. Þessi staðhæfing byggist fyrst og fremst á tvennu. Í fyrsta lagi er ljóst að ákvæði um vaxtabætur ná yfir þá sem kaupa íbúðir í félagslega íbúðakerfinu hvort sem þær falla undir félagslegar eignaríbúðir, félagslegar kaupleiguíbúðir eða almennar kaupleiguíbúðir. Í þessum formum er að finna fjölskyldur sem eru mjög sambærilegar við þá sem hafa kosið búseturéttarformið en njóta hins vegar ekki bótanna. Þá liggur fyrir að t.d. félmrn. telur búseturéttarformið sambærilegt við húsnæðisform innan kerfisins sem njóta bóta samkvæmt lögunum. Þetta kom fram, virðulegi forseti, í svari félmrn. til Búseta frá 11. október 1988 þar sem ráðuneytið telur að búseturéttur svari fyllilega til þess fyrirkomulags innan almenna kaupleigukerfisins sem, með leyfi forseta, „felur í sér leigu eða kaup á eignarhluta í íbúð, sbr. g-lið 4. gr. laga nr. 56/1988."

Í öðru lagi er ljóst að handhafar búseturéttar uppfylla þau skilyrði sem lögin setja þeim sem njóta vaxtabóta og komu fram í 69. gr. laganna sem ég vitnaði til hér áðan, þ.e. það er óvefengjanlegt að þeir bera vaxtagjöld af lánum vegna kaupa eða byggingar íbúðarhúsnæðis sem er til þeirra eigin nota. Það leikur enginn vafi á því að þótt búseturétthafar eigi ekki nema 10 eða 30% í íbúðinni sem þeir öðlast ótímabundinn afnotarétt af þá greiða þeir vaxtagjöld af öllum lánum sem húsnæðissamvinnufélagið, í þessu tilviki Búseti, tekur til að standa straum af sínum hluta. Þetta er meira að segja neglt tryggilega niður af löggjafanum sjálfum. Þannig kemur það skýrt fram í lögum nr. 24/1991, um húsnæðissamvinnufélög, að þeir sem fjárfesta í almennum eða félagslegum búseturétti bera sjálfir allan vaxtakostnað af lánum vegna húsnæðiskaupa samvinnufélagsins. Þetta er áréttað í búsetusamningi sem félmrn. gaf út árið 1991 og er notaður við samningsgjörð milli íbúa og samvinnufélagsins. Þann þátt búsetusamnings ráðuneytisins er raunar að finna í fylgiskjali sem merkt er III með frv. En í lið 4.1., c-lið í samningnum sem þar er birtur kemur skýrt fram að í mánaðarlegu búsetugjaldi felist, með leyfi forseta, „Fjármagnskostnaður, þ.e. afborganir og vextir af lánum." Skýrar getur þetta varla verið. Það er vert að undirstrika að hér er um samning að ræða sem er saminn af félmrn. Með hliðsjón af þessu, virðulegi forseti þá finnst mér ekki stætt á því að synja búseturéttarhöfum vaxtabóta. Það er alveg klárt í mínum huga a.m.k. að handhafar búseturéttar uppfylla skilyrði laganna. Þess vegna finnst mér öldungis óréttmætt að slíkir skattgreiðendur njóti ekki vaxtabóta til jafns við aðra húsnæðiskaupendur. Það er af þessum orsökum sem ég held því fram að það sé í rauninni einföld spurning um

jafnrétti og sanngirni að lögunum verði breytt til að þessi réttur verði ljós.

Svo virðist vera af þeim úrskurðum sem kveðnir hafa verið upp þar sem vaxtabótum til búseturéttarhafa er hafnað að ein helsta forsendan fyrir því að hið opinbera tregðast við að leyfa búsetum að njóta vaxtabóta sé sú skoðun þess að það leiki vafi á því að í búseturéttinum felist beinn eignarréttur og af þeim sökum sé ekki hægt að fella handhafa hans undir vaxtabótakerfið. Lögfróðir menn, virðulegi forseti, eru hins vegar allt annarar skoðunar, að minnsta kosti sumir þeirra. Samningur um búseturétt veitir félagsmanni í húsnæðissamvinnufélaginu ótímabundinn umráðarétt yfir húsnæðinu, þó með þeim takmörkunum að samvinnufélagið hefur forkaupsrétt að búseturéttinum. Það er gert til að tryggja að aðrir en félagsmenn geti ekki notað húsnæðið. Ef félagsmaður vill láta réttinn af hendi, þá hefur samvinnufélagið milligöngu um það að láta öðrum félagsmanni réttinn í té og hinn nýi handhafi greiðir þá hinum fyrri eiganda uppreiknað verð eignarhluta hans í íbúðinni, þ.e. upphaflegt verð framreiknað með byggingarvísitölu. Búseturétturinn gengur í arf, en samvinnufélagið á þó forkaupsrétt ef erfingjar eru aðrir en maki eða börn. Það breytir hins vegar engu um það að hér er um hrein eignarréttindi að ræða. Engum dytti í hug að halda því fram, virðulegi forseti, að íbúð sem A seldi B með forkaupsréttarákvæði væri ekki fortakslaus eign B þrátt fyrir forkaupsréttarákvæðið.

Það er fróðlegt í þessu samhengi að skoða viðhorf virts lögmanns, Ragnars Aðalsteinssonar, sem raunar er formaður Lögmannafélags Íslands, til þessa atriðis. Skilgreining hans á því hvað felst í búseturétti fylgir með frv. sem fskj. I. Hann kveður þar vera um rétt að ræða, með leyfi forseta: „sem félagi í húsnæðissamvinnufélagi getur keypt með því að greiða tiltekið hlutfall af verðmæti íbúðar og eignast þar með umráðarétt yfir íbúðinni, sem takmarkast þó við afnot af íbúðinni sem íbúðarhúsnæði fyrir hann og fjölskyldu hans. Í búseturéttinum felst beinn eignarréttur sem gengur að erfðum og vilji eigandinn selja réttinn er rétturinn háður forkaupsrétti innan húsnæðissamvinnufélags. ... Af öllu framangreindu er augljóst að eigi er unnt að leiða að því rök að búseturétturinn sé annað en beinn eignarréttur, enda hefur hann öll einkenni hans þótt með nokkrum takmörkunum sé."

Því er svo við að bæta, virðulegi forseti, að fjmrn. hefur í bréfi til Búseta sem dags. er 3. mars 1989 fallist á að kaup á eignarhlut í íbúð innan búsetukerfisins veitir sambærilegan rétt og önnur eignarform til skattafsláttar vegna húsnæðissparnaðarreikninga. Þetta kemur fram í fskj. IV með frv. Ég hlýt að telja rökrétt, virðulegi forseti, að árétta sem svo að hið sama hljóti að eiga að gilda líka um vaxtabætur.

Virðulegi forseti. Ég hef í þessari framsögu reynt að leiða fram rök sem sýna eftirfarandi:

1. Handhafar búseturéttar greiði vaxtagjöld af þeim lánum sem tekin eru til að koma upp húsnæði til afnota þeirra eigna. Þar með er uppfyllt eitt mikilvægasta skilyrði gildandi laga fyrir vaxtabótum.

2. Í búseturétti felist beinn eignarréttur þó hann sé nokkrum takmörkunum háður.

Með hliðsjón af þessu finnst mér það sanngirni og réttlátt að lögunum sé breytt til að taka af allan vafa um að handhafa búseturéttar njóti vaxtabóta til jafns við aðra sambærilga aðila í húshæðiskerfinu.

Ég legg til, virðulegi forseti, að þessu frv. verði að umræðunni lokinni vísað til hv. efh.- og viðskn.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Bara örfá orð um þetta litla frv. til að lýsa stuðningi mínum við það. Ég held að hér sé um réttlætismál að ræða og ég heiti nú á hv. efh.- og viðskn. að afgreiða þetta mál fljótt og vel þannig að það megi verða að lögum þegar á þessu þingi. Það mun að sjálfsögðu vera ósk hv. flm. og ég geri ráð fyrir því að hann hafi tryggt frv. mikinn stuðning. Mér kæmi það mjög á óvart ef stjórnarandstaðan legðist gegn þessu máli og þar af leiðandi tel ég að við þurfum ekki að hafa langar signingar yfir því. Við getum afgreitt þetta mál og nú vill svo vel til að hér er formaður efh.- og viðskn. í salnum og veit ég að hann heyrir mál mitt og í hjarta sínu að sjálfsögðu réttlátur maður og vís til þess að drífa málið áfram.

Ég verð nú að spyrja hv. flm. út af orðum sem féllu hér við umræður um síðasta dagskrármál þegar ráðherra tók upp nokkra þykkju við flm. Árna Johnsen. Hæstv. utanrrh. var með hnútur til flm. tillögunnar um sendiráð í Japan og taldi það óskráða reglu að stjórnarþingmenn bæru mál undir viðkomandi ráðherra, þá vil ég spyrja hvort hv. 17. þm. Reykv. hafi ekki tryggt sér stuðning hæstv. fjmrh. við þetta mál. Ef svo er ekki, þá verðum við að bera hæstv. fjmrh. ofurliði í þessu máli. Ég geri því ekki skóna að hv. 17. þm. Reykv. hafi verið að fara af stað með þetta mál í neinni sýndarmennsku. Ég tel að honum hljóti að vera alvara og trúi því að honum sé alvara og ég er sem sagt kominn, herra forseti, hér í ræðustólinn til að lýsa stuðningi mínum við málið og ég skal veita þann atbeina sem ég má til þess að þetta mál verði að lögum þegar á þessu þingi.

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil nú þakka hv. þm. Páli Péturssyni fyrir þann óskilyrta stuðning við þetta frv. sem ég hef lagt fram. Það er rétt að það komi fram vegna ummæla hv. þm. að mér er hin mesta alvara með því að leggja fram þetta frv. og ég veit að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður hv. efh.- og viðskn., er jafnaðarmaður í hjarta sínu og vill öllum vel. Það hefur margsinnis komið fram í umræðum hér í þinginu og þess vegna tek ég undir með hv. þm. Páli Péturssyni þegar hann segir að hann sé þess fullviss að Vilhjálmur Egilsson muni ekki bara veita þessu máli atbeina sinn heldur veita því forgang innan sinnar nefndar. Og ég vil þakka honum fyrir það.

En til mín, virðulegi forseti, var beint fyrirspurn um þann stuðning sem ég hefði aflað við þetta frv. Frá því

er fyrst að segja að ég hef nú þegar fengið stuðning hv. þm. Páls Pétursson og sá stuðningur er nú allmikils virði hér í þessum þingsölum eins og ég hef margsinnis orðið var við. Ég treysti því og trúi að þegar hv. þm. Páll Pétursson lýsir því yfir að ekki muni skorta liðsinni stjórnarandstöðunnar, þá sé það tryggt. En hitt er ljóst að innan stjórnarandstöðunnar nýtur þetta frv. nokkurs fylgis en jafnframt líka a.m.k. innan annars stjórnarflokksins. Það er auðvitað ljóst að nokkrir félagar mínir í Alþfl. munu styðja þetta frv.

Ég fékk hins vegar til mín spurningu frá hv. þm. Páli Péturssyni um hvaða væntingar ég gerði mér um atbeina fjmrh. Frá því er skemmst að segja, virðulegi forseti, að í krafti þeirrar eindrægni sem við höfum reynt að treysta milli stjórnarflokkanna þá vitaskuld sinnti ég þeirri tilkynningarskyldu að láta fjmrh. vita að ég hyggðist flytja þetta frv. Ég verð hins vegar að upplýsa það að hann veitti mér fullkomlega ærlegt svar. Hann taldi ekki tímabært að leggja þetta frv. fram og gat þess jafnframt að hann vildi ekkert um það segja hvort hann styddi frv. En ég skildi orð hans svo að hann legðist ekki gegn því að ég flytti frv., tek hins vegar fram, virðulegi forseti, að hann veitti mér engar væntingar um það að hann mundi styðja það. Ég tel hins vegar, virðulegi forseti, að það skipti ekki öllu máli. Málið er gott. Það er flutt til þess að bæta úr ranglæti og það er skylda þingmanna að gera það sem þeir geta til þess að styðja slík mál. Mér er fullkomin alvara með því að reyna að fá þetta mál samþykkt hér á þessu þingi og ég veit að málið nýtur stuðnings í mörgum þingflokknum og væntanlega ekki bara hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, heldur einhverra annarra góðra manna í Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Eru þeir margir?)

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég skildi það svo að hæstv. fjmrh. hefði ekki lagst gegn því að frv. væri lagt fram. Þar með getur hann ekki verið á móti frv. Ef svo ólíklega vildi til að honum væri ekkert um það gefið að þetta frv. næði fram að ganga, þá hefur hv. 17. þm. Reykv., formaður þingflokks Alþfl., liðsstyrk til þess að koma þessu máli í höfn hvort sem ráðherra vill eða ekki, því hann er búinn að upplýsa það að hann hafi mikinn stuðning í sínum flokki og ef við í stjórnarandstöðunni stöndum nú með honum sem ég geri ráð fyrir því málið er svo gott, þá skulum við bara keyra þetta mál áfram og kemur nú til kasta strax á morgun hv. formanns efh.- og viðskn. að láta þetta mál hafa þann skylduga forgang í nefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Geymslufé, 209. mál, þskj. 1030.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. VE, 548. mál (gjaldfærsla stofnkostnaðar). — Þskj. 908.

Flm. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Hér er um að ræða tvenns konar breytingar. Í fyrsta lagi breytingar á lögum nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum, og í öðru lagi er um að ræða breytingu á lögum nr. 36/1991, bráðabirgðaákvæði þeirra laga.

Varðandi þá breytingu sem hér er lögð til vegna nýsamþykktra laga um breytingar í skattamálum, þá eru í frv. tvær breytingar. Í 1. gr. frv. er tekið á máli sem skolaðist til í meðförum efh.- og viðskn. á frv. til laga um skattamál en þá var fyrir slysni sett inn að einungis væri heimilt að gjaldfæra stofnkostnað, svo sem kostnað við skráningu fyrirtækis og öflun atvinnurekstrarleyfa á fimm árum í stað þess að þetta var heimilt á einu ári. Það er verið að breyta þessu til baka.

Í öðru lagi var við afgreiðslu skattalaganna fyrir jólin tekið á deilumáli sem hefur verið um hvernig ætti að fara með skattlagningu á fullvirðisrétti í landbúnaði. Nefndin tók ákveðna afstöðu í því máli þannig að stofnkostnað við kaup á framleiðslurétti megi færa niður með jöfnum fjárhæðum á fimm árum. Þessi ákvæði skv. lögunum eins og þau voru samþykkt áttu að gilda vegna álagningar á árinu 1994 vegna tekna á árinu 1993 og eigna í lok þess árs, en það hafa komið fram óskir frá samtökum bænda um það að þessi breyting geti gilt aftur fyrir sig þannig að það megi hefja gjaldfærslu vegna álagningar tekjuskatts eða eignarskatts á árinu 1993 vegna viðskipta á árinu 1992. Það má færa fyrir því rök að þessi afturvirkni gæti orðið íþyngjandi vegna þess að það eru deilumál um þessi atriði fyrir dómstólum og það gæti verið niðurstaða dómstólanna að það mætti gjaldfæra slík kaup á einu ári en þess vegna er það tekið fram í greininni að ef skattaðili kjósi að gjaldfæra á árinu 1993 vegna viðskipta á árinu 1992, þá geri hann ekki kröfur á hendur ríkissjóði vegna hugsanlegrar íþyngjandi afturvirkni ákvæðanna.

Síðan er í 3. gr. frv. bætt inn í ákvæði til bráðabirgða í 7. gr. laga nr. 36/1991, en þar er tekið á söluhagnaði við sölu til ríkissjóðs af fullvirðisrétti í sauðfjárrækt. Í frv. er þetta ákvæði framlengt þannig að það sé alveg ótvírætt að þetta gildi um þvingaða niðurfærslu sem átti sér stað haustið 1992 og reyndar ef slík niðurfærsla yrði með einhverjum hætti samþykkt allt fram til 31. des. 1993 til öryggis. Síðan er bætt inn að það gildi það sama um þvingaða niðurfærslu í mjólkurframleiðslu á þessu tímabili.

Þetta eru efnisatriði frv. Það hafa verið og voru í gangi í efh.- og viðskn. umræður um þessi mál við fulltrúa fjmrn. Það stóð til á tímabili að fjmrh. flytti þetta frv. eða frv. sem væri samhljóða þessu efni en þegar kom að 1. apríl og fresturinn til þess að leggja fram frv. var útrunninn, þá var ljóst að ekki mundi

takast að koma því fram og þess vegna var það í samráði við fjmrn. að þetta frv. var flutt. Um öll þessi atriði hygg ég að meðnefndarmenn mínir í efh.- og viðskn. geti verið sammála, enda hafa þessi mál flest eða öll verið rædd þar á milli manna á nefndarfundum og ég vona þess vegna að þetta geti gengið hratt og örugglega fyrir sig í nefndinni og í hinu háa Alþingi.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég styð þetta frv. Hér er um að ræða að hluta til leiðréttingu eins og fram kom í máli hv. flm. Ekki kom það nú fram hvort mistökin hafi verið gerð í nefndarstarfinu eða í frumvarpssmíðinni. Það hefði náttúrlega verið eðlilegast að hæstv. fjmrh. hefði flutt þetta mál, en því er sennilega borgið í höndum hv. formanns efh.- og viðskn. og ég geri ráð fyrir því að hann hafi ekki flutt það sem prívat og persónulega heldur eigi hann vísan stuðning nefndarinnar og stjórnarliðsins. Þá held ég að ekki eigi margt að vera að vanbúnaði og ég vil heita á þingheim að veita þessu máli skjóta afgreiðslu og brautargengi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðherraábyrgð, frh. 1. umr.

Frv. PP, 342. mál (ábyrgð gagnvart Alþingi). — Þskj. 621.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er orðið alllangt um liðið síðan fyrri hluti 1. umr. um þetta mál fór fram. Ég kvaddi mér þá hljóðs og gerði það í tilefni af því og í framhaldi af því að ég hafði lesið nokkuð vandlega frv. til laga um ráðherraábyrgð eins og það var lagt fyrir 83. löggjafarþingið 1962 og hafði sömuleiðis lesið umræðurnar um málið.

Í umræðunni um málið kom það t.d. fram, virðulegi forseti, að hv. þm. Alfreð Gíslason læknir lagði það til að málinu yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Þetta var nokkuð merkilegt viðhorf og það var ekki vegna þess að hann teldi ástæðulaust að ráðherrar sættu ábyrgð fyrir gerðir sínar, heldur var það vegna þess að hann taldi þarflaust og/eða gagnslaust að setja lög af þessu tagi og taldi nóg að hafa ákvæði hegningarlaganna og landsdómsákvæðin eins og þau urðu með lagabreytingum skömmu áður en þetta frv. kom til meðferðar um ráðherraábyrgð árið 1962. Í umræðunum um málið kemur það fram að menn veltu því alvarlega fyrir sér hvort það væri í raun og veru nokkur þörf á því eða ástæða til þess að setja sérstök lög um ráðherraábyrgð. Sú var þó engu að síður niðurstaðan og fyrir því voru mjög gild rök. Það var prófessor Ólafur Jóhannesson sem hafði það hlutverk að semja frumvarpsdrög til laga um ráðherraábyrgð og sömuleiðis hygg ég drög að nýjum lögum um landsdóm. Þau frumvarpsdrög sem hann samdi voru að mestu endurflutt óbreytt af þáv. ríkisstjórn. Þó voru gerðar á drögum prófessorsins nokkrar breytingar en þær voru allar með þeim hætti að hann féllst fyllilega á þær.

Út af fyrir sig er kannski ekkert óeðlilegt þó að menn velti því fyrir sér hvort það eigi að setja sérstök lög um ráðherraábyrgð. Eiga þeir að bera ábyrgð eða eiga þeir að standa frammi fyrir réttlætinu með öðrum hætti en aðrir menn? Vissulega er það svo að staða ráðherra er mjög sérstæð þannig að þeir geta orðið sekir um þannig misferli í starfi að það er vart hugsanlegt eða óhugsandi hjá öðrum opinberum starfsmönnum og það er ekki ástæða til að gera ráð fyrir því að hinar sérstöku embættisskyldur ráðherra hafi verið hafðar í huga við samningu almennra hegningarlaga.

Það er auðvitað svo að ráðherrar bera ábyrgð á fjölmörgum stjórnarathöfnum af ýmsu tagi sem aðrir vinna, ýmist með beinni eða óbeinni heimild frá ráðherranum og því er auðvitað nauðsynlegt að um þær athafnir gildi sérstök lög og ég er sammála því, ég er sem sagt þeirrar skoðunar að það sé skynsamlegt að hafa lög um ráðherraábyrgð. Spurningin er þá um það, virðulegi forseti, hvort þau lög sem nú eru í gildi séu nægjanleg eða ekki. Hv. þm. Páll Pétursson hefur flutt tillögu um að það sé bætt við 10. gr. laganna nýjum staflið þar sem segir, að ef ráðherra gefur Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða við meðferð máls á Alþingi leynir upplýsingum er hafi verulega þýðingu, þá beri að líta svo á að ráðherra hafi brotið lögin um ráðherraábyrgð. Út af fyrir sig tel ég að þetta sé athyglisverð ábending og spurning vaknar auðvitað um það, virðulegi forseti, hvort ekki er rétt af þessu tilefni að endurskoða lögin um ráðherraábyrgð í heild.

Hv. 3. þm. Reykv. lagði á það áherslu í sínum orðum hér fyrir nokkrum vikum þegar þetta mál var til meðferðar að í rauninni ætti þinglega ábyrgðin að vera nægileg vörn gegn misbeitingu valds af hálfu ráðherra umfram það sem kveðið er á um í ráðherraábyrgðarlögunum. Og sú var skoðun manna þegar lögin um ráðherraábyrgð voru sett árið 1962. Á því ári var það t.d. svo að í Danmörku voru þá ekki til nein ráðherraábyrgðarlög og í ýmsum löndum voru ekki til ráðherraábyrgðarlög þó að menn hefðu aftur og aftur reynt að fitja upp á slíkri lagasmíð. Síðan eru liðin 30 ár. Hvað hefur gerst síðan? Það sem hefur gerst síðan er það að það hafa verið settar reglur um ráðherraábyrgð og um meðferð mála sem snúa að ráðherrum, reglur sem eru mikið opnari og lýðræðislegri en gömlu reglurnar voru.

Þeir þingmenn sem eiga sæti í svokallaðri EFTA-nefnd af hálfu Alþingis hafa fengið í hendur yfirlit yfir það hvernig málum er háttað gagnvart ráðherrum í hinum ýmsu EFTA- og Evrópubandalagsríkjum. Það er stórfróðleg skýrsla og ég vil leyfa mér að nota þetta tækifæri til að skora á hlutaðeigandi aðila að láta þýða þá skýrslu og dreifa henni til allra þingmanna. Þetta er mjög merkilegt skjal. (**Gripið fram í:** Það er verið að því.) Og það er verið að því, það er gott að heyra það. Þar kemur það t.d. fram að tiltekinn minni hluti getur við tilteknar aðstæður í ákveðn-

um þingum komið á framfæri og sett í gang rannsókn eða athugun á embættisfærslu ráðherra og síðan eru alveg ákveðnar reglur um það hvernig með það skuli farið.

Nú er það þannig í þessum Evrópulöndum að það eru ekki þær þingnefndir, sérstöku rannsóknarnefndir eða eigum við að kalla það kannski skoðunarnefndir sem með þessi mál fara, eru enginn dómstóll. Þar er minni hluti og meiri hluti eins og gengur í öðrum þingnefndum, en heila málið er það að þessi mál eru lögð fyrir viðkomandi þing til meðferðar og þau eru rædd þar. Í sumum löndum er það þannig að þessar niðurstöður skipta engu máli. Menn rífast um þetta í stjórn og stjórnarandstöðu eins og gengur rétt og við þekkjum hér út og suður. En í öðrum löndum hefur þetta beinlínis þau áhrif og hægt að rekja mörg dæmi um það að ráðherrar hafa orðið að víkja vegna þess að þessar skoðunarnefndir hafa komist að tilteknum niðurstöðum og umræðurnar hafa sett af stað mikið almennan pólitískan þrýsting.

Ég tel rétt, virðulegi forseti, að nefna þetta í umræðu um þetta þarfa mál sem hv. 1. þm. Norðurl. v. flytur hér og verður vonandi til þess að setja af stað heildarendurskoðun á ráðherraábyrgðarlögunum.

Það er auðvitað nokkuð sérkennilegt að upplifa það í þessari stofnun á alllöngum tíma að það er nokkurn veginn alveg sama hvað ráðherra gerir að hann er ævinlega varinn af sínum þingmeirihluta. Það eru engin dæmi um það að þingmeirihluti hafi brugðist viðkomandi ráðherra þegar upp hafa komið mál sem talin hafa verið álitaefni varðandi ráðherraábyrgðina. Það eru að vísu til dæmi um það að ráðherrar hafi verið látnir víkja eða hafi flutt sig um set innan ríkisstjórnar vegna ákvörðunar þess flokks sem viðkomandi ráðherrar eru aðilar að, en það er í raun og veru, hygg ég, einsdæmi, en ég man eftir einu dæmi a.m.k. frá síðustu áratugum í þeim efnum og það er ekki mjög langt undan satt að segja.

Hér á landi höfum við hins vegar engar hefðir í þessum efnum. Við höfum ekki hefðir eins og þær sem t.d. hafa leitt til þess að ráðherrar hafa orðið að fara frá t.d. í Danmörku og Noregi við misferli sem væru talin minni háttar misferli hér á landi. Ég nefni dæmi um norskan ráðherra sem fyrir nokkrum árum lét af störfum vegna þess að hún hafði farið rangt með færslu á leigubílareikningum. Og ég nefni dæmi um danskan ráðherra sem fyrir nokkrum árum var látinn víkja vegna þess að hann hafði eitthvað misfarið með færslur á kostnaði við afmæli hans sjálfs. Ég sé hins vegar að þessi maður sem þá hrökklaðist frá völdum er nú orðinn ráðherra á ný í stjórn Rasmussens sem hefur tekið við þjóðarskútunni í Danmörku.

En þá spyr ég eins og maðurinn í sjónvarpsþættinum, heitir Ólafur Hannibalsson: En hvað er það sem er svona sérstakt við Ísland sem gerir það að verkum að það má engin lög setja eða engar reglur hafa í landinu sem opna fyrir lýðræðislegt aðhald sem er fyrir utan hin lokuðu flokksherbergi stjórnarflokkanna, hverjir svo sem eru í þeim? Hvað er svona alveg sérstakt við þetta land? Það er auðvitað ekki neitt, virðulegi forseti, annað en það að við búum hér við gamaldags stjórnkerfi og gamaldags viðhorf og við getum út af fyrir sig gagnrýnt alla þá sem hér eiga fulltrúa á Alþingi í þessu efni fyrir að hafa ekki notað sér aðstöðu til þess þegar menn höfðu hér einhver ítök í meiri hluta á Alþingi til þess að breyta þessum reglum. Hlýt ég þá auðvitað að undanskilja Kvennalistann eins og jafnan þegar kemur að málum af þessum toga þar sem hinn gamli sæli fjórflokkur á í raun og veru sökina, misjafnlega mikið skipta eins og gengur.

Þetta vildi ég nefna, virðulegi forseti, í tilefni af þessu frv. sem hér er flutt. Ég vek á því athygli að um gamla frv. 1962 var mjög víðtæk samstaða nema hv. þm. Alfreð Gíslason taldi þetta óþarfa. Og ég sé það á framsöguræðu hæstv. þáv. dómsmrh. Bjarna Benediktssonar, að hann hefur talið ástæðu til þess að eyða allmörgum orðum að því hvort það væri yfir höfuð þörf á svona lögum. Við sjáum nú á árinu 1993, um það bil 30 árum seinna, að viðhorfin eru gerbreytt. Það eru allir sammála um að það þarf lög og reglur um ráðherraábyrgð. Spurningin er bara um hversu langt á að ganga í þessum efnum og spurningin er: Hvaða svigrúm á í raun og veru að gefa hinum pólitíska meiri hluta til þess að sýkna menn alltaf og ævinlega hvaða mál sem koma upp? Ég held að við göngum of langt í því, virðulegi forseti, þó að ég sé hins vegar ekki að leggja það til að við komum upp kerfi þar sem við stundum stöðugar mannaveiðar með viðeigandi blóðsúthellingum. Ég er ekki að tala um neitt slíkt. En ég held að við getum ýmislegt lært af Evrópuþjóðunum í þessu efni og ég fagna því sem hér hefur komið fram í ábendingu að sú skýrsla sem ég nefndi frá Evrópuríkjunum verður væntanlega þýdd og henni fljótlega dreift til alþingismanna.

Í þessu sambandi er svo, virðulegi forseti, annað mál sem ég ætla ekki að ræða núna, seint í skjóli náttmyrkurs svo að segja, þ.e. landsdómsmálið og landsdómslögin og það allt saman. Það er orðið allt mjög skrýtið og orðið allt mjög gagnslítið. Samt er það nú svo að ég vil hafa lög um landsdóm jafnvel þó að menn hafi aldrei notað hann. Ég held að menn eigi ekki að afgreiða þannig ákvæði með því einu að segja að þetta sé þarflaust af því að það hafi aldrei verið notað. Auðvitað eiga svona lög að vera til en ég tel að þau eigi að vera fyllri og ég lýk máli mínu með því að segja: Ég held að við eigum að taka þetta allt í gegn, lög um ráðherraábyrgð, lög um landsdóm og lög um rétt þingsins til þess að fara ofan í embættisfærslur ráðherra.

Að allra síðustu svo, virðulegi forseti, verð ég að segja það að mér finnst sérkennilegt ákvæði í ráðherraábyrgðarlögunum sem í raun og veru brýtur gegn því grundvallaratriði að ríkisstjórn sé ekki fjölskipað stjórnvald. Í ráðherraábyrgðarlögunum er gert ráð fyrir því að allir ráðherrar sem viðstaddir eru á ríkisráðsfundi geti borið sameiginlega ábyrgð á stjórnarathöfnum. Það er mjög sérkennilegt að hafa þetta í lögum með hliðsjón af því að venjan og lögin að öðru leyti kveða á um það að ráðherrann sem skrifar upp á málið ásamt forseta Íslands sé einn ábyrgur. Menn geta

auðvitað rætt um það hvort þetta sé hortittur í ráðherraábyrgðarlögunum eins og þau eru, en mér finnst þetta satt að segja sérkennilegt og það stangast á við það grundvallaratriði að ríkisstjórn sé ekki fjölskipað stjórnvald. Um það geta menn svo deilt og rætt síðar hvort það er rétt fyrirkomulag að ríkisstjórn sé ekki fjölskipað stjórnvald. Er það rétt fyrirkomulag að hver ráðherra eigi svo að segja að vera kóngur í sínu ríki að öllu leyti eins og þetta er núna þannig að ráðherrann í heilbrigðismálum er ríkisstjórnin í heilbrigðismálum, ráðherrann í menntamálum er ríkisstjórnin í menntamálum eða eigum við að taka upp það fyrirkomulag sem er í öðrum löndum þar sem stjórnarathafnir einstakra ráðherra eru bornar upp á ríkisstjórnarfundum eins og það er t.d. í Svíþjóð og menn þekkja vel í þessum sal?

Þetta vildi ég nefna, virðulegi forseti, vegna þess að ég tel að þetta sé þarft mál sem hér hefur verið hreyft af hv. 1. þm. Norðurl. v.

Björn Bjarnason:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga er varðar ráðherraábyrgð og fjallar um það að bæta inn í lögin grein þar sem mælt er fyrir um að það sé á ábyrgð ráðherra, að hann gerist brotlegur við lögin ef hann gefi Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða við meðferð máls á Alþingi leynir upplýsingum er hafa verulega þýðingu.

Í grg. með þessu frv. er sagt að það sé verið að taka í íslensk lög alfarið ákvæði úr dönskum lögum og í framsöguræðu sagði hv. flm. að lögin frá 1963, ráðherraábyrgðarlögin, séu mjög sniðin eftir dönsku lögunum um ráðherraábyrgð og í flestum greinum samhljóða þeim. Og hann fjallar einnig um það hér að hann vilji ekki ætla þeim sem stóðu að þessari lagasetningu 1963 að þeir hafi viljað gera eitthvað minni kröfur en Danir í þessu efni.

Ég verð nú að segja það, herra forseti, að lesa þetta bæði í greinargerðinni og í ræðu hv. flm. um lög sem varða það að refsa beri mönnum ef þeir fara með rangt mál á Alþingi, að mér blöskraði þegar ég fór að kynna mér málið því að það kemur í ljós að 1962 og 1963 þegar þessu lög voru sett sem um var að ræða, um ráðherraábyrgð á Íslandi, þá voru engin lög um þetta í Danmörku eins og hv. síðasti ræðumaður hefur vakið máls á þannig að þessi meginforsenda í málflutningi hv. flm. er röng. Það voru engin lög í Danmörku þannig að það gat ekki verið vangá hjá íslenskum ráðamönnum á þessum tíma að sníða ekki íslensku lögin eftir dönskum lögum.

Í öðru lagi er það líka rangt hjá hv. flm. að hann sé að taka og mælast til þess að það verði sett í íslensk lög það sem stendur í dönsku lögunum um ráðherraábyrgð. Í dönsku lögunum um ráðherraábyrgð kemur fram að það sé unnt að refsa ráðherra fyrir það sem þar segir og ég ætla ekki að deila í sjálfu sér um þýðinguna á þessum c-lið sem hér er sagt: „Ef hann gefur Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða við meðferð máls á Alþingi leynir upplýsingum er hafa verulega þýðingu.“ Þetta tel ég að sé sæmilega góð þýðing á þessu ákvæði í 5. gr. dönsku laganna um ráðherraábyrgð sem voru sett 1964 og þá ári síðar en þau lög sem hv. flm. taldi að hann væri að vísa til eða íslenskir ráðamenn hefðu notað sér til fyrirmyndar þegar þeir settu þessi lög. En það ákvæði er í dönsku lögunum um ráðherraábyrgð að það megi aðeins refsa ráðherra ef hann hefur framið brot af ásetningi eða það sé hægt að saka hann um stórkostlegt gáleysi í máli og við meðferð máls á þinginu. Ekkert slíkt er í íslensku lögunum og yrði þetta tekið upp eins og hér segir, þá værum við að gera langtum strangari kröfur en gerðar eru í Danmörku þar sem krafan er sú að ráðherra hafi gefið rangar upplýsingar af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Ef það er ætlan flm. að sníða þetta að dönskum lögum eins og hann gefur til kynna að sé ætlan sín í greinargerð með frv. þá verður hann að breyta þessu ákvæði og laga það að dönsku lögunum og taka fram að það eigi að koma inn í íslensku lögin ákvæði um gáleysi eða stórkostlegt gáleysi og ásetning. Ég tel að fyrir utan það sem ég nú sagði í máli mínu þegar þetta mál var hér áður til umræðu að það væri mikill misskilningur á ferðinni hjá hv. flm., þegar maður fer að kynna sér það nánar, þá er beinlínis byggt á röngum forsendum, bæði þegar hv. flm. heldur því fram að hann sé að fylla upp í eitthvað af því að Ólafi Jóhannessyni hafi láðst á sínum tíma að taka úr dönsku löggjöfinni. Hún var ekki til, hún lá ekki fyrir þannig að Ólafur Jóhannesson hafði ekki við hana að styðjast. Og í öðru lagi þegar hv. flm. tekur upp úr dönsku löggjöfinni, þá gerir hann það með þeim hætti að það vantar alveg grundvallarþátt í málið þannig að hvort tveggja er rangt og er náttúrlega mjög alvarlegt, finnst mér, að standa þannig að málum þegar hann er í hinu orðinu að segja að hann sé að flytja það til þess að koma í veg fyrir að ráðherrar gangi hér fram og hafi rangt mál í frammi við þingheim og hefði nú verið sérstök ástæða til þess við undirbúning að þessu mikilvæga máli að standa þannig að því að það væri ekki hægt að bera á hv. flm. það að hann hafi — vonandi hefur hann ekki gert þetta af ásetningi. Við verðum að vona að hér sé um stórkostlegt gáleysi að ræða í málinu hjá honum og athugunarleysi við allan málatilbúnað þegar þannig er að verki staðið.

Það kemur einnig fram eins og hv. síðasti ræðumaður, hv. 9. þm. Reykv. sagði réttilega að þegar maður les umræður sem urðu hér á þinginu þar sem þeir töluðu sem báðir voru á sínum tíma eins og við vitum prófessorar í stjórnlagafræði, Bjarni Benediktsson og Ólafur Jóhannesson, um þetta mál, þá kemur fram hjá báðum að þeir efast mjög um nauðsyn þess að setja þessa löggjöf en segja sem svo að vegna ákvæða í íslensku stjórnarskránni sé ekki annarra kosta völ. Það sé skylda samkvæmt íslensku stjórnarskránni að hafa lög um ráðherraábyrgð og þess vegna séu lögin sett og þess vegna hafi Ólafur Jóhannesson tekið að sér að endursemja lögin og fara yfir þau af því að það er verið að breyta lögunum um landsdóm. Og það er greinilega það sem fyrir vakti á þessum tíma og mér skilst ef ég man þetta rétt, að þetta sé gert samkvæmt áskorun Alþingis um endurskoðun á lögunum um landsdóm og

í tengslum við það er farið út í það að skoða þetta varðandi ráðherraábyrgðina. Eða eins og Bjarni Benediktsson sagði í framsöguræðu um málið, með leyfi herra forseta: „Það má auðvitað nokkuð deila um hver þörf sé á sérstökum lögum um ráðherraábyrgð, jafnvel þó að raunhæft yrði að koma lögformlegri ábyrgð, refsiábyrgð, fram á hendur ráðherra, því að sýnt er að ef sérstök löggjöf gildir ekki, þá er ráðherrann þó undirseldur hin almennu hegningarlögum, einnig um sínar embættisathafnir.“ Og síðan kemur: „Í Danmörku, sem hefur verið fyrirmynd okkar í þessum efnum, er þrálátur ágreiningur um þörfina á sérstökum lögum um ráðherraábyrgð.“ Síðan er þetta rætt ítarlega og síðan kemur fram eins og hv. 9. þm. Reykv. gat um að Alfreð Gíslason hv. þm. er þeirrar skoðunar og segir svo, með leyfi forseta:

„Ég veit ekki hversu margir eru hér á landi sömu skoðunar, en svo virðist sem í nokkrum þingræðislöndum séu menn almennt á því máli að ekki sé þörf slíkra laga og kann ég þar að nefna Danmörku, þar sem ekki hefur fengist meiri hluti fyrir því að setja slík lög. Nú verða lög um ráðherraábyrgð að vera til hér á landi. Það heimtar stjórnarskráin, en það er ekki þar með sagt að það sé það heppilegasta,“ segir Alfreð Gíslason og snerist gegn málinu. Og það er nú kannski kaldhæðnislegt að sá sem beitti sér fyrir því og ég vona að þannig fari nú ekki fyrir hv. 1. þm. Norðurl. v., að sá sem beitti sér fyrir því á danska þinginu, ef ég man rétt, að þetta var leitt í lög þar, var einmitt Erik Ninn-Hansen sem verður líklega sá næsti á eftir Alberti, sem var Íslandsráðherra á sínum tíma, til þess að vera stefnt fyrir landsdóm og fyrir brot á ráðherraábyrgðarlögunum. Ég vona, þó að málatilbúnaðurinn í þessu máli gefi kannski til kynna að hv. þm. kunni að lenda í vandræðum vegna framgöngu sinnar og málafylgju hér á þinginu, að hann sitji ekki í ráðherrastól og þurfi að una því að menn kalli hann til ábyrgðar á grundvelli þessa frv. sem hann er hér með. En mér finnst nú miðað við það sem ég hef áður sagt að hann sé í verulegri hættu að þessu leyti að kunna að lenda í því ef þetta yrði samþykkt að verða þá kallaður fyrir og beðinn um að standa fyrir máli sínu á grundvelli þessarar lagasmíðar. Það var sagt á sínum tíma að það hefði verið kaldhæðnislegt að Alberti hefði beitt sér fyrir endurbótum á dönskum fangels um og síðan lent í því að verða dæmdur til setu í þeim eftir að þær endurbætur höfðu verið gerðar og svo lendir Erik Ninn-Hansen í því eftir að hafa flutt frv. um ráðherraábyrgð í danska þinginu að verða væntanlega stefnt fyrir landsdóm. Að vísu er það mál ekki komið á það stig þótt það sé vilji í danska þinginu að kæra hann. Þegar maður kynnir sér þær umræður sem urðu á þinginu 1962 um þetta mál, þá verð ég að segja að ég fyllist enn meiri efasemdum um það að frv. eigi rétt á sér, sérstaklega þetta ákvæði um rangar upplýsingar eða ósannindi hér í þingsalnum af hálfu ráðherra. Ég held að það sé einmitt það sem menn verði helst að deila um og takast á um á hinum pólitíska vettvangi og hér í þessum sal sé sá vettvangur og þingmenn eigi ekki að skjóta því máli til annarra.

En ég get tekið undir það með hv. 9. þm. Reykv. að ef það er vilji til þess að líta á þessa löggjöf og skoða hana og ég hlakka til að sjá þá skýrslu sem hann gat um, ég hef ekki séð hana og væri fróðlegt að lesa það og íhuga, þá finnst mér miklu nær að nálgast málið með þeim hætti að leggja öll lögin undir en fara að bæta inn í þau ákvæði eins og þessu og raunar trúi ég ekki að það vaki fyrir hv. flm. ef hann ætlar að fara að dönsku lögunum, að hann ætli að sleppa þessu varðandi ásetninginn og hið grófa gáleysi. Mér finnst nú æskilegra að menn setjist yfir þetta og velti þessu fyrir sér, skoði þetta betur, undirbúi málið betur og ræði það þá á grundvelli þeirrar skýrslu sem verið er að þýða fyrir þingmenn og líta á þetta og þetta sé þannig mál eins og að því var staðið í upphafi 7. áratugarins þegar þingmönnum og prófessor úr stjórnarandstöðu á þeim tíma var falið að semja þessi lög og gera það, þá standi menn að því þannig að ekki verði um það stórkostlega pólitískar deilur. Ég verð að segja það einnig um þetta frv. að mér finnst málið þess eðlis að það hafi ekki verið til þess að greiða fyrir framgangi þess á þinginu hvernig hv. flm. hefur notað það svona sérstaklega til árása á hæstv. utanrrh. sem honum virðist vera sérstaklega kært að sníða að og hann hefur sagt að það væri flutt af því ákveðna tilefni sem hann hefur tiltekið og ég ætla ekki að fara að endurtaka hér. Mér finnst það ekki heldur vera til þess fallið að ná um þetta þeirri víðtæku samstöðu sem þarf að vera um mál af þessu tagi þar sem stjórn og stjórnarandstaða þurfa að koma að og skoða þannig að ég endurtek það sem ég sagði áður að ég er andvígur þessu frv. Ég tel að það sé illa ígrundað og ég tel að það hafi komið fram og ég hafi sýnt fram á að það hafi beinlínis verið farið með rangt mál þegar það var kynnt hér fyrir okkur þingmönnum.

Flm. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Fyrst af öllu vil ég biðja herra forseta, 6. varaforseta þingsins, að færa forseta Alþingis þakkir fyrir að taka málið á dagskrá. Þetta mál var tekið til umræðu í mars. Þeirri umræðu lauk ekki og síðan hefur það ekki fengist á dagskrá eða ekki verið sett þar á dagskrá að komið hafi til umræðu. Nú er ég ekki að gera því skóna að menn hafi viljað hefta framgang málsins með því að salta það. Það væri svo sem freistandi að vekja upp um þetta mál ítarlega umræðu. Það er alveg þess virði en þar sem nú er orðið kvöldsett, þá ætla ég ekki að gera það. Nokkur orð út af því sem hér hefur verið sagt.

Ég vil þakka hv. þm., 3. þm. Reykv. og 9. þm. Reykv. fyrir góða sögulega upprifjun. Um það hvort hafi komið á undan eggið eða hænan, dönsku lögin eða íslensku lögin, hvort dönsku lögin séu sniðin eftir þeim íslensku eða öfugt eins og mér varð á að hafa við orð hér fyrr á tíð. En meginmálið er það að þetta eru náttúrlega augljóslega skyld lög, náskyld, eins og löggjöf okkar og löggjöf Dana er að flestu leyti. Málin hafa bæði verið í undirbúningi á hverjum tíma þó að það hafi nú komið í ljós að íslensku lögin voru samþykkt árinu fyrr en hin dönsku, enda kom það reyndar fram

hjá hv. 3. þm. Reykv. þegar hann vitnaði í ræðu dr. Bjarna Benediktssonar um málið þegar það var hér til þinglegrar meðferðar, þá gat hann einmitt um það að það væri þrálátur ágreiningur í Danmörku þannig að þingheimi þá hefur verið kunnugt um þá umræðu sem átti sér stað í Danmörku. Þetta er nú smáatriði. Það kann að vera að þessi þráláti ágreiningur hafi frestað endanlegri afgreiðslu málsins.

Hitt atriðið sem hv. 3. þm. Reykv. var að fetta fingur út í að ekki væri nógu skýrt tekið fram í þeim texta sem hér liggur fyrir að um ásetning hafi verið að ræða, þá er einfalt að bæta úr því og ég treysti hv. allshn. til þess að breyta því orðalagi þannig að fullnægi þeim kröfum sem hv. 3. þm. Reykv. var að gera. Auðvitað ætlast ég aldrei til að menn yrðu sakfelldir fyrir það þó að þeim yrði á eitthvað af vangá. Það sem er refsivert, sem ég tel að eigi að vera refsivert, er það að skýra þingi rangt frá gegn betri vitund, skýra þingi rangt frá af ásetningi. Það má vel vera að þetta geti orðast skýrar en ég gerði í frumvarpsgreininni.

Ég verð nú að játa það að ég er ekki hræddur við að þetta ákvæði þegar að lögum verður því ég tel að það sé alveg óhjákvæmilegt og eðli málsins samkvæmt verðum við að taka þetta ákvæði eða einhvern veginn svona ákvæði í lög okkar og ég held að við komumst ekki hjá því að hafa lög um ráðherraábyrgð. Ég er ekkert sérstaklega óttasleginn að þetta verði til þess að verða mér að fótakefli síðar, en það er eins og hv. 3. þm. Reykv. óttist þetta ákvæði. Nú veit ég að hann talar ekki gegn betri vitund og talar af mikilli sannfæringu ævinlega, en það kann að vera að hann sé eitthvað hræddur um félaga sína. Nú hafði ég ekki hugsað mér að þessi lög yrðu afturvirk og það sem máli skiptir er það að menn, ráðherrar, vandi framgöngu sína í framtíðinni. — Vel á minnst, ég tel að við ættum að íhuga það gaumgæfilega hvort það sé ekki betra fyrirkomulag að ríkisstjórn sé fjölskipað stjórnvald heldur en eins og við höfum það núna.

Ég tel sem sagt, herra forseti, að þessi viðbót við lögin um ráðherraábyrgð sem ég legg hér til á þskj. 621 sé mjög nauðsynleg breyting. Þessi mál eru ekki í nógu góðu lagi og ég segi það án allrar áreitni. Það hefur orðið nokkur misbrestur, því miður, á því að ráðherrar greini Alþingi rétt frá. Ég gæti nefnt afleitt dæmi frá þessu þingi en ég ætla ekki að gera það að þessu sinni og á síðustu vikum hafa komið til álita ný dæmi. Ég óttast að þetta sé að fara í óefni hjá okkur. Ég tel að það sé mjög alvarlegt ef Alþingi hættir að taka mark á því sem ráðherrar segja hér í ræðustól og ég ítreka það sem ég hef áður sagt að ég tel að ráðherrar geti logið nægju sína í fjölmiðlum þó þeir vandi sig þegar þeir koma og standa hér. Ég tel að ráðherra skorti sýnilega aðhald og það var mín meining að búa til aðhald með þessari viðbót við 10. gr. Ég tel að það sé bráðnauðsynlegt að vinnubrögð ráðherra verði betri héðan í frá en verið hefur nú um sinn og ég tel að það sé skynsamlegt að grípa í taumana áður en hér fer að skapast ítalskt ástand.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lagaráð Alþingis, fyrri umr.

Þáltill. PP, 441. mál. — Þskj. 755.

Flm. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég hef á þskj. 755 leyft mér að flytja tillögu til þál. um lagaráð Alþingis. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að setja á stofn lagaráð til ráðgjafar um lögfræðileg álitaefni, einkum um hvað varðar stjórnarskrá lýðveldisins, mannréttindi og alþjóðlegar skuldbindingar og til að gæta lagasamræmis. Skylt verði að leggja fyrir lagaráð öll stjfrv. þar sem kann að reyna á ákvæði stjórnarskrár.

Lagaráð skal skipað þremur mönnum, einum tilnefndum af Lagastofnun Háskólans, einum tilnefndum af Lögfræðingafélagi Íslands og einum tilnefndum af Dómarafélagi Íslands. Skulu þeir fullnægja skilyrðum um embættisgengi hæstaréttardómara.

Nefndir Alþingis og þingflokkar geta leitað álits lagaráðs.

Kostnaður við störf lagaráðs greiðist af Alþingi."

Það hefur komið í ljós t.d. á þessu þingi að Alþingi skortir mjög óháðan aðila til að kanna og kveða upp úr um lögfræðileg álitaefni. Þetta er einkum bagalegt þegar um er að ræða viðkvæm deilumál sem snerta stjórnarskrá Íslands, mannréttindamál og alþjóðlegar skuldbindingar og þegar gæta þarf lagasamræmis. Við síðustu endurskoðun þingskapalaga var rædd sú hugmynd að setja á stofn sérstaka stjórnlaganefnd skipaða alþingismönnum. Sú hugmynd hlaut ekki byr að því sinni.

Nú getum við alþingismenn leitað ráðgjafar hjá starfsmönnum Alþingis eða annars staðar. Ráðuneytin hafa á sínum snærum lögfræðinga og það er út af fyrir sig góðra gjalda vert, en þetta er ekki nægilegt þegar um mjög viðkvæm og flókin úrlausnarefni er að ræða og það er enginn óháður aðili til þess að fást við slík mál. Starfsmenn þingflokka sem sumir eru a.m.k. löglærðir kunna að vera háðir sínum flokkum og starfsmenn ráðuneyta lúta húsbóndavaldi ráðherra sinna. Það sama gildir eða kann að gilda þegar ráðherra velur tiltekna lögfræðinga til að kanna ákveðin mál. Það leiðir af sjálfu að t.d. stjórnarandstaða tortryggir álit sem ráðherra eða starfsmenn annarra flokka kunna að gefa.

Ríkisendurskoðun var deild í fjmrn. þangað til 1987 og laut stjórn fjmrh. Þessu var breytt að tilhlutan ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og Ríkisendurskoðun gerð að óháðri, sjálfstæðri stofnun undir Alþingi. Engum blandast hugur um að þetta var mikið framfaraspor. Ríkisendurskoðun öðlaðist sjálfstæði við það að verða óháð fjmrh. og hefur eftir breytinguna getað beitt sér af öryggi og jafnvel beint gagnrýni að fjmrh. þannig að Ríkisendurskoðun er orðin öflug og þörf stofnun í stjórnkerfi okkar. Og það er einmitt hliðstæð aðferð sem ég tel að við eigum að beita í þessu efni með lagaráði.

Meðal grannþjóða okkar er lögfræðilegri ráðgjöf við þjóðþingin háttað með ýmsu móti. Danska þingið hefur látið taka saman yfirlit um lögfræðilegt eftirlit og sérfræðiráðgjöf í ýmsum þjóðþingum Evrópuríkja og

það fylgir hér með á þskj. sem fskj.

Í öllum þessum ríkjum hvílir sú skylda á þingforseta að athuga hvort frv. sé í samræmi við stjórnarskrá áður en þau eru tekin á dagskrá. Ef samt sem áður koma upp efasemdir við meðferð máls um hvort það sé í samræmi við stjórnarskrá, þá er mismunandi úrræðum beitt í einstökum ríkjum. Danir hafa til þessa beitt þeirri aðferð að forseti þingsins hefur í samráði við þingskapalaganefndina notið ráðgjafar lagadeildar og nefndadeildar þingsins og lagadeildar dómsmálaráðuneytisins. Þetta hefur valdið gagnrýni og uppi eru hugmyndir um stofnun sérstaks lagaráðs þar sem álit dómsmálaráðuneytisins gætu verið vilhöll. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Poul N. Rasmussen er kveðið á beinlínis um stofnun lagaráðs og þar segir í lauslegri þýðingu:

„Ríkisstjórnin mun í samráði við þingflokkana leggja fram frv. til laga um lagaráð. Lagaráðið skal vera ráðgefandi um meginálitamál, sérstaklega hvað varðar túlkun stjórnarskrár, skyldur vegna mannréttinda og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar."

Þess má geta hér að fram kom nokkur gagnrýni á danska þinginu að ríkisstjórnin sem slík færi að taka þetta mál upp á sína arma. Eðlilegra væri að þingið hefði um þetta alla forustu.

Herra forseti. Það er ófullnægjandi skipan sem Alþingi býr við og ef maður ber það saman við hvernig staðið er að málum í öðrum löndum, þá er það gert með miklu markvissari hætti víðast hvar. Sem betur fer getur Hæstiréttur dæmt endanlega í slíkum málum en það gerist ekki fyrr en lög hafa verið sett og mál höfðað. Það er óskynsamlegt. Það væri réttara að óháður aðili leiðbeindi þinginu og kæmist að niðurstöðu um álitamál strax þegar frv. væri til meðferðar. Að sjálfsögðu hefði Hæstiréttur síðasta orðið samt sem áður ef svo færi að Alþingi samþykkti eða setti lög sem ekki stæðust og einhver teldi fara í bága við stjórnarskrá og hæfi málarekstur.

Hér eru líka á fskj., herra forseti, lögin um laganefnd nr. 48 frá 14. júní 1929. Þau lög hafa aldrei orðið virk og sú skipan sem þar er lögð til er ekki að mínum dómi nægilega markviss. Ég tel og geri mér ekki vonir um að þetta mál hljóti afgreiðslu á þessu þingi en ég ber það fram til þess að koma málinu í umræðu og viðra þessa hugmynd og fá menn til að hugsa um málið og í framhaldi af því ber að sjálfsögðu að semja frv. og setja lög og stofnsetja lagaráð.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. allshn. Ég mun ekki orðlengja þetta meira, herra forseti, enda er orðið næsta dauflegt í salnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8. og 11. mál.

Fundi slitið kl. 11.59 síðdegis.

---

164. FUNDUR

miðvikudaginn 28. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Sjávarútvegsstefna, þáltill., 483. mál, þskj. 831. — Fyrri umr. (útvarpsumr.)
2. Stuðningur við réttindabaráttu Eystrasaltsríkjanna á alþjóðavettvangi, þáltill., 278. mál, þskj. 388. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Opnun sendiráðs í Peking, þáltill., 563. mál, þskj. 930. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1992, þáltill., 237. mál, þskj. 301, nál. 950, brtt. 951. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
5. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 484. mál, þskj. 832. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 545. mál, þskj. 903. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 548. mál, þskj. 908. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Ráðherraábyrgð, frv., 342. mál, þskj. 621. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Lagaráð Alþingis, þáltill., 441. mál, þskj. 755. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu, stjtill., 437. mál, þskj. 737, nál. 1013 og 1021. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
11. Eftirlit með skipum, stjfrv., 192. mál, þskj. 1024. — 3. umr.
12. Umferðarlög, stjfrv., 256. mál, þskj. 1001. — 3. umr.
13. Íslensk endurtrygging, stjfrv., 307. mál, þskj. 1028. — 3. umr.
14. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 208. mál, þskj. 1029. — 3. umr.
15. Geymslufé, stjfrv., 209. mál, þskj. 1030. — 3. umr.
16. Lögræðislög, stjfrv., 580. mál, þskj. 1004. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
17. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 276. mál, þskj. 384, nál. 1011, brtt. 1012. — 2. umr.
18. Íslenskt ríkisfang vegna EES, stjfrv., 15. mál, þskj. 15, nál. 412, brtt. 413. — 2. umr.
19. Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, stjfrv., 21. mál, þskj. 21, nál. 356, brtt. 343. — Frh. 2. umr.
20. Lagaákvæði er varða samgöngumál, stjfrv., 28. mál, þskj. 29, nál. 808, brtt. 809. — 2. umr.
21. Gagnkvæm viðurkenning á menntun, stjfrv., 77. mál, þskj. 79, nál. 317 og 327, brtt. 318 og 377. — Frh. 2. umr.
22. Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, stjfrv., 117. mál, þskj. 137, nál. 954, brtt. 955. — 2. umr.
23. Vinnumarkaðsmál, stjfrv., 22. mál, þskj. 22, nál. 267. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

24. Aukin hlutdeild raforku í orkubúskap þjóðarinnar, þáltill., 185. mál, þskj. 212. — Fyrri umr.
25. Vegalög, frv., 293. mál, þskj. 425. — 1. umr.
26. Fjáröflun til vegagerðar, frv., 294. mál, þskj. 426. — 1. umr.
27. Umhverfisgjald, þáltill., 359. mál, þskj. 639. — Fyrri umr.
28. Endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda, þáltill., 360. mál, þskj. 640. — Fyrri umr.
29. Mat á umhverfisáhrifum nýrrar lagasetningar, þáltill., 368. mál, þskj. 649. — Fyrri umr.
30. Löggjöf um réttindi og skyldur manna sem stunda reikningsskil, þáltill., 405. mál, þskj. 699. — Fyrri umr.
31. Flutningur verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu, þáltill., 467. mál, þskj. 807. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Eiður Guðnason umhvrh.,
Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 20. apríl 1993:
„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Alþb. í Reykn., Sigríður Jóhannesdóttir kennari, Keflavík, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.
Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta bréf ritar Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.
Sigríður Jóhannesdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Sjávarútvegsstefna, fyrri umr. (útvarpsumr.)

Þáltill. JÁ o.fl., 483. mál. — Þskj. 831.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Umræðan fer þannig fram að hver þingflokkur hefur 30 mínútur til umráða, 15–20 mínútur í fyrri umferð en 10–15 mínútur í síðari. Röð flokkanna í báðum umferðum verður eftirfarandi: Alþb., Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl. og Samtök um kvennalista. Ræðumenn verða fyrir Alþb.: Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl., og Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf., í fyrri umferð en Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e., í síðari umferð. Af hálfu Sjálfstfl. tala Þorsteinn Pálsson sjútvrh. í fyrri umferð en Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl., og Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf., í síðari umferð. Fyrir Framsfl. tala Stefán Guðmundsson, 4. þm. Norðurl. v., og Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl., í fyrri umferð en Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl., í síðari umferð. Af hálfu Alþfl. tala Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e., og Össur Skarphéðinsson, 17. þm. Reykv., í fyrri umferð en Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn., í síðari umferð. Fyrir Samtök um kvennalista tala Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf., í fyrri umferð en Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn., í síðari umferð. Hefst nú umræðan og tekur til máls 1. flm. tillögunnar, hv. 3. þm. Vesturl., Jóhann Ársælsson, og talar af hálfu Alþb.

Flm. (Jóhann Ársælsson):
Hæstv. forseti. Á þskj. 831 flytur þingflokkur Alþb. svohljóðandi till. til þál. um sjávarútvegsstefnu:
„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsnefnd Alþingis að sjá um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða, sbr. ákvæði til bráðabirgða nr. VII í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Einnig leggi nefndin drög að mótun heildstæðrar sjávarútvegsstefnu.
Sjávarútvegsnefnd vinni að þessu verkefni í samráði við sjávarútvegsráðuneyti og Fiskistofu sem og hagsmunaaðila útvegsmanna, sjómanna, verkafólks og sveitarfélaga. Sjútvrn. og Fiskistofa aðstoði nefndina og leggi henni til upplýsingar og starfsfólk eftir þörfum. Þá skal sjútvn. heimilt að ráða sér starfsmann meðan á þessu máli stendur og skipa starfshópa á sínum vegum og greiðist allur kostnaður af Alþingi.
Sjútvn. skili áfangaskýrslu og tillögum um framtíðartilhögun við stjórn fiskveiða í frumvarpsformi til ríkisstjórnarinnar eigi síðar en 15. sept. nk. Þá stefni nefndin að því að ljúka störfum og skila endanlegum tillögum um heildstæða sjávarútvegsstefnu fyrir árslok 1993."
Í greinargerð með tillögunni kemur m.a. fram að þingflokkur Alþb. telur ófært að lengur verði látið dragast að hefjast handa um starf sem hefur það að markmiði að koma á sátt í þjóðfélaginu um nýtingu þeirrar auðlindar sem þjóðin byggir lífsgrundvöll sinn á og leggur þess vegna fram þessa þáltill. sem felur í sér að Alþingi sjálft og sjútvn. taki forustu í starfi og stefnumótun á þessu sviði.
Með þáltill. er fskj., drög að frv. til laga um stjórn fiskveiða sem ég hef haft frumkvæði um að semja í samráði við fulltrúa úr sjávarútvegsmálaráði Alþb. Tilgangurinn með því er að kynna tillögur um breytta fiskveiðistjórnun og stuðla að því að umræða geti hafist um þær.
Það hefur lengi verið á því mikil nauðsyn að fram kæmi til umræðu heildstæð tillaga um stjórn fiskveiða sem byggð er á þeim markmiðum sem lýst er í meðfylgjandi frv. Alþb. er reiðubúið að ræða í þaula meðfylgjandi frv. með það að markmiði að víðtæk sam-

staða geti myndast um nýskipan á stjórn fiskveiða. Við umfjöllun málsins þarf að leggja sérstaka áherslu á að aðilum í sjávarútvegi verði gefið svigrúm til að aðlagast nýjum stjórnarháttum þannig að ákvarðanir sem einstök fyrirtæki hafa tekið til hagræðingar á grundvelli núgildandi kvótakerfis nýtist viðkomandi fyrirtæki eðlilega þrátt fyrir að annar háttur verði upp tekinn við stjórn veiðanna.

Það er enginn kostur á því hér við þessa umræðu að lýsa þessum hugmyndum nánar og á það verður að treysta að til þess gefist tími síðar. Ég hef sent þessar tillögur til útgerða og áhafna á skipum um allt land og ég hef fengið viðbrögð við þeim sem eru ótrúlega jákvæð. Ég hvet menn til þess að lesa þessar tillögur og gera sér grein fyrir því hvernig þær eru hugsaðar.

Hæstv. forseti. Fyrir undarlega tilviljun náðist samkomulag í ríkisstjórn um svokallað þróunargjald og í framhaldi af því voru tillögur tvíhöfða nefndar lagðar fram og kynntar ásamt frv. um þróunarsjóð sjávarútvegsins einum eða tveimur dögum eftir að við lögðum fram þessa þáltill. Í framhaldi af því hófu forráðamenn tvíhöfða nefndarinnar krossferð á kostnað sjútvrn. til að kynna tillögur sínar. Hér gefst ekki tími til þess að ræða um tillögurnar nema að litlu leyti en viðbrögð sjómannasamtakanna og viðtökur á fundum tvíhöfða nefndarinnar segja sína sögu um að það getur aldrei orðið sátt um þessar tillögur með þjóðinni. Og hverjar eru þessar tillögur? Í aðalatriðum eru þær eftirfarandi:

Aflamarkskerfið ásamt frelsi til að braska með veiðiheimildir verði fest í sessi. Þetta er auðvitað aðaltillagan og allar hinar eru í raun meira og minna til að viðurkenna eða flýta þeirri þróun sem þessi óheilbrigðu viðskipti með veiðiheimildir hafa verið að leiða yfir okkur. Til þess að staðfesta þessa afstöðu og undirstrika ánauðarstefnuna skulu allar bátsskeljar á kvóta og allir fiskstofnar sem nytjaðir eru eða nytjaðir verða við landið, öll kvikindi sem verða dregin úr sjó við Ísland, vera fyrir fram í eigu veiðiréttareigenda. Þess vegna skyldi auðvitað setja kvóta á smábáta. Þess vegna skyldi afnema tvöföldun á línunni. Þess vegna verður að koma eignarhaldi á keiluna, löngunа, lúðuna, steinbítinn og blálönguna. Það gengur auðvitað ekki að þessi kvikindi séu að synda munaðarlaus um fiskimiðin. Það verður einhver að hafa eignarhald á þeim líka.

Þá er lagt til að það megi skrá aflaheimildir á fiskvinnslustöðvar sem er, ef það er skoðað í samhengi við hinar tillögurnar, staðfesting á þeirri þróun sem að er stefnt. Nefndin er að leggja til að þeim sem ekki eru í útgerð verði auðveldað að taka þátt í braskinu með veiðiheimildirnar. Í þessu sambandi er rétt að minna á þann rökstuðning sem notaður var þegar verið var að koma kvótakerfinu á, þ.e. að það væru einungis menn sem hefðu verið í útgerð sem ættu að hafa réttinn til að veiða fisk.

Þá er rétt einmitt í þessu samhengi að nefna þá tillögu nefndarinnar að útlendingum skuli gert kleift að eiga a.m.k. óbeint í íslenskum útgerðarfyrirtækjum. Hver er svo sú framtíð sem þessar leikreglur munu færa okkur ef þær verða staðfestar? Það verður auðvitað ekki sagt með fullri vissu en þróunin að undanförnu og þær tillögur sem hér hafa litið dagsins ljós frá tvíhöfða nefndinni gefa mjög ákveðnar vísbendingar um við hverju við megum búast. Veiðiréttareigendur hafa nú þegar byrjað í stórum stíl að notfæra sér veiðiheimildir sínar til að þvinga fram lægra fiskverð. Það fer gjarnan þannig fram að kvótaeigandinn lætur fiska fyrir sig á því fiskverði sem hann ákveður og leggur fram eitt tonn í veiðiheimild á móti einu tonni frá viðkomandi bát. Þannig fær kvótaeigandinn helmingi meiri fisk en hans kvóti gefur tilefni til og fiskinn á allt að 30% lægra verði en gengur í öðrum viðskiptum. Þetta kalla tvíhöfðarnir hagræðingu og á þeim er að skilja að einmitt þessi viðskipti séu besti rökstuðningurinn fyrir því að festa kerfið í sessi. Þeir hafa reyndar sagt það skýrt og greinilega að kvótakerfið sé ekki fiskverndarkerfi heldur fyrst og fremst til að tryggja hagkvæmni. Skyldu ekki einhverjir sem hafa verið stuðningsmenn þessa kerfis hrökkva við vegna þess að þeim var talin trú um það að þetta væri bráðabirgðalausn sem ætti að gilda í 3–4 ár og væri eina leiðin til að bjarga þorskstofninum?

En hvernig verður þessi viðskiptalega hagræðing sem nú virðist vera orðin veigamesta röksemdin fyrir kvótakerfinu til? Var einhvers staðar hagrætt vegna þessara viðskipta? Var einhvers staðar sparað? Nei. Tilkostnaðurinn var þvert á móti aukinn því að fiskinum var ekið á vörubílum t.d. frá Snæfellsnesi, Akranesi og Reykjavík til Sauðárkróks og Skagastrandar og stundum suður yfir Holtavörðuheiðina líka. Og þannig mætast þorskarnir gjarnan á heiðinni og gömul öfugmælavísa er það ekki lengur:

Fiskurinn hefur fögur hljóð,
finnst hann oft á heiðum.
Ærnar renna eina slóð
eftir sjónum breiðum

— innan skamms í hagræðingarskyni að hætti tvíhöfðanna. Þetta er hagræðing og gróði og þetta eykur örugglega hagvöxtinn. Og hvernig stendur á því og hverjir gera það mögulegt? Það eru sjómenn og kvótalitlar útgerðir sem eru í ánauð hjá veiðiréttareigendum og það verða þeir sem standa undir kvótakaupum útgerðarfyrirtækja framtíðarinnar ef þessi óskapnaður fær að halda áfram.

En svo eru aðrar aðferðir. Hjá sumum útgerðum er kostnaðurinn við kvótakaup dreginn frá skiptaverðinu til sjómanna án þess svo mikið sem nefna það við áhöfnina. Ein nýjasta aðferðin gefur mestan arð. Hún opnar okkur nýja framtíðarsýn. Nú eru sumir kvótaeigendur hættir að leigja kvótann og þeir eru líka hættir að selja hann. Þeir láta kvótalitlar útgerðir fiska fyrir sig fyrir einhverjar 50–60 kr. en ekki til að vinna fiskinn sjálfir. Nei, þeir selja fiskinn síðan á markaði eða í beinum viðskiptum fyrir miklu hærra verð. Það er notalegt að sitja í landi og hirða stórfé fyrir að gera ekki eitt, nóg til að geta komist yfir enn meiri kvóta. Veiðirétturinn hefur öðlast sjálfstætt gildi. Þeir sem eiga hann munu krefjast þess endurgjalds sem markaðsaðstæður gefa möguleika á á hverjum tíma. Og það

verða sjómennirnir og kvótalitlar útgerðir sem greiða auðlindaskattinn til sægreifa framtíðarinnar sem munu að sjálfsögðu hvorki leggja fyrir sig sjómennsku né útgerð. Og kvótaverðið verður áfram hátt vegna þess að með þessum fínu aðferðum borga sjómennirnir og kvótalitlu útgerðaraðilarnir meiri og meiri kvóta fyrir hina nýju óðalsbændur sem tvíhöfða nefnd ríkisstjórnarinnar leggur til að fái endanlega blessun Alþingis. En samtök sjómanna sjá auðvitað hvert stefnir og eru búin að lýsa yfir stríði gegn óheftu framsali veiðiheimilda. Það eru mikil tíðindi því að það velkist varla nokkur maður í vafa um það að stjórnkerfi í fiskveiðum sem samtök sjómanna lýsa sig algerlega andvíg getur ekki staðist stundinni lengur ef þau samtök beita afli sínu til að knýja fram vilja sinn.

Ætla stjórnarflokkarnir virkilega að láta yfirlýsingar sjómannasamtakanna sem vind um eyru þjóta? Kvótaverðið hefur verið það hátt á undanförnum árum að enginn fræðilegur möguleiki hefur verið á því að stofna til nýrrar útgerðar. Samanlagt verð á skipum og aflaheimildum er 30–40% of hátt til að dæmið gæti gengið upp nema einhver aðili, t.d. bæjarfélagið á viðkomandi stað sé tilbúið að leggja fram verulega fjármuni sem það fær aldrei aftur. Tími sægreifa, stórfyrirtækja og bæjarútgerða er að renna upp. Endurskoðun fiskveiðistefnunnar sem ekki tekur á verstu göllum kvótakerfisins sem eru byggðaröskun, kjaraskerðing sjómanna og fiskverkafólks og óeðlilegir viðskiptahættir er engin endurskoðun.

Þróunarsjóðurinn er uppfinning ríkisstjórnarinnar til að láta þá sem eftir lifa í útgerð borga það sem hinir töpuðu. Það mætti spyrja hvort ekki ætti að stofna svona sjóð í öllum atvinnugreinum til að bjarga bönkunum frá því tapi sem þeir hafa stofnað til með misheppnuðum útlánum. En þarna er líka gert ráð fyrir því að útgerðin borgi offjárfestinguna í fiskvinnslunni og það er með eindæmum ósvífin tillaga.

Það er nú orðið deginum ljósara að öll endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða er sýndarmennska sem átti frá upphafi aldrei að bera annan árangur en þann að festa núgildandi kerfi í sessi. Þetta má sjá af samsetningu tvíhöfða nefndarinnar þar sem í hana voru eingöngu valdir yfirlýstir kvótamenn. Þetta má sjá á vinnubrögðum nefndarinnar sem passaði sig á því alveg sérstaklega að ræða þessi mál ekki við nokkurn af þeim aðilum sem með lögum var þó áskilið að gert væri. Þetta má sjá af því að nefndin skilaði ekki af sér tillögum fyrr en það var lítið eftir af þingtímanum, það lítið að enginn raunhæfur möguleiki var á að skoða aðrar leiðir til að leysa þessi mál fyrir lok þingsins.

Ýmsir stjórnarliðar hafa lýst sig algerlega andvíga því að setja kvóta á krókabáta og það er vel. En mér finnst tækifærismennskan ná hámarki hjá þeim sem mér finnst ætla að reyna að slá sig til riddara í augum smábátaeigenda og í þeim byggðarlögum sem mest eiga undir þeirri útgerð með þessari afstöðu en eru síðan tilbúnir að staðfesta þá óhugnanlegu tillögu ríkisstjórnarinnar að festa kvótakerfið með frjálsu framsali í sessi og veita kvótaeigendum víðtækt frelsi til að hagnast á kostnað sjávarútvegsbyggðanna, sjómanna og fiskverkafólks og veita útlendingum möguleika til þess að eignast hlut í auðlindinni.

Hæstv. forseti. Tillaga þingflokks Alþb. felur það í sér að hér verði tekið í taumana, að málið verði sett í þann farveg sem Alþingi var búið að ákveða með lögunum um stjórn fiskveiða, að menn taki sér tíma til þess að vinna þetta verk almennilega.

Ég legg til að að þessari umræðu lokinni verði tillögunni vísað til síðari umræðu og sjútvn.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Við þær aðstæður að sjávarútvegur á Íslandi er að birta tölur um hrikalegt tap á síðasta ári upp á milljarða kr. og við þær aðstæður að spáð er á þessu ári verði tap í sjávarútvegi um 5 milljarðar kr., þá gerir ríkisstjórnin ekki neitt. Hún kemur sér ekki einu sinni saman um að fullnægja lagaskyldu um að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða, hvað þá að taka á afkomu sjávarútvegsins. Við alþýðubandalagsmenn höfum beitt okkur fyrir því að fram fari umræða um þessi mál hér á Alþingi til að reyna að knýja ríkisstjórnina til þess að ræða um sjávarútvegsmál, afkomu byggðarlaganna úti á landi og stjórn fiskveiða og víkja frá því að hugsa um einkavini ráðherranna og útvega þeim sporslur og góðar stöður. Það er það sem skiptir máli í þjóðfélaginu í dag að fá ríkisstjórnina til þess að snúa sér að þeim vanda sem steðjar að íslenskum þjóðarbúskap.

Hvað varðar stjórn fiskveiða, þá er rétt að taka það skýrt fram að það er ekki rétt eins og ævinlega hefur verið sett fram af hálfu þeirra sem styðja núverandi kvótakerfi að kvótakerfið annars vegar og sóknartakmarkanir hins vegar séu andstæðir valkostir, að menn verði að velja milli þess að annaðhvort stjórna fiskveiðum með sóknartakmörkunum eða með kvótakerfi. Það er rangt. Kvótakerfið er ekki andstæða sóknartakmarkana. Kvótakerfið byggist í raun á sóknartakmörkunum. Stjórn fiskveiða er í dag að mestu leyti eins og henni er stýrt, stýrt með sóknartakmörkununum. Kvótakerfið sem slíkt er óþarfi nema til þess eins, ef menn vilja, að setja hámark á þann afla sem hver bátur eða bátaflokkur má veiða. Að öðru leyti er kvótakerfið óþarft hvað varðar stjórn fiskveiða.

Ég vil minna á það að í núgildandi lögum og reglugerð um stjórn fiskveiða er meginþunginn sem stýrir sóknninni fólginn í bönnum og takmörkunum á notkun tiltekinna veiðarfæra, búnaðar eða skipagerða. Ákvæði sem takmarka veiðar eru einnig í þessum lögum og reglugerðum tiltekinna veiðarfæra á vissum fiskteg undum e.t.v. tíma- eða svæðabundið. Enn fremur er veiði skömmtuð eða úthaldstími einstakra skipa takmarkaður. Allt eru þetta sóknartakmarkanir. Það er rétt að menn leggi til hliðar hina gömlu þrætu um kvótakerfi sem andstæðu sóknartakmarkana. Það er nauðsynlegt að þjóðin átti sig á því að við erum að mestu leyti með stjórn fiskveiða í sóknartakmörkununum.

Maður hlýtur þá að spyrja: Í hvaða tilgangi eru menn með þetta kvótakerfi sem byggist á því að menn megi versla með réttindi til að fara á sjó, búa til skömmtunarkerfi réttindanna? Hver er tilgangurinn

með því? Hann er ekki að takmarka sjósókn eða getu einstakra báta til að fara á sjó. Hann er einhver annar. Og hafi menn ekki áttað sig á því nú þegar, þá ætti mönnum að verða það ljóst fljótlega að tilgangurinn er að breyta byggðinni í landinu. Tilgangurinn er að safna veiðiheimildunum á færri hendur, að flytja þær frá fámennari stöðum til hinna fjölmennari. Og það segir hæstv. sjútvrh. í blaðaviðtali að sé vænlegasti kosturinn. Að flytja réttindin frá sjávarútvegsplássum sem eru fámenn til annarra plássa sem eru fjölmenn. Þetta er eðli kvótakerfisins, það sem er lagt fram undir nafninu hagræðing.

Eitt eru núverandi ríkisstjórnarflokkar sammála um og það er að þessi grundvöllur eigi að vera í framtíðinn hvað varðar stjórnun fiskveiða. Grundvöllur hagræðingarinnar þar sem menn byggja á þeirri trú að sveitarfélögin séu of mörg og fámenn og það verði að reka fé saman í réttina. Menn átta sig á þessu þegar þeir lesa drög að nýrri skýrslu um breyttar áherslur í byggðamálum sem unnin hefur verið á vegum forsrn. í Byggðastofnun. Menn átta sig á þessu líka þegar þeir lesa skýrslur sameiningarnefndar sveitarfélaga. Allt eru þetta liðir og aðgerðir að þessu ákveðna markmiði, að breyta byggðamynstrinu í landinu. Þetta hefur haft í för með sér að þegar verið er að sækja að grundvallarréttindum fólks, tilverurétti þess, þá snúast menn til varnar. Að kaupstaðirnir á landsbyggðinni hafa lagt fram milljarða króna til að halda þessum veiðiréttindum. Það hefur verið tekið saman á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga að á síðustu fimm árum hafa kaupstaðirnir lagt fram þrjá milljarða, þar af tvo milljarða í sjávarútvegsinn til þess að halda sinni stöðu og halda uppi atvinnu í sínum byggðarlögum.

Nú er að hefjast annar þáttur og nýr þáttur í þróun þessa kvótakerfis. Við getum kallað hann „Kaupstaðirnir keppa", þar sem stóru og fjölmennu kaupstaðirnir bjóða í veiðiheimildir fámennu kaupstaðanna og þeir munu auðvitað hafa betur því að þeir hafa aflið, þeir hafa fjármagnið. Það sem hæstv. forsrh. átti við á fundi á Ísafirði fyrir síðustu alþingiskosningar þegar hann sagði að hann vildi ekki sjá landið sporðreisast og að byggð stæði með byggð var það að byggðin sem hann ætlar að standa með er byggðin á höfuðborgarssvæðinu, Reykjavík standi með Hafnarfirði í að kaupa veiðiheimildir vestan af fjörðum. Það er stefnan í dag. Það er næsti þáttur í þessu kvótakerfi sem lagt hefur verið til á vegum nefndar af hálfu ríkisstjórnarflokkanna að endanlega verði tryggt í sessi.

Hæstv. forsrh. hefur ekki látið svo lítið að skipta sér af vandamálum vestur á fjörðum. Menn vita hvernig staðan er á Bíldudal þar sem búið er að selja togarann og búið er að selja bátinn og menn vita um stöðuna vestur í Bolungarvík og hæstv. forsrh. sendi þrjá menn vestur svona okkur til þægðar til að spjalla við okkur og gefa okkur hugmyndir um það hvað við ættum að gera. Og hvaða tillögur komu fram frá þessum aðilum? Það voru bjargráðanefndin, það eru tillögurnar frá einkavini forsrh. Þær voru þessar:

1. Seljið kvótann.
2. Hættið þið við hafnargerðirnar.
3. Sameinið sveitarfélögin.

Þetta eru ráð hæstv. forsrh. og ríkisstjórnarinnar gagnvart landsbyggðinni sem stendur í þeirri stöðu að tap í sjávarútvegi er orðið svo mikið að fyrirtækin ráða ekki við það sjálf. Það er tímanna tákn að þegar menn eru að gera upp síðasta ár hafa 12 af stórum frystihúsum landsins og sjávarútvegsfyrirtækjum tapað 1,5 milljörðum kr., en þá er Seðlabanki Íslands gerður upp með þriggja milljarða kr. hagnaði, tvöfalt meiri hagnaði en nemur samanlögðu tapi þessara 12 stóru frystihúsa og sjávarútvegsfyrirtækja á landsbyggðinni.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það mál sem hér er til umræðu er að formi til þáltill. en að efni til er það opinber auglýsing af hálfu Alþb. um uppgjöf þess við að móta eigin stefnu í sjávarútvegsmálum. Það er með þessari opinberu auglýsingu að lýsa því að í þessum málum sé það eins og rótlaust þangið sem enga skoðun geti haft eða mótað. (**Gripið fram í:** Það er eitthvað annað en ríkisstjórnin.)

Hér er um það að ræða að einn af þingmönnum flokksins hefur samið ásamt sjávarútvegsráði flokksins heilmikið frv. um fiskveiðistjórnun. Þingflokkurinn hefur ekki getað á þetta frv. fallist og vísar því í möppur fylgiskjalanna og þannig er það birt með þessari þáltill. Og hvert er svo að forminu til efni þáltill.? Það er að mæla svo fyrir um að Alþingi feli sjútvn. Alþingis að endurskoða lög um fiskveiðistjórnun. Þessi endurskoðun hefur nú þegar farið fram. Henni er lokið. Og það er öll stefna Alþb. sem hér birtist að fela sjútvn. þingsins að framkvæma endurskoðun á fiskveiðistjórnarlöggjöfinni sem þegar hefur farið fram. Það er nú allt og sumt. Og svo er þetta makalausa frv. birt sem fskj. (**KHG:** Það er frv. líka.) Þetta er málefnaleg uppgjöf í mótun sjávarútvegsstefnu af hálfu Alþb. og sérkennilegt að Alþb. sjálft skuli hafa kosið að auglýsa þessa málefnalegu uppgjöf í sérstakri sjónvarpsútsendingu hér frá Alþingi.

Ef við horfum svo aðeins á efni frv. sem þingmaður flokksins hefur samið og sjávarútvegsráðið hefur samið þá verð ég fyrst að segja þingflokki Alþb. það til hróss að hafa hafnað þessu frv. Það verður nú að koma fram af minni hálfu hér.

Við höfum heyrt stór orð af hálfu þeirra þingmanna Alþb. sem hér hafa talað að það sé alveg stórhættulegt að byggja veiðarnar á einhverju kerfi þar sem tilteknir einstaklingar hafi einir rétt til veiðileyfa og engir aðrir. Samt koma þeir með frv. þar sem stendur skýrum stöfum að allar veiðar eigi að byggjast á veiðileyfum og þeir einir eigi að fá veiðileyfi eftir nýju lögunum sem hafa veiðileyfi samkvæmt kvótalögunum í dag. (**SJS:** Ertu á móti því?) Þannig eru mótsagnirnar í málflutningi þeirra með þessum hætti hver á fætur annarri. Síðan á það að vera geðþóttaákvörðun ráðherra ef einhver heltist úr lestinni að ákveða hverjir nýir koma í staðinn. Sér er nú hver tillöguflutningurinn.

Og hvernig á svo að stjórna veiðunum samkvæmt þessari nýju aðferð? Jú það á að stjórna veiðunum með skattheimtu. Það er hinn nýi boðskapur Alþb. að það

á að stjórna veiðunum með skattheimtu, mismunandi eftir verðmæti fisktegunda. Og hvernig á að finna verðmæti fisktegundanna? Eftir lögmálum markaðarins? Nei, markaðurinn á ekki að mæla verð fisktegundanna heldur á með líffræðilegum rannsóknum að ákveða verðmæti hverrar tegundar og hvers stærðarflokks af einstökum tegundum. Og síðan eiga embættismenn og ráðherrar að hafa frjálst val um það hver skattheimtan er á grundvelli líffræðilegs mats um verðmæti. Ég verð að segja það hér að ég hef aldrei á ævi minni lesið aðra eins dellu (**SJS:** Ég held að þú ættir að lesa þetta aftur.) og þar að auki er gert ráð fyrir því að embættismenn og ráðherrar hafi frjálst val um skattheimtu, ekki bara að leggja á einn skatt eftir frjálsu vali heldur tvo. Og þó vita þessir menn að í stjórnarskránni eru alveg skýr fyrirmæli um það að Alþingi getur ekki framselt skattlagningarvald hvorki til ráðherra né embættismanna og þaðan af síður til vísindamanna. Samt leggja þeir til í þessu frv. að embættismenn og vísindasmenn fái að leggja skatta á með þessum hætti og það ekki einn heldur tvo. Þessir menn hafa staðið hér uppi í ræðustól í allan vetur og verið að hneykslast á því sem þeir segja, að ríkisstjórnin hafi verið að brjóta stjórnarskrána með löggjöfinni um EES og samningunum um EES. Svo koma þeir hér með frv. um fiskveiðistjórnunarlöggjöf þar sem í tvígang á að brjóta skýr fyrirmæli stjórnarskrárinnar um skattalöggjöfina. (**Gripið fram í:** Er þetta ekki þingsályktunartillaga?) Þannig er nú þessi málflutningur og baksvið þessa tillöguflutnings og málflutnings alls.

Kjarni málsins er auðvitað sá að sú endurskoðun sem hér er verið að tala um, hefur farið fram á grundvelli gildandi laga. Um hana hefur verið haft samráð við lögbundna hagsmunaaðila og þeir hafa látið sitt álit í ljós, forustumenn hagsmunasamtaka í sjávarútvegi og fulltrúar stjórnarflokkanna í sjútvn. Alþingis. Síðast í morgun sat ég fund nefndarinnar þar sem fulltrúar flokkanna létu álit sitt í ljós á þessum niðurstöðum. Við þessa endurskoðun hafa verið bornir saman allir þeir kostir sem mögulegir eru í þessum efnum, hvernig aðrar þjóðir beita fiskveiðistjórnun, og niðurstaða nefndarinnar er alveg skýr. Það er rétt að byggja í meginatriðum á þeim grundvelli sem við höfum verið að þróa á undanförnum árum, aflamarkskerfinu með tilteknum breytingum og stofnun þróunarsjóðs. Það er meginniðurstaðan. Og kjarni málsins er sá að við þurfum að vinna að þremur höfuðmarkmiðum, þ.e. hafa hér fiskveiðistjórnun sem tryggir að við getum náð sem bestum árangri varðandi verndun og uppbyggingu fiskstofnanna. Við þurfum að hafa hér stjórnunarkerfi sem stuðlar að sem mestri hagkvæmni í atvinnugreininni og í þriðja lagi stjórnunarkerfi sem stuðlar að sem mestu athafnafrelsi innan þeirra marka að auðlindin er takmörkuð. Niðurstaðan er sú að aflamarkskerfið eins og við höfum verið að þróa það sé líklegt til þess að við náum þessum höfuðmarkmiðum. Og um þessa grundvallarþætti er orðin allbreið pólitísk samstaða. Stjórnarflokkarnir tveir eru sammála um þessi grundvallaratriði og ríkisstjórnin hefur samhljóða lagt frumvörp fram fyrir þingflokka ríkisstjórnarinnar og birt þau um smávægilegar lagfæringar á þeirri löggjöf sem nú er fyrir hendi.

Það er þekkt að Framsfl. fylgir í grundvallaratriðum þeirri afstöðu að byggja hér á aflamarkskerfinu þannig að stjórnarflokkarnir og Framsfl. fylgja hér í grundvallaratriðum svipaðri afstöðu. Kvennalistinn hefur mjög skýra og augljósa stefnu í þessu efni. Hún er nokkuð á annan veg. Ég er ekki sammála henni en það er skýr stefna. Eftir stendur að Alþb. eitt, sem hefur þessa umræðu, hefur enga stefnu og hefur auglýst eftir því að þingmenn annarra flokka í sjútvn. eigi að móta stefnuna fyrir þá. Það er nú niðurstaða þessarar umræðu sem hér er hleypt af stað.

Fyrir liggja núna af ríkisstjórnarinnar hálfu frumvörp sem byggjast á niðurstöðum tvíhöfða nefndarinnar og gera ráð fyrir nokkrum breytingum á gildandi löggjöf. Og auðvitað er það svo að það eru engin algild sannindi í þessu efni. Við náum aldrei því að smíða hér löggjöf sem er algóð og við þurfum ekki að laga á hverjum tíma miðað við breyttar aðstæður. Og breytingarnar miða að þessu. Þetta er annars vegar um krókaleyfið og tvöföldun á línu. Það er höfuðbreytingartillagan. Um þetta hafa verið skiptar skoðanir. Ég lagði fram aðra útfærslu en tvíhöfða nefndin svonefnd til þess að koma til móts við þau sjónarmið, en þau mál eru ekki að fullu útrædd í stjórnarflokkunum. En við skulum hafa það í huga að þessir tveir þættir lúta að veiðum sem að magni til eru um 2% af heildarveiðum landsmanna þannig að þó að breytingartillögurnar í sjálfu sér séu mikilvægar og viðkvæmar og skipti auðvitað máli, þá snúast þær ekki um stærri hluta af heildarmagninu sem við erum að veiða. Aðalatriðið er það að með þeirri endurskoðun sem fram hefur farið og í ljósi þeirrar pólitísku stöðu að stjórnarflokkarnir og stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn fylgja í grundvallaratriðum svipuðum viðhorfum að því er þetta varðar, þá hefur verið sköpuð hér festa um grundvallaratriði fiskveiðistjórnunar sem sjávarútvegurinn á Íslandi getur farið eftir og byggt á til framtíðar. Og það er auðvitað höfuðatriðið. Að því var stefnt og það er sú niðurstaða sem núna liggur fyrir.

Það hefur verið á það minnst hér að fram hafi komið af hálfu sjómannasamtakanna gagnrýni vegna þess að sjómenn hafi í ríkum mæli verið þvingaðir til þátttöku í kvótakaupum. Ég get tekið undir áhyggjur sjómannasamtakanna í þessu efni og tek undir þau sjónarmið þeirra að sjómenn eiga ekki að vera þátttakendur í þessum viðskiptum enda hafa sjómannasamtökin og samtök útvegsmanna gert um það bindandi kjarasamning að svo skuli ekki vera.

Stjórnvöld eru að sjálfsögðu alltaf reiðubúin að ræða viðfangsefni eins og þetta við sjómenn og útvegsmenn. Menn hafa velt því upp hvort menn ættu að reyna að ná betri tökum á þessu viðfangsefni með lagasetningu. Ég hef ekki fyrir mitt leyti séð að lög geti leyst þennan vanda þó að ég ætli ekki að útiloka að svo geti verið. Ég tel þó alveg augljóst að slík lagaákvæði ættu ekki heima í fiskveiðistjórnunarlöggjöf. Við höfum stundum lögfest hluta af kjarasamningum útvegsmanna og sjómanna og það eru lög um skipta-

verðmæti og greiðslumiðlun þar sem aðilar að kjarasamningum sjómanna, sjómannasamtökin og útvegsmenn, hafa sameiginlega komist að niðurstöðu og báðu stjórnvöld og Alþingi um að lögfesta þá niðurstöðu. Ef menn ætla að ræða lagasetningarleið í þessu efni, þá er eðlilegast að skipa þeim málum innan ramma þeirrar löggjafar og stjórnvöld eru að sjálfsögðu reiðubúin til þess að ræða við báða samningsaðila um það efni því að ég tel það vera mikilvægt að tryggja öryggi og festu um framkvæmd þessa atriðis kjarasamninga eins og öll önnur atriði í kjarasamningum.

Hér hafa ræðumenn minnst á afkomu sjávarútvegsfyrirtækjanna og það þarf ekki að fara mörgum orðum um þá bitru staðreynd. Hún er öllum landsmönnum svo kunn hve miklir erfiðleikar eru uppi í þeim efnum. Sjávarútvegurinn er nú rekinn með miklum halla og meginástæðan fyrir því er sú að afli hefur farið hér minnkandi. Við höfum þurft að bregðast við líffræðilegum aðstæðum. Við búum við sveiflur í lífríki sjávarins og við búum við sveiflur á erlendum mörkuðum og við höfum þurft að bregðast við því að verð hefur fallið núna mánuð eftir mánuð að undanförnu á erlendum mörkuðum. Þetta hefur áhrif á afkomu sjávarútvegsfyrirtækjanna, launakjör þeirra sem þar vinna hvort heldur það er í fiskvinnslunni eða úti á sjó og launakjör allrar þjóðarinnar.

Við þessum vanda eru engar einfaldar lausnir. Aðilar vinnumarkaðarins hafa verið í viðræðum um endurnýjun kjarasamninga og m.a. efnahagslegan grundvöll fyrir rekstri atvinnuveganna. E.t.v. má segja að það sé nokkurt áhyggjuefni að þeir hafi ekki farið djúpt í þeim umræðum ofan í grundvallarvandann, hvernig megi byggja hér upp örugga framleiðslu og hverfa frá áratuga neyslustefnu yfir til framleiðslustefnu sem ein hlýtur að tryggja hér aukin verðmæti og örugga atvinnu og afkomu fólksins í landinu.

Stefán Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið efnt til umræðu um eitt af okkar allra stærstu málum, þ.e. fyrirkomulag um stjónun fiskveiða. Alþb. hefur lagt fram hugmyndir að breyttu kerfi. Þeir vilja að ráðherra og Fiskistofu verði færð stóraukin völd. Þeir vilja taka upp veiðistýringu í stað sóknarmarks. Alþb. vill að þau skip ein fái leyfi til veiða í atvinnuskyni sem hafa haft þá möguleika áður. Og þar rísa þeir hæst í hugmyndum sínum alþýðubandalagsmenn að leggja til að veiðileyfagjald verði tekið upp. Þetta er kjarninn í tillögum Alþb. Þegar við ræðum um hugmyndir að nýrri og breyttri sjávarútvegsstefnu hljótum við að spyrja okkur hvort það kerfi sem nú er starfað eftir í sjávarútvegi hafi brugðist í veigamiklum þáttum. Hefur aflamarkskerfið sem slíkt ekki skilað því sem vænst var? Á fundi sjútvn. sl. mánudag spurði ég fulltrúa veiða og vinnslu hvort þeir teldu að sjávarútvegurinn hefði haft ávinning af aflamarkskerfinu. Þeir svöruðu því að aflamarkskerfið hefði reynst vel og skilað greininni verulegum ávinningi í þeirri þröngu stöðu sem sókn til hafsins leyfir í dag. Aflamarkskerfið hefur tvímælalaust fært okkur nær því marki sem sett er um leyfilegt aflamagn.

Með núgildandi lögum hefur tekist að draga verulega úr útflutningi á ferskum fiski, bæði þorski og ýsu sem nemur mörgum tugum prósenta. Þetta hefur m.a. orðið til þess að styrkja verulega vinnslu í landi og er einmitt það sem stefnt hefur verið að, að efla landvinnsluna þannig að við njótum sjálf margfeldisáhrifa vinnslunnar hér heima. En það er ekki óeðlilegt að menn spyrji hvort það sé rétt sem haldið hefur verið fram að núverandi kerfi hafi valdið verulegri röskun milli landshluta í vinnslu afla. Ef við lítum aðeins yfir það og skoðum hvað hefur gerst frá árinu 1983, t.d. við Reykjanesið, þá var hlutur Reykjaness aðeins um 18% en árið 1991 var hann kominn upp í 20,9%. Ef við lítum til Vesturlands var hlutur þess árið 1983 um 11,7% en árið 1991 var hluturinn orðinn 11,4%. Hann hafði sem sagt aðeins fallið þar. En ef við skoðum Vestfirðina þá kemur það í ljós að 1983 var hlutur Vestfjarða í vinnslunni 13,7% en 1991 var hann orðinn 15,4%.

Við gætum spurt áfram (**SJS:** Það vantar sjófrystinguna inn í þetta.) hvort þessi stjórnun hafi fært togurum stóraukinn rétt. Er það rétt? Ef við lítum yfir það sem hefur gerst þá er það svo að þorskafli skipa yfir 10 tonnum var árið 1984 rúmlega 370 þús. tonn. Hann hefur verið nú um 157 þús. tonn, hann hefur sem sagt dregist saman um hvorki meira né minna en rétt um 214 þús. tonn. Þorskafli báta undir 10 tonnum var árið 1984 rétt um 12.400 tonn, en hann er nú 38.500 tonn. Hann hefur sem sagt aukist um hvorki meira né minna en tæp 26.000 tonn. Þess ber þó að geta og það er skylt að taka það fram að á þessu tímabili fjölgaði smábátum hvorki meira né minna en um 827. Og það voru því miður þingmenn Alþb. og Alþfl. sem komu í veg fyrir það á sínum tíma að takmarkanir yrðu settar á fjölgun smábáta. Það voru þingmenn Alþb. og Alþfl. þá. Það var vissulega óhappaverk sem þar var unnið.

Umræðan í þjóðfélaginu snýst einnig um það að núverandi kerfi stuðli að því að aflarétturinn falli til svokallaðra stórútgerðarmanna. Ef við skoðum það einnig kemur í ljós að 15 af 20 stærstu kvótahöfunum hefur hver um sig innan við 2% af veiðiheimildunum, innan við 2%. Sú útgerðin sem mestan aflaréttinn hefur á Íslandi í dag er með um 3,7%.

Mér er það ljóst að núverandi kerfi er ekki fullkomið enda byggt á vissri sáttagjörð þeirra sem við eiga að búa. Því tel ég að við núverandi aðstæður sé skynsamlegt að bæta gildandi kerfi fremur en að umbylta því. Auðvitað er það svo ef af sanngirni er skoðað þá er það ekki sjálf fiskveiðistjórnunin sem vandanum veldur. Það er fyrst og fremst minnkandi afli og alveg afleit rekstrarskilyrði. Tillögur Alþb. munu þar engu um breyta, þær munu fremur auka á þann vanda sem fyrir er. Alþb. hefur með þessum tillögum tekið sér stöðu með Alþfl. og Sjálfstfl. að koma á veiðileyfagjaldi og auðlindaskatti. Þeir leggja til að innheimt verði af sjómönnum um 2.000 kr. aukaskattur af hverju veiddu tonni. Þessir flokkar vilja skattleggja þá enn frekar sem róa og draga að mestu það hráefni sem þjóðarkakan verður til af. Tillögur Alþb. og tvíhöfða

nefndarinnar eru óásættanlegar í þeirri mynd sem þær liggja nú fyrir ásamt og með þróunarsjóðnum. Það sem mestum áhyggjum veldur í sjávarútveginum og á því er því miður ekki tekið í tillögum Alþb. og ekkert að finna um slíkt í tillögum tvíhöfða nefndarinnar eru tillögur um bætt starfsskilyrði í sjávarútveginum.

Þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar fór frá völdum var hagnaður í sjávarútvegi og hafði afkoman ekki verið mjög góð í mjög langan tíma. Sjávarútvegurinn gerði þá meira en borga af lánum sínum, hann gat lagt að auki milljarða í sjóði sem núv. ráðherrar kölluðu þá aumingjasjóði. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók því við góðu búi. Hagnaði í sjávarútvegi, verðbólgustigi hliðstæðu því sem var í viðskiptalöndum okkar, og þjóðarsátt í kjaramálum. Öllu þessu og miklu fleiru hefur ríkisstjórninni tekist að klúðra og hefur hún þó aðeins starfað í rétt um tvö ár.

Eitt af fyrstu verkum ríkisstjórnarinnar var að leggja yfir milljarð í nýjum álögum á sjávarútveginn og tæma þá sjóði er greinin sjálf hafði aflað til. Núv. ríkisstjórn virðist gjörsamlega vanmáttug að fást við þessi mál. Tapið í sjávarútveginum nemur nú milljörðum kr. og fjöldi fyrirtækja í þessari undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar riðar nú til falls. Forsrh. segir hins vegar að það sé stílbrot á stefnu sinni að grípa til aðgerða, það er stílbrot á stefnu þessarar ríkisstjórnar að grípa til aðgerða.

Ríkisstjórn sem svo gjörsamlega virðist slitin úr tengslum við umhverfi sitt og þjóðlíf á vonandi aðeins eftir stutta vegferð á göngu sinni. Sú gífurlega eignatilfærsla sem blasir við vegna rangrar stjórnarstefnu er ekki þolandi. Menn verða að hafa það hugfast að samkeppnisstaða gjaldeyrisaflandi atvinnugreina verður að vera sambærileg við það sem gerist í nágranna- og samkeppnislöndum okkar. Það er grundvallarmál að menn átti sig á því.

Hugmyndum um auðlindaskatt í sjávarútvegi er hér afdráttarlaust hafnað. Sjávarútvegurinn á eins og önnur atvinnustarfsemi að hafa viðunandi rekstrargrundvöll og ber þá að sjálfsögðu að borga skatta af starfsemi sinni. Sjávarútveginn á ekki að meðhöndla á annan hátt en aðra atvinnustarfsemi í landinu.

Virðulegi forseti. Það er grundvallarmál að rekstrarumhverfið í sjávarútveginum og sá rammi sem greininni er ætlað að starfa innan sé skýr. Greinin býr nú við mikla óvissu hvað þetta varðar. Því ástandi verður tafarlaust að létta af, virðulegi forseti.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Málefni sjávarútvegsins eru hér til umræðu og ekki að ástæðulausu því nú er illa komið fyrir okkar mikilvægasta útflutningsvegi. Lífskjör þjóðarinnar byggjast að mestu leyti á góðu gengi greinarinnar því er þetta málefni þannig vaxið að það kemur öllum við. Ekki aðeins þröngum hagsmunahópum svokölluðum heldur snertir þegar upp er staðið alla Íslendinga með beinum eða óbeinum hætti. Margfeldisáhrif greinarinnar eru svo gífurlega stór þáttur í öllum viðskiptum og verslun í landinu, erfiðleika í bankakerfinu og samdrátt í framkvæmdum má oftar en ekki rekja til erfiðleika í stöðu sjávarútvegs.

Vandi sjávarútvegsins er fyrst og fremst af þrennum toga spunninn:

Í fyrsta lagi hefði þurft að draga verulega úr veiðum.

Í öðru lagi höfum við staðið frammi fyrir verðlækkunum á afurðaverði erlendis á flestum mörkuðum.

Í þriðja lagi er hér við völd ríkisstjórn sem er úrræðalaus og skortir samstöðu til átaka. Loforð eru svikin frá degi til dags með ákveðnum dagsetningum, samanber loforð hæstv. forsrh. að bæta þeim þorskbrestinn sem verst hafa orðið úti. Síðast lofaði hæstv. forsrh. að afgreiða það mál um leið og kjarasamningar yrðu afgreiddir. En eins og alþjóð veit var það ekki síst að kenna veikburða ríkisstjórn að kjarasamningar tókust ekki. En þrátt fyrir að samningar hafa ekki tekist getur vart verið að hæstv. ríkisstjórn telji sig lausa allra mála og þurfi ekki að efna loforð frá því í ágúst. Ég trúi ekki að hæstv. sjútvrh. ætli að standa aðgerðalaus gagnvart þessu máli lengur. Og ég verð að segja að mér þykir langlundargeð hans ótrúlegt. Langludnargeð þjóðarinnar er ekki með þessum hætti. Ríkisstjórnin hefur margsinnis lofað lækkandi raunvöxtum. Fátt kæmi skuldsettri atvinnugrein betur. M.a. var það ein af ástæðum þess að kjarasamningar náðust ekki að hæstv. ríkisstjórn ræður ekki við að efna loforð sín um lækkun raunvaxta. Krafist er að fyrirtæki hagræði og sameinist, sem þýðir færri fyrirtæki og færra fólk til starfa. Þegar slíkt hefur átt sér stað er svo býsnast yfir að meiri völd færist yfir á færri hendur en það er að sjálfsögðu afleiðing hagræðingarinnar.

Um stöðu atvinnugreinarinnar almennt þurfum við ekki að hafa mörg orð. Ársreikningar fyrirtækja segja allt sem segja þarf. Útkoman er ömurleg. Það er hættuástand í þjóðfélaginu. Samt segir hæstv. ríkisstjórn og sér í lagi hæstv. forsrh. að það þurfi ekkert að gera. Við höfum þegar gert nóg, segir hæstv. forsrh. Það má segja að það hafi verið lagðar nógar álögur á atvinnugreinina, einn milljarður á sl. ári og Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins var eyðilagður. Tvíhöfða nefnd hefur lagt land undir fót og kynnt tillögur sínar. Það er auðvitað virðingarvert þó það eðlilegra hefði verið að vinna þessar tillögur í samvinnu við þá sem vinna í greininni og eiga að fjalla um málið, þá á ég við sjútvn. Alþingis. En til þess hefur ríkisstjórnin ekki treyst sér vegna þess að mikið ósætti er innan ríkisstjórnarinnar um þessi málefni sem lýsti sér best í gærkvöldi þegar þingflokksfundi ríkisstjórnarflokkanna lauk en þá upplýstist að hver höndin var upp á móti annarri. Enda segir hæstv. sjútvrh. að eina leið ríkisstjórnarinnar sé að búa við algjörlega óbreytt kerfi. Og eftir að sitja á fundi sjútvn. í morgun þá skil ég hvað hæstv. ráðherra á við vegna þess að það er engin samstaða innan ríkisstjórnarinnar.

Stefna tvíhöfða nefndar boðar að sjálfsögðu fyrst og fremst að aflamarkskerfið verði fest í sessi. Það er lagt til að afnema tvöföldun á línu sem þýðir ef samþykkt yrði geysilegt atvinnuleysi í heföbundnum vertíðarplássum. En línuveiðar eru afar atvinnuskapandi auk

þess sem þær eru vistvænn veiðiskapur. Við teljum útlokað að afnema tvöföldunina hér og nú á einu bretti. Annað atriði sem ég vil minnast á er í sambandi við krókaleyfisbáta. Sú stefna var mótuð á síðasta flokksþingi Framsfl. að minnstu bátarnir veiði áfram samkvæmt endurbættu banndagakerfi með heildarhámarki. En það sem nauðsynlegt er að taka tillit til er að þeir sem hafa sína atvinnu af krókaveiðum fái að njóta þess umfram þá sem stunda frístundaveiðar. Það er ýmislegt sem Framsfl. hefur við tillögu tvíhöfða nefndar að athuga en við erum þeirra skoðunar að aflamarkskerfið með endurbótum verði fest í sessi.

Í byrjun þessa mánaðar báðu framsóknarmenn um utandagskrárumræðu um sjávarútvegsmál. Nú hafa alþýðubandalagsmenn kvatt sér hljóðs að kynna þáltill. þess efnis að sjútvn. endurskoði sjávarútvegsstefnuna. Með þáltill. fylgir greinargerð og í greinargerðinni eru drög að nýrri sjávarútvegsstefnu sem boðar sóknarstýringu og aflagjald. Þar er boðað að fyrir fullnýttar tegundri svo sem þorsk verði greitt hærra aflagjald en minna nýttar tegundir. Sóknarstýring þýðir að fiskvinnslufólk mundi aftur þurfa að búa við óstöðuga vinnu, að afli bærist ekki jafnt að landi, heldur í toppum þegar sókn er leyfð. Sóknarstýring þýðir að öflugustu og bestu skipin mundu fleyta rjómann af veiðunum og það mundi að sjálfsögðu kalla á geysilega fjárfestingu í nýjum skipum. Á ný mundi hefjast kapp um veiðarnar sem þó verða jafntakmarkaðar eftir sem áður. Markaðurinn sem við búum við er byggður upp með miklum tilkostnaði og mundi riðlast verulega. Í umræðum um sjávarútvegsmál er allt of lítið talað um mikilvægi markaðsmála. Það er eins og það sé minnsta mál að selja afurðir okkar á hámarksverði hvenær og hvar sem er en svo er ekki.

Ef aftur yrði tekið upp sóknarmark þannig að sókn lægi niðri vikum saman yrði ekki lengur samið eins og gert er í dag um sölu ákveðinna fisktegunda frá mánuði til mánaðar og sú stóriðja sem fiskvinnslan er yrði háð allt öðrum lögmálum sem er ekki vinnsluaðferð framtíðar heldur fortíðar. Enda hafa alþýðubandalagsmenn ekki treyst sér til að leggja þetta frv. fram öðruvísi en sem fylgiskjal við þáltill.

Virðulegi forseti. Ég sagði í upphafi að hagsmunir Íslendinga allra væru undir því komnir að vel væri á málum haldið. Þau orð vil ég endurtaka. Og í þeirri umræðu verður að ganga út frá heildarhagsmunum þjóðarinnar og taka mið af öllum þáttum sem tengjast sjávarútvegi. Og satt að segja, þrátt fyrir mikla og ítarlega umræðu, hefur ekki verið bent á betri lausn en bætt aflamarkskerfi, alla vega ekki enn þá.

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu tillaga Alþb. um sjávarútvegsstefnu sem fjallar um að fela sjútvn. Alþingis að endurskoða lög um stjórn fiskveiða. Nýlega fór fram hér á hinu háa Alþingi umræða um þáltill. nokkurra alþýðubandalagsmanna um smábátaveiðar. Það er nokkuð sérkennilegt að Alþb. skyldi ekki renna þessum tillögum saman í eina. Ef til vill er samstaðan í Alþb. um málefni sjávarútvegsins ekki eins mikil og menn þar á bæ vilja vera láta. Í greinargerð með tillögunni um sjávarútvegsstefnu segir m.a., með leyfi forseta:

„Í Alþb. hafa þau sjónarmið verið ríkjandi að víðtæk samstaða þurfi að vera um endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða. Það urðu alþýðubandalagsmönnum þess vegna mikil vonbrigði að ríkisstjórnin skyldi hrifsa málið til sín með þeim hætti sem raun ber vitni. Alþb. hefur með margþættu starfi í stofnunum flokksins undirbúið þátttöku í mótun nýrrar fiskveiðistefnu."

Ég held að öllum þeim sem okkar ágæta land byggja sé mikið í mun að víðtæk samstaða náist um stjórnun fiskveiða. Það er ekkert sérmál Alþb. Hitt er svo annað mál að á undanförnum árum hefur auðurinn sem fólginn hefur verið í hafinu umhverfis landið þorrið og því reynist æ erfiðara að ná víðtækum sáttum um stjórnun fiskveiða. Það eru engin ný sannindi að eftir því sem minna er til skiptanna verður erfiðara að rata hinn gullna meðalveg. Það hlýtur auðvitað að vera okkur öllum áhyggjuefni að þrátt fyrir miklar væntingar um aukinn vöxt og viðgang fiskstofna þegar lög um stjórnun fiskveiða voru upphaflega sett, hafa þær væntingar ekki gengið eftir. Það er alvarlegt umhugsunarefni að á undanförnum 16 árum höfum við farið að meðaltali rúmlega 60 þús. tonn umfram tillögur Hafrannsóknastofnunar sem eru 22% að jafnaði.

Alþb. talar um vonbrigði vegna þess að ríkisstjórnin hafi hrifsað til sín endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Það er nokkuð sérstakt svo ekki sé meira sagt að tala um að ríkisstjórn hrifsi til sín verkefni sem hún er skyldug að láta vinna samkvæmt lögum. Það er augljóslega á verksviði sjútvrh. að standa fyrir endurskoðun laganna og hlýtur að vera óumdeilt. Það verk hefur hins vegar tekið lengri tíma en æskilegt hefði verið. Aftur á móti liggja nú fyrir tillögur og hugmyndir nefndar í þeim efnum og ekki veit ég betur en að samráð hafi verið haft við þá sem lög bjóða. Það má aftur á móti stöðugt um það deila hvort nægjanlegt samráð sé haft um einstök efni og sýnist eflaust sitt hverjum þar um. Alþb. gumar að margþættu starfi í stofnunum flokksins að mótun nýrrar sjávarútvegsstefnu. Ekki dreg ég í efa að svo hafi verið enda lítt kunnugur stofnunum þess flokks. Hins vegar leyfi ég mér að efast um að víðtæk samstaða sé í Alþb. um hvernig lög um stjórnun fiskveiða skuli hljóða. Ég efast fyrst og fremst um samstöðuna í Alþb. um þessi mál vegna þess að með tillögunni um stjórnun fiskveiða birtist fskj. sem eru drög að frv. til laga um sama efni sem samið er af hv. þm. Jóhanni Ársælssyni. Það er alla vega nokkuð sérstætt að Alþb. skuli ekki leggja fram frv. til laga um þessi efni ef samstaðan er slík sem gefið er til kynna.

Ég ætla ekki að fjölyrða um frumvarpsdrög Jóhanns Ársælssonar en ég hlýt þó að vekja athygli á hugmyndum um aflagjald sem ég hygg að sé nýmæli hjá Alþb. og vissulega fagnaðarefni að menn á þeim bæ hafi gert sér grein fyrir því grundvallaratriði að ef takmarka á aðgang að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar hljóti gjald að koma fyrir sem falli þjóðarheildinni í skaut. Útfærsla Alþb. á aflagjaldinu er þó væg-

ast sagt vafasöm eins og hæstv. sjútvrh. benti á hér á undan. Aflagjaldi sem varið er til greiðslu skuldbindinga hinna ýmsu sjóða sjávarútvegsins eins og ráð er fyrir gert varðandi þróunarsjóðinn falla að sjálfsögðu í hlut þjóðarheildarinnar því ella kæmi það í hlut skattgreiðenda að standa skil á þeim skuldbindingum.

Virðulegi forseti. Endurskoðun laga um stjórn fiskveiða stendur yfir um þessar mundir og ekki farið fram hjá neinum enda stærsta sameiginlega hagsmunamál þjóðarinnar. Tvíhöfða nefndin svonefnda hefur skilað yfirgripsmikilli og vandaðri skýrslu um málefni sjávarútvegs og tillögum um stjórnun fiskveiða. Það verður að segjast eins og er að skýrsla tvíhöfða nefndarinnar er afar aðgengileg og full af fróðleik svo til fyrirmyndar er. Tillögurnar sem fylgja eru hins vegar umdeildar enda vandséð hvernig gera á tillögur um nýtingu hinnar takmörkuðu auðlindar þannig að víðtæk samstaða náist.

Ég mun ekki hér og nú fara yfir einstakar tillögur nefndarinnar heldur staldra fyrst og fremst við smábáta og krókaveiðar.

Eins og fram hefur komið í fréttum og hér við umræðurnar hefur sjútvrh. nefnt annan kost varðandi smábátana en þann sem er að finna í tvíhöfða tillögunum. Þar er horfið frá því að úthluta aflakvóta til einstakra krókabáta en heildaraflamark sett á krókabátana. Heildarkvóti bátanna yrði þá 14.000 þorskígildislestir og fiskveiðiárinu skipt í þrjú tímabil, veiðibann yrði í desember og janúar.

Ég verð að segja eins og er, virðulegi forseti, að þessar hugmyndir falla mér lítt í geð. Ég óttast mjög að sóknin í upphafi hvers tímabils yrði geigvænleg og kapphlaupið um lífsbjörgina yrði slíkt að stórhætta kynni að stafa af. Það er ófært að setja fram tillögur um stjórnun fiskveiða sem ýti undir og hvetji til sjósóknar þegar veður kunna að vera válynd og skilyrði slæm. Slíkum hugmyndum hljóta menn að hafna.

Ég tel óþarft að fara yfir tillögur tvíhöfða nefndarinnar um krókabátana. Þær eru öllum kunnar. Með þeim tillögum er verið að festa aflamarkskerfið við allar veiðar. Ég viðurkenni fúslega að ég eins og margir á erfitt með að sætta mig við aflamarkskerfið í heild. Aflamarkskerfið heftir sjálfsákvörðunarrétt og athafnasemi. Það skal þó viðurkennt að ég get ekki fremur en flestir aðrir bent á aðra heppilegri lausn við heildarstjórnun fiskveiða. Ég tel þó afar misráðið að binda aflamarkskerfið við smábáta og tel að eigi að undanskilja þá og fara að hugmyndum fiskiþings og taka um sóknarstýringu varðandi krókabátana. Ég er sannfærður um að mestur friður mun ríkja um slíkar tillögur meðal þjóðarinnar og mestir möguleikar til að ná samkomulagi hér á hinu háa Alþingi um tillögur í þeim dúr.

Virðulegi forseti. Á stundum er lítið gert úr svonefndum byggðasjónarmiðum og skemmst að minnast orða sem fallið hafa nýlega um að bankakerfið eigi ekki að vera eins konar byggðastofnun og fleira í þeim dúr. Ég get vissulega tekið undir að bankakerfið eigi fyrst og fremst að beita faglegum rökum við ákvarðanatöku en ekki einhverjum öðrum. Ég óttast hins vegar stórlega að ýmis byggðarlög muni lenda í miklum vanda ef aflamarkskerfið á smábáta verður tekið upp. Fólk mun gefast upp á búsetu og hverfa á braut. Á undanförnum árum höfum við varið stórum fjárfúlgum úr opinberum sjóðum til að treysta byggð víða um land. Víst er að margt misviturlegt hefur verið gert hvað það varðar. Um þessar mundir höfum við hins vegar tækifæri til að renna stoðum undir og styrkja byggð víða um land með því að staðfesta sóknarstýringu á smábáta. Slík ákvörðun kallar ekki á bein fjárútlát úr opinberum sjóðum, þvert á móti mun aflamarkskerfi á smábáta ef af verður, verða til þess að verðmæti munu glatast. Íbúðarhúsnæði mun verða yfirgefið, skólar og ýmsar þjónustustofnanir munu standa eftir ónotaðar. Síðan kemur auðvitað að því að byggja þarf yfir þá sem á brott hverfa og þá væntanlega á helstu þéttbýlisstöðum landsins og bankakerfið og opinberir aðilar þurfa að koma til sögunnar. Þá er vandamálið e.t.v. ekki byggðamál, eða hvað?

Það væri undarlegt ef okkur tækist ekki á hinu háa Alþingi og meðal þjóðarinnar að ná sameiginlegri lausn hvað varðar málefni smábáta og þeirra sem hafa beint og óbeint atvinnu af slíkri útgerð. Lausn sem yrði útlátaminnsta aðgerð sem hugsast getur í byggðamálum. Er það e.t.v. svo að menn eru ekki tilbúnir til að viðhalda og styrkja byggð í landinu nema til fjárútláta þurfi að koma?

Virðulegi forseti. Mörg fleiri rök hníga í þá veru að staðfest verði sóknarstýring á smábáta. Tími minn leyfir hins vegar ekki að ég fari mörgum orðum þar um. Vert er þó að geta þess að veiðar með krókum eru vistvænar ef svo má að orði komast. Aflinn sem smábátar bera að landi er unninn að mestu á heimaslóð en ekki fluttur lítt eða óunninn úr landi. Þess er og að vænta að með tilkomu EES muni fullvinnsla aflans aukast um land allt frá því sem nú er.

Mér er ljóst að við þá endurskoðun laga um stjórn fiskveiða sem nú stendur yfir er ekki hlaupið að því að ná víðtækri samstöðu. Helsti ágreiningurinn varðar krókabáta. Það er ljóst að um málamiðlun verður að ræða.

Ég vil að lokum ítreka að ég tel sóknarstýringuna á smábáta farsælustu lausnina til samstöðu í þessum efnum.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Það er hlálegt svo ekki sé meira sagt að það skuli vera Alþb. sem hér óskar eftir umræðu um mótun nýrrar sjávarútvegsstefnu. Staðreyndin er nefnilega sú að á Íslandi er aðeins einn flokkur sem ekki hefur náð saman um stefnu í sjávarútvegsmálum og hann heitir Alþýðubandalagið. Það eru ekki mörg missiri síðan Alþb. hélt miðstjórnarfund á Akureyri sem fjallaði fyrst og fremst um stefnu hans í sjávarútvegsmálum. Á þeim fundi samþykkti flokkurinn stuðning við kvótakerfið og kvótaleigu enda lýsti formaður flokksins niðurstöðunni sem sögulegri. Í þau fáu skipti sem formaður flokksins hefur síðan tjáð sig um sjávarútvegsmál hefur það komið glögglega fram að hann er síður en svo fráhverfur veiðigjaldi og vildi

meira að segja gera tilraunir með að bjóða aflaheimildir upp á opnum markaði. Þetta liggur fyrir í viðtölum bæði í Þjóðviljanum sáluga og í tímaritum. Varaformaður Alþb. er þveröfugrar skoðunar eins og í utanríkismálum og veit ekkert verra en veiðigjald. Hv. þm. Jóhann Ársælsson, helsti sérfræðingur flokksins í sjávarútvegsmálunum, er hins vegar fylgjandi aflagjaldi og kvótastefnan sem reifuð var á Akureyrarfundinum sællar minningar breyttist svo í andstöðu sína fyrir síðustu kosningar þegar ekki var hægt að skilja Alþb. öðruvísi en svo að nú væri það fylgjandi sóknarmarki. Í dag veit enginn og allra síst flokkurinn sjálfur hvaða stefna raunverulega hefur yfirhöndina í Alþb. í þessum efnum. Ég verð því að segja það, virðulegi forseti, að ég hef ríka samúð með viðhorfi hv. þm. Jóhanns Ársælssonar sem kom fram í viðtali Morgunblaðsins við hann á landsfundi Alþb. þegar hann sagði um sjávarútvegsstefnu flokksins: Ja, hún er bara grín. Það hefur ekkert breyst síðan.

Virðulegi forseti. Sl. 10 ár hefur staðan í sjávarútvegi ekki verið jafnslæm og nú. Einungis örfá fyrirtæki sýna hagnað meðan tap hinna nemur háum upphæðum. Í heild er greinin rekin með 8–9% halla af tekjum. Tapið á botnfiskveiðunum er yfir 5% og af botnfiskvinnslunni hallar tapið í 7%. Þess misskilnings gætir stundum, ekki síst hjá stjórnarandstöðunni, að þau umskipti sem orðið hafa á högum greinarinnar eigi rætur að rekja til stefnu núv. ríkisstjórnar, ekki síst í vaxta- og gengismálum. Þetta eru hins vegar fráleitar fullyrðingar og séu þær hleypidómalaust brotnar til mergjar verður niðurstaðan allt önnur. Áður en ríkisstjórnin breytti genginu í nóvember var raungengi talsvert lægra en 1987 og verulega lægra en 1988. Síðan hefur ríkisstjórnin lækkað gengið til mikilla hagsbóta fyrir sjávarútveginn og það má minna á að það var Alþb. sem fjandskapaðist einna mest út í gengisbreytinguna og formaður þess taldi hana byggða á röngum forsendum. En ég spyr: Hvernig ætli staða sjávarútvegsins væri í dag ef þessi breyting hefði ekki komið til?

Sama máli gegnir um vaxtastefnuna. Um 65% af skuldum sjávarútvegsins eru gengistryggðar skuldir. Síðustu árin hafa raunvextir af þeim lækkað og menn telja að á þessu ári muni þeir enn lækka um 1% í viðbót. Ef vextir innan lands lækka svipað á sama tíma þá leiðir það eitt til þess að afkoma sjávarútvegsins mun batna um 1,5% af tekjum. Eins og menn vita þá hefur ríkisstjórninni einmitt tekist með skynsamlegri fjármálastjórn að skapa aðstæður sem gera vaxtalækkanir mögulegar. Við þetta má svo bæta að ríkisstjórnin létti verulega undir með greininni á síðasta ári þegar hún felldi niður mikla skatta af sjávarútvegi.

Þetta sýnir svo ekki verður um villst að ríkisstjórnin verður ekki sökuð um að hafa hagað stefnu sinni í skatta-, vaxta- og gengismálum með þeim hætti að það eigi einhvern þátt í erfiðleikum greinarinnar. Og þegar menn vilja móta nýja sjávarútvegsstefnu þá verða þeir að skilja af hvaða rótum vandinn er runninn. Hann er þríþættur. Í fyrsta lagi hefur aflinn minnkað mjög verulega síðustu árin og það má taka það sem dæmi um þessi áhrif ef litið er til botnfiskveiðanna. Einungis aflaminnkunin sem hefur orðið síðan 1989 hefur rýrt afkomu þeirra um hvorki meira né minna en 8–9%. Þetta þýðir einfaldlega að væru Íslendingar í dag að veiða sama aflamagn og árið 1989 þá væri dágóður hagnaður af botnfiskveiðum.

Í öðru lagi hefur fiskverð á mörkuðum okkar farið mjög lækkandi. Í þriðja lagi stafar svo vandi greinarinnar af óhóflegum skuldaklyfjum sem offjárfesting síðasta áratugar á stóran þátt í. Þessi offjárfesting birtist í því að það eru of mörg skip að sækja of lítinn afla, of margar vinnslustöðvar að vinna allt of lítinn afla. Kostnaðurinn við að sækja og vinna hráefnið hefur því smám saman aukist og framleiðnin til að greiða afborganir og vexti hefur minnkað að sama skapi.

Helsta verkefni ríkisstjórnarinnar í dag hlýtur að vera að breyta þessu umhverfi. Það hlýtur að vera forgangsverkefni hennar með mótun nýrrar sjávarútvegsstefnu og það er einmitt fróðlegt að koma hér að því að ríkisstjórnin hefur orðið ásátt um stofnun þróunarsjóðs sjávarútvegsins sem ég tel eitt merkasta nýmælið í sjávarútvegi um áratuga skeið. Þróunarsjóðurinn heggur einmitt að rótum þess vanda sem felst í of stórum flota og of mörgum vinnslustöðum. Með honum á að stuðla að aukinni arðsemi í greininni með því að fækka einingum. Í því skyni á þróunarsjóðurinn að kaupa tiltölulega hratt upp fiskvinnslustöðvar og framleiðslutæki og jafnframt að greiða styrki til úreldingar fiskiskipa. Með þróunarsjóðnum eru úreldingarstyrkirnir hækkaðir um helming og væntanlega hraðar það talsvert minnkun flotans. En jafnfram verður hinum nýja sjóði heimilað að vinna með lánastofnunum að endurskipulagningu fyrirtækja í því skyni að auka hagræði í greininni.

Virðulegi forseti. Hér er um afar merka nýjung að ræða í íslenskum sjávarútvegi. Ég tel að ef rétt er á málum haldið þá geti hún skipt sköpum fyrir greinina í þeirri erfiðu stöðu sem hún er í núna. Tekjur þróunarsjóðsins eiga að verulegu leyti að koma frá sérstöku gjaldi sem lagt verður á úthlutaðar veiðiheimildir. Þetta þróunargjald er lágt. Mun lægra en þær hugmyndir um aflagjald sem heyrst hafa úr herbúðum Alþb. og gjaldið á heldur ekki að koma til framkvæmda fyrr en á árinu 1996 þegar spáð er auknum þorskafla. Þá á jafnframt að verða lokið kaupum sjóðsins á vinnslustöðvum og tækjum í landi og verulegri hagræðingu þar með komið í kring. Þróunargjaldið tengist þannig vonum um bætta afkomu í greininni.

Virðulegi forseti. Íslendingar hafa á síðustu missirum haslað sér í vaxandi mæli völl í sjávarútvegi erlendra þjóða. Sú virðing sem íslenskur sjávarútvegur nýtur alþjóðlega hefur gert það að verkum að í síauknum mæli er sóst eftir þátttöku okkar í verkefnum ytra. Fjárhagslegt bolmagn greinarinnar er hins vegar svo veikt að það er erfitt fyrir Íslendinga að notfæra sér tækifæri erlendis og þess vegna fagna ég því sérstaklega að með þróunarsjóðnum verður heimilt að stuðla að þátttöku íslenskra aðila í sjávarútvegsverkefnum erlendis með því að veita styrki, lán og ábyrgðir til verkefna. Ég tel hins vegar, virðulegi forseti, að það eigi að

ganga lengra í þessum efnum. Vonarbjarminn í íslenskum sjávarútvegi liggur ekki síst í þeirri staðreynd að við eigum enn þá fjölda ónýttra fiskstofna við landið en það er kostnaðarsamt að hefja tilraunaveiðar á nýjum tegundum. Það þarf að kanna miðin og finna réttar aðferðir til veiðanna.

Árið 1989 byrjuðu Íslendingar tilraunaveiðar á úthafskarfa. Þær gengu ekki vel í byrjun, það þurfti tíma, peninga, tæki, til að finna réttu leiðirnar. En það tókst. Það tókst ekki síst vegna þess að hið opinbera veitti liðsinni sitt í upphafi. Í dag ganga veiðar á úthafskarfa vel. Aflinn nemur tugum þúsunda tonna og fer vaxandi. Veiðarnar skila hagnaði og skapa umtalsverða atvinnu. Ég tel því mjög brýnt að í þróunarsjóðinn verði bætt ákvæði sem heimili honum að styðja við bakið á þeim sem hyggja á tilraunaveiðar á nýjum tegundum. Auk úthafskarfa nefni ég djúpkarfa, blálöngu, tvær tegundir langhala, gulllax, búra, nokkrar tegundir háfiska — ég sleppi því að nefna álsnípuna — og svo mætti raunar lengi telja. Það verður að veita þróunarsjóðnum heimild til að styðja við tilraunaveiðar á þessum tegundum. Í þeim, ekki síst, liggur framtíðin.

Virðulegi forseti. Það hefur komið skýrt fram í fjölmiðlum að hæstv. sjútvrh. er efins um hvort tímabært sé að koma fram með þau frv. sem nú liggja fyrir um nýja sjávarútvegsstefnu og hann hefur sérstaklega nefnt andstöðu formanns þingflokks Alþfl. við þann þátt sem lýtur að smábátum. Ég vil að því tilefni segja þetta: Í meginatriðum ríkir bærileg sátt innan stjórnarflokkanna um langstærstu atriðin, þróunarsjóðinn, aflamarkið og að aflaheimildir skuli vera framseljanlegar. Ég eins og fleiri tel að vísu nauðsynlegt að löggjafinn sjái til þess að með engu móti verði hægt að misnota framsal aflaheimilda til að skerða kjör sjómanna og ég á von á að það verði gert. En um meginatriðin er sátt. Einstakir þingmenn hafa hins vegar gert fyrirvara við þann þátt sem lýtur að smábátum og slíka fyrirvara er ekki einvörðungu að finna hjá mér og ekki heldur aðeins innan Alþfl. Ég vil ekki liggja á þeirri skoðun minni að ég tel að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að hlúa að smábátaútgerð og það kemur raunar mjög skýrt fram í samþykkt síðasta flokksþings Alþfl. Ég og aðrir sem erum sömu skoðunar innan míns flokks höfum hins vegar lýst því yfir að við erum reiðubúin til að reyna að finna ásættanlega málamiðlun þannig að yfirlýsingar góðra manna í fjölmiðlum um skyndilegt andlát þessara tillagna af þessum sökum eru afskaplega ótímabærar, virðulegi forseti, svo ekki sé meira sagt.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. Það er mikil umræða um sjávarútvegsmál í landinu þessa dagana. Raunar er það ekki nýtt. Íslendingar lifa á fiskveiðum og sjávarfangi svo sem kunnugt er og þrátt fyrir tilburði í þá átt að draga úr mikilvægi veiða og vinnslu sjávarafurða í atvinnulífi landsmanna og auka í þess stað aðrar atvinnugreinar á útflutningur sjávarafurða enn stærsta hlutdeild í tekjuöflun okkar erlendis.

Það er staðreynd sem við stöndum frammi fyrir að fast að 80% af útflutningstekjum okkar koma úr sjávarútvegi. Það er því ekki að undra að þau mál séu rædd vítt og breitt um þjóðfélagið. Þegar við þetta bætist að þorskaflinn sem stendur undir 50% af útflutningsverðmætunum hefur dregist mjög saman á undanförnum árum og ekki annað séð en að svo verði a.m.k. þrjú til fjögur næstu árin ef marka má tillögur Hafrannsóknarstofnunar, þá er það einnig nærtæk skýring á þeirri miklu umræðu sem á sér stað.

Í öðru lagi er það svo skýrsla tvíhöfða nefndar sem veldur umræðunni. Höfundar hennar þeytast nú um landið og kynna skýrsluna á flestum þéttbýlisstöðum landsins. Þeirri skýrslu er ætlað að vera stefnumótandi í stjórnun fiskveiða á næstu árum og er árangur af starfi þeirrar nefndar sem ríkisstjórnin skipaði til að endurskoða fiskveiðistefnu. Það hefur verið gagnrýnt mjög hvernig staðið var að skipun þeirrar nefndar. Stjórnarflokkarnir áttu einir aðild að henni og nefndin hefur ekki haft lögboðið samráð í starfi sínu við sjútvn. þingsins né hagsmunaaðila.

Í þriðja lagi og jafnvel fyrst og fremst er það ástandið í þjóðfélaginu í dag sem kallar á umræðu um málið. Sjávarútvegurinn er rekinn með allt að 10% tapi þó að nokkuð sé misjafnt milli fyrirtækja. Skuldastaðan er erfið og fullyrt að skuldirnar séu yfir 100 milljarðar kr. eða um það bil sem nemur eins árs fjárlögum hins íslenska ríkis. Það er því nauðsyn á úrræðum, bæði skammtímaúrræðum og langtímalausnum. Við skulum jafnframt gera okkur grein fyrir því að staða sjávarútvegsins ræður mestu um stöðu þjóðarbúsins. Því miður eru það enn þá margir í þessu þjóðfélagi sem ekki skilja samhengið þarna á milli. Þeir eru enn þá margir sem halda að við getum lifað af því að selja hvert öðru vöru eða þjónustu. Það er mikill misskilningur. Á frumvinnslunni á auðlindum okkar til lands og sjávar byggjast aðrar atvinnugreinar og þar þróast þjónustan sem viðbót. En þjónustustörfin verða ekki til af sjálfu sér ef ekki er hægt að selja framleiðslu af einhverju tagi. Nú hefur landsframleiðslan stöðugt verið að dragast saman frá 1987 að stöðnunin byrjaði og síðustu tvö til þrjú árin hefur svo atvinnuleysið verið að aukast og er nú mælt um 5% að meðaltali og þó meira meðal kvenna. En hafa menn tekið eftir því hvernig þróunin hefur verið? Atvinnuleysið byrjaði á landsbyggðinni þar sem frumvinnslan hefur mest vægi, þar sem það kom fyrst fram með minnkandi afla og þar af leiðandi minni vinnu.

Samdráttur í landbúnaði hefur líka haft mikil áhrif en það ætla ég ekki að fjalla um nú. Síðan færðist atvinnuleysið yfir á þjónustugreinarnar sem lifa af að þjónusta frumvinnsluna og yfir á verslunina sem selur því meira sem fleiri fiskar veiðast. Ég tek það auðvitað fram að ég er hér að einfalda þetta ferli til þess að þeir sem á hlusta skilji betur hve alvarlegt málið er.

Upp á síðkastið hefur atvinnuleysið aukist mest á höfuðborgarsvæðinu, vegna þess að þar hefur þjónustan meira vægi, en hefur dregið úr því á landsbyggðinni, þannig er þetta samspil í raun. En við skulum samt gera okkur grein fyrir því að atvinnuleysið mun

halda áfram að aukast um allt land ekki hvað síst ef við skoðum þá stöðu sem öll sjávarútvegsfyrirtæki eru í nú. Stöndugustu fyrirtæki landsins eru rekin með tapi. Í byrjun mars voru talin upp í einu dagblaðanna um 20 sjávarútvegsfyrritæki sem stæðu vel rekstrarlega séð í byrjun mars. Nú eru sem óðast að koma fram ársreikningar þessara fyrirtækja og allir með meira eða minna tapi. Venjulega fylgir sú skýring með að þetta séu tölur gærdagsins því nú sé staðan miklu verri. Hvað ætla stjórnvöld að gera? Ætla þau að láta gjaldþrotaleiðina halda áfram með öllum sínum sársaukafullu afleiðingum, því gjaldþrot heimila og gjaldþrot sveitarfélaga fylgja í kjölfarið. Eða lifa þau í lituðu glerhúsi og sjá ekki út? Ég fullyrði að það glerhús brotnar fyrr en varir ef ekkert verður að gert.

En hvers vegna hefur sjávarútvegurinn alltaf verið að tapa? spyrja nú þreyttir landsmenn. Af hverju stendur greinin ekki undir sjálfri sér? Getur hún ekki selt vöruna fyrir því sem kostar að framleiða hana? Það er einmitt kjarni málsins og hefur alltaf verið. Sjávarútvegurinn hefur ekki fengið að verðleggja vöruna sjálfur eins og þjónustugreinarnar gera hér innanlands. Sjávarútvegurinn er háður erlendum gjaldmiðlum og því hvernig íslenska gengið er skráð. Þær sveiflur sem þar verða koma niður á tekjunum og því til viðbótar eru skuldir sjávarútvegsins í erlendri mynt orðnar mjög miklar. Allar breytingar á gjaldmiðli koma því einnig fram í skuldastöðunni. Sjávarútvegurinn er kominn í alvarlega klemmu og það er ekki lengur hægt að bjarga sér fyrir horn með því að fella gengi eins og gert hefur verið til að auka tekjur sjávarútvegsins. Ef það væri gert mundu skuldirnar hækka í sama hlutfalli. Það er í dag vandamálið við að fella gengið til að koma til móts við þær sveiflur og lækkun sem orðið hefur á erlendum mörkuðum síðustu mánuði. Og þá er nærtækt að spyrja, ef ekki er hægt að auka tekjurnar á þennan hátt er þá hægt að draga úr kostnaði, hvernig væri það gert? Hverjir eru kostnaðarliðirnir? Það er m.a. launakostnaður, vaxtakostnaður, orkukostnaður og annar rekstrarkostnaður. Samanlagt fer þessi kostnaður nú, svo við einföldum hlutina, 10% fram yfir tekjurnar. Því atvinnugreinin er rekin með um 10% tapi eins og ég sagði áðan eða stefnir í það.

Verslun og þjónusta hefur getað blómstrað á kostnað sjávarútvegsins á undanförnum árum vegna þess að þar hafa menn verðlagt söluvöru sína eftir því sem hún kostaði í innkaupum og hafa fengið ódýran gjaldeyri til að kaupa hana fyrir.

Allt frá árinu 1984 hafa verið í gildi lög um fiskveiðistjórnun, þ.e. svokölluð kvótalög. Mikið hefur verið deilt um framkvæmd þeirra og ber þar hæst þá ákvörðun að úthluta veiðiheimildum til skipa. Þá hefur sala veiðiheimilda milli útgerðaraðila einnig sætt vaxandi gagnrýni sem stutt er þeim rökum að hér sé um sameign þjóðarinnar að ræða samkvæmt lögum og því óeðlilegt að það myndi seljanlegan eignarrétt milli manna og það aðeins þeirra útgerðaraðila sem áunnu sér aflareynslu á tilteknu tímabili. Hvorki sjómennirnir sem unnu við að afla þeirrar veiðireynslu né fiskverkafólkið sem vann úr aflanum og gerði hann að verðmætri vöru fékk neina hlutdeild í þessari útdeilingu. Hins vegar geta bæði sjómenn og fiskverkafólkið horft upp á það að skipin með kvótanum eru seld út byggðarlaginu. Fólkið stendur eftir með atvinnuleysið sem fylgir í kjölfarið þegar rétturinn sem fylgt hefur búsetu árum saman er tekinn af því. Fiskveiðiheimildirnar verða að fylgja byggðarlögunum þar sem þær hafa orðið til. Þar hafa fiskveiðar og vinnsla þróast með árunum vegna nálægðar við gjöful fiskimið. Þar hefur fólkið byggt sér hús og sveitarfélögin komið upp margháttaðri þjónustu. Þar hafa sprottið upp fyrirtæki sem þjóna fólkinu og framleiðslufyrirtækjunum. Ef sama fyrirkomulag verður á fiskveiðistjórnuninni og verið hefur þá sjáum við fram á uggvænlega þróun. Íbúarnir verða að flytja nauðugir viljugir og skilja eftir sig allt sitt lífsstarf. Verði það raunin þá glatar þjóðarbúið líka óhemju verðmætum í þeim eignum sem ekki nýtast lengur. Jafnframt verður þá að byggja upp á öðrum stað og slíkt getur ekki verið þjóðhagslega hagkvæmt. Það er ekki nóg að horfa á eina tölu í dæminu að rekstur fyrirtækja verði að vera fjárhagslega hagkvæmur og til þess skuli öllu fórnað. Vissulega eigum við að stefna að því að sjávarútvegurinn geti staðið undir sér og þar með undir allri neyslunni en til þess hefur hann ekki ævinlega skilyrði og þar ráða ytri aðstæður oft miklu. Það er ekki hægt að afgreiða málið með því að hér sé bara um illa rekin fyrirtæki að ræða, skussa sem eigi ekki rétt á sér, svo einfalt er málið ekki.

Ég ætla að taka hér dæmi um þrjú fyrirtæki. Tvö í góðum rekstri en eitt að verða gjaldþrota. Til að forða því keyptu tvö betri fyrirtækin togara af því þriðja. Auðvitað með kvótanum. Kvótanum skyldi jafnað á hin fyrirtækin tvö og þeirra skip og togari þess sem var að verða gjaldþrota seldur án kvóta. Með öðrum orðum tekinn úr rekstri. Er þetta ekki hagræðingin? Fækka skipum í rekstri og auka aflaheimildir hinna? Vissulega, en hvað skeði? Við úthlutun á kvóta næsta fiskveiðiárs var kvóti fyrirtækjanna tveggja skertur sem nam nálægt þeim kvóta sem þau keyptu af gjaldþrota togaranum. Þau höfðu sem sagt ekkert upp úr kaupunum nema að borga fyrir fisk sem þau fengu svo ekki að veiða. Fyrirtækin tvö þurfa að sjálfsögðu að standa skil á kaupverði kvótans á næstu árum þó þau megi ekki veiða upp í hann. Þau hafa bætt við kostnað fyrirtækjanna en fá engar tekjur á móti. Þessi fyrirtæki unnu alveg nákvæmlega eftir kerfinu en það skapaði bara enga hagræðingu.

Framkvæmd þeirrar fiskveiðistefnu sem nú er í gildi hefur ekki fært okkur ávinning, hvorki í uppbyggingu fiskstofna, minnkun fiskiskipaflotans og þar með minni fjárfestingu né haldið uppi atvinnu um landið. Hverju hefur þá stefnan skilað? Hún hefur skilað því að verslað er með óveiddan fisk í sjó, að kvótinn er sífellt að færast á færri hendur, að hagsmunir fiskverkafólks eru fyrir borð bornir, að nú er stefnt að því að afnema krókaleyfi og banna línutvöföldun.

Núgildandi lög um stjórnun fiskveiða eru frá árinu 1990. Þau átti að endurskoða fyrir árslok 1992. Við höfum þegar heyrt hvernig að því máli hefur verið

staðið. Hvað úr þeim tillögum verður sem tvíhöfða nefndin er nú að kynna er ekki vitað á þessari stundu. Ljóst er að mikil andstaða er í báðum stjórnarflokkum meðal einstakra þingmanna við þeim tillögum en það er spurning hversu mikils þeir mega sín. Þá má ljóst vera að Framsfl. gælir við að styðja tillöguna um óbreytt kvótakerfi því það er þeirra afkvæmi.

Fyrrv. sjútvrh. og varaformaður Framsfl. var helsti forsvarsmaður þess kerfis og er ekki þekktur að því að skoða málin í nýju ljósi. Það getur því vel verið að þeim stjórnarliðum sem ekki styðja tillögur tvíhöfða verði leyft að sprikla svolítið og málið náist fram með stuðningi framsóknarmanna. Ég tel að tillögurnar um óbreytt kvótakerfi og kvóta á smábáta sýni uppgjöf. Stjórnarliðar hafa gefist upp á að deila við LÍÚ eða leita nýrra lausna. Þá eru þær tillögur þeirra að afnema krókaleyfið og línutvöföldunina til þess fallnar að valda enn meiri byggðaröskun en kerfið hefur þegar valdið. Ég vænti þess þó að svo mikil andstaða sé við það að afnema krókaleyfið eins og raunar hefur komið fram í umræðum hér að þær tillögur nái ekki fram að ganga.

Sú þáltill. sem hér er á dagskrá er til að reyna að forðast slys og byggist á því að víðtæk samstaða þurfi að nást um sjávarútvegsstefnu sem gerist m.a. með því að fela sjútvn. þingsins að endurskoða lögin frá 1990 um stjórn fiskveiða og móta þá heildstæða sjávarútvegsstefnu. Undir það sjónarmið skal tekið.

Fylgiskjal með tillögunni eru drög að frv. unnið af Jóhanni Ársælssyni o.fl. Í athugasemdum með frv. eru tilgrein fimm meginmarkmið. Og þau eru, með leyfi forseta:

1. Að tryggja til frambúðar óumdeilanlegan eignarrétt og fullan ráðstöfunarrétt þjóðarinnar á auðlindum íslenska hafsvæðisins.

2. Að við stjórn á nýtingu auðlinda sjávar verði gætt réttlætis gagnvart byggðarlögum, sjómönnum, fiskvinnslufólki og útgerðaraðilum.

3. Að með stjórnkerfi fiskveiðanna verði stuðlað að bættri meðferð afla, verndun smáfisks og að því að verja lífríkið í sjónum fyrir óheppilegum áhrifum veiðarfæra og veiðiaðferða.

4. Að í stjórnkerfinu verði fólginn hvati til nýsköpunar og hagræðingar í greininni og tryggðir eðlilegir möguleikar á aðgangi nýrra aðila að atvinnurekstri í sjávarútvegi.

5. Að rannsóknir á sviði sjávarútvegs verði stórefldar til að mögulegt verði að ná þeim markmiðum sem nauðsynlegt er að setja til að tryggja hámarksafrakstur af þessari sameiginlegu auðlind þjóðarinnar.

Ég tel að þetta séu farsæl meginmarkmið enda eru þau mjög í takt við stefnu Kvennalistans í sjávarútvegsmálum. Ég er hins vegar ekki sammála í öllum atriðum þeim leiðum sem eru valdar til að ná markmiðunum og hef þá fyrst og fremst efasemdir um að sóknarmark eitt og sér geti skilað þeim árangri sem að er stefnt. Það getur þó vel verið að það sé heppilegt fyrir einstaka tegundir fiskstofna.

Menn hafa haldið því fram að þegar sóknarmark var í gildi hafi komið fram þeir agnúar sem vel mætti sníða af. Aðrir segja að sóknarmark gangi ekki, það sé fullreynt. Ýmsar aðrar þjóðir hafa notað eins konar sóknarmark eða aðgangstakmarkanir, t.d. Kanadamenn og Ástralíumenn. Og flestar þjóðir nota fleiri en eitt kerfi til að ná þeim markmiðum sem menn setja sér með fiskveiðistjórnun. Íslendingum virðist hins vegar ekki treyst til að hafa einhvern sveigjanleika í sinni fiskveiðistjórnun eða reyna fleira en eitt kerfi. Alla verður að binda á sama klafann. Tvíhöfða nefndin með hagfræðingana í broddi fylkingar er fyrir fram sannfærð um ágæti aflamarksins og frjáls framsals kvóta og fullyrðir alls staðar í skýrslu sinni að það sé besta leiðin til hagræðingar í greininni. Þó er þess einmitt getið í skýrslunni að flestar þjóðir hafi hömlur á framsali kvóta.

Eins og ég hef áður vikið að eru svo margir ágallar á því kerfi sem við notum í dag að full þörf er á breytingum. Ég ætla ekki að fara hér nákvæmlega í tillögur tvíhöfða nefndar, þær eru ekki á dagskrá nú og verða vonandi ekki á þessu þingi. Áður en það gerist er víst að einhver hrossakaup eiga eftir að eiga sér stað á milli stjórnarflokkanna. Ég tel þessa tillögu sem hér er á dagskrá gott innlegg í málið og styð að hún verði afgreidd.

Kvennalistinn hefur ekki breytt stefnu sinni um byggðakvóta þar sem 80% af heildarafla væri skipt á milli byggðarlaga en 20% rynni í sérstakan sjóð sem síðan yrði til ráðstöfunar vegna sérstakra aðstæðna eða til sölu eða leigu eftir aðstæðum. Ef um leigu eða sölu væri að ræða skyldi það m.a. notað til rannsókna eða fræðslu sem tengist sjávarútvegi. Byggðarlögin skyldu ráða því að mestu sjálf hvernig þau ráðstöfuðu sínum kvóta og hvort þau tækju gjald fyrir. Þau gætu úthlutað til fyrirtækja, einstaklinga, útgerða eða vinnslu. Úthlutun væri tímabundin en ekki um ófyrirsjáanlega framtíð. Þannig myndaðist sveigjanleiki sem nauðsynlegt er að hafa. En við gerum okkur fulla grein fyrir því að ýmsar aðstæður hafa breyst og útfærsla þessara hugmynda yrði vitaskuld að taka mið af þeim veruleika sem við búum við og má þar nefna tilfærslu á afla milli landshluta og minnkandi afla.

Upprunalega hugmyndin um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins kom talsvert til móts við hugmyndir okkar kvennalistakvenna og við studdum því lögin um hann á sínum tíma. Jafnframt vorum við alfarið á móti því að hlutverki sjóðsins væri breytt eins og gert var á síðasta þingi og það hefur líka komið í ljós að það voru mistök sem verður að leiðrétta. Þá má einnig segja að þær hugmyndir tvíhöfða nefndar að heimilt sé að framselja aflahlutdeild báts yfir á vinnslustöð sé spor í rétta átt eða í átt að okkar stefnu enda rökin fyrir því vegna byggðasjónamiða. Í sambandi við endurskoðun fiskveiðistefnunnar teljum við rétt að skoða með opnum huga stjórnkerfi annarra þjóða, t.d. hvort hér geti hentað tvískipt stjórnkerfi fiskveiða. Og þá mætti skoða japanska fyrirmynd þar sem veiðiréttindi gilda í innfjörðum og við strendur en veiðileyfum utan landgrunns er úthlutað á ákveðin fjölda togveiðiskipa. Þetta kerfi hefur tryggt viðgang fiskstofna og stöðugleika í veiðum og vinnslu í aldaraðir hjá þeim. Þannig

hafa þeir forðast sóun og hrun sem hefur verið einkenni margra vestrænna þjóða.

Fiskveiðistjórnun þarf að hafa það markmið að vernda lífríki hafsins fyrir ofveiði og mengun og viðhalda m.a. með veiðum eðlilegu jafnvægi á milli tegunda. Til þess þarf að auka rannsóknir ekki síst fjölstofnarannsóknir og rannsókn á umhverfisþáttum og áhrifum þeirra á stærð fiskstofna. Jafnframt þarf að rannsaka áhrif hinna ýmsu veiðarfæra á lífríki sjávar. Og við kvennalistakonur teljum að auka þurfi stuðning við tilraunaveiðar og nýsköpun í veiðum og vinnslu. Beina þarf skipum í veiðar á vannýttum stofnum og veiðar djúpsjávarfiska. Allar togveiðar ættu að vera utan 12 mílna a.m.k. og friða þarf tímabundið helstu hrygningarsvæðin. Við minnum á að heildstæð sjávarútvegsstefna þarf einnig að ná til vinnslu í landi sem oftar en ekki er aðalvinnustaður kvenna í sjávarplássum landsins.

Virðulegi forseti. Við teljum æskilegt að þessi markmið og leiðir til að ná þeim verði í nýjum lögum um stjórn fiskveiða. En við leggjum áherslu á að ná þarf víðtækri samstöðu allra þeirra aðila sem hlut eiga að máli, annars verður aldrei friður um fiskveiðistefnu og þá næst ekki sá árangur sem að er stefnt.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Það er ekki góður dagur í dag fyrir hæstv. sjútvrh. að flytja þá ræðu sem hann flutti hér áðan. Og þetta er ekki heppilegur sólarhringur fyrir hæstv. sjútvrh. að fara út í þá sálma sem hann gerði. Þessi sami sólarhringur og öll þjóðin hefur horft upp á vandræðagang ríkisstjórnarinnar svo að segja í beinni útsendingu. Sjútvrh. fór hér mikinn í upphafi ræðu sinnar hér áðan og taldi m.a. þennan tilloguflutning okkar alþýðubandalagsmanna marka einhverja uppgjöf af okkar hálfu varðandi það að ræða sjávarútvegsmál eða móta stefnu um sjávarútvegsmál. Hann fann hugmyndum okkar flest til foráttu og eyddi mestöllum þrótti sínum í það. En talar ekki hæstv. sjútvrh. úr glerhúsi? Er kvótakerfi þeirra Halldórs Ásgrímssonar og Kristjáns Ragnarssonar fullkomið? Er það gallalaust? Er rétt að ræða aðrar hugmyndir út frá þeirri forsendu að við höfum alfullkomið stjórntæki í höndunum? Þessi sami sjútvrh., Þorsteinn Pálsson, sem hefur ekki í embætti sínu haft annan metnað en þann að vera einhvers konar veikróma bergmál fyrrv. sjútvrh. og Kristjáns Ragnarssonar. Er hann ekki að tala úr glerhúsi?

Þorsteinn Pálsson sjútvrh. sem er búinn að samþykkja auðlindaskatt Alþfl., Þorsteinn Pálsson sjútvrh. sem vildi gefast upp og gafst upp í samningaviðræðum við Evrópubandalagið um sjávarútvegsmál, Þorsteinn Pálsson sjútvrh. sem hefur setið eins og hver annar heypoki í ríkisstjórn í hart nær tvö ár á sama tíma og sjávarútvegurinn tapar milljörðum á milljarða ofan og býr við verstu afkomu um áratuga skeið, missiri eftir missiri. Er ekki þessi Þorsteinn Pálsson að kasta steinum úr glerhúsi þegar hann fjallar um málflutning annarra eins og hann gerði hér áðan? Þessi Þorsteinn Pálsson sjútvrh., sem mér bíður í grun að fái síst merkilegri eftirmæli sem sjútvrh. en hann hefur fengið sem forsrh., ætti að fara varlega í grjótkast af þessu tagi.

Ég hef ekki tíma til þess hér, hæstv. forseti, að svara ýmsum rangfærslum sjútvrh. og fleiri ræðumanna um hugmyndir okkar alþýðubandalagsmanna eða þær hugmyndir um sóknarstýringu sem fylgja okkar tillögu. Eitt hlýt ég þó að leiðrétta og það er þá rangfærslu að aflagjald, tiltekið gjald á landaðan afla sem stjórntæki innan greinarinnar sé skattur, sé auðlindagjald. Það er auðvitað fjarri öllu lagi, það hlýtur Þorsteinn Pálsson sem einu sinni var fjmrh. að skilja. Alþb. er tilbúið til að ganga til viðræðna um mótun nýrrar sjávarútvegsstefnu með opnum huga. Við teljum það þvert á móti mestu þröngsýnina af öllu í þessum efnum að ríghinda sig í núverandi kvótakerfi, loka augunum fyrir göllum þess og neita að ræða nokkuð annað. Það er þröngsýni, það er lélegur málflutningur, ekki hitt að lýsa eftir og bjóða fram þátttöku í að móta samstöðu um nýja stefnu. Sjútvrh. er auðvitað algjörlega í hnút með málin eins og öll þjóðin hefur horft upp á. Enda biðlar hæstv. sjútvrh. núna fyrst og fremst til Framsfl. Setur allt sitt traust á Framsfl. að hann geti skáskotið málunum hér í gegn með hjálp framsóknarmanna vegna þess að það liggur engin samstaða fyrir í stjórnarflokkunum og hæstv. sjútvrh. kemur málunum ekki fram. Það er svo hins vegar mál þeirra framsóknarmanna hvort þeir vilja draga ríkisstjórnina að landi við þessar aðstæður.

Þá var nú ekki ónýtt framlag Össurar Skarphéðinssonar hér áðan. Það var beinlínis dýrmætt að þessi sami Össur sem sjútvrh. upplýsti í fréttum kl. 12 á miðnætti sl. að væri aðalþröskuldurinn í vegi fyrir samkomulagi stjórnarflokkanna, hann kom hér upp og óskapaðist yfir því að aðrir flokkar hefðu ekki náð saman um sjávarútvegsstefnu. Auðvitað var það bara grín hjá sjútvrh. að nefna Össur í fréttunum því hann veit vel að Össur mun éta þetta ofan í sig eins og allt annað. Eins og skólagjöldin, eins og lánasjóðinn, eins og Hrafn Gunnlaugsson og yfirleitt flest það sem hann hefur rokið upp með hér í ræðustól og étið ofan í sig jafnharðan. Þannig að eini brandari sólarhringsins sem virkilega var gaman að var þegar Þorsteinn Pálsson sjútvrh. taldi það torvelda framgang málsins að Össur Skarphéðinsson hefði við það athugasemdir. Annað eins hefur maður nú ekki heyrt lengi.

Hæstv. forseti. Afkoma í íslenskum sjávarútvegi er satt best að segja herfileg og hefur verið það í eitt til eitt og hálft ár. Taprekstur í greininni nemur 5–7 milljörðum kr. á ársgrundvelli og fyrirtækin eru að skila uppgjöri fyrir árið 1992 með tapi sem mælist í hundruðum milljóna kr. hvert um annað þvert. Þrátt fyrir að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins var tæmdur á einu bretti á árinu 1992, 2,4 milljarðar kr. runnu úr honum til fyrirtækja í sjávarútvegi og samt mælist tapið í hundruðum milljóna kr. Hvað er ríkisstjórnin að gera við þær aðstæður? Hvað er hún að gera? Ekki neitt. Kemur sér ekki saman um nokkurn skapaðan hlut. Hæstv. sjútvrh. er búinn að svíkja loforðið sitt í níu mánuði um stuðning við útgerðir vegna samdráttar í

fiskveiðiheimildum. Í níu mánuði hefur sjávarútvegurinn verið dreginn á asnaeyrunum gagnvart hreinu og kláru loforði af því tagi. Vinnubrögð við endurskoðun fiskveiðistefnunnar eru ein hörmung frá upphafi til enda eins og niðurstaðan sýnir. Hún gat ekki orðið önnur en þessi að um hana yrði engin sátt eins og ríkisstjórnin hefur að því staðið. Þaðan af síður er hér verið að leggja grunn að einhverri varanlegri stefnumörkun þegar hún er lokuð inni í röðum stjórnarsinna og ekki gerð minnsta tilraun til þess að ná um hana samstöðu við aðra stjórnmálaflokka í landinu, við sjómannasamtökin, við fiskverkafólk, sveitarfélög eða aðra slíka aðila. Þessi einkaafurð, þessi einkavædda afurð stjórnarflokkanna mun ekki verða til sem marktækt plagg í umræðum um sjávarútvegsmál á Íslandi degi lengur en þessi ríkisstjórn lafir og það verður vonandi ekki lengi úr þessu.

Ástandið í kerfinu er auðvitað þannig að það er nánast óþolandi. Sjómenn eru að gera uppreisn gegn þessu kerfi og gegn þessu ástandi. Þeir eru píndir til kvótakaupa, jafnvel aftur og aftur, en fá ekki krónu af þeim sama kvóta ef hann er svo seldur frá útgerðinni. Grindavík og Hafnarfjörður eru að skipta Bolungarvík á milli sín þessa dagana. Það er framtíðin að stærri og sterkari byggðarlögin og sveitarfélögin skipti þeim litlu á milli sín, bjóði í þau. Og hvað er verið að gera í vanda Bolungarvíkur? Málið er í nefnd. Hæstv. forsrh. skipaði nefnd fyrir nokkrum mánuðum síðan og hefur síðan lítið mátt vera að huga að þeim málum vegna annríkis í Hrafnsmálinu eins og kunnugt er og Bolungarvík er í nefnd og verður sjálfsagt í nefnd svo lengi sem þessi ríkisstjórn situr. Þannig er að þessum málum staðið. Ríkisstjórninni hefur gjörsamlega mistekist það verk að ná hér einhverri lágmarkssamstöðu um grundvöll fyrir sjávarútveginn og um stenfumörkun til framtíðar í þessum mikilvæga málaflokki, gersamlega. Og ef það er eitthvað sem þarf á Íslandi, þá er það þó sæmileg sátt og starfsfriður fyrir þessa undirstöðuatvinnugrein. Það hefur engri ríkisstjórn nema ef vera skyldi stjórn Þorsteins Pálssonar, sem starfaði í 14 mánuði 1987–1988, tekist jafnóhönduglega í þessum efnum. Það er alveg óhætt að fullyrða það, því miður. Og svona getur það auðvitað ekki gengið lengur. Fyrirtækin munu stöðvast hér á næstu mánuðum hvert á fætur öðru. Þau þola ekki tap sem mælist í hundruðum millj. kr. mörg ár í röð, jafnvel ekki þau sterkustu bera það til langframa, slík starfsskilyrði. Þetta getur ekki gengið öllu lengur við þessar aðstæður og það er alveg ljóst að ef svo heldur sem horfir að ríkisstjórnin nái hér engri niðurstöðu af neinu tagi, hvorki gagnvart stefnumörkun um fiskveiðar né afkomu sjávarútvegsins, þá verður hún að fara því að ef það er eitthvað sem við getum ekki þolað og búið við á Íslandi, þá er það ríkisstjórn sem er óstarfhæf í málefnum sjávarútvegsins. Við sátum uppi með eina slíka ríkisstjórn sumarið 1988. Það varð öllum ljóst og að lokum stjórninni sjálfri að hún var óstarfhæf, hún gat ekki tekið á þeim vandamálum sem uppi voru. Sama aðstaða er komin upp nú og það er eingöngu tímaspursmál hvenær menn sjá það og vonandi þá einnig ríkisstjórnin að hún ræður ekki við verkefni sitt og hún verður að fara frá því að við Íslendingar getum ekki búið við það að stjórnleysi og upplausn ríki í málefnum okkar undirstöðuatvinnuvegs.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Það eru vissulega blikur á lofti í sjávarútvegi og þá um leið yfir öllu efnahags- og atvinnulífi okkar Íslendinga. Þegar harðnar á dalnum verða umræður um skipulag og rekstur höfuðatvinnuvega okkar háværari og um leið skerpast andstæðar skoðanir, m.a. í sjávarútvegsmálum.

En í hverju liggur vandi okkar? Liggur hann í skipulagi við nýtingu auðlinda sjávar, liggur vandinn í kvótakerfinu? Nei, ég held ekki. Vandi okkar liggur í því að auðlindir sjávar eru takmarkaðar og við gerum óraunhæfar kröfur um afrakstur og höfum fjárfest um of í vissum hluta af veiðum og vinnslu og á ýmsum sviðum í þjóðfélaginu.

Við þessar aðstæður teflir Alþb. fram tillögu til þess að slá ryki í augu fólks og gefur óraunhæfar vonir um breytingar sem leysi vanda allra. Og í málgagni Alþb. er gefin út tilkynning um að 1. flm. hafi skorað kvótakerfið á hólm að fornum sið. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon velur hins vegar þann kost í þessari umræðu að víkja algerlega frá umræðum um þetta mál sem hér er á dagskrá, þ.e. hvaða leiðir Alþb. vill fara í sjávarútvegsmálum.

Það vekur vissulega athygli að Alþýðubandalagið flytur ekki frv. til laga um stjórn fiskveiða, sem flokkurinn taldi sig hafa undirbúið svo rækilega fyrir síðustu kosningar. Þau drög að frumvarpi fá nú einungis að fljóta með sem fskj. og virðast ekki hafa hlotið náð hjá þingflokknum.

Það er tekið fram að fskj., sem áður var hugsað sem frv. til laga um stjórn fiskveiða, sé unnið af 1. flm. í samráði við fulltrúa úr sjávarútvegsmálaráði flokksins. Það liggur því fyrir að Alþb. hefur lagt til hliðar þá hugmyndafræði sem það boðaði áður og var fyrst og fremst í formi veiðileyfagjalds. Í tillögu Alþb. er gert ráð fyrir að leggja á aflagjald, sem á að beita til að stjórna sóknarmarkskerfinu. Aflagjaldið á að vera stighækkandi eftir því sem aflinn er smærri og verðminni og stjórn veiðanna á að byggjast á mati Fiskistofu sem á að taka ákvarðanir um aflagjaldið fyrir fjóra mánuði hverju sinni. Vald Fiskistofu er því ætlað að vera æði mikið, bæði við stjórnun fiskveiðanna og ekki síður skattlagningin sem felst í hinu umrædda veiðigjaldi.

Ekki virðist ástæða til þess að fjalla efnislega um þá tillögu, þar sem hún er í raun ekki á dagskrá, heldur tillaga til þál. um að fela sjútvn. Alþingis að marka stefnuna. Það er því eðlilegt að spurt sé: Á hverju byggja alþýðubandalagsmenn hólmgöngu sína við gildandi fiskveiðistefnu, við gildandi fiskveiðilög sem þeir stóðu að samþykkt á árið 1990?

Sú tillaga, sem hér er til umfjöllunar, gerir ráð fyrir því að sjútvn. Alþingis sjái um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða og móti heildstæða sjávarútvegsstefnu. Nefndin vinni þetta verk í samráði við sjútvrn. og

Fiskistofu og reyndar öll hugsanleg hugsmunasamtök í landinu og öll sveitarfélögin.

Alþb. virðist tilbúið til þess að draga sínar tillögur til baka og treysta á aðra, enda liggur fyrir mikil vinna á vegum stjórnarflokkanna, og það vita þingmenn Alþb. að sjálfsögðu.

Þetta er mjög merkileg niðurstaða hjá þingmönnum, sem vara við þeirri hættu í Vikublaðinu 2. apríl sl., að lögfesta eigi aflamarkskerfið í vor, þeir tala um að lögfesta aflamarkskerfið eins og þeir hafi ekki hugmynd um það að aflamarkskerfið er byggt á þeirri löggjöf sem þeir sumir samþykktu 1990. Það er reynt að koma því inn hjá þjóðinni að aflamarkskerfið sé afurð sjútvrh. og tvíhöfða nefndarinnar.

Það er augljóst að stefna Alþýðubandalagsins er reikul sem rótlaust þangið og það er því engan veginn hægt að fjalla um tillöguna nema sem ábendingu um að nauðsynlegt sé að hefja hér á Alþingi umræður um þær tillögur, sem nú þegar liggja fyrir hjá stjórnarflokkunum. Og það er vissulega tímabært.

Eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar, virðulegi forseti, er ágreiningur um stjórn fiskveiðanna. Þar rekast á hagsmunir byggðanna, einstakra greina útgerðar og vinnslu og einnig sjómanna og fiskvinnslufólks. Það er hlutverk okkar hér á hinu háa Alþingi að setja löggjöf sem tekur tillit til heildarhagsmuna og byggja hana á reynslu okkar af núverandi kerfi, sem vissulega þarfnast endurbóta. Það er því mjög mikilvæg vinna við stefnumótun, sem hæstv. sjútvrh. setti af stað með skipun tvíhöfða nefndarinnar. Þeirri vinnu er nú lokið og komið að þinginu og þá sérstaklega stjórnarflokkunum að móta þá stefnu sem unnið verði eftir á grundvelli nýrrar löggjafar um stjórn fiskveiða og skipulag sjóða sem varða sjávarútveginn.

Í umfjöllun um tillögur tvíhöfða nefndarinnar síðustu vikur hafa komið fram margs konar athugasemdir. Margar eru vissulega byggðar á traustum rökum, en um of tel ég afstöðu manna byggjast á þeim víðtæka og mikla vanda, sem sjávarútvegurinn er vissulega í í dag. Þann vanda getum við ekki kennt aðferðum við stjórn veiðanna. Hann á rót sína að rekja til samdráttar í afla og lækkun afurðaverðs og þess hversu efnahagur margra útvegsfyrirtækja var hart leikinn eftir áralangan taprekstur og skuldasöfnun.

Við mótun víðtækrar sjávarútvegsstefnu er nauðsynlegt að hlusta vel á skoðanir sjómanna og þeirra sem byggja allt sitt á sjávarútvegi. Við hljótum einnig að líta til reynslu nágranna okkar og nýta okkur til hins ýtrasta þekkingu vísindamanna okkar á sviði fiskifræðinnar.

Eftir þá miklu umræðu, sem hefur farið fram síðustu vikur og með þeim tillögum sem liggja fyrir, tel ég ekkert vera að vanbúnaði að taka lögin um stjórn fiskveiða til meðferðar hér á Alþingi og ljúka þeirri vinnu á þessu vori.

Með því að línutvöföldun og krókaleyfið verði tryggt með tilteknum takmörkunum, kvóti geti verið tengdur fiskvinnslustöðvum, ekki verði fjölgað kvótabundnum fiski og stefnt að jöfnun á aðstöðu landvinnslu og sjóvinnslu, svo nokkuð sé nefnt, tel ég að lagður sé mikilvægur grunnur að endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Jafnframt verði unnið við aðgerðir er tengjast afkomu veiða og vinnslu að sjálfsögðu og stefnumörkun sem tengist breyttum aðgangi að mörkuðum Evrópu fyrir sjávarafurðir. Að gefnu tilefni sé ég ástæðu til þess að árétta, að vissulega höfum við sjálfstæðismenn ríkan vilja til þess að fara þær leiðir sem tryggja hagsmuni smábáta og trillusjómanna, en auðvitað verðum við að líta á heildarhagsmuni, finna leiðir sem varða sem flestar greinar. Með því að marka stefnu til framtíðar á þessum mikilvægu sviðum er þess að vænta að okkur takist að snúa vörn í sókn.

Efla þarf til átaks að nýju þær byggðir, sem um stund hafa orðið að þola áföll vegna erfiðleika í sjávarútvegi. Þau áföll má rekja til þess að öllum vanda var sópað undir stóra teppið í Atvinnutryggingasjóði og í bönkunum, sem síðan hafa orðið að taka á sig áföllin ásamt með þeim byggðum, sem ekki hafa fengið rönd við reist, þegar afurðaverð hefur fallið og aflaheimildir dregist saman.

Það verður að vera hlutverk okkar hér á Alþingi að skapa þau skilyrði sem atvinnuvegirnir geta búið við og staðið af sér mögru árin sem nú ganga yfir. Á slíkum tímum er mikilvægt að þjappa þjóðinni saman. Byggð standi með byggð til að verjast og sækja þegar færi gefst.

Hér á Alþingi verðum við að setja sáttagjörð um nýtingu auðlinda hafsins með sömu einurð og við höfum fært út og varið fiskveiðilögsögu landsins.

Virðulegi forseti. Tillaga Alþb., sem hefur verið lýst við þessa umræðu, getur ekki verið valkostur við þá umræðu og við þá endurskoðun sem fer fram nú um stjórn fiskveiða.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég dreg það ekki í efa að eflaust hefur sú tillaga til þál. sem við ræðum nú og þingflokkur Alþb. stendur að, einhvern tíma átt eitthvert erindi inn í hina pólitísku umræðu í landinu. En það er því miður ekki lengur svo. Þessi tillaga hefur gersamlega dagað uppi og orðið að eins konar pólitísku steintrölli. Í raun og veru gefur hún ekki lengur neitt tilefni til sjálfstæðrar umræðu ein og sér. Kjarni tillögunnar er sá að sjútvn. Alþingis verði falið það verkefni að móta sjávarútvegsstefnu. Nú blasir það hins vegar við að nefnd stjórnarflokkanna hefur lagt fram afrakstur verka sinna sem er að sjálfsögðu fullgildur umræðugrundvöllur um mótun sjávarútvegsstefnu þó svo að menn greini að sjálfsögðu á um efnislegt innihald hennar þannig að tilgangsleysi þessarar þáltill. er orðið algert og öllum ljóst. Það er því ekki þessi tillaga ein og sér sem við ræðum nú. Þvert á móti. En þessi umræða getur orðið okkur tilefni til nokkurrar umfjöllunar um sjávarútvegsmálin almennt og þar á meðal um þann dæmalausa vandræðagang sem berlega hefur komið í ljós í hvert sinn sem Alþb. hefur sest niður til þess að reyna að móta sér sína eigin sjávarútvegsstefnu.

Þessi þáltill. sem hér er tilefni umræðunnar er síðasti áfanginn á makalausri eyðimerkurgöngu Alþb. í

sjávarútvegsmálum. Tillagan er hin formlega og endanlega staðfesting þess að flokkurinn hefur sjálfur gefist upp á því að finna sína eigin stefnu en reynir að dreifa athyglinni frá eigin vandræðagangi með því að leggja til að sjávarútvegsstefnan sé mótuð í sjútvn. Alþingis. Það sem mesta athygli vekur auðvitað er sú staðreynd að sjálfur hefur flokkurinn ekkert haft fram að færa sem kalla má stefnu flokksins eða áhersluatriði um mótun sjávarútvegsstefnunnar. Þar geta menn leitað með logandi ljósi en ekkert fundið. Allt sem fram hefur komið úr þeim herbúðum hefur verið mótsagnakennt og þar hefur hvað rekið sig á annars horn.

Í fskj. þessarar þáltill. fylgja hugrenningar 1. flm., hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, um framtíðarstjórnun fiskveiða í búningi frv. Það er afar sérkennileg framsetning. Hver er staða þessa fskj.? Hvað býr hér að baki? Hverjir eru fylgismenn þessara hugmynda hv. þm.? Hverjir eru meðflm. á frv.? Það verður ekki ráðið af þessu plaggi, öðru nær. Í greinargerðinni er vikið að þessu fskj., þessu viðhengi sem hnýtt hefur verið aftan í þáltill. með þeim orðum að tilgangurinn með því að prenta þessi þankabrot hv. þm. á þskj. sé sá að umræða geti hafist um nýjar hugmyndir. Já, þvílíkt og annað eins. Menn hafa nú hingað til vanist því að þegar hv. þm. klæða hugmyndir sínar og hugsjónir í búning frv., þá sé það gert til þess að slíkt frv. verði að lögum en þingflokkur Alþb. afgreiðir þessa frumvarpshugsun hv. 1. flm. þáltill. og talsmanns Alþb. í sjávarútvegsmálum með þeim hætti að hún geti kannski stuðlað að því að umræður geti hafist eins og menn hafi ekki tekið eftir því að úti um allt land fara fram núna kröftugar umræður um sjávarútvegsmálin. Já, þetta er óneitanlega allt saman heldur sérkennilega rismikð eða hitt þó heldur en kannski gert í virðingarskyni við fulltrúa í sjávarútvegsmálaráði Alþb. sem kallaðir voru til samráðs um mótun og gerð frv.

Virðulegi forseti. Það er öllum ljóst að núgildandi lög um fiskveiðistjórnun sem Framsfl., Alþb. og Alþfl. bera pólitíska ábyrgð á, muni að öllu óbreyttu hafa það í för með sér á næsta ári að svokallaðir krókaleyfisbátar munu fara yfir á kvótann. Ekki þarf að orðlengja um þá gríðarlegu óánægju sem ríkt hefur um allt land vegna þessa. Að undanförnu hefur verið unnið að því kappsamlega að finna leið er gæti tryggt að 1.100 smábátar um land allt sem hafa átt ómetanlegan þátt í því að tryggja vinnu víða um land, losni undan þessari kvöð sem var á þá sett með lögunum frá árinu 1990, sem fyrrnefndir flokkar stóðu að og samþykktu og bera pólitíska ábyrgð á. Það er því nauðsynlegt að breyta gildandi lögum um fiskveiðistjórnun og því vænti ég þess að tryggt verði að krókaleyfi verði áfram við lýði þó að öllum sé það ljóst nú að á því verði gerðar einhverjar breytingar frá því sem nú er.

Sömu sögu er að segja um línutvöföldunina. Það kerfi hefur reynst vel. Það hefur tryggt vinnu yfir háskammdegið þegar erfiðast hefur verið að sækja. Þess vegna þarf að búa svo um hnútana að það fyrirkomulag ríki áfram og verði hér eftir sem hingað til undirstaða atvinnusköpunar víða og í ýmsum hlutum landsins.

Það eru orð að sönnu að fátt sé okkur nauðsynlegra nú en einmitt það að stefnan í sjávarútvegsmálum sé skýr og fyrirtækjunum sem í greininni starfa hagfelld. Stórminnkaður afli allt frá árinu 1987 og skelfileg lækkun afurða okkar hefur valdið miklum hremmingum í íslenskum sjávarútvegi. Í því sambandi vil ég nefna að í fyrra hafði sjávarútvegur á Vestfjörðum þremur milljörðum kr. minni tekjur en á árinu 1988 vegna áhrifa frá minni aflaheimildum. Þá eru ótalin áhrifin frá þeirri aflaminnkun sem enn hefur orðið á þessu ári svo að ekki sé nú talað um lækkun afurðaverðsins. Við þessu þarf að sjálfsögðu að bregðast með almennum hætti sem tryggir rekstrargrundvöll sjávarútvegsins. Það ástand getum við einfaldlega ekki liðið lengur er gerir það að verkum að stór og öflug sveitarfélög og fyrirtæki þeirra nýti sér stöðu sína til þess að yfirbjóða skip og aflaheimildir þeirra er lakast standa. Það getur aldrei orðið ásættanlegt að sveitarsjóðir og fyrirtæki þeirra verði ráðandi um þróun íslensks sjávarútvegs. Það hefur aldrei staðið til og má aldrei verða. Slíkt væri enda skrumskæling á allri atvinnustefnu og andstætt þeim viðhorfum sem nú eru uppi í núv. ríkisstjórn um mótun atvinnulífsins í landinu.

Við skulum ekki á hinn bóginn ímynda okkur það að það sé auðvelt að feta sig út úr þeim erfiðleikum sem sjávarútvegurinn hefur ratað í. Vandinn sem við er að glíma er gamall og hann er uppsafnaður. Árum saman bjó sjávarútvegurinn við rangt skráð gengi og slæman rekstrargrundvöll. Það eru ekki síst þau gömlu vandamál sem nú eru að hitta okkur fyrir þegar ytri aðstæður fara versnandi og tekjurnar lækkandi. En það breytir engu um það að undan því verkefni að tryggja að nýju stöðu sjávarútvegsins verður ekki vikist. Við þessar aðstæður þarf nauðsynlega að skapa greininni nýtt svigrúm, ekki með aukinni skattheimtu í alls konar formi sem sumum er svo tamt að tala um og krefjast og m.a. birtist mjög glögglega í frumvarpsfylgiskjali Alþb. sem hér hefur verið gert að umræðuefni, heldur með því gagnstæða að létta skuldabyrði greinarinnar nú þegar tekjurnar eru í lágmarki. Þannig mundum við líka um leið blása nýjum lífsanda í allt atvinnulíf í landinu sem á allt undir því að sjávarútvegurinn geti starfað af þrótti og orku. Með þeim hætti einum getum við dregið úr þeim miklu erfiðleikum sem undirstöðuatvinnugrein okkar er nú stödd í og um leið eflt atvinnustarfsemi og dregið úr atvinnuleysinu í landinu.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Í tillögum þingmanna Alþb. sem er tilefni þessarar útvarps- og sjónvarpsumræðu er lagt til að sjútvn. Alþingis móti sjávarútvegsstefnu og frv. til laga um stjórn fiskveiða er lagt sem meðgjöf með þessari tillögu. Það er í sjálfu sér ekkert undarlegt að fram komi tillaga um að taka þessi mál úr höndum ríkisstjórnarinnar svo fádæma klúðursleg sem vinnubrögð stjórnarflokkanna eru við það lögbundna verkefni að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða sem samþykkt

voru hér á Alþingi árið 1990. Annað mál er það hvort Alþingi á að vera að draga ríkisstjórnina að landi með þessum hætti.

Stjórnarandstöðunni var að sjálfsögðu haldið utan við þessa endurskoðun eins og annað og lögbundið samráð við sjútvn. Alþingis var aðeins til málamynda. Þegar tvíhöfða nefndin var loksins búin að berja saman tillögur hefur kynning hennar á þeim vakið upp enn meiri deilur um fiskveiðimál í þjóðfélaginu en áður. Sjútvrh. er í felum þegar þessar tillögur eru kynntar vegna ósamkomulags í stjórnarflokkunum og sendi sína fulltrúa út um allt land til þess að kynna tillögurnar án þess að sjást þar nokkurn tíma sjálfur. Þingflokkar stjórnarflokkanna og þingmenn þeirra rembdust svo eins og rjúpan við staurinn í gærkvöldi að koma sér saman um frv. byggt á tillögum nefndarinnar, voru hér fram á nótt og hrukku svo sinn í hvora áttina eins og fiðurfénaður og allt er óljóst um niðurstöðu enn þá í því máli. Það verður nú samt enn að reikna með því að ríkisstjórnin og sjútvrh. hafi það að lokum af að leggja fram frv. um sjávarútvegsstefnu og það frv. komist einhvern tíma til sjútvn. Ég hef þá trú enn þá þó að það sé auðvitað ekkert víst. Auðvitað ber þeim skylda til þess sem ábyrgðarmönnum sjávarútvegs í landinu. Hins vegar upplýsti hv. 17. þm. Reykv. við þessa umræðu áðan að það sé bullandi ágreiningur í stjórnarflokkunum um þessi mál og segir: Það er ekki ég, það eru miklu fleiri. Það eru bæði fleiri þingmenn í Alþfl. og fleiri þingmenn í Sjálfstfl. sem eru að hlaupa út undan sér í málinu.

Undirbúningsvinna tvíhöfða nefndarinnar var unnin í þröngum hópi og skýrsla hennar er að hluta samandreginn fróðleikur um þróun sjávarútvegsmála síðustu ára sem er góðra gjalda vert að hafa á einum stað. En það er algerlega eftir að skapa sátt í þjóðfélaginu um þessar tillögur eftir því sem hægt er að gera slíkt. Sjútvn. hlýtur því að fá þetta mál til meðferðar og sjútvn. á mikið verk fyrir höndum í mótun sjávarútvegsstefnu ef hún fær einhvern tíma stjfrv. um það efni inn á sitt borð. Og hún hlýtur að kalla til alla þá aðila sem nefndir eru til samstarfs í tillögum alþýðubandalagsþingmannanna.

Það er hins vegar við geigvænlega erfiðleika að stríða í sjávarútvegi eins og hefur komið fram í þessari umræðu. Sjávarútvegurinn skapar þjóðinni um það bil 75% af útflutningstekjunum eins og allir vita. Þar eru önnur vandamál ofar á blaði en fiskveiðistefnan. Sú sjávarútvegsstefna sem samþykkt var í tíð fyrri ríkisstjórnar og Halldór Ásgrímsson, þáv. sjútvrh., hafði forustu um að móta byggðist á málamiðlun og samkomulagi í þjóðfélaginu á þeim tíma svo sem unnt er að ná um slík stórmál þar sem svo miklir hagsmunir skarast. Engar tillögur hafa komið fram sem fremur er útlit á að náist eining um meðal þjóðarinnar. Þar með er ekki sagt að það megi engu breyta í þessari stefnu. Auðvitað þarf að endurskoða hana í samræmi við þá tíma sem við lifum á núna. Lögin um sjávarútvegsstefnuna eru ótímabundin utan ákvæðið um krókaleyfisbátana og óvissan í sjávarútveginum er vegna þeirrar umræðu sem verið hefur í stjórnarflokkunum um að rífa þessa stefnu upp í grundvallaratriðum, leggja á auðlindaskatt og rífa upp önnur atriði. Það er engin eining um þetta mál í Sjálfstfl., það vita allir. Og það vita allir um áform Alþfl. að leggja á auðlindaskatt í sjávarútvegi. Þessar deilur um málið í stjórnarflokkunum auka enn á óvissuna og þau frumvarpsdrög sem Alþb. er nú að veifa gera það því miður einnig. Þau gera efnislega ráð fyrir víðtæku framsali valds til ráðherra um stjórnun fiskveiða með reglugerðum sem eru sull í lagasetningu. Framsóknarmenn eru andvígir slíku valdaframsali og telja að reglur sem settar eru um fiskveiðistjórnun verði að vera skýrar og bundnar í löggjöf. Annað leiði til upplausnar og óvissu sem valdi atvinnugreininni stórskaða.

Vandamál dagsins í sjávarútvegi felast ekki í fiskveiðistefnunni fyrst og fremst. Þau felast fyrst og fremst í því að það vantar rekstrargrundvöll undir þessa atvinnugrein og þess sjást engin merki að stjórnvöld hyggist grípa til aðgerða. Opinberar tölur Þjóðhagsstofnunar um afkomu botnfiskveiða og vinnslu í lok marsmánaðar greina frá því að hallinn sé þá að meðaltali 8,3% í þessum greinum. Meðaltalsverðlækkun á afurðum í febrúar er 6,8% frá meðalverðlagi árið 1992. Nú í lok apríl hefur enn sigið á ógæfuhliðina í þessum efnum. Það eru horfur á því að enn verði að skerða heildaraflann í þorski. Afkomutölur fyrirtækja í sjávarútvegi eru að birtast þessa dagana. Þær sýna geigvænlegan hallarekstur upp á milljarða kr. Gildir þá einu hvort um er að ræða fyrirtæki sem hafa gengið í gegnum sameiningu við önnur sjávarútvegsfyrirtæki, fjárhagslega endurskipulagningu eða þau sem hingað til hafa verið talin standa á traustum fótum. Útgreiðsla úr Verðjöfnunarsjóði nam á síðasta ári 2,4 milljörðum kr. eins og hér hefur komið fram. Sjóðurinn er nú galtómur og þessi útgreiðsla verður ekki endurtekin. Þetta var einn af þeim sjóðum sem til var frá tíma fyrri ríkisstjórnarinnar og hv. stjórnarliðar kalla sukksjóði. Horfurnar eru þess vegna enn þá dekkri á þessu ári. Um þessar horfur ætti þessi sjónvarpsumræða að snúast. Þetta eru mál dagsins í dag. Það eykur ekki bjartsýni á þessum dimmu dögum í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja að ríkisstjórnarflokkarnir skuli ekki einu sinni koma sér saman um að leggja fram frv. hvað þá meira um nauðsynlegar breytingar á fiskveiðistefnunni, hvað þá aðgerðir í aðsteðjandi vanda.

Núverandi stjórnarflokkar lögðu upp með það í veganesti að atvinnulífið í landinu ætti að bjarga sér án afskipta stjórnvalda. Þessi trúarbrögð virðast enn vera við lýði. Íslenskur sjávarútvegur er sveiflukennd atvinnugrein og allt of stór þáttur í okkar þjóðarbúskap til þess að ríkisstjórn á hverjum tíma geti verð stikkfrí af erfiðleikum hans. Hvernig hyggst ríkisstjórnin taka á þeim vanda sem nú er uppi? Á að fara niðurfærsluleið? Á að breyta skráningu gengis? Á að fara leið skuldbreytinga eða fjárhagslegra endurskipulagninga eða á ekkert að hafast að? Á ekkert að gera og fara gjaldþrotaleiðina sem mun setja þjóðfélagið á annan endann? Ríkisstjórninni ber skylda til og forsrh. sérstaklega og sjútvrh. í hennar umboði að gera grein fyrir fyrirætlunum sínum í þessum efnum hér á Alþingi.

Það hefur ekkert slíkt komið fram núna við þessa umræðu.

Stundum heyrist sú staðhæfing og það hefur bryddað á því hér að Framsfl. muni vera bjarghringur fyrir sundrað stjórnarlið, þennan fiðurfénað, til þess að koma á breytingum á grunni núverandi fiskveiðilöggjafar og skýrslu tvíhöfða nefndarinnar. Það hefur ekkert verið leitað til framsóknarmanna um endurskoðun laganna. Og þeir stjórnarliðar sem vilja hlaupa út og suður í þessum alvarlegu málum geta ekki reiknað með því að Framsfl. dragi ríkisstjórnina að landi. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar bera ábyrgð á henni allir sem einn og þeir verða að gera sér grein fyrir þessari ábyrgð og geta ekki skotið henni til annarra, hvorki Framsfl. né annarra flokka. Framsóknarmenn munu sem áður hér á Alþingi fjalla málefnalega um það frv. um sjávarútvegsstefnu sem fram kann að koma frá hendi sjútvrh. ef honum tekst einhvern tíma að smala sínu liði saman. En hins vegar fannst mér nú hv. 17. þm. Reykv. vera að biðjast vægðar áðan og vilja koma heim aftur og lofa að vera þægur því að hann segir og lýsir því yfir hér að erfiðleikarnir séu ekki ríkisstjórninni að kenna því að ríkisstjórnin hafi stundað skynsamlega fjármálastjórn. Hún hafi fellt niður mikla skatta af sjávarútveginum. Já, sér er nú hvert afrekið. En hann gleymdi að geta þess að ríkisstjórnin hefur líka verið dugleg að leggja skatta á sjávarútveginn á móti því sem hún hefur fellt niður.

Framsfl. hefur lagt fram stefnu í sjávarútvegsmálum og hún liggur fyrir. Og tillögur hefur hann líka lagt fram um úrræði og aðgerðir í efnahagsmálum. Framsóknarmenn hafna leið aðgerðaleysis og gjaldþrota. Framsfl. vill leita eftir lausn á vanda smábátaútgerðar og ná um það sátt eftir því sem hægt er. Lenging lána, fjárhagsleg endurskipulagning og niðurfærsla kostnaðar er nauðsynleg ef halda á gengi stöðugu. Hver mánuðurinn sem líður í athafna- og úrræðaleysi leiðir þjóðina fram á barm hengiflugsins. Kjarasamningar nást ekki. Sjávarútvegurinn er í uppnámi og ekki tekst að koma fram endurskoðun fiskveiðistefnu sem hvílir þó á traustum grunni. Ríkisstjórn sem hefur ekki forustu um að leiða neitt stórmál til lykta, stórmál eins og ég hef nefnt hér á undan, er ekki fær um að stjórna landinu. Slík ríkisstjórn á að fara frá sem fyrst. Hún á, eins og segir á sjómannamáli, að taka pokann sinn sem allra fyrst.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Umræður um stjórn fiskveiða er mál sem skipta þjóðina miklu máli. Þessa dagana eru þessi mál hvarvetna rædd, ekki aðeins í bátunum og á bryggjunum heldur víðast hvar á öðrum vinnustöðum og heimilum. Í því árferði sem við búum við hafa fleiri og fleiri gert sér grein fyrir því að afkoma íslensku þjóðarinnar byggist á fiskveiðum og fiskvinnslu. Mestallt annað er yfirbygging eða tilkomið vegna þeirrar auðlindar sem býr í hafinu umhverfis landið. Það væri rangt að segja að mikil eining ríki um stjórnun fiskveiða. Afstaða manna greinist eftir byggðarlögum, landshlutum og einnig eftir því hvar menn eru í skiprúmi. Það er afar ólíklegt að togaramaður og trillukarl hafi sömu skoðanir á skiptingu auðlindarinnar og svo má lengi telja.

Það er vissulega ill nauðsyn að takmarka aðgang að auðlindinni. Við gerum það vegna þess að löngu er ljóst að ofveiði verður til þess að útrýma fiskinum, eyðileggja framtíð þjóðarinnar.

Mér er það minnisstætt að í sumar var ég á fundi með þingmanni frá Nýfundnalandi. Það var einmitt daginn sem það var tilkynnt að ríkisstjórn Kanada hefði ákveðið að banna þorskveiðar næstu tvö árin. Þá sagði þingmaðurinn: Okkur hefði verið nær að fara sömu leið og þið Íslendingar að taka upp stjórnun fiskveiða. Við hunsuðum alltaf fiskifræðingana en þið takið mark á þeim. Nú fer atvinnuleysið upp í 40–50% í mínu kjördæmi. Auðvitað var það rétt ákvörðun að takmarka fiskveiðarnar. Það er hins vegar mjög umdeilt hvernig stjórnun þeirra hefur tekist. Þeir eru býsna margir sem fullyrða að meginmarkmiðunum hafi ekki tekist að ná fram. Flotinn hefur þrátt fyrir háleit markmið stækkað og þrátt fyrir takmörkun hefur hrygningarstofninn sífellt minnkað. Nú erum við vissulega við hættumörk og sér þess víða stað. Það er skammt síðan við töldum eðlilegt að fiska um 400 þús. tonn af þorski en nú er leyft að fiska einungis rúmlega 200 þús. tonn eða um helmingi minna. Afleiðingarnar hafa birst í atvinnuleysi og erfiðleikum byggðanna vítt og breitt um landið. Það sem þó er alvarlegast er að öll yfirbygging þjóðarinnar, þjónusta og eyðsla, er enn miðuð við þá blekkingu að 400 þús. tonn af þorski séu til skiptanna.

Hvað eftir annað hefur lögum um stjórn fiskveiða verið breytt. Við jafnaðarmenn höfum ávallt haldið því fram að þjóðin öll ætti auðlindina. Hvað eftir annað bárum við fram tillögu hér á Alþingi um að það verði viðurkennt í 1. gr. laganna. Sú tillaga var jafnan felld. Að því kom þó að tillagan var loks samþykkt. Nú viðurkenna allir eða flestir að þjóðin eigi auðlindina. Það vefst hins vegar mjög fyrir mönnum hvernig það skuli útfært.

Við í Alþfl. gerum okkur auðvitað ljóst að það eru sjómenn og útgerðarmenn sem sækja fiskinn. Við erum hins vegar þeirrar skoðunar að þeir verði að sætta sig við þær reglur sem þjóðin, eigandi fiskimiðanna, setur.

Sú till. til þál. sem hér liggur fyrir fjallar um að skipa nefnd til að semja tillögur. Ég tel enn eina nefndarskipunina óþarfa og ég tel það ekki til bóta að láta hagsmunaaðila ráða öllu um gerð nýrra tillagna. Staðreyndin er sú að þau lög sem nú gilda og menn eru svo ósáttir við eru byggð á samkomulagi svonefndra hagsmunaaðila. Í raun hafa fyrri nefndir verið skipaðar hagsmunaaðilum og haga störfum sínum á þann veg að þær hafa undirbúið og samið lagatexta. Síðan hafa alþingismenn líkt og atkvæðavélar afgreitt þessar hugsmíðar eins og á færibandi. Alþingi á að hafa burði til þess að axla fulla ábyrgð en leita eftir samráði og taka tillit til gagnrýni telji menn það skynsamlegra.

Nú er við ræðum stjórnun fiskveiða eru aðstæður allar aðrar en áður. Nú eru þúsundir manna atvinnu-

lausir og afleiðingar þess fyrir heimilin eru skelfilegar. Við þessar aðstæður þarf að gæta þess að fiskveiðistefnan lúti því markmiði að færa sem flestum vinnufúsum höndum störf. Það þarf að meta það mjög kaldrifjað á hvern hátt því markmiði megi ná. Við þurfum vissulega að tryggja hámarksarðsemi þess fisks sem veiddur er. Við mat á því verður að skoða hve mikils virði það er fyrir þjóðfélagið að atvinnuleysi minnki eða hverfi. Á því samdráttarskeiði sem nú hefur varað í nokkur ár hefur vissulega margt verið reynt til hagræðingar. Sjálfsagt hefur margt heppnast, en það er líka oft erfitt að sjá hvort nokkuð hefur áunnist. Það er t.d. umhugsunarefni hverju sameining útgerðarfyrirtækja hefur skilað.

Ársreikningar 16 stærstu útgerðarfyrirtækja landsins voru í fréttunum um daginn. Þar kom fram að tap þessara fyrirtækja sem flest hafa gengið í gegnum sameiningu er 1,5 milljarðar kr. Ekkert bendir til að sameining sé endilega rétta leiðin. Grunar mig að oft sé brugðið á það ráð að sameina tvö eða fleiri dauðvona fyrirtæki sameiningarinnar vegna. Líklegt er að örvæntingin sem grípur um sig þegar örðugleikar steðja að verði oft til þess að rangar ákvarðanir eru teknar. Spyrja má hvort nokkur viti til þess að tvö lík fæði af sér lifandi afkvæmi.

Helsti vaxtarbroddurinn í sjávarútvegi síðustu ára hefur verið stofnun fiskmarkaða. Ekki er vafi á því að þar var rétt að verki staðið. Fyrst var byrjað hér á suðvesturhorninu og leiddi það af sér að fiski var ekið um landið þvert og endilangt í því skyni að koma honum á markað. Úrelt verðlagningarkerfi sem var sjómönnum mjög fjandsamlegt átti stærstan hlut að þeirri þróun. Með þróun fiskmarkaðanna hefur það sýnt sig að fjarskiptamarkaðir eru byggðavænir og nægir að nefna að þegar stofnaðir voru fiskmarkaðir úti á landi drógust fiskmarkaðarnir hér syðra aftur úr. Með tilkomu fjarskiptamarkaða um land allt hefur verið sýnt fram á að þar sem fiski er landað og símí og rafmagnið til staðar, er hægt að selja fisk án þess að keyra hann til Reykjavíkur eða sigla honum til Cuxhaven. Ekki er vafi á því að ef þessi tækni er notuð verður hægt að flytja þau atvinnutækifæri sem flust hafa úr landi hingað heim til Íslands aftur.

Þegar kvótakerfið var sett á má segja að 80% kvótaúthlutunar hafi verið í eigu fiskvinnslunnar. Nú í dag má segja að 80% fiskvinnslunnar séu í eigu útgerðarinnar. Hvers vegna ekki að skilja á milli veiða og vinnslu? Við skulum selja það á fiskmörkuðum sem kemur úr auðlindinni og þá mun koma í ljós hvaða fiskvinnslufyrirtæki eru hæf og hvaða útgerðir eru hæfar. Þá gerist það mjög fljótt að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af þróunarsjóði. Við þær aðstæður sem við búum í dag er þróunarsjóður nauðsynlegt skref en aðskilnaður veiða og vinnslu mun leiða af sér nýtt og betra skeið öllum til góða. Þá verður engin fiskvinnsla til staðar í landinu sem ekki hefur ástæðu til að græða á vinnslunni. Þá verður engin útgerð rekin sem ekki stendur sig. Óarðbærar útgerðir munu detta út. Við slíkar aðstæður mun úrelding ganga mun hraðar fyrir sig og á skynsamlegri hátt en nú tíðkast. Ástæða er til að geta þess að ég geri athugasemdir við það að hægt verði að færa aflakvóta yfir á fiskvinnsluhús og bendi í því sambandi á að slíkt getur verið mjög varasamt með tilliti til hagsmuna sjómanna sem gætu þurft að sæta afarkostum svokallaðra eigenda í landi. Ég tel að það sé forgangsmál að efla fjarskiptamarkaðinn í landinu og aðskilja veiðar og vinnslu. Sennilega hefur aldrei verið betra tækifæri til þess en einmitt nú.

Við þurfum að spyrja okkur margra spurninga áður en við ljúkum lagasetningu um stjórnun fiskveiða. Spyrja má: Hvernig gengur frystitogari sem kostar 1,5 milljarða kr.? Líklegt er að hann þurfi með allri sinni fjárfestingu 15 tonn á dag með 20–30 manna starfsliði á meðan einfaldri fiskvinnslu með sama starfsliði nægir 10 tonn á dag til að hafa sæmilega eða góða afkomu Og spyrja má: Hvers vegna er stærstu skipunum ekki meira beint í utankvótategundir á djúpslóð eða til fjarlægra miða í stað þess að skarka á sama stað og litlu bátarnir? Og líka má velta því fyrir sér hvort kvótakerfið hefði ekki heppnast betur hefði þess verið gætt að taka tillit til þess veiðimunsturs sem var þegar kvótinn var lögleiddur í upphafi, þ.e. í hvaða veiðarfæri og á hvaða svæði hann var veiddur. Ef togara vantaði kvóta átti hann ekki að hafa aðeins rétt til að kaupa togarakvóta, bátur kaupa af bát innan síns stærðarflokks o.s.frv.

Ég fullyrði að íslenskur sjávarútvegur á framtíð fyrir sér. Ef við berum gæfu til að gæta hófs og leita allra leiða til að fá hámarksafrakstur af fiskinum. Evrópska efnahagssvæðið mun með þeim tollalækkunum sem því fylgja hjálpa mikið til. Enn legg ég áherslu á það að höfuðverkefni stjórnmálamanna í dag er að leita allra hugsanlegra leiða til að útrýma atvinnuleysinu. Ef rétt er á haldið gæti ný lagasetning um stjórnun fiskveiða átt þátt í að auka atvinnuna.

Við erum nú að ræða eitt viðkvæmasta mál sem fyrir Alþingi hefur komið á þessum vetri. Við höfum það verkefni að samræma þær fjölmörgu skoðanir sem uppi eru um fiskveiðimálin. Stjórnmál eru hópvinna og því er líklegt að margur verði að láta nokkuð af sinni meiningu til að unnt verði að ná ásættanlegri lagasetningu til heilla fyrir þjóðina. Í bók Laxness var Salka Valka eitt sinn ásökuð fyrir að hafa skipt um skoðun. Þá svaraði Salka Valka: Hef ég kannski ekki leyfi til að vera skynsamari en í fyrra? Líklegt er að margur þurfi að lagasetningu lokinni að svara líkt og Salka Valka þegar að henni var vegið.

Fjöregg þjóðarinnar, auðlindir hafsins, verðum við að verja og vernda. Það verðum við að gera á réttlátan hátt og skapa sem mestan frið þjóðarheildinni til hagsbóta.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Umræðan í dag hefur snúist um grundvallaratriði í fiskveiðistjórnun. Fiskveiðistjórnun felst þremur meginspurningum:

1. Hvað er til skiptanna? Það er bæði spurning um magn og möguleika til nýtingar án þess að skerða höfuðstólinn.

2. Hvernig verður því réttlátlega skipt og milli hverra?

3. Hvernig má auka það sem er til skiptanna, magnið og verðmætið?

Þegar fram í sækir mun seinasta spurningin sennilega reynast okkur mikilvægust. Það kostar óhjákvæmilega peninga að finna ný fiskimið, vannýtta stofna, læra að nýta þá og markaðssetja, einnig að setja á laggirnar fiskeldi á traustum grunni. En við megum ekki spara þau útgjöld vegna þess að það getur reynst dýr sparnaður þegar fram í sækir.

Ég vek athygli á þeirri öfugþróun að skera niður um helming, úr 20 millj. í 10, það fé sem varið hefur verið til nýsköpunar- og tilraunaverkefna í sjávarútvegi á vegum sjútvrn. Þar var skorið þar sem síst skyldi og á þessu bera núverandi stjórnvöld ein ábyrgð og það er ekki góður vitnisburður um heilindi stjórnarliða þegar þeir tala um eflingu rannsókna.

Ég vildi í upphafi máls míns geta þess því þótt í dag ræðum við fremur fyrri tvær spurningarnar má sú þriðja, framtíðarmöguleikarnir, ekki gleymast. Sambúð okkar Íslendinga við fiskstofnana umhverfis landið er spurning um líf og dauða byggðar hér á landi. Skynsamleg nýting gjöfulla fiskimiða er forsenda þess að við höfum búið hér í 1100 ár. Í stórum dráttum má segja að fiskurinn í sjónum hafi dugað okkur mætavel fram til þessa, en þó gerði misjafnt árferði og dyntóttir fiskstofnar formæðrum okkar og feðrum skráveifu annað slagið. Sumt í sambúð okkar við fiskimiðin hefur ekki breyst. Við ráðum vissulega yfir öflugri tækjum en nokkru sinni fyrr til að sækja fiskinn, en á móti kemur að fyrr á tímum var fiskur sóttur í meira mæli á grunnslóð, bæði með íslenskum og erlendum fleytum. Fyrr og nú þurfti því á þekkingu að halda á þoli miðanna og hegðun fiskstofnanna. Þar á ég bæði við þekkingu byggða á vísindalegum gögnum og reynslu sjómanna.

Við þurfum enn að reiða okkur á rysjótt veðurfar, ekki síst smæstu fleyturnar. En annað hefur breyst verulega og er hluti vandans nú. Fólki hefur fjölgað hér á landi, kröfur þess til arðsemi fiskimiðanna eru meiri nú en áður, flotinn hefur stækkað og veiðarfæri hafa aldrei verið öflugri. Við þessu höfum við orðið að bregðast og að sumu leyti hefur okkur lánast það en að öðru leyti ekki. Útfærsla landhelginnar gaf okkur stundargrið en nú blasa við okkur staðreyndir um geigvænlegan aflasamdrátt og við honum verður að bregðast. Þá reynir á að það sé gert af skynsemi og af réttlæti.

Aflamark var upphaflega sett til að takmarka sóknina í sameignlega auðlind okkar og ég get ekki bent á betri leið til þess en ég legg ríka áherslu á það að það er ekki nóg að setja heildaraflahámark. Það skiptir líka meginmáli að stýra því hvert þessi fiskur er sóttur og vernda bæði hrygningarstöðvar og uppvaxtarsvæði. Það verður ekki gert nema með lokunum ákveðinna svæða.

Skilningur fer nú vaxandi á því að þetta verði að gerast samhliða. Við þurfum að hafa ákveðna stærð hrygningarstofns til að geta vænst uppbyggingar. Um það hafa margir vitnað, bæði innlendar og erlendar hafrannsóknir m.a. Skemmst er að minnast viðvarana Englendingsins Pope hér í fyrra sem ítrekaði að á meðan þorskstofninn væri of lítill væri hætta á hruni og þetta getum við ekki hunsað. Ég tel því ekki nóg að það sé einungis heildaraflatakmarkanir sem stýra veiðunum, heldur verður að nota það samhliða að takmarka dagafjölda báta og skipa og takmarka leyfi á einstök veiðarfæri og heildaraflatakmarkanir. Hins vegar má nýta sóknarstýringu fyrir einstaka flokka útgerðar, svo sem smæstu smábáta með góðum árangri því veðurlagið eitt og sér stýrir mjög þeim veiðum.

Ég bendi líka á að sá afli sem smábátar draga á land fæst með hlutfallslega litlum tilkostnaði og að því leyti eru smábátaveiðar vistvænni en aðrar veiðar. Nýting aflans er yfirleitt góð og smábátaveiðar skapa fleiri störf með minni tilkostnaði en aðrar veiðar. Þetta ber að hafa í huga svo og hvaða veiðar auka á sóun svo sem þegar afla er hent vegna þess að stærð fisks passar ekki í vélarnar á frystitogurunum. Hins vegar má kerfið ekki ýta undir að fiski sé hent af öðrum ástæðum, svo sem ef eitt tog af smáfiski slæðist með eða einhverjar tegundir sem ekki passa í kvótann það sinnið. Við verðum því að muna að það er ekki bara það að leyfa smábátum að vera með krókaleyfi sem skiptir máli, heldur líka hvers vegna við viljum það. Og ég styð það að smábátar fái að hafa krókaleyfi sitt í friði. Ég tel að rökin fyrir því séu óyggjandi. Ég vil því taka það fram að með þessum fyrirvörum er aflamark nýtilegt en þó því aðeins að það sé notað til þess að deila hinni takmörkuðu auðlind sem til skiptanna er sem réttlátast.

Við kvennalistakonur teljum eðlilegast að miða við það að úthluta kvótum til byggða, þ.e. til þeirra landsvæða þar sem fólkið lifir á útgerð og fiskvinnslu og þau eru mörg. Kvóti á ekki að vera séreign sem fer beint til eigenda skipa eða fiskvinnslustöðva til frjálsrar ráðstöfunar sem getur þess vegna verið alveg úr takti við hagsmuni byggðarlaganna. Og mér finnst það hrein öfugmæli að halda því fram að það komi fiskvinnslufólki eða sjómönnum sérstaklega til góða ef eigendur vinnsluvinnustaðanna geta ráðskast að vild með kvóta seldan úr byggðarlagi eða selt skip í annan landsfjórðung eins og maður hefur heyrt. Þar ræður því miður ekki greiðasemi við fólkið í landinu heldur beinharðir viðskiptahagsmunir tiltölulega fárra manna og það er alveg undir hælinn lagt hvort þeir hagsmunir fara saman við hagsmuni heildarinnar. Allt er þetta gert í nafni hagræðingar. Mér er fyrirmunað að skilja þá hagfræði sem gengur út frá því að hægt sé að líta á eina atvinnugrein einangraða og án tengsla við annað líf í landinu. Það hefur skýrt komið fram í sjútvn. og í skýrslu tvíhöfða nefndar að þar er einungis gengið út frá þeirri hugsun að reka útgerð og fiskvinnslu sem hagkvæmast án þess að taka inn aðrar stærðir, svo sem verndun fiskstofna og byggðasjónarmið.

Í inngangi skýrslunnar er þetta einfaldlega orðað: Hagkvæmni er sá rauði þráður sem gengur í gegnum þessa tillögugerð. Ég spyr: Er hægt að einangra meinta hagkvæmni við eina atvinnugrein þótt stór sé, án þess að taka tillit til annars? Mér sýnist að því sé slegið

föstu að fyllsta hagkvæmni náist með því að leyfa kvótanum að valsa milli byggðarlaga eftir þeim lögmálum einum hvernig ástandið er í seðlaveskjum íbúanna á hverjum stað.

Ég minni á að það eru ekki nema þrjú ár síðan út kom hjá Byggðastofnun skýrsla um kostnað þéttbýlismyndunar. Í niðurstöðum hennar kom fram að áframhaldandi vöxtur þéttbýlis hér á suðvesturhorninu á kostnað landsbyggðarinnar hefði meiri útgjöld í för með sér en ábata. Neikvæðust var útkoman fyrir sveitarfélög, bæði þau sem flutt var frá og til en einnig fyrir ríkið. Það gat brugðið til beggja vona varðandi fyrirtæki og varðandi fólkið sjálft var það aldrei jákvætt, í mesta lagi skaðlaust. Það er ekki hægt að segja að kvótabraskið sé hagkvæmt og horfa fram hjá staðreyndum af þessu tagi og mannlegi þátturinn má ekki gleymast, líðan fólks, óskir þess og rætur.

Er það hagkvæmni sem felst í því að kippa grundvellinum undan atvinnulífi heilla byggðarlaga í nafni hagræðingar sem ræður ferð? Mig langar að vitna í blaðagrein frá því í nóvember eftir Jón nokkurn Þórðarson en hann er að gagnrýna það ástand sem skapast þegar ákveðin byggðarlög missa forræði yfir þeim fiski sem þau áður höfðu til ráðstöfunar, með leyfi forseta:

„Við skulum flýja héðan, hér er ómögulegt að vera. Yfirgefum allt, skip, jarðir, skuldir. Það er allt betra en að vera hér.“ Þessi og þvílík ummæli segir Jón því miður hafa við mikil rök að styðjast því þegar eins og áður er að vikið, aðalatvinnuvegur héraðsbúa er með öllu eyðilagður, þá sé eigi að undra að mönnum hrjósi hugur við að hafa þar langa bólfestu. Og síðar í greininni segir Jón um hver eigi að axla ábyrgðina: „Það er sannast að segja að hér er um alvarlegt mál að ræða og góð ráð dýr eftir því sem á stendur. Í þessu máli er svo mikið í hættu að bæði þing og stjórn landsins verða að skerast í leikinn eigi vel að fara.“ Og það vefst ekki fyrir Jóni að sjá tengsl milli lífs og dauða byggðar, verslunar og sjávarútvegs. „Hvernig svona skipuð byggðarlög muni bera sig þarf eigi að spá neinu um. Framtíðin mun bráðlega leiða það í ljós. Hér er þó eigi allt talið sem héraðsbúum með þessu ólagi getur orðið til niðurdreps. Allir játa að góð og framkvæmdasöm verslun styðji velmegun hvers byggðarlags, en hvernig geta menn hugsað sér hagfellda verslun við Faxaflóa, þegar svo er komið að héraðsbúar eru sviptir aðalatvinnu sinni, fiskveiðum?“

Eins og heyra má á orðfæri og síðustu tilvitnuninni er ekki um glænýjan texta að ræða. Hann var að sönnu skrifaður í nóvember en árið var 1896 og staðurinn Hlið á Álftanesi. Ég bið menn að velta því fyrir sér að einu sinni átti byggð undir högg að sækja hér við Faxaflóa og þá forðuðu menn sér í austur og vestur í leit að betri lífskjörum. Stjórnvaldsaðgerðir skipta máli og við getum velt því fyrir okkur hvaða staður er útkjálkaslóð, hvenær Faxaflóinn var útkjálkaslóð.

Útbýting þingskjala:

Eftirlit með skipum, 192. mál, þskj. 1024.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 208. mál, þskj. 1029. — [Fundarhlé.]

Útbýting þingskjals:

Heimild til að selja jörðina Lönguhlíð í Vallahreppi, 518. mál, nál. landbn., þskj. 1032.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

18 þm. (AÓB, ÁJ, EGuðn, FI, GB, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JónK, JónS, JVK, KE, MF, PJ, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Stuðningur við réttindabaráttu Eystrasaltsríkjanna á alþjóðavettvangi, frh. fyrri umr.

Þáltill. BBj o.fl., 278. mál. — Þskj. 388.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

10 þm. (EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JónS, KE, MF, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Opnun sendiráðs í Peking, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 563. mál. — Þskj. 930.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

1 þm. (SighB) greiddi ekki atkv.

10 þm. (EGuðn, GB, GunnS, HÁ, IBA, JónS, MF, PJ, RA, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
8 þm. (EGuðn, GB, GunnS, HÁ, IBA, JónS, MF, VE) fjarstaddir.

Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1992, frh. síðari umr.

Þáltill. SJS o.fl., 237. mál. — Þskj. 301, nál. 950, brtt. 951.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 951 (ný tillgr.) samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
10 þm. (EGuðn, FI, FrS, GB, GunnS, HÁ, IBA, JónS, MF, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
10 þm. (EGuðn, FrS, GB, GunnS, HÁ, IBA, JÁ, JónS, MF, VE) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun frá Alþingi (þskj. 1037).

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. KHG og ÖS, 484. mál (vaxtagjöld af íbúðarlánum). — Þskj. 832.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
8 þm. (EGuðn, GB, GunnS, HÁ, IBA, JónS, MF, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. ÖS, 545. mál (vaxtagjöld af búseturéttaríbúðum). — Þskj. 903.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP.
10 þm. (EGuðn, GB, GunnS, HÁ, IBA, JónS, MF, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. VE, 548. mál (gjaldfærsla stofnkostnaðar). — Þskj. 908.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
8 þm. (EGuðn, GB, GunnS, HÁ, IBA, JónS, MF, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Ráðherraábyrgð, frh. 1. umr.

Frv. PP, 342. mál (ábyrgð gagnvart Alþingi). — Þskj. 621.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

8 þm. (EGuðn, GB, GunnS, HÁ, IBA, JónS, MF, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Lagaráð Alþingis, frh. fyrri umr.

Þáltill. PP, 441. mál. — Þskj. 755.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

9 þm. (EGuðn, GB, GunnS, HÁ, IBA, JónS, JVK, MF, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu, frh. síðari umr.

Stjtill., 437. mál. — Þskj. 737, nál. 1013 og 1021.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 29:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HBl, JóhS, JBH, KSG, LMR, GAK, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, ÞurP, SalÞ.

nei: HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, SJóh, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, EH, EKJ, FI, GÁ, GHelg.

8 þm. (GunnS, HÁ, IBA, JónS, MF, VE, EGuðn, GB) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Sú tillaga sem hér eru greidd atkvæði um felur í sér að tengja Ísland inn í hernaðarsamstarf Evrópubandalagsríkja. Hér er verið að stíga mjög alvarlegt skref til viðbótar við þá aðild að hernaðarbandalagi sem Ísland hefur verið flækt í síðan 1949. Vestur-Evrópusambandið felur í sér að Evrópubandalagsríkin sem eiga hlut að því áskilja sér rétt til hernaðaraðgerða utan við svæði viðkomandi ríkja. Með aukaaðild að þessu hernaðarbandalagi getur Ísland flækst inn í, þótt með óbeinum hætti sé, hernaðarátök sem við höfum engin áhrif á hvernig hagað verður. Vestur-Evrópusambandið áskilur sér nú þegar að beita kjarnorkuvopnum með sama hætti og Atlantshafsbandalagið gerir enn í dag. Alþb. er andvígt aðild Íslands að hernaðarbandalögum. Við erum andvíg því að tengja Ísland við Evrópubandalagið og ekki síst með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um. Ég segi nei.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Sú tillaga sem hér liggur fyrir um aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu byggir á úreltri skilgreiningu á öryggishagsmunum Íslendinga. Kalda stríðinu er nú lokið og óvinaímyndir þess að engu orðnar og þar af leiðandi þjónar það ekki tilgangi og hefur raunar aldrei gert fyrir Ísland að vera aðili að hernaðarbandalagi.

Sem vopnlaus þjóð eiga Íslendingar að ástunda friðsamleg samskipti við aðrar þjóðir og þá fyrst og fremst á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Kvennalistinn hefur mótað þessa stefnu og hún kom skýrt fram á síðasta landsfundi Kvennalistans. Ég segi því nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 29:26 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, JóhS, JBH, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

nei: AÓB, EH, EKJ, FI, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS.

8 þm. (EGuðn, GB, GunnS, HÁ, IBA, JónS, MF, VE) fjarstaddir.

Till. afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 1038).

Lögræðislög, 1. umr.

Stjfrv., 580. mál (tímabundin svipting, félagsmálanefnd). — Þskj. 1004.

Frv. var of seint fram komið. — Samþykkt með 41 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StH, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP.

22 þm. (AÓB, ÁJ, EGuðn, FI, GAK, GB, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JHelg, JónK, JónS, JVK, KE, MF, PJ, SJS, StB, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hér er um að ræða smávægilega breytingu á lögræðislögum sem felur það í sér að unnt er að beita tímabundinni lögræðissviptingu sem í reynd er þá léttari í framkvæmd en lögin eru í dag þar sem ávallt er um ótímabundna lögræðissviptingu að ræða. Jafnframt er gert ráð fyrir því að í undantekningartilvikum verði unnt að fela félagsmálanefndum sveitarfélaga að fara með lögræðisvald. Það er svo að lögræðissvipting kemur oft til greina þegar um er að ræða meðferð einstaklinga á sjúkrahúsum vegna geðveiki, drykkjusýki eða ofnotkunar ávana- og fíkniefna og þess eru dæmi að við slíkar aðstæður hafi ekki fengist aðili til þess að fara með þetta vald og því er nauðsynlegt að kveða á um það í lögum að við slíkar aðstæður megi fela félagsmálanefndum sveitarfélaga þetta vald.

Ég þarf ekki að fjölyrða um þetta efni frekar, frú forseti, en legg á það áherslu að samkomulag geti tekist um að afgreiða þetta mál nú á þessu vorþingi þó að það sé seint fram komið og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allsh.n.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Vegna þess að önnur röð er á málum en dagskrá gaf til kynna gafst mér ekki tími til að finna gamalt þingmál sem ég flutti sjálf ásamt fleiri hv. þm. sem einmitt tóku á því vandamáli sem hér er reynt að leysa, sem sagt breytingu á lögum um lögræðissviptingu og ég mun kannski síðar gera grein fyrir því vegna þess að ríkisstjórnin virðist ekki fara að þeim sjálfsagða sið að geta þeirra sams konar mála sem áður hafa verið flutt í þinginu en ég mun þá gera það frekar við 2. umr. Ég fagna þessu frv., ég held að þetta sé mjög nauðsynlegt og tryggi rétt borgaranna til þess að öðlast aftur borgararétt þegar meðferð er lokið. Ég mun fara ofan í þetta betur milli umræðna en ég kom hingað í ræðustól fyrst og fremst til þess að lýsa yfir stuðningi við frv. og fagna því að nú hefur eitthvað verið gert í þessum málum. Okkar frv. náði ekki fram að ganga á sínum tíma en nú er bót gerð og ég fagna því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íslensk endurtrygging, 3. umr.

Stjfrv., 307. mál. — Þskj. 1028.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 3. umr.

Stjfrv., 208. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1029.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Geymslufé, 3. umr.

Stjfrv., 209. mál (almenn heimild). — Þskj. 1030.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með skipum, 3. umr.

Stjfrv., 192. mál (heildarlög). — Þskj. 1024.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Við atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. óskaði ég eftir því að nefndin tæki málið fyrir á milli 2. og 3. umr. vegna þess að ákveðinn aðili sem stóð að samningu frv. óskaði að koma fyrir nefndina og skýra ákveðin atriði. Formaður hefur ekki orðið við því og hér er málið komið til 3. umr. án þess að samgn. hafi komið saman. Ég verð að segja að mér þykir leitt að ekki skuli hafa verið orðið við þessum tilmælum. Með því er ég ekki að segja að frv. hefði endilega tekið neinum breytingum, þrátt fyrir það. Ég stóð að frv. eins og það liggur fyrir núna og mun að sjálfsögðu standa við það sem ég hef þar samþykkt en formaður hefur lýst því yfir að hér sé um smámál að ræða og á þeim grundvelli ekki viljað taka það aftur fyrir. En þó að langt sé um liðið vænti ég að hv. formaður muni eftir þeim orðum sem einu sinni voru sögð við hann: Vertu trúr yfir litlu og þú verður settur yfir meira.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 256. mál (almenn endurskoðun). — Þskj. 1001.

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt hefur ein tillaga þessa frv., þ.e. um leiðbeinendaþjálfun í ökunámi, verið nokkuð í umræðunni og hafa ökukennarar einkum vakið athygli á þessu máli. Til þess að leiðrétta þann misskilning sem virðist hafa komið upp þá fékk allshn. fulltrúa þeirra á fund sinn í gær. Skýrðu nefndarmenn fyrir þeim skilning sinn á þessari heimildartillögu til setningar reglugerðar, m.a. í þá veru að þessi æfingaakstur sé hugsaður sem viðbót við hefðbundna ökukennslu í þeim tilgangi að skila reynslumeiri og betri ökumönnum út í umferðina. Í þessu sambandi er rétt að minnast þess að u.þ.b. 60% af öllum umferðarslysum verða hjá ungum ökumönnum og er því brýnt að reyna að finna leiðir til úrbóta. Þess ber þó að geta að þetta úrræði er einvörðungu hugsað sem valkostur en ekki skylda. Til þess að fyrirbyggja frekari misskilning í þessu máli ákvað allshn. að fara þess á leit við hæstv. dómsmrh. að fá reglugerðina til skoðunar áður en ráðuneytið gæfi hana út og voru þau tilmæli samþykkt. Enn fremur varð það að samkomulagi að Félag íslenskra ökukennara fengi reglugerðina til umsagnar frá ráðuneytinu en það hlýtur að teljast eðlilegt, enda hlýtur að vera rétt að leita álits ýmissa aðila í þessu sambandi.

Virðulegi forseti. Til þess að skýra enn frekar hvað í þessu úrræði felst og hvert sé markmið þess langar mig til þess að gera grein fyrir nokkrum minnispunktum er mér bárust í gær frá formanni og framkvæmdastjóra Umferðarráðs en þessi atriði hafa einmitt verið rædd á fundum allshn.

Umferðarráð hefur áhyggjur af mikilli slysatíðni hjá ungum ökumönnum og því háa hlutfalli slysa sem 17–24 ára ökumenn valda í umferðinni. Við vandlega athugun á hvaða leiðir væru bestar til að draga verulega úr slysum hjá ungum ökumönnum vega þrjú atriði þyngst:

Að efla ökukennslu og bæta ökupróf.

Að auka fræðslu og áróður til ungra ökumanna og upplýsingar til foreldra.

Að taka upp punktakerfi að þýskri fyrirmynd og ökuferilsskrá.

Einn veigamikill þáttur í að efla ökukennsluna er að taka upp leiðbeinendakerfi, franska kerfið svokallaða, en öll nágrannalönd okkar að Danmörku undanskilinni hafa tekið upp leiðbeinendakennslu með mismunandi hætti. Rétt er að taka fram að hér er þessi æfingatími hugsaður sem viðbót við núverandi kennslu. Búast má við að þetta fyrirkomulag verði eitthvað dýrara en núverandi ökukennsla en án efa ódýrara þegar upp er staðið fyrir þjóðfélagið.

Sá ávinningur sem helst felst í þessu kerfi er í fyrsta lagi að nemandinn byrjar sex mánuðum fyrr í kennslu og fær því lengri reynslu og meiri þjálfun í stjórnun ökutækis áður en hann lýkur prófi. Auk þess eru meiri líkur á að nemandinn hafi ekið við mismunandi aðstæður og geti því brugðist rétt við t.d. hálku, akstri í myrkri o.s.frv. Til greina kæmi að lengja tímann í 12 mánuði. Ökunámið hefur á sér annað yfirbragð. Ökuskírteinið er ekki eins nálægt og námið er rólegra þar sem ekki miðast allt við það að ljúka því á sem skemmstum tíma. Nemandinn fær meiri möguleika á að skilja umferðina og nær betur að tileinka sér góða umferðarhætti.

Í öðru lagi: Nemandinn er lengur með kennara og leiðbeinanda og fær því meiri og lengri viðhorfsmótun áður en að ökuprófi kemur. Foreldrar fá meiri ábyrgðartilfinningu og verða meðvitaðri um hæfni nemandans og geta í samræmi við það haft áhrif á hann eftir próf.

Í þriðja lagi: Í Frakklandi eins og í öðrum löndum þar sem farið hefur verið út á braut leiðbeinendafræðslu er byrjað á hefðbundnum ökuskóla og æfingakennslu með ökukennara í svipuðum mæli og almennt hefur tíðkast fyrir ökupróf. Það þýðir að leiðbeinendakennslan er algjörlega viðbót við þá ökukennslu sem fyrir er.

Það er samdóma álit flestra sérfræðinga á sviði umferðarmála að aukin þjálfun minnki hættu á slysum.

Frakkar byggja á þeirri forsendu og þeirri staðreynd að með hverju árinu sem fólk hefur ökuréttindi og ekur reglulega minnka líkur á slysum. Tilraunir með þetta franska kerfi fóru rólega af stað. Það byrjaði í fáeinum ökuskólum á árunum 1982 til 1984, en 1988 var því komið á alls staðar í Frakklandi. Þeim sem tóku þátt í þessu fjölgaði verulega þegar fólk sá að þessar tilraunir skiluðu árangri en samt sem áður er þátttaka í þessu kerfi í Frakklandi ekki almenn og er hún talsvert mismunandi eftir þjóðfélagshópum.

Kostir þessa kerfis eru að mati franskra stjórnvalda: Nemandinn fær margfalt meiri þjálfun fyrir ökupróf, færri féllu á prófum, slysum fækkaði verulega, lægri kostnaður við tryggingar vegur upp á móti auknum kostnaði við þjálfun, þátttakendur bera mikla ábyrgð, þar á meðal leiðbeinandinn, eftirlit eykst með ökuskólum og aðferðir verða markvissari og samstæðari.

Það er skoðun formanns og framkvæmdastjóra Umferðarráðs að leiðbeinendaþjálfun til viðbótar markvissri ökukennslu verði þungt lóð á vogarskálar aukins umferðaröryggis í landinu.

Umferðarráð mun stuðla að því að markmið þessara breytinga verði vel kynnt fyrir almenningi, svo og framkvæmd samkvæmt væntanlegri reglugerð dómsmrn.

Virðulegi forseti. Það er von allshn. að þessu máli, frv. til breytinga á umferðarlögum, verði vel tekið á hinu háa Alþingi því markmið okkar allra hlýtur að vera það að finna leiðir til þess að auka umferðaröryggi og fækka umferðarslysum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess að að lokinni umræðu um þetta mál munu fara fram atkvæðagreiðslur um 11. til og með 16. dagskrármáli.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Um það er ekki deilt að það sem menn vilja gera er að setja reglur sem stuðla að auknu öryggi manna í umferðinni og finna leiðir sem bæta þar úr frá því sem verið hefur. Hitt segir dálítið um lagasmíðina, hvernig hún er frágengin, að það skuli þurfa að flytja sérstakar lagaskýringar á textanum til þess að það eigi að vera ljóst hvað menn eru að meina með lagatextanum.

Ég vil geta þess að eftir að mál þetta var tekið út úr nefnd 15. apríl sl. hafa borist erindi frá Ökukennarafélagi Íslands, það fyrra 19. apríl og það síðara 25. apríl, sem lúta einmitt að því máli sem framsögumaður allshn. gerði hér sérstaklega að umræðuefni og lögskýringu.

Þar var minnt á það að stjórn félagsins hefði athugasemdir við tillöguna eins og hún lá fyrir og óskaði eftir því að fulltrúar stjórnar félagsins yrðu hið allra fyrsta boðaðir á fund nefndarinnar. Það varð nokkur dráttur á því og af því varð ekki fyrr en í gær að sá fundur væri haldinn þar sem menn kynntu sér viðhorf þeirra og skiptust á skoðunum um málið.

Ég vil láta það koma fram að ég tel að menn eigi að segja í lagatexta nokkuð nákvæmlega það sem þeir eru að meina og það er ekki mikið mál að mínu mati að breyta lagatextanum í þessu tilviki þannig að merkingin sé ljós, hvað átt er við með æfingaakstri. Eins og frá tillögunni er gengið er um mjög opið ákvæði að ræða sem hægt er að framkvæma af hálfu dómsmrh. með mismunandi hætti. Þess vegna er gripið til þess ráðs af framsögumanni nefndarinnar að gefa skýringu á því hvað vakir fyrir mönnum til þess að fyrirbyggja, ef hægt er, að dómsmrh. beiti ákvæðinu á annan veg en nefndarmenn ætla.

Mér finnst það lakari kostur í lagasetningu að ganga frá textanum þannig að það þurfi að vera með lögskýringu af þessu tagi. Mér finnst einfaldara að breyta textanum þannig að hann segi það sem menn meina. Ég hefði kosið að sú leið hefði verið farin en ekki reyndust vera miklar undirtektir við það af hálfu flestra annarra nefndarmanna og niðurstaðan varð sú að menn hafa látið það yfir sig ganga að una því eftir atvikum að búa við lagasetningu sem þyrfti eiginlega að birta með í fylgiskjali sérstaka lögskýringu svo menn vissu nákvæmlega hvað lögin þýddu að þessu leyti.

Það er ekki að ófyrirsynju að þetta er gert að umræðuefni. Ég vil upplýsa um það að á síðasta ári var gert samkomulag út af öðru máli varðandi umferðarmál og annar aðilinn að samkomulaginu hefur sett fram í bréfi til allshn. þá skoðun að við það samkomulag hafi ekki verið staðið. Ég vil leyfa mér að lesa þann kafla úr erindinu, virðulegi forseti, þannig að hæstv. dómsmrh. geti þá skýrt málið frá sinni hlið telji hann frásögnina ekki vera eftir því eins og hann telur að rétt sé, en hann hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þann 17. mars 1992 voru fulltrúar frá stjórn Ökukennarafélags Íslands kallaðir á fund allshn. en þá hafði nefndin leyst til sín mál sem hún hafði áður afgreitt frá sér til umfjöllunar að nýju. Fyrir hönd stjórnar Ökukennarafélags Íslands gengum við þrír undirritaðir stjórnarmenn á fund nefndarinnar. Áður en inn til nefndarinnar var gengið kom formaður hennar að máli við okkur þrjá á biðstofu nefndarinnar og tjáðu okkur eindreginn vilja dómsmrh. til að finna sem skjótast lausn á þessu máli sem allir gætu sætt sig við. Flutti formaðurinn okkur í framhaldi þess orðsendingu dómsmrh. á þá lund að fagnefnd sú er við lögðum áherslu á að væri stjórn Umferðarráðs til ráðgjafar um sérmál á sviði ökukennslu yrði lögð til hliðar en í staðinn fengjum við [þ.e. stjórn Ökukennarafélags Íslands] beina aðild að stjórn Umferðaráðs.

Þetta töldum við ásættanlega lausn og álitum orð þau er formaður allshn. flutti okkur frá ráðherra nægja tryggingu þess að við þetta fyrirkomulag yrði staðið. Það gekk reyndar eftir og um tæplega eins árs skeið sat fulltrúi stjórnar Ökukennarafélags Íslands í stjórn Umferðarráðs. En í marsmánuði sl. er skipa átti Umferðarráði nýja stjórn bar hins vegar svo við að ráðherra skipaði ekki fulltrúa Ökukennarafélags Íslands í stjórn ráðsins heldur kaus að kalla til aðila utan stjórnar félagsins. Þetta telur stjórn Ökukennarafélags Íslands algert brot á því samkomulagi sem við fulltrúa hennar var gert og byggt var á þeirri tillögu sem formaður allshn. flutti frá dómsmrh. og við undirritaðir getum allir borið vitni um.

Í ljósi alls þessa sem hér hefur verið frá greint fer stjórn Ökukennarafélags Íslands fram á það við formann allshn., svo og nefndina í heild, að hún hlutist svo til að við fyrrgreint samkomulag verði staðið í ein og öllu."

Þetta held ég að sé nauðsynlegt að hafa til upplýsingar þannig að menn átti sig á þeim bakgrunni sem hefur verið á þessu máli þar sem fulltrúar Ökukennarafélags Íslands hafa síðustu daga verið í sambandi við einstaka nefndarmenn og sótt það að fá fund með nefndinni sem af varð í gær.

Þá sendi félagið einnig frá sér bréf 25. apríl þar sem þeir fjalla um þetta mál og þykir mér nú leitt að sjá að þeir telja og gefa umfjöllun um málið ekki góða einkunn og vara við þeirri tilhneigingu sem gæti í umferðarlögum að heimila ráðherra nánast án allra skilyrða að setja í reglugerð ákvæði um framkvæmd mála af flestu tagi. Það kemur fram í bréfinu að nú þegar eru milli 70 og 80 slíkar heimildir að finna í lögunum og telur aðalfundur Ökukennarafélags Íslands að það sé ekki á bætandi. Undir þetta sjónarmið get ég tekið. Ég tel að það sé afleit lagasetning að ganga svo frá texta að menn séu að fela framkvæmdarvaldinu að útfæra það sem í textanum á að standa. Við sem vinnum að þessum málum eigum auðvitað að temja okkur og miða störf okkar við það að lagatextinn sé skýr og skiljanlegur og þurfi ekki sérstakar lögskýringar í umræðum um málið hér á Alþingi.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég get nú ekki látið hjá líða að lýsa nokkrum vonbrigðum mínum með tök og niðurstöðu allshn. varðandi a.m.k. tiltekna þætti þessara breytinga eða endurskoðun umferðarlaga og leyfi mér að lýsa nokkrum efasemdum um að það sé yfir höfuð fram-

faraspor eða til bóta að ljúka þessum breytingum eða afgreiðslu málsins nú á þessu vori með þeim hætti sem hér er lagt til. Það hefur greinlega ekki tekist til sem skyldi, samanber þá óánægju sem til að mynda Ökukennarafélag Íslands lætur í ljós með þær breytingar sem að þeirra starfssviði undir þessum lögum snýr sérstaklega.

Þá verð ég í öðru lagi að játa að það eru mér nokkur vonbrigði að hv. allshn. virðist alls ekki hafa gert nokkurn skapaðan hlut með frv. til laga um breytingu á umferðarlögum sem ég var 1. flm. að og var þó sent til nefndarinnar eða komið til nefndarinnar á undan því stjfrv. sem hér er verið að leggja til að afgreiða. Ég hafði satt best að segja vonast til þess eftir að allshn. hafði fengið bæði þessi frumvörp til umfjöllunar, að þá yrði farið nokkuð vandlega yfir það hvaða ráðstafanir væri skynsamlegast að gera einkum hvað varðar þennan þátt málsins, þ.e. ökukennsluna og ökuskírteinin eða réttindin, bæði hvaða kröfur yrðu gerðar hvað námið snertir og próf en ekki síður þá hvernig á þeim tíma sem í hönd færi væri reynt að stemma stigu við þeirri háu slysatíðni sem er mjög sláandi þegar tölur eru skoðaðar þar að lútandi.

Í því frv., sem ég flutti eða er 1. flm. að, er lagt til að tiltekið reynslutímabil sé upphaf að ökumannsferli hvers og eins sem fær réttindi til þess að stjórna bifreið eða bifhjóli og bætist við eða komi framan við það reynsluskírteini eða bráðabirgðaskírteini sem nú er við lýði og gildir í tvö ár. Þegar ég varð mér úti um umsagnir sem borist höfðu allshn. um þetta mál af því að ég saknaði einhverrar afgreiðslu á því þegar stjfrv. birtist á nýjan leik, þá kemur í ljós að af fjórum umsögnum sem mér sýnist að nefndinni hafi borist, þá mæla tvær eindregið með afgreiðslu frv., telja að það fyrirkomulag sem þar er lagt til sé til bóta, í þriðju umsögninni eru færðar fram efasemdir og í þeirri fjórðu er ekki mælt með samþykkt frv. Þannig að ef þetta er nú lagt saman, án þess að vera að gera upp á milli þessara umsagna, þá er ekki hægt að segja annað en að hlutfallslega verulegur stuðningur hafi komið fram við þá breytingu sem þarna er á ferðinni. Þar á meðal mælir Ökukennarafélag Íslands með því að þessi breyting sé gerð.

Það er hins vegar mjög andvígt því sem hv. nefnd leggur til að gert sé varðandi breytingar á 57. gr. umferðarlaganna, þ.e. að heimila að taka upp akstur í umsjá leiðbeinanda eða æfingaakstur án þess að ökukennari sitji við hlið nemandans og að síðan sé álitamálum varðandi það fyrirkomulag einfaldlega vísað í reglugerð sem dómsmrh. eigi að setja. Ég held að menn hljóti nú a.m.k. að geta orðið sammála um að það sé afar vandasamt að setja reglur af þessu tagi og skipti miklu máli hvernig til takist. Ef menn vilja á annað borð breyta þessari þjálfun ökumanna þannig að ófaglærðir menn eða leiðbeinendur eða hvað við köllum það taki að einhverju leyti þátt í því að þjálfa upp ökumenn áður en þeir fá ökuréttindi, þá þarf a.m.k. að mínu mati að ganga mjög skýrt frá því hvar inn í þjálfun hinna verðandi ökumanna slíkt á að koma. Ég sé ekki að það sé gert hér í þessum brtt. nefndarinnar eða eins og frv. lítur þá fyrst út eftir 2. umr. Og ég vil spyrja hv. formann allshn. að því, hvernig hugsa menn sér þetta fyrirkomulag? Hugsa menn einhver aldursmörk þegar menn geta farið að hefja þessa þjálfun? Verður það tengt með einhverjum hætti inn í ökukennsluna sem slíka, hvernig yrði samskiptum leiðbeinandans og ökukennarans háttað o.s.frv.? Ég held að það séu nú býsna mörg álitamál sem vakni þegar þetta er lagt til eins og hér er gert.

Þó svo að ökukennslan eða þjálfun ökumannanna verði þegar upp er staðið jafngóð og jafnvel betri, þá hefði það ekki svarað eða mætt því sem var megintilgangur hins frv. að reyna að draga úr slysatíðninni á fyrstu mánuðum eða missirum ökumannsferilsins. En það sem stendur upp úr öllu öðru þegar tölur eru skoðaðar í þessu sambandi, það er hin hrikalega slysatíðni sem tengist fyrstu mánuðum eða fyrstu árum sem menn stjórna bifreið eða bifhjóli.

Það vekur nokkra athygli mína að í umsögn Landssambands lögreglumanna sem lýsir efasemdum um það reynsluskírteinisfyrirkomulag sem lagt var til í frv. okkar nokkurra þingmanna að ein meginröksemdi þeirra eða ein helsta efasemd þeirra er sú að það liggi ekki fyrir tölfræðilega sannað að fyrstu sex mánuðir á aksturstíma hvers og eins séu hættulegastir og sé það á grundvelli þess sem Landssamband lögreglumanna hafi efasemdir um að þar sé valinn akkúrat rétti tíminn til þess að binda eða skilyrða ökuréttindin við það að reyndari stjórnandi sé við hlið þess sem keyrir. Það er að vísu rétt að samkvæmt þeim fátæklegu gögnum sem til eru um þetta og ég hef nú að hluta til unnið upp úr gögnum Umferðarráðs, þá er fyrsta árið ekki sundurgreint í mánuði. Það eru eingöngu birtar slysatölur eða óhappatölur fyrir hvert almanaksár í heild eða hvert aldursár stjórnendanna, þ.e. 17. árið, 18. árið o.s.frv. og ekki flokkað þar niður á mánuði. En ég hafði það m.a. eftir bæði lögreglustjórum í nokkrum umdæmum og fleirum sem að þessum málum hafa komið að þeir teldu engan vafa á því að fyrstu sex mánuðirnir eða svo væru þarna langvarasamasti tíminn og skýrðu það að mestu leyti hvers vegna fyrsta árið stendur langt upp úr öllu öðru í slysa- og óhappatíðni í stjórnendum ökutækja og bifhjóla. Það ber þar mikið á milli strax þegar borin eru saman annars vegar 17 ára hópurinn og hins vegar 18 ára hópurinn. Á hverju einasta ári undanfarin 6–7 ár eru slys og óhöpp mun fleiri í hópi 17 ára heldur en 18 ára og það bendir til þess að mínu mati nokkuð sterklega að upphafið á þessum ferli sé það varasamasta.

Ef menn vildu lengja þetta tímabil t.d. upp í eitt ár eins og er við lýði að mér skilst í a.m.k. sumum fylkjum Bandaríkjanna, þá er ég svo sannarlega tilbúinn til að skoða það ef mönnum finnst ekki nógu langt gengið. En að vísa málinu frá á þeim grundvelli að það liggi ekki fyrir alveg tölfræðilega sannað að þessir fyrstu sex mánuðir séu jafnafdrifaríkir í þessu sambandi og ætla má finnst mér ekki merkilegur málflutningur satt best að segja.

Síðan er það svo að ef farið er að skoða þessi mál á annað borð og velta því fyrir sér hvar skórinn krepp-

ir virkilega í þessum efnum hjá okkur, þá er ekki nokkur vafi á því að mínu mati að menn hafa verið með kolrangar áherslur hvað varðar fyrirbyggjandi ráðstafanir í slysavörnum í umferðinni hér um árabil. Og sú vitlausasta af þeim öllum er að mínu mati sú ofuráhersla sem lögð hefur verið á skoðun bifreiða og á að það mætti ætla að peningaeyðslu- eða peningaráðstöfun á þessu sviði, að aðaluppspretta umferðaróhappa og slysa væri lélegur bílakostur, væru bilanir í bifreiðum eða hvað. Er það ekki þannig að landsmenn eyði hundruðum millj. kr. á ári hverju og stjórnvöld hér áður fyrr ómældum fjárhæðum í það að skoða bílaflotann með miklu batteríi og tók nú steininn úr eftir að það var einkavætt því að síðan hefur okrið farið upp úr öllu valdi eins og kunnugt er þegar þessi einokunarstarfsemi var einkavædd hér með miklum glæsibrag af núv. hæstv. iðnrh. og viðskrh., páv. dómsmrh., og ein af fáum einkavæðingum í sögunni sem er svo rækilega bundin við einokun að menn eru settir nánast í fangelsi ef þeir eiga ekki skipti við þessa einkavæddu einokunarstofnun, fá stórar sektir, klippt númerin af bílunum þeirra o.s.frv. eins og kunnugt er þannig að það er nú sæmilega tryggt að hin einkavædda stofnun fái viðskipti.

En hvernig lítur þetta nú út þegar farið er að kíkja á tölfræðina á bak við málið? Er það svo að þessi mikla áhersla á að skoða bíla í samanburði við það sem lagt er t.d. í ökukennslu, fræðslu og forvarnir sé réttlætanleg? Svarið er nei. Staðreyndin er auðvitað sú að bilanir í bifreiðum og óhöpp sem rekja má til þess að bílaflotinn sjálfur sé ekki í nógu góðu ásigkomulagi er hverfandi hlutfalla allra slysa, hverfandi hlutfall, í mesta lagi mælt í fáeinum prósentum borið saman við þau 90% sem bæði skandinavískar og bandarískar kannanir sýna að eiga rót sína að rekja til stjórnandans, þess sem stjórnar ökutækinu eða bifhjólinu. Ég hefði gjarnan viljað að hv. allshn., úr því að hún fór að skoða umferðarlög á annað borð, færi yfir þessa hluti og kannaði þá m.a. út frá þessum forsendum hvort ekki væri hægt að einhverju leyti að losa um þá áþján landsmanna að þurfa að eiga samskipti við hina einkavæddu Bifreiðaskoðun Íslands hf. með þeirri gjaldskrá sem þar er í gildi. Og það vill svo til, hæstv. forseti, að ég fékk upp í hendurnar nú fyrir nokkrum dögum síðan glænýtt gagn í þessum efnum sem er ný norsk könnun um gildi þess að skoða bifreiðar reglubundið með þeim hætti sem við höfum baksað við hér um árabil borið saman við hitt að gera það ekki. Sem sagt, það var reynt með mjög viðamikilli könnun í Noregi sem tók til fjögurra ára að svara því, skila svona reglubundnar skoðanir með tilheyrandi kostnaði einhverjum árangri í slysavörnum. Og hvert var svarið? Nei. Það var þannig að þessi viðamikla norska könnun tók hvorki meira né minna en til allra norskra einkabíla og flutningabíla sem skráðir voru í Noregi árin 1978, 1979 og 1980. Þessi flokkur bíla var settur í fjögurra ára tilraun og þetta eru samtals eitthvað á þriðja hundrað þús. bifreiðar ef ég man rétt og tilgangur könnunarinnar var sá að rannsaka og fá úr því skorið hvort reglubundin skoðun eða öryggiseftirlit með slíkum bílum skilaði árangri. Og þetta var gert með þeim hætti að í fyrsta lagi var rannsakað hvort árleg skoðun eins og hér er notuð eða skoðun þriðja hvert ár eða alls engin skoðun sýndi einhvern tölfræðilegan, marktækan mun í tíðni óhappa í þessum viðkomandi bílaflota. Fjöldinn er svo mikill, tilraunin er svo stór að tölfræðilega á hún að sýna marktæka niðurstöðu með öllum þeim breytileika sem reikna má með í formi aðstæðna, bifreiðastjórnunar og allra slíkra hluta. Og það skýrist kannski ef farið er yfir þær tölur sem á bak við standa. Í flokki eitt, þ.e. þeim hópi bíla sem skoðaður var á hverju ári á tilraunatímabilinu í fjögur ár voru 46.422 bílar. Í flokki 2, þeim flokki bíla sem skoðaður var þriðja hvert ár eða í upphafi eða á öðru ári tilraunarinnar, sem sagt aðeins einu sinni, voru sömuleiðis 46.422 bílar, en í þriðja hópnum, samanburðarhópnum við þessa tvo, sem alls ekki var skoðaður á þessu fjögurra ára tímabili voru 111.412 bílar. Niðurstaðan varð alveg skýr. Hún var sem sagt sú að á tímabilinu 1986–1989 var ekki marktækur munur á tíðni óhappa sem þessir þrír samanburðarhópar lentu í. Það fannst enginn marktækur munur en tölfræðin segir okkur og óvissumörkin miðað við þennan fjölda bíla að væri þarna um einhverja fylgni að ræða, þá hefði hún komið fram. Og eins og höfundar könnunarinnar segja í lokaorðum, það sé með miklu öryggi hægt að segja að reglubundið eftirlit, „periodisk kontrol ikke har innvirket på sikkerheden, verken for de biler som er kontrolert årligt eller for de som ble kontrolert bare i 1986, sammenlignet med de som ikke ble kontrolert". Með miklu öryggi má fullyrða að niðurstaða höfunda könnunarinnar sé sú að þarna sé um engin marktæk áhrif að ræða.

Ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að mér finnast þetta býsna magnaðar niðurstöður í ljósi þess hvernig við erum að ráðstafa hér fjármunum á þessu sviði og hefði gjarnan viljað sjá að menn væru að þreifa sig áfram eftir einhverjum brautum af þessu tagi að reyna að velta því virkilega fyrir sér hvar er það sem skórinn kreppir. Hvar er uppspretta slysanna og óhappanna og hvert á að beina fjármunum og mannafla í formi fyrirbyggjandi ráðstafana? Það er greinilega ekki í gegnum mörg hundruð millj. kr. útgjöld þjóðarbúsins í bifreiðaskoðun. Það er greinilega ekki svo þegar menn annars vegar hafa fyrir sér samkvæmt viðamiklum könnunum austan hafs og vestan að yfirgnæfandi meiri hluti allra óhappa samkvæmt skýrslum rekur sig til stjórnendanna eða um 90% og hins vegar þessa viðamiklu norsku könnun sem er sú eina sinnar tegundar sem mér er kunnugt um að hafi verið gerð, þá ber það alveg að sama brunni að áherslur manna eru í raun og veru ekki í nokkru samræmi við þær upplýsingar sem fyrir liggja um meginorsakavaldana á þessu sviði.

Ég er alveg sannfærður um það að vilji menn virkilega ná árangri gagnvart þessum hroðalegum slysum sem hér eru á Íslandi í umferðinni og eru allt of mörg, setja okkur í hóp efstu þjóða hvað það snertir að ungmenni séu hér að slasast eða deyja vegna umferðaróhappa, þá þurfa menn að beina kröftum sínum að rót-

um vandans sem er í hinum mannlegu þáttum sem þessu tengjast. Og þar verður því ekki á móti mælt hvað sem hver segir að það eru fyrstu mánuðir eða ár ökumanns sem eru hættulegust. Og ég tel því miður, hæstv. forseti, að hv. allshn. þó að hún hafi sjálfsagt unnið að þessu eftir bestu vitund hafi ekki verið á réttum brautum hvað þetta snertir. Ég hef áhyggjur af þeim breytingum sem þarna eru lagðar til varðandi akstur án þess að ökukennarar hafi þar hönd í bagga, sérstaklega vegna þess að mér finnast þær hugmyndir alls ekki hafa verið útfærðar eða settar í samhengi við ökukennsluna að öðru leyti eða þjálfun ökumanna með skýrum hætti a.m.k. ekki svo að ég hafi séð.

Ég held að það sé líka óskaplega óheppileg byrjun á þessu máli að gera þessar breytingar í andstöðu við Ökukennarafélag Íslands og alla þá ökukennara sem ég þekki til eða hef heyrt til undanfarna sólarhringa, svo mikið er víst. Það er ekki mjög gæfuleg byrjun að leggja af stað með þessar breytingar í fullkominni andstöðu við þá stétt í landinu sem á að annast fræðslu á þessu sviði. Og nú hef ég ekki í sjálfu sér heyrt menn yfirleitt halda því fram sem þetta hafi verið að rannsaka, hvorki t.d. sérfræðinga Umferðarráðs, landlæknisembættið, héraðslæknaembættin eða lögreglustjórana að þeir telji að það sé í sjálfu sér í ökukennslunni sem brotalömin liggur í þessum efnum. Menn hafa miklu meira velt því fyrir sér hvort það geti ekki verið eitthvert ríkjandi kæruleysi umhverfisins gagnvart þessum hlutum sem þarna þurfi að draga fram til ábyrgðar að þrátt fyrir þau slys sem verða hér því miður næstum að segja daglega eða vikulega í umferðinni þar sem ungmenni koma mjög oft við sögu, þá ríki mikið kæruleysi í umhverfinu gagnvart þessum málum og það sé nánst reglan en ekki undantekningin að daginn sem 17 ára ungmennið fær ökuskírteinið, þá sé heimilisbíllinn afhentur og lyklarnir og menn geti farið hvert á land sem er með bílinn fullan af jafnöldrum sínum þannig að líf fimm ungmenna sé þá komið í hendur stjórnanda sem er 17 ára og tveggja daga og hefur nákvæmlega svo mikla reynslu af því að stjórna ökutæki. Þetta er ekki mjög skynsamlega í hlutina farið og þær þjóðir sem hafa verið að endurskoða sína löggjöf á undanförnum árum og þykja hvað framsæknastar í þessum efnum eru að fikra sig áfram þarna eftir öðrum brautum að ég tel.

Hæstv. forseti. Það er sjálfsagt of seint í rassinn gripið að fara að halda ræður af þessu tagi við 3. umr., enda virðist minn málflutningur hér þegar ég mælti fyrir frv. því sem ég flutti ásamt fleiri þingmönnum og vísað var til hv. allshn. ekki hafa fallið þar í mjög frjóan jarðveg, a.m.k sé ég þess ekki stað í brtt. nefndarinnar eins og þær komu fram og verður þá bara að taka því eins og það er, en mér segir svo hugur um að menn séu ekki að smíða neitt þúsund ára hús í sambandi við þessar breytingar á umferðarlögunum og þeir hlutir muni verða hér áfram til skoðunar og mér liggur nú við að segja vonandi nema þá bregði mjög til betri tíðar í sambandi við þessi mál, ellegar held ég að menn hljóti að verða hér áfram á næstu árum í því að leita leiða til þess að bæta þetta ástand. Það er ekki nógu gott. Og við verðum að horfa á hvað það er sem veldur því að slysatíðnin er jafnhá hér á Íslandi og raun ber vitni borið saman við ýmsar nágrannaþjóðir, hvort það sé eitthvað í fyrirkomulagi þessara mála hjá okkur eða einhverjar uppeldislegar eða félagslegar aðstæður sem þarna liggi til grundvallar og ráðast þá að þeim rótum vandans. Auðvitað verða svona mál aldrei leyst í eitt skipti fyrir öll á einu bretti með einhverri snjallri kerfisbreytingu. Mér dettur ekki í hug að halda slíku fram og svo einföld erum við auðvitað ekki að við látum okkur detta það í hug, að við munum útrýma umferðarslysum með einhverjum slíkum töfrabrögðum. Og sjálfsagt er það þannig að þrotlaust áróðursstarf og fyrirbyggjandi aðgerðir sem eru sífellt í gangi í skólum og heimilum og annars staðar þar sem því verður komið við er það sem mestum árangri skilar í þessu sambandi.

En ég a.m.k. vildi gjarnan fá að heyra formanninn fara aðeins betur yfir það hvernig þessi reynsluakstur er þá hugsaður í samhengi við ökukennsluna að öðru leyti og skipulag þessara mála og ég vildi koma því á framfæri, hæstv. forseti, að ég tel að með engum fullnægjandi rökum hafi þeim hugmyndum sem við nokkrir þingmenn settum fram í frv. fyrr í vetur um ráðstafanir til að reyna að draga úr tíðni slysa og óhappa á fyrstu mánuðum ökumannsferilsins verið hafnað. Ég hef a.m.k. ekki heyrt þau og væri þá þakklátur fyrir það þó að seint væri að þau kæmu hér fram ef þau eru einhver eða hafa verið flutt.

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Vegna þeirra athugasemda sem hér hafa komið fram frá tveimur hv. þm. þá tel ég rétt að ræða þetta mál aðeins nánar. Mér finnst það reyndar svolítið sérstakt að það virðast vera nokkuð ólík sjónarmið um þessi mál í Alþb. vegna þess að það voru tveir hv. varaþm. frá Alþb. sem sóttu fundi um þetta mál í allshn., þ.e. Lilja Rafney Magnúsdóttir og Auður Sveinsdóttir. Hv. þm. Kristinn Gunnarsson hafði ekki tök á að sækja fund í nefndinni, var þá frá þingi en alls fjallaði allsh. um þetta frv. á 9 fundum þannig að mönnum hlýtur að vera ljóst að það er búið að ræða þetta mál mjög ítarlega.

Það er einnig búið að fá margar umsagnir sem farið hefur verið yfir þó að menn kjósi að líta ekki á þær heldur einvörðungu þessa umsögn frá Ökukennarafélagi Íslands. Og þeir taka það meira að segja fram að þeir séu ekki á móti því að foreldrar komi inn í þessi mál. Þeir vilja aðeins meiri umræðu og væntanlega meira samráð við þá sjálfa. Ég get ósköp vel skilið það en ég held að með því samkomulagi sem ég lýsti hér í fyrri ræðu hafi verið búið svo um hnútana að það verði.

Vegna orða hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar áðan um að formaður þurfi að koma hér með sérstaka lögskýringu, þá var það nú svo að almennt er ekki þörf á því að þegar í lögum eru veittar heimildir fyrir ráðherra til þess að setja reglugerðir, þá þarf ekkert að skýra það nánar en það er heldur ekki gert ráð fyrir því að það séu ítarleg fyrirmæli í lagaákvæðum sem snerta

þessa heimild. Hins vegar þótti mér rétt að skýra þetta ákvæði enn frekar og hef þó komið að því á öðrum stöðum, m.a. við stjórn Félags ísl. ökukennara og í fjölmiðlum og taldi rétt að gera líka hér á hinu háa Alþingi.

Varðandi það að það hefði komið seint til að þeir kæmu inn í nefndina þá var það á fundi í gær en þetta mál var líka rætt á fundi allshn. sl. mánudagsmorgun, þar sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson var ekki viðstaddur, þar sem við ræddum einmitt það atriði að óska eftir því við hæstv. dómsmrh. að fá reglugerðina. Og það er, verð ég að segja, hlutur sem ég er í sjálfu sér ekki hrifin af vegna þess að ég tel að það eigi ekki að blanda saman löggjafarvaldi og framkvæmdarvaldi með þessum hætti. En ég tel vegna þessa misskilnings sem upp hefur komið, m.a. hefur sá misskilningur komið fram í fjölmiðlum og ég vil að hann sé leiðréttur, þá tel ég rétt að veita sérstaka undanþágu til þess að ná sáttum við ökukennara sem ég er viss um að við höfum öll áhuga á að hafa fullar sættir við og hafa unnið mjög gott starf.

Vegna þess bréfs sem hv. þm. minntist hér á áðan frá ökukennurum varðandi þetta „samkomulag" er gert var á síðasta ári, þá veit ég ekki betur en ráðherra hafi staðið við þetta óformlega samkomulag og skipað ökukennara í Umferðarráð. En það er svo á valdi ráðherra en ekki þingnefndar hvaða fulltrúar eru skipaðir í Umferðarráð og hvort sá fulltrúi er þóknanlegur Félagi ísl. ökukennara eða ekki. Það er ekki mál allshn. þó að mér finnist að sjálfsögðu að menn eigi að reyna að vinna að þessu máli í samkomulagi því að auðvitað eru ökukennarar sérfróðir um þessi mál og virða ber þeirra samtök.

Varðandi ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um frv. hans og fleiri þingmanna sem barst til allshn., þá var það frv. sent til umsagnar til sömu umsagnaraðila og það frv. sem hér er rætt um. Það komu fram mismunandi álit hér í þeim umsögnum eins og ég var reyndar búin að skýra hv. þm. frá en ég vil taka það fram að það eru mörg mál eftir í allshn. sem nefndin hefur hreinlega ekki haft ráðrúm til þess að vinna með og enn þá er tími þannig að við eigum eftir að skoða þetta mál betur.

Varðandi atriði um andstöðu ökukennara, þá held ég að þetta sé nú ekki alveg rétt fullyrðing vegna þess að ég hef upplýsingar um það og hef sjálf fengið persónulegar upphringingar út af því að það eru margir ökukennarar sem eru mjög sammála og fylgjandi þessum breytingum. En ég get hins vegar alveg tekið undir það að þetta eru engin töfrabrögð sem við erum að koma með hér til þess bara að lagfæra ástandið í okkar umferðarmenningu eða ómenningu heldur erum við að leita leiða til úrbóta. Vonandi megi það bera góðan ávöxt.

Varðandi þau atriði sem var spurt hér um um nánari útfærslu á þessu máli, þá kemur það skýrt fram í brtt. frá allshn. á þskj. nr. 979 við 11. gr. þar sem segir:

„C-liður orðist svo: Á eftir 5. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Dómsmrh. getur sett reglur um æfingaakstur án löggilts ökukennara, þar á meðal um lágmarksþjálfun nemenda, enda hafi leiðbeinandi náð 24 ára aldri." Þarna gerði nefndin tillögu til breytinga vegna þess að það var lægri aldur í frv. Okkur var nú reyndar sagt að það væru mistök. Þessi leiðbeinandi skuli hafa gild réttindi til þess að stjórna þeim flokki ökutækja og hafi a.m.k. fimm ára reynslu af því að aka þannig ökutæki. Nefndin jók þarna árafjöldann líka í sínum brtt. og fleiri skilyrði eru talin hér upp.

Það er auðvitað alveg satt og rétt að það þarf að vanda mjög til þessarar reglugerðar. Það þarf að huga að mörgum þáttum. Varðandi það atriði t.d. sem rætt hefur verið um og menn hafa e.t.v. áhyggjur af að það sé spurning hver teljist stjórnandi ökutækisins, þá er það nú reglugerðarákvæði í dag að ökukennari telst stjórnandi ökutækis og væntanlega yrði það á sama hátt núna að leiðbeinandinn teldist stjórnandi ökutækisins en ég tel að það þyrfti að leita einnig álits tryggingafélaganna um þetta mál.

Varðandi það atriði að ökukennarar hafi aukahemla sem þeir geta notað í sinni kennslu, þá skilst mér að það sé hægt að fá slíkan búnað leigðan fyrir einkabifreiðar. Það er líka hægt að hugsa sér það að þessi akstur eigi sér stað utan vega á sérstökum æfingarakstursbrautum. Það er heldur ekki verið að tala um neina brotalöm í ökukennslunni í þessari tillögu. Það er bara verið að tala um það að ungir ökumenn þurfi lengri reynslu í akstrinum og einnig að það þurfi að endurbæta ökuprófin. Ég ætla því svo sannarlega að vona og ég held að það sé álit nefndarmanna í allshn. líka að þessi atriði sem vel verður vandað til væntanlega um setningu reglugerðar muni verða okkur til góðs og ég held líka að hv. þm. sem hér töluðu síðast séu mér sammála um það og það sé okkar markmið að reyna að efla umferðaröryggi sem best.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er nú kannski ekki miklu við að bæta við það sem fram kom hjá mér í fyrri ræðu en mér þykir þó rétt að svara eilítið því sem fram kom hjá formanni allshn. Eins og fram kom hjá formanninum, þá sátu aðrir yfir þessu verki en ég meðan að því var unnið en ég hins vegar vakti athygli á því að það er eftir að málið var tekið út úr nefnd sem þessi erindi berast. Og auðvitað hlýtur maður, a.m.k. hugsa ég það þannig að þegar einstakir aðilar sem hagsmuna eiga að gæta gera athugasemdir við afgreiðslu máls og óska eftir fundi með nefnd, þá sé sjálfsagt að verða við því. Og mér sýnist á þeim gögnum sem þeir hafa lagt fram og þeim sjónarmiðum sem þeir hafa kynnt, þá hafi þeir allnokkuð til síns máls.

Það bendir nú ekki til neins ágreinings milli manna í sama flokki þó að menn vilji taka á málum af þeirri víðsýni að hlusta á sjónarmið annarra og í raun og veru staðfesti hv. formaður nefndarinnar orð mín með ræðu sinni hér áðan þar sem fram kom að þyrfti að fá skýringar á hinu og þessu.

Þá vil ég einnig geta þess sem fram kom hjá henni varðandi það að ég hafi ekki setið fund síðasta mánu-

dag, þá var það af tilteknum ástæðum sem formanni var kunnugt um og hér var um aukafund að ræða sem ég andmælti ekki að yrði haldinn þó að það væri vandséð hvernig ég gæti mætt til fundar sem reyndar fór svo að ekki var hægt. Mér þykir miður ef það er orðið aðfinnsluefni að maður andmælir ekki að fundir í nefnd séu haldnir á þeim tíma sem maður getur ekki mætt. Hitt verð ég að segja að það kom mér nokkuð á óvart að á þeim fundi skyldi vera eitt af stóru málunum sem nefndin er að glíma við tekið út úr nefnd, en ég var að fá hér í hendur nál. um frv. til skaðabótalaga. Mér var ókunnugt um að það stæði til að ljúka yfirferð þess máls á fundinum á síðasta mánudag.

Hvað varðar þau orð formanns nefndarinnar að tími sé til stefnu og menn geti tekið þingmannamál fyrir, þá finnst mér það vera til bóta að heyra formann nefndarinnar gefa undir fótinn með það að þingmannamál komi til umræðu innan nefndarinnar. Ég er hér með fundarboð fyrir næsta fund sem verður í fyrramálið og þar sé reyndar ekki nema eitt þingmannamál á dagskrá auk stjfrv. og það er mál sem formaðurinn sjálfur að mér skilst er 1. flm. að.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég blanda mér að sjálfsögðu ekki í umræður um það hvernig hv. allshn. hefur unnið að þessu máli, hvernig það hefur allt saman tekist til, enda finnst mér það ekki vera aðalatriði málsins heldur hitt hver hin efnislega niðurstaða er hér eða verður. Ég fagna því sem hv. formaður nefndarinnar sagði að nefndin hefði ekki lokað á að skoða þau frv. önnur sem fyrir nefndinni lægju og væru flutt af einstökum þingmönnum. Þar á meðal skildi ég að væri það frv. okkar nokkurra þingmanna til breytinga á umferðarlögum sem ég hef gert hér að umtalsefni. Það væri að vísu fremur óvenjulegt ef nefndin sendi frá sér á sama vorinu tvö frv. eða tillögur um breytingar á umferðarlögum og hefði verið eðlilegast væntanlega að þau hefðu orðið samferða en ef nefndin vill halda áfram að skoða þessi mál þá fagna ég því að sjálfsögðu.

Ég verð að segja alveg eins og er að þeim mun meira sem ég fer yfir t.d. umsagnir um þetta mál þeim mun meira er ég undrandi á því að nefndin skuli treysta sér út í þessar breytingar að ekki betur yfirveguðu máli eða meiri samstöðu um þær en raun ber vitni. Ég hef að sjálfsögðu ekki haft mikinn tíma til að fara yfir pappíra allshn. um þetta mál þó ég hafi verið áhugamaður um það lengi og reynt að kynna mér og fylgjast með umferðarmálum og slysavarnamálum. En nóg hef ég þó lesið í þessum umsögnum sem ég afla mér frá nefndinni til að sjá að flestir umsagnaraðilarnir hafa í besta falli efasemdir um þetta fyrirkomulag eða gera sér grein fyrir því að minnsta kosti að það er mjög vandasamt að setja um það reglur yfir í það að það er beinlínis varað við því að fara í þessar breytingar.

Þegar hefur verið rætt hér um afstöðu Ökukennarafélagsins og það má auðvitað ýmislegt um það segja. Einhverjir kunna að telja að þeir séu fulltengdir málinu eða eigi of mikilla hagsmuna að gæta til að rétt sé að gera mjög mikið með þeirra sjónarmið. En hvað sem því líður verður ekki fram hjá því horft að það eru þeir sem starfa á þessu sviði og þarf að eiga samstarf við og samráð um ef vel á að takast. Það er óhjákvæmilegt. Það er þess vegna ekki heppilegt, jafnvel þó svo menn hyggist reyna að leysa það með samráði síðar á öðrum vettvangi, að lagabreytingin sjálf fari hér fram undir andmælum þeirra.

Í öðru lagi ber ég niður í umsögn Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Þar gerir FÍB þá athugasemd að heimildin verði þannig úr garði gerð að æfingaakstur fari fram í samráði við löggiltan ökukennara, þ.e. að það verði hluti af ökukennslunni undir stjórn löggilts ökukennara. Þá erum við auðvitað að tala hér um talsvert annan hlut heldur en þann að það myndist sjálfstæður réttur í hálft ár til þess að aka með leiðbeinanda yfir tilteknum aldri sér við hlið. (**SP:** Ökukennarinn á að meta það.) Þá kemur nú að því að við höfum ekki mikið í höndunum um það hvernig þessar reglur verði útfærðar. Það hefði þá a.m.k. verið til bóta að þessi reglugerð ráðherra eða reglur hefðu legið fyrir hér í drögum af því að þetta er jafnvandasamt eða umdeilanlegt ákvæði og raun ber vitni. Það virðist vera tekið mikið mark á umsögn lögregluembættanna þegar kom að því frv. sem ég er 1. flm. að því það er nánast eina neikvæða umsögnin um það frv. En hvað leggur lögreglustjórinn í Reykjavík til um þetta atriði? Skyldi þá ekki vera tekið jafnmikið mark á honum þegar lögreglustjórinn í Reykjavík sendir inn umsögn og segir beinlínis um 11. gr., með leyfi forseta: „Embætti lögreglustjóra varar við því að æfingaakstur þeirra sem ekki hafa áður fengið útgefin ökuréttindi verði leyfður án löggilts ökukennara, sbr. b-lið 11. gr.“ Ég sé ekki annað en þetta sé alveg skýrt. Lögreglustjóraembættið varar við því og færir síðan fyrir því ýmis rök í textanum sem ég ætla ekki tímans vegna að tíunda.

Umferðarráð er kannski hvað jákvæðast þrátt fyrir allt í sinni umsögn og hvernig orðar það þetta? Það tekur að vísu undir að dómsmrh. geti sett reglur um æfingaakstur og slíkur æfingaakstur geti gefið ökunemum tækifæri á að auka eða bæta akstursþjálfun sína en segir síðan: „Umferðarráð vekur athygli á því að með þessu opnast tækifæri til bætts ökunáms, ef rétt er að staðið, en bendir jafnframt á að þessu fylgir ákveðinn áhætta. Vanda þarf vel til þeirra reglna sem settar verða, til að mynda hvaða skilyrði skuli sett fyrir slíkum æfingaakstri, sem og hvort eða hvaða kröfur skuli gerðar til leiðbeinandans.“ Og svo segir: „Slíkar reglur ætlast Umferðarráð til að settar verði að höfðu samráði við ráðið.“ Og er allt í lagi með það. En þó þessi umsögn yrði sjálfsagt flokkuð undir eina þá jákvæðustu er hún þó a.m.k. svo úr garði gerð að það er beinlínis tekið fram að þessu geti jafnframt fylgt áhætta og að vanda þurfi mjög til allrar útfærslu málsins.

Sýslumannafélag Íslands telur að setja verði mjög strangar kröfur til leiðbeinanda sbr. 11. gr. frv. og öll hæfiskilyrði í því sambandi og þeir verða að vera a.m.k. 25 ára að aldri, sem eru þá hærri aldursmörk heldur en nefndin leggur til.

Að lokum er hér umsögn Sambands íslenskra tryggingafélaga. Þeir leggja til að lágmarksaldur leiðbeinanda í æfingaakstri verði a.m.k. 25 ár í stað 21 árs sem frv. gerði ráð fyrir og sem niðurstaða virðist hafa orðið um að hafa 24 ár samkvæmt brtt. nefndarinnar. Síðan fara þeir yfir það hjá tryggingafélögunum að tjónatölur vátryggingarfélaganna sýni glögglega að tjón sem rakin verða til ökumanna á aldrinum 17–25 ára eru geysimörg. Þessi aldursflokkur veldur flestum og alvarlegustu slysunum. Eftir að 25 ára aldri er náð dregur á hinn bóginn úr tjónatíðni.

Í umsögn tryggingafélaganna er einnig annað mjög athyglisvert ákvæði í ljósi þess að í raun gengur brtt. nefndarinnar út á það að akstursþjálfunin geti hafist nú sex mánuðum áður en menn mega öðlast ökuréttindi, þ.e. þegar menn eru 16 og hálfs árs gamlir. Samband íslenskra tryggingafélaga segir hins vegar í sinni umsögn að forsenda þess að stjórnin geti mælt með því að nemi hefji ökunám hálfu ári fyrir ökuréttindaaldurinn sé sú að sá aldur verði hækkaður úr 17 árum í 18. Þar er nú orðinn talsverður munur á 16 og hálfs árs aldri eða 18 eins og Samband tryggingafélaga leggur til, að ökuleyfisaldurinn sjálfur verði hækkaður um eitt ár. Og ég skil þá vel. Hafandi farið í gegnum tjónaskýrslur og slysaskrár lögreglustjóraembættanna og Umferðarráðs þá skil ég það vel að menn skuli leggja til að aldurinn verði hækkaður um eitt ár því það eru auðvitað engar smáfórnir sem færðar eru á því ári eins og tölur sýna. Við þurfum auðvitað að horfa á það hér hjá okkur að við erum með þennan aldur lægri heldur en mörg nágrannalöndin.

Þetta, hæstv. forseti, vildi ég bara tína til vegna þess að ég held að það sanni og segi allt sem segja þarf um það að þetta er ekkert einfalt né sjálfsagt mál að mati þeirra sem helst hafa um það fjallað og mikið vandaverk ef á annað borð er farið út á þessa braut. Ég hefði gjarnan viljað sjá það sem hluta af miklu yfirvegaðri heildarendurskoðun á þessum leiðbeinenda- og ökuréttindamálum sem líka tækju til tímabilsins fyrst eftir að menn öðlast ökuréttindi. Hefðu menn gert jafnmikið með þær athugasemdir eða efasemdir sem fram koma í umsögnunum um þetta atriði í stjfrv. þá hefði það væntanlega ekki náð afgreiðslu frekar heldur en okkar tillögur í þingmannafrv. sem hér hefur líka verið rætt um.

En vonandi verður það svo, eins og hv. formaður nefndarinnar boðaði, að að þessum málum verði áfram unnið og því fagna ég og er að sjálfsögðu alltaf tilbúinn og reiðubúinn til umræðna um eða þátttöku í starfi sem miðar að því að ráða bóta á þessum málum eða að bæta a.m.k. þetta ástand frá því sem nú er, það er ekki nógu gott eins og við erum væntanlega öll sammála um og kallar á aðgerðir eigi þessum mikla fórnarkostnaði í umferðinni að linna.

Útbýting þingskjala:

Lagaákvæði er varða samgöngumál, 28. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 1034.

Skaðabótalög, 326. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1033.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 34:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KE, LMR, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP.

nei: GHelg.

4 þm. (HG, JÁ, KÁ, SJS) greiddu ekki atkv.

24 þm. (EH, EGuðn, FI, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JBH, JónK, JónS, KSG, KHG, MF, ÓE, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, StG, StH, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1039).

Eftirlit með skipum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 192. mál (heildarlög). — Þskj. 1024.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP.

23 þm. (EH, EGuðn, FI, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JBH, JónK, JónS, KSG, KHG, MF, ÓE, SalÞ, SigG, SighB, StG, StH, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1040).

Íslensk endurtrygging, frh. 3. umr.

Stjfrv., 307. mál. — Þskj. 1028.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KE, LMR, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP.

1 þm. (KÁ) greiddi ekki atkv.

22 þm. (EH, EGuðn, FI, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JBH, JónS, KSG, KHG, MF, ÓE, SalÞ, SigG, SighB, StG, StH, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1041).

Viðskiptabankar og sparisjóðir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 208. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1029.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, PP, PJ, RA, RG, SigG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP.

1 þm. (EgJ) greiddi ekki atkv.

22 þm. (EH, EGuðn, FI, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JBH, JónS, KSG, KHG, MF, ÓE, ÓÞÞ, SalÞ, SighB, StG, StH, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1042).

Geymslufé, frh. 3. umr.

Stjfrv., 209. mál (almenn heimild). — Þskj. 1030.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, PP, PJ, RA, RG, SigG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP.

19 þm. (EH, EGuðn, FI, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JónS, KHG, MF, ÓE, ÓÞÞ, SalÞ, SighB, StG, StH, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1043).

Lögræðislög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 580. mál (tímabundin svipting, félagsmálanefnd). — Þskj. 1004.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, PP, PJ, RA, RG, SigG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP.

20 þm. (EH, EGuðn, EKG, FI, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JónS, KHG, MF, ÓE, ÓÞÞ, SalÞ, SighB, StG, StH, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, PP, PJ, RA, RG, SigG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP.

22 þm. (EH, EGuðn, FI, FrS, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JónS, KHG, MF, ÓE, ÓÞÞ, SalÞ, SighB, StG, StH, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Lagaákvæði er varða samgöngumál, 2. umr.

Stjfrv., 28. mál. — Þskj. 29, nál. 808 og 1034, brtt. 809.

Frsm. meiri hluta samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Frv. þetta til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða samgöngumál vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu hefur verið til athugunar hjá samgn. frá því snemma á þessu þingi enda er frv. 28. mál þingsins.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund sinn frá samgönguráðuneytinu Davíð Stefánsson og Ragnhildi Hjaltadóttur. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Landssambandi vörubifreiðastjóra, Vinnuveitendasambandi Íslands, Siglingamálastofnun ríkisins, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vegagerð ríkisins, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, bifreiðstjórafélaginu Frama, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ferðamálaráði og Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Í flestum þessum umsögnum er tekið fram að hlutaðeigandi umsagnaraðilar geri ekki athugasemdir við frv. en í örfáum þeirra eru athugasemdir þess efnis að ekki sé fullt samræmi í gildandi lögum við ákvæði frv. en það eru gjarnan lög sem hafa verið til meðferðar á Alþingi nú í vetur og hafa síðan verið afgreidd sem lög sem þá hafa fært það horf að vera í samræmi við önnur ákvæði í þessu frv. Hér er t.d. um að ræða lög um eftirlit með skipum, lög um leiðsögu skipa og lög um fjarskipti. En t.d. í umsögn frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands var gerð athugasemd við það að samkvæmt gildandi lögum væri eigi þarna fullt samræmi á milli en ekki gerðar beinar athugasemdir varðandi efnisatriði.

Það er kom fram við 1. umr. að frv. er að formi til nokkuð óvenjulegt að því leyti að það felur í sér allmargar heimildir til hæstv. samgrh. að setja reglugerð samkvæmt lögunum. Í vinnu nefndarinnar var óskað eftir því að samgrn. skiladi til nefndarinnar greinargerð er greindi frá öllum efnisatriðum í þeim reglugerðum sem setja þyrfti samkvæmt þessum lögum. En lagabálkurinn tekur til laga um leigubifreiðar, laga um skipulag fólksflutninga, siglingalaga, laga um eftirlit með skipum, laga um leiðsögu skipa, hafnalaga, vegalaga, laga um veitinga- og gististaði, laga um skipulag ferðamála og laga um skráningu skipa. Þessi greinargerð samgrn. var síðan send til nefndarinnar eða kom

til nefndarinnar hinn 1. des. sl. og var farið mjög gaumgæfilega yfir öll atriði þeirrar greingargerðar, þ.e. öll þau efnisatriði sem koma fram í reglugerðum samkvæmt þessu frv.

Eftir að hafa skoðað þau mál voru ekki athugasemdir innan nefndarinnar að marki um það að nokkurt efnisatriði í þessum fyrirhuguðu reglugerðum mundi koma í bága við hagsmuni okkar Íslendinga í sambandi við aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Að sjálfsögðu lúta þessi mál þeim meginsjónarmiðum sem lögð eru til grundvallar í þessum samningi en að öðru leyti er ekki að finna í þessum reglugerðardrögum neitt það sem talið var að mundi koma í bága við okkar hagsmuni. Enda er það svo, eins og áður segir, að umsagnaraðilar flestir hverjir gera ekki athugasemdir við frv.

Ég vil gjarnan þakka nefndarmönnum mínum eða í samgn. fyrir þá vinnu sem í þetta var lögð. Sú vinna var allmikil. Eigi að síður fór það svo að nefndin varð eigi sammála um afgreiðslu frv. Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með örfáum breytingum en minni hlutinn, þ.e. fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni, skila séráliti.

Með áliti meiri hluta nefndarinnar eru lagðar til breytingar eins og áður sagði, brtt. á þskj. 809, þar eru lagðar til tvær breytingar á 2. gr. frv. sem báðar taka til 2. gr. laga nr. 53/1987, um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum. Í fyrsta lagi er lagt til að nýr töluliður bætist við greinina sem taki til ferða fram og til baka. Samkvæmt reglum Evrópska efnahagssvæðisins um farþegaflutninga milli landa með langferða- og áætlanabifreiðum er farþegaflutningum skipað í þrjá flokka eftir eðli þeirra, þ.e. í reglubundna flutninga, óreglubundna flutninga og ferðir fram og til baka.

Í lögum nr. 53/1987 er að finna tvo fyrstu flokkana en ekki þann síðasta. Nauðsynlegt er talið að hafa ákvæði þessa efnis einnig í lögunum, þannig að flutningsaðilar allra ríkja EES-samningsins eigi einnig hvað þennan flokk varðar jafnan rétt að markaðinum án mismunar vegna þjóðernis eða staðfestu.

Ljóst er að þrátt fyrir að nauðsynlegt sé talið að þessi ákvæði komi inn í íslensk lög þá mun þetta að litlu leyti varða samgöngumál okkar Íslendinga, þ.e. samgöngumál til og frá landsins því ekki er um það að ræða að hingað séu ferðir til og frá eða fram og til baka með langferðabifreiðum. Eigi að síður með því að setja þetta inn í íslensk lög þá geta íslenskir aðilar tekið þátt í slíkri starfsemi annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í öðru lagi er lagt til að ný málsgrein bætist við 2. gr. laganna þar sem lögfest verði ákveðin skilyrði sem umsækjandi þarf að uppfylla til að geta fengið leyfi til fólksflutninga samkvæmt þeim. Innan Evrópska efnahagssvæðisins verða samræmd skilyrði hvað varðar aðgang að starfsgrein aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum, sbr. ákvæði tilskipunar EB nr. 74/561 ásamt viðauka. Þar er einnig að finna nánari skilgreiningar á hvað átt er við með kröfum um „fullnægjandi fjárhagsstöðu" og „starfshæfni" en aftur á móti eiga aðildarríki sjálf að ákvarða hvað felist í skilyrðinu um „óflekkað mannorð".

Þessu til staðfestingar er breytingartill. á þskj. 809 sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Til að öðlast leyfi skv. 1. gr. laganna þarf leyfishafi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Hafa óflekkað mannorð.
2. Hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu.
3. Fullnægja skilyrðum um starfshæfni."

Markmiðið með áðurgreindum skilyrðum er að tryggja hæfi þeirra sem stunda farþegaflutninga, auka gæði þjónustunnar í þágu neytenda, flutningsaðila og efnahagslífsins almennt og að stuðla að auknu öryggi á vegum.

Loks er lagt til að við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða. Í mörgum greinum frumvarpsins er að finna ákvæði þar sem samgönguráðherra eru veittar heimildir til að setja reglugerðir á sviði flutninga að því leyti sem nauðsynlegt verður vegna skuldbindinga er leiðir af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Ljóst er að á grundvelli ákvæða EES-samningsins munu nýjar og breyttar reglur, er falla undir valdsvið löggjafans, koma fyrir Alþingi til umfjöllunar. Aðrar reglur verða teknar upp í landsrétt með útgáfu stjórnvaldsreglna, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Nefndin hefur skoðað ítarlega þær gerðir EES-samningsins er standa að baki framsalsheimildum þessa frumvarps, en þær gerðir miðast við 1. ágúst 1991, og telur ekki ástæðu til að takmarka valdsvið ráðherra á grundvelli þeirra. Í þeim gerðum felast framkvæmdaratriði sem ekki þarfnast lagasetningar og eru í mörgum tilfellum mjög tæknilegs eðlis. Verði aftur á móti um verulegar breytingar á gerðum þessum eða viðbætur við þær að ræða er gert ráð fyrir að heimildir ráðherra til setningar reglugerða á viðkomandi sviði verði endurmetnar af Alþingi. Undir skilgreininguna á „verulegar breytingar" mundi sem dæmi falla tilvik þar sem nýjar gerðir eða breyttar samrýmast ekki þeim heildarsjónarmiðum varðandi flutningamál sem Ísland hefur ákveðið að fylgja með samþykkt EES-samningsins eins og hann er í þeim drögum sem nú liggja fyrir. Því leggur meiri hluti nefndarinnar til að við frv. bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimildir samgönguráðherra til að setja reglugerðir samkvæmt lögum þessum skulu teknar til endurskoðunar verði verulegar breytingar á gerðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem lög þessi miðast við, eða viðbætur við þær."

Meiri hluti nefndarinnar og raunar nefndin í heild leit svo á að með þessu væri sett inn í lögin eðlileg ákvæði sem tækju af vafa um það að ef verulegar breytingar verða á þeim gerðum sem tengjast EES-samningnum þá skuli leita heimildar Alþingis fyrir því að setja reglugerðir í samræmi við þær breytingar. Heimildir hæstv. ráðherra samkvæmt lögum þessum takmarkast sem sé við þá gerð samningsins sem nú liggur fyrir og ekki umfram það ef um verulegar breyt-

ingar er að ræða. Framkvæmdin á þessu atriði getur svo ein leitt í ljós hvort á þetta ákvæði muni út af fyrir sig reyna. Tilvist þess hlýtur þó að kalla á árvekni löggjafans, þ.e. Alþingis, um framkvæmd þeirra heimilda sem frv. er ætlað að veita.

Ég tel mig þá hafa skýrt þær breytingar sem meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði við þetta frv. og legg til fyrir hönd meiri hluta samgn. að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem er að finna í brtt. á þskj. 809.

Frsm. minni hluta samgn. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér er kominn til 2. umr. svokallaður bandormur um breytingu á lagaákvæðum er varða samgöngumál vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Það er vissulega rétt sem hv. frsm. meiri hlutans og formaður nefndarinnar sagði að þetta var allmikið rætt í samgn. og raunverulega kom fram hjá öllum nefndarmönnum að þessi lagasetning væri hálfgert lagasukk þar sem hér væri svo að segja eingöngu verið að leggja til að veita ráðherra reglugerðarheimildir eins og sjá má á frv.

Ég mæli hér fyrir nál. um þetta frv. frá minni hluta samgn. sem er á þskj. 1034 og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Frumvarpið, sem hér um ræðir, er fyrst og fremst flutt í þeim tilgangi að heimila ráðherra að setja reglugerðir á ýmsum sviðum samgöngumála í tengslum við samþykkt EES-samningsins. Ekki kemur fram í frumvarpinu nema í mjög takmörkuðum mæli í hverju þær reglugerðir eru fólgnar. Hér er því um að ræða mjög verulegt valdaframsal til ráðherra frá löggjafanum. Það skal tekið fram að samgöngunefnd óskaði skýringa og greinargerðar frá samgönguráðuneyti þegar frumvarpið kom fram snemma á þessu þingi. Minni hluti nefndarinnar hafði vænst breytinga á frumvarpinu í framhaldi af því. Svo varð þó ekki og kom það lítið breytt til baka.

Löggjöf af þessu tagi er að mati undirritaðra nefndarmanna óviðunandi með öllu. Það hlýtur að vera hlutverk Alþingis að sjá til þess að lög séu skýr og hægt sé að sjá efnisinnihald þeirra. Svo er ekki í þessu lagafrumvarpi og í nefndarstörfum náðust ekki fram þær breytingar á því sem skýrðu innihald þess. Þessi málsmeðferð er öndverð við það sem gerst hefur við umfjöllun skyldra mála. Hefur almennt verið lögð áhersla á að hreinsa burt eftir föngum galopnar reglugerðarheimildir til ráðherra í málum tengdum EES-samningnum sem hafa verið til meðferðar á þessu þingi.

Minni hlutinn er andvígur vinnubrögðum af þessu tagi og leggur til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir þetta rita nefndarmenn í minni hluta samgn., Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Stefán Guðmundsson, Guðni Ágústsson og Jóhann Ársælsson.

Það má geta þess í framhaldi af þessu nál. okkar að í tveimur greinum í þessu frv., 4. gr. og 5. gr., er verið að breyta lögum um eftirlit með skipum, nr. 51/1987, en í dag, fyrir líklega klukkustund síðan þá vorum við að breyta þeim lögum þannig að þau eru ekki lengur í gildi. Við vorum rétt áðan að setja ný lög um eftirlit með skipum. Í 5. gr. er verið að bæta við lög um leiðsögu skipa, nr. 48/1933, það er einnig búið að breyta þeim lögum fyrir nokkrum dögum, þá voru þau samþykkt hér. Þannig að lög nr. 48/1933 eru ekki lengur í gildi heldur. Það er því fleira en það að hér sé eingöngu um að ræða að bæta við reglugerðarheimildum til ráðherra sem gerir það að verkum að ég tel að þetta frv. sem hér er til 2. umr. sé mjög ófullkomið svo ekki sé meira sagt.

Þá má einnig minnast á þá brtt. sem hv. formaður kynnti hér áðan og sagði að nefndarmenn hefðu verið nokkuð sammála um að þyrfti að koma inn. Það er að vísu rétt að það var rætt um að heimildir samgrh. til að setja reglugerðir samkvæmt þessum lögum yrðu teknar til endurskoðunar ef það yrðu verulegar breytingar á gerðum samningsins. En hins er líka rétt að geta að þetta ákvæði til bráðabirgða sem hér er sett inn er mjög veikt. Það er orðað svo að heimildir samgrn. skuli teknar til endurskoðunar „verði verulegar breytingar á gerðum samningsins". Það er mjög óljóst orðað hver á að meta það hverjar eru „verulegar breytingar" og hvenær á að skoða það hvort hafi orðið verulegar breytingar. Það segir ekkert um það í þessu ákvæði. Og að treysta á árvekni löggjafans í þessu máli eins og hv. formaður sagði hér áðan ég hef nú ekki mikla trú á að það sé nægilegt að treysta á það, svo mörg lagafrv. sem hér fara í gegn og mörg lög sem í gildi eru. Ég held að þetta verði ákaflega máttlaust ákvæði þó ég virði tilraunir formanns til þess að setja einhverjar hömlur á heimildir ráðherra til reglugerðarsetningar.

Það er í sjálfu sér ekki ástæða til þess að fara neitt nánar í þetta frv. sem hér liggur fyrir. Ég hef tekið þrjú atriði sem ég tel bæði óljós og í raun og veru komin úr takt við tímann þar sem eru lög um leiðsögu skipa og lög um eftirlit með skipum. Það mætti sjálfsagt fara betur í þetta og rekja það hversu furðulega lagasetningu hér er um að ræða. En það var allmikið rætt við 1. umr. og voru mjög margir þingmenn sem tóku þá til máls og lýstu þeirri skoðun að eins og þetta frv. lítur út, væri það dæmigert fyrir það hvernig frv. ættu ekki að vera.

Ég vil því leyfa mér að leggja til að eftir að umræðu lýkur hér verði þessu frv. vísað til ríkisstjórnarinnar.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég tel alveg ástæðu til þess að einhverjir þingvanari menn en ég er svari því sem kom fram í máli hv. þm. sem talaði hér á undan mér, hv. 6. þm. Vestf., hvort það gangi að gefa ráðherra með þessum lögum heimild til að setja reglugerðir við lög sem er búið að breyta núna. Ég tel reyndar að þó svo að menn fyndu flöt á því að það væri hægt, þá sé varla ástæða til þess að vera með svona lagasetningu í Alþingi. Hvers vegna kalla menn ekki þetta bara til baka núna, breyta þessu og hafa þetta þá í samræmi við það

sem Alþingi er búið að gera nú þegar? Ég tel að það væri full ástæða til þess að nefndin skoðaði þetta betur. Þetta hefur einfaldlega ekki komið til umræðu í nefndinni og er fyrst að koma í ljós núna við þessa umræðu.

Ég vil taka undir það sem hv. 6. þm. Vestf. var að segja hér um þær athugasemdir sem minni hluti nefndarinnar hefur verið að gera við framgang málsins og ég vil harma það að hv. formaður nefndarinnar sem gerði þó ágætar tilraunir til þess að koma málunum í eðlilegra horf skyldi ekki hafa erindi sem erfiði því að þá breytingu sem hann vildi hafa á þessu máli fékk hann ekki fram og fékk við það athugasemdir. Nú er heimild samgrh. til að setja reglugerðir samkvæmt lögum þessum þannig að það er í hans valdi að meta það hvort um verulegar breytingar er að ræða eða ég veit ekki hver annar ætti að gera það. Það er auðvitað hægt að gera við það athugasemdir, ég geri ráð fyrir því og sjálfsagt verður það gert ef menn telja að verið sé að fara öðruvísi að en menn hafa gert ráð fyrir í upphafi, en ég tel að þessi reglugerðarbandormur sem hér er til umfjöllunar sé Alþingi ekki til mikils sóma og lagasetningu hér á hv. Alþingi. Það hefur auðvitað komið hér fram áður.

Ég vil svo draga athyglina að því sem ég hef gert áður í umræðu um þetta mál að m.a. erum við hér að samþykkja að ríkisborgarar á EES-svæðinu geti skráð hér skip sem hafa fengið haffæriskírteini erlendis og það haffæriskírteini verði látið gilda á Íslandi. Þetta mun auðvitað leiða það af sér að við munum ekki geta haft þær auknu kröfur sem um er að ræða hér í sambandi við öryggi og eftirlit með skipum sem við höfum haldið úti fram að þessu og ég tel að það sé mjög miður. Og því miður erum við að binda hendur okkar á ýmsan máta í þessum EES-samningum sem mun hafa það í för með sér að frumkvæði okkar í ýmsum málum mun minnka. En ég vil nú hvetja formann nefndarinnar til að velta því alvarlega fyrir sér hvort það eigi ekki að skoða þetta mál og a.m.k. lagfæra það sem hér var tínt til áðan vegna þess að í raun og veru er málið úrelt. Það var sjálfsagt gert ráð fyrir því hér í upphafi að það yrði búið að afgreiða málið áður en lögin breyttust sem hér er um að ræða, en nú hefur röðin orðið önnur og þá held ég að sé full ástæða til þess að taka mark á því og lagfæra þetta.

Frsm. meiri hluta samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Vegna þeirra tilmæla sem fram komu í máli hv. 3. þm. Vesturl. vil ég taka það fram að nefndin hefur athugað þetta frv. mjög gaumgæfilega að ég tel og lagt í það mikla vinnu. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögum frá því að nefndin lauk sinni vinnu, sem var í marsmánuði, hafa ekki áhrif á það að raska í neinu þessu lagafrv. Fremur er það að þeim lögum sem breytt hefur verið, t.d. lög um fjarskipti, lög um eftirlit með skipum, lög um leiðsögu skipa hafa færst í þá átt að vera að ýmsu leyti meira í samræmi við það sem íslensk lög þurfa að vera til þess að þegar og ef samningur um Evrópska efnahagssvæðið tekur gildi þannig að það hefur enga hernaðarlega þýðingu að fara að taka þetta upp til breytinga af þeim orsökum.

Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, þá fórum við mjög gaumgæfilega yfir öll efnisatriði sem þarf að setja reglugerð um. Margt af því er þess efnis að það kemur lítt við íslenska hagsmuni, en annað kemur þannig við okkar hagsmuni þannig að það var ekki talið af umsagnaraðilum né í vinnu okkar í nefndinni að það kæmi nokkurs staðar í bága við það sem kalla má okkar hagsmuni. Því sé ég enga ástæðu til þess að fara að taka málið upp að nýju eða leggja í þetta meiri vinnu. Sú vinna sem við höfum lagt af mörkum í því nefndarstarfi þar sem við höfum fjallað um þetta efni er ærin og ég legg til enn fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir með þeim breytingum sem meiri hluti nefndarinnar flytur.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tók það fram áðan að ég væri ekki þingvanur maður og vissi ekki hvort svona lagað gengi upp. Mér finnst þetta aftur á móti ekki snúast um það hvort menn ætli sér að fara að taka málið upp í sjálfu sér. Ég geri ekki ráð fyrir að það mundi neitt breytast í afstöðu manna til málsins sjálfs. En mér finnst það bara einhvern veginn svo sjálfsagt mál að þegar eru samþykktar lagabreytingar á Alþingi, þá sé vitnað í þau lög sem menn ætlast til að lagabreytingar hafi áhrif á. Mér finnst því að það verði að skipta um fyrirsagnir á þessum greinum sem við á þannig að það sé vitnað í rétt lög með réttum númerum í þessari lagasetningu. Það er nú eingöngu það sem ég er að fara fram á að yrði gert og ég skil eiginlega ekki hvers vegna hægt er að kippa svona hlutum í liðinn á skammri stund með stuttum nefndarfundi.

Frsm. meiri hluta samgn. (Pálmi Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessum atriðum sem hv. þm. vekur athygli á er auðvelt og algengt að koma við þegar lög eru prentuð þannig að þá sé vitnað í rétt númer á lögum.

Frsm. minni hluta samgn. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, ég get nú sagt eins og hv. 3. þm. Vesturl. að ég er ekki þingvön en ég verð að játa það að mér finnst þetta dálítið undarlegt að hér í frv. til laga sem við erum hérna að ræða, segir í 4. gr.:

„Lög um eftirlit með skipum, nr. 51/1987, með síðari breytingum." Og við 1. gr. þeirra laga bætist ný málsgrein sem kveður á um það að samgrh. er heimilt að setja reglugerð um eftirlit með skipum o.s.frv. vegna EES. Í 1. gr. laganna í frv. um eftirlit með skipum sem við vorum að samþykkja í dag er þessi grein ekki inni þannig að mér er spurn: Er hægt að setja viðbótargrein um þetta atriði við lög sem eru núna ekki lengur í gildi? Það eru komin ný lög um eftirlit með skipum og í 1. gr. þeirra, þar sem þetta ætti þá e.t.v. líka að bætast við, er ekkert sagt um þetta. Og ég vil

þá spyrja hv. formann nefndarinnar hvort þessi lagagrein er einhvers staðar annars staðar í frv. til laga um eftirlit með skipum sem nú er orðið að lögum.

Frsm. meiri hluta samgn. (Pálmi Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í frv. þessu segir í 4. gr., með leyfi forseta, um lög um eftirlit með skipum, nr. 51/1987, með síðari breytingum. Þar kæmi væntanlega inn í prentun nýtt númer:

„Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðist svo:" Síðan kemur sá texti sem hér er í þskj. og er ekki tilefni eða ástæða til að lesa. Þessi grein bætist við 1. gr. laganna eins og 1. gr. laganna er nú.

Frsm. minni hluta samgn. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá sýnist mér að þetta geti ekki verið rétt sem hér stendur í því frv. til laga um eftirlit með skipum sem við samþykktum núna fyrir klukkutíma. Þar segir um gildistöku laganna, 35. gr.:

„Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 51 30. mars 1987." Það eru þessi lög sem verið er að breyta þessari grein við. Eigum við þá von á því að fá á næstunni frv. aftur þar sem þessu verður breytt við núgildandi lög?

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því í sambandi við það mál sem hér var verið að ræða að það væri kannski eðlilegt og tæknilega rétt að þegar það frv. sem hér var rætt núna verður prentað eftir 2. umr., þá verði það prentað með nýjum og réttum laganúmerum. Nú eru ný lög um eftirlit með skipum og leiðsögu skipa ekki orðin lög. Þau eru ekki orðin lög fyrr en þau hafa verið gefin út í Stjórnartíðindum, en það er auðvitað hugsanlegt að gefa þau út í fyrramálið og að gefa þeim númer og prenta síðan þskj. á ný með hliðsjón af hinum nýju númerum. Og ég skil vel þær athugasemdir sem hér koma fram frá hv. 3. þm. Vesturl. og hv. 6. þm. Vestf. að það er auðvitað eðlilegt að þessir hlutir séu eins nákvæmir og kostur er því að við erum nú gagnrýnd fyrir ýmislegt hér í þinginu. Ég held að við ættum að reyna að fækka þeim gagnrýnisefnum eins og kostur er og ég er viss um að hv. formaður samgn. hefur áhuga á því líka.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það kemur auðvitað stundum fyrir að lögum er breytt í þinginu eftir að frv. hefur verið lagt fram sem miðast við hin eldri lög. Auðvitað eru þessar ábendingar réttar að rétt sé að horfa á hvort tilvitnanir eigi við eftir að lögum hefur verið breytt samkvæmt öðrum frumvörpum. Ég veit að formaður samgn. sem er þingvanur maður mun auðvitað athuga það á milli umræðna. Mér finnst það eðlilegt. Þetta er mjög þörf ábending og sjálfsagt að þessir hlutir séu í lagi. Það hefur ekki áhrif á það að auðvitað er hægt að ljúka 2. umr. málsins.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hefur hlýtt með athygli á þær athugasemdir sem hér hafa fram komið og rætt við starfsmann þingsins. Forseti vill beina þeirri ósk til hv. formanns nefndarinnar að málið fari aftur til hv. samgn. þegar þessari umræðu er lokið og þar til 3. umr. fer fram og væntir forseti þess að samstaða verði um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, 2. umr.

Stjfrv., 117. mál (EES-reglur). — Þskj. 137, nál. 954, brtt. 955.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 954 um frv. til laga um réttarstöðu starfsmanna um aðilaskipti að fyrirtækjum frá félmn.

Nefndin hefur fjallað um málið og á fund hennar komu frá félmrn. Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri og Gylfi Kristinsson deildarstjóri. Frá Alþýðusambandi Íslands Lára V. Júlíusdóttir og Ari Skúlason, Hrafnhildur Stefánsdóttir frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Jónas Haralds frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og Björn Arnórsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Stéttarsambandi bænda, Sambandi ísl. kaupskipaútgerða, Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Sambandi almennra lífeyrissjóða, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Vélstjórafélagi Íslands, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Sambandi byggingarmanna, Málm- og skipasmiðasambandi Íslands, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Vinnuveitendasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Kennarasambandi Íslands, félmrn., Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga.

Með frv. þessu er lagt til að lögfestar verði reglur sem settar eru fram í tilskipun EBE nr. 77/187 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar, en þessar reglur er ekki að finna í íslenskri löggjöf. Samkvæmt 8. gr. hennar og í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið skulu aðildarríkin setja nauðsynleg lög og stjórnvaldsfyrirmæli til að hrinda markmiðum tilskipunarinnar í framkvæmd.

Við nánari yfirferð á frv. kom fram ábending frá nefnd þeirri er samdi frv. um að efnisreglur er felast í 2. og 3. tölul. 3. gr. tilskipunarinnar og varða gildis-

tíma kjarasamninga annars vegar og viðbótarlífeyrissjóði hins vegar hafi ekki komist nægilega vel til skila og leggur nefndin því til að 2. gr. frv. verði umskrifuð með þeim hætti að reglur tilskipunarinnar verði skýrari. Því mælir nefndin með því að frv. verði samþykkt með slíkri breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj.

Eggert Haukdal tekur fram að stuðningur hans við frv. sé óháður afstöðu hans við afgreiðslu frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið.

Undir þetta rita 6. apríl 1993 Rannveig Guðmundsdóttir, Guðjón Guðmundsson, Gunnlaugur Stefánsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir með fyrirvara, Ingibjörg Pálmadóttir með fyrirvara, Jón Kristjánsson með fyrirvara, Eggert Haukdal, Lilja Rafney Magnúsdóttir með fyrirvara og Einar K. Guðfinnsson.

Virðulegi forseti. Ég óska eftir að fá að lesa hér upp þá brtt. sem nefndin flytur við þetta frv. og hún hljóðar svo:

„Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Frá og með þeim degi sem aðilaskipti verða í skilningi 1. mgr. 1. gr. skal nýr eigandi takast á hendur réttindi og skyldur fyrri eiganda samkvæmt ráðningarsamningi og virða þau launakjör og starfsskilyrði sem samþykkt hafa verið í almennum kjarasamningi með sömu skilmálum og giltu fyrir fyrri eiganda þar til samningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um rétt launþega til elli- og örorkulífeyris eða eftirlifendabóta þegar um er að ræða lífeyrissjóði fyrir eina eða fleiri starfsstéttir sem starfa samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerð sem staðfest hefur verið af fjmrn.

Ákvæði 2. mgr. getur þó aldrei leitt til skerðingar á áunnum réttindum úr þeim sjóðum sem þar um ræðir. Skiptir þá engu máli hvort starfsmaður starfar áfram við reksturinn eftir aðilaskipti eða ekki."

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Það náðist víðtækt samkomulag um þetta frv., um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. En við fjórir þingmenn skrifuðum undir með fyrirvara og mér þykir rétt að gera grein fyrir í hverju sá fyrirvari er fólginn. Samkvæmt frv. sem fyrir liggur, í 2. gr., er gert ráð fyrir rýmri heimild til handa launafólki en kemur síðan fram í brtt. á þskj. 955.

Hv. formaður félmn. gerði grein fyrir því hvers vegna þessi brtt. kom til. Það sé vegna þess að í þýðingu hafi orðið einhver misbrestur og þeir sem sömdu frv. gerðu síðan athugasemd við það. En okkar fyrirvari er einmitt fólginn í því að hér er verið að þrengja réttarstöðu miðað við það sem frv. segir til um. Það er aðallega, með leyfi forseta, „ákvæði 1. mgr. gildir ekki um rétt launþega til elli- og örorkulífeyris eða eftirlifendabóta þegar um er að ræða lífeyrissjóði fyrir eina eða fleiri starfsstéttir sem starfa samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerð sem staðfest hefur verið af fjmrn." Þetta er sá fyrirvari sem við erum með og mér fannst rétt að geta hans hér. Að öðru leyti er fullt samkomulag um þetta frv.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég sá á þessu nál. að margir nefndarmenn höfðu skrifað undir með fyrirvara. Fékk ég nú að heyra skýringar á því en ég taldi þær ekki fullnægjandi, þ.e. ég fékk ekki skýringar á ýmsum spurningum sem ég setti fram eftir lestur bæði frv. og nál. og reyndar brtt. líka.

Í nál. segir að það sé ekki að finna ákvæði í íslenskri löggjöf sem sem sé samsvarandi því sem felst í þessu lagafrv. Ég las þetta lagafrv. með athygli og taldi að þarna væri um nokkuð gott mál að ræða og varð þess vegna dálítið undrandi þegar ég sá að brtt. sem er á þskj. 955 væri gerð til að gera reglur tilskipunarinnar skýrari. Þegar ég las þessa brtt. þá botnaði ég hvorki upp né niður í því hvað verið var að tala um. Ég skildi frv. eins og það var en alls ekki eftir að búið er að koma með þessa brtt. Mér finnst þetta mjög sérkennileg brtt. og á mjög erfitt með að átta mig á því hvað í henni raunverulega felst. Mér skilst að þetta sé heldur til hins verra og í því felist fyrirvarinn en ég þarf að fá betri skýringu á því í raun og veru hvað þarna er á ferðinni og óska eftir því að formaður nefndarinnar skýri betur hvers vegna þeir telji þetta vera réttara. Ég á þá ekki við að EB sé að skipa okkur hér á landi fyrir hvernig lögin eigi að vera hér. Af hverju má ekki hafa þau betri fyrir íslenskt launafólk heldur en EB ákveður?

Það sem kom mér líka á óvart og skil raunar ekki af hverju 7. gr. hljómar eins og hún gerir, þ.e. að „lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði að því er Ísland varðar" ef þessi löggjöf er nauðsynleg sem ég held að hún sé. Þess vegna finnst mér mjög sérkennilegt að nefndin leggi ekki til brtt. við þessa gildistökugrein ef ekki eru neinir hnökrar á því að hafa þetta inni í íslenskri löggjöf óháð samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Þetta vildi ég nú sagt hafa, virðulegur forseti, því að ég varð eiginlega fyrir hálfgerðum vonbrigðum þegar ég sá bæði brtt. og að ekki hafa verið gerðar brtt. við gildistökuákvæðið.

Mér varð kannski of seint ljóst að þetta mál væri hér á dagskrá þannig að líklega er orðið nokkuð seint fyrir mig að koma með brtt. að því er þetta atriði varðar, þ.e. við 7. gr. og e.t.v. fleiri þar sem ég hafði ekki sett mig nægilega vel inn í þetta mál og það er svo langt síðan þetta var til umræðu hér í þinginu og ég áttaði mig ekki á að þetta kæmi til umræðu hér í dag.

En þetta hefði ég gjarnan viljað fá betur upplýst ef hv. formaður nefndarinnar gæti skýrt nánar fyrir mér þessi tvö atriði sérstaklega.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Mér er ljúft að verða við þeim beiðnum sem komu fram um útskýringar hjá hv. 15. þm. Reykv. Ég held að þarna sé e.t.v. um að ræða nokkurn misskilning.

Í fyrsta lagi þá er það svo að með sum af þeim málum sem flutt eru í tengslum við Evrópska efnahagssvæðið hefur náðst nokkuð víðtæk samstaða milli aðila vinnumarkaðarins. Það eru mál sem kannski fram að þessu hafa ekki verið sett lög um og hefur kannski verið ágreiningur um að setja. Það voru fulltrúar aðila vinnumarkaðarins sem voru í þeirri nefnd sem sömdu þetta frv. og gerðu samkomulag um það sem þar er að finna. Ef við lítum þar á 2. gr. frv. þá stendur þar: „Frá og með þeim degi sem aðilaskipti verða, sbr. 1. gr., tekur nýr atvinnurekandi við öllum réttindum og skyldum, sem fyrri atvinnurekandi bar gagnvart starfsmönnum í fyrirtækinu eða atvinnurekstrinum, að því er snertir ráðningarkjör, þar með talið áunnin réttindi svo og önnur starfsskilyrði.“ Eins og þessi grein er lesin þá er hún mjög opin og víðtæk og má lesa hana þannig að hún eigi við um öll hugsanleg réttindi. Við sendum þetta frv. til umsagnar og fengum fulltrúa sem óskað var eftir á fund nefndarinnar og meðan við vorum að vinna þetta mál þá komu til okkar, til félmn., ábendingar um að nefndin sem samdi frv. í hendurnar á okkur hefði áttað sig á því að 2. gr. væri miklu víðtækari en þeir höfðu hugsað hana og mátti skilja hana á þann veg að hún rúmaði enn þá meira en nefndin hafði hugsað sér. Þar með kemur þessi tillaga til félmn. um breytingu á 2. gr. þar sem lögð er áhersla á að aldrei geti verið um að ræða skerðingu á áunnum réttindum úr sjóðum sem um ræðir varðandi lífeyrissjóði og skiptir þá engu máli hvort starfsmaður starfi áfram við viðkomandi rekstur eftir að aðilaskipti verða hjá fyrirtæki eða ekki en það er hins vegar verið að þrengja málsgreinina um að þessi ákvæði gildi ekki um rétt launþega til elli- og örorkulífeyris eða eftirlifendabóta „þegar um er að ræða lífeyrissjóð fyrir eina eða fleiri starfsstéttir“ eins og þar stendur.

Þannig að auðvitað er það rétt að í öllum þeim málum sem tilskipanir hafa verið um varðandi EES þá getur hvert þjóðþing gengið lengra heldur en tilskipunin þar kveður á um. Í þessu tilfelli er um samkomulagsmál að ræða og verið að setja í lög ákvæði sem ekki hafa verið hjá okkur og það var ekki ákvörðun að ganga lengra að þessu sinni hvort sem það gerður gert síðar. Við fjölluðum um málið og sendum það aftur til umsagnar viðkomandi aðila sem við höfðum rætt við og fengum til baka þau svör að þessi brtt. breytti ekki afstöðu manna svo sem frá ASÍ. Við höfum orðið við því að fara að beiðni þeirrar nefndar sem samdi frv. þar sem var alger samstaða aðila beggja megin borðs um að setja fram brtt. Það varð niðurstaða nefndarinnar að taka það ekki upp hjá sér að ganga lengra heldur en þeir sem sömdu frv. höfðu ætlað sér. Þannig liggur í því að við flytjum þessa brtt.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fékk nú reyndar ekki svar við síðari spurningu minni heldur að einhverju leyti svar við þeirri fyrri, þ.e. af hverju gildistökuákvæðið er með þeim hætti sem það er þarna í frv. Af hverju er ekki sagt að lögin öðlist gildi annaðhvort nú þegar eða við einhverja ákveðna dagsetningu? Ég skil ekki, ef þetta er svo gott mál sem mér sýnist og mér heyrist að nefndin hafi verið sammála um, hvers vegna þá ekki að láta frv. öðlast gildi nú þegar? Ég skil það út af fyrir sig að það sé eðlilegt að fara að tillögu þessarar nefndar sem þarna hefur komið að þessu máli. En það er ekki nauðsynlegt fyrir Alþingi endilega að fara eftir því sem nefndir út í bæ segja þó það sé oft gert að sjálfsögðu eins og formaður nefndarinnar hér tók til.

Mig langar enn og aftur að spyrja nákvæmar um það — þá vil ég spyrja beint: Hvað þýðir eins og stendur hér: „Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um rétt launþega til elli- og örorkulífeyris eða eftirlifendabóta þegar um er að ræða lífeyrissjóði fyrir eina eða fleiri starfsstéttir sem starfa samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerð sem staðfest hefur verið af fjármálaráðuneytinu“? Ég verð að viðurkenna það að ég átta mig ekki á hvaða réttindi fólk getur misst við þessa breytingu. Það er ekki nógu skýrt fyrir mér. Ég hefði gjarnan viljað fá skýringu á því ef það er eitthvað — því ég sé að það kemur þarna á eftir: „Ákvæði 2. mgr. getur þó eldrei leitt til skerðingar á áunnum réttindum“ sem mér finnst vera mjög til bóta. Ég get ekki almennilega skilið hvað í þessu felst. Svo vildi ég gjarnan fá svar við spurningunni varðandi gildistökuákvæðið sem mér er ekki enn ljóst.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég biðst afsökunar á að ég gleymdi að svara þessu með gildistökuákvæðið. Það er alveg rétt að t.d. í frv. til laga um hópuppsagnir þá breyttum við gildistökuákvæðinu. Það var samkomulag í nefndinni um það og samkomulag við þá aðila sem höfðu unnið að þessu máli og gert samkomulagið að þetta mál væri eðlilegt og allir stæðu að því eftir sem áður óháð EES.

Ég nefndi það hér áðan í mínu svari að stundum hefðu aðilar vinnumarkaðarins náð samstöðu um mál í tengslum við þetta sem ekki hefði náðst samstaða um áður. Þetta er eitt slíkt mál. Þetta er eitt slíkt mál þar sem samstaðan er bundin þessu máli, þessu EES-máli og við yrðum að fara hreinlega ofan í það aftur og þá mundi kannski fyrirspyrjandi segja: Ef Alþingi þykir það gott mál og annar aðilinn hvor sem það væri er ósáttur við það að gildistakan væri strax af hverju gerir það það ekki? Það er ekki tillaga félmn. Félmn. hefur farið yfir þetta mál, hún hefur fengið að vita að þetta er samkomulagsmál að gildistaka laganna er bundin því að EES-samningurinn taki gildi og það yrði þá að skoðast upp á nýtt ef ekki yrði af því. Hitt er að væri ég t.d. í lífeyrissjóði meðan ég er hjá fyrirtækinu og síðan verða aðilaskipti og af einhverjum orsökum fer ég í annan lífeyrissjóð, á ég auðvitað allan minn rétt samkvæmt þeim lífeyrissjóði sem ég var í en ég byrja náttúrlega að ávinna mér réttindi samkvæmt hinum ef ég flyst til. Ég held að ég geti ekki útskýrt það öðruvísi. Það kom athugasemd að vísu fram um það frá einhverjum lífeyissjóðum, SAL-sjóðunum held ég, að einstaklega tyrfið orðalag til þess að fjalla um að

lífeyrissjóðirnir undanskildir, þ.e. viðbótarréttur samkvæmt lífeyrissjóðum er þá undanskilinn þarna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukin hlutdeild raforku í orkubúskap þjóðarinnar, fyrri umr.

Þáltill. SvG o.fl., 185. mál. — Þskj. 212.

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég kaus að leggja nokkurt kapp á að þetta mál kæmist örugglega til nefndar og til umsagnar og lagði þess vegna á það áherslu að það kæmist til meðferðar núna og kæmist til umsagnar áður en þinginu lýkur. Þetta er tillaga til þál. um aukan hlutdeild raforku í orkubúskap þjóðarinnar.

Flm. eru auk mín fimm þingmenn Alþb.

Frá því að þessi tillaga var lögð fram, en það var í október, hefur ýmislegt gerst í þessum málum. Það er ljóst að það er vaxandi áhugi á því að koma þeirri raforku fyrir sem við erum að framleiða hér í raun og veru umfram þarfir. Við framleiðum 600–700 gígavattstundir á ári sem er umframorkan í raforkukerfi okkar. Sem dæmi má nefna að loðnubræðslur nota árlega orku sem samsvarar 600 gígavattstundum eða allri orku Blönduvirkjunar. Þannig að loðnubræðslurnar gætu notað alla orku Blöndu.

Það hefur verið gert nokkurt átak í þessum málum í seinni tíð eða á síðustu mánuðum eftir að þessi tillaga var flutt. M.a. hafa garðyrkjubændur fengið tilboð um ódýrt rafmagn, um lækkun á raforkuverðinu um eina krónu á kílóvattstund, þ.e. úr kr. 1,45 niður í 45 aura, og iðnfyrirtæki eins og t.d. Ísaga hafa aukið framleiðslu sína á köfnunarefni og keypt viðbótarrafmagn og sömuleiðis Kaupfélag Skagfirðinga til kjöt- og mjólkurframleiðslu. Þannig að þessi mál eru á verulegri hreyfingu og ég kaus þess vegna, virðulegur forseti, þótt seint sé á þessum fundi að óska eindregið eftir því að málið kæmi til meðferðar, tel ástæðulaust að fara frekar yfir efni þess. Ég legg til að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umræðu og hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 17., 18., 19., 21., 23. og 25.–31. mál.

Fundi slitið kl. 8.08 síðdegis.

---

165. FUNDUR

fimmtudaginn 29. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til menntamálaráðherra:

1. Efling íþróttaiðkunar kvenna, fsp., 348. mál, þskj. 627.
2. Framtíð húss gamla Stýrimannaskólans, fsp., 506. mál, þskj. 858.
3. Framtíð húss gamla Stýrimannaskólans, fsp., 507. mál, þskj. 859.

Til forsætisráðherra:

4. Endurskoðun á útreikningi þjóðhagsstæðra, fsp., 349. mál, þskj. 628.
5. Efling heimilisiðnaðar, fsp., 409. mál, þskj. 703.
6. Frágangur stjórnarfrumvarpa, fsp., 571. mál, þskj. 952.

Til heilbrigðisráðherra:

7. Heimahlynning, fsp., 445. mál, þskj. 771.
8. Aðgerðir til að hefta útbreiðslu alnæmis, fsp., 508. mál, þskj. 860.

Til viðskiptaráðherra:

9. Erlendar fjárfestingar á Íslandi, fsp., 526. mál, þskj. 884.
10. Fjárfesting Íslendinga erlendis, fsp., 527. mál, þskj. 885.
11. Vandi verslunar í strjálbýli, fsp., 569. mál, þskj. 948.

Til landbúnaðarráðherra:

12. Sandfok á Mývatnssvæðinu, fsp., 532. mál, þskj. 890.

Til sjávarútvegsráðherra:

13. Samstarf við Sambandslýðveldið Rússland, fsp., 573. mál, þskj. 958.

Efling íþróttaiðkunar kvenna, ein umr.

Fsp. KE, 348. mál. — Þskj. 627.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. 18. maí 1992 samþykkti Alþingi ályktun sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að gert verði átak til að efla íþróttaiðkun kvenna. Áhersla verði lögð á mikilvægi íþrótta í líkamlegu og félagslegu uppeldi og sem fyrirbyggjandi aðgerð til að bæta heilsu og vinnuþrek. Fjárframlög ríkisins til íþrótta skulu veitt með það að markmiði að gera íþróttaiðkun kvenna og karla jafnhátt undir höfði.“

Þessi till. var á margan hátt nokkuð merkileg, kannski aðallega fyrir það að allar konur, sem áttu sæti á Alþingi, fluttu till. og var hún samþykkt á Alþingi eins og ég sagði áðan.

Varla efast nokkur lengur um gildi íþrótta, bæði

fyrir félagslegt og líkamlegt uppeldi fólks. Áherslur þeirra sem ráða ferðinni í þessum málum hafa hins vegar verið ágreiningsefni þeirra sem fjalla um íþróttir. Að þeirra mati og reyndar mínu mati líka er allt of mikil áhersla lögð á þjálfun meistaraflokks karla og landsliða karla í boltaíþróttum og þessi lið fá langmest fjármagn. Það gildir ekki bara um meistaraflokka. Þetta gildir einnig um yngri flokkana og allir sem eiga börn vita að miklu meiri áhersla er lögð á þær íþróttagreinar sem strákar stunda, svo sem fótbolta og handbolta, en minni áhersla lögð á þær greinar sem stelpur stunda.

Á Íslandi stunda um 100 þús. manns íþróttir innan íþróttahreyfingarinnar og er áætlað að um þriðjungur þeirra séu konur. Orsakir fyrir því að svo fáar konur stunda íþróttir innan íþróttahreyfingarinnar eru margar en fjölmargar konur stunda íþróttir utan íþróttahreyfingarinnar bæði á heilsuræktarstöðum og eins sjálfar. Konur innan íþróttahreyfingarinnar vilja leggja aukna áherslu á kvennaíþróttir og hafa í því sambandi bent á fjölmargar ástæður þess að svo lítil áhersla er lögð á kvennaíþróttir og hafa bent á ýmsar leiðir til úrbóta. En það er ekki bara á Íslandi sem þetta er svona heldur er það víða annars staðar. Þess vegna hef ég leyft mér að spyrja hæstv. menntmrh. á þskj. 627 til hvaða ráðstafana ríkisstjórnin hafi gripið í framhaldi af þeirri ályktun Alþingis sem ég las áðan upp.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég svara þessari spurningu að því er veit að ráðuneytinu sjálfu. Í námi íþróttakennara og á endurmenntunarnámskeiðum kennara hefur verið lögð á það áhersla að í skólum landsins sé jöfn aðstaða fyrir pilta og stúlkur og mikilvægi íþrótta í þroskaferli og uppeldi hvers og eins. Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á samkennslu pilta og stúlkna í grunnskólum og framhaldsskólum í skólaíþróttum. Í aðalnámsskrá grunnskóla segir m.a.:

„Námsskráin gerir ráð fyrir að stúlkur og piltar skuli nema það sama. Það fyrirkomulag í íþróttakennslu að kenna stúlkun og piltum sér felur í sér hættu á að kennslan verði mismunandi eftir kynjum. Samkennsla pilta og stúlkna er því æskilegri að þessu leyti auk þess sem hún er líkleg til þess að hafa örvandi áhrif á nám og efla gagnkvæma virðingu, tillitssemi og skilning milli kynjanna."

Hið sama er uppi á teningnum í nýju fyrirkomulagi almennrar íþróttakennslu framhaldsskóla þar sem tilgangur kennslunnar er að efla líkamsþroska, bæta heilsufar nemenda og vekja hjá þeim áhuga á reglubundinni íþróttaiðkun og líkamsrækt. Námsmarkmið fyrir stúlkur og pilta eru hin sömu og heyrir það nú frekar til undantekninga að kenna stúlkum sér og piltum sér."

Ráðuneytið hefur lýst sig fúst til samstarfs við íþróttahreyfinguna um að efla íþróttaiðkun kvenna. Íþróttasamband Íslands hefur einnig lýst því yfir að nefnd á vegum ÍSÍ, sem falið var að vinna að umbótum í kvennaíþróttum, sé reiðubúin til samstarfs við ráðuneytið vegna samþykktar Alþingis. Að öðru leyti fylgir menntmrn. eftir ályktuninni frá 18. maí sl. með starfi íþrótta- og æskulýðsdeildar ráðuneytisins.

Á vegum Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála hefur farið fram yfirgripsmikil rannsókn meðal þúsunda ungmenna, pilta og stúlkna, þar sem m.a. var könnuð þátttaka þeirra í íþróttum og samspil íþróttaiðkunar og margra annarra þátta í lífi þeirra. Þannig voru tengsl íþróttaiðkunar við ýmsa þætti í skólagöngu þeirra, reykingar, áfengis- og fíkniefnaneyslu könnuð, svo og ýmislegt sem tengist líðan þeirra, bæði andlegri og líkamlegri. Þær niðurstöður verða ræddar á sérstöku málþingi um gildi íþrótta, málþingi sem haldið verður 15. maí nk. á vegum íþróttanefndar ríkisins og menntmrn.

Ætla má að niðurstöður ofangreindrar rannsóknar varpi ljósi á mismunandi viðhorf, áhuga og þátttöku pilta og stúlkna í íþróttum þannig að nýta megi þær niðurstöður til þess að efla íþróttaiðkun kvenna í samvinnu við þá aðila sem vinna að þessum málum.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka ráðherra svörin en ég verð að lýsa vonbrigðum mínum með að ekki skuli vera búið að gera meira. Kannski er ekki mjög langur tími frá því að þessi þáltill. var samþykkt, þ.e. eitt ár, ég hafði þó vonað að tíminn hefði verið notaður. Ég er sammála ráðherranum í því að mjög mikilvægt sé að hafa samstarf við ÍSÍ og þá þessa nefnd sem er sérstaklega starfandi þar um íþróttir kvenna og ég held að það sé líka mjög mikilvægt að setja á stofn einhver þróunarverkefni um íþróttaiðkun í skólum eins og ráðherra reyndar talaði aðeins um. Ég hefði talið eðlilegt að leggja meiri áherslu þar á íþróttaiðkun stúlkna. Því miður er það nú svo þar sem ég þekki til að meiri áhersla er lögð á strákana. En það er kannski annar handleggur.

Ég hefði talið eðlilegt er að taka strax upp þráðinn við þessa nefnd innan ÍSÍ af hálfu ráðuneytisins. Mér datt í hug að einhver innan ráðuneytisins, kannski í hlutastarfi, hálfu starfi eða kannski fullu starfi, þyrfti að sinna þessum málum sérstaklega, þ.e. að kona verði ráðin til þess að sinna þessu séstaklega. Það er gott og gilt að halda þær ráðstefnur sem ráðherrann talaði um, en þessi þáltill. gengur sérstaklega út á að efla íþróttaiðkun kvenna.

Ég vil benda á að fyrir um það bil viku héldu konur innan íþróttahreyfingarinnar ráðstefnu eða málþing um íþróttaiðkun kvenna. Ég komst því miður ekki á þann fund en afrakstur þess fundar held ég að væri gott veganesti fyrir þá sem vinna að þessum málum innan ráðuneytisins að skoða. Ég vil einnig benda á að innan Evrópuráðsins hefur sérstakt átak verið gert til þess að efla íþróttaiðkun kvenna og þetta bendi ég á til þess að leggja áherslu á að þetta er ekki neitt sérstakt fyrirbæri hér á Íslandi og nefnd hefur verið sett á stofn sem hefur haldið a.m.k. tvær eða þrjár ráðstefnur um þetta mál. Það er því mjög mikið að gerast í þessum málum og ég tel að efniviðurinn sé nægjanlegur til þess að byggja á.

Ég bendi á að ekki bara Evrópuráðið sem heild heldur einnig fjölmörg lönd hafa lagt sérstaka áherslu

á þetta í stefnumótun sinni og Íslendingar eiga einn fulltrúa, Lovísu Einarsdóttur, sem er fulltrúi Íslands í þessum vinnuhópi á vegum Evrópuráðsins. Þetta vildi ég segja og ég vonast til þess að ráðuneytið taki nú þegar upp þráðinn við þennan hóp og í samvinnu við konurnar og reyndar ÍSÍ í heild taki myndarlega á þessum málum.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft mikilvægu og merkilegu máli og mig langaði til að beina því til hæstv. menntmrh., sem auðvitað er alltaf að huga að sparnaði eins og aðrir ráðherrar í hans ríkisstjórn, að hér er um fyrirbyggjandi aðgerðir að ræða. Allar kannanir og rannsóknir sýna að heilsufar kvenna, ekki síst á vinnustöðum, er því miður oft lakara en karla. Þær finna meira fyrir ýmiss konar álagssjúkdómum, svo sem streitu og vöðvabólgum. Í því samhengi er einmitt mjög mikilvægt að stuðla að auknu framboði á íþróttum sem koma almenningi og almenningsíþróttum til góða. Þetta beinir sjónum að því að mér vitanlega er engin stefna í þessum málum til af hálfu ríkisvaldsins. Mikil þörf er á því að slík stefnumótun eigi sér stað sem ekki síst beinist að því að auka íþróttaiðkun kvenna í þeim tilgang að bæta bæði andlega og líkamlega heilsu.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Eflaust má alltaf gera betur en gert er. Ég nefndi nokkur atriði sem unnið er að á vegum ráðuneytisins, að vísu ekki allt vegna ályktunarinnar, námsskráin er eldri en ályktunin og rannsóknin, sem ég vitnaði til, var heldur ekki gerð vegna þessarar ályktunar Alþingis frá því í maí í fyrra. Ég nefndi sérstaklega málþingið sem verður haldið í næsta mánuði og ég vonast til að út úr því málþingi komi eitthvað það sem megi nýta til þess að efla íþróttaiðkun kvenna.

Ég nefndi líka samstarfið við íþróttahreyfinguna og auðvitað er alveg sjálfsagt mál að taka upp þráðinn við þessa nefnd sem starfar á vegum Íþróttasambands Íslands. Það munum við áreiðanlega gera.

Mismunandi áherslur eru hjá íþróttafélögunum. Það er eflaust rétt sem hefur komið fram að meiri áhersla er lögð á keppnisíþróttir karla en kvenna en ráðuneytið gerir að minnsta kosti það sem í þess valdi stendur og snýr fyrst og fremst af skólunum til þess að sem mest jafnræði verði.

Framtíð húss gamla Stýrimannaskólans, ein umr.

Fsp. KÁ, 506. mál. — Þskj. 858.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Við Öldugötuna í Reykjavík stendur hús gamla Stýrimannaskólans sem reist var skömmu fyrir síðustu aldamót. Til skamms tíma var grunnskóli fyrir börn Vesturbæjarins starfandi í húsinu en eftir að hann flutti í nýtt húsnæði hefur framtíð hússins verið óljós. Íbúasamtök Vesturbæjar hafa lengi haft áhuga á því að fá húsið undir félagsmiðstöð eða aðra menningarstarfsemi en á einhverju strandar. Mér leikur því hugur á að vita hvað ráðuneyti mennta- og menningarmála hefur í hyggju varðandi framtíðarnýtingu hússins en öllum má ljóst vera að þarna er um að ræða mjög merkilegt gamalt hús, eitt af fáum stórhýsum í gamla Vesturbænum í opinberri eign. Þetta hús má ekki grotna niður og verða leiksoppur vatns og vinda og barna í hverfinu. Því spyr ég hæstv menntmrh. á tveimur þingskjölum sem hér eru til umræðu, í fyrsta lagi á þskj. 858:

„1. Hverjar urðu niðurstöður nefndar þeirrar sem Birgir Ísl. Gunnarsson, þáverandi menntamálaráðherra, skipaði árið 1988 til að gera tillögur um framtíðarnýtingu húss gamla Stýrimannaskólans við Öldugötu og hvenær skilaði nefndin af sér?

2. Hvernig var tillögum nefndarinnar fylgt eftir?“

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Varðandi fyrri lið fsp. er tekið fram að Svavar Gestsson, þáv. menntmrh., skipaði umrædda nefnd 11. nóv. 1988 þótt nefndaskipunin sjálf hefði verið ákveðin af Birgi Ísl. Gunnarssyni fyrir ráðherraskiptin þá um haustið. Þegar nefndin hóf störf lágu þegar fyrir hugmyndir um framtíðarnýtingu hússins frá Íbúasamtökum Vesturbæjar, og eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda höfðu þau sýnt áhuga á að fá afnot af húsinu, og einnig Foreldra- og kennarafélagi Vesturbæjarskóla um að menningar- og félagsstarf í hverfinu fengi aðstöðu í húsinu með áherslu á að skólalóðin yrði áfram leikvöllur barna í hverfinu. Skólastjóri Stýrimannaskólans hafði einnig látið í ljós ósk um að minjar og saga sjómannafræðslu yrðu varðveitt í húsinu og nefndinni var falið að taka afstöðu til þessara hugmynda og annarra sem upp kynnu að koma um framtíðarnýtingu hússins. Nefndin mun hafa kannað möguleika á framkvæmd þessara hugmynda og einnig annarra sem upp komu meðan hún starfaði, m.a. að þarna yrði útibú frá Borgarbókasafni eða þjónustumiðstöð fyrir aldraða.

Þessar tillögur voru kynntar ráðuneytinu á sínum tíma eftir því sem ég hef komist næst en niðurstaða fékkst ekki varðandi notkun hússins og þess vegna fór það svo að þessum tillögum eða hugmyndum nefndarinnar hefur ekki verið fylgt eftir. Ég kem frekar að þessu í svari við næstu fsp.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessi svör. Eins og fram kom í máli hans eru ýmsar hugmyndir uppi varðandi nýtingu hússins og við komum reyndar betur að því á eftir en það má ljóst vera að þetta er það stórt og myndarlegt hús að það býður upp á ýmsa möguleika. Í svari ráðherra kom líka fram að þetta er að mörgu leyti svolítið sérstakt af því að húsið er eign ríkisins enda gamalt skólahús, en ýmiss konar starfsemi á vegum borgarinnar hentar hugsanlega best í húsinu. Því væri fróðlegt að það kæmi

fram hvort viðræður hafa átt sér stað milli Reykjavíkurborgar og ráðuneytisins um einhvers konar makaskipti eða að borgin fengi húsið til yfirráða eða hvernig þeim málum er háttað. En raunar er aðalatriði í mínum huga það að húsið verði nýtt og að það standi ekki autt. Að vísu hefur verið smávegis leiklistarstarfsemi þarna og það verið nýtt að einhverju marki en það er alveg augljóst að ef húsið er ekki í almennri notkun og ekki vel um það hugsað er auðvitað hætta á að þetta merkilega hús verði fyrir einhverjum skaða. Ef maður hefur í huga þær hörmungur sem yfir Þjóðminjasafnið hafa gengið hljótum við að verða að beina sjónum að varðveislu þessara húsa og hvernig um þau er hugsað en við komum reyndar betur inn á það í næstu fsp.

Framtíð húss gamla Stýrimannaskólans, ein umr.

Fsp. KÁ, 507. mál. — Þskj. 859.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Við höldum áfram umræðum um gamla Stýrimannaskólann og á þskj. 859 beini ég eftirfarandi spurningum til hæstv. menntmrh.:

„1. Hvaða áform eru uppi um framtíðarnýtingu húss gamla Stýrimannaskólans við Öldugötu í Reykjavík?

2. Hvernig er háttað viðhaldi og eftirliti með húsi gamla Stýrimannaskólans í Reykjavík?"

Þessar spurningar skýra sig sjálfar. Hér er um það að ræða hvaða hugmyndir nú eru uppi í menntmrn. um nýtingu á húsinu og hvaða möguleikar koma þar til greina, eins og ég nefndi áðan hvort t.d. er inni í myndinni að Reykjavíkurborg fái þetta hús eða íbúasamtök Vesturbæjar. Það yrði líklegast að gerast í gegnum borgina eða eru aðrar hugmyndir uppi um nýtingu hússins? Það kom fram fyrr á fundinum að skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, Guðjón Ármann Eyjólfsson, hefur ákveðnar hugmyndir og er ákaflega jákvæður í garð þessa húss og hefur stungið upp á því að þar verði komið á fót einhvers konar minjasafni en ég er frekar á því að það eigi að nýta þetta hús í þágu hverfisins eins og reyndar hefur verið gert eða var gert á meðan þar var skóli og ekki síst í ljósi þess að það er ekki margra kosta völ varðandi félagsaðstöðu í gamla Vesturbænum og því er húsið auðvitað tilvalið til nýtingar sem kemur öllum íbúum hverfisins til góða. En ég bíð spennt eftir svörum hæstv. menntmrh.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Þegar Reykjavíkurborg skilaði gamla Stýrimannaskólanum árið 1989 var húsið í fremur lélegu ástandi og hafði lítt verið haldið við. Menntmrn. gerði þá þegar við afhendingu athugasemdir við ástand hússins og óskaði eftir því við Reykjavíkurborg að borgin greiddi kostnað af viðhaldi þess. Það voru gerðar þá minni háttar lagfæringar á íbúð í risi hússins en leigutaki að þeirri íbúð tók að sér að annast eftirlit með húsinu og svo er enn. Leigutakinn lítur eftir því.

Á sínum tíma beindist athugun nefndar um framtíðarnýtingu gamla Stýrimannaskólans m.a. að því að húseignin yrði áfram notuð af Reykjavíkurborg. Það var hins vegar horfið frá þeim hugmyndum. Það fengust á síðasta ári á fjárlögum 3 millj. kr. til viðhaldsframkvæmda. Samningar um þátttöku Reykjavíkurborgar í viðhaldskostnaði eru nú á lokastigi og viðhaldsviðgerðir raunar þegar hafnar utanhúss.

Það kemur til greina að ráðuneytið ráðstafi húsinu til einhverrar stofnunar á vegum ráðuneytisins. Nokkrar hugmyndir hafa komið upp. Það kemur einnig til greina samningur milli Reykjavíkurborgar og menntmrn. um að Reykjavíkurborg fái afnot hússins og viðræður hafa farið fram alveg nýlega um það efni. Það liggur hins vegar ekki fyrir niðurstaða og ekki gert ráð fyrir að ákvörðun verði tekin fyrr en viðgerð utan húss verði lokið en sú viðgerð er þegar hafin eins og ég sagði áðan.

Ég get ekki farið frekar út í það hvaða hugmyndir eru þarna uppi. Ef Reykjavíkurborg fær húsið til umráða þá verður það borgarinnar að koma með hugmyndir og fá samþykki ráðuneytisins fyrir því en þarna hafa komið fram hugmyndir að íbúasamtökin, eins og hér hefur áður komið fram, fái húsið til afnota. Þarna hefur einnig komið til greina skólahald og svo minjasafn Stýrimannaskólans eins og við nefndum áðan. Þetta er sem sagt allt í undirbúningi og á viðræðustigi við Reykjavíkurborg.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessi svör. Ég er ákaflega fegin að heyra að það er komin hreyfing á þetta mál því ég geng oft fram hjá þessu húsi eða fer þar fram hjá á öðrum farartækjum og ég hef fylgst með því að þarna er ákaflega lítil hreyfing í kringum húsið og eiginlega hörmulegt að horfa upp á svona stórt og myndarlegt hús standa autt og yfirgefið þó reyndar séu íbúar í húsinu eins og hér kom fram.

Það kom fram í svari hæstv. menntmrh. að þessar sömu hugmyndir eru til umræðu og verið hafa á undanförnum árum og ég vona svo sannarlega að eitthvað verði úr þeim. Ég vil ljúka þessari umræðu með því að skora á hæstv. menntmrh. að sjá til þess að niðurstaða fáist í þetta mál og að við megum sjá þetta hús í góðu ásigkomulagi og það nýtist, helst þannig að öllum íbúum Reykjavíkur komi til góða.

Endurskoðun á útreikningi þjóðhagsstærða, ein umr.

Fsp. KE, 349. mál. — Þskj. 628.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Þann 5. maí 1990 samþykkti Alþingi ályktun um nýja aðferð við útreikning þjóðhagsstærða sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna aðferðir við útreikning þjóðhagsstærða þar sem tekið sé tillit til áhrifa framleiðslustarfsemi á umhverfi og náttúrulegar auðlindir. Í þessu skyni verði komið skipulagi á hagsýslugerð um umhverfismál og nýtingu auðlinda og fylgst með því sem er að gerast erlendis á þessu sviði."

Á 112. löggjafarþingi þegar þessi tillaga var samþykkt töldum við flm. nauðsynlegt að endurskoða útreikning þjóðhagsstærða. Nokkrar þjóðir hafa sýnt viðleitni til þess að meta umhverfisþætti inn í þjóðhagsreikninga. Þar hafa Norðmenn riðið á vaðið og fleiri þjóðir eru að huga að því sama. Norðmenn byrjuðu að velta fyrir sér auðlindamati fyrir nær 20 árum síðan og nú gefur norska hagstofan árlega út yfirlit um ástand náttúrulegra auðlinda og mengun í Noregi. Þær stærðir sem til þessa hafa verið teknar inn í auðlindareikninga varða orku, fiskstofna, skóga og loftmengun og þá er ég að tala um Noreg. Norska umhverfisráðuneytið er nú að meta önnur svið þar sem miklu varðar að tengja saman efnahagslíkön og vistfræðilegar upplýsingar. Það má e.t.v. segja að hér á landi hafi verið reynt að meta slíkt og það má kannski segja að það sé vísir að slíkum útreikningum þegar metnir eru fiskstofnar hér við land. En það hefur hins vegar kannski ekki verið gert með aðrar auðlindir og ekki kannski beinlínis teknir inn í þjóðhagsstærðir beint.

Í riti Þjóðhagsstofnunar, Þjóðarbúskapurinn, frá því í apríl 1991, rit númer 12, er birt í viðauka greinargerð þar sem tekið er aðeins á þessu máli og heitir sá kafli „Umhverfið og efnahagslífið". Tilefni þess að þessi viðauki er þar prentaður er einmitt þessi ályktun Alþingis. Þeir segja þar að þessi greinargerð sé einungis kynning á efninu og ber að líta á hana sem slíka. Mér þótti samt mjög gott þetta framtak og margt merkilegt og gott að finna sem þar kemur fram. Það sem mig langar kannski til að vekja athygli á er að þeir segja að þjóðhagsreikningamenn séu hins vegar mjög formfastir og íhaldssamir í viðhorfum sínum en það breytir ekki því að þetta eru mál sem verður að fara að taka föstum tökum og þess vegna hef ég beint fsp. til hæstv. forsrh. á þskj. 628 um framkvæmd á þessari ályktun Alþingis sem ég nefndi áðan.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Í tilefni af þeirri ályktun Alþingis sem hv. 15. þm. Reykv. vitnaði til, eða með vísan til hennar, þá skipaði umhvrh. í febrúar 1992 nefnd þriggja manna til að gera tillögur um hvernig staðið skuli að því verkefni sem þál. kveður á um. Í skipunarbréfi nefndarinnar er henni falið að kanna aðferðir við útreikninga þjóðhagsstærða þar sem tekið sé tillit til áhrifa og framleiðslustarfsemi á umhverfi og náttúrulegar auðlindir. Þá er nefndinni falið að gera tillögur um skipulega hagsýslugerð um umhverfismál og nýtingu auðlinda til samræmis við samþykktir og aðgerðir Sameinuðu þjóðanna, norrænu ráðherranefndarinnar og OECD á þessu sviði.

Í nefndinni eiga sæti deildarsérfræðingur í umhvrn., forstöðumaður þjóðhagsreikninga í Þjóðhagsstofnun og hagstofustjóri sem er formaður nefndarinnar.

Það sem af er starfstíma nefndarinnar hefur hún kynnt sér stöðu rannsókna í nágrannaríkjunum varðandi gerð svokallaðra grænna þjóðhagsreikninga og kröfur og óskir um gerð hagskýrslna varðandi þetta efni á alþjóðvettvangi. Jafnframt hefur nefndin farið yfir stöðu þessara mála hér á landi og rætt um skipulag umhverfisskýrslugerðar og verkaskiptingu milli stofnana.

Í bréfi til umhvrh. 9. febr. sl. kynnti nefndin fyrstu niðurstöður sínar en þær lúta að skipulagi og verkaskiptingu við gerð almennra hagskýrslna um umhverfismál. Álit nefndarinnar er að í meginatriðum ber að haga þessu með eftirfarandi hætti:

1. Nefndin álítur eðlilegt og í samræmi við skipulag þessara mála í nálægum löndum að framsetning og útgáfa töluyfirlita um umhverfismál verði hluti almennrar hagsýslugerðar Hagstofu Íslands. Er þá gert ráð fyrir því að Hagstofan leiti til fagstofnana og óski eftir samstarfi og ráðgjöf um reglubundna skýrslugjöf, þar á meðal til hvaða sviða, þátta og landsvæða skýrslugjöfin skuli taka, um tíðni athugana, skilgreiningar og fleira þess háttar. Jafnframt verði samið við fagstofnanir um að þær láti Hagstofunni gögn í té með reglubundnum hætti. Tekið er fram að í þessu felist engin takmörk á skýrslustarfi fagstofnana sem auðvitað mundi eftir sem áður haga nánari skýrslugerð um eigið verkefnissvið og verksvið eftir því sem þykir best henta á hverri stundu.

2. Hér á landi er gerð þjóðhagsreikninga hlutverk Þjóðhagsstofnunar. Sá þáttur þessa máls sem varðar útreikning þjóðhagsstærða og mat á áhrifum umhverfis og náttúruauðlindar tengist þjóðhagsreikningagerð og felst m.a. í gerð sértækra hliðarreikninga við þjóðhagsreikninga. Nefndin telur því eðlilegt að Þjóðhagsstofnun annist þetta verkefni.

3. Nefndin telur skynsamlegt að skipulag hagsýslugerðar um umhverfismál verði í fyrstu miðuð við að draga saman og nýta tiltæk efni. Jafnframt verði leitast við að fylla upp í eyður á viðkomandi sviðum og fá því komið til leiðar að athuganir verði gerðar með reglubundnum hætti sem þáttur í skipulegri og samfelldri upplýsingagjöf. Áhersla verður lögð á þau svið sem brýnust eru talin af stjórnvöldum en um leið verið tekið svo sem unnt er tillit til alþjóðlegrar gagnasöfnunar á þessu sviði.

Í bréfi nefndarinnar segir enn fremur að nauðsynlegt sé að nú þegar verði farið að móta það skipulag og hafa það samráð við fagstofnanir sem áður greinir.

Nefndin leggur því til að ráðinn verði starfsmaður í þessu skyni. Verkefni hans verða að hefjast handa við upplýsingasöfnun og töflugerð á nokkrum völdum sviðum umhverfismála, leitað verði fyrirmyndar í skýrslum nágrannaþjóða og reynsla þeirra hagnýtt svo sem kostur er. Starfsmaðurinn starfi á Hagstofunni undir stjórn hennar og nefndarinnar. Lagt er til að á þessu ári verði launakostnaður borinn saman af Hagstofu Íslands og umhvrn. Jafnframt verði leitað eftir fjárveitingu á fjárlögum 1994 til að kosta fasta stöðu við Hagstofuna við gerð umhverfisskýrslna.

Umhvrn. féllst á þessa tillögu og er afráðið að þetta starf hefjist nú á næstunni.

Mikilvægt er að hafist verði handa við almenna hagsýslugerð um umhverfismál með skipulagðari og reglubundnari hætti en verið hefur. Það er jafnframt forsenda þess að unnt sé að takast á við mat á umhverfisáhrifum við gerð þjóðhagsreikninga. Í þessu sambandi skal á það bent að rannsóknir á þessu sviði eru yfirleitt ekki langt á veg komnar á alþjóðavettvangi. Þá hefur ekkert ríki hafið gerð þjóðhagsreikninga með því sniði sem hér er gert ráð fyrir en nokkur ríki hafa unnið að færslu sérstakra hliðarreikninga til að nálgast þau áhrif sem hér er um að ræða. Þess má enn fremur geta að hagskýrslustofnun Sameinuðu þjóðanna samþykkti í marsmánuði sl. tillögur um heildarendurskoðun þjóðhagsreikningakerfis Sameinuðu þjóðanna. Það er ekki gert ráð fyrir að áhrif framleiðslustarfsemi á umhverfi og auðlindir verði metin við þjóðhagsreikninga sem slíkra, heldur komi fram í sérstökum hliðarreikningum að vali og eftir getu hvers og eins ríkis.

Á hinn bóginn má minna á að frá því sl. haust hefur á vegum hagstofum hinna Norðurlandanna og fyrir styrk frá norræna ráðherraráðinu verið unnið að undirbúningsathugun og aðferð við mat á umhverfisáhrifum á þjóðarstærðir. Þetta verkefni byggist á áliti Norðurlandaráðs 1991. Þessu undirbúningsverkefni er að ljúka og hefur verið sótt um fjárveitingu til framhaldsverkefnis á þessu sviði. Verði fé veitt til þessa og framhald á verkefnum er ætlunin að Íslendingar tengist því og fylgist með því eins og frekast er unnt. Það væri ákjósanlegt þar sem Norðurlandaþjóðirnar þykja skara fram úr á þessu sviði. Við ættum því að geta notið góðs af þessu norræna samstarfsverkefni og norrænum rannsóknum í þessum efnum.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. svörin og lýsa ánægju minni með það hversu vel ríkisstjórnin hefur tekið á þessari ályktun Alþingis. Það verður að segjast eins og er að það hefur ekki alltaf verið drifið svo í málum eins og hér hefur verið gert og það er auðvitað vel og ber að fagna því. Eftir því sem mér heyrðist á þeim upplestri sem kom fram hjá hæstv. forsrh. þá lýst mér nokkuð vel á þær tillögur sem komið hafa fram hjá þessari nefnd og reikna ég með því að þær liggi líka á lausu væntanlega hjá umhvrn. þannig að það er hægt að kynna sér þær betur.

Ég tel mjög mikilvægt að þessu máli verði hraðað og fagna því að það hefur verið ákveðið að gera ráð fyrir því á fjárlögum að starfsmaður verði ráðinn í verkefnið. Ég tók eftir því að hann átti að vera hjá Hagstofu Íslands. Ég held að það sé mjög mikilvægt að Hagstofan og Þjóðhagsstofnun vinni saman að þessu máli sem væntanlega er gert ráð fyrir. Það er auðvitað eðlilegt að það verði gerðir sérstakir hliðarreikningar að því er varðar umhverfismálin kannski til að byrja með en það verður auðvitað að samþætta efnahags- og umhverfismálin, þau eru svo samtengd og verða ekki aðskilin. Þó svo að þessir hefðbundnu þjóðhagsreikningar verði áfram á þann hátt sem nú er þar sem eingöngu eru tekin mið af þeim verðmætum sem unnt er að meta af einhverri nákvæmni en ekki teknir inn ýmsir þættir svo sem umhverfisþættir og félagslegir þættir og ýmislegt fleira, þá sé mjög mikilvægt að þeir þættir verði teknir inn og það verði sett fram á sama hátt og þjóðhagsreikningarnir eru settir fram þannig að fólk geti gert sér grein fyrir að þegar verið er að meta hagvöxt, þá sé hægt að gera það a.m.k. á tvennan hátt. Annars vegar eingöngu með tilliti til hinna efnahagslegu þátta og svo hins vegar með umhverfismálin inni í. Reyndar eru margir sem benda á og hef ég talið það vera mjög mikilvægt að taka einnig inn ýmsa félagslega þætti.

Þetta vildi ég og sagt hafa, frú forseti, varðandi þessa ályktun og endurtek það að ég lýsi ánægju minni með það að ríkisstjórnin hafi tekið nokkuð myndarlega, að því er mér heyrist, á þessu máli.

Efling heimilisiðnaðar, ein umr.

Fsp. KÁ, 409. mál. — Þskj. 703.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Hinn 26. apríl 1991 skipaði þáv. forsrh. Steingrímur Hermannsson, nefnd til þess að vinna að eflingu heimilisiðnaðar. Í þessari nefnd sátu Ásrún Kristjánsdóttir myndlistarkona sem er formaður, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir fyrir hönd forsrh., Sigrún Guðmundsdóttir frá menntmrn., Jakobína Guðmundsdóttir frá Heimilisiðnaðarfélagi Íslands og Hildur Hákonardóttir fyrir Samband ísl. myndlistarmanna. Þessi nefnd vann mikið starf og skilaði heilmikilli skýrslu sem lögð var fram í nóvember sl. Það má ljóst vera að orðið „heimilisiðnaður" felur margt í sér og nefndin komst að þeirri niðurstöðu að það bæri að skilgreina það hugtak mjög vítt. Í inngangi skýrslunnar segir, með leyfi forseta:

„Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að orðið „heimilisiðnaður" hefur breytt um merkingu og er í dag allt handverk og listhandverk sem unnið er af einstaklingum eða hópum sem ýmist eru áhugafólk eða fagfólk en nánari skilgreiningar er vissulega þörf."

Í ljósi þessarar skilgreiningar skoðaði nefndin þetta mál og leggur fram margar tillögur um það hvernig efla megi heimilisiðnað á Íslandi. Það má ljóst vera að í heimilisiðnaði og listiðnaði felast miklir möguleikar til atvinnusköpunar, ekki síst í sveitum landsins þar sem er að finna margar vinnandi hendur sem hafa því miður of lítið fyrir stafni. Nú hef ég dæmi þess að konur úti á landsbyggðinni hafa gripið til sinna eigin ráða, en það þarf meira til og hér þarf auðvitað ríkisvaldið að koma til. Við getum lært af því sem gerst hefur bæði í Finnlandi, Danmörku og víðar þar sem peningar hafa verið lagðir í hönnun og eflingu ýmiss konar list- og handverks og því leikur mér hugur á að vita hvernig ríkisstjórnin ætlar að fylgja eftir þessari skýrslu sem unnin var á vegum forsrn. Því spyr ég hæstv. forsrh. á þskj. 703:

„Hvernig hyggst forsrh. fylgja eftir tillögum nefndar þeirrar um eflingu heimilisiðnaðar sem skipuð var í ráðherratíð Steingríms Hermannssonar og skilaði skýrslu og tillögum í nóvember 1992?"

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Nefnd um eflingu heimilisiðnaðar var skipuð í aprílmánuði 1991 en í febr. sama ár samþykkti Alþingi þál. þar sem forsrh. var falið að kanna í samvinnu við fræðsluyfirvöld, samtök listamanna og Heimilisiðnaðarfélag Íslands hvernig efla mætti heimilisiðnað hér á landi. Helstu markmið skyldu vera eftirfarandi:

a. Að kanna stöðu heimilisiðnaðar og minjagripagerðar á landsbyggðinni.

b. Að leita uppi gamlan fróðleik um gerð ýmissa þjóðlegra muna með það að markmiði að þjóðleg handíð varðveitist og þróist áfram.

c. Að kanna hvernig veita megi faglega ráðgjöf með því að efna til námskeiða þar sem kunnáttufólk leiðbeinir um rétt vinnubrögð og handtök við gamla heimilisiðnaðinn og mikilvægi þess að nota hráefni sem er sérstakt fyrir Ísland.

d. Að leggja sérstaka áherslu á vinnslu íslensku ullarinnar, t.d. með því að standa fyrir tónvinnunámskeiðum.

e. Að sækja stoð til hönnuða og hugmyndasmiða í leit að nýsköpun í heimilisiðnaði.

f. Að aðstoða fólk við fjármögnun og markaðssetningu.

g. Að hafa samstarf við atvinnumálaráðgjafa þar sem þeir eru starfandi.

Í nefndina voru skipaðir Ásrún Kristjánsdóttir formaður, Ásta R. Jóhannesdóttir, fulltrúi forsrn., Sigrún Guðmundsdóttir, fulltrúi menntmrn., Jakobína Guðmundsdóttir, fulltrúi Heimilisiðnaðarfélags Íslands, og Hildur Hákonardóttir, fulltrúi Sambands ísl. listamanna.

Byggðastofnun lagði nefndinni til starfsaðstöðu og starfsmann, Lilju Karlsdóttur.

Nefndin hélt hátt á þriðja tug funda og skilaði skýrslu sinni í lok nóvembermánaðar sl. Í henni er m.a. fjallað um hvernig varðveita megi þá handverksmenningu sem við höfum tekið í arf og hvort og þá hvernig nýta megi þessa þekkingu og það hráefni sem til staðar er til nýsköpunar í atvinnumálum. Benda nefndarmenn á í skýrslu sinni að heimilisiðnaður og handverk skipi ekki þann sess sem þeim ber í skólakerfinu og að vinna beri að uppbyggingu handverksfræðslu allt frá fyrstu bekkjum grunnskóla til háskólastigs. Auk þess að gera tillögur er lúta að úrbótum í kennslu- og skólamálum gerir nefndin margvíslegar tillögur um hvernig aðstoða megi handverksmenn og smáfyrirtæki sem fást við handlistverk og minjagripagerð. Er í því sambandi lagt til að stuðlað verði að því að meðferð hráefnis svo sem ullar verði bætt, fagleg ráðgjöf við einstaklinga og smáfyrirtæki verði efld, sérstaklega sú er lýtur að hönnun og vöruþróun. Athugað verði hvort hægt sé að koma á nettengingu smáfyrirtækja og samstarfi í sölumálum, auk þess sem kannað verði hvort bæta megi rekstrargrundvöll handverksfólks og fyrirtækja, t.d. með skattalegum ívilnunum.

Þá er lagt til að sett verði á stofn sérstök hönnunarmiðstöð er hafi það hlutverk að hafa yfirsýn yfir og aðstoða við uppbyggingu smáiðnaðar, listiðnaðar og minjagripagerðar. Samkvæmt tillögunni skal um miðstöðin m.a. annast verkmenntarannsóknir, námskeiðahald, hönnun og gæðamat, safna upplýsingum, gögnum og hugmyndum um verkmenntir og listhandiðnað og aðstoða einstaklinga og smáfyrirtæki við sölu og markaðssetningu handverksmuna. Skýrsla nefndarinnar hefur verið send Byggðastofnun til kynningar og hefur innihald hennar verið rætt óformlega. Endanleg afstaða ríkisstjórnarinnar til einstakra tillagna liggur ekki fyrir en ýmsar þær hugmyndir, sem settar eru fram í skýrslunni, eiga sér samhljóm í stefnu ríkisstjórnarinnar sem m.a. er ítrekuð í stefnu- og starfsáætlun hennar, hvítbókinni, en líkt og þar kemur fram vill ríkisstjórnin styðja við viðleitni smáfyrirtækja til nýsköpunar. Þessari stefnu hefur m.a. verið fylgt eftir með styrkveitingum á vegum iðnrn., félmrn. og Byggðastofnunar. Auk þess hefur Framleiðnisjóður landbúnaðarins veitt fé til heimilisiðnaðarverkefna, aðallega í gegnum Stéttarsamband bænda.

Til Byggðastofnunar leitar vaxandi fjöldi fólks með hugmyndir um ýmiss konar framleiðslu í tengslum við handverk, list- og heimilisiðnað og hefur stofnunin sinnt beiðnum um aðstoð og fyrirgreiðslu eftir megni. Ég mun fara þess á leit við Byggðastofnun að lagt verði mat á þarfir þessara hópa og hvernig megi koma til móts við þær.

Þessi skýrsla hefur verið send fleiri aðilum til kynningar og verður send enn fleiri aðilum til fróðleiks á næstunni og framhald málsins mun ráðast m.a. af þeim viðtökum sem skýrslan fær. Ég tel fyrir mitt leyti að þessi nefnd hafi starfað afskaplega vel og unnið vandað og gott verk og það sé full ástæða til þess að taka störf nefndarinnar mjög alvarlega og fylgja þeim eftir og ég mun fyrir mitt leyti stuðla að því.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég tel að það hafi verið ástæða til þess að hreyfa þessu máli sem kannski hefur nú ekki gerst mikið í en ég er mjög ánægður með að forsrh. tekur jákvætt á málinu þó að nokkur bið hafi orðið á. Ég tel að hér sé um merkilega skýrslu að ræða og það sé full ástæða til þess að hlynna að þessari starfsemi. Ekki síst vegna þess að í þessu getur verið talsverð atvinnusköpun. Þó að það megi kannski ekki ofmeta það, þá er þetta verkefni sem sjálfsagt er að sinna og sérstök ástæða til að sinna þar sem atvinnuástand er með þeim hætti í landinu sem raun ber vitni. Hér er um að ræða góðan þátt í menningu okkar sem við megum ekki vanmeta og tækifæri til listsköpunar og þróunar. Ég vil sem sagt hvetja til að málið verði tekið fastari tökum og vonast eftir því að þeim góðu hugmyndum sem hreyft er í þessari skýrslu verði sem flestum hrint í framkvæmd.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda að koma með þetta mál hér inn sem ég tel að sé þarft að hreyfa. Það hefur verið veruleg þróun víða um land hvað þetta snertir núna á allra síðustu árum og það hefur leitt það í ljós að þarna eru e.t.v. miklu meiri möguleikar heldur en margir ætluðu í upphafi. Þótt þessi þróun sé skammt á veg komin, þá er það svo að það er allnokkur hópur fólks víða um land sem hefur orðið af heimilisiðnaði, samkvæmt þeirri skilgreiningu sem lagt er til að verði höfð um heimilisiðnað í skýrslunni sem forsrh. las upp úr, verulegan hluta tekna sinna og í einstaka tilfellum allar sínar tekjur. Og ég hvet til þess að það verði unnið af hálfu ríkisstjórnarinnar að þessu máli á grundvelli þeirrar skýrslu sem nú liggur fyrir.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir hans svör og öðrum þeim þingmönnum sem tekið hafa þátt í umræðunni. Ég skildi orð hæstv. forsrh. þannig að hann hefði fullan hug á því að fylgja þessu máli eftir og eins og hér hefur komið fram þá er að finna í þessum tillögum ýmsa möguleika til atvinnusköpunar. Það er staðreynd að varðandi ýmis svið heimilisiðnaðar og listiðnaðar erum við langt á eftir tímanum og ekki aðeins þurfum við að standa vörð um okkar gamla handverk og okkar þjóðmenningu sem að þessu snýr heldur eru þarna ýmsir nýir möguleikar á framleiðslu sem bæði skapa vinnu og auka tekjur og sölu. Að mínum dómi er um mjög merkilegar hugmyndir að ræða sem fram koma hjá skýrsluhöfundum, en ég vil sérstaklega minna á megintillögur nefndarinnar sem er það að sett verði á fót hönnunarmiðstöð. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að akkilesarhæll heimilisiðnaðarins í landinu væri m.a. skortur á góðri hönnun. Fólk er að þreifa sig áfram og búa til hluti en með aðstoð góðra hönnuða má bæta framleiðsluna mjög mikið og þessari hönnunarmiðstöð er ætlað margvíslegt hlutverk.

Það liggur hér fyrir þinginu tillaga um að komið verði á fót hönnunarmiðstöð og flm. eru sú sem hér stendur og frú forseti sem nú situr á forsetastóli, en við höfum að sjálfsögðu mikinn hug á því að þessum tillögum verði fylgt eftir. Ég er að taka þetta mál upp hér og við fluttum þá tillögu sem ég nefndi hér áðan fyrst og fremst í þeim tilgangi að vekja athygli á þessu máli ef það mætti verða til þess að ýta við ríkisstjórninni og öðrum þeim sem að þessu máli koma. Ríkisvaldið getur gert margt til þess að ýta undir þessa þróun og að hjálpa þessum veikburða iðnaði en fyrst og fremst hlýtur framtíðin að byggjast á frumkvæði og því að nýta bæði gamalt og nýtt. Ég skora á hæstv. forsrh. að fylgja nú málinu vel eftir og huga að því að margt smátt gerir eitt stórt og að þarna getur verið um verulega möguleika að ræða.

Sandfok á Mývatnssvæðinu, ein umr.

Fsp. PJ, 532. mál. — Þskj. 890.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Á síðustu árum hefur sandfok ógnað ýmsum af dýrustu náttúruperlum Mývatnssveitar. Sömu sögu er raunar að segja um gróður í byggð og á afréttarlöndum bænda í þessari sveit sem er ein hin sérstæðasta og fegursta hér á landi. Sandfokið á upptök sín á Mývatnsöræfum, en gosefni t.d. af Öskjusvæðinu eru mjög á hreyfingu þegar þurrviðrasamt er. Í sunnanátt eða suðlægum vindum teygir sandfokið sig niður í byggð og eru sandskaflarnir nú komnir inn í Dimmuborgir. Óhjákvæmilegt er að bregðast við þessum vágesti áður en hann eyðir náttúruverðmætum sem eru óbætanleg. Ekki liggur að mínum dómi nægilega ljóst fyrir hvað gert hefur verið á síðustu árum til þess að sporna við þessum háska.

Á síðustu árum hefur Landgræðsla ríkisins haft verulegt fé til ráðstöfunar til landgræðslustarfa og til þess að vinna gegn landeyðingu. Á fjárlögum ársins 1992 var almennt starfsfé Landgræðslu ríkisins um 210 millj., þar með til sérstakra landgræðslu- og gróðurverndarverkefna, rétt um 80 millj. kr. en sérstaklega var merkt til aðgerða í Mývatnssveit eða við Mývatnssveit um 2 millj. kr. Á fjárlögum þessa árs eru ætluð sér sérstakra landgræðsluverkefna á vegum Landgræðslu ríkisins um 81,6 millj. kr. eða svipað og árinu á undan. Að sjálfsögðu hlýtur það að vera viðfangsefni þessarar stofnunar að ráðast gegn þeim vanda sem heitast brennur á landinu hvar sem það er og ég fæ ekki betur séð en hvergi sé eða hafi verið á síðustu árum meiri yfirvofandi háski fyrir náttúruverðmæti, náttúruperlur og byggð í einni sveit en einmitt Mývatnssveit eins og hér er gert að umtalsefni. Því hef ég lagt fram á þskj. 890 fsp. til hæstv. landbrh. sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hvað hefur verið gert af hálfu opinberra aðila síðustu sex árin til að hefta sandfok sem ógnar náttúruperlum Mývatnssveitar ásamt gróðri í byggð og afréttarlöndum?

2. Hvað hafa þessar aðgerðir kostað?

3. Til hvaða aðgerða er áætlað að grípa á þessu ári?“

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Landgræðslustörf til að hefta sandfok í Skútustaðahreppi hófust árið 1942. Síðan hafa verið girt og friðuð 17 svæði sem spanna 26.500 hektara af einhverjum erfiðustu sandfokssvæðum þessa lands. Á síðustu sex árum hefur verið unnið fjölþætt gróðurverndar- og landgræðslustarf í Skútustaðahreppi sem hér segir:

Á árunum 1987–1992 voru settar upp landgræðslugirðingar á fjórum stöðum í hreppnum, alls 56 km að lengd og 7.800 hektarar að stærð. Innan girðinganna hefur melgresi verið sáð og áburði dreift til að styrkja melgresi og annað gróður. Í girðingunni umhverfis Reykjahlíð hefur einnig verið lögð áhersla á notkun

taðs og heys til uppgræðslu og plöntun landgræðslutrjáa. Nokkuð hefur verið unnið að uppgræðslu og áburðargjöf á völdum svæðum í afrétti þótt land hafi ekki verið friðað.

Mikið uppgræðslustarf hefur verið unnið innan landgræðslugirðinga. Mest hefur það verið unnið með flugvélum sem sáð hafa grasfræi, dreift áburði á sáningar og styrkt gróður til að örva fræsetu og sjálfssáningu. Melfræ hefur verið herfað niður og nú á síðustu árum sáð á samt lúpínufræi með sáðvélum, einnig utan landgræðslugirðinga. Síðan 1983 hefur verið unnið að umfangsmiklu samvinnuverkefni um uppgræðslu og stöðvun sandfoks í Krákárbotnum með það að markmiði að stöðva sandburð í Kráká og Laxá. Landsvirkjun, Skútustaðahreppur, ýmis veiði- og landeigendafélög ásamt Landgræðslunni hafa kostað það verkefni. Hundruð hektara af ógrónu landi hafa verið grædd, sandfok stöðvað á vissum svæðum, en gífurlegt verkefni er þar fram undan eins og annars staðar í hreppnum.

Í samræmi við stefnu og markmiðssetningu Landgræðslunnar hefur verið lögð áhersla á það í vaxandi mæli að fá bændur til starfa við landgræðslu í hreppnum. Í síðasta ári tóku bændur að sér ýmis landgræðslustörf, svo sem sáningu, áburðargjöf og girðingar í meira mæli en áður þótt þeir hafi í mörg ár unnið að þessum verkefnum. Árið 1990 hófst sérstakt samvinnuverkefni við bændur um uppgræðslu heimalanda. Markmið þess er að græða upp land í heimahögum til að beita vor og haust og minnka með því álag á viðkvæmt land. Bændur greiða hluta af kostnaði við þetta verkefni. Árin 1991 og 1992 var þetta heimalandaverkefni fært út enn frekar því ónóg aðstaða í heimalöndum hefur verið ein af ástæðum þess hve beit hefur hafist snemma í afréttum. Beitartími sauðfjár á afréttum Mývetninga var ein sá lengsti sem þekkist á landinu. Mikið hefur áunnist í styttingu beitartíma. Fyrr á árum hófst beit á afrétti hreppsins í maí en á síðasta ári var upprekstur ekki heimilaður fyrr en 4. júní og þá aðeins fyrir hluta fjárins til að byrja með. Beit á svo viðkvæmu landi hefst þó enn allt of snemma og unnið að því að ná samkomulagi um enn frekari seinkun upprekstrar. Til að minnka beitarálag hefur Landgræðslan stuðlað að fækkun sauðfjár í samvinnu við heimamenn og yfirstjórn sauðfjárframleiðslunnar. Fé á sumarbeit í hreppnum fækkað úr 17.600 fjár í 14.300 fjár á árunum 1987–1992. Göngum hefur verið flýtt og tekið hefur verið fyrir haustbeit áa í mellöndin á austurafrétt Mývetninga sem stóð frá því eftir göngur og fram í desember.

Hefting sandfoks og úrbætur vegna ferðamanna í Dimmuborgum eru sérstakt átaksverkefni sem unnið er að í samvinnu við Náttúruverndarráð og Skútustaðahrepp með liðstyrk bænda og áhugamanna. Borgunum var bjargað frá eyðileggingu þegar landið var girt 1942 en þá var hluti Dimmuborga reyndar þegar kominn í kaf í sand. Unnið er að því að hefta sandinn varanlega auk þess að bæta göngustíga til að fyrirbyggja skemmdir af völdum traðks.

Á umræddu tímabili hefur Landgræðslan og landbrn. haldið fjölda kynningar- og fræðslufunda í Mývatnssveit. Fyrrv. landbrh. skipaði árið 1988 nefnd til að gera tillögur um landgræðslu og landnýtingu. Á grundvelli álits nefndarinnar var unnið mikið starf við úttekt og mat á ástandi og búskap í hreppnum. Landgræðslu- og landnýtingarnefndin sem landbrh. skipaði á sl. ári hefur unnið víðtækt starf við öflun gagna til áætlunargerðar. Stofnað var á sl. ári sérstök samráðsnefnd Landgræðslunnar og heimaaðila til að samræma aðgerðir í hreppnum og stýra landgræðslustörfum bænda. Alls hefur Landgræðslan varið 104,6 millj. til verkefna í Skútustaðahreppi á þessu tímabili. Árlegur kostnaður er því um 10% af heildarfjárveitingu Landgræðslunnar. Framlög annarra aðila er erfitt að meta nákvæmlega en munu losa 30 millj. kr. á umræddu tímabili.

Í júní sl. skipaði ég nefnd til að semja landgræðslu- og landnýtingaráætlun fyrir Skútustaðahrepp með hliðsjón af ástandi heimalanda og afrétta. Í skipunarbréfi kemur m.a. fram að nefndin skuli hafa það að markmiði að finna leiðir til að stöðva gróður og jarðvegseyðingu þar sem jafnframt sé gætt hagsmuna íbúa sveitarfélagsins með tilliti til búsetu- og atvinnumöguleika. Áhersla er einnig lögð á að efla samvinnu bænda og Landgræðslunnar og gefa bændum í auknum mæli kost á vinnu við landgræðslu.

Hæstv. forseti. Ég á eftir tæpa mínútu og mun nota síðari ræðutíma minn til að ljúka ræðunni.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar eitt brýnasta verkefni í landgræðslu hér á landi. Hæstv. ráðherra lýsti hvað gert hefur verið í og við byggð en að mínu mati þá verður, ef þarna á að nást varanlegur árangur, að hefta sandfokið fram á öræfunum. Þarna gildir e.t.v. á mjög lýsandi hátt orðtakið „á skal að ósi stemma“ og það hlýtur að vera verkefni næstu ára.

Ég get einnig, virðulegi forseti, sagt frá því hér að nú er í gangi samvinnuverkefni milli umhverfisnefndar Eyjafjarðarsveitar í Eyjafirði og Landgræðslunnar um að safna saman ónýtum heyrúllum og flytja austur á Mývatnsöræfi og ég tel að þetta sé enn eitt lýsandi dæmið um það að bændur landsins eru allir af vilja gerðir að vinna með Landgræðslunni að verkefnum sem þessu.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör. Það kom fram í hans svari að unnið hefur verið að landgræðslustörfum og landvernd á þessu svæði allt frá árinu 1942 og á síðustu árum hefur verið varið til þessara starfa allt að 10% af heildarfé Landgræðslu ríkisins sem farið hefur til landgræðslustarfa.

Það hafa verið girt svæði og unnið mikið starf innan girðinga og er ekki að vanmeta það. Það hafa líka verið haldnir margir fundir með bændum og samið við þá um styttingu á beitartíma og unnið að því að fá þá til að fækka fé. Athyglinni hefur sem sagt verið beint að því að draga úr búskap og svíða búsmalann af bændum sem hefur í sjálfu sér lítil áhrif á uppruna

vandans sem þarna er við að tefla. Ég lít svo til að þessar aðgerðir allar sem hingað til hafa verið gerðar hafi ekki komið að þeim notum sem nauðsynleg eru og skal ég þó ekki vanmeta það að hæstv. ráðherra sem starfað hefur stuttan tíma, hefur nú skipað sérstakar nefndir til þess að fjalla um þessi mál og er það vel. En það er óhjákvæmilegt þegar slík vá vofir yfir þessari sveit að bregðast við með þeim hætti sem raunar kom fram hjá síðasta ræðumanni að efna til varnargarða, beinlínis að gera varnargarð frá því fyrir framan Svartárkot í Bárðardal og austur að Jökulsá og þáttur í því gæti verið að flytja heyrúllur. Það þarf að sá melgresi í belti sem getur tekið við sandstraumnum. Það þarf með einhverjum ráðum að hefta sandfokið sem kemur sunnan af öræfunum og blasir við hverju sinni sem maður er á ferð í þurru veðri í sunnanátt og er að kæfa þessa fallegu og dýrmætu sveit og allar náttúruperlur hennar. Þessu vil ég beina til hæstv. ráðherra og ég tel að þetta sé svo þýðingarmikið verkefni að það réttlæti það að varið sé til þessa verks um takmarkaðan tíma miklu meira fé en 10% af ráðstöfunarfé Landgræðslunnar meðan það verk stendur yfir.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég var þar kominn í ræðu minni að í júní 1992 hafði ég skipað nefnd til að semja landgræðslu- og landnýtingaráætlun fyrir Skútustaðahrepp með hliðsjón af ástandi heimalanda og afrétta. Nefndin hefur haldið allnokkra fundi og hefur mikil vinna verið lögð í undirbúning nefndarálits sem nú er langt komið. Álit nefndarinnar mun marka framtíðarstefnu um skipulag búfjárbeitar, gróðurverndar- og landgræðsluframkvæmda í Skútustaðahreppi á næstu árum. Ekki er unnt að fjalla um tillögur nefndarinnar fyrr en hún hefur lokið störfum og niðurstöður kynntar heimamönnum. Áhersla er lögð á að sátt náist um það sem gert verður. Auk þess starfs sem álit nefndarinnar mun hafa í för með sér verður áfram unnið að þeim landgræðsluverkefnum sem fyrr eru talin. Helstu breytingar á þessu ári eru þær að varnarstarfið í Dimmuborgum verður aukið og bændur munu taka í auknum mæli þátt í hvers konar landgræðsluframkvæmdum í samræmi við áherslur stofnunarinnar á landgræðslustörf bænda.

Ég vil í framhaldi af þessu, hæstv. forseti, þakka fyrirspyrjanda að leggja fram þá fsp. sem hér er til umræðu. Það er laukrétt sem hann og hv. 6. þm. Norðurl. e., Jóhannes Geir Sigurgeirsson, sögðu áðan að fá eða kannski engin verkefni eru brýnni í landgræðslumálum nú en Mývatnssvæðið í heild sinni. Ég hef í samræmi við þá skoðun mína skipað fulltrúa landgræðslu og skógræktar á Húsavík, Þröst Eysteinsson, sem m.a. og kannski ekki hvað síst hefur það verkefni að skipuleggja landgræðslustarfið á þessu svæði og ná samkomulagi við bændur um þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru. Í samræmi við það var einnig flutt hér frv. sem nú er orðið að lögum um að heimilt sé að verja beingreiðslum til bænda til landgræðslustarfa.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Ég vil undirstrika mikilvægi málsins og í því var ekkert ofsagt í ummælum fyrirspyrjanda.

Heimahlynning, ein umr.

Fsp. VS, 445. mál. — Þskj. 771.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Á síðustu árum hefur það færst í vöxt að fólk með krabbamein á ólæknandi stigi hefur óskað eftir því að fá aðstoð menntaðs fólks á heilbrigðissviði, fyrst og fremst hjúkrunarfræðinga en einnig mætti nefna lækna, geðlækna, presta og sjúkraliða, til þess að geta dvalið sem lengst heima hjá sínum nánustu og þá í sumum tilfellum einnig að deyja heima. Þessi þjónusta hefur gengið undir nafninu heimahlynning. Það er lykilatriði í þjónustu heimahlynningar að fjölskylda viðkomandi sjúklings taki virkan þátt í aðhlynningunni því viðkomandi hjúkrunarfólk getur ekki dvalið allan sólarhringinn á heimili sjúklings. Bakvaktir eiga hins vegar að tryggja að möguleikar séu á að leita strax hjálpar ef nauðsyn krefur.

Að sjálfsögðu lokast engar leiðir til þess að sjúklingur geti lagst inn á sjúkrahús og fengið þá meðferð sem þar er veitt. Heimahlynning er sjúklingi að kostnaðarlausu eins og lega á sjúkrahúsi.

Það er óhætt að segja að krabbamein spyr ekki um aldur, það er því ekki síður mikilvægt að geta boðið yngra fólki og fólki á miðjum aldri kost á að dvelja sem lengst heima hjá sínum nánustu áður en kallið kemur sem enginn mannlegur máttur fær stöðvað.

Fram til þessa hefur mikið starf í heimahlynningu verið unnið í sjálfboðavinnu og það segir mér að starfsemin sem slík sé ekki komin í nægilega fastar skorður hér á landi. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. heilbrrh. um heimahlynningu sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvernig er háttað heimahlynningu fyrir krabbameinssjúka,

a. í Reykjavík,

b. utan Reykjavíkur?

2. Hver eru framtíðaráform ráðuneytisins varðandi þróun þessarar þjónustu?

3. Hver er áætlaður kostnaður við heimahlynningu borið saman við kostnað við legu á sjúkrahúsi?"

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Þessi fsp. er í þremur töluliðum. Í fyrsta lagi er spurt um það hvernig háttað er heimahlynningu fyrir krabbameinssjúka í Reykjavík og utan Reykjavíkur.

Því er til að svara að heimahlynning Krabbameinsfélags Íslands er þjónusta við krabbameinssjúklinga með sjúkdóm á lokastigi sem óska eftir að geta dvalið í heimahúsi sem allra lengst. Þjónustan byggir á hugmyndafræði Hospice-hreyfingarinnar þar sem meginhersla er á lögð á það að sjúklingar geti lifað og

dáið með fullri reisn og virðingu. Hér er því fyrst og fremst um líknarmeðferð að ræða þar sem leitast er við að sinna á heildrænan hátt líkamlegum, andlegum, félagslegum og trúarlegum þörfum sjúklingsins og aðstandenda hans. Enn fremur er aðstandendum veitt umönnun eftir dauða sjúklings. Starfsemi heimahlynningar Krabbameinsfélags Íslands er enn sem komið er einungis veitt á höfuðborgarsvæðinu. Starfsemin hófst fyrri hluta árs 1987 og var takmörkuð við dagþjónustu í byrjun, fimm daga vikunnar. Þörf fyrir þjónustu á öðrum tímum sólarhrings varð brátt augljós og veitir heimahlynningin nú sólarhringsþjónustu. Hjúkrunarfræðingar sem starfa við heimahlynninguna gengu inn í samning Tryggingastofnunar ríkisins við hjúkrunarfræðinga. Sömuleiðis gerðu læknarnir sem þar starfa samkomulag við Tryggingastofnun ríkisins um greiðslufyrirkomulag. Á árinu 1991 störfuðu fimm hjúkrunarfræðingar og tveir læknar við heimahlynninguna og önnuðust 89 sjúklinga. Alls dóu 64, þar af 30 í heimahúsum og hefur fjöldi þeira sem deyja í heimahúsum aukist mjög frá upphafi. Þjónustudagar hjá heimahlynningu Krabbameinsfélagsins voru 5.481 á árinu 1991. Sjúklingafjöldi í heimahlynningu á árinu 1992 var 88 en nokkuð dró úr starfseminni á síðari hluta ársins vegna skorts á hjúkrunarfræðingum. Þannig voru teknir í þjónustuna 60 sjúklingar á fyrri hluta ársins en einungis 28 á síðari hluta þess. Nýir hjúkrunarfræðingar hafa bæst við fyrri hluta þessa árs og er starfsemin því að nýju að færast í eðlilegt horf. Frá síðustu áramótum hafa 46 sjúklingar komið í þjónustuna sem er svipað og á sama tíma og í fyrra.

Í öðru lagi er spurt: Hver eru framtíðaráform ráðuneytisins varðandi þróun þessarar þjónustu?

Því er til að svara að starfsemi heimahlynningar Krabbameinsfélagsins var upphaflega hugsuð sem þróunarverkefni Krabbameinsfélagsins í a.m.k. tvö ár en að loknu því tímabili yrði hún metin.

Í nóvember 1989 urðu þáttaskil í starfseminni þegar Rauði kross Íslands og Reykjavíkurdeild Rauða krossins ákváðu að veita Krabbameinsfélaginu fjárhagslegan stuðning og til að þróa þetta verkefni betur. Rauði krossinn hætti þátttöku í verkefninu í apríl 1991. Í febrúar 1991 var af hálfu landlæknisembættisins gerð úttekt á starfsemi heimahlynningarinnar. Meginniðurstaða þeirrar úttektar var sú að um mjög góða þjónustu væri að ræða. Sérstök nefnd vinnur nú að endurskipulagningu heimahjúkrunar í Reykjavík. Fulltrúar frá heimahlynningu hafa rætt við nefnd þessa. Þess er að vænta að í tillögu nefndarinnar verði sérstakur gaumur gefinn að fyrirkomulagi heimahlynningar sem þætti í heimahjúkrun.

Varðandi landsbyggðina þá er heimahjúkrun rekin frá allflestum heislugæslustöðvum landsins. Eftir því sem kostur er er þar reynt að sinna heimahlynningu krabbameinssjúklinga með sjúkdóm á lokastigi með svipuðu fyrirkomulagi og tíðkast í Reykjavík.

Varðandi spurninguna um áætlaðan kostnað við heimahlynningu borið saman við kostnað við legu á sjúkrahúsi þá er erfitt að bera saman kostnað við heimahlynningu og kostnað við legu á sjúkrahúsi þar sem um mjög ólíka þjónustu er að ræða. Kostnaður við rekstur heimahlynningar Krabbameinsfélagsins á árinu 1991 var 24,3 millj. kr. og var þar um að ræða 5.481 þjónustudag eða 4.433 kr. á dag. Sá kostnaður sem Krabbameinsfélag Íslands ber nú af þessum rekstri er fyrst og fremst greiðslur fyrir bakvaktir hjúkrunarfræðinga og lækna, auk húsnæðis og annarrar aðstöðu. Samtals eru þetta 6–7 millj. kr. Annan kostnað vegna heimahlynningar greiðir Tryggingastofnun ríkisins.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh., starfandi heilbrrh., fyrir þessi svör og þau segja mér fyrst og fremst það að hér í Reykjavík er skipulag heimahlynningar í nokkuð góðu lagi og nokkuð föstu formi og það sé, eins og kom fram í hennar máli, starfandi nefnd sem eigi að móta þetta starf enn betur. En hins vegar er þessi þjónusta samkvæmt svarinu ekki veitt á landsbyggðinni eins og vera skyldi.

Það sem mér finnst aðalatriðið í þessu máli er að það sé boðið upp á þessa þjónustu og hún sett í ákveðinn farveg. Ég held að það hljóti allt að mæla með því. Það er ekki verið að tala um aukinn kostnað fyrir ríkisvaldið og það held ég að hljóti að skipta máli og það er verið að tala um að bjóða upp á þessa þjónustu, ekki það að neinn væri skyldaður til þess að dvelja heima með krabbamein ef hann vill frekar vera á sjúkrahúsi. Það sem kom fram í máli ráðherra í sambandi við kostnað segir mér að það sé kannski ekki nema eins og einn fjórði af kostnaði við það að liggja á sjúkrahúsi og jafnvel enn minna að dvelja heima og njóta þessarar þjónustu.

Eins og kom fram í mínu máli áðan þá byggist þetta náttúrlega á því að fjölskylda viðkomandi sjúklings geti verið þátttakandi og nú er svo komið á flestum heimilum að það er öll aðstaða til þess að hafa sjúklinga heima. Aðstæður á heimilum eru orðnar þannig og tækni svo fullkomin að heimilin bjóða upp á það að þessi þjónusta geti farið þar fram. Mér er kunnugt um það að á Akureyri hefur verið unnið mikið sjálfboðastarf á þessu sviði en því miður er þar ekki komið það fyrirkomulag sem tíðkast hér í Reykjavík að Tryggingastofnun taki þátt í kostnaðinum. Ég get því ekki annað en spurt hæstv. félmrh., starfandi heilbrrh., að því hvort henni finnist ekki eðlilegt að þetta starf sem hér hefur þróast á þennan veg yrði útvíkkað þannig að t.d. á Akureyri yrði svipuð þjónusta veitt. Ég vil að síðustu nefna lyfjakostnað í þessu sambandi. Það er náttúrlega galli samfara því að sjúklingur dvelji heima því þá þarf hann að greiða lyfjakostnað að fullu.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með fyrirspyrjanda að hér er um mjög mikilvæga þjónustu að ræða sem ber að efla og ég hygg, eins og fram kom í máli mínu áðan, að það sé erfitt að bera saman tölur varðandi þessa þjónustu og spítalaþjónustu, þá sé hér um ódýrari þjónustu að ræða. Legurdagurinn kostar um 20.000 kr. á hátæknisjúkrahúsum og 6.000–7.000 kr. eru daggjöld á hjúkrunarheimilum en við erum að tala

um á milli 4.000 og 5.000 kr. þannig að hér er augljóslega um mjög álitlegan kost að ræða. Eins og kom fram í máli mínu áðan hefur þetta verkefni verið í þróun og eins og ég nefndi líka þá hefur nefnd sem er að skoða endurskipulagningu á heimahjúkrun sérstaklega verið falið að skoða þennan þátt málsins. Það er auðvitað brotalöm í þessu að þessi þjónusta skuli ekki með skipulegri hætti ná til landsbyggðarinnar, álíka og hún gerir í Reykjavík. Ég held það hljóti að koma til sérstakrar skoðunar í þessu nefndastarfi að víkka þessa þjónustu þannig að hún nái með betri og skipulegri hætti út til landsbyggðarinnar.

Aðgerðir til að hefta útbreiðslu alnæmis, ein umr.

Fsp. KÁ, 508. mál. — Þskj. 860.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Frú forseti. Í erlendum blöðum og sjónvarpsstöðvum er mikil og stöðug umfjöllun um sjúkdóminn alnæmi og varnir gegn honum. Stöðugt er unnið að rannsóknum sem eiga að verða til að hefta útbreiðslu alnæmis og til að vinna hug á HIV-veirunum sem sjúkdóminum valda. Staðreyndin sem við stöndum frammi fyrir er hins vegar sú að afar hægt gengur að vinna bug á vágestingum þótt dregið hafi úr útbreiðslu sjúkdómsins einkum meðal ákveðinna hópa, sérstaklega homma.

Mér hefur sýnst að heldur hafi dregið úr opinberum varnaraðgerðum hér á landi og að fjölmiðlar haldi ekki vöku sinni í þessu alvarlega máli. Að mínum dómi er það fyrst og fremst hlutverk heilbrigðisyfirvalda að vera í forustu í baráttunni við alnæmið, ekki eingöngu vegna þess að um gífurlegan kostnað er að ræða í heilbrigðiskerfinu vegna á fjórða tugs sjúklinga sem hér eru sýktir af alnæmi heldur fyrst og fremst vegna þess hve gífurlega mikilvægt það er að verjast útbreiðslu sjúkdómsins. Það hefur sýnt sig að forvarnir og stöðugur áróður er það sem gagnar best og þá er þar fyrst og fremst um að ræða áróður sem beinist að því að hver og einn beri ábyrgð á sinni kynhegðun.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér þá er um 7 millj. kr. varið til forvarnastarfs. Það eru þeir peningar sem landsnefnd um alnæmisvarnir fær til umráða á þessu ári og ég held að það megi öllum ljóst vera að þar er um allt of lítið fé að ræða þegar hugsað er til þess að bara lyfin sem alnæmissjúklingar hér á landi þurfa að taka inn kosta að því er mínar upplýsingar segja um 16 millj. kr. Og ég held að það sé ljóst að betur má ef duga skal, ekki síst í ljósi þess að sú könnun sem landsnefnd um almnæmisvarnir hefur staðið fyrir á kynhegðun Íslendinga hefur leitt í ljós samkvæmt fyrstu niðurstöðum að kynhegðun hefur lítið breyst.

Á þskj. 860 spyr ég hæstv. heilbrrh. um aðgerðir til að hefta útbreiðslu alnæmis og samkvæmt þeim formála sem ég flutti hér, þá er auðvitað tilefni fsp. hvernig staðan er í þessum málum í ljósi þess litla fjármagns sem varið er til forvarna og líka í ljósi þess að mig fýsir að vita hvernig við stöndum í þessum málum samanborið við aðrar þjóðir. Því spyr ég:

„1. Hvaða árangri hafa aðgerðir til varnar útbreiðslu alnæmis hér á landi skilað

a. að mati alþjóðlgera heilbrigðisyfirvalda (WHO),

b. að mati íslenskra heilbrigðisyfirvalda?

2. Hvernig er fræðslu um alnæmi og vörnu gegn því háttað nú og að hvaða hópum fólks beinist fræðslan einkum?

3. Er unnið að nýrri stefnumótun í alnæmisvörnum í ljósi þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir bæði erlendis frá varðandi útbreiðslu alnæmis og þeirrar vitneskju sem aflað hefur verið um kynhegðun Íslendinga?“

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Sem svar við 1. lið þessarar fsp. um árangur aðgerða til varna útbreiðslu alnæmis vil ég segja að fyrsta tilfelli af alnæmi sem greint var hér á landi greindist í október 1985. Fram til desemberloka 1992 höfðu samtals 25 einstaklingar greinst með alnæmi. Þar af höfðu 12 látist. Að auki höfðu 55 til viðbótar greinst með HIV-smit. Heildarfjöldi smitaðra frá því að skráning hófst er því 80.

Vandasamt er að meta árangur aðgerða gegn alnæmi vegna eðlis sjúkdómsins og takmarkaðra upplýsinga um útbreiðslu hans. Árið 1988 var reynt að meta hversu margir væru smitaðir hér á landi með hliðsjón af þeim forsendum sem gefnar voru í hliðstæðu mati erlendis. Niðurstaðan varð sú að þá væru smitaðir 200–400. Um síðustu áramót höfðu eins og áður segir greinst hér á landi samtals 80 Íslendingar með HIV-smit. Erfitt er að fullyrða hvort þær aðgerðir sem gripið var til fyrir 10 árum hafa leitt til þess að færri hafi smitast, en líklegt verður að teljast að fræðsla og varnarbarátta hafi skilað verulegum árangri.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin setti á laggirnar árið 1987 sérstakt verkefni og yfirstjórn í baráttunni gegn alnæmi. Komu fulltrúa frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni hingað til lands til að leggja á ráðin með hvernig best yrði hagað baráttunni gegn alnæmi. Samkvæmt ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar til allra aðildarríkja sinna var sett á laggirnar landsnefnd um alnæmisvarnir sumarið 1988 af þáv. heilbr.- og trmrh. Guðmundi Bjarnasyni. Hlutverk nefndarinnar var að samræma aðgerðir gegn alnæmi og stuðla að samvinnu heilbrigðisþjónustunnar og opinberra aðila, þar með talið sveitarstjórna, svo og kirkju, skóla, félagssamtaka og annarra þeirra sem leggja vildu baráttunni gegn alnæmi lið og stuðla þannig að markvissu starfi. Eitt af verkefnum landsnefndarinnar var að gera landsáætlun um aðgerðir gegn alnæmi. Skilaði nefndin tillögu að landsáætlun til heilbrrh. í ágúst 1990 og féllst ráðherra á tillögur nefndarinnar. Var síðan skipuð ný landsnefnd í janúar 1991 til fjögurra ára. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar frá menntmrn., félmrn., heilbrrn., landlæknisembætti, samtökum áhugafólks um alnæmisvarnir, samtökum heilbrigðisstétta, Samtökun-

um '78, Rauða krossi Íslands og Biskupsstofu auk þess sem sérfræðingur í smitsjúkdómalækningum á sæti í nefndinni. Hlutverk nefndarinnar er að hrinda í framkvæmd landsáætlun um almenningsvarnir en þeirri áætlun var á sínum tíma dreift til allra þingmanna. Eitt fyrsta verkefni nefndarinnar var að undirbúa könnun um kynhegðun Íslendinga. Fór sú könnun fram árið 1992. Sendir voru spurningalistar til um 1.500 einstaklinga á aldrinum 16–59 ára sem valdir voru af handahófi úr þjóðskrá. Voru fyrstu niðurstöður kynntar í nóvember 1992, en unnið er að frekari úrvinnslu. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur ekki framkvæmt sérstakt mat á því hvernig til hefur tekist með alnæmisvarnir hér á landi. Ísland sat í stjórn alnæmisverkefnis Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar á árunum 1988–1990, enda þótt ekki hafi farið fram formleg úttekt á alnæmisvörnum má ráða af samtölum við forsvarsmenn stofnunarinnar að þeim þyki sem vel hafi til tekist og marka það af því hvað útbreiðsla hefur verið hæg hér miðað við önnur Vestur-Evrópulönd. Helsta markmið aðgerða gegn alnæmi var frá upphafi skipuleg fræðsla þannig að Íslendingum væri öllum ljóst að alnæmi er lífshættulegur smitandi sjúkdómur og að hægt er að koma í veg fyrir smit þekki maður smitleiðir sjúkdómsins og geri viðeigandi ráðstafanir til að sýkjast ekki né heldur sýkja aðra.

Sem svar við lið 2 í þessari fsp. vil ég segja að landlæknisembættið og landsnefnd um alnæmisvarnir hafa borið ábyrgð á skipulagningu þeirrar fræðslu sem fram hefur farið og samhæfingu, en fræðslan sjálf fer þó að mestu leyti fram innan skólakerfisins og þá á ábyrgð fræðsluyfirvalda. Í upphafi var leitast við að auka möguleika skóla til að auka fræðslu m.a. með gerð kennsluefnis í góðri samvinnu við fræðsluyfirvöld. Samkvæmt nýlegri könnun Sigríðar Jakobínudóttur, sem gerð var að tilhlutan landlæknisembættisins og með fjárhagslegum stuðningi landsnefndar um alnæmisvarnir, fá 83% nemenda í 9. og 10. bekk fræðslu um alnæmi. Af könnununum má þó ráða að á nokkrum stöðum þurfi að bæta fræðslu til nemenda. Þá hafa heilsugæslustöðvar mjög víða tekið þátt í fræðslustarfi um alnæmi bæði með beinum og óbeinum hætti, víða með því að fara í skóla og annars staðar á fundi hjá félagasamtökum og á vinnustaði. Landsnefnd um alnæmisvarnir hefur starfsmann, hjúkrunarfræðing með sérmenntun, sem hefur sinnt viðamiklu fræðslustarfi ásamt með einstaklingum frá Samtökum áhugafólks um alnæmisvandann. Haldnar hafa verið námstefnur í samvinnu við Rauða kross Íslands og Samtök áhugafólks um alnæmisvandann með erlendrum fyrirlesurum.

Að lokum sem svar við 3. lið fsp. vil ég segja að vonir standa til að könnun á kynhegðun sem áður hefur verið nefnd gefi tilefni til að endurskoða landsáætlun um alnæmisvarnir bæði hvað varðar áherslur í fræðslu- og upplýsingastarfi og markhópa. Þá er í landsáætluninni gert ráð fyrir að endurmeta þurfi landsáætlunina reglulega þannig að hún nái sem best tilgangi sínum. Samtímis er ljóst að öll umræða um sjúkdóminn er nú mun minni en áður og hætt við að erfiðara reynist að fá fólk til að halda vöku sinni ef þögnin umlykur alnæmi. Það að umræðan hefur minnkað svo mjög er þó ekki sérlslenskt fyrirbrigði heldur alþjóðlegt. Samtímis eykst útbreiðsla hratt í heiminum, sérstaklega í Afríku og einnig í Asíu. Þó er ljóst og eftir því tekið hve hraði útbreiðslunnar hefur orðið mun minni á Norðurlöndum en annars staðar. Er líklegt að það megi þakka félagslegum aðstæðum, góðri menntun íbúa og árangursríkum aðgerðum heilbrigðisyfirvalda.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka starfandi heilbrrh. fyrir þessi svör. Eins og fram kom í hennar máli er það staðreynd að umræðan um alnæmi hefur minnkað því miður. Vonandi er það ekki vegna þess að fólk reyni að loka augunum fyrir þessum mikla vágesti, heldur séu þar aðrar ástæður að baki.

Ég hef orðið vör við það á ferðum mínum erlendis að það er mjög margt gert til þess að halda umræðunni gangandi og m.a. í Bretlandi hafa listamenn og poppstjörnur verið virkjaðar til þess að mæta í fjölmiðlum og reyna að ná til unga fólksins. Það er auðvitað mjög svo góðra gjalda vert að beina sjónum að skólakerfinu og verður auðvitað að byrja út frá því en menn verða líka að átta sig á þeim breytingum sem eiga sér stað í mynstrinu, í útbreiðslunni. Samkvæmt því sem ég hef lesið, þá er útbreiðslan núna mest meðal kvenna. Það eru konur sem eru orðnar aðaláhættuhópurinn. Samkynhneigðir karlar hafa tekið mjög á þessu máli og það hefur dregið mikið úr útbreiðslu í þeirra hópi. Eins hafa sjúkrahús og heilbrigðiskerfið tekið mjög fast á þessum málum varðandi varnir við blóðgjafir og hreinsun nála og fleira slíkt en eiturlyfjaneytendur eru auðvitað enn í áhættuhópi. En sem sagt, nýjasti hópurinn er fyrst og fremst konur sem smitast af eiginmönnum sínum sem leita til beggja átta eða stíga hliðarspor í hjónabandinu.

Mér finnst rétt að vekja athygli á þessu hér og beina því til hæstv. heilbrrh. að sjónum verði ekki síst beint að konum því betur má ef duga skal. Við þurfum að halda vöku okkar í þessu alvarlega máli.

Erlendar fjárfestingar á Íslandi, ein umr.

Fsp. EKG, 526. mál. — Þskj. 884.

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Árið 1992, árið í fyrra, var fyrsta heila árið á Íslandi eftir að við höfðum sett heildstæð lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi. Lögin sem við höfðum þar til stuðst við voru margvísleg en með hinni nýju lagasetningu á árinu 1991 má segja að þau hafi verið felld í einn ramma jafnframt því sem lögin voru gerð skýrari og felld úr gildi ýmis hamlandi ákvæði gagnvart erlendri fjárfestingu. Það er óhætt að segja að þau lög hafi með ýmsum hætti endurspeglað þann almenna vilja sem fer vaxandi að auka erlent áhættufjármagn í íslenskum at-

vinnurekstri í því skyni að efla íslenskt atvinnulíf með sem margvíslegustum hætti.

Um leið og ég segi þetta hlýt ég þó að vekja athygli á því að með þessum lögum var um leið þrengt að möguleikum útlendinga til þess að eiga hlut í íslenskum sjávarútvegi, enda er það svo að jafnvel óbein og mjög fjarlæg eignaraðild útlendinga að íslenskum sjávarútvegi er nú bönnuð eftir gildistöku þessara laga frá árinu 1991. Í dag eru takmarkanir á fjárfestingu útlendinga hér á landi þessar helstar:

Í lögunum um fjárfesetingu erlendra aðila eru taldar upp þær takmarkanir sem núna gilda og þær eru: Bann við fjárfestingu í félögum sem stunda útgerð fiskiskipa, fiskvinnslu, orkuvinnslu og orkudreifingu. 49% hámark á eignarhlut erlendra aðila í félagi sem stundar flugrekstur, 25% hámark á eigarhlut erlendra aðila í hlutafélagsbanka, bann við fjárfestingu erlends ríkis eða fyrirtækis í eigu erlends ríkis, 200 millj. kr. hámark á árlegri fjárfestingu í eigu erlends aðila eða fjárhagslega tengdra erlendra aðila og 25% hámark á heildarfjárfestingu erlendra aðila af áætlaðri fjárfestingu í tilteknum atvinnugreinum.

Hinn 23. febr. sl. mælti hæstv. viðskrh. fyrir breytingu á þessum lögum og það frv. er nú til meðferðar í hv. efh.- og viðskn. Mér er ekki kunnugt um það hvort fyrirhugað er að afgreiða þetta mál á þessu þingi, en vissulega kalla allar aðstæður á nokkrar breytingar nú. Það er löngu ljóst að ýmsar aðrar þjóðir hafa löngum séð sér mikinn hag í því að laða til sín erlendt fjármagn. Auk þess að nýta það fé til þess að styrkja eiginfjárstöðu eigin atvinnulífs, þá hafa þessar þjóðir talið það eftirsóknarvert af ýmsum öðrum ástæðum. Í því sambandi vil ég aðeins nefna aðgang að þekkingu, nýjum hugmyndum og markaðsaðgang sem oft fylgir því að taka upp samstarf við erlend fyrirtæki sem hafa haslað sér völl úti á hinum alþjóðlega markaði. Hér á landi hefur það jafnan verið deilumál og jafnvel feimnismál hversu mikinn hlut útlendingar ættu að eiga í íslensku atvinnulífi. Sem betur fer hefur þetta verið að breytast. Hugarfar hins gamla dalakofasósíalisma hefur smám saman verið að hverfa. Vandi okkar hér innan lands hefur því ekki undanfarin ár stafað af því að andstaðan væri svo mikil hér við þátttöku útlendinga í ýmissi atvinnustarfsemi. Þvert á móti er það svo að vandinn hefur verið sá að útlendingar hafa lítið kært sig um að fjárfesta í íslensku atvinnulífi, því miður, sjálfsagt einkanlega vegna þess að arðsemin er almennt minni en í atvinnulífi erlendis. Engu að síður skiptir það máli fyrir okkur hvernig til hefur tekist í þessum efnum og hvernig okkur mun ganga á þessum sviðum. Því hef ég leyft mér á þskj. 884 að inna hæstv. viðskrh. eftir þessu máli með þremur spurningum:

1. Hversu mikil var fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi árið 1992?

2. Hversu mikil var sú fjárfesting í einstökum atvinnugreinum?

3. Má vænta aukins áhuga útlendinga á því að fjárfesta í íslensku atvinnulífi?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnulífi á Íslandi árið 1992 reiknast hafa verið 813 millj. kr. reiknað á meðalsölugengi 1992.

Um skiptingu eftir atvinnugreinum er þetta að segja: Þessi fjárfesting var að langmestu leyti framlag Alusuisse til Íslenska álfélagsins, Ísal. Auk þess var tilkynnt um fjárfestingu erlendra aðila í almennum iðnaði að fjárhæð 100 millj. kr. og verslun og þjónustu að upphæð tæplega 200 millj. kr. Þar er um eiginfjárloforð að ræða og einhver hluti fjárhæðarinnar kemur ekki til greiðslu fyrr en síðar.

Þá spyr hv. þm.: Má vænta aukins áhuga útlendinga á því að fjárfesta í íslensku atvinnulífi? Reynslan sýnir að áhugi erlendra aðila á því að fjárfesta í íslensku atvinnulífi er sáralítill þveröfugt við það sem margir Íslendingar virðast halda sjálfir. Þetta stafar væntanlega m.a. af lágum arði af slíkum fjárfestingum þegar til lengri tíma er litið. Erlenda fjárfestingu hér á landi má reyndar að langmestu leyti rekja til orkufreks iðnaðar, þ.e. Álfélagsins og Íslenska járnblendifélagsins. Erlendir aðilar sýndu fiskeldi nokkurn áhuga um skeið en reynslan af gengi greinarinnar hefur bundið endi á þann áhuga. Því næst er þess að geta að erlendum aðilum var óheimilt að fjárfesta í þeim atvinnugreinum sem tengdust beint tveimur helstu náttúruauðlindum landsins, þ.e. sjávarútveginum og orkuvinnslu.

Ég tel nauðsynlegt að auka fjárfestingar erlendra aðila í íslensku atvinnulífi. Atvinnurekstur er áhættusamur og það er vænlegra að deila áhættunni með erlendum eignaraðilum en þurfa sífellt að standa erlendum lánardrottnum skil á afborgunum og vöxtum hvernig svo sem árar. Einnig fylgja erlendri fjárfestingu oft mikilvæg markaðstengsl, nýjar framleiðslu- og stjórnunaraðferðir og tækniþekking. Allt eru þetta mikilvægir þættir fyrir íslenskt atvinnulíf í harðnandi alþjóðlegri samkeppni.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að því að fá erlenda aðila til að fjárfesta í orkufrekum iðnaði hér á landi og nú standa yfir kannanir á möguleikum þess að flytja rafmagn til útlanda um sæstreng. Hvort tveggja mundi fela í sér umtalsverða erlenda fjárfestingu. Stofnun frísvæðis á Keflavíkurflugvelli er í undirbúningi og vonir því bundnar að erlendir aðilar hefji starfsemi sína þar. En það er meginatriðið í því að laða erlenda fjárfestingu til landsins að íslensku atvinnulífi verði búin góð almenn skilyrði og þau verði sambærileg við það sem gengur og gerist í grannlöndum.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég hef oft beitt mér fyrir því að reynt yrði að fá erlenda aðila til að fjárfesta á Íslandi, svo sannarlega, og við höfum verið mörg um það. Það hefur gengið nokkuð brösulega eins og hér var gerð grein fyrir. En eitt er það svið sem við eigum að fara varlega í að leyfa útlendingum a.m.k. óskoruð réttindi. Það er sjálfur sjávarútvegurinn. Ég bjóst satt að segja ekki við því að menn færu að vekja það upp einmitt á viðkvæmustu tímum í sambandi við samskipti við Evr-

ópubandalagið og Evrópuhreyfingarnar, að við Íslendingar ættum að láta útlendinga fá leyfi til svo og svo mikilla fjárfestinga. Ég skal ekki fordæma allt í því efni, en ég vara mjög sterklega við því að menn sjái þar einhvern auð í garði. Ég hygg að svo sé ekki. Okkur veitir ekkert af að nýta miðin okkar öll og þau eru mjög mikil, miklu stærri en 200 mílurnar. Við eigum sjálf að hagnýta þennan auð.

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svör hans sem fyrst og fremst leiða það í ljós að allt það tal, allar þær upphrópanir, allt það gaspur sem hefur verið sett á upp á síðkastið um það að verið sé að gleypa Ísland með einhverjum hætti vegna þess að hér væri verið að opna eitthvað örlítið á erlendar fjárfestingar hér á Íslandi, þær eru sýnilega gersamlega út í loftið. Ég rakti það í upphafi máls míns hér áðan að árið 1992 væri einmitt fyrsta árið þar sem við hefðum í senn heildstæða löggjöf um fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi og í öðru lagi hefði það líka verið fyrsta árið sem við hefðum haft meiri opnun á þessu sviði.

Hvað segir svar hæstv. viðskrh. okkur? Jú, það segir okkur það að ef við tökum frá framlag Alusuisse til síns fyrirtækis hér á Íslandi og tölum bara almennt um atvinnulífið, þ.e. iðnaðinn og verslunina, þá eru það um 100 millj. ef ég tók rétt eftir í almennum iðnaði og 200 millj. í verslun og hluti af því var hlutafjárframlag sem óvíst var með greiðsluna á. Nú geta menn velt því fyrir sér, stafar Íslendingum hætta af þessu? Stafar Íslendingum einhver efnahagsleg hætta af þessu? Nei, ég held alveg hið gagnstæða. Ég held að niðurstaðan af þessu sé sú að okkur Íslendingum stafar fyrst og fremst efnahagsleg hætta af því ef sú staða er uppi að okkar atvinnulíf sé svo veikburða, okkar atvinnulíf sé þannig að afraksturinn sé svo lítill að útlendingar hafi ekki áhuga á því að fjárfesta hér. Það eru auðvitað mjög þýðingarmikil rök sem hníga að því fyrir íslenskt atvinnulíf að fá hingað erlent fjármagn, bæði til þess að styrkja atvinnustarfsemina efnahagslega og einnig hitt að hingað komi nýjar hugmyndir, hingað komi aðgangur að erlendum mörkuðum í gegnum þetta eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson var auðvitað að víkja að í máli sínu áðan og hann var einmitt á árum áður frumkvöðull í því að vekja athygli á nauðsyn þess að við tengdum okkur erlendum aðilum með þessum hætti og hafi hann þökk fyrir það.

Fjárfesting Íslendinga erlendis, ein umr.

Fsp. EKG, 527. mál. — Þskj. 885.

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Þótt íslenskt atvinnulíf hafi búið við afar kröpp kjör síðustu árin og alveg sérstaklega núna þá hefur það vakið athygli mína og margra fleiri hversu mikill stórhugur hefur þrátt fyrir allt verið í atvinnulífinu. Í þessu sambandi er af mjög mörgu að taka. Útflutningur á íslensku hugviti og þekkingu á sér nú þegar stað í margvíslegum mæli eins og kunnugt er en hitt er líka byrjað að íslensk fyrirtæki hafi fjárfest erlendis í fyrirtækjarekstri, sérstaklega á sviðum þar sem Íslendingar hafa öðlast sérþekkingu. Mér detta í hug af handahófi eftirtalin dæmi: Grandi hf. í Reykjavík hefur nú keypt sig inn í sjávarútvegsfyrirtæki í Chile. Útgerðarfélag Akureyringa hf. hefur eignast meiri hluta í stóru útgerðarfyrirtæki, sjávarútvegsfyrirtæki í Rostock í hinu gamla Austur-Þýskalandi. Nýsir og Skagstrendingur hf. hyggja á þátttöku í sjávarútvegi í Namibíu og það nýjasta er að fyrirtækið Þormóður rammi íhugar nú afar spennandi þátttöku í sameiginlegu sjávarútvegsfyrirtæki á Indlandi ásamt þarlendum aðilum. Síðast ber auðvitað að sjálfsögðu að nefna góða för sem hæstv. sjútvrh. gerði til Mexíkó á þessu ári eða því síðasta þar sem lögð voru drögin líka að nánar samstarfi Íslendinga og Mexíkómanna á þessu sviði.

Sannleikurinn er auðvitað sá að víða úti í hinum stóra heimi, ekki síst í löndum þriðja heimsins, þar sem annars ríkir skortur, hafa menn gnótt þess sem okkur skortir hér í hinum vestræna heimi. Þar á ég við hlut eins og auðlindir til lands og sjávar sem ekki er hægt að nýta vegna þess að tækniþekkinguna og verkfærin skortir. Þar geta þjóðir eins og okkar komið til skjalanna. Þetta sjá líka aðrar þjóðir sem nú eru í óða önn að taka upp tvíhliða samstarf við ríki þessi á margvíslegu sviði. Dæmi um þetta get ég nefnt frá Indlandi þar sem hugsanlega getur tekist samstarf með Íslendingum og Indverjum. Þar hefur það gerst á einungis einu ári að 20 aðilar hafa sett á fót sameiginlegt fyrirtæki með Indverjum til þess að nýta hin gjöfulu mið við strendur landsins en það er talið allt að 1,9 millj. smálesta af fiski, sem nú er vannýttur, megi nýta við strendur landsins.

Það sem okkur er auðvitað fjötur um fót í þessu sambandi er tvennt: Smæð fyrirtækjanna og það hversu þau eru almennt fjárhagslega veikburða. Þess vegna kann það að virðast fjarlægt að hyggja nú að þessum efnum og mér er það að sjálfsögðu ljóst að fjárfesting af þessu tagi getur aldrei orðið annað en skynsamleg en lítilleg viðbót við okkar almenna innlenda efnahagslíf. Þá letur það að sjálfsögðu íslenska stjórnendur sem hafa fangið svo fullt af daglegum vandamálum að vita af því að tíminn sem þeir verja til undirbúnings og þátttöku í atvinnulífi erlendis tekur athyglina frá því sem þeir eru að gera hér heima og það eru því miður ekki margir framkvæmdastjórarnir eða athafnamennirnir sem í dag geta leyft sér slíkt.

Einmitt um þessar mundir eru að aukast möguleikar í þessum efnum með meiri opnun, bæði hér í okkar innlendu löggjöf eins og ég rakti raunar áðan fyrr í umræðu, en einnig með því að aðrar þjóðir eru á sömu braut hvað þetta snertir. Samkvæmt þeim upplýsingum sem Seðlabanki Íslands gefur var heildarfjárfesting innlendra aðila erlendis á árinu 1991 237 millj. kr. en þar af voru 142 millj. vegna fasteignakaupa. Ég hef því talið ástæðu til að spyrja hæstv. viðskrh. á þskj. 885 eftirtalinna spurninga:

„1. Hversu mikil var fjárfesting innlendra aðila erlendis á árinu 1992?

2. Í hverju fólst sú fjárfesting?

3. Hversu mikill hluti fjárfestingarinnar kom frá

a. atvinnufyrirtækjum,

b. fjármálastofnunum, þar með töldum lífeyrissjóðum,

c. einstaklingum?

4. Má vænta aukinnar fjárfestingar Íslendinga erlendis? Og ef svo er, á hvaða sviðum helst?"

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Íslenskir aðilar fjárfestu erlendis á árinu 1992 fyrir 541 millj. kr. reiknað á meðalsölugengi ársins. Þessi fjárfesting fólst í fasteignakaupum, fjárfestingu í atvinnurekstri og kaupum á erlendum markaðsverðbréfum. Þessi fjárfesting sundurliðast þannig að frá atvinnufyrirtækjum komu 206 millj. kr., frá fjármálastofnunum að meðtöldum lífeyrissjóðum 146 millj. kr., en frá einstaklingum 189 millj. kr.

Að því er varðar fjármálastofnanir er það að segja að inni í þeirri tölu eru öll verðbréfakaup verðbréfafyrirtækja þótt þau séu gerð fyrir hönd einstaklinga vegna þess að sú krafa er gerð samkvæmt gildandi reglum að innlend verðbréfafyrirtæki hafi milligöngu um öll verðbréfakaup innlendra aðila erlendis. Og að því er varðar einstaklinga, 189 millj. kr., þá má til viðbótar þessari fjárhæð rekja einhvern hluta af fjárfestingum erlendis í verðbréfum sem er innifalið í tölunni 206 millj. kr. í gegnum verðbréfafyrirtæki.

Í fjórða lagi spurði hv. þm.: Má vænta aukinnar fjárfestingar Íslendinga erlendis? Og ef svo er, á hvaða sviðum helst?

Svarið við því hlýtur að vera almennt já, það má vænta aukningar í erlendum fjárfestingum Íslendinga. Reynsla annarra þjóða sýnir að þegar afnumin eru höft á fjárfestingum, einkum verðbréfakaupum, þá leiðir það til aukinna fjárfestinga. Það kemur einkum tvennt til. Í fyrsta lagi sjá einstaklingar en þó einkum stórir fjárfestar eins og lífeyrissjóðir og verðbréfasjóðir aukna möguleika í að dreifa áhættu með því að eignast fjölbreyttara safn verðbréfa en þeim gefst kostur á í heimalandi sínu. Í annað stað gefst tækifæri til að fjárfesta í áhættusömum en þá að sama skapi arðbærum atvinnugreinum sem ekki eru til staðar í heimalandi. Þess er að vænta að sama gerist hér á landi og ýmsir lífeyrissjóðir hafa t.d. þegar hafið undirbúning að því að kaupa erlend verðbréf í einhverjum mæli.

Með þátttöku okkar í Evrópska efnahagssvæðinu opnast nýir möguleikar til að fullvinna sjávarafurðir hér á landi. Það kann að leiða til þess að Íslendingar telji sér hagkvæmt að kaupa hlut í erlendum flutninga-, dreifingar- eða markaðsfyrirtækjum eða standa sjálfir að stofnun slíkra fyrirtækja.

Loks má nefna að víða um heim eru tækifæri fyrir Íslendinga til að selja þekkingu á sviði fiskveiða og fiskvinnslu og stunda atvinnurekstur í sjávarútvegi eins og fyrirspyrjandi sjálfur, hv. þm., vék að. En til að ná verulegum árangri á þessum sviðum verða Íslendingar að vera reiðubúnir að leggja fram eigið fé í fyrirtæki í þessum löndum með einum eða öðrum hætti eins og dæmi eru nú þegar um í Chile, Þýskalandi og eins og er í undirbúningi t.d. í Namibíu og Kamtsjatka, Indlandi og víðar. Reyndar er það svo að óskir um samstarf á sviði sjávarútvegs frá öðrum þjóðum nema nú þegar milli 10 og 20, þ.e. óskir hafa borist frá 10 til 20 þjóðum um að stofna til slíks samstarfs.

Það er næsta víst að í ríkjum Austur-Evrópu, í Eystrasaltsríkjunum og í Rússlandi og víðar leynast tækifæri af ýmsum toga bæði í sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum.

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. fyrir hans ágætu svör. Það sem mér finnst þau leiða í ljós, eftir því sem ég hef haft upplýsingar um, er að hér er um að ræða aukningu í fjárfestingu innlendra aðila erlendis. Það hefði hins vegar verið mjög til bóta ef það hefði komið fram í svari hæstv. ráðherra hversu mikill hluti af þessari fjárfestingu hefði verið í fasteignakaupum, hversu mikill hefði verið í atvinnurekstri og hversu mikill í markaðsverðbréfum.

Út af fyrir sig má segja sem svo að það eigi ekki að vera á færi einstakra stjórnmálamanna að meta það og vega í hvaða farveg þessi fjárfesting eigi að fara en engu að síður verð ég að láta í ljósi þá skoðun mína að auðvitað hefði maður kosið að sem mestur hluti af þessari starfsemi, þessari fjárfestingu, hefði einmitt farið í það að taka þátt í atvinnustarfsemi vegna þess að það getur haft svo margvíslegan annan ávinning fyrir okkur, bæði þann að við getum með beinum hætti tengst þessu og það fer aldrei hjá því að með því að taka þátt í atvinnurekstri erlendis þá öðlast menn þekkingu og nýja sýn sem mun koma að gagni fyrir okkur í framtíðinni.

Það var mjög athyglisvert sem hæstv. ráðherra vék að og það var það að 10–20 þjóðir höfðu óskað eftir samstarfi við Íslendinga á sviði sjávarútvegs og það undirstrikar það mikla álit sem íslenskur sjávarútvegur nýtur erlendis og þá virðingu sem fólk í sjávarútvegi á Íslandi nýtur erlendis.

Ég tel sem sagt að hér sé um mjög athyglisverða hluti að ræða, sérstaklega það sem lýtur að fjárfestingu okkar í erlendum atvinnufyrirtækjum. Ég bendi á í þessu sambandi að fjárfesting t.d. Útgerðarfélags Akureyringa í þýska útgerðarfyrirtækinu hefur þegar leitt af sér aukna starfsemi hér á landi með því að þessi skip koma og landa, njóta ýmiss konar þjónustu, kaupa innlenda þjónustu, innlendan varning og þess háttar og auðvitað kemur þetta þess vegna okkur beinlínis til góða og óbeinlínis þó síðar verði.

Vandi verslunar í strjálbýli, ein umr.

Fsp. EKG, 569. mál. — Þskj. 948.

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Það er kunnara en frá þurfi að

segja að margs konar erfiðleikar hafa steðjað gegnum árin að strjálbýlisverslun í landinu umfram annan verslunarrekstur hér á landi. Þetta stafar af mörgum ástæðum. Ég nefni sem dæmi dýrari aðföng sem verslunarreksturinn þarf að búa við, birgðakostnað vegna þess að flutningar eru oft og tíðum erfiðari, birgðakostnaður verður meiri, þar af leiðandi vaxtakostnaður meiri vegna þess að vextir hafa verið síhækkandi á undanförnum árum og loks vil ég nefna það að vaxandi samkeppni smærri verslana, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi við stórmarkaðina, hefur að sjálfsögðu gert þeim erfitt fyrir.

Ég held að það megi segja sem svo að það séu tvær hliðar á þessu máli. Annars vegar það sem lýtur að sjálfum verslunarrekstrinum, þessi almenni rekstrarvandi sem hefur verið að hrjá strjálbýlisverslunina lengur en hina almennu verslun í landinu af ástæðu sem ég hef þegar rakið. Þetta er hinn almenni rekstrarvandi sem skapar auðvitað óöryggi, ekki bara fyrir verslunareigendur heldur líka fyrir fólk sem þarf að nýta sér og notar sér verslunina í strjálbýlinu, svo þýðingarmikill atvinnurekstur sem þetta er. Hitt er líka ekki síður mikilvægt og er auðvitað hin hliðin á sama málinu að vegna þess vanda og vegna þess aðstöðumunar sem strjálbýlisverslunin býr við þá hefur vöruverð óneitanlega því miður orðið hærra á landsbyggðinni en það er á höfuðborgarsvæðinu. Ég held að að mörgu leyti sé þetta þjóðfélagslegt vandamál vegna þess að þetta er auðvitað einn þátturinn í því að fólk hefur stundum neyðst til þess að yfirgefa heimkynni sín vegna þess að vöruverðið er hærra og það býr ekki við það þjónustulega öryggi sem fólk á höfuðborgarsvæðinu og hinum stærri stöðum býr við.

Í fyrri umræðum um þetta mál á hinu háa Alþingi kom það fram hjá hæstv. viðskrh., Jóni Sigurðssyni, að hann hefði ákveðið að viðskrn. léti gera sérstaka úttekt á vandamálum dagvöruverslunarinnar í strjálbýli og hann hygðist byrja á því að taka fyrir dagvöruverslun á Vestfjörðum en það hefur komið fram að verðmunur í tiltekinni verðkönnun sem fram fór einmitt um þetta leyti eða í ársbyrjun 1992 hefði leitt í ljós að verðmunur á Vestfjörðum var meiri heldur en annars staðar í landinu miðað við höfuðborgarsvæðið. Nú hef ég þess vegna leyft mér á þskj. 948 að leggja eftirfarandi fyrirspurnir fyrir hæstv. ráðherra í tilefni af þessari úttekt hæstv. viðskrh. eða ráðuneytisins á vanda dagvöruverslunarinnar:

„1. Hverjar voru niðurstöður úttektar viðskiptaráðuneytisins á vanda dagvöruverslunar í strjálbýli?

2. Hvernig hefur ráðuneytið brugðist við þessum niðurstöðum?“

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr um niðurstöður úttektar á vanda dagvöruverslunar í strjálbýli. Nefndin var skipuð 22. febr. 1989 og alllangt síðan hún skilaði sínum niðurstöðum. Hún telur skýringar á þeim sérstaka vanda sem við er að glíma í strjálbýlisverslununni vera einkum þessar:

Áhrif stórbættra samgangna sem beina viðskiptum til verslunarþjónustu stærri þéttbýlisstaða.

Áhrif hins almenna samdráttar á framleiðslu sem m.a. hefur leitt til verulegrar fólksfækkunar víða á landsbyggðinni fyrir utan áhrif aukins rekstrarkostnaðar og fjármagnskostnaðar.

Niðurstaða nefndarinnar var að opinberrar aðgerðar væri þörf til þess að bæta stöðu dagvöruverslunar í strjálbýli. Jafnframt benti nefndin á að ýmiss konar sérverslun ætti einnig í erfiðleikum en taldi ekki þar um að ræða vanda sem opinberir aðilar gætu úr bætt.

Nefndin var sammála um að almennar aðgerðir til styrktar dagvöruverslun ættu að ná til verslunarsvæða þar sem íbúafjöldi er um eða innan við 1.500 manns en sértækar aðgerðir þyrftu að koma til varðandi verslun og þjónustu í strjálbýli þar sem verslunarsvæðið telur innan við 500 íbúa ef svæðið býr við umtalsverða einangrun frá fjölmennari verslunarsvæðum hluta ársins.

Nefndarmenn voru sammála um að fjárfestingarstyrkir ættu ekki við nema þá í algjörum undantekningartilvikum þar sem brugðið verði á það ráð að treysta rekstrargrundvöll verslunar og þjónustu með því að sameina dagvöruverslun fjölbreyttari verslun og þjónustu, svo sem eldsneytissölu til bifreiða, lyfjasölu, áfengissölu, póstafgreiðslu o.s.frv. Í slíkum tilvikum hljóta sveitarfélög að gegna miklu hlutverki með skipulagsaðgerðum og í sumum tilvikum eignarhaldi og húsnæði. Það er augljóslega erfitt að skapa verslunarþjónustu á verslunarsvæði sem er með 500 íbúa öðruvísi en með því að sameina það annarri þjónustu.

Nefndin benti á að stuðningur við verslun og þjónustu í strjálbýli ætti eðli málsins samkvæmt að vera meðal verkefna Byggðastofnunar, þ.e. stuðningi við fjárfestingar og að veittir verði úr ríkissjóði hagræðingarstyrkir til strjálbýlisverslana sem greiddu kostnað við rekstrarráðgjöf og í sumum tilvikum væru notaðar til að greiða fyrir sameiningu verslunarfyrirtækja og hagræðingu í verslun og þjónustu.

Þá spyr hv. fyrirspyrjandi hvernig viðskrn. hafi brugðist við tillögum nefndarinnar. Því er til að svara að einungis fáar af tillögum nefndarinnar hafa komist í framkvæmd vegna fjárskorts. Þess skal þó getið að ráðuneytið réð Sigurð Jónsson rekstrarráðgjafa til þess að framkvæmda tillögur nefndarinnar um ráðgjöf við verslunareigendur og rekstraraðila dagvöruverslana á landsbyggðinni. Tók hann fyrst fyrir Vestfirði, gerði þar úttekt á stöðu dagvöruverslunar, ræddi við viðkomandi aðila og fulltrúa sveitarstjórna á svæðinu og skilaði tillögum um keðjusamstarf verslana í því skyni að auka hagkvæmni í vöruinnkaupum. Fundað hefur verið um málið með fulltrúum kaupmannasamtaka og samvinnuverslana og með fulltrúum vestfirskra verslanaeigenda og til stendur að halda almennan fund þar vestra með fulltrúum verslunareigenda. Á fundum sem haldnir hafa verið fyrir nokkrum vikum var rætt um frekari fundahöld og námskeiðastarfsemi með eigendum og starfsfólki dagvöruverslana í strjálbýli.

Á sama tíma sem þetta hefur átt sér stað hefur þróunin reyndar verið ör í dagvöruverslun landsmanna og mun nú standa fyrir dyrum stofnun nýs innkaupasambands fyrir samvinnuverslunina og jafnframt hafa ein-

staka kaupmenn upp á síðkastið notið innkaupaþjónustu hjá Bónuskeðjunni. Með keðjusamstarfi dagvöruverslana í strjálbýli eins og sá rekstrarráðgjafi sem ráðuneytið leitaði til hugsaði sér það er fólgið í samstarfi um innkaup frá framleiðendum og öðrum á tilteknum vörutegundum, samnýtingu á þjónustu, betri nýtingu auglýsingafjár o.s.frv. Þá er ráðgjöf og samanburður rekstrarafkomu mikilvægur þáttur í slíku samstarfi en bætt fjármagnsnýting og lækkun rekstrarkostnaðar er meginforsenda þess að takast megi að bæta afkomu og tryggja áframhaldandi rekstur. Ráðuneytið hefur nú samið við þennan rekstrarráðgjafa að gera sams konar úttekt á dagvöruverslun á Austfjörðum og mun hún fara fram í sumar og í framhaldi af því ráðgjöf um úrbætur.

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að ég tel að við margslunginn vanda sé að etja í dagvöruverslun í strjálbýli, vanda sem ekki verður leystur nema í samstarfi verslunareigenda, samtaka verslunarinnar, sveitarstjórna og reyndar Byggðastofnunar. Þróunin í strjálbýlisverslun vegna breyttra aðstæðna verður ekki stöðvuð en ég tel að hlutverk hins opinbera í þessu máli eigi að vera að stuðla að því að íbúar strjálbýlis njóti lágmarksþjónustu á þessu sviði eins og öðrum.

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans þó ég verði að láta það í ljósi að mér finnst með ólíkindum hvað þau svör eru lík svörum sem hæstv. ráðherra gaf við fsp. af ekki ósvipuðu tagi sem lögð var fyrir hann þann 20. febr. 1992. Það segir okkur auðvitað það fyrst og fremst að þetta mál er í mjög slæmum farvegi. Það er í farvegi hinna eilífu kannana og skýrslugerða og sendimanna sem eru að fara um landið til þess að ræða við menn og kannski róa menn dálítið og segja frá því að þeim hafi nú ekki alveg verið gleymt en mér finnst að það hafi afar lítið sem segja má að sé fast í hendi komið út úr þessu.

Ég geri mér það fullkomlega ljóst að það er ekki fullkomlega á valdi stjórnvalda að ráða fram úr þessum vanda. Að mörgu leyti er hér um að ræða vanda sem er á einskis manns færi að ráða fram úr nema þá e.t.v. fólksins sjálfs á landsbyggðinni. Ég vil benda á að kaupmenn eru mjög víða úti um land einmitt að bregðast við þessum vanda með mjög margvíslegum hætti. Ekki bara því að tengjast verslunarkeðjum hér suður í Reykjavík þó það hafi vissulega skilað mjög góðum árangri víða. Menn eru að reyna fyrir sér með beinan innflutning og menn eru að reyna fyrir sér með því að sameinast um innkaup og fleira í þessum dúr. Ég hefði hins vegar talið að ráðuneytið gæti veitt þessu máli miklu meiri liðstyrk, sérstaklega með alls konar rekstrarlegri ráðgjöf sem er mjög dýr fyrir hverja og eina einstaka af þessum litlu einingum. Ég held að þar hefði ráðuneytið fyrst og fremst átt að koma til að aðstoða verslunina.

Ég árétta að hér er ekki um að ræða einkamál örfárra kaupmanna. Hér er um að ræða mál sem snertir hag fólksins sem þarna býr, snertir tekjur þess og afkomu þess. Þess vegna er þarna ekki um að ræða einkamál örfárra aðila og þess vegna held ég að það sé rétt sem ég fullyrti hér áðan að þetta er auðvitað þjóðfélagslegt vandamál sem við þurfum að taka á með sérstökum hætti.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að það er auðvitað einkum og sér í lagi á sviði rekstrarráðgjafar sem ráðuneyti gæti yfirleitt látið eitthvað gott af sér leiða á þessu sviði en vek jafnframt athygli á því að það er einmitt á því sviði sem ráðuneytið hefur einbeitt sér í því að fylgja fram tillögum og ábendingum umræddrar nefndar með því að ráða rekstrarráðgjafa til þess sérstaklega að sinna þessum málum varðandi verslunina á landsbyggðinni.

Samstarf við Sambandslýðveldið Rússland, ein umr.

Fsp. ÁRÁ, 573. mál. — Þskj. 958.

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Í efnahagslífi okkar eða atvinnulífi sem ég a.m.k. lít á sem eitt og það sama, gætir þess mjög að okkur skortir verkefni. Það er augljóst í sjávarútvegi og það er einnig augljóst að í öðrum greinum skortir okkur verkefni í útflutningi. Sumar útflutningsvörur okkar sæta harðnandi samkeppni. Við eigum jafnvel von á harðnandi samkeppni hér á heimamarkaði við okkar innlendu vörur frá innflutningi annarra þjóða. Á þessum tíma tel ég mjög mikilvægt fyrir okkur að við tökum þátt í því sem sumir kalla heimsverslun af meiri þrótti en áður. Sterkasta atvinnugrein okkar er sjávarútvegur. Þar hafa okkar menn vakið athygli fyrir þekkingu tækni og árangur í starfseminni þó að þeir eigi í erfiðleikum hér heima fyrir en þó einkum vegna minnkandi afla á heimamiðum.

Á það hefur oft verið bent að við eins og aðrar þjóðir þurfum að beina hug okkar og þrótti að verkefnum í öðrum löndum á mörkuðum annarra landa. Einn sá stærsti á þessu sviði er innan Rússlands, hvort sem við köllum það sambandslýðveldi eða einfaldlega Rússland. Þar býr þjóð sem á miklar auðlindir, á mikla möguleika og við Íslendingar erum á meðal þeirra sem getum náð í veruleg verkefni, veruleg viðskipti, með samstarfi við þá um nýtingu þeirra auðlinda um þróun varnings og markaðssetningu afurða. Því spyr ég sjútvrh.:

„Hyggst ráðherrann beita sér fyrir því að koma á samstarfi við Sambandslýðveldið Rússland í sjávarútvegi er leitt geti til langtímaviðskipta milli landanna um

a. hráefni til fiskvinnslu og matvælaiðnaðar, markaðssetningu og sölu afurða,

b. sölu þekkingar og tækni sem nýtist við stjórn fiskveiða, vinnslu og vöruþróun,

c. sölu tækjabúnaðar, veiðarfæra og fiskiskipa,

d. skipasmíðar, endurbætur og viðgerðir og

e. greiðslu fyrir vörur og þjónustu með hráefnum?"

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Á milli Íslands og Rússlands er í gildi samningur á sviði sjávarútvegsmála sem undirritaður var 25. apríl 1977 við Sovétríkin þáverandi. Fjallar hann um samstarf á sviði vísinda og tæknisamstarfs og samráð um fiskveiðar og rannsóknir á auðlindum hafsins. Áhugi hefur komið fram hjá báðum að eiga sem best samskipti á þessu sviði og víkka út samninginn frá 1977 þannig að hann nái til annarra sviða sjávarútvegsmálefna. Stjórnkerfið og efnahagslífið í Rússlandi er eins og kunnugt er í mikilli uppstokkun eftir að ákveðið var að hverfa frá miðstýringu til markaðsbúskapar. Stjórnkerfið í Rússlandi er í mótun og hafa stór ráðuneyti verið lögð niður en í stað þess hafa nefndir eða ráð verið sett á laggirnar. Stjórn fiskveiða er í höndum sjávarútvegsráðs Rússlands. Það annast jafnframt stjórnun innan greinarinnar og stuðning ríkisvaldsins við fyrirtæki. Þá hefur ráðið yfirumsjón með alþjóðlegu samstarfi á sviði sjávarútvegsmála og það annast og skipuleggur menntun starfsfólks í fiskiðnaði. Ráðið hefur samráð við ráðamenn á hinum ýmsu svæðum og héruðum landsins um nýtingu auðlinda og í gildi eru reglur verkalýðsfélaga um að veiðar skulu stundaðar af rússneskum þegnum.

Engin almenn lög eru um fiskveiðilög í Rússlandi og er framkvæmd þeirra því nokkuð á reiki. Undirbúningur slíkrar löggjafar er þó hafinn og er reiknað með að honum ljúki á þessu ári. Þessi staða skapar tækifæri fyrir erlenda fjárfesta á sama tíma og hún veldur óvissu og getur dregið úr áhuga þeirra. Stjórnmálaástandið í Rússlandi og fyrrverandi aðildarríkjum Sovétríkjanna hefur einnig haldið aftur af fjárfestingum erlendra aðila í þessum ríkjum og sér ekki fyrir endann á því.

Rússar eru þriðja mesta fiskveiðiríki heims með um 11 millj. tonna ársafla. Floti þeirra er of stór fyrir eigin fiskimið og hafa þeir því samið um veiðiheimildir í lögsögu annarra ríkja. Flotinn er engu að síður í vaxandi mæli á heimamiðum þar sem veiði hefur aukist að undanförnu. Fiskveiðar erlendra skipa eru mjög takmarkaðar í rússneskri fiskveiðilandhelgi en nokkur belgísk, norsk og færeysk skip stunda þar þó veiðar. Rússar hafa eðlilega ekki hug á hleypa erlendum ríkjum inn í fiskveiðilandhelgi sína án þess að fá í staðinn veiðiheimildir í landhelgi þeirra.

Í desember á síðasta ári kom hingað til lands í boði sjútvrh. formaður sjávarútvegsnefndar Rússlands Vladimir Koreljsky. Markmiðið var að athuga möguleika á samstarfsverkefnum milli Rússa og Íslendinga í sjávarútvegi. Áhugi Rússanna er mestur á beinu samstarfi fyrirtækja í löndunum. Koreljsky nefndi möguleika á samskiptum Íslendinga og Rússa á þorski í Barentshafi í skiptum fyrir karfa og grálúðu á Íslandsmiðum og einnig sýndi hann áhuga á því að rússnesk verksmiðjuskip fengju yfir borðstokk síld og loðnu frá íslenskum fiskiskipum í stað þorsks, rækju eða hörpudisks, en einnig kæmu beinar peningagreiðslur til greina. Hugmyndum um veiðiheimildir Rússa í íslenskri fiskveiðilögsögu var alfarið hafnað enda banna íslensk lög veiðar erlendra fiskiskipa í íslenskri lögsögu. Á fundunum voru einnig ræddir möguleikar á stofnun sameiginlegra fyrirtækja þar sem Íslendingar gætu lagt fram fjármagn, tækni, tækjabúnað, sérfræðiþekkingu, t.d. vegna fullvinnslu sjávarafla til manneldis og markaðssetningar sjávarafurða.

Eins og kunnugt er hafa íslensk fyrirtæki flutt inn rússneska rækju undanfarin ár og stutt er síðan innflutningur hófst á svokölluðum Rússaþorski. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands og Fiskifélagi Íslands voru flutt inn rúmlega 2.000 tonn af rækju og tæplega 3.000 tonn af þorski á síðasta ári. Árið 1991 voru flutt inn tæplega 4.000 tonn af rækju en aðeins 120 tonn af þorski. Hér er um viðskipti milli fyrirtækja að ræða og ekki rétt að stjórnvöld hafi afskipti af þeim.

Viðskipti við Rússa ná ekki aðeins til hráefnis því rússnesku togararnir hafa keypt hér þjónustu af ýmsu tagi. Stálsmiðjan og Fiskafurðir gerðu samning við rússneskt útgerðarfyrirtæki frá Múrmansk um viðamiklar breytingar á vinnsludekki fimm 2.000 tonna frystitogara. Samningurinn hljóðar upp á tæplega 200 millj. kr. og mun fyrirtækið greiða fyrir breytingar með fiski. Forsaga málsins var að Íslendingar voru ekki sáttir við meðferð fisks sem Rússar lönduðu hér en með breytingum á skipunum hér á landi er ráðin bót á því. Hér er farin skynsamleg leið sem þjónar hagsmunum allra sem að málinu koma. Forsvarsmenn fyrirtækjanna telja að meira verði um verkefni sem þessi í framtíðinni.

Ljóst er að Rússar þurfa að flytja inn tækni og þekkingu í sjávarútvegi á næstu missirum. Þá skortir bæði fjármagn og tækniþekkingu til að framleiða sjávarafurðir sem standa undir kröfum erlendra aðila. Ekki hefur skort á áhuga útlendinga í þátttöku í uppbyggingu sjávarútvegs í Rússlandi og hafa fyrirtæki frá Noregi, Þýskalandi, Bretlandi, Danmörku, Portúgal og Spáni átt samstarf við innlend fyrirtæki þar. Íslendingar hafa takmarkaðan tíma til að koma á samstarfi við rússnesk fyrirtæki vegna mikillar ásóknar annarra ríkja.

Fleiri dæmi má nefna um samstarf við Rússa. Íslenskar sjávarafurðir hf. hafa gert samning við rússneskt útgerðarfyrirtæki um framleiðslu og sölu á afurðum eins af skipum fyrirtækisins. Marel hf. hefur um nokkurra ára skeið selt tæki til sjávarútvegsfyrirtækja í Rússlandi. Fyrirtækið Icecon og fleiri fyrirtæki, t.d. Traust, vinna nú að sölu á tækniþekkingu til Kamtsjatka með því að bjóða ráðgjöf og byggingu á fiskvinnslufyrirtækjum. Útflutningsráð hefur einnig komið að þeim verkefnum. Þannig er af ýmsu að taka en kjarni málsins er þó sá að hér verður fyrst og fremst um að ræða samskipti milli fyrirtækja en ekki stjórnvalda.

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. svörin. Á þeim má greina að samskipti Íslendinga og Rússa í sjávarútvegi um tækniþróun og aðrar framfarir eru

nokkuð vaxandi. En ég vil þó sérstaklega geta þess að ég tel að stjórnvöld hafi hér sérstakt hlutverk þó að viðskiptin verði að vísu beint á milli fyrirtækja. Ég tel að hlutverk stjórnvalda hafi verið það að hafa hvetjandi áhrif og skapa með samningum við önnur ríki grundvöll til slíkra viðskipta hvort sem þau eru viðskipti með vörur, þekkingu, þjónustu eða hvað eina. Þess hefur gætt í fréttum að undanförnu að aðrar þjóðir hafa verið öllu hressari en Íslendingar við að ná sér í verkefni eystra, við markaðssetningu á afurðum sínum, í viðskiptum með hráefni, jafnvel veiðar. Það hlýtur að vekja athygli að flestar grannþjóðir okkar sem eru eins og við fiskveiðiþjóðir hafa veiðiheimildir í Barentshafi en ekki Íslendingar og auðvitað að líkum sökum þess að Íslendingar hafa ekki sótt þangað árin áður en dregið var þar mjög úr veiðum og hafa þess vegna ekki tilkall til veiðiheimilda nú.

Ég hygg að hvatningaráhrif ráðuneyta, stjórnvalda, í þessu efni séu jafnvel meiri heldur en við höfum stundum gert okkur grein fyrir. Og ég vil eindregið hvetja til þess að við endurnýjum samninga við Rússa og treystum ekki öllu lengur á samninga við ríkjabandalag sem ekki lengur er til.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda að hlutverk stjórnvalda í viðskiptasamskiptum af því tagi sem hér eru til umræðu eru fyrst og fremst fólgið í því að stuðla að grundvelli þeirra með almennum samskiptum og hvatningu. Að því er varðar veiðiheimildir þá er það alveg ljóst að Rússar eru ekki tilbúnir að veita heimildir til veiða innan sinnar lögsögu með íslenskum skipum nema að endurgjald komi fyrir með veiðiheimildum þeirra í íslenskri lögsögu. Þetta kom mjög skýrt fram á fundum sem ég átti með Koreljsky, formanni sjávarútvegsráðs Rússlands, í desember á sl. ári. Ég ítreka það að af okkar hálfu þá hefur ekki komið til greina að hleypa rússneskum skipum inn í íslenska landhelgi.

Út af dagskrá var tekið 6. mál.

Fundi slitið kl. 12.44 miðdegis.

---

166. FUNDUR

fimmtudaginn 29. apríl,
að loknum 165. fundi.

Dagskrá:

1. Lagaákvæði er varða samgöngumál, stjfrv., 28. mál, þskj. 29, nál. 808 og 1034, brtt. 809. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, stjfrv., 117. mál, þskj. 137, nál. 954, brtt. 955. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Aukin hlutdeild raforku í orkubúskap þjóðarinnar, þáltill., 185. mál, þskj. 212. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

4. Vinnumarkaðsmál, stjfrv., 22. mál, þskj. 22, nál. 267. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Einkaleyfi og vörumerki, stjfrv., 3. mál, þskj. 237. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

6. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 440. mál, þskj. 749, nál. 1020. — 2. umr.

7. Tvíhliða samningur við Evrópubandalagið, þáltill., 303. mál, þskj. 472, nál. 1018, brtt. 1019. — Síðari umr.

8. Heimild til að selja jörðina Lönguhlíð í Vallahreppi, frv., 518. mál, þskj. 875, nál. 1032. — 2. umr.

9. Skaðabótalög, stjfrv., 326. mál, þskj. 596, nál. 1033. — 2. umr.

10. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 276. mál, þskj. 384, nál. 1011, brtt. 1012. — 2. umr.

11. Íslenskt ríkisfang vegna EES, stjfrv., 15. mál, þskj. 15, nál. 412, brtt. 413. — 2. umr.

12. Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, stjfrv., 21. mál, þskj. 21, nál. 356, brtt. 343. — Frh. 2. umr.

13. Gagnkvæm viðurkenning á menntun, stjfrv., 77. mál, þskj. 79, nál. 317 og 327, brtt. 318 og 377. — Frh. 2. umr.

14. Vegalög, frv., 293. mál, þskj. 425. — 1. umr.

15. Fjáröflun til vegagerðar, frv., 294. mál, þskj. 426. — 1. umr.

16. Umhverfisgjald, þáltill., 359. mál, þskj. 639. — Fyrri umr.

17. Endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda, þáltill., 360. mál, þskj. 640. — Fyrri umr.

18. Mat á umhverfisáhrifum nýrrar lagasetningar, þáltill., 368. mál, þskj. 649. — Fyrri umr.

19. Löggjöf um réttindi og skyldur manna sem stunda reikningsskil, þáltill., 405. mál, þskj. 699. — Fyrri umr.

20. Flutningur verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu, þáltill., 467. mál, þskj. 807. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Eiður Guðnason umhvrh.,
Guðjón A. Kristjánsson, 1. þm. Vestf.,
Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Össur Skarphéðinsson, 17. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Dagpeningar, 432. mál, svar fjmrh., þskj. 1044.

Húsnæði Lánasýslu ríkisins, 494. mál, svar fjmrh., þskj. 1031.

Mengun frá kjarnorkuendurvinnslu í Sellafield, 584. mál, fsp. HG, þskj. 1036.

Varnarsvæði, 583. mál, fsp. SvG, þskj. 1035.

Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 117. mál (EES-reglur). — þskj. 137, nál. 954, brtt. 955.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

19 þm. (DO, EGuðn, FrS, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HG, JóhS, JBH, JHelg, JónS, PP, SighB, StG, StH, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 955 (ný 2. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, HÁ, HBl, IBA, JónK, KSG, KHG, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, ÞorstP, ÞurP.

13 þm. (AÓB, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JVK, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, SJóh, VS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (DO, EGuðn, FI, FrS, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, JóhS, JBH, JHelg, JónS, SighB, StG, StH, VE, ÖS) fjarstaddir.

3.–6. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP.

22 þm. (DO, EGuðn, FrS, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HG, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KHG, ÓÞÞ, RA, SighB, StG, StH, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, HÁ, HBl, IBA, IP, JGS, JónK, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP.

15 þm. (AÓB, HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (EGuðn, FI, FrS, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, JóhS, JBH, JHelg, JónS, SighB, StG, StH, VE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Eins og komið hefur fram við atkvæðagreiðsluna er nokkuð góð samstaða um þetta frv., þ.e. flestallir telja það til mikilla bóta og það kom einnig fram í umræðum um þetta frv. í gær við 2. umr. að þetta þætti til mikilla bóta vegna réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Það er hins vegar mjög sérkennilegt að einmitt í þessari grein, 7. gr., stendur að lög þessi öðlist gildi um leið og samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði. Þar sem þetta er um svo gott mál að ræða þá tel ég eðlilegt að þessi lög taki gildi nú þegar og þess vegna hef ég ákveðið að flytja brtt. við 3. umr. málsins hvað það varðar og ætla því að sitja hjá við afgreiðslu þessarar greinar nú.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP.

17 þm. (ÁJ, EGuðn, FrS, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, JóhS, JBH, JHelg, JónS, SighB, StG, StH, VE, ÖS) fjarstaddir.

Aukin hlutdeild raforku í orkubúskap þjóðarinnar, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvG o.fl., 185. mál. — Þskj. 212.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP.

17 þm. (ÁJ, EGuðn, FrS, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, JóhS, JBH, JHelg, JónS, SighB, StG, StH, VE, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Vinnumarkaðsmál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 22. mál. — Þskj. 22, nál. 267.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP.

17 þm. (ÁJ, EGuðn, FrS, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, JóhS, JBH, JHelg, JónS, SighB, StG, StH, VE, ÖS) fjarstaddir.

2.–6. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP.
19 þm. (ÁJ, EGuðn, FrS, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, SighB, StG, StH, VE, ÖS) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JGS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP.
13 þm. (AÓB, HG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁJ, EGuðn, FI, FrS, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, MF, SighB, StG, StH, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞurP.
17 þm. (ÁJ, EGuðn, FrS, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, JóhS, JBH, JHelg, JónS, SighB, StG, StH, VE, ÖS) fjarstaddir.

Einkaleyfi og vörumerki, frh. 3. umr.

Stjfrv., 3. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 237.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP.
1 þm. (HG) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, EGuðn, FrS, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, JóhS, JBH, JHelg, JónS, SighB, StG, StH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1047).

Heimild til að selja jörðina Lönguhlíð í Vallahreppi, 2. umr.

Frv. JónK o.fl., 518. mál. — Þskj. 875, nál. 1032.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):
Virðulegi forseti. Landbn. hefur fjallað um frv. sem flutt er af þingmönnum Austurl., fjórum að tölu, um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja jörðina Lönguhlíð í Vallahreppi. Fyrir lá að jarðanefnd Suður-Múlasýslu hefur mælt með því að þessi heimild yrði veitt og enn fremur bárust meðmæli frá sveitarstjórninni í Vallahreppi með því að þessi jarðasala gengi fram.
Til frekari áréttingar vísa ég til framsöguræðu hv. 2. þm. Austurl. og greinargerðar með frv. sem áður er til vitnað til frekari skýringar á þessu máli.
Undir nál. rita nöfn sín allir nefndarmenn landbn. Alþingis.
Ég sé ekki, virðulegi forseti, ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál. (**KHG:** Mælir nefndin með samþykkt þess?) Já.

Kristín Ástgeirsdóttir:
Virðulegi forseti. Ég er einn nefndarmanna sem skrifa undir nál. landbn. en ég vil vekja athygli á því að hér er auðvitað um einkavæðingu í landbúnaði að ræða og vil því taka fram að þó ég styðji það sem hér er á ferð þá felst ekki í því neinn stuðningur við einkavæðingarfrv. og áform ríkisstjórnarinnar að öðru leyti. Svo kann að fara að þetta verði eina einkavæðingarfrv. ríkisstjórnarinnar eða stuðningsmanna hennar sem nær fram að ganga á þessu þingi og vegur nú ekki þungt í því að ná þeim 1.500 millj. sem ríkisstjórnin ætlaði að ná með einkavæðingu á þessu ári.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):
Virðulegi forseti. Rétt til að forðast allan misskilning þá er þetta ekki stjfrv. heldur var þetta frv. flutt af fjórum þingmönnum Austurlands og af þeim eru tveir úr stjórnarliðinu — eða a.m.k. oftast — og tveir stjórnarandstæðingar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GuðjG, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, TIO, VS, ÞurP.
25 þm. (ÁJ, EgJ, EGuðn, FrS, GHH, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónS, MF, SighB, StG, StH, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, TIO, VS, VE, ÞurP.

22 þm. (ÁJ, ÁMM, EGuðn, FrS, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónS, MF, SighB, StG, StH, StB, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP.

20 þm. (ÁJ, EGuðn, FrS, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónS, MF, SighB, StG, StH, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill benda á að það þarf aðeins að víkja frá röð dagskrármála vegna þess að nefndarálit eru rétt ókomin í nokkrum málum sem eru á dagskránni.

Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, frh. 2. umr.

Stjfrv., 21. mál. — Þskj. 21, nál. 356, brtt. 343.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er nú nokkuð um liðið frá því að umræðunni var frestað og þegar það var þá var vetur vel genginn í garð en núna er sumarið komið þannig að nokkuð hefur liðið frá því að umræða stóð yfir um þetta mál og verður að segjast eins og er að það þarf aðeins að rifja upp málavöxtu svo menn haldi þræði í málinu og átti sig á því um hvað meginatriði málsins snúast.

Þetta frv. um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES var rætt hér í september og nóvember sl. og er eitt af grundvallarfrv. að Evrópska efnahagssvæðinu sem lýtur að launafólki. Frv. er eitt af stærri málunum í þessu samhengi öllu og því eðlilegt að menn þurfi nokkurn tíma til að fjalla um það og að það sé umdeilt.

Frv. hefur tekið nokkrum veigamiklum breytingum í meðförum nefndar og hefur í raun og veru verið unnið upp á nýtt þannig að það sé lagalega séð ásættanlegt. Upphaflega var gert ráð fyrir því að það sem átti að lögfesta væri ekki í lögunum og það er dálítið sérkennileg frumvarpssmíð sem var töluvert gagnrýnd við 1. umr. málsins að efnisinnihald laganna skyldi ekki eiga að vera í lögunum. Þessu var breytt á þann veg að reglugerð nr. 1612 frá 1968, sem lagt er til að verði lögfest hér á landi, reglugerð frá Evrópubandalaginu, er prentuð sem fskj. með frv. og kemur því inn í lagasafn og menn hafa það handhægt hvað í lögunum felst. Þessi reglugerð hefur verið aðlöguð eins og það heitir að íslenskum aðstæðum og eru þær breytingar settar inn í fskj. þannig að menn eiga að hafa textann í endanlegri mynd.

Þetta mál allt saman, um frelsi launafólks til að fara á milli landa og sækja sér vinnu innan Evrópska efnahagssvæðisins, er auðvitað afar viðkvæmt og hvað lýtur að íslenskum vinnumarkaði þá er það þýðingarmikið að það liggi ljóst fyrir hvaða áhrif það hefur á ákvæði í íslenskum kjarasamningum um forgangsréttarákvæði stéttarfélaga. Það hafa verið skiptar skoðanir um það og eins og fram kom við 1. umr. málsins. Ég hef sett fram verulegar efasemdir um það að þetta grundvallarákvæði kjarasamninga mundi halda í framhaldi af lagasetningu sem þessari og samningnum um Evrópska efnahagsvæðið í heild sinni.

Ég rakti það nokkuð ítarlega við 1. umræðu málsins og hef ekki hugsað mér að endurtaka það þó það væri í sjálfu sér ástæða til þess vegna þess hversu langt er um liðið síðan sú umræða fór fram en ég geymi það betri tíma. Enn er eftir 3. umr. um þetta mál og ástæða til að líta á það á milli umræðna. Ég vil benda á að eftir að meiri hluti félmn. sendi frá sér málið út úr nefndinni þá kom fram bók frá utanrrn. sem heitir Samanburður á íslenskri löggjöf og samþykktum Evrópubandalagsins, EB-gerðir sem til greina kemur að bætist við EES-samninginn. Þar kemur fram á bls. 143 að gerðar hafa verið breytingar á reglugerðinni sem hér er lagt til að verði lögfest, nr. 1612 frá 1968, í allnokkrum atriðum, breytingar sem gerðar voru 27. júlí 1992 og er ekki annað að sjá en þær breytingar hafi tekið gildi í Evrópubandalaginu. Ég tel að félmn. verði að líta á frv. eins og það lítur út núna út frá þessum breytingum og fá svör við því hvort nauðsynlegt reynist að breyta frv. eins og það lítur út núna á nýjan leik á milli umræðna eða síðar á þessu ári áður en samningurinn um EES tekur gildi ef það færi svo að hann yrði að veruleika.

Þær breytingar sem EB gerði á þessari reglugerð í júlí á síðasta ári skipta verulegu máli, sérstaklega breytingarnar á 16. gr. reglugerðarinnar þar sem segir í þeirri reglugerð, eins og hún liggur fyrir Alþingi, það er rétt að lesa úr 1. mgr., með leyfi forseta: „Tilkynna skal um sérhvert laust starf sem skráð hefur verið hjá vinnumiðlun EFTA-ríkis og ekki hefur reynst unnt að ráða í vinnuafl af innlendum vinnumarkaði en manna má innan EES á grundvelli skýrslnanna sem getið er um í 15. gr. ...“

Með öðrum orðum, greinin eins og hún lítur út fyrir Alþingi í 2. umr. um þetta frv. gerir ráð fyrir því að tilkynning um laust starf til annarra aðildarríkja EES fari ekki fyrr en reynt hefur verið að manna starfið innan lands. Innlent vinnuafl hefur þar með forgang til starfsins. Breytingin sem Evrópubandalagið gerði á þessari grein var sú að fella brott þessa setningu eða þetta ákvæði um forgang innlends vinnuafls eða eins og segir í lýsingu utanrrn. á þessari breytingu, með leyfi forseta: „Enn fremur eru ýmsar óbeinar takmarkanir fyrir aðgangi launafólks að vinnumarkaði annarra aðildarríkja felldar brott, sbr. breytingar á 16. gr. og niðurfelling 20. gr. og viðauka vegna 16. gr.“

Í lýsingunni segir enn fremur, með leyfi forseta:

Úr 16. gr. er fellt niður ákvæðið „hefur ekki reynst unnt að ráða vinnuafl af innlendum vinnumarkaði“. Það

eru þessi orð sem eru felld niður. Þessi breyting skiptir verulegu máli að mínu viti og eins breytingin á 20. gr. en í 1. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar eins og hún liggur fyrir Alþingi þar segir, með leyfi forseta:

„Þegar röskun sem stefnt getur lífskjörum og atvinnutækifærum á tilteknu svæði eða í tiltekinni atvinnugrein í hættu, er fyrir hendi eða fyrirsjáanleg á vinnumarkaði EFTA-ríkis ber því ríki að tilkynna um það til eftirlitsstofnunar EFTA og hinna aðildarríkjanna og veita þeim nánari upplýsingar um málsatvik."

Síðan er hægt að grípa til ráðstafana þannig að menn sæki ekki um störf á því svæði eða í þeirri atvinnugrein.

Þessi grein er öll í heild sinni felld á brott með breytingu EB á þessari reglugerð sem við erum að fjalla um og EB gerði 27. júlí 1992.

Þar sem ég þykist skilja hugmyndafræðina á bak við EES þannig að samræmingin sé höfuðatriði, samræmingin á öllum sviðum fjórfrelsisins sé meginmarkmiðið, það er „fundamentið" undir batteríinu, þá sé ég ekki fyrir mér að það gangi að vera ekki með samræmingu á þessu, þ.e. annars vegar gildi reglugerðin hjá EB með þessum breytingum sem ég var að rekja, en á öðrum svæðum gildir hún eins og hún leit út fyrir þær breytingar. Ég hef svarað því fyrir mig þannig að það hljóti að vera meining íslenskra stjórnvalda að leggja til breytingar á þessum brtt. sem hér er verið að ræða þannig að reglugerð 1612 sem á að lögfesta líti þá út eins og reglugerðin lítur út í dag hjá Evrópubandalaginu. Það er í raun og veru meginspurningin til forsvarsmanna ríkisstjórnarflokkana. Á að breyta þessu, brtt. sem hér liggur fyrir, í samræmi við breytingar EB og ef svo er er þá ekki rétt að taka málið til umfjöllunar í nefnd aftur á milli 2. og 3. umr. vegna þess hversu afdrifaríkar breytingar er um að ræða? Ég vil a.m.k. fá að fjalla um málið inni í nefnd á nýjan leik, sé það ætlun manna að gera þessar breytingar, því þær styrkja enn frekar þær grunsemdir og efasemdir sem ég hef haft um rétt og stöðu íslensks launafólks og stéttarfélaga og einkum og sér í lagi um stöðu þessa grundvallarákvæðis, sem íslensk stéttarfélög byggja afl sitt á, um forgangsrétt félagsmanna þeirra til vinnu umfram ófélagsbundið fólk.

Ég hef legið dálítið mikið yfir þessu og fæ það ekki til að ganga upp að forgangsréttarákvæðið geti haldið að EES-samningnum teknum í gildi, einkum og sér í lagi þegar menn eru búnir að gera þessar breytingar á reglugerð 1612 sem kynntar eru í bókinni frá utanrrn. um EB-gerðir sem til greina kemur að bætist við EES-samninginn.

Það segir reyndar í textanum frá utanrrn. um þessar breytingar svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hins vegar fela breytingarnar á reglugerð 1612/68 í sér breytingar á frv. til laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins. Breytingar þarf að gera á fskj. þess frv. ef að lögum verður." Þannig að það er a.m.k. mat utanrrn. að það þurfi að gera breytingar. Það væri því rétt að formaður félmn., sem ég sé að er hér í salnum, veiti svör við því hvort hann og félmrh. séu sammála þessu mati utanrrn. Ef svo er þá fer ég formlega fram á það hér og nú að málið verði tekið til umfjöllunar í félmn. á milli 2. og 3. umr.

Ég vil ekki orðlengja frekar um málið enda geng ég út frá því að orðið verði við þessari beiðni og umræða að öðru leyti fari þá fram við 3. umr.

Frsm. meiri hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er vegna þeirra athugasemda sem hv. 5. þm. Vestf. kom með hér út af frv. um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks. Það er rétt sem fram kom hjá honum að þetta frv. er fyrst og fremst lögfesting á reglugerð 1612 og félmn. fór í það að aðlaga reglugerðina og breyta ákvæðum hennar þannig að við værum ekki að lögfesta ákvæði í reglugerð sem ekki ættu við hér og var frekar vel að því máli staðið vona ég og ánægjuleg samvinna sem var í félmn. um vinnuna í þessu máli. Hann spyr um það hvort breyta eigi 16. gr. reglugerðar og 20. gr. út frá þeim ákvæðum sem hann benti á. Ég get því miður ekki svarað því máli hér og nú, ég mun kanna það og ef það reynist rétt sem hann bendir hér á þá mun ég að sjálfsögðu taka málið fyrir á milli 2. og 3. umr.

Það er nú svo að þegar við vorum að fá þessi mál og það er rétt sem hann segir, það er mjög erfitt þegar verður svona hlé í umræðunni, það er nokkuð um liðið síðan við vorum með málið eftir að það var afgreitt úr nefnd og ef breytingar hafa orðið á í millitíðinni þá er alveg sjálfsagt að við skoðum það. En það var reglugerð sem átti að lögfesta og við fórum í það að aðlaga hana sem best við gátum og ég mun að sjálfsögðu skoða það ef þessu þarf á einhvern hátt að breyta.

Aðeins varðandi forgangsréttarákvæði sem þingmaðurinn nefndi. Það er alveg rétt það er erfitt að segja til um það en það verður þó að áréttast hér að aðilar vinnumarkaðarins sem komu á fund nefndarinnar töldu að þessi atriði mundu halda.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka formanni nefndarinnar fyrir undirtektir sem voru skýrar af hans hálfu að málið yrði tekið fyrir í nefnd milli 2. og 3. umr. ef gera þyrfti breytingar á því fskj. sem er með brtt. Ég óska hins vegar eftir því að það liggi fyrir áður en þessari umræðu lýkur hvort nauðsynlegt er að gera þessar breytingar eins og fram kemur í skýrslu utanrrn. þannig að vissa liggi fyrir því að málið fari til nefndar áður en þessari umræðu lýkur því ég hygg að það sé raunar aðeins formsatriði að fá þá staðfestingu sem formaður nefndarinnar hafði sem fyrirvara að vantaði.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Hér er til umræðu frv. um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópsks efnahagssvæðis. Ég sé að nefndin hefur gert allverulegar brtt. við þetta frv. sem ég ætla ekki að ræða sérstak-

lega heldur ætla ég aðeins að ræða það sem mér finnst mjög sérkennilegt við þessa lagasetningu. Það er reyndar ekki eingöngu í þessu frv. en það er að birta raunverulega aðalbreytingarnar sem fylgiskjal við frv. eða eins og segir í 1. gr. að reglugerðin eins og hún verður lögð fyrir er prentuð sem fskj. með lögum þessum. Þá velti ég fyrir mér af hverju textinn standi ekki í lögunum sjálfum. Hvaða stöðu hefur slík reglugerð? Er hægt að breyta reglugerðinni án þess að það fari fyrir Alþingi, þ.e. verður þetta eingöngu gert þannig að ef Evrópubandalagið kýs að breyta reglugerðinni eftir eigin höfði — eins og t.d. kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, 5. þm. Vestf., þá er þegar búið að gera ákveðnar breytingar á þessari reglugerð. Þess vegna vil ég varpa því hér fram hvaða stöðu slíkt fylgiskjal hefur. Mér er það alls ekki ljóst hvort þetta fylgiskjal er ígildi laga ef frv. verður að lögum og hvernig fer með breytingar á þessu. Þetta finnst mér nauðsynlegt að fá fram vegna þess að það hlýtur að skipta máli um afstöðu til þessa frv. og þessara brtt. hvort 1. gr., þ.e. að ákvæði reglugerðar um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins og svo er tilgreint ákveðið númer, hvort þessi reglugerð getur tekið breytingum án þess að við á Alþingi getum nokkuð sagt til um það hvaða afstöðu við höfum til þess. Þetta finnst mér nauðsynlegt að fá fram og ég trúi ekki öðru en hv. formaður félmn. geti upplýst það því að nefndin hlýtur að hafa tekið á þessu. E.t.v. er þetta eitthvað sem er augljóst þar sem þetta er ekki í fyrsta skiptið sem svona hefur verið gert þó að þetta sé frekar óvanalegt, sérstaklega þar sem hér er um að ræða verulega mikinn og stóran bálk sem þessi reglugerð er, en eins og menn sjá, þá er hún hér í 48 liðum prentuð sem fskj. með brtt. á þskj. 343.

Frsm. meiri hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna fyrirspurnarinnar um reglugerðina er alveg rétt að það fékk mjög mikla umræðu að fara þessa leið sem var reyndar gerð með EES-samninginn sjálfan og líka með frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks. Reglugerðin hefur lagagildi hér. Það hefði verið hægt að fara þá leið að taka sérhverja grein og gera hana að sjálfstæðri grein í lagatexta sem hefði verið mjög umfangsmikið mál. Á sínum tíma var ákveðið að gera þetta frekar á þennan hátt. Það var farið svona að í ýmsum nágrannalöndum sem við vorum að bera okkur saman við og þó að við þurfum að sjálfsögðu ekki að fara eftir því hefði ekki verið hægt að taka þessar greinar t.d. eins og þær standa í reglugerðinni og gera þær að lagagreinum. Þeim hefði verið breytt umtalsvert í uppsetningu og öðru.

Ekki er hægt að breyta reglugerðinni öðruvísi en breyta henni eins og lagafrv. vegna þess að hún verður prentuð í lög og stendur þar sem slík. Vegna þessa lögðum við í nefndinni mjög mikla áherslu á það að aðlaga reglugerðina þannig að það stæði ekki aðildarríki Evrópubandalags o.s.frv. heldur að fara út í það sem hér hefur þegar komið fram í breytingum á reglugerðinni að aðlaga hana og losa okkur þar með við tilvísanir og viðbætur sem áður voru í málinu þegar það var lagt fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gagnkvæm viðurkenning á menntun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 77. mál. — Þskj. 79, nál. 317 og 327, brtt. 318 og 377.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er satt að segja nokkuð sérkennilegur dagur í dag í þessari stofnun því að haldið er áfram 2. umr. um mál sem voru í fyrri hluta umræðu löngu fyrir hátíðar. Mér sýnist að það mál sem er til umræðu núna hafi síðast verið til umræðu 2. des. sl. Þar áður var það til umræðu 25. nóv. Það var fyrsti hluti 2. umr. og upphaflega var talað fyrir málinu 6. okt. Auðvitað er dálítið erfitt að halda einhverju eðlilegu samhengi í umræðum við aðstæður af þessu tagi.

Þegar hæstv. menntmrh. mælti fyrir þessu frv. sem þá var kallað frv. til laga um gagnkvæma viðurkenningu á menntun urðu nokkrar umræður um málið strax við 1. umr. og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir gerði þá athugasemdir við það að frv. og heiti þess væri í raun og veru villandi og hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir, 10. þm. Reykv., gerði athugasemdir við það að hún taldi að mörg atriði væru óljós í frv., ekki síst varðandi það til hvaða starfsstétta eða prófskírteina frv. tæki. Hv. þm. lagði þá nokkrar fyrirspurnir fyrir hæstv. menntmrh. sem út af fyrir sig vísaði svörunum til hv. menntmn. Það sem kom fram merkast í umræðunni var það að sú fyrirspurn var lögð fram fyrir hæstv. menntmrh. eins og það var orðað í ræðu eins þingmannsins: „En eitt langaði mig til þess að fá fram hjá hæstv. ráðherra, nokkuð ótvírætt, hans skilning á hvort kröfu um tungumálakunnáttu væri hægt að beita þannig að menn litu svo á að þar væru menn að mismuna eftir þjóðerni eða hvort krafan um tungumálakunnáttu sé einungis hæfniskrafa.“ Og hæstv. menntmrh. sagði, með leyfi forseta:

„Mér sýnist svarið við þessu vera það að hér hlýtur að vera gerð einföld hæfniskrafa en það sé ekki verið að mismuna eftir þjóðerni. En ég tek það enn og aftur fram að það er auðvitað sá sem ræður í stöðuna sem velur úr hópi umsækjenda og þeir kunna að vera af mörgu þjóðerni. En ég tel ekki felast í þessu að mismunað yrði fyrir fram eftir þjóðerni heldur verði gerðar hæfniskröfur.“

Ég tel að þetta hafi verið mjög mikilvægt innlegg í málið og á grundvelli þess og 1. umr. og fylgifrv. sjálfs og greinargerðar þess hófst síðar meðferð málsins í hv. menntmn. Má segja að þó að niðurstaðan hafi orðið sú að nefndin skilaði tveimur álitum, meiri hlutinn skilaði séráliti og minni hlutinn séráliti, hafi verið allgóð samstaða um nauðsyn breytinga á frv. og á grundvelli þess voru umræður þeirra sem fóru fram í

nefndinni. Það var vönduð umræða og yfirferð. Þar voru gerðar fjórar meginbreytingar á frv. frá því sem þar var lagt fram við 1. umr.

Í fyrsta lagi breytt ákvæðum í 1. mgr. 1. gr. þar sem það var lagt til að orðin „vegna menntunar er veiti starfsréttindi" féllu niður og í þeirra stað kæmu orðin „vegna starfsmenntunar." Með þessari breytingu var ætlun nefndarinnar að orða gildissvið frv. skýrar þannig að það næði einungis til viðurkenningar á þeirri menntun og þeim prófskírteinum sem aðili hefur hlotið.

Þá var gerð mjög mikilvæg breyting að því er varðar 4. gr. frv. og snertir það til hvaða tilskipana Evrópubandalagsins frv. tekur. Þar var tekið af skarið um það að frv. tekur í raun og veru bara til einnar tiltekinnar tilskipunar, þ.e. tilskipunar 8948 sem tengist samningnum um Evrópskt efnahagssvæði en ekki annarra tilskipana sem hugsanlega yrðu gefnar út og samþykktar og næðu inn á þetta svið. Ef þær tilskipanir verða gefnar út eða samþykktar þá verða þær að koma til sérstakrar meðferðar á Alþingi. Þetta töldum við sem gerðum athugasemdir við málið í minni hluta menntmn. mikilvæga niðurstöðu. Síðan var lagt til að fella niður ákvæði í 5. gr. sem lúta í að framkvæmd laganna vegna þess að nefndin taldi að þau ákvæði ættu betur heima í reglugerð en í frv. sjálfu. Loks var heiti frv. breytt til að fyrirbyggja mistúlkun á gildissviði þess í samræmi við þær athugasemdir sem komu fram við 1. umr.

Ég og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir skiluðum minnihlutaáliti en ég hygg að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hafi skrifað undir álit meiri hlutans með fyrirvara og líklega hefur hv. 2. þm. Vestf. verið fjarverandi á þeim fundi nefndarinnar sem afgreiddi málið því að hann skrifar ekki undir álitið.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir gerði síðan á fundi Alþingis 25. nóv. sl. grein fyrir okkar viðhorfum og í nál. minni hlutans rekjum við málið ítarlega og segjum svo í lok nál. sem birtist á þskj. 327:

„Minni hluti nefndarinnar er andvígur þeirri úreltu heimssýn sem birtist í EES þótt vissulega megi benda á nokkra kosti sem fylgja mundu aðild Íslands að EES. Minni hlutinn telur hagsmunum og framtíð þjóðarinnar betur borgið utan þessarar efnahagsheildar en innan og vill fremur sjá sem frjálsust viðskipti milli allra þjóða heims en blokkamyndun og einangrunarstefnu af því tagi sem einkennir Evrópubandalagið. Því styður minni hlutinn ekki þau mál sem eru bein afleiðing af samningnum um EES og hefðu annaðhvort ekki komið til umfjöllunar á Alþingi eða verið með allt öðrum hætti hefði Alþingi eitt um vélað. Þá leiðir gildistökuákvæði frumvarpsins einnig af sér að minni hlutinn styður það ekki þótt hann sé efnislega samþykkur því að fólk eigi greiðan aðgang að viðurkenningu á menntun og prófum utan sem innan EES. Minni hluti nefndarinnar mun því sitja hjá við afgreiðslu málsins."

Nefndarálitið er gefið út 23. nóv. 1992 og undir það rituðu Kristín Ástgeirsdóttir og Svavar Gestsson.

Framhald umræðunnar fór síðan fram 2. des. sl. og síðan hefur málið ekki verið tekið fyrir en í þeirri umræðu kvaddi sér hljóðs einn menntamálanefndarmaður sem ekki virðist hafa verið við lokaafgreiðslu málsins í nefndinni, þ.e. hv. 2. þm. Vestf. og hann gerði mjög alvarlegar athugasemdir við þær reglugerðarheimildir sem frv. gerir ráð fyrir og lagði m.a. eftirfarandi gátu fyrir hæstv. menntmrh.: „Væri hæstv. menntmrh. spenntur fyrir því að samþykkja svona reglugerðarheimild ef hæstv. ráðherra væri óbreyttur þingmaður en hv. 9. þm. Reykv. væri menntmrh.? Ég er ekki viss um að svo væri. Nú er það ekki okkar að semja lögin miðað við það að þessi eða hinn sé ráðherra og treysti ég hv. 9. þm. Reykv. enn síður til að fara með þetta vald en núv. hæstv. menntmrh."

Á grundvelli þessa skildist mér að þessi hv. þm. mundi ekki styðja málið. Síðan urðu allmiklar umræður um þetta þar sem margir þingmenn blönduðu sér í umræðurnar, þar á meðal hv. 4. þm. Austurl. með ítarlegri og greinargóðri ræðu og má segja út af fyrir sig að frv. hafi fengið allgóða efnislega meðferð í umræðunni 2. des. sl.

Þegar málið kom til meðferðar var skoðun meiri hlutans að mjög brýnt væri að málið yrði afgreitt hið allra fyrsta, það lægi mjög mikið á. Við sem skipum minni hluta menntmn. töldum að það væri skynsamlegra að hinkra með afgreiðslu málsins fram yfir þjóðaratkvæðagreiðsluna í Sviss. Ég man eftir því hvað sumum í salnum þótti mikil fjarstæða að láta sér detta það í hug að bíða fram yfir þjóðaratkvæðagreiðsluna í Sviss og sérstaklega það þjóðaratkvæðagreiðslan gæti yfir höfuð einhverju breytt. Nú hefur veruleikinn hins vegar fært mönnum heim sanninn um að margt getur gerst undir sólinni og m.a. í Sviss og þess vegna var auðvitað skynsamlegt að bíða með málið þó að það sé vissulega dálítið óþægilegt upp á umræðuna að hún hafi slitnað í sundur með þeim hætti sem hér hefur átt sér stað.

Ég tel, virðulegi forseti, að það sé óhjákvæmilegt með hliðsjón af því sem síðan hefur gerst, m.a. umræðunni eins og hún fór á sínum tíma, að við sem erum í minni hluta menntmn. ítrekum afstöðu okkar um það að við munum ekki greiða fyrir því að þetta frv. verði að lögum heldur munum við sitja hjá við afgreiðslu málsins þó að við metum það vissulega mikils að meiri hluti nefndarinnar kom að nokkru til móts við ýmis sjónarmið okkar þegar málið kom til tals á sínum tíma.

Ég vek athygli á því að við umræðurnar 2. des sl. komu fram mjög alvarlegar athugasemdir við frv. og allan búnað þess, bæði frá hv. 2. þm. Vestf. og sömuleiðis frá hv. 4. þm. Austurl. Þess vegna sýnist mér þegar málin eru skoðuð í heild að þó svo að við kjósum jafnvel að sitja hjá um málið að miklu leyti hljóti menn að íhuga það mjög alvarlega að greiða atkvæði gegn þeirri víðtæku reglugerðarheimild sem þeir hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og Hjörleifur Guttormsson gagnrýndu hvað harðast í umræðunum 2. des. sl. Þess vegna verður óhjákvæmilegt að greiða atkvæði um einstakar greinar þannig að menn geti látið í ljós skoðanir sínar á því sem þarna er á ferðinni í einstökum atriðum.

Virðulegi forseti. Ég vildi láta þetta koma fram við þessa umræðu um leið og ég rifja upp það sem gerst hefur. Eitt af því sem var notað sem röksemd fyrir því að það væri í lagi að samþykkja þetta frv. og jafnvel að flýta því var að Alþýðusamband Íslands væri sérstakur stuðningsaðili samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Svo vill til að einmitt um það leyti sem umræðan fór fram, 2. des. 1992, var nýlega lokið þingi Alþýðusambands Íslands. Kannski er rétt að rifja það einmitt upp á þessum fundi, virðulegi forseti, að Alþýðusamband Íslands lýsti ekki yfir stuðningi sínum við Evrópskt efnahagssvæði og mál, sem voru lögð fyrir það þing af nefndum á vegum miðstjórnar Alþýðusambandsins, voru ekki samþykkt. Því er útilokað að halda því fram að Evrópska efnahagssvæðið hafi fengið stuðning verkalýðssamtakanna að einu eða neinu leyti. Núna líta mál þannig út að svo gæti farið að þetta mál verði allt meira og minna í óvissu fram eftir öllu ári. Þess vegna væri auðvitað skynsamlegt að láta staðar numið eins og gert var 2. des., hætta umræðunni núna og taka hana svo kannski upp eftir eftir fimm mánuði og síðan á fimm mánaða fresti eftir því sem þörf krefur því að greinilegt er að ekki er mikill hraði á þeim málum sem snúa að Evrópsku efnahagssvæði eins og hv. 4. þm. Reykv. hefur m.a. oft bent á í þessum sal. Þess vegna ítreka ég afstöðu okkar. Við teljum í fyrsta lagi skynsamlegt að fresta umræðunni og eyða ekki tíma í þetta núna. Í öðru lagi munum við, sem stöndum að áliti minni hlutans, sitja hjá um málið. Jafnframt legg ég á það áherslu að komi málið til atkvæða tel ég eðlilegt að atkvæðagreiðsla fari fram um einstakar greinar frv.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Íslendingar hafa í ríkum mæli sótt menntun sína erlendis og munu í vaxandi mæli sækja menntun sína til Ameríku. Ég hygg að ekki sé um það deilt að þjóð sem sækir menntun sína til jafnmargra landa og Íslendingar þarf að hafa mikið rými í lagasetningu sinni til þess að viðurkenna menntun frá hinum ýmsu löndum. Hitt er svo annað mál að það sem er hér til umræðu fjallar um miklu stærri hluti. Það er hluti af því frelsi að útlendingar hafi atvinnuréttindi hér á landi í mjög ríkum mæli, 360 millj. samfélag, og á móti eigum við að fá atvinnuréttindi á því svæði.

Ég var fjarverandi afgreiðslu þessa máls og því kemur ekki fram á nál. hver afstaða mín er en ekki fer á milli mála að í þessu máli er álit mitt í samræmi við það sem kemur fram hjá Kristínu Ástgeirsdóttur og Svavari Gestssyni. Ég tel að hin þrönga heimsmynd sem menn hafa verið að miða við í þessu sambandi þegar fjallað er um viðurkenningu á starfsréttindum og þó fyrst og fremst menntun sé algerlega út í hött. Auðvitað væri það skoplegt ef hingað kæmi maður frá Ameríku með sams konar menntun og Íslendingur hefði aflað sér og fengið viðurkennda hér á landi ef við ekki viðurkenndum slík réttindi. Það er heldur ekki, þegar horft er til Evrópu, hægt að binda það við menntun í löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins frekar en öðrum löndum. Viðurkenningin á menntuninni á að vera miklu miklu víðtækari. Hitt er svo allt annað mál hvort við gætum viðurkennt að viðkomandi aðilar eigi að hafa hér rétt til að starfa. Það hlýtur að verða að fara eftir atvinnuástandi í landinu. Og atvinnuástandið á Íslandi er nú ekki svo beisið að það sé mikið fyrir það gefandi að rýmka þessar heimildir. Samt er atvinnuástandið á Íslandi miklu betra en það er um alla Evrópu eða allt það svæði sem hér er verið að taka um að tengjast. Þannig að það er að fara úr öskunni í eldinn hvað atvinnuleysi snertir að sameinast þessu svæði í því tilliti sem hér er lagt til.

Það kom einnig fram að í upphafi þegar þetta mál var rætt að þær reglugerðarheimildir sem hér eru ætlaðar eru að mínu viti mjög rúmar og ég er ekki hrifinn af því kerfi sem Evrópa er að byggja upp, þ.e. minnkandi áhrifa sem þingin hafa en vaxandi vægi framkvæmdarvaldsins með reglugerðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umhverfisgjald, fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 359. mál. — Þskj. 639.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til pál. á þskj. 639, um umhverfisgjald.

Flm. þessarar tillögu eru allar þingkonur Kvennalistans.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi tillögur um umhverfisgjald sem hafi það að markmiði að efla umhverfisvernd og draga úr mengun. Gjaldið verði lagt á mengandi starfsemi og lækki eftir því sem mengunarvarnir skila árangri."

Íslendingar hafa löngum talið að hér væri lítil sem engin mengun. Umhverfismálin væru í góðu lagi og að við værum fyrirmyndir annarra. Því miður er það ekki svo. Ef við lítum til heimsins alls þá tengjast umhverfisvandamálin vaxandi mengun, eyðingu auðlinda, fólksfjölgun, fátækt og misskiptingu gæða jarðarinnar. Ferskvatnsbirgðir heimsins fara minnkandi, votlendi og vötn þorna upp, súrt regn og skógeyðing leiða til eyðileggingar á vistkerfinu; giskað hefur verið á að um 1 milljón tegunda plantna og dýra hafi nú þegar horfið af yfirborði jarðar fyrir tilverknað manna. Við Íslendingar erum hluti af þessu og höfum því skyldur gagnvart heiminum, ekki bara gagnvart okkar eigin landi.

Í loftinu, sem við öndum að okkur, hefur magn mengandi efna, svo sem koldíoxíðs, kolmónoxíðs, köfnunarefnisoxíða, metans og klórflúorkolefnis, aukist verulega. Þetta mun að margra mati leiða til hækkaðs hitastigs á jörðinni, að jöklar bráðni og yfirborð sjávar hækki með hrikalegum afleiðingum. Mörg svæði, jafnvel heilu löndin, gætu horfið af yfirborði jarðar strax á næstu öld ef sjávarborð hækkar eins og

spáð er. Stór svæði ræktarlands og byggð ból á láglendi í strandríkjum mundu fara í kaf. Ef við lítum okkur aðeins nær mun hækkað hitastig hafa verulegar afleiðingar hér á landi. Stórfelld röskun yrði á hafnarmannvirkjum og íbúðabyggðir eins og miðbær Reykjavíkur gætu t.d. farið meira og minna undir vatn. Víðast hvar annars staðar mundu strandsvæði, sem nú eru í byggð, eyðileggjast. Ómögulegt er að segja til um það nú hvaða áhrif hækkað hitastig hefði á hafstrauma, en breytingar á þeim gætu haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar hér á landi að því er varðar veðurfar og vistkerfi sjávar og þar með á fiskstofnana.

Að undanförnu hafa birst margar greinar í blöðum, fyrst og fremst í erlendum blöðum en einnig hefur aðeins borið á því hér á landi, þar sem talað er um óveðrin sem geysað hafa undanfarið, bæði hefur það gerst hér á landi og ekki síst í Evrópu og hefur verið talað um að þetta sé vegna gróðurhúsaáhrifanna svonefndu. Hafa margir tekið nokkuð stórt upp í sig hvað þetta varðar. Þess ber að geta að einnig hafa birst greinar sem fullyrða að þau óveður sem geysað hafa undanfarið, og er þá sérstaklega verið að tala um Evrópu, séu ósköp eðlileg. Þetta er auðvitað mjög erfitt að sjá nákvæmlega þar sem ekki hafa verið gerðar veðurfarsrannsóknir nógu lengi til að hægt sé að meta þetta nákvæmlega. En hættumerkin eru svo sannarlega til staðar.

Það efni, sem á mestan þátt í auknum gróðurhúsaáhrifum, er koldíoxíð í andrúmslofti þótt ýmis önnur efni komi þar einnig við sögu. Ef fram heldur sem horfir mun koldíoxíð í andrúmslofti tvöfaldast á næstu öld. Nú er því eðlilega lögð mest áhersla á að draga úr koldíoxíðmengun í andrúmslofti. Nefnd, sem umhverfisráðherra skipaði í janúar 1991 til að kanna útstreymi koldíoxíðs á Íslandi, skilaði skýrslu í maí 1992. Eins og segir í skýrslunni er með henni reynt að skapa grundvöll fyrir stefnumótun á þessu sviði hér á landi. Í skýrslunni kemur m.a. fram að hlutdeild flúorkolefna í gróðurhúsaáhrifum hér á landi er óvenju mikil miðað við önnur lönd. Útstreymi koldíoxíðs hér á landi (2,4 tonn á íbúa á ári) er sambærileg við útstreymið á Norðurlöndum (1,9–3 tonn á íbúa) og í ýmsum iðnríkjum, t.d. Bretlandi sem oftast hefur verið talið nokkuð mengað er útstreymi koldíoxíðs (2,7 tonn á íbúa) og Japan (2,2 tonn á íbúa). Hlutfallslega stór fiskveiðifloti Íslendinga vegur þar þungt. Áætlað er að vistkerfi jarðar geti að skaðlausu tekið við um 0,5 tonnum koldíoxíðs á íbúa á ári.

Á þessum tölum sést að við leggjum mjög mikið til ef miðað er við hvern íbúa. Við höfum oftast verið að miða við að við búum í það stóru landi að hér hafi verið tiltölulega lítil koldíoxíðmengun miðað við það stóra landflæmi sem við búum á og oft þegar verið er að tala um þessi mál þá hefur verið eingöngu miðað við þá koldíoxíðmengun sem orsakast af virkni á landi en ekki tekið tillit til þess að stór fiskveiðifloti Íslendinga vegur mjög þungt í þessu sambandi eins og ég sagði áðan.

Í skýrslunni sem umhvrn. lét gera er einnig lagt mat á útstreymi annarra mengandi lofttegunda hér á landi. Það er fyllsta ástæða til að taka þetta vandamál föstum tökum og gera allt sem í okkar valdi stendur til að minnka og koma í veg fyrir mengun og frekari eyðileggingu. Jafnframt því ber okkur eftir því sem frekast er unnt að bæta fyrir þá eyðileggingu sem þegar er orðin.

Stærstu iðnríki heims, nema Bandaríkin, hafa samþykkt að stefna að því að koldíoxíðútstreymi verði ekki meira árið 2000 en það var árið 1990, sem fyrsta skref til að vinna gegn loftslagsbreytingum. Þetta er auðvitað gott fyrsta skref til að vinna gegn loftlagsbreytingum og er auðvitað mjög mikilvægt en því miður verður að segjast að þó þetta séu góð markmið þá eru þau alls ekki nægjanleg og það sem er kannski enn þá verra er að það lítur út fyrir að flestum þeirra ríkja sem þarna hafa sett fram þetta stefnumið að takist ekki að framfylgja þeim. Í því sambandi get ég minnt á að Evrópubandalagið var með stefnumótun á þessu sviði en það hefur því miður ekki gengið eins vel eins og flestir vonuðu og núna hafa Danir, sem eru í forsvari fyrir Evrópubandalaginu þessa stundina, eru formenn þar, lagt höfuðáherslu á að reyna að þrýsta á að tekið verði sérstaklega á þessu máli, þ.e. koldíoxíðútstreyminu. En þeir hafa því miður ekki enn þá haft árangur sem erfiði.

Mikil umræða á sér víða stað um sérstakt gjald á koldíoxíðútblástur til að draga úr mengun og hafa sum lönd þegar tekið upp slíkt gjald. Í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hefur verið lagt sérstakt umhverfisgjald á olíu til upphitunar. Í Finnlandi er gjaldið 21 finnskt mark á rúmmetra. Í Noregi er lagt á slíkt gjald eftir brennisteinsinnihaldi olíunnar og sérstakur koldíoxíðskattur sem er 300 norskar krónur á rúmmetra. Svíþjóð er einnig með sérstakan brennisteinsskatt á olíu sem er 27 sænskar krónur á rúmmetra fyrir hvern hundraðshluta brennisteinsinnihalds, sem og koldíoxíðskatt en hann er 720 sænskar krónur á rúmmetra. Þetta kemur fram í „Energi och miljö i Norden", skýrslu sem unnin var á vegum norrænu ráðherranefndarinnar.

En það er ekki nóg að setja slíkt gjald á t.d. koldíoxíð. Það verður að vinna markvisst að því að draga úr útstreymi. Markmiðið með því að setja á gjald er ekki bara að auka peningana í kassann heldur verður að nota gjaldið í þágu umhverfismála og í því sambandi t.d. að hvetja fólk til að draga úr koldíoxíðmengun. Og ég get í þessu sambandi sagt það hér að þegar ég keypti mér nýjan bíl fyrir nokkuð mörgum árum síðan þá hélt ég að það væri mjög auðvelt fyrir mig að fá svokallaðan hvarfakút á bílinn til að minnka koldíoxíðmengun en það var nú ekki eins auðvelt og ég hélt því bæði kostaði bíllinn verulega mikið meira vegna þess að það var nauðsynlegt að setja þennan mengunarvarnaútbúnað í erlendis og þar af leiðandi hækkaði bíllinn í innkaupsverði og þar með varð mjög hár tollur lagður á allan þennan útbúnað. Það var nú kannski ekki aðalatriðið heldur var það tiltölulega erfitt að fá þennan útbúnað á þessum tíma og endaði með því að ég gafst upp á að standa í þessu þar sem það hefði kostað svo mikið vesen og tafir en ég vona að og allir vita reyndar að þetta er komið í gott lag núna. Þetta

er dæmi um að það er ekki nóg að setja gjald á, það verður að auðvelda fólki að draga úr menguninni.

Víða hefur verið sett sérstakt umhverfisgjald á starfsemi sem veldur annarri mengun. Slíkt gjald dregur úr notkun mengandi efna og í því felst hvatning til að önnur efni, sem ekki eru eins mengandi, séu notuð í staðinn. Einnig er lagt gjald á mengandi efni til að kosta rannsóknir á efnum sem geta komið í staðinn fyrir hin mengandi efni. Í Danmörku var lagt gjald á notkun klórflúorkolefna og halóna 1. janúar 1989, 30 danskar krónur á kg, og var áætlað að árið 1990 innheimtust 80 millj. danskra króna sem verja átti til umhverfismála. Þetta varð til þess að önnur efni eru í sjónmáli sem hægt er að nota í staðinn. Ég tel því mjög mikilvægt að hægt sé að fá fjármagn til að þróa nýja tækni og finna upp ný efni.

Í Svíþjóð er einnig lagt umhverfisgjald á ýmis hættuleg efni, m.a. ósoneyðandi efni. Í ljósi þess hve klórflúorkolefni (CFC) og vetnisklórflúorkolefni (HCFC) eru hættuleg umhverfinu fól sænska ríkisstjórnin Umhverfismálastofnun ríkisins (Statens Naturvårdsverk) að koma með tillögur um hvernig hraða megi enn frekar að hætt verði notkun þessara efna en áður var gert ráð fyrir. Þá er ég að tala um enn frekar en þeir alþjóðasáttmálar, sem Svíar voru aðilar að og sem við erum reyndar aðilar að líka, lögðu þeim á herðar. Þeir töldu að það væri svo mikilvægt að koma í veg fyrir notkun þessara efna að þeir ákváðu að frá og með árinu 1995 yrði sett gjald, 300 kr. sænskar á notkun HCFC, þ.e. vetnisklórflúorkolefna, í kælikerfum og 600 kr. á klórflúorkolefni. Þarna eru þeir því að leggja verulega mikið gjald á fyrst og fremst til þess að reyna að koma algerlega í veg fyrir að þessi efni séu notuð.

Við sem flytjum þessa tillögu teljum að það sé eðlilegt að taka upp hér á landi umhverfisgjald með hliðsjón af því sem er annars staðar til að hvetja menn til að draga úr og hætta að nota þessi hættulegu efni en einnig til að hvetja fólk til að setja upp mengunarvarnabúnað. Þá lækkar auðvitað gjaldið og vonandi hverfur algerlega ef mengunin væri komin í algert lágmark. Það fylgir því nefnilega oft verulegur kostnaður að setja upp mengunarvarnabúnað og þess vegna er eðlilegt að þeir sem betur standa sig í þessum efnum fái af því fjárhagslegan ávinning. Það væri sem sagt hagur allra að heildarinnheimta umhverfisgjaldsins minnkaði með tímanum og auðvitað sem fyrst.

Fé sem inn kemur ætti hins vegar einungis að nota í þágu umhverfismála en ekki gera það að almennum tekjustofni fyrir ríkissjóð og sveitarfélög og ég legg verulega áherslu á þetta að með þessari tillögu er ekki verið að tala um almenna skattheimtu eða að það eigi að koma í staðinn fyrir annað heldur að það fé sem komi inn vegna umhverfisgjalda verði eingöngu notað í þágu umhverfismála.

Það er verk að vinna hér á landi ef Íslendingar ætla sér að standa við yfirlýsingar um að þjóðin eigi alltaf að vera í fremstu röð að því er varðar umhverfisvernd. Íslendingar hafa skrifað undir ýmsar alþjóðasamþykktir og yfirlýsingar í umhverfismálum, m.a. á umhverfisráðstefnunni í Ríó og liggur fyrir Alþingi núna að samþykkja m.a. einn af þeim sáttmálum sem þar voru samþykktir. Það verður að halda vel á málum til að unnt verði að standa við þær skuldbindingar sem þegar hefur verið gengist undir. Við eigum að setja markið hátt og vera í forustu í þessum málum en bíða ekki eftir að aðrir hafi frumkvæði eða knýi okkur til aðgerða.

Eðlilegt er að umhverfisráðuneytinu verði falið að vinna að því verkefni sem í þessari tillögu felst í samráði við fjmrn. að sjálfsögðu þegar til lengri tíma er litið og leggja hið fyrsta fyrir Alþingi tillögur um umhverfisgjald sem hafi það að markmiði að efla umhverfisvernd og draga úr mengun.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að þessu máli verði vísað til síðari umr. og umhvn.

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. 1. flm. fyrir að hreyfa þessu máli sem ég tel afar athyglisvert og áhugavert og skiptir verulega miklu máli hvernig til tekst bæði um framkvæmd og útfærslu. En mig langar til að spyrja hv. 1. flm., áður en umræðan fer lengra, hvort hann geri greinarmun á umhverfisköttum og umhverfisgjöldum og ef hv. þm. gerir greinarmun á þessu tvennu hver sá greinarmunur er og hvort tillagan sem hv. þm. leggja hér fram fjalli um umhverfisgjöld eða umhverfisskatta, ef hv. þm. skilur hvað ég er að fara fram á.

Flm. (Kristín Einarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér er ljúft að svara því. Aðalatriðið er ekki hvað það heitir sem ég er að tala um hvort það heitir umhverfisgjald eða umhverfisskattar. Ég kaus að kalla þetta umhverfisgjald vegna þess að einmitt það sem ég lagði áherslu á í lok ræðu minnar er að þetta gjald sem þarna er lagt til á eingöngu að nota í þágu umhverfismála. Þarna er ekki um neinn almennan skatt að ræða í þeim skilningi þess orðs sem oftast er notað, þ.e. að það sé til almennra nota heldur eingöngu að það er verið að nota þetta gjald í þágu umhverfismála til að draga úr mengun og bæta umhverfið. Þar af leiðandi lít ég á þetta sem tvennt aðskilið en hins vegar er það ekki aðalatriði hvað það heitir. Fyrir mér væri það ekki neitt sérstakt mál ef fólk vill kalla þetta umhverfisskatta en mér þykir það verra að mörgu leyti vegna þess að ég er ekki að tala um almenna skattheimtu, þ.e. að það fari í almenna notkun í þjóðfélaginu heldur eingöngu til þessara mála. Þess vegna kaus ég frekar að kalla þetta umhverfisgjald.

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svarið. Það er auðvitað hárrétt hjá hv. þm. að það skiptir ekki öllu máli hvað barnið heitir heldur hvernig til tekst með sköpulag og heilbrigði. En ástæðan fyrir því að ég spyr er sú að í greinargerðinni er ýmist talað um umhverfisgjöld eða umhverfisskatta og þegar tekið er saman t.d. í þjóðhagsreikningum og reiknað út hver skattheimtan er þá er ekki alltaf farið eftir nafninu þegar

flokkað er annars vegar t.d. í þjónustugjöld eða almenna skattheimtu og t.d. það sem við köllum í daglegu tali bensíngjald flokkast hins vegar til skatta í þjóðhagsreikningum. Þess vegna sýnist mér að þótt hv. flm. hafi kosið að tala um umhverfisgjald þá sé raunverulega um skatt að ræða jafnvel þótt þeim tekjum sem þannig aflast sé ætlað að verja eingöngu til umhverfismála og að því væri um þannig markaðan tekjustofn en samt sem áður skatt að ræða.

Flm. (Kristín Einarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki alveg sammála hv. þm. um að það megi líta á þetta eins og hvern annan markaðan tekjustofn. Það má vel vera að það sé flokkað í einhverjum reikningum þannig en það verður þá bara að hafa það. Það verður þá bara að hafa það ef þetta verður samþykkt og það kemur tillaga fyrir Alþingi í þessa veru þá verð ég auðvitað að sætta mig við það ef það heitir þá skattur. En ég vil líta á að þetta geti ekki flokkast undir það á þann hefðbundna hátt og ég vil enn þá frekar leggja áherslu á að það verði kallað umhverfisgjald eftir að hv. þm. minnir mig á að bensíngjald og fleira sem hefur verið notað í annað heldur en því var ætlað upphaflega og þá held ég að við ættum einmitt að sameinast um að líta á þetta sem sérstakt mál sem eðli málsins samkvæmt á helst að vera þannig og það er okkar keppikefli að við fáum ekkert inn að lokum af þessum gjöldum sem þarna eru. Þess vegna vil ég ekki líta á þetta sem skatt heldur sem gjald sem væri lagt á og vonandi tímabundið.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Sú tillaga til þál. sem hér er flutt er hið athyglisverðasta mál og ég fagna framkomu þess. Ég tel að hér sé verið að taka á þætti sem að vísu hefur verið ræddur hér á Alþingi áður en ekki komið fram í þeim búningi sem hér liggur fyrir. Það er því lofsvert framtak af hv. þm. frummælanda sem er 1. flm. málsins að koma því á framfæri með þeirri skýru greinargerð sem fylgir þar sem rakin eru ýmis dæmi um þróun mála á þessu sviði.

Ég tel að það sé mjög mikið verk óunnið hjá okkur enda raunar tæpast af stað farið í sambandi við að reyna að koma á umhverfisbótum með fjárhagslegri stýringu af þeim toga sem hér er vísað til. Vafalaust verður það veikur vísir til að byrja með en sem getur ef vel tekst til orðið mjög þýðingarmikið stjórntæki til umhverfisbóta og til að draga úr þeirri háskalegu mengun sem er alþjóðlegt fyrirbæri og gerist hér á landi í allt of miklum mæli. Mengun sem mun verða til þess að gera jörðina óbyggilega á ekki mjög löngum tíma nema að takist að koma böndum á hana. Ég tel vegna þeirra orðaskipta sem hér fóru fram rétt að nefna það að hér sé um að ræða stjórntæki í umhverfismálum en ekki skatta af þeim toga sem innheimtir eru til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð og megi alls ekki blanda þeim málum saman. Það kom fram tillaga fyrr á þinginu undir nafninu umhverfisskattar þar sem stefnt var að því að slík skattlagning kæmi í staðinn fyrir almenna skattlagningu til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Það er auðvitað af allt öðrum toga. Það mál er til sér meðferðar í efnahagsnefnd þingsins að mér skilst og ekkert á móti því að sjálfsögðu að slíkar hugmyndir komi fram og séu athugaðar. Það er allt annað mál heldur en það sem hér er lagt fyrir og allt annar búningur sem fylgir þessari tillögu sem hér er rædd.

Ég ætla ekki að fara langt út í bakgrunn þessara mála, það hef ég gert oft í umræðu í þinginu. Ég vil þó minna á það að við Íslendingar erum illa staddir að því er varðar t.d. mengun koltvísýrings sem veldur eða talið er að geti valdið hinum háskalegu gróðurhúsaáhrifum. Þar erum við engir eftirbátar hvað snertir meðaltal á íbúa miðað við mörg stærri ríki og þurfum sannarlega að taka okkur á. Þar er samgönguþátturinn stór liður þótt fleira komi þar til. Við þurfum því að gefa þessum málum gaum út frá víðtæku alþjóðlegu samhengi. Á alþjóðavettvangi eigum við líka að stuðla að því að til ráðstafana verði gripið til að forða þeim voða sem við blasir. Ég tel ástæðu til að nefna það hér að við þeim vanda verður ekki brugðist nema að sjónarmið jafnaðar hljóti allt aðrar undirtektir í alþjóðlegu samhengi en gerst hefur og heldur en stefnt er að í sambandi við efnahagsstjórn í þeim hluta heimsins sem iðnvæddur er og þar sem ýmis ríki úr hinum svonefnda þriðja heimi reyna nú að feta í fótsporin og hafa lítið lært. Fyrir tveimur dögum síðan tæpum var til umræðu tillaga sem varðaði samskipti okkar við það stóra ríki Kína sem telur um 1.200 millj. íbúa. Þar var dregin upp mynd af þeirri þróun sem þar er að gerast í efnahagslegu tilliti, hömlulaus iðnvæðing með gífulegri mengun sem byggist á orkunotkun frá kolum í þessu stóra ríki sem mun hafa í för með sér ef eftir gengur sú stefna sem þar er uppi hinar háskalegustu afleiðingar í umhverfismálum og mér sýnist að Kínverjar því miður með þeirri stefnu sem þar er innleidd, sem menn hafa kannski ekki út af fyrir sig mikil efni á að gagnrýna, það að ríki sæki fram til svokallaðra efnahagslegra framfara til að búa þegnum sínum betri lífskjör á þann mælikvarða sem algengastur er nú um stundir, þá blasir það við til hvers ófarnaðar slíkt mundi leiða. Mér sýnist að þeir þar séu að feta í fótspor Sovétríkjanna sálugu undir forustu Jósefs Stalíns á sínum tíma. Eini munurinn er sá að þeir kalla til erlent fjármagn að kjötkötlunum til að standa að þessari iðnvæðingu.

Það er því víða sem óvænlega horfir eins og stefnt er. Hér á dagskrá þessa þings er mikið rætt um Evrópskt efnahagssvæði og m.a. er það á dagskrá í dag. Þar er verið að framfylgja efnahagsstefnu sem magnar stórlega þann vanda sem við er að fást í umhverfismálum og mun auka á hann samkvæmt áliti Evrópubandalagsins og aðila sem til voru kvaddir til að líta á mál í því samhengi. Þetta er reyndar einkenni á efnahagsstarfsemi í hinum iðnvædda hluta heimsins þó menn séu þar að gera smá andlitssnyrtingar með því að reyna að taka upp skárri tækni heldur en beitt hefur verið og draga úr mengun. En vegna aukinna umsvifa og aukinnar orkunotkunar þá er samt nettóniðurstaðan sú að vandinn fer stórlega vaxandi. Það er því alveg ljóst að ekkert annað en gjörbreytt efnahagsstefna

er það sem til verður að koma ef við ætlum börnum okkar lífvænleg skilyrði á þessari jörð. Sú þáltill. sem hér er flutt er lóð réttu megin á vogarskálina og ég ætla að vona að í kjölfar þessarar tillögu takist okkur að bæta stöðuna hér á Íslandi að því er varðar umhverfismál og mengunarvarnir og það megi verða vísir að öðru og meira sem til þarf að koma þó okkar lóð sé ekki mjög þungt á mælikvarða heimsbyggðar.

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. 4. þm. Austurl. fyrir að minna á tillögu til þál. um umhverfisskatta sem ég er 1. flm. að. Við áttum hér orðastað um þá tillögu fyrr í vetur og þá taldi hv. 4. þm. Austurl. að þær hugmyndir sem þar væru settar fram gætu hugsanlega stangast á við EES-samninginn. Í ljósi þess sem ég sagði hérna áðan um tillögu til þál. um umhverfisgjald og það að gjöld sem lögð væru á samkvæmt því, alla vega gjöld sem lögð væru á á svipaðan hátt og koldíoxíðskattarnir, sem vísað er til í greinargerðinni, mundu teljast til skatta þegar skoðað er og flokkað af þjóðhagfræðingum, vil ég spyrja hvort hann telji að tillaga til þál. um umhverfisgjald gæti stangast á við EES-samninginn?

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Árna M. Mathiesen fyrir að nefna þennan þátt hér. Ég tel út af fyrir sig að tillagan í því formi sem hún liggur hér fyrir, þ.e. að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi tillögu um umhverfisgjald, það geta menn gert og undirbúið. Það fer síðan eftir því hvort Íslendingar verða svo ólánsamir að lenda inn í Evrópsku efnahagssvæði hvort eitthvað verður komist áfram með góð mál af þessum toga á sviði umhverfismála, það er nú málið. Evrópskt efnahagssvæði gengur út frá því að framleiðsla á vörum, vöruframleiðsla, efnahagsleg umsvif hafi forgang umfram umhverfisbætur. Það megi ekki koma við neinum hindrunum gegn hinu frjálsa vöruflæði inn á svæðinu sem mismuni aðilum og hv. þm. getur lesið jafnvel úr því hvaða áhrif það muni hafa á frumkvæði þjóða í umhverfismálum. Það er þetta sem gagnrýnt er hart af þeim sem ganga með opin augun að því er varðar umhverfismálin. Umhverfissamtök á Norðurlöndum og um Evrópu alla í rauninni vara mjög sterklega við Evrópska efnahagssvæðinu út frá umhverfismarkmiðum eða sjónarmiðum umhverfisverndar. Og er hægt að rifja upp fjölmargar ályktanir þar að lútandi. Því er þarflegt að benda einmitt á þetta og við skulum vona að Alþingi beri gæfu til þess að lenda ekki í þessu feni sem Evrópskt efnahagssvæði er einnig með tilliti til umhverfismála.

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að hv. 4. þm. Austurl. þurfi ekki að hafa áhyggjur af því að ef við göngum inn í EES svæðið eða samþykkjum EES-samninginn að það muni hindra okkur í að taka annaðhvort upp umhverfisskatta eða umhverfisgjöld hvort sem við kjósum að kalla það og vil ég í því tilliti vísa til greinargerðarinnar með tillögunni um umhverfisgjald. Öll þau lönd sem vísað er til og getið er um dæmi þar sem tekin hafa verið upp umhverfisgjöld eða umhverfisskattar mundu vera innan hins Evrópska efnahagssvæðis og tvö þeirra hafa meira að segja ákveðið að sækja um inngöngu í Efnahagsbandalagið.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það verður auðvitað að lesa úr því eins og efni standa til hversu langt verður komist með stefnu af þeim toga sem hér er lögð til og síst skal ég lasta það ef menn komast eitthvað áfram í þeim efnum. En hitt liggur jafnljóst fyrir að það er alveg skýrt, t.d. í þeim viðræðum sem fram fara nú við nýja umsóknaraðila að aðild að Evrópubandalaginu, að sérhver sjálfstæð stefna í umhverfismálum með frumkvæði sem leggur einhverjar hömlur á vöruviðskipti á innflutning á vörum fær ekki staðist að mati Evrópubandalagsins þær reglur sem menn eru þar að gangast undir. Þannig liggja málin og það er alvara málsins.

Árni M. Mathiesen:

Frú forseti. Ég vil í upphafi máls míns endurtaka þakkir til hv. flm. fyrir að flytja þessa tillögu sem ég tel vera bæði athyglisverða og áhugaverða og efni til að fjalla mjög rækilega um hana þó ég skuli nú ekki tala mjög lengi hér. En ég tel að það sé efni til að fjalla um hana í nefnd því það skiptir mjög miklu máli hvernig þessi mál eru útfærð þannig að það fáist sem best niðurstaða. Umhverfisgjöld eins og gerð er grein fyrir í greinargerðinni teljast til svokallaðra hagrænna stjórntækja og þeim er beitt í æ ríkari mæli til að ná markmiðum í umhverfismálum. Hagrænum stjórntækjum er beitt til að við efnahagslega og viðskiptalega ákvarðanatöku sé tekið tillit til þess kostnaðar sem við höfum af því að skaða umhverfið og ella væri ekki tekinn með í reikninginn. Þetta er m.a. leið til að beita hinum frjálsa markaði til að aðlaga neyslu, viðskipti og framleiðslu að markmiðum umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar. Ég er þess vegna mjög hlynntur því að þessum aðferðum sé beitt til að ná markmiðum í umhverfismálum. Þetta er að ryðja sér mjög til rúms erlendis og ekki síst innan Evrópubandalagsins og meðal þeirra þjóða sem standa að EES-samkomulaginu og vil ég í því tilefni vitna til greinargerðarinnar sem fylgir tillögu til þál. um umhverfisgjald og eins til OECD-letter frá því í mars 1993, bls. 5, þar sem verið er að segja frá því hvernig svokallað „Marked based approach to environment suggested for UK" þar sem sagt er frá því og þar er m.a. talað um svokallað „Carbon tax" sem mikið hefur verið til umræðu innan Evrópubandalagsins og er í samræmi við það sem vitnað er til í greinargerð þáltill. um umhverfisgjald.

Um umhverfisgjöld og umhverfisskatta hefur verið mikið fjallað að undanförnu og vil ég þá vísa til skýrslu umhvrh. um mótun stefnu í umhverfismálum sem lögð var fram á Alþingi fyrr í vetur. Þar er á bls. 10, grein 32, talað um sex almennar aðferðir sem undirstöðu nýrrar nálgunar í umhverfismálum og þar á

meðal er talað um hagræn stjórntæki, svo sem umhverfisskatta og skilagjöld.

Þar er einnig talað um á bls. 15, þar sem aftur er fjallað um hagræn stjórntæki, grein 80, að hafin verði gagngerð endurskoðun skattalaga og opinberra gjalda til að laga neyslu, atvinnulíf og hagkerfi að kröfum sjálfbærrar þróunar.

Það er einnig talað um það í greinum 106 og 107 að hagrænum stjórntækjum verði beitt til þess að hvetja fyrirtæki og heimili til að draga úr sorpmyndun og auka endurnýtingu og að skilagjöldum á drykkjarvöruumbúðum verði beitt í ríkari mæli en nú er og að skilagjöld verði sett á ökutæki og farandvinnuvélar. Einnig er í 107. gr. rætt um umhverfisgjöld á efni, sem geta orðið að hættulegum úrgangi, til að draga úr notkun þeirra.

Neðst á bls. 17 og á bls. 18 er talað um þá jákvæðu reynslu sem hlotist hefur af því að hafa verðmismun á bensíni eftir blýinnihaldi.

Enn fremur er talað um það á bls. 22 að hagrænum stjórntækjum verði beitt til að stuðla að aukinni notkun innlendra orkugjafa í stað olíu og kola og notkun hreinni framleiðslutækni. Á sömu bls., 155. gr., að leitað verði leiða til að leggja umhverfisgjöld á farartæki sem ferðamenn koma með til landsins.

Að lokum er á bls. 25, þar sem dregnar eru saman helstu niðurstöður skýrslunnar, talað um að sérstök áhersla verði lögð á að efla forvarnir og markvissa notkun hagrænna stjórntækja.

Því má jafnvel segja að flutningur þessarar tillögu sé óþarfur þar sem ríkisstjórnin er þegar farin að vinna að þeim málum sem tillagan gengur út á en það ber auðvitað að fagna því í hvert skipti sem við fáum tækifæri til þess að fjalla um þessi mál og ræða þau á Alþingi því væntanlega færir það okkur nær því takmarki, svo ég vitni aftur í skýrsluna, að hægt sé að beita hagrænum stjórntækjum á markvissan hátt.

Það er hins vegar eitt atriði sem ég held að við þurfum að íhuga mjög vandlega, það er það sem fram kemur í tillögunni, það sem ég kalla að um markaðan tekjustofn væri að ræða þar sem öllum tekjum sem af þessum gjöldum kæmu í ríkissjóð væri varið til umhverfismála. Ég held að þetta geti verið mjög varhugavert og það geti leitt til erfiðleika við stjórnun á fjármálum ríkisins eins og markaðir tekjustofnar að öllu jöfnu gera. Þeir minnka þann sveigjanleika sem ríkisvaldið hefur á hverjum tíma og Alþingi til þess að bregðast við erfiðum aðstæðum og aðlaga útgjöld hins opinbera að breyttum aðstæðum og viðhorfum.

Ég er ekki með þessu að segja að það geti ekki verið rétt og eðlilegt að samsvarandi fjárhæð og innheimtist með álagingu umhverfisgjalda sé veitt til umhverfismála, heldur hitt að það geti verið varhugavert að festa það í lög vegna þeirra áhrifa sem það getur haft á möguleika til að bregðast við nýjum og jafnvel oft erfiðari aðstæðum.

Ég vil að lokum endurtaka þakkir mínar til hv. flm., sérstaklega 1. flm., og hlakka til þess að fá tækifæri til þess að fjalla um tillöguna í nefnd.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það ber sannarlega að fagna því sem hæstv. ríkisstjórn kann að gera og horfir til réttrar áttar en því miður eru þau ekki mjög mörg eða fyrirferðamikil þau atriði. Sú skýrsla sem hv. þm. vísaði til og mun hafa átt nokkurn hlut í að taka saman fyrir hönd ríkisstjórnarinnar hefur að geyma ýmis jákvæð stefnumið og ég fagna því að slík sjónarmið koma fram. Ég óttast hins vegar að það geti orðið kannski eitthvað þyngra fyrir varðandi efndirnar, þó ég vilji ekki verða fyrir fram með hrakspár. Það sætir nokkurri furðu að þegar unnið er að málum af toga eins og þarna er um að ræða í þessari stefnumörkun, að unnið er lokað að tillögugerð og það í rauninni var ekki aðeins stjórnarandstöðu heldur stjórnarflokkum, þ.e. fulltrúum innan stjórnarflokkanna sem sinna þessum málum á öðrum vettvangi, var algjörlega hulið að það væri verið að vinna að stefnumörkun í umhverfismálum. Að slíku þarf auðvitað að vinna með sem breiðastri þátttöku til þess að skapa skilning á því sem verið er að gera, en þá er a.m.k. vel ef reynt er að kynna þau sjónarmið og ég ætla síst að lasta það.

Það sem hv. þm. vék að umhverfisgjöldunum og sveiflum sem það ylli fyrir ríkissjóð að beita umhverfisgjöldum sem hagstjórnartæki þá sýnist mér að þingmaðurinn hafi misskilið þennan tillöguflutning, a.m.k. eins og ég les í tillöguna, því þar er gert ráð fyrir því að tekjunum af þessum umhverfisgjöldum eða því sem fæst inn af þeim sé varið til umhverfisbóta en varði sem sagt ekki almenna tekjuöflun ríkisins sem er allt annað heldur en hv. þm. var að leggja til í tillögu fyrr í vetur. Þannig að á þessu er verulegur munur og ekki ástæða til að hafa þungar áhyggjur af þessum þætti.

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held ég hafi alls ekki misskilið tillöguna, ég held hins vegar að hv. 4. þm. Austurl. hafi misskilið mig þar sem ég var að hafa áhyggjur af því að ekki væri nægjanlegur sveigjanleiki þegar um markaðan tekjustofn væri að ræða. Þá er ég kannski ekki fyrst og fremst að tala um ríkissjóð heldur ekki síður um þá aðila sem ættu að greiða gjöldin og geta orðið fyrir skakkaföllum vegna mismunandi aðstæðna bæði í náttúrunni, samanber okkar eigin fiskveiðar og aðra utanaðkomandi þætti er varða efnahagslífið.

Hv. þm. nefndi einnig að skýrsla ríkisstjórnarinnar um stefnu í umhverfismálum hefði verið unnin í kyrrþey eða felum. Ég held að þetta sé allsendis rangt hjá honum. Það var alls enginn feluleikur í sambandi við vinnuna að þessari skýrslu. Það var leitað til allra ráðuneytanna í sambandi við þessa vinnslu og alls ekki ætlunin að vera með neinn feluleik þótt hugsanlega geti verið að hún hafi farið fram hjá einhverjum. En það er ekki við þá að sakast sem að starfinu stóðu heldur frekar þá hina sem ekki fylgdust nægjanlega vel með. Ég vil hins vegar geta þess að þessi skýrsla er einungis fyrsta skrefið í mun viðameira starfi sem mun halda áfram á vegum umhvrn. og ríkisstjórnarinnar.

Útbýting þingskjals:

Húsnæðisstofnun ríkisins, 276. mál, nál. minni hluta félmn., þskj. 1049.

Íslenskt ríkisfang vegna EES, 15. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskh., þskj. 1045.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Ég vil þakka þeim tveim þingmönnum, sem hafa tekið þátt í þessari umræðu, fyrir góðar undirtektir og kom mér það raunar ekkert á óvart að þeir tækju vel undir þetta mál. Hér hefur verið minnst á umhverfisskatta og hafði ég hugsað mér að gera það í minni fyrri ræðu en komst ekki að með allt sem ég hefði gjarnan viljað sagt hafa. Hér hefur verið minnst á tillögu til þál. um umhverfisskatta sem flutt er af fjórum hv. þm. Sjálfstfl. og er 1. flm. hv. þm. Árni M. Mathiesen sem hér hefur tekið þátt í þessari umræðu. Meginmunurinn á þessari tillögu sem hér er til umræðu og þeirri tillögu er að það er talað um að umhverfisskattar geti komið í stað núverandi skatta, svo sem tekjuskatta, eignarskatta, útsvars og aðstöðugjalds, þannig að það er raunverulega önnur hugsun á bak við. Það er kannski þar sem er aðalmunurinn. Ég var ekki sátt við þá framsetningu af því að ég tel ekki að umhverfisskattar geti komið í stað núgildandi skatta. Það er einmitt miklu betra fyrir ríkissjóð að hafa þetta þannig gjald að því sé eingöngu varið til umhverfismála því þá er það algjörlega fyrir utan þann pott sem þar er og þarf ekkert að taka tillit til þess sérstaklega þegar verið er að tala um tekjuöflun ríkissjóðs eins og var raunverulega það sem hv. þm. hafði áhyggjur af áðan. Það er kannski atriði sem ekki þarf að vera að velta allt of mikið fyrir sér á þessari stundu en það er það sem ég vildi helst setja út á þá tillögu sem hér var flutt en ég var ekki til staðar á þinginu þegar talað var fyrir henni þannig að ég gat ekki tekið þátt í þeirri umræðu á þeim tíma.

Hv. 4. þm. Austurl. talaði um að það þyrfti gjörbreytta efnahagsstefnu til þess að forða heiminum frá því sem stefnir í, þ.e. gjöreyðingu, ef áfram heldur sem horfir að því er varðar umhverfismálin og ég er honum algjörlega sammála. Vil ég í því sambandi minna á að á 112. löggjafarþingi samþykkti Alþingi tillögu til þál. um að taka á þessum málum, þ.e. að taka útreikninga að því er varðar hagstærðir, þ.e. aðferðir við útreikninga á þjóðhagsstærðum, til endurskoðunar, þar sem tekið sé tillit til áhrifa á umhverfi og náttúrulegar auðlindir. Í því sambandi birtist hjá Þjóðhagsstofnun í heftinu „Þjóðarbúskapurinn" í apríl 1991 greinargerð um umhverfið og efnahagslífið sem er ágætis greinargerð sem er fyrsta kynning á því hvernig taka mætti á slíkum málum og það kom fram á fyrri fundi þessa dags að ríkisstjórnin er að vinna að þessum málum enn frekar og er það auðvitað mjög gott. En það er ekki nóg að vera með nefndir og hugmyndir um hvernig væri hægt að gera hlutina, það verður auðvitað að framkvæma. Ég bendi aðeins á þessa greinargerð en þar kemur fram hvernig hægt er að beita þessum hagrænu aðferðum, eins og það er kallað, í umhverfismálum. Þar bendir Þjóðhagsstofnun á að hægt er að setja ýmiss konar gjald á, það er hægt að setja á útstreymisgjald sem ég hef gert mest að umtalsefni, síðan er hægt að setja gjald á sorp og mengun vatns og allt mögulegt. Meira að segja hefur í einhverjum mæli verið, að því er þeir fullyrða, sett gjald á hávaðamengun hvernig svo sem það er gert. Síðan er auðvitað hægt að taka upp skilagjald eins og hefur verið notað aðeins hér á landi og síðan benda þeir á hugmynd sem ég hafði aldrei heyrt áður og það er að gefa út svokölluð mengunarleyfi. Mér datt í hug að minnast þess sérstaklega vegna þess að hv. 3. þm. Reykn. talaði um að beita hinum frjálsa markaði í þessum málum. Ég átta mig ekki alveg á hvernig hann hugsaði það því hinn frjálsi markaður hefur yfirleitt ekki verið ginnkeyptur fyrir því að taka umhverfismálin inn í hinar hagrænu stærðir, eins og hv. þm. var að tala um og ég er sammála honum um það. En mig langar að fá að lesa þennan kafla úr þessari skýrslu Þjóðhagsstofnunar en þar segir, með leyfi forseta:

„Á síðustu árum hafa verið búnir til markaðir fyrir nokkurs konar mengunarleyfi. Í upphafi ákveða stjórnvöld hve mikil mengun má vera á ákveðnu svæði, síðan úthluta þau mengunarleyfum. Úthlutun getur farið fram á ýmsan hátt, t.d. með sölu. Eftir að úthlutun hefur farið fram þá mega fyrirtækin versla með mengunarleyfi eftir fyrirframsettum reglum. Með þessu næst að markaðurinn er látinn mynda verð á mengun og mengunarmarki er náð á sem hagkvæmastan hátt. Þau fyrirtæki sem menga lítið geta selt öðrum hluta af sínum leyfum og þannig er hvati fyrir þau að þróa nýjar framleiðsluaðferðir til að minnka mengun. Nauðsynlegt er að fyrirtæki séu nægilega mörg til að heilbrigður markaður geti myndast enda hefur þessi aðferð einkum verið reynd í Bandaríkjunum."

Kemur ekki einhverjum í hug sala fiskveiðikvóta þegar þetta er lesið, að þetta sé samsvarandi, af því að hér er annað höfuðið á tvíhöfða nefndinni mætt og þá datt mér í hug að þetta gæti kannski á einhvern hátt verið sams konar útfærsla og þar er verið að leggja til og reyndar er notuð núna sem einmitt hlýtur mikla gagnrýni.

Mér datt þetta eingöngu í hug vegna þess sem hv. 3. þm. Reykn. sagði áðan og velti fyrir mér hvort það væri þetta sem hann væri að meina af því að ég skildi það ekki sjálf hvernig markaðurinn átti að stjórna þessu.

Ég veit að ég er alls ekki sú fyrsta enda hefur það komið fram mörgum sinnum áður og það er ekki fyrst í vetur heldur fyrir mörgum árum síðan sem hefur verið talað um umhverfisskatta og umhverfisgjald. Það eru mörg mörg ár síðan þetta kom fyrst fram. Það er búið að vera á stefnuskrá Kvennalistans lengi og það var minnst á þetta í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar, ef ég man rétt, þannig að ég er alls ekki að halda því fram að ég sé að koma með eitthvað sem enginn hefur talað um áður. Aðalatriðið er að eitthvað sé gert í málinu og það er það sem verið er að gera með því að ýta á þetta mál. Þess vegna er ég ánægð með það að hv. þm., og ég reikna með báðir þingmenn sem hér töluðu, en hv. 3. þm. Reykn. tók sérstaklega fram að

hann hlakkaði til að vinna að þessu máli í nefnd og það geri ég auðvitað líka. En því miður er lítill tími eftir af þessu þingi þannig að ekki vitum við hversu mikinn tíma við getum notað núna. Aðalatriðið er að umhvrn. vinni að þessum málum eins og mér heyrist að sé verið að gera að einhverju leyti.

Hér fóru aðeins fram orðaskipti áðan milli manna um það hvort EES væri e.t.v. einhver hindrun í vegi að leggja á svona skatt. Ég veit að það eru einhverjir erfiðleikar því samfara og ég veit að Svíar hafa lent í vandræðum út af þessu. Í Sænska dagblaðinu frá því í febrúar 1993 er rætt um útstreymi koldíoxíðs og kröfur EB í því sambandi. Það eru miklu lægri mörk um CO_2-útstreymi í Svíþjóð og mörgum EFTA-löndum en t.d. í EB. Þau mega eingöngu hafa þessa kröfu til 1995, þá eru þau skyldug að flytja inn bíla frá Evrópubandalagslöndum þó að þeir séu ekki með þær kröfur sem þau hafa sett varðandi þessi mál. Þetta er það sem ég veit að er vandamál, en hvort það gildir um gjöld eða skatta á þetta er mér ekki alveg kunnugt en eins og þingmaðurinn veit eru skattar, alla vega ekki enn sem komið er, samræmdir í Evrópubandalagslöndunum þó að það séu margir sem stefna að því að svo verði og það gildir væntanlega ekki á hinu Evrópska efnahagssvæði. Vandamálið er að ef sett eru há gjöld á t.d. vörur frá þessum löndum, ef þau fullnægja ekki t.d. útstreymisgildum sem gilda í Svíþjóð, þá er hætta á því að það verði túlkað sem viðskiptahindrun. Það er það sem er málið þó að það sé auðvitað ekki ljóst enn þá hvernig það mundi fara t.d. fyrir Evrópudómstólnum.

Eins og ég minntist aðeins á áðan, þá er mikil óánægja með þessi mál, sérstaklega í Danmörku. Danir hafa strangar kröfur varðandi t.d. CO_2-útstreymi. Þeir hafa verið mjög óánægðir með undirtektir annarra EB-landa um þeirra kröfur varðandi þessi mál. En Danir hafa samt verulegar áhyggjur af því og það lítur út fyrir það t.d. að þó að þeir hafi, getum við sagt, þetta metnaðarfullt mark að árið 2000 verði útstreymið ekki meira en árið 1990, þá lítur út fyrir núna að aukningin innan EB-landanna verði eftir sem áður 4% á CO_2 útstreymi þrátt fyrir það að þeir hafi haft vonir til þess að minnka það aftur. Það er þess vegna sem vert er að hafa áhyggjur af þessum málum því að það er ekki nóg að setja sér markmið og koma með falleg orð á blaði. Það verður að gera eitthvað. Við Íslendingar höfum auðvitað skyldur í þessum efnum, ekki bara gagnvart okkur hér á Íslandi því að mengun virðir engin landamæri og við verðum að taka okkar skerf af því að reyna að minnka mengun í heiminum í heild.

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað hárrétt hjá 1. flm. að það skiptir ekki máli hvað við látum þetta heita. Það er eðlið sem skiptir mestu máli og það skiptir ekki máli hver það var sem fyrstur uppgötvaði þessi hugsanlega hagrænu stjórntæki heldur hvernig við beitum þeim. Ég get þó hins vegar ekki losnað við þá tilfinningu þegar hv. 1. flm. talar um þessi gjöld að flm. finnist að þau geti verið algerlega einangruð frá öðrum þeim álögum sem við leggjum á fyrirtæki. Ég held að við verðum alltaf í öllu falli að skoða það mjög vel og vandlega hvað við erum að leggja miklar byrðar á þessi fyrirtæki, hvort þau þola þær byrðar og ef þau þola þær ekki, hvort það er þá ekki hægt að finna einhverja aðra leið til þess að ná settu markmiði eða lækka einhverjar aðrar álögur á móti. Mér væri alveg ljúft að ræða þessi mál á þeim grunni að umhverfisgjöld væru viðbótarálögur en umhverfisskattar væru, þegar þeir kæmu, án annarrar almennrar skattheimtu. Ég geri mér hins vegar ekki þá grillu að um hverfisskattar geti komið í stað allra þeirra skatta sem nefndir eru í tillögu til þál. um umhverfisskatta, þ.e. tekjuskatta, eignarskatta, útsvars og aðstöðugjalds. Hugsanlega gætu þeir komið í staðinn fyrir einhverja þeirra eða brot úr einhverum þeirra eða jafnvel einhverra annarra skatta, t.d. bifreiðaskatta sem við í daglegu tali köllum bifreiðagjöld.

Hv. 1. flm. var að velta því fyrir sér hvað ég meinti þegar ég væri að tala um frjálsan markað og las upp úr skýrslu Þjóðhagsstofnunar hvort ég meinti það sem þar stæði. Það sem ég meinti kemur miklu betur fram í greinargerðinni með tillögunni um umhverfisskatt þar sem segir, með leyfi forseta:

„Umhverfisgjald hvetti menn ekki aðeins til þess að draga úr eða hætta notkun hættulegra efna" o.s.frv. og á öðrum stað: „Þeir sem betur standa sig í þeim efnum fái af því fjárhagslegan ávinning."

Það er þetta sem ég var að meina, hv. þm.

Flm. (Kristín Einarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst mjög merkilegt að uppgötva það að allt í einu verði það sem ég var að tala um í minni greinargerð með þessari tillögu, þ.e. þeir sem menga minna hafi af því einhvern fjárhagslegan ávinning, það sé hinn frjálsi markaður. Mér finnst mjög merkilegt hvernig orðnotkunin er. Það er alltaf búið til eitthvað skemmtilegt um það. Ég hef nú bara gaman af þessu og mér finnst mjög gott ef hv. þm. vill kalla það frjálsan markað og það er hann sem sé þarna yfir og undir öllu og allt um kring ef honum finnst það svo vera. (**ÁMM:** Það er hin ósýnilega hönd.) Markaðarins. Það er allt í lagi. Ég held að við getum verið sammála að mörgu leyti í þessum málum. Það getur vel verið að það sé rétt að það megi ekki leggja byrðar á fyrirtækin. En það sem skiptir meira máli er hversu miklar byrðar við leggjum á náttúruna og umhverfið og þess vegna geti vel komið greina auðvitað að lækka önnur gjöld á fyrirtæki sem eiga erfitt uppdráttar. En þar verðum við að hafa í huga að við getum ekki verið að verðlauna ákveðin fyrirtæki sem menga kannski mikið en ekki þó önnur sem ekki menga og þar af leiðandi vil ég ekki líta svo á að við getum tekið upp ákveðna skatta sem heita umhverfisskattar og lækkað um leið tekjuskatta bara á þeim fyrirtækjum. Við verðum að gera það á öllum því að það er ekki hægt að gera það nema allir njóti þess og það á ekki bara lækka gjöldin á þeim fyrirtækjum sem standa sig illa í umhverfismálum, heldur verður það þá að vera alhliða. Ég reikna með að við séum sammála

um það að þessum gjöldum sé hægt að beita til að minnka mengun og draga úr mengun og til hagsbóta fyrir umhverfið.

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einmitt vegna þeirra vangaveltna sem hv. þm. var með hér rétt á undan mér sem lagt er til í skýrslu umhvrh. eða mótun stefnu í umhverfismálum, bls. 15 gr. 80, að hafin verið gagngerð endurskoðun skattalaga og opinberra gjalda til að laga neyslu, atvinnulíf og hagkerfi að kröfum sjálfbærrar þróunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íslenskt ríkisfang vegna EES, 2. umr.

Stjfrv., 15. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 15, nál. 412 og 1045, brtt. 413.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. og brtt. vegna frv. til laga um breytingar á lagaákvæðum er varða íslenskt ríkisfang vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

Nefndin kallaði til menn úr viðskrn. og fékk umsagnir frá nokkrum aðilum sem taldir eru upp í nál. og þar eru lagðar til smávægilegar breytingar á frumvarpstextanum. Efni frv. fjallar um það að taka inn í ákvæði laga um verslunaratvinnu og í iðnaðarlög að ríkisborgarar frá löndum hins Evrópsks efnahagssvæðis annarra en Íslands séu undanþegnir skilyrði um íslenskt ríkisfang samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur í reglugerð.

Brtt. nefndarinnar ganga út á það að í 1. gr. sé sleppt tilvísunum í tiltekin skjöl frá Evrópubandalaginu en ekki lögð til nein efnisbreyting. Síðan er líka gerð tillaga um orðalagsbreytingu á 1. gr. Með sama hætti er gert ráð fyrir orðalagsbreytingu á 2. gr. en það er ekki nein efnisleg breyting.

Frv. er stutt og skýrt og snýst um það að uppfylla ákvæði samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði að því er varðar ríkisfang og skilyrði um ríkisfang í lögum um verslunaratvinnu og iðnaðarlög. Þessar breytingar munu væntanlega ekki hafa stórkostleg áhrif hér á landi. Það hefur nú ekki verið vitað af því að það væri mikil ásókn hjá ríkisborgurum annarra ríkja í það að setja hér upp iðnrekstur eða fara að stunda hér verslunaratvinnu sem þessi skilyrði þarf til og ég reikna ekki með því að þessar breytingar muni hafa veruleg áhrif á okkar atvinnulíf. Það má geta þess að umsagnir sem koma frá þeim samtökum og aðilum sem getið er í nál. eru í þá átt að þetta frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hluta efh.- og viðskn. Það er býsna langt um liðið síðan nefndin fjallaði um þetta mál. Ef ég man rétt, þá var það fyrir áramót og þetta mál svona datt upp fyrir í jólaönnunum hér á þingi, en hér er auðvitað á ferðinni eitt af hinum svokölluðu EES-málum og þetta mál er bein afleiðing af þeim samningi og snertir ¼ hluta hins svokallaða fjórfrelsis, (**HG:** Hvaða samningur er það?) þ.e. það sem snýr að frjálsum flutningi vinnuafls innan svæðisins, samningur ef hann verður að veruleika svo að ég svari nú kalli þingmannsins úti í sal. En nál. er svohljóðandi:

„Frv. felur í sér að gerðar eru breytingar á lögum um verslunaratvinnu og á iðnaðarlögum þannig að ríkisborgurum á Evrópska efnahagssvæðinu verði heimilt að stunda hér þau störf sem lögin ná til.

Þessar lagabreytingar eru afleiðingar samningsins um EES og tengjast þeim ákvæðum hans sem fjalla um frjálsan flutning vinnuafls innan svæðisins.

Engin könnun hefur verið gerð á hugsanlegum áhrifum þessara lagabreytinga á viðkomandi starfsgreinar og ýmsar spurningar vakna varðandi mismunandi menntun og kröfur sem gerðar eru til þeirra sem starfa að verslun og iðnaði.

Minni hlutinn telur rétt að ríkisstjórnin beri ábyrgð á þessu máli og mun því sitja hjá við afgreiðslu þess."

Virðulegi forseti. Þetta er ekki stórt mál og ég efast um að það snerti mjög marga þó að auðvitað kunni svo að fara að fólk leiti hingað eftir atvinnu, bæði í verslun og iðnaði. Eins og ég nefndi áður og fram kemur í nál. þá eru þessar lagabreytingar auðvitað nauðsynlegar verði samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið að veruleika.

Þá má auðvitað varpa fram spurningum eins og við gerðum, minni hlutinn í menntmn., hvort ekki sé ástæða til þess að opna fyrir fólki frá fleiri þjóðum ef vilji er til þess á annað borð að opna íslenskan vinnumarkað. Ég er nú svo sem ekki viss um að menn séu mjög spenntir fyrir því að opna hér allt upp á gátt, en það er auðvitað vont og er svo sem einkenni á öllu þessu EES-máli eða öllum þeim langa ormi að menn hafa lítið reynt að gera sér grein fyrir afleiðingum sem hinar ýmsu lagabreytingar hafa. Það gildir einnig um þetta mál að hér er auðvitað verið að samþykkja eitthvað eða verið að leggja til breytingar sem enginn veit hvaða áhrif muni hafa. Það kom fram á fundi nefndarinnar að þeir sem málið snertir beint, iðnaðarmenn og fleiri, höfðu nú ekki miklar áhyggjur af þessu, kannski óþarflega litlar áhyggjur, en okkar niðurstaða er sú að það sé rétt að ríkisstjórnarflokkarnir beri ábyrgð á þessum breytingum eins og reyndar samningnum í heild. Það er ríkisstjórnin sem leitt hefur þetta mál til lykta ef það er þá til lykta leitt og það er rétt að þeir sem samþykkja samninginn beri þá ábyrgðina á þeim ákvörðunum sem þarf að taka í samhengi við samninginn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað. — [Fundarhlé.]

Evrópskt efnahagssvæði, 2. umr.

Stjfrv., 440. mál (brottfall ákvæða er varða Sviss). — Þskj. 749, nál. 1020, 1053, 1054 og 1055, brtt. 1060.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta utanrmn. sem birt er á þskj. 1020 um frv. til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993. Í álitinu segir að nefndin hafi fjallað um frv. og meiri hlutinn leggi til að það verði samþykkt.

Með frv. er verið að gera breytingar á lögunum um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu sem Alþingi samþykkti 12. jan. sl. og leiðir þær af því að Sviss ákvað í þjóðaratkvæðagreiðslu 6. des. sl. að gerast ekki aðili að svæðinu. Breytingarnar eru því tæknilegs eðlis frekar en efnislegar.

Við meðferð málsins í nefndinni hefur jafnframt verið fjallað á nýjan leik um bókun 3 við EES-samninginn. Sú bókun er um landbúnaðarmál og er samningaviðræðum um endanlegan frágang hennar enn ólokið. Meiri hluti nefndarinnar telur nauðsynlegt að Alþingi fái eins og hingað til nákvæmar upplýsingar um framvindu mála í þeim samningaviðræðum þannig að þingmenn eigi þess kost að taka afstöðu til málsins þar til endanlegar niðurstöður viðræðnanna liggja fyrir.

Þetta nefndarálit undirrita auk mín Karl Steinar Guðnason, Geir H. Haarde, Árni R. Árnason og Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Herra forseti. Það er í sjálfu sér óþarft fyrir mig að fara fleiri orðum um þetta mál. Það liggur skýrt fyrir og er einfalt í eðli sínu. Ég vil hins vegar láta þess getið að í tengslum við afgreiðslu málsins ræddi utanrmn. ítarlega um samningaviðræðurnar um bókun 3 við EES-samninginn, þ.e. þá bókun sem fjallar um landbúnaðarmál og fékk upplýsingar frá ýmsum aðilum, m.a. hv. landbn. um það efni, ræddi við fulltrúa bændasamtaka og einnig yfirdýralækni. Það er skoðun meiri hlutans að ekkert sem fram hafi komið sé þess eðlis að eigi að hafa áhrif á afgreiðslu þessa frv. en við töldum nauðsynlegt í meiri hlutanum að árétta vilja okkar til þess að hafa áframhaldandi afskipti af samningagerðinni um bókun 3 með því að setja ákvæði um það atriði inn í okkar álit. Ég er þess fullviss að það mun fram ganga og utanrmn. og landbn. muni gefast færi á því að fylgjast náið með framvindu viðræðnanna um bókun 3, en þeim verður haldið áfram nú á þessu ári og verður vafalaust tækifæri til þess að ræða það mál síðar hér á þinginu.

Útbýting þingskjala:

Evrópskt efnahagssvæði, 440. mál, nál. 1. minni hluta utanrmn., þsk. 1053; nál. 2. minni hluta utanrmn., þsk. 1054; nál. 3. minni hluta utanrmn., þskj. 1055.

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég tek undir með hv. formanni utanrmn. frsm. meiri hlutans, að það er ekki ástæða til að hafa langt mál um það frv. sem hér liggur fyrir út af fyrir sig. Það er rétt að hér er um tæknilegar breytingar á þeim lögum sem samþykkt voru í janúar um þátttöku Íslendinga í hinu Evrópska efnahagssvæði að ræða. Þó eru það líka efnisbreytingar og þó einkum aukið framlag okkar í þróunarsjóð hins Evrópska efnahagssvæðis. Þetta er þó mikilvægt frv. að sjálfsögðu því að það markar lok afskipta Alþingis af þessu máli má segja um sinn. Þó að vitanlega eftir að komi fyrir mörg mál sem tengjast hinu Evrópska efnahagssvæði, þá gera menn ráð fyrir því að samningurinn sé með þessu kominn í endanlegt form. Út af fyrir sig get ég tekið undir að það er öllu skárra að hafa samninginn réttan heldur en rangan eins og hann er nú eða lögin.

Afstaða okkar í 1. minni hlutanum er sú sama sem var við afgreiðslu málsins í janúar. Við teljum að þessi samningur standist ekki hina íslensku stjórnarskrá og reyndar sýnist mér að stöðugt fleiri rök hnígi að því að það framsal á valdi sem gert er ráð fyrir fái ekki staðist og athyglisvert er að kynnast þeirri umræðu sem varð í Noregi um það mál þar sem mjög greinilega kom fram svipuð afstaða og talið var óhjákvæmilegt að afgreiða samninginn með tilvísun til þess ákvæðis í norsku stjórnarskránni sem heimilar afsal valds. Einnig hefur komið mjög athyglisverð grein í tímariti lögfræðinema þar sem þetta er ítarlega rakið og komist að sömu niðurstöðu.

En það er líka fleira sem komið hefur fram sem vissulega vekur menn til umhugsunar um þetta mál allt og þá vil ég ekki síst nefna þau mistök, ótrúlegu mistök sem hafa orðið að því er virðist í meðferð landbúnaðarmála sem tengjast þessum samningi, þ.e. um framkvæmd á bókun 3. Ég vek athygli á því að í áliti meiri hluta utanrmn. með frv. í janúar sl. var skýrt tekið fram að nefndin hefði verið fullvissuð um það af viðkomandi ráðuneytum að sú framkvæmd væri fullkomlega í lagi og okkur Íslendingum væri heimilt að leggja á jöfnunargjald. Það má einnig vísa til þess sem hæstv. utanrrh. sagði þegar þetta mál bar á góma fyrr í umræðunni um hið Evrópska efnahagssvæði. Þá sagðist hann líta svo á að eins og undanþága Íslands er orðuð, þá væri okkur í raun heimilt að leggja á óendanlega hátt jöfnunargjald á þann innflutning sem hafði verið bannaður áður hingað til lands og hann líkti saman banni við óendanlega háa tolla. Og ég er út af fyrir sig að ýmsu leyti sammála hæstv. utanrrh. um það en nú virðist þetta ekki hafa staðist og því miður hafa vinir hæstv. ráðherra í Brussel ekki tekið þetta gott og gilt og hafa hafnað þessu. Komið hefur fram að það er alls ekki enn þá frá því gengið að við Íslendingar fáum eins og aðrar þjóðir að leggja á það jöfnunargjald sem okkur er nauðsynlegt ef hér á ekki að verða um meiri háttar slys að ræða. Á fundi utanrmn. komu fram hugmyndir um lagfæringar á þessu, en þær hafa ekki fengist samþykktar og næsti fundur um landbúnaðarmálin í Brussel er ef ég man rétt 4. maí. Af þeirri ástæðu

einni saman í raun væri ástæða til að bíða með þetta mál og ég hef lýst þeirri skoðun í hv. utanrmn. að það kunni að vera mistök að afgreiða þetta mál nú. Þetta gæti verið einhvers konar — hvað eigum við að segja — kefli sem við hefðum á Evrópubandalagið að við vildum fá landbúnaðarmálin í höfn áður en við gengjum endanlega frá samningi um hið Evrópska efnahagssvæði. En meiri hlutinn féllst ekki á það og vill afgreiða málið nú.

Auk þess má vekja athygli á því að það er afar mikil óvissa um atriði EES-samningsins hjá Evrópubandalaginu sjálfu og hæstv. utanrrh. hefur sagt ýmislegt um það, ekki síst í 1. umr. um tillögu um tvíhliða samning. Þar lýsti hann jafnvel því að samningurinn yrði aldrei að veruleika, yrði aldrei staðfestur og vísar þá til þess að ef Maastricht-samkomulagið yrði ekki staðfest í Danmörku og Englandi, þá mundi verða veruleg andstaða gegn þessum samningi. Enn er þar ástæða til þess fyrir okkur Íslendinga að bíða með frekari aðgerðir í þessu máli og sjá til hvort Maastricht-samkomulagið verður staðfest. Það verður lagt fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu í Danmörku nú mjög innan skamms og þá kæmi það í ljós.

Það mætti jafnvel benda á það að sjávarútvegssamningurinn, sem lá svo óskaplega mikið á að staðfesta, hefur ekki verið staðfestur enn af hálfu Evrópubandalagsins og ég hlýt að lýsa þeirri von að það dragist því að það er náttúrlega augljóst að við hefðum engan hag haft af þeim samningi á þeirri loðnuvertíð sem er lokið því að það náðist ekki að ná þeim afla öllum sem til boða var (**GAK:** Kannski ekki á næstu heldur.) og kannski ekki á næstu heldur. Nei, það er ekki ólíklegt. Þá hljótum við allir að sameinast um það að það væri afar óeðlilegt að togarar Evrópubandalagsins færu að veiða í íslenskri fiskveiðilögsögu nú á þessu ári.

Ég held að það sé líka óhætt að vekja athygli á því að efnahagslegur bati eða ávinningur af þessum samningi fer í raun stöðugt minnkandi. Sannarlega viðurkenni ég að hann er nokkur í sjávarútvegi en a.m.k. á þessu ári verður hann lítill sem enginn þar og óvissa er svo mikil í efnahagsmálum Evrópubandalagsins að ástæða væri til að bíða.

Af þessari ástæðu höfum við gert ráð fyrir því að það kæmi fram tillaga um það að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar og það biði þar þar til slík mál hafi verið upplýst. Ég sé nú að vísu að henni hefur ekki verið dreift. Það er tilvísun í þá tillögu í nál. okkar og ég hef verið fullvissaður um það að tillaga um frávísun til ríkisstjórnarinnar er á næsta leiti. Við lýsum því hér yfir, flm. þessa minnihlutaálits að við munum styðja þá frávísunartillögu eða tillögu um vísun til ríkisstjórnarinnar.

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Það er nokkuð sögulegur dagur hér á Alþingi Íslendinga þegar rætt er um frv. um breytingu á ólögum sem samþykkt voru á þinginu í janúarmánuði, að vísu marklítil vegna þess að sá samningur sem þá lá fyrir, var enginn samningur, ekki fullbúinn. En síðan hefur það gerst að mál þetta hefur verið til lykta leitt á vettvangi samningsaðila um Evrópskt efnahagssvæði og hér liggur fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Evrópskt efnahagssvæði, komið frá hv. utanrmn. þar sem meiri hluti nefndarinnar leggur til að málið verði samþykkt.

Ef þetta gengur eftir, þá mun það gerast innan ekki langs tíma að meiri hluti á Alþingi Íslendinga stígur það mikla ógæfuspor að tengja Ísland við viðskiptabandalag og pólitískt bandalag eins og flokka má Evrópubandalagið og þá útvíkkun þess sem felst í Evrópsku efnahagssvæði. Þetta er að vísu skref ef tekið verður sem ekki er óafturkræft og það getur orðið verkefni okkar hér á Alþingi á næstu árum, vonandi ekki allt of mörgum, að berjast um í þessu neti, varast það að við verðum flækt í enn þéttriðnara net Evrópubandalagsins og leitast við að losa Íslendinga undan þessum samningi. Það kæmi mér ekki á óvart þó að þeim fjölgaði hér á Alþingi sem innan nokkurs tíma, að fenginni reynslu af þessum samningi, óskuðu þess að önnur spor hefðu verið stigin en þau sem hér eru í undirbúningi með því að tengja okkur inn í Evrópskt efnahagssvæði. Það er mikil ábyrgð þeirra alþingismanna sem kunna að verða þess valdandi að þessi verði niðurstaðan og það getur orðið þungur dómur sem sagan kveður upp yfir þeim sem eru þátttakendur í þeirri ferð.

Það er mikil ábyrgð sem fylgir því að tefla gegn íslensku stjórnarskránni og ákvæðum hennar, að gera samning sem að góðra manna yfirsýn stangast á við fjölmörg atriði íslensku stjórnarskrárinnar með beinum og augljósum hætti gegn nokkrum ákvæðum hennar og óvissa er aftur um aðra þætti sem bætast þar við. Það er mikil ógæfa í því fólgin að ætla að svipta Alþingi Íslendinga í reynd möguleikum til mótun löggjafar á þýðingarmiklum sviðum þjóðmála eins og verið er að gera ef þessi samningur á að ganga yfir. Það er fátt sem er ógeðfelldara en þegar menn eru að verja gerðir sínar með því eins og talsmenn þessa samnings, málsvarar, eru að gera með því að vísa til þess að Alþing haldi eftir formlegu valdi til neitunar á þeim lögum og reglum sem Evrópubandalagð mótar og berast hér inn á borð þingsins á færibandi í skjóli þessa samnings. Það er auðvitað öllum ljóst að þannig er um hnútana búið að hér er um hreint formsatriði að ræða sem ekki verður unnt að nota í reynd fyrir Alþingi Íslendinga nema í hreinum undantekningartilvikum, enda auðvitað ekki til efnahagssvæðisins stofnað með það fyrir augum að Alþingi leggi sjálfstætt mat á löggjöf, á ákvarðair, heldur þvert á móti. Það er verið að setja Ísland og þau málasvið öll, mikilvægustu málasvið íslenskra efnahagsmála, atvinnumála og ýmissa þátta félagsmála inn í gangverk þar sem við erum jafnfest inn í það og tannhjól, eins og lítil tönn í miklu gangverki og þar sem hlutur alþingismanna gæti minnt á leikarann í Nútíma Chaplins sem fékkst við það að viðhalda vélinni og gangverkinu. Að uppfylla formið, að stimpla ákvarðanirnar sem teknar verða á fjölþjóðlegum vett-

vangi, undirbúnar af fjölda embættismanna frá löndunum 17 sem þarna eiga að vera þátttakendur. Það sem hér er að gerast er að það er verið að þrengja stórkostlega að lýðræði í landinu með þessum samningi og fela embættismönnum undirbúning ákvarðana og við aðstæður sem veita þeim í raun fáa möguleika til þess að koma íslenskum sjónarmiðum og íslenskum hagsmunum á framfæri, hvað þá að halda þeim til haga í nefndunum sem eiga að undirbúa málsgögnin til framlags og það sem embættismannaliðið frá EFTA-ríkjunum 6 eða 5 eins og þau nú eru sem fyrst þá yrðu aðilar að þessum samningi þar sem þeir eru í hlutverki áheyrandans, þar sem valdið liggur hjá embættismannagengi Evrópubandalagsins og að lokum hjá ráðherraráði Evrópubandalagsins. Það er þetta samhengi sem um er að ræða, það er þetta sem felst að því er Alþingi Íslendinga varðar í þessum samningi.

Menn eru svona að fá rétt fyrsta forsmekkinn að því hvernig það verður þó ekki væri nema fylgjast með og halda áttum fyrir embættismennina í þessu flókna gangvirki. Menn sjá það á afsökunum stjórnmálamanna fyrir hinum svokölluðu mistökum sem þó eru kannski með vilja gerð í sambandi við þýðingarmikla þætti sem varða aðdraganda málsins og undirbúning samninga og birtast m.a. í þeirri afgreiðslu sem fyrir liggur að því er varðar íslenska hagsmuni á sviði landbúnaðarmála og mjög hafa verið til umræðu nú að undanförnu. *Eitt lítið sýnishorn af því hvernig á þessum* málum hefur verið haldið og þar á margt eftir að bætast í það safn því að við þyrftum að vera liðmargir og með mörg augu á vettvangi nefndanna 2.000 sem talað var um eitt sinn að stofnað yrði til í skjóli þessa samnings og til þess að tryggja viðgang hans og það verður ekki lítil straumur íslenskra embættismanna og stjórnmálamanna út á þennan fjölþjóðlega vettvang til þess að taka þátt í þessu gangverki. Það blikna nú allmjög kostnaðartölurnar í sambandi við utanferðir á vegum íslensku stjórnsýslunnar ef þessi samningur verður að veruleika. Það þýðir lítið að tala um að það eigi að skera það niður á þeim vettvangi eins og mjög hefur verið reynt, eðlilega, að veita aðhald á því sviði því að þá er ekkert um annað að ræða en segja: Við bara gefumst upp við það að reyna að fylgjast með, við bara gefumst upp við það að reyna að halda áttum. Við látum þetta bara koma óséð hér inn á borðin, tökum við því sem að okkur er rétt og það er kannski úrræði sem er ekki jafnfjarstæðukennt og ætla mætti vegna þess að aðstaða okkar til áhrifa í þessu kerfi til að halda til haga okkar hagsmunum er svo sáraveik sem raun ber vitni. Úrslitavaldið í öllum tilvikum í löggjöf og reglugerðarsetningu á þessu svæði samkvæmt þessum samningi liggur hjá Evrópubandalaginu.

En það er nú kannski óþarflega mikil svartsýni að bóka það hér með að þessi verði niðurstaðan. Ég hef að vísu ekki von um það úr þessu að það verði meiri hluti á Alþingi til að vísa þessu máli frá. Hann er ekki í sjónmáli. En það er samt margháttuð óvissa tengd við afgreiðslu þessa máls áður en samningurinn öðlaðist gildi og fullnaðarstaðfestingu. Sem betur fer er enn von, kannski veik von, en allténT von til þess að þetta mál verði aldrei að veruleika. Það er að vísu illt til þess að vita að það verði ekki Alþingi Íslendinga sem aftengi þennan samning heldur einhver önnur þing sem hugsanlega koma þar við sögu og við eigum eftir að fylgast með því nú á næstu mánuðum hver verði niðurstaðan í því sambandi, hver verði afgreiðslan á vettvangi annarra þjóðþinga og þá er sérstaklega horft til þinga innan Evrópubandalagsins þar sem áhugi á þessu máli er misjafnlega mikill og ljóst er að ýmsir tengja afgreiðslu þessa samnings, þessarar útvíkkunar Evrópubandalagsins til norðurs sem hér er verið að framkvæma með vissum hætti, framgangi og afdrifum Maastricht-sáttmálans á vettvangi Evrópubandalagsins, þeirra þróunar og þeirra ákvarðana sem honum fylgja í átt til ríkisstofnunar á grundvelli núverandi EB. Það er nefnilega langt frá því að veruleikinn sé sá sem ýmsir láta í skína, að samrunaþróunin innan Evrópubandalagsins sé nánast stöðvuð, *samrunaþróunin í átt* að sambandsríki eða ríkisheild sé komin í strand. Það er að vísu rétt, það er talsverð óvissa um það hversu hratt það ferli muni ganga og hver afdrifin munu verða. En allur liggur straumurinn enn sem komið er frá ráðamönnum í þessum löndum í þá átt að knýja fram þennan samruna, knýja Maastricht-samkomulagið fram til samþykktar og framkvæmda. Og í því felst að með því, ef eftir gengur, er komið allt annað EB, allt annar aðili sem hefur undirtökin innan Evrópsks efnahagssvæðis *heldur en nú er um að ræða, allt annað* Evrópubandalag. Og menn eru eðlilega að kalla það öðru nafni, Evrópusamband held ég að hafi verið í skýrslu utanrrh. hér á dögunum, Evrópusamveldi tala aðrir um. Á erlendu máli er þetta Union eins og var notað um Sovétríkin, Sovét Union, European Union á enskunni sem þarna er á ferðinni, þetta nýja væntanlega Evrópustórveldi. Og það er sá aðili ef eftir gengur sem hefur öll undirtök gagnvart Íslendingum sem öðrum þeim sem undririta og gerast þátttakendur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Það er þetta Union sem ætlar sér að stofna sjálfstæðan her, reka sjálfstæða utanríkisstefnu og er þegar komið á leið með samræmingu sinnar utanríkisstefnu og fylgir henni eftir með samræmdri stefnu á sviði öryggismála og sjálfstæðum her. Og það var hér verið á Alþingi í gær að tengja Ísland inn við þetta hernaðarbandalag Evrópubandalagsis, virðulegur forseti. Það voru þær ákvarðanir sem teknar voru hér í gær á Alþingi Íslendinga að gera Ísland að svokölluðum aukaaðila, viðhengi við þetta hernaðarbandalag Evrópubandalagsins svo að það er náttúrlega alveg ljóst að hverju er stefnt, hvert straumar liggja hjá þeim meiri hluta sem ræður ferðinni á Alþingi Íslendinga og ætlar með þessum samningi ekki aðeins að veikja stórkostlega löggjafarvaldið heldur jafnframt að tengja okkur við Evrópubandalagið í sambandi við þess hernaðarumsvif og hernaðarstefnu þar sem við fáum engu ráðið um það hvert kastið lendir hverju sinni. Kylfa verður látin ráða kasti að því er okkur varðar í þeim efnum og er það satt að segja ömurlegt hlutskipti sem okkur er þannig ætlað. En það er sem sagt enn þá von til þess að þetta steyti á skeri, þessi samningur og það yrðu söguleg tíð-

indi ef svo færi, en fram til þessa hafa skerin verið býsna mörg en þó losnað um skútuna og þess vegna erum við stödd þar sem við erum stödd í dag varðandi þetta stóra mál.

Það hefur verið staðið með afar ólýðræðislegum hætti að þessu máli, að undirbúningi um þetta mál og ákvörðunum um það. Þessi samningur lá ekki fyrir þegar gengið var til kosninga á Íslandi vorið 1991, virðulegur forseti. Þá lá enginn samningur fyrir. Þessi samningur var ekki hátt uppi í hugum Íslendinga þegar gengið var að kjörborðinu 1991. Þrátt fyrir það hafnaði meiri hluti þeirra, sem eru að knýja þetta mál fram, þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Það mátti ekki gerast að íslenska þjóðin fengi að segja álit sitt á þessu máli. Slík er nú lýðræðisástin hjá því liði sem er að knýja þetta mál fram á Alþingi Íslendinga, gegn íslensku stjórnarskránni, gegn íslenska lýðveldinu, hornsteinum þess. Það er ljóta lestin og aumt á að líta.

En það er víðar sem þannig er staðið að málum. Ef litið er til Noregs, nágrannaríkis okkar, þá er það nú kannski enn þá átakanlegra. Þar var síðast kosið ef ég man rétt 1989 áður en farið var að festa nokkuð á blað varðandi þetta mál, nokkuð á blað. Norskir kjósendur höfðu ekki heyrt minnst á þetta svæði nema kannski rétt í aðdraganda þess að farið væri að fjalla um það, undirbúa könnunarviðræður. Og staða er þannig að á þessum degi er norska Stórþingið í sömu sporum og Alþingi Íslendinga að ræða þetta mál, komið frá utanríkismálanefnd norska Stórþingsins og þar munu atkvæði væntanlega ganga í dag af þingmönnum sem eru umboðslausir að því er varðar þetta mál og hafa hafnað eins og hinn naumi meiri hluti hér á Alþingi Íslendinga að veita norsku þjóðinni aðgang að málinu. Þó eru ekki nema örfáir mánuðir þangað til norska þjóðin samkvæmt sínum lögum og reglum gengur að kjörborði í septembermánuði nk. og það liggur alveg fyrir, það eru allar vísbendingar í þá átt, virðulegur forseti, samkvæmt skoðanakönnunum þar í landi að sá aukni meiri hluti sem þarf að vera fyrir samþykkt svona máls verði ekki til staðar að kosningum loknum að hausti í Noregi. Þess vegna leggur það lið sem er að knýja þetta mál fram þar í landi höfuðkapp á það að afgreiðslan verði fyrir kosningar tekin af umboðslausum þingmönnum að því er þetta mál snertir. Allt bendir til þess að forustuflokkar þessa máls í Noregi, virðulegur forseti, norski krataflokkurinn í fararbroddi í nánu bandalagi við hægri flokkinn eins og hér á Íslandi, gjaldi afhroð í kosningunum þar og þeir flokkar sem einbeittastir eru í andstöðunni við þetta mál fái aukið brautargengi sem nægði til þess ef það biði úrslitakosninga til þess að samningurinn hlyti ekki samþykki eftir norskum reglum með ¾ meiri hluta sem krafist er í Stórþinginu fyrir samþykkt máls sem felur sér framsal grundvallarréttinda, landsréttindi í Noregi en ekki 50% eða einfalds meiri hluta eins og hér á Alþingi Íslendinga. Það er fróðlegt fyrir Alþfl. hér á landi, kratana hér á landi að virða fyrir sér stöðuna hjá flokksbræðrum og flokkssystrum í Noregi eins og horfurnar eru núna í þeim hlutum Noregs sem m.a. byggja mest á sjávarútvegi, norðurhlutanum þar sem staðan er nú sú eftir vísbendingum að sósíalíski vinstri flokkurinn er kominn vel yfir kratana í þremur nyrstu fylkjum Noregs. Það segir kannski svolítið um eðli þessa máls varðandi dreifbýlið, varðandi hagsmuni dreifbýlis og varðandi hagsmuni sjávarútvegs. Það segir kannski eitthvað um það því að það er einmitt dreifbýlið á Íslandi, það er landsbyggðin á Íslandi sem fyrst mun gjalda fyrir þetta mál þó að blóðið eigi eftir að streyma frá þjóðarheildinni í efnahagslegu tilliti vegna þessa samnings svo að ekki sé nú talað um þróttinn sem tengist því að viðhalda sjálfstæði, taka sjálfstæðar ákvarðanir. Það verður landsbyggðin hér sem mun fyrst lenda í útsoginu en auðvitað mun það bitna fyrr en varir á þjóðarheildinni.

Við erum farin að sjá móta fyrir afleiðingum þessa samnings því að það er svo að þeir hafa verið svo kappsfullir, ráðherrar í ríkisstjórninni og meiri hluti hér á Alþingi, að innleiða leikreglur fjórfrelsisins sem er undirstaða þessa máls áður en samningurinn gengur í gildi. Sú stefna, sem samningurinn felur í sér, er þegar búin að hafa áhrif á íslenska löggjöf og ákvarðanir íslensks framkvæmdarvalds, t.d. í sambandi við gjaldeyrismál og í sambandi við fjármagnsflutninga og menn eru þegar farnir að verða varir við áhrifin og þau eiga auðvitað eftir að magnast. Í hvaða átt ætli sá straumur muni liggja varðandi sparifé landsmanna? Hvað halda menn um það? Halda menn að það streymi hér inn fjármagnið í bankastofnanirnar erlendis frá? Haldið þið að menn hamist við að ávaxta sitt pund hér í bönkunum uppi á Íslandi, lífeyrissjóðirnir, aðrir sem yfir fjármagni ráða? Ætli þeir fylgi ekki ráðunum um að dreifa áhættunni og ætli fari ekki að lækka á reikningunum hér innan lands og þrengjast um varðandi takmarkaða möguleika Íslendinga til að byggja upp eigið atvinnulíf í krafti þess litla fjármagns sem við búum yfir.

Með mestum fádæmum varðandi þetta mál er það sem snýr að fyrirheitum stjórnarflokkanna sjálfra og forustumannsins á skútunni, Jóns Hannibalssonar, hæstv. utanrrh. Að því er varðar þær lagasetningar sem átti þó að halda til haga varðandi íslenska hagsmuni, varðandi íslenskar náttúruauðlindir, sem áttu að tryggja að það yrði reynt að verjast í þeim efnum og tryggja a.m.k. að það liggi fyrir sæmilega skýrar leikreglur að því er það varðar. Einn fylgiþáttur þessa samnings varðar aðgang skipa frá Evrópubandalaginu að íslenskri fiskveiðilögsögu, mál sem þegar er búið að afgreiða hér á Alþingi Íslendinga þó að dokað sé við með staðfestingu þess, sem er þannig í sniðum, er þannig í stakk búið að með miklum fádæmum er þar sem látið er að því liggja að um sé að ræða skipti á hagsmunum en ekki einhliða yfirgang sem er reyndin í þessu máli, einhliða gjöf til Evrópubandalagsins að því er varðar aðgang að íslenskum fiskimiðum og ekkert kemur á móti. Einhver pappírsloðna norður í höfum sem Evrópubandalagið hefur ekki reynt að hagnýta sér í bráðum áratug og sýnir engan lit á að ætla að reyna að nýta og sem Íslendingar hefðu þar með fullan aðgang að, viðurkennt af öllum sem líta á málið og liggur fyrir hvernig þeim málum hefur verið hagað. Á

móti koma svo svardagar, eini fyrirvarinn sem menn stóðu þó á varðandi samninginn. Það er fjárfestingin í fiskiskipum og frumvinnslu sjávarafurða, fyrirtækin sem vinna sjávarafurðir í frumvinnslu. En ætli það sé nú hugmyndin hjá stjórnarflokkunum að standa fast á þeirri löggjöf sem þar liggur fyrir? Nei. Ef marka má tillögur þeirrar endemis nefndar sem stjórnarflokkarnir settu á laggirnar og hlaut heitið tvíhöfði, tvíhöfða skrímsli ríkisstjórnarinnar, þá má lesa í tillögum hennar sem eitt af hinum brýnu atriðum að rýmka um fjárfestingaheimildir útlendinga á sviði sjávarútvegsmála í fiskiskipum og í vinnslustöðvum, að eitt verði látið yfir atvinnuvegina ganga að því leyti að aðgengi útlendinga verði hið sama að því er snýr að sjávarútveginum væntanlega innan tíðar eins og varðandi aðra atvinnuvegi. Þetta er staðan með þann fyrirvara eins og tillögur liggja fyrir frá þessari nefnd skipaðri undir forustu trúnaðarmanna stjórnarflokkanna tveggja.

Á sviði jarðnæðis liggur fyrir frv. sem hefur ekki mikið heyrst um upp á síðkastið í þinginu. Þetta er frv. frá landbrh. sem ætlað var til þess að þrengja möguleika útlendinga til þess að eignast jarðnæði, kaupa lendur á Íslandi, kaupa upp land. Ekki hefur heyrst mikið um það mál upp á síðkastið, frv. til laga um breytingu á jarðalögum sem er þannig í stakk búið að þegar átti að fara að þrengja að kom auðvitað í ljós, virðulegi forseti, að samkvæmt grundvallarleikreglum EES yrði eitt yfir útlendingana og Íslendinga að ganga. Einn grundvallarþáttur þessa máls er að ekki má mismuna eftir þjóðerni. Það gæti farið að þrengjast um á hinum húnvetnsku heiðum áður en langt um líður, virðulegi forseti og í dölum Húnavatnssýslu, dölum norðan lands, á eyjum og útskögum við Ísland þegar aðilar í Evrópsku efnahagssvæði, fjársterkir aðilar í Evrópubandalaginu, Þjóðverjar í fararbroddi, fara að kemba möguleikana til þess að komast yfir jörð og land á Íslandi til afnota í frístundum sínum og hugsanlegra nytja því að enn er ekki búið að loka á það að þeir geti notað hlunnindin og auðlindirnar sem tengjast landinu. Hafa menn sett sig í spor þeirra í þéttsetnum löndum Mið-Evrópu sem líta á óbyggt eða fábyggt land sem eftirsótt gæði til að nýta og hafa aðgang að í tómstundum sínum fyrir sig því að auðvitað mun viðleitni þeirra beitast að því að útiloka aðra fyrir aðgangi á slíkar lendur. Þeir Íslendingar og þau íslensk fyrirtæki verða vafalaust til, sem sjá sér hag í því að gerast umboðsaðilar til þess að finna þetta jarðnæði fyrir þá aðila sem hafa fullar hendur fjár. Hverjir eiga svo að standa á móti? Fátækar og lítils megnugar sveitarstjórnir með forkaupsrétt þegar veifað er fullum höndum fjár? Það er ójafn leikur, virðulegi forseti. En það er sú staða sem verið er að bjóða upp á í þessu máli að því er varðar landið. Hvað um orkulindirnar? Hvað með auðlindirnar sem landinu tengjast? Hvar eru frumvörpin, virðlegur forseti, sem heitið var af ráðherrum ríkisstjórnarinnar, iðnrh., á haustdögum að væru að koma hér inn í þingið að því er varðar jarðhitaréttindi, eignar- og umráðarétt yfir jarðhita, eignarrétt á orkulindum fallvatna? Þetta voru frumvörp sem komu í haust og átti að lögfesta fyrir jól hér í þinginu. Hvorki hefur sést tangur né tetur af þessum málum. Þau eru einhvers staðar strand. Virðulegur forseti er kannski í þeim hópi sem hefur einhverjar hugmyndir um hvers vegna.

Þjóðin er farin að gjalda þess að Alþingi Íslendinga hefur ekki tekið á þessum málum á undanförnum árum út frá almennum forsendum burt séð frá þessu Evrópska efnahagssvæði. Í áratug hafa legið fyrir þinginu frv. um það að staðfesta eignarrétt íslenska ríkisins að þessum auðlindum okkar tengdum landi þar sem meiri hluti á Alþingi hefur ekki borið gæfu til að taka undir. Nú þegar eru ekki 250 þús. manns komin í spilið, ekki 250 millj. heldur 380 millj., virðulegur forseti, sem hafa jafnræði að keppa um auðlindirnar við hvern sem er í þessu landi. Hver stendur gegn því að á þessum málum verði tekið? Hver stendur gegn því að á Alþingi Íslendinga komi efndir á fyrirheitum um það að hér eigi að reyna að reisa hönd við? Hvar er þá þingmenn að finna? Hvar er á valdamenn að finna? Hvar er hæstv. iðnrh., virðulegur forseti? (Gripið fram í.) Ég óska eftir því að hann verði sóttur áður en þetta mál og þessi umræða er til lykta leidd. Við krefjumst að sjálfsögðu þess að hæstv. iðnrh. svari fyrir um það, hvar eru efndirnar varðandi þessi frumvörp? Ætla menn bara að horfa fram hjá því og ana út í fenið með þessi mál eins og margt annað ófrágengið að því er leikreglurnar varðar? — Er það rétt sem ég heyrði að hæstv. iðnrh. væri kominn á fund í æðsta klúbbi hinna ríku, Bilderbergklúbbnum? Kannski veit hæstv. utanrrh. eitthvað um það. Er hugsanlegt að hæstv. iðnrh. hafi hlotið þá upphefð og staðfestingu á frábærum framgangi í þágu hinna ríku að hann hafi fengið boð og þegið boð Bilderbergsamtakanna? Það verður væntanlega upplýst hér en ég óska, virðulegur forseti, eftir því að hæstv. iðnrh. verði kvaddur til fundar áður en umræðu um þetta mál lýkur. Það verður þó dokað við ef hæstv. ráðherra hefur brugðið sér bæjarleið.

Virðulegur forseti. Á sl. vori fyrir um það bil ári var boðað að ganga ætti frá allri löggjöf sem tengdist þessum samningi í síðasta lagi í nóvembermánuði 1992. Hver er staðan varðandi þessi mál nú? Hvar er meiri hlutinn á Alþingi staddur með þessi mál sem hann ætlaði að koma fram með í formi lagafrumvarpa og löggjafar gegnum þingið í nóvembermánuði í síðasta lagi? Samkvæmt lista ríkisstjórnarinnar á síðasta ári voru þetta 68 tilgreind frumvörp sem átti að lögfesta á síðasta ári vegna þessa samnings. 57 frv. yrðu skilyrðislaust að vera frágengin áður en samningurinn yrði staðfestur og 8 frumvörp mættu kannski bíða eitthvað aðeins lengur vegna þess að á þeim sviðum hefðu Íslendingar aðlögunarfrest um nokkurt skeið en 68 frumvörp samtals. Hver ætli sé staðan varðandi lögfestingu þessara mála, hæstv. utanrrh.? 26 frumvörp af 68 hafa verið afgreidd af Alþingi sem lög til þessa dags. Það er verulegur minni hluti þeirra frumvarpa og nokkur eru ókomin til þings. Hvorki hefur sést tangur né tetur af þeim, þar á meðal varðandi yfirráð yfir náttúruauðlindum landsdins, jarðhita og fallvötnum. Þetta er hagsmunagæslan af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og meiri hluta hennar á Alþingi eða hitt þó heldur.

Kæruleysi er það sem einkennir meðferð íslenskra stjórnvalda á þessu máli öllu. Kæruleysi varðandi langatímahagsmuni þjóðarinnar, kæruleysi að því er varðar eigin orð og fyrirheit setur mark sitt á málafylgju þess liðs sem ætlar að knýja málið fram á Alþingi Íslendinga innan skamms. Þar blasir við ófögur sjón og satt að segja, virðulegur forseti, er heldur óskemmtilegt að þurfa að rekja þennan feril í tengslum við þetta mál en alltaf er þessi endemis afrekaskrá ríkisstjórnarinnar að lengjast, þessi hraklega hagsmunagæsla af hálfu stjórnvalda að því er varðar íslenska hagsmuni.

Þessi samningur sem hér á að lögfesta var undirritaður fyrsta sinn síðla í júnímánuði 1991 með fangamarki þáverandi aðalsamningamanns Íslendinga. Það var að vísu þá nokkru eftir að átti að ganga frá samningnum því að allnokkru fyrr átti að ganga frá honum en þá var punkturinn settur aftan við yfirferð embættismannanna og samningamannanna varðandi þau lög og reglur Evrópubandalagsins sem kallaðar eru samþykktir einu nafni og það er það sem fylgir þessu máli í dag. Klukkan var sett á miðnætti um hásumarið 1991, mánaðamótin júlí/ágúst, en hún stöðvaðist ekki hjá Evrópubandalaginu við það þó að hægt væri af hálfu samningamanna að fjalla um löggjöf sem tengdust þessu málasviði. Síðan hefur Evrópubandalagið að sjálfsögðu haldið áfram á fullri ferð að móta löggjöf sína, gefa út „direktív" sín stór og smá, undirbúa önnur og hefur á þessum tíma sem síðan er liðinn undirbúið nálægt 250 samþykktir og útgefið frágengnar samþykktir sem hæstv. utanrrh. hefur af mildi sinni veitt okkur alþingismönnum yfirlit yfir hverjar séu þó ekki sé þar allt talið því að alltaf er að bætast við þennan lista dag hvern. Þetta safn stórra og smárra samþykkta Evrópubandalagsins sem er fyrsta viðfangsefni EES-kerfisins ef það fer í gang að taka á að semja um og flytja inn í ábyrgðarpósti inn á þjóðþing landanna sem eiga að stimpla þessar gerðir. 250, þær verða vafalaust orðnar 300, ef allt fer að óskum utanrrh. um framgang málsins og staðfestingu þá verða samþykktirnar samt orðnar 350 sem munu berast hér inn sem pakki, EES-pakki II, eins og það er kallað á tæknimáli til meðferðar í einum bunka fyrir íslenska stjórnkerfið að glíma við, fyrir Alþingi Íslendinga að stimpla. Menn verða kannski farnir að átta sig betur á hvert svigrúmið er til þess að breyta þar einhverjum stafkrók í þessum pakka 300 samþykkta sem er bara afleiðing og ekkert verður undan vikist og þannig, virðulegur forseti, heldur færibandið áfram. Þetta eru dálítið einhliða skipti. Að vísu eru embættismenn sendir út til að kíkja á blöðin yfir axlirnar hjá þeim sem eru að undirrita þau og ganga frá þeim hjá Evrópubandalaginu og í EES-kerfinu en heim til Íslands koma gerðirnar og gjörningarnir fullfrágengnir og Alþingi á þann kost einan að segja já eða nei við kjarnanum í þeim.

Þetta er það sem við blasir ef EES kemst á koppinn, verður til einhverrar frambúðar sem margt bendir til að geti orðið, virðulegur forseti, geti orðið verulegt sá sem Íslendingum er ætlaður að búa við um nokkurra ára bil í það minnsta, þá verður þessi færibandaflutningur á löggjöf á sviði atvinnumála, fjármála og félagsmála í fullum gangi og þetta berst hér inn á borð alþingismanna fyrst og fremst til formlegs frágangs. Ef menn ætla að reyna að hafa áhrif mun það ekki aðeins kosta fyrirhöfn, það mun einnig kosta fé og það ærið þó ekki væri nema í litlu. Þannig eru möguleikarnir, þannig eru kostnirnir sem okkur eru búnir í sambandi við málið.

Það er nokkuð fróðlegt og er að því vikið í sambandi við annað þingmál sem er á dagskrá þessa fundar að átta sig á því hvernig veruleikinn er að renna upp fyrir þeim stjórnmálamönnum og almenningi á Norðurlöndum sem er ásjáandi eða þátttakandi í umræðum varðandi aðildarumsókn þessara landa að Evrópubandalaginu. Á sama hátt og hér varðandi þennan samning var þar reynt að smeygja beislinu upp á þjóðþingin á alröngum forsendum með yfirlýsingum um að ekki þyrfti að breyta þessu eða hinu, hægt sé að fá undanþágur frá mikilsverðustu atriðum hvort sem það var um hlutleysi varðandi Svía eða fiskveiðar varðandi Norðmenn o.s.frv. Í dag er farið að renna upp fyrir mönnum að þannig eru mál ekki vaxin.

Vesalings frændur vorir Danir — fyrirgefið orðbragðið um þá góðu þjóð sem ég met mikils — eru í þeirri stöðu að ganga til kosninga núna í næsta mánuði. Ég veit að hæstv. utanrrh. mun fylgjast með að morgni hins 19. maí hvað kemur upp úr kössunum í Danmörku. En það er einhver sá ömurlegasti blekkingaleikur sem settur hefur verið á svið. Edinborgarsamkomulagið sem verið er að smala Dönum til að greiða atkvæði um er reitt fram með þeim hætti að þar séu einhverjar breytingar á ferðinni sem skipta einhverju máli. Ég veit að hæstv. utanrrh. veit nákvæmlega að það eru nýju fötin keisarans sem þar eru fram reidd í þessu svokallaða samkomulagi sem átti að tryggja dönsku fyrirvarana úr málamiðlum flokka sem ætluðu að andæfa gegn Maastricht og er hismið eitt þar reitt fram. Það eiga þeir eftir að upplifa hver svo sem niðurstaðan verður í sambandi við þá afgreiðslu. Hún gæti hins vegar haft óbein áhrif og að sjálfsögðu veruleg áhrif ef þeir sem hafna yrðu í meiri hluta þvert gegn vilja flokksforustu sjö eða átta stjórnmálaflokka á danska Fólksþinginu. En hið sama er uppi á þjóðþingum þeirra landa sem eru að sækja um aðild að Evrópubandalaginu í Svíþjóð, í Noregi, í Finnlandi. Alls staðar eru þeir að vakna við þann veruleika að undan Maastricht skulu þeir ekki komast. Gegnum það nálarauga skulu þeir ganga. Sérstök nefnd á vegum sænska Ríkisdagsins hefur gert tillögu um breytingar á sænsku stjórnarskránni til að aðlaga hana EB-rétti og þar er komin tillaga um almenna reglu sem er svipaðs eðlis en þó miklu kjarnmeiri en það sem lesa má í bókunum með EES-samningnum að því er varðar spurninguna um stöðu löggjafar sem samþykkt er á þjóðþingum gegn reglum Evrópubandalagsins. Er það ekki bókun 34 eða 35 sem þar er á ferðinni varðandi þennan samning? En í sænsku tillögunni um þetta efni er alveg ótvírætt gengið hreint til verka um að setja skal inn í sænsku stjórnarskrána almennt ákvæði um það að Evrópurétturinn hafi yfirhöndina í samanburði við

sænska löggjöf þannig að ekkert fari á milli mála. En sem betur fer, virðulegi forseti, eru menn ekki alveg komnir í þeirra spor og einhver viðleitni er í gangi hjá forustumönnum ríkisstjórnarinnar sem eru hálfskelfdir yfir því að samningurinn fær ekki allt of góða dóma hjá þjóðinni. Ýmsir eru efins um það vítamín sem er í boði, það er ljós í myrkri, svo að notuð séu orð hæstv. iðnrh., sem samningurinn á að vera fyrir íslenska þjóð í svartnætti þeirrar stjórnarstefnu sem nú er við lýði.

Virðulegi forseti. Þetta mál hefur það margar hliðar að því verða ekki gerð nein skil í stuttri þingræðu og ég ætla mér ekki að fara yfir mörg atriði til viðbótar. Ég minni þó á það sem snýr að hinum opinberu þjónustufyrirtækjum í landinu sem nú á að breyta og aðlaga að Evrópurétti, fyrirtækjum eins og Póst og síma svo að dæmi sé tekið. Mælistika EES er lögð á það fyrirtæki. Nýlega hefur verið tekin saman skýrsla um það til hvers er ætlað í þeim efnum. Þessu þjónustufyrirtæki almennings í landinu á að breyta í hlutafélag. Stóra þætti, sem það hefur sinnt, á að einkavæða og menn spyrja m.a.: Hvað verður um jöfnun innan þess kerfis sem þar er verið að innleiða? Hvaða möguleikar eru þar að grípa inn í og tryggja jöfnun óháð búsetu í landinu þannig að allir Íslendingar sitji við sama borð í þjónustu sem því miður hefur ekki verið niðurstaðan, ekki í því kerfi sem við búum við nema að takmörkuðu leyti, en þó verið bæði kröfur og að vissu leyti nokkru þokað í þá átt þegar við völd hafa verið stjórnvöld sem sinnt hafa kalli í þeim efnum. Það sama er uppi varðandi opinber fyrirtæki eins og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins svo að annað dæmi sé nefnt. Það skal nú einkavætt. Að vísu er ekki búið að ganga frá því. Skýrsla er ekki komin en hæstv. fjmrh. hefur þegar kunngert sína stefnu og sú stefna er það sem koma skal samkvæmt Evrópurétti og þar á blessuð samkeppnin að fá að njóta sín í því efni burt séð frá almennum óskum varðandi heilbrigðisstefnu og áfengisstefnu. Það sama er uppi á öðrum sviðum varðandi lyfjamál, Lyfjaverslun ríkisins, sölu og dreifingu lyfja. Allt skal þetta falla undir mælistiku fjórfrelsisins og lúta að þeirri reglu sem hér er verið að innleiða.

Virðulegur forseti. Sá sem hér mælir hefur horft álengdar á þetta mál og verið þátttakandi í athugun þess á ýmsum stigum. Ég hef fylgst með því sem varamaður Alþb. í utanrmn. Nú á síðasta sprettinum ekki sem virkur þátttakandi í yfirferð þar en getað fylgst með því sem hefur komið fram á þeim vettvangi. Ég er nú í þeirri aðstöðu að flytja nál. fyrir hönd 2. minni hluta utanrmn. sem fulltrúi Alþb. í nefndinni, en aðalmaður Alþb. er ekki á þingi þessa stundina. Á þskj. 1054 liggur fyrir nál. sem ég ætla hér að lokum að lesa, með leyfi forseta:

„Með afgreiðslu fyrirliggjandi frumvarps ræðst afstaða Alþingis til samningsins um Evrópskt efnahagssvæði.

Samningurinn brýtur gegn ákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar. Með honum skerðist stórlega raunverulegt löggjafarvald Alþingis. Til þingsins munu streyma lög og reglugerðir frá Evrópubandalaginu sem Alþingi hefur engan þátt átt í að móta. Um 250 slíkar samþykktir EB, sem gengið hefur verið frá í Brussel frá því megintexti EES-samningsins var frágenginn 1. ágúst 1991, bíða afgreiðslu. Sá pakki mundi berast inn á borð alþingismanna eftir að samningurinn hefði tekið gildi.

Með EES-samningnum og því sem honum fylgir er verið að veita útlendingum aðgang að íslenskum náttúruauðlindum, fiskimiðum, orkulindum og landi.

Með samningnum væru Íslendingar að kasta fyrir borð helstu stjórntækjum í efnahagsmálum og gefa sig á vald ákvörðunum sem teknar eru án tillits til íslenskra hagsmuna.

Það stjórnkerfi sem byggja á upp til að þjóna EES-kerfinu er í senn ólýðræðislegt og kostnaðarsamt. Verið er að flytja ákvarðanatöku um íslensk málefni á fjölmörgum sviðum úr landi. Kostnaður við stjórnkerfi landsins mun vaxa til mikilla muna og nú þegar er byrjað að byggja upp í Brussel skrifstofur á vegum Stjórnarráðsins við tilkomu EES. Utanferðir íslenskra embættismanna og ráðherra mundu margfaldast.

Aðild Íslendinga að EES auðveldar mjög þeim öflum eftirleikinn sem knýja leynt og ljóst á um aðild Íslands að Evrópubandalaginu.

Alþýðubandalagið er andvígt aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði og telur að ekki komi til greina að Íslendingar sæki um aðild að Evrópubandalaginu.

Þessi afstaða kom skýrt fram við umræðu um frumvarp til lögfestingar á EES-samningnum sem afgreitt var í janúar 1993.

Frá því að frumvarpið um staðfestingu á EES-samningi var samþykkt af meiri hluta á Alþingi í janúar sl. hefur ýmislegt komið í ljós sem staðfestir aðvaranir andstæðinga samningsins.

Utanríkisráðherra hefur kosið, í þeim samningum sem síðan fóru fram, að ganga gegn íslenskum hagsmunum á sviði landbúnaðar að því er varðar innflutning.

Fullyrðingar ráðherrans um efnahagslegan ábata af EES-aðild hafa reynst stórlega ýktar og með framkomnum breytingum á samningnum er Íslandi ætlað að greiða enn stærri hlut í fjárhagsaðstoð til svæða innan EES.

Enn er óafgreiddur fjöldi frumvarpa sem ríkisstjórnin telur að lögfesta þurfi vegna samningsins. Einnig hafa ekki verið lögð fram frumvörp sem boðuð voru á síðasta ári, m.a. varðandi eignarrétt á auðlindum, svo sem jarðhita og orku fallvatna.

Enn er óvissa um afdrif EES-samningsins. Aðeins þrjú EB-ríki höfðu tekið samninginn til afgreiðslu eins og hann lá fyrir sl. haust. Þá hefur komið fram að Spánn og e.t.v. fleiri EB-ríki tengja afstöðu til EES-samningsins við afgreiðslu Maastricht-samningsins innan Evrópubandalagsins.

Alþingi á að hafna þessum samningi og hefja undirbúning að bættum samskiptum við umheiminn út frá íslenskum forsendum. Það verður best gert með því að landið skipi sér utan stórra efnahagsheilda þar sem hagsmunir stórvelda og fjölþjóðafyrirtækja ráða ferðinni."

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir minni afstöðu og Alþb. til þessa máls.

Útbýting þingskjala:

Evrópskt efnahagssvæði, 440. mál, frávtill. PP o.fl., þskj. 1060.

Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, 117. mál, brtt. KE, þskj. 1048.

Frsm. 3. minni hluta utanrmn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Á þskj. 1055 er að finna nál. frá 3. minni hluta utanrmn. um frv. til laga. um breytingar á lögum um Evrópskt efnahagssvæði. 3. minni hluta utanrmn. myndar sú sem hér stendur og skrifar hún undir nál. Nál. er svohljóðandi:

„Þegar frumvarp til laga um staðfestingu á EES-samningnum var afgreitt á Alþingi í janúar sl. lá fyrir að Sviss yrði ekki aðili að samningnum. Það var því fyrirséð að málinu væri ekki lokið og að á yfirstandandi þingi þyrfti að breyta lögunum til samræmis við veruleikann. Sú breyting er nú gerð með þessu frumvarpi og þó að fyrst og fremst sé um tæknilegar breytingar á samningnum að ræða má segja að frumvarpið marki engu að síður lokaafgreiðslu EES-málsins af hálfu Alþingis.

Þau rök og þær forsendur, sem lágu til grundvallar umræðunni í janúar sl., eiga því enn við og sú afstaða, sem þingmenn tóku, stendur óhögguð. Á sömu forsendum og þá telur 3. minni hluti að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir verði að bera hina pólitísku ábyrgð á þeirri samningsniðurstöðu sem fyrir liggur og meðferð málsins gagnvart þingi og þjóð á undangengnum mánuðum.

Þriðji minni hluti bendir á að mikil óvissa ríkir nú um afdrif EES-samningsins þar sem einstök aðildarríki EB, svo sem Spánn, hafa látið þá skoðun í ljós að örlög EES-samningsins ráðist m.a. af niðurstöðum í atkvæðagreiðslu um Maastricht-samninginn í Danmörku og Bretlandi. Mikilvægt er að þessari óvissu verði eytt hið fyrsta og tryggt að hún komi ekki niður á aðgangi íslenskra sjávarafurða að mörkuðum EB.

Um afstöðu til samningsins að öðru leyti vísar 3. minni hluti í nefndarálit sitt frá því í janúar sl. sem birt var á þskj. 411.

Með tilvísun til þess sem að ofan greinir mun 3. minni hluti sitja hjá við afgreiðslu þessa frumvarps á Alþingi."

Virðulegi forseti. Ég lít raunar svo á að hinni pólitísku umræðu um sjálfan samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði sé lokið á Alþingi, að lokaþáttur umræðunnar hafi í raun farið fram í janúar sl. þegar atkvæði voru greidd um aðildina að hinu Evrópska efnahagssvæði. Þá voru helstu rök og mótrök leidd fram og þau hafa í sjálfu sér ekkert breyst á þeim tíma sem liðinn er og ég reikna fastlega með að afstaða einstakra þingmanna til málsins hafi ekkert breyst frá þeim tíma. Þegar þetta var var mikil óvissa ríkjandi um framtíð samningsins í kjölfar þess að Sviss hafnaði í þjóðaratkvæðagreiðslu aðild að samningum og eins og segir í nál. mínu var ljóst að samningstextinn eins og hann lá fyrir var ekki í samræmi við þann veruleika sem við blasti. Síðan hefur verið samið um þennan þátt málsins og aðild alls staðar þar sem getið er um Sviss í samningnum hefur það verið tekið út. Þá hefur þetta þýtt að Íslendingar verði vissulega að taka á sig auknar fjárhagsskuldbindingar vegna sjóðsins sem stofnað var til og framlag Sviss datt út þegar samningnum var hafnað í þjóðaratkvæði.

Þrátt fyrir að samið hafi verið um málið á nýjan leik með Sviss fyrir utan er ekki þar með sagt að óvissan í málinu sé eitthvað minni nú en hún var þá. Það er því ekki alveg ljóst hvernig þetta mál mun fara á næstu mánuðum. Bæði hefur þess orðið vart að það er takmarkaður áhugi á sjálfu EB-þinginu á samningnum og svo er að heyra sem það sé spurning um það hvort það takist að fá nægilega marga þingmenn til þess að mæta til atkvæðagreiðslu þegar þessi viðbót verður afgreidd.

Þá er líka ljóst að Spánverjar hafa haft lítinn áhuga á samningnum, bæði vegna þess að þeir líta svo á að samningurinn eins og hann liggur fyrir gefi EFTA-ríkjunum vissa viðspyrnu, þ.e. geri aðild að Evrópubandalaginu ekki eins fýsilega í augum margra í þessum ríkjum. Þá óttast þeir líka að EES-samningurinn geti leitt til þess að Efnahagsbandalagið þróist í átt til fríverslunarsamnings, það þróist til norðurs og EFTA-ríkin ásamt með Þýskalandi og jafnvel Bretlandi nái saman og geti leitt til þess að EB þróist í átt til fríverslunarsvæðis. Spánverjar og Suður-Evrópuríkin leggja mikla áherslu á það að hinn pólitíski samruni verði aukinn í Evrópu.

Þá vilja Spánverjar líka tengja EES-samninginn Maastricht-samningnum og segja í rauninni að þetta sé kaup kaups. Ef Danir samþykkja ekki Maastricht í þjóðaratkvæðagreiðslu og Bretar samþykkja ekki samninginn á breska þinginu þá sé málið upp í loft og engin ástæða til þess að samþykkja samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði og allt ferlið þurfi í rauninni að byrja upp á nýtt. Þetta er sú afstaða sem hefur komið fram frá Spánverjum til málsins.

Í ljósi þessa liggur náttúrlega fyrir að það getur brugðið til beggja átta í þessu máli og mikil óvissa er ríkjandi og þessi óvissa hefur m.a. verið staðfest af utanrrh. í umræðum um málið. Ég held að öllum hljóti að vera talsvert kappsmál að þessari óvissu fari að linna og það þurfi að taka á málunum ef afstaða EB skýrist ekki nú hið fyrsta og í síðasta lagi í sumar. Skýrist afstaða EB í sumar verða íslensk stjórnvöld að snúa sér að því að tryggja hagsmuni Íslendinga á mörkuðum EB, ekki síst með tilliti til sjávarfangsins og það mætti þá hugsanlega gerast með einhvers konar endurbótum á bókun 6 við fríverslunarsamninginn frá 1972. Ég er að tala um sumarið í sumar ef mál fara á þann veg að óvissa verði enn ríkjandi um framtíð samningsins. Eins og ég segi held ég að öllum hljóti að vera ljóst að þessi óvissa er mjög skaðleg vegna þess að það er erfitt fyrir fyrirtæki og einstaklinga að búa sig undir eitthvað sem ekki liggur fyrir hvort verði að

veruleika og búa sig undir einhverja framtíð sem að vissu leyti er óljós.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Við erum komin að lokasprettinum í umfjöllun um EES-samninginn, a.m.k. í bili því að eins og öllum er ljóst verða eilífar samningaviðræður í gangi varðandi ýmsa þætti þessa samnings. Það er því langt frá því að við séum búin að fjalla um málið þó að þessi partur af því verði e.t.v. afgreiddur á næstu dögum.

Frá því að EES-málið var samþykkt, þ.e. I. kaflinn, þá hefur komið æ betur í ljós hve rangt það var og er að Ísland gerist aðili að Evrópsku efnahagssvæði. Það er langt frá því að neitt hafi skýrst betur eða eitthvað komið í ljós af þeim miklu ávinningum sem talað var um sérstaklega af hálfu utanrrh. og þeim sem lögðu fram þennan samning. Fjárhagslegur ávinningur er langtum minni, ef hann er þá nokkur, af þessum samningi og allir aðrir þættir hans eru hið versta mál eins og kannski hefur komið betur í ljós. Nú eru menn t.d. að berjast í landbúnaðarkaflanum, þ.e. bókun 3, og komið hefur í ljós að því sem haldið var fram, m.a. af þeirri sem hér stendur og reyndar mörgum fleirum, að þeir fyrirvarar sem þar voru koma Íslendingum ekki að gagni í þá veru sem talað var um. T.d. var talað um að hægt væri að leggja jöfnunargjald og ýmislegt fleira á innfluttar, unnar landbúnaðarvörur. Það var ekkert hlustað á það sem hér var sagt, þau varnaðarorð sem hér voru borin fram. Af hálfu t.d. utanrrh. og landbrh. og viðskrh. var einungis talað um að þetta væri ekkert mál, en það er auðvitað ekki rétt. Núna eru menn að hamast við það kófsveittir að reyna að negla fyrir þessar rifur sem þeir tóku þátt í að búa til fyrr í vetur. Það er eiginlega ekki hægt annað en að vorkenna þeim sem taka þátt í svona vitleysu.

Það er auðvitað ömurlegt til þess að vita að menn hafi kannski með opin augu gengið í þessa gryfju og haldið að þeir gætu kraflað sig upp úr henni aftur, en ég held að það verði mjög erfitt. Það á örugglega eftir að koma ýmislegt fleira í ljós varðandi þennan samning. Það þýðir ekkert að gera samninga eins og t.d. þennan EES-samning, sem er auðvitað einn stærsti samningur sem Íslendingar hafa gert um langt árabil, og reyna svo að koma á eftir og finna leiðir til að þurfa ekki að standa við hann, en það eru menn byrjaðir að gera nú þegar. Það er auðvitað miklu betra að hafna þessum gjörningi eins og ég teldi miklu eðlilegra og fara í tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið um okkar hagsmunamál og vera ekki að þessu brölti.

Auðvitað er eðlilegt að reyna eftir megni að minnka skaðann af EES ef það verður þá að veruleika, en það er miklu betra að vísa þessum samningi frá meðan enn er tími til þess.

Hér hefur verið rakið að allsendis óvíst er að EES verði að veruleika. Þess vegna er ég alveg undrandi á því að hæstv. utanrrh. hafi leyft sér að skrifa undir landbúnaðarpakka samningsins án þess að hafa nokkurt samráð við Alþingi Íslendinga. Þann 15. apríl átti landbúnaðarpakki samningsins að taka gildi að því er Ísland varðar og reyndar öll EFTA-ríkin gerðu það. Utanrrh. tekur þá ákvörðun einhliða að hluti þessa EES-samnings taki gildi án þess að ljóst sé að þessi samningur verði að veruleika. Hann var meira að segja búinn að segja sjálfur að það væri allsendis óvíst. Ég botna ekkert í því að meiri hluti Alþingis skuli láta þetta yfir sig ganga. Hér hefur verið talað um að nú sé bara um tæknilegar breytingar að ræða á þessum samningi. Ég er því alls ekki sammála að þetta séu eingöngu tæknilegar breytingar. Ég er búin að nefna einn þáttinn sem tengist þessu, þ.e. landbúnaðarþáttinn, en einnig er um að ræða að Íslendingar þurfi að bera meiri kostnað af þessum samningi þrátt fyrir miklar heitstrengingar þess efnis í upphafi að auðvitað mundu hin EFTA-ríkin alls ekki greiða hlut Sviss í þessu máli. Það þótti hrein fjarstæða og íslenski utanrrh. gekk fram í því máli bæði hér og annars staðar að auðvitað kæmi það ekki til greina. En hver var niðurstaðan? Auðvitað það sem EB vildi og kemur þar vel í ljós hver ræður ferðinni í þessu máli. Þetta er bara forsmekkurinn af því sem koma skal, auðvitað er það EB sem ræður öllu. Það ræður öllu að því er varðar lagasetningu á gildissviði samningsins og er tómt mál að tala um að það skipti einhverju máli þótt Íslendingar geti hugsanlega komið með puttana einhvers staðar þar inn í á einhverju löngu ferli varðandi lagasetningu. Það er auðvitað ekki nokkur einasta hemja að Alþingi skuli láta það yfir sig ganga að EB eigi að hafa allt frumkvæði á lagasetningu á gildissviði samningsins hér eftir.

Það eru fjölmargir þættir sem hægt væri að taka hér til og benda á hversu óhagstæðir eru Íslendingum. Ég hef oft gert það í þessum ræðustól og væri hægt að nota langan tíma til þess og veitti víst ekki af að tíunda það fyrir a.m.k. sumum. Það er auðvitað eins og fyrri daginn að það fólk sem helst þyrfti að hlusta á þau rök sem eru gegn því að Íslendingar gerist aðilar að EES, situr auðvitað ekki í salnum, það hlustar ekki á það sem hér er fram borið. Það hefði verið ágætt fyrir ýmsa sem eru að reyna, eins og ég sagði áðan, kófsveittir að stinga upp í þessi göt, að vera hér og hlusta á þau varnaðarorð sem þingmenn hafa varðandi þennan samning í staðinn fyrir að reyna einhvers staðar að negla upp í götin úti í bæ eða í öðrum sölum Alþingis.

Það eru ekki bara einstaka þættir þessa samnings sem sýna hvað hann er óhagstæður heldur finnst mér skipta mestu máli sú stefnumörkun sem felst í samningnum. Sú stefnumörkun sem felst í því að peningarnir eru þar í aðalhlutverki. Það er raunverulega verið að skrifa upp að þeir stjórni öllu, þ.e. það er verið að skrifa upp á hina illræmdu frjálshyggju. Það á að opna öll landamæri fyrir peningum en í raun að loka þeim fyrir fólkinu. Sú hugmyndafræði og stefna sem liggur til grundvallar EB og þar af leiðandi EES er stefna sem ég get alls ekki aðhyllst. Það er einmitt þess vegna sem ég get ekki greitt þessum samningi atkvæði mitt og ætla að greiða atkvæði á móti honum, hef gert hingað til og mun gera það áfram.

Ef við horfum á heiminn í heild þá lít ég svo á að

myndun Evrópsks efnahagssvæðis sé mjög mikil öfugþróun í því sem ég vil sjá heiminn þróast í, þ.e. að ríkar þjóðir taki sig saman og myndi eins konar stórríki með meira eða að minna leyti sameiginlegri stjórn á mörgum sviðum og loki á aðrar þjóðir. Þær vilja auka viðskipti sín á milli, þessar ríku iðnaðarþjóðir, þetta gildir bæði um Evrópubandalagið og EES og það sama gerist í Ameríku og síðan í Japan. Auðvitað eru það peningarnir sem alltaf hafa verið undirrótin en núna tala allir hátt um það. Það er markaðskerfið sem á að ríkja, það eru peningarnir sem eiga að stjórna og síðan á að loka okkur af gagnvart fátækari ríkjunum. Það er nú þegar farið að bera mikið á þessu og margir kvarta t.d. varðandi Evrópubandalagið. Ríki bandalagsins eru að auka viðskipti sín á milli og raunverulega koma í veg fyrir viðskipti við önnur ríki. Það er frægt mál sem núna gengur og er umtalað, þó sérstaklega fyrr í vetur, hið svokallaða bananamál. Evrópubandalagið leggur höfuðáherslu á að ekki séu fluttir inn bananar utan svæðisins og vilja neyða, sérstaklega Austur-Þjóðverja eftir að Þýskaland sameinaðist, til þess að borða fyrst og fremst banana frá Frakklandi. Þeir vilja það helst ekki því þeir vilja borða aðra tegund af banönum en þar er ræktuð og hafa hingað til flutt inn banana bæði frá Mið-Ameríku og Afríku. Núna á að leggja toll á þá þannig að nánast verður útilokað fyrir þessar þjóðir að flytja inn banana í samkeppni við þessa EB-banana. Þetta er bara dæmi um hvernig þeirra stefna er, þ.e. að útiloka aðra frá þeirra mörkuðum sem kemur sér auðvitað mjög illa fyrir hinar fátækari þjóðir. Síðan er þetta kallað frelsi, frelsi í viðskiptum. En þetta frelsi nær auðvitað bara til þeirra en ekki út fyrir það. Þetta kalla ég mikla öfugþróun og hef verulegar áhyggjur af því að með þessu móti sé verið að etja ákveðnum svæðum hverju á móti öðru. Ég hef verulegar áhyggjur af því að við tökum þátt í þessu ferli.

Það er ekki bara þannig að ríkar þjóðir séu að hópa sig saman í viðskiptabandalag með sameiginlegt stjórnkerfi, miðstýrt kerfi sem er langt frá fólkinu og það á mjög erfitt með að nálgast, heldur er einnig verið að búa til kerfi sem hyglir þeim sem betur mega sín og lætur þá eiga sig sem minna mega sín, þá sem fátækari eru og því miður þá kemur þetta enn þá verr við konur heldur en karla. Það kemur auðvitað verr við alla þá sem ekki eru með mikla peninga milli handanna.

Í ræðu minni þann 15. des. sl. fjallaði ég nokkuð ítarlega um þá neikvæðu þætti sem fylgja aðild að Evrópsku efnahagssvæði að því er varðaði konur sérstaklega. Ég ætla ekki að endurtaka það allt saman heldur vísa til þess sem ég sagði þá en mig langar þó aðeins að vitna í eitt atriði og benda á tiltölulega nýja könnun sem gerð hefur verið á stöðu kvenna í tengslum við Evrópusamrunann. Inga Persson, sem er prófessor í þjóðhagfræði við háskólann í Lundi í Svíþjóð, hefur nýlega birt rannsóknir sínar á þessu sviði. Ég ætla ekki að rekja nákvæmlega hvað felst í hennar niðurstöðum en í stuttu máli þá segir prófessorinn að Evrópustefnan og það sem henni fylgir, þ.e. að fyrirtæki, peningar og vinnuafl geti flust án hindrana yfir landamæri, muni hafa þau áhrif að laun láglaunakvenna muni lækka en laun þeirra kvenna sem hafa hærri laun muni hækka. Þetta getur þá komið sér vel fyrir menntaðar konur sem hafa há laun, þó það gildi ekki að þær hafi neitt sérstaklega há laun á Íslandi, þá munu þær kannski fá hærri laun en láglaunakonurnar munu fara verr út úr þessu. Þetta er hennar niðurstaða.

Einnig segir hún, sem er merkilegt líka, að þótt þær konur sem hafi há laun fái eitthvað meira þá muni það ekki auka jafnréttið, þar sem karlarnir muni fá enn meira eins og venjulega. Launbilið mun aukast enn meira, segir prófessorinn, og að hennar mati þá mun það aukast enn meira en launabilið milli kvenna og karla, þ.e. bilið milli þeirra sem lág laun hafa og hinna með há laun muni aukast meira heldur en milli kvenna og karla.

Það er ekki glæsilegt sem blasir við bæði konum og körlum ef ég tek þá sérstaklega þær konur sem hafa lægri launin.

Þessu vildi ég bæta við það sem ég hafði áður sagt hvað þetta atriði varðar því þetta er alveg ný könnun sem þessi prófessor í Lundi birti fyrr í vetur. Ég hafði hana ekki undir höndum við fyrri umræðu þessa máls, en fannst eðlilegt að minnast aðeins á þetta því mér þóttu niðurstöðurnar hrikalegar.

Ef litið er á málin frá því fyrr í vetur lítur það enn verr út en þá. Það er þá ekki síst að í janúar hafa sjálfsagt margir haldið að fljótlega kæmi fram frv. sem varðaði kaup á landi og auðlindirnar, svo sem orkulindir, vatn o.fl. sem því fylgir. Þá var talað um það og hefur reyndar verið talað um það í alllangan tíma að ekkert mál sé að setja girðingar í lög að því er þetta varðar og alltaf fullyrti hæstv. utanrrh. og reyndar fleiri ráðherrar og fleiri þingmenn það. Svo kom auðvitað fljótlega í ljós að það var ekki alveg eins auðvelt og talað var um en það átti samt að gera það. Hæstv. iðnrh. taldi að það væri minnsta mál að setja eitthvað varðandi orkulindirnar og auðlindir svo og heitt vatn og fleira. Ekkert mál. En auðvitað hefur ekkert komið fram af þessum málum og menn eru algjörlega hættir að tala um þetta ofan í kaupið. Mér finnst þetta mjög sérkennilegt. Málið er raunverulega enn verr statt heldur en fyrr í vetur, a.m.k. að því er varðar þá sem töldu að það væri hægt að setja einhverjar girðingar í lög sem halda mundu.

En það er auðvitað hægt að snúa við og enn er hægt að hafna þessum samningi.

Á þskj. 1060 er frávísunartillaga frá þingflokksformönnum stjórnarandstöðuflokkanna sem ég styð að sjálfsögðu. Best hefði auðvitað verið að vísa málinu endanlega frá en með því að vísa því til ríkisstjórnarinnar ættu fleiri að geta sameinast um það því bæði stjórn og stjórnarandstaða, eða a.m.k. stjórnarliðar gætu treyst ríkisstjórninni til að fara með málið. Ég tel mjög mikilvæga síðastu setninguna sem kemur fram í frávísunartillögunni, þ.e. að samningurinn verði ekki lagður á ný fyrir Alþingi til staðfestingar nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta þykir mér mjög mikilvægt atriði og vona að þessi tillaga verði sam-

þykkt. En eins og ég segi, auðvitað hefði verið best að vísa þessu máli endanlega frá. Þetta er auðvitað leið í málinu því ég tel að það sé mikilvægast að þjóðin fái að segja álit sitt á þessu máli.

Mér þykir í raun nöturlegt að við þurfum á þessum tímum, þegar við erum nýbúin að fagna 150 ára afmæli endurreisnar Alþingis og á næsta ári verða 50 ár frá stofnun lýðveldisins, að vera að fjalla um það að færa gífurlegt vald á mikilvægum sviðum út úr landinu. Ég el enn þá von í brjósti að við getum hafnað þessu frv. og þar með hafnað því að Ísland gerist aðili að Evrópsku efnahagssvæði.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Á þskj. 1060 er frávísunartillaga frá þingflokksformönnum stjórnarandstöðunnar sem eru auk mín Ragnar Arnalds og Kristín Ástgeirsdóttir. Tillgr. hljóðar svo:

„Mikil óvissa ríkir nú um afdrif samningsins um Evrópska efnahagsvæðið og hefur utanríkisráðherra m.a. viðurkennt að ólíklegt sé að hann taki gildi á þessu ári. Samningurinn hefur enn ekki verið tekinn til afgreiðslu nema á fáum þingum EB-landa. Jafnframt er talið að verði Maastricht-samningurinn ekki staðfestur af Dönum eða Englendingum muni EES-samningurinn ekki ná fram að ganga á öllum þjóðþingum EB-ríkjanna. Í sumar kann því að vera komin upp allt önnur staða en nú er uppi í þessu máli.

Þegar af þeirri ástæðu telur Alþingi ekki rétt að afgreiða þetta frumvarp og samþykkir að vísa því til ríkisstjórnarinnar. Jafnframt samþykkir Alþingi að samningurinn verði ekki lagður fram á ný á Alþingi til staðfestingar nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu."

Við teljum að ekki sé tímabært að staðfesta samninginn og að ekkert liggi heldur á vegna þess að samningurinn verður fyrirsjáanlega ekki staðfestur af hálfu allra Evrópubandalagsríkjanna á næstunni. Þar fyrir utan er fjöldamargt sem er enn þá óklárt. T.d. er ekki ljóst eins og komið hefur fram í umræðunum hvernig landbúnaðarþátturinn kemur til með að líta út. Að vísu eru mjög slæmar horfur eins og stendur og á því máli hefur verið einstaklega illa haldið af hálfu ríkisstjórnarinnar en við verðum að vona það besta og vona að útkoman verði eitthvað skárri en horfir í dag. Þar fyrir utan má bæta því við að íslensk löggjöf er ekki undirbúin undir gildistöku samningsins. Land og auðlindir liggja opnar fyrir útlendingum og ekki hafa verið settar upp þær girðingar sem búið var að gefa fyrirheit um.

Þá er þess að geta að íslenskt atvinnu- og efnahagslíf er alls ekki viðbúið að standast þá óheftu samkeppni sem aðild að Evrópsku efnahagssvæði felur í sér. Þetta er afdrifaríkasti gerningur sem gerður hefur verið fyrir hönd þjóðarinnar síðan 1262 og er mjög æskilegt að þjóðin fái að gefa ráð við þá ákvörðun. Svigrúm skapast til þess að láta fara fram ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu vegna þess að gildistakan frestast og láta þá þjóðaratkvæðagreiðslu fara fram áður en endanlega verður gengið frá málinu á Alþingi.

Herra forseti. Ég stend að nál. á þskj. 1053 og vísa til þess sem þar stendur og jafnframt vísa ég til framsögu með því nál. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um EES-samninginn. Ég er búinn að tala ítarlega um samninginn fyrr í vetur og ætla ekki að endurtaka það. Ég vil láta þess aðeins getið að skoðun mín er ekki breytt en ég ætla ekki að endurtaka neitt af því hér og nú.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Austurl. hefur í ræðu sinni gert grein fyrir viðhorfum okkar alþýðubandalagsmanna til þess máls sem liggur fyrir og sömuleiðis í nál. 2. minni hluta utanrmn. sem lýkur með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Alþingi á að hafna þessum samningi og hefja undirbúning að bættum samskiptum við umheiminn út frá íslenskum forsendum. Það verður best gert með því að landið skipi sér utan stórra efnahagsheilda þar sem hagsmunir stórvelda og fjölþjóðafyrirtækja ráða ferðinni."

Þá hefur formaður þingflokks Alþb. ásamt formönnum annarra þingflokka stjórnarandstöðunnar lagt fram frávtill. á þskj. 1060 þar sem lagt er til að þessum samningi og frv. verði vísað frá og jafnframt samþykki Alþingi, eins og þar stendur, með leyfi forseta, „að samningurinn verði ekki lagður fram á ný á Alþingi til staðfestingar nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu."

Út af fyrir sig hefur flestum efnisatriðum málsins á þessu stigi verið haldið til skila þó að margt væri hægt að segja um málið í heild, sérstaklega á þessari stundu því að nú er verið að ljúka meðferðinni á EES-samningnum á Alþingi þannig að það má segja að við séum komin að ákveðnum kaflaskilum í málinu. Auðvitað er það þannig eins og margir hv. ræðumenn hafa sagt á undan mér í umræðunni að þetta mál mun koma aftur og aftur á næstu missirum, næstu árum ef svo fer að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði verður að veruleika. Samt sem áður er það þannig að hin formlegu lok málsins á Alþingi í bili eru núna með því frv. sem hér er til umræðu á fundinum. Þess vegna er ekkert óeðlilegt við það, virðulegi forseti, að einmitt á þessum fundi sé farið dálítið yfir málið og menn reyni að skyggnast um og skoða hvert erum við eiginlega að fara, hvert er utanrrh. að fara með því að leggja þetta ofurkapp á að málið verði að lögum. Hvert er ríkisstjórnin að fara og hvert ætlar hún með þjóðina og hvernig má gera ráð fyrir að hlutirnir þróist á næstu árum?

Þegar samningsdrögin um Evrópskt efnahagssvæði voru fyrst rædd á sínum tíma gerðu ýmsir aðilar, og einkum og sér í lagi framsóknarmenn, mjög mikið úr því að kannski væri hægt að koma í veg fyrir helstu vandamálin sem af þessu hljótast með því að setja upp það sem kallað er girðingar. Í miðstjórnarsamþykkt Framsfl. í maí 1992 var mikið talað um girðingar og menn þyrftu að setja girðingar til þess að koma í veg fyrir það að þessi og hin plágan riði yfir landið í framhaldi af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Nú

hefur girðingatalið af einhverjum ástæðum hljóðnað mjög mikið og það er auðvitað fyrst og fremst vegna þess að menn átta sig á því að ekki er hægt að koma þeim við. Ekki er hægt að setja girðingar sem gilda bara um Íslendinga. Samkvæmt þessum samningi er bannað að gera neitt sem upphefur íslenskan ríkisborgararétt á samningssviðinu. Í raun og veru er búið að ákveða það ef menn verða aðilar að þessum samningi og ef hann verður að veruleika að íslenskur ríkisborgararéttur gildir bara eins og ríkisborgararéttur Þýskalands, Danmerkur eða Portúgals á samningssviðunum fjórum. Þetta er sérstaklega alvarlegt með hliðsjón af því að ríkisstjórnin lofaði því, eins og hv. 4. þm. Austurl. tók áðan fram að ganga frá ýmsum málum í lögum áður en af þessum samningi yrði. Áður en hann yrði afgreiddur. Það á auðvitað sérstaklega við um orkumál og þær auðlindir sem hér eru í jörðu, háhita og jarðhita af ýmsu tagi.

Ég hlýt að nota þetta tækifæri, virðulegi forseti, til að spyrja hæstv. utanrrh. hvernig hann sér þau mál fyrir sér. — Ætli hæstv. utanrrh. sé langt í burtu, hæstv. forseti? Ég hefði viljað beina einni spurningu til hæstv. utanrrh. Er hann kannski ekki í húsinu? (**Forseti:** Forseti getur upplýst að hæstv. utanrrh. er í húsinu og ráðstafanir verða gerðar til þess að hann gangi í salinn.) Það gleður mig óumræðilega, virðulegi forseti, að hann skuli vera í húsinu og sömuleiðis að hann skuli ganga í salinn.

Ég held að nauðsynlegt sé að fá upplýsingar um hvernig hæstv. utanrrh. hefur hugsað sér að verja þessar íslensku orkulindir á landi með lagasetningu. En eins og kunnugt er hefur legið fyrir Alþingi í um 10 ár frv. um hvernig á að fara að því að tryggja eignarrétt þjóðarinnar á þessum orkulindum, háhitasvæðunum og fleiru. Frv. hefur aftur og aftur verið lagt fyrir Alþingi og aftur og aftur verið lagt fyrir iðnn. Aftur og aftur hefur það komið fram að ýmsir fulltrúar á Alþingi, aðallega úr Sjálfstfl. og einn og einn maður úr Framsfl. hafa verið á móti því að reglur eða lög væru sett um það að þjóðin ætti þessar auðlindir. Sl. haust, þegar hv. 4. þm. Austurl. mælti fyrir þessu frv., lofaði hæstv. iðnrh. því að fljótlega kæmi frv. frá ríkisstjórninni til þess að tryggja eignarrétt þjóðarinnar á þessum auðlindum. Fyrirspurn mín til hæstv. utanrrh. er þessi: Hvar er þetta frv.? Hvar er málið? Er það rétt að það sé strand í stjórnarflokkunum og ef það er strand í stjórnarflokkunum hvernig ætlar utanrrh. þá að tryggja eignarrétt þjóðarinnar á þessum auðlindum andspænis þeim veruleika sem við stæðum frammi fyrir ef Íslendingar verða aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði?

Þetta er fyrirspurnin: Hvar er þetta frv., hvenær kemur það og hvaða ráðstafanir ætlar ráðherrann að gera í þessum efnum?

Hv. 4. þm. Austurl. og fleiri , t.d. hv. 15. þm. Reykv. hafa rakið mjög rækilega hvernig verður þrengt að öllu lýðræði og þingræði með því að við verðum aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði. Þegar þingræðið varð fyrst til á Íslandi og menn ræddu um það fyrst þá hafði orðið þingræði alveg sérstakan bjartan hljóm. Ég man eftir að Jón Ólafsson, sem var framarlega í sjálfstæðisbaráttu okkar á 19. öldinni og orti margt sem ekki þótti fallegt um Danakonung, kallaði þetta sigurhróp sem fælist í orðinu þingræðið.

Spurningin er hvaða hljómur verður í sigurhrópinu þingræðið eftir að við erum búin að breyta okkur í færiband eða kannski frekar flæðilínu svo ég miði við nútímatækni í sjávarútvegi. Breyta Alþingi Íslendinga í flæðilínu fyrir Evrópubandalagið. Frv. verður rúllað inn dag eftir dag og menn samþykkja eitt í dag og vita svo sem ekki mjög mikið hvað þeir eru að samþykkja. Það sérkennilega er að við höfum þegar í í þessum sal og það í gær, staðið frammi fyrir mjög sérkennilegri lífsreynslu sem við munum oft kynnast á næstu árum ef við verðum aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Þannig var að hér var til meðferðar frv. um samgöngumál á EES-sviðinu, held ég það heiti, eða eitthvað þess háttar, og á sama tíma var hér til meðferðar frv. til laga um eftirlit með skipum. Svo var líka til meðferðar frv. til laga um leiðsögu skipa ef ég man rétt. Í báðum þessum frv., EES-frv. og skipafrv., var verið að breyta sömu lögunum á sama þingfundinum. Þingmenn úr stjórnarandstöðunni, hv. 6. þm. Vestf. og fleiri, spurðu hvernig bæri að skoða þessi mál. Ef við erum búin að breyta lögunum um eftirlit með skipum en erum svo að breyta lögum sem við vorum að afnema með öðru frv. sem var 12. eða 13. dagskrármálið þar sem hið fyrra var 6. eða 7. dagskrármálið. Minn ágæti vin, Pálmi Jónsson, er formaður samgn. og forseti þingsins, og það vafðist nokkuð fyrir mönnum að taka á þessu máli. Hver varð niðurstaðan af þessari flækju? Niðurstaðan varð sú að þessu máli um samgöngur á EES-svæðinu eða hvað það nú heitir var frestað í dag. Af hverju var því frestað í dag? Það var til þess að það væri hægt að gefa út að nýju lögin um eftirlit með skipum og lögin um leiðsögu skipa með nýjum númerum, með Stjórnartíðindum prentuðum í dag þannig að þegar samgöngumál á EES-svæðinu verða tekin fyrir á morgun breyti þau hinum nýju lögum sem voru samþykkt í gær. Okkar prýðilega lið í þinginu sem á auðvitað að halda utan um alla þessa speki ræður náttúrlega ekki við öll þessi ósköp vegna þess að hlutirnir eru í meira og minna rugli. Ég óttast það, virðulegi forseti, tæknilega séð að oft verði ákaflega erfitt fyrir stofnunina að fóta sig við þessa flæðilínu Evrópubandalagsins sem utanrrh. hefur ákveðið að setja í gang.

Þessi mál, virðulegi forseti, voru rædd ítarlega í kosningunum 1991. Ég man að ég komst þannig að orði á vinnustaðarfundi í kaffistofu Áburðarverksmiðjunnar að þetta væru kannski síðustu kosningarnar þar sem við værum að takast á um það hvort við værum að leggja af stað inn í Evrópubandalagsferlið. Stórvinir mínir í Alþfl. eins og hæstv. utanrrh. töldu að þetta væri til marks um það að þarna væru menn að snúa öllum hlutum á hvolf. Auðvitað færum við ekkert í Evrópubandalagið á því kjörtímabili sem þá fór í hönd, þ.e. á því kjörtímabili sem nú er. Staðreyndin er auðvitað sú að við erum á þessari leið. Það er meginástæðan til þess að mjög mörg okkar hafa snúist önd-

verð gegn samningnum um Evrópskt efnahagssvæði að við teljum að með því sé verið að leggja af stað inn í Evrópubandalagið þó ég sé jafnviss um það að fjöldinn allur af þingmönnum sem studdu aðild að EES vilja ekki fara inn í Evrópubandalagið. En þá er það þannig eins og segir í kvæðinu að „enginn stöðvar tímans þunga nið". Það er hætt við því að menn muni eiga erfitt með að fóta sig í þessum þunga straumi þegar þar að kemur og menn segi sem svo: Við skulum ekki vera að stríða á móti tímanum. Tíminn og samtíðin dregur okkur inn í þetta ferli.

Við höfum líka upplifað nú þegar mjög áþreifanlegar sannanir fyrir því að við erum á þessari braut. Það gerðist líka í gær. Samþykkt var að Ísland yrði aukaaðili að Vestur-Evrópubandalaginu. Hvað er Vestur-Evrópubandalagið? Það er hernaðarhliðin á Evrópubandalaginu og ekkert annað. Það er ekkert annað. Einu rökin sem hæstv. ríkisstjórn hefur flutt fyrir aukaaðild að Vestur-Evrópubandalaginu eru þau að við þurfum að geta hlustað á það samráð sem fer fram milli Evrópuríkjanna um hernaðarmálefni þannig að við einangrumst ekki frá þeim í hugsanlegum átökum sem gætu orðið á milli þeirra annars vegar og Bandaríkjanna hins vegar um skipan þessara hernaðarmálefna á rústum kalda stríðsins á næstu árum þegar Atlantshafsbandalagið verður lagt niður.

Engin önnur rök höfum við heyrt í þessu efni og það liggur við að þessi rök séu rökin af-því-bara vegna þess að engin önnur rök hafa komið fram fyrir því að Íslendingar eigi að verða aukaaðilar að hernaðarbandalagi Evrópubandalagsins.

Ég vil þess vegna segja það, virðulegi forseti, að því miður er það svo að við erum núna einmitt um þessar mundir að stíga skref hvert á fætur öðru sem leiða til þess að við förum þarna inn. Ég spyr: Voru stórar fyrirsagnirnar í blöðunum í morgun um að Íslandi væri að verða aukaaðili að Vestur-Evrópubandalaginu? Voru fréttirnar á ljósvakamiðlunum um þetta mál stórar í gærkvöldi eða í morgun eða í hádeginu — eða hvað? Nei. Ég efast um að það sé nema örlítið brot af þjóðinni sem átti sig á því að þeir hv. 3. þm. Reykv., sem er yfirhershöfðingi íhaldsins, og hæstv. utanrrh. hafa lagt af stað með Íslendinga inn í Vestur-Evrópubandalagið. Þetta sýnir okkur auðvitað, virðulegi forseti, líka það hvað við erum vanmegna í þessari stofnun, ekki aðeins að vekja athygli á málum heldur sporna við. Við erum þegar farin að finna lyktina af stimpilpúðunum sem við verðum látin nota þegar og ef Íslendingar verða aðilar að Evrópsku efnahagssvæði.

1. apríl 1873 var efnt til mótmælastöðu í miðbænum í Reykjavík og það var fyrsta mótmælastaðan sem var efnt til í miðbænum í Reykjavík. Það var haft svo mikið við að það var búið til sérstakt spjald og þótti alveg undur og menn drógu fram ritblý og skrifuðu á spjaldið. Hvað skrifuðu menn á spjaldið, þessum fyrstu mótmælum Íslendinga og fyrsta sinn sem menn voru með spjald í mótmælum? Það var „Niður með landshöfðingjann". Í tengslum við þetta og stofnun landshöfðingjaembættisins og aðdragandi þess voru stöðulögin sem voru sett í febrúar 1870. Ég geri ráð fyrir því að flestir þingmenn kannist eitthvað við stöðulögin og muni t.d. fyrstu málsgrein stöðulaganna. (Gripið fram í.) Nei, ég heyri það að það þarf að rifja það upp, en þar stendur, með leyfi forseta: „Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sérstökum landsréttindum."

Getur verið að við, með þessum EES-lögum sem hér á að samþykkja og hugsanlega því að menn kalli okkur inn í Evrópubandalagið með einhverjum hætti, séum að setja löggjöf sem er einhvern veginn þannig að Ísland er óaðskiljanlegur hluti Evrópuveldisins með sérstökum landsréttindum. Það er útilokað að neita því að við munum hafa nokkur sérstök landsréttindi þó við verðum aðilar jafnvel að Evrópubandalaginu og Evrópsku efnahagssvæði. T.d. er nokkuð gefið mál að við munum hafa þau sérstöku forréttindi í þessu landi að hafa Alþfl. og ég tala nú ekki um Framsfl. sem er alveg einstakt „fenomen" eins og menn þekkja í flóru flokkanna í heiminum.

Við erum með öðrum orðum að ganga inn í kerfi, inn í samfélag sem við höfum ekki miklar spurnir af og vitum ekki hvernig mun þróast. Þó vitum við dálítið um þetta samfélag. (**Forseti:** Forseti vill leyfa sér að trufla hv. þm. í ræðunni en það hafði verið gert um það samkomulag að gera hlé á þingfundi klukkan hálfsjö til klukkan hálfníu í kvöld og þingfundur hefst þá aftur. Þess vegna vill forseti kanna hvort hv. þm. er að ljúka ræðu sinni eða hvort hann er tilbúinn til þess að gera hlé á ræðunni.) Þingmaðurinn er tilbúinn til að gera hlé á ræðunni. — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Ég held að ástæða sé til þess í lok umræðunnar um Evrópskt efnahagssvæði að velta því aðeins fyrir sér inn í hvers konar þjóðfélag við erum að ganga og hvort það er endilega það þjóðfélag sem við viljum sjá þróast í okkar landi. Hvernig er Evrópuþjóðfélag sem menn eru sem óðast að sameinast? Þar eru 17 millj. manna á atvinnuleysisskrá í Evrópu um þessar mundir, í löndum Evrópubandalagsins. Þá eru þar fyrir utan atvinnulausir í EFTA-löndunum, þ.e. í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi, Austurríki, Sviss og Íslandi, en það eru 17 millj. bara í Evrópubandalagslöndunum. Það er langt til svipaður fjöldi og býr á öllum Norðurlöndunum. Það er sennilega ámóta fjöldi og nemur vinnufæru fólki á öllum Norðurlöndunum. Þetta fólk hefur ekkert að gera, eins og það heitir, það fær ekki vinnu. Þannig er ástandið að þjóðfélögin hafa komið sér upp svofelldu hagkerfi að þetta fólk getur ekki selt vinnuafl sitt. Enginn er tilbúinn að kaupa vinnuafl þessa fólks og vinnuaflið er það eina sem þetta fólk á eins og kunnugt er og vinnuaflið verður aldrei tekið frá hraustum manni, ekki einu sinni með gjaldþrotaúrskurðum. En þessi þjóðfélög eru þannig vaxin að þetta fólk, 17 millj. manna, fær enga vinnu. — Er ráðherra að koma? (**Forseti:** Forseti hefur upplýsingar um það að ráðherra sé rétt ókominn.) 17 millj. manna í þessum þjóðfélögum hafa enga vinnu og spurningin er hvort við eigum endilega að sameinast þessum þjóðfélögum, hvort þetta er það kerfi sem við viljum í landi okkar.

Nú er það þannig að forustumenn Evrópubandalagsins hafa áhyggjur af þessari þróun. Því er ekki að neita og ástæðulaust að draga fjöður yfir það að þar eru haldnir margir fundir um ráðstafanir til þess að draga úr atvinnuleysi. Fundir eru haldnir um það að efna til sérstaks átaks til þess að draga úr atvinnuleysi og nýlega var greint frá því að í löndum Evrópubandalagsins hefði verið ákveðið að verja um 42 milljörðum dollara til þess að hressa við atvinnulífið í löndum Evrópubandalagsins og talið er að þessar ráðstafanir geti aukið þjóðarframleiðslu í þessum löndum samanlagt upp á 0,6% og það séu u.þ.b. 450 þús. ný störf sem geta komið út úr þessum aðgerðum. Það er ekki lítið. Þessi ríki standa hins vegar frammi fyrir því að á sama tíma er það að gerast sem betur fer í heiminum að ríkin eru að afvopnast og verið er að fækka mjög verulega bæði í hergagnaiðnaði og í herjum Evrópubandalagslandanna þannig að þessi 450 þús. nýju störf sem er verið að tala um að skapa í Evrópubandalaginu með sérstöku átaki eru nokkurn veginn alveg jafnmörg og mun fækka í hergagnaiðnaði og herjum Vestur-Evrópu núna á allra næstu árum. Þannig að þetta sérstaka atvinnuátak upp á 450 þús. manna er nokkurn veginn bara til að taka við því fólki sem hættir vinnu í hergagnaiðnaði víðs vegar í Evrópubandalaginu núna á allra næstu árum. Úttekt hefur verið gerð á því hvernig hægt er að samræma þessa hluti og þróa þá saman þar sem hefur verið farið yfir hverja einustu borg þar sem um verulega vopnaframleiðslu hefur verið að ræða, m.a. Flensborg, og allt suður eftir Spáni og Ítalíu. Þetta er þjóðfélagið sem við erum að fara inn í þar sem allt þetta atvinnuleysi er og við höfum fengið smjörþefinn af þessu á Íslandi. Hér er atvinnuleysi meira en það hefur nokkurn tímann áður verið, við þekkjum ekki hliðstætt atvinnuleysi því sem nú er hér á landi. Talað er um að atvinnuleysið telji hér 7–8 þús. manna.

Virðulegi forseti. Mér finnst þá ástæða til þess að spyrja að minnsta kosti sjálfan sig: Erum við örugglega á réttri leið? Er það örugglega rétt fyrir okkur að fara inn í þetta þjóðfélag sem er þannig að það gengur út frá því og byggist upp á því að tíundi hver maður sé atvinnulaus? Er alveg öruggt mál að það sé þetta þjóðfélag sem við kærum okkur um?

Hér hefur verið sagt, m.a. af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, aftur og aftur í þessum umræðum um EES-málið að sósíaldemókrataflokkarnir og annað alþjóðasambandið eigi mikinn þátt í þróun þessa Evrópusamruna. Út af fyrir sig er það rétt að mjög margir áberandi forustumenn eru í Evrópubandalaginu og m.a. í þessum Evrópuumræðum sem eru úr sósíaldemókrataflokkunum. Það er mjög sérkennilegt að virða það fyrir sér hvernig stendur á því. Þetta eru jafnaðarmannaflokkar og jafnaðarmannaflokkur er flokkur sem vill jafna lífskjör. (Gripið fram í.) Nei, það er ekki misskilningur. Jafnaðarmannaflokkur er flokkur sem vill jafna lífskjör. Það er rétt. Jafnaðarmannaflokkur sem ekki vill jafna lífskjör er ekki jafnaðarmannaflokkur. Jafnaðarmannaflokkur vill ekki auka launamismun en launamismunur hefur aukist, t.d. á Íslandi hefur launamismunur aukist talsvert mikið. Ég er nokkurn veginn sannfærður um það að kjaramismunur á Íslandi vex mjög hröðum skrefum einmitt um þessar mundir vegna þess að atvinnuleysið eitt út af fyrir sig hefur það í för með sér að framleiðslukostnaður vöru og þjónustu lækkar sem kemur okkur til góða sem höfum miklar tekjur. Það þýðir að þeir sem eru með góð kjör og hátt kaup eru að bæta sín lífskjör á kostnað hinna atvinnulausu. Ekki er það að skapi jafnaðarmannaflokks að auka launamun. Ef við lítum yfir Evrópu að öðru leyti þá sjáum við að þar eru jafnaðarmannaflokkar við forustu. Það er jafnaðarmannaflokkur við forustu á Spáni. Þar er verið að tala um atvinnuleysi upp á 15–20%. Það hefur verið jafnaðarmannaflokkur við forustu í Frakklandi. Jafnaðarmannaflokkur kom við sögu í hinni sælu stjórn Ítalíu sem nú er gengin á vit sögunnar, guði sé lof.

Spurningin er þá sú: Er hérna um að ræða ástand, allt þetta atvinnuleysi, sem ekkert verður við ráðið? Ég trúi ekki öðru en að þeir sem eru í forustu fyrir jafnaðarmannaflokkum, hvort sem það er á Íslandi, Ítalíu eða á Spáni, í Frakklandi, Danmörku eða Þýskalandi, hafi áhyggjur af þessari þróun Þeir hafi áhyggjur af því að þeir eru með þjóðfélög í höndunum, þeir eru að stjórna þjóðfélögum þar sem tíundi hver maður hefur enga vinnu. Auðvitað hefur maður heyrt í mörgum teknókrötum úr forustu þessara jafnaðarmannaflokka, sósíaldemókrataflokka og stjórnarflokka, vinstri flokka af ýmsu tagi sem stjórna þessum löndum Evrópu sem mæla árangur sinn í þessum venjulegum tölum. Þeir segja viðskiptahallinn, þeir segja hallinn á ríkissjóði, þeir segja verðbólgan og alla þessa hluti. Þetta kunna menn utan að. En þessir menn bæta aldrei við: Já, en það er atvinnuleysi. Staðreyndin er sú að atvinnuleysi hlýtur að vera og á að vera alveg óþolandi fyrir jafnaðarmannaflokk, að það sé þannig að fjöldi manns, 10% þjóðanna, séu á hraklegum kjörum eða eins og er hjá okkur, þar sem hópur fólks er kannski með 40 þús. kr. á mánuði í atvinnuleysisbætur og auk þess nokkur þúsund manns sem hafa ekki neitt samkvæmt þeim lögum sem enn eru í gildi í landinu.

Launamunurinn hefur aukist, lífskjaramunurinn hefur aukist. Munurinn eftir landshlutum hefur líka aukist, t.d. hér á landi. Öryggisleysið á landsbyggðinni fer vaxandi. Spurningin er þá sú: Viljum við þetta þjóðfélag eða viljum við eitthvert annað þjóðfélag?

Fyrir 60 eða 70 árum hefðu t.d. forustumenn jafnaðarmannaflokka, t.d. Alþfl. á Íslandi, kunnað alveg skýrt svar við þessu. Í stefnuskrám, sem voru gefnar út af Alþfl. á árunum 1930–1940, höfðu menn alveg skýrt svar við þessu. Það var þjóðnýting og það voru bæjarútgerðir. Nú er það svo, verð ég að segja fyrir mitt leyti, virðulegi forseti, að ég fagna því út af fyrir sig að menn eru lausir út úr þessum þjóðnýtingarflækjum vegna þess að það er fullljóst að sú allsherjaráhersla sem menn í áratugi lögðu á þjóðnýtingu af einhverju tagi gengur ekki. Hún kemur í hausinn á mönnum aftur þó menn kunni að hafa lagt af stað með góðar hugsjónir þá endar það yfirleitt með ósköpum. Við þekkjum mörg dæmi þess. Sem betur fer er stað-

reyndin auðvitað sú að með hruni Sovétríkjanna eru þær hugmyndir allar í raun og veru meira og minna dauðar og það er gott að þær eru farnar. En það breytir ekki hinu að hitt kerfið, þ.e. hið alfrjálsa, ofstækisfulla, einkavædda markaðskerfi, er að skila þessari félagslegu neyð og þessari ofboðslegu misskiptingu. Þeir flokkar, sem sitja við völd einungis valdanna vegna og láta sér nægja hina teknokratísku mælikvarða hagvaxtarins, viðskiptahallans, hallans á ríkissjóði og allt þetta, hafa auðvitað í staðinn fyrir hugsjónirnar í seinni tíð hver á fætur öðrum lent í spillingarfeni eða í stjórnarandstöðu í hugmyndalausri stjórnarandstöðuútlegð. Spillingarfenin eru Ítalía og Frakkland. Hrun sósíalista í Frakklandi stafaði ekki af því að Fransmenn yrðu allt í einu svo hægri sinnaðir og borgaralegir í viðhorfum. Það stafaði auðvitað fyrst og fremst af því að menn voru þeirrar skoðunar að stjórn sósíalista í Frakklandi væri spillt og þess vegna þyrfti hún að víkja og auk þess voru menn hræddir við atvinnuleysið. Svipað má auðvitað segja um Ítalíu þó þar séu hlutirnir nokkuð öðruvísi. Dæmi um hugmyndalausa stjórnarandstöðuútlegð er svo þýski sósíaldemókrataflokkurinn.

Með öðrum orðum hefur vinstri flokkum í Vestur-Evrópu eða í okkar heimshluta á þeim tímum sem við lifum ekki tekist að reisa hugmyndafræði, svör, flögg, fána, merki, sem sýna fram á það hvernig er hægt að breyta þessum þjóðfélögum þannig að þau skapi forsendur fyrir upprétta tilveru fyrir hvern einasta mann án þess að lenda inni í ofstjórnarfari þjóðnýtingarinnar. Þeim hefur ekki tekist sem skyldi að bera fram svör í þessum efnum. Af hverju er það? Ég held að það sé að einhverju leyti vegna þess að það sé endurkast frá ofstjórnartilhneigingunum sem menn voru haldnir um langt árabil. Það sé endurkast vegna þess að menn hurfu frá þessum ofstjórnarkröfum og töldu að samkeppnisþjóðfélagið væri lausn á öllum vanda. Að jafnaðarmannaflokkum eða vinstri flokkum væri fyrst og fremst skylt að tryggja það að fólk fengi sem ódýrastar vörur þá og þá og sem ódýrasta þjónustu þá og þá sem næðist best fram á forsendum samkeppninnar þó það þýði oft og tíðum að fyrirtæki fari á hausinn í stórum stíl og landshlutar leggjast í eyði. Með öðrum orðum, menn hafa að mínu mati verið hræddir við að trufla markaðinn. Menn hafa verið hræddir við að trufla markaðinn og ekki fengist til þess að beita félagslegum úrræðum til að trufla yfirgang markaðsaflanna. Ég er alveg sannfærður um að áður en langur tími líður mun renna upp fyrir fleirum en örfáum hrópendum í eyðimörkinni að það er útilokað að reka markaðsþjóðfélagið á þeim forsendum sem við rekum það á í dag af því að það leiðir til ómannúðlegrar niðurstöðu.

Mín skoðun er þess vegna sú að ekki sé eftirsóknarvert að ganga inn í hina atvinnulausu Evrópu um þessar mundir fyrir okkur. Við eigum að leita leiða í landinu til þess að skapa mannúðlegt þjóðfélag þar sem allir hafa atvinnu. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að í þessu landi séu forsendur til þess að skapa þjóðfélag betra en í nokkru öðru landi af því að við erum í fyrsta lagi tiltölulega ríк, í öðru lagi erum við fá og þar af leiðandi eru möguleikar á því hér á landi að vera með tiltölulega gagnsæja þjóðfélagsgerð þar sem menn vita vel hver af öðrum og þar sem misrétti er ekki liðið, þar sem menn krefjast jafnaðar í lífskjörum og aðbúnaði frá degi til dags.

Ef menn rífa sig upp úr vælinu og minnimáttarkenndinni sem er uppivaðandi hér held ég að hér á landi sé hægt að búa til fyrirmyndarþjóðfélag að mörgu leyti. Önnur þjóðfélög og aðrar þjóðfélagsgerðir gætu lært mjög margt af því þjóðfélagi ef menn hefðu metnað til þess að reisa hér einhver önnur merki en þau að flýja í fangið á þessari atvinnulausu Evrópu eins og hún er á sig komin.

Virðulegi forseti. Vandinn er svo líka sá, sem við hljótum að velta fyrir okkur á þessari stundu, hvort það er þannig að það þjóni þeirri almennu þróun í heiminum sem við viljum sjá, að við göngum inn í þetta Evrópukerfi. Auðvitað er alveg hárrétt sem hv. 15. þm. Reykv. sagði áðan. Það sem er að gerast er að nokkru leyti það að ríku þjóðirnar eru að mynda um sig múr og búa hér til, ekki bara fyrsta heldur fyrsta lúxusfarrými í heiminum. Það er auðvitað líka augljóst, virðulegi forseti, að ekki heldur það að setjast á fyrsta lúxusfarrýmið samræmist þeim almennu jafnaðarhugsjónum sem jafnaðarmannaflokkar eiga að hafa, hver svo sem reynslan kann að vera af þeim einhvers staðar. Þannig að hvort sem við lítum á málin út frá okkur sjálfum eða við lítum á þau í alþjóðlegu samhengi og mælum þau á kvarða mannúðarstefnu, þá er alveg ljóst að við höfum ekkert að gera í þetta Evrópufélag eins og sakir standa. Þess vegna er það, virðulegi forseti, að við höfum tekið þá afstöðu sem menn þekkja og liggur fyrir.

Nú er það hins vegar svo að talsmenn EES-aðildarinnar hafa talið að þetta mundi lyfta aðeins efnahagslífinu á Íslandi um tíma. Og hæstv. utanrrh. fór með í frægum útvarpsumræðum tölur um það að þetta mundi nú laga hér allt í efnahagslífinu. Þá rifjuðust upp fyrir mér ræður sem fluttar voru af forvera hans, formanni Alþfl., fyrir allmörgum árum þegar ég sat uppi á þessum palli sem blaðamaður og fylgdist með umræðum um annað mál fyrir 20 árum eða svo sem ungur drengur. Þá var fram undan gullöld og gleðitíð. Það hét 100 milljóna markaðurinn. Skrifaðir voru leiðarar í Alþýðublaðið og þverar opnurnar, (**Utanrrh.:** Hve ungur var drengurinn fyrir 20 árum?) fyrir 20 árum var hann 28 vetra, nokkru yngri en sá sem kallaði fram í, og það var uppmálað sem gullöld og gleðitíð sem væri fram undan, 100 milljóna markaðurinn. Ég man að við héldum ágætan fund úti í Sigtúni á þeim tíma þar sem ég ræddi við þáv. ritstjóra Morgunblaðsins einmitt um þetta og hann talaði um þennan 100 milljóna markað. Það væri allt hér í fínu lagi þegar við værum komnir í hann. Og það eru sömu ræðurnar sem hæstv. utanrrh. heldur núna.

Hvað hefur gerst í þeim málum? Hvað hefur gerst í okkar iðnaði á þessum tíma, þessum 20 árum? Ég held að óhætt sé að skoða það vegna þess að það er líka til sannindamerkis um að þessar hugmyndir um EES munu ekki leysa neinn vanda.

Ef við skoðum t.d. ársverk í iðnaði og þróun þeirra frá 1970 þá hefur þeim ekki fjölgað, þeim hefur fækkað. Ársverkum í vefjariðnaði, skógerð, fatagerð hefur fækkað frá 1970. Ársverkum í trjávöruiðnaði hefur fækkað. Ársverkum í ýmsum öðrum iðngreinum hefur fækkað eins og t.d. í málm- og skipasmíðaiðnaði og menn munu segja sem svo: Já, þetta er eitthvað sem var alveg óhjákvæmilegt af því að við urðum að taka þátt í samkeppninni til að fá sem ódýrastar vörur hingað inn þannig að framfærsluvísitalan hækkaði ekki allt of mikið og fólkið hefði sæmilega kaupgetu. Markaðshlutdeild nokkurra innlendra iðnaðarvara sýnir líka að íslenskum iðnaði hefur farið stöðugt aftur síðan þá. Þessi samkeppni, þessi hundrað milljóna markaður, hefur því ekki aukið getu okkar í iðnaðinum. Það hefur versnað og þrengt að.

Það er líka alveg ljóst, virðulegi forseti, að sú leið sem við erum að halda inn á núna er sú sama. Samkeppnistrúin, ofsatrúin á samkeppnina, á einkavæðinguna, mun ekki leysa allan okkar vanda. Það er alveg augljóst mál að ef við höldum áfram á þessari braut, þá mun enn þá myljast úr okkar íslenska iðnaði. Og það er ekki síst alvarlegt, virðulegi forseti, vegna þess að núv. hæstv. iðnrh. hefur engar hugmyndir og engar tillögur um það hvað mætti gera samhliða til þess að styrkja íslenskan iðnað sem þó voru uppi þegar menn gengu í EFTA á sinni tíð. Þá voru uppi tillögur um nýja stefnu að því er varðaði eflingu íslensks iðnaðar. Þegar upp er staðið, virðulegi forseti, þá leysir þetta ekki neitt, ekki okkar atvinnumál að neinu leyti. Það mun ekki stuðla að því að fleira fólk fái vinnu á Íslandi. Þvert á móti eru líkur á því að ef við verðum enn frekari partur af þessu kerfi, þá verði fleiri atvinnulausir á Íslandi. Það mun í raun og veru ekki setja okkur í þá stöðu sem er eðlilegt að krefjast í hinu alþjóðlega umhverfi. Og hvað er þá eftir? Ég velti því oft fyrir mér.

Hvernig stendur á því, jafngott fólk og margir þingmenn eru í hópi stjórnarliðsins sem að þessu standa, að hlutirnir eru að þróast svona, að menn eru samt sem áður að tefla okkur inn í þetta kerfi? Þegar ég segi að margir þingmenn stjórnarliðsins standi örugglega að þessu með jákvæðum hætti, þá tala ég af reynslu. Ég hef hlustað á margar ræður þeirra hér. Ég hef t.d. hlustað á ræður hv. 11. þm. Reykn. sem skýrði þetta fyrst og fremst af því, sína afstöðu, að menn væru annars vegar að verjast EB-aðildinni, ef ég skildi hana rétt, og hins vegar væri verið að efla atvinnulífið í landinu til þess að efnahagslífið stæði betur með tilliti til atvinnuþróunar. Ég held að það sé alveg augljóst mál að hvorugt gerist og ég spyr mig, hvað er það sem rekur menn áfram með þessa hluti? Ég verð að játa það að ég hef ekki fengið nein nægilega skýr svör við því. Ég tel ekki að af hálfu hæstv. utanrrh. eða þeirra manna sem eru með honum í verkum geti verið neinar hugmyndir á bak við þetta af því tagi sem þeim eru stundum gerðar upp varðandi neikvæða afstöðu til almennrar, íslenskrar þjóðfélagsþróunar. Ég tel það ekki vera.

Niðurstaðan er í raun og veru sú að þegar allt þetta er skoðað, þá hljóta menn, þ.e. ef þeir aðhyllast vinstri stefnu, jafnaðarstefnu eða mannúðarstefnu í stjórnmálum, að komast að því að hér erum við á villigötum. Við höfum ekkert í þetta kompaní að gera, virðulegi forseti.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski helst þegar maður ætlar að taka undir eða skýra eitthvað í máli annarra að manni finnst orðið andsvar sérkennilegt af því að ekki ætla ég að fara að andmæla því sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Ég ætla hins vegar að benda á eitt atriði, sérstaklega með tilliti til þess sem hann sagði um færibandavinnuna sem yrði hér á Alþingi ef af þessu Evrópska efnahagssvæði verður, þ.e. að Alþingi muni afgreiða lög á færibandi. Hann talaði reyndar um flæðilínu í því sambandi og tók dæmi um frv. til laga um eftirlit með skipum og ræddi það sérstaklega. Af því að hann tók einmitt það dæmi vildi ég benda honum á að það verður kannski ekki svo mikið um að frv. komi vegna þessa. Það sem stendur til að samþykkja hér, að því er þetta atriði varðar, er heimild til samgrh. til að setja reglugerðir á grundvelli þessa samnings þannig að það fer fram hjá færibandinu. Þetta dettur allt saman niður, Alþingi fær ekki einu sinni að sjá það sem verið er að gera, heldur er það eingöngu gert hjá framkvæmdarvaldinu. Það kemur ekki einu sinni hérna inn þannig að þess flæðilína verður kannski fljótlega tóm ef meiningin er að fara svona að í fleiri málum. Sem betur fer hafa nefndir víða fellt þessa reglugerðarheimild til ráðherrans niður, sem þó kom frá framkvæmdarvaldinu, þ.e. hér komu inn mörg frv. með tillögu um mjög víðtækar heimildir til handa ráðherrum, en víða hefur tekist að afnema það. Í því tilviki sem þingmaðurinn nefndi er það ekki gert, því miður.

Jón Helgason:

Herra forseti. Það hefur verið bent á það í þessum umræðum að hin pólitíska ákvörðun í þessu máli hafi verið tekin í vetur þegar afgreidd voru lögin um heimild til að staðfesta samninginn sem þá var búið að gera en lá fyrir að yrði aldrei fullgiltur. Það má því kannski segja að umræðan sem þá fór fram eigi við um það frv. sem er hér til umræðu.

Þó hefur einnig verið bent á það hér að í ljós hafa komið ýmis ný atriði sem vissulega eru athugunarverð og vekja nokkurn ugg í brjósti og enn fremur að ýmsar fullyrðingar stjórnarliða í þessum málum hafa ekki staðist. Þar hefur verið bent á að ekki eru fyrir hendi heimildir, sem fullyrt var að við hefðum, um töku aðflutningsgjalda af landbúnaðarvörum sem fluttar yrðu inn. Það hefur einnig verið bent á þá hættu sem okkur stafar af dýrasjúkdómum eða að losað væri á hömlum vegna varna gegn þeim. Í samningnum eru að vísu ákvæði um það að við getum beitt strangari skilyrðum heldur en aðrar þjóðir fram til ársins 1995 en þá á að taka það til endurskoðunar. Miðað við þá reynslu sem við höfum því miður af því hvernig haldið er á málum á sviði landbúnaðarins, hlýtur það auðvitað að vekja ugg í brjósti að slíkt ákvæði skuli ekki vera

tryggt lengur ef þannig yrði þá haldið á málstað okkar.

Einnig hefur verið bent á hvernig utanrrh. hélt á málum í sambandi við bréfaskipti sem sagt er að hann hafi átt við Evrópubandalagið um sérstakt fyrirkomulag í landbúnaði, sem heimilaði frjálsan innflutning á ákveðnum blómategundum og grænmeti, frá 15. apríl. Kappið var svo mikið að koma því á eins og kom fram á fundi landbn. að ekkert hafði verið talað við kóng eða prest um það, þ.e. ekkert var rætt við landbrn. eða neina aðra aðila. Utanrrh. taldi sér heimilt að gera slík bréfaskipti án þess að leita neitt til annarra þótt hann vissi að það stangaðist á við íslensk lög eins og þau eru enn í dag, þó nú liggi fyrir frv. á Alþingi um að breyta því og heimila þennan gjörning afturvirkt. Alþingi er stillt upp við vegg að taka við því sem utanrrh. er búinn að skrifa undir.

En síðan í vetur má segja að það sé enn þá meiri óvissa í öllum þessum málum í Evrópu eins og einnig hefur verið bent á hér í umræðum. Óvissa um það hvenær eða hvort þessi samningur verður fullgiltur. Ég býst við að flestir viðurkenni a.m.k. að slíkt muni ekki gerast áður en Alþingi kemur saman til fundar aftur að hausti og því augljóst að ekki liggi á að afgreiða þetta mál fyrr en þá og væntanlega yrðu þá málin orðin skýrari á ýmsum sviðum. En þetta kapp stjórnarflokkanna að koma þessu málum fram á sama tíma og þeir halda að sér höndum í efnahagsmálum sem nú brenna á þjóðinni, virðist vera táknrænt fyrir stefnu og hugsjónir ríkisstjórnarinnar. Því miður virðist ríkisstjórnin þannig vera að dansa sinn hrunadans, þ.e. ríkisstjórnin telur það sitt sáluhjálparatriði að koma Íslandi inn í skrifræðisfrumskóg Evrópska efnahagssvæðisins í Brussel. Ákafi ríkisstjórnarinnar í þeim dansi er svo mikill að hún skeytir engu þótt hún sé á meðan að sökkva þjóðinni dýpra og dýpra í efnahagsöngþveiti sem flestum er nú ljóst en biður sífellt um nýjan og nýjan dans, nýja og nýja samþykkt um Evrópska efnahagssvæðið, en það virðist vera að ekki eigi að leggja neinar tillögur um aðgerðir í efnahagsmálunum fyrir þetta þing áður en það lýkur störfum nú í vor.

Spurningin er því sú, hversu djúpt ætla stjórnarflokkarnir að sökkva þjóðinni með þeirri trú sinni að bjargráð hennar komi frá Brussel og því megi atvinnuvegir hennar reka á reiðanum?

Spurningin er líka sú hversu lengi ætla kjósendur stjórnarflokkanna að una því að þannig sé haldið á málum? Það er áreiðanlegt að það er annað fremur sem þjóðin þarf nú á að halda heldur en samþykkt þessa frv. Þjóðin þarf á því að halda að stjórnarfarið mótist af nýrri stefnu, nýjum vinnubrögðum og nýrri trú, trú á landið og á íslenska þjóð.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg á mörkunum að ég hafi geð í mér til þess að koma upp í þessari umræðu svo ósátt er ég við það að við skulum hér á Alþingi vera enn og aftur að fjalla um EES-málin án þess að hafa haft tök á því að spyrja þjóðina. Í þetta sinn erum við að fjalla um lokaafgreiðslu ef ríkisstjórninni verður að óskum sínum. Það sem á eftir kemur er vissulega mikið, en hér er samt úrslitaákvörðunin, lokahnúturinn hnýttur á þennan pakka sem við vitum ekkert um hvert innihald verður að ári, eftir tvö ár, eftir þrjú ár. Þetta er stórt mál. Um það eru bæði þing og þjóð sammála. Samt sem áður hefur verið amast við því að málið fékk mikla umræðu á Alþingi í vetur, þrátt fyrir þá staðreynd að alla vega í orði kveðnu er ekki búist við því að við göngum lengra til Evrópusamrunans. Þar af leiðandi er þetta lokaumfjöllun okkar ef stjórnvöld segja satt í þeim efnum.

Í öðrum löndum háttar svo til að þar er lokaumfjöllunin í rauninni fram undan þar sem önnur EFTA-ríki hafa sótt um aðild að EB, þ.e. stjórnvöld þar. Þessi lokaumræða er þar eftir. Ég ætla ekki að fara mikið efnislega í þetta mál, slík efnisumræða sem varð hér í vetur, en ég vil benda á það að við höfum hér breyttar aðstæður nú. Jafnvel utanrrh. viðurkennir að dragast muni að EES-samningurinn taki gildi, ef hann tekur gildi, hvað svo sem hann óskar, þráir og vonar. Þessar breyttu aðstæður ættum við að sjálfsögðu að nota og nýta það svigrúm sem er. Þessar beyttu aðstæður eru líka þær að síðan í vetur hefur liðið tími og hafi það komið glöggt fram í vetur að ekki var fýsilegur kostur að ganga til þessa samstarfs, Evrópusamruna, þá er það enn augljósara nú. Ég held að það séu afskaplega fáir sem gera sér ekki grein fyrir því að Evrópuglýjan er farin að tapa mjög ljóma sínum, jafnvel í augum þeirra sem sáu þar mestan glansinn.

Þessar breyttu aðstæður hafa verið mjög til umfjöllunar í tímaritum. Gert var ráð fyrir því að um síðustu áramót rynni evrópskt draumaríki renna upp, innri markaðurinn, en fjölmörg tímarit og dagblöð hafa fjallað um það hvað blasir við og hversu mjög vonir manna hafa brugðist. Ekki ætla ég að efast um heilindi þeirra sem sáu einlæglega þarna kost. Ég er ekki sammála. Ég deili ekki þeirra skoðunum, en ég virði það að menn hafi séð þarna ákveðin góðan valkost. Mér er það hins vegar óskiljanlegt að menn geti enn verið svo blindir. Ég held að það sé tímanna tákn hversu vaxandi umfjöllun er í fjölmiðlum um atvinnuleysið, um vonirnar sem brugðust í Evrópu. Með tilkomu innri markaðarins jókst atvinnuleysi en minnkaði ekki. Reyndar voru nú afskaplega margir sem bentu á að svo mundi verða, en ég held að í lengstu lög hafi menn neitað að horfast í augu við þann veruleika. Nú horfast menn í augu við þann veruleika. Menn eru farnir að spyrja í auknum mæli áleitinna spurninga eins og í hverra þágu er Evrópusamruninn, EES eða EB? Ég held að engum detti það í hug að þetta sé í þágu þeirra ríkja sem verið er að loka á með innflutningshömlum og tollmúrum. Heldur ekki að einhver reyni að halda því fram í fullri alvöru að þetta sé í þágu kvenna. Ég held að æ fleiri séu að gera sér það ljóst að þetta Evrópuríki er heldur ekki í þágu þeirra sem minna mega sín innan Evrópu og þar á ég ekki síst við atvinnuleysingjana, en atvinnuleysi á Evrópusvæðinu mælist nú um 10% og það er spáð að þar getum við fengið hrikalegri tölur. Í einstökum ríkjum blasa þessar hrikalegri tölur nú þegar við.

Atvinnuleysið er mest meðal ungs fólks. Það er kannski nöturlegt að góðkunnur teiknari hjá dagblaði sem hefur nú lengst af verið tengt öðrum stjórnarflokkanna heilsaði árinu með skopteikningu þar sem íslensku atvinnuleysingjarnir 5.000 mættu 15 millj. atvinnuleysingja í Evrópu og það var sagt gleðilegt EES-ár. Auðvitað blasir þetta við. Við höfum að mörgu leyti blekkt unga fólkið á því að möguleikarnir væru svo miklir innan Evrópusamstarfsins. Vissulega eru alltaf miklir möguleikar í fjölþjóðasamstarfi en það er ljóst að flestir mikilvægustu samningar t.d. um samvinnu milli háskóla eru meira og minna óháðir því hvort við göngum til þessa samstarfs og á þetta hefur fyrrv. háskólarektor Sigmundur Guðbjarnason bent á og ég hef ekki séð það hrakið. Þetta er hreinlega ekki sæmandi og ég er afskaplega hrygg yfir því að við skulum ekki hafa náð því að benda á þetta, a.m.k. ekki þannig að virkaði vel.

Ég vil líka benda á að viss deyfð eða vonleysi er í samfélaginu og ekki bara í umræðum um alþjóðamál. Fólk er vonlaust um að það geti haft nokkur áhrif á tilveru sína og þetta vonleysi er því miður að mínu mati stjórnvaldstæki. Það að draga kjark úr fólki, það að gera fólk vonlaust um að hafa nokkur áhrif gefur valdhöfum svigrúm til þess að drottna og það er gert. Ég tel ekkert annað en valdbeitingu stjórnvalda að knýja fram afgreiðslu á ófullbúnu frv. eins og gert var í vetur, svo og fiskveiðisamningi Íslands og EB þegar ekkert lá á. Ég tel það ekkert nema valdbeitingu og ofríki gagnvart fólki að heimila ekki þjóðaratkvæðagreiðslu, ekki einu sinni ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta er ekkert annað en sú valdbeiting sem stjórnvöld eru þráfaldlega að gera sig sek um og þau sem hér eru á landinu eru svo sannarlega ekki þau einu. Þetta er líka sama valdbeitingin og beitt er gegn verkalýðsfélögum þegar lög eru sett á verkföll og kjarasamninga. Þetta er sama valdbeitingin og ráðherra beitir er hann skipar einkavin annars ráðherra í stöðu þar sem ljóst er að ekki getur orðið friður um hann og þar sem sá maður hefur að margra mati ekkert erindi umfram það að þjóna vilja annarra sem eru í aðstöðu. Þetta er það sem fyrst og fremst rekur mig enn og aftur í ræðustól um þetta mál. Ég tel að óhjákvæmilega muni verða umræða áfram um Evrópumálefni og ég er afskaplega hrædd um að sú umræða verði í skugga þess að við getum ekkert gert vegna þess að búið er að draga okkur inn í ferli þar sem við getum ekki snúið aftur. Ef við lendum inni í þessu ferli munum við reyna að hafa áhrif. Vissulega óska ég þess að við munum geta það ef við lendum þar inni. En ég get ekki staðið hér og hræsnað og sagt að ég trúi því. Ég trúi því ekki en ég hef a.m.k. leyfi til þess að vona það að ef þetta verður það sem okkur verður boðið munum við gera það og ég geri ráð fyrir því að þar liggi enginn á liði sínu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa hér lengra mál. Í mínum huga skiptir þetta einstaka mál okkur jafnvel enn meira en það karp sem við stöndum nú í varðandi fiskveiðistjórnunina og er það þó mjög stórt mál.

Í kvöld hafði ég hugsað mér að vera á fundi úti á Hótel Sögu vegna þess að þar eru tvíhöfðar að funda með Reykvíkingum og nærsveitarmönnum og ég átti erfitt með að velja. En engu að síður gat ég ekki annað en valið það að vera hér og segja skoðun mína í þessum fáu orðum. Það er nefnilega þannig að kannski í því eina máli þar sem stjórn fiskveiða er, þar eru þó öflugar raddir. Þar virðist vera hægt að hafa áhrif, það virðist vera hægt að breyta einhverju. Þar er fólk ekki svona lamað og þar er þó a.m.k. eins og staðan er núna komið upp það að stjórnvöld hafast ekki að meðan ekki er komin sátt í þjóðfélaginu. En hvers vegna í ósköpunum er gefið lítið fyrir það þó ekki náist sátt í þessu máli í þjóðfélaginu? Ég tel ekki að sú sátt hafi orðið og ég tel að sú þögn sem er um málið núna sé vegna máttleysis fólks en óánægjan kraumar undir.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umræðu frekar en ég get ekki annað en komið hér fram og rætt þessa frávtill. sem flutt hefur verið. Hún var ekki komin fram þegar ég flutti mál mitt hér í upphafi umræðunnar. Ég verð að lýsa undrun minni yfir því að þessi tillaga skuli komin fram núna. Aldrei var minnst á hana einu orði eða að hún væri væntanleg í umræðum okkar í utanrmn. Ég er því svolítið undrandi að hún skuli koma fram um þetta mál. Ég leit þannig á að menn væru þeirrar skoðunar að hér væri um hreint tæknilegt atriði að ræða. Frv. væri tæknilegt en snerti ekki efnishlið málsins þannig að ég vil láta þessa skoðun mína koma hér fram.

Auk þess tel ég að það sé mjög hæpið svo ekki sé meira sagt að unnt sé að koma aftur með tillögu á þinginu um það að vísa þessu máli undir þjóðaratkvæði. Tillaga um það efni hefur þegar verið afgreidd á þinginu og henni hefur verið hafnað. Mér finnst því mjög hæpið eins og ég segi að það sé hægt að endurflytja slíka tillögu um þetta sama efni. Ég vildi aðeins láta þessi sjónarmið mín koma fram. Ég hafði ekki tök á því að gera það þegar ég flutti ræðu mína í upphafi af því að tillagan hafði ekki komið fram þegar sú ræða var flutt.

Útbýting þingskjala:

Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, 406. mál, nál. félmn., þskj. 1056; brtt. félmn., þskj. 1057.

Framhaldsskólar, 397. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 1058; brtt. meiri hluta menntmn., þskj. 1059.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 276. mál, brtt. minni hluta félmn., þskj. 1050.

Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, 117. mál, þskj. 1046.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 9. þm. Reykv. beindi til mín spurningu. Spurningin var sú: Hvar eru stödd frumvörp iðnrh. sem gera ráð fyrir því að lýsa þjóðareign á orkulindum þjóðarinnar, þ.e. fallvötnum og jarðhita? Því er til að svara að þessi frumvörp hafa verið lögð fram í ríkisstjórn. Óskað var eftir því að setja upp starfshóp lögfræðinga til þess að fara vandlega ofan í

saumana á þeim út frá eignarréttarlegum og stjórnarskrárlegum forsendum. Ég er reyndar ekki allveg fullviss um það á þessari stundu hvort þeim athugunum er lokið en ég geri fastlega ráð fyrir því að frumvörpin verði áfram til umfjöllunar í ríkisstjórn og þau verði lögð fram í upphafi þings næsta haust.

Nú er hins vegar rétt að taka fram að ekki skiptir *sköpum að því er varðar þetta mál af þeirri einföldu* ástæðu að sú skipan sem nú er á varðandi nýtingu orkulinda og rekstur fyrirtækja til þess að nýta orkulindirnar sem er rekstur ríkis og sveitarfélaga brýtur á engan veginn í bága við EES-samninginn. Með öðrum orðum er ekkert í EES-samningunum sem knýr á um að breyta því. Þess vegna þurfti ekki að setja neina fyrirvara að því er varðar þá skipan sem við nú höfum þegar á þeim málum. EES-samningurinn knýr okkur ekki til breytinga. Núverandi skipan stenst EES-samninginn. Það kallar með öðrum orðum ekki á neinar breytingar.

Hins vegar ef þessum orkuveitufyrirtækjum og orkunýtingarfyrirtækjum væri breytt í hlutafélög og hlutabréfin síðan seld á markaði hlytu að gilda um það sömu reglur, þ.e. um jafnan rétt til atvinnurekstrar og til hlutfjárkaupa á svæðinu. Það er þess vegna svo að ef menn vilja huga að slíkum breytingum og vilja koma í veg fyrir það að nokkur áhætta sé tekin að því er varðar hugsanlegt eignarhald erlendra aðila að orku*lindunum sjálfum er sjálfsagt að afgreiða þau laga*frumvörp sem ég vék að áður sem leysa vandamálin einfaldlega með því að lýsa þessar orkulindir alþjóðareign sem reyndar hefur lengi verið leitað eftir, m.a. vegna þess að réttaróvissa er ríkjandi í landinu um hvar eru mörk einkaeignarréttar og almannaeignarréttar utan eignarhalds lögbýla á afréttum svo að ég nefni sem dæmi.

Þá er þess að geta að við erum með tímabundna undanþágu að því er þessi mál varðar, þ.e. til ársins 1996 *þannig að það er eins með þetta eins og hin* svokölluðu girðingarfrumvörp sem menn hafa rætt áður að við höfum tíma til þess að ráða ráðum okkar um þetta og Alþingi þar með bæði að kanna slík frumvörp og taka afstöðu til slíkrar lagasetningar áður en á það reyndi að þessi tímabundna undanþága væri liðin.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja umræðuna með því að víkja eitthvað að þeim skoðunum sem hér hafa verið fram færðar. Þetta var einfaldlega spurning sem til mín var beint og ég hef svarað henni eftir bestu getu.

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Út af fyrir sig var fróðlegt að heyra svör hæstv. utanrrh. um þetta efni. Mér datt í hug yfirklór í sambandi við svarið. Þegar vísað er til þess að kannski hafi þurft að athuga betur stjórnarskrárbundin ákvæði og eignarréttarákvæði og það standi í Sjálfstfl. í þessu máli er það mjög ljúfmannlega gert af hæstv. utanrrh. að bera það fram, mjög ljúfmannlega. Sannleikurinn er sá að þessi mál hafa verið til umræðu á undanförnum þingum og þar hafa verið kvaddir til aðilar einmitt til þess að fara nákvæmlega yfir þessi efni og það með samkomlagi við núv. hæstv. iðnrh. vegna frv. sem lá í iðnn. fyrir tveimur árum og fyrir einu ári. En síðan urðu þau stórmerki að hæstv. iðnrh. réði annan af tveimur sérfræðingum sem iðnn. hafði fengið til að líta á þessi mál yfir til sín og hefur vafalaust borgað betur en það hefur ekki borið *meiri árangur en þetta.*

Hitt efnið er það sem hæstv. ráðherra nefnir sér eða ríkisstjórninni til málsbóta og er það að hér sé tímabundinn frestur í sambandi við málið og að ekki reyni á þetta. Það sé svo sem allt í lagi þó þetta hafi dregist. Málið tengist ekki spurningunni um rekstrarform á orkuveitum sem slíkum. Málið snýst um eignarrétt á náttúruauðlind alveg óháð því hvert rekstrarformið yrði ef viðkomandi fær að hagnýta sér hann. Þetta snýst um það hvort samhliða kaup á jarðeign á fasteign og landi *eru keypt réttindi, eru keypt þau auðæfi sem í jörðu* eru í formi jarðhita eða orka fallvatna. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er það þannig í sambandi við fasteignakaupin að þar sé tímabundin undanþága og þess vegna sé einnig allt í lagi að því er snertir þessi atriði? (**SvG:** Hver á Ísland?)

Páll Pétursson:

Herra forseti. Örfá orð. Ég er út af fyrir sig ánægður með að frávtill. skyldi koma svona illa við hv. 3. þm. Reykv. Það þykir mér að vissu leyti betra. Hér er ekki einungis um tæknilegan gjörning að ræða við afgreiðslu þessa frv. Alþingi er að leggja lokahönd á samninginn um Evrópskt efnahagssvæði fyrir sitt leyti og það er verið að ganga frá málinu, ekki bara lítilvægum, tæknilegum breytingum eins og það að strika Sviss út úr textanum. Þetta er lokaafgreiðsla málsins sem fer fram hér á morgun eða í þessari atrennu og okkur þótti eðlilegt að reyna eina ferðina enn að bjarga *því sem bjargað yrði og koma málinu til rík*isstjórnarinnar þannig að hún gæti hugsað sig um og reynt að gera aðeins betur.

Mér er kunnugt um að í haust var felld tillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu. Henni var m.a. hafnað á þeirri forsendu að ekki væri nægur tími til að framkvæma hana. Á nýju ári ætti að gefast tími til þess að láta ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu fara fram þar sem krafan um hana er enn við lýði, hún verður ekki kæfð til eilífðarnóns með einni ákvörðun meiri hluta Alþingis.

Nokkur orð vegna hinnar stuttu ræðu hæstv. utanrrh. Það er laukrétt að girðingarvinnan er eftir. Hún hefur lent í útideyfu, þar sem torvelt er reisa þær girðingar sem eitthvert hald er í. Þetta hefur komið berlega í ljós við þær tilraunir eða tilhlaup sem gerð hafa verið til þess að koma þeim upp. Þær girðingahugmyndir sem menn hafa verið að sýsla með og prófa á sjálfum sér og sínum félögum í stjórnarflokkunum eru allar gallaðar og koma okkur meira og minna í koll. Sumar brjóta eignarréttarákvæði stjórnarskrár, aðrar gera landið verðlítið ef ekki má selja það nema á ákaflega þröngum markaði og þannig mætti lengi telja.

Mér finnst þessi umræða hafa tekið talsvert mikl-

um stakkaskiptum hjá hæstv. utanrrh. Hvar er fögnuðurinn og sigurgleðin frá því í haust? Hann kemur hér skömmustulegur og lætur fara sem minnst fyrir sér. Það er auðvitað vegna þess að hann fyrirverður sig fyrir verk sín og það segi ég honum til málsbóta því það er gott að hann kunni að skammast sín.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að ég gerði athugasemd við efni frávísunartillögunnar, eða þann hluta hennar sem vísar til þjóðaratkvæðagreiðslu, var ekki sú á hvaða forsendum tillögunni var hafnað í vetur. Það er heldur ekki nein ástæða sem getur gert tillögur óþinghæfar að þeim sé hafnað á einhverjum forsendum, heldur hitt að tillögunni var hafnað og samkvæmt þingsköpum á ekki að flytja á sama þingi tillögu um sama efni. Ég tel að þessi tillaga sé óþingtæk og forseti ætti að úrskurða að það sé ekki hægt að flytja hana af því að það er búið að hafna á þinginu í vetur að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Það er þetta sem ég vakti máls á en ekki því á hvaða forsendum menn höfnuðu því, enda höfnuðu þeir því ekki á þeirri forsendu að það væri ekki tími til þess að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú nokkuð langt seilst um hurð til lokunnar hjá hv. 3. þm. Reykv. að telja að afgreiðslan í haust, fyrrahaust, meini okkur að minnast á þjóðaratkvæðagreiðslu fyrr en einhvern tíma í framtíðinni. Hér er nú um annað þingmál að ræða. Þessi tillaga er allt öðruvísi orðuð heldur en hin og auðvitað er altítt að fluttar séu tillögur um sama efni tvisvar á sama þingi. Þetta er ekki sama tillagan eins og flutt var á þskj. hér einhvern tíma í okt. eða nóv. heldur undir öðrum formerkjum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tvíhliða samningur við Evrópubandalagið, síðari umr.

Þáltill. StH og HÁ, 303. mál. — Þskj. 472, nál. 1018, brtt. 1019.

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég geri hér grein fyrir brtt. á þskj. 1019 frá utanrmn. við tillögu til þál. um tvíhliða samning við Evrópubandalagið og nál. á þskj. 1018 frá utanrmn. um sama efni. Ég ætla að lesa fyrst nál.:

„Nefndin fjallaði um tillöguna, sem flutt er af Steingrími Hermannssyni og Halldóri Ásgrímssyni, í því ljósi að samningar höfðu tekist um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og að óvissu vegna brotthvarfs Sviss af svæðinu hafði verið eytt. Jafnframt lá fyrir við umfjöllun nefndarinnar að samningaviðræður væru hafnar milli EFTA-ríkjanna Austurríkis, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar og framkvæmdastjórnar EB um aðild þessara ríkja að bandalaginu. Því var talið eðlilegt að breyta hinni upprunalegu tillögu. Við gerð breytingartillögunnar töldu nefndarmenn mikils virði að ná sem víðtækastri samstöðu um afgreiðslu málsins. Breytingartillagan er flutt á sérstöku þingskjali.

Að mati nefndarinar er ákaflega mikilvægt að enginn vafi sé um afstöðu Íslands til Evrópubandalagsins (EB). Verði niðurstaðan af viðræðum fyrrgreindra EFTA-ríkja við EB sú að þau gerist aðilar að bandalaginu er jafnframt mikilvægt að fyrir liggi sú afstaða Alþingis að stefnt skuli að tvíhliða samningi Íslands og Evrópubandalagsins. Álítur nefndin nauðsynlegt fyrir ríkisstjórnina að geta stuðst við vilja Alþingis þegar hugað er að samskiptum Íslands og EB um leið og hún minnir á nauðsyn þess að nefndinni gefist kostur á að fylgjast náið með þróun málsins. Því er eðlilegt að Alþingi marki þá stefnu sem felst í breytingartillögu nefndarinnar. Leiði tvíhliða viðræður Íslands og EB í framhaldi af gerð EES-samningsins til þess að gengið verði á ný til samninga við bandalagið verður sú ákvörðun borin undir Alþingi. Við slíka tvíhliða samningsgerð yrði einkum litið á viðskiptahluta samningsins um Evrópska efnahagssvæðið þar sem stofnanahlutinn hlyti óhjákvæmilega að taka á sig allt aðra mynd.

Innan nefndarinnar hefur töluvert verið rætt um það hvernig afskiptum Alþingis af framvindu mála á vettvangi EES skuli háttað. Jafnframt hefur nefndin rætt hvernig hún geti sem best fylgst með aðildarviðræðum EFTA-ríkja við EB. Þeim umræðum er ekki lokið, en nefndarmenn eru sammála um að utanríkismálanefnd gegni þar lykilhlutverki og verði að haga störfum sínum í samræmi við það."

Þetta álit undirrita auk mín Steingrímur Hermannsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Geir H. Haarde, Páll Pétursson, Árni R. Árnason, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Sigbjörn Gunnarsson.

Brtt. er þannig að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að í framhaldi af gerð samningsins um Evrópska efnahagssvæðið skuli teknar upp viðræður við Evrópubandalagið um tvíhliða samskipti þess og Íslands, einkum með hliðsjón af því að Austurríki, Finnland, Noregur og Svíþjóð hafa sótt um aðild að bandalaginu. Því felur Alþingi ríkisstjórninni að undirbúa slíkar viðræður um hugsanlegan tvíhliða samning og tilkynna framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins um þennan vilja Alþingis."

Þá er einnig lagt til í þessari brtt. að tillagan heiti „Tillaga til þingsályktunar um tvíhliða samskipti við Evrópubandalagið."

Herra forseti. Ég tel að það sé mjög mikilvægur áfangi í samskiptum Íslands við Evrópubandalagið að það skuli hafa náðst samstaða um þessa tillögu í utanrmn. Ég tel að það skipti miklu máli út á við fyrir okkur Íslendinga og einnig inn á við fyrir framhald stjórnmálaumræðunnar hér á landi eftir að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið gengur í gildi. Tillagan tekur mið af þessu því að þar segir að í fram-

haldi af gerð samningsins skuli teknar upp slíkar viðræður. Það er ljóst af tillögunni að gengið er að því sem vísu að samningurinn taki gildi þó að vissulega séu um það skiptar skoðanir eins og fram hefur komið í umræðum á undan hvenær það verður og ýmsir þeirrar skoðunar að kannski verði það aldrei. Tillagan byggist á því að það verði gengið til tvíhliða samskipta við Evrópubandalagið í framhaldi af gerð þessa samnings.

Ég hef ekki verið sérstakur talsmaður þess að það sé kappsmál í sjálfu sér að samkomulag takist á Alþingi um mál sem þessi. Ég held að það sé heilbrigt fyrir lýðræðislega stjórnarhætti í landinu að menn séu ekki alltaf að reyna að leita málamiðlana eða komast að einni niðurstöðu. Það á ekki að vera sérstakt markmið í sjálfu sér, en í þessu máli taldi ég ákaflega mikilvægt og fagnaði því mjög þegar forsendur voru fyrir því í utanrmn. að menn gátu sameinast um tillöguna. Ekki síst í ljósi þess mikla ágreinings sem verið hefur um þátttökuna í Evrópska efnahagssvæðinu og þeirra mörgu spurninga sem vaknað hafa í hugum manna í tilefni af því máli þá taldi ég að það væri hagstætt bæði fyrir stjórnmálaástandið hér á landi og fyrir stöðu okkar gagnvart Evrópubandalaginu að víðtæk samstaða næðist í þessu máli.

Ég vil þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir samstarfið við að laga og breyta þeirri tillögu sem kom frá þeim Steingrími Hermannssyni og Halldóri Ásgrímssyni á þann veg sem hér liggur fyrir. Ég tel að þar hafi menn gengið til verks af heilindum í því skyni að ná raunverulegu samkomulagi um orðalagið sem hér liggur fyrir. Það lá einnig fyrir í umræðu í nefndinni að menn telja sig e.t.v. túlka þetta með mismunandi hætti en það er ástæðulaust að fara út í vangaveltur um það. Tíminn mun leiða í ljós hver framvindan verður en mestu skiptir nú að samstaða liggur fyrir um tillöguna og allir nefndarmenn í utanrmn. Alþingis standa að henni eins og ég hef greint frá. Ég legg hana hér fram til umræðu og afgreiðslu.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Umræðu um 7. dagskrármálið verður nú frestað. (Gripið fram í.) Að ósk formanns þingflokks Framsóknarflokksins hefur verið ákveðið að fresta þessari umræðu. Hv. 4. þm. Austurl. kveður sér hljóðs um gæslu þingskapa.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég tel það mjög einkennilegt ef fresta á umræðu um tillöguna nema þá um skamma hríð vegna funda eða þess háttar. Þá hefði verið nær að draga það að mæla hér fyrir málinu. Ég skil ekki vinnubrögð af þessum toga og óska eftir því að umræða verði hér um málið þó svo henni verði ekki lokið og það finnst mér eðlilegt.

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það var skilningur minn í samtali við formann Framsfl. að hann mæltist til þess að umræðu yrði ekki lokið og hún færi hér fram, þannig að hann hefði tækifæri til þess að taka þátt í henni þótt það yrði ekki fyrr en á morgun. Það var samkomulagið sem ég taldi að hefði verið gert. Ég mælist eindregið til þess, herra forseti, að við getum staðið við það samkomulag og heimilað verði að umræðan fari fram en henni verði ekki lokið þannig að hv. þm. Steingrímur Hermannsson fái tækifæri til þess að tjá sig um málið hvort sem það verður síðar í kvöld eða á morgun. Þetta var það samkomulag sem ég taldi mig gera þegar um þetta mál var rætt við mig fyrr í dag.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti telur eðlilegt að verða við þeim óskum að umræðan haldi áfram en henni ljúki ekki í dag.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. talaði um að náðst hefði víðtækt samkomulag um efni þessarar tillögu. Þetta er væntanlega rétt miðað við það sem fram kemur í nál., að allir hafi skrifað undir. Mér er hins vegar ekki alveg ljóst um hvað náðist samkomulag vegna þess að mér finnst þetta dálítið merkileg tillaga að mörgu leyti og vil ég skýra það nánar.

Hér segir að Alþingi álykti að í framhaldi af gerð samningsins um Evrópska efnahagssvæðið skuli teknar upp viðræður við Evrópubandalagið um tvíhliða samskipti þess og Íslands. Á þessari stundu er ekki vitað hvort og þá e.t.v. hvenær EES tekur gildi og eru margir sem efast um að það verði nokkurn tíma, þar á meðal hefur hæstv. utanrrh. komið fram með það úr þessum ræðustól að ekkert sé vitað um framhaldið þannig að mér finnst það einkennilegt að leggja fram tillögu núna um tvíhliða viðræður. Það hefði átt að gera það áður en þessi samningur var gerður. Það hefði ég stutt heils hugar. Mér finnst þetta mjög sérkennilegt. Hvenær eiga þessar tvíhliða viðræður að fara fram? „Í framhaldi af gerð samningsins" stendur en ekkert er talað um hvort það á að vera eftir að hann taki hugsanlega gildi þannig að mér þykir þetta dálítið sérkennilegt.

Ég ítreka það sem ég hef reyndar sagt oft áður að ég hefði viljað fara þá leið að gera tvíhliða samning við Evrópubandalagið. Það var eitt af því sem Kvennalistinn lagði til á sínum tíma, en mér finnst mjög sérkennilegt að leggja til að taka upp tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið á þessum tímapunkti, þ.e. hér og nú. Þess vegna er mér hulin ráðgáta hvernig þetta á eiginlega að ganga upp.

Síðar í tillögunni kemur fram að þetta skuli gert einkum með hliðsjón af því að Austurríki, Finnland, Noregur og Svíþjóð hafa sótt um aðild að bandalaginu. Það er alveg rétt að þessi EFTA-ríki hafa sótt um aðild en ekkert liggur fyrir um niðurstöðuna. Það bendir ýmislegt til þess að aðild verði hafnað af almenningi. Sérstaklega gildir þetta um Noreg en það er ýmislegt sem bendir til að sama muni gilda bæði um Finnland og Svíþjóð, en þar hefur andstaðan við EB aukist jafnt og þétt. Síðustu fregnir herma að í Austurríki beri einnig meira á andstöðu þannig að enginn

veit hvernig þessu lyktar. Ég er með fyrir framan mig skoðanakönnun frá Svíþjóð sem birtist 14. mars sl.. Þar kemur fram veruleg andstaða við aðild Svíþjóðar að EB, sérstaklega mikil andstaða hjá konum og ungu fólki.

Þó að umsóknirnar frá þessum ríkjum liggi fyrir, þá er allsendis óvíst að þær verði nokkurn tíma aðilar að EB þannig að því leyti til finnst mér þessi tillaga líka dálítið sérkennileg svo ekki sé meira sagt. Ég tel hins vegar að hún sé ekkert skaðleg, það sakar ekkert að þessi tillaga skuli sett hér fram og ef einhverjum finnst gott að samþykkja hana þá felst ekkert í henni. Það hefur verið talað um að það sé mikilvægt að Íslendingar sameinist um það að sækja ekki um aðild að Evrópubandalaginu og ég yrði mjög fegin ef það væri niðurstaðan, en mér finnst það ekki beinlínis felast í þessari tillögu. En eins og ég sagði áðan er hún auðvitað ekki til neins skaða í sjálfu sér, en það er ákaflega lítið gagn af henni að mínu mati og ég átta mig ekki alveg á af hverju hún er tímabær einmitt á þessum tímapunkti og vildi ég spyrja hv. 3. þm. Reykv. að því sérstaklega.

Mig langar einnig að gera að umræðuefni niðurlagsgrein eða niðurlagsorð, reyndar 4–5 línur í nál. utanrmn. en þar er talað um mál sem ég tel ekkert koma þessu máli neitt sérstaklega við, en nefndin hefur greinilega talið svo vera, en þar segir að nefndarmenn séu sammála um að utanrmn. gegni lykilhlutverki af hálfu Alþingis um framvindu mála á vettvangi EES. (**SvG:** Þeir eru bara að lýsa trausti á sjálfa sig.) Það er einmitt það sem ég var að hugsa eins og frammíkallari segir, að þarna er nefndin raunverulega að lýsa víðtæku trausti á sjálfa sig og er nokkuð merkilegt að setja þetta fram í þessu nál. án þess að það hafi verið rætt neitt á vettvangi Alþingis. Það er kannski út af fyrir sig ekkert óeðlilegt að utanríkismálanefndarmenn komist að því að þeir eigi að gegna lykilhlutverki í sem flestum málum. Ég vil benda á að til þeirra er vísað öllum mögulegum málum, t.d. á sviði umhverfismála sem ég hefði talið eðlilegt að umhvn. tæki til umfjöllunar, þ.e. alþjóðasamninga á sviði umhverfismála, og sakna ég þess á vettvangi þeirrar nefndar að við fengjum ekki að fjalla meira um það mál en utanrmn. taldi að við ættum að gera, en það er nú kannski annar handleggur. Ég er ekkert alveg viss um það að ég telji að utanríkismál eigi að gegna lykilhlutverki á þessu sviði. Ég vil minna á að í Danmörku er sérstök Evrópunefnd starfandi sem kallast marketsudvalget sem sér um þessi mál af hálfu þess þings, Folketinget, og ég hefði talið koma til greina að það sama yrði gert af hálfu Alþingis. Það hefur hins vegar ekkert verið rætt að því er ég held neitt sérstaklega nema þá greinilega á vettvangi utanrmn. En ég vildi nú gera athugasemd við þetta. Það getur svo sem vel verið að niðurstaðan verði sú sem þarna er lagt til en ég hefði talið eðlilegra að einhverjir aðrir en einmitt þeir sem sitja í utanrmn. fjölluðu um þetta mál. Ég vil kannski sérstaklega geta þess vegna þess að þetta er sett fram þarna í þessu nál. að ég lít ekki svo á að þó að Alþingi samþykki hugsanlega þessa tillögu að það eigi að samþykkja þetta atriði. Þetta kemur einungis fram í nál.

Vegna þessarar tillögu vil ég taka það fram að ég hef ekki hugsað mér að greiða atkvæði gegn þessari tillögu þó að mér finnist hún dálítið skrýtin. Það er ekki þess vegna sem ég er að gera athugasemdir við hana því að ég held að hún sé ákaflega saklaus og skipti í raun ekki neinu máli. En ég endurtek það að mér er hulin ráðgáta hvers vegna hún er flutt á þessum tímapunkti.

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svarið við spurningu hv. þm. um það hvers vegna tillagan er flutt núna er ósköp einfalt því að fyrir utanrmn. lá tillaga frá Steingrími Hermannssyni og Halldóri Ásgrímssyni sem nefndin þurfti að taka afstöðu til og þetta varð niðurstaða nefndarinnar í umfjöllun um þá tillögu. Nefndin hafði í sjálfu sér ekki frumkvæði að þessu máli öðruvísi en svo að hún þurfti að taka afstöðu til máls sem hafði verið flutt hér á þinginu í vetur og þetta varð niðurstaðan í nefndinni þannig að ég get ekki annað en vísað til þess. Ég taldi og allir nefndarmenn voru þeirrar skoðunar að nefndin ætti að taka afstöðu til þeirra mála sem til hennar hafði verið vísað þannig að ef hv. þm. er þeirrar skoðunar að tillaga þeirra Steingríms Hermannssonar og Halldórs Ásgrímssonar hefði verið ótímabær, þá hefði átt að stoppa hana fyrr í þinginu. Þess vegna þurfti nefndin að taka afstöðu til málsins.

Varðandi síðasta liðinn í nál., þá var það einmitt til þess að kalla fram viðbrögð eins og þau sem komu frá hv. þm. að nefndin ákvað að setja þetta í álitið. Að sjálfsögðu snertir þetta ekki beint þá tillögu sem hér er um að ræða heldur er þetta spurning sem hefur vaknað víða hvernig á að halda á þessum málum í þinginu og þarna lýsir utanrmn. sinni skoðun. Hv. þm. situr í forsætisnefndinni. Vafalaust getur hann rætt þetta á þeim vettvangi. Það þarf að ræða þetta innan þingsins en þeir sem standa að þessu nál. eru þeirrar skoðunar að utanrmn. sé hinn eðlilegi vettvangur en aðrir geta haft aðrar skoðanir og þá verðum við bara að ræða það hér og það væri hægt að ræða það í forsætisnefndinni og annars staðar og í þingflokkum, en utanmrn. þótti eðlilegt og skynsamlegt að kynna þetta viðhorf sitt opinberlega og notaði þetta tækifæri til þess.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ágætt að nefndin hafði árangur sem erfiði a.m.k. varðandi einn þingmann sem hér stendur. En það liggur nú við að ég verði að lýsa trausti á utanrmn. sérstaklega ef hún afgreiðir allar tillögur sem til hennar koma því að það gildir ekki um aðrar nefndir. (**SvG:** Þetta er væntanlega yfirlýsing yfir línuna.) Að því leyti til verð ég að hrósa utanrmn. sérstaklega ef allar tillögur sem til hennar koma eru afgreiddar og þá væntanlega afgreiddar á jákvæðan hátt og það eru fluttar brtt. ef það er talin ástæða til.

Hv. þm. sagði að það hefði þurft að stoppa tillöguna fyrr í þinginu. Það þótti mér einkennilegt. Það er ósköp eðlilegt að tillögum sé vísað til nefnda og þær séu meðhöndlaðar þar. Síðan kemur í ljós hvað nefnd-

in vill gera og við ræðum það hér við 2. umr. eins og verið er að gera núna. Ég er alls ekki að tala um það að þessi tillaga sem kemur frá utanrmn. eða reyndar brtt. sé neitt skaðleg og eins og ég segi, ég ætlaði ekki að reyna að stoppa þessa tillögu, mér finnst engin ástæða til þess, ég hef ekki lýst því yfir að ég ætli að greiða atkvæði gegn þessari tillögu. Það hef ég ekki gert og mun ekki gera. En það breytir ekki því að mér finnst hún vera ótímabær og ekki vera beinlínis í takt við tímann.

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki annað en endurtekið það sem ég sagði. Ástæðan fyrir því að þessi tillaga er hér, ef það fer fyrir brjóstið á hv. þm., er sú að hún var lögð fram í þinginu og nefndin tók hana til afgreiðslu og hefur afgreitt hana með þessum hætti þannig að mér finnst það einkennilegt að það skuli vera ámælisvert að nefndir taki afstöðu til þeirra mála sem lögð eru fram í nefndunum og komi síðan með sína niðurstöðu. En ef hv. þm. er á móti efni tillögunnar sem hann virðist ekki vera, þá veit ég ekki til hvers allar þessar ræður eru og hvers vegna er verið að agnúast út í nefndina fyrir að hafa afgreitt málið samhljóða frá sínum dyrum. (**Utanrrh:** Það var verið að spyrja um hvað samkomulagið væri.)

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki að agnúast út í þessa tillögu. Ég var að spyrja um efni hennar. Ég er ekkert að agnúast út í þetta. Ég sagði aldrei að ég væri neitt á móti því — ég meira að segja hrósaði nefndinni fyrir ... (**BBj:** Þú sagðir að hún væri tímaskekkja.) Einmitt, eins og hún lítur út hér, að mínu mati. En hún þýðir kannski eitthvað annað en stendur á blaðinu. Það getur vel verið að það felist eitthvað annað í orðunum heldur en hérna stendur. En það held ég að geti varla verið. Ekki er þetta a.m.k. skýrt neitt sérstaklega í nál. Ég er ekki að agnúast út í það. Ég er einmitt að hrósa utanrmn. fyrir að afgreiða mál frá sér af því að það er meira heldur en aðrar nefndir gera margar hverjar og þá sérstaklega þegar um er að ræða mál frá stjórnarandstöðunni. Við virðumst oft vera í vandræðum með okkar ágætu mál. En þarna er utanrmn. til fyrirmyndar, en hvað þýðir þessi tillaga og hvað var það sem menn náðu svona miklu samkomulagi um?

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Tvíhliða viðræður. (**JGS:** Stefna Alþýðubandalagsins.) Þetta er búið að ganga í gegnum umræðu í tengslum við þennan samning um Evrópskt efnahagssvæði allar götur frá því a.m.k. samningaviðræður hófust og vissulega einnig áður en Evrópskt efnahagssvæði kom á dagskrá.

Það er rétt aðeins að fara svolítið yfir það efni hvernig þetta hugtak, tvíhliða viðræður, hefur komið inn í umræður um þennan samning og í tengslum við hann. Ég vil nefna það fyrst til sögunnar að minn flokkur, Alþb., markaði þá stefnu á landsfundi sínum í nóv. 1989 sem aðalandsvar við hugmyndunum um samning um Evrópskt efnahagssvæði að í stað þess að leita samninga á þeim grundvelli sem markaður var í Ósló í mars 1989 yrði leitað eftir gerð tvíhliða samnings við Evrópubandalagið á þeim grundvelli sem fyrir liggur í samningnum frá 1972 sem tók gildi 1976 og til frekari hagsbóta fyrir Íslendinga í þeim samskiptum. Þetta hefur Alþb. ítrekað síðar sem þann kost sem það hefur vísað til í stað samningsins um Evrópskt efnahagssvæði og það er alveg skýrt um hvað verið er að tala í því samhengi. Það er ekki verið að tala um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, hvorki að hann gangi í gildi né taki gildi heldur að í stað hans væru teknar upp viðræður, leitað samninga við Evrópubandalagið um gerð tvíhliða samnings.

Það gerðist svo hins vegar í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar hinnar síðari þar sem Sjálfstfl. og Kvennalisti voru í stjórnarandstöðu, að Sjálfstfl. hafði ekki eina skoðun á því hvernig bregðast skyldi við þeim samningaviðræðum sem hófust um áramótin 1989–1990 eða í framhaldi af því og fram kom tillaga frá þremur þingmönnum, ef ég man rétt, hv. 4. þm. Reykv. sem 1. flm. og hv. þáv. þm. Ragnhildi Helgadóttur og hv. núv. 15. þm. Reykv. sem talaði hér áðan um að leitaði yrði samninga eða leitað yrði viðræðna, tvíhliða viðræðna við Evrópubandalagið um samskiptamál Íslands og þess og gott ef ekki var vísað sérstaklega í bókun 6 í því sambandi, a.m.k. í greinargerð. Þetta var fram sett sem kostur á móti þeim samningaviðræðum sem fram voru að fara af hálfu, a.m.k. eins og ég skildi það, hv. 4. þm. Reykv. á þeim tíma sem auðvitað var þá þegar andsnúinn þessum samningaviðræðum þó að það lægi ekki jafnskýrt fyrir eins og síðar varð og reiddi þetta fram sem andsvar við þeim samningaviðræðum. Og sama gilti um fulltrúa Kvennalistans, hv. þm. Kristínu Einarsdóttur sem stóð að þessari tillögu. Og talsmenn Sjálfstfl. spiluðu svona undir, forustumenn á lágu nótunum. Þetta væri ágætt að hafa þetta líka í farteskinu en lýstu jafnframt fullu trausti á hæstv. utanrrh., þann sama og nú gegnir því embætti, og þær viðræður sem hann stóð fyrir í nafni þáv. ríkisstjórnar, þannig að Sjálfstfl. lék auðvitað fullkomlega tveimur skjöldum á þeim tíma í þeim efnum og spilaði þessu svona aðeins út eða tók undir þetta til þess að lægja öldurnar hjá þeim sem óánægðastir voru með samningaviðræðurnar um EES innan þingflokks og á vettvangi flokksins annars staðar. Þetta leyfi ég mér að rifja hér upp, virðulegur forseti, í sambandi við þessa tillögu sem hér liggur fyrir frá utanrmn. sem flutt er í framhaldi af tillögu tveggja hv. þm. Framsfl. eins og hér hefur komið fram og menn þekkja.

Ég vil með þessu vekja athygli á því að það er sitt hvað hvenær og hvernig mál eru fyrir lögð hvað í þeim felst. Tillagan hér um samning við Evrópubandalagið er auðvitað allt annars eðlis en tillögur sem bornar voru fram sem andsvar við EES, er allt annars eðlis en eitthvert millispil frá einstaka þingmönnum á meðan á samningaviðræðunum stóð. Nú er verið að afgreiða þennan samning hér á Alþingi og eftir sólarmerkjum að dæma er meiri hluti fyrir þessum samningi og þá flyt-

ur utanrmn. þingsins tillögu til þál. um tvíhliða samskipti við Evrópubandalagið eins og þetta á að heita. Og hv. formaður utanrmn. er óskaplega ánægður yfir því að hafa náð saman um þessa tillögu, telur það hafa gildi út á við og einnig inn á við og segir að tillagan byggist á því að það verði gengið til tvíhliða samskipta. En það sem ég tók nú sérstaklega eftir úr framsöguræðu hv. formanns utanrmn. var það að það væri hagstætt fyrir stjórnmálaástandið að víðtæk samstaða tækist um málið. Þetta eru alveg stórtíðindi. Hér er bara kominn allsherjarfriður að því er virðist, allsherjarfriður í tengslum við mál sem deilt hefur verið um og þjóðin skiptist í tvær fylkingar um, heimtar þjóðaratkvæðagreiðslu og fær hana ekki, líklega traustur meiri hluti á móti þessu máli meðal þjóðarinnar ef til atkvæða væri gengið, en svo er komið hér með tillögu af þessum toga af því að það er hagstætt fyrir stjórnmálaástandið að víðtæk samstaða takist um málið, um tvíhliða samskipti við Evrópubandalagið eins og þetta barn á nú að heita.

Virðulegur forseti. Það er ágætt svo langt sem það nær að halda svona friðarstundir inn á milli í orrustu, að lofa liðinu að hvílast um skeið á meðan menn eru að ná vopnum sínum eins og einhver hefur nú sagt á nýjan leik og takast á um ágreiningsefni. Og ég ætla helst ekki að spilla þessu rómantíska ástandi og niðurstöðu sem hefur tekist á vettvangi utanrmn. sem lýsir með tillögunni og nál. yfir sérstöku trausti á sjálfri sér til þess að gegna lykilhlutverki með því að fylgjast með viðræðum. Að vísu held ég að það hafi verið aðrar viðræður, viðræður annarra ríkja við Evrópubandalagið en ekki þessar viðræður sem hér á að efna til. Og ég mun auðvitað reyna að ganga varlega um dyrnar til að trufla ekki þessa friðarstund, þessa rómantísku friðarstund sem tekist hefur á vettvangi utanrmn. og leitast er nú við að flytja hér inn í þingið.

Ég vil samt leyfa mér, virðulegur forseti, að bera fram fáeinar spurningar sem tengjast tillögunni ef það telst við hæfi, virðulegur forseti. Til þess að auðvelda þeim sem ég beini spurningunum til, sem eru hv. formaður utanrmn. og hæstv. utanrrh., og bið þá að svara þeim helst báðir (**JGS:** Í einu?) og hverri fyrir sig, þá vil ég biðja virðulegan forseta um að miðla þessum blöðum ef hægt væri að koma þeim áleiðis til hæstv. utanrrh. og formanns utanrmn. þeim til glöggvunar í sambandi við þessa umræðu.

Þetta eru sjö spurningar. Þær eru nú ekki fleiri en vissulega mætti margar fleiri fram reiða. Ég held að það sé við hæfi að báðir hv. þm. og hæstv. ráðherra þeir svari þessu hverri fyrir sig og geta þá auðvitað eftir efni beitt sér misjafnlega að því. Sumum er reyndar beint beinlínis til utanrrh., þ.e. tveim spurningum af þeim sem ég mun hér að víkja.

Það fyrsta sem ég spyr um í sambandi við þessa tillögu er:

Hvert er fyrirhugað efni eða innihald þeirra viðræðna við Evrópubandalagið um hugsanlegan tvíhliða samning við Evrópubandalagið sem tillagan gerir ráð fyrir?

Hvert er það efni og um hvað á að ræða? Það finnst mér nú skipta dálitlu máli að verði upplýst hér á þinginu áður en menn fara að blessa þetta afkvæmi. (**JGS:** Lestu þetta úr bók Alþýðubandalagsins?) Er það virkilega svo að hér mitt í helgistundinni séu menn farnir að ókyrrast í röðum þingflokks Framsfl., nú þegar bara. Þetta finnst mér raunalegt ef svo er og fullkomlega tilefnislaust.

Í öðru lagi: Eru þeir sem standa að tillögunni frá utanrmn. að lýsa því yfir að aðild Íslands að Evrópubandalaginu komi ekki til greina?

Eru þeir að lýsa því yfir? Það er látið að því liggja í greinargerð með tillögunni að eitthvað sé verið að tala í þá áttina og þá er nú eðlilegt að gera bragarbót og færa það upp í aðaltillögutextann ef það er stefnan sem hér er verið að boða. Það skal ekkert standa á því að sá sem hér talar taki undir það sjónarmið að aðild Íslands að Evrópubandalaginu komi ekki til greina og Alþingi Íslendinga lýsi því yfir. Ég les hér í nál. um tillöguna, svo ég leyfi mér að tengja það við þessa spurningu: „Að mati nefndarinnar er ákaflega mikilvægt að enginn vafi sé um afstöðu Íslands til Evrópubandalagsins (EB).“ Það stendur að vísu ekki hvort það er núverandi EB eða Maastricht-EB, hvort það er „unionin“ eða samveldið. Það er ekki tekið skýrt fram en skiptir þó nokkru. En auðvitað, þeir sem mundu lýsa yfir stuðningi í dag þeir væru að lýsa yfir stuðningi við Maastricht því er það sem koma skal á þeim vettvangi. Ákaflega mikilvægt að enginn vafi sé á afstöðu Íslands til Evrópubandalagsins. Ég skora á utanrmn. að gera hér bragarbót og færa ótvíræða afstöðu um þetta efni inn í tillögutextann þannig að það fylgi skilaboðum. Annars liggur hér ekkert fyrir ótvírætt.

Í þriðja lagi vildi ég spyrja hæstv. ráðherra og hv. formann utanrmn., og þegar ég nefni ráðherrann til sögunnar þá geri ég að sjálfsögðu ráð fyrir að þessi tillaga sé fram borin í fullu samráði við hæstv. ráðherra — ég vil ekki segja fyrir tilstuðlan því tilefnið mun vera tillögur frá tveimur hv. þm. Framsfl. Þetta hlýtur að vera í nánu samráði við hæstv. utanrrh. að þessi tillaga liggur hér fyrir þinginu því það er auðvitað hæstv. ráðherra sem er ætlað að framfylgja málinu.

Hvaða samhengi sjá tillögumenn milli umsókna fjögurra EFTA-ríkja að Evrópubandalaginu og þeirra viðræðna við Evrópubandalagið um tvíhliða samskipti sem tillagan gerir ráð fyrir? Þetta er hér inni í tillögutextanum að það sé einkum með hliðsjón af því að Austurríki, Finnland, Noregur og Svíþjóð hafa sótt um aðild að bandalaginu. Hvað er það sem hér er verið að tengja saman? Eru menn að lýsa þarna alveg sérstökum áhuga á því að fylgjast með þessum viðræðum? Það gefur undir fótinn með eitthvað annað, að það gæti legið einhver annar fiskur undir steini í sambandi við það hver eigi að vera framtíðarstefnan gagnvart Evrópubandalaginu. Það kynni að vera að sumir af þeim sem hafa verið að boða það á Alþingi sem stefnu sína að æskilegt sé að tengjast Evrópubandalaginu, að ganga í Evrópubandalagið, hefðu nú áhuga að vitað hvernig þetta gengur og meta það út frá því sjónarhorni. Ég er ekki að ætla tillögumönnum það hér, ég tek það fram. En þetta samhengi þarf auðvitað að

skýra. Það er ekkert að þessu frekar vikið að því er mér sýnist. Ef menn eru að vísa til þess að Evrópskt efnahagssvæði sé eitthvað sem muni geispa golunni fyrr eða seinna ef það kemst á á annað borð þá geta menn auðvitað haft misjafnar skoðanir á því en eins og ég hef sagt hér nokkrum sinnum úr þessum ræðustóli síðustu mánuði þá sýnist mér að það séu ekki sólarmerki á því að það verði tjaldað til einnar nætur í þessu EES. Því miður út frá því sjónarhorni að það hefði aldrei átt að komast á en sem betur fer að það er ekki útlit fyrir að það verði svo auðvelt að kippa hinum Norðurlöndunum inn í Evrópubandalagið. Og í Noregi eru dyr harðlæstar. Þið þurfið ekki annað en virða fyrir ykkur, hv. þm., Gallup-kannanir síðustu tíu mánaða sem allar ber að sama brunni, yfirgnæfandi meiri hluti á móti umsókninni, á móti aðild Noregs að Evrópubandalaginu. 45% sem svör gáfu núna 21. apríl í Gallup-könnun, 45% aðspurðra segja nei, 28% segja já og 25% vissu ekki hvaða skoðanir þeir hefðu. Þetta var staðan í síðustu Gallup-könnun og í könnunum undanfarna mánuði hefur iðulega verið 50% hreinn meiri hluti þar á móti. Og það stefnir í ósköp svipað í Svíþjóð. Þar er andstaðan mjög að herðast að vonum þegar menn sjá framan í það hvaða kostir eru búnir tengdir við aðild. Svoleiðis að ef það er það sem verið er að vísa til hér þá getur nú orðið þess langt að bíða að upp verði teknar tvíhliða viðræður eða að efni standi til þess með tilliti til þess að EES sé fyrirbæri sem sé horfið af sjónarsviðinu eftir eitt til tvö ár. En það væri svo sem staðan ef óskir stjórnvalda, sem hafa lagt inn aðildarumsókn, á Norðurlöndunum þremur og það gengi eftir, sem ekki eru miklar horfur á að verði. Það er reyndar komin upp sú sérkennilega staða í Finnlandi, virðulegur forseti, að þar var settur til verka af Esko Aho í utanríkisráðherraembætti til að taka við af Väyrynen sem ætlar að fara að keppa að forsetatign í Finnlandi, settur til verka af miðflokknum finnska, finnska framsóknarflokknum, andstæðingur EB-aðildar, (**Utanrrh.:** Formaður stéttarsambands bænda.) formaður stéttarsambands bænda, segir hæstv. utanrrh., settur til að verka sem utanríkisráðherra og á að taka við 5. maí. Þótti auðvitað mörgum merkilegt en er væntanlega til að halda ballans í flokknum. Kannski að formaður Framsfl. gæti eitthvað af lært ef hann hefði tök á því að skipa ráðherraembættum. (**BBj:** Er hann ekki skoðanabróðir Ahos?) En svo vildi hins vegar svo illa til að það var upplýst nú á dögunum að þessi ágæti maður sem þarna var settur til verka — það er tvísýnt um hvort hann í rauninni sest í þennan stól vegna óhapps sem hann varð fyrir fyrir tveimur árum eða svo í sambandi við umferðaróhapp ef ég hef skilið fréttir rétt af þeim vettvangi og er það mjög til umræðu í Finnlandi. En það er annað mál. Hér er sem sagt spurt um samhengið milli þessarar tillögu og umsóknar þessara fjögurra EFTA-ríkja að Evrópubandalaginu og þessara viðræðna um tvíhliða samskipti.

Þá vil ég spyrja í fjórða lagi og því er sérstaklega beint til utanrrh.: Mun utanrrh. tilkynna framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins um slíka samþykkt Alþingis strax að henni gerðri? Það ganga væntanlega atkvæði hér og það er nú þannig að þessu staðið að vart þarf að efa að blessun hljóti hér á þinginu. Mun ráðherrann þá strax að samþykktinni gerðri koma henni á framfæri við Alþingi? Þarfnast þá samþykktin skýringar við í ljósi orða formanns utanrmn., sem kom með þá einkennilegu textaskýringu hér áðan að með tillögunni eins og hún liggur fyrir og í upphafi hennar þar sem segir: „Alþingi ályktar að í framhaldi af gerð samningsins um Evrópska efnahagssvæðið skuli teknar upp viðræður", að það beri að skilja svo eftir að samningurinn hefur verið staðfestur af öllum og genginn í gildi? En það stendur ekki í tillögunni. Þannig að ég tel nú að ef fylgja á tillögunni eftir þá hljóti utanrrh. að koma þessu á framfæri þegar að tillögunni samþykktri því ég veit ekki betur en að hæstv. utanrrh. hafi staðið að gerð þessa samnings með undirritun hans og hefur haldið því fram að hann sé þjóðréttarlega gildur strax og ráðherrar hafi skuldbundið sig með undirskrift.

Þá jafnframt sem framhald af þessari fyrirspurn: Hyggst utanrrh. óska eftir þessum viðræðum áður en ljóst er hvort samningurinn um EES verður staðfestur? Hyggst ráðherrann óska eftir viðræðunum áður? Það getur jú skipt nokkru því að margir mundu hafa kosið að slíkar viðræður hefðu farið fram fyrir lifandis löngu og hefði verið kostur á móti þessum samningi en það er auðvitað ekki það sem hér er verið að leggja til.

Þessu tengist einnig: Mun ríkisstjórnin leita eftir viðræðum um tvíhliða samning við Evrópubandalagið ef EES-samningurinn gengur ekki í gildi og útiloka þannig og þá um leið að sótt verði um aðild Íslands að Evrópubandalaginu? Er þetta allt svo leiðin sem verið er að marka sem stefnu Alþingis, sem stefnu fyrir framkvæmdarvaldið að fari svo að EES-samningurinn gangi nú ekki í gildi þá er þetta leiðin, það er tvíhliða samningur en það er alls ekki aðild að Evrópubandalaginu? Þetta þarf auðvitað að vera alveg skýrt að það sé þetta. Og þó ég ætli ekki að fara að gefa út neinar prósentur um líkurnar á því hvort eða hvernig muni fara, hver muni verða örlög EES hvort EES-samningurinn verði staðfestur, hljóti staðfestingu en óvissa er þarna og þá er þetta auðvitað spurning sem skiptir máli. Síðan að lokum, virðulegur forseti, varðandi þessar fyrirspurnir af minni hálfu varðandi þennan texta. Hver yrði hlutur utanrmn. Alþingis? Það er auðvitað eðlilegt að formaður nefndarinnar svari því. Hver yrði hlutur utanrmn. Alþingis við undirbúning þeirra viðræðna sem tillagan gerir ráð fyrir? Ekki að fylgjast með viðræðunum við þá sem eru að sækja um aðild að Evrópubandalaginu sem vikið er að í niðurlagi greinargerðar heldur varðandi þær viðræður um tvíhliða samskipti, hugsanlegan tvíhliða samning sem tillagan gerir ráð fyrir?

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Ég tel að hér hafi komið fram þær spurningar sem ég hef varðandi þennan texta og ég treysti hæstv. utanrrh. til að greina frá sínu áliti á þessu máli. Ég er viss um að ráðherrann gerir það enda skiptir það mjög verulegu máli hvernig á svona er haldið. Hvað felst í

þessum texta sem hér liggur fyrir? Hverju eru menn að ná fram? Hver er þessi vilji Alþingis sem verið er að lýsa hér með þessari tillögu?

Það mátti heyra á framsögumanni tillögunnar að það væri nú hægt að lesa með ýmsum hætti í þennan texta. Hann lauk í rauninni sinni framsögu þannig. Það er nú ekki mjög vænlegt í sambandi við stór alþjóðamál að hafa hlutina þannig að hver geti sungið með sínu nefi, þeir sem ætla að halda málum öðrum megin og þess vegna jafngott að það fylgi nokkuð skýrt af hálfu utanrmn. hvað er hér á ferðinni, hvað felst í þessu og af hálfu hæstv. utanrrh. hvernig honum líst á þetta nýja erindisbréf sem hann var að fá hér í hendurnar til þess að framfylgja fyrir hönd Alþingis.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vil fagna því að þessi tillaga hefur hlotið afgreiðslu hjá hv. utanrmn. Ég tel að það hafi verið mikilvægt að afgreiða þessa tillögu og tek undir það með formanni nefndarinnar að það sé mikilvægt að það sé skýrt hvað Alþingi vill gera í þessu máli og tek á engan hátt undir það að hér sé um tillögu að ræða sem ekki sé skaðleg og þess vegna eigi að afgreiða hana. Ég tel að hér sé um mikilvæga tillögu að ræða og það eigi að afgreiða hana í því ljósi.

Af minni hálfu hefur það ávallt verið ljóst að ég studdi á sínum tíma að við tækjum þátt í þeim viðræðum sem hafa farið fram um aðild að Evrópsku efnahagssvæði. Ég hef hins vegar gagnrýnt núv. ríkisstjórn fyrir ýmislegt í framkvæmd þess máls. En það hefur jafnframt verið ljóst af minni hálfu að ég hef ekki viljað standa í vegi fyrir því að slíkir samningar gætu náðst. Ég lít svo á og það er mitt mat að Evrópskt efnahagssvæði verði að veruleika. Þessi tillaga eins og hún birtist hér gerir ráð fyrir að í framhaldi af gerð þessa samnings skuli teknar upp viðræður við Evrópubandalagið um tvíhliða samskipti eins og þar stendur. Það kom fram í umræðunum á sínum tíma að ég taldi rétt að þessar viðræður hæfust hið fyrsta og væri ekki eftir neinu að bíða í því sambandi. Nú eiga sér stað viðræður milli Evrópubandalagsins og ýmissa þjóða um aðild að Evrópubandalaginu. Það var mitt mat að með sama hætti ættu Íslendingar að biðja um viðræður um hugsanlegan tvíhliða samning í ljósi þess að líklegt væri að Evrópskt efnahagssvæði mundi a.m.k. breytast verulega, ef ekki breytast í grundvallaratriðum, eftir því hvað margar þjóðir mundu ganga í bandalagið.

Það kom fram hjá hæstv. utanrrh. í þeim umræðum að hann væri ekki sammála þessari skoðun og hann lýsti því yfir að slíkar viðræður gætu ekki hafist fyrr en þessi samningur væri gerður. Ég vænti þess að ég muni það rétt. Ég lít svo á að hér sé verið að lýsa því yfir og það hafði náðst málamiðlun í þessu sambandi að slíkar viðræður verði ekki teknar upp fyrr en í framhaldi af gerð þessa samnings.

Það er eins og gengur og gerist að þegar menn eru að finna málamiðlun í mikilvægu máli að menn verða að sætta sig við slíka niðurstöðu og ég tel hana vera ásættanlega. Ég lít svo á að í þessari tillögu felist að verið sé að hafna aðild að EB vegna þess að það stendur hér að Alþingi feli ríkisstjórninni að undirbúa slíkar viðræður um hugsanlegan tvíhliða samning og tilkynna framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins um þennan vilja Alþingis. Ég tel að hérna sé alveg ljóst hvað um er að ræða, hér er ekki verið að fela ríkisstjórninni að undirbúa hugsanlegar viðræður um aðild Íslands að Evrópubandalaginu heldur viðræður um hugsanlegan tvíhliða samning. Ég tel að þetta sé alveg nægilega ljóst í tillögunni og sé á engan hátt hægt að misskilja.

Nú geta menn að sjálfsögðu haft mismunandi mat á því hvort þær þjóðir sem hafa sótt um aðild að EB muni ganga þar inn. Ég ætla ekki að gerast spámaður í þeim efnum en mér finnst hins vegar fráleitt að ganga út frá því að þær skoðanakannanir sem eru uppi í dag séu svo afdráttarlausar að það sé hægt að fullyrða að ýmsar þjóðir muni alls ekki ganga inn. Mér er það vel ljóst að Finnland leggur á það mikla áherslu að gerast aðili að Efnahagsbandalaginu og sennilega er Finnland það Norðurlandanna þar sem áherslan er sterkust af ýmsum ástæðum sem ég ætla ekki að rekja hér. Það er alveg ljóst að verði það niðurstaðan að aðild verði samþykkt í Finnlandi, kann það að sjálfsögðu að hafa áhrif í Svíþjóð og það er líka alveg ljóst að ef niðurstaðan verður sú að Svíþjóð muni vilja gerast aðili þá kann það að hafa áhrif í Noregi þótt ég taki undir það að eins og aðstæður eru í dag er ekki líklegt að það sé meiri hluti fyrir aðild Noregs að EB. Hitt er svo annað mál að það hefur á engan hátt komið í ljós hvers konar samning þessar þjóðir geta fengið og því allt of snemmt að spá fyrir um það. En það er að mínu mati alveg möguleiki að það fari svo að allar þessar þjóðir gerist aðilar að Efnahagsbandalaginu. Það á að sjálfsögðu ekki að ganga út frá því að svo geti ekki orðið eða tala eins og hv. þm. Kristín Einarsdóttir gerði, að þessi tillaga væri ekki í takt við tímann og ég skildi hana þannig að hún gæti nokkurn veginn sagt fyrir um það með nokkurri vissu að þessar þjóðir yrðu ekki aðilar að EB. Það má ekki láta slíka óskhyggju ráða ferðum. Þótt ég geti tekið undir það að ég óska þess ekki að þessar þjóðir verði aðilar að EB þá vil ég á engan hátt útiloka það út frá einhverjum skoðanakönnunum sem menn eru að lesa um í dagblöðum í dag. Þannig að ég tel að þessi tillaga sé fyllilega í takt við tímann. Hún er að því leytinu í takt við tímann að það er verið að lýsa því hér yfir að Íslendingar vilji ganga þessa braut.

Ég tel að allir sem um þessi mál fjalla af sanngirni og ábyrgð telji útilokað annað en að Íslendingar semji við þetta stóra bandalag, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Við erum með svo mikil viðskipti við það að hjá því verður ekki komist og aðeins sú staðreynd sem hrópar á okkur nú að tollar á saltfiskútflutning okkar eru svo miklir að það er ekki lengur hagkvæmt að salta fisk á Íslandi minnir mjög á þá staðreynd þannig að hjá því verður ekki komist að semja með betri hætti um okkar viðskipti en gert er ráð fyrir í bókun 6.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að hafa fleiri orð um þessa tillögu, ég tel mikilvægt að samstaða náist

um hana. Ég ætla ekki á þessu stigi að fara þess á leit að utanrrh. upplýsi að öllu leyti hvernig með þessa tillögu verði farið en ég vildi þó spyrja hann þess hvort ekki verði haft samráð við utanrmn. um undirbúning málsins og um undirbúning þess efnis, þ.e. innihald þessara viðræðna. Ég tel ekki eðlilegt að krefja utanrrh. á þessu stigi um innihaldið vegna þess að aðstæður geta að sjálfsögðu breyst. En aðalatriðið er það hvort hann telji ekki nauðsynlegt að hafa víðtækt samráð um það þegar þar að kemur, ekki aðeins við fulltrúa stjórnarflokkanna, heldur einnig við fulltrúa stjórnarandstöðunnar. Ég teldi það ekki vera í anda þessarar tillögu ef slíkt væri ekki gert og vildi biðja hæstv. utanrrh. að upplýsa það hér.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að hv. 1. þm. Austurl. hafi misskilið eitthvað það sem ég sagði. Ég sagði ekki að það væri víst að þessar þjóðir yrðu aðilar að EB, ég sagði að miklar líkur bentu til þess að svo yrði ekki og það væri alla vega mjög óljóst. Á þessari stundu er ekkert vitað um það. Auðvitað eru þær búnar að sækja um aðild en hitt er alveg óvíst hvert framhaldið verður. Þess vegna er þessi röksemdafærsla tímaskekkja að mínu mati vegna þess að það er ekkert vitað hvernig á að halda á þessu máli. Það var fyrst og fremst það sem ég vildi leiðrétta hjá þingmanninum.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristínu Einarsdóttur fyrir upplýsingarnar og skýringuna. Ég er hins vegar ósammála því sem hún segir. Ég tel að við Íslendingar eigum að taka sjálfstæðar ákvarðanir í þessu máli alveg án tillits til þess hvað sé hugsanlegt og hvað muni kannski verða í þeim löndum sem nú eru í aðildarviðræðum. Það getur farið hvernig sem er og það þýðir ekkert að bíða eftir því og taka síðan ákvarðanir að því loknu. Ég tel að hér sé verið að ákveða þá stefnu sem nýtur fylgis á Alþingi í dag sem er ekki aðildarumsókn, heldur viðræður um tvíhliða samning, hugsanlegan tvíhliða samning, en að bíða með slíkt eftir einhverjum atkvæðagreiðslum á hinum Norðurlöndunum er að mínu mati alveg fráleitt.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er alveg sammála hv. 1. þm. Austurl. um það að við eigum að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Það er alveg rétt. En ég veit ekki betur en að það liggi fyrir Alþingi Íslendinga staðfesting á því að við gerumst aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Það er það sem Alþingi er að taka ákvörðun um, ekki um að fara í tvíhliða viðræður við EB eins og ég hefði viljað að við gerðum en ekki að fara að gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði með öllu sem því fylgir. Þar erum við hv. 1. þm. Austurl. ekki sammála. Hann telur greinilega að það sé eðlilegt að við gerumst aðilar að EES en ég geri það ekki.

Núna tel ég of seint að fara út í tvíhliða viðræður við EB þar sem við stöndum frammi fyrir því að þessi samningur taki væntanlega gildi þó að það sé líka óljóst í þessu máli. Kannski verður hann aldrei að veruleika og þá er auðvitað eðlilegt að við förum í tvíhliða viðræður við EB.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er að mínu mati aldrei of seint að gera það sem skynsamlegt er talið og ef hv. þm. telur það vera skynsamlegt að leita eftir tvíhliða samningi þá hefði ég haldið að hún teldi skynsamlegt að marka þá stefnu. Það er hins vegar alveg ljóst hvort sem Evrópska efnahagssvæðið verður að veruleika eða ekki þá mun það sem þar hefur verið rætt um og þar hefur verið til viðræðu öll þessi ár að sjálfsögðu hafa mikil áhrif hvort sem hv. þm. eða öðrum líkar betur eða verr. Ég held að öllum sé ljóst að margt af því sem hefur verið í viðræðum um hið Evrópska efnahagssvæði verður þáttur í væntanlegum tvíhliða samningi ef hann verður einhvern tímann að veruleika og allar þær viðræður og undirbúningur sem þar hefur átt sér stað mun að sjálfsögðu skipta þar miklu máli.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Austurl. hefur beint til mín nokkrum spurningum sem mér er bæði ljúft og skylt að svara.

Fyrsta spurningin var um það hvort tillaga sú, samkomulagstillaga sú, sem hér er á dagskrá sem fulltrúar allra flokka í utanrmn. standa að sé saman sett í samráði við utanrrh. Svarið við því er einfalt, svarið er já. Formaður utanrmn., hv. 3. þm. Reykv., hafði um það samráð við mig og ég lýsi yfir eindregnum stuðningi við þessa tillögu. Ég tek undir það sem fram kom í máli hv. 3. þm. Reykv. í hans framsögu að ég tel þetta vera mikilvæga tillögu, bæði út á við gagnvart samningsaðilum okkar og eins inn á við og lýsa samstarfsvilja og samstarfshug að loknum hörðum deilum sem hafa geisað um nokkurt skeið um EES-samninginn.

Víkjum þá að spurningunum. Fyrsta spurningin var þessi: Hvert er fyrirhugað efni þeirra viðræðna við EB um hugsanlegan tvíhliða samning við EB sem tillagan gerir ráð fyrir?

Fyrirhugað efni er í stórum dráttum viðskiptaþáttur EES-samningsins. Mig minnir að það hafi þannig verið orðað í hinum upphaflega tillögutexta þeirra framsóknarmanna að það skyldi gera á grundvelli viðskiptaþáttar EES-samningsins. Forsendurnar fyrir þessu eru þær að EES-samningurinn hafi tekið gildi en um stöðu hans gildi óvissa ef aðrir samningsaðilar EFTA-megin eru hugsanlega annaðhvort á leiðinni að verða eða eru orðnir aðilar að Evrópubandalaginu. Við þurfum að eyða þessari óvissu. Það kann að þýða að viðskiptaþáttur EES-samningsins kalli á viðræður um að breyta honum í tvíhliða samning að formi til. Það kallar á viðræður um hvernig fara skuli með eftirlits- og stofnanaþáttinn því augljósleg verður að semja um þann þátt að nýju. Og þegar ég segi á grundvelli viðskiptaþáttar EES þá geri ég ráð fyrir því að þar komi einnig til álita að taka upp önnur mál. Ég nefni sem dæmi að ef EFTA-ríkin gerast aðilar að Evrópubanda-

laginu þá kallar það á breytingar af okkar hálfu. Við höfum, svo ég nefni dæmi, náð fram samningum um fríverslun með fisk innan EFTA. Ef það markaðssvæði okkar er ekki lengur til og þessi ríki eru orðin aðilar að Evrópubandalaginu og eru þar undir þeim reglum sem þar gilda, þá er auðvitað eðlilegt að við leitum eftir því að taka þau mál upp í samningaviðræðum við Evrópubandalagið til þess að tryggja það að okkar hagsmunir verði jafn vel varðir gagnvart hinu sterka Evrópubandalagi og þeir áður voru.

Önnur spurning: Eru þeir sem standa að tillögunni frá utanrmn. að lýsa því yfir að aðild Íslands að Evrópubandalaginu komi ekki til greina? Þessi spurning er væntanlega til þeirra og ekki beint til mín. Ég get aðeins sagt að það er ekki minn skilningur.

Þriðja: Hvaða samhengi sjá tillögumenn milli umsókna fjögurra EFTA-ríkja að EB og þeirra viðræðna við Evrópubandalagið um tvíhliða samskipti sem tillagan gerir ráð fyrir? Samhengið er þetta sem ég vék þegar að í svari við fyrstu spurningu. Ef þessi fjögur EFTA-ríki eru orðin aðilar að stækkuðu Evrópubandalaginu þá er samhengið það að Ísland og hugsanlega Liechtenstein verða ein eftir upphaflegra EFTA-samningsaðila og þá breytist samningurinn að því er þau varðar væntanlega í tvíhliða samning og við erum að leita eftir því að fá það staðfest með formlegum hætti.

Fjórða spurning: Mun utanrrh. tilkynna framkvæmdastjórn EB um slíka samþykkt Alþingis strax að henni gerðri? Já, að sjálfsögðu.

Fimm spurning: Hyggst utanrrh. óska eftir þessum viðræðum áður en ljóst er hvort samningurinn um EES verði staðfestur? Nei, að sjálfsögðu ekki. Það er ekki hægt. Það segir berum orðum að við óskum eftir því að taka upp slíkar viðræður, að þær hefjist eftir að samningurinn er kominn í gildi.

Sjötta spurning: Mun ríkisstjórnin leita eftir viðræðum um tvíhliða samning við EB ef EES-samningurinn gengur ekki í gildi? Hér get ég aðeins svarað fyrir mig. Ég geri ráð fyrir því að við munum gera það eða að íslensk stjórnvöld muni gera það ef svo hrapallega tækist til.

Annar liður þessarar spurningar: Mun ríkisstjórnin þá útiloka um leið að sótt verði um aðild Íslands að EB? Ég get ekki svarað því með afdráttarlausu og einföldu nei-i, það hljóta stjórnvöld á þeim tíma að meta eftir aðstæðum.

Sjöunda spurning: Hver yrði hlutur utanrmn. Alþingis við undirbúning þeirra viðræðna sem tillagan gerir ráð fyrir? Hlutur utanrmn. er hinn lögbundni, hann er sá að stjórnvöld undirbúa slíka hluti í nánu samráði við utanrmn. og það er einnig mitt svar til hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar. Ég tel augljóst mál, bæði samkvæmt þessari tillögu og samkvæmt gildandi reglum að náið samráð verði haft við utanrmn. um undirbúning þessara viðræðna ef og þegar að þeim verður.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans, þau voru allskýr um flest atriði. Mér sýnist að málið hafi skýrst að því er varðar hæstv. ráðherra. Það kom hér fram að mér þótti sem meginatriði hans svara að hann lítur á þessa tillögu þannig að hún varði þá stöðu að leitað verði samningaviðræðna eða það verði raunhæft að taka upp samningaviðræður ef svo fer eða ef svo horfir að önnur EFTA-ríki verði orðin aðilar að Evrópubandalaginu og EES væri þannig fallið fyrir borð. Þetta las ég út úr svari hæstv. ráðherra. Jafnframt svaraði hann því með skýrum hætti fyrir sitt leyti að hann teldi ekki felast í tillögunni yfirlýsing um það að aðild að Evrópubandalaginu komi ekki til greina og tvítók það í rauninni í sambandi við svör við þessum spurningum.

Í þriðja lagi varðandi innihald samningsins að hann mundi fyrst og fremst byggja á viðskiptaþætti EES-samningsins. Þetta fannst mér innihaldið í svörum ráðherrans og mér sýnist að alllangt sé í það að þessi tillaga fari að hafa eitthvert praktíst gildi, út frá svörum ráðherrans, en þó væntanlega háð því hvernig menn meta stöðu þeirra ríkja sem eru að leita eftir aðild að Evrópubandalaginu. Þar geta menn vissulega haft greindar meiningar en ekkert verður ráðið í því efni fyrr heldur en ljóst er hvort þau ríki fara inn eða ekki.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Alla jafna fer það mönnum líklega best í stjórnmálum að hafa bein í nefinu og það þarf auðvitað alltaf að vera. En stundum getur verið nauðsynlegt að hafa það sem a.m.k. Danir kalla „ull í munninum". Það ætti kannski ekki að vera miklum vandkvæðum bundið í kvöld, eftir því sem manni hefur heyrst á hér eftir langar og strangar umræður, að hafa svolitla ull í munninum. Slíkt hafa menn gjarnan þegar þeir ná málamiðlun um ákveðna hluti og ég held að við þurfum ekki að fara í neinar grafgötur um það að auðvitað er þessi tillaga sem hér liggur fyrir málamiðlun. Að henni standa fulltrúar allra stjórnmálaflokka sem fulltrúa eiga í utarmn. og þá allra stjórnmálaflokka á Alþingi. Auðvitað er hér málamiðlun enda vitum við að skoðanir hafa hingað til verið skiptar. En slík málamiðlun getur auðvitað haft sitt gildi og getur reynst mönnum mikilvæg viðspyrna þegar á þarf að halda. Ég vil í því sambandi minna á ályktun sem Alþingi gerði í öryggismálum árið 1985, sem allir stjórnmálaflokkar á þingi stóðu að, og reyndist mönnum ágæt viðspyrna í öryggismálum þegar kom að umræðu um kjarnavopn hér á landi og hvort að þau mætti staðsetja á Íslandi.

Eins og ég segi, textinn er auðvitað málamiðlun en samt er hann að vissu leyti ótvíræður um leið því það segir a.m.k. í nál., sem við hljótum að líta á sem þá útfærslu eða túlkun á sjálfri tillögunni, með leyfi forseta:

„Að mati nefndarinnar er ákaflega mikilvægt að enginn vafi sé um afstöðu Íslands til Evrópubandalagsins. Verði niðurstaðan af viðræðum fyrrgreindra EFTA-ríkja við EB sú að þau gerist aðilar að bandalaginu er jafnframt mikilvægt að fyrir liggi sú afstaða Alþingis að stefnt skuli að tvíhliða samningi Íslands og Evrópubandalagsins."

Ég held að menn þurfi ekkert að fara í grafgötur um það að gangi þessi ríki inn í EB, verði niðurstaðan sú að þau gerist aðilar, þá er mörkuð sú stefna að Ísland taki upp tvíhliða samningaviðræður við EB um sín mál, með öðrum orðum ekki samningaviðræður um aðild heldur viðræður um tvíhliða samning.

Ég held að þetta sé kannski mikilvægast varðandi þessa tillögu, þessi túlkun sem kemur þarna fram í nál.

Ég get sagt það sem mína skoðun, og hef gert það áður, að ég efast reyndar um að öll EFTA-ríkin gerist aðilar að Evrópubandalaginu. Annars vegar benda skoðanakannanir til þess að málið verði fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu, sérstaklega verði það borið upp á næstu árum, og hins vegar held ég að hlutirnir breytist ekki það hratt og þjóðarviljinn breytist ekki það hratt að líklegt sé að t.d. Norðmenn og jafnvel Svíar fái það samþykkt, hvorki á árinu 1995 né 1996. Felli þessar þjóðir aðild að EB í þjóðaratkvæðagreiðslu þá er auðvitað eðlilegast að EFTA-ríkin taki sameiginlega á tengslunum við EB annaðhvort í gegnum samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði, sem hugsanlega verður þá staðreynd, eða að þau taki sameiginlega á málum með einhverjum öðrum hætti. Þá er einfaldlega uppi ný staða í þessum málum.

Ég lít líka svo á að þar sem tillagan segir að í framhaldi af gerð samningsins um Evrópska efnahagssvæðið skuli teknar upp viðræður við Evrópubandalagið um tvíhliða samskipti þá feli hún, eðli málsins samkvæmt, í sér að það verði ekki hægt ef samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði tekur ekki gildi núna á næstunni — og þar af leiðandi kannski alls ekki — þá verði ekki hægt að taka upp beinar samningaviðræður við EB um aðild að bandalaginu. Ég held að það leiði af tillögunni og eðli máls og það sé líka mjög mikilvægt og kom reyndar fram í máli utanrrh. að þetta væri hans skoðun.

Ég held að það sé mikilvægt að sæmileg sátt sé um meginlínur í utanríkismálum. Þetta skiptir ekki síst máli út á við gagnvart samningsaðilum sem við erum að fást við. Þessi tillaga segir ekki annað en það sem hún gerir í sínum stutta texta. Hún segir ekkert um það að þeir sem að henni standa, í þessu tilviki sérstaklega stjórnarflokkarnir, séu þeirrar skoðunar að aðild að EB komi ekki til greina. Textinn segir það auðvitað ekki. En þetta hlýtur að vera stefnan þar til henni er breytt. Vilji menn breyta þessu, vilji menn taka upp aðildarviðræður við EB, það kunna að vera einhverjir á þingi sem það vilja, þá verður það auðvitað ekki hægt nema koma þá til þingsins aftur. Koma til þingsins og fá umboð til slíks. Það er þingið sem tekur þá afstöðu að breyta þeirri stefnu sem það markar með þessari tillögu. Ég held að það sé alveg ótvírætt að sú stefnumörkun sem hér fer fram er í þá átt að taka upp tvíhliða viðræður við EB, þá í framhaldi af gerð samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og segir hér, en ekki aðildarviðræður.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs til að fagna því að nú á síðkvöldi er farið að tala af meiri stillingu og meiri skilningi og meira viti um þessi mikilvægustu málefni okkar heldur en oft áður. Ég held að ég fari ekki rangt með það að lýsa umræðunni eitthvað á þann veg að bæði hæstv. utanrrh. og ýmsir hv. þm. sem hér hafa talað og nú síðast hv. þm. Halldór Ásgrímsson, og ég tala ekki um margar ræður Hjörleifs Guttormssonar, hafa talað um nauðsyn þess að ná góðu samkomulagi og reyna að flytja okkar mál þannig að þjóðinni muni vel farnast. Þetta gefur auðvitað tilefni til þess að rifja svolítið upp sögu þessa máls. Hún er skráð, eins og allir hv. þm. vita, í þessa merku bók sem heitir samt ekki annað en Ísland og Evrópa eða Evrópustefnunefnd. Einnig má minna á að það var 17. maí 1988 sem níu manna nefnd þingmanna var kjörin til þess að vinna að þessum mikilvægustu málum og gerði það með mikilli ánægju, geysilega miklu starfi og kannaði grundvöll allra þessara mála. Þar var reynt að birta öfgalausar skoðanir ýmissa þjóðfélagsafla og í lok þessa rits er einmitt dregið saman það sem menn eru alltaf að nefna, þ.e. hvort menn vilji aðhyllast Evrópubandalagið. Á síðu 253 í þessu ágæta riti þá segir í tölulið 1, en þeir eru æði margir töluliðirnir sem lýsa afstöðu einstakra manna, en um eitt eru menn sammála og það er töluliður 1, hann orðast þannig:

„Aðild að Evrópubandalaginu er ekki á dagskrá. Enginn íslensku stjórnmálaflokkanna hefur á stefnuskrá sinni aðild að Evrópubandalaginu. Sumir flokkanna orða það svo í stefnuyfirlýsingum sínum og samþykktum að umsókn um aðild sé ekki á dagskrá. Aðrir kveða svo að orði að aðild komi ekki til greina."

Þetta er skýrt og greinilegt og þar er ekki um að ræða að fara þá leið að breyta þessu ákvæði. Ef menn ætla sér að gera það þá verður beinlínis, eins og hér hefur verið nefnt, Alþingi að breyta þessari ákvörðun, að aðild að Evrópubandalaginu komi ekki til greina. Það er ákvörðun Alþingis, samþykkt, margítrekuð af hálfu allra íslensku stjórnmálaflokkanna og menn ættu að fara sér svolítið hægar í ummælum, kannski bæði opinberlega og eins undir veggjum, að reyna að vinna þingmenn til fylgis við aðild okkar að Evrópubandalaginu. Ef þeir ætla að gera það þá eiga þeir að segja það beint út að þeir berjist fyrir því og þá vita menn hvar þeir standa og geta tekið afstöðu í samræmi við það.

Ég vil ekki eyða mjög miklum tíma að kvöldlagi, það er raunar óþarft að taka mikið fleira til athugunar. Ég tel það þó skylt þegar ég nefni að hinir ýmsu stjórnmálaflokkar og stjórnmálaöfl hafi lýst skoðunum sínum, þá get ég aðeins um skoðanir okkar sem vorum í þessum níu manna hópi frá Sjálfstfl. Það voru auk mín Guðmundur H. Garðarsson og Ragnhildur Helgadóttir. Þau segja að þau fagni þeirri miklu samstöðu sem náðst hefur í nefndinni en leggja höfuðáherslu á eftirfarandi: „Hvergi verði hvikað frá þeirri stefnu sem ríki Evrópubandalagsins viðurkenndu með bókun 6 frá 1972, sem gildi tók í lok þorskastríða 1976, að Íslendingar einir ættu réttindin til fiskveiða innan 200 mílna efnahagslögsögunnar og breytingar á þeirri stefnu komi ekki til greina." — Þetta eru sumir menn ekki farnir að skilja enn þá. — „Eignaraðild út-

lendinga að fiskveiði- og fiskverkunarfyrirtækjum verði áfram óheimil, sbr. lög nr. 33/1922." — Sem raunar hafa verið afnumin, illu heilli líka. — „Þegar verði teknar upp viðræður við Evrópubandalagið um viðauka við bókun 6 til leiðréttinga vegna breyttra aðstæða."

Síðan segir: „Á sama hátt ráði Íslendingar einir þeim fullveldisréttindum yfir landgrunninu utan 200 mílna sem þeim ber eftir 76. gr. hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Samningum við nágrannaríkin um sameiginleg landgrunnsréttindi verði hraðað."

Þarna er einnig tekið fram það sem verið hefur algjörlega vanrækt og gjörsamlega óverjandi, þ.e. að friða Reykjaneshrygginn út í 350 mílur eftir hafréttarsáttmálanum, að taka okkur eignarrétt að Hatton-Rockall bankanum einir. Miðlína gagnvart Bretum gerir það að verkum að við eigum Hatton-Rockall svæðið eins og það leggur sig. Þar er gífurlega mikið af öllum mögulegum fisktegundum en því er engu sinnt vegna þess að hafa þarf einhverja óskaplega nærgætni í sambandi við eitthvað sem mér er óskiljanlegt. Það má ekki halda lífshagsmunum Íslendinga til haga með berum orðum og tala um það íslensku, ekki einhver önnur óskiljanleg tungumál.

Utanrrh. talaði réttilega um að miðað við það að við tækjum upp einhvers konar viðskiptasamninga, tvíhliða viðskiptasamninga, þá mundu önnur mál verða þar rædd líka, það mundi leiða til þess. Upphaflegar umræður um viðskiptamál mundu leiða til þess að við gætum tekið upp önnur mál líka, pólitísk, ef ég hef skilið ráðherrann rétt og ég gerði það áreiðanlega. Það rifjar það upp að Henning Christophersen, aðstoðarframkvæmdastjóri framkvæmdanefndarinnar, aðstoðarformaður líklega framkvæmdastjórnarinnar, sagði það umbúðalaust á fundi í Evrópustefnunefnd, þar sem hún var fullskipuð, og margendurtók: Íslendingar hafa staðið við allt sitt og opnað alla markaði fyrir iðnvarningi Evrópuríkjanna og tollfrjálst og okkur ber að gera það sama gagnvart fiskinum.

Það hefur ekki verið gengið eftir því að þetta væri gert, ekki fram á þennan dag. Það er enn þá sniðgengið að tala um það sem bókun 6 hljóðar upp á og er mergurinn málsins. Við njótum ekki sambærilegs réttar og Evrópuþjóðirnar vegna þess að við göngum ekki eftir honum. Okkur er boðið það en við gerum ekkert til þess að koma málinu í kring.

Ég held að ég geti lokið þessu, þó það sé óteljandi margt sem við gætum um þetta rætt. Það sem ég hef nú sagt er mergurinn málsins og það getur ekki gengið mikið lengur að þessum brýnustu hagsmunamálum íslensku þjóðarinnar sé ekki sinnt. Það er alveg sama hvaða stjórnmálaflokkur verður við völd, hvaða ríkisstjórn verður við völd, það verður að knýja á það að öll stjórnvöld sinni þeirri frumskyldu sinni að tryggja réttindi okkar og þá auðvitað fyrst og fremst fiskveiðiréttindin. Við vitum raunar ekkert nema önnur séu mikilvægari en fiskur, þ.e. málmar. Þar að auki hefur fundist olía t.d. á Hatton-Rockall svæðinu. Innan íslenskra marka hefur fundist olía þar. Á Jan Mayen hryggnum hefur líka fundist olía og Normenn sömdu við okkur á sínum tíma, 1980–1981, um að kosta leit á olíu þar og hún hefur fundist. Það er þarna olía. Ég er ekkert að boða það að við eigum að vera einhverjir olíufurstar á morgun eða hinn daginn en auðvitað verðum við að halda til haga okkar náttúruauðlindum. Þessi mál sem við höfum verið að ræða síðustu vikurnar eru öll svo samtvinnuð að það er ekki hægt að taka eitt fram yfir annað. Við eigum að sameinast um að gæta allra gæða, bæði sjávar og landsins.

Útbýting þingskjala:

Framhaldsskólar, 397. mál, nál. minni hluta menntmn., þskj. 1051; brtt. minni hluta menntmn., þskj. 1052.

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég vil þakka þær ágætu umræður sem hér hafa orðið um þessa tillögu og hv. 4. þm. Austurl. fyrir þær spurningar sem hann lagði fyrir mig ásamt utanrrh. Utanrrh. hefur nú svarað og vil ég í upphafi lýsa því yfir að ég er svörum ráðherrans sammála og það er enginn skoðanaágreiningur milli okkar um þetta mál frekar en mér virðist milli þeirra sem hér hafa staðið upp og lýst afdráttarlausum stuðningi við þessa tillögu.

En ef ég fer yfir spurningarnar þá er fyrsta spurningin þessi: Hvert er fyrirhugað efni og innihald þeirra viðræðna við Evrópubandalagið um tvíhliða samnning við EB sem tillagan gerir ráð fyrir? Þessari spurningu er í raun svarað í áliti utanrmn. þar sem segir: „Við slíka tvíhliða samningsgerð yrði einkum litið á viðskiptahluta samningsins um Evrópska efnahagssvæðið þar sem stofnanahlutinn hlyti óhjákvæmilega að taka á sig allt aðra mynd." Ég held að þetta hljóti að vera meginefnið sem kæmi til álita í slíkum viðræðum.

Í öðru lagi er spurt: Eru þeir sem standa að tillögunum frá utanrmn. að lýsa því yfir að aðild Íslands að Evrópubandalaginu komi ekki til greina? Ég tek undir með hv. 1. þm. Austurl. að það ber ekki að líta á þessa tillögu sem aðildarumsókn að Evrópubandalaginu. Hún er það ekki. Ég tek undir það með hv. 10. þm. Reykv. að væru menn að velta fyrir sér aðild að Evrópubandalaginu þá mundu þeir að sjálfsögðu leggja það til og koma fram með það í tillögu og það verður að taka um það sjálfstæða ákvörðun hér á Alþingi ef menn telja að slíkt skref eigi að stíga. Það er einnig rétt sem kom fram hjá hv. 10. þm. Reykv. að með þessari tillögu er ekki verið að útiloka að menn kunni að komast að þeirri niðurstöðu að það sé skynsamlegt að velta fyrir sér aðild að Evrópubandalaginu. Það er ekki gert í tillögunni, tillagan er ekki aðildarumsókn og hún snýst ekki um það mál.

Það segir í þriðju spurningu: Hvaða samhengi sjá tillögumenn milli umsókna fjögurra EFTA-ríkja og þeirra viðræðna við EB um tvíhliða samskipti sem tillagan gerir ráð fyrir? Það er vikið að því að í tillögunni eru nefndar umsóknir þessara ríkja. Það liggur alveg ljóst fyrir að verði þessi ríki aðilar að Evrópubandalaginu þá gjörbreytist EFTA og staða okkar Íslendingar innan Evrópska efnahagssvæðisins verður allt

önnur þannig að það eru alveg ljós tengsl þarna á milli í mínum huga og það mun knýja á um að taka á málefnum Íslands og Evrópubandalagsins með öðrum hætti heldur en við gerum með aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu en í mínum huga eins og annarra, t.d. hv. 1. þm. Austurl., þá er það alveg tvímælalaust að þessi tillaga byggist á því að Evrópska efnahagssvæðið komi til sögunnar og Ísland verði þátttakandi í því.

Fjórðu spurningu er sérstaklega beint til utanrrh. þannig að ég þarf ekki að svara henni.

Fimmta spurningin er: Hyggst utanrrh. óska eftir þessum viðræðum áður en ljóst er hvort samningurinn um EES verður staðfestur? Ég vil aðeins láta þá skoðun mína í ljós í þessu efni að ég er sammála utanrrh. og hv. 1. þm. Austurl. að það á ekki að koma til álita að leita eftir þessu fyrr en ljóst er um afdrif EES-samningsins. Það er alveg tvímælalaust. Ég vil hins vegar í þessu samhengi vitna í það sem segir í áliti meiri hluta utanrmn. sem lagt var fram vegna frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið og er á þskj. 372, en þar segir þegar rætt er um samskipti Íslands við Evrópubandalagið ef þessi EFTA-ríki færu inn í bandalagið, með leyfi forseta:

„Forsætisráðherra hefur lýst yfir vilja ríkisstjórnarinnar til að kanna með bréfi og formlega hjá framkvæmdastjórn EB hver staða Íslands yrði á grundvelli EES kæmi til þess að önnur EES-ríki gengju í EB.

Í þessu sambandi er rétt að minnast þess að EES-samningurinn riftir ekki tvíhliða samningum EFTA-ríkja við EB. Framkvæmd þessara samninga er hins vegar frestað, að svo miklu leyti sem efni þeirra skarast við efni EES-samningsins á meðan hann er í gildi. Falli EES-samningurinn úr gildi án þess að nokkuð komi í stað hans hlýtur fyrri tvíhliða samningur EFTA-ríkis við EB fullt gildi. Þannig mundi Ísland geta lagt fríverslunarsamninginn frá 1973 til grundvallar í tvíhliða samskiptum sínum við EB."

Þannig held ég að ég svari einnig sjöttu spurningu hv. þm. þar sem segir: Mun ríkisstjórnin leita eftir viðræðum um tvíhliða samning við EB ef EES-samningurinn gengur ekki í gildi og útiloka um leið að sótt verði um aðild Íslands að EB? Ef þessi staða verður uppi mun gamli samningur okkar við Evrópubandalagið frá 1973 verða í gildi og á grundvelli hans munum við haga tvíhliða samskiptum okkar við Evrópubandalagið og á þeim grunni taka upp viðræður um þessi samskipti í ljósi breyttra aðstæðna.

Sjöunda spurningin er: Hver yrði hlutur utanrmn. Alþingis við undirbúning þeirra viðræðna sem tillagan gerir ráð fyrir? Í nál. um tillöguna segir, með leyfi hæstv. forseta: „Álítur nefndin nauðsynlegt fyrir ríkisstjórnina að geta stuðst við vilja Alþingis þegar hugað er að samskiptum Íslands og EB um leið og hún minnir á nauðsyn þess að nefndinni gefist kostur á að fylgjast náið með þróun málsins." Þetta er eindregin afstaða nefndarinnar, samhljóða afstaða nefndarinnar. Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. utanrrh. gaf hér þegar hann svaraði hér þessum spurningum þar sem hann minnti á hina lagalegu skyldu ríkisstjórnarinnar til samráðs við utanrmn. um mál af þessu tagi en tók jafnframt fram og áréttaði að hann mundi beita sér fyrir því á pólitískum forsendum einnig að náið samráð yrði haft við nefndina. Ég held að þessar spurningar hv. 4. þm. Austurl. og svörin við þeim hljóti að hafa skýrt viðhorf okkar a.m.k. tveggja sem höfum svarað þeim en mér finnast þau svör raunar vera alveg í fullu samræmi við það sem fram hefur komið í máli hv. 10. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Austurl. Þar með má segja raunar að ályktunin sjálf eða tillagan sjálf og greinargerðin svari þessum spurningum þannig að þær séu aðeins áréttíng á þeim viðhorfum sem við setjum fram í tillögunni og greinargerðinni.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Reykv. fyrir skýr svör við þessum fyrirspurnum af minni hálfu á sama hátt og hæstv. utanrrh. veitti þar úrlausn af sinni hálfu. Ég vænti þess að þessi umræða og viðbrögð þeirra m.a. við þessum spurningum mínum hafi orðið til þess að skýra fyrir mönnum hvernig hv. þm. og hæstv. ráðherra líta á efni þessarar tillögu. Hitt kann auðvitað að vera og verður ekki úr skorið hér hvort aðrir sem að tillögunni standa líta hana eitthvað öðrum augum. Eins og oft vill verða um texta þá gefur hann svigrúm til misjafnra túlkana. En mér sýnist að þessi tillaga boði í rauninni engin sérstök tíðindi miðað við nútíðina. Það sé alveg óráðið hvenær á það reyni að slíkar viðræður fari fram miðað við þær forsendur sem hv. þm. Björn Bjarnason og hæstv. utanrrh. eru hér að boða. Það er að það sé fyrst ef EES fer á hliðina eða gufar upp eða að því væri komið eftir þeirra túlkun að á það reyndi að taka upp viðræður og þá á grundvelli þess samnings sem hér liggur til afgreiðslu í þinginu. Þetta finnst mér nú vera kjarninn í þessum yfirlýsingum jafnhliða því sem báðir hv. þm. sem ég hér nefndi hafa tekið það skýrt fram að með þessu væru þeir ekki að útiloka að aðild að Evrópubandalaginu gæti komið á dagskrá síðar eftir því sem mál þróast. Það fannst mér einnig koma fram. Ég mun íhuga í ljósi þessa sem hér hefur komið fram mína afstöðu til þessa máls hér og tel ekki ástæðu til að kveða upp úr um það. En mér sýnist þó að það sé ekki ástæða fyrir mig að ganga gegn tillögunni eða greiða atkvæði gegn henni því að hún sé í rauninni sárameinlaus þannig, segi ekki mikið og boði engin ný tíðindi.

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var eitt atriði sem ég vildi nefna að hv. þm. í athugasemdum sínum virtist ekki átta sig á því sem var þó komið fram áður að ætlunin er að tilkynna nú þegar um þessa ályktun Alþingis. Og það er þarna verið að fjalla um að undirbúa stöðu Íslands í ljósi þess að Evrópska efnahagssvæðið verði að veruleika og að það verði tilkynnt um þessa pólitísku ákvörðun sem hér er tekin en að sjálfsögðu er það ljóst að á meðan Evrópska efnahagssvæðið er við lýði og við erum aðilar að því og höfum gert þann samning við það sem fyrir liggur þá er ástæðulaust fyrir okkur

að fara að ræða við Evrópubandalagið um einhvern sérstakan tvíhliða samning. En aðalatriðið er á þessu óvissustigi sem kann að skapast og vera vegna aðildarumsóknar þessarra ríkja þá liggur alveg ljós fyrir sú stefnumótun sem felst í þessari tillögu. Og eins og hér segir að Alþingi feli ríkisstjórninni að tilkynna Evrópubandalaginu um þessa pólitísku stefnumótun sem er eins og fram hefur komið spurningin um það að það ríki enginn vafi um afstöðu Íslands.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta las ég að sjálfsögðu út úr texta tillögunnar að þessi tilkynning færi til Evrópubandalagsins. En hitt hefur hv. þm. rækilega tekið fram að það sé síðan „den tid, den sorg", það sé síðan á einhverju síðara stigi hugsanlega ef EES fer á hliðina eða er að gefa upp öndina sem á þetta mál reyni. Það er það sem í mínum huga vísar þessari tillögu inn í allfjarlæga framtíð eins og horfur eru nú. Þá á ég við að það skipti árum þangað til á slíkt kynni að reyna. Um það vitum við auðvitað mjög lítið hvað sú framtíð kynni að bera í skauti sér að nokkrum árum liðnum. Þannig eru ekki mikil skilaboð sem fylgja um raunverulega stefnu. Það sem væru hins vegar tíðindi ef tillagan hefði innihald að færi EES á hliðina, yrði aldri barn í brók, ef samningurinn yrði ekki staðfestur þá leituðu Íslendingar eftir tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið um nýjan tvíhliða samning og útilokuðu að leita aðildar að Evrópubandalaginu. En það er hins vegar ekki hér í þessum texta, því miður.

Umræðu frestað.

Mat á umhverfisáhrifum nýrrar lagasetningar, fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 368. mál. — Þskj. 649.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þál. á þskj. 649 um mat á umhverfisáhrifum nýrra lagasetningar. Flm. ásamt þeirri sem hér stendur eru hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og Jón Helgason.

Tilllagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framvegis fara fram á undirbúningsstigi mat á hugsanlegum umhverfisáhrifum nýrrar löggjafar. Slíkt mat verði prentað sem fylgiskjal með stjórnarfrumvörpum með sama hætti og verið hefur með kostnaðarmat."

Með þessari tillögu fylgir stutt greinargerð og þyrfti í rauninni ekki að hafa fleiri orð um það svo augljóst sem þetta mál er en ég mun þó fara nokkrum orðum um það.

Eins og þingmönnum er kunnugt þá er oftast í athugasemdum með stjfrv. lagt fram mat á því hvað áætlað er að kostnaðurinn sé mikill sem fylgi samþykkt frv. Þetta er góð venja því mikilvægt er að menn reyni að gera sér grein fyrir því með þeim hætti hvaða kostnaður fylgir samþykkt frumvarpa.

En það eru fleiri þættir sem verður að hafa í huga þegar meta á áhrif lagasetningar. Allt of lítill gaumur hefur verið gefinn að því hér á Alþingi hvaða áhrif fyrirhuguð lagasetning getur haft á umhverfið. Mér kemur t.d. í hug samþykkt fyrir allnokkrum árum í tengslum við kjarasamninga þegar lækkuð voru verulega aðflutningsgjöld af bílum sem varð til þess að bílainnflutningur jókst verulega með hrikalegum afleiðingum bæði fyrir umhverfið sem og vegna aukinnar tíðni slysa.

Í lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, nr. 52/1966, með síðari breytingum, segir m.a. í 77. gr. um verkefni Fjárlaga- og hagsýslustofnunar (nú fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins) að hún skuli leggja mat á kostnað sem frumvörp hafa í för með sér fyrir ríkissjóð. Í 30. gr. þingskapalaga eru ákvæði um að mæli nefnd með samþykkt frumvarps eða þingsályktunartillögu skuli hún láta prenta með áliti sínu áætlun um kostnað sem samþykkt gæti haft í för með sér.

Ég tel nauðsynlegt að sams konar ákvæði væru tekin upp og alla vega sams konar vinnubrögð yrðu tekin upp að því er varðaði umhverfisþætti lagafrumvarpa. En það eru því miður engin ákvæði í lögum um slík áhrif, hvorki í þingskapalögum né annars staðar í lögum.

Að mati flutningsmanna er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir hvaða afleiðingar samþykkt frumvarps geti haft fyrir umhverfið. Bæði væri hægt að setja það í lög að slíkt skyldi fylgja öllum stjfrv. en einnig væri hægt að setja það í þingsköp að nefndir meti umhverfið á hliðstæðan hátt. Viðbrögð af þessu tagi ættu að geta stuðlað að stefnubreytingu til heilla fyrir umhverfið og einnig komið í veg fyrir margháttaðan ófarnað. Jafnframt ætti að aukast skilningur löggjafans á að efnahagsmál og umhverfismál eru samfléttuð og verða ekki aðskilin.

Ég held að það sé að verða æ fleirum ljóst að það verður að breyta þeim viðhorfum sem eru ríkjandi sérstaklega í iðnríkjunum sem miða að stöðugum vexti án tillits til þess hvaða áhrif það hefur á umhverfið. Stöðugt fleiri hagfræðingar benda á að nauðsynlegt sé að endurskoða hagvaxtarútreikninga og leggja mat á umhverfisáhrifin í þjóðhagsstærðir til að hægt sé að meta betur hvaða áhrif mannlegar athafnir hafa raunverulega á heill þjóðanna því ef efnahagsmál og umhverfismál eru ekki samþætt þá mun illa fara.

Ég tel að það sé óþarfi að fara frekari orðum um þessa þáltill. svo augljós sem hún er. Þó vil ég taka það fram að Danir hafa talað um að taka upp slíkt á þinginu hjá sér. Það var lögð fram þáltill. svipuð þessari þar fyrir skömmu og var tekið mjög vel undir hana og miðað við að þessi vinnubrögð væru tekin upp á því þingi sem nú stendur yfir. Ég býst við að það hafi verið gert án þess að ég hafi kynnt mér það sérstaklega. En það væri eðlilegt ef þessi tillaga verður samþykkt að ríkisstjórnin kynni sér hvernig Danir hafi staðið að málum sem þessum.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flutningur verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu, fyrri umr.

Þáltill. StG og ÞÞ, 467. mál. — Þskj. 807.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég tala fyrir þáltill. á þskj. 807 um flutning verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu. Flm. ásamt mér er Þórhildur Þorleifsdóttir en tillagan er þannig:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að leita leiða til að flutningur verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti hafist í ríkissjónvarpinu á þessu ári. Jafnframt verði athugað með hverjum öðrum hætti starfsemi þessara stofnana og annarra hliðstæðra geti sem best náð til allra landsmanna."

Í greinargerðinni segir svo:

„Árlega gengst Þjóðleikhúsið fyrir fjölda leiksýninga, jafnt á innlendum sem erlendum verkum. Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur og á ári hverju marga tónleika. Flutningur þessara menningarverka á sér þó oftast stað í Reykjavík, enda er Þjóðleikhúsið þar og Sinfóníuhljómsveitin með starfsaðstöðu sína í borginni. Aðrir landsmenn en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu eiga því erfiðara um vik með að njóta þeirra sýninga og tónleika, sem í boði eru, í jafnríkum mæli og æskilegt væri. Með flutningi þingmáls þessa er lagt til að menntamálaráðherra verði falið að leita leiða til að landsmenn allir geti sem best notið listflutnings Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Flutningsmönnum er ljóst að hér er ekki um það að ræða að ríkissjónvarpið flytji öll verk sem þessir aðilar flytja á ári hverju, en einhver þeirra skulu þó ætíð flutt.

Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins, sbr. 14. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985. Þá er Þjóðleikhúsið eign íslensku þjóðarinnar, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1978, og greiðist kostnaður af rekstri þess úr ríkissjóði, sbr. 18. gr. laganna. Ríkissjóður greiðir 56% rekstrarkostnaðar Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpið 25%, sbr. 3. gr. laga nr. 36/1982. Hlutur Ríkisútvarpsins greiðist af menningarsjóðsgjaldi sem leggst á allar auglýsingar í útvarpi, sbr. 11. gr. laga, nr. 68/1985.

Forsvarsmenn Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitarinnar hafa eftir megni reynt að sinna öllum landsmönnum, t.d. með leikferðum, sbr. 15. gr. laga nr. 58/1978, og tónleikahaldi um land allt. En betur má ef duga skal. Allir landsmenn eiga rétt á að njóta verka þessara aðila. Það má m.a. auðveldlega gera með því að sjónvarpa frá leiksýningum og tónleikum þeirra. Til þess er ríkissjónvarpið rétti aðilinn enda í eigu allra landsmanna. Slíkar sjónvarpssendingar tíðkast víða í nágrannalöndum okkar og hafa gefist vel. Þá hefur ríkissjónvarpið lítillega reynt fyrir sér á þessu sviði með góðum árangri.

Ríkisútvarpið, sjónvarp hóf útsendingar sínar 30. sept. 1966 og hefur því starfað í tæp 27 ár. Starfsemi þess hefur tekið miklum breytingum frá upphafi og er í stöðugri þróun, enda háð tíðaranda hverju sinni. Ríkissjónvarpið hefur miklum skyldum að gegna við fólkið í landinu enda sameiginleg menningarstofnun þjóðarinnar. Því er eðlilegt að það sjái um flutning verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitarinnar í sjónvarpi. Rétt þykir einnig að fela menntamálaráðherra að athuga með hverjum öðrum hætti starfsemi Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti náð sem best til allra landsmanna, svo og starfsemi annarra hliðstæðra stofnana, t.d. Íslensku óperunnar og Leikfélags Reykjavíkur.

Vissulega hefði verið ástæða að nefna til fleiri til þessa listflutnings. En ég trúi því að nái þessi þáltill. samþykki á Alþingi verði þeir fjölmiðlar sem hér eru nefndir vakandi yfir því að opna möguleika fyrir sem flesta til listflutnings í ríkisfjölmiðlunum.

Hæstv. forseti. Að lokinni umræðunni legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og menntmn.

Þuríður Pálsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Stefáni Guðmundssyni fyrir flutning þessarar þáltill. Ég tel þó rétt að benda á nokkur atriði sem ég vil gjarnan að komi fram.

Vissulega er þetta gott mál og löngu tímabært að tryggja það að merk leikrit og einkum íslensk leikverk, sem flutt eru í Þjóðleikhúsinu, verði tekin til flutnings í sjónvarpi eftir að ákveðinn tími hefur liðið frá uppfærslu verkanna í leikhúsinu. Einnig er sjálfsagt að sjónvarpa einstaka sinfóníutónleikum, svo sem ef stór tónverk eru á efnisskrá, t.d. Sálumessa Verdis sem var flutt fyrir skömmu. En hljómsveitarflutningur nýtur sín ekki síður vel í hljóðvarpi þannig að það er varla til bóta að sjónvarpa öllum tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Það er einnig svo að leikverk á sviði eru venjulega unnin með öðrum formerkjum en leikverk í sjónvarpi. Tjöld og sviðsbúnaður allur er mjög ólíkur og því þyrfti í flestum tilfellum að gerbreyta öllu umhverfi ásamt því auðvitað að áherslur í leik eru aðrar á leiksviði en við kvikmyndun. Kvikmyndun og leiksviðsverk lúta einfaldlega ekki sömu lögmálum.

Líka er rétt að taka fram að þótt rekstur þessara stofnana sé að mestu leyti kostaður af ríkissjóði er aðgöngumiðasalan stór þáttur í velgengni starfseminnar og ef ég vísa til þess sem stendur í þáltill., með leyfi forseta: „að slíkar sjónvarpssendingar tíðkist víða í nágrannalöndum okkar og hafi gefist vel", þá eru mjög skiptar skoðanir um það þar sem þetta hefur tíðkast.

Ekki þarf mikið ímyndunarafl til að ályktа að ef fólk á von á að sjá og heyra þennan listflutning í sjónvarpi muni draga stórlega úr aðsókn, bæði á sinfóníuhljómleika og ekki síst að leikhúsinu. Þá vil ég benda á að nauðsynlegt yrði að gera sérstaka samninga við

Félag ísl. leikara fyrir hönd sviðslistamanna leikhússins og einnig við hjóðfæraleikara í Sinfóníuhljómsveit Íslands þar sem tekið er tillit til þeirrar staðreyndar að starfsmenn þessara stofnana eru þegar á launaskrá hjá ríkinu því að væntanlega hefur það vakað fyrir hv. flm. tillögunnar að þeir listamenn sem um ræðir séu þegar á ríkislaunum og ríkissjónvarpið ætti að geta nýtt sér þá starfskrafta á þeim grundvelli. Ef svo væri ekki þá vil ég benda á að eins og stendur í texta tillögunnar, með leyfi forseta, „að ríkissjónvarpið hafi miklum skyldum að gegna við fólkið í landinu sem sameiginleg menningarstofnun þjóðarinnar" eiga þær skyldur ekki síður við annan listflutning og þá aðra íslenska listflytjendur sem eru ekki kostaðir af ríkissjóði svo sem söngvarar, dansarar, hljóðfæraleikarar og aðra leikstarfsemi einnig. Þessa þáltill. þyrfti því að útfæra á mun víðtækari hátt þannig að það verði skýlaus krafa að sjónvarpinu sem ríkisstofnun beri skylda til að flytja list viðurkenndra íslenskra listamanna til þjóðarinnar og gera það jafnmyndarlega og sjónvarpið stendur að öllu því efni sem lýtur að popptónlist sem ég hef ekkert við að athuga annað en það hversu mikið rými slíkt listform fær í sjónvarpinu miðað við klassískan listflutning. Ég mæli því með því að þessi að mörgu leyti ágæta tillaga fái nánari umfjöllun og útfærslu og hæstv. menntmrh. leiti leiða til að gera íslenskum, klassískum listflutningi hærra undir höfði í dagskrá sjónarps en nú er gert. Það er skylda þess og krafa sem íslenska þjóðin á að gera til ríkissjónvarps.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 16. þm. Reykv. fyrir innlegg hans til þessa máls. Auðvitað er það ljóst og kemur hér fram í tillögunni að ekki hefur hvarflað að okkur flm. að meiningin væri að ríkissjónvarpinu væri ætlað að flytja öll þau verk sem Þjóðleikhúsið eða Sinfóníuhljómsveitin flytja, enda segir það í greinargerðinni, en einhver þeirra skulu þó ætíð flutt. Það er meining okkar.

Mér er einnig ljóst að hér þarf að vinna visst verk og eitt af því er að sjálfsögðu að viðræður þurfa að eiga sér stað um breytta kjarasamninga sem ég tel að liggi í augum uppi við þá listamenn sem þarna munu koma fram. En ég tel að það sé langt frá því að það séu óyfirstíganlegir hlutir og ég er nú bjartsýnn á að listamenn hafi það ríkan skilning í þessu máli og hvers virði það sé fyrir þá að koma list sinni sem mest á framfæri, það muni ekki standa í veginum, enda er það eðlilegt að þeir fái greitt fyrir slíkt framlag eins og aðrir.

Hvað tækninni viðkemur verð ég að segja það að ég er ekki þeim hnútum svo mjög kunnugur en þó hef ég aðeins gengið í smiðju út af þessu máli og rætt við fólk sem er þessu kunnugt bæði heima og erlendis og það vitum við að þetta er víða gert erlendis með ágætum og mörgum stundum er um hreina listviðburði að ræða þegar slíkt er gert. Fólk segir mér einnig að það sé ekki nokkrum vandkvæðum bundið að framkvæma þetta hér. Auðvitað er spurning hvað gerðar eru miklar kröfur til þessa og ég veit nú að þeir sem við þessi mál fást munu örugglega setja mikinn metnað í að gera þetta sem best.

Ég hef ekki trú á því eins og hér kom fram hjá hv. þm. að þetta komi til með að draga úr aðsókn að leikhúsum eða tónverka. Mér hafa sagt aðilar sem þekkja þetta t.d. erlendis frá að víða er það skoðun að það sé alveg gagnstætt, þ.e. að einmitt slíkt eins og hér er lagt til muni verða til þess að auka aðsókn að sýningunni og þá tónleikahaldi. Ég trúi því reyndar betur að svo muni verða.

Virðulegi forseti. Mér ber skylda til að þakka fyrir þessar undirtektir og ekki síst að það skuli koma frá hv. 16. þm. Reykv. sem ég veit að skilur þetta mál og þekkir það vel. Útfærslan er auðvitað ekki einföld en hún er ekki það flókin að ég trúi því og treysti hæstv. núv. menntmrh. fullkomlega til þess að ganga svo frá og fá þá menn til aðstoðar að ekki verði miklum vandkvæðum bundið tæknilega að koma þessu máli fram.

Þuríður Pálsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Stefáni Guðmundssyni fyrir orð hans. Ég var einmitt að biðja um betri umfjöllun og útfærslu á þessari tillögu. Auðvitað er sjálfsagt að tillagan fari til menntmn.

Mig langaði aðeins til að útskýra hvað ég átti við. Við höfum svolitla reynslu af þessu. Oft hefur reynst mjög erfitt að taka leikrit upp beint af sviði. Það hefur þó verið gert og stundum heppnast vel, t.d. var Ofvitinn tekinn upp hjá Leikfélagi Reykjavíkur. Undirbúningur var mikill og það var tekið upp á nokkrum kvöldum að mig minnir. Venjulega hefur þó reynst betra að taka þetta inn í sjónvarpssal og það var gert t.d. við Stundarfrið og þar vildi svo vel til að hægt var að færa öll tjöld og staðfæra leikmyndina. Það tókst mjög vel að samræma það því formi sem hæfir sjónvarpi.

Við gætum tekið annað leikverk sem væri Bílaverkstæði Badda eftir Ólafs Hauks Símonarsonar sem gekk fádæma vel á litla sviðinu. Maður skyldi halda að það væri kannski eitthvað sem hefði verið ágætt í sjónvarpi en eftir því hefur verið gerð kvikmynd eftir handriti sem nefnist Ryð og það er í rauninni hreint allt annað leikverk en það sem við sáum á litla sviði Þjóðleikhússins svo að þetta getur verið afskaplega margbreytilegt.

Ég vildi bara taka fram að við þurfum að hugsa vel um þetta og íhuga þetta mál mjög vel og einnig þurfa aðrir íslenskir listflytjendur að koma að þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegalög, 1. umr.

Frv. FI o.fl., 293. mál (reiðvegir). — Þskj. 425.

Flm. (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um

breytingu á vegalögum nr. 6/1977, með síðari breytingum. Frv. þetta er á þskj. 425 og er 293. mál þingsins. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Stefán Guðmundsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Páll Pétursson, Valgerður Sverrisdóttir og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Í maí 1982 var undirritað samkomulag milli Landssambands hestamanna og Vegagerðar ríkisins um gerð reiðvega. Samkomulag þetta er fskj. með frv. þessu. Ágreiningur varð fljótlega um túlkun þess samkomulags sem hefur leitt til þess að gerð og viðhald reiðvega hefur verið bitbein milli samtaka hestamanna, Vegagerðarinnar og sveitarfélaga nú um nokkurt skeið.

Sú breyting sem er lögð til með frv. þessu, en það er breyting á 40. gr. laga nr. 6/1977, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Vegagerð ríkisins skal aðstoða nýbýlastjórn við lagningu nýbýlavega og samtök hestamanna við gerð reiðvega enda sé kostnaður greiddur af sérstakri fjárveitingu í fjárlögum samkvæmt vegáætlun eða á annan hátt."

1. gr. frv. hljóðar svo með leyfi forseta:

„Vegagerð ríkisins skal aðstoða ríkisstjórn við lagningu nýbýlavega, enda sé kostnaður greiddur af sérstakri fjárveitingu í fjárlögum samkvæmt vegáætlun eða á annan hátt. Vegagerð ríkisins skal sjá um gerð og viðhald reiðvega samkvæmt sérstakri reiðvegaáætlun sem samgrh. lætur gera í samráði við samtök hestamanna og sveitarfélaga til fjögurra ára í senn. Kostnaður við gerð reiðvega skal greiddur skv. 2. gr. laga um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987."

Á Alþingi 7. febr. 1991 var samþykkt þál. um reiðvegaáætlun sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að skipa nefnd með þátttöku samtaka hestamanna og sveitarfélaga til þess að kanna ástand reiðvega og gera reiðvegaáætlun."

Því miður hefur þessi reiðvegaáætlun aldrei komist til framkvæmda einfaldlega vegna þess að ágreiningur hefur verið milli Landssambands hestamanna, sveitarfélaga og Vegagerðar ríkisins um það hver skyldi standa straum að kostnaði og hvernig undirbúningi skyldi háttað. Um það hefur verið deilt og það hefur ekki verið í lögum hingað til að Vegagerð ríkisins hafi verið lagðar þær skyldur á herðar að sjá um gerð og viðhald reiðvega samkvæmt sérstakri reiðvegaáætlun sem samgrh. lætur gera. Með frv., sem hér er lagt fram og mælt fyrir á þinginu, eru tekin af öll tvímæli í þeim efnum að Vegagerð ríkisins er nú með þessu frv. verði það samþykkt gert það skylt að sjá um gerð og viðhald reiðvega. Það er talsverð breyting frá því sem verið hefur og mun ef frv. verður samþykkt verða ótvírætt hlutverk Vegagerðar ríkisins að sjá um slíka hluti.

Að lokinni umræðunni legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáröflun til vegagerðar, 1. umr.

Frv. FI o.fl., 294. mál (reiðvegagerð). — Þskj. 426.

Flm. (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Stefán Guðmundsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Páll Pétursson, Valgerður Sverrisdóttir og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Í 2. gr. laga nr. 3 frá 23. sept. 1987 segir svo, með leyfi forseta:

„Gjald skv. 1. gr. þessara laga skal innheimt í ríkissjóð. Tekjum samkvæmt lögum þessum skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun."

1. gr. þessa frv. sem hér er mælt fyrir gerir ráð fyrir þeirri breytingu á 2. gr. laga nr. 3/1987 að gjald samkvæmt 1. gr. skal innheimt til ríkissjóðs. Tekjum samkvæmt lögum þessum skal einungis varið til vega- og reiðvegagerðar samkvæmt vega- og reiðvegaáætlun. Með þessu frv. eru tekin af öll tvímæli um það að af þeim fjárveitingum sem nú fara til vegagerðar skal einnig varið til reiðvegagerðar og þannig litið á að reiðvegagerð sé hluti af vegakerfi landsis.

Frv. þetta er flutt samhliða frv. um breytingu á vegalögum nr. 6/1977, með síðari breytingum. Með því frv. er Vegagerð ríkisins falin gerð reiðvega samkvæmt sérstakri reiðvegaáætlun sem samgrh. lætur gera í samráði við samtök hestamanna og sveitarfélaga til fjögurra ára í senn. Samkvæmt frv. skal kostnaður við reiðvegagerð greiðast skv. 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar.

Virðulegi forseti. Að umræðunni lokinni legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1., 9., 10., 17. og 19 mál.

Fundi slitið kl. 11.54 síðdegis.

---

167. FUNDUR

föstudaginn 30. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Umhverfisgjald, þáltill., 359. mál, þskj. 639. — *Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)*

2. Mat á umhverfismálum nýrrar lagasetningar, þáltill., 368. mál, þskj. 649. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

3. Flutningur verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu, þáltill., 467. mál, þskj. 807. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

4. Vegalög, frv., 293. mál, þskj. 425. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Fjáröflun til vegagerðar, frv., 294. mál, þskj. 426. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Gagnkvæm viðurkenning á menntun, stjfrv., 77. mál, þskj. 79, nál. 317 og 327, brtt. 318 og 377. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, stjfrv., 21. mál, þskj. 21, nál. 356, brtt. 343. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

8. Íslenskt ríkisfang vegna EES, stjfrv., 15. mál, þskj. 15, nál. 412 og 1045, brtt. 413. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

9. Lagaákvæði er varða samgöngumál, stjfrv., 28. mál, þskj. 29, nál. 808 og 1034, brtt. 809. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

10. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 440. mál, þskj. 749, nál. 1020, 1053, 1054 og 1055, frávtill. 1060. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

11. Vinnumarkaðsmál, stjfrv., 22. mál, þskj. 22. — 3. umr.

12. Heimild til að selja jörðina Lönguhlíð í Vallahreppi, frv., 518. mál, þskj. 875. — 3. umr.

13. Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, stjfrv., 117. mál, þskj. 1046, brtt. 1048. — 3. umr.

14. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 276. mál, þskj. 384, nál. 1011 og 1049, brtt. 1012 og 1050. — 2. umr.

15. Skaðabótalög, stjfrv., 326. mál, þskj. 596, nál. 1033 og 1061. — 2. umr.

16. Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, stjfrv., 406. mál, þskj. 700, nál. 1056, brtt. 1057. — 2. umr.

17. Framhaldsskólar, stjfrv., 397. mál, þskj. 691, nál. 1051 og 1058, brtt. 1052 og 1059. — 2. umr.

18. Tvíhliða samningur við Evrópubandalagið, þáltill., 303. mál, þskj. 472, nál. 1018, brtt. 1019. — Frh. síðari umr.

19. Endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda, þáltill., 360. mál, þskj. 640. — Fyrri umr.

20. Löggjöf um réttindi og skyldur manna sem stunda reikningsskil, þáltill., 405. mál, þskj. 699. — Fyrri umr.

21. Valfrelsi í lífeyristryggingum, þáltill., 477. mál, þskj. 824. — Fyrri umr.

22. Eftirlaunaréttindi launafólks, frv., 479. mál, þskj. 827. — 1. umr.

23. Umfjöllun fjölmiðla um alvarleg afbrotamál, þáltill., 498. mál, þskj. 850. — Fyrri umr.

24. Lífeyrisréttindi hjóna, frv., 499. mál, þskj. 851. — 1. umr.

25. Íþróttasjóður ríkisins, þáltill., 503. mál, þskj. 855. — Frh. fyrri umr.

26. Skólabúðir að Núpi, þáltill., 510. mál, þskj. 863. — Fyrri umr.

27. Lista- og menningarmiðstöð í Álfafosshúsunum í Mosfellsbæ, þáltill., 511. mál, þskj. 864. — Fyrri umr.

28. Búfjárhald, frv., 512. mál, þskj. 865. — 1. umr.

29. Ár aldraðra, þáltill., 519. mál, þskj. 877. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Eiður Guðnason umhvrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.

Útbýting þingskjals:

Skaðabótalög, 326. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 1061.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti upplýsa að síðar í dag, eða upp úr kl. 3.30, mun fara hér fram umræða utan dagskrár. Hún fer fram að beiðni hv. 18. þm. Reykv. samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða, og er um gæslu þjóðminja.

Eins og væntanlega hefur verið tilkynnt eða boðað munu fara fram atkvæðagreiðslur kl. hálftvö í dag, eftir hádegisverðarhlé sem gert er ráð fyrir að verði frá kl. hálfeitt til hálftvö.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 276. mál (stjórnsýsluleg staða, skyldusparnaður o.fl.). — Þskj. 384, nál. 1011 og 1049, brtt. 1012 og 1050.

Frsm. meiri hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1011 um frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins frá meiri hluta félmn.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem greina má í þrjá meginþætti, breytingu á stjórnsýslulegri stöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins, brottfall skyldusparnaðar og að tækni- og þjónustudeild stofnunarinnar verði lögð niður. Á fund nefndarinnar komu frá fjármálaráðuneytinu Halldór Árnason skrifstofustjóri og Magnús Pétursson ráðuneytisstjóri, Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, frá Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna Birgir Björn Sigurjónsson og Páll Halldórsson, frá Alþýðusambandi Íslands Hervar Gunnarsson, Guðmundur Gylfi Guðmundsson og Grétar Þorsteinsson, Rannveig Sigurðardóttir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Hrafnhildur Stefánsdóttur frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Hjörtur Eiríksson frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og frá Húsnæðisstofnun ríkisins Yngvi

Örn Kristinsson, Sigurður Guðmundsson og Hilmar Þórisson. Þá komu á fund nefndarinnar, sérstaklega vegna þess þáttar frumvarpsins er snertir stjórnsýslulega stöðu Húsnæðisstofnunar, Jón L. Arnalds héraðsdómari, Páll Hreinsson lögfræðingur, Ragnar Aðalsteinsson hrl. og frá Ríkisendurskoðun Sigurður Þórðarson og Jón L. Björnsson. Enn fremur bárust nefndinni umsagnir frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Alþýðusambandi Íslands, stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytinu.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Breytingar þær, sem lagðar eru til, eru flestar þess eðlis að ekki þarfnast skýringa.

Við umræður um frv. áður en það var afgreitt til nefndar kom fram gagnrýni á að með frv. væri verið að færa Húsnæðistofnun ríkisins inn í félmrn. Ráðherra skýrði þær greinar sem gagnrýndar voru og í máli ráðherra kom fram að gagnrýnin væri tilhæfulaus. Þeim brtt. sem meiri hluti félmn. setur fram er m.a. ætlað að leiðrétta þann misskilning og orðalagsbreytingar árétta stöðu stofnunarinnar gagnvart ráðuneytinu.

Lagt er til að í nýrri málsgrein, er bætist við 2. gr., verði sérstaklega kveðið á um hvernig fara eigi með kostnað af rekstri Húsnæðisstofnunar ríkisins. Með frumvarpinu er lögð til sú breyting frá gildandi lögum að fjallað verði um innra skipulag stofnunarinnar í reglugerð en ekki í lögum svo sem nú er. Talið er eðlilegt að kveðið verði á um skiptingu rekstrarkostnaðar Húsnæðisstofnunar í lögum. Þannig verði kostnaðinum skipt á milli þeirra sjóða sem stofnunin rekur, að teknu tilliti til umfangs í rekstri þeirra og útistandandi eigna.

Lagt er til að í stað 1.–2. efnismgr. 1. gr. komi ný málsgrein er orðist svo:

„Húsnæðisstofnun ríkisins er ríkisstofnun er lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir félmrh. sem fer með yfirstjórn húsnæðismála.“

Þá er lagt til að við 2. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

„Kostnaði við rekstur Húsnæðisstofnunar ríkisins skal skipta á milli þeirra sjóða sem stofnunin rekur, að teknu tilliti til umfangs í rekstri þeirra og útistandandi eigna í lok reikningsárs. Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessarar greinar.“

Við 3. gr. er lögð til sú breyting að þingkjörnum stjórnarmönnum Húsnæðisstofnunar ríkisins verði fjölgað úr fimm í sjö.

Breytingin á 3. tölul. 4. gr. felur í sér að á brott falli skylda Húsnæðisstofnunar til að leita staðfestingar ráðherra á forsendum lánveitingar og skiptingu lánsfjár milli útlánaflokka áður en ákvörðun um útlán er tekin.

Breytingin á 8. gr. felur í sér áréttingu þess að húsnæðismálastjórn semur sjálf við lánastofnanir um afgreiðslu og innheimtu lána, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, í stað þess að frumvarpið gerir ráð fyrir að slíkt sé bundið við reglugerðarsetningu ráðherra. Efnismálsgreinin samkvæmt þessari tillögu orðast þá svo:

„Húsnæðismálastjórn skal, að fengnu samþykki félmrh., semja við viðskiptabanka og aðrar fjármálastofnanir um afgreiðslu og innheimtu lána.“

Lögð er til sú breyting að við 9. gr. bætist nýr málsliður er kveði á um að fjárhagur húsbréfadeildar skuli aðskilinn frá öðrum þáttum í starfsemi Byggingarsjóðs ríkisins. Breytist þá 12. gr. og í stað orðanna „Ráðherra getur með reglugerð heimilað að Húsnæðisstofnun semji“ í 1. málslið efnisgreinarinnar komi: Húsnæðismálastjórn skal, að fengnu samþykki félmrh., semja.

Þá er lagt til að skv. 19. gr. verði byggingarsamvinnufélögum gert að greiða fyrir þá aðstoð er Húsnæðisstofnun veitir þeim vegna byggingarframkvæmda.

Með þessu frv. er stjórnsýsluleg staða Húsnæðisstofnunar ríkisins ákvörðuð. Henni er ætlað að vera sérstök ríkisstofnun sem heyrir beint undir ráðherra en ekki að vera í hópi þeirra ríkisstofnana sem flokkast sem sjálfstæðar ríkisstofnanir eins og t.d. ríkisbankar.

Félmn. fékk þá aðila sem þegar hafa verið nefndir á sinn fund til að fjalla um stjórnsýslulega stöðu ríkisstofnana almennt og skilgreiningu á því hvaða munur er á stjórnsýslulegri stöðu þeirra og var sú yfirferð afar gagnleg fyrir nefndina.

Varðandi sjálfstæðar ríkisstofnanir, þá eru þær óháðar, settar til hliðar við ráðuneyti og ekki ætlast til að ráðherrar hafi mikið yfir þeim að segja. Húsnæðisstofnun ríkisins er mjög mikilvæg varðandi hagsmuni fjölskyldnanna í landinu og ekki sama eðlis og t.d. bankastofnun. Því er eðlilegt að hún sé sérstök ríkisstofnun sem heyrir undir ráðuneyti. Hún fær fjármagn á fjárlögum sem henni er ætlað að ráðstafa með tilliti til, má segja, bæði jöfnunar- og byggðasjónarmiða. Vísa ég þar m.a. til þess hve vandasamt það oft er að feta veg sanngirnis, óska og þarfa í úthutunum félagslegra íbúða svo nefndur sé einn af stóru þáttunum í starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins, félagslegar íbúðabyggingar.

Við höfum oft viljað kalla ráðherra til ábyrgðar í málefnum stofnunarinnar og það er ráðherra sem liggur undir ámæli hverju sinni ef málum vindur ekki fram eins og vænst er. Við þekkjum það öll hér inni. Í umræðum í nefndinni var m.a. rætt um kærurétt lægra setts stjórnvalds til hærra setts í stofnunum sem tilheyra sérstökum ríkisstofnunum. Virtust deildar meiningar um þann málskotsrétt. Einstaklingur hefur haft þennan rétt samkvæmt almennri réttarreglu en sums staðar hefur þótt rétt að færa hann inn í viðkomandi lög.

Nú hefur allshn. afgreitt frá sér frv. til stjórnsýslulaga sem hefur að geyma ákvæði um kæru ákvarðana lægra setts stjórnvalds til hins æðra. Er meginreglan sú að aðila máls er heimilt að kæra stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds ef því er á annað borð til að dreifa. Eru með því tekin af öll tvímæli um málskotsrétt í stjórnsýslunni.

Í umsögn, er félagsmálanefnd barst frá stjórn Hús-

næðisstofnunar, kom m.a. fram að greiðslubyrði af lánum til almennra kaupleiguíbúða hafi reynst þung miðað við félagslegar kaupleiguíbúðir og að æskilegt væri að breyta lánafyrirkomulagi vegna slíkra íbúða þannig að veitt verði eitt lán sem svari til 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði til 43 ára. Þá benti stjórnin á mikilvægi þess að breyta lögum um Húsnæðisstofnun þannig að útreikningur á söluverði félagslegra íbúða, sem byggðar eru fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, samrýmist ákvæðum núgildandi reglugerðar og að lagaheimildir verði veittar til veitingar lána til meiri háttar endurbóta á félagslegum íbúðum. Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á að um mikilvægar ábendingar sé að ræða. Á vegum félagsmálaráðuneytisins hefur starfshópur unnið að því undanförnu mánuði að meta reynsluna af lögum um félagslegar íbúðir og mun hann á næstunni skila niðurstöðum sínum og tillögum um breytingar grundvallaðar á fenginni reynslu. Á meðfylgjandi fylgiskjali, sem birt er með nefndarálitinu, er birt minnisblað sem formanni nefndarinnar barst frá Inga Val Jóhannssyni, húsnæðisfulltrúa og deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu, sem sæti á í umræddum starfshópi. Þar kemur m.a. fram að starfshópurinn mun gera tillögur er varða fyrrgreindar athugasemdir, um lán til almennra kaupleiguíbúða, lán til endurbóta á félagslegum íbúðum og lagfæringar vegna útreiknings söluverðs.

Það kemur fram á þessu minnisblaði, virðulegi forseti, að starfshópurinn sem vísað er til hefur aflað upplýsinga um reynsluna af lögum um félagslegar íbúðir, m.a. heimsótt húsnæðisnefndir sveitarfélaga í því skyni og reynt að fá sem gleggsta mynd af lögunum um félagslegar íbúðir og um það bil 30 húsnæðisnefndir og mörg félagasamtök sem vinna að húsnæðismálum hafa verið sóttar heim.

Starfshópurinn mun eins og áður sagði setja fram beinar tillögur um lagabreytingar, ábendingar og hugmyndir til frekari athugunar. Í framhaldi af starfi nefndarinnar, kemur fram í fylgiskjalinu, verður hafist handa um að athuga hvaða breytingar eru taldar nauðsynlegar á lánveitingum Byggingarsjóðs verkamanna með það fyrir augum að undirbúa frv. til laga um breytingu á lögum nr. 70/1990, um félagslegar íbúðir. En það er rétt að taka eftirfarandi fram um einstakar tillögur sem nefndinni bárust, og það er vegna lána til almennra kaupleiguíbúða, að starfshópurinn hefur verið með athugasemdir og tillögur húsnæðisnefnda í þessu efni til athugunar og mun leggja fram þrjár tillögur um breytingar á fyrirkomulagi lána til almennra kaupleiguíbúða. Vegna lána til endurbóta á félagslegum íbúðum hefur komið fram að á nokkrum stöðum þarfnast fjölbýlishús með félagslegum íbúðum gagngerra endurbóta utan húss. Að öðrum kosti liggja húsin undir skemmdum sem getur augljóslega haft í för með sér fjárhagstjón fyrir Byggingarsjóð verkamanna, enda er hér um veð sjóðsins að ræða.

Auk þeirra húsa sem í ýmsum sveitarfélögum liggja nú undir skemmdum hefur komið í ljós að um yfirvofandi úrlausnarefni er að ræða og því mun hópurinn leggja fram tillögur í tveimur liðum, annars vegar um aðgerðir þegar í stað og hins vegar lagabreytingu um nýjan lánaflokk. Lögð er áhersla á skýrt afmarkað viðfang lánaflokksins og vandaðan undirbúning.

Þá kemur fram að félmrh. óskaði eftir umsögn húsnæðismálastjórnar um þessa tillögu nefndarinnar í byrjun janúar þessa árs og að Húsnæðisstofnunin meti lánsfjárþörf ef farið yrði að tillögum starfshópsins. Húsnæðismálastjórn hefur sem sagt vísað til félmn. þessum tillögum sem hér hafa þegar verið kynntar. En ekki liggja fyrir upplýsingar um áætlaða lánsfjárþörf í þessu skyni.

Þá hefur einnig verið fjallað um lagfæringar vegna útreiknings á söluverði. Það sem hér er um að ræða styðst við reglugerðarákvæði sem sett var fyrir 10 árum. Það er auðvitað eðlilegt að samræma þetta og eðlilegt að það gerist í tengslum við þær tillögur er gerðar verða á grundvelli niðurstaðna starfshópsins. Þess vegna þótti sjálfsagt og eðlilegt að vísa þessum tillögum húsnæðismálastjórnar sem bárust félmn. til samræmdrar tillögugerðar um lagabreytingar sem unnið verður að í kjölfar niðurstaðna starfshópsins og það var mat meiri hluta félmn. að æskilegt væri að niðurstaða starfshópsins varðandi breytingar á félagslega húsnæðiskerfinu lægi fyrir áður en gerðar yrðu tillögur um breytingar hvað þessi atriði varðar.

Virðulegi forseti. Eggert Haukdal skrifar undir álitið með fyrirvara og áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim er fram kunna að koma. Hann óskar þess einnig að fram komi sú afstaða hans að m.a. af háum vöxtum og atvinnuleysi leiði brýna þörf til að breyta húsnæðislögum áður en Alþingi lýkur störfum til að koma til móts við vandamál þeirra sem eiga í greiðsluerfiðleikum.

Undir nál. rita Rannveig Guðmundsdóttir, Guðjón Guðmundsson, Össur Skarphéðinsson, Geir H. Haarde og Eggert Haukdal, með fyrirvara.

Frsm. minni hluta félmn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Á þskj. 1049 er að finna nál. frá minni hluta félmn. en að því áliti standa auk mín fulltrúar Framsfl., Jón Kristjánsson og Ingibjörg Pálmadóttir og fulltrúi Alþb. í félmn., Kristinn H. Gunnarsson. Í þessu nál. segir frá því að nefndin hafi fengið fjölmarga aðila á sinn fund og er kannski of langt mál að fara að telja það allt saman upp hér, en síðan segir í nál.:

„Frumvarpið greinist í þrjá meginþætti. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á stjórnsýslulegri stöðu og stjórn Húsnæðisstofnunar. Þessum breytingum er minni hlutinn algerlega andvígur.

Í öðru lagi er lögð til breyting á deildaskiptingu stofnunarinnar og að hönnunarvinnu á hennar vegum verði hætt og í þriðja lagi er lagt til að skyldusparnaður ungs fólks til húsnæðiskaupa verði afnuminn. Minni hlutinn er ekki efnislega andvígur því að gerðar verði breytingar á þessum þáttum. Minni hlutinn átelur engu að síður harðlega þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið varðandi hönnunardeildina, bæði af hálfu félmrh. og meiri hluta stjórnar Húsnæðisstofn-

unar. Þannig tók meiri hluti stjórnarinnar þá ávörðun, og fór þar að tilmælum ráðherra, að leggja niður starfsemi hönnunardeildar, segja upp starfsfólki hennar og selja eigur og starfsemi áður en Alþingi hafði lokið umfjöllun um málið. Slíkur málatilbúnaður er með öllu óþolandi og í raun óvirðing við Alþingi.

Frv. gerir ráð fyrir því að fulltrúum aðila vinnumarkaðarins verði vikið úr stjórn Húsnæðisstofnunar og þar með höggvið á formlega aðild þeirra að stefnumörkun í húsnæðismálum. Húsnæðismál eru veigamikill þáttur kjaramála og hið opinbera húsnæðiskerfi er m.a. fjármagnað með kaupum lífeyrissjóðanna á skuldabréfum. Þessi skipan var tekin upp í tengslum við kjarasamninga á sínum tíma og engin sérstök rök til að breyta þessu fyrirkomulagi nú. Telur minni hlutinn að eins hefði mátt skoða hvort gera ætti breytingu á því hvaða aðilar tilnefna í stjórnina. Bendir minni hlutinn í því sambandi m.a. á umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga en sveitarfélögin bera nú aukna ábyrgð á stjórn félagslega húsnæðiskerfisins.

Meginatriði frv. er þó án efa breytingin á stjórnsýslulegri stöðu Húsnæðisstofnunar. Nái hún fram að ganga er Húsnæðisstofnun ekki lengur sjálfstæð ríkisstofnun heldur lýtur boðvaldi ráðherra. Þessi breyting er í samræmi við þá tilhneigingu sem nú gætir hjá ráðherrum rikisstjórnarinnar, þ.e. að draga sem mest úr sjálfstæði ríkisstofnana og fyrirtækja og auka miðstýringu frá ráðuneytunum.

Þau rök hafa heyrst að félmrh. beri hina pólitísku ábyrgð á húsnæðismálunum og verði að hafa þau meðul sem til þarf til að fylgja henni eftir, þar á meðal beint boðvald yfir Húsnæðisstofnun. Stefna stjórnvalda í húsnæðismálum birtist í lögum um Húsnæðisstofnun en þau eru mjög ítarleg og vald og ábyrgð einstakra aðila vel skilgreint. Samkvæmt þeim ákveður ríkisstjórnin vexti af hverjum lánaflokki. Félmrh. ákveður skiptingu áætlaðs ráðstöfunarfjár milli einstakra lánaflokka og hann getur flutt það milli lánaflokka innan ársins svo nokkuð sé nefnt. Þá skipar ráðherra bæði framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra stofnunarinnar. Síðast en ekki síst hefur ráðherra verulegt boðvald í þessum málaflokki með valdinu til að setja reglugerð.

Engin áþreifanleg dæmi liggja fyrir um að ráðherra og ríkisstjórn hafi ekki það vald sem þau þurfa til að koma fram stefnu sinni í húsnæðismálum. Fyrirhuguð breyting á stöðu Húsnæðisstofnunar innan stjórnsýslunnar er því vanhugsuð, illa rökstudd og gengur þvert á þá hugsun í nútímastjórnsýslu að dreifa valdi. Með þessari breytingu getur ráðherra gefið fyrirmæli um einstakar ákvarðanir Húsnæðisstofnunar auk þess sem hann hlýtur að verða áfrýjunaraðili um þær lánveitingar sem ákveðnar eru í stjórn stofnunarinnar. Með því að auka pólitískt vald ráðherra með þessum hætti yrðu innleiddir úreltir stjórnarhættir í rekstur þessarar lánastofnunar. Þessum breytingum er minni hlutinn algerlega andvígur og tekur þar undir sjónarmið stjórnar Húsnæðisstofnunar.

Þegar fyrirhugaðar eru jafnmiklar og víðtækar breytingar á lögum um húsnæðismál saknar minni hlutinn þess að ekki skuli bætt úr augljósum agnúum á húsnæðismálalöggjöfinni. Þar má í fyrsta lagi nefna að taka ætti upp skýrar heimildir um lán til endurbóta á félagslegu húsnæði, en nú liggja mörg hús í félagslega húsnæðiskerfinu undir skemmdum á sama tíma og ný eru byggð. Í öðru lagi ætti að breyta lánveitingum vegna kaupa á almennum kaupleiguíbúðum, en þung greiðslubyrði veldur því að lítill áhugi er fyrir þessum valkosti.

Minni hlutinn gerir tillögu um afdráttarlausar lagaheimildir í báðum þessum tilvikum og flytur tvær brtt. við frv. á sérstöku þskj."

Þetta er sem sagt nál. minni hluta félmn. og undir það skrifa Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jón Kristjánsson, Kristinn H. Gunnarsson og Ingibjörg Pálmadóttir. Brtt. þær sem ég gat um hér áðan eru eins og segir á sérstöku þskj. og verður væntanlega gerð nánari grein fyrir þeim hér á eftir af þeim sem skrifa undir þetta nál. ásamt mér.

Ég vil hins vegar, virðulegur forseti, aðeins fjalla meira um þetta mál vegna þess að ég held að hér sé mjög stórt mál á ferðinni sem mikilvægt sé að þingmenn geri sér vel grein fyrir og viti hvað það er sem stendur til að samþykkja vegna þess að að mörgu leyti má segja að um stefnumarkandi ákvarðanir sé að ræða. Um er að ræða m.a. breytingar á skipulagi Húsnæðisstofnunar og er gert ráð fyrir því í 2. gr. þessa frv. að ráðherra ákveði með reglugerð, að fenginni tillögu húsnæðismálastjórnar, skipulag stofnunarinnar og þar á meðal skiptingu hennar í svið eða deildir. Út af fyrir sig er þetta ágætt og það er ekki þörf á því að kveða á um deildaskiptingu stofnana eins og þessarar í lögum. Það er eðlilegt að það sé gert með öðrum hætti þannig að sveigjanleiki þeirra sé meiri og þær geti betur aðlagað sig að því sem er að gerast. Út af fyrir sig er ágætt að breyta þessu en hins vegar er sá skafanki á þessari breytingu að samkvæmt 2. gr. á ráðherra að ákveða skipulagið með reglugerð, en nær hefði verið að ráðherra staðfesti tillögur stjórnar stofnunarinnar að skipulagi hennar. Mér finnst miklu eðlilegra að það sé stjórnin sem ákveði þetta skipulag heldur en að ráðherra geri það. Ef markmiðið er á annað borð að auka sveigjanleika stofnunarinnar og gera auðveldara að stjórna henni.

Þessu fylgir sú breyting, eins og segir í nál., að það á að leggja niður hönnunardeild Húsnæðisstofnunar. Hönnunardeildin er undirdeild hjá tæknideild og sér m.a. um að teikna félagslegar íbúðir og ýmislegt slíkt og liggur með teikningar á lager sem hægt er að kaupa hjá deildinni. Við höfum sagt að ekki sé óeðlilegt að gera á þessu breytingu og má geta þess að það hefur verið nokkur samdráttur hjá deildinni á undanförnum árum. Þótt hún hafi auðvitað verið mjög mikilvæg í fyrstu, þegar hún var sett á laggirnar til þess m.a. að móta staðla og móta vinnureglur varðandi teikningar, þá eru komnar svo margar stofur inn á markaðinn. Samkeppni hefur aukist og það hefur dregið úr starfsemi þessarar deildar. Þannig hefur orðið samdráttur í sértekjum deildarinnar vegna þess að sala á teikningum hefur minnkað. Það er talið að rekstrarkostnaður

deildarinnar sé um 37 millj. á ári og tekjur um 29 millj. þannig að það er rekstrarhalli á þessari deild. Þess vegna höfum við ekki sett okkur upp á móti því að þessu verði breytt.

Skyldusparnaðurinn er annað mál sem minni hlutinn gerir í sjálfu sér ekki athugasemdir við vegna þess að það er mjög erfitt að standa gegn því að þetta sé lagt af, þetta skyldusparnaðarform, miðað við þær aðstæður sem uppi eru í samfélaginu í dag og miðað við hver reynslan af þessu sparnaðarformi er. Í dag er það þannig að allir 16–25 ára verða að greiða 15% af laununum í skyldusparnað og inni í þessu kerfi munu núna vera um 4,1 milljarður. Það er innláns- og innheimtudeild Húsnæðisstofnunar sem annast þennan skyldusparnað. Eftir því sem mér skilst þá fer meginhluti starfseminnar í að bregðast við kvörtunum þeirra sem telja að skyldusparnaður sem af þeim var tekinn hafi ekki skilað sér og það gerist ansi oft. Komið hefur í ljós þegar um gjaldþrot er að ræða hjá fyrirtækjum að þó að skyldusparnaður hafi verið tekinn af ungu fólki þá hefur honum ekki verið skilað inn.

Það munu vera um 3–4 ársstörf sem sparast hjá innláns- og innheimtudeild ef þetta verður lagt af og líklega um 7 störf hjá veðdeild Landsbankans. Sú aðferð sem hefur verið viðhöfð varðandi skyldusparnaðinn er mjög dýr aðferð til þess að afla lánsfjár fyrir Húsnæðisstofnun vegna þess að það eru geysilega margar færslur sem fylgja þessu. Þannig munu vera um 53 þúsund útborganir á ári út úr þessu kerfi. Það væri kannski í lagi ef þetta þjónaði vel þeim tilgangi að spara, þ.e. það fólk sem þarna leggur inn ætti einhverjar upphæðir þegar það kæmi síðan út á húsnæðismarkaðinn. *Sú virðist hins vegar ekki vera raunin* vegna þess að meðalinnistæða skyldusparenda er í dag um 60 þús. kr. en sparendur eru um 43 þús. talsins. Aðeins um 1.900 sparendur eiga meira en hálfa milljón inni í þessu kerfi eða 4,5% þeirra sem eiga þarna eitthvað inni. Það eru auðvitað slíkar upphæðir sem skipta einhverju máli þegar fólk kemur út á húsnæðismarkaðinn *en ekki þessar lágu upphæðir sem eru þá* kannski 60–100 þús. kr.

Þá hefur verið á það bent að fleiri og betri valkostir séu í boði til þess að spara. M.a. hefur verið vísað á húsnæðissparnaðarreikninga en í því sambandi vil ég vekja athygli hv. þm. á því að nú um síðustu áramót var lögunum um húsnæðissparnaðarreikninga breytt á Alþingi. Þau lög eru komin til framkvæmda og þýða að það hefur verið dregið mjög verulega úr mikilvægi þessa valkosts því það á smátt og smátt að draga úr þeim skattaafslætti sem fylgir þessum reikningum. Þetta verður í rauninni lítill valkostur fyrir þá sem vilja spara vegna íbúðarhúsnæðis. Ég held að þetta hafi átt að trappa niður, 25% af innleggi var frádráttarbært frá skatti í fyrra, það eru 20% í ár og á að lækka á næstu árum. Þó að vísað sé til betri valkosta í umræðum um það að leggja niður skyldusparnað á vegum Húsnæðisstofnunar, þá er líka búið að vega að þessum valkostum hér með lagasetningu stjórnarflokkanna á Alþingi þannig að það er orðið fátt um fína drætti.

Sumir hafa talað um það að hægt væri að breyta skyldusparnaðarkerfinu þannig að minnka innborgunina, lækka hlutfallið af launanum sem greiða ætti inn og fækka undanþágunum. Það yrðu þá fleiri sem ættu upphæðir þarna inni og erfiðara yrði að fá þetta greitt út. Í dag er það þannig að flestir sem eru í námi taka þessar upphæðir út, þeir fá undanþágu frá skyldusparnaðinum. Það er hins vegar mjög erfitt, miðað við þær reglur sem hafa verið settar um Lánasjóð ísl. námsmanna og hvernig hert hefur verið að öllu þar, að skylda námsmenn sem eiga í brösum með það að fjárfesta í námi sínu, skylda þá á sama tíma til að leggja fyrir til fjárfestingar í húsnæði síðar meir. Þetta er auðvitað eitthvað sem ekki gengur upp þannig að það bítur hvað í skottið á öðru.

Það sem er kannski aðalatriðið þegar kemur að húsnæðismálum ungs fólks þegar það kemur út á húsnæðimarkaðinn er auðvitað að aðstoða það við að komast í húsnæði á viðráðanlegu verði. Það er auðvitað hægt að gera bæði með hærri lánveitingum í fyrsta sinn út úr t.d. húsbréfakerfinu og eins er hægt að gera það með húsaleigubótum. Það er hægt að finna ýmsar leiðir til að aðstoða ungt fólk við að komast í húsnæði. Það þarf kannski ekki endilega að gerast með því að skikka það til að spara á þessum aldri til þess að það eignist síðar eigið húsnæði.

Sem sagt, þó að við sjáum auðvitað að þetta geti haft ýmsar afleiðingar, þá treystum við okkur ekki til þess að standa gegn því að þetta skyldusparnaðarkerfi, sé lagt af. Það má hins vegar benda á, af því að við erum að tala um afleiðingar þessa, að það kom m.a. fram hjá formanni Húsnæðisstofnunar á fundi hjá félmn. að hann bjóst við því að niðurlagning þessa kerfis, þ.e. skyldusparnaðar, mundi verða til einhverrar hækkunar á almennum vöxtum þar sem útgreiðslur úr kerfinu, sem verða líklega um 1,4 milljarðar fyrsta árið sem þetta kerfi verður lagt af, munu væntanlega ekki mynda nýjan sparnað heldur fara í eyðslu. Þetta gæti leitt til hækkaðra vaxta á hinum almenna markaði en óljóst hversu mikil sú hækkun yrði.

Þá má líka benda á þann galla á þessu að þegar fólk er núna í dag, við skulum segja þessir 1.800 sparendur sem eiga þarna um 500 þús. eða meira, þessi upphæð skiptir þá máli þegar þeir koma til Húsnæðisstofnunar eða bankanna og fá sig metna inn í húsbréfakerfið. Allt sem fólk á í handraðanum skiptir máli upp á greiðslumatið sem það fær. Þar af leiðandi er líklegt að þeir sem ekki hafa náð neinum slíkum húsnæðissparnaði fái lægra greiðslumat heldur en ella þannig að þessu fylgja auðvitað vissir gallar. En eins og ég segi, við treystum okkur ekki til þess að standa gegn þessari breytingu miðað við þær aðstæður sem uppi eru í samfélaginu.

Það sem er kannski stærsta málið í því sem hér er verið að gera er sú breyting á stjórnsýslulegri stöðu Húsnæðisstofnunar sem frv. gerir ráð fyrir. Það er að mínu mati stærsta málið í þessu og minni hlutinn í félmn. er algerlega andvígur þessari breytingu. Því er við að bæta að það hefur komið fram mikil andstaða við þessa breytingu hjá flestum þeim sem gefið hafa umsögn um frv. Í því sambandi langar mig hér til að

vitna til álits eða athugasemda Húsnæðisstofnunar ríkisins við þetta frv. en þar segir með leyfi forseta:

„Breytingar á stjórnsýslulegri stöðu Húsnæðisstofnunar samkvæmt frv. miða að því að draga úr sjálfstæði stofnunarinnar og auka áhrif félmrh. í yfirstjórn stofnunarinnar. Allir stjórnarmenn í húsnæðismálastjórn [sem eru 10 talsins] mæla gegn þessari breytingu sem þeir telja óæskilega. Rök húsnæðismálastjórnar eru m.a. þau að óeðlilegt sé að opinber lánastofnun sé undir beinni stjórn ráðherra, þar á meðal ákvarðanir um útlán, fjárhagsáætlanir, innra skipulag, gjaldskrár o.fl. Tvennt kemur hér til. Annars vegar að ekki er æskilegt að lánastofnun sé undir beinni stjórn ráðherra. Hins vegar að rekstur stofnunar sem þessarar er svo sérhæfður að vart er hægt að ætla ráðherra að hafa á honum kunnugleik. Engin dæmi eru um að lánastofnun hér á landi í seinni tíð hafi verið undir beinni stjórn ráðherra", segir hér í umsögn Húsnæðisstofnunar.

Húsnæðisstofnun dregur saman þær breytingar sem gera á á lögunum með þessu frv. en þær eru eftirfarandi:

a. Lagt er til að orðalagið „sjálfstæð ríkisstofnun" falli niður en þess í stað verði einungis kveðið á um að Húsnæðisstofnun ríkisins sé ríkisstofnun.

b. Fellt er út að stofnunin skuli hafa forustu í stefnumótun í húsnæðismálum en þess í stað kveðið á um að hún sé ráðgefandi fyrir félmrn. og önnur stjórnvöld.

c. Tekinn er út úr núverandi grein sá málsliður sem kveður á um að stofnunin fari með stjórn hins opinbera veðlánakerfis og þess í stað er stofnuninni falið að fara með þau verkefni sem ráðherra felur henni á sviði húsnæðismála.

Allar þessar breytingar miða að því að rýra sjálfstæði stofnunarinnar og auka vald félmrh.

Þeir tala hér um að þetta sé mikilvæg breyting sem þarna sé verið að gera með því að fella út að Húsnæðisstofnun sé sjálfstæð ríkisstofnun og gera hana einungis að ríkisstofnun. Þeir benda á að þau rök hafi komið fram að félmrh. hafi í einhverjum tilvikum sætt gagnrýni vegna framkvæmda í húsnæðismálum sem hafi verið á valdsviði Húsnæðisstofnunar ríkisins og ráðherrann því ekki þess umkominn að svara fyrir það. Þeir harma auðvitað ef ráðherra hefur verið hafður fyrir rangri sök en segja síðan, eins og reyndar er sagt í nál. minni hlutans, að löggjöfin setji mjög skýran ramma um alla þessa hluti, um heimildir stofnunarinnar og um valdsvið hennar og valdsvið ráðherra. Þeir segja að þau sjónarmið sem kunna að liggja að baki við ofangreinda skipan mála, þ.e. hvernig löggjöfin skipar þessum málum, geti verið margvísleg. Í fyrsta lagi er rekstur lánastofnana sérhæfð starfsemi og vart hægt að ætla að heppilegt sé að slíkri starfsemi sé stýrt beint af Stjórnarráði eða ráðherra. Í öðru lagi er hér um að ræða starfsemi sem ríkið hefur tekið að sér án þess að bein rök liggi til þess að starfsemin sé í höndum ríkisins, a.m.k. gildir þetta um sjálf útlán þessara stofnana. Af þeim sökum kunna menn að sækjast eftir því að starfsemi þessi sé sem minnst háð stjórnmálalegum afskiptum og sem mest á viðskiptalegum grundvelli. Og þá segja þeir: „Í raun mælir margt fremur með því að sjálfstæði stofnunarinnar verði frekar aukið en að úr því verði dregið. Það er álit húsnæðismálastjórnar að færa ætti ákvarðanir um vexti af útlánum sjóðanna til húsnæðismálastjórnar jafnframt því sem löggjöfin um Byggingarsjóð verkamanna væri afdráttarlaus um það hvernig staðið skuli að fjármögnun á vaxtaniðurgreiðslu sjóðsins."

Þeir vilja með öðrum orðum færa meira vald yfir til stofnunarinnar og auka sjálfstæði hennar og valdsvið.

Í tengslum við þetta einmitt, sjálfstæði Húsnæðisstofnunar og stöðu ríkisstofnana almennt í stjórnkerfinu, þá var mjög áhugaverð umræða í félmn. um þann eðlismun sem er á sjálfstæðum ríkisstofnunum annars vegar og ríkisstofnunum sem heyra beint undir ráðherra hins vegar. Varðandi þetta mál fékk nefndin á sinn fund þá Jón L. Arnalds héraðsdómara, Pál Hreinsson lögfræðing og Ragnar Aðalsteinsson hrl. sem allir hafa með einhverjum hætti velt þessum málum fyrir sér og þá fyrst og fremst fræðilega. Þetta var mjög í rauninni skemmtileg, fræðileg umræða sem átti sér stað þarna inni í félmn. og sem skýrði afskaplega margt varðandi þær tilhneigingar sem í gangi eru í ríkiskerfinu í dag. Þessir menn voru svo sem ekki allir sammála þeim sýndist sitt hvað. En allir lögðu þeir áherslu á að það væri afgerandi munur á stofnun sem héti bara ríkisstofnun eða stofnun sem héti sjálfstæð ríkisstofnun. Þeir töldu líka allir að það þyrfti að skilgreina áfrýjunarrétt í lögunum ef þeim yrði breytt með þeim hætti að sjálfstæði stofnunarinnar yrði minnkað. Þetta kom m.a. skýrt fram hjá Ragnari Aðalsteinssyni sem sagði einmitt í nefndinni að þennan áfrýjunarrétt þyrfti að skilgreina vegna þess að það væri óhjákvæmilega réttur borgarans að skjóta máli sínu ævinlega til æðra stjórnvalds og ef stofnunin lýtur beinu boðvaldi ráðherra þá eigi einstaklingar sem fái úrskurð sinna mála í stjórn Húsnæðisstofnunar að geta skotið málum til ráðherra til áfrýjunar. Þar erum við kannski komin með þetta pólitíska vald inn í málið sem stjórn Húsnæðisstofnunar varar við að ráðherra, hver sem hann nú er á hverjum tíma, geti haft jafnvel bein áhrif á útlán þessarar stofnunar.

Það var mjög athyglisvert að tala m.a. við Pál Hreinsson sem er lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis. Hann lagði fram plagg í nefndinni þar sem hann gerði grein fyrir muninum á sérstakri og sjálfstæðri ríkisstofnun. Í þessu plaggi segir um sjálfstæðar ríkisstofnanir:

1. Einkennandi fyrir sjálfstæðar ríkisstofnanir er að ráðherra sá sem stofnunin heyrir stjórnsýslulega undir hefur ekki boðvald gagnvart stofnuninni umfram það sem lög mæla sérstaklega fyrir um.

2. Sjálfstæðum stofnunum er ávallt komið á fót með sérstökum lögum — og það er auðvitað þannig með Húsnæðisstofnun. Það eru sérlög um Húsnæðisstofnun sem eru mjög ítarleg og kveða mjög á um valdsvið einstakra aðila.

3. Þær stofnanir sem uppfylla skilyrði 1 og 2 og taldar eru því sjálfstæðar geta verið mjög ólíkar inn-

byrðis. Þannig er hægt að halda því fram að þær séu í raun mjög missjálfstæðar. Enda þótt stofnun teljist sjálfstæð í skilningi stjórnsýsluréttar getur ráðherra haft veruleg áhrif um starfsemi hennar. Kemur það aðallega fram í eftirfarandi atriðum:

a. Ráðherra hefur samkvæmt lögum heimild til að setja reglugerð um starfsemi stofnunarinnar. Ræðst af lögum hve víðtæk völd ráðherra hefur að þessu leyti. — Þetta gildir í húsnæðismálum. Ráðherra hefur heimild til að setja reglugerð og það er opin reglugerðarheimild í lögunum.

b. Lög mæla oft svo fyrir að ráðherra skipi æðstu starfsmenn sjálfstæðra stofnana. — Þetta er t.d. hjá Húsnæðisstofnun, bæði varðandi framkvæmdastjórann og skrifstofustjórann.

c. Í lögum er stundum kveðið á um það að ráðherra þurfi að samþykkja vissar ákvarðanir sem stjórn sjálfstæðrar stofnunar tekur. Eru þetta oftast mjög þýðingarmiklar ákvarðanir í starfsemi sjálfstæðrar stofnunar. — Þannig er þetta t.d. með vextina, það er ríkisstjórnin sem ákveður vextina af lánum Húsnæðisstofnunar en Húsnæðisstofnun gerir tillögur.

d. Loks kemur það fyrir að í lögum er kveðið á um aðrar heimildir til íhlutunar í málefni stofnunar en taldar eru upp í a.–c. liðum hér að framan.

4. Þar sem almennt stjórnsýslusamband er ekki á milli ráðherra og sjálfstæðrar stofnunar getur ráðherra t.d. ekki gefið stofnuninni fyrirskipun um úrlausn einstakra mála. Þá verður stjórnvaldsákvörðun sjálfstæðrar stofnunar heldur ekki kærð til ráðherra til endurskoðunar. — Þetta þýðir m.a. það að ef einhver kærir úrskurð Húsnæðisstofnunar þá er það dómsmál og þá er það Húsnæðisstofnun sem er kærð en ekki ráðherra.

Þetta var hans útlistun á því hvað fælist í þessu hugtaki „sjálfstæð ríkisstofnun". Hann rakti líka svolítið á fundi nefndarinnar hvernig þetta fyrirbæri hefði orðið til og sagði frá því að um síðustu aldamót, þá var hann ekki að tala um hér á landi heldur úti í Evrópu, hér í kringum okkur, hefði verið talið óheimilt að stofna sjálfstæðar nefndir og ráð og stofnanir. Það hefði verið óheimilt, þar áttu allar nefndir og ráð að heyra beint undir ráðherra eða slík stjórnvöld. Því um leið og mynduð er sjálfstæð ríkisstofnun þá er verið að taka ákveðið vald undan ráðherra. Þetta sagði hann að við Íslendingar hefðum fengið reyndar frá Dönum. Þetta hefði verið óheimilt hér á landi líka, við hefðum fengið það frá Dönum. Síðar meir hefði komið upp í Þýskalandi tilhneiging til að breyta þessu og koma á fót sjálfstæðum ráðum og nefndum og stofnunum. Hann benti á það að þrátt fyrir að Húsnæðisstofnun heyrði ekki beint undir ráðherra með beinu boðvaldi þá væri ráðherra veitt umtalsvert vald gagnvart stofnuninni í þeim lögum sem um hana gilda. Hann lagði líka áherslu á að ef Húsnæðisstofnun væri sett undir ráðherra með beinum hætti eins og gert er ráð fyrir í frv. sem hér liggur fyrir þá væru allar ákvarðanir í stjórn Húsnæðisstofnunar kæranlegar til ráðherra nema annað væri tekið sérstaklega fram í lögunum. Ef ákvörðun væri tekin af lægra settu stjórnvaldi þá er það grundvallarregla að borgarinn á rétt á túlkun æðra setts stjórnvalds. Hann sagði að kæruréttur eins og þessi væri oft leystur með sérstökum kærunefndum. En ef ekki væri tekið á því í frv. sem hér liggur fyrir, sem ekki er gert, þá væri kærurétturinn til staðar. Hann taldi hins vegar að þetta ákvæði mundi fyrst og fremst koma til álita við túlkun nýrra laga og reglna.

Ragnar Aðalsteinsson vann á sínum tíma lögfræðilega athugun og álit á stöðu, valdsviði og ábyrgð Húsnæðisstofnunar ríkisins og húsnæðismálastjórnar. Þessi álitsgerð er frá árinu 1988 og er gerð samkvæmt ósk félmrn. á sínum tíma. Þessi álitsgerð er mjög athyglisverð og hún dregur upp mjög skýra mynd af þeim mun sem er annars vegar á ríkisstofnunum sem heyra beint undir ráðherra og sjálfstæðum ríkisstofnunum. Hann segir hér í þessari álitsgerð, með leyfi forseta:

„Í 9. gr. stjórnarráðslaganna segir að ráðuneyti hafi eftirlit með starfrækslu stofnana sem undir það ber og eignum á vegum þeirra stofnana. Þær stofnanir sem hér er vitnað til eru samkvæmt fræðikenningunni tvenns konar. Annars vegar stofnanir sem heyra beint undir viðkomandi ráðuneyti og lúta boðvaldi ráðherra og hins vegar stofnanir sem heyra ekki beint undir ráðherra í greindum skilningi heldur njóta meira sjálfstæðis en þó í mismunandi mæli, allt eftir sérstakri löggjöf um hverja þeirra." Þannig að það eru ekki allar sjálfstæðar stofnanir eins eða lúta ekki allar sömu reglum vegna þess að það eru sett sér lög um hverja og eina.

Þá segir hann: „Það sem einkennir hinn fyrri flokk [þ.e. ríkisstofnanir sem heyra beint undir ráðherra] er einkum að þau stjórnvöld sem hann fjallar um eru ósjálfstæð og er réttara að lýsa þeim sem hluta af skipan viðkomandi ráðuneytis." Ég vek athygli á því: Sem hluta af skipan viðkomandi ráðuneytis. Dæmi um þess háttar stofnanir eru: Vita- og hafnamálastofnun, vegamálastjóri, tollstjóri, Siglingamálastofnun ríkisins, Orkustofnun, Rafmagnsveitur ríkisins, Póstur og sími, Brunamálastofnun ríkisins og fleiri slíkar sem heyra beint undir ráðuneyti og eru eiginlega hluti af skipan viðkomandi ráðuneytis. Um þetta segir hann: „Ákvörðun þessara stjórnvalda verður skotið til ráðherra og ráðherra getur átt frumkvæði að ákvörðunum á sviði þessara stofnana og annarra sambærilegra.

Síðarnefndi flokkurinn" — og þá er ég komin að sjálfstæðu ríkisstofnunum — „er ekki háður boðvaldi ráðherra á sama hátt og hinn fyrri. Í þessum flokki rúmast mjög ólík stjórnvöld, bæði að skipulagi og viðfangsefnum. Í fræðikenningunni hefur verið reynt að skipta þessum flokki í tvennt, annars vegar nefndir og ráð og hins vegar sérstakar stjórnarstofnanir. Þekkist þessi skipting í fræðikenningu stjórnarfarsréttar bæði hér á landi svo og í Danmörku og Noregi."

Og hann segir: „Nefndir og ráð eru einkum þrenns konar, ráðgefandi nefndir, stjórnarnefndir og úrskurðarnefndir. Þessi stjórnvöld eru fjölskipuð eins og nafnið ber með sér og þau eru óháð ráðherra að vissu marki. Sjálfstæði þeirra er þó mismikið gagnvart ráðherra." Þarna kemur þetta aftur fram að sjálfstæðið er auðvitað mismikið og það fer eftir lögunum sem Alþingi setur, hvað þar er kveðið á um.

Svo kemur mjög athyglisverð setning að mínu mati, en þar segir: „Tilgangur með stofnun þeirra [þ.e. sjálfstæðra ríkisstofnana] er m.a. sá að fá aðra en embættismenn inn í stjórnsýsluna og auka fjölbreytni sjónarmiða. Talið er að ráðherrar geti ekki gefið slíkum stjónvöldum fyrirmæli um einstakar ákvarðanir enda þótt hann geti gefið almenn fyrirmæli um málsmeðferðarreglur sem fara skal eftir við ákvarðanir.“ Þetta tel ég einmitt að sé mikilvægt, að fá aðra en embættismenn inn í stjórnsýsluna sem er eitt af markmiðunum með sjálfstæði ríkisstofnana. Í því sambandi vil ég minna á það sem ég sagði hér í umræðunni um skýrslu utanrrh. en ein þeirra stofnana sem telst í dag vera sjálfstæð ríkisstofnun er Þróunarsamvinnustofnun. Hún lýtur sérstakri stjórn og er sjálfstæð ríkisstofnun.

Í skýrslu utanrrh. kom fram að hann fyrirhugar að leggja þá stofnun undir utanrrn., gera hana að deild í utanrrn. eða sérstakri skrifstofu í utanrrn. Skipa eitthvert þróunarsamvinnuráð sem í ættu sæti fulltrúar sem yrðu tilnefndir af ráðuneytunum. Einn frá hverju ráðuneyti. Og þá sér maður einmitt þetta að í stað þess að vera með stjórnarnefnd eins og er í dag þar sem fólk kemur frá ýmsum stöðum þá er hugmyndin sú varðandi Þróunarsamvinnustofnun að taka fólk úr ráðuneytunum sem situr í öllum nefndum og ráðum hvar sem borið er niður. Í því tilviki er um að ræða að fækka þeim sem að málunum koma.

Í álitsgerð Ragnars Aðalsteinssonar segir svo: „Sérstakar ríkisstofnanir eða sjálfstæðar stjórnarstofnanir, sem svo hafa verið nefndar, eru einnig innbyrðis misleitur hópur. Erfitt er að draga mörkin milli þessara tveggja flokka stjórnvalda og e.t.v. ókleift. Vegna þess hve réttarstaða þessara sérstöku ríkisstofnana er ólík verður þeim ekki öllum lýst sameiginlega heldur verður að líta til löggjafarinnar um hverja stofnun.“ Síðan segir hann að þrátt fyrir þetta sé rétt að benda á eftirfarandi einkenni sjálfstæðra stjórnarstofnana:

Í fyrsta lagi að um þær gildi sérlög, í öðru lagi að þær lúti sérstakri fjölskipaðri stjórn og í þriðja lagi að þær hafi sjálfstæðar tekjur og eignir. Hann segir síðan: „Rökin fyrir stofnun slíkra stjórnarstofnana utan hins almenna stjórnkerfis virðast einkum vera eftirfarandi“ — ég var búin að nefna þetta með fleiri sjónarmið komi að:

„Í fyrsta lagi. Stofnanirnar eru sjálfstæðari og óháðari en venjulegar ríkisstofnanir.

Í öðru lagi. Alþingi hefur beinni áhrif á stofnanir þessar en venjulegar ríkisstofanir.

Í þriðja lagi. Óskir um meira frjálsræði þar sem stofnun starfar á viðskiptalegu sviði.“ — Það er auðvitað hluti af því sem varðar Húsnæðisstofnun.

„Í fjórða lagi. Öðrum en embættismönnum gefst kostur á að hafa áhrif á stjónskipunina á afmörkuðu sviði.“

Helstu stofnanir sem þetta hefur gilt um eða þær stofnanir sem hafa verið sjálfstæðar ríkisstofnanir og hefur verið mikilvægt að halda sem slíkum hafa m.a. verið menningarstofnanir og ég held að það sjái hver maður mikilvægi þess. Það hefur nú kannski skýrst dálítið fyrir okkur á undanförnum dögum hve mikilvægt það hefði verið ef Ríkisútvarpið hefði verið sjálfstæðara en það er til að draga úr hinu beina boðvaldi og hinum beinu áhrifum ráðherra á slíkar stofnanir. Þetta hefur m.a. verið gert með Háskóla Íslands. Háskóli Íslands er orðin mjög sjálfstæð ríkisstofnun sem ráðherrar koma lítið sem ekkert nærri. Þetta er sem sagt tilhneiging sem er með menningarstofnanir. Þar getum við talað um háskólann, Ríkisútvarpið og Þjóðleikhúsið. Sama á við um banka, að bankar séu sem sjálfstæðastir og lúti ekki beint undir hið pólitíska vald. Menn hafa stundum talað um það hér að gera bankana að hlutafélögum til að draga úr hinu pólitíska valdi eins og hefur verið sagt, hinu pólitíska valdi þingmanna á þessar stofnanir sem sumir hafa talið uppsprettu spillingar eða óráðsíu í þessum bönkum. En hvað ætla menn að gera með hlufafélagaformið? Jú, þeir ætla að setja fulltrúa ráðherra inn í stjórnir þessara stofnana. Og hver er kominn til með að segja að það dragi úr fyrirgreiðslupólitíkinni og hinni meintu spillingu sem um er talað? Það er bara einn aðili sem tilnefnir inn og það er ráðherra úr einum tilteknum pólitískum flokki en ekki fjölskipuð stjórn lengur. Þá hefur þetta gilt m.a. um Tryggingastofnun ríkisins og ýmsar fleiri. Þetta gilti nú um Menningarsjóðinn en samt sem áður var það ráðherra sem var potturinn og pannan bak við það að leggja þá stofnun af og selja eigur hennar. Þetta var ein þeirra sjálfstæðu ríkisstofnana sem við sjáum núna að er horfin.

Ég nefndi Tryggingastofnun ríkisins. Maður sér auðvitað þá tilhneigingu í þeirri stofnun að tengja hana betur við ráðuneytið heldur en var og sú tilhneiging birtist í því að starfsmaður ráðuneytisins er formaður tryggingaráðs og þar með er reynt að ná beinum tengslum úr ráðuneytinu inn í Tryggingastofnun. Þannig að mér finnst sú tilhneiging að draga úr sjálfstæði þessara stofnana birtast m.a. í þessu.

Ýmis fyrirtæki hafa verið sjálfstæð ríkisfyrirtæki með sérstökum fjölskipuðum stjórnum sem kosnar hafa verið hér á Alþingi og þetta eru t.d. Síldarverksmiðjur ríkisins, Sementsverksmiðja ríkisins, Áburðarverksmiðja ríkisins, en nú stendur til að gera þetta allt saman að hlutafélögum og draga þar með úr áhrifum Alþingis á þessar stofnanir og draga að mínu mati að mörgu leyti úr sjálfstæði þeirra vegna þess að þær verða ekkert sjálfstæðari við það að heyra beint undir ráðherra. Mér finnst þess vegna að þessi breyting sem hér er verið að gera á Húsnæðisstofnun vera til marks um tilhneigingu sem er mjög sterk núna og það sem vekur athygli mína er að mér finnst hún mjög sterk í ráðuneytum Alþfl. Mér finnst hún mjög sterk í viðskrn., hún kemur fram líka í félmrn., þetta kemur fram í utanrrn. í skýrslu utanrrh. Mér finnst þetta dálítið sérkennileg tilhneiging og ég veit ekki einu sinni hvort þeir sem að henni standa eru fyllilega meðvitaðir um hana. En með þessu er verið að breyta fyrirtækjum og ríkisstofnunum smátt og smátt og vega að sjálfstæði þeirra. Ég held að þetta geti þýtt það sem m.a. mun gerast ef breytingin verður á Þróunarsamvinnustofnun og líka held ég með því að gera öll þessi fyrirtæki að hlutafélögum eins og núna er lagt til að færri komi að

málum, vegna þess að ráðherrarnir hafa tilhneigingu til að sækja sér alltaf einhverja fulltrúa innan úr ráðuneytunum. Það eru alls staðar sömu mennirnir á fleti fyrir hvert sem litið er í stjórnkerfinu en þegar það er skipað hér á Alþingi þá held ég að það verði meiri breidd í stjórnum þessara stofnana. Fyrir þessu er auðvitað ákveðin hagkvæmnisrök. Menn telja að þessar stofnanir og fyrirtæki verði skilvirkari eins og sagt er með þessum hætti. Það kann svo sem vel að vera en það er ekki þar með sagt að þær verði eitthvað betri þó þær verði skilvirkari. Því ég held að það séu í því sérstök gæði sem mönnum hættir oft til að gleyma og meta ekki, að það séu sérstök gæði sem fylgja valddreifingu, sem fylgja ákveðnu sjálfstæði, sem kannski eru ekki alltaf alveg mælanleg eins og hagkvæmnin er nú aftur á móti oft.

Mér finnst þetta eiginlega vera alvarlegasti þáttur þessa frv. — og eftir að hafa velt þessu mjög vel fyrir mér, það vil ég taka fram, ég velti þessu mjög vel fyrir mér og ég hef séð og skilið þau rök sem fram hafa komið hjá þeim sem telja að það þurfi að breyta þessu fyrirkomulagi og tengja þessar stofnanir, m.a. Húsnæðisstofnun, betur við ráðherra og auka yfirráð ráðherra — ég hef velt þessum rökum fyrir mér og séð þau en ég hef hins vegar tekið þá afstöðu eftir að hafa hugsað þetta mál að þarna sé um vont mál að ræða. Þetta sé ekki til bóta og mun því greiða atkvæði gegn þessu frv.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er komið til 2. umr. er enn eitt frv. í langri röð frv. sem hafa verið til meðferðar á Alþingi á undanförnum árum og fjallar um húsnæðismál. Það er nú svo að félmrh. á hverjum tíma hafa látið sig þennan málaflokk miklu varða og allar götur síðan ég settist á Alþingi hafa ávallt verið stórir lagabálkar til meðferðar um húsnæðismál. Ég er ekki frá því að þessi málaflokkur hafi liðið fyrir þessa lagasetningarárättu. Það hefur aldrei gefist tími til þess í þessu þjóðfélagi að lofa einhverju ákveðnu húsnæðiskerfi, sem menn hafa þó komið á með nokkuð víðtækri sátt að þróast og sníða af því agnúana. Minnist ég húsnæðiskerfisins frá árinu 1986 sem var komið á í sátt við verkalýðshreyfinguna í landinu en það fékk ekki að standa og núv. félmrh. setti metnað sinn í að koma því fyrir kattarnef. Nú á að ganga enn lengra og koma fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar út úr stjórn Húsnæðisstofnunar eins og ég kem að síðar og slíta tengslin við verkalýðshreyfinguna í sambandi við húsnæðismálin.

Ég er sannfærður um að þessi lagasetningarárátta og pólitísk áhrif á húsnæðismálin í landinu, að sá málaflokkur hefur liðið fyrir þetta enda skipta þær greinar um þau málefni hvernig á að lána fólki til að byggja íbúðarhúsnæði, hvaða nafni sem það nefnist, þær skipta hundruðum.

Nú er enn verið að styrkja þessi pólitísku áhrif með þessu frv. Spurningin er: Verður það til góðs eða ekki fyrir þennan málaflokk? Þetta frv. sem hér um ræðir er nokkuð viðamikið og snertir grundvallarþætti í stjórnun þessa málaflokks. En að meginhluta til má skipta því í fjóra kafla eða fjögur aðalsvið sem það tekur inn á með efnislegar breytingar.

Í fyrsta lagi varðar frv. stjórnsýslulega stöðu Húsnæðisstofnunar sem er stórmál og hv. frsm. minni hluta félmn. hefur gert ítarlega grein fyrir en ég vil eigi að síður koma örlítið nánar inn á.

Í öðru lagi snertir það það að leggja niður hönnunardeild Húsnæðisstofnunar en ég mun fjalla örlítið um þann þátt málsins sem er nokkuð einstakur. En því miður er þó að færast í vöxt að frv. eru komin til framkvæmda áður en þau eru afgreidd hér frá hv. Alþingi og er það ekki til fyrirmyndar svo ekki sé meira sagt.

Í þriðja lagi það sem ég minntist á í upphafsorðum mínum að breyta stjórn Húsnæðisstofnunar.

Í fjórða lagi að afnema skyldusparnaðinn.

Ef ég kem fyrst að stjórnsýslulegri stöðu Húsnæðisstofnunar, þá er það rétt sem hv. frsm. minni hlutans sagði í sinni ræðu að það fóru fram ítarlegar umræður í félmn. um þennan þátt málsins þannig að það var varpað skýru ljósi á það hvað hér er um að ræða. Hér er náttúrlega verið að styrkja mjög yfirráð ráðherra yfir þessari stofnun sem fer með útlán og peningamál og er í ætt við bankastofnanir að því leyti þó ég viðurkenni vel að húsnæðismálin hafa vissulega sérstöðu og er ekki hægt að jafna þeim að öllu leyti við bankastarfsemi en þó er verulegur þáttur í þessu máli útlán til íbúðabygginga. Það má spyrja að því hvað rekur félmrh. og ríkisstjórnina til þessara breytinga miðað við þá stefnu sem uppi er varðandi hliðstæða starfsemi eins og hefur verið komið hér inn á varðandi ríkisbankana sem hæstv. ríkisstjórn hefur haft stíf markmið um að breyta í hlutafélög. M.a. má nefna að þau markmið eru svo stíf að á þeim forgangslista sem stjórn þingsins hefur borist frá ríkisstjórninni er enn þá að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög á þessari viku sem eftir er af þinghaldinu. (**RG:** Það verður ekki.) Það verður ekki upplýsir hv. 11. þm. Reykn. Auðvitað verður það ekki. En markmiðin eru skýr og þetta forgangsverkefni er sett á listann til að þetta gleymist ekki. Til að menn geti munað það í sumar að það eru forgangsverkefni að breyta bönkunum í hlutafélög. Því skýtur það skökku við að það skuli nú bisað við það hér síðustu dagana að draga starfsemi Húsnæðisstofnunar undir ráðherra með þeim hætti sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Í gildandi lögum eins og komið hefur fram er Húsnæðisstofnun ríkisins sjálfstæð ríkisstofnun. En með þeim takmörkunum auðvitað sem lög mæla fyrir um um slíkar stofnanir. Hér stendur í umsöng Páls Hreinssonar, sem kom á fund félmn. og hefur verið vitnað til af síðasta ræðumanni, með leyfi forseta: „Þar sem almennt stjórnsýslusamband er því ekki á milli ráðherra og sjálfstæðrar stofnunar getur ráðherra t.d. ekki gefið stofnuninni fyrirskipan um úrlausn einstakra mála. Þá verður stjórnvaldsákvörðun sjálfstæðra stofnana ekki heldur kærð til ráðherra til endurskoðunar.“ Takið eftir: Þá verður þessi stjórnvaldsákvörðun sjálfstæðrar stofnunar ekki heldur kærð til ráðherra til endurskoðunar. Með því að breyta þessu fyrirkomulagi þá

verður að sjálfsögðu hægt að kæra þessar stjórnvaldsákvarðanir til ráðherra. Þar með er ráðherra auðvitað kominn með þessa stofnun og starfsemi hennar inn á borð til sín. Það hefur að vísu í brtt. meiri hlutans við 4. gr. verið dregið örlítið úr þessu til málamynda en í brtt. meiri hlutans er gert ráð fyrir að milda þetta örlítið, að síðari málsl. 3. tölul. falli brott en hann hljóðar þannig: „Áður en lánveiting á sér stað skal leita staðfestingar félmrh. á forsendum lánveitinga og skiptingu lánsfjár milli útlánsflokka." Þetta fellur brott. Þetta dregur örlítið úr áhrifunum en samt eigi að síður stendur það eftir að félmrh. er meira og minna kominn með þessa starfsemi inn á borð til sín í ráðuneytinu.

Hvað skyldi valda? Hefur valdaleysi ráðherra varðandi húsnæðismálin verið algerlega óbærilegt? Ég held að svo hafi ekki verið. Ég hygg að samstarf ráðherra og stjórnar Húsnæðisstofnunar í gegnum tíðina hafi verið mjög bærilegt og ekki verra en um hliðstæða starfsemi. Enda hefur ráðherra gífurlega mikil áhrif á húsnæðismálin og starfsemi Húsnæðisstofnunar. Það vill nú svo til að fyrir liggja ítarlegar skýrslur um þessi mál sem þegar hefur verið vitnað til. Það liggur fyrir um þetta mál skýrsla frá 7. mars 1988 sem er lögfræðileg athugun og álit á stöðu, valdsviði og ábyrgð Húsnæðisstofnunar ríkisins og húsnæðismálastjórnar, tekin saman af Ragnari Aðalsteinssyni. Einnig liggur fyrir frá því í ágúst 1987 álitsgerð um stjórnsýslulega stöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins en hún er tekin saman af Birni Þ. Guðmundssyni og Jóni L. Arnalds. Í skýrslunni frá 1987 er kveðið á um að Húsnæðisstofnun hafi sjálfstæði gagnvart ráðherra því að þá var sú umræða uppi hvað heimildir stofnunarinnar í þessu efni og hvað sjálfstæði hennar væri víðtækt. Þar segir m.a. í niðurstöðu þeirrar skýrslu að húsnæðismálastjórn ber ekki ábyrgð gagnvart ríkisstjórninni í heild, hún þarf ekki að taka við samstarfsfyrirmælum frá fagráðherrum, hins vegar hefur hún verulega upplýsingaskyldu gagnvart honum og Alþingi. Síðan segir að Húsnæðismálastjórn hafi ein algert forræði á lánveitingum og endanlegt úrskurðarvald í þeim efnum. Líkist sá háttur starfsemi fjárfestingarsjóða og banka. Það er þetta úrskurðarvald sem verið er að afnema með þessu frv. Það er sem sagt verið hjá þessari ríkisstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. að auka miðstýringu í þessum málaflokki. Það er ekki furða þó það séu fáir sjálfstæðismenn við þessa umræðu, þeir sjást ekki hér í þingsal fremur en endranær, stjórnarliðar í Sjálfstfl., enda hafa þeir nú átt heldur erfiðar stundir í félmn. og sannleikurinn er sá að hinn ágæti formaður félmn., hv. 11. þm. Reykn. hefur átt frekar erfitt í þessari nefnd og þurft að beita allri sinni lagni til þess að fá samstarfsflokkinn og þá fulltrúa sem voru í nefndinni til að samþykkja þann gerning sem hér er og dugði ekki minna á síðasta fundi nefndarinnar heldur en að fá bæði þingflokksformann Sjálfstfl. og þingflokksformann Alþfl. til að sitja nefndarfundinn, þó við höfum afbragðs formann til þess að allir fulltrúar Sjálfstfl. mundu skrifa undir þetta sem tókst þó ekki nema með fyrirvara. En ég reikna ekki með að mér takist að draga neinn af fulltrúum Sjálfstfl. inn í þessa umræðu. Hér kemur hugrakkur maður, hv. þingflokksformaður Sjálfstfl., 8. þm. Reykv., sem gekk í þetta verk að koma þessu máli út úr nefndinni því það ætladi að ganga illa.

Ég er svo sem ekki hissa á því þó það hafi staðið í fulltrúum Sjálfstfl. í félmn. að samþykkja þetta frv., miðstýringarfrv., þvert á stefnu flokksins og þvert á þá stefnu sem flokkurinn hefur haldið fram í þessum efnum. Það er nú svo að samkvæmt núgildandi lögum hefur félmrh. ekki lítil áhrif á starfsemi Húsnæðisstofnunar, þannig að það er merkilegt að það skuli enn þá verið að auka þau. Þá vil ég vitna í lögfræðilega athugun og álit frá 7. mars 1988 sem Ragnar Aðalsteinsson skrifar undir og hann segir hér í niðurstöðum sínum, með leyfi forseta: „Niðurstöður mínar eru því þær að áhrifavald ráðherra yfir Húsnæðisstofnun ríkisins og húsnæðisstjórn felist einkum í eftirfarandi." Hér kemur svo dálagleg upptalning:

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins, ráðherra hefur eftirlit með starfrækslu stofnunarinnar samkvæmt 9. gr. stjórnarráðslaganna, ráðherra skipar formann og varaformann stjórnar, ráðherra skipar framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra stofnunarinnar og segir þeim upp, ráðherra getur lagt fyrir stjórnina að fjalla um mál sem ekki er getið sérstaklega um í lögum, ráðherra ræður skiptingu lánsfjár Byggingarsjóðs ríkisins milli lánaflokka og leyfir fjölgun lánaflokka, hann flytur lánsfé milli flokka, ríkisstjórnin ákveður vexti á lánum — það er ríkisstjórnin en um að hljóta tillögur félmrh. að ráða mestu. Ráðherra hefur í raun frumkvæði að löggjöf á sviði húsnæðismála og getur komið sínum sjónarmiðum áfram með lagabreytingum enda njóti hann stuðnings meiri hluta þingsins til þess samkvæmt þingræðisreglunni. Ráðherra getur ekki hlutast til um framkvæmd einstakra mála. Vald húsnæðismálastjórnar takmarkast mjög af ítarlegum lagareglum sem veita lítið svigrúm svo og ákvæðum reglugerða sem ráðherra setur. Ráðherra getur hvenær sem er krafið Húsnæðisstofnun um upplýsingar og skýrslur og felst í því valdi mikið aðhald. Með framangreindum víðtækum takmörkunum er yfirstjórn stofnunarinnar í höndum húsnæðismálastjórnar.

Þetta er nú allt nokkuð. Þetta er það sem gildandi lög gera ráð fyrir og þetta er að mati ráðherra, hæstv. félmrh. Alþfl., ekki nægjanleg miðstýring. Þetta er ekki nægjanleg miðstýring að mati Sjálfstfl. Að vísu þó þeir hafi átt erfitt með að kyngja því fulltrúar í félmn. þá fékk formaður félmn. hjálp frá þingflokksformanni Sjálfstfl. til að knýja þetta mál út úr nefnd. Það er hér ein setning sem er eitur í beinum hæstv. félmrh. og hún er hér efst á bls. 21 í þessari skýrslu. Það hlýtur að vera það sem verið er að breyta og frv. fjallar um það. Hún hljómar svo: „Ráðherra getur ekki hlutast til um framkvæmd einstakra mála." Það virðist vera það sem verið er að breyta. Það kemur reyndar fram í áliti Páls Sveinssonar sem ég vitnaði til í upphafi að í síðustu setningunni „þá verður stjórnvaldsákvörðunum sjálfstæðrar stofnunar ekki heldur kærð til ráðherra til endurskoðunar". Með þessu frv. er hægt að kæra þessar ákvarðanir til ráðherra. Þá er búið að koma því fram að

ráðherra getur hlutast til um einstök mál. Þetta er nú miðstýring í lagi og þetta er það sem Sjálfstfl. og Alþfl. nota síðustu dagana til að knýja fram. Þetta er forgangsmálið. Það eru engar tillögur hér varðandi kjarasamninga í þjóðfélaginu, það eru engar tillögur varðandi atvinnuvegina, sjávarútveginn, sem allur er að fara um hrygg. En síðustu dagarnir eru notaðir til að knýja fram miðstýringarfrv. um að félmrh. geti hlutast til um öll mál varðandi Húsnæðisstofnun ríkisins. Það er rismikið á síðustu dögum þingsins fyrir hæstv. ríkisstjórn að nota tímann í þetta. Það er auðvitað mjög hagkvæmt að nota tímann í þetta frv. vegna þess að ríkisstjórnin er blönk. Hún er ekki með nein úrræði í aðkallandi málum sem er miklu meira aðkallandi að knýja fram en þetta mál.

Ég ætla þá að víkja að hér öðrum þætti sem þetta frv. felur í sér. Það er örlítill einkavæðingarþáttur til að bæta upp miðstýringuna sem frv. gerir ráð fyrir, en það er að leggja niður hönnunardeild Húsnæðisstofnunar ríkisins. Verkefni hönnunardeildarinnar hafa vissulega breyst í tímans rás breyst en þó gegnir og gegndi þessi hönnunardeild mikilvægum verkefnum. Hins vegar er búið að koma málum þannig fyrir að það er búið að leggja hana niður og starfsfólkið sem þar var mun reka hana áfram á eigin ábyrgð. Þannig að sá hlutur er gerður en aðfarirnar við þá aðgerð eru mjög ámælisverðar svo ekki sé meira sagt. Og það verður hér við þessa umræðu að draga fram þau vinnubrögð.

Þetta frv. var lagt fram rétt fyrir jólin og kom til félmn. til meðferðar upp úr áramótum ef ég man rétt. Það var lagt fram fyrir áramót. En þann 21. des. berst Húsnæðisstofnun bréf frá félmrn. þar sem Húsnæðisstofnun er nú þegar falið að leggja niður störf á svonefndri hönnunardeild, þjónustusviði tæknideildar. Þessi krafa er ítrekuð með bréfi dagsettu 4. jan. Þetta er nú kannski allt saman gott og blessað en hins vegar er sá hængur á að í gildandi lögum um stofnunina og takið eftir, í þeim lögum sem gilda enn, eru lagaákvæði um að slík hönnunardeild skuli rekin. Þarna er verið að framkvæma lögin sem við eigum að samþykkja núna fyrir þinglok í maí, þann 21 des. er félmrn. farið að vinna á grundvelli laga sem á að samþykkja núna næstu daga ef tekst að knýja það í gegn. Félmrh. hæstv. hefur að vísu tekið upp þá málsvörn að fjárlög hafi gert ráð fyrir að tæknideildin yrði lögð niður. Þau gerðu vissulega ráð fyrir því. Sparnaði í rekstri stofnunarinnar átti m.a. að ná vegna þess að tæknideildin yrði lögð niður. En það er í sjálfu sér engin málsvörn í því. Það er mjög algengt að það eigi að ná fram sparnaði með fjárlögum á grundvelli löggjafar sem á eftir að breyta en það réttlætir ekkert að byrja að framkvæma lögin áður en búið er að samþykkja þau, af því að hönnunardeildin var enginn baggi á rekstri stofnunarinnar þó verkefni hennar hafi breyst.

Niðurstaðan af þessu var að framkvæmdastjóri stofnunarinnar segir starfsfólki hennar upp frá og með 30. jan. og upp úr þeim uppsögnum komu síðan þær breytingar sem nú hafa tekið gildi. Þessi vinnubrögð eru náttúrlega algerlega forkastanleg og við sem skipum minni hluta nefndarinnar mótmælum þeim harðlega, teljum þetta vanvirðu við Alþingi. Teljum að framkvæmdarvaldið sé hér að ganga á hlut þingsins eins og það gerir í æ ríkari mæli og þetta er ekki eina dæmið hér um. Okkur er í fersku minni t.d. í vetur þegar við vorum að samþykkja lagaákvæði um innflutning á skipum sem var löngu búið að flytja inn og var búið að ljúka sínum verkefnum og sökkva einu sinni og þar fram eftir götunum. Þessi vinnubrögð eru náttúrlega algjörlega óþolandi og þau eru þinginu til vansæmdar og þeim til vansæmdar sem reyna að ganga yfir það með þessum hætti.

Við í minni hlutanum höfum ekki lagst gegn þeim þætti frv. sem varðar að leggja niður skyldusparnaðinn. Þessi starfsemi hefur breyst í tímans rás og ungt fólk á kost á fleiri sparnaðarleiðum en áður var þannig að þörfin er ekki sú sama og var áður. Þó er að ýmsu leyti eftirsjá að þessari starfsemi og það skiptir miklu máli að því fólki sem þarna á inni fjármuni sé gefinn kostur á hagkvæmum sparnaðarleiðum. Það verður sjálfsagt enginn hörgull á því að bankarnir bjóði í þessa fjármuni. Hins vegar er ástandið því miður þannig í dag eins og kom fram hjá hv. 10. þm. Reykv. að ungt fólk hefur nú yfirleitt ekki mikla möguleika á því að geyma peninga inni á banka eða bankabókum hvort sem það er inni í Húsnæðisstofnun eða annars staðar. En hins vegar eru verulegir fjármunir í stofnuninni vegna skyldusparnaðarins eða um 4 milljarðar króna. Þarna getur með lagabreyting orðið útstreymi á peningum. Það kom fram í viðræðum milli fjmrn. og félmn. að Húsnæðisstofnun ríkisins skuldar ríkissjóði 1.400 millj. kr. og viðræður eru í gangi um skuldbreytingu þessarar fjárhæðar. En auðvitað er nauðsynlegt þegar skyldusparnaðurinn er nú lagður niður að leita leiða til þess að útstreymi þessa fjármagns dreifist á lengri tíma, þannig að það hafi sem minnst áhrif á fjárhag stofnunarinnar. En það hefur verið gerð grein fyrir því varðandi minnihlutaálitið að minni hlutinn mun ekki leggjast gegn þessari breytingu. Það er gert ráð fyrir að útstreymi úr stofnuninni vegna þessarar breytingar verði um 1.100 millj. á þessu ári og 600 millj. á næsta ári sem hefur auðvitað áhrif á fjármögnun hennar.

Þá er komið að þeim þætti sem varðar stjórn stofnunarinnar. Ég kom inn á það í upphafi míns máls, sögulegan þátt þessara mála, og kom inn á húsnæðiskerfið árið 1986 sem var komið á í kjarasamningum í samvinnu verkalýðshreyfingar og stjórnvalda og þessi sögulegu tengsl hafa ávallt verið mikil. Þessi sögulegu tengsl eru m.a. í því fólgin að verkalýðshreyfingin eða ASÍ og Vinnuveitendasambandið hafa haft sína fulltrúa í stjórn Húsnæðisstofnunar. Nú telur félmrh. Alþfl. sig knúinn til að höggva á þessi tengsl og taka málið inn til sín. Þessir fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar sem komu inn fyrir atbeina kjarasamninga á sínum tíma eru nú álitnir hinir óæskilegu í stjórn stofnunarinnar. Það má minna á það að húsnæðiskerfið í landinu á nokkuð undir því að hafa gott samstarf við verkalýðshreyfinguna. Fjármögnun þess hefur síðustu árin og um langt árabil verið háð sjóðum hennar eða lífeyrissjóðakerfinu í landinu sem byggt er upp af fólk-

inu í landinu náttúrlega fyrst og fremst, vinnu þess og aðila vinnumarkaðarins. Þannig að ég sé ekki hvaða stjórnviska er í því að sparka þessum fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar út úr stjórn Húsnæðisstofnunar.

Hér liggur fyrir ásamt fleiri umsögnum umsögn frá Alþýðusambandi Íslands um þetta mál. Þessi umsögn er ekki samin af einhverjum kontórista hjá ASÍ eins og er kannski stundum gert því þeir fá mikið af umsögnum um fjölmörg frv. Nei, ASÍ hefur lítið svo alvarlegum augum á þetta mál að það hefur verið lagt fyrir fund miðstjórnar ASÍ. Hér segir, með leyfi forseta, í þessari umsögn:

„Á fundi miðstjórnar Alþýðusambandsins 9. des. 1992 var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Í áratugi hafa verkalýðssamtökin barist fyrir úrbótum í húsnæðiskerfinu. Þau hafa samið um skattlagningu til að fjármagna húsnæðiskerfið og staðið að lánsfjármögnun af hálfu lífeyrissjóðanna. Í ljósi þessa kemur á óvart að félmrh. skuli nú kynna tillögu um að ryðja fulltrúum verkalýðssamtakanna úr stjórn Húsnæðisstofnunar. Félmrh. ætti að vera það ljósara en nokkrum öðrum að einmitt nú ríður á að halda samstöðu um húsnæðiskerfið.

Miðstjórn Alþýðusambandsins gerir kröfu til þess að samtökunum verði ávallt tryggð aðild að stjórn Húsnæðisstofnunar og varar alvarlega við því að höggvið verði á það samstarf sem verið hefur um húsnæðiskerfið."

Á undanförnum árum hefur stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins verið skipuð fulltrúum kjörnum á Alþingi og fulltrúum tilnefndum af ASÍ og VSÍ. Með þessum hætti hafa fulltrúar margra stórra hagsmunaaðila komið saman og unnið að húsnæðismálum og haft sitt að segja um stefnumótun og framkvæmd húsnæðismála.

Með því að veita félmrn. og félmrh. meiri áhrif á stjórn Húsnæðisstofnunar er í fyrsta lagi verið að gera húsnæðismálastjórn óvirka sem stjónunaraðila og jafnframt er verið að gera forstjóra og aðra stjórnendur stofnunarinnar sem næst að óbreyttum ráðuneytisstarfsmönnum. Í öðru lagi er sýnilegt að sá vettvangur hverfi sem húsnæðismálastjórn hefur verið fyrir hagsmunaaðila til að koma saman og vinna að framgangi jafnviðamikils og viðkvæms málaflokks og húsnæðismálin eru.

Hætt er við að stefnumörkun og framkvæmd húsnæðismála muni eftir breytingar sem þessar leiða til meiri óstöðugleika í framkvæmd húsnæðismála en verið hefur til þessa þar sem félmrh. hvers tíma muni hafa tilhneigingu til að setja fingraför sín of mikið á verk Húsnæðisstofnunar."

Svo mörg voru þau orð og þau voru reyndar fleiri því fulltrúar ASÍ hafa lítið svo alvarlegum augum á þetta mál að þeir hafa tekið það til ítarlegrar umræðu á miðstjórnarfundi ASÍ og samþykkt um það ítarlega ályktun sem barst til félmn. og fylgir reyndar sem fylgiskjal með áliti minni hluta nefndarinnar. Það er alveg furðulegt í ljósi sögulegra tengsla verkalýðshreyfingarinnar og Alþfl. að hæstv. félmrh. skuli nú ganga fram og nota síðustu þingdagana til að ryðja fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar út úr stjórn Húsnæðisstofnunar. Hér eru ýmsir á Alþingi sem eiga mikil tengsl við hreyfinguna. Ég hefði gaman af að heyra hvort hv. 6. þm. Reykn. Karl Steinar Guðnason, sem hefur starfað um árabil í verkalýðshreyfingunni, er ánægður með þessa aðgerð. Hann er náttúrlega ekki hér frekar en aðrir stjórnarliðar við þessa umræðu því að hér kemur yfirleitt ekki nokkur stjórnarliði í þingsal nema þeir sem neyðast til þess að vera vegna þess að þeir þurfi að taka þátt í umræðu. Hér búið að koma málefnum þingsins þannig fyrir og raða málefnum þingsins þannig niður á dagskrá að hér þarf enginn að koma nema til að greiða atkvæði og hér mun stjórnarliðið flykkjast inn til þess að greiða atkvæði kl. 1.30. Þeir sjást ekki í annan tíma. Hér er ekki nokkur maður af því liðinu nema ágætur formaður félmn. og hæstv. félmrh. Það er allt og sumt þannig að þetta fyrirkomulag á þinghaldinu er orðið þannig að það eru engin skoðanaskipti orðin í þinginu. Það er aldrei nokkur maður við hér í þingsal af stjórnarliðinu til að spyrja spurninga, t.d. spyrja hv. 6. þm. Reykn. hvort hann sé samþykkur þessari aðgerð gagnvart verkalýðshreyfingunni. Sannleikurinn er sá að það er alveg eins gott að hætta þessu þingi á morgun og senda það heim. Hér er ekkert að gerast. Hér er reyndar verið að klemma þessu frv. í gegn fyrir þinglokin, en hér er ekki nokkur skapaður hlutur að ske annar af hálfu þessarar ríkisstjórnar nema reyna að koma þessu frv. sem dregur valdið undir ráðherra, ryður fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar frá áhrifum á húsnæðismálin, koma því í gegnum þingið á þessum síðustu dögum. Það er eins og veggirnir hér séu dálítið þykkir.

Það vill nú svo til að það heyrist stundum eitthvað utan úr þjóðfélaginu en það er ekki að sjá að það hafi áhrif á stjórnarliðið og hæstv. ríkisstjórn þó þeir séu yfirleitt hér utan veggja og komi lítið hér inn, þá virðast þeir ekki heyra það sem er að gerast í þjóðfélaginu. Það eru engar ráðstafanir fram undan, ekkert hér á döfinni, ekkert sem máli skiptir í dag nema ryðja þessu frv. hér í gegnum þingið.

Í umsögn Húsnæðisstofnunar um þetta frv. benda þeir á nauðsynlegar lagfæringar í húsnæðismálum sem þurfi að koma fram. En það er nú svo að af einhverjum ástæðum liggur meira á þessum skipulagsbreytingum heldur en bæta úr þeim augljósu agnúum. Umsögn húsnæðismálastjórnar um þetta frv. er mjög ítarlegt. Stjórnin er sammála um það að þessi breyting á stjórnskipulegri stöðu sé óæskileg, en hér er bent á í umsögninni að mjög brýnt sé að fá lagfæringar á 52. gr. laganna og einnig sé brýnt að lagaheimildir verði veittar til meiri háttar endurbóta á félagslegum íbúðum.

Minni hluti félmn. flytur brtt. við frv. sem varða þessi mál vegna þess að það er ekki vilji fyrir því hjá meiri hluta nefndarinnar að taka þetta mál upp. Það hefur komið fram hjá hæstv. félmrh. hér á Alþingi að starfshópur vinnur að þessum málum og það er ekki á döfinni að breytt verði lögum á þessu þingi varðandi þessi ákvæði. Ég hefði haldið það og minni hlutinn er á þeirri skoðun að það væri rétt nú vegna þess að við erum með þessa húsnæðislöggjöf og frv. um hana í vinnslu að taka upp þessar heimildir og afgreiða heim-

ildir varðandi þessa málaflokka nú í þinglokin. (**Félmrh.:** Hvað kostar það?) Hér er aðeins um heimildir að ræða, hæstv. ráðherra, og ráðherra verður vafalaust ekki skotaskuld úr því að kanna kostnaðinn af slíku. Hins vegar hafa menn hugmyndir í því efni en að sjálfsögðu verður það til meðferðar við þá fjárlagagerð sem nú er hafin þannig að það er ekki nema gott um það að segja og nauðsynlegt að þessar heimildir liggi fyrir nú vegna þess að hér er verið að ganga í breytingar á húsnæðiskerfinu.

Það mun vafalaust verða svo að það verður hægt að safna saman liði til þess að koma þessu frv. í gegn áður en þinginu lýkur. Þó er ég ekkert alveg viss um að sú ganga verði mjög létt fyrir alla. Auðvitað væri rétt að geyma þessar skipulagbreytingar, hugsa sig betur um þetta mál, fara yfir þau ágætu gögn sem eru komin til félmn. um stjórnskipun Húsnæðisstofnunar og fara yfir málið í sumar. Það liggur ekkert á í þessu efni. Stjórnskipulag Húsnæðisstofnunar er ekki það slæmt eins og það er núna og ráðherra hefur öll þau áhrif sem hann þarf að hafa og ég hef talið það upp hver þau áhrif eru að dómi sérfræðinga og ég þarf ekki neinu við það að bæta.

Það er ein umsögn enn sem liggur fyrir hér um málið frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem þeir benda á ýmis atriði sem til bóta gætu orðið. Og þeir benda m.a. á að stofnunin skuli leitast við að veita landsmönnum öllum sömu þjónustu óháð búsetu og koma upp útibúum í öllum landshlutum. Síðan er ítrekuð sú skoðun stjórnar sambandsins að sveitarfélögin fái aðild að stjórn Húsnæðisstofnunar og minnt á að þau gegna þýðingarmiklu og margþættu hlutverki varðandi húsnæðismálin. Það er ekki valin sú leið að horfa neitt á þessa umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga og náttúrlega ekki að verða neitt við þeirra beiðni um aðild að stjórn Húsnæðisstofnunar. Þetta mál þarfnast allt saman miklu meiri skoðunar og það rekur engin nauður til að afgreiða það nú fyrir þinglok. Það væri réttast að skoða þetta mál miklu betur og reyna að koma viti í það og það veitir sjálfsagt ekki af að reyna að sansa stjórnarliðið í þessu máli og laga það þannig til að samstarfsflokkur Alþfl. taki gleði sína í málinu því að þeir eru mjög sorgmæddir og hryggir yfir þessu máli, en þeir munu nú samt samþykkja það, spái ég, að lokum því að allt vilja þeir til vinna að þessi ríkisstjórn hangi áfram saman því að síðustu skoðanakannanir sýna nú að það er ekki glæsilegt að hugsa sér að fara í kosningar. Alþfl. getur því ábyggilega lagt fram fleiri miðstýringarfrumvörp þess vegna að Sjálfstfl. mun samþykkja þau frekar en eiga það á hættu að slíta þessari ríkisstjórn. En það er ekkert hægt að spyrja þessa ágætu menn neitt um afstöðu þeirra. Það sést ekki nokkur maður hér til þess að rökræða við um málið. Sjálfstæðismenn og hvað þá félagsmálanefndarmenn passa sig að koma ekki hér inn fyrir dyrastafinn einu sinni þegar þessi mál eru rædd. Hér er bara formaður nefndarinnar inni og ég reikna ekki með að þeir komi hér inn fyrir dyrastafinn í dag. Ég mun freista þess að spyrja þá ef þeir kynnu að sjást einhvers staðar því að ég á eftir rétt til þess að taka til máls aftur, en ég tók það fram áðan að hér á hv. Alþingi eru ekki orðin nein skoðanaskipti vegna þess að stjórnarliðar eru hættir að koma hér. Þeir vilja ekki eiga það á hættu að þeir séu spurðir um neitt eða afstöðu til mála þannig að ég ætla að ljúka þessu máli mínu með þeim orðum að ég mun ásamt öðrum minnihlutamönnum í félmn. greiða atvæði gegn þessu frv. í megindráttum, en ég vil ítreka þá skoðun mína og ráð til félmrh. að láta þennan óskapnað liggja og reyna að koma einhverju lagi á þessi mál í sumar.

Frsm. meiri hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er ekkert að ske, sagði hv. 2. þm. Austurl. og á dagskrá fundarins eru 29 mál og ég kann ekki töluna á þeim ótölulega fjölda sem hefur verið á dagskrá funda Alþingis undanfarna daga og hef ég nokkuð gaman af þessari athugasemd þingmannsins.

Hins vegar er það nú svo að þó að ég deili ekki forsendum athugasemdarinar sem hann kom með, þá get ég alveg tekið undir þá skoðun að við alþingismenn erum sennilega að fást við allt of mörg mál á hverjum vetri og þing sem er farið að slaga hátt í töluna 600 með málafjölda á nú að fara að hugsa sinn gang svo að ég get tekið undir það sjónarmið ef það birtist í ræðu þingmannsins.

Ég ætla ekki að fara í efnisumræðu við hv. 2. þm. Austurl. um þetta mál. Hann setti fram sín sjónarmið strax við 1. umr. frv. og hefur mjög andstæð sjónarmið á þessu máli miðað við mig og mér hefur ekki tekist að fá hann á mitt band þrátt fyrir ágæta vinnu í nefndinni. Vil ég nota þetta tækifæri til að þakka góða samvinnu nefndarinnar þó að niðurstaðan sé ekki einhlít okkar í milli.

Ég vil endilega upplýsa það varðandi fjarvistir félagsmálanefndarmanna að einn er á fjórðungsþingi fyrir vestan og stórviðburður er í lífi annars sem er farinn þess vegna til sinna heimkynna, en ég má til að nefna það vegna orða þingmannsins að ég hef átt mjög gott samstarf við samstarfsflokkinn í þessu máli sem öðru í félmn. og það hafa verið mjög heiðarleg vinnubrögð á milli flokkanna í stjfrv. sem hafa komið til félmn. Hins vegar var mjög gaman að fá á einn fundinn tvo þingflokksformenn, en ég fullvissa þingmenn um að það var alger tilviljun í forföllum en að sjálfsögðu lagði ég áherslu á það að vera með fullskipaðan meiri hluta við lokaafgreiðslu málsins.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur að sjálfsögðu verið ágæt vinna í félmn. varðandi þetta mál. Það hefur ekkert skort á það, enda reynir formaður félmn. að kalla til alla aðila sem beðið er um og upplýsa mál eins og best verður á kosið og ég vil þakka það og störfin í nefndinni. Það er ekkert upp á það að klaga. En hins vegar hef ég ekki komist hjá því frekar en aðrir nefndarmenn að horfa upp á dapurleika fulltrúa Sjálfstfl. í nefndinni þó að hv. formaður af umhyggju vilji draga úr því. Það er ekki ástæða til að orðlengja um það hér.

En ég átti ekki við það með því að segja að hér væri ekkert að ske á Alþingi að hér væri ekki nóg af málum. Það er nóg af málum og 30–40 mál hér á dagskrá á hverjum degi. En hins vegar er ekkert að ske varðandi kjarna málsins, afkomu atvinnuveganna í landinu og atvinnuástandið í landinu. Það virðist ekki ná inn fyrir þessa þykku veggi hér. Það er það sem ég átti við og það eru engar tillögur á döfinni frá hæstv. ríkisstjórn í þeim málum. Hins vegar eru bunkar hér og staflar á borðunum af málum, en þau snerta ekki þessi atriði. Það er það sem er að.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Afgreiðsla allsherjarnefndar á frv. til skaðabótalaga.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Formaður félmn. gat þess að hér væru mörg mál á dagskrá sem þyrfti að ræða og afgreiða. Ég sé að eitt af þeim málum sem er á dagskrá er frv. til skaðabótalaga og af því að formaður félmn. gat um einstaklega gott samstarf á milli stjórnarflokkanna, þá þykir mér nú rétt að vekja athygli á þessu frv. En í viðtali við varaformann allshn., alþýðuflokksmanninn Sigbjörn Gunnarsson, í Dagblaðinu sl. miðvikudag, þar sem hann er spurður um frv. til skaðabótalaga, segir hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Frumvarp til nýrra laga um skaðabætur vegna slysa er í lokavinnslu í allshn. Alþingis. Ég reikna með að vinnslunni ljúki á fundi á fimmtudag og frv. fari þá inn á þing til 2. umr."

Nú var þessi fundur í gær í hv. allshn. og frv. til skaðabótalaga var þar ekki á dagskrá, var þar ekki rætt. Og nú erum við boðuð á fund í hv. allshn. núna kl. hálfeitt föstudaginn 30. apríl og enn er þetta mál ekki á dagskrá. Ég spyr: Hvernig er samstarfið milli stjórnarflokkanna í þessari nefnd? Því ég sé að þrátt fyrir það að varaformaður nefndarinnar telji að það sé ekki búið að afgreiða málið út úr nefnd, þá er það hér á dagskrá fundarins til 2. umr.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Í tilefni af orðum hv. 5. þm. Vestf. vil ég taka það fram að ég var nú að svara hv. 2. þm. Austurl. um vinnu og samvinnu milli stjórnarflokkanna í félmn. og ætla mér ekki að fara í einkunnagjöf eða yfirlýsingar um hvernig samstarfi sé háttað almennt í nefndum, en get sagt það hér að það er ágætt samstarf í nefndunum sem ég er í og þær eru allnokkrar.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er óhjákvæmilegt að vekja athygli forseta á því að varaformaður allshn. hefur lýst því yfir í blöðum að það sé ekki búið að ræða þetta frv. til hlítar í nefndinni, allshn., þar sem ég á sæti. Engu að síður er málið komið á dagskrá þingsins. Þetta gengur ekki upp. Menn verða að gefa skýringar á þessu misræmi. — [Fundarhlé.]

Umhverfisgjald, frh. fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 359. mál. — Þskj. 639.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Mat á umhverfisáhrifum nýrrar lagasetningar, frh. fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 368. mál. — Þskj. 649.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÞurP.

17 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EGuðn, EKG, GHelg, GunnS, JóhS, JónS, JVK, ÓÞÞ, PJ, RA, SighB, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Flutningur verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu, frh. fyrri umr.

Þáltill. StG og ÞÞ, 467. mál. — Þskj. 807.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP.

16 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EGuðn, EKG, GHelg, GunnS, JóhS, JónS, JVK, ÓÞÞ, PJ, RA, SighB, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Vegalög, frh. 1. umr.

Frv. FI o.fl., 293. mál (reiðvegir). — Þskj. 425.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP.
15 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EGuðn, EKG, GHelg, GunnS, JóhS, JónS, JVK, PJ, RA, SighB, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Fjáröflun til vegagerðar, frh. 1. umr.

Frv. FI o.fl., 294. mál (reiðvegagerð). — Þskj. 426.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP.
16 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EGuðn, EKG, GHelg, GunnS, JóhS, JónS, JVK, ÓÞÞ, PJ, RA, SighB, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Vinnumarkaðsmál, 3. umr.

Stjfrv., 22. mál. — Þskj. 22.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, HÁ, HBl, ISG, IP, JGS, JBH, KSG, LMR, MF, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP.
11 þm. (AÓB, GHelg, IBA, JÁ, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, SJóh, StG, SJS) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EGuðn, EKG, GunnS, HG, JóhS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, PJ, RA, SighB, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1062).

Heimild til að selja jörðina Lönguhlíð í Vallahreppi, 3. umr.

Frv. JónK o.fl., 518. mál. — Þskj. 875.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP.
1 þm. (KSG) greiddi ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHelg, GunnS, HG, JóhS, JHelg, JónS, JVK, PJ, RA, SighB, StH, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1063).

Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, 3. umr.

Stjfrv., 117. mál (EES-reglur). — Þskj. 1046, brtt. 1048.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Við 2. umr. ræddi ég nokkuð um þetta merka mál og fannst mér mjög einkennilegt og finnst reyndar enn að gildistaka skuli vera bundin við það, eins og segir í 7. gr., að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði taki gildi að því er Ísland varðar. En þetta frv. fjallar um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum og í því felst veruleg réttarbót fyrir starfsmenn, þ.e. það er miðað við að nýr eigandi takist á hendur réttindi og skyldur fyrri eiganda þegar um samruna fyrirtækja er að ræða eða aðilaskipti, þ.e. þegar fyrirtæki skipta um eigendur. Ég tel þetta mál mjög merkilegt þar sem ekki finnast í íslenskum lögum nein ákvæði að því er varðar þessi atriði og því tel ég mjög mikilvægt að þetta atriði verði lögfest hér óháð því hvort samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði öðlast gildi fyrir Ísland. Þess vegna hef ég flutt brtt. við þetta frv. á þskj. 1048 um að 7. gr. orðist svo: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“ Ég vænti þess að brtt. hljóti stuðning hér á Alþingi þar sem menn hljóta að taka afstöðu til mála óháð því hvort Evrópubandalagið segi okkur að setja í íslensk lög einhver ákvæði þegar um er að ræða eins gott ákvæði og það sem sett er með þessu frv., þ.e. að bæta réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að hér er mjög gott mál á ferð og félmn. stendur að því. Það hefur komið fram oft í umræðunum um Evrópska efnahags-

svæðið að því tengt eru mörg réttindamál þar sem réttarbætur eru meiri en hafa gilt hjá áður. Þetta er eitt af þeim málum sem við fáum tengt Evrópska efnahagssvæðinu. Í sumum tilfellum hefur félmn. gert tillögu um það að gildistaka á slíku máli verði strax eða óháð gildistöku laga um Evrópska efnahagssvæðið. Félmn. gerir ekki tillögu um það í þessu tilfelli. Þetta er samkomulagsmál sem við höfum tekið við sem slíku og eftir að hafa skoðað það, þá gerum við ekki tillögu um gildistöku strax þannig að hv. Alþingi hlýtur að taka afstöðu til þessa máls.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það ber vissulega mjög sérkennilegan svip að félmn. að meiri hluta til leggur til að mál, sem nefndin metur að sé mjög gott mál og fær hér undirtektir frá öðrum, sé hengt aftan í gildistöku á samningi sem enginn veit hvort tekur gildi. Það er auðvitað alveg dæmalaus málsmeðferð. Er það svo að menn ætli að fara að binda mál og löggjöf hér á Alþingi, sem er góð samstaða um, við það að samningur, alþjóðlegur samningur sem er óafgreiddur og enginn veit hvort verður staðfestur, taki gildi? Þá er nú farið að seilast nokkuð langt hér gagnvart Alþingi. Þetta er alveg furðulegur málflutningur og afstaða.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er mat manna í félmn. að að því gefnu að af Evrópsku efnahagssvæði verði, þá muni frv. þetta vera til góðs og því er rétt að leggja til að það verði samþykkt. Hins vegar minni ég á það að fulltrúi Alþb., sem sat þann nefndarfund sem málið var tekið út, undirritar málið með fyrirvara sem er vegna afstöðu flokksins til Evrópska efnahagssvæðisins. Og af minni hálfu, meðan ég vann að málinu í nefndinni, þá lá það ljóst fyrir að það þarf ekki að gera miklar breytingar á frv. þannig að það geti staðið sjálfstætt sem frv. og sem lög óháð því hvað verður um Evrópska efnahagssvæðið. Af minni hálfu er ekkert því til fyrirstöðu að breyta þessu frv. á þann veg að það geti strax orðið að lögum og gilt hér á Íslandi. Og ég er alveg tilbúinn til þess að leggja fram brtt. nú þegar þar að lútandi ef menn eru með meiningar um annað.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langaði til að spyrja hv. 5. þm. Vestf. hvers vegna þetta frv. geti ekki staðið eins og það er með þessari breytingu um að það öðlist þegar gildi. Ég átta mig ekki á því hvað í þessu frv. er sem gerir það að verkum að það geti ekki staðið sem sjálfstætt frv. Nú hef ég þegar flutt brtt. við gildistökuákvæðið. Að vísu er 1. gr. með þeim hætti að það stendur innan Evópska efnahagssvæðisins en það er algerlega óháð því. Það er eina breytingin sem þyrfti að gera þannig að hann gæti stutt það að þetta öðlaðist þegar gildi.

En ég vil vekja atygli á því að fjórir, held ég, af þeim sem eru í félmn. undirrita frv. með fyrirvara og mér skildist m.a. á því sem kom hér fram í gær að þetta þætti mjög gott frv. Að vísu voru ekki allir alveg sáttir við breytinguna sem var gerð á því.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Minn hugur stóð til þess og vilji að afgreiða málið þannig að það stæði sem sjálfstæð lög og ég er alveg tilbúinn til að styðja þær breytingar sem ganga í þá átt.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Mér sýnist að það sé æskilegt svo að ekki sé meira sagt að félmn. taki þetta mál til athugunar, málið fari ekki til atkvæða nú heldur verði tekið upp af nefndinni og breytt þannig að það hljóti afgreiðslu sem samstaða er um því að menn greinir ekki á um efnisatriði önnur en þetta skilyrði í sambandi við að lögin taki gildi. Ég vil beina því til forseta að forseti greiði fyrir því að þetta geti gerst og trúi ekki öðru en formaður félmn. sé reiðubúinn til þess að líta á málið út frá því.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er engin ástæða til að þetta mál fari til félmn. til frekari umfjöllunar. Við erum búin að fjalla um frv., við erum búin að fjalla um greinar þess og m.a. 1. gr. þar sem vísað er til að þessi lög gildi um aðilaskipti eða samruna fyrirtækja atvinnurekstrar eða hluta atvinnurekstrar á hinu Evrópska efnahagssvæði o.s.frv. og það var ekki tillaga félmn. að gildistaka yrði strax ef þær hrakspár ganga eftir sem hér komu fram að ekkert yrði af Evrópska efnahagssvæðinu, þá skoðum við öll þau mál sem tengjast því og við höfum verið að afgreiða tengt þessu máli og hafa aðra gildistöku. Það er bara eðlilegur hlutur að sú brtt. sem var flutt við þetta mál fái sína afgreiðslu og ef hún verður samþykkt, þá verður að sjálfsögðu skoðað hvort það þarf að breyta einhverjum atriðum eða orðalagi í frv. eftir það. En það er engin ástæða til að þetta mál fari til nefndar. Við erum búin að fjalla um þann þátt sem hér hefur verið nefndur.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég sé að það hefði þurft að koma með aðra brtt. við 3. umr. þar sem þetta er nú síðasta umræða málsins. Mér hefur láðst að sjá það að ég þarf einnig koma með tillögu um að breyta 1. gr. frv. og óska ég eftir því að fá tækifæri til þess að koma með brtt. við 1. gr. Ég veit ekki hvort mér tekst að gera það hér, ég var búin að hripa á blað, ég veit ekki hvort forseti tekur það gott og gilt það sem ég er búin að hripa hérna blað eða hvort ég má ég fá frest í nokkrar mínútur til þess að geta gert það þannig að það verði hægt að koma með brtt. við 1. gr.

Umræðu frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 276. mál (stjórnsýsluleg staða, skyldusparnaður o.fl.). — Þskj. 384, nál. 1011 og 1049, brtt. 1012 og 1050.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það kemur nú fyrir hér að nýju, þetta merkisfrv. hæstv. félmrh. um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Það var dálítið rætt í vetur þegar það var á dagskrá fyrir jólaleyfi, ef ég man rétt, en nú hefur sem sagt hv. nefnd lokið störfum sínum, klofnað í meiri hluta og minni hluta og leggur til tiltekna afgreiðslu á málinu.

Það sem einkum hefur verið rætt og gagnrýnt í tengslum við þetta mál eru annars vegar nokkrir efnisþættir frv. sem ég mun fara yfir, en síðan hefur umræðan einnig snúist nokkuð að meðferð hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. félmrh. á þessu máli og hvort tveggja gefur auðvitað tilefni til að ræða það hér.

Varðandi frv. sjálft og efni þess felur það út af fyrir sig ekki í sér svo veigamiklar breytingar á starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins eða lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og þó þegar betur er að gáð. Ég hygg að það sé óhjákvæmilegt að setja efni frv. í samhengi við það sem verið hefur að gerast í húsnæðismálunum undanfarin ár og þá á ég ekki síst við það sem hefur verið að gerast eða er að gerast með stofnunina, Húsnæðisstofnun ríkisins. Staðreyndin er nefnilega sú að það stefnir hraðbyri í það að allt sem heitir opinber afskipti af húsnæðismálum eða opinber stofnun sem með þau mál fari verði lagt niður og þessum málaflokki sem slíkum vísað út á markaðinn. Og það má í raun og veru segja að með lagabreytingum núna undanfarin ár og kannski er smiðshöggið að nokkru leyti rekið með þessu frv. sé verið að leggja niður allt sem heitir almenn fyrirgreiðsla eða almenn þátttaka hins opinbera í húsnæðismálum og skilja eftir þann eina þátt þess málaflokks sem tengist félagslegu íbúðarhúsnæði. Auðvitað er það meira að verða praktískt fyrirkomulagsatriði eins og komið er t.d. með húsbréfin hvar meðferð þeirra er. Og þannig hlýtur það auðvitað að verða í framhaldinu ef horfið er með öllu frá því að veita einhverja hagstæðari fyrirgreiðslu til þeirra sem eru að kaupa eða byggja húsnæði en þá sem gengur og gerist á markaðnum. Þegar sú er orðin niðurstaðan þá þurfa menn að sjálfsögðu ekki á neinni opinberri stofnun að halda, menn geta sjálfir átt sín viðskipti við bankakerfið eða markaðinn. Það sem eftir stendur er þá sú spurning hvort ástæða sé til að einhver almenn deild eða stofnun fjalli um þann þátt starfs húsnæðismálanna sem lýtur að ríkisábyrgðum á bak við húsbréf á meðan hún er við lýði. Um það hefur verið deilt eins og kunnugt er. Og ég verð nú að segja alveg eins að þegar um markaðsbréf af því tagi er að ræða, þá réttlætti það að mínu mati ekki mikla yfirbyggingu, sá þáttur málsins einn og sér sem eftir er.

Ég held hins vegar að hér séu menn að fara út á mjög varasama braut. Ég held að það sé ákaflega erfitt að sjá það fyrir sér að það komist einhver skikkur á húsnæðismál landsmanna og það geti orðið viðráðanlegt við íslenskar aðstæður á komandi árum, a.m.k. næstu 20 árin eða svo, fyrir venjulegt launafólk að koma sér upp íbúðarhúsnæði nema á því máli sé tekið með sérstökum hætti. Það séu veitt hagstæðari lán og til lengri tíma heldur en fáanleg eru á markaðnum. Og þá held ég að þeim væri best fyrir komið í tiltölulega sjálfstæðri húsnæðisstofnun eins og verið hefur eða var. Einnig af þeim ástæðum er ég mjög andvígur þeim breytingum sem frv. gengur út frá varðandi hlutverk eða stjórnsýslulega stöðu Húsnæðisstofnunar.

1. gr. frv. gengur út á það að draga verulega úr sjálfstæðri stöðu Húsnæðisstofnunar og það er gert má segja með tvennum hætti, annars vegar 1. og hins vegar 3. gr. frv. 1. gr. frv. sem breytir 2. gr. gildandi laga um Húsnæðisstofnun er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn húsnæðismála.

Húsnæðistofnun er ríkisstofnun sem lýtur sérstakri stjórn.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal annast stjórn og framkvæmd opinberra afskipta af húsnæðismálum samkvæmt lögum þessum. Húsnæðisstofnun skal vera ráðgefandi fyrir félmrn. og önnur stjórnvöld í húsnæðismálum og fara með þau verkefni sem ráðherra felur henni á sviði húsnæðismála."

Með öðrum orðum, ráðherrann skal bæði ákveða verkefni stofnunarinnar og síðan er hún eingöngu ráðgefandi um þau mál. Og ef farið er í umsögn um þessa grein í grg. með frv. þá koma þar fram nokkuð merkilegir hlutir.

Í fyrsta lagi er lagt til, segir hér, að þess sé getið að félmrh. fari með yfirstjórn húsnæðismála. Ekki hefur mér nú virst skorta á um það undanfarin ár að menn vissu af því. En hvað um það. Þetta má kallast kannski nokkuð venjulegt ákvæði og er víða að finna í lögum.

En í öðru lagi er svo sagt: „Lagt er til að Húsnæðisstofnun ríkisins sé skilgreind sem „ríkisstofnun" en ekki „sjálfstæð ríkisstofnun" eins og nú er gert. Ekki er ljóst hvað átt er við með því í núgildandi lögum að Húsnæðisstofnun ríkisins sé sjálfstæð ríkisstofnun, enda er það ekki sérstaklega skilgreint. Hlutverk Húsnæðisstofnunar ríkisins er skilgreint í lögum og að auki kveða lögin á um að félmrh. setji með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins."

Það er nú alveg sama þó að þetta sé lesið með góðum hug, þá breytir það ekki þeirri staðreynd að hin formlega breyting lagatextans verður sú að út fellur sjálfstæð ríkisstofnun og ríkisstofnun kemur í staðinn. Þegar það er svo skoðað í samhengi við breytingar lagatextans að öðru leyti, þá leggst þetta auðvitað saman og verður enn þá meiri breyting, sem sagt sú að Húsnæðisstofnun skuli eingöngu vera ráðgefandi eins og þarna er þó tekið skýrt fram, að þetta sé ríkisstofnun en ekki sjálfstæð ríkisstofnun, að félmrh. feli stofnuninni verkefni á sviði húsnæðismála og það er dálítið athyglisvert að í 1. gr. frv. er ekki minnst á önnur

verkefni sem lögin kveða á um. Það er ekki fyrr en kemur aftur í 4. gr. frv. þannig að þessi meginmarkmiðsgrein laganna minnist ekkert á það að stofnunin hafi önnur verkefni en þau sem ráðherra felur henni með reglugerð eða með öðrum hætti.

Í þriðja lagi er svo nauðsynlegt að skoða breytinguna í 3. gr. frv. Hún er sú að stjórn Húsnæðisstofnunar verður hrein þingkjörin stjórn. Með öðrum orðum, væntanlega að breyttu breytanda, að starfandi meiri hluti á Alþingi hefur þar meiri hluta með þeim frávikum sem leitt getur af stjórnarskiptum og skörun kjörtímabila. Til viðbótar því skipar ráðherra formann og varaformann, ráðherra húsnæðismála á hverjum tíma eins og segir þar. Skipunartími formanns og varaformanns skal vera takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipar þá. Þegar þetta leggst allt saman: það er fellt út úr lögunum að Húsnæðisstofnun ríkisins sé sjálfstæð ríkisstofnun, það er tekið fram að hún sé eingöngu ráðgefandi fyrir ráðherrann, það er tekið fram að ráðherrann skuli skammta stofnuninni verkefni og í fjórða lagi er svo séð fyrir því með lagabreytingunni að formaður og varaformaður stjórnarinnar séu á hverjum tíma skipaðir af sitjandi ráðherra, væntanlega einhver flokksgæðingur a.m.k. meðan Alþfl. fer með þau mál eins og reynslan sýnir. (**Gripið fram í:** Er þetta ekki valddreifing?) Þetta er fína valddreifingin. Þetta eru náttúrlega lýðræðisumbætur, ekki satt, hæstv. félmrh. Stjórnin verður allt önnur stofnun, allt annað batterí en hún hefur verið vegna þess að í stjórn Húsnæðisstofnunar eins og hún hefur verið skipuð lögum samkvæmt um langt árabil, þá hefur meiri hluti á Alþingi ekki náð að mynda einfaldan meiri hluta í stjórn Húsnæðisstofnunar vegna þess að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar, aðilar vinnumarkaðarins hafa í raun haft þar oddaaðstöðu. Þess vegna m.a. hefur húsnæðismálastjórn oft og tíðum verið mun sjálfstæðari en margar t.d. hreinar þingkjörnar stjórnir vegna þess að þar hafa hlutföll meiri hluta og minni hluta ekki endurspeglað styrkleikahlutföll á Alþingi eingöngu. Hér er þess vegna auðvitað um miklu meiri breytingu að ræða heldur en látið er í veðri vaka og ég tel að hérna sé í raun og veru nánast verið að leggja Húsnæðisstofnun undir félmrn. sem deild í því ráðuneyti. Það er að vísu þannig að það er í beinu og rökréttu framhaldi af því hvernig núv. hæstv. félmrh. hefur hegðað sér gagnvart Húsnæðisstofnun því að það er náttúrlega þannig að hæstv. núv. félmrh. hefur ítrekað með grófum hætti hlutast þannig til um málefni Húsnæðisstofnunar ríkisins langt út fyrir sitt valdsvið, skipað til að mynda húsnæðismálastjórn fyrir verkum sem ráðherra hefur ekkert yfir að segja og það liggur fyrir lögfræðileg úttekt á því að húsnæðismálastjórn og framkvæmdastjóra eða forstjóra Húsnæðisstofnunar beri ekki að taka við fyrirmælum frá félmrh., ber ekki að gera það. Framkvæmdastjórinn, forstjóri Húsnæðisstofnunar, heyrir undir stjórnina og stofnunin er sjálfstæð ríkisstofnun og um þetta liggja m.a. fyrir lögfræðileg álit frá Lagastofnun Háskóla Íslands. Samt er það svo að það rignir yfir forstjóra Húsnæðisstofnunar og húsnæðismálastjórn fyrirskipunum frá hæstv. ráðherra sem gefur það auðvitað lönd og leið að stjórnskipulega standa málin þannig að ráðherra getur ekki sent fyrirmæli um einstök framkvæmdaratriði í húsnæðismálum inn í Húsnæðisstofnun. Þessu unir hæstv. félmrh. greinilega ekki vel og vill nú löghelga praxísinn. Það er nú málið.

Nærtækt dæmi um þessi ósköp eru auðvitað bréfaskriftir hæstv. félmrh. til Húsnæðisstofnunar og ég vek athygli á því að það er verið að skrifa Húsnæðisstofnun og framkvæmdastjóra þeirrar stofnunar í desember sl. varðandi uppsagnir starfsfólks. Þannig var það að 21. des. skrifar félmrh. Húsnæðisstofnun ríkisins, Sigurði E. Guðmundssyni framkvæmdastjóra bréf, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1993 er gert ráð fyrir töluverðum samdrætti í verkefnum Húsnæðisstofnunar ríkisins og lækkuðum fjárveitingum til reksturs stofnunarinnar miðað við fyrri ár. Í frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem lagt hefur verið fram á Alþingi [þ.e. þetta frv. sem nú er verið að ræða] er þessi stefna nánar útfærð. M.a. er gert ráð fyrir því að hönnunarstarfsemi verði lögð niður, enda munu samningsbundin verkefni á því sviði nú lítil sem engin." Og svo kemur og vek athygli á því: „Húsnæðisstofnun er hér með falið að grípa nú þegar til nauðsynlegra aðgerða til að markmiðum fjárlaga verð náð. Í því skyni er yður falið" og þarna er allt í einu gripið til þérunar af stofnuninni og þetta er nú eitt af fáum opinberum bréfum þar sem stofnun er þéruð, sem ég hef komist yfir, „að leggja niður störf, þar á meðal á svonefndri hönnunardeild, þjónustusviði tæknideildar og hagræða í starfseminni svo sem verða má."

Hér er hæstv. félmrh. að skipa fyrir með beinum hætti með ráðuneytisbréfi. Að vísu er það undirritað af ráðuneytisstjóranum fyrir hönd ráðherra en það gildir einu eins og frægt er orðið. Þetta bréf hefur ekki skrifað sig sjálft. Það er nú betra en sums staðar gerist þegar óundirskrifuð bréf eru farin að flæða út um kerfið, en hér er það Berglind Ásgeirsdóttir og einhver Húnbogi trúi ég að þetta eigi að vera. Þetta er nú mikil latína, hann gæti verið læknismenntaður þess vegna (Gripið fram í.), ja, ég er nú að reyna að ráða í nafnið sem „counter–signerar" hér. En aðalatriði málsins er auðvitað það, hæstv. forseti, að félmrh. hefur ekki stöðu til að gefa svona fyrirmæli. Það liggja lögfræðileg álit fyrir um það. Hvað er t.d. félmrh. að leggja hér til eða fyrirskipa stofnuninni að gera? Jú, að segja upp starfsmönnum sem er ótvírætt að húsnæðismálastjórn ræður eins og yfirmenn þeirrar deildar sem hér áttu í hlut. Það leikur enginn vafi á því að það er á verksviði húsnæðismálastjórnar þegar komið er að yfirmönnunum í stofnuninni að ráða til lykta ráðningarkjörum þeirra og ráðningu. Samt er félmrh. að skipa framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar að gera þarna tiltekna hluti í rekstri stofnunarinnar. Þetta er auðvitað alveg kostulegt. Veit hæstv. félmrh. ekki af því að það hefur verið leita úrskurðar lögfróðra aðila um það hvernig stofnunin eigi að bregðast við í svona tilvikum og niðurstaðan er ótvíræð? Það er stjórn Húsnæðisstofnunar sem fer með forræði slíkra mála og fram-

kvæmdastjóra ber að starfa samkvæmt fyrirmælum stjórnar en ekki hæstv. ráðherra.

Það er auðvitað nauðsynlegt að ræða þennan þátt hér í samhengi, hæstv. forseti, því að þetta tengist væntanlega því sem í vændum er, ef hæstv. félmrh. nær sínu fram í þessu efni hvað varðar breytingar á stjórnun og stjórnsýslulegri stöðu Húsnæðisstofnunar. Og ég segi það alveg eins og er, hæstv. félmrh., að það hefði verið miklu hreinlegra að leggja til að leggja Húsnæðisstofnun niður, hina almennu starfsemi þar, skilja eftir ef mönnum sýndist svo einhverja stofnun eða einhverja deild sem fjallaði um félagslegt íbúðarhúsnæði og taka þetta inn í ráðuneytið með venjulegum hætti og stofna þar ósköp einfaldlega húsnæðisdeild. Þá þarf ráðherrann ekkert að standa í þessum bréfaskriftum, getur látið þessa Húnboga sína og Berglindir fara með þetta. Það er miklu hreinlegra heldur en að vera að grauta þessu svona. Til hvers í ósköpunum á að vera að leggja þá áþján á einhverja 5 eða 7, þó svo það yrði nú niðurstaðan, þingkjörna stjórnarmenn að sitja í þessari stofnun eins og einhverjar fótaþurrkur ráðherrans? Ég sé ekki nokkra ástæðu til þess. Ekki hefði ég áhuga á því að taka sæti í slíkri stjórn þegar þannig er um hnútana búið í lögum að ráðherra ræður þarna lögum og lofum, skammtar stofnuninni verkefni, stjórninni verkefni, skipar að sínum geðþótta formann og varaformann stjórnar. Verði ráðherraskipti, þá er fyrir því séð að einhverjir nýir menn úr hópnum geti tekið við og það sem stjórnin kynni að hafa fram að færa eða hafa skoðun á er svo eingöngu ráðgefandi fyrir hæstv. ráðherra.

Ég tel auðvitað líka að það verði að huga svolítið að innra samræmi í lagasetningu af þessu tagi. Er þetta í raun og veru boðlegt þegar það er borið saman við hlutverk annarra þingkjörinna stjórna eða ráða að setja húsnæðismálastjórn í þetta samhengi? Ég hef efasemdir um að það sé yfirleitt sæmilegt að þingkjörin stjórn sé sett upp með þessum hætti, algerlega sem undirtylla eins ráðuneytis. Til hvers er þá í raun verið að kjósa slíka stjórn? Það er miklu nær að ráðherrann skipi þá bara einhverja nefnd sinna manna í þetta og ef að líkum lætur, eins og nú tíðkast, yrðu það miklir snillingar úr Alþfl. og kannski fengi einn sjálfstæðismaður að fljóta með. Þetta er í fyrsta lagi, hæstv. forseti, auðvitað eitt meginatriði málsins, þessi stjórnkerfisbreyting og hana gagnrýni ég mjög harðlega. Ég hef þó lítið rætt þann þáttinn sem er náttúrlega býsna stór í þessu sambandi og varðar það að fulltrúar aðila vinnumarkaðarins, samtaka launamanna og lífeyrissjóðanna, hverfa þarna út úr stjórn. Með því er í raun og veru endanlega klippt á þá þátttöku eða þau beinu tengsl þessara aðila við húsnæðismálin sem verið hafa við lýði hér um áratuga skeið og þá auðvitað haft mikil áhrif á alla þróun og allan framgang húsnæðismála á umliðnum árum. Það er auðvitað bæði í gegnum stjórnarmenn sína í Húsnæðismálastofnun og svo beina samninga og samskipti lífeyrissjóðanna sem fjármögnunaraðila við húsnæðismálin sem og einfaldlega pólitískan og félagslegan áhuga verkalýðshreyfingarinnar á húsnæðismálum sem þessi samskipti hafa mótast á undanförnum og umliðnum árum. Á þetta er nú í raun og veru allt verið að klippa. Í fyrsta lagi með því sem orðið er, að búið er að rjúfa samhengi milli lánsréttar og framlaga lífeyrissjóðanna sem er að sjálfsögðu farið að segja til sín í gegnum það að áhugi lífeyrissjóðanna á því að fjármagna húsnæðiskerfið hefur minnkað. Og ætli hæstv. félmrh. viti ekki aðeins af því og ríkisstjórnin þessa mánuðina. Mér er nær að halda það. A.m.k. hafa þeir vitað það fyrir síðustu áramót eins og fjárvöntun sjóðanna var þá. Hins vegar er svo með þessari breytingu verið að leggja til í raun og veru að klippa endanlega á þessi tengsl með því að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar og aðilar vinnumarkaðarins hverfi út úr stjórn Húsnæðisstofnunar. Þar með verður hún auðvitað enn pólitískari og enn meira undir framkvæmdarvaldið sett eins og þetta stefnir.

Ég vil þá í öðru lagi, hæstv. forseti, nefna þann þátt þessa máls sem er meira framkvæmdalegs eðlis heldur en efnislegur hvað frv. snertir og eru aðfarir hæstv. ríkisstjórnar varðandi uppsögn starfsmanna á Húsnæðisstofnun ríkisins skömmu eftir síðustu áramót og bréfaskriftir ýmsar þar að lútandi. Það virðist vera að á undanförnum árum hafi einhvers staðar verið á ferli í þjóðfélaginu sérstakur áhugahópur um það að leggja niður tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins, a.m.k. hönnunarstarfsemi og teikningar þar. Mér er sagt að harðsnúnari og skipulagðari þrýstihópur í þjóðfélaginu sé vandfundinn, hafi t.d. ævinlega skipulagt sig sérstaklega og myndað tiltekinn hóp á landsfundum Sjálfstfl. undanfarin ár. Það hefur verið alveg sérstakt markmið meðlima hópsins að koma einmitt þessari starfsemi fyrir kattarnef. Nú held ég að enginn hafi fært neitt fram til röksemda í málinu um það að þessi starfsemi hafi verið eitthvað sérstaklega skaðleg, óþörf eða óholl og almennar röksemdir af því tagi að það sé úr tísku eða ekki í takt við tímann að ríkið reki teiknistofu gef ég nú ekki mikið fyrir. Ég veit ekki til annars en ríkið reki dýrustu teiknistofu í heimi þar sem er húsameistari ríkisins. Ekki virðist mega hrófla við því batteríi sem er svo fokdýrt viðskiptist að það má varla koma t.d. hér inn fyrir dyr í þinghúsinu, þá kostar það fleiri milljónir. Nei, það er ekki verið að tala um að hrófla við því. En tæknideild Húsnæðisstofnunar og hönnunardeildina þar sem hefur nú aðallega það til saka unnið að vera sérstaklega í verkefnum fyrir minni sveitarfélögin í landinu, sem eru það lítil sjálf og vanmegnug að þau hafa ekki yfir tækniþjónustu að ráða á sínum vegum. Þar af leiðandi hafa þau leitað mjög mikið til tæknideildar Húsnæðisstofnunar varðandi tæknilega ráðgjöf og þjónustu í sambandi við byggingu félagslegs íbúðarhúsnæðis o.s.frv. Auðvitað og örugglega má margt segja um þá vinnu sem þarna hefur farið fram og það er náttúrlega líka rétt að það er hellingur af færum arkitektum úti í þjóðfélaginu sem geta gert þetta líka. En ég hef ekki séð nein rök færð fram fyrir því að þessi þjónusta hafi ekki verið fullkomlega frambærileg, hún hafi ekki verið á sanngjörnu verði og hún hafi ekki nýst minni sveitarfélögunum úti um landið vel sem hafa verið stærstu viðskiptavinir hennar undanfarin ár. Og hvað er verið að

vinna með því að leggja þetta niður? Er það af einhverri greiðasemi við þessi sveitarfélög? Er það í einhverju hefndarskyni við þetta starfsfólk? Eða er það vegna þess að það eru einhverjir aðrir sem hafa áhuga á því að komast í þessi viðskipti og mata á þeim krókinn? Getur það hugsast? Og hinn harðsnúni þrýstihópur samanstandi af mönnum af því tagi sem hugsi sér gott til glóðarinnar að setjast að þessum verkefnum?

Ég vil meina að það hafi oft og tíðum verið t.d. minni sveitarfélögunum býsna hagstætt að eiga þarna viðskipti við opinbera stofnun sem ekki hefur þurft að verðleggja alla hluti í topp með því hugarfari að græða á þeim. Ég hef nefnilega þá tilfinningu að það hafi oft og tíðum verið býsna hagstætt fyrir þessa aðila að eiga aðgang að opinberri stofnun, starfsfólki á launum hjá hinu opinbera sem gat látið það eftir sér, liggur mér við að segja, að veita vissa þjónustu og vera liðlegt í samskiptum án þess að það væri að minnka gróðann hjá einhverju einkareknu fyrirtæki. En því verður ekki til að dreifa þegar búið verður að einkavæða þessa starfsemi.

Ég hef líka lýst yfir miklum efasemdum að veikja um of tæknilega eða faglega hlið Húsnæðisstofnunar vegna þess að ég held að það sé þörf á því að hin opinbera húsnæðisstofnun sé sæmilega burðug hvað varðar tæknilega þekkingu og geti fylgst með þróun húsnæðismála. Og síðast en ekki síst held ég að gagnlegt sé að þar sé starfandi deild sem hafi reynslu og þekkingu og samband við húsbyggingar og markaðinn á hverjum tíma til þess að hún sé samanburðarfær um verðlagningu og gæði slíkrar þjónustu. Og getur hugsast að það sé líka það sem mönnum er svolítið illa við að í gegnum það að á Húsnæðisstofnun ríkisins hafa verið starfandi menn sem hafa teiknað hús, hafa fylgst með því hvað kostar að byggja hús, hafa unnið vandaðar kostnaðaráætlanir fyrir húsbyggingar, hefur verið til staðar ákveðinn samanburður sem hægt hefur verið að vitna í. Það hefur að vísu lengi verið iðkuð sú íþrótt að breiða út að félagslegar íbúðarbyggingar, hist og her um landið, séu óhemju dýrar. Sá samanburður hefur ekki alltaf verið mjög merkilegur, satt best að segja þegar það er yfirleitt byrjað að horfa fram hjá þeirri staðreynd að þær íbúðir hafa nánast undantekningarlaust verið afhentar tilbúnar til að flytja inn. Mönnum hafa verið afhentir lyklarnir og þeir hafa gengið inn í fullfrágengið húsnæði og síðan er það gjarnan borið saman við húsnæði úti á almenna markaðnum sem er afhent á ýmsum stigum. Mér hefur oft leiðst þessi rógur, sem ég kalla svo, um félagslega húsnæðiskerfð í landinu og ég held að hann hafi verið af pólitískum toga en ekki faglegum eða sanngjörnum. Það hefur auðvitað verið svo að hér hafa verið sértrúarhópar í landinu sem haft hafa allt á hornum sér þegar kemur að félagslegu íbúðarhúsnæði og mér finnst hæstv. félmrh. að nokkru leyti vera að ganga í þetta lið með framkomu sinni við Húsnæðisstofnun ríkisins. Það er að vísu svo að ekkert á mönnum að vera heilagt í þessum efnum og ekki heldur einstakar deildir eða starfsemi Húsnæðisstofnunar. Þess vegna er það svo, og ég hef margsagt það fyrr og ég skal segja það hér, að að sjálfsögðu var ekkert því til fyrirstöðu að skoða þessa starfsemi. Mér þykir mjög líklegt að með hliðsjón af nútímaaðstæðum hefði mátt að ósekju minnka hana talsvert, þ.e. rifa þarna talsvert seglin og jafnvel endurskipuleggja hana þannig að þetta væri bara ein deild. Ég held að kannski hafi það verið að nokkru leyti tímaskekkja að reka þetta sem tvískipta deild, tæknideild og hönnunardeild. Þessi aðför eða þessar aðfarir sem hér eru ástundaðar eru ekki til fyrirmyndar og hef ég þó ekki nefnt það enn sem er nú ljótast í þessu, sem er framkoman við starfsfólkið.

Þá kem ég aftur að bréfinu frá því í desember. Því svaraði húsnæðismálastjórn, eftir fund 28. des., á þá leið að húsnæðismálastjórn féllist ekki á þessi skrif hæstv. félmrh. Það var m.a. fært fram sem rök í því bréfi að það gengi auðvitað ekki að segja þessu starfsfólki upp með fjögurra daga fyrirvara. Það hefði í raun og veru orðið niðurstaðan ef farið hefði verið að tilmælum ráðherra því að bréfið sem dags. var 21. des. gat nú varla gefið tilefni til þess að stjórnarfundur yrði haldinn fyrr en eftir jól og það var reyndar gert. 28. des. var boðaður fundur og niðurstaða hans var sú sem lesa má um í bréfi frá stjórninni, undirritað af Sigurði E. Guðmundssyni framkvæmdastjóra fyrir hönd stjórnarinnar 28. des. Þar segir m.a. með leyfi forseta:

„Húsnæðismálastjórn telur æskilegast að ekki verði gripið til uppsagna á starfsfólki hönnunardeildar fyrr en Alþingi hefur afgreitt frv. það til laga um breytingu á lögum um stofnunina er lagt var fyrir þingið í byrjun desember sl."

Í öðru lagi segir: „Stjórnin telur eigi fært að láta starfsfólk hönnunardeildar hætta störfum með fjögurra daga fyrirvara."

Í þriðja lagi er sagt: „Stjórnin telur nauðsynlegt að ráðrúm fáist til að fá að reyna til þrautar að koma eignum hönnunardeildar í nokkurt verð, t.d. með því að semja við starfsmenn hennar um kaup á þeim" o.s.frv.

Þau undur gerðust hins vegar í framhaldi af öðru skipunarbréfi ráðherra í byrjun árs að formaður stjórnar Húsnæðisstofnunar sneri við blaðinu að því er virðist og fór að lesa allt annað út úr niðurstöðu stjórnarfundarins 28. jan. heldur en áður hafði verið gert og gekk svo langt að hann taldi jafnvel að þar hefðu menn samþykkt að segja starfsfólkinu upp sem er auðvitað einhver argasta fölsun sem ég hef lengi orðið vitni að. Það vill svo til að ég sótti þennan fund 28. des., sem varamaður Kristins H. Gunnarssonar í húsnæðismálastjórn, og út úr því komu svo þau ósköp að starfsmönnunum var sagt upp engu að síður strax í janúar. Þessar aðfarir allar voru með miklum ólíkindum og urðu ekki til þess, a.m.k. hvað mig snertir, að auka áhuga minn á því að aðstoða hæstv. félmrh. í þessum breytingum. Það verður að segja það alveg hreint eins og er. Ef hæstv. félmrh. hefur áhuga á því að gera þarna eitthvað til gagns eða af viti liggur mér nú við að segja, þá eru þetta ekki aðferðirnar. Það er að vísu ljóst og það vita menn að hæstv. ráðherra hefur meira og minna verið í streði og stríði við Húsnæðisstofnun mestallan sinn embættisferil og þá ekki síður húsnæðismálastjórn og virðist nú hafa brugðið á það ráð í

þeirri orrustu að nánast innlima stofnunina í ráðuneyti sitt eða leggja hana undir ráðuneytið. Þetta er auðvitað gamalkunn aðferð. Mér liggur við að hafa einhvern tíma sagt að einhver ónefndur maður hefði brugðið á það dólgslega ráð að éta óvin sinn. Það liggur við að það megi segja það sama hér um félmrh. og félmrn. að það hafi gripið til þess ráðs varðandi Húsnæðisstofnun.

Auðvitað er það svo að angi af þessu máli teygir sig upp í þá stefnu hæstv. ríkisstjórnar að einkavæða eins og kunnugt er. Það hefur verið sérstakt áhugamál og keppikefli þessarar ríkisstjórnar að einkavæða. Og hvort sem mönnum finnst það rökrétt eða ekki, þá er það staðreynd engu að síður að Alþfl., sem fyrir nokkrum árum síðan tók upp í nafn sitt viðhengið Jafnaðarmannaflokkur Íslands, er nú fullgildur þátttakandi í þessari ríkisstjórn og dregur ekki af sér í einkavæðingunni, að séð verður, og framkvæmir hana með mjög sérstökum hætti.

Nú er það svo að hæstv. félmrh. hefur gjarnan gefið sig út fyrir að vera svona heldur félagslegi kanturinn í þessari stjórn og í Alþfl. og hafa samúð með alþýðunni og þeim sem bágt eiga og ekkjum og munaðarlausum og allt það. Hann hefur haldið hér nokkrar hjartnæmar ræður sem hafa verið túlkaðar á köflum sem veruleg sérstaða hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni. Hæstv. félmrh. væri á mikið mýkri línu heldur en afgangurinn af hópnum. Maður skyldi þess vegna ætla að hæstv. félmrh. notaði þá tækifærið þegar kemur að því að félmrn. er að einkavæða og sýndi í verki að hægt væri að gera slíkt án þess að standa í stórkostlegum illindum við starfsfólk eða koma fram við það með mjög þjösnalegum hætti. En því miður verður að segjast eins og er að útkoman a.m.k. í þessu máli er ekki falleg og verði önnur einkavæðing á vegum félmrn. eða ríkisstjórnarinnar í samræmi við þetta, þá er varla von að t.d. opinberir starfsmenn uni því mikið lengur eða taki því með þegjandi þögninni að svona sé komið fram við einstaka hópa þeirra.

Í þriðja lagi, hæstv. forseti, fjallar þetta frv. um þá breytingu að afnema svonefndan skyldusparnað. Um þann þátt málsins er það að segja að ég held að ekki sé efnisleg andstaða á ferðinni hvað hann varðar. A.m.k leyfi ég mér að trúa því að ef menn settust vandlega yfir það verkefni, þá ætti að mega ná um það þokkalegri samstöðu að vinna sig út úr því fyrirkomulagi sem þar er, og er á margan hátt orðið erfitt í framkvæmd. Ég ætla því ekki að fjölyrða um þann þátt og læt mér nægja að vitna til þess sem um það er sagt í nál. minni hluta félmn.

Það er svo óhjákvæmilegt, hæstv. forseti, að fara nokkrum orðum um húsnæðismálin almennt hér í lokin. Það er ekki víst að það öllu fleiri tækifærin verði til þess á yfirstandandi þingi. Æskilegt hefði verið að fá alveg sérstakan tíma til að ræða hina almennu stöðu húsnæðismálanna. Þar er mjög margt óskyggilegt, satt best að segja. Mér segir svo hugur um að það sé því miður orðið afar stutt í næstu kollsteypu, liggur mér við að segja, í húsnæðismálum okkar Íslendinga þar sem annað eða hvort tveggja verði á ferðinni, stórfelldir greiðsluerfiðleikar fjölmennra hópa sem taka verði á og þá sjálfsagt einhverjar kerfisbreytingar á nýjan leik í þessum efnum og það virðast ætla að verða örlög okkar að umbylta meira og minna lánakerfinu, fjármögnunarkerfi húsnæðismálanna, með reglubundnu millibili á fimm til átta ára fresti.

Ég er að minnsta kosti þeirrar skoðunar að eins og húsbréfakerfið er upp byggt og starfrækt muni það sýna sig á næstu árum að það er allsendis ófært um að leysa a.m.k. þann hluta verkefnisins sem snýr að eðlilegri fjármögnun og nauðsynlegri uppbyggingu á nýju íbúðarhúsnæði fyrir þá sem eru að koma inn á húsnæðismarkaðinn. Þegar sest er yfir það reikningsdæmi í dag t.d. fyrir ungt fólk sem þarf að ráðast í byggingu eða kaup á fyrstu íbúð sinni gengur það engan veginn upp nema menn hafi verulegar eignir til að leggja á borðið með sér. Þá er þetta auðvitað orðin spurningin: Ætlum við að takmarka það hverjir geta yfir höfuðið komið sér upp þaki yfir höfuðið af eigin rammleik við þann hóp sem á verulegar eignir til að leggja upp í kaupin eða byggingarnar? Það er alveg augljóst mál að fólk með venjulegar fjölskyldutekjur á bilinu 150–200 þús. kr., þó það sé par þar sem báðir vinna úti, ræður ekki við kaup á mannsæmandi íbúð. Jafnvel ef minnstu tveggja herbergja íbúðir, sem kosta fjórar, fimm eða sex milljónir kr., eru fjármagnaðar með húsbréfum þá hrökkva slík laun ekki til. Hvað þá heldur ef á ferðinni er stærri fjölskylda með börn sem þarf þriggja eða fjögurra herbergja íbúð að lágmarki. Á þetta þá bara að vera svona? Á ekkert úrræði að vera í almennu kerfi til að slíkt fólk geti komið sér þaki yfir höfuðið? Ef það er eitthvað sem gengur af séreignastefnu dauðri í húsnæðismálum er það auðvitað þetta ástand. Það er alveg deginum ljósara. Að vísu kann að fara svo að verðhrun á fasteignamarkaði geti haft einhver áhrif ef húsnæðið lækkar einfaldlega nógu mikið í verði. Sumir spá því að við eigum eftir að sjá hér á Íslandi svipað verðhrun á fasteignamarkaði eins og menn hafa gert í nálægum löndum og guð hjálpi bankakerfinu og lífeyrissjóðunum og því öllu saman þá. En segjum nú að svo verði ekki og við skulum vona að við upplifum ekki neinar slíkar katastroffur og verð á fasteignamarkaði haldist á svipuðu róli og það er og þá stöndum við frammi fyrir þessum aðstæðum. Ekki þarf að ræða um stofnkostnað í nýbyggingum, ef eitthvað er þá er hann meiri en þegar um kaup á notuðu er að ræða.

Ég var þeirrar skoðunar þegar þessi mál voru til umræðu og umfjöllunar hér fyrir um fjórum árum að það væru mistök að leggja niður þann hluta af starfsemi Byggingarsjóðs ríkisins, almennrar fjármögnunar til húsnæðismála sem sneri að fjármögnun á fyrstu kaupum eða fyrstu byggingu fólks. Ég held að ein stóra meinsemdin í húsnæðismálum okkar hafi lengi verið sú að gera ekki miklu skýrari greinarmun á því þegar um er var að ræða aðstoð við þá sem voru að koma sér upp í fyrsta sinn þaki yfir höfuðið og hinna sem voru í fasteignakaupum á hinum notaða markaði. Þegar horft er til baka er alveg ljóst að eins og starfræksla húsbréfakerfisins hefur verið gagnvart notaða

fasteignamarkaðnum er hún tóm vitleysa. Það hefur ekkert gert annað en að halda þar uppi í raun og veru óeðlilega háu verði og sett í umferð stórkostlega fjármuni sem betur hefðu verið komnir annars staðar. Með öðrum orðum hefði átt að veita minni fyrirgreiðslu út í þessi viðskipti með notað húsnæði og sérstaklega stærri eignirnar en hlutfallslega þá aftur meira á móti í formi aðstoðar við þá sem væru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn. Með þessu móti hefði verið hægt að hafa hér miklu meira jafnvægi á fasteignamarkaðnum. Það hefði verið hægt að halda uppi jafnari og stöðugri nýbyggingum sem væri öllum fyrir bestu, að endurnýjun og viðbót íbúðarhúsnæðis í landinu væri bara jöfn og sæmilega stöðug og nokkurn veginn í takt við fólksfjölgunina í landinu. Þegar til langs tíma er litið er það auðvitað sú viðbót að frádreginni einhverri úreldingu sem við þurfum að hafa hér á húsnæðismarkaðnum. En hæstv. félmrh. hefur ekki viljað taka mikið undir það að ástæða sé til að endurskoða einhverja þætti í þessu húsbréfakerfi. Ég hygg að á meðan svo stendur þá sé þetta allt frosið fast. Það litla sem er svo verið að gera er auðvitað allt til íþyngingar þeim sem standa undir þessari greiðslubyrði. Það eru hækkaðir vextir, það eru skertar vaxtabætur og afföllin og ástandið á lánsfjármarkaðnum þekkja menn. Það er eins og raun ber vitni að þeir sem eru að skrifa sig fyrir 5 millj. kr. skuld í húsbréfum fá 4 millj. þegar afföllin, lántökukostnaðurinn og stimpilgjöldin og allt er greitt. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. félmrh. að hrista hausinn. Að vísu heyrist kannski ekki nógu vel og sést ekki nógu vel af því að sjónvarpsvélunum er beint hér að ræðustólnum en þetta er nú bara svona, hæstv. félmrh. Fram undir síðustu mánuði hafa afföllin verið slík að þegar allt er lagt saman, afföllin og lántökukostnaðurinn, þá skerðist lánið sem kemur til útborgunar eða menn fá í formi verðmæta í hendur til að ráðstafa, t.d. í nýbyggingar, um hartnær 20%. Ég sá norður í Skagafirði í vetur pappíra hjá bónda sem þar er að ráðast í að byggja sér hús. Hann fór í þetta fína greiðslumat og honum var sagt að hann væri borgunarmaður fyrir fimm milljónum. Hann varð harla kátur, ræddi við sína iðnaðarmenn og smiði og sagði ég fæ hérna fimm milljónir frá Húsnæðisstofnun og nú ætla ég að byggja hús. Svo kom lánið og bóndin fór í það að koma því í verð og þegar allt var frá dregið, kostnaðurinn og afföllin, fékk hann fjórar milljónir. Þannig byrjar hann, skuldar fimm en fær fjórar til að byggja fyrir. Þetta er nú kerfið sem svarið var og sárt við lagt af öllum helstu spekingum með hæstv. félmrh. í broddi fylkingar fyrir um fjórum til fimm árum að aldrei yrðu nein afföll í húsbréfakerfinu. Er það ekki rétt munað, hæstv. félmrh.? Því var haldið fram hér og rökstutt m.a. með því að þar sem þessi lán væru með ríkisábyrgð á bak við sig þá kæmi að sjálfsögðu ekki til slíks.

Það væri líka fróðlegt, hæstv. forseti, að fara yfir það hér hvernig greiðsluerfiðleikar eru að hlaðast upp í þessu kerfi núna. Auðvitað liggur í hlutarins eðli að það hlaut að gerast. Vegna þess að undanfarin ár er fjöldi fólks búinn að fara í gegnum greiðslumat, fá lán alveg upp að þeim mörkum sem það er talið borgunarmenn fyrir og hvað gerist svo? Kjörin skerðast, lánin verða dýrari, vextirnir eru hækkaðir og nú á ofan í kaupið að skerða vaxtabætur. Hvað gerist hjá því fólki sem hefur þúsundum saman fengið lán alveg upp í það greiðsluþol sem það hefur? Hvað getur gerst? Það getur ekkert annað gerst en að þetta fólk lendi í vanskilum vegna þess að það hafði ekkert borð fyrir báru. Það batt sér nokkurn veginn byrðar eins og það gat framast ráðið við miðað við útreiknaða greiðslugetu og stendur svo frammi fyrir skertum kaupmætti og hærri vöxtum og lægri vaxtabótum. Þetta er ekki flókið mál, hæstv. félmrh. Hvað gerist svo? Jú, formaður þingflokks Alþfl. flytur þáltill., fína tillögu, en hvað er ríkisstjórnin hans að gera? Ekki neitt. Ég verð nú að segja alveg eins og er að ég gef ekki mikið fyrir svona sýndarmennsku. Auðvitað er tillöguflutningur formanns þingflokks Alþfl. um að vera góður við fólk sem á bágt einhver ömurlegasta sýndarmennska af slíku tagi sem sést hefur um langt árabil. Hvers vegna gera þá ekki stjórnarliðar eitthvað í þessu? Í staðinn fyrir að flytja marklausar þáltill. sem aldrei er ætlað að afgreiða. Össur Skarphéðinsson ætlaðist ekki til annars, hv. þm., en að hún færi í nefnd og sofnaði þar. En Alþýðublaðið er búið að skrifa marga leiðara um það hvað Össur Skarphéðinsson vilji vera góður við fólk sem á bágt. Það er auðvitað tilgangurinn. Nei, það væri fróðlegt að vita hvað hæstv. félmrh. og ríkisstjórnin ætlast fyrir í þessum efnum. Á að taka upp nýjan flokk greiðsluerfiðleikalána, á að létta greiðslubyrðina með öðrum aðgerðum, svo sem þeim að hækka vaxtabæturnar hjá láglaunafólkinu þeim sem hafa orðið fyrir mestri kjaraskerðingu undanfarin ár? Hvað á að gera gagnvart þeim sem hafa misst atvinnuna þúsundum saman og eru með húsnæðismálastjórnarlán á bakinu? Við þingmenn Alþb. fluttum strax í haust frv. til laga um ráðstafanir í því sambandi en frá hæstv. ríkisstjórn hefur ekkert komið. Ætlar Össur Skarphéðinsson kannski líka að vera góður við þá sem hafa misst atvinnuna og kannski taka að sér persónulega að borga af húsnæðismálastjórnarlánunum þeirra? Ég veit það ekki en það væri alveg eftir honum að flytja tillögu um það sem hann mundi að vísu svo biðja fyrir að yrði ekki afgreidd heldur fengi að sofna hér í nefnd og þá væri tilganginum náð.

Ég held að frammistaða hv. stjórnarliða í þessu sambandi og kattarþvottur af því tagi sem tillöguflutningur þingflokksformanns Alþfl. er sé ekki merkilegt innlegg í þessa umræðu eða þessa stöðu og ég á ekki von á því að margir taki það mjög alvarlega. Auðvitað þarf að taka á þessu með allt öðrum hætti ef menn á annað borð vilja einhverja farsæla og skynsamlega niðurstöðu því. Nú er það auðvitað svo að við erum búin að búa við verðtryggingu fjármagnsskuldbindinga í hartnær einn og hálfan áratug. Við erum að stórum þess hluta búin að búa við gífurlega háa vexti sem þetta fólk er auðvitað að hluta til að bera vegna þess að því miður er það nú svo að margir þeir hinir sömu og hafa tekið hér stór lán til húsnæðiskaupa á undanförnum árum eru líka skuldugir í bankakerfinu eða annars staðar og eru þar með dýr lán á óhagstæðum

kjörum til skamms tíma hjá bönkunum, skammtímalán eða hjá lífeyrissjóðunum, 15–20 ára lán, sem sumir hverjir hafa lánað hér út á síðustu árum með hæstu lögleyfðu vöxtum sem eru nálægt 10% í dag ofan á verðtryggingu. Fullt af slíkum lánum eru í gangi hjá fólki sem til viðbótar skuldar auðvitað í húsnæðiskerfinu. Það er auðvitað ekkert smáverkefni að sjá fyrir því að það verði ekki algjört greiðsluþrot hjá þúsundum og aftur þúsundum heimila í landinu á næstu mánuðum og árum. Ég vænti þess að menn hafi t.d. skoðað upplýsingar Seðlabankans um skuldaaukningu heimilanna. Skuldir heimilanna hafa fjórfaldast á sl. 10–12 árum. Þær eru að nálgast landsframleiðsluna í stærð, komnar hátt á þriðja hundrað milljarða króna. Hvað er hæstv. félmrh. og hæstv. ríkisstjórn að hugsa sér í þessum efnum? Er þetta frv. eitthvert átak, eitthvað sem skiptir máli í því sambandi? Ónei, ekki aldeilis. Ef það er eitthvað sem þetta frv. gerir þá er það auðvitað til bölvunar vegna þess að þarna er t.d. verið að klippa á tengslin við verkalýðshreyfinguna og lífeyrissjóðina sem eru auðvitað einu öflugu aðilarnir sem gætu komið til aðstoðar með einhverju stöðugu langtímafjármagni.

Ég vil svo allra síðast spyrja hæstv. félmrh. að því, ef hæstv. ráðherra heyrir mál mitt sem ég veit nú ekki hvort er. — Hæstv. forseti. Hæstv. félmrh. hefur tapast hér úr þingsalnum. Hér er að vísu hæstv. menntmrh. og ég sé að hann mundi gjarnan vilja leggja gott til húsnæðismálanna. (**Menntmrh.:** Hætt er nú við.) Já, hætt er nú við. En það er bara ekki beint á hans verksviði. Ég ætlaði að spyrja hæstv. félmrh. að því hvernig hæstv. ráðherra hafi hugsað sér að vinna að þessum málaflokki á næstu mánuðum. Mér heyrist hæstv. félmrh. vera í símanum, hæstv. forseti. Ég veit að það er ekki sanngjarnt að beina þeirri spurningu til menntmrh. enda ætla ég ekki að gera það. Hæstv. menntmrh. hefur mæðst í mörgu undanfarna daga og er ekki á bætandi þó húsnæðismálin kæmu ekki á hans herðar. Við skulum sleppa því. Forseti, ég vænti þess að hæstv. félmrh. sé væntanlegur í salinn. Ég geri hlé á máli mínu, sem vonandi verður stutt, þangað til félmrh. birtist. (**Forseti:** Hv. þm. er velkomið að halda áfram ræðu sinni og geyma spurningu til ráðherra.) Já, en það er ekkert eftir nema spurningin, hæstv. forseti. Þá versnar nú í því. (Gripið fram í.) Hæstv. félmrh. hefur lokið símtalinu og þá er okkur ekkert að vanbúnaði að klára þetta. Ég ætlaði að leggja að lokum eina spurningu fyrir hæstv. félmrh. Hún er þessi: Hvernig hyggst hæstv. félmrh. vinna að þessum málaflokki á næstunni? Er hæstv. félmrh. tilbúinn til að athuga þann möguleika að skipuð verði nefnd fulltrúa allra stjórnmálaflokka og með aðild verkalýðshreyfingarinnar og lífeyrissjóðanna til að setjast á nýjan leik yfir þessi húsnæðismál? Nú er það svo að á undanförnum árum hafa slíkar nefndir starfað af og til eða af og til hefur samstarf á þessu sviði verið sett í slíkan farveg og öll meiri háttar átök sem gerð hafa verið í húsnæðismálum rekja rót sína til einhvers slíks samstarfs. Stundum tengt kjarasamningum, stundum ekki en á undanförnum árum eins og ég veit að hæstv. félmrh. kannast við hafa ýmsir forverar hæstv. ráðherra í starfi valið þá leið að reyna að kalla alla þessa aðila saman að þessum málaflokki. Ég er þeirrar skoðunar að þess sé ríkuleg þörf núna. Ég held að fram undan séu svo erfiðir hlutir í sambandi við húsnæðismálin að það kalli fyllilega á og réttlæti það að þannig yrði að þessum málum staðið. Þrátt fyrir það sem hefur áður verið sagt og þá gagnrýni sem fram hefur komið m.a. á hæstv. félmrh. og þessa ríkisstjórn reyndar fyrir einlit vinnubrögð og einsýni vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. félmrh. að þessu. Hér er auðvitað á ferðinni gífurlega mikilvægur málaflokkur og afdrifaríkur og ég fagnaði því þrátt fyrir allt ef hæstv. félmrh. fengist til að gefa yfirlýsingu af því tagi hér að hann vildi beita sér fyrir nefndarskipan eða skipan starfshóps sem yrði samsettur af fulltrúum allra stjórnmálaflokka og með aðild þessara stóru hagsmunaaðila eins og verkalýðshreyfingarinnar og lífeyrissjóðanna.

Útbýting þingskjala:

Húsnæðisstofnun ríkisins, 276. mál, brtt. KHG, þskj. 1065.

Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, 117. mál, brtt. KE, þskj. 1064.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þar sem önnur brtt. sem nú hefur verið útbýtt varðar það mál sem er til umræðu þarf að leita afbrigða um að hún megi koma á dagskrá og til umræðu. En leitað verður afbrigða um báðar þessar tillögur áður en lengra er haldið með umræðuna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1064 og 1065. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKJ, GHH, GB, GÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StH, SJS, StB, SvG, ÞurP.

29 þm. (ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GuðjG, GAK, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, JGS, JBH, JónS, JVK, KÁ, PJ, RA, SighB, SAÞ, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Satt að segja hélt ég að frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins kæmi aldrei til 2. umr. því að erfiðlega gekk að koma fulltrúum stjórnarinnar saman í þessu máli í nefndinni. En að lokum var þetta togað út með töngum með miklu harðfylgi úr nefndinni. Það var satt að segja með skemmtilegri fundum sem við stjórnarandstæðingar áttum í félmn. um þetta mál því að það var alveg stórkostlegt að sjá hvernig sú fæðing gekk fyrir sig og einhvern tíma þegar við stjórnarandstæðingar höfum meiri tíma ættum við að setjast saman og gera um það farsa. Ég hugsa að það yrði mjög vinsælt skemmtiatriði en það er nú önnur saga.

Þetta frv. er komið til 2. umr. og félagar mínir í hv. félmn. (**Gripið fram í:** Hvar er ljósmóðirin?) Virðulegi forseti. Hér er spurt um ljósmóðurina. Ég held að

það hafi ekki verið neitt leyndarmál að það voru hv. formenn þingflokka Sjálfstfl. og Alþfl. sem komu báðir og toguðu þetta út með töngum. Þannig endaði málið í félmn. Fyrst sérstaklega er spurt að því finnst mér rétt að geta þess. Þannig var það. En það er nú sagan á bak við þetta frv. í nefndinni en félagar mínir hafa farið mjög ítarlega í gegnum nál. sem við erum sammála um, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jón Kristjánsson og Kristinn H. Gunnarsson skrifuðu undir það auk mín. Þar koma fram þau meginatriði sem ég hef gagnrýnt í þessu frv. og ég ætla ekki að endurtaka það mikið sem hér hefur komið en samt sem áður aðeins að tæpa á nokkrum atriðum.

Þessi stjórnskipulegi þáttur hefur auðvitað staðið mest í okkur og ég held ekki síður í sjálfstæðismönnum þó að þeir hafi neyðst til að samþykkja það fyrir rest vegna þess að þeirra stefna er frelsi og frjálsræði, en með frv. er verið að gera stofnunina ósjálfstæðari en það er að auka frelsi ráðherra, hæstv. félrmh. í þessu tilviki. Ef frv. verður að lögum er hann orðinn nokkurs konar bankastjóri þannig lagað ef aðilar eru óánægðir með afgreiðslu húsnæðisstjórnar getur hæstv. félmrh. tekið þar í taumana og úthlutað eftir því sem mér skilst í þessu frv.

Annað atriði sem við höfum líka gagnrýnt mikið er í sambandi við tæknideildina. Það kann vel að vera að rétt sé að einkavæða tæknideildina sem slíka. En að leggja niður tæknideild og segja upp starfsfólki áður en lög eru samþykkt á Alþingi þar að lútandi er alveg fráleitt að mínu mati og mjög ólýðræðislegt. Ég trúi ekki að það sé algengt á hinu háa Alþingi að fara þannig að málum.

Í sambandi við skyldusparnaðinn erum við sammála því að það kerfi sem nú er við lýði hefur ekki gagnast eins og upphaflega var ætlað en mér finnst rétt að skoðað verði hvernig má breyta því kerfi þannig að það gagnist. Mér finnst ekki nægilegt að leggja þetta skyldusparnaðarkerfi algerlega niður án þess að neitt komi í staðinn. Mér finnst vanta í frv. að fundnar séu leiðir til þess að eitthvað komi í staðinn fyrir skyldusparnaðinn sem á árum áður hefur komið verulega mörgum til góða þegar þeir svo síðar fara að kaupa sér húsnæði.

Í sambandi við stjórn Húsnæðisstofnunar eru fulltrúar atvinnulífsins ekki lengur inni í myndinni, fulltrúar ASÍ og VSÍ eiga að víkja út en eins og hér hefur komið fram hefur það verið kjarasamningamál að þessir aðilar séu inni og ég tel þetta ekki réttan tíma til að þeir fari út. Í þriðja lagi í sambandi við stjórnina þá hefur Samband ísl. sveitarfélaga margsinnis bent á það að þeim þykir rétt að þeir eigi þarna fulltrúa og ítreka þá skoðun sína vegna þess að þetta félagslega húsnæðiskerfi er að verða æ ríkari gjaldaþáttur innan sveitarfélaganna. Það eru þær athugasemdir sem við höfum gert við þetta.

Við höfum lagt fram tillögu til breytingar sem er ekki þess eðlis sem ég hef verið að tala um heldur annars eðlis. Fyrst á annað borð er verið að gera þær miklu breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun finnst okkur, sem rita undir þessa brtt., þ.e. hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jón Kristjánsson, Kristinn H. Gunnarsson auk mín, margt húsnæðið í þessu kerfi vera orðið æðigamalt og þarfnast mikilla endurbóta. Málið er þannig vaxið að fólk sem býr í þessum íbúðum er oft afar tekjulágt og einnig eru eigendaskipti mjög tíð þannig að þessar íbúðir ganga kaupum og sölum mjög hratt. Margar þessar íbúðir eru í fjölbýlishúsum og fjölbýlishúsin sjálf eru gersamlega að eyðileggjast. Ekki er nægilegt að byggja nýtt á meðan heilu íbúðirnar og húsin eru gersamlega að eyðileggjast. Ég veit til að á nokkrum er það þannig að íbúðirnar eru orðnar óíbúðarhæfar vegna þess að ásigkomulag húsanna er þannig að það heldur hvorki vindi né vatni. Tillaga okkar gengur út á það að þessi fjölbýlishús séu lánshæf og ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hana. Hún er á þskj. 1050 og 1. tölul. er þannig að eftir 12. gr. þessa frv. komi ný grein svohljóðandi:

„7. mgr. 38. gr. laganna, er verður 36. gr., breytist svo:

Almennar kaupleiguíbúðir eru byggðar eða keyptar á vegum sveitarfélaga, viðurkenndra félagasamtaka eða fyrirtækja, fjármagnaðar með lánum úr Byggingarsjóði verkamanna fyrir allt að 90% af samþykktum byggingarkostnaði og 10% framlagi af hálfu framkvæmdaraðila."

2. tölul.: „Á eftir 12. gr. komi enn ný grein, svohljóðandi:

Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. laganna, er verður 50. gr.:

a. 4. tölul. orðast svo:

4. Lán til almennra kaupleiguíbúða (90% lán).

b. Við bætist nýr töluliður er orðast svo:

5. Lán til meiri háttar endurbóta á félagslegum íbúðum. Nánari reglur hér um skal setja í reglugerð."

Þetta er mjög brýnt mál og nauðsynlegt en eins og lögin eru í dag, þá fá þau sveitarfélög algera synjun við þessari lánafyrirgreiðslu vegna þess að þessa lagastoð vantar. Við teljum því ekki nægjanlegt að byggja nýtt húsnæði á meðan eldra húsnæði er að eyðileggjast og grotna niður. Við leggjum mikla áherslu á að þessi brtt. verði samþykkt.

Að öðru leyti geymi ég það til 3. umr. að fjalla meira um þetta mál ef mér sýnist svo og eitthvað fleira nýtt komi upp í þessu máli en mjög ítarlega hefur verið rætt um það hér á hinu háa Alþingi og ekki er samkomulag um þetta mál eins og hér hefur komið fram.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég las þetta frv. yfir þegar hæstv. ráðherra flutti það á Alþingi og ég verð að segja alveg eins og er að eftir að hafa lesið það yfir er ég eiginlega mjög undrandi á því að ekki skuli hafa orðið meiri breytingar á því.

Hæstv. ríkisstjórn talar mikið um það að nauðsynlegt sé að dreifa valdi í þjóðfélaginu. Hæstv. ríkisstjórn talar mikið um það að nauðsynlegt sé að aðrir aðilar en pólitískir fari með peningastjórn í landinu. Talað er um að það sé forgangsmál ríkisstjórnarinnar að einkavæða ríkisviðskiptabankana og losa þá undan bankaráðum sem kosin eru hér á Alþingi. Okkur er

a.m.k. sagt að það sé mikið stefnumál Alþfl. að breyta ríkisviðskiptabönkunum þannig að þar komi enginn stjórnmálamaður nálægt og látið í það skína að nú þurfi að koma þeim undir almennilega stjórn. En að vísu er ekki samstaða um það mál við Sjálfstfl. og það hefur ekki verið flutt hér.

Það er jafnframt mikið áhugamál Alþfl. að breyta lögunum um Seðlabanka Íslands. Þar á að breyta bankastjórninni þannig að einn bankastjóri fari þar að mestu leyti með vald og hann sé óháður öllum ríkisstjórnum á hverjum tíma. Þessi bankastjóri á að vera pólitískt skipaður af ráðherra og þess vegna finnst mér að sumu leyti að þetta frv. sé ekki í neinu samræmi hvorki við það sem ríkisstjórnin er að tala um, hvað þá það sem almennt er að gerast í þjóðfélagi okkar.

Ekki þarf annað en að lesa í gegnum frv. til að sjá hvað hér er verið að tala um. Í 2. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Ráðherra ákveður með reglugerð, að fenginni tillögu húsnæðismálastjórnar, skipulag stofnunarinnar, þar á meðal skiptingu hennar í svið eða deildir að því leyti sem ekki er kveðið á um í lögum þessum. Heimilt er að sameina yfirstjórn, rekstur og starfsmannahald tveggja eða fleiri sviða, deilda og sjóða sem kveðið er á um í lögum þessum."

Hér er enn á ný eins og er í húsnæðismálunum almennt nákvæm útlistun á því hvað þurfi að gera og hvað megi gera en húsnæðismálalöggjöfin mun nú vera upp undir einar 200 lagagreinar sem fjalla um það hvernig á að fara að því að lána út á húsnæði. Hér er haldið áfram á sömu braut og ráðherra á að ákveða þetta allt saman. Ráðherra á að ákveða skipulag, hvernig stofnuninni er skipt í svið og deildir og það sé að vísu heimilt að beita ráðherravaldi til að sameina yfirstjórn, rekstur og starfsmannahald.

Í 3. gr. er komið að því að þrátt fyrir þetta allt saman á að vera þarna stjórn. Það á að vera húsnæðismálastjórn fimm manna sem nú er lagt til að verði sjö menn. En ég sé ekki að þessi stjórn eigi nokkurn skapaðan hlut að gera almennt nema með samþykki ráðherra. Ég held að það sé miklu hreinlegra að ganga skrefið til fulls og flytja þennan kontór inn í félmrn. Mér sýnist að það sé það sem verið er að leggja til þannig að ráðherrann hafi jafnvel með að gera hverja einustu lánveitingu.

Síðan er komið að hlutverki þessarar ágætu húsnæðismálastjórnar í 4. gr. Hún skal að vísu hafa umsjón með fjárhag og rekstri og annarri starfsemi. Síðan er komið að 2. lið. Það er að gera tillögur til félmrh. um fjárhagsáætlun þar sem fram komi sundurliðaður áætlaður rekstrarkostnaður og fyrirhuguð skipting ráðstöfunarfjár milli útlánaflokka byggingarsjóðanna og meginsjónarmið um ráðstöfun þess. Síðan var í 3. lið, sem ég strikaði sérstaklega í, og er nú eiginlega eina breytingin sem gerð hefur verið til bóta, að fella niður úr 3. tölul. eftirfarandi: „Áður en lánveiting á sér stað skal leita staðfestingar félmrh. á forsendum lánveitingar og skiptingu lánsfjár milli útlánaflokka." Ég skil þetta þannig að það hafi að vísu ekki verið ætlunin að tala um hvert einstakt lán, en svona allt að því. Síðan á þessi ágæta stjórn að fjalla um önnur mál sem ráðherra eða framkvæmdastjóri leggur fyrir hana og síðan á félmrh. að skipa þennan framkvæmdastjóra þannig að það er náttúrlega alveg ljóst að þessi stjórn á ekki að hafa nokkurt sjálfstæði. Mér þykir ólíklegt að menn verði mjög fúsir til að sitja í svona stjórn.

Nú má það vel vera að núv. húsnæðismálastjórn hafi ekki staðið sig sem skyldi. Ég ætla ekki að dæma um það. En að taka upp breytingar með þessum hætti og setja stjórn yfir stofnun sem á ekki að hafa nokkurt sjálfstæði og væntanlega þá enga ábyrgð heldur, ráðherrann á að hafa allt valdið og þá alla ábyrgðina á málinu því að auðvitað fylgir valdinu ábyrgð, það finnst mér með ólíkindum.

Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að flytja þessi mál sem mest yfir til viðskiptabankanna. Við eigum nóg af bankastofnunum í landinu og stofnunum út um allt land sem geta annast þessi mál að mjög miklu leyti. Að vísu er heimilt að gera það og getur ráðherra heimilað með reglugerð að það sé gert samkvæmt 8. gr. og 12. gr. þar sem ráðherra fær líka vald til þess. Það sem mér finnst merkilegt í þessu og spyr ráðherra og aðra sem að þessu standa, af hverju er það ekki hreinlega gert? Og af hverju stendur þá ekki hér að það skuli gert ef það reynist hagkvæmt? Ég er alveg viss um að það er það hagkvæmasta sem hægt er að gera. Og manni er spurn: Af hverju þarf að hafa þennan miðstýringarblæ á þessari starfsemi? Getur þessi starfsemi ekki fallið með eðlilegum hætti inn í annað fjármálakerfi þjóðarinnar. Er eðlilegt að þessi mál séu meira og minna inni á skrifstofu félmrh.? Og hvers vegna í ósköpunum sækist hæstv. félmrh. eftir því að hafa þetta með þessum hætti inni á sinni skrifstofu? Ég ætla ekki að leggja dóm á það hvort nauðsynlegt hafi verið að fella niður tækniþjónustu húsnæðismálastjórnar. Það hefur verið mikilvæg þjónusta og oft á tíðum ódýr. (**Gripið fram í:** Hönnunardeildina.) Já, hönnunardeildina. En manni er spurn: Af hverju er verið að leggja þessa stofnun niður? Á ekki það sama við um embætti húsameistara ríkisins? Hver er munurinn? Fyrst það stendur til að fella niður hönnunardeild húsnæðismálastjórnar, af hverju á þá ekki það sama við um húsameistaraembætti ríkisins? Ég er þeirrar skoðunar, að það sé óþarft embætti og mætti leggja niður að ósekju. Ég held að það væri meiri ástæða til að byrja á því, heldur en þessari hönnunardeild, því að ég tel að hún hafi þjónað ýmsum með þeim hætti að það megi vera til umhugsunar. En að sjálfsögðu er það eins og annað sem menn eiga að breyta ef það er hagkvæmt.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Það má vel vera að hæstv. félmrh. haldi því fram að svona hafi þetta verið og ég hafi, sem ég hef sjálfsagt gert, stutt ýmis ákvæði laga sem ganga í svipaða átt um húsnæðismálin. Ég skal játa að ég hef aldrei verið hrifinn af þessum lagabálkum um húsnæðismál og tel að þar hafi almennt verið of mikil miðstýringarárátta. Ég hlýt að benda á það að eitt helsta vandamál þjóðarinnar í dag eru miklar persónulegar skuld-

ir einstaklinga og gífurleg aukning á skuldum heimilanna. Ég sé ekki að hæstv. ríkisstjórn sé að gera nokkurn skapaðan hlut til þess að taka á þeim vandamálum, enda virðist hún ekki treysta sér til þess. En hún treystir sér til þess að koma með svona frumvörp sem ganga út á það að festa miðstýringuna í sessi og auka hana. Ég held að það væri raunverulega miklu betra ef stjórnarmeirihlutinn ætlar virkilega að láta þetta verða að lögum, að hafa þau lög þannig að félmrh. fer með húsnæðismál og skal skrifstofa þeirra mála vera í félmrn. því mér finnst að þetta frv. gangi nánast út á það. Og ég spyr eins og fleiri: Hvað gengur mönnum til í þessum efnum?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill nú minna á að það er gert ráð fyrir að hér fari fram utandagskrárumræða sem á að hefjast kl. 3.30 og biður hv. þm. að taka tillit til þess þannig að hann geti gert hlé á ræðu sinni kl. 3.30.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þingmaðurinn mun örugglega geta gert hlé á ræðu sinni kl. 3.30 eða á hverjum þeim tíma sem óskað verður eftir. Það verður ekki vandamál af minni hálfu.

Ég vil byrja á því að biðja forláts á því að hafa ekki verið þegar til taks er kallið kom af forsetastóli. Svo háttar til að ég hef verið undanfarnar mínútur að störfum í þingnefnd sem starfað hefur á meðan á þingfundi stendur og er það gert til að greiða fyrir framgangi mála hér í þinginu. Eins og menn vita, þá leggur stjórnarandstaðan sig ætíð fram um að styðja ríkisstjórnina til að greiða fyrir málum þótt ekki sé kannski samstaða um efnisinnihald.

Hér er aftur til umræðu býsna viðamikið mál sem er full ástæða til að fara yfir nokkuð ítarlega. Ræða helstu efnisþætti sem koma málinu við, en það er nú býsna margt þegar við erum að ræða um húsnæðismálin í heild sinni. Ég vil reyna að ræða málið dálítið kaflaskipt eftir einstökum efnisflokkum.

Ég vil fyrst víkja að því frv. eða þeim tillögum sem liggja fyrir núna, frá meiri hluta félmn., um breytingar á núverandi löggjöf. Að vísu er rétt að fram komi að meiri hlutinn er tæpur. Einn af fimm nefndarmönnum undirritar álitið með fyrirvara og ekki gekk allt of vel að ná tilskildum meiri hluta nefndarmanna til þess að skrifa upp á þær tillögur sem þarna liggja fyrir. Eftir nokkrar vikur fór svo að málið hlaut brautargengi út úr nefndinni þegar til voru kvaddir þingflokksformenn beggja stjórnarliða til að sitja nefndarfundinn. Ekki dugði minna, til að ná út úr nefndinni þessum merkilegu tillögum frá hæstv. félmrh. Það voru miklir þungavigtarmenn sem þarna voru sestir á stóla. Sat hvor sínum megin við hlið eins nefndarmanna úr meirihlutaliði og gætti þess að hallaðist ekki á.

Ég vil segja um þær breytingar, sem hæstv. ráðherra hefur lagt hér mikið kapp á að fá fram, að þær eru um margt ekki nýjar. Hér fór fram í aprílmánuði fyrir þremur árum nokkuð mikil umræða um breytingar eða frv. frá hæstv. ráðherra sem lagt var fram á 113. löggjafarþingi og sætti það frv. nokkurri gagnrýni. Helstu efnisþættir í frv. frá 1990 voru breytingar á stjórnsýslukafla laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þær breytingar sem lagðar voru til í því frv. eru afar keimlíkar þeim breytingum sem nú eru lagðar til þremur árum seinna. Og það er dálítið merkilegt að flokkurinn sem í dag, í þingsölum, gæti helst heitið týndi flokkurinn, flokkurinn sem hvarf, Sjálfstfl., sem sést ekki hér innan þingsala, nema einn þingmaður flokksins sem ég sé handan við sjóndeildarhringinn á vinstri hönd, hann gagnrýndi þetta frv. geysilega hart fyrir þremur árum og talaði þá um miðstýringu og ráðherravald og fleira í þeim dúr sem Sjálfstfl. gæti ekki staðið að að samþykkja, að auka miðstýringuna í stjórnkerfi landsins. Svo merkilega vill til að þessi sami flokkur hefur nú skrifað upp á þetta. Nú er Sjálfstfl. orðinn burðarásinn í að koma fram þeirri stefnu að flytja valdið innan stjórnsýslunnar frá ríkisstofnun beint inn á ráðherraborð. Þetta er flokkurinn sem talar á móti samþjöppun valdsins. En við sjáum það auðvitað í verkum ráðherra Sjálfstfl. í núv. ríkisstjórn, að þessi samþætting valdsins í persónunni ráðherra er í raun það sem Sjálfstfl. hefur verið að stefna að og vill hafa. Hann vill hafa stjórnkerfið þannig að það sé í lúkunum á hæstv. ráðherra. Sjálfstfl. er mesti miðstýringarflokkur Íslands nema e.t.v. að undanskildum Jafnaðarmannaflokki Íslands, litla flokknum hægra megin við Sjálfstfl. Það er svona blæbrigðamunur á þeim flokkum og varla það eftir að sá flokkur varð tækur í Bilderbergsamtökin.

Það er dálítið skrýtinn veruleikinn, þegar menn skoða hann og kynnast honum í raun, að sjá það að Sjálfstfl. sem gefur sig út fyrir að vera flokkurinn með frelsið, er í raun aðalkerfisflokkur Íslands. Hann er möppudýraflokkur nr. eitt. Hann vill safna völdunum í sínar hendur, örfárra valinna manna úr sínum röðum, og beita valdinu í þágu sinna flokksmanna, umfram það sem hann sér hjá öðrum hægri sinnuðum stjórnmálaflokkum á Íslandi. Þetta er alveg með ólíkindum, að það skuli vera svona í raun, að sá flokkur sem helst minnir á forræðishyggjuflokkana í Austur-Evrópu er Sjálfstfl. á Íslandi og svo innan sviga fyrir aftan Jafnaðarmannaflokkur Íslands, Bilderberg hf. Þetta eru flokkarnir sem umgangast valdið sem stjórntæki, ekki í þágu fólksins heldur í sína þröngu hagsmunaþágu. Þetta eru hinir nýju Íslands Hrafnistumenn. Það er nákvæmlega á þessum brautum sem þetta frv. er, það er verið að færa valdið frá þingkjörinni stjórn til ráðherra.

Það virðist vera svo að ráðherrar í þessari ríkisstjórn séu algerlega óseðjandi í þörf sinni fyrr vald. Á síðasta ári var lamið hér í gegn, með miklum slætti, nýtt frv. til laga um málefni fatlaðra þar sem meginbreytingin var að flytja valdið inn í ráðuneytin, inn á borð ráðherra. Nú situr ráðherrann og er búinn að vera með á annan mánuð í kjöltu sinni úthlutun úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Fleiri hundruð millj. sem ráðherrann hefur þarna úr að spila eftir eigin höfði, þó að fengnum tillögum stjórnar. (Forseti hringir.) Ég heyri það, virðulegi forseti, að nú er komið að því hléi sem

boðað var er ég hóf ræðu mína. (**Forseti:** Nema hv. þm. sé að ljúka ræðu sinni, þá er sjálfsagt að hinkra nokkrar mínútur.) Nokkuð er nú eftir.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Gæsla þjóðminja.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Eins og forseti hafði tilkynnt fer nú fram utandagskrárumræða samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. þingskapa um gæslu þjóðminja. Málshefjandi og viðkomandi ráðherra hafa í fyrri umferð 5 mínútur hið mesta og tvær mínútur í þeirri síðari. Aðrir þingmenn og ráðherrar tvær mínútur í hvorri umferð.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrir réttri viku síðan brann skemma í Kópavogi til kaldra kola. Skemman sem var í eigu Þjóðminjasafnsins hafði að geyma 18 gamla báta, sá elsti var smíðaður 1840 en sá yngsti var frá því um 1940. Þarna mátti því lesa út frá bátalagi, saumum og viði hluta af 100 ára sögu sjómennsku og siglinga við strendur Íslands. Í skemmunni var einnig geymdur rekaviður í eigu húsfriðunarnefndar, ætlaður til viðgerða á gömlum húsum. Við þennan bruna eyðilögðust ómetanlegar og óbætanlegar þjóðminjar. Handverk bátasmiða, atvinnutæki tuga sjómanna frá fyrri tíð, bátar sem færðu hundruðum formæðra okkar og forfeðra lífsbjörgina eru orðin að ösku.

Saga okkar og menning er orðin mun fátækari en áður. Þessi bátafloti, ættaður víða að af landinu, var geymdur í bráðabirgðaskemmu langt frá sjálfu Þjóðminjasafninu og Sjóminjasafninu í Hafnarfirði án nokkurrar gæslu eða varnarkerfa af einu eða öðru tagi. Börn úr nágrenninu notuðu skemmuna og svæðið í kring sem leikvöll og urðu völd að þessu óbætanlega tjóni er þau léku sér að eldi.

Að mínum dómi er hér um mjög alvarlegan atburð að ræða sem hlýtur að kalla á allsherjarúttekt á stöðu safnamála í landinu og ég er viss um að víða um land þar sem er að finna einstök hús frá 18. og 19. öld, svo og stórmerkileg söfn nánast óvarin, hafa menn hrokkið við vegna þessa óhappaverks en það verður ekki annað sagt en stjórnvöld hafi sýnt vítaverða vanrækslu svo árum skiptir í fjárveitingum sínum til safna og þjóðminja.

Bruninn í Kópavogi hefur vakið upp margar spurningar um það hvernig gæslu þjóðminja okkar er háttað og hvernig búið er að söfnum landsins og hvernig öryggi muna og minja er tryggt. Ég lít svo á að okkur sem nú teljumst komin til vits og ára beri að standa vörð um þann menningararf sem við eigum sameiginlegan hvort sem hann felst í tungutaki, siðum, venjum, bókmenntum, skráðum á skinn eða pappír, fornminjum eða þeim munum sem tekist hefur að varðveita frá fyrri tíð. Við höfum skyldum að gegna við sögu okkar og fortíð framtíðarinnar vegna, enda hlýtur sú þjóð sem ekki hlúir að menningu sinni og þekkir ekki sögu sína að verða villuráfandi og rótlaus.

Eftir því sem ég fæ næst komist, frú forseti, eru öryggismál safna landsins í ólestri. Söfnin og gömul hús tengd þeim eru ýmist í eigu ríkisins eða sveitarfélaga en einstaka hús eða söfn eru rekin af einstaklingum eða félögum. A.m.k. í tvígang hefur verið gerð úttekt á söfnum landsins, annars vegar af Ragnhildi Vigfúsdóttur sagnfræðingi sem ritar grein í Morgunblaðið í dag um þessi mál. Hins vegar hefur Kristín Sigurðardóttir, sérfræðingur í forvörnum muna og minja, kannað ástand safnanna. Þessum sérfræðingum ber saman um að öryggi safnanna sé ábótavant en einnig að sú aðstaða sem er að finna utan þeirra, aðstöðu sem safngestum er ekki boðið upp á að skoða, þ.e. geymslur safnanna, séu alls óviðunandi. Peningum hefur fyrst og fremst verið varið í sýningarsali en þegar kemur að geymslum versnar málið.

Söfn eru ekki bara sýningarsalir. Þau þurfa einnig að geta varðveitt muni við rétt hitastig og rakastig auk þess að geta tryggt að eigur safnsins hverjar sem þær eru verði ekki vatni, vindum, reyk eða eldi að bráð. Söfn þurfa að hafa viðvörunarkerfi, eldvarnarhurðir, eldtrausta skápa og þjófavörn. Mér vitanlega býr ekkert safn hér á landi við þessar aðstæður ef undan er skilin Stofnun Árna Magnússonar sem samkvæmt upplýsingum forstöðumanns er rammgert vígi utan um bókmenntaarfinn sem gætt er jafnt dag sem nótt og varinn með ýmiss konar tækni. Sérstök ástæða er til að huga að Þjóðminjasafninu, Landsbókasafninu og Þjóðskjalasafninu en öll þessi söfn hafa að geyma dýrgripi sem hvergi finnast annars staðar, gripi, bækur, handrit og skjöl sem engin leið er að endurnýja verði þau eyðileggingu að bráð. Öll þessi söfn þurfa að búa við fyllsta öryggi og allar hugsanlegar varnir.

Hér á landi gengur fólk óhindrað inn á söfnin. Í mesta lagi eru menn beðnir að skilja töskurnar sínar eftir í geymslu, en safnverðir, oftast fullorðnar konur, gæta þjóðararfsins og er auðvitað vel til þess treystandi á meðan ekkert kemur fyrir. Hingað til hefur andvaraleysið ekki komið að sök svo að ég viti til, en eftir Kópavogsbrunann hljótum við hér á hinu háa Alþingi að beita okkur fyrir auknum fjárveitingum til allra þeirra safna sem þurfa að taka á sínum öryggismálum og þau eru mörg. Það má ekki bíða að bætt verði úr. Við eigum að læra af fenginni reynslu þó dapurleg sé og þótt það kosti peninga.

Þá vil ég vekja sérstaka athygli á gömlu torfbæjunum en eftir því sem mér er sagt er í mesta lagi að finna í þeim reykskynjara og slökkvitæki. Torfbæirnir eru einstakt fyrirbæri í byggingarsögu heimsins og við megum engan þeirra missa þó að forfeður okkar hafi tíðkað að brenna þá hver ofan af öðrum í hefndarskyni.

Virðulegi forseti. Staðan í öryggismálum safna landsins og gæsla þjóðminja okkar er mikið áhyggjuefni í ljósi þeirra atburða sem eru tilefni þessarar umræðu. Ég vil því beina eftirfarandi spurningum til hæstv. menntmrh.:

Hvernig er staða öryggismála og gæslu þjóðminja okkar háttað að mati ráðuneytis hans? Og til hvaða ráðstafana hefur verið gripið og á að grípa til í ljósi brunans í Kópavogi?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Vegna brunans í Kópavogi þar sem verulegur hluti bátasafns Þjóðminjasafnsins eyðilagðist hef ég átt fundi með þjóðminjaverði um öryggismál safna yfirleitt. Guðmundur Magnússon þjóðminjavörður hefur tekið saman minnisblað þar sem fram kemur hvernig öryggismálunum er varið.

Í Þjóðminjasafninu við Suðurgötu er varnarkerfi gegn innbrotum. Enginn óviðkomandi á að geta komist inn í húsið þegar þar er ekki starfsemi án þess að viðvörunarkerfi tengt stjórnstöð öryggisgæslufyrirtækis fari í gang. Strax og slík boð fara í gang eru gerðar viðeigandi ráðstafanir. Við kerfið eru einnig tengdir nemar sem skynja hita og reyk og gera viðvart. Berist slík boð er þegar í stað haft samband við slökkvilið. Á efri hæð hússins eru rakaskynjarar. Verði leki eða springi lagnakerfi berast boð til viðvörunarkerfisins sem sendir þau áfram. Rakaskynjarar eru einnig í ljósmyndastofu á jarðhæð hússins. Vinnupallar standa við austurhlið hússins. Við þá eru tengdir nemar sem senda boð um óviðkomandi umgang.

Brunavörnum innan húss er þannig háttað að handslökkvitæki eru á nokkrum stöðum og brunaslöngur tengdar vatnslögn hússins eru á hverri hæð. Fyrir sýningarsölum eru járnhurðir en ekki er um aðra hólfun að ræða. Að mati þjóðminjavarðar þarf enn að auka öryggisbúnað hússins og opna leið út úr húsinu á suðurgafli. Skortur á viðhaldi hússins um langt árabil hefur skapað ákveðna öryggisáhættu, einkum hvað varðar rafmagn og hitalagnir.

Í Sjóminjasafni Íslands í Hafnarfirði, sem er deild í Þjóðminjasafninu, eru nýleg eldvarnarkerfi og eldtefjandi plötur voru settar í veggi við endurbyggingu hússins fyrir nokkrum árum. Brunaslöngur og slökkvitæki eru í húsinu ásamt brunakerfi sem tengt er Slökkvistöð Hafnarfjarðar. Innbrotakerfi frá öryggisgæslufyrirtæki er einnig í húsinu.

Í Nesstofu á Seltjarnarnesi er verið að setja upp innbrotakerfi. Í geymslu Þjóðminjasafns í Vesturvör í Kópavogi er brunaviðvörunarkerfi tengt slökkvistöð. Áformað er að setja þar upp innbrotakerfi. Með geymslu Þjóðminjasafnsins í Dugguvogi er reglulegt eftirlit ákveðins aðila sem hefur með öryggisvörslu í hverfinu að gera. Ákveðið hefur verið að auka öryggisvarnir í Dugguvogi, enda liggur fyrir nýleg öryggisúttekt á húsnæðinu.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um öryggismál á öllum byggðasöfnum. Sérfræðingar Þjóðminjasafns Íslands hafa á undanförnum missirum heimsótt hvert byggðasafnið af öðru og gert þar allsherjarúttekt, þar á meðal hvað varðar öryggisbúnað og eldvarnir. Skýrslur liggja fyrir um 14 byggðasöfn og nokkur önnur minjasöfn. Víðast hvar hefur brunavarnaúttekt einnig verið gerð á vegum eldvarnaeftirlits eða Brunamálastofnunar á síðustu árum. Aðeins er innbrota- og viðvörunarkerfi tengt lögreglu eða slökkviliði á fjórum þessara byggðasafna.

Undantekningarlítið eru handslökkvitæki í söfnunum. Þjóðminjasafn Íslands á eða hefur umsjá með á fjórða tug friðaðra húsa og kirkna víða um land. Mörg þessara húsa eru torfhús án rafmagns og sum fjarri alfaraleið. Ekki er hægur leikur að koma þar við brunavörnum eða innbrotakerfi og óhugsandi sums staðar. Saman tekið er niðurstaða þjóðminjavarðar sú að auka þurfi öryggisbúnað í geymslum Þjóðminjasafns eins og unnið hefur verið að og gera átak í brunavörnum og öðrum varnabúnaði og byggðasöfnun. Bruninn í bátaskýli Þjóðminjasafnsins í Kópavogi aðfararnótt 23. apríl sl. gefur enn fremur tilefni til þess að allt öryggiskerfi safnsins verði vandlega yfirfarið og nýjar tæknilegar úrlausnir skoðaðar.

Ég hef fengið bréf frá Þór Magnússyni þjóðminjaverði þar sem hann gerir grein fyrir aðdraganda byggingarinnar sem eyðilagðist í eldinum í Kópavogi. Eftir að hafa sagt frá bátum sem Þjóðminjasafnið hafði eignast á undanförnum áratugum og hvernig geymslu þeirra hafði verið háttað segir svo í bréfi Þórs Magnússonar:

„Er Þjóðminjasafnið fékk umráð yfir stórri skemmu við Vesturvör í Kópavogi og lóð umhverfis voru bátarnir sem voru í Viðey og aðrir úti fluttir þangað. Voru þeir settir inn í skemmuna í Kópavogi 1990 en þar sem hún var frekar ætluð til geymslu annarra hluta og bátarnir fóru ekki vel inni í heitu og þurru húsi fékkst að reisa einfalt skýli á lóðinni í Vesturvör. Var það hannað sem vandað bráðabirgðaskýli, ekki eiginlegt hús heldur nánast sem rimlahjallur með sterkri grind, járnþaki og klæðning niður á veggi en rimlum fyrir neðan. Skýlið var læst, vindur lék vel um og bátarnir voru varðir gegn snjó og regni, þornuðu hægt og áttu ekki að skemmast frekar. Fékkst leyfi fyrir þessari byggingu hjá Kópavogskaupstað sem bráðabirgðaskýli en eiginlegt hús var ekki farið fram á að reisa því að svæðið var ekki skipulagt. Varanleg bygging hefði þurft að taka mið af skipulagi. Geymslan var ódýr því að kostnaði varð að halda innan marka en þó þjónaði hún mjög vel tilgangi sínum meðan allt var með felldu. Þessi bátageymsla var reist innan læstrar girðingar og átti engin mannaferð að vera þar um. Bátarnir voru settir inn í hana jafnóðum og hún var reist. Sumir stóðu á malarfyllingunni en aðrir minni hafðir uppi á bitum því að reynt var að nýta plássið vel, enda gert ráð fyrir að um 20 bátar kæmust þarna inn og voru 18 settir þangað. Ekki voru hafðar stórar dyr á skýlinu þar eð ekki var get ráð fyrir að bátar yrðu teknir úr því fyrr en þeir yrðu settir á endanlegan stað, en hefði þess þurft var gert ráð fyrr að skrúfa frá stoðir og bita og hefði það tekið einhverja klukkutíma að opna skýlið þannig og ganga frá því aftur. Hins vegar átti að vera rúm til að gera við eða lagfæra báta þarna inni. Ekkert rafmagn var í skýlinu né upphitun og átti engin hætta að vera þar af íkviknun innan frá. Ekki hvarflaði að mönnum að kveikt kynni að verða í skýlinu því að óviðkomandi mannaferð yrði engin þar. Þar væri engra verðmæta að leita og ekki talið að neinn sæi til-

gang í að brjótast þar inn og vinna spellvirki. Því var ekki settur sérstakur viðvörunarbúnaður í skýlið, en eldviðvörunarkerfi tengt slökkvistöð var hins vegar í skemmunni stóru á lóðinni."

Ég kemst því miður ekki lengra. Ég vil aðeins greina frá því að ég hef ritað Brunamálastofnun ríkisins bréf þar sem ég hef farið fram á að Brunamálastofnunin hlutist til um úttekt á brunavörnum í Þjóðminjasafni Íslands og sérsöfum þess, geymslum Þjóðminjasafnsins og byggðasöfnum um allt land. Einnig í ríkissöfnum í samráði við forstöðumenn þeirra, þ.e. Landsbókasafn Íslands, Þjóðskjalasafn, Listasafn Íslands, Listasafn Einars Jónssonar og Blindrabókasafn Íslands.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eitt eftirminnilegasta útvarpsviðtal sem ég hef heyrt lengi og ég hygg að sitji í mér alllengi enn, er útvarpsviðtal sem var átt við Lúðvík Kristjánsson, rithöfund og sagnfræðing, daginn eftir að Kópavogsbruninn átti sér stað þar sem hann lýsti því að þarna hefðu farið forgörðum menningarleg, söguleg verðmæti, óbætanleg með öllu, en Lúðvík Kristjánsson hefur eins og kunnugt er helgað ævi sína því verki að halda til haga sögu íslenskra sjávarhátta á mjög breiðum grunni. Og ég held að það sé ekki nokkur leið annað en við gagnrýnum okkur dálítið fyrir þá niðurstöðu sem þarna liggur fyrir, þó að það sé að sumu leyti erfitt því að hér er ekki um fjárhagslegan vanda að ræða. Hér var ekki um að ræða kostnað sem var neinni stofnun ofvaxið að ráða við. Það er alveg hægt að segja að við hefðum getað verið betur á verði. Það er alveg hægt að segja án þess að gagnrýna neinn með ósanngjörnum hætti, það hefði verið hægt að vara sig betur, búa þetta hús betur áður en til þessara óskapa dró.

1989 keyptum við hús fyrir geymslu Þjóðminjasafnsins við Vesturvör í Kópavogi af Jarðborunum ríkisins. Það hús er vel varið, tengt við slökkvilið og Securitas-kerfið. Einnig er um að ræða geymslu í Dugguvogi sem hefur verið allvel varin, sömuleiðis á efri hæð á Suðurgötu eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra og allt þarf þetta skoðunar við. Ég fagna því að hæstv. ráðherra hefur leitað til Brunamálastofnunar varðandi úttekt á þessum málum. Ég tel að hann ætti einnig að snúa sér til fjárln. Alþingis og menntmn. og fjmrn. til þess að tryggja að peningar verði undanbragðalaust veittir í þetta verkefni strax á þessu ári eftir fjáraukalögum eða sérstökum ríkisstjórnarákvörðunum ef nauðsyn krefur. Ég tel að við eigum að láta þennan Kópavogsbruna verða okkur víti til varnaðar þannig að við tökum til hendinni þegar í stað.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það þarf að auka öryggisbúnað, sagði hæstv. menntmrh. og ég vil þakka fyrir það. Mér heyrðist reyndar á hans máli að það hefði ýmislegt verið gert síðan þetta atvik átti sér stað, til þess að bæta úr. En ég vil þakka hv. 18. þm. Reykv. fyrir að vekja máls á mikilvægu máli. Kveikjan að þessari umræðu er mikið og dapurlegt atvik sem átti sér stað þann 22. apríl sl. þegar 18 bátar frá ofanverðri síðustu öld og öndverðri þessari brunnu til ösku í bátasafni Þjóðminjasafnsins í Kópavogi. Atvik sem þetta vekja þjóðina til umhugsunar um uppruna sinn og lífshætti fyrri kynslóða. Þau vekja líka upp hugsanir sem þær hvernig við stöndum okkur í stykkinu sem þjóð við það að vernda merkar minjar. Þessir bátar sem hér um ræðir verða ekki kallaðir fram á ný en e.t.v. getur atburðurinn sem slíkur orðið til þess að þeir sem fara með málefni þjóðminjavörslu og þeir sem stjórna þessu landi grípi til fyrirbyggjandi aðgerða sem gætu orðið til þess að svona lagað komi ekki fyrir aftur.

Það eru ekki mörg ár síðan hv. Alþingi setti ný þjóðminjalög og þar er kveðið er á um ýmis atriði sem hafa því miður ekki komið til framkvæmda enn þá og má þar t.d. nefna ákvæði um minjaverði. Þjóðminjalögin gáfu líka vonir um að þjóðminjavarslan yrði styrkt. Allt hefur þetta því miður strandað of mikið á fjárskorti og ég vil leyfa mér að velta því hér upp hvort stjórnkerfið okkar geti verið óskilvirkt hvað þetta snertir.

Tími minn er víst á þrotum en ég vil þá að síðustu leggja áherslu á það að hér verði staldrað við og skoðað hvað gæti orðið til þess að svona lagað komi ekki fyrir aftur.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 18. þm. Reykv. fyrir að hreyfa þessu alvarlega máli hér. Það tjáir kannski ekki að sakast um orðinn hlut í þessu heldur koma í veg fyrir það eins og unnt er að svona hlutir geti endurtekið sig.

Erindi mitt hingað upp var að minna á það að söfn, bæði Þjóðminjasafnið og önnur söfn, hringinn í kringum landið eru í fjársvelti og það er áríðandi að ráða þar bót á. Og það er auðvitað nauðsynlegt og það sýnir þessi atburður okkur að dreifa þeim menningarverðmætum, ekki síst þeim menningarverðmætum sem við eigum við sjávarsíðuna og gera þær minjar aðgengilegar í sínu upprunalega umhverfi. Það hefur í raun verið unnið gífurlega mikið starf á því sviði og er ekki síst í sjóminjasöfnunum mjög myndarlega að því staðið víða um land en því miður skortir fjármuni til að gera það eins vel eins og skyldi. Auðvitað þurfum við í þessu sambandi að huga sérstaklega að öryggisþættinum í þessum málum. Ég vona að þessi atburður verði til þess að það verði gert og reyndar gaf hæstv. menntmrh. þær yfirlýsingar og það er vel og það verða framkvæmdir að fylgja þeim og fjármunir.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Það er nú eins og svo oft áður að það er eins og því miður þurfi sérstök áföll til þess að við þingmenn rönkum við okkur og tökum til umræðu mjög mikilvæg mál eins og safnamálin eru auðvitað og það er ástæða til að þakka það að þessi umræða skuli komin hér upp. Því miður held ég að þó að hverju svo sem um var að kenna í því tilviki eða við þann atburð sem þarna átti sér stað, þá held ég að meðal ráða-

manna hafi verið talsvert mikið og nokkuð sérstakt skilningsleysi gagnvart sjóminjum og þjóðminjum af ýmsu tagi. Það sem varðveist hefur og það sem sinnt hefur verið um hefur ekki síst verið að þakka áhugasömu fólki úti um land allt sem hefur haft skilning á því og auga fyrir því hvað hefði varðveislugildi og það þarf ekki annað en horfa á þær minjar sem við eigum þó enn þá eftir í húsum að það er ekki síst fyrir ötult starf einstaklinga og áhugamanna sem þessi hús hafa hreinlega varðveist. En því miður hafa allt of mörg tapast og það alveg fram á allra síðustu ár. Vil ég bara minna hér á Fjalaköttinn sem fyrir ekki svo mörgum árum var rifinn og enn þá undir því yfirskini að þarna væri um einhverjar danskar fúaspýtur að ræða sem ekki tæki því að kosta neinu til. Svona hús eru núna að grotna niður um allt land og þó að þessi þjóð eigi auðvitað merkilegar minjar úr bókum, þá er eins og þjóðin hafi kannski svolítið blindast af því og sjái ekki þær miklu minjar sem hún á sér í ýmsum sjóminjum, ekki síst í þjóðminjum af ýmsu tagi og húsum. Það er auðvitað hægt að lesa söguna úr öðrum bókum, það er hægt að lesa og upplifa söguna úr sínu nánasta umhverfi.

Þá finnst mér stundum eins og sú sýning sem hangir núna uppi á Þjóðminjasafninu sé bara sjálf að verða þjóðminjar, hún sé orðin til marks um það hvernig sýningar voru settar upp hér á árum áður. Og auðvitað kemur þetta ekki til af engu. Þetta kemur til af því að það vantar skilninginn, það vantar metnaðinn og það vantar fjármunina og ég held að þessu verði að breyta því að það sem helst má til varnar verða í breytilegum heimi núna er einmitt að efla menninguna og styrkja kjölfestuna.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans svör. Þau sýna að einhver hreyfing er komin á þessi mál og eins og búast mátti við er auðvitað fyrsta skrefið að gera úttekt á stöðu þessara mála. En það verður að fylgja því eftir, fyrst og fremst með fjárveitingum þannig að söfnin geti búið svo um hnútana að þær minjar sem þau varðveita geti talist örugg. Ég vil minna á það að þessi mál eru auðvitað ekki einhlít því að úti á landi tíðkast það sums staðar, a.m.k. á Akureyri, þar sem varnir eru nú í þokkalegu lagi eftir því sem mér er sagt, að þar er söfnunum gert að greiða gjald fyrir þá þjónustu sem bæjarfélagið veitir. Þar vill svo til að Nonnahús er í varðveislu ákveðins félags þar í bæ og það hafa vaknað upp spurningar um það hvernig þetta félag eigi að standa undir þessu gjaldi. Minjasafnið á Akureyri greiðir 60 þús. kr. á ári í gjald fyrir þá þjónustu sem bæjarfélagið veitir við brunavarnir. Það þarf því líka að huga að því að söfnunum sé hreinlega kleift að borga fyrir þá þjónustu sem brunavarnir kalla á.

En ég vil minna á að þetta mál snýst ekki eingöngu um brunavarnir eins og hér hefur komið fram. Það er margs konar önnur varsla sem við þurfum að huga að því að það er ekki öðruvísi en með víðtækum vörnum sem við getum varðveitt okkar menningararf. En aðalatriðið er auðvitað að læra af fenginni reynslu og að við stöndum hér sameiginlega að því að bæta úr þessu með því í fyrsta lagi að fá vandaða úttekt á stöðu þessara mála og í öðru lagi með því að fylgja henni eftir með auknum fjárveitingum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég á það erindi fyrst og fremst í þennan ræðustól að þakka frummælanda fyrir að hreyfa þessu máli og einnig hitt að minna á það að eyðingin hljóða vinnur daglangt og það eru stöðugt að skemmast fornmunir í þessu landi vegna þess að við höfum ekki náð því að vinna það verk sómasamlega að veita það fé sem þarf til þess að viðhalda þeim. Ég held að þeir tímar muni koma og það fljótlega að fleiri og fleiri geri sér grein fyrir því að varðveisla þessa arfs hefur einnig fjármálalegt gildi fyrir þjóðina því að tvímælalaust á það eftir að koma inn í ferðamál Íslands í ríkum mæli að við höfum eitt og annað að sýna útlendingum úr okkar sögu sem beinlínis á erindi á þann veg að það skapar gjaldeyri fyrir íslenska þjóð.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég fagna þeim áhuga sem fram kemur í máli hv. þm. á að verja fé til varðveislu menningarverðmæta og það er enginn efi á því að það er vaxandi skilningur á nauðsyn þess og ekki síst á varðveislu gamalla bygginga.

Það er enginn efi að menn töldu sig vera að gera rétt þegar reist var skýli sem geymdi þessa 18 báta. Menn geta kannski sagt núna að þeir hefðu betur verið dreifðir áfram víða um land, en það var þó samdóma álit manna að þeir mundu eyðileggjast með því móti. Hv. þm. Jón Kristjánsson nefndi það einmitt að það þyrfti að dreifa menningarverðmætum og gera þessi verðmæti aðgengileg fyrir fólk sem víðast um landið og það er vafalaust alveg rétt.

Ég legg áherslu á að menn töldu sig áreiðanlega vera að gera rétt með því að forða þessum bátum frá skemmdum þar sem þeir lágu víða úti undir beru lofti og sums staðar í mjög slæmum geymslum. Það þarf svo sannarlega að hyggja betur að þessum málum heldur en við höfum gert og ég bendi á það þótt vegna þessa atviks og óhapps hafi verið sett af stað mjög ákveðin athugun, þá var ýmislegt þegar komið af stað áður.

Þór Magnússon nefnir ýmislegt fleira í því bréfi sem ég var að lesa upp úr áðan, m.a. það að miklir skaðar hafa orðið víða um lönd vegna óhappa og einnig vegna íkveikja og hann minnir á skaða sem hér hafa orðið eins og þegar kirkjurnar á Breiðabólsstað og Skógarströnd brunnu, Miklabæ í Skagafirði, Ísafirði, Seyðisfirði og Heydölum. Sumir þessara bruna hérlendis og ytra urðu af gáleysi en í sumum byggingum var kveikt af ásettu ráði og við þurfum að gera allt sem við getum til þess að koma í veg fyrir slíkt.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 276. mál (stjórnsýsluleg staða, skyldusparnaður o.fl.). — Þskj. 384, nál. 1011 og 1049, brtt. 1012 og 1050.

Kristinn H. Gunnarsson (frh.):

Virðulegi forseti. Ég hafði rétt nýhafið ræðu mína er hlé varð að gera á umræðu vegna utandagskrárumræðu og var að hefja umfjöllun um þann þátt frv. er varðar breytingu á stjórnsýslulegri stöðu stofnunarinnar og yfirstjórn hennar og tengslum gagnvart ráðuneyti. Ég tel að það sé nauðsynlegt að fara nokkuð rækilega yfir þann þátt málsins því þar er um að ræða kannski það efni frv. sem mestur ágreiningur er um og mest umdeilanlegt er út frá pólitískum sjónarhóli séð því að þar kristallast í afstöðu manna mismunandi pólitískar skoðanir á hlutverki og valdsviði framkvæmdarvaldsins. Og miðað við stöðu málsins er ljóst að hér í þinginu skiptast menn í tvær fylkingar hvað þetta varðar. Annars vegar er sá hópur eða sú fylking sem vill þjappa valdi, færa meira vald undir beint boðvald ráðherra, breyta eðli framkvæmdarvaldsins þannig að draga meiri völd undir ráðherrann og hin fylkingin eru þeir sem vilja dreifa valdinu eins og verið hefur í þessum málaflokki og jafnvel á öðrum sviðum ganga lengra í þá átt að dreifa valdinu en verið hefur. Það er gömul saga og ný að vald spillir og ef einstaklingar hafa með höndum mikið vald í langan tíma, þá er hætta á því að valdið spilli þeim sem með það fara og menn fari að misbeita valdinu. Þess vegna er það grundvallaratriði hvernig menn byggja upp þessa stjórnsýslu, hvort menn byggja hana upp í þeim tilgangi að sem minnstar líkur séu á því að einstakir ráðherrar hafi of mikið vald í sínum höndum og sem minnstar líkur eru á því að um spillingu verði að ræða í stjórnsýslunni. Þarna er um að ræða pólitískt kjarnaatriði sem menn eru að takast á um í umræðu um þetta mál. Og það frv. sem hér liggur fyrir gerir þarna grundvallarbreytingu á, breytir stöðu mála frá því að valdið liggur nokkuð dreift í húsnæðismálum, annars vegar í sérstakri stofnun sem er sjálfstæð ríkisstofnun með eigin yfirstjórn, kosin af Alþingi, yfir í það að vera deild í félmrn. Um þetta snýst málið. Og það er ekki lítið í húfi þegar það er haft í huga að árlega er húsnæðismálastjórn að úthluta peningum, miklum peningum. Þar er um að ræða stjórn sem hefur verið falið það verkefni að útdeila peningum til aðila sem um það geta sótt. Og auðvitað skiptir miklu máli hvernig menn byggja upp stjórnsýsluna og lagarammann utan um þá ákvörðun hvernig og hverjir eigi að deila út skömmtuðu fé.

Það fé sem árlega undanfarin ár hefur verið til ráðstöfunar í þessu skyni eru engir smáaurar. Það er miklu meira heldur en er árlega úr Framkvæmdasjóði fatlaðra sem Alþingi breytti lögum um á síðasta þingi í þá veru að færa vald meira til félmrh. en áður hafi verið. Þar erum að ræða nokkur hundruð millj. sem ráðherrann er kominn með tök á að ráðstafa meir af eigin vild en áður var þó vald ráðherrans sé ekki óskorað í þeim efnum. En í þessum sjóðum, byggingarsjóðunum, erum við að tala um 3 milljarða kr. á ári. Og hvernig halda menn að verði haldið á útdeilingu á þessum peningum, 3.000 millj kr. á ári þegar útdeilingarkerfið er komið í beinar hendur ráðherrans eins og lagt er til í þessu frv.? Menn geta rétt ímyndað sér hvort það sé hyggilegt fyrirkomulag að leggja það á nokkurn ráðherra að hafa slíkt vald, að geta meira og minna ráðið því hvernig þessu fé er deilt út. Ég held að það sé ekki mikill greiði gerður þeim ráðherra sem er falin sú ábyrgð, það vald að hafa þetta fé meira og minna til ráðstöfunar þó að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar sé. Og það þarf ekki mikið hugmyndaflug þegar menn horfa yfir ríkisstjórnarbekkinn hér í þessari ríkisstjórn sem á tveggja ára afmæli í dag og heldur upp á það með því að sýna þjóðinni tóma ráðherrabekki á báða vegu. (**Gripið fram í:** Kannski eru þeir hættir.) Þeir eru kannski hættir, ráðherrarnir, eða farnir að halda upp á afmælið úti í Viðey. Það væri fróðlegt ef hæstv. forseti upplýsti þingheim um það hvar ríkisstjórnin heldur sig í dag.

Þegar við horfum yfir það hvernig ráðherrar í þessari ríkisstjórn hafa beitt valdinu, þá hugsar maður til þess með hryllingi ef á að fara að flytja úthlutunarvald á 3.000 millj. kr. til eins ráðherra. Mér líst ekki á það fyrirkomulag, hvorki út frá almennum pólitískum viðhorfum né út frá þessari ríkisstjórn að taka upp þetta fyrirkomulag sem hér er lagt til.

Þetta er því miður ekki fyrsta atlagan af hálfu núv. félmrh. í þá veru að ná undir sig þessu valdi. Hæstv. félmrh. sem er búinn að sitja hér í ráðherrastólnum í rúm 6 ár. Hann reyndi það fyrir þremur árum að fá það Alþingi sem þá sat til þess að samþykkja þetta vald sér til handa og er fróðlegt að rifja það upp að þeir sem einna helst höfðu uppi gagnrýni á þá tilburði ráðherrans voru sjálfstæðismenn. Þeim leist ekki á þetta fyrirkomulag og höfðu ýmis orð uppi um það. Nú hafa þeir hins vegar söðlað um. Nú eru þeir ekki lengur í stjórnarandstöðu og ábyrgðarlausir eins og Sjálfstfl. ævinlega er þegar hann er í stjórnarandstöðu þó það batni nú ekki ábyrgðarleysið þegar þeir komast í stjórn. Nú hafa þeir sýnt þá stefnu sem þeir í raun vilja framfylgja. Þeir eru nefnilega sammála Alþfl. um það að svona eigi stefnan að vera. Það er það sem menn lesa út úr afgreiðslu meiri hluta nefndarinnar á þessu máli að það þessir tveir Bilderberg-flokkar hafa náð saman og eru sammála um það hverjir eigi að deila út 3.000 millj. kr. á ári. Það er ekki þingkjörin stjórn sem á að gera það eftir nákvæmum reglum settum af Alþingi, það á að færa valdið inn á borð hæstv. félmrh. Og haldið þið að það verði nú gaman fyrir hæstv. félmrh. þegar hann verður búinn að fá þetta vald ef þetta frv. verður samþykkt. Því ef svo fer sem lögð er áhersla á þá verður búið að samþykkja þetta frv. áður en þeirri úthlutun lýkur sem nú stendur yfir. Þá getur ráðherrann farið að skipta sér af henni. Það verður gaman að sjá þegar ráðherrann fer að setja fingraför sín á þá úthlutun eða drög að úthlutun sem fyrir liggur. Það verður fróðlegt að sjá hverjar tölurnar verða til einstakra sveitarfélaga, hvernig ráðherrann hyggst breyta þeim.

Mér er ekki grunlaust um að ýmsir vinir og flokksfélagar sem sitja í meiri hlutum í einstökum sveitarfélögum eigi kannski greiðari leið með að fá betri úthlutanir en til stendur. Það er nákvæmlega þetta sem mun gerast. Pólitísku áhrifin, flokkspólitísku áhrifin á úthlutunina munu aukast og menn munu sjá þau verk að úthlutunarkerfið þróast yfir í að vera nær því að vera flokkspólitískt úthlutunarkerfi frá því faglega kerfi sem hefur verið byggt upp á undanförnum árum.

Það er alveg með ólíkindum að það skuli fyrirfinnast hér á Íslandi stjórnmálaflokkar sem vilja taka upp þetta pólitíska siðferði sem er í ætt við það sem menn eru að hrópa af sér suður á Ítalíu.

Nei, virðulegi forseti, ég verð að láta það koma skýrt fram að hrifning mín yfir þessu fyrirkomulagi er ákaflega lítil og vilji minn til að standa að afgreiðslu frv. er enn minni og ég tel ekki nokkra ástæðu til þess að Alþingi sé að eyða tíma sínum á þessum síðustu dögum þingsins í að ræða svona vitlaust frv. sem er eins og bergmál aftan úr fortíðinni og minnir helst á eitthvað sem á rætur sínar að rekja austur fyrir múrinn. Það getur vel verið að svona kerfi hafi þótt gott fyrir nokkrum árum þar, svona vina, einkavinakerfi, úthlutunar-skömmtunarkerfi á pólitískum forsendum. Það má vel vera. En ég efa að það eigi upp á pallborðið þar nú. Og ég vænti þess að hv. Alþingi hafi þann dug í sér eins og það hafði fyrir þremur árum að hleypa frv. þessu ekki fram.

Það er alveg nauðsynlegt að þeir sem einna helst stóðu þá í ræðustól og töluðu gegn málinu, þingmenn Sjálfstfl., komi hér upp í umræðunni og geri grein fyrir því hvernig það samræmist þeirra pólitísku yfirlýsingum í gegnum árin að standa að þessu frv. Þeir verða að koma hér fram og sýna sitt rétta eðli, það dugar ekki að flýja úr þingsölum eins og þeir hafa meira og minna gert undir þessari umræðu og nú situr aðeins einn hv. þm. Sjálfstfl. hér í þingsal, hv. 4. þm. Reykv., Eyjólfur Konráð Jónsson, sem ég þykist þess fullviss að treystir sér ekki til að standa að þessari miðstýringarárättu hæstv. félmrh.

En allir hinir einkavæðingarsinnarnir eru hlaupnir á brott og láta ekki sjá sig hér undir umræðum. Kalla ég gott ef þeir haldast í húsinu miðað við hraðferð þeirra hér á göngum þingsins í dag og óróleika. Því það er nefnilega þannig að þeim líður nokkuð illa, þeir vita upp á sig skömmina, að þeir eru að gera hluti sem samrýmist ekki því sem þeir hafa sagt að þeir ætluðu að gera. Það er nákvæmlega það sem er að, hv. þm. Sjálfstfl., þeir vita upp á sig skömmina.

En það er engin ástæða til þess að láta þingmenn Sjálfstfl. komast upp með það í umræðum um svo mikilvægt mál að vera fjarverandi. Þeir eiga auðvitað að koma upp og gera grein fyrir afstöðu sinni, styðja þeir þetta mál eða styðja þeir það ekki? Allir aðilar, sem boðið var að senda umsagnir um þetta frv. og báðu það boð og létu frá sér fara sjónarmið sín um efnisatriði þess, hafa mælt gegn þessari breytingu á frv. Samband ísl. sveitarfélaga, sem er nú býsna valdamikið samband og þéttskipað mönnum úr Sjálfstfl., sendi frá sér ákveðna skoðun á þessum þætti frv. sem ég vil leyfa mér að lesa upp, virðulegur forseti, og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Stjórn sambandsins telur að stjórn Húsnæðisstofnunar eigi sjálf að taka ákvarðanir um lánveitingar og skiptingu útlána milli útlánaflokka á grundvelli tillagna frá útibúum í landshlutunum og telur engin rök fyrir því að auka valdsvið ráðherra hvað það varðar."

Stjórn sambandsins er greinilega einróma í afstöðu sinni gegn þessum meginþætti frv. Þeir telja engin rök fyrir því að auka valdsvið ráðherrans á þessu sviði. Og þeir telja að stjórn Húsnæðisstofnunar eigi sjálf að taka ákvarðanir um lánveitingar og skiptingu útlána. Þannig að það er alveg ljóst hver stefna sveitarstjórnarmanna er í þessum efnum eða a.m.k. skulum við segja samtaka sveitarstjórnarmanna.

Nú vill svo til að fjölmennasti hópurinn innan borðs í þeirri stjórn eru sjálfstæðismenn. Og formaður sambandsins er sjálfstæðismaður, borgarfulltrúi í Reykjavík, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson. Og ég hlýt að spyrja hvora afstöðuna hefur Sjálfstfl.? Hefur hann þá afstöðu sem sveitarstjórnarmenn flokksins boða hér, að leggjast gegn þessu, eða hefur hann þá afstöðu sem birtist í áliti meiri hluta félmn., að vera með þessu? Það duga ekki nein undanbrögð fyrir Sjálfstfl., hann verður að svara þessari spurningu. Er hann með málinu eða á móti málinu? Það dugar ekki að vera með málinu í þingflokki inni á Alþingi en á móti málinu utan Alþingis.

Þá kom það fram hjá fulltrúa Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sem mætti á fund nefndarinnar að hann taldi þessa breytingu ekki vera til bóta. Og enn fremur kom fram hjá aðila sem ætti nú að taka nokkuð mikið mark á þegar verið er að ræða þetta mál sem er sjálf húsnæðismálastjórn, sem er þannig samansett að fjölmennasti hópurinn þar innan borðs er úr röðum sjálfstæðismanna og næstfjölmennasti hópurinn úr röðum alþýðuflokksmanna og saman hygg ég að þessir tveir hópar fari nærri því að vera með meiri hluta. Að afstaða þessarar stjórnar, ekki bara þessara hópa manna sem hafa skipað sér í raðir Alþfl. og Sjálfstfl. heldur allrar húsnæðismálastjórnar, er að mæla einróma gegn þessari breytingu. Og maður hlýtur að spyrja sig: Hvaða afstöðu hefur Sjálfstfl. í þessu máli? Hann er á móti því í húsnæðismálastjórn, hann er á móti því í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Og þvílíkur tvískinnungur hjá Alþfl. Hann er á móti málinu í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og hann er á móti málinu í húsnæðismálastjórn en telur það alveg bráðnauðsynlegt að það nái fram að ganga hér á Alþingi. Menn verða að vera heilsteyptir í afstöðu sinni í þessu máli, það dugar ekki til að slá ryki í augun á fólki að koma fram með tvær skoðanir í sama málinu. Flokkur sem vill láta taka sig alvarlega verður að gæta að því að það sé samræmi í afstöðu hans á opinberum vettvangi hvort sem það er innan þings eða innan raða sveitarstjórnarmanna eða á öðrum vettvangi þar sem um þessi mál er fjallað. Og það segir hér, virðulegur forseti, í greinargerð húsnæðismálastjórnar um þennan þátt málsins, með leyfi forseta: Breytingar á stjórnsýslulegri stöðu Húsnæðisstofnunar samkvæmt frv. miða að

því að draga úr sjálfstæði stofnunarinnar og auka áhrif félmrh. í yfirstjórn stofnunarinnar. Allir stjórnarmenn í húsnæðismálastjórn mæla gegn þessari breytingu sem þeir telja óæskilega. Rök húsnæðismálastjórnar eru m.a. þau að óeðlilegt sé að opinber lánastofnun sé undir beinni stjórn ráðherra. Þar á meðal ákvarðanir um útlán, fjárhagsáætlun, innra skipulag, gjaldskrár og fleira. Tvennt kemur hér til. Annars vegar að ekki er æskilegt að lánastofnanir séu undir beinni stjórn ráðherra, hins vegar að rekstur stofnunar sem þessarar er svo sérhæfður að vart er hægt að ætla ráðherra að hafa á honum kunnugleika. Engin dæmi eru um að lánastofnun hér á landi í seinni tíð hafi verið undir beinni stjórn ráðherra. Hér er ákaflega skýrt og skilmerkilega að orði kveðið í þessu sameiginlega áliti stjórnarmanna í húsnæðismálastjórn. Þá segir enn fremur í greinargerð húsnæðismálastjórnar um þetta frv., eftir að rakið hefur verið hvernig málum er fyrir komið nú, með leyfi foreta:

„Þau sjónarmið, sem kunna að liggja að baki ofangreindri skipan mála, geta verið margvísleg. Í fyrsta lagi er rekstur lánastofnana sérhæfð starfsemi og vart hægt að ætla að heppilegt sé að slíkri starfsemi sé stýrt beint af Stjórnarráði eða ráðherra. Í öðru lagi er hér um að ræða starfsemi sem ríkið hefur tekið að sér án þess að bein rök liggi til þess að starfsemin sé í höndum ríkisins, að minnsta kosti gildir þetta um sjálf útlán þessara stofnana. Af þeim sökum kunna menn að sækjast eftir því að starfsemi þessi sé sem minnst háð stjórnmálalegum afskiptum og sem mest á viðskiptalegum grundvelli." Síðan segir, með leyfi forseta, sem er ákaflega athyglisvert: „Aukin afskipti framkvæmdarvaldsins af rekstri Húsnæðisstofnunar og lánastofnana almennt eru að mati stjórnarinnar síst til bóta og með þeim væri verið að innleiða hér á landi stjórnarhætti í rekstri lánastofnana sem úreltir eru og hafa reynst illa hvarvetna annars staðar." Ég vil, virðulegur forseti, leyfa mér að lesa þetta aftur úr álit húsnæðismálastjórnar þar sem formaðurinn er fulltrúi félmrh., formaður stjórnarinnar er sérstakur fulltrúi félmrh. í stjórninni. Hann átti ekki hvað minnstan þátt í því að semja þetta álit. Reyndar var það hann sem lagði það fram. Þar stendur, virðulegi forseti: „Aukin afskipti framkvæmdarvaldsins af rekstri Húsnæðisstofnunar og lánastofnana almennt eru að mati stjórnarinnar síst til bóta og með þeim væri verið að innleiða hér á landi stjórnarhætti í rekstri lánastofnana sem úreltir eru og hafa reynst illa hvarvetna annars staðar."

Þetta er mat sérstaks fulltrúa félmrh. í Húsnæðisstofnun ríkisins í húsnæðismálastjórn. Formaður húsnæðismálastjórnar. Og reyndar stóð nú í uppkasti annað orðalag þar sem voru alveg tekin af öll tvímæli við hvað var átt. En því var breytt til að milda þetta aðeins. En það skilja allir sem skilja vilja í hvað menn eru að vísa um úrelta stjórnarhætti sem hafa reynst illa. Ætlar Alþingi Íslendinga að fara að taka upp stjórnarhættir sem aðrar þjóðir hafa lagt af sér vegna þess að þeir reyndust svo illa? Miðstýringin gekk ekki upp. Ætlar þá Sjálfstfl. á Íslandi, gunnfáni einkaframtaksins að fara að innleiða hér stjórnarhætti sem menn eru búnir að leggja af sér í Austur-Evrópu? Því það er það sem verið er að vitna til. Eru það Sjálfstfl. og Alþfl. sem ætla að fara að þessu leyti að innleiða stjórnarhætti sem voru við lýði í Sovétríkjunum sálugu? Ég verð nú að segja, virðulegur forseti, að ég á bágt með að trúa því að menn ætli sér að gera þetta. En það er alveg ljóst a.m.k. af formanni félmn. að viljinn er mikill og hefur oft verið gerð tilraun til að taka málið út úr nefnd áður en það hafðist að lokum í fimmtu eða sjöttu tilraun, ég man nú ekki hvað þær voru margar. (Gripið fram í.) Nei, nei, þær voru fleiri, hv. þm., þær voru fleiri áður en hv. þm. Eggert Haukdal lét undan ofurþrýstingi þingflokksformannanna tveggja sem sátu honum hvor á sína hönd og gættu þess að hann viki ekki út af sporinu. Minna dugði nú ekki til að fá hv. þm. Suðurl. til að skrifa upp á útelta stjórnarhætti. (**RG:** Þeir komu ...)

Síðar segir, virðulegur forseti, í framhaldi af þessu og er það athyglisvert í ljósi þeirrar stefnu flokkanna að tala um markaðsbúskap sem lausnarorð á öllum vanda:

„Gengið væri þvert á stefnu aukins markaðaðsbúskapar og á þá stefnu að ákvarðanir lánastofnana, þótt þær séu í eigu ríkisins, séu alfarið byggðar á efnahagslegum forsendum. Það er mat húsnæðismálastjórnar að ofangreindar breytingar muni færa stjórn, rekstur og útlánastarfsemi stofnunarinnar að mestu undir beina stjórn ráðherra. Slík breyting er afar óæskileg að mati húsnæðismálastjórnar."

Það er von, virðulegur forseti, að það skuli ekki haldast við hér í þingsalnum nokkur einasti þingmaður Sjálfstfl. undir þessum lestri og reyndar undir þessari umræðu allri. Því þeir flugu hér út úr þingsölum um leið og tekið var til við þetta mál eins og fiðurfénaður og hurfu á braut og hafa varla sést nema þá í skötulíki einn og einn. Og enginn þeirra hefur séð ástæðu til þess einu sinni að biðja um orðið til að mæla fyrir þessari stefnu. Er það orðin stefna Sjálfstfl. að víkja frá hugmyndafræðinni um markaðsbúskap? Er það stefna núv. ríkisstjórnar að leggja markaðsbúskapinn á hilluna og taka upp áætlunarbúskapinn í Sovétríkjunum? Það er það sem menn lesa út úr þessari stefnu. Og hvarf þá síðasti alþýðuflokksþingmaðurinn úr þingsalnum.

Nei, virðulegi forseti, það gengur ekki að Alþingi samþykki þessa pólitísku forræðishyggju og áætlunarbúskaparstefnu Alþfl. og Sjálfstfl. Þingmenn verða hér eins og þeir gerðu fyrir þremur árum að taka völdin af ráðherragenginu. Af Viðeyjarríkisstjórninni sem á tveggja ára afmæli í dag og heldur upp á það með því að vera fjarverandi á báðar hendur. (**Forseti:** Er það ekki á morgun?) Nei, nei, afmælið er í dag, virðulegur forseti. Ríkisstjórnin lagði mikið kapp á það að taka við völdum fyrir mánaðamót, 1. maí 1991. (**SvG:** Það er rétt.) Óopinber skýring var sú að ef fyrri ríkisstjórn hefði setið einum degi lengur þá hefðu ráðherrar í þeirri ríkisstjórn fengið kaup í maímánuði. Og menn segja að viðtakandi ráðherrar hefðu ekki mátt til þess hugsa að fráfarandi menntmrh. fengi þetta kaup ásamt öðrum félögum sínum. (**SvG:** Það er rétt.) Ég skal ekki

dæma um hvort það er rétt skýring en ég læt hana fljóta með mönnum til skemmtunar. En alla vega á grundvelli þeirrar sögu þá ættu menn að muna að ríkisstjórnin tók við ekki á degi verkalýðssins heldur daginn fyrir dag verkalýðsins. Það er dæmigert fyrir Alþfl. að hann er ekki í þessari ríkisstjórn á vegum verkalýðsins.

Ég vil þá aðeins víkja, virðulegur forseti, að brtt. sem meiri hluti félmn. flytur á þessum stjórnsýslukafla frv. og mér finnst satt að setja að brtt. séu svona hálfgerður brandari. Þær hefðu eiginlega átt að vera lagðar fram 1. apríl svo þær væru við hæfi. Við skulum líta á fyrstu brtt. meiri hlutans, virðulegur forseti, en lagt er til að taka fyrstu og aðra setninguna í 1. gr. frv. og breyta þessum tveimur setningum.

Nefndin leggur til að þessar tvær setningar hljóði eftirfarandi, með leyfi forseta: „Húsnæðisstofnun ríkisins er ríkisstofnun er lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir félmrh. sem fer með yfirstjórn húsnæðismála." Nú skulu menn bera þetta saman við það orðalag sem er í frv., sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn húsnæðismála.

Húsnæðisstofnun ríkisins er ríkisstofnun sem lýtur sérstakri stjórn."

Ég spyr: Hver er munurinn á þessum tveimur tillögum? Mér er alveg fyrirmunað að sjá nokkurn mun á þeim. Orðunum er bara raðað öðruvísi upp. En enginn merkingarmunur. Þarna eru menn að leggja fram brtt. til að reyna að slá ryki í augun á fólki. Og segja sem svo: Við erum nú að draga úr þessu ráðherravaldi. Þegar maður fer ofan í brtt. alveg „grundigt", þá kemur í ljós að þetta er bara plat, þetta er engin breyting. Síðan er lagt til að í stað þess að fimm menn sitji í húsnæðismálastjórn þá verði þeir sjö. Það kom mér nú satt að segja ekkert á óvart. Ég beið bara eftir því að meirihlutaliðið kæmi fram með þessa tillögu því auðvitað lá það í augum uppi að þeir mundu aldrei geta komið sér saman um það að fækka sínum fulltrúum í Húsnæðismálastjórn úr fjórum niður í þrjá. Hverjum átti að fórna? Fulltrúa frá Alþfl. eða fulltrúa frá Sjálfstfl.? Að sjálfsögðu gátu þeir ekki komið sér saman um það svo þeir komu náttúrlega fram með þá brtt. í anda gamalkunnugra úrræða í þessum efnum að fjölga bara aftur svo hvorugur missti neitt. Þannig að ég gef nú ekki mikið fyrir þessa tillögu. Eftir stendur að hent er út fulltrúum frá Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands og það er nákvæmlega mergurinn málsins að menn vilja losna við þá aðila út þó svo enginn rökstuðningur hafi komið fram um að fulltrúar þessara samtaka hafi reynst illa í störfum sínum í húsnæðismálastjórn frá því að þetta fyrirkomulag var upp tekið fyrir alllöngu síðan. Það get ég sagt af minni reynslu að ég tel að það hafi verið störfum stjórnarinnar til góðs að hafa þarna innan borðs fulltrúa frá þessum tvennum samtökum. Ég óttast frekar að aftur fari störfum stjórnarinnar að þeim gengnum ef svo fer.

Ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, að kynna brtt. sem ég lagði hér fram fyrr á fundinum, sem er þannig að lagt er til að stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins verði skipuð með sama hætti og nú er. Að ekki verði breyting þar á. Að Alþingi kjósi sjö menn og ráðherra skipi þrjá, tvo samkvæmt tilnefningu frá Alþýðusambandi Íslands og einn eftir tilnefningu frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Ég tel, virðulegur forseti, rétt að láta reyna á það hvort ekki sé stuðningur við það fyrirkomulag sem verið hefur og þá rétt að þeir gefi sig fram sérstaklega úr stjórnarliðinu sem eru því andvígir. Ég vil einnig minna á, virðulegur forseti, þá brtt. sem minni hluti félmn. flytur um breytingu á lánveitingum til almennra kaupleiguíbúða. Þar er ekki um að ræða breytingu sem leiðir af sér í heild sinni auknar lánveitingar því í stað þess að lána eins og nú er 70% til 40 ára og 20% til 25 ára ef um leigu er að ræða þá verði lánað 90% til 43 ára. Í dag er það þannig að ef leigjandi almennrar kaupleiguíbúðar vill gerast kaupandi og nýta sér ákvæði laganna og kaupa íbúðina þá fær hann 70% lánað og síðan 20% til fimm ára. Vextir af þessum lánum eru 4,9% svo þetta flokkast ekki undir félagsleg lán í þeim skilningi. Á meðan fólk er að borga 20% lánin niður á fimm ára tímabili er greiðslubyrðin gríðarlega mikil. Þetta ákvæði í lögunum hefur leitt til þess að almennar kaupleiguíbúðir eru illseljanlegar nema fyrir fólk sem á töluverða peninga. Víða úti á landi og jafnvel hér á höfuðborgarsvæðinu háttar svo til að það gengur afar erfiðlega að fá kaupendur að almennu kaupleiguíbúðunum. Miðað við núverandi kaupleigufyrirkomulag eru þær ekki raunverulegur valkostur fyrir fólk sem vill eignast íbúðir. Og húsnæðismálastjórn óskaði sérstaklega eftir því við félmn. að lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins yrði breytt þannig að lánað yrði 90% í einu láni í stað tveggja lána sem samtals eru 90% eins og áður greindi. Það fór nú svo, virðulegur forseti, að stjórnarflokkarnir gátu ekki hugsað sér að verða við þessari bón, sem skiptir fyrst og fremst landsbyggðina máli, og höfnuðu erindi húsnæðismálastjórnar. Því er þessi tillaga flutt til að fylgja eftir ósk húsnæðismálastjórnar um breytingu á lánveitingum í þessum lánaflokki.

Þannig háttar á landsbyggðinni a.m.k. til skamms tíma að þar er býsna erfitt á almennum húsnæðismarkaði og þeir eru ekki margir sem á undanförnum árum hafa lagt út í það að byggja sér húsnæði á eigin vegum vegna þeirrar áhættu sem því fylgir þegar menn vilja selja það húsnæði síðar. Við sem höfum lifað og starfað úti á landsbyggðinni höfum séð þennan valkost, almennar kaupleiguíbúðir þannig fyrir okkur að þetta gæti hentað landsbyggðinni. Samkvæmt lögunum geta allir sem vilja keypt þessar íbúðir. Það eru ekki eignamörk og það eru ekki tekjumörk. Og þeir sem eru yfir þessum tekju- og eignamörkum sem eru í félagslega kerfinu og fá þar af leiðandi ekki að kaupa í því kerfi gætu keypt almennar kaupleiguíbúðir ef þeir á annað borð ráða við það. Aðalþröskuldurinn er þessi þunga greiðslubyrði þann tíma sem menn eru að borga niður þetta fimm ára lán sem veldur því að menn ráða ekki við að kaupa. Ef þessu yrði breytt þannig að það væri bara eitt 90% lán til 43 ára, minnir mig, þá efa ég ekki að það yrði hægt að selja þessar almennu kaup-

leiguíbúðir um allt land vel flestar ef ekki allar. Þetta eru íbúðir sem eru ekki byrði á húsnæðislánakerfinu ef við horfum á málið frá þeim sjónarhóli því menn eru að borga tæplega 5% vexti. Þannig að þeir sem taka lánið borga kostnaðinn við fjármögnunina og það lendir ekki á byggingarsjóðnum að fjármagna einhvern vaxtamun, a.m.k. að mati þeirra sem hafa ákvarðað þessa vexti. Þetta er því breyting sem skiptir gríðarlega miklu máli fyrir landsbyggðina og er ekki útlátamikil fyrir sjóðinn. Útlátin eru núll í heildina litið þó greiðslustreymi breytist að sjálfsögðu þar sem greiðslutíminn lengist.

Ég vildi því fara fram á það, virðulegur forseti, við hv. Alþingi og alþingismenn að þeir íhuguðu það mjög alvarlega hvort það væri ekki rétt að verða við þessari brtt. og samþykkja hana hvar svo sem menn kunna að skipa sér í þær tvær meginfylkingar sem eru að takast á um þetta frv.

En mig langar til að vita, virðulegur forseti, af því að nú er það langt um liðið frá því ég sá nokkurn ráðherra hér í salnum og hef reyndar ekki séð félmrh. eftir að ég hóf ræðu mína á nýjan leik hvort hæstv. félmrh. er hér í salnum eða í húsinu. (**Forseti:** Forseti getur upplýst það að hæstv. félmrh. er ekki í húsinu eins og er.) Það er nú skaði, virðulegi forseti, því þetta eru menn að leggja á sig til að þjóna virðulegum félmrh. að standa í þessari umræðu og vinnu um þetta frv. Það er fyrst og fremst lagt fram til að þjóna hagsmunum ráðherrans og mér finnst nú lágmark að ráðherrann sé viðstaddur og hlýði á mál manna og svari því. Ef hæstv. ráðherra er ekki í húsinu þá vil ég fara fram á það, virðulegur forseti, að þessari umræðu verði frestað þangað til hann kemur. Ég tel a.m.k. ráðherrann ekki of góðan þó hann sé í Viðeyjarstjórninni til að sitja hér undir ræðum stjórnarandstæðinga. (**Forseti:** Forseti vill að það komi fram að hæstv. félmrh. mun hafa þurft að bregða sér frá. Þar sem hún gegnir embætti einnig fyrir hæstv. heilbrrh. þessa dagana, þá þurfti hún að mæta á áríðandi fund en bjóst við að vera komin aftur í Alþingishúsið um kl. hálffimm. Forseti vill nú eindregið beina því til hv. þm. að hann sýni hæstv. félmrh. svolitla biðlund. Hún mun sennilega vera rétt ókomin í þinghúsið.) Ef það er rétt skilið hjá mér, virðulegur forseti, að hann hafi átt við hálffimm í dag þá vil ég vekja athygli á því að það eru komnar 20 mín. fram yfir þann tíma. Ég vildi nú gjarnan að menn gerðu hlé á þessari umræðu þar til hæstv. ráðherra er mættur. Ég held að hæstv. ráðherra sé ekkert of góður til að sitja undir þessum umræðum. Ekki var ráðherrann svo blíðmáll við þáv. hæstv. félmrh. þegar hæstv. félmrh. var í stjórnarandstöðu 1983–1987. Það voru nú ekkert litlar skammir sem dundu á þáv. hæstv. félmrh. frá núv. félmrh. Og ég segi bara eins og er, virðulegur forseti, að hæstv. félmrh., þó hann sé líka heilbrrh., er ekkert of góður til að vera hér í húsinu og inni á þingpöllum í sínu sæti. Og ég fer eindregið fram á það að þessari umræðu verður frestað þar til ráðherrann sér ástæðu til þess að vera viðstödd það mál sem enginn hefur áhuga á nema hún sjálf. (**Forseti:** Þannig háttar til að hv. þm. er hér síðastur á mælendaskrá og (**Gripið fram í:** Það er nú fljótlegt að bjarga því.) forseta heyrðist nú að hv. þm. væri svona um það bil að ljúka máli sínu.) Það er misskilningur, virðulegi forseti. Ég á eftir að fara yfir ýmis ákvæði í núgildandi húsnæðislöggjöf og þar á meðal um húsbréfakerfið sem er nokkuð viðamikill bálkur. (**Forseti:** Innan örfárra mínútna fær forseti fregnir af ferðum hæstv. félmrh. þannig að ef hv. þm. getur haldið áfram ræðu sinni enn um stund án þess að hæstv. ráðherra heyrir mál hans, þá er það ósk forseta.) Ja, þingmaður vill nú bara ítreka sína ósk að ráðherrann verði hér því að ég óska eftir því að umræðunni verði frestað þar til ráðherrann er hér kominn og ef stutt er í það, þá verður það ekki löng frestun svo að ekki ætti það að koma að sök. (**Forseti:** Forseti leggur til að hv. þm. fresti ræðu sinni um stund því að einn hv. þm. annar hefur kvatt sér hljóðs og er þá kannski til með að tala meðan beðið er eftir fregnum af hæstv. ráðherra.) Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir að umræðunni yrði frestað þar til ráðherrann er kominn.

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Úr því að forseti hefur tekið þá skynsamlegu ákvörðun að fresta umræðunni, þá þarf ég ekki að tala um þingsköp. Ég mun ekki tala í þessu máli nema hæstv. félmrh. hlýði á mál mitt, en forseti hefur tekið þá ákvörðun að fresta vegna þessa áríðandi fundar sem er meira áríðandi heldur en þingið sem félmrh. er á og þá mun ég tala þegar hann mætir til þings aftur.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseta er kunnugt um að þetta er áríðandi fundur sem hæstv. ráðherra þurfti að mælta á.

Umræðu frestað.

Skaðabótalög, 2. umr.

Stjfrv., 326. mál. — Þskj. 596, nál. 1033 og 1061.

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1033 um frv. til skaðabótalaga frá meiri hluta allshn. Í nál. eru raktar helstu grundvallarbreytingar frv. og vísast til þess. Meiri hluti nefndarinnar telur brýnt að frv. þetta verði að lögum. Það felur í sér réttarbót og er ætlað að binda enda á óvissu sem ríkt hefur í framkvæmd um marga þætti skaðabótaréttarins. Reynsla verður síðan að leiða í ljós hvort þörf er á endurskoðun einstakra ákvæða. Þess má geta að skaðabótalög hafa verið í gildi um árarаðir í öðrum norrænum löndum. Meiri hlutinn álítur ákvæði frv. til bóta og mælir með að það verði samþykkt óbreytt. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Ingi Björn Albertsson og Kristinn H. Gunnarsson. Undir álitið rita Sólveig Pétursdóttir, Ólafur Þ. Þórðarson, Björn Bjarnason, Sigbjörn Gunnarsson, Jón Helgason og Eyjólfur Konráð Jónsson. Og þess má geta hér að þótt hv. þm. Anna Ólafs-

dóttir Björnsson skili minnihlutaáliti þá er hún engu að síður sammála meginstefnu frv. svo sem sjá má á hennar nál.

Frv. til skaðabótalaga var lagt fram á Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–1992 en varð ekki útrætt. Frv. var lagt aftur fram á þessu þingi og hafði því þá verið breytt með hliðsjón af athugasemdum sem borist höfðu frá ýmsum umsagnaraðilum, m.a. var fellt brott ákvæði um að ekki skyldi greiða örorkubætur væri varanleg skerðing á vinnugetu tjónþola minni en 15%. Helstu markmið frv. eru þrjú:

1. Að endurbæta reglur um fjárhæð bóta fyrir tjón á mönnum, þar á meðal tjón vegna missis framfæranda.

2. Að færa til nútímahorfs reglur um tengsl skaðabótaréttar og annarra bótaúrræða.

3. Að setja lagaákvæði sem gera dómstólum kleift að taka eðlilegt tillit til hagsmuna þeirra sem valda tjóni eða bera af öðrum ástæðum skaðabótaábyrgð.

Þetta er afar mikilvægt velferðarmál þótt ekki fari mikið fyrir þeim ákvæðum sem fyrir þeim mæla.

Þótt þetta frv. hafi fyrst verið lagt fram snemma árs 1992 hafa lögfræðingar hér á landi árum saman rætt um nauðsyn þess að lögfesta viss ákvæði um skaðabætur. Að vísu eru ýmsar mikilvægar bótareglur í settum lögum, en þrátt fyrir það hvílir skaðabótaréttur hér á landi að miklu leyti á ólögfestum reglum. Dómstólar hafa í flestu fylgt almennum bótareglum eins og þær hafa verið annars staðar á Norðurlöndum. Yfirleitt hefur skortur á settum lögum ekki háð eðlilegri þróun skaðabótaréttar. Frá því eru þó vissar undantekningar. Hér eru einkum hafðar í huga reglur um ákvörðun bótafjárhæðar fyrir slys. Tengdar þeim eru reglur um endurkröfurétt vátryggingarfélaga, Tryggingastofnunar ríkisins, lífeyrissjóða og fleiri aðila. Einnig vantar lagaákvæði sem bæta stöðu launþega sem veldur tjóni í starfi fyrir vinnuveitanda, svo og almenna heimild fyrir dómstóla til að lækka bætur ef sýnt er að bótaábyrgð tjónvalds yrði svo þungbær að telja má ósanngjarnt að dæma hann til að greiða fullar bætur. Í þessu efni erum við Íslendingar því miður komnir langt á eftir grannþjóðum okkar annars staðar á Norðurlöndum. Frv. er ætlað að leysa þann vanda sem stafar af skorti á ákvæðum í settum lögum og því telur nefndin brýnt að samþykkja frv. Það mundi leysa úr óvissu um mörg atriði, ekki síst óvissu um hvernig ákveða beri miskabætur, bætur fyrir tjón af missi vinnutekna, vegna varanlegrar örorku og dánarbætur til maka, sambúðarmaka og barna. Þess má geta að Dómarafélagið leggur mikla áherslu á samþykkt þessa frv.

Þau ákvæði frv. sem einna mesta athygli hafa vakið eru reglur þess um ákvörðun bóta fyrir líkamstjón. Mál af því tagi eru einn mikilvægasti flokkur mála um skaðabætur utan samninga. Reglur um það efni eru nú að mestu ólögfestar og aðstaða dómstóla til að gera gagngerðar breytingar á þeim er erfið. Í frv. er haldið fast við þá meginreglu sem gildir hér á landi og annars staðar að bætur skulu miðast við raunverulegt tjón. Í frv. eru nýjar reglur sem ætlað er að auka bætur til þeirra sem verða fyrir alvarlegu líkamstjóni. Jafnframt er gert ráð fyrir að bætur fyrir minni háttar læknisfræðilega örorku sem ekki veldur raunverulegu fjártjóni verði mun minni en nú er. Í slíkum tilvikum yrðu bætur einungis greiddar fyrir þjáningar og varanlegan miska auk bóta fyrir sannanlegt vinnutjón. Hér er með öðrum orðum leitast við að færa bætur frá þeim sem litla eða enga þörf hafa fyrir bætur til þeirra sem hafa í reynd misst vinnugetu vegna slyss. Þetta leiðir til þess að fjármunum þeim sem notaðir eru til þess að greiða bætur á grundvelli skaðabótaréttar verður betur varið en áður. Jafnframt er gert ráð fyrir að heildarútgjöld þjóðarinnar af skaðabótagreiðslum fyrir líkamstjón minnki ef frv. verður að lögum.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem allshn. hefur aflað sér frá sérfróðum mönnum er áætlað að heildarlækkun útgjalda geti orðið milli 5 og 10%. Slík lækkun mun koma neytendum og skattgreiðendum til góða, m.a. vegna lækkunar á iðgjöldum ábyrgðartrygginga, ekki aðeins bifreiðatrygginga heldur ábyrgðartrygginga fyrir atvinnurekstur og fleira.

Eins og fram kemur í áliti allshn. var frv. sent ýmsum til umsagnar. Flestir þeir sem umsögn gáfu eru sammála meginstefnu frv. og mæla með því að það nái fram að ganga.

Það frv. sem nú er mælt fyrir er svo efnismikið að ógerlegt er að fjalla ítarlega um það í stuttu máli. Vísað er til ræðilegrar greinargerðar, bæði almennra athugasemda og athugasemda við einstakar greinar. Sérstök athygli skal vakin á IV. kafla sem fjallar um helstu breytingar sem felast í frv. en styttra yfirlit um efni frv. er í VI. kafla. Þó verður hér rætt um nokkur atriði til frekari skýringar því að löggjöf þessi, ef af verður, er afar mikilvæg og snertir réttarstöðu fjölmargra landsmanna.

Í skaðabótarétti er yfirleitt greint á milli tvenns konar örorkumats. Annars vegar er svonefnt læknisfræðilegt örorkumat og hins vegar svonefnt fjárhagslegt (félagslegt) mat. Við læknifræðilegt mat er stuðst við örorkumatstöflur þar sem ýmsar tegundir líkamsspjalla eru metnar til örorkustigs í hundraðshlutum. Í hreinu læknifræðilegu mati felst að sams konar áverkar eða eftir atvikum geðrænt tjón eru metnir til sama hundraðshluta án tillits til starfs eða menntunar tjónþola og án þess að líta til þess hver áhrif örorkan hefur á getu hans til að afla vinnutekna. Við fjárhagslegt örorkumat er hins vegar leitast við að meta til örorkustyrks þau áhrif sem líkamsmeiðsli eða geðrænt tjón hafa á fjárhag eða nánar tiltekið hæfi hans til að afla tekna með vinnu. Sem dæmi um þetta atriði má nefna að skurðlæknir skaddast á hendi og er örorka eftir læknisfræðilegu mati 20%. Vegna meiðslanna verður hann að hætta skurðaðgerðum og á einungis kost á störfum sem fyrirsjáanlega gefa af sér 50% lægri tekjur til frambúðar. Regla 5. gr. frv. veitir í þessu tilviki rétt til bóta fyrir 50% örorku. Eftir núgildandi dómvenju mundi 20% matið væntanlega lagt til grundvallar, en litið er til hækkunar á örorkubótum að fjártjón læknisins er í raun meira en 20%.

Í 1. gr. frv. felst jafnréttisregla sem ætlað er að tryggja að vinna við heimilisstörf sé ekki minna met-

in en launuð störf utan heimilisins. Dánarbótareglur heimilisins byggjast einnig á jafnrétti kynja. Eftir frv. er heldur enginn munur á bótarétti eftirlifandi maka eftir því hvort um hjúskap eða óvígða sambúð er að ræða. Það er þó skilyrði bótaréttar sambúðarmaka að sambúð verði jafnað til hjúskapar.

Veigamikill þáttur í þeirri einföldun sem frv. felur í sér er sá að almennt skal ekki draga frá bótum fyrir varanlega örorku eða missi framfæranda greiðslur er tjónþoli fær frá öðrum vegna líkamstjóns, t.d. bætur frá almannatryggingum eða slysatryggingum sem tjónþoli eða annar hefur keypt frá vátryggingarfélagi. Hér er með öðrum orðum lagt til að tekin verði upp sama regla um almannatryggingabætur og fleiri greiðslur frá þriðja manni og nú gildir samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954, um greiðslur frá líf-, sjúkra- og slysatryggingum. Helstu rök fyrir nýmæli þessu eru í fyrsta lagi að þegar um er að ræða bætur fyrir varanlega örorku og missi framfæranda, er alltaf umdeilanlegt hversu mikið fé þurfi til þess að gera hlut tjónþola jafnan því sem verið hefði ef tjónsatburðurinn hefði ekki gerst.

Lagt er til að 25. gr. laga nr. 20/1954 verði felld úr gildi og í stað hennar komi m.a. reglur er fylgi þeirri meginstefnu að skaðabótaréttur tjónþola eða endurkröfuréttur tryggingaraðila stofnist ekki að því marki sem tjón fæst bætt af vátryggingum eða öðrum tryggingaúrræðum. Undantekningar í 19. gr. frv. helgast af því að út frá varnaðarsjónarmiðum þykir þó ekki heppilegt að afnema með lögum skaðabótaábyrgð eða endurkröfurétt ef tjóni er valdið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi eða í atvinnurekstri eða opinberri starfsemi enda þótt um einfalt gáleysi sé þar að ræða.

Laganefnd Lögmannafélagsins telur breytingarnar á frv. til bóta, en bendir þó á nokkur atriði sem rétt er að athuga nánar og reyndar komu fleiri umsagnaraðilar að svipuðum atriðum. T.d. má nefna þá gagnrýni laganefndar um það sérstaka 5% lágmark sem fram kemur í 1. mgr. 4. gr. frv. Um þá gagnrýni vísast til athugasemda með 4. gr. í frv. en þar kemur fram að þegar varanlegur miski skiptir einhverju máli verður hann metin til a.m.k. 5 miskastiga. Verður því varla fallist á þá skoðun að þetta sé ekki í samræmi við réttarvitund manna. Hér getur verið um að ræða afleiðingar slyss sem eru vart mælanlegar, t.d. lítið andlitsör sem ekki er áberandi.

Það er einnig komin fram sú ábending að regla 6. gr. frv. um útreikning örorkubóta feli í sér verulega lækkun bóta frá því sem vera mundi eftir núverandi venju. En nefndin sá hins vegar dæmi sem voru valin með samanburði á bótum annars vegar eftir frv. og hins vegar þeim reglum sem nú er farið eftir. Öll dæmin sýna hærri bætur eftir frv. Enn fremur var bent á núverandi venju sem tryggingasérfræðingar hafa mótað um bótaútgreikning á grundvelli tekna tjónþola þrjú síðustu árin fyrir slys.

Ákvæði 1. mgr. 7. gr. frv. um að meta skuli bætur fyrir varanlega örorku á grundvelli árslauna á næstliðnu ári fyrir þann dag sem tjón varð er til einföldunar og hægðarauka við afgreiðslu bótamála. Ekki virðist ástæða til að óttast að almenna reglan í 1. mgr. leiði til óeðlilegrar niðurstöðu því að samkvæmt 2. mgr. 7. gr. er skylt að víkja frá henni þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi. Dæmi þess er að tekjur launþega fyrir slys hafi fallið niður vegna sjúkdóms.

Athugasemdir voru gerðar um 8. gr. Í henni er regla um staðlaðar örorkubætur til barna og tjónþola sem að verulegu leyti nýta vinnugetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur. Lögmannafélagið telur t.d. að meta megi örorkustig tjónþola úr umræddum hópum á sama hátt og hjá öðrum tjónþolum. Þetta virðist misskilningur vegna þess að við hið nýja fjárhagslega örorkumat frv. er byggt á samanburði tekna tjónþola fyrir og eftir slys. Það er hins vegar ekki unnt að gera þegar tjónþoli hefur haft litlar sem engar vinnutekjur fyrir slys. Er því óhjákvæmilegt að taka upp sérreglu fyrir umræddan hóp tjónþola.

Reynsla í bótamálum hér á landi og víða erlendis er sú að börn, húsmæður og aðrir tjónþolar sem hér um ræðir hafa almennt hlotið rýrari örorkubætur en eðlilegt má telja. Ástæða þess er ekki síst sú að dómstólar hafa miðað við meðallaun. Ef frv. yrði breytt á þann veg að tjón þetta yrði metið einstaklingsbundið er hætt við að bætur til barna og heimavinnandi manna mundu almennt halda áfram að taka mið af lægstu launatöxtum.

Meginstefna frv. er að þeir sem raunverulega verða fyrir tjóni fái fullar bætur fyrir tjón sitt og jafnframt að menn fái ekki skaðabætur sem eru að miklum mun meiri en eðlilegt getur talist. Þótt bætur til ýmissa tjónþola geti orðið eftir frv. lægri en nú er má ekki gleyma því að með frv. er stefnt að hækkun á bótum fyrir alvarleg slys. Má hér t.d. benda á dóm Hæstaréttar frá 10. des. 1992 þar sem dæmdar voru bætur vegna heilsutjóns sem barn varð fyrir í fæðingu. Dæmdar bætur fyrir varanlega örorku og miska námu samtals 5 millj. kr. en hefðu líklega orðið 20 millj. ef bætur hefðu verið ákveðnar eftir reglum frv. Gert er ráð fyrir svonefndri örorkunefnd í frv. sem verður sjálfstæð stofnun og rætt hefur verið nokkuð um breytt hlutverk lækna og fleiri aðila í því sambandi.

Ákvæði 1. mgr. 10. gr. frv. felur í sér heimild til að óska álits örorkunefndar um mat. Frv. girðir því ekki fyrir að slasaði, lögmaður hans eða hinn bótaskyldi geti leitað til hvaða læknis sem er og óskað eftir örorkumati. Hins vegar á gagnaðili þess kost að leggja málið fyrir örorkunefnd þótt örorkumat einstaks læknis liggi fyrir. Má gera ráð fyrir að meiri hluti mála út af skaðabótum fyrir varanlegt líkamstjón komi til kasta nefndarinnar, ekki síst á fyrstu starfsárum hennar. Kostnaður við örorkunefnd getur orðið meiri en kostnaður sem nú hlýst af greiðslum til lækna fyrir örorkumat, en það er þó engan veginn víst. Þeir sem bera bótaábyrgð á tjóni skulu bera kostnað þennan en ekki ríkissjóður. Verði frv. að lögum fellur niður kostnaður við álitsgerðir og útreikninga tryggingasérfræðinga. Einnig má gera ráð fyrir að kostnaður vegna þóknunar til lögmanna minnki. Samband ísl. tryggingafélaga hefur áætlað að bifreiðatryggingafélögin hafi á árinu 1991 greitt um það bil 170 millj. kr. til lækna, lög-

fræðinga og tryggingastærðfræðinga vegna uppgjörs líkamstjóna. Réttarreglur um rétt og skyldur aðila í skaðabótamálum eru ekki hluti af heilbrigðiskerfinu. Hlutverk lækna í skaðabótamálum verður hins vegar óbreytt, en skipulagið verður breytt. Örorkunefnd er aðeins ætlað að nokkru leyti að fjalla um hreint læknisfræðilegt efni.

Hér á landi er notuð heimild í réttarfarslögum til skipunar lækna til setu í dómi þegar þörf krefur, en oftast liggja fyrir læknisfræðileg gögn sem nægja löglærðum dómendum til að dæma í málinu án sérstakra meðdómsmanna. Ákvæði frv. um setu lögfræðings í örorkunefnd teljast nauðsynleg til þess að gætt verði lögfræðilegra sjónarmiða sem óhjákvæmilegt er að taka afstöðu til áður en mál er lagt fyrir þá sem leysa þurfa skaðabótamál með samningi eða dómi. Að beiðni tjónþola er heimilt að taka upp að nýju ákvörðun um bætur fyrir varanlegan miska eða örorkubætur, ef ófyrirsjáanlegar breytingar hafa orðið á heilsu tjónþola. Til þess að átta sig á 11. gr. frv. verður að hafa í huga að hún á við endurupptöku ákvörðunar um bætur í máli þar sem einkaaðilar eigast við. Öðru máli gegnir um endurupptöku bóta í velferðarkerfinu. Mikilvægt er bæði fyrir tjónþola og hinn bótskylda að þeir geti treyst því að samningur eða dómur um tjónbætur sé endanlegur. Samkvæmt almennum réttarreglum verður ákvörðun sem hér um ræðir að jafnaði ekki haggað nema verulegar forsendur hennar hafi verið rangar eða brugðist. Nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis að víkja ekki frá þeirri almennu reglu sem nú gildir um þetta efni. Hins vegar tryggir 11. gr. tjónþola, að hinn bótaskyldi getur ekki, ef frv. verður að lögum, krafist endurskoðunar á bótaákvörðun þó að síðar komi í ljós að varanlegur miski eða örorka tjónþola er ekki eins mikil og gera mátti ráð fyrir við samningsgerð eða dómsuppsögu.

Þá má nefna aukna réttarvernd í 26. gr. frv. um greiðslur miskabóta en sú mikilvæga breyting er gerð að fallið er frá skilyrði 264. gr. hegningarlaga um að meingerð þurfi að vera refsiverð. Þessi breyting felur í sér stóraukna réttarvernd gegn brotum af þessu tagi, t.d. gegn friðhelgi einkalífs. Þeim sem valdið hefur líkamsmeiðingum, framið kynferðisbrot eða önnur álíka afbrot getur, eftir atvikum, verið skylt að greiða þeim sem misgert er við miskabætur eftir 26. gr. frv. auk bóta fyrir líkamstjón.

Virðulegur forseti. Það er sannarlega af mörgu að taka í þessu máli en ég læt duga að vísa til ítarlegrar greinargerðar frv. Er það von allshn. að þessu frv. verði vel tekið hér á hinu háa Alþingi. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka nefndarmönnum gott starf.

Frsm. minni hluta allshn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hluta allshn. um frv. til skaðabótalaga en það er að finna á þskj. 1061. Svo sem fram kom í framsögu frsm. meiri hluta allshn. þá er minni hlutinn einnig hlynntur þessu frv. og telur það raunar mjög til bóta. Það er ekki af þeim sökum að minnihlutaálit kemur hér fram, heldur vegna þess að innan allshn. voru nokkuð mismunandi áherslur og kaus minni hlutinn að gera grein fyrir sínum áherslum í sérstöku nefndaráliti. Þykir raunar rétt að geta þess að um sumar athugasemdirnar voru einstakir nefndarmenn í allshn. sammála en minni hlutinn kaus að koma fram sjálfstæðu áliti til þess að hafa frjálsar hendur um að túlka þessi sjónarmið og þar er því um meginatriði að ræða.

Ég vík þá að nál. og get þess raunar að það eru einstök atriði sem e.t.v. áttu ekki erindi í nál. sem skýra nánar það sem þar stendur.

Minni hluti allshn. styður þá grundvallarbreytingu sem lagt er til að gerð verði á greiðslum vegna varanlegrar örorku. Breytingin felst í því að greiðslur vegna varanlegrar örorku miðast við áætlað tekjutap í stað þess að miðast við læknisfræðilegt mat. Þetta er auðvitað grundvallarbreytingin og eftir mikla og ítarlega skoðun held ég að flestir geti verið sammála um að hún er til góðs. Frsm. meiri hlutans gerði býsna vel grein fyrir því en ég veit að það hefur komið nokkur gagnrýni fram hjá einstökum aðilum á þetta fyrirkomulag. Ég held að þorri fólks, sem um þetta hefur fjallað og tjáð sig um það, sé engu að síður sammála þessari kerfisbreytingu. Stærsta breytingin sem verður er sú að bætur munu yfirleitt hækka til þeirra sem lenda í alvarlegum slysum en í mörgum tilfellum lækka vegna minni háttar skaða. Þar er komin skýringin á því að samkvæmt mjög lauslegu mati er talið að almennt muni bótagreiðslur lækka. Það eru vissulega skiptar skoðanir um það hvort um ofmat sé að ræða í einstökum atriðum. Ég verð að viðurkenna að umræðan sem verið hefur ekki síst á vegum tryggingafélaganna um fjölgun bótagreiðslna vegna hálshnykkja, hefur svo sem ekki sannfært mig um að þar sé endilega um eitthvert stórfellt vandamál að ræða. Engu að síður fellst ég á þau sjónarmið sem þarna eru til grundvallar, að ástæða sé til að breyta þessu.

Vissulega er alltaf erfitt að leggja mat á hvað er mikill skaði og hvað er lítill skaði. Minni hluti allshn. tekur fram í nál. til glöggvunar eftirfarandi:

„Munur á bótum vegna mikils varanlegs miska, svo sem lömunar og minni áverka, svo sem fingurmissis, hefur oft á tíðum verið of lítill ...ef tekið er tillit til þess hve gífurlegur aðstöðumunur er milli þess sem er bundinn hjólastól og hins“ — sem þó skaðast ekki meira en það að missa fingur og vissulega kemur það mishart niður á fólki. „Samkvæmt ákvæðum 5. gr. frv. er auk þess tekið tillit til þess hvernig skaðinn snertir hvern og einn. Píanóleikari, sem missti fingur, mundi samkvæmt því vera metinn með mun meiri örorku en skrifstofumaður. Gera má ráð fyrir að munurinn gæti orðið allt að 40%“ — og það merkir 0–40%, en þarna er ég að vísa til kafla 4.1 í athugasemdum við frv.

„Handverksmaður mundi með sömu rökum vera metinn til hærri örorku en forstjóri. Samkvæmt núgildandi lögum væri varanleg örorka þeirra allra fjögurra sú sama eða (u.þ.b. 10%)“ — mun vera algengast nú. „Möguleikar þeirra til að stunda áfram fyrra

starf sitt væru hins vegar mjög ólíkir og því má segja að skaði þeirra sé mismikill".

Þessari meginhugsun er minni hlutinn sammála. Ég tek einnig undir það dæmi sem var rakið hér í fyrri ræðu. Þá vil ég víkja að því hvernig þetta frv. kemur við ungt fólk og útivinnandi konur. Það hefur verið bæði mikil umræða um það og ekki síður, þá eru nokkrar breytingar þarna á.

Þær breytingar hafa verið gerðar á frv. frá því það var lagt fram á 115. löggjafarþingi að grunnur bóta vegna örorku hefur verið hækkaður úr sexföldum árslaunum tjónþola í 7,5 föld árslaun. Jafnframt hefur það verið gert að taka meira tillit til aldurs tjónþola en þetta er ein af þeim ábendingum sem komu fram við 1. umr., í fyrri gerð þessa frv. Ég vil m.a. vekja athygli á því að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir gerði þetta að umtalsefni og benti á ákveðin atriði sem mér finnst að nú hafi verið tekið tillit til með ákveðnum hætti. Það hefði vissulega verið hægt að hugsa sér ýmsar leiðir að því marki en mér þykir að þarna hafi verið stigið skref í átt til þess að reyna að mæta þessum ábendingum og þeim atriðum sem vissulega má skoða.

Það má m.a. líta þarna á „ ...að tíminn sem ungt fólk býr við örorku er oftast lengri en hinna eldri. Unga fólkið á í flestum tilvikum eftir að fjárfesta í húsnæði og bera annan kostnað sem þeir eldri hafa oftar en ekki að baki. Minni hlutinn telur og að með þessari breytingu sé komið til móts við ábendingar um að ungt útivinnandi fólk hafi að öðru jöfnu ekki haft tíma til að vinna sig upp í sömu tekjur í starfi og hinir eldri. Hér er því tekið tillit til þess að ætla má að í framtíðinni muni ungt fólk hafa möguleika á að afla sér meiri tekna en þegar það er nýskriðið úr skóla".

Undir þessa hugsun vil ég taka og það eru mér jafnframt vonbrigði að ekki var hægt að fylgja þessari hugsun eftir að öllu leyti. Ég kem að því seinna en þar er ég að tala um að í frv. er í rauninni enn þá innifalinn sá launamunur sem nú er á milli kynja en ég vík betur að því á eftir. Mig langar að taka eitt fram í viðbót varðandi unga fólkið. Unglingar eiga yfirleitt ekki rétt á lífeyri úr lífeyrissjóði. Þeir sem slasast þegar þeir eru komnir til starfa eiga slíkan rétt. Þarna er enn eitt atriðið sem gerir stöðu unga fólksins og hinna eldri mismunandi.

Það hafa verið reiknuð út allmörg dæmi einmitt til þess að reyna að glöggva sig á því hvernig þessi mál munu líta út. Ég held að þau dæmi sýni betur en flest annað að þarna hefur verið unnið að því eftir bestu getu að rétta hlut þeirra sem helst þurfti að hugsa um. Þeirra sem njóta samkvæmt núgildandi kerfis ekki þeirra réttinda sem kannski væri eðlilegt. Ég tek undir þær breytingar sem hafa verið gerðar, bæði frá núverandi fyrirkomulagi og yfir til þess sem var í hinu upprunalega frv., og ekki síst eftir að því var breytt því þá urðu þau skil sem virkilega skiptu máli.

Ég verð hins vegar að geta þess, og geri það í nál., að ein helsta ástæðan fyrir því að ég kaus að vera með sérálit er sú að þessari hugsun hefur ekki, alla vega enn sem komið er, reynst unnt að fylgja eftir hvað konur varðar. Í þessu frv. er ekki tekið tillit til framtíðarinnar hvað varðar tekjur kvenna. Grunnur bótagreiðslna eru að jafnaði tekjur næstliðins árs, en það er rétt að taka fram að við sérstakar aðstæður er gert ráð fyrir leiðréttingum ef tekjur næstliðins árs gefa ekki rétta mynd af tekjum eins og þær hafa verið. Þau ákvæði eru einnig að finna í þessu frv.

Tekjur kvenna eru nú í flestum stéttum um það bil 70% af tekjum karla og munurinn er raunar því meiri sem um tekjuhærri stéttir er að ræða. Þetta hefur verið vefengt en það eru til tölfræðileg gögn sem sýna, svo ekki verður um villst, að þetta er rétt. Þarna er ég ekki að tala um samanburð á milli þeirra sem stunda hlutastörf og fulla vinnu eða á milli mismunandi vinnutíma, heldur hreinlega um raunverulegan tekjumun sem verður ekki nema að mjög litlum hluta skýrður með lengri starfsaldri og slíkum eðlilegum rökum. Það sem eftir stendur, ég ætla ekki að slá á það sérstaklega, það má kannski hugsa sér að það sé hægt ef allt er tekið til að tala um að tekjumunurinn sé eitthvað um 20%, en það sem eftir stendur er hreinlega munur vegna kyns.

Nú finnst mér rétt að taka það fram að í allra lægst launuðu stéttunum er þessu ekki alveg svona háttað. Þar er tekjumunur minnstur en þar eru líka tekjurnar svo smánarlegar að það er varla að maður geti rætt um þær. Þær eru varla þannig að hægt sé að koma þeim í orð. Á þessum skekkta grunni byggjast bótagreiðslur til kvenna, eins og sakir standa, og þar virðist vera hægt að gera ráð fyrir því að svona muni ástandið verða um aldur og ævi. Ég ætla nú að vona að það verði ekki. Vissulega hefur okkur miðað hægt í baráttunni fyrir jöfnum tekjum karla og kvenna, en ég vil ekki vera slík bölsýnismanneskja að ætla að svo verði. Ég bendi því á að þótt tekjumunur milli kynja yrði að engu orðinn eftir 15 ár, þá mundi konan sem slasast nú ekki njóta þeirra breytinga til jafns við kynsystur sínar sem áfram eru á vinnumarkaðinu. Þarna er kannski að finna alvarlegan ágalla á frv. Ég er ekki að segja að það sé auðvelt verk að bæta úr þessu. En ég tel engu að síður að það hafi ekki verið reynt til þrautar.

Minni hlutinn spurðist fyrir um möguleika á því að setja t.d. endurskoðunarákvæði inn í frv. til þess að hægt væri að endurmeta tekjutap í ljósi breyttra aðstæðna t.d. eftir ákveðinn árafjölda. Sú fyrirspurn var gerð með konurnar sérstaklega í huga, en vissulega mundi slíkt ákvæði gagnast fleirum. Nú er það ljóst að tekjur stétta eru mjög mismunandi og er þarna kannski ákveðin leiðréttíng sem er ekkert síður brýn heldur en leiðréttíng vegna stórfelldra breytinga á því mati sem lagt er til grundvallar, þ.e. læknisfræðilegu mati. Við erum að taka inn breytingu frá læknisfræðilegu mati yfir í að meta fjárhagslegt tjón og gera þar grunninn að þessum stærstu bótagreiðslum og það er ekkert óeðlilegt að maður íhugi þetta. En ég ítreka það að ég geri mér engar grillur um að þetta sé létt verk, síður en svo.

Ekki reyndist vilji innan nefndarinnar til að kanna þessa leið nánar þar sem slíkt var talið mjög erfitt í framkvæmd. Að vissu leyti skil ég þá afstöðu. Ég er ekki með þessu að ásaka aðra nefndarmenn fyrir að

hafa ekki haft vilja til þess að gera þetta. Þarna er einfaldlega um að ræða að þetta er mikið starf og áherslur fólks eru misjafnar. Ég tek undir það með öðrum nefndarmönnum að ég tel að frv. eigi að komast í gegn. Mér finnst réttarbót af því og mér finnst þess vegna að það sé bæði sjálfsagt og eðlilegt að greiða götu þess.

Ég vil benda á það að unnt er að taka tillit til sérstakra aðstæðna þegar bætur eru ákveðnar, sbr. 2. mgr. 7. gr. frv. og um það gat ég raunar áðan. En slíkt mat, sem yrði öðruvísi en að miða við tekjur næstliðins árs, miðast við tekjur áður en slys á sér stað en ekki mat á framtíðartekjum. Einnig er í 11. gr. kveðið á um að tjónþoli geti fengið endurmetinn miska sinn eða örorku en þar er aðeins gert ráð fyrir því að það sé hægt vegna læknisfræðilegra ástæðna en ekki fjárhagslegra.

Minni hlutinn telur nauðsynlegt að leita leiða til að koma inn í íslenskan skaðabótarétt ákvæðum um að hægt sé að fá fjárhagslegt tjón endurmetið í ljósi nýrra aðstæðna ekki síður en læknisfræðilegt tjón. Nokkuð virðist skorta á að slíkt réttlætismál njóti skilnings eins og sakir standa og því þarf að finna viðunandi tæknilega útfærslu og vinna hugmyndum stuðning ef unnt á að vera að leiðrétta þennan ágalla frv. Það er mjög brýnt að mati minni hlutans.

Ég tek þau rök ekki gild að þetta sé óframkvæmanlegt. Ég trúi ekki öðru en að þetta sé framkvæmanlegt en ég ítreka að ég læt mér ekki detta það í hug að þetta sé auðvelt frekar en annað mat sem fellur hér undir. Það er kannski kjarni málsins. Þetta eru mjög viðkvæm mál og þetta eru mjög erfið mál en jafnframt er leitast við að hafa réttlætið að leiðarljósi og þessi kerfisbreyting er vissulega með það í huga. Þess vegna tel ég að við eigum að taka visst frumkvæði því mér er ekki kunnugt um að aðrar þjóðir hafi slík endurskoðunarákvæði í lögum sínum og ég held að það sé alveg óþarfi að binda sig við það að aðrir hafi ekki gert þetta. Við erum fyrst og fremst að ræða um réttlæti og ef um litlar sveiflur er að ræða er ég að sjálfsögðu ekki að tala um að það þurfi að taka þetta upp heldur aðeins ef verulegar breytingar verða t.d. á tekjumuni milli kynja eða tekjum einstakra stétta. Það grundvallarviðmiðun og það er þekkt í upphafi hver grundvallarviðmiðun er.

Ég vil þá víkja næst að stöðu nema og heimavinnandi fólks og raunar barna einnig. Í 8. gr. frv. er fjallað um bætur til þeirra sem njóta ekki vinnutekna. Stærstu hóparnir sem falla undir þessa grein eru börn, ungmenni í námi og heimavinnandi fólk. Í frv. er farin sú leið að hafa bætur til þessara hópa staðlaðar og miðaðar við miskastig. Ef skilningur minn í umfjöllun nefndarinnar er réttur, og ég held að ég hafi gengið úr skugga um það mjög kyrfilega, á ekki að vera hægt að ákvarða konum og körlum mismunandi bætur eins og væri hægt ef miðað væri við áætlaðar meðaltekjur hvors kynsins fyrir sig á vinnumarkaði. Þetta telur minni hlutinn mjög mikilvægt. Því má segja að meira jafnræðis gæti milli kynja þegar í hlut á fólk sem hefur ekki atvinnutekjur en meðal útivinnandi fólks. Raunar er hlálegt að þetta er eitt af því sem er gagnrýnt við frv. Kannski ekki berum orðum en vissulega er til sú gagnrýni að t.d. heimavinnandi fólki séu áætlaðar of háar bætur. Undir það get ég að sjálfsögðu ekki tekið.

Hins vegar geta komið upp nokkuð mismunandi aðstæður ef fólk er í hlutastörfum. Þá má segja að sá sem er í starfi sem er að minni hluta útivinna og að meiri hluta heimavinna komi betur út ef tekjurnar fyrir útivinnu eru lágar en sá sem er í starfi utan heimilis og hefur það að aðalstarfi og heimavinnu að aukastarfi.

Til glöggvunar birtir minni hlutinn nokkur dæmi til skýringar er hann fékk sérstaklega reiknuð í framhaldi af umræðum innan allshn. Þau held ég að segi raunar þá sögu sem segja þarf. Þar eru bornar saman bætur sem 35 ára húsmóðir í 30% eða 60% starfi utan heimilis fengi samkvæmt núgildandi reglum og samkvæmt frv. Dæmin eru reiknuð út frá þrenns konar vinnutekjum, þ.e. mismunandi háum. Hér er vitanlega um tilbúin dæmi að ræða en þau ættu að gefa nokkra mynd af veruleikanum og ég ítreka að þar sem nú er bara til skaðabótaréttur en ekki heildstæð skaðabótalög varð að sjálfsögðu að gefa sér ákveðnar forsendur varðandi dæmin sem taka mið af því hvernig þetta er núna. Ég tel engu að síður að þessi dæmi gefi nokkuð raunsanna mynd af veruleikanum. Í dæmunum er ekki tekið tillit til bóta frá lífeyrissjóðum, það tel ég rétt að komi fram, og ekki er getið um aðrar bætur en fyrir varanlega örorku núna en þetta er grunnurinn, ekki síst varðandi núverandi hátt. Síðan má geta þess að vitanlega bætast við miskabætur og fleira, þar á meðal bætur vegna útlagðs kostnaðar. En ég vil benda þeim sem vilja skoða þetta nánar á fskj. sem birt er með nál.

Ég mun örlítið hlaupa á þeim tölum á eftir en ég ætla að klára að fara í gegnum áhersluatriði nál.

Ljóst er að heimavinnandi fólk fær í sumum tilvikum hærri bætur en láglaunafólk og minni hlutinn telur eðlilegt að meta heimilisstörf á annan hátt en að miða við lágmarkstaxta eins og allt of oft er gert. Minni hlutinn styður því þá leið sem valin er í frv. Hins vegar sýna þessi dæmi hvílík smánarlaun eru greidd á vinnumarkaði og ítreka þá staðreynd að konur fylla láglaunahópana hvar í stétt sem þær standa.

Í þessu frv. er ekki tekið á því hvernig bætur skila sér til tjónþola. Möguleikar á innheimtu bóta eru mismunandi eftir því hvort tjónþoli lendir í bílslysi eða verður fyrir árás misindismanns sem er ekki borgunarmaður fyrir dæmdum bótum. Það hlýtur að vera næsta verkefni í skaðabótarétti að bæta úr þessum ágalla. Raunar finnst mér rétt að benda á að að þessu hefur verið hugað nokkuð innan allshn. svo sem kom fram í ræðu hv. 6. þm. Reykv. er hún mælti fyrir nál. meiri hlutans.

Minni hlutinn styður frv. í heild en telur rétt að benda á þessi atriði öðrum fremur við afgreiðslu málsins. Undir nál. rita ég, Anna Ólafsdóttir Björnsson, og er ein í þessum minni hluta en ég tek það fram að sumar af þessum skoðunum fengu raunar hljómgrunn innan nefndarinnar og að hluta til er auðvitað um sömu atriði að ræða og í meirihlutaálitinu.

Mig langar aðeins að hlaupa á þeim tölum sem hér

fylgja. Að sjálfsögðu geri ég ráð fyrir því að fólk, sem hefur áhuga, geti kynnt sér það nánar. Það er athyglisvert hve mikill munur er bæði á núgildandi rétti en 35 ára húsmóðir, sem hér hefur verið valin til þess að gefa einhverja hugmynd, með 100% örorku fær nú ef hún er í 30% starfi utan heimilis u.þ.b. 3,5 millj. ef hún hefur tekjur í kringum 70 þús. kr. á mánuði. Þarna er raunar best að taka það fram að þarna er verið að tala um tekjugrundvöll, ekki að hún fái þessar 70 þús. fyrir 30% starfið heldur að þetta séu tekjurnar fyrir fullt starf og síðan er starfshlutfallið reiknað þar af. Rétt að taka það fram til þess að það verði örugglega ekki nokkur misskilningur. Ég geri reyndar ekki ráð fyrir því að nokkur maður hafi misskilið þetta.

Samkvæmt þessu frv. mun hagur hennar vænkast töluvert ef hægt er að tala um að hagur fólks sem verður fyrir því óláni að lenda í alvarlegum slysum vænkist yfir höfuð, en að minnsta kosti má segja að bætur þessarar húsmóður sem er með 70 þús. kr. grunn í starfi sínu utan heimilis verði um 14,4 millj. samkvæmt þessum útreikningi og það er 8. gr. frv. sem þar er vísað til.

Aftur á móti ef hún er í 60% starfi, þ.e. vinnur meiri hluta síns starfs utan heimilis má segja að þessi kona komi mun verr út og þá yrðu bætur hennar samkvæmt þessu frv. núna, þá er það 6. gr. sem vísað er til, um 5,7 millj. á móti 14,4 millj. Þarna er náttúrlega um verulegan mun að ræða og hann felst í því að þarna er viðmiðunin orðin smánarlega lág laun. Samt sem áður fengi hún hærri bætur samkvæmt þessu frv. en hún fengi miðað við núgildandi rétt. Þarna er í rauninni vísað til skaðabótaréttar og þar munar um meira en hálfa milljón. Ég vil því geta þessa sérstaklega.

Aftur á móti má segja að ef launagrunnurinn fyrir fullt starf er 130 þús. kr. á mánuði þá standa þær sem eru í 30% og 60% vinnu utan heimilis nær hvor annarri, þar er um sömu upphæð að ræða fyrir 30% starfið, 14,4 millj. en 10,5 millj. fyrir þá sem er í 60% starfi utan heimilis. En það er ekki fyrr en tekjugrunnurinn er orðinn um 200 þús. kr. að sú sem vinnur utan heimilis kemur betur út úr þessu og fær um 16,2 millj. á móti þessum 14,4 millj. sem alltaf eru þær sömu hjá þeirri sem er í 30% starfinu.

Um þetta má náttúrlega deila og ég skal alveg viðurkenna að alltaf er dálítið erfitt og vandasamt að eiga við svona en samt sem áður tek ég undir það mat sem lagt er til grundvallar þarna og það vægi sem heimilisstörf fá í þessum grunni. En þetta er kannski eitt af því sem hægt er að gagnrýna við þetta frv. en mér finnst það hreinlega ekki réttlátt. Þá má frekar gagnrýna þau lágu laun sem eru greidd innan samfélagsins. Mér finnst að menn eigi frekar að skeyta skapi sínu á þeim en að hafa áhyggjur af því að einhver fái of mikið. Ég held að þarna sé hreinlega um það að ræða að búið er að skerða starfsgetu fólks og það er hreinlega verið að sýna fram á það. Sú sem væri útivinnandi geldur þess ef hún er í lágt launuðu starfi.

Þá er ég aftur komin að því að í flestum tilvikum mundi karlmaður fara betur út úr slíkum útreikningi — það getur verið að það sé núna á þessum seinustu atvinnuleysistímum en það var varla um það að ræða áður að karlmenn væru á svona lágum launum. Það var hreinlega ekki til. Ekki er nema hálft annað ár síðan sú tölfræði lá fyrir að u.þ.b. tvær af hverjum þremur konum þægju laun eftir taxta og taxtinn er yfirleitt lágur en aðeins einn af hverjum þremur körlum. Ég vona karlanna vegna að þetta hafi ekki breyst mjög mikið, að þetta sé svona núna líka en það má vera að atvinnuleysið hafi eitthvað breytt þessu.

Það er spurning varðandi þær ábendingar sem hafa komið fram í þessu. Ég hef kosið að takmarka mig við grundvallarhugsunina í þessu frv. Auðvitað eru ákveðin atriði varðandi þá nefnd sem mun meta örorku sem ugglaust eiga eftir að koma til skoðunar aftur. Við vitum að nokkur titringur hefur verið í kringum tryggingalækna og ég ætla út af fyrir sig ekki að fara í það mál. Ég hafði nokkrar efasemdir um það að hafa svo fámenna nefnd, þriggja manna nefnd, sem hæstarétt í þessu máli. Fyrir því eru gild rök, bæði með og á móti. Rökin með því að hafa nefndina þetta fámenna eru þau að það er ætlast til þess að hún sé skilvirk og gert er ráð fyrir því að það geti mjög mikið komið til kasta þessarar nefndar. Fyrst og fremst mun hún náttúrlega hafa mikið starf til að byrja með á meðan verið er að móta þann grunn sem við síðar munum byggja á. Þá verð ég að beygja mig fyrir þeim rökum að á meðan mikið mæðir á slíkri nefnd þá skiptir miklu máli að hún sé vel virk. Hún sé skilvirk og að auðvelt sé að starfa innan þeirrar nefndar.

Vegna þess að ég hygg að það gæti einstaka sinnum svolítils misskilnings varðandi bótaábyrgð starfsmanns sem getið er um í 23. gr. vil ég geta þess að ég er sammála og tek undir að það er réttlætissjónarmið sem ræður því að skaðabótaábyrgð starfsmanns gagnvart tjónþola er ekki meiri en svo að hann hafi getu til þess að greiða en þetta á að sjálfsögðu ekki að þýða að það bitni á þeim sem verður fyrir tjóninu því að þarna er milliliðurinn sem er vinnuveitandinn. Vinnuveitandinn á ekki endurkröfurétt nema að því leyti að hægt sé að ætlast til með einhverri sanngirni að starfsmaðurinn geti borgað. Mér finnst þetta skipta verulegu máli, ekki síst í ljósi þess að við erum á sama tíma að taka þá umræðu hvort ekki sé ástæða til þess að tryggja þeim bætur sem verða fyrir miska jafnvel þó að það þýði einhver útgjöld fyrir ríkissjóð, og þurfa að fara að innheimta miskabætur frá þeim misindismanni sem olli skaðanum enda þótt ég vilji alls ekki jafna því saman ef starfsmaður verður valdur að skaða þó það sé vegna saknæmrar hegðunar, eins og stendur í 23. gr., það er oft og tíðum samt sem áður óviljaverk. Þetta getur verið röng umgengni við vélar og þetta getur verið ýmislegt sem kannski er út af fyrir sig saknæm hegðun en engu að síður langt frá þeim dæmum sem við höfum um misindismenn og ofbeldismenn sem valda öðrum skaða. Ég tala ekki um þegar t.d. er um að ræða kynferðisafbrotamenn sem valda óbætanlegum skaða í sumum tilvikum. En ekki síst vegna þess að við erum taka þetta í þessu víða samhengi vil ég geta þessa sérstaklega.

Því er ekki að leyna að mismikil ánægja er með þær breytingar sem hafa verið gerðar á frv. milli ára. Ég er sjálf í hópi þeirra sem eru hlynntir öllum þeim breytingum sem gerðar hafa verið frá því að frv. var lagt fram á 115. þingi. Ég veit að af hálfu tryggingafélaganna þykir þeim lakara hverjar breytingar hafa verið gerðar en samt sem áður þykir þeim réttarbót og mikil bót af þessu frv. og styðja það. Þeir vildu kannski sjá meira af gamla frv. og minna af því nýja í þessari útfærslu en stuðningurinn er þarna samt sem áður fyrir hendi. Einnig gerði Tryggingaeftirlitið kannski svolítið sérkennilega athugasemd við hina nýju gerð frv. og reyndar hafði athugasemdir við fyrri gerðina líka, en í umsögn Tryggingaeftirlitsins sem dags. er þann 16. apríl sl. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Verði eigi fallist á þær athugasemdir sem Tryggingaeftirlitið setti fram á fyrri stigum máls þessa og ekki hefur verið tekið tillit til, leggur Tryggingaeftirlitið áherslu á nauðsyn þess að frv. verði samþykkt í þeirri mynd sem það hér liggur fyrir.

Það er mikilvægt samanber síðari umfjöllun að eigi dragist að samþykkt verði skaðabótalög hér á landi."

Í svipaðan streng taka raunar fleiri að jafnvel þótt menn hafi mismunandi ábendingar og áherslur og þær eru ekki allar í sömu átt, það er nú rétt að geta þess, þá eru flestir, sem gagnrýna kannski einhverja einstaka þætti þessa frv., á því að það sé nauðsynlegt að samþykkja þetta frv. jafnvel þótt þeirra athugasemdir verði ekki teknar til greina.

Ég hef vissulega ekki farið yfir allt það sem máli skiptir í þessu viðamikla frv. en ég held þó að reynslan muni verða besti dómarinn varðandi þetta frv. og hvernig það mun virka ef að lögum verður og ég geri ráð fyrir að flestir muni greiða fyrir því að þetta frv. verði að lögum. Við höfum möguleika á því að taka upp einstaka þætti, en í meginatriðum held ég að það sé hægt bæði ef dæma á eftir reynslu nágrannalandanna og eftir þeirri umfjöllun sem hefur verið innan nefndarinnar að ætla að að þessu frv. verði mikil réttarbót.

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örstuttar athugasemdir út af ræðu hv. þm. Ég get vissulega verið sammála því að tekjur kvenna þurfi og eigi að hækka en það virðist hins vegar vera afar erfitt í framkvæmd svo ekki sé meira sagt að ætla að taka mál upp aftur, t.d. eftir 15 ár, ef tekjumunur kynjanna yrði þá að engu orðinn. Það er ekki hægt að meta þetta svona eftir á og því miður útilokað, enda er það grundvallarregla í skaðabótarétti að bæta raunverulegt fjártjón. En auðvitað er það rétt að einhverjar aðstæður geta breyst, en það er bara ekki hægt að meta þetta eins og það er lagt hér fram. Í nál. minni hlutans er einmitt bent á endurskoðunarákvæði sem eru fyrir hendi í frv. eins og 2. mgr. 7. gr. og eru það mikilvæg ákvæði þar sem heimilt er að árslaun skulu metin sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi, t.d. breytingar á tekjum eða atvinnuhögum eins og greint er nánar frá.

Það eru enn fremur hugleiðingar um endurskoðun sem komu hér fram og að gera þyrfti könnun á ýmsum atriðum. Undir þetta má taka en slíkt tekur langan tíma og því verða ekki ráðin til þess nú. En umsagnaraðilar lögðu flestir áherslu á að lögfesta ætti frv. sem fyrst því að brýn þörf væri á þessari löggjöf. Og vissulega er ekki hægt að vera alveg fullviss um öll þau atriði sem frv. tekur á og sjálfsagt verður reynslan að skera úr um hvort þörf verður á endurskoðun og að því leyti er ég sammála hv. síðasta ræðumanni.

Frsm. minni hluta allshn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í þessu andsvari held ég að hafi kristallast kannski sú eina verulega áherslubreyting sem er á milli mín og líklega flestra í meiri hluta allshn. að ég er ekki tilbúin að fallast á að þetta sé ekki hægt, en vissulega tek ég undir það að það er erfitt. Ég hef hins vegar svo oft mætt því viðhorfi að þetta og hitt sé ekki hægt í tilverunni að ég er ekkert reiðubúin að taka undir það svona að öðru jöfnu. Og ég held að ef vilji er fyrir hendi, þá sé hægt að komast býsna langt.

Ég ætla nú ekki að fara að leggja upp enn einu sinni með þá góðkunnu tilvitnun í ljóð þjóðskáldsins sem margoft hefur komið hér fram að vilji er allt sem þarf. Ég veit að það þarf töluvert meira hér til. Það þarf flóknar, tæknilegar útfærslur en það byrjar auðvitað á því að taka þá ákvörðun að það þurfi að gera ákveðna leiðréttingu jafnvel þótt það sé erfitt og jafnvel þó að öðrum hafi ekki tekist það.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég skrifa undir nál. meiri hluta allshn. og eins og fram hefur komið hér í ræðum frsm. er ekki mikill ágreiningur á milli meiri og minni hlutans í þessu máli. Framsögumenn hafa gert glögga grein fyrir innihaldi þess og ætla ég því ekki að hafa langt mál um það, en vil aðeins undirstrika það að efni þessa frv. fjallar um viðkvæman málaflokk þar sem eru skaðabótagreiðslur. Og tilgangur frv. er fyrst og fremst tvíþættur að mínu mati. Það er að skapa ákveðnari bótareglur svo að ágreiningsatriðin verði færri og einfaldara verði þar úr að leysa og í öðru lagi þessar reglur sem frv. gerir ráð fyrir leiði til meira réttlætis heldur en er samkvæmt núgildandi framkvæmd. En þrátt fyrir það að við undirbúning hafi verið reynt að reikna út hvernig reglur frv. muni reynast í framkvæmd, þá kom það fram hjá þeim sem komu á fund nefndarinnar að erfitt væri að fullyrða hvernig þær kunni að reynast við hinar margbreytilegu aðstæður sem geta verið svo ákaflega ólíkar. Ég vil því leggja áherslu á að það þarf að vanda framkvæmd þessara laga og fylgjast vel með hvernig tekst til og bregðast skjótt við þeim annmörkum sem kunna að koma í ljós með breytingum og gera þá breytingar á lögunum ef þess gerist þörf svo að því réttlæti sem við öll viljum ná fram með þeim verði fullnægt.

Um einstök atriði ætla ég ekki að fjölyrða, en aðeins að minnast á örorkunefndina sem vissulega hlýtur að vera mikilvægur þáttur í framkvæmd þessara

laga, sérstaklega fyrsta áfangann. Því þarf auðvitað að vanda vel til hvernig hún verður skipuð og hvernig aðstaða henni verður sköpuð. Það er mjög lítið um það sagt í lögunum en kveðið á um það að ráðherra setji reglugerð um starfsháttu örorkunefndarinnar og örfá önnur atriði en að öðru leyti verður það á valdi dómsmrn. að sjá um þá framkvæmd. Og þá er auðvitað líka þörf að hafa í huga að þar sé hagsýni gætt því að gert er ráð fyrir því að heimilt sé að innheimta gjald fyrir þær matsgerðir sem nefndin annast og þá þarf að hafa í huga að þau útgjöld verði ekki meiri en brýnasta nauðsyn er á.

Ég vildi koma þessum örfáu atriðum og ábendingum hér á framfæri við þessa umræðu og vonast til þess að þau verði ásamt því sem fram kom í máli frsm. tekin til athugunar við framkvæmd laganna þó að því miður hafi hæstv. dómsmrh. ekki séð sér fært að vera viðstaddur þessa umræðu um þetta merkilega mál sem við erum öll sammála um að við vonumst til að leiði til meira réttlætis í þjóðfélaginu.

Umræðu frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 276. mál (stjórnsýsluleg staða, skyldusparnaður o.fl.). — Þskj. 384, nál. 1011 og 1049, brtt. 1012 og 1050.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er nú farið að vora á ný eftir langan og erfiðan vetur og 1. maí er fram undan innan fárra tíma og því ekki óeðlilegt að þingmenn vilji fara að koma sér til síns heima til að geta haldið upp á baráttudag verkalýðsins sem er svo nauðsynlegt um þessar mundir undir ríkisstjórn Alþfl.

Ég vildi, virðulegi forseti, láta það koma fram að frá því var greint í þingflokki Alþb. að ákveðið hefði verið á þingfundi í dag lyki kl. 18. Nú er sá tími útrunninn og ríflega það og ég vil segja það við virðulegan forseta að sjálfsögðu tel ég rétt og skylt af okkur þingmönnum, sem hér sitjum enn í þinghúsi að sinna þingskyldum, að standa við það samkomulag. En ég vil jafnframt láta það koma fram að ég tel afar erfitt fyrir okkur að fallast á að ganga lengra í þinghaldi en um var samið. Ég vil því, virðulegur forseti, inna forseta eftir því hvort ekki sé rétt að þinghaldi eigi að ljúka núna kl. 18 eins og okkur hefur verið frá greint þannig að kostur gefist á því að snúa sér að öðum störfum og sinna heimilum okkar á baráttudegi verkalýðsins. Ég sé það á þingsölum hér og mætingu þingmanna í dag, einkum af hálfu Alþfl. og Sjálfstfl., að þeir eru býsna margir sem þegar hafa tekið forskot á þá sælu. Ég bíð með óþreyju eftir því að hæstv. forseti hleypi okkur hinum sem teljum það nú eiga að ganga fyrir að sinna þingstörfum að komast til okkar heima svo fljótt sem kostur er.

Ég vil því, virðulegi forseti, endurtaka spurningu mína til forseta hvort ekki standi til að ljúka þingstörfum í dag kl. 18.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hafði hugsað sér að það væri æskilegt ef hægt væri að ljúka þingfundi í dag fyrr en seinna en umræða hefur dregist nokkuð í einu stóru máli eins og hv. þm. er kunnugt um. Það var aldrei talað um það að þingfundi skyldi lokið kl. 18 heldur var gert ráð fyrir því að honum lyki fyrir kvöldmat. Hér fór m.a. fram utandagskrárumræða í dag í hálftíma þannig að forseti hefur gert ráð fyrir því að haldið yrði áfram fram undir kl. 7 ef á þyrfti að halda til þess að ljúka þó ekki væri nema umræðu í þessu máli og því máli sem var frestað nú rétt áðan. Hv. þm. er á mælendaskrá í báðum þessum málum og forseti væntir þess að það sé áhugamál hv. þm. að hann fái tækifæri til að ljúka sínum ræðum. En að öðru leyti mun fundi ekki verða haldið áfram lengur.

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég hef tekið eftir því að klukkan er orðin 6 og komið fram yfir þann tíma sem var áætlað hér að þingfundur yrði og mér er nú spurn, hvers vegna það er verið að keyra hér áfram þetta fundahald? Við óbreyttir þingmenn höfum ekkert fengið að vita um hvað ætlunin er að afgreiða hér áður en þingi lýkur í vor. Það var talað um að leggja fram frv. um sjávarútvegsmál. Það hafa verið einhverjar lausafregnir af því hjá ríkisstjórninni að það ætti að ræða þau mál í dag. Forgangslisti hefur náttúrlega enginn komið fram af málum hvað ríkisstjórnin ætlar sér. Það hefur frést að það sé einhver forgangslisti hér á sveimi, þar sé m.a. ákvæði um að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög. Ég held að það sé inni á þessum lista. Ég held að það þurfi dálítinn tíma til þess og það sé ekki ástæða til þess að vera að strekkja hér áfram í kvöld ef þing á að standa meira og minna í allt sumar ef þessi sjávarútvegsmál koma fram. Mér er spurn: Hvenær fáum við að vita eitthvað um það hvenær þingi lýkur? Á því að ljúka núna 8. maí eða er ætlunin að halda áfram þingi fram á vorið og fram á sumarið? Ef svo er, þá held ég að það sé nú ekki ástæða til að vera að strekkja hér áfram þennan klukkutíma. En ég heyri að forseti hyggst ljúka þingfundi fyrir kl. 7 eða um sjöleytið þannig að ég þarf ekki að spyrja hann að því hvort það eigi að halda áfram fram yfir matartímann eins og oft hefur verið gert. En ég tel enga ástæðu til þess að halda áfram vegna þess að hér hafa menn ekkert mætt til þings í dag í stórhópum. Hér hafa verið örfáir menn í allan dag, örfáir stjórnarandstæðingar sem hafa haldið uppi þinghaldi í dag og við höfum ekki fengið neitt tækifæri til að skiptast á skoðunum við stjórnarliðið í þessu húsnæðismáli sem við vitum þó að hefur miklar efasemdir um þetta mál.

Jóhann Ársælsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með þeim sem hafa verið að tala hér um þingsköp en ég kem hér upp fyrst og fremst til þess að árétta það að það hefur ver-

ið spurt að því hér hvort sjávarútvegsfrumvörpin muni koma fram. Og það vill svo vel til að hæstv. sjútvrh. er mættur hér í þingsalinn og getur sjálfsagt sagt okkur frá því hvað standi til því að nú er það lítið eftir af þinginu, af þeim tíma sem gert var ráð fyrir að þingið stæði, að það getur ekki annað verið en að ríkisstjórnarflokkarnir séu búnir að koma sér saman um stefnu í sjávarútvegsmálum. Það væri a.m.k. ástæða til þess að halda að það væri eftir því hvernig hæstv. ráðherra talaði hér í umræðunni fyrir stuttu síðan að það hafi ekki vantað mikið upp á það að stefnan væri klár og skýr. Hann hlýtur því að geta upplýst það hér hvort þessi frumvörp verði tilbúin, hvort þau verði lögð fram nú í dag eða þá hvenær eða hvort hann er af einhverjum ástæðum búinn að gefast upp á því að leggja þessi frumvörp fram og það væri þá gagnlegt fyrir þingmenn að vita hvers vegna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þetta hefur verið rætt á fundum með formönnum þingflokka og einnig á fundi í forsætisnefnd þar sem lagður var fram forgangslisti ríkisstjórnarinnar sem var fyrsta plaggið sem fram kemur í þeim efnum. Ekki hefur verið haldinn formlegur fundur með formönnum þingflokka um þann forgangslista vegna þess að verið er að sjá til hvort hægt er að standa við starfsáætlun eins og gert er ráð fyrir á þessari stundu að verði, þ.e. að þingi ljúki um næstu helgi. Og með tilliti til þess er forseti að reyna að nýta tímann til fundarhalda hér eftir því sem hægt er og reynir jafnframt að sýna skilning og sanngirni og vera ekki með kvöldfundi nema nauðsyn krefji. Hér var kvöldfundur í gær. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir fundi í kvöld. Hins vegar var gert ráð fyrir því að vera hér fram eftir degi en alls ekki fram yfir kvöldmat. Forseti hefur ekki upplýsingar um það hvort það mál sem hér var nefnt, sjávarútvegsmálið, komi á dagskrá þingsins eða verði lagt fram og meðan það liggur ekki fyrir er ekki hægt að taka afstöðu til þess hvenær hægt er að ljúka þessu þingi. Þannig standa þessi mál og formenn þingflokka vita að málið er í biðstöðu og væntanlega mun það liggja fyrir strax eða í síðasta lagi eftir helgina hvað verður í þeim efnum.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir þessar upplýsingar sem hafa komið hér fram. Þær staðfesta auðvitað það að forseti er í miklum vanda sem stafar fyrst og fremst af því að óljóst er hvað verður um þrjú stór mál sem hafa verið í undirbúningi á vegum ríkisstjórnarinnar og ganga undir samheitinu sjávarútvegsmál.

Með hliðsjón af því hygg ég að það væri skynsamlegast fyrir alla aðila að hætta þingstörfum í dag núna vegna þess að segjum að þessi frumvörp komi nú ekki fram, þá er reynslan auðvitað sú að þingmenn stjórnar og stjórnarandstöðu eru vafalaust tilbúnir til þess að semja sig í gegnum lok þingsins með venjulegum hætti og það leysir engan vanda og flýtir ekkert fyrir að vera að tala hér í þessum málum núna fram í matartímann. Komi þessi mál hins vegar fram, þá þýðir það náttúrlega að þingið stendur mikið lengur og þá er heldur ekki ástæða til þess að vera að halda hér umræðum áfram fram í matartímann. Þess vegna vil ég eindregið skora á hæstv. forseta að slíta núna fljótlega þessum fundi þannig að menn komist til síns heima og til að undirbúa þau verk sem margir sem hér eru inni þurfa að sinna á morgun, þann 1. maí. Ég vil a.m.k. heita á hæstv. forseta að láta þennan fund ekki standa lengur en í eins og hálftíma í viðbót. Það er auðvitað algerlega útilokað á föstudagskvöldi, kvöldið fyrir 1. maí, að vera hér með fund fram í matartímann eins og oft hefur verið, jafnvel fram undir kl. 8 og jafnvel fram yfir kl. 8.

En ég held að skynsamlegast væri eins og ég segi fyrir hæstv. forseta að slíta fundinum núna því að það flýtir ekki fyrir neinu máli að halda þessu áfram eins og staðan er. Og það er ekki við stjórnarandstöðuna að sakast í þeim efnum heldur þá óvissu sem er uppi í kringum þessi svokölluðu sjávarútvegsmál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en hv. 2. þm. Austurl. tekur til máls um gæslu þingskapa vill forseti staðfesta þau orð hv. 9. þm. Reykv. að forseti hefur ekki hugsað sér að halda fund hér til kl. 8 í kvöld eða fram í matartímann. Forseti hefur aldrei nefnt annan tíma en þann að fara alls ekki fram yfir kl. 7 og forseti getur alveg sæst á það að halda hér áfram eins og í hálftíma í viðbót, þ.e. að leyfa hv. 5. þm. Vestf. að ljúka sinni ræðu sem hann var þó nokkuð kominn áleiðis með eins og hann upplýsti utan ræðustóls í spjalli. Forseti gæti ímyndað sér að það mundi kannski duga hálftími í það. En tíminn verður að leiða í ljós hvernig það gengur.

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég get út af fyrir sig fallist á það að fundur verði hér svona hálftíma enn. Það skiptir í sjálfu ekki sköpum. En hins vegar þó að ég tali ekki fyrir hönd hv. 5. þm. Vestf., þá finnst mér að það eigi nú ekki að vera skilyrt, mér finnst að hann eigi að fá að ljúka sínu máli, hvort það tekur hálftíma eða hvort það tekur eitthvað lengri tíma því það er alveg ljóst að umræðu um þetta dagskrármál lýkur ekki á háftíma.

En ég vil lýsa furðu minni á því að það skuli ekki hafa verið fjallað um þennan forgangslista með þingflokksformönnum í alvöru og farið yfir þau mál, bæði þingmannamál og önnur, sem á að afgreiða hér fyrir þinglok því að það er náttúrlega alveg ljóst að ef þingi á að ljúka í næstu viku, hæstv. forseti hefur gefið þær yfirlýsingar, þannig að þessi sjávarútvegsmál koma ekki fram og hæstv. sjútvrh., sem ber svo vel í veiði að er hér, hefur samþykkt það með þögninni þannig að það er nú mál til komið að fara að fara yfir þennan lista og koma hér einhverjum skikk á og semja um lok þingstarfa. Að öðru leyti get ég fallist á það að við höldum hér áfram svona hálftíma lengur eftir atvikum, en ég vil benda á þetta eigi að síður.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur létt áhyggjum af hv. þm. að það verður áreiðanlega fjallað um forgangslista ríkisstjórnarinnar á þeim tíma sem heppilegur er og hann liggur fyrir og það vita formenn þingflokkanna að verður gert.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég geri nú ekki mikinn ágreining um það hvort þinghald standi til 18 eða 18.45 eða 19, það er í sjálfu sér ekki meginatriði úr því sem komið er. En ég vil benda forseta á það að á dagskrá þessa fundar eru 29 mál og býsna mörg af þeim hafa ekki komist að á þessum þingfundi og þar á meðal einar fimm atkvæðagreiðslur sem ekki hefur tekist að ... (**Forseti:** Það lá fyrir, hv. þm., að þeim atkvæðagreiðslum væri frestað. Það hefur legið fyrir. Það var gert strax í upphafi fundar kl. 1.30.) Ég heyrði það, virðulegi forseti. Ég vil a.m.k. láta það koma fram af minni hálfu að mér er ekkert að vanbúnaði að þessar atkvæðagreiðslur fari fram á þessum þingfundi. (**Forseti:** Það var óskað eftir að þeim yrði frestað og þeim er frestað.) Þannig að það er ýmislegt sem veldur því að mál ganga kannski ekki fram eins og ætlað er eins og fram kom hjá hæstv. forseta að óskað hefur verið eftir frestun á ákveðnum atkvæðagreiðslum. Það hefur ekki verið upplýst hver óskað eftir þeirri frestun en ég þykist vita að það sé komið frá stjórnarliðinu og geri í sjálfu sér engar athugasemdir við það, en það er þá rétt að mönnum sé það ljóst hverjir það eru sem treysta sér ekki til að takast á við þetta verkefni.

Mér er ekkert að vanbúnaði, virðulegi forseti, að halda áfram ræðu minni um stjfrv. um Húsnæðisstofnun ríkisins. Hins vegar er nú nokkurt mál eftir í þeirri umræðu og ég er nú ekki viss um að mér takist að ljúka þeirri ræðu á þeim tíma sem nefndur hefur verið, svona hálftími. Það getur svo sem ráðist hvort ég fresta þá því sem eftir stendur og tek þá til máls á nýjan leik eða hvort ræðunni verður frestað þá. Það er svo sem ekki meginatriði málsins, virðulegi forseti, en mér er í sjálfu sér ekkert að vanbúnaði að halda áfram, en mér þótti nauðsynlegt að fá það fram að þinghald stæði ekki fram yfir kl. 19. Ég tel að það sé nauðsynlegt að þingmenn geti nokkuð treyst á þær upplýsingar sem þeir fá frá þingflokksformönnum eins og við fengum á okkar þingflokksformanni. Ég neita því ekki að mér þykir það nokkuð miður að svo skuli þingstörf ganga fram að menn geti verið annars staðar heldur en hér að sinna sínum þingskyldum.

Kristinn H. Gunnarsson (frh.):

Virðulegi forseti. Þetta stjfrv. um Húsnæðisstofnun ríkisins er eins og fram hefur komið mjög umdeilt og einkum er það stjórnsýsluþátturinn sem hefur staðið styr um og er verulegur ágreiningur um þann þátt. Ég hef farið nokkuð yfir það í hverju pólitískar áherslur liggja á mismunandi veg eftir því í hvorri fylkingunni menn standa, í ríkisstjórnarliðinu eða stjórnarandstöðunni. Og ég tel að það skipti miklu máli að Alþingi bregðist við þessu frv. á sama hátt og gert var fyrir þremur árum að hafna stjórnsýslubreytingum í þá átt sem frv. gengur.

Það eru vissulega fleiri atriði í þessu frv. sem eru umdeilanleg og það er líklega rétt að víkja að þeim líka þó að þau séu nú ekki eins stórvægileg og þessi stjórnsýsluþáttur. Þar er ég að vísa til tveggja annarra meginþátta frv. sem eru breytingar á ákvæðum laganna um skyldusparnað og breytingar á ákvæðum laganna um tækni- og hönnunardeild.

Fyrst vil ég segja varðandi skyldusparnaðinn að eins og fram hefur komið í nál. minni hluta, þá telja menn nú rétt að gera breytingar á skyldusparnaðarkerfinu. Um það er samstaða meðal minni hluta félmn. og höfum við ekki hafnað því að skoða breytingar á þessu kerfi. Hins vegar er það svo aftur annað mál hvort allir séu á því að breytingin eigi að vera sú að leggja það alveg niður. Ég neita því ekki að ég er í hópi þeirra sem hafa vissar efasemdir um það að hverfa að fullu frá skyldusparnaðarkerfinu. Ég hef af því allnokkra reynslu í gegnum mín fyrri störf og hef séð að í býsna mörgum tilvikum hefur skyldusparnaður komið sér afar vel fyrir ungt fólk sem var að stofna til íbúðarkaupa og hafði lagt til hliðar í þessu skyni fé samkvæmt ákvæðum laganna um skyldusparnað. Mér er það nokkuð til efs að það sé farsælt á heildina litið að afnema úr lögum þetta skyldusparnaðarákvæði jafnhliða því sem tekið er á og breytt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt sem lúta að því að hvetja ungt fólk sjálfviljugt til að leggja fé til hliðar til að spara fyrir íbúðarkaupum. En um síðustu áramót var gerð breyting á þeim lögum og þar ákveðið að afnema í áföngum þann hvata sem var í lögunum til þess að stofna slíka húsnæðissparnaðarreikninga þannig að með þessum breytingum bæði á lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins og lögum um tekjuaukaskatt er verið að afnema allan hvata eða lögbindingu ungs fólks til þess að safna fé til íbúðarkaupa. Mér er til efs að það sé farsælt skref að ganga svo langt í þessum efnum og ég hefði gjarnan viljað ræða aðrar hugmyndir varðandi skyldusparnaðinn. Ég hefði talið það góðan umræðugrundvöll fyrir hv. þingnefnd og alþingismenn að ræða um breytingar á núverandi skyldusparnaðarkerfi á þann veg að lækka prósentuna sem af launum er tekin og jafnframt fækka undanþágum sem eru í lögunum frá skyldunni til að spara. Ég trúi því að hafi menn haft vilja til þess að setjast yfir það verkefni að finna samkomulagsflöt á þessum nótum, þá hafi það tekist og ég teldi það a.m.k. skynsamlegra að feta sig þá frá skyldusparnaðinum í áföngum í stað þess að afnema hann í einu lagi og fara algerlega út í óvissuna eins og lagt er til í þessu frv.

Þá er það annað atriði sem veldur ákveðnum áhyggjum manna sem leiðir af þessari breytingu að fella niður algerlega skyldusparnað og borga hann út sem er að útstreymi af skyldusparnaðarreikningum verður afar mikið á fyrsta árinu eftir að þessi skyldusparnaðarákvæði hafa verið afnumin úr lögum. Þannig er gert ráð fyrir því í stjfrv. að útstreymið verði um 1.300–1.400 millj. kr. á þessu ári og það verður að segjast eins og er að það er ekki til neitt fé til að borga

þetta út. Stofnunin verður að taka fé að láni til þess að greiða fólki út þennan skyldusparnað og auðvitað er þá verið að sækja meira fé inn á lánsfjármarkaðinn sem þessu nemur, um 1.400 millj. kr. á þessu ári og 4.000 millj. kr. alls á næstu árum fram til ársins 2000 og auðvitað liggur það fyrir að slík útgreiðsla stuðlar að því að viðhalda háum vöxtum jafnframt því sem hún getur líka stuðlað að því að hækka þá. Menn getur deilt um það hvort hún hækki vextina en ég held að hitt sé óumdeilanlegt að hún stuðar að því að viðhalda því háa vaxtastigi sem við búum við í dag. Bara út frá þeim forsendum er það ekki skynsamlegt núna þegar menn eru að glíma við það að ná vöxtum niður, a.m.k. er það krafa frá atvinnurekendum og launþegasamtökum að vöxtum verði náð niður, að grípa til aðgerða sem ganga til annarrar áttar. Ég hefði talið skynsamlegra af hálfu ríkisstjórnarinnar að fresta þessu ákvæði frv. til þess að vera ekki að stuðla að því að þrýsta upp vöxtum eða halda þeim uppi. Þetta ákvæði vegur líka þungt í mati manna á afgreiðslu einstakra tillagna í þessu stjfrv.

Þá er það þriðji þáttur í þessu frv. sem eru þær breytingar að leggja niður tækni- og þjónustudeild stofnunarinnar. Þar verð ég að segja að mér er eiginlega alveg hulin ráðgáta hvernig hæstv. félmrh. hefur dottið það í hug að koma fram í þessu máli eins og reyndin hefur verið og við upplifðum á þeim vetri sem er að líða að taka í sínar hendur það vald sem ráðherrann er að biðja um að fá með frv. og það áður en frv. er samþykkt. Það hefur hér verið rakið áður hvernig staðið var að því að leggja niður svonefnda hönnunardeild með beinu valdboði hæstv. ráðherra sem mér er mjög til efs að ráðherrann hafi vald til stjórnskipulega og raunar er húsnæðismálastjórn um það sammála að ráðherrann hafi það ekki. Ég hlýt að fordæma slík vinnubrögð þegar offorsið er slíkt að hrint er í framkvæmd fyrirætlunum sem boðuð eru í frumvörpum og lagðar fram óskir í því frv. um heimildir til að koma í framkvæmd. Það hljóta allir að vera sammála um að réttur gangur á svona málum sé sá að fá heimildirnar áður en menn grípa til framkvæmda og síðan hafa menn ekki einu sinni fyrir því að breyta þessu frv. til samræmis við það sem búið er að gera. Hér stendur enn í frv. sem verið er að biðja Alþingi um að samþykkja í ákvæði til bráðabirgða: „Ráðherra er heimilt að selja eigur hönnunardeildar Húsnæðisstofnunar ríkisins." Það er búið að selja þessar eigur fyrir löngu síðan og samningur um það liggur fyrir. Hvað á svona skrípaleikur að þýða? (**Félmrh.:** Hver tók ákvörðun um það?) Það var húsnæðismálastjórn, meiri hlutinn í henni. (Gripið fram í.) Já, það er rétt að þeir svari því sem þá ákvörðun tóku. (**Félmrh.:** Á þingmaðurinn ekki sæti í húsnæðismálastjórn?) Ég greiddi atkvæði gegn þessu. Það er rétt, hæstv. ráðherra, að þeir svari fyrir það sem ákvörðunina tóku og það voru þeir sem fylgja ríkisstjórninni að málum sem gerðu það. Og ég held að hæstv. ráðherra ætti nú ekki að vera að gera sig breiðan í þessum efnum.

Ef það er mat stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálastjórn að þeir hafi getað selt þessar eigur án lagaheimildar, þá er spurn, hvers vegna er þá verið að hafa þetta hér inni? En það er greinilegt að ráðherrann er ekki sammála því mati og ætti því að setja ofan í við sína undirmenn eða sína stuðningsmenn í stjórninni í þeim efnum.

Hvað varðar einstakar tillögur í þessu stjfrv., þá má segja að afstaða mín til þeirra komi fram að mestu leyti í umsögn húsnæðismálastjórnar ríkisins um þær greinar og því ekki ástæða til að tíunda það frekar að sinni. En ég vil víkja einnig að fleiri þáttum því löggjöf um Húsnæðisstofnun ríkisins sem hér er verið að endurskoða hefur fleira að geyma en ákvæði um það hvernig stofnunin skuli vera skipulögð, yfirstjórn og þess háttar heldur líka eru í þeirri löggjöf ýmis önnur atriði sem snerta húsnæðismál og skipta miklu máli. Þar vil ég nefna m.a. húsbréfakerfið sem hefur ekki verið mikið rætt í umræðu um þetta mál og er ástæða til að gera ítarleg skil. Og þar má líka nefna ákvarðanir um vexti á þeim lánum sem veitt eru úr byggingarsjóðum ríkisins og verkamanna. Hæstv. ráðherra ásamt ríkisstjórninni hefur tekið ákvarðanir sem hafa skipt miklu máli fyrir þá sem eiga þarna lán og ég vil minna á það að núv. ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir hækkun vaxta, bæði úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna. Á síðasta ári hækkuðu vextir af lánum úr Byggingarsjóði ríkisins upp í 4,9% og núna 1. mars sl. hækkuðu vextir af lánum úr Byggingarsjóði verkamanna úr 1% upp í 2,4%. Þarna er verið að sækja verulegt fé til þeirra sem eiga samkvæmt laganna hljóðan og anda laganna að vera síst undir það búnir að taka á sig auknar byrðar og samanlagt er vaxtahækkunin úr báðum þessum sjóðum um það bil 1 milljarður kr. miðað við heilt ár. Hæstv. ráðherra hefur með atbeina sínum þannig aukið skuldagreiðslubyrðina hjá þessu fólki sem því nemur. Hæstv. ráðherra er hollt að minnast þess að hann hefur nokkuð hampað því atriði að menn fái ekki lán nema að undangenginni athugun á getu þeirra til að borga af lánum, svokölluðu greiðslumati, þannig að menn fái ekki hærra lán en svo að tekjur standi undir afborgunum af þeim lánum.

Með ákvörðun eins og þessari er verið að rústa þessar forsendur. Með ákvörðun eins og þessari er verið að taka býsna marga sem hafa tekið lán á undanförnum árum og setja þá stöðu að þeir standast ekki greiðslumat í dag ef þeir fara í gegnum það, ef það yrði framkvæmt. Og hvernig á þetta fólk að standa straum af afborgunum sinna lána? Hæstv. ráðherra hlýtur að hafa velt því fyrir sér hvar þetta fólk á að taka fé til þess að standa undir afborgunum af sínum lánum.

Hækkun vaxta hefur líka önnur áhrif í félagslega kerfinu sem ekki hefur verið gefin nægilegur gaumur að en ég tel að menn verði að fara rækilega ofan í. Í félagslega eignaríbúðakerfinu er það þannig að með hverri afborgun af láni eignast menn pínulítinn hlut í íbúðinni, það verður eignamyndun. Með því að hækka vextina eins og gert hefur verið úr 1% upp í 2,4% er verið að minnka eignarmyndunarþáttinn stóran hluta af greiðslutímabilinu. Það sem menn eru að borga með

hærri upphæðum nýtist ekki einu sinni til að auka eignamyndunina heldur minnkar hún þvert á móti þannig að hér er um að ræða má segja að nokkru leyti hálfgerða eignaupptöku. Með aðgerðum er verið að koma í veg fyrir það að þær forsendur sem menn gengu út frá þegar þeir tóku lánið standist, enda er það svo, virðulegi forseti, að vanskil eru umtalsverð og hafa farið vaxandi og ég hef hér upplýsingar um vanskil úr byggingarsjóðunum eins og þau voru núna nýlega. Og ef við lítum til Byggingarsjóðs verkamanna, þá voru vanskilin samkvæmt þeim gögnum sem ég hef miðað við 30. mars um 380 millj. kr. Í Byggingarsjóði ríkisins voru vanskilin um 850 millj. kr. og í húsbréfadeild voru vanskilin um 300 millj. kr. þannig að hér eru menn að tala um að vanskilin hafi verið samtals liðlega 1,5 milljarðar kr. Og hvernig hyggst ríkisstjórnin koma til móts við fólk sem getur ekki staðið straum af afborgunum sinna lána, m.a. vegna aðgerða núv. ríkisstjórnar með hækkun vaxta auk annarra aðgerða sem nefna má eins og t.d. í skattamálum? Það eru engar tillögur um það í þessu stjfrv. hvernig eigi að taka á þessum vanskilum, ekki nokkrar. Það er ekki einu sinni vikið að því einu orði þannig að hæstv. ráðherra lítur ekki á það sem neitt vandamál, telur það ekki einu sinni þess virði að þurfa að líta á það hvernig menn ætla að standa að því sem liggur fyrir að þurfi að gera, að aðstoða fólk við að komast út úr vanskilum sem eru að safnast upp í öllum sjóðunum. Og það væri fróðlegt að heyra frá hæstv. félmrh. hvaða áform eru uppi af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að taka á aðsteðjandi vanda vegna vanskila. Í þessu stjfrv. kemur ekkert fram um þetta mál. En það er ljóst að ef á að taka á þessum vanda með einhverjum hætti, þá þarf lagabreytingar og þær lagabreytingar þyrftu menn að afgreiða nú í vor. Það væri alveg óþarfi og engum til góðs að geyma það fram á haustið ef menn á annað borð eru í þeim hugleiðingum að það þurfi að grípa til aðgerða til að mæta þessum vanda. Það hefur verið vakin athygli á þessu vandamáli og það liggja fyrir tillögur til úrbóta í þessum efnum, m.a. frá mér og hv. þm. Svavari Gestssyni, frv. sem liggur í félmn. Alþingis en hefur ekki fengið stuðning stjórnarliða en það frv. er einmitt lagt fram til þess að takast á við þann vanda sem vanskilin eru orðin. Menn geta deilt um það hvort sú leið sem þar er lögð til sé sú rétta eða sú besta og við erum opnir fyrir því að ræða aðrar hugmyndir eða breytingar á þeirri sem við leggjum til, en aðalatriðið er að menn fáist til að viðurkenna að það þarf að taka á þessu vandamáli og hæstv. félmrh. verður að mínu mati að gera sér grein fyrir því að það verður að taka á því hér og nú. Það er áformað að ljúka þingstörfum í næstu viku og ætli menn sér á annað borð að grípa til einhverra aðgerða, þá verða menn að gera það núna meðan málið er hér til umræðu. Það verður að mínu mati of seint að gera það á haustmánuðum. Og ég vil nú skora á hæstv. ráðherra að upplýsa um áform ríkisstjórnarinnar í þessum efnum, hvort hún hyggist ekki beita sér fyrir lagabreytingum í þessu skyni eða hvort það er stefna ríkisstjórnarinnar að gera ekki neitt, að láta eins og þetta mál komi henni ekki við. Og ég tel að það væri afar slæmt ef umræðunni lyki án þess að fyrir lægju svör ríkisstjórnarinnar eða hæstv. ráðherra fyrir hönd hennar í þessum efnum. Þetta er að mínu mati það mál sem er hvað brýnast að takast á við og skiptir mestu máli að Alþingi komi fram með úrbætur og skiptir mun meira máli heldur en það að leggja niður hönnunardeild eða skyldusparnað. Það er að mínu viti frekar aukaatriði í þessu stóra samhengi.

Þá vil ég aðeins víkja að húsbréfakerfinu sem er eitt stærsta málið í þessari löggjöf og væri nú skaði að ekki hlyti verðuga umfjöllun í umræðum um húsnæðismál. Það fer ekki hjá því að menn hljóti að velta mjög vöngum yfir því hvort við séum á réttri leið með þeirri útgáfu húsbréfa sem ástunduð hefur verið á síðustu árum, en það stefnir í að það verði búið að gefa út húsbréf fyrir um 45 milljarða kr. í lok þessa árs á aðeins þremur árum eða fjórum árum, — þremur því að útgáfan hófst undir lok ársins 1990. Áhrif slíkrar útgáfu á skuldabréfum eða húsbréfum eru augljós. Þessi bréf hafa haldið uppi vaxtastiginu í landinu. Það er engum blöðum um það að fletta og þegar menn horfa framan í það að atvinnulífið er að hrynja m.a. vegna þess hversu hátt vaxtastigið er og hefur verið á undanförnum árum, þá hlýtur maður að spyrja: Hvað hyggst ríkisstjórnin fyrir í þessum efnum? Á að halda áfram að gefa út húsbréf fyrir 12 milljarða á ári? Stuðlar það að því að menn nái niður vöxtunum þannig að menn geti endurreist atvinnulífið eða haldið því gangandi þar sem það tórir þó enn? Í þessu stóra samhengi hljóta menn að horfa á útgáfu húsbréfa og velta fyrir sér því hvort eigi ekki að taka á henni núna við afgreiðslu á þessu frv.

Það eru auðvitað ýmsar leiðir til þess að draga úr útgáfu bréfanna. Menn geta farið nokkrar mismunandi leiðir að því marki. (**Félmrh.:** Má ég heyra þær?) Þær eru ýmsar til, hæstv. ráðherra, og ráðherra heyri ég að er óðfús að fá að vita hvaða leiðir það eru. Það kemur nú eiginlega á óvart ef hæstv. ráðherra veit það ekki hvaða leiðir það eru sem hægt er að fara til þess að draga úr útgáfu húsbréfa. (**Félmrh.:** Ég vil heyra skoðun þingmannsins á því.) Skoðun þingmannsins er afdráttarlaus á þessu kerfi. Menn hafa dælt of miklum peningum út á of skömmum tíma (**Félmrh.:** Hvernig á að takmarka það?) með þeim afleiðingum að vaxtastigið hefur haldist allt of hátt hér á landi. (**Félmrh.:** Hvernig vill þingmaðurinn takmarka útgáfuna?) Ég skal koma að því, hæstv. ráðherra. En ég vil einnig benda ráðherranum á annað sem leitt hefur af þessari miklu útgáfu og það eru afföllin. (**Félmrh.:** Ætlar þingmaðurinn að koma sér hjá að svara mér?) Og ef við miðum við það að búið verði að gefa út 44 milljarða kr. í húsbréfum og þá staðreynd að afföll hafa nú ekki farið niður fyrir 10% og hrokkið allt upp í 25%, þá er hverjum manni ljóst að við erum að tala um afföll upp á milljarða kr. Hversu marga milljarða er erfitt að slá á. Ég hef ekki gert tilraun til að reyna að taka það saman en miðað við efri og neðri mörk á afföllunum, þá er ljóst að talan liggur einhvers staðar á bilinu 5 til 7–8 milljarðar kr. Það eru gríðarlegar tölur

sem er velt yfir á herðar þeirra sem eiga að borga á næstu 25 árum fasteignaverðbréfin. Og hæstv. ráðherra sagði það og hélt því ítrekað fram þegar ráðherrann var að berjast fyrir húsbréfakerfinu sínu, að það yrðu engin afföll af þessum bréfum. Það sagði ráðherrann m.a. í viðtali við blað sem hét Helgarpósturinn og blað það sem ég vitna til kom út 23. febr. 1989, þegar ráðherrann var að vinna fylgi fyrir þessari leið. Þar hélt ráðherrann því fram að það væri ástæðulaust að óttast það að afföll mundu verða af húsbréfum. Hverjar eru skýringar ráðherrans á því að þessar fullyrðingar hans hafa ekki staðist? En það er dýrt fyrir fólkið sem tók þessi lán að hafa trúað ráðherranum á þessum tíma. Það er dýrt fyrir fólkið sem á árinu 1991 var að taka húsbréf til að kaupa hús eða skuldbreyta og þurfti að bæta 25% ofan á þá upphæð sem var verið að gera upp og skrifa undir skuldabréf að þeirri upphæð sem það á að borga á næstu 25 árum. Það er skatturinn sem það fólk þarf að borga til hæstv. fémrh. ef svo má að orði komast. Það er það sem var lagt á herðar fólksins sem því hafði verið sagt að mundi ekki verða og hæstv. ráðherra ætti nú að eyða tíma sínum í það að reyna að útskýra það fyrir þingi og þjóð, kannski sérstaklega þeim sem eru að borga af þessum lánum, hvers vegna ráðherra reyndist ekki fara með rétt mál í þessum efnum.

En það er af nógum hugmyndum að taka ætli menn að takmarka útgáfu á húsbréfum. Við erum með mjög einfalda mynd fyrir framan okkur að við höfum of litla peninga úr að spila þannig að við getum ekki lánað öllum það fé sem þeir vilja fá strax. Það er bara einföld staðreynd. Og loforð um kerfi sem lánar öllum það fé sem menn vildu fá og það strax hafa reynst haldlítil vegna þess að fólkið þarf sjálft að borga kostnaðinn við það með afföllunum. Og ætli menn að viðhalda kerfi sem er nánast gefið út eftir eftirspurn, þá eru menn í þessari krísu af því að á endanum er alltaf einhver sem þarf að kaupa þessi bréf og það er einfaldlega takmarkað fé. Það er ekki ótakmarkað fé til að kaupa þessi verðbréf öll sem verið er að bjóða upp á. Og húsbréfakerfinu hefur nú reyndar þegar verið breytt og þessi staðreynd hefur verið viðurkennd. Þegar menn lækkuðu hámarkslánin á þessum bréfum, þá voru menn að beygja sig undir þessa staðreynd þó að það hafi ekki dugað til þess að halda afföllunum niðri.

Ég vil, virðulegi forseti, láta þetta duga að sinni í umfjöllun um þetta frv. en ég hyggst nú taka til máls á nýjan leik og ræða þá þætti málsins sem ég lét hjá líða að þessu sinni að fara yfir að nokkru leyti og suma jafnvel að öllu leyti því ég tel ástæðu til að þessi mál verði ítarlega rædd og að þingmenn láti í sér heyra með myndugum hætti og lýsi þar af stöðu sinni til þessa frv. og húsnæðismála.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–10. og 16.–29. mál.

Fundi slitið kl. 6.59 síðdegis.

168. FUNDUR

mánudaginn 3. maí,
kl. 8.30 síðdegis.

Dagskrá:
Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Umræðurnar fara þannig fram að hver þingflokkur fær 30 mínútur til umráða sem skiptast í þrjár umferðir, um það bil 10 mínútur í hverri. Röð flokkanna verður í öllum umferðum: Framsfl., Sjálfstfl., Alþb., Alþfl. og Samtök um kvennalista. Ræðumenn flokkanna verða: Fyrir Framsfl. talar í fyrstu umferð Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn., í annarri umferð Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf., og í þriðju umferð Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl. Fyrir Sjálfstfl. talar í fyrstu umferð Davíð Oddsson forsrh., í annarri umferð Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv., og Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl., en í þriðju umferð Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn. Ræðumenn Alþb. verða í fyrstu umferð Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v., í annarri umferð Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl., og Sigríður Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykn., en í þriðju umferð Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv. Fyrir Alþfl. talar Jóhanna Sigurðardóttir félmrh. í fyrstu umferð, Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn., í annarri umferð, en Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn., í þriðju umferð. Fyrir Samtök um kvennalista talar í fyrstu umferð Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn., í annarri umferð Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv., og í þriðju umferð Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Tími minn leyfir ekki að ræða gerðir þessarar ríkisstjórnar eins ítarlega og ég hefði kosið og ég tel reyndar þörf á. Ég vil reyndar leyfa mér að fullyrða að engin ríkisstjórn hafi unnið sinni þjóð meira tjón en þessari hefur tekist á tveimur árum.

Ég er ekki að gera lítið úr þeim erfiðleikum sem stafa að íslensku efnahagslífi og sannarlega má rekja að nokkru til minnkandi þorskafla og erfiðleika á erlendum mörkuðum, en staðreyndin er hins vegar sú að við Íslendingar höfum iðulega staðið frammi fyrir slíkum erfiðleikum. Og þá höfum við borið gæfu til þess að leggja deilumálin yfirleitt til hliðar og snúa bökum saman, stjórnvöld, launþegar, atvinnurekendur og bændur, og vinna okkur út úr erfiðleikunum. Reyndar er enginn vafi á því að þannig höfum við unnið okkur frá fátækt til velmegunar. Nú er svo sannarlega brotið í blað að þessu leyti. Sú ríkisstjórn sem nú situr hefur hafnað þeirri samstöðu sem henni var boðin.

Við viljum gjarnan kenna lánleysi þessarar ríkisstjórnar stefnuleysi hennar en það er mikill misskilningur. Það er ekki stefnuleysi sem ræður, það er stefna ríkisstjórnarinnar að eiga ekki samstöðu með aðilum vinnumarkaðarins til þess að leysa þau vandamál sem að steðja. Það er stefna þessarar ríkisstjórnar að hafa ekki afskipti af atvinnurekstrinum eða atvinnuleysinu í landinu. Reyndar má segja að þetta hafi komið hvað gleggst fram í stefnuræðu hæstv. forsrh. sl. haust þegar hann lýsti því sem broti á hinni hreinu stefnu ríkisstjórnarinnar að beita lítillega ríkisstjórninni fyrir því að flýta framkvæmdum í vegamálum til að draga úr atvinnuleysi. Stílbrot kallaði hæstv. forsrh. það.

Hæstv. forsrh. talaði mikið um fortíðarvandann í upphafi síns stjórnarferils. Hann er að vísu að mestu hættur því nú, enda sýna tölur Þjóðhagsstofnunar að þessi ríkisstjórn tók við góðu búi. Tölur Þjóðhagsstofnunar sýna t.d. að á árinu 1990 var íslenskur iðnaður með betri afkomu en hann hafði verið allan áratuginn á undan og tölur Þjóðhagsstofnunar sýna sömuleiðis að afkoma sjávarútvegsins var með því besta sem hún hafði verið allan áratuginn. Við vorum að fá í dag skýrslu Þjóðhagsstofnunar og þar kemur fram að því er spáð að íslenskur sjávarútvegur verði nú rekinn með 9% halla og að 8 milljarða halli verði á íslensku atvinnulífi. Þetta hefur ríkisstjórninni tekist með stefnu sinni á að aðeins tveimur árum.

Tölur Þjóðhagsstofnunar sýna einnig að síðustu ríkisstjórn tókst að koma í veg fyrir stórvaxandi atvinnuleysi. En atvinnuleysið hefur vaxið hröðum skrefum síðan þessi ríkisstjórn tók við og er nú orðið yfir 4% vinnufærra manna og reyndar eru margir sem telja að atvinnuleysingjar séu drjúgum fleiri en þar er talið. Við stefnum óðum að því að vera með atvinnuleysingja hér á landi álíka marga og verið hafa í Bandaríkjunum. Reyndar vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh. að því hvort hann sé sammála formanni bankaráðs Seðlabankans sem fullyrðir að það sé engin ástæða til að ætla að atvinnuleysi verði minna hér á landi en í Evrópuríkjunum. Eða er hann kannski sammála frjálshyggjudrengnum sem sagði á fundi Verslunarráðs að brýnasta verkefnið væri nú að kenna Íslendingum að vera atvinnulausir.

Tölur Þjóðhagsstofnunar sýna einnig að í lok ársins 1990 hafði tekist að stöðva erlenda skuldasöfnun en síðan þessi ríkisstjórn tók við hafa erlendar skuldir vaxið hröðum skrefum og nálgast nú að vera um 60% af vergri landsframleiðslu. Og það sem er reyndar alvarlegra er að greiðslubyrðin stefnir í að verða um 30% af gjaldeyristekjum íslensku þjóðarinnar. Og þó lýsir forsrh. því yfir stöðugt að ekki komi til greina að taka erlend lán.

Ríkisstjórnin hefur verið stefnu sinni trú og gæti ég nefnt fjölmörg dæmi um það. Ríkisstjórnin hefur t.d.

skert svo möguleika Byggðastofnunar til að taka á byggðavanda sem víða steðjar að að heita má að hún sé algjörlega máttlaus í því sambandi. Það hefur t.d. reynst algjörlega tilgangslaust fyrir fyrirtæki á Suðurnesjum, þar sem atvinnuleysið er hvað mest, að leita til Byggðastofnunar. Byggðastofnun hefur reyndar gjarnan vísað slíkum fyrirtækjum á fyrirheit hæstv. forsrh. um 500 millj. aðstoð vegna atvinnuleysis á Suðurnesjum og vildi ég gjarnan mega spyrja hæstv. forsrh.: Hvar eru þessar 500 millj.? Byggðastofnun er algjörlega máttlaus að taka á slíkum stórkostlegum vandamálum eins og nú blasa við í Bolungarvík og fleiri dæmi gæti ég nefnt.

Ríkisstjórnin hefur einnig hætt allri aðstoð við nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Ríkisstjórnin hefur selt hlut sinn í Þróunarfélagi Íslands og mér er ekki kunnugt um að þeir sem vilja ráðast í nýjan atvinnurekstur hafi í nokkurt hús að venda um fjarhagslega aðstoð. Ríkisstjórnin hefur nokkurn veginn fellt niður fjárhagslega þátttöku sína í markaðsstarfsemi íslensks atvinnulífs. Hún tekur aðeins með tveggja milljóna framlagi þátt í starfi Útflutningsráðs nú. Ríkisstjórnin lofaði að vísu verulegu framlagi til rannsókna- og þróunarstarfsemi en mér er ekki kunnugt um að nokkuð af því hafi verið haldið. Nei, það hefur að því er ég best veit allt verið svikið. Líklega kom stefna ríkisstjórnarinnar þó aldrei gleggra fram en þegar hún hafnaði þeirri þjóðarsátt sem henni var boðin. Ég vil satt að segja leyfa mér að fullyrða að aldrei hafi íslenskt atvinnulíf rétt fram höndina svo sem gert var nú. Og það vakti satt að segja furðu, þegar trúnaðarmaður hæstv. forsrh. hafði í innsta hring fylgst með gangi þeirra mála, að það tók ríkisstjórnina einn mánuð að segja nei. Um hvað báðu aðilar vinnumarkaðarins? Báðu launþegar um launahækkanir? Nei. Launþegar báðu um lækkun á nauðsynjavöru til að bæta kaupmátt þeirra sem lægst launin hafa. En ríkisstjórnin hafnaði því að taka upp strax annað þrep í virðisaukaskattinum. Launþegar báðu um það að ríkisstjórnin legði eins og 2 milljarða kr. til að bæta atvinnuástandið í landinu með því að ráðast í ýmsar framkvæmdir sem eru bráðnauðsynlegar. En ríkisstjórnin hafnaði því. Og launþegar og atvinnurekendur fóru fram á það að hjólum atvinnulífsins yrði gert fært að snúast á ný. Báðu þeir um gengisfellingu? Nei, þeir báðu ekki um það. Þeir báðu um það að kostnaður atvinnulífsins yrði lækkaður og þá fyrst og fremst vextir. En ríkisstjórnin sagði nei og svaraði á sinn venjubundna máta. Við ráðum ekki við vextina, það eru æðri náttúrulögmál.

Mig langar til að spyrja hæstv. forsrh.: Hvers vegna hefur boði forustumanna lífeyrissjóðanna ekki verið tekið og sest niður og við þá rætt um átak til að lækka vextina? Hvers vegna ekki? Og hvers vegna, samkvæmt yfirlýsingu forsrh., hefur Seðlabankanum ekki verið beitt til þess að bjóða í ríkisskuldabréf og ríkisvíxla með vöxtum sem væru t.d. 5–6%? Er það virkilega svo að ríkisstjórninni þykir vænna um fjármagnseigendur og vill að þeir njóti hárra vaxta? Ég leyfi mér að fullyrða að ef vextir af ríkisskuldabréfum lækka í 5–6% munu vextir hjá lánastofnunum lækka um ⅓ eða um það bil. Þannig eru það æðimargar spurningar sem hæstv. forsrh. svarar vonandi á eftir eða greinir okkur á einn máta eða annan frá.

Mig langar til að spyrja hvort ríkisstjórnin hafi engar áhyggjur af því að sjávarútvegurinn og atvinnulífið skuli verða rekið með svo miklum halla á þessu ári. Telur ríkisstjórnin að íslenskt gengi muni standast slíkan hallarekstur? Eða hvað vill hæstv. forsrh. segja um það sem Einar Oddur Kristjánsson segir í viðtali í DV núna fyrir helgina, að það stefni í 40 milljarða gjaldþrot í íslenskum sjávarútvegi? Hvernig lítur hæstv. forsrh. á það? Hefur hann engar áhyggjur af því? Væri það stílbrot á frjálshyggjustefnu hæstv. ríkisstjórnar að ríkisstjórnin beitti ótilneydd áhrifum sínum til þess að draga úr slíkum hörmungum? Nei, það er áreiðanlega ekki of sagt að þessi ríkisstjórn hefur á tveimur árum unnið þjóðinni meira tjón en nokkurn tíma hefur gerst áður. Og það er ekki að ástæðulausu að menn hafa af þessu vaxandi áhyggjur.

En það er að sjálfsögðu ekki nóg að gagnrýna. Það verður einnig að benda á leiðir til að bæta. Við framsóknarmenn höfum rætt þetta ítarlega og birt það sem við viljum að gert verði til að bjarga íslensku þjóðarskútunni frá strandi. Við höfum birt það í riti sem við köllum Átak til endurreisnar. Við leggjum höfuðáherslu á að það verður að ná þjóðarsátt því að því aðeins mun takast að vinna okkur út úr þessum erfiðleikum að menn snúi bökum saman, stjórnvöld, launþegar, atvinnurekendur og bændur. Við erum þeirrar skoðunar að þjóðarsátt muni aldrei takast nema lífskjörin í landinu verði jöfnuð. Það er satt að segja óþolandi sem Þjóðhagsstofnun upplýsir, að sá fimmti hluti landsmanna sem er með hæstu tekjurnar er með hátt í 50% af atvinnutekjunum en sá fimmti hluti sem er með lægstu tekjurnar er með innan við 4%. Er eðlilegt að launþegar sætti sig við þetta? Þetta verður vitanlega að leiðrétta með hátekjuskatti og skatti á fjármagn og það er rétt að hafa í huga að í þessari tekjuskiptingu eru tekjur af fjármagninu ekki taldar með því að þær eru ekki skattskyldar. Og þetta fjármagn á að nota til þess að ráðast í framkvæmdir, til þess að draga úr atvinnuleysinu og til þess að lækka kostnað á þeim vörum sem eru nauðsynlegastar fyrir heimilin í landinu.

Við leggjum einnig mjög mikla áherslu á það að þegar verði ráðist í vaxtalækkun og með þeim leiðum sem ég nefndi áðan. Mér er alveg sama hvort menn kalla það handafl eða eitthvað annað. Það er unnt að lækka vexti hér á landi alveg eins og þjóðirnar í kringum okkur hafa gert og það verður að gera ef það á að bjarga íslenskum atvinnuvegum frá 8 milljarða tapi á árinu 1993 og sjávarútveginum frá hruni. Hvað ætlar hæstv. ríkisstjórn að gera í þessu? Við leggjum á það mikla áherslu að ríkisvaldið komi myndarlega inn í nýsköpun í atvinnulífinu. Það eru fjölmörg tækifæri og ég er sannfærður um að ef það er gert af myndarskap, þá eigum við Íslendingar fram undan betra líf í okkar landi en flestar aðrar þjóðir geta státað af.

Við leggjum mikla áherslu á það að byggt verði á þekkingu, byggt verði á rannsóknun og aukið verði fjármagn til þess að efla starfsemina á slíkum sviðum.

Ég hef stundum sagt að mér virðist eins og heimurinn standi á miklum tímamótum, eins konar hásléttu, og ég tel orðið tímabært að við Íslendingar förum að hugsa um það hvernig við ætlum að hasla okkur völl á þessari hásléttu, hvað við ætlum að verða. Ætlum við að verða láglaunaþjóð eins og nú stefnir í eða ætlum við að viðhalda þeim góðu kjörum sem við getum haft hér ef við vinnum af krafti að því að gera allt eins vel og við getum, eflum þekkinguna, rannsóknirnar, nýtum okkur hugvit þeirra fjölmörgu manna sem vilja leggja til sitt lið í því að skapa hér góð lífskjör. Það er sú leið sem við framsóknarmenn veljum og ég veit að það er sú leið sem þjóðin öll velur.

Ég skal ekkert um það segja hvort það tekst að hrinda af þjóðinni því oki sem á henni hvílir nú eða hvort þjóðin þarf að þola það út kjörtímabilið. En það er áreiðanlega nauðsynlegt að búa sig undir að snúa gjörsamlega við blaðinu, skapa samstöðu hér með ríkisvaldi, launþegum, atvinnurekendum og bændum og vinna sig á ný upp til þeirra góðu lífskjara sem við nutum hér og getum notið til framtíðar. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Ég er ekki kominn hingað í þessar eldhúsdagsumræður til að segja ykkur að allir okkar erfiðleikar séu að baki. Þær aðstæður sem marka okkur lífskjör eru okkur enn nokkuð mótdrægar, afli mjög takmarkaður og verð hefur lækkað. Undan þessum staðreyndum viljum við ekki víkjast né heldur forðast að horfast í augu við veruleikann. Það reynist aldrei vel að stinga höfðinu í sandinn, hvorki strútum né stjórnmálamönnum, þó það hafi verið reynt í ræðustólnum áðan. En á hinn bóginn þá er ekki vafi á að okkur hefur sameiginlega tekist allvel að mæta þeim erfiðleikum sem við höfum lent í og búa okkur undir betri tíð. Það er full ástæða til þess hér að halda þeim staðreyndum á lofti því við höfum sameiginlega nokkru til fórnað og það hefur þrátt fyrir allt neikvæða talið gengið bærilega í okkar varnarbaráttu.

Menn hafa rætt um hallann á ríkissjóði og rétt er það, ríkissjóður er enn rekinn með halla. En það er í raun nokkurt afrek hjá fjmrh. að hafa þau bönd á ríkissjóðshallanum eins og honum hefur tekist að hafa á miklum samdráttartímum. Ríkisútgjöldin hafa lækkað og það hefði einhvern tímann þótt saga til næsta bæjar. Þegar aflinn úr sjónum er mikill, þegar verð á okkar vörum er með hæsta móti þá ætti að vera létt að stjórna landi. En það fór heldur lítið fyrir þeirri stjórnun í tíð ræðumannsins sem talaði hér á undan þótt afli hafi þá verið með mesta móti og verð hátt. Þar var gullnum tækifærum kastað á glæ fyrir hönd okkar allra.

Á síðasta ári, árinu 1992, sem var fyrsta heila starfsár núv. ríkisstjórnar, var verðbólgan á Íslandi að meðaltali 3,7%, mælt á mælikvarða framfærsluvísitölu. Hvað skyldi sú verðbólga hafa verið á síðasta heila starfsári ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar? Hún var 14,8% eða nær fjórum sinnum meiri en á fyrsta starfsári núv. ríkisstjórnar. Auðvitað finnst hv. þm. Steingrími Hermannssyni 14,8% ekki há tala enda sat hann í ríkisstjórn í þrjú ár þegar verðbólgan endaði í 120% og virtist líða ágætlega í þeirri stjórn og í þeirri verðbólgu.

Núverandi formaður þingflokks Alþb. var fjmrh. í þeirri ríkisstjórn og heildarskuldir Íslendinga jukust að raungildi meira en nokkru sinni fyrr eða síðar á einu ári.

Formaður Framsfl. spurði um Byggðastofnun og sagði að núv. ríkisstjórn væri búin að lama hana. Það var fyrsta verk núv. ríkisstjórnar að setja 1.200 millj. inn í Byggðastofnun vegna þess með hvaða hætti hafði verið skilið við þá stofnun af þeim ræðumanni sem var í ræðustólnum rétt áðan.

Við skulum horfa á annan þátt sem oft er ræddur og ástæða er til að ræða. Hin bágu viðskiptakjör okkar hafa auðvitað kostað samdrátt í kjörum hvers og eins Íslendings. En núv. ríkisstjórn hefur reynt að milda eftir mætti það högg. Í þessu sambandi er fróðlegt að bera saman þá kjararýrnun sem varð á fyrsta heila starfsári ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og það sem nú hefur gerst. Þá kemur í ljós, og það hlýtur að vekja töluverða athygli, að á fyrsta heila starfsári ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar rýrnuðu ráðstöfunartekjur á mann um 7,8% þrátt fyrir að við byggjum þá við mikinn þorskafla. Á fyrsta heila starfsári núv. ríkisstjórnar drógust ráðstöfunartekjur á mann aðeins saman um 2% þrátt fyrir erfiðari skilyrði eins og kunnugt er. Með öðrum orðum var kjararýrnunin nálægt fjórum sinnum meiri á fyrsta heila starfsári ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og Ólafs Ragnars Grímssonar sem fjmrh. heldur en á fyrsta ári núv. ríkisstjórnar. Fjórum sinnum meiri kjararýrnun þá.

Þetta eru merkilegar staðreyndir og við hljótum að ætlast til þess að forustumenn launþega átti sig á þessum staðreyndum og kannist við þær þegar borin er saman afstaða hinna ýmsu stjórnvalda í garð launþega á hverjum tíma. Sem betur fer sjáum við mörg fleiri jákvæð tákn sem athyglisverð eru og full ástæða til að benda á og ítreka. Þannig hefur vöruskiptajöfnuðurinn sem svo er nefndur lagast ár frá ári. Þessi staðreynd þýðir á mannamáli það að við erum sem þjóð að leitast við að eyða ekki um efni fram. Við erum að laga eyðslu okkar að sameiginlegum tekjum þjóðarinnar. Þetta er afskaplega hollt merki og gott merki um að við séum á réttri leið. Þetta merki kallar á annað jákvætt merki, merki um það að okkar sameiginlegi sjóður í erlendum myntum, gjaldeyrisvarasjóðurinn okkar, er nú öflugri heldur en nokkru sinni í annan tíma. Hinu verður ekki á móti mælt að hinn mikli samdráttur í afla og lækkandi verð á okkar mörkuðum hlýtur að koma einhvers staðar niður.

Við horfum ekki fram hjá því að atvinnuleysi hefur aukist á Íslandi. Sem betur fer þá bendir flest til að þær aðgerðir sem gripið var til í nóvember hafi verulega hægt á atvinnuleysisvextinum. Það er því mjög líklegt að okkur muni takast betur í varnarbaráttunni gegn atvinnuleysinu en flestum eða öllum okkar nágrannaþjóðum. Enda hljótum við að hafna þeim sjónarmiðum sem heyrst hafa að atvinnuleysi verði óhjá-

kvæmilega það sama á Íslandi og í öðrum Evrópulöndum. En þótt atvinnuleysisvofan hafi þannig ekki magnast eins stórkostlega og við höfðum ástæðu til að óttast sl. haust, þá er núverandi staða óásættanleg og við vitum mjög vel að lítið má út af bregða svo atvinnuleysisvofan komist ekki aftur á kreik.

Í umræðum þeim sem urðu um kjarasamninga á síðustu vikum teygði ríkisstjórnin sig eins langt og frekast var kostur til þess að leggja grundvöll að því að menn gætu samið hér til heldur lengri tíma en gert hefur verið á undanförnum árum. Það virtist vera ríkur vilji hjá æðstu mönnum launþegahreyfingarinnar að ganga þá leiðina og reyna með þeim hætti að tryggja að skilyrði sköpuðust til þess að atvinnulífið gæti lagt á ráðin um fjárfestingar, framkvæmdir og atvinnuþróun til lengri tíma, með öðrum orðum lagt grundvöll að nýjum fjörkipp í íslensku atvinnulífi.

Það er ekki ástæða til þess að draga hér fjöður yfir að ríkisstjórnin tefldi á tæpasta vað með þeim yfirlýsingum sem hún gaf. Hún taldi hins vegar að sátt á vinnumarkaði væri svo mikilvæg forsenda fyrir því gagnkvæma trausti sem í landinu verður að ríkja þegar aðstæður eru okkur mótdrægar að réttlætanlegt væri að ganga jafnlangt og þar var gert. Ég var og er enn þeirrar skoðunar að allnokkru megi fórna til að tryggja frið á vinnumarkaði. Ófriður þar við núverandi stöðu sé háskalegur og óvissan ein sé nægjanlega erfið. Friður á vinnumarkaði er veigamikill þáttur stöðugleikans en hann er langmikilvægasta forsenda þess að við getum snúið vörn í sókn í atvinnumálum.

Ekki veit ég hvar síðasti ræðumaður hefur verið undanfarnar vikur fyrst hann lýsti því yfir hér að ríkisstjórnin hefði hafnað því að ganga til móts við launþegahreyfingarnar í landinu í þessum efnum. Það er fjarri öllu sönnu og það ættu allir að vita sem fylgst hafa með, a.m.k. í smáum stíl, því sem hefur gerst á undanförnum dögum og vikum.

Góðir Íslendingar. Það er ekki ofsagt að það var hörmung hvað síðasta ríkisstjórn nýtti góðærið illa. Það var óafsakanlegt að þá skyldi allt vera látið vaða á súðum í íslenskum efnahagsmálum. Það er aldrei létt að taka á slíkri óreiðu og þó erfiðast þegar ytri skilyrði eru okkur fjandsamlegust. Menn hafa hvergi hikað og á málum hefur verið tekið. Tölurnar sem ég nefndi áðan tala sínu máli um árangur. Þær sýna að Íslendingar hafa í flestum hinum innri efnum komið sínum málum á miklu betri grundvöll en áður var. Við höfum dregið úr opinberri eyðslu og sett hömlur á útgjöld á mörgum sviðum sem áður uxu með sem næst stjórnlausum hætti. Við höfum haldið verðbólgu í skefjum svo nú hækkar innlendur kostnaður minna en erlendur kostnaður. Það þýðir að smám saman styrkist okkar atvinnulíf í samkeppni við hið erlenda atvinnulíf.

Vextir hafa að undanförnu farið lækkandi, bæði heima og erlendis. Slík vaxtalækkun gefur okkur ákveðin tækifæri sem við verðum að nýta. Það er ríkt þörf á að sú lækkun vaxta sem orðið hefur á Íslandi haldi áfram og sú þróun verði ekki stöðvuð. Það er ekki vafi á í mínum huga að verðbólguspár gefa ærna ástæðu til þess að bankar lækki nafnvexti sína enn frekar en þeir hafa þegar gert. Það er full ástæða til þess að hvetja bankana til að fylgja þeirri þróun eftir. Þeir hljóta að hafa í huga að stundarhagnaður bankakerfisins af því að hafa vexti hærri en efnahagsskilyrðin í raun gefa tilefni til munu til lengdar bitna harðast á bönkunum sjálfum. Það heldur enginn góður bóndi mjólkurkúnum sínum við fellimörk.

Iðulega er reynt að ala á því að núv. ríkisstjórn vilji ekki leggja neitt af mörkum til að skapa atvinnulífinu í landinu nægilega sterk og öflug skilyrði. Ekkert er fjarri sanni og reyndar er nánast hlægilegt að heyra slíkar fullyrðingar úr munni manns eins og síðasta hv. ræðumanns. Útdælingar hans á þúsundum milljóna úr sjóðum landsmanna skildu svo sem ekkert eftir utan eitt: skuldir þjóðar og skuldir atvinnulífs.

Ríkisstjórn eins og sú sem nú situr, sem heldur verðbólgu í eða undir 3% á ári hverju, er vissulega að leggja heilbrigðan grundvöll fyrir atvinnulífið.

Ríkisstjórn sem dregur úr útgjöldum ríkissjóðs er að auka svigrúmið fyrir atvinnulífið og þegar til lengri tíma er horft stuðla að lækkandi vöxtum.

Ríkisstjórn sem léttir af atvinnulífinu sköttum upp á marga milljarða kr. á ári hverju er svo sannarlega að styðja við bakið á atvinnulífinu.

Núv. ríkisstjórn hefur létt af sköttum af atvinnulífinu sem svara til 17 milljarða — 17 þús. millj. kr. — á einu kjörtímabili. Ég efast um að hægt sé að færa dæmi um að nokkur ríkisstjórn á síðari tímum hafi stutt betur við hið frjálsa atvinnulíf en þessi ríkisstjórn gerði með þessum aðgerðum sínum. Þess utan hefur meiri hluti hennar á þinginu beitt afli sínu til þess að bæta rekstrarskilyrði og rekstrarumhverfi atvinnulífsins í mörgum greinum og laga skilyrðin að því sem gerist með öðrum þjóðum þannig að samkeppni okkar verði auðveldari í framtíðinni en hingað til.

Samþykktin um hið Evrópska efnahagssvæði mun ein og sér skila miklum ávinningi til hins íslenska atvinnulífs. Það kemur því úr hörðustu átt þegar sá maður, sem hefur sýnt mestan tvískinnung allra í því máli, skuli finna að því að ekki skuli vera gert nóg fyrir íslenskt atvinnulíf. Sá sem heldur að besta úrræðið í atvinnulífsmálum sé að henda 10 þús. millj., 10 milljörðum, í fiskeldi á þenslutímum má hafa hvaða skoðun sem hann vill á aðgerðum núv. ríkisstjórnar. Sá maður, sem trúir því að það sé góð ráðstöfun og holl fyrir sjávarútveg að henda þúsundum millj. kr. í Atvinnutryggingarsjóð án þess að nokkur hagræðing fylgi þeim útgjöldum, má hafa hvaða skoðun á aðgerðum ríkisstjórnarinnar sem hann vill. Ég get því miður ekki gefið mjög mikið fyrir þær skoðanir. Ég veit hins vegar — og það veit drjúgur hluti þjóðarinnar — að þær aðgerðir og slík viðhorf til efnahagsmála hafa reynst íslenskri þjóð afskaplega dýrkeypt.

Hæstv. forseti. Það fækkar þeim dögum sem við höfum til almennra þingstarfa nú og þess vegna fer þessi eldhúsdagsumræða fram. Í rauninni hefur það þing sem nú er senn á enda verið afskaplega vinnusamt þing. Borgararnir verða stundum skelfdir þegar þeir heyra að Alþingi hafi verið afkastasamt vegna þess að þá telja menn líklegt að Alþingi hafi samþykkt gríð-

arlegan fjölda af lögum sem muni hafa stórkostleg útgjöld í för með sér og skattahækkanir í framtíðinni. Það má segja að það þing sem senn lýkur sínum störfum hafi afgreitt mjög margvíslegar tillögur og lög og í þeim skilningi verið mjög afkastamikið þing. Þingstörfin hafa í mörgum efnum gengið greiðlega. Mörg þeirra mála sem afgreidd hafa verið munu bæta mjög réttarstöðu almennings í þessu landi. Má nefna hin nýsettu stjórnsýslulög í því sambandi. Efni og inntak þeirra laga er að styrkja stöðu almennings í viðureigninni eða sem oftast er í viðskiptum við hið opinbera.

Fjölmiðlar hafa veitt takmarkalaust rúm og tíma í fréttir af gróusögum og rógi um nafngreindan einstakling hér í þinginu en hafa sáralítið getið um lög sem stórlega styrkja stöðu borgarans í samskiptum við hið opinbera vald.

Góðir hlustendur. Við höfum vaxandi áhyggjur af stöðu sjávarútvegsins í landinu. Þegar starfsumhverfi sjávarútvegsins er skoðað kemur í ljós að vanda hans virðist ekki að leita í rangri skráningu gengis. Raungengið er óvenjulega lágt um þessar mundir og hefur vart lægra verið í 10 ár. Erlendir vextir eru lægri en sjávarútvegur hefur oftast búið við. Afurðaverð hefur lækkað mikið á sl. 12 mánuðum en þó hefur það oft verið lægra. Eftir stendur að skuldastaða og niðurskurður á afla er meginvandamál sjávarútvegsins. Ljóst er að við verðum að byggja veiðistofninn upp og getum ekki tekið stærri dýfur en við höfum þegar tekið. Við getum ekki skorið aflann meira niður en við höfum þegar gert. Það þýðir hæga en örugga uppbyggingu þorskaflans ef marka má upplýsingar Hafrannsóknastofnunar á sl. ári. Innlendir vextir verða að lækka og lánastofnanir verða að lengja lán eins og kostur er. Verðbólgan verður að vera undir erlendri verðbólgu svo gengisþróun verði ekki sjávarútvegi óhagstæð og fyrirtækin verða að hagræða eins og kostur er. Þegar hefur margvíslegum gjöldum verið létt af atvinnurekstri, þar á meðal sjávarútvegi. Ljóst er að óhjákvæmilegt verður á næstu vikum og mánuðum að taka stöðuna í sjávarútvegi til sérstakrar skoðunar ef markaðsstaðan breytist ekki. Tillögur Hafrannsóknastofnunar hljóta að koma mjög inn þá mynd. Í framtíðinni hlýtur sjávarútvegurinn að búa við þau kjör sem markaðurinn býður honum enda verði ekki óeðlileg röskun á starfsskilyrðum hans innan lands.

Góðir áheyrendur. Við erum sameiginlega að vinna okkur út úr miklum vanda. Við höfum þegar náð mikilvægum árangri og höfum því fyllstu ástæðu til bjartsýni og baráttugleði. Stormurinn í fangið stælir viljann. — Ég þakka þeim sem hlýtt hafa.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. Eldhúsdagur á Alþingi er dagur uppgjörs og reikningskila á þjóðarbúinu. Þá er spurt: Hvar stöndum við, hvert stefnum við? Fyrir réttum tveimur árum var skipt um ráðsmenn á búinu. Þá hafði nýi húsbóndinn, sá sem talaði hér seinast, ófögur orð um ástand efnahagsmála og lofaði að kippa því snarlega í liðinn sem aflaga hafði farið. Nú er helmingur kjörtímabilsins liðinn. Ráðherrar hafa búið við öruggan meiri hluta á þingi, ágætt næði til athafna, algjöran frið á vinnumarkaði. Þótt stjórnarandstaðan hafi að sjálfsögðu nýtt sér málfrelsið svo að ráðherrum hefur stundum þótt nóg um, þá verður ekki með nokkurri sanngirni sagt að nokkur hafi lagt stein í götu þeirra hvorki innan þings né utan. Hvað hefur gerst? Er einhver í þessum sal, er einhver finnanlegur innan þings eða utan, sem heldur því fram í fullri hreinskilni að ástand mála sé nú betra að loknum tveggja ára ferli núv. ríkisstjórnar? Látum staðreyndirnar tala. Fleiri staðreyndir en hæstv. forsrh. treysti sér til að nefna hér áðan.

Á seinasta heila ári fyrri stjórnar, árinu 1990, var tekjuhalli ríkissjóðs tæp 5% af greiðslugrunni. Á sl. ári, tveimur árum seinna, er tekjuhallinn kominn í tæp 7%. Á seinasta heila ári fyrri stjórnar var hallinn á viðskiptum landsmanna við útlönd 2% en er kominn í tæp 4% tveimur árum seinna. Þegar stjórnarskipti urðu var skráð atvinnuleysi um 1,3% en er nú komið yfir 5%. Það hefur fjórfaldast á tveimur árum. Þetta eru lærdómsríkar tölur um ljótan feril og hljóta að vekja margar spurningar. Hvað er hér að gerast? Hvað veldur þessum hraklega árangri?

Talsmenn stjórnarinnar segja gjarnan að ört vaxandi atvinnuleysi sé ekki þeim að kenna. Það hefur verið nefnt, og ég ætla að rifja það enn upp, að formaður stjórnar Seðlabankans, *fulltrúi* Alþfl. þar á bæ, sagði nýlega í ræðu á ársfundi bankans orðrétt, samkvæmt Morgunblaðinu, „að ekkert bendi til að atvinnuleysi eigi að vera minna hér á landi en í nálægum löndum þar sem það sé víða 10%."

Í Biblíunni stendur: „Vindurinn blæs þar sem hann vill, þú heyrir þyt hans, samt veistu ekki hvaðan hann kemur eða hvert hann fer." Er það svo í raun og sannleika að hraðvaxandi atvinnuleysi sé eins og einhver óáran í náttúrunni sem enginn fær spornað við? Að sjálfsögðu er það mikil blekking. Að sjálfsögðu má stinga við fótum og stöðva þessa ískyggilegu öfugþróun ef pólitískur vilji er fyrir hendi. Með þessu er ekki sagt að ríkisstjórnin eigi ein sök á ört versnandi efnahag landsmanna. Viðskiptakjör hafa rýrnað en þau hafa reyndar oft verið verri. Aflatakmarkanir valda einnig nokkru en þó er það staðreynd að heildarafli landsmanna var alls ekki rýr á liðnu ári heldur öllu meiri en seinustu þrjú árin þar á undan. Á móti minnkuðum botnfiskafla kom nú meiri veiði í öðrum verðminni tegundum. Kjarni málsins er sá að vaxandi samdráttur á flestum sviðum, síversnandi afkomu heimilanna, ríkissjóðs og þjóðarbús er ekki unnt að skýra með utanaðkomandi áföllum nema að litlu leyti. Ört vaxandi atvinnuleysi er ekki örlög sem þjóðin kemst ekki undan. Vandinn er fyrst og fremst heimatilbúinn. Það er alröng stjórnarstefna sem veldur þeim háskalega vítahring sem efnahagslífið er lent í með æ fleiri gjaldþrotum, sífellt meiri samdrætti, atvinnuleysi og neyð.

Í hverju er þá sök ríkisstjórnarinnar fólgin? Meginsök hennar felst í aðgerðaleysi. Þið heyrðuð í forsrh. hér áðan. Hann hafði ekki margt til málanna að leggja í atvinnumálum og það er einmitt vandinn í hnotskurn. Hann og ríkisstjórnin fást ekki til nokkurra

aðgerða sem duga til að auka atvinnu. Það litla sem ríkisstjórnin býðst til að gera reynir hún að selja aðilum vinnumarkaðarins rétt eins og aðgerðir gegn atvinnuleysi sé eitthvert góss á uppsprengdu verði í Kolaportinu. Og þegar ekki gengur saman vegna þess að ekki vilja allir kaupa, dregur ríkisstjórnin tilboð sitt til baka og ekkert er frekar að gert. Verst er þó að ríkisstjórnin lætur það viðgangast ár eftir ár að allt of háir raunvextir liggi eins og mara á atvinnulífinu og sjúgi úr því lífsþróttinn, dragi úr fjárfestingum og fæli menn frá að hætta fé sínu í atvinnuaukandi starfsemi.

Við alþýðubandalagsmenn höfum hamrað á því árum saman eða allt síðan forustumenn Sjálfstfl. sprengdu upp vaxtastigið og þrefölduðu raunvaxtastigið um miðjan seinasta áratug að ríkisvaldið verði að knýja raunvextina niður í það sem þeir voru fyrir áratug síðan, 3–4%. Í seinustu ríkisstjórn náðist merkur árangur til lækkunar raunvaxta og þeirri stefnu átti og þurfti að halda áfram. En það var einmitt fyrsta verk núv. stjórnar að hækka vaxtastigið stórlega.

Á þessum vetri hafa menn hlustað á síendurteknar yfirlýsingar ráðherra um væntanlega vaxtalækkun og loks í febrúar kom stóra stundin. Raunvextir áttu að lækka um allt að 2% sem að vísu var allt of lítið en samt sem áður góð byrjun. En hver varð útkoman? Útkoman varð liðlega 0,5%. Áfram eru raunvextir miklu hærri en þegar ríkisstjórnin kom til valda. Áfram eru Íslendingar með langhæstu raunvexti sem þekkjast á byggðu bóli.

Jafnhliða verulegri lækkun vaxta verður að hefja mikla sókn í efnahagslífi með því að skapa a.m.k. 1.500 ný störf með beinum aðgerðum ríkisvaldsins eins og við alþýðubandalagsmenn útlistuðum rækilega í tillögum okkar fyrr í vetur. Reikna má með því að hvert nýtt starf kosti á einu ári um 2 millj. kr. og því erum við að tala um kostnaðarauka upp á 3 milljarða fyrir ríkissjóð. Þetta fé viljum við ekki taka að láni erlendis heldur ná því inn með raunverulegum hátekjuskatti og sköttum á fjármagnstekjur eins og alls staðar þykir sjálfsagt í öllum nálægum löndum. Við erum t.d. að tala um viðhalds- og byggingarstörf hjá ríki og sveitarfélögum, úrbætur í samgöngumálum, framkvæmdir við frárennsli og sorpeyðingu, úrbætur á ferðamannastöðum, störf við landgræðslu, skógrækt og aðrar umhverfisbætur, störf í ferðaiðnaði og störf í velferðarþjónustu vegna aukinnar umönnunar aldraðra auk margs annars. Atvinnuleysi 7.000 manna kostar samfélagið 3 milljarða á hverju ári. Það er óverjandi sóun. Þá eru ótaldir allir þeir sem ekki hafa vinnu en eru þó réttlausir til bóta og fá engar greiðslur vegna þess að þeir uppfylla ekki ákvæði núgildandi laga, t.d. fyrrum atvinnurekendur, bændur, námsmenn og aðrir sem nýkomnir eru á vinnumarkað. Þess vegna hafa þingmenn Alþb. undir forustu Svavars Gestssonar beitt sér fyrir gagngerri endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar þar sem gengið er út frá því að allir þegnar þjóðfélagsins eigi rétt til atvinnuleysisbóta án tillits til fyrri starfa og tekið sé stóraukið tillit til barna á framfæri atvinnulausra. Það er hagræn meginregla í efnahagslífi að eitt starf kallar á annað. Hver króna gengur frá manni til manns. Séu þúsund störf lögð niður minnka umsvif og velta um allt þjóðfélagið og enn fleiri störf leggjast niður. Séu hins vegar sköpuð 1.500 ný störf má samkvæmt margfeldisáhrifum hagfræðinnar reikna með að innan nokkurra mánaða hafi aukin velta og umsvif kallað minnst 1.500 aðra til starfa.

Góðir hlustendur. Þetta er það sem við þurfum. Við verðum að hindra að íslenskt atvinnulíf sökkvi dýpra en orðið er. Ríkisvaldið þarf að vera sú eimreið sem dregur atvinnulífið út úr vítahringnum, út úr niðursveiflunni. Við þurfum auknar fjárfestingar, aukna framleiðslu. Við þurfum bjartsýni í stað svartsýni. Stjórnarár Davíðs Oddssonar, glötuðu árin, verða þjóðinni því dýrari því fleiri sem þau verða. Við þurfum nýja ríkisstjórn sem getur og vill, ekki menn með hendur í skauti sem virðast bíða eftir því einu að vera felldir í næstu kosningum. Við þurfum nýja stjórnarstefnu, nýja þróttmikla atvinnustefnu.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Sl. tvö ár hefur stjórnarandstaðan lagt sig fram um að koma því inn hjá þjóðinni að slæmt atvinnuástand og efnahagþrengingar þjóðarinnar séu núv. ríkisstjórnarflokkum að kenna. Ríkisstjórnin sé að rústa velferðarkerfið og atvinnuleysið er skrifað á reikning ríkisstjórnarinnar En hverjar eru starðeyndir málsins?

Íslenska þjóðin hefur frá 1987 átt við að etja lengsta samfellda skeið stöðunnar í efnahagslífi sem orðið hefur frá lokum heimsstyrjaldarinnar síðari. Meginástæða þessara erfiðleika er mikill samdráttur í fiskveiðum, lækkandi afurðaverð og fjárfestingarmistök sem rekja má einn til tvo áratugi aftur í tímann. Heilu byggðarlögin standa þar af leiðandi tæpt vegna gífurlegrar skuldasöfnunar og slæmrar afkomu undirstöðufyrirtækjanna á staðnum. Atvinnuleysi nær orðið til flestra starfsgreina og landshluta og við blasir að það muni enn aukast ef ekki tekst að bregðast við þessu ástandi.

Það sem er alvarlegt einnig og skýrir líka aukninguna á atvinnuleysinu er að frá 1986 hefur ársverkum í almennum atvinnurekstri aðeins fjölgað um 750 á sama tíma og landsmönnum hefur fjölgað um 18 þúsund. Ef við hefðum ekki eytt og sóað á tímum góðæris en byggt upp til mögru áranna og ekki velt ábyrgðinni yfir á komandi kynslóð á framsóknaráratugnum værum við í allt annarri stöðu til að taka á því atvinnuleysi og efnahagsþrengingum sem við búum við í dag. Ef bornar eru saman þjóðartekjur áranna 1987 og áætlaðar þjóðartekjur þessa árs á sambærilegu verðlagi, þá hefur þjóðin 33 milljörðum minna úr að spila í ár en á árinu 1987. Það er sama fjárhæð og ríkið ver samtals til þess að reka allt skólakerfið og allt lífeyris- og bótakerfi almannatrygginga auk fjármögnunar til allra félagsmála, svo sem húsnæðismála og málefna fatlaðra.

Hin alvarlega staða sem nú blasir við krefst þess að við höfum áræði og kjark til að grípa til róttækra ráðstafana. Framtíð þjóðarinnar er í veði. Möguleikar okkar eru í því fólgnir að við finnum aðrar og betri lausnir til að skipuleggja verðmætasköpunina í landinu svo

að þjóðin fái áfram dafnað og tapi ekki efnahagslegu sjálfstæði sínu. Lítum á styrkleika okkar en einblínum ekki á veikleikana. Sóknarfæri í atvinnulífinu eru fyrir hendi. Aðildin að EES skapar nýja möguleika á fullvinnslu sjávarfangs sem getur lagt grundvöll að traustari undirstöðu sjávarbyggða en nú er. Okkur hefur tekist að skapa stöðugleika í rekstrarumhverfi fyrirtækjanna með því að ná niður verðbólgu sem ætti að gera þeim kleift að reka þau af skynsemi.

Enn þá höfum við ekki þurft að höggva að undirstöðum okkar velferðarkerfis og enn þá hefur okkur tekist að viðhalda byggðinni þrátt fyrir ágjöf á stundum. Við höfum enn þá tök á því að sporna gegn atvinnuleysinu. Forsenda þess er að okkur auðnist að færa okkur í nyt þau tækifæri og þá sóknarmöguleika sem við sannarlega eigum ef við höfum manndóm til að brjóta upp þá þætti þjóðfélagsskipunar okkar sem hindra framþróun og halda okkur í fjötrum. Benda má þar m.a. á núverandi skiptingu landsins í sveitarfélög sem sannarlega er orðin mikil hindrun þess að unnt sé að gera þær skipulagsbreytingar sem óhjákvæmilegar eru ef við eigum að geta tryggt hagsæld íbúanna óháð því hvar þeir kjósa að búa á landinu. Nauðsynleg framþróun atvinnulífs og aukin verðmætasköpun til að standa undir velferðarþjónustunni, til að tryggja fólkinu örugga atvinnu hrópar á úrbætur í sveitarstjórnarmálum. Við höfum líka öll verk að vinna varðandi eigna- og tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu.

Því hefur stundum verið haldið fram að það sé ekki stór hópur sem lifa þarf af 50 þús. kr. lágmarkslaunum. Þegar litið er á tekjuskiptinguna 1991, þá kemur í ljós að hér er um umtalsverðan fjölda að ræða eða um tæp 42 þús. manns sem hafa undir 50 þús. kr. í mánaðarlaun. Þeir sem hafa atvinnutekjur sem eru á bilinu 50–75 þús. kr. á mánuði eru rúmlega 22 þús. manns. Samtals er hér um að ræða 64 þús. manns sem hafa í mánaðartekjur undir 75 þús. kr. eða tæpur helmingur þeirra sem hafa atvinnutekjur. Frá 1987 hefur fjölgað í þessum hópi um 6 þús. manns. Ef frá eru dregnir elli- og örorkulífeyrisþegar með einhverjar atvinnutekjur og námsmenn og þeir sem eru í hlutastörfum þá er engu að síður um að ræða 13–15 þús. manns sem hafa atvinnutekjur undir 75 þús. kr. fyrir heils dags vinnu. Á sama tíma hefur fjölgað í hópi þeirra sem eru með 250 þús. kr. eða meira um tæplega 1.800 manns en tæplega 6.400 manns höfðu atvinnutekjur yfir 250 þús. kr. á mánuði á árinu 1991 samkvæmt skattframtölum. Ef það ótrúlega gerðist að hægt væri að ná þjóðarsátt um það að lækkja tekjur þeirra einstaklinga sem hafa um 250 þús. kr. eða meira um 10% þá væri hægt að hækka laun allra þeirra sem eru með laun innan við 75 þús. kr. fyrir fulla dagvinnu um a.m.k. 10–15 þús. kr. á mánuði.

Það þarf engan að undra þó að þessu fólki, sem gert er að lifa af þessum smánarlaunum, blöskri og heimti að tekið sé á bruðlinu, sóuninni og misréttinu í tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu. Það er líka réttmæt krafa þegar þetta fólk segir: Burt með laxveiðileyfi til toppanna í bankakerfinu.

Bílahlunnindi, sem jukust um 400 millj. á milli áranna 1990 og 1991, á auðvitað að skera miklu meira niður á tímum þrenginga en gert hefur verið, svo og risnu og ferðakostnað. Ríkisstjórnin hefur vissulega tekið á þessum málum en ég tel að þar sé hægt að gera enn betur. Ég spyr líka: Af hverju þarf Seðlabankinn, sem predikar ráðdeild og sparnað í þjóðfélaginu, 600–700 millj. í rekstur á ári og dugar ekkert minna en eignir sem eru metnar á þriðja milljarð undir rekstur sinn. Er ekki ástæða til að gaumgæfa sparnað í því musteri?

Góðir Íslendingar. Ríkisstjórnin hefur sett mikla fjármuni til atvinnuskapandi aðgerða, ekki síst í vega- og viðhaldsmálum og mörgum milljörðum í sköttum hefur verið aflétt af atvinnurekstrinum. Ég fullyrði að engin ríkisstjórn hefur gripið til eins umfangsmikilla aðgerða til þess að styrkja atvinnulífið í landinu. Með þessu hafa atvinnurekendur fengið betra tækifæri en nokkru sinni til atvinnuuppbyggingar og ég segi: Ábyrgð þeirra er mikil ef þeir misnota þetta tækifæri sem ekki síst launþegar hafa gefið til að tryggja atvinnuöryggi í landinu.

Góðir áheyrendur. Ríkisstjórnin hefur á margvíslegan hátt unnið að því að treysta atvinnulífið og það verður hennar meginverkefni áfram. Ríkisstjórnin hefur einnig unnið að víðtækum vinnumarkaðsaðgerðum til þess að tryggja hag þeirra sem eru atvinnulausir og þeirra sem höllum fæti standa. Áfram mun haldið á þeirri braut.

Ég nefni að í tíð þessarar ríkisstjórnar var komið á lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu og fjármagn til starfsmenntaaðgerða þrefaldað frá því sem var í tíð Alþb. og Framsfl. Það er einmitt sú aðgerð sem best hefur dugað gegn atvinnuleysi í okkar nágrannalöndum en 62% atvinnulausra hérlendis eru einungis með grunnskólapróf eða minna.

Talsverðum fjármunum hefur verið varið til atvinnumála kvenna á landsbyggðinni og í tíð þessarar ríkisstjórnar hafa fjárframlög til starfsmenntunar nýst til að styrkja starfsmenntun um 10 þús. manns í landinu. Sérstöku átaki hefur verið hrundið af stað til að stórefla alla vinnumiðlun í landinu þannig að þar fari ekki einungis fram skráning á atvinnuleysi heldur raunveruleg vinnumiðlun.

Frv. heilbrrh. sem nú liggur fyrir Alþingi felur í sér aukin réttindi til bóta og opnuð er leið til að stytta biðtímann milli bótatímabila. Annað frv. frá heilbrrh. mun tryggja það að þeim sem þurfa að sæta verulegum útgjöldum vegna lyfja- og lækniskostnaðar verði bætt það upp.

Ein besta kjarabót láglaunafólks sem þarf að koma sér þaki yfir höfuðið er uppbygging félagslega íbúðakerfisins. Í tíð þessarar ríkisstjórnar hafa verið byggðar 500–600 félagslegar íbúðir á ári. Þar hefur ekki verið skorið niður þó að þrengt hafi að, enda ekkert Alþb. til að koma í veg fyrir þá uppbyggingu eins og var í tíð síðustu ríkisstjórnar.

Málefni fatlaðra hafa haft forgang í þessari ríkisstjórn og raunar allt frá því að Alþfl. tók við þessum málaflokki fyrir sex árum. Á landinu öllu hafa verið byggð um 60 sambýli fyrir fatlaða og 35 þeirra eða

meira en helmingur hefur orðið til á síðustu sex árum. Aukning hefur orðið í þjónustu og rekstrarframlögum til fatlaðra sem nemur 57% raunaukningu frá því að Alþfl. tók við þessum málaflokki fyrir sex árum síðan.

Ríkisstjórnin hefur þrátt fyrir efnahagsþrengingar stuðlað að því að þrjú heimili, bæði fyrir vegalaus börn og unglinga sem hafa lent í afbrotum munu verða tekin í notkun á þessu ári. Ríkisstjórnin mun einnig efla allt starf í barnaverndarmálum og forvarnaaðgerðum þeim tengdum öfugt við það sem gert var á tímum góðæris 1980–1986 þegar lítið var aðhafst í þeim málum.

Á næsta ári verður mörkuð stefna í málefnum fjölskyldunnar og komið upp öflugri fjölkskylduþjónustu sem byggir á því að treysta og efla fjölskylduna sem einingu og að taka með samræmdum hætti á vandamálum barna og unglinga. Unnið verður af kappi að því að efla sveitarstjórnarstigið í landinu og gera sveitarfélögin færari um að auka þjónustuna við sína íbúa til að treysta byggð í landinu. Á næstunni munu einnig verða lagðar fram í ríkisstjórninni tillögur um öflugar aðgerðir til að taka á undandrætti og skattsvikum í landinu.

Góðir Íslendingar. Ríkisstjórnin mun vinna markvisst að því að sporna gegn atvinnuleysi, treysta velferðarkerfið og bæta lífskjör þeirra sem höllustum fæti standa. Það sem máli skiptir til að það takist er samstaða þjóðarinnar til að vinna sig út úr vandanum og að við höfum trú á því að okkur takist það.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Tveggja ára afmælisdagur ríkisstjórnarinnar heilsaði okkur á föstudaginn var á viðeignadi hátt, með hryssingskulda, nepju, byljum og hálku. Ástandið var í takt við tveggja ára setu stjórnarinnar, ringulreið, árekstrar, eignatjón og jafnvel eitthvað verra. Og rétt eins og fannfergi að vori kemur bæði bílstjóri og blómum í opna skjöldu, þá voru kjósendur stjórnarflokkanna ekki að kjósa þessi ósköp yfir sig þegar þeir kusu hana fyrir tveimur árum. Ríkisstjórnin kom aftan að fólki og sýndi meiri harðneskju en nokkurn gat órað fyrir. Skoðanakannanir sýna að menn eru ekki reiðubúnir til að taka sömu áhættuna aftur. Andstaðan við ríkisstjórnina er mikil. Hún hefur mælst um 70% það sem af er þessu ári.

Á sl. tveimur árum hafa orðið gífurleg umskipti á lífskjörum hér á landi. Ég ætla að staldra við það hvernig þessi umskipti hafa snert konur því staða þeirra er veikari en flestra annarra þjóðfélagsþegna. Atvinnuleysið, sem ríkisstjórnin ber fulla ábyrgð á, kemur harðast niður á konum. Það er um 6% hjá konum en um 5% hjá körlum. Raunar hafa verið bornar brigður á að þessar tölur standist vegna þess hvernig atvinnuleysi er mælt og talan er að sumra mati orðin tveggja stafa. Á einstökum svæðum er langtímaatvinnuleysi kvenna mun meira. Suðurnes skera sig úr. Þar er viðvarandi 10% atvinnuleysi meðal kvenna og ríkisstjórnin gerir mest lítið. Ástandið er einnig mjög alvarlegt á Norðurl. e. þar sem 7,5% kvenna ganga atvinnulaus. Dulið atvinnuleysi hefur alltaf verið mun meira meðal kvenna en karla. Á samdráttartímum er mjög sterk tilhneiging til að ýta konum út af vinnumarkaðnum og er þá höfðað til ábyrgðarkenndar þeirra gagnvart börnum sínum og heimili. Mér finnst það alveg furðulegt að ekki skuli vera talin ástæða til þess að höfða til ábyrgðarkenndar karla, t.d. með því að taka upp styttri og sveigjanlegri vinnutíma svo að báðir foreldrar geti sinnt skyldum sínum því ekki gerir samfélagið það með stuttan og sundurslitinn skóladag og skort á dagvistun.

Aldrei er það skýrara en á tímum umróts og samdráttar hve sterk öfl reyna að halda konum niðri. Víða um heim er talað um að bakslag hafi komið í réttindabaráttu kvenna. Vestan hafs hafa komið út fjölmargar bækur um þennan afturkipp. Hér á landi hóf tímaritið Vera þessa umræðu í nýjasta tölublaði ritsins. Beinharðar staðreyndir eru t.d. þessar:

Launabilið milli karla og kvenna hefur ekki minnkað síðustu tvo til þrjá áratugina, hvorki hér á landi né í Bandaríkjunum, og hugtakið „ósýnilegt þak" er að verða vel þekkt um það undarlega fyrirbæri að karlmenn raðast í nánast allar toppstöður. Lítið bara á ráðherrabekkinn. Hann er að vísu tómur núna en þar sitja venjulega býsna margir karlar og raunar er það konan ein, þessi eina meðal tíu, sem situr hér nú. Lítið bara á forkólfa viðskiptalífsins. Lítið bara á prófessorana í háskólanum. Þetta eru ekki konur, þetta eru karlar.

Í stað þess að allt þjóðfélagið reyni að leiðrétta þennan augljósa mismun hefur það viljað brenna við að skuldinni sé skellt á konur og reynt að ala á sektarkennd þeirra. Konur taka óréttlæti ekki með þögninni. Það sýnir m.a. samstillt barátta þeirra fyrir enduropnun Fæðingarheimilisins. Það sýnir samstillt barátta ýmissa kvennastétta fyrir réttindum sínum, barátta sem hefur mætt alveg ótrúlegri andspyrnu.

Í kjölfar umskiptanna sem orðið hafa í Austur-Evrópu hefur einnig ýmislegt lærdómsríkt komið í ljós. Konum hefur fækkað í opinberum stöðum og á þjóðþingum og skilaboðin til þeirra eru: Þið verðið að bíða á meðan við erum að ganga í gegnum umbreytinguna. Þetta hafa konur heyrt á ýmsum tímum. En nú munu þær varla sætta sig við slíkt lengur. Um allan heim mótmæla konur kúgun og misrétti af öllu tagi. Gleggst kemur það fram í hörðum mótmælum gegn grimmdarverkum gagnvart múslimakonum í Bosníu. Samstaða kvenna er mikil þegar á reynir og það er farið að reyna býsna mikið á mjög víða, einnig hér á landi.

Og hvernig er svo ástandið í Vestur-Evrópu? Þar er það ekki síst unga fólkið og konurnar sem hafa orðið fyrir barðinu á atvinnuleysinu og félagsleg réttindi, svo sem barnsburðarleyfi, eru víðast hvar mun rýrari í Evrópubandalaginu en hér á landi. Spurningin er: Hvernig mun ganga að sækja og verja aukinn rétt í þeim málum ef við verðum hluti af Evrópsku efnahagssvæði þar sem aðlögun er orð dagsins? Aðlögun að hverju?

Við heyrðum í fyrsta sinn í vetur ýjað að því að

réttast væri að skerða fæðingarorlofið. Var það kannski aðlögun? Þessum áformum var mætt með harðri andstöðu, kvenna fyrst og fremst, ekki karla. Og varla er það tilviljun að þessi ríkisstjórn, sem e.t.v. keyrir okkur inn á Evrópska efnahagssvæðið án þess að leyfa þjóðinni að tjá sig um málið, hefur gert aðstæður kvenna verri en þær hafa verið um langa hríð. Er það kannski aðlögun? Það er þessi stjórn sem hefur horft aðgerðalaus á atvinnuleysið vaxa. Vænleg atvinnugrein eins og ferðaþjónusta, sem skapar konum mörg störf, er skattlögð. Það er þessi stjórn sem skerti námslánin svo fjöldi kvenna hefur orðið að hverfa úr námi. Það er þessi stjórn sem leggur álögur á þá sem rýrust hafa kjörin en skýtur sér undan því að koma á fjármagnstekjuskatti. Hvernig má það vera að sá sem kaupir lyf og læknisþjónustu má punga út þúsundum króna, jafnvel tugþúsundum, en sá sem hefur tekjur af háum bankainnstæðum þarf ekkert að greiða til samfélagsins af þeim arði?

Mönnum verður tíðrætt um nýtni í atvinnuleysinu. Atvinnuleysisbætur eru smánarlegar og ekki að furða að fólk reyni að nýta bæði föt og matvöru til hins ýtrasta. En hvernig skyldu stjórnvöld svo standa sig í þessum slag? Það er alveg eins og þau hafi misskilið þetta hugtak, nýtni. Ekki vantar það að ríkisstjórninni verði tíðrætt um hagræðingu og sparnað. Þannig er barnafólki og ellilífeyrisþegum ætlað að nýta sínar fáu krónur til að greiða svimandi fjárhæðir fyrir nauðsynleg lyf. Í sárabætur á fólkið að fá aukna kostnaðarvitund með kveðju frá ríkisstjórninni. Stofnunum og ríkisfyrirtækjum er gert að nýta hverja matarholu til að láta nánasarlegar fjárveitingar duga og gera það helst með því að taka gjald af ríkum sem snauðum fyrir þjónustu sína. En hvernig stendur svo ríkisstjórnin sig í nýtninni? Jú, við vitum vel hvernig einstakir ráðherrar nýta sér út í ystu æsar vald og aðstöðu. Þeir nýta aðstöðu sína til að hygla vinum sínum, keyra í gegn fráleitustu ákvarðanir. Þeir nýta aðstöðu sína í eigin þágu og til að nýta og endurnýta menn sem hvergi hefur verið hægt að koma fyrir innan kerfisins svo skaðlaust sé. Þannig mætti lengi telja. Það er komið býsna mikið kusk á hvítflibbann. Verst er þó nýtni ríkisstjórnarinnar sem heildar. Hún ber þess glögglega vitni að hún hefur ekki hugmynd um hvað raunveruleg nýtni er. Það er nýtni að sauma buxur á barnið sitt upp úr buxum föður þess og nota þá efni sem heillegt er og lítið slitið. En það er léleg nýtni að setja blessað barnið í buxurnar eins og þær koma af pabbanum, allt of stórar, slitnar og útjaskaðar og vona svo bara að barnið hrasi ekki í stórum skálmunum. Þannig er nýtni ríkisstjórnarinnar í hnotskurn. Hún hirðir upp aflóga frjálshyggjupólitík frá andlegum foreldrum sínum, Reagan og Thatcher, pólitík sem er búið að henda í heimalöndum þeirra. Við eigum ekki að sætta okkur við aflóga pólitík sem gagnast hvorki okkur né öðrum.

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Aldrei er það nauðsynlegra en á samdráttartímum að gæta réttlætis í hvívetna. Það verður ekki gert með því að afhenda sérlegum vinum ráðherranna ríkisfyrirtæki, hvorki í nafni einkavæðingar né annars. Það verður ekki gert með því að tryggja einstaklingum yfirráðarétt yfir sameiginlegri auðlind okkar, fiskimiðunum. Víða um land eru fiskvinnslukonur nú atvinnulausar vegna þess að hagsmunir þeirra og hagsmunir kvótaeigenda fara ekki saman. Þetta á ekki að líða.

Hverra hagsmuna gætir þessi ríkisstjórn? Ekki hagsmuna almennings, enda er aldrei átt við hann þegar notað er orðið „hagsmunaaðilar". Við tryggjum ekki réttlæti með mismunun. Við tryggjum ekki réttlæti með því að þyngja álögur á láglaunafólk en halda hlífðarhendi fyrir stóreignamönnum. Við tryggjum ekki réttlæti með þessari ríkisstjórn. Við eigum betra skilið. — Góða nótt.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Hæstv. forsrh. fagnaði hér áðan tveggja ára afmæli sinnar ríkisstjórnar. Hann er málsnjall maður og það segir dálítið um ræðuna alla að þegar hann var að bera saman það sem fyrri ríkisstjórn hafði gert og núverandi, þá beitti hann taktískum blekkingum. Hann sagði ekki hver verðbólgan var þegar hann tók við, nei, hann sagði hver hún hefði verið árið á undan. Hann sagði ekki að Alþingi Íslendinga hefði samþykkt heimild til fjmrh. til að greiða 1.200 millj. til Byggðastofnunar. Nei, það gerði hann ekki. Öll ræðan var byggð upp af þessari snilld. Hitt er svo annað mál að miklu hærra en sú rödd getur hljómað sem hér talar úr þessum ræðustól hljómar rödd íslensku þjóðarinnar. Með hverri skoðanakönnuninni eftir aðra úrskurðar þjóðin að hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstjórn séu á rangri braut. Forsrh. og ríkisstjórn tala um misskilning.

Ég minnist þess að ég las það í Biblíunni að þegar frelsarinn hélt innreið sína í Jerúsalem, þá stendur í þeirri frásögn að fólkið breiddi pálmaviðargreinar á götuna til þess að hylla frelsarann. En á öðrum stað í þýðingum Magnúsar Ásgeirssonar kemur það fram að asninn sem flutti frelsarann trúði því að greinarnar væru breiddar á götuna honum til dýrðar og í endurminningum sínum lifði hann sæll þennan eina dag sem fólkið hafði hyllt hann. Og það er eins og hver skoðanakönnunin sem kemur annarri verri og erfiðari fyrir ríkisstjórnina sé túlkuð á þann veg að nú sé þjóðin að lofsyngja hæstvirta ráðherra.

En jafnvel ég verð alvarlega hissa þegar ég sé niðurstöður í skoðanakönnuninni, ekki á því fylgisleysi sem stjórnin býr við heldur hinni furðulegu staðreynd að það er meiri ánægja með störf hæstv. utanrrh. en hæstv. forsrh. Ég þurfti að lesa þetta margsinnis áður en ég trúði þessu. Hvað hefði Ólafur Thors sagt hefðu þau tíðindi borist honum til eyrna að sjálfstæðismenn teldu Hannibal Valdimarsson hæfari? Ég er viss um að sá málsnjalli foringi sjálfstæðismanna hefði ekki verið í vandræðum með að koma með athugasemdir. En hann var meira en málsnjall og þar skilur á milli.

Það er nú einu sinni svo að við Íslendingar erum vissulega ánægðir yfir mörgu og við megum vera það. Ég játa það að þegar íslenskir íþróttamenn vinna hvert afrekið eftir annað erlendis eða íslenskir listamenn, þá

er ég montinn liggjandi á bakinu uppi í sófa og hef ekkert unnið til frægðar í þeim efnum. Íslenskir afreksmenn hafa verið að efla sjálfstraust þessarar þjóðar. Íslendingar vinna sigra. Hæstv. forsrh. virðist aftur á móti vera að reyna að telja þjóðinni trú um það að íslenskir stjórnmálamenn á undanförnum árum hafi verið óhæfir og íslenskir athafnamenn hafi ekki staðið sig sem skyldi. Það voru íslenskir athafnamenn sem lögðu 10 milljarða í fiskeldi. Ég ætla að segja það eitt um þetta: Sá mælikvarði hvernig við höfum staðið okkur hefur birst í því hverjar hafa verið þjóðartekjur á mann í þessu landi. Við höfum náð þeim árangri að komast hæst í annað sæti í heiminum. Hæstv. forsrh. talar um það að síðasta ríkisstjórn hafi verið að lækka launin. Hafa menn orðið varir við launahækkunina hjá þessari? Hvernig fær það staðist ef hann trúir því í alvöru að þá hafi launin verið orðin of lág að hann hækkar þau ekki núna?

Nei. Það eru aðeins tveir sökudólgar í ræðunni sem hann dregur upp. Það er hv. þm. Steingrímur Hermannsson og þorskurinn. Aftur á móti er greinilegt að hann hefur misjafnar skoðanir hvað eigi að gera við sökudólgana. En hitt er svo umhugsunarefni: Hvers vegna hefur þá störfunum fækkað í iðnaði? Hvers vegna hefur störfunum í iðnaði verið að fækka um þúsund og aftur um þúsund og enn stefnir í fækkun með þennan stóra snilling, hæstv. iðnrh. Jón Sigurðsson? Er það þorskinum að kenna? Er það hv. þm. Steingrími Hermannssyni að kenna? Eða er ástæðan e.t.v. sú að þeir sem fara með völdin núna trúa hvorki á fólkið né landið og gera sér ekki grein fyrir því að aðalauðlind hvers lands eru íbúarnir sem byggja það.

Góðir Íslendingar. Ég vona að ykkar rödd hljómi áfram og það komi að því að þeir átti sig á því hvað þeir eru að gera.

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Þeir breytingatímar sem við nú lifum virðast æðioft vera slíkur ólgusjór að við getum ekki sagt fyrir um á hvorn borðstokkinn hann gefur. Aflatregða, aflaskerðing, samdráttur í landbúnaði, samdráttur á viðskiptamörkuðum, verðlækkun á fiskmörkuðum, uppskera rangra fjárfestinga og halli á ríkissjóði. Allt eru þetta holskeflur sem riðið hafa yfir að undanförnu og hann spáir áframhaldandi óveðri. Þess vegna höfum við orðið að rifa seglin. Í góðærinu láðist okkur að aðlaga okkur þeirri þróun sem átti sér stað í kringum okkur og viðurkenna þá staðreynd að við erum hlekkur í heimskeðjunni. Við getum ekki þróað atvinnulíf okkar án þess að taka tillit til þróunar meðal annarra þjóða. Því má segja að skuldadagarnir séu hluti af þeim ólgusjó sem við höfum siglt.

Þegar óveðursblikuna bar við loft svifum við enn fyrir þöndum seglum lítt viðbúin áföllum. Fyrir sex árum hófst svo tímabil stöðnunar í atvinnulífinu. Vonir um skjótan bata brustu þegar samdráttarskeiðið reið yfir. Það er því ekki að furða þó að það hrikti í rá og reiða. Við vorum þó ekki með öllu óviðbúin ágjöfum. Lífskjör okkar eru enn góð í samanburði við aðrar þjóðir. Efnahagsgerð okkar er tiltölulega sterk. Við höfum náð góðum árangri í viðureigninni við verðbólguna. Við höfum einnig gert okkur grein fyrir mikilvægi alþjóðasamskipta, m.a. með lögum um Evrópskt efnahagssvæði og nú síðast með þverpólitískri þál. um tvíhliða samskipti við Evrópubandalagið. Og síðast en ekki síst er sá farmur sem dýrmætastur er: upplýst, vel menntuð og heilbrigð þjóð.

Slæm veðurspá hindrar ekki að við náum landi. Með góðri áhöfn má leyfa sér bjartsýni og þá áhöfn höfum við. Enn er tími til að leita skynsamlegri leiða til að sneiða hjá dýpri hluta lægðarinnar og ná þannig bæði landi og gjöfulli miðum. Góð áhöfn veit að árangur næst ekki nema með þrautseigju og vandlega íhuguðum úrræðum. Skynsamleg hagstjórn og baráttuvilji geta ráðið lendingunni. En til þess að okkur auðnist þetta verðum við að geta tryggt stöðugleika í verðlagsmálum og jafnvægi í þjóðarbúskapnum þannig að unnt sé að reiða sig á nánasta umhverfi. Við megum ekki láta það henda okkur aftur að lenda í óvissu innlendrar verðbólgu. Við verðum að skapa okkur efnahagslegar forsendur og lækkun vaxta. Það er grundvöllur fyrir afkomu fyrirtækjanna í landinu og það auðveldar jafnframt skuldugum heimilum að lækka skuldabyrðina.

Við verðum að bæta menntakerfið. Ég trúi því að hugvitið verði okkar sterkasta vopn til að sigrast á erfiðleikum framtíðarinnar og tryggja okkur samkeppnishæfni við aðrar þjóðir. En í núverandi menntakerfi eru komnir fúabrestir sem þarf að bæta strax. Við verðum að móta markvissa atvinnustefnu þar sem forsjálni verður í fyrirrúmi. Við höfum ekki lengur efni á því að velja verkefni að vild, hvort heldur er til sjós eða til lands. Við þurfum að íhuga vandlega fjárfestingar okkar í framtíðinni og meta arðsemi atvinnutækifæranna, ekki eingöngu í nútíð heldur miklu fremur til framtíðar.

Við verðum líka að skrúfa fyrir halla ríkissjóðs án þess að skerða velferð okkar, eðlilega þróun hennar og valfrelsi. Við verðum að stemma stigu við atvinnuleysi með úrlausnum sem skila okkur hæfara fólki. Og við alþingismenn verðum öll að sýna ábyrga forustu. Sú forusta þarf að hafa yfirsýn og ekki síst framtíðarsýn til að takast á við erfiðleikana og sameina kraftana sem leiðandi afl. Forustan þarf að vera tilbúin til að taka á sig boðaföllin. Forustan verður einnig að finna það leiði sem gefur áhöfninni tækifæri til að taka á árunum þótt þungar verði. Takist okkur að fá alla til að róa samtaka og í sömu átt, náum við fyrr öruggari höfn. Með þessum ásetningi óska ég ykkur öllum bæði nær og fjær þeirrar gæfu að ná góðum árangri í starfi fyrir land og þjóð. — Góða nótt.

Guðjón Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa hér í umræðunum glaðst yfir niðurstöðum nýlegrar skoðanakönnunar Gallups. Þeir hafa að vísu gleymt að geta þess að einn af hverjum fimm aðspurðra í þessari skoðanakönnun lýsti yfir ánægju með vinnubrögð stjórnarandstöðunnar. Fjórir af

hverjum fimm aðspurðra treystu sér ekki til að hæla stjórnarandstöðunni.

En hvernig var ástandið þegar þessir konungar skoðanakönnunarinnar fóru frá völdum fyrir tveimur árum? Góðæri undanfarinna ára hafði verið illa nýtt og þjóðin hlaðið upp skuldum innan lands og utan. Sjálfvirk þensla var í ríkisútgjöldum og allt stefndi í strand. Góðærið var á enda, þorskstofninn á hraðri niðurleið, erfiðleikar í landbúnaði og iðnaði og niðursveifla á mörkuðum stóriðjufyrirtækja. Hluta atvinnulífsins hafði verið haldið gangandi með fyrirgreiðslu úr sjóðum sem voru á heljarþröminni og hefur ríkissjóður orðið að taka á sig milljarða vegna bágrar stöðu þessara sjóða. Þetta var nú búið sem ríkisstjórnin tók fyrir tveimur árum.

Þessu til viðbótar hefur svo kröpp efnahagslægð gengið yfir Evrópu og valdið okkur miklum erfiðleikum. Það hefur því verið við mikla erfiðleika að etja þennan fyrri hluta kjörtímabilsins, en erfiðleikarnir eru jú til að sigrast á þeim.

Okkar fámenna þjóð gerir kröfu til að standa jafnfætis milljónaþjóðunum á flestum sviðum og að ríkið veiti landsmönnum sem mesta og besta þjónustu. Það er umhugsunarefni að á síðasta ári voru tekjur ríkisins 103 milljarðar. Af því fóru 67 milljarðar í velferðarkerfið, þ.e. heilbrigðis- og tryggingamál, húsnæðis- og félagsmál, fræðslu, menningar- og kirkjumál. Síðan fóru 8 milljarðar í vexti og aðrir 8 milljarðar í vega- og samgöngumál. Þá voru ekki eftir nema 20 milljarðar til allra þeirra fjölmörgu annarra verkefna sem ríkið verður að sinna. Þetta sýnir auðvitað að dæmið gengur ekki upp og við verðum að taka okkur tak og lækka ríkisútgjöldin enn frekar ef ekki á illa að fara. Við verðum að standast þá freistingu að eyða um efni fram og senda reikninginn á börnin okkar.

Helsta viðfangsefni stjórnvalda á næstunni er að skapa atvinnuvegunum rekstrarskilyrði svo þeir geti þraukað þá erfiðleikatíma sem nú ganga yfir. Það er auðvitað mjög mikilvægt fyrir atvinnulífið og fólkið í landinu að verðbólgunni sé haldið í skefjum. Það hefur tekist svo vel á þessu kjörtímabili að verðbólga mælist vart hér á landi um þessar mundir. Það er ekki síður mikilvægt að vextir lækki. Þeir hafa farið lækkandi að undanförnu og þarf að skapa skilyrði til að sú þróun haldi áfram. Lækkun vaxta er mjög þýðingarmikil fyrir þorra heimila í landinu og ekki síður fyrir atvinnulífið.

Efnahagslægðin hefur leitt af sér mikið atvinnuleysi í mörgum ríkjum Evrópu. Við Íslendingar höfum því miður ekki farið varhluta af því enda höfum við til viðbótar þurft að glíma við vandamál vegna aflabrests. Það er því mikilvægara en oftast áður að nýta alla þá möguleika sem við eigum í atvinnumálum og sem betur fer eru þar ýmsir möguleikar í sjónmáli.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið mun skapa atvinnulífinu ný sóknarfæri. Við þurfum að hefja hvalveiðar að nýju. Þar eigum við ónýtta auðlind sem getur skapað mörg hundruð störf og mikil verðmæti. Íslendingar eru í sókn í framleiðslu og útflutningi á tækni- og vinnslubúnaði fyrir sjávarútveg og það er reyndar aðeins eitt dæmið um ánægjulega útrás íslenskra fyrirtækja á sjávarútvegssviðinu um þessar mundir þar sem margt er í deiglunni. Samþykkt Alþingis á síðasta ári um að rýmka heimildir skipa til að sækja þjónustu og landa fiski í íslenskum höfnum hefur þegar skapað verulega vinnu hjá málmiðnaðarmönnum, fiskvinnslufólki og ýmsum þjónustuaðilum. Þarna eigum við mikla möguleika ef við eigum að stefna markvisst að því að Ísland verði miðstöð sjávarútvegsviðskipta á Norður-Atlantshafi. Það getur skipt sköpum fyrir skipaiðnaðinn, fiskvinnsluna og margháttaða þjónustustarfsemi við sjávarútveginn. Ýmsir möguleikar eru í sjónmáli varðandi orkusölu. Viðræður eru hafnar um orkusölu til Evrópulanda um sæstreng sem framleiddur yrði hér á landi og vafalaust mun orkufrekur iðnaður skjóta hér frekari rótum eftir nokkur ár.

Miklu skiptir að vel takist til um endurskoðun fiskveiðistjórnunarinnar. Tvíhöfða nefndin hefur nýlega sett fram sínar tillögur og í framhaldi af því hefur sjútvrh. kynnt tillögur sínar. Þær tillögur sem litið hafa dagsins ljós eru ekki ásættanlegar að öllu leyti, t.d. hvað varðar veiðar smábáta, línutvöföldun og að ekki skuli gerðar breytingar á kvótasölukerfinu. Það segir sig sjálft að þegar þorskafli minnkar um helming er erfitt að gera tillögur um fiskveiðistjórnun sem allir geta sætt sig við en ég tel það mikilvægt að á næstunni verði reynt að ná sem víðtækustu samkomulagi um þá leið sem farin verður. Það skiptir miklu máli að þarna takist vel til og að sem mest sátt ríki meðal þjóðarinnar um stjórnun fiskveiðanna og ekki síst milli þeirra sem byggja afkomu sína beint á sjávarútvegi. Á skynsamlegri nýtingu þessarar meginauðlindar byggist velferð okkar allra í bráð og lengd.

Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Í kvöld minnumst við tveggja ára afmælis ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Sagt er að hvert afkvæmi hljóti að erfðum helming gena frá hvoru foreldri þannig að í upphafi hefur afmælisbarnið fengið að hálfu jafnaðarmennskugen og að hálfu gen frjálshyggju frá foreldrum. Fljótlega eftir fæðingu kom þó í ljós að gen jafnaðarmennskunnar voru greinilega víkjandi en frjálshyggjugenin ríkjandi. Þetta höfum við séð skýrt og greinilega í öllum ákvörðunum og athöfnum þessa frekar ódæla afkvæmis.

Það er venja á tímamótum sem þessum að rekja í stuttu máli helstu atburði í ævi afmælisbarnsins og í þessu tilviki er það alveg með ólíkindum hversu margs er að minnast þó ævi ríkisstjórnarinnar spanni aðeins tvö ár og þrjá daga. Hún er þó komin á miðjan aldur og nú fer að síga á seinni hlutann, sem betur fer. Því miður er fátt ánægjulegt í minningunni og alveg ljóst að barnsárin, gelgjuskeiðið og sá hluti fullorðinsáranna sem liðinn er hafa verið ríkisstjórninni óskaplega erfið. Markmiðin sem afmælisbarninu voru sett í upphafi voru fá en skýr eins og formaður íslenskra jafn-

aðarmanna, annað foreldrið, sagði í viðtali við fjölmiðil í gærmorgun.

Í fyrsta lagi átti afmælisbarnið að draga úr ríkisútgjöldum, stöðva sjálfvirkan vöxt í ríkisfjármálum. Hitt foreldrið, hæstv. forsrh., hafði áður sagt að eitt meginmarkmiðið væri að lækka skattana. Hvernig hefur til tekist með þetta markmið? Þá raunasögu þekkja allir. Horfur í ríkisfjármálum hafa varla verið dekkri en þær eru nú. Afkoma heimilanna hefur sjaldan verið erfiðari en nú. Skattálögur á almenning hafa ekki verið þyngri en þær eru nú. Þjónustugjöldin hafa ekki verið meiri en þau eru nú. Atvinnuleysið hefur sjaldan eða aldrei verið meira en nú. Og það sem ríkisstjórnin lætur sér helst detta í hug í atvinnumálum er að senda frá sér frumvörp, hvert öðru vitlausara, um einkavæðingu ríkisstofnana. Þar er frv. um einkavæðingu Þvottahúss Ríkisspítalanna e.t.v. besta dæmið um fáránleika þess hugmyndaflugs, sem afmælisbarnið býr yfir í svo ríkum mæli, og þess sem einkennt hefur þessa stuttu starfsævi, fljótfærnin verður skynseminni einlægt yfirsterkari. Kapp er best með forsjá. Þau sannindi vona ég svo sannarlega að afmælisbarnið læri á síðari hluta ævi sinnar.

Annað markmiðið að sögn foreldra var að ná tímamótaákvörðun í samskiptum við erlend ríki. Tímamótaákvörðun þýðir líklega í þessu tilviki samningur um Evrópska efnahagssvæðið, EES, að afhenda erlendum aðilum svo og svo mikið af sjálfsákvörðunarrétti þessarar litlu þjóðar, að hleypa erlendum aðilum inn á vinnumarkaðinn, að afnema eða draga úr þeim takmörkunum sem verið hafa á innflutta vöru sem er í samkeppni við innlenda framleiðslu eins og garðyrkjubændur hafa áþreifanlega orðið varir við undanfarið. Varla verður þessi tímamótaákvörðun til að efla íslenskt atvinnulíf sem þó er augljós þörf fyrir. Túnið er ekki alltarf grænna hinum megin við girðinguna. Við eigum dugmikið athafnafólk sem þarf á erfiðum tímum á stuðningi að halda og hvatningu til áframhaldandi verka. Það fólk sem vinnur við undirstöðuatvinnuvegi þessa lands skilur á hverju samfélagið byggir tilveru sína og hefur ævinlega verið reiðubúið til að leggja sitt af mörkum þegar erfiðleikar steðja að. Samskipti og samvinna við erlendar þjóðir er nauðsynleg. Í þeim samskiptum verðum við þó að halda haus og standa vörð um sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar og þá atvinnuvegi sem þjóðin byggir afkomu sína á.

Þriðja og síðasta markmiðið sem formaður Jafnaðarmannaflokks Íslands nefndi, var að fá erlent fjármagn til landsins. Þar, góðir áheyrendur, hefur líklega verið efst í huga hans draumsýnin um álverið sem er svo margrædd að það væri að bera í bakkafullan lækinn að fara fleiri orðum um hana. Þetta voru markmiðin sem sett voru við tilurð þessa tveggja ára afmælisbarns, ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Tvö af þremur þessara markmiða tengjast erlendu samstarfi og erlendu fjármagni. Ekkert um nauðsyn þess að efla innlenda atvinnustarfsemi eða jafna þau kjör sem landsmenn búa við.

Vissulega er fyrsta markmiðið gott, það að draga úr ríkisútgjöldum og stöðva sjálfvirkan vöxt í ríkisfjármálum. Þær aðgerðir sem gripið er til í þeim tilgangi mega þó ekki bitna á þeim sem minnst mega sín eins og leiðir t.d. af hækkuðu lyfjaverði til sjúklinga og auknum þjónustugjöldum. Þessar ráðstafanir bitna harkalega á mörgum þeim sem eiga við langvarandi sjúkdóma að stríða og þessu verður ekki neitað. Dæmi því til sönnunar eru mýmörg.

Það er ótrúlega margt sem hægt er að gera til að spara í ríkisrekstri en til þess að slíkar aðgerðir skili varanlegum árangri verður að endurskoða ríkisrekstrurinn í heild sinni á skipulegan hátt. Það er einnig nauðsynlegt að viðurkenna rangar ákvarðanir sem ekki hafa náð að uppfylla sett markmið. Stefnan í sjávarútvegsmálum er besta dæmið um það. Stefnan hefur að vísu verið endurskoðuð en er ekki eitthvað bogið við endurskoðun sem leiðir til þess að festa ber í sessi ríkjandi kerfi, kerfi sem hefur orðið til þess að sjávarútvegurinn er meira og minna í rúst og auðæfi hafsins umhverfis landið eru að verða eign örfárra manna? Alþb. lagði til að sjútvn. Alþingis færi í þessa endurskoðun því að auðvitað er það á ábyrgð okkar alþingismanna hvernig staðið er að málum. Þessari sjálfsögðu tillögu var tekið með útúrsnúningum og rangfærslum sem einkennir yfirleitt málflutning manna sem eru rökþrota og ráðþrota.

Annað dæmi þess hve fljótfærnislega er staðið að málum eru þessi frumvörp ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu ríkisstofnana og fyrirtækja sem eiga ekkert skylt við skynsama hugsun. Það er eðlilegt þegar horft er til erfiðleika fyrirtækja í einkaeign að menn velti því fyrir sér hvort ekki megi flytja verkefni frá ríki til þeirra fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum, enda er í mínum huga eðlilegt að ríkisstofnanir og fyrirtæki sveitarfélaga hafi frumkvæðið að því að koma ýmsum verkefnum af stað en síðan taki aðrir við. Þetta á ekki síst við þegar ríkið hefur með aðgerðum sínum og ákvörðunum staðið að niðurskurði á möguleikum heillar stéttar til atvinnu, t.d. bænda. Þá er eðlilegt að unnið sé skipulega að því að gefa kost á öðrum verkefnum í staðinn sem unnið er að á ríkisstofnunum, t.d. í landgræðslu og skógrækt. Þó eru ákveðin verkefni sem ávallt hljóta að verða unnin á vegum ríkisins, t.d. ýmis rannsókna-, eftirlits- og þróunarverkefni. Sameiginleg verkefni okkar allra, svo sem heilbrigðis- og skólamál hljóta einnig að vera á höndum ríkis eða sveitarfélaga. Færsla verkefna eða stofnana frá ríki til einkaaðila má ekki koma niður á þeirri þjónustu sem veitt er og má ekki gera hana dýrari.

Góðir áheyrendur. Kjaramálin eru mér eðlilega ofarlega í huga. Ekki hefur tekist að ganga frá samningum sem tryggja þeim sem lægst hafa launin betri afkomu. Mér finnst á stundum að foreldrar afmælisbarnsins ódæla séu svo uppteknir af dyntum þess að þeir sjái ekki hvernig ástandið er í landinu og geri sér enga grein fyrir þeim kjörum sem stór hluti landsmanna býr við eða hvað misskiptingin er orðin mikil. Alla vega er ekki hægt að túlka orð þeirra og athafnir með öðrum hætti. Og nú stendur jafnvel til að Alþingi taki sér hlé frá störfum um næstu helgi. Er það ekki alveg makalaust að mönnum skuli detta það í hug

á sama tíma og mörg stórmál eru óleyst, kjaramálin í hnút og sjávarútvegsmálin óafgreidd. Hér eiga menn að staldra við, vinna sína vinnu og beita sér fyrir víðtækri samstöðu allra flokka á Alþingi til lausnar á þessum stóru málum, ná samstöðu um eflingu atvinnulífs og jöfnun lífskjara í landinu. Um það ætti að ríkja víðtæk samstaða. — Góðar stundir.

Sigríður Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. Ekki skal hér neitt dregið úr því að þjóðarbúið hafi orðið fyrir áföllum. Afli hefur minnkað, verð á sjávarafurðum á erlendum mörkuðum hefur lækkað. Afleiðingin er versnandi efnahagsástand, atvinnuleysi og margvíslegir erfiðleikar. Á þvílíkum tímum reynir á forustumenn. Þá kikna litlir karlar. Þá eflast þeir sem einhver kengur er í. Hvernig er þessu nú varið með forsrh. og einkavini hans innan og utan ríkisstjórnar? Hvernig hefur verið brugðist við versnandi ástandi þar á bæ? Því er fljótsvarað. Ríkisstjórnin hefur skilið þá eftir úti á gaddinum sem minna mega sín en lagt sig fram um að treysta hag þeirra sem besta hafa aðstöðuna.

Nú kann vel að vera að það sé hvorki efnahags- né náttúrulögmál að alltaf skuli allir vinnandi menn í sérhverju þjóðfélagi hafa a.m.k. 8 stunda vinnu hvern virkan dag við þau störf sem þeim henta. E.t.v. verðum við að gera ráð fyrir einhverju atvinnuleysi. En hvernig ætlum við þá að bregðast við því? Ætlum við því fólki sem við getum ekki veitt atvinnu það hlutskipti að draga fram lífið á rúmlega 40 þús. kr. á mánuði og lifa síðan 16 vikur á ári á munnvatni sínu og guðsblessun? Eða ætlumst við til þess að þeir sem betur mega láti eitthvað af hendi rakna til hinna sem samfélagið hefur ekki getað tryggt þau mannréttindi að fá að vinna fyrir brauði sínu?

En það eru fleiri en atvinnuleysingjar einir sem mega drekka úr hóffarinu að mati ríkisstjórnarinnar. Nú er það svo að margar fjölskyldur réðust í húsnæðiskaup á árunum þegar næg atvinna og eftirspurn eftir vinnuafli vakti mönnum bjartsýni um að þeir mundu komast í gegnum erfiðustu greiðsluárin með mikilli aukavinnu. Minnkandi atvinna ásamt því að kaupmáttur hefur minnkað og raunvextir farið hækkandi hefur leitt til mikils greiðsluvanda fjölmargra heimila. Líklegt er að minnkandi atvinna muni á næstunni valda æ fleiri fjölskyldum sem ráðist hafa í húsnæðiskaup verulegum greiðsluerfiðleikum.

Á árunum 1981–1992 hafa heildarskuldir heimilanna í landinu aukist úr rúmum 60 milljörðum kr. í ríflega 226 milljarða. Við vanda þessa fólks hefur ríkisstjórnin brugðist með því að lækka vaxtabætur. Því var lýst yfir að með minnkandi verðbólgu sköpuðust skilyrði fyrir lækkun vaxta. Raunin varð sú að á þeim tíma sem verðbólgustigið lækkaði úr 27% niður í um það bil 2% hækkuðu vextir. Í stuttu máli eru því viðbrögð ríkisstjórnarinnar við versnandi efnahagsástandi nýjar skattálögur á almenning upp á rúma 8 milljarða kr. Allar þær skattálögur eru með varanlegu sniði nema svokallaður hátekjuskattur. Hann er til bráðabirgða í aðeins tvö ár. Aðeins þegar kemur að skattheimtu á þá sem hafa háar tekjur er eins og hæstv. ríkisstjórn hiki ögn við og setji upp silkihanskana. Við sjáum þessa hnjáliðamýkt gagnvart þeim sem hafa peningavöldin í þjóðfélaginu á fleiri sviðum. Sjúklingar, námsmenn, barnafólk skulu leggja sitt af mörkum á erfiðum tímum en aðstöðugjöld fyrirtækja skulu afnumin og þá er nú ekki verið að velta vöngum yfir góðri eða slæmri afkomu heldur skulu öll fyrirtæki hvort sem þau skila gróða eða ekki sleppa við þetta gjald.

Góðir áheyrendur. Ef við ætlum nú í tilefni tveggja ára afmælis ríkisstjórnarinnar að skilgreina hvað sé slæm og hvað sé góð stjórn og lítum svo á að sú stjórn sé góð sem kemur nokkru áleiðis af flestum sínum stefnumálum, þá verðum við sjálfsagt að sitja uppi með það að við höfum yfir okkur nokkuð góða ríkisstjórn. Fyrir hennar tilverknað hafa völd og áhrif stórfyrirtækja og fjármagnseigenda stórlega vaxið og bilið milli ríkra og fátækra aukist að sama skapi. Hún hefur uppi tilburði til að festa í sessi kvótakerfið með þeirri misskiptingu og byggðaröskun sem ekki verður séð fyrir endann á. Hún hefur lagt sig fram um að draga okkur áleiðis inn í Evrópska efnahagssvæðið. Hún hefur gert sitt ýtrasta til að draga úr áhrifum launþegahreyfingarinnar og hefur komið fram gagnvart almenningi í landinu af meiri hroka og lítilsvirðingu en áður hefur þekkst. Viljum við hins vegar skilgreina góða ríkisstjórn á þann veg að hún stuðli að jöfnuði í þjóðfélaginu og rétti hlut þeirra sem minna mega sín, að hún hvetji fólk til átaka við erfiðleika og fylki þjóðinni að baki sér, þá búum við nú við einhverja þá verstu ríkisstjórn sem yfir þetta land hefur valist.

Virðulegi forseti. Það er mitt mat að ríkisstjórnin hafi brugðist við þeim vanda sem að okkur steðjar með þeim hætti að hún sé á góðri leið með að skipta þjóðinni í minni hluta sem fer með allt efnahagslegt vald og meiri hluta sem á sæti að því hlutskipti að hafa tæpast fyrir brýnustu nauðþurftum þó unnið sé myrkranna á milli. Ég álít því að það sé brýnasta hagmunamál launamanna í þessu landi að ríkisstjórnin fari frá. — Takk fyrir.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Á miðju kjörtímabili er ástæða til að líta bæði um öxl og fram á veg. Sl. tvö ár hafa verið samfelld glíma við efnahagssamdrátt í skugga mesta atvinnuleysis sem gengið hefur yfir íslenska þjóð. Við þær aðstæður, þegar sumir bjóða mikinn mat og marga helgidaga er mér það efst í huga hvað það er gert erfitt að þora, þora að vera heiðarlegur í pólitísku starfi, þora að standa á grundvallarsjónarmiðum án upphrópana og auglýsingamennsku, þora að standa á nauðsynlegum málamiðlunum, þora að vera óvinsæll. Það er engan veginn auðvelt að ná fram málamiðlunum. Mér hefur ekki alltaf liðið of vel með margar ákvarðanir sem ég hef staðið að og ekki endilega viss um að þær séu allar réttar þó í krafti samstöðunnar hafi þurft að ná saman um lausnir.

Stjórnmálin nú snúast um að bjarga afkomu uppvaxandi kynslóðar og velferðarkerfi komandi ára, hætta

að veðsetja tekjur okkar til framtíðar, en finna það jafnvægi að hvergi sverfi of mikið að. Stjórnarandstaðan nærist á þeim erfiðleikum sem þjóðin á nú við að etja. Það er ráðist á hverja tilraun til að afla tekna á sama tíma og kröfunum um velferð er haldið á lofti. Velferð sem við viljum öll verja. Lausnirnar sem boðið er upp á eru hókus-pókus-lausnir. Að taka milljarða að láni og ávísa enn á framtíðina. Slík tilboð eru vel fallin til vinsælda. Á tímabili skopuðust menn með fiskinn og þá sem voru á kafi í fiski með eins konar „fiskur-undir-steini"-kímni. En nú vita allir að fiskurinn er lífið sjálft. Að vera eða vera ekki fyrir þessa þjóð. Þeir sem fögnuðu þegar áform um stóriðju og þar með átak í atvinnuuppbyggingu varð ekki að veruleika vita það líka.

Þegar þorskafli minnkar um tæpan helming og verðfall bætist þar á, þá þarf kjark til að segja væntanlegum kjósendum að við getum ekki búið við sömu afkomu og var. Úrræðið liggur í að gera sem mest úr því sem við eigum og skipta því sem jafnast. Skapa sem mest verðmæti úr okkar auðlind. Þá er óheiðarlegt að segja kjósendum að þeir þurfi ekki að horfast í augu við veruleikan í dag og þjóðin veit sem er. Í nóvember gerði Félagsvísindastofnun könnun um búhyggju almennings á Íslandi. Meðal þess sem spurt var um var hvort ástæða væri til að hafa áhyggjur af versnandi afkomu þeirra atvinnugreina sem afla þjóðinni gjaldeyris með útflutnigi. 90% sögðu já. Hvort hægt sé að halda uppi óbreyttri neyslu í landinu þó útflutningur landsmanna minnki — 85% sögðu nei. Hvort æskilegt eða óæskilegt sé að auka erlendar lántökur til að halda uppi núverandi lífskjörum — 90% sögðu slíkt óæskilegt. Þetta eru svör þjóðarinnar sjálfrar að hún hafi áhyggjur af versnandi stöðu. Ekki sé hægt að halda óbreyttri neyslu eða auka erlendar lántökur. Á sama tíma og þjóðin gerir sér grein fyrir erfiðleikunum segja andstæðingar ríkisstjórnarinnar: Ég lýsi ábyrgð á hendur þeim. Enda sitja lastmáll og kjassmáll oft á sama bekk. Að segja að allt geti verið meira eða minna óbreytt, að ekki þurfi að gera erfiða hluti, sauma að, er auðveld aðferð til vinsælda.

Þegar erfiðleikar steðja að er mikilvægt að hugsa dæmið upp á nýtt. Einstaklingurinn sem verður fyrir áfalli á möguleika á að hagnýta sér þá reynslu sér til aukins þroska og hagsbóta. Þetta gildir ekki síður um fjölskylduna sem bregst við erfiðleikunum og skoðar sín mál í nýju ljósi þegar vanda ber að höndum. Það getur hljómað þversagnarkennt en jafnvel erfiðleikar þjóðar geta reynst henni til góðs ef út frá þeim erfiðleikum verður til ný hugsun, nýjar áherslur.

Hér á Alþingi vinnum við með á sjötta hundrað mál á hverju þingi en umræðan sem berst héðan út til þjóðfélagsins birtist í ríkum mæli sem árás og vörn og sem endalaus efnahagsmál. Og það er svo sem ekki undarlegt því þau eru undirstaða þeirrar velferðar sem er svo mikilvægt að varðveita. Lögin sem við erum að vinna við og samþykkja eru vísbending um hvert við viljum stefna.

Þegar við breytum skattalögum og afléttum sköttum af fyrirtækjum við þær aðstæður sem nú ríkja erum við að segja fólki að við viljum bæta stöðu halloka fyrirtækja og afstýra gjaldþrotum til að tryggja atvinnu í landinu. Þegar við í fjárlögum setjum milljarða í verkefni sem ekki var áformað að fara í á þessum tíma erum við að segja að þar með eigi að fjölga störfum á viðkomandi sviði. Þegar við setjum lög um leikskólann og grunnskólann erum við að skapa tæki til góðra verka en framkvæmd þeirra kallar á fjármagn sem ekki alltaf liggur á lausu. Þegar við vinnum að sameiningu sveitarfélaga og að finna þeim nýja tekjustofna þá erum við m.a. að segja að það eigi að gera sveitarfélögunum kleift að framkvæma slík lög þannig að sem best verði komið til móts við þarfir íbúanna. En þegar hriktir í undirstöðum velferðarþjóðfélagsins vegna efnahagslegra áfalla þá hriktir í stoðum fjölskyldunnar og við sjáum að þrátt fyrir góðan ásetning skortir markvissa fjölskyldustefnu í okkar landi. Það er gagnrýni sem beinist að öllum flokkum sem hafa komið að landstjórninni síðustu ár.

Engin ríkisstjórn hefur sett fram alhliða stefnumörkun í málefnum fjölskyldunnar en það tel ég eitt brýnasta hagsmunamálið í dag að atvinnumálum frátöldum. Rammalöggjöf um félagslega þjónustu sveitarfélaga sem Alþfl. beitti sér fyrir eru spor í þessa átt. Fjölskyldumálin eiga að vera í brennidepli og ár fjölskyldunnar 1994 á að nota til að varpa ljósi á stöðu fjölskyldunnar í okkar þjóðfélagi og leiðir til úrbóta.

Mín ósk er að við eigum eftir að upplifa markvissa fjölskyldupólitík sem sinnt er af fjölskyldufjónustustofnunum í öflugum sveitarfélögum og á sama hátt beri eitt fjölskylduráðuneyti ábyrgð í þessum efnum. Með auknum verkefnum hefur félmrn. einmitt verið að þróast í þá átt.

Það er miklvægt að standa saman á erfiðum tímum og að kveikja vonir. Við höfum ekki verið upptekin við það hér í þessum sal. Það er heldur ekkert skrýtið þó vonleysi grípi þá sem misst hafa atvinnu og þá sem ár eftir ár starfa á lágum launum þar sem frekar dregur sundur en saman í launamun. Víða eru erfiðleikar og fátækt en gylliboð er ekki lausnin heldur að vinna að því að snúa dæminu við. Það dregur hugann aftur að orðunum: Við lýsum ábyrgð á hendur þeim.

Sú breyting hefur orðið í okkar þjóðfélagsstjórn að á liðnum árum hafa aðilar vinnumarkaðarins ekki samið um kaup og kjör sín á milli. Menn hafa sameinast um að velta úrbótum og tekjujöfnun á þriðja aðila, ríkissjóð. Einn slíkur þríhliða samningur var þannig næstum kominn á um páskaleytið. Markmiðið með honum var m.a. að auka ráðstöfunartekjur launafólks. Þessi samningur átti að kosta ríkissjóð nokkra milljarða og þar af átti að verja á þriðja milljarði króna til að lækka matarskattinn svokallaða í 14%. Það var ófrávíkjanleg krafa. Að lækka virðisaukaskatt á matvæli er ómarkviss tekjujöfnun. Hún eykur að vísu ráðstöfunartekjur launafólks en hærra launað fólk fær miklu fleiri krónur til umráða. Slík aðgerð eykur möguleika á skattsvikum og vafamál er hvort slík lækkun skilar sér að fullu til neytenda.

Ég er ósammála þessari aðgerð sem tekjujöfnun. Samt sem áður hefði ég greitt atkvæði með þeim pakka

sem lagður hefði verið fyrir mig ef um hann hefði náðst samstaða aðila vinnumarkaðarins. Af því að ég hefði annars verið að stofna nýrri þjóðarsátt í voða án þess að hafa átt aðild að þeirri ákvörðun sem slíkri hvernig nákvæmlega þessir milljarðar voru nýttir. Sú ábyrgð hefði ekki verið mín hvort stýra ætti samneyslu með lækkun virðisaukaskatts og létta útgjöldum af þeim sem nóg hafa í stað þess að beina aðgerðum og fjármunum til þeirra sem mest þurfa á að halda. Til að ráða við 2–3 milljarða í lækkuðum skatttekjum þarf að finna aðrar tekjur og/eða skera niður útgjöld. Og þá má ég. Þeir segja: Ég lýsi ábyrgð á hendur þeim. En ég segi: Ég lýsi fullri ábyrgð á hendur mér í öllum erfiðum ákvörðunum sem ég stend að enda sé ákvörðunin mín.

Við bjóðum okkur fram til að axla ábyrgð. Við keppumst við að komast í aðstöðu til að stjórna. Það er erfiðara að stýra fleyi til hafnar við mikla ágjöf en í lygnum sjó. En þeir sem það hafa tekist á hendur geta ekki vikið sér undan ábyrgð.

Góðir áheyrendur. Það á að vera sameiginlegt átak okkar stjórnmálamanna að hér verði atvinna fyrir alla. Að finna leið til raunverulegs jöfnuðar og að fjölskyldan verði í fyrirrúmi í framtíðinni en ekki að slá ryki í augu með óraunhæfum yfirboðum og með því að veðsetja tekjur afkomendanna. Það þarf að gera erfiða hluti til að geta byggt upp og til að tryggja velferðina, að þora en falla ekki fyrir freistingunni um stundarvinsældir. — Ég þakka áheyrnina.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Að undanförnu hafa bæði stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar minnst þess í þessum ræðustól að nú eru tvö ár nákvæmlega síðan þessi ríkisstjórn var mynduð. Ríkisstjórn sem setti sér það markmið í hvítri bók að hefja nýja framfarasókn í íslensku samfélagi. Hún boðaði hvorki meira né minna en nýja framtíðarsýn. Nú er kjörtímabilið hálfnað og því tímabært að skoða markmið ríkisstjórnarinnar í ljósi reynslunnar, bera saman orð og efndir.

Í hvítbókinni eru gefin margvísleg fyrirheit. Í henni brýna stjórnarliðar sig til dáða. Þeir segja: Nú verður að brjóta í blað. Þeir segja: Velferð Íslendinga verður að byggja á varanlegum gruni. Og þeir segja: Nú skulu verða þáttaskil. Vissulega hafa orðið þáttaskil en nær öll til hins verra.

Í hvítbókinni lýsa stjórnarliðar og ríkisstjórnin því yfir að hún ætli að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu og stuðla að því að sættir takist um sanngjörn kjör. Hún ætlar að beita sér fyrir aðgerðum í skatta- og félagsmálum sem koma hinum tekjulægstu til góða. Hún ætlaði líka að létta undir með þeim sem stæðu höllum fæti í lífsbaráttunni. Og það segir í hvítbókinni, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin mun hlúa að fjölskyldunni sem grunneiningu í nútímasamfélagi, m.a. með markvissum umbótum í húsnæðismálum og skóla- og heilbrigðismálum.“

Hverjar eru efndirnar á þessu? Hið gagnstæða við allt þetta hefur gerst. Þetta hljómar eins og öfugmæli. Það er engin sátt í kjaramálum og það sérkennilega ástand er nú uppi að ríkisstjórnin situr öðrum megin samningaborðsins og aðilar vinnumarkaðarins sameinaðir hinum megin. Það eru engar tillögur uppi um kjarajöfnun, þær hafa ekki litið dagsins ljós. Og ég verð að játa það hér, virðulegur forseti, að ég er orðin dálítið þreytt á þulu hæstv. félmrh. um tekjujöfnun. Hæstv. félmrh. kom með tölur hér áðan sem sýndu fram á að það hafði fjölgað um 6.000 manns í hópi þeirra sem hafa undir 75.000 kr. á mánuði. Og á hvaða tímabili hafði þetta gerst, hæstv. félmrh.? Það hefur gerst á *því tímabili sem Jóhanna Sigurðardóttir* var félmrh., þ.e. frá árinu 1987. Með allri virðingu fyrir félmrh. sem vill auðvitað standa vel að málum þá getur hún ekki spilað frítt. Hver er ábyrgð félmrh. á þeirri þróun mála sem átt hefur sér stað frá árinu 1987? Hver er ábyrgð félmrh. sem ráðherra jafnréttismála á auknu launabili sem orðið hefur milli karla og kvenna á þessu sama tímabili? Hvernig var grundvallarsjónarmiðunum til haga haldið?

Sé afrekaskrá ríkisstjórnarinnar í skattamálum skoðuð, þá hefur ríkisstjórnin lækkað skattlagningu fyrirtækjanna um rúma 4 milljarða. Hæstv. forsrh. stóð sig vel í reikningskúnstum hér áðan og nefndi 17.000 millj. kr. á kjörtímabilinu sem skattalækkun fyrirtækjanna næmi. En hvernig hafa skattálögurnar verið á almenning á þessum tíma? Skattálögur á almenning hafa hækkað, m.a. með því að skattleysismörk hafa verið færð niður og skattprósentan hækkuð og barnabætur lækkaðar. Þannig hafa skattálögur á almenning verið hækkaðar um 4,7 milljarða kr. Ríkisstjórnin seildist þannig bæði í vasa þeirra sem lægst hafa launin og hinna sem þyngsta hafa framfærsluna.

Í heilbrigðismálum hefur ríkisstjórnin staðið fyrir linnulausum hækkunum á útgjöldum fjölskyldnanna.

Í skólamálum hefur ríkisstjórnin þrengt kost grunnskólabarna *og hún hefur breytt lögum um Lánasjóð ísl.* námsmanna í þá veru að ungt fólk á mun minni möguleika til náms heldur en áður, ekki síst konur.

Í húsnæðismálum verður helst vart stefnu ríkisstjórnarinnar í því að vextir á húsnæðislánum hafa hækkað bæði í félagslega kerfinu og almenna húsbréfakerfinu. Og vaxtabætur hafa lækkað. Á þeim tíma sem ríkisstjórnin hefur setið hefur álag á fjölskyldurnar aukist verulega og fátækt er nú meiri en verið hefur um langt árabil. Þess má geta í þessu sambandi að útgjöld Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar vegna fjárhagsaðstoðar voru 60% hærri nú í mars sl. heldur en í mars fyrir ári síðan.

Ríkisstjórnin ætlaði að tryggja afkomu og atvinnuöryggi launafólks, hún ætlaði að búa fyrirtækjum og einstaklingum slík skilyrði að áræði og frumkvæði fengi notið sín. Hún ætlaði að endurskoða stjórn fiskveiða, hún ætlaði að byggja upp iðnað og þjónustu á vaxtarsvæðum og hún ætlaði að hlúa að vexti og viðgangi *smáfyrirtækja*. En hverjar hafa efndirnar orðið í þessum málum?

Í sjávarútvegsmálum er hver höndin uppi á móti annarri í ríkisstjórninni og enn hefur engin stefna litið dagsins ljós. Það eina sem stjórnarflokkarnir eru nú sammála um er að damla áfram í gamla farinu.

Í málefnum iðnaðarins hefur ríkisstjórnin dagað uppi eins og nátttröll í eftirsókn sinni eftir álveri. Ekkert fannst þessum ágætu mönnum jafnfáfengilegt og hugmyndir „einhverra kerlinga" — og þá segi ég kerlinga af báðum kynjum — um smáiðnað. Þeir vildu hugsa stórt en eltast ekki við einhvern hallærislegan heimaalningshátt í þessum málum. Þeir vildu eina stóra lausn á fjölþættum vanda og þeir fengu enga. Nú standa þeir hugmyndalausir á berum bökkum, álverslausir. Og nú í dag var álverið afskrifað endanlega í þjóðhagsspám Þjóðhagsstofnunar.

Í nágrannalöndum okkar hafa flest ný störf orðið til í litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Slík fyrirtæki hafa verið mjög drjúg á heimamarkaði og fljót að aðlagast breyttum aðstæðum. Í Bandaríkjunum lögðu smáfyrirtæki til átta af hverjum tíu störfum sem til urðu á síðasta áratug. Og 85% þessara starfa urðu til hjá fyrirtækjum með færri en 20 starfsmenn. Þetta er hægt ef sjálfstæðisviðleitnin og þörfin fyrir að sýna frumkvæði fær að njóta sín.

Um allt land hafa konur verið að prófa sig áfram. Þær hafa verið að skapa sér vinnu sjálfar, fyrir eigin dugnað, bæði í framleiðslu og þjónustu. Þessar konur þurfa síst á því að halda að sjálfsbjargarviðleitni þeirra verði kæfð í fæðingu af stjórnvöldum sem hafa hvorki rænu né nennu til að sinna frumkvöðlum og nýbreytni.

Í orði kveðnu er nú aukið frjálsræði á sviði efnahags- og atvinnumála. Ríkisstjórnin boðar m.a. afnám hafta og einokunar. Aldrei hafa samt verið sett meiri höft á atvinnufrelsi manna í landbúnaði og sjávarútvegi og einmitt nú. Það má hvorki yrkja jörðina né sækja sér bein úr sjó nema hafa til þess tilskilin leyfi réttra stjórnvalda. Þetta kemur auðvitað ekki til af góðu. En við þessar aðstæður eru gamlar kreddur frjálshyggjunnar um óheftan markaðsbúskap eins og hver önnur tímaskekkja.

Hér á landi hefur frjálshyggjan í framkvæmd leitt til aukinnar hringamyndunar og samruna, hinir stóru hafa orðið stærri, á sama tíma og smáfyrirtækin hafa blómstrað í löndunum í kringum okkur. Völd og áhrif í atvinnulífi og stjórnkerfi hafa safnast á æ færri hendur rétt eins og kvótinn. Og ég leyfi mér að fullyrða að það eru ekki kvenmannshendur.

Virðulegur forseti. Það er við marghátttaðan vanda að eiga í íslensku samfélagi í dag og það væri mikil einföldun að segja að núverandi ríkisstjórn hafi skapað hann upp á sitt eindæmi. Þarna hafa margir komið að verki og vandinn er bæði utanaðkomandi og heimatilbúinn. Það eiga margir sök á ofveiði þorskstofnsins og það eiga margir sök á röngum fjárfestingum fyrri ára. En ábyrgð ríkisstjórnarinnar er tvímælalaust mest. Hún tók að sér að ráða för. Hún tók að sér að benda á leiðir út úr vandanum, að verkstýra vinnunni. Hún tók að sér að viðhalda trú hjá þjóðinni á eigin getu, hún boðaði nýja framfarasókn. Eftir tveggja ára setu situr hún hér rúin fylgi og koðnuð í eigin ráðleysi og geðvonsku. Hún hefur hingað til aðeins haft tvennt að bjóða þjóðinni: Hræðsluáróður um Færeyjar og skammir um eyðslu um efni fram — þótt hún hafi reyndar slegið örlítið á jákvæðari strengi nú í kvöld. Sjónvarpið hefur svo séð til þess að þessi hryggðarmynd er daglega inni á heimilum allra landsmanna.

Ríkisstjórnin er á góðri leið með að ræna þjóðina trú á eigin getu, kæfa það sjálfstraust og bjartsýni sem hefur fleytt okkur mun lengra en efni standa kannski til. Og hún hefur dregið atvinnurekendur og forustu verkalýðshreyfingarinnar niður í geðlægðina með sér. Menn láta eins og þeim séu allar bjargir bannaðar, hér búi hnípin þjóð í vanda. Þeir hafa miðlað þeirri mynd til þjóðarinnar að aldrei hafi aðrir eins erfiðleikar yfir hana dunið. Þetta er einfaldlega rangt. Fólk á öllum tímum hefur þurft að takast á við tilvistarkreppu, bæði persónulega, pólitíska og efnahagslega, það er ekkert nýtt við það. Og okkur sem leggjum hönd á plóginn í dag er síst meiri vandi á höndum en fyrri kynslóðum. Þvert á móti, við höfum fengið meiri meðgjöf.

Við stöndum á tímamótum, við lifum á ögrandi tímum og við eigum að nýta okkur þann sköpunarkraft sem í þeim býr. Það molnar núna utan af stöðluðum hugmyndakerfum kalda stríðsins. Við höfum í dag frelsi til að skapa, við höfum frelsi til að finna nýjar lausnir, við höfum frelsi sem ekki hefur verið til staðar um langt árabil. Þetta eru forréttindi sem okkur ber skylda til að nýta í þágu samtíðar og framtíðar. Tímarnir krefjast nýrra hugmynda, nýrra lausna, nýrra þátttakenda, og síðast en ekki síst: nýrra ráðamanna. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Góðir tilheyrendur. Það hefur á margan hátt verið merkilegt að hlusta á þessa umræðu hér í kvöld. Forsrh. er sá sem við höfum hlustað mest á, hann hefur komið hér og sagt nánast ekki neitt nema hann hefur haldið áfram að tala um fortíðina. Félmrh. hefur jafnframt komið hér upp og talað um eyðslu í fyrri ríkisstjórnum sem hún hefur setið í og sagt að þar hafi verið eytt og sóað en jafnframt spurt viðskrh. í eigin ríkisstjórn um það hvort ekki sé hægt að spara í Seðlabankanum. Vonandi tekst ráðherrum Alþfl. að spara í Seðlabankanum áður en kjörtímabilið er á enda. En er það nú ekki dálítið undarlegt að ráðherra félagsmála skuli vera að spyrja samstarfsráðherra sinn slíkra spurninga? Sýnir það ekki ákveðið ráðleysi ríkisstjórnarinnar að menn skuli leyfa sér að koma með slík mál hér í kvöld?

Það deilir enginn við núv. ríkisstjórn um það að við búum við erfitt efnahagsástand. Það hefur enginn gert hér í kvöld. Það deilir enginn við núv. ríkisstjórn um það að við höfum orðið fyrir kjaraskerðingu sem bitnar á okkur öllum. Um þetta eru allir sammála. En aðalatriðið er það til hvers við ætlumst af núv. ríkisstjórn. Við ætlumst ekki til þess af þeim að þeir komi hér fyrst og fremst til að tala um fortíðina heldur að þeir tali um framtíðina. Þeir tali um það hvernig þessum byrðum verður best dreift á okkur og hvernig við nýtum best sóknartækifærin. En það hafa þeir ekki gert. Það vekur reyndar athygli að nú þegar íslenskt atvinnulíf er að tapa 8 milljörðum kr. þá kemur enginn atvinnumálaráðherra ríkisstjórnarinnar í þessa umræðu. Það eina sem stendur upp úr er að núv. utanrrh.

er svona að hugsa um að sameina öll þessi ráðuneyti í eitt. Það er e.t.v. þess vegna sem enginn getur talað fyrir atvinnumálin í kvöld. Það er að vísu ekki í fyrsta skipti sem núv. hæstv. utanrrh. reynir að beina athyglinni frá aðalatriðum.

Við spyrjum um viðbrögð við aðsteðjandi vanda. Við höfum orðið vör við hver þessi viðbrögð eru. Við höfum orðið vör við þau í skattamálum þar sem ríkisstjórnin hefur fyrst og fremst hækkað skatta á almennar tekjur en í reynd lækkað skatta á þeim sem mest mega sín. Um þetta verður aldrei samstaða í okkar samfélagi. Og það verður síst af öllu samstaða um það vegna þess að Sjálfstfl. hefur á undanförnum árum skipti eftir skipti lofað skattalækkunum í okkar þjóðfélagi. Í stað þess að efna þau hafa þeir hækkað skatta stórkostlega. Við spyrjum um það hvernig á að skipta byrðunum í okkar atvinnuvegum? Það voru flestir sammála um það í okkar samfélagi þegar þorskaflinn brást að við yrðum að nota tækifærið og milda áfallið með því að úthluta aflaheimildum Hagræðingarsjóðs. Hæstv. forsrh. lofaði því að þetta skyldi gert með peningum en ekki með afla, hvernig í ósköpunum sem átti að gera það. Enn hefur þetta ekki verið efnt. Og við hljótum að spyrja hvernig á þessu stendur. Við hljótum að spyrja um það af hverju sóknarfærin í íslensku atvinnulífi eru ekki notuð. Þar eru að sjálfsögðu sóknarfærin í íslenskum sjávarútvegi langmest.

Hæstv. forsrh. sagði hér áðan að ríkisstjórnin hefði vaxandi áhyggjur af sjávarútveginum. Það var allt og sumt sem hann sagði um þann málaflokk. Það var allt og sumt sem hann sagði um 9% halla sjávarútvegsins í ljósi þeirrar staðreyndar að það getur engin sókn orðið í íslensku atvinnulífi nema þessi atvinnugrein sé rekin með hagnaði. Og nú er það tilkynnt í dag að ríkisstjórnarflokkarnir geti ekki komið sér saman um hina svokölluðu sjávarútvegsstefnu. Það var ekki nóg að tala um fiskveiðistefnu þegar ríkisstjórnin var mynduð, nei, það skyldi heita sjávarútvegsstefna vegna þess að það ætti að mynda miklu víðtækari stefnu í þessum málum. En nú stendur upp að þeir ætla sér að búa við þá fiskveiðistefnu sem áður var komið á án breytinga. En yfir mönnum vofir að settur verði á auðlindaskattur með haustinu og það er allt og sumt sem sjávarútvegurinn á að fá frá þessari ríkisstjórn.

Við höfum heldur ekki notað sóknartækifærin í ferðaþjónustu. Í stað þess að lofa ferðaþjónustunni að njóta sín hefur nú verið ákveðið að leggja sérstakan skatt á hana.

Landsmönnum líkar þetta heldur illa sem eðlilegt er og það kemur fram í skoðanakönnunum. Hvernig bregst þá núv. forsrh. við? Hann segir í viðtali við Ríkisútvarpið að þetta sé allt vegna þess að menn séu með dylgjur, rógburð og söguburð. Það er ástæðan fyrir því að núv. ríkisstjórn er ekki vinsælli að þjóðfélagið er allt fullt af rógburði og söguburði. Hvernig ætlar þessi ríkisstjórn að ná áttum? Það nægir ekki að tala við hana hér á Alþingi, það nægir ekki að tala við hana af aðilum vinnumarkaðarins, það nægir ekki að fólkið geti sagt álit sitt á henni í skoðanakönnunum, það er alveg sama hvað á gengur, þeir segja: Þetta er allt saman misskilningur og þetta mun lagast með réttum upplýsingum.

Forsendur bata í okkar samfélagi eru þær að í fyrsta lagi náist samningar á vinnumarkaði. Í öðru lagi að hagnaður verði að veruleika í sjávarúvegi. Það er líka forsenda að almenn skilyrði útflutningsiðnaðar og ferðaþjónustu verði viðunandi, að vaxtalækkun verði að veruleika og bankarnir verði ekki aðeins hvattir til þess eins og hæstv. forsrh. gerði héðan úr ræðustól, og vonandi hefur hann hvatt þá til þess á öðrum vettvangi líka, að ríkisrekstur verði heilbrigður en þar er halli vaxandi á ný og að það eigi sér stað samvinna ólíkra afla í samfélaginu. Því miður virðist ekkert af þessu ætla að verða að veruleika.

Atvinnuleysisvofan gæti komist aftur á kreik, sagði hæstv. forsrh. Auðvitað er hún á kreiki, hæstv. forsrh. Og það er ekki nóg að bera saman kjaraskerðingu á fyrsta tímabili eða fyrsta ári fyrri ríkisstjórnar og nú á fyrsta ári þessarar ríkisstjórnar, það er til lítils ef kjaraskerðingin byggist á því að allt atvinnulífið muni síðan fara á hausinn. Auðvitað var kjaraskerðingin meiri í upphafi síðustu ríkisstjórnar vegna þess að við sáum hver hættan var í atvinnulífinu og það er frumskilyrði fyrir ríkisstjórn sem ætlar að ná sátt í þessu samfélagi að hún skilji þarfir atvinnulífsins og geri sér grein fyrir því að það verður ekki hægt að byggja hér á Íslandi nema með góðri afkomu atvinnulífsins. Og nú þegar það blasir við að atvinnulífið stendur að miklu leyti frammi fyrir gjaldþroti, þá er vonandi að ríkisstjórnin átti sig. Með þeim eina hætti er hægt að koma í veg fyrir verulegt atvinnuleysi hér á landi.

Árni M. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. Það fór fyrir hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni eins og asnanum á pálmasunnudag. Hann misskildi skoðanakönnunina. Könnunin sem átti að verða sérstakur áfellisdómur um ríkisstjórnina reyndist enn þá harðari dómur um framvistöðu stjórnarandstöðunnar. Og að heyra hv. þm. Steingrím Hermannsson tala um samskipti Suðurnesjamanna og Byggðastofnunar er með ólíkindum. Það er þó alla vega ekki verið að fjármagna kaup fyrirtækja í öðrum landshlutum á kvóta Suðurnesjamanna eins og gert var þegar hv. þm. Steingrímur Hermannsson réð þar á bæ. Og hv. þm. Halldór Ásgrímsson situr ekki nú í sjútvrn. til þess að breyta reglum til að auðvelda flutning á kvóta frá Suðurnesjum austur á land.

Virðulegi forseti. Mig langar að fara hér nokkrum orðum um atvinnuleysið en minnkandi atvinnuleysi, stöðugleiki og lág verðbólga eru helstu markmið hagstjórnar á Íslandi í dag. Hvers vegna hefur atvinnutækifærum á Íslandi farið fækkandi eða þau staðið í stað sl. sex ár? Hvers vegna er atvinnuleysi á Íslandi, og reyndar um allan hinn vestræna heim, á þeim tímum þegar tæknin, framleiðsugetan og neyslan hefur aldrei verið meiri? Ég held að svarið sé að við fjárfestum ekki nægjanlega mikið. Við fjárfestum ekki í atvinnu. Og hvers vegna fjárfestum við ekki? Við fjárfestum ekki vegna þess að annars vegar spörum við

ekki nóg og eyðum of miklu í neyslu og hins vegar eru vextir svo háir að ný fyrirtæki ráða ekki við þá. En hvers vegna spörum við ekki? Vegna þess að velferðarkerfið hefur tekið frá okkur þörfina til að spara. Sá hvati til sparnaðar, sem felst í því öryggi sem því fylgir að eiga eitthvað í handraðanum til þess að mæta óvæntum útgjöldum, erfiðleikum eða elliárum, er frá okkur tekinn vegna þess að við treystum því að velferðarkerfið sjái fyrir öllum okkar þörfum. Hagnaðarvonin sem felst í háum vöxtum vegur þessa þörf ekki upp. Þvert á móti erum við tilbúin til að greiða háa vexti til þess að fresta greiðslum á neyslu dagsins í dag. Þessi of litli sparnaður í samanburði við eftirspurn leiðir einn og sér til hærri vaxta. En það er velferðarkefið sem að stórum hluta til er fjármagnað með opinberum lántökum sem ýtir vöxtunum mest upp á við. Það er því hið opinbera með lántökum sínum og með því að veita þegnunum of mikið öryggi sem dregur úr fjárfestingum og skapar þannig atvinnuleysið í hinum vestræna heimi, þar með talið hér á Íslandi.

Einhver spyr væntanlega: Hvað er maðurinn að tala um? Er ekki alltaf verið að tala um offjárfestingu hér á landi? Það er rétt. Við höfum fjárfest fyrir tugi milljarða á undanförnum árum en þessi fjárfesting var að stærstum hluta erlent lánsfé og stór hluti fjárfestingarinnar, allt of stór hluti, skilar ekki neinum arði í dag. Fjárfestingin var því lítið annað en fjármögnun á neyslu með erlendum lánum. Ríkissjóður er því eins og skuldsett heimili eða skuldsett fyrirtæki sem á óhægt um vik að stofna til nýrra skuldbindinga vegna greiðslubyrðar lána sinna. Þetta er það sem kallað hefur verið fortíðarvandinn, að stórum hluta kominn til af of miklum pólitískum áhrifum á fjárfestinga- og bankakerfið á Íslandi. Það var fjárfest í atkvæðum en ekki atvinnutækifærum. Þessu verður að breyta og þessu er verið að breyta en tregðulögmálið dulbúið sem varfærni er ótrúlega sterkt.

Virðulegi forseti. Það er öllum ljóst að við eigum við erfiðleika að etja um þessar mundir. Þessir erfiðleikar koma ekki jafnt niður á öllum og þeim sem betur koma út úr vandanum ber að rétta hinum hjálparhönd. En vandinn er yfirstíganlegur því að við sem þjóð eigum mikla og margvíslega ónýtta möguleika. Hvernig okkur tekst til er mest undir sjálfum okkur komið, hverju og einu. Hlutverk Sjálfstfl., hlutverk ríkisstjórnarinnar er að veita forustu, skapa stöðugleika og forsendur fyrir því að við hvert og eitt leggjum okkar litla lóð á vogarskálarnar til lausnar vandanum. Þetta gerum við sum með því að spara og önnur með því að framkvæma. Ekki með því að halda að okkur höndum heldur með því að taka skynsamlegar ákvarðanir í samræmi við hagsmuni okkar og heildarinnar. Grundvallarforsendan er sú að við tökumst sjálf á við vandann og leysum hann. Erlendir bankastjórar eða opinberar stofnanir leysa ekki vanda þjóðarinnar. Við gerum það sjálf. Hvort höfum við meiri trú á fyrirtækjum sem verða til við stjórnarborð opinberra stofnana eða við eldhúsborð í Mosfellsbæ?

Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. Hér í síðustu ræðu hv. þm. Árna M. Mathiesens heyrðum við nýja hagfræðikenningu. Hún var afar athyglisverð og eftirminnileg og ég vænti þess að Alþingi Íslendinga og þjóðin öll festi sér hana í minni. Hagfræðikenningin felst í því að til þess að auka sparnað í þjóðfélaginu þurfi að afnema velferðarkerfið. Ég hef satt að segja ekki áður heyrt Sjálfstfl. orða kenningu sína og inntak efnahagsstefnu með jafnskýrum hætti og í þetta skiptið. Þakka ég þingmanninum fyrir það.

Virðulegi forseti og góðir tilheyrendur. Við höfum búið í þjóðfélagi á Íslandi þar sem allir höfðu vinnu. Svo kom ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og nú er atvinnuleysi hjá 7–8 þús. einstaklingum á Íslandi. En þetta þarf ekki að vera svona. Með róttækri jafnaðarstefnu og með bjartsýni er hægt að skapa þúsundir nýrra atvinnutækifæra.

Við höfum búið í þjóðfélagi þar sem fylgt hefur verið tilteknum lýðræðislegum leikreglum. Svo kom ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og nú er talað um ritskoðunarþjóðfélag. Klíkubræðurnir eru að taka völdin á fjölmiðlunum og einkavinavæðingin er í algleymingi. En þetta þarf ekki að vera svona og Sjálfstfl. er kominn niður í 28% í skoðanakönnunum og mun fara neðar haldi svo fram sem horfir.

Við höfum búið í þjóðfélagi þar sem stjórnvöld hafa viljað stuðla að byggðastefnu. Svo kom ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sem er á móti byggðastefnu en rekur óbyggðastefnu og sendir frá sér landakort þar sem stórir landshlutar eru málaðir í líklitunum. En þetta þarf ekki að vera svona. Forsenda samstöðu Íslendinga er jákvæð afstaða til byggðanna.

Við höfum búið við samstöðu um uppbyggingu skólakerfisins á Íslandi. Svo kom Ólafur G. Einarsson og það voru lögð á skólagjöld, námslánakerfið var skorið niður og fækkað tímum í grunnskólunum. En þetta þarf ekki að vera svona því að forsenda framfara er vissulega gott menntakerfi og aukið fjármagn í rannsókna- og þróunarstarfsemi.

Við höfum búið í þjóðfélagi þar sem allir börðust fyrir bættri þjónustu í heilbrigðismálum. Svo kom Sighvatur Björgvinsson og heilbrigðisþjónustan er í uppnámi. En þetta þarf ekki að vera svona. Það eru til peningar til þess að hafa hér gott heilbrigðiskerfi.

Við höfum búið í þjóðfélagi þar sem ríkisstjórnir hafa tamið sér góð samskipti við aðila vinnumarkaðarins. Svo kom Jón Baldvin Hannibalsson sem kýs að hreyta fúkyrðum í verkalýðsforustuna og kalla hana gapuxa í staðinn fyrir að semja við hana. En þetta þarf ekki að vera svona. Forsenda betra þjóðfélags er róttæk jafnaðarstefna og gott samstarf við verkalýðshreyfinguna.

Þegar ég segi, virðulegur forseti, að það séu til peningar þá bendi ég á 2–2,5 milljarða kr. í hátekjuskatt og fjármagnstekjuskatt. Ég bendi á 5–10 milljarða kr. í skatta af neðanjarðarhagkerfinu og ég bendi á tillögur Alþfl. frá 1985 sem gerðu ráð fyrir 10 milljarða kr. tekjum á einu ári af svokölluðum stighækkandi eignarskatti. Peningarnir eru til en viljann vantar.

Við höfum búið í þjóðfélagi, virðulegi forseti, þar sem rekstur sjávarútvegsins og framkvæmd fiskveiðistefnu hefur verið grunnþáttur og kjarni efnahagslífsins. Svo kom ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. og fyrirtækin nær öll í sjávarútvegi eru rekin með stórfelldu tapi en Seðlabankinn sýnir meiri gróða en nokkru sinni fyrr. En þetta þarf ekki að vera svona. Þess vegna höfum við alþýðubandalagsmenn lagt til að vinna við fiskveiðistefnuna verði tekin af ríkisstjórninni og hún fari fram hér á Alþingi. Ríkisstjórnin hefur hins vegar ákveðið að framlengja hið ónýta kvótakerfi áfram og ríkisstjórn sem hefur ekki fiskveiðistefnu á Íslandi á að fara frá.

Við höfum, virðulegur forseti, búið í þjóðfélagi þar sem almenn samstaða ríkti um að húsnæðiskerfið ætti að vera ópólitískt. Svo kom Jóhanna og gerir nú tillögu á Alþingi um að félmrh. annist í raun úthlutun húsnæðislána. Vissulega þarf þetta ekki að vera svona. Og svona mætti lengi telja. Eftir lengsta þing sögunnar liggja fyrir átta milljarðar kr. í auknum álögum, sköttum og gjöldum á almenning í landinu og ákvörðun um aðild að Evrópsku efnahagssvæði og að hernaðararmi Evrópubandalagsins, þ.e. Vestur-Evrópubandalaginu. Þar með er þjóðin bundin í stað þess að ganga óháð og frjáls til þess verks að byggja upp nýtt alþjóðlegt öryggis- og friðarkerfi þegar NATO hefur verið lagt niður og þegar herstöðvunum hefur verið lokað.

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum dögum þegar ríkisstjórnin varð tveggja ára birtist skoðanakönnun sem sýndi að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er óvinsælasta tveggja ára barn sögunnar. Davíð Oddsson kennir málfrelsinu um og talar um róg og talar um gróusögur. Ólafur G. Einarsson segir: Þetta er í lagi, þetta gleymist.

En, góðir tilheyrendur, þetta má ekki gleymast. Einkavinavæðingin, klíkuskapurinn, spillingin, atvinnuleysið mun ekki gleymast. Eftir ár má gefa ríkisstjórninni nýja afmælisgjöf upp úr kjörkössunum en ekki aðeins úr skoðanakönnunum. Sveitarstjórnarkosningarnar 1994 verða uppgjör þjóðarinnar við einkavinavæðinguna, sú kosningabarátta verður pólitísk kjarabarátta. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegur forseti. Góðir Íslendingar. Í málefnasamningi núv. ríkisstjórnar er lögð höfuðáhersla á að ná tökum á ríkisfjármálunum enda voru þau í miklum ólestri. Fyrri ríkisstjórnir höfðu bundið ríkissjóði svo þunga bagga að fyrirséð var þá þegar að ekki yrði við ráðið nema með hörðum og erfiðum aðgerðum. Alþfl. var þátttakandi í síðustu ríkisstjórn. Vissulega var margt vel gert þar. En á sviði ríkisfjármála var ríkisstjórnin veik. Þá blöstu mörg sömu vandamálin við og nú en þó ekki í eins miklum mæli. Fyrri ríkisstjórn setti sér það markmið að draga úr lyfjakostnaði um 500 millj. kr. Samkvæmt fullyrðingum og mælikvarða stjórnarandstöðunnar í dag hefur sú ákvörðun áreiðanlega verið tekin vegna einstakrar illgirni og ótuktarskapar Guðmundar Bjarnasonar heilbrrh. í samráði við Ólaf Ragnar Grímsson. Ef við beitum sama mælikvarða og þessir menn nota gagnvart núv. ríkisstjórn þá hafa þeir Guðmundur og Ólafur Ragnar ætlað að kvelja og hrella sjúklinga bara ánægjunnar vegna. En málin eru ekki svona einföld. Þeir sáu vandann sem fylgt hefur sjálfvirkum og sívaxandi útgjöldum ríkissjóðs. Þeir hafa auðvitað ætlað að bregðast við honum en því miður höfðu þeir ekki burði til þess, þeir gáfust upp. Í stað þess að taka á vandanum jókst hann undir þeirra stjórn. Í stað þess að draga úr þessum útgjöldum jukust þau um hundruð milljóna króna. Svona dæmi eru fjölmörg. Þau eru öll eins að því leyti að áformin voru góð, menn sáu vandann oftast og ætluðu að bregðast við honum en niðurstaðan varð í öllum tilfellum eins: Þeir gáfust upp. Þeir þorðu ekki að taka á vandanum. Hvers vegna? Jú, þessar aðgerðir voru ekki til vinsælda fallnar og því var þeim frestað.

Það er m.a. þess vegna sem núv. ríkisstjórn hefur átt við erfiðari verkefni að stríða en nokkur önnur ríkisstjórn frá stríðslokum. Hvarvetna blikka rauð aðvörunarljós. Aldrei fyrr í sögu íslenska lýðveldisins hefur stöðnun í efnahagsmálum varað eins lengi og nú. Aldrei fyrr hefur ástandið verið svo alvarlegt. Aldrei fyrr höfum við haft eins mikla ástæðu til að óttast um efnahagslegt sjálfstæði okkar og einmitt nú. Hefði fyrr verið tekið á vandanum væri umhverfið miklu betra. En það vantaði stjórnendur sem létu ekki stundarvinsældir villa sér sýn.

Stjórnarandstaðan lætur öllum illum látum er minnst er á ástandið í Færeyjum. Færeyingar eru okkar næstu nágrannar. Ógæfa þeirra nú er sú að þar viðurkenndu menn ekki vandann, þeir trúðu því ekki að illa færi. Þess vegna hafa þeir vaknað upp við vondan draum, þeir hafa tapað efnahagslegu sjálfstæði sínu. Þeir trúðu því að erlendar lántökur og óbilandi bjartsýni mundi leysa málin. Um áramótin verður annar hver maður atvinnulaus í Færeyjum, atvinnulífið er í rúst og fólksflótti til annarra landa hefur hafist fyrir alvöru. Það sem þó er átakanlegast eru þær fréttir sem berast frá Færeyjum um að fólk hafi í vetur ekki haft hita á húsunum. Þar hírðust margar barnafjölskyldur í nístandi kulda, klæðalitlar og við matarskort. Og hvers vegna er verið að rifja þetta upp hér? Það er vegna þess að við getum lært af mistökum frænda okkar. Okkur er reyndar meiri þörf á að kunna fótum okkar forráð. Færeyingar hafa þó danska ríkið sér til aðstoðar. Við höfum engan til að leita til ef okkur tekst ekki að leysa þennan vanda.

Hér á Alþingi og víðs vegar um þjóðfélagið heyrum við þann söng að svartsýni og bölmóður ríki í huga ríkisstjórnar. Því fer fjarri. Menn hafa hins vegar gætt þess að segja satt, ekki ýkja, ekki draga úr, heldur segja fólki umbúðalaust sannleikann. Stjórnarandstaðan hefur engar tillögur til lausnar á efnahagsvanda þjóðarinnar. Þeir samþykkja ályktanir um að eitthvað þurfi að gera, það þurfi að taka á málunum, það þurfi að bregðast við vandamálunum. Það er hins vegar aldrei sagt hvernig.

Nú í síðustu viku var rætt um tillögu Alþb. um sjávarútvegsmál. Um hvað fjallaði sú tillaga? Um að fela

nýrri nefnd að gera tillögur um sjávarútvegsmál. Þeir hafa engar aðrar lausnir en að taka erlend lán. Fresta óhjákvæmilegum efnahagsaðgerðum. Þeir vilja bara gera eitthvað, gera átak, taka á málunum, þarf ekki að vera stefna. Hvernig? Jú, skipa nefnd, að semja tillögur, gera eitthvað. Þetta minnir því miður á stjórnmálamenn sem leiddu Færeyinga fram af hengifluginu. Það var einmitt í síðustu viku sem best kom í ljós hve úrræðaleysið er mikið. Hve málefnaskorturinn er mikill. Allt er þetta falið með orðskrúði og málalengingum og ómerkilegum skömmum hér á Alþingi.

Ríkisstjórnin hefur náð árangri. Það hefur tekist að stöðva sjálfvirk útgjöld ríkissjóðs. Það hefur víða tekist að skera fitulagið af stofnunum og fyrirtækjum ríkisins. Það eru vissulega fleiri verkefni fram undan í þeim efnum en viðurkennum það að engri ríkisstjórn hefur betur til tekist í þeim efnum. Ljósasta dæmið er í heilbrigðismálum. Því var haldið fram að allar aðhaldsaðgerðir væru af því illa. Það hefur tekist að spara hundruð milljóna króna án þess að skerða þjónustuna. Það er og eftirtektarvert að samhliða þessu hafa biðlistar þeirra sem óska lækninga styst í flestum tilfellum. Það er líka ánægjulegt að við áramót var rekstrarafgangur hjá flestum sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum þrátt fyrir sparnaðinn. Það sýnir að starfsfólk og stjórnendur hafa lagt hart að sér og náð árangri.

Alvarlegasta vandamálið í þjóðfélaginu er atvinnuleysið. Efnahagskreppan hefur vakið atvinnuleysisvofuna upp og hún sveimar um flest byggðarlög landsins. Þeir sem enn hafa atvinnu hafa mátt þola hvers konar skerðingu í formi minnkandi yfirvinnu og hlunninda. Mörg heimilin eru komin á vonarvöl. Það er forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar að koma því fólki til hjálpar á allan þann hátt sem mögulegt er. Vandi sjávarútvegsins sem felst í gífurlegri skuldasöfnun, minnkandi veiðiheimildum og lækkandi verði á mörkuðum er orsök atvinnuleysisins. Því miður er ekkert sem bendir til þess að fiskgengd aukist eða að verð á erlendum mörkuðum hækki. Þar að auki er ástæða til að óttast að breytt heimsmynd hafi í för með sér samdrátt hjá þeim sem hafa starfað hjá þeim sem sjá um varnir landsins. Það hlakkar sjálfsagt í þeim sem hafa varið lífshlaupi sínu í Keflavíkurgöngur og mótmæli gegn vörnum landsins en fólkið sem sér lífsbjörgina hverfa lítur öðruvísi á málin. Það hlakkaði í mörgum þegar efnahagskreppan í Bandaríkjunum varð til þess að bygging álvers á Keilisnesi var frestað. Já, það var mikið ánægjuefni margra fjandmanna stóriðju en fólkið, sem eygði von um betri framtíð og atvinnuöryggi, lítur öðruvísi á málin. Það verður að vera forgangsmál að treysta atvinnuöryggið og forða því að þjóðin skiptist enn meir í ríka og fátæka. Það verður að koma þeim sem verst eru settir fyrir fátæktar sakir til aðstoðar. Í þeim efnum verður verkalýðshreyfingin að vera samstarfsaðili. Brýnasta verkefnið er að taka þátt í að byggja upp atvinnuvegina með öllum tiltækum ráðum. Það kemur launþegum og atvinnuörygginu best við þessar aðstæður.

Alþfl., flokkur jafnaðarmanna, var frumkvæðisaðili við byggingu þess velferðarkerfis sem við búum nú við. Almannatryggingakerfinu var komið á fyrir tilstilli jafnaðarmanna. Alþfl. hefur krafist þess að allir landsmenn frá vöggu til grafar nytu öryggisnets sem samfélagið greiddi. Allur ferill Alþfl. sýnir að baráttan fyrir jafnrétti, fyrir betri lífskjörum, fyrir atvinnuöryggi, fyrir umönnun sjúkra, fatlaðra og aldraðra hefur skipað öndvegi. Við höfum náð árangri og notið til þess styrks annarra stjórnmálaflokka. Okkur eru þessar hugsjónir mjög kærar. Við viljum ekki hugsa þá hugsun til enda að þetta kerfi hrynji. Það eru því miður váboðar á ferðinni. Ef við sökkvum landinu í erlendar skuldir, ef við kollsiglum ríkissjóði með óraunhæfum kröfum þá hrynur þetta kerfi. Við jafnaðarmenn munum með kjafti og klóm verja það velferðarkerfi sem við höfum skapað. Aðhald, sparnaður og fyrirhyggja eru þáttur í þeirri varnarbaráttu. Við þær aðstæður þarf að fórna ýmsu en öryggisnetið má ekki rifna. Um þessi meginatriði eru stjórnarflokkarnir sammála.

Þegar stjórnmálasagan verður skrifuð mun sá dómur falla að núverandi ríkisstjórn hafi róið lífróður til að forða þjóðinni frá áföllum og verja þá sem minnst mega sín. Þar mun líka tilgreint að hér hafi verið óábyrg stjórnarandstaða sem gerði allt sem hún gat til að sökkva þjóðarskútunni í þeirri von að ná í ráðherrastóla. Afkomendur okkar, sem munu lesa þessa sögu, spyrja auðvitað: Hvernig stóð á þessu? Hvers konar skemmdarverkamenn voru að verki? Var svona mikið afturhald á þingi í lok tuttugustu aldar? Þeir munu rifja það upp að helstu tillögur stjórnarandstöðunnar voru að taka erlend lán sem afkomendurnir áttu að borga. Þeir munu rifja það upp að stjórnarandstaðan lagðist gegn björgunaraðgerðum til verndar fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar og þeir munu líka velta því fyrir sér hvers vegna stjórnarandstaðan lagðist gegn samningnum um Evrópska efnahagssvæðið sem var svo augljóst að færði okkur betri tækifæri, meiri möguleika, betri lífskjör, tryggara sjálfstæði.

Virðulegi forseti. Þessi tveggja ára ríkisstjórn er sterk stjórn. Hún þorir að taka á vandanum. Hún er samtaka við þann lífróður sem nú á sér stað til verndar efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar. Við munum sigla áfram. Við munum sigla þjóðarskútunni heilli í höfn.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Frú forseti. Góðir áheyrendur. Hér á Alþingi er vorhreingerningu þessa kvölds að ljúka og komið að vertíðarlokum. Hér gengur ríkisstjórnin til samræmds prófs í eldhúsi þjóðarinnar en rökstuddur grunur er um að ástundun og hegðun sé með þeim hætti að nemandinn sé þegar fallinn á prófinu. Þrátt fyrir það ber að líta inn í alla skápa, ofan í koppa og kirnur og út í öll skúmaskot, að ekki sé minnst á að skoða heimilisbókhaldið. Við spyrjum: Hvernig hefur verið aflað og hvernig eytt? Er ríkisstjórnin að færa björg í bú eða hefur hún fiskað sig skulduga á þessum vetri? Hvernig býr hún að heimilisfólkinu hér á óðali feðranna? Hvernig vinnur hún fyrir húsbændur sína, fólkið í land-

inu? Hvernig fer hún með þau lyklavöld sem henni hafa verið falin?

Í aldanna rás hefur mörgum stjórnendum og stjórnmálamönnum orðið hált á valdasvellinu. Valdið til að stjórna sem ráðamenn fara með í umboði þjóðarinnar er vandmeðfarið og það er sagt að valdið spilli. Sjaldan hefur spilling stjórnvalda rist eins djúpt og við hirð Alexanders páfa VI. um aldamótin 1500. Hann varð páfi fyrir tilstilli frænda síns sem hafði áhrif á stöðuveitingar í páfagarði og eftir að hann komst til valda hlóð hann undir sig og sína og beitti öllum meðulum í taumlausri valdabaráttu sinni. Þessi illræmdi páfi traðkaði á öllu því sem kirkjunni var heilagt, jafnt hugsjónum sem boðskap og reglum og iðkaði holdsins lystisemdir í ríkari mæli en flestir aðrir á hans tíð. Þrátt fyrir mikið veldi gróf hann undan þeim stoðum sem kirkjan hvíldi á. Fjórtán árum eftir dauða Alexanders páfa VI. hófst andleg uppreisn innan kirkjunnar sem varð til að kljúfa hana og breytti loks ásýnd Evrópu.

Já, valdið er vandmeðfarið. Og þeir eru víða smápáfarnir sem lifa fyrir líðandi stund, traðka á öllum reglum, skráðum og óskráðum og virðast treysta á fyrirgefningu syndanna og gleymsku almennings.

Undanfarin tvö ár hefur setið hér við völd ríkisstjórn sem umgengist hefur valdið af þvílíku virðingarleysi og hroka að ég hygg að annað eins hafi ekki sést hér á landi síðan um 1930. Ríkisstjórnin hefur í algjöru umboðsleysi tekið sér það vald að gjörbreyta velferðarkerfinu, selja eigur ríkisins, leggja niður ríkisstofnanir eins og Menningarsjóð án lagaheimilda, skera miskunnarlaust en þó handahófskennt af alla vaxtarbrodda með sínum frjálshyggjustíl um leið og hún skirrist við að taka á vandamálum samfélagsins og því að móta framtíðarstefnu jafnt í atvinnumálum sem félagsmálum. Síðast en ekki síst hefur ríkisstjórn Davíðs Oddssonar kórónað verk sín með makalausum stöðuveitingum og sýnt þvílíkt fádæma siðleysi og valdhroka gagnvart einni helstu menningarstofnun þjóðarinnar og þar með Alþingi að í hvaða lýðræðisríki sem er hefði slík stjórn orðið að segja af sér. En ekki á Íslandi. Hér hafa ráðherrar um árabil komist upp með að hampa vinum sínum og flokksgæðingum hvað sem líður hagsmunum þjóðarinnar þótt keyrt hafi um þverbak í tíð núverandi stjórnar.

Sjálfstfl. er í fararbroddi spillingaraflanna þessa stundina. En þögn alþýðuflokksráðherranna vekur athygli. Ástæðan er einföld. Fram undan er mikið sjónarspil í stöðuveitingum hjá ríkinu þar sem Alþfl. ætlar sér stóran hlut. Tvær stöður seðlabankastjóra, sendiherraembætti í París og forstjórastóll Tryggingastofnunar eru að losna. Það verður fróðlegt að fylgjast með því hverjir fá að verma þá stóla og hve hátt siðferðisstyrkur Alþfl. rís þegar þar að kemur.

Ríkisstjórnin hélt upp á tveggja ára afmæli sitt með rjómatertu nú fyrir helgina en það er sannast að segja fátt sem hægt er að óska henni til hamingju með. Atvinnuleysi er nú meira en mælst hefur frá því á kreppuárunum og fer því miður vaxandi á meðan lítt bólar á aðgerðum til að draga úr því enda trú ríkisstjórnarinnar að hin ósýnilega hönd markaðarins lækni þau sár eins og önnur. Kjarasamningar eru í uppnámi og ráðherrarnir lýsa því yfir að ekki sé um neitt að semja. Þar tala fulltrúar hins óbreytta ástands því það er hægt að semja um kjarajöfnun og tilfærslu á skattbyrði yfir á þá sem meira bera úr býtum. Sjávarútvegurinn er rekinn með bullandi tapi, rótgróin fyrirtæki eru gjaldþrota vegna skulda og aflasamdráttar enda of margir að bítast um of lítinn afla. En hvar eru aðgerðirnar til að bæta stöðu sjávarútvegsins sem allt okkar líf byggist á?

Allt logar í illdeilum innan ríkisstjórnarflokkanna vegna tillagna tvíhöfða nefndarinnar í sjávarútvegsmálum. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar til aðstoðar fyrirtækjum í landinu sem ráðherrarnir telja sumir hverjir afar stórtækar, þar með talið afnám aðstöðugjalds, hefur hvorki skilað sér í lægra vöruverði né meiri vinnu. Hallinn á ríkissjóði sem átti að verða 6,2 milljarðar stefnir í 10,5 milljarða þannig að allt er að fara úr böndunum svo sem vænta mátti.

Einkavæðingaráformin hafa meira og minna runnið út í sandinn, sem betur fer, enda óraunhæf og sett fram í algjöru umboðsleysi.

Menntakerfið, einkum á háskólastigi, er komið með hörgulsjúkdóma vegna langvarandi fjársveltis sem rýrir framtíðarmöguleika ungs fólks og möguleika okkar til að vinna okkur út úr þeim vanda sem við vissulega stöndum frammi fyrir. Fjöldi nemenda, einkum ungar konur, hafa orðið að hverfa frá námi vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á Lánasjóði ísl. námsmanna sl. vor.

Handahófskenndur niðurskurður í heilbrigðiskerfinu hefur skapað mikið óöryggi og er að hlaða upp nýjum vanda á öðrum stöðum í heilbrigðiskerfinu. Þá má nefna að stjórnarhættir hafa verið með eindæmum og hafa einkennst af því að ráðherrarnir sumir hverjir fá alla upp á móti sér með brussugangi og stórum yfirlýsingum sem þeir neyðast svo til að draga til baka.

Þá er ónefnt mál málanna á liðnum vetri, samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði sem á að mati ríkisstjórnarinnar að verða hið nýja hjálpræði til handa íslenskri þjóð í stað álversins sem enn lætur á sér standa. Rétt í þann mund sem Alþingi er endanlega að afgreiða samninginn um EES er allt á huldu um það hvort þessi draumur stórfyrirtækjanna og miðstýringaraflanna í Brussel verður nokkurn tímann að veruleika. Staðreyndin er sú að lífskjör og framtíð þjóðarinnar eru fyrst og fremst í höndum okkar sjálfra en þar mun aukin samkeppni og valdaafsal til stofnana EES ekki auðvelda okkur leikinn.

Góðir áheyrendur. Það er komið í ljós sem við svo sem vissum að á óðali feðranna eru öll skúmaskot full af ryki, drasl í öllum skápum, skán í öllum koppum og heimilisbókhaldið í ólestri. Þótt ekki verði sagt að búsældarlegt sé um að litast á þjóðarheimilinu þessa stundina, ójafnt skammtað, illa farið með lyklavöld, siðferði ráðamanna í lágmarki og stöðugur barlómur og kvein það eina sem frá ráðherrunum heyrist, er engin ástæða til að örvænta. Ríkisstjórnin er fallin á prófinu enda vill meiri hluti þjóðarinnar segja henni upp vistinni samkvæmt skoðanakönnunum.

Við búum í landi mikilla möguleika sem við þurfum að nýta enn betur en við gerum. Við þurfum að bretta upp ermar og spýta í lófa, ryðja nýjar brautir, bæta og endurskapa. Við þurfum að svara mörgum spurningum varðandi skipan samfélagsins, jöfnuð, bætta stöðu kvenna og barna og framtíðarsýn sem byggist á jafnvægi manns og náttúru. Líkt og veröldin þarf á nýrri pólitík og nýjum áherslum að halda til að tryggja áframhaldandi líf á jörðinni þurfum við Íslendingar að stokka upp spilin, siðbæta stjórnkerfið og móta okkar framtíð í ljósi þeirrar stöðu sem við okkur blasir.

Stjórnvöldum, sem leiða hugann að einhverju mesta spillingarskeiði sögunnar í páfagarði fyrir 500 árum, er hvorki treystandi til að taka á vandamálum nútíðar né framtíðar hvað þá að byggja upp trú og von. Líkt og siðspilling Alexanders páfa VI. átti sinn þátt í umbrotaskeiði í Evrópu kann framferði ríkisstjórnarinnar sömu ættar í bland við aðgerðir og úrræðaleysi að boða mikil tíðindi í íslenskum stjórnmálum. Til þess að þau megi verða þarf þjóðin að veita nýtt umboð til nýrra stjórnenda. Megi það verða sem fyrst. — Góða nótt.

Útbýting þingskjala:

Ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna kynferðisbrota, 352. mál, nál. allshn., þskj. 1068; brtt. allshn. þskj. 1069.

Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 586. mál, stjfrv., þskj. 1067.

Viðgerð á húsi Þjóðminjasafnsins, 585. mál, fsp. SvG og MF, þskj. 1066.

Fundi slitið kl. 11.10 síðdegis.

---

169. FUNDUR

þriðjudaginn 4. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Gagnkvæm viðurkenning á menntun, stjfrv., 77. mál, þskj. 79, nál. 317 og 327, brtt. 318 og 377. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, stjfrv., 21. mál, þskj. 21, nál. 356, brtt. 343. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Íslenskt ríkisfang vegna EES, stjfrv., 15. mál, þskj. 15, nál. 412 og 1045, brtt. 413. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Lagaákvæði er varða samgöngumál, stjfrv., 28. mál, þskj. 29, nál. 808 og 1034, brtt. 809. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 440. mál, þskj. 749, nál. 1020, 1053, 1054 og 1055, frávtill. 1060. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 276. mál, þskj. 384, nál. 1011 og 1049, brtt. 1012, 1050 og 1065. — Frh. 2. umr.

7. Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, stjfrv., 117. mál, þskj. 1046, brtt. 1048 og 1064. — Frh. 3. umr.

8. Skaðabótalög, stjfrv., 326. mál, þskj. 596, nál. 1033 og 1061. — Frh. 2. umr.

9. Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, stjfrv., 406. mál, þskj. 700, nál. 1056, brtt. 1057. — 2. umr.

10. Framhaldsskólar, stjfrv., 397. mál, þskj. 691, nál. 1051 og 1058, brtt. 1052 og 1059. — 2. umr.

11. Tvíhliða samningur við Evrópubandalagið, þáltill., 303. mál, þskj. 472, nál. 1018, brtt. 1019. — Frh. síðari umr.

12. Ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna kynferðisbrota, þáltill., 352. mál, þskj. 631, nál. 1068, brtt. 1069. — Síðari umr.

13. Endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda, þáltill., 360. mál, þskj. 640. — Fyrri umr.

14. Löggjöf um réttindi og skyldur manna sem stunda reikningsskil, þáltill., 405. mál, þskj. 699. — Fyrri umr.

15. Valfrelsi í lífeyristryggingum, þáltill., 477. mál, þskj. 824. — Fyrri umr.

16. Eftirlaunaréttindi launafólks, frv., 479. mál, þskj. 827. — 1. umr.

17. Umfjöllun fjölmiðla um alvarleg afbrotamál, þáltill., 498. mál, þskj. 850. — Fyrri umr.

18. Lífeyrisréttindi hjóna, frv., 499. mál, þskj. 851. — 1. umr.

19. Íþróttasjóður ríkisins, þáltill., 503. mál, þskj. 855. — Frh. fyrri umr.

20. Skólabúðir að Núpi, þáltill., 510. mál, þskj. 863. — Fyrri umr.

21. Lista- og menningarmiðstöð í Álafosshúsunum í Mosfellsbæ, þáltill., 511. mál, þskj. 864. — Fyrri umr.

22. Búfjárhald, frv., 512. mál, þskj. 865. — 1. umr.

23. Ár aldraðra, þáltill., þskj. 877. — Fyrri umr.

Útbýting þingskjala:

Skattframtöl, 473. mál, svar dómsmrh., þskj. 1070.

Veiting ríkisborgararéttar, 444. mál, nál. allshn., þskj. 1071; brtt. allshn., þskj. 1072.

Gagnkvæm viðurkenning á menntun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 77. mál. — Þskj. 79, nál. 317 og 327, brtt. 318 og 377.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 318,1 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu **já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG,

EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

17 þm. (AÓB, EH, FI, GHelg, HG, JÁ, JHelg, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

6 þm. (GÁ, JBH, JVK, SighB, StG, StH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er komið til atkvæða frv. sem var unnið í hv. menntmn. fyrr í vetur. Þá hafði ég skrifað undir nál. með fyrirvara og byggðist sá fyrirvari einkanlega á því að gildistökuákvæði frv. var tengt EES-samningnum sem þá var óljóst um hvernig yrði afgreiddur hér á hv. Alþingi. Nú liggur fyrir vilji Alþingis í þeim efnum og með tilliti til þess sé ég ekki betur en að þetta frv. sé gott mál og það byggist á því að við Íslendingar getum gert ákveðnar kröfur. Þetta er ekki um starfsleyfi heldur viðurkenningu á menntun, gagnkvæma viðurkenningu á menntun. Við getum sett fram kröfur bæði um próf og vinnuaðlögun eða aukið nám sem ég tel vera af hinu góða þannig að eins og mál standa nú þá mun ég styðja þetta frv.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Við meðferð þessa máls í hv. menntmn. fyrir alllöngu skiluðum við, ég og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, minnihlutaáliti þar sem við lýstum þeirri skoðun okkar að við teldum að það væri réttast miðað við þær aðstæður sem nú eru uppi að sitja hjá við afgreiðslu þessa máls. Við teljum ekki ástæðu til þess að við séum að bera ábyrgð á framkvæmd EES-samningsins með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um þó að ýmislegt jákvætt megi í frv. finna út af fyrir sig. Þess vegna varð það niðurstaða okkar eins og ég sagði að sitja hjá við afgreiðslu málsins og sú niðurstaða okkar er óbreytt.

1. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

17 þm. (AÓB, FI, GHelg, HG, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EH, GÁ, JBH, SighB, StG, StH) fjarstaddir.

Brtt. 318,2 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

18 þm. (AÓB, EH, FI, GHelg, HG, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (GÁ, JBH, SighB, StG, StH) fjarstaddir.

Brtt. 377 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

18 þm. (AÓB, FI, GHelg, HG, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StH, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

4 þm. (GÁ, JBH, SighB, StG) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

17 þm. (AÓB, FI, GHelg, HG, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EH, GÁ, JBH, SighB, StG) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

17 þm. (AÓB, EH, FI, GHelg, HG, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EKJ, GÁ, JBH, KÁ, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 318,3 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

18 þm. (AÓB, EH, FI, GHelg, HG, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

4 þm. (GÁ, JBH, SighB, StG) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

18 þm. (AÓB, EH, FI, GHelg, HG, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

4 þm. (GÁ, JBH, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 318,4 (ný 5. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

17 þm. (AÓB, EH, GHelg, HG, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (FI, GÁ, JBH, SighB, StG) fjarstaddir.

6.–7. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

18 þm. (AÓB, EH, FI, GHelg, HG, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

4 þm. (GÁ, JBH, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 318,5 (ný fyrirsögn frv.) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

18 þm. (AÓB, EH, FI, GHelg, HG, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (GÁ, JBH, SighB, StG, StH) fjarstaddir.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

11 þm. (EH, FI, HG, JÁ, KHG, MF, ÓÞÞ, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

4 þm. (GÁ, JBH, SighB, StG) fjarstaddir.

Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, frh. 2. umr.

Stjfrv., 21. mál. — Þskj. 21, nál. 356, brtt. 343.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 343,1 (ný 1. gr.) samþ. með 36:13 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HBl, ISG, IP, JóhS, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

nei: AÓB, GHelg, HG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, RA, SJóh, SJS, SvG.

11 þm. (EH, EKJ, FI, HÁ, IBA, JGS, JHelg, ÓÞÞ, PP, StG, StH) greiddu ekki atkv.

3 þm. (GÁ, JBH, SighB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Frv. það ásamt þeim brtt. sem hér liggja fyrir bera þess vott að öryggisfyrirvarinn sem settur var í samninginn er ákaflega ræfilslegur og endurspeglar að menn hafa gengið um of að kröfu Evrópubandalagsins sem neitaði öllum varanlegum undanþágum. Með þessu frv. er gengið um of á rétt launafólks til vinnu í eigin landi og vegið að stöðu verkalýðshreyfingarinnar með því að veikja verulega forgangsréttarákvæði stéttarfélaga í kjarasamningum og hugsanlega jafnvel í náinni framtíð að afnema það ákvæði sem yrði þá síðasta viðspyrna íslensks launafólks. Það hefur ekki komið neitt fram um viðbrögð ríkisstjórnarinnar við væntanlegri reglugerð EB um vinnu handan landamæra sem opnar fyrir undirboð varðandi laun og réttindi fyrir skammtímavinnuafl og það liggur fyrir að þessu frv. verður breytt. Boðaðar breytingar liggja fyrir af hálfu utanrrn. sem rýra þann rétt sem íslenskt launafólk hefur í 16. og 20. gr. fylgiskjalsins til vinnu í eigin landi umfram aðra en þær greinar verða teknar út í síðari meðförum. Ég mun því greiða atkvæði gegn 1. brtt. við þetta frv. og þeirri 4. en sitja hjá við 2. og 3.

Brtt. 343,2 samþ. með 36:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HÁ, HBl, ISG, IP, JóhS, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

nei: GHelg, MF.

20 þm. (AÓB, EH, FI, HG, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (GÁ, JBH, RG, SighB, TIO) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 38:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HÁ, HBl, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP.

nei: GHelg.

20 þm. (AÓB, EH, FI, HG, IBA, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

4 þm. (GÁ, JBH, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 343,3 samþ. með 38:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HÁ,

HBl, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

nei: GHelg.

20 þm. (AÓB, EH, FI, HG, IBA, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

4 þm. (GÁ, JBH, SighB, StB) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 39:3 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HÁ, HBl, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

nei: AÓB, GHelg, JVK.

17 þm. (EH, HG, IBA, JÁ, JHelg, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

4 þm. (FI, GÁ, JBH, SighB) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 38:13 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HÁ, HBl, ISG, IP, JóhS, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

nei: AÓB, GHelg, HG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, RA, SJóh, SJS, SvG.

9 þm. (EH, FI, IBA, JGS, JHelg, ÓÞÞ, PP, StG, StH) greiddu ekki atkv.

3 þm. (GÁ, JBH, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 343,4 (nýtt fylgiskjal) samþ. með 38:13 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HÁ, HBl, ISG, IP, JóhS, JGS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

nei: AÓB, GHelg, HG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, RA, SJóh, SJS, SvG.

8 þm. (EH, FI, IBA, JHelg, ÓÞÞ, PP, StG, StH) greiddu ekki atkv.

4 þm. (GÁ, JBH, JónK, SighB) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

5 þm. (EH, HG, JVK, ÓÞÞ, SJóh) greiddu ekki atkv.

3 þm. (GÁ, JBH, SighB) fjarstaddir.

Íslenskt ríkisfang vegna EES, frh. 2. umr.

Stjfrv., 15. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 15, nál. 412 og 1045, brtt. 413.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 413,1 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IP*, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS*, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

27 þm. (AÓB, EH, EKJ, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

3 þm. (GÁ, JBH, SighB) fjarstaddir.

[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu ekki að greiða atkvæði.]

1. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

29 þm. (AÓB, EH, EKJ, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (GÁ, JBH, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 413,2 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

29 þm. (AÓB, EH, EKJ, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (GÁ, JBH, SighB) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

28 þm. (AÓB, EH, EKJ, FI, GB, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (GÁ, GHelg, JBH, SighB) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

29 þm. (AÓB, EH, EKJ, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (GÁ, JBH, SighB) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
8 þm. (HG, KHG, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StH, SvG) greiddu ekki atkv.
4 þm. (GÁ, JBH, SighB, StG) fjarstaddir.

Lagaákvæði er varða samgöngumál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 28. mál. — Þskj. 29, nál. 808 og 1034, brtt. 809.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. í nál. 1034, um að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar, felld með 32:25 atkv. og sögðu
já: AÓB, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
1 þm. (EH) greiddi ekki atkv.
5 þm. (EKJ, FI, GÁ, JBH, SighB) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:
Virðulegi forseti. Það frv. sem hér um ræðir er eingöngu flutt í þeim tilgangi að heimila ráðherra að setja reglugerðir á ýmsum sviðum samgöngumála í tengslum við samþykkt EES-samningsins. Það kemur ekki fram í frv., nema í mjög takmörkuðum mæli, í hverju þessar reglugerðir eru fólgnar og er því um miög verulegt valdaframsal til ráðherra frá löggjafanum að ræða. Ég tel því að þetta frv. sé með þeim hætti að það sé engan veginn hægt að samþykkja það óbreytt og legg til að því sé vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. gr. samþ. með 31:14 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
nei: AÓB, GHelg, HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, RA, SJóh, SJS, SvG.
14 þm. (EH, EKJ, GB, HÁ, IBA, IP, JGS, JHelg, JónK, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (FI, GÁ, JBH, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 809,1.1 (ný 2. gr., verður 1. tölul. 2. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
28 þm. (AÓB, EH, EKJ, GB, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (FI, GÁ, JBH, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 809,1.2 (ný 2. gr., verður 2. tölul. 2. gr.) samþ. með 31:12 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
nei: AÓB, HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, RA, SJS, SvG.
16 þm. (EH, EKJ, GB, GHelg, HÁ, IBA, IP, JGS, JHelg, JónK, ÓÞÞ, PP, SJóh, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (FI, GÁ, JBH, SighB) fjarstaddir.

2.–11. gr. samþ. með 31:14 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
nei: AÓB, GHelg, HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, RA, SJóh, SJS, SvG.
14 þm. (EH, EKJ, GB, HÁ, IBA, IP, JGS, JHelg, JónK, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (FI, GÁ, JBH, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 809,2 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
28 þm. (AÓB, EH, EKJ, GB, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (FI, GÁ, JBH, SighB, SP) fjarstaddir.
Nýtt ákvæði til bráðabirgða þar með ákveðið.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG,

KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
3 þm. (HG, ÓÞÞ, RA) greiddu ekki atkv.
4 þm. (FI, GÁ, JBH, SighB) fjarstaddir.

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 440. mál (brottfall ákvæða er varða Sviss). — Þskj. 749, nál. 1020, 1053, 1054 og 1055, frávtill. 1060.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frávtill. 1060 felld með 31:29 atkv. og sögðu
já: AÓB, EH, EKJ, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
3 þm. (GÁ, JBH, SighB) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 31:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JóhS, JónS, KSG, LMR, GAK, ÓE, PJ, RG, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, ÞurP, GunnS, HBl, SalÞ.
nei: JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, SJóh, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, AÓB, EH, EKJ, GB, GHelg, HG, IBA, JÁ.
7 þm. (JGS, JónK, VS, FI, HÁ, ISG, IP) greiddu ekki atkv.
3 þm. (JBH, SighB, GÁ) fjarstaddir.
5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Nú er samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði líklega kominn til endanlegrar afgreiðslu hér á Alþingi. Frá því að fjallað var um EES í vetur hefur enn betur komið í ljós hve óráðlegt væri fyrir Íslendinga að gerast aðilar að þessu svæði. Öll þau varnaðarorð sem þá voru höfð í frammi voru síst of mikil. Það er nöturlegt að á sama tíma og þess er minnst að 150 ár eru liðin frá endurreisn Alþingis og lýðveldið verður 50 ára skuli Alþingi ætla að flytja vald í mikilvægum málum úr landi. Aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði og sú stefna sem ákvörðuð er með þeirri aðild stríðir gegn grundvallarhugmyndum mínum á fjölmörgum sviðum. Ég segi nei.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Þingflokkur Alþb. greiddi atkvæði gegn aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu með mörgum skýrum rökum. Þau rök eru enn í fullu gildi. Það er eftirtektarvert nú þegar endanleg afgreiðsla fer fram á þessu máli að flest bendir til þess að samningurinn taki ekki gildi á þessu ári. Þá er einmitt ágætt að rifja það upp hvílíkt óðagot var hér uppi af hálfu hæstv. ríkisstjórnar þegar því var haldið fram að stjórnarandstaðan væri um það bil að tefja og kollvarpa þessum samningi vegna þess að hún var ekki tilbúin að afgreiða hann án þess að taka hann til eðlilegrar umfjöllunar hér í þinginu. Ég segi nei.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil halda því til haga hér við þessa afgreiðslu að ég tel að þessi samningur gangi í fyrsta lagi mjög langt að því er varðar stjórnarskrá íslenska lýðveldisins og reyni á þolrif stjórnarskrárákvæðanna um of á mörgum sviðum. Í öðru lagi tel ég að þessi samningur eins og hann liggur núna fyrir geti í raun og veru verið fyrsta skrefið í átt til aðildar Íslands að Evrópubandalaginu og af þessum tveimur aðalástæðum segi ég nei.

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Á ferðum mínum um landið að undanförnu á vegum svokallaðrar tvíhöfða nefndar hefur verið fjallað um ýmis atriði og ýmislegt verið umdeilt á þeim fundum af því sem sú nefnd hefur lagt til. En hvergi hefur verið mælt því í mót að aðild að hinu Evrópska efnahagssvæði mundi hafa stórkostlega þýðingu í för með sér fyrir íslenskan sjávarútveg á þeim erfiðleikatímum sem hann á nú við að etja.

Ég hef líka sannfærst enn betur um þýðingu þessa samnings í störfum mínum í þingmannanefnd EFTA og sérstaklega þýðingu þess að það giltu eðlilegar leikreglur í viðskiptum milli landa og leikreglur þar sem möguleiki væri fyrir hina minni og veikari að ná sínum rétti fram eftir eðlilegum leiðum til þess að leysa úr þeim vandamálum sem upp koma. Ég tel að þessi samningur sé gífurlegt hagsmunamál fyrir íslensku þjóðina og fagna því sérstaklega að hann skuli vera kominn hér til lokaafgreiðslu og ég segi já.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við afgreiðslu fyrirliggjandi frv. ræðst afstaða Alþingis til samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Samningurinn brýtur gegn ákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar. Með honum skerðist stórlega raunverulegt löggjafarvald Alþingis. Til þingsins munu streyma lög og reglugerðir frá Evrópubandalaginu sem Alþingi hefur engan þátt átt í að móta. Um 340 slíkar samþykktir Evrópubandalagsins, sem gengið hefur verið frá í Brussel frá því megintexti EES-samningsins var frágenginn 1. ágúst 1991, bíða afgreiðslu. Sá pakki mun berast inn á borð alþingismanna eftir að samningurinn tekur gildi.

Með EES-samningnum og því sem honum fylgir er verið að veita útlendingum aðgang að íslenskum náttúruauðlindum, fiskimiðum, orkulindum og landi. Með samningnum væru Íslendingar að kasta fyrir borð helstu stjórntækjum í efnahagsmálum og gefa sig á vald ákvörðunum sem teknar eru án tillits til íslenskra hagsmuna. Það stjórnkerfi sem byggja á upp til að

þjóna EES-kerfinu er í senn ólýðræðislegt og kostnaðarsamt. Verið er að flytja ákvarðanatöku um íslensk málefni á fjölmörgum sviðum úr landi. Kostnaður við stjórnkerfi landsins mun vaxa til mikilla muna og nú þegar er byrjað að byggja upp í Brussel skrifstofur á vegum Stjórnarráðsins við tilkomu EES. Utanferðir íslenskra embættismanna og ráðherra munu margfaldast. Aðild Íslendinga að EES auðveldar mjög þeim öflum eftirleikinn sem knýja leynt og ljóst á um aðild Íslands að Evrópubandalaginu. Alþb. er andvígt aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði og telur að ekki komi til greina að Íslendingar sæki um aðild að Evrópubandalaginu. Þessi afstaða kom skýrt fram við umræðu um frv. til lögfestingar á EES-samningnum sem afgreitt var í janúar 1993. Efnislegar breytingar samkvæmt þessu frv. bæta gráu ofan á svart. Ég segi nei.

2.–3. gr. samþ. með 30:17 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GAK, GunnS, HBl, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

nei: AÓB, EH, EKJ, GHelg, HG, IBA, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, RA, SJóh, SJS, SvG.

12 þm. (FI, GB, HÁ, ISG, IP, JGS, JónK, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (GuðjG, GÁ, JBH, SighB) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41:14 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GAK, GB, GunnS, HÁ, HBl, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JónS, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

nei: AÓB, EH, EKJ, GHelg, HG, IBA, JÁ, JHelg, KHG, MF, RA, SJóh, SJS, SvG.

4 þm. (JVK, ÓÞÞ, PP, StG) greiddu ekki atkv.

4 þm. (GuðjG, GÁ, JBH, SighB) fjarstaddir.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 276. mál (stjórnsýsluleg staða, skyldusparnaður o.fl.). — Þskj. 384, nál. 1011 og 1049, brtt. 1012, 1050 og 1065.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu hefur átt sér nokkurn aðdraganda. Það var lagt fram fyrr í vetur og síðan það var kynnt í og rætt í 1. umr. hefur líka átt sér stað gríðarlega mikil umræða um þetta mál í félmn. Það hefur verið sent út til umsagnar, vítt og breitt um landið, til mjög margra hagsmunaaðila. Enn fremur og til viðbótar hafa fjöldamargir verið kallaðir til viðræðna við nefndina, jafnt þeir sem sendu umsagnir og nefndin taldi ástæðu til að skýrðu mál sitt frekar og einnig aðrir sem áttu erindi við nefndina og nefndin taldi sig þurfa að ræða við. Mér telst svo til að það hafi komið allt að 20 manns til viðræðna við nefndina út af þessu máli. Þetta segi ég ekki til að gefa til kynna að þetta umstang hafi verið til lítils, öðru nær. Ég er með þessu að undirstrika þýðingu þessa máls. Ég tel að þessi vinnubrögð hafi verið mjög eðlileg og það hafi verið sjálfsagt að leita álits sem víðast um mál sem alla snertir. Húsnæðismálin eru einatt þannig að þau snerta hverju einustu fjölskyldu í landinu og hafa verið rædd á Alþingi mjög oft. Því miður höfum við í gegnum tíðina orðið að taka miklar kollsteypur í húsnæðismálum. Það hefur síst orðið til bóta, fremur orðið til þess að rugla fólk í ríminu, og það er hlutur sem ég held að við þurfum að reyna að láta af. Þess vegna er mjög mikilvægt að við séum að skipa húsnæðismálunum til einhverrar framtíðar og til frambúðar með sem skýrustum hætti. Ég hygg að það frv. sem við höfum hér til umræðu, sem er komið til 2. umr. eftir ítarlega umfjöllun í nefnd, sé einmitt þannig að það sé liður í því að skipa húsnæðismálunum með skynsamlegum hætti til einhverrar frambúðar.

Eins og fram hefur komið í þessari umræðu þá má segja sem svo að það séu þrjú atriði sem skeri sig úr sem meginatriði í þessu frv., jafnt eftir breytingarnar sem fylgja frá meiri hluta og minni hluta félmn. sem áður. Það eru þrjár breytingar sem verið er að gera í stórum dráttum á lögum um Húsnæðisstofnun. Það er í fyrsta lagi breyting á stjórnsýslulegri stöðu Húsnæðisstofnunar. Í öðru lagi afnám skyldusparnaðar. Í þriðja lagi að það er verið að taka — má ég fá hljóð hv. þm., Eggert Haukdal? (Forseti hringir.) — hina lögformlegu ákvörðun um það að hætta skuli rekstri hönnunardeildar við Húsnæðisstofnun ríkisins.

Það er út af fyrir sig svo að ég tel að í þeirri umfjöllun sem hér birtist m.a. í áliti minni hluta hv. félmn. og þeim tillöguflutningi sem þar birtist þá komi margt athyglisvert fram. Bæði það sem þar er sagt og ósagt og einnig það sem ekki kemur fram í tillögum miðað við það sem kannski mátti vænta í ljósi þeirra umræðna sem fram höfðu farið. Ég vek athygli á því að þær brtt. sem minni hluti nefndarinnar flytur snúa að öðrum þáttum en þeim sem lagðir voru fram í frv. sjálfu. Hér er um að ræða breytingar á öðrum þáttum sem komu raunar fram í efnisatriðum ábendinga húsnæðismálastjórnar sjálfrar en ég vek athygli á því að hér eru ekki uppi á borðinu t.d. neinar brtt. varðandi skyldusparnaðinn eða hönnunardeildina þó í sjálfri greinargerð minni hlutans sé fundið að vinnubrögðum, sem er svo sem ekkert óalgengt í málum sem þessum.

Það sem mér virðist þess vegna skera sig úr í gagnrýni minni hlutans og mig langar dálítið að fara nokkrum efnislegum orðum um og það kemur greinilega fram í áliti minni hlutans, er að ekki er verið að finna að þeirri ákvörðun að fella niður skyldusparnað. Það er ekki verið að finna efnislega að þeirri ákvörðun að hætta starfsemi hönnunardeilarinnar, það eru ekki hinar efnislegu ábendingar, þar er hins vegar verið að finna að verklagi sem er náttúrlega annað mál. Það sem er verið að finna að og það sem ég tel að sé hinn rauði þráður í gagnrýni minni hlutans er fremur

hin stjórnsýslulega staða stofnunarinnar. Þess vegna langar mig til að fara örfáum orðum um þetta mál vegna þess að ég er sammála því að hér er auðvitað hið athyglisverðasta mál. Ég vek athygli á því að hv. félmn. ræddi þetta alveg sérstaklega og naut til þess tilstyrks sérfróðra aðila. Nefndin kynnti sér þetta mál mjög vel, fór vel yfir það og þess vegna er það með þeim hætti að við eigum að geta rætt þetta efnislega og málefnalega. Það er það sem ég held að við þurfum að gera vegna þess að hér er um að ræða mjög athyglisvert mál sem snertir sjálfa grundvallarlagasetninguna.

Það sem menn hafa sérstaklega verið að benda á, og þar á meðal minni hluti félmn., í þessu sambandi er að það er verið að segja sem svo: Ef þetta frv. verður að lögum með áorðnum breytingum meiri hlutans, þá verður eðlisbreyting á Húsnæðisstofnun. Hún hættir að vera sjálfstæð ríkisstofnun og verður eitthvað allt annað, verður ríkisstofnun. Það hefur verið látið að því liggja, og sagt raunar berum orðum, að með því að hún hætti að vera sjálfstæð ríkisstofnun og verði einfaldlega ríkisstofnun þá sé í þessu frv. verið að leggja til að stofnunin hætti nánast sjálfstæðri starfsemi. Hún færist miklu nær því að verða einskonar deild í félmrn., skúffa í skrifborði í félmrn. eins og það hefur stundum verið orðað. Þetta held ég að sé alveg víðs fjarri og alveg fráleitt og vísa öllu slíku tali gjörsamlega á bug.

Ég held að ekki þurfi annað en að lesa það frv. sem hér liggur fyrir með brtt. meiri hlutans. Lesa 4. gr. frv. til þess að átta sig á því að hlutverk húsnæðismálastjórnar, þessarar stofnunar sem við erum að ræða um, er áætlað gríðarlega mikið í þessum lögum. Þess vegna er alveg fráleitt að halda því fram að efnislega breytingin sem verið sé að gera hér feli það í sér að gera þessa stofnun lítilsigilda skúffu í einhverju skrifborði í félmrn. Það er auðvitað alveg fráleitt. Við þurfum ekki annað en að lesa 4. gr. frumvarpstextans til þess að átta okkur á því að það er gert ráð fyrir því bókstaflega, sem eðlilegt er, að þessi stofnun hafi veigamikið og margvíslegt hlutverk með höndum. Ég vek athygli á því, með leyfi hæstv. forseta, að samkvæmt 4. gr. er gert ráð fyrir því að húsnæðismálastjórn eigi að hafa „umsjón með fjárhag, rekstri og annarri starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna og gæta þess að starfað sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir." Að sjálfsögðu er þetta veigamikið hlutverk. Þetta er ekki hlutverk lítillar skúffu eða lítillar deildar í ráðuneyti.

Í öðru lagi: „Að gera tillögur til félmrh. að fjárhagsáætlun þar sem fram komi sundurliðaður áætlaður rekstrarkostnaður og fyrirhuguð skipting ráðstöfunarfjár milli útlánaflokka byggingarsjóðanna og meginsjónarmið um ráðstöfun þess."

Í þriðja lagi, sem ég vil líka vekja athygli á vegna þess að það felur í sér efnislega breytingu á fyrirliggjandi frv., að það er gert ráð fyrir því samkvæmt brtt. meiri hluta félmn. að húsnæðismálastjórn hafi það hlutverk „að úthluta framkvæmdaraðilum lánum til félagslegra íbúða og skera úr vafa- og ágreiningsmálum varðandi einstakar lánveitingar." Hér er hins vegar lagt til að fella niður síðari málsgreinina sem olli misskilningi, þrátt fyrir að hæstv. félmrh. hafi útskýrt þetta mál á sínum tíma. Þetta er auðvitað gert til þess að styrkja og efla stöðu Húsnæðisstofnunar og gera hana skýrari.

Ég vil líka segja það að varðandi þessa umræðu sem fer fram almennt um það hvenær stofnun er ríkisstofnun og hvenær stofnun er sjálfstæð ríkisstofnun þá er ég sammála því að þetta er athyglisverð og nauðsynleg umræða. Hins vegar verðum við að átta okkur á því að skilin á milli þessa tveggja, ríkisstofnunar og sjálfstæðrar ríkisstofnunar, eru alls ekki eins skýr eins og menn vilja vera láta. Það hefur verið orðað svo að erfitt sé að finna samnefnara um hvað séu ríkisstofnanir og hvað séu sjálfstæðar ríkisstofnanir vegna þess að innbyrðis geta stofnanir í þessum flokkum — ef ég má kalla það svo — verið býsna ólíkar. Það þarf ekki annað en að lesa þær sérfræðilegu álitsgerðir sem við höfum fengið til þess að sjá, bara á upptalningunni um einstakar stofnanir, að innbyrðis geta þessar stofnanir verið gríðarlega misjafnar að allri gerð og uppbyggingu. Þess vegna vil ég leggja mikla áherslu á það að í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því í frumvarpstextanum, og enn frekar áréttað í brtt. meiri hluta félmn., að verið er að ætla húsnæðismálastjórn, Húsnæðisstofnun ríkisins þar með, veigamikið hlutverk. Hins vegar er þessi munur sem menn tala um á milli sjálfstæðrar ríkisstofnunar og ríkisstofnunar ekki jafnveigamikill, ekki jafnskýr og menn vilja láta í veðri vaka. Þess vegna held ég því fram og það er mín skoðun og túlkun á þessu frv. með brtt. hv. meiri hluta félmn. að þegar við skoðum hlutverkaskipan stofnunarinnar í þessu ljósi þá sé fyllilega óhætt að segja að þótt hún falli undir flokkunina og skilgreininguna ríkisstofnun þá hafi hún mikið vald og býsna mikið sjálfstæði innan þess lagalega ramma sem henni verður settur. Þess vegna held ég að allt tal um það að verið sé að draga nánast allar tennur úr þessari stofnun og gera hana nær máttlausa sé á miklum misskilningi byggt.

Virðulegi forseti. Því miður átti ég þess ekki kost að vera á þinginu sl. föstudag þegar þessi umræða fór fram. Ég skal viðurkenna að auðvitað gerir það mig ekki jafnfæran til að taka þátt í þessari umræðu að því leytinu að ég get ekki vitnað til þeirrar umræðu sem þar fór fram, að öðru leyti en því að ég fylgdist að sjálfsögðu með hvernig frá þessu var greint í fjölmiðlum. Mér er auðvitað kunnugt um þær umræður sem fram hafa farið um þessi mál, bæði við 1. umr. og einnig í hv. félmn. og þykist vita hvernig sú umræða hefur gengið fyrir sig, þó ég skuli fúslega viðurkenna að það er auðvitað verulegur galli að hafa ekki getað átt þess kost að vera hér á föstudaginn var til þess að hlýða á umræðurnar sem þá voru. Ég bið raunar forláts á því en aðrar annir gerðu það að verkum að ég varð að vera fjær vettvangi.

Ég vil hins vegar segja það, vegna þess að hér er raunar líka til umræðu brtt. frá hv. 5. þm. Vestf. sem gerir ráð fyrir verulega breyttri skipan á stjórn stofnunarinnar heldur en gert er ráð fyrir í þessu frv. og meiri hluti hv. félmn. styður, að ég tel mjög eðlilegt,

í ljósi þeirrar umræðu sem ég hef sett á um mismunun á sjálfstæðri og venjulegri ríkisstofnun, að Alþingi kjósi stjórn Húsnæðisstofnunar. Fyrir utan það að auðvitað hefur komið í ljós, í þeirri umfjöllun sem hefur átt sér stað í hv. félmn., að það er afar erfitt að segja hverjir eigi að skipa í stjórn með tilnefningu og hverjir ekki. Við sjáum á umfjölluninni og umsögnunum að það eru ýmsir sem gera tilkall til þess og segja sem svo: Úr því að þessi aðili á rétt til þess að skipa í þessa stjórn þá er mjög eðlilegt að ég eigi það. Þannig var það t.d. álit BSRB að ef Alþýðusamband Íslands ætti fulltrúa í stjórn húsnæðismálastjórnar þá væri mjög eðlilegt að BSRB ætti það líka. Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, BHMR, kom hins vegar með þá ábendingu að það væri langeðlilegast að Alþingi kysi sjálft stjórn Húsnæðisstofnunar og að skynsamlegt sé að fækka stjórnarmönnum og engin rök verði fundin fyrir því að aðrir aðilar en Alþingi eigi rétt á því að tilnefna í stjórn stofnunarinnar. Við sjáum aftur á móti að Samband ísl. sveitarfélaga segir að ekki sé óeðlilegt að það eigi líka fulltrúa í stjórn. Þannig mætti örugglega lengi telja. Ég held þess vegna, þó ekki væri nema af þessum praktísku ástæðum fyrir utan allt annað, að þá sé eðlilegast að hafa þetta með þeim hætti sem hér er verið að leggja til í frv., að Alþingi kjósi stjórnarmennina.

Virðulegi forseti. Ég hafði í sjálfu sér ekki hugsað mér að ræða þetta mál mjög ítarlega þótt það hefði út af fyrir sig verið hægt að fara yfir aðra þætti málsins. Ég tel hins vegar að í ljósi umsagnar og álits minni hluta félmrn., sé ekki óeðlilegt að gera það með þeim hætti að einangra sig fyrst og fremst við spurninguna um hina stjórnsýslulegu stöðu stofnunarinnar. Ég tel raunar að sú spurning sé út af fyrir sig mjög athyglisverð og nauðsynleg og fyllilega þess virði að Alþingi verji nokkrum tíma til þess að ræða þann þátt málsins.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 3. þm. Vestf. flutti afar fróðlega ræðu og setti eiginlega á kennslustund fyrir okkur þingmenn, einkum stjórnarandstæðinga, hvernig við ættum að fjalla um þetta mál og svo náttúrlega í öðru lagi hvað í því fælist. Hann taldi að við hefðum misskilið þetta allt saman meira og minna og þó sérstaklega þennan stjórnsýsluþátt sem hv. þm. gerði síðan að umtalsefni.

Mér virtist ræðan ganga aðallega út á það að fráleitt væri að tala um að Húsnæðisstofnun yrði gerð ósjálfstæð eða síður mikilvæg eftir breytinguna. Hv. þm. vitnaði í 4. gr. frv. því til rökstuðnings þar sem talin væru upp mörg hin merkustu verkefni sem húsnæðismálastjórn ætti að sinna eftir sem áður.

Ég verð að benda hv. þm. á það að á undan 4. gr. kemur 1. gr. og reyndar líka 2. og 3. gr., þannig er þessu upp raðað samanber orðanna hljóðan. Í 1. gr. eru lagðar til grundvallarbreytingar á stjórnskipulegri stöðu húsnæðismálastjórnar og stofnunar, það er ekkert hægt að horfa fram hjá því. Vissulega eru síðan talin upp ákveðin verkefni sem húsnæðismálastjórn hafi í 4. gr. en hver og einn maður sem les þetta venjulega og byrjar fremst og les það aftur úr hlýtur auðvitað að fara fyrst yfir það hverju er breytt í 1., 2. og 3. gr. Í 1. gr. er orðið „sjálfstætt" fellt út, sett inn að Húsnæðisstofnun skuli aðeins vera ráðgefandi og fara með þau verkefni sem ráðherra feli henni. Í 2. gr. er ráðherra falið vald til að skipa málefnum stofnunarinnar skipulagslega séð með reglugerð og í 3. gr. er ráðherra veitt vald til þess að skipta um formann og varaformann stjórnar þegar stjórnarskipti verða á miðju kjörtímabili. Allt gengur þetta út á það að draga úr sjálfstæði stofnunarinnar og það eru grundvallarbreytingar á stöðu hennar. Menn geta út af fyrir sig deilt um stærðargráðuna, hæstv. forseti, en um hitt þýðir ekki að deila í hverja átt breytingin er. Stefnan er alveg skýr og hún er að draga úr sjálfstæði og valdi Húsnæðisstofnunar.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega af hinni alkunnu hógværð hv. 4. þm. Norðurl. e. að hann fer að tala um það að ég sé að taka menn í kennslustund í því hvað felist í þessu frv. Ég skilgreindi það þannig að í þessu frv. fælust kannski þrjár meginbreytingar. Það vekur náttúrlega athygli að þar er ég auðvitað sammála minni hluta félmn. sem líka vekur athygli á þessu í sinni umsögn. Þess vegna er ég út af fyrir sig ekki að taka neinn í kennslustund heldur að lýsa mig sammála áliti minni hluta félmn. að þessu leytinu. Það breytir hins vegar ekki því, og þessi umræða breytir því ekki, að auðvitað liggur fyrir að þrátt fyrir að lögformlega sé það svo að hægt sé að gera einhver skil á milli sjálfstæðrar ríkisstofnunar og annarra ríkisstofnana, þá er það engu að síður þannig að sjálfstæðar ríkisstofnanir geta verið missjálfstæðar og ríkisstofnanir sem ekki kallast sjálfstæðar geta haft mismikið hlutverk og raunar mismikið sjálfstæði. Ég var að leiða að því rök í máli mínu hér áðan og það var ekki gert í því skyni að ég væri að reyna að setja mig í hlutverk einhvers kennara. Ég var einfaldlega að ræða þetta eins og ég tel nauðsynlegt að þingmenn ræði einmitt þennan þátt málsins. Ég var að vekja á því athygli að samkvæmt því frv. sem hér er verið að ræða og brtt. meiri hluta félmn. þá er gert ráð fyrir því að Húsnæðisstofnun, þó ekki sé hún kölluð sjálfstæð ríkisstofnun, hafi býsna mikið sjálfstæði, hafi býsna mikil völd og hafi miklu hlutverki að gegna. Það var kjarni þess máls sem ég var að flytja og þá jafnframt að þessi skil kynnu að verða mjög óskýr þegar um er að ræða ríkisstofnun sem hefur mikil völd þó að hún sé ekki kölluð sjálfstæð ríkisstofnun.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek ræðu hv. þm., sem er svo vítt sem ég veit eiginlega eini stjórnarliðinn, fyrir utan frsm., sem hafa talað hér í málinu a.m.k. í þessari umræðu, fyrst og fremst sem heldur vandræðalega málsvörn manna sem eru með vonda samvisku. Það er auðvitað alveg ljóst að þetta frv. hæstv. félmrh. er argasta miðstýringarfrv. Það er verið að draga þarna veru-

lega völdin undan þingkjörinni stjórn og fella niður úr lagatextanum ákveðna sjálfstæðisskírskotun á þessari stofnun og færa þau verkefni inn í ráðuneytið. Þetta er argasta miðstýringarfrv. og ég skil vel að einstöku þingmenn Sjálfstfl. séu heldur vandræðalegir og komi hér og reyni svolítið að klóra í bakkann. Þetta sé nú ekki svo slæmt þrátt fyrir allt því stjórnin eigi að ráða ýmsu og þarna sé nú 4. gr. og þar sé það upp talið.

En ekki verður horft fram hjá hinu að félmrh. er að draga völd undir sig eða ráðuneytið, í stórum stíl. Þetta stefnir í átt til miðstýringar, frá valddreifingu, og ekki er nokkur leið að horfa fram hjá því að hin þingkjörna húsnæðismálastjórn verður í afar sérkennilegri stöðu. Verandi þingkjörin og eiga þar af leiðandi að hafa visst sjálfstæði, samkvæmt öllum stjórnsýsluvenjum hér, en vera svo sett undir félmrh., sem ráðgefandi apparat, og taka við þeim verkefnum sem ráðherra þóknast að afhenda stjórninni. Það er engin stjórnskipulega sjálfstæð staða sem slík þingkjörin stjórn hefur þó að henni séu afhent einhver tiltekin verkefni aftar í frv. Það er ekki svo. Hún fær auðvitað að ákveða bréfhausinn og eitthvað fleira fyrir Húsnæðisstofnun, en það er félmrh. sem er að draga til sín hin raunverulegu völd og auðvitað líður hv. þm. Sjálfstfl. illa þegar þeir eru að setja kíkinn fyrir blinda augað og styðja slíkan gjörning.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig ekkert leyndarmál að ég hafði mínar efasemdir um það með hvaða hætti ætti að skipa nákvæmlega hinni stjórnsýslulegu stöðu húsnæðismálastjórnar. Þess vegna var ég mjög ánægður með það hvernig hv. félmn. fór mjög vandlega ofan í þessa þætti málsins og kallaði til hina virtustu fræðimenn á þessu sviði sem skýrðu þetta mál. Þetta gerði það auðvitað að verkum að félmn. gat fjallað um málið með efnislegri hætti heldur en hún ella hefði gert. Ég hef hins vegar sannfærst um það, eftir að þessi umfjöllun hefur farið fram, að staða húsnæðismálastjórnar verður sterk, verður öflug. Húsnæðisstofnunin mun hafa veigamiklu hlutverki að gegna. Þótt það sé út af fyrir sig svolítið myndrænt og skemmtilegt hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að segja sem svo að hlutverk húsnæðismálastjórnar verði fyrst og fremst að ákveða bréfhausinn, þá er svoleiðis fjarri öllu lagi að það sé eitthvað í samræmi við þann lagatexta, frumvarpstexta sem við höfum hér fyrir framan okkur. Ég geri ekki ráð fyrir öðru en hér hafi hv. þm. verið að beita skáldaleyfi sínu en eins og allir vita er hv. þm. vel hagmæltur og er auðvitað að nota hina þingeysku skáldlegu hefð í þessum efnum.

Ég vil svo ítreka að í sjálfu sér er það rétt sem hv. þm. sagði að þessi mál heyra undir félmrh. og það er engin breyting á þessu máli. Stjórnarráðslögin kveða á um að húsnæðismálin í landinu heyri undir félmrh. Ég held að grundvallaratriðið sé einfaldlega þetta. Þær miklu efnisbreytingar, þær miklu eðlisbreytingar, sem menn eru að láta í veðri vaka að séu að eiga sér stað, eru ekki að eiga sér stað vegna þess að frumvarpstextinn gerir ráð fyrir því að húsnæðismálastjórn, Húsnæðisstofnun ríkisins hafi áfram veigamiklu hlutverki að gegna.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Vestf. kom sér hjá því að láta koma fram í ræðu sinni hvaða afstöðu hann hefði til brtt. frá minni hluta félmn. en þar er að finna tillögur sem óskað var eftir, af samanlagðri húsnæðismálastjórn, að yrðu fluttar á þessu frv. Þar með talið voru fulltrúar hans og hans flokks í húsnæðismálastjórn sem óskuðu sérstaklega eftir því að þessar tillögur yrðu fluttar þar sem þær snertu brýn vandamál sem þyrftu úrlausnar við. Meiri hluti félmn. hundsaði þetta vegna þess, að mínu mati, að brýn úrlausnarefni á sviði húsnæðismála eru ekki viðfangsefni þessa frv. né þessa stjórnarmeirihluta. Þeir einblína eingöngu á það að breyta stjórnskipulegri stöðu stofnunarinnar og færa hana úr stöðu sjálfstæðrar stofnunar yfir í það að vera undirstofnun ráðuneytisins. Á tímum þegar vandamálin hrannast upp vegna atvinnuleysis og greiðsluerfiðleika fólks, þá ræðir meiri hluti félmn. ekki þetta mál, hefur ekki áhuga á því heldur einungis áhuga á því hver það er sem á að ráða úthlutun fjárins. Ég vil spyrja hv. 3. þm. Vestf. sem sér ekki nein rök fyrir því að stærstu samtök landsins, Alþýðusamband Íslands, hafi fulltrúa í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, hvernig í ósköpunum hann gat þá réttlætt fyrir sjálfum sér, fyrir tæpu ári, að samþykkja að hagsmunasamtök ættu fulltrúa í Framkvæmdasjóði fatlaðra.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Vestf. er auðvitað að reyna að blekkja með því að segja sem svo að meiri hluti félmn. hafi ekki áhuga á því að taka á þeim málum sem hann nefndi hér í ræðu sinni sem lúta bæði að ýmsum þáttum sem snúa að hinu félagslega íbúðakerfi og eins greiðsluerfiðleikum og fleira í þeim dúr. Ég vil þvert á móti benda á að það kemur einmitt fram í umsögn í áliti meiri hluta nefndarinnar að á okkar fund kom Ingi Valur Jóhannsson, húsnæðisfulltrúi og deildarstjóri í félmrn., sem hefur forustu um það að fara ofan í þessi mál alveg sérstaklega. Það var okkar niðurstaða að ekki væri eðlilegt að félmn. Alþingis tæki frumkvæði í þessum efnum, eða tæki fram fyrir hendurnar réttara sagt, á starfshópi sem er að vinna að þessum málum. Hér er auðvitað um að ræða bæði flókin mál, vandmeðfarin og hugsanlega kostnaðarsöm og ekkert óeðlilegt við það að þau mál væru undirbúin sem allra best. Við töldum að á þessu stigi væri óskynsamlegt að félmn. Alþingis gripi inn í verk sem þegar er verið að vinna og við leggjum til í okkar nál. að það sé æskilegt, eins og hér segir, að niðurstaða þessa starfshóps varðandi breytingar á félagslega húsnæðiskerfinu liggi fyrir áður en gerðar eru tillögur um breytingar hvað þessi atriði varðar.

Hv. þm. spurði mig líka að því hvers vegna ég væri að leggja til að stór hagsmunasamtök ættu ekki aðild að húsnæðismálastjórn en hefði haft, að því er mátti skilja á hans máli, aðra afstöðu fyrir ári síðan. Mér sýnist þá að þar höfum við haft kannski stólaskipti að

þessu leytinu nema að hér er um að ræða mjög óskyld mál og allt öðruvísi. Ég held að það sem átti við í þeim efnum eigi ekki við varðandi Húsnæðisstofnun og ég er út af fyrir sig alveg sammála öðrum stórum hagsmunasamtökum sem eru Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna að auðvitað er eðlilegast að Alþingi kjósi að öllu leyti húsnæðismálastjórn.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Afstaða mín er óbreytt frá því sem var í fyrra. Ég studdi það að hagsmunasamtök ættu aðild að stjórn Framkvæmdasjóðs fatlaðra og ég styð að hagsmunasamtök eigi aðild að Húsnæðisstofnun ríkisins. Hv. 3. þm. Vestf. er hins vegar í mikilli beyglu með að útskýra það fyrir þingi og þjóð hvers vegna hann samþykkti í fyrra að hagsmunasamtökin ættu að eiga fullan og gildan rétt til að gera tillögu að ráðstöfun fjár úr Framkvæmdasjóði fatlaðra, og af hverju þessi hagsmunasamtök eigi ekki að hafa rétt til þess núna. Það verða að koma fram einhver rök fyrir því og rökin um það að Alþingi eigi að kjósa í sjóðstjórnina eru út af fyrir sig góð og gild. En til þess að það sé samræmi í málflutningi, þá verður hv. 3. þm. Vestf. að útskýra sína fyrri afstöðu betur því hann samþykkti í fyrra að fulltrúi Alþingis tæki sæti í stjórn Framkvæmdasjóðs fatlaðra þegar verið væri að ræða úthlutun úr sjóðnum. Það er ekki Alþingi sem kýs þann fulltrúa heldur fjárln. þannig að kominn er tilnefningaraðili, ekki bara frá hagsmunasamtökum heldur enn einum hagsmunasamtökum, getum við kalla það, fjárln. Alþingis. Þetta fyrirkomulag samþykkir hv. 3. þm. Vestf. í fyrra og segir svo nú: Það er eðlilegast að Alþingi kjósi beint alla þá sem málinu eiga að ráða.

En svo ég ljúki þessu, virðulegi forseti, með því að botna söguna um Framkvæmdasjóð fatlaðra sem fluttur var á forræði félmrh. eins og verið er að leggja til með húsnæðismálastjórn. Og hver er reynslan af því eftir fyrstu tillögugerð að úthlutun um sjóðinn? Þegar liðinn var rúmur mánuður frá því að sjóðstjórn gerði sínar tillögur hafði félmrh. ekki afgreitt það. Er þetta það sem koma skal að félmrh. á að hafa á hnjánum á sér hvernig útdeila eigi þremur milljörðum kr. úr húsnæðismálastjórn árlega?

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að byrja á því að biðja hv. 5. þm. Vestf. forláts á því að mig misminnti um afstöðu hans varðandi málefni fatlaðra í fyrra. Það verður hins vegar að virða mér til vorkunnar að hv. þm. flutti að ég held 80 eða 90 brtt. við frv. á þeim tíma. Þær brtt. voru að vísu allar felldar en það breytti engu um það að bæði hann og allt Alþb. eins og það lagði sig lét sig samt sem áður hafa það að styðja sem betur fer frv. til laga um málefni fatlaðra. Ég óska þeim mjög til hamingju með það. En það er ekki skrýtið þó að ég hafi aðeins ruglast í þessum málum varðandi afstöðu hv. þm. og flokks hans í þessum efnum svo sérkennileg sem hún var á þeim tíma.

Það er hins vegar ekki aðalatriði þess máls hvernig afstaða manna var til þess málaflokks þegar við erum núna að ræða málefni húsnæðismálastjórnar ríkisins. Ég tel að við getum tekið þá umræðu alveg sjálfstætt, hvernig eigi að skipa stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, úr því að menn eru að taka þessa umræðu sérstaklega núna. Ég tel að það hafi verið færð fyrir því mjög gild efnisleg rök að það sem er eðlilegt við þessar aðstæður að Alþingi eitt og sér kjósi stjórn Húsnæðisstofnunar. Ég hef líka bent á það m.a. sem viðbótarrök við hin almennu að það eru líka praktísk vandamál þessu samfara, að fara einhverja tilnefningarleið, vegna þess að einmitt í þessum málaflokki, húsnæðismálunum, eru svo margir sem eru kallaðir til sem telja ekki óeðlilegt að úr því að einn sé tilnefndur, þá sé annar tilnefndur. Ég rakti einmitt dæmi um það bæði varðandi sveitarstjórnarstigið en ég taldi ekki óeðlilegt að þeir ættu fulltrúa í stjórninni og eins önnur stór hagsmunasamtök, stéttarfélög eins og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Ég held að við værum fyrr en varir komin í fullkomnar ógöngur og að húsnæðismálastjórn væri ekki skipuð 10 fulltrúum eins og t.d. hv. 5. þm. Vestf. er að leggja til, heldur miklu fleirum, þess vegna værum við komin í fullkomnar ógöngur með þetta tilnefningarstand.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Hv. 5. þm. Vestf. óskar að bera af sér sakir.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ekki er hægt að sitja undir því að hv. 3. þm. Vestf. fari ítrekað með rangar staðhæfingar og fundarskapanna vegna sé erfitt að koma við leiðréttingum til þess að hrekja það sem sagt hefur verið og það standi ekki eftir í minnum manna sem staðreyndir. Fram kom í máli hv. 3. þm. Vestf. að ég hefði flutt milli 80 og 90 brtt. við frv. um málefni fatlaðra á síðasta þingi. Ég vil rifja það upp með hv. þm., kannski vegna þess að ég lagði dálítið mikið meira á mig, að ég hygg, að lesa frv. og kynna mér efni þess heldur en hann að því er virðist, miðað við bágt minni hans af málinu, að samanlagt var lögð fram 81 brtt. Meiri hluti þeirra brtt. var lagður fram af honum og öðrum í meiri hluta félmn. vegna þess að frv. var svo gallað. Það eru staðreyndir málsins. Ég vildi einnig rifja það upp fyrir hv. þm. að ekki voru allar aðrar brtt. felldar og ég var ekki flm. að þeim öllum heldur einnig hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir sem flutti sjálfstæðar brtt. Í tvígang gerðist það að brtt. hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur voru samþykktar. Hvað gerði þá stjórnarliðið? Þá risu menn upp á ráðherrabekkjunum og heimtuðu endurtekningu atkvæðagreiðslu. Forsetadæmið lét að sjálfsögðu undan þeim þannig að það væri hægt að endurtaka gilda atkvæðagreiðslu til að fá fram þá niðurstöðu sem stjórnarliðinu þóknaðist.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti verður að láta í ljós þá skoðun sína að þarna hafi alveg verið á mörkunum að þingmaðurinn hafi verið að bera af sér sakir. Ég tel að þingmenn verði að fara mjög varlega í því að biðja um orðið til að bera af sér sakir nema það sé góð og gild ástæða til. Ég held

að þarna hafi þingmaðurinn a.m.k. verið alveg á mörkunum.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Það er af alveg sérstakri ástæðu sem ég hef kvatt mér hér hljóðs við þessa umræðu. Ég hafði reyndar ekki gert ráð fyrir því að taka þátt í umræðunni um þetta frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. En vegna þess sem fram kom í ræðu hæstv. sjútvrh. við útvarpsumræður í síðustu viku, þá taldi ég ástæðu til þess að kveðja mér hér hljóðs. Ég hafði óskað eftir því að hæstv. ráðherra yrði hér viðstaddur og einnig hæstv. félmrh. vegna þess að þetta varðar grein í þessu frv. sem hér er til umræðu. Það stendur sem sagt eftirfarandi í 6. gr. þessa frv., með leyfi forseta:

„7. gr. laganna orðast svo:

Félagsmálaráðherra er heimilt að ákvarða með reglugerð, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, lántökugjöld, gjöld fyrir tæknilega þjónustu, svo og gjöld vegna innheimtu á lánum stofnunarinnar sem eru í vanskilum. Heimilt er að jafna síðastgreindum kostnaði niður á skuldara þannig að búseta hafi ekki áhrif á kostnaðinn."

Þarna er sem sagt á ferðinni skattheimta sem á að nota til þess að greiða niður kostnað við innheimtu, t.d. úti á landsbyggðinni eða á öðrum stöðum þar sem dýrara er að ná inn lánum sem eru í vanskilum. Og nú vil ég taka það sérstaklega fram að ég er ekki á móti þessu. Ég tel reyndar að þetta sé sjálfsagt mál en ég ætla að ræða þetta fyrst og fremst af þeim ástæðum sem ég kem að á eftir, hvort þetta muni vera brot á stjórnarskránni. Það geri ég vegna þess að hæstv. sjútvrh. fullyrti að gjöld sem gert er ráð fyrir að innheimta samkvæmt drögum að lagafrv. sem fylgdi þáltill. okkar alþýðubandalagsmanna væru brot á stjórnarskránni. En það eru einmitt sambærileg ákvæði í þessum drögum sem um er að ræða. Ég vil byrja á því, með leyfi forseta, að vitna í það sem hæstv. sjútvrh. sagði, en hann sagði: „Jú, það á að stjórna veiðunum með skattheimtu. Það er hinn nýi boðskapur Alþb., það á að stjórna veiðunum með skattheimtu, mismunandi eftir verðmæti fisktegunda. Og hvernig á að finna verðmæti fisktegundanna? Eftir lögmálum markaðarins? Nei, markaðurinn á ekki að mæla verð fisktegundanna heldur á með líffræðilegum rannsóknum að ákveða verðmæti hverrar tegundar. Síðan eiga embættismenn og ráðherrar að hafa frjálst val um það hver skattheimtan á grundvelli líffræðilegs mats um verðmæti á að vera."

Svo kemur hér áfram: „... þar að auki er gert ráð fyrir því að embættismenn og ráðherrar hafi frjálst val um skattheimtu, ekki bara að leggja á einn skatt eftir frjálsu vali heldur tvo. Og þó vita þessir menn að í stjórnarskránni eru alveg skýr fyrirmæli um það að Alþingi getur ekki framselt skattlagningarvald hvorki til ráðherra né embættismanna og þaðan af síður til vísindamanna."

Þetta sagði nú hæstv. ráðherra og hann er að tala um ákvæði sem kemur fram í þessum drögum sem ég var að lýsa áðan. Það kemur fram í 4. gr. þessara draga. Þar segir, með leyfi forseta: „8. Að meta áhrif veiða fiskiskipa ..." o.s.frv. — ég ætla ekki að lesa það allt saman upp — en það er um að ræða tvenns konar gjöld, annars vegar aflagjald sem nýtist með einhverjum hætti innan greinarinnar og hins vegar er um að ræða sérstakt gjald vegna útflutnings á óunnum fiski. En sambærilegt á það gjald að verða miðað við þá skerðingu sem nú er notuð á aflaheimildum vegna útflutnings á óunnum fiski.

Það segir síðan í skýringum með þessum drögum að lagafrv.: „Nauðsynlegt verður að setja sérstök lög sem kveða á um hámark aflagjaldanna en ekki er hægt að ákveða þau fyrr en ákvarðanir um fjölmörg önnur atriði liggja fyrir." Þannig að það er út af fyrir sig útskýrt hvers vegna í þessum drögum er ekki þetta tiltekna hámark sem þarf að vera samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar til þess að það megi leggja á skatta. En það er einmitt það sem ég er að gagnrýna að í þessu stjfrv., í 6. gr., er verið að leggja á gjald sem ekkert hámark er á og hlýtur þá samkvæmt útskýringum hæstv. ráðherra að vera brot á 67. gr. stjórnarskrárinnar. Ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra um það hvort hann ætli að samþykkja þetta ákvæði í 6. gr. laganna sem við erum að ræða um með tilliti til þess sem hann hefur sagt um þau gjöld sem ég var að lýsa áðan og eru að vísu sambærileg í lagaforminu séð en er samt tekið fram að gert sé ráð fyrir að setja sérstök lög um, þannig að ég tel reyndar að þar hafi verið sett undir þennan leka að þetta sé eitthvert brot á stjórnarskránni. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að það komi fram, ef hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni er á því að stjfrv. sem verið er að ræða hér sé brot á stjórnarskránni.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli forseta á því að það mun vera hafinn fundur í fjárln. núna meðan á þingfundi stendur og ég vil leita eftir því við forseta hvort framkvæmd máls hafi verið með þeim hætti sem þingsköp gera ráð fyrir að rætt sé við forseta um nefndarfundi á meðan á þingfundi stendur. En svo háttar til að þrír nefndarmenn í félmn., sem af eðlilegum ástæðum þurfa að vera viðstaddir umræðuna, eiga sæti í fjárln. Mér finnst sjálfum óeðlilegt að menn séu með nefndarfundi á sama tíma og þingfundur stendur og vildi beina þeiis.rri fyrirspurn til forseta hvort það sé að fengnu samþykki forseta sem þessi fundahöld standa yfir.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti sem hér situr í forsetastóli nú hefur einungis verið þar í 25 mín., en eins og hv. þm. veit þá er ekki heimilt að halda nefndafundi á þingfundatíma nema nefndamenn samþykki. Ég geri þá ráð fyrir því að svo hafi verið í þessu tilviki og með samþykki forseta. Það má vel vera að það leyfi hafi fengist hjá forseta sem var á undan mér, það skal ég ekki um segja. Því miður get ég ekki svarað því öðruvísi.

Jóhann Ársælsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég gerði ráð fyrir því að hæstv. sjútvrh. yrði viðstaddur. Það var búið að óska eftir því við hann, bæði gerði ég það og ég vissi að honum hafði verið gert viðvart og ég vissi ekki annað eftir að hafa átt viðtal við hann fyrir einni eða tveimur mínútum síðan í hliðarherbergi að hann yrði viðstaddur þessa umræðu og mundi svara því sem ég hefði fram að færa. Ég hafði rætt þetta mál við hann og tel að ég hafi haft fyrir því nokkra vissu. Ég óska eftir að forseti svari mér því hvort hann viti eitthvað um ferðir hæstv. ráðherra. (**Forseti**: Forseti getur upplýst að hæstv. sjútvrh. er í húsinu, annað getur forseti ekki sagt um hans ferðir.) Þá óska ég eftir því að forseti geri hæstv. ráðherra viðvart þannig að hann geti mætt í þingsalinn. Ég sætti mig ekki við það að fá ekki svör við þeim spurningum sem ég hef lagt fram um það hvort hæstv. ráðherra telji að þetta lagafrv. sem er lagt fram á vegum ríkisstjórnarinnar sé brot á stjórnarskránni.

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég er næstur á mælendaskrá og er út af fyrir sig tilbúinn að halda umræðunni áfram en eitt vildi ég spyrja um sem áreiðanlega brennur á mörgum þingmönnum þessa dagana og vil biðja hæstv. forseta að koma því áleiðis. Hann getur kannski ekki svarað því hér á stundinni. Hvað ætlar forusta þingsins sér með þinghald? Á að standa við starfsáætlun og ljúka þingi 7. maí sem er á föstudaginn? Er þá ekki ætlunin að ræða neitt við stjórnarandstöðuna um framgang mála?

Ég man satt að segja ekki eftir slíkum þinglokum hér og ég er alveg undrandi yfir því hvernig mál ganga fram. Við fengum að vita það með hálftíma fyrirvara í almennum eldhúsdagsumræðum í gærkvöldi hvort frumvörp um sjávarútvegsmál yrðu lögð fram eða ekki. Það var rétt áður en umræðan byrjaði sem það varð ljóst að þau verða ekki lögð fram og við vitum ekkert hvort það er meiningin að standa við starfsáætlun eða ekki og hvaða mál er yfir höfuð ætlunin að afgreiða hér á þessu þingi.

Ég vil beina þessu til forseta áður en umræðan heldur áfram og veit að ég tala fyrir munn margra annarra þingmanna að þetta er undarlegt í meira lagi.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Eins og hv. þm. gat um þá var nokkur óvissa um ýmis mál hvort þau yrðu lögð fram á þinginu. Þeirri óvissu er nú eytt og forsætisnefnd hefur komið saman og rætt þinghaldið fram undan og miðar við það að þinghaldi ljúki samkvæmt starfsáætlun ef ekki koma upp einhverjir óvæntir atburðir.

Þingflokksformenn, bæði stjórnar og stjórnarandstöðu, hafa einnig rætt málin þannig að það er verið að reyna að skipuleggja þinghaldið með það fyrir augum að ljúka þingstörfum samkvæmt starfsáætlun en auðvitað getur alltaf eitthvað óvænt komið upp á sem ekki er fyrirsjáanlegt nú.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka upplýsingar forseta um þinghald næstu daga. Forseti hefur upplýst að áformað er að þingstörfum ljúki eftir tvo daga. Ég vil í mestu vinsemd segja það, virðulegi forseti, að það er mér mikið undrunarefni að það skuli ekki vera fyrirfinnanlegt á dagskrá þingsins þessa tvo daga sem eftir eru að ræða stærsta vandamál íslensku þjóðarinnar sem er staðan í íslenskum sjávarútvegi. Það hefur verið upplýst að þar er um að ræða milljarðatugi sem atvinnugreinin ræður ekki við, eða allt að 40 þús. millj. kr. Hæstv. forsrh. sagði í eldhúsdagsumræðum í gær að ríkisstjórnin mundi líta á þessi mál á næstu vikum eða næstu mánuðum. Ég segi, virðulegi forseti, að menn geta gert samkomulag um að afgreiða þingmál og er það ekki mikið verk að ganga frá slíku samkomulagi en menn verða að fá upplýsingar um það hvað hæstv. ríkisstjórn ætlar að gera í málefnum sjávarútvegsins áður en þingið fer heim. Það er ekki nóg að flytja ræður um Seðlabanka Íslands á meðan eldurinn brennur vestur á fjörðum. Hvað ætlar þessi ríkisstjórn að gera í þessu brýna og stærsta vandamáli í íslenskum þjóðarbúskap?

Ég fer fram á það, virðulegi forseti, að forseti kanni það hvort það sé í alvöru þannig að hæstv. ríkisstjórn hugsi sér að ræða ekkert sjávarútvegsmálin þessa tvo starfsdaga sem eftir eru.

Ég get fullvissað forseta um það að ef það eru áformin þá mun ríkisstjórnin ekki fá frið til þess að komast upp með það að ræða ekki sjávarútvegsmálin þessa tvo daga. Það verður enginn friður um það, virðulegi forseti. Og hæstv. félmrh. getur hér lagt áherslu á það að leggja undir sig fleiri stofnanir með nýjum lögum en það er ekki aðalatriði málsins í íslenskum þjóðarbúskap í dag. Það er ekki það sem ríkisstjórnin á að vera að glíma við um þessar mundir.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, út af þeirri umræðu sem nú stendur yfir af því ég heyrði það að hæstv. forseti ætlar að gefa hv. 2. þm. Austurl. orðið sem næsta ræðumanni — hefur ekki hæstv. félmrh. kveðið sér hljóðs? Hér hafa verið fluttar margar ræður og eðlilegt að hæstv. ráðherra svari þeim áður en menn halda áfram ræðuhöldum sínum eða meta það hvort ástæða sé til þess.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill upplýsa að hæstv. félmrh. er á mælendaskrá.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil gera að nokkru umtalsefni dagskrá þingsins fram undan. Mér skilst að nefndir séu að störfum núna jafnframt því að þingfundir eru haldnir. Samgn. hefur nýlokið fundi og landbn. mun einnig hafa verið á fundi. Hvað varðar samgn. sem ég á sæti í þá get ég upplýst það að þar var ákveðið að taka út frv. til nýrra hafnalaga sem mikill ágreiningur er um og jafnframt upplýst að tæpast yrði hægt að taka það til 2. umr. fyrr en í fyrsta lagi á fimmtudag og samkvæmt því sem hæstv. forseti upplýsir nú þá mun það

eiga að vera síðasti starfsdagur þingsins.

Ég mundi nú vilja koma þeim tilmælum til hæstv. forseta að það mál sé skoðað rækilega þar sem ég tel að það sé mjög stórt mál, mjög mikill ágreiningur um það. Það hefur alls ekki verið skoðað nægilega í nefndinni í vetur, kom raunar núna bara fyrir tveimur dögum síðan til álita hvort það yrði lokaafgreiðsla á því eða ekki. Jafnframt heyrðum við í hádegisfréttum að nú væri komin fram hafnaáætlun sem ekki hefur heldur verið fjallað um í samgn. og hlýtur að taka breytingum eftir því hvort þetta hafnalagafrv. verður samþykkt eða ekki. Ég tel þarna mjög stórt mál á ferðinni og engan veginn hægt að álíta sem svo að það sé hægt að ljúka því á þessum tveimur dögum sem fyrirhugað er að eftir séu af starfi þingsins.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Eins og forseti nefndi áðan þá er ekki gert ráð fyrir að haldnir séu nefndafundir á þingfundatíma nema um það sé samkomulag allra nefndarmanna og gerir forseti ráð fyrir því að svo sé. Eins og forseti sagði í upphafi þá er gert ráð fyrir því núna að staðið verði við starfsáætlun. Annað getur forseti ekki sagt um framhaldið.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég hef nokkra samúð með forseta í þessu máli að geta ekki svarað þingmönnum um það hvort ekki sé fyrirhugað að upplýsa og ræða á þingi málefni sjávarútvegsins á þeim tveimur starfsdögum sem eftir eru. Það mál sem stærst er allra stóru málanna að fá svör við. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort hæstv. forsrh. sé ekki í húsinu svo hann geti upplýst þingheim um það hvort ekki standi til af hálfu ríkisstjórnarinnar að ræða um málefni sjávarútvegsins.

Ég ítreka það, virðulegi forseti, að það verður knúið á um það að á þessum tveimur starfsdögum verði þetta mikla mál rætt og að ríkisstjórnin svari því hvað hún hyggst gera til að koma í veg fyrir að gjaldþrotahrinan haldi áfram að skella á sjávarplássum á landsbyggðinni. Það er óviðunandi, virðulegi forseti, að fá ekki svör við þessu og ég fer fram á það við virðulegan forseta að hæstv. forsrh. komi og skýri þinginu frá því hvort og hvenær ríkisstjórnin er tilbúin að ræða þessi mál á þeim tveimur starfsdögum sem eftir eru.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill upplýsa að hæstv. forsrh. er í húsinu. Það hafa ekki komið neinar sérstakar beiðnir að því forseti veit til þingsins um að ræða þessi mál sem þingmaðurinn nefndi en athugasemdum þingmannsins verður auðvitað komið á framfæri.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Umræður um frv. til laga um Húsnæðisstofnun hafa nú verið töluverðar og þær hafa ekki síst snúist um stjórnsýsluþáttinn og hvernig á að skipa honum í framtíðinni þótt það séu að sjálfsögðu fleiri atriði í frv. sem eru skiptar skoðanir um. Það má segja að hæstv. félmrh. hafi stytt sér dálítið leið með því að framkvæma hluta frv. áður en það er samþykkt. Því hafa umræðurnar kannski ekki snúist um tæknideild stofnunarinnar eins og skyldi nema þá vinnubrögðin sem eru alveg forkastanleg, að framkvæma lög að hluta til sem ekki er búið að samþykkja enn þá og eru hér til 2. umr. á Alþingi.

En fyrst það er verið að þrælast í þessari umræðu þegar aðeins þrír dagar eru eftir og það er eftir að ræða mörg stórmál hér í þinginu þá verður að áætla a.m.k. að þetta mál um Húsnæðisstofnun sé á forgangslista ríkisstjórnarinnar, sé á raunverulegum forgangslista en ekki einhverjum grínforgangslista sem hefur heyrst hér af og fjallar t.d. um að afgreiða á tveimur dögum frv. um að breyta viðskiptabönkunum í hlutafélög, frv. sem ekki er komið fram. En maður skyldi ætla að þetta frv. væri á hinum raunverulega forgangslista. Það skýtur nú dálítið skökku við að það skuli einmitt vera þetta sem er forgangsverkefni í húsnæðismálum hjá hæstv. félmrh. og hæstv. ríkisstjórn.

Við vorum í félmn. í morgun að ræða ágæta skýrslu sem var sett í hólf okkar þingmanna í gærkvöldi um afleiðingar atvinnuleysis. Í þessari skýrslu eru ýmsar fróðlegar upplýsingar um stöðu og hagi atvinnulauss fólks í landinu. Eitt af því sem fer verst með atvinnulaust fólk samkvæmt þessari könnun er að geta ekki staðið við skuldbindingar sínar. Það er það sem dregur ekki síst þetta atvinnulausa fólk niður. Það er ekki síst vegna þess sem örvænting þess er svo mikil. Það hefði verið meira við hæfi að þessum síðustu dögum hefði verið varið í það að ræða hvernig á að bregðast við þessum málum, þessum greiðsluerfiðleikum fólks heldur en að vera að ræða hvernig á að draga þessa stofnun undir ráðherra.

Það hafa verið skiptar skoðanir um það hér og eini stjórnarliðinn sem hefur talað í þessu máli hefur dregið úr því að það sé verið að samþykkja hér eins mikið miðstýringarfrv. og við í minni hlutanum höfum viljað vera láta. Hv. 3. þm. Vestf. orðaði það þannig ef ég hef tekið rétt niður eftir honum að sjálfstæðar stofnanir geti verið missjálfstæðar. Það er sjálfsagt alveg rétt að þær geti verið missjálfstæðar. En ég stend við allt sem ég hef sagt fyrr í þessari umræðu að hér er um argasta miðstýringarfrv. að ræða og þessi mál eru dregin úr höndum húsnæðismálastjórnar og undir hæstv. félmrh. Ég þarf ekki annað en að vitna í 4. gr. í 2. tölul. hennar til að sýna hvað þessi yfirráð eru algjör og hvað miðstýringin er algjör. Í 2. tölul. 4. gr. segir svo um hlutverk húsnæðismálastjórnar eftir breytinguna, að hlutverk sé:

„Að gera tillögur til félagsmálaráðherra" — að gera tillögur, takið eftir — „að fjárhagsáætlun þar sem fram komi sundurliðaður áætlaður rekstrarkostnaður og fyrirhuguð skipting ráðstöfunarfjár milli útlánaflokka byggingarsjóðanna og meginsjónarmið um ráðstöfun þess."

Sem sagt á ráðherra eftir þessu að fara yfir rekstrarkostnað húsnæðismálastjórnar í smáatriðum, tillögur um rekstrarkostnaðinn eiga að koma inn á borð ráðherra til að hæstv. ráðherra geti farið yfir þá dálka. Síðan segir í 3. tölul. 4. gr.:

„Að úthluta framkvæmdaraðilum lánum til félagslegra íbúða og skera úr vafa- og ágreiningsmálum varðandi einstakar lánveitingar.“ Eins og áður hefur komið fram ber öllum fræðimönnum sem komið hafa til félmn. saman um að í þessu máli sé málskotsréttur til ráðherra þannig að ráðherra hefur úrskurðarvald um einstakar láveitingar.

Til félmn. hafa komið fjölmargir sérfræðingar til að ræða um þetta mál. M.a. hefur ríkisendurskoðandi komið á fund nefndarinnar til að tjá sig um málið. Hann sagði eitthvað á þá leið að þessi málskotsréttur til ráðherra væri ekki góð latína. Ragnar Aðalsteinsson lögfræðingur, sem hefur kynnt sér þessi mál sérstaklega, það liggur eftir hann skýrsla hér í gögnum félmn., var á sama máli. Þannig að þetta styður nú allt saman að fullyrðingar sem komið hafa hér fram um það í þessari umræðu m.a. að hæstv. félmrh. sé eftir samþykkt þessa frv. orðinn eins konar húsbankastjóri, séu réttar. Ég sé ekki að það sé neinn misskilningur í því fólginn hjá minni hlutanum að þetta sé allt saman rétt.

Hvernig skyldi þetta nú ríma við stefnu þessarar ríkisstjórnar? Í upphafi ferils síns — það var nú að vísu ekki fyrr en eftir nokkra mánuði því að stjórnarsáttmáli þessarar ríkisstjórnar var saminn úti í Viðey milli tveggja manna og settur þar ofan í kistu. Hins vegar fannst stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar og forsvarsmönnum hennar réttara að setja eitthvað niður á blað svona eftir að það var búið að starfa í nokkra mánuði. Og í október 1991 var sett saman bók sem er svokölluð hvítbók og heitir Velferð á varanlegum grunni. Stefna og starfsáætlun ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks. Það var reyndar upplýst hér umræðum í gærkvöldi af hv. 3. þm. Reykn. að aðalvandkvæðin í efnahagsmálum væru of mikið öryggi þegnanna, vegna of mikils öryggis þá spöruðu þeir ekki eins og skyldi. En það var nú útúrdúr. En hér stendur í þessari bók, á bls. 15 um ríkisstofnanir, undir kaflanum um einkavæðingu opinberrar starfsemi, hér er það í mörgum liðum: Markmið og framkvæmd einkavæðingar, sala ríkisfyrirtækja, opinber hlutafélög. Síðan kemur hér og takið nú eftir:

„Aukið sjálfstæði ríkisstofnana.“ (**RA:** Hvar stendur þetta?) Hér stendur þetta á bls. 15 í þessari hvítu bók ríkisstjórnarinnar. (**IP:** Það er nú eiginlega kominn svartur blettur á hana.) Hér segir, með leyfi forseta:

„Sjálfstæði opinberra stofnana verður aukið, þannig að saman fari aukin ábyrgð og aukið ákvörðunarvald, er færist í hendur stjórnenda þeirra.“ (Gripið fram í.)

Er þetta í samræmi við það frv. sem hér liggur frammi, hv. 17. þm. Reykv. og flokksformaður Alþfl.? (**ÖS:** Þú getur nú komist að því.) Ég held ekki. Hér stendur einnig, með leyfi forseta:

„Í öðrum tilvikum er stefnt að því að bjóða út rekstur og þjónustu einstakra stofnana og aðskilja þannig rekstrarlega ábyrgð annars vegar og útgjöld hins opinbera hins vegar.“

En hins vegar hefur hæstv. félmrh. komið hér með krók á móti bragði því ef maður flettir hér yfir á bls. 20 þá er rætt um húsnæðismál. Þar er talað um í upphafi, með leyfi forseta:

„Húsbréfakerfið verði fest sessi og leitað leiða til að koma betra jafnvægi á húsbréfamarkaðinn, m.a. með því að minnka lánsfjárþörf ríkissjóðs.“

Síðan segir hér, með leyfi forseta: „Stjórnskipulegri stöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins verður breytt á komandi þingi þannig að saman fari vald og ábyrgð í húsnæðismálum.“

Ef þetta rímar saman við einkavæðinguna þá ætti þetta frv. sem hér er komið til umræðu að fjalla um að gera stofnunina sjálfstæðari í staðinn fyrir að draga hana inn á borð ráðherra. Það er verst að fulltrúar Sjálfstfl. í félmn. skuli allir vera horfnir á braut. Þeir hafa nú yfirleitt passað sig á því að vera ekki hér inni á meðan þessi umræða fer fram. Ég að vísu tek fram að hv. 3. þm. Vestf. kom til mín og gat þess við mig að hann væri að hverfa á braut þannig að ég vil að það komi fram til að allrar sanngirni sé gætt. En aðrir fulltrúar hafa ekki látið sjá sig við þessa umræðu. Hér eru aðeins tveir hv. þm. Sjálfstfl. sem ekki hafa nú alltaf farið sömu götu og flokkurinn í umræðum og atkvæðagreiðslum á Alþingi til þessa. Ég er hissa á því ef þeir tveir ágætu þingmenn sem hér eru staddir samþykkja það miðstýringarfrv. sem hér er um að ræða.

Það má spyrja af því að ég kom inn á áðan greiðsluerfiðleikana og hina gífurlegu erfiðleika sem margir þjóðfélagsþegnar eiga í með að standa í skilum og standa við sínar skuldbindingar núna á þessum erfiðu tímum þar sem enginn er öruggur um að halda atvinnunni þegar til lengri tíma er litið og fjölmargir sem hafa bakað sér miklar skuldbindingar eru atvinnulausir. Það má spyrja hvort þetta frv. sem hér um ræðir er eitthvert tæki í því að ráða bót á þessum málum. Ég spyr hæstv. félmrh.: Hvenær ætlar félmrh. sér að leggja fram tillögur varðandi greiðsluerfiðleikana? Er meiningin að taka á þeim málum? Eða er meiningin að láta þetta eiga sig eins og sjávarútvegsmálin? Er meiningin að fresta greiðsluerfiðleikamálunum, til haustsins til að byrja með, og fresta þeim síðan til vorsins? Það virðist vera aðalstyrkur þessarar ríkisstjórnar eins og kom fram í sjónvarpsviðtölum við hæstv. sjútvrh. og hæstv. forsrh. í gærkvöldi, að vera ósammála um sem flest. Það er einkennileg kenning. Á að leggja fram tillögu um að mæta greiðsluerfiðleikum húsbyggjenda? Hver er ætlun ríkisstjórnarinnar í þeim efnum? Hún verður varla lögð fram á þessu þingi því það var upplýst í umræðum um þingsköp hér rétt áðan að það er ætlunin að hætta hér á fimmtudaginn. Þannig að það er meiningin að lulla áfram við svona ýmis mál en láta öll stóru málin eiga sig. Þetta er nú frammistaða í lagi. Ég hef satt að segja aldrei upplifað aðra eins daga og þessa hér á Alþingi og aðra eins uppgjöf við að glíma við aðsteðjandi vandamál sem vissulega eru mikil, því ber ég ekki á móti.

Ef litið er svo á þetta frv. tæknilega og út frá lagatæknilegu sjónarmiði þá kemur það fram hér í hinum ítarlegu skýrslum um sjálfstæðar ríkisstofnanir að það er engin ákveðin regla í þeim efnum. Það er rétt sem hv. 3. þm. Vestf. sagði hér fyrr í umræðunni að ríkis-

stofnanirnar eru missjálfstæðar. En það er ætlunin að Húsnæðisstofnun verði bara alls ekkert sjálfstæð eftir þessa breytingu. Og það hefði nú kannski verið nærtækara verkefni að setja vinnu í það að skoða sjálfstæði ýmissa ríkisstofnana og reyna að hafa eitthvert samræmi í þeim efnum frekar en að láta það bara vera undir duttlungum hæstv. ráðherra hvaða ráðherra lendir inni í ráðuneyti hverju sinni hvert sjálfstæði stofnana ríkisins er. Að það sé aukið á glundroðann í þeim efnum. Það kemur fram að það er ekkert ákveðið og fast skipulag í þessum málum. Hér segir á bls. 7 í skýrslu Ragnars Aðalsteinssonar um þessi mál frá 1988, með leyfi forseta:

„Verður að líta til löggjafarinnar um stöðu einstakra stofnana til að unnt sé að lýsa stöðu stofnunar, valdsviði og tengslum við ráðherra. Sjálfstæði þessara stofnana gagnvart ráðherra er mjög mismikið. Ekkert einstakt kennimark sker þar úr."

Það hefði því verið nærtækara verkefni að samræma þetta heldur en að það sé eins og ég sagði háð duttlungum einstakra ráðherra hvaða skipan er höfð í þessum efnum. Hér segir enn fremur, á bls. 10, sem er mjög athyglisvert, með leyfi forseta:

„Um Húsnæðisstofnun ríkisins gilda nú lög nr. 60/1984, með síðari breytingum. Í lögunum er tekið fram að stofnunin sé sjálfstæð ríkisstofnun sem lúti sérstakri stjórn og heyri undir félagsmálaráðuneytið." Þá er tekið fram að stofnunin fari með stjórn hins opinbera veðlánakerfis. Nú er meiningin að afnema sjálfstæði stofnunarinnar með lögum og þá fer félmrh. eftir það með stjórn hins opinbera veðlánakerfis. Það er engum blöðum um það að fletta að hæstv. félmrh. er *orðinn bankastjóri eftir þessa breytingu*. Þar stendur hún jafnfætis öðrum ráðherrum sem heyrst hefur að stefni á bankastjórastól. Ég get ráðlagt hæstv. félmrh. það af því að hún hefur uppálagt Seðlabankanum að spara að hún gæti nú fengið pláss í Seðlabankanum fyrir þennan nýja banka sem hún hefur yfirstjórn yfir samkvæmt þessu frv.

Ég vil ekki bera hæstv. félmrh. það á brýn að hann hafi misnotað nein laxveiðileyfi en hins vegar er ekki hægt að tala um slík mál endalaust í umræðum hér á Alþingi án þess að aðhafast neitt meira. Það er nefnilega dálítið vinsælt í umræðum hér á Alþingi að tala um ýmsar sporslur, bæði laxveiðileyfi og annað, risnu og dagpeninga án þess að hafast nokkuð að. Ég vildi ráðleggja hæstv. ráðherrum að tala heldur minna um þau mál og aðhafast þá meira. Að það sé eitthvað á bak við það sem hæstv. ráðherrar eru að tala um.

Húsnæðismálastjórn gaf umsögn um þetta frv. á sínum tíma. Ég gat í fyrri ræðu minni um þá umsögn og helstu efniskafla hennar og ætla ekki að bæta þar miklu við. Hins vegar segir í þeirri umsögn, með leyfi forseta:

„Allar breytingar í 1. gr. frv. miða að því að ryra *sjálfstæði stofnunarinnar* og auka vald félagsmálaráðherra."

Enn fremur segir, með leyfi forseta:

„Þau sjónarmið, sem kunna að liggja að baki ofangreindri skipan mála, geta verið margvísleg. Í fyrsta lagi er rekstur lánastofnana sérhæfð starfsemi og vart er hægt að ætla að heppilegt sé að slíkri starfsemi sé stýrt beint af Stjórnarráði eða ráðherra.

Í öðru lagi er hér um að ræða starfsemi sem ríkið hefur tekið að sér án þess að bein rök liggi til þess að starfsemin sé í höndum ríkisins, að minnsta kosti gildir þetta um sjálf útlán þessara stofnana. Af þeim sökum kunna menn að sækjast eftir því að starfsemi þessi sé sem minnst háð stjórnmálalegum afskiptum og sem mest á viðskiptalegum grundvelli. Aukin afskipti framkvæmdarvaldsins af rekstri Húsnæðisstofnunar og lánastofnana almennt eru að mati stjórnarinnar síst til bóta og með þeim væri verið að innleiða hér á landi stjórnarhætti í rekstri lánastofnana sem úreltir eru og hafa reynst illa hvarvetna annars staðar. Gengið væri þvert á stefnu aukins markaðsbúskapar og á þá stefnu að ákvarðanir lánastofnana, þótt þær séu í eigu ríkisins, séu alfarið byggðar á efnahagslegum forsendum. Það er mat húsnæðismálastjórnar að ofangreindar breytingar muni færa stjórn, rekstur og útlánastarfsemi stofnunarinnar að mestu undir beina stjórn ráðherra. Slík breyting er afar óæskileg að mati húsnæðismálastjórnar."

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Í raun mælir margt fremur með því að sjálfstæði stofnunarinnar verði frekar aukið en að úr því verði dregið. Það er álit húsnæðismálastjórnar að færa ætti ákvarðanir um vexti af útlánum sjóðanna til húsnæðismálastjórnar jafnframt því sem löggjöfin um Byggingarsjóð verkamanna væri afdráttarlaus um það hvernig staðið skuli að fjármögnun á vaxtaniðurgreiðslu sjóðsins. Núverandi fyrirkomulag vaxtamála hefur orðið til þess að tefja aðlögun útlánsvaxta að vaxtakostnaði sjóðanna og hefur það skapað fortíðarvanda hjá þeim."

Það mætti í sjálfu sér tína margt annað til úr þessari umsögn. Hún er bullandi neikvæð um þetta mál og það sem meira er af því að við vitum öll, hv. þm. og hæstv. ráðherrar, að stjórn Húsnæðisstofnunar er saman sett af fjölmörgum aðilum með mismunandi sjónarmið bæði í stjórnmálum og öðrum málum en þessi umsögn er samhljóða um þetta atriði. Stjórnin er ósammála um önnur atriði eins og t.d. hönnunardeildina, þar er hún ekki sammála en um þetta atriði eru allir sammála, stjórnsýsluþáttinn, sem er aðalkafli þessa frv.

Einnig sendi Samband íslenskra sveitarfélaga frá sér umsögn. *Þar er minnt á útibú í landshlutunum.* Ég hef reyndar ekki verið neinn sérstakur talsmaður þess að það sé verið að búa til eitthvern yfirstjórnarbatterí á þessa stofnun. Ég er stuðningsmaður þess að leita leiða til að þessi afgreiðsla sé sem einföldust, sé aðgengileg sem flestum. Það sé t.d. skoðað til hlítar hvort bankarnir geta veitt meiri þjónustu í þessum efnum. En Samband íslenskra sveitarfélaga minnir á þetta, að þessi þjónusta sé öllum landsmönnum aðgengileg, og vill að það sé dregið úr starfsemi stofnunarinnar á aðalskrifstofunni í Reykjavík. Þetta gæti auðvitað verið verkefni sjálfstæðrar stofnunar. Það þarf ekki frv. til að ákveða þetta. Síðan er ítrekuð sú skoðun að sveitarfélögin fái aðild að stjórn Húsnæðisstofnunar. Þessu hef-

ur í engu verið sinnt og ekkert rætt í alvöru. Sú breyting sem gerð er á stjórn stofnunarinnar tekur ekkert á þessu máli. Enn fremur er í þessari umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga minnt á það og dregin eðlilega sú ályktun af því að það er verið að ýta fulltrúum aðila vinnumarkaðarins út úr stjórn Húsnæðisstofnunar að það sé þá tekin sú ákvörðun í leiðinni að sveitarfélögin sjái alfarið um húsnæðisnefndirnar. En það er ekkert samræmi í því og ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Er það þá meiningin í framhaldi af því þegar búið er, ef það tekst, að ýta fulltrúum aðila vinnumarkaðarins út úr stjórn Húsnæðisstofnunar og breyta þar um, að leggja til að þeir fari einnig út úr húsnæðisnefndum sveitarfélaga? Hér segir í umsögninni um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Stjórnin telur rétt að breyta ákvæðum núgildandi laga um húsnæðisnefndir sveitarfélaga og kosningar til þeirra. Miðað við ábyrgð sveitarfélaga á félagslega húsnæðiskerfinu er eðlilegast að sveitarstjórnirnar einar skipi húsnæðisnefndir sveitarfélaganna sem starfa á þeirra ábyrgð. Sú skipan á enn frekar við ef fulltrúar atvinnulífs hverfa úr stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins."

Mér er í fersku minni þegar lögin um félagslegar íbúðir eða breytingar á lögum um félagslegar íbúðir voru samþykkt og undirbúin af nefnd sem ég átti sæti í að einmitt þetta atriði, skipan húsnæðisnefnda sveitarfélaga var hörkudeilumál í þeirri nefnd og fulltrúar aðila vinnumarkaðarins sátu þar inni áfram til samkomulags og menn treystu sér ekki til í nefndinni þá að leggja það til að þessir aðilar hyrfu á braut vegna mikillar andstöðu þeirra. Fulltrúar sveitarfélaganna töldu það vera rök fyrir því að það væri búið að leggja það miklar skyldur á herðar sveitarfélögunum í þessum málum að þau ættu að ráða yfir þessum nefndum og ættu ekki að taka aðra aðila þar inn. Þannig að það rekur sig hvað á annars horn með þessar breytingar. Það er ekkert samræmi í þessum breytingum. Hvað er meiningin að framhaldið verði í þessu? Er það ætlun hæstv. félmrh. að leggja fram frv. um breytingu á þessum ákvæðum um skipan húsnæðisnefndanna?

Ég ætla ekki að lengja þetta öllu meira við þessa 2. umr. Ég áskil mér auðvitað rétt og þarf auðvitað ekki að gera það því ég get komið nánar að þessum málum við 3. umr. málsins. Mér finnst þetta frv. eins og það liggur hér fyrir vara alveg dæmalaust og framkvæmdin á því hingað til, ekki síst að vera búin að framkvæma hluta af því áður en það er samþykkt og það hefur komið fram í þessari umræðu og það rekur sig eitt á annars horn í frv. Það er engin stefnumörkun um það hvort það á að auka sjálfstæði stofnunarinnar eða minnka það. Það er takmark ríkisstjórnarinnar að breyta bönkunum í hlutafélög og losa þá við pólitísk áhrif sem allra mest og talið uppspretta alls ills að stjórnmálamenn hafi áhrif í bönkunum. Síðan koma þau sjónarmið á móti að það að lána fólki peninga til að byggja hús sé hluti efnahagsmálanna í landinu og eigi að fara með þann rétt fólks eftir því hvernig efnahagsmálin þróast þá og þá. Lán til þess að kaupa bíl eru sömuleiðis hluti efnahagsmálanna í landinu. Er ekki best að draga allt valdið til þess að lána bíla undir vald einhvers annars ráðherra? Eða kannski gera það að deild í Húsnæðisstofnun? Það er engin stefna í þessu. Það fyrirkomulag sem nú er er enginn þrándur í götu þess að það sé hægt að koma fram brýnum úrbótum í húsnæðismálum sem hefur verið bent á hér við þessa umræðu og fluttar brtt. við sumt af því. Það skipulag sem nú er stendur ekki í vegi fyrir þessu. Ég veit ekki hvaða árekstrar helst hafa verið milli Húsnæðisstofnunar og stjórnar hennar og hæstv. félmrh. Mig rámar eitthvað í að einhvern tímann hafi verið uppi deila um vexti af húsnæðislánum án þess að ég kunni í smáatriðum eða ætli að vera að rekja þá deilu. En ég held að þetta hafi ekki verið mikið vandamál í gegnum tíðina. Að Húsnæðisstofnun og stjórn hennar út af fyrir sig hafi kollvarpað efnahagsmálunum í landinu. Og stjórn húsnæðismála þurfi þess vegna að vera undir allsherjarmiðstýringu ráðherra. Ég get ekki séð það. En ég ætla að láta þetta verða mín síðustu orð við 2. umr. málsins en að sjálfsögðu kemur málið hér aftur fyrir í 3. umr. og ég get þá lagt þar orð í belg ef mér finnst ástæða til.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Austurl. vakti athygli á því ósamræmi sem er á milli orða og athafna hjá hæstv. ríkisstjórn, á milli þeirrar stefnuyfirlýsingar sem er að finna í hvítu bókinni um aukið sjálfstæði ríkisstofnana — sem að vísu varð síðar upplýst að þingflokkarnir hefðu ekki samþykkt en jafnframt að ráðherrarnir hefðu samþykkt það — og þessa frv. sem dregur valdið úr höndum stofnunarinnar til ráðherra og hefur með eftirminnilegum hætti gert frv. hæstv. félmrh. að aðhlátursefni og hvítu bókina þar sem rakið er enn eitt dæmið um það sem ríkisstjórnin hyggst gera og það sem hún raunverulega gerir. Það sem mér þótti athyglisverðast var ábending hv. þm. um atriði sem mér finnst ástæða til að hljóti verðskuldaða athygli í þessari umræðu en það er að rökstuðningurinn í frv. fyrir því að það þurfi að henda út fulltrúum hagsmunaaðilanna er sá að ríkisstjórnarliðið á Alþingi á hverjum tíma þurfi að hafa meiri hluta fulltrúa í stjórninni. Þessi sami rökstuðningur ef hann er „konsekvent" og ef honum er beitt áfram í lögunum hlýtur að kalla á það að ríkisstjórnin eða ráðherrann leggi fram tillögu um að breyta húsnæðisnefndunum þannig að meiri hlutinn í sveitarstjórn hafi ætíð ótvíræðan meiri hluta í húsnæðisnefnd. Þetta finnst mér atriði sem hefur farið fram hjá okkur í umræðunni en væri vert að gera verðug skil og hæstv. ráðherra eyddi nokkrum orðum að þessu atriði.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst þessi umræða vera farin að verða ansi einkennileg af hálfu hæstv. ráðherra. Menn hafa sett fram mál sitt og lagt nokkra vinnu í það að undirbúa og flytja í ræðum sínum fyrir í þessari 2. umr. og er það virkilega svo að hæstv. ráðherra ætli ekki að svara einu orði því sem fram hefur komið í máli manna?

Það var upplýst fyrr á fundinum að hæstv. félmrh. væri á mælendaskrá og ég vek athygli á því að hv. 2. þm. Austurl. og hv. 4. þm. Norðurl. e. höfðu báðir þegar talað einu sinni í þessari umræðu áður en hv. 2. þm. Austurl. hóf mál sitt áðan. Mér hefði fundist eðlilegast að hæstv. ráðherra hefði svarað ræðumönnum áður en þeir tækju til máls öðru sinni.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það sem hv. 5. þm. Vestf. sagði áðan. Ég held það sé eðlilegt á þessu stigi umræðna að hæstv. ráðherra svari þeim spurningum sem fram hafa komið í máli ræðumanna þegar þeir hafa nýtt sér fyrri rétt sinn til að tala við þessa umræðu. Úr því að hæstv. ráðherra er á mælendaskrá þá óska ég eindregið eftir því að hæstv. ráðherra fái orðið áður en ég þarf að nýta minn seinni rétt til að tala hér. Ég, meðal annarra, lagði nokkrar spurningar fyrir hæstv. ráðherra og vil gjarnan fá að heyra svör hæstv. ráðherra áður en ég missi rétt minn til að tala efnislega í umræðunum.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Vissulega ætlaði ég mér að svara þeim spurningum sem til mín hefur verið beint í þessari umræðu og gildir mig einu hvort ég geri það nú eða eftir að hv. síðasti ræðumaður hefur talað í annað sinn.

Ég held að það sé ástæða til þess að rifja upp í nokkrum orðum forsögu þessa frv. vegna þess að það hefur átt sér nokkurn aðdraganda. En eins og fram hefur komið í þessari umræðu þá sætir þetta frv. nokkurri gagnrýni stjórnarandstöðunnar. Það var fyrst undirbúið 1988, ef ég man rétt, og þá var það fyrir ábendingar Ríkisendurskoðunar að félmrn. fór í að skoða þetta mál og stjórnsýslulega stöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins en það var 3. nóv. 1988 sem ráðuneytið fékk bréf frá Ríkisendurskoðun þar sem m.a. kom fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Það er skoðun Ríkisendurskoðunar að sú skipan sem nú gildir [þ.e. um Húsnæðisstofnun] er óæskileg þar sem ekki er í framkvæmd nógu tryggt að saman fari á einni hendi vald og ábyrgð sem er skilyrði fyrir árangursríkri og skilvirkri stjórnun. Því telur Ríkisendurskoðun nauðsynlegt að settar séu skýrar reglur sem eyða þeim vafaatriðum sem upp koma varðandi yfirstjórn þessa málaflokks."

Enn fremur sagði í bréfi Ríkisendurskoðunar: „Með vísað til þess sem að framan greinir er ekki séð að mikilvægir framkvæmdaþættir í störfum Húsnæðisstofnunar ríkisins séu þess eðlis að stjórnskipan stofnunarinnar geti ekki fallið beint undir framkvæmdarvaldið og telur Ríkisendurskoðun þá skipan ákjósanlega. Með þeirri skipan yrði ábyrgð á einni hendi, áhrif Alþingis mundu ekki í reynd skerðast frá því sem verið hefur nema hvað varðar íhlutun á framkvæmdaþáttinn."

Þetta er forsaga þess að þetta frv. er flutt og reyndar er það svo að það var lagt fram í tíð síðustu ríkisstjórnar, þ.e. stjórnsýsluþátturinn, eins og hann var lagður fram á vorþingi 1991 í tíð síðustu ríkisstjórnar er nánast óbreyttur núna þegar hann er lagður fram á þessu þingi. Því kemur mér nokkuð spánskt fyrir sjónir sú gagnrýni sem fram kemur á þetta frv., þ.e. stjórnsýslulegan þátt þess af hálfu Alþb. og Framsfl.

Þær fullyrðingar sem hér eru settar fram um að nánast sé verið að leggja Húsnæðisstofnun niður og flytja hana inn sem deild í félmrn. og að ráðherra fari eftirleiðis með allar úthlutanir í húsnæðismálum eru auðvitað fráleitar og vart svara verðar vegna þess að ef frv. er lesið og farið yfir hlutverk húsnæðismálastjórnar í því efni frá því sem er í gildandi lögum þá eru það ekki miklar breytingar sem þar eru gerðar. Þar er tekinn út að vísu fyrsti þátturinn varðandi það að það sé hlutverk húsnæðismálastjórnar að marka meginstefnu í húsnæðismálum sem ég tel að eigi ekki að vera í höndum Húsnæðisstofnunar heldur í höndum viðkomandi stjórnvalda hverju sinni.

Það sem er gert með þeirri breytingu sem hér liggur fyrir á hlutverk húsnæðismálastjórnar er að það er skýrar kveðið á um það með hvaða hætti húsnæðismálastjórn eigi að leggja fram sínar fjárhagsáætlanir. Þar er kveðið á um í þessu frv. sem er miklu fyllra heldur en í gildandi lögum að það skuli leggja fram til félmrh. fjárhagsáætlun þar sem fram komi sundurliðaður áætlaður rekstrarkostnaður og er það auðvitað mjög brýnt vegna þess að það hefur á það skort að það hafi verið gert af hálfu stofnunarinnar.

Þetta eru kannski veigamestu breytingarnar sem eru á hlutverki húsnæðismálastjórnar en auðvitað er það ljóst eins og margítrekað hefur komið í umræðunum að ákvæðið um að Húsnæðisstofnun sé sjálfstæð stofnun er felld brott.

Það hefur mikið verið um það rætt hér af þeim sem hafa talað af hálfu stjórnarandstöðunnar að hönnunardeildin hafi verið lögð niður áður en frv. þetta hafi hlotið samþykki á Alþingi.

Ég held það sé mjög mikilvægt að líta á þá lagagrein sem gildir um tækni- og þjónustudeild Húsnæðisstofnunar í gildandi lögum. Þar er ekki kveðið á um það að starfrækt skuli sérstök hönnunardeild. Það er ekki kveðið á um það í lögum og þess vegna hefur sérstök hönnunardeild sem slík ekki lagastoð. Samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins þá skal stofnsetja tækni- og þjónustudeild við Húsnæðisstofnun. Hlutverk hennar er að vera húsnæðismálastjórn til ráðuneytis um tæknileg atriði hins vegar og veita húsbyggjendum þjónustu um ráðgjöf um byggingarmál og sölu íbúðarteikninga. Í lögunum er ekki gert ráð fyrir að hönnun nýs íbúðarhúsnæðis fari fram inni í stofnuninni og stofnunin geti út af fyrir sig haldið áfram að selja teikningar úr teiknisafni þótt allri hönnun væri hætt inni á stofnuninni þannig að það var mjög nákvæmlega farið yfir þetta af hálfu lögfræðinga ráðuneytisins að hönnunardeildin sem slík hefur ekki lagastoð.

Ég vil líka í þessu sambandi benda á að það var kveðið á um það í fjárlögum og í frv. til fjárlaga strax í október að að því væri stefnt leggja niður hönnunardeildina og spara í rekstri stofnunarinnar sem næmi að því er mig minnir um 130 millj. kr. Þannig að það lá

þegar fyrir októbermánuði að að þessu yrði stefnt. Og af því að það hefur verið mikið gert úr því að starfsmönnum hönnunardeildar hafi verið sagt upp þá lá það einnig ljóst fyrir og reyndar var það svo að starfsmönnum hönnunardeildar voru kynnt þessi áform áður en þau birtust í fjárlagafrv. og áður en það var lagt fyrir þingið.

Nokkuð hefur verið gert úr því hér að Húsnæðisstofnun er líkt við lánastofnanir svo sem bankastofnanir. Ég tel að hér sé ekki saman að jafna Húsnæðisstofnun við banka eða aðrar lánastofnanir. Það kemur reyndar fram í grg. að ef Húsnæðisstofnun ríkisins er borin saman við aðrar lánastofnanir, t.d. við ríkisbankana, þá hafa þeir mjög sjálfstæða stöðu gagnvart ríkisvaldinu. Bankarnir ákveða sjálfir vexti og mun á innláns- og útlánsvöxtum og er ætlað að standa alfarið undir eigin lánastarfsemi. Slíkt gildir að sjálfsögðu ekki um Húsnæðisstofnun ríkisins. Samkvæmt 30. gr. og 68. gr. laganna tekur ríkisstjórn Íslands ákvörðun um vexti á lánum stofnunarinnar og það sem er kannski mikilvægast sem hér kemur fram, að Húsnæðisstofnun er aflað fjár til lánveitinga með beinum fjárveitingum samkvæmt ákvörðun Alþingis í fjárlögum, en að auki eru gerðir samningar við lífeyrissjóðina um kaup á skuldabréfum á grundvelli lagaákvæða. Þannig að ég tel að það sé ekki saman að jafna eins og mikið er gert hér og reyndar kom fram í umsögn húsnæðismálastjórnar að þar er borin saman Húsnæðisstofnun sem sambærileg stofnun við t.d. bankastofnanir.

Ég vil nokkuð víkja að þeim brtt. sem fram koma frá stjórnarandstöðunni þar sem lagðar eru til þær breytingar efnislega að það sé opnað fyrir því að veita lán til viðhaldsframkvæmda við félagslega íbúðakerfið og að lánakjörin til almennra kaupleiguíbúða verði rýmri.

Ég veit ekki hvort að þingmönnum finnst það eðlileg málsmeðferð af hálfu húsnæðismálastjórnar varðandi þann þátt sem snýr að því að opna lánaflokk til viðhalds á félagslegum íbúðum þegar forsaga málsins er sú að ráðuneytinu er ljóst að það þarf að skoða það mjög nákvæmlega hvort ekki sé rétt að opna fyrir slíkan lánaflokk og beindi því til húsnæðismálastjórnar að það yrði skoðað mjög gaumgæfilega hvað kostaði að opna fyrir slíka lagaheimild. Ráðuneytinu barst ekkert svar frá húsnæðismálastjórn þess efnis heldur sendi Húsnæðisstofnun sjálfsagt í skjóli þess hvað hún er sjálfstæð erindi sitt beint til viðkomandi þingnefndar þar sem óskað er að það sé opnað fyrir lagaheimild um slíkan lánaflokk án þess að ráðuneytinu, sem væntanlega á að skaffa peninga í það, væri gerð grein fyrir því hvað mikið slíkt mundi kosta.

Reyndar er það líka með almennu kaupleiguíbúðirnar að ef rýmkað er fyrir lánskjörum þá mun það kosta töluvert fjármagn. Ég veit ekki hvort félmn. eða fulltrúar í félmn., stjórnarandstaðan, sem flytur þessar tillögur hafi gert sér grein fyrir þessum kostnaði.

Það er lagt til af hálfu stjórnarandstöðunnar að þar séu sömu lánskjör varðandi almennar kaupleiguíbúðir og félagslegar íbúðir, að vísu eru þar mismunandi vaxtakjör og spurning er hvort það sé eðlilegt vegna þess að það eru ekki nein tekjumörk hjá þeim sem fá almennar kaupleiguíbúðir. Það er talað um að það sé mikil greiðslubyrði varðandi almennar kaupleiguíbúðir. Ég hygg að að nokkru megi um kenna að framkvæmdin er ekki sem skyldi varðandi almennu kaupleiguíbúðirnar. Í fyrsta lagi hafa framkvæmdaraðilarnir í miklum mæli, þ.e. sveitarfélögin, farið út í það að byggja almennar kaupleiguíbúðir þó það séu til staðar notaðar íbúðir á viðkomandi stöðum, margfalt ódýrari, sem hentuðu undir almennar kaupleiguíbúðir. Þetta er fyrsta atriðið.

Annað atriðið er að ég hef orðið vör við það að fólki sem kemur í mitt ráðuneyti og kvartar yfir mikilli greiðslubyrði á almennum kaupleiguíbúðum hefur ekki verið gert það ljóst af hálfu húsnæðisnefndanna oft og tíðum að eftir fimm ár þegar skammtímalán er að fullu greitt, þetta 20% lán, þá lækkar greiðslubyrðin verulega. Útreikningar sem við gerðum sýndu að greiðslubyrði á íbúð sem var um 50 þús. kr. á mánuði, lækkaði niður í 30 þús. eftir fimm ár. Þessu hafði fólk ekki áttað sig á og ekki verið gerð grein fyrir af hálfu húsnæðisnefndar. Það má auðvitað segja það að fólk sem ekki hefur aðgang að félagslega kerfinu og fær ekki greiðslumat vegna lágra tekna eða lítils sparnaðar í húsbréfakerfinu að það hafi þennan kost, almennar kaupleiguíbúðir eða leiguíbúðir og ég hygg að leiguíbúðir séu í mörgum tilfellum um 30 til 50 þús. kr.

Ég ætla út af fyrir sig ekkert að útiloka að það eigi að skoða það hvort eigi að fá að lengja lánstímann á þessu styttra láni, þessu 20% láni og ég tel einnig að það eigi að skoða það af mikilli alvöru að opna fyrir viðhald varðandi félagslegar íbúðir, viðhaldsframkvæmdir. Í því sambandi vil ég nefna og það hefur reyndar komið fram í mínu máli áður, að það er nefnd að störfum með aðild Húsnæðisstofnunar sem hefur verið að yfirfara reynsluna af félagslega kerfinu og lagt sig mjög fram um það að hafa samband við sem flestar húsnæðisnefndir á landinu og heimsótt þær til þess að fara yfir reynsluna af félagslega kerfinu. Þessi nefnd mun skila mér skýrslu væntanlega innan tíðar og ég tel rétt að fá þá skýrslu í hendur áður en farið verður út í þær breytingar sem lagðar eru til af hálfu stjórnarandstöðunnar og ekki síður að menn geri sér grein fyrir því hvernig eigi að standa fjárhagslega undir þeim breytingum sem hér eru lagðar til. Það er alveg ljóst að það þarf þá að auka fjármagnið inn í félagslega kerfið og ég heyrði nefnda töluna 200 millj. sem kostaði að opna fyrir viðhaldsframkvæmdir. Ég sé þá peninga ekki á borðinu í þeim efnahagslegu þrengingum sem við erum í. Og varðandi það að rýmka lánskjörin þá er mér ekki kunnugt nákvæmlega um hvað það getur kostað.

Ég vona að þetta svari fyrirspurn sem kom fram hjá Steingrími J. Sigfússyni. Hann óskaði eftir svari mínu við því hvort ég væri tilbúin að setja af stað nefnd sem eigi að fara yfir húsnæðismálin í heild sinni að mér skildist á honum með aðild allra stjórnmálaflokka og verkalýðshreyfingar. Það er nefnd að störfum varðandi félagslega íbúðakerfið. Það er einnig nefnd að störf-

um til þess að skoða kosti og galla ríkisábyrgðar á húsbréfum og ég tel ekki ástæðu til þess að setja slíka nefnd af stað sem hv. þm. nefndi, a.m.k. ekki að sinni.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að ég hafi svarað flestum þeim fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. telur að það hafi ekki verið lögbrot að leggja niður hönnunardeildina og telur að hún hafi verið á gráu svæði. En ég vil endurtaka það sem ég sagði í upphafi eða í fyrri ræðu minni í þessari umræðu að fjárlög knýja hæstv. félmrh. ekki út af fyrir sig til þess að framkvæma þessi ákvæði sem er verið að breyta. Það er mjög algengt að ákvæði séu samþykkt í fjárlögum og breytt svo síðar. Hvað þá að vera búin að segja fólkinu að því muni verða sagt upp áður en fjárlögin eru komin fram. Það finnst mér ekki góð latína svo ekki sé meira sagt.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra nefndi hér áðan brtt. sem við flytjum hér á þskj. 1050 um endurbætur á eldra húsnæði í félagslega kerfinu og spurði hvort við gerðum okkur grein fyrir hvað þetta mundi kosta. Við gerum okkur grein fyrir því að þetta muni kosta einhverja peninga. En ég spyr ráðherra á móti: Gerir hæstv. ráðherra sér grein fyrir því hvað það kostar að þessir félagslegu íbúðir eru að rotna? Þær eru að skemmast og ég veit til að heilu blokkirnar liggja svo undir skemmdum, ef ekkert verður að gert, að eftir svona fimm ár er ekkert annað en bara að ýta þeim í burtu. Þarna er um stórmál að ræða. Hæstv. ráðherra sagði að það væri nefnd að endurskoða þetta m.a. og þá spyr ég hæstv. ráðherra: Hvers vegna í ósköpunum er hún að flýta sér með þetta frv. sem hér er til afgreiðslu? Af hverju er ekki heildarendurskoðun á þessum málum? Þetta er eitt af þeim brýnu málum sem menn bíða eftir úrlausn á.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ráðherra svarar spurningum sem fram hafa komið í umræðunni fram til þessa með svipuðum hætti og fyrirspurn hér rétt áðan í andsvari, með þögninni einni.

Mér þykir rétt að leiðrétta og bera til baka rangar fullyrðingar ráðherrans varðandi rétt hennar til að framkvæma uppsagnir og leggja niður deild á Húsnæðisstofnun ríkisins.

Það sem kom fram í fjárlögunum var ekki aðeins ályktun um það sem menn ætluðu að gera heldur var einnig sérstaklega tekið fram að það yrði flutt frv. til að afla lagalegra heimilda til að hrinda þeim málum í framkvæmd. Og í öðru lagi er það rangt sem fram kom hjá ráðherranum að svonefnd hönnunardeild hafi ekki lagastoð. Hún hefur lagastoð í 109. gr. núgildandi laga og heitir þar þjónustusvið tæknideildar. Og í bréfi ráðherrans frá 21. des., þar sem ráðherrann gefur fyrirmæli um það að störf á þessari deild verði lögð niður er skýrt tekið fram „þjónustusvið tæknideildar". Hún hefur lagastoð, virðulegur forseti. Það var einróma niðurstaða húsnæðismálastjórnar og lögfræðinga stofnunarinnar að ráðherrann hefði tekið sér vald sem hann hafði ekki.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi vil ég segja að svör hæstv. ráðherra við þeirri spurningu sem ég bar fram urðu mér nú nokkur vonbrigði. Ég gat ekki skilið hæstv. ráðherra öðruvísi en þannig að ja, þar sem starfandi væru á hennar vegum eða ráðuneytisins einar tvær nefndir, aðallega skipaðar embættismönnum ef ég veit rétt, fulltrúum ráðuneytis og embættismönnum, þá sæi hæstv. ráðherra enga ástæðu til þess að leita eftir víðtækara pólitísku samstarfi til að fara yfir húsnæðismálin. Það væri ekki ástæða til að til yrði vinnunefnd eða starfshópur mannaður fulltrúum allra stjórnmálaflokka og verkalýðshreyfingar eins og ég hafði lýst eftir.

Reyndar má segja að þetta svar sé í fullkomnum takti við málafylgju hæstv. ráðherra að öðru leyti. Þetta er í nákvæmum og fullkomnu samhengi við þá breytingu sem ráðherrann er að leggja til að húsnæðismálin þau fari meira og minna inn í félmrn., verði einkamálaflokkur félmrh. og það sé verið að tala við utanaðkomandi aðila, fólk utan fjölskyldunnar um þau mál hvort sem það er stjórnarandstaðan á hverjum tíma eða verkalýðshreyfingin eða aðrir. Ég held að hæstv. félmrh. ætti að fara aðeins yfir söguna í þessum efnum og velta því alvarlega fyrir sér hvort þetta sé skynsamleg málafylgja. Ég held að svo sé ekki. Ég er alveg sannfærður um það að eigi hæstv. núv. félmrh. að auðnast að komast sæmilega heilskinna frá þessum málaflokki, húsnæðismálunum, eftir sex ára dvöl í félmrn. hvort sem hún verður nú miklu lengri eða ekki, það skiptir ekki öllu máli, þá væri líklegasta aðferðin til þess sú hjá hæstv. ráðherra að reyna að ná mönnum saman til þess að fara yfir stöðuna í þessum viðamikla málaflokki og leita sameiginlegra lausna á þeim vanda sem þar er uppi. Vanda sem snýr bæði að greiðslubyrði þeirra sem tekið hafa lán og átt viðskipti við húsnæðislánakerfið á undanförnum árum, vanda sem snýr að ástandi húsnæðismálanna, húsnæðisskorti víða í landinu og ekki síst þeirri staðreynd að nýbyggingar dragast nú mjög saman ár frá ári og það er auðvitað í engum takti við fólksfjölgun í landinu það magn íbúðarhúsnæðis sem er að bætast við þessi árin eins og ég mun fara yfir á eftir. Öll þessi vandamál eru þarna og blasa við hverjum þeim manni sem fer eitthvað yfir stöðuna í þessum málaflokki. En hæstv. ráðherra sér ekkert annað en að sölsa öll völd undir félmrn. og klippa á þær samstarfstaugar sem verið hafa fyrir hendi með lögskipuðum hætti t.d. við aðila vinnumarkaðarins í gegnum þátttöku þeirra í stjórn Húsnæðisstofnunar. Þannig að þetta var að því leyti sem þetta var svar, hæstv. forseti, sem ég fékk þá var það auðvitað lélegt svar sem hér var gefið og ógæfulegt fyrir hæstv. ráðherra.

Í fyrsta lagi ætla ég svo, hæstv. forseti, að fara nokkrum orðum nánar um stjórnsýsluþátt málsins sem hér hefur orðið af eðlilegum ástæðum talsvert um-

ræðuefni. Ráðherranum barst ákveðinn liðsauki ef svo má segja í hv. 3. þm. Vestf. sem reyndi að gera gott úr hlutunum og segja að þetta væri ekki svo mikil breyting í sjálfu sér og að Húsnæðisstofnun yrði nú talsvert merkileg stofnun þrátt fyrir allt og hefði ýmis verkefni samkvæmt 4. gr. þó svo gerðar yrðu þessar breytingar. Sem sagt reyndi að gera gott úr þessu og slétta þetta. En hafði að mínu mati ekki erindi sem erfiði. Hv. þm. vitnaði þá aðallega í 4. gr. frv. þar sem farið er yfir hlutverk húsnæðismálastjórnar. Satt best að segja er það þannig að jafnvel þegar sú grein er lesin sérstaklega og skoðuð ein og sér þá gefur hún stjórninni ekki ýkja feitt hlutverk. Það er að vísu að hafa umsjón með fjárhag, rekstri og annarri starfsemi stofnunarinnar og sjóðanna og gæta þess að starfað sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Það er auðvitað mjög göfugt hlutverk stjórnarinnar að passa upp á það að menn séu ekki að brjóta lögin mjög gróft þarna í Húsnæðisstofnun.

Í öðru lagi er það að gera tillögur til félmrh. Þetta er auðvitað skínandi gott að þá munu félmrh. og húsnæðismálastjórn gera tillögur á víxl hvorir til annars. Ráðherra gerir tillögur um verkefni handa Húsnæðisstofnun og húsnæðismálastjórn gerir tillögur til ráðherra um fjárhagsáætlun og því um líka hluti.

Í þriðja lagi á stjórnin að vísu að fara með úthlutun lána til framkvæmdaraðila til félagslegra íbúða. En áður en lánveitingar fara fram skal leita staðfestingar félmrh. á forsendum lánveitingar og skiptingu lánsfjár milli útlánaflokka. Þannig að ekki einu sinni þar hefur stjórnin neitt endanlegt sjálfstæði heldur þarf hún að bera þá hluti undir ráðherrann.

Í fjórða lagi, hvað er það sem talið er upp í 4. gr.? Að fjalla um önnur mál sem ráðherra eða framkvæmdastjóri leggur fyrir hana. Í raun og veru er þetta þannig að í þessum fjórum töluliðum eru verkefni þannig sett upp að í fyrsta lagi á stjórnin að sjá um að starfað sé samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum og ekki gefur það henni mjög mikið vald í sjálfu sér annað en það að hún getur bent á að ef menn ætla að fara að fremja lögbrot, í öðru lagi á hún að gera tillögur til félmrh., í þriðja lagi á hún að úthluta en leita þó staðfestingar félmrh. og í fjórða lagi má hún gera það sem félmrh. felur henni. Þetta er nú 4. gr. sem hæstv. 3. þm. Vestf. gerði þó að aðalrökstuðningi sínum fyrir því að húsnæðismálastjórn yrði nú býsna merkilegt apparat eftir sem áður.

En ég benti á í andsvari og vil gera það betur hér, hæstv. forseti, að það er auðvitað þannig þegar maður les lagafrv. eða lög þá byrjar maður yfirleitt á byrjuninni, fremst, það geri ég a.m.k., ég les fyrst 1. gr. svo 2. gr. o.s.frv., hvernig sem hv. 3. þm. Vestf. les lög. Mér er alveg sama um það þótt hann byrji yfirleitt í 4. gr. og fari svo fram eftir textanum. Ég byrja sem sagt á 1. gr. og þar er í raun og veru um mjög afdráttarlausa breytingu að ræða þar sem hugtakið sjálfstæð ríkisstofnun er fellt út, þar sem sett er inn að Húsnæðisstofnun skuli vera ráðgefandi fyrir félmrn. og önnur stjórnvöld og fara með þau verkefni sem ráðherra feli henni. Þetta er auðvitað alveg skýrt. Í raun og veru er sáralítið sjálfstætt vald eða sjálfstæð verkefni skilin eftir handa þessari stjórn eins og sést þegar 1., 2., 3. og 4. gr. eru lesnar saman. Því meira að segja í 4. gr. sem hv. 3. þm. Vestf. — veri hann hjartanlega velkominn — vitnaði til þá stendur félmrh. í öðru hverju orði. Það eru tillögur til félmrh. eða samkvæmt verkefnum sem félmrh. ákveður eða að fenginni staðfestingu félmrh. Þannig að félmrh. er alls staðar á fleti fyrir þar sem stjórnin er yfirleitt nefnd. Í 2. gr. setur að sjálfsögðu félmrh. reglugerð um skipulag Húsnæðisstofnunar þar á meðal skiptingu hennar í svið og deildir o.s.frv. Í 3. gr. kemur fram að ráðherra skipar formann og varaformann húsnæðismálastjórnar, eins þótt stjórnarskipti verði á miðju kjörtímabili. Það er því tryggt að formaður og varaformaður stjórnarinnar á hverjum tíma er alltaf skipaður af sitjandi félmrh. Þannig að í gegnum það hefur ráðherrann auðvitað mjög sterka stöðu. Sú breyting sem 3. gr. frv. gerir ráð fyrir á 4. gr. laganna um kosningu stjórnarinnar er líka mjög afgerandi. Og ég sakna þess að menn hafi tekið það betur upp hér í umræðunni. Það gerbreytir samsetningu og hlutföllum í húsnæðismálastjórn að hún verður hrein þingkjörin stjórn og út úr henni hverfa fulltrúar aðila vinnumarkaðarins. Vegna þess að þeir hafa í raun verið í oddaafstöðu milli fylkinga í húsnæðismálastjórn. Þannig hefur það í jafnan verið að þar hefur aldrei myndast meiri hluti nema annaðhvort nái saman fulltrúar aðila vinnumarkaðarins og fulltrúar meiri hluti eða minni hluta sitjandi ríkisstjórnar á Alþingi, eðli málsins samkvæmt eins og stjórnin er mönnuð í dag. Þessu verður breytt. Langlíklegast er að þar sitji jafnan hreinn pólitískur meiri hluti ríkisstjórnar á hverjum tíma og formaður og varaformaður stjórnarinnar komi úr þeirra röðum. Þá er þetta auðvitað orðinn algjör vasi á hæstv. félmrh. og ríkisstjórninni eins og hún er á hverjum tíma. Það þýðir ekkert að tala um það að hér sé í raun og veru þrátt fyrir allt ekki á ferðinni neitt svo óskaplega mikil breyting. Það er algerlega vonlaust mál að horfa fram hjá því að þarna er verið að taka grundvallarstefnubreytingu varðandi stjórnskipulega stöðu og hlutverk þessarar stofnunar og þó sérstaklega stjórnar hennar.

Ég get tekið undir það sem einhver hagorður maður, væntanlega 1. þm. Austurl. mun hafa látið falla hér á dögunum að það sé þá ekki orðinn mikill munur á að hafa þetta skúffu í félmrn. eða þetta fyrirkomulag. Ég segi alveg eins og er að ekki mun ég öfunda þá ágætu menn sem taka þarna sæti í stjórn undir þessum skilmálum. Það er mikið nær held ég að félmrh. tilnefni bara aðstoðarmenn sína eða fjölskyldu sína eða einhverja slíka menn í stjórn heldur en að vera að baksa við að þingkjósa stjórn inn í þetta skipulag sem hér á að setja upp. Það er niðurlægjandi að mínu mati fyrir Alþingi að eiga að kjósa stjórn inn í stjórnskipulag af þessu tagi. Það er í beinni andstöðu við það hlutverk sem ég hef skilið vera hlutverk þingkjörinna stjórna, þar sem þær eru yfirleitt fyrir hendi þá sé það jú þannig að það sé til þess að tryggja þeim stofnunum tiltekið sjálfstæði og í raun og veru lyfta hlutverki þeirra með því að Alþingi kjósi stjórnirnar beint.

Þetta læt ég nægja um stjórnsýsluþáttinn að sinni, hæstv. forseti. Ég vænti þess að menn reyni nú ekki að þrasa mikið um þetta. Þetta er alveg morgunljóst — eins og fyrrv. flugmálastjóri tók stundum til orða — það er alveg morgunljóst hvað hæstv. félmrh. ætlast fyrir með þessum breytingum.

Það sem ég í öðru lagi vildi nefna og ræða lítillega við hæstv. félmrh. er staða mála varðandi sparnað í rekstri Húsnæðisstofnunar. Nú er það þannig að í síðasta fjárlagafrv. og í gildandi fjárlögum er gert ráð fyrir að það mundi verða sparað geysimikið fé í Húsnæðisstofnun og það var ein aðalröksemdin fyrir því að leggja niður hönnunardeild og gera þessar breytingar sem hæstv. ráðherra knúði fram um áramótin áður en lagaheimildir voru veittar fyrir því, m.a. með uppsögnum og slíkum ráðstöfunum það var að það ætti að spara peninga í rekstri Húsnæðisstofnunar. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvernig það gangi. Hvernig líti út með að Húsnæðisstofnun nái að reka sig á þeim fjármunum sem henni voru ætlaðir í það verkefni samkvæmt fárlögum. Reyndar væri fróðlegt að hæstv. ráðherra upplýsti í leiðinni hvernig fjáröflun og fjármögnun byggingarsjóðanna stendur á þessum tímamótum sem við erum hér að ræða frv. Við í efh.- og viðskn. höfum ekki fengið neinar nýjar upplýsingar um mál frá því um áramót en þá var staðan harla dökk eins og kunnugt er, vantaði milljarða upp á að sjóðirnir hefðu náð til sín því fjármagni sem þeim var ætlað og það þurfti að leysa með alls konar bráðabirgðareddingum í gegnum Seðlabanka o.s.frv.

En satt best að segja þá held ég að þetta brambolt allt í sambandi við breytingar á skipulagi og rekstri Húsnæðisstofnunar sé afar illa undirbyggt og litlar innstæður fyrir því eins og fleiru sem hæstv. ríkisstjórn hefur rokið út í á þessum sviðum. Það virðast ætla að verða örlög fleiri ráðherra en hæstv. heilbrrh. og hæstv. landbrh., sem eru frægir að því orðnir að framkvæma fyrst og hugsa svo, tala fyrst og hugsa svo eins og þeirra eigin flokksbræður hafa nú upplýst, ef hæstv. félmrh. ætlar að fara í þetta sama hjólfar. Ég held að það hafi ekki verið staðið með mjög faglegum hætti að úttekt á starfsemi Húsnæðisstofnunar og tillögugerð í sambandi við breytingu á rekstri hennar, satt best að segja. Og ég leyfi mér stundum líka að spyrja að því: Sparnaður fyrir hvern og í þágu hverra? Það kann að vera að það sé bókhaldslega hægt að sýna þarna fram á eitthvað lægri útgjöld ríkissjóðs en ef það leiðir í staðinn til aukinna útgjalda sveitarfélaga eða jafnvel þeirra sem eru að fá inni í félagslegu íbúðarhúsnæði þá er það ekki þjóðhagslegur sparnaður lengur sem menn ættu að guma sig mikið af og allra síst hæstv. félmrh. sem heldur stundum ræður um það hvað smælingjarnir eigi bágt og tekjuskiptingin sé óréttlát í þjóðfélaginu eins og kunnugt er. Það er skemmst að minnast endurtekningar á slíkri ræðu hér í gærkvöldi í eldhúsdagsumræðum. Á hinn bóginn er Seðlabankinn mjög dýr eins og kunnugt er en hæstv. félmrh. fer ekki með það mál eins og kunnugt er.

Nei, það liggur fyrir ein skýrsla sem ég hef komið höndum yfir eftir mikinn barning um þetta mál og það er þessi greinargerð til félmrh. um möguleika á aukinni hagkvæmni í rekstri Húsnæðisstofnunar ríkisins frá Hagsýslu ríkisins, dags. í ágúst 1992. Afar merkilegt plagg, hæstv. forseti, og væri nú ástæða til að alþingismenn yrðu sér úti um þetta umvörpum og vænti ég að það sé hægt að vera þeim innan handar um eintak til að fjölfalda ef bókasafn Alþingis á þetta ekki. Að vísu er rétt að taka það fram að það eintak sem ég hef undir höndum er stimplað trúnaðarmál og lengi vel var skýrslan eitthvert best varðveita leyndarmál ríkisins á sl. hausti. Það var ákaflega erfitt að fá að koma höndum yfir hana en ég barði hana út að lokum sem varamaður í stjórn Húsnæðisstofnunar.

Það er margt merkilegt í þessari skýrslu en ég held, og ég vitnaði reyndar lítillega í hana áður við 1. umr. málsins, að það sé rétt að grípa aðeins niður í henni aftur vegna þess að margt sem þar er sagt tengist auðvitað þeirri stefnubreytingu sem hér er bersýnilega á ferðinni þótt hæstv. félmrh. hafi verið fáorður þar um. Ég leyfði mér að nefna lítillega í fyrri ræðu minni við þessa umræðu að ég sæi ekki betur en allt félli þetta saman í þann farveg að það væri meira og minna verið að leggja niður allt sem héti opinbert húsnæðislánakerfi, opinber fyrirgreiðsla til almennra íbúðarbygginga í landinu. Það sem eftir ætti að standa eftir sex ára eða guð má vita hvað langa dvöl jafnaðarmannaráðherrans í ráðuneytinu væru einhverjar leifar af félagslegu húsnæðiskerfi. Það væri það sem ætti að standa eftir en annað yrði lagt niður.

Hvort sem það er svo að höfundar þessarar skýrslu túlki að öllu leyti sjónarmið hæstv. ráðherra og eða öfugt, hæstv. ráðherra hafi fallist á þeirra sjónarmið, þá tel ég ástæðu til þess að spyrja hæstv. ráðherra svolítið út úr atriðum sem hér eru sett á blað. Vegna þess að það er þá væntanlega upplýsandi fyrir okkur hvað í vændum er, hver stefnan er í þessum málaflokki í heild sinni hjá hæstv. ráðherra. Hæstv. ráðherra hefur nýlega neitað því að aðrir en útvaldir gæðingar ríkisstjórnarinnar eða félmrn. komi að húsnæðismálum á næstunni. Það sé ekki á dagskrá að taka tilboði um eitthvert samstarf við stjórnarandstöðu eða verkalýðshreyfingu um húsnæðismálin. Þá er ekki nema rétt og skylt að hæstv. ráðherra upplýsi eitthvað um það hver meginstefnan er.

Í fyrsta lagi kemur maður auðvitað að þessum einkavæðingarþætti og sölu á eignum tæknideildarinnar sem mikið er búið að ræða hér og þarf í sjálfu sér ekki að bæta miklu við að mínu mati. Það er hins vegar fróðlegt að á bls. 1 í skýrslunni er strax tekið til við að setja fram nokkuð sérkennilegar fullyrðingar sem Hagsýsla ríkisins, hvaða batterí sem það er til þess að koma með slíka salómonsdóma um viðtekna hugsun í umræðum um umsvif og rekstur hins opinbera. Þar segir til að mynda með leyfi forseta: „Það er að mörgu leyti í andstöðu við almenn sjónarmið um hlutverk ríkisstofnana að Húsnæðisstofnun reki arkitekta- og verkfræðistofu."

Í fyrsta lagi er það þannig að það hefur Húsnæðisstofnun aldrei gert. Og í öðru lagi hlýt ég að spyrja: Hver eru þessi almennu sjónarmið um hlutverk ríkis-

stofnana sem Hagsýsla ríkisins er að vitna í? Er ríkisstjórnin búin að gefa út handbók um það hvað skuli teljast löggiltar skoðanir og löggilt viðhorf til ríkisstofnana og er það þessi einkavæðingarlína? Er búið að lögfesta það í landinu að það eigi almennt að vera hugsunarháttur fólks að draga eigi úr umsvifum ríkisins alls staðar sem hægt er?

Þótt þessi ríkisstjórn hafi þá pólitísku stefnu að hún vilji einkavæða ríkisrekstur sem víðast, þá veit ég ekki til þess að það sé búið að löggilda það sem almenn viðhorf í þjóðfélaginu. Mér finnst fulllangt gengið að halda því fram og reyndar má spyrja sig að því hvort hið gagnstæða sé ekki það sem endurspeglast m.a. í viðhorfum til ríkisstjórnarinnar í skoðanakönnunum þessa dagana.

Svona fullyrðingum út í loftið án nokkurs rökstuðnings vísar maður auðvitað til föðurhúsanna og það gerir ekki þetta innlegg Hagsýslunnar merkilegra að mínu mati.

Margt fleira mjög furðulegt er í þessari skýrslu sem lýtur að tæknilegum þáttum þar og fullyrðingum sem tengjast rekstri stofnunarinnar og öðru líku. En það sem ég ætla aðallega að koma að, hæstv. forseti, eru kaflar sem fjalla einkum um rekstur Húsnæðisstofnunar og þá útboð á einstökum þáttum í starfi hennar svo sem á starfsemi veðdeildar og innláns- og innheimtudeildar og munar um minna ef á að bjóða það allt út. Þar eru mjög athyglisverðar setningar sem ég held að sé nauðsynlegt að taka upp í samhengi við þetta frv. Á bls. 9 segir í skýrslunni:

„Umræðan hér að framan hefur að mestu miðast við möguleika á því að sú þjónusta sem veðdeildin og innláns- og innheimtudeild annast í dag verði boðin út sem ein heild. Það er einnig hægt að hugsa sér að í stað útboðs verði ákveðnir verkþættir færðir til bankakerfisins, bankarnir fái þá heimild til að annast vissa verkþætti í gegnum heimild til gjaldtöku." Þetta er mjög sérkennileg setning satt best að segja. Er það þetta sem hæstv. félmrh. er með í sigti, að afhenda bönkunum einhvern tiltekinn hluta þessara verkefna sem verið hafa í Húsnæðisstofnun ríkisins og afhenda þeim með heimild til gjaldtöku? Hvers konar heimild þá? Hvað á þetta að þýða og hvernig tengist þetta frumvarpsflutningi hæstv. ráðherra sem eins og kunnugt er var í framhaldi af útkomu þessarar skýrslu?

Síðan segir í niðurstöðu Hagsýslunnar — og ég vil spyrja hæstv. ráðherra, er hæstv. ráðherra sammála þessum niðurstöðum skýrslunnar og stofnunarinnar?

„Lagt er til að markvisst verði unnið að því að breyta verkaskiptingu Húsnæðisstofnunar og bankanna með því markmiði að færa aukinn hluta húsnæðislána yfir í bankakerfið og tryggja samkeppni milli þeirra á þessu sviði."

Er hæstv. félmrh. sammála þessari tillögu Hagsýslunnar? Eru breytingar hæstv. félmrh. á lögum um Húsnæðisstofnun í og með hugsaðar í þá veru að ráðherrann fái vald til að hrinda svona hlutum í framkvæmd? Það er eðlilegt að hæstv. ráðherra svari því um leið og hann er að sækjast eftir auknum völdum yfir stofnuninni hér.

Síðan segir enn í skýrsluni á bls. 13 í sérstökum kafla um flutning verkefna til bankakerfisins. Þar er m.a. fjallað um húsbréfakerfið og ég held ég lesi bara þann kafla, með leyfi forseta, hann er ekki langur, einar sex átta línur:

„Með tilkomu húsbréfakerfisins varð meginbreyting á fyrirkomulagi fjármögnunar almennra húsnæðislána. Í upphafi var um það rætt að húsbréfakerfið mætti síðar flytja að verulegu leyti til bankakerfisins og hefur nokkuð verið unnið í þá átt, sérstaklega með tilflutningi greiðslumats til bankanna. Engin tímasett verkáætlun er til um flutning húsbréfakerfisins til bankakerfisins og ekki hefur verið unnið að því á markaðan og skilgreindan hátt. Full ástæða er til að athuga þessi mál frekar og þá ekki síður möguleg áhrif ákvæða EES-samnings á stöðu ríkisrekins húsbréfakerfis. Í framhaldi af slíkri athugun væri hægt að móta markvissa stefnu um frekari tilflutning verkefna til banka og annarra fjármálastofnana."

Hvað er hér verið að boða og í hvaða samhengi er frumvarpsflutningur hæstv. ríkisstjórnar við þessi sjónarmið sem hér eru sett fram með býsna afdráttarlausum hætti að í raun og veru beri að stefna að því að flytja þessi verkefni meira og minna og eins og hægt er til bankakerfisins með þeim afleiðingum sem það hlýtur auðvitað að hafa? Ég sé ekki annað en með því sé verið að kveða upp endalok yfir því kerfi, yfir þeirri hugsun, að við lýði sé eitthvert hagstæðara lánafyrirkomulag til almennra húsbyggjenda eða húskaupenda heldur en gengur og gerist úti á bankamarkaðinum. Það eigi þá ósköp einfaldlega að afskrifa þann möguleika að í gegnum útlánakerfið, lánskjör þar, séu menn á einhvern hátt studdir til þess að komast yfir íbúðarhúsnæði.

Enn leggur Hagsýslan til í þessari skýrslu á bls. 13 að gjaldtaka fyrir þjónustu Húsnæðisstofnunar sé aukin. Þar segir í kafla 5.4: „Aukin gjaldtaka. Yfirstjórn Húsnæðisstofnunar leggur áherslu á að eðlilegt sé að auka gjaldtöku stofnunarinnar og draga þannig úr beinum framlögum til rekstrar. Gjaldtaka fyrir opinbera þjónustu er pólitísk ákvörðun" o.s.frv.

Er þetta líka hluti af stefnu hæstv. ráðherra? Hvaða samhengi er hér milli hlutanna, þessarar skýrslu sem var unnin að ósk hæstv. félmrh. og var aðalrökstuðningurinn fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til, a.m.k. hvað varðar rekstur Húsnæðisstofnunar, tæknideildar og hönnunardeildar? Svo mikið er víst að þá var gripið til skýrslunnar. Er það þá þannig að sumt sé nothæft úr henni en annað ekki, hæstv. ráðherra?

Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra tjái sig nokkuð um þessa skýrslu og um þær áherslur sem þarna eru lagðar og í hvaða samhengi breytingarnar á stjórnkerfi Húsnæðisstofnunar og auknu valdi ráðherra í því sambandi eru við þessi áform.

Þetta tengist auðvitað spurningum um stefnumótun í okkar húsnæðismálum almennt séð og hvernig menn ætla að taka á þeim málum í framhaldinu. Mér er það alveg ljóst að núverandi ástand þessara mála gengur ekki upp, hvorki í bráð né leynd, allra síst í lengd. Það er að mínu mati eingöngu tímaspursmál hvenær grípa

verður til róttækra ráðstafana vegna vaxandi greiðsluerfiðleika fólks í húsnæðislánakerfinu og líka vegna hins að ástand á húsnæðismarkaði mun fara hríðversnandi á komandi árum ef ekkert verður aðhafst í þeim efnum. Nærtækast (Gripið fram í.) — hvað er þessi maður að gapa hér, hæstv. forseti, fram í? Er hv. þm. Egill Jónsson orðinn eitthvað órólegur? Er farið að bera á Seljavöllum eða þarf að fara að setja niður kartöflur og hv. þm. má ekki vera að þessu? Það hefur alltaf verið talið til marks um slæmar taugar ef menn geti ekki haldist kyrrir fyrir í sætum sínum og þurfi að ganga um gólf eins og hv. þm. Annars á hann það við forseta hvernig hann vill hegða sér í þingsalnum en ekki mig.

Ég held að það væri mjög upplýsandi fyrir menn ef hæstv. félmrh. lýsti svolítið viðhorfum sínum til þessara stærstu þátta húsnæðismálanna áður en umræðunni lýkur. Þá á ég sérstaklega við það sem ég hef verið að nefna. Í fyrsta lagi þessa stefnumarkandi þætti. Í öðru lagi stöðu húsbréfakerfisins, afföllin þar, greiðslubyrðina eins og hún hefur þróast þar. Hæstv. ráðherra byggði málflutning sinn á árunum þegar það átti að reyna að sanna það fyrir mönnum að húsbréfakerfið með styttri lánstíma og hærri vöxtum heldur en eldra fyrirkomulag væri samt til hagsbóta lántakendum. Hann byggði málflutning sinn aðallega á því að vegna þess að í húsbréfakerfinu fælist meiri fjármögnun heldur en áður hefur verið þá slyppu menn við skammtímalántökur af ýmsu tagi á enn verri kjörum. Þetta var nú grundvöllur útreikninganna sem átti að sýna fram á það hvað húsbréfakerfið væri þrátt fyrir allt hagstætt mönnum. Það gekk að vísu ýmsum illa, og þar á meðal ræðumanni, að skilja það að lán sem væru til 25 ára í staðinn fyrir til 40 ára, að lán sem væri með 6% vöxtum í staðinn fyrir 3,5% og lán sem væri þar á ofan með bullandi afföllum á markaði væri hagstæðara heldur en hitt. En engu að síður hélt hæstv. félmrh. þessu fram og hefur gert fram undir þetta. Nú held ég að dómur reynslunnar sé að koma í ljós. Sá dómur reynslunnar að auðvitað eru húsbréfalánin með styttri lánstíma, hærri vöxtum og meiri afföllum, dýrari og erfiðari. Það er enginn sem hefur sannað eða sýnt fram á það með neinum haldbærum hætti að viðbótarfjármögnun manna á húsnæðiskostnaði sínum í eldra kerfi hafi verið dýrari en sá sem þeim stendur nú til boða. Þó við gerðum ekki annað en að leggja það að jöfnu þá hlýtur í öllu falli að vera ljóst, eins og mál hafa þróast síðan, á síðustu tveimur árum eða svo, þá hefur greiðslubyrði manna verið að stórþyngjast í hlutfalli við laun. Það er alveg augljóst mál. Hæstv. félmrh. getur að mínu mati ekki sloppið frá umræðunni án þess að tjá sig eitthvað um þessa þætti.

Það er verið að birta núna nýja þjóðhagsspá um enn meiri niðurskurð ráðstöfunartekna fólks heldur en áður hafði verið boðaður. Hvað þýðir það fyrir fólk, þær þúsundir sem eru nýbúar að taka lán alveg upp að efri mörkum sinnar greiðslugetu og hafa gert á undanförnum árum, en mæta núna minnkandi kaupmætti, minni vinnu, minni yfirvinnu ef ekki atvinnuleysi eins og er í verstu tilvikunum? Það þýðir ekki, hæstv. félmrh., að vitna í það að hv. formaður þingflokks Alþfl. hafi flutt einhverja sýndarmennsku þáltill., sem að sjálfsögðu hefur ekki staðið til að afgreiða, um að menn eigi að vera góðir við fólk sem á í greiðsluerfiðleikum. Alþb. bjargar sér ekki í land á því sundbelti, hæstv. félmrh.

Að lokum, hæstv. forseti, þá ætla ég að ræða aðeins við hæstv. félmrh. um stöðu húsbygginganna. Ég hef að vísu reynt í allan dag að ná í Húsnæðisstofnun til að fá þar nýjustu upplýsingar en þó svo ég hafi talið upp alla þá yfirmenn sem mér eru kunnugir á þeirri stofnun þá hefur enginn þeirra getað komið í símann, sökum fundahalda. Ég ætlaði t.d. að fá upplýsingar um það hjá stofnuninni, ef þær væru til eða komnar þangað frá Þjóðhagsstofnun eða Hagstofu, hvernig staðan væri með byggingu íbúðarhúsnæðis eða hefði orðið á árinu 1992 því nýjustu upplýsingar sem ég hef undir höndum eru í ársskýrslu Húsnæðisstofnunar fyrir árið 1991. E.t.v. veit hæstv. félmrh. um þetta og getur bætt okkur upp þann upplýsingaskort síðar í umræðunni.

Ég hef svolítið verið að fara yfir þessar tölur og skoðað tímabilið frá 1971 til og með 1991 eða rúma tvo áratugi. Það er satt best að segja harla merkilegt þegar farið er t.d. yfir tölur um fjölda íbúða í byggingu, þ.e. allar íbúðir sem eru á byggingarstigi á þessu tímabili eða fjölda íbúða sem eru fullgerðar á hverju ári, hvernig það hefur verið að þróast. Ég er ekki viss um að allir hv. alþm. hafi áttað sig á því hvernig þróunin hefur verið þar síðustu árin. En það er þannig að eins og kunnugt er var lítið byggt og lítið gert á þessu sviði eins og fleirum á viðreisnarárunum og fyrstu árin þar á eftir. Þannig voru sárafáar íbúðir fullgerðar eða í byggingu þegar stjórnarskipti urðu á árinu 1971. Það ár voru fullgerðar 1.362 íbúðir en í byggingu voru 3.510. Þetta tekur síðan stórt stökk upp á við á næstu árum. Ef við tökum fyrst fjölda íbúða sem fullgerðar eru á hverju ári þá vex hann úr þessum 1.362 árið 1971 í 1.930 árið 1972 og í 2.200 árið 1973 og er síðan á milli 2.100 og 2.300 öll árin frá 1973 til 1980. Þá dregur aftur úr þessum byggingum og fjöldi íbúða sem fullgerðar eru fer niður í rúmar 1.620 íbúðir árið 1981 og er á bilinu 1.500 til tæplega 1.800 íbúðir öll árin 1981 til 1990 þangað til árið 1991 en þá lækkar þessi tala niður fyrir 1.500 íbúðir, í fyrsta sinn síðan í lok viðreisnaráranna. Ég hef grunsemdir um að þessi tala sé svipuð eða enn lægri á nýliðnu ári. Hefur hæstv. félmrh. upplýsingar um hversu margar íbúðir voru fullgerðar á landinu öllu árið 1992? Skyldi það ekki vera svona viðreisnartala? Að það sé komið niður fyrir 1.500 íbúðir?

Ef við skoðum tölur um fjölda íbúða sem eru í byggingu eða á byggingarstigi á hverju ári þá er þar að sjálfsögðu um náskyldar tölur að ræða. Í lok viðreisnaráranna eru um 3.500 íbúðir á byggingarstigi, þ.e. miðað við 31. des. hvers árs, en sú tala vex síðan óðfluga og fer talsvert á sjötta þúsund á miðjum áttunda áratugnum og er í raun og veru öll árin fram til 1985 á milli 4.000 og 5.000 íbúðir eða þar yfir. Hún hefur síðan farið lækkandi og á árinu 1991 er aðeins 3.651 íbúð í byggingu eða á byggingarstigi og lækkaði væntanlega enn á nýliðnu ári.

Menn geta auðvitað farið út í reikningssamanburð ef þeim sýnist svo og spurt sig hvernig okkur duga 1.490 fullgerðar íbúðir á hverju ári miðað við 1%, og þar yfir, fjölgun landsmanna á hverju ári sem þýðir að 2.600 nýir einstaklingar eða meira bætast við í landinu. Þá þarf ekki flókna útreikninga miðað við meðalstærð fjölskyldna í landinu o.s.frv. til að sjá að þetta dugar ekki. Þetta dugar tæplega fyrir viðbótinni eins og hún er vegna fólksfjölgunar í landinu hvað þá til að mæta eðlilegri endurnýjun á húsnæði sem auðvitað er verulegur hluti af húsnæðisþörfinni á hverjum tíma, þ.e. nauðsynlegar nýbyggingar til að ganga upp á móti íbúðarhúsnæði sem verður óíbúðarhæft, er rifið eða hverfur úr notkun af einhverjum ástæðum. Ég held að ekki sé hægt að ræða húsnæðismál af einhverju viti nema menn fari yfir þessar tölur.

Nú er ekki vandinn að ekki hafi verið settir miklir pengingar undanfarin ár í húsnæðismálin, það er ekki skýringin á því hversu nýbyggingar eru að dragast hratt saman. Öðru nær. Í raun og veru hafa aldrei verið settir aðrir eins peningar til húsnæðismálanna eins og einmitt tvö til þrjú nýliðin ár þegar að hluta til sköruðust bæði eldra lánakerfi og húsbréfakerfið og útgáfa húsbréfa varð gríðarleg t.d. á árinu 1991 eins og kunnugt er. Hins vegar fóru fjármunirnir í annað en nýbyggingar. Í annað en stuðning við það fólk sem var að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð. Þeir fóru að langmestu leyti í að veðsetja notað skuldlítið íbúðarhúsnæði í landinu. Til er óhemjuveðrými í notuðu íbúðarhúsnæði vegna þess að á verðbólgutímanum afskrifaðist það nánast að fullu. Ég sló á það einhvern tímann fyrir nokkrum árum að veðrýmið í notuðu íbúðarhúsnæði í landinu væri um 300 milljarðar. Það má því moka út miklu af húsbréfum áður en allt það húsnæði er veðsett upp í topp. Það leysir ekki húsnæðisvanda Íslendinga og það held ég að sé sá vandi sem við eigum m.a annars við að glíma að þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru eða hafa verið á undanförnum árum þarf að beina með öðrum hætti inn í málaflokkinn. Meiri áherslu þarf að leggja á að aðstoða þá sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn og auðvelda þeim að komast yfir erfiðasta þröskuldinn í þessu öllu saman sem eru fyrstu kaupin. En að sama skapi ætti að draga þá frekar úr stuðningnum eða fjármokstrinum yfir á notaða fasteignamarkaðinn sem þjónar alls ekki þeim tilgangi eins og ég hef sagt að leysa þörfina þar sem hún er fyrir hendi. Auðvitað verður að reyna að örva nýbyggingar á nýjan leik þannig að endurnýjun íbúðarhúsnæðis sé í sæmilegum takti við fólksfjölgun í landinu og nauðsynlega endurnýjun á húsnæði vegna úreldingar þess. Það er auðvitað mikilsvert verkefni í sjálfu sér.

Hæstv. forseti. Ég held að ég hafi þessi orð ekki öllu fleiri. Ástæða og tilefni væri til að ræða margt í sambandi við stöðu húsnæðismála þegar á ferðinni er frv. um þau efni og væri æskilegt ef hæstv. félmrh. vildi auðvelda þá umræðu með því að taka þátt í henni og svara ekki bara því sem beint er um spurt nánast með eins atkvæðis orðum heldur lýsa viðhorfum sínum eitthvað til þessara mála og fara yfir málaflokkinn eins og hann stendur og koma inn á helstu vandamál og helstu álitamál sem hafa verið gerð að umtalsefni þannig að það hægt sé að skiptast á skoðunum við hæstv. ráðherra um þessi mál.

Eins og kunnugt er og ég veit að hæstv. ráðherra man ef hæstv. ráðherra hugsar sig vel um er hæstv. félmrh. búinn að fara með það embætti í sex ár. Stundum sýnist mér að vísu hjá hæstv. ráðherra þegar öðrum er kennt um það sem miður hefur farið í málaflokknum að þá virðist hæstv. félmrh. hafa mikla fjarvistarsönnun en er svo á vettvangi þegar annað betur og meira til vinsælda fallið ber upp á. T.d. vakti athygli mína að hæstv. félmrh. hefur bæði í blaðagreinum og ræðum kennt fyrrv. fjmrh. um bágar fjárveitingar til húsnæðismála í tíð fyrri ríkisstjórna og talið það vera fyrst og fremst til marks um djöfulskap hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og mannvonsku hans og illsku Alþb. að ekki hafi verið betur lagt til húsnæðismálanna í tíð fyrri ríkisstjórnar. En hvað gerist svo? Svo kemur ný ríkisstjórn og hæstv. félmrh. vill meina að það sé betur gert við húsnæðismálin. Hverjum er það þá að þakka? Ekki Friðrik Sophussyni, nei, heldur hæstv. félmrh. Þetta held ég að sé eitthvert allra skýrasta málið um hráskinnsleik af þessu tagi sem ég hef séð á prenti á síðari árum. Þetta mun að vísu hafa verið tíðkað eitthvað í fleiri flokkum, það er rétt, en hverjir vilja eiga höfundarrétt á þessari formúlu skal ég ekki blanda mér í umræður um.

En hæstv. félmrh. situr víst uppi með það að hafa borið ábyrgð á húsnæðismálum samfellt í sex ár og þar með auðvitað á fjárveitingum til þess málaflokks og sætt sig við þær og stutt þær hvort sem fjmrh. hefur heitið Ólafur Ragnar Grímsson, Friðrik Sophusson eða Jón Baldvin Hannibalsson hér fyrst í tíð hæstv. félmrh. Og auðvitað verður að horfa til hæstv. félmrh. þegar t.d. tekjuskiptingin í þjóðfélaginu er rædd. Hæstv. ráðherra hefur í nokkur skipti, tvö til þrjú ár í röð haldið sömu ræðuna um það hvernig tekjuskiptingin í þjóðfélaginu hafi þróast á skelfilegan hátt síðustu árin. Hver hefur verið félmrh. á þessum tíma? Hæstv. núv. félmrh. Talar samt eins og það sé einhverjum allt öðrum og vondum mönnum að kenna að tekjuskiptingin í þjóðfélaginu hafi þróast óæskilega en hefur borið ábyrgð á málefnum vinnumarkaðarins í sex ár. Auðvitað er ekki hægt að ræða þetta svona, hæstv. félmrh., ef farið er ofan í saumana á því. Ekki er það heldur merkilegur málflutningur að grípa til Seðlabankans einu sinni enn þegar menn eru komnir í rökþrot í Alþfl. Mikið er nú Seðlabankinn búinn að vera þeim notadrjúgur hv. þm. Alþfl. og hæstv. ráðherrum frá því að formaður þess flokks reið um landið fyrir kosningar 1987 og lýsti því sem forgangsverkefni sínu að reka Jóhannes Nordal. Fyrsta verk sem hann mundi beita sér fyrir kæmist hann til valda yrði að reka Jóhannes Nordal. Síðan kom ræðan um blýantsnagið, að þar í Seðlabankanum gerðu menn ekki annað en naga blýanta og þetta væri óþörf stofnun og mætti leggja hana niður — musteri og allt það. Hvað gerðist svo? Alþfl. fékk viðskrn. og hefur farið með það í fimm ár a.m.k. ef ekki sex. Enn er Jóhannes Nordal á sínum stað. Nú er hann

að vísu að hætta af sjálfsdáðum. Búinn að biðja um það í eitt ár að fá að hætta. Sömu mennirnir og ætluðu að reka hann 1987 eru búnir að biðja hann að sitja áfram af því að þeir höfðu ekki tilbúinn alþýðuflokksmann í embættið. Þetta urðu örlög Alþfl. í málinu og enn kemur hæstv. félmrh. með Seðlabankann. Enn er Seðlabankinn sökudólgurinn. Ekki er sparað í rekstri Seðlabankans, segir hæstv. félmrh., og ætlar að kaupa sér samúð og velvild hinna bágstöddu úti í þjóðfélaginu með því að fara enn með tölurnar um hvernig tekjuskiptingin hafi þróast undanfarin ár. Það vildi nú svo til að ég lagði það á mig aldrei þessu vant að fara á ársfund Seðlabankans og hver haldið þið að hafi staðið þar og haldið hólræður um Jóhannes Nordal annar en hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson og hældi manninum svoleiðis að ekki var á honum að heyra að það hefði nokkurn tímann staðið til að reka hann. Þannig er nú frammistaða Alþfl. í málefnum Seðlabankans sem enn er gripið til þegar menn hafa ekkert annað sem þeir treysta sér til að tala um.

Ég held að Alþfl. ætti að snúa sér að því að leysa frekar þau mál sem hann er með á sinni könnu. Húsnæðismál eru þar auðvitað fyrirferðarmikil. Ég er þeirrar skoðunar að sá málaflokkur hafi ekki fengið þá athygli á allra síðustu missirum sem vert væri og skylt væri. Menn hafa keypt sér frið m.a. gagnvart greiðsluerfiðleikunum, með því að veita greiðsluerfiðleikalán, fresta afborgunum, sem er bara lenging í snörunni. Staðreyndin er auðvitað sú að mikil ástæða er til að óttast að margar þúsundir fjölskyldna í landinu séu þegar komnar með suldbindingar sem þær ráða ekki við miðað við núverandi tekjustig og tekjuskiptingu. Það er hin hliðin á ræðunni, hæstv. félmrh., um hina óhagstæðu þróun tekjuskiptingarinnar í landinu hvernig ákveðinn hópur er sífellt að verða verr og verr settur og aðrir betur. Þessi lakar setti hópur mun kikna undan skuldbindingum sínum. Seðlabankinn sem hér hefur verið nefndur á nafn og Alþfl. hefur sérstakt dálæti á hefur m.a. nýlega birt upplýsingar sem ég hafði að minnsta kosti ekki séð áður um skuldir heimilanna þannig fram settar eins og þær voru í gögnum frá Seðlabankanum á sl. sumri og núna í nýlegri ársskýrslu Seðlabankans. Þar eru auðvitað hrikalegar tölur á ferðinni. Fjórföldun skulda heimilanna á sl. 10–12 árum. Skuldir heimilanna eru nú á milli 60–70% af landsframleiðslu sem er orðið mjög hátt hlutfall hvar sem borið er niður á byggðu bóli og húsnæðisskuldirnar og húsnæðisskuldbindingarnar spila þar mjög stóra rullu. Það er meira en bara lánveitingar Húsnæðisstofnunar, það eru líka lánveitingar lífeyrissjóða til viðbótar húsnæðislánum og það eru skammtímaskuldir þessa fólks í bankakerfinu sem oft og tíðum eru að hluta til tilkomnar vegna húsnæðisöflunar. Það er skammtímalántaka til að greiða eftirstöðvalán og til að fá peninga fyrir útborgun í húsnæði. Ég hef ekki orðið mikið var við það að hæstv. ríkisstjórn væri að sinna þeim málum eða væri með tillögur um þau mál.

Í ársskýrslu Húsnæðisstofnunar ríkisins fjallar forstjóri Húsnæðisstofnunar um nokkra þætti þessara mála með býsna athyglisverðum hætti. Þar er að vísu byrjað á því að ræða um hinar dæmalausu vaxtahækkanir ríkisstjórnarinnar og minnt á að eitt af fyrstu verkum núverandi hæstv. ríkisstjórnar í maí/júní 1991 var að hækka útlánsvexti hjá Byggingarsjóði ríkisins. Síðan kom svo að Byggingarsjóði verkamanna. Vextirnir voru hækkaðir úr 3,5% og 4,5% í 4,9%. Síðan segir forstjóri Húsnæðisstofnunar, Sigurður E. Guðmundsson: „Er þetta í fyrsta sinn sem ákvörðun um vaxtahækkun er látin ná aftur í tímann á fullverðtryggðum lánum." Var orð að sönnu. Það voru auðvitað alger tímamót í sögunni þegar ríkisstjórnin ákvað þessa afturvirku vaxtahækkun.

Í öðru lagi er í þessari ársskýrslu fjallað aðeins um húsbréfin. Þar segir framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar: „Ávöxtunarkrafa við kaup á húsbréfum á árinu reyndist miklu hærri en menn höfðu gert sér í hugarlund. Sveifluðust þær gríðarlega upp á við og ollu miklum áhyggjum þegar verst lét." Síðan er mjög spekingsleg setning: „Þegar litið er til baka er glöggt að hér var einfaldlega um að ræða ólgusjó hins almenna markaðar þar sem vænta má hvers sem er eins og reynslan hefur ótvírætt sýnt. Almenningur tók þessu með þolinmæði og skilningi. Hið sama má eftir atvikum segja um aðra." Þetta er afar athyglisverður texti og ég hefði gaman af að vita hverjir eru þessir aðrir eru sem forstjórinn talar um. Til upplýsingar mönnum þá eru í þessari sömu ársskýrslu töflur yfir ávöxtunarkröfur húsbréfa sem fóru hæst í 9% á árinu sem hér er verið að fjalla um þ.e. árinu 1991.

Ein athyglisverðasta klausan í þessari skýrslu framkvæmdastjórans er svo um greiðsluerfiðleikalánin. Þá kem ég að því sem ég var að enda á að í raun og veru voru menn að kaupa sér grið með útdeilingu stórfelldra greiðsluerfiðleikalána og hafa þess vegna að mínu mati neitað að horfast í augu við hversu alvarleg staðan er orðin hjá þúsundum viðskiptavina húsnæðislánakerfisins. En í skýrslunni segir: „Veiting svokallaðra greiðsluerfiðleikalána hófst á nýjan leik í ársbyrjun eftir nokkurt hlé. Voru þau nú veitt í formi húsbréfa. Gríðarmikil þörf var fyrir þessa aðstoð eins og sjá má af því að 1.840 umsóknir bárust til úrlausnar. Lagaheimildin gilti aðeins til ársloka 1991 en ótvíræð þörf virðist enn vera fyrir hendi þótt í miklu minni mæli sé." Svo mörg voru þau orð. Skyldu þau ekki eiga við enn þann dag í dag? Hvað hefur hæstv. ríkisstjórn aðhafst í þessu sambandi? Hefur verið reynt að leggja mat á þörfina eins og hún standi þá í dag eða vilja menn láta þennan ársgamla spádóm framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar standa um að gríðarleg þörf sé enn fyrir þessa þjónustu?

Ég vænti þess svo að hæstv. félmrh. ljúki fyrri umræðunni með því að lýsa sínum viðhorfum til þessara hluta sem hér hafa verið teknir upp og geri það gjarnan áður en aðrir ræðumenn hafa fullnýtt rétt sinn til þátttöku í umræðunni þannig að einhver skoðanaskipti geti farið frekar fram við 2. umr. málsins.

Frsm. minni hluta félmn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil að sú skoðun mín komi

fram áður en lengra er haldið í umræðunni að ég var ekki fyllilega sátt við þau svör sem félmrh. gaf áðan við ýmsum spurningum og umræðuefnum sem fram komu hér við umræðu um málið í fyrri viku. Ég varð t.d. ekki vör við að í máli ráðherra kæmi fram einhver útlistun á því af hverju svo nauðsynlegt væri að auka vald ráðherra með þeim hætti sem gert er í frv. Félmrh. gat þess að vísu að endurskoðun þessara laga hefði hafist þegar árið 1988 þegar Ríkisendurskoðun skilaði skýrslu um Húsnæðisstofnun og í þeirri skýrslu hefði komið fram ábending frá Ríkisendurskoðun um mikilvægi þess að saman fari rekstrarleg- og fjárhagsleg ábyrgð. Þessa frasa hefur maður svo sem heyrt áður um mikilvægi þess að saman fari rekstrarleg og fjárhagsleg ábyrgð og eiginlega hefur verið hálfgerð tíska í stjórnsýslu núna á undangengnum árum að tönnlast á þessu tiltekna fyrirbæri. Ég veit ekki til þess að þetta sé eina lausnin sem hægt sé að finna á vandkvæðum ýmsum sem upp koma í stjórnsýslunni því að auðvitað má hugsa sér það líka að með auknu sjálfstæði stofnana aukist ábyrgðin, ábyrgð stofnananna sjálfra á því sem þær eru að gera.

Það að saman fari rekstrarleg- og fjárhagsleg ábyrgð er einhver frasi sem fer að hugsa fyrir menn og það étur þetta í rauninni hver upp eftir öðrum eins og hverja aðra kreddu. Þetta getur auðvitað átt við stundum og sums staðar en alls ekki alltaf og alls staðar. Vil ég þá einmitt nefna þetta með sjálfstæðið. Auknu sjálfstæði getur fylgt aukin ábyrgð. Í þessu sambandi vil ég bara nefna eitt dæmi sem er Borgarspítalinn í Reykjavík. Mér hefur heyrst á máli hæstv. heilbrrh. í umræðum í vetur að þar hafi verið staðið vel að málum og þar sé hinn besti rekstur uppi. Þar er málum hins vegar þannig háttað að ríkið greiðir rekstrarkostnað spítalans, en borgin stjórnar spítalanum, sem á meiri hlutann í stjórn þessa spítala. Þannig að þar má segja að fari alls ekki saman þessi svokallaða rekstrarlega og fjárhagslega ábyrgð. Hins vegar hefur spítalinn bara tiltekna fjármuni úr að spila og svo er hans að reyna að nýta þá sem best. Mér finnst þetta því alls ekki geta verið jafnalgilt og menn vilja stundum vera láta.

Ég nefndi að aukið sjálfstæði gæti þýtt aukna ábyrgð. Í því sambandi er auðvitað mikilvægt að lög sem stofnanir starfa eftir séu nokkuð nákvæm, að skýrt sé kveðið á um ábyrgð einstakra aðila í lögum og að það sé skýrt kveðið á um verksvið einstakra aðila í lögunum. Það er nú þannig í lögunum um Húsnæðisstofnun eða svo virðist manni a.m.k., nógu eru þau ítarleg, að þar sé mjög skýrt hver hafi hvaða verkefni með höndum og hvar ábyrgðin liggur á hverju og einu verkefni. Lögin þar ættu því ekki að hamla. Mér sýnist á þeim lögum eins og þau eru að ráðherra geti haft alla möguleika á því að hafa áhrif á húsnæðismálin og koma fram málum sínum eins og ráðherra þarf á hverjum tíma. Lögin veita ráðherra í rauninni talsvert mikið vald. Ég hef spurt eftir því, bæði gerði ég það í félmn. og ég hef gert það hérna í þinginu og geri það þá aftur: Hvaða tilteknu mál eru þetta sem hafa valdið þessum árekstrum á milli stofnunarinnar og ráðherra og sem gera það að verkum að ráðherra finnur hjá sér knýjandi nauðsyn til þess að breyta þessum lögum og hefur verið að vinna að því allt frá árinu 1988? Ég vil fá það hér upp í umræðunum hvaða aðstæður þetta eru, hvaða mál, sem valda því að þessi breyting er talin nauðsynleg.

Ég sagði að það væri mikilvægt þegar um sjálfstæði stofnana er að ræða að lögin séu nákvæm og tilgreini nokkuð ítarlega hvert sé verksvið einstakra aðila, ábyrgð o.s.frv. Þá þarf líka að vera mjög skýrt að stofnunin hafi ákveðna fjármuni úr að spila og hún geti ekki skuldbundið hvorki stjórnvöld né Alþingi fram í tímann. Ef stofnunin hefur úr tilteknum fjármunum að spila þá verða auðvitað stjórnarmenn á hverjum tíma að bera ábyrgð á því að vel sé með það fé farið. Þeir verða að gera sér ljósa sína ábyrgð á málinu. Upp á þetta hefur nú kannski stundum vantað og menn hafa stundum haldið því fram að ýmsar stofnanir, opinberar og sjálfstæðar stofnanir séu nokkuð lausar varðandi sín eigin fjármál. Þær eyði t.d óhóflega miklu í rekstur vegna þess að þær ráði þessum málum sjálfar. Í þessu sambandi eru kannski mest áberandi ýmsar stofnanir sem hafa mikla umsýslu með fé eins og bankarnir og kannski Húsnæðisstofnun — það má vel vera að Húsnæðisstofnun sé nokkuð ríflega við sjálfa sig í rekstrarkostnaði — og jafnvel hefur þetta verið nefnt varðandi Byggðastofnun sem er líka sjálfstæð ríkisstofnun. Ástæðan fyrir þessu er kannski ekki sú að þær eru sjálfstæðar ríkisstofnanir heldur er ástæðan, held ég, miklu frekar sú að bæði bankarnir og þessar stofnanir skoða rekstrarkostnað sinn í hlutfalli við veltuna. Ef það er gert, þá virkar rekstrarkostnaðurinn auðvitað afskaplega smár hlutfallslega miðað við veltuna. Þetta eru stofnanir sem velta mjög miklu fé eins og bankarnir og Húsnæðisstofnun og Byggðastofnun. Þær velta mjög miklu fé og rekstrarkostnaðurinn virkar lítill á þann mælikvarða. Hins vegar getur þessi rekstrarkostnaður verið mjög hár tölulega og verið mjög hár þegar hann er borinn saman við aðrar stofnanir og fyrirtæki. Á þessu þarf þá auðvitað að taka í hverju og einu tilviki. Það er auðvitað hægt að gera með öðrum hætti heldur en að auka miðstýringu og færa aukin völd til ráðherra í málaflokknum. Það má m.a. gera með því að stjórnendur slíkra stofnana, þeir sem sitja í stjórnum og eru kosnir inn í stjórnir af Alþingi, geri sér mjög ljósa grein fyrir sinni ábyrgð. Ég get fallist á að upp á þetta hefur stundum vantað, að einstakir stjórnarmenn geri sér glögga grein fyrir þeirri ábyrgð sem þeir bera. Ég hygg hins vegar að t.d. sú umræða sem varð í kringum Útvegsbankann á sínum tíma og þau málaferli sem urðu í tengslum við Útvegsbankann á sínum tíma, hefði átt að gera stjórnarmönnum í svona stofnunum og bönkum og öðrum ríkisstofnunum ljósa grein fyrir því að þeir bera ábyrgð ef illa fer. Þá er hægt að sækja til ábyrgðar lögum samkvæmt og þessa ábyrgð verða þeir auðvitað að axla. En ástæðan fyrir því að þeir hafa kannski ekki gert þetta í nógu ríkum mæli, þessir einstöku stjórnarmenn í slíkum stofnunum, er að ráðherrar hafa verið að vasast í málefnum þessara stofnana og þeir hafa verið að fá fyrirskipanir frá ráðherrum, þó að það sé kannski með óbeinum

hætti því að ráðherrar hafa ekki beint boðvald. Ráðherrar hafa skipt sér of mikið af þessum stofnunum og þar með að hluta til gert stjórnarmenn óábyrga gerða sinna. Þessu þarf að breyta og það þarf í rauninni að auka sjálfstæði þessara stofnana ef eitthvað er og gera einstaka stjórnarmenn ábyrgari heldur en þeir eru í dag.

Þá er líka hægt að hugsa sér að auka eftirlit með þessum sjálfstæðu ríkisstofnunum og það hefur kannski verið gert að hluta til með því að færa Ríkisendurskoðun beint undir Alþingi — Ríkisendurskoðun ber þá að hafa fjárhagslegt eftirlit með þessum stofnunum — en það væri einnig hægt að gera með því að auka valdsvið og auka hlutdeild umboðsmanns Alþingis í þessum málum. Umboðsmaður Alþingis hafi ákveðið eftirlit með þessum sjálfstæðu ríkisstofnunum og geti krafið þær svara við ákveðnum hlutum. Þetta held ég að geti verið mjög mikilvægt og þyrfti að skoðast einmitt sérstaklega.

Þetta frv. er eins og menn hafa sagt hérna á undan mér miðstýringarfrv. og miðstýringin felst í raun í fleiri en einum þætti. Í fyrsta lagi felst hún í því að það er dregið úr valdi stjórnar Húsnæðisstofnunar og valdið flutt til ráðherra. Miðstýringin felst í því að nú koma færri að stjórninni heldur en áður. Það eru með öðrum orðum teknir út fulltrúar, m.a. fulltrúar ASÍ og VSÍ og þar með koma færri að málaflokknum heldur en áður, færri sjónarmið. Í þriðja lagi eru þær tillögur sem gerðar eru hér um aukið vald ráðherra á ýmsum sviðum. Ég vil nefna nokkur dæmi fyrir þessari auknu miðstýringu sem í frv. felst og þá verður auðvitað fyrst fyrir manni 5. gr. laganna. 4. gr. frv. sem felur í sér breytingu á 5. gr. núgildandi laga og það er gert ráð fyrir því að úr 5. gr. laganna, sem er um hlutverk húsnæðismálastjórnar, fari í rauninni öll stefnumörkun sem er í dag hjá húsnæðismálastjórn. Það kemur skýrt fram í núgildandi lögum að það er verkefni húsnæðismálastjórnar að marka meginstefnu í málefnum Húsnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Nú er þetta tekið út. Hún á ekki lengur að marka meginstefnu heldur á meginstefnumörkunin að vera uppi í ráðuneyti. Það sem hún á að gera núna, húsnæðismálastjórn, er fyrst og fremst að afgreiða mál, hún á að hafa umsjón með ákveðnum þáttum í rekstri stofnunarinnar og þar með verður hún auðvitað ekkert annað fram framlenging á ráðuneytinu. Hún hefur enga stefnumörkun með höndum. Hún hefur bara með höndum umsjón með þessum tiltekna málaflokki fyrir hönd ráðherra. Hún er orðin framlenging á ráðherra og ráðuneyti. Í þessu sambandi má benda á eitt, af því að það hefur verið talað hér um áfrýjunarrétt og ráðherra hefur algerlega hafnað því að hún ætli að fara að hafa einhverja íhlutun í einstakar lánveitingar, þá hlýtur ráðherra að hafa íhlutun í lánveitingar sem koma til húsnæðismálastjórnar skv. 3. lið þessarar greinar, því að þar segir:

„Hlutverk húsnæðismálastjórnar er að úthluta framkvæmdaraðilum lánum til félagslegra íbúða og skera úr vafa- og ágreiningsmálum varðandi einstakar lánveitingar.“

Ef húsnæðismálastjórn á að úthluta framkvæmdaraðilum lánum, þá hlýtur ráðherrann að verða áfrýjunaraðili. Það getur ekki annað verið því að það er svoleiðis í okkar stjórnsýslu að menn eiga alltaf að hafa málskotsrétt til æðra stjórnvalds. Ef það er stjórn húsnæðismálastofnunar sem veitir lánin, í þessu tilviki, þá hlýtur ráðherrann að verða málskotsaðilinn. Það er ekkert um annan að ræða. Hins vegar kann vel að vera að þar sem einstakir starfsmenn stofnunarinnar veita lán samkvæmt lögunum, þá sé málskotsaðilinn og æðra stjórnvaldið húsnæðismálastjórn. En í þessu tilviki hlýtur áfrýjunaraðilinn að vera ráðherra og getur ekki verið neinn annar því að það er ekki tekið á vafamálum eða öðru slíku í frv. sjálfu eða deilumálum í frv. sjálfu, engin úrskurðarnefnd sem þar er að verki.

Ég þekki ekki svo glöggt til mála Húsnæðisstofnunar eða stjórnarinnar, en ég tel það alveg víst að allar lánveitingar sem ákvarðaðar eru í húsnæðismálastjórn, einstakar lánveitingar, þeir sem þau lán fá, hljóti að eiga áfrýjunarrétt til ráðherra samkvæmt okkar stjórnsýslu.

Þá gat ég þess áðan að það eru færri sem eiga að koma að stjórn stofnunarinnar heldur en áður. Það er með öðrum orðum verið að taka út fulltrúa ASÍ og VSÍ. Ég vil að það komi skýrt fram að þessir ágætu tvíburar, ASÍ og VSÍ, sem alls staðar eru í öllum stofnunum, ég er ekki þeirrar skoðunar að þeir eigi endilega sjálfkrafa rétt eins og oft virðist vera að (**RA:** Það er greinargerð. Þetta eru síamstvíburar.) Ég læt einstökum þingmönnum eftir að deila um það hvort þeir eru orðnir alveg samvaxnir eða ekki. En þeir voru a.m.k. ekki síamstvíburar hér einhvern tíma. En það er ekki í sjálfu sér heilagt fyrir mér að þessir fulltrúar séu þarna inni. Ég gæti eiginlega betur hugsað mér þá skipan þarna að það væri fulltrúi frá ASÍ, frá BSRB og frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Fulltrúi VSÍ færi hreinlega út vegna þess að ástæðan fyrir því að þessir aðilar eru þarna inni, að mínu mati, er sú að þeir koma með ákveðin sjónarmið inn. Þeir gæta ákveðinna almannahagsmuna og við vitum að þetta eru stærstu félagasamtök í landinu, ASÍ og BSRB, stærstu félagasamtök sem einstaklingar eru aðilar að og þess vegna ekki óeðlilegt að þau komi að þessu. Og þá er það með sveitarfélögin, þau eru orðin stór þátttakandi í stjórn húsnæðismálanna í gegnum félagslega kerfið og þess vegna ekki óeðlilegt að sambandið komi að stjórninni. En ég sé enga sérstaka ástæðu til þess að VSÍ eigi þarna fulltrúa og mér hefur nú reynar heyrst það á fulltrúa VSÍ sem hafa komið til fundar við félmn. að þeim sé ekkert fast í hendi að eiga þarna fulltrúa. Þeir vilji bara endilega vera þar af því að ASÍ er þar þannig að þetta er nú svolítið sérkennileg. (**Gripið fram í:** Tvíburar vilja vera saman.) Já, tvíburarnir vilja vera saman, en að vísu verður það að segjast að ASÍ lagði málið ekki upp með þeim hætti. ASÍ gerði bara sjálfstæða kröfu til þess að vera þarna inni og taldi reyndar að VSÍ ætti að vera líka en spyrti sig ekkert saman við það með þessum hætti eins og mér fannst reyndar VSÍ gera. En ég hefði nú heldur viljað sjá þessa samsetningu á þessum þremur utanaðkomandi fulltrúum sem sitja inni í stjórninni. Þ.e., annar ASÍ-fulltrúinn færi þá

til BSRB og VSÍ-fulltrúinn færi til Sambands ísl. sveitarfélaga. Það hefði mér þótt eðlilegri samsetning á stjórninni. Varðandi vald ráðherra í einstökum atriðum, þá er verið auka það mjög víða. Það er auðvitað fyrst til að taka 1. gr. frv. þar sem það er félmrh. sem fer með yfirstjórn húsnæðismála og Húsnæðisstofnun ríkisins er ríkisstofnun sem lýtur sérstakri stjórn en ekki sjálfstæð ríkisstofnun. Meiri hluti félmn. gerir reyndar brtt. við þetta og leggur til að það komi ný málsgrein sem orðist svo:

„Húsnæðisstofnun ríkisins er ríkisstofnun er lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir félmrh. sem fer með yfirstjórn húsnæðismála."

Ég sé engan eðlismun á þessari brtt. meiri hluta félmn. og frv. eins og það lítur út, heldur er þarna bara fyrst og fremst um orðalagsbreytingu að ræða og skiptir engu máli varðandi sjálfan stjórnsýsluþátt frv. Það er eftir sem áður búið að taka það út að Húsnæðisstofnun sé sjálfstæð ríkisstofnun.

Þá er búið að breyta 2. gr. þannig að Húsnæðisstofnun er fyrst og fremst ráðgefandi eins og segir fyrir félmrh. og önnur stjórnvöld í húsnæðismálum. Hún fer með þau verkefni sem ráðherra felur henni á sviði húsnæðismála og þarna komum við aftur að því sem ég sagði áðan. Hún er hætt að vera stefnumarkandi í þessum málum og er fyrst og fremst ráðgefandi og fer bara með þau verkefni sem henni eru falin. Það er ekki gert ráð fyrir því að hún sé einhver sérstakur frumkvæðisaðili í þessum málum.

Þá er það auðvitað eins og við höfum talað um áður við 2. gr. frv. um að ráðherra ákveði með reglugerð að fenginni tillögu húsnæðismálastjórnar skipulag stofnunarinnar, þar á meðal skiptingu hennar í svið og deildir. Ég hef lýst því hér áður og vil endurtaka það að ég tel ekki ástæðu til þess að kveða á um deildaskiptingu stofnunarinnar í lögum en ég hefði talið eðlilegt að það væri á hennar valdsviði að ákveða sitt innra skipulag en ekki ráðherra. Þessari tilteknu málsgrein hefur ekki verið breytt eða ekki gerð tillaga um að henni verði neitt breytt af meiri hluta félmn.

Varðandi 4. gr. frv. er eins og ég sagði áðan í rauninni verið þar að takmarka mjög valdsvið húsnæðismálastjórnar og í þessari grein felst að vald ráðherra er aukið til mikilla muna. Þá segir í frv. eins og það liggur hér fyrir að stjórnin skuli úthluta framkvæmdaraðilum lánum til félagslegra íbúða og svo segir í frv.: „Áður en lánveiting á sér stað skal leitað staðfestingar félmrh. á forsendum lánveitingar og skiptingu lánsfjár milli útlánaflokka." Meiri hluti félmn. hefur sem betur fer gert tillögu til breytinga á þessu og vill fella þetta út. Ég tel að það sé til mikilla bóta því að í sjálfu sér væri sérkennilegt að það þyrfti að leita staðfestingar félmrh. á forsendum lánveitingar í hvert sinn sem lánveiting á sér stað. Þannig er miðstýringin í rauninni miklu meiri í sjálfu frv. heldur en verður að veruleika ef tillögur meiri hluta félmn. ná fram að ganga þótt þær gangi að mínu mati ekki nægilega langt.

Þá má geta þess að í 8. gr. frv. er það ráðherra sem „...getur með reglugerð heimilað að stofnunin semji við viðskiptabanka og aðrar fjármálastofnanir um afgreiðslu og innheimtu lána." Þetta var brennt sama miðstýringarmarki og annað að það er ráðherra sem með reglugerð heimilar að stofnunin semji við viðskiptabanka. Auðvitað er miklu nær að það sé húsnæðismálastjórn, það sé stofnunin sjálf, sem eigi að þessu frumkvæði og fari með þetta vald. Meiri hluti félmn. hefur aðeins lagfært þetta ákvæði en þó er það nú þannig að eftir sem áður þarf samþykki ráðherra til þess að semja við viðskiptabanka um afgreiðslu og innheimtu lána. Og ég vil nú spyrja ráðherra hvernig á því standi að þessi áhersla sé lögð á það að sérstakt samþykki ráðherra þurfi áður en samið er við banka og fjármálastofnanir um þetta tiltekna atriði.

Mér sýnist að brtt. meiri hluta félmn. séu flestar hverjar til bóta. Þær draga heldur úr miðstýringunni en engu að síður ganga þær ekki nógu langt því ef frv. nær fram að ganga verður því breytt að þetta sé sjálfstæð ríkisstofnun. Þá er búið að ganga þannig frá málum að þetta er meira eins og framlenging á félmrn.

Það hafa orðið hér nokkrar umræður um tæknideildina og hvort ráðherra eða Húsnæðisstofnun hafi verið heimilt að leggja niður hönnunardeild tæknideildarinnar. Ég dreg það svo sem ekki í efa að segja má að það sé ekkert sem lögformlega standi gegn því, það er ekki tiltekið nákvæmlega í lögunum, að það skuli starfrækt hönnunardeild við Húsnæðismálastofnun. En engu að síður er þetta náttúrlega óneitanlega sérkennilegt að það skuli gengið í það að segja upp störfum 8 manns, leggja niður rekstur hönnunardeildar og ef ég veit rétt, selja starfsemi deildarinnar án þess að búið sé að afgreiða það frv. sem fjallar nákvæmlega um þetta tiltekna atriði áður en búið er að afgreiða það á Alþingi. Ég vil einmitt spyrja ráðherra að því og fá þá skýr svör um það hvort búið sé að selja þessa starfsemi og rekstur. (**Forseti:** Forseti vill aðeins fá að trufla hv. þm. og minna á að gert er ráð fyrir að gera hlé á fundinum vegna þingflokksfunda kl. 5.30.) Ég mun gera hlé á ræðu minni, en ég vil aðeins ljúka bara þessu tiltekna atriði, það tekur ekki nema mínútu en ég mun gera hlé á ræðu minni að öðru leyti því að henni er ekki lokið. En það var vegna þessarar sölu á eigum hönnunardeildar því að í ákvæðum til bráðabirgða í þessu frv. segir:

„Ráðherra er heimilt að selja eigur hönnunardeildar Húsnæðisstofnunar ríkisins" og í greinargerð með þessu ákvæði segir einmitt að það sé ekki heimild í 6. gr. fjárlaga til þess að selja þessar eigur og því þurfi að leita þessarar heimildar. Nú vil ég spyrja: Er búið að selja þessar eigur eða ekki? Hvers vegna er þá komið hér og leitað heimildar til sölunnar ef búið er að ganga frá þessum málum?

Útbýting þingskjala:

Lagaákvæði er varða samgöngumál, 28. mál, brtt. meiri hluta samgn., þskj. 1078.

Vegalög, 553. mál, nál. samgn., þskj. 1077. — [Fundarhlé.]

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um þingsköp

til að vekja athygli á till. til þál. á þskj. 878 um greiðsluaðlögum fyrir fólk í verulegum greiðsluerfiðleikum. Flm. þessarar till. eru hv. þm. Alþfl., þeir Össur Skarphéðinsson og Sigbjörn Gunnarsson. Ég hef átt viðræður við nokkra þingmenn stjórnarandstöðunnar um þetta mál og hafa þeir allir lýst áhuga sínum og vilja til þess að fá málið tekið á dagskrá og mikill vilji er til þess að reyna að fá málið afgreitt fyrir þinglok.

Undir umræðum um þingsköp vil ég ekki ræða þetta mjög svo þýðingarmikla mál sem þó væri ástæða til en ég beini þeirri eindregnu ósk til hæstv. forseta að hann geri allt til þess að þáltill. geti komist á dagskrá þingsins þannig að afgreiða megi málið á þessu þingi. Það ástand sem er að skapast í landinu m.a. vegna greiðsluerfiðleika heimila og fjölda einstaklinga er óásættanlegt. Skuldir heimilanna fara sífellt versnandi og eru nú fjórum sinnum hærri en fyrir áratug. Breytt tekjuskipting í landinu, hækkun skatta, lækkun skattleysismarka og stóraukið atvinnuleysi gerir það að verkum að alþingismenn geta ekki farið svo frá þingstörfum að um þessi mál verði ekki fjallað á Alþingi. Ég endurtek því, virðulegi forseti, ósk mína um það að 520. þingmál megi koma á dagskrá þingsins og hljóta afgreiðslu áður en þingstörfum lýkur nú í vor.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Nú höfum við rætt nokkuð stjfrv. um Húsnæðisstofnun ríkisins þar sem meginatriðið er áhersluatriði ríkisstjórnarinnar að færa valdið frá stofnun til ráðuneytis. Tilraun hefur verið gerð til þess að fá rætt í samhengi við þetta mál önnur þingmál, sem lögð hafa verið fram, um vanda þess fólks sem komið er í greiðsluerfiðeika af ýmsum sökum, svo sem atvinnuleysis eða vegna veikinda eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Umræður um þessi atriði hafa ekki hlotið undirstektir hjá ráðherra Alþfl. og ekki heldur hjá fulltrúum Alþfl. í félmn. Það er því fagnaðarefni að Alþfl. eða tveir þingmenn hans skuli hafa vaknað af værum blundi undir lok þingsins og lagt fram tillögu sem gerir ákveðnar tillögur um hvernig taka eigi á þessum málum.

Ég vil taka undir þær óskir sem hv. þm. Stefán Guðmundsson bar fram til forseta að fyrst þingmenn Alþfl. hafa séð að greiðsluerfiðleikar eru að verða eitt mesta vandamál fólks hvað varðar húsnæðismál, verði það mál tekið á dagskrá hið allra fyrsta og rætt þannig að þingmenn geti fjallað um það og afgreitt málið.

Virðulegi forseti, ég tel að brýnt sé að ræða greiðsluerfiðeika fólks því að þar eru mikir hagsmunir í húfi og afkoma þúsunda manna kemur að þessu máli. Ég tel að mun brýnna sé að ræða það mál en stjfrv. um Húsnæðisstofnun ríkisins þar sem aðalkeppikefli er að færa ákvörðunarvaldið úr höndum stofnunar til ráðherra. Í dag er ekki brýnasta málið að breyta stjórnskipan Íslands til þeirra stjórnarhátta sem tíðkuðust fyrir austan járntjald forðum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill vekja athygli á því að það mál sem er síðast á dagskrá þessa fundar í dag hefur málanúmer 519 og þingskjalsnúmer 877. Það mál sem hv. 4. þm. Norðurl. v. vakti athygli á hefur málanúmer 520 og þingskjalsnúmer 878 og það hefur verið stefnan nú undanfarna daga eftir að hætt var að flokka málin eftir ráðherrum, sem eiga mál á dagskrá hverju sinni, að taka málin samkvæmt málanúmerum og fara eftir réttri röð þannig að væntanlega skýrist það með þessum orðum að á næsta fundi, þegar ný mál verða tekin á dagskrá, er þetta mál efst.

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að mega skilja orð forseta þannig að það megi vænta þess að þetta mál verði á dagskrá þingsins á morgun. Ég er nokkurn veginn öruggur um það, virðulegi forseti, að ekki hefur í öllum atriðum verið farið nákvæmlega eftir töluröð þingmála á dagskrá þingsins. Þó að ég geti ekki nefnt dæmi þar um tel ég mig vita það nokkurn veginn með vissu. Ég vakti athygli á þessu vegna þess að hér er um brýnna mál að ræða að mínu viti, og ég er sannfærður um það að undir það geta velflestir þingmenn tekið, en mörg önnur mál sem óræddd eru á þessu þingi. Við getum ekki, virðulegi forseti, farið svo heim héðan af þingi án þess að við látum eitthvað frá okkur fara um þessi mál. Þessi mál verða að fást rædd hér í þingsölum. Annað er óásættanlegt, virðulegi forseti, og ég vænti þess að ég hafi skilið forseta rétt um það að þetta mál verði tekið á dagskrá á morgun.

Vissulega er mikill vandi að semja þáltill. og frumvörp. En það er ekki síður vandi að afla þeim stuðnings og því hefði ég vænst þess að flm. þessarar tillögu fögnuðu þeim stuðningi sem virðist liggja fyrir um þetta mál sem þeir hafa borið fram og við erum tilbúnir að leiða til lykta hjá þeim áður en við förum heim í vor.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. þm. mátti skilja forseta eins og orðin voru töluð að næst þegar ný mál verða tekin á dagskrá er þetta mál efst á þeim lista.

Frsm. meiri hluta félmn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla að þakka hv. 4. þm. Norðurl. v. fyrir að taka þetta mál upp og vekja athygli á þessu. Ég held að þetta sé einmitt mjög brýnt og ég vil líka þakka forseta fyrir það að tilkynna það hér að þetta mál verði þá efst á lista þeirra nýju þingmála sem tekin verði inn á morgun. Ég vona það sé ekki bara þannig að það verði á dagskránni heldur verði það raunverulega rætt hér. Og ég segi það fyrir sjálfan mig og tala þar fyrir mig persónulega að ég er tilbúin til þess að liðka fyrir að þetta geti fengið umræðu og fljóta afgreiðslu í þinginu og jafnvel í þingnefnd. Í því sambandi vil ég minna á, virðulegur forseti, að hér ekki alls fyrir löngu gáfum við máli ákveðna hraðferð í þinginu og það var þegar ríkisstjórnin var að leggja inn framlag m.a. í Landsbankann til þess að leysa þar ákveðið vandamál sem hafa safnast upp í bankanum vegna greiðsluerfiðleika fyr-

irtækjanna. Hér er mál sem varðar greiðsluerfiðleika heimilanna og það er ekki síður mikilvægt og í rauninni enn mikilvægara að taka á greiðsluerfiðleikum heimilanna sem m.a. stafa af háum raunvöxtum rétt eins og greiðsluerfiðleikar fyrirtækjanna stafa af háum raunvöxtum. Á árum áður voru neikvæðir vextir í raun og veru ákveðinn styrkur, getum við sagt, til fyrirtækjanna sem almenningur í landinu borgaði. Eftir að raunvextir urðu jákvæðir og eins háir og raun ber vitni hefur það tíðkast núna að milljarðar eru afskrifaðir í bankakerfinu, gífurlegar upphæðir, sem eru auðvitað að vissu leyti framlag til fyrirtækjanna. Við gáfum því máli mikinn forgang og ég tel að okkur beri skylda til að gefa greiðsluerfiðleikum fjölskyldnanna í landinu ekki síður vægi á þinginu og forgang.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka forseta fyrir þær undirtektir að lýsa því yfir að það verði efst á lista yfir ný þingmál á dagskrá næsta fundar að ræða um greiðsluvanda fjölskyldna. Ég tel afar brýnt að þingið takist á við og ræði málið og reyni að komast að niðurstöðu um það með hvaða hætti skynsamlegast er að bregðast við þeim fjárhagslega vanda sem steðjar að þúsundum fjölskyldna í landinu, m.a. vegna atvinnuleysis. Þetta mál er svo sem ekki nýtt af nálinni. Það hefur verið tekið upp í þingsal af þingmönnum úr stjórnarandstöðunni með nokkrum mismunandi tillögum en engin þeirra hlotið undirtektir hjá stjórnarliðum. Nú síðast heyrðum við í dag að tillögur minni hluta félmn., sem miða að því að lækka greiðslubyrði kaupenda að íbúðum vegna almennra kaupleiguíbúða, hljóta ekki undirtektir hjá hæstv. félmrh. Ég vil því lýsa því yfir, virðulegi forseti, hvað mig varðar að ég er reiðubúinn að stuðla að því að þetta þingmál og umræður um það megi hljóta skjótan framgang bæði í þingi og í þingnefnd.

Frsm. minni hluta félmn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (frh.):

Virðulegur forseti. Þegar ég gerði hlé á ræðu minni fyrr í kvöld, var ég að ræða um tæknideild Húsnæðisstofnunar, þ.e. hönnunardeildina sem er undirdeild tæknideildar, en eins og þingmenn vita hefur öllum starfsmönnum þeirrar deildar verið sagt upp og þeir eru reyndar löngu hættir störfum og reksturinn hefur verið aflagður og eftir því sem mér skilst hefur starfsemin eða eignir tengdar hönnunardeildinni verið seldar. Þetta hefur gerst þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða í því frv. sem við erum að ræða þar sem er heimild til ráðherra til að selja eigur hönnunardeildar Húsnæðisstofnunar ríkisins. Ráðherra taldi sig þurfa þetta ákvæði þar sem ekki væri gert ráð fyrir því í 6. gr. fjárlaga að selja mætti eigur hönnunardeildar þannig að það þyrfti að sækja til þess hingað sérstakt umboð. Þá vil ég sem sagt spyrja ráðherra hvort búið sé að selja og þá með hvaða rétti það er gert.

Nú getur maður út af fyrir sig skilið að það sé auðvitað freistandi að selja þessar eigur hönnunardeildar, enda hefur hönnunardeildin verið lögð niður samkvæmt fyrirmælum frá ráðherra og þessu fólki sagt upp og auðvitað ekki annað að gera heldur en selja þessar eigur. Ekki síst þar sem gert var ráð fyrir því að þeim starfsmönnum sem þarna stöfuðu stæði til boða að kaupa deildina þannig að þeir gætu þá haldið áfram sínum störfum eins og þeir hafa gert með þennan tiltekna grunn sem var þarna inni á Húsnæðisstofnun. Þetta fylgist auðvitað að, það að leggja til og í rauninni gera kröfu um að hönnunardeildin sé lögð niður, fólkinu sé sagt upp. Af því leiðir auðvitað að eigur deildarinnar verða seldar. Þannig að allt hangir þetta saman og ég vil spyrja ráðherra með hvaða rétti þetta er gert.

Þetta er auðvitað ekki í fyrsta skipti sem við sjáum slíkt gerast. Ég vil minna á Skipaútgerð ríkisins þar sem í rauninni var gengið frá öllum þeim málum og skip seld áður en komið var með frv. til laga hingað um það mál. Það sama gerðist með Menningarsjóðinn. Menningarsjóðurinn var lagður niður, fólki sagt upp störfum, eigur seldar og lager og enn er ekki búið að breyta lögum um Menningarsjóð hérna á þingi. Að vísu liggur fyrir frv. um það sem á eftir að hljóta afgreiðslu, en allt þetta hefur gerst þrátt fyrir að engin lagaheimild sé fyrir því. Þetta er farið að gerast æ tíðar og það er löngu tímabært að þingið spyrni við fótum og láti ekki fara svona með sjálfstæðar ríkisstofnanir eins og þarna er um að ræða. Ráðherrar eru í rauninni farnir eða komnir með fótinn skulum við segja inn fyrir dyr á þessum sjálfstæðu ríkisstofnunum og haga sér þar eins og þær væru almennar ríkisstofnanir sem heyrðu beint undir þá og það gerðist auðvitað í Menningarsjóðsmálinu. Menningarsjóðsmálið sýndi okkur reyndar fram á ákveðinn veikleika sem fylgir hinni sjálfstæðu ríkisstofnun vegna þess að þingið á erfitt með að hafa þar eftirlit, en það væri hægt að styrkja þann eftirlitsþátt t.d. í gegnum umboðsmann Alþingis. Og ég held að tímabært væri að skoða það. Ég held að það væru einmitt hagsmunir þingsins að skoða það að styrkja eftirlitsþátt umboðsmanns Alþingis með þessum sjálfstæðu stofnunum.

Það er sjálfsagt eðlileg tilhneiging hjá ráðherrum sem fulltrúum framkvæmdarvaldsins að reyna að seilast inn í þessar stofnanir, reyna að tengja þær fastar inn í ráðuneytin, reyna að fá ákveðin völd yfir þessum sjálfstæðu stofnunum. Í þeirra augum er það spurning um skilvirkni, er það spurningin um að koma sínum málum fljótt fram og spurningin um að þessar tilteknu stofnanir vinni í samræmi við þá stefnu sem ráðherrar hafa á hverjum tíma. Þetta er út af fyrir sig ekki óeðlilegt séð frá þeirra bæjardyrum, en þetta er mjög óeðlilegt séð frá þinginu og það er hagsmunamál þingsins að reyna að passa upp á þessa hluti og láta þetta ekki viðgangast. Og ég vil sem sagt spyrja og fá nánari upplýsingar hjá ráðherra um það hvernig staðið var að málum varðandi hönnunardeildina þegar hún var lögð niður.

Ég kom hérna inn á það fyrr þegar við ræddum þetta mál að sú miðstýring sem þarna er í gangi dettur ekki af himnum ofan í þessu tiltekna máli. Þetta er tilhneiging sem er í gangi í ráðuneytunum, að auka

miðstýringu. Í því sambandi nefndi ég sérstaklega hina svokölluðu hlutafélagavæðingu ýmissa ríkisfyrirtækja og nægir þar að nefna Sementsverksmiðjuna og Áburðarverksmiðjuna. Við höfum séð þetta með Þvottahús Ríkisspítalanna, það eru hugmyndir uppi um að gera það að hlutafélagi o.s.frv. Það sem gerist við þessa svokölluðu hlutafélagavæðingu er að inn í stjórnir þessara stofnana koma fulltrúar frá ráðherrunum. Það er ekki lengur þingið sem skipar stjórnirnar heldur ráðherrann. Þar með er þetta ekki lengur fjölskipað stjórnvald heldur er þetta skipað beint af ráðuneyti eða ráðherra og hann getur í sjálfu sér komið því þannig fyrir að það séu aðeins hans pólitísku jábræður sem þarna sitji inni. Það segir mér nú að það sé alls ekki fyrir það girt með þeim hætti að þarna geti komist að ákveðin fyrirgreiðslupólitík eða bitlingapólitík eða spilling eða hvað við viljum kalla það. Því að það sem líka hefur gerst í þessum málum er að ekki er gert ráð fyrir tilnefningum, ráðherra ræður því bara einhliða hverja hann skipar þarna inn. Hann á ekki að gera það samkvæmt tilnefningum t.d. hagsmunaaðila eða þeirra sem sérstaka þekkingu eða vit hafa á málum. Þetta þýðir einnig, fyrst það eru teknir út eins og í þeim tilvikum þingkjörnir fulltrúar og settir inn fulltrúar ráðherrans og þeir eru ekki samkvæmt tilnefningu, að það eru æ færri aðilar sem koma að málum og völdin og áhrifin safnast alltaf á æ færri hendur. Í þessu felst m.a. þessi miðstýring.

Eins og ég sagði áðan, þá er kannski ekki skrýtið að ráðherrum þyki þetta freistandi. Þeir vilja fá þarna einhverjar skilvirkar stofnanir til að vinna fyrir sig og í samræmi við þá stefnu sem þeir móta. Þeir vilja að ýmsu leyti nýta þessar stofnanir sem einhvers konar framlengingu á ráðherravaldi. En það er ekki síður mikilvægt að horfa á þessar stofnanir frá svolítið öðru sjónarhorni. Þegar því sjónarhorni er beitt þá sér maður hversu mikilvægt er að til séu stofnanir í þessu samfélagi sem geti haft ákveðið frumkvæði, sem geti haft ákveðið frelsi og frumkvæði og geti skapað grunn sem nýtist síðan við stefnumörkun. Ég held að þetta sé t.d. mjög mikilvægt varðandi Þróunarsamvinnustofnun, Byggðastofnun og Húsnæðisstofnun. Að þessar stofnanir hafi ákveðið sjálfstæði til þess að brydda upp á nýjungum, til þess að skoða nýja hluti, til þess að hafa frumkvæði, til þess að leggja eitthvað til málanna í nýrri stefnumörkun að eigin frumkvæði, ekki vegna þess að það komi einhver ósk um það endilega frá ráðherrum eða ráðuneytum heldur að eigin frumkvæði. Síðan eiga auðvitað ráðherrar og þingmenn að geta nýtt þessa vinnu til þess að móta stefnu, til þess að marka stefnuna. Þeir eiga síðan að taka hina pólitísku ákvörun um þá stefnu sem þeir vilja hafa í heiðri á hverjum tíma og þeir eiga að geta tryggt að hún komist til framkvæmda, m.a. í gegnum það að þeir hafi ákveðna fulltrúa í stjórnum þessara stofnana eða meiri hlutinn á þingi og eins með lögunum og reglugerðarvaldinu svo að því sé nú ekki gleymt því að það er mjög víðtækt. Ráðherrann hefur t.d. mjög víðtækt reglugerðarvald samkvæmt lögunum um Húsnæðisstofnun og getur haft heilmikil áhrif þar.

Það hefur verið bent á það hér að ekki fari nú alveg saman orð og efndir hjá þessari ríkisstjórn og var vitnað hér til hvítbókarinnar. Ég held að það blandist engum hugur um það sem kíkir í þessa hvítbók að ekki vantar fögur fyrirheit og góð áform, en framkvæmdin er nú dálítið önnur heldur en þar er gefið fyrirheit um. Í hvítbókinni segir einmitt um sjálfstæði opinberra stofnana: „Sjálfstæði opinberra stofnana verður aukið þannig að saman fari aukin ábyrgð og aukið ákvörðunarvald er færist í hendur stjórnenda þeirra".

Mér finnst að þegar við horfum á það sem hefur verið að gerast hérna og þessa tilhneigingu sem er í gangi, þá sé þetta eins og hvert annað öfugmæli. Bæði sjáum við það varðandi Ríkisútvarpið þar sem er beinlínis seilst inn í sjálfstæði þeirrar stofnunar með því að skipa mann þar í toppstöðu sem áður hafði verið vikið frá í lægra settri stöðu. Þetta er auðvitað ekkert annað en að lýsa yfir vantrausti á þann mann sem er æðstur innan veggja. Þar að auki sjáum við það varðandi Húsnæðisstofnun að það er svo sannarlega ekki verið að auka sjálfstæði hennar þannig að þar fari saman aukin ábyrgð og aukið ávörðunarvald, heldur að verið væri að flytja það í meira mæli en við höfum lengi séð yfir til ráðherra.

Það kann vel að vera að sumum finnist að þarna sé nú ekki mjög stórvægilegt mál á ferðinni, þessi stjórnskipunarþáttur. En ég held að hann sé miklu stærri heldur en margir gera sér grein fyrir. Ég held að það væri mjög hollt fyrir þingmenn og mikilvægt fyrir þá að velta því fyrir sér hvernig á því stóð upphaflega að settar voru á laggirnar sjálfstæðar ríkisstofnanir. Auðvitað hafði það ákveðinn tilgang. Það þjónar ákveðnum tilgangi að búa til þetta tvískipta kerfi, að vera annars vegar með ríkisstofnanir sem heyra beint undir ráðherra og eru nokkurs konar hluti af ráðuneyti og vera hins vegar með ríkisstofnanir sem væru sjálfstæðar. Það er líka engin tilviljun hvernig stofnanir það voru sem gerðar voru að sjálfstæðum ríkisstofnunum, þ.e. bankar og lánastofnanir og auðvitað er Húsnæðisstofnun mjög stór lánastofnun. Og það voru líka menningarstofnanir og stofnanir eins og Þróunarsamvinnustofnun og Byggðastofnun. Það var auðvitað ákveðinn tilgangur sem vakti fyrir löggjafanum á sínum tíma og ég verð nú segja það að mér finnst ég verða þess nokkuð vör í umræðum hér á þingi, þegar verið er að breyta lögum, að menn gera sér ekki alveg grein fyrir og velta því kannski ekki mjög mikið fyrir sér hvað vakti fyrir löggjafanum upphaflega, þegar hann setti lög. Ég vil í því sambandi nefna að við höfum verið hér á þingi að fjalla um aukið frelsi í sölu á tóbaki. Við erum að fjalla um aukið frelsi í sölu á lyfjum og það var auðvitað ákveðin ástæða fyrir því að löggjafinn ákvað á sínum tíma að hafa mjög mikil höft á sölu áfengis, tóbaks og lyfja vegna þess að hann leit ekki á þetta eins og aðrar vörutegundir. Hann taldi að þessar vörutegundir væru með ákveðnum hætti mjög sérstakar, en nú er talað um þær eins og þær séu bara hver önnur flík sem maður á að geta keypt sér úti í búð, eins og hver önnur vörutegund sem eigi að lúta markaðslögmálum með framboð og eftirspurn og verðmyndun o.s.frv.

Mér finnst kannski vanta ákveðna íhugun um eðli mála og eðli lagasetningar og það sem vakti fyrir löggjafanum á sínum tíma, að menn rifji upp þau rök. Ég vil halda því sérstaklega til haga varðandi sjálfstæðar ríkisstofnanir að ég held að löggjafinn hafi nákvæmlega vitað hvað hann var að gera þar og hafi haft mjög ákveðnar hugmyndir um hlutverk þessara stofnana inni í stjórnkerfinu. Ég óttast að ef við samþykkjum svona breytingar eins og hjá Húsnæðisstofnun, þá verði ekkert aftur snúið og við sjáum þetta gerast í æ ríkara mæli. Við sjáum þetta gerast með fleiri stofnanir og ég er ansi hrædd um að þær séu að verða mjög fáar eftir. Tryggingastofnun, sem er sjálfstæð ríkisstofnun, er ein eftir af þeim sem eftir eru en þá gerist það að til þess að tengja slíka stofnun betur ráðuneytinu, til þess að koma henni betur undir ráðuneytið, þá er deildarstjóri í ráðuneytinu skipaður formaður stjórnar Tryggingastofnunar, embættismaður í ráðuneytinu sem er handgenginn heilbrrh. er skipaður þar yfirmaður. Það sama gerist í Þróunarsamvinnustofnun, aðstoðarmaður utanrrh. er skipaður formaður þar til þess að tengja þetta betur inn í ráðuneytið og koma ráðherravaldinu betur þar inn, þannig að þessi tilhneiging er alls staðar í ríkiskerfinu. Og ég vil vara eindregið við því að menn láti þetta gerast án þess að hugsa mjög vel um hvað þarna er á ferðinni.

Ég get svo sem ekki haft mjög mörg orð um þetta í viðbót en ég vil ítreka það sem ég spurði um áðan. Ég bað um svör við því hvaða árekstrar hefðu komið upp á milli Húsnæðisstofnunar og ráðherra í gegnum árin sem gerðu það að verkum að ráðherra telur sig ekki geta lifað við þau lög sem eru núna og þarf að fá aukið vald yfir stofnuninni. Ég spurði um tæknideildina, um söluna þar. Ég spurði líka varðandi 8. gr., af hverju nauðsynlegt sé að Húsnæðisstofnun fái samþykki félmrh. áður en hún semji við einhverja viðskiptabanka eða aðrar fjármálastofnanir um afgreiðslu og innheimtu lána.

Þá vil ég líka ítreka spurningu mína varðandi áfrýjunarréttinn því að ég fæ ekki betur séð en ráðherra hljóti með einhverjum hætti að koma inn sem áfrýjunaraðili þegar um einstakar lánveitingar er að ræða ef ákvörðunin um lánveitinguna er tekin í húsnæðismálastjórn. Ef húsnæðismálastjórn er ákvörðunaraðilinn um lánveitinguna, og það hefur ekki verið gert annars staðar, þá hlýtur ráðherra að vera hið æðra stjórnvald sem einstaklingar eða einstakir lántakendur geta leitað til, geta farið til og áfrýjað málum sínum til. Það er klárlega kveðið á um þetta í stjórnsýslulögum sem við höfum samþykkt hér á Alþingi alveg nýverið. Og ég vil aðeins spyrja ráðherra hvernig hún sjái það fyrir sér hvaða ákvarðanir hún telji að geti með þessum hætti komið inn á hennar borð. Sem sagt, í hvaða málum hún sjái hugsanlega fyrir sér að verði áfrýjað til hennar vegna þessa ákvæðis.

Ég held að ég hafi þetta ekki lengra í bili. En áður en ég fer héðan úr pontunni vil ég þó ítreka það sem ég sagði hér áðan í umræðu um þingsköp að ég tel mjög mikilvægt að við ræðum hér á þinginu um þennan vanda sem fólk á við að eiga. Þessa greiðsluerfiðleika sem m.a. stafa af minnkandi kaupmætti, af atvinnuleysi og af gerbreyttum aðstæðum í samfélaginu frá því sem þær voru þegar fólk tók þessi lán. Við gætum svo sem gert það hér undir þessu máli ef menn væru ekki flestir búnir að tala sig dauða. Hærri vextir, svo að maður tali nú ekki um þau ósköp, því að þeir hafa sjaldan verið eins háir eins og undanfarið. Þetta hefur gert það að verkum að fólk hefur lent í miklum greiðsluerfiðleikum og okkur ber nákvæmlega sama skylda til þess hér í þinginu og ríkisstjórninni að taka á því eins og tekið var á valdi bankakerfisins, bankakreppunni, sem stafaði af greiðsluerfiðleikum fyrirtækja. Skuldir fyrirtækjanna sem þau lenda í þrotum með eru bara einfaldlega afskrifaðar í stórum stíl, milljörðum saman hér í bönkunum. En mér er ekki kunnugt um að þannig sé farið með lán einstalinganna sem þeir lenda í erfiðleikum með.

Útbýting þingskjala:

Íslenskt ríkisfang vegna EES, 15. mál, þskj. 1075.

Lagaákvæði er varða samgöngumál, 28. mál, þskj. 1076.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, 77. mál, þskj. 1073.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur orðið þó nokkur umræða um þetta mál sem eðlilegt er. Ég hafði ekki hugsað mér að kveðja mér hljóðs aftur við þessa umræðu en ég get ekki annað sökum þess að ég var alveg undrandi á því hér áðan þegar hæstv. félmrh. var í andsvörum við menn, þá virti hæstv. ráðherra þá ekki svara. Það voru þrír hv. þm. sem spurðu ítrekað og fengu engin svör. Það er ekkert sem styrkir valdið eins og þögnin, er sagt, og ég held að það sé einmitt það sem er að gerast í þessu máli. Það er verið að styrkja valdið með þögninni. Það hefur vakið athygli okkar, sem höfum verið að vinna með þetta mál í hv. félmn., að það er aðeins einn hv. sjálfstæðismaður sem hefur treyst sér til að tala í þessu máli. Eðlilega, því þetta frv. gengur þvert á stefnu Sjálfstfl. Og hæstv. félmrh. hefur að sjálfsögðu keyrt þetta svo hart í gegnum Sjálfstfl. að þeir eru hér í sárum einhvers staðar í bakherbergjum og treysta sér ekki til þess að ræða málið.

Það sem er mest áberandi í þessu máli er að í staðinn fyrir að það eigi að dreifa hér valdi eins og er nú stefna hæstv. ríkisstjórnar, eftir því sem maður les í hvítbókinni, þá er nú verið að færa aukið vald til ráðherra. Það hefur margsinnis komið hér fram í umræðunni og það hefur ekki verið hrakið. Það eru heldur ekki komin nein svör um það hvers vegna þarf að færa svona mikið vald, aukið vald, til hæstv. félmrh. Hvers vegna? Hæstv. félmrh. vill ekki meina að hún muni gegna starfi bankastjóra eftir að þetta frv. verði að lögum, en þannig er það einfaldlega. Eini munurinn á því og venjulegum bankastjóra er að þessu verður fjarstýrt úr félmrn. Í staðinn fyrir það að venjulegir bankastjórar sitji á sínum stól í bönkum þá fjarstýrir hæstv. félmrh. úthlutunum úr félmrn. Þetta sú mikla valddreifing sem boðuð er. Hún kemur öll úr einni átt.

Það er margt sem stendur í hvítbókinni og sumt hefur verið lesið hér upp. Það eru komnir margir svartir blettir á þá bók og ég er alveg viss um að þeir ættu þá ósk heitasta, ríkisstjórnarflokkarnir, að hafa aldrei skrifað þau ósköp sem þar standa því að þeir hafa ekki staðið við eitt orð sem þar stendur. Það rekst allt hvað á annars horn.

Markmið valddreifingar, stendur í hvítbókinni, er að stuðla að aukinni hagkvæmni í ríkisrekstri. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra, hvað er það sem eykur hagkvæmni í ríkisrekstrinum með þessu frv.? Er það að gera sjálfstæða ríkisstofnun að ósjálfstæðri ríkisstofnun? Er það að færa vald frá stofnun til ráðherra? Er það valddreifing í raun? Það er auðvitað það sem situr í sjálfstæðismönnum og þess vegna eru þeir ekki hér í salnum að þeir treysta sér ekki til að tyggja þennan bita. Þó þeir ætli að kyngja honum, þá treysta þeir sér ekki til að tyggja hann. (Gripið fram í.) En það er nú þannig að maður tyggur ekki eftir á, hv. þm. Sturla Böðvarsson, og það væri því betra að... (**Gripið fram í:** Sauðkindin gerir það). Að vísu. En nú er ekki um það að ræða í þessu tilviki, hv. þm. Hér er um mannfólk og það sjálfstæðismenn að ræða. (**Gripið fram í:** Ekki jórturdýr). Ekki hélt maður, en það kemur í ljós.

Það vakti mikla athygli mína í dag þegar hæstv. félmrh. var að tala hér og reyna að klóra svolítið í bakkann og taldi að það væri nú ekki verið að færa svo mikið vald frá húsnæðisstofnun og sagði: Það er ekki verið að þurrka allt vald stofnunarinnar út. Ég læt nú vera þó ekki sé verið að þurrka allt vald stofnunarinnar út.

Hvað er í þessu frv., hæstv. félmrh., sem er til bóta fyrir viðskiptavini stofnunarinnar? Það er málefni sem lítið hefur verið rætt hér. Hvað er það? Er það eina að geta leitað beint til ráðherra um fyrirgreiðslu? Er það eitthvað annað? Ég hef ekki heyrt rök fyrir því hér að það sé nokkur skapaður hlutur annar. Og mann undrar að það sé sótt svo mjög eftir því að fá slíkt ráðherravald sem þetta frv. felur í sér. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um væntanlegt bankastjóraefni heldur taka aðeins stjórnunarþátt frv. hvað varðar hvernig stjórnin verður skipuð, ef þetta frv. verður að lögum.

Það hefur margsinnis komið fram að aðilar vinnumarkaðarins eru þurrkaðir út og þeir eiga hvergi að koma þarna að málum. Það hefur hingað til verið samningsatriði að ASÍ hafi þarna fulltrúa, tvo frekar en einn. Það er búið með þessu frv., ef að lögum verður, og mér skildist á hæstv. félmrh. í dag að það væri eðlilegt vegna þess að BHMR hefði gert athugasemdir við að þessir aðilar væru þarna inni. (**Félmrh.:** Ég nefndi ekki BHMR.) — Ég fæ þá betri skýringar á því hér á eftir ef það er rangt með farið hjá mér, en það voru fleiri sem skildu það þannig og það verður þá leiðrétt hér. En ég tel einmitt nauðsynlegt að aðilar vinnumarkaðarins komi þarna, þetta er kjaramál. Húsnæðismál eru kjaramál og ekki bara kjaramál heldur eru þetta félagsmál, mál sem skipta oft mestu máli fyrir einstaklingana, hvernig þessum hlutum er háttað. Að þeir verði algerlega útilokaðir þarna tel ég alrangt. Og fyrst verið er á annað borð að skoða þessi mál um breytingar í stjórninni, þá hlýtur það að verða skoðað betur en gert hefur verið að Samband ísl. sveitarfélaga fái fulltrúa inn í stjórnina. Og ég ætla, með leyfi forseta, að lesa úr bréfi frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga svohljóðandi:

„Ítrekuð er sú skoðun stjórnar sambandsins að sveitarfélögin fái aðild að stjórn Húsnæðisstofnunar. Í því sambandi er minnst á að þau hafi þýðingarmiklu og margþættu hlutverki að gegna í húsnæðismálum og bera mikla ábyrgð á fjárreiðum og framkvæmd félagslega íbúðakerfisins. Stjórn sambandsins telur að stjórn Húsnæðisstofnunar eigi sjálf að taka ákvarðanir um lánveitingar og skiptingu útlána milli útlánaflokka á grundvelli tillagna frá útibúum í landshlutum og telur engin rök fyrir því að auka valdsvið ráðherra hvað það varðar." — Og þegar þeir eru að tala um það þarna hjá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, þá eru þeir að benda á enn og einu sinni „...að stofnunin skal leitast við að veita landsmönnum öllum sömu þjónustu óháð búsetu. Stjórnin telur að því markmiði verði best náð með því að stofnunin komi upp útibúum í landshlutum sem hafa fullt vald á ákvarðanatöku og afgreiðslu mála hvert á sínu svæði. Að sama skapi verði dregið úr starfsemi stofnunarinnar á aðalskrifstofunni í Reykjavík."

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort eitthvað sé í farvatningu hvað þetta mál varðar og hvort það sé alfarið búið að afskrifa að þetta geti orðið. Þetta eru málefni sem oft hefur borið á góma hjá landshlutasamtökunum alls staðar og væri fróðlegt að vita hvað ráðherra telur rétt í þessum efnum. Það hefur ekki komið fram í þessari umræðu.

Svo ég snúi mér nú frá þessum stjórnskipaða þætti og taki aðeins til umfjöllunar hönnunardeildina sem er nú búið að leggja niður, en í máli hæstv. félmrh. í dag kom einmitt fram að það hafi verið haft samband við starfsmenn hönnunardeildar Húsnæðisstofnunar áður en birt var í fjárlögum að leggja skyldi stofnunina niður. Var það ekki rétt skilið hjá mér? Ég fékk nú ekki nein sérstök viðbrögð við þessari spurningu. Ég hélt, vegna þess að þögnin hefur aldeilis ríkt varðandi þær spurningar sem hingað til hefur verið spurt um, að kannski væri hægt annaðhvort að hrista höfuðið eða hneigja eftir því hvort svarið er já eða nei. En það er náttúrlega eins og ég sagði hérna áðan, að það styrkir valdið ekkert eins og þöginin og þá er um að gera að halda því prinsippi. Það er greinilega prinsipp. En svo að ég lesi nú aftur upp úr Velferð á varanlegum grunni, hvítu bókinni með svörtu blettunum, þá stendur hérna í sambandi við starfsmannamál, með leyfi forseta:

„Reglur varðandi atvinnuöryggi, réttindi og skyldur starfsmanna, sem hætta hjá hinu opinbera í kjölfar einkavæðingar (alfarið eða tímabundið), verða skýrar og fjárhagslega viðunandi bæði fyrir starfsmenn og ríkissjóð."

Mig langar að lesa hér upp bókun frá einum fulltrúa í Húsnæðisstofnun frá 16. jan., þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Þann 21. des. sl. barst Húsnæðisstofnun bréf frá félmrn. þar sem Húsnæðisstofnun er nú þegar falið að leggja niður störf, þar á meðal á svonefndri hönnun-

ardeild, þ.e. þjónustudeild tæknideildar. Þessi krafa er ítrekuð með bréfi dags. 4. jan.

Það fer ekki milli mála hver telur sig hafa húsbóndavaldið í Húsnæðisstofnun því að 7. jan. fær þetta fólk uppsagnarbréf og því er tjáð að störfum þess hjá stofnuninni ljúki 1. febr. nk. Er þetta gert með vitund og vilja húsnæðismálastjórnar? Ég mótmæli því að svo sé og fullyrði að að öllu þessu var staðið á mjög óvenjulegan hátt og lítt sæmandi við þessar aðstæður."

Þetta er nú það álit sem alla vega þessi ákveðni fulltrúi hefur, sem bókar í Húsnæðisstofnun á fundi, hvernig staðið var að uppsögnunum. Það var sem sé gert bara einn, tveir og þrír. Það var lítill undirbúningur að þessu máli þannig að ekki var mjög mikið svigrúm sem starfsmenn hönnunardeildar fengu.

Það eru ýmsar aðrar spurningar sem vakna þegar verið er að leggja niður deild eins og hönnunardeild. Það kann oft að vera nauðsynlegt og réttlætanlegt að skoða það en þá líka mjög vandlega. En maður hlýtur að spyrja hvað vinnst með þessum aðgerðum. Hefur þessi starfsemi verið baggi á stofnuninni gegnum árin? Fjárhagslegur hagnaður hefur verið að undanteknu árinu 1991 og árið 1989 sýndi deildin 22% hagnað. Því má heldur ekki gleyma að hönnunarstarf Húsnæðisstofnunar hefur hjálpað mörgum minni sveitarfélögum og verið til mikillar aðstoðar fyrir minni sveitarfélög. Ég er ekki að segja að minni sveitarfélög geti ekki leitað annað en það er mjög löng reynsla hjá hönnunardeild eða var mjög löng reynsla einmitt fyrir þjónustu við minni sveitarfélög og það hverfur á braut án þess að undirbúningur að því sé nánast nokkur.

Hæstv. félmrh. sagði hér í dag að það hefði hvort sem er ekki verið nein lagastoð fyrir hönnunardeildinni þannig að þetta hefði verið hið minnsta mál að leggja hana niður. Nú er búið að hrekja það hér í umræðunni hvað eftir annað. Það var lagastoð fyrir hönnunardeildinni, fyrir tæknideildinni og hönnunardeildin er bara hluti tæknideildarinnar. Hæstv. félmrh. hefur ekki komið í andsvör varðandi það málefni þannig að eftir stendur að auðvitað voru gildandi lög um hönnunardeildina. Og þrátt fyrir það að hæstv. félmrh. telji svo vera, að það hafi ekki verið lagastoð fyrir hönnunardeildinni, þá afsakar það alls ekki þá málsmeðferð sem þetta mál hefur fengið. Og maður spyr sig hvað eftir annað, eftir að hafa verið að fjalla um þetta mál í félmn., fyrir hverja er þetta frv.? Er þetta fyrir viðskiptavini Húsnæðisstofnunar?

Það hefur margsinnis komið fram að þetta er ekki fyrir þá t.d. sem þurfa lán vegna endurbóta húsnæðis og mér heyrist á hæstv. ráðherra að hann taki nú ekki sérlega vel undir þær brtt. sem við í minni hlutanum höfum lagt þar fram. Hér hefur verið talað um einstaklinga í miklum greiðsluerfiðleikum. Þetta frv. er ekkert fyrir þá aðila. En það er eins og margsinnis hefur komið fram kannski mest áríðandi að koma einmitt þeim til aðstoðar sem eru í verstu vandræðum vegna greiðsluerfiðleika sem eru ekki síst vegna rangrar stjórnunar í landinu, allt of hárra vaxta o.s.frv. Að ekki sé nú talað um vegna þess lélega atvinnuástands sem hér ríkir.

En svo ég tali aftur um þögnina sem ríkir um þetta mál að það er fátt erfiðara að hrekja með rökum en þögnina. Það er kannski þess vegna að stjórnarsinnar almennt hafa ekki viljað tjá sig um þetta mál vegna þess að þeir eru rökþrota gagnvart því. Og ég held að það sé nú skýringin á því. Ég ætla ekki að tefja hér meir þessa umræðu, ég býst svo sem ekkert við að fá svör við þeim spurningum sem fyrir liggja nú frekar en endranær, hér eigi þögnin að ríkja um þetta mál.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir kvöldmat svaraði ég nokkrum spurningum sem til mín hafði verið beint og ég tel ástæðu til þess að koma hér aftur inn í þessa umræðu og svara ýmsum spurningum sem fram hafa komið.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon beindi til mín nokkrum spurningum sem snertu sparnaðinn í Húsnæðisstofnun og spurði hvað væri áætlaður mikill sparnaður og hvaða líkur væru til þess að hann mundi nást. Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir því að sparnaðurinn yrði 132 millj. á þessu ári en það er augljóst að sá sparnaður mun ekki nást að fullu einfaldlega vegna þess að það var gert ráð fyrir því að þetta lagafrv. gæti tekið gildi á áramótum þannig að þau sparnaðaráform sem fram koma í þessu frv. tækju gildi á þeim tíma. En við erum nú komin inn í maímánuð þannig að það er nokkuð ljóst að vegna þess hvað dregist hefur að samþykkja þetta frv. munum við ekki að fullu ná þeim sparnaði. En sparnaðurinn í Húsnæðisstofnun á síðasta ári var sennilega á bilinu 40–50 millj. kr. en þá var einmitt farið í það átak að reyna að hagræða og ná fram sparnaði hjá stofnuninni.

Hv. sami þingmaður spurði um fjáröflun til húsnæðiskerfisins á þessu ári. Það voru gerðir samningar við lífeyrissjóðina um skuldbréfakaup sem annars vegar fólust í beinum skuldabréfakaupum og hins vegar í útboði. Um var að ræða samninga upp á 9 milljarða kr. þar sem gert var ráð fyrir að 3 milljarðar kæmu með útboði og rúmlega 6 millj. með skuldabréfakaupum. Það sem liggur fyrir í dag er að það fjármagn sem hefur komið inn frá áramótum með þessum hætti er eitthvað innan við 3 milljarðar og sennilega er það álíka mikið sem hefur komið með útboði og skuldabréfakaupum. En það sem veldur áhyggjum er að samningar sem voru gerðir gengu út á það að ⅔ kæmu með beinum skuldabréfakaupum eða um 6 milljarðar og 3 milljarðar með útboðum en einungis hafa náðst samningar við lífeyrissjóði sem nema að fjárhæð 3 milljörðum kr. Það eru ekki síst SAL-sjóðirnir sem hafa ekki staðið sig sem skyldi í þessum kaupum til þess að uppfylla þessa samninga og vissulega veldur það nokkrum áhyggjum að ef það gengur ekki eftir að hægt sé að standa við það að koma upp 500–600 íbúðum á þessu ári eins og ætlunin var. Og það veldur líka vissulega áhyggjum ef stærsti hlutinn af þessu eða stór hluti af þessu verður gegnum útboð vegna þess að vextir þar hafa verið hærri heldur en í beinum skuldabréfakaupum, og það getur auðvitað leitt til ójafnvægis hjá Byggingarsjóði verkamanna, en þær ákvarðanir sem

hafa verið teknar, bæði varðandi skuldabréfakaup og kjörin á þeim og síðan vaxtakjör til einstaklinga byggjast á því að hægt sé að ná þar jafnvægi miðað við ákveðnar forsendur.

Hv. sami þingmaður spurði einnig um stöðu húsbréfakerfisins og ég held að það sé óhætt að fullyrða að það hefur ríkt jafnvægi í stöðu húsbréfakerfisins á síðustu mánuðum. Það vita allir að þegar afföllin fóru upp á árinu 1991, þá var það vegna þess að opnað var fyrir greiðsluerfiðleikalán sem að mig minnir námu 2 milljörðum kr. sem fóru beint út á markaðinn til viðbótar þeirri útgáfu sem var vegna hefðbundinna viðskipta og einnig var yfirgangstími þar þegar við vorum að taka úr sambandi 86-kerfið og allt þetta gerði það að verkum að afföllin voru miklu meiri heldur en áætlað var í upphafi.

Hv. þm. nefndi það sem ég hélt nú að allir væru farnir að skilja, að hann skildi það ekki að greiðslubyrði væri eitthvað léttari þegar það væru 6% vextir eins og í húsbréfakerfinu eða 3,5% vextir eins og voru í 86-kerfinu. Auðvitað liggur það alveg ljóst fyrir að þegar fólk þarf að taka stóran hluta af sínum lánum til húsnæðiskaupa með skammtímalánum, 7–10% vöxtum, og það til stutts tíma þá hefur það leitt til greiðsluerfiðleika hjá fólki, enda er það svo að þau greiðsluerfiðleikalán, sem hafa verið veitt frá 1985 og eru tæpir 6 milljarðar kr., stærstur hlutinn af þeim hefur farið til þess að greiða upp vanskil og skuldir við bankastofnanir vegna þessara skammtímalána. Hann fór yfir í nýbyggingarlánin og taldi að þau hefðu dregist verulega saman og spurði um nýbyggingarlán á árinu 1992 og taldi að verulegur samdráttur hefði orðið í nýbyggingum. Ég held að það sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hver er nýbyggingarþörfin. Ég tel að staðan sé núna sú að við séum með miklu meira af nýbyggingum sem ekki seljast, sennilega um 400–500 íbúðir, einfaldlega vegna þess að þessar íbúðir eru hlutfallslega miklu dýrari heldur en notaðar íbúðir. Ég hef einungis fjölda lána til nýbygginga en ekki fullgerðar íbúðir á árinu 1992, en á því ári var fjöldi lána til nýbygginga 1.375 og höfðu ekki verið fleiri lán til nýbygginga síðan á árinu 1985 þannig að nýbyggingarlánum hefur fjölgað, með tilkomu húsbréfakerfisins, en það er einungis samanburður við 1985 sem stenst fjöldann á árinu 1992.

Hv. þm. fór nokkuð inn á þá úttekt sem gerð hefur verið af Hagsýslunni hjá Húsnæðisstofnun, en það er greinargerð sem ég fékk frá Hagsýslunni í ágúst 1992 um möguleika á aukinni hagkvæmni í rekstri Húsnæðisstofnunar ríkisins og spurði hvort ýmis sjónarmið sem þar kæmu fram væru sjónarmið mín eða félmrn., nefndi m.a. flutning á húsbréfakerfinu yfir í bankastofnanir og fleiri þætti. Ég get sagt hv. þm. — hann er nú ekki hér í salnum — að þau sjónarmið þarna sem koma fram varðandi þessi atriði í greinargerðinni eru alfarið sjónarmið Hagsýslunnar sem ég tek ekki undir. Það er verið að skoða núna kosti og galla ríkisábyrgðar á húsbréfum og ég tel að það sé nauðsynlegt að fá þá úttekt fram áður en ég tjái skoðun mína á því að afnema ríkisábyrgð á húsbréfum. Í fljótu bragði óttast ég þó að ef ríkisábyrgð á húsbréfum verði afnumin og húsbréfin flutt í bankakerfið, þá muni það hækka vexti og leiða til þess að meiri kröfur verða gerðar um veðhæfni eigna sem gætu orðið til þess að nýbyggingar gætu lagst af á landsbyggðinni. Þess vegna þarf að huga mjög vel að því ef fara á út í það eins og hér er látið að liggja í þessari greinargerð að færa húsbréfin yfir í bankakerfið.

Ég vil líka segja það og það er kannski innlegg í þessa umræðu varðandi sjálfstæði Húsnæðisstofnunar, að ég er t.d. ekki sammála því sem fram kemur í þessari greinargerð en þar stendur að yfirstjórn Húsnæðisstofnunar leggi áherslu á að eðlilegt sé að auka gjaldtöku stofnunarinnar og draga þannig úr beinum framlögum til rekstrar. Þetta er álit yfirstjórnar Húsnæðisstofnunar. Ég er gersamlega ósammála því að það eigi að fara út í einhverjar auknar gjaldtökur hjá Húsnæðisstofnun ríkisins og draga þar með úr beinum framlögum þannig að það er auðvitað innlegg í það þegar við erum að tala um sjálfstæði Húsnæðisstofnunar.

Ég vil þá víkja að því sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir kom inn á hvað það væri sem hefði verið í ágreiningi milli ráðuneytisins og Húsnæðisstofnunar gegnum árin sem gerði það brýnt að koma fram með þessar breytingar. Ég vil í fyrsta lagi segja það og ítreka það sem ég sagði hér fyrr í dag að það var fyrst og fremst að ábendingu Ríkisendurskoðunar sem farið var í að skoða þessa þætti, en hitt er auðvitað ljóst að það hefur komið upp ýmis ágreiningur vegna sjálfstæðis þessarar stofnunar sem þeir hafa ávallt borið fyrir sig og þá greinargerð sem þeir fengu frá Lagastofnun Háskólans um sjálfstæði stofnunarinnar. Ég nefni stefnumörkun, t.d. þessa stefnumörkun sem ég var að vitna hér til áðan, áherslu yfirstjórnar Húsnæðisstofnunar um að auka gjaldtöku en minnka bein framlög til stofnunarinnar. Það er út af fyrir sig stefnumörkun. Og það er hægt að nefna líka stefnumörkun í öðrum þáttum og ég hygg að þeir sem sátu hér á þingi 1987 og 1988 minnist þess að það var ágreiningur mikill milli ráðuneytisins og húsnæðismálastjórnar um t.d. 86-kerfið þegar ég vildi draga úr þeirri sjálfvirkni sem þar var og það hefur verið ágreiningur um stefnumörkun við húsnæðismálastjórn eða a.m.k. hluta hennar að taka upp húsbréfakerfið í staðinn fyrir 86-kerfið.

Auðvitað mætti nefna fleiri þætti. Ég nefni t.d. að það er ekki langt síðan fyrirspurn var beint til mín frá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur um gjaldtöku hjá Húsnæðisstofnuninni sem henni fannst óeðlilega há. Félmrn. hafði ekki tekið ákvörðun um þá gjaldtöku og ekki félmrh. Hann vissi ekki einu sinni af þessari gjaldtöku. Það var Húsnæðisstofnun sjálf sem tók ákvörðun um þessa gjaldtöku og hún var þó nokkuð há. Það var fyrst þegar umboðsmaður átaldi Húsnæðisstofnun fyrir hvernig að þeirri gjaldtöku var staðið að ráðuneytinu var gert viðvart til að reyna að leysa úr þeim ágreiningi og það má auðvitað nefna það að Húsnæðisstofnun rekur sig nokkuð mikið fyrir sértekjur og þegar Húsnæðisstofnun hefur algert sjálfdæmi í þessum gjaldtökum, þá er kannski ekkert óeðlilegt að ráðu-

neytið vilji a.m.k. vita af þeim og ég tel eðlilegt að slíkt sé staðfest af ráðuneyti og ráðherra þegar við erum með íþyngjandi ákvarðanir með þessum hætti á íbúðarkaupendur.

Það má nefna t.d. innheimtukostnað vegna vanskila og það má nefna gjaldtöku vegna nauðungaruppboða og fleiri þætti í þessu efni. Þetta er kostnaður sem hefur í för með sér útgjöld fyrir fólkið sem Húsnæðisstofnun virðist hafa sjálfdæmi um og það hefur komið fyrir iðulega að Húsnæðisstofnun hefur farið út í meiri gjaldtöku og meiri sértekjur en fram hefur komið í fjárhagsáætlun sem hún hefur lagt fyrir ráðuneytið og fram hefur komið þá í fylgiskjali með fjárlögum. Og ég nefni það einnig sem ég nefndi hér áðan að ég tel það nauðsynlegt að hafa fjárhagsáætlun stofnunarinnar miklu sundurliðaðri en gert hefur verið þannig að hægt sé að gera sér grein fyrir því hvers Húsnæðisstofnun ætlar að afla með sértekjum og gjaldtöku og hvað kemur inn með beinum framlögum.

Það má nefna ágreining líka varðandi vaxtabreytingar. Það hefur komið upp ágreiningur milli mín og húsnæðismálastjórnar og ríkisstjórnar og húsnæðismálastjórnar annars vegar um það efni þannig að lengi má auðvitað tína til. Og ég vil líka rifja upp það sem ég sagði í dag að ég tel það óeðlilegt að stjórn einnar ríkisstofnunar sendi beint til Alþingis fram hjá ráðuneytinu óskir um viðbótarútgjöld sem nemur einhverjum hundruðum millj. kr. til að opna nýja lánaflokka og að bæta kjör á ákveðnum lánaflokki án þess að gera sér grein fyrir því hvar eigi að fá pening í það og án þess að ráðuneytið hafi hina minnstu vitneskju um það. Ráðuneytið er reyndar hunsað vegna þess að það hafi óskað eftir upplýsingum um kostnað við að opna þennan málaflokk, en það var ekki virt viðlits heldur beiðni send beint til félmn. um að opna fyrir slíkan lánaflokk.

Ég vil líka nefna eitt atriði sem eru þóknanir til t.d. nefndarmanna í Húsnæðisstofnun. Ráðuneytið hefur ekki haft fulla vitneskju um það hvaða þóknanir eru teknar varðandi ýmis nefndastörf hjá Húsnæðisstofnun og raunar leitað eftir að fá upplýsingar um það en það hefur gengið erfiðlega. Og ég vil líka nefna það að þegar þessi úttekt var gerð af Hagsýslu ríkisins á sínum tíma og við vildum fara að vinna að þessum sparnaði hjá Húsnæðisstofnun sem við töldum að væri hægt að ná án þess að draga úr þjónustu, þá gekk mjög erfiðlega oft og tíðum að fá upp upplýsingar úr Húsnæðisstofnun til þess að við gætum unnið markvisst að þeim sparnaði sem okkur var ætlað á fjárlögum. Það gekk mjög erfiðlega. Við þurftum að sitja marga fundi með yfirmönnum Húsnæðisstofnunar til þess að fá samvinnu við þá að fá eðlilegt upplýsingastreymi úr Húsnæðisstofnun til ráðuneytisins til þess að geta staðið að þeim sparnaði sem okkur var ætlaður.

Síðan spurði hv. þm. af því að ákvæði er í þessu frv. um sölu á eignum hönnunardeildar: Er búið að selja þessar eigur? Já, það er búið að selja þessar eigur en hver tók ákvörðun um það? Var það ráðuneytið eða ráðherra? Nei, það var ekki ráðuneytið eða ráðherra. Það var húsnæðismálastjórn sem tók ákvörðun um að selja eigur hönnunardeildar og ráðuneytið var ekkert spurt hvernig að því ætti að standa eða að það væri höfð nein samvinna eða samráð við ráðuneytið um það verð sem gæti fengist fyrir slíkar eignir, hvort það ætti að fara út í útboð eða annað heldur var ráðuneytinu sendur samningurinn sem gerður hefur verið við starfsmenn Húsnæðisstofnunar þegar hann lá fyrir undirritaður. Við töldum að það þyrfti lagaheimild til þess að selja eigurnar. Hér er um sölu á eignum að ræða sem ekki kom fram í 6. gr. fjárlaga og því töldum við að það þyrfti lagaheimild til þess en húsnæðismálastjórn tók í skjóli síns sjálfstæðis ákvörðun um að selja eignir hönnunardeildar.

Hv. sami þingmaður spurði um af hverju væri nauðsynlegt að hafa samþykki ráðherra áður en samið er við banka, t.d. um að flytja afgreiðslu lána til bankastofnana og fleira í þeim dúr. Ég tel að það sé eðlilegt að hafa það með þessum hætti og vil ég nefna tvennt til í því sambandi. Ef það er verið að setja þjónustu eða óska eftir því að bankar taki upp þjónustu varðandi t.d. húsbréf og fleira eða flytja afgreiðslu til banka, þá kostar það vafalaust sitt og ég tel eðlilegt að ráðuneytið geti fylgst með þeim málum varðandi gjaldtöku og slíkt og ég tel eðlilegt að það sé gert með reglugerð þannig að það birtist í Stjórnartíðindum svo að borgarar þessa lands hafi þá upplýsingar um það hverju sinni að þær breytingar sem gerðar eru séu gerðar með reglugerð og birtar með eðlilegum hætti í Stjórnartíðindum.

Varðandi það sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, hv. 2. þm. Vesturl., þá kom hún aftur inn á þetta með starfsmenn hönnunardeildar og uppsagnirnar að þeim hefur verið sagt upp án nokkurs fyrirvara o.s.frv. Ég bara vitna til þess sem ég sagði hér fyrr í dga að starfsmenn hönnunardeildar fengu að fylgjast með þessu máli á öllum stigum. Það var haldinn fundur með þeim, fleiri en einn og fleiri en tveir af yfirmönnum Húsnæðisstofnunar og það var gert strax 2. okt., það var alla vega áður en fjárlagafrv. var lagt fram þar sem þeim var tilkynnt um þetta áform. Ég minnist þess að þetta kom í Fréttabréfi Húsnæðisstofnunar í nóvember þar sem ítarlega var farið yfir þetta og fyrirhugaðar uppsagnir þannig að það átti engum að koma þetta á óvart fyrir utan það að þetta lá fyrir einnig í fjárlagafrv. Hv. þm. spyr um áform varðandi þjónustu við landsbyggðina og útibú tengd Húsnæðisstofnun. Ég er því mjög hlynnt að það sé gert meira af því. Húsnæðisstofnun er með útibú á Akureyri og ég tel að við eigum að gera meira í því efni, enda kemur fram í 1. gr. frv. að Húsnæðisstofnun skal leitast við að veita landsmönnum sínum sömu þjónustu óháð búsetu og ég tel að á grundvelli þessa ákvæðis sé heimilt ef Húsnæðisstofnun svo kýs að stofna fleiri útibú ef það er talið hagkvæmt.

Hv. þm., 2. þm. Vesturl., Ingibjörg Pálmadóttir, fór einnig inn á það sem stendur upp úr öllum ræðumönnum að ráðherra sé að þessu öllu saman til að fá til sín úthlutanirnar, sennilega úr félagslega kerfinu, svo að ráðherra geti staðið í fyrirgreiðslu hér og þar um landið. Ég hef ekki nokkurn áhuga á því að fá úthlutanir

inn í félmrn., enda er það með öllu óeðlilegt að svo sé þannig að ég vísa því á bug að hér sé verið að flytja frv. til þess að ráðherrar geti haft ítök í einhverjum einstaka úthlutunum varðandi húsnæðismál. Ég tel auðvitað eðlilegt að ráðherra hafi forsendurnar sem menn gefa sér varðandi úthlutunina og helstu útlínur hvað fer mikið í hina ýmsu lánaflokka vegna þess að þar eru mismunandi kjör og það hefur áhrif á jafnvægi í stöðu sjóðsins hvað er úthlutað miklu til almennra kaupleiguíbúða sem eru með hærri vexti, hvað er miklu úthlutað til leiguíbúða og félagslegra íbúða því að það eru mismunandi kjör á þessu þannig að ráðuneytið geti haft yfirsýn og eftirlit með því að það sé ákveðið jafnvægi í stöðu sjóðsins varðandi inn- og útlán.

Ég tel að ég hafi svarað hér flestu því sem til mín hefur verið beint. Hvað er í frv., spurði hv. 2. þm. Vesturl., sem stuðlar að hagkvæmni í rekstri? Ég tel að það sem við höfum verið að vinna að, bæði með þessu frv. og með þeim sparnaði sem náðst hefur í Húsnæðisstofnun og þeim sparnaði sem er áformaður með ýmsum rekstrarbreytingum innan Húsnæðisstofnunar stuðli að hagkvæmari rekstri. Og varðandi áfrýjunarréttinn síðan í lokin, af því að ég gleymdi því sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir spurði um, sem til er stofnað samkvæmt stjórnsýslurétti og í hvaða málum sé hægt að áfrýja til ráðherra þá hef ég hreinlega ekki gert mér grein fyrir því í hvaða málum sé hægt að áfrýja. Ég hygg að þetta sé þá almennur réttur sem gildir varðandi Húnæðisstofnun eins og aðrar opinberar stofnanir.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þau svör sem hann gaf hér. Það kom fram ýmislegt athyglisvert í þeim, m.a. að hæstv. félmrh. hefur áhyggjur af samningum við lífeyrissjóðina. Heldur nú hæstv. félmrh. að það komi betra samningaandrúmsloft í þau mál þegar er búið að ryðja fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar út úr stjórn stofnunarinnar? Það kom einnig fram að hæstv. félmrh. óttast að afnám ríkisábyrgðar á húsbréfum hækki vexti. Það óttast þeir ekki sem ætla að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög. Það rekur eitt sig á annars horn hjá þessari ríkisstjórn. Og auðvitað kom hæstv. félmrh. að kjarna málsins þegar hann var að klaga Húsnæðisstofnun hér í svari sínu. Auðvitað voru það átökin um 86-kerfið sem eru orsökin að öllu þessu brambolti hér og árekstrarnir við stofnunina um það mál. Það er auðvitað ástæðan til þess að hér er verið að keyra þetta í gegn.

Eitt var það enn sem er mjög einkennilegt, að það þurfi ekki lagaheimild til að leggja hönnunardeildina niður en það þurfi lagaheimild til að selja eigurnar. Það er margt mjög merkilegt í þessu.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér hafa orðið mikil tíðindi í ræðu hæstv. félmrh. Fyrir það fyrsta upplýsir ráðherrann að það standi mjög ógæfulega um fjármögnun fyrir þetta ár. Og hvert er svar ráðherrans til lausnar á því? Það er tvennt: Að reka út úr húsnæðismálastjórn fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar. Í öðru lagi að draga meira vald til sín um málið en áður er. Og ég spyr: Hvernig leysir það fjármögnunarvandamál upp á milljarða kr.?

En það sem mestum tíðindum sætir eru ásakanir hæstv. ráðherra í garð embættismanna og stjórnarmanna Húsnæðisstofnunar ríkisins sem eru með því alvarlegasta sem ég hef heyrt frá ráðherra í garð stofnunar og embættismanna hennar sem undir ráðherrann heyrir. Ráðherrann sagði í fyrsta lagi að ráðuneytið væri hunsað og fengi ekki svar við bréfum. Í öðru lagi að ráðuneytið fengi ekki upplýsingar, m.a. um þóknanir fyrir ýmis nefndastörf og í þriðja lagi ítrekaði ráðherrann að erfiðlega gengi að fá upplýsingar og í fjórða lagi kom það fram hjá ráðherra að meiri hluti húsnæðismálastjórnar sem tók ákvörðun um að selja eigur hönnunardeildar hefði að mati ráðuneytisins ekki haft lagaheimild til þess. Ráðherrann er að segja að meiri hluti stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins hafi brotið lög. Þetta eru svo alvarlegar ásakanir, virðulegi forseti, að ég hlýt að gera kröfur til þess að umræðu verði frestað og málið nú þegar tekið fyrir í félmn. sem afli upplýsinga og gefi mönnum færi á að svara fyrir þessar ásakanir.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil segja það varðandi lífeyrissjóðina, ef þeir standa ekki við þá samninga sem þeir hafa gert vegna þess eins og að var látið liggja af hv. þm. að fulltrúar þeirra ættu ekki lengur sæti í stjórn Húsnæðisstofnunar, þá er ég nú hætt að skilja málið vegna þess að það mundi fyrst og fremst bitna á þeirra félögum ef lífeyrissjóðirnir ætla að halda að sér höndum varðandi skuldabréfakaup.

Varðandi það sem hv. þm. nefndi um sölu á eigum stofnunarinnar, þá hefur verið talið nauðsynlegt að setja inn í frv. að það þyrfti lagaheimild til þess og það var að bestu manna yfirsýn lögfræðingar sem fóru yfir málið að slíka lagaheimild þyrfti. Þess vegna var hún sett í ákvæði til bráðabirgða og kemur skýring fram á því í frv.

Varðandi hönnunardeildina sem slíka, þá er ekki kveðið sérstaklega á um hana í lögum um Húsnæðisstofnun, en varðandi sölu á eigum Húsnæðisstofnunar, þá var það talið nauðsynlegt.

Varðandi það sem ég upplýsti að það hefði gengið erfiðlega að fá upplýsingar frá Húsnæðisstofnun um ýmis atriði, þá hef ég áður nefnt það hér í umræðunni og ég minnist þess að þessi sami hv. þm. sem nú kallar eftir fundi í félmn. út af því taldi það mjög miður þegar hann svaraði mér þá að ég fengi ekki þær upplýsingar sem um væri beðið í Húsnæðisstofnun. En ég sagði að það hefði gengið mjög treglega og við fengum t.d. ekki upplýsingar um kostnaðinn við það að opna þennan lánaflokk varðandi viðhaldið í félagslega íbúðakerfinu. Það liggur alveg ljóst fyrir. En ég sé enga ástæðu til þess að halda einhvern sérstakan fund í félmn. út af því sem hér hefur fram komið.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð nú að segja að ég undrast það að hæstv. ráðherra fái ekki upplýsingar úr stofnuninni þegar formaður stjórnarinnar er sérstakur trúnaðarmaður ráðherrans. Og ég veit ekki annað en embættismenn stofnunarinnar veiti þeim trúnaðarmanni ráðherrans allar þær upplýsingar sem hann biður um. En hins vegar er ráðherrann ítrekað að bera það á embættismenn stofnunarinnar að þeir veiti ráðherranum ekki umbeðnar upplýsingar og það er mjög alvarlegt mál. Það er svo alvarlegt að ég tel nauðsynlegt að fara fram á það að félmn. komi saman og kalli fyrir sig þessa embættismenn og fulltrúa ráðuneytisins og óski eftir því að embættismennirnir gefi skýringar á því hvers vegna þeir veita ráðherranum ekki upplýsingar sem hann biður um. Það er ólíðandi ef embættismennirnir gera það ekki sem þeim ber og ef það gengur ekki að óbreyttum lögum, þá verður hv. félmn. að breyta lögunum. Því ítreka ég þessa kröfu mína, virðulegi forseti.

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil undir liðnum um gæslu þingskapa mótmæla því að það hefur komið hér fyrir trekk í trekk í dag að hæstv. félmrh. hefur ekki virt þá svars sem veita andsvör og eigi að síður er skorinn niður tími þeirra sem veita andsvörin. Tíminn er skorinn niður í 1½ mínútu og 1 mínútu fyrr í dag og síðan virðir félmrh. ekki þann svars sem veitir andsvar eða svarar honum einhvern tíma seinna. Þetta er ekki góð venja og ég vil mótmæla þessu.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki til þess að það sé neitt í þingsköpum sem segir að veita eigi andsvar við andsvari og það sem kom fram hér áðan í andsvari við minni ræðu hjá hv. þm. taldi ég ekki gefa tilefni til andsvars af minni hálfu.

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil benda á það að ég beindi spurningu til hæstv. ráðherra í svari mínu um hvort hún héldi að það bætti andrúmsloftið í samningaviðræðum við lífeyrissjóðina, þetta frv. sem hér um ræðir. Jú, hæstv. ráðherra svaraði næsta ræðumanni ef ég tók rétt eftir einhverju í þá átt en ekki mér. Ég hef skilið þingsköpin þannig að andsvör ættu að vera skoðanaskipti milli þess ræðumanns sem gefur andsvar og ræðumannsins sem hann veitir andsvar og þess vegna vil ég vekja athygli á þessu og óska eftir því að réttum ræðumanni sé svarað þannig að honum gefist þá kostur að nota sinn seinni ræðutíma. Það ætti að vera lágmarkskurteisi.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þetta er nú orðið nokkuð sérkennilegt, satt að segja, sem kom fram hér áðan hjá hæstv. félmrh. Ég hugsa að það séu fá dæmi um það að í umræðum um mikilvægt mál eins og það sem við erum hér að ræða, beri hæstv. ráðherra jafnalvarlegar sakir á trúnaðarmenn sína og fram komu hér í ræðu hennar áðan. Í fyrsta lagi skýrði hún frá því að það fengjust ekki upplýsingar frá stofnuninni um það hvað það kostaði að taka upp tiltekinn nýjan lánaflokk. Í öðru lagi skýrði hún frá því að stofnunin svaraði ekki bréfum og taldi auk þess upp ein tvö eða þrjú önnur atriði sem verður að flokkast undir mjög alvarlegar ávirðingar á þessa stofnun þannig að ég held að það séu full rök fyrir því sem fram kom hér áðan hjá hv. 5. þm. Vestf. að beina því til forseta þingsins og félmrh. og formanns félmn. að félmn. komi saman hið fyrsta til þess að gefa þessum starfsmönnum kost á að svara fyrir sig frekar en láta þá sitja undir ásökunum af þessu tagi án þess að koma svörum á framfæri á réttum vettvangi. Það er auðvitað bersýnilegt að það er mjög alvarlegur trúnaðarbrestur, virðulegi forseti, á milli félmrh. og forráðamanna þessarar stofnunar og það er kannski skýringin á þessu frv. sem hér hefur verið rætt nokkuð ítarlega að hæstv. félmrh. leggur svona mikið kapp á að fá það afgreitt að þessi trúnaðarbrestur er orðinn. Ég tel hins vegar ekki að það eigi að leysa vanda sem upp kemur vegna trúnaðarbrests milli ráðherra og yfirmanna stofnana með því að breyta lögum um viðkomandi stofnanir heldur eigi auðvitað að gera það fyrst og fremst með því að viðkomandi ráðherra reyni að bæta vinnubrögð stofnunarinnar og ef ráðherrann telur með rökum að forráðamenn stofnunarinnar séu jafnóhæfir og hún rakti hér áðan þá á hún auðvitað að biðjast lausnar fyrir þá. Hún var í raun og veru að lýsa því yfir með yfirlýsingum sínum hér áðan að hún hefði öll rök á hendi til að reka forstjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins og ég tel að ráðherrann væri maður að meiri ef hún fylgdi þeim orðum sínum eftir með beinum hætti frekar en vera með yfirlýsingar af þessu tagi hér í ræðustóli á Alþingi. Og lágmark tel ég það að félmn. Alþingis verði þegar í stað kvödd saman og hún kalli fyrir bæði formann húsnæðismálastjórnar og forstjóra Húsnæðisstofnunar þannig að þeir geti borið hönd fyrir höfuð sér varðandi þessar heiftarlegu ásakanir sem hér voru fluttar af hæstv. félmrh. sem jafngilda auðvitað því að hæstv. ráðherra hafi sagt hér úr ræðustól á Alþingi: Ég ætla á morgun að reka forstjóra Húsnæðisstofnunar.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Alltaf heyrir maður nú eitthvað nýtt, að biðja um andsvar við gæslu þingskapa. En ég vil, virðulegi forseti, beina þeirri ósk formlega til forseta undir liðnum þingsköp að umræðu um þetta mál verði nú þegar frestað, að félmn. verði kvödd saman hið fyrsta til þess að kanna og fara yfir þær alvarlegu ásakanir sem hæstv. ráðherra bar hér fram til embættismanna Húsnæðisstofnunar ríkisins. Á þann fund verði þeir kvaddir ásamt formanni húsnæðismálastjórnar til þess að gefa þeim kost á að koma fram með skýringar af sinni hálfu við þessum ásökunum ráðherra sem ráðherra lætur hér falla í ræðustól á Alþingi, þar sem þeir koma ekki við vörnum. Og það væri alveg fráleitt, virðulegi forseti, að mínu mati eftir þessa

sprengju sem hæstv. ráðherra hefur varpað inn í umræðuna gagnvart embættismönnum ríkisstofnunar að halda áfram þessari umræðu. Ég teldi slíkt vera þvílíka móðgun við þessa embættismenn að það næði ekki nokkurri mátt. Og ég tel að ef það væri einhver dugur í hæstv. félmrh., þá eigi hann að koma upp á eftir. Ég veit að hann hefur beðið um orðið og ætlar að biðjast afsökunar á þessum ummælum sínum. Að öðrum kosti er ekki um annað að ræða en ítreka þá kröfu sem ég hef þegar sett fram.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst menn teygja sig býsna langt í því að leggja út af orðum mínum hér áðan í minni ræðu. Það hefur mjög verið gengið á mig hér í þessari umræðu að ræða það sem hefur borið á milli félmrn. og Húsnæðisstofnunar og ég fór yfir atriði eins og stefnumörkun og varla er það ástæða til þess að kalla félmn. saman. Ég fór yfir ágreining eins og vaxtabreytingar. Það er vitað að það hefur verið. Ég fór yfir það sem stóð t.d. í úttekt hjá Hagsýslunni að yfirstjórn stofnunarinnar kallaði á auknar gjaldtökur í stað beinna framlaga. Það stendur í þeirri skýrslu. Ekki eru það ásakanir af minni hálfu, þetta er bara staðreynd sem þar stendur. Og ég sagði að þegar Húsnæðisstofnun hefði farið í sínar gjaldtökur þá hefur það iðulega komið fyrir að við höfum ekki haft vitneskju um það. Það liggur fyrir, það lá fyrir í umræðunni þegar ég ræddi þessi mál við hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, þannig að það er ekkert neitt nýtt í því.

Varðandi sölu á eignum Húsnæðisstofnunar þá hefur það legið fyrir að þessar eignir hafa verið seldar og hv. þm. sem er stjórnarmaður í húsnæðismálastjórn hefur auðvitað mátt vita það. Það hefur legið fyrir að þær voru fyrir nokkru seldar. Umræðan snýst um það ákvæði sem er í frv. þar sem lögfræðingar töldu að það þyrfti lagaheimild til þess að selja eigur stofnunarinnar. Ég vísa því alfarið á bug að þetta frv. sé flutt út af trúnaðarbresti milli mín og yfirmanna stofnunarinnar og tel mig hafa ítrekað það aftur og aftur í umræðunni af hverju þetta frv. var flutt sem má rekja alla leið til 1988 þegar Ríkisendurskoðun óskaði eftir því að stjórnsýsluleg staða Húsnæðisstofnunar yrði tryggð betur heldur en gert var, hún væri mjög óljós og þyrfti að fá skýrari lagaákvæði þar um. Þannig að ég tel að ekkert sem fram hefur komið í mínu máli kalli á þau hörðu viðbrögð sem fram hafa sérstaklega komið frá hv. 5. þm. Vestf.

Frsm. meiri hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það hefur verið óskað eftir því vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram, fyrst í andsvörum og svörum við þeim og síðan í umræðum um gæslu þingskapa, að félmn. kæmi saman til að fjalla um það sem hér hefur verið sagt. Ég vil hér og nú segja að ég sé enga ástæðu til þess og það kemur mér mjög á óvart að þessi umræða verði á þann hátt sem hún er í framhaldi af orðum ráðherra. Okkur í félmn. er fullkomlega kunnugt um það að að sumu leyti hefur húsnæðismálastjórn fundist það eðlilegt að snúa sér beint t.d. til Alþingis og það kemur fram í minnisblaði, sem fylgir sem fskj. með nál. meiri hluta félmn., út af tillögum sem húsnæðismálastjórn sendi félmn. að stjórnin leggur þar til tillögur í framhaldi af bréfi sem kom til stjórnarinnar 7. jan. 1993 frá ráðuneytinu. Við fengum tillögur í febrúar og það er í raun og veru má segja svarið við umbeðnum upplýsingum. *Mér finnst það alveg fráleitt þó að ráðherra upplýsi það hér að e.t.v. skapi þessi ógreinilega staða, stjórnsýslulega staða Húsnæðisstofnunar, einmitt slíkan vanda eins og þarna birtist í þessari greinargerð sem við fengum upplýsingar um. E.t.v. ætti það að skýra það að það er mjög mikilvægt að stjórnsýsluleg staða Húsnæðisstofnunar ríkisins sé klár, en að við í félmn. förum að kalla til starfsfólk Húsnæðisstofnunar ríkisins út af orðum sem hér hafa fallið í upplýsingum um samskipti finnst mér algjörlega fráleitt.*

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það var gagnrýnt um daginn í ákveðnu máli sem hefur verið kallað „Hrafnsmál" að ýmsir talsmenn stjórnarandstöðunnar hefðu að honum fjarstöddum gagnrýnt hann úr þessum ræðustól. Svo gerist það hér í kvöld að hæstv. félmrh. ber heiftarlegar ásakanir upp á forustumenn, trúnaðarmenn Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þeir svara ekki bréfum, þeir upplýsa ekki hvað það kostar að taka upp nýja lánaflokka og þeir jafnvel losa sig við eignir án þess að hafa heimild til þess og ég veit ekki hvað og hvað. Þá gerist það að einn þingmaður leyfir sér að nefna það hér að það væri rétt að kalla félmn. saman þannig að þar gefist þessum mönnum kostur á að gera grein fyrir máli sínu. Og hvert er svarið við því? Svarið við því er nei. Þetta er alveg óheyrilegt, virðulegi forseti, alveg óheyrileg framkoma. En auðvitað verðum við í stjórnarandstöðunni að beygja okkur undir þetta, en við verðum þá að segja um leið við fulltrúa stjórnarliðsins að þeir skuli spara sér umvandanir okkar og mannasiðapredikanir yfir stjórnarandstöðunni framvegis út af fjarstöddu fólki.

Loks vil ég segja það, virðulegi forseti, að ég tel að þær yfirlýsingar sem hafa komið fram á hendur forstjóra Húsnæðisstofnunar jafngildi engu minna en því að hæstv. félmrh. ætli á morgun að reka manninn, annars eru yfirlýsingar hæstv. félmrh. markleysa. Ímyndum okkur, virðulegi forseti, að það hefði komið fram hjá viðskrh. að seðlabankastjóri hefði neitað svara bréfum, neitað að gefa upplýsingar um hvað þetta og hitt kostaði í bankanum. Ætli það hefðu ekki heyrst kröfur um það að maðurinn yrði rekinn? Ímyndum okkur að menntmrh. hefði lýst því yfir að útvarpsstjóri hefði neitað að veita upplýsingar, neitað að koma á framfæri upplýsingum um það hvað þetta og hitt kostaði í útvarpinu. Hvað hefði slík yfirlýsing þýtt frá hæstv. ráðherra? Ég vona að hæstv. félmrh. líti ekki þannig á sjálfa sig að hún telji að hennar orð séu ómagaorð. Hún er ráðherra húsnæðismála og hún er yfirmaður forstjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þess vegna hlýt

ég að endurtaka kröfu sem hér var borin fram og verði henni neitað þá hljótum við að skoða meðferð málsins í ljósi þess.

Guðmundur Bjarnason *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst lýsa yfir stuðningi mínum við þá ósk hv. 5. þm. Vestf. að umræðunni verði frestað um sinn og tel að þær yfirlýsingar sem hér komu fram frá hæstv. félmrh. séu þess eðlis að eðlilegt sé að félmn. taki þær til umræðu og athugunar enda eru þær þá líka skýring á að nokkru leyti þeim tóni sem er í grg. með því frv. sem hér var til umræðu um Húsnæðisstofnun sem ekkert er í raun annað en nokkurs konar dylgjur og aðdróttanir að starfsfólki þessarar stofnunar.

En það sem ég vildi einkum tala um, hæstv. forseti, var sú meðferð áðan á umræðum um andsvör þegar ræðutími þingmanna er skorinn niður svo sem gert var. Hæstv. ráðherra svarar síðan ekki spurningum sem komu t.d. frá hv. þm. Jóni Kristjánssyni um viðskipti lífeyrissjóðanna við Húsnæðisstofnun eða Húsnæðisstofnunar við lífeyrissjóðina og um sölu eigna þannig að hv. þm. er síðan meinað að gera frekari grein fyrir máli sínu af því ráðherrann svarar ekki. Hæstv. ráðherra notar síðan tækifærið til að svara þessum spurningum í andsvari við hv. þm. Kristinn Gunnarsson. Þá fjallar ráðherrann um sölu eigna, um viðskipti Húsnæðisstofnunar við lífeyrissjóðina og fleira, en þá er búið að taka orðið af hv. þm. Jóni Kristjánssyni sem bar þó þessar spurningar fram. Þetta hlýtur að vera mjög undarlegt, hæstv. forseti, ég veit ekki hvort hægt er að ásaka hæstv. forseta fyrir þetta vegna þess að þetta skapast af því hvernig hæstv. ráðherra leyfir sér að haga máli sínu, en þá tel ég líka að hæstv. forseti verði líka að grípa svo inn í að hann geti gefið hv. þm. aftur kost á því síðar að svara andsvari ráðherra eða beita nýju andsvari við svari ráðherra þegar hann kýs það að svara mörgum þingmönnum í einu eins og hér gerðist áðan. Þetta er það sem ég vildi nefna sérstaklega, hæstv. forseti, og gera athugasemd við varðandi stjórn þingsins.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Aðeins út af því sem fram kom í þingskaparæðum hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur og hæstv. félmrh. þá er það ekki rétt að stjórnsýsluleg staða Húsnæðisstofnunar ríkisins sé óljós. Hún er þvert á móti mjög ljós. Hitt liggur ljóst fyrir að staðan er ekki ráðherranum að skapi en það er önnur saga. Það er t.d. alveg ljóst að stofnuninni ber að svara erindum frá ráðherra undanbragðalaust og veita ráðherra þær upplýsingar sem hann biður um. Hæstv. ráðherra hefur ítrekað rakið dæmi um það að hann hafi ekki fengið þær upplýsingar sem hann hefur beðið um. Það er það sem eru alvarlegar ásakanir á hendur embættismönnunum sem ráðherrann sleppti að telja upp áðan í þingskaparæðunni þegar hann var að telja upp efnisatriði ræðu sinnar, þá sleppti ráðherrann nákvæmlega þessum atriðum. (**Félmrh.:** Ég nefndi bréfið um viðhald á félagslegu húsnæði.) Ráðherrann sagði hér að ráðuneytið hefði verið hunsað og ekki fengið svar við bréfum og það hefðu ekki fengist upplýsingar m.a. um þóknanir fyrir nefndastörf, svo ég nefni nú tvennt sem ég punktaði niður eftir hæstv. ráðherra um upplýsingar sem ráðherrann segist ekki hafa fengið frá embættismönnum stofnunarinnar. Þess vegna er ósk mín fram komin m.a. og meðal þess að hæstv. ráðherra heldur því fram að stjórn Húsnæðisstofnunar hafi framið lögbrot og þá er nauðsynlegt að fá einnig formann húsnæðismálastjórnar til viðræðna við félmn. en ég stend við mína ósk, virðulegi forseti.

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins undirstrika þá beiðni sem fram hefur komið að félmn. fái að fjalla um þessar alvarlegu ásakanir. Hv. 5. þm. Vestf. gat reyndar um í ræðu sinni nú síðast þá ásökun sem ég tel einna alvarlegasta að það hafi verið neitað að gefa upp þóknanir fyrir nefndastörf. Þetta er afar alvarleg ásökun sem væri rétt að framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar fengi að svara fyrir á fundi félmn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur ekki séð að það sé ástæða til að fresta þessu máli. Það liggur fyrir afstaða formanns félmn. og það er þá á vettvangi nefndarinnar sem slíkar umræður sem fundur ætti að fara fram og þess vegna verður þessari umræðu haldið áfram og hv. 15. þm. Reykv. tekur til máls.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég kvaddi mér hér hljóðs fyrir nokkru þar sem ég taldi langt frá því að komið hefði fram í svörum hæstv. ráðherra, reyndar í fyrsta svari ráðherrans sem hún bar hér fram fyrr í dag, svör við þeim spurningum sem ég hafði sérstaklega varðandi þetta frv. sem að mínu mati höfðu ekki komið fram fyrr í umræðunni. Ég hlýddi á, að því er ég held, á alla 1. umr. málsins og sérstaklega ráðherrann og gat ég ekki séð á ræðu hennar þá né heldur síðar í umræðunni hvaða ástæður væru fyrir því að hún teldi nauðsynlegt að gera þær breytingar á stjórnskipulegri stöðu Húsnæðisstofnunar sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Það var kannski ekki fyrr en núna síðast og þá sérstaklega í síðustu svörum ráðherrans og umræðum um þingsköp sem koma fram raunverulegar ástæður. Mér þykir mjög alvarlegt það sem kom fram í ræðu ráðherrans og tel raunar mjög eðlilegt að þeir sem sæti eiga í hv. félmn. óski eftir því að fá málið aftur til athugunar og þá sérstaklega það sem hér kom fram. Mér þykir það mjög alvarlegt ef rétt er að Húsnæðisstofnun, þá væntanlega bæði stjórn eða forstjóri, hafi neitað ráðuneytinu um svör. Mér þykir þetta alveg með ólíkindum. Ég verð að viðurkenna það að þetta kemur mér mjög á óvart og tel auðvitað þetta alls ekki ganga, þetta er auðvitað hreint og klárt lögbrot.

Ég veit ekki betur en það hafi ætíð verið lögð áhersla á það af hálfu húsnæðismálastjórnar að gefa allar þær upplýsingar, bæði til Alþingis og til ráðuneytisins sem beðið hefur verið um. Ég átti sæti í hús-

næðismálastjórn í þrjú ár, fyrir einum sex árum síðan, og mér þykir þetta mjög alvarlegt sem ég heyri hér úr munni ráðherrans.

Ráðherrann taldi einnig að það hefði komið upp ágreiningur milli húsnæðismálastjórnar og ráðuneytisins varðandi vaxtaákvarðanir. Ég man ekki betur en að það sé þannig í lögum að húsnæðismálastjórn komi einungis með tillögur til ríkisstjórnar um vaxtaákvarðanir, það sé ekki í höndum húsnæðismálastjórnar að ákvarða vexti, heldur einungis að koma með tillögur þannig að ég átta mig ekki á af hverju þetta er deilumál. Ég þyrfti að fá betri skýringar á af hverju það er, hvort það er einhver misskilningur af minni hálfu varðandi þennan ágreining milli ráðuneytisins og húsnæðismálastjórnar því ég veit ekki betur en það sé í höndum ríkisstjórnarinnar að ákveða vexti en ekki í höndum húsnæðismálastjórnar. Þetta er þá bara misskilningur af minni hálfu en þetta getur ráðherrann sjálfsagt upplýst.

En ég lýsi því aftur yfir að mér þykja þetta mjög alvarlegar ásakanir sem hér eru bornar á Húsnæðisstofnun og húsnæðismálastjórn að hún skuli — ég man ekki betur en ráðherrann segði neitað um upplýsingar um ákveðin mál og að mjög væri tregt um upplýsingastreymi til ráðuneytisins.

Varðandi gjaldtöku sem var nefnd hér og ráðherrann taldi að væri mjög óheppilegt að húsnæðismálastjórn skyldi hafa ákvarðað þá er það að mínu mati hvorki heimilt fyrir ráðuneytið né heldur húsnæðismálastjórn að ákvarða gjaldtöku án heimilda Alþingis. Ég tel að það þurfi heimild í lögum til þess að húsnæðismálastjórn geti ákvarðað gjaldtöku. Það er auðvitað ámælisvert ef það hefur verið gert en það þarf ekki að breyta stjórnskipulegri stöðu stofnunarinnar þó að það séu gefin ákveðin fyrirmæli í lögum. Ég tel að það sem hér kom fram af hálfu ráðherrans alls ekki nægjanlegar skýringar á því af hverju ástæða er til að breyta stjórnskipulegri stöðu Húsnæðisstofnunar og færa hana í það horf sem hér er gert ráð fyrir, þ.e. til mikillar miðstýringar að mínu mati.

Það sem mér þótti einna merkilegast við það sem ráðherrann sagði var að það hefði orðið ágreiningur milli Húsnæðisstofnunar og ráðuneytisins varðandi 86-kerfið og húsbréfakerfið. Ég veit ekki betur en það sé ákvarðað hér á Alþingi með hvaða hætti þessum málum skuli skipað og það geti ekki orðið neinn ágreiningur milli ráðuneytisins og húsnæðismálastjórnar hvort taka á upp húsbréfakerfi eða hvort á að halda áfram með 86-kerfið. Það er Alþingis að ákveða með hvaða hætti þetta skuli vera. Ég man ekki betur en það hafi fyrst og fremst verið ágreiningur á Alþingi um þetta mál og það skiptir í raun og veru ekki neinu máli hvaða skoðun einstakir meðlimir húsnæðismálastjórnar hafa á þessu máli. Ef lagafyrirmælin eru skýr þá þarf ekki að vera að vasast neitt meira með það eða hafa sérstakar áhyggjur af því hvernig húsnæðismálastjórn starfar ef hún starfar samkvæmt lögum. Það þarf ekki nákvæmlega að tilgreina hvernig hún starfar í smáatriðum ef stjórnin fer að lögum. Það er hins vegar mjög alvarlegt og ég endurtek það ef það er staðreynd málsins að húsnæðismálastjórn fer ekki að lögum eins og mér fannst ráðherrann segja áðan.

Það sem ég vildi fyrst og fremst leggja áherslu á er það sem kemur fram í ræðu ráðherrans frá 11. des. 1992 þar sem ráðherrann segir m.a., með leyfi forseta, orðrétt: „Umrædd breyting fæli í sér að Húsnæðisstofnun mundi starfa í samræmi við þá stefnu sem mörkuð var af ríkisstjórn og Alþingi á hverjum tíma en ekki eins og nú er samkvæmt stefnu húsnæðismálastjórnar.“ Þetta atriði átti ég ákaflega erfitt með að skilja og skil reyndar ómögulega því húsnæðismálastjórn starfar ekki samkvæmt sinni eigin stefnu heldur starfar hún samkvæmt þeim lögum sem í gildi eru. Það gilti á þeim tíma sem ég sat í húsnæðismálastjórn, þessi þrjú ár sem ég sat þar og það kemur mér mjög á óvart að ráðherrann skuli halda því fram að húsnæðismálastjórn starfi samkvæmt einhverju öðru en gildandi lögum. Ég vildi þess vegna spyrja sérstaklega að því hvað ráðherrann á við með: „Ekki eins og nú er samkvæmt stefnu húsnæðismálastjórnar.“ Starfar húsnæðismálastjórn núna virkilega ekki samkvæmt þeim lögum sem gilda í húsnæðismálum eða starfar hún samkvæmt einhverju öðru kerfi, einhverju öðru heldur en gildandi lögum? Ég tel ekki að félmrh. eða félmrn. geti ákvarðað stefnuna í húsnæðismálum, það er Alþingis að gera það. Þannig að ég bara botna alls ekkert í því hvað ráðherrann á við og vildi gjarnan spyrja einmitt að þessu atriði.

Ég tel líka 2. gr. frv. mjög óeðlilega, þ.e. að ráðherra eigi að ákvarða skipulag stofnunarinnar. Að vísu stendur: „að fenginni tillögu húsnæðismálastjórnar“ og það má vel vera að ráðherra hugsi sér að þarna verði farið að tillögu húsnæðismálastjórnar. Ég skil ekki af hverju ráðherrann telur nauðsynlegt að þetta vald sé hjá ráðherra, þ.e. að ákveða innra skipulag stofnunarinnar og hvernig hún starfar. Ég tel mikilvægast að farið sé að lögum og það sé ekki gengið gegn lögunum eða á svig við þau, og það skipti ekki máli hvernig húsnæðismálastjórn skipar sínum innri málum, þ.e. hvernig hún deildaskiptir stofnuninni eða annað sem þarf til þess að fyllstu hagkvæmni sé gætt í störfum stofnunarinnar. Ég tel að þarna eigi ekki að vera ráðherravald. Ég tel raunar mjög mikilvægt að það sé opin heimild um það að deildaskipta stofnunum almennt, og þá er ég ekki bara að tala um Húsnæðisstofnun, og það sé á valdi stjórnar stofnunarinnar að ákvarða hvernig hún starfar en ekki að ráðherra hlutist þar til um.

Ég hnýt um hluta af 4. gr. frv. Ég verð hins vegar að lýsa ánægju minni með þá brtt. sem félmn. hefur þó komið með á þessari grein, þ.e. að fella niður síðari hluta 3. tölul. 4. gr. því að þar segir með leyfi forseta:

„Áður en lánveiting á sér stað skal leitað staðfestingar félmrh. á forsendum lánveitingar og skiptingu lánsfjár milli útlánaflokka.“

Þessi grein er samkvæmt tillögum félmn. felld út og tel ég það mjög vel. En ég tel eðlilegt að þeir sem hér hafa talað á undan mér skuli telja að það hafi verið hugsun ráðherrans að fara út í, liggur við, einstakar lánveitingar. Það má skilja það sem hér stendur að ráðherrann telji að það eigi að vera í hlutverki ráðuneyt-

isins að fara ofan í einstakar lánveitingar. Það getur vel verið að það sé alveg fráleitt og ráðherrann hefur sagt að það komi ekki til greina og er það vel vegna þess að ég tel að það komi alls ekki til greina. Ég tel ekki einu sinni að húsnæðismálastjórn eigi að vera að fara ofan í einstakar lánveitingar nema ef um kærumál sé að ræða. Ég tel að fara eigi eftir ákveðnum reglum og það þurfi ekki að fara yfir hverja einustu lánveitingu af stjórn stofnunarinnar heldur sé það meira og minna falið í ákveðnum reglum sem fólk geti gengið að og þá þurfi ekki að vera að fara ofan í nema kæruatriði eða einhver vafaatriðin.

Í 2. tölul. 4. gr. er talað um að húsnæðismálastjórn eigi að gera tillögu til ráðherra, það er eitt af verkefnum stofnunarinnar, um fjárhagsáætlun þar sem kemur fram sundurliðun. Það sem ég hnýt aðallega um er skipting á milli útlánaflokka byggingarsjóðanna og meginsjónarmið og ráðstöfun þess. Ég tel eðlilegt að húsnæðismálastjórn geri grein fyrir þessu en ég velti fyrir mér hvort þarna sé um að ræða skiptingu t.d. milli Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, sem sagt milli þessara tveggja stóru bálka. Vegna þess að hingað til hefur Alþingi skipt þessu, hvorki húsnæðismálastjórn né neinn annar, Alþingi hefur gert það og þá vildi ég gjarnan fá nánari útskýringu á því hvað er þarna á ferðinni. Að vísu skýrði ráðherrann það að einhverju leyti áðan en mér fannst ekki alveg nógu skýrt í hverju þessi tillaga fælist. Ég spyr vegna þess að þegar ég kom að þessum málum á sínum tíma, þá fór heilmikill tími í það að skipta t.d. fé Byggingarsjóðs verkamanna, sem var þó ákvarðað af Alþingi, í félagslegar íbúðir á ákveðnum svæðum. Það fór eftir umsóknum, það fór eftir könnunum á þörf og ýmislegu fleiru. Ég velti því fyrir mér hvort félmrh. vilji hafa þar hönd í bagga og telji eðlilegt að það sé í höndum ráðuneytisins að breyta tillögum húsnæðismálastjórnar eða hvað er það í raun og veru sem þarna er verið að tala um? Er verið að tala um þessa grófu flokkun eða er verið að fara ofan í saumana á þessu niður í smáatriði? Þetta finnst mér skipta mjög miklu máli fyrir fólk sem vinnur að þessum málum, alla vega miðað við það sem ég þekki til. Nú hef ég ekki kynnt mér það sérstaklega undanfarið hvernig þessum málum er fyrir komið en ég geri ráð fyrir því að vinnubrögðin séu svipuð og þau voru á sínum tíma. Þetta eru mál sem mér finnst ekki vera ljóst hvernig ráðherrann hugsar sér verkefnaskiptingu milli húsnæðismálastjórnar og ráðuneytis ef þetta frv. verður að lögum óbreytt. En ég vil aftur lýsa því yfir að ég tel að félmn. hafi aðeins lagað þessa grein. Ég lít svo á að þarna hafi orðið nokkur breyting til batnaðar.

Ég var og hef lengi verið þeirrar skoðunar að ekki eigi að starfa hönnunardeild innan Húsnæðisstofnunar ríkisins. Ég viðraði oft þá hugmynd á sínum tíma þegar ég var í stjórn Húsnæðisstofnunar sem ekki hlaut þá stuðning. Ég lýsi stuðningi við það ákvæði þessa frv., þó að ég telji mjög óeðlilega að þessum málum staðið. Ég tel mjög óeðlilegt að það skuli vera farið þannig að málum að fyrst skuli vera framkvæmdar, t.d. eins og í þessu tilviki, aðgerðir til þess að leggja niður hönnunardeild án þess að til þess hafi verið lagaheimild. Það kom eftir því sem hér hefur verið upplýst bréf frá hæstv. ráðherra um að þetta skyldi gert. Ég tel að það sé með öllu óeðlilegt að ráðherra skuli skipta sér þannig af innri málefnum stofnunarinnar, eins og t.d. varðandi hönnunardeild, áður en ákvörðun er tekin um það hér á Alþingi. En ég vil aftur segja það að ég er sammála þeirri niðurstöðu sem þarna fékkst og mér sýnist að allir séu sammála því hér á Alþingi að þetta skuli gert. En vinnubrögðin eru ámælisverð. Ég tel að það eigi alls ekki að gera það eins og reyndar hefur gerst áður, ekki bara af hálfu félmrh. heldur af hálfu annarra ráðherra, að fyrst eru stofnanir lagðar niður og síðan er komið til Alþingis og leitað heimilda hvort að svo megi gera.

Varðandi sölu á eignum þá upplýsir ráðherra hér að stofnunin hafi verið að selja eignir sínar án lagaheimildar. Ég tel jafnámælisvert að það skuli vera gert hver sem tekur ákvörðun um það og tel ég það vera langt frá því að vera leyfilegt, en ég vil benda á að það hefur verið gert hér áður. T.d. hafa eignir Menningarsjóðs verið seldar. Það er búið að selja Bókaútgáfu Menningarsjóðs án lagaheimildar. Það er ekki enn búið að — ekki einu sinni komið fram frv. — jú, það er komið fram frv. en það er ekki komið frá nefnd um það mál. Ég býst því við að hæstv. ráðherra komi hér fram og gagnrýni þá ráðstöfun á sama hátt og hún gerði hér áðan að verið sé að selja eigur stofnunar ríkisins án lagaheimildar. En ég tek það samt fram enn og aftur að ég tel þetta vera skynsamlega ráðstöfun í heild.

Það sama gildir um skyldusparnaðinn. Ég verð líka að segja það hér að á sínum tíma þegar ég sat í húsnæðismálastjórn, þá taldi ég eðlilegt að hætta að skylda ungt fólk til að spara með þessum hætti þar sem augljóst var að það hafði engan ávinning af því. Það fékk enga sérstaka fyrirgreiðslu hjá Húsnæðisstofnun eins og var í upphafi þegar skyldusparnaði var komið á, þannig að ég vil einnig lýsa stuðningi við þann þátt þessa máls.

Mér kom nokkuð á óvart að hæstv. ráðherra skyldi ekki styðja eða lýsa a.m.k. einhverju jákvæðu yfir varðandi tillögu minni hluta félmn. um kaupleiguíbúðirnar. Ég hélt satt að segja, miðað við það sem hér hefur verið rætt á fyrri þingum, að það væri hæstv. ráðherra mikið kappsmál að það kerfi myndi ganga vel. Staðreyndin er sú að það hafa tiltölulega fáir notfært sér það kerfi. Það hefði nú kannski verið eðlilegt að ráðherranum, miðað við það sem hér hefur hefur verið sagt af hennar hálfu, væri kappsmál að auðvelda fólki að komast inn í það kerfi. Fyrr í dag upplýsti ráðherrann að margir þeirra sem hefðu komið til ráðuneytisins í erfiðleikum sínum skorti upplýsingar um kerfið og það þyrfti að segja fólki að 20% lánið, sem er greitt á fyrstu fimm árunum, að eftir að það lán er greitt upp þá minnki greiðslubyrðin. Mér fannst mjög merkilegt að það þyrfti að segja fólki svo augljósar staðreyndir þegar það tekur lán til fimm ára, að þegar það er búið að borga upp lánið, þá minnki greiðslubyrðin. Ég held að það þurfi ekkert sérstakt kerfi til

þess að upplýsa fólk um þetta. Ég átta mig eiginlega ekki á hvernig ráðherrann hugsar sér þetta, að það sé reiknað með því að þeir sem taka lán hjá Húsnæðisstofnun geri sér ekki minnstu grein fyrir því hvað í því felst að taka lán. Þá held ég að það sé nú ákaflega erfitt að halda þessu kerfi áfram, húsbréfakerfi, með það í huga að reyna að hjálpa fólki við að gera alls konar áætlanir og greiðsluáætlanir og gera því grein fyrir hvað í lánunum felst ef það áttar sig ekki einu sinni á svo einföldum staðreyndum að þegar búið er að greiða upp lán þá minnki greiðslubyrðin.

Ég ætlaði ekki, herra forseti, að gera fleiri atriði að umtalsefni. Það er svo margt sem er búið að koma hér fram sem ég ætlaði mér að minnast á. Almennt vil ég segja það að ég skil ekkert í því að þeir sem tala um valddreifingu og vilja minnka miðstýringu skuli virkilega geta staðið að þessu frv. Ég hefði talið eðlilegt á þessum tímum að áhersla hefði verið lögð á að leggja niður hönnunardeild, leggja niður skyldusparnaðinn og gera einhverjar þær breytingar sem hér væri samstaða um. Það hefði verið sjálfsagt að hnykkja á skyldum húsnæðismálastjórnar, upplýsingaskyldunni, ef talin væri þörf á því. Ég tel bara að ljóst sé miðað við núverandi stjórnskipun að það sé skylda húsnæðismálastjórnar að gefa upplýsingar og ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram hjá öðrum að auðvitað er mjög ámælisvert og þarf að taka sérstaklega á því ef stofnunin neitar ráðuneytum eða Alþingi eða almenningi um upplýsingar. Ég tel að það sé mjög ámælisvert. Ég verð að viðurkenna að það kom mér ekkert mjög á óvart að ráðherra Alþfl. skyldi koma hér fram með slíkt miðstýrt frv. miðað við það sem Alþfl. hefur gert núna á undanförnum árum. Hvert frv. af öðru kemur fram þar sem krafist er aukinnar miðstýringar og því miður hefur meiri hluti Alþingis oft fallist á það. Ég hélt í einfeldni minni að Sjálfstfl. hefði aðra stefnu en það er líklega bara misskilningur af minni hálfu að þeir hafi einhverjar hugsanir um valddreifingu og minni miðstýringu. Mér sýnist á öllu að þeir styðji þetta frv. heils hugar. Það hefði verið afskaplega einfalt að koma á breytingum á Húsnæðisstofnun og þessu kerfi sem allir hefðu getað sæst á en á það miðstýringarkerfi sem hérna er gert ráð fyrir get ég alls ekki fallist.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ekki láta það eftir liggja eftir þessa ræðu að ég sé mótfallin því að rýmka kjör til almennra kaupleiguíbúða eins og mér fannst liggja í orðum hv. þm. Ég tel brýnt að þetta mál sé skoðað betur þannig að við skoðum hvernig og hvort við höfum fjárhagslegt svigrúm til þess að rýmka lánveitingar. Það er ýmislegt annað sem er brýnt að gera eins og greiðsluerfiðleikamál sem hefur komið hér til umræðu og varðandi viðhald á félagslegu húsnæði og við þurfum auðvitað að athuga hvort við höfum til þess svigrúm.

Varðandi tvö önnur atriði sem komu ítrekað fram í máli hv. þm., hún notaði orðið að eignir hönnunardeildar hefðu verið seldar án lagaheimildar. Það sem ég vakti athygli á er að lögfræðingar sem frv. sömdu töldu sérstaka ástæðu til að hafa þetta með og kemur fram í ákvæði til bráðabirgða að heimild þess efnis sé ekki að finna í 6. gr. fjárlaga ársins 1993 og því nauðsynlegt að lögfesta það hér. Hins vegar er gert ráð fyrir því í athugasemd fjárlaganna að eigur hönnunardeildar Húsnæðisstofnunar verði seldar og það kom fram í athugasemdum fjárlaga, en það var talið skýrara að hafa þetta í þessu frv.

Varðandi líka annað sem hún nefndi ítrekað að ég hefði sagt að Húsnæðisstofnun neitaði að gefa upplýsingar. Ég taldi fyrst og fremst og sagði það hér áðan að það hefði gengið erfiðlega í sumum tilvikum að fá upplýsingar og þá er ég fyrst og fremst að vitna til þess þegar Hagsýslan og félmrn. og Húsnæðisstofnun unnu að því hvernig væri hægt að framkvæma þennan sparnað sem fyrirhugaður var á fjárlögum. Þá gekk oft og tíðum erfiðlega að ná fram umræddum upplýsingum og var það vegna þess að menn lögðu misjafnt mat á það, þ.e. annars vegar Húsnæðisstofnun og hins vegar þessi nefnd hvaða upplýsingar væru nauðsynlegar til þess að geta lagt mat á þennan fyrirhugaða sparnað.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyrði ekki betur áðan en í sumum tilvikum hefði ekki verið hægt að fá upplýsingar og það hefði gengið treglega með flestar eða mikið af upplýsingum sem beðið var um frá Húsnæðisstofnun. Ég biðst afsökunar ef ráðherrann hefur ekki sagt að það hefði ekki verið hægt að fá upplýsingar. Ég tók það þannig að það hefði verið neitað um ákveðnar upplýsingar varðandi einhver nefndastörf eða eitthvað þess háttar sem ég skal ekkert vera að elta ólar við. En ég vil taka það fram að ég tel það jafnalvarlegt, hvort sem það gengur treglega eða að ekki eru gefnar upplýsingar. Ég tel að það sé skylda stofnana að gefa upplýsingar og auðvitað eigi að taka á því en ekki að breyta öllu kerfinu bara til þess að pína Húsnæðisstofnun til þess að gefa upplýsingar. Ég skil ekki að það gangi nokkuð betur þó að þetta atriði breytist.

Ég tel að fjárlög geti ekki heimilað að selja eignir þó að það standi einhvers staðar í greinargerð með fjárlögum, þá er það engin lagaheimild. Ég vil taka það fram að ég tel eðlilegt að afla heimilda eins og hér er gert ráð fyrir í frv. Það hefði bara þurft að gera það áður en eignirnar voru seldar.

Hæstv. ráðherra sagði að skoða þyrfti betur ýmislegt varðandi kaupleiguíbúðirnar og félagslega kerfið og fleira nefndi hún e.t.v. Það er alveg rétt, ég tel það mjög mikilvægt. En það er ýmislegt fleira sem hefði þurft að skoða betur og ég held að það hefði verið eðlilegra að skoða allt betur, bæði stjórnsýslulega stöðu ef það hefði verið talið nauðsynlegt sem og kaupleiguíbúðir og félagslega húsnæðislánakerfið. Ekki vera að grauta saman eins og hér er gert stjórnsýslulegri stöðu Húsnæðisstofnunar og síðan skyldusparnaðinum og leggja niður hönnunardeild og ýmislegt fleira. Það hefði einmitt þurft að skoða þessa þætti miklu betur en

ekki taka þetta með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

Útbýting þingskjala:

Fjármögnun samgöngumannvirkja, 104. mál, nál. samgn., þskj. 1081; brtt. samgn., þskj. 1082.

Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, 232. mál, nál. félmn., þskj. 1079; brtt. félmn., þskj. 1080.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði í sjálfu sér ekki hugsað mér að blanda mér í þessa umræðu en er það tvennt sem hefur komið upp hér í dag sem vakti athygli mína. Það fyrsta sem ég ætla að nefna er varðandi 6. gr. frv. — og mér þætti vænt um ef hv. 11. þm. Reykv. gæti fylgst með þessum athugasemdum, hv. formaður félmn. Í 6. gr. frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Félmrh. er heimilt að ákvarða með reglugerð, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, lántökugjöld, gjöld fyrir tæknilega þjónustu, svo og gjöld vegna innheimtu á lánum stofnunarinnar sem eru í vanskilum. Heimilt er að jafna síðastgreindum kostnaði niður á skuldara þannig að búseta hafi ekki áhrif á kostnaðinn."

Ég hefði gjarnan viljað spyrja hv. þm. og hæstv. ráðherra, hvað er í raun og veru átt við með þessum síðsta málsl. 6. gr. „Heimilt er að jafna síðastgreindum kostnaði niður á skuldara þannig að búseta hafi ekki áhrif á kostnaðinn." Ég giska á, án þess að ég viti það, að hérna sé átt við það að um geti verið að ræða t.d. verulegan kostnað vegna þjónustu sem veitt er segjum úti á landi og þá sé heimilt að taka fyrir þeim kostnaði í gjöldum af þeim sem búa hér á þéttbýlissvæðinu. Ég leyfi mér að giska á eitthvað svona lagað. En ég hef ekki almennilega skilið málið því að í greinargerð frv. er farið aðens örðuvísi ofan í þessa grein. Þar segir svo á bls. 12, með leyfi forseta:

„Að öðru leyti eru einu nýmælin í þessari grein þau að heimild til töku gjalds vegna vanskilainnheimtu verði lögfest" og þetta er það sem hv. 14. þm. Reykv. var spurður um hér í haust að sett var af stað vanskilainnheimta á vegum stofnunarinnar sem stofnunin tók að sögn ráðherra sjálf ákvörðun um. Umboðsmaður Alþingis taldi að stofnun hefði heimild til þess að taka þessi gjöld að vissu marki eða eins og hér stendur: „Samkvæmt áliti umboðsmanns Alþingis er Húsnæðisstofnun ríkisins heimilt, án sérstakrar lagaheimildar, að taka hóflegt gjald vegna vanskilainnheimtu út frá því sjónarmiði að stofnunin verði skaðlaus, svonefndu „skaðleysissjónarmiði". Hefur svo verið gert samkvæmt sérstakri gjaldskrá Húsnæðisstofnunar. Engu að síður þykir rétt og sjálfsagt að lögfesta slíka gjaldtökuheimild." Hér er sem sagt um að ræða öryggisráðstöfun ef svo mætti að orði kveða.

„Hins vegar telur umboðsmaður að Húsnæðisstofnun sé óheimilt að jafna niður á skuldara sérstökum kostnaði, sem rakinn verður til vanskila í einstökum tilvikum, án sérstakrar lagaheimildar. Því er lagt til að heimild til slíks jöfnunargjalds verði lögfest sérstaklega, en með því verður það jafnræði tryggt að skuldarar greiði sama gjald hvar sem er á landinu", stendur í athugasemdum frv. og er byggt á áliti umboðsmanns. En frv. ber þetta í raun og veru ekki með sér vegna þess að hér er gert ráð fyrir því að jafna þessum gjöldum út þannig að allir greiði í raun og veru sömu gjöld hvar sem er á landinu jafnvel þó að kostnaðurinn sem stofnað er til sé aðeins mismunandi.

Ástæðan til þess að ég hnýt um þetta, virðulegi forseti, er sú að fyrir nokkrum dögum fór hér fram útvarpsumræða að frumkvæði Alþb. um till. til þál. um sjávarútvegsmál. Þar var gert ráð fyrir því í frumvarpsdrögum sem fylgdu tillögunni að það yrði ákveðið tiltekið aflagjald og í grg. með frumvarpsdrögunum kemur fram að um upphæð þessa aflagjalds verði flutt eða hljóti að verða flutt frv. hverju sinni. Hæstv. sjútvrh. veittist mjög að flm. tillögunnar, hv. þm. Alþb., fyrir þetta ákvæði vegna þess að í frumvarpsdrögunum voru engin ákvæði um hámark þessarar gjaldtöku. Flm. frv. vörðu sig aftur með því að hámarkið mundi koma í öðru frv. þegar þar að kæmi. Og hæstv. sjútvrh. sem jafnframt er dómsmrh. taldi að þessi tillaga eins og hún lá þarna fyrir væri ekki í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar um að Alþingi megi ekki framselja skattlagningarvald. Við þekkjum dæmi þess að ráðherrar hafa gengið býsna langt í því að nota skattlagningarheimildir sem síðan hafa verið taldar hæpnar. Við munum það a.m.k. tveir sem erum hér í salnum um þessar mundir að fyrir allmörgum árum var lagt á svokallað kjarnfóðurgjald með bráðabirgðalögum. Ég hygg að það hafi verið sumarið 1981 eða 1982 og niðurstaðan varð sú að þetta hefði í raun og veru ekki verið hægt að gera með þeim hætti sem þarna var gert og um þessi mál hafa síðan oftar staðið deilur.

Þá verð ég að segja það, virðulegi forseti, að vegna þessarar setningar í síðustu mgr. 6. gr. frv., heimilt er að jafna síðastgreindum kostnaði niður á skuldara þannig að búseta hafi ekki áhrif á kostnaðinn, sýnist mér óhjákvæmilegt að spyrja að því hvort menn verði ekki að setja takmörk á þessa heimild til að hún standist almennar reglur ef það er rétt, sem ég held að sé, sem hæstv. sjútvrh. hélt fram þó að fullyrðingar hans væru að vísu að mati okkar alþýðubandalagsmanna á misskilningi byggðar. Þess vegna hefði ég viljað biðja hæstv. ráðherra og hv. 11. þm. Reykn. um að velta þessu aðeins fyrir sér, hvort ekki er nauðsynlegt að breyta þessum málslið sem hér er um að ræða.

Nú er hér ekki aðeins um að ræða gjöld fyrir tæknilega þjónustu sem væri kannski jafnað og skipti þá ekki máli hvar menn búa, hvort menn búa í Stykkishólmi eða Djúpavogi eða í Reykjavík heldur er hér líka um fleira að ræða því hér segir:

„Félagsmálaráðherra er heimilt að ákvarða með reglugerð, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, lántökugjöld, gjöld fyrir tæknilega þjónustu, svo og gjöld vegna innheimtu á lánum stofnunarinnar sem eru í vanskilum."

Eftir því sem meira er í vanskilum, nú skulum við ímynda okkur að það verði mjög mikið í vanskilum, þá verða þessi gjöld að vera hærri til þess að stofnunin

sleppi skaðlaust, svo að ég noti orðalag umboðsmanns Alþingis. Það hljóta þó að vera takmörk fyrir því hversu langt er hægt að ganga við notkun á þessari 6. gr. til að tryggja að stofnunin sleppi skaðlaus. Af þeim ástæðum hefði ég talið að það væri öruggara fyrir hæstv. félmrh. og fyrir hæstv. ríkisstjórn að setja inn í þennan málslið einhverja takmörkun á því hversu langt má ganga að því er þessa gjaldtöku varðar.

Það var hv. 3. þm. Vesturl. sem vakti athygli mína á þessu ákvæði og hann vildi gjarnan kalla til hæstv. sjútvrh. og hæstv. dómsmrh. til þess að svara til um það hvort þetta stæðist í raun og veru með hliðsjón með þeim orðum sem hæstv. ráðherra hafði á sínum tíma. Ég vil biðja hæstv. félmrh. í allri vinsemd að velta því fyrir sér hvort það stenst að hafa þennan málslið svona nákvæmlega eins og hann er. Ég biðst forláts á því að ég skuli ekki hafa tekið eftir þessu fyrr en ég geri ráð fyrir því að það eigi kannski við um fleiri þingmenn að þeir hafi ekki áttað sig nákvæmlega á þessum málslið áður, hvernig hann er. Ég efast um satt að segja að þetta standist þann anda stjórnarskrárinnar að ekki má framselja skattlagningarvald í hendur ráðherra eða yfirleitt nokkrum þjóðfélagsþegni nema með tilteknum hætti. Menn hafa stundum t.d. í sambandi við svona mál vitnað til bensíngjaldsins og menn segja sem svo: Það er lagt á eftir byggingarvísitölu. Það er rangt. Það er ekki lagt á eftir byggingarvísitölu. Því er breytt eftir byggingarvísitölu. Ég sé ekki í gögnum málsins, en það kann þó að hafa farið fram hjá mér, hvað menn áætla að þetta gæti verið mikill kostnaður sem menn eru að taka inn þarna, ég átta mig ekki á því. En það er kannski ekki aðalatriði í mínum huga heldur hitt að ég teldi óvarlegt að afgreiða þennan málslið eins og hann hljóðar hér.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, ætlaði ég síðan að vekja athygli á einu atriði sem hefur komið hér fram í umræðum í dag en það er spurningin um það hversu mikið er byggt. Í dag fékk ég þær upplýsingar frá Húsnæðisstofnun hvernig þetta stæði fyrir árið 1992. Og þeim tölum ber ekki alveg saman við þær tölur um ný lán sem hæstv. félmrh. hafði hér áðan, en hæstv. ráðherra sagði: „Ný lán voru 1.375 á síðasta ári og hafa þá ekki verið fleiri frá árinu 1985". Þær upplýsingar sem ég hef eru um það hvað hefur verið byrjað á mörgum íbúðum á síðasta ári og það eru auðvitað aðeins aðrar tölur. Ég hef sömuleiðis upplýsingar um það hversu mikið er fullgert á árinu 1992 og það eru aðeins aðrar tölur og ég ætla að fara með þær tölur sem ég hef frá Húsnæðisstofnun frá því í dag. Þá er sagt að á árinu 1992 hafi verið byrjað á nokkurn veginn nákvæmlega 1.000 íbúðum í landinu og þetta geti þó breyst við nánari könnun kannski um 5 eða 10% eða svo. Það væru þá í mesta lagi um 1.100 íbúðir sem hefði verið byrjað á árinu 1992. Og samkvæmt sömu heimildum hafi verið lokið við 1.200–1.300 íbúðir á síðasta ári. Þetta gæti líka breyst um 5–10% við nánari skoðun þannig að þetta gætu kannski verið eins og 1.400 íbúðir.

Skoðum þá nýbyrjanir á árinu 1992. Ef það er rétt að nýbyrjanir á árinu 1992 séu ekki nema 1.000–1.100 þá eru það færri byrjanir á nýjum íbúðum en nokkru sinni á 21 árs tíma. Ég er hér með yfirlit úr skýrslu Húsnæðisstofunar ríkisins sem er venjulega birt á innri kápu í skýrslu stofnunarinnar, þar sem segir að byrjanir á árinu 1991 hafi verið 1.336. Byrjanir á árinu 1990 hafi verið 1.855, 1.866 á árinu 1989, 1.650 á árinu 1988 og það er talsverð aukning t.d. á þessum árum Jóhönnu Sigurðardóttur hæstv. félmrh. frá því sem var t.d. í tíð Alexanders Stefánssonar sem var þar næst á undan. Ég man eftir því að hæstv. núv. félmrh. mældi félagsmálaráðherra gjarnan á þennan mælikvarða, hvað hefur verið byrjað á mörgum íbúðum hjá þeim? Ef það er hins vegar rétt sem ég hef hér nefnt að það hafi verið byrjað á 1.000–1.100 íbúðum á árinu 1992 þá eru það færri íbúðir en ég hef nokkurs staðar annars staðar í þessari töflu sem nær aftur til ársins 1971.

Ef við tökum það sem er fullgert á árinu þá eru menn að tala um 1.200–1.300 íbúðir. Ef það verður niðurstaðan þá er þetta næstlægsta talan frá árinu 1971. Þá eru fullgerðar íbúðir 1.362 á árinu 1971. Það er langlægsta talan í dálkinum. Næstlægsta talan þar á undan er 1.490 árið 1991. Hæsta talan eru 2.300 íbúðir árið 1977, árið 1980 eru það 2.237 íbúðir, árið 1981 t.d. eru það 1.924 íbúðir og ég þykist muna það nokkuð rétt að hæstv. núv. félmrh. fannst það ekki nóg að gert hjá páv. félmrh. að það væru fullgerðar 1.924 íbúðir á því ári.

En það sem stendur upp úr í þessu máli er, virðulegi forseti, að samkvæmt þessum tölum — og nú spyr ég félmrh. hvort þær eru réttar, út af fyrir sig er ástæða til að hafa allan fyrirvara á því — en samkvæmt bestu upplýsingum sem ég hef í þessu efni, þá er byrjað á færri íbúðum á árinu 1992 heldur en nokkru sinni á 20 ára tímabili. Það er 20 ára met sem sett hefur verið á árinu 1992 og það er líka þannig að það eru færri íbúðir fullgerðar á árinu 1992 heldur en nokkru sinni á 20 eða 21 árs tímabili. Þetta held ég að sé alveg nauðsynlegt að sé skýrt hérna, virðulegi forseti, um hvað menn eru að tala, sérstaklega vegna þess að hæstv. ráðherra segir að á árinu 1992 hafði verið veitt 1.375 lán til nýbygginga en auðvitað þýðir það ekki að þau hafi öll farið í verk á árinu 1992, það getur líka hafa þokast yfir á árið 1993. Þannig að ef þessar tölur sem ég er hér með frá Húsnæðisstofnun frá í dag eru réttar þá er það tvímælalaust svo að ýmsar af þeim ræðum sem hæstv. félmrh. hélt yfir mér sem félmrh. og yfir Alexander Stefánssyni hefðu betur ekki verið haldnar.

Ég vil þá í þriðja lagi aðeins víkja að þeim ásökunum sem fram komu hér í umræðum um þingsköp fyrr í kvöld í garð forustumanna Húsnæðisstofnunar ríkisins. Ég vil taka það að vísu fram að ég heyrði ekki betur en hæstv. félmrh. hafi nokkuð dregið í land að því er þessar ásakanir varðar hér áðan. Þó er það þannig að þessar ásakanir liggja hér fyrir og ég vil ítreka þá áskorun mína til félmn. að á milli 2. og 3. umr., ef ekki vill betur til, þá fái forstöðumenn Húsnæðisstofnunar ríkisins kost á því að hreinsa sig af þeim alvarlegu ásökunum sem hér voru bornar fram á þá í kvöld sem eru vissulega alvarlegar, ekki síst af því

að þær voru fluttar af hæstv. ráðherra.

Í fjórða lagi, virðulegi forseti, vildi ég nefna það sem kom fram í ræðu hæstv. félmrh. einhvern tíma eftir kvöldmatinn og það var varðandi lífeyrissjóðslánin og sérstaklega SAL-sjóðina. Mér heyrðist á hæstv. ráðherra að SAL-sjóðirnir hefðu ekki skilað sér með þeim hætti sem menn höfðu gert sér vonir um á árinu 1993 og mig minnir reyndar að í árslok 1992 hafi vantað talsvert mikið upp á þær áætlanir sem menn höfðu gert um kaup lífeyrissjóðanna. Nú er það auðvitað alveg ljóst, þó svo að hlutirnir liggi á margan hátt með þeim hætti sem hæstv. félmrh. hefur rakið, að það eru hagsmunir þeirra sem eru aðilar að lífeyrissjóðunum og eru félagsmenn í verkalýðshreyfingunni að Húsnæðisstofnun geti stundað sína lánastarfsemi, það er engin spurning um það og m.a. hið félagslega íbúðakerfi, það er ekki nein spurning um það. Þá er hitt engu að síður ljóst að það að ýta verkalýðssamtökunum út úr stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins eins og hér er verið að gera greiðir ekki fyrir málinu svo að ekki sé meira sagt. Og ég vil þess vegna leyfa mér að skora á hæstv. félmrh. að leggja þetta frv. einfaldlega til hliðar og taka síðan upp viðræður við verkalýðssamtökin um þessi mál þannig að þar fari ekkert á milli mála.

Nú háttar þannig til að þessi mál voru samningsatriði við verkalýðshreyfinguna. Það voru gerðir t.d. samningar við verkalýðshreyfinguna í febrúar árið 1974 um húsnæðismál þar sem gert var ráð fyrir tiltekinni prósentu, svokölluðu byggingarsjóðsgjaldi sem var lagt á innflutning og rann þá í byggingarsjóð. Síðan hefur auðvitað margt breyst. En verkalýðshreyfingin hefur engu að síður verið mjög myndugur aðili að framkvæmd húsnæðismála hér í landinu á undanförnum árum. Ég get í sjálfu sér tekið undir það sjónarmið sem fram kom hjá hv. 10. þm. Reykv. fyrr í kvöld, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, að eðlilegt væri að mörgu leyti að þarna væri inni fulltrúi frá ASÍ, fulltrúi frá BSRB og fulltrúi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga frekar en fulltrúi frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Hins vegar verð ég að segja alveg eins og er að ég tel það fráleitt og það má telja það storkun við verkalýðshreyfinguna í landinu að hreinsa fulltrúa hennar út úr stjórn Húsnæðisstofnunarinnar eins og hér er gert.

Það var hygg ég vorið 1980 að það var ákveðið að tveir fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands yrðu teknir inn í húsnæðismálastjórn og það var í framhaldi af kjarasamningum. Og ég man eftir því að Sjálfstfl. hamaðist mjög mikið gegn því máli hér á Alþingi. Og ég man líka eftir því að Alþfl. sem þó var í stjórnarandstöðu studdi það að verkalýðshreyfingin eða Alþýðusambandið eignaðist fulltrúa í húsnæðismálastjórninni á þeim tíma. Síðan gerist það, ég hygg að það hafi verið 1985, að Vinnuveitendasambandi Íslands er svo bætt þarna við og ég man ekki betur en annaðhvort höfum við alþýðubandalagsmenn setið hjá við þá atkvæðagreiðslu eða greitt atkvæði á móti því vegna þess að við töldum það að mörgu leyti nokkuð skothent að Vinnuveitendasambandið væri með fulltrúa inni í Húsnæðisstofnun ríkisins. Niðurstaðan varð engu að síður þessi og með hliðsjón af því hvaða stöðu þessir aðilar hafa gagnvart lífeyrissjóðakerfinu, þá teldi ég afar óvarlegt að fara svona í breytingar eins og hér er gert ráð fyrir í þessu frv. og margir ræðumenn í umræðunni hafa tekið fram, en ég hyggst út af fyrir sig ekki bæta þar neinu frekar við.

En það er með öðrum orðum aðallega tvennt, hæstv. forseti, sem ég vil vekja athygli á. Í fyrsta lagi síðasta málslið 6. gr. sem er ég tel að sé hæpinn og standist varla og í öðru lagi sýnist mér á tölum að aldrei hafi verið byrjað á færri íbúðum og aldrei hafi verið fullgerðar færri íbúðir en í tíð Jóhönnu Sigurðardóttur í félmrn. á árinu 1992.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ástæða til þess að velta þessu upp sem hv. þm. gerði varðandi 6. gr. frv. um gjaldtöku og hámark á gjaldtöku eins og hann nefndi. Ég vil þó vísa í 6. gr. og af hverju þessi ákvæði eru sett. Hér er fyrst og fremst verið að safna saman á einn stað þeim heimildum sem eru til töku gjalds vegna vanskilainnheimtu og fleiri þátta og það kemur fram í þessari grein að það sé ekki verið að auka við gjaldtökuheimild Húsnæðisstofnunar.

Það vantaði lagastoð varðandi þessa greiðslujöfnun sem hv. þm. nefndi en ég vil líka nefna það að í núverandi lögum er heimild til gjaldtöku, t.d. varðandi tæknideildina og þar er ekki sett neitt hámark þannig að við höfum þetta í löggjöf áður. Ég hugleiddi þetta vissulega þegar þetta var sett fram og ég tel að það ætti að nægja, það kemur fram í fjárlögum hverju sinni þær heimildir sem Húsnæðisstofnun hefur til afla sér sértekna þannig að á hverju ári kemur það fram á fjárlögum hvað er heimilt að afla til sértekna og þá ættu gjaldtökurnar að vera innan þess ramma.

Varðandi nýbyggingarnar þá eru þetta þær upplýsingar sem ég bestar hef og fram komu hjá mér í dag. Það eru að vísu kannski ekki sambærilegar tölur við það sem hv. þm. nefndi hér áðan vegna þess að ég hafði einungis undir höndum — hafði ekki þær upplýsingar sem hv. þm. vitnaði til — földa lána vegna nýbygginga en ekki fullgerðar íbúðir og þar koma þessar tölur fram. Þetta eru tölur sem ég hef besta vitneskju um og þar kemur fram að það 1.479 vegna nýbygginga 1984 og 1.404 árið 1985 og þær eru fæstar 1987 og 1988, þá fara þær í 700 og 800 og flestar 1.375. En ég skil nú ekki metinginn í þessu hjá hv. þm. vegna þess að við hljótum fyrst og fremst að byggja í samræmi við þörf hverju sinni og auðvitað á að byggja líka í samræmi við það hvernig markaðurinn er hverju sinni og það tel ég að hafi kannski ekki í öllum tilvikum verið varðandi verktakana. Þeir hafa byggt fleiri íbúðir en þeir hafa getað selt eða 400–500 íbúðir eru hér óseldar.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir

svörin og sérstaklega það að mér fannst hún taka vel í það að skoða nánar síðasta málslið 6. gr. Ég teldi rétt að setja þak á þessa gjaldheimtuheimild. Það er öruggglega alveg rétt hjá henni að þetta er svo sem staðreynd að því er varðar þjónustu tæknideildar en þar hefur verið gert ráð fyrir því að þetta ætti að vera til að standa undir tilteknum kostnaði en hérna er verið að safna saman ýmsu, þ.e. lántökugjöldum, tæknilegri þjónustu og gjöldum vegna innheimtu á lánum stofnunarinnar sem eru í vanskilum. Og þessi innheimtukostnaður getur verið gríðarlega mikill. Segjum að þessi lán fari inn í venjulegan lögfræðiinnheimtufarveg. Segjum að það gerðist. Ég er ekki að tala um að það sé meiningin. Þá hleður þetta upp á sig undir eins og er þá meiningin að þessi grein standi undir því að heimila gjaldtöku fyrir öllum þeim kostnaði? Segjum að um stórkostleg vanskil væri að ræða, þá sjá það náttúrlega allir í hendi sér að það er óeðlilegt að nota þessa grein til þess að innheimta allan þann kostnað sem þar um ræðir þannig að ég skora á hæstv. ráðherra að láta endurskoða þetta mál milli 2. og 3. umr.

Hitt stendur auðvitað eftir að það liggur fyrir að færri íbúðir eru fullgerðar á síðasta ári en nokkru sinni á 26 ára tíambili en ég bið ráðherrann afsökunar á því að það er hugsanlegt að einu sinni á þessu tímabili hafi verið byrjað á færri íbúðum, þ.e. á árinu 1986 þegar talan var 1.069 íbúðir en á árinu 1992 gæti þetta sleikst upp í 1.050–1.100 íbúðir þannig að það er svo sem bitamunur en ekki fjár, en það er stórkostleg breyting á byggingarstarfseminni í landinu sem þessar tölur endurspegla.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst nú alveg óþarfi hjá hv. þm. að túlka orð mín svo í ræðustól áðan að ég hafi tekið vel í að skoða breytingar á þessari grein þar sem ég sagði að það væri ekki óeðlilegt að þingmenn hugleiddu það hvort það væri ástæða til þess að setja eitthvert slíkt þak. Ég tel að það sé óþarfi vegna þess að sértekjur sem koma fram í fjárlögum sem eru þá heimildir Húsnæðisstofnunar til sértekna af gjaldtöku verða að rúmast innan þeirra ramma þannig að menn sjá það á hverjum tíma hvaða svigrúm er til slíks.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bið hæstv. félmrh. afsökunar á því að ég hélt að hún hefði tekið vel í mál mitt. Það gerði hún greinilega ekki, hún tók illa í það og það þykir mér verra. En málið er það að hér eru gerðar tillögur um það að heimilt verði að jafna niður gjöldum vegna í fyrsta lagi lántökugjalda, gjalda fyrir tæknilega þjónustu og gjalda vegna innheimtu á lánum stofnunarinnar sem eru í vanskilum. Og fjárlagatala í þessum efnum uppfyllir ekki kröfur um nauðsynlegan lagagrundvöll til innheimtu á tekjum í þessu skyni eins og skattlagningarvaldið er skilgreint í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Þess vegna segi ég við hæstv. ráðherra: Það verður að skoða þessa grein á milli umræðna. Ég tel það ekki vandaða lagasetningu að opna fyrir það að ráðherra geti í raun og veru notað þessa grein til þess að innheimta fjármuni, kannski upp á tugi, kannski upp á hundrað millj. kr. eftir því hversu mikil vanskilin eru. Ef þau væru gríðarlega mikil og stofnunin ætti að sleppa skaðlaus, þá er hér um að ræða hundruð millj. kr. en það viljum við ekki, það vill ekki hæstv. ráðherra. Þess vegna á að setja takmörkun í greinina. En ég bið ráðherrann aftur afsökunar á því að ég skyldi halda að hún tæki vel í mál mitt. Hún tók því greinilega illa og það þykir mér mikið, mikið verra.

Útbýting þingskjala:

Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, 25. mál, nál. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 1083; brtt. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 1084.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það verður nú ekki annað sagt um frammistöðu hæstv. félmrh. hér í kvöld en hún hafi lagt sig fram um það að fylgja orðum forsrh. frá því í gærkvöld sem sagði eitthvað á þá lund að þjóðin yrði því fegnari sem þingið afkastaði minna. Ráðherrann er greinilega hér með ummælum sínum í garð bæði þingmanna og fjarstaddra embættismanna að lengja umræðuna og kalla á hörð viðbrögð og kröfur um fund í félmn. til þess að gefa mönnum færi á að svara fyrir ásakanir sem fram eru bornar af æðsta yfirmanni þeirra, hæstv. félmrh., þar sem þeir hafa ekki tök á því að verja sig á þeim vettvangi þar sem hæstv. ráðherra kaus að skjóta skotum sínum. Mér þótti satt að segja nokkuð langt gengið í árásum ráðherra á embættismenn Húsnæðisstofnunar ríkisins og vil minna á að það var ákveðið á fundi félmn. í morgun að halda annan fund til þess að taka út eða afgreiða tvö mál sem skilin voru eftir af þeim fundi. Og þar sem fyrir liggur að fundur verður haldinn í nefndinni, þá er einboðið að óska eftir því að þetta mál verði þar tekið til umræðu og til fundarins kvaddir þeir sem hlut eiga að máli. Þeirri ósk er hér með komið á framfæri, virðulegi forseti, og vænti ég þess að forseti muni haga svo þingstörfum á morgun að nefndarfundir geti farið fram, a.m.k. þeir sem sérstaklega hafa verið ákveðnir og full ástæða er til að staðið verði við að verði haldnir.

Það kom ýmislegt fram í máli hæstv. ráðherra sem þarf að fara yfir nokkrum orðum. Það kom t.d. í fyrsta lagi fram að Húsnæðisstofnun ríkisins hefði sjálfdæmi í gjaldtöku eins og ráðherran komst að orði. Vegna þessara ummæla þótti mér nauðsynlegt að sækja mér þau gögn sem ég gat komið höndum yfir í fljótheitum sem varða þetta mál og mér þykir rétt að fara aðeins yfir þau gögn til að varpa skýrara ljósi á málið en fram kemur í fullyrðingu ráðherrans.

Ég vil geta þess áður en ég rek þau bréf sem ég hef undir höndum og varða þetta mál, að fjárhagsrammi stofnunarinnar er ákveðinn í fjárlögum. Þar eru ákveðnar hreyfingar, tekjur og gjöld, og m.a. sértekj-

ur eru ákvarðaðar í fjárlögum þannig að það er hæstv. ráðherra stýrir að mestu leyti þeim ramma sem embættismenn og húsnæðismálastjórn eiga að vinna eftir í þessum efnum. Talið um sjálfdæmi er því sjálffallið á þeirri skýringu að það er ráðherrann sjálfur sem í raun ræður mestu um það hvernig fyrirmæli Alþingi gefur stofnuninni.

En víkjum þá að þessum erindum sem ég vildi koma hér á framfæri varðandi fullyrðingu ráðherrans um sjálfdæmi stofnunarinnar í gjaldtöku. Þar vil ég fyrst lesa upp, með leyfi forseta, bréf frá félmrn. til Húsnæðisstofnunar ríkisins sem er dags. 26. febr. árið 1992 og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Vísað er til bréfs yðar dags. 1. ágúst 1991, þar sem leitað er eftir áliti ráðuneytisins á því hverjar heimildir það telji að Húsnæðisstofnun hafi til að taka gjald fyrir þjónustu. Eftirfarandi gjöld telur ráðuneytið að sé heimilt að taka af viðskiptavinum Húsnæðisstofnunar:

1. Lántökugjald og önnur þóknun af lánum Byggingarsjóðs verkamanna (68. gr. laganna). Heimild til lántökugjalds kom fyrst með lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984. Í athugasemdum frv. kom fram að þetta væri sams konar lántökugjald og gilti hjá Byggingarsjóði ríkisins. Lántökugjaldið skal ákveðið af húsnæðismálastjórn. Heimild til töku lántökugjalds er þannig ótvíræð og takmarkast ekki við endursölu, en samkvæmt minnisblaði Húsnæðisstofnunar dags. 19. sept. 1991 er upplýst að tekið sé 0,5% lántökugjald af endursöluíbúðum.

2. Varðandi lántökugjald Byggingarsjóðs ríkisins athugist eftirfarandi: Ákvæði laga um lántökugjald sem fram kemur í 30. gr. laga nr. 86/1988, með síðari breytingum, var fellt brott með lögum nr. 47/1991, sbr. 14. gr. þeirra sem breytir 30. gr. Engin skýring er á þessari breytingu í viðkomandi frv. en væntanlega á hún rætur að rekja til þess að með lögunum voru felld niður almenn lán Byggingarsjóðs ríkisins og því lítil lánastarfsemi sem eftir stendur.

3. Lántökugjald vegna húsbréfaviðskipta. Í 2. gr. reglugerðar um húsbréfaviðskipti nr. 467/1991 kemur fram að félmrh. ákveði lántökugjaldið allt að 1%.

4. Vaxtaálag vegna húsbréfaviðskipta. Hér gildir 37. gr. laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins. Álag þetta skal ákveðið með sama hætti og lántökugjald, sbr. lið nr. 3. Samkvæmt 2. gr. reglugerðar um húsbréfaviðskipti er vaxtaálagið ákveðið 0,1%.

Um lið 3 og 4. Í 37. gr. laganna er sérstaklega tekið fram að vaxtaálagið skuli mæta rekstrarkostnaði og áætluðum útlánatöpum og í 2. gr. reglugerðar um húsbréf segir að lántökugjaldið skuli koma til móts við rekstrarkostnað húsbréfadeildar.

5. Sala á þjónustu tæknideildar. Kostnaður við deildina skal borinn upp af sölu á þjónustu deildarinnar, sbr. 2. mgr. 7. gr. og 110. gr. laganna.

6. Innheimtukostnaður vegna lána í vanskilum. Slíkt gjald má taka samkvæmt almennum réttarreglum. Gjald þetta miðast nú við taxta Lögmannafélags Íslands. Húsnæðisstofnun upplýsir að taxti Lögmannafélagsins sé síður en svo of hár án þess þó að nánari sundurliðun á því liggi fyrir, sbr. greinargerð Húsnæðisstofnunar til umboðsmanns Alþingis dags. 15. nóv. 1991. Ráðuneytið gerði ekki athugasemd við þá niðurstöðu, sbr. bréf þess til umboðsmanns Alþingis dags. 9. des. 1991.

7. Auk ofangreindra gjalda sem Húsnæðisstofnuninni telst heimilt að taka er veðdeild Landsbanka Íslands heimilt að taka af lántakendum þau gjöld sem heimiluð eru samkvæmt gjaldskrá Landsbanka Íslands, sbr. 50. gr. laga nr. 86/1985, enda sé um að ræða þjónustu sem ekki er nefnd í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Hér má nefna gjöld fyrir greiðslu seðla og póstburðargjöld þeirra. Að öðru leyti vísast um þetta atriði í gjaldskrár Landsbanka Íslands."

Lýk ég hér tilvitnun úr bréfi sem félmrn. sendi Húsnæðisstofnun ríkisins um hverjar heimildir væru í lögum fyrir Húsnæðisstofnun til að taka gjald fyrir þjónustu. Það liggur fyrir bréf ráðuneytisins um þetta efni og það liggur líka fyrir afstaða ráðherra til þessa máls í afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Fullyrðing ráðherra um sjálfdæmi stofnunarinnar í þessum efnum er út í hött. Miklu fremur væri að orða fullyrðinguna þannig að ráðherra setur stofnuninni reglur og fyrirmæli um hvað hún eigi að innheimta mikið til að mæta þeim kröfum sem ráðherrann setur fram og fær samþykktar í fjárlögum.

Enn fremur vil ég geta þess, svo að dæmi sé nefnt til að hrekja enn frekar að gjaldtaka Húsnæðistofnunarinnar sé sjálfdæmi sem er þá þar af leiðandi ráðuneytinu óviðkomandi, að á fundi húsnæðismálastjórnar 25. ágúst 1992 var lagt fram bréf frá félmrn., dags. 14. júlí, varðandi auglýsingu um gjaldskrá vegna vanskilainnheimtu þar sem ráðuneytið staðfesti þá gjaldskrá. Fullyrðingar ráðherra í þessu efni eru því algerlega úr lausu lofti gripnar og væri ástæða til að krefja hæstv. ráðherra um að taka til baka þessa fullyrðingu sína sem svo rækilega hefur verið hrakin. Það er ekki sæmandi félmrh. að iðka málflutning með þeim hætti að ráðherrann er einna helst í einhverju opinberu stríði við sína undirstofnun sem berlega kom fram í máli ráðherrans fyrr í kvöld þegar braust fram gremja ráðherrans uppsöfnuð í gegnum árin og varpaði nokkru ljósi á baksvið þessa frv. sem hér er verið að ræða. Það stjórnast því miður, eftir því sem virðist vera samkvæmt ræðu ráðherrans, síður af málefnalegum ástæðum en fremur af öðrum toga. Ég tel því að ráðherra sé ekki sæmandi að viðhafa fullyrðingar af þessu tagi og gerði best því að draga til baka þessi ummæli sín og vænti ég þess að ráðherrann hafi þann kjark að geta tekið aftur það sem of hefur verið sagt.

Þá vil ég líka benda á að lagasetning hefur haft áhrif á þær tekjur sem stofnuninni er ætlað að innheimta og m.a. lög um aukatekjur ríkissjóðs sem hæstv. ráðherra hefur m.a. staðið að að væru flutt og samþykkt, en í þeim lögum eru lagðar sérstakar kvaðir á skuldara, sem tekjur inn í ríkissjóð og stofnuninni ber að innheimta. Sjálfdæmi í gjaldtöku eru því öfugmæli í þessum efnum. Það rétta er að stofnunin hefur unnið samkvæmt fyrirmælum sem ráðherra hefur ýmist sent sjálfur frá sér eða fengið samþykkt á Alþingi. Menn eiga því að snúa sér að hæstv. ráðherra telji menn að gjaldtaka stofnunarinnar hafi keyrt úr hófi

fram og ég neita því ekki að ég er í hópi þeirra sem hefur fundist að ráðherra og ríkisstjórnin hafi gengið allt of langt í þessu efni. Og mér finnst lítill jafnaðarmannabragur á þessari skattlagningu á lántakendur stofnunarinnar sem eru óháðar efnahag og tekjum þeirra þannig að þær lenda á herðum lántakenda án tillits til getu þeirra til að bera þessa nýju skattlagningu sem menn hafa verið að taka upp á síðustu árum. Það er nú öll jafnaðarstefnan.

Þá vil ég og tel nauðsynlegt vegna þess sem fram kom í ræðu ráðherra hér fyrr fara aðeins yfir sögu þess máls sem nokkuð hefur borið hér á góma en það eru uppsagnir starfsmanna á svokallaðri tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins og hvernig að því var staðið og þætti ráðherra í því máli. En ráðherra hefur viljað gera sig sem minnst sýnilegan eftir á í þessu máli og reynt að varpa ábyrgðinni yfir á annarra herðar og ég tel það nú heldur lítið fyrir ráðherra leggjast að fara í slíkar skógarferðir eftir það sem á undan var gengið og ráðherrann átti upphafið að. Framganga ráðherrans var með þvílíkum ólíkindum að ég hef nú ekki séð dæmi um verri framkomu hjá nokkrum ráðherra í neinu máli fram til þessa og er þá mikið sagt þegar í hlut á núverandi ríkisstjórn. Þá hefur ráðherra ítrekað haldið því fram að þeim sem í hlut áttu og sagt var upp hafi verið gerð grein fyrir málinu áður en fjárlagafrv. var lagt fram að þeir hafi fengið að fylgjast með á öllum stigum málsins eins og ráðherrann komst að orði. Ég vil draga fram gögn sem varpa öðru ljósi á það mál en ráðherrann vill vera láta í ræðu sinni.

Ég vil fyrst víkja að seinni fullyrðingunni um það að fyrrverandi starfsmönnum tæknideildar stofnunarinnar hafi verið gert kleift að fylgjast með málinu á öllum stigum þess. Það ætti að nægja til að afsanna þessa furðulegu fullyrðingu ráðherrans að lesa hér upp bréf dags. 12. nóv. á síðasta ári frá starfsmönnum þessarar deildar til framkvæmdastjóra stofnunarinnar sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Vegna fyrirhugaðrar sölu hönnunardeildar, endurskipulagningar á tækniþjónustu og uppsagnar starfsfólks á tæknideild sem eiga samkvæmt síðustu upplýsingum að gerast um næstu mánaðamót, þykir okkur starfsmönnum ástæða til þess að koma eftirfarandi á framfæri:

Okkur finnst að langur tími sé liðinn frá því að fyrst var tilkynnt um áform stjórnvalda án þess að nokkuð hafi gerst í málinu, a.m.k. hefur okkur ekki verið tilkynnt um það. Við starfsmenn höfum sýnt þolinmæði og höfum ekki gripið til neinna aðgerða til þess að trufla eða spilla fyrir þeirri vinnu sem stjórn og stjórnendur hljóta að vera önnum kafnir við. Það höfum við gert í þeirri góðu trú að staðið verði við það að fullt tillit verði tekið til starfsmanna við þau starfslok sem þeim hafa verið boðuð. Það nýjasta sem við höfum frétt á skotspónum er að einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar sé þegar farin að starfa við að verðleggja eignir hönnunardeildar. Reyndar er það svo að nefndirnar, sem koma að þessu máli, virðast vera orðnar það margar, ráðgjafarnir sömuleiðis, að erfitt er að henda reiður á."

Það er ljóst að hæstv. ráðherra verður að gera betur ef hann á að vera tekinn trúanlegur með þá fullyrðingu sína að starfsmenn hafi verið látnir fylgjast með á öllum stigum málsins. Hitt er ljóst af þessu bréfi að málið er þannig unnið af hálfu ráðherra að það voru skipaðar nefndir á nefndir ofan utan stofnunarinnar til að vinna að málinu án vitneskju þeirra sem málið átti að varða. Það getur ekki kallast góð framkoma við starfsfólk, virðulegi forseti. Og það kemur fram í þessu bréfi að starfsmenn upplýsa að framkvæmdastjóri stofnunarinnar hafi komið til fundar við þá þegar eftir því hefur verið leitað og veitt þeim þær upplýsingar sem hann hafði yfir að ráða á hverjum tíma en umkvörtunarefnið eru einmitt aðferðir ráðherrans.

Þá tel ég rétt að fara yfir þetta uppsagnamál vegna þess að hæstv. ráðherra hefur sjálfur gefið tilefni til þess að það verði rækilega farið yfir það lið fyrir lið með fullyrðingum sem vægast sagt eru í hæpnara lagi. Það er rétt að rekja málið út frá réttri tímaröð og byrja á því að lesa bréf sem dags. er 21. des. á síðasta ári, bréf sem sent er Húsnæðisstofnun ríkisins og sendandinn er félmrn. Og það er rétt að hæstv. ráðherra komi í salinn núna því ég hygg að ráðherrann muni kannast við fingraförin á þessu bréfi og þann texta sem þarna stendur en bréfið er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1993 er gert ráð fyrir töluverðum samdrætti í verkefnum Húsnæðisstofnunar ríkisins og lækkuðum fjárveitingum til reksturs stofnunarinnar miðað við fyrri ár. Í frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem lagt hefur verið fram á Alþingi er þessi stefna nánar útfærð. M.a. er gert ráð fyrir því að hönnunarstarfsemi verði lögð niður, enda munu samningsbundin verkefni á því sviði nú lítil sem engin. Húsnæðisstofnun er hér með falið að grípa nú þegar til nauðsynlegra aðgerða til að markmiðum fjárlaga verði náð. Í því skyni er yður falið að leggja niður störf, þar á meðal á svonefndri hönnunardeild (þjónustusviði tæknideildar) og hagræða í starfseminni svo sem verða má." Bréfið er síðan undirritað fyrir hönd ráðherra.

Það er alveg ljóst að í þessu bréfi er ráðherra að fyrirskipa framkvæmd á hlutum sem á eftir að fá samþykkta á Alþingi og ber það fyrir sig sem grundvöll fyrirskipunarinnar að frv. hafi verið lagt fram og að fjárlög hafi verið samþykkt. Ég vil því spyrja hæstv. félmrh., er það nægilegt til að hrinda áformum fram sem krefjast lagabreytinga að leggja frv. fram? Er það nægilegt að mati hæstv. félmrh. að aðgerðin sem gera á sé samþykkt með lögum eftir á? Bréf ráðherrans frá 21. des. 1992 byggist á þessu viðhorfi svo að ekki verður um villst. Og það er rétt að benda á líka að í þessu bréfi eru mótsagnir. Annars vegar er sagt að af því að fjárlög 1993 hafi verið samþykkt og frv. lagt fram þá sé hægt að grípa til aðgerðanna og hins vegar er viðurkennt með því að leggja fram frv., þá þurfi meira en samþykkt fjárlaga. Og ég vil láta það koma fram líka, virðulegi forseti, að þetta bréf er sent þegar Alþingi hefur farið í jólaleyfi og um það var samið að 1. umr. um þetta frv. lyki fyrir jól svo að hægt væri að vísa málinu til nefndar gegn því að ekkert yrði frek-

ar aðhafst en senda málið út til umsagnar. Það er mér kunnugt um af því að ég tók þátt í þeim viðræðum. Og þess var hvergi getið í þeim samningaviðræðum að ráðherra teldi sig hafa vald til þess að framkvæma hluta af frv. á meðan þingmenn væru heima í jólaleyfi. Það er alveg á mörkunum að svona samningar séu mönnum boðlegir, virðulegi nefndarformaður. Ég hefði a.m.k. ekki tekið þátt í því að semja við þá þingmenn stjórnarliðsins sem lögðu það á sig að tala við þingmenn stjórnarandstöðunnar í því skyni að 1. umr. lyki fyrir jól, ef menn hefðu vitað hvað bjó að baki, ef menn hefðu vitað hvað ráðherra ætlaði sér að gera um leið og Alþingi væri farið heim í jólaleyfið. Og ég vil áður en lengra er haldið geta þess að það er mitt mat og reyndar fleiri að það þurfi lagabreytingu til þess að leggja þessa deild niður, en ráðherra hefur einmitt varið sig síðan með því að þess þyrfti ekki. Ráðherra er þar með kominn í mótsögn við sjálfan sig þar sem hann leggur frv. fram til þess að afla þessarar heimildar en síðar eftir að ráðherrann er búinn að framkvæma þennan þátt frv. ver hann sig með því að ekki þurfi að fá heimildir frá Alþingi til þess. Og vörnin er fólgin í því að þessi deild sé ekki bundin í lögum, en ég vil minna ráðherra á það að í VII. kafla laganna er fjallað um tækni- og þjónustudeild Húsnæðisstofnunar. Þar er í 109. og 110. gr. tæknideild skipt í tvennt eða tækni- og þjónustudeild, annars vegar tæknisvið og hins vegar þjónustusvið. Og það er skýrt tekið fram í bréfi ráðherra að verið sé að leggja niður störf á þjónustusviði tæknideildar. Það stendur skýrum stöfum í bréfinu. Og það stendur líka skýrum stöfum í 109. gr. laganna, þjónustusvið tæknideildar, þannig að það er í lögum og vörn ráðherra að mínu mati haldlítil í þeim efnum.

Svo fór að sá sem bréfið fékk sem dags. er 21. des., framkvæmdastjóri stofnunarinnar, treysti sér ekki til að framkvæma þessi fyrirmæli ráðherra, taldi sig ekki hafa heimild til þess og lagði málið fyrir húsnæðismálastjórn sem ræddi málið á fundi sínum 28. des. Ég vil leyfa mér að lesa bréf það sem framkvæmdastjórinn sendi ráðherranum eftir þann fund, 28. des. 1992, sem er svohljóðandi:

„Bréf yðar dagsett 21. desember sl. var lagt fram á fundi húsnæðismálastjórnar í dag. Talsverðar umræður urðu um málið og voru helstu niðurstöður þeirra þessar:

1. Húsnæðismálastjórn telur æskilegt að ekki verði gripið til uppsagna á starfsfólki hönnunardeildar fyrr en Alþingi hefur afgreitt frv. það til laga um breytingu á lögum um stofnunina er lagt var fyrir þingið í byrjun desember sl.

2. Stjórnin telur eigi fært að láta starfsfólk hönnunardeildar hætta störfum með fjögurra daga fyrirvara. Jafnframt því kom fram að starfslok gætu orðið við janúarlok, væru uppsagnarbréf send út í byrjun janúar.

3. Stjórnin telur nauðsynlegt að ráðrúm fáist til að reyna til þrautar að koma eignum hönnunardeildar í nokkurt verð, t.d. með því að semja við starfsmenn hennar um kaup á þeim. Má í því sambandi minna á álit svokallaðrar einkavæðingarnefndar, dags. 16. desember sl. sem og álit starfshóps þess er ráðuneytið skipaði vegna þessara mála. Munu þeir vera sammála um að samningar við starfsmenn deildarinnar um kaup á eigum hennar séu langlíkastir til að forða því að þær fari í súginn. Starfsmenn hennar haldi atvinnu sinni sem flestir og starfsemi hennar haldi áfram í öðru formi.

Húsnæðismálastjórn er sömu skoðunar og þessir tveir aðilar. Verður því látið á það reyna á næstu vikum hvort samningar geti tekist.

Húsnæðismálastjórn var öll sammála um þau sjónarmið sem hér koma fram. Með sama hætti benda umræður á fundinum til þess að góð samstaða geti orðið um þær breytingar á stofnuninni sem bréf yðar fjallar um fáist nægilegt ráðrúm til að koma þeim í kring. Um það fjallar efni þessa bréfs."

Í þessu bréfi kemur skýrt fram að í fyrsta lagi var húsnæðismálastjórn ekki tilbúin til þess að fara að vilja ráðherrans, m.a. vegna þess að menn töldu það ekki mannasiði að koma þannig fram við fólk að segja því upp með fjögurra daga fyrirvara, en það var vilji félmrh. að reka fólkið heim með fjögurra daga fyrirvara.

Það kemur líka fram að stjórninni var kunnugt um vilja ráðherrans til að selja eignirnar og bauðst til þess að hefja viðræður til að reyna að koma því í kring til að athuga hvort að samningar gætu tekist og tilkynnti ráðherra formlega um það. Síðan kemur ráðherra og segir: Ég vissi ekkert hvað var að gerast, það voru þeir sem gerðu þetta.

Þetta er með allra ómerkilegustu afsökunum sem ég hef heyrt uppi hafðar í málflutningi af hálfu hæstv. ráðherra.

En þetta var niðurstaða fundarins 28. des. að menn vildu ekki framkvæma fyrirmæli ráðherra.

Næsti kafli í þessari sögu sem er afar merkileg, svo ekki sé meira sagt, er að tveimur dögum síðar sér formaður húsnæðismálastjórnar sig knúinn til að senda annað bréf sem er svohljóðandi, með leyfi forseta, og er bréfið einnig sent félmrh.:

„Vísað er til bréfs ráðuneytisins dags. 21. desember sl. þar sem fjallað er um niðurlagningu hönnunardeildar við tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins og uppsagnir starfsmanna.

Húsnæðismálastjórn fjallaði um þetta erindi á fundi sínum þann 28. desember sl. Þar varð niðurstaðan að segja ofangreindum starfsmönnum upp miðað við lok janúarmánaðar. Þetta er gert með hliðsjón af eftirfarandi:

1. Húsnæðismálastjórn telur nauðsynlegt að eiga viðræður við starfsmenn um hugsanleg kaup þeirra á hönnunardeildinni áður en til uppsagna kemur. Starfsmenn deildarinnar hafa óskað eftir fundi með undirrituðum og hafa þau fundarhöld beðið þess að álit framkvæmdanefndar um einkavæðingu um hugsanlega sölu deildarinnar kæmu fram.

2. Ólokið er ýmsum þeim verkefnum sem hönnunardeildin hefur tekið að sér og nauðsynlegt er að nota janúarmánuð til að ljúka þeim.

Með tilliti til annars liðar að ofan ætti þessi framkvæmd að hafa takmörkuð áhrif á rekstrarkostnað

stofnunarinnar á þessu ári."

Enn kemur skýrt fram að stofnunin var að bíða eftir gögnum, sem m.a. hæstv. félmrh. hafði beðið um að yrðu unnin, um að selja þessar eignir. En það merkilega við þetta bréf er að það er sent til að ómerkja bréf framkvæmdastjóra stofnunarinnar sem hafði látið það koma fram í sínu bréfi að stjórnin hefði ekki tekið neina ákvörðun um uppsagnir. En í bréfi stjórnarformannsins, sérstaks trúnaðarmanns félmrh. er því hins vegar haldið fram að stjórnin hafi tekið ákvörðun um uppsögn. Eitthvað hlýtur að hafa gengið á þessa tvo daga sem liðu á milli bréfa, virðulegi forseti. Eitthvað hafa þeir talast við félmrh. og trúnaðarmaður hans á þessum tveimur dögum fyrst stjórnarformaðurinn sér sig tilknúinn til að senda nýtt bréf til að ómerkja bréf framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Næsti kapítuli er bréf frá félmrh. til Húsnæðisstofnunar ríkisins, dags. 4. jan. 1993, og er stílað á formann húsnæðismálastjórnar og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Vísað er til bréfs yðar, dags. 30. desember sl., þar sem greint er frá afstöðu húsnæðismálastjórnar til bréfs ráðuneytisins frá 21. desember sl. en í bréfi þessu var Húsnæðisstofnun falið að grípa þegar til nauðsynlegra aðgerða til að markmiðum fjárlaga 1993 verði náð varðandi rekstur Húsnæðisstofnunar ríkisins. Í bréfinu var stofnuninni falið að leggja niður störf á svonefndri hönnunardeild og hagræða í starfseminni svo sem verða má. Í tilefni af bréfi yðar þykir ráðuneytinu rétt að taka fram eftirfarandi:

1. Sú ákvörðun sem birtist í fjárlögunum að draga verulega úr launakostnaði og að leggja niður hönnunardeildina er engan veginn bundin við afgreiðslu frv. þess um stofnunina sem nú liggur fyrir Alþingi." — Ákvörðun um að leggja niður heila deild er ekki bundin við afgreiðslu frv. sem liggur fyrir Alþingi. Hefur hæstv. félmrh. ekki lesið þetta frv. sitt?

„2. Samkvæmt þeim upplýsingum sem framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins hefur gefið í ráðuneytinu var starfsfólki tilkynnt um væntanlega niðurlagingu á störfum þegar í byrjun október og það síðan látið fylgjast með málinu.

3. Eðlilegt er að gera tilraun til að selja starfsmönnum eigur hönnunardeildar. Slíka tilraun væri hægt að gera þótt búið væri að leggja niður störf í deildinni." — Þetta kemur fram í bréfi frá ráðuneytinu til húsnæðismálastjórnar að eðlilegt sé að selja starfsmönnum eignir hönnunardeilar. Svo kemur hæstv. ráðherra hér upp fyrr í kvöld og segir: Húsnæðismálastjórn seldi þetta og ég var ekkert spurð, ég fékk ekkert að vita. Hvers konar endemis málflutningur er þetta? Fyrst hæstv. ráðherra er svo genginn í björg að hann telur það vera sitt forgangsverkefni í húsnæðismálum að reka fólk með fjögurra daga fyrirvara þá á ráðherrann að vera maður til þess að standa við þá ákvörðun en ekki að vera að velta ábyrgðinni yfir á aðra aðila og reyna að fegra veruleikann með misvísandi upplýsingum svo ég segi ekki að þær séu ósannar.

Síðar gerist það að 7. jan. er þessu fólki sagt upp og á næsta fundi húsnæðismálastjórnar sem haldinn er 14. jan. 1993 er lögð fram breytingartillaga á fundargerð til að snúa merkingu fundargerðarinnar við á þann veg að þar sem stendur í fundargerðinni að ákvörðun hafi ekki verið tekin efnislega er lagt til að ákvörðun hafi verið tekin um uppsögn. Síðan er þessi breytingartillaga samþykkt í atkvæðagreiðslu, breytingartillaga við fundargerð með fjórum atkvæðum gegn þremur. Gegn atkvæðum þriggja þeirra stjórnarmanna sem sátu fundinn og gegn því sem fram kom að hefði verið niðurstaða fundarins samkvæmt þeim embættismönnum sem skráðu fundinn, fundarritara og framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

Þetta vil ég kalla, virðulegi forseti, ekkert annað en hreint skjalafals. Ég er alveg sannfærður um það að þetta var gert að kröfu hæstv. félmrh. sem mátti ekki til þess hugsa að þessu vesalings fólki sem vann á þessari deild yrði sagt upp seinna fremur en fyrr. Ég lýsi fullri ábyrgð á hendur ráðherranum fyrir þessa framkomu og hef satt að segja skömm á þessari framkomu gagnvart fólki burt séð frá því hvort maður er sammála eða ósammála ákvörðuninni, það er önnur saga og um það geta menn deilt en að koma svona fram við fólk og breyta veruleikanum er ekki mönnum sæmandi. Vinnubrögðin sem þarna voru viðhöfð voru með þvílíkum endemum að ég hef ekki séð annað eins þann tíma sem ég hef fylgst með opinberri stjórnsýslu og hef ég nú þó séð ýmislegt sem betur hefði mátt fara, svo ekki sé fastar að orðið kveðið.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra láti það hér eftir hjá líða að sverja af sér þessa málvöxtu og koma ábyrgðinni yfir á embættismenn stofnunarinnar og húsnæðismálastjórn. Ráðherrann á að vera maður til þess að bera sínar eigin ákvarðanir.

Þá vil ég, til að ljúka þessum kafla málsins um hönnunardeildina, enda með því sem fram kom hjá hæstv. ráðherra hér í kvöld að eftir að allt þetta hafði verið gert sem ég hef rakið þá kemur ráðherra hér upp og segir: Húsnæðismálastjórn hefur ekki lagalega heimild til að selja þessa deild þannig að þeir hafa gert þennan samning og undirritað hann í leyfisleysi hafa brotið lög. Það eru kveðjur ráðherans til þeirra manna í húsnæðismálastjórn sem tóku að sér það verk að snúa hlutunum við með því að samþykkja breytingartillögu á fundargerðinni frá 28. des. Það er ekki einu sinni svo að ráðherrann standi við bakið á mönnunum sem vinna skítverkin heldur snýr ráðherrann baki við þeim mönnum og segir í kvöld að það sé álit ráðuneytisins að þessir menn hafi framið lögbrot.

Það hefur verið vikið að ummælum ráðherrans í garð embættismanna sem eru með óvenjulegum hætti svo ekki sé fastar að orði kveðið þar sem ráðherrann ber stofnuninni það á brýn og embættismönnum hennar að þeir hunsi ráðuneytið og svari ekki fyrirspurnum sem ráðuneytið sendir. Ráðuneytið fái ekki umbeðnar upplýsingar og ítrekar ráðherrann það að erfiðlega gangi að fá upplýsingar. Þessar ásakanir eru það alvarlegar að það verður ekki hægt að láta eins og þær hefðu aldrei verið fram settar og ég hef þegar gert kröfu um að það verði haldinn fundur í félmn. þings-

ins til þess að gefa þeim sem ásakanirnar beinast gegn færi á því að svara fyrir sig. Það er ekki líðandi að embættismenn svari ekki erindum ráðuneytis eða ráðherra. Ef það er reyndin er rétt að fá það upp á yfirborðið. En það er heldur ekki líðandi að ráðherra beri sakir á embættismenn án þess að þeir fái vörnum við komið og það er ekki stórmannlegt af ráðherra að nota ræðustól Alþingis til þess að skjóta á sína undirmenn en það er sá staður sem þeir komast ekki á til þess að verja sig. Ef menn hafa heyrt svör formanns nefndarinnar og ráðherrans, þeir hafna því, telja ekki ástæðu til að menn fái að skýra sitt mál og verja sinn starfsheiður. Það er bara þegar aðrir hrafnar eru gagnrýndir hér á þingi að Alþfl. tekur upp hanskann og skammar þingmenn fyrir að víkja að mönnum sem eru fjarstaddir.

Ráðherrann hefur ítrekað haldið því fram að stjórnsýsluleg staða stofnunarinnar væri óljós. Það verður að teljast ósönn fullyrðing. Stjórnsýsluleg staða hennar er afar ljós og liggur fyrir í álitsgerð frá Lagastofnun Háskóla Íslands sem hefur verið gefin út og m.a. dreift til nefndarmanna í hv. félmn. Þrátt fyrir að þessi álitsgerð liggi fyrir er ráðherra að halda hinu gagnstæða fram. Það er ekki vegna þess að ráðherrann hafi rök fyrir sínu máli, það er einungis vegna þess að ráðherrann er ekki sammála niðurstöðu Lagastofnunar Háskóla Íslands. Þá á ráðherrann að segja það hreint út að ráðherrann vilji aðra stjórnsýslulega stöðu og færa rök fyrir því en ekki að nota sem röksemd fyrir breytingu í stjfrv. að staðan sé óljós því það er ekki réttur veruleiki í málinu.

Síðan kemur einnig fram í lögfræðilegri athugun Ragnars Aðalsteinssonar, í niðurstöðum hans, hver stjórnsýsluleg staða stofnunarinnar er og það verður ekki annað séð en að niðurstaða hans sé einnig sú að hér sé staðan ákaflega skýr.

Ég vil, virðulegi forseti, víkja að upplýsingum sem fram hafa komið á þskj. og lúta að fullyrðingu sem ráðherrann setti fram og ég fór yfir fyrr í minni ræðu, fullyrðingu um það að Húsnæðisstofnun hefði sjálfdæmi í gjaldtöku. Ég hef hrakið þá fullyrðingu m.a. með því að lesa upp bréf ráðuneytisins um það efni. En það er fróðlegt fyrir menn sem hafa áhuga á þessum málum að fá upplýsingar um það hvernig þetta hefur þróast hjá núv. félmrh. sem stærir sig af því að vera fulltrúi láglaunafólksins. Hvernig hefur ráðherrann staðið sig í þessu máli, hver hefur verið stefna þessa ráðherra í að velta gjöldum yfir á lántakendur? Svar við þeirri spurningu er að finna á þskj. 577 í svari við fsp. Svanhildar Árnadóttur um skipulag Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þar kemur fram að rekstrartekjur Húsnæðisstofnunar ríkisins hafa aukist gríðarlega mikið á milli ára samkvæmt ákvörðunum ráðherra og tillöguflutningi hans í fjárlagafrv. og eftirfylgju með afgreiðslu fjárlaga. Á fjárlagaverði ársins 1993 voru rekstrartekjur stofnunarinnar árið 1989 96 millj. en ári seinna voru þær komnar upp í 150 millj., höfðu aukist um 54 millj. eða um 55%. Það var það sem ráðherrann var að velta yfir á skuldarana, að hækka gjöldin um 55%. Árið 1991 jukust síðan þessar tekjur enn upp í 197 millj. og höfðu þá aukist um 101 millj. á tveimur árum. Ég held að þessar tölur segi það sem segja þarf um pólitískar áherslur ráðherrans sem setið hefur í félmrn. frá árinu 1987. Að sama skapi hefur rekstrarkostnaður stofnunarinnar nettó minnkað eftir því sem rekstrartekjurnar hafa aukist og áætlað er á þessu ári að hann verði innan við 180 millj. en var 320 millj. árið 1989. Þannig að það hefur verið gengið nokkuð hart fram gagnvart þessari stofnun og þeim sem þurfa að borga þennan kostnað. Sennilega harðar en gagnvart flestum öðrum stofnunum.

Ég tel ekki ástæðu, virðulegi forseti, til þess að fjölyrða meira um þessar endemis ræður hæstv. félmrh. hér fyrr í kvöld. Þær hafa að miklu leyti dæmt sig sjálfar, þær fullyrðingar sem ráðherrann hefur sett fram, en hafa þó varpað ljósi á málið þannig að okkur er betur ljóst hvaða hugur býr að baki frv. Það er satt að segja lærdómsríkt að upplifa það í þingsal að sjá og finna hvaða hug menn bera til þeirrar stofnunar sem þeir bera ábyrgð á og hafa yfirstjórn yfir og vilja fá aukin forræði og aukin völd yfir störfum hennar. Það hefur ekki orðið til þess að auka vilja okkar stjórnarandstæðinga til að greiða götu þessa frv. og ég tel fulla ástæðu til að í þessu máli taki Alþingi orð hæstv. forsrh., frá því í gærkvöldi, sér til eftirbreytni. Hann sagði eitthvað á þá leið að því minna sem Alþingi afkastaði því fegnari yrði þjóðin. Ég held að í þessu stjfrv. gildi það sama, að því minna sem Alþingi afkastar í að afgreiða það því fegnari verður þjóðin.

Það er ýmislegt sem er ástæða til að fara yfir í húsnæðismálum fyrst á annað borð er verið að hreyfa við þeim hér á Alþingi. Það er fyllsta ástæða til þess að fara yfir reynsluna af húsbréfakerfinu og bera hana saman við þær fullyrðingar sem ráðherrann setti fram á sínum tíma um kerfið og átta sig á því hvaða vankantar eru á þessu kerfi, hvað það kostar fyrir fólk og draga fram þær staðreyndir sem lagðar hafa verið fram af ýmsum aðilum um þetta húsnæðislánakerfi. Ég hef nú kosið að geyma þann hluta efnisins til 3. umr. málsins en það er alveg ljóst, og ég vænti þess að hæstv. félmrh. sé það ljóst og velkist ekki í vafa um að umræður um þetta mál munu halda áfram og verða miklar við 3. umr. málsins, rétt eins og við 2. umr. þess. Það munu koma fram brtt. við frv. í 3. umr. sem taka á máli sem hæstv. félmrh. hefur ekkert viljað ræða og er þó stærsta vandamálið sem uppi er í húsnæðismálum, vaxandi greiðsluerfiðleikar þeirra sem eiga lán í þessari stofnun. Hvað hyggst núv. ríkisstjórn gera til þess að mæta þeim vanda sem hefur safnast upp og fer ört vaxandi á næstu mánuðum hjá þúsundum manna sem eru atvinnulausir? Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að mæta vanda þessa fólks? Hæstv. ráðherra hefur ekkert viljað ræða þennan þátt málsins og dreg ég þá ályktun af því að ráðherranum hæstv. sé hjartanlega sama um það mál, það komi honum ekkert við og er í takt við stefnu ríkisstjórnarinnar gagnvart atvinnulífinu þar sem „kemur-mér-ekki-við“ stefnan er höfuðatriðið.

Hæstv. félmrh. virðist ekkert koma við þótt fólk sé atvinnulaust og hafi ekki tekjur til að standa við

greiðslur af sínum lánum og það hafi ekki skort tilefni fyrir ráðherrann til þess að taka á þessum málum því það hafa verið flutt hér þingmál í því skyni að bregðast við. Ég hef m.a., ásamt hv. 9. þm. Reykv., lagt fram frv. um greiðslufrestun fasteignaveðlána við byggingarsjóðina sem mælt var fyrir hér fyrir áramót og hefur legið í hv. félmn. mánuðum saman án þess að fást afgreitt. Jafnvel þótt boðið hafi verið upp á það að málið yrði rætt undir þeim formerkjum að menn skoðuðu breytingar á frv. ef mönnum sýndist svo. Það boð hefur ekki verið þegið og Alþfl. sem stýrir þessum málum, bæði ráðuneyti og nefnd, hefur ekki haft nokkurn áhuga á því. Það er alveg augljóst mál að félmrh. sem fer með þennan málaflokk hyggst ekki grípa til neinna aðgerða, opna fyrir neinar lagalegar heimildir fyrir stofnunina áður en þingið lýkur störfum í vor. Þannig að ef áform ráðherrans ná fram að ganga þá mun ekkert gerast af löggjafans hálfu í þessu máli fyrr en í fyrsta lagi í október í haust. Það þýðir að málið verður ekki afgreitt fyrr en í desember miðað við venjubundna meðferð máls.

Þetta mun ég ræða nokkuð ítarlega í 3. umr. málsins auk þess að flytja brtt. sem taka á þessu vandamáli um greiðsluerfiðleika fólks sem er atvinnulaust eða hefur lækkað í tekjum vegna langvarandi veikinda. Það verður fróðlegt að sjá hvort Alþfl. rankar nú ekki við sér þegar tillögurnar liggja fyrir og fæst til þess að afgreiða eitthvað fyrir þingfrestun síðar í þessari viku, ef að líkum lætur, þannig að menn geti farið til síns heima með sæmilega góða samvisku gagnvart þessu fólki. En eins og mál stefnir í þá virðist sem ógæfa þessa fólks raski ekki ró stjórnarliða í þessum tveimur flokkum sem hafa splæst sig saman.

Ég vil svara hæstv. ráðherra um fullyrðingar hans gagnvart þeim brtt. sem minni hluti félmn. hefur flutt. Fyrri efnislega brtt. er um það að opna heimild til þess að veita lán til viðgerða á íbúðarhúsnæði. Ráðherra hefur ekki tekið undir þessa tillögu, um lán til viðgerða á félagslegum íbúðum og hefur í staðinn gagnrýnt húsnæðismálastjórn fyrir það að hafa ekki sent henni bréf um að stjórnin óskaði eftir þessari lagabreytingu núna þegar verið væri að afgreiða þetta frv.

Ég geri lítið úr þeirri gagnrýni. Ég veit ekkert um það hvort stjórnin hefur sent bréf til ráðherrans eða ekki. Eitt er víst, stjórnarformaðurinn sér um bréfaskriftir í þessu máli og hann er sérstakur trúnaðarmaður ráðherrans. Ég læt þá tvo, ráðherrann og trúnaðarmanninn, um það að tala saman og ég held að þeir ættu að gera það í stað þess að ráðherrann sé að skattyrðast á Alþingi um aðra stjórnarmenn stofnunarinnar.

Það liggur fyrir mat um kostnað eða fjárstreymi vegna lánveitinga ef þessi lánaflokkur verður opnaður með þeim hætti sem hugmyndir standa til og minnir mig að þær tölur séu um 100 til 120 millj. kr. á ári en það er hægt að fletta þeim upp í bréfi. Ráðherrann getur því ekki varið sig eða mælt gegn þessari tillögu á þeirri forsendu að upplýsingar liggi ekki fyrir. Þær liggja fyrir.

Í öðru lagi var ráðherra ekki tilbúinn til að taka undir þá breytingu að breyta lánveitingum til almennra kaupleiguíbúða frá því horfi sem nú er til þess að um verði að ræða eitt 90% lán. Í dag er það þannig að ef fólk vill kaupa almenna kaupleiguíbúð þá fær það 70% lánað til 43 ára og 20% lánað til fimm ára. Það þýðir að greiðslubyrðin er mjög mikil fyrstu fimm árin meðan verið er að greiða niður fimm ára lánið. Þessi mikla greiðslubyrði hefur svo aftur orðið til þess að þessar almennu kaupleiguíbúðir hafa selst afar illa, svo ekki sé meira sagt. Það hefur verið mikil ásókn af hálfu sveitarstjórna að fá almennar kaupleiguíbúðir færðar yfir í félagslegar kaupleiguíbúðir til þess að komast undir 90% lán og viðráðanlega greiðslubyrði. Nokkuð hefur verið um það að íbúðir hafa verið fluttar þannig á milli kerfa. Ráðherra segir að þessi breyting þýði aukið fjárútstreymi fyrir stofnunina. Það er ekki nema hálfur sannleikur. Þó að hægi á greiðsluflæðinu, þar sem 20% greiðast á 43 árum í staðinn fyrir 5 árum, þá er annað sem vinnst á móti sem vegur hugsanlega upp þessa breytingu og kannski vel það. Í fyrsta lagi er það þannig í dag að til er nokkur hópur fólks sem lendir á milli kerfa, sem hefur annars vegar of háar tekjur til þess að fá úthlutaða félagslega íbúð eða félagslega kaupleiguíbúð en hins vegar of lágar tekjur til að geta keypt almenna kaupleiguíbúð á þessum kjörum. Þessi hópur fólks fær því ekkert úrræði sem hann ræður við og verður því að sækja um leiguíbúðir í félagslega kerfinu eða að reyna að pressa sig inn í félagslega kerfið með öðrum hætti. Ég held að það muni létta verulega ásóknina í félagslegar kaupleiguíbúðir og jafnvel líka félagslegar eignaríbúðir ef þessi breyting verður gerð þannig að það verði hægt að hafa fleiri íbúðir en nú er sem eru lánaðar á kjörum almennrar kaupleigu. Það mun gefa stofnuninni aftur fjármagn því vextir af þeim lánum eru 4,9% í stað 2,4% á félagslegum leiguíbúðum eða kaupleiguíbúðum.

Að öllu samanlögðu þá tel ég að mjög líklegt sé að breytingin muni hafa ávinning í för með sér fyrir stofnunina. Hún mun fyrst og fremst hafa ávinning í för með sér fyrir fólkið sem í hlut á og kerfið er ætlað fyrir. Því megum við aldrei gleyma þó hæstv. félmrh. sé löngu búinn að gleyma því að kerfi eru til fyrir fólk en fólk er ekki til fyrir kerfi. Hæstv. ráðherra mætti gjarnan íhuga það að fólkið er ekki til fyrir hann, ráðherrann á að þjóna fólkinu. Mér þykir sem hæstv. ráðherra sé farinn að fjarlægjast nokkuð mikið uppruna sinn þegar maður fer yfir embættisverk ráðherrans að undanförnu, eins og ég hef m.a. rakið í ræðu minni. Ráðherrann mætti vera minnugri harðrar gagnrýni sem hún setti fram á forvera sinn í embætti. Ég hef lagt það á mig, af því að ég hef fylgst með þessum málum nokkuð lengi, að lesa þær ræður sem ráðherrann núv. flutti á þeim árum og víst er að ýmsum þætti nóg um ef þær ræður væru fluttar í dag. Ég er ekki viss um að hæstv. núv. félmrh. mundi fagna ræðuflutningi af þeim toga sem hann hélt uppi árum saman á sínum tíma. En það er önnur saga. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra sé það ljóst að hann þarf nokkuð að breyta um stefnu ef ekki á að leiða til ófarnaðar í störfum hans.

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 449. mál, nál. allshn., þskj. 1097.

Alþjóðleg samvinna um fullnusta refsidóma, 450. mál, brtt. allshn., þskj. 1099.

Menningarsjóður, 306. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 1093; brtt. meiri hluta menntmn. þskj. 1094.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, 557. mál, nál. menntmn., þskj. 1087; brtt. menntmn., þskj. 1088.

Safn þjóðminja að Hólum í Hjaltadal, 116. mál, nál. menntmn., þskj. 1090.

Samvinnufélög, 364. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1102; brtt. efh.- og viðskn. þskj. 1103.

Tekjuskattur og eignarskattur, 548. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1105.

Tengsl ferðaþjónustu við íslenska sögu, 160. mál, nál. menntmn., þskj. 1091.

Tilraunaverkefni framhaldsskóla á Austurlandi, 229. mál, nál. menntmn., þskj. 1089.

Tækniskóli Íslands, 327. mál, nál. 1. minni hluta menntmn., þskj. 1092.

Útvarpslög, 305. mál, nál. menntmn., þskj. 1085; brtt. menntmn. þskj. 1086.

Frsm. minni hluta félmn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Fyrr í kvöld bar ég nokkrar spurningar undir hæstv. félmrh. Ráðherra hefur nú svarað þeim spurningum og gerði það ágætlega og ég þakka fyrir þau svör. Engu að síður gefa svörin tilefni til nokkurrar umræðu vegna þess að þó að þau útskýri hvað fyrir ráðherra vakir í þessu máli þá finnst mér þau ekki fullnægjandi og ekki vera í rauninni góður rökstuðningur fyrir þeim breytingum á lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem gerð er tillaga um í þessu frv. Þá á ég ekki síst við þennan stjórnsýslulega þátt málsins, stöðu Húsnæðisstofnunar í stjórnkerfinu og aukið vald ráðherra, boðvald yfir stofnuninni. Ég spurði ráðherra hvaða dæmi væru til um það að ágreiningur hefði risið upp milli stofnunarinnar og ráðherra sem gerði það að verkum að ráðherra teldi sig ekki geta lifað við núgildandi lög. Ráðherra nefndi nokkur dæmi og tók sem dæmi þá umræðu sem varð um stefnumörkun í húsnæðismálum á árunum 1987 og 1988 og sagði að þá hefði verið mikill ágreiningur um 86-kerfið. Ráðherra hefði viljað leggja það af en hins vegar ekki Húsnæðisstofnun. Ég fæ ekki séð að þessi ágreiningur sem varð um 86-kerfið geti verið einhver forsenda þess að breyta lögunum með þessum hætti. Það er ekkert hægt að gefa sér það og krefjast þess að stjórn Húsnæðisstofnunar sé ævinlega sammála ráðherra í öllum málum. Þarna kom upp ágreiningur, stjórnin var ekki sammála ráðherranum, en á endanum hefur ráðherra öll tök á þessu máli vegna þess að ráðherra getur lagt fram einfalt frv. til laga um að breyta kerfinu og fengið slíkt samþykkt á Alþingi með stjórnarmeirihluta. Það er bara einfalt lagamál og lagabreyting sem hægt er að gera til þess að ná fram stefnu ráðherra. Húsnæðismálastjórn þarf ekki endilega að vera sammála ráðherra um málið, ráðherra hefur eftir sem áður í hendi sinni að leggja fram frv. og það var reyndar gert. Það var gert og kerfinu var breytt, 86-kerfinu, með lögum á Alþingi sem samþykkt var af stjórnarmeirihluta á þeim tíma. Þetta geta því ekki talist rök fyrir því að breyta stöðu Húsnæðisstofnunar og auka valdsvið ráðherra með þessum hætti.

Annað sem ráðherra nefndi sem ágreiningsmál milli ráðherra og stjórnar Húsnæðisstofnunar voru vaxtamálin. Það hefði verið ágreiningur um vaxtabreytingar. Þetta geta ekki heldur talist rök því ekki er hægt að gera neina kröfu til þess að ráðherra og stjórn Húsnæðisstofnunar séu endilega sammála um vaxtamálin. Eftir sem áður er valdið í vaxtamálum hjá ríkisstjórninni. Lögin kveða skýrt á um það þannig að ráðherra hefur það vald í sinni hendi. Þótt Húsnæðisstofnun sé ekki sammála þá breytir það ekki því að valdið er klárlega í höndum ríkisstjórnarinnar, um ákvörðun vaxtanna.

Það vantar engar lagaheimildir til þess að ríkisstjórninn geti farið með hið endanlega vald í þeim málum. Þetta finnast mér því heldur ekki vera rök hjá ráðherra.

Ráðherra nefndi ýmislegt varðandi t.d. sértekjur og benti á að Húsnæðisstofnun ræki sig fyrir sértekjur og hún hefði sjálfdæmi um gjaldtöku og þyrfti ekki að bera það undir ráðherra. Þetta var eitt af því sem ráðherra nefndi til marks um það að stofnunin væri of sjálfstæð og hefði of mikið sjálfdæmi í sínum málum. Engu að síður kom það síðar fram í máli ráðherra, hvort það var í einhverri annarri ræðu, að það væri auðvitað þannig að ákveðið er í fjárlögum hverjar skuli vera sértekjur Húsnæðisstofnunar. Það er alveg skýrt kveðið á um það í fjárlögum hverjar skuli vera sértekjur og hún getur auðvitað ekki tekið meiri tekjur heldur en fjárlögin kveða á um. Hún þarf auðvitað að halda sig innan þess ramma eins og aðrar stofnanir og getur varla sett lántökugjöld sem fara langt fram úr þeim sértekjum sem henni eru ákveðnar eða markaðar í fjárlögum.

Þá nefndi ráðherra einnig að komið hefði upp ýmiss konar ágreiningur og samskiptaörðugleikar og tók til marks að komið hefðu fram óskir frá stjórn Húsnæðisstofnunar til félmn. um ákveðnar breytingar á lögunum og þessar óskir hefðu verið settar fram við nefndina en ekki við ráðherra. Þarna væri verið að fara fram á ákveðin viðbótarútgjöld og óeðlilegt væri að slík beiðni væri send frá stjórn Húsnæðisstofnunar beint til Alþingis.

Það kann vel að vera að þetta geti talist óeðlilegt, eða a.m.k. bagalegt og óþægilegt að einhverju leyti fyrir ráðherra, en þarna er þá hreinlega um ákveðna samskiptaörðugleika að ræða í samskiptum Húsnæðisstofnunar og stjórnar hennar og ráðherra og slíkir samskiptaörðugleikar verða ekkert leystir með lagaboði. Það þarf annað að koma til. Það þarf með einhverjum hætti að reyna að leysa þá örðugleika en reyna ekki að gera það eða halda að þeir verði leystir með einhverjum lagabókstaf, það er ekki aðferðin, virðulegur ráðherra.

Þá ræddi ráðherra nokkuð um þær breytingar sem frv. gerir ráð fyrir og svaraði þar spurningum mínum t.d. varðandi hönnunardeildina. Ráðherrann sagði að það hefði verið húsnæðismálastjórn sjálf sem hefði tekið ákvörðun um sölu eigna og ekki borið þá ákvörðun undir ráðherra. Ég dreg ekkert í efa að þetta er rétt en auðvitað hlýtur sú spurning að vakna til hvers Húsnæðisstofnun á að eiga áfram þessar eignir hönnunardeildar þegar hún hefur lagt deildina niður samkvæmt fyrirmælum ráðherra. Hún er búin að leggja deildina niður, hún hefur ekkert við þessar eignir að gera, og það leiddi eiginlega af sjálfu sér fyrst verið var að segja þarna upp starfsmönnum og einkavæða þennan þátt starfseminnar að það væri eðlilegt að gefa starfsmönnum kost á því að yfirtaka þessa starfsemi þó auðvitað væri sjálfsagt að fyrir það kæmi eðlilegt verð. Mér finnst eiginlega að ráðherra hefði átt að sjá fyrr að það leiðir af sjálfu sér, ef ráðherra skrifar stofnuninni bréf og vill að þessi deild sé lögð niður og starfsfólkinu sé sagt upp, að eignirnar séu seldar. Þar af leiðandi hefði auðvitað aldrei átt að fara út í þá aðgerð að segja upp þessu fólki, leggja niður hönnunardeildina og selja eigur hennar, fyrr en að því frv. samþykktu sem hér liggur fyrir þannig að allt hangir þetta á sömu spýtunni.

Ráðherra talaði líka um að það væri mjög mikilvægt að ráðherra hefði forsendurnar fyrir því hvað mikið færi til einstakra lánaflokka og það væri það sem hún væri að sækjast eftir, að fá nákvæmar upplýsingar um það. Ráðherrann tók sem dæmi um hvað fyrir henni vekti með því að breyta 5. gr. núgildandi laga, að það væri mikilvægt að vita hvað færi mikið í einstaka lánaflokka og ráðherra þyrfti að hafa forsendurnar. Hún vísaði því algjörlega á bug að hún væri að sækjast eftir valdi yfir einstökum lánveitingum. Hún vísaði því algjörlega á bug og sagði að það væri alls ekki sín skoðun.

Það kann vel að vera að það vaki ekki sérstaklega fyrir ráðherra að fá einstakar lánveitingar inn á borð til sín og þurfa að fara að taka um þær ákvarðanir. Það leiðir einfaldlega af lögunum að einstakar lánveitingar munu mjög líklega koma inn á borð hjá ráðherra og það er bara vegna áfrýjunarréttarins sem ég hef talað um áður. Þ.e. ef í lögunum stendur að það sé hlutverk húsnæðismálastjórnar að úthluta framkvæmdaaðilum lánum til félagslegra íbúða þá er eini áfrýjunaraðilinn sem lántakendur hafa ráðherra. Það er í stjórnsýslulögunum að menn skuli ævinlega hafa réttinn til þess að áfrýja til æðra setts stjórnvalds. Þar með geta einstaka lánveitingar mjög auðveldlega komið inn á borð til ráðherra og þá þarf ráðherra að fara að taka afstöðu til þeirra og er mjög auðvelt að gera það pólitískt tortryggilegt. Það er mjög auðvelt og við getum séð það með aðra starfsemi, t.d. aðrar lánveitingar, ef þær ættu að koma inn á borð til einstakra ráðherra til úrskurðar. Ég get ekki ímyndað mér að mönnum þyki það þægileg staða yfirleitt vegna þess að það er hægt að gera hana pólitískt tortryggilega þó að ráðherrum gangi gott eitt til með því sem þeir eru að gera og hafi alls enga pólitík í huga í því sambandi, þá er mjög auðvelt að gera ákvarðanir þeirra, þegar kemur að lánveitingum, tortryggilegar. Það er óeðlilegt, það elur á hugmyndum um hagsmunatengsl að vera með slíkt inni á borði hjá ráðherrum. Þannig að þó það sé ekki vilji ráðherra þá mun það leiða af sjálfu sér eftir þessu ákvæði.

Varðandi það að ráðherra þurfi að hafa forsendurnar til að leggja til grundvallar lánveitingum og hvað fari mikið í einstaka lánaflokka þá fæ ég ekki betur séð en að í núgildandi lögum sé það á valdsviði ráðherra að ákveða skiptingu á milli lánaflokka, það sé alveg skýrt kveðið á um það í gildandi lögum að ráðherra hafi þessa heimild til að ákveða skiptingu milli lánaflokka. Það sé því ekkert vandamál í því sambandi og þurfi enga lagabreytingu til þess að það komi til kasta félmrh. Ég er í rauninni engu nær um það hvernig þetta frv. á að leysa þann vanda sem virðist fyrst og fremst vera ákveðinn samskiptavandi milli ráðherra og ráðuneytis og húsnæðismálastjórnar og Húsnæðisstofnunar. Rökin finnast mér ekki vera þess eðlils að þau sé hægt að taka góð og gild og það sé ástæða til þess að vaða í það að breyta með afgerandi hætti lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins á þeim forsendum sem færðar hafa verið fram af ráðherra. Ég er engu nær, þrátt fyrir að ég hafi setið undir þessari umræðu og hlustað á hana og það hefur ekki tekist að sannfæra mig um ágæti þess að breyta lögunum með þessum hætti. Mér sýnist á lögunum að ráðherra hafi það vald sem hann þarf til þess að koma stefnu ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálum í framkvæmd á hverjum tíma. Ráðherrann hefur t.d. eins og ég hef bent á áður reglugerðarvald sem er mjög opið því það segir bara í 127. gr.: „Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara." Allir vita að slík heimild veitir heilmikið svigrúm og heilmikið vald. Þar að auki hefur ríkisstjórn vald til þess að ákveða vexti, hún hefur vald til þess að skipta fjárveitingum milli einstakra lánaflokka og fleira mætti telja. Mér sýnist hún því hafa það vald sem hún þarf og þarna sé hætta á því að ráðherra muni um of fara að fá til sín einstaka þætti þessara mála sem getur boðið heim hættunni á að talið sé að þar geti verið um pólitísk hagsmunatengsl að ræða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd útboða, 363. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1101; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1106.

Út af dagskrá voru tekin 7.–23. mál.

Fundi slitið kl. 0.38 árdegis.

170. FUNDUR

miðvikudaginn 5. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 276. mál, þskj. 384, nál. 1011 og 1049, brtt. 1012, 1050 og 1065. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Evrópskt efnahagssvæði, stjfrv., 440. mál, þskj. 749. — 3. umr.
3. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 77. mál, þskj. 1073. — 3. umr.
4. Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, stjfrv., 21. mál, þskj. 1074. — 3. umr.
5. Íslenskt ríkisfang vegna EES, stjfrv., 15. mál, þskj. 1075. — 3. umr.
6. Lagaákvæði er varða samgöngumál, stjfrv., 28. mál, þskj. 1076, brtt. 1078. — 3. umr.
7. Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, stjfrv., 117. mál, þskj. 1046, brtt. 1048 og 1064. — Frh. 3. umr.
8. Skaðabótalög, stjfrv., 326. mál, þskj. 596, nál. 1033 og 1061. — Frh. 2. umr.
9. Tvíhliða samningur við Evrópubandalagið, þáltill., 303. mál, þskj. 472, nál. 1018, brtt. 1019. — Frh. síðari umr.
10. Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, stjfrv., 406. mál, þskj. 700, nál. 1056, brtt. 1057. — 2. umr.
11. Framhaldsskólar, stjfrv., 397. mál, þskj. 691, nál. 1051 og 1058, brtt. 1052 og 1059. — 2. umr.
12. Ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna kynferðisbrota, þáltill., 352. mál, þskj. 631, nál. 1068, brtt. 1069. — Síðari umr.
13. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 444. mál, þskj. 770, nál. 1071, brtt. 1072. — 2. umr.
14. Vegalög, stjfrv., 553. mál, þskj. 918, nál. 1077. — 2. umr.
15. Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, stjtill., 232. mál, þskj. 289, nál. 1079, brtt. 1080. — Síðari umr.
16. Fjármögnun samgöngumannvirkja, þáltill., 104. mál, þskj. 122, nál. 1081, brtt. 1082. — Síðari umr.
17. Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, stjfrv., 25. mál, þskj. 25, nál. 1083, brtt. 1084. — 2. umr.
18. Útvarpslög, stjfrv., 305. mál, þskj. 474, nál. 1085, brtt. 1086. — 2. umr.
19. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, stjfrv., 557. mál, þskj. 924, nál. 1087, brtt. 1088. — 2. umr.
20. Tilraunaverkefni framhaldsskóla á Austurlandi, þáltill., 229. mál, þskj. 286, nál. 1089. — Síðari umr.
21. Safn þjóðminja að Hólum í Hjaltadal, þáltill., 116. mál, þskj. 136, nál. 1090. — Síðari umr.
22. Tengsl ferðaþjónustu við íslenska sögu, þáltill., 160. mál, þskj. 182, nál. 1091. — Síðari umr.
23. Tækniskóli Íslands, stjfrv., 327. mál, þskj. 598, nál. 1092. — 2. umr.
24. Menningarsjóður, stjfrv., 306. mál, þskj. 475, nál. 1093, brtt. 1094. — 2. umr.
25. Framkvæmd útboða, stjfrv., 363. mál, þskj. 643, nál. 1101, brtt. 1106. — 2. umr.
26. Samvinnufélög, stjfrv., 364. mál, þskj. 644, nál. 1102, brtt. 1103. — 2. umr.
27. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 548. mál, þskj. 908, nál. 1105. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Eiður Guðnason umhvrh.

Útbýting þingskjala:

Alþjóðleg samvinna um fullnustu refsidóma, 450. mál, nál. allshn., þskj. 1098.

Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, 21. mál, þskj. 1074.

Evrópusamningar um fullnustu refsidóma, 537. mál., nál. utanrmn., þskj. 1100.

Hafnalög, 191. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1095; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 1096.

Norræni fjárfestingarbankinn, 454. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1104.

Útvarpslög, 305. mál, brtt. SvG, þskj. 1107.

Erindi lögð fram á lestrarsal:

Bréf frá forseta Íslands (um að forseta hafi borist undirskriftalistar um ósk um þjóðaratkvæðagreiðslu um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið).

Frá Sjálfsbjörgu, Landssambandi fatlaðra.

Frá verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti upplýsa hvernig fyrirhugað er að haga fundarhaldi í dag. Gert er ráð fyrir því að þingfundur standi til klukkan sex þannig að þingflokksfundir verða ekki á hefðbundnum tíma heldur eftir klukkan sex. Þá verður ekki kvöldfundur heldur er gert ráð fyrir að nefndir geti haldið fundi í kvöld ef á þarf að halda.

Byrjað verður á 3. dagskrármálinu, 3. til og með 7. dagskrármálið verða tekin til umræðu. Að umræðu lokinni um þau mál fara fram atkvæðagreiðslur og jafnframt atkvæðagreiðsla í 1. dagskrármálinu. Síðan verður tekið fyrir 2. dagskrármálið og þá 8. og niður eftir dagskránni eftir því sem tími leyfir. Atkvæðagreiðslur verða aftur um eða upp úr kl. fimm um þau mál sem þá hefur verið lokið umræðu í.

Þetta vildi forseti láta koma fram til hægðarauka fyrir þingmenn.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, 3. umr.

Stjfrv., 77. mál. — Þskj. 1073.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, 3. umr.

Stjfrv., 21. mál. — Þskj. 1074.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég greindi frá því við 2. umr. málsins sem hélt áfram að loknu löngu hléi fyrir fáum dögum að frá utanrrn. hefði borist handbók um þær breytingar sem EB hefur gert á sínum reglugerðum og kynnu að snerta samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Meðla annars er í þeirri bók greint frá breytingum sem Evrópubandalagið hefur gert á reglugerð nr. 1612/1968 en sú breyting var gerð 27. júlí á síðasta ári.

Í athugasemdum ráðuneytisins kemur fram um þessar breytingar að það verði gerðar breytingar á því fylgiskjali sem fylgir með því frv. sem hér er til umræðu. Breytingarnar lúta að 16. og 20. gr. fylgiskjalsins. Báðar þessar breytingar hníga í þá átt að afnema rétt Íslendinga til vinnu umfram aðra í eigin landi. Fyrri breytingin lýtur að því, nái hún fram að ganga, að heimilt er að leita eftir ráðningu starfsfólks í laus störf á öllu Evrópska efnahagssvæðinu án þess að áður hafi sérstaklega verið leitað eftir vinnuafli innan lands eins og 16. gr. kveður á um eins og hún lítur út núna. 20. gr., sem utanrrn. boðar að verði felld brott, fjallar um möguleika á því að afnema vinnumiðlun á störfum innan lands þegar við sérstakar aðstæður er að stríða og miðað við það ákvæði 20. gr. sem er í fylgiskjalinu þá geta íslensk stjórnvöld í raun stöðvað vinnumiðlun héðan til erlendra landa við tilteknar aðstæður sem eru tilgreindar í greininni.

Fyrir utan almennar efasemdir sem ég hef haft um þetta mál og rakið ítarlega í ræðum, bæði við 1. og 2. umr. málsins, þá þykir mér þær breytingar sem utanrrn. boðar á þessu frv. eða öllu heldur á því fylgiskjali sem fylgir með frv. gera málið hálfu verra.

Ég vil því spyrja hæstv. utanrrh., fyrst hann er hér kominn til fundar, hvort þess megi vænta að ráðuneytið muni á yfirstandandi þingi beita sér fyrir þeim breytingum sem það hefur boðað eða hvort ráðuneytið muni beita sér fyrir þessum breytingum síðar, e.t.v. á næsta þingi, áður en samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið tekur gildi ef fram fer eins og vænst er af hálfu utanrrh.

Ég vil því, virðulegi forseti, í þessari umræðu fá fram skýr svör utanrrn. hvort það muni láta núverandi frv. standa óhaggað eða hvort það muni beita sér fyrir þeim tilteknu breytingum sem ráðuneytið sjálft hefur boðað í sérstakri handbók.

Frsm. meiri hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Vestf. bar fram þá spurningu, sem hann hefur nú endurtekið, við 2. umr. málsins og óskaði þess að formaður félmn. aflaði upplýsinga um stöðu þessara mála sem hann benti á og hef ég svo gjört og óska eftir að koma þeim upplýsingum á framfæri þó hann hafi bætt við spurningu sína til utanrrh.

Þann 27. júlí 1992 voru samþykktar breytingar á reglugerð 1612. Þessum breytingum er ætlað að kveða skýrar á um einstök verkefni og hlutverk þeirra aðila er hafa umsjón með atvinnuráðningum og vinnumiðlun milli aðildarríkjanna, sbr. breytingar á 14. og 17. gr. Þá eru gerðar breytingar á hvaða upplýsinga eigi að afla og senda milli aðila og hvenær og hvernig miðla eigi þessum upplýsingum, sbr. breytingar á 14., 15. og 19. gr. Enn fremur eru ýmsar óbeinar takmarkanir fyrir aðgangi launafólks að vinnumarkaði annarra aðildarríkja felldar brott, sbr. breytingar á 16. gr. og niðurfelling á 20. gr. og viðauka vegna 16. gr. Til upplýsingar vil ég geta þess að úr 16. gr. er fellt niður ákvæðið „*og ekki hefur reynst unnt að ráða vinnuafl af* innlendum vinnumarkaði" þannig að upplýsingar um laus störf, sem ríkisborgarar annarra aðildarríkja geta unnið, á að veita þjónustuskrifstofum annarra aðildarríkja. Þá eiga þjónustuskrifstofur að svara umsóknum erlendra ríkisborgara um atvinnu innan mánaðar. Þjónustuskrifstofan á að veita ríkisborgurum aðildarríkjanna sömu forréttindi og gilda um launþega frá ríkjum sem ekki eiga aðild að bandalaginu. Þetta er um þjónustu vinnumiðlunar.

20. gr., eins og áður hefur verið getið, fjallar um möguleika á tímabundinni stöðvun vinnumiðlunar á tiltekin svæði eða í tiltekna atvinnugrein og viðauki vegna 16. gr. er nánari útskýring á hugtaki þessarar greinar. Þessar breytingar öðlast gildi eftir þá dagsetningu sem samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði er miðaður við en undir samninginn um Evrópskt efnahagssvæði falla og voru teknar upp viðeigandi gerðir sem samþykktar höfðu verið innan Evrópubandalagsins fyrir 1. ágúst 1991. Það verður tekin ákvörðun um það hvaða EB-gerðir bætast við á fyrsta fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar sem kemur saman eftir gildistöku EES-samningsins og fyrst þá er hægt að vita hvaða gerðir EFTA mun taka upp eftir þessa dagsetningu.

Verði samþykkt að umræddar breytingar skuli bætast við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði verða viðeigandi brtt. lagðar fyrir Alþingi. Vakin skal aftur athygli á því að reglugerð 1612/68 er eina reglugerðin frá EB sem lögð hefur verið fyrir Alþingi til lögfestingar og er lögfest með þessu frv.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. fékk spurningar frá mér og hefur ekki haft uppi tilburði til að svara

þeim. Ég lagði fyrir hv. formann félmn. spurningar við 2. umr. sem formaðurinn hefur svarað og þakka ég honum fyrir það. Svarið er skýrt af hennar hálfu, það kunna að koma til breytingar á þessari reglugerð okkur í óhag. Það mun ráðast af niðurstöðu fundar sem haldinn verður eftir að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið tekur gildi.

Ég vil setja þá skoðun fram að ég sé ekki hvernig Íslendingar eiga að komast hjá því að gera þessar breytingar að samningnum gengnum í gildi. Meginstef samningsins er samræmingin, að sömu reglur gildi yfir allt svæðið og öll þjóðlöndin og einstök þjóðlönd hafi ekki sérreglur á þessu sviði. Íslendingar hafa undirritað samninginn og ég sé ekki hvaða stöðu þeir hafa til að skapa sér sérstöðu í þessu máli. Enn fremur rökstyður það skoðun mína í þessu umfram efni og innihald samningsins sjálfs að utanrrn. hefur fullyrt að þessar breytingar þurfi að gera. Það er í þeirri handbók sem ég vitnaði til og get sótt snarlega og lesið upp úr orðrétt fyrir hæstv. utanrrh. ef hann þess óskar.

Annars vegar höfum við frá utanrrn., en það er það ráðuneyti sem hefur forræði málsins á hendi, þær fullyrðingar að þessar breytingar verði að gera. Hins vegar höfum við svar frá formanni félmn. sem vill ekki fullyrða það hvor hefur rétt fyrir sér í þessu máli. Það er strax áður en samningurinn hefur tekið gildi að menn eru farnir að setja fram mismunandi skoðanir á því hvað samningurinn þýðir. Meira að segja þingmenn innan sama þingflokks setja fram mismunandi skoðanir á því hvaða breytingar þurfi að gera og hvað samningurinn þýðir. Enn merkilegra er það fyrir þá sök að í hlut á sá flokkur sem hefur gert þetta mál að sínu máli árum saman og sérhæft sig í þessu máli. Það er því kannski tákn þess sem koma skal að verði þessi samningur að veruleika þá muni mönnum reynast erfitt að átta sig á því hvernig þeir eiga að haga sér, hvaða lagabreytingum menn verði að taka við á Alþingi til að uppfylla kvaðir samningsins.

En ég vil ítreka, virðulegi forseti, spurningar mínar til hæstv. utanrrh. og óska eftir því að hann svari þeim. Afstaða utanrrh. til þessa máls verður að koma fram, sérstaklega eftir svar formanns félmn. sem er ekki samhljóða þeirri yfirlýsingu sem fram hefur komið frá utanrrn. í þessu þýðingarmikla máli.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Í raun og veru er óþarfi af minni hálfu að bæta einhverju við það svar til hv. þm. sem fram kom í greinargerð hv. 11. þm. Reykn. áðan. Hv. þm. virðist vera að vitna í samantekt sem heitir „Samanburður á íslenskri löggjöf og samþykktum Evrópubandalagsins" sem út var gefið af viðskiptaskrifstofu utanrrn. en er á málasviði þar sem umsjónaraðilar eru ráðuneytisstjórinn í félmrn. og ráðuneytisstjórinn í dómsmrn. Það er gerð grein fyrir þeim gerðum sem bæst hafa við frá því að EES-samningurinn var gerður og til greina koma að bætist við EES-samninginn. Og í þessu skjali er gerð grein fyrir því að ekki þurfi að koma til beinna breytinga á frv. heldur þurfi hugsanlega að gera breytingar á reglugerð. Utanrrn. hefur ekki tekið neina afstöðu til þess á þessu stigi málsins og mun ekki flytja neinar brtt. af því tagi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íslenskt ríkisfang vegna EES, 3. umr.

Stjfrv., 15. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 1075.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lagaákvæði er varða samgöngumál, 3. umr.

Stjfrv., 28. mál. — Þskj. 1076, brtt. 1078.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 117. mál (EES-reglur). — Þskj. 1046, brtt. 1048 og 1064.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1064 felld með 32:22 atkv. og sögðu

já: AÓB, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

9 þm. (EGuðn, FI, GuðjG, GÁ, IP, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 1048 felld með 33:21 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GHelg, HG, ISG, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

8 þm. (EGuðn, GÁ, HÁ, IP, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
13 þm. (EH, EKJ, GHelg, HG, IBA, JÁ, KHG, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
8 þm. (EGuðn, GÁ, IP, JHelg, KSG, MF, SighB, StG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1115).

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 276. mál (stjórnsýsluleg staða, skylduspurnaður o.fl.). — Þskj. 384, nál. 1011 og 1049, brtt. 1012, 1050 og 1065.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 1012,1 samþ. með 33:14 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
nei: AÓB, GHelg, HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, PP, RA, SJóh, SJS, SvG.
9 þm. (FI, GB, IP, JGS, JónK, ÓÞÞ, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EGuðn, GÁ, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 31:22 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
nei: AÓB, FI, GB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, SJS, SvG, VS.
2 þm. (EH, IBA) greiddu ekki atkv.
8 þm. (EGuðn, GÁ, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB, StH) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:
Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni sú grein frv. sem lýtur að breytingum á stjórnskipun húsnæðismálastjórnar. Eins og rækilega hefur verið sýnt fram á í þessum umræðum er þar á ferðinni mikið miðstýringarákvæði. Þarna er á ferðinni miðstýringar- og valdasamþjöppunarferli sem hæstv. félmrh. hyggst knýja hér fram og taka sér nánast alræðisvöld í húsnæðismálum.
Hæstv. ráðherra hefur jafnframt notað tækifærið í umræðum um þetta mál og ráðist með mjög sérkennilegum og ómaklegum hætti að varnarlausum starfsmönnum og stjórnendum Húsnæðisstofnunar. Ég hygg að hæstv. ráðherra væri þess vegna sæmast að kalla þetta frv. til baka á þessu stigi málsins og láta það ekki sjást meir hér á þessu þingi og út af fyrir sig ekki eftirleiðis. Í leiðinni væri við hæfi að hæstv. ráðherra bæðist velvirðingar á þeim ummælum sem hann með órökstuddum hætti hafði hér uppi og vó að starfsheiðri starfsmenna Húsnæðisstofnunar og stjórnenda þeirrar stofnunar.
Í þessari 1. gr. felst mikil afturför frá gildandi ákvæðum um stjórn Húsnæðisstofnunar. Þetta er miðstýringar- og valdasamþjöppunarfrv. sem ég er algjörlega andvígur og ég segi því nei.

Brtt. 1012,2 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, ISG, JóhS, JBH, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
17 þm. (FI, GB, HG, IP, JÁ, JGS, JónK, KHG, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (EGuðn, GÁ, GHelg, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 34:16 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KÁ, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
nei: FI, GB, GHelg, HG, IP, JÁ, JónK, KHG, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS.
7 þm. (AÓB, GÁ, ISG, JGS, JVK, KE, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 1065 felld með 31:19 atkv. og sögðu
já: FI, GB, GÁ, GHelg, HG, IP, JÁ, JGS, JónK, KHG, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
7 þm. (AÓB, EH, IBA, ISG, JVK, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 1012,3 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, ISG, JóhS, JBH, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
19 þm. (FI, GB, GÁ, GHelg, HG, IP, JÁ, JGS, JónK, KHG, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 31:18 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
nei: FI, GB, GÁ, GHelg, HG, IP, JÁ, JGS, JónK, KHG, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS.
8 þm. (AÓB, EH, IBA, ISG, JVK, KÁ, KE, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 1012,4 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
14 þm. (FI, GB, GÁ, GHelg, HG, IP, JGS, JónK, ÓÞÞ, PP, SJóh, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EGuðn, GunnS, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 33:23 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
nei: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
6 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 1012,5 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
13 þm. (FI, GB, GÁ, GHelg, IP, JGS, JónK, ÓÞÞ, PP, SJóh, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 33:10 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
nei: FI, GB, GÁ, IP, JónK, PP, SJóh, StG, StH, VS.
13 þm. (AÓB, GHelg, HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EGuðn, HÁ, JGS, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 1012,6 samþ. með 38:8 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, ISG, JóhS, JBH, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
nei: GHelg, HG, JÁ, KHG, RA, SJóh, SJS, SvG.
11 þm. (FI, GB, GÁ, IP, JGS, JónK, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn H. Gunnarsson:
Virðulegi forseti. Það hefur verið gerð grein fyrir því í umræðum sem ég vil ítreka að með ákvæðum 6. gr. er verið að fela hæstv. ráðherra í raun skattlagningarvald sem er langt umfram það sem þingið hefur talið við hæfi að framselja til framkvæmdarvaldsins og ég segi því nei.

6. gr., svo breytt, samþ. með 33:18 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
nei: FI, GB, GÁ, GHelg, HG, IP, JÁ, JGS, JónK, KHG, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS.
5 þm. (AÓB, ISG, JVK, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, ÓÞÞ, SighB) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 39:15 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, ISG, JóhS, JBH, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
nei: FI, GB, GÁ, GHelg, HG, IP, JÁ, JónK, KHG, PP, RA, StG, StH, SvG, VS.
3 þm. (JGS, ÓÞÞ, SJS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 1012,7 (ný efnismgr. 8. gr.) samþ. með 34:8 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
nei: GHelg, HG, JÁ, KHG, RA, SJóh, SJS, SvG.
15 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, ISG, IP, JGS, JónK, JVK, KÁ, KE, PP, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 1012,8 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ,

SigG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
13 þm. (FI, GB, GÁ, GHelg, HG, IP, JGS, JónK, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
21 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddi ekki atkv.
8 þm. (EGuðn, HÁ, HG, JGS, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

10.–11. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
23 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EGuðn, HÁ, JGS, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 1012,9 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
24 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

12. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
24 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 1050,1 felld með 33:20 atkv. og sögðu
já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JónK, JVK, KHG, LMR, PP, RA, SJóh, StH, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
4 þm. (JGS, KÁ, KE, StG) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 1050, 2.a kom ekki til atkvæða.
Brtt. 1050,2.b felld með 32:25 atkv. og sögðu
já: AÓB, EKJ, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
6 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

13.–16. gr. samþ. með 33:8 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
nei: GHelg, HG, JÁ, KHG, RA, SJóh, SJS, SvG.
16 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, ISG, IP, JGS, JónK, JVK, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

17. gr. samþ. með 43:7 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, JóhS, JGS, JBH, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
nei: GHelg, HG, JÁ, KHG, RA, SJóh, SvG.
7 þm. (IP, JónK, PP, StG, StH, SJS, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Frú forseti. Ég tel að það sé til mikilla bóta að fella niður það ákvæði sem verið hefur um skyldusparnað ungmenna. Á sínum tíma þegar þetta var sett inn var lofað gulli og grænum skógum þeim sem ættu fé á þessum reikningum en efndir hafa verið mun minni. Jafnframt varð húsnæðismálastjórn uppvís að því að reikna ekki rétt út þær verðbætur sem áttu að vera á þessum reikningum. Þess vegna styð ég þá grein sem hér er borin upp til atkvæða.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Skyldusparnaður hefur svo sem löngum verið umdeildur. Það er mín reynsla af þessu kerfi að það hefur margt gott af sér leitt og er fremur til bóta en hið gagnstæða þó að ég að sjálfsögðu taki undir að rétt sé að gera breytingar á núverandi laga-

ákvæðum varðandi skyldusparnað og ég mun flytja brtt. um það efni við 3. umr. málsins.

Ég vil vekja athygli á því að skyldusparnaður hefur verið ákaflega vel tryggður í Húsnæðisstofnun og voru t.d. á síðasta ári greiddir vextir umfram verðtryggingu sem nemur 7% og verða á þessu ári um 6%. Ég mun því greiða atkvæði gegn þessu ákvæði.

18. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

24 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 1012,10 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

24 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

19. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

24 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 1012,11 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

23 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, ÓÞÞ, SighB) fjarstaddir.

20. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

24 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, JónS, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

Ákv. til brb. I samþ. með 34:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, LMR, GAK, ÓE, PJ, RG, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, ÞurP, GHelg, GunnS, SalÞ.

nei: ÓÞÞ, GÁ.

21 þm. (HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, SJóh, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GB) greiddi ekki atkv.

6 þm. (JHelg, KSG, MF, SighB, EGuðn, HÁ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Ástæðan fyrir því að ég leggst ekki gegn því að þessi undantekning sé gerð frá meginreglunni er að ég tel ástæðu til að lýsa yfir sérstökum stuðningi við núverandi framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins, einkum eftir ræðu hæstv. félmrh. í gærkvöldi, og ég mun því ekki greiða atkvæði.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Núverandi framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins er eftir því sem ég best veit vel menntaður maður með mikla starfsreynslu. Mér er því ekki ljóst hvers vegna menn eru svo hræddir um að aðrir hreppi það embætti ef hann mundi sækja um það í samkeppni á móti öðrum. Mér finnst að með samþykkt þessarar greinar séu menn að lýsa því yfir að slíkur undirmálsmaður sitji í þessu embætti að það sé ekki þorandi annað en að tryggja það sérstaklega í lögum að embættið skuli fylgja honum jafnlengi og hann lifir. Þar sem reglan hefur verið sú að menn hafa breytt húsnæðismálalöggjöfinni minnst á tveggja eða þriggja ára fresti til þessa sé ég ekki að þetta ákvæði muni nokkurn tímann koma til framkvæmda, þ.e. lögin eins og þau eru hugsuð, heldur að það verði aðeins ákvæði til bráðabirgða sem muni gilda og þykir mér það miður. Þess vegna segi ég nei.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ef núverandi hæstv. félmrh. gegnir því embætti svo lengi sem hún lifir tel ég tryggara vegna forstjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins að hafa þetta ákvæði í lögunum og segi því já.

Ákv. til brb. II samþ. með 33:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, ÞurP, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, LMR, GAK, ÓE, PJ, RG, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, SalÞ.

nei: ISG, JVK, KHG, KÁ, KE, SJóh, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, AÓB.

11 þm. (FI, GB, GÁ, GHelg, HG, IP, JÁ, JGS, JónK, StG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Með þessu ákvæði til bráðabirgða er verið að biðja Alþingi að staðfesta þegar gerðan hlut, þ.e. verið er að biðja um heimild Alþingis til að selja eigur sem þegar hafa verið seldar. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem slíkt gerist og ég tel enga ástæðu til þess að koma ráðherrum eða ríkisstofnunum upp á það að gera hlutinn fyrst og koma síðan til Alþingis og leita eftir samþykki þess við þegar gerðum hlut. Ég segi því nei.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Með því að leggja þetta ákvæði til bráðabirgða fram í frumvarpsformi er ráðherra að segja að til þess að unnt sé að selja eignir þurfi fyrst að fá samþykki Alþingis. (**Gripið fram í:** Til að kaupa þær.) Til að selja eignir hönnunardeildar. Það er yfirlýsing ráðherra með því að setja ákvæðið í frv. Nú þegar ákvæðið kemur til afgreiðslu er þegar búið að framkvæma það sem menn eru að biðja um að fá leyfi fyrir fram til að selja. Það er mjög alvarlegt mál þó að hv. þm. Alþfl., Sigbjörn Gunnarsson, hlæi að því. Ég tel ekki ástæðu til að Alþingi hleypi ráðherrum svo langt í að taka sér löggjafarvaldið að Alþingi verði einungis stimpilstofnun á þegar gerðar framkvæmdir ráðherra og ég segi því nei.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þingmönnum er nokkur vandi á höndum varðandi þessa atkvæðagreiðslu því hér stendur „ráðherra er heimilt". Ef það stæði „ráðherra var heimilt" væri þetta mun auðveildara. En þetta kallar fyrst á kaupaheimild á þessum eignum aftur til þess að hægt sé að selja þær á nýjan leik því að hitt er náttúrlega alólöglegt ef ráðherra tæki sig nú til og seldi nýjum aðila eignirnar. Ég treysti mér alls ekki til að standa að slíku. Ég segi nei.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér koma ákvæðin hvert öðru sérkennilegra til atkvæða. Margt mætti segja um það bráðabirgðaákvæði sem afgreitt var hér áðan og hæstv. félmrh. meðal annarra studdi og lýsti þar með sérstöku trausti á núverandi framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins. Verður það væntanlega nokkuð lengi í minnum haft í ljósi þeirra samskipta við þá stofnun sem hæstv. ráðherra rakti hér í ræðu í gærkvöldi. Í raun og veru má segja að hæstv. félmrh. hafi tekið upp aðferð ónefndra ráðherra að reka framkvæmdastjórann í gær en ráða hann aftur í dag með þessu atkvæði.

Hér er á ferðinni ákvæði til bráðabirgða II um að heimila félmrh. að selja eigur hönnunardeildar Húsnæðisstofnunar ríkisins sem búið er að gera fyrir nokkrum vikum síðan með skriflegum og þinglýstum kaupsamningi, löggerningi sem þegar liggur fyrir. Hæstv. samgrh. flutti hér frægt frv. í vetur til að heimila að flytja inn dýpkunarpramma sem ekki er aðeins búið að flytja inn í landið heldur var sokkinn líka og lá á hafsbotni eða hafði gert um nokkurra mánaða skeið. Þetta er sama aðferðin, þetta er prammaaðferðin við lagasetningu, að afla heimildar eftir á. Það er mjög athyglisvert að hæstv. ríkisstjórn kemur með hvert frv. á fætur öðru þar sem stendur til að afla lagaheimilda og réttlætingar eftir á á þegar orðnum hlut. Þessi prammaaðferð mun auðvitað verða lengi í minnum höfð og er ágætis samheiti yfir vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar við lagasetningu yfirleitt.

Mönnum er að sönnu nokkur vandi á höndum, eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði hér áðan, þegar greiða á atkvæði við þessar aðstæður. Ég held að skást sé að mótmæla þessum vinnubrögðum með því að segja nei við þessu ákvæði þó svo það breyti út af fyrir sig ekki orðnum hlut, því lögbroti sem hæstv. ráðherra er í raun og veru að lýsa á hendur sér með því að óska eftir á lagaheimildar Alþingis fyrir hlut sem þegar er búið að framkvæma. Ég segi nei.

Ákv. til brb. III–IV samþ. með 33:7 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

nei: HG, JÁ, KHG, RA, SJóh, SJS, SvG.

16 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, ISG, IP, JGS, JónK, JVK, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, StG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB, StH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Þegar stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins var kosin fyrir tveimur árum þá var hún kosin til næstu almennu alþingiskosninga eins og ákvæði laganna hljóða í dag. Það hefur hvergi komið fram í umræðunum neinn rökstuðningur fyrir því að ástæða væri til að stytta kjörtímabil núv. húsnæðismálastjórnar. Ég tel að það sé þarflaust að samþykkja ákvæði til bráðabirgða IV um að endurskipa stjórnina þegar í stað. Það hefur þann tilgang einan að víkja út úr stjórninni fulltrúum Alþýðusambands Íslands og fulltrúa Vinnuveitendasambands Íslands. Ég sé ekki að það þjóni neinum tilgangi að gera slíkt fyrr en ella væri miðað við kjörtímabil stjórnar og greiði því atkvæði gegn þessu ákvæði.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

8 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB, SJóh, StH) fjarstaddir.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 77. mál. — Þskj. 1073.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GunnS, HBl, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, LMR, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

15 þm. (AÓB, EH, GHelg, HG, IBA, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EGuðn, EKJ, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB, StG, StH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1117).

Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, frh. 3. umr.

Stjfrv., 21. mál. — Þskj. 1074.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 35:13 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HBl, ISG, IP, JóhS, JBH, JónK, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

nei: AÓB, GÁ, GHelg, HG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, RA, SJóh, SJS, SvG.

7 þm. (EH, EKJ, FI, IBA, JGS, ÓÞÞ, PP) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB, StG, StH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1118).

Íslenskt ríkisfang vegna EES, frh. 3. umr.

Stjfrv., 15. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 1075.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 30:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

nei: HG, JÁ.

23 þm. (AÓB, EH, EKJ, FI, GB, GÁ, GHelg, IBA, ISG, IP, JGS, JónK, JVK, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, KHG, MF, SighB, StH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1119).

Lagaákvæði er varða samgöngumál, frh. 3. umr.

Stjfrv., 28. mál. — Þskj. 1076, brtt. 1078.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1078 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

27 þm. (AÓB, EH, EKJ, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EGuðn, HÁ, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 30:17 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

nei: AÓB, GÁ, GHelg, HG, ISG, JÁ, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, RA, SJóh, StG, SJS, SvG.

11 þm. (EH, EKJ, FI, GB, HÁ, IBA, IP, JónK, PP, StH, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EGuðn, JHelg, KSG, MF, SighB) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég tel nauðsynlegt að benda á að ástæðan fyrir því að hér komu fram brtt. við 3. umr. þessa máls, sem ég vænti að sé 28. mál, svo það sé nú alveg ljóst, er sú að við 2. umr. málsins benti hv. 6. þm. Vestf., Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, á að við vorum að breyta lögum sem við höfðum fellt úr gildi

fyrr um daginn. Svo mikið hefur óðagotið verið við að afgreiða þessi EES-frv. að menn kunna sér hvergi hóf og ana áfram hugsunarlaust þannig að til að bjarga þessu máli varð það samkomulag milli hv. þm. og forseta og hv. 6. þm. Vestf. að málið færi aftur til nefndar og yrði lagfært þannig að eitthvert vit væri í þessari lagasetningu. Þetta vil ég að menn viti vegna þess að það voru afar fáir hv. þm. í salnum. Ég vil því mælast til að menn gæti nú að sér og séu ekki að breyta lögum sem áður hafa verið felld úr gildi.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Það er ofsagt hjá hv. 14. þm. Reykv. að í þessu efni hafi menn anað áfram hugsunarlaust. Við 2. umr. komu fram réttmætar ábendingar um það að vitnað væri í frumvarpsgreinum í lög sem breytt hafði verið á Alþingi eða felld úr gildi og ný lög sett í staðinn. Þessar ábendingar voru teknar til greina á milli umræðna og var eigi auðvelt að gera það fyrr vegna þess að hin nýju lög höfðu eigi verið gefin út og höfðu eigi hlotið númer. Nú hafa hin nýju lög hlotið númer og verið gefin út, þ.e. lög um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, og lög um leiðsögu skipa, nr. 34/1993. Þessu formsatriði hefur verið fullnægt og það á ekkert skylt við það að nefndarmenn í samgn. eða aðrir hafi verið að ana áfram í einhverju hugsunarleysi. *Aðrir kunna að ana áfram í umræðum eða annars staðar án þess að kynna sér málið nægilega vel.*

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1120).

Evrópskt efnahagssvæði, 3. umr.

Stjfrv., 440. mál (brottfall ákvæða er varða Sviss). — Þskj. 749.

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Hér er komið til 3. umr. frv. til laga um Evrópskt efnahagssvæði, breyting á því frv. sem afgreitt var frá þinginu um miðjan janúar sl. Við þessa lokaumræðu málsins, sem gera verður ráð fyrir að þessi umræða sé, er rétt að nefna nokkur atriði sem tengjast þessu máli. Það sem hlýtur að vera okkur hv. alþm. efst í huga varðandi þetta mál er sú staða sem Alþingi Íslendinga er sett í með þeim samningi sem hér á að lögfesta. Það er verið að taka raunverulegt löggjafarvald úr hendi þessarar samkomu, Alþingis, sem stofnað var 1840 og efnt var til að nýju 1845, og þingið sett í þá dæmalausu aðstöðu að verða ómyndugt á fjölmörgum sviðum þjóðmála, sviðum sem telja verður þýðingarmikil og í rauninni skipta mestu máli fyrir þjóðina, afkomu hennar og framtíð, þ.e. efnahagsmál og atvinnumál og ýmsir þættir félagsmála sem og mörg atriði sem tengjast þessum málum. Þannig má með sanni segja að það sé þjóðlífið allt sem þessi samningur varðar og flest löggjafarsvið þótt með óbeinum hætti sé um suma þætti.

Ástæðan fyrir því að málið liggur þannig er sú að samkvæmt samningnum og stöðu málsins er það aðeins Evrópubandalagið sem getur haft frumkvæði um lagasetningu og mótað löggjöf þó að aðrir aðilar að samningnum úr röðum EFTA-ríkjanna geti komið fram með frómar óskir þar að lútandi. Það er þannig Evrópubandalagið sem er að taka yfir raunverulegt löggjafarvald á samningssviðinu sem hér á að lögfesta. Eina ráðið, sem þessi samkoma hefur þegar hún fær mótaða löggjöf aðsenda frá ráðherraráði Evrópsks efnahagssvæðis, er að beita neitunarvaldi. Verði það gert þá er þannig um hnúta búið í samningnum að aðrir aðilar að honum áskilja sér rétt um gagnráðstafanir sem gert er ráð fyrir að séu ekki veigaminni heldur en það sem verið er að hafna af hálfu Alþingis.

Þetta er sú staða sem þjóðþinginu er búin með þessu máli og við eigum eflaust eftir að minnast hennar hér ef samningurinn í raun gengur fram og verður staðfestur af öðrum en Alþingi Íslendinga og tekur þannig gildi. Þá eigum við eftir að minnast þeirrar aðstöðu sem meiri hluti Alþingis, ef að líkum lætur, hefur mótað fyrir þessa samkomu, þingið, og látið yfir sig ganga. Og það er ekki aðeins að við fáum löggjöfina fullbúna og aðsenda, forsendur fyrir löggjöf á þessari samkomu, þjóðþinginu, heldur er það auðvitað borin von fyrir þingmenn að hafa frumkvæði að lagasetningu sem á einhvern hátt gengur gegn ákvæðum þessa samnings. Menn geta auðvitað sýnt slíka pappíra hér í þinginu en það væri að brjóta þau lög sem setja á, þennan lögfesta samning, ef menn dirfðust að taka undir slíkan tillöguflutning. Það verður ekki lítið verk fyrir þá þingmenn sem taka hér sæti að setja sig inn í þessar aðstæður og átta sig á því hver markalínan liggur í þessum efnum hvað það er sem þýðir að hreyfa hér á samkomunni vegna þeirra laga sem í gildi eru, ef þessi samnningur verður lögfestur. Allt samningssviðið er þar undir. Samkvæmt 119. gr. samningsins er verið að lögfesta í raun viðaukana og öll fylgiskjölin á þessum tugþúsundum blaðsíðna sem liggja í þeim pakka sem hér er undir.

Það er með öllu óskiljanlegt fyrir mig hvernig það má verða, virðulegur forseti, að Alþingi ætlar að leggja á sig þessa hlekki og standa þannig að máli fyrir nú utan það hvernig gengið er gegn sjálfri stjórnarskrá lýðveldisins, hvernig hún er brotin með þessum samningi sem hér er hugmyndin að lögfesta.

Menn vísa til þess að hér sé ekki verið að binda hendur Íslendinga óafturkræft og það er rétt. Það er hægt að segja þessum samningi upp með árs fyrirvara að formi til. En hvernig halda menn að það verði í raun, virðulegur forseti, að komast út úr því neti, því þéttriðna neti sem hér er riðið og hér á að fanga í íslenskt efnahagslíf, hvernig halda menn að það verði að losna út úr gangvirkinu ef menn festast í því á annað borð? Það verður ekki auðvelt verk en það er þó það verk sem við hljótum að reyna að vinna, andstæðingar þessa samnings, að losa þjóðina út úr þessu neti fyrr en seinna, áður en hún festist svo í því að það liggi engin leið til baka.

Hér gengur því miður fjöldi alþingismanna hálf-

blindur til leiks án þess í raun að hafa gert sér grein fyrir því hvað í þessu máli felst. Það er mín tilfinning, virðulegur forseti, að því miður sé staðan sú að ýmsir þeir, sem styðja þennan samning með atkvæði sínu, hafi sumir hverjir ekki gert sér grein fyrir því hvað í honum felst en hlutur þeirra er þó samt engu betri fyrir það því auðvitað eiga þingmenn skilyrðislaust að vita hvað er á ferðinni, ég tala nú ekki um í stórmáli sem þessu.

Það var gert ráð fyrir því þegar samningurinn fyrst lá hér fyrir, málsgögn hans, um öndverðan maímánuð fyrir réttu ári síðan, að þetta mál gengi fyrr fram og alveg sérstaklega að lögin, lagabreytingarnar, sem gera yrði fyrir utan samninginn sjálfan og lögfesta hér, yrðu afgreiddar með öruggum hætti áður en samningurinn tæki gildi og miðað var við að það gerðist ekki síðar en í nóvember 1992, virðulegur forseti. Nú er maí 1993 og hver er staðan þá? Samkvæmt yfirliti sem ég hef fengið frá þingmáladeild þingsins er staðan sú 29. apríl sl. að af 68 boðuðum stjfrv. til breytinga á íslenskri löggjöf vegna þessa samnings höfðu aðeins verið lögfest 26 frv. á þeim tíma, verulegur minni hluti þeirra frv. sem ríkisstjórnin hafði boðað um málið, þeirra 68 frv. sem boðuð höfðu verið og enn voru nokkur frv. ókomin til þingsins sem voru á þeim skrám sem reiddar voru fram, ekki bara í fyrra heldur á þessu ári, þann 30. mars sl. samkvæmt yfirliti sem fyrir liggur.

Ég vil biðja virðulegan forseta að kalla hingað í þingsal hæstv. iðnrh. því ég þarf að eiga orðastað við ráðherrann vegna þessa máls og þeirrar stöðu sem liggur fyrir að því er varðar hans málasvið.

Samkvæmt þessu, virðulegur forseti, er meiri hluti þeirra lagafrv., sem lögfesta átti á síðasta ári samkvæmt áformum ríkisstjórnarinnar, óafgreiddur í þinginu. Auðvitað er þetta þeim mun alvarlegra þar sem að í ýmsum tilvikum var af hálfu ríkisstjórnarinnar vísað til þess að í stað þeirra fyrirvara, sem kröfur voru uppi um af hálfu íslenskra stjórnvalda þegar þetta mál var á samningastigi, væri hugmyndin að koma vörnum við í íslenskri löggjöf samkvæmt heimildum og svigrúmi sem talsmenn þessa samnings fullyrtu að væri til staðar. En þetta svigrúm er ekki notað með skilmerkilegri hætti en hér liggur fyrir enda auðvitað í raun allt saman þrengra og minna heldur en orð var á gert.

Eins og menn muna var það hugmyndin þegar þetta mál var til umræðu á undirbúningsstigi að koma við undanþágum varðandi ýmis málasvið, þar á meðal varðandi sjálfar náttúruauðlindir þjóðarinnar og landið sjálft. En hvernig hefur verið haldið á þeim málum? Jú, það er, virðulegur forseti, einn einasti fyrirvari sem sagður er tryggður samkvæmt gildandi íslenskri löggjöf sem fái náðarsamlegast að standa þrátt fyrir ákvæði þessa samnings, þ.e. lög varðandi fjárfestingu í fiskiskipum og frumvinnslufyrirtækjum sjávarafurða. En þessi eini fyrirvari er ekki meira í friði og hefur ekki meira skjól en svo að í nýlegu áliti stjórnskipaðrar nefndar, sem fræg hefur orðið undir nafninu tvíhöfða nefndin, er það eitt af aðalálhersluatriðum að rýmkað verði um íslenska löggjöf að því er varðar erlenda fjárfestingu einmitt á þessu sviði í sambandi við sjávarútveginn — rýmkað verulega um það — og þar mæla trúnaðarmenn stjórnarflokkanna og undir það er tekið af einum og öðrum í þessum atvinnurekstri í fyrirtækjum sem verið er að knésetja með þeirri stjórnarstefnu sem nú er uppi og bitnar á sjávarútveginum með þeim hætti sem tölur sýna, uppgjör síðasta árs með 8 milljarða beinan halla hjá fyrirtækjum í þessum greinum.

Aðrir fyrirvarar varðandi náttúruauðlindir eru þannig að því er varðar landið og orkulindirnar að þá hafa frv. ekki sést. Engin frv. komið fram sem varða jarðhita í iðrum jarðar, sem varða virkjunarrétt fallvatna, frv. sem hæstv. iðnrh. staðhæfði að yrðu sýnd hér og afgreidd í þinginu fyrir síðustu áramót. Þau eru ekki enn þá komin frá ríkisstjórninni. Menn eru enn þá að gæla við það að þessi samningur hljóti staðfestingu áður en nýtt þing kemur saman, reglulegt Alþingi 1. okt. nk. Það er þannig meining ríkisstjórnarinnar sem stefnir hér að þinglokum þó ekkert liggi á um það að ljúka störfum Alþingis með fjölda óafgreiddra og óræddra mála og þá stöðu uppi sem þjóðin þekkir í atvinnumálum, í atvinnuleysinu sem ríður húsum víða um land, þá er það hugmyndin að senda þingið heim með þessa löggjöf óafgreidda í þýðingarmestu málum sem snerta þann óheillasamning sem hér á að gera. Samt á að senda þingið heim og gleyma þessu, gleyma þessum fyrirvörum sem þó áttu að fylgja og lögfesta hér í þinginu. Það er staðan, það eru efndirnar, þetta er allt saman á eina bók lært, virðulegur forseti, með miklum fádæmum. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa hv. þm. um að það hafa verið gerð boð eftir hæstv. iðnrh. svo hann kemur væntanlega innan tíðar.) Virðulegi forseti, ég vænti þess að ráðherrann birtist fljótlega. Ég hef ekki lokið máli mínu og vænti þess að hæstv. ráðherra verði kominn til fundar áður en það verður enda gerist það innan ekki langs tíma.

Ég hef, virðulegur forseti, nefnt þá þætti sem blasa við Alþingi Íslendinga sérstaklega en það eru vissulega margir aðrir þættir sem snúa að þessu máli og þá er auðvitað nærtækast að víkja að því sem snertir kröfuna sem vísað var hér frá í raun öðru sinni af meiri hluta á Alþingi, kröfuna um það að þjóðin sjálf fái að segja álit sitt á þessum samningi sem hún hefur aldrei átt kost á í almennum kosningum þannig að alþingismenn, fyrir þá atkvæðagreiðslu sem hér er fram undan, viti um hug þjóðarinnar til þessa stórmáls. Verði það ekki gert, og því miður horfir svo að það gerist ekki fyrir lokaafgreiðslu þessa máls, þá er hér verið að ganga gegn lýðræði í landinu, eðlilegum sjónarmiðum, í raun stjórnarskrárvörðum rétti eða a.m.k. rétti sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir að þjóðin geti haft í stórum málum. Þannig blasir það við að það á að hneppa þjóðina í fjötra þessa samnings án þess að hún fái að tjá hug sinn. Ég hef sagt það ítrekað og ég endurtek það hér enn að ég er sannfærður um það að fyrir þessum samningi er enginn meirihlutavilji meðal kjósenda í landinu. Það liggja fyrir vísbendingar um það, virðulegur forseti, í mögrum skoðanakönnunum sem gerðar hafa verið og þar við bætist að það er alveg ljóst að

ef heimiluð hefði verið almenn þjóðaratkvæðagreiðsla um þetta mál þá hefði það orðið enn fleirum ljóst hvert innihaldið er í þeim pakka sem hér á að lögfesta, hvaða áhrif þessi samningur mun hafa fyrir mikilverðustu málefni þjóðarinnar í framtíðinni þannig að ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um það að sá meiri hluti, sem ætlar sér að lögfesta þetta mál og staðfesta þennan samning, hefur í raun ekki neitt umboð til þess. Það er auðvitað fráleitt, virðulegur forseti, að vísa til síðustu alþingiskosninga í þessu sambandi og telja að þeir sem nú standa að ríkisstjórn og sá meiri hluti sem hún styðst við hafi fengið eitthvert umboð til að ganga frá þessu máli í sambandi við úrslit síðustu kosninga. Það er svo langt frá því að það þarf í rauninni ekki að færa að því rök, málið var þá aðeins í deiglu, málið hafði þá engan veginn skýrst, uppi voru skýrir fyrirvarar af hálfu einstakra flokka um niðurstöðu samningaviðræðna sem þá stóðu enn yfir og málið var sáralítið á dagskrá eða mjög takmarkað a.m.k. í sambandi við almenna umræðu fyrir síðustu kosningar.

Það eru því í raun, virðulegur forseti, út frá lýðræðislegum sjónarmiðum ólög sem verið er að innleiða hér með því að staðfesta þennan samning af hálfu þingsins, af meiri hluta á Alþingi Íslendinga sem ekki hefur fengið neitt sérstakt umboð til þess og sem veit ekki um hug þjóðarinnar og hefur lagst gegn því að hún fái að segja sitt orð í sambandi við þetta mál.

Það er illt til þess að vita, virðulegur forseti, að það er ekki eingöngu sá hópur sem styður núv. ríkisstjórn sem greiðir götu þessa máls í gegnum þingið og er sá hópur þó ekki heill því þar eru meðal þingmanna, í því sem við köllum stjórnarliðið hér á Alþingi, einstaklingar sem sýnt hafa framsýni, kjark og þor til að ganga gegn þessu máli. Þeir þingmenn sem þar eiga hlut að máli eiga allan heiður skilið því þeir hafa breytt samkvæmt sannfæringu sinni, þeir hafa sýnt hetjuskap í þessu máli með því að leyfa sér að hafa sjálfstæða afstöðu í undirstöðuatriði sem varðar stöðu þjóðarinnar, sjálfstæði þjóðarinnar og þar hafa þeir gengið gegn þungum straumi og miklum þrýstingi í forustu þeirrar ríkisstjórnar sem hér situr enn í landinu. Við hljótum að minnast þess sérstaklega um leið og við hörmum það sem í stjórnarandstöðu erum að það skuli vera einstaklingar í röðum þingflokka í stjórnarandstöðunni sem í raun hafa greitt götu þessa máls og auðveldað ríkisstjórninni leikinn að koma þeim böndum á þjóðina sem felast í þessum samningi og það verður væntanlega geymt en ekki gleymt þegar mál verða gerð upp í komandi kosningum, hvort sem þær verða í lok reglulegs kjörtímabils eða fyrr.

Það er, virðulegur forseti, rétt að hafa það í huga að það er einmitt í málum sem þessum, í stórmálum sem þessum sem reynir á og sem fram kemur í raun afstaða manna hér á Alþingi að því er varðar framtíðarmálefni þjóðarinnar. Þetta er ekki mál sem hverfur af sjónarsviðinu, þetta er ekki mál sem menn geta gleymt eftir atkvæðagreiðsluna og sem geymt er hjá einhverjum smáhluta framkvæmdarvaldsins á Íslandi. Þetta er mál sem mun minna á sig dag hvern héðan í frá ef það verður lögfesta vegna þess að fram hjá því verður ekki gengið, fram hjá því verður ekki komist. Það mun minna á sig í þeim aðsendu lögum og reglum sem framkvæmdarvaldinu er ætlað að hlíta og sem Alþingi Íslendinga er ætlað að stimpla inn í sambandi við afgreiðslu þingmála sem við fáum hér inn á okkar borð. Það er þessi afstaða, það er afstaða til þessarar stöðu mála sem kemur fram í atkvæðagreiðslum um þetta mál í stöðu flokka og í stöðu einstaklinga innan þingflokkanna.

Vissulega ber okkur, virðulegur forseti, að hafa það í huga að þó að þetta mál sé langt fram gengið á Alþingi Íslendinga þá eru sund ekki lokuð, þá hafa þau ekki ráðist til hlítar á þingum annarra þjóðlanda sem ætlað er að taka afstöðu til samningsins og þurfa að staðfesta hann. Við höfum farið yfir það, virðulegur forseti, fyrr í umræðum hver staðan sé og hvaða líkur séu á því að þetta mál fái þá afgreiðslu hjá þeim 17 þjóðþingum sem þurfa að staðfesta það og ég ætla ekki að fara yfir það efni í mörgum orðum. Ég vil aðeins minna á að það er enn þá óvíst hver afgreiðslan verður. Það er aðeins á örfáum þingum ríkja innan Evrópubandalagsins sem mál þetta hefur fengið afgreiðslu, sennilega hefur ekkert þinga tekið afstöðu til þeirra breytinga sem fyrir liggja og fyrir áramótin síðustu voru það aðeins þrjú þing í ríkjum Evrópubandalagsins sem höfðu tekið afstöðu til samningsins eins og hann þá lá fyrir. Það mun því dragast nokkuð að samningur þessi gangi í gildi ef hann þá hlýtur staðfestingu.

Virðulegur forseti. Ég inni eftir því hvort von er á því að hæstv. iðnrh. komi til þingfundar og ég átel það um leið að ráðherrar ríkisstjórnarinnar skuli ekki láta svo lítið að vera hér viðstaddir í þinginu þegar þetta mál er til lokaafgreiðslu. — Getur virðulegur forseti upplýst það hvort hæstv. iðnrh. ætlar að ómaka sig til að koma í þingsal og hvort hann er væntanlegur? (**Forseti:** Vegna orða hv. þm. um ríkisstjórnina vill forseti benda á að hæstv. utanrrh. er staddur hér og hlýðir á umræðuna. Það hafa verið send boð eftir hæstv. iðnrh. en forseti hefur ekki af honum frekari fréttir. Hann hefur örugglega fengið boðin og forseti getur lítið annað gert en að bíða eftir því hvort hæstv. ráðherra kemur. Ég vil benda hv. þm. á að hann á auðvitað rétt á að taka til máls að nýju ef ráðherra kemur.) Virðulegur forseti. Það vill nú svo til að við hæstv. utanrrh. höfum átt nokkur orðaskipti út af þeim frv. sem ég ætlaði að ganga eftir hjá hæstv. iðnrh., hvernig standi á því og hvernig hann meti stöðuna í sambandi við þau efni. Hæstv. utanrrh. veitti þá úrlausn sennilega sem hann treysti sér til í umræðu nýlega varðandi þessi efni. Þar kom það fram og fékkst staðfest að ekki hefði enn þá tekist að afgreiða þau mál sem hér um ræðir frá ríkisstjórninni, frv. varðandi jarðhitaréttindi og varðandi orku fallvatna og reyndar almennt um auðlindir í jörðu. Ég ætlaði að fá hér fram fyrir lok þessarar umræðu álit hæstv. iðnrh. á þeim efnum og vænti þess að kostur verði á því áður en umræðu þessari lýkur. Ég vil hins vegar ekki, vegna þeirra þingmanna sem hér eiga eftir að taka til máls, fara lengra út í efnisþætti málsins. Ég hef oft gert grein fyrir minni afstöðu til

þessa stóra máls og ég vil aðeins segja það að lokum, virðulegi forseti, að það er mikið verk sem við eigum fyrir höndum, andstæðingar þessa samnings, að hnekkja honum fyrr en seinna því það verður okkar verkefni og það er okkar skylda að beita okkur að því ekki síðar heldur en þegar þetta frv. hefur hlotið staðfestingu.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Við erum nú komin að síðustu umræðu um sjálfan samninginn um Evrópskt efnahagssvæði og eru eiginlega sorglega fáir sem hér ætla að hlýða á umræðuna eða taka þátt í henni við þessa síðustu umræðu. Hefði verið fróðlegt að heyra álit þeirra þingmanna sem greiddu þessum samningi atkvæði sitt á því hvernig þeir líta á málið einmitt nú. Mér er kunnugt um það að alla vega einhverjir þingmenn Sjálfstfl. hafa verið að uppgötva að ýmislegt felst í þessum samningi sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir á ýmsum sviðum. Ég ætla ekki að fjalla frekar um það við þessa umræðu svo oft sem ég hef gert það að umræðuefni og merkilegt er fyrir okkur sem höfum haft uppi varnaðarorð varðandi aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði að sjá hvað það kemur mörgum í opna skjöldu að ýmis ákvæði samningsins eru að taka gildi hér og nú, m.a. þau ákvæði sem hæstv. utanrrh. flýtti varðandi t.d. landbúnaðarmál.

Þó að umræðu um þennan samning sé að ljúka hér og nú er langt frá því að umfjöllun um þetta mál sé lokið. Ef samningurinn verður að veruleika, þ.e. ef hið Evrópska efnahagssvæði verður einhvern tímann að veruleika, sem allsendis er óvíst eins og menn vita, þá munu hér streyma inn lagafrv. frá Evrópubandalaginu sem við verðum að staðfesta hvort sem okkur líkar betur eða verr. Því er haldið fram að við höfum einhverja möguleika á því að hafna frv. sem frá þeim koma en það er í raun ekki hægt nema þá um leið að segja sig frá samningnum. Þó að ég syrgði það ekki sérstaklega þá held ég að það sé ekki innifalið í samþykkt þessa samnings að ef hér komi eitthvert lagafrv. sem okkur líkar ekki þá sé ætlunin að fella það og þar með að segja okkur frá samningnum. Þannig eigum við að taka við á færibandi lagafrv. frá Brussel án þess að hafa þar nokkur áhrif á þeim sviðum sem samningurinn tekur til sem er ekki neitt lítið.

Strax þegar samningurinn var í undirbúningi og ljóst varð nokkurn veginn hvernig hann mundi líta út, þá var því haldið fram af hæstv. utanrrh. sem og öðrum að það væri ekkert mál að setja girðingar í lög að því er varðaði eignarhald á landi og auðlindir á landi. Það væri ekki mikið mál að setja í lög ákvæði sem kæmi í veg fyrir það að erlendir aðilar gætu fest hér kaup á landi með öllum þeim hlunnindum sem í því fælist. Það hefðu t.d. Grikkir gert og það hefðu Írar gert. Þrátt fyrir að ég og fleiri mótmæltum þessu og teldum að þetta væri ekki eins auðvelt og ráðherra vildi vera láta þá var því haldið fram með miklum hávaða og talað um hversu illa að okkur við værum, þar á meðal undirrituð, við vissum bara ekkert um hvað málið snerist. Auðvitað kom í ljós að það var ekki hægt að gera þetta. Auðvitað kemur í ljós að það liggja ekki nokkur einustu frv. fyrir um það hvernig hægt er að koma í veg fyrir að erlendir aðilar komi og geti eignast auðlindir, heitt vatn, kalt vatn og fleiri auðlindir sem eru í jörðu. Við getum ekki komið í veg fyrir það. Ég hef ekki séð nein frv. á borðum þingmanna frá ríkisstjórninni sem í eru þessar girðingar sem talað var um. Við höfum að vísu í iðnn. haft í allan vetur frv. sem fjallaði um þetta mál en það hefur ekki verið tekið til meðferðar af formanni nefndarinnar, m.a. vegna þess að sagt hefur verið að það sé von á frv. frá ríkisstjórninni. Það virðist vera djúpt á þessum girðingum sem menn töluðu um og kannski ekki ætlunin að reyna að koma í veg fyrir það að erlendir aðilar geta komist í auðlindir okkar Íslendinga.

Ég fullyrði að hér á Íslandi er almenningur í landinu alls ekki í takt við stjórnmálamenn varðandi þetta mál. Meiri hluti almennings vill fá að segja álit sitt á þessum samningi og ég er viss um það að ef farið væri ofan í saumana á málinu þá er meiri hluti Íslendinga ekki samþykkur því að Ísland gerðist aðili að Evrópsku efnahagssvæði. Og því síður vilja Íslendingar að við gerumst aðilar að Evrópubandalaginu. En það er ekki bara á Íslandi sem stjórnmálamenn eru ekki í takt við almenning. Ég hef oft gert það að umræðuefni að stjórnmálamenn, bæði á Norðurlöndum og reyndar víðar, hafa ákveðið að sækja um aðild að Evrópubandalaginu í blóra við skoðun almennings í löndunum. Það sem mér þykir merkilegast t.d. við skoðanakannanir sem gerðar hafa verið í Svíþjóð og ein sem er nýbirt, sem birtist 2. maí í Politiken þar sem í ljós kemur að 45% þeirra sem spurðir eru eru á móti aðild Svíþjóðar að Evrópubandalaginu, aðeins 31% eru með. En það sem vakti athygli mína við niðurstöðu þessarar skoðanakönnunar var að aðeins 21% af kjósendum sósíaldemókrata í Svíþjóð studdu aðildarumsókn Svíþjóðar að Evrópubandalaginu. Það er því ekki bara á Íslandi sem stjórnmálamenn eru ekki í takt við almenning í landinu.

Það hafa ekki verið gerðar skoðanakannanir nýlega varðandi EES þannig að það er erfitt að segja til um nákvæmlega hvaða skoðun Íslendingar hafa á málinu einmitt nú. Hingað til hafa konur verið í meiri hluta þeirra sem hafa verið andvígir aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði og er það í góðu samræmi við þær skoðanakannanir erlendis þar sem konur eru yfirleitt á móti því að löndin gerist aðilar að miðstýrðum og ólýðræðislegum kerfum eins og t.d. Evrópubandalaginu en þar hafa konur alltaf miklu minni rétt.

Ástæður þess að ég er á móti aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði eru fjölmargar og hef ég gert mjög nána grein fyrir því í fyrri ræðum mínum og ætla ég ekki að fara yfir alla þá þætti hér og nú. En grundvallarhugmyndin að baki Evrópubandalaginu er sú að peningarnir séu þar allsráðandi, það eru peningarnir sem ráða för, og þar er frjálshyggjan ríkjandi. Það er stefna sem ég get alls ekki aðhyllst og það er kannski það sem er meginmálið, það er sú grundvallarstefna sem felst í stefnu Evrópubandalagsins og þar með Evrópska efnahagssvæðisins.

Ég er líka algjörlega á móti þeirri einangrunarstefnu sem felst í myndun svæða eins og Evrópubandalagsins og Evrópska efnahagssvæðisins. Í nafni frelsis eru leyfðir frjálsir flutningar á vörum, þjónustu, peningum og vinnuafli yfir landamæri en síðan eru búnir til tollamúrar, ytri tollamúrar þannig að það er komið í veg fyrir að vörur séu fluttar inn á svæði í samkeppni við þá vöru sem þar er framleidd. Þetta þykir mér mjög einkennilegt frelsi, sérstaklega þegar það bitnar illa á þriðja heims ríkjum og eru dæmi til þess að t.d. Evrópubandalagið hafi lagt allt upp í 170% toll á ákveðnar vörur til þess að koma í veg fyrir að fólk keypti þær. Nýlega var ákveðið að setja 170% toll á innflutta banana til þess að reyna að fá fólk til að borða franska banana. Þetta gildir auðvitað ekki um Evrópska efnahagssvæðið þar sem ekki eru sameiginlegir ytri tollar en þetta er sú tilhneiging sem þarna ríkir, þ.e. að ríku þjóðirnar myndi með sér bandalag og útiloki svo hinar. Slíka einangrunarstefnu get ég ómögulega aðhyllst og ég held að það sé mjög hæpið gagnvart heimsfriðnum að skipta heiminum upp í slík svæði og geti frekar leitt til ófriðar heldur en þess friðar sem menn stefna nú að.

En eftir hverju er verið að slægjast að tengjast þessu svæði? Jú, talað er um að við fáum niðurfellingu á tollum á sjávarafurðum og það er auðvitað mjög mikils virði. Það eru að vísu ekki eins miklir peningar og hingað til hefur verið talað um, það hefur margoft verið rakið og stórlega ýktar þær tölur sem talað er um að okkar ávinningur sé af þessari niðurfellingu á tollum en ég ætla ekki að fara nánar út í það hér. Það er búið að hrekja svo oft þær fullyrðingar sem hér hafa verið bornar á borð fyrir alþingismenn og almenning í landinu.

Við erum að tengjast svæði þar sem atvinnuleysi er gífurlega mikið og lífskjör fara síversnandi. Eins og ég hef talað um áður þá bitnar sú stefna sem þarna er verið að leiða okkur inn í fyrst og fremst á láglaunafólki og þeim sem minna mega sín og þá auðvitað sérstaklega á láglaunakonum enn verr en á láglaunakörlum. Þetta get ég ómögulega aðhyllst og get ekki samþykkt eða greitt því atkvæði mitt að Ísland tengist slíku svæði.

Það er alveg ljóst að aðild að Evrópsku efnahagssvæði er áfangi og leið inn í EB. Með aðild að Evrópsku efnahagssvæði eru sjálfstæðar þjóðir ekki að mynda með sér viðskiptabandalag, heldur er það miklu meira. Það eru pólitísk samtök með yfirþjóðlegum stofnunum, sameiginlegum dómstól á ýmsum sviðum og fleira og fleira sem því fylgir.

Allt þetta er í andstöðu við íslensku stjórnarskrána að mati færustu sérfræðinga og ég vil endurtaka það sem ég sagði áðan, ofan í kaupið má ekki bera samninginn undir þjóðaratkvæði. Þetta eru grundvallarástæður þess að ég get ekki fallist á aðild.

Frú forseti. Ég ætla ekki að fara í smáatriði út í galla þessa samnings, svo oft hefur það verið gert bæði af mér og öðrum, enda virðist það ekki hrína á mönnum — og sé ég að genginn er í sal einn af þeim sem hafa verið kófsveittir hér í hliðarsölum að reyna að negla upp í rifurnar sem búnar voru til með samningnum síðast, þ.e. það var búið að opna fyrir innflutning, t.d. á landbúnaðarvörum, og síðan er landbn. kófsveitt við að negla upp í rifurnar sem voru opnaðar fyrr í vetur. Og hefði verið eðlilegra að menn sæju að sér og greiddu þessum samningi ekki atkvæði sitt heldur greiddu atkvæði gegn honum.

Ég hefði óskað þjóðinni annars og miklu meira og betra á 50 ára afmæli lýðveldisins en að á því ári muni Ísland gerast aðili að Evrópsku efnahagssvæði og afsala sér með því verulegum hluta af sjálfsákvörðunarrétti sínum. En það er ekki alveg öll von úti þótt atkvæðagreiðslur hingað til um málið geri mig ekki bjartsýna á að hægt verði að koma í veg fyrir að tekið verði þetta stóra skref inn í Evrópubandalagið sem aðildin að Evrópsku efnahagssvæði óneitanlega er.

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég hafði raunar ekki ætlað mér að halda margar ræður, en vegna fjarveru hæstv. ráðherra þá nota ég hér rétt minn til að taka aftur til máls og spyrja hæstv. iðnrh. sem er kominn í þingsal um það efni sem ég ætlaði að beina til hans fyrirspurn um áður.

Þannig er mál með vexti að frá hæstv. iðnrh. hafa ekki borist inn í þingið boðuð frv. sem tengjast samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Þar hef ég í huga sérstaklega frv. um eignarhald á auðlindum í jörðu, jarðhita sérstaklega, og frv. um virkjunarrétt fallvatna en þau frv. staðhæfði hæstv. ráðherra að væru á leiðinni frá ríkisstjórninni þegar í haust og mundu væntanlega hljóta afgreiðslu fyrir síðustu áramót. Af þessum frv. hefur ekki sést tangur né tetur hér í þinginu þrátt fyrir þessa svardaga hæstv. ráðherra og hér er lokaumræða um frv. til laga um staðfestingu á samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og það er alveg ljóst að eins og staða mála er þá er með málatilbúnaði ríkisstjórnarinnar og hvernig á þessum málum hefur verið haldið fullkomin óvissa um það hvernig okkur reiðir af hvað þessar náttúruauðlindir snertir að því er varðar þau réttindi sem útlendingar fá samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og möguleika á að ná tangarhaldi á þeim auðlindum sem hér um ræðir.

Hugmynd ráðherrans var, að ég best veit, að girða fyrir slíkt með því að lögfest yrði á Alþingi að þessar auðlindir yrðu lýstar þjóðareign. Við höfum rætt það á fyrri þingum, ég og hæstv. ráðherra, að reyna að hafa um það samstöðu að svo mætti verða og raunar óháð því hvort samningur sem þessi sem hér á að lögfesta verði gerður. Ég gæti vitnað til beinna ummæla hæstv. ráðherra um þetta efni en ég veit að hæstv. ráðherra man það fullvel hvaða upplýsingar hann veitti í þinginu á haustdögum og ég vænti þess að fá nú frá hæstv. ráðherra upplýsingar um stöðu málsins og ótvírætt hvort það sé hugmyndin að ganga frá löggjöf um þetta efni áður en samningurinn um EES tekur hugsanlega gildi sem við vitum auðvitað ekki nákvæmlega hvern-

ig verður því hér er um eitt af stærri málunum að ræða sem tengjast þessum óheillasamningi.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. 4. þm. Austurl. að ég sagði frá því á þinginu í haust að unnið væri að gerð lagafrumvarpa um eignarhald á auðlindum í jörðu, þar á meðal jarðvarma, og um virkjunarrétt fallvatna, einkum að því er varðar virkjunarrétt fallvatna á almenningum eða á landsvæðum sem ekki eru einkaeignarlönd. Þetta er mjög mikilvægt mál eins og ég veit að við hv. 4. þm. Austurl. erum sammála um, ekki eingöngu vegna samskipta okkar við aðrar þjóðir heldur ekki síður til þess að tryggja gott og öruggt samband milli rannsókna og virkjunarréttar á auðlindum þannig að óvissa um eignarhald tefji ekki eðlilega nýtingu þessara mikilvægu auðæfa þjóðarinnar.

Ég hef látið semja um þetta efni frumvörp sem hafa verið lögð fram í ríkisstjórn og verið þar rædd ítarlega milli stjórnarflokkanna og af mönnum sem þeir hafa kvatt til. Ég þarf ekki að lýsa því hér í þinginu hversu mikilvægt þetta mál er og hversu vandasamt það er lögfræðilega, einkum vegna þess að réttarsaga Íslands er óvenjuleg meðal Evrópuríkja að því leyti að verulegir hlutar landsins voru ekki ótvírætt í eigu eins eða neins frá upphafi, þ.e. landnámið náði ekki til alls landsins og almenningar sem í upphafi Íslandssögunnar voru í eigu fjórðungsmanna hafa ekki fengið ótvíræðan stað í eignarréttarrófinu, ef þannig mætti að orði komast. Þetta eru mál sem mjög mikilvægt er að Alþingi sinni. Ég bendi á að það er einmitt á stefnu og starfsáætlun þeirrar ríkisstjórnar sem nú starfar að setja lög um þau atriði sem hér er um rætt, óháð samningunum um EES. Í samningunum um EES er að sjálfsögðu svigrúm til þess fram til loka árs 1995 að haga málum á þessu sviði eins og okkur hentar best því þau ákvæði samningsins sem þessi mál kynnu að snerta taka ekki gildi fyrr en um þau áramót. Ég tel það ákaflega mikilvægt eins og oft hefur komið fram að ótvíræður eignarréttur íslensku þjóðarinnar og fullveldisréttur okkar yfir náttúruauðlindum landsins verði staðfestur. Eins og kom fram áðan í svari hæstv. utanrrh. þá munu frumvörpin tvö, sem ég hef lýst og verið hafa til athugunar nú um nokkurt skeið, koma fram í haust. Það skal vel vanda sem lengi á að standa og þetta eru hvort tveggja hornsteinar landnýtingar og nýtingar auðlinda Íslands. Ég bið menn þess vegna að hafa nokkra biðlund með því að þessi frv. birtist og eins og fram hefur komið fyrr og kom m.a. fram í ræðu hv. 4. þm. Austurl., sem ég er þakklátur fyrir, þá hefur hann lýst vilja sínum til þess að styðja slík mál þegar þau koma fram í þinginu.

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er sannarlega raunaleg staða sem hæstv. iðnrh. er í varðandi þetta mál og ekki aðeins hæstv. ráðherra heldur þjóðin öll vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekki náð saman um þetta undirstöðumál, þetta stóra mál sem nú er komið inn í nýtt samhengi með þeim samningi sem hér er hugmyndin að lögfesta. Nú hefur hæstv. ráðherra svardaga uppi um það að málin komi fram í haust í þingbyrjun og vill hugga okkur með því að svo muni verða og við höfum ráðrúm til ársins 1995 til þess að ganga frá málum að því er hæstv. ráðherra staðhæfir.

Þetta er auðvitað ekki fullnægjandi á neinn hátt því að sjálfsögðu ætti að vera búið að ganga frá málum með heldum og ákvarðandi hætti þegar verið er að leiða mál til lykta eins og það sem hugmyndin er að greiða um atkvæði í dag. Ég vil inna hæstv. iðnrh. eftir því hvaða atriði það eru sem fyrirstaða er um af hálfu samstarfsaðila hæstv. ráðherra í ríkisstjórn. Hvaða atriði eru það hjá Sjálfstfl. — því ég les það á milli línanna að þar sé fyrirstaðan, ég geri ráð fyrir því að flokkur hæstv. iðnrh. standi heill að baki honum í þessu máli — hvaða atriði eru það sem valda fyrirstöðu hjá Sjálfstfl. í þessum efnum? Mér finnst knýjandi nauðsyn að fá það fram. Ég held að hæstv. ráðherra hefði fyrir lifandis löngu átt að taka undir í sambandi við þau frv. sem flutt hafa verið um þetta efni, og tvö slík liggja í iðnn. þingsins í líklega fimmta eða áttunda sinn, ég hef ekki alveg tölu á því hversu oft þau hafa verið flutt síðan ég ásamt fleiri þingmönnum fyrst flutti frv. um þetta mál í ársbyrjun 1982 eða 1983. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra greini okkur frá því í hverju ágreiningurinn er fólginn því ég held að það sé nauðsynlegt að almenn umræða geti farið fram um þetta grundvallaratriði sem gæti kannski orðið til þess að hnekkja þeirri andstöðu sem virðist vera í sambandi við málið.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 4. þm. Austurl. óskaði eftir því að ég skýrði frá stöðu þessara tveggja mála sem er verið að undirbúa sem þingmál. Það hef ég gert. Ég ætla mér ekki þá dul að leggja út þá lögfræðilegu þrætubók sem hefur tafið þetta mál. Ég vil í því sambandi, virðulegi forseti, leyfa mér að vísa til deilna sem staðið hafa um afnotarétt og virkjunarrétt fallvatna og afnota til virkjana af landsvæðum sem tengjast Blönduvirkjun sem hv. 4. þm. Austurl. mun vafalaust vera kunnugt um. Þeir sem hafa fylgst með því máli munu fljótt átta sig á því að þar er í lögfræðilegum deilum seilst til raka langt aftur í sögu landsins og farið um víðan völl á mörkum eignarlanda og almenninga og yfirleitt um eignarréttar- og afnotaréttarhugtökin. Það eru fyrst og fremst þessi atriði og að sjálfsögðu bótarétturinn sem á bak við eignarréttarkröfur frá einkaaðilum býr sem er það sem hefur tafið framgang þessa máls. Ég vil alls ekki kenna þetta mál við flokka eða setja það upp fyrir fram á þann veg að það séu flokkamörk í málinu. Hitt er miklu réttara að málið er vandasamt og menn greinir á um það. Ég held að við munum finna á því viðunandi lausn.

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér fannst sannfæringin hjá hæstv. iðnrh. ekki vera jafnrík nú í annað sinn sem

hann sté í stólinn eins og í hið fyrra sinn. Hann heldur að á þessu finnist viðunandi lausn. Áður staðhæfði hann að hann mundi reiða þetta fram í þingbyrjun sem stjfrv. en nú hefur hæstv. ráðherra slegið þarna varnagla. Það hryggir mig að baklandið sé svo ótraust og flækjan svo mikil sem hæstv. ráðherra gefur til kynna.

En ég vil nefna það til viðbótar, virðulegur forseti, að hæstv. ráðherra talaði sérstaklega um almenninga í þessu sambandi, eignar- og yfirráðarétt yfir lendum á hálendinu og ég vil minna á það að auðæfi finnast einnig undir löndum með einkaeignarrétti og að EES-samningurinn opnar fyrir kaup útlendinga á jarðeignum sem hluta fasteigna og við þekkjum þann málatilbúnað sem fyrir liggur frá hæstv. landbrh. þar að lútandi þannig að málið er auðvitað miklu víðtækara en svo að það tengist eingöngu spurningunni um eignar- og yfirráðarétt afrétta og almenninga í landinu.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og ég hygg að glöggt hafi komið fram í fyrsta svari mínu til hv. 4. þm. Austurl. fjalla þau frv. sem nú er unnið að einmitt um hvort tveggja, virkjunarrétt vatnsfalla og auðlindir í jörðu, eignarhald á þeim, bæði jarðvarma og annan auð sem þar kann að vera að finna jafnt undir almenningum sem eignarlöndum. Þetta vil ég að komi skýrt fram.

Ég vil líka staðfesta það að ásetningur minn og ríkisstjórnarinnar, að fram komi frv. um þetta efni í haust, er staðfastur. Hafi hv. 4. þm. Austurl. talið sig merkja einhvern mun á sannfæringarkrafti í fyrra svari mínu og hinu síðara, þá vil ég eyða þeim vafa úr hans huga með öllu. Það var enginn munur þar á, við erum jafnákveðnir í því og ég var fyrr í vetur að málið muni koma fram. Ég vil á það benda að þetta er ekki dægurmál, þetta er þvert á móti framtíðarmál sem er mjög mikilvægt að um takist sem víðtækust samstaða á þingi og með þjóðinni allri.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það eru mjög mikilvæg mál sem hv. 4. þm. Austurl. hefur hreyft núna í þessari umræðu, þ.e. hvað verður um eignarhald á virkjunarrétti fallvatna og orku í jörðu þegar samningur um Evrópskt efnahagssvæði hefði tekið gildi og hefði verið samþykktur. Hv. 4. þm. Austurl. hefur á undanförnum árum hvað eftir annað flutt frv. af þessu tagi hér á Alþingi og um þau hefur verið allgóð samstaða við marga þingmenn, t.d. hygg ég þingmenn Alþfl.

Alþfl. flutti fyrir allmörgum árum, 15–20 árum eða svo, hvað eftir annað tillögur og ég hygg frumvörp líka um að treysta eignarhald þjóðarinnar á almenningum af ýmsu tagi. Ég þykist muna það rétt að í þeirri umræðu hafi það aftur og aftur komið fram að þeir alþýðuflokksmenn hafi lagt mjög mikla áherslu á það að eignarhald þjóðarinnar á virkjunarrétti fallvatna og orku í iðrum jarðar yrði líka lögfest með ótvíræðum hætti.

Nú er mér auðvitað kunnugt um það eins og öðrum þingmönnum sem hér hafa verið einhvern tíma að um þessi mál hafa verið deilur og menn hafa iðkað þar þrætubókarlist af ótrúlegri hugvitsemi satt best að segja og gerst að mínu mati þeim mun betri í sagnfræði sem þeir hafa átt verri málstað að verja. Staðreyndin er þess vegna sú að mönnum hefur tekist með þessari þrætubókarlist að stöðva framgang þessara mála og nú liggur það fyrir að hæstv. iðnrh. lýsti því yfir í haust að hann gerði ráð fyrir því að fyrir jól yrðu lögfest frv. um þetta efni frá hæstv. ríkisstjórn. Ég man ekki betur en hann hafi dreift frumvarpsdrögum í hv. iðnn. í fyrrasumar um þetta mál sem við iðnaðarnefndarmenn vorum síðan beðnir um að skila aftur af því að þau voru ekki fullunnin og við gerðum það og vorum meira að segja svo samviskusamir að við lásum þau ekki í þaula áður en við skiluðum þeim. — Í þaula sagði ég. **(Gripið fram í:** Já.) Nú háttar hins vegar þannig til að það er komið að lokameðferð EES-málsins í þinginu og þá er auðvitað spurningin hvernig á að halda á þessum málum áfram og hæstv. utanrrh., sem talar þá fyrir hönd Alþfl., segir að málin verði lögð fram í haust. Út af fyrir sig er gott að sú yfirlýsing liggi fyrir en ég held þó að það sé óhjákvæmilegt að fara fram á það að þau frumvarpsdrög sem eru til verði kynnt í iðnn. Ég hef óskað eftir fundi í iðnn. núna áður en þingi lýkur. Formaður iðnn., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hefur fallist á það að haldinn verði fundur í iðnn. einhvern tímann áður en þingi lýkur þar sem farið verði yfir þessi mál alveg sérstaklega og sömuleiðis yfir stöðuna að því er varðar svokallaðan orkusáttmála Evrópu. Þessi sérstaki fundur iðnn. verður með öðrum orðum haldinn einhvern tímann núna á næstu sólarhringum.

Með hliðsjón af því að þessi frv. eru til, með hliðsjón af því að reynslan er sú að stjórnarandstaðan gætir trúnaðar þegar hún er beðin um það, þá vil ég fara fram á það við hæstv. iðnrh. sem iðnaðarnefndarmaður Alþb. að þessi frumvarpsdrög verði lögð fram í iðnn. þannig að iðnaðarnefndarmenn megi sjá þær afurðir sem liggja fyrir.

Hæstv. iðnrh. sagði áðan að það væru ekki flokkamörk í þessu máli, það væri erfitt að kenna flokkamörk í þessu máli. Þetta þykir mér satt að segja mjög skrýtið. Ég hygg að andstæðingar þessa máls séu í tveimur flokkum, þ.e. í Framsfl. og í Sjálfstfl. Það má finna fylgjendur þess að þjóðin eigi auðlindir í orku í iðrum jarðar og virkjunarrétt fallvatna í Framsfl. og í Sjálfstfl. Ég hygg að að því er varðar Alþb., Alþfl. og Kvennalistann þá hátti hlutum þannig til að þar sé um að ræða stuðning við þau sjónarmið sem t.d. hv. 4. þm. Austurl. hefur mjög oft kynnt hér á Alþingi í þessum efnum. Þess vegna hygg ég að það sé yfirgnæfandi meiri hluti fyrir þeim sjónarmiðum á Alþingi. Það er satt að segja hart — að ég segi ekki andskoti hart, með leyfi forseta, — að standa frammi fyrir því að lítill minni hluti stöðvi þjóðþrifamál af þessu tagi árum saman, jafnvel áratugum, eftir að farið er að flytja mál eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson minnti á hér áðan.

Nú er það þannig t.d. að áberandi og traustir forustumenn Sjálfstfl. hafa hvað eftir annað tekið undir þessi sjónarmið og eru reyndar frumkvöðlar má segja að þeim sjónarmiðum sem gera kröfu til almannaeign-

ar á þessum réttindum. Ég nefni þar t.d. Bjarna Benediktsson. Ég nefni ítarlegar lögfræðilegar greinargerðir sem hann skrifaði um þessi mál á árunum 1945 til 1950, um það að þjóðin ætti orkuna í iðrum jarðar undir tilteknum mörkum. Deilurnar hafa snúist um það hversu langt niður einkaeignarrétturinn næði. Nær hann niður í 100 m eða nær hann niður í 200 m?

Nú hefur það verið þannig með þessa menn sem hafa heimtað það að eiga allt það sem kemur upp af verðmætum á þessum svæðum hugsanlega, þ.e. jarðhita, að þeir hafa að sama skapi neitað harðlega að borga allan skaða sem kynni að verða af þessum sömu svæðum ef þar yrði t.d. eldgos. Tvískinnungurinn hefur auðvitað verið gegndarlaus í þessu liði sem hefur haldið krumlunni um þröngt eignarhald lítils hluta þjóðarinnar á þessum mikilvægu eignum. Í rauninni eru þetta einhverjar mikilvægustu eignir þjóðarinnar. Horfum aðeins til framtíðar, veltum því fyrir okkur á hverju mun þessi þjóð aðallega geta lifað fyrir utan auðvitað hugvit, menntun og þroska á næstu árum og áratugum. Það er ekki síst orkan. Það er sérstaklega orkan. Við skulum vona að okkur takist að nýta fiskinn með skynsamlegum og skilmerkilegum hætti og að við göngum ekki í óhófi á fiskstofnana, en við skulum gera okkur grein fyrir því að í þjóðfélagi framtíðarinnar er orkan tvímælalaust lykillinn að velmegun þjóðarinnar. Þess vegna er það brýnt að á þessu máli verði tekið og ég skora á hæstv. iðnrh. að koma þó þannig til móts við okkur í stjórnarandstöðunni að iðnn. fái þessi frumvörp núna til athugunar þannig að við eigum þar óskiptan hlut því að mér segir svo hugur um að hvort sem hæstv. ráðherra eða hæstv. utanrrh. kunni að stofna til stjórnarsamstarfs við Framsfl. eða Sjálfstfl. og jafnvel án Alþb. þá muni þeim ekki veita af stuðningi Alþb. í þessum málum þegar kollhríðin gengur yfir og að úrslitum dregur.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. 9. þm. Reykv. að orkan er lykillinn að farsæld þjóðarinnar í framtíðinni. Þess vegna eru þau mál sem hér hafa orðið að umræðuefni milli mín og hv. 4. þm. Austurl. og hv. 9. þm. Reykv. þannig vaxin að það þarf að taka til þeirra tíma þannig að um þau megi nást sem víðtækust samstaða. Ég fagna því að hv. 9. þm. Reykv. lýsti sig reiðubúinn til samstarfs um þessi mál. Þegar ég sagði áðan í minni ræðu að það væru ekki skýr flokkamörk í þessu máli, þá átti ég reyndar við þá mynd sem hann tók af mér ómakið að lýsa hér áðan. Úr því má vinna og úr því þarf að vinna. En það er með þetta mál eins og önnur að það þarf til þeirra réttan tíma. Ég treysti því að við finnum hann í haust. Hv. 9. þm. Reykv. spurði hvort á því væri kostur að leggja fram í hv. iðnn. skjöl og gögn sem undirbúin hefðu verið vegna þessara frumvarpssmíða. Það mál mun ég ræða við formann iðnn., hv. 17. þm. Reykv., og kanna það hvernig því verði best fyrir komið. Ég þekki ekki starfsáætlun þeirrar góðu hv. nefndar það sem eftir lifir þessa þings en mun ræða málið við hann.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi starfáætlun iðnn. þá liggja þar ekki fyrir mörg óafgreidd mál nema svæðislýsingar smárása í hálfleiðurum sem vakti hér litla hrifningu í vetur. Að öðru leyti hefur hún nokkurn veginn hreint borð. Ég vil láta það koma fram að hv. formaður iðnn. hefur fallist á að það verði haldinn fundur núna einmitt til að fara yfir þessi eignarréttarmál sem við höfum verið að ræða um, þ.e. varðandi orku fallvatna og orkuna í iðrum jarðar. Ég mundi meta það mjög mikils ef hæstv. iðnrh. sæi sér fært að koma þessum gögnum á framfæri við nefndarmenn.

Auðvitað er það alveg fráleitt að ætla sér að loka mál af þessu tagi inni hjá stjórnarliðinu einu. Það er alveg fráleitt. Þetta er mál þjóðarinnar allrar og stjórnarandstaða í dag verður gjarnan stjórn á morgun eins og menn þekkja þannig að ég held að menn eigi að átta sig á því að það er í raun og veru ekki við hæfi að vinna mál eins og þessi þannig að stjórnarandstaðan komi þar hvergi nálægt. Menn sjá auðvitað „fallíttið" í sjávarútvegsmálunum sem víti til varnaðar í þeim efnum þar sem menn eru að fjalla um eina stærstu og merkustu auðlind þjóðarinnar og koma síðan á felgunni í mark að lokum með sprungið á öllum hjólum.

Virðulegi forseti. Ég held það væri skynsamlegt af hæstv. iðnrh. að læra af þessu „fallitti" í sjávarútvegsmálunum og kalla stjórnarandstöðuna til samstarfs að því er varðar umfjöllun um þau frv. sem hér hefur verið spurt um.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það skal ekki á mér standa að taka þeirri áskorun hv. 9. þm. Reykv. að leita samstarfs við stjórnarandstöðuna um úrlausn mála í þinginu. Það hefur reyndar mjög verið gert af hálfu míns ráðuneytis og minna ráðuneyta í samstarfi við bæði efh.- og viðskn. og hv. iðnn. Ég held að það sé líka alveg rétt sem fram kom hjá hv. þm. að um mál af þessu tagi þarf samstöðu. Hins vegar vil ég beina þeirri áskorun til þingmannsins úr því að ég er staðinn upp til andsvara, að þeim málum sem enn er ólokið í hv. iðnn., og ég ætla að séu ekki ágreiningsmál eins og m.a. vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum og enn mikilvægara frv. til laga um hönnunarvernd, verði senn lokið frá nefndinni.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég biðst velvirðingar á því að ég mun ekki hafa verið í þingsalnum þegar röðin var komin að mér á mælendaskrá áðan en sú er skýring á að í annríkinu þessa daga er fundað í flestum hornum og afkimum þinghússins og ég var á einum slíkum fundi skammt undan og var þess vegna ekki viðlátinn þegar röðin kom að mér.

Ég hafði hugsað mér að fara yfir nokkur meginatriði þessara Evrópumála við þetta síðasta tækifæri á þessu þingi sem tengist umræðu um eitt af dagskrármálum Evrópska efnahagssvæðisins. Það er kunnara en frá þurfi að segja að þetta er orðin býsna löng lota frá því að hér hófust fundahöld um málið í ágústmánuði

sl. og mikið vatn til sjávar runnið síðan. Reyndar er fróðlegt að fara yfir yfirlýsingar og heitstrengingar manna um gildistöku samningsins þá sem átti að vera fyrir sl. áramót og áform hæstv. þáv. ríkisstjórnar um það að hafa lokið meira og minna lögfestingu allra mála sem tengdust afgreiðslu samningsins um Evrópskt efnahagssvæði fyrir nóvemberlok ef ég man rétt, eins og það var áformað í ágústmánuði sl. Þá lá lífið við að sögn hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnarinnar og hér var fundað nætur og daga til þess að ljúka umræðum. Reyndin hefur síðan orðið önnur og margt af því sem sagt var gengið eftir varðandi óvissuna í þessu máli og næsta hlálegar eru t.d. samningaviðræðurnar í desembermánuði sl., rétt fyrir áramótin, þegar lífið virtist liggja við, og lá við að sögn hæstv. utanrrh., að ljúka afgreiðslu allra málanna fyrir áramót, þar á meðal samningnum við Evrópubandalagið um fiskveiðar. Ekkert af þessu er komið í gildi og allt er þetta enn þá í óvissu fyrir utan þetta eina sem hæstv. utanrrh. ákvað að gefa Evrópubandalaginu í forgjöf og tók gildi 15. apríl sl., þ.e. aukið frelsi í innflutningi á ýmsum landbúnaðarvörum og er auðvitað mikil endemi hvernig að því öllu saman var staðið.

Það má margt segja um þessa sögu alla, allt frá því að snemma árs 1989 var ákveðið að fara sameiginlega í könnunarviðræður við Evrópubandalagið af hálfu EFTA-ríkjanna á fundi leiðtoga EFTA-ríkjanna í Ósló eins og kunnugt er. En sú braut öllsömul hefur reynst hlykkjóttari og hólóttari heldur en þá var spáð fyrir og sér reyndar ekki fyrir endann á henni enn. Enginn einasti spotti hefur þar reynst vera með bundnu slitlagi eða sæmilega beinn og breiður og hrakningasaga þessa máls í gegnum samningaviðræðurnar, í gegnum meðferð þess hér á þingi, í gegnum samskipti samningsaðilanna er með ólíkindum. Sennilega hefur annað fordæmi hliðstætt aldrei birst okkur Íslendingum í viðræðum sem við höfum tekið þátt í nema ef vera skyldi þrengingarnar í Uruguay-umferð GATT-viðræðnanna.

Það er rétt að rifja það upp og minna á það við lokaafgreiðslu málsins að um eitt hafa menn lengst af verið sammála í þessu máli og það er það að þetta er eitt stærsta og í raun og veru óumdeilanlega stærsta milliríkjamál sem við Íslendingar höfum haft til umfjöllunar á okkar vegum á lýðveldistímanum. Um það hafa menn verið sammála. Þess vegna hafa mér alltaf þótt einkennilegar þverstæður í málflutningi þeirra manna sem hafa á hinn bóginn neitað hvoru tveggja, að horfast í augu við stjórnarskrárþátt málsins en eins og kunnugt er liggja fyrir mjög rökstuddar skoðanir sem ganga í þá átt að löggilding þessa samnings standist ekki ákvæði stjórnarskrárinnar. Hitt er þó enn sérkennilegra að þeir hinir sömu menn sem í öðru orðinu tala um mikilvægi málsins og þýðingu og stærð, og það sé það mikilvægasta og stærsta á lýðveldistímanum, skuli í hinu orðinu leggjast gegn því að þjóðin fái þá að segja álit sitt á því í þjóðaratkvæðagreiðslu. Enn furðulegra er það nú þegar í hlut eiga heittrúaðir menn, sanntrúaðir menn eins og hæstv. utanrrh. sem eins og kunnugt er fyrir mörgum missirum síðan tók trú á þetta mál og hefur ekki gengið af henni síðan, virðist trúa því betur en nokkru öðru hér í heimi að þarna sé lausnarorðið fundið, þarna sé frelsunarvegurinn, þarna sé vegabréfið inn í 21. öldina og guð má vita hvað sem út úr hæstv. ráðherra hefur oltið. Enn furðulegra er það að þessi sanntrúaði og sannfærði maður skuli þá ekki fagna því tækifæri að láta þjóðina segja sitt álit á sköpunarverkinu. Ég hef aldrei fengið það til að ganga upp, annars vegar þennan málflutning boðenda trúarinnar, hæstv. utanrrh. og hans fylgisveina, að hér sé á ferðinni þetta stóra og mikla hagsmunamál og jafneinboðið fyrir íslenska hagsmuni og þeir vilja vera láta en hins vegar sé ekki nokkurt vit í því að þjóðin fái að segja sitt álit.

Ég er alveg sannfærður um það að þetta er einhver ólánlegasta afstaða sem lengi hefur verið tekin í stórmáli á okkar utanríkismálasviði varðandi okkar utanríkishagsmuni. Það er ekki nokkur vafi á því í mínum huga að íslenska þjóðin hefði unað niðurstöðunni í þessu máli miklu betur en ella hver sem hún hefði orðið, hvort sem samningurinn hefði reynst njóta meirihlutastuðnings eða ekki ef þjóðin hefði sjálf fengið að dæma í því máli. Þannig hefðu menn helst getað orðið á eitt sáttir um að una niðurstöðunni að það hefði þó legið fyrir að meiri hlutinn hefði fengið að ráða. Þessi óvissa, sem mun verða áfram við lýði og fylgja okkur á komandi árum ef svo fer sem horfir að þessi samningur verði að veruleika og m.a. blandast inn í áframhaldandi umræður um það hvort þessi gjörningur standist stjórnarskrá lýðveldisins óbreytta, mun verða okkur til vandræða. Hún mun kljúfa þjóðina upp í fylkingar og gera það að verkum að það tekur mun lengri tíma en ella hefði þurft að vera að jafna sig á átökum um þetta mál.

Ég er fyrir mitt leyti alveg sannfærður um það að sú réttaróvissa, sem er stofnað til með lögfestingu samningsins um Evrópskt efnahagssvæði án þess að breyta íslensku stjórnarskránni, mun hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér. Það liggur í hlutarins eðli vegna þess refsivalds sem erlendar stofnanir fá með samningnum að þegar að því kemur að beita því með íþyngjandi hætti gagnvart t.d. íslenskum lögaðilum þá munu þeir reyna að koma sér undan þeirri refsingu með því að láta reyna á lögmæti samningsins. Hvaða íslenskt fyrirtæki, sem sæti uppi t.d. með skaðabótagreiðslur upp á einhverja tugi milljóna kr. hafandi fengið á sig sekt frá eftirlitsstofnun Evrópska efnahagssvæðisins eða dómstóli, sem fá vald til þess að sekta menn og framkvæma aðfararhæfa úrskurði hér uppi á Íslandi, mun ekki reyna að verja sig fyrir slíkri hegningu, reyna að losna undan því t.d. að borga slíkar sektir? Telja menn ekki líklegt að menn muni þá láta reyna á lögmæti samningsins? Jú, það tel ég vera og þá mun að sjálfsögðu reyna á það fyrir Hæstarétti, því þangað munu menn skjóta spurningunni um stjórnarskrárþátt málsins, hvort samningurinn, lögfesting samningsins að óbreyttri stjórnarskránni hafi staðist og þá mun að sjálfsögðu engu breyta þar um ræðuhöld eða heitstrengingar manna á Alþingi, dómendurnir fara ekki eftir því, þeir dæma samkvæmt lögunum en ekki einhverjum skoðunum þeirra manna sem stóðu að laga-

setningunni á sínum tíma. Í þessu tilviki verður það íslenska stjórnarskráin og túlkun á ákvæðum hennar sem mun ráða úrslitum.

Ég skil ekki hvers vegna t.d. þeir, sem trúa á þennan samning sem einhverja varanlega lausn í samskiptamálum Íslands og Evrópubandalagsins, tóku ekki það ráð að eyða fyrir fram þessari óvissu ef þeir þá meina það sem þeir segja að þeir hafi reiknað með því og ætlist til að þessi samningur standi um langa framtíð. Að manni læðist auðvitað sá grunur að hér sé um einn blekkingavef að ræða og þessu fyrirbæri sé ekki ætlað langt líf af hálfu þeirra sem þó eru að reyna að selja það þannig hér uppi á Íslandi.

Í hinum EFTA-ríkjunum, flestum ef ekki öllum, óx þeirri skoðun mjög hratt fylgi þegar leið á samningaviðræðurnar um Evrópskt efnahagssvæði að sú niðurlægjandi staða, sem þátttakendum í svæðinu eða aðilum að samningnum EFTA-megin frá væri ætluð, gæti auðvitað ekki gengið sem eitthvert framtíðarfyrirkomulag fyrir fullvalda ríki, sjálfstætt ríki. Menn gætu ekki látið bjóða sér þá hjáleiguaðstöðu sem fælist í því að taka við lagafyrirmælunum og tilskipununum frá Evrópubandalaginu án þess að hafa nokkurt frumkvæði við gerð þeirra sömu lagaákvæða og vera skuldbundnir til þess samkvæmt samningi að láta þau ganga óbreytt í gildi í sínum heimalöndum. Það er ekki nokkur vafi á því að þegar samningaviðræðurnar höfðu tekið þessa stefnu þá óx þeim byr á t.d. hinum Norðurlöndunum þremur sem sögðu: Af tvennu illu er þá skárra að ganga bara í EB. Þá höfum við þó a.m.k. einhvern pínulítinn möguleika til þess að hafa einhver áhrif á það sem þarna er verið að ráðslaga.

Það er svo annað mál hvort það var og er rétt mat hvort sem heldur er fyrir þá svo ekki sé talað um okkur Íslendinga. Samt sem áður er það nú svona að þó að þetta liggi fyrir og hafi haft áhrif á gang mála hjá hinum Norðurlöndunum, þó það liggi fyrir þar að þar þurftu menn að beita þeim ákvæðum stjórnarskrárinnar sem kalla á aukinn meiri hluta og/eða þjóðaratkvæði til þess að lögfesta samninginn, þá berja talsmenn hans hér höfðinu við steininn og neita öllum slíkum óskum, hvort sem heldur er kröfum tugþúsunda Íslendinga með undirskriftum um þjóðaratkvæði eða réttmætum kröfum bæði stjórnarandstöðunnar og fjölmargra löglærðra manna um að öruggara sé eða beinlínis nauðsynlegt að breyta stjórnarskránni.

Þetta er allt saman heldur nöturlegt, hæstv. forseti, og verður víst seint sagt að vel hafi tekist til um lögfestingu þessara þátta hér uppi á Íslandi enda ein afleiðingin sú að þjóðin er þverklofin í málinu. Um þetta eru, hafa verið og verða eflaust því miður áfram mjög harðar deilur eins og að málinu hefur verið staðið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Það er ekki hægt að kalla farsæla niðurstöðu. Vegabréf inn í nýja öld sem þjóðin er þverklofin um, það er ekki mjög gæfulegur pappír fyrir þá hina sömu þjóð að ætla að byggja framtíð sína á. Auðvitað liggur það alveg ljóst fyrir að þeim þætti málsins hefur ríkisstjórnin með öllu klúðrað að ná að skapa um þetta einhverja samstöðu.

Það eru ekki efni til, hæstv. forseti, að fara að eyða löngum tíma í efnisþætti málsins jafnþrautræddir og þeir eru orðnir hér í þinginu og ég mun ekki gera það en koma þó lítilega að einstökum þáttum fyrst og fremst vegna þess að nauðsyn beri til að ræða stöðu þeirra nú.

Þá kem ég að sjávarútvegssamningnum og stöðu þeirra mála. Eins og kunnugt er lagði hæstv. utanrrh. ofurkapp á það að fá sjávarútvegssamninginn staðfestan hér um sl. áramót þó það lægi þá þegar fyrir að af lögfestingu eða gildistöku EES-samningsins í heild yrði ekki fyrr en í fyrsta lagi á miðju þessu ári og fljótlega upp úr því kom í ljós að því mundi enn seinka. Ég spurði hæstv. utanrrh., það mun hafa verið í marsmánuði, hvar þessi sami sjávarútvegssamningur sem lífið lá á að afgreiða um áramótin væri nú staddur. Í ljós kom að hæstv. utanrrh. hafði legið á skjölunum, fullgildingarskjölunum, og Ísland og Evrópubandalagið höfðu ekki skipst á fullgildingarskjölum þannig að sjávarútvegssamningurinn gengi í gildi. Nú óska ég eftir því að hæstv. utanrrh. svari á nýjan leik þessari spurningu á þessum drottins degi sem mun vera 5. maí, anno domini 1993: Hvar er sjávarútvegssamningurinn við EB staddur nú? Hvar eru skjölin? Á Evrópubandalagið að fá sín 3.000 tonn af karfa hér á þessu sumri eða þessu hausti hvað sem líður gildistöku samningsins um Evrópskt efnahagssvæði þó ekkert bendi nú til þess að hann komi yfirleitt í gildi á þessu ári? — Hæstv. forseti, er hæstv. utanrrh. ekki viðstaddur umræðuna? Eða er hugmyndin að halda þessu áfram án þess að hæstv. utanrrh. láti svo lítið að vera viðstaddur? (**Forseti:** Forseti vill fyrst taka fram að ekki er ætlast til þess að háreysti sé á þingpöllum eða afskipti af störfum í þingsal. Í annan stað skal forseti gæta að því hvort utanrrh. getur verið við umræðuna — hann er þegar kominn í salinn þannig að hv. ræðumaður getur haldið áfram sinni ræðu.)

Hæstv. forseti. Ég vildi fá að leggja þessa spurningu fyrir hæstv. utanrrh.: Hvar er tvíhliða samningur Íslands og Evrópubandalagsins um samskipti á sviði sjávarútvegsmála og samningsákvæði um skipti á svokölluðum gagnkvæmum veiðiheimildum, sem reyndar alls ekki eru það, á vegi staddur? Hefur verið skipst á fullgildingarskjölum? Fær Evrópubandalagið sín 3.000 tonn af karfa á þessu sumri eða þessu hausti eða ekki? Getur hæstv. utanrrh. svarað því endanlega fyrir hvað varðar yfirstandandi ár í ljósi þess að ekkert bendir til að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði gangi í gildi á þessu ári yfir höfuð?

Það er ástæða til að spyrja m.a. vegna þess að hæstv. utanrrh. hefur tekið það upp á sína eik að því er ég best veit, selt sér algjört sjálfdæmi í því að láta einhverja afmarkaða þætti þessa samnings „de facto" ganga í gildi gagnvart Evrópubandalaginu. Þá á ég við þau ákvæði samningsins eða bókana með honum sem varða t.d. viðskipti með landbúnaðarvörur eða innflutning á ávöxtum eða grænmeti eða hvað það nú er. Þau furðutíðindi hafa nefnilega borist að hæstv. utanrrh. hafi af sérstakri greiðasemi og velvild í garð Evrópubandalagsins ákveðið að gefa þeim í forgjöf gildistöku á afmörkuðum þætti þessarar samningagerðar.

Auðvitað dettur manni þá í hug að greiðasemi hæstv. utanrrh. ríði ekki við einteyming og hann hafi ákveðið að gefa Evrópubandalaginu karfann líka í öllu falli á þessu ári. Því ekki það? Enga fengum við loðnuna eins og kunnugt er. Þrátt fyrir allar heitstrengingarnar og loforðin um annað, þá fór það nú svo að yfir 100 þús. tonn af loðnukvótanum sem við Íslendingar áttum sjálfir urðu eftir óveidd í sjónum, hvað þá grænlenski kvótinn, það þarf nú ekki að minnast á hann. Það er því alla vega ljóst að á þessari vertíð urðu okkur ekki miklar hagsbætur úr þessum samskiptum við Evrópubandalagið ef þeir eiga eftir að fá sinn karfa.

Reyndar er það svo að annað hvort við þetta tækifæri eða annað sem kann að gefast þegar frv. til laga á verksviði landbrh. um viðskipti með landbúnaðarvörur eða innflutningsmálefni þess koma á dagskrá, ef síðar verður hér fyrir þinglok, þá þurfum við að ræða saman um það mál, ég, hæstv. utanrrh. og hæstv. núv. landbrh. sem hefur farið með fleipur og ósannindi um það hvernig staðið var að samningaviðræðum um landbúnaðarmál, m.a. fullyrti hann hér úr þessum ræðustóli fyrir ekki löngu síðan að það hafi verið tekin um það sérstök ákvörðun í tíð fyrri ríkisstjórnar að sinna ekki þeim þætti samningaviðræðnanna um EES sem sneri að landbúnaðarmálum og borið það upp á landbrn. að það hafi ekki sinnt þeim málum sem er lygi, rakalaus lygi. Um þann þátt sem snýr að utanrrn., sem eins og var stundum minnt á fór með forræði málsins, stjórnskipulega séð, þá er auðvitað hæstv. utanrrh. til svara um það.

Ég hef aflað gagna um það hvernig þessi landbúnaðarþáttur samningaviðræðnanna um EES kom inn í málið og hef m.a. í því skyni ritað landbrn. bréf og óskað eftir greinargerð frá landbrn. um þátttöku þess í öllu samningaferlinu. Nú er það auðvitað ljóst að landbrn. tók þátt í því á ýmsan hátt, nánast frá byrjun, t.d. sinnti embætti yfirdýralæknis ýmsum þáttum þessa máls sem varða heilbrigðismál og sjúkdómavarnir og annað því um líkt. Sömuleiðis tók landbrn. þátt í ákveðnum starfshópum sem settir voru upp í stjórnkerfinu varðandi málið. Þannig að halda því fram að það hafi verið tekin um það einhver prinsippákvörðun að sinna ekki þessum viðræðum af hálfu landbrn. er auðvitað fráleitt.

Svo er það líka kunnara en frá þurfi að segja að lengst af framan af viðræðunum stóð alls ekki til að landbúnaðarmál yrðu hluti af samningagerðinni. Þannig er það síðast á fundi í júní 1990 sem samningamenn Íslands og Samningamaður Íslands — með stórum staf — Hannes Hafstein, fullvissa embættismenn í landbrn. um það að ekki standi til að samningurinn taki til landbúnaðarmála. Þetta höfum við skjalfest. Það er fyrst í október 1990 sem svonefndur „cohesion-listi" kemur fram og um hann verður uppljóst. Frá og með þeim tíma fylgdust að sjálfsögðu bæði ráðuneytin mjög grannt með gangi mála og þetta veit ég að hæstv. utanrrh. getur staðfest. Fyrir samningatæknina, eins og henni var síðan beitt í aðalsamninganefnd, svarar að sjálfsögðu hæstv. utanrrh. og mér er að meinalausu þó að starfsfélagi hans í ríkisstjórninni, hæstv. núv. landbrh., ráðist á hann með dylgjum í því sambandi.

Þessu vildi ég koma á framfæri, hæstv. forseti, hvað varðar landbúnaðarþátt þessa máls og bera til baka og vísa til föðurhúsanna leiðindarógburði hæstv. núv. landbrh. um að þeim málum hafi ekki verið sinnt sem skyldi í tíð fyrri ríkisstjórnar. Reyndar er það æðihvimleitt að hæstv. núv. landbrh. á sér yfirleitt ekki aðrar málsbætur eða annað erindi í ræðustól, hvorki á Alþingi né á fundum annars staðar á landinu, en að reyna að skjóta sér í skjól af því að þessu eða hinu hafi verið klúðrað í tíð fyrri ríkisstjórnar sem er svo sem skiljanlegt því að af litlu hefur hæstv. landbrh. að státa hvað varðar eigin afrek.

Ég tel hins vegar að hæstv. utanrrh. hafi á ýmsan hátt með fullkomlega ósæmilegum hætti verslað með hagsmuni landbúnaðarins í þessum samningum og það liggur auðvitað alveg ljóst fyrir að hæstv. utanrrh., með opnum augum, seldi vissa hagsmuni landbúnaðarins fyrir það sem hann taldi vera mögulega ávinninga á sviði sjávarútvegs, þ.e. hugmyndafræðin gekk út á það að stinga dúsu upp í suðurríki Evrópubandalagsins með rýmkuðum viðskiptareglum fyrir m.a. suðrænar landbúnaðarvörur gegn því að þau létu þá frekar yfir sig ganga þá þætti samninganna sem vörðuðu sjávarútvegsmál. Það tekur auðvitað steininn úr þegar hæstv. utanrrh. ákveður svo að láta þennan þátt samningagerðarinnar sem varðar viðskipti með grænmeti ganga í gildi í forgjöf gagnvart Evrópubandalaginu og sagan segir að það hafi verið gert án þess að hæstv. landbrh. hefði hugmynd um það. Það væri fróðlegt ef hæstv. utanrrh. gæti í öðru lagi svarað því — sem er þá önnur spurningin af því það er gott að hafa þetta tölusett, ekki satt, hæstv. utanrrh., í fyrsta lagi, í öðru lagi o.s.frv. — ef hæstv. ráðherra vildi í öðru lagi svara því hvort það sé rétt sem mér hefur borist til eyrna að hæstv. utanrrh. hafi ákveðið að þessi þáttur samningagerðarinnar gengi í gildi 15. apríl sl. án þess að hafa um það samráð við hæstv. landbrh. Það væri upplýsandi um andrúmsloftið í hæstv. núv. ríkisstjórn hvort svo sé.

Það er svo, hæstv. forseti, auðvitað dálítið merkilegt að skoða stöðu mála nú í ljósi þess hver þróunin hefur orðið í Evrópuumræðunni allri saman, bæði hér uppi á Íslandi og ekki síður þó úti á meginlandi Evrópu. Auðvitað erum við að tala um þetta að mörgu leyti í gjörbreyttu umhverfi frá því sem var fyrir tæpu ári síðan, þ.e. áður en hin sögulega atkvæðagreiðsla fór fram í Danmörku um Maastricht-samkomulagið. Það hafa auðvitað orðið geysilegar breytingar á öllum aðstæðum og öllum viðhorfum manna á þessum tíma og ber þar auðvitað margt til. Í fyrsta lagi hefur almenningur í Evrópu vaknað til stóraukinnar vitundar um þessi mál og stóraukin andstaða hefur auðvitað komið fram, bæði í Evrópubandalagsríkjunum, svo sem í Bretlandi og Danmörku, við samrunaferlið og Maastricht-áætlunina en líka í EFTA-ríkjunum, t.d. á hinum Norðurlöndunum þar sem skoðanakannanir sýna hver á fætur annarri að á öllum Norðurlöndunum þremur sem eru í EFTA fyrir utan Ísland, þ.e. í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi, hefur andstaðan við það að

taka þátt í eða ganga inn í Evrópubandalagið og Evrópusamrunaferlið stóraukist. Mönnum er það auðvitað mjög til efs að það fáist nokkurn tímann samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu í Noregi svo dæmi sé tekið að þeir verði aðilar að þessu batterí.

Auðvitað er fáránlegt að tala um þessa hluti nú án þess að taka þessa gjörbreyttu mynd inn í dæmið. Svo langt voru menn gengnir hér á fyrri hluta sl. árs að menn töluðu meira og minna um það að norrænt samstarf væri að líða undir lok, þ.e. í þeirri mynd sem við höfum þekkt það, í formi samráðs Norðurlandaþjóðanna fimm sem færi fram á norrænum vettvangi og menn töluðu um það fullum fetum að það gáfulegasta sem Norðurlandaþjóðirnar gerðu væri að fara að leita sér að húsnæði niðri í Brussel til þess að geta haldið sína fundi þar þegar þær hittust allar á þeim vettvangi. Menn tala ekki lengur þannig. Menn eru sem betur fer búnir að læra það af reynslunni sl. ár að menn gefa sér ekki lengur hlutina fyrir fram, jafnvel ekki hinir hrokafyllstu í hópi evrópskra stjórnmálamanna sem hafa þó orðið sekir um og uppvísir að ótrúlegu dómgreindarleysi hvað varðar viðhorf almennings til þessara mála. Auðvitað er það sögulegt hvernig evrópskir stjórnmálamenn í Danmörku, Frakklandi, Bretlandi og auðvitað á Íslandi, hafa fengið á kjaftinn í gegnum almenningsálitið sem hefur reynst á allt annarri bylgjulengd heldur en þeir sjálfir. Það er auðvitað sögulegt að þegar allt batteríið í Danmörku, allir stjórnmálaflokkarnir sem komast á blað fyrir utan einn, allt „establishmentið" telur einboðið að ganga í Maastricht, þá fellir danska þjóðin það. Sömuleiðis var það auðvitað sögulegt í Sviss að þar skyldi meiri hluti, bæði í kantónunum og meiri hluti þjóðarinnar í atkvæðagreiðslu fella aðild að EES. Sömuleiðis var það sögulegt að í Frakklandi, forusturíki Evrópusamrunans, skyldi muna örfáum kommum að sjálft Maastricht-samkomulagið félli. Allir vita um andstöðuna í Bretlandi. Það liggur fyrir að fengi breska þjóðin að segja sitt álit yrði Maastricht-samkomulagið kolfellt. Það er fyrst og fremst á bláþræði, á örmjóum meiri hluta í breska þinginu sem það mál hangir þar. Og svo yrði hér á Íslandi að mínu mati, fengi þjóðin að segja sitt álit. Ég held reyndar að hún sé að gera það á vissan hátt með því að gefa núverandi hæstv. ríkisstjórn og forustumönnum stjórnarflokkanna einhverjar lægstu einkunnir sem sést hafa í skoðanakönnunum hér á landi frá upphafi vega.

Þannig er nú það og þess vegna eru þessi mál að sjálfsögðu ekki til neinnar endanlegrar afgreiðslu hér, það er auðvitað ekki svo. Hér er ekki verið að setja punktinn aftan við umræðu um þessi Evrópumál eða þróun þeirra til langs tíma litið, það er ég sannfærður um. Þær forsendur eru ekki fyrir hendi, málin hafa ekki verið undirbyggð þannig og svo margt er enn á huldu, svo margt er enn í fulkominni óvissu varðandi framtíðina að jafnvel hinir hrokafyllstu í hópi evrópskra stjórnmálamanna eru hættir að gefa sér hlutina fyrir fram, ganga að þeim sem gefnum.

Enn sem komið er hefur einungis mikill minni hluti EB-ríkjanna samþykkt samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Ef ég man rétt voru það þrjú ríki um síðustu áramót eða þangað til fyrir skemmstu síðan og reyndar hef ég ekki heyrt að nein hafi bæst við í þann hóp. Sum þeirra, eins og til að mynda Spánn, hafa beinlínis tekið samninginn af dagskrá sinna þjóðþinga. Spænska ríkisstjórnin kallaði eins og kunnugt er til baka staðfestingarfrumvarp um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði fyrir síðustu jól og mér er ekki kunnugt um að það frv. hafi verið lagt þar fram á nýjan leik. Þvert á móti hefur spænska stjórnin og spænska þingið mótað þá afstöðu að þeir muni ekki snerta á samningnum um Evrópskt efnahagssvæði fyrr en þá að búið er að afgreiða Maastricht-samninginn innan Evrópubandalagsins í öllum ríkjunum. Og það er langt í land með það eins og kunnugt er. Þannig er málið enn í fullkominni óvissu. Sömuleiðis eru aðildarumsóknir hinna EFTA-ríkjanna í mikilli óvissu, a.m.k. Noregs og væntanlega einnig staða Sviss. Úr því að Sviss tók sér það fyrir hendur að fella samninginn um Evrópskt efnahagssvæði á það væntanlega nokkuð erfitt með að kyngja inngöngu í Evrópubandalagið sjálft. Þannig er auðvitað vindurinn nú allur á móti þessari þróun og þess vegna væri það langskynsamlegast af okkur Íslendingum að fara okkur hægt og gera ekkert það í þessum efnum sem í ljósi þróunarinnar næstu mánuði eða missiri yrði bersýnilega orðið óskynsamlegt eða okkur óhagstætt.

Það er enginn vafi á því í mínum huga að það sem þjónaði okkar hagsmunum best og það sem íslenska þjóðin vill er einfaldur viðskiptasamningur við Evrópubandalagið um okkar viðskipti og síðan samvinna við þau lönd og það bandalag á þeim sviðum sem við óskum eftir að vera í samstarfi við. Þannig er auðvitað fyrir eina smáþjóð með mikla sérstöðu eins og okkur Íslendinga langfarsælast að leysa þessi mál. Með einföldum viðskiptasamningi sem er framkvæmdur þannig að yfir honum er engin yfirbygging önnur en samráð samningsaðilanna og eftirlit með framkvæmd hans á svæði hvors um sig. Síðan gætum við eftir atvikum gert samstarfssamninga eða verið þátttakendur í áætlunum ríkja Evrópubandalagsins á sviði menningar, vísinda og menntunar eftir því sem við óskuðum eftir eða teldum okkur hagstætt. Í þannig farvegi hafa þessi samskipti verið og það með ágætum. Mér er t.d. ekki kunnugt um að í nokkurt skipti hafi strandað á því að við Íslendingar gætum gerst aðilar að einhverjum áætlunum eða verkefnum ríkja Evrópubandalagsins á sviði menntunar, menningar eða vísinda ef við höfum óskað eftir því og leitað eftir því. Ég veit ekki annað en því hafi jafnan verið tekið fagnandi að Ísland gerðist aðili að slíku. Við höfum yfirleitt notið þar skilnings og velvildar og að mörgu leyti náð kjörum sem eru okkur hagstæð og með vissum hætti notið þar smæðar okkar og sérstöðu og þó þeirrar virðingar sem við þrátt fyrir allt höfum notið sem sjálfstæð lýðræðisþjóð. Ég er alveg sannfærður um að í þeim farvegi væri best að þróa þessi samskipti áfram.

Margt hefur verið merkilegt sagt um kostina sem fylgdu þessari samningagerð og er ég þá ekki síður að tala um hina óbeinu hagsmuni sem af því hljótist, t.d.

þá að þetta sé gott vegna þess að margt sé ágætt í löggjöf og tilskipunum Evrópubandalagsins og það sé þarft fyrir okkur að taka það hér upp, að þetta verði til þess að við förum í gegnum lagasafnið og endurbætum þar ýmislegt, tökum upp réttindaákvæði á sviði vinnumarkaðar og neytendamála o.s.frv. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnast þetta harla sérkennileg rök. Hvað hefur komið í veg fyrir eða hvað mundi koma í veg fyrir að við tækjum hvað eina það upp úr löggjöf Evrópubandalagsins eða nágrannaríkjanna sem okkur sýndist okkur verða til hagsbóta? Hefur það ekki verið þannig að við höfum iðulega og reyndar oftast leitað fordæma t.d. á hinum Norðurlöndunum þegar við höfum verið að endurskoða og yngja upp okkar lagaákvæði? Ég hélt það. Auðvitað skiptir það nákvæmlega engu máli í þessu sambandi hvort við erum aðilar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði eða hvað þá heldur aðilar að Evrópubandalaginu. Við getum að sjálfsögðu leitað þangað fordæma um atriði í okkar löggjöf og varðandi okkar réttindamál hvers konar, öll sem okkur sýnist rétt eins og við getum leitað þeirra til Bandaríkja Norður-Ameríku eða hvert þangað sem skynsamleg ákvæði er að finna á meðan við höfum fullt sjálfstæði í þeim efnum. Því lýkur hins vegar með aðild okkar að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Eftir það getum við ekki valið og hafnað og haft sumt eins og það er í Danmörku, annað eins og það er í Finnlandi, enn annað eins og það er í Þýskalandi og það fjórða eins og það er í Bandaríkjunum. Það mun ekki verða hægt vegna þess að við skuldbindum okkur til að búa við hinn evrópska rétt og annað ekki. Auðvitað eru þetta engin rök og ef eitthvað er öfugsönnun. Okkar staða takmarkast mjög mikið hvað þetta snertir. Þannig er það þegar farið er yfir það í lokin, hæstv. forseti, sem um þetta hefur verið sagt að margt orkar það harla kynlega á mann.

Um hina efnislegu þætti, þ.e. þær hagsbætur sem við Íslendingar njótum af t.d. tollalækkunum og að vega það á móti öðrum ákvæðum sem okkur eru síður eða miður hagstæð, geta menn svo endalaust rætt og reiknað og hefur reyndar verið gert. Hæstv. utanrrh. hefur m.a. orðið frægur að endemum í sambandi við talnameðferð sína á því sviði. Það er sá þáttur málsins sem mér finnst fullkomlega eðlilegt að menn séu ósammála um og leggi mismunandi mat á og auðvitað er það þannig að einungis reynslan getur svarað því að hve miklu leyti þessar breytingar verða okkur til hagsbóta og að hve miklu leyti þær verða okkur óhagstæðar. Hvort verða þær hagsbætur, sem allir viðurkenna að í vissum mæli eru að því fyrir sjávarútveginn að fá þennan samning, þ.e. tollalækkunarhlið hans, meiri eða minni, hvort vega þær þyngra eða léttara en fórnarkostnaðurinn sem við stöndum frammi fyrir og munum þurfa að taka á okkur á sviði landbúnaðar, iðnaðar og í ýmiss konar þjónustustarfsemi? Og hvernig á svo að meta inn í það samhengi þá hluti sem ekki verða metnir til fjár eins og fullveldi og sjálfstæði þjóðarinnar, forræði okkar yfir ýmsum málum sem takmarkast með þessum samningi?

Hæstv. forseti. Eftir vandlega skoðun á þessu máli um mitt sl. ár komst ég að þeirri niðurstöðu eins og aðrir í mínum þingflokki að þessi samningur væri okkur Íslendingum ekki nógu hagstæður. Hann væri ekki rétta fyrirkomulagið á framtíðarsamskiptum okkar við Evrópubandalagið og því væri rétt að hafna honum og leita eftir viðræðum um að ganga frá þeim málum með öðrum hætti.

Nú hillir að vísu undir það að Alþingi viðurkenni það í reynd ef svo fer með afgreiðslu á ályktun um nauðsyn þess að taka upp tvíhliða viðræður um samskipti Íslands og Evrópubandalagsins sem er auðvitað nokkuð merkilegt að skuli koma hér fram a.m.k. í formi nál. jafnvel áður en endanlegri afgreiðslu EES-samningsins er lokið á þinginu og mörgum mánuðum áður en hann gengur í gildi. Það segir kannski meira en mörg orð um það að þessi passi hæstv. utanrrh. inn í 21. öldina er ekki með langan gildistíma í hugum margra, að það skuli þegar vera farið að tala um hvernig eigi að bjarga málum þegar hann er fallinn úr gildi, áður en hann er gefinn út eða gengur í gildi.

Jafnsannfærður og ég var orðinn um mitt sl. ár, hæstv. forseti, hvað þetta snertir að þessum samningi bæri að hafna og leita annarra leiða til að tryggja góð samskipti okkar og nauðsynlega viðskiptahagsmuni gagnvart Evrópu, þá er ég það enn frekar í dag. Ég tel að öll þróun mála á síðari hluta sl. árs og það sem af er þessu hafi bætt í og þyngt röksemdir okkar sem höfum varað við þessum samningi og flutt þann málstað að leggjast beri gegn því að lögfesta hann, hvað þá þegar horft er til þess að ákvæði hans samrýmast ekki íslensku stjórnarskránni og þjóðinni hefur verið neitað um að láta í ljós sitt álit. Sá blettur á meðferð hæstv. núv. ríkisstjórnar á þessu máli mun verða lengi uppi.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. spyr enn hvort búið sé að afhenda fullgildingarskjöl til staðfestu tvíhliða samningi Íslands við Evrópubandalagið um gangkvæm skipti á veiðiheimildum. Hann hefur spurt áður og fengið skýrt svar. Svo var ekki. Hann spyr enn og fær sama svarið. Ástæðan er mjög einföld: Evrópubandalagið hefur ekki staðfest þennan samning og hann verður að sjálfsögðu ekki fullgiltur og kemur ekki til framkvæmda við svo búið.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svarið. Það er gott að það liggi fyrir. Það svarar væntanlega þá líka því að óðagotið í sambandi við afgreiðslu málsins hér á Alþingi sl. vetur um áramótin var auðvitað með öllu ástæðulaust og þarf ekki að ræða það frekar. Ég spurði hins vegar hæstv. utarnrrh. annarrar spurningar sem hann ekki svaraði. Ég tek það þannig að hæstv. ráðherra ætli að gera það í lok umræðunnar þegar hann kveður sér væntanlega hljóðs og svarar almennt því sem hér hefur verið spurt um eða fram hefur komið og

þá er það í góðu lagi af minni hálfu. En ég minni hæstv. ráðherra á það að hann fékk frá mér aðra spurningu.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. hafði mörg orð uppi um landbúnaðarmál í tengslum við þennan samning. En honum er náttúrlega vel kunnugt um það að þessi samningur er ekki um landbúnaðarmál og fjallar ekki um þau.

Að því er varðar tvíhliða samninga einstakra EFTA-ríkja við Evrópubandalagið um landbúnaðarmál þá er það rétt sem fram kom í máli hans að EFTA-ríkin féllust öll á það að flýta gildistöku þessara tvíhliða samninga sinna til 15. apríl. Á það reyndi ekki í verki að því er Ísland varðar vegna þess að lög um breytingar á búvörulögum sem hefðu þurft að vera komin til framkvæmda voru það ekki svo á það reyndi ekki að því er Ísland varðar. EFTA-löndunum var það að sjálfsögðu gjörsamlega útlátalaust að flýta gildistöku þessara tvíhliða samninga sinna vegna þess að í því fólst að það var engin breyting á efnisákvæðum. Þau kusu að gera þetta frekar en að standa í eilífðar þrefi um hærra gjald eða hærri greiðslur í þróunarsjóði Evrópubandalagsins, þannig að sem samningsniðurstaða út af því þrefi var þetta EFTA-ríkjunum hagstætt.

Það var jafnframt staðfest að það var afar skynsamlegt af Alþingi Íslendinga að hraða staðfestingu á tvíhliða samningnum um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum til þess að það væri ekki opið mál fyrir spænsk stjórnvöld til að taka upp enn frekara þjark um stærri hlut að því er varðaði veiðiheimildir. Það var því enginn æðibunugangur heldur mjög hyggilega á málum haldið af hálfu Íslands.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Ég vek athygli hæstv. utanrrh. á því að ég talaði jafnan um samningagerðina og átti þá við viðauka og annað það sem þessu fylgdi. Mér er það vel ljóst að landbúnaðarþátturinn er ekki inni í EES-samningnum sjálfum heldur á formi tvíhliða samninga milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins.

Það er fróðlegt að hæstv. utanrrh. staðfestir það að enn einu sinni hafi landbúnaðurinn verið látinn færa fórnarkostnaðinn í samningunum við Evrópubandalagið. Að þessu sinni hafi hæstv. landbrh. fallist á að flýta gildistöku ákvæðanna um viðskipti með tilteknar landbúnaðarvörur til þess að sleppa undan kröfum Evrópubandalagsins um hærri framlög í þróunarsjóð. Þá er þetta í annað ef ekki þriðja skipti sem landbúnaðarþátturinn — sem í upphafi átti alls ekki að vera inni í þessum viðræðum, inni í þessari samningagerð, og það var fullyrt af öllum — er látinn borga herkostnaðinn af einhverri niðurstöðu. (Gripið fram í.) Hæstv. utanrrh. veit nú betur en svo að fullyrða að hér sé ekki á ferðinni hlutur sem menn hafi áhyggjur af fyrir hönd íslensks landbúnaðar. Hæstv. utanrrh. á að vita betur. Ég held að allir séu sammála um það að fátt valdi meiri ugg nú um stundir en til að mynda hver útkoma og afdrif garðyrkjunnar verða í framhaldi af þeim breytingum sem verið er að gera á innflutningsmálum. Ég tel að það sé mikilsvert að það liggi fyrir yfirlýst af hálfu hæstv. utanrrh. að þarna hafi landbúnaðurinn enn verið látinn borga herkostnaðinn, fórnarkostnaðinn, hagsmunir hans seldir fyrir ímyndaða ávinninga hæstv. utanrrh. á öðrum sviðum.

Ég spurði svo hæstv. utanrrh. sérstaklega eftir því hvort rétt væri að hann hefði fallist á að láta þetta ganga í gildi 15. apríl sl. án samráðs við hæstv. landbrh. Sú saga gengur um bæinn, hæstv. utanrrh., að þetta hafi verið gert án samráðs við landbrh. Ég vænti þess að hæstv. utanrrh. geti svarað því hvort það sé rétt. (**Utanrrh.:** Í fullu samráði við landbrn.) Í fullu samráði. Það er gott að heyra það.

Útbýting þingskjala:

Alþjóðasamningur um viðbúnað gegn olíumengun, 535. mál, nál. utanrmn., þskj. 1113.

Áburðarverksmiðja ríkisins, 238. mál, nál. meiri hluta landbn., þskj. 1108; brtt. meiri hluta landbn., þskj. 1121.

Framleiðsla og sala á búvörum, 504. mál. brtt. meiri hluta landbn., þskj. 1125.

Menningarsjóður, 306. mál, nál. minni hluta menntmn., þskj. 1109.

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, 536. mál., nál. utanrmn. þskj. 1114.

Samningur um verndun villtra plantna og dýra í Evrópu, 533. mál, nál. utanrmn., þskj. 1111.

Samþykkt um votlendi, 534. mál, nál. utanrmn., þskj. 1112.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er aðeins eitt atriði sem ég hef hugsað mér að ræða við þessa þriðju umræðu þessa máls sem jafnframt er lokaafgreiðsla EES-málsins hér og það er það að við skulum yfir höfuð þurfa að gera breytingu á þeim texta sem við höfum verið að fjalla um meira og minna í allan vetur undir því yfirskyni að hann væri fullbúinn. Það er jafnframt eitt af þeim atriðum sem hnykkir á um það að þetta er ekki fullbúinn samningur. Það má vera að þetta verði hinn endanlegi texti, það má vera að þessi samningur verði tekinn í gildi með þessum hætti en það er svo sannarlega ekki víst eða klárt. Og brotthvarf Sviss úr þessu samningaferli er jafnframt skýr skilaboð um að það eru fleiri en almenningur á Íslandi sem geta hugsað sér Evrópusamstarf með öðrum hætti. Ég vil vekja sérstaka athygli á því að núna þegar þessir miklu ólgutímar eru í Evrópu þá er miklu skynsamlegra að doka við og reyna að koma sér niður á jörðina og komast í tengsl við þann veruleika sem er í þessari álfu sem við tengjumst sterkustum böndum. Við þurfum að meta ástandið í Evrópu í ljósi alþjóðlegrar samskipta og við þurfum jafnframt að meta þetta ástand í ljósi samskiptanna við fjórða heiminn, þ.e. þjóðernisminnihluta og smáþjóðir innan Evrópu og annars staðar í heiminum.

Ég get ekki betur séð en að reynslan frá því um

áramót og þar til núna staðfesti mjög að hér er við afskaplega máttugt alþjóðlegt afl að eiga eða fjölþjóðlegt a.m.k. sem vill koma á hvað sem það kostar öflugu markaðsbandalagi í þágu stórfyrirtækja sem hafa hag af því að hafa hið frjálsa flæði þjónustu, vöru og fólks og allt þetta fjórfrelsi innan Evrópu sem mér er ekkert sérlega annt um undir þeim formerkjum sem það hefur verið kynnt. Ég er hlynnt frelsi í samskiptum þjóða en það verður þá að vera frelsi allra, það má ekki bara að vera frelsi þeirra sem hafa komið ár sinni þannig fyrir borð að þeir geti tryggt sér áhrif í viðskiptum og verslun sem ræður ferðinni innan Evrópubandalagsins og mun gera það sjálfsagt innan hins Evrópska efnahagssvæðis. Ég vil taka það dæmi t.d. sem vakti töluverða athygli um síðustu helgi þegar á kreik komst bréf þar sem því var haldið fram að sá kattarþvottur sem dönsk stjórnvöld höfðu í frammi varðandi Edinborgarbókunina, um að það ætti að taka tillit til sérstöðu Danmerkur vegna Maastricht, væri í rauninni marklaust plagg. Þetta eru óneitanlega skýr skilaboð. Danmörk er í hópi smáþjóða innan Evrópubandalagsins, þjóða sem hafa átt undir högg að sækja. Þó er það þjóð sem er mun öflugri heldur en við í slíkum samskiptum. En nú á að fara að leggja Maastricht-samkomulagið enn á ný fyrir dönsku þjóðina með Edinborgaryfirlýsingunum og á sama tíma kemst það á kreik að í rauninni sé þetta bara allt í plati það sem gert var í Edinborg og til þess eins að róa Dani. Og það er kannski engin tilviljun að stuðningur við jáyrði í Danmörku hefur skroppið saman úr 75% niður í 45% og að nei-atkvæðahópurinn er um 30% en óákveðnir eru stór hópur líka og það er ekki meiri hluti. Línan er sú í Danmörku að menn eru sífellt að verða gagnrýnni á það sem er að gerast þar. Mér þykir það eðlilegt.

Ég ber virðingu fyrir frændum okkar Dönum fyrir að hafa sýnt þó ákveðið sjálfstæði í þessu máli og ég yrði ekkert hissa þó þeir gerðu það áfram. Ég vek þá athygli á því líka að þetta hefur fært andstöðunni innan breska þingsins byr undir báða vængi. Þetta segir okkur það að því meira sem við vitum um vinnubrögðin innan Evrópubandalagsins, og þar með innan Evrópska efnahagssvæðisins, því meira sem upplýsist af því þeim mun meiri verða efasemdir bæði Evrópubandalagsríkjanna og annarra ríkja gagnvart því afli sem þarna er. Þetta eru þau skilaboð sem ég vil koma á framfæri í lokin. Þetta eru svo sannarlega ekki einu rökin sem ég hef fram að færa í þessu máli en það hefur verið hér ítarleg umræða fyrr. Þau rök eru öll í fullu gildi og ef eitthvað er hafa þau sannað gildi sitt á þeim tíma sem liðinn er síðan við tókum hina mestu umræðu um þetta mál og brotthvarf Sviss út úr þessu ferli öllu saman segir okkur að það er hægt að velja fleiri leiðir. Við stöndum frammi fyrir því núna að það er verið að bregðast við þessu og láta sem þetta þýði svo sem ekki neitt. Þetta þýði ekkert annað en að eitt ríki hafi ákveðið að snúa baki við þessu samningaferli og myndun þessa Evrópska efnahagssvæðis en auðvitað eru það skýr skilaboð. Og það þýðir ekkert að skella skuldinni á afturhaldssama Svisslendinga vegna þess einfaldlega að mjög framarlega í flokki andspyrnuhreyfingar í Sviss voru umhverfisverndarsinnar og lýðræðissinnar, það var fólk sem hefur stutt mjög ýmsar lýðræðishreyfingar innan Evrópu. Þetta er fólk sem ég tel að við eigum fulla samstöðu með og samleið með. Þetta er fólk sem vill vinna að auknu Evrópusamstarfi á öðrum grunni heldur en gert hefur verið. Því segi ég það enn og aftur: Brotthvarf Sviss þýðir ekki það að við séum að gera formlegar heldur efnislegar breytingar á þessu samstarfi og ég tel að enn sé tækifæri til að hafna því rétt eins og Svisslendingar báru gæfu til að gera.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hin efnislega umræða um þetta mál hefur farið fram. Það er ekki ástæða til að rifja hana upp. Skoðanir manna munu trúlega ekki taka breytingum hér í þingsalnum. En þau undur og stórmerki gerðust hér í atkvæðaskýringu að ungur og galvaskur þingmaður kom upp og flutti þingheimi boðskap utan af landsbyggðinni. Þetta var hv. 5. þm. Norðurl. v. Hann hafði verið á ferðalagi ásamt Þresti Ólafssyni en þeir félagar mynda í sameiningu tvö höfuð á sömu nefndina. Þegar hann hafði lítið yfir farinn veg og rifjað upp minningarnar af fundunum þar sem þeir höfðu verið skammaðir botnlausum skömmum á flestum stöðum þá minntist hann þess að enginn hafði skammað hann fyrir EES. Af þessu dró hann þá ályktun að allir væru sammála EES. Mig langaði til að spyrja hann að því hvort EES-málið hafi verið á dagskrá á fundunum, hvort það hafi verið auglýst sem eitt af þeim málum sem þar bæri að ræða, því það hlýtur að vera þó nokkuð umhugsunarefni þegar fundur stendur e.t.v. til klukkan tvö um nóttina hvort menn eigi að taka mál eins og EES upp og bæta því við þá umræðu sem fyrir er.

Ég skil vel gleði hv. 5. þm. Norðurl. v. að hafa getað ferðast um landið og hafa sloppið við skammir í þessum efnum. Það er út af fyrir sig ekkert skrýtið þótt hann hafi verið glaður yfir því og ég vil að sjálfsögðu ekki verða til þess að taka frá honum þá gleði. En mig undrar það þó ekki sé meira sagt hvernig mönnum dettur í hug að koma með þá röksemdafærslu hér í ræðustólinn eins og hv. þm. gerði. Það er í sjálfu sér alveg furðulegt.

Það er vitað að þjóðin skiptist í fylkingar í þessu máli. Það er vitað að það er mikill hiti í þessu máli vegna þess að Íslendingar hafa ekki fengið að tjá viðhorf sitt til málsins í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er vitað að það er álit margra þingmanna að þessi samningur brjóti stjórnarskrána og þess vegna sé ekki löglega staðið að samþykkt hans. Þetta eru þær staðreyndir sem blasa við. Núverandi meiri hluti í þinginu hefur ákveðið að láta atkvæði ganga á þann veg að samningurinn verði samþykktur án þess að það álitamál sé afgreitt hvort hann standist stjórnarskrána eða ekki. Ég verð að segja eins og er að miðað við það að meiri hluti er fyrir samþykktinni þá þykir mér betra að hitt álitamálið standi þá eftir því þá veit ég í hjarta mínu að samningurinn er ekki samþykktur á löglegan hátt. Hann er ekki samþykktur á löglegan hátt og þar af leiðandi lít

ég svo á að hver einasti Íslendingur sé óbundinn af þeirri samþykkt sem hér stendur til að knýja í gegn. Það er vissulega góður hlutur að horfa á það þegar vitlaus samningur átti að binda hendur þjóðarinnar, að við búum þó við þann kost að þeir sem um eiga að véla eru ekki hæfari lögfræðingar en svo að þeir ganga frá málinu með ólöglegum hætti.

En yfir Íslandi hvílir í dag vofa atvinnuleysis. Og það er kaldhæðni örlaganna að það skuli vera fulltrúi Alþfl. í bankaráði Seðlabanka Íslands sem kemur þeim boðskap á framfæri við þjóðina sem allir vita að er ein af afleiðingum þess að samningurinn verður samþykktur og það er að atvinnuleysi á Íslandi mun því miður taka þó nokkurt mið af atvinnuleysi í Evrópu á næstu árum. Ástæðan er einfaldlega sú að það er hægt að flytja hingað fólk ótakmarkað og auka þannig á atvinnuleysið ef atvinnurekendur líta svo á að það þurfi að nota atvinnuleysissvipuna til að aga verkafólk á Íslandi eins og virðist vera skilningur sumra. Mig grunar að hagfræðingurinn sem talaði á ársfundi Seðlabankans sé einn af þeim sem gælir við þá hugmynd að það sem hann kallar hóflegt atvinnuleysi sé það sem hann telur æskilegt. Einhvern tímann hefðu það þótt tíðindi að það væri fulltrúi Alþfl. sem boðaði slíkt. Og ég vil bæta því við að hér á árum áður var það ekki reglan að formaður bankaráðs Seðlabankans teldi að hann þyrfti að flytja einhverja tölu þegar ársreikningar bankans væru teknir fyrir. Nú hefur það aftur á móti gerst að fulltrúi Alþfl. telur sig eiga svo brýnt erindi við þjóðina að hann getur ekki setið á sér að koma þeim boðskap á framfæri til alþýðu manna að búast megi við hliðstæðu atvinnuleysi á Íslandi og er í Evrópu. Var það vegna þess að hann óttaðist að samningamenn ASÍ yrðu of harðir við samningaborðið, það væri rétt að veifa atvinnuleysisdulunni á þeirri stundu? Ég bið Alþfl. vel að njóta þeirrar ákvörðunar að hafa valið slíkan mann í bankaráðið til að koma sínum boðskap á framfæri.

Ummæli hans gagnvart byggðastefnu og Byggðastofnun lifa einnig. Þau verða geymd en ekki gleymd. Það er mikill tvískinnungur í því þegar þeir sem betur mega sín, hafa náð góðum stöðum, trúlega og vissulega með tilkostnaði alls almennings í landinu því að skólavist á Íslandi var ókeypis þegar umræddur einstaklingur stundaði hér nám — það er umhugsunarefni þegar slíkir menn ná þeirri aðstöðu að hafa völd og geta viðrað sínar skoðanir að þá hiki þeir ekki við að senda alþýðu manna kaldar kveðjur eins og gerðar voru. Það voru sendar kaldar kveðjur til launþega þessa lands með tilkynningunni um atvinnuleysið og það voru sendar kaldar kveðjur til byggðanna hringinn í kringum landið sem hafa haldið uppi íslensku efnahagslífi með sjósókn eins og allir í landinu vita sem til þekkja.

Ég sé að svo hreint er taflið að það er ekki einn einasti alþýðuflokksmaður í salnum. Og nú skyldi enginn orð mín skilja á þann veg að ég sakni þess eða að ég telji nauðsyn að þeir séu í salnum. En það segir kannski sitt um samviskuna, að hún sé örlítið farin að kvelja þá. Ég tek einnig eftir því að þeir sem eru í salnum eru flestir andstæðingar þessa samnings og sumir hverjir á landamærunum með sína afstöðu. Einn þeirra sem hér eru í salnum hefur lýst því yfir á erlendri grund, ekki við alþýðu manna undir þeim kringumstæðum að það væri ætlast til þess að því væri sérstaklega hampað heldur undir öðrum kringumstæðum, að hann hefði enga trú á framtíð þessa bandalags. Ég ætla ekki að fara að hafa það yfir sem alþýða manna segir um það hvenær eigi að trúa Íslendingum en það er umhugsunarefni undir þessum kringumstæðum að það er viss kenning í gildi hvað það snertir. Kannski átti hún við undir þeim kringumstæðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tvíhliða samningur við Evrópubandalagið, frh. síðari umr.

Þáltill. StH og HÁ, 303. mál. — Þskj. 472, nál. 1018, brtt. 1019.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með það samkomulag sem varð um þá tillögu sem við hv. þm. Halldór Ásgrímsson fluttum um stefnumörkun hér á Alþingi í viðskiptum við Evrópubandalagið. Á þessari tillögu voru gerðar nokkrar orðalagsbreytingar sem ég tel ekki að breyti í nokkru meginmarkmiði hennar. Eins og tillagan var áður orðuð þá misskildu sumir þingmenn hana þannig að ætlunin væri að tvíhliða samningur kæmi í staðinn fyrir EES eða hið Evrópska efnahagssvæði þannig að hætt yrði við það. Ég hefði að vísu fagnað því ef það hefði verði í myndinni en svo töldum við nú ekki heldur var það ætíð okkar skoðun að við Íslendingar yrðum að vera undir það búnir að hið Evrópska efnahagssvæði leysist upp með því að ýmis EFTA-löndin gerist aðilar að Evrópubandalaginu. Orðalagsbreytingin er fyrst og fremst gerð til þess að eyða slíkum misskilningi. Það er að sjálfsögðu alveg ljóst að með þessari tillögu er mörkuð sú stefna Alþingis, ef þetta verður samþykkt, að leita beri tvíhliða samninga við Evrópubandalagið þegar, og við verðum líklega að segja ef enn þá, hið Evrópska efnahagssvæði leysist upp vegna þess sem ég nefndi áðan að ýmis ríki hverfa frá því og gerast aðilar að Evrópubandalaginu. Mjög greinilega kemur fram ekki síst í greinargerð með tillögunni og með þeirri brtt. sem nú er flutt af utanrmn. að hér er um að ræða tvíhliða samning við Evrópubandalagið. Ef einhverjir hafa viljað skilja þetta svo að þessi samskipti við Evrópubandalagið gætu þýtt umsókn um aðild að Evrópubandalaginu vil ég vísa því algjörlega á bug. Það er alveg ljóst að ef Íslendingar gerðust, sem við skulum vona að aldrei verði, aðilar að Evrópubandalaginu þá er ekki í raun um tvíhliða samskipti að ræða, slíkt ríki er orðið aðili að Evrópubandalaginu og undir það fallið að öllu leyti.

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. Hjörleifi

Guttormssyni fyrir ágætar spurningar sem hann lagði fram. Ég vil einnig þakka bæði hv. formanni nefndarinnar og hæstv. utanrrh. fyrir þeirra svör. Ég fagna því sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. að Evrópubandalaginu verði strax tilkynnt um þennan vilja Alþingis ef þetta verður samþykkt þannig að það liggi þar þegar fyrir. Út af fyrir sig hlýt ég líka að taka undir það að samþykkt þessarar tillögu kemur ekki í veg fyrir það að ef stjórnvöld síðar meir kunna að óska eftir því að sækja um aðild þá er það þeirra mál. En ég lít svo á að hafi Alþingi samþykkt þessa tillögu og þar með þá stefnu í samskiptum við Evrópubandalagið að leita skuli eftir tvíhliða samningi, þá verði slík ákvörðun áður en nokkuð er í henni gert að koma fyrir Alþingi og fá samþykki hér sem breyting á stefnumörkun Alþingis.

Ég lít með öðrum orðum svo á að eins og tillagan er nú orðuð þá nái hún því sem við stefndum að, að eyða þeirri óvissu sem mér hefur þótt koma æðimikið fram hjá jafnvel pólitískum flokkum og ekki síður samtökum hér á landi sem hafa gælt við þá hugmynd að rétt væri að sækja um aðild að Evrópubandalaginu og sjá hvernig þeirri umsókn reiddi af. Með þessari tillögu hefur Alþingi tekið af skarið að Alþingi telur ekki að það eigi að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. M.a. getur sá hv. þm. sem gengur hér fyrir ræðustólinn hætt að ýja að því undir spurningarmerkjum í greinum í dagblöðunum. Þá er þessari óvissu eytt og ég veit að hv. þm. hlýtur að fagna því eins og aðrir.

Ég ætla ekki að hafa þetta langt mál, vildi bara leggja áherslu á það að ég fagna mjög að þessi samstaða hafi náðst og ég vona að það geti orðið alger samstaða hér um að marka þessa mikilvægu stefnu og eyða þeirri óvissu sem er í málinu. Ég tel það mikinn áfanga og vona að á málinu verði síðan haldið af opinberri hálfu í fullu samræmi við þennan vilja Alþingis.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það eru nokkur dægur síðan umræðan hófst um þessa tillögu. Í þeim umræðum lagði hv. 4. þm. Austurl. margar spurningar fyrir hæstv. utanrrh. og hv. formann utanrmn. og ég tel að þær spurningar hafi verið gagnlegar og þær umræður sem af þeim leiddu.

Ég er þeirrar skoðunar að miðað við ríkjandi aðstæður sé skynsamlegt að samþykkja þá tillögu sem hér liggur fyrir. Fyrir því hef ég þau rök fyrst og fremst að það er mikilvægt hvað liggur fyrir frá Íslandi á borðunum í Brussel við þær aðstæður sem nú eru uppi í þróun þessara svokölluðu Evrópumála. Ég tel að það sé mikilvægt að þar sé ekki aðildarbeiðni. Út af fyrir sig er það rétt sem hv. 4. þm. Austurl. hefur sagt, það hefur ekki verið tekin ákvörðun um að sækja ekki um aðild, það er rétt, en það liggur ekki fyrir aðildarbeiðni. Það er í öðru lagi ekki autt borð og í þriðja lagi mun liggja fyrir þessi yfirlýsing um vilja Alþingis Íslendinga um tvíhliða samninga við Evrópubandalagið við þær aðstæður sem kynnu að skapast og það er mikilvægt að fram hefur komið að yfirlýsing um þessa afgreiðslu yrði send tafarlaust ef Alþingi samþykkir þessa tillögu.

Ég tel, virðulegi forseti, að þetta sé reyndar ekki síst mikilvægt vegna þess að Alþingi hefur samþykkt aðild Íslands að Vestur-Evrópubandalaginu, hernaðararmi Evrópubandalagsins. Ef það eitt lægi eftir þetta þing að það hefði samþykkt aðild að EES og aðild að hernaðararmi Evrópubandalagsins þá er það auðvitað alveg augljóst mál að staða okkar væri mikilli óvissu undirorpin og þess vegna tel ég það skynsamlegt að fallast á tillögu af því tagi sem hér er flutt af utanrmn. Ég tel að í henni felist út af fyrir sig ekki nein pólitísk straumhvörf og ég tel heldur ekki að það sé nægilegt að mæla fyrir tillögunni með þeim rökum sem hv. formaður utanrmn. gerði, að tillagan sé einkar hagstæð fyrir stjórnmálaástandið á Íslandi. Ég tel að málið liggi einfaldlega þannig að hinn praktíski veruleiki í umheiminum sé með þeim hætti, eins og ég hef hér rakið, að það liggi ekki fyrir aðildarbeiðni, það sé ekki autt borð heldur liggi þessi yfirlýsing fyrir m.a. af því að Alþingi hefur samþykkt að Ísland verði aukaaðili að hernaðararmi Evrópubandalagsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Evrópskt efnahagssvæði, frh. 3. umr.

Stjfrv., 440. mál (brottfall ákvæða er varða Sviss). — Þskj. 749.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 31:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, GAK, ÓE, PJ, RG, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, ÞurP, GunnS, SalÞ.

nei: HG, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, SJóh, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, AÓB, EH, EKJ, GB, GÁ, GHelg.

6 þm. (ISG, IP, JGS, JónK, VS, FI) greiddu ekki atkv.

4 þm. (IBA, SighB, EGuðn, HÁ) fjarstaddir.

10 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þetta er dimmur dagur í sögu Alþingis Íslendinga. Verði það frv. sem hér eru greidd atkvæði um samþykkt af þinginu og þar með sá samningur staðfestur með öllu sem honum fylgir er Alþingi að afsala sér frumkvæði í mótun löggjafar á þýðingarmestu sviðum þjóðmála. Þá mun slík löggjöf vera mótuð og ákvörðuð af framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins og ráðherraráði Evrópubandalagsins og berast hér inn á borð alþingismanna þar sem kostirnir eru fáir aðrir en að beygja sig. Fyrir þá sem eru andvígir þessum samningi, fyrir þá sem treysta vilja sjálf-

stæði þjóðarinnar til frambúðar verður það verkefni frá þeim degi sem þessi samningur gengi í gildi að vinna gegn honum og losa íslenska þjóð úr þeim fjötrum sem á að reyra hana í með þessum samningi. Ég segi nei.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir felur í raun aðeins í sér tæknilega breytingu á þegar samþykktum lögum um hið Evrópska efnahagssvæði. Engu að síður má segja að fyrir okkur þingmenn marki það lokaafgreiðslu EES-samningsins hér á þingi. Sú afstaða sem ég tók til málsins á sínum tíma stendur þó óbreytt, þ.e. ég mun ekki greiða atkvæði.

Ég vil engu að síður nota þetta tækifæri til að koma á framfæri óánægju minni og í raun hryggð yfir því hvernig á þessu máli hefur verið haldið af hálfu ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans hér á þingi. Þau vinnubrögð hafa valdið sárum hjá stórum hópi fólks sem seint munu gróa. Þessu fólki finnst að troðið hafi verið á lýðræðislegum rétti þess sem þjóðfélagsþegna til að velja sér framtíð og stöðu í heiminum.

Í nóvember sl. felldi stjórnarmeirihlutinn á þingi þáltill. sem ég flutti ásamt öðrum fulltrúm stjórnarandstöðunnar um að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið yrði borinn undir þjóðina í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Nú nýverið felldi þessi sami stjórnarmeirihluti tillögu um að vísa því frv. sem nú er til afgreiðslu til ríkisstjórnarinnar, m.a. til að hún gæti notað þann tíma sem enn er til stefnu og borið málið í heild sinni undir þjóðina. Alþingi hefur brugðist verulegum hluta þjóðarinnar með því að afskrifa þjóðaratkvæðagreiðslu með þessum hætti. Það birtist m.a. í því að nú berast forseta Íslands öðru sinni áskoranir um að skrifa ekki undir lög sem varða aðildina að Evrópsku efnahagssvæði. Að þessu sinni lög sem breyta gildandi lögum um Evrópska efnahagssvæðið en koma ekki í þeirra stað. Að baki þessum áskorunum liggja einlægar skoðanir og virðingarverður baráttuvilji fjölmargra einstaklinga. Það fær þó ekki breytt þeirri staðreynd að nú þegar eru í gildi lög um aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Þau lög voru samþykkt og staðfest í janúar sl.

Á þetta vil ég leggja sérstaka áherslu hér, virðulegi forseti, vegna þess að mér finnst mjög miður ef ríkisstjórninni og Alþingi tekst að flytja kastljósið og ábyrgðina á þessu máli af sér og yfir á forseta Íslands. Alþingi og ríkisstjórn bera fulla og óskoraða pólitíska ábyrgð á inntaki og meðferð þessa máls.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Nú er komið að lokaafgreiðslu samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði, þessa mikla og mikilvæga máls sem hér hefur verið til umræðu frá því í ágústmánuði. Það hefur fátt breyst á þessum mánuðum sem geti orðið til þess að breyta minni afstöðu til þessa samnings. Það leikur enn sem fyrr vafi á því að samningurinn standist íslensku stjórnarskrána, vinnubrögð ríkisstjórnarinnar hafa verið og eru ámælisverð í þessu máli, landbúnaðarþáttur samningsins er enn ófrágenginn og það ríkir fullkomin óvissa um það hvort þessi samningur verður nokkurn tímann að veruleika. Með samþykkt þessa samnings erum við Íslendingar að afsala okkur valdi til stofnana hins Evrópska efnahagssvæðis og þar með erum við að minnka möguleika okkar til að móta okkar framtíðarstefnu á okkar eigin forsendum. Ég segi nei.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Með aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði er verið að færa verulegt vald á mikilvægum sviðum til yfirþjóðlegra stofnana í Brussel. Með aðild að Evrópsku efnahagssvæði er verið að undirgangast efnahagsstefnu sem tekur fyrst og fremst mið af hagsmunum stórfyrirtækja en hagsmunir fólksins mæta afgangi. Slíka efnahagsstefnu aðhyllist ég ekki. Slík stefna er sérstaklega óhagstæð konum. Með aðild að Evrópsku efnahagssvæði væri tekið stórt skref inn í sjálft Evrópubandalagið. Ég segi nei.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hér er Alþingi að ganga frá aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Þetta er að mínum dómi mikið óheillaspor. Samningurinn samræmist ekki hinni íslensku stjórnarskrá, samningurinn er í mörgum greinum Íslandi óhagstæður og að samningsgerðinni hefur af Íslands hálfu verið illa staðið, hagsmuna Íslands hefur ekki verið sómasamlega gætt og í sumum tilfellum jafnvel fórnað.

Ég lýsi fullri ábyrgð á hendur þeim alþingismönnum sem greiða þessum gerningi atkvæði sitt. Það er sögunnar að dæma þá. Ég segi nei.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er sannfæring mín að þessi samningur sé ekki hagfelldur okkur Íslendingum og sömuleiðis að í honum felist ekki nein frambúðarlausn á samskiptum okkar við aðrar Evrópuþjóðir. Það er óhjákvæmilegt að nota þetta síðasta tækifæri til þess að mótmæla vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Stofnað er til óþolandi réttaróvissu í landinu með því að lögfesta þennan samning án þess að gera breytingar á stjórnarskránni. Kröfu tugþúsunda Íslendinga og kröfu sameinaðrar stjórnarandstöðu um þjóðaratkvæðagreiðslu er hafnað. Þjóðin og þingið eru þverklofin í þessu máli. Þannig eru aðstæður við afgreiðslu málsins nú á lokastigi.

Þá er einnig óhjákvæmilegt að mótmæla endurteknum rangfærslum og blekkingum talsmanna þessa samnings, sérstaklega hæstv. utanrrh. sem hefur gert sig beran að ótrúlegum málflutningi oft og tíðum í þessu sambandi. Málið er í upplausn og óvissu og í því felst ekki á nokkurn hátt sú vísan til framtíðar sem mjög nauðsynlegt hefði þó verið að hafa fyrir okkur Íslendinga á óvissutímum í þessum efnum. Ég segi nei.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Á þessum degi, 5. maí 1993, er verið að taka sögulega ákvörðun á Alþingi Íslendinga. Það er verið að taka ákvörðun sem hefur í för með sér eigindabreytingar á lýðveldinu Íslandi, vinnubrögðum

Alþingis t.d. þar sem verið er að taka frumkvæðisréttinn og flytja hann út til annarra manna að því er varðar nýja löggjöf í landinu. Það er verið að reyna á þolrifin í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Það er verið að stíga skref sem gæti leitt til þess ásamt aukaaðildinni að Vestur-Evrópubandalaginu að ákveðnir aðilar krefjist þess fljótlega að Íslandi verði aðili að Evrópubandalaginu. Það er verið að hunsa undirskriftir tugþúsunda Íslendinga og kröfur stjórnarandstöðunnar allrar um það að efnt verði til þjóðaratkvæðis um þetta mikilvæga mál. Samt liggur það fyrir á þessari stundu að mikilvæg mál hafa ekki verið afgreidd þannig að menn hafa ekki einu sinni gætt sín í að ganga formlega og eðlilega frá hlutunum eins og því að eignarréttur þjóðarinnar á virkjunarrétti fallvatna og orku í jörð hefur ekki verið festur í lög. Hér er efnislega og formlega illa að málum staðið. Þetta er dökkur dagur í sögu íslensku þjóðarinnar. Ég segi nei.

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég hef þá trú að þegar fram líða stundir muni þessa samnings verða minnst fyrir það að að honum var unnið í tíð tveggja ríkisstjórna. Að honum komu fjórir af þeim stjórnmálaflokkum sem nú sitja á Alþingi þótt einn þeirra óskiptur og annar að hluta til hafi kosið að halda ekki þeirri vinnu áfram við lokaafgreiðslu málsins. Ég tel að þetta sé mikilvægasti samningur sem við Íslendingar höfum gert um réttindi okkar atvinnulífs á erlendri grund. Ég tel að í honum felist stórkostleg framfaramál og hagsmunamál sjávarútvegsins. Ég tel að það sé sérstaklega þýðingarmikið að okkar atvinnulíf taki upp þær sameiginlegu leikreglur í viðskiptum sem gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði. Ég tel að það sé afar mikilvægt að fá eftirlitsstofnun og dómstól til þess að skera úr um deilumál. Ég tel að það þjóni sérstaklega hagsmunum hinna smærri þjóða í deilum við hinar stærri. Ég tel því að þessi samningur á allan hátt styrki sjálfstæði íslensku þjóðarinnar og segi já.

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Fyrir áratugum var svo kveðið um þjóðhetju okkar Íslendinga, Jón forseta:

Sjá! óskmögur Íslands var borinn
á Íslands vorgróðurstund.
Hans von er í blænum á vorin
hans vilji' og starf er í gróandi lund.
Hann kom, er þrautin þunga
stóð þjóðlífs fyrir vori,
hann varð þess vorið unga
með vöxt í hverju spori.

Ef við hv. alþm. samþykkjum aðild að EES hér í þessari atkvæðagreiðslu, þá er sú ákvörðun hvorki í ætt við vorið né vonina sem er í blænum á vorin.

Virðulegi forseti. Ég segi nei.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Máli þessu er ekki lokið, öðru nær. Enn eiga átök eftir að verða og breytingar. Og líklega á Evrópskt efnahagssvæði eftir að liðast í sundur. Ég hef lengi bent á að þessar sviptingar væru aðeins um drög eða slitrur að samkomulagi. Allt hefur það komið á daginn og svo er enn. Árum saman hef ég varað við óðagotsmönnum í Evrópumálum og bent á að við ættum að fara okkur hægt en undirbúa okkur vel. Það höfum við gert m.a. með störfum Evrópustefnunefndar og útgáfu merkrar bókar um Evrópumálin. Ekkert það hefur gerst sem knýr nú á um breytt vinnubrögð. Þvert á móti hafa hætturnar vaxið því að stjórnarskráin væri brotin ef frv. yrði samþykkt. Það væri markleysa. Ég segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1137).

Tvíhliða samningur við Evrópubandalagið, frh. síðari umr.

Þáltill. StH og HÁ, 303. mál. — Þskj. 472, nál. 1018, brtt. 1019.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1019,1 (ný tillgr.) samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

5 þm. (AÓB, HG, JVK, KHG, KE) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EgJ, EGuðn, HÁ, IBA, SighB) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er vissulega góðra gjalda vert að á þeirri stundu sem Alþingi samþykkir samninginn um Evrópskt efnahagssvæði skuli ekki fylgja með aðildarumsókn að Evrópubandalaginu. Það hefur heldur ekki legið í loftinu að slík umsókn yrði send. Sú þáltill. sem hér liggur fyrir frá utanrmn. boðar því út af fyrir sig engin ný tíðindi og sjálf tillagan er með þeim hætti að þeir sem að henni standa geta vísað til margra átta þegar lesið er í tillögutextann. Þetta kom fram þegar hæstv. utanrrh. svaraði fyrirspurnum um það hvernig hann liti á tillöguna, efni hennar. Þetta kom fram af hálfu formanns utanrmn. þegar hann svaraði hliðstæðum fyrirspurnum um málið.

Tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið var tillaga af hálfu Alþb. á sínum tíma sem kostur í staðinn fyrir samning um Evrópskt efnahagssvæði. Ekkert slíkt er á ferðinni með þessum tillöguflutningi. Innihaldið í þessari tillögu er það, með því að reyna að lesa sem jákvæðast í málið, að fari svo að Evrópskt efnahagssvæði liðist í sundur vegna þess að þátttökuríkin gangi í Evrópubandalagið, þá, og þá fyrst, er hugmyndin að taka upp viðræður um samskipti Íslands við Evrópu-

bandalagið, tvíhliða viðræður um samskipti Íslands við Evrópubandalagið. Á þessari stundu eru engar líkur á því að Evrópska efnahagssvæðið sé skammvinnt eða taki aðeins til fárra ára. Líkurnar hafa vaxið mjög á því að hér sé verið að tjalda meir en til einnar nætur.

Mér finnst að með þessari tillögu, virðulegur forseti, sé Alþingi Íslendinga að klæðast í sauðargæru, þeir aðilar sem hafa verið að samþykkja hér með beinum stuðningi eða hjásetu samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. (Forseti hringir.) Og þó að við þykjumst sjá að eyrun standi út fyrir þessa sauðargæru hjá ýmsum og tvö höfuð séu á sumum sem að málinu standa, þá er það svo að ég teldi miklu farsælla að menn kæmum fram hér með skýrum hætti í sambandi við mál sem þetta. Ég ætla ekki að taka þátt í þeim grímuleik sem hafinn er með þessari tillögu, en ég ætla heldur ekki að leggja stein í götu hennar. Ég greiði ekki atkvæði.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Því miður er það svo að í þessari tillögu felst ekki nein stefnumörkun Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu. Tillagan snýst ekki um það hvort Ísland sæki um aðild að EB eða ekki. Ef tillagan hefði falið í sér að Alþingi tæki af skarið um að Ísland sækti ekki um aðild að Evrópubandalaginu hefði ég verið fyrsta manneskja til að fagna því. Það er hins vegar verið að taka stórt skref inn í EB með því að samþykkja aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Það er það sem skiptir máli um þessar mundir. Með tillögunni er aðeins verið að segja að ef EES verður ekki að veruleika eða ef Ísland verður eitt eftir í EES, þá eigi að taka upp tvíhliða viðræður við EB. Það þarf varla ályktun sem þessa til að svo verði gert. Tillagan skiptir ákaflega litlu máli til eða frá og mun ég því ekki taka þátt í afgreiðslu málsins og sitja hjá.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel að með þessari tillögu sé ekki nægilega skýrt tekið fram að samningurinn um EES verði tekinn upp og gerður nýr viðskiptasamningur um verslun á milli þessara landa. Ég tel þó að tillagan sé spor í rétta átt þó ég hefði viljað að hún gengi lengra og ég greiði því ekki atkvæði.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Í trausti þess að það verði ekki viðvarandi ástand að núv. hæstv. utanrrh. sitji í þeim stól og vitandi það að þó að þessi tillaga sé aðeins örlítið skref til baka frá því sem menn hafa verið að samþykkja, þá ætla ég nú samt að greiða henni atkvæði.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Þessi tillaga mætti vissulega vera skýrari og ótvíræðari en það var skoðun þingflokks Alþb. að hún vísaði eindregið í rétta átt. Ég segi já.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Sú tillaga sem hér liggur fyrir er vissulega málamiðlun. Það segir sig sjálft þegar að henni eiga aðild allir flokkar sem fulltrúa eiga á Alþingi og í utanrmn. þingsins. Ég tel engu að síður að þessi tillaga taki af öll tvímæli um það að þegar og ef EES hættir að vera til, þá sé stefnt á tvíhliða viðræður við Efnahagsbandalagið. Með öðrum orðum er ekki stefnt á aðildarviðræður við bandalagið. Það er nánast undanskilið í þessari tillögu. Þetta þýðir með öðrum orðum að óski stjórnarliðar á einhverjum tíma eftir því að taka upp aðildarviðræður við bandalagið, þá þurfa þeir að koma hér til Alþingis og óska eftir stefnubreytingu. Ég tel því að tillagan gefi ákveðna viðspyrnu og segi já.

Brtt. 1019,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP.

5 þm. (AÓB, HG, JVK, KHG, KE) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EgJ, EGuðn, HÁ, IBA, ÓÞÞ, RG, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Till., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞurP.

5 þm. (AÓB, HG, JVK, KHG, KE) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EgJ, EGuðn, HÁ, IBA, ÓÞÞ, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1138) með fyrirsögninni:

Þál. um tvíhliða samskipti við Evrópubandalagið.

Framhaldsskólar, 2. umr.

Stjfrv., 397. mál (tilraunastarf í starfsnámi). — Þskj. 691, nál. 1051 og 1058, brtt. 1052 og 1059.

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta menntmn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 57/1988, um framhaldsskóla, sbr. lög nr. 107/1988 og nr. 72/1989, og brtt. á þskj. 1059.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem veitir menntamálaráðherra heimild til að efna til tilraunastarfs í starfsnámi í framhaldsskólum og mun fela í sér

aukna ábyrgð atvinnulífs, bæði faglega og fjárhagslega, og beina þátttöku aðila vinnumarkaðarins í framkvæmd skólastarfs og eftirliti með því.

Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um frumvarpið Kristrúnu Ísaksdóttur, formann iðnfræðsluráðs, Ingvar Ásmundsson, skólastjóra Iðnskólans í Reykjavík, Guðbrand Magnússon, framkvæmdastjóra Iðntæknistofnunar, Örlyg Geirsson, skrifstofustjóra í menntamálaráðuneytinu, og Guðrúnu Hrefnu Guðmundsdóttur, ráðunaut menntamálaráðherra í skólamálum. Nefndinni bárust margar umsagnir og voru þær flestar jákvæðar.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Meginbreytingin er sú að menntamálaráðherra skuli hafa samráð við viðkomandi skóla við ákvörðun um tilraunastarf í starfsnámi.

Ljóst er á þeim umsögnum sem menntmn. bárust að mikill áhugi er á því að hafið verði tilraunastarf í starfsnámi. Í sameiginlegri umsögn Alþýðusambands Íslands, Bíliðnafélagsins, Félags ísl. iðnrekenda, Félags bókagerðarmanna, Félags ísl. prentiðnaðarins, Landssambands iðaðarmanna, Vinnuveitendasambands Íslands og Iðnnemasambands Íslands segir svo, með leyfi forseta:

„Frumvarpið er í samræmi við ályktanir og stefnumótun neðangreindra umsagnaraðila um beina þátttöku atvinnulífs í stjórnun verkmenntaskóla og deilda þeirra og um áhrif atvinnulífsins á mótun og stjórnun námsins. Lögð er áhersla á samstarf og samráð ráðherra og fulltrúa atvinnurekenda, launþega og iðnnema þegar tilraunastarfi er komið á í verkmenntun. Um langt skeið hefur verið þörf á auknum tengslum atvinnulífs og skóla þannig að nýjungar og breyttar áherslur og kröfur skiluðu sér inn í námið. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram varðandi heppilegt fyrirkomulag og leggja ber áherslu á að greinarnar sjálfar hafi veg og vanda af mótun markmiða og skipulags."

Seinna segir: „Tilraunastarf í þá veru sem um getur í frv. mundi stuðla að framþróun á sviði verkmenntunar og því eindregið hvatt til þess að Alþingi veiti frv. brautargengi á þessu þingi."

Það hefur verið mikið rætt að undanförnu um nauðsyn þess að auka samstarf skóla og atvinnulífs og ýmsar tilraunir hafa verið gerðar í þá átt á liðnum árum sem hafa skilað misjöfnum árangri. Fulltrúar einstakra iðngreina t.d. prentiðnaðar, málmiðnaðar, bílgreina og rafiðnaðar hafa að undanförnu gagnrýnt iðnmenntakerfið. Sú gagnrýni er m.a. fólgin í því að nýútskrifaðir iðnnemar uppfylli ekki þær hæfniskröfur sem fagmenn og atvinnurekendur geri til þeirra, að stjórnun iðnmenntunar sé þunglamaleg, að skólarnir séu í ónógum tengslum við atvinnulífið og uppbygging námsins ófullnægjandi. Forsvarsmenn ýmissa iðngreina benda einnig á mikilvægi þess að samnýta tæki og kennslukrafta í grunnmenntuninni til endurmenntunar en það tíðkast ekki í núverandi fyrirkomulagi. Þeir telja að ásættanlegu kerfi iðnmenntunar verði ekki komið á nema með virkri þátttöku samtaka atvinnurekenda og launafólks.

Tæknibreytingar eru hraðar og eiga upptök sín úti í atvinnulífinu. Þess vegna þarf að búa þannig um hnútana í skipulagi iðnnámsins að áhrif atvinnulífsins séu tryggð og menn hafi þar aðstöðu til að fylgja eftir breytingum í tækni og viðskiptum með skilvirkum hætti í menntakerfinu og beri ábyrgð í samræmi við áhrif.

Í frv. er gert ráð fyrir að efna til tilraunastarfs í starfsnámi í framhaldsskólum í samvinnu við atvinnurekendur og launþega í viðkomandi starfsgrein. Atvinnulífið tæki aukna ábyrgð, bæði faglega og fjárhagslega á starfsnámi og ætti beinan þátt í framkvæmd og eftirliti með því.

Nauðsynlegt er að slík heimild fáist í lögum til að koma á tilraunastarfi á afmörkuðum sviðum og gæti niðurstaða þeirra tilrauna síðan nýst við endurskoðun laga og reglugerða um framhaldsskóla. Ástæða er til þess í þessu sambandi að leggja áherslu á mikilvægi rannsókna og þróunarstarfs á sviði skólamála og að jafnan verði lagt mat á nýjungar sem teknar eru upp í skólakerfinu.

Það er umhugsunarefni að í íslenskum framhaldsskólum velja nemendur fremur bóknám til stúdentsprófs en starfsnám. Þetta er ólíkt því sem gerist í ýmsum öðrum löndum þar sem allt að 70% nemenda ljúka starfsmenntun, t.d. í Þýskalandi. Þannig virðist starfsmenntun ekki skipa þann sess hér sem hún gerir annars staðar. Þetta er áhyggjuefni og er full ástæða til að velta því alvarlega fyrir sér hvernig unnt sé að glæða áhuga ungs fólks á verkmenntun.

Í skýrslu Félagsvísindastofnunar, Námsferill í framhaldsskóla, sem birt var 1992 kemur fram að einungis 9,4% nemenda sem skrá sig í framhaldsskóla hefja strax starfsnám að grunnskólanum loknum. Nemendur virðast því ekki líta á það sem ákjósanlegan kost að loknum grunnskóla að fara beint í starfsnám þótt ýmsir geri það síðar. Í skýrslunni má einnig sjá að aðeins 37,7% þeirra nemenda sem einhvern tímann skrá sig í iðnnám hafa lokið því sex árum eftir grunnskólapróf. Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess að ég tel að slíkt tilraunastarf sem frv. gerir ráð fyrir gæti ef vel tekst til stuðlað að því að auka áhuga ungs fólks á starfsmenntun.

Frsm. minni hluta menntmn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 1052 flyt ég brtt. sem felur í sér fjórar meginbreytingar frá tillögu meiri hlutans. Tillaga meiri hlutans er orðuð þannig:

„Menntamálaráðherra er heimilt að efna til tilraunastarfs í starfsnámi ..." Þetta finnst mér óeðlilegt orðalag. Mér finnst óeðlilegt orðalag í lögum um skóla að segja að ráðherra ákveði eða hefji einhverja tiltekna starfsemi í skólunum. Þess vegna legg ég til að þetta sé orðað þannig: „Menntamálaráðherra er heimilt að ákveða að efnt skuli til tilraunastarfs í starfsnámi ..."

Í öðru lagi gerir tillaga meiri hlutans ráð fyrir því að hér sé um að ræða heimild sem unnt sé að hefja í starfsnámi án þess að það sé tiltekið að það sé í framhaldsskóla. Eins og kunnugt er hafa verið uppi hugmyndir um að taka verkþætti framhaldsskólanáms út úr

framhaldsskólanum og að setja upp sérstaka verknámsskóla. Í því sambandi hafa menn talað um bílgreinaskóla og menn hafa líka talað um prentskóla og reyndar fleiri skóla. Ég tel að þetta sé háskalegt vegna þess að þetta geti leitt til þess að framhaldsskólarnir verði í framtíðinni bóknámsskólar eingöngu og að verknámið flytjist fyrst og fremst í sérhæfðar miðstöðvar verknáms sem verða í Reykjavík af því að á landsbyggðinni verður ekki kostur á að safna saman jafngóðum tækjum til þess að stunda verknám eins og menn munu eiga kost á t.d. í þeim bílgreinaskóla sem menn eru að tala um að stofna hér í Grafarvogi. Það sem eftir stendur þá fyrir verkmenntun á landsbyggðinni er bóklegt undirbúningsnám. Ég tel að að sé rangt að fara svona í hlutina og þess vegna undirstrika ég það í minni brtt. í öðru lagi að fari þessi tilraun fram þá verði hún unnin í framhaldsskóla.

Í þriðja lagi geri ég ráð fyrir því í minni tillögu að þessi tilraun verði unnin í samvinnu við skólastjórnendur. Meiri hlutinn leggur til að tilraunin verði unnin í samráði við skólastjórnendur. Má út af fyrir sig segja að á því sé ekki verulegur munur. Á það get ég fallist. En ég tel þó að það sé nokkur munur á orðalagi í þessum efnum, sérstaklega með hliðsjón af því að orðið samráð hefur oft verið notað býsna sérkennilega, ekki síst af núverandi hæstv. ríkisstjórn.

Í fjórða lagi gerir tillaga meiri hlutans ráð fyrir því að þessi tilraun verði takmörkuð við tvö ár. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt. Ég tel að ef á annað borð er farið af stað með tilraun af þessu tagi þá muni hún ekki sýna eðli sitt og tilgang, innihald og vaxtarmöguleika nema hún standi kannski eitthvað lengur. Og ég tel að ráðherrann og skólastjórnendurnir eigi þá að ráða því að þessi tilraun geti staðið eitthvað lengri tíma.

Í fimmta lagi, sem er nú kannski meginmunurinn á okkar tillögum, þá geri ég ráð fyrir því að fella út úr tillögu meiri hlutans orðin „ef nauðsyn krefur“ en í upphaflegu frv. ríkisstjórnarinnar var þetta orðað þannig: „Menntamálaráðherra er heimilt að efna til tilraunastarfs í starfsnámi og víkja þá frá ákvæðum þessara laga ef nauðsyn krefur.“ Hver metur nauðsynina? Menntamálaráðherra. Hann getur með öðrum orðum vikið til hliðar framhaldsskólalögunum eins og þau leggja sig ef honum sýnist. Og þá mega menn ekki horfa á þessa hluti bara út frá núverandi menntamálaráðherra eða fyrrverandi eða kannski tilvonandi menntamálaráðherra, menn verða að horfa á þetta almennt og átta sig á því að auðvitað geta ráðherrar farið misjafnlega vel með vald sitt, fyrir því er nokkur reynsla eins og kunnugt er. Ég segi það alveg eins og er, ég get ómögulega fellt mig við orðalag í lagagrein þar sem ráðherra er heimilað að víkja frá lögunum „ef nauðsyn krefur“, eins og það er orðað hér. Þannig að burt séð frá efni málsins að öllu öðru leyti þá á ég afar erfitt með að fella mig við þessa grein.

Ég ætla ekki hér á þessum tíma, virðulegur forseti, að fara að rekja aðstæður verknáms í landinu og hvernig þær hafa þróast. Það er alveg augljóst mál að færri hafa valið verknám heldur en æskilegt hefði verið. Ástæðurnar fyrir því eru margar. Ein ástæðan er auðvitað sú að iðnaði hefur hrakað mjög verulega á Íslandi á undanförnum árum, hrakað alveg gífurlega. Ef við skoðum t.d. markaðshlutdeild íslenskra iðngreina á 20 ára tímabili þá er þar um að ræða hrun á mörgum sviðum. Önnur ástæðan fyrir því að tiltölulega fáir hafa valið verknám er sú að fólk hefur fengið vinnu, mér liggur við að segja hvar sem var í þeirri þenslu og þeirri miklu eftirspurn eftir vinnuafli sem var á Íslandi og hefur verið allt frá stríðslokum þangað til alveg á síðustu missirum. En auk þess er það auðvitað þannig, virðulegi forseti, að jafnvel þó að þessir krakkar velji verknám þá er staðan orðin þannig núna að þau sem ljúka því fá ekki að taka sveinspróf vegna þess að ástandið er þannig í atvinnulífinu að þau fá ekki samning. Það eru tugir iðnnema núna sem hafa lokið verknámi og hafa búið sig undir allt og geta farið í sveinspróf þess vegna en þau fá það ekki af því að þau fá ekki námssamning af því að atvinnulífið er á hliðinni. Þannig að allar frómar óskir um að ætla að bæta þessa hluti hér úr þessum stól eru í raun gagnslitlar eða gagnslausar meðan atvinnulífið sjálft er jafnveikt og raun ber vitni og getur ekki tekið við því fólki sem það þarf að taka við ef við ætlum að þróast hér sem verkmenntaþjóð á einhvern hátt.

Það er engin deila um það við mig eða nokkurn mann hér í þessum sal að mér er kunnugt um að það þurfi að þróa þetta verkmenntakerfi. Það er engin deila um það a.m.k. við mig að að sumu leyti sé það þunglamalegt. Ég þekki það dálítið af eigin reynslu að eiga við þetta kerfi og það er að mörgu leyti ekki skemmtileg reynsla, hún er afar þung. Allar þessar óteljandi fræðslunefndir og öll þau kerfi sem þessi mál verða að fara í gegnum út og suður eru með þeim hætti að ég skil það vel að hæstv. menntmrh. skuli flytja mál af þessu tagi hér inn í þingið, ég skil það mjög vel. Þá er ég að tala um anda málsins sem slíks. Ég tel hins vegar að búnaður þess sé ekki með ásættanlegum hætti og þess vegna hef ég flutt þessa brtt. sem birtist hér þingheimi á þskj. 1052.

Ég ætla ekki í sjálfu sér að orðlengja þetta frekar hér, virðulegi forseti, á þessu stigi málsins. Ég vona auðvitað að mín tillaga verði samþykkt. Ég tel að hún komi hundrað prósent til móts við sjónarmið ráðherrans í þessu máli, hundrað prósent þannig að ég vona að meiri hlutinn taki það til athugunar að samþykkja bara þessa tillögu, það er langeinfaldast. Ég boða það hins vegar að fari svo mót vonum mínum að minni tillögu verði hafnað, þá mun ég við 3. umr. áskilja mér rétt til þess að flytja nýja brtt. við tillögu meiri hlutans um eitt atriði. Um það að niður falli orðin „ef nauðsyn krefur“. Ég kann ekki við svona vinnubrögð í lagasetningu, þau eru ekki viðeigandi, hæstv. forseti.

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður mælti hér fyrir brtt. við frv. um breyting á lögum um framhaldsskóla og ég vildi fara um það nokkrum orðum. Ég tel að í raun sé nánast enginn efnislegur ágreiningur á

milli hans og meiri hluta menntmn. Fyrsti liðurinn sem hann nefndi, um að ráðherra sé heimilt „að ákveða að efnt skuli til" — við segjum að ráðherra sé heimilt „að efna til", mér sýnist ekki annað en að það sé hártogun vegna þess að þarna er í raun og veru um það sama að ræða.

Í öðru lagi þar sem hann ræddi um að tilraunin sé unnin í framhaldsskóla þá er það að sjálfsögðu svo að hún hlýtur að verða unnin í framhaldsskóla því að þetta er breyting á lögum um framhaldsskóla.

Hvað varðar það að tilraunin verði til tveggja ára, þá er gert ráð fyrir því að það skuli vera að jafnaði ekki skilgreint til lengri tíma en tveggja ára í senn en það er að sjálfsögðu hægt að framlengja það.

Einnig var nefnt hér að ekki væri gert ráð fyrir því að tilraunin yrði unnin í samvinnu við skólastjórnendur. Við segjum í samráði og það er nú ekki mikill munur á því.

Hvað varðar það að fella út þessi ákvæði „ef nauðsyn krefur" þá er hér verið að leggja til breytingu þess efnis að það verði heimilt að hefja tilraunastarf. Sú tilraun verður mjög afmörkuð og hún er til skamms tíma þannig að ég sé ekkert athugavert við það þó að þetta ákvæði sé inni.

Frsm. minni hluta menntmn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ef þessar tillögur eru eiginlega alveg samhljóða eins og hv. ræðumaður sagði þá er náttúrlega einfalt fyrir þingmanninn og formann menntmn. að samþykkja þá tillögu sem ég gerði grein fyrir áðan og rökin fyrir því eru þau að um þá tillögu er miklu betri samstaða. Ef skoðaðar eru umsagnirnar sem menntmn. fékk þá er það augljóst mál að frá kennarasamtökunum koma athugasemdir sem eru í ætt við það sem ég var hér að gera áðan. Ef þeim sjónarmiðum verður hins vegar hafnað þá eru menn í raun að hafna samstarfi eða þeim sjónarmiðum sem fram koma frá kennurum í þessu efni og kennarar eru nú einu sinni starfsmenn skóla og mér finnst að það sé mikilvægt að taka tillit til þeirra sjónarmiða. Þess vegna skora ég á hv. þm. að brjóta nú odd af oflæti sínu og stíga skref sem er brautryðjandastarf í sögu Alþingis og samþykkja tillögu minni hlutans og draga sína til baka.

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að það sé eðlilegra að sá þingmaður sem einn skipar minni hluta menntmn. sameinist okkur í meiri hlutanum og greiði atkvæði með okkar tillögu.

Frsm. minni hluta menntmn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðalatriðið er það að reynt verði að finna tillögu sem kemst sem næst því að vera samnefnari fyrir allar þær umsagnir sem komið hafa. Aðilar vinnumarkaðarins sem svo eru nefndir hafa lýst stuðningi við anda hugmyndarinnar og tilraunarinnar. En það er ljóst að kennarasamtökin gera býsna alvarlegar athugasemdir við búnaðinn. Mér finnst að það sé skylda formanns menntmn. og hæstv. menntrh. að hlusta á það sem kemur líka frá kennarasamtökunum.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð út af þessu frv. sem hér er komið til 2. umr. Við höfum fjallað um það í hv. menntmn. og eins og sést á þskj. 1058 skrifa ég undir nál. meiri hlutans með fyrirvara. Við 1. umr. um þetta mál gerði ég sérstaka athugasemd við það að þarna væri verið að efna til tilraunastarfs án þess að það yrði unnið í samvinnu við skólana sjálfa, einstaka skóla. Nú hefur verið tekin afstaða til þess í hv. menntmn. og hefur nefndin gert brtt. við tillögugreinina þess efnis að heimilt sé að efna til tilraunastarfs í starfsnámi í samráði við einstaka skóla. Þetta tel ég mjög mikilvægt atriði og það gerði það að verkum að ég skrifaði undir álit meiri hluta nefndarinnar. En fyrirvari minn byggðist kannski ekki síst á því að ég hafði ekki séð brtt. frá hv. þm. Svavari Geststsyni og vildi því halda því opnu að styðja þær ef þær yrðu í mörgum liðum. En nú hafa þær birst og mér sýnist, og ég get tekið undir það með hv. formanni nefndarinnar, að þarna sé ekki um verulegar efnisbreytingar að ræða, sumar frekar smámunalegar að mínu mati. Þess vegna mun ég styðja þá brtt. sem lögð er fram af meiri hluta nefndarinnar.

Ég tel að hér sé tekið á mikilvægu máli sem snertir starfsmenntunina, sem allir eru sammála um að sé ekki í nógu góðum farvegi eins og málin eru í dag. Við urðum vör við það í umsögnum að frv. vakti athygli og áhuga þó að komið hafi fram ábendingar, sérstaklega þess efnis að þetta þurfi að vinnast í samstarfi við viðkomandi skóla.

Ég hef ekki miklu við þetta að bæta en ég tel að þær brtt. sem hafa verið kynntar af hv. þm. Svavari Geststsyni séu ekki efnislega miklar breytingar frá því sem meiri hlutinn leggur til.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í örfáum orðum gera grein fyrir því hvers vegna ég undirrita nál. meiri hlutans með fyrirvara. Ég er efnislega sammála því að það sé nauðsynlegt og eðlilegt og gott að efna til tilraunastarfs í skólum. Spurningin er á hvaða formi það á að vera og hver á að eiga að því frumkvæði. Mér þykir í rauninni svolítið óeðlilegt að það orðalag sem hér er, þar sem menntmrh. er falið að standa fyrir þessu — í sjálfu sér hef ég talið að skólunum væri fyllilega treystandi til þess, og eins get ég tekið undir að það er sérkennilegt orðalag í lagagrein að heimilt sé að víkja frá ákvæðum þessara laga ef nauðsyn krefur. En það er auðvitað inntak málsins sem fyrst og fremst skiptir máli. Það kom fram í meðförum nefndarinnar á málinu að mörgu er ábótavant í okkar iðnmenntun og ég vil rifja það upp sem ég nefndi við 1. umr. um þetta mál að hér er auðvitað verið að taka einn ákveðinn þátt út úr því sem snýr að iðnfræðslu í landinu. Við höfum verið rækilega minnt á það að mjög nauðsynlegt er

að skoða iðnnámið allt í heild og ég hef nú orðið mjög sterkan grun um það að við séum á miklum villigötum í þeim málum þó ég ætli ekki að fara nánar út í það hér.

Það er líka svolítið gagnrýni vert finnst mér að það er fyrst og fremst eitt ákveðið verkefni sem er kveikjan að þessu frv. en það er auðvitað full ástæða til þess að horfa yfir landið og skoða hvað verið er að gera í iðnnámi og vek ég þar sérstaklega athygli á þeirri þróun sem á sér stað á Austurlandi. Menn þurfa auðvitað að skoða aðra möguleika en þann sem hér liggur að baki sem er ákveðið tilraunaverkefni í prentiðnaði.

Ég vil að lokum nefna það, virðulegi forseti, að það verður spennandi að sjá hvernig þessi tilraun tekst og ég treysti því að það verði auðvitað unnið í góðu samráði við iðnskóla landsins, enda er það einungis eðlilegt og sjálfsagt.

Sigríður Jóhannesdóttir:

Heiðraði forseti. Hér er vissulega drepið á stóru máli. Þó að tilefnið sé aðeins tilraun í prentiðnaði að mér skilst, þá kemur þetta inn á miklu stærra mál sem brennur mjög á skólafólki og öllu ungu fólki í landinu. Rannsóknir hafa leitt í ljós að það er allt að 40% af ungu fólki í dag, þegar við höfum haldið að tækifærin væru alls staðar, sem ekki lýkur neinu prófi sem veitir starfsréttindi. Þegar maður fer að skoða þennan hóp nánar þá kemur í ljós að flestir þessir krakkar byrja í framhaldsskólum eftir grunnskóla og lenda þar í ógöngum í svokölluðum skyldugreinum eða kjarnagreinum og detta þar með út úr skólanámi. Það eru engin tilboð við þeirra hæfi. Þetta er þeim mun sérkennilegra þar sem okkur vantar menntað og þjálfað fólk á eiginlega öllum sviðum. Hér hefur verið talað í dag dálítið þröngt um iðngreinar en okkur vantar auðvitað starfsnám í fjölmörgum greinum. Okkur vantar starfsnám í verslun, okkur vantar starfsnám í skrifstofuvinnu, okkur vantar starfsnám í hótelstörfum og þannig mætti lengi telja. Ég verð að segja það að mér finnst hafa orðið svolítil bið á því að þessi mál væru tekin föstum tökum og rætt um það í alvöru að koma með tilboð í framhaldsskólanum fyrir þá krakka sem af ýmsum ástæðum, það er mjög persónubundið, hafa í bili ekki hug á lengra bóknámi, þannig að þau gætu lært í eitt eða tvö ár til einhvers starfs. Það verður hins vegar að passa mjög vel upp á það að þetta nám sé ekki lokað þannig að ef þau hafa skipt um skoðun eftir þessi tvö ár og hafa áhuga á að læra meira þá geta þau byggt ofan á þetta nám en þurfa ekki að byrja aftur alveg frá grunni.

Það hefur verið reynt í Fjölbrautaskóla Suðurnesja að skipuleggja slíkt nám og einmitt í samstarfi við atvinnulífið. Það tókst mjög gott samstarf við atvinnurekendur suður með sjó um að skipuleggja slíkt nám en það verður að segja eins og er að þegar kom að því að ræða við forsvarsmenn iðngreinanna í landinu þá kom fyrst babb í bátinn því þarna voru þeir náttúrlega hræddir um sinn hag. Ég get kannski ekki láð þeim það, kannski var ekki farið rétt að þeim í byrjun en ég held að það sé mjög mikilvægt að þessi mál verði öll rædd frá grunni og það er mjög mikil þörf á því. Hugsið ykkur t.d. ungling sem er búinn að vera eitt ár í námi á hóteli, bæði í bóklegu námi í fjölbrautarskólanum sínum og þar að auki í verklegu nokkur hundruð stundir úti á hóteli. Hann er þar undir mjög nákvæmu eftirliti, mæting, hegðun, framkoma, allt er metið. Hugsið ykkur stöðu hans eftir þetta ár til að sækja sér vinnu. Hann er með plagg upp á það að hann sé stundvís, hann sé reglusamur, hann sé elskulegur í viðmóti og áhugasamur og hafi þar að auki staðist þokkalega hinar bóklegu kröfur sem eru gerðar. Hugsið ykkur muninn á aðstöðu þessa unglings til að leita sér að vinnu og sýna þessi plögg eða vera með akkúrat ekki neitt í höndunum. Bara munurinn á aðstöðu atvinnurekanda sem er að ráða sér starfskraft og það kemur þarna einn sem er með þessi blöð og þessar umsagnir og svo hinir sem ekki hafa neitt. Það sjá allir að þetta skiptir verulegu máli. Ég tala nú ekki um núna þegar þrengt hefur mjög verulega að á vinnumarkaði og það er einkum þetta unga fólk, þetta unga reynslulausa fólk sem verður fyrir barðinu á atvinnuleysinu.

Ég vil leggja áherslu á það að slíkt nám, hvort sem það er eitt eða tvö ár, loki ekki neinum leiðum, það verði metið þannig að þeir sem halda áfram eftir slíkt nám í venjulegu bóknámi standi ekki alveg á núlli.

Ég skil ekki alveg í þessari tillögu um þessa tilraunastarfsemi sem á að fara að gera að það eigi að binda hana við tvö ár. Ég mundi halda að slík tilraun tæki miklu lengri tíma. Ég vil bara benda á það að mér finnst ekki rétt að hafa þessar tímatakmarkanir þarna inni og svo er annað að mér skilst reyndar að það sé komið inn í tillöguna sjálfa að þetta verði gert í samráði við skólana. Ég held að það sé algjör forsenda þess að það sé hægt að gera einhverjar tilraunir í skólastarfi yfirleitt að það sé með samráði og í samvinnu við skólana. Það er alla vega niðurstaða danskra vísindamanna í kennslumálum sem hafa tekið út árangur af tilraunastarfi í skólum þar að þá fyrst hafi tilraunastarfið borið árangur þegar hugmyndirnar og undirbúningurinn kom frá skólamönnum sjálfum því þá lögðu þeir sig alla fram um að láta málin ganga og þeir vissu líka best hvar skórinn kreppti og hvernig átti að haga þessari tilraun til að hún bæri árangur.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir gegn peningaþvætti, 210. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1132; nál. efh.- og viðskn., þskj. 1134.

Áburðarverksmiðja ríkisins, 238. mál, nál. minni hluta landbn., þskj. 1110.

Framleiðsla og sala á búvörum, 504. mál, nál. meiri hluta landbn., þskj. 1133.

Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels, 566. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 1128.

Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands, 567. mál, nál. utanrmn., þskj. 1127.

Lífeyrissjóður sjómanna, 231. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1131.

Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, 34. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1135; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1136.

Reynslusveitarfélög, 516. mál, nál. félmn., þskj. 1124.

Sveitarstjórnarlög, 515. mál, nál. félmn., þskj. 1122; brtt. félmn., þskj. 1123.

Út af dagskrá voru tekin 8., 10. og 12.–27. mál.

Fundi slitið kl. 6.23 síðdegis.

---

171. FUNDUR

fimmtudaginn 6. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til forsætisráðherra:

1. Endurskoðun á lögum um lífeyrissjóði, fsp., 433. mál, þskj. 733.

2. Frágangur stjórnarfrumvarpa, fsp., 571. mál, þskj. 952.

3. Staða samkynhneigðs fólks, fsp., 577. mál, þskj. 967.

Til umhverfisráðherra:

4. Pappírsnotkun þjóðarinnar, fsp., 427. mál, þskj. 726.

5. Vatnsborð og búsvæði bleikju í Þingvallavatni, fsp., 481. mál, þskj. 829.

Til samgönguráðherra:

6. Vörugjaldskrá hafna, fsp., 492. mál, þskj. 844.

Til menntamálaráðherra:

7. Íþróttir, æskulýðs- og tómstundastarfsemi, fsp., 496. mál, þskj. 848.

Endurskoðun á lögum um lífeyrissjóði, ein umr.

Fsp. GunnS, 433. mál. — Þskj. 733.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram til hæstv. forsrh. eftirfarandi tvær fsp.:

1. Fyrirhugar ríkisstjórnin að láta fara fram heildarendurskoðun á lögum og skipan lífeyrissjóða?

2. Hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir sérstakri endurskoðun á lífeyrismálum æðstu embættismanna ríkisins, auk ráðherra og alþingismanna?

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, hinni svonefndu hvítbók segir á bls. 26: „Framkvæmd verða löngu tímabær áform um samræmingu og einföldun lífeyriskerfisins. Þannig verður lagður grunnur að sómasamlegum eftirlaunum allra landsmanna.“ Ef ég man rétt þá er það einnig staðfest í 11. gr. stjórnarsáttmálans að unnið skuli að jöfnun lífeyrisréttinda allra landsmanna. Það er því tímabært að spyrjast fyrir um það á Alþingi hvort þessi endurskoðun sé hafin og ef ekki hvernig að henni verði staðið.

Það er sannarlega ástæða til að hæstv. ríkisstjórn taki þessi mál föstum tökum. Það er rétt að minna á að margar fyrri ríkisstjórnir hafa ætlað sér að takast á við þetta stóra verkefni en ekki gert það og ekki tekist. Hér hafa komið fram á Alþingi nokkrar tillögur og frv. til laga er miða í átt að þessari endurskoðun en það er mjög mikilvægt að það liggi fyrir hver stefnumörkun hæstv. ríkisstjórnar er gagnvart þessu kerfi og gagnvart þeirri vinnu sem nauðsynlegt er að fram fari. Þá vil ég sérstaklega vekja athygli á þeim þætti málsins er snýr að endurskoðun lífeyrismála gagnvart embættismönnum ríkisins og þá fyrst og fremst hinum æðri embættismönnum ríkisins og ekki síst ráðherrum og alþingismönnum en það er löngu vitað að þessir hópar njóta sérstakra sérréttinda í lífeyrismálum. Ég lít svo á að með yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við myndun hennar hafi m.a. verið átt við það þegar talað er um að samræma lífeyrisréttindi allra landsmanna.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, hv. 5. þm. Austurl., að í yfirlýsingu ríkisstjórnar við stofnun hennar kemur fram að vilji standi til þess að endurskoða lífeyriskerfið. Og í samræmi við það hefur um nokkurt skeið verið undirbúningur að slíkri heildarendurskoðun á lögum um skipan lífeyrissjóða. Það má reyndar segja að skipan þessara mála hafi lengi verið til skoðunar. Frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða var samið á árinu 1987 en ekki lagt fram. Milliþinganefnd sem skipuð var árið 1990 ræddi málið en skilaði ekki tillögum. Það varð ágreiningur uppi um ýmis efnisatriði þess frv. sem nefnt var og það var gagnrýnt af ýmsum ástæðum. Nokkrir þeirra sem að málinu komu töldu það ætti ekki ná til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt sérstökum lögum eða til séreignasjóða sem vafasamt væri að telja til lífeyrissjóða. En einnig var frv. gagnrýnt fyrir að ekki væri í því tekið á fortíðarvanda sjóðanna, þ.e. að eignir þeirra gætu að óbreyttu ekki staðið undir áföllnum skuldbindingum, og að ekki væri fjallað um tengsl lífeyrissjóða við almannatryggingar. Þá gagnrýndu talsmenn opinberra starfsmanna frv. sérstaklega vegna meintrar skerðingar á réttindum þeirra.

Þetta frv. verður því ekki lagt fram aftur, a.m.k. ekki óbreytt. Hins vegar fer fram um þessar mundir athugun á vegum fjmrh. á málinu og það er unnið að undirbúningi almennra laga um starfsemi lífeyrissjóða. Þau lög munu að hluta til byggja á frv. frá 1987 hvað varðar ýmsa mikilvæga þætti. Það er gert ráð fyrir að

frv. til allra lífeyrissjóða hvað almenn atriði snertir svo sem almenn starfsskilyrði, stjórn eftirlit og þess háttar en ekki verði breytt ákvæðum um réttindi, iðgjöld og fleira hjá þeim sjóðum sem starfa samkvæmt sérlögum. Í frv. þessu yrði að taka á ýmsum málum sem valdið hafa ágreiningi. Það þarf að skilgreina lífeyrissjóði betur en gert hefur verið, taka afstöðu til skylduaðildar að tryggingarsjóðum og þá tilteknum sjóðum, lágmarkslífeyrisréttinda og tengsla þeirra við iðgjöld og lágmarksiðgjalda, iðgjaldastofna o.s.frv.

Það er ekki síður nauðsynlegt að fjalla um meginreglur um ávöxtun, áhættudreifingu, eigið fé, rekstur, stjórn, fjárhagslegt, reikningslegt og tryggingafræðilegt eftirlit, samræmdar reglur um mat á stöðu sjóðanna o.s.frv. Þá er gert ráð fyrir að tengsl lífeyris úr lífeyrissjóðum annars vegar og bóta almannatrygginga hins vegar verði athuguð sérstaklega af fjmrn. og heilbrrn. Til greina kemur við lokaundirbúning málsins að nefnd á vegum forsrh. með aðild fjmrn. og heilbrrn. kæmi sérstaklega að þessum þáttum þar sem þau tengjast auðvitað þessum tveimur ráðuneytum í mjög veigamiklum þáttum.

Í annan stað, varðandi síðari liðinn, þá er gert ráð fyrir að endurskoðun á ýmsum þáttum í lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna verði liður í þeirri athugun sem um getur í því svari sem ég gaf hér rétt áðan. Það þarf að breyta ýmsum ákvæðum til að aðlaga þau almennum ákvæðum um stjórnun, eftirlit o.fl. sem gert er ráð fyrir að verði í frv. um starfsemi lífeyrissjóða eins og ég nefndi áðan, svo og almennum ákvæðum um skylduaðild, aðildarrétt og fleira. Enn fremur er gert ráð fyrir að athuguð verði ýmis framkvæmdaratriði sem þörf er á að lagfæra svo sem aðild annarra vinnuveitenda en ríkisins að sjóðum þess, umreikning lífeyris, rétt til veru í lífeyrissjóði ríkisins við niðurlagningu stöðu, framreikning á örorkulífeyri, verðtryggingu réttinda vegna skammtímaaðildar, reglur um skiptingu makalífeyris, reglur um lífeyri sambúðarmaka og reglur um makalífeyri alþingismanna. Til skoðunar er enn fremur að í lög komi ákvæði um sérdeild við Lífeyrissjóð ríkisins er taki á móti iðgjöldum af launum umfram föst laun fyrir dagvinnu og að lífeyrisréttindi í þeirri deild miðist við aðildarréttindi og fleira sem vera þarf frábrugðið aðalsjóðnum.

Varðandi lífeyrismál æðstu embættismanna ríkisins, ráðherra og alþingismanna sem eru skipaðir með sérstökum lögum, þá er auðvitað sjálfsagt að þeir lífeyrisþættir komi til sérstakrar endurskoðunar.

Ég vil þó nefna í þessu sambandi að í fréttum sem voru í fjölmiðlum fyrir nokkrum vikum síðan voru mörg hundruð þúsund króna lífeyrismánaðarlaun réttlætt með því að þar væri verið að laga sig að lífeyrisréttindum ráðherra og annarra slíkra. Það er mjög orðum aukið. Lífeyrisréttindi ráðherra til að mynda, svo það sé nefnt, eru með þeim hætti að ráðherra getur eftir tæplega níu ára ráðherravist, sem er nú ekki mjög algeng, náð 50% af réttindum ráðherrahlutans sem mundi verða í tilfelli forsrh. sem er hæstur, um 70.000 kr. Þannig að þó að það sé betra en margur annar hefur þá má ekki sækja réttlætingu á mörg hundruð þúsund króna mánaðarlaunum annars staðar til þessarar viðmiðunar a.m.k. En ég ítreka það að mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að einmitt þessir lífeyrisþættir sem fyrirspyrjandi nefndi sérstaklega komi mjög til athugunar við þessa endurskoðun.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Af þeim má marka að þetta mál sé í undirbúningi í fjmrn. og einnig í heilbrrn. Ég skildi svar hæstv. forsrh. svo að það kæmi til mála að stofnuð yrði nefnd undir forsæti forsrn. með aðild heilbrrn. og fjmrn. á seinni stigum undirbúnings þessa máls. Ég vil þakka hæstv. forsrh. þá yfirlýsingu að sérstök endurskoðun skuli nú fara fram á þeim sérréttindum er þingmenn, ráðherrar og æðstu embættismenn þjóðarinnar njóta og það færi til sambærilegra réttinda er aðrir njóta í lífeyrismálum.

Það er ekki meira um þetta að segja að sinni. En ég treysti því að hæstv. ríkisstjórn taki hraustlega á þessu og flýti þessum málum eins og kostur er. Ekki svo að það bitni á málsmeðferðinni sem slíkri en svo að Alþingi vinnist góður tími til að taka á málinu og koma fram réttarbótum áður en þessu kjörtímabili lýkur.

Um þingsköp.

Svör við skriflegum fyrirspurnum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er gengið í það verk að svara munnlegum fyrirspurnum eins og vera ber og allt gott um það að segja. En samkvæmt þingsköpum er einnig heimilt að leggja fram skriflegar fyrirspurnir. Þær taka lítinn tíma frá þinginu og það vill svo til að það form er að mörgu leyti mjög hentugt. Ég er með fyrirspurn frá Pétri Bjarnasyni til samgrh., um leiðsögumannsstörf. Þessari fyrirspurn á að vera búið að svara. Tíminn er útrunninn. En það er þó ekki það alvarlegasta heldur að hún var einnig flutt í fyrra og þá varð tíminn útrunninn og henni ekki svarað. Þannig að ráðuneytið er búið að fá mjög ríflegan tíma til að hugsa sig um og vinna það verk.

Þess vegna fer ég nú fram á það við forseta að gengið verði í það af fullri festu að krefjast svars við þessari fyrirspurn og að það svar liggi fyrir áður en þingi verður slitið. Því það er gjörsamlega ólíðandi að það geti yfir höfuð gerst að forseti þingsins samþykki skriflega fyrirspurn sem eðlilega fyrirspurn en svo svari ráðherrar ekki slíkri fyrirspurn.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti skal taka athugasemdir þingmannsins til athugunar.

Frágangur stjórnarfrumvarpa, ein umr.

Fsp. ISG, 571. mál. — Þskj. 952.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Á þskj. 952 er ég með fyrirspurn til forsrh. um frágang stjórnarfrumvarpa og skýrslna opinberra stofnana.

Fyrirspurnirnar eru reyndar þrjár og eru svohljóðandi:

1. Eru starfandi málfarsráðunautar á vegum einstakra ráðuneyta og stofnana?

2. Með hvaða hætti er reynt að tryggja að mál, sem ríkisstjórnin sendir Alþingi sem þingmál, séu skýr og hnökralaus hvað málfar og framsetningu snertir?

3. Er með markvissum hætti reynt að tryggja að skýrslur og önnur gögn í opinberri stjórnsýslu, sem almenningi eru ætluð, séu á skýru og hnökralausu máli og að öðru leyti aðgengileg almenningi?

Þessi fyrirspurn á sér kannski ákveðna sögu eða orsakir. Það er rétt að ég reki þær hér. Eins og þingmenn eflaust vita hefur á undanförnum árum komið fram ný skilgreining á ólæsi. Þessi skilgreining felst í því að menn eru læsir á einstök orð, þ.e. orðin sjálf, en þeir skilja ekki samhengið sem orðin standa í og geta ekki tileinkað sér þann texta sem þeir lesa. Ég upplifði það eftir að ég fór að lesa hér þingskjöl að ég væri í rauninni ólæs á tiltekið efni. Það var dálítið nýtt fyrir mér að átta mig á því. En ástæðan er sú að stundum er texti þingmála með þeim hætti að það er ekki nokkur leið að skilja hann. Bæði kemur það stundum fyrir að í texta eru hugtök sem ekki er hægt að skilja. Ég vil nefna hér eitt dæmi. Í lögum sem hafa verið sett um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði — ég er reyndar með hér fyrir framan mig lög frá 1989 en þau hafa verið endurflutt nánast árlega — er í 3. gr. talað um „afgjaldskvaðarverðmæti" sem er hugtak sem er held ég mjög illskiljanlegt flestu fólki og (**Gripið fram í:** Óskiljanlegt.) er náttúrlega óskiljanlegt en fékkst einhvern tímann skilgreining á hér í þinginu. Það var þáv. hæstv. fjmrh. og núv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sem sagði: „Þetta orð mun vera ættað úr framkvæmd eignarskatts og nákvæm skilgreining á þessu orði mun vera fimmtánföld árleg lóðarleiga." En það segir sig náttúrlega ekki sjálft að afgjaldskvaðarverðmæti sé fimmtánföld lóðarleiga. Þetta var um hugtökin. Síðan koma setningar. Ég vil leyfa mér að lesa hérna eina sem er úr nýlegu skjali og varð raunar tilefni þessarar fyrirspurnar, en þetta er frv. til laga um heimild til að fullgilda Norðurlandasamning um almannatryggingar. Í 13. gr. þessa samnings segir — og nú bið ég þingmenn að leggja eyrun við:

„Sé fyrir hendi, við útreikning grunnlífeyris, réttur til þess að fá meðtalin framtíðarbúsetutímabil eftir lífeyrisatburð í fleiri en einu norrænu landi og skal þá í hverju einstöku landi eingöngu taka tillit til hluta framtíðarbúsetutímabilsins. Þennan hluta skal ákveða á grundvelli raunverulegs búsetutíma sem nota skal við lífeyrisútreikninginn út frá hlutfallinu milli raunverulegs búsetutíma í viðkomandi landi og samanlagðs raunverulegs búsetutíma í löndunum."

Þessa setningu skil ég ekki og vona ég að þingmenn virði mér það til vorkunnar. En þetta var í rauninni tilefni þess að ég lagði fram þessa fyrirspurn.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Það var nú ekki fallega gert af hv. þm. að lesa þessa setningu sem hún las síðast og biðja menn að fylgjast nákvæmlega með, setja mann út af laginu áður en maður kemur í ræðustólinn. Ég hef ekki numið nákvæmlega hvað þetta þýddi.

En sem svar við spurningunni beint þá vil ég taka fram að við undirbúning svarsins hefur verið leitað til allra ráðuneyta varðandi þessar þrjár spurningar sem fram eru bornar og eru þau svör sem ég get gefið hér byggð á þeim upplýsingum.

Varðandi fyrstu spurninguna: Eru starfandi málfarsráðunautar á vegum einstakra ráðuneyta og stofnana? Þá er svarið það að ekkert ráðuneyti eða stofnun að undanskildu Ríkisútvarpinu hefur ráðið í stöðu sérstaks málfarsráðunautar en algengt er að leitað sé til íslenskumanna með einstök verkefni.

Í annan stað er spurt: Með hvaða hætti er reynt að tryggja að mál, sem ríkisstjórnin sendir Alþingi sem þingmál, séu skýr og hnökralaus hvað málfar og framsetningu snertir?

Svar við þessum lið er þannig: Ráðuneytin beita margvíslegum aðferðum í viðleitni sinni til að tryggja gott málfar og framsetningu á þingmálum. Þá er leitað til einstaklinga sem eru sérfróðir um málfar eða stofnana á borð við Íslenska málstöð sem starfrækt er við Háskóla Íslands og hefur lögum samkvæmt skyldum að gegna við þær ríkisstofnanir sem til hennar leita um leiðbeiningar. Þá kemur fyrir að leitað sé til útgáfudeildar Alþingis um samráð við frágang texta og athugasemdir. Almennt er reynt að tryggja vandaðan frágang þingmála með því að fela hann hæfum aðilum og er algengt að þingmál séu lesin yfir af nokkrum aðilum innan og utan ráðuneyta með tilliti til málfars. Umhugsunarefni er hvort rétt sé að leitast við að samræma frekar en nú er gert frágang og framsetningu þingmála ríkisstjórnarinnar. Vissulega er æskilegt að samræma uppsetningu og tæknilegan frágang þeirra en einnig er rétt að huga að því hvort eðlilegt væri að forsrn. mundi hafa forgöngu um að yfirfara þingmál í málfarslegu tilliti.

Varðandi þriðja liðinn: Er með markvissum hætti reynt að tryggja að skýrslur og önnur gögn í opinberri stjórnsýslu, sem almenningi eru ætluð, séu á skýru og hnökralausu máli og að öðru leyti aðgengileg almenningi?

Svarið við þessu er þetta: Eðlilegt er að sú krafa sé gerð til ráðuneyta og stofnana að þau gögn sem frá þeim fara séu á skýru og hnökralausu máli og þar með aðgengileg almenningi. Vafalaust er misjafnlega að verki staðið hvað þetta varðar en til eru dæmi um að innan stofnana starfi sérstakar ritnefndir sem yfirfara allt efni sem út kemur á þeirra vegum. Eðlilegt er að líta svo á að einstök ráðuneyti og stofnanir beri ábyrgð á að frágangur og málfar á skýrslum og öðrum gögn-

um sem ætluð eru almenningi séu viðunandi en ekki er haft sérstakt eftirlit með því að svo sé.

Þetta svar þýðir á mæltu máli að það sé ekki mjög markvisst eftirlit með því að tryggja að málfar sé skýrt og hnökralaust.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég held að þetta sé þörf fyrirspurn sem hér hefur verið hreyft og hæstv. forsrh. hefur svarað. Ég hygg að það sé venjan í sumum ráðuneytum alla vega að halda þannig á málum að meiri háttar mál eru lesin, a.m.k. hafði ég það fyrir reglu þegar ég var í menntmrn., að láta íslenskulesa öll meiri háttar frv. sem lögð voru hér inn.

En ég vil benda á það í þessu samhengi hvort ekki sé rétt að Alþingi hafi starfandi sérstakan málfarsráðunaut. Við höfum auðvitað málfarsráðunaut í hlutastarfi þar sem er Helgi Bernódusson sem er góður starfsmaður hér og hefur oft forðað „slemmunum" í mörgum ljótum textum sem lagðir hafa verið fyrir þingið. En það er spurning hvort Alþingi á ekki að hafa slíkan málfarsráðunaut starfandi sem fjallar þá ekki bara um þingmannafrumvörp heldur líka um stjórnarfrumvörp áður en þau eru lögð fram svo og greinargerðir með þeim frumvörpum.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli og forsrh. fyrir að svara spurningunni svo langt sem það svar náði. Hér er um gamalt vandamál að ræða. Það hefur nú vafist fyrir Íslendingum að skilja ýmislegt sem frá ráðuneytum hefur komið alveg frá fornu fari og kansellístíll var hér tíðkaður fyrr á öldum og eimir töluvert eftir af honum enn.

Ég held að það væri virðingarvert ef forsrn. tæki sér fyrir hendur að yfirfara fumvörp og skriflega gerninga frá ráðuneytunum þannig að þau væru á mæltu máli og mættu skiljast. Það er mjög mikilvægt að málfar sé þannig að sæmilega læsir Íslendingar viti við hvað er átt og setja það fram þannig að það sé mönnum vel skiljanlegt. Ég vil hvetja til þess að forsrn. taki það mál til gaumgæfilegrar athugunar.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka forsrh. fyrir svörin sem voru skýr og hnökralaus þó þau næðu ekki lengra en þau náðu, þ.e. að það sé kannski ekki mjög markvisst eftirlit haft með þessum hlutum sem ég held að þyrfti nú að reyna að koma á. Mér finnst það mörg dæmi hafa komið hér inn á borð okkar þingmanna að undanförnu og ég hef það oft heyrt ofan í þingmenn að þeir eru mjög ósáttir við það málfar sem er á ýmsum skjölum sem hingað koma að það sé orðið tímabært að skoða þessi mál og hvort það ætti að samræma yfirferð yfir þessi frv. með einhverjum hætti.

Ég held að þetta sé sérstaklega mikilvægt núna og ég nefni það vegna þess að við erum sífellt að gera fleiri alþjóðasamninga. Ég nefni sérstaklega í því sambandi samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði þar sem verður sjálfsagt mun meiri þýðingarvinna heldur en verið hefur og einmitt það sem ég var að lesa hérna úr Norðurlandasamningnum er þýðing á texta sem væntanlega er skrifaður upphaflega á dönsku. Þá getur svona lagað mjög oft gerst að það er bara þýtt samkvæmt orðanna hljóðan en það er enginn skilningur á bak við það sem kemst svo á prent. Og það segir sig sjálft eins og með þetta hugtak sem ég var að nefna hér, framtíðarbúsetutímabil, hvernig getur maður fengið útreiknaðan lífeyri út frá framtíðarbúsetutímabilum? Hvernig veit hann hvar hann mun búa í framtíðinni og hversu löng tímabilin verða á hverjum stað? Þetta er bara merkingarleysa sem þarna kemst yfir.

En ég þakka svörin og legg áherslu á að það verði með einhverjum hætti tekið á þessu. Ég er ekki frá því að það sé ágæt hugmynd eins og kom fram hér hjá 9. þm. Reykv. að það verði einn og sami aðilinn sem bæði skoði mál sem þá varða þingið og eins framkvæmdarvaldið.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram en ég vek athygli á því að þessi vandi tengist ekki eingöngu lagafrv. Sem betur fer er það nú svo að lagafrumvörpin fá umfjöllun í ráðuneytum, í ríkisstjórn, á þingi og í nefndum og margur rekur þá augun í hluti sem hægt er að lagfæra. Ég hef hins vegar tekið eftir því varðandi reglugerðarsetningar að þar er mjög mikill vandi á ferðum enda miklu færri sem að því máli koma. Þar er oft skrifað undir og birtur í Stjórnartíðindum texti sem er, svo ekki sé meira sagt, afkáralegur.

Guðrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Það er vissulega gott mál að bæta texta sem lagðir eru fram hér á hinu háa Alþingi. En verði ráðinn málfarsráðunautur til þess væri ekki úr vegi að fenginn væri maður sem eitthvað kynni fyrir sér í framsagnarlist þannig að það skildist sem lesið væri upp úr frv. og þeim þingskjölum sem lögð eru fram hér á hinu háa Alþingi. Það þarf stundum meira en skarpa heyrn til að heyra hvað hv. þm. eru að segja að ég nú ekki minnist á framburðinn sem fundinn hefur verið upp hér og er nýjung í íslenskri málfarssögu, að menn eru hér hættir að leggja áherslu á fyrsta atkvæði orða. Menn eru hér í Alþýðubanda-laginu og í Framsóknar-flokknum. (Gripið fram í.) Mér var kennt það sem barni að það væri til flokkur sem héti Framsóknarflokkurinn en ekki Framsóknar-flokkurinn.

Staða samkynhneigðs fólks, ein umr.

Fsp. ISG, 577. mál. — Þskj. 967.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Fyrir rúmu ári síðan var samþykkt hér á Alþingi svohljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að kanna stöðu samkynhneigðs fólks á

Íslandi. Nefndin skal skipuð fulltrúum dómsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og hagsmunasamtaka samkynhneigðs fólks. Skal nefndin kanna lagalega, menningarlega og félagslega stöðu þess og gera tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki hverfi hér á landi."

Þetta var samþykkt þann 19. maí 1992 og þegar fór að líða á veturinn skildist mér að lítið hefði orðið úr skipan þessarar nefndar. Ég hafði samband við forsrn. um áramót og þá hafði í rauninni ekkert gerst, það er kannski ekki rétt að segja ekkert því það var búið að tilnefna í nefndina en það vantaði formann og virtist eitthvað ganga illa að koma þessu afkvæmi Alþingis á koppinn ef svo má segja.

Nú ekki veit ég hvort seinvirkni er um að kenna eða hreinlega því sem mér datt nú kannski frekar í hug, ákveðnum tepruskap. En ég hef ekkert heyrt um það enn þá hvernig þetta mál stendur og því spyr ég á þskj. 967:

1. Hverjir eiga sæti í þeirri nefnd sem samþykkt var á síðasta löggjafarþingi að fela ríkisstjórninni að skipa til að kanna stöðu samkynhneigðs fólks á Íslandi?
2. Hvað líður störfum nefndarinnar?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Hv. 10. þm. Reykv. hefur borið fram svohljóðandi fsp.:

1. Hverjir eiga sæti í þeirri nefnd sem samþykkt var á síðasta löggjafarþingi að fela ríkisstjórninni að skipa til að kanna stöðu samkynhneigðs fólks á Íslandi?
2. Hvað líður störfum nefndarinnar?

Í nefndinni eiga sæti Sigurður Júlíus Grétarsson, sálfræðingur og dósent við Háskóla Íslands, en hann er jafnframt formaður nenfdarinnar, Margrét Harðardóttir, deildarsérfræðingur í menntmrn., tilnefnd af menntmrh., Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félmrn., tilnefndur af félmrh., Guðni Baldursson viðskiptafræðingur og Guðrún Gísladóttir deildarstjóri, bæði tilnefnd af Samtökunum 78.

Þál. um skipun nefndarinnar var samþykkt í maí 1992. En eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda dróst að skipa í þessa nefnd. Þann seinagang má rekja til þess að ráðuneytin höfðu mjög misjafnan skilning á eðli verkefna nefndarinnar og þar af leiðandi hvar bæri að vista hana. Þetta er í sjálfu sér skiljanlegt enda verður að segjast að verkefni nefndarinnar, að kanna lagalega, félagslega og menningarlega stöðu samkynhneigðra, er mjög víðfeðmt og ekki á sviði neins eins ráðuneytis. En forsrn. hefði kosið að dóms- eða félmrn. hefði skipað nefndina sem þau töldu að ekki væri rétt af þeim ástæðum sem ég áðan rakti. Því urðu lyktir málsins þær að ég ákvað að nefndin skyldi starfa á vegum forsrn. og var leitað til Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands eftir ábendingum um hæfan einstakling til að gegna formennsku í nefndinni. Nefndin var skipuð í síðasta mánuði og ég vænti góðs af störfum hennar.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka þessi svör. Það kemur í ljós að allar tilnefningar eru komnar og það er búið að tilnefna formann nefndarinnar. Ég get út af fyrir sig verið sátt við það að sá formaður sé samkvæmt ábendingu frá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, það gæti tryggt ákveðin fagleg vinnubrögð. En nefndin starfar engu að síður á ábyrgð og vegum forsrn. En úr því að búið er að ganga frá þessum málum þá vænti ég þess að nefndin taki nú til starfa og skili af sér skýrslu þar sem hún komi þá með tillögur um það hvernig standa megi að málum til að bæta stöðu þessa hóps í þjóðfélaginu og að sú vinna taki ekki langan tíma. Og þó það hafi dregist í heilt ár að koma nefndinni á laggirnar þá verði það ekki vísbending um það sem koma skal, þ.e. að nefndin starfi mjög hægt. Ég þakka svörin.

Pappírsnotkun þjóðarinnar, ein umr.

Fsp. GunnS, 427. mál. — Þskj. 726.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram tvær fyrirspurnir til hæstv. umhvrh. um pappírsnotkun þjóðarinnar er hljóða svo:

1. Hver er hlutur endurunnins pappírs í heildarpappírsnotkun þjóðarinnar að magni og kostnaði?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir sérstökum aðgerðum sem draga úr pappírsnotkun þjóðarinnar og auka notkun endurunnins pappírs?

Ég held að það sé samdóma álit að aukin pappírsnotkun sé verulegt áhyggjuefni. Það er alkunna að við erum að ganga á takmarkaðar birgðir skóga jarðarinnar og þar með súrefnisbirgðirnar sjálfar sem mannlífið nærist og þrífst af. Ef við horfum okkur nær hér í þingsalinn þá blasir við okkur gegndarlaus sóun á pappír. Mér verður stundum hugsað til þess að ef jarðarbúar fetuðu í fótspor Alþingis Íslendinga í sambandi við sóun og notkun á pappír þá yrði þess tæpast að vænta að líf á jörðunni mundi þrífast mjög lengi. Ég held að þetta sé stærra mál en margan býður í grun og í öðru lagi held ég að það sé þörf á því að reyna að skapa hér vitund um að við erum að taka af takmarkaðri auðlind. Þess vegna hef ég leyft mér að bera þessar fyrirspurnir fram til hæstv. umhvrh. og vænti svara.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Til máls tekur hæstv. iðnrh., starfandi umhvrh.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Í fyrsta lagi spurði hv. fyrirspyrjandi hver væri hlutur endurunnins pappírs í heildarpappírsnotkun þjóðarinnar að magni og kostnaði.

Því miður er ekki hægt að sjá það af tollskrám né öðrum tölulegum upplýsingum sem tiltækar eru hver hlutur endurunnins pappírs er í heildarpappírsnotkun þjóðarinnar. Um þetta má þó hafa nokkrar vísbending-

ar. Á árinu 1992 voru flutt til landsins 3.774,3 tonn af prent- og skrifpappír. Á sama ári er vitað að a.m.k. 500 tonn voru flutt inn af pappír sem hafði fengið norrænt umhverfismerki en sá pappír er nær allur endurunninn. Ég tel líklegt að hlutur endurunnins pappírs liggi á milli 500 og 1.000 tonna. Þetta er að sjálfsögðu ágiskun en ekki töluleg staðreynd. Þótt ekki séu tiltækar tölur um notkun á endurunnum og svokölluðum umhverfisvænum pappír þá er ljóst að notkun hans fer vaxandi hér á landi. Sem dæmi um þetta má nefna að umhvrn. veit að á síðasta ári flutti eitt fyrirtæki, sem að vísu er umsvifamikið á þessu sviði, inn 583,3 tonn af slíkum pappír. Einnig má nefna að það verður stöðugt algengara að fyrirtæki og stofnanir setji sér þá reglu að nota einungis endurunninn eða annan umhverfisvænan pappír. Ég nefni enn sem dæmi að í umhvrn. er nær eingöngu notaður endurunninn pappír. Það litla sem notað er af pappír sem unnin er úr nýju hráefni uppfyllir allar þær kröfur sem gerðar eru til þess að hljóta norræna umhverfismerkið. Á síðasta ári var svo tekin upp flokkun á pappír í umhvrn. og nýtanlegur úrgangspappír sendur til endurvinnslu. Á árinu 1992 fóru tæp 320 kg af notuðum pappír frá umhvrn. til endurvinnslu. Þetta eru vísbendingar um svör við fyrstu spurningu hv. fyrirspyrjanda.

Síðara málið sem fyrirspyrjandi hreyfði var spurningin hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir sérstökum aðgerðum sem draga úr pappírsnotkun þjóðarinnar og auka notkun endurunnins pappírs.

Í því sambandi vil ég nefna að á síðasta ári beitti umhvrn. sér fyrir því í samráði við landbrn. að íslenskir eggjabændur notuðu íslenska eggjabakka sem framleiddir eru úr endurunnum pappír hér á landi. Ráðuneytið hefur á ýmsum öðrum sviðum hvatt til notkunar á vörum framleiddum úr endurunnum pappír. Ég get látið þess getið hér að iðnrn. hefur líka beitt sér í þessu máli. Þar má reyndar vísa til búvörulaganna þar sem sú skylda er lögð á búvöruframleiðendur og þá sem vinna úr búvörum vegna verndarinnar sem þeir njóta að þeir noti einkum innlend aðföng. Á því hefur verið mikill misbrestur.

Ísland er eins og kunnugt er aðili að norræna umhverfismerkinu og mun væntanlega gerast aðili að evrópsku umhverfismerki þegar það verður að veruleika. Pappír sem hlotið hefur norræna umhverfismerkið er framleiddur úr hráefni úr ræktuðum nytjaskógum og framleiðsluferlið þannig uppbyggt að mengun er haldið í lágmarki. Umhvrn. átti þátt í því að hvetja íslensk fyrirtæki til að efla innra eftirlit á sviði umhverfismála sem m.a. felur í sér reglur um pappírsnotkun og er sérstaklega að þessu vikið í stefnu ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum sem ber heitið: Á leið til sjálfbærrar þróunar.

Nú er í ráði að hvetja önnur ráðuneyti sérstaklega og opinberar stofnanir til að auka notkun á endurunnum pappír þar sem það er mögulegt. Jafnframt er æskilegt að dregið verði úr pappírsnotkun, m.a. með samtengingu tölvukerfa. Nú er unnið að því að tengja tölvur Stjórnarráðsins saman og koma þar á tölvupóstkerfi sem gefur möguleika á pappírslausum samskiptum innan Stjórnarráðsins. Pappírslaus samskipti, m.a. í sambandi við tollafgreiðslu á varningi fara nú mjög vaxandi í viðskiptalífinu og ég bind vonir við að það geti miðað að því marki sem hv. fyrirspyrjandi hér setti fram að draga úr pappírsnotkun almennt. Ef maður svipast hér um borðin og sér þau svigna undir pappírsbunkunum þá sér maður að sú stofnun sem við erum starfandi í gæti vafalaust reynt að draga úr pappírsnotkun eins og fyrirspyrjandi nefndi í máli sínu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það væri fróðlegt í tilefni af þessari fsp. að láta kanna hversu oft Hallormsstaðaskógur í heild fellur af pappírsnotkun Alþingis á ári hverju og gera á því alveg sérstaka úttekt.

Í annan stað vil ég spyrja í tilefni af þessari fsp. hæstv. iðnrh. vegna þess að í síðustu ríkisstjórn var samþykkt tillaga frá menntmrn. um að auka notkun ráðuneyta og ríkisstofnana á endurunnum pappír, hún var samþykkt, og ráðuneytunum var falið að vinna eftir þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar á sínum tíma. Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því hvernig og hvort unnið hafi verið eftir þessari ályktun ríkisstjórnarinnar.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. starfandi umhvrh. fyrir svörin. Í hans svari kemur í ljós að allmikið starf hefur verið lagt af mörkum í umhvrn. til að leggja þessu máli lið, að draga annars vegar úr pappírsnotkun þjóðarinnar og sérstaklega opinberra stofnana, og síðast en ekki síst það að auka hlut endurunninns pappírs. Það er ekki annað að heyra á svari hæstv. ráðherra en að þarna sé verið að reyna að vinna starf eins og frekast má. En eins og ég vék að í upphafsorðum mínum þá er kannski ráð að við alþingismenn lítum okkur nær varðandi þá spurningu sem hv. þm. Svavar Gestsson spurði hér, hversu oft Hallormsstaðaskógur fellur undan skjölum og pappír þeim sem við notum hér í Alþingishúsinu, þá hef ég bent á það í forsætisnefnd áður að mér blöskrar þessi gegndarlausa pappírssóun í þessu húsi. Ég hef lagt á það áherslu þar að það sé tæpast hægt að taka mark á hvatningarorðum umhvrn. um að draga úr pappírsnotkun og auka hlut endurunnins pappírs á meðan Alþingi Íslendinga fer jafnfrjálslega með skóga heimsins og raun ber vitni. Hérna þarf Alþingi að ganga á undan með góðu fordæmi til þess að þjóðin geti tekið mark á að feta í slík fótspor. Hér er um stórt mál að ræða og fjölmargir telja að hér þurfi að grípa til aðgerða. Þess vegna bar ég fram þessar fyrirspurnir.

Guðrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Ég get mjög vel tekið undir það að gera mætti meira af því hér á hinu háa Alþingi að nota endurunninn pappír, t.d. í þingskjöl og annað slíkt. Ég get hins vegar ekki tekið undir það að persónulega fái ég pappír sem ég ekki þarf að nota hér á hinu háa Alþingi. Ég reyni að lesa það sem að mér er borið og ég vildi ekki missa neitt af því. En það sem

ég held að skipti máli í þessari umræðu er að um opinber skjöl og plögg af öllu tagi ber auðvitað að fara með gát vegna geymslugildis og það verður auðvitað að gera skýran greinarmun á pappír sem er notaður daglega og er síðan kastað burt eins og t.d. þingskjölum, því síðan eru þau jú prentuð í þingskjalahuta þingtíðinda, og skjala eins og er í ráðuneytum, bréfaskipti og annað slíkt sem að mínu viti verður auðvitað að gæta mjög vel að hafi geymslugildi og þoli tímans tönn. Ég held því að þarna þurfi að hafa skjalaverði og sérmenntað fólk í þeim efnum til þess að marka stefnu í þeim málum. (Forseti hringir.) Síðan er auðvitað til tækni, virðulegi forseti, ég skal ljúka máli mínu, þar sem hægt er að mynda skjöl og geyma þau þannig sem örmyndir en það er auðvitað dálítið annar hlutur en ég vil bara leggja á það áherslu að það er ekki alveg einfalt mál að nota eingöngu endurunninn pappír því að eftir því sem ég skil best hefur hann mjög takmarkað geymslugildi.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Sú umræða sem vakin er af fsp. hv. 5. þm. Austurl. um pappírsnotkun er þörf. Vegna spurningar hv. 9. þm. Reykv. um eftirfylgd við samþykkt ríkisstjórnarinnar um aukna notkun á endurunnum pappír í ráðuneytunum þá ég hef þegar komið nokkuð að því máli í því sem ég lýsti hér fyrir hönd umhvrh. Ég get líka látið það koma fram að í kjölfar þeirrar samþykktar var aukin flokkun á pappír og það sem sent er til endurvinnslu er núna miklu meira en áður. Skipulag á gagnaeyðingu hefur líka haft þetta í för með sér þótt e.t.v. hafi aukning á frumnotkun endurunnins pappírs ekki orðið sú sem ætlað var þegar þáv. menntmrh., núv. 9. þm. Reykv. gerði þessa tillögu sem samþykkt var. En það hefur sannarlega verið unnið að málinu. Það væri sérstaklega athyglisvert og þarft verkefni fyrir hv. umhvn. þingsins með atbeina hv. 4. þm. Austurl. að kanna það hversu oft á ári Hallormsstaðaskógur fellur fyrir hendi penna- og pappírsglaðra þingmanna. Ég hygg að þar leggi margir drjúgan skerf til verka. Það væri ágætt mál að hv. 5. þm. Austurl. beitti sér fyrir því í samvinnu við hv. 4. þm. Austurl. að kanna þetta mál til hlítar.

Þá kem ég að því sem hv. 14. þm. Reykv. sagði sem er sannarlega rétt að það þarf að velja pappír við hæfi. Margur endurunninn pappír hefur takmarkað geymsluþol og reyndar mun það gilda um allan nútímapappír að hann endist verr og prentmálið á honum miklu síður en áður var. Þetta leiðir hugann að því að það þurfi að huga að því hvernig best sé að varðveita skjöl og efni sem máli skiptir og þess vegna er það alveg rétt hjá hv. 14. þm. Reykv. að það að nota endurunninn pappír er ekkert allsherjarhjálpræði. Það er líka ástæða til að leiða hugann að því að margir hafa bent á það að orkujöfnuðurinn við notkun á endurunnum pappír kunni að vera umhverfinu óhagstæður.

Vatnsborð og búsvæði bleikju í Þingvallavatni, ein umr.

Fsp. ÖS, 481. mál. — Þskj. 829.

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Eins og flestum er kunnugt er Þingvallavatn ein af merkilegustu perlum í íslenskri náttúru. Vatnið er sérstakt fyrir þá sök að þar hafa í rás 10 þúsund ára þróast fjórar gerðir af bleikju sem nefnar hafa verið sílableikja, murta, kuðungableikja og síðan dvergbleikja sem er eins konar undirafbrigði af kuðungableikju og líka stundum kölluð svartbleikja. Þessar bleikjur búa þarna saman og þetta er eina vatnið í öllum heiminum þar sem hægt er að nefna fjórar gerðir af bleikju. Það er mjög mikilvægt að ekkert sé gert sem geti svipt þessar merku bleikjugerðir undirstöðunni, en eigi að síður er það svo að þær eru sumar í nokkurri hættu staddar vegna verka af mannsins völdum.

Þessar bleikjur eru sérstakar. Þær eru þannig gerðar að þær eru aðlagaðar að mismunandi líferni. Murtan og sílableikjan eru aðlagaðar að hröðu sundi, þær eru jafnmynntar eins og hv. formaður þingflokks sjálfstæðismanna sem hér brosir framan í mig, og eru til þess lagaðar að hrifsa bráð sína. Kuðungableikjan og dvergbleikjan eru hins vegar allt öðruvísi. Þær eru lagaðar að hægu botnlífi. Þær hafa mjög breiða kviðugga, þær hafa ekki þessa sömu straumlínulögun og sílableikjan og murtan og þær lifa fyrst og fremst á kuðungum sem er að finna á hörðu undirlagi á grunnu vatni í Þingvallavatni. Þær tína þessa kuðunga upp og lifa eingöngu að segja má á þeim.

Kuðungarnir hins vegar hafa verið í nokkurri hættu staddir. Þegar virkjunin brast þjóðhátíðardaginn 1959, þá lækkaði yfirborð vatnsins á einum degi um 1–1,5 m og þá var höggvið mjög breitt skarð í kuðungastofninn og því er haldið fram að síðan hafi kuðungableikjan aldrei náð sér. Í dag er hún miklu minni að vöxtum en aðrar bleikjugerðir í vatninu. Það er talið að ekki sé nema vel innan við milljón kuðungableikjur. Síðan er henni líka búin önnur hætta af mannsins völdum. Þannig er að örar breytingar á yfirborði vatnsins geta leitt til þess að kuðungar lenda á þurru og deyja og þar með er takmarkað það búsvæði sem kuðungableikjan hefur yfir að ráða. Náttúrulegar sveiflur áður fyrr í vatninu námu e.t.v. 20–30 sm og urðu á löngum tíma, þ.e. á tveimur til þremur mánuðum.

Nú er það svo að vegna raforkuframleiðslu er leyfilegt að breyta sveiflum vatnsins þannig að það má lækka það um 10 sm á einum degi 10 daga í röð, þ.e. allt að einum metra. Nú er að vísu farið mjög sparlega með þetta og Landsvirkjun hefur mikinn skilning á þessu máli. Eigi að síður hef ég lagt hér fram fsp. til hæstv. umhvrh. um hvort hann hyggist beita sér fyrir því að reglur sem takmarka þessar yfirborðssveiflur vegna raforkuframleiðslunnar verði hertar til þess að vernda betur búsvæði þessarar bleikju sem er í hættu.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. 17. þm. Reykv. spyr um vatnsborð og búsvæði bleikjunnar í Þingvallavatni. Hann spyr hvort umhvrh. hyggist beita sér fyrir því að reglurnar sem nú takmarka yfirborðssveiflur í vatninu vegna raforkuframleiðslunnar verði hertar til þess að vernda betur búsvæði fiska.

Það er frá því að segja að Þingvallavatn hefur um langt skeið verið nýtt sem miðlunarlón vegna raforkuvinnslu sem hefur haft í för með sér reglubundnar breytingar á vatnsborðinu. Auðvitað geta slíkar breytingar haft neikvæð áhrif á vistkerfi í vatninu, m.a. á lífsskilyrði og hrygningu vatnafiska, svo sem urriða og bleikju. Reglubundnar breytingar á vatnsborði miðlunarlóna geta einnig valdið því ásamt ísmyndun að laus jarðvegur og set skolist burt sem síðan getur haft í för með sér landbrot og aukna hættu á foki. Það er því rík ástæða til þess að reyna að halda vatnsborðinu eins stöðugu og kostur er.

Því hefur verið haldið fram að há vatnsstaða og miðlun vatns í Þingvallavatni hafi haft neikvæð áhrif á lífríki vatnsins og þar með á bleikjustofna þess, sem komi m.a. fram í landrofi og þverrandi veiði. Einmitt vegna þessara áhyggjumála kannaði umhvrn. sérstaklega hvað gert hefði verið til þess að stemma stigu við sveiflum á vatnsborðinu. Samkvæmt upplýsingum sem borist hafa frá Veiðimálastofnun og Landsvirkjun hefur verið gert samkomulag milli veiðibænda við vatnið, Veiðimálastofnunar og Landsvirkjunar um að halda vatnsborðinu stöðugu í sem næst 100,6 m yfir sjávarmáli. Það hefur tekist að halda vatnsborðinu stöðugu í þessari hæð undanfarin ár með fráviki sem nemur 5 eða 10 sm til eða frá og með vísan til þess sem fram kom hér í máli hv. 17. þm. Reykv., eru náttúrlegar sveiflur 20–30 sm. Í reynd hefur verulegu vatnsmagni því verið hleypt niður farveg Sogsins í leysinga- og rigningatíð en dregið aftur úr rennsli í þurrkatíð eins og aðstæður hafa leyft.

Þegar þetta efni er skoðað, þá hefur umhvrn. ekki séð ástæðu til þess að gera nú kröfu um hertar reglur sem takmarki enn frekar yfirborðssveiflurnar í Þingvallavatni vegna raforkuframleiðslu. Reglurnar eru strangar og þeim er vandlega fylgt. Hitt er svo annað mál, að það hefur komið til umræðu að Landsvirkjun kanni möguleika á því að hleypa vatni aftur í efsta hluta Sogsins til að freista þess að endurskapa náttúrleg tímgunarskilyrði fyrir urriðann sem beið mikinn hnekk þegar Sogið var virkjað. Þetta er mál óskylt því sem hér er rætt um búsvæði bleikjunnar, en auðvitað er það mjög mikilvægt að þær viðamiklu rannsóknir á lífríki vatnsins, sem fram hafa farið undir stjórn Péturs M. Jónassonar prófessors og annarra og rannsóknar Veiðimálastofnunar, verði fylgt eftir. Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að Þingvallavatn er ein af perlunum í náttúru Íslands og við verðum að umgangast það af mikilli varfærni og freista þess að viðhalda lífinu þar eftir því sem við frekast getum.

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir það svar sem hann gaf hér. Málið er honum skylt í tvennum skilningi, hann er iðnrh. og yfirmaður raforkuframleiðslu í landinu og jafnframt á hann sæti í Þingvallanefnd þannig að ég veit að hæstv. ráðherra er umhugað um að halda lífríki Þingvallavatns í sem bestu lagi. Ég vil leggja á það áherslu að þetta er auðvitað partur af þeim arfi sem við tökum við frá gengnum kynslóðum og okkur ber skylda til þess að koma honum í góðu lagi til framtíðarinnar. Ég lít svo á að þetta sé engu minni hluti af menningararfinum heldur en sögurnar.

Ég vil sérstaklega þakka hæstv. iðnrh. fyrir þann þátt í máli hans sem laut að Soginu þó að það sé nokkuð óskylt þessu máli. Það er mjög mikilvægt að hér hefur komið fram yfirlýsing frá iðnrh. um það að verið sé að íhuga það að hleypa aftur vatni á efri hluta Sogsins til þess að koma þar upp urriðastofninum. Ég er sannfærður um að verði það gert mun það taka tiltölulega skamman tíma að ná aftur upp einum merkasta urriðastofni sem er að finna í Evrópu.

Hæstv. ráðherra gat þess einnig að frávikið í yfirborði vatnsins væri einungis 5–10 sm. Ég fagna því að þær upplýsingar komi fram en vil hins vegar geta þess að þær upplýsingar, sem ég hef frá þeim líffræðingum sem hafa staðið fyrir rannsóknum í vatninu, þar á meðal prófessor Pétri M. Jónassyni, sem hæstv. ráðherra gat sérstaklega um í sínu svari, eru þess eðlis að ég hygg að menn viti ekki af þessu. Þeir eru þeirrar skoðunar að þarna sé um að ræða þrefalt til sexfalt meiri sveiflur heldur en ráðherrann segir að hafi verið, en ég tók eftir að hann sagði „að jafnaði“. En það eru einmitt meðaltölin sem ekki gilda vegna þess að það þarf ekki nema nokkra daga til þess að fara niður um 20 eða 30 sm til þess að nokkur hluti af kuðungastofninum sé tekinn úr umferð, deyi.

Ég vil undirstrika það að það er ekki hægt að bera náttúrulegu sveiflurnar saman við þessar skjótu sveiflur. Náttúrulegu sveiflurnar verða eins og ég sagði á tveimur til þremur mánuðum. Þessar sveiflur verða hins vegar dag frá degi. Því er haldið fram af líffræðingum að það hafi komið fyrir á nokkrum árum að yfirborðið hafi lækkað um 30 sm á örfáum dögum. Þá erum við að taka í burtu stóran hluta af fæðulind þessarar bleikjugerðar. En að öðru leyti, virðulegi forseti, vil ég þakka ráðherranum fyrir þann skilning sem hann hefur sýnt þessu máli.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. 17. þm. Reykv. að við höfum skyldur við framtíðina. Lífríkið í Þingvallavatni er líka hluti af menningararfleifð þjóðarinnar. Við eigum að reyna að tryggja það að bleikjustofnarnir fjórir geti áfram lifað í Þingvallavatni og dafnað þar þannig að þá megi nýta með eðlilegum hætti af þeim sem við vatnið búa og öðrum sem heimsækja þann stað.

Ég vil taka það fram að ég veit að umhvrh. leggur mikla áherslu á eftirlit með breytingum á fiskstofnunum í þessum vötnum, að eftirlitið verði eflt og hann treystir á að Veiðimálastofnun sjái um það í samvinnu

við veiðibændur og aðra sem hlut eiga að máli að þessu sé stranglega framfylgt.

Vegna þess sem hv. fyrirpsyrjandi hreyfði hér um hvers eðlis breytingarnar á vatnsborðinu væru og hvernig þær hefðu verið á undanförnum árum, þá lýsi ég því yfir að um það mál þarf alveg greinilega að hafa samráð því að ég hef það eftir öruggum heimildum að þessar sveiflur séu ekki nema 5–10 sm frá þessu marki sem að er stefnt að halda vatnsborðinu í, 100,6 m yfir sjávarmáli. (**ÖS:** Að jafnaði.) Nei, ég sagði ekki að jafnaði. En ég tek það fram að þar hef ég staðreyndirnar eftir heimildum umhvrn. en það er sjálfsagt að hafa þar það sem sannara reynist og meta það jafnframt hvort jafngildar sveiflur eru þarna á ferðinni.

Ég vil að endingu, virðulegi forseti, ítreka það sem ég hef áður sagt að það skortir ekki á af hálfu umhvrn. að vandlega verði með þessu máli fylgst og ég þakka hv. fyrirspyrjanda enn á ný að hreyfa því máli sem hér er til umræðu.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég vil að það komi fram að nú um tveggja ára skeið hafa staðið yfir aðgerðir sem grundvallast á tillögum sérfræðinga Veiðimálastofnunar sem ganga í þá átt að draga úr sveiflum í Þingvallavatni. Þessar aðgerðir eru unnar í fullu samkomulagi við vatnabændur sem raunar sneru sér upphaflega til landbrn. út af þessu máli og hefur landbrn. vitaskuld beitt sér fyrir því að draga úr þessum sveiflum.

Á hinn bóginn er það auðvitað fjárhagslegt mál hversu langt er gengið í því að knýja Landsvirkjun til þess að hætta að nota Þingvallavatn sem miðlunarlón og er auðvitað sjálfsagt að athuga það nú, ekki síst þegar orkubúskapnum er háttað eins og nú er, hvort ekki sé hægt að hætta því með öllu. Í fljótu bragði virðist svo vera og mun ég að sjálfsögðu ræða það mál við Landsvirkjun.

Vörugjaldskrá hafna, ein umr.

Fsp. IP, 492. mál. — Þskj. 844.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Fsp. *mín er til hæstv. samgrh. um* vörugjaldskrá hafna, hún er á þskj. 844 og er svohljóðandi:

„Hvaða ástæður eru fyrir háu vörugjaldi til hafna á útflutningsvörum eins og mjöli og lýsi og mun lægra vörugjaldi á innflutningsvörum, svo sem olíum og bensíni, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 462 frá 22. des. 1992?"

Í þeirri reglugerð segir svo, með leyfi forseta:

„Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

1. fl.: Gjald kr. 106,00 pr. tonn:

Bensín, brennsluolíur, kol, laust salt, vikur og sement.

2. fl.: Gjald kr. 221,00 pr. tonn:

Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingavörur" o.s.frv.

Hér munar meira en helming eftir tegundum vöru og því er spurt: Hver eru rökin fyrir því að skipta vörum í þessa tvo flokka með meira en helmingsmun á gjaldi? Í hærra verðgjaldi eru fiskimjöl og lýsi en slíkar vörur eru fluttar út í miklu magni með mikla þyngd eins og aðrar sekkjavörur. Frystar afurðir aftur á móti koma miklu betur út úr þessu þar sem umfang og þyngd vörunnar er miklu minna miðað við það útflutningsverðmæti sem fyrir hana fæst. Dæmi: Greiðsla fyrir frystar afurðir með útflutningsverðmæti upp á á annan milljarð, 700 þús. kr. í vörugjald en útflutningsvörur eins og loðnumjöl upp á 450 millj., 5 millj. vörugjald.

Ég er hér með útreikninga frá Félagi ísl. fiskimjölsframleiðenda sem sýna hversu geysilegur munur það væri ef mjöl og lýsi væru í gjaldskrá 1. flokki í stað 2. flokks. Flutt voru út á árinu 1992 162.548 tonn af fiskimjöli og 75.610 tonn af fiskilýsi. Miðað við 2. flokk gjaldskrár frá 22. des. 1992 þurftu útflytjendur á mjöli og lýsi að greiða tæplega 53 millj. en ef mjöl og lýsi væru í 1. flokki hefði upphæðin orðið samtals um 25 millj. Mismunurinn er upp á 27 millj. Þetta er æðimikill munur, sér í lagi þegar á það er litið að verð á loðnumjöli hefur ekki hækkað til langs tíma. En einhver rök hlýtur hæstv. samgrh. að hafa fyrir þessum mismun sem ekki liggja ljós fyrir. Þessi mismunur er ekki einungis baggi á fiskimjölsverksmiðjum á landinu heldur hlýtur þetta að koma niður á launum loðnusjómanna en laun þeirra hafa ekki hækkað til nokkurra ára. Nægjanlegt er að þurfa að búa við þá duttlunga sem loðnan sýnir þó að ekki þurfi að búa við þá óröksstuddu duttlunga sem þarna kemur fram í vörugjaldi. (Forseti hringir.) Það er ekki einungis misræmi þarna heldur er mjög mikið misræmi á mili hafna, t.d. hafa Seyðisfjörður og Siglufjörður sem njóta loðnunnar miklu meiri tekjur heldur en t.d. hafnir eins og Grundarfjörður og Hellissandur.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Með bréfi hinn 17. mars 1992 óskuðu samtök fiskvinnslustöðva eftir því að fá lækkun á gjaldskrám hafna varðandi loðnuafurðir, mjöl og lýsi. *Það erindi var sent Hafnasambandi sveitarfélaga sem* lagðist gegn slíkum breytingum. Þegar þessi fsp. barst nú, sendi samgrn. hana til umsagnar Hafnarsambandinu og barst bréf hinn 4. maí sl. varðandi þessa fsp. sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Gjaldskrá fyrir íslenskar hafnir er sett samkvæmt núgildandi hafnalögum, nr. 69/1984. Gjaldskrá er staðfest *af samgrh. að fengnum tillögum hafnaráðs* og Hafnasambands sveitarfélaga. Samkvæmt 11. gr. er lagt vörugjald á vörur sem umskipaðar eru, lestaðar eru eða losaðar í höfn. Í gjaldskrá er vörugjaldi skipt í þrjá flokka auk aflagjalds eftir tegund vöru og eðli þeirra flutninga sem um er að ræða.

Við flokkun í 1. flokk vörugjaldskrár er miðað við

vörur sem eru fluttar í miklu magni í hverjum farmi og nýta því viðlegukant í tiltölulega stuttan tíma á einingu í farmi skips. Þá er einnig í 1. flokki bensín og brennsluolía sem í mörgum tilvikum er dælt á land úr skipum sem liggja við festar á hafnarsvæðinu og nýta því ekki hafnarmannvirki að öðru leyti.

Í 2. og 3. flokki vörugjaldskrár eru vörur sem þurfa við lestun og losun verulegt rými á hafnarbakkanum og fast viðlegupláss fyrir skip og því meiri þjónustu og afnot af hafnarmannvirkjum en þau skip sem flytja vörur sem eru í 1. flokki. Gjaldskrá hafnanna tekur tillit til eðlis flutninga en ekki þess, hvort um er að ræða útflutning eða innflutning á vörum sem fara um hafnarsvæðið. Að öðru leyti er vísað til þess að gjaldskráin hefur verið sett fyrir allar hafnir landsins. Hefur ríkt bærileg sátt um hana milli hafnarstjórna og notenda hafnanna þó jafnan megi deila um verðlagningu almennt. Þá skal þess getið að aðilar vinnumarkaðarins hafa ekki leitað eftir viðræðum um lækkun hafnargjalda frá því að fulltrúar frá Félagi fiskvinnslustöðva leituðu eftir því á síðasta ári að færa hluta sjávarafurða í 1. flokk. Þeirri ósk var hafnað af stjórn Hafnasambandsins eftir ítarlega athugun á málinu í samráði við þær hafnarstjórnir sem málið varðaði einkum."

Svo mörg voru þau orð. Ég hef ekki öðru við þetta að bæta en því að þessi breyting, ef úr henni yrði, mundi hafa mjög mismunandi áhrif á loðnuhafnir. Í sumum tilvikum eru tekjur vegna loðnuútflutnings verulegar og mundu skekkja fjárhagsstöðu einstakra hafna.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Vegna ræðu hv. fyrirspyrjanda og þeirra athugasemda sem komu fram frá hjá hv. þm. þá vil ég mótmæla því sem þar kom fram að gjaldskrá hafna sé byggð á órökstuddum duttlungum. Ég vek athygli á því að þessi gjaldskrá er sett af höfnum landsins þar sem hafnarstjórnir fjalla um gjaldskrána og viðkomandi bæjarstjórnir staðfesta þannig að það er ansi breiður hópur sem stendur að baki þessari ákvörðun. Ég vil því vísa þessu á bug, enda kemur fram í svari hæstv. ráðherra að hér er um faglegt mat að ræða sem byggt er á flutningatækni en ekki spurningunni um það hvort um sé að ræða innflutning eða útflutning. Auðvitað ber að reyna að draga úr kostnaði við útflutningsafurðir eins og kostur er, en það tel ég að gerist ekki með því að breyta þessari flokkun í gjaldskrá hafnanna.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svörin. Hann vísaði þessu aftur til Hafnasambandsins, en ég verð að segja alveg eins og er að ef ég hef verið undrandi áður en ég spurði þá er ég nú alveg hissa eftir svörin hjá hv. 1. þm. Vesturl. vegna þess að hann sagði að það hefði farið fram faglegt mat á þessu. Ég sagði hér áðan í minni framsögu um þetta mál að ef verðmæti útflutnings væri á annan milljarð á frystri afurð, þá væru greiddar 700 þús. Ef aftur á móti um loðnumjöl er að ræða og útflutningsverðmætið er 450 millj., þá eru greiddar 5 millj. Þarna er nú um alveg merkilegt, faglegt mat að ræða að mínu mati. Ég held því að það hafi verið óvitar sem fjölluðu um þetta, ég verð að segja alveg eins og er.

En vegna þess að hér er sífellt verið að tala um offjárfestingu í sjávarútvegi og menn halda hér langar ræður um það og er eflaust hægt að rökstyðja það, þá eru sífellt gerðar meiri kröfur til fiskimjölsverksmiðja varðandi mengunarvarnir. Við höfum heyrt það t.d. hvað Reykvíkingar kvarta undan vondri lykt hér og ég ætla að taka sem dæmi hvað kostar að gera verksmiðjur reyklausar að Vestmannaeyingar eru að gera eina af sínum verksmiðjum reyklausa og það kostar 250 millj. kr. Það verður því að ríkja einhver skilningur þarna á milli aðila, sem um þessi mál fjalla.

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég er alveg sammála fyrirspyrjanda um að mál af þessu tagi hljóta ávallt að vera til endurskoðunar áfram, en ég álít að það sé líka nauðsynlegt að sveitarfélögin sem eiga mestra hagsmuna að gæta geri málin upp við sig. Það eru þau sem bera ábyrgð á og gera tillögur um gjaldskrá og ég hef ekki að svo komnu treyst mér til annars en að fara eftir þeim tillögum. En vitaskuld er þetta mikið álitamál sem hér er fjallað um og ekki einfalt einmitt með hliðsjón af því sem hv. fyrirspyrjandi sagði.

Íþróttir, æskulýðs- og tómstundastarfsemi, ein umr.

Fsp. FI, 496. mál. — Þskj. 848.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. 11. maí 1988 samþykkti Alþingi svohljóðandi þál. um íþróttir, æskulýðs- og tómstundastarfsemi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna áhrif og mikilvægi íþrótta, æskulýðs- og tómstundastarfs. Leitað verði samstarfs við íþróttahreyfinguna um mótun íþróttastefnu til ársins 2000."

Upphaflega var þessi þáltill. flutt af þeim sem hér stendur og fleiri hv. alþm. Nú er hins vegar langt um liðið síðan þessi þál. var samþykkt. Hún hefur lengi verið í meðförum menntmrn. Niðurstöður af a.m.k. stefnumótuninni hafa enn ekki birst og því spyr ég hæstv. menntmrh.:

„Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um íþróttir, æskulýðs- og tómstundastarfsemi frá 11. maí 1988?"

Það eru fáir orðnir í þessu samfélagi sem efast um gildi íþrótta. Mikill fjöldi kannana hefur verið gerður á undanförnum árum um mikilvægi íþróttanna og áhrif á ungmenni og allar þessar niðurstöður ber að sama brunni. Þau ungmenni sem stunda íþróttir neyta síður ávana- og fíkniefna heldur en þau ungmenni sem ekki stunda íþróttir og ég hef heyrt að nú sé nýlokið könn-

un á þessu sviði og hana einmitt ber að nákvæmlega sama brunni.

Það er margt fleira, virðulegi forseti, sem hér mætti nefna sem jákvæð áhrif íþrótta í þessu samfélagi, en ég ætla að láta þetta nægja. En þetta staðfestir það að mínu viti að það er mikilvægt að sem allra fyrst verði framkvæmd sú þál. sem samþykkt var 11. maí 1988 og leitað verður samstarfs við íþróttahreyfinguna eins og þál. gerði ráð fyrir um þessa stefnumótun.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það er spurt hvað líði framkvæmd þál. um íþróttir, æskulýðs- og tómstundastarfsemi frá 11. maí 1988. Alþingi ályktaði þá að fela ríkisstjórninni að láta kanna áhrif og mikilvægi íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og leitað yrði samstarfs við íþróttahreyfinguna um mótun íþróttastefnu til ársins 2000.

Þann 23. sept. 1988 skipaði þáv. menntmrh., Birgir Ísl. Gunnarsson, nefnd til að vinna að þessu máli. Þeirri nefnd gafst ekki ráðrúm til þess vegna stjórnarskiptanna haustið 1988 þar sem nýr menntmrh., Svavar Gestsson, leysti þá nefnd frá störfum þann 3. okt. Ráðherrann óskaði þá eftir tilnefningum frá stærstu æskulýðs- og íþróttasamtökum landsins og Sambandi ísl. sveitarfélaga í nefnd sem skyldi vinna að endurskoðun þeirra þátta æskulýðsmála sem menntmrn. lætur sig varða, endurskoða gildandi lög um æskulýðsmál og kanna áhrif og mikilvægi íþrótta, æskulýðs- og tómstundastarfsemi. Jafnframt skyldi nefndin gera tillögu að stefnumótun í íþrótta-, æskulýðs- og tómstundamálum fram til ársins 2000.

Þessi nýja nefnd skilaði viðamikilli tillögu að íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastefnu til ársins 2000 þann 22. apríl 1990. Sú könnun á áhrifum og mikilvægi íþrótta og æskulýðs- og tómstundastarfsemi sem Alþingi ályktaði að fela ríkisstjórninni að láta gera var ekki gerð, en í nefndarálitinu kom fram að nauðsyn var talin á því að slík könnun yrði gerð. Þegar ég kom í menntmrn. lagði ég áherslu á að samspil þessara og fleiri þátta í lífi ungs fólks yrði tekið til sérstakrar athugunar.

Haustið 1991 var viðamikil rannsókn á högum ungs fólks undirbúin á vegum Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála, m.a. með stuðningi menntmrn., dómsmrn., Reykjavíkurborgar og Byggðastofnunar. Töluverður hluti þeirrar könnunar var helgaður áhrifum íþrótta- og tómstundastarfs á aðra þætti í lífi ungs fólks. Könnunin var lögð fyrir nær alla skólanemendur á aldrinum 13–20 ára vorið 1992. Þegar hefur verið unnið úr ýmsum þáttum þessarar viðamiklu rannsóknar og er sérstakrar skýrslu um áhrif íþrótta- og tómstundastarfs á líðan og lífshætti ungs fólks að vænta á næstu vikum.

Þá vil ég geta þess að þann 15. maí nk. verður haldið málþing á vegum íþróttanefndar ríkisins og menntmrn. um gildi íþrótta þar sem kynntar verða nokkrar niðurstöður umræddrar rannsóknar. Við mótun framtíðarstefnu í þessum málaflokkum verður m.a. byggt á niðurstöðum umræddrar rannsóknar og fyrrnefndri tillögu að íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastefnu til ársins 2000.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Ég sé það af svari hæstv. ráðherra að unnið hefur verið að málinu. Það hefur hins vegar tekið lengri tíma en menn kannski hefðu búist við að það þyrfti að taka í upphafi. Eftir svari ráðherrans liggur fyrir þessi viðamikla rannsókn sem gert er ráð fyrir að fram hafi átt að fara í þál. Það verður fróðlegt að sjá niðurstöður hennar, en þá er sá þáttur eftir sem lýtur að stefnumótuninni fyrir íþróttahreyfinguna í landinu. Þegar sú stefnumótun fer fram hljóta, eins þál. gerir ráð fyrir, að verða þar til kallaðir aðilar eins og Ungmennafélag Íslands og Íþróttasamband Íslands sem eiga að sjá um að framfylgja þeirri stefnu sem mótuð er. En við slíka stefnumótun hlýtur að þurfa að taka tillit til tveggja meginþátta. Í fyrsta lagi þess hvert á að vera hlutverk og til hvers er ætlast af þeim fjöldahreyfingum eins og Íþróttasambandi Íslands og Ungmennafélagi Íslands sem hafa með höndum skipulag og framkvæmd þessarar starfsemi í landinu, en um leið þarf auðvitað að taka tillit til þess hvað, hvar og hvernig á að fjármagna starfsemi þessara hreyfinga og um leið allra íþróttafélaganna til þess að geta staðið undir þeim skyldum sem á þessi fjöldasamtök hljóta að verða lagðar þegar slík stefnumótun fer fram.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu vegna þess að gildi íþrótta er öllum ljóst og það er ekki nóg að gera kannanir. Það þarf svo auðvitað fjármagn til að framfylgja þeim könnunum. Mig langar af því tilefni að spyrja hæstv. menntmrh.: Ætlar hann að efla Íþróttasjóð ríkisins? Það eru 12 millj. á fjárlögum þessa árs til íþróttamála frá ríkinu. Ætlar hæstv. ráðherra að efla þennan sjóð í framtíðinni?

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek undir þakkir til hv. 11. þm. Reykv. en ég vil aðeins vekja athygli á einu atriði í allri þessari umræðu um almenningsíþróttir og nauðsyn þess að börn og unglingar taki þátt í íþróttum þegar það færist nú æ meira í vöxt að það kostar mikla peninga. Nú er það svo hér í Reykjavík að litlir krakkar geta ekki fengið að vera í íþróttafélagi, knattspyrnufélagi eða handboltafélagi án þess að það kosti allt upp í 15 þús. kr. á ári fyrir hvert barn. Og það eru áreiðanlega til fjölskyldur í þessari borg sem hafa engin ráð á þessu. Ég held að það sé komið mál til að stjórnvöld marki þá stefnu hvort aðgangur að íþróttum sem þessum eigi að vera ókeypis eða ekki. Fyrir utan þessi gjöld sem foreldrar greiða eru börnin látin standa í sölu alls kyns vöru og grunur minn er sá að töluvert af þeim fjármunum fari til hinna fullorðnu sem eru þá orðnir eins konar atvinnumenn á launum. Ég held að

það sé tími til kominn að við horfumst í augu við það hvort öll börn og unglingar eiga aðgang að íþróttum í þessu landi eða ekki.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér nú aðallega hljóðs út af þessum síðustu orðum hv. 14. þm. Reykv. en þetta er verulegt vandamál í þessu byggðarlagi, Reykjavík, hvernig fjármálum íþróttahreyfingarinnar er háttað og hvað það kostar gífurlega fjármuni að taka þátt í íþróttastarfi.

Ég vil einnig þakka hv. 11. þm. Reykv. fyrir að hreyfa þessu máli og bendi á það sem kom fram í ræðu hæstv. ráðherra að að þessum málum var unnið rækilega í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. En ég vil svo segja það að lokum að hæstv. menntmrh. er nokkur vandi á höndum í þessum málum. Fyrir fáeinum árum ákvað Alþingi með samhljóða atkvæðum að taka íþróttastarfsemina af ríkinu algjörlega og afhenda hana sveitarfélögum og það virtust menn gera með opnum augum — eða hvað? Hver einasti þingmaður hér greiddi glaður atkvæði með þessari margumtöluðu verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, a.m.k. sýndist mér flestir gera það þó það ætti ekki við undirritaðan. Það verður auðvitað að taka þessi íþróttamál upp á ný. Ég held að það hafi ekki verið heillaspor að slíta þarna algjörlega í sundur samstarf ríkis og sveitarfélaga.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram, m.a. hjá fyrirspyrjanda, að stefnumótunin sjálf er eftir og eins og ég sagði í mínu svari verður niðurstaða könnunarinnar og skýrslan sem unnin var af nefnd fyrrv. menntmrh. lögð þar til grundvallar. Mér þykir einsýnt að til þessa verks verði kallaðir til fulltrúar frá þessum fjöldasamtökum, Íþróttasambandi Íslands og Ungmennasambandi Íslands og því verði þá jafnframt svarað við þessa stefnumótun hvert hlutverk þessara hreyfinga er á þessu sviði öllu og þá einnig hvernig eigi að fjármagna þessa starfsemi.

Hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir spurði hvort ég ætlaði að efla Íþróttasjóð ríkisins. Það er mál sem kemur að sjálfsögðu til meðferðar hér við afgreiðslu fjárlaga. Hv. þm. talaði hér fyrir tillögu fyrir skömmu um eflingu Íþróttasjóðs, en þetta verður að skoða í sérstöku samhengi við það sem hv. þm. Svavar Gestsson kom hér einmitt inn á í sinni ræðu, að sveitarfélögunum hefur verið falið þetta viðfangsefni og til þess fengu þau vissulega tekjustofna með hinum nýju verkaskiptalögum. Það má vel vera að þessi ákvörðun þarfnist endurskoðunar, um það ætla ég ekki að dæma. Ég var fylgjandi því að sveitarfélögin fengju aukin viðfangsefni og ég er það áfram og þar á meðal þetta. Ef þau hins vegar ekki standa sig í stykkinu, þá kallar það vafalaust á endurskoðun í þessu efni.

Um þingsköp.

Skrifleg svör við fyrirspurnum.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Í þingskapalögum segir í 49. gr. um fyrirspurnir:

„Ef óskað er skriflegs svars sendir ráðherra forseta það að jafnaði eigi síðar en tíu virkum dögum eftir að fyrirspurn var leyfð."

Á haustþingi 1991 lagði ég fram fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um hlunnindatekjur af ríkisjörðum. Sú fyrirspurn lá allt það þing og fram á vor 1992. Ég lagði hana aftur fram í haust og er hún 68. mál þessa þings, lagt fram 2. sept. Svar við þeirri fsp. hefur ekki borist. Hins vegar hefur fjmrn. þó haft samband við mig til þess að láta mig vita að þetta sé gífurleg vinna og það sé verið að taka þessar upplýsingar saman. En fullkomið svar get ég því miður ekki heldur fengið fyrir þinglok núna ef miðað er við það að þing skuli fara hér heim eftir örfáa klukkutíma með öll þau stóru mál óafgreidd sem eru sjálfsagt mörg hver og öll stærri en fyrirspurnirnar mínar, þá erum við nú á leiðinni heim engu að síður. En ég hef þó verið látin vita að þetta væri mikil vinna og þeir gætu því miður ekki svarað.

29. okt. lagði ég fram fsp. til menntmrh. um starfsemi Menningarsjóðs útvarpsstöðva. Það er 182. mál þingsins og síðan eru liðnir 189 dagar. Þessi fsp., sem ég hélt að væri tiltölulega auðvelt að svara, var í sex liðum. Í fyrsta lið var aðeins spurt um hlutverk Menningarsjóðs útvarpsstöðva. Í öðru lagi hverjar hefðu verið heildartekjur sjóðsins 1991, sem fyrir löngu síðan hlýtur að liggja fyrir í ársreikningum. Síðan var spurt um hverjir skipa stjórn og úthlutunarnefnd þessa sjóðs. Í fjórða lagi hverjir hlutu styrk úr sjóðnum 1991 og 1992, hversu háan og til hvaða verkefna. Allt eru þetta upplýsingar sem hljóta að liggja fyrir eftir ákvarðanatöku og fundi sjóðs eða úthlutunarnefnda. Í fimmta lagi hvernig hafi verið staðið að auglýsingum eftir styrkumsóknum almennt og á þessu ári sérstaklega, þ.e. 1991. Og að lokum var spurt hvernig háttað sé skilagreinum um þau verkefni sem veitt hefur verið til.

Þetta er fsp. sem ég lagði hér inn 29. okt. Starfsfólk Alþingis hefur aftur og aftur haft samband við menntmrn. og ævinlega fengið þau svör að svarið við fsp. mundi berast á næstu dögum. Þetta hefur verið gert ítrekað frá áramótum. Hins vegar hefur svarið ekki borist enn mér vitanlega og ég vil því spyrja menntmrh.: Hvað líður þeim svörum sem ég átti að fá? Miðað við dagsetningar átti ég að fá þau í nóvemberbyrjun. Og eins spyr ég forseta þingsins: Hvert er eftirlit forsætisnefndar með því að skriflegum fyrirspurnum sé svarað? Er það tekið fyrir á fundum forsætisnefndar þegar farið er yfir stöðu mála hér í þinginu hvort staðið hefur verið við það sem ákveðið var í lögum um þingsköp?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Já, það ber að biðja afsökunar á því hversu lengi hefur dregist að svara þessari skýrslubeiðni. Ég held að ég fari rétt með að það séu tveir eða

þrír dagar síðan handriti var skilað og ég hlýt að vænta þess að í dag geti þessari skýrslu um starfsemi Menningarsjóðs útvarpsstöðva verið dreift hér í þinginu, en ég skal kanna það nú strax á eftir. Það breytir ekki því að þetta hefur tekið of langan tíma og fyrir því eru ástæður sem ég gæti rakið en skipta kannski ekki máli og duga sjálfsagt ekki til þess að afsaka þennan langa drátt sem hefur orðið á svarinu, en svarið kemur.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill taka fram að eins og fram kom í máli hv. þm., þá reka starfsmenn þingsins á eftir svörum þegar of langt er liðið frá því að fsp. var lögð fram, en að öðru leyti mun forseti taka til athugunar þær athugasemdir sem komu fram hjá þingmanninum.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég verð nú að segja það að ég er mjög undrandi á þessari málsmeðferð hjá menntmrn., hvernig í ósköpunum stendur á því að menn draga það að svara svona einfaldri spurningu. Það getur verið afsökun fyrir drætti að mikið verk sé að taka svarið saman, en það getur ekki verið í þessu tilfelli. Það er hálfgerð yfirhylmingarlykt af svona málsmeðferð sem ég veit náttúrlega að hæstv. menntmrh. fellir sig ekki við og ég hlakka til að sjá þetta svar.

Ef hér hefði verið samþykkt tillaga sem ég flutti ásamt nokkrum öðrum hv. alþm. um rannsóknarnefnd fyrir nokkrum dögum síðan, þá hefði sú rannsóknarnefnd getað samkvæmt umboði í stjórnarskrá sótt þessar upplýsingar til ráðuneytisins en sú tillaga var felld. Fjárln. hefur tekið málið upp á sína arma og ég bíð spenntur eftir niðurstöðu hennar og Ríkisendurskoðunar. Svona mál er eðlilegt að upplýsa, svona mál verður að upplýsa. E.t.v. hefur það einhver áhrif á þessa tregðu hverjir hafa veitt þessum sjóði forstöðu og hvernig fjármunum hans hefur verið varið. Ég held að það sé nauðsynlegt að þessar upplýsingar komi fram. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir það að reka á eftir svarinu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að skoðaðar verði í forsætisnefndinni þessar reglur. Það er greinilegt að það er ekkert farið eftir þeim og ég vil beina því til þeirra hv. þm. sem hér eru úr forsætisnefnd að það verði íhugað hvort þetta verði ekki athugað betur því að þetta gengur auðvitað ekki. Við erum að bera hér fram fyrirspurnir og beiðnir um skýrslur og þetta dregst og dregst. Það getur vel verið að á þessu séu fullkomlega eðlilegar skýringar, praktískar eðlilegar skýringar og þá er það bara þannig og þá kemur það í ljós. En þá eiga menn ekki að hafa í þingsköpunum ákvæði sem eru með þeim hætti að þau séu brotin oft á vetri. Ég hef ekki tölu á því hversu oft þessi ákvæði þingskapa hafa verið brotin á þessum vetri. En ég hygg að það sé í ein 10–20 skipti þar sem það hefur dregist úr hófi að svara bæði skýrslubeiðnum og skriflegum fyrirspurnum eins og þeirri sem hv. 4. þm. Suðurl. nefndi.

Varðandi það sérstaka mál sem hv. þm. nefnir, þá verð ég að segja það eins og er að ég er alveg gáttaður á því að svarið skuli ekki vera komið fyrir löngu. Það hlýtur að hafa villst í pósti inni í ráðuneytinu eða eitthvað hafa gerst sem er eignlega óskiljanlegt fyrir utanhússmenn í þessu efni. Hæstv. ráðherra kaus að skýra það ekki nánar og sjálfsagt á hann sín rök fyrir því. Ég ætla ekkert að þýfga hann frekar um skýringar á málinu en segja það að vinnubrögðin í kringum þennan sjóð að undanförnu hljóta náttúrlega að vekja upp alveg sérstakar spurningar um Menningarsjóð útvarpsstöðva. Stjórnarformaður hans er núna framkvæmdastjóri sjónvarpsins, nýlega skipaður með umdeildum hætti af hæstv. menntmrh. Þessi sjóður kaupir umdeilda mynd af Baldri Hermannssyni fyrir nokkru fyrir 8,9 millj. kr. Einn af þeim sem gerir myndina er varaframkvæmdastjóri sjónvarpsins sem gerir samning um kaup á myndinni af — ja, mér liggur við að segja sjálfum sér fyrir hönd íslenska sjónvarpsins þannig að það er bersýnilega nauðsynlegt að sú könnun sem átti að gera og fjárln. er að vinna að, beinist að þessum sjóði í heild jafnvel þó að fyrirspurnirnar verði þaulunnar sem koma frá hæstv. menntmrh.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Höfuðástæðan fyrir því hversu lengi hefur dregist að svara þessu er fjarvera framkvæmdastjóra Menningarsjóðs útvarpsstöðva. Og bara svo að menn viti það, þá liggur menntmrn. ekki með upplýsingar um þennan sjóð. Þetta er sjálfstæður sjóður sem hefur sjálfstæða stjórn og sérstakan framkvæmdastjóra og þessar upplýsingar eru ekki til á hverjum tíma í menntmrn. Það er engin yfirhylmingarlykt af þessu, alls engin. Það er ekki verið að hylma yfir neitt og það verður skýrt nákvæmlega hvernig úthlutun hefur farið fram úr þessum sjóði.

Vegna þess að hv. þm. Svavar Gestsson sagði hér að stjórnarformaður sjóðsins nú væri framkvæmdastjóri sjónvarpsins, þá er það ekki rétt. Hann var það, hann var stjórnarformaður þar til hann tók við sínu starfi hjá Ríkisútvarpinu. Ég hef hins vegar ekki gengið frá skipan nýs formanns en um það var rætt að núverandi framkvæmdastjóri sjónvarps hætti sem formaður þegar hann tæki aftur við starfi, að vísu dagskrárstjóra var þá talað um. En hann hefur verið formaður undangengin tæp tvö ár.

Þetta mál á ekkert skylt við þá tillögu sem hv. þm. Páll Pétursson flutti hér um sérstaka rannsóknarnefnd um daginn, það á ekkert skylt við hana og allt varðandi Menningarsjóð útvarpsstöðva verður upplýst alveg burt séð frá þeirri tillögu. Hún skiptir engu máli því samhengi.

Aðeins að lokum vegna þess hve oft hefur dregist að svara skýrslum, þá er það alveg rétt og má vel vera að það þurfi að endurskoða ákvæði þingskapalaga um þann tíma sem líða má frá skýrslubeiðni og þar til skýrslu er skilað. En sannleikurinn er sá að margar

beiðnir hafa í för með sér gífurlega mikla vinnu fyrir ráðuneytin. Ekki það að ég sé að tala um að það eigi ekki að svara þeim heldur er oft og tíðum ekki nokkur lifandi leið að svara þeim innan þess tíma sem þingskapalög ákveða. Það á ekki við í þessu tilviki, ég tek það fram. Það eru aðrar ástæður fyrir því. Við höfum rætt hér áður um aðra skýrslu sem beðið er eftir frá mér og hv. þm. Svavar Gestsson bað um. Hún er varðandi vísinda- og tæknistefnu ríkisstjórnarinnar. Það sama á við um hana að ég vonast til að þeirri skýrslu verði dreift nú, en það eru allt aðrar ástæður fyrir því hversu lengi sú skýrsla hefur beðið.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir þá vinsamlegu ábendingu sem fólst í áherslu hennar á orðinu þingsköp og ég skal reyna að þreyta ekki þolinmæði hennar eða annarra þingmanna um of og segja það að ég fagna því að framkvæmdastjóri sjónvarps hefur látið af störfum sem formaður Menningarsjóðs útvarpsstöðva. Það má út af fyrir sig segja að það sé einfalt mál vegna þess að sjóðurinn er galtómur þegar hann skilur við hann.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er að vísu hárrétt hjá hæstv. menntmrh. að þetta er sjálfstæður sjóður, en hann er nú á vegum menntmrn. og samkvæmt tillögutextanum á till. til þál. um skipan rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar á þskj. 953 er einmitt rætt um það að rannsóknarnefndin eigi að kanna fjárhagsleg tengsl við stofnunina, þ.e. útvarpið, og menntmrn. og starfsemi á vegum þess. Þetta tekur að sjálfsögðu yfir þennan sjóð eins og aðra starfsemi á vegum menntmrn. Það er því ekki rétt hjá hæstv. menntmrh. að hér séu engin tengsl við þessa tillögu.

Það er að vísu skynsamlegt að skipta um stjórnarformann í þessum sjóði en það er verið að spyrja um verk fyrrverandi stjórnarformanns. Það er um það sem málið snýst.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svör hans hér. Ég fæ vonandi svör við mínum spurningum inn á borð í dag. En ég vil líka ítreka það við hæstv. forseta að þegar við leggjum fram fyrirspurnir sem þessar og prentuð er út hér staða þingmála, sem við fáum alltaf af og til, þá sé það hlutverk forsætisnefndar að fylgjast með framgangi mála og þingmenn þurfi ekki sjálfir að kveðja sér hljóðs um þingsköp til þess að reka á eftir. Ég nefndi áðan fyrirspurn sem ég hafði beint til fjmrh. 1991 og lá allt það þing og ég legg fram hér í haust 2. sept. og liggur enn, að vísu með þeim útskýringum ráðuneytis að þetta sé mikil vinna. Það er þá náttúrlega líka orðin spurning hvort ekki á að ræða við þingmenn ef búið er að eyða heilum tveim vetrum í að vinna úr þessari fsp. minni um hlunnindatekjur af ríkisjörðum, hvort ekki er þá orðin ástæða til þess að ræða það við þingmann að hann falli frá málinu vegna þess að slíkt hlýtur að hafa í för með sér gífurlegan kostnað fyrir ríkið, vinnan fyrir ári og svo aftur í vetur.

Fundi slitið kl. 12.12 miðdegis.

---

172. FUNDUR

fimmtudaginn 6. maí,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning sex manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands til fjögurra ára, frá 25. maí 1993 til 25. maí 1997, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 43 26. maí 1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.
2. Skaðabótalög, stjfrv., 326. mál, þskj. 596, nál. 1033 og 1061. — Frh. 2. umr.
3. Ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna kynferðisbrota, þáltill., 352. mál, þskj. 631, nál. 1068, brtt. 1069. — Síðari umr.
4. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 444. mál, þskj. 770, nál. 1071, brtt. 1072. — 2. umr.
5. Almenn hegningarlög, stjfrv., 449. mál, þskj. 775, nál. 1097. — 2. umr.
6. Alþjóðleg samvinna um fullnustu refsidóma, stjfrv., 450. mál, þskj. 776, nál. 1098, brtt. 1099. — 2. umr.
7. Evrópusamningar um fullnustu refsidóma, stjtill., 537. mál, þskj. 895, nál. 1100. — Síðari umr.
8. Framhaldsskólar, stjfrv., 397. mál, þskj. 691, nál. 1051 og 1058, brtt. 1052 og 1059. — Frh. 2. umr.
9. Útvarpslög, stjfrv., 305. mál, þskj. 474, nál. 1085, brtt. 1086 og 1107. — 2. umr.
10. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, stjfrv., 557. mál, þskj. 924, nál. 1087, brtt. 1088. — 2. umr.
11. Tilraunaverkefni framhaldsskóla á Asuturlandi, þáltill., 229. mál, þskj. 286, nál. 1089. — Síðari umr.
12. Safn þjóðminja að Hólum í Hjaltadal, þáltill., 116. mál, þskj. 136, nál. 1090. — Síðari umr.
13. Tengsl ferðaþjónustu við íslenska sögu, þáltill., 160. mál, þskj. 182, nál. 1091. — Síðari umr.
14. Tækniskóli Íslands, stjfrv., 327. mál, þskj. 598, nál. 1092. — 2. umr.
15. Menningarsjóður, stjfrv., 306. mál, þskj. 475, nál. 1093 og 1109, brtt. 1094. — 2. umr.
16. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 276. mál, þskj. 1116. — 3. umr.
17. Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, stjfrv., 406. mál, þskj. 700, nál. 1056, brtt. 1057. — 2. umr.

18. Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, stjtill., 232. mál, þskj. 289, nál. 1079, brtt. 1080. — Síðari umr.
19. Sveitarstjórnarlög, stjfrv. 515. mál, þskj. 872, nál. 1122, brtt. 1123. — 2. umr.
20. Reynslusveitarfélög, stjtill., 516. mál, þskj. 873, nál. 1124. — Síðari umr.
21. Framkvæmd útboða, stjfrv., 363. mál, þskj. 643, nál. 1101, brtt. 1106. — 2. umr.
22. Samvinnufélög, stjfrv., 364. mál, þskj. 644, nál. 1102, brtt. 1103. — 2. umr.
23. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 548. mál, þskj. 908, nál. 1105. — 2. umr.
24. Norræni fjárfestingarbankinn, stjfrv., 454. mál, þskj. 790, nál. 1104. — 2. umr.
25. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 231. mál, þskj. 288, nál. 1131. — 2. umr.
26. Aðgerðir gegn peningaþvætti, stjfrv., 210. mál, þskj. 251, nál. 1134, brtt. 1132. — 2. umr.
27. Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, stjfrv., 34. mál, þskj. 35, nál. 1135, brtt. 1136. — 2. umr.
28. Vegalög, stjfrv., 553. mál, þskj. 918, nál. 1077. — 2. umr.
29. Fjármögnun samgöngumannvirkja, þáltill., 104. mál, þskj. 122, nál. 1081, brtt. 1082. — Síðari umr.
30. Hafnalög, stjfrv, 191. mál, þskj. 222, nál. 1095, brtt. 1096. — 2. umr.
31. Áburðarverksmiðja ríkisins, stjfrv., 238. mál, þskj. 307, nál. 1108 og 1110, brtt. 1121. — 2. umr.
32. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 504. mál, þskj. 856, nál. 1133, brtt. 1125. — 2. umr.
33. Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, stjfrv., 25. mál, þskj. 25, nál. 1083, brtt. 1084. — 2. umr.
34. Samningur og verndun villtra plantna og dýra í Evrópu, stjtill., 533. mál, þskj. 891, nál. 1111. — Síðari umr.
35. Samþykkt um votlendi, stjtill., 534. mál, þskj. 892, nál. 1112. — Síðari umr.
36. Alþjóðasamningur um viðbúnað gegn olíumengun, stjtill., 535. mál, þskj. 893, nál. 1113. — Síðari umr.
37. Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, stjtill., 536. mál, þskj. 894, nál. 1114. — Síðari umr.
38. Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands, stjtill., 567. mál, þskj. 934, nál. 1127. — Síðari umr.
39. Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels, stjtill., 566. mál, þskj. 933, nál. 1128. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:
Eiður Guðnason umhvrh. (til kl. 4),
Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:
Framleiðsla og sala á búvörum, 504. mál, nál. minni hluta landbn., þskj. 1215.
Fræðslustörf um gigtsjúkdóma, 225. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1146.
Húsnæðisstofnun ríkisins, 276. mál, þskj. 1116.
Íbúðaverð á landsbyggðinni, 139. mál, nál. félmn., þskj. 1154.
Íslenski fjárfestingarbankinn hf., 588. mál, stjfrv., þskj. 1150.
Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, 25. mál, nál. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 1129; brtt. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 1130.
Lögheimili, 188. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1144; brtt. meiri hluta allshn., þskj. 1145.
Rannsóknir og þróun fiskeldis fram til aldamóta, 351. mál, nál. landbn., þskj. 1152; brtt. landbn., þskj. 1153.
Réttarstaða barna með krabbamein, 505. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1147.
Ríkisreikningur 1990, 243. mál, nál. fjárln., þskj. 1151.
Sjónvarps- og útvarpssendingar frá Alþingi, 589. mál, þáltill. HG o.fl., þskj. 1155.
Staða brotaþola við meðferð kynferðisbrotamála, 458. mál, nál. allshn., þskj. 1143.
Umhverfismat, 80. mál, nál. umhvn., þskj. 1139; brtt. umhvn., þskj. 1140.

Um þingsköp.
Störf í nefndum.

Hjörleifur Guttormsson:
Virðulegur forseti. Í 24. gr. þingskapa Alþingis segir, með leyfi forseta:
„Utanríkismálanefnd skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt á þingtíma sem í þinghléum. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu“ o.s.frv. eins og segir þar í framhaldi.
Nú liggur það fyrir í frétt Morgunblaðsins í morgun og staðfest af utanrrh. í fréttaviðtölum að mikilla breytinga sé að vænta í sambandi við starfsemi herstöðvarinnar í Keflavík. Þetta eru vissulega góð tíðindi sem ég ætla ekki að fara að ræða hér efnislega, góð tíðindi út frá almennum sjónarmiðum, en hitt er öllu lakara að mér sýnist að hér hafi verið brotið gegn ákvæðum þingskapalaga varðandi þetta mál eins og ég vitnaði til. Ég leitaði upplýsinga hjá utanrrn. í morgun um það hvenær vitneskja hefði komið um þetta til íslenskra stjórnvalda. Embættismaður vísaði starfsmanni þingmáladeildar á ráðherrann beint og ráðherrann hafði samband við mig nú í hádegishléi og greindi mér frá því síðan í símtali að vitneskja um þetta efni hefði borist þegar þann 16. apríl sl. og hann hefði tilkynnt hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. og hv. formanni utanrmn. um þetta mál þann 19. apríl sl. Ég hef

innt ritara utanrmn. eftir því hvort mál þetta hafi komið til umræðu í nefndinni. Ég er þar varafulltrúi Alþb. og hef ekki setið alla fundi síðan en var á síðasta fundi og starfsmaðurinn upplýsti að ekki hefði verið minnst orði á þetta mál í utanrmn. þingsins. Ég vek athygli hæstv. forseta á því hvernig á þessum málum er haldið af trúnaðarmönnum þingsins, hvernig gengið er gegn þingsköpum með þessum hætti sem ég hér lýsi, séu þessar upplýsingar réttar og þær liggja fyrir frá hæstv. utanrrh., og ég lýsi undrun á þessum vinnubrögðum og bið hæstv. forseta um að kanna þetta mál því að það brýtur gegn 24. gr. þingskapa að halda þannig á máli og það er fyrst í gegnum blaðafréttir á þessum degi að þjóðin er upplýst um það sem hefur verið að ganga á milli Stjórnarráðsins íslenska og sendiráðs í Washington og bandarískra stjórnvalda. Þetta er alvarlegt mál sem verður væntanlega rætt frekar síðar í dag efnislega, en ég vildi nota þetta tækifæri hér við hæstv. forseta að vekja athygli á því hvernig hér er haldið á málum af ríkisstjórninni og trúnaðarmanni Alþingis sem formanni utanrmn. gagnvart nefndinni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur heyrt athugasemdir og ábendingar hv. 4. þm. Austurl. og mun kynna sér þær.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess að hér er fyrirhuguð hálftíma utandagskrárumræða að beiðni hv. 4. þm. Austurl. Hún mun væntanlega geta farið fram á þessum fundi í dag að loknum atkvæðagreiðslum sem fyrirhugaðar eru kl. hálffjögur eins og áður hefur verið tilkynnt. Þá fara fram atkvæðagreiðslur um þau mál sem þá þegar liggja fyrir til atkvæðagreiðslu og umræðu er lokið um. En þessi umræða verður samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. þingskapa. (**Gripið fram í:** Um hvað?) Utandagskrárumræðan á að fjalla um fréttir af áformum Bandaríkjamanna um breytingu á herstöðinni í Keflavík. (**Gripið fram í:** Hver hefur áhyggjur af því?) Um það fer fram utandagskrárumræða og eins og forseti hafði tilkynnt og getur endurtekið er það að beiðni hv. 4. þm. Austurl.

Um þingsköp.

Afgreiðsla mála í nefndum.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Í gær bárust þær fréttir af afgreiðslu mála hér í nefndum að það hefði verið fellt að taka 16. mál þingsins út úr sjútvn., að stjórnarliðar í sjútvn. hafi komið í veg fyrir að 16. mál þingsins, sem er þingmannamál, fengi þinglega meðferð. Mér er kunnugt um það og sat sjálfur í félmn. einnig að þar var neitað að taka út þingmannamál þannig að það fengi þinglega meðferð. Ég spyr virðulegan forseta hvort það sé eðlilegt að skipulega sé komið í veg fyrir það hjá stjórnarliðum að mál fái þinglega meðferð með þessum hætti. Þinginu er að verða lokið. Þetta mál, sem sjútvn. var að fjalla um, fjallar um lagaheimildir til þess að úthluta aflaheimildum Hagræðingarsjóðs án endurgjalds, lagaheimildir til þess að uppfylla loforð sem hæstv. forsrh. hefur gefið. Ég spyr hæstv. forseta: Telur hann að það sé verjandi að senda þingið heim við þessar aðstæður? Á að kalla þingið saman aftur ef þarf slíkar lagaheimildir eða er hætta á að ríkisstjórnin setji bráðabirgðalög þegar þingið er farið heim?

Ég undrast þessa málsmeðferð og einkum er það fyrsta spurningin hvort það sé líðandi að stjórnarliðið hér á Alþingi komi með skipulegum hætti í veg fyrir það að þingmannamál fái þinglega meðferð. Ég segi fyrir mig og tala áreiðanlega fyrir munn fleiri stjórnarandstæðinga: Okkur er ekkert að vanbúnaði að sitja hér áfram og afgreiða mál þannig að þess vegna þarf ekki að ganga til verka með þessum hætti.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 2. þm. Austurl. fyrir að vekja athygli á því hvernig dæmi eru um að stjórnarliðar fari með þingmannamál. Ég vil vekja athygli á því að í 27. og 29. gr. þingskapalaga eru ákvæði um það hvernig mál skulu meðhöndluð í nefndum. Í félmn. gerðist það að tillaga um að afgreiða mál út fékkst ekki afgreidd, en þess í stað lýsti formaður nefndarinnar því yfir að mál væru ekki afgreidd úr nefnd nema með samþykki formanns. Þessu var ekki mótmælt af hálfu stjórnarliða í nefndinni og varð það niðurstaðan. Þar sem þetta er með nokkuð öðrum hætti en ég hef vanist í mínum störfum í félagsmálum vil ég spyrja hæstv. forseta að því hvort þetta sé rétt að formenn þingnefnda ákvarði einir og sér hvaða mál fara út úr nefnd og hvaða mál fara ekki út úr nefnd.

Enn fremur vil ég bera aðra fyrirspurn fram til forseta. Hún er sú að á fundi félmn. í gærkvöld komu til fundar nefndarinnar stjórnarformaður húsnæðismálastjórnar og framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins vegna ummæla sem féllu af hálfu ráðherra í umræðu um stjfrv. um Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég vil því spyrja hvort það sé ekki réttur skilningur hjá mér að nefndarmenn geti nú skilað frhnál. til 3. umr. eftir að þetta mál var rætt á fundi nefndarinnar í gær.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er nú nærtækast fyrst að votta þeim í félmn. samúð vegna þess skörungsskapar sem formaður beitir þar og kemur mér á óvart ef menn lúta slíku. En ég vildi vekja athygli á einu atriði alveg sérstaklega. Áður en máli er vísað til nefndar er greitt um það atkvæði hvort það eigi að vísa málinu til 2. umr. hér í þinginu. Sú atkvæðagreiðsla er um það að Alþingi Íslendinga hefur tekið ákvörðun um að málið verði rætt áfram. Nefndin sem slík getur setið uppi með það að minni hluti skili áliti og þar með er þá málið komið á dagskrá. Það að atkvæðagreiðsla um

úrslit mála í þingnefndum sé bindandi fyrir þingið er mikill misskilningur, enda hefur forseti líka að sjálfsögðu eins og allir vita leyfi til að kalla mál úr nefndum. Ég held að það sé skynsamlegt til þess að menn tefji ekki vinnu hér að þetta mál komi úr nefndinni og það verði atkvæðagreiðsla hér um málið. Þá liggur það fyrir hvort meiri hluti er fyrir því eða ekki. Málið er þá fellt og þar með þarf ekki að standa í einhverri deilu um það hvort meiri hluti sé til staðar eða ekki. En að birta það í fréttum að úrslit máls, hvort það verði að veruleika eða ekki, ráðist orðið í atkvæðagreiðslu í þingnefndum er gersamlega út í hött.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er að vísu hárrétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði, 2. þm. Vestf., að hlutföll í einstökum þingnefndum samkvæmt þingsköpum hindra ekki í sjálfu sér að meiri hluti Alþingis nái fram rétti sínum í umræðum og atkvæðagreiðslum hér í þingsalnum. Hitt er jafnljóst að það hefur áhrif á hina þinglegu meðferð máls hvort nefndarálitum er skilað af báðum eða öllum aðilum og getur þar af leiðandi, ekki síst við aðstæður af því tagi sem nú eru í þinghaldinu þegar komið er fram á síðustu sólarhringa eða klukkustundir, ráðið jafnvel úrslitum um það hvort mál kemst á dagskrá og til umræðu. Þess vegna var það auðvitað mjög óvenjuleg valdbeiting sem fór fram í sjútvn. í gærkvöldi þegar minni hluti nefndarmanna tók sér það fyrir hendur að fella á jöfnum atkvæðum — ég vek athygli á því að það var minni hluti í sjútvn. sem í raun og veru kom í veg fyrir að málið fengi eðlilega afgreiðslu út úr nefndinni, fjórir þm. af níu sem þar sitja. Staðan í sjútvn., hæstv. forseti, er þannig, samkvæmt lauslegri athugun sem ég gerði í gær, að þar eru 10 þingmannamál, frumvörp og tillögur, 6 flutt af stjórnarsinnum, 4 af stjórnarandstæðingum. 5 af 6 tillögum stjórnarsinna eru að fá afgreiðslu út úr nefndinni en það var fellt af fulltrúum meiri hlutans, 4 af 5, að tvö af fjórum málum stjórnarandstæðinga fengju svo mikið sem að fara út úr nefndinni. Þetta á við um frumvörp um Hagræðingarsjóð, 16. og 66. mál þingsins, með þeim afleiðingum sem það getur að sjálfsögðu haft á möguleikann á þinglegri meðferð málsins hér undir þinglokin, umræður og atkvæðagreiðslur.

Ég held, hæstv. forseti, að samskiptahættir af þessu tagi sem okkur er kunnugt um að hafi birst í fleiri þingnefndum, lofi ekki góðu. Ég vil leyfa mér að koma með þá ábendingu til hæstv. forseta, að forseti beiti sér fyrir fundi með nefndarformönnum (Gripið fram í.) og fari yfir þessi mál. Ja, ekki má a.m.k. vanta hv. formann utanrmn. miðað við þau tíðindi sem hér voru flutt áðan af frammistöðu þar, ef leynt hefur verið fyrir nefndinni vikum saman stórmáli varðandi utanríkismál, sem er náttúrlega meira en hneyksli í þinglegum samskiptum og jafnframt lögbrot. Ég legg til, hæstv. forseti, þó seint sé að forseti taki til athugunar að halda fund með formönnum þingnefnda til að fara yfir það með hvaða hætti þessi samskipti og vinnubrögð verða á síðustu sólarhringum þingsins.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Við þingmenn höfum fylgst með því síðustu daga að hér hafa farið fram ákveðnar samningaviðræður um frestun á þinghaldi og framgangi þingmála. Síðan gerist það í hádeginu í dag að hv. 17. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, formaður þingflokks Alþfl., kemur með afar digrar yfirlýsingar í útvarpi um þinghaldið og framhald þess og segir m.a. að það sé nú eingöngu í nösunum á stjórnarandstæðingum að vilja vinna hér að framgangi mála. Það sé allur vindur úr stjórnarandstöðunni. Þetta var efnislega, ég hlustaði á þessa frétt. Hann tók það sérstaklega fram að nú væri að koma vor og framsóknarmenn þyrftu að fara heim að sinna búfé sínu, það væri kominn sauðburður.

Nú er það svo, hv. þm., að sem betur fer er það þannig að á Alþingi situr enn fólk sem á rætur í atvinnulífi þessa lands og ég vil leyfa mér að fullyrða (**Gripið fram í:** Ekki í Alþfl.) — ég vil leyfa mér að fullyrða það af því að gripið var fram í, að það fólk er ekki í Alþfl. Í öðru lagi vil ég leyfa mér að fullyrða að það fólk hefur öðrum meiri skilning á því að brýn þörf er á því að Alþingi Íslendinga starfi þar til fundin er einhver lausn á brýnustu vandamálum íslensks atvinnulífs sem nú er að stefna í stóra strand.

Í öðru lagi gerðist það í þessu makalausa viðtali að hv. þm. talar um það sem hræsni af hálfu stjórnarandstæðinga þegar þeir tala um að fyrir liggi einhver loforð um að aflaheimildum Hagræðingarsjóðs verði deilt út og hann tvítók orðið hræsni í því samhengi. Þetta túlka ég þannig, virðulegi forseti, að þannig sé komið stjórnarsamstarfinu að hv. þm. geri ekkert með loforð og orð hæstv. forsrh. sem margsinnis hefur lýst því yfir, síðast hér í ræðustól fyrir nokkrum dögum, að þetta verði gert. Þessu lýsti hann m.a. yfir á tröppum Stjórnarráðsins í ágúst sl. þar sem tiltekinn var sá dagur sem ætti að greiða þetta út og það meira að segja í peningum, hvar sem átti að taka þá, hv. þm.

Að lokum, virðulegi forseti. Ef þetta er sjónarmið hv. formanns þingflokks Alþfl. þá legg ég til að forsætisnefnd komi saman og skeri niður eins og 25 mál af þeirri dagskrá sem nú liggur fyrir og við hefjum bara reglubundin og venjuleg störf við afgreiðslu þingmála.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil láta það koma fram úr því að þessi umræða er farin af starf að það hefur verið brúklegt samkomulag á milli þingflokkanna um þinglokin, þ.e. menn hafa verið að ræðast við. Samkomulag hefur ekki orðið en menn hafa verið að nálgast samkomulag smám saman. Stjórnarliðið hefur bakkað með nokkur frumvörp sem það vildi fá afgreidd en sá að sér og dró þau út af borðinu. Við stjórnarandstæðingar höfum sett fram okkar óskir og það hefur verið tekið líklega í þær. Það mál sem við settum á oddinn að fá afgreitt á þinginu var Hagræðingarsjóðurinn. Ég vissi ekki betur en að það væri ákveðinn skilningur og vilji til þess að gera það þangað til í gærkvöldi. Þá var slegið á okkar útréttu hönd því að við höfum sannarlega

sýnt lipurð í þessum samskiptum. Stjórnarliðið hefur líka sýnt lipurð og dregið til baka mál sem við vildum ekki láta ná fram að ganga. En svo gerist það í sjútvn. í gærkvöldi að slegið er á þessa útréttu sáttahönd og það er farið að reyna að beita bolabrögðum til þess að koma í veg fyrir afgreiðslu máls.

Nú er það alveg rétt sem hér hefur komið fram að minni hlutinn getur skilað forseta nál. og forseta ber að taka það mál til afgreiðslu í þinginu og á það kann að reyna. Þetta er mál þar sem verið er að hjálpa hæstv. forsrh. til þess að efna gefin loforð. En það er ekki bara verið að beita stjórnarandstöðuna bolabrögðum með afgreiðslu í sjútvn. eða reyna það, mótleikur er til. Það er verið að lemja á sjávarútveginum sem er í vandræðum. Það er verið að stofna þjóðfélaginu í hættu sem byggist á því að sjávarútvegurinn sé í sæmilegu standi.

Ég vil einnig minna á annað mál sem verður að ræða hér á þinginu og verður að ná afgreiðslu. Það er till. til þál. um greiðsluaðlögun fyrir fólk í verulegum greiðsluerfiðleikum. Þetta er till. til þál. sem flutt er af tveimur stjórnarsinnum, hv. formanni þingflokks Alþfl., Össuri Skarphéðinssyni, og Sigbirni Gunnarssyni, meðreiðarsveini hans, og þetta er ágætis tillaga. Ég veit að þessi tillaga er ekki flutt af neinni sýndarmennsku. Henni var útbýtt 31. mars svo að það þarf ekki afbrigði. Þessi tillaga hefur ekki fengist rædd. Hv. 4. þm. Norðurl. v. gekk skilmerkilega eftir henni á fundi fyrir nokkru og þá lofaði hæstv. forseti að þetta yrði næsta mál af nýjum þingmannamálum. Ég árétta þá ósk sem hv. 4. þm. Norðurl. v. setti fram og læt það fylgja að þetta mál verðum við útkljá hér á þinginu áður en við förum heim.

Ég get líka látið þess getið að langt er í sauðburð á sumum bæjum.

Guðjón Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson og Kristinn Gunnarsson hafa gert að umtalsefni meðferð ákveðins máls í félmn. Ég ætla ekki að ræða það mál efnislega en á fundi félmn. í fyrradag óskaði hv. þm. Kristinn Gunnarsson, sem er annar flm. þessa máls, eftir því að málið yrði afgreitt út úr nefndinni. Ég óskaði þá eftir því að áður en til þess kæmi yrði formaður Sambands ísl. sveitarfélaga fenginn á fund nefndarinnar til viðræðna og ég held að það sé vaninn í slíkum tilfellum að verða við því. Formaður ákvað síðan að málið yrði ekki afgreitt út á þessum fundi og í gær var boðað til aukafundar þar sem formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, mætti á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir afstöðu sinni til þessa máls og var spurður út úr. Í framhaldi af því spurði formaður hv. flm., Kristin Gunnarsson, hvort hann vildi atkvæðagreiðslu um málið. Hann óskaði ekki eftir því þannig að málið var ekki afgreitt út úr nefndinni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en lengra er haldið umræðu um gæslu þingskapa vill forseti taka undir orð hv. 1. þm. Norðurl. v., formanns þingflokks Framsfl., að það hefur verið mjög góð samvinna á milli stjórnar, stjórnarandstöðu og forseta um framgang mála þessa síðustu daga. Það var síðast í hádeginu í dag fundur með formönnum þingflokka stjórnar og stjórnarandstöðu og forseta og forseti væntir þess að fundurinn í dag og í kvöld geti haldið áfram í þeim góða anda sem hefur ríkt innan þessa hóps sem hefur lagt sig fram um að reyna að ná niðurstöðu um hvernig þinghaldinu verði fram haldið þessa síðustu daga. Forseti skilur vel að þingmenn sem eru kannski ekki beint sjálfir í þessum umræðum séu með áhyggjur en forseti væntir þess að hv. þingmenn treysti þessum aðilum, þessum þrengri hópi þingsins sem er að reyna að ná góðri samstöðu um málið. Það er alveg ljóst að stjórn og stjórnarandstaða verða að ræða ítarlega saman og hittast oft þegar komið er að þessum tímamörkum að ljúka þingi að vori. Það er mikið í húfi að menn treysti þessum fulltrúum sínum til þess að þeir geti unnið sín störf eins vel eins og mögulegt er. Forseti vill leyfa sér að fullvissa þingheim um að menn eru allir sammála um að leggja sig fram um að svo geti gengið.

Forseti fékk fyrirspurn um það hvort unnt væri að koma með frhn. í máli sem hefur ekki verið vísað til nefndar á milli 2. og 3. umr. Það er ekki venjan að koma með frhn. þegar svo stendur á. Þegar nefnd hittist hins vegar og ný atriði koma fram milli 2. og 3. umr. þá er að sjálfsögðu ekkert því til fyrirstöðu að nefndir, meiri eða minni hluti, gefi út frhnál. Þetta vildi forseti upplýsa.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa þingskapaumræðu mjög en það hljóta hins vegar að teljast mikil tíðindi ef það hefur gerst í sjútvn. í gær að fellt hafi verið að taka Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins þar út. Um miðjan apríl svaraði hæstv. forsrh. fyrirspurn frá mér um það hvenær þessum bótum yrði útdeilt úr Hagræðingarsjóði. Í máli forsrh. kom fram að það yrði á næstu tveimur til þremur dögum. Í lok þeirrar umræðu óskaði hæstv. forsrh. sérstaklega eftir því að ég fylgdist með tímatalinu fyrir hann. Það hef ég gert síðan og nú er það svo að þessir tveir til þrír dagar eru liðnir. Hæstv. forsrh. tók það reyndar fram að þetta væri háð því að kjarasamningar næðust. Nú hafa kjarasamningar ekki náðst en loforð ríkisstjórnarinnar var það, að dómi forsrh., að þegar kjarasamningar næðust þá yrði aflaheimildum Hagræðingarsjóðs deilt út.

Engar lagaheimildir eru fyrir því í dag að aflaheimildunum sé deilt út og ef ég skil hæstv. forseta rétt að menn séu að leita leiða til þess að ljúka þingstörfum sem allra fyrst og ekki eigi að taka Hagræðingarsjóðinn út úr nefnd og fá hann samþykktan hér í þinginu, þá getur hæstv. forsrh. ekki staðið við kjarasamninga náist þeir á næstu vikum eða mánuðum. Hins vegar getur það líka vel verið að það standi alls ekki til hjá hæstv. forsrh. að gera neina kjarasamninga. Ef svo er þá er það auðvitað ágætisleið fyrir stjórnarliðið að skilja Hagræðingarsjóðinn eftir í þinginu og bera því síðan við, þegar á að ganga frá kjarasamningum, að

það hafi því miður ekki tekist að ná Hagræðingarsjóðnum út úr þinginu og því sé ekki hægt að standa við þetta loforð.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir með þeim sem verið hafa að gagnrýna þá ákvörðun sem tekin var í sjútvn. í gærkvöldi að það yrði ekki tekin út úr nefndinni frumvörpin um Hagræðingarsjóð sem þar lágu inni. Satt að segja verð ég að viðurkenna að ég var ákaflega undrandi á þessari ákvörðun í nefndinni. Ég tel að það sé raunar útilokað að nefnd geti tekið þá ákvörðun að mál komi ekki til umræðu í þinginu. Mér finnst það vera brot á öllum hefðum og venjum í félagsmálum að haga sér þannig. Út af fyrir sig geri ég engar athugasemdir við það þó að meiri hluti nefndarinnar hafi lagt til að málið yrði fellt og það var auðvitað það sem meiri hlutinn átti að gera úr því að hann hafði þá skoðun. Hins vegar er það bara þannig að búið er að lofa sjávarútveginum í landinu hvað eftir annað þessum — hvað eigum við að kalla það — verðmætum sem eru í Hagræðingarsjóði, með einhverjum hætti. Við höfum fylgst með því hvernig togast hefur verið á milli hæstv. sjútvrh. og forsrh. um málið. Sjútvrh. lagði til í upphafi að það yrði farin sú leið sem stjórnarandstaðan er að leggja til. Vel kann að vera að stjórnarflokkarnir hafi talið það heppilegra að málið kæmi ekki hér til afgreiðslu vegna þess að einhverjir mundu telja sig nauðbeygða til þess að standa við sínar skoðanir á málinu, að það eigi að úthluta þessum verðmætum til þeirra sem verst hafa farið út úr þorskskerðingunni. Í sama stað kemur að þessi aðgerð er auðvitað gersamlega óþolandi, að fellt sé á jöfnum atkvæðum í nefnd að mál komi til afgreiðslu hér í þinginu.

En auðvitað vitum við að það er fleira sem heldur aftur af stjórnarliðum, að hér komi mál til umræðu sem tengjast sjávarútveginum. En þeir munu ekki komast undan því. Við höfum óskað eftir því að hér fari fram utandagskrárumræða. Það er búið að biðja um það fyrir tveimur dögum og ég veit ekki annað en það verði á dagskrá þingsins áður en þingið fer heim. Manni finnst sannarlega undarlegt, núna á síðustu dögum þingsins, að það virðist vera orðið stærsta mál þingsins hvenær þingmenn komist heim, það virðist vera stærsta málið. Það er það sem verið er að ræða hérna. Ég get ekki séð að það geti orðið svona stórt í augum þingmanna. Ég held að menn hljóti að geta gefið sér tíma til þess að sitja hér áfram ef von er á því að afgreiða þurfi mál sem skipta verulegu máli fyrir atvinnulífið í landinu. Ég held að það væri nær fyrir ríkisstjórnina að reyna að finna út úr þeim vandamálum sem hún hefur verið að skapa og leggja mál fyrir þingið eða lýsa því yfir að þingið verði kallað saman strax og menn hafa getað náð hugsun á þeim bæ.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóni Kristjánssyni fyrir að vekja athygli á þessu máli og ég get tekið undir með þeim sem hér hafa fjallað um það úr sjútvn. Ég á þar sæti og hef þar blandað mér í þá umræðu og ég — auðvitað eins og þeir félagar mínir í minni hluta sjútvn. — hlýt að harma þau málalok sem þessi mál fengu í nefndinni í gær og verður að teljast til nokkurra tíðinda, ekki bara vegna þess að málið var fellt á jöfnum atkvæðum, heldur vegna þess að við töldum líka að hæstv. forsrh. væri nauðsynlegt að fá málið hér inn og fá það hér afgreitt vegna þeirra fyrirheita sem hann er búinn að gefa æ ofan í æ. En það virðist ekki vera.

En ég ætla ekki að tefja tímann mikið meira í þessu máli. Það er alveg ljóst að áður en þinginu lýkur á eftir að fara hastarleg umræða fram um þetta mál og það getur ekki verið að þingið fari heim án þess að eyða drjúgum tíma í það mikilsverða mál sem afkoman í sjávarútveginum er og reyndar í atvinnulífinu öllu í landinu. Og miklu meira en það, ekki síður heimilanna og einstaklinganna í þjóðfélaginu. Sú umræða verður auðvitað að fara fram áður en Alþingi lýkur störfum. Og það þýðir ekkert fyrir þingflokksformann Alþfl. að koma fram í fjölmiðlum og segja það að þinginu sé að ljúka vegna þess að framsóknarmenn þurfi að fara heim. Það vita það allir, allir alþingismenn og þjóðin öll, að Alþingi er að fara heim vegna þess að ríkisstjórnin er að flýja frá eigin málum og forðast þær umræður sem hér hljóta að fara fram eigi Alþingi að sitja lengur. Það er kjarni málsins, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Það er ekki vegna þess að við framsóknarmenn séum ekki tilbúnir að sitja hér í sumar ef á þarf að halda til þess að reyna að koma vitinu fyrir Alþfl. og Sjálfstfl. í þessu máli. Við erum tilbúnir til þess en auðvitað átti hv. þm. Össur Skarphéðinsson að segja satt, að það er kjarkleysi ríkisstjórnarinnar sem veldur því að Alþingi er nú sent heim. Það er getuleysið til þess að standa við loforðin sem hér hafa verið gefin.

Virðulegi forseti. Ég kom hér upp til þess að spyrjast fyrir um það og fá álit virðulegs forseta á því hvernig þingnefndum beri að starfa og hver viðskilnaður þeirra eigi að vera og afgreiðsla ákveðinna mála úr nefnd. Og ég geri það, virðulegur forseti, af ákveðnu tilefni, að ég flutti hér þingmál sem er á þskj. 218. Þessu máli var vísað til menntmn. og í morgun fékk ég þær upplýsingar að þetta mál yrði ekki afgreitt út úr menntmn. Og annað, virðulegi forseti, sem hlýtur að vekja athygli, að menntmn. hefur ekki einu sinni séð ástæðu til að senda þetta mál til umsagnar.

Virðulegi forseti. Ég mun síðar, áður en þingið fer heim, fara ítarlegar yfir þetta mál heldur en nú gefst tími til, en þetta hlýtur að vekja okkur til umhugsunar um það, hvers lags starfshættir þetta eru, virðulegi forseti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er alveg ljóst að nefndir starfa sjálfstætt samkvæmt þingsköpum og hafa sínar reglur til að starfa eftir. Það veit bæði hv. 4. þm. Norðurl. v. og forseti og þess vegna getur forseti ekki svarað fyrir formann nefndarinnar hvers vegna mál eru ekki send til umsagnar. Það er nú venjan að gera það eða leita eftir áliti manna utan úr bæ. Það er ýmis háttur hafður þar

á. Því miður getur forseti ekki svarað þessari spurningu hv. þm.

Forseti vill staðfesta það að það liggur fyrir, ef það má skýra hér eitthvað og stytta mál manna, beiðni um utandagskrárumræðu um sjávarútvegsmál á morgun og það er gengið út frá því að það verði fundinn tími fyrir slíka umræðu.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í þessari þingskapaumræðu að það eru hugguleg fundir hjá formönnum þingflokka og forsetum þingsins. Ég vildi beina því til virðulegs forseta að sá hugguleg andi sem er í því samkvæmi kæmist út til nefndarformanna þannig að meðan þessir hugguleg fundir fara fram niðri á forsetaskrifstofunni, þá séu ekki valdbeitingar út um allt þing í nefndum. Að öðru leyti hefur minni spurningu ekki verið svarað af virðulegum forseta um álit hans á því að komið sé í veg fyrir það með valdi að mál fái þinglega meðferð. En auðvitað er það ekkert annað en valdbeiting þegar fjórir menn í sjútvn. taka atkvæðisréttinn af 63 þingmönnum með atkvæðagreiðslu þó að nefndirnar starfi sjálfstætt. (**Gripið fram í:** Þær geta það ekki.) Auðvitað geta þær það ekki. Það á ekki að vera þannig.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti taldi sig hafa svarað hv. þm. um það að nefndir starfa samkvæmt þingsköpum og jafnframt þinghefðum og hefur engu við það að bæta. Og forseti ítrekar að það hefur verið góður andi og gott samstarf og góður samstarfsvilji. Hún notaði ekki annað orð um það.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég get áréttað það sem forseti sagði um góðan samstarfsvilja sem ríkt hefur fram undir þetta á fundum okkar. Mér sýnist nú ljóst af þessum umræðum og atburðum öllum að það sé ekki þingmeirihluti fyrir að samþykkja frv. um Hagræðingarsjóð og auðvitað hlýtur meiri hluti Alþingis að ráða. Mér skilst að þessi ákvörðun í sjútvn. hafi verið tekin eftir yfirvegun í þingflokkum stjórnarliðsins og þeir ákveða það að ganga milli bols og höfuðs á þessu frv. Og meiri hlutinn hlýtur að sjálfsögðu að ráða þó að við í minni hlutanum höfum náttúrlega rétt til að gagnrýna þær ákvarðanir sem teknar eru.

En öðru máli gegnir um það þingmál sem ég nefndi hér áðan, þ.e. till. til þál. um greiðsluaðlögun fyrir fólk í verulegum greiðsluerfiðleikum. Ég leyfi mér, frú forseti, að álíta að það mál njóti meirihlutafylgis á Alþingi. Það er flutt af formanni þingflokks Alþfl. ásamt með öðrum þingmanni Alþfl. Ef ég veit rétt um starfshætti þingflokka, þá er svona mál borið upp á þingflokksfundum og þá hlýtur það að njóta a.m.k. meirihlutafylgis í Alþfl. Ég get leyft mér að fullyrða hér og nú að þetta mál nýtur stuðnings stjórnarandstöðunnar óskiptrar. Þar með er það ljóst að þetta mál hefur meirihlutafylgi hér á Alþingi. Einhverra hluta vegna hefur ekki unnist tími til að ræða það enn. Enn er ekki öll nótt úti. Ég fer fram á það að þetta mál verði tekið til umræðu hér í dag og þá skal ég beita mér fyrir því við stjórnarandstöðuna að við styttum mál okkar í umræðunum og þetta þurfi ekki að taka langan tíma. Síðan verði fyrri umræðu um málið lokið í dag og málið tekið til síðari umræðu á morgun og afgreitt frá Alþingi sem ályktun Alþingis. Ég tel að fólkið í landinu eigi heimtingu á að þessu málefni sé sinnt vegna þess að við höfum upplýsingar um það að skuldir heimilanna eru orðnar geigvænlegar. Sumt af þessu er náttúrlega af eyðslusemi og vitleysu en sumt af þessum skuldum verður til án þess að fólkið í landinu viti.

Það er í gangi hérna lánskjaravísitala. Við höfum fyrir okkur að það hafi verið gefið út töluvert af húsbréfum. Mér skilst að á fyrstu þremur árunum sem húsbréfakerfið hefur verið í gildi, þá hafi verið gefnir út 33 milljarðar. Á nákvæmlega sama tíma hafi lánskjaravísitalan ein hækkað skuldir heimilanna um 33 milljarða. Þ.e. þetta sem kemur aftan að fólki í gegnum lánskjaravísitöluna fyrir utan vextina, það sem kemur aftan að fólkinu í landinu, er jafnmikil upphæð og útgefin húsbréf síðustu þrjú ár. Þetta er málefni sem er óhjákvæmilegt að taka á og í því skyni treysti ég að þessi þáltill. hafi verið flutt.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil nú þakka forseta fyrir svör hennar varðandi aðra fyrirspurn mína um frhnál. Það liggur því ljóst fyrir að við getum skilað frhnál. í stjfrv. um Húsnæðisstofnun ríkisins og ég mun beita mér fyrir því að það verði gert og vænti þess að eðlilegt svigrúm verði gefið af hálfu forseta til að útbúa það og leggja fram.

Ég vil láta það koma fram vegna orða forseta hér áðan að auðvitað berum við fullt traust til þingflokksformanns okkar. Það sem truflar menn eru hins vegar yfirlýsingar þingflokksformanns Alþfl. og það er rétt að mínu viti að forseti ræði dálítið við hann ef forseti hefur hug á því að þingstörfum verði lokið hér fyrir helgi.

Ég vil þakka hv. 5. þm. Vesturl. fyrir það að staðfesta það sem ég sagði að formaður félmn. hefði lýst því yfir að mál yrði ekki tekið út nema að hennar ákvörðun. Það liggur fyrir staðfest og geta svo sem fleiri nefndarmenn vottað það. Ég vil benda á það og ítreka varðandi það umrædda þingmál að fyrir liggur í því tillaga frá mér um afgreiðslu málsins sem enn hefur ekki verið borin upp, sem formaður hefur neitað að bera upp jafnvel þótt umræður í nefndinni hafi leitt það í ljós að það er mitt mat að það sé meiri hluti fyrir málinu og enginn hafi lýst andstöðu við málið.

Nú háttar svo til, virðulegi forseti, að það mun standa fyrir dyrum síðar í dag fundur í félmn. og er mér nú nokkur nauðsyn á að forseti gefi svar við fyrri fyrirspurn minni hvort það dugi sem ákvörðun um framgang mála að nefndarformaður ákvarði hvort mál fara út eða ekki. Ef forseti úrskurðar að nefndarformaður hafi ekki það vald, þá er hnekkt úrskurði nefndarformanns og málið í nefndinni liggur þá þannig að þar stendur fram tillaga um afgreiðslu málsins og ég

vænti þess þá að hún verði þar borin upp á fundinum síðar í dag.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Varðandi þessa síðustu ítrekuðu fyrirspurn hv. þm., þá vill forseti enn á ný vísa til þingskapa um það hvernig nefndirnar starfa. Það skýrir sig þar.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að hér fara nú fram umræður um störf í nefndum og ég tel að það sé fyllilega tímabært að þær umræður fari fram. Það eru vissulega fleiri en stjórnarandstæðingar sem geta haft athugasemdir við hvernig nefndir starfa og þar á meðal hef ég athugasemdir við nefndastarf að gera og vil gera hér stuttlega grein fyrir hvers vegna.

Á síðasta þingi lagði ég fram 50. mál snemma þings um frv. til laga um stofnun sjóðs til að styrkja efnilega íslenska íþróttamenn. Meðflm. voru 23 þm. Það voru 24 flm. að þessu frv., það voru 4 af 5 almennum þingmönnum Alþfl. meðflm., það voru 15 stjórnarliðar og 9 stjórnarandstæðingar á frv., 4 nefndarmenn frá þremur flokkum voru meðflm. og þrír stjórnarliðar voru í nefndinni. Þetta mál kom snemma fram á þinginu en hlaut ekki afgreiðslu þrátt fyrir greinilegan vilja og fjöldann allan af meðflm. úr öllum flokkum.

Þetta mál endurflyt ég síðan á þessu þingi og eru þá flm. 15, 9 stjórnarliðar og 6 stjórnarandstæðingar frá fjórum flokkum. Meðflm. eru jafnframt tveir nefndarmenn og í nefndinni sitja aðrir tveir sem voru meðflm. árið áður. Engu að síður fæst málið enn ekki afgreitt úr nefnd. Þetta var 154. mál þessa þings og það liggur óhreyft inni í nefnd.

Ég tek undir það sem kom hér fram hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að það er minn skilningur að eftir 1. umr. þegar Alþingi greiðir atkvæði um það að vísa máli til 2. umr., þá er tekin afstaða til þess að málið skuli koma út úr nefnd, enda ef menn lesa þingsköpin, þá gera þau ráð fyrir því að málin komi aftur út úr nefnd. Það er alls ekki gert ráð fyrir því í þingsköpunum að mál dagi uppi í nefndum. Ég vil vísa til 18. gr. þingskapalaga þar sem segir, með leyfi forseta:

„Forseti skal gera áætlun um afgreiðslu mála úr nefndum í samráði við formenn þeirra þannig að unnt sé að skipa málum niður á dagskrá þingsins í hagkvæmri tímaröð og dreifa þeim sem jafnast á þingtímann."

Nú vil ég spyrja hæstv. forseta: Er þessi afgreiðsla á þessu tiltekna máli samkvæmt þeirri áætlun sem forseti gerði með formönnum nefnda? Ég vil spyrja í öðru lagi: Telur forseti að þetta sé eðlilegur framgangur málsins?

Þá vil ég að lokum fá að taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni að það er með öllu ólíðandi að tveir, þrír þingmenn inni í nefnd geti tekið atkvæðavaldið af öllum þeim þingmönnum öðrum sem hér sitja, þ.e. af rúmlega 60 þingmönnum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill enn á ný svara því að það er að sjálfsögðu á valdi þingnefndanna hvernig mál eru afgreidd þar og það þekkja allir hv. þm. að það er engin regla að öll mál sem lögð eru fram og vísað til nefnda komi til baka úr nefndum. Þetta þekkjum við af reynslunni og þinghefðinni. En hins vegar eru það að sjálfsögðu nefndirnar sem hafa það á valdi sínu og væntanlega koma sér saman um hvernig mál eru afgreidd. Stundum er það í samkomulagi við viðkomandi þingmenn að mál eru ekki afgreidd úr nefndinni. Þetta segir forseti af eigin reynslu sem þingmaður í nefndum hér fyrr á árum.

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Vegna síðustu ræðu hv. þm. Kristins Gunnarssonar, þá vil ég ítreka það sem ég sagði hér áðan að mál hans var tekið fyrir á aukafundi félmn. í gærkvöldi. Á þann fund var fenginn til viðræðna formaður Sambands ísl. sveitarfélaga. Hjá honum kom fram sú skoðun að það lægi ekki á að afgreiða þetta mál. Sú skoðun kom einnig fram hjá meiri hluta nefndarmanna. Það kom fram hjá formanni nefndarinnar, hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, að hún teldi ekki ástæðu til að afgreiða málið út. Hún spurði flm., hv. þm. Kristin Gunnarsson, að því hvort hann vildi atkvæðagreiðslu um það. Hann óskaði ekki eftir því. Þá lá það fyrir að þetta yrði síðasti fundur félmn. á þessu þingi. Nú hefur sú staða komið upp að það þarf að halda stuttan aukafund hér síðar í dag og þá tilkynnir hv. þm. það að hann muni óska eftir atkvæðagreiðslu um þetta mál á þeim þingfundi. Ég verð nú að segja að mér kemur það nokkuð á óvart. En svona gekk þetta fyrir sig á fundinum í gærkvöldi.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs vegna þess að hv. 5. þm. Reykv. nefndi mál sem snýst um afrekssjóð fyrir íþróttamenn og var flutt hér á síðasta þingi og átti fleiri aðstandendur en nokkurt annað þingmál, þ.e. 25 flm., lá í menntmn. samt í allan fyrravetur og var síðan endurflutt sl. haust. Fljótlega eftir að ég kom í menntmn. í haust var þetta mál rætt. Þá man ég eftir því að hv. 3. þm. Reykv. reyndi að setja á langar ræður um það að það væri nú ekki mjög heppilegt fyrir íþróttahreyfinguna í landinu að samþykkja þetta mál og betra væri að þetta væri á fjárlögum og annað eftir því og flutti ýmsar faglegar röksemdir sem ég svaraði þá á nefndarfundi, leyfi ég mér að segja frá hér, forseti, með þeim hætti að andstaða þingmannsins væri fyrst og fremst vegna þess að 1. flm. væri hv. þm. Ingi Björn Albertsson. En það er eins og það sé veifað rauðri dulu framan í suma þingmenn Sjálfstfl. þegar það nafn er nefnt. Hv. 3. þm. Reykv. vildi ekki kannast við þetta og upp úr þessari þrætu var málið lagt til hliðar um skeið. Síðan óskaði ég eftir því á fundi menntmn. núna í fyrradag að þetta mál yrði samþykkt þar sem ég er einn af flm. þess. Þá lýsti formaður nefndarinnar því yfir að meiri hlutinn væri ekki tilbúinn til þess að afgreiða málið. Þannig fór málið út og af þeim ástæðum óskaði ég ekki eftir atkvæðagreiðslu um málið. Á fundinum þegar þetta gerðist voru allir

menntamálanefndarmenn nema einn að ég hygg. Þannig var lending í þessu máli á þessu þingi.

Ég vona auðvitað að hv. þm. haldi áfram og flytji frv. á næsta þingi og þá vona ég líka hans vegna og okkar allra flm. að það fækki ekki flm. eins og gerðist af einhverjum dularfullum ástæðum á milli þessa þings og þess síðasta.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það sem forseti vék að í sinni ræðu um venjur og hefðir þingsins gagnvart afgreiðslu og vinnubrögðum nefnda er sumt laukrétt eins og það að stundum gerist það að flm. sjá fram á að mál verði fellt og telja þá betra að það liggi. En þingsköpunum var breytt ekki fyrir alls löngu og í þeirri breytingu var fært vald til forseta til að tryggja það að valdníðslu væri ekki beitt í nefndum. Hv. þm. Ingi Björn Albertsson spurði um áætlanirnar sem talað er um í 18. gr. þingskapa og hvort þetta mál hefði samkvæmt áætlun átt að fara út. Ég tel það dæmi um makalausa valdníðslu af formanni menntmn., makalausa valdníðslu að afgreiða þetta mál ekki út.

Samkvæmt því sem kemur fram seinna í þingsköpunum, þá er það skýrt tekið fram með vald forseta að hann hefur eftirlitsskylduna með störfum þingnefnda og það er ekki nema ein lausn þegar svona mál koma upp eins og hér var nefnt hjá hv. þm. Inga Birni Albertssyni. Það er ekki nema ein lausn. Annaðhvort verður að kalla málið úr nefnd án þess að fundur verði haldinn og það verði greitt atkvæði um það hér í þinginu eða formaður nefndarinnar boðar til fundar. Það er ekki nema tvennt til. Það er ekki verjandi að einhverjir aðilar ætli með ofbeldi fámennis í nefndum að koma í veg fyrir það að Alþingi Íslendinga taki afstöðu.

Hv. þm. Svavar Gestsson gat hér um ræður sem fluttar voru í menntmn. Ég hef ekki haft þann sið að flytja þær hingað inn, en það gæti verið fróðlegt fyrir þingheim og þjóðina að sumar þeirra yrðu fluttar hér úr þessum stól og það er þá eðlilegt að það verði gert.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er aðeins örstutt í framhaldi af ræðu hv. 5. þm. Vesturl. Hann upplýsti í fyrri ræðu sinni að formaður félmn. hefði ákveðið að málið yrði ekki tekið út á þeim fundi. Á þeim fundi lá fyrir tillaga sem ég lagði fram um afgreiðslu málsins og sú tillaga var aldrei borin upp eins og ber samkvæmt venjulegum fundarsköpum. Á síðari fundinum sem haldinn var í gærkvöld var tillaga mín ekki borin upp, heldur lagði formaður nefndarinnar til aðra tillögu sem var sú að málið yrði ekki afgreitt. Um það var spurt hvort ég vildi atkvæðagreiðslu og svar mitt var einfalt, að formaðurinn hefði sagt á fyrri fundinum og úrskurðað að mál færu ekki út nema með hennar samþykki. Það hlyti að standa af hálfu meiri hlutans.

Nú hefur forseti með ótvíræðum hætti bent mönnum á hvernig á að afgreiða mál úr nefndum þannig að ég tel að þessi úrskurður nefndarformanns sé ógildur. Eftir stendur þá tillaga mín óafgreidd um afgreiðslu þessa þingmáls sem ég gerði að umtalsefni. Og ég vænti þess að varaformaður félmn. lúti venjulegum fundarsköpum og á reyndar ekki von á öðru en hann geri það þó misbrestur hafi orðið á hjá formanni.

Útbýting þingskjals:

Almannatryggingar, 587. mál, frv. heilbr.- og trn., þskj. 1148.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en forseti gefur hv. 5. þm. Reykv. orðið er ástæða til að minna á að það er ekkert dæmi um það á síðari árum að mál séu tekin á dagskrá án þess að nefndir hafi lokið störfum og meiri hluti nefndar skilað áliti, það er ekkert dæmi til um það. Og samkvæmt 2. mgr. 18. gr. þingskapa skal forseti gera áætlun um afgreiðslu mála úr nefndum í samráði við formenn þeirra þannig að unnt sé að skipa málum niður á dagskrá þingsins í hagkvæmri tímaröð og dreifa þeim sem jafnast á þingtímann.

Ingi Björn Albertsson:

Virðulegi forseti. Ég spurði hæstv. forseta tveggja spurninga hér í fyrri ræðu minni og vil ganga eftir svörum við þeim. Ég vil inna eftir því á ný hvort það hefur verið samkvæmt þeirri áætlun forseta um afgreiðslu mála úr nefndum að þetta mál situr enn kyrrt og fast í nefnd. Ég skil 18. gr. þannig að það sé í valdi forseta að gera slíka áætlun og hún er fortakslaus, hún er um afgreiðslu allra mála eins og ég skil þessa grein og þar með talið auðvitað þetta tiltekna mál.

Ég spurði einnig um það hvort forseta þætti þetta eðlilegt í ljósi þessa fjölda flm., bæði stjórnarliða og stjórnarandstæðinga, í ljósi nefndarmanna og í ljósi greinilegs vilja meiri hluta þingmanna fyrir málinu. Svona vægt til orða tekið segi ég: Það er geysilegur fnykur af þessu máli, það er fnykur af því, það lyktar illa og það er eitthvað sem býr þarna á bak við. Ég ætla ekki að geta mér til um hvað það er.

Ég kvaddi mér einnig hljóðs til þess að inna forseta eftir afstöðu hans til tillögu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar sem er nefndarmaður í menntmn. en hann óskaði eftir því að annaðhvort beitti forseti sér fyrir því að málið yrði kallað inn í þingið beint frá nefndinni ellegar nefndin yrði kölluð saman, fjallaði um málið og afgreiddi það.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur margsvarað því að það er á valdi nefnda hvernig þær afgreiða málin frá sér eða hvort þau eru afgreidd úr nefndum. Hins vegar ber forseta að hafa samráð við formenn nefnda til þess að geta gert áætlun um hvernig málin komi á dagskrá. Það hefur ekkert með það að gera hvaða skoðun forseti hefur á viðkomandi máli eða hver skoðun hans er á því hvort mál eigi að fá afgreiðslu eða ekki. Forseti á ekki sæti í nefndum, en ber að hafa samráð við nefndarmenn og fylgja því eftir að hægt sé að koma málum sem á að afgreiða á dagskrá eftir að þau hafa verið afgreidd úr nefndunum. Þetta vona ég nú að liggi nógu ljóst fyrir

og bið menn að blanda ekki saman persónulegum skoðunum forseta á ýmsum málum og svo aftur því hvaða hlutverk forseti hefur varðandi eftirlit með nefndum.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því að hæstv. forseti orðaði það svo áðan að mál væru ekki tekin á dagskrá öðruvísi en þau hefðu hlotið fullnaðarmeðferð í nefndum og nefndarálitum hefði verið skilað. Með hliðsjón af því vil ég gera athugasemd við 14. mál á dagskrá. Þar liggur aðeins fyrir álit frá 1. minni hluta nefndarinnar. Málið var tekið á dagskrá hér í gær án þess að nál. lægju fyrir nema frá 1. minni hluta. (**Forseti:** Ef forseti mætti leyfa sér að grípa fram í, þá er forseta kunnugt um það að það er ekki komið nál. frá minni hluta nefndarinnar og frsm. minni hlutans hefur gert forseta grein fyrir því og málið verður ekki tekið til umræðu á meðan slíkt nál. liggur ekki fyrir, ef það mætti skýra málið strax.) Það skýrir hluta málsins, hæstv. forseti. Það sem ég var að gera athugasemd við var það að málið var tekið á prentaða dagskrá áður en nefndarálit lágu fyrir. Þannig stóð á að einungis var um að ræða álit frá 1. minni hluta menntmn.

Varðandi það að kalla sama aukafund í menntmn. sem kæmi væntanlega til greina, þá er okkur nokkur vand á höndum og ég vil spyrja hæstv. forseta hvernig ætti að standa að því þar sem bæði formaður og varaformaður menntmn. hafa fjarvistarleyfi í dag og sennilega á morgun líka. Spurning er þá, hver ætti að kalla fund saman, við hvern ætti að tala til þess að fá fund í hv. menntmn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eftir því sem forseta var best kunnugt, þá hafði menntmn. talið sig vera búna að ljúka störfum að þessu sinni, en ef til þess kemur að það þurfi að kalla saman nefnd og formaður og varaformaður eru ekki tiltækir, þá hlýtur viðkomandi formaður þess þingflokks sem á formann nefndarinnar að leysa úr því.

Skaðabótalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 326. mál. — Þskj. 596, nál. 1033 og 1061.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er eitt af þeim stóru málum sem hafa verið til umfjöllunar hjá Alþingi í vetur og ég neita því ekki að mér þykir sem menn hafi kannski ekki gefið sér þann tíma sem þurfti til að ræða þetta mál til sæmilegrar hlítar. Þannig atvikaðist að málið var afgreitt frá nefnd á aukafundi sem ég gat ekki sótt og fyrir lá að ég mundi ekki geta sótt. Því kemur það fram í nál. að ég muni hafa verið fjarstaddur.

Afstaða mín í meginatriðum til þessa máls er að ég er fylgjandi þeim meginbreytingum sem er verið að fikra sig áfram til. Ég hef hins vegar nokkrar athugasemdir við efni í frv. og hefði talið heppilegt að menn hefðu gefið sér tíma til að reyna að sníða af því þá agnúa sem eru einkum þrír að mínu viti. Í fyrsta lagi vantar endurskoðunarákvæði í frv. Í öðru lagi er með þessu verið að binda bótaréttinn á grundvelli þess launamisréttis kynjanna sem viðgengst. Ég er ekki sáttur við það að menn setji löggjöf sem má segja að byggist á þessu misrétti, hugsanlega stuðli að því að festa það í sessi. Þvert á móti hef ég viljað að löggjöfin hefði einmitt unnið gegn þessu misrétti sem fyrir hendi er. Og í þriðja lagi sem að mínu viti er nokkuð stórt mál er að það vantar ákvæði um það í frv. hvernig bætur skulu skila sér til tjónþola en það er eftir því sem ég veit best, og er þó ekki sérfróður um það, eitt af stóru vandamálunum fyrir fólk sem lendir í málum af þessu tagi hversu seint og erfiðlega gengur að fá bætur innheimtar. Ég tel því að það væri mikil þörf á því að bæta úr hvað þetta atriði varðar.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, tel ég ekki ástæðu að sinni að hafa frekari orð um þetta frv. Það er mögulegt að koma að frekari atriðum við 3. umr. málsins ef þurfa þykir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna kynferðisbrota, síðari umr.

Þáltill. SP o.fl., 352. mál. — Þskj. 631, nál. 1068, brtt. 1069.

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir hönd allshn. fyrir nál. á þskj. 1068 um till. til þál. um ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna kynferðisbrota. Jafnhliða eru brtt. á þskj. 1069.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dómsmrn. Umsagnir bárust frá Fangelsismálastofnun ríkisins, Kvennaráðgjöfinni, Dómarafélagi Íslands, Stígamótum, Tryggingastofnun ríkisins og Kvennaathvarfinu.

Í málinu er lagt til að dómsmrh. verði falið að skipa nefnd sem kanni hvort grundvöllur sé til þess að ríkissjóður ábyrgist greiðslu dæmdra bóta vegna kynferðisbrota eða annarra grófra ofbeldibrota. Við umfjöllun tillögunnar í nefndinni kom fram það sjónarmið að full ástæða væri til þess að kanna hvort ríkið ætti að ábyrgjast greiðslu bóta vegna ofbeldisbrota almennt. Til þess að tryggja að svo yrði gert leggur nefndin til að texta tillögugreinarinnar verði breytt. Hins vegar má nefna að sérstaklega hefur verið vakin athygli á að vandamál hafa risið vegna kynferðislegs ofbeldis.

Kynferðisbrot eru í eðli sínu afar viðkvæm brot. Þegar miskabætur eru dæmar í slíkum málum eru þær m.a. hugsaðar sem bætur fyrir andlegt tjón, þjáningar og óþægindi sem brotaþoli hefur orðið fyrir. Er brotaþoli settur í mjög óþægilega stöðu þegar hann þarf að sækja slíkar bætur með málarekstri eins og um venjulegt skuldamál sé að ræða. Þess má geta að í Evrópu-

samningnum frá 24. nóv. 1983, um bætur til fórnarlamba ofbeldisbrota, eru ákvæði um skyldu ríkis til að tryggja greiðslur dæmdra skaðabóta og hafa önnur norræn ríki sett ýmis lagaákvæði um slíka skyldu. Ísland er ekki aðili að samningnum.

Nefndin álítur nauðsynlegt og tímabært að kanna þessi mál. Athuga þarf umfang og tíðni ofbeldisbrota, þar á meðal kynferðisbrota, dæmdar bætur, hvaða kostnað umrætt fyrirkomulag hefði í för með sér fyrir ríkið og hvort önnur úrræði en ríkisábyrgð á bótagreiðslum kæmi sér e.t.v. betur. Hafa þarf enn fremur í huga þau varnaðaráhrif sem refsirétti er ætlað að hafa. Það verður að vera skýrt að ekki er ætlunin að draga úr ábyrgð brotamanns á gerðum sínum.

Nefndin leggur til að málið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Ólafur Þ. Þórðarson var fjarstaddur afgreiðslu málsins. Undir nál. rita Sólveig Pétursdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Björn Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Kristinn H. Gunnarsson, Sigbjörn Gunnarsson og Jón Helgason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 444. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 770, nál. 1071, brtt. 1072.

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá allshn. á þskj. 1071 um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Nefndin hefur fjallað um frv. sem er hið síðara um veitingu ríkisborgararéttar á þessu löggjafarþingi. Afgreiðsla málsins í nefndinni var með hefðbundnu sniði. Formaður og einn nefndarmanna, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, fóru yfir allar umsóknir til að kanna hvort þær uppfyltu þau skilyrði sem allshn. hefur sett fyrir veitingu ríkisfangs, sbr. þskj. 910 frá 112. löggjafarþingi. Farið var yfir nýjar umsóknir og umsóknir er hlutu ekki afgreiðslu á haustþingi.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj. Það eru allir nefndarmenn sem undirrita nál.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég ætla ekki að gera athugasemd við afgreiðslu hv. allshn. á þessu máli og er viss um að farið hefur verið vel yfir öll þau mál sem til nefndarinnar hafa komið. En það er aðeins smáatriði sem ég vil gera athugasemd við varðandi þskj. 1072 og það er uppsetningin á því, þ.e. að ekki skuli vera fylgt íslenskri hefð í að setja fornafn á undan og eftirnafn á eftir eins og við erum vön að gera á Íslandi. Ég hefði talið það eðlilegt þar sem með samþykkt þessarar tillögu sem ég vænti og vona að verði á þessu þingi, þá eru þetta orðnir íslenskir ríkisborgarar og ég hefði talið eðlilegra að þskj. væri sett upp á þann hátt að fornafnið kæmi á undan.

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ábendinguna og hafði nú satt að segja ekki hugleitt þetta mál, en mun spyrjast fyrir um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðleg samvinna um fullnustu refsidóma, 2. umr.

Stjfrv., 450. mál. — Þskj. 776, nál. 1098, brtt. 1099.

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá allshn. á þskj. 1098 um frv. til laga um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma ásamt meðfylgjandi brtt. á þskj. 1099.

Nefndin hefur fjallað um málið og kom á fund hennar Þorsteinn A. Jónsson, skrifstofustjóri í dómsmrn., og Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari. Enn fremur var leitað álits hjá Dómarafélagi Íslands, Fangelsismálstofnun ríkisins, Lögmannafélagi Íslands, Rannsóknalögreglu ríkisins og Sýslumannafélagi Íslands.

Í frv. eru ákvæði sem nauðsynlegt er talið að sett verði í lög til að unnt verði að fullgilda tvo samninga sem gerðir hafa verið á vegum Evrópuráðsins, þ.e. samninginn um alþjóðlegt gildi refsidóma sem gerður var í Haag 28. maí 1970 og samninginn um flutning á dæmdum mönnum sem gerður var í Strassborg 21. mars 1983. Báðir samningarnir hafa verið undirritaðir af Íslands hálfu. Í frv. er jafnframt ákvæði þar sem gert er ráð fyrir að unnt verði að fullnægja hér á landi öðrum erlendum viðurlagaákvörðunum en þeim sem dæmd eða ákvörðuð hafa verið í ríkjum sem eru aðilar að framangreindum samningum, bæði samkvæmt öðrum tvíhliða eða marghliða samningum við erlend ríki. Einnig á það við um viðurlagaákvarðanir samkvæmt einstökum dómum eða ákvörðunum sem íslenskir ríkisborgarar eða erlendir ríkisborgarar hér á landi hafa hlotið í öðru ríki sem ekki hafa gert samning við Ísland um gagnkvæma fullnustu refsidóma. Þá er í frv. ákvæði um að unnt verði að fullnægja íslenskum viðurlagaákvörðunum erlendis.

Í frv. er farin sú leið að lögfesta efni fyrrnefndra samninga. Þegar lagasetning er nauðsynleg vegna fullgildingar alþjóðlegra samninga koma tvær leiðar til greina. Annars vegar að setja lög í samræmi við fullgildan samning eins og hér er lagt til eða samningnum yrði veitt lagagildi. Þykir sú leið sem frv. gerir ráð fyrir skýrari, m.a. með tilliti til málsmeðferðar því að hin leiðin getur haft í för með sér óvissu hvað varðar réttarfarsákvæði.

Megintilgangur samninganna er að fullnusta viðurlagaákvörðunar verði möguleg í öðru ríki en hún var tekin í. Að baki samningnum búa mannúðarsjónarmið go refsigæslusjónarmið. Dómþola getur verið það í hag að afplána refsingu í heimalandi sínu. Á hinn bóginn gæti maður tekið út refsingu sem hann hefur hlotið í heimaríki sínu í öðru landi, t.d. ef hann hefur flúið land.

Á samningunum er nokkur munur. Samkvæmt samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma getur eingöngu ríki þar sem dómur var kveðinn upp beðið um flutning á dómþola. Skilyrði flutningsins eru tilgreind í samningnum og séu þau uppfyllt er ríki, þar sem óskað er eftir að fullnusta fari fram, skylt að verða við beiðninni. Í öllum tilvikum á að ákvarða að ný viðurlög í fullnusturíki til samræmis við réttarframkvæmd þar.

Í samningnum um fullnustu refsidóma eru einfaldari málsmeðferðarreglur. Ríki þar sem dómur var kveðinn upp og ríki þar sem óskað er eftir að fullnusta dóms fari fram geta bæði beðið um flutning auk dómþola. Engin skylda er til að fallast á þá beiðni. Enn fremur getur fullnusturíki ráðið því hvort halda eigi áfram að fullnægja erlendum viðurlögum eða hvort ákveðin verða ný viðurlög fyrir verknað samkvæmt lögum þess, sbr. 23. gr. frv.

Frv. skiptist í fjóra hluta. Í fyrsta hluta er kveðið á um gildissvið laganna. Annar hluti fjallar um fullnustu erlendra viðurlaga og ákvarðana hér á landi. Þriðji hluti um fullnustu íslenskra viðurlaga og ákvarðana erlendis og fjórði hluti um gildistöku og fleira.

Samkvæmt frv. á héraðsdómur Reykjavíkur að annast mál sem lögð skulu fyrir dóm, sbr. t.d. 1. mgr. 10. gr. Rætt var um hvort heimila ætti að málin yrðu lögð fyrir aðra héraðsdóma og var það niðurstaðan hjá allshn. að rétt væri að flytja brtt. um þetta efni og þar segir við 10. gr.: „Í stað orðanna „héraðsdóm Reykjavíkur" í fyrri málsl. fyrri mgr. og í stað sömu orða hvarvetna annars staðar í frv. komi: héraðsdóm."

Hins vegar er rétt að taka það fram að sérstök sérþekking er hjá héraðsdómi Reykjavíkur og munu mál væntanlega koma þar fyrir. Og varðandi fjölda mála hefur komið fram að um 5–7 Íslendingar eru í erlendum fangelsum en ekki liggur fyrir hvort mögulegt sé að flytja þá hingað til lands. Þá mun vera einn erlendur maður sem afplánar refsingu hér.

Enn fremur var rætt um ákvæði 23.–25. gr. frv. en þar er kveðið á um fullnustu erlendra viðurlaga hér á landi samkvæmt samningnum um flutning dæmdra manna. Samkvæmt þessum ákvæðum er annaðhvort hægt að halda áfram að fullnægja viðurlögum hér á landi sem ákveðin hafa verið erlendis eða ný viðurlög yrðu ákvörðuð samkvæmt íslenskum lögum. Er valin sú leið í frv. að báðir kostir eru tiltækir og er það til þess að útiloka ekki þau ríki sem heimila aðeins aðra leiðina. Dómsmrn. ákveður hvor leiðin er farin og hvað varðar tímalengd viðurlaganna er ekki heimilt að breyta henni nema hún fari fram úr því hámarki sem samkvæmt íslenskum lögum er heimilt að ákvarða fyrir sambærileg brot. Er þá tímalengd erlendu viðurlaganna færð niður að íslenska hámarkinu. Fram kom að ekki væri með þessu verið að færa dómsvald til ráðuneytisins og er ákvæðið sambærilegt við upphafsákvæði 4. gr. laga nr. 69/1963, um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð og fleira. Þegar breyta á erlendri viðurlagaákvörðun leggur ríkissaksóknari málið fyrir héraðsdóm Reykjavíkur sem tekur síðan ákvörðun um breytinguna.

Hvað varðar kostnað sem hlýst af framkvæmd laganna ef samþykkt yrðu kom fram að ríkissjóður mundi bera þann kostnað sem á fellur hér á landi og er enn fremur heimilt að láta dómþola sjálfan bera kostnað af flutningi sínum á milli landa. Um þetta er að öðru leyti vísað í fskj. með áliti þessu.

Þá hefur nefndin fjallað um frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, sem er hér næsta mál á dagskrá, en það er lagt fram sem fylgifrv. með þessu máli. Lýtur meginefni þess að breytingu á 8. gr. laganna sem fjallar um neikvæð réttaráhrif erlendra refsidóma og nauðsynleg eru vegna fullgildingar samnings um alþjóðlegt gildi refsidóma.

Loks hefur verið lögð fram á Alþingi till. til þál. um fullgildingu Evrópusamninga um viðurkenningu á fullnustu refsidóma sem er 537. mál, þar sem lagt er til að ríkisstjórninni verði heimilt að fullgilda erlenda samninga fyrir Íslands hönd. Hefur nefndin fjallað um málið að beiðni utanrmn. sem hafði málið til meðferðar í tengslum við þetta frv.

Frv. þetta er viðamikið og hefur að geyma fjölmörg atriði sem vert er að athuga og mun tíminn leiða í ljós kosti þess og galla. Mælist nefndin til þess að dómsmrh. gefi Alþingi skýrslu um framgang þessara mála eftir þrjú ár þar sem fram komi m.a. samanburður á íslenskum dómum og erlendum. Mælir nefndin með samþykkt frv. með þeirri breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj. Miðar hún að því að taka af allan vafa um heimild til málskots.

Undir nál. rita Sólveig Pétursdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Björn Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Jón Helgason, Kristinn H. Gunnarsson, Ólafur Þ. Þórðarson og Sigbjörn Gunnarsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd vegáætlunar 1992, 590. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1156.

Hafnaáætlun 1993–1996, 593. mál, stjtill., þskj. 1162.

Hafnarframkvæmdir 1992, 592. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1161.

Mannréttindasáttmáli Evrópu, 591. mál, stjfrv., þskj. 1160.

Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, 132. mál, nál. félmn., þskj. 1158.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 449. mál (refsidómar í öðru ríki). — Þskj. 775, nál. 1097.

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir hönd allshn. fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Nál. er á þskj. 1097.

„Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með samþykkt þess. Mál þetta er fylgifrv. með frv. til laga um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma og vísast til álits nefndarinnar um það mál."

Undir nál. rita allir nefndarmenn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Evrópusamningar um fullnustu refsidóma, síðari umr.

Stjtill., 537. mál. — Þskj. 895, nál. 1100.

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég mæli fyrir áliti utanrmn. á þskj. 1100 um till. til þál. um fullgildingu Evrópusamninga um viðurkenningu á fullnustu refsidóma. Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með samþykkt hennar. Undir álitið rita allir nefndarmenn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útvarpslög, 2. umr.

Stjfrv., 305. mál (EES-reglur). — Þskj. 474, nál. 1085, brtt. 1086 og 1107.

Frsm. menntmn. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1085 um frv. til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985, sem er 305. mál þingsins.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk til viðræðna við sig um það Gústav Arnar, yfirverkfræðing hjá Pósti og síma, Þórunni Hafstein, deildarstjóra í menntmrn., Pál Magnússon, útvarpsstjóra Íslenska útvarpsfélagsins, Heimi Steinsson, útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins, Árna Pál Árnason, lögfræðing í utanrrn., og Kristján Árnason, formann Íslenskrar málnefndar.

Þá fékk nefndin umsagnir um frv. frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Bandalagi ísl. listamanna, Póst- og símamálastofnuninni, Íslenskri málstöð, Ríkisútvarpinu, Sambandi ísl. auglýsingastofa, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Eyþingi, Verslunarráði Íslands og Íslenska útvarpsfélaginu.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj. Breytingarnar eru eftirtaldar:

Við 1. gr. eru gerðar breytingar sem lúta að því að gera inntak greinarinnar skýrara og koma í veg fyrir misskilning að því er varðar orðalag. Leiðréttar eru tilvísanir til gildandi útvarpslaga í 3. og 4. gr. frv. Í 3. og 7. gr. frv. eru gerðar leiðréttingar í samræmi við lög um fjarskipti, nr. 32 frá 19. apríl 1993, en þau fela í sér að verkefni eru flutt frá Póst- og símamálastofnuninni til Fjarskiptaeftirlits ríkisins. Gerð er breyting á lokamálslið 3. gr. er felur í sér að hafa skuli samráði við samgrn. þegar úthlutað er senditíðnum á örbylgju fyrir útvarp og er það í samræmi við þá stefnu sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpsgreinina.

Gerðar eru breytingar á 3. efnismgr. 5. gr. til að gera ákvæði hennar skýrara. Þá er lagt til að í 9. gr. verðið kveðið á um að tilhögun auglýsinga í útvarpsstöðvum eigi einnig við um starfsemi Ríkisútvarpsins. Er það í samræmi við ákvæði frv. að svokölluð kostun eigi einnig við um starfsemi Ríkisútvarpisns. Talið er eðlilegt að ákvæði frv. um kostun og tilhögun auglýsinga gildi bæði fyrir Ríkisútvarpið og aðrar útvarpsstöðvar. Þá er bætt úr þeirri vangá sem hafði slæðst inn í frv. að þar vantaði gildistökuákvæði.

Það er rétt að geta þess að á sérstöku þskj. flytur hv. þm. Svavar Gestsson brtt. við frv. og vil ég fara um þær tillögur örfáum orðum hér, hæstv. forseti.

Í fyrsta lagi er lagt til að orðalag í 4. gr. frv. en mgr. þar sem það kemur fyrir er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsstöð, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal sjónvarpsstöð, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem gerst hafa."

Það er um þetta að segja að þessi texti er byggður á gildandi reglugerð og hygg ég að hv. þm. Svavar Gestsson kannist við handbragðið á þeirri reglugerð. Ég hygg að hann hafi látið semja hana. En reyndar lék einhver vafi á lagaheimild fyrir setningu þeirrar reglugerðar. Það er skilningur allrar menntmn. að orðalagið veiti svigrúm til að bregðast við aðstæðum við beinar útsendingar, en veiti hins vegar ekki á nokkurn hátt svigrúm til þess að skjóta sér undan þeim skyldum sem lagðar eru á herðar útvarpsstöðvum að miða þjónustu sína við þarfir íslenskra útvarpsáhorfenda og áheyrenda. Þá nota ég hugtakið útvarp í víðustu merkingu þ.e. bæði hljóðvarp og sjónvarp.

Um túlkun gildandi reglugerðar hefur verið sátt milli útvarpsstöðvanna annars vegar og menntmrn. hins vegar og útvarpsréttarnefndar hygg ég og þar sem frumvarpsákvæði er byggt á gildandi reglugerð og menntmn. hefur lagt þennan skilning í orðalagið, þá er það alla vega von mín að hv. þm. vilji velta því fyrir sér hvort hann getur fallist á þessa túlkun.

Í öðru lagi ber að geta b-liðar 1. brtt. hv. þm. Svavars Gestssonar. Þar er lagt til að við bætist málsgrein

sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Menntmrn. felur Íslenskri málstöð, útvarpsréttarnefnd eða öðrum aðilum að gera úttekt á framkvæmd þessarar greinar."

Samkvæmt 3. gr. gildandi útvarpslaga er útvarpsréttarnefnd sá aðili sem veitir tímabundið leyfi til starfrækslu útvarps en samkvæmt 2. gr. frv. sem hér um ræðir er gert ráð fyrir að útvarpsréttarnefnd fylgist með að reglum 3.–6. gr. laganna sé fylgt. Samkvæmt þessu beri útvarpsréttarnefnd að fylgjast með því að útvarpsstöðvar uppfylli lagaskyldur að því er varðar íslenskt mál. Hugsanlegt er að skerpa á þessu eftirlitshlutverki og verður hugsanlega hægt að taka á því máli á vegum útvarpslaganefndar en sá sem hér talar er formaður þeirrar nefndar og er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að taka þetta mál sérstaklega upp þar.

Að lokum vil ég aðeins geta um það hér, með leyfi forseta, að þriðja atriðið sem er þá 2. liður brtt. hv. þm. Svavars Geststsonar fjallar um að allt tal og texti í auglýsingum skuli vera á íslensku. Það er rétt að taka það fram í sambandi við þessa brtt. við frv. að í reglugerð sem byggist á gildandi lögum, í gildandi reglugerð, er það tekið fram að allt tal skuli vera á íslensku. Einnig er rétt að benda á að í 22. gr. samkeppnislaga stendur eftirfarandi ákvæði, með leyfi forseta:

„Auglýsingar, sem höfða eiga til íslenskra neytenda, skulu vera á íslenskri tungu."

Þetta er almenn grein þannig að það er sagt skýrt og skorinort í núgildandi lögum að auglýsingar sem höfða eiga til íslenskra neytenda eiga að vera á íslenskri tungu. Ég held því að þetta atriði í brtt. hv. þm. Svavars Geststsonar sé í lögum nú og megi því líta á það sem óþarft.

Ég vil einnig geta þess að í framkvæmdinni hefur það verið svo að metnaður íslenskra auglýsenda og auglýsingastofa hefur staðið til þess að beita ekki þeirra aðferð að auglýsingar séu á erlendum tungumálum en þýðing fylgi með íslenskum texta. Metnaður er allmikill hjá íslenskum auglýsendum og auglýsingastofum þannig að það er í raun og veru ekki hægt að segja að sérstakt tilefni gefist til þess að setja ákvæði sem þetta í lög þar sem framkvæmdin hefur verið mjög viðunandi.

Ég hef ekki neinar tölulegar upplýsingar um það hversu oft það hefur gerst hjá sjónvarpsstöðvum að auglýsingum hefur fylgt texti sem hefur verið á erlendu máli. Þó man ég eftir tveimur slíkum. Annars vegar var auglýsing sem tengdist gosdrykknum pepsí. Hún var á ensku og þótti svo óframbærileg að hún var dregin til baka eins og skot enda vildu íslenskri áhorfendur sjónvarps ekki með slíkt efni hafa. Í öðru lagi minnir mig að auglýsing hafi komið fram þar sem nafnkunnur handboltaþjálfari talaði slavneskt mál, sennilega pólsku, og var það ekki gert til þess að höfða til áheyrenda sérstaklega með tilliti til þess hversu pólskukunnátta þeirra væri mikil heldur var þetta gert af sérstöku, mjög sérhæfðu tilefni og held ég að það hafi nú ekki skaðað neinn að það væri gert. Ég held því að þetta ákvæði sé, bæði vegna gildandi laga en einnig vegna þess hvernig þetta er framkvæmt, óþarft og ég vil biðja hv. flm. að velta fyrir sér þeim upplýsingum sem hér hafa komið fram.

Ég vil þá víkja aftur að nál. sem ég hafði ekki alveg lokið við að gera grein fyrir. Ég vil taka það fram að undir þetta nál. rita eftirfarandi hv. þm.: Sigríður A. Þórðardóttir, formaður nefndarinnar, Rannveig Guðmundsdóttir, Björn Bjarnason, Tómas Ingi Olrich, Kristín Ástgeirsdóttir með fyrirvara, Valgerður Sverrisdóttir með fyrirvara, Árni Johnsen og Svavar Geststsson með fyrirvara.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 5. þm. Norðurl. e. fyrir þau orð sem hann lét falla og snerta a- og b-lið fyrri brtt. minnar. Mér sýnist að eftir atvikum séu þau fullnægjandi sem yfirlýsing frá honum. Ég geri ráð fyrir því að hann hafi hæstv. menntmrh. á bak við sig í þeim textum sem hann las hér upp og auk þess sem hv. þm. er formaður þeirrar nefndar sem er að endurskoða lögin þannig að ég tel að það sé skynsamlegra fyrir mig sem flm. og miðað við þá afstöðu sem ég hef til málsins að draga tillögurnar til baka en láta fella þær. Ég vildi ógjarnan að Alþingi lýsti þeim vilja sínum að fella þessar tillögur og þess vegna hef ég ákveðið að draga þessar tvær tillögur til baka.

Ég vil aðeins fara nokkrum orðum um þær frekar og sérstaklega a-liðinn og víkja þá kannski í leiðinni að frv. og 4. gr. þess. Þarna er lagt til að festa þýðingarskylduna í lög og svo breytt væri þessi grein betri en gildandi lög. Það er óhætt að viðurkenna það núna þó að það hefði ekki verið óhætt kannski fyrir tveimur árum eða þremur að þýðingarskyldan er tæp miðað við gildandi lög. Reglugerðin eins og hún var skrifuð í menntmrn. á sínum tíma ég hygg af Sverri Hermannssyni var í það tæpasta miðað við orðalag laganna eins og það er í dag. Og það var mér ljóst þann tíma sem ég vann þarna í ráðuneytinu og ég tel þess vegna að hér sé um ágæta lendingu í orðalagi að ræða að því er þýðingarskylduna varðar almennt.

Ég tel einnig að miðað við hið tæknilega umhverfi sem þjóðin býr við í útvarpsmálum, þá séu hlutirnar alveg sæmilega leystir í orðalagi þessarar greinar þó að auðvitað mætti hugsa sér að koma aðeins öðruvísi að því. Í 2. mgr. 3. málsl. er kveðið svo að orði, með leyfi forseta: „Við þær aðstæður" þ.e. þegar um er að ræða viðstöðulausa dreifingu um gervitungl o.s.frv., „skal sjónvarpsstöð, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem gerst hafa."

Og ég flyt sem sagt þarna tillögu, hæstv. forseti, um að niður falli orðin „eftir því sem kostur er". Ástæðan til þess að ég flutti tillöguna og flyt er fyrst og fremst sú að ég óttast áður en frsm. nefndarinnar talaði hér áðan að þessi orð yrðu skilin þannig að í rauninni væri stöðvunum það í sjálfsvald sett hvort þær létu fylgja endursögn eða kynningu á íslensku máli á þeim atburðum sem gerst hafa. Ég skil hins vegar yfirlýsingu hv. þm. þannig að í rauninni sé ekki spurningin um það hvort þetta eigi að gerast heldur hvernig það á að

gerast og það er auðvitað algert úrslitaatriði í mínum huga. Ég lít svo á að orðanna hljóðan hér þýði það að þetta sé gert eftir því sem kostur er og þau orð lúti að því hvernig þetta er gert en alltaf eigi að tryggja það að Íslendingar geti skilið það sem þarna fer fram í sjónvarpi eða útvarpi eftir atvikum.

Ástæðan til þess að ég er að nudda þetta, hæstv. forseti, er ekki síst umsögn um frv. frá Íslenska útvarpsfélaginu sem er alveg ferlegur texti, þar sem því er nánast lýst yfir af þessum einum valdamesta fjölmiðli landsins að það fyrirtæki sé staðráðið í því að hafa þessa grein að engu, því að hér segir t.d. um 4. gr., með leyfi forseta:

„Um tölulið 3 a segir m.a. í 1. mgr. að íslenskar sjónvarpsstöðvar skuli kosta kapps um að meiri hluti útsendrar dagskrár sé íslenskt efni og dagskrárefni frá Evrópu. Ákvæðið endurspeglar fyrirmæli III. kafla sjónvarpstilskipunarinnar.

Augljóslega er hér eingöngu um almenna leiðbeiningarreglu að ræða sem ber að túlka rúmt og ekki er verjandi að fylgja eftir með nokkurri hörku. Þá er ekki nokkur ástæða til að ganga lengra en ákvæði tilskipunarinnar mæla fyrir um ...“ o.s.frv. Og síðan segir hér um einmitt þessa setningu sem við vorum að tala um, með leyfi forseta:

„Þá þyrfti að koma skýrt fram í framsöguræðu“ en Íslenska útvarpsfélagið ákvað að skrifa framsöguræðu fyrir menntmrn. og það er athyglisverð sjálfboðavinna sem þeir bjóða fram í þeirri stofnun, „þá þyrfti að koma skýrt fram í framsöguræðu með brtt. að hér sé um almenna leiðbeiningarreglu að ræða sem beri að skýra rúmt.“ Þannig að hér er aftur og aftur vegið í *sama knérunn. Síðar segir hér t.d. um tilskipunina sem* þarna er verið að tala um, það er sem sagt þannig á Íslandi nú orðið að það ber að taka tillit til tilskipananna. Það var gert hér til forna á meðan Danir réðu hér og nú er það komið aftur, að vísu ekki Daninn en aðrir. Það á að tala um tilskipanir og orðalag 4. gr. tilskipunarinnar ber þar af leiðandi þess merki að hér er um málamiðlun að ræða, segir hér með leyfi forseta og síðan: „Reyndar er orðalagið svo loðið að færa má að því rök að hér sé um hreinustu markleysu að ræða.“ Aftur og aftur kemur það fyrir í þessari umsögn Íslenska útvarpsfélagsins að þessari grein er vísað á bug. Og mér finnst það mjög mikilvægt að þessari umsögn Íslenska útvarpsfélagsins sé mótmælt héðan úr þessum virðulega ræðustóli Alþingis Íslendinga og að jafnskýr túlkun skuli hafa komið fram á þessari grein og fram kom í máli hv. 5. þm. Norðurl. e.

Varðandi þriðju brtt. mína, tölul. 2, að allt tal og texti í auglýsingum skuli vera á íslensku, þá hefur mér ekki unnist tími til að kanna auglýsingalögin að því er þetta varðar. En það kann að vera að þau leysi þetta þannig að þau kveði á um þetta atriði, en ég man það ekki í svipinn og þess vegna flutti ég þessa tillögu. Ef það er svo að auglýsingalögin segi þetta fullum fetum eða svo að segja, hæstv. forseti, þá er þessi tillaga óþörf. Og ég sé hér að í 22. gr. samkeppnislaga sem samþykkt hafa verið, það segir í 1. mgr.:

„Auglýsingar, sem höfða eiga til íslenskra neytenda, skulu vera á íslenskri tungu“ og það ætti auðvitað að duga.

Það er auðvitað álitamál hvort þetta á að vera í útvarpslögunum líka af því að þar erum við að tala um auglýsingar hvort eð er, en það læt ég mönnum eftir og er tilbúinn til að skoða það milli 2. og 3. umr.

Þegar svo er komið að lítið er eftir af brtt., að ég hef dregið tvær til baka og frestað einni, þá geta menn svo sem ímyndað sér að í sjálfu sér er allgott samkomulag um þetta frv. Við 1. umr. málsins gerði ég nokkrar athugasemdir við það, t.d. við 5. gr. og ég skemmti mér við það smástund hér í ræðustól að tala um það hvað það þýddi að hafa áhrif á fólk neðan marka meðvitaðrar skynjunar. Varð um það nokkur kveðskapur hjá útvarpsráðsmanni sem sat þá hér á Alþingi um meðvitaða skynjun og mörk hennar og hvað væri neðan markanna og hvað væri ofan marka meðvitaðrar skynjunar. Ég ætla ekki að rifja það upp núna en það sem hér er átt við eru efni, myndir, sem er skotið inn í auglýsingar eða annað efni til þess að hafa áhrif á viðbrögð fólks, tilfinningaleg viðbrögð fólks, án þess að það í raun og veru geri sér grein fyrir því. Ég held að eftir atvikum sé þetta brúklegt orðalag, a.m.k. hafa ekki heyrst tillögur um neitt skárra í meðferð nefndarinnar á þessu máli en það var ágætlega farið yfir málið í nefndinni.

Eitt af þeim efnum sem mikið var rætt í nefndinni voru kostunarákvæðin sem eru í 6. gr. frv. og þau eru eftir atvikum brúkleg að mínu mati. Í raun og veru skýra þau og setja lagaramma utan um það sem tíðkast hefur og ætla má að tíðkist hér í þessum efnum þannig að ég held að þarna séu menn að setja hóflegar lagaskorður og eðlilegar í þessu sambandi.

Ég ætla þessu næst aðeins að víkja að málinu almennt. Ég vil með hliðsjón af því hvernig tíma Alþingis er háttað ekki taka allt of langan tíma en ég ætla að nefna tvö önnur atriði. Það fyrsta lýtur þá að undirbúningi málsins. Frv. þetta er samið af nefnd sem menntmrh. skipaði 29. apríl árið 1992. Í henni voru eingöngu fulltrúar stjórnarflokkanna og tveggja eða þriggja útvarpsstöðva, m.a. sýnist mér t.d. enginn starfsmaður Ríkisútvarpsins. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það nokkuð sérkennilega að hlutum staðið að skipa nefnd með þessum hætti, að hafa þar engan fulltrúa frá stjórnarandstöðunni eða úr starfandi forustuliði Ríkisútvarpsins. Þegar ráðherra skipar nefndir eru í grófum dráttum uppi þrír möguleikar að mínu mati. Einn möguleikinn er sá að um sé að ræða pólitíska nefnd sem er skipuð fulltrúum stjórnar og stjórnarandstöðu. Annar möguleikinn er sá að um sé að ræða hreina tæknilega nefnd þar sem t.d. útvarpsstjóri, forstjóri Íslenska útvarpsfélagsins, póst- og símamálastjóri og slíkir aðilar eru. Þriðji möguleikinn er í grófum dráttum sá að vera með blöndu af þessu tvennu. Ég tel að það komi ekki til greina þegar um er að ræða úthlutun á almannaeign, eins og ljósvakinn er, að vera með nefnd sem sniðgengur í raun og veru stjórnarandstöðuna með þeim hætti sem hér er gert. Ég vil segja það hv. 5. þm. Norðurl. e. til viðurkenningar að ég tel að hann hafi staðið faglega að þessu máli

að svo miklu leyti sem það sneri að menntmn., sömuleiðis í þeirri ræðu sem hann flutti hér áðan. Ég treysti honum ágætlega til þess, miðað við allar aðstæður, að stýra þessari nefnd. En ég teldi að með hliðsjón af því að þetta frv. verði að lögum þá verða ákveðin kaflaskipti í starfi nefndarinnar, þá ætti að endurskipa hana og kalla inn í nefndina einhverja fulltrúa frá stjórnarandstöðuflokkunum þannig að áður en málið kemur hér inn í lokagerð verði búið að vinna að pólitísku samkomulagi um það.

Ég vil sem sagt nota þetta tækifæri til þess að spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann er sammála því að það sé eðlilegt að endurskipuleggja þessa nefnd með hliðsjón af því að ákveðin skil eru í starfi hennar núna, ef þetta frv. verður að lögum. Þetta leiðir mig svo til hins síðari almenna þáttar í málinu sem ég ætla að nefna áður en ég fer úr þessum ræðustól og það snertir starfsemi Ríkisútvarpsins. Um þá starfsemi hafa orðið nokkuð hvassar deilur í seinni tíð. Ég ætla í sjálfu sér ekki að fara að rifja þær upp núna en ég segi alveg eins og er að ég hef áhyggjur af Ríkisútvarpinu eins og sakir standa. Ég óttast að það ríki ekki og geti ekki ríkt í stofnuninni eða í kringum hana sá friður og sú eindrægni sem þarf að ríkja af því að þetta er stofnun þjóðarinnar. Mín skoðun er sú að menntmrh. eigi helst aldrei að hlutast til um innri mál Ríkisútvarpsins, helst aldrei, nema í samráði við Ríkisúvarpið. Mín skoðun er sú að menntmrh. eigi aldrei að beita Ríkisútvarpið valdi eins og dæmi eru til um.

Ég tel að sú umræða sem verið hefur um Ríkisútvarpið og einkum sjónvarpshlið þess að undanförnu sé afskaplega alvarlegt umhugsunarefni. Ég heyri t.d. að valdamiklir talsmenn og trúnaðarmenn menntmrh. í þessum málum eru að tala t.d. um það að kljúfa Ríkisútvarpið. Það er verið að tala um að kljúfa það í tvennt. Það er verið að tala um það að til verði ein stofnun sem heiti Ríkisútvarpið/sjónvarp og önnur stofnun sem heiti Ríkisútvarpið/hljóðvarp. Komið hafa fram mjög sverar yfirlýsingar í þessum efnum frá ýmsum aðilum og alveg sérstaklega frá Hrafni Gunnlaugssyni sem nú gegnir á vegum menntmrh. sérstöku trúnaðarstarfi hjá sjónvarpinu og þetta kemur reyndar fram í greinargerð þeirri sem Pétur Guðfinnsson lagði eftir sig þegar hann lét af störfum hjá sjónvarpinu.

Ég vil nota þetta tækifæri til að spyrja, virðulegur forseti: Eru uppi hugmyndir um þetta, að kljúfa starfsemi Ríkisútvarpsins með þessum hætti?

Í öðru lagi vil ég spyrja: Eru enn þá uppi hugmyndir um það eins og ræddar voru í kringum landsfund Sjálfstfl. hygg ég að það hafi verið, vorið 1991, að selja Rás 2?

Ég held að það skipti mjög miklu máli upp á framhaldið á þessari nefndarvinnu að fá upplýsingar um það hér frá hv. 5. þm. Norðurl. e. og hæstv. ráðherra hvort þessar hugmyndir eru enn uppi, að selja Rás 2 og veikja þannig mjög verulega stofnunina.

Í þriðja lagi vil ég víkja að því að vegna þeirra deilna sem uppi hafa verið um Ríkisútvarpið að óhjákvæmilegt er að ræða sérstaklega um Menningarsjóð útvarpsstöðva. Þessi sjóður varð til, hygg ég, sem málamiðlun árið 1985 milli þáverandi stjórnarflokka, ef ég man rétt, Framsfl. og Sjálfstfl. Ég hygg að ég fari ekki rangt með ef ég segi að þeir framsóknarmenn hafi lagt talsvert mikla áherslu á þennan menningarsjóð, sérstaklega með hliðsjón af því að það væri nauðsynlegt að til væri slíkur sjóður til þess að standa undir kostnaðarsamri dagskrárgerð í því samkeppnisþjóðfélagi sem menn voru þá að stefna útvarpsstarfseminni út í. Ég man ekki betur en hv. þm. Ólafur Þórðarson hafi verið í menntmn. fyrir Framsfl. og hann hafi sett á allnokkrar ræður um það að þetta skipti talsverðu máli.

Nú er því ekki að leyna að við höfum alla tíð verið í vissum vandræðum með þennan sjóð, alla tíð. Í fyrsta lagi höfum við verið í vandræðum með að ákveða hverjar eru raunverulegar tekjur sjóðsins og hvernig á að ákveða greiðsluskyldur sjóðsins. Hvernig á að ákveða það t.d. hvernig hann tekur þátt í rekstri útvarpsins eða Sinfóníuhljómsveitar Íslands? Og hvernig á svo að borga í sjóðinn? Við þekkjum það að þessar svokölluðu frjálsu stöðvar — mér leiðist það tal því það er eins og Ríkisútvarpið sé ófrjálst — að þessar einkastöðvar fengust ekki langtímum saman til þess að borga í sjóðinn. Það þurfti að hóta þeim bæði innsiglum og fógetum áður en þær fengust til að borga, margar þeirra. Ég held að þær hafi drattast til þess að borga að lokum en það gekk afar illa og ég hef grun um að þetta sé svona enn þá, það sé erfitt að eiga við þetta lið.

Á þessum tíma er það í raun og veru ákveðið, í minni tíð og í tíð Birgis Ísleifs Gunnarssonar og fleiri menntamálaráðherra, að sjóðurinn skuli ekki úthluta beint til sérstakra verkefna heldur skuli hann einfaldlega greiða stöðvunum aftur nokkurn veginn það sem þær borga í hann. Þetta kom sér náttúrlega verst fyrir Ríkisútvarpið því það borgaði alltaf. Því var bara haldið eftir, held ég, af hlut Ríkisútvarpsins niðri fjmrn. þannig að Ríkisútvarpið komst ekki upp með neinn moðreyk í þessu máli.

Síðan ákveðum við það, ég hygg að það hafi verið árið 1990 eða 1991, að setja hluta af þessum sjóði til þess að styrkja innlenda dagskrárgerð utan stofnananna. Ég tek um þetta ákvörðun í minni tíð, mjög umdeilda ákvörðun vegna þess að ýmsir töldu að ég hefði enga heimild til að gera þetta. Ég var búinn að liggja dálítið yfir þessu og mér fannst skynsamlegt að stuðla að dagskrárgerð utan stofnananna og þannig má segja, að þessu leytinu til hafi fundist þráður á milli mín og framkvæmdastjóra sjónvarpsins sem finnst nú á fáum öðrum sviðum. Niðurstaða mín verður svo sú að ég breyti þessari reglugerð og hef starfandi sem formann þessa sjóðs Pál Skúlason prófessor, sem ég valdi fyrst og fremst vegna þess að hann var utan við þetta kraðak allt saman sjálfur. Síðan er skipaður þarna formaður sem er margnefndur Hrafn Gunnlaugsson sem er tengdur allri þessari dagskrárgerð, í stórum stíl, og sjóðurinn fer af stað með úthlutanir á þessum peningum sem orka mjög tvímælis að margra mati eins og svona úthlutanir gera kannski alltaf. Ég er ekki að segja að það sé hægt að komast hjá því, en mér fannst sérkennilegt þegar t.d. Hannes Hólmsteinn Gissurar-

son fékk sérstakan styrk hjá þessum sjóði til að gera dagskrá um hugmyndahvörf Íslendinga á 20. öld, af öllum mönnum. Síðan gerist það á dögunum að sjóðurinn styrkir þessa makalausu mynd Baldurs Hermannssonar með 8,9 millj. kr. Auk þess borgar sjónvarpið fyrir hana 3 millj. kr. en hafði áður í raun og veru borgað 6 millj. af þessum 8,9 millj. sem fóru í myndina í gegnum sjóðinn. Það er því mjög vandasamt að halda úthlutunum úr þessum sjóði. Með öðrum orðum, það sem ég segi er að það þarf að ríkja samkomulag um þennan sjóð. Ef hann á að vera til, þá þurfa menn að vanda sig þegar þeir eru að úthluta peningum úr honum og ganga þarf hægt um gleðinnar dyr og vera eins faglegir og kostur er. Þess hefur því miður ekki verið gætt og sjóðurinn er orðinn umdeildari en flestir aðrir sjóðir í landinu og er þá langt til jafnað.

Þá er spurningin sú, eiga menn að gefast upp fyrir þessu og segja: Leggjum sjóðinn niður. Ég hef heyrt að ýmsir aðilar, mig minnir Stöð 2 og jafnvel fleiri, eru að tala um að það eigi bara að leggja þennan sjóð niður. Ég fyrir mitt leyti hef ekki verið tilbúinn að fallast á það, vegna þess að ég er það seinþreyttur til vandræða að ég vil ógjarnan fallast á það. Og ég tek undir með kvikmyndagerðarmönnum og dagskrárgerðarmönnum að ég held að þetta gæti auðgað dagskrárgerðarflóruna í íslenska þjóðfélaginu, auðgað dagskrárgerðina, að hafa slíkan sjóð en þá er vandi að vinna með hann, mér er það alveg ljóst. Þess vegna finnst mér ekkert óeðlilegt þó að menn segi núna: Það á bara að leggja þennan sjóð niður. Ég fyrir mitt leyti kann ekki að meta þá pólitík sem hrapar að niðurstöðum þó að mönnum mistakist í eitt eða tvö skipti, heldur eigi menn að reyna að skoða hlutina til hlítar og ég held að hugmyndin og hugsunin á bak við sjóðinn hafi verið skynsamleg.

Ég vil í tilefni af þessu spyrja hæstv. menntrmh. þeirrar spurningar: Er hann með það í huga að leggja sjóðinn niður eða breyta starfsemi hans á einhvern hátt?

Þá hef ég hér, virðulegi forseti, lagt fyrir hæstv. menntmrh. fjórar spurningar. Það er í fyrsta lagi varðandi nefndina og hugsanlega endurskipun hennar. Er hann tilbúinn að endurskipa hana, endurskipuleggja á þessum tímamótum?

Í öðru lagi: Er hann með hugmyndir uppi um það að kljúfa sjónvarp og útvarp í tvær stofnanir eins og Hrafn Gunnlaugsson og fleiri áhrifamenn í stjórnarliðinu hafa verið með tal um?

Í þriðja lagi: Er hann með hugmyndir um það að selja Rás 2 eins og Sjálfstfl. var með hugmyndir um á sínum tíma?

Í fjórða lagi: Eru uppi hugmyndir um það að leggja niður Menningarsjóð útvarpsstöðva?

Ég hygg að segja megi, virðulegi forseti, að Ríkisútvarpið eigi stuðningsmenn á Alþingi í hverjum einasta þingmanni liggur mér við að segja. Ég tek eftir því að þingmönnum gengur oft dálítið illa að átta sig á því að Ríkisútvarpið er ekki bara ríkisútvarp. Það er öryggistæki, það er menningartæki en það er líka í samkeppni við aðrar stöðvar. Mér finnst stundum að menn hafi gleymt því að við ákváðum eða meiri hluti Alþingis ákvað að hrinda Ríkisútvarpinu út í samkeppni. Þess vegna hafa oft komið fram sérkennilegar gagnrýnisraddir á Ríkisútvarpið hér á Alþingi m.a. í fyrirspurnatímum af því að Ríkisútvarpið hefur leyft sér að taka þátt í samkeppni um áhorfendur. Ríkisútvarpið verður að gera það af því að það þarf áhorfendur og auglýsingatekjur til að geta staðið sig í samkeppni við aðra og þannig koll af kolli. Ég held því að menn í þessari stofnun þurfi kannski að átta sig betur á þessari erfiðu stöðu Ríkisútvarpsins, að vera í senn ríkisstofnun og samkeppnisstofnun. Það gerir það að verkum að yfirstjórn hennar er flóknari og vandasamari en ella.

Varðandi yfirstjórn Ríkisútvarpsins þá má auðvitað margt segja, virðulegi forseti, og ég hef nokkuð mótaðar skoðanir í þeim efnum, t.d. varðandi hlut útvarpsráðs. Ég hef mjög lengi verið þeirrar skoðunar að það eigi að leggja útvarpsráð niður. Ég sé ekki að það sé ástæða til þess að Alþingi sé að kjósa pólitíska fulltrúa sína til að hafa eftirlit með Ríkisútvarpinu. En ég hef lengst af verið nokkuð einn á báti með þá skoðun og komst ekki mikið áfram með hana í síðustu ríkisstjórn, aðallega vegna þess að ég vildi ná samkomulagi um hlutina. Ég held að menntmrh. eigi að temja sér það að umgangast Ríkisútvarpið og útvarpslögin rétt eins og hverja aðra auðlindalöggjöf sem við erum að fjalla um. Þessi auðlind er ljósvakinn. Í gær vorum við að tala um auðlindir í iðrum jarðar og virkjun fallvatna. Þar áður um fiskstofnana. Ég held að við eigum að líta þannig á að ljósvakinn sé almannaeign og þess vegna þurfi að kalla alla til, fulltrúa meginsjónarmiða, þegar verið er að semja útvarpslög um leið og ég ítreka þá afstöðu mína að eftir atvikum tel ég að menn hafi fundið alveg brúklega lendingu í þessu frv.

Frsm. menntmn. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort það er eðlilegt að nota réttinn til andsvars til þess að þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir jákvæð viðbrögð við framsöguræðu minni en ég geri það hér með.

Ég vil aðeins koma hér upp til þess að taka það skýrt fram að ég ber fulla ábyrgð á orðalaginu „neðan marka meðvitaðrar skynjunar". Í þessu felst að sjálfsögðu ákveðin forgangsröð skynjunarinnar. Það er verið að setja meðvitaða skynjun ofar ómeðvitari skynjun og er það ákveðinn hroki mannkynsins sem er fólginn í þessu og tengsl við þróunarkenninguna og 19. öld. Ég ber fulla ábyrgð á þessu en finnst ekki fara illa á því að við hv. þm. stöndum saman að þessum lítillega hroka sem kemur fram í frv.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. menntmn. fyrir afgreiðslu á þessu frv. og ítarlega og ágæta vinnu sem nefndin hefur þar lagt af mörkum. Ég vil jafnframt lýsa því yfir að ég styð fyllilega þá túlkun sem framsögumaður nefndarinnar, hv. þm. Tómas Ingi Olrich, viðhafði á einstaka atriðum í frv.

Ég þakka líka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir það

hvernig hann hefur tekið á þessu máli. Ég skil orð hans svo að hann dragi til baka fyrri brtt. en sé reiðubúinn með nefndinni og þá væntanlega mér, sem ráðherra, að athuga milli umræðna aðra brtt. varðandi það að allt tal og texti í auglýsingum skuli vera á íslensku. Mér finnst sjálfsagt að við athugum það milli umræðna.

Vegna fyrirspurna hv. þm. Svavars Gestssonar til mín vil ég segja þetta: Varðandi undirbúning málsins höfum við farið áður í gegnum alla þá umræðu, bæði skipun þessarar nefndar og fleiri nefnda sem ég hef skipað án þess að leita tilnefninga ýmissa hagsmunaaðila og ég ætla ekkert að fara að endurtaka það. Ég er alveg reiðubúinn að ræða það við formann nefndarinnar hvort þau tímamót sem nefndin standi á núna kalli á einhverja sérstaka umræðu um endurskipulagningu hennar. Ég hef gert ráð fyrir því að nefndin mundi halda áfram störfum og veit ekki betur en hún geri það, en ég mun ræða það við hann hvort honum þyki ástæða til. Ég er þess fullviss að nefndin hefur unnið mjög faglega í starfi sínu, kallað til mjög marga aðila og fengið skýrslur frá ýmsum þeim sem þarna er ástæða til að kalla til verka.

Varðandi það hvort menntmrh. eigi yfirleitt að hlutast til um starfsemi Ríkisútvarpsins, þá er það mál út af fyrir sig sem ég er alveg tilbúinn að ræða en ég held að það væri betra að geyma það þangað til kemur að lokaskýrslu nefndarinnar og endanlegri endurskoðun á útvarpslögunum. Ég nefni í því sambandi að menn verða að muna það að útvarpslögin eru meira en lög um Ríkisútvarpið eitt. Á því varð sú meginbreyting þegar núgildandi útvarpslög voru sett að þar var öðrum en ríkinu heimilað að reka útvarpsstöðvar. Afskipti ráðherra nú af málefnum Ríkisútvarpsins markast auðvitað af þeim skyldum sem honum eru lagðar á herðar í gildandi lögum en að öðru leyti hefur ráðherra ekki nein sérstök afskipti af Ríkisútvarpinu, ekkert önnur en þau sem honum er beinlínis falið að hafa.

Hv. þm. spurði hvort uppi væru hugmyndir um að kljúfa starfsemi Ríkisútvarpsins. Ég skildi það svo að hann væri að spyrja hvort það ætti þá að hafa tvær sjálfstæðar deildir eða jafnvel tvær sjálfstæðar stofnanir, annars vegar hljóðvarp og hins vegar sjónvarp. Ég veit ekki hvað nefndin er að ræða. Henni var ekki falið sérstaklega að svara þeirri spurningu og af minni hálfu eru ekki uppi neinar sérstakar hugmyndir um slíkt. Mér er hins vegar kunnugt um að slík hefur orðið raunin í öðrum löndum og þess vegna kannski ekkert óeðlilegt þótt slíkar spurningar vakni hér hjá okkur. En af minni hálfu eru sem sagt ekki uppi neinar sérstakar hugmyndir um það efni.

Þá er spurt hvort enn séu uppi hugmyndir um að selja Rás 2 eins og átti að hafa verið ályktað á síðasta landsfundi Sjálfstfl. Ég er að vísu löngu hættur að reyna að reka til baka þennan misskilning sem þarna er enn tönnlast á vegna þess að landsfundur Sjálfstfl. ályktaði ekki í þessa veru, að það ætti að selja Rás 2. (Gripið fram í.) Nei, það gerði hann ekki. En ég er búinn að reyna svo oft að leiðrétta þetta, eins og ég sagði, að ég held að ég reyni það ekkert oftar. Ég segi svona aðeins í framhjáhlaupi að það var samþykkt að kannað skyldi hvort rétt væri að fela öðrum rekstur Rásar 2 og það er þó nokkuð annað heldur en að selja Rás 2. Ég vænti þess að hv. þm. skilji þennan mun en ég geri ekki ráð fyrir að þessi leiðrétting mín núna dugi. Þetta á áreiðanlega eftir að heyrast oftar.

Um Menningarsjóð útvarpsstöðva. Hv. þm. rakti tilurð þessa ákvæðis í útvarpslögunum og það var rétt hjá honum að það var ósk Framsfl. á sínum tíma, þegar við vorum að afgreiða útvarpslögin, að þessi ákvæði um Menningarsjóð útvarpsstöðva yrðu tekin inn og þau komu inn, ég held ég muni það rétt, svona nokkuð á lokastigi málsins hér í þinginu. Ég átti sæti í menntmn. á þeim tíma og hafði miklar efasemdir um að þarna væri farin rétt leið. En þetta varð málamiðlun.

Mér finnst mjög eðlilegt að ákvæðin um Menningarsjóð útvarpsstöðva komi til sérstakrar athugunar við þessa endurskoðun útvarpslaganna. Það leiðir af sjálfu sér að ákvæði um Menningarsjóðinn verða endurskoðuð, en ég hef ekki látið uppi neinar sérstakar skoðanir um það hvort nota ætti þetta tækifæri til þess að leggja sjóðinn niður. Ég hef aðeins, eins og ég sagði áðan, látið í ljósi áður efasemdir um að þarna væri farin rétt leið. Ýmsir hafa sagt, og mér finnst það vera sjónarmið út af fyrir sig, að útvarps- og sjónvarpsstöðvum sé vel treystandi til að fara með þetta fé sem þær fá inn í auglýsingum. Þetta er 10% skattur af auglýsingum útvarps- og sjónvarpsstöðvanna. Þeim væri vel treystandi til þess sjálfum að verja þessu fé til innlendrar dagskrárgerðar. En þetta hefur allt fengið á sig nokkuð aðra mynd heldur en í upphafi við þá breytingu sem varð við reglugerðina sem fyrrv. menntmrh., hv. þm. Svavar Gestsson, setti, ef ég man rétt á árinu 1991, þegar úthlutun úr sjóðnum gat orðið til annarra en útvarps- og sjónvarpsstöðva. Ég er ekki viss um að það sé komin nægileg reynsla á þessa úthlutun enn þá til þess að fella upp einhverja dóma um að það sé ómögulegt að úthluta til annarra. Mér þykir sjálfsagt að athugað verði með svona rólegri yfirvegun. Það kemur vonandi í dag, eins og kom fram fyrr á fundinum, þskj. þar sem upplýst er hvernig úthlutanir úr Menningarsjóði útvarpsstöðva hafa verið á undanförnum árum.

Ég held að með þessum orðum mínum hafi ég svarað þeim fyrirspurnum sem hv. þm. Svavar Gestsson beindi til mín.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Frú forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á útvarpslögum og þetta er eitt af hinum fjölmörgu EES-málum sem verið hafa til umræðu á þessum vetri og munu eiga eftir að koma áfram inn á Alþingi Íslendinga. Hér er í rauninni um það að ræða að sú nefnd sem skipuð var 29. apríl 1992 til að endurskoða útvarpslögin hefur tekið út úr þeirri endurskoðunarvinnu þá þætti sem snerta útvarpsstöðvar hér á landi og tengjast samningnum um Evrópskt efnahagssvæði.

Eins og ég hef margsinnis ítrekað í umræðunum hér í vetur, þá eru þau mál sem tengjast EES-samningn-

um af ýmsum toga og það er töluvert um það að þessum samningi fylgi löggjöf sem er vel ásættanleg og jafnvel mjög góð og að mínum dómi er hér á ferðinni eitt af þeim málum. Hér er verið að skýra og skilgreina ýmislegt sem snertir útvarp og sjónvarp þó að vissulega séu þar atriði sem eru umhugsunarverð og sem ég er ekki alveg sátt við. Það eru fyrst og fremst tvær ástæður fyrir því að ég skrifaði undir nál. meiri hlutans með fyrirvara. Það er annars vegar það að þetta frv. er til komið vegna EES-samningsins og ég hef fyrirvara varðandi allt sem þeim samningi fylgir. Hins vegar eru hér einstök atriði sem mig langar til þess að gera örstutta grein fyrir.

Það er í fyrsta lagi atriðið sem getið er um í 3. gr. þar sem rætt er um viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva sem skal eingöngu heimiluð þráðlaust um örbylgju og/eða um þráð. Ég nefndi það í hv. menntmn. hvort ekki væri ástæða til þess að taka útvarpsstöðvar inn í þetta dæmi. Að vísu er hér um það að ræða að Póst- og símamálastofnun er að úthluta senditíðni, og ég er ekki endilega að segja að þetta hefði átt heima í þessari grein, en það vakna spurningar varðandi viðstöðulaust útvarp á erlendum dagskrám sem einstaka sinnum koma fyrir í þessum útvarpsstöðvum sem hér er að finna. Ég minnist sérstaklega dagskrár sem ég heyrði þar sem verið var að útvarpa án nokkurrar þýðingar miklum predikunum. Það var vakningasamkoma sem hafði átt sér stað í Bandaríkjunum, var útvarpað hér á kristilegri stöð án nokkurrar þýðingar. Þetta snertir reyndar 4. gr. frv. þar sem kveðið er á um slíkt. En málið er það hvort ekki hefði verið ástæða til þess að skoða útvarpsstöðvarnar í þessu samhengi. Þetta tengist bæði 3. og 4. gr. og því atriði sem líka er verulegt umhugsunarefni, hvernig mögulegt er að framkvæma það að sú dagskrá sem flutt er sérstaklega í sjónvarpi og þegar um er að ræða að verið sé að sjónvarpa beint frá ýmsum atburðum sem eiga sér stað úti í heimi, hvernig stöðvunum er kleift að láta fylgja endursögn eða þýðing á íslensku. Og þar kem ég einmitt inn á brtt. hv. þm. Svavars Gestssonar þar sem hann leggur til að tekið sé út úr 4. gr. orðalagið „eftir því sem kostur er." Það sé hreinlega skylda, alltaf og ætíð, að það fylgi slík endursögn.

Þetta orkar tvímælis því að það koma þær stundir að nauðsynlegt er að sjónvarpa beint eða okkur finnst æskilegt að við njótum þess að sjónvarpað sé beint frá mikilvægum atburðum. En það kann að vera miklum annmörkum háð að geta þýtt það efni eða endursagt jafnóðum. Að mínum dómi þarf því að vera þarna undanþága. En við verðum jafnframt að hafa í huga að það er allverulegur hópur Íslendinga sem ekki skilur erlendar tungur nægilega vel til að geta fylgst með dagskrám eða atburðum af þessu tagi. Því er auðvitað eðlilegt að gera þá kröfu að allt sé gert sem unnt er til þess að þýða og endursegja. Þetta er vandmeðfarið en ég er heldur á því að í raun verði að vera svolítill sveigjanleiki í þessu.

Ég er á því að það eigi að vera þýðingarskylda og að það beri að sjá til þess að öllum sé gert kleift að skilja það efni sem verið er að útvarpa eða sjónvarpa þó með þeim fyrirvara sem ég nefndi áðan.

Enn eitt atriði sem ég vil gera að umræðuefni og er kannski svona minn meginfyrirvari í þessu, snertir auglýsingar og það að heimilt sé að rjúfa dagskrá með auglýsingum. Þetta er í samræmi við tilskipanir EB, eins og fram kemur í frv., og þar kemur reyndar fram að ef t.d. höfundar kvikmynda áskilja sér rétt til þess að krefjast þess að þeirra verk séu sýnd án þess að þau séu rofin með auglýsingum, þá skuli það virt. Almennt séð er ég mjög andvíg því að verið sé að rjúfa dagskrá, sérstaklega kvikmyndir, með þessum hætti. En eins og ég segi, þetta er í samræmi við tilskipanir EB og er því miður orðin regla sem hér er í gildi, m.a. í ríkissjónvarpinu. Þar gerist það iðulega að kvikmyndir eru rofnar kl. 11 á kvöldin vegna frétta. Mér þykir þetta heldur leiður vani sem verður oft til þess að rjúfa og eyðilegga gildi kvikmyndanna, sérstaklega ef um er að ræða listrænar kvikmyndir. Mér þykir því heldur verra að þetta skuli vera bundið í lög með þessum hætti.

Það ber að geta þess að nefndin hefur farið mjög rækilega ofan í þetta mál og ber að þakka það hve vel hefur verið hér að verki staðið. Við stöndum einfaldlega frammi fyrir því annars vegar að samþykkja þessar reglur EB sem snerta útvarps- og sjónvarpsstöðvar en hins vegar er auðvitað um það að ræða að tæknin hefur tekið af okkur öll völd í þessum efnum. Við búum við það að hver sá sem hefur efni á því á getur fengið sér mótttökutæki og fylgst með erlendum sjónvarpsstöðvum eins og hann lystir. Ég sé enga ástæðu til þess að banna það og auðvitað er ekki nokkur leið að koma í veg fyrir það og engin ástæða til, en þar er auðvitað um það að ræða að þeir sem skilja erlend tungumál geta notið þess sem þar er í boði en aðrir standa þá heldur verr að vígi.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég undirstrika þá skoðun mína hér að fjölmiðlar eru auðvitað afar mikilvægir í okkar samfélagi, ekki síst útvarps- og sjónvarpsstöðvar. Þar ber sérstaklega að undirstrika ríkisfjölmiðlana sem auðvitað gegna því hlutverki í okkar litla samfélagi að tryggja lýðræðislega umræðu ásamt því að gegna mjög mikilvægu menningarhlutverki. Og því er það ósk mín að við megum standa vörð um Ríkisútvarpið, efla það og styrkja á allan hátt og að ekkert verði gert af stjórnvöldum sem vinni ríkisfjölmiðlunum tjón. Því miður hefur framganga menntmrh. verið með þeim hætti að það er vissulega ástæða til þess að hafa áhyggjur af því hvernig staðið er að verki við mannaráðningar og stjórnun ríkisfjölmiðlanna. Ég gæti farið ítarlegar út í þau mál og auðvitað vakna spurningar um það hvernig þeir sem hafa verið ráðnir til starfa standa faglega að málum. Mér dettur þá ekki síst í hug þáttur sem fluttur var í ríkissjónvarpinu sl. sunnudagskvöld og vakið hefur mikla athygli. Vegna hans vaknar auðvitað spurning um það hvernig staðið er, faglega og fræðilega, að því að velja sjónvarpsefni til sýninga í þessum ágæta ríkisfjölmiðli okkar. Að mínum dómi hefur verið þannig að verki staðið að þessi þáttur hafi ekki verið hæfur til sýningar vegna

mjög einhæfra sjónarmiða sem þar komu fram. Þetta tengir okkur þessu frv. sem m.a. miðast við að að vernda neytendur, þ.e. þá sem fylgjast með og hlusta eða horfa á útvarps- og sjónvarpsefni. Þá verður auðvitað jafnframt að gera þá kröfu að það efni sem boðið er upp á sé þannig úr garði gert að það teljist boðlegt. Og það væri ástæða til þess að beina þeirri spurningu til hæstv. menntmrh. hvort hann telji að varðandi þennan þátt sérstaklega, hafi verið staðið þannig að verki að það samræmist í raun og veru því hlutverki og þeim kröfum sem við hljótum að gera til Ríkisútvarpsins.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég verð nú að játa það að það fer alltaf um mig dálítill óhugur þegar sjálfstæðismenn fara að tala um útvarpið eða láta málefni þess til sín taka. Ég verð að játa það að það kom dálítið á mig þegar ég varð þess var að hæstv. menntmrh. var búinn að setja nefnd á laggirnar með stjórnarliðum einum. Hann valdi í nefndina eingöngu úr sínu liði eða úr stjórnarliðinu og hann hafði ekki neitt pólitískt jafnvægi í nefndinni. Þetta er ekki nein nýlunda því svona hafa þeir unnið ráðherrarnir í núv. ríkisstjórn. Ég nefni öryggismálanefndina og ég nefni nefndina um framhaldsskólana þar sem ráðherra velur flokksbræður sína og fólk úr samstarfsflokknum til þess að fara ofan í mál sem þjóðina alla varðar miklu. Með þessu er að sjálfsögðu ekki mótuð stefna nema fyrir hönd stjórnarflokkanna og öðrum flokkum ber engin skylda til að fylgja henni fram.

Nú vil ég láta þess getið að ég tel að það hafi tekist tiltölulega heppilega með þessa nefnd og ég tel hvort það hefur verið fyrir slysni eða hvort það hefur verið fyrir skynsemi að hæstv. menntmrh. valdi þó þann úr sínu þingliði sem menningarlegastur var til að veita nefndinni forstöðu enda er útkoman þannig að ýmislegt er ágætt í þessu frv. og í sjálfu sér er það ekki mjög skemmandi fyrir Ríkisútvarpið, svona að mestu leyti. Ég held að það sé mjög mikilvægt að hafa frjálsa og fjölbreytta fjölmiðlun í landinu, þá á ég við fjölmiðlun sem gætir einhvers jafnvægis í pólitískum sjónarmiðum. Sjálfstfl. hefur verið iðinn við það undanfarið, sölsað undir sig fjölmiðla í þjóðfélaginu og er nú næstum einráður í fjölmiðlun á Íslandi. Það er að vísu gefið út lítið blað sem heitir Tíminn og fylgir ekki ríkisstjórninni að málum. Það blað hefur barist í bökkum efnahagslega og er nú ekki sérstaklega máttugt málgagn og er reyndar hætt því hlutverki sem það lengi hafði, að vera málgagn Framsfl. og er nú á leið í annarra eigu en Framsfl.

Ríkisútvarpinu hefur verið ætlað að vera sæmilega hlutlaust í frásögnum sínum og í sinni starfsemi og þá ekki með þeim hætti að það mætti ekki hafa skoðanir eða þar mættu ekki skoðanir koma fram heldur ætti þar að gæta einhvers jafnvægis þannig að skoðanir hinna ýmsu fylkinga í þjóðfélaginu gætu átt þar vettvang.

Ég tel að í stórum dráttum hafi Ríkisútvarpinu fram undir þetta tekist vel að gegna þessu hlutverki. Það má auðvitað ekki ætlast til þess að það sé með neinn tepruskap og það verður að segja frá hlutunum og fjalla um það og það er sjálfsagt mjög erfitt að það sé gert þannig að hvergi halli á en með fáum undantekningum þá held ég að fréttastofu Ríkisútvarpsins og fréttastofu sjónvarpsins hafi tekist þetta. Að vísu vildi það við brenna hjá fréttastofu sjónvarpsins að hún segði alls ekki hlutlaust frá og kynnti alls ekki hlutlaust EES-málið og ég hef áður og ítrekað gert athugasemdir við það. Ekki það að ég telji að sjónarmið sem eru andstæð þeim sem ég aðhyllist eigi ekki fullan rétt á því að þeim séu gerð góð skil, ég hef ekkert á móti því. Ég vil líka láta gera hinum skil og fjalla sæmilega og óhlutdrægt um málið. Þetta er mjög stórt mál og þar gætti ekki eðlilegra vinnubragða að mínum dómi stundum.

Mér er annt um frelsi ríkisfjölmiðlanna og ég held að ef við berum saman t.d. fréttamat Morgunblaðsins og ríkisfjölmiðlanna þá sé augljóst hversu geysimikilvægu hlutverki Ríkisútvarpið og Sjónvarpið hefur að gegna til þess að fræða þjóðina. Við þurfum ekki nema að hugsa til atburða, pólitískra atburða, liðinna daga og sjá hvernig það er fjallað um þá í Morgunblaðinu. Þá opnast það fyrir okkur að það er reynt að hafa áhrif á almenningsálitið með því að fela atburðina. Það er kannski sagt í lítilli klausu lengst inni í blaði frá atburðum sem í sjálfu sér eru mjög stórir, ef þeir koma ríkisstjórninni eða Sjálfstfl. illa, ef ritstjórarnir fyrirverða sig fyrir það sem ráðherrarnir eru að gera þá reyna þeir að fela það sem allra mest. DV lýtur ekki beinni stjórn Sjálfstfl. en ég minni á að þar ráða húsum sjálfstæðismenn og einn af fyrrverandi þingmönnum flokksins er annar ritstjóri blaðsins. Stöð 2 er í eigu sjálfstæðismanna og ég hef stundum verið óánægður með fréttamat þeirra og fundist það litað af þeim skoðunum. Ég tel t.d. að Stöð 2 hafi undralítið sinnt svonefndu Hrafnsmáli enda kann að vera að á telefaxi hjá þeim hafi ekki borist tíðindi af því máli en eins og kunnugt er þá á framkvæmdastjóri sjónvarpsins sama telefaxnúmer og stjórnarformaður Stöðvar 2.

Ég tel að það hafi verið stórkostleg framför í pólitískri umræðu á Íslandi þegar Stöð 2 eða Sýn fór að útvarpa beint frá þinginu. Ég veit satt að segja ekki hvernig við værum staddir ef það fyrirtæki hefði ekki héðan útsendingar. Það er a.m.k. veruleg trygging fyrir þá sem ekki eiga innangengt í Morgunblaðið og ekki eru hallir undir Sjálfstfl. að það skuli vera sagt frá hlutunum eða hlutirnir sýndir eins og þeir gerast í þessum ágæta miðli. Hitt er svo aftur á móti mjög slæmt að hann nær ekki nema til hluta þjóðarinnar. Auðvitað ætti það að vera hlutverk ríkissjónvarpsins að sjónvarpa beint héðan frá Alþingi um land allt.

Þessi ríkisstjórn sem nú situr í landinu talar mikið um frelsi og sjálfstæðismenn sérstaklega telja sig vera mikla boðbera þess. En þetta nær ekki til fjölmiðlanna því það frelsi sem þeir vilja hafa á fjölmiðlunum er einokun þeirra sjálfra á fjölmiðlunum. Ég nefni t.d. dæmalausar árásir hæstv. forsrh. á Ríkisútvarpið fyrir það að það skyldi voga sér að segja frá umræðum á Alþingi og jafnvel að útvarpa frá þeim. Þetta sýnir náttúrlega hugarfarið og upplýsir um hvers lags lýð-

ræðis- og frelsisvinir þessir menn eru. Ég nefni það að nú í síðustu viku eða kannski í þessari var ritstjóri á Pressunni, sem er í eigu fyrrverandi framkvæmdastjóra þingflokks sjálfstæðismanna og góðs kunningja okkar, rekinn fyrirvaralaust. Vera má að þessum ágæta fyrrverandi framkvæmdastjóra þingflokks sjálfstæðismanna hafi ekki líkað allt sem hann skrifaði. Sjálfstæðismenn eru sem sagt á góðum vegi og langt komnir með að sölsa undir sig fjölmiðlunina í landinu. Það er kannski eina von þeirra í næstu kosningum að ekkert fréttist eða sjáist nema það sem Sjálfstfl. vill og þá dygði það ásamt framlögum þeirra sem þeir hafa gert ríka á þessu kjörtímabili til þess að fleyta þeim í gegnum næstu kosningar.

Nú er þetta í sjálfu sér allgott frv. sem hér er verið að fjalla um og hef ég þar fyrir mér t.d. 9. þm. Reykv. sem hafði þau orð um þetta frv. en ég vil gjarnan geta athugasemdir við nokkur atriði sem mér finnast ekki vera til bóta eða þær aðstæður sem við búum við. Nú er svo komið að við erum að verða aðilar að Evrópsku efnahagssvæði og til þess þarf að gjörbylta lagasetningu í landinu. Þetta tekur inn á útvarpið líka og ég mun, með leyfi forseta, lesa nokkrar línur úr athugasemdum:

„Í frv. þessu er einkum fjallað um þær skuldbindingar sem fylgja aðild Íslands að hinu sameiginlega Evrópska efnahagssvæði (EES) og mun nefndin halda áfram störfum við endurskoðun annarra atriða í gildandi útvarpslöggjöf í samræmi við erindisbréf nefndarinnar.

Með vísan til 36. gr. EES-samningsins, sbr. viðauka X, fellst Ísland á að taka inn í sína löggjöf tilskipun ráðsins frá 3. okt. 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjum um sjónvarpsrekstur (1989/552/EBE). Tilskipun þessi er fylgirit með frv. þessu.

Í tilskipun þessari eru sjónvarpssendingar skilgreindar sem þjónusta í skilningi Rómarsáttmálans og eitt af meginmarkmiðum hennar er þar af leiðandi að afnema höft og dreifingu sjónvarpssendinga innan Evrópu."

Síðan er ítarlegri útlistun á þessu efni.

Hér er Alþingi sem sagt ekki sjálfrátt að löggjafarstörfum. Alþingi hefur bundnar hendur vegna EES-samningsins og þess kann að finnast merki í þessu frv.

Ég er ekki sáttur við 5. gr. frv., þ.e. að 4. gr. útvarpslaganna orðist svo sem þar segir: „Útvarpsstöðvum er heimilt að afla tekna með auglýsingum, afnotagjaldi eða sérstöku gjaldi vegna framleiðslu fræðslu- og skýringarefnis.

Auglýsingar skulu vera auðþekkjanlegar sem slíkar og vera skýrt afmarkaðar frá öðru dagskrárefni með myndskilti eða hljóðmerki og skulu þær fluttar í sérstökum almennum auglýsingatímum á milli dagskrárliða." — Þetta líkar mér vel. En síðan kemur: „Heimilt er að rjúfa einstaka dagskrárliði með auglýsingatíma, enda leiðir það ekki til afbökunar á dagskrárefni eða verulegrar röskunar á samfelldum flutningi eða skerðir rétt rétthafa sem hér segir:

a. Útsendingu dagskrárliða sem samsettir eru úr sjálfstæðum þáttum, íþróttadagskrá eða sambærilegra dagskrárliða, sem svipaðir eru að uppbyggingu, er heimilt að rjúfa með auglýsingatíma enda skulu líða a.m.k. 20 mínútur á milli auglýsingatíma." Það er þó gott að það eru 20 mínútur sem maður getur horft upprofslaust á sjónvarpið án þess að á manni dynji helvískar auglýsingarnar.

„b. Útsendingu kvikmynda, þar með talinna kvikmynda sem gerðar eru fyrir sjónvarp sem eru lengri en 45 mínútur í dagskrá, má rjúfa einu sinni fyrir hvert 45 mínútna tímaskeið með auglýsingatíma. Heimilt er að rjúfa útsendingu öðru sinni ef sýningartími er meira en 20 mínútum lengri en tvö eða fleiri full 45 mínútna tímaskeið."

Þetta tel ég, frú forseti, að sé mikil afturför og ég er mjög andvígur þessu fyrirkomulagi. Ég hef verið í útlöndum þar sem ég hef reynt að horfa á sjónvarp, t.d. í Bandaríkjunum, og þar hefur auglýsingamennskan að mínum dómi mikið til eyðilagt sjónvarpið. Maður hefur ekki stundlegan frið fyrir auglýsingum og þetta held ég að sé mikið spor aftur á bak. Að vísu hefur þetta aðeins verið tíðkað í sjónvarpinu á Íslandi en ég hygg að þetta hafi ekki verið fest í lög, þessi heimild fyrr en núna. Ég tel að það sé mikil afturför af þessu.

Það er þó huggun harmi gegn að í lok greinarinnar segir: „Óheimilt er að skjóta auglýsingum inn í útsendingu á guðsþjónustu eða trúarlegri dagskrá, fréttum eða fréttatengdum dagskrárliðum eða dagskrá fyrir börn."

Það er út af fyrir sig þakklætisvert og ber vott um kristilegt hugarfar nefndarmanna, enda er einn þeirra víðkunnur prestur, að það megi ekki auglýsa á milli pistils og guðspjalls. Það má kannski bara þakka fyrir.

Ég er líka með töluverðar vangaveltur yfir kostuninni en í 6. gr. segir: „Heimilt er útvarpsstöð að afla kostunar við gerð einstakra dagskrárliða, þó aldrei frétta eða fréttatengdra þátta, svo framarlega sem kostunaraðili hefur ekki áhrif á innihald eða efnistök við gerð kostaðs dagskrárliðar og raskar ábyrgð og ritstjórnarlegu sjálfstæði útvarpsstöðvar."

Þetta er ákaflega vandmeðfarið. Það kann að vera að þetta sé neyðarúrræði en ekki held ég að þetta sé skref í þá átt að gera sjónvarpið eða útvarpið menningarlegra eða meira traustvekjandi. Hér er afar auðvelt að láta hlutina ganga út í öfgar og ég hef, frú forseti, miklar efasemdir um þetta ákvæði.

Hér hefur aðeins borið á góma Menningarsjóð útvarpsstöðva og reyndar fyrr í dag. Ég ætla ekki að fara að endurtaka það sem ég sagði í þeirri umræðu eða lengja hana mikið. Ég tel að þrátt fyrir það að Menningarsjóður útvarpsstöðva hafi að frumkvæði okkar framsóknarmanna verið tekinn í útvarpslög og stofnsettur á sínum tíma þá sé reynslan sú af þeim sjóði að a.m.k. ég væri tilbúinn að skoða það hvort ekki væri rétt að leggja hann niður. Ég tel að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef nánastar um ráðstöfun á fjármunum úr sjóðnum og starfshætti þar þá hafi tekist að skrumskæla tilgang hans svo að það sé lítill fengur að honum í menningarlífi landsmanna og hann hefur alls

ekki orðið sú lyftistöng menningarinnar sem til var ætlast. Auðvitað er það ekki lögunum að kenna, auðvitað er það ekki þeim þingmönnum að kenna sem á sínum tíma stóðu fyrir því að hann væri settur á stofn heldur er það þeim að kenna sem hafa farið með stjórn sjóðsins og þeirri meðferð fjármuna sem þar hefur átt sér stað. Ég fyrir mitt leyti er algjörlega opinn fyrir því að leggja þennan sjóð niður.

Ég tel að lokum, frú forseti, að við eigum að standa vörð um Ríkisútvarpið. Ríkisútvarpið hefur mjög miklu menningarlegu hlutverki að gegna og ég held að við eigum að setja metnað okkar í að búa svo að því að það geti starfað með sæmilegum og glæsilegum hætti. Afskipti hæstv. menntmrh. af málefnum Ríkisútvarpsins hafa verið til umræðu og á þau minnst fyrr í þessari umræðu. Ég ætla ekki að orðlengja mjög um það. Sumt af gerðum hæstv. menntmrh. hefur verið með þeim hætti að ég hef velt því fyrir mér hvort hann væri vísvitandi að reyna að vinna sjónvarpinu tjón til þess að geta síðan einkavætt það. Það er nefnilega ekki bara um einkavinavæðingu að ræða, það kann að vera að það hangi einkavæðing líka á spýtunni.

Að lokum varðandi hið illræmda pólitískt kjörna útvarpsráð sem menn hafa verið að fetta fingur út í öðru hvoru. Ég hef verið þeirrar skoðunar að Alþingi eigi að kjósa útvarpsráð og hún hefur síður en svo breyst síðustu daga. Ég tel að útvarpsráð hafi á hverjum tíma starfað eftir atvikum með eðlilegum hætti. Það er eðlilegt að menn greini á um einstakar gerðir þess en yfirleitt held ég að útvarpsráð hafi á hverjum tíma reynt að sýna vönduð vinnubrögð. Einhverjar undantekningar er sjálfsagt hægt að finna á því en í það heila tekið þá held ég að þangað hafi yfirleitt valist gott fólk.

Ég spyr hv. þm. hvort þeir búist við að útvarpinu væri betur komið núna ef hæstv. menntmrh. t.d. hefði skipað útvarpinu stjórn einkavinum forsrh., má ég þá heldur biðja um útvarpsráð kjörið af Alþingi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna þess að áður hafði verið tilkynnt að hér mundi fara fram atkvæðagreiðsla klukkan hálffjögur þá vill forseti geta þess nú að hún fyrirhugar að halda þessari umræðu áfram dálítið lengur þannig að það dregst nokkuð að atkvæðagreiðsla fari fram.

Frsm. menntmn. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég vil endurtaka þakklæti mitt til þeirra þingmanna sem hér hafa tekið til máls um frv. til laga um breytingu á útvarpslögum og þá meðferð sem málið hefur fengið í hv. menntmn. Ég vil taka það fram að mér finnst ástæða til þess að þakka hv. 1. þm. Norðurl. v. líka fyrir góðar viðtökur þó að hann talaði svo að þetta frv. væri ekki mjög skemmandi fyrir Ríkisútvarpið. Honum er þannig farið að hann talar stundum nokkuð ótæpilega og þegar hann mælir undir rós — þá er það hálfgerð þyrnirós, verður að segjast — en það er honum fyrirgefið.

Í þessu frv. er í sjálfu sér leitast við að þræða ákveðinn meðalveg, ég skal ekki segja hvort það er gullinn meðalvegur eða ekki en það er reynt að taka tillit til þeirra skuldbindinga sem hvíla á okkur vegna fjölþjóðlegra samninga sem við höfum gengist undir og samþykkt og á ég þar sérstaklega við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, en jafnframt að standa á rétti okkar og tryggja menningarlega stöðu íslenskra ljósvakamiðla. Ég skil undirtektir þingmanna þannig að þeir líti svo á að þetta hafi á einhvern hátt tekist þó að þeir séu í hjarta sínu, og hafi lýst því yfir hér á þingi, ósammála samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Ég mun nú víkja að nokkrum atriðum sem hafa komið fram í máli hv. þingmanna sem hér hafa tekið til máls um þetta mál og vík ég þá fyrst að nokkrum spurningum sem hv. 9. þm. Reykv., Svavar Gestsson, beindi til mín. Hann beindi til mín spurningu sem varðar starf þeirrar nefndar sem ég er formaður fyrir, útvarpslaganefndar, og spurði hvort þar væri verið að ræða um að kljúfa starfsemi Ríkisútvarpsins niður í tvö fyrirtæki, hljóðvarp og sjónvarp. Í sjálfu sér verð ég að viðurkenna það að ég get ekki tjáð mig mikið um starf nefndarinnar, það er frekar óþægilegt að tjá sig um starf nefndarinnar á því stigi sem það stendur nú. Hins vegar er sjálfsagt að upplýsa þingmanninn um það að í erindisbréfi er nefndinni falið að fjalla um hlutdeild ríkisins í útvarpsrekstri og þar með talið um fjármögnun og rekstrarfyrirkomulag. Nefndin hefur þegar fjallað mikið um þetta og á eftir að fjalla enn ítarlega um það og get ég því ekki upplýst þingmanninn um annað en það að nefndin er ákveðin í því að taka faglega á þessum málum og það er formaðurinn að sjálfsögðu líka. Ef hann tekur ekki faglega á þessum málum þá hlýtur það að vera vegna þess að eitthvað hefur gerst neðan meðvitaðrar skynjunar hv. þm. og er honum þá ósjálfrátt, en að öllu leyti sem honum er sjálfrátt þá mun hann fjalla faglega um þessi mál sem honum hefur verið falið að fjalla um í umræddri nefnd.

Hv. 18. þm. Reykv. lýsti ákveðnum hugleiðingum sínum um frv. Hann velti fyrir sér þýðingarskyldunni og hvers vegna hún væri ekki látin gilda um hljóðvarpið. Það er svo að það er talsverður eðlismunur á hljóðvarpi og sjónvarpi. Það þótti nauðsynlegt að taka sérstaklega á þessari skyldu að því er varðaði sjónvarpið. Að sjálfsögðu gilda hinar almennu reglur, almennu skuldbindingar gagnvart hljóðvarpinu sem er að finna í gildandi lögum og í frv. en þar segir m.a.: „Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu.“

Ég hygg að þetta verði að skoðast sem mjög almennt og skuldbindandi ákvæði. Ef ég skildi þingmanninn rétt þá gerði hann ekki athugasemd við það að í frv. er gert ráð fyrir því að útvarpsréttarnefnd fjalli um leyfi til starfrækslu útvarps þar sem einvörðungu er dreift viðstöðulaust og óstyttri og óbreyttri heildardagskrá útvarpsstöðva þannig að ég vona að það hafi verið rétt skilið hjá mér, annars hefði ég komið inn á það atriði hér.

Það kom fram í máli hv. 18. þm. Reykv. svo og í máli hv. 1. þm. Norðurl. v. að þeir hafa áhyggjur af

því að það má rjúfa dagskrá með auglýsingum og er ástæða til þess að koma inn á það sérstaklega. Það er svo að þessi mál hafa verið framkvæmd nú þannig að dagskrárliðir, svo sem kvikmyndir, hafa verið rofnir af auglýsingum. Það má einnig geta þess að auglýsingum hefur verið skotið inn á milli frétta og fréttatengdra þátta, t.d. á Stöð 2, og er ekki hægt að segja að frv. sem hér er verið að ræða um virki þrengjandi á þetta atriði. Ég hygg að þær heimildir sem hér er verið að tala um breyti ekki ýkjamiklu um starfsemi sjónvarpsstöðvanna frá því sem nú er og tel því að hér sé ekki um mikla grundvallarbreytingu að ræða.

Það er rétt að geta þess að þegar hv. 1. þm. Norðurl. v. vitnaði í 5. gr. frv. þá tók hann ekki tillit til þess að það hefur komið fram á þskj. 1086 brtt. við þá grein sem hann las upp en þar er einmitt gert ráð fyrir því að ákvæðið um 20 mínútna bil milli auglýsingatíma í a-lið 3. mgr. 4. gr. falli niður en í staðinn komi atriði sem er á þann veg að það er heimilt að rjúfa með auglýsingatíma útsendingu dagskrárliða sem eru samsettir liðir en þá á þann veg að auglýsingum sé aðeins skotið inn á milli þátta eða í hléum, en þessu hefur verið breytt.

Mér þykir leitt að geta ekki tekið við hrósi þingmannsins um kristilegt hugarfar. Ég tel mig að vísu standa undir því og enn þá frekar einn af meðnefndarmönnum mínum sem er prestlærður maður og starfandi prestur og prófastur en þau ákvæði 5. gr. frv. þar sem segir: „Óheimilt er að skjóta auglýsingum inn í útsendingu á guðsþjónustu og trúarlegri dagskrá“ eru reyndar ekki frá nefndarmönnum komin heldur eru þau komin frá erkióvini þingmannsins, þ.e. Evrópubandalaginu og tilskipunum þess. Þannig að það er nú ekki svo að allt sé illt í því vonda bandalagi. (**ÓÞÞ:** Eru þeir ekki sagðir kristnir?)

Ég vil einnig geta þess að sá sem hér talar rís alls ekki undir orðum hv. 1. þm. Norðurl. v. að hann sé menningarlegastur í þingflokki Sjálfstfl., hann rís ekki undir því, þar er hver þingmaðurinn öðrum menningarlegri.

Hæstv. forseti. Ég hygg að ég hafi farið yfir flest atriðin sem beint var til mín og læt því máli mínu lokið í bili.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Að gefnu tilefni þá finnst mér sjálfsagt að síðasti ræðumaður upplýsi hverjir séu menningarlegar sinnaðir í þingflokki Sjálfstfl. en sá þingmaður sem hér talaði áðan og ég tel að standi mjög vel undir þeirri nafnbót að vera menningarlegast sinnaður af þingmönnum Sjálfstfl. Þannig að ég vil eiginlega óska eftir svörum um þetta.

Frsm. menntmn. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil biðja hv. þm., síðasta ræðumann, þessarar bónar: Tak frá mér þennan kaleik.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka Evrópubandalaginu fyrir að hafa sýnt þessa hófsemi að rjúfa ekki guðsþjónustur með auglýsingu og ég treysti því að hv. nefndarmenn hefðu ekki tekið það upp hjá sjálfum sér að setja auglýsingar inn í messurnar. (**SvG:** Það var rætt.) Var það rætt, já? En ég er mjög ánægður með að nefndin skyldi þó sýna þessa hófsemi. Hógværð hv. 5. þm. Norðurl. e. er mjög lofsverð og hann er lítillátur, ljúfur og kátur, en það breytir hins vegar ekki skoðun minni sem ég byggi á nokkurri þekkingu að hann sé einna menningarlegastur í þingflokki sjálfstæðismanna og er ég þá ekki að segja þetta í neinum lítilsvirðingartón við aðra þingmenn flokksins sem líka eru ágætir þó mér þyki hann fremstur meðal jafningja og nóg um það.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það var eitt atriði sem ég satt að segja gleymdi í minni upphaflegu ræðu hér og ætla aðeins að víkja að núna og það er efni 5. gr. frv. sem lýtur að heimild til þess að rjúfa einstaka dagskrárliði með auglýsingatímum.

Út af fyrir sig er það þannig að sá sem t.d. framleiðir mynd, segjum klukkutíma mynd, 120 mínútna mynd, getur samið um það að rjúfa megi útsendingu myndarinnar og það er í raun og veru mjög erfitt að setja skorður við því ef eigandi sjónvarpsstöðvarinnar og rétthafi kvikmyndarinnar semja um þetta. Þessi efni hér á landi hafa hins vegar verið í raun og veru algjör frumskógamarkaður. Það hafa engar reglur verið til almennilegar að mínu mati og þess vegna hefur það þróast þannig að menn hafa verið með auglýsingatíma t.d. á Stöð 2 með mjög stuttu millibili og mun styttra stundum en hér er verið að tala um. Þannig að ég hygg að það sé ekki alveg rétt hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich að þessar reglur breyti engu um þau vinnubrögð sem tíðkuð hafa verið, eða breyti ekki ýkja miklu, sagði hann, frá því sem nú er. Ég hygg að það breyti nokkru og alveg sérstaklega í desembermánuði þá muni þetta breyta talsverðu frá því sem verið hefur í þessum stöðvum.

Ég tel að sú tilraun sem hér er gerð til að móta reglur sé jákvæð og hún sé þannig að það beri að þakka fyrir það að þessi tilraun er gerð. Gallinn hins vegar við tilraunina er sá að ég hef fyrir mitt leyti ekki tryggingu fyrir því að réttur rétthafa verði örugglega að fullu í heiðri hafður þó að svo sé að orði kveðið í 3. mgr. 5. gr. en þar segir, með leyfi forseta: „Heimilt er að rjúfa einstaka dagskrárliði með auglýsingatíma, enda leiði það ekki til afbökunar á dagskrárefni eða verulegrar röskunar á samfelldum flutningi eða skerðir rétt rétthafa svo sem hér segir.“

Spurningin í mínum huga sem er ekki svarað að fullu enn þá: Er þetta nægilega strítt ákvæði til þess að tryggja rétt rétthafa gagnvart stöðvunum?

Nú er það auðvitað svo, virðulegi forseti, að þeir aðilar sem eru t.d. að framleiða kvikmyndir á Norðurlöndum leggja mjög mikla áherslu á það að fá þessar myndir sýndar í sjónvarpi oft og tíðum eftir tiltekinn tíma. Það eru kannski liðin nokkur missiri áður. Þá er það svo að þessir aðilar þurfa nánast að sætta sig við þá kosti sem eigandi stöðvarinnar setur til þess að

koma myndinni út og þá hrapa menn að því ráði að fallast á það, þó það sé óheppilegt frá listrænu sjónarmið séð að rjúfa myndina, að semja um heimild fyrir rof á myndinni fyrir auglýsingar.

Þess vegna er það svo að þó að ég telji að hér sé um ágæta tilraun að ræða þá treysti ég mér ekki til þess að styðja hana eins og gerð er tillaga um hana hér, en ég mun ekki greiða atkvæði gegn þessari tilraun því ég tel að hún sé eftir atvikum góðra gjalda verð, svo ég víki nú að afstöðu til einstakra greina sem ég mun fyrir mitt leyti að öðru leyti styðja.

Varðandi málið að öðru leyti þá vil ég aðeins segja það út af því — er þetta EES-mál? Jú, það stendur í grg. Staðreyndin er hins vegar sú að okkar útvarpslöggjöf hefur verið vanburða af eðlilegum ástæðum. Við erum að stíga fyrstu skref í þá átt að það sé samkeppni á útvarpsmarkaði. Þess vegna var alveg ljóst og hefur lengi verið ljóst að það þurfti að endurskoða útvarpslögin með ýmsum hætti í ljósi fenginnar reynslu. Og ég er þeirrar skoðunar að ef við hefðum sest niður og ætlað að endurskoða útvarpslögin tæknilega en EES hefði ekki verið til, þá hefðum við verið nokkurn veginn með svipaðar tillögur hérna uppi, mjög svipaðar tillögur vegna þess að þessar tillögur eru í raun og veru orðnar til upp úr mér liggur við að segja tæknilegum og menningarlegum veruleika sem við búum við hvort sem þingið eða þjóðin hefði fellt eða samþykkt þetta EES-frv. Ég vil segja fyrir mitt leyti, hefði svo vel farið að EES-samningurinn hefði verið felldur hér, hefði ég engu að síður stutt þetta frv. og ég held að menn þurfi að gera sér grein fyrir því, ekki kannski síst við sem höfum talsvert fjallað um þetta EES-mál að svona mál geta auðvitað af margvíslegu tagi komið hér inn og þá þarf að meta þau í hverju tilviki. Ég tel sem sagt að það sé ekki rétt að setja þetta mál þannig upp að þetta sé eitthvert sérstakt mál sem snerti Evrópskt efnahagssvæði. Það vill svo til að menn hafa kennt þessar reglur sem heita þessu skelfilega nafni konungstímabilsins tilskipanir, sem er hroðalegt heiti á þessu, en að öðru leyti þurfa menn að skoða efni málsins og mér finnst það liggja þannig að við hefðum að mörgu leyti verið með svipaða hluti ef við hefðum sest niður og skoðað þetta af almennum tæknilegum ástæðum.

Ég vil síðan þakka hæstv. menntmrh. og hv. 5. þm. Norðurl. e. fyrir svörin við þeim spurningum sem ég lagði fram hér í upphafi. Ég lagði fram fimm spurningar og ég hef fengið skýr svör við þeim öllum og ég ætla í sjálfu sér ekkert að svara svörunum eða gera athugasemdir við þau. Mér fannst mikilvægt að það kom fram hjá hæstv. menntmrh. að hann styður túlkun talsmanns nefndarinnar á 4. gr. og þá er ég kannski eins og að svara hv. 18. þm. Reykv. En í 4. gr. stendur, með leyfi forseta: „Við þær aðstæður skal sjónvarpsstöð eftir því sem kostur er láta fylgja endursögn" o.s.frv. Spurningin í mínum huga þegar ég skrifaði niður mína brtt. var um það, þýðir þetta að stöð geti jafnvel við vissar aðstæður sleppt þessum texta? Svar þeirra tveggja sem ég spurði er nei. Endursögn verður alltaf að fylgja af einhverju tagi. Þessi orð „eftir því sem kostur er" lúta ekki að því hvort þetta gerist heldur hvernig það gerist. Og það skiptir í mínum huga mjög miklu máli að það er afdráttarlaus túlkun talsmanns nefndarinnar og hæstv. menntmrh. að þessi skylda sé þannig að undan henni megi menn ekki víkja.

Ég gerði þetta sérstaklega að umtalsefni út af umsögn Íslenska útvarpsfélagsins sem ég mótmælti hér áðan mjög rækilega vegna þess að hún er svo hrakleg af því að þar eru menn í raun og veru að segja að þeir séu staðráðnir í að hafa þann boðskap að engu sem í þessari grein stendur.

Varðandi svör þeirra að öðru leyti þá ætla ég ekki í sjálfu sér að fara nánar yfir þau en aðeins að lokum bara ítreka það sem ég sagði hér að ég tel að það sé alveg nauðsynlegt í ljósi reynslu síðustu daga og vikna að það verði reynt að skapa betri frið um Ríkisútvarpið og ég tel að það sé úrslitaatriði og ég tel að það sé úrslitaatriði að menntmrh. hagi sínum vinnubrögðum ævinlega þannig að hann beiti ekki Ríkisútvarpið ofríki, hann má ekki hver sem hann er, ráðherrann, beita Ríkisútvarpið ofríki.

Það er einnig mjög slæmt, ef Ríkisútvarpið situr undir stórkostlegum árásum frá ráðamönnum, pólitískum ráðamönnum. Ég tel að árásir hæstv. forsrh. á Ríkisútvarpið séu mjög alvarlegt mál. Hann hefur kosið að ráðast á Ríkisútvarpið og fréttamenn þess. Hann hefur kosið að ráðast á Rás 2 alveg sérstaklega. Hann hefur að vísu ekki þorað að nefna ekki-fréttir sem hann vildi sjálfsagt helst ráðast á af öllu en yrði svo skoplegur óðara að hann hefur séð það sem gamall húmoristi, hann var það a.m.k., að hann hefur gert það upp við sig að ráðast ekki sérstaklega á ekki-fréttir en hann hefur hins vegar veist mjög harkalega að Rás 2. Og ég held að þessar árásir séu með þeim hætti, út af fyrir sig hef ég mínar pólitísku skoðanir á þeim. Ég tel að þessar árásir séu fyrir neðan allar hellur, en þær vekja upp þá alvarlegu hugsun að við verðum að reyna sem hér úr þessum stól tölum og annars staðar höfum þannig áhrif á skoðanamyndun í þjóðfélaginu, þá þurfum við að reyna að skapa sem besta sátt um Ríkisútvarpið almennt og þess vegna var það sem ég a.m.k. tók þá afstöðu í hv. menntmn. að ganga jákvætt til þess verks að afgreiða þetta frv. og á þess vegna tiltölulega mjög auðvelt með að standa að því og hvet um leið til þess að framhaldsvinnan verði unnin með fulltrúum allra flokka. Það verði ekki reynt að loka þetta inni hjá stjórnarflokkunum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég gerði það nú af þeirri ástæðu að hér eru mörg mál á dagskrá og þingtími stuttur að sagt er, að láta formenn nefnda mæla fyrir málum án þess að gera sérstaklega grein fyrir þeim nefndarálitum sem ég hef skrifað undir. En hér hafa farið fram mjög fjölbreytilegar umræður. Þær hafa snúist um menningarmál vítt og breitt, þær hafa snúist um það hver væri menningarlegastur þingmanna Sjálfstfl. Það mál er óupplýst og kannski ekki einfalt að fá svör við því. Sumir geyma merk menningarverðmæti á sínum borð-

um og hafa til aflestrar milli þess sem þeir sinna þingstörfum og ég ætla ekki að gerast dómari í þeim efnum.

Hér er einnig hafin umræða um EES og hefðu þeir sem fluttu það mál inn á þingið betur tekið þau rök fyrr inn að við ættum EES það að þakka að ekki væru auglýsingar í messum. Einhverra hluta vegna hafa ekki verið auglýsingar í messum. Það eru út af fyrir sig merkilegir hlutir að Ísland skuli hafa bjargast þennan tíma allan án EES án þess að auglýsingar væru í messum. Það væri kannski tryggara að setja það í lög að sólin ætti að ganga frá austri til vesturs. Það hefði mátt hafa það með í þessum EES-pakka og halda því svo fram að þetta ættum við líka EES að þakka. En þetta segir bara hvað íslenskt löggjöf hefur látið margt afskiptalaust vegna þess að hún hefur treyst dómgreind manna og m.a. trúað því að himintunglin gætu gengið sinn veg. En nú erum við að ganga frá samningum varðandi loftlagsbreytingar eins og allir vita og kannski er rétt að hafa þá sólina inni líka.

Hér var aftur á móti vikið að einum þætti útvarpslaga sem ekki var á dagskrá, en það var gert með þeim hætti að ég taldi rétt að rifja þá fortíð örlítið upp. Þegar lögin sem innihalda Menningarsjóð útvarpsstöðva voru samþykkt sat ég í menntmn. fyrir Framsfl. og þá sat núv. hæstv. samgrh. einnig í þeirri nefnd. Og núv. hæstv. menntmrh. ásamt núv. seðlabankastjóra einum, menningarlegum mjög og þannig gæti ég auðvitað haldið áfram að telja upp en ætla ekki að gera það.

Kjarni málsins var sá að það var verið að taka ákvörðun um það að fyrirtæki sem hafði haft einokun á ákveðnum markaði ætti að búa við samkeppni. Og þetta leiðir hugann að því að þeir sem eru einir fara stundum í að gera hluti sem ekki er ætlast til þess að þeir standi að samkvæmt lögum. Seðlabankinn kom sér upp mjög merku bókasafni eins og allir vita þó að ekkert ákvæði sé í lögum um það að Seðlabankinn eigi að reka bókasafn. Og útvarpið hafði komið sér upp sinfóníuhljómsveit, myndarlegri sinfóníuhljómsveit, og þessi sinfóníuhljómsveit kostaði peninga. Hún kostaði svo mikla peninga að það var alger tregða hjá ríkisvaldinu að kippa henni yfir til sín og sjá um hana. Þetta hlaut að kalla á það að menn vörpuðu fram þeirri spurningu: Ef útvarpsstöðvar yrðu frjálsar, væri það þá ekki eðlilegt að þær héldu áfram að bera þann bagga að einhverjum hluta að sjá um fjármögnun sínfóníuhljómsveitar sem hafði verið einkaframtak útvarpsins fram að þeim tíma? Það var ekki vilji okkar í menntmn. að leggja hljómsveitina niður. Við töldum að það væri ekki lausn á þessu máli, heldur yrði að snúa sér að því að finna einhverja ástættanlega lausn um það hverjir ættu að greiða kostnaðinn af sinfóníuhljómsveitinni. Þetta var gert m.a. með því að Menningarsjóður útvarpsstöðva sem átti að hafa tekjur af auglýsingum skyldi bera vissan hluta af þessari byrði. Og það er ekkert launungarmál að sá sem hér stendur var kröfuaðilinn um að þetta yrði gert. Og það heyrðist aldrei nein yfirlýsing um það frá öðrum í þingsölum Alþingis hver ætti að borga sinfóníuhljómsveitina, horft til framtíðar. Það er kannski rétt að það verði þá upplýst núna hver á að borga ef menn ætla að setja þetta til hliðar og þá er líka rétt að hæstv. fjmrh. sé í salnum. Það var eitt atriðið að ákvöruninni um menningarsjóðinn en það var fleira.

Það er vitað að það er hægt að reka útvarpsstöðvar sem lifa á auglýsingum, hafa mikið léttmeti á sínum boðstólum og hafa mjög góða fjárhagslega afkomu. Það er auðvelt að reka slíkar stöðvar. Spurningin var bara þessi: Áttum við sem þá sátum í menntmn. að reyna að stuðla að því með einhverjum hætti að allar þær stöðvar sem yrðu stofnaðar á Íslandi, ekki bara Ríkisútvarpið, hefðu einhvern ávinning af því að stuðla að menningarstarfsemi í landinu og með því að skattleggja þær á þennan hátt að 10% af auglýsingatekjunum færu inn í þennan sjóð, þá var það viss hvati til þess að reyna að ná þeim peningum til baka að eina leiðin til þess væri að þeir aðilar birtu menningarlegt efni.

Ég tel að hjá smáþjóð eins og Íslendingum sé það mjög stórt mál að reyna að styðja innlenda dagskrárgerð. Það er erfitt mál og það mál kostar peninga. Það er vitað. Ég tel að stuðningur við þá aðila, sem vilja sjálfstætt vinna að dagskrárgerð og selja svo sjónvarpsstöðvum, eigi fullan rétt á sér. Auðvitað getum við endalaust deilt um það hvort þeir sem hafa stjórnað sjóðnum hafi veitt styrki út úr sjóðnum á réttan hátt. Hvenær er ekki hægt að deila um það? Getum við ekki deilt um það líka ef við viljum hvort þeir sem hafi heiðurslaun listamanna, hvort allt sem þeir hafi afrekað sé 100% að gæðum, er ekki endalaust hægt að deila um list ef menn snúa sér að því? Er ekki endalaust líka hægt að deila um menningarmál? Ég hef séð mjög marga þætti sem hafa verið kostaðir af Menningarsjóði útvarpsstöðva og það hafa verið góðir þættir. Það hefur verið vel unnið efni og ég tel að það hefði verið lélegra efni í íslenskum útvarpsstöðvum á þessu tímabili ef þessi menningarsjóður hefði ekki veri til staðar. Það er mín skoðun. Ég hvet þá sem nú telja að þetta hafi verið vanhugsað til þess að láta safna þessum þáttum öllum saman, spyrja ekki um það hvort þeir hafi verið sýndir á Stöð 2 eða í Ríkisútvarpinu og fara yfir þá, sjá þá, skoða þá og spyrja sjálfan sig: Er það sjálfgefið að þetta hefði verið gert ef þeir hefðu ekki fengið stuðning úr þessum sjóði? Stjórn sjóðsins er skipuð með þeim hætti að útvarpsráð tilnefnir einn. Einn kemur frá öllum öðrum útvarpsstöðvum en Ríkisútvarpinu. Það er jafnræði og menntmrh. skipar þann þriðja.

Það má e.t.v. segja sem svo að menntmrh. sé fulltrúi ríkisins og þar með fulltrúi Ríkisútvarpsins. Ég hygg nú samt að sé þetta skoðað að menntmrh. líti svo á að þeir séu fulltrúar fyrir landið allt. Þeir séu líka fulltrúar fyrir hinar frjálsu útvarpsstöðvar og þeir reyni að skipa menn til þessara starfa sem þeir treysti til þess að hafa þar visst jafnvægi á. Ég er ekki trúaður á að það verði of mikið innlent dagskrárefni í útvarpsstöðvum þessa lands. Ég held að það sé kannski fyrst og fremst það eina atriði sem enn geta deilt um fram og til baka, hafa einhverjir fengið meira að þeirra mati en þeir töldu eðlilegt, en ég held að menn geti ekki deilt

um það ef þeir vilja skoða þetta mál af sanngirni að menningarsjóðurinn hefur orðið til þess að betra efni hefur verið á boðstólum í íslenskum útvarpsstöðvum.

Ég vil taka undir þau orð sem hafa komið hér fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að ég hefði talið eðlilegt að við endurskoðun þessara laga væri meiri breidd en nú er. Með því er ég ekki að lýsa neinu vantrausti á þá menn sem fengið hafa það hlutverk að vinna að þessari endurskoðun og mér er ljóst að sá þingmaður sem er í þessari nefnd, hv. þm. Tómas Ingi, getur að sjálfsögðu ekki nú tekið þau mál til umræðu hér í þessum stól hvað þeir eru að vinna að í nefndinni. En kjarni málsins er sá að ráðherrar koma og fara, ríkisstjórnir koma og fara. Þingið heldur aftur á móti vissu jafnvægi. Það sópast vissulega eitthvað til á milli stjórnmálaflokka en það verður að vera hægt að treysta þinginu til þess að hvernig sem sú tilfærsla er, þá hljóti Alþingi Íslendinga að vinna af heilindum að þessum málum á breiðum grundvelli. Ég tel að nokkuð vel hafi tekist til með þeirri lagasetningu á sínum tíma. Fyrstur manna skal ég verða til að viðurkenna að hún var frumraun í þeim miklu breytingum sem þá voru gerðar og það þarf vissulega að endurskoða þessi lög. Það þarf að sjálfsögðu einnig að endurskoða þann kafla sem fjallar um Menningarsjóð útvarpsstöðva, en það er auðvelt að rífa niður en það er oft erfitt að byggja upp.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framhaldsskólar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 397. mál (tilraunastarf í starfsnámi). — Þskj. 691, nál. 1051 og 1058, brtt. 1052 og 1059.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki vera langorður í þessari umræðu og satt að segja ætlaði ég ekki að blanda mér í hana. En það fór samt svo að ég kvaddi mér hér hljóðs í gær þegar þetta mál var til umræðu. Ástæða þess var kannski fyrst og fremst sú að þegar ég hlýddi á frsm. nefndarinnar, hv. 10. þm. Reykn., formann nefndarinnar, þá vaknaði sú spurning sem ég kom aðeins inn á í sambandi við till. til þál. sem hefur legið í menntmn. og var hér allítarlega rædd í vetur. Þessi tillaga er ekki afgreidd út úr nefndinni en hún fjallar einmitt um hliðstætt mál sem er endurmat iðn- og verkmenntunar sem allir eru sammála um að þurfi að taka á. Mér sýnist að í þessu frv. sé nú reynt að taka á því máli en eftir að hafa lesið frv. og hlýtt hér á ræður manna, þá er það mín skoðun að skárra hefði verið að fallast á það að afgreiða þessa þáltill. Ég held að það hefði verið skárri kostur að gera slíkt, ef ég hef hlustað rétt á það hvað hv. þm. eru að tala um í sambandi við bætta verkmenntun í landinu. En auðvitað vekur það okkur þingmenn til umhugsunar um það hver vilji manna er í þessum efnum.

Ég hef flutt þessa tillögu á tveimur þingum. Í fyrra eða á síðasta þingi var hún til meðferðar hjá menntmn. allan veturinn og það var sama. Það gerðist ekki neitt. Það tala hins vegar allir í þessu máli þegar það er hér til umræðu þá tala allir og lofa það mál sem hér er á dagskrá og telja að það sé hið besta mál og sé mjög nauðsynlegt að hrinda því í framkvæmd. En þegar kemur að framkvæmdinni, þá verður minna úr hlutunum.

Ég vil vekja athygli á mjög athyglisverðri ræðu sem flutt var í gær af Sigríði Jóhannesdóttur um þessi mál. Hún vakti a.m.k. mikla athygli hjá mér og mér fannst að þar talaði þingmaður sem hafði yfirgripsmikla þekkingu á þessu máli. Ég var henni vissulega sammála á margan hátt. En í þessari þáltill. sem ég vitna hér til sem er á þskj. 260 og ég er 1. flm. að er einmitt reynt að taka á þessu vandamáli sem menn hafa verið að tala um. Það er fyrir það fyrsta að koma í veg fyrir að menn lendi í blindgötum kerfisins eins og oft er nú talað um, að menn lokist af. Það er reynt að taka á því. Það er einnig reynt að taka á því á allskilmerkilegan hátt í greinargerð hvað fyrir mér vakir þegar ég legg að til að verkmenntaskólarnir sjái til þess að gera samninga við viðkomandi iðnfyrirtæki þannig að nemanda sem mun hefja nám í viðkomandi skóla sé ljóst þegar í upphafi námsins hvort honum er leiðin greið til enda á þessari braut. Og ef ég veit rétt, þá mun einmitt hafa verið gerð tilraun með þetta í skólanum á Neskaupstað og ég held að það hafi gefist vel.

Það er fleira sem ég hef einnig lagt til í þessu og þar er tekið á því kerfi sem er komið upp í iðnmenntuninni að nú skal það vera skilyrt að áður en menn fá meistarabréf, þá eiga þeir að ganga í gegnum meistaraskólann. Ég legg áherslu á það að þegar að slíku er komið þá er sá iðnaðarmaður orðinn býsna fullorðinn, venjulega orðinn maður með heimili, og þá er margt að breytast í hug manna. Oft og tíðum stendur hugur þessa manns þá til lengra náms og hann vill gjarnan fara í Tækniskóla. Þá er mjög mikils um vert að sá maður sé það vel undirbúinn að hann þurfi ekki að stíga skref til baka í menntuninni heldur að að hann eigi greiða leið að komast áfram í Tækniskólann. Vegna þess að ég fullyrði það að maður með slíka þekkingu og mikla verkmenntun að baki er ákjósanlegur starfskraftur úti í þjóðfélaginu og að mörgu leyti ákjósalegri starfskraftur heldur en þeir sem hafa gengið í gegnum skólann beint. Það er á þessum þáttum sem ég hef reynt að taka í tillögu minni og ég kem eiginlega hér fyrst og fremst upp til þess að lýsa undrun minni á störfum Alþingis. Ég hef flutt þessa tillögu eins og ég segi á tveimur þingum og nú liggur það fyrir að menntmn. hefur ekki einu sinni sent þessa tillögu út til umsagnar. Samt er þetta tillaga á þskj. 260 með málanúmer 218 og mér er sagt að ástæðan fyrir því að það hafi ekki verið sent út sé að menn hafi fengið umsögn um hana í fyrra. Það breytir engu í mínum huga. Það er ekki þinglegt að standa svona að málum, en ég get ekki verið að æsa mig mikið upp út af þessu vegna þess að formaður nefndarinnar og sá sem ber ábyrgð öðrum fremur á störfum nefndarinnar er fjarstaddur. Varaformaður nefndarinnar er heldur ekki hér í salnum af ótta við það að hann þurfi að tala fyrir þál. sem

hann hefur flutt ásamt formanni Alþfl. Ég þarf því ekki að eyða fleiri orðum í þetta. En ástæðan fyrir því að ég kem hér upp er að vekja athygli hæstv. menntmrh. á þessu og biðja hann í mikilli vinsemd að skoða það hvort ekki gæti verið ávinningur að líta á þessa tillögu um leið.

Frsm. minni hluta menntmn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel að það sé hrein handvömm hjá menntmn. að hafa ekki afgreitt þessa tillögu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar. Ég sé heldur ekki að það sé neitt sem bannar það að hv. menntmn. komi saman og afgreiði tillöguna.

Staðreyndin er sú að tillagan kom snemma til nefndarinnar. Þá hafði ég orð á því á nefndarfundi að ég væri tilbúinn til að afgreiða hana strax, samþykkja hana eins og hún þá lá fyrir vegna þess að hún hafði þegar fengið ítarlega þinglega meðferð auk þess sem menn höfðu hver á fætur öðrum hér í ræðustól við umræður um málið lýst stuðningi við tillöguna. Mér þótti því alveg einboðið að hægt væri að hrista þessa tillögu frá. Af þeim ástæðum varð hún ekki send til umsagnar að menn töldu eða ég taldi alla vega að hún yrði samþykkt fljótlega á fundum nefndarinnar. Síðan lendir það í útideyfu að taka á málinu og það er alveg rétt hjá hv. þm. að það hefði átt að taka á þessari tillögu í tengslum við það frv. sem hér liggur fyrir og sömuleiðis í tengslum við tillögu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar sem verður væntanlega tekin til umræðu síðar á þessum fundi og vísað til ríkisstjórnarinnar, með mjög jákvæðum hætti með hliðsjón af þessu frv. Þá hefði verið eðlilegt að mínu mati að þessar tillögur hefðu orðið samferða allar þrjár, eitt frumvarp og tvær þáltill. Ég vil taka undir það með hv. þm. að ég skil mjög vel að hann skuli gera athugasemdir við þessa vinnu í menntmn. og lýsi mig fyrir mitt leyti tilbúinn til þess að koma þar á fund nú þegar til að afgreiða þessa tillögu.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir góð orð. Ég veit að hann hefur skilning á þessu máli. Hann hefur talað þannig oftar en einu sinni að ég skil hann og skoðanir okkar fara býsna vel saman í þessu máli. En um það að nefndin komi saman verð ég að segja að ég er bjartsýnismaður í eðli mínu en ég trúi samt ekki á kraftaverk í þessum efnum. Ég veit að það er annað og meira sem býr hér að baki, að þessi tillaga hefur ekki hlotið afgreiðslu í menntmn. Ég verð nú að segja það að ég trúi því ekki, hv. þm. Svavar Gestsson, að kraftaverk gerist í þessu efni.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Menntmn. afgreiddi, eins og þinginu er ljóst, frv. sem stuðlar að því að menntmrh. eigi möguleika á að hefja vissa sókn í iðnfræðslumálum. Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert því að eins og kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. v., Stefáni Guðmundssyni, þá er okkar löggjöf um margt gölluð Það verður að setjast yfir hana og ná þar einhverri samræmingu og rjúfa blindgöturnar sem þar eru. Jafnframt verður að rjúfa það að þeir sem hafa lokið tilskildu bóklegu námi í fjölbrautaskólunum sitji fastir og geti ekki lokið sínu námi vegna þess að þeir komast ekki áfram vegna kvaðanna varðandi verkmenntunina.

En kjarni þessa máls er þessi að á sama tíma og menntmrh. gefur boltann fram völlinn, á knattspyrnumannamáli, og boðar sókn þá er hæstv. iðnrh. á fullri ferð upp að sínu eigin marki í iðnaðarmálum íslenskrar þjóðar. Það er óútskýrt og kemur þorskbresti ekkert við hvers vegna núv. ríkisstjórn hefur stefnt að hruni í iðnaðinum. Hvers vegna fækkar störfunum þar stöðugt? Það vantaði ekki að hæstv. iðnrh. talaði um það að byggja ætti álver á Suðurnesjum. Það vantaði ekki að talað yrði um fríiðnaðarsvæðið við Keflavík. En hverjar eru efndirnar á uppbyggingu? Hvar er sóknarþunginn á uppbyggingu í iðnaði í þessu landi? Menn hafa ekki viljað horfa á handverksmanninn. Menn hafa viljað horfa á hillingar í þessum efnum. Og afleiðingin er ákaflega einföld: Það fækkar stöðugt störfum í íslenskum iðnaði. Þó liggur fyrir, samkvæmt erlendum athugunum, að það eru fyrst og fremst litlu iðnfyrirtækin sem hafa verið að bæta við sig mönnum úti um alla Evrópu. Það eru smáfyrirtækin sem hafa verið að vaxa og bæta við sig mönnum. Stóru fyrirtækin hafa verið að hagræða og skera niður. Og að það skuli geta gerst í sömu ríkisstjórninni að iðnrh. er á harðahlaupum upp að eigin marki á sama tíma og menntmrh. boðar sókn í iðnaðarmálum.

Þetta er furðuleg staða og ég tek undir það sem komið hefur fram hjá hv. 3. þm. Reykv. Birni Bjarnasyni. Það átti engum að koma á óvart að þegar kalda stríkinu lyki yrði samdráttur í hernaðarumsvifum á Suðurnesjum. Hverjum átti að koma það á óvart? Lá ekki í hlutarins eðli að deilan hafði staðið á milli Varsjárbandalagsins og Atlantshafsbandalagsins? En hverjar eru aðgerðirnar í iðnaðaruppbyggingunni í landinu? Hvað hefur hæstv. iðnrh. afrekað í þeim efnum og Alþfl. þar með? Ég held að ég hafi ekki hlustað á nokkra setningu oftar frá hinum aldna foringja Alþfl., Gylfa Þ. Gíslasyni, en þá að það væri iðnaðurinn sem ætti að taka við nýju störfunum á Íslandi. Ekki veit ég hvort sá sem fer með það ráðuneyti í dag hefur nokkurn tíma hlustað. En staðreyndin er sú, hér geta menn vissulega með rökum sagt: Það eru erfiðleikar í sjávarútvegi vegna þess að við getum ekki veitt jafnmikinn þorsk og við höfum gert á undanförnum árum. En það eru engin rök til fyrir því að á sama tíma og það er, þá eigi að hopa í iðnaðarstarfsemi í landinu. Það eru engin rök til fyrir þeirri stefnu. Og mig undrar það nánast. Vissuleg veit ég að iðnaðarmálefnin heyra undir hæstv. menntmrh. varðandi menntun. Bændaskólarnir hafa aftur á móti heyrt undir landbrh. og sjávarútvegsskólarnir voru tengdir sjávarútveginum á vissan hátt mun meira. En hefur iðnrh. einhverju látið það skipta hver væri stefnan í menntuninni, sem er þó undirstaðan? Ég hef ekki orðið var við það frekar en hina stefnuna um

iðnðarmálin. En það blasir við sem staðreynd að aðgerðarleysi núv. hæstv. iðnrh. í málefnum iðnaðarins og afskipti hans af þeim málaflokki eru dýrustu mistök þessarar þjóðar, hvorki meira né minna. Það þarf ekki annað en að skoða þá stöðu að við höfum verið að virkja án þess að geta selt orkuna. Það eitt dugar. Þegar hitt bætist svo ofan á allt saman að hinum almennu störfum í iðnaði hefur stórkostlega fækkað, þá spyrjum við: Til hvers er að hafa iðnrh.? Er það kannski til að fela þau mistök að sumir leggja nú til að stofnað verði eitt atvinnuráðuneyti í landinu, það beri þá ekki eins mikið á því?

Ég tel að sú ákvörðun hæstv. menntmrh. að hefja sókn á menntunarsviðinu í iðnaðinum sé rétt. Ég hef stutt það mál út úr nefnd þó ég viðurkenni að ég sé að sumu leyti að færa meira vald í hendur ráðherra en almennt er æskilegt vegna þess að reglan á að vera sú að þetta sé meira bundið í lögum og það komi skýrara fram hvað beðið er um, ekki aðeins heimildir til að gera það sem mönnum dettur í hug. En ég hef engu að síður stutt það að þessar heimildir yrðu veittar.

En mig undrar það að við skulum búa við það að svo sé komið að sá sem fer með þennan málaflokk virðist ekki láta sig það neinu skipta hvað þar er að gert. Það er opinber staðreynd samkvæmt því sem kennt er í kennslufræði að verknámsskólar Þýskalands á sínum tíma, verknámsskólar Kerschensteiners, voru talin undirstaðan fyrir því að Þjóðverjar stóðu fremstir allra í Evrópu á sviði iðnaðar. Þar var það skylda hjá þeim sem fóru í bóknám að taka líka iðngrein. Það var hugsað sem varúðarráðstöfun ef þeir kæmust ekki áfram í gegnum háskólana að þeir færu þá í þá iðngrein sem þeir höfðu lært. En hér á landi höfum við því miður ekki náð þeim árangri að skapa það eðlilega viðhorf til iðnfræðslu sem þarf að vera.

Ég ætlaði ekki að tala hér langt mál. En mér finnst þetta svo furðuleg staða í einni ríkisstjórn að annars vegar skuli annar stjórnarflokkurinn vera með iðnaðarmálin, vaxtarbrodd íslensks atvinnulífs, sem sinn málaflokk en í opinberum umræðum í landinu tala þeir aldrei um neitt annað en sjávarútveg, aldrei um annað en sjávarútveg og aftur sjávarútveg. Hvers vegna tala þeir ekki um iðnaðaruppbygginguna sem þeim var trúað til að vinna að í þessu landi? Það er stórkostlegur galli á því, þó að ekki sé meira sagt, undir svona kringumstæðum að ríkisvaldið sé ekki fjölskipað stjórnvald. Þá væri hægt að kalla ríkisstjórnina alla til ábyrgðar undir þessum kringumstæðum. En það er staðreynd að ríkisvaldið er ekki fjölskipað stjórnvald. Þess vegna ber hæstv. iðnrh. einn ábyrgð á þessari stöðu. Hann ber einn ábyrgð á henni ásamt alþýðuflokksmönnunum sem hafa stutt hann í þetta embætti. Og það er söguleg staðreynd og menn verða að gera sér grein fyrir því að þetta eru dýrustu mistök sem átt hafa sér stað á Íslandi á seinni árum, að setja þennan mann í þetta embætti, í þennan ráðherrastól til þess að vinna að því eins og verið hefur að rústa íslenskan iðnað í staðinn fyrir að byggja hann upp.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilraunaverkefni framhaldsskóla á Austurlandi, síðari umr.

Þáltill. EMS, 229. mál. — Þskj. 286, nál. 1089.

Frsm. menntmn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. menntmn. um till. til þál. um sérstakt tilraunaverkefni framhaldsskóla á Austurlandi, en tillagan var flutt af hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni. Tillagan er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að undirbúa í samvinnu við framhaldsskóla og fulltrúa aðila vinnumarkaðarins á Austurlandi sérstakt tilraunaverkefni um stóraukna samvinnu skóla og atvinnulífs. Tilraunin nái til starfsnáms, verkmennta og fullorðinsfræðslu."

Nefndin varð sammála um að leggja til að þessari tillögu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar með jákvæðum hætti eða eins og hér segir í nál., með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af því að nefndin hefur mælt með samþykkt stjórnarfrumvarps um að heimila menntamálaráðherra að efna til tilraunastarfs í starfsnámi í framhaldsskólum sem og með hliðsjón af því að sérstök nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins er að vinna að málefnum framhaldsskóla á Austurlandi leggur nefndin til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Valgerður Sverrisdóttir og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Undir nál. rita Sigríður A. Þórðardóttir, Björn Bjarnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Svavar Gestsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Árni Johnsen og Tómas Ingi Olrich.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tengsl ferðaþjónustu við íslenska sögu, síðari umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 160. mál. — Þskj. 182, nál. 1091.

Frsm. menntmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um till. til þál. um tengsl ferðaþjónustu við íslenska sögu og sögustaði, en 1. flm. þeirrar tillögu er sú sem hér stendur.

Menntmn. fjallaði um þetta mál og komst að þeirri niðurstöðu að afgreiða tillöguna frá sér með nokkrum breytingum. Brtt. er að tillögugreinin verði svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til að setja fram hugmyndir og tillögur um það hvernig nýta megi sögu þjóðarinnar, sögustaði, þjóðhætti, verkmenningu og bókmenntir til að efla og bæta ferðaþjónustu innan lands."

Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. skrifa Sigríður Anna Þórðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Björn Bjarnason, Svavar Gests-

son, með fyrirvara, Kristín Ástgeirsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Árni Johnsen og Tómas Ingi Olrich.

Þess ber að geta að tillagan fékk mjög jákvæðar umsagnir frá þeim sem hún var send til og því varð það niðurstaða nefndarinnar að taka út úr upprunalegu tillögunni upptalningu á ýmsum sérfræðingum sem þar eru nefndir og gefa frjálsar hendur um það hverjir verða skipaðir í nefndina en ég vona svo sannarlega að þetta mál nái fram að ganga.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara og fyrirvarinn lýtur að því að með hliðsjón af hinum nýstárlegu söguskoðunum sem birst hafa í sjónvarpinu að undanförnu, þá finnst mér ástæða til þess að vara hæstv. menntmrh. sérstaklega við í sambandi við skipun þessarar nefndar. Ég mundi t.d. ógjarnan vilja sjá Baldur Hermannsson í nefndinni svo ég nefni dæmi, virðulegi forseti, án þess að kasta að öðru leyti rýrð á þann mann.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Safn þjóðminja að Hólum í Hjaltadal, síðari umr.

Þáltill. TIO og PJ, 116. mál. — Þskj. 136, nál. 1090.

Frsm. menntmn. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. menntmn. á þskj. 1090 um till. til þál. um safn þjóðminja að Hólum í Hjaltadal.

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk um hana umsögn frá menntamálaráðuneytinu, landbúnaðarráðuneytinu, Jónasi Gíslasyni, vígslubiskupi í Skálholti, Bolla Gústavssyni, formanni Hólanefndar, Félagi íslenskra safnamanna, Ferðmálaráði Íslands, Þór Magnússyni þjóðminjaverði, héraðsnefnd Skagfirðinga og fjármálaráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með eftirfarandi breytingu:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna möguleika á stofnun safns þjóðminja að Hólum í Hjaltadal er verði einkum helgað kirkjusögu Íslands."

Þess ber að geta að Ólafur Þ. Þórðarson og Valgerður Sverrisdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nál. skrifa Sigríður A. Þórðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Björn Bjarnason, Tómas Ingi Olrich, Svavar Gestsson, Kristín Ástgeirsdóttir og Árni Johnsen.

Ég vil taka það fram að þessi breyting felur það í sér að orðalagið er ekki eins afdráttarlaust og í upphaflegri till. til þál. en þar var lagt til að Alþingi ályktaði að fela ríkisstjórninni að undirbúa stofnun safns þjóðminja að Hólum í Hjaltadal er verði einkum helgað kirkjusögu Íslands, en hér er talað um að kanna möguleika á stofnun slíks safns.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. í nál. 1090 (ný tillgr.) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

14 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, JBH, JónS, KSG, KHG, MF, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

14 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, HG, JBH, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1207).

Skaðabótalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 326. mál. — Þskj. 596, nál. 1033 og 1061.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

12 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

2.–29. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

12 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
14 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, IP, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StH, SJS, VS) fjarstaddir.

Ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna kynferðisbrota, frh. síðari umr.

Þáltill. SP o.fl., 352. mál. — Þskj. 631, nál. 1068, brtt. 1069.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 1069,1 (ný tillgr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
12 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1069,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
13 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1201) með fyrirsögninni:
Þál. um ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna grófra ofbeldisbrota.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 444. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 770, nál. 1071, brtt. 1072.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 1072 (ný 1. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
13 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
15 þm. (ÁJ, ÁMM, FI, GÁ, HÁ, JónS, KSG, KHG, ÓÞÞ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
15 þm. (ÁJ, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 449. mál (refsidómar í öðru ríki). — Þskj. 775, nál. 1097.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
13 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

2.–7. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

13 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Alþjóðleg samvinna um fullnustu refsidóma, frh. 2. umr.

Stjfrv., 450. mál. — Þskj. 776, nál. 1098, brtt. 1099.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

13 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

2.–9. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 1099,1 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.

15 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GÁ, HÁ, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

13 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

11.–27. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 1099,2 samþ. án atkvgr.

28. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

29.–45. gr. samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

13 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Evrópusamningar um fullnustu refsidóma, frh. síðari umr.

Stjtill., 537. mál. — Þskj. 895, nál. 1100.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

14 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

13 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1204).

Framhaldsskólar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 397. mál (tilraunastarf í starfsnámi). — Þskj. 691, nál. 1051 og 1058, brtt. 1052 og 1059.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1052 felld með 30:11 atkv. og sögðu

já: GHelg, HG, JÁ, JHelg, JVK, MF, PP, RA, SJóh, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

8 þm. (GB, ISG, IP, JGS, JónK, KÁ, KE, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (AÓB, ÁJ, FI, GÁ, HÁ, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1059 (ný efnismgr. 1. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
9 þm. (GHelg, JÁ, JVK, MF, PP, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
14 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, JBH, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Útvarpslög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 305. mál (EES-reglur). — Þskj. 474, nál. 1085, brtt. 1086 og 1107.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 1086,1 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
13 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
13 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 1086,2 samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 1086,3 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
14 þm. (ÁJ, FI, GÁ, GHelg, HÁ, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1107,1 kölluð aftur til 3. umr.

4. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
13 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1107,2 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 1086,4 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg*, GunnS, HBl, IBA, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
9 þm. (HG, IP, JÁ, MF, PP, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, JónS, JVK, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

5. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
15 þm. (AÓB, HG, ISG, IP, JÁ, JónK, JVK, KÁ, KE, MF, PP, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁJ, FI, GÁ, GHelg, HÁ, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

6. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 1086,5 samþ. án atkvgr.
7. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
8. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 1086,6 (ný efnismgr. 9. gr.) samþ. án atkvgr.
10. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 1086,7 (ný grein, verður 11. gr.) samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ,

JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

13 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Tilraunaverkefni framhaldsskóla á Austurlandi, frh. síðari umr.

Þáltill. EMS, 229. mál. — Þskj. 286, nál. 1089.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 1089 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

13 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Tengsl ferðaþjónustu við íslenska sögu, frh. síðari umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 160. mál. — Þskj. 182, nál. 1091.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. í nál. 1091 (ný tillgr.) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

13 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

13 þm. (ÁJ, FI, GÁ, HÁ, JónS, KSG, KHG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1200).

Umræður utan dagskrár.

Fyrirhugaður niðurskurður í herstöðinni í Keflavík.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og áður hafði verið tilkynnt hefst nú utandagskrárumræða um fréttir af áformum Bandaríkjamanna um breytingu á herstöðinni í Keflavík. Þessi utandagskrárumræða fer fram samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða, og er að beiðni hv. 4. þm. Austurl.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það vakti verulega athygli þegar fram kom í Morgunblaðinu á þessum degi að mikill niðurskurður væri fyrirhugaður í herstöðinni í Keflavík og það eru þau tíðindi sem eru tilefni þess að ég bið hér um umræðu utan dagskrár og hyggst beina fyrirspurnum til hæstv. utanrrh.

Það eru einkum þrjú atriði sem mér finnst þörf á að ræða í ljósi þeirra fregna sem fram hafa komið. Það er í fyrsta lagi hin almenna staða að því er varðar herstöðina og herstöðvarsamninginn, í öðru lagi aðstaða þess fjölda fólks sem á það á hættu að missa atvinnu vegna líklegra breytinga í herstöðinni og það er í þriðja lagi framkoma ráðherra og raunar einnig formanns utanrmn. gagnvart þinginu að því er mál þetta varðar.

Um fyrsta atriðið vil ég segja að vissulega ber að fagna því að vaxandi líkur eru á að til verulegs niðurskurðar og samdráttar komi í herliði og búnaði Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli. Það er stefna Alþb. að hérlendis eigi enginn erlendur her að vera og Ísland eigi að skipa sér utan hernaðarbandalaga. Sú þróun sem hefur verið að gerast á alþjóðavettvangi vekur vonir um að unnt verði að ná þessum markmiðum þótt ljóst sé að sterk öfl hérlendis og í Bandaríkjunum vilji halda dauðahaldi í herstöðina sem Bandaríkjamenn hafa litið á sem mikilvæga útvarðsstöð í eigin öryggiskerfi.

Varðandi annað atriðið vil ég nefna að breytingarnar sem snerta daglegt líf fjölda fólks og byggðarlögin á Suðurnesjum eru mikið áhyggjuefni fyrir þá sem í hlut eiga. Þetta fólk fréttir nú af áformum um breytingar á stöðu herstöðvarinnar í gegnum dagblöð og ekkert liggur fyrir um það hvort og hvernig stjórnvöld ætla að taka á atvinnumálum í ljósi þessa. Í raun hefur það verið ljóst nú um árabil að í verulegan niðurskurð hlyti að draga í herstöðinni. Samt hafa íslenskt stjórnvöld ekkert marktækt aðhafst í þessum efnum. Alþb. og fleiri hafa minnt á það um langt skeið hver þörf er á því að byggja ekki upp atvinnulíf í heilum landshluta á erlendri herstöð og atvinnu í þágu hennar og um það liggja fyrir fjölmargar tillögur af okkar hálfu sem og ákvæði í stjórnarsáttmálum þar sem Alþb. hefur átt hlut að ríkisstjórnum.

Í þriðja lagi, virðulegur forseti, er það framkoman gagnvart Alþingi og þjóðinni sem birtist okkur í þögn

utanrrh. á undanförnum vikum varðandi það mál og þau gögn og vitneskju sem honum barst um miðjan aprílmánuð þar sem ekkert hefur komið fram um hvað hefur verið að gerast. Þó kemur það fram á þessum degi í framhaldi af fregn í dagblaði að fram hafa farið orðsendingar og skeyti milli aðila á þessum tíma og ráðherra hefur verið fyllilega upplýstur um það mál af hálfu bandarískra stjórnvalda eða viðmælenda sinna.

Ég gerði að umtalsefni hér varðandi þingsköp fyrr í dag framkomuna gagnvart utanrmn. þar sem ég hafði um það vitneskju frá hæstv. utanrrh. að hann hefði greint bæði forsrh. og formanni utanrmn. frá atburðum þegar 19. apríl sl. Ég vil svo, virðulegur forseti, beina eftirfarandi spurningum til hæstv. ráðherra varðandi málið:

1. Hvenær fengu íslensk stjórnvöld vitneskju um líkur á miklum niðurskurði í herstöðinni á Keflavíkurflugvelli?

2. Hverjir fengu upplýsingarnar, aðgang að þeim um stöðu mála og hvenær, innan ríkisstjórnar og í hópi alþingismanna?

3. Hvers vegna upplýsti ráðherra ekki utanrmn. og Alþingi milliliðalaust um í hvert efni stefndi?

4. Hvaða orðsendingar hafa farið á milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda með eða án milligöngu sendiráða síðustu daga og vikur?

5. Hvaða skref eru fyrirhuguð af hálfu stjórnvalda í framhaldi af þessum tíðindum?

6. Til hvaða ráðstafana ætlar ríkisstjórnin að grípa í atvinnumálum á Suðurnesjum í ljósi líklegrar þróunar og til bjargar því fólki sem að ósekju verður þolendur þessara breytinga?

7. Er ríkisstjórnin í ljósi þessara atburða reiðubúin til að taka upp samráð við alla þingflokka um að herstöðvarsamningnum verði sagt upp, Ísland skipi sér utan hernaðarbandalaga og íslenskir öryggishagsmunir verði tryggðir, m.a. í samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Íslensk stjórnvöld fengu vísbendingu um að á vegum bandarískra hernaðaryfirvalda væri verið að kanna kosti sem gætu þýtt breytingu á starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli föstudaginn 19. apríl. Þetta var vísbending sem kom í fréttaskeyti frá sendiráði Íslands í Washington, en það var síðan á mánudag og þriðjudag, 19. og 20. apríl, sem sendiherra Íslands var falið að afla staðfestingar á slíkum upplýsingum og því næst var starfandi sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi kallaður fyrir utanrrh. þriðjudaginn 20. apríl.

Hverjir fengu þessar upplýsingar, þ.e. vísbendingar um þessar áformuðu, hugsanlegu breytingar? Forsrh. í ríkisstjórn Íslands sem síðan tjáði mér að hann hefði skýrt formanni utanrmn. frá því.

Í þriðja lagi: Hvers vegna upplýsti ráðherra ekki utanrmn. og Alþingi um í hvert stefndi? Svarið við því er að það var ekki tímabært vegna þess að þessar vísbendingar voru óstaðfestar og eru það reyndar enn og málið er enn á því stigi að það er verið að afla um það upplýsinga sem hægt er að setja fram þannig að þær teljist áreiðanlegar eða óyggjandi.

Í fjórða lagi: Hvaða orðsendingar hafa farið á milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda síðustu daga og vikur? Svarið við því er engar, engar orðsendingar. Ég hef skýrt frá því hvernig þetta hefur borist okkur og hvað við höfum gert til þess að reyna að fá staðfestar upplýsingar sem enn er reyndar ekki lokið.

Í fimmta lagi: Hvaða skref eru fyrirhuguð af hálfu stjórnvalda í framhaldi af þessum tíðindum? Svarið við því er það að ég hef í seinni hluta aprílmánaðar myndað starfshóp embættismanna í utanrrn. sem ég hef falið það verk að undirbúa tillögur og greinargerðir af hálfu íslenskra stjórnvalda um hugsanlegar breytingar á starfsemi varnarliðsins, sérstaklega breytingar sem lúta að sparnaði, og hef óskað eftir því að þessir embættismenn nái viðtölum við rétta aðila í bandaríska stjórnkerfinu nú á næstu dögum. Bandarísk stjórnvöld hafa óskað eftir því að fá að senda hingað nefnd til viðræðna um þetta mál í fyrstu vikunni í júní. Engar dagsetningar hafa enn verið ákveðnar.

Í sjötta lagi: Til hvaða ráðstafana ætlar ríkisstjórnin að grípa í atvinnumálum á Suðurnesjum? Svarið við því er þetta: Til viðbótar þeim almennu aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur gripið til í atvinnumálum, þá hefur hún tekið ákvarðanir um sértækar aðgerðir að því er varðar atvinnumál á Suðurnesjum. Þar ber hæst ákvörðun um að verja allt að 300 millj. kr. af fjármunum í eigu Íslenskra aðalverktaka til tiltekinna arðbærra verkefna í atvinnulífi á Suðurnesjum að því tilskildu í fyrsta lagi að aðilar á Suðurnesjum leggi fram þar á móti um 200 millj. kr. og í annan stað að sýnt sé fram á af heimamönnum að um sé að ræða verkefni sem séu arðbær, geti gert hvort tveggja að verða atvinnulífi lyftistöng og skapa arðbær starfstækifæri.

Þessu til viðbótar hefur ríkisstjórnin lengi haft í undirbúningi að stofna sérstakt fríiðnaðarsvæði á Suðurnesjum. Fyrir liggja áfangaskýrslur um það mál, ákvörðun ríkisstjórnar um stuðning við málið og framlög til þess að hrinda því í framkvæmd. Félag um það verður stofnað nú á næstu dögum. Viðræður við aðila sem lýst hafa áhuga á að setja upp atvinnustarfsemi á Suðurnesjum ættu þar af leiðandi að geta hafist en allt hefur það mál dregist nokkuð í ljósi þeirra tafa sem orðið hafa á staðfestingu samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem er forsenda fyrir því að erlendir aðilar hafi áhuga á slíkri starfsemi.

Í sjöunda lagi spyr hv. þm. hvort ríkisstjórnin sé í ljósi þessara atburða reiðubúin til að taka upp samráð við alla þingflokka um að herstöðvasamningnum verði sagt upp. Svarið við því er nei, allra síst hvarflar það að okkur. Það sem skiptir hér sköpum er að halda samstarfsaðila okkar, bandarískum stjórnvöldum, við skuldbindingar þess tvíhliða samnings um varnarsamstarf og væri fjarstæða og gengi þvert á íslenska hagsmuni að segja þeim samningi upp við þessi skilyrði.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Í sjálfu sér hafa hér orðið alvarleg tíðindi, ekki það að ég sjái sérstaklega eftir því þó að

Bandaríkjamenn minnki í flugflota sínum, en það er illt til þess að vita hvað Íslendingar eru orðnir háðir hernum efnahagslega. Á Suðurnesjum er svo sem kunnugt er erfitt atvinnuástand og ég vil spyrja eftir því vegna þess að hæstv. utanrrh. hefur hvað eftir annað talað digurbarkalega um aðgerðir sem ríkisstjórnin muni beita sér fyrir á Suðurnesjum: Hvar eru efndirnar? Hann endurtók að vísu hluta af þeim í ræðu sinni núna, en það dugar lítið fyrir Suðurnesjamenn og það sem fólkið vantar eru úrræði, ekki fyrirheit sem ekki eru efnd.

Hæstv. iðnrh. mun nú vera á förum úr pólitíkinni. Hann er þingmaður þessa kjördæmis þó að hann hafi kannski ekki markað þar djúp spor í atvinnulífið. Það væri sérmál að tala um hvernig iðnaðurinn er að fara í rúst og hversu mikið hefur glatast þar á síðasta ári og það sem af er þessu.

Ég vil átelja vinnubrögð hæstv. utanrrh. og jafnframt formanns utanrmn. Við ræddum hér öryggismálaskýrsluna 27. apríl. Við höfðum þá dagana þar í kring verið að ræða um aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu. Utanrmn. hélt síðast fund núna á mánudaginn. Ekki önduðu þeir út úr sér þeim upplýsingum sem þeir voru búnir að fá a.m.k. staðfestar 20. apríl. Þetta sýnir mér að þeir hafa verið að læðast þarna á refaklóm og ekki komið hreint fram, hvorki við þingið né utanrmn. Ég minni á ákvæði í frv. sem ég hef leyft mér að flytja um breytingu á lögum um ráðherraábyrgð þar sem ég vil gera það refsivert ef ráðherra við meðferð máls á Alþingi leynir upplýsingum sem hafa verulega þýðingu.

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Þessi mál hafa verið á dagskrá utanrmn. oftar en einu sinni í vetur, spurningin um stöðu Íslands gagnvart Bandaríkjunum og varnarsamstarfinu við Bandaríkin. Það hefur raunverulega ekkert gerst í þessu máli annað en það að birst hefur frétt í Morgunblaðinu um að hugsanlega verði einhverjar breytingar á Keflavíkurflugvelli og það höfum við rætt í utanrmn. oftar en einu sinni í vetur og m.a. þá hugmynd að nefndarmenn færu til Bandaríkjanna til þess að kynna sér þau mál og ræða við bandarísk stjórnvöld um þessi efni. Þannig að þessi mál hafa verið á döfinni. Varðandi þær upplýsingar sem bárust um það að þessar breytingar væru á döfinni kannski ákveðnar nú en áður, þá taldi ég ekki ástæðu til þess að gera þær að sérstöku umtalsefni miðað við það hvernig mál hafa verið lögð upp í nefndinni. Hér fóru fram umræður 27. apríl sl. um þessi mál og þar vék ég sérstaklega að því að vegna ákvarðana um fjárveitingar í Bandaríkjunum kynni að koma til þess að veruleg röskun yrði á starfsemi á Keflavíkurflugvelli þannig að sú ræða mín er til og menn geta kynnt sér hana. Ég vék að þessu máli og ræddi þessa atburði sem menn gera nú að sérstöku umtalsefni. Það hefur ekkert gerst síðan annað en það að Morgunblaðið sendi fréttamann á vettvang og fær þessar fréttir. Það kemur fram í fréttinni að það hefur ekkert verið ákveðið. Það kemur meira að segja fram að það sé ágreiningur innan stjórnkerfisins í Bandaríkjunum hvernig eigi að grípa á málinu þannig að málið er mjög óljóst og varla til þess ætlandi að menn beri óljósar fréttir sem staðfesta niðurstöðu undir utanrmn. eða aðra. Ég biðst því algerlega undan því að ég hafi verið að leyna nokkrum upplýsingum. Ég hef skýrt frá því sem ég hef vitað og síðast hér í þingræðu 27. apríl en það er rétt að þetta mál og frétt Morgunblaðsins eða það sem í henni stendur hefur ekki verið tekið sérstaklega fyrir í utanrmn.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Sú frétt sem birtist með stríðsletri á forsíðu Morgunblaðsins í morgun er kannski í sjálfu sér engin frétt því að það hefur náttúrlega legið í loftinu lengi að þetta væri fyrirhugað, mikill niðurskurður í Keflavík. Þessi umræða kom upp 1989 og hún hefur staðið eiginlega látlaust síðan, náði hámarki sínu 1991 og öllum viti bornum mönnum mátti vera ljóst hvert stefndi. Það sem þarna er hins vegar að gerast er að þetta er að verða staðreynd, þetta er að verða miklu áþreifanlegra heldur en það hefur verið og hefði auðvitað átt að ræðast í utanrmn.

Það vekur athygli við þessa frétt að sagt er frá því að heimildir Morgunblaðsins hermi að óskað hafi verið eftir því að senda hingað til lands sérstaka sendinefnd til þess að ræða þessi mál og því hafi verið hafnað af íslenskum stjórnvöldum. Ég vil spyrja hvort það sé rétt og þá á hvaða forsendum það hafi verið gert að íslensk stjórnvöld hafi frekar óskað eftir því að fá að senda nefnd utan. Um þetta vil ég spyrja og vita hvað er rétt í þessu.

Ég get ekki annað sagt en það að við hljótum að fagna því, þó að auðvitað sé þetta sársaukafullur atburður ef fjöldi manns missir vinnuna, þá hljótum við samt að fagna því ef aðstæður í heiminum eru þannig, þeir friðartímar að herinn geti horfið héðan á brott. Ég vil segja að mér finnst mjög hryggilegt að utanrrh. skuli segja það hér að hann sé ekki tilbúinn til að segja upp varnarsamningnum við Bandaríkin og eiga um það samstarf við aðra hér á þingi vegna þess að því var jú lýst yfir á sínum tíma að hér skyldi aldrei vera her á friðartímum. Nú eru friðartímar þannig að ef menn vilja ekki með nokkru einasta móti losa sig við þennan her úr landi, þá eru það hreinlega svik við þjóðina, svik við loforð sem gefin voru þegar þessi samningur var gerður og þegar ákveðið var að hér skyldi vera herstöð í Keflavík. Menn hefur borið nokkuð af leið í þessum málum ef þeir halda við herinn svo fast og ég vil minna á leiðara sem var skrifaður í Morgunblaðinu 8. ágúst 1991, þar sem segir að menn megi ekki missa sjónar á þeim meginforsendum sem voru fyrir komu varnarliðsins. Þeir sem það geri hafi tapað áttum.

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það er nú að koma á daginn sem við alþýðubandalagsmenn höfum lengi bent á að bandarískt herinn mundi draga mjög úr starfsemi sinni hér eða jafnvel fara alveg þegar Bandaríkjamönnum hentaði hvort sem okkur Íslendingum líkaði betur eða verr

og hversu vel sem við bæðum þá um að vera hér áfram. Þess vegna höfum við alþýðubandalagsmenn gegnum árin lagt fram áætlanir um atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum svo fólk hefði þar að einhverju að hverfa ef og þegar herinn færi eða kysi að draga verulega úr umsvifum sínum hér á svæðinu. Þessum tillögum hefur gegnum árin ekki verið tekið af miklum fögnuði af herstöðvasinnum og þessum varnaðarorðum okkar ekkert sinnt. Herinn hefur gegnum árin dregið til sín vinnuafl frá útgerð og fiskvinnslu en þeim atvinnugreinum hefur ekki síst farið aftur á Suðurnesjum vegna þessa kapphlaups um vinnuafl þar sem herinn hafði á árum áður ávallt betur.

Og nú fréttist það í dag að það sé nú að gerast, sem hefur að vísu legið í loftinu undanfarið, að herinn sé mjög að draga saman seglin á Suðurnesjum. Þá er atvinnuástandið á þessu svæði þannig fyrir að það er með því versta sem gerist á landinu og er þá langt til til jafnað.

Ríkisstjórnin var fyrr í vetur með tillögur um fjármagn til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum sem þeir ætluðu að vísu aðallega að sækja í vasa annarra, þ.e. verktakafyrirtækja á Suðurnesjum og sveitarfélaga. Þessu máli hefur verið drepið á dreif, mikið talað en sáralítið hefur gerst. Ég geri þá kröfu hér á hinu háa Alþingi fyrir hönd Suðurnesjamanna að hæstv. ríkisstjórn Íslands taki þegar til höndum við að finna alvörupeninga í atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum. Nú verður ekki lengur undan því vikist.

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Ég geti fyllilega tekið undir að það horfir alvarlega ef umsvifamikil starfsemi leggst niður. En það er nú svona í aðra röndina allt að því gamanmál að þeir sem lýsa nú áhyggjum eru þeir sem hefðu átt að fagna væntanlegum árangri, fylgismenn Samtaka herstöðvaandstæðinga. Hitt er svo rétt og við verðum að gæta þess að okkur Íslendingum öllum mátti vera það vel ljóst nú um árabil að til þessa horfði. Bandaríkjamenn væntu þess að geta notað sína opinberu fjármuni til annarra mála en varnarstarfs á Íslandi. Allt frá árinu 1988 mátti okkur vera þetta ljóst með því að þá þegar hófust þeirra tilraunir til að spara í þessari starfsemi, fækka starfsmönnum bæði Íslendingum sem öðrum.

Það er aðvitað rétt að umsvif varnarliðsins, resktur og framkvæmdir eru stór hluti af íslensku atvinnulífi en það er ekkert nýtt að til þessa kunni að koma að það dragist saman. Þetta hefur verið eins og hér hefur komið fram umræðuefni á fundum utanmrn., á fundum þessa háa þings, á fundum manna er starfa og lifa á Suðurnesjum núna um árabil. Það er akkúrat ekkert nýtt í þessu. Það eina sem er nýtt er að þegar ákveðnir flokkar Íslendinga þykjast sjá fram á árangur, þá fyllast þeir áhyggjum.

Það hefur lengi verið rætt á Suðurnesjum, og ég hygg að þess eigi eftir að gæta betur á næstu mánuðum en hingað til, að menn þar vilja leita nýrra leiða í atvinnumálum. Þeir sem hér hafa talað digurbarkalega um einhverja raunverulega peninga geta að vissu marki sjálfum sér um kennt. Þeir sátu yfir sjóðum landsmanna fyrir fáum mánuðum um árabil og til hvers var þá fjármunum varið? Var þeim varið til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum í ljósi markmiða þessara manna? Nei, þeim var varið til einhverra annarra hluta.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hlutverk herstöðvarinnar í Keflavík var á sínum tíma aðallega það að fylgjast með flug- og kafbátaumferð hér á norðurslóðum. Það hefur lengi legið ljóst fyrir að aðstæður eru mjög breyttar í þessum efnum og Bandaríkjamenn mundu hafa hug á því að draga saman sinn viðbúnað hér. Ég er ekki frá því að ráðamenn hér hafi látið blekkjast með því að Bandaríkjamenn hafa ávallt sagt að herstöðin hér væri mikilvæg og staðið í þeirri meiningu að hér mundi ekki vera dreginn saman viðbúnaður að sama skapi og annars staðar. Ég hygg að Bandaríkjamenn ætli sér ekki að yfirgefa þessa herstöð alveg en ég hygg að þeir muni spara þarna eins og þeir mögulega geta og hafa algjöran lágmarksviðbúnað.

Ég ætla ekki að ræða um það hér hvað er æskilegt í þeim efnum á þessum tíma sem ég hef nú. En það er náttúrlega alveg ljóst að það er afar alvarlegur hlutur fyrir fólkið á Suðurnesjum ef allar breytingar varðandi herstöðina koma íslenskum ráðamönnum gjörsamlega á óvart og hafa engan viðbúnað til þess að bregðast við þeim breyttu aðstæðum sem eru í veröldinni og hafa legið fyrir núna um nokkurra ára skeið. Mér er kunnugt um það að Bandaríkjamenn hafa talað upp í eyrun á Íslendingum um mikilvægi þessarar herstöðvar og kannski láta íslensk stjórnvöld það blekkja sig og halda að hér verði viðbúnaður orrustuflugvéla um aldur og ævi. En það eru bara breyttir tímar, þetta er ekki svona lengur. Þess vegna verður að breyta um og bregðast við breytingunum á réttan hátt.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Samráðsleysi stjórnvalda við utanrmn. er alveg hreint til háborinnar skammar og dæmigert fyrir vinnubrögð ríkisstjórnarinnar. Ég vil líka segja að það er hreinlega vítavert andvaraleysið sem verið hefur vegna atvinnumála á Suðurnesjum þrátt fyrir að það sé löngu ljóst að hverju stefndi þar. Það er ánægjuleg þróun í átt til friðar sem veldur því að það er samdráttur á Keflavíkurflugvelli og engin ástæða til að harma það. Það er hins vegar ástæða til að harma það hvernig á málum hefur verið tekið og ég vil benda á það að t.d. vorið 1991 bar ég fram fyrirspurn um áætlanir þáv. ríkisstjórnar um atvinnumál á Suðurnesjum og sérstaklega með tilliti til þess samdráttar sem var fyrirsjáanlegur í umsvifum Bandaríkjahers þar. Og það verður nú að segjast eins og er að hæstv. utanrrh., sem þá var hinn sami og nú, hafði ekki upp á neitt að bjóða þá annað en álver. Við vöruðum þá ýmis við því að það væri kannski frekar tálver en álver. Núna er boðið upp á fríiðnaðarsvæði. Við vitum ekkert um hvað verið er að ræða þar enn þá. Það er bent á Aðalverktaka. Það er samt skilyrt þannig að Suðurnesjamenn eru ekki farnir að sjá nokkurn skap-

aðan hlut nema eitthvað örlítið sem ekkert gagn er að. Ég verð því að taka undir með Jóhanni Geirdal, formanni Verslunarfélags Suðurnesja, en hann var mjög harðorður í dagblaði í dag og sagði að menn hefðu stungið hausnum í sandinn og neitað að trúað því sem var að gerast. Það var utandagskrárumræða núna á þessu vori um það hvað væri að gerast í atvinnumálum á Suðurnesjum. Þar komu engin almennileg fyrirheit, enda þess ekki að vænta frá þessari ríkisstjórn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þetta eru að sönnu allmikil tíðindi sem hér eru að gerast þó að við þeim hafi mátt búast og sömuleiðis eru afar alvarlegir þeir atburðir sem orðið hafa hér í samskiptum Alþingis og utanrmn. annars vegar við hæstv. ríkisstjórn, ráðherra og reyndar að því er virðist einnig við hv. formann utanrmn. Það gengur ekki fyrir hv. þm. Björn Bjarnason eða hæstv. utanrrh. að láta sem ekkert sé, hér hafi ekkert gerst. Lítið leggst þá fyrir fréttamat Morgunblaðsins sem leggur þvera forsíðu sína undir þennan stóra atburð og færir fyrir því ýmis rök, sem eru þá röng ef svo er, að þarna séu tímamótaákvarðanir í burðarliðnum. Og auðvitað samrýmist það ekki heldur þessum málflutningi að hæstv. utanrrh. skuli samt sem áður hafa skipað sérstakan vinnuhóp fyrir nokkrum vikum síðan af þessu tilefni og sömuleiðis skuli sendinefndir vera á förum til Bandaríkjanna en samt er látið eins og ekkert sé. Hér hefur auðvitað orðið hneyksli í samskiptum ríkisstjórnarinnar og formanns utanrmn. við nefndina og Alþingi og í raun og veru brotið samráðsákvæði laga.

Að sjálfsögðu er það fagnaðarefni að þróunin sé í þessa átt, í átt til þess að hér dragi úr vígbúnaði og herinn hugsi sér til hreyfings. En tilfinningar manna verða eðlilega blendnar við þær aðstæður að þetta dregur athyglina að því hversu efnahagslega háð við erum orðin dvöl hersins og því alvarlega ástandi sem skapast á Suðurnesjum í kjölfarið og er það þó nógu slæmt fyrir. Í þeim efnum er auðvitað hæstv. ríkisstjórn með allt niður um sig eins og víðar, hefur reynst gjörsamlega ófær um að taka þar á nokkrum hlut. Í raun og veru hafa Suðurnesjamenn þar verið dregnir á asnaeyrunum og hafðir að ginningarfíflum, þ.e. þeir fjármunir sem þar áttu að fara til atvinnuuppbyggingar og lofað var eiga að greiðast úr þeirra eigin vasa. Svoleiðis viðbrögð við þessum atburðum duga auðvitað ekki. Hér verður að taka öðruvísi á málum, vinna sig út úr þessum vanda, bregðast þannig við honum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans en það er auðvitað langt frá því að þau upplýsi hér mál eða séu fullnægjandi á nokkurn hátt. Hér er grundvallarágreiningur áfram greinilega, samanber svar hæstv. ráðherra við síðustu fyrirspurn minni varðandi herstöðvasamninginn og afstöðuna til hans og nauðsynlegra breytinga í ljósi breyttra tíma.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur í rauninni sagt það sem segja þarf um það hvernig hæstv. ráðherra umgengst Alþingi í svo stóru máli og fyrirsláttur formanns utanrmn., hv. þm. Björns Bjarnasonar, blasir auðvitað við því að hér er verið að ganga gegn ákvæðum þingskapa með skýrum og ótvíræðum hætti, því miður.

Varðandi atvinnumálin kemur ekki nokkur skapaður hlutur nýr hér fram af hálfu hæstv. ráðherra og er það kannski það alvarlegasta við stöðu málsins. Alþb. hefur alltaf litið á þessi mál heildstætt. Það hefur verið andvígt dvöl erlends herliðs en það hefur jafnframt verið andvígt því að binda íslenskan efnahag, íslenskan þjóðarbúskap og atvinnu fjölda fólks við herstöð eins og gert hefur verið. Þingmenn Alþb. í Reykjaneskjördæmi lögðu til í tillögu um Suðurnesjaáætlun árið 1977 að láta undirbúa og gera áætlun um alhliða atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum og þar sagði, með leyfi forseta:

„Skal það sérstaklega haft í huga við slíka tillögugerð að hægt verði að tryggja því fólki sem vinnur á Keflavíkurflugvelli eða við önnur störf tengd dvöl erlends herliðs atvinnu við innlendan og þjóðhagslega arðbæran atvinnurekstur.“ Þannig mætti lengi til vitna hvernig Alþb. hefur reynt að rjúfa þann vítahring sem menn eru nú hnepptir í og súpa seyðið af. Þetta er satt að segja hörmulega að verki staðið og hér þarf að taka á málum með allt öðrum hætti en ríkisstjórnin áformar greinilega því að hún sefur.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það eru um 2.000 manns sem eiga atvinnu sína á Suðurnesjum undir starfsemi varnarliðsins, verktaka í þjónustu varnarliðsins eða annarra viðskiptaaðila. Ég gæti trúað að þetta fólk, ef það mætti heyra málflutning talsmanna Alþb. og Kvennalista og vinstri arms Framsóknar, legði dálítið hlustir við og undraðist hræsni og tvískinnungshátt þessara svokölluðu málsvara þjóðfrelsis á Íslandi. (**ISG:** Hvað heldurðu að margar konur ...) Við gætum búist við því að þetta fólk kæmi nú og fagnaði alveg sérstaklega ef það tryði þeim tíðindum að hér væri að draga að því að varnarliðið færi úr landi. Nei, í staðinn fyrir að lýsa fögnuðinum, þá ber þetta fólk fyrir sig að það hafi nú einkum og sér í lagi þungar áhyggjur af atvinnu þess fólks sem starfar við þessar atvinnugreinar. (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu.) Og talsmenn Alþb. koma hér fram, (Gripið fram í.) dirfast að koma hér fram og segja að Alþb. hafi lagt fram einhverjar tillögur. Staðreyndin er sú að þegar reynt hefur verið að halda samningsaðilum okkar að því að fjármagna umsamdar framkvæmdir, þá hafa talsmenn Alþb. fordæmt það og kallað það að fara með betlistaf til erlendra aðila. (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu.) Og í annan stað, þegar gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að tryggja íslensku atvinnulífi ný útflutningstækifæri eins og t.d. með EES-samningnum sem gæti gerbreytt hlutverki Keflavíkurflugvallar og orðið lyftistöng fyrir sjávarútveg á Suðurnesjum, þá hefur gervöll stjórnarandstaðan fordæmt það. Og í þriðja lagi þegar unnið hefur verið að því að hrinda í framkvæmd hugmyndum um frísvæði á Suðurnesjum sem nýtti þá aðstöðu sem þar

er og byggir á forsendum EES-samningsins, þá hefur þessi stjórnarandstaða fordæmt það, þannig að ég segi ósköp einfaldlega í sambandi við þessar svokölluðu áhyggjur sem þetta fólk lýsir yfir ... (Gripið fram í.) Ég lýsi því yfir: Vei yður, þér hræsnarar — þér hræsnarar. (Gripið fram í.) Ég hef verið að lýsa því hvað við höfum verið að gera (**Gripið fram í:** Nei.) og stjórnarandstaðan hefur fordæmt það og hneykslast á því og hefur ekki efni á því að segja eitt einasta orð um atvinnu fólks á Suðurnesjum og ætti að hafa sem fæst orð um það og skammast sín.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú er þessari utandagskrárumræðu og jafnframt alhliða umræðu hér í þingsal lokið.

Nú þarf forseti að lesa upp langan útbýtingarlista áður en þessum fundi verður slitið (**ÓÞÞ:** Um þingsköp.) og boðað til nýs fundar strax að loknum þessum fundi. Forseti er búin að bíða með að lesa hér útbýtingarlista ansi lengi og vill biðja hv. 2. þm. Vestf. að leyfa forseta að lesa útbýtinguna og síðan er sjálfsagt að ... (**ÓÞÞ:** Að sjálfsögðu.) Þá er gott samkomulag á milli hv. 2. þm. Vestf. og forseta að þessu sinni og nú ætlar forseti að byrja lesturinn (Gripið fram í.) en allur er varinn góður.

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 89. mál, nál. 1. minni hluta allshn., þskj. 1177.

Aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtaka ríkisstofnana, 158. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1182; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1183.

Bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda, 187. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1197; nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1198.

Framleiðsla og sala á búvörum, 541. mál, nál. landbn., þskj. 1174.

Fuglaveiðar og fuglafriðun, 146. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 1169; brtt. meiri hluta umhvn., þskj. 1170.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 276. mál, frhnál. minni hluta félmn., þskj. 1185.

Hönnunarvernd, 212. mál, nál. iðnn., þskj. 1179; brtt. iðnn., þskj. 1180.

Iðnaðargjald, 596. mál, stjfrv., þskj. 1199.

Jöfnunartollur á skipasmíðaverkefni, 88. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1181.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, 127. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1184.

Meðferð og eftirlit sjávarafurða, 420. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 1186; nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 1187; brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 1188.

Rannsóknir á botndýrum við Ísland, 594. mál, þáltill. sjútvn., þskj. 1189.

Skipulagslög, 455. mál, nál. umhvn., þskj. 1171; brtt. umhvn., þskj. 1172.

Skráning og mat fasteigna, 453. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1191; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1192; nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1193; brtt. KÁ, þskj. 1194.

Útflutningur raforku um sæstreng, 595. mál, skýrsla iðnrh., þskj. 1195.

Vegáætlun 1993–1996, 290. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1141; nál. minni hluta samgn., þskj. 1159.

Veiðiheimildir í lögsögu annrra ríkja, 267. mál, nál. sjútvn., þskj. 1190.

Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, 2. mál, frhnál. iðnn, þskj. 1175; brtt. iðnn., þskj. 1178.

Um þingsköp.

Utandagskrárumræður.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það hljóta að vera einhver takmörk fyrir þeim vopnaburði sem hægt er að hafa í seinustu ræðu þegar fjallað er um málefni sem í er skammtaður ræðutími í 30 mínútur. Það liggur fyrir að Alþfl. hefur öll völd í þessu landi varðandi það að vinna að fríiðnaðarsvæði á Suðurnesjum. Flm. á sínum tíma var hv. þm. Karl Steinar Guðnason, núv. formaður fjárln. Alþingis, og hann ætti að hafa vald á að veita þeim peningum til verkefnisins sem þarf. Hann á undir tvo aðra að sækja til að koma þessu í framkvæmd. Annar er hæstv. iðnrh., hinn er hæstv. utanrrh. Og í hvaða flokki skyldu þessir menn vera? Í Alþfl.

Hér leyfir hæstv. utanrrh. sér að koma upp og segja: Það eru kommúnistarnir í landinu sem hafa stoppað málið. Og hvar? Er það í Keflavíkurgöngu á miðri leiðinni sem þeir hafa stöðvað fríiðnaðarsvæðið? Hvar hefur þetta verið stoppað?

Herra forseti. Ég óska hér og nú eftir hálftíma umræðu, sem ég á rétt á sem þingmaður, um stöðu iðnaðarins á Íslandi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 2. þm. Vestf. var að óska eftir utandagskrárumræðu og það mun hann ræða við forseta utan ræðustóls eftir að þessum fundi er lokið.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Samkvæmt þingsköpum er það þannig að það eru heimilaðir hálftímar til utandagskrárumræðna. Hefðin hefur verið sú að fyrirspyrjandi byrjar, síðan kemur viðkomandi ráðherra og svo svarar ráðherra gjarnan að lokum og er síðasti ræðumaður. Þá eru það bara mannasiðir og ekkert annað að láta það eiga sig í þeirri lokaræðu að ráðast með heift, fúkyrðum og ósannindavaðli að þeim sem hafa verið að spyrja ráðherrann í þessum sama hálftíma, það eru bara mannasiðir. Og ég vænti þess að hæstv. utanrrh. og hæstv. forseti séu mér sammála um að mannasiðir séu þingskapamál líka.

Ég tel að hæstv. utanrrh. hafi sýnt þingheimi hér alveg óvenjulegan dónaskap þegar hann hafði uppi svigurmæli sérstaklega í garð alþýðubandalagsmanna hér áðan. Og ég tel að það gefi tilefni til þess að þessi ræðutími og notkun hans framvegis, utandagskrártími,

verði framvegis endurskoðaður og endurskipulagður því það er greinilegt að á þessu sviði a.m.k., að ég tali ekki um önnur, er hæstv. utanrrh. ekki treystandi fyrir því að ljúka með sæmilega kurteislegum hætti utandagskrárumræðum á Alþingi. Það gengur auðvitað ekki að ráðast að fólki með þeim hætti sem hæstv. ráðherra gerði, með fullkomnum ósannindum og fullkomlega ósanngjörnum hætti. Og það verður auðvitað að nota tækifærið til þess strax og það gefst síðar hér í kvöld þegar Sjálfstfl. hefur náð vopnum sínum og búinn að sleikja sárin eftir þingflokksfundinn sem er rétt að hefjast, þá verður auðvitað að kanna það í kvöld eða á morgun hvaða kostir eru á því að ræða við hæstv. utanrrh. um þessi mál og svara þeim ósæmilegu svigurmælum sem hann flutti hér í garð einstakra þingmanna.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er svona mannleg reynsla að þeir menn sem oftast veitast að öðrum með dylgjum, áburði og hvers kyns óviðurkvæmilegum munnsöfnuði (**SvG:** Eru þetta þingsköp?) og hafa það fyrir ræðustíl sem jafnvel er einkennandi fyrir heila stjórnmálaflokka, eins og hjá þeim hv. þm. sem hér talaði seinast, að þeir kveinka sér mjög undan því ef þeim er svarað.

Nú er það svo að sá hv. þm. sem hér talaði seinast, talaði um ósannindi en færði engin rök fyrir því máli sínu. Í umræðunni sögðu hv. talsmenn Alþb., þeir gagnrýndu stjórnvöld fyrir það, að stjórnvöld hefðu ekkert hugað að atvinnumálum fólks á Suðurnesjum. Það eina sem ég gerði var að benda á þá þversögn að annars vegar fagnar þetta fólk því ef fólk hættir atvinnu sinni í þágu varnarliðsins og framkvæmdaraðila varnarliðsins væntanlega, það væri fagnaðarefni og það stóð ekkert á staðfestingunni hjá mönnum þegar þeir sögðu það. Jú, að sjálfsögðu væri það fagnaðarefni. Hins vegar þegar bent er á þrjú „konkret" mál sem hafa verið á dagskrá til þess að reyna að bjarga störfum þessa fólks, í fyrsta lagi að reyna að fá fjármögnun fyrir umsamdar framkvæmdir, sem þið hafið kallið betlistaf sum hver, þá var sagt: Að sjálfsögðu. Það voru engin ósannindi. Í annan stað, EES-samningurinn er forsenda fyrir því að hægt sé að nýta Keflavíkurflugvöll í stórauknum stíl sem útflutningsmiðstöð fyrir sjávarútveg á Suðurnesjum. Það eru engin ósannindi. Það er staðreynd að stjórnarandstaðan er andvíg því. Og í þriðja lagi þegar um er að ræða frísvæði á Suðurnesjum þá byggir það á forsendunni EES-samningurinn og stjórnarandstaðan var andvíg því. Hér hefur því ekki verið farið með nein ósannindi. Einungis hefur verið svarað að gefnu tilefni hlutum sem talsmenn Alþb. og í minna mæli Kvennalista og galnari armsins í Framsókn fór með í þessum umræðum, á ákaflega málefnalegan hátt. Og, virðulegi forseti, þetta er ekki umræða um þingsköp. Ég legg til að þessi hópur fólks, sem er búinn að „terrorísera" þingið eiginlega í allan vetur með því að misnota þingsköp og kalla þingskapaumræðu umræðu sem er um allt aðra hluti — að forseti fari að gera eitthvað í þessu. (**Gripið fram í:** Um hvað snýst þessi ræða?) Hún snerist ekki um þingsköp, enda er ekkert tilefni til. (**Gripið fram í:** Hvað segir forseti við því?)

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti er ekki sáttur við það þegar beðið er um orðið um gæslu þingskapa að menn noti þann tíma til þess að ræða efnislega um ýmis hitamál. Forseti á erfitt með að ráða við þetta. Hv. þm. eiga að vita þetta, en það er nú einu sinni svo í hita umræðunnar að þá vilja málin stundum fara út um víðari völl heldur en ætlast er til. Og nú vill forseti taka undir með þingmönnum að það sé ástæða til að halda sig við gæslu þingskapa.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hér hljóðs áðan um gæslu þingskapa til þess að finna að því hvernig hæstv. utanrrh. misnotaði þær þingskapaheimildir sem uppi eru varðandi utandagskrárumræður. Ég gerði það til að mótmæla ósannindum hans. Hann sagði að ég hefði ekki flutt nein rök fyrir þeim yfirlýsingum mínum. Ég flyt þau nú. Ég segi: Alþb. hefur t.d. á undanförnum árum aftur og aftur verið með margvíslegar tillögur um uppbyggingu atvinnulífs á Suðurnesjum. Alþfl. hefur haft allt vald til að fallast á þær tillögur eða jafnvel að framkvæma þær en hann gerði það ekki af því að hann treysti á herinn. Staðreyndin er auðvitað sú að atvinnuvandi Suðurnesjamanna stafar í dag ekki síst af því að Alþfl. hefur alla þessa ártugi mænt á herinn og aftur herinn og aldrei viljað grípa til íslenskra ráðstafana til þess að byggja upp atvinnulíf á Suðurnesjum. Alþfl. hefur hins vegar leyft sér það á sl. ári að lofa fólkinu á Suðurnesjum fjármagni til atvinnumála. Það voru gefnar stórar yfirlýsingar um það sl. sumar. (**Forseti:** Eigum við ekki að tala um gæslu þingskapa?) Og aftur og aftur, virðulegi forseti, hefur þetta fólk verið svikið. Það hefur verið leikið grátt af Alþfl. á undanförnum missirum. En að hæstv. utanrrh. landsins skuli svo koma hér í þingskapaumræðu, virðulegi forseti, og tala um galnari arminn í Framsókn og að stjórnarandstaðan sé að „terrorísera" þingið, eins og fram kom hér áðan, það er ósæmilegur áburður. En ég skil það svo, og það er út af fyrir sig fagnaðarefni, að hæstv. utanrrh. sé að kveinka sér undan stjórnarandstöðunni. Það er gott að málflutningur hennar hefur hitt einhvern fyrir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú væntir forseti þess að þeir sem tala hér eftir gefi nú góð fordæmi og ræði um gæslu þingskapa.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tek því ekki illa þó að hæstv. utanrrh. flokki mig í galnari armi Framsóknar. Það hefur raunverulega aðeins einn maður verið settur á kantinn. Sá hét Jónas frá Hriflu. Og þegar hann var úrskurðaður galinn, þá skrifaði Nóbelsskáldið forðum: Vona að Íslendingar eignist fleiri slíka vitleysinga.

En þá snúum við okkur að hinu atriðinu hvers vegna ég stóð hér upp og tala um þingsköp. Hér lifir

lítið eftir af þingtíma. Ég gerði grein fyrir því hvers vegna ég yrði að fá hálftíma umræðu um iðnaðarmál sem ég á rétt á. Það má lesa þingsköpin. Það er farið fram á að þetta sé tilkynnt. Það stendur hvergi hvort það eigi að gera það úr ræðustól eða niðri í forsetaherbergi. Ég vona að hæstv. utanrrh. geti athugað það.

Jafnframt vil ég vekja athygli hæstv. utanrrh. á því að allur sá hluti ræðunnar sem hann flutti og fór í að skamma forseta var um þingsköp, um ekkert annað en þingsköp, vegna þess að þegar menn tala um þingsköp, þá eru menn að gagnrýna forsetann nema þeir séu að biðja forsetann um eitthvað eins og ég var að gera í minni ræðu og flutti að sjálfsögðu rökstuðning fyrir því hvers vegna. Hér er því haldið fram að EES sé forsenda fríiðnaðarsvæða. Heyr á endemi! Hafa engin fríiðnaðarsvæði orðið til í þessum heimi áður en EES komst á dagskrá? Hvers lags rugl er þetta? Hvers vegna sögðu þeir hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni ekki strax þegar hann flutti sínar tillögur um fríiðnaðarsvæðið í Keflavík að þetta væri bara vitleysa hjá honum, það væri ekkert hægt að tala um þetta fyrr en búið væri að koma á EES? Svona rugl er náttúrlega ekki boðlegt, herra forseti. Það vona ég að forseti geri sér grein fyrir.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er sýnilegt að þetta 30 mínútna form á utandagskrárumræðum er gallað vegna þess að tíminn endist ekki til að ræða málin til hlítar. Ég kippi mér nú ekki upp við það þó að mannasiðir hæstv. utanrrh. séu ekki í sem bestu lagi. Ég er vanur dónaskap og illyrðum frá honum og líka því að hann misnoti aðstöðu sína ef hann hefur tækifæri til. Það sem mér þykir verra er þegar hann segir rangt frá. Hann kom ekki hreint fram við þingið. Hann þagði yfir mikilverðum upplýsingum. Hann fór með rangar staðhæfingar úr ræðustólnum. Ég fyrirgef honum það þó að hann sé á tauginni. Hann er á tauginni vegna þess að hann er með allt niður um sig á Suðurnesjum líka og ég fyrirgef honum þó að hann stökkvi upp á nef sér og verði sér til minnkunar, hæstv. utanrrh. En hitt á ég verra með að þola þegar hann fer á bak við Alþingi eða gefur því rangar og villandi upplýsingar eins og hann hvað eftir annað hefur tíðkað að gera nú í vetur.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Vestf. sagði í ræðustól hér áðan: Þetta rugl er ekki boðlegt, og ég er alveg sammála honum um það. Allt þetta rugl sem fram fer hér á hinu háa Alþingi í skjóli misnotkunar á þingsköpum, öll þessi umræða um þingsköp sem er ekki um þingsköp er auðvitað tómt rugl og er löngu kominn tími til að virðulegur forseti og forsætisnefnd og formenn þingflokka hugi að þessari misnotkun vegna þess að hún setur ákveðinn leiðindasvip á störf Alþingis Íslendinga. Þetta er misnotkun á þingsköpum. Og ef það væri nú svo að ákveðnir menn hér — það eru svona 6, 7, 8 manns (Gripið fram í.) sem sérhæfa sig í þessari misnotkun, ef það væri rétt að einstakir aðilar, einstakir persónuleikar í þeim hópi, (Gripið fram í.) þessi t.d. getur aldrei látið vera að grípa fram í, aldrei, það er hans fasta regla, hann situr þarna til þess — ef þessir menn, t.d. þessi frammíkallari, ef það væri rétt að hann væri búinn að tala svona 100 sinnum í vetur um þingsköp en ekki um þingsköp heldur til þess að misnota þingskapareglur með þessum hætti, þá er kominn tími til fyrir forseta að grípa í taumana. Vegna þess að ef þetta væri allt saman satt að þessir 6, 7, 8 skæruliðar gegn þingsköpum sem hér vaða uppi (Gripið fram í.), ef þeir hefðu rétt fyrir sér, þá væri það satt að segja alveg skuggaleg gagnrýni á störf forseta. Þeir væru alltaf hér uppi um þingsköp, þingsköp, þingsköp sem er þó um það að segja virðulegum forseta eitthvað til verka sem þeir eru að sjálfsögðu ekki að gera. Þeir eru bara að misnota þingsköpin, ganga á lagið, eins og óknyttamenn gjarnan gera í bekk sem er illa siðaður. (**SvG:** Galnir terroristar og óknyttnir.) Nú veit ég það að ég hef ekki rétt til þess, virðulegi forseti, að svara þeim ávirðingum sem bornar voru á mig bæði af hv. þm. Svavari Gestssyni og hv. þm. Páli Péturssyni. (Gripið fram í.) Ég veit það að samkvæmt þingsköpum hef ég það ekki. Þeir eru hins vegar búnir að taka sér þennan rétt í allan vetur svo nemur hundruðum skipta og er nú kominn tími til að þeir láti af því. (**SvG:** Aumingja karlinn.)

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill nú biðja hv. þm. (**Gripið fram í:** Og ráðherra.) um að nota ... (Gripið fram í.) Ráðherrar eru líka þingmenn. Forseti er að tala til þingheims í heild og biður um að þingheimur reyni að gæta orða sinna í hita umræðunnar.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það varðar þingsköp og ekkert annað ef menn misnota aðstöðu sína í umræðu þegar ekki er hægt að svara þeim. Ég get t.d. ekki svarað svívirðingum hæstv. utanrrh. er hann misnotaði þingskapaumræðu til þess að ausa dylgjum og svívirðingum yfir okkur stjórnarandstæðinga, ég get ekki svarað því vegna þess að hér er ég að ræða þingsköp. Þingsköpin eru meingölluð ef það er ekki hægt að fá að svara fyrir sig með tilhlýðilegum hætti og innan ramma þingskapanna og ekki er það síður bagalegt að sitja uppi með þingsköp sem æ ofan í æ reynast vera þannig að ráðherrar eru í aðstöðu til að misnota sér sína aðstöðu með því að nota sína síðustu ræðu í hálftíma utandagskrárumræðu til þess að ausa úr skálum reiði sinnar, geðvonsku og vera með skammir, dylgjur og svívirðingar. Þetta eru einfaldlega þingsköp sem við getum ekki unað við.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér gerist sá atburður æ eftir æ að hæstv. utanrrh. kemur í þennan stól og veitist mjög harkalega að forseta fyrir lélega stjórn á þinginu. Hann heldur því fram að hér séu sjö þingmenn sem lúti engum aga, (**Gripið fram í:** Sjö eða átta.) sjö eða átta sem lúti engum aga frá forsetanum. Þetta séu skæruliðar sem forsetinn hafi enga stjórn á, þetta séu skæruliðar

sem séu að eyðileggja starfið í þinginu. (**Utanrrh.:** Það er rétt.) Sem gamall skólastjóri vil ég benda hæstv. forseta á það ráð að stundum borgar sig að taka þann eina sem stendur fyrir óspektunum alveg sérstaklega fyrir, gefa hinum frí á meðan, og lesa honum svoleiðis pistilinn að hann hugsi um það í næstu daga að það sé betra að standa ekki þannig að ófriði í friðsælli kennslustund.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta langar til að skjóta því hér að að nú finnst henni vera tilefni til þess að minna á það að það vantar farveg annan en þann að ræða gæslu þingskapa þegar mönnum liggur eitthvert tilfinningamál á hjarta eins og hér hefur gerst. Og nú væntir forseti þess að þingflokksformenn taki höndum saman og skoði þingsköpin fyrir næsta þing og athugi hvort við getum ekki lagfært þetta og talað undir réttum formerkjum. Forseti má kannski ekki segja það, en stundum finnst henni forseti vera í hlutverki eldingavara hér í salnum og telur það í raun og veru ekkert eftir sér. Það er hans hlutverk og allt gott með það.

Útbýting þingskjals:

Vegáætlun 1993–1996, 290. mál, brtt. meiri hluta samgn., þskj. 1142.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka forseta fyrir þetta tilboð sem forsetinn hefur gert að fara fram á það við formenn þingflokkanna og aðra forustumenn hér í þinginu að skoða þessi mál fyrir næsta þing og einnig vil ég þakka hæstv. forseta fyrir þessa nýstárlegu lýsingu á hlutverki forseta sem hún flutti hér í ræðustólnum áðan og ég hygg að sé út af fyrir sig rétt þó að það komi hvergi fram í þingskapalögunum sjálfum að forsetinn sé eldingavari.

Hins vegar verð ég að segja það að ég öfunda ekki þá menn sem munu taka að sér það hlutverk að finna farveg fyrir tilfinningar þingmanna í þingskapalögunum nýju við endurskoðun þeirra. Sérstaklega þætti mér fróðlegt að vita hvernig menn ætluðu að leysa það innan þingskapanna að koma fyrir þeim mönnum sem eru að sögn utanrrh. skæruliðar eða „terroristar" eða galnir „terroristar" og skæruliðar nema allt sé í senn. Þar er mikill vandi a höndum. Og í alvöru talað held ég að þetta sé ekki þingskapaefni. Ég held að hæstv. utanrrh. þurfi að skoða sinn eigin hug og tilfinningar gagnvart þessari stofnun. Mér sýnist að þar þurfi sérstaklega að finna nýjan farveg, það sé ekki lagaefni.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Fyrir svona tveimur þingum síðan gat ég með sannindum sagt að það væri afar fátítt að ég kveddi mér hljóðs um þingsköp. Ég held að ég hafi verið á þingi í átta ár og gert það þá tvisvar sinnum. Og þó ég hafi ekki langa þingreynslu, þá veit ég það að þessi ósiður einstakra þingmanna að halda þinginu við eilífar ásakanir um brot á settum fundarsköpum hefur farið mjög í vöxt. Menn hafa gengið á lagið af því að á þessu hefur ekki verið tekið. Þetta hafa menn hér kallað einhverja gagnrýni á virðulegan forseta. Ég vil taka það fram að samúð mín er með forseta því að það er vissulega svo að þegar helstu forustumenn þingflokka í stjórnarandstöððu gera þetta að starfsstíl sínum, þá er forseta náttúrlega mikill vandi á höndum.

Nú fór aldrei nema svo hér að umræðan varð allt í einu um þingsköp, þ.e. hér talaði einn hv. þm., fulltrúi Kvennalistans og sagði að þetta væru bara hin verstu þingsköp. Aðrir eru farnir að ræða það hvort unnt sé að breyta þingsköpum á þann veg að þessir ósiðir verði aflagðir vegna þess að það fer ekkert á milli mála að þetta eru ósiðir og þetta eru ólög. Svona starfa ekki þing. Þing starfa um dagskrárefni en eru ekki dag hvern frá viku til viku og mánuði til mánðar með upphlaup utan dagskrár um þingsköp sem þýðir að hv. þm. eru að gera athugasemdir við fundarstjórn forseta. (Gripið fram í.) Og menn geta bara litið ... (**ÓÞÞ:** Hvaða dagskrárliður er þetta?) Sko, það er byrjað, það er byrjað. (**ÓÞÞ:** Hvað heitir dagskrárliðurinn?) Þessir hinir sömu menn eiga svo bágt með að hlusta á andstæð sjónarmið að það er með ólíkindum. Þeir geta ekki setið kyrrir, þannig að það eru eilíf frammíköll. (Gripið fram í.) Það eru nokkrir menn sem stunda það líka, algerlega kerfisbundið.

Nú er það svo að ef menn vilja í alvöru íhuga starfshætti þjóðþinga, þá vita menn það að ósiðir af þessu tagi eru ekki stundaðir í þjóðþingum. (Gripið fram í.) Farið bara yfir það hvernig þjóðþing starfa og hvernig þeim er stjórnað. Það að einn virðulegur þingmaður sem er forustumaður í stjórnmálaflokki, fyrrv. ráðherra og þaulreyndur maður skuli hafa talað yfir hundrað sinnum um þingsköp á einu þingi, er auðvitað alveg með ólíkindum. Það er að sjálfsögðu misnotkun. Það getur ekki verið að hv. þm. hafi þurft svo oft að vanda um við forseta. En ef þessi umræða hefur orðið til þess að menn vilja hugleiða það í alvöru hvaða breytingar þurfi að gera hér á þingsköpum til þess að þingstörf geti farið fram með eðlilegum hætti, þá er vel.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég er ekki frá því að hæstv. utanrrh. hafi hlustað dálítið lauslega á orð mín hér áðan og ég vil taka það skýrt fram að ég tel þann þátt þingskapa ónothæfan sem hann hefur misnotað.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég er nú ekki ein af þeim sem oft tala hér um þingsköp, en ég vil vara hæstv. utanrrh. við að bera mikið saman þjóðþingið okkar og erlend þjóðþing. Þar er ærið mikið margt öðruvísi og til þess að fríska aðeins upp á skammtímaminni hæstv. ráðherra (**Gripið fram í:** Hann hlustar ekki.) vil ég nefna nýliðinn atburð vegna þeirrar umræðu sem hér fór fram áðan.

Maður heitir Björn Engholm, sósíaldemókrati í Þýskalandi. Honum varð það á að leyna vitneskju sinni um róginn um sjálfan sig viku lengur en ætlað var og

hefur nú orðið að segja af sér þó hann væri kanslaraefni sósíaldemókrata í Þýskalandi. Þar í landi er nefnilega ekki liðið að neinn ráðherra leyni þjóðþingið upplýsingum. Þannig er svo margt öðruvísi í útlandinu en hérna.

Hæstv. forseti. Því kom ég hér í stólinn að fram af hv. þm. hlýtur að vera gengið eftir þá umræðu sem hér hefur átt sér stað. Við erum hér að reyna að ljúka þingi. Við vinnum hér nefndastörf myrkranna á milli og mér er næst í sinni að skora á hv. þm. stjórnarandstöðunnar, þessa hálfgölnu menn, óknyttafólk og skæruliða að leggja þessi störf niður og leyfa virðulegum meiri hluta þessa þjóðþings að ljúka þessu þingi í friði fyrir okkur. Það gengur fram úr öllu að voga sér að ávarpa þingheim á þennan hátt. Ég vil biðja hæstv. forseta að gera nú hlé á þessum fundi og reyna að komast að einhverri niðurstöðu um það hvort við eigum að sitja hér undir orðbragði á borð við þetta. Þetta vildi ég sagt hafa, en vil minna hæstv. utanrrh. á að varast að bera verklag sitt saman við þjóðþing annarra ríkja.

Stefán Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það var athyglisverð ræða sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir flutti hér og ekki skal ég stofna hér frekari deilna og hef ekki gert það hér mikið í dag. En athyglisverð hafa mér fundist orð hæstv. utanrrh. um þörfina á því að breyta hér þingsköpum vegna þess hversu menn hafa beitt þeim og nota þann rétt sem þeir eiga.

Ég ætla ekki að gerast dómari í því en það hefur ekki farið fram hjá mér né öðrum að hér hefur staðið aðeins álengdar einn ágætur þingmaður og núv. ráðherra, Halldór Blöndal. Vegna þess að ég veit að hann hefur fylgst grannt með þessum umræðum, þá langar mig til að biðja hann að koma hér örskamma stund, vegna þess að hann hefur satt best að segja ekki tafið þingið mikið í vetur úr þessum ræðustól, og fá aðeins álit hæstv. ráðherra á þessum þingsköpum. Hvort hann sé orðinn á þeirri skömu skoðun og hæstv. utanrrh. að þetta sé bara orðið hið versta mál að menn tali um þingsköp. Það er maður með reynslu í þessu, Halldór Blöndal.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill upplýsa það að hér stendur til að taka öll mál sem eftir er að afgreiða af dagskránni og setja nýjan fund og leita afbrigða um að mál sem þar verða megi koma á dagskrá og til umræðu. Forseta þætti vænt um ef hægt væri að framkvæma þessi verk í góðri sátt hér í þingsalnum. (**PP:** Um þingsköp.) Samkvæmt þingsköpum getur forseti alls ekki neitað mönnum um að tala um þingsköp og nú tekur hv. 1. þm. Norðurl. v. til máls um gæslu þingskapa.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Eina erindi mitt hér er að segja frá því að ég tel ekki eftir mér að verða við tilmælum forseta um að endurskoða þingsköpin og það sem þarf að gera er að skipuleggja hvernig bregðast skuli við þegar ráðherra í krafti þess að umræðutími er búinn bregður á það ráð að fara að sparka í þingheim. Það er það sem vantar. Ef ráðherrar kynnu mannasiði, ef ráðherrar misnotuðu ekki aðstöðu sína, þá væri hér ekkert talað um þingsköp.

Út af dagskrá voru tekin 1., 10. og 14.–39. dagskrármál.

Fundi slitið kl. 6.47 síðdegis.

---

173. FUNDUR

fimmtudaginn 6. maí,
að loknum 172. fundi.

Dagskrá:

1. Skaðabótalög, stjfrv., 326. mál, þskj. 596. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 444. mál, þskj. 1202. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Alþjóðleg samvinna um fullnustu refsidóma, stjfrv., 450. mál, þskj. 1203. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Almenn hegningarlög, stjfrv., 449. mál, þskj. 775. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Framhaldsskólar, stjfrv., 397. mál, þskj. 1205. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
6. Útvarpslög, stjfrv., 305. mál, þskj. 1206, brtt. 1107. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
7. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, stjfrv., 557. mál, þskj. 924, nál. 1087, brtt. 1088. — 2. umr.
8. Menningarsjóður, stjfrv., 306. mál, þskj. 475, nál. 1093 og 1109, brtt. 1094. — 2. umr.
9. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 276. mál, þskj. 1116, frhnál. 1185. — 3. umr.
10. Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, stjfrv., 406. mál, þskj. 700, nál. 1056, brtt. 1057. — 2. umr.
11. Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, stjtill., 232. mál, þskj. 289, nál, 1079, brtt. 1080. — Síðari umr.
12. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 515. mál, þskj. 872, nál. 1122, brtt. 1123. — 2. umr.
13. Reynslusveitarfélög, stjtill., 516. mál, þskj. 873, nál. 1124. — Síðari umr.
14. Framkvæmd útboða, stjfrv., 363. mál, þskj. 643, nál, 1101, brtt. 1106. — 2. umr.
15. Samvinnufélög, stjfrv., 364. mál, þskj. 644, nál. 1102, brtt. 1103. — 2. umr.
16. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 548. mál, þskj. 908, nál. 1105. — 2. umr.

17. Norræni fjárfestingarbankinn, stjfrv., 454. mál, þskj. 790, nál. 1104. — 2. umr.
18. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 231. mál, þskj. 288, nál. 1131. — 2. umr.
19. Aðgerðir gegn peningaþvætti, stjfrv., 210. mál, þskj. 251, nál. 1134, brtt. 1132. — 2. umr.
20. Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, stjfrv., 34. mál, þskj. 35, nál. 1135, brtt. 1136. — 2. umr.
21. Vegalög, stjfrv., 553. mál, þskj. 918, nál. 1077. — 2. umr.
22. Fjármögnun samgöngumannvirkja, þáltill., 104. mál, þskj. 122, nál. 1081, brtt. 1082. — Síðari umr.
23. Hafnalög, stjfrv., 191. mál, þskj. 222, nál. 1095 og 1173, brtt. 1096. — 2. umr.
24. Áburðarverksmiðja ríkisins, stjfrv., 238. mál, þskj. 307, nál. 1108 og 1110, brtt. 1121. — 2. umr.
25. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 504. mál, þskj. 856, nál. 1133, brtt. 1125. — 2. umr.
26. Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, stjfrv., 25. mál, þskj. 25, nál. 1083, brtt. 1084. — 2. umr.
27. Samningur um verndun villtra plantna og dýra í Evrópu, stjtill., 533. mál, þskj. 891, nál. 1111. — Síðari umr.
28. Samþykkt um votlendi, stjtill., 534. mál, þskj. 892. nál. 1112. — Síðari umr.
29. Alþjóðasamningur um viðbúnað gegn olíumengun, stjtill., 535. mál, þskj. 893, nál. 1113. — Síðari umr.
30. Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, stjtill., 536. mál, þskj. 894, nál. 1114. — Síðari umr.
31. Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands, stjtill., 567. mál, þskj. 934, nál. 1127. — Síðari umr.
32. Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels, stjtill., 566. mál, þskj. 933, nál. 1128. — Síðari umr.
33. Umhverfismat, stjfrv., 80. mál, þskj. 87, nál. 1139, brtt. 1140. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
34. Staða brotaþola við meðferð kynferðisbrotamála, þáltill., 458. mál, þskj. 794, nál. 1143. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*
35. Lögheimili, frv., 188. mál, þskj. 218, nál. 1144, brtt. 1145. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
36. Fræðslustörf um gigtsjúkdóma, þáltill., 225. mál, þskj. 273, nál. 1146. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*
37. Réttarstaða barna með krabbamein, þáltill., 505. mál, þskj. 857, nál. 1147. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*
38. Almannatryggingar, frv., 587. mál, þskj. 1148. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
39. Ríkisreikningur 1990, stjfrv., 243. mál, þskj. 312, nál. 1151. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
40. Rannsóknir og þróun fiskeldis fram til aldamóta, þáltill., 351. mál, þskj. 630, nál. 1152, brtt. 1153. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*
41. Íbúðaverð á landsbyggðinni, þáltill., 139. mál, þskj. 160, nál. 1154. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*
42. Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, þáltill., 132. mál, þskj. 152, nál. 1158. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*
43. Vegáætlun 1993–1996, stjtill., 290. mál, þskj. 422, nál. 1141 og 1159, brtt. 1142. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*
44. Fuglaveiðar og fuglafriðun, stjfrv., 146. mál, þskj. 167, nál. 1169, brtt. 1170. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
45. Skipulagslög, stjfrv., 455. mál, þskj. 791, nál. 1171, brtt. 1172. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
46. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 541. mál, þskj. 899, nál. 1174. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
47. Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, stjfrv., 2. mál, þskj. 2, nál. 269, frhnál. 1175, brtt. 270 og 1178. — Frh. 2. umr. *Ef leyft verður.*
48. Hönnunarvernd, stjfrv., 212. mál, þskj. 253, nál. 1179, brtt. 1180. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
49. Jöfnunartollur á skipasmíðaverkefni, þáltill., 88. mál, þskj. 98, nál. 1181. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*
50. Aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtaka ríkisstofnana, þáltill., 158. mál, þskj. 180, nál. 1182, brtt. 1183. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*
51. Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frv., 127. mál, þskj. 147, nál. 1184. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:
Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þannig háttar til með þá dagskrá sem nú hefur verið útbýtt að leita þarf afbrigða um nokkuð mörg dagskrármálin. Í fyrsta lagi þarf að leita afbrigða um að 38. dagskrármálið megi koma á dagskrá þar sem það er of seint fram komið. Verður nú þeirra afbrigða leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. var of seint fram komið. — Samþykkt með 42 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓE, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

21 þm. (EgJ, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JGS, JónS, JVK, KSG, LMR, MF, PJ, RA, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, SJS, VS, ÞurP) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Mér er að sjálfsögðu ljúft að greiða atkvæði með afbrigðum og stuðla að því að

þingstörf megi fara fram með sem greiðustum hætti þrátt fyrir það að hafa verið kallaður hér áðan bæði óknyttadrengur, skæruliði og galinn af hæstv. utanrrh. og formanni Alþfl. sem einnig lýsti því yfir að undirritaður hefði beðið um orðið um þingsköp hundrað sinnum á þessu þingi sem er einnig rangt hjá honum. Ég vænti þess að hæstv. utanrrh. telji sig ekki of góðan til þess að verða í samfloti með mér í þessari atkvæðagreiðslu og til öryggis ætla ég að segja honum að ég ætla að samþykkja afbrigðin. Ég vona að hann treysti sér til þess að slást í för með „terroristum", óknyttadrengjum, skæruliðum og gölnu fólki.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þannig háttar til með fjölmörg mál á þessari dagskrá að of skammt er liðið ýmist frá 2. umr., fyrri umr. eða útbýtingu nál. og brtt. og þarf því einnig að leita afbrigða um að þau megi koma á dagskrá.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá síðustu umræðu eða útbýtingu. — Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JónS, JVK, KSG, MF, PJ, RA, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS, ÞurP) fjarstaddir. — [Fundarhlé.]

Skaðabótalög, 3. umr.

Stjfrv., 326. mál. — Þskj. 596.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Í þessu viðamikla máli hefur því miður ekki farið fram mikil umræða og fjarri því að vera svo sem málið gefur tilefni til að rætt sé svo sem vert er þær breytingar sem um er að ræða. Mér sýnist að einungis hafi örfáir alþingismenn tekið til máls í málinu, líklega einir þrír, og mælt fyrir niðurstöðu sinni um þetta mál án þess að nokkuð frekar hafi komið fram um þær ábendingar sem nefndin fékk um málið. Og til þess að halda því til haga af ábendingum sem fram hafa komið í málinu upp á síðari tíma þykir mér rétt að kynna örfá atriði sem fram komu í umsögnum þannig að menn viti af þeim og geti haft þær til hliðsjónar á næstunni þegar frv. þetta, sem væntanlega verður að lögum mjög fljótlega, verður komið til framkvæmda.

Ég vil nefna í fyrsta lagi athugasemd sem Jafnréttisráð gerði á síðasta ári við það frv. sem þá lá fyrir og fjallar um bætur til maka eða sambúðarmaka vegna missis framfæranda. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á þessari grein á milli frumvarpa eru ekki slíkar að þær breyti efnisatriðum ábendingar Jafnréttisráðs og er það skaði að lagatextinn skuli ekki taka betur á þessu atriði. Að nokkru leyti er komið til móts við þetta í athugasemdum við 13. gr. í núverandi frv. en fjarri því að vera nægjanlegt.

Athugasemd Jafnréttisráðs sem lögð var fram með bréfi, dags. 30. apríl á síðasta ári er svohljóðandi, með leyfi forseta, hvað varðar 13. gr. frv.:

Hér er fjallað um bætur til maka eða sambúðarmaka vegna missis framfæranda. Framkvæmd þessarar greinar gæti valdið vafa þar sem ekki er útskýrt hvað átt er við með hugtakinu „framfærandi". Spyrja má hvort eingöngu sé átt við þann sem aflar allra tekna heimilisins eða hvort sá sem er í hlutastarfi telst framfærandinn. Þetta þyrfti að skýra nánar.

Enn fremur skal á það bent að í grein þessari er talað um sambúðarmaka og samkvæmt greinargerð er vikið frá skilgreiningu 52. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, varðandi hugtakið „óvígð sambúð". Þar er það skilyrði þess að óvígð sambúð teljist hafa stofnast að aðilar hafi verið tvö ár í sambúð eða að þau eigi barn saman. Þessi skilyrði eru ekki gerð skv. 13. gr. en í greinargerð segir að það sem hér skipti máli sé hvort sambúð hins látna og bótakrefjanda á þeim tíma er tjón bar að höndum hafi verið þess eðlis að rök séu til að jafna henni til hjúskapar. Þetta verður að teljast bagalegt þar sem þetta eykur enn á þá óvissu sem er til staðar varðandi hugtakið „óvígð sambúð." Er brýnt að hugtakið „óvígð sambúð" verði skilgreint þannig að samræmi sé í allri löggjöf svo að sambúðarmakar átti sig á réttarstöðu sinni.

Þetta er þörf ábending frá Jafnréttisráði varðandi 13. gr. frv. og þrátt fyrir að textinn í athugasemdum við 13. gr. hafi lengst og breyst nokkuð á milli frumvarpa er engu að síður kjarni málsins sá að í greinargerð segir, með leyfi forseta, að það sem sköpum skipti í þessu efni sé hvort sambúð hins látna og bótakrefjanda á þeim tíma er tjón bar að höndum hafi verið þess eðlis að rök séu til að jafna henni til hjúskapar. Þannig að enn halda menn sig við það orðalag sem Jafnréttisráð gerði athugasemdir við á síðasta ári.

Þetta vildi ég að kæmi fram, virðulegi forseti, þannig að menn vissu af þessari athugasemd og gætu í framhaldi af þessu frv. fylgst með málinu og jafnvel komið með nauðsynlegar lagfæringar á lögunum svo fljótt sem verða má.

Ekki er nú ástæða til að fjölyrða um öll atriði sem fram komu í umsögnum og mun ég aðeins víkja að örfáum. Ég vil nefna helstu atriði sem Lögmannafélag Íslands gerði athugasemdir við sérstaklega í bréfi dags. 22. mars sl. Þar nefna þeir í Lögmannafélagi Íslands í fyrsta lagi það atriði að ekki sé gert ráð fyrir bótum fyrir varanlegan miska þegar hann er metinn minna en 5%. Í athugasemd þeirra við þetta atriði segir að ekki verði séð að nein rök séu til að fella alveg niður bætur í svona tilvikum og er það áreiðanlega ekki í samræmi við réttarvitund manna, eins og segir í athugasemd Lögmannafélagsins um þetta atriði.

Þá gerir Lögmannafélagið athugasemd við 6. gr. frv. sem kveður á um hvernig bætur skulu metnar til fjár-

hæðar. Þar kemur fram að miða skal við 7,5-föld árslaun tjónþola, sbr. 7. gr., margfölduðu með örorkustigi og er breyting frá frv. í fyrra en þar var miðað við sexföld árslaun. Með þessu er verið að búa til reiknireglu fyrir útreikning á örorkutjóni sem á að koma í staðinn fyrir núgildandi reglur. Lögmannafélagið gerir í sjálfu sér ekki athugasemd við að slík reiknisregla sé búin til en bendir á að slík regla verði að hafa það meginmarkmið að bæta raunverulegt fjártjón á grundvelli þeirra gagna sem frv. gerir ráð fyrir. Enn fremur benda þeir á að reiknireglan með þessari 7,5-földu árslaunum feli í sér verulega lækkun bóta frá því sem vera mundi með núverandi aðferðum, þ.e. aðferðum sem miða að því að reikna út raunverulegt tjón þó fullt tillit sé tekið til þess að nú á ekki að draga frá greiðslur frá þriðja manni. Þetta er athyglisverð ábending frá Lögmannafélagi Íslands, þar sem bent er á að bætur munu lækka og settar eru fram efasemdir um grundvöllinn á þessari formúlu.

Þá gerir Lögmannafélagið athugasemd við 7. gr. frv. þar sem áætlað er að miða útreikning tjóns við tekjur næstliðins árs fyrir þann dag er tjón varð. Þarna er verið að taka upp nýja reglu í stað þess sem notað hefur verið fram til þessa, að miða við meðaltekjuöflun þriggja síðustu ára. Í athugasemd Lögmannafélagsins segir, með leyfi forseta:

„Ætla verður að hinar hefðbundnu aðferðir feli í sér betri mælikvarða um tekjuöflunarhæfi þar sem miðað er við lengra tímabil auk þess sem gagnaöflun kann í einstökum tilvikum að verða erfiðari þegar hætt er að nota skattframatalstekjur en farið að nota tekjur næstliðins árs."

Ég get tekið undir þessar ábendingar Lögmannafélags Íslands. Ég tel að þær séu rökstuddar nokkuð vel og menn verði að íhuga þær vandlega.

Þá gerir Lögmannafélagið alvarlegar athugasemdir við ákvæði 8. gr. frv. en þar er gert ráð fyrir að örorkubætur til barna og tjónþola „...sem að verulegu leyti nýta vinnugetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur, skal ákvarða á grundvelli miskastigs samkvæmt 4. gr." og bætur ákveðast „sem hundraðshluti af bótum fyrir varanlegan miska ..." Í umsögn Lögmannafélagsins segir, með leyfi forseta, um þetta atriði:

„Ekki verður séð hvaða rök mæli með því að miða örorkubætur til þessara tjónþola við reglur um miska. Hér sýnist mega meta örorkustig á sama hátt og hjá öðrum tjónþolum og miða svo bætur við meðallaun á svipaðan hátt og gert hefur verið. Festa má í lögin viðmiðanir fyrir heimilisstörf."

Þetta eru helstu atriðin sem Lögmannafélag Íslands hafði að athuga við þetta frv. sem hér er komið til 3. og síðustu umræðu og ekki er ágreiningur um að afgreitt verði á yfirstandandi þingi. En ég tel rétt þar sem þessar athugasemdir hafa ekki komið fram í umræðum að hreyfa við þeim hér svo þingheimur hafi vitneskju um þessar ábendingar og menn séu meðvitaðir um að þær hafi verið lagðar fram.

Þá vil ég geta umsagnar frá Læknafélagi Íslands sem barst 27. apríl eða aðeins daginn áður en frv. var tekið út úr nefnd. Samkvæmt því sem fram kemur í bréfinu hefur verið rækilega fjallað um þetta frv. í stjórn Læknafélags Íslands og þau atriði sem stjórnin bendir á að taka til athugunar við endanlegan frágang og síðar afgreiðslu frv. eru eftirfarandi:

Það er fyrst breytingin sem er gerð í frv. um mat á líkamstjóni. Ég vil leyfa mér að vitna til þess í bréfinu, með leyfi forseta:

„Eftir líkamstjón hafa einstaklingar hlotið mat sem nefnt hefur verið annars vegar tímabundin örorka og hins vegar, ef ástæða hefur orðið til, varanleg örorka. Í fyrra tilvikinu er tekið tillit til atvinnutaps eða atvinnutjóns og þar með eftir atvikum tekjumissis en jafnframt til þjáninga. Eftir þessu hefur farið mishátt og mislangvarandi örorkustig en tímabundið þó. Ekki er sýnt fram á það með rökum að þessi háttur hafi ekki fullnægt því skilyrði að meta í senn og sem næst réttu fjárhagsskaða tímabundið og þjáningar tímabundið. Því verður ekki séð að horfi til neinna bóta að kveða á sérstaklega um tímabundið atvinnutjón sbr. 2. gr. frv. og um þjáningar sbr. 3. gr. frv. og vafasamt er þrátt fyrir einföldun að staðla bætur og þá m.a. eftir því hvort einhver er þjáður á fótum eða rúmliggjandi."

Þá segir í athugasemd Læknafélagsins sem ég tel rétt að komi fram hér í umræðunni, með leyfi forseta:

„Þegar einstaklingur nær ekki fullum bata eftir líkamstjón kemur að lokum eftir núgildandi reglum til varanlegs örorkumats. Slíkt mat rétt eins og hið tímabundna getur aldrei með nokkrum rétti verið annað en læknisfræðilegt. Hin læknisfræðilega varanlega örorka tekur bæði tillit til þess sem nú er kallað varanlegur miski sem og til þess sem nú er skilgreint sem örorka eftir frv., þ.e varanleg skerðing á getu til að afla vinnutekna."

Þá kemur einnig fram að Læknafélagið gerir athugasemd við svonefnda örorkunefnd. Þeir telja hana óþarft fyrirbrigði og gera reyndar alvarlegar athugasemdir við það sem fram kemur í frv. í athugasemd við 10. gr. frv., að horfið verði frá því mati sem í aðalatriðum er talið læknisfræðilegt og í stað þess komi svonefnt fjárhagslegt örorkumat. Þetta telja læknar ekki geta verið rökrétta hugsun.

Að öðru leyti tíunda ég ekki athugasemdir Læknafélags Íslands, en þetta eru helstu atriði sem stjórn þess félags leggur áherslu á að verði skoðuð frekar.

Þá hafa komið fleiri umsagnir með mismunandi athugasemdum við efni frv. en ég tel að ég hafi komið á framfæri þeim helstu og alvarlegustu sem á hefur verið bent. Ég tek undir það að menn eigi að gæta sín í þessum efnum, taka fullt tillit til þessara athugasemda. Þrátt fyrir það að menn staðfesti þetta frv. eins og margir hvetja til og ég tel rétt að gert verði, þá má ekki horfa fram hjá þeim hnökrum sem er að finna á þessu frv. og kemur m.a. fram í minnihlutaáliti hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 444. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 1202.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðleg samvinna um fullnustu refsidóma, 3. umr.

Stjfrv., 450. mál. — Þskj. 1203.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 449. mál (refsidómar í öðru ríki). — Þskj. 775.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útvarpslög, 3. umr.

Stjfrv., 305. mál (EES-reglur). — Þskj. 1206.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Við 2. umr. þessa máls flutti ég þrjár litlar brtt. við þetta frv. sem er nú annars samkomulagsmál. Það er í fyrsta lagi brtt. sem lýtur að þýðingarskyldunni og spurningunni um það hvort tiltekinn málsliður 4. gr. þýddi að unnt væri í einhverjum tilvikum að víkja frá þýðingarskyldunni. Svar hæstv. menntmrh. var á þá leið að ekki væri um það að ræða heldur fjölluðu þessi tilteknu orð, eftir því sem kostur er, fyrst og fremst um það hvernig þýðingarskyldunni yrði háttað. Viðkomandi stofnanir gætu sem sagt gert það upp við sig og ákveðið hverju sinni þegar um væri að ræða viðstöðulaust sjónvarp um gervihnetti.

Í öðru lagi gerði ég grein fyrir hugmyndum varðandi sérstaka eftirfylgni með því hvernig stöðvarnar sinna þeirri lagaskyldu að flytja texta sína á lýtalausu íslensku máli. Í þriðja lagi gerði ég ráð fyrir því að sett yrði inn í útvarpslögin ákvæði varðandi það að allt tal og textar í auglýsingum væri á íslensku máli.

Hæstv. menntmrh. gaf mjög ótvíræðar yfirlýsingar um tvo fyrstu þættina þannig að ég tel þarflaust að halda þeim til haga og mun ekki endurflytja brtt. um það efni.

Varðandi það að allt tal og texti skuli vera á íslensku í auglýsingum, þá er það í rauninni einnig þarflaust vegna þess að í nýju samkeppnislögunum, eins og þau voru samþykkt núna fyrir nokkrum dögum, er ákvæði um þetta efni sem ég hygg að dugi. (**Gripið fram í:** Það eru nokkrir mánuðir síðan.) Nokkrir mánuðir síðan, segir hv. 18. þm. Reykv. sem er í efh.- og viðskn. og þekkir þá sögu eins og aðra sögu. Þess vegna tel ég ekki þörf á því út af fyrir sig að halda því til haga á þessu stigi málsins.

Ég vil hér við 3. umr., virðulegi forseti, ítreka það sem ég sagði við 2. umr. Ég tel nauðsynlegt að við þessi kaflaskil í útvarpslagamálinu þá beiti menntmrh. sér fyrir því að við framhaldsmeðferð málsins, endurskoðun útvarpslaga, verði kallaðir til fulltrúar fleiri pólitískra sjónarmiða en hafa unnið að málinu til þessa, þó svo að ekki sé hægt að neita því að allvel hafi verið staðið að málinu af hálfu hv. 5. þm. Norðurl. e. eins og hann hefur haldið á þessu, bæði sem framsögumaður hér í dag og sem formaður þessarar sérstöku útvarpslaganefndar.

Engu að síður heiti ég á hæstv. ráðherra að halda þannig á málum að fleiri pólitísk sjónarmið verði kölluð til við framhaldsmeðferð þessa máls.

Við 2. umr. málsins lagði ég fyrir hæstv. menntmrh. allmargar spurningar um Ríkisútvarpið og einnig kom þá fram mjög eindregin gagnrýni frá mér og fleiri hv. þm. varðandi þær árásir sem Ríkisútvarpið hefur setið undir að undanförnu. Ég tel að nauðsynlegt sé að nefna það hér og halda því til haga að þær árásir eru gagnrýniverðar og það ber að stuðla að því að sem bestur friður og sem best sátt náist um Ríkisútvarpið og þessi útvarpslög yfirleitt. Ég komst þannig að orði við 2. umr. og ætla að endurtaka það, menntmrh. á aldrei, hver sem hann er, að beita Ríkisútvarpið ofríki af neinu tagi.

Eftir að hafa sagt þetta tel ég ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál frekar við 3. umr., hæstv. forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, 2. umr.

Stjfrv., 557. mál (heildarlög). — Þskj. 924, nál. 1087, brtt. 1088.

Frsm. menntmn. (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir hönd allrar nefndarinnar. Hún hefur skilað sameiginlegu nál. á þskj. 1087 um þetta frv. til laga um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála. Ég ætla að lesa álitið með leyfi herra forseta:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Guðríði Sigurðardóttur, ráðuneytisstjóra í menntmrn., Þórólf Þórlindsson prófessor, forstöðumann Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála, Eggert Lárusson, formann Hins ís-

lenska kennarafélags, Eirík Jónsson, varaformann Kennarasambands Íslands, og Birnu Sigurjónsdóttur, formann skólaráðs Kennarasambands Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj., 1088, en brtt. nefndarinnar eru eftirfarandi:

1. Við 1. gr. er gerð sú breyting að kveðið er á um að Rannsóknastofnunin skuli vera vísindaleg stofnun svo sem er í gildandi lögum.

2. Við 4. gr. eru gerðar þrjár breytingar. Fyrsta breytingin er við 1. tölul. 4. gr. er lýtur að samningu samræmdra prófa og könnunarprófa og felur í sér að felldar eru á brott tilvísanir til skólastiga. Það er gert með hliðsjón af því að enn liggur ekki fyrir hvort tekin verða upp samræmd próf á framhaldsskólastigi. Hins vegar felst ekki í breytingunni tillaga um að leggja af samræmd próf á grunnskólastigi.

Önnur breytingin er við 4. tölul. 4. gr. og er gerð til að taka af öll tvímæli um að ráðgjöf stofnunarinnar fyrir menntmrh. sé ekki bundin við breytingar á aðalnámsskrá grunn- og framhaldsskóla heldur veiti stofnunin almenna ráðgjöf um þessa námsskrá.

Þriðja breytingin er einnig við 4. tölul. 4. gr. og felur í sér lagfæringu á málfari.

3. Við 5. gr. eru gerðar tvær breytingar. Fyrri breytingin felur í sér að felld eru brott ákvæði um að forstöðumaður stofnunarinnar skuli ráðinn samkvæmt samningi við menntmrh. Þykir ákvæðið óþarfti. Síðari breytingin felur í sér að forstöðumaður ráði starfsmenn stofnunarinnar án þess að til þurfi að koma samþykki ráðherra og er gerð til að samræmi sé við 1. gr. frv. þar sem kveðið er á um sjálfstæði stofnunarinnar.

4. Við 7. gr. eru gerðar breytingar á skipan ráðgjafanefndarinnar. Í fyrsta lagi er kveðið á um að Kennarasamband Íslands og Hið íslenska kennarafélag *tilnefni sameiginlega tvo fulltrúa í nefndina og skal* annar þeirra vera grunnskólakennari og hinn framhaldsskólakennari, en félagsmenn í HÍK stunda margir kennslu í grunnskóla og félagsmenn KÍ í framhaldsskólum. Þá er fellt brott ákvæði um að rektorar Háskóla Íslands, Háskóla Akureyrar og Kennaraháskóla Íslands skuli sitja í nefndinni og gerð tillaga um að þessum skólum sé veitt sjálfdæmi um hverja þeir tilnefni í nefndina. Nokkur umræða varð um það hvort að aðrir skólar á háskólastigi skyldu sameiginlega tilnefna fulltrúa í nefndina, í stað þess að einskorða tilnefninguna við áðurgreinda þrjá skóla, en við nánari athugun var það ekki talið rétt og m.a. haft í huga að þessir þrír skólar eru þeir sem einkum sinna kennaramenntun á Íslandi."

Undir þetta rita 4. maí sl. Sigríður A. Þórðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Svavar Gestsson með fyrirvara, Björn Bjarnason, Kristín Ástgeirsdóttir, Tómas Ingi Olrich, Valgerður Sverrisdóttir, Ólafur Þ. Þórðarson og Árni Johnsen.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég skrifa undir álit menntmn. um þetta mál með fyrirvara og fyrirvari minn lýtur að því að á síðasta ári ákvað menntmrn. að flytja prófagerðina í grunnskólum inn í rannsóknastofnun uppeldismála. Það var ákveðið án sérstakrar lagaheimildar en þó má auðvitað segja að menntmrh. hafi haft fulla heimild til þess að gera það. Þegar farið var að vinna í þessum prófum og prófagerð við Rannsóknastofnun uppeldismála kom í ljós að vinnubrögðin leiddu til töluverðrar gagnrýni frá kennarasamtökunum. Það var talið að staðið væri að málum með þeim hætti að ekki væri leitað faglegrar ráðgjafa kennara eins og skylt er að gera þegar verið er að undirbúa próf heldur yrðu þeir sem sömdu prófin að sæta í raun og veru ákvörðunum eins manns sem hefði úrslitaáhrif við prófagerðina.

Síðan var gengið í það, ekki síst fyrir tilstuðlan kennaranna, að reyna að bæta samskiptin innan þessarar stofnunar, milli hennar og annarra aðila. Út af fyrir sig má segja að það hafi að mörgu leyti tekist allvel þó svo að skiptar skoðanir séu hins vegar um samræmdu prófin eins og þau voru lögð fyrir í vor í fyrsta sinn samkvæmt þessum nýju aðferðum.

Nú er það hins vegar svo að hæstv. menntmrh. hefur tekið ákvörðun um að flytja samræmdu prófin til Rannsóknastofnunar uppeldismála. Þó að það geti verið umdeilanleg ákvörðun þá tel ég að miðað við þann pólitíska vilja ráðherrans sé í raun og veru ekkert annað að gera en að reyna að búa sem best um það í lögum eða eins vel og kostur er. Það er þess vegna sem ég fyrir mitt leyti stend að því að samþykkja þetta frv., en fyrirvari minn lýtur að því að þarna er að sumu leyti verið að blanda saman óskyldum verkefnum í þessari mikilvægu stofnun.

Rannsóknastofnun uppeldismála á að vera vísindaleg rannsóknastofnun, það er hennar hlutverk númer eitt og það er dálítið sérkennilegt að rannsóknastofnun *annist líka tiltekinn framkvæmdaþátt*, þ.e. prófin sem slík. Rannsóknastofnunin semur prófin eftir þessum hugmyndum og hún leggur líka mat á þau. Auðvitað væri hugsanlegt að slíta þetta í sundur þannig að einhver einn aðilinn semdi prófin og annar annaðist matið, þ.e. rannsóknastofnunin, því það er auðvitað skylt rannsóknaþætti málsins. Menn hafa ekki viljað fallast á það og með hliðsjón af þeim vilja, sem ég tel út af fyrir sig ástæðu til að gagnrýna með vissum hætti, þá tel ég að það sé ekkert annað að gera en að fallast á að setja ný lög um stofnunina þar sem gengið er frá fyrirkomulagi þessara mála í einstökum atriðum.

Varðandi einstakar breytingar sem hv. menntmn. hefur gert á frv. sem eru á þskj. 1988 þá tel ég þær allar vera til verulegra bóta. Ég tel t.d. að sú breyting sem gerð er við 7. gr. varðandi skipun ráðgjafarnefndarinnar sé mjög til bóta. Ég tel einnig að það sé til mikilla bóta í þessu frv., eins og það kom frá menntmrh., að *gert er ráð fyrir* að þetta sé ráðgjafarnefnd Rannsóknastofnunar uppeldismála en ekki stjórn eins og hefur verið. Ég tel að það hafi verið óskynsamlegt fyrirkomulag að vera með stjórn þessarar stofnunar með fulltrúum þeirra aðila sem stofnunin átti svo að rannsaka. Ég tel að það sé miklu faglegra að hlutun-

um staðið að þetta sé ráðgjafarnefnd eins og hér er gert ráð fyrir.

Þá er í 6. gr. frv. mjög mikilvægt nýmæli. Þar er gert ráð fyrir því að kennurum verði, eins og öðrum sérfræðingum og háskólakennurum, heimilt að inna vinnuskyldu sína, eða hluta af henni, af hendi með störfum innan stofnunarinnar að fengnu samþykki forstöðumanns. Ég tel að mikilvægt sé að opna stofnunina fyrir almennum kennurum, ekki síður en öðrum sérfræðingum og háskólakennurum.

Í gildandi lögum um Rannsóknastofnun uppeldismála er kveðið á um að forstöðumaður stofnunarinnar hafi fjárhagslega ábyrgð og geri tillögu að því er varðar fjárlög stofnunarinnar. Það ákvæði er ekki í þessu frv. Ég er þeirrar skoðunar að það sé þarflaust vegna þess að það segir sig sjálft að forstöðumaðurinn hljóti að hafa þessa fjárhagslegu ábyrgð. Ég taldi því ekki ástæðu til að gera brtt. við það atriði þó mér hafi flogið það í hug við meðferð málsins í nefndinni.

Í upphaflegu frv. ráðherrans var gert ráð fyrir því að það giltu mjög sérkennileg ákvæði um forstöðumann þessarar stofnunar. Gert var ráð fyrir því að hann yrði ráðinn til fimm ára í senn samkvæmt samningi við menntmrh. Það er auðvitað mjög sérkennilegt að hafa hlutina þannig að hann sé ekki bara ráðinn heldur var þarna gert ráð fyrir sérstökum samningi við forstöðumann stofnunarinnar. Hv. menntmn. féllst á þá athugasemd að þetta ákvæði yrði fellt niður. Mikilvægara er þó það að í frv. sjálfu stóð: „Forstöðumaður ræður aðra starfsmenn með samþykki menntmrh." Nefndin ákvað að fella niður orðin „með samþykki menntmrh." Ég tel að það sé mjög mikilvægt til að undirstrika sjálfstæði þessarar stofnunar að forstöðumaðurinn ráði einn hverjir starfa þar þann tíma sem hann er ráðinn en hann er ráðinn til fimm ára í senn.

Nú er það auðvitað svo að andspænis Rannsóknastofnun uppeldismála eru mjög blendnar tilfinningar meðal starfsmanna skólanna í landinu, að ekki sé meira sagt. Maður verður var við verulegan ótta hjá starfsmönnum skólanna við þessa stofnun, að hér sé að verða til bákn sem skólarnir eigi í raun og veru mjög erfitt með að starfa með. Þó kennarar hafi margir hverjir gagnrýnt menntmrn. á undanförnum árum, ekki aðeins í þessari tíð sem nú stendur heldur líka áður, þá vilja þeir margir frekar eiga þangað með erindi sín að sækja heldur en til stofnana eins og Rannsóknastofnunar uppeldismála. Einhver vildi orða þetta þannig að þangað sæki klárinn sem hann er kvaldastur. En það er ekki alveg sanngjarnt að afgreiða kennara með þeim hætti. Staðreyndin er sú að það er full ástæða til þess að vera á varðbergi gagnvart því að svona stofnun þróist upp í allt of valdamikinn aðila sem geti valdið erfiðleikum í skólastarfi og flækt skólastarf fyrir skólum og menntmrn. líka. Þess vegna er mikilvægt, að mínu mati, að stofnunin sé sjálfstæð og mikilvægt að hún hafi skýran lagagrundvöll fyrir þau verk sem hún á að vinna þannig að það sé á hreinu að hún sé ekki að vasast í öðrum verkum en þeim sem tiltekin eru í lögunum. Hér er gert ráð fyrir því stofnuninni verði skipt í tvær álíka myndugar deildir, annars vegar rannsókna- og þróunardeild og hins vegar prófa- og matsdeild, og tel ég það eftir atvikum skynsamlegt fyrirkomulag. En þrátt fyrir þetta treysti ég mér ekki til að skrifa upp á nál. fyrirvaralaust og skrifaði undir það með fyrirvara en ég hef nú gert grein fyrir honum, hæstv. forseti.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hv. menntmn. fyrir afgreiðslu þessa máls og fagna þeirri einingu sem tókst um málið. Jafnframt vil ég segja það að þær brtt. sem hv. menntmn. flytur eru mjög vel ásættanlegar og ég felst á þær allar.

Hv. þm. Svavar Gestsson gerði hér grein fyrir hvers vegna hann hefði skrifað undir nál. með fyrirvara. Ég skil ræðu hans þannig að hann styðji frv. verði því breytt eins og tillögur liggja fyrir um frá hv. menntmn. Hv. þm. nefndi að sú ákvörðun mín að flytja prófagerðina til Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála hefði leitt til gagnrýni en ég held að ég megi segja að þeir árekstrar sem kunna að hafa orðið voru ekki alvarlegir og ég held að það hafi allt saman verið jafnað. Hv. þm. taldi að þarna væri blandað saman mati og framkvæmd. Þetta er gagnrýni sem ég hef svo sem heyrt en ég held að segja megi að það sé grundvallarmisskilningur á öllu vísindastarfi að halda að framkvæmd og mat fari ekki saman, auðvitað gerir það það. Ég get tekið sem dæmi að Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur nýlega framkvæmt viðamestu rannsókn sem gerð hefur verið á högum mörg þúsund ungmenna um land allt og að sjálfsögðu fer þar saman framkvæmd rannsóknar og mat á gögnum eða niðurstöðum. Það sama má segja með framkvæmd prófa og mat á niðurstöðum þeirra. Kennarar, ásamt prófasérfræðingum, munu semja prófin og leggja hlutlægt mat á niðurstöður þeirra.

Það má líka segja að það hafi í raun hindrað eðlilegt mat á því hvernig túlka beri niðurstöður samræmdra prófa hingað til, að ekki hefur verið hugað nægilega að próffræðilegri gerði prófanna í upphafi. Það hefur því ekki alltaf legið ljóst fyrir hvað það var sem prófin ættu að mæla.

Herra forseti. Ég þarf ekki að fara fleiri orðum um þetta. Ég ítreka þakkir mínar til nefndarinnar fyrir afgreiðslu þessa máls og er sannfærður um að hér er verið að stíga rétt skref til þess að efla þessa stofnun og gera hana sjálfstæðari.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Stuðningur minn við þetta mál hefur komið fram í þinginu og ég tel þetta frv., ef að lögum verður, mjög til bóta. En það sem ég vildi koma á framfæri við hæstv. menntmrh. er að fjármunir eru afl þeirra hluta sem gera skal. Það er mjög hætt við því að í erfiðu árferði þá hallist menn að því að reyna bæði að standa gegn því sem er nýtt og eins hitt að skera niður það sem menn telja að e.t.v. sé hægt að láta eiga sig. Satt best að segja þá óttast ég mjög að þessi stofnun muni líða fyrir það að ekki verði veittir nægir fjármunir til hennar. En erindi mitt í ræðustól er að undirstrika það alveg sérstaklega að vilji hæstv. ráðherra

vinna að sparnaði, hagræðingu og framförum í skólastarfi þá er ekki hægt að gera það betur en með því að efla þessa stofnun þannig að á bak við ákvarðanatöku sé hægt að sýna fram á með rökum að um vísindaleg vinnubrögð hafi verið að ræða. Ég er sannfærður um að Íslendingar geta gert mjög stóra hluti í menntamálum. Við höfum mikla möguleika á að hagnýta okkur sjónvarp til þess að koma á fjarkennslu í stórum stíl en það vantar rannsóknir, það vantar eins og sagt er, rödd sem úr þrætunum sker. Ef þessi stofnun fengi þá fjármuni sem hún þyrfti til þess að standa að eðlilegu rannsóknastarfi þá er ég sannfærður um að ávöxturinn yrði mikill og það yrði til góðs og gæti orðið til þess að draga úr deilum manna um það hvernig standa beri að einu og öðru í íslenska menntakerfinu.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni fyrir stuðning hans við þetta mál. Það er vissulega rétt sem hv. þm. sagði að það þarf að gæta þess að þessi stofnun fái þá fjármuni sem hún þarf til þess að geta sinnt því mikilvæga hlutverki sem henni er svo sannarlega ætlað. Þegar hafa verið flutt stöðugildi frá menntmrn. og til stofnunarinnar vegna þeirra viðfangsefna sem henni voru fengin á þessu ári og þar með fjármunir. Ég er alveg sammála hv. þm. að með eflingu þessarar stofnunar aukast líkurnar á því að markvisst starf verði unnið á sviði skólamála og það getur svo sannarlega einmitt orðið til þess að auka hagræði í skólakerfinu og þar með sparnað. Um þetta er ég hv. þm. algjörlega sammála.

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er í stórum dráttum sammála þessu frv. og hafði ekki hugsað mér að taka til máls hér en út af því sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson segir þá langar mig sérstaklega til að vara við oftrú á niðurstöðum rannsókna í skólamálum. Það er afskaplega margt í skólakerfinu og sem fram fer í skólum sem erfitt er að rannsaka og festa niðurstöðurnar nákvæmlega niður á einhver gröf sem við getum svo stýrt hlutunum eftir í framtíðinni. Það er einu sinni svo að það eru ákveðnar niðurstöður, ákveðnir hlutir, sem við getum rannsakað, en það eru líka aðrir hlutir og það mikilsverðir þættir, t.d. uppeldisþættir, sem við getum aldrei rannsakað og birt óvefengjanlegar niðurstöður um. Ég held að þó þetta frv. sé gott og gilt og ég styðji það, þá verði það ekki til þess, eitt og sér, að við finnum hinn stóra sannleik í skólamálum á Íslandi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil leiðrétta að einu leyti það sem kom fram í ræðu hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur, að við munum aldrei leita stóra sannleikans, við munum aldrei leita hans og aldrei finna hann. Það er grundvallaratriði að gera sér grein fyrir því að við verðum að halda leitinni að sannleikanum endalaust áfram vitandi það að stóra sannleikann munum við aldrei finna og það er tilgangslaust að leita hans. En það er færasti vísindamaður sem Ísland á í félagsvísindum sem stjórnar þessari stofnun í dag. Þessi maður hefur þá sérstæðu reynslu að hann vann við útvistardeild Reykjavíkurborgar sem ungur maður og fylgdist með þeim unglingum sem þá voru settir út úr skólastarfinu vegna þess að þeir hlýddu ekki réttum leikreglum. Hann þekkir því grunninn líka mjög vel. Þetta vil ég segja vegna þess að þó að það sé vissulega rétt að þarna sé verið að glíma við svið sem aldrei verður rannsakað á sama hátt og efnafræðilegar formúlur, það liggur ljóst fyrir, þá megum við ekki falla í þá gryfju að trúa því ekki að félagsvísindin hafa skilað stórkostlegum árangri þar sem þeim hefur verið beitt.

Ég verð að segja eins og er, t.d. bara í löggæslumálum. Sú ákvörðun að dreifa lögreglunni til lítilla lögreglustöðva er beinlínis byggð á rannsóknum sem gerðar hafa verið á því sviði og það hefur skilað góðum árangri eins og gert hefur verið í Breiðholtinu í Reykjavík. Félagsvísindin eru því grein sem við verðum vissulega að taka í okkar þjónustu á þessu sviði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Menningarsjóður, 2. umr.

Stjfrv., 306. mál (heildarlög). — Þskj. 475, nál. 1093 og 1109, brtt. 1094.

Frsm. meiri hluta menntmn. (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta menntmn. á þskj. 1093 um frv. til laga um Menningarsjóð. Þar segir með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk um það umsagnir frá sagnfræðiskor, heimspekiskor, íslenskuskor og bókmenntafræði- og málvísindaskor heimspekideildar Háskóla Íslands, Bandalagi ísl. listamanna, Rithöfundasambandi Íslands, Félagi ísl. bókaútgefenda, Félagi ísl. fræða, rektor Háskóla Íslands og Hagþenki, félagi höfunda fræðirita og kennslugagna.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykki frv. með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj., þ.e. þskj. 1094. Breytingar meiri hlutans eru tvíþættar:

Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting að stjórn Menningarsjóðs skuli kosin hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar í stað þess að vera skipuð af ráðherra eins og lagt er til í frv.

Í öðru lagi er gerð sú breyting að 4. gr. frv. er felld brott og efni hennar fellt inn í 1. og 2. gr. frv.

Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Undir þetta álit rita 4. maí Sigríður A. Þórðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Björn Bjarnason, Tómas Ingi Olrich og Árni Johnsen.

Frsm. minni hluta menntmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Herra forseti. Hér er komið til 2. umr. mál sem

mikið var rætt þegar það kom fram, enda saga þess með afar sérkennilegum hætti. Við 1. umr. þessa máls reifaði ég þá skoðun mína að nauðsynlegt væri að fara vel ofan í forsöguna, en það varð nú ekki. Það var ekki gert í nefndinni og ég þrýsti nú ekki mikið á það. Vissulega hefði verið full ástæða til þess að kanna vel hvernig að þessum málum var staðið frá því að nýtt menntamálaráð var kjörið 1991 og fram til þess tíma er þetta frv. kom fram. Í starfi nefndarinnar voru gerðar nokkrar breytingar á frv. og eru þær allar fremur til bóta en það breytir því ekki að við í minni hlutanum getum ekki fallist á þetta frv. eins og fram kemur í nál. minni hlutans en þar segir, með leyfi forseta:

„Menntamálanefnd hefur haft til meðferðar frv. til laga um Menningarsjóð en sjóðnum er ætlað að leysa af hólmi menntamálaráð og hinn gamla menningarsjóð sem stofnaður var með lögum árið 1928.

Forsaga þessa máls er vægast sagt furðuleg og áhöld um að aðgerðir menntmrh. og fulltrúa hans við að leggja niður menntamálaráð, Menningarsjóð og Bókaútgáfu Menningarsjóðs standist lög. Gengið var fram af mikilli óbilgirni, tilsjónarmanni beitt og ákveðið fyrir fram að leggja starfsemina niður án þess að lagaheimilda væri aflað til þess. Alþingi stendur því frammi fyrir gerðum hlut. Bókaútgáfan hefur verið lögð niður, útgáfuréttur seldur, búið uppgert og gamla landshöfðingjahúsinu ráðstafað. Það er því ljóst að kaflaskil eru orðin í afskiptum ríkisins af menningarmálum án þess að Alþingi Íslendinga hafi gefist kostur á að svo mikið sem að ræða þá stefnubreytingu fyrir fram sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir. Það væri ástæða til að gera ítarlega grein fyrir sögu og aðdraganda þessa máls en hér verður látið nægja að vísa til þeirra umræðna sem urðu um frv. til laga um Menningarsjóð í mars sl.

Frv. um nýjan Menningarsjóð er meingallað að mati minni hlutans þótt þær breytingar, sem meiri hlutinn leggur til, séu heldur til bóta.

Í fyrsta lagi ber að nefna að sjóðurinn ber áfram nafnið Menningarsjóður þótt honum sé einkum ætlað að styðja bókaútgáfu og hafi ekki lengur því víðtæka menningarhlutverki að gegna sem fólst í lögum um menntamálaráð.

Í öðru lagi er lagt til að stjórn sjóðsins verði kosin af Alþingi. Minni hlutinn er þeirrar skoðunar að í stjórninni eigi fyrst og fremst að vera fulltrúar rithöfunda og fræðimanna, þ.e. þeir sem þekkingu hafa á þeim bókum sem meiningin er að styrkja til útgáfu. Minni hlutinn er að sjálfsögðu fylgjandi því að bókaútgáfa, ekki síst á sviði fræða og menningarsögu, sé styrkt myndarlega, enda oft um rit að ræða sem seljast hægt en hafa ómetanlegt gildi. Ekki verður sagt að hinn nýi Menningarsjóður fái veglega vöggugjöf eða að honum verði tryggðar miklar tekjur. Hann fær á milli 15 og 20 millj. kr. í arf frá hinum gamla Menningarsjóði og á síðan að fá í sinn hlut gjald af kvikmyndasýningum og skuggamyndasýningum eins og hinn eldri sjóður samkvæmt lögum um skemmtanaskatt, nr. 58/1970. Reynslan sýnir að þessi tekjustofn hefur verið skertur ár eftir ár og ótrúlegt að þar verði breyting á nú. Að dómi minni hlutans hefði átt að fara betur ofan í tekjuöflun sjóðsins sem er vægast sagt gamaldags og úrelt.

Í ljósi forsögu þessa frv. og þess hvernig að málum hefur verið staðið og í ljósi þess hversu gallað frv. er leggur minni hlutinn til að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar.“ Undir þetta nál. skrifa auk mín Valgerður Sverrisdóttir og Svavar Gestsson.

Fyrr í vetur beindi ég fyrirspurn til hæstv. menntmrh. varðandi bókaútgáfu á vegum ríkisins, ekki síst vegna þessa frv. Það kom í ljós, sem mig hafði nú reyndar ekki grunað, að bókaútgáfa á vegum ríkisins er feykilega mikil, ótrúlega mikil. Þar eiga námsbækur ekki síst hlut að máli, bæði fyrir grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla, ef allar þær stofnanir eru taldar með sem gefa út bækur. Þetta segir mér að það þurfi að standa að bókaútgáfu á vegum ríkisins á skipulegan hátt.

Ég lagði til við 1. umr. um þetta mál, og hef gert það áður í utandagskrárumræðum um Menningarsjóð og menntamálaráð, að ríkið standi fyrir því að stofna háskólaútgáfu eða beiti sér fyrir því í samvinnu við háskólana í landinu að hér verði stofnuð háskólabókaútgáfa sem gæti þá tekið að sér ýmsa aðra útgáfustarfsemi á vegum ríkisins. Ég held að það sé alveg augljóst að eftir að Bókaútgáfa Menningarsjóðs var lögð niður þá myndast ákveðin eyða í útgáfu fræðirita. Það er allt annað mál að styrkja einstakar bækur með því litla fjármagni sem mér sýnist að þessi sjóður muni hafa til umráða eða hvort starfandi er bókaútgáfa sem beinlínis hefur það hlutverk að gefa út bækur á vegum ríkisins og ríkisstofnana, jafnframt því að styðja og styrkja ýmiss konar menningarstarfsemi.

Það kemur fram í nál. hverja við teljum vera meingallana á þessu frv. en ég get ekki annað en vakið sérstaka athygli á þeim tekjustofni sem þessi sjóður á fyrst og fremst að byggja á, þar sem um er að ræða gjald af aðgöngumiðum af kvikmynda- og skuggamyndasýningum. Hv. 2. þm. Vestf. vakti sérstaka athygli á þessum skuggamyndasýningum og vildi fá það upplýst hversu miklum tekjum þær skiluðu. Þar sem um það er að ræða að gjald er lagt á kvikmyndir, þá vaknar auðvitað sú spurning hvort íslenskar kvikmyndir eigi að njóta þess að fólk kemur í kvikmyndahúsin til að sjá íslenskar og erlendar myndir. Væri ekki nær að þetta gjald rynni til íslenskra kvikmynda? Þarna er einfaldlega um gamla og úrelta lagasetningu að ræða sem þarf auðvitað að breyta. Þegar verið er að breyta lögum á svona gagngeran hátt eins og hér er gert þá hefði auðvitað verið nær að láta málið bíða, vinna það betur og skoða þessa tekjustofna betur. Það hefði mátt hugsa sér ýmsar aðrar leiðir eins og t.d. þá, að þó að við stjórnarandstæðingar séum ekki hrifnir af þeim bókaskatti sem hér var samþykktur á þessu þingi að þá mætti þó hugsa sér að hluti hans rynni til þessa sjóðs í stað þess að vera að skattleggja kvikmyndasýningar og veita þeim peningum til að styrkja bókaútgáfu. Þetta er nú allt saman heldur langsótt og sérkennilegt.

Þeir sem sendu umsagnir til nefndarinnar bentu á ýmislegt sem okkur í minni hlutanum fannst nú rétt-

látt eins og það að nota áfram þetta heiti, Menningarsjóður, þó að hlutverk sjóðsins væri jafntakmarkað og raun ber vitni. Þá komu fram margar athugasemdir varðandi skipan stjórnarinnar og meiri hlutinn tók að hluta tillit til þess, þ.e. í stað þess að það fráleita stjórnarfyrirkomulag væri viðhaft sem lagt var til í frv. þá er lagt til að Alþingi kjósi stjórnina og það er strax til bóta. Í mörgum umsögnum er bent á hversu rétt og eðlilegt það væri að fulltrúar þeirra sem rita bækur og/eða hafa sérþekkingu á fræðilegum bókum komi þarna að málum, til þess að tryggt sé að verið sé að styrkja rit sem skipta verulegu máli fyrir vísindin og menningarsöguna. Þetta kemur fram í umsögnum allnokkurra þeirra aðila sem sendu okkur umsagnir þannig að við þetta hafa verið gerðar miklar athugasemdir.

Það væri auðvitað freistandi að rifja upp alla forsöguna sem ég gerði að umtalsefni við 1. umr. þessa máls. Ég held að ég sleppi því vegna hins nauma tíma sem við höfum hér á Alþingi og vegna þeirra mörgu mála sem eru fram undan á dagskránni og þörf er á að ræða. En ég ítreka þá skoðun mína að þar hafi verið fráleitlega að málum staðið og þar hafi verið gengið fram með þeim hætti að einsdæmi verður að teljast í stjórnarháttum og tengist svo sem ýmsu sem gerst hefur í menntmrn. síðan þá. Ég tel í raun og veru alveg forkastanlegt hvernig Alþingi er aftur og aftur stillt upp andspænis gerðum hlut. Við vorum einmitt að greiða atkvæði um eitt slíkt mál í gær í húsnæðismálunum þar sem búið er að selja eigur tæknideildarinnar og síðan er komið til Alþingis á eftir til að leita eftir heimildum og það sama gildir hér. Það er búið að ráðstafa öllum eigum Menningarsjóðs en hér er verið að leita eftir lagaheimildum til þess eða í rauninni verið að fella úr gildi þau lög sem áður giltu um menntamálaráð og Menningarsjóð. Hér er sem sagt um þvílíkt mál og þvílíka málsmeðferð að ræða að ekki er nokkur leið að styðja þetta, enda leggjum við til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér þykir út af fyrir sig vænt um að hæstv. menntmrh. vill ekki að eigur Menningarsjóðs, þess sem var, renni í ríkissjóð, heldur verði notaðar áfram til að styrkja menningarstarfsemi í landinu. En svona mega menn einfaldlega ekki vinna á Alþingi Íslendinga. Við megum ekki taka úrelt ákvæði úr lögum og setja þau inn í ný lög. Það er út af fyrir sig hægt að fara í lagasafnið og finna þar eitt og annað sem er orðið úrelt og það er hægt að una því þó að þingið hafi ekki alltaf fylgst með að taka slíka hluti út. Það verður margt úrelt í tímans rás. En það er náttúrlega ekki boðlegt að þegar maður, sem er jafnmikið af guði gefið og hv. 3. þm. Reykv., lætur sig hafa það að tala hér fyrir frv. þar sem lagt er til að skattur af skuggamyndasýningum verði tekjulind til að standa að bókaútgáfu.

Nú er mér ljóst að hv. 3. þm. Reykv. er að gera þetta af greiðasemi við formann nefndarinnar sem er farinn til (**Gripið fram í:** Færeyja.) Færeyja og ég er ekkert að agnúast út í það þó að hún hafi þegið það boð. En auðvitað áttu menn að sjá sóma sinn í því og skoða þetta mál betur. Ég er ekki viss um að hv. 3. þm. Reykv. vilji að það verði aðalfrétt sjónvarpsins á morgun að búið sé að taka ákvörðun um það að skattur af skuggamyndasýningum eigi að fara í þetta verkefni. Ég er ekki viss um að hann vilji hafa þetta sem aðalfrétt. Og hvers vegna er hann að gera sjálfan sig hlægilegan og þingið með því að gera þetta? Af hverju hægja menn ekki örlítið á? Hv. 3. þm. Reykv. hefur unnið mjög vel í nefndum, mjög oft. Hv. þm. er ákaflega vel ljóst að þetta frv. er einfaldlega ekki unnið. Það þarf að fara yfir þetta. Ég vil alls ekki bera það á hæstv. menntmrh. að hann hafi ekki viljað vinna vel og rétta fram sáttarhönd í þeim efnum að láta flytja þetta frv. Þetta er ekki unnið af hæstv. ráðherra. Þetta er unnið af einhverjum starfsmönnum. En starfsmennirnir styttu sér leið að markinu. Þeir tíndu bara upp úr gömlu lögunum það sem þeim datt í hug og settu þarna inn.

Ég hefði eindregið óskað eftir því að það næðist samkomulag um að hægja á afgreiðslu þessa máls ef hægt væri að ná slíku samkomulagi og það yrði skoðað betur því að hv. 3. þm. Reykv. er það hreinlega ekki gerandi að láta samþykkja svona hluti. Það gengur bara ekki. Og miðað við það að ég efa ekki að hann á eftir að sitja lengi á Alþingi Íslendinga og á máski eftir að verða menntmrh., þá er ekkert skemmtilegt að láta nudda sér upp úr því seinna meir. Þetta frv. er flutt í góðri trú, góðum tilgangi og allt það, en í gífurlegum önnum þingsins að undanförnu hefur einfaldlega ekki gefist nægur tími til að vinna málið eðlilega.

Frsm. meiri hluta menntmn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. 2. þm. Vestf. umhyggju hans fyrir mér og velferð minni hér. Ég held að ekki muni skaða mig mjög að standa að þessu frv. þó að minnt sé á skuggamyndasýningar og þótt sagt yrði frá því í fréttum sjónvarpsins. Ég vona að sjónvarpið lendi ekki í þeim vandræðum vegna þessa máls að það verði bannað að minnast á orðið „skuggamyndasýningar" eins og orðið „Háskólabíó" virðist bannað í sjónvarpinu þegar rætt er um svona viðkvæm mál. Að mínu áliti væri því í lagi að segja frá þessu í fréttum sjónvarpsins. Ég tel að sjóður sem ber þetta virðulega heiti sem hér hefur verið nefnt, Menningarsjóður, þurfi auðvitað tekjustofna sem hæfi og það hefur komið fram að það er ekki litið á hann sem frambúðarlausn heldur sem tillögu núna þegar siglt er af stað og síðan verði unnið að því að tryggja sjóðnum öflugri tekjustofna.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefði að sjálfsögðu ekki verið í samræmi við þau orð sem ég lét hér falla ef hv. 3. þm. Reykv. hefði verið í vandræðum með að veita svar við ræðu minni. En ég óska eftir því að hv. 3. þm. Reykv. svari því hverjar hafa tekjurnar verið sl. 10 ár af skuggamyndasýningunum? Hverjar hafa tekjurnar ver-

ið sl. 10 ár? Hvað er gert ráð fyrir að þær verði næstu 10 ár? Ef spurningin er of flókin, tökum bara tvö ár aftur í tímann og tvö ár fram í tímann. Ég er reiðubúinn að sýna mikla þolinmæði í þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framhaldsskólar, 3. umr.

Stjfrv., 397. mál (tilraunastarf í starfsnámi). — Þskj. 1205.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Við 2. umr. málsins flutti ég brtt. við 1. gr. frv., aðalgrein frv., sem ég gerði þá ítarlega grein fyrir. Hún varð því miður ekki samþykkt þó að formaður menntmn. segði að hún væri efnislega alveg samhljóða því sem hv. menntmn. var með þá treysti formaðurinn sér ekki til þess að samþykkja þessa tillögu né heldur stjórnarmeirihlutinn og það er svo sem venjulegt hér, það þýðir eiginlega ekkert fyrir stjórnarandstæðinga að vera með mikið múður, ekki einu sinni að flytja gáfulegar tillögur, þær eru bara felldar og greinilegt er að hér á eftir að samþykkja skemmtanaskatt af skuggamyndasýningum t.d. og verður fróðlegt að sjá hvernig atkvæði skiptast í því máli því ég tel einboðið að láta ganga atkvæði um það sérstaklega við 3. umr. hvort menn ætli að hafa þessa skuggamyndasýningar þarna inni.

Eitt af þeim atriðum sem ég flutti brtt. við við 2. umr. gengur út á það að þegar efnt er til tilraunastarfs í starfsnámi þá megi, eins og hér stendur í frv., þá má víkja þá frá ákvæðum þessara laga ef nauðsyn krefur.

Mér hafði út af fyrir sig komið til hugar að það væri ástæða til þess að flytja þá brtt. að fella niður orðin „ef nauðsyn krefur" vegna þess að það væri nóg að hafa þá undanþágu sem felst í 1. málsl. og orðinu „þá", þ.e. eins og þetta stóð í upphaflega frv.: „Menntmrh. er heimilt að efna til tilraunastarfs í starfsnámi og víkja þá frá ákvæðum þessara laga."

Ég taldi að með því að hafa þarna orðin til viðbótar „ef nauðsyn krefur" væri verið að opna framhaldsskólalögin of mikið. Nú reikna ég ekki með því að það þýði mikið að bera þetta á borð heldur fyrir þá stjórnarliða sem ætla að sýna okkur skuggamyndir í hverju einasta máli sýnist mér í allt heila kvöld. Svoleiðis að ég vil inna hæstv. menntmrh. eftir því hvað þessi orð þýða. Telur hann að í orðunum í fyrsta lagi „þá" og í öðru lagi „ef nauðsyn krefur" felist í raun og veru tvöföld takmörkun á þessari heimild til þess að víkja frá lögum um framhaldsskóla þegar efnt er til tilraunastarfs í starfsnámi?

Ég held að það sé út af fyrir sig hægt að túlka þetta þannig að það sé ekki aðeins að hann hafi heimild til þess að víkja frá þessum lögum við sérstakar aðstæður heldur þurfi hann auk þess að rökstyðja nauðsynina. Ef hæstv. menntmrh. vildi svara mér því hvernig hann skilur þessa tvo fyrirvara, þ.e. orðið „þá" og hins vegar orðin „ef nauðsyn krefur", ef hann vildi vera svo vænn að svara því hvernig hann skilur það þá þætti mér vænt um það og það gæti greitt fyrir gangi málsins.

Ég hef í sjálfu sér ekki verið þeirrar skoðunar að það væri rétt að bregða fæti á neinn hátt fyrir þetta mál. Ég tel samt að það sé ekki vel að því staðið, ég tel að greinin eins og hún stendur sé ekki nægilega skýr. Ég mun því ekki greiða atkvæði með frv. við 3. umr. en heldur ekki á móti því. En mér þætti fengur að því ef hæstv. menntmrh. vildi skýra mér frá því við hvaða aðstæður hann teldi nauðsynlegt að hafa þessa heimild til að efna til tilraunastarfs í starfsnámi í framhaldsskólum.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég vona að ég hafi tekið rétt eftir að fyrirspurn hv. þm. laut að því hvað þessi orð þýddu, orðin „þá" og orðin „ef nauðsyn krefur". Ef þau yrðu numin brott úr setningunni þá sýnist mér að heimildin sem menntmrh. fær yrði víðari. Hún yrði víkkuð út frá því sem er í frv. ef þessi orð yrðu felld niður. Það er minn skilningur.

Svavar Gestsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessar orðskýringar, ég tel þær vera til bóta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, 2. umr.

Stjfrv., 406. mál (heildarlög). — Þskj. 700, nál. 1056, brtt. 1057.

Frsm. félmn. (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. félmn. um frv. til laga um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Með leyfi forseta mun ég gera grein fyrir þessu áliti á þskj. 1056:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn til viðræðna frá Alþýðusambandi Íslands Láru V. Júlíusdóttur, frá Vinnuveitendasambandi Íslands Hrafnhildi Stefánsdóttur, frá Sambandi almennra lífeyrissjóða Hákon Kristjónsson og frá Landssambandi lífeyrissjóða Ólaf Gústafsson.

Frumvarp þetta er flutt til að gera nauðsynlegar breytingar á reglum um ábyrgðasjóð launa til samræmis við lög nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti, sem gengu í gildi 1. júlí 1992. Engar efnislegar breytingar felast í frumvarpinu frá gildandi lögum heldur er um að ræða aðlögun að þeim breytingum sem urðu 1. júlí 1992 á löggjöf um dómstólaskipan, réttarfar og meðferð framkvæmdarvalds í héraði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt

með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Lögð er til breyting á d-lið fyrri málsgreinar 6. gr. Eftir að frumvarpið kom til umfjöllunar félagsmálanefndar barst formanni hennar ábending frá stjórn ábyrgðasjóðs launa varðandi rétt maka og barna gjaldþrota einstaklings til greiðslna úr sjóðnum. Samkvæmt ákvæðinu geta maki og skyldmenni í beinan legg ekki krafist bóta úr sjóðnum. Leiði þetta til mjög ósanngjarnrar niðurstöðu má sjóðstjórnin þó heimila greiðslu til þessara launþega. Skilyrði þess að kröfur megi greiða úr ábyrgðasjóðnum er að þær hafi verið viðurkenndar sem forgangskröfur samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum. Hin nýju lög um gjaldþrotaskipti koma hins vegar í veg fyrir að slíkar kröfur, sem hér um ræðir, geti hlotið viðurkenningu sem forgangskröfur. Því er lögð til viðbót við 6. gr. þannig að unnt verði að taka tillit til sérstakra mála er varða maka og börn þess er gjaldþrota verður enda þótt launakrafa þeirra hafi ekki verið viðurkennd sem forgangskrafa á grundvelli gjaldþrotaskiptalaga."

Eggert Haukdal og Gunnlaugur Stefánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins, en undir nál. rita Rannveig Guðmundsdóttir, Guðjón Guðmundsson, Jón Kristjánsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ingibjörg Pálmadóttir, Einar K. Guðfinnsson og Kristinn H. Gunnarsson.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í framsögu varaformanns félmn. þá er verið með þessu frv. einungis að færa lögin um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota til samræmis við lög um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991. Ég tel þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á lögunum ásamt brtt. félmn. vera eðlilegar og styð þær því. En ég vil gera grein fyrir þeirri afstöðu minni að ég hef hins vegar efasemdir um sjálfan ábyrgðasjóð launa og er ekki fyllilega sammála þeirri aðferð sem þar er viðhöfð að í stað ríkisábyrgðar á launum skuli vera settur upp sjóður af þessu tagi. Ég vildi að þessi afstaða mín kæmi skýrt fram þannig að ekki mætti skilja stuðning minn við þessar breytingar nú sem stuðning eða samþykki við þessa almennu lagaaðferð að skattleggja í raun eftirlifandi fyrirtæki til þess að greiða vegna þeirra sem á höfuðið fara og því fleiri sem fara á höfuðið þeim mun þyngri verður skatturinn á þau sem eftir lifa. Þetta er auðvitað vítahringur sem menn geta komist inn í með lagasetningu af þessu tagi og ég tel í raun afleita lagasetningu og mun lakari en áður gilti.

Hins vegar má færa þessu máli það til bóta að ef sjóðinn vantar fé þá er kveðið á um að ríkissjóður skuli leggja fram þá fjármuni sem á vantar og þá má segja að það sé nokkurs konar bakábyrgð ríkisins á sjóðnum. En sá böggull fylgir skammrifi eins og segir í 3. gr. laganna að þá er félmrh. heimilt að innheimta það sem ríkið leggur fram með því að hækka ábyrgðargjaldið á fyrirtækin.

Ég vil því ítreka það, virðulegi forseti, að ég hef allan fyrirvara við almenna hugsun í þessari löggjöf þótt ég styðji þær breytingar sem menn eru að gera á henni að þessu sinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, síðari umr.

Stjtill., 232. mál. — Þskj. 289, nál. 1079, brtt. 1080.

Frsm. félmn. (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um till. til þál. um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Nál. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Elsu Þorkelsdóttur, framkvæmdastjóra Jafnréttisráðs, og Valgerði H. Bjarnadóttur, jafnréttisfulltrúa á Akureyri. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Búnaðarfélagi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Jafnréttisráði, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Kvennaráðgjöfinni, Vinnueftirliti ríkisins, Kvenréttindafélagi Íslands, Samtökum um kvennaathvarf, Rannsóknastofu í kvennafræðum, Tryggingastofnun ríkisins, Byggðastofnun, UNIFEM á Íslandi, Kennarasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandi Íslands og Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Fyrsta framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar var lögð fyrir Alþingi í desember 1986 í framhaldi af setningu nýrra jafnréttislaga árið 1985. Sú áætlun var sett upp með nokkuð öðrum hætti en nú er gert. Félagsmálaráðherra kynnti á Alþingi í mars 1991, í skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála, hvernig tekist hefði að ná fram markmiðum þeirrar áætlunar. Framkvæmdaáætlunin, sem hér er til umfjöllunar, er, eins og sú fyrri, gerð til fjögurra ára en er nú lögð fram í formi þingsályktunartillögu í samræmi við 17. gr. núgildandi jafnréttislaga, nr. 28/1991. Rétt þykir að taka fram að fyrri kafli áætlunarinnar, er fjallar um starfsmannamál ríkisins, er að mestu leyti byggður á ákvæðum laganna.

Meginmarkmið áætlunarinnar er að jafna stöðu kynjanna hér á landi með sérstökum aðgerðum af hálfu stjórnvalda. Þannig hlýtur að verða að leggja sérstaka áherslu á að efla sjálfsvitund beggja kynja og að jafna möguleika þeirra til að nýta sér það lagalega jafnrétti sem er til staðar. Einnig er það markmið í sjálfu sér að flétta jafnréttismálin þannig inn í starfsemi opinberra stofnana að áætlun sem þessi verði að lokum óþörf.

Í umræðum um þingsályktunartillöguna á Alþingi komu fram nokkrar athugasemdir um gildi slíkra áætlana. Nefndin bendir á að fyrirmynd framkvæmdaáætlunarinnar er sótt til nágrannaríkja okkar á Norðurlöndum, en þar hafa slíkar áætlanir gefist vel. Mikilvægt er að áætlunin verði almennt vel kynnt og að grannt verði fylgst með framgangi hinna ýmsu verkefna. Auk þess

verði hún kynnt þeim aðilum, félögum og stofnunum sem eðli málsins samkvæmt geta og eiga að koma að hinum ýmsu verkefnum.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Í umsögnum, er nefndinni hafa borist, koma fram margar mikilvægar ábendingar varðandi efni og framkvæmd áætlunarinnar. Nefndin álítur að sum þessara atriða séu þess eðlis að rétt sé að flytja sérstakar breytingartillögur þar um. Nefndin vill árétta mikilvægi þess að hugað verði að ýmsum öðrum atriðum við endurskoðun framkvæmdaáætlunarinnar að tveimur árum liðnum frá gildistöku hennar.

Breytingar þær, er nefndin leggur til að gerðar verði, felast í eftirfarandi atriðum:

1. Lögð er til breyting á ártölum í upphafsorðum áætlunarinnar þannig að gildisími hennar verði fjögur ár frá væntanlegri gildistöku. Er það í samræmi við 17. gr. laga nr. 28/1991. Framkvæmdaáætlun þessi er endurskoðuð áætlun ríkisstjórnarinnar frá febrúar 1991 og er það ástæðan fyrir þeim ártölum sem hér er lagt til að verði breytt.

2. Lagt er til að töluliður 1.2.1 falli brott, en þar er lagt til að löggjöf verði bætt varðandi kynferðisafbrot. Ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um kynferðisafbrot, hefur þegar verið breytt með lögum nr. 40/1992. Þannig var bætt við ákvæðum um að kynferðisafbrot skuli vera ókynbundin, refsimörk ákvæða kaflans yfirleitt hert og refsivernd aukin. Markmið þau, er fram koma í töluliðnum, hafa þannig þegar verið lögbundin.

3. Lögð er til breyting á tölulið 1.2.2. Með nýjum lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, er miðað að því að draga úr skaðlegum áhrifum brots og málsmeðferðar á brotaþola og tryggja þeim bætur fyrir fjártjón og miska. Þrátt fyrir þá lagasetningu þarf enn að huga að því markmiði að dregið verði úr skaðlegum áhrifum kynferðisbrota og málsmeðferð í slíkum málum. Árétta verður mikilvægi þess að stöðugt verði miðað að því að styrkja refsivörslukerfið í baráttunni við refsiverð brot. Þá bendir nefndin einnig á mikilvægi þess að ákvæðum áætlunarinnar, er þegar hafa verið tekin upp í lög, verði fylgt eftir þannig að eftirlit verði haft með beitingu þeirra og virkni.

4. Breytingin við tölulið 1.2.3 felur í sér að í aukinni fræðslu lögreglumanna í grunnnámi um kynferðisafbrot felist einnig aukin fræðsla varðandi heimilisofbeldi og verði slík kennsla hluti af endurmenntunarnámskeiðum þeirra. Nefndin lítur svo á, án þess að gera beina breytingartillögu þar um, að æskilegt væri einnig að kennara- og fóstrunemar og starfsfólk allra skólastiga eigi kost á námskeiðum og námsefni um þessi efni.

5. Lögð er til efnisbreyting á tölulið 2.1 sem heyrir undir verkefni félagsmálaráðuneytisins og varðar stöðu karla í breyttu samfélagi. Þannig er lagt til að skipuð verði ráðgjafarnefnd til tveggja ára og verði hlutverk hennar að virkja karla í jafnréttisumræðunni auk þess sem nefndin skal tryggja að sjónarmið karla komist til skila ekki síður en sjónarmið kvenna. Þá verði starfsmanni skrifstofu jafnréttismála falið að fylgja ákvörðunum nefndarinnar eftir þannig að þær hafi virk áhrif úti í þjóðfélaginu.

6. Breytingin á tölulið 2.2 felur í sér að kveðið verði nánar á um hlutverk jafnréttisráðgjafa. Þannig er lagt til að jafnréttisráðgjafi sinni jafnréttisstarfi á sviði menntamála, fjölskyldu-, félags- og heilbrigðismála í samvinnu við ýmsa aðila. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að jafnréttisráðgjafi verði ráðinn sem fyrst. Tryggja þarf samvinnu jafnréttisráðgjafa með samráðsfundum og samvinnu þeirra við atvinnuráðgjafa um atvinnumál kvenna. Þá verði tryggt með virku samráði að sú reynsla nýtist sem fengist hefur á liðnum árum af starfi að jafnréttismálum um allt land. Á það við um starf Jafnréttisráðs, Brjótum múrana, jafnréttisnefnda, jafnréttisfulltrúa Akureyrar, kvennaráðgjafa við atvinnuþróunarfélög auk átaksverkefna sveitarfélaganna o.fl.

7. Breytingin, sem lögð er til við tölulið 2.3, um vinnuvernd, er tvíþætt. Þannig er lagt til að fyrirsögn efnismálsgreinarinnar óbreyttrar verði „Úttekt á hefðbundnum kvennastörfum". Þá bætist við nýr undirliður er verði nr. 2.3.2 og beri fyrirsögnina „Könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum". Lagt er til að á vegum félagsmálaráðuneytisins verði gerð könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum. Í framhaldi af niðurstöðum könnunarinnar verði markvisst unnið að því að draga úr kynferðislegri áreitni á vinnustöðum. Þá er lagt til að ákvæðum verði bætt í viðeigandi löggjöf þar sem tekið verði á kynferðislegri áreitni.

8. Lögð er til breyting á ártölum í tölulið 2.4 og vísast um þá breytingu til breytinga á upphafsorðum ályktunarinnar. Þá er lagt til að í stað orðanna „verkefnisstjórn norræna launaverkefnisins" komi „norræna jafnlaunaverkefnið". Umrædd verkefnisstjórn hefur verið lögð niður og verkefni hennar felld undir Jafnréttisráð.

9. Breytingin við tölulið 2.5, um starfsmenntun, byggist á því að sett hafa verið ný lög um starfsmenntun í atvinnulífinu, nr. 19/1992.

10. Breytingin á tölulið 3.1 felur aðeins í sér breytingu á kaflaheitum og þarfnast ekki skýringa.

11. Lagt er til að við 3. kafla, sem varðar verksvið fjármálaráðuneytisins, verði bætt nýjum undirkafla þar sem fjallað verði um sérstök námskeið fyrir stjórnendur hjá hinu opinbera. Lagt er til að skipulögð verði fyrir þá sérstök námskeið þar sem lögð verði áhersla á jafnrétti og samskipti kynjanna.

12. Lagt er til að töluliður 6.3 falli brott þar sem þegar hefur verið stofnuð neyðarmóttaka sem fellur að þeim markmiðum er talin eru upp í liðnum.

13. Breytingin á tölulið 9.2 felur í sér að auk þess sem stefnt verði að samfelldum skóladegi í grunnskólum verði stefnt að lengingu daglegs skólatíma yngstu barnanna og árlegs kennslutíma.

14. Lagt er til að liður 9.2, um leikskóla, falli brott en nú þegar er unnið að endurskoðun laga um leikskóla, nr. 48/1981.

15. Lagt er til að við kafla 9, sem varðar verksvið menntamálaráðuneytisins, bætist nýr töluliður. Nefnd-

in tekur undir sjónarmið, er fram koma í umsögn er henni barst frá Rannsóknastofu í kvennafræðum, varðandi mikilvægi þess að kennsla og rannsóknir í kvennafræðum verði efldar á háskólastigi. Einnig telur nefndin eðlilegt að kvennarannsóknir verði kynntar í sem flestum fræðigreinum.

Félagsmálaráðherra hefur þegar óskað eftir því að starfsmenn skrifstofu Jafnréttisráðs geri úttekt á því hvort áætlanir sem þessi skili árangri og munu niðurstöður slíkrar úttektar vera væntanlegar með haustinu. Þá hefur ráðherra einnig óskað eftir því við Jafnréttisráð að það fylgi framkvæmdaáætluninni eftir og fylgist með framgangi hinna ýmsu markmiða hennar og leggur nefndin áherslu á að það gangi eftir. Þar sem áætlunin verður lögum samkvæmt endurskoðuð að tveimur árum liðnum eru ýmsar ábendingar sem nefndin álítur mikilvægt, m.a. með tilliti til umsagna er henni bárust, að hafðar verði í huga við þá endurskoðun.

Í framkvæmdaáætlun umhverfisráðstefnunnar, sem haldin var í Rio de Janeiro á síðasta ári, var lögð áhersla á nauðsyn þess að þróunaraðstoð framtíðarinnar miði að því að gera þiggjendur sjálfbjarga. Aukin áhersla á þróunaraðstoð til kvenna er í anda þeirrar áætlunar og tekur nefndin undir þær ábendingar að rétt sé að beina þróunaraðstoð í meira mæli en nú tíðkast til kvenna. Þá skiptir máli að konur vinni að vali verkefna, undirbúningi og framkvæmd þeirra. Samkvæmt upplýsingum frá Þróunarsamvinnustofnun Íslands hafa konur lítið sóst eftir störfum á vegum stofnunarinnar og er mikilvægt að þar verði breyting á þannig að ráðnar verði konur til að fylgja slíku starfi eftir, sbr. lið 13.2 í áætluninni.

Í umsögnum, er nefndinni bárust, kom fram hvatning um að þátttaka kvenna verði aukin í nefndum á vegum ríkisins þannig að lágmarkshlutfall verði bundið við 30% af hvoru kyni. Nefndin tekur undir þessa viðmiðunartölu. Hún telur eðlilegt að miðað verði við hlutfall í hverri nefnd, svo sem gert er annars staðar á Norðurlöndunum, en ekki heildarhlutfall hjá hverju ráðuneyti. Á hinn bóginn treystir nefndin sér ekki til að mæla með öðru viðmiði en heildarhlutfalli í ráðuneytum á meðan ekki er lögbundin tilnefning beggja kynja í nefndir annars staðar á Norðurlöndum.

Nefndinni bárust ábendingar um nauðsyn aðgerða til að draga úr atvinnuleysi kvenna. Víða í áætluninni koma fram margs konar aðgerðir til að bæta atvinnulíf kvenna. Nefndin leggur áherslu á að við endurskoðun áætlunarinnar verði horft á atvinnuleysi kvenna sem slíkt og aðgerðir sem líklegar eru til árangurs að ráða þar bót á. Þá komu víða að ábendingar um nauðsyn á endurskoðun reglna um fæðingarorlof, svo sem um lengingu þess, laun í fæðingarorlofi og bætta stöðu og aukinn rétt feðra til töku fæðingarorlofs. Einnig bárust nefndinni mikilvægar ábendingar um að við endurskoðun verði hugað að markmiðum varðandi íþróttamál kvenna og nauðsyn þess að styrkja konur og kvennafélög innan íþróttahreyfingarinnar.

Nefndinni barst yfirlit yfir fjölda örorkuþega þar sem fram komu athyglisverðar upplýsingar varðandi skiptingu örorku frá stiginu 50–100% milli kynja. Þannig eru mun fleiri konur en karlar með varanlega örorku á þessu stigi. Mikilvægt er að þessi mál verði skoðuð nánar, m.a. með tilliti til tengsla við atvinnu kvenna og orsaka þessa mismunar. Í áætluninni er þannig, sbr. lið 2.3, gert ráð fyrir að ítarleg úttekt verði gerð á hefðbundnum kvennastörfum með það að markmiði að draga fram tengslin milli atvinnu annars vegar og streitu, álags og slitsjúkdóma hins vegar.

Í umsögnum kom fram að þrátt fyrir að Byggðastofnun hafi lagt talsverða vinnu í að finna fjarvinnsluverkefni á vegum hins opinbera hafi árangurinn verið rýr. Nefndin tekur undir þær ábendingar að nauðsynlegt sé að finna nýjar leiðir varðandi fjarvinnslustofur og fjármagn til að fylgja þeim eftir. Æskilegt er að lagt verði mat á hvort þær leiðir, sem farnar hafa verið, hafi skilað nægum árangri og í framhaldi af því verði hugað að því hvort beita eigi nýjum aðgerðum til að styrkja fjarvinnsluverkefni og fjarvinnslustofur.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim er fram kunna að koma."

Undir nál. skrifa Rannveig Guðmundsdóttir, Guðjón Guðmundsson, Jón Kristjánsson, Eggert Haukdal, Gunnlaugur Stefánsson og Einar K. Guðfinnsson og með fyrirvara skrifa undir nál. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ingibjörg Pálmadóttir og Kristinn H. Gunnarsson.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Hér er þá loksins komið til 2. umr. á þinginu framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Ég segi loksins vegna þess að þessi framkvæmdaáætlun var lögð fram hér á síðasta þingi en það náðist aldrei að tala fyrir henni og koma henni til nefndar þannig að hún lenti í undandrætti á því þingi og kom svo aftur á dagskrá seint og um síðir á þessu þingi og til nefndar. Nefndin hefur reynt að vinna hratt og vel að málinu til þess að það mætti koma aftur inn í þingið og til afgreiðslu.

Það var skoðun mín við fyrri umræðu um þessa tillögu að hún væri ekkert óskaplega rismikil og þessi áætlun væri ekkert mjög metnaðarfull af hálfu ráðuneytanna og sú athugasemd mín stendur svo sem og það er kannski það sem minn fyrirvari hér gengur út á, en ég skrifa undir nál. með fyrirvara. Ég viðurkenni að það er mikilvægt að fá slíka áætlun þannig að það sé þá ljóst að hvaða markmiðum verið er að vinna í ráðuneytunum í jafnréttismálum og það sé þá ljóst að hvaða markmiði Jafnréttisráð er að vinna á næstu árum. Um leið og ég viðurkenni þetta þá finnst mér að það sé ekki hægt að láta slíka jafnréttisáætlun fara hér í gegnum þingið við síðari umr. án þess að benda á að það eitt og sér dugir ekki að setja upp jafnréttisáætlanir og fögur fyrirheit fyrir hvert og eitt ráðuneyti á sama tíma og stjórnmálastefnan hjá ríkisstjórninni er slík að hún vinnur í raun gegn jafnrétti kynjanna, að hún í raun inni vinnur gegn því að konur nái betri stöðu í samfélaginu heldur en þær hafa haft. Þetta segi ég í ljósi þess að á undanförnum árum hefur launamisrétti milli

kynjanna aukist hér á landi, það hefur heldur gengið í sundur með körlum og konum en saman og var þó launamunurinn talsverður fyrir. Þannig má segja að fullvinnandi konur séu ekki nema rúmlega hálfdrættingar á við karla í launum eða hafa um 60% af launum fullvinnandi karla. Þetta bil hefur ekki minnkað heldur fremur aukist á undangengnum árum.

Ástæðurnar fyrir því eru margra og m.a. þær að það hefur verið þannig á vinnumarkaðinum á undanförnum árum að einstaklingsbundnir samningar tíðkast í æ ríkari mæli og það er í rauninni afskaplega lítið að marka þá kjarasamninga sem gerðir eru, þeir eru samningar um lágmarkslaun og ekkert annað. Þetta hefur þýtt það að konur og aðrir hópar sem taka laun samkvæmt töxtum sitja á botninum meðan aðrir sem hafa meira svigrúm og þá fremur karlar geta samið um einstaklingsbundnar launahækkanir fyrir sig. Þannig mun það vera innan t.d. ASÍ að ⅓ hlutar kvenna innan ASÍ taka laun samkvæmt töxtum en aðeins um þriðjungur karla. Í opinberum stofnunum þá er það þannig að ýmislegt sem heitir óunnin yfirvinna, bílastyrkir o.s.frv. rennur frekar til karla en til kvenna. Það hefur ekki dregið úr þessu á undangengnum árum og þá hefur heldur ekki verið í rauninni bætt staða barna í skólakerfinu. Enn þá er það þannig að skóladagur er verulega sundurslitinn og mjög erfitt fyrir konur og þá segi ég konur, vegna þess að það er jú bara sú staðreynd sem við blasir, með ung börn að vera þátttakendur á vinnumarkaði. Þetta held ég að vinni gegn jafnrétti kynjanna eða gegn því að konur nái svipaðri stöðu í samfélaginu og á vinnumarkaði og karlar. Þetta er hlutur sem við þekkjum í skólakerfinu í Reykjavík. Ég skal taka dæmi um 7 ára börn. Þau eru í skóla frá 9–12, síðan er þeim gert að fara heim milli 12 og 2, fara síðan í sund frá 2–3 og það er gert ráð fyrir því að það sé alltaf einhver heima til þess að taka á móti þessum börnum, gefa þeim að borða, sjá um að koma þeim á réttum tíma í skóla, sjá um að koma þeim á réttum tíma í aukatímana vegna þess að enn þá er stundatafla þessara barna sundurslitin. Það hefur satt að segja þokast afskaplega lítið í þessum málum. Ástæðan er auðvitað ekki síst sú að það er sífelldur niðurskurður í þessum málaflokkum, m.a. til skólamála og meðan þetta breytist ekki þá breytist staða kvenna á vinnumarkaðnum afskaplega lítið. Mér finnst ekki hægt að taka þátt í því hér að setja jafnréttisáætlun og setja einhver fögur fyrirheit í þessa áætlun án þess að halda því til haga að eigi einhver árangur að nást í þessum málaflokki þá þarf stjórnarstefnan almennt að vera í samræmi við þessi fögru fyrirheit sem gefin eru. Þá þarf stjórnarstefnan almennt að vera þess eðlis að aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna missi ekki marks. (Gripið fram í.) Það vantar tillögu um að setja ríkisstjórnina af, bendir hv. 9. þm. Reykv. á en ég er hrædd um að það hefði ekki náðst samstaða um það í nefndinni en við einbeittum okkur að því sem við töldum að samstaða gæti náðst um og settum það í áætlunina.

Ég vil leggja áherslu á það að þær brtt. sem gerðar voru í nefndinni eru að mínu mati mikilvægar og ég tel að þær séu til mikilla bóta og í því sambandi vil ég sérstaklega nefna að inn í áætlunina er nú komið að veita skuli fræðslu um kynferðisafbrot og heimilisofbeldi í grunnnámi lögreglumanna. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt. Þá er líka komið inn í þessa áætlun að jafnréttisráðgjafi sem gert er ráð fyrir að setja á laggirnar, einn jafnréttisráðgjafi, sinni ekki aðeins málum sem koma vinnumarkaðinum við heldur líka ýmsum öðrum málum, menntamálum, fjölskyldu-, félags- og heilbrigðismálum, því jafnrétti kynja snýst ekki bara um vinnumarkað heldur um flest svið samfélagsins.

Þá komst hér inn tillaga um það að gerð verði könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum en umræða að undanförnu hefur leitt í ljós að hún er mun útbreiddari heldur en menn kannski héldu. Það er eins með þetta eins og t.d. ofbeldi gegn konum að þegar umræðan fór af stað um það kom í ljós að það var miklu útbreiddara heldur en menn höfðu talið fram til þessa.

Þá komst líka inn í þessa tillögu sem mér finnst mikilvægt að það á ekki bara að setja upp einhver námskeið fyrir konur, sérstök námskeið fyrir konur til þess að gera þær hæfar, eins og segir, á vinnumarkaði heldur á að setja upp sérstök námskeið fyrir stjórnendur hjá hinu opinbera þar sem það verði haft að markmiði að auka jafnrétti og bæta samskipti kynjanna á vinnustað. Að stjórnendur fái sérstök námskeið í því hvernig þeir eigi að standa að málum þannig að þetta megi nást fram.

Þá kom líka inn í þessar brtt. ákvæði um samfelldan skóladag í grunnskólum og að daglegur skólatími yngstu barna og árlegur kennslutími verði lengdur. Þetta tel ég mjög mikilvægt og sérstaklega í ljósi þess sem ég sagði áðan.

Þá kom líka inn sem brtt. að á háskólastigi verði kennsla og rannsóknir í kvennafræðum efldar en þá vil ég minna á það að fyrir nokkrum árum var samþykkt á Alþingi að setja á laggirnar sérstakan sjóð til þess að styrkja kvennarannsóknir og þessi sjóður hefur einmitt reynst heilmikil lyftistöng í þeim málum og var það mjög til bóta að þetta skyldi hafa verið gert og í rauninni Alþingi til sóma. Það er sjálfsagt að þakka það sem vel er gert.

En þó maður hefði auðvitað viljað sjá framsæknari markmið í þessari jafnréttisáætlun þá er engin ástæða til þess að fúlsa við því sem þarna er og ég held að það sé mikilvægt að fá slíka áætlun, að láta á þetta reyna. Það er gert ráð fyrir því að slík áætlun verði endurskoðuð eftir tvö ár og m.a. þess vegna fór nefndin þá leið að setja inn í nál. sitt ýmsar ábendingar sem fram komu í umsögnum frá einstökum aðilum þannig að þegar að endurskoðun kæmi innan tveggja ára þá yrðu þessar ábendingar hafðar til hliðsjónar og þá yrði tekið mið af þeim við þá endurskoðun.

Þessu vildi ég koma á framfæri, virðulegur forseti, þannig að það liggi þá ljóst fyrir í hverju minn fyrirvari fólst. Hann fólst sem sagt í því að ég tel stjórnarstefnuna almennt andstæða konum og ég held hún bæti ekki stöðu kvenna, þvert á móti, hún hefur stuðlað að því að gera stöðu kvenna verri og hún er í rauninni stefna sem er andstæð fjölskyldunni. Það nægir að

minna á þann niðurskurð sem hér hefur verið gerður, ekki bara einu sinni heldur tvisvar í ýmsu sem varðar barnafólk eins og t.d. á barnabótum en þrátt fyrir þetta þá tel ég mikilvægt að fá slíka áætlun og stend þess vegna að málinu.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þessa stjtill. sem er fjögurra ára áætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Við höfum rætt nokkuð um þessa áætlun í félmn. og hefðum gjarnan viljað hafa meiri tíma til þess heldur en við höfum haft vegna þess að það er ýmislegt í henni sem væri skemmtilegt að hafa ákveðnara heldur en hér kemur fram. Fyrst og fremst er minn fyrirvari í því fólginn að mér finnst ekki nógu ákveðið kveðið á um ýmsa þætti. Hér er mikið talað um að „efla beri" og „auka beri" en ekki kannski ákveðin markmið til nokkurra ára. Ég tel að það hafi náðst mikilsverð markmið í jafnréttisbaráttunni en það sé pínulítill afturkippur í henni núna einmitt vegna þess að stjórnarstefnan er þannig að það er miklu minni atvinna og atvinnuerfiðleikar bitna fyrst og fremst á konum. En jafnrétti er ekki aðeins fyrir konur, það er jafnt fyrir karla, konur og börn og alla þjóðfélagsþegna og það er lítillega kveðið á um það í þessari áætlun að karlar komi meira inn í þessa jafnréttisbaráttu og það tel ég mjög jákvætt. Það sem mér finnst vera áberandi í þessari áætlun er að það er verið að tala um fólk á vinnumarkaði en ekki fólk inni á heimilunum. En núna í þessum atvinnuerfiðleikum þá er aukinn fjöldi manna sem er atvinnulaus og er þar af leiðandi inni á heimilunum og mér finnst að það þurfi að taka ákveðnar á því hvernig við komum á móts við fjölskyldurnar og hvernig við komum inn með auknar skattaívilnanir til heimavinnandi fólks. Það vantar mikið inn í þessa áætlun. Við erum hér að tala um ýmsa þætti atvinnumála og hvernig eigi að koma til móts við fyrst og fremst konur í atvinnulífinu en það er ekki eins mikið kveðið á um hvernig á að koma til móts við konur inni á heimilunum. Það er það sem ég held að við ættum einmitt að einbeita okkur að núna þegar kreppir að í atvinnulífinu hvernig við eigum að koma til móts við fjölskylduna og hvernig við getum gert Ísland að fjölskylduvænu þjóðfélagi. Það er það sem mér finnst allt of lítil umræða um. Það er hægt að velta sér upp úr því misrétti sem konur eru beittar á vinnumarkaðnum en fyrst og fremst held ég að í þessum erfiðleikum ættum við að einbeita okkur að því hvernig við getum gert Ísland að fjölskylduvænu þjóðfélagi.

Ég vil aðeins minnast á að hér er ekkert kveðið á um það hvernig við ætlum að koma á samfeldum skóladegi. Hér er kveðið á um að það skuli stuðlað að samfelldum skóladegi en það er ekki neitt ákveðið út af fyrir sig í þessari áætlun á hvaða tímabili við ætlum að ná því markmiði. Og það er allt annað í þessum dúr í þessu frv., það á að efla hitt og þetta og það á að stuðla að þessu en það eru ekki nein ákveðin markmið varðandi tímasetningar. Þetta finnst mér vanta og mér finnst við vera búin að ræða nóg um hvernig við ætlum að efla hitt og þetta, mér finnst kominn tími til að við sýnum fram á það hvernig við ætlum að framkvæma hlutina. Þess vegna skrifa ég undir nál. með fyrirvara. Ég veit að það er mikilvægt að það sé einhver áætlun í gangi og þess vegna samþykkjum við þessa áætlun en ég hefði viljað hafa hana miklu markvissari en hún er.

Mér finnst satt að segja að hv. félmn. hefði gjarnan mátt eyða meiri tíma í að skoða hana á markvissari hátt en verið hefur. En ég mun samþykkja hana vegna þess að ég tel mikilvægt að það sé einhver áætlun í gangi.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegur forseti. Hér er að sjálfsögðu á ferðinni hið merkasta mál, till. til þál. um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Það er rétt sem hv. 2. þm. Vesturl. sagði að það út af fyrir sig hefði verið hægt að fara um þessa áætlun býsna mörgum orðum. Þó hlýt ég að vekja athygli á því að hún var til nokkuð ítarlegrar umfjöllunar í nefndinni. Ég minni t.d. á að nefndin kom saman til sérstaks kvöldfundar til að ræða þessi mál umfram öll önnur og þó að á dagskrá nefndarinnar hafi verið ýmis önnur mjög merkileg og stór mál eins og sveitarstjórnarlög og ýmislegt annað þeim tengt þá fór það nú svo að í þessari nefnd, sem ég hygg að sé að meiri hluta skipuð körlum og er það nú nokkurt umhugsunarefni, að ekkert einstakt mál hlaut janfmikla umfjöllun í nefndinni og þar vakti að sjálfsögðu mikla athygli sýnilegur áhugi og þátttaka karlpeningsins í nefdinni í þessum störfum og það auðvitað er ánægjuleg tilbreyting.

Ég held að það fari ekkert á milli mála að þessi till. til þál. hefur mikla þýðingu eins og fram hefur komið í þessari umræðu. Meginmarkmið hennar er eins og fram kemur í athugasemdum við þáltill. að bæta stöðu kvenna innan ráðuneyta og undirstofnana þeirra og jafnframt því að hafa jákvæð áhrif á stöðu kvenna almennt á vinnumarkaðnum.

Ef við förum yfir ýmis efnisatriði hér í tillögunni og brtt., þá kemur það að sjálfsögðu á daginn líka að það er ýmislegt áhugavert af þeim málum. Ég vek t.d. athygli á því sem ég hafði nú t.d. ekki gert mér grein fyrir fyrr en ég fór að kynna mér þetta mál alveg sérstaklega að í sambandi við gæðaátak í sjávarútvegi þá hefur verið ákveðið af hálfu sjávarútvegsins að sérstaklega verði skoðað á hvern hátt megi nýta reynslu og þekkingu fiskvinnslukvenna. Ég verð að segja að þetta finnst mér vera mjög athyglisvert. Mér finnst rétt að draga þetta fram vegna þess að mér finnst þetta vera hlutur sem ekki hefur komið fram t.d. í þeim umræðum sem fram hafa farið um gæðaátak í sjávarútvegi.

Ég get mjög tekið undir það og það hafði ég nú hugsað mér að væri kannski fyrst og fremst erindi mitt hér að þessu sinni vegna þess að ég átti þess ekki kost að taka til máls við fyrri umræðu málsins að vekja athygli á því að veikleiki þáltill. sem þessarar, þó ég hafi skrifað undir hana án fyrirvara, er sá að skilgreining þessa verkefnis kann að verða mjög erfið. Við erum

hér með dálítið af almennt orðuðum hugsunum sem út af fyrir sig eru alveg réttar og ég geri engar athugasemdir við en vandinn er sá, sem kom á daginn t.d. í nefndinni og menn bentu á umræðum í nefndinni, að skilin á milli þess sem við köllum jafnréttismál í merkingunni jafnrétti kynjanna og eitthvað annað eru ekki allt af ýkja skýr. Ég óttast það dálítið — þó ég efist ekki um góðan vilja stjórnvalda, alveg sérstaklega núverandi stjórnvalda, og okkar sem stöndum hér að þessari þáltill. — að þegar til kastanna kemur þá kunni að verða erfitt að fylgja markmiðunum eftir einmitt vegna þessa. Við erum í dálitlum vanda við að skilgreina okkar verkefni, það eru svo óljós skilin. Þess vegna bind ég býsna miklar vonir við það sem fram kemur hér raunar í nál., að félmrh. hafi nú óskað eftir því að starfsmenn á skrifstofu Jafnréttisráðs geri úttekt á því hvort áætlanir sem þessar skili árangri og niðurstaða þessarar úttektar verði væntanleg með haustinu. Síðan er hugsunin að Jafnréttisráð fylgi framkvæmdaáætluninni eftir og fylgist með framgangi hennar. Þetta tel ég ástæðu til að undirstrika. Ég held að það sé rétt að þegar það liggur fyrir að þetta mál sé tekið aftur til athugunar vegna þessara annmarka sem ég hef verið að benda á.

Að lokum vil ég benda á að á vegum félmrn. hefur verið að störfum hin merkasta nefnd, svonefnd karlanefnd, sem hefur sérstaklega verið að skoða hlutverk karla í breyttu samfélagi. Ég hef alltaf bundið miklar vonir við störf þessarar nefndar enda er hún skipuð úrvalsfólki. Hún er að skila áliti um þessar mundir og ég held að það sé ástæða til að skoða þau mál í samhengi við þessa jafnréttisáætlun þegar því verki lýkur. Ég vek athygli á því að meðal þeirra brtt. sem hér liggja fyrir er m.a. gert ráð fyrir því að skipuð sé sérstök ráðgjafanefnd til tveggja ára sem hafi það hlutverk að virkja karla í jafnréttisumræðunni þannig að þeirra sjónarmið komi til skila og síðan verði einum starfsmanni Jafnréttisráðs falið að fylgja ákvörðun nefndarinnar eftir. Þetta fannst mér ástæða til að kæmi fram og til skila í þessari umræðu. Ekki vegna þess að ég sé að mæla með einhverri nýmóðins karlrembu, öðru nær. Ég held einfaldlega að það sé rétt sem þarna segir í tillögugreininni að það skipti mjög miklu máli fyrir jafnréttisumræðuna að sjónarmið karla í henni komist líka til skila ekki síður en kvenna.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hjó eftir tilteknu orðalagi hér hjá þeim þingmanni sem áðan talaði og sem er nú meðflm. að þessu nál. Hann lagði mikið upp úr því hversu miklum tíma við hefðum eytt í þetta í félmn. og hversu virkan þátt í umræðunni karlpeningurinn í þeirri nefnd hefði tekið. Það ræður náttúrlega hver og einn hvaða merkingu hann leggur í þessi orð. Ég vil bara til leiðbeiningar segja að þetta hafa kannski átt að vera öfugmæli hjá hv. þm. Hann sagði að þó að til umfjöllunar í félmn. væru mörg stór og merkileg mál, þó að til umfjöllunar væru mörg stór og merkileg mál eins og sveitarstjórnarmálin og annað slíkt þá fékk þetta mál samt mikla umföllun og m.a. var haldinn sérstakur kvöldfundur út af þessu máli. Hvaða merkingu á að leggja í þetta, virðulegur þingmaður? Er þetta mál ekki merkilegt mál, er þetta ekki stórt mál, jafnréttisáætlun til fjögurra ára? Hvaða merkingu á að leggja í það, virðulegur þingmaður, þegar sagt er „þó að" og „samt sem áður" fékk þetta tíma?

Einar K. Guðfinnsson: *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að vekja á því athygli að fyrr dag lagði hv. þm. fram fyrirspurn er varðaði mál og málnotkun á opinberu sviði. Það er tilefnið til hennar athugasemda núna. En ég vil bara undirstika það að orðalag mitt hér var einungis með þeim hætti til að undirstrika nákvæmlega mikilvægi þessa máls sem ég dreg ekki í efa og það var aldrei meining mín að gera lítið úr mikilvægi þessa máls nema síður sé. Ég var einfaldlega að undirstrika þýðingu þessa máls með því að vekja athygli að önnur stór mál voru líka til umræðu en fengu mun minni umfjöllun. Við ræddum þetta sérstaklega á fundi að kvöldi til sem er ekki alvanalegt í félmn. Þetta er að sjálfsögðu sagt til að árétta og undirstrika mikilvægi og þýðingu þessa góða máls.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hjó einmitt eftir því hjá hv. síðasta ræðumanni að hann talaði um að þetta mál hefði fengið ítarlega umfjöllun í félmn. Ég vil ekki meina að það hafi fengið ítarlega umföllun í félmn. þrátt fyrir að við höfum rætt um það eina kvöldstund. Hann ræddi sérstaklega um að þetta hefði verið tekið á undan sveitarstjórnarlögum en eins og allir vita eru þau sveitarstjórnarlög sem við erum hér með til umfjöllunar náttúrlega algjörlega gelt mál. Vegna þess að það er búið að þynna það svo út að það er nú bara eins og þunnur grautur. Þess vegna eru allir sammála um það. Þetta er bara svona eins og almennt mál um skoðanakönnun þannig að það er eðlilegt að þetta mál fengi svona aðeins meiri umfjöllun heldur en það því það er nú mál sem er svo sem ekki orðið neitt neitt.

Það sem ég hjó sérstaklega eftir var það sem hv. þm. var að tala um í sambandi við umsögn sjútvrn. um gæðaátak í sjávarútvegi. Þá er það nú þannig að í mörg hundruð ár hafa konur unnið við sjávarútveg á Íslandi og einmitt við fullvinnslu sjávarafurða á hverjum tíma eins og kröfur hafa verið uppi um. Það er ekkert nýtt við það. Ég tel að sú gæðastjórnun sem konur hafa stýrt í sjávarútvegi sé ekkert nýtt mál. Það er auðvitað gaman að það skuli sérstaklega vera tekið fram í þessari áætlun um þetta málefni en það hefði gjarnan mátt vera miklu miklu ítarlegar um það fjallað vegan þess að það eru fyrst og fremst konur sem eru með púlsinn á vinnslu sjávarafurða. Það er undir þeim komið að það sé fullkomin vara sem frá sjávarútveginum kemur. Þetta er ekkert nýtt, alls ekki nýtt, þetta er mörg hundruð ára gamalt mál og tími til kominn að um það sé fjallað.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er nú varla að ég geti kom-

ið hér upp í andsvari í sjálfu sér vegna þess að ég er alveg sammála hv. 2. þm. Vesturl. um það sem hún sagði. En það sem ég var auðvitað að árétta og margsagði hér í ræðu minni áðan var einfaldlega þetta: Að það sem væri m.a. nýstárlegt við þetta mál núna væri alveg sérstaklega í tengslum við tiltekið gæðaátak í sjávarútvegi þá væri athyglinni beint að hlut kvenna og hvernig megi nota reynslu og þekkingu kvenna sem hafa starfað í fiskvinnslu. Þetta er auðvitað jákvætt í sjálfu sér og kannski lýsandi dæmi um þýðingu þessarar jafnréttisáætlunar með öllum þeim göllum og kostum sem henni fylgja. Það er auðvitað lýsandi dæmi um að þessi jafnréttisáætlun geti haft mikla þýðingu, einmitt þetta að þarna er verið að vekja athygli á hlutum sem í sjálfu sér ætti ekki að þurfa að vekja athygli á en vegna stöðu kvenna í þjóðfélaginu er tilefni til þess að athygli sé vakin á. Þess vegna var ég að undirstrika þetta.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Það er eftir því tekið loksins þegar fulltrúi Sjálfstfl. tekur til máls í þessu þýðingarmikla máli og verður í minnum haft framlag hans til jafnréttisumræðu hér á Alþingi.

Ég vil aðeins gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls þar sem ég undirrita það með fyrirvara. Ég vil segja um þessa áætlun að það er margt í henni sem eru góð áform og horfa til betri vegar og eðlilegt að stuðla að því að þau áform fái framgang í formi samþykktar á Alþingi og síðan að stuðla að því eftir mætti að fylgja því eftir á vettvangi þar sem því verður við komið. En fyrirvari minn er almennur um raunverulegan vilja stjórnvalda til að fylgja eftir þessum góðu áformum. Hvað er ríkisstjórnin að gera? Hvað hefur hún verið að gera undanfarin tvö ár? Er það í samræmi við þessa áætlun sem við setjum hér upp? Það er ýmislegt sem kemur strax upp í hugann sem segir okkur að ríkisstjórnin er að gera allt annað en hún segist ætla að fara að gera með þessari áætlun. Því miður verð ég að segja að ég hef ekki mikla trú á þessari ríkisstjórn að hún efni þau fyrirheit sem fyrir hana eru lögð og hún sjálf hefur skrifað upp á með þessari framkvæmdaáætlun.

Það fyrsta sem ég hnýt um í áætluninni og ég tel vera nokkrum vafa undirorpið að ríkisstjórnin sé í raun tilbúin að fylgja eftir er 1. liður á bls. 1 í áætluninni. Ákvæði um auglýsingar á lausum stöðum hjá ríkinu. Var staða Péturs Guðfinnssonar hjá sjónvarpinu auglýst laus? Var konum gefinn kostur á að sækja um það starf? Ekki kannast ég við það. Ég kannast hins vegar við það að karlmaður nokkur þjóðþekktur hafi verið ráðinn í það starf. Eru þetta efndirnar á fyrirheitunum sem ríkisstjórnin segir okkur að hún ætli að fara að vinna eftir? Bara strax þetta fyrsta atriði segir okkur að ríkisstjórnin hefur fallið á prófinu sem hún hefur sett upp fyrir sjálfa sig. Menn geta rakið fleiri og fleiri stöðuveitingar hæstv. núv. ríkisstjórnar og spurt sig: Er ríkisstjórnin að vinna eftir þeim leiðum og markmiðum sem hún hefur sett upp? Hvernig var staðið að ráðningu þjóðminjavarðar? Þar kom einna helst til álita að mati þeirra sem þar starfa og hafa fagþekkingu á þessum málum að til starfans yrði ráðin kona. En hvað gerði hæstv. menntmrh.? Hann réð ekki þessa konu. Hann réð flokkspólitískan einkavin sinn, karlmann, í starfið. Síðan ætlar þessi ágæti menntmrh. og ríkisstjórnin okkur að trúa því að ríkisstjórninni sé einhver alvara með því sem hér stendur að ríkisstofnanir eigi að auglýsa lausar stöður til umsóknar. Betur ef svo verður og vonandi að ríkisstjórnin taki sig á í kjölfar þess að Alþingi samþykki þetta. En það verður hver að eiga við sig hversu mikla trú hann hefur á ráðherrum í þessari ríkisstjórn til að meina það sem þarna stendur.

Það má líka líta á kaflann á bls. 8 í áætluninni, staða kvenna í utanríkisþjónustunni. Hvaða vangaveltur eru uppi í hæstv. ríkisstjórn um skipan manna í sendiherrastöður á næstunni? Hvaða nöfn hafa helst verið nefnd? Ég minnist þess ekki að hafa heyrt nafn neinnar konu nefnt. Hins vegar nokkurra valinkunnra sómamanna, karlmanna úr liði núv. ríkisstjórnar. Engan hef ég heyrt segja að það stæði til að auglýsa þessar stöður lausar til umsóknar. (**GHelg:** Hvað með seðlabankastjóra?) Það væri fróðlegt ef hæstv. utanrrh. væri hér á landinu og gæti komið hér í hús að hann svaraði því hvort hann hygðist auglýsa lausar til umsóknar þær sendiherrastöður sem eru lausar eða munu losna á næstunni. Ég legg þá fyrirspurn fyrir hæstv. utanrrh.

Hér var minnt á stöðu seðlabankastjóra. Væri fróðlegt að vita, hæstv. forseti, hvort hæstv. viðskrh. er hér í húsinu og hvort hann geti komið hér í þingsal? Ég vildi eindregið óska eftir því ef mögulegt væri, að hæstv. viðskrh. kæmi hér til þessarar umræðu. (**Forseti:** Hæstv. viðskrh. er ekki í húsinu og hann mun vera utan bæjar.) Þá spyr ég, virðulegi forseti, hvort hæstv. félmrh. sé ekki hér og hvort hann geti ekki séð af einhverri stund aflögu til að vera viðstaddur þessa umræðu. (**Forseti:** Hæstv. félmrh. er í húsinu og forseti mun láta ...) Ég óska eftir því, virðulegi forseti, að hæstv. félmrh. verði sóttur (**Forseti:** ... vita að óskað er eftir nærveru hennar.) Ég þakka forseta skelegg viðbrögð.

Ég beini þá fyrirspurn minni til hæstv. félmrh. sem er í sama stjórnmálaflokki og hæstv. viðskrh. og ætti því að geta svarað nokkru um áform þar á bæ um væntanlega stöðu seðlabankastjóra. Stendur til að auglýsa þá stöðu lausa til umsóknar? Stendur til, hæstv. félmrh., að við mat á umsóknum verði konur látnar njóta forgangs eins og kveðið er á um hér í þessari áætlun að öðru jöfnu? (**IBA:** Dettur þingmanninum annað í hug?) Þingmanninum dettur ekki annað í hug. En engu að síður þykir mér rétt að spyrja að þessu og fá þetta staðfest hér í þingi hvort það séu ekki raunveruleg áform viðskrh. og félmrh. að standa þannig að mannaráðningum eins og í Seðlabankanum eins og ég spurði að. Og minnir seðlabankaembættið á annað atriði sem ég hafði merkt við hér í þessari áætlun og er á bls. 6, punktur 7.5 sem heitir „Jafnrétti til stjórnunarstarfa í bönkum". Og ég vil spyrja hæstv. félmrh. að því, hvernig staðið verði að því að fylgja eftir því við

viðskiptabankana að gerð verði sérstök áætlun um fjölgun kvenna í stjórnunarstöðum hjá bönkum. Ég legg þessa spurningum fyrir hæstv. félmrh. Hvernig verður staðið að því að gera þessa áætlun og hvenær verður hún gerð? Verður fyrsta skrefið í þeirri áætlun að ráða konu sem bankastjóra Seðlabanka Íslands? Það væri verðugt skref, hæstv. forseti, ef svo færi og ég veit að hæstv. félmrh. getur svarað því ef hann kýs svo, hvort þannig verður að málum staðið að staða seðlabankastjóra verði auglýst þegar að því kemur og umsóknir kvenna verði metnar eins og greint er frá í þessari framkvæmdaáætlun.

Í fjarveru utanrrh. leyfi ég mér að beina því til hæstv. félmrh., varaformanns Alþfl., hvernig verður framkvæmdur liður 13.1, staða kvenna í utanríkisþjónustunni, hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér að sendiherrastöður, sem eru lausar, verði auglýstar, bæði þær sem eru lausar nú og verði lausar á næstunni og að við mat á umsækjendum verði konur metnar eins og gert er ráð fyrir hér í þessari áætlun þannig að þær standi jafnfætis körlum þegar tekin verður ákvörðun um ráðningu í sendiherrastöður. Þessu vildi ég nú beina til hæstv. félmrh. og ég veit að hún tekur þessum fyrirspurnum af miklu jafnaðargeði og svarar þeim ítarlega.

Þá vildi ég nefna eitt atriði enn sem ég hef nokkrar áhyggjur af vegna þess að mér finnst ríkisstjórnin vera að gera allt annað en hún segist ætla að gera með þessari áætlun. Nægir þar nú að nefna ýmsa hluti eins og lækkun barnabóta, aukið misrétti í þjóðfélaginu, aukið misrétti í tekjuskiptingu. Varla er það konum mjög í hag þetta aukna misrétti sem orðið hefur á síðustu árum meðan hæstv. félmrh. hefur setið í stjórn og hefur reglulega greint okkur frá því að hafi alltaf farið versnandi eftir því sem hún situr lengur í stólnum.

Ég vil nefna eitt atriði enn. Það er staða kennara. Það er hefðbundin kvennastétt. Nú hefur sú nýbreytni verið tekin upp á meðan þessi ríkisstjórn hefur starfað að í stað þess að setja kennara í stöður, þá er í vaxandi mæli tekið upp nýtt ráðningarform sem heitir tímabundin ráðning. Þar eru menn ráðnir til ákveðins tíma og vita síðan ekkert hvort þeir fái endurráðningu að þeim tíma loknum eða ekki. Þessi tímapunktur er 1. maí og nú berast fréttir af því að fram undan og yfirstandandi sé hagræðing og endurskipulagning á þessu sviði og ég spyr hæstv. félmrh., hefur hann fylgst með því hvað hefur leitt af þessari hagræðingu og endurskipulagningu varðandi þær konur í kennarastétt sem hafa verið ráðnar á tímabundinni ráðningu?

Ég hef spurnir af því, virðulegi forseti, að það séu nokkuð margir sem ekki fá boð um vinnu áfram eftir að þeirra ráðningartíma lýkur og meðal þeirra sem ekki fá boð um áframhaldandi vinnu vegna þessa fyrirkomulags eru einstæðar mæður og konur sem eru á leið í barneignarfrí eða eru jafnvel í barneignarfríi. Og ég spyr hæstv. félmrh.: Hefur hann tekið þessar upplýsingar saman og fylgst með því hvernig menntmrn. er að framkvæma þessa stefnu? Af þeim fréttum sem ég hef haft, ég tek það fram að þær eru ekki mjög ítarlegar, þá eru vísbendingar í þessa átt sem ég nefndi. Dæmin eru fyrir hendi og vísbendingarnar eru í þessa átt. Og ég spyr ráðherra um það hvort úttekt hafi verið gerð á þessu máli og ef ekki, þá spyr ég ráðherrann, verður það gert? Fáum við að vita hversu margir það voru sem ekki fengu ráðningu áfram, hvernig það skiptist á milli kynja og hversu mörg dæmi af þeim eru þannig að þar sé um að ræða konur í barneignarleyfi eða á leið í það eða einstæðar mæður? Þetta eru afar alvarlegar upplýsingar sem ég fékk fyrr í dag og þó þær séu ekki tæmandi þá gefa þær vísbendingu um það sem ætla má að sé að gerast og gefa alla vega tilefni til að krefjast ítarlegra upplýsinga um þetta atriði.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs við 1. umr. þessarar framkvæmdaáætlunar til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna og ég gerði þá nokkrar almennar athugasemdir og líka einstakar athugasemdir við þessa þáltill. Hinar almennu athugasemdir sneru auðvitað fyrst og fremst að því að ég tel að stefna núv. ríkisstjórnar veiki stöðu kvenna í þjóðfélaginu með ýmsum hætti, t.d. með þeirri stefnu sem fylgt er í menntamálum þar sem um er að ræða niðurskurð á tímaframboði í grunnskólum og þar sem um það er að ræða að það hafa verið sett niður í skúffu lög um leikskóla sem auðvitað eru mikilvægur þáttur í þeim jafnréttismálum sem við erum hér að ræða um.

Ég tel út af fyrir sig, virðulegi forseti, að hv. félmn. hafi unnið allvel á þessum eina kvöldfundi sem hún hélt sérstaklega um málið og þær breytingar sem hér eru séu flestar til bóta. Sumt er nú með þeim hætti að ég átta mig ekki alveg á því af hverju hlutirnir eru eins og fram kemur í brtt. Það er t.d. gert ráð fyrir því að fella niður kaflann um leikskólann og rökin sem hv. frsm. flutti voru ekki þannig að ég áttaði mig á þeim en ég sé svo við nánari athugun að í rauninni er betra að fella niður þetta leikskólaákvæði eins og það er í tillögudrögunum en hafa það vegna þess að þar er eingöngu um að ræða þann leikskólaþátt sem snýr að verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem kemur raunar jafnréttismálum afskaplega lítið beinlínis við og gagnslítið að hafa þetta ákvæði inni öðruvísi en því fylgi einhver markmið í leikskólamálum.

Ég tel að það séu mikilvæg ákvæði sem koma þarna fram varðandi grunnám og endurmenntun lögreglumanna. Ég tel að það skipti mjög miklu máli. Ég tel að það skipti miklu máli það sem fram kemur að lögð er áhersla á að tryggja bætur fyrir fjártjón og miska í tölul. 3.a í brtt. félmn. og ég tel að það sé mjög mikilvægt sem fram kemur að gert er ráð fyrir því að jafnréttisráðgjafi eigi að sinna jafnréttisstarfi á sviði menntamála, fjölskyldu-, félags- og heilbrigðismála í samvinnu við jafnréttisnefndir.

Það sem ég átta mig ekki á í þessum brtt. er t.d. það að í stað orðanna „verkefnisstjórn norræna launaverkefnisins“ í síðari málsl. nr. 2.4 koma orðin: norræna jafnlaunaverkefnið og ég átta mig ekki alveg á því hvernig þeim málum er háttað. Ég veit að sá maður sem sinnti verkefnisstjórn norræna launaverkefnisins er

kominn til annarra starfa, en ég skil ekki hvernig á því stendur að það starf hefur verið lagt niður, hvort það hefur verið talið óþarft og ég vil spyrja hæstv. félmrh. að því hver gengir því starfi núna að sinna sérstaklega tengslum við norræna launaverkefnið sem ég tel mjög mikilvægt að Íslendingar taki þátt í með mjög myndarlegum hætti.

Ég tel að það sé enn fremur mikilvægt, virðulegi forseti, sem fram kemur að gert er ráð fyrir því að skipuleggja sérstök námskeið fyrir stjórnendur hjá hinu opinbera þar sem lögð verði áhersla á jafnrétti og samskipti kynjanna. Ég tel að það sé til bóta sem breytt er í þessum tillögum varðandi grunnskólann, það er til bóta frá því sem það var í tillögugreininni sjálfri þó að það sé út af fyrir sig ekki um neina bindingu að ræða heldur fyrst og fremst almennar, frómar óskir og má raunar segja það um tillöguna í heild að hér sé um að ræða afar almennar, frómar óskir á flestum sviðum sem eru, þó að þær virðist ekki róttækar á yfirborðinu, í hróplegri mótsögn við þá stefnu sem núv. ríkisstjórn fylgir.

Það sem auðvitað er aðalatriðið í þessum málum er að átta sig á því hvernig verður staðið að framkvæmdinni. Hver er framkvæmdastjóri þessa verkefnis? Hver heldur utan um það að þessari áætlun sé sinnt? Jafnréttisráð er nefnt hér í þessum textum en auðvitað hlýtur það að vera félmrh. sem hefur fyrst og fremst yfirumsjón með þessu og ég tel í sjálfu sér að það sé verulega framför að því er slegið föstu hér og það kemur fram að félmrh. hefur óskað eftir því að starfsmenn skrifstofu Jafnréttisráðs geri úttekt á því hvort áætlun þessi skili árangri og munu niðurstöður slíkrar úttektar vera væntanlegar með haustinu. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að þessi úttekt liggi fyrir og ég geri ráð fyrir því að hugmyndin sé eða ég vænti þess að kynna hana e.t.v. á jafnréttisþingi sem ætlunin er að halda í september eða október í haust og ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvort tímasetningin á skilum þessarar niðurstöðu sé að einhverju leyti miðuð við jafnréttisþingið sem ætlunin er að halda.

Ég tel hins vegar nauðsynlegt, og vil láta það koma fram sem mína skoðun, að það sé sérstakur starfsmaður í því að fylgjast með framkvæmd þessarar áætlunar, í því að hafa reglulega samband við ráðuneytið og stofnanirnar og að gefa Jafnréttisráði mánaðarlega eða á tveggja mánaða fresti skýrslu um það hvernig þessari jafnréttisáætlun vindur fram í verki. Ég held að það sé mjög mikilvægt að halda þétt utan um hina praktísku hlið á þessu máli þannig að þetta verði ekki bara pappír sem liggi hér eftir okkur í þinginu og hæstv. félmrh. hefur svo auðvitað áhyggjur af frá degi til dags, en ekki eru gerðar neinar sérstakar ráðstafanir til þess að málinu sé fylgt eftir í einstökum atriðum. Og þess vegna skora ég á hæstv. félmrh. að tjá sig um það hvort það er ekki æskilegt í þessu máli að standa þannig að því að sérstökum starfsmanni í Jafnréttisráði eða framkvæmdastjóra Jafnréttisráðs eða einhverjum starfsmanni í félmrn. jafnvel verði falið það sérstaka verkefni að passa upp á þessa áætlun frá degi til dags svo að segja. Og ég verð að segja það að þó að ég telji það mikilvægt sem fram kemur hér á síðu 3 í nál. að eftir töluliðunum varðandi vilja félmrn. þá tel ég að það hefði mátt kveða þar enn þá skarpar að orði varðandi eftirfylgju í þessum málum þannig að þetta verði ekki almennar frómar óskir heldur verði tekið á þessum málum lið fyrir lið og þeim sinnt nákvæmlega frá degi til dags í ráðuneytinu þannig að þetta séu ekki loftkennd fyrirheit sem engum koma við að lokum.

Síðan er annað atriði sem ég vil nefna hér sem ég hygg að ég hafi nefnt við 1. umr. málsins en ég sé ekki að hafi verið til haga haldið og það er sjálfsagt vegna þess að ég hafi ekki gert það nógu skýrt eða þá vegna þess að ég hef ekki sinnt því að fylgja því eftir. Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að gera verulega úttekt á stöðu jafnréttismála á Íslandi á árinu 1993 og reynslu liðins áratugar eða svo. Ég tel að það kæmi til greina að byrja þessa úttekt með setningu laga um jafnréttisnefnd og jafnréttisdóma á sínum tíma. Ég er þá að tala hér um svona 15 ára tímabil eða svo. Hvað hefur miðað? Það hefur auðvitað miðað ýmislegt á ýmsum sviðum. Það hefur auðvitað mjög margt gerst t.d. í skólamálum á þessum tíma svo að ég nefni dæmi og það hefur eitt og annað gerst að því er varðar hlut kvenna í opinberum stöðum og opinberum nefndum o.s.frv. En þegar heildarstaða kvenna er skoðuð, t.d. vinnuálag kvenna á þessum tíma og hvernig það hefur breyst þar sem þær eru bæði að gegna meiri störfum á almennum vinnumarkaði, þær sem hafa vinnu, en áður og eru auk þess yfirleitt hlaðnar af heimilisstörfunum líka, þá hygg ég að niðurstaðan verði sú að vinnuálag þessa helmings íslensku þjóðarinnar hafi vaxi verulega á þessum tíma, m.a. vegna þess að menntunarúrræði eins og leikskólar hafi ekki verið skipulögð með þeim hætti sem á að gera í eðlilegu jafnréttis- og velferðarþjóðfélagi. Og ég hefði viljað láta gera úttekt á því hvaða áhrifum og árangri jafnréttislögin hafa skilað. Hvaða áhrifum og árangri hefur barátta kvennahreyfinganna skilað? Ég veit að það er mjög erfitt að greina þar í sundur hvað er þessa og hvað er hins. Ég tel að það sé t.d. nauðsynlegt í þessu sambandi að menn velti því mjög alvarlega fyrir sér hver hafa orðið áhrifin fyrir jafnréttisstöðu kvenna í þjóðfélaginu af starfi Kvennalistans. Kvennalistinn skiptir auðvitað mjög miklu máli í þessari umræðu á undanförnum árum þó svo við höfum mjög misjafnar skoðanir á því hvort það er einhver ástæða til þess að halda áfram einhverju sem heitir Samtök um kvennalista, það skiptir ekki máli í þessu sambandi. Það sem ég er að ræða er það að þessi heild verði skoðuð. Ég er að tala hér um stjórnmálaþátttöku kvenna, bæði á Alþingi og í sveitarstjórnum og í þessu sambandi mega menn auðvitað ekki gleyma því að skoða fyrirtækin í landinu? Hverjir eiga að stjórna fyrirtækjunum? Hverjir voru á aðalfundi SH í dag? Það var ekki mikið af kvenfólki þar. Það voru nokkrir 500 þús. kr. karlar á stórum jeppum þar. Það var mjög lítið af kvenfólki þar. Og ég held að það sé dálítið til umhugsunar að konur séu ekki svo mikið þrátt fyrir alla þessa baráttu sem ég er ekki að meta lítils, þá eru þær ekki svo mikið að stjórna hinum almenna atvinnurekstri í landinu. Það er slæmt. Þær þurfa auðvitað að

komast inn í stjórn og forustu í hinum almenna atvinnurekstri í landinu. Staðreyndin er sú að einkamarkaðurinn hefur að þessu leytinu til að því er varðar æðstu forustustöður verið látinn allt of mikið í friði, t.d. hefur eftirfylgja og eftirlit Jafnréttisráðs aðallega snúist um opinbera aðila. Það er allt í lagi með það, það er sjálfsagt að gera það en það þarf líka að horfa á hitt að í hinu svokallaða atvinnulífi, í stórfyrirtækjunum, hjá fjármagnsaðilunum í landinu þá þarf líka að athuga hver er hlutur kvenna þar í hinum æðstu forustustöðum.

Ég vil þess vegna hreyfa þeirri hugmynd hér, virðulegi forseti, að það verði íhugað að gera heildarúttekt á þessu starfi öllu, á þessu gífurlega dýrmæta starfi sem hefur verið unnið í jafnréttismálum af konum hér á undanförnum 10–15 árum. Ég er þá ekki að biðja um lengri tíma vegna þess að þá eru menn komnir með verkefni sem við náum ekkert utan um þó það væri fróðlegt að skoða þetta yfir mikið lengri tíma. Virða það fyrir sér hvernig kvennahreyfingarnar hafa starfað náð verulegum árangri og verulegum áhrifum um tiltekið skeið. Síðan hefur það hnigið niður aftur í langan tíma en risið á ný og þannig koll af kolli. Það er auðvitað mikil spurning hvort við erum ekki stödd á þeim tímapunkti að það sé þörf á slíkri úttekt til þess m.a. að endurmeta þessa jafnréttisbaráttu og þá er ég ekki að tala um að það eigi að fara að gera karlmenn að einhverju sérstöku viðfangsefni í þessari jafnréttisumræðu. Auðvitað þurfa þeir að vera með í þessu eins og kostur er en mér finnst að þeir séu ekki og eigi ekki að vera sérstakt viðfangsefni þessarar umræðu eins og mér hefur stundum fundist af nefnd sem hæstv. félmrh. skipaði og á aðallega að vera að fjalla um stöðu karla. Karlmenn eru tiltölulega vel settir að þessu leytinu til þannig að það er ekki veruleg ástæða til að hafa sérstakar áhyggjur af þeim, alla vega ekki fyrr en eftir eins og tíu ár eða svo þegar hlutirnir væru komnir á betra plan eða tuttugu að því er konurnar varðar.

Ég tel að það sé út af fyrir sig allt í lagi að samþykkja þessa tillögu hér um jafnréttisáætlun. Hún skaðar engan. Ég er alveg tilbúinn til að standa að tillögu nefndarinnar í þeim efnum, ég er alveg tilbúinn til að gera það, virðulegur forseti, og beita atkvæði mínu í þeim efnum. En það sem skiptir máli er auðvitað eftirfylgjan. Hvernig er þessu fylgt eftir? Hvernig verður unnið að þessum málum úti í þjóðfélaginu á eftir? Verður þetta pappírsins virði eða verður þetta bara ein loftbólan til, enn ein tilraunin til að búa til fallega framhlið án þess að það sé á bak við hana neinn efnislegur veruleiki sem í raun breytir stöðu kvenna hér í þessu landi í átt til jafnari stöðu.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Við 1. umr. um þetta mál benti ég á nokkur atriði sem mér þóttu koma kynduglega fyrir sjónir og ég verð að segja eins og er að það veldur mér nokkrum vonbrigðum að mér sýnist ekkert tillit hafa verið tekið til þeirra ábendinga. Og þær brtt., sem hér liggja fyrir, valda mér miklum vonbrigðum. Mér finnst þessi þáltill. eins og hún kemur til með að líta út þrátt fyrir nokkrar brtt. afar yfirborðsleg og fæ ekki séð hverju þessi framkvæmdaáætlun kynni að breyta um stöðu kvenna í þjóðfélaginu í dag. Og ég vil aðeins til að spara tíma, frú forseti, mér er ljóst að hér er mikið verk óunnið og lítill tími sjálfsagt, en það getur auðvitað ekki komið í veg fyrir það að þingmenn hafi rétt til þess að reyna að bjarga því sem bjargað verður um þau mál, sem hér er verið að keyra í gegn. En til þess að spara tíma skal ég aðeins fara hér ofan í örfá atriði og þá fyrst þetta.

Við hljótum að verða að spyrja okkur hverju jafnréttisbarátta síðustu ára hefur skilað. Hvern hefur hún í raun og veru gert hamingjusamari? Svar mitt er þetta: Ekki konur, ekki börn, ekki karlmenn og síst af öllu gamalmenni. Sannleikurinn er ósköp einfaldlega sá að vinnuþrælkun kvenna hefur margaukist. Líf íslenskra barnafjölskyldna verður æ erfiðara og líf hinna öldruðu sem hættir eru vinnu og ættu að vera í umsjá sinna nánustu er ömurlegra en nokkru sinni fyrr. Eftir situr lítil kjarnafjölskylda sem hittist við kvöldmatarborðið í besta falli, kannski í klukkutíma, tvo tíma eða svo og stundum nánast aldrei. Ég held þess vegna að þjóðfélagið hafi gersamlega brugðist við það að koma til móts við nýja tíma. Það sem hefur auðvitað gerst er að þjóðfélagið hefur kallað á nær allar konur út í samfélagið til vinnu og ég get ekki séð fyrir mér hvernig hægt væri að snúa frá því núna. Ég býst við að þá færi eins og fór fyrir flestum stofnunum á kvennafrídaginn að þær lögðust svo til niður. Á meðan þetta hefur farið fram hefur gleymst að koma til móts við það hlutverk sem konurnar gegndu áður, þ.e. umönnun barna, sjúkra og aldraðra. Og ég fæ ekki betur séð ef svona verði áfram haldið en hafa verði mann með manni í þessu þjóðfélagi ef fólki á að líða sæmilega vel, þ.e. umönnunaraðila með annarri hverri manneskju í þjóðfélaginu.

Mín skoðun er einfaldlega sú að fjölskyldur séu að verða allt of litlar. Vandamál fjölskyldna verða æ þyngri og erfiðari að bera af því að þær deilast á færri axlir. Vandamál hafa tilhneigingu til að verða þeim mun stærri sem færri axla þau og ég held að að sumu leyti hafi gamla stórfjölskyldan með þremur kynslóðum verið miklu æskilegra sambýlisform en litla kjarnafjölskyldan núna. En þetta er kannski mál sem kallar á miklar umræður og ég skal ekki vera að halda langa ræðu um það.

Ofan á allt þetta hefur það gerst að laun í þessu landi hafa farið síversnandi og það er hægt að taka ótal stéttir sem dæmi og er nú kennarastéttin nærtækust. Eftir því sem fleiri konur slógust í lið við kennslu barna, þeim mun meira lækkuðu launin. Og það var ekki fyrr en konur fóru út á vinnumarkaðinn að það þurfti tvo til að vinna fyrir heimili. Sú var tíðin að barnakennari var tiltölulega vel efnaður maður sem sá fyrir fjölskyldu sinni í minni barnæsku og átti djúpa stóla og síma sem var ekki á hverjum bæ þá. Nú þarf helst eina þrjá barnakennara til að vinna sómasamlega fyrir fjölskyldu. Ég fæ ekki séð hvernig þessi framkvæmdaáætlun getur bjargað einu eða neinu því að hún forðast að taka á þessu. Og að hugsa sér að hér skuli

standa óbreyttur þrátt fyrir meðferð í nefnd liður 2.4 á bls. 3. Hann er stuttur og ég ætla að lesa hann, með leyfi forseta:

„Launamunur kynjanna. Á árunum 1992 og 1993 verði valdar fimm stórar ríkisstofnanir og athuguð kjör karla og kvenna, þ.e. laun, aðrar greiðslur og fríðindi innan þeirra. Verkefnið verði unnið í samráði við verkefnisstjórn norræna launaverkefnisins á Íslandi."

Til hvers í ósköpunum þarf að setja einhverja nefnd og ráð og stjórnir í þetta? Þetta liggur allt fyrir lifandi löngu fyrir. Kjararannsóknarnefnd hefur gefið út margar skýrslur um þetta og það vita allir, það veit hvert mannsbarn að konur hafa miklu minni laun, miklu minni fríðindi og miklu verri aðstöðu á vinnustöðum en karlar. Svo einfalt er það. Og það þarf enga nýja nefnd og allra síst norræna til að rannsaka þetta. Mig undrar að fólk skuli nenna að vera að setja svona texta saman til samþykktar á Alþingi.

Síðan er hér á bls. 4, 2.8. Stefnumótun í málefnum fjölskyldunnar. Ég vil ekki vera með í þeirri stefnumótun að öðru leyti en því að ég vil búa fjölskyldunni þau skilyrði að hún hafi einhverja möguleika til að lifa sæmilega farsælu lífi. Fólk getur síðan ráðið því sjálft hvernig það vill gera það. En til þess þarf laun, til þess þarf sómasamlegt húsnæði sem ekki kollkeyrir líf manna í 20 ár og rænir börn foreldrum sínum vegna þrældóms. Það þarf að sjá börnunum fyrir sæmilegri umönnun á meðan foreldrarnir eru við vinnu. Það þarf að stytta vinnutíma og lengja fæðingarorlof. Um þetta er búið að tala áratugum saman og enn er forðast að taka á þessu en þess í stað ætlar hæstv. félmrh., vænti ég, og starfsmenn hennar að vinna að stefnumótun í *málefnum fjölskyldunnar. Ég þakka fyrir mig, ekki* minnar. Ég skal gera það sjálf. Það er alveg óþarfi að hjálpa venjulegum Íslendingum til að móta stefnu í fjölskyldumálum ef öll ytri skilyrði sem þjóðfélaginu ber að skapa eru í lagi. Ég verð að segja það, mér leiðist svona texti meira en flest annað.

Þegar komið er hér á bls. 5 er „5.3. Eignarréttur að *fasteignum. Hagstofu Íslands og Fasteignamati ríkis*ins verði falið að vinna að úttekt á hverjir eigi fasteignir hér á landi." Mér er nokkuð sama hvort það eru 85% eða 95% sem karlmenn eiga. Ég veit að karlmenn eiga þær flesta. Samkvæmt nýjustu tísku er farið að skrifa bæði hjón fyrir fasteignum, en fjármagn í þessu landi eiga karlmenn eins og þeir hafa alltaf átt. Og ég held að það þurfi ekki enn eina launaða nefnd til að komast að þessu. Ég held að þetta sé líka til í einhverjum skýrslum sem ég hef ekki svona alveg á takteinum.

Svo kemur heilbr.- og trmrn. Þar er talað um í lið 6.1. að á gildistíma þessarar áætlana verði lögfestar reglur sem tryggja jafnan rétt foreldranna til töku fæðingarorlofs. Ég hélt nú að hver einasta kona vissi að konur þurfa lengra fæðingarorlof en karlmenn af þeirri einföldu ástæðu að það eru konurnar sem fæða börnin fyrstu mánuðina þessari dýrindis fæðu sem þau öll eiga skilið og eiga að fá. Og hversu góðir sem karlmenn vilja vera, þá geta þeir ekki gert þetta. Og það er ekki vandamálið. Konur eru fúsar til að hugsa um börnin sín og brjóstfæða börnin á meðan það er hægt. En hvernig væri nú að vera svolítið frumlegur einu sinni og að heilbr.- og trmrn. gengist fyrir átaki í samráði við heilbrigðisstéttirnar í landinu og jafnvel erlenda aðila að létta konum fæðingar. Þó að það standi í Biblíunni að konur skuli fæða börn í sársauka og neyð, þá hef ég undrast það öll mín fullorðinsár hvers vegna ekki er hægt að lina þessar þjáningar sem konur þurfa að fara í gegnum í hvert einasta skipti sem lítið barn fæðist. Þeim örfáu karlmönnum sem hér sitja inni til upplýsingar ef þeir hafa ekki verið viðstaddir þessi ósköp, þá held ég að þeir mættu kynna sér það og vera þess hvetjandi að þessum krossi verði nú létt af konum í eins miklum mæli og unnt er, því þetta setur satt að segja ljótan skugga á þessa annars stórkostlegu athöfn. Og það þarf bara að gera eitt við fæðingarorlof. Það þarf að lengja það vegna þess að það á hver einasta kona og hverjir einustu foreldrar rétt á því að vera heima hjá barninu sínu fyrsta árið a.m.k. Það er engin meðferð á litlu barni örfárra mánaða gömlu að henda því á vöggustofur eða í umsjá ókunnugra, það er engin meðferð á börnum. Og ég leyfi mér að segja þetta, ég á fjögur börn sjálf og ég hef einu sinni gert þetta og þetta er ekki skemmtilegt. Þetta er ekki æskilegt og þetta er engu barni hollt og við eigum ekki að *búa þannig að börnunum okkar.*

Frú forseti. Ég skal mjög reyna að stytta mál mitt. Í lið 6.2 stendur hér, með leyfi hæstv. forseta: „Konur og möguleikar þeirra til réttinda hjá Tryggingastofnun ríkisins." Ég vann í þeirri stofnun í 10 ár og hér er fjallað um að athugað verði hvort jafnrétti ríki við útreikning á örorkubótum kvenna og karla hjá *Tryggingastofnun ríkisins. Við skulum spara eina* nefnd. Ég gæti sagt mörg dæmi um það að þar ríkir hið algera ójafnræði. Hafi kona fyrirvinnu svo vitað sé, eins og það heitir, þá hefur hún mörgum sinnum minni möguleika á að fá örorku samkvæmt heilsutjóni sínu heldur en eiginmaðurinn. Og ég gæti talið upp mörg dæmi um að konur sem hafa verið í vel launuðum störfum allt sitt líf hættu síðan að vinna, fengju kannski örorkustyrk, vegna þess að að var hægt að finna út að þær gætu dregið fram lífið af tekjum einhvers annars. Þannig væru karlmenn ekki afgreiddir, ég get bara upplýst þetta og kann um þetta mörg dæmi og stóð ósjaldan í stríði fyrir hönd skjólstæðinga minna vegna þessarar meðferðar.

Og síðan ætlar iðn.- og viðskrn. að kanna stöðu kvenna í iðnaði. Ég vona að hæstv. iðnrh. hafi nú einhver ráð til að komast að því hvað konur í iðnaði hafa í laun. Ef hann ekki veit það, þá get ég upplýst það að ég hygg að það séu lægstu laun í landinu og þó víðar væri leitað. Engin laun eru jafnskammarleg og verksmiðjulaun kvenna í iðnaði, við saumaskap og annað slíkt og þar þarf heldur ekki nefnd. Þetta stendur í einhverjum skýrslum, annaðhvort hjá kjararannsóknanefnd eða einhverjum öðrum skýrslum sem hvað eftir annað hafa reyndar verið unnar á vegum félmrn. eftir því sem ég best man.

Síðan vil ég taka undir með hv. 3. þm. Vestf. Það er lagt til í gæðaátaki í sjávarútvegi að kannað verði

sérstaklega á hvern hátt megi nýta reynslu og þekkingu fiskvinnslukvenna. Ætli það sé nú ekki löngu ljóst. Við höldum því fram að við flytjum út sæmilegan góðan fisk (**IP:** Bestan í heimi.) og bestan í heimi, segja sumir og skyldi það nú ekki bara vera fyrir reynslu og þekkingu fiskvinnslukvenna, ég hygg það. Ég held að það sé í yfirgnæfandi meiri hluta konur sem hafa unnið þann fisk til útflutnings og ég vænti þess að fiskframleiðendur haldi afram að nýta sér þá þekkingu sem ættu m.a. að borga þeim betur, en það er önnur saga. Og síðan kemur umhvrn. og þar segir að 20 starfsmenn eða fleiri hafi verið falið að semja jafnréttisáætlun og hún á að snúast um að stefnt verði að því að auka hlut kvenna í stjórnunarstöðum í ráðuneytinu. Ekki veit ég hvort það á einungis við um umhvrn. að konur eigi þar að vera í auknum hlut til starfa eða hvort umhvrn. er þarna eitthvað rausnarlegra en önnur ráðuneyti. Ég átta mig nú ekki á hvað þetta þýðir. Og síðan ætlar utanrrn. að kanna hvernig auka megi tækifæri kvenna til starfsframa í utanríkisþjónustunni. Ég spyr hæstv. félmrh. og hv. þm., hæstv. forseta: Til hvers í ósköpunum erum við að taka tíma í að ræða svona plagg hér klukkan að ganga 12 á næstsíðasta þingdegi? Mín tillaga væri nú að þetta færi til baka og menn færu aðeins betur ofan í þetta. Ég held að þetta geri ámóta mikið gagn og aðrar slíkar áætlanir hafa gert og ég held að það væri tími til kominn að við snerum okkur að einhverju sem kemur einhverjum við, því að ég fæ ekki séð og mér þykir leiðinlegt að segja það, frú forseti, ég fæ ekki séð, hvað það kemur íslenskum konum við þó að þetta yrði samþykkt. Og enn síður eins og ég hef áður bent á, fæ ég nú skilið, hvað það varðar kúgaðar konur í þróunarlöndunum sem verða að sjá á bak börnum sínum flestum, hungraðar og illa haldnar, þó að í öllum þróunarverkefnum á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands verði sérstakur gaumur gefinn að stöðu kvenna. Mér er alveg hulin ráðgáta, hvernig menn geta boðið heiminum í dag upp á svona setningar.

Ég er alveg sammála því að það þarf að bæta heiminn, allan heiminn, líka þróunarlöndin og vanþróuð lönd. En það á ekki bara við um konur, það á líka við um karla og er okkur öllum fyrir bestu og það er kannski það sorglega við ástand heimsmála í dag að heimur hinna ríku er of lítill og heimur hinna fátæku of stór og það tapa allir á því því að það er ekki hægt að selja nema einhver sé til þess að kaupa. Og þess vegna held ég að menn ættu að reyna að líta raunhæfum augum á þessi mál og í einhverju samhengi við lífið í kringum sig og tilveruna alla og hætta að setja saman svona yfirborðslegt þvaður sem engum kemur til góða.

Ég hef lokið máli mínu, frú forseti.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér var nú í rauninni allt undir í ræðu þess hv. þm. sem síðast talaði og ég get ekki svarað því út af fyrir sig öllu, enda ætla ég ekki að standa hér í svari fyrir þessa jafnréttisáætlun. Ég ætla hins vegar að mótmæla því harðlega sem þingmaðurinn sagði hér um jafnréttisbaráttuna. Þingmaðurinn spurði: Hverju hefur jafnréttisbaráttan skilað? Við getum líka kallað þetta kvennabaráttu, ég kann betur við það hugtak. Hvern hefur hún gert hamingjusaman? spurði þingmaðurinn. Ekki konur. Ekki karla. Ekki börn. Og hún talaði um þjóðfélagið, það hefði kallað konur til vinnu og gleymt að koma til móts við umönnun barna og sjúkra og fjölskyldur væru allt of litlar o.s.frv. Allt þetta er rétt en þetta er ekki jafnréttisbaráttunni að kenna. Jafnréttisbaráttan er engin orsök í þessu. Jafnréttisbaráttan er afleiðing. Hún er viðbrögð við tiltekinni þjóðfélagsþróun sem á sér stað. Og þar sem konur eru með einhverjum hætti að reyna að mæta þeim erfiðu aðstæðum sem samfélagið býr þeim og þróun sem samfélagið hefur kallað á. Er það verkalýðsbaráttunni að kenna hvernig þróunin varð? Hvern gerði verkalýðsbaráttan hamingjusaman? Getum við ekki eins spurt þeirrar spurningar? Var það verkalýðsbaráttan sem þrýsti iðnverkamönnum inn í verksmiðjurnar o.s.frv.? Þessi barátta, jafnréttisbaráttan eða kvennabaráttan rétt eins og verkalýðsbaráttan er viðbrögð við tiltekinni þjóðfélagsþróun, viðbrögð við tilteknu ástandi og ég er satt að segja orðin dálítið þreytt á því þegar konur eru sífellt, sumar hverjar, að jagast út í jafnréttisbaráttuna og aðrar konur, það er yfirleitt flest þá konum að kenna. Annaðhvort höfum við konur gert það sem við áttum ekki að gera eða látið eitthvað ógert og það er voðlega erfitt að mega hvorki vera klæddur né nakinn, mega ekki gera og heldur ekki láta ógert. Þannig finnst mér nú stundum umræðan vera um þessa jafnréttisbaráttu en hún er ekki orsök í þessu efni, hún er afleiðing.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Konur sem setja jafnrétti ofar öllu hljóta að gagnrýna sjálfar sig og hver aðra eins og við gagnrýnum karlmennina, að sjálfsögðu. Ég er undrandi á því að heyra þessi viðbrögð hv. 10. þm. Reykv. Ég var ekki að kenna neinum um neitt. Hins vegar er ég ósammála því að hlutirnir gerist og þeir þróist. Hlutir gerast ekki, þeir eru gerðir. Og það er bjargföst skoðun mín sem ég hef oft haldið fram að við vorum of sjálfhverfar — og ég var ein af þeim, ég er ekki að setja þá sök á aðra fremur en sjálfa mig — ég held að jafnréttisbarátta kvenna hafi verið of sjálfhverf. Hún snerist of mikið um okkur sjálfar og okkar frama. Við gleymdum börnunum, gamla fólkinu og allri þeirri byltingu, öllum þeim afleiðingum sem þjóðfélagið varð fyrir.

Auðvitað blasir við að það fæðast færri börn. Það eru fleiri gamalmenni á elliheimilum, það eru fleiri hjónaskilnaðir. Auðvitað kemur los á samfélag sem er gjörbreytt í meginuppbyggingu sinni. Það er barnaskapur að viðurkenna þetta ekki. Ég er hins vegar hissa á hv. 10. þm. Reykv. að bera saman hvort verkalýðsbaráttan hafi gert fólk hamingjusamara eða jafnréttisbaráttan. Það er ekki vafi á því að það er verkalýðsbaráttan sem olli meiri hamingju heldur en jafnréttis-

baráttan því það er betra að vera saddur en svangur. Og það er betra að vera heill heilsu heldur en veikur. Og það er betra að hafa þak yfir höfuðið en hafa það ekki. Þetta er því auðvitað á engan hátt sambærilegt. Þetta vildi ég nú segja. En umfram allt, nóg höfum við af sektarkennd þó að við hlaupum ekki upp í strýtu þó að við reynum að gegnumlýsa afleiðingar þess sem við höfum haft fram fyrir okkur sjálfar.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta voru orð að sönnu. Nóg hafa konur af sektarkennd þó að það standi ekki hérna þingkona og reyni að ala á henni áfram og benda á það eins og þingmaðurinn gerir að konur hafi verið of sjálfhverfar í þessari baráttu sinni. Hverjir hafa verið að minna á börnin? Hverjir hafa verið að tala um börnin og umönnun barna? Hverjir hafa verið að tala um umönnun sjúkra og aldraðra ef það hafa ekki verið konur? Hverjir hafa ekki verið að reyna að koma því t.d. inn í stefnuskrá flokkanna og reyna að hafa áhrif á flokkana með þau mál ef það eru ekki konur? Ég þekki þá ekki þetta samfélag og hef bara verið hér með lokuð augun þá síðan ég komst til vits og ára ef það hafa ekki verið konur sem hafa verið þar að verki.

Það kann vel að vera að kvennabaráttan hafi stundum verið of sjálfhverf en konur mega nú líka hugsa um sig sjálfar og það sem þær telja að komi sér til góða. Ég sé ekki að það sé neitt rangt við það. Það er vissulega rétt hjá þingmanninum að það má alveg gagnrýna konur og við konur gerum það oft mjög ótæpilega að gagnrýna hver aðra og gagnrýna okkur sjálfar. Ég held að við konur séum yfirleitt mjög sjálfsgagnrýnar og það sýnist mér nú bara yfirleitt á vinnubrögðunum hér á þingi að konur eru miklu gagnrýnni á sjálfar sig heldur en karlmenn yfirleitt. Við megum líka gagnrýna jafnréttisbaráttuna, en það er rangt að draga upp þá mynd sem þingmaðurin gerði, að jafnréttisbaráttan sé einhver orsakarvaldur í þessu. Við getum átt miklar deilur um innihald jafnréttisbaráttunnar. Við getum líka deilt hver á aðra en það er bara annar hlutur, virðulegur þingmaður. Og eins og hún sagði, nóg er nú alið á sektarkennd kvenna þó að það sé ekki gert með þessum hætti hér í þingsalnum.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki af hverju hv. 10. þm. Reykv. vill endilega finna sökudólg. Það sem ég var einfaldlega að segja, sem fer ekki fram hjá nokkrum manni, er að jafnréttisbaráttan hefur gjörbreytt samfélaginu. Fram hjá því verður ekki horft. Auðvitað horfum við á afleiðingarnar af því hvort sem okkur líkar betur eða verr. En ég skal hins vegar taka undir það að sjálfsagt lagfærir þetta enginn nema við sjálfar. Ég treysti ekki karlmönnunum til þess. En svo hlýt ég að segja að lokum við hv. 10. þm. Reykv. að jafnréttisbaráttan í mínum flokki, Alþb., var ekki eins sjálfhverf og jafnréttisbaráttan hjá Kvennalistanum.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hér hafa orðið nokkrar umræður um þá þáltill. sem hér er á dagskrá um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Ég er sammála því sem fram kom hjá hv. 9. þm. Reykv. að það sem er auðvitað mikilvægast í þessu er hvernig staðið verði að framkvæmd þessarar tillögu hjá einstökum ráðuneytum og ég tel það líka mikilvægt að fylgst sé með því reglulega hvernig að þessum áætlunum er unnið hjá ráðuneytunum. Ég tel að það ætti að vera hlutverk Jafnréttisráðs að fylgjast með framkvæmd þessarar áætlunar hjá einstaka ráðuneytum.

Sami hv. þm. nefndi að það væri mikilvægt að gera úttekt á þróun jafnréttismála. Ég vil minna á í því sambandi að nú um nokkurt skeið hefur verið lagt fram hér reglubundið yfirlit og úttekt yfir stöðu og þróun jafnréttismála. Það var síðast gert á árinu 1991 og það er komið að því á næsta þingi að leggja fram aftur skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála.

Hv. þm. spurðist fyrir um norræna launaverkefnið. Ég tel að hér sé á ferðinni mjög mikilvægt verkefni sem er norræna launaverkefnið og hef lagt mikla áherslu á það við Jafnréttisráð sem hefur með höndum þetta verkefni að vel og skipulega sé að þessu staðið. Sérstakur starfsmaður, Ragnheiður Harðardóttir, sér um þetta verkefni undir yfirumsjón Jafnréttisráðs og væntanlega verður kynnt á jafnréttisþingi eins og hv. þm. nefndi hver staða þess verkefnis verður þá.

Hv. 5. þm. Vestf. beindi einnig til mín nokkrum spurningum. Ég held að það sé mjög mikilvægt að það liggi alveg skýrt fyrir hvernig þessi þáltill. er unnin. Það er Jafnréttisráð sem vann þessa tillögu, sem síðan var send öllum ráðuneytum, og gerði á því breytingar eða viðbætur og auðvitað er það fyrst og fremst útfærslan eins og hún kemur fyrir hjá hverju ráðuneyti sem er í höndum hvers ráðuneytis. Af því að það hv. 5. þm. Vestf. spurði sérstaklega um utanrrn., hvernig staðið væri að því að auglýsa þar stöður þá kemur fram í lið 13.1 áhersla utanrrn. í jafnréttismálum en þar kemur fram að utanrrn. kanni hvernig auka megi tækifæri kvenna til starfsframa í utanríkisþjónustunni og í framhaldi af því verða settar fram tillögur um hvernig möguleikar kvenna og karla á þessu sviði verði jafnaðir. Hér er því gert ráð fyrir að um þetta verði settar tillögur og það er fyrst og fremst í höndum utanrrn. hvernig að því verði staðið.

Ég vil líka minna á að það hafa verið gerðar jafnréttisáætlanir hjá mörgum ráðuneytum, ég skal ekki um það segja hvort það er öllum, undirstofnunum ráðuneyta fyrir nokkrum árum síðan. Þar voru settar fram áætlanir, m.a. til þess að auka hlut kvenna í ábyrgðarstöðum, og á því hefur verið gerð úttekt sem fyrir liggur hvaða árangri þessar áætlanir hafa skilað.

Hv. þm. nefndi tímabundnar ráðningar sem hann taldi of mikið um, sem kæmu í kjölfar hagræðingar og endurskipulagningar og nefndi þar menntmrn. sérstaklega og spurði hvort upplýsingar hefðu verið teknar saman um það. Mér er ekki kunnugt um hvort það er eða hvort það komi þá fram í úttekt sem gerð var á

framkvæmd þessara jafnréttisáætlana sem voru gerðar fyrir nokkru síðan.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Einungis, virðulegi forseti, vegna þess að ég gleymdi því eiginlega áðan. Ég skal gleðja hæstv. félmrh. með því að ég mun greiða þessari áætlun atkvæði, þessari tillögu, ekki af því að mér finnist hún skipta minnsta máli, heldur sé ég enga ástæðu til að vera á móti henni því að hún breytir svo sem engu. Þetta er blásaklaust plagg. Hún er skaðlaus, það er rétt. En ég sakna ýmissa hópa úr þessari jafnréttisáætlun. Hvar er hagur heimavinnandi húsmæðra? Sú var tíðin að verið var að tala um það hér að það þyrfti að bæta hag þeirra. Það er ekki orð um það í þessari áætlun. Er sá hópur kvenna gleymdur? Þannig mætti lengi telja og ég held því miður ekki, hæstv. forseti, að þessi áætlun minnki þann vaxandi hóp unglinga sem eru á villigötum, eru í vandræðum, æ fleiri börn sem þurfa á sálfræðihjálp að halda í skólum landsins og þetta er afleiðing þess rótleysis sem ríkir í samfélaginu. Þessi jafnréttisáætlun bjargar engu um það og heimilin í landinu eru í verulegum vanda og atvinnuleysið kemur ekki til með að bæta hann þannig að ég hef áhyggjur af stöðu fjölskyldunnar í landinu og ég held að stefnumótun ráðuneytisins ætti að beinast að því að ytri skilyrði væru á þann veg að íslenskar fjölskyldur gætu lifað nokkurn veginn farsælu lífi. En ég skal greiða þessari áætlun atkvæði, svona til þess að vera ekki óvinur kvennabaráttunnar og almennt góð stelpa en þar fylgir eiginlega ekki hugur máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Atvinnuþróun í Mývatnssveit, 173. mál, nál. allshn., þskj. 1208; brtt. allshn., þskj. 1209.

Framhaldsskólar, 397. mál, þskj. 1205.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 546. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1216.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 276. mál, brtt. KHG, þskj. 1210; brtt. KHG, þskj. 1212; brtt. KHG, þskj. 1218.

Lífeyrissjóður sjómanna, 231. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1214.

Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, 34. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1213.

Sveitarstjórnarlög, 515. mál, brtt. KHG, þskj. 1211.

Veiting ríkisborgararéttar, 444. mál, þskj. 1202.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þannig háttar til að fyrir liggja fjórar brtt. sem of skammt er liðið frá útbýtingu. Það er brtt. við 12. dagskrármálið frá Kristni H. Gunnarssyni, þ.e. við frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, og hins vegar þrjár brtt., einnig frá Kristni H. Gunnarssyni, varðandi 9. dagskrármálið, breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun. Verður nú leitað afbrigða um að þessar brtt. megi koma til umræðu og afgreiðslu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, GunnS, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JVK, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

24 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, FI, GB, GÁ, HÁ, IBA, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, ÓÞÞ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Skaðabótalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 326. mál. — Þskj. 596.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JVK, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

19 þm. (ÁJ, FI, GB, GÁ, HÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1221).

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 444. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 1202.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

16 þm. (ÁJ, FI, GB, GÁ, HÁ, JBH, JHelg, JónS, KSG, KÁ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1222).

Alþjóðleg samvinna um fullnustu refsidóma, frh. 3. umr.

Stjfrv., 450. mál. — Þskj. 1203.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
15 þm. (FI, GB, GÁ, HÁ, JBH, JHelg, JónS, KSG, KÁ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1223).

Almenn hegningarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 449. mál (refsidómar í öðru ríki). — Þskj. 775.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
15 þm. (FI, GB, GÁ, HÁ, JBH, JHelg, JónS, KSG, KÁ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1224).

Framhaldsskólar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 397. mál (tilraunastarf í starfsnámi). — Þskj. 1205.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
10 þm. (GHelg, HG, JÁ, KHG, KE, MF, PP, RA, SJóh, SvG) greiddu ekki atkv.
15 þm. (FI, GB, GÁ, HÁ, JHelg, JónS, JVK, KSG, KÁ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1225).

Útvarpslög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 305. mál (EES-reglur). — Þskj. 1206, brtt. 1107.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 1107 kölluð aftur.

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
5 þm. (HG, JVK, KHG, PP, RA) greiddu ekki atkv.
14 þm. (FI, GB, GÁ, HÁ, JHelg, JónS, KSG, KÁ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1226).

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 557. mál (heildarlög). — Þskj. 924, nál. 1087, brtt. 1088.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 1088,1 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
16 þm. (ÁMM, FI, GB, GÁ, HÁ, JHelg, JónS, JVK, KSG, KÁ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
2.–3. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 1088,2 samþ. án atkvgr.
4. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 1088,3 samþ. án atkvgr.
5. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
6. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 1088,4 (ný 7. gr.) samþ. án atkvgr.
8.–11. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.

15 þm. (FI, GB, GÁ, HÁ, HBl, JónS, KSG, KÁ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Menningarsjóður, frh. 2. umr.

Stjfrv., 306. mál (heildarlög). — Þskj. 475, nál. 1093 og 1109, brtt. 1094.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 1109 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 31:19 atkv. og sögðu

já: AÓB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

13 þm. (FI, GB, GÁ, HÁ, JónS, KSG, KÁ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1094,1 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

18 þm. (AÓB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

14 þm. (FI, GB, GÁ, HÁ, JHelg, JónS, KSG, KÁ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þar sem tillaga okkar um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar hefur verið felld, þá gerum við ráð fyrir því að sitja hjá við afgreiðslu málsins að öðru leyti en áskiljum okkur rétt til flutnings brtt. við 3. umr. en munum óska eftir sérstakri atkvæðagreiðslu um 3. gr. frv., þ.e. hluta í staflið a í 3. gr. Ef ég má gera grein fyrir því, hæstv. forseti, þá hljóðar stafliður a svo:

„Gjald af aðgöngumiðum að kvikmynda- og skuggamyndasýningum og dansleikjum samkvæmt 8. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt."

Ég óska eftir því að fram fari sérstök atkvæðagreiða um orðin „og skuggamyndasýningum". Ég tel ekki að hérna sé um að ræða svo mikinn tekjustofn að Alþingi sé sómi að því að gera samþykkt um það í lögum að skuggamyndasýningar verði undirstaða að þessum nýja menningarsjóði hæstv. ríkisstjórnar.

1. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

19 þm. (AÓB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

13 þm. (FI, GB, GÁ, HÁ, JónS, KSG, KÁ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1094,2 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

20 þm. (AÓB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

12 þm. (FI, GB, GÁ, HÁ, JónS, KSG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

20 þm. (AÓB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

12 þm. (FI, GB, GÁ, HÁ, JónS, KSG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hefur verið óskað eftir því að greidd verði sérstaklega atkvæði um orðin „og skuggamyndasýningum" í a-lið 3. gr. (**GHelg:** Forseti. Þá vantar orðið -sýningum á eftir kvikmynda-.) Verði einhver breyting á þessu þá verður hægt að leiðrétta orðalagið eftir 2. umr. En þeir sem vilja hafa inni í a-lið í 3. gr. orðin „og skuggamyndasýningum" þeir segja já, þeir sem vilja ekki hafa þetta inni þeir segja nei. (**ÓÞÞ:** Þetta er skýrt hjá forseta.)

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Mig langar bara til þess að vita hvort það sé samkvæmt þingsköpum að menn greiði atkvæði hér um einstök orð í miðjum setningum. Ég hef aldrei orðið var við það fyrr á nokkuð löngum þingferli og mig langar til að fá svar við þessari spurningu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þetta er oft gert, hæstv. menntmrh.

3. gr., a-liður („og skuggamyndasýningum"), samþ. með 31:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HBl, JóhS, JBH, JónK, JónS, LMR, ÓE, PJ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, ÞurP, GHelg, GunnS, SalÞ.

nei: HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, SJóh, ÓÞÞ, PP, RA, SJS, SvG, AÓB, EH, GB.

1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.

10 þm. (KSG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS, FI, GÁ, HÁ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Skil ég það rétt að það sé verið að greiða atkvæði um hvort þetta orð „og skuggamyndasýningum" eigi að vera hér inni eða ekki? Ég veit ekki til að það liggi fyrir brtt. um þetta, ég hef ekki orðið var við hana a.m.k. en það er samt verið að greiða atkvæði um þetta eina orð. (**Gripið fram í:** Tvö orð.) Ja, tvö orð já, þess þá heldur.

En ég ætlaði aðeins að segja það að mér þykir vera nokkuð mikið gert úr þessu ákvæði um tekjustofninn og þetta ætlar að verða mönnum nokkuð notadrjúgt. Það var það líka í fyrri umræðu um þetta mál og jafnvel búist við, ef samþykkt verður, að þetta verði meginfrétt sjónvarpsins, skilst mér, á morgun. Og það væri svo sem eftir öðru svo ekki sé dýpra tekið í árinni.

En ég vil aðeins upplýsa það að þessi grein, eins og hún er í 3. gr. frv., a-liður, er tekin upp óbreytt úr gildandi lögum og þeir sem eru að hneykslast á þessu í dag og hafa nú verið ráðherrar menntamála hefðu kannski getað haft manndóm í sér á þeim tíma til þess að fá þetta fellt úr lögum, ef þetta er svona vitlaust. (Gripið fram í.) Þetta er óbreytt frá gildandi lögum en það má geta þess að lögin um skemmtanaskatt þarfnast endurskoðunar. Og þegar sú endurskoðun hefur farið fram, sem ég spái að leiði til þess að lögin um skemmtanaskatt verði einfaldlega numin úr gildi, þá þarf að finna tekjustofn fyrir Menningarsjóðinn. En meðan lög um tekjuskatt eru í gildi, þá er eðlilegt að hafa þetta ákvæði óbreytt og ég segi já.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Um það hefur verið spurt í menntmn. hverjar tekjur hefðu verið af þessu á undanförnum árum. Frsm. hefur verið um það spurður hverjar tekjur hafi verið að þessu sl. tíu ár, sl. ár eða sl. tvö ár, og hvaða áætlanir liggi fyrir um tekjur næstu ár. Ekkert svar hefur fengist. Hæstv. menntmrh. veit mætavel að oft standa úrelt ákvæði í lögum án þess að menn fari að flytja um það sérstakar tillögur að fella þau út. En að endurflytja frv. og leggja til að úrelt ákvæði verði á nýjan leik gerð að lögum er náttúrlega fáránlegt og þinginu til mikils vansa. Það er nánast prófsteinn á það hvaða vitleysu er hægt að fá menn til að samþykkja hér á Alþingi ef fyrirmælin koma að ofan og væri verkefni fyrir félagsfræðinga að finna niðurstöðu í því. Ég tel að það sé til vanvirðu fyrir þingið að samþykkja svona vitleysu. Ég segi nei.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Með skírskotun til þess að það er stefna ríkisstjórnarinnar að breikka tekjustofna og fækka undanþágum, þá segi ég já.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað ekkert óeðlilegt við það að greidd séu atkvæði um hvert einasta orð sem í lagatexta stendur, það vil ég nú bara segja fyrst. Það er auðvitað tiltölulega sjaldgæft en það er ekkert á móti því og getur hver beðið um það sem óskar.

En því kem ég nú hér, hæstv. forseti, að ef ég segði nei, þá hljóðaði þessi grein eins og hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„a. Gjald af aðgöngumiðum að kvikmynda- og dansleikjum, skv. 8. gr. laga nr." o.s.frv. Það fer því ekkert á milli mála að af tvennu illu vil ég heldur að það standi „kvikmynda- og skuggamyndasýningum" heldur en „kvikmynda- og dansleikjum" og segi því já.

3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, JóhS, JónS, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

21 þm. (AÓB, GB, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SvG) greiddi ekki atkv.

12 þm. (FI, GÁ, HÁ, JBH, KSG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, SJS, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1094,3 (4. gr. falli brott) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

21 þm. (AÓB, GB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddi ekki atkv.

11 þm. (FI, GÁ, HÁ, JBH, KSG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

5.–6. gr. (verða 4.–5. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

21 þm. (AÓB, GB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddi ekki atkv.

11 þm. (FI, GÁ, HÁ, JBH, KSG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Ákv. til brb. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

21 þm. (AÓB, GB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddi ekki atkv.

11 þm. (FI, GÁ, HÁ, JBH, KSG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónS, JVK, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, PP, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
5 þm. (ISG, JónK, KÁ, ÓÞÞ, RA) greiddu ekki atkv.
12 þm. (FI, GÁ, HÁ, JBH, KSG, PJ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, frh. 2. umr.

Stjfrv., 406. mál (heildarlög). — Þskj. 700, nál. 1056, brtt. 1057.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
13 þm. (FI, GÁ, HÁ, JBH, KSG, MF, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, SJS, VS) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 1057 samþ. án atkvgr.
6. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
7.–19. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
11 þm. (FI, GÁ, HÁ, KSG, MF, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, frh. síðari umr.

Stjtill., 232. mál. — Þskj. 289, nál. 1079, brtt. 1080.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 1080 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
11 þm. (FI, GÁ, HÁ, IBA, KSG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Tillgr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
12 þm. (FI, GÁ, HÁ, IBA, KSG, MF, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1230).

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 276. mál (stjórnsýsluleg staða, skyldusparnaður o.fl.). — Þskj. 1116, frhnál. 1185, brtt. 1210, 1212 og 1218.

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Félmn. kom saman á milli 2. og 3. umr. um þetta mál og mættu á fund nefndarinnar að eigin ósk stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins. Ástæða þess að þeir óskuðu eftir fundi voru ummæli hæstv. félmrh. við 2. umr. um þetta mál og fullyrðingar sem ráðherrann setti fram í garð embættismanna stofnunarinnar og stjórnarinnar sem þeir vildu skýra og bera af sér. Það kom í ljós á fundinum að það var full ástæða til þess af minni hálfu að krefjast þess að þessir menn yrðu boðaðir á fund nefndarinnar og þeim gefið færi á að svara þeim alvarlegu ásökunum í garð stjórnar og stofnunar, en því miður bar hvorki ráðherra né formann nefndarinnar gæfa til að verða við þeirri kröfu og þar með að stuðla að því að menn gætu borið hönd fyrir höfuð sér. En sem betur fer var látið undan þegar þeir sjálfir óskuðu eftir fundi og ég fagna því að menn hafi sýnt þá skynsemi að leyfa þessum mönnum að koma á fund nefndarinnar og fara yfir þetta mál lið fyrir lið og rekja það og skýra. Það eina sem mér fannst í raun á skorta var að hæstv. félmrh. skyldi ekki mæta á fundinn og hefði auðvitað verið eðlilegt að ráðherrann sjálfur hefði óskað eftir því til að fylgja þá eftir sínum ummælum í

þeirra viðurvist og skiptast á skoðunum um málið á þeim vettvangi í stað þess að gera það þar sem menn hafa ekki tök á að svara fyrir sig. Það fór nú svo að ráðherra sást ekki á fundinum og hefur líklega ekki haft áhuga á því að mæta þarna og ég skil það þannig að ráðherra hafi í raun gefið upp á bátinn fullyrðingar sínar og gefist upp við að reyna að halda fram einhverjum rökstuðningi sér til varnar í þessari makalausu árásarræðu sinni á embættismenn og stjórn, þar með talinn sérstakan trúnaðarmann hennar í stjórninni, og það verður að telja ráðherranum til minnkunar að hafa sett fram þessar ásakanir án þess að geta með nokkrum hætti stutt þær neinum rökum. Því er ekki að leyna að mér þykir sem valdhroki félmrh. í þessum málaflokki sé farinn að ganga út yfir öll mörk og kominn sé tími til að ráðherranum sé gert ljóst að skorður eru reistar við því hversu langt hann getur leyft sér að ganga í þessum efnum.

Ég vænti þess að þingmenn muni ræða þetta mál nokkuð hér við 3. umr. málsins og setja fram sjónarmið sín til þess hvar mörkin eru í því hvað eðlilegt er að ráðherra seilist langt í að draga til sín vald og gefa fyrirmæli út fyrir sitt eðlilega verksvið. Því er ekki að leyna að því miður hefur ráðherra elst fremur illa í þessu starfi hvað þetta varðar og ég hef ekki enn orðið var við þá tilburði af hálfu Sjálfstfl. að þeir hyggist draga þar einhverja línu sem eðlilegt er að ráðherra haldi sig innan í þessum málum.

Minni hluta félmn. þótti rétt í ljósi þess hversu alvarlegar ásakanir ráðherrann bar fram á opinberum vettvangi hér úr ræðustól í allra áheyrn að birta þau skjöl er þessir tveir menn sem komu á fund nefndarinnar lögðu fram og skýra málið allverulega auk þess sem þeir gáfu munnlegar upplýsingar til frekari uppfyllingar þeim texta sem fyrir liggur. Niðurstaða mín og ég hygg fleiri úr nefndinni var sú að það væri ekki fótur fyrir neinni af þeim staðhæfingum sem hæstv. ráðherra bar fram. Þær voru allar kyrfilega skotnar í kaf með rökstuðningi sem taka verður mark á, bréfaskriftum og upplýsingum frá þeim um samtöl og fundi við hæstv. félmrh. um þau mál sem ráðherrann nefndi.

Í mínum huga er ekki nokkur vafi á því að ráðherra hefur farið afar halloka í þessari orðasnerru og er vandséð hvernig ráðherrann ætlar að halda uppi ásökunum sínum að fengnum þessum upplýsingum en ég skora á ráðherrann að mæta samt í ræðustól og reyna að verja mál sitt og draga fram þau rök er hún telur sig hafa þannig að við getum gengið úr skugga um það að ráðherrann hafi í raun engin haldbær rök fyrir þeim ásökunum er fram komu hjá henni í ræðu 4. maí sl.

Ég vil leyfa mér að lesa þessi bréfaskipti, virðulegi forseti, tel það óhjákvæmilegt vegna þeirra aðila er ásakanirnar beindust gegn, embættismanna Húsnæðisstofnunar ríkisins og stjórnarmanna í húsnæðismálastjórn. Það er óhjákvæmilegt að svörin séu gefin á sama vettvangi og ásakanirnar voru settar fram á. Ég vil fyrst lesa, virðulegi forseti, bréf er framkvæmdastjóri stofnunarinnar sendi félmrh. dags. 5. maí 1993. Bréfið er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Í ræðu yðar á Alþingi í gærkvöldi, sem sjónvarpsstöðin Sýn flutti, kom fram hörð gagnrýni á Húsnæðisstofnunina fyrir sitthvað sem þér tölduð miður farið í starfsemi hennar. Af því tilefni skal þetta sagt:

Húsnæðisstofnunin hefur alla tíð lagt kapp á náið og gott samstarf við félmrn. Þar af leiðandi hefur hún lagt áherslu á að veita því allar þær upplýsingar sem beðið hefur verið um hverju sinni eins fljótt og frekast hefur verið kostur. Embættismenn hafa ætíð verið boðnir og búnir til þess að greina frá öllu því sem ráðuneytið hefur óskað eftir upplýsingum um og leitast við að gera það svo skjótt sem mögulegt hefur verið. Öllum erindum hefur alltaf verið svarað og svör aldrei verið vísvitandi dregin á langinn. Allar ásakanir um seinagang og dræm svör, jafnvel engin, hafa því ekki við nein rök að styðjast.

Það er rétt að húsnæðismálastjórn tók ákvörðun um sölu á áhöldum og skrifstofubúnaði í hönnunardeild stofnunarinnar jafnframt því sem hún tók ákvörðun um að halda eftir teikningasafni hennar og ýmsum tækjum. Allt var það gert að ráði svonefndrar „einkavæðingarnefndar" og sérstaks starfshóps er þér settuð á laggirnar um sl. áramót. Jafnframt er ljóst að allt var málið unnið með vitund ráðuneytisins er fylgdist náið með gangi mála og gerði bæði munnlega og skriflega athugasemdir við það er það taldi ástæðu til. Af hálfu stofnunarinnar var engin tilraun gerð til að leyna ráðuneytið einu eða neinu í þessu efni. Ekki er heldur betur vitað en ráðuneytinu hafi verið fullkunnugt um samninginn allan áður en hann var undirritaður og er ekki nema gott eitt um það að segja. Annað mál er það að samkvæmt álitsgerð Lagastofnunar Háskóla Íslands er það húsnæðismálastjórn sem ber ábyrgð gagnvart Alþingi á starfsemi byggingarsjóðanna, fjárreiðum öllum og eignum stofnunarinnar. Það er því ótvírætt svo að það var í fullu samræmi við gildandi lög að stjórnin tæki ákvörðun um ráðstöfun á áhöldum og skrifstofubúnaði sem ákveðið var að selja að höfðu samráði við ráðuneytið.

Allar launagreiðslur í þessari stofnun eru í föstum skorðum og hafa alla tíð verið. Reikningar fyrir yfirvinnu starfsmanna og nefndastörf hafa um ára- og áratuga skeið verið sendir launadeild fjmrn. er hefur afgreitt þá með eðlilegum hætti. Hafi komið fram athugasemdir eða fyrirspurnir hefur þeim ætíð verið svarað tafarlaust, enda hefur samstarfið við þá deild alltaf verið með ágætum. Ekki er annað vitað en þetta hafi gerst með fullri vitund félmrn. Hafi það óskað eftir upplýsingum þar af leiðandi hafa þær sömuleiðis verið veittar og engin tilraun gerð til að leyna einu eða neinu; nú síðast með ítarlegu bréfi hinn 7. apríl sl. Það er því eigi maklegt að bera stofnuninni annað á brýn.

Í ræðu yðar kemur fram að Húsnæðisstofnunin hafi snúið sér beint til Alþingis og óskað eftir því að gerðar yrðu tilteknar breytingar á húsnæðislöggjöfinni án vitundar eða samráðs við félmrn. Þetta er ekki rétt. Þvert á móti hefur ráðuneytinu verið skrifað á undanförnum mánuðum í þeirri von að það gengist fyrir sérstökum breytingum á löggjöfinni. Afrit af þeim bréfum fylgja hér með. Þau eru þessi:

1. Bréf dags. 4. mars sl. varðandi breytingu á lög-

um um lán til byggingar á almennum kaupleiguíbúðum.

2. Bréf dags. 4. mars sl. varðandi þá hugmynd að veitt verði lán úr Byggingarsjóði verkamanna til endurbóta og lagfæringa á fjölbýlishúsum sem félagslegar eignaríbúðir eru í. Með bréfi dags. 17. mars sl. var ráðuneytinu send kostnaðaráætlun, er að vísu barst því ekki fyrr en fáum dögum síðar vegna mistaka í útsendingu.

3. Bréf dags. 4. mars sl. þar sem talið er mjög brýnt að gerð verði lagfæring á 90. gr. laganna þar sem fjallað er um útreikning á söluverði félagslegra íbúða.

4. Bréf dags. 5. mars sl. varðandi afstöðu húsnæðismálastjórnar til fyrirliggjandi tillagna í þar af leiðandi frv. til laga um niðurfellingu á skyldusparnaði ungmenna.

5. Bréf dags. 24. sept. 1992 þar sem lagabreytingartillögu varðandi gjaldskrá er komið á framfæri við ráðuneytin.

Í öllum þessum bréfum er hugmyndum og tillögum um lagabreytingar komið á framfæri við félmrn., að sjálfsögðu í þeirri von að ráðuneytið mundi leggja þær fyrir Alþingi. Það er því ekki rétt að ráðuneytið hafi verið sniðgengið í þessum efnum."

Undir þetta ritar Sigurður E. Guðmundsson.

Ég vil við það bæta, sem fram kemur í þessu bréfi hvað varðar ásakanir um að stofnunin hafi sniðgengið ráðuneytið vegna óska um lagabreytingar, að það kom fram hjá þeim tveimur að stjórnarformaðurinn hefði rætt málið sérstaklega við félmrh. og upplýsti að hann hefði haft ástæðu til að ætla að ráðherrann mundi vera stuðningsmaður þessara tillagna þannig að ég hygg að ráðherra eigi nokkurt verk fyrir höndum að skýra fyrir okkur hvers vegna hann heldur þessu fram sem áður hefur verið getið um.

Ég vil einnig lesa þau bréf sem vitnað er til í bréfi til hæstv. félmrh. svo öllu sé til haga haldið og ekkert fari á milli mála í þeim efnum hvað varðar svör stofnunarinnar við ásökunum ráðherra. Þar er fyrst bréf dags. 4. mars sem er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi húsnæðismálastjórnar hinn 18. febr. sl. var samþykkt umsögn um frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er nú liggur fyrir Alþingi. Þar er m.a. að finna ábendingu um breytingu á lögum um lán til byggingar á almennum kaupleiguíbúðum. Hún er á þessa leið:

„Mikil ásókn er frá þeim aðilum sem fengið hafa úthlutað almennum kaupleiguíbúðum að fá þær fluttar milli kerfa og þeim breytt í félagslegar kaupleiguíbúðir. Þau rök eru færð fram fyrir þessum óskum að erfitt eða ómögulegt sé að koma almennum kaupleiguíbúðum í notkun þar sem enginn áhugi sé á slíkum íbúðum. Þessu valdi þung greiðslubyrði af lánum þessara íbúða. Það stafar af tvennu. Annars vegar eru vextir á lánum til almennra kaupleiguíbúða mun hærri en vextir á lánum til félagslegra íbúða og hins vegar er hluti lánsins (20%) með mun skemmri lánstíma en tíðkast um aðrar félagslegar íbúðir. Hinu fyrra er erfitt að breyta en húsnæðismálastjórn leggur til að breytt verði ákvæðum 52. og 54. gr. laganna þannig að lánað verði eitt lán sem svarar til 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði til 43 ára."

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst, f.h. húsnæðismálastjórnar, Sigurður E. Guðmundsson."

Í þessu bréfi er staðfest að ráðuneytinu var send þessi samþykkt stjórnar, formlega, fyrir utan samtök og mönnum til fróðleiks skal þess getið að tillaga að breytingu í þessa veru eins og hér er óskað eftir var lögð fram við 2. umr. málsins en var felld, m.a. með atkvæði hæstv. félmrh. sem er afar merkilegt í ljósi þess að á sínum tíma, árið 1988, kynnti ráðherrann almenna kaupleigukerfið sem einhverja töfralausn sérstaklega fyrir landsbyggðina, en reyndin hefur hins vegar orðið önnur einkum vegna þeirra ástæðna sem greindar eru í bréfi húsnæðismálastjórnar til ráðherra og er nauðsynlegt að mínu viti, og annarra hygg ég að ég megi segja sem komið hafa nálægt þessum málum, að ef almennar kaupleiguíbúðir eiga að verða fýsilegur kostur þannig að þær seljist með sæmilegum hætti á landsbyggðinni, þá verður að gera þær breytingar sem óskað er eftir.

Það er dálítið merkilegt að hæstv. ráðherra skuli standa þvert gegn þeim breytingum sem nauðsynlegar eru til þess að þetta kerfi, hugarfóstur ráðherrans, geti orðið að sæmilegu gagni. Ég held að ráðherranum væri hollt að fara yfir sögu úthlutananna frá 1988 þegar úthlutað var hundruðum íbúða í þessu almenna kaupleigukerfi og menn ruddu upp íbúðum um allt land eftir að hafa fengið jólagjöfina frá hæstv. félmrh. en síðar komu vandamálin í ljós. Það var farið af stað með miklu offorsi en lítilli fyrirhyggju og fjölmargar af þessum íbúðum hafa reynst dýrar í byggingu, of stórar og fjarri því að nægilega hafi verið vandað til framkvæmda að þessu verki og ærin vandamál sem hafa hrúgst upp og stofnunin orðið að leysa úr eftir bestu getu en ég minnist þess ekki að hafa orðið var við stuðning hæstv. ráðherra í þeim vanda sem stjórnarmenn og embættismenn hafa setið er þeir voru og hafa verið að glíma við að leysa úr þessum vandamálum.

Það er nú þannig að það læðist að mér sá grunur að ráðherrann sé nokkuð sleipur við að kynna hugmyndir í fjölmiðla en því miður sé ekki jafnmikð lið í ráðherranum þegar þarf að fylgja málum eftir og vinna úr því sem ekki hefur farið eins og skyldi. Ég hygg að ráðherrann mætti breyta sínum áherslum meira í þá veru að styðja betur við bakið á þeim sem vinna í þeim verkum að greiða úr þeirri flækju sem frumhlaup hennar hefur haft í för með sér.

Þá er hér bréf, einnig dags. 4 mars 1993, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Í bréfi yðar dags. 7. jan. sl. er leitað eftir umsögn húsnæðismálastjórnar varðandi þá hugmynd að veitt verði lán úr Byggingarsjóði verkamanna, að óbreyttum lögum, til endurbóta og lagfæringa á úthliðum (útveggjum) fjölbýlishúsa sem félagslegar eignaríbúðir eru í víðs vegar í landinu; í þeim tilvikum þar sem hús þessi liggja undir stórskemmdum. Húsnæðismálastjórn

hefur fjallað um þetta erindi og kemur niðurstaða hennar fram í umsögn þeirri um fyrirliggjandi frv. til laga um breytingu á lögum um þessa stofnun er hún samþykkti á fundi sínum 18. febr. sl. Er hún á þá leið að brýnt sé að lagaheimildir verði veittar fyrir lánveitingum til meiri háttar endurbóta á félagslegum íbúðum.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst, f.h. húsnæðismálastjórnar, Sigurður E. Guðmundsson."

Tillaga var lögð fram af stjórnarandstöðunni við 2. umr. um heimild til þess að opna þennan lánaflokk en hún hlaut ekki stuðning stjórnarliða og ekki heldur félmrh. og verð ég að segja að ekki er það nú efnilegt hlutskipti félmrh. að greiða atkvæði gegn þeim tillögum sem húsnæðismálastjórn sameinast um að óska eftir að verði gerðar á lögum, en reyna þess í stað með offorsi og valdi að troða gegnum þingið lögum sem hafa þann eina tilgang og eina markmið ráðherrans að breyta stjórnsýslulegri stöðu stofnunarinnar. Ég fullyrði það sem mína sannfæringu að ráðherranum er alveg sama um allt annað í frv. en það að fá það samþykkt í þinginu að valdið yfir stofnuninni færist til hennar. Þetta er því miður að mínu mati staðreynd málsins. Ég veit ekki hvað stofnunin eða stjórnin hefur til saka unnið að ráðherrann skuli gegn vilja þessara aðila reyna að breyta stjórnsýslulegri stöðu stofnunarinnar og ljá ekki þessum aðilum á nokkurn hátt lið í þeim breytingum sem þeir óska eftir sameiginlega. Ráðherrann snýst með öðrum orðum gegn öllum óskum stofnunarinnar eða stjórnar. Ég hlýt að inna ráðherrann eftir því hver ástæðan er fyrir þessari framkomu ráðherrans gagnvart stofnuninni og stjórninni. Hvað hefur stjórnin gert eða unnið sér það til óhelgis að ráðherrann kemur svona fram?

Það er hins vegar dálítið merkilegt í ljósi þeirrar gusu sem ráðherrann sendi hér fram sl. þriðjudag að hugmyndir um það að breyta stjórnsýslulegri stöðu stofnunarinnar eru eldri en menn ætla. Þær eru frá árinu 1990 og má finna í sérstöku frv. sem þá var lagt fyrir Alþingi. Maður veltir því fyrir sér ef það eru samskiptaörðugleikar, eins og ráða mátti af ræðu ráðherrans, sem væru þess valdandi að ráðherrann teldi nauðsynlegt að afnema sjálfstæði stofnunarinnar, þá væru það samskiptaörðugleikar við þá sem fóru með forræði mála fyrir 1990. Það er dálítið merkilegt að á árunum áður var stjórnarformaður húsnæðismálastjórnar hv. núv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir og maður spyr sjálfan sig í forundran: Voru það svona miklir samskiptaörðugleikar ráðherrans við hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur er hún var formaður húsnæðismálastjórnar sem eru orsök þess að ráðherrann telur nauðsynlegt að leggja niður sjálfstæði stofnunarinnar? Það væri fróðlegt að fá það upplýst fyrst ráðherrann sjálfur beindi athyglinni að því að um samskiptaörðugleika væri að ræða og við fengum það a.m.k. á tilfinninguna sem á hlýddum að það væri ástæðan fyrir flutningi málsins.

Þá er hér bréf dags. 17. mars sl. til ráðuneytisins sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hér með er yður send áætlun frá félagsíbúðadeild þessarar stofnunar, dags. 16. mars 1993, um kostnað við endurbætur á útveggjum fjölbýlishúsa, sem félagslegar íbúðir eru í, svo sem þér óskuðuð eftir í bréfi yðar dags. 7. jan. sl. Hér er um að ræða byggingar þær sem stofnuninni er kunnugt um, en að sjálfsögðu kunna þær að vera fleiri." (**Félmrh.:** ... dagsetningin á erindi Húsnæðisstofnunar til félmn. þar sem þetta kom fram, það var 17. febr.) (**Forseti:** Ég vil biðja hæstv. ráðherra um að taka þátt í umræðunni þegar að henni kemur.)

Ég þakka forseta fyrir röggsama fundarstjórn og held áfram lestri úr bréfinu: „Hér er um að ræða byggingar þær sem stofnuninni er kunnugt um, en að sjálfsögðu kunna þær að vera fleiri. Þess skal einnig getið að af hálfu hennar hefur engin úttekt farið fram á ásigkomulagi þessara bygginga og er áætlunin því harla lausleg; sannast sagna fremur til þess fallin að gefa hugmynd um stærð vandans en hitt að hún sé í föstum skorðum."

Með þessu bréfi fylgir síðan áætlun um viðgerðir vegna byggingargalla á 11 fjölbýlishúsum sem upplýsingar liggja fyrir um að þurfi viðgerðir, samtals 97 íbúðir. Reynt er að áætla þennan kostnað og hann er alls áætlaður um 150 millj., auðvitað með þeim fyrirvörum sem fram koma í bréfinu. Hér er því alveg greinilegt og skjalfest að stofnunin svaraði því erindi er ráðherra óskaði eftir. En um þetta atriði sagði ráðherrann eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Og ég vil líka rifja upp það sem ég sagði í dag að ég tel það óeðlilegt að stjórn einnar ríkisstofnunar sendi beint til Alþingis fram hjá ráðuneytinu óskir um viðbótarútgjöld sem nemur einhverjum hundruðum millj. kr. til að opna nýja lánaflokka og að bæta kjör á ákveðnum lánaflokki án þess að gera sér grein fyrir því hvar eigi að fá peninga í það og án þess að ráðuneytið hafi hina minnstu vitneskju um það. Ráðuneytið er reyndar hunsað vegna þess að það hafi óskað eftir upplýsingum um kostnað við að opna þennan málaflokk, en það var ekki virt viðlits heldur beiðni send beint til félmn. um að opna slíkan lánaflokk." — Þetta var úr ræðu ráðherra.

Hér er það skjalfest að stofnunin sendi ráðherranum svar við þessu erindi og svarið er sent 17. mars þannig að það liggur fyrir skjalfest að hæstv. félmrh. sagði ósatt, fór ekki með rétt mál í þessum fullyrðingum sínum sem ég vitnaði til.

Þá er einnig að finna í skjölum bréf dags. 4. mars sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á fundi húsnæðismálastjórnar hinn 18. febr. sl. var samþykkt umsögn um frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er nú liggur fyrir Alþingi. þar er m.a. að finna ábendingu um breytingu á lögum um lán til byggingar á almennum kaupleiguíbúðum. Hún er á þessa leið:

„Mjög brýnt er einnig að gerð verði lagfæring á 90. gr. laganna þar sem fjallað er um útreikning á söluverði félagslegra íbúða sem byggðar eru samkvæmt lögum fyrir gildistöku laga nr. 51/1980. Lagt er til að útreikningur verði samræmdur við ákvæði núverandi reglugerðar, þ.e. 99. gr. reglugerðar nr. 46/1991.""

Enn er skjalfest að ráðuneytið fékk sent bréf og vitneskju formlega um þessar óskir stjórnarinnar auk þess sem rætt var við ráðherrann um þessi mál og ég vænti þess að ráðherrann þræti ekki fyrir það.

Þá er hér bréf til félmrn. dags. 5. mars sl. sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á fundi húsnæðismálastjórnar hinn 18. febr. sl. var samþykkt umsögn um fyrirliggjandi frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Í 2. lið I. kafla er fjallað sérstaklega um afstöðu stjórnarinnar til skyldusparnaðs ungs fólks til íbúðarbygginga, sbr. VIII. kafla laga nr. 86/1988, með síðari breytingum. Og þar segir svo:

„Meiri hluti húsnæðismálastjórnar er sammála því að leggja niður núverandi skyldusparnaðarkerfi. Skiptar skoðanir eru um það hvort ástæða eða nauðsyn beri til þess að koma á nýju frjálsara kerfi í stað þess sem nú er við lýði. Þrír kostir koma til greina að mati stjórnarinnar.

1. Að leggja alfarið niður skyldusparnað ungmenna.

2. Að fækka undanþágum verulega og lækka sparnaðarhlutfall samfara því.

3. Að loka núverandi kerfi en taka upp frjálst sparnaðarkerfi fyrir ungt fólk þar sem hið opinbera annaðist innheimtu sparnaðar og legði framlag á móti sparnaði sparandans.“

Í IV. kafla umsagnarinnar segir síðan svo:

„Húsnæðismálastjórn hefur haft til skoðunar breytingar á fyrirkomulagi skyldusparnaðar ungs fólks að beiðni félmrh. Meginniðurstöður þeirrar athugunar má draga saman í eftirfarandi:

a. Vegna breyttra þjóðfélagsaðstæðna og rýmri reglna um undanþágur eru það nú tiltölulega fáir í hverjum árgangi sem spara til lengri tíma og mynda umtalsverðar innstæður á skyldusparnaðarreikningum.

b. Mikil velta er út og inn af reikningum á hverju ári og samfara því er mikill umsýslukostnaður hjá Húsnæðisstofnun ríkisins.

c. Skattaleg fríðindi tengd skyldusparnaði féllu niður við upptöku staðgreiðslukerfis skatta 1988, þrátt fyrir að skattfríðindi hafi haldist á frjálsum húsnæðissparnaðarreikningum og ávöxtunarkjör skyldusparnaðar ungs fólks því verið mun lakari en húsnæðissparnaðarreikninga.

d. Miklar breytingar hafa átt sér stað á fjármagnsmarkaði frá því að skyldusparnaðarkerfinu var hleypt af stokkunum og framboð á sparnaðarkostum margfaldast auk þess sem ávöxtunarkjör hafa tekið stakkaskiptum.

Allt þetta mælir með því að taka skyldusparnaðarkerfið til gagngerrar endurskoðunar. Á hinn bóginn er ljóst að umtalsverður hópur fólks á aldrinum 16–26 ára notar núverandi kerfi til reglubundins og varanlegs sparnaðar. Sé það gert myndast innstæður sem geta skipt sköpum við íbúðarkaup eða íbúðarbyggingu þegar að því kemur. Álitamál er hvað þessi hópur, sem leitar snemma út á vinnumarkaðinn, mun gera ef kerfið er lagt niður. Mun hann finna sér annan sparnaðarkost eða mun niðurlagning kerfisins leiða til aukningar á neyslu á kostnað sparnaðar og því veikja möguleika þessa hóps til íbúðarkaupa þegar til engri tíma er litið? Við þessari spurningu er ekkert einhlítt svar.

Til umræðu í húsnæðismálastjórn hafa verið einkum þrír kostir eins og áður er getið.

1. Að leggja kerfið alfarið niður.

2. Að þrengja verulega möguleika til úttekta, þ.e. fækka undanþágum.

3. Að loka núverandi kerfi en taka upp frjálst sparnaðarkerfi fyrir ungt fólk.

Meðfylgjandi eru drög að frv. um nýtt sparnaðarkerfi sem miðað er til ungmenna. Kerfið er valfrjálst, en gert er ráð fyrir að skattkerfið annist innheimtu sparifjárins. Enn fremur er hugsanlegt að hið opinbera legði fram framlag á móti framlagi sparnandans með svipuðum hætti og gert er á húsnæðissparnaðarreikningum. Húsnæðismálastjórn hefur enga afstöðu tekið til þessara frumvarpsdraga en leggur þau fram til skoðunar fyrir nefndina. Meiri hluti húsnæðismálastjórnar mælir hins vegar með því að valinn verði fyrsti kosturinn sem nefndur var að ofan.““

Með þessu bréfi er staðfest að svar var sent við erindi ráðuneytisins um skyldusparnað og vænti ég þess að ráðherra haldi því ekki fram oftar að svör hafi ekki borist.

Þá eru það fullyrðingar ráðherrans um sjálfdæmi stofnunarinnar í sértekjum eða gjaldtökum og að ráðuneytið sé ekki látið vita af þeim. Því er vísað til föðurhúsanna og til staðfestingar er bréf sem ráðherranum var sent 24. sept. 1992, sem er svohljóðandi, en það bæði staðfestir samráðið við ráðherra um gjaldtöku og tillögu um breytingu á lögum vegna þeirra mála, með leyfi forseta:

„Á fundi húsnæðismálastjórnar hinn 17. sept. sl. var tekið fyrir erindi yðar í bréfi dags. 14. júlí. Með vísan til þess gerði húsnæðismálastjórn neðangreinda samþykkt á framangreindum fundi sínum:

Tillaga að breytingu á lögum nr. 86/1988, með síðari breytingum.

Viðbót við 7. gr. laganna:

Húsnæðismálastjórn skal setja Húsnæðisstofnun gjaldskrá vegna vanskilainnheimtu á lánum stofnunarinnar.

Heimilt er að vanskilakostnaður verði ákveðið jöfnunargjald á hvert skuldabréf þannig að jafnræðis verði gætt og skuldarar greiði sama gjald hvar sem þeir búa á landinu.

Greinargerð. Núverandi gjaldskrá stofnunarinnar, sem gefin var út þann 14. júlí 1992 og birt í Lögbirtingablaðinu þann 31. júlí 1992, er byggð á skaðleysissjónarmiðum. Við setningu gjaldskrárinnar var gjald ákveðið þannig að áætlaður var kostnaður stofnunarinnar vegna vanskilainnheimtu og honum síðan jafnað niður á áætlaðan fjölda greiðsluáskorana og nauðungarsölubeiðna. Ljóst er að út af getur brugðið með slíkt mat vegna breyttra forsendna og því er nauðsynlegt að stofnunin hafi beina lagaheimild til gjaldtöku.

Þá er í 2. mgr. lagt til að heimilt verði að jafna sérstökum kostnaði niður á skuldara þannig að jafnræðis sé gætt hvar sem þeir búa á landinu.“

Vænti ég þess að með þessum gögnum sé nú endanlega hrakið og bornar til baka þær ásakanir sem ráðherra hefur fram sett og því var auk þess fylgt eftir með munnlegum upplýsingum sem fram komu á fundinum. Það væri fróðlegt að heyra á eftir hvort ráðherrann hyggst reyna að halda sig við fullyrðingar sínar eða hvort hann velur skynsamlegri kostinn, að draga yfirlýsingar sínar til baka, sem ég mundi fagna en jafnframt í leiðinni vil ég segja ráðherra að ég teldi að hann ætti að biðjast afsökunar á ummælum sínum í garð stofnunar og stjórnar sem hafa ekki við nokkur rök að styðjast eins og sýnt hefur verið fram á.

Þá er rétt að víkja aðeins að fram komnum brtt. á því frv. sem liggur nú fyrir eftir 2. umr. málsins. En ég hef lagt fram brtt. á þremur þingskjölum sem ég mun fylgja hér úr hlaði, og það er þá fyrst brtt. á þskj. 1212 við 3., 4. og 5. greinar frv. eins og það lítur út núna að lokinni 2. umr. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um að 1. efnismgr. 3. gr. orðist þannig, með leyfi forseta:

„Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, húsnæðismálastjórn, skipa tíu menn, sjö kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar og þrír skipaðir af félmrh. eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Sambands ísl. sveitarfélaga. Varamenn skulu kjörnir og skipaðir á sama hátt."

Breytingin sem lögð er til frá greininni eins og hún er í frv. er sú að í stað sjö manna í stjórn sitji tíu. Og þessir þrír sem við bætast komi frá Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Það er nýmæli frá því sem er í dag og hefur verið hefur um allmörg ár að lagt er til að Samband ísl. sveitarfélaga fái fulltrúa í stjórnina en til þess að koma í veg fyrir að sú viðbót valdi fjölgun í stjórninni er á móti lagt til að fulltrúar Alþýðusambands Íslands sem í dag eru tveir verði aðeins einn. Ég tel að það væri farsælt að breyta frumvarpsgreininni til samræmis við þá tillögu sem ég var hér að kynna því að það skiptir afar miklu máli við framkvæmd húsnæðismála og húsnæðisstefnu hér á landi að um þá framkvæmd náist nokkuð víðtæk samstaða, bæði milli stjórnmálaflokka og helstu hagsmunasamtaka sem aðild eiga að þessu máli og ég teldi það verr ef fulltrúar þessara samtaka, Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins yrðu settir af í stjórninni með öllu og raunar ekki maklegt í ljósi þeirrar reynslu sem er af störfum þeirra innan stofnunarinnar, en ég fullyrði að fulltrúar þessara samtaka hafa haft góð áhrif á framkvæmd mála í þessum málaflokki, enda hefur ráðherra ekki komið fram með nein rök gegn því eða í þá veru að reynslan sé slæm af þeirra setu.

Þá er lagt til í 4. gr. frv. sem fjallar um hlutverk húsnæðismálastjórnar að í 1. tölul. verði einu orði breytt þannig að í stað þess að það sé hlutverk stjórnar að hafa umsjón með fjárhag, rekstri og annarri starfsemi stofnunarinnar og sjóða og gæta þess að starfað sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir, í stað þess „að hafa umsjón með" komi: að hafa eftirlit með, eins og er í núgildandi lögum. Þetta er gert til að styrkja stöðu stjórnar yfir þessum málaflokki.

Í öðru lagi er lagt til að breyta 2. tölul. 4. gr. þannig að hlutverk stjórnar sé að gera tillögur um skiptingu ráðstöfunarfjár milli útlánaflokka, afgreiða fjárhagsáætlanir og úrskurða ársreikninga stofnunarinnar og byggingarsjóðanna í stað þess að gerðar séu tillögur til ráðherra að fjárhagsáætlun o.s.frv., þannig að að sé ótvírætt hlutverk stjórnarinnar að fara með yfirstjórn fjármála í þessari stofnun en ekki ráðherra.

Þá er lagt til að við 4. gr. bætist tveir nýir töluliðir um hlutverk stjórnar, er verði 5. og 6. tölul., svohljóðandi:

5. Að marka meginstefnu í málefnum Húsnæðisstofnunar ríkisins og byggingarsjóðanna.

6. Að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um löggjafaratriði á sviði húsnæðismála.

Þessar breytingar eru lagðar fram til að færa hlutverk stjórnar nær því sem það er samkvæmt núgildandi lögum og draga úr þeirri áherslu sem er í þessu frv. að færa valdið úr höndum stjórnar og stofnunar til ráðuneytis.

Þá er lagt til að 3. mgr. 5. gr. frv. falli brott en sú málsgrein fjallar um það að framkvæmdastjóri beri ábyrgð á fjárreiðum og starfsmannahaldi stofnunarinnar og á því að þessir þættir séu innan þess ramma sem fjárlög setja. Það er til samræmis við fyrri brtt. um hlutverk húsnæðismálastjórnar þannig að það er eðlileg tillaga í framhaldi af fyrri tillögu um að þetta sé á ábyrgð stjórnar.

Þá er lagt til að sérstakur kafli bætist inn í frv. um skyldusparnað. Eins og frv. lítur út núna er í 17. gr. þess búið að fella brott VIII. kafla laganna um skyldusparnað ungs fólks til íbúðarbygginga. Með brtt. á þskj. 1210 legg ég til að skyldusparnaði verði viðhaldið í breyttri mynd frá því sem nú er og í stað þess að kaflinn beri yfirskriftina: Skyldusparnaður ungs fólks til íbúðarbygginga, þá beri hann yfirskriftina: Húsnæðissparnaður unga fólksins. Og tillögurnar eru þær að fyrri málsgrein 111. gr. laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins orðist þannig, með leyfi forseta:

„Öllum einstaklingum á aldrinum 16–21 árs, sem ekki hafa formlega undanþágu skv. 113. gr., skal skylt að leggja til hiðar 8% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðarbygginga eða bústofnunar í sveit. Skyldusparnaður hefst við næstu áramót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur þegar hann verður 21 árs. Fé það, sem þannig safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins."

Þess verður að gæta í brtt. að númeraröð lagagreina hefur breyst með miklum breytingum á lögunum á undanförnum árum, en 111. gr. sem vitnað er til er samkvæmt þeirri útprentun sem ég hef hér undir höndum, en það kann að vera að númerin séu önnur en það er tæknilegt atriði sem verður þá leiðrétt ef til þess kemur.

Meginbreytingin er í raun tvíþætt. Annars vegar er lagt til að sparnaðurinn nái til 21 árs í stað 26 ára. Í öðru lagi er lagt til að sparnaðurinn nemi 8% af launum en ekki 15% eins og nú er. Þetta er byggt á hugmyndum sem viðraðar hafa verið innan húsnæðismála-

stjórnar og eru mjög athyglisverðar. Það hefur verið gerður útreikningur á fjárstreymi miðað við breytingar á skyldusparnaðarprósentu og líkur leiddar að því að jafnvægi náist í fjárstreymi með þessari innheimtuprósentu ásamt þeirri breytingu sem fylgir í kjölfarið að fækka undanþágum frá skyldusparnaði. Í þessum tillögum sem ég hef hér lagt fram um húsnæðissparnað unga fólksins á þskj. 1210 er lagt til að undanþágur sem eru nokkuð margar í núgildandi lögum verði þannig að þrjár þeirra falli brott, þ.e. að einungis sé hægt að fá undanþágu frá skyldusparnaðinum eða sparnaðinum hafi menn keypt íbúð eða búi við varanlega örorku eða um sé að ræða útlendinga sem hafi landvistar- eða atvinnuleyfi hér á landi um tiltekinn tíma og dvelja hér um stundarsakir.

Það má auðvitað deila um þessa hugmynd sem ég er hér að leggja fram í þessu máli, en hún byggist á því að aflétta skyldunni eftir að menn eru orðnir 21 árs með þeim rökum að þá séu menn líklega komnir með fjölskyldu ellegar hafi hafið framhaldsnám og því sé ekki rétt að leggja á þá að leggja sparnað til hliðar á þeim tíma. Hins vegar eru einstaklingar á aldrinum 16–21 árs trúlega mjög margir ef ekki yfirgnæfandi meiri hluti enn í foreldrahúsum og ekki farinn að halda heimili og því þykir rétt að á því tímaskeiði sé reynt að beina fólki inn á þær brautir að leggja til hliðar fyrir framtíðina í þessum efnum.

Þá er gerð tillaga um það að bæta við nýrri grein inn í þennan kafla laganna sem tryggir innheimtu sparnaðarins og er tillögugreinin byggð á svipaðri útfærslu og í dag er í lögum um orlof, þ.e. að að liðnum tilteknum tíma geti launþegi fengið kröfu sína innleysta hjá ráðuneyti sem síðan tekur að sér að innheimta hjá viðkomandi launagreiðanda ef hann hefur ekki skilað sparnaðinum á sinn stað. Þessi viðbót er í takt við tillögu frá húsnæðismálastjórn sem send var á sínum tíma til félmrh. fyrir rúmum tveimur árum með ósk um lagabreytingar til að tryggja réttarstöðu skyldusparenda og innheimtu skyldusparnaðar. Hæstv. félmrh. lét hins vegar ekki svo lítið að virða þessar tillögur viðlits, stakk þeim ofan í skúffu og hefur lítið af þeim frést í ráðuneytinu og er það mikill skaði því að allmargir unglingar og ungmenni hafa tapað umtalsverðum fjármunum á þessum tíma vegna gjaldþrota fyrirtækja og verður það að teljast afar slæmt að félmrh. skuli ekki hafa sinnt þessari beiðni á sínum tíma og þannig komið í veg fyrir það tjón sem einstaklingar hafa orðið fyrir.

Þá vil ég víkja að tillögum sem ég flyt einnig og eru ákvæði til bráðabirgða. Þar er fyrra ákvæðið svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á árinu 1993 er húsnæðismálastjórn heimilt að veita lántakendum frest til allt að sex mánaða á greiðslu afborgana, vaxta og verðbóta, að hluta eða að öllu leyti, af lánum veittum til íbúðaöflunar úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna og fasteignaveðbréfum sem húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins hefur tekið við í skiptum fyrir húsbréf.

Frest skv. 1. mgr. er einungis heimilt að veita ef atvinnuleysi, langvarandi veikindi eða aðrar sambærilegar ástæður valda slíkum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega að hann getur ekki staðið skil á greiðslum vegna lánanna."

Það er knýjandi nauðsyn að tekið sé á þeim málum sem eru að hrannast upp um þessar mundir hjá lánastofnunum og þar með talið hjá Húsnæðisstofnun ríkisins vegna vaxandi atvinnuleysis sem gætir auðvitað ekki hvað síst meðal lántakenda og veita stofnuninni heimild eða heimildir til þess að fresta greiðslum af þessum lánum um einhvern tíma meðan unnið er að tillögum til úrbóta. Í þessu ákvæði er lagt til að heimildin nái til allt að sex mánaða og tíminn á meðan verði nýttur til þess að koma fram með tillögur að lagabreytingum til að taka á þessu vandamáli sem eru vaxandi vanskil lántakenda. Það tengist þá hinu ákvæðinu til bráðabirgða sem er svohljóðandi:

„Á árinu 1993 skal starfa þriggja manna nefnd er félagsmálaráðherra skipar er undirbúi samningu laga um greiðsluaðlögun til aðstoðar fólki í verulegum greiðsluerfiðleikum.

Nefndin skal kanna svipaða löggjöf á Norðurlöndum og afla upplýsinga um reynsluna af henni."

Þarna er gert ráð fyrir því að Alþingi ályktí að setja upp nefnd til þess að undirbúa einmitt löggjöf um þetta efni og hún verði væntanlega búin að ljúka störfum nú í haust þannig að er þing kemur saman aftur 1. okt. nk. megi vænta þess að fyrir liggi beinar tillögur til úrbóta í þessum efnum en á því er ekki nokkur vafi að full ástæða er til að bregðast við í þessum efnum.

Ég hef lagt fram tillögur til úrbóta á þessu sviði, frv. til laga um greiðslufrest á fasteignaveðlánum sem hins vegar hefur ekki hlotið þær undirtektir hjá stjórnarflokkunum að það nái fram að ganga og er því brugðið á það ráð að koma fram með tillögur um ákvæði til bráðabrigða eins og ég hef rakið.

Þetta ákvæði til bráðabirgða um skipun þriggja manna nefndar er í raun og veru unnið upp úr þingskjali sem hér liggur fyrir, þáltill. sem ekki hefur komist til umræðu og ég vænti þess að flm. þess a.m.k. sem eru úr stjórnarliðinu styðji málið og það nái fram að ganga.

Virðulegur forseti. Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir þeim brtt. sem ég hef flutt við 3. umr. þessa máls og vænti þess að efni þeirra sé mönnum nokkuð ljóst. Enn fremur hef ég farið nokkuð ítarlega yfir athugasemdir sem fram hafa komið vegna ummæla hæstv. ráðherra í garð embættismanna Húsnæðisstofnunar og í garð húsnæðismálastjórnar.

Virðulegur forseti. Ég tel ekki ástæðu í þessari ræðu að orðlengja frekar um þessi efni sem ég hef hér drepið á, en ég heyri það á þingmönnum að þeir vilja gjarnan heyra meira og ég hef nægan efnivið í fleiri ræður fyrir þá sem eru áhugamenn um þessi efni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 12.–51. mál.

Fundi slitið kl. 1.20 árdegis.

174. FUNDUR

föstudaginn 7. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 276. mál, þskj. 1116, frhnál. 1185, brtt. 1210, 1212 og 1218. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, stjfrv., 557. mál, þskj. 1227. — 3. umr.
3. Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, stjfrv., 406. mál, þskj. 1229 (sbr. 700). — 3. umr.
4. Samningur um verndun villtra plantna og dýra í Evrópu, stjtill., 533. mál, þskj. 891, nál. 1111. — Síðari umr.
5. Samþykkt um votlendi, stjtill., 534. mál, þskj. 892, nál. 1112. — Síðari umr.
6. Alþjóðasamningur um viðbúnað gegn olíumengun, stjtill., 535. mál, þskj. 893, nál. 1113. — Síðari umr.
7. Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, stjtill., 536. mál, þskj. 894, nál. 1114. — Síðari umr.
8. Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands, stjtill., 567. mál, þskj. 934, nál. 1127. — Síðari umr.
9. Framkvæmd útboða, stjfrv., 363. mál, þskj. 643, nál. 1101, brtt. 1106. — 2. umr.
10. Samvinnufélög, stjfrv., 364. mál, þskj. 644, nál. 1102, brtt. 1103. — 2. umr.
11. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 548. mál, þskj. 908, nál. 1105. — 2. umr.
12. Norræni fjárfestingarbankinn, stjfrv., 454. mál, þskj. 790, nál. 1104. — 2. umr.
13. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 231. mál, þskj. 288, nál. 1131 og 1214. — 2. umr.
14. Aðgerðir gegn peningaþvætti, stjfrv., 210. mál, þskj. 251, nál. 1134, brtt. 1132. — 2. umr.
15. Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, stjfrv., 34. mál, þskj. 35, nál. 1135 og 1213, brtt. 1136. — 2. umr.
16. Fjármögnun samgöngumannvirkja, þáltill., 104. mál, þskj. 122, nál. 1081, brtt. 1082. — Síðari umr.
17. Staða brotaþola við meðferð kynferðisbrotamála, þáltill., 458. mál, þskj. 794, nál. 1143. — Síðari umr.
18. Fræðslustörf um gigtsjúkdóma, þáltill., 225. mál, þskj. 273, nál. 1146. — Síðari umr.
19. Réttarstaða barna með krabbamein, þáltill., 505. mál, þskj. 857, nál. 1147. — Síðari umr.
20. Almannatryggingar, frv., 587. mál, þskj. 1148. — 1. umr.
21. Ríkisreikningur 1990, stjfrv., 243. mál, þskj. 312, nál. 1151. — 2. umr.
22. Rannsóknir og þróun fiskeldis fram til aldamóta, þáltill., 351. mál, þskj. 630, nál. 1152, brtt. 1153. — Síðari umr.
23. Íbúðaverð á landsbyggðinni, þáltill., 139. mál, þskj. 160, nál. 1154. — Síðari umr.
24. Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, þáltill., 132. mál, þskj. 152, nál. 1158. — Síðari umr.
25. Skipulagslög, stjfrv., 455. mál, þskj. 791, nál. 1171, brtt. 1172. — 2. umr.
26. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 541. mál, þskj. 899, nál. 1174. — 2. umr.
27. Vernd sæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, stjfrv., 2. mál, þskj. 2, nál. 269, frhnál. 1175, brtt. 270 og 1178. — Frh. 2. umr.
28. Hönnunarvernd, stjfrv., 212. mál, þskj. 253, nál. 1179, brtt. 1180. — 2. umr.
29. Jöfnunartollur á skipasmíðaverkefni, þáltill., 88. mál, þskj. 98, nál. 1181. — Síðari umr.
30. Aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtaka ríkisstofnana, þáltill., 158. mál, þskj. 180, nál. 1182, brtt. 1183. — Síðari umr.
31. Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frv., 127. mál, þskj. 147, nál. 1184. — 2. umr.
32. Rannsókn á botndýrum við Ísland, þáltill., 594. mál, þskj. 1189. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
33. Veiðiheimildir í lögsögu annarra ríkja, þáltill., 267. mál, þskj. 357, nál. 1190. — Síðari umr.
34. Atvinnuþróun í Mývatnssveit, þáltill., 173. mál, þskj. 199, nál. 1208, brtt. 1209. — Síðari umr.
35. Menningarsjóður, stjfrv., 306. mál, þskj. 1228, brtt. 1231. — 3. umr.
36. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 546. mál, þskj. 906, nál. 1216. — 2. umr.
37. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 515. mál, þskj. 872, nál. 1122, brtt. 1123 og 1211. — 2. umr.
38. Reynslusveitarfélög, stjtill., 516. mál, þskj. 873, nál. 1124. — Síðari umr.
39. Áburðarverksmiðja ríkisins, stjfrv., 238. mál, þskj. 307, nál. 1108 og 1110, brtt. 1121. — 2. umr.
40. Umhverfismat, stjfrv., 80. mál, þskj. 87, nál. 1139, brtt. 1140. — 2. umr.
41. Fuglaveiðar og fuglafriðun, stjfrv. 146. mál, þskj. 167, nál. 1169, brtt. 1170. — 2. umr.
42. Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels, stjtill., 566. mál, þskj. 933, nál. 1128. — Síðari umr.
43. Vegalög, stjfrv., 553. mál, þskj. 918, nál. 1077. — 2. umr.
44. Vegáætlun 1993–1996, stjtill., 290. mál, þskj. 422, nál. 1141 og 1159, brtt. 1142. — Síðari umr.
45. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 420. mál, þskj. 716, nál. 1187 og 1186, brtt. 1188. — 2. umr.
46. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 453. mál, þskj. 785, nál. 1191 og 1193, brtt. 1192 og 1194. — 2. umr.
47. Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, stjfrv., 25. mál, þskj. 25, nál. 1083 og 1129, brtt. 1084 og 1130. — 2. umr.
48. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 504. mál, þskj. 856, nál. 1133 og 1215, brtt. 1125. — 2. umr.
49. Almenn hegningarlög, frv., 89. mál, þskj. 99, nál. 1177. — 2. umr.
50. Tækniskóli Íslands, stjfrv., 327. mál, þskj. 598, nál. 1092. — 2. umr.

51. Bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda, frv., 187. mál, þskj. 215, nál. 1197 og 1198. — 2. umr.
52. Lögheimili, frv., 188. mál, þskj. 218, nál. 1144, brtt. 1145. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:
Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, 406. mál, þskj. 1229.
Menningarsjóður, 306. mál, þskj. 1228; brtt. SvG og KÁ, þskj. 1231.
Rannsókna- og vísindastefna ríkisstjórnarinnar, 186. mál, skýrsla menntmrh., þskj. 1173.
Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, 557. mál, þskj. 1227.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, 3. umr.

Stjfrv., 557. mál (heildarlög). — Þskj. 1227.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, 3. umr.

Stjfrv., 406. mál (heildarlög). — Þskj. 1229 (sbr. 700).

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um verndun villtra plantna og dýra í Evrópu, síðari umr.

Stjtill., 533. mál. — Þskj. 891, nál. 1111.

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):
Frú forseti. Ég kynni hér nál. utanrmn. á þskj. 1111, um till. til þál. um fullgildingu samnings um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða Evrópu.

Nefndin fjallaði um tillöguna og fékk á sinn fund til viðræðna um efni hennar Jón Gunnar Ottósson, skrifstofustjóra í umhvrn., og Þóri Ibsen, deildarsérfræðing í umhvrn. Þá barst nefndinni umsögn um málið frá umhvn. og er umsögnin birt sem fskj. með áliti nefndarinnar.

Nefndin mælir samhljóða með samþykkt tillögunnar.

Með nál. fylgir eftirfarandi umsögn umhvn. Alþingis sem ég les, með leyfi hæstv. forseta:

„Umhverfisnefnd hefur fjallað um fjórar þingsályktunartillögur til staðfestingar á alþjóðasamningum á sviði umhverfismála sem utanríkismálanefnd sendi nefndinni til umsagnar.

Umhverfisnefnd fékk til viðræðna um málin Jón Gunnar Ottósson og Þóri Ibsen frá umhverfisráðuneytinu. Að ósk nefndarinnar tók umhverfisráðuneytið saman minnisblað um þá fyrirvara sem gerðir eru af hálfu Íslands við einn þessara samninga, Bernarsamninginn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða Evrópu.

Umhverfisnefnd gerir ekki athugasemd við samþykkt þessara tillagna en bendir á eftirfarandi varðandi fyrirvara Íslands í Bernarsamningnum:

Með tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða Evrópu er fylgiskjal (fskj. II) með skrá yfir þá fyrirvara sem ástæða er talin til að gera við samninginn við aðild að honum. Í 1. mgr. 22. gr. samningsins segir svo: „Við undirritun eða við afhendingu skjals um fullgildingu, viðurkenningu, samþykki eða aðild getur sérhvert ríki gert einn eða fleiri fyrirvara um ákveðnar tegundir sem tilgreindar eru í viðaukum I–III . . . “

Í viðauka I er ein íslensk plöntutegund og í viðauka II eru nokkur íslensk dýr auk nokkurra dýrategunda sem flækjast stöku sinnum til landsins og njóta ekki verndar samkvæmt íslenskum lögum. Ástæða var talin til að gera fyrirvara um friðun þessara tegunda að óbreyttum lögum og í samræmi við íslenskar aðstæður svo að ósamræmi skapist ekki á milli íslenskrar löggjafar og þeirra þjóðréttarlegu ákvæða sem samningurinn felur í sér.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum. Taki lög þessi gildi munu tvær af þeim tegundum, sem fyrirvari er gerður um, lómur og ísbjörn, njóta verndar. Verði frumvarpið að lögum áður en samningurinn yrði fullgiltur fyrir Íslands hönd er ástæðulaust að gera fyrirvara um friðun þessara tegunda þar sem 9. gr. samningsins veitir sérhverjum samningsaðila rúma heimild til að veita undanþágur vegna ákvæða samningsins um verndun þeirra tegunda sem eru skráðar í viðauka II. Þess ber og að geta að samningsaðilum er heimilt hvenær sem er skv. 4. mgr. 22. gr. að afturkalla að fullu eða að hluta þá fyrirvara sem þeir hafa gert við samninginn.

F.h. umhverfisnefndar. Gunnlaugur Stefánsson formaður.“

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samþykkt um votlendi, síðari umr.

Stjtill., 534. mál. — Þskj. 892, nál. 1112.

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég mæli fyrir áliti utanrmn. á þskj. 1112 um till. til þál. um staðfestingu breytinga á samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf.

Nefndin fjallaði um tillöguna og fékk á sinn fund til viðræðna um efni hennar Jón Gunnar Ottósson, skrifstofustjóra í umhvrn., og Þóri Ibsen, deildarsérfræðing í umhvrn. Þá barst nefndinni umsögn um málið frá umhvn. sem gerir ekki athugasemd við samþykkt tillögunnar.

Nefndin mælir einróma með samþykkt tillögunnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðasamningur um viðbúnað gegn olíumengun, síðari umr.

Stjtill., 535. mál. — Þskj. 893, nál. 1113.

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég geri grein fyrir áliti utanrmn. á þskj. 1113 um till. til þál. um fullgildingu alþjóðasamnings um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun og samstarf þar um, 1990.

Nefndin fjallaði um tillöguna og fékk á sinn fund til viðræðna um efni hennar Jón Gunnar Ottósson, skrifstofustjóra í umhvrn., og Þóri Ibsen, deildarsérfræðing í umhvrn. Þá barst nefndinni umsögn um tillöguna frá umhvn. og gerir nefndin ekki athugasemd við samþykkt hennar.

Nefndin mælir einróma með samþykkt tillögunnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, síðari umr.

Stjtill., 536. mál. — Þskj. 894, nál. 1114.

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég geri grein fyrir áliti utanrmn. á þskj. 1114 um till. til þál. um fullgildingu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Nefndin fjallaði um tillöguna og fékk á sinn fund til viðræðna um efni hennar Jón Gunnar Ottósson, skrifstofustjóra í umhvrn., og Þóri Ibsen, deildarsérfræðing í umhvrn. Þá barst nefndinni umsögn um tillöguna frá umhvn. og gerir nefndin ekki athugasemd við samþykkt hennar.

Utanrmn. mælir einróma með samþykkt tillögunnar.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Sá alþjóðasamningur, sem hér er leitað staðfestingar á, varðar eitt af mikilverðustu málum samtímans, þ.e. að bregðast við þeim loftslagsbreytingum sem nú eru að gerast í umhverfi okkar á jörðinni, breytingar sem geta orðið eitt af erfiðustu vandamálum sem mannkynið þarf við að glíma á næstu árum og áratugum og því er það vel að þessi rammasamningur hafi verið gerður og sé að fá staðfestingu hjá æ fleiri ríkjum sem að honum stóðu á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í júnímánuði í fyrra.

Ég hef haft aðstöðu til að fylgjast með þessu máli, bæði þar og hér á Alþingi í nefndum þingsins og geri að sjálfsögðu engar athugasemdir við málið heldur fagna því miklu fremur að það sé komið hér til staðfestingar af hálfu þingsins, en ég vildi aðeins undirstrika þýðingu málsins. Síðan eru það framkvæmdirnar í framhaldinu sem skipta máli og þar eiga Íslendingar eins og aðrar þjóðir, einkum iðnaðarþjóðir, mjög mikið verk óunnið því að það liggur fyrir að því er Ísland varðar að við völdum mengun andrúmslofts sem leiðir til loftlagsbreytinga, gróðurhúsaáhrifa og annars þess háttar, í svipuðum mæli og aðrar iðnvæddar þjóðir sem við berum okkur saman við innan OECD. Þetta á að vera okkur umhugsunarefni og þarna þurfum við að taka á í framhaldi af staðfestingu þessa samnings fyrr en seinna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands, síðari umr.

Stjtill., 567. mál. — Þskj. 934, nál. 1127.

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég mæli fyrir áliti utanrmn. á þskj. 1127 um till. til þál. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Póllands.

Nefndin fjallaði um tillöguna og fékk á sinn fund til viðræðna um efni hennar Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra í sjútvrn., Sigurgeir Þorgeirsson, aðstoðarmann landbrh., Jóhann Guðmundsson, deildarstjóra í landbrn., og Gunnar Snorra Gunnarsson, skrifstofustjóra í utanrrn.

Utanrmn. mælir einróma með samþykkt tillögunnar en hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ritar undir nál. með fyrirvara.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Fyrirvari minn við þetta mál snertir þá þætti þessa fríverslunarsamnings við Pólland sem varða landbúnaðarsviðið og einnig iðnaðarsviðið. Ég vil að vísu ekki fullyrða að þarna sé um að ræða bein ákvæði sem geta verið skaðleg okkar hagsmunum, en ég tel hins vegar að ekki hafi verið gengið úr

skugga um eins og þurft hefði að vera að svo sé ekki og þá hef ég í huga rýmkun á heimildum varðandi unnar landbúnaðarafurðir sem snerta þennan samning þar sem verið er að feta ekki ósvipaða slóð og í EES-samningnum og þar sem við þurfum sannarlega að gæta okkar. Það lá ekki fyrir utanrmn. nein skrifleg greinargerð frá landbrn. um þetta efni sem ég hefði talið að hefði þurft að fylgja málinu. Það er mjög margt sem hefur komið fram á undanförnum mánuðum að því er varðar óljós atriði, ófrágengin atriði á landbúnaðarsviði, m.a. í tengslum við EES-samninginn, og því kallar það á varfærni í málum sem þessum.

Hitt atriðið sem ég vildi nefna er iðnaðarsviðið, en við eigum mikil samskipti og viðskipti við Pólland á því sviði, ekki síst á sviði skipasmíða og skipaviðgerða og það vantaði inn í málsmeðferðina að mér þótti af hálfu okkar í utanrmn. að fá skilmerkileg svör frá hagsmunaaðilum í málm- og skipasmíðaiðnaði að því er þetta varðar, en við skulum vona að samningurinn veiti svigrúm til eðlilegra aðgerða ef að mati íslenskra stjórnvalda æskilegt er og eðlilegt að grípa til þeirra og því hef ég ekki sett mig á móti málinu, en geri þessa fyrirvara sem ég hef hér gert grein fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framkvæmd útboða, 2. umr.

Stjfrv., 363. mál. — Þskj. 643, nál. 1101, brtt. 1106.

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. og nál. efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um framkvæmd útboða.

Nefndin leggur til fjórar breytingar á frv. Hún leggur til breytingu á 8. gr. þannig að síðasti málsliður orðist svo: „Kaupandi og allir viðstaddir bjóðendur eða fulltrúar þeirra skulu undirrita fundargerð og skal þeim afhent afrit hennar óski þeir þess.“ Það er ekki víst að allir geti verið viðstaddir opnun.

Í öðru lagi er lagt til að 14. gr. verði breytt þannig að ekki þurfi að senda öllum bjóðendum greinargerð með rökstuðningi fyrir vali á tilboðinu.

Í þriðja lagi er lagt til að síðari málsliður 17. gr. falli brott, en líta ber á gögn sem fylgja með tilboðseyðublaði sem hluta tilboðsins og nauðsynlegan þátt þess.

Í fjórða lagi er lögð til breyting á 19. gr. því að samningur stofnast milli aðila við það að kaupandi tekur tilboði bjóðanda og er það því hluti samningsins.

Það er mikið tiltektarmál að sett séu lög um framkvæmd útboða. Þetta hefur verið mjög á reiki og ýmsar deilur hafa stofnast vegna þess að ýmsir sem hafa verið að bjóða út hafa ekki farið eftir eðlilegum leikreglum. Þetta hefur verið hagsmunamál sem mörg samtök hafa stutt og hvatt til þess að væri unnið. Auk þess var samþykkt þáltill. á síðasta þingi í þessa átt. Hér er málið komið á lokastig og öll nefndin stendur að þessu áliti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samvinnufélög, 2. umr.

Stjfrv., 364. mál (innlánsdeild). — Þskj. 644, nál. 1102, brtt. 1103.

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. og nál. efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um samvinnufélög. Þar er verið að stokka upp þau ákvæði sem snúa að innlánsdeildum samvinnufélaga. Þetta er liður í þeirri uppstokkun sem hefur verið í gangi hér í þinginu í vetur á löggjöf um fjármagnsmarkaðinn.

Nefndin leggur til tvær breytingar. Fyrri breytingin er sú að samvinnufélögum verði heimilt að taka við innlögnum í innlánsdeildir frá viðskiptaaðilum jafnt sem félagsmönnum og eins að eiginfjárkröfur verði lækkaðar úr 20% niður í 18%.

Nefndin stendur öll að nál. og leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Frv. VE, 548. mál (gjaldfærsla stofnkostnaðar). — Þskj. 908, nál. 1105.

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norræni fjárfestingarbankinn, 2. umr.

Stjfrv., 454. mál. — Þskj. 790, nál. 1104.

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. efh.- og viðskn. um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum og að staðfesta breytingar á samþykktum bankans. Um er að ræða heimild til að auka hlutafé í Norræna fjárfestingarbankanum um 7,2 millj. SDR og leggja þar fram allt að jafnvirði 243 þús. ECU á árin-

um 1993–1995. Síðan er um að ræða aðrar smávægilegar breytingar á samþykktum bankans.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál og leitað umsagna og mælir með samþykkt frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, 2. umr.

Stjfrv., 231. mál (EES-reglur). — Þskj. 288, nál. 1131 og 1214.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um Lífeyrissjóð sjómanna. Þetta er einfalt frv. sem felur það í sér að uppfylla ákvæði EES-samningsins hvað snertir Lífeyrissjóð sjómanna. Frv. var sent til umsagnar til ýmissa aðila sem getið er í nál. og meiri hluti efh.- og viðskn. mælir með samþykkt frv. óbreytts.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1214, en undir það ritar auk mín Halldór Ásgrímsson. Frv. er svohljóðandi:

„Frumvarpið er eitt af þeim mörgu frumvörpum sem Alþingi hefur fjallað um á yfirstandandi þingi og tengist samningnum um EES. Nefndin hafði afar lítinn tíma til að fjalla um þetta mál en í umsögnum komu fram ábendingar um fleiri atriði sem athuga þurfi í lögum þessum. Því er það skoðun minni hlutans að málið þarfnist nánari athugunar og leggur hann til að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir gegn peningaþvætti, 2. umr.

Stjfrv., 210. mál. — Þskj. 251, nál. 1134, brtt. 1132.

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. og nál. frá efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um aðgerðir gegn peningaþvætti. Þetta eru ný lög sem fyrirhugað er að setja með þessu frv.

Nefndin leitaði umsagnar um frv. hjá ýmsum aðilum sem getið er í nál. Nefndin leggur til þrjár breytingar á frv. Í fyrsta lagi, þar sem fjallað er um refsiverðan verknað í frv. sé texta breytt þannig að í stað þess að rekja megi uppruna eignar til refsiverðs verknaðar verði tiltekið hvers konar refsiverðan verknað er um að ræða og það sé vísað til brots á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni.

Í öðru lagi er lögð til breyting á 3. gr. að fastur viðskiptamaður sem er vel þekktur í viðkomandi bankastofnun þurfi ekki að sýna persónuskilríki þótt hann sé að leggja inn háar upphæðir.

Í þriðja og síðasta lagi er lagt til að gildistökuákvæði frv. verði breytt þannig að það miðist við 1. júlí en ekki við gildistöku EES.

Nefndin stendur öll að þessu nál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, 2. umr.

Stjfrv., 34. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 35, nál. 1135 og 1213, brtt. 1136.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. og brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um breyting á lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda, og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

Nefndin sendi þetta frv. til umsagnar allmargra aðila. Hún fjallaði um málið og gerði á frv. nokkrar brtt. með tilliti til þeirra athugasemda sem bárust.

Við 2. gr. frv. sem fjallar um opinberar framkvæmdir eru lagðar til nokkrar breytingar. Það er lagt til að orðalag a- og b-liðar verði gert skýrara og að ákvæði d-liðar verði þrengt og lögð er til sú breyting á e-lið að ekki þurfi við kæru að færa sönnur á líkindi þess að tjón hafi orðið. Eðlilegra þykir að fara þá leið að kærur verði rökstuddar í stað þess að þær feli í sér sönnun. Þá er lagt til að f-lið verði breytt þannig að heimild félmrn. til að grípa til aðgerða falli brott. 1. mgr. g-liðar færist yfir í f-lið þannig að eingöngu verði fjallað um bótaskyldu í g-lið en það er gert til að koma í veg fyrir misskilning. Lögð er til breyting á tímamörkum í h-lið til að enginn vafi verði um framkvæmd og loks er lagt til að ákvæði i-liðar verði gert skýrara.

Í öðru lagi er lagt til að það komi ný grein á undan 4. gr. en lögum um opinber innkaup, nr. 52/1987, er ekki skipt í kafla þannig að afmarka verður gildissvið 9.–14. gr. laganna til þess að kæruheimild nái ekki yfir öll ákvæði þeirra.

Þá er lagt til að 4. gr. verði breytt sem hér segir: Breytingar á b- og e-lið eru í samræmi við áðurgreindar breytingartillögur varðandi opinberar framkvæmdir, svo og breytingar á 1. mgr. d-liðar. Í a-lið verði orðalag leiðrétt og í 3. mgr. d-liðar verði kveðið á um lágmarksfjárhæð innkaupa sem ráðgert er að bjóða út á næstu 12 mánuðum, í stað þess að hafa það ótímabundið.

Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1213 um frv. til laga um breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum. Nál. er svohljóðandi:

„Frumvarp þetta er eitt fjölmargra mála sem Alþingi hefur fjallað um í vetur og tengist samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Með þeim lagabreytingum sem hér eru lagðar til er verið að samræma þær reglur sem gilda um opinber innkaup, útboð o.fl. því sem gildir innan Evrópubandalagsins.

Nefndin fékk frumvarpið til meðferðar snemma hausts og var þá unnið nokkuð í málinu en það síðan sent aftur til fjármálaráðuneytisins til frekari skoðunar. Fjöldi umsagna barst um málið með töluverðum athugasemdum sem að dómi minni hlutans hefði þurft að athuga mun betur en gert var, enda er hér um stórt og viðamikið mál að ræða sem snertir fjölda opinberra stofnana og innlenda verktaka. Það er niðurstaða minni hlutans að þetta viðamikla mál hefði þurft ítarlegri umfjöllun í nefndinni og því er lagt til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Samkvæmt nál. á þskj. 1135 er ég bókaður fjarstaddur afgreiðslu þessa máls. Ég ætla ekki að rengja að það sé rétt með farið. Þó ég vilji meina að ég hafi mætt þokkalega vel á fundum efh.- og viðskn. undanfarnar vikur þá hefur nefndinni samt tekist að ná þessu máli út að mér fjarstöddum og ég vil því skýra lítillega afstöðu mína til þess.

Það er í stuttu máli á þann veg að ég er sammála nál. minni hluta efh.- og viðskn., sem undirritað er af hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur og Halldóri Ásgrímssyni, og hefði lagt til svipaða málsmeðferð hefði ég verið viðstaddur afgreiðsluna.

Staðreyndin er sú að hér er á ferðinni eitt af stærri málum sem tengjast samningagerðinni um Evrópskt efnahagssvæði, þ.e. í þeim skilningi að þetta mál getur haft, nánast frá upphafi gildistöku samningsins, talsverð áhrif á innlend málefni, öfugt við margt af öllu því pappírsflóði sem þessum samningi fylgir upp á tugi þúsunda blaðsíðna, eins og kunnugt er, sem er margt harla fjarlægt okkur Íslendingum. Má þar nefna endalausar reglugerðir um skipgenga vatnsfarvegi, járnbrautarteina og annað því um líkt. Þá geta þessi ákvæði haft hér strax þó nokkur áhrif. Það er vegna þess, eins og segir í lagatextanum og í fyrirsögn frv., að hér er með mjög afdráttarlausum hætti mælt fyrir um skipan opinberra framkvæmda og innkaup opinberra aðila á öllu hinu Evrópska efnahagssvæði, þar með talið Íslandi, frá og með gildistöku samningsins. Ætli menn á annað borð að framkvæma þennan samning eða fara eftir honum þá er alveg ljóst að stærri aðilar, hér innan lands, á vegum hins opinbera, ríkis og sveitarstjórna, og allra þeirra samtaka og stofnana sem tengjast þessum aðilum, eins og segir í 1. gr. frv., verða að lúta ákvæðum þessara reglna.

Frv. er gefið mjög vítt gildissvið þar sem það sama skal gilda um framkvæmdir og innkaup allra þeirra aðila sem reknir eru að mestu leyti á kostnað ríkis eða sveitarstjórna eða annarra opinberra aðila eða lúta yfirstjórn þessara aðila eða ef rekstur þeirra er undir yfirstjórn eða eftirliti stjórnar þar sem meiri hluti stjórnarmanna er skipaður af ríki eða sveitarstjórn eða öðrum opinberum aðilum. Þetta er tiltölulega samansúrrað, með öðrum orðum ef í einhverju tilliti er hægt að sýna fram á að sveitarstjórn eða ríki hafi ráðandi stöðu í stofnun eða samtökum eða meiri hluta stjórnarmanna á einhverjum vígstöðvum þá skulu þeir hinir sömu aðilar lúta ákvæðum þessara laga. Sérstaklega held ég að ákvæðin um opinber innkaup muni koma til með að hafa áhrif hér vegna þess að þar eru fjárhæðarmörkin mun lægri en þegar um verktöku eða verkkaup er að ræða eins og menn sjá í 4. gr. frv. eða í II. kafla.

Ég leyfi mér að halda því fram, hæstv. forseti, að þetta frv. hafi alls ekki hlotið skoðun og athygli í samræmi við mikilvægi þess að þessu leyti til, þ.e. í ljósi þess að hér er eitt af þeim málum sem tengjast Evrópska efnahagssvæðinu sem geta strax frá upphafi gildistöku hans haft hér veruleg áhrif. Nú vill svo til að ræðumaður þekkir lítillega, bæði af afspurn og reynslu, þann ríka vilja sem er hjá fjölmörgum sveitarfélögum að beina verkefnum til heimaaðila, eins og eðlilegt er og skiljanlegt. Þetta á við bæði um verktöku eins og t.d. þegar hafnarframkvæmdir eiga í hlut, en það er þannig samkvæmt hafnalögum að þó að ríkið greiði meiri hluta kostnaðar við hafnargerð þá eru þær framkvæmdalega á ábyrgð sveitarfélaga. Það hefur oft og tíðum valdið deilum og átökum milli hins opinbera, Vita- og hafnamálastofnunar og samgrn. og sveitarfélaganna, að sveitarfélögin hafa lagt mikið kapp á að koma eins miklu af verkefnum á þessu sviði og kostur er í hendur heimaaðila. Jafnvel þannig að þau hafa vísað til forræðis síns á málaflokknum og neitað að hlýða opinberum verklagsreglum um að meiri háttar verkefni af þessu tagi skuli boðin út og til ágreinings hefur oft komið á undanförnum árum vegna þessa.

Og hvað segir það okkur síðan um viðhorf sveitarfélaganna gagnvart þessu frv.? Ætli það sé ekki líklegt að þau hin sömu sveitarfélög, sem hafa gert ágreining um t.d. hafnarframkvæmdir á undanförnum árum, verði dálítið kindarleg þegar ekki aðeins meiri háttar framkvæmdir þeirra skulu boðnar út um allan hinn evrópska heim, heldur öll umtalsverð innkaup á rekstrarvörum eða búnaði t.d. til stofnana á vegum sveitarfélaganna eða sveitarfélagsins sjálfs.

Þá kem ég aftur að því að fjárhæðarmörkin eru miklu lægri, eins og sjá má í 4. gr. frv., og það er alveg ljóst að á þann þátt málsins a.m.k. hlýtur að reyna í verulegum mæli þegar í hlut eiga stærri stofnanir á vegum hins opinbera eða sveitarfélaganna.

Ég leyfi mér að halda því fram að málið hafi alls ekki verið skoðað eða unnið með fullnægjandi hætti hvað snertir þennan þátt málsins og allt of lítill tími gafst til þess í annars hinni ágætu efh.- og viðskn. að fara yfir athugasemdir og umsagnir sem okkur þó bár-

ust. Ég held að aðilar eins og sveitarfélögin, stærstu verktakar og stærstu stofnanir, hefðu þurft að athuga þetta mál betur og meiri tími hefði þurft að gefast til að fara yfir það í því ljósi.

Sjálfsagt er það svo að samkvæmt hinni evrópsku nauðhyggju þá á maður ekki að vera að blaðra um þetta og ósköp einfaldlega þegja og segja já og amen og takk fyrir og auðvitað höfum við þetta eins og þeir vilja á þessu Evrópska efnahagssvæði. Hvað kemur okkur það við uppi á Íslandi þó að sveitarfélögin verði eitthvað að nöldra út í hið Evrópska efnahagssvæði og verði að kaupa stóla frá Þýskalandi eða borð eða teppi eða hvað það nú er sem þau hefðu ella hugsanlega getað látið heimaaðila vinna? En það er a.m.k. rétt að menn átti sig á því að það er það sem hér er á ferðinni. Það er verið að taka algjörlega af mönnum sjálfræðið hvað það snertir að beina verkefnum til heimaaðila og hið fornkveðna, sem Íslendingar fundu upp löngu á undan Keynes, sem þó er eignað það hugtak í hagfræðinni, að hollur sé heimafenginn baggi, það er sem sagt algjörlega dæmt úr leik í þessu sambandi, algjörlega. Menn skulu „vesgú" bjóða þetta út um allt hið Evrópska efnahagssvæði, hvort sem er meiri háttar framkvæmdir eða verkkaup eða innkaup. Til að kóróna það er, eins og áður hefur verið bent á og frægt var hér við 1. umr. málsins, kostulegt ákvæði í þessu frv. sem bannar mönnum með pósitífum hætti að auglýsa eftir tilboðum eða innkaupum hér uppi á Íslandi fyrr en búið er að birta það í stjórnartíðindum EB. Það er hin mikla lögbók sem öllu skal ráða í þessu sambandi og stjórnartíðindi Evrópubandalagsins skulu verða öllum öðrum fjölmiðlum æðri á Íslandi frá og með gildistöku þessa frv. ef að lögum verður. Eins og segir í 2. gr., d-lið:

„Verkkaupi skal í sérstakri kynningarauglýsingu lýsa megineinkennum þeirra verka sem hann hyggst bjóða út. Jafnframt er verkkaupa skylt að auglýsa þau verk sem hann hefur ákveðið að bjóða út. Þá er verkkaupa sem gert hefur verksamning skylt að auglýsa það.

Auglýsingar þær sem getið er um í 1. mgr. skulu sendar útgáfustjórn Evrópubandalagsins til birtingar eins fljótt og unnt er eftir að ákvörðun um útboð eða gerð verksamnings hefur verið tekin.

Hvers konar birting hér á landi á auglýsingu samkvæmt 1. mgr. er óheimil þar til hún hefur verið send útgáfustjórn Evrópubandalagsins til birtingar." O.s.frv.

Þetta eru mjög sláandi setningar, hv. alþm., fyrir það sem koma skal í þessum samskiptum á fleiri sviðum en hér eiga við og er ekki verra en hvað annað að hafa til marks um það hvert stefnir í þessu sambandi.

Herra forseti. Ég tek undir álit minni hlutans um það að best væri að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar enda fullkomlega óljóst, sem betur fer liggur mér við að segja, hvað verður um hið Evrópska efnahagssvæði. Þá gæfist hvort eð er tími til að huga betur að þessu máli, enda liggja hér frv., sem hæstv. ríkisstjórn hafði boðað að afgreiða ætti áður en samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði tæki gildi, tugum saman, marflöt. Sum hafa ekki einu sinni komið fram og yrði þess vegna ekki mikill skaði þó að þessi pappír fylgdi með í þeim hópi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjármögnun samgöngumannvirkja, síðari umr.

Þáltill. ÁMM o.fl., 104. mál. — Þskj. 122, nál. 1081, brtt. 1082.

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Samgn. hefur fjallað um till. þessa til þál. um fjármögnun á gerð vega og tengdra samgöngumannvirkja sem flutt er af hv. 3. þm. Reykn. og fleirum. Nefndin fékk umsagnir um tillöguna frá Vegagerð ríkisins, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Eyþingi, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi og Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi.

Nefndin leggur einróma til að tillagan verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á þingskjali 1082, að við tillgr. bætist nýr stafliður, eins og þar greinir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staða brotaþola við meðferð kynferðisbrotamála, síðari umr.

Þáltill. ISG o.fl., 458. mál. — Þskj. 794, nál. 1143.

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. um till. til þál. um að styrkja stöðu brotaþola við meðferð kynferðisbrotamála.

„Nefndin hefur fjallað um málið en þar er lagt til að dómsmálaráðherra verði falið að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, sem styrki stöðu brotaþola við meðferð kynferðisbrotamála.

Nefndin telur að tillagan hreyfi við mikilvægu máli sem vert er fela ríkisstjórninni að kanna og leggja fram tillögur um svo fljótt sem auðið er. Sérstaklega er athyglisverð hugmynd sem reifuð er í greinargerð með tillögunni á bls. 2. Snýr hún að því að þolendur kynferðisbrota öðlist fortakslausan rétt til endurgjaldslausrar aðstoðar löglærðs talsmanns allt frá upphafi rannsóknar og þar til meðferð máls lýkur.

Nefndin bendir þó á að ýmislegt hefur áunnist í því að styrkja stöðu brotaþola kynferðisbrota. T.d. var nýlega samþykkt í nefndinni tillaga til þingsályktunar um ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna kynferðisbrota, 352. mál.

Samt sem áður er rík nauðsyn á að athuga þessi mál

og í trausti þess að svo verði gert leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Allir nefndarmenn undirrita þetta álit.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fræðslustörf um gigtsjúkdóma, síðari umr.

Þáltill. IP o.fl., 225. mál. — Þskj. 273, nál. 1146.

Frsm. heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti heilbr.- og trn. um till. til þál. um rannsóknar-, forvarna- og fræðslustörf um gigtsjúkdóma.

„Nefndin hefur fjallað um málið og bárust henni umsagnir frá Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, Gigtarfélagi Íslands, Iðjuþjálfafélagi Íslands, Kiropraktorafélagi Íslands, Landlækni, Læknafélagi Íslands og Manneldisráði Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarstaða barna með krabbamein, síðari umr.

Þáltill. MF og KÁ, 505. mál. — Þskj. 857, nál. 1147.

Frsm. heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti heilbr.- og trn. um till. til þál. um réttarstöðu barna með krabbamein og annarra sjúkra barna. Tillagan gengur út á að ríkisstjórninni verði falið að skipa nefnd til að fara yfir og gera tillögur um bætta réttarstöðu barna með krabbamein svo og annarra sjúkra barna.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir einróma með samþykkt þess. Undir það rita allir nefndarmenn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 587. mál (endurgreiðsla kostnaðar við læknishjálp og lyf). — Þskj. 1148.

Frsm. heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyt. á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum. Frv. er flutt af heilbr.- og trn.

Frv. er einungis tvær greinar og fyrsta greinin hljóðar svo:

„Við 43. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Nú verða útgjöld sjúkratryggðs vegna læknishjálpar og lyfja umtalsverð og er þá heimilt að endurgreiða hlutaðeigandi þennan kostnað að hluta eða að fullu að teknu tilliti til tekna og í samræmi við reglur sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur."

Önnur grein er um það að lög þessi öðlist þegar gildi.

Virðulegi forseti. Með breyttum reglum um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra geta útgjöld í undantekningartilvikum orðið veruleg. Til að tryggja að þessi útgjöld verði aldrei fjárhagsleg ofraun fyrir sjúkratryggða er hér sett heimildarákvæði um endurgreiðslu á þessum kostnaði að hluta eða fullu. Gert er ráð fyrir að tekið sé tillit til tekna við mat á þessu atriði og að öðru leyti sé fylgt reglum sem ráðherra setur.

Grein þessi er tekin út úr frv. til laga um félagslega aðstoð sem verið hefur til meðferðar í nefndinni um nokkurt skeið en ekki tókst að ljúka vinnu við það frv.

Ég tel að málinu þurfi ekki að vísa til nefndar þar sem nefndin flytur málið en legg til, virðulegi forseti, að málinu verði vísað til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir og þróun fiskeldis fram til aldamóta, síðari umr.

Þáltill. JGS o.fl., 351. mál. — Þskj. 630, nál. 1152, brtt. 1153.

Frsm. landbn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um rannsóknir og þróun fiskeldis á Íslandi fram til aldamóta.

„Nefndin hefur fjallað um málið og stuðst við umsagnir frá Búnaðarfélagi Íslands, Fiskifélagi Íslands, Hafrannsóknastofnun, Veiðimálastofnun, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Veiðimálastofnuninni að Hólum, Rannsóknaráði ríkisins, Rannsóknaþjónustu Háskóla Íslands og Stéttarsambandi bænda.

Nefndin hafði jafnframt til hliðsjónar þingsályktunartillögu um ráðstafanir til að efla fiskeldi, 513. mál þingsins, og taldi rétt að fella inn í tillögugrein þessa máls þann þátt þeirrar tillögu sem lýtur að nýtingu fiskeldismannvirkja í eigu ríkisins. Að öðru leyti telur nefndin að þau sértæku atriði, sem talin eru upp í þeirri tillögu, falli undir þá almennu þróunaráætlun sem er meginefni breytingartillögu nefndarinnar.

Nefndin var sammála um að áætlun um rannsóknir og þróun fiskeldis þyrfti m.a. að fela í sér hugmyndir um lækkun á rekstrarkostnaði fiskeldis, einkum hvernig unnt yrði að lækka orkuverð með atbeina hins opinbera. Jafnframt þyrfti í þróunaráætlun fyrir greinina að benda á leiðir til að tryggja að fiskeldisfyrirtæki hafi sambærilega möguleika til að útvega rekstrarfjármagn og önnur fyrirtæki í útflutningi."

Undir þetta nál. skrifa Egill Jónsson, formaður nefndarinnar, Árni R. Árnason, Össur Skarphéðinsson,

Einar K. Guðfinnsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Eggert Haukdal, Guðni Ágústsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Ragnar Arnalds.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íbúðaverð á landsbyggðinni, síðari umr.

Þáltill. EKG o.fl., 139. mál. — Þskj. 160, nál. 1154.

Frsm. félmn. (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég geri grein fyrir nál. félmn. um till. til þál. um íbúðaverð á landsbyggðinni sem er á þskj. 1154. Nál. er stutt og laggott, það er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með samþykkt hennar."

Undir þetta rita allir nefndarmenn í félmn.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mig langar fyrst að spyrja hvort hæstv. félmrh. sé í húsinu. (**Forseti:** Nei, hún er ekki í húsinu.) Ráðherra er ekki í húsinu.

Þannig er að í grg. með tillögunni koma fram fullyrðingar sem ég tel nauðsynlegt að fá svör hæstv. ráðherra við. Ég vildi gjarnan óska eftir því, forseti, að dokað yrði við með framhald þessarar þáltill. þar til ráðherra getur verið viðstaddur og svarað þeirri spurningu. (**Forseti:** Hæstv. félmrh. er ekki kominn í húsið og mun forseti fresta þessari umræðu þar til síðar á fundinum og ræðu hv. þm.)

Umræðu frestað.

Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, síðari umr.

Þáltill. SvG og KHG, 132. mál. — Þskj. 152, nál. 1158.

Frsm. félmn. (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég kynni nál. félmn. um till. til þál. um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis. Nál., sem er á þskj. 1158, er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Félagsmálanefnd hefur fjallað um tillöguna og fékk á fund sinn til viðræðna Stefán Ólafsson frá Félagsvísindastofnun Háskólans.

Tillaga um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis fékk jákvæðar viðtökur þegar hún var rædd á Alþingi og í þeim umsögnum, sem bárust um tillöguna, var yfirleitt tekið undir markmið hennar. Hins vegar komu fram athugasemdir um að tillagan er mjög víðtæk og að sumir þeir þættir, sem rannsaka skal á skömmum tíma, hafi víða erlendis tekið mörg ár.

Úrbætur á þeim sviðum, sem tillagan fjallar um, falla jafnframt undir ýmis lög sem eru til endurskoðunar á vegum ríkisstjórnarinnar. Má í því tilfelli sérstaklega nefna frumvarp það sem nú liggur fyrir Alþingi um breytingar á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð. Þá má nefna að nýlega hefur verið skipuð nefnd til að endurskoða lög um vinnumiðlun (nr. 18/1985) en markmið endurskoðunarinnar er m.a. að gaumgæfa hvort tímabært sé að kveða á um sérstaka þjónustu fyrir þá sem hafa verið atvinnulausir um lengri tíma. Einnig er hlutverk nefndarinnar að athuga tengsl laga um vinnumiðlun við önnur lög sem snerta vinnumiðlun, svo sem lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, lög um málefni fatlaðra og lög um atvinnuleysistryggingar.

Félagsvísindastofnun hefur nú lokið ítarlegri könnun á högum eitt þúsund atvinnulausra og hafa félagsmálanefnd verið kynntar niðurstöður hennar.

Nefndinni finnst mikilvægt að fylgja eftir þeim upplýsingum sem þar koma fram og leggur til að tillagan verði samþykkt með svofelldri breytingu:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna:

a. hvaða stefnumörkun niðurstöður könnunar á högum atvinnulausra kalli á,

b. hverjar séu takmarkanir bótakerfisins gagnvart þessum hópi og hvort og þá hvernig breyta skuli stuðningi hins opinbera við atvinnulausa, ekki hvað síst við þá sem búa við langvarandi atvinnuleysi,

c. hvernig unnt sé að bæta aðgang atvinnulausra að menntakerfinu, ekki síst starfsmenntun og starfsþjálfun,

d. hver sé þjóðfélagslegur kostnaður vegna atvinnuleysis.

Í upphafi næsta þings verði lögð fram greinargerð um málið."

Undir þetta nál. rita allir nefndarmenn félmn.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. félmn. fyrir afgreiðsluna á þessari tillögu. Hún var flutt snemma í haust og send til umsagnar af hv. félmn. Nefndinni munu hafa borist mjög margar umsagnir eins og fram kom í máli hv. 5. þm. Vesturl. og voru þær yfirleitt jákvæðar. Ég tel mikilvægt að nefndin hefur sameinast um nýja tillögu. Það er mikilvægt að nefna í nál. þá vinnu sem unnin hefur verið á vegum félmrn. að sérstakri könnun á högum atvinnulausra undir forustu Stefáns Ólafssonar prófessors. Það er athyglisverð könnun og sjálfsagt að nefna hana.

Ég bendi á að auk þeirra mála sem nefnd eru í nál. þá hafa stjórnarandstöðuþingmenn á þessu þingi flutt fjölmörg önnur mál sem snerta hagi atvinnulausra. Ég bendi þar sérstaklega á frv. til laga um réttindi þeirra sem ekki hafa vinnu og felur í sér endurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar, lögum um vinnumiðlun og lögum um vinnumálaskrifstofu félmrn. Það er því óhætt að halda því fram að þinginu hafi í sjálfu sér verið haldið við efnið í þessum efnum hvað varðar málefni atvinnulausra, þó ekki sé ástæða til þess í sjálfu sér að tala um að uppskeran hafi verið stórfelld. En þessi samþykkt sem hér er gerð tillaga um er engu

síður mjög jákvæð og ég þakka fyrir það sem fyrri flm. tillögunnar og bendi á að gert er ráð fyrir því að greinargerð verði skilað í haust um þessi mál þannig að það þá verður hægt að halda þessum umræðum áfram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulagslög, 2. umr.

Stjfrv., 455. mál (skipulag miðhálendisins). — Þskj. 791, nál. 1171, brtt. 1172.

Frsm. umhvn. (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. umhvn. um frv. til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 19/1964, ásamt síðari breytingum. Nál., sem er á þskj. 1171, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn til viðræðna frá umhverfisráðuneytinu Jón Gunnar Ottósson skrifstofustjóra, Tryggva Gunnarsson hrl., Allan V. Magnússon héraðsdómara, Stefán Má Stefánsson prófessor og frá Náttúruverndarráði Arnþór Garðarsson formann og Þórodd F. Þóroddsson framkvæmdastjóra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali, þskj. 1172.

Lagabreyting sú, sem frumvarpið felur í sér, gerir mögulegt að hefja skipulagsgerð á miðhálendinu. Nefndin leggur áherslu á að þau mörk, sem dregin verða um miðhálendið, munu á engan hátt breyta núverandi réttarstöðu hvað varðar eignarhald á svæðinu og lögsögu yfir afréttum og almenningum. Eðlilegt þykir að ákvæði þetta verði sett til bráðabirgða og er því ætlaður gildistími þar til ný skipulags- og byggingarlög verða samþykkt. Unnið hefur verið að mótun nýrrar löggjafar á þessu sviði. Frumvarp til skipulags- og byggingarlaga var lagt fram á þessu þingi en ekki náðist að afgreiða það. Frumvarpið verður væntanlega lagt fram og afgreitt á næsta þingi og verður þá ákveðið hver verður meðferð skipulagstillögu fyrir miðhálendi landsins.

Nefnd á vegum forsætisráðuneytisins vinnur um þessar mundir að því að kanna á hvern hátt skilgreina megi betur og ákvarða eignarrétt á miðhálendinu. Er þess vænst að frumvarp þessa efnis verði lagt fyrir næsta löggjafarþing. Nefndin bendir á að hafa þarf hliðsjón af niðurstöðum nefndarinnar þegar ákvörðun verður tekin um meðferð skipulagstillögu fyrir miðhálendið."

Undir nál. skrifa Gunnlaugur Stefánsson, Tómas Ingi Olrich, Kristín Einarsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Árni M. Mathiesen, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Árni R. Árnason, Sigríður Jóhannesdóttir og Hjörleifur Guttormsson.

Að mati umhvn. er hér um mjög mikilsvert mál að ræða. Á 113. löggjafarþingi var lögð fram skýrsla byggð á áliti nefndar á vegum umhvrn. um undirbúning að löggjöf um stjórnsýslu á miðhálendi Íslands. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Eina raunhæfa leiðin til að koma lagi á meðferð byggingar- og skipulagsmála á hálendinu virðist vera að koma þessum málum undir heildarstjórn."

Þar segir einnig m.a., sem ég vil fá að lesa hér, með leyfi forseta: „Eins og mönnum er kunnugt er stjórnsýsla utan byggða mjög á reiki hér á landi. Hefur framkvæmd t.d. byggingar- og skipulagsmála verið mjög tilviljunarkennd og er varla ofmælt að hafa megi um þetta ástand orðið „stjórnleysi". Slíkt ástand er algjörlega óviðunandi og getur m.a. leitt til stórfelldra náttúruspjalla á hinu viðkvæma hálendi. Auk þess skapast af þessu óviðeigandi réttaróvissa þegar undirbúnar eru framkvæmdir, t.d. lagning á vegum, línulagning orkuveitna og alls konar önnur mannvirkjagerð."

Ég held að allir hljóti að geta tekið undir þessi orð. Í framhaldi af þessu skipaði umhvrh. nefnd sem lagði fram á 115. löggjafarþingi stjfrv. um stjórn á skipulagsmálum á hálendinu sem í meginatriðum var byggt á fyrrnefndu nál. Þetta frv. mætti andstöðu hér í þinginu og af hálfu vissra sveitarfélaga. Auðvitað hefði verið æskilegast að hægt hefði verið að taka á málum eins og þar er gert ráð fyrir, en um það náðist ekki samstaða.

Fyrirliggjandi frv. gerir ekki ráð fyrir sjálfstæðri stjórnsýslueiningu eins og gert var ráð fyrir í því frv. heldur að leita lausna innan ramma núgildandi laga. En eins og ég sagði áðan þá er brýn nauðsyn að taka á skipulagsvinnu á miðhálendinu og hljóta allir að vera sammála um það.

Í frv. er aðeins tekist á við skipulagsþáttinn en auðvitað hljóta allir að gera sér grein fyrir að byggingarmál á miðhálendinu eru einnig í ólestri, en það verður væntanlega tekið á því síðar í frv. sem við reiknum með að verði lagt fram á næsta þingi.

Á fund nefndarinnar komu m.a., eins og fram kemur í nál., Allan Magnússon og Tryggvi Gunnarsson sem eiga sæti í nefnd sem forsrn. skipaði fyrir nokkuð mörgum árum, árið 1984 að ég held, sem fékk það verkefni að móta stefnu og skilgreina og ákvarða eignar- og umráðarétt á afréttum og almenningum utan landareigna sem háðar eru eignarrétti. Það kom fram af hálfu þessara manna, sem komu á fund nefndarinnar, að nefndin hefði mótað sínar tillögur í frumvarpsformi og það hefði verið sent til forsrn. í desember 1992 en ólokið væri að semja greinargerðina þannig að ekki væri búið að ganga endanlega frá þessu. Ég hef ekki undir höndum þeirra tillögur, en þær hljóta að koma fram síðar.

Það kom fram í nefndinni að æskilegt væri að hraða þessu verki og draga skýrar línur milli þjóðlenda og annarra svæða og skera úr um eignarmörk innan þjóðlenda. Einnig hefði verið æskilegt að löggjöf um eignarréttarmörk og stjórnsýslumörk fari saman til að sem fyllsta samræmis sé gætt. Þá er ljóst að utan lögsögumarka sveitarfélaga eru svæði þar sem enginn á lögsögu svo sem á jöklum og reyndar víðar. En gert er ráð fyrir í þeirri tillögu, og reyndar brtt. sem nefndin hefur gert, að þar verði tekin fyrir öll svæði miðhá-

lendisins bæði þau sem liggja utan og innan sveitarfélaga.

Brtt. frá nefndinni sem er á þskj. 1172 gerir ráð fyrir að þetta verði ákvæði til bráðabirgða við núgildandi skipulagslög og tekur tillit til þeirra sjónarmiða og það er lögð áhersla á að sem fyrst þurfi að koma fram frv. um skipulags- og byggingarlög eins og kemur fram í brtt. sem ég vil lesa, með leyfi forseta:

„Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við lögin bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Ráðherra getur, á sama hátt og kveðið er á um í 3. gr., ákveðið að samvinnunefnd verði skipuð til að gera tillögu að skipulagi á miðhálendi Íslands. Svæðið markast í aðalatriðum af línu sem dregin verður á milli heimalanda og afrétta. Héraðsnefndir þær, sem hlut eiga að máli, skipa hver um sig einn fulltrúa í samvinnunefnd en ráðherra skipar einn fulltrúa í nefndina og skal hann vera formaður. Um málsmeðferð tillögu að skipulagi miðhálendisins fer skv. 16. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964. Að öðru leyti skal fresta frekari afgreiðslu tillögunnar uns ný skipulags- og byggingarlög hafa verið samþykkt á Alþingi."

Þessar síðustu tvær setningar sem ég las eru sem sagt viðbót við þetta frv. Að öðru leyti er þetta nánast orðrétt eins og lagt var hér fram. Telja nefndarmenn mikilvægt að sem fyrst verði hægt að afgreiða ný skipulags- og byggingarlög. En það fyrirkomulag sem gert er ráð fyrir í þessu frv., þ.e. að skipa samvinnunefnd og hefja skipulagsvinnu, það er gert ráð fyrir að slík skipulagsvinna taki a.m.k. tvö til þrjú ár þannig að við gerum ráð fyrir að þó ekki verði haldið lengra með málið en að því er varðar 16. gr. skipulagslaga þá muni þetta ekki tefja á neinn hátt frekari framgang málsins, þ.e. að tekið verði skipulega á skipulags- og byggingarmálum á miðhálendi Íslands.

Ég vil leggja áherslu á það og endurtaka að nefndin telur mjög brýnt að taka á þessu máli, þ.e. skipulags- og byggingarmálum á miðhálendinu, og þess vegna sameinast nefndin um að gera þessar brtt. sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Og þó svo að efasemdir kæmu upp í nefndinni um að rétt væri að fara þessa leið nú og að e.t.v. hefði verið betra að bíða eftir nýjum skipulags- og byggingarlögum þá telja nefndarmenn samt sem áður mikilvægast allir sem einn að taka á þessum málum hið fyrsta.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég stend að þeirri afgreiðslu sem fyrir liggur í þessu máli af hálfu umhvn. þar sem samkomulag tókst um afgreiðslu málsins. Ég var hlynntur því fyrirkomulagi sem hæstv. umhvrh. lagði til í frv. á síðasta þingi en eins og fram hefur komið tókst ekki um það samstaða. Það er flestum ljóst sem þekkja til á miðhálendi Íslands hversu brýn nauðsyn er á að þar verði tekið á með öðrum hætti að því er varðar skipulagsmál og eftirlit með málum og náttúruvernd, með öðrum hætti frá því sem verið hefur. Því var það sammæli í nefndinni að stíga það skref sem hér er lagt til og taka undir þann farveg sem lagður var til og samstaða hafði tekist um með umhvrh. og fulltrúum sveitarstjórna sem umhvrn. leitaði samráðs við. Ég vænti þess að sá farvegur sem hér hefur verið markaður leiði til þess að innan ekki langs tíma verði mótuð tillaga að skipulagi miðhálendisins og að sú tillaga fái umsagnir af hálfu sveitarstjórna og síðan verði hægt að vinna markvisst áfram í málinu á grundvelli þeirra ákvarðana sem Alþingi síðar tekur í sambandi við m.a. skipulags- og byggingarlög. En einnig tek ég mjög eindregið undir það að spurningin um eignar- og umráðarétt á hálendinu er málefni sem tengist þessu. Það varð skýrt af málsmeðferð í nefndinni og viðræðum við þá lögfræðinga sem rætt var við að æskilegt, mjög æskilegt er, svo ekki sé fastara að orði kveðið, að tillaga þar að lútandi komi fram og verði afgreidd á Alþingi hið allra fyrsta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, 2. umr.

Stjfrv., 541. mál (fráviksmörk greiðslumarks). — Þskj. 899, nál. 1174.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. og brtt. landbn. um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum sem eins og menn vita eru í daglegu tali gjarnan nefnd búvörulög.

Þetta frv. eins og hv. þm. er væntanlega kunnugt um er eitt þeirra frv. sem tengjast EES-samningnum og felur sérstaklega í sér samræmingar á íslenskri löggjöf með tilliti til þess. (**Forseti:** Forseti vill aðeins trufla hv. þm. og spyrja hvort það geti verið að hv. þm. sé að mæla fyrir öðru máli en því sem nú var tekið fyrir á dagskránni? Það eru ekki brtt. við þetta mál.) Það eru tvö mál. (**Forseti:** Forseti boðaði að tekið væri fyrir framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 541 mál, þskj. 899 og nál. á þskj. 1174, 2. umr.) Frú forseti. Þetta kemur mér afskaplega á óvart. Ég tók nú reyndar ekki eftir þessu, virðulegi forseti. Þannig var á dagskránni sem lá hér fyrir í gær að þá var þetta mál, 504. mál, næsta mál við frv. um Áburðarverksmiðjuna. (**Forseti:** Það er ekki nærri komi að Áburðarverksmiðjunni.) Ég veitti því athygli, virðulegi forseti, að þar hafði nú teygst á milli og ég lagði á það áherslu að 504. mál kæmi þá í þann sess sem Áburðarverksmiðjan hafði áður. Þetta mál, sem hér er til umræðu, kom hins vegar miklu síðar á dagskrána. (**Gripið fram í:** Þetta er ný dagskrá.) Ég var að tala um dagskrána í gær. Ég óska þess eindregið að það verði ekki farið að gera breytingar á þessari röð málefna landbn. og ég fái hér, virðulegur forseti, að halda ræðu minni áfram um 504. málið. (**Forseti:** Það gengur ekki, hv. þm. Það er 26. dagskrármálið sem er nú til umræðu.) Já, þá óska ég eftir því þar sem þessi mál eru nátengd að þessu máli verði frestað. Ég held fast við það að af þeim málefnum landbn. sem hér liggja fyrir, og ég tel mig eiga

þinglegan rétt á því, þá verði 504. málið látið ganga fyrir. Ég mun ekki, virðulegur forseti, fella mig við aðra málsmeðferð heldur en þá.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með formanni landbn. í hans máli áðan. Þar sem það er ljóst að við erum að vinna hér undir tímapressu og ekki liggur ljóst fyrir hvort öll mál á dagskrá hljóti afgreiðslu þá hlýt ég að taka undir það með hv. formanni landbn. að 504. mál verði tekið fyrir svona með fyrra fallinu í dag. Ekki síst vegna þess að það hafa verið gefnar digrar yfirlýsingar um þetta mál í fjölmiðlum af hæstv. utanrrh. (**Umhvrh.:** Ekki um þetta mál.) Um 504. mál? Víst hefur það verið gert um framleiðslu og sölu á búvörum. Nú er svo komið að hæstv. ráðherrar Alþfl. kunna ekki skil á hvaða mál er verið að ræða og hvað er á dagskránni. En 504. mál fjallar um þær breytingar á búvörulögunum sem mjög hafa verið hér í fréttum síðustu daga. Ég tel einnig að þetta sé mikilvægt, virðulegur forseti, vegna þess að hæstv. utanrrh. sagði í útvarpsviðtali í morgun að þetta mál væri byggt á misskilningi af hálfu hv. landbn. Þetta er afar sérstök yfirlýsing þar sem hv. nefnd vann þetta mál mjög vel að mínu mati og byggði brtt. sínar á greinargerð frá þeim lögfræðingi hérlendum sem þekkir búvörulögin og það völundarhús sem í kringum þau er best allra löglærðra manna. Þannig að ég tel það afar mikilvægt að landbn. fái snemma á þessum degi að kynna þetta mál hér þannig að hið sanna um vinnubrögð nefndarinnar komi fram og þessar örökstuddu fullyrðingar hæstv. untarrh. í fjölmiðlum í morgun verði þar með hraktar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er verið að taka hér fyrir mál og reyna að afgreiða sem flest af þeim málum sem ekki er gert ráð fyrir að verði mikil umræða um þar til atkvæðagreiðsla fer fram nú kl. hálftólf. Þess vegna er þessu máli frestað eins og forseti er búinn að boða. Forseti væntir þess að það sé tekið tillit til þess sem forseti hefur sagt.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Aðeins fáein orð af minni hálfu um þetta. Hv. formaður landbn. var í þeirri trú að mikilvægustu mál landbn. yrðu tekin fyrir í þeirri röð. Það er engin deila um að þetta mál er mikilvægast af þeim sem hv. landbn. er að leggja til afgreiðslu hér á þessu þingi. Þess vegna tel ég það fullkomlega eðlilega ósk og áherslu af hálfu formanns hv. landbn. að þetta mál hafi þar forgang. Ég tek undir þá ósk og við styðjum hana.

Í öðru lgi vil ég þá leyfa mér að spyrja hæstv. forseta hvenær þetta mál komi þá á dagskrá og hvort hæstv. forseti geti ekki fullvissað okkur um að það fái hér afgreiðslu til að mynda með því að það verði tekið fyrir strax eftir þær atkvæðagreiðslur sem fara hér fram innan skamms. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt, hæstv. forseti, að eyða allri óvissu um meðferð þessa máls að gefnu tilefni, ég þarf ekkert að fjölyrða um það. Þess vegna væri langheppilegast að það kæmi hér fyrir strax að lokinni atkvæðagreiðslunni á eftir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mun væntanlega geta svarað því síðar á fundinum.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég skil það afar vel að hæstv. forseti hafi ekki átt kost á að fylgjast með ummælum ráðherra í fjölmiðlum síðasta sólarhringinn varðandi þau mál sem hér eru til umtals, þ.e. breytingu á búvörulögum, þau mál sem hv. formaður landbn. taldi að hann væri að halda framsöguræðu fyrir. En þau ummæli eru náttúrlega afar alvarleg og þess vegna er ekki hægt að hrista þetta mál frá sér og segja: Afstaða til þess hvenær þetta verður tekið fyrir verður tekin síðar á fundinum. Þingmenn geta ekki unað við það.

Hæstv. utanrrh. sagði í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld að niðurstaða landbn. væri misskilningur ef ég heyrði rétt hans orð að ég segi ekki vitleysa. Ég ætla ekki að taka mér í munn út af fyrir sig þau orð sem hann er vanur að taka sér í munn um andstæðinga sína og ætla hvorki að kalla þingmenn skæruliða né terrorista af þessu tilefni. (**JGS:** Galna, galna.) Heldur ekki galna, hv. þm. Síðan bætir hæstv. utanrrh. um betur í morgun og lætur að því liggja að meiri hlutinn eða þeir sem að hlutum standa í landbn. séu villuráfandi menn sem viti helst ekkert hvað þeir séu að gera. Þeir hafi ekki gert sér grein fyrir því að fjögur ráðuneyti eigi að koma að þessu máli, það hafi bara eitt ráðuneyti komið að málinu, þ.e. landbrn. Það er látið að því liggja að ekki hafi verið talað við önnur ráðuneyti um þessi mál sem mun þó ekki vera. Málið liggur auðvitað þannig, hæstv. forseti, að þingmenn hljóta að leggja á það mjög mikla áherslu að það verði ákveðið núna, að þetta mál komi til meðferðar þegar atkvæðagreiðslum er lokið hér á eftir. Ég bendi líka á, hæstv. forseti, að þau mál sem hæstv. forseti ætlaði að taka fyrir núna eru bæði frá iðnn. og formaður iðnn. er ekki hér í salnum og framsögumaður nefndarinnar í því stóra máli sem nú liggur eftir iðnn. og iðnrh. sem heitir vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum og er eins og kunnugt er eitt af allra stærstu málum iðnrn. Þannig að það liggur beint við að taka þessi mál hér fyrir sem hv. formaður landbn. óskaði eftir og ég styð hans ósk í þeim efnum mjög eindregið og ég skora á hæstv. forseta að virða þær óskir sem hér hafa komið fram.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég er ekki sammála því að það sé þörf á að fara að fresta fundi því ég tel að menn megi nú ekki fara að búa sér til ágreining ef ekki þarf að láta hann verða. Í gærkvöldi var gert samkomulag um að þau mál sem hér eru prentuð á dagskránni, 52 mál, kæmu til afgreiðslu á þessum fundi hér í dag og ég sé því ekkert til fyrirstöðu. Forseta er að sjálfsögðu heimilt að færa mál til á dagskránni því það er í valdi forseta að ráða röð mála á dagskránni. Það liggur hér fyr-

ir prentuð dagskrá 174. fundar og ég geng út frá því og tel það brot á samkomulagi því sem gert var í gærkvöldi ef þessi mál hljóta ekki afgreiðslu. Ég er ekki samþykkur öllum þessum málum og mun greiða atkvæði gegn sumum þeirra. En allt um það, meiri hluti þingsins verður að fá að koma fram og ég verð að sætta mig við það þótt ég verði undir í lýðræðislegri atkvæðagreiðslu.

Menn hafa verið að tala um einhverjar yfirlýsingar frá hæstv. utanrrh. Ég er af reynslunni hættur að taka allt bókstaflega sem hæstv. utanrrh. segir og ég held að menn eigi ekki að búast við því að hér verði stjórnarslit út af einu eða neinu. Ég legg til, frú forseti, að haldið verði áfram fundinum og næst byggjum við minnisvarða yfir störf hæstv. iðnrh. og tökum fyrir frv. um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti fellur þá frá því að fresta fundinum og mun gera tilraun til þess að taka nú fyrir 21. dagskrármálið en minnir síðan á að hér munu fara fram atkvæðagreiðslur eins og áður hafði verið boðað, kl. hálftólf.

Umræðu frestað.

Ríkisreikningur 1990, 2. umr.

Stjfrv., 243. mál. — Þskj. 312, nál. 1151.

Frsm. fjárln. (Karl Steinar Guðnason):

Virðulegi forseti. Fjárln. hefur fjallað um frv. að ríkisreikningi fyrir árið 1990 og kallað til hina ýmsu aðila til skrafs og ráðagerða og fengið þær skýringar sem óskað hefur verið eftir. Nefndin leggur til að ríkisreikningurinn verði samþykktur eins og hann nú liggur fyrir og er algjör samstaða um það í fjárln. að svo verði gert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Leiðsögumannsstörf, 579. mál, svar samgrh., þskj. 1157.

Móttökuskilyrði sjónvarps og hljóðvarps á Djúpavogi, 576. mál, svar menntmrh., þskj. 1167.

Sambýli fyrir geðfatlaða, 495. mál, svar félmrh., þskj. 1196.

Skilyrði útvarps- og sjónvarpssendinga í Austurlandskjördæmi, 475. mál, svar menntmrh., þskj. 1149.

Snjómokstur á Möðrudalsöræfum, 581. mál, svar samgrh., þskj. 1163.

Útvarpslög, 305. mál, þskj. 1206.

Varsla minja í umsjá Þjóðminjasafns, 582. mál, svar menntmrh., þskj. 1165.

Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 2. mál. — Þskj. 2, nál. 269, frhnál. 1175, brtt. 270 og 1178.

Frsm. iðnn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frhnál. um frv. til laga um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum. Eins og þingi mun kunnugt þá afgreiddi nefndin frv. upphaflega frá sér með breytingum þann 5. nóv. sl. Síðan komu fram ýmsar gagnlegar athugasemdir við málið við 2. umr. þess og nefndin tók því frv. á ný til umfjöllunar. Hún leggur nú til breytingar á frv. sem taka mið af þessum ábendingum og miða að því að stytta frv. verulega og gera það skýrara. Um leið kallar hún aftur brtt. á þskj. 270. Þau atriði sem lagt er til að felld séu brott eru þess eðlis að annaðhvort er hægt að kveða á um þau í reglugerð eða að þau leiða af eðli máls. Nefndin vill leggja áherslu á mikilvægi þess að þingið afgreiði frv. og bendir í því sambandi á að svæðislýsing smárása í hálfleiðurum er undirstaða hátækniiðnaðar í dag. Það er að vísu svo að ekki eru í dag hannaðar svæðislýsingar smárása í hálfleiðurum hér á landi en margt bendir til að svo geti orðið innan tíðar. Má í því sambandi sérstaklega minna á umræðu um fríiðnaðarsvæði hér á landi þar sem til sögu hafa verið nefnd fyrirtæki sem einmitt byggja undirstöðu sína á slíku. Þess vegna telur nefndin nauðsynlegt að það sé fyrir hendi raunhæf vernd fyrir þessa hönnun og því mikilvægt að vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum verði lögfest sem fyrst.

Önnur mikilvæg ástæða til þess að þetta frumvarp verði lögfest sem fyrst er vegna alþjóðaskuldbindinga okkar. Evrópubandalagið (EB) setti tilskipun 1986 um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, sbr. tilskipun ráðherraráðs EB frá 16. des. 1986 (87/54/EBE). Sú tilskipun tók aðeins til ríkisborgara EB-ríkja. En með ákvörðun ráðherraráðsins, dags. 31. maí 1988, var verndin tímabundið einnig látin ná til ríkisborgara ákveðinna landa sem veittu ríkisborgurum EB vernd á þessu sviði á móti eða þar sem unnið var að því að veita ríkisborgurum EB slíka vernd. Þessi ákvörðun ráðherraráðsins tók til íslenskra ríkisborgara. Hinn 21. des. 1992 var áðurnefnd ákvörðun ráðherraráðsins gerð ótímabundin af hálfu EB á grundvelli upplýsinga um að unnið væri að því að veita ríkisborgurum EB samsvarandi vernd á Íslandi. Það er verið að gera með þessu frv., virðulegi forseti.

Þær breytingar, sem nefndin leggur til að gerðar verði á frumvarpinu, eru eftirfarandi:

Við 1. gr. Lagt er til að greinin verði stytt verulega. Efni 2. mgr., sem lagt er til að verði felld niður, leiðir af eðli máls og því er ekki talin þörf sérstaks ákvæðis. Sama gildir um efni 4. og 5. mgr. að því leyti sem lagt er til að þær verði felldar niður.

Við 2. gr. Í frumvarpsgreininni er að finna hugtakaskilgreiningar sem byggðar eru á tilskipun EB um sama efni. Lagt er til að þessum skilgreiningum verði sleppt. Verði síðar talin þörf á slíkum skilgreiningum

er mjög handhægt að setja þær í reglugerð.

Við 3. gr. Í frumvarpsgreininni er kveðið á um hver sé rétthafi verndar og hvernig með skuli farið ef svæðislýsing er hönnuð í vinnusambandi eða samkvæmt annars konar samningi. Lagt er til að þessu ákvæði sé sleppt þar sem eðlilegra er að kveðið sé á um slíkt í sérlögum sem taki til allra hugverkaréttinda.

Við 5. gr. Lagt er til að felld verði niður skilgreiningin í 2. tölul. á því hvað teljist hagnýting í atvinnuskyni. Einnig er breytt framsetningu 3. tölul. þar sem í upphaflegu frumvarpi var fræg hugtakavilla, sbr. nefndarálit iðnaðarnefndar frá 5. nóv. sl. Að lokum er lagt til að meginefni þess sem áður var í 1.–4. tölul. 6. gr. frumvarpsins verði fellt inn í 5. gr. og verði 2. mgr. greinarinnar. Hér er einungis um að ræða nýtt orðalag, virðulegi forseti, en ekki felst í því efnisbreyting.

Við 6. gr. Lagt er til að efni 5. tölul. 6. gr. verði sérstök grein. Efni hennar tekur til hvernig með skuli fara ef einhver hagnýtir sér í atvinnuskyni smárás sem framleidd hefur verið andstætt þessum lögum en án þess að hafa vitneskju um að svo sé. Þetta getur t.d. átt við þá sem flytja inn sjónvörp eða tölvur. Ef einhver lendir í því að kaupa tölvu fyrir atvinnurekstur sinn sem hefur í sér smárás sem er framleidd andstætt þessu frumvarpi þá má sá hinn sami halda áfram að nota tölvuna í atvinnurekstri sínum þótt svo sé ástatt um innviði tölvunnar. Hins vegar er rétthafa svæðislýsingarinnar, sem smárásin er framleidd eftir, heimilt að krefjast þess að viðkomandi greiði sér sanngjarnar bætur frá því tímamarki sem honum mátti vera ljóst að smárásin var framleidd í bága við lög.

Við 8. gr. Lagt er til, sbr. nefndarálit frá 5. nóv. sl., að sérákvæði þau, sem er að finna í 3. og 4. málsl. greinarinnar, falli niður og venjulegur fyrningarfrestur gildi.

Við 9. gr. Lagt er til að 2. málsl. greinarinnar falli brott þar sem hann er óþarfur.

Við 11. gr. Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi.

Kristín Einarsdóttir og Páll Pétursson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins, en undir þetta rita án fyrirvara, Össur Skarphéðinsson, form. og frsm., Pálmi Jónsson, Guðjón Guðmundsson, Svavar Gestsson, Finnur Ingólfsson, Vilhjálmur Egilsson og Guðjón A. Kristjánsson.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Eins og fram kom í máli frsm. og kemur reyndar fram í frhnál. iðnn. var ég fjarstödd þegar málið var afgreitt úr nefnd vegna anna á öðrum vettvangi. Gat ég því ekki verið við þegar þetta mál var afgreitt. Ég skrifaði hins vegar undir nál. iðnn. með fyrirvara þannig að ég var sammála þessu máli á sínum tíma þó að ég hefði og hafi reyndar enn efasemdir um að þetta sé eitthvert forgangsmál og kom það mér í raun mjög á óvart að hæstv. iðnrh. skyldi leggja áherslu á að þetta mál yrði afgreitt í þessum miklu önnum sem við stöndum nú frammi fyrir hér í þinginu.

Ég tók eftir að frsm. nefndarinnar taldi að þetta væri mjög mikilvægt og brýnt mál. Ég er honum ekki sammála og það gildir reyndar um marga fleiri. Ég hef m.a. talað við nokkra eðlisfræðinga sem ég hef spurt hvort nokkrar líkur væru á að það þyrfti að nota ákvæði þessa frv. í náinni framtíð en það töldu þeir ekki verða fyrr en einhvern tímann á næstu öld hugsanlega. Og þó að sett verði á stofn einhver fyrirtæki sem formaður nefndarinnar minntist á, t.d. á fríiðnaðarsvæði ef það kæmi til, þá væru mestar líkur á að slíkar smárásir mundu verða notaðar tilbúnar frá öðrum verksmiðjum, það er a.m.k. vaninn á flestum sviðum að það sé gert en ekki þannig að það sé verið að framleiða slíka þætti hér á landi.

Ég vil hins vegar taka það fram, virðulegur forseti, að ég er alls ekkert andvíg þessu frv. og mun greiða því atkvæði mitt en ég tel ákaflega sérkennilegt að þetta skuli vera eitt af forgangsmálum iðnrn. og iðnrh. á þessum síðustu og verstu tímum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál í þessari umræðu. Þetta er út af fyrir sig samstöðumál. En ég hlýt að gera hér örfáar athugasemdir við ræðu hv. síðasta ræðumanns. Það er alveg ljóst að hér er verið að „súmmera" og taka saman í eitt árangur hæstv. iðnrh. eftir sex ára starf í því ráðuneyti. Þessu máli ber samkvæmt því að sýna tilhlýðilega virðingu og sjá til þess að það gangi hér hratt og örugglega í gegnum þingið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 270 kölluð aftur.

Brtt. 1178,1 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GB, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KE, MF, ÓE, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÞurP.

6 þm. (GHelg, JVK, KÁ, ÓÞÞ, PP, SJS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (DO, EH, FI, FrS, GÁ, GunnS, HÁ, HG, LMR, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GB, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, KE, MF, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

7 þm. (EH, GHelg, JVK, KHG, ÓÞÞ, PP, RA) greiddu ekki atkv.

15 þm. (DO, FI, FrS, GÁ, GunnS, HÁ, HG, LMR, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1178,2–8 (við þar tilgreindar greinar) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GB, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

4 þm. (EH, GHelg, PP, RA) greiddu ekki atkv.

15 þm. (DO, FI, FrS, GÁ, GunnS, HÁ, HG, LMR, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

4.–11. gr. (verða 2.–9. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

4 þm. (EH, GHelg, PP, RA) greiddu ekki atkv.

14 þm. (DO, FI, GÁ, GunnS, HÁ, HG, LMR, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

14 þm. (DO, FI, GÁ, GunnS, HÁ, HG, LMR, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þannig háttar til um 32. mál á dagskránni, sem er 594. mál þingsins, Rannsóknir á botndýrum við Ísland, að það er of seint fram komið og þarf því að leita afbrigða um að það megi koma fyrir og á dagskrá. Verður þeirra afbrigða nú leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. var of seint fram komið. — Samþykkt með 50 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

13 þm. (DO, FI, GÁ, GunnS, HÁ, HG, LMR, RG, SighB, SAÞ, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, frh. 3. umr.

Stjfrv., 406. mál (heildarlög). — Þskj. 1229 (sbr. 700).

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

12 þm. (DO, FI, GÁ, GunnS, HÁ, LMR, RG, SighB, SAÞ, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1242).

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, frh. 3. umr.

Stjfrv., 557. mál (heildarlög). — Þskj. 1227.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

13 þm. (DO, FI, GÁ, GunnS, HÁ, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1243).

Samningur um verndun villtra plantna og dýra í Evrópu, frh. síðari umr.

Stjtill., 533. mál. — Þskj. 891, nál. 1111.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MF, ÓE, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

15 þm. (DO, FI, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÞurP.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
14 þm. (DO, FI, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1245).

Samþykkt um votlendi, frh. síðari umr.

Stjtill., 534. mál. — Þskj. 892, nál. 1112.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Tillgr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÞurP.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
13 þm. (DO, FI, GHH, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÞurP.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
12 þm. (DO, FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1246).

Alþjóðasamningur um viðbúnað gegn olíumengun, frh. síðari umr.

Stjtill., 535. mál. — Þskj. 893, nál. 1113.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Tillgr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
12 þm. (DO, FI, GÁ, GunnS, HÁ, SighB, SAÞ, StH, SJS, TIO, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
12 þm. (DO, FI, GÁ, GunnS, HÁ, JBH, RG, SighB, SAÞ, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1247).

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, frh. síðari umr.

Stjtill., 536. mál. — Þskj. 894, nál. 1114.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Tillgr. samþ. með 51:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
nei: ÓÞÞ.
11 þm. (DO, FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 51:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
nei: ÓÞÞ.
11 þm. (DO, FI, GÁ, GunnS, HÁ, KSG, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1248).

Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands, frh. síðari umr.

Stjtill., 567. mál. — Þskj. 934, nál. 1127.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Tillgr. samþ. með 52:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
nei: ÓÞÞ.
1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.
9 þm. (DO, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.
11 þm. (DO, GÁ, GunnS, HÁ, ÓÞÞ, PP, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1249).

Framkvæmd útboða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 363. mál. — Þskj. 643, nál. 1101, brtt. 1106.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
11 þm. (FI, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, PP, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

2.–7. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 1106,1 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
11 þm. (EH, FI, GÁ, GunnS, HÁ, PP, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
9.–13. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 1106,2 samþ. án atkvgr.
14. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
15.–16. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 1106,3 samþ. án atkvgr.
17. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
18. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 1106,4 samþ. án atkvgr.
19. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
20.–21. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
10 þm. (FI, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Samvinnufélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 364. mál (innlánsdeild). — Þskj. 644, nál. 1102, brtt. 1103.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 1103 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
12 þm. (FI, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, JónS, MF, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

10 þm. (FI, GÁ, GunnS, HÁ, JóhS, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
12 þm. (FI, GuðjG, GÁ, GunnS, HÁ, JónS, RG, SighB, SAÞ, StH, SvG, VS) fjarstaddir.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Frv. VE, 548. mál (gjaldfærsla stofnkostnaðar). — Þskj. 908, nál. 1105.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
10 þm. (FI, GÁ, GunnS, HÁ, JVK, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
10 þm. (EgJ, FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Norræni fjárfestingarbankinn, frh. 2. umr.

Stjfrv., 454. mál. — Þskj. 790, nál. 1104.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
10 þm. (FI, GÁ, GunnS, HÁ, JGS, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
9 þm. (FI, GÁ, GunnS, HÁ, JGS, RG, SighB, StH, VS) fjarstaddir.

Lífeyrissjóður sjómanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 231. mál (EES-reglur). — Þskj. 288, nál. 1131 og 1214.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. í nál. 1214 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 30:22 atkv. og sögðu
já: AÓB, GB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
2 þm. (EH, EKJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
24 þm. (AÓB, EH, EKJ, GB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
9 þm. (FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

24 þm. (AÓB, EH, EKJ, GB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
9 þm. (FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.
5 þm. (HG, KHG, RA, SJóh, StG) greiddu ekki atkv.
11 þm. (FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Aðgerðir gegn peningaþvætti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 210. mál. — Þskj. 251, nál. 1134, brtt. 1132.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.
16 þm. (FI, GÁ, GunnS, HÁ, ISG, JÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StH, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1132,1 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
10 þm. (FI, GÁ, GunnS, HÁ, JGS, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 1132,2 samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
4.–14. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 1132,3 samþ. án atkvgr.
15. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
11 þm. (FI, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, JGS, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, frh. 2. umr.

Stjfrv., 34. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 35, nál. 1135 og 1213, brtt. 1136.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. í nál. 1213 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 29:24 atkv. og sögðu
já: AÓB, EH, EKJ, GB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÞurP) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég mun styðja þá tillögu að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar og ástæðan fyrir því er sú að hér áðan vorum við að samþykkja frv. til laga um framkvæmd útboða. Það skal viðurkennt að ég hef ekki haft tíma til að fara gaumgæfilega yfir bæði þessi mál með tilliti til þess hvort þau kynnu að stangast á sem ég hef sterkan grun um. Ég held að það væri ástæða til þess fyrir ríkisstjórnina að kanna það gaumgæfilega, það kann að vera að ég hafi rangt fyrir mér, hvort 363. mál þingsins, sem við vorum rétt í þessu að vísa til 3. umr., kynni að stangast á við 34. mál sem er frv. til laga um breytingu á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum. Það er ljóst að 34. mál er enn eitt EES-málið og ég vil beina þeirri ósk til hæstv. ríkisstjórnar að þarna verði farið varlega og þetta gaumgæft vandlega áður en þetta mál verður lögfest.

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Eitt af því sem nefndin kannaði voru bæði þessi mál og við sem störfuðum í nefndinni sáum ekki að þau stönguðust á.

1. gr. samþ. með 29:15 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, EH, EKJ, GHelg, HG, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, RA, SJS, SvG.
9 þm. (GB, ISG, IP, JGS, JónK, ÓÞÞ, PP, SJóh, StG) greiddu ekki atkv.
10 þm. (FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÞurP) fjarstaddir.

Brtt. 1136,1 samþ. með 29:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: EH.
23 þm. (AÓB, EKJ, GB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
10 þm. (FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÞurP) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 28:13 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, GHelg, HG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, RA, SJóh, SJS, SvG.
11 þm. (EH, EKJ, GB, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, ÓÞÞ, PP, StG) greiddu ekki atkv.
11 þm. (EgJ, FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÞurP) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 28:13 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, GHelg, HG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, RA, SJóh, SJS, SvG.
11 þm. (EH, EKJ, GB, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, ÓÞÞ, PP, StG) greiddu ekki atkv.
11 þm. (EgJ, FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÞurP) fjarstaddir.

Brtt. 1136,2 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
24 þm. (AÓB, EH, EKJ, GB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
11 þm. (EgJ, FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÞurP) fjarstaddir.

Brtt. 1136,3 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
24 þm. (AÓB, EH, EKJ, GB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
11 þm. (EgJ, FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÞurP) fjarstaddir.

4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 28:13 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, GHelg, HG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, RA, SJóh, SJS, SvG.
11 þm. (EH, EKJ, GB, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, ÓÞÞ, PP, StG) greiddu ekki atkv.
11 þm. (EgJ, FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÞurP) fjarstaddir.

5.–6. gr. (verða 6.–7. gr.) samþ. með 28:13 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, GHelg, HG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, RA, SJóh, SJS, SvG.
11 þm. (EH, EKJ, GB, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, ÓÞÞ, PP, StG) greiddu ekki atkv.
11 þm. (EgJ, FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÞurP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, KSG, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (AÓB, HG, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, RA, SJóh) greiddu ekki atkv.
12 þm. (EgJ, FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS, ÞurP) fjarstaddir.

Fjármögnun samgöngumannvirkja, frh. síðari umr.

Þáltill. ÁMM o.fl., 104. mál. — Þskj. 122, nál. 1081, brtt. 1082.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 1082 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP.

13 þm. (EgJ, FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, SJS, VS, ÞurP, ÖS) fjarstaddir.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (EgJ, FI, GAK, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, SJS, VS, ÞurP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (EgJ, FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, SJS, VS, ÞurP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1254).

Staða brotaþola við meðferð kynferðisbrotamála, frh. síðari umr.

Þáltill. ISG o.fl., 458. mál. — Þskj. 794, nál. 1143.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 1143 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (EgJ, FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, SJS, VS, ÞurP) fjarstaddir.

Fræðslustörf um gigtsjúkdóma, frh. síðari umr.

Þáltill. IP o.fl., 225. mál. — Þskj. 273, nál. 1146.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (EgJ, FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, SJS, VS, ÞurP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (EgJ, FI, GÁ, GunnS, HÁ, PP, RG, SighB, SAÞ, StH, SJS, SvG, VS, ÞurP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1255).

Réttarstaða barna með krabbamein, frh. síðari umr.

Þáltill. MF og KÁ, 505. mál. — Þskj. 857, nál. 1147.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (EgJ, FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, SJS, VS, ÞurP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS,

JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (EgJ, FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, SJS, VS, ÞurP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1256).

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 587. mál (endurgreiðsla kostnaðar við læknishjálp og lyf). — Þskj. 1148.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (EH, EgJ, FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, TIO, VS, ÞurP) fjarstaddir.

Ríkisreikningur 1990, frh. 2. umr.

Stjfrv., 243. mál. — Þskj. 312, nál. 1151.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP.
15 þm. (EH, EgJ, FI, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IP, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÞurP, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:
Virðulegi forseti. Hér er eingöngu um það að ræða að samþykkja ríkisreikning eins og lög kveða á um að skuli gert. Ég hef skrifað undir hann með fyrirvara og vil gera grein fyrir því að það er enginn ágreiningur um uppsetningu reikningsins eða einstaka liði. Ég tel því að hann sé bókhaldslega réttur og samþykki hann á þeim forsendum.

2.–3. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (EH, EgJ, FI, GÁ, GunnS, HÁ, PP, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÞurP) fjarstaddir.

Rannsóknir og þróun fiskeldis fram til aldamóta, frh. síðari umr.

Þáltill. JGS o.fl., 351. mál. — Þskj. 630, nál. 1152, brtt. 1153.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 1153 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (EH, EgJ, FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÞurP) fjarstaddir.

Tillgr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (EH, EgJ, FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÞurP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1257).

Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, frh. síðari umr.

Þáltill. SvG og KHG, 132. mál. — Þskj. 152, nál. 1158.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. í nál. 1158 (ný tillgr.) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (EH, EgJ, FI, GÁ, GunnS, HÁ, MF, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÞurP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (EH, EgJ, FI, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÞurP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1258).

Skipulagslög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 455. mál (skipulag miðhálendisins). — Þskj. 791, nál. 1171, brtt. 1172.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 1172 (ný 1. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (EH, EgJ, FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÞurP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (EH, EgJ, FI, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÞurP) fjarstaddir.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 276. mál (stjórnsýsluleg staða, skyldusparnaður o.fl.). — Þskj. 1116, frhnál. 1185, brtt. 1210, 1212 og 1218.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Þá hefst atkvæðagreiðslan. (**PP:** Forseti, ég óska eftir að atkvæðagreiðslunni verði frestað og óska eftir nafnakalli þegar atkvæðagreiðslan fer fram.) Er hv. þm. að óska eftir að atkvæðagreiðslunni verði frestað núna? (**PP:** Já.) Þá verður atkvæðagreiðslu um þetta mál frestað þar til síðar á fundinum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað. — [Fundarhlé.]

Útbýting þingskjala:
Alþjóðleg samvinna um fullnustu refsidóma, 450. mál, þskj. 1203.
Atvinnuleysistryggingar, 554. mál, nál. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 1219; brtt. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 1220.
Breytingar á reglum lífeyrissjóða um lífeyrisskuldbindingar, 493. mál, svar fjmrh., þskj. 1164.
Einsetinn skóli, 442. mál, svar menntmrh., þskj. 1166.
Fjáraukalög 1991, 197. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 1235.
Ríkisreikningur 1991, 486. mál, brtt. GHelg o.fl., þskj. 1217; nál. minni hluta fjárln., þskj. 1234.
Starfsemi Menningarsjóðs útvarpsstöðva, 182. mál, svar menntmrh., þskj. 1176.
Úthlutanir úr Kvikmyndasjóði Íslands, 497. mál, svar menntmrh., þskj. 1168.

Tilkynning um utandagskrárumræður.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Forseti vill minna á að fyrirhugaðar eru utandagskrárumræður í dag, annars vegar um sjávarútvegsmál að beiðni stjórnarandstöðunnar og hins vegar um stöðu iðnaðarins að beiðni hv. 2. þm. Vestf. Utandagskrárumræðan um stöðu iðnaðarins fer fram skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapa en um sjávarútvegsmálin verða umræður samkvæmt síðari mgr. 50. gr.

Út af dagskrá voru tekin 28.–52. mál.

Fundi slitið kl. 1.12 miðdegis.

---

175. FUNDUR

föstudaginn 7. maí,
að loknum 174. fundi.

Dagskrá:
1. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 276. mál, þskj. 1116, frhnál. 1185, brtt. 1210, 1212 og 1218. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

2. Framkvæmd útboða, stjfrv., 363. mál, þskj. 1250. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Samvinnufélög, stjfrv., 364. mál, þskj. 1251. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 548. mál, þskj. 908. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Norræni fjárfestingarbankinn, stjfrv., 454. mál, þskj. 790. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 231. mál, þskj. 288. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

7. Aðgerðir gegn peningaþvætti, stjfrv., 210. mál, þskj. 1252. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

8. Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, stjfrv., 34. mál, þskj. 1253. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

9. Almannatryggingar, frv., 587. mál, þskj. 1148. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

10. Ríkisreikningur 1990, stjfrv., 243. mál, þskj. 312. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

11. Skipulagslög, stjfrv., 455. mál, þskj. 1259. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

12. Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, stjfrv., 2. mál, þskj. 1241. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

13. Íbúðaverð á landsbyggðinni, þáltill., 139. mál, þskj. 160, nál. 1154. — Frh. síðari umr.

14. Hönnunarvernd, stjfrv. 212. mál, þskj. 253, nál. 1179, brtt. 1180. — 2. umr.

15. Jöfnunartollur á skipasmíðaverkefni, þáltill., 88. mál, þskj. 98, nál. 1181. — Síðari umr.

16. Aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtaka ríkisstofnana, þáltill., 158. mál, þskj. 180, nál. 1182, brtt. 1183. — Síðari umr.

17. Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frv., 127. mál, þskj. 147, nál. 1184. — 2. umr.

18. Rannsóknir á botndýrum við Ísland, þáltill., 594. mál, þskj. 1189. — Fyrri umr.

19. Veiðiheimildir í lögsögu annarra ríkja, þáltill., 267. mál, þskj. 357, nál. 1190. — Síðari umr.

20. Menningarsjóður, stjfrv., 306. mál, þskj. 1228, brtt. 1231. — 3. umr.

21. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 546. mál, þskj. 906, nál. 1216. — 2. umr.

22. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 515. mál, þskj. 872, nál. 1122, brtt. 1123, 1211 og 1244. — 2. umr.

23. Reynslusveitarfélög, stjtill., 516. mál, þskj. 873, nál. 1124. — Síðari umr.

24. Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels, stjtill., 566. mál, þskj. 933, nál. 1128 og 1236. — Síðari umr.

25. Umhverfismat, stjfrv., 80. mál, þskj. 87, nál. 1139, brtt. 1140. — 2. umr.

26. Fuglaveiðar og fuglafriðun, stjfrv., 146. mál, þskj. 167, nál. 1169 og 1237, brtt. 1170. — 2. umr.

27. Atvinnuþróun í Mývatnssveit, þáltill., 173. mál, þskj. 199, nál. 1208, brtt. 1209. — Síðari umr.

28. Vegalög, stjfrv., 553. mál, þskj. 918, nál. 1077. — 2. umr.

29. Vegáætlun 1993–1996, stjtill., 290. mál, þskj. 422, nál. 1141 og 1159, brtt. 1142. — Síðari umr.

30. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 554. mál, þskj. 919, nál. 1219, brtt. 1220. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

31. Fjáraukalög 1991, stjfrv., 197. mál, þskj. 235, nál. 1235 og 1238. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

32. Fjáraukalög 1992, stjfrv., 539. mál, þskj. 897, nál. 1239. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

33. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 486. mál, þskj. 834, nál. 1234 og 1240, brtt. 1217. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

34. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 420. mál, þskj. 716, nál. 1186 og 1187, brtt. 1188. — 2. umr.

35. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 504. mál, þskj. 856, nál. 1133 og 1215, brtt. 1125. — 2. umr.

36. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 541. mál, þskj. 899, nál. 1174. — 2. umr.

37. Áburðarverksmiðja ríkisins, stjfrv., 238. mál, þskj. 307, nál. 1108 og 1110, brtt. 1121. — 2. umr.

38. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 453. mál, þskj. 785, nál. 1191 og 1193, brtt. 1192 og 1194. — 2. umr.

39. Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, stjfrv., 25. mál, þskj. 25, nál. 1083 og 1129, brtt. 1084 og 1130. — 2. umr.

40. Almenn hegningarlög, frv., 89. mál, þskj. 99, nál. 1177. — 2. umr.

41. Tækniskóli Íslands, stjfrv., 327. mál, þskj. 598, nál. 1092. — 2. umr.

42. Bann við sölu á eignum ríkisins á án lagaheimilda, frv., 187. mál, þskj. 215, nál. 1197 og 1198. — 2. umr.

43. Lögheimili, frv., 188. mál, þskj. 218, nál. 1144, brtt. 1145. — 2. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og dagskrá sem útbýtt hefur verið ber með sér eru þar fjölmörg mál sem afbrigði þarf um að megi koma á dagskrá og til umræðu þar sem ýmist er of skammt liðið frá 2. eða 1. umr. eða útbýtingu þingskjala og verður nú afbrigða leitað um öll þessi mál samtímis.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá síðustu umræðu eða útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EGuðn, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SP, SJS, SvG, TIO.

27 þm. ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FI, FrS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, LMR, MF, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, StH, StB, VS, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS) fjarstaddir.

Framkvæmd útboða, 3. umr.

Stjfrv., 363. mál. — Þskj. 1250.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samvinnufélög, 3. umr.

Stjfrv., 364. mál (innlánsdeild). — Þskj. 1251.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Frv. VE, 548. mál (gjaldfærsla stofnkostnaðar). — Þskj. 908.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norræni fjárfestingarbankinn, 3. umr.

Stjfrv., 454. mál. — Þskj. 790.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, 3. umr.

Stjfrv., 231. mál (EES-reglur). — Þskj. 288.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir gegn peningaþvætti, 3. umr.

Stjfrv., 210. mál. — Þskj. 1252.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, 3. umr.

Stjfrv., 34. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 1253.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 587. mál (endurgreiðsla kostnaðar við læknishjálp og lyf). — Þskj. 1148.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisreikningur 1990, 3. umr.

Stjfrv., 243. mál. — Þskj. 312.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulagslög, 3. umr.

Stjfrv., 455. mál (skipulag miðhálendisins). — Þskj. 1259.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, 3. umr.

Stjfrv., 2. mál. — Þskj. 1241.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GB, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, SvG, TIO, VE.
4 þm. (GHelg, JVK, MF, RA) greiddu ekki atkv.

19 þm. (BBj, EgJ, FI, FrS, GÁ, GunnS, HÁ, HG, JónK, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, StB, VS, ÞorstP, ÞurP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1261).

Framkvæmd útboða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 363. mál. — Þskj. 1250.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GB, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, SvG, TIO, VE.
3 þm. (GHelg, ÓÞÞ, RA) greiddu ekki atkv.
20 þm. (BBj, FI, FrS, GÁ, GunnS, HÁ, HG, JÁ, JónK, KHG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, StB, VS, ÞorstP, ÞurP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1260).

Samvinnufélög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 364. mál (innlánsdeild). — Þskj. 1251.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, SvG, TIO, VE.
18 þm. (BBj, FI, FrS, GÁ, GunnS, HÁ, HG, JónK, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, StB, VS, ÞorstP, ÞurP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1262).

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 3. umr.

Frv. VE, 548. mál (gjaldfærsla stofnkostnaðar). — Þskj. 908.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SvG, TIO, VE.
19 þm. (FI, FrS, GÁ, GunnS, HÁ, ISG, JónK, ÓÞÞ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, SJS, StB, VS, ÞorstP, ÞurP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1263).

Norræni fjárfestingarbankinn, frh. 3. umr.

Stjfrv., 454. mál. — Þskj. 790.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, SvG, TIO, VE.
15 þm. (FrS, GÁ, GunnS, HÁ, JónK, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, StB, VS, ÞorstP, ÞurP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1264).

Lífeyrissjóður sjómanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 231. mál (EES-reglur). — Þskj. 288.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, SalÞ, SigG, SP, TIO, VE.
22 þm. (AÓB, FI, GB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
15 þm. (FrS, GÁ, GunnS, HÁ, PJ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, StB, VS, ÞorstP, ÞurP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1265).

Aðgerðir gegn peningaþvætti, frh. 3. umr.

Stjfrv., 210. mál. — Þskj. 1252.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ,

EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PP, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, SvG, TIO, VE, ÞorstP.

6 þm. (HG, JVK, KHG, MF, ÓÞÞ, RA) greiddu ekki atkv.

13 þm. (FrS, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, StB, VS, ÞurP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1266).

Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, frh. 3. umr.

Stjfrv., 34. mál (Evrópskt efnahagssvæði). — Þskj. 1253.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26:15 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, TIO, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, EH, EKJ, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SJS, SvG.

8 þm. (FI, GB, GHelg, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK) greiddu ekki atkv.

14 þm. (FrS, GÁ, GunnS, HÁ, HG, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, StB, VS, ÞurP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1267).

Almannatryggingar, frh. 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 587. mál (endurgreiðsla kostnaðar við læknishjálp og lyf). — Þskj. 1148.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, SvG, TIO, VE, ÞorstP.

13 þm. (FrS, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, StB, VS, ÞurP, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, SvG, TIO, VE, ÞorstP.

16 þm. (EgJ, FrS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IP, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, StB, VS, ÞurP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, SvG, TIO, VE, ÞorstP.

13 þm. (FrS, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, StB, VS, ÞurP, ÖS) fjarstaddir.

Ríkisreikningur 1990, frh. 3. umr.

Stjfrv., 243. mál. — Þskj. 312.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, SvG, TIO, VE, ÞorstP.

15 þm. (FI, FrS, GAK, GÁ, GunnS, HÁ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, StB, VS, ÞurP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1268).

Skipulagslög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 455. mál (skipulag miðhálendisins). — Þskj. 1259.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, SvG, TIO, VE, ÞorstP.

14 þm. (FrS, GÁ, GunnS, HÁ, PJ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, StB, VS, ÞurP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1269).

Um þingsköp.

Afgreiðsla frumvarps um framleiðslu og sölu á búvörum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Í framhaldi af orðaskiptum hér á fyrri fundi fyrir hádegið vil ég eindregið inna hæstv. forseta eftir því hvenær 35. mál á þessari dagskrá, frv. til laga um framleiðslu og sölu á búvörum, þ.e. 504. mál þingsins, komi hér fyrir. Hæstv. forseti hafði um það góð orð að hann mundi svara því síðar á þeim fundi eða í dag hvenær þetta mál kæmi fyrir. Það var eindregið óskað eftir því af hv. formanni landbn. og stutt af fleiri þingmönnum sem hér komu upp að þetta mál yrði tekið fyrir og fengi forgang og allri óvissu um meðferð þess yrði eytt hér á þinginu. Ég vona að hæstv. forseti geti svarað okkur því að þetta mál verði tekið fyrir, ef ekki nú þegar þá a.m.k. sem fyrst, og fái hér meðferð og afgreiðslu.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég er þakklátur forseta fyrir að hafa breytt röðun mála landbn. Alþingis þannig að fyrst komi að máli nr. 504 sem er langþýðingarmesta málið. Hins vegar gaf forsetinn fyrirheit um að leitast yrði við að skýra frá því hvenær þetta mál kæmi hér á dagskrá og án þess að ég ætli að sýna virðulegum forseta óbilgirni, þá var sú ósk mín af þeirri stærðargráðu að það hefði vel mátt sinna henni þannig að það lægi fyrir hvenær þetta mál kæmi hér til umræðu.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér finnst kenna nokkurrar óþolinmæði hjá hv. þm. Ég hélt að það væri öllum ljóst að það er á valdi forseta að ákveða dagskrá og forseti hefur heimild til þess að taka mál af dagskránni fyrir í þeirri röð sem forseta þóknast. Í gærkvöld var gert samkomulag um að þessi mál sem prentuð eru á dagskránni og við höfum verið að fást við í dag hlytu lokaafgreiðslu hér á þinginu í dag. Ef einhverjir hafa eitthvað við það að athuga, þ.e. að atkvæði gangi um þessi mál og þau hljóti fullnaðarafgreiðslu, verði annaðhvort samþykkt eða felld, þá vil ég gjarnan heyra það strax því að ef svo færi að athugasemdir kæmu fram við það, þá lít ég svo á að þetta samkomulag sem gert var sé í hættu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill aðeins staðfesta það sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði hér og vonast til þess að þurfa ekki að skýra það nánar. Hér liggur fyrir dagskrá og forseti kom til móts við óskir hv. 3. þm. Austurl. um að færa mál landbn. saman á dagskránni. Þannig er reynt að gera með fleiri mál sem tilheyra sömu nefnd, að hafa þau samhliða þegar það er hægt, og væntir forseti þess að fundur geti nú gengið eðlilega fyrir sig og þá kemur það væntanlega í ljós hvað umræðurnar taka langan tíma. Forseti á afskaplega erfitt með, eins og þingmenn vita, að tímasetja hvenær eitthvert mál kemur á dagskrá. Það fer eftir því hvað talað er lengi í hverju máli. Það sjá allir hvernig dagskráin liggur fyrir í dag og við höldum hér áfram og reynum að vinna vel og koma málum áfram. Það er ósk forseta. Og öðruvísi getur forseti ekki svarað þessu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég held að þessi umræða hafi skýrt málið og þá er ekki annað eftir en að fá það alveg á hreint að svarið við fyrirspurn hv. 1. þm. Norðurl. v. sé já, að það samkomulag standi að afgreiða öll þau mál sem á dagskránni eru. Og um leið og forseti fullvissar okkur um að svo verði gert, þá skal ég ekki hafa frekari orð um þetta og uni því að sjálfsögðu að mál verði tekin fyrir í þeirri röð sem þau eru hér á dagskránni eða forseti að öðru leyti kýs að hafa þau svo fremi sem tryggt sé að öll þessi mál verði endanlega afgreidd.

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég vil bara láta í ljós þakklæti mitt við þann stuðning sem ég sé að það fær að afgreiða hér bæði stjórnarfrumvörp og EES-mál af hálfu stjórnarandstæðinga.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég hygg að það sé nokkur oftúlkun hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. að túlka það samkomulag sem gert var í nótt á þann veg að það hefði verið samkomulag um að ganga til atkvæða um öll mál. Það er eins og alltaf er. Það verður að sjálfsögðu að ráðast. Hér hefur verið raðað á dagskrána þeim málum sem fyrir lágu. Ég veit ekki betur en öll mál séu tekin á dagskrá sem búið er að skila nefndarálitum í. Ég hygg hins vegar að hér séu mál sem ekki er víst hvort ganga muni til atkvæða. Það verður bara að koma í ljós. Ég tel eðlilegast að ganga bara eftir þessari dagskrá. Ég minni á tillögu hv. 1. þm. Norðurl. v. í hópi þingflokksformanna um að haga þingstörfum þannig að búið væri að afgreiða öll þingmál um fjögurleytið svo hægt væri að hefja hér utandagskrárumræðu og ég vænti þess að okkur muni auðnast að gera það. En þeim mun meiri tími sem fer í umræður um þingsköp, þeim mun erfiðara verður það að sjálfsögðu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ræða hv. formanns þingflokks Sjálfstfl. hér áðan var yfirlýsing um það að forseti hefði ekki skilið það samkomulag sem gert var því að það heyrði ég mjög glöggt að eftir að hv. 1. þm. Norðurl. v. hafði gert grein fyrir því hvernig hann hefði skilið samkomulagið, þá stóð hæstv. forseti upp og sagði að sá skilningur væri réttur. Hér duga engin undirmál. Annaðhvort standa menn heiðarlega að hlutunum og lúta því að forseti stjórni þinginu með þeim skilningi sem forsetinn hefur haft á samkomulaginu eða þeir eru óbeint að reyna að standa þannig að verki að hægt sé að ýta út af borðinu í lokin einhverjum málum sem þeir vilja ekki fá atkvæðagreiðslu um og raða því þannig út af dagskránni.

Ég tel að hv. þm. Geir H. Haarde hefði betur látið ógert að flytja þá ræðu sem hann flutti hér rétt áðan um þingsköp.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er í valdi forseta að ákveða það hvaða mál eru tekin fyrir. Ég skildi hennar orð svo, og ég held að það hafi allir gert, að staðið yrði við þetta samkomulag sem ég taldi vera samkomulag um að þessi mál hlytu afgreiðslu, þessi tilteknu mál sem hér eru á dagskrá. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum með ræðu hv. 8. þm. Reykv., Geirs H. Haarde, því að mér sýndist eins og hann væri að gera því skóna að þetta samkomulag ætti ekki að halda. Ég er nú þolinmóður maður og vil treysta því að þetta sé ekki réttur skilningur og ég vil fá það alveg hreint — ég þarf ekki að spyrja forseta, hún er búin að svara því að hún tekur málin fyrir til afgreiðslu, en ef hv. 8. þm. Reykv. Geir H. Haarde vill blása af þetta samkomulag, þá er mér þægð í að vita það strax.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég vil staðfesta það að skilningur minn á því samkomulagi sem gert var í nótt er sá hinn sami og kom fram í orðum hv. þm. Páls Péturssonar. Vissulega má segja að ekki hafi verið neitt samið um þingfrestunina, það liggur ekkert fyrir um það hvenær hún getur farið fram. Ég hef marglýst því yfir í viðræðum þingflokksformanna að okkur alþýðubandalagsmönnum sé ekkert að vanbúnaði að vera hér í næstu viku ef þörf krefur. Við teljum að það séu fjöldamörg mál sem ræða þurfi miklu betur en gert hefur verið eða gefist hefur tími til hér í þinginu og þar af leiðandi er rétt að hafa það alveg á hreinu að það er ekkert samkomulag um hvenær þingfrestun á sér stað. Hún getur vissulega ekki orðið fyrr en mál hafa verið afgreidd og fengið eðlilega umfjöllun. Mér heyrist að allt tal um það að þingfrestun eigi sér stað hér seinni partinn í dag sé harla óraunhæft að ekki sé nú meira sagt. Hins vegar lít ég svo á að það hafi verið fullt samkomulag um að afgreiða þau mál sem komin voru á dagskrá. Hér er um að ræða mál sem afgreitt hefur verið úr hv. landbn.

Vegna athugasemdar hv. þm. Vilhjálms Egilssonar um afstöðu stjórnarandstæðinga vil ég taka það fram að við skilum, ég fyrir hönd Alþb. og Kristín Ástgeirsdóttir fyrir hönd Kvennalistans, séráliti vegna EES-þáttarins. Við erum lítið hrifin af þeim þætti málsins sem felst í því að opna fyrir innflutning landbúnaðarvara í kjölfar samnings sem hæstv. utanrrh. gerði núna (**Forseti:** Tala um þingsköp.) fyrir skömmu án nokkurs samráðs við landbrn. eins og kunnugt er. En við styðjum aftur á móti þann þátt málsins sem snýr að verkaskiptingu landbrh. og fjmrh. og teljum alveg eindregið að málið eigi að heyra undir landbrh. Þetta varð að koma hér fram úr því að gerð hafði verið athugasemd um þennan þátt málsins. Ég tel afar mikilvægt að sá þátturinn hljóti hér afgreiðslu, það er brýn nauðsyn. Eftir að þessi samningur um innflutning landbúnaðarvara hefur verið undirritaður þá er brýn nauðsyn að hann verði afgreiddur þegar í vor og ég tel að það sé samkomulag um að svo verði, að málið verði afgreitt.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja það að ég kannast ekki við neitt samkomulag. Þó að ég hafi heyrt það svona í vindinum að samkomulag hafi verið gert þá hefur það ekki verið borið undir mig og ég kannast ekki við að vera aðili að neinu slíku samkomulagi.

Ég kom hins vegar hér upp til þess að leiðrétta þann misskilning sem ég varð var við í orðum þingflokksformanns míns flokks þar sem hann sagði að á dagskrá fundarins í dag væru öll þau mál sem hefðu verið afgreidd út úr nefndum og skilað hafði verið nefndarálitum fyrir. Þetta er ekki rétt því að virðuleg allshn. hefur afgreitt frá sér frv. um kaup á björgunarþyrlu og þar hefur verið skilað nefndarálitum bæði frá minni hluta og meiri hluta en það er alveg sama hvernig ég leita, ég get ómögulega fundið þetta mál á dagskránni.

Ég vil jafnframt geta þess í leiðinni að ég talaði við forseta þingsins á mánudaginn var og óskaði eftir því að þetta mál yrði á dagskrá á miðvikudaginn en við því var ekki orðið og hefur ekki orðið enn. Það sérstaka mál mun ég hins vegar ræða seinna í dag.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði að það hefur ekki legið fyrir neitt formlegt samkomulag hér um þinglok, þingfrestun, en það lá jafnframt fyrir að það væri ekkert sérstakt ósamkomulag um það að reyna að ljúka þessum málum í dag. Það er ekki gerður sérstakur ágreiningur út af því.

Um þann fund sem við áttum hins vegar í nótt er auðvitað rétt að það komi fram að það var ekkert farið yfir þennan málalista og það var ekkert ákveðið að þau yrðu endilega öll afgreidd. Það var bara ekkert á það minnst að það skyldi fara fram atkvæðagreiðsla um þessi mál. Ég bið hv. 1. þm. Norðurl. v. að rifja það upp með mér hvort við höfum á þessum fundi til að mynda ámálgað það einu einasta orði að ræða hér um ríkisreikning 1991 eða mál sem honum tengjast. Það var auðvitað aldrei gert. Ég nefni þetta sem dæmi. Ég hef ekki nefnt sérstaklega þetta landbúnaðarmál sem menn hafa verið að gera að umtalsefni. Ég segi bara það, sem liggur að sjálfsögðu í augum uppi, að við getum ekki ákveðið á okkar fundum að það verði endilega gengið til atkvæða um hvert einasta mál sem liggur fyrir á dagskránni. Ef það kemur fram ósk einhvers staðar frá um að gera það ekki, þá þarf auðvitað að líta á það mál að nýju. Þannig er það og með sama hætti og hv. þm. Páll Pétursson óskaði eftir því við mig að ég skýrði mína afstöðu þá er nauðsynlegt að það komi fram strax ef þetta er ekki réttur skilningur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta finnst að málin séu farin að skýrast og að hv. þm. séu vel meðvitaðir um það að þegar svo mörg mál eru á dagskrá sem raun ber vitni þá ræðst það af tíma og ýmsu öðru, sem ætíð getur komið upp í sam-

tölum milli manna, hvort sem það eru þingflokksformenn, þingflokkar eða annað, að eitthvað breytist á þeirri dagskrá sem fyrir liggur. Forseti biður hv. þm. að vera ekki að eyða tímanum að óþörfu og fara heldur að vinna í þeim málum sem eru á dagskrá.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er sjálfsagt að virða það að hér sé tímanum ekki eytt að óþörfu en hér er á ferðinni stórmál. Það þýðir ekki að ræða hlutina með þeim hætti sem hv. formaður þingflokks Sjálfstfl. reynir að gera hér. Við skulum ekki tala neina tæpitungu um þetta. Spurningin snýst um það hvort hér er verið að gefa í skyn að það standi til að reyna að komast hjá því að afgreiða 35. mál á þessari dagskrá. (**Gripið fram í:** Það er augljóst.) Það er ekki bara hvert eitt ómerkilegt mál sem þar er á ferðinni, þar er á ferðinni mikilvægt stjfrv. sem formaður landbn. hefur lagt ríka áherslu á að verði afgreitt, sömuleiðis hæstv. landbrh., og það liggur í loftinu meiri hluti fyrir því hér á Alþingi að þetta frv. verði afgreitt. En það liggur meira fyrir. Það liggur fyrir að hótanir um stjórnarslit hafa tengst þessu frv. Og láta menn sér detta það í hug, lætur formaður þingflokks Sjálfstfl. sér detta það í hug að hann geti sloppið frá málinu með þeim hætti sem hann reyndi hér áðan, að hafa þetta bara hangandi í lausu lofti, kannski og ef til vill og sjáum bara til? Það gengur ekki, hæstv. forseti. Við verðum að fá það á hreint hvort staðið verður við samkomulagið að þessu leyti að þetta mikilvæga mál verði afgreitt á þessu þingi. Það dugar ekkert minna en að fá það á hreint. Ef formaður þingflokks Sjálfstfl. er að boða það hér að í stjórnarliðinu standi til að falla frá því þá verður það að koma fram. Hv. þm. Geir Haarde getur ekki ætlast til þess að við látum sem ekkert sé og tökum þessi loðnu svör sem hér voru gefin áðan góð og gild. Þetta verður að koma fram. Og það er einmitt í þágu fundarhaldanna hér eftirleiðis, hæstv. forseti, að fá þetta á hreint nú.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Hv. formaður þingflokks Sjálfstfl. hefur gert hér grein fyrir því af sinni hálfu að til greina komi að fella niður atkvæðagreiðslu og afgreiðslu þessa máls en ég sakna mjög að heyra hvað formaður þingflokks Alþfl. hefur til málanna að leggja. Hann situr með okkur í hv. landbn. og á aðild að afgreiðslu þessa máls úr nefndinni. Ég óska eindregið eftir því að hann upplýsi okkur um það hvort hann er ekki sama sinnis og við, að þetta mál hljóti að fá afgreiðslu á næstu klukkutímum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér þykir það mjög miður að þurfa að biðja um frest á þessum fundi en jafnframt met ég það við hv. þm. Geir H. Haarde að hann vill haga þannig máli sínu að hann hafi rými til þess að veita þingmálum hér aðför án þess að vera kallaður svikari eftir á fyrir tiltækið. Hann er búinn að opna fyrir það að segja það óbeint að þegar búið sé að afgreiða það sem þeir hafa áhuga á þá ætli Sjálfstfl. að hafa frjálsar hendur með að fara í aðgerðir til að stöðva þau mál sem honum sýnist. Hann vill hafa frelsi til að gera þetta. Og ég virði það við hv. þm. að hann hefur þó heiðarleika til að standa hér upp og gera grein fyrir því að þetta rými vill hann hafa. En þetta er bara ekki það sem okkur þingmönnum Framsfl. var sagt í nótt. Við höfum starfað eftir allt öðrum skilningi í allan morgun. Við höfum starfað eftir þeim skilningi að það sem forseti lagði fram á sinni dagskrá væri það sem samkomulag hefði verið um að afgreiða. Það hefur meira að segja gengið svo langt að formaður þingflokks Framsfl. hefur verið aðalmaðurinn í því að hjálpa forsetanum við að koma málum í gegnum þingið og hans sessunautur, hv. 5. þm. Norðurl. v. hefur haft af þessu hina mestu skemmtun. Kannski hefur hann vitað um undirmálin þegar hann hafði svona gaman af þessu. En það er óhjákvæmilegt að óska nú eftir hléi á fundinum og setjast niður og komast að niðurstöðu. Það er ekki hægt að búa við það að þegar samkomulag er gert þá komist það ekki rétt til skila og að það séu undirmál við það sem verið er að ræða um. — [Fundarhlé.]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1991, 197. mál, nál. minni hluta fjárln., þskj. 1238.

Fjáraukalög 1992, 539. mál, nál. fjárln., þskj. 1239.

Ríkisreikningur 1991, 486. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 1240.

Sveitarstjórnarlög, 515. mál, brtt. félmn., þskj. 1244.

Viðgerð á húsi Þjóðminjasafnsins, 585. mál, svar menntmrh., þskj. 1233.

Vegáætlun 1993–1996, síðari umr.

Stjtill., 290. mál. — Þskj. 422, nál. 1141 og 1159, brtt. 1142.

Frsm. meiri hluta samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Samgn. hefur nú lokið athugun sinni á tillögu þessari til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1993–1996 og eigi orðið sammála um afgreiðslu hennar. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hluta nefndarinnar sem leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru tillögur um á þskj. 1142. Minni hlutinn, fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í samgn., hefur á hinn bóginn kosið að skila séráliti.

Skylt er að taka fram að í starfi nefndarinnar var gott samkomulag um vinnutilhögun og ýmsar þær ákvarðanir sem birtast í brtt. meiri hluta nefndarinnar á þskj. 1142. Varð oft eigi greint að ágreiningur væri um afgreiðslu mála innan nefndarinnar þótt minni hlutinn hafi nú tekið þá afstöðu að sitja hjá við einstaka liði þessarar áætlunar.

Nefndin hefur í störfum sínum notið margvíslegr-

ar aðstoðar æðstu starfsmanna Vegagerðar ríkisins, þeirra Helga Hallgrímssonar vegamálastjóra, Jóns Birgis Jónssonar aðstoðarvegamálastjóra og Jóns Rögnvaldssonar forstöðumanns tæknisviðs Vegagerðar ríkisins. Þeir lögðu nefndinni til ýmis gögn, veittu upplýsingar og svöruðu fyrirspurnum nefndarmanna eftir því sem óskað var. Eru þeim hér með færðar þakkir fyrir.

Starfshættir samgn. við afgreiðslu þessarar tillögu voru með hefðbundnum hætti. Eftir að nefndin hafði tekið nokkrar grundvallarákvarðanir í starfi sínu, t.d. að því er varðar tekjuhlið áætlunarinnar, skiptingu á vegafé til rekstrarliða og til einstakra framkvæmdaflokka, enn fremur um skiptitölur milli kjördæma og um fé sem samkvæmt tillögunni gengur til ferja og flóabáta unnu þingmannahópar kjördæmanna að gerð tillagana um skiptingu framkvæmdafjár til almennra verkefna við stofnbrautir, þjóðbrautir og brúargerð, þ.e. til brúa 10 m og lengri.

Sömuleiðis fjölluðu þingmannahópar kjördæmanna um allar tillögur er varðar breytingu á flokkun vega í hverju kjördæmi fyrir sig. Allar tillögur þingmannahópa kjördæmanna eru fluttar óbreyttar að meiri hluta samgn.

Um allar brtt. er varða stórverkefni, sérverkefni og hið sérstaka framkvæmdaátak vegna atvinnumála var fjallað á vettvangi nefndarinnar.

Brtt. meiri hluta nefndarinnar við tekjuhlið áætlunarinnar eru einkum af þrenns konar toga:

Í fyrsta lagi er fé til framkvæmdaátaks vegna atvinnumála á árinu 1993 lækkað úr 1.800 millj. kr. í 1.550 millj. kr. Er það í samræmi við ákvarðanir ríkisstjórnar og Alþingis við afgreiðslu fjárlaga.

Í öðru lagi er verðlagsforsendum tillögunnar breytt þannig að byggt er á því að verðlag hækki um 3% á milli áranna 1993 og 1994. Er sú tillaga að verðlagshækkun einvörðungu á milli þeirra tveggja ára og eru því markaðir tekjustofnar af bensíngjaldi og þungaskatti 3% hærri á árunum 1994 til og með 1996 en gert var ráð fyrir í tillögunni eins og hún var lögð fram.

Gerðar eru tillögur um sömu verðlagshækkanir gjaldamegin á áætlunartímabilinu.

Í þriðja lagi eru gerðar tillögur um að lækka það fjármagn sem þáltill. gerir ráð fyrir að færa í ríkissjóð af sérmerktum tekjustofnum Vegagerðar ríkisins á árunum 1994, 1995 og 1996. Er þetta í samræmi við ákvarðanir ríkisstjórnarinnar að vega á þennan máta upp á móti því að nú er áætlað að Vegagerð ríkisins þurfi að verja meira fé en tillagan greinir til ferjumála á þessum þremur árum en gert var ráð fyrir. Er þannig til þess ætlast að Vegagerð ríkisins standi jafnfætis og áður þó svo fari að hækkun verði á nauðsynlegu fé til ferjumála.

Auk þessa eru gerðar tillögur um smávægilegar tilfærslur á milli tekjuliða á árinu 1993 samkvæmt nákvæmari áætlun. Engar breytingar eru gerðar á áætlun um magn bensínnotkunar eða notkun dísilbifreiða sem greiða þungaskatt frá því er tillagan var lögð fram, en þar er gert ráð fyrir að bensínnotkun aukist um 2% á milli ára yfir áætlunartímabilið en notkun dísilbifreiða sem skila þungaskatti aukist um tæplega 2% á milli sömu ára.

Tillögur um fé til stórverkefna byggjast á nýrri skilgreiningu fyrir þann vegaflokk. Sú skilgreining var samþykkt af meiri hluta samgn. en þó raunar af nefndinni í heild með fyrirvara einstakra nefndarmanna minni hlutans.

Samkvæmt gildandi skilgreiningu fyrir stórverkefni, samanber drög um langtímaáætlun 1991, taka þau til jarðganga, auk stórbrúa og vega um þvera firði. Lágmarkskostnaður við þessar framkvæmdir er samkvæmt eldri skilgreiningu um 130 millj. kr. á verðlagi ársins 1993.

Til jarðganga er greitt af óskiptu vegafé 80% kostnaðar en 20% kostnaðar er greitt af því fé sem hlutaðeigandi kjördæmi fær til skipta. Til framkvæmda við stórbrýr og vegi um þvera firði eru þessar skiptitölur þannig að af óskiptu vegafé greiðist 62,5% kostnaðar en af vegafé hlutaðeigandi kjördæmis 37,5%. Til viðbótar við þessa skilgreiningu byggjast brtt. meiri hluta nefndarinnar á því að til viðbótar geti talist til stórverkefna kostnaðarsamar endurbætur á hringveginum þar sem hann liggur á milli kjördæma, enda sé áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdir meiri en 800 millj. kr. Enn fremur einstakir áfangar í tengingu þéttbýlisstaða þannig að úr verði eitt atvinnu- og þjónustusvæði, enda kosti áfanginn meira en 400 millj. kr. samkvæmt áætlun miðað við verðlag þessa árs. Til þessara framkvæmda er miðað við að 70% af kostnaði greiðist af óskiptu fé en um 30% af kvóta viðkomandi kjördæmis. Þegar er fyrir séð að tveir vegarkaflar falla undir þessa nýju skilgreiningu. Annars vegar er það kaflinn á hringveginum á Norðausturlandi sem nær frá Kísiliðju við Mývatn til Skjöldólfsstaða á Jökuldal, en sá vegarkafli fær á áætlunartímabilinu verulegar byrjunarfjárveitingar af stórverkefnalið samkvæmt tillögum meiri hluta nefndarinnar eða 154 millj. kr. Hins vegar er það vegurinn fyrir Búlandshöfða á Snæfellsnesi sem ekki eru gerðar tillögur um að fái fjárveitingu af liðnum Stórverkefni á þessu áætlunartímabili. Undirbúningur framkvæmda þar hefst þó á tímabilinu með fjárveitingum af hinu almenna vegafé Vesturlandskjördæmis.

Í tillögum meiri hluta samgn. er lagt til að liðurinn Sérstök verkefni falli niður frá og með árinu 1995. Telja verður að hann hafi eigi lengur raunhæft gildi, enda greiðast þau verkefni sem tilheyrt hafa þessum framkvæmdaflokki algerlega af framkvæmdafé hvers kjördæmis fyrir sig og því eðlilegt að þau tilheyri því sem kallað er almenn verkefni í vegáætlun.

Í samræmi við ákvarðanir ríkisstjórnar og Alþingis eru gerðar tillögur um að á fyrstu þremur árum þessarar vegáætlunar verði varið samtals 2.940 millj. kr. til sérstaks framkvæmdaátaks vegna atvinnumála. Hér er um lánsfé að ræða sem gert er ráð fyrir að verði endurgreitt af sérmerktum tekjustofnum til vegamála eftir að lokið er greiðslu á skuldum vegna vegaframkvæmda í Reykjavík, en stefnt er að því að þær skuldir verði að fullu greiddar á árinu 1998. Meiri hluti nefndarinnar telur það ekki hafa hagnýta þýðingu að

kveða nánar á um við afgreiðslu þessarar vegáætlunar hvernig endurgreiðslu verður háttað, enda verður ný tillaga til vegáætlunar samin og tekin til afgreiðslu á Alþingi væntanlega á þinginu 1996–1997 eða áður en að þessum endurgreiðslum kemur.

Því fé sem lagt er fram til atvinnumála er í tillögum meiri hluta nefndarinnar skipt til einstakra verka, svo sem öðru framkvæmdafé til vegamála, og er þar farið að í samræmi við tillögur hæstv. samgrh. um ráðstöfun á því fjármagni. Meiri hluti nefndarinnar vill láta koma fram við þessa umræðu að hér er um mjög þýðingarmiklar ákvarðanir að ræða sem ástæða er til að flytja hæstv. ríkisstjórn þakkir fyrir.

Kostnaður við flóabáta er nú tekinn inn í vegáætlun í fyrsta sinn. Í brtt. meiri hluta samgn. er tekin upp skilgreining á því á hvaða leiðum flóabátar verði reknir og hvert sé meginmarkmið með rekstrinum, þ.e. hvort rekin skuli bílferja eða einungis fluttir farþegar og fragt. Í þessum tillögum er lagt til að þær ferjuleiðir sem notið hafa styrks af opinberri hálfu undanfarin ár verði áfram viðurkenndar og þeim sinnt með sambærilegum hætti og verið hefur. Ég tel rétt að nefna sérstaklega í þessu sambandi ferju í Ísafjarðardjúpi. Þar siglir Fagranesið sem keypt var árið 1990 og er bílferja. Þjónusta við eyjarnar á Ísafjarðardjúpi og byggð á Snæfjallaströnd gerir ekki kröfur um bílferju og raunar er þar engin hafnaraðstaða fyrir hendi til að nýta þá möguleika skipsins.

Við afgreiðslu fjárlaga í vetur voru veittar 20 millj. kr. til ferjubryggju í Djúpi og er talið að það geti verið um helmingur kostnaðar við þá framkvæmd. Á þessu stigi telur meiri hluti samgn. ekki tímabært að taka afstöðu til þess hvort reka eigi bílferju í Ísafjarðardjúpi. Áður en slík ákvörðun er tekin er nauðsynlegt, að mati meiri hluta nefndarinnar, að skoða málið í heild, gera markaðskönnun fyrir bílferju og áætlanir um stofnkostnað og rekstur og bera saman við aðra þætti í ferðaþjónustu við þær byggðir sem háðar eru samgöngum á sjó og athuga samhengi vetrarþjónustu á Djúpvegi við ferjurekstur. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að slík úttekt fari fram á þessu ári og málið verði tekið til athugunar og ákvörðunar að þeirri úttekt lokinni.

Framlag til flóabáta 1993 er óbreytt frá tillögunni eins og hún var lögð fram eða 330 millj. kr. Nokkur óvissa ríkir um ýmsa kostnaðarliði en gera verður ráð fyrir að heildarkostnaður verði eitthvað meiri en þessi fjárhæð. Hæstv. samgrh. gat þess í framsöguræðu sinni við fyrri umr. um þetta mál að samkomulag væri um það að nauðsynleg hækkun framlags umfram 330 millj. kr. yrði tekin inn á fjáraukalög 1993. Í brtt. meiri hluta nefndarinnar er miðað við að þetta samkomulag standi og er talan því óbreytt. Framlög áranna 1994–1996 eru á hinn bóginn endurskoðuð til hækkunar frá upphaflegri tillögu. Til þess að mæta þeim hækkunum eru millifærslur í ríkissjóð lækkaðar, eins og áður er að vikið, og hafa hækkanir á þessum árum til ferjumála því ekki áhrif á aðra útgjaldaliði vegáætlunar.

Meiri hluti samgn. telur ekki viturlegt að skipta fjármagni til ferjumála niður á einstakar ferjuleiðir á þessu vegáætlunartímabili. Vegagerð ríkisins fær væntanlega, með breyttum vegalögum nú fyrir þinglok, auknar heimildir til þess að leita nýrra leiða til sparnaðar og aukinnar hagkvæmni í rekstri skipanna á þessum ferjuleiðum. Hafa þegar farið fram viðræður við ýmsa þá aðila sem hlut eiga að máli til þess að sameiginlega megi leita leiða til aukinnar hagkvæmni og sparnaðar. Á þessu er full þörf vegna þess að á undanförnum árum hafa hinu opinbera og þeim fyrirtækjum sem standa í ferjurekstri verið bundnir gríðarlegir skuldabaggar sem verður að rísa undir og greiða niður á allra næstu árum, um leið er markmiðið að sjálfsögðu að halda þjónustunni uppi. Þrátt fyrir að vonast sé til að aukinni hagkvæmni verði náð á þessu áætlunartímabili, eða á þessum fjórum árum, er reiknað með að verja nálega 2 milljörðum kr. af fé til vegamála til að standa að þessum rekstri.

Ljóst er að sú till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1993–1996, sem hér er komin til afgreiðslu, boðar mesta framkvæmdaskeið síðari ára í vegamálum. Þetta er greinilega sýnt á fskj. 1, sem prentað er með nál. meiri hluta nefndarinnar. Þar kemur fram hvert heildarfjármagn til vegamála hefur verið á árunum 1983–1996 miðað við þær brtt. meiri hlutans sem liggja fyrir við áætlunartillöguna. Þetta fjármagn er enn fremur sundurgreint í smærri undirliði. Allar tölur á þessu yfirliti eru á sama verðlagi, þ.e. áætluðu verðlagi ársins 1993. Þar kemur fram að á næstsíðasta vegáætlunartímabili, frá 1985–1988, var varið til vegamála samtals rúmlega 19,9 milljörðum kr. eða tæpum 20 milljörðum. Á síðasta vegáætlunartímabili, frá 1989–1992, var varið 21½ milljarði til vegamála. Á því tímabili sem sú áætlun nær yfir sem hér er komin til afgreiðslu, árin 1993–1996, eru gerðar tillögur um að verja til vegamála liðlega 27 milljörðum kr. Þar af er áætlað að til ferjumála, sem er nýr liður, fari tæplega 2 milljarðar kr. En þó svo að það fjármagn væri dregið frá er varið til annarra þátta vegamála, sem er þá sambærilegt við hin áætlunartímabilin, yfir 25 milljörðum kr. Þetta er stórt stökk fram á við í fjárveitingum til þessara þýðingarmiklu samgöngubóta sem vegamálin eru.

Það vekur furðu að hv. minni hluti samgn. skuli ekki treysta sér til að mæla með því að slík tillaga sé samþykkt. Minni hlutinn hefur meira að segja boðað í sínu nál. að hann, eða þeir hv. þm. sem hann skipa, muni sitja hjá við alla liði þessarar tillögu, þar á meðal alla framkvæmdaliði tillögunnar sem þeir hafa þó tekið fullan þátt í að vinna að afgreiðslu á innan samgn. og í þingmannahópum kjördæmanna. Hér er sannarlega óvenjulega að verki staðið og einhverjum kynni að koma í hug að ekki væri sérlega hyggilega að verki staðið frá pólitísku sjónarmiði.

Það mikla fjármagn, sem gert er ráð fyrir samkvæmt þessari vegáætlunartillögu að verja til framkvæmda í vegamálum, mun þýða að mörgu verki verður komið áfram í þessum þýðingarmikla málaflokki. Stórvirki verða unnin en þar verður líka unnið að mörgum smærri verkum sem hvert um sig hefur sína þýðingu fyrir hlutaðeigandi byggð og landsmenn alla.

Þrátt fyrir þetta verður ekki komið að neinum endapunkti í vegamálum í lok tímabilsins. Enn verða mörg og kostnaðarsöm verkefni óunnin.

Það verkefni sem tekur til sín stærsta hluta fjármagnsins á þessu vegáætlunartímabili eru jarðgöng á Vestfjörðum eða liðlega 2,4 milljarða kr. Gert er ráð fyrir að á áætlunartímabilinu verði því verki lokið. Sá málaflokkur sem tekur til sín næstmest framkvæmdafé á þessu tímabili eru framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu eða um 2,2 milljarða kr. Þar af ganga um 640 millj. kr. til greiðslu skulda sem stofnað var til fyrir fáum árum með framkvæmdum við þjóðvegi í þéttbýli án þess að lögboðið framlag ríkisins væri greitt. Reiknað er með því að þessum skuldagreiðslum ljúki, eins og fyrr er að vikið, tveimur árum eftir að þessu áætlunartímabili lýkur eða á árinu 1998.

Á þessu og næsta ári er gert ráð fyrir að ljúka lagningu slitlags á þá kafla sem enn er ólokið við á veginum milli Reykjavíkur og Akureyrar en þeir eru í Hellistungum, Bólstaðarhlíðarbrekku og um Öxnadalsheiði. Í lok þessa árs er gert ráð fyrir að aðeins vanti um 40 km upp á að komið sé bundið slitlag á veginn frá Reykjavík til Hafnar í Hornafirði og í lok tímabilsins skorti einungis 10 km til að þessu verki sé lokið.

Ástæða væri til að nefna hér fjölmörg önnur verk af þeim sem lokið verður við á því áætlunartímabili sem vegáætlunin nær yfir eða verk sem hafin verða á tímabilinu. Ég tel þó ekki ástæðu til að taka tíma í að rekja þau verkefni hér, enda liggja tölur sem varða þessi verk og fjármagn til þeirra frammi fyrir öllum hv. alþm. í brtt. meiri hluta samgn. Þrátt fyrir það að við sem stöndum að þessu meirihlutaáliti fögnum þeim miklu framkvæmdum sem vegáætlunartillagan boðar, vil ég þó taka fram að málefni þjóðbrautanna þarf að taka til athugunar við næstu endurskoðun vegáætlunar. Það verður að segjast eins og er að þau verkefni hafa legið eftir í mörg ár vegna þeirra miklu stórverkefna sem við höfum unnið að, stórverkefna sem hafa tekið til sín bróðurpartinn af fjármagninu. Að þessu þarf að gæta þegar næsta vegáætlunartillaga verður lögð fyrir Alþingi og tekin þar til afgreiðslu.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð í framsögu fyrir þessari tillögu. Ég legg til fyrir hönd meiri hluta samgn. að tillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem meiri hluti nefndarinnar leggur til á þskj. 1142.

Frsm. minni hluta samgn. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. formanni samgn. fyrir greinargóða framsögu. Ýmislegt er nú rétt sem hann sagði en annað ofmælt því hann kom m.a. inn á það að honum þætti alveg furðulegt að samgn. sem væri búin að vinna að þessu í sameiningu skyldi ætla að sitja hjá við alla liði, þ.e. minni hlutinn, og standa ekki að þeirri vegáætlun sem hér er lögð fram. Það bendir nú eiginlega til þess að hann hafi ekki lesið álit minni hlutans því að samkvæmt því sem þar stendur byrjum við á að lýsa því yfir að við gerum ekki athugasemdir við afgreiðslu þingmannahópa kjördæmanna sem hafa fjallað um skiptingu vegafjár og eru þar af leiðandi að sjálfsögðu hver og einn í sínum kjördæmahópi sammála því.

Ég mæli hér fyrir áliti minni hluta samgn. sem er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna á allmörgum fundum og fengið til liðs við sig m.a. starfsmann Vegagerðar ríkisins og fulltrúa samgrn.

Minni hlutinn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu þingmannahópa kjördæmanna sem fjallað hafa um skiptingu vegafjár innan þeirra.“

Það sem við gagnrýnum fyrst og fremst er tekjuáætlun og Stórverkefnasjóður. Um tekjuáætlunina segir svo:

„Minni hlutinn gagnrýnir að tekjustofnar vegáætlunar séu skertir með þeim hætti sem gert er í þál. og lögbundnir tekjustofnar til vegamála þannig notaðir til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Minni hlutinn telur að réttara hefði verið að Vegasjóður héldi sínum tekjustofnum og hið svokallaða framkvæmdaátak hefði verið lækkað um þá upphæð sem nemur skerðingunni. Fyrir allt tímabil vegáætlunar er Vegasjóður skertur um 886 millj. kr. sem færðar eru í ríkissjóð, þar af fyrir yfirstandandi ár 344 millj. kr.

Þá hefur ríkissjóður einnig farið inn á markaða tekjustofna til vegagerðar með álagningu sérstaks bensíngjalds.“ — Það er 4,50 kr. á hvern lítra og var afgreitt hér í fjárlögum. — „Áætlað er að það skili ríkissjóði tekjum upp á 750 millj. kr. samkvæmt fjárlögum 1993.

Í vegáætlun eru nú framlög til ferja og flóabáta upp á 330 millj. fyrir árið 1993, 551 millj. kr. árið 1994, 569 millj. kr. árið 1995 og 555 millj. kr. árið 1996 og skerðist framkvæmdafé til vegagerðar sem því nemur.“

Þær 1.550 millj. sem merktar eru framkvæmdaátaki í vegamálum á yfirstandandi ári, sem mikið hefur verið gert út af hér í umræðum, er vissulega stór upphæð og ef þær væru bara viðbótarfé við framkvæmdaáætlun vegáætlunar, þá værum við að sjálfsögðu mjög ánægð með það. En það er ekki einu sinni að búið sé að ákveða hvernig þessar millj. verði teknar eða hvernig þær verði endurgreiddar eða hvenær þær koma til frádráttar á framkvæmdafé vegáætlunar á næstu árum. Ef þetta er síðan skoðað nánar, þá er á þessu ári um 876 millj. að ræða sem er aukning til vegaframkvæmda frá því sem áætlunin hefði verið. Þá er ég að draga frá 344 millj. sem eru fyrst teknar og settar í ríkissjóð og einnig 330 millj. sem í þessari vegáætlun er ætlað til ferja og flóabáta. Það er því alveg augljóst að það eru ekki 1.550 millj. sem eru til viðbótar, heldur 876 millj.

Við getum líka skoðað hvernig framkvæmdaáætlunin eða vegáætlunin hefði litið út á síðasta ári, en eins og menn muna kannski frá umræðum í fyrra, þá var vegáætlunin í fyrra skert um 765 millj. Ef við tökum það til viðbótar og bætum því við skerðinguna í ár þá eru 111 millj. eftir sem er nýtt fé ef við skoðum þessi tvö ár sameiginlega. Skerðingin í fyrra sem var allveruleg og það sem kemur til frádráttar núna með skerðingu, og framlög til flóabáta og ferja, þá eru rúm-

ar 100 millj. eftir af þessum 1.550 þannig að þetta er nú dálítill leikur með tölur eins og menn hljóta að sjá.

Við teljum að hér sé verið að gefa ávísun á minnkandi framkvæmdir á næstu árum eða eftir 1996. Þá hlýtur að koma til greiðsla á þeim lánum sem verið er að taka og heimfæra á sem auknar vegaframkvæmdir og hlýtur það að draga úr framkvæmdagetu Vegasjóðs sem því nemur. Eins og kom fram hjá formanni áðan þá hefur ekki verið tekin ákvörðun um lánstíma eða tilhögun á endurgreiðslum þessara fjármuna. Hitt getum við aftur á móti viðurkennt að það er aukning samt sem áður, það eru þarna 111 millj. kr. ef við tökum þessi tvö ár, skerðinguna í fyrra og það sem skert er núna. Það hefði bara verið miklu eðlilegra að setja þetta rétt upp heldur en að setja fyrst upp 1.550 millj. sem framlag og draga síðan 344 millj. frá og setja inn ferjur og flóabáta í vegáætlunina líka. En ég ætla ekki að orðlengja það neitt frekar, það er svo sem oft búið að ræða þetta hér. Þetta var einnig rætt í umræðunum um fjárlögin þannig að menn hafa sjálfsagt heyrt eitthvað af þessu áður.

Það sem við gagnrýnum fyrst og fremst, að öðru leyti, er að nú skuli eiga að bæta við verkefnum á Stórverkefnasjóð. Hlutverk sjóðsins hefur frá árinu 1989, þegar hann var stofnaður eða búinn til liður yfir hann í vegáætlun, verið að fjármagna gerð jarðganga, stórbrúa og fjarðaþverana. Hér átti að vera um mjög fá en stór verkefni að ræða. Í langtímaáætlun sem hér var rædd þó að hún væri ekki samþykkt endanlega, þá hefur samt verið unnið eftir henni. Í henni er gert ráð fyrir að á eftir jarðgöngum á Vestfjörðum, sem nú er verið að vinna að, komi framkvæmdir við jarðgöng á Austfjörðum. Í brtt. frá meiri hluta nefndarinnar er tekin inn ný skilgreining á hlutverki Stórverkefnasjóðs sem gerir ráð fyrir því að framkvæmdir við bættar vegasamgöngur milli Norður- og Austurlands rúmist þar inni og einnig vegaframkvæmdir við Búlandshöfða á næstu árum.

Komið hefur fram ákveðin skoðun af hálfu meiri hlutans þegar spurt var út í hvort þetta yrði ekki til þess að frestað yrði framkvæmdum við jarðgöng á Austfjörðum, það yrði ekki eins og talað hafði verið um að þær kæmu næst á eftir Vestfjarðagöngum. Sem Vestfirðingi er mér kunnugt um að það var mikil samstaða milli Vestfirðinga og Austfirðinga um að Vestfirðir hefðu þarna forgang og Austfirðir kæmu síðan næst á eftir. Þegar þetta var rætt nánar í samgn. kom sú skoðun fram hjá meiri hlutanum að með því að taka inn nýja skilgreiningu á stórverkefnum sé verið að fresta gerð jarðganga á Austfjörðum eitthvað fram á næstu öld, en samkvæmt langtímaáætlun í vegagerð voru jarðgöng á Austfjörðum inni árin 1995–1998, eða á öðru tímabili langtímaáætlunar, með 448 millj. kr. En samkvæmt þeirri tillögu sem við erum að ræða eru 28 millj. til þeirra hluta fyrir þann tíma sem þessi vegáætlun nær yfir, þ.e. árin 1993–1996.

Við í minni hlutanum teljum að með þessum breytingum sé verið að víkja frá þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið um jarðgangagerð. Stórverkefnasjóði er ætlað að fjármagna fleiri verkefni en áður án þess að fá til þess aukna tekjustofna. Það hlýtur óhjákvæmilega að leiða til þess að dreifa þarf framkvæmdum á lengra tímabil.

Ekki er deilt um það að hin nýju verkefni séu viðamikil og fjárfrek og því erfitt að fjármagna þau af framkvæmdafé viðkomandi kjördæma. Til þess að bæta við verkefni Stórverkefnasjóðs þyrfti hann hins vegar aukið fjármagn. Á því er hins vegar ekki tekið í tillögum meiri hlutans. Það er rétt að minna á það í þessum umræðum að þegar liðurinn Stórverkefni var tekinn upp í vegáætlun þá var það byggt á þeim forsendum, samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum Vegagerðarinnar, að fjárhagsrammi sjóðsins yrði víkkaður. Þær upplýsingar hef ég frá Vegagerðinni að rætt var um það að til þess að Stórverkefnasjóður gæti skilað sínu hlutverki, þetta eru stór og mikil og fjárfrek verkefni, þá þyrfti að finna honum nýja tekjustofna eða að fjárhagsrammi hans yrði víkkaður eða aukinn á einhvern hátt. Og það er fyrst og fremst það sem ég hef verið að segja. Þarna er bætt inn verkefnum sem ég sé ekki hvernig eigi að rúmast með sömu áætlun og gerð hafði verið um framkvæmdir úr Stórverkefnasjóði sem rætt hefur verið um í ákveðinni röð. Það er verið að taka þarna inn í verkefni sem eiga að koma inn á milli þeirra áætlana sem áður höfðu verið gerðar, sem samkomulag hafði verið gert um.

Þá telur minni hluti nefndarinnar að í algert óefni sé komið hvað varðar fjármagn til framkvæmda við þjóðbrautir. Víða er svo komið að viðhaldi er mjög ábótavant, jafnvel svo að slysahætta getur skapast af. Ljóst er að þörf er á auknu viðhaldi vega, bæði vega með bundnu slitlagi og malarvega. Endurnýjun á slitlögum vega hefur á undanförnum árum verið langt frá áætlaðri þörf. Nauðsynlegt er að auka fjármagn til þessa hluta vegaþjónustunnar á næstu árum — og ég hef raunar trú á því að þar sé meiri hluti samgn. okkur sammála.

Af þessum ástæðum fyrst og fremst sem ég hef nefnt, en ekki vegna þess að við séum að gagnrýna skiptingu á vegafé innan annarra flokka eða innan kjördæma eins og ég sagði áðan, og ekki vegna þess að við gagnrýnum það að markaðar tekjur, bensíngjald og fleira sé útreiknað rétt. Við gagnrýnum fyrst og fremst að verið er að skerða Vegasjóð, bæta síðan við framkvæmdaátaki, draga síðan frá framlög til ferja og þar að auki er ekkert minnst á þá skerðingu sem gerð var í fyrra. Það er fyrst og fremst þetta sem gerir það að verkum að einstakir nefndarmenn munu þar af leiðandi sitja hjá við afgreiðslu vegáætlunar eða einstakra liða hennar. Ég hef ekki gengið út frá því að minnihlutamenn mundu allir sitja hjá við þetta allt saman, það fer eftir hverjum og einum. En þetta eru þau atriði sem við vildum koma á framfæri.

Frsm. meiri hluta samgn. (Pálmi Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. frsm. minni hluta, hv. 6. þm. Vestf., taldi mig hafa ofsagt í máli mínu þegar ég lýsti því að í áliti minni hlutans væri boðað að þeir þingmenn sem hann skipa mundu sitja hjá við tillöguna og

alla liði hennar. Ja, guð láti gott á vita. En vegna þess að hv. þm. taldi að ég mundi ekki hafa lesið þetta nál. þá tel ég ástæðu til þess með leyfi virðulegs forseta að lesa lokasetninguna. Hún hljóðar svo með leyfi forseta:

„Undirritaðir nefndarmenn telja rétt að ríkisstjórnin taki alla ábyrgð á þeim atriðum sem hér um ræðir og munu því sitja hjá við afgreiðslu vegáætlunar eða einstakra liða hennar."

Undir þetta skrifar hv. frsm. minni hluta sem hér var að ljúka máli sínu og skýrara getur það ekki verið.

Frsm. minni hluta samgn. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. formaður samgn. las vissulega rétt síðustu setninguna í áliti minni hlutans. En ég gerði einnig að umtalsefni upphafið á áliti minni hlutans þar sem segir að minni hlutinn geri ekki athugasemdir við afgreiðslu þingmannahópa kjördæmanna. Það kemur bæði fram í upphafinu og í lokunum að ekki er gerð athugasemd við allt saman og þar af leiðandi er þeim einstöku nefndarmönnum í sjálfsvald sett hvort þeir styðja einhverja liði eða sitja hjá, enda segir líka í lokaorðum að þeir muni sitja hjá við afgreiðslu vegáætlunar eða einstakra liða hennar. Það er því ekki endilega víst að þeir sitji hjá við alla vegáætlunina.

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að byrja á því að lýsa yfir vonbrigðum mínum með að það gerðist aftur eins og í fyrra að vegáætlun kemur til umræðu undir lok þingsins þegar nánast enginn tími er til þess að ræða mál og þegar menn eru orðnir uppteknir af mörgum málum sem þrýst er á að komist í gegnum þingið áður en þingmenn fara heim. Þess vegna er ekki tækifæri til þeirrar umræðu sem þyrfti vissulega að fara fram um mótun stefnu í þeim málum sem lögð eru fyrir þingið. Vissulega er full ástæða til gagnrýni á margt sem hér er sett fram, en það er líka ýmislegt sem ég hygg að allir þingmenn mundu verða og eru sammála um í þessari áætlun.

Það sem hæstv. formaður samgn. var að segja áðan var eitthvað á þá leið að það vekti furðu hans að minni hlutinn hafi ákveðið að ætla að sitja hjá og hann hélt því fram að það væri óvenjuleg afstaða og ekki sérlega hyggileg. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst að meiri hlutinn hafi gengið fram í þessum málum með þeim hætti að hann þurfi ekki að vera hissa á því þó að minni hlutinn sé ekki tilbúinn til að rétta upp höndina með því sem hér er verið að gera. Því að slíkar hundakúnstir sem hæstv. ríkisstjórn hefur haft uppi í þessum vegamálum eru sem betur fer ekki mjög algengar.

Fyrst er gengið í það að skera niður vegáætlun um 565 millj. í fyrra og þegar sú vegáætlun var til umræðu þá gagnrýndi minni hlutinn harðlega hvernig að því væri staðið og benti meiri hlutanum á að í þeim aðstæðum sem væru nú í þjóðfélaginu ættu menn vissulega að halda uppi framkvæmdum í vegagerð. Þetta hefur haft áhrif á hæstv. ríkisstjórn því hún tók sig saman í andlitinu og ákvað að snúa við blaðinu og fara að auka framkvæmdir við vegi landsins. En hvernig gerði hún það? Það var ákveðið að Vegagerðin skyldi taka til þess lán og það hét framkvæmdaátak í vegamálum eða eitthvað slíkt, (Gripið fram í.) í atvinnumálum já, framkvæmdaátak í atvinnumálum. Gott og vel. En hv. frsm. minni hlutans lýsti því vel áðan með tölum hvernig farið var að. Fyrst voru markaðir tekjustofnar skertir og nýjum álögum bætt á Vegasjóð og síðan var tekið lán til þess að bæta upp skerðingarnar. Og eftir sitjum við með það að það kemur út á núlli og illa það, ef borið er saman árið í fyrra og árið í ár. Það sem gert var ráð fyrir til vega og það sem verður unnið fyrir samanlagt á þessum tveimur árum, kemur nánast út á núlli og stóra átakið í vegamálum er orðið að einu stóru núlli.

Hv. formaður samgn. lýsti því fyrir okkur með tölum áðan að þrátt fyrir allt væri þó meira fé til vegagerðar á þessu tímabili sem fram undan væri heldur en verið hefði á tímabilunum á undan og það er út af fyrir sig rétt hjá honum. En það hafði líka verið gert ráð fyrir því í þeim vegáætlunum sem lágu fyrir að svo yrði. Ríkisstjórnin er í raun og veru að draga úr þeim áformum sem voru í vegáætlun og lágu fyrir og með því að bæta nýjum álögum á Vegasjóð hefur þeim tekist að koma því þannig fyrir, þrátt fyrir sitt stórátak í vegamálum, að þetta kemur allt saman út nokkurn veginn á núllinu.

En hvernig í ósköpunum á að vera hægt að skrifa upp á svona aðferðir? Og eitt er það að á sama tíma og verið er að taka lán til vegagerðar þá er gert ráð fyrir skerðingum áfram og ekki bara á þessu ári. Látum vera að menn hefðu tekið þessar ákvarðanir eftir að búið var að ákveða að skerða Vegasjóð og færa í ríkissjóð peninga sem áttu að ganga til hans. En þetta ótrúlega gerist að menn setja fram vegáætlun fram í tímann þar sem ákveðið er að halda skerðingunum áfram og lántökunum. Það er sem sagt gert ráð fyrir að halda áfram að færa fé í ríkissjóð frá vegamálunum en halda líka áfram að taka lán vegna stórverkefnisins sem ríkisstjórnin er að hæla sér af. Ég verð að segja alveg eins og er að eftir að hafa séð hvernig stjórnarflokkarnir fóru að því að ákveða sín á milli með hrossakaupum í ríkisstjórnarflokkunum, hvaða verkefni fengju náð fyrir þeirra augum til þess að koma í þennan stórverkefnasjóð þeirra, þetta framkvæmdaátak í vegamálum, þá læðist að manni sá grunur að allt hafi þetta verið gert í því eina augnamiði að geta ráðskast með það, fram hjá þeim áætlunum sem búið var að ákveða í vegamálum, hvaða verkefni yrðu efst á dagskrá í hverju kjördæmi. Nei, ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst að það væri mikið geðleysi minni hlutans ef hann sætti sig við svona aðferðir. Ég held að það sé ekki annað fyrir okkur að gera en sitja hjá við einstaka liði vegáætlunar og sitja síðan hjá við afgreiðslu hennar því svona vinnuaðferðir ganga auðvitað ekki. Ég trúi því bara ekki að menn ætli að halda áfram á þessari braut. Það hefði verið hægt að halda uppi framkvæmdum í vegamálum, alveg fyllilega því

framkvæmdamagni sem gert er ráð fyrir með þessu stórátaki ef Vegagerðin hefði fengið að njóta sinna tekjustofna. Að maður tali ekki um úr því að menn voru það hugaðir að auka álögur á bíleigendur með því að hækka bensíngjaldið, hvort það hefði ekki verið skynsamlegra og sanngjarnara að nota þá peninga til vegagerðar í landinu heldur en að láta þá renna í ríkissjóð og láta síðan Vegagerðina taka lán á móti því. Þetta er ekki stefna sem minni hlutinn getur skrifað upp á í vegamálum og þess vegna mun hann auðvitað ekki gera það.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það eru örfá atriði sem ég vildi koma inn í þessa umræðu þegar vegáætlun kemur hér fyrir til síðari umr. eftir að samgn. og þingmenn kjördæmanna hafa fjallað um þær skiptingar á fjármagni sem þar eru fyrir hendi. Það hefur verið farið yfir það við fyrri umr. um till. til þál. um vegáætlun að hún einkennist að nokkru af því að hún inniheldur sérstakt framkvæmdaátak, sem kallað er, sem ríkisstjórnin efndi til vegna atvinnumála. Það er í sjálfu sér góðra gjalda vert og ekki ætla ég að hallmæla því. Það er langt í frá þó að hér hafi auðvitað verið bent á að það er kannski ekki allt sem sýnist í þessum efnum og það fjármagn sem upp er sett ódrýgist af ýmsum ástæðum. Eigi að síður var það þó staðreynd að þarna var 1.550 millj. úthlutað til sérstakra verkefna.

Það hefur verið deilt á það í 1. umr. um þetta mál hvernig að þeirri úthlutun var staðið og ég vil halda því til skila við þessa síðari umr. og vona að þannig verði ekki staðið að málum aftur ef eitthvað slíkt kemur upp við næstu vegáætlun.

Ég verð að segja að aðfarir ríkisstjórnarinnar og hæstv. samgrh. og hans samstarfsmanna við að ákveða sérstök verkefni, ákveða það fyrst og láta síðan inn á borð þingmannanna. Það stofnaði því ágæta samstarfi sem verið hefur um skiptingu fjármagns samkvæmt vegáætlun í hættu. Við þingmenn Austurl. lögðum mikla vinnu í að fjalla um þessi mál og gekk á ýmsu lengi vel. En að lokum komumst við að samkomulagi um skiptingu þannig að ég hygg að þessi mál hafi að þessu sinni sloppið fyrir horn hvað okkur snertir. Auðvitað eru þetta vinnubrögð sem eiga ekki að koma fyrir aftur. Ef ráðist er í að flýta framkvæmdum, eins og ég vil kalla þetta, að fara í sérstakt átak sem kallað er og greiða það síðan með framlögum næstu ára, þá eiga þeir fjármunir að koma inn á borð þingmannanna til skiptingar. Ég tek fram varðandi Austurl. að þingmannahópurinn náði samkomulagi um þá skiptingu sem þar um ræðir þannig að hvað okkur snertir má segja að þessi vinnubrögð hafi sloppið fyrir horn.

Ég ætla ekki að endurtaka það sem var rakið í áliti minni hluta samgn. að það er að sjálfsögðu, þegar tekið er tillit til niðurskurðar á vegáætlun o.s.frv. og þegar ferjur eru komnar inn í og búið að reikna þá fjármuni inn, farið að sneiðast um þessar 1.550 millj. En ég ætlaði ekki að endurtaka þá umræðu.

Ég vil aðeins koma að því og halda til haga við þessa síðari umræðu um vegáætlun að hlutur sýsluvega og þjóðbrauta liggur mjög útundan í þessari vegáætlun eins og öðrum sem hafa verið afgreiddar á undanförnum árum. Ég ætla ekki að skrifa það á reikning þess hæstv. samgrh. sem nú situr. Það hefur löngum verið svo að hlutur þessarar gerðar vega hefur verið mjög fyrir borð borinn. Hlutur þjóðvega eða þjóðbrauta í þessari vegáætlun er 283 millj. kr. Þjóðbrautir landsins eru lengri heldur en stofnbrautirnar samkvæmt þeim skýrslum sem koma fram í athugasemdum við vegáætlun og eru yfir 4.000 km. Það geta því allir séð að þarna er mikil þörf sem ekki er mætt nema að litlu leyti. Sama er að segja um sýsluvegina. Það hefur verið svo á undanförnum árum að hlutur þeirra hefur verið nokkuð fyrir borð borinn en sýsluvegir landsins eru yfir 3.000 km. Hlutur þeirra í þessari vegáætlun er 160 millj. kr. á þessu ári. Árið 1989 komu sýsluvegirnir til ríkisins við síðustu verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Eftir það hafa ekki verið framlög til sýsluveganna sem svaraði aukaframlegi sveitarfélaganna þannig að framlög til þeirra hafa heldur dregist saman síðan þessi breyting varð. Þetta er eins og ég segi ekki nýtt nú við afgreiðslu þessarar vegáætlunar þannig að ég er ekki að deila á núv. hæstv. samgrh. fyrir þetta mál sérstaklega en ég vil bara benda á að það er þörf á stefnubreytingu í þessum efnum. Þessum atriðum vildi ég halda til haga við þessa vegáætlun.

Ég ætla ekki að verða langorður um ýmis atriði varðandi Austurl. og tengingu Norður- og Austurlands sem hefur verið til umræðu á undanförnum vikum. Sú tenging er í athugun og ég býst við að þau mál fari í skynsamlegan farveg, það verði gengið í að finna heppilegt vegarstæði á milli Norður- og Austurlands en þau mál eru ekki komin á hreint enn þá hvað varðar leiðirnar frá Grímsstöðum á Fjöllum og austur á Hérað. Sú athugun er komin í ákveðinn farveg sem við vonum að sjálfsögðu að leiði til árangurs á næstu árum.

Að öðru leyti ætla ég ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég vildi halda þessum atriðum til haga og vona að þau vinnubrögð verði viðhöfð áfram að þingmannahóparnir fái það hlutverk að skipta þeim fjárhæðum sem ætlaðar eru til vegamála heima fyrir. Ég held að það fyrirkomulag hafi verið farsælt og þingmannahóparnir hafi reynt að gæta eins og kostur er jafnræðis í þeirri skiptingu. Það hefur auðvitað verið deilt á okkur fyrir þá skiptingu oft og tíðum og þingmenn taldir veita fjármunum í vegarspotta hér og þar. Það heyrir maður oft í fjölmiðlum sem kynna sér ekki málin og þá þörf sem er fyrir hendi að laga ófæra vegarspotta og alls konar samgönguhindranir sem eru því miður enn þá hér og þar um landið þrátt fyrir stórkostlegar framkvæmdir í vegamálum undanfarin ár sem vissulega hafa átt sér stað.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil við þessa umræðu um vegáætlun bæta hér nokkru við. Í fyrstu vil ég þakka hv. 2. þm. Norðurl. v. fyrir ítarlega ræðu sem hann flutti þegar hann mælti fyrir áliti meiri hluta samgn. Í máli

hans kom fram sú stefnumótun sem vegáætlun felur í sér. Sú stefnumótun felst í því að veruleg áhersla er lögð á framkvæmdir í vegamálum á næstu fjórum árum. Það fer ekki milli mála að það kemur rækilega fram í vegáætlun að ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á að ná fram tilteknum mikilvægum áföngum í samgöngubótum í vegakerfi landsins.

Það er auðvitað nauðsynlegt við þær aðstæður sem við búum við í þjóðfélaginu í dag, með minnkandi tekjum, að halda þessu atriði til haga. Það er af mörgum ástæðum sem þessi leið er farin. Í fyrsta lagi skiptir miklu máli fyrir framfarir og framþróun og uppbyggingu atvinnulífsins í landinu að bæta vegakerfið. Í annan stað er mikilvægur þáttur og mikilvægt innlegg í því að efla atvinnulífið í landinu að halda uppi eins miklum framkvæmdum við vegagerð og nokkur kostur er. Í fskj. með nál. meiri hluta samgn. kemur fram hvernig þróunin hefur verið í fjárveitingum til vegagerðar á undanförnum árum, allt til ársins 1983. Á sama hátt er sýnt fram á hvaða þróun vegáætlunin sem við erum að fjalla um gerir ráð fyrir.

Þegar litið er til þess tímabils sem nú er liðið, vegáætlunartímabilsins 1989–1992, kemur í ljós að á verðlagi ársins 1993 er framkvæmdafé að meðaltali á ári um 5,4 milljarðar. Í þeirri vegáætlun sem við erum að ræða eru það tæpir 7 milljarðar á ári að meðaltali sem áætlaðir eru til þeirra verkefna sem Vegagerðin fæst við og er þá þar með talið það framlag sem er sett til ferjureksturs. Þetta er nauðsynlegt að tíunda og draga fram vegna þess að látið hefur verið í veðri vaka og ekki síst af hv. 3. þm. Vesturl., að hér sé jafnvel um afturför að ræða. Ég verð að segja að sú ræða var alveg dæmalaus þegar hann reynir að koma því á framfæri að hér sé ekki um verulega aukningu að ræða og í rauninni nýjar áherslur í framkvæmdum í vegagerð.

Hv. 3. þm. Vesturl. ræddi um Stórverkefnasjóðinn og hafði uppi nokkrar efasemdir um það hvaða viðfangsefni væri gert ráð fyrir að taka þar inn. Ég verð að segja að ég fagna þeirri breytingu sem lagt hefur verið til að gera á skilgreiningu vegasjóðs. Þar koma inn ný og mjög mikilvæg verkefni, mjög mikilvægar samgöngubætur sem tengjast einmitt þeirri stefnumótun sem hefur verið unnið að á vegum ríkisstjórnarinnar, að tengja saman atvinnusvæðin með bættum samgöngum. Í því sambandi má nefna tengingu annars vegar Norður- og Austurlands og svo ekki síður, og það vil ég nefna sérstaklega, tengingu á norðanverðu Snæfellsnesi með framkvæmdum um Búlandshöfða. Sú framkvæmd mun gjörbreyta þessu svæði, norðanverðu Snæfellsnesi, í atvinnulegu tilliti þegar greiðar samgöngur geta orðið á norðanverðu Snæfellsnesi frá Ólafsvík til Grundarfjarðar og Stykkishólms og allt inn í Dali. Þessu atriði í vegáætlun fagna ég alveg sérstaklega og tel að þar sé um að ræða mjög mikilvægt verkefni sem við þingmenn Vesturl. hljótum að styðja mjög eindregið.

Ég vil aðeins gera að umtalsefni þær áherslur sem lagðar voru og þær línur sem lagðar voru um framkvæmdir í vegagerð með framkvæmdaátakinu sem gerð er grein fyrir hér í vegáætlun, þar sem tiltekin verkefni voru tekin til meðferðar og aflað fjár til þess að hraða þeim á þessu ári og væntanlega á hinu næsta. Vegna þess að við hljótum að líta sérstaklega á þau viðfangsefni, þó við skoðum auðvitað vegáætlunina í heild, sem snúa að hverju og einu kjördæmi, þá hlýt ég að fagna því að það skyldi hafa tekist að afla fjármuna til að ljúka eða hefja lokaáfanga við tilteknar framkvæmdir á Vesturlandi, t.d. veginn um Hellistungur sem verður væntanlega lokið á árinu 1993. Þar með er framkvæmdum við Þjóðveg 1 lokið í gegnum Vesturlandskjördæmi og er það mjög mikilvægur áfangi út af fyrir sig. Einnig vil ég nefna þá framkvæmd sem gert er ráð fyrir að vinna í sumar og á næsta ári sem er tenging um Hraunsfjörð milli Eyrarsveitar og Helgafellssveitar. Þar er nokkuð stór framkvæmd, brúarframkvæmd og liður í því að tengja norðanvert Snæfellsnesið og er afskaplega mikilvægur þáttur í tengingu þess atvinnusvæðis.

Þar er einnig um að ræða framkvæmdir við Búlandshöfða sem ég nefndi áðan en þetta framkvæmdaátak nær til þess áfanga einnig. Þá vil ég nefna framkvæmdir við Suðurá á Bröttubrekku en sú framkvæmd sem þar verður unnin í sumar er mjög mikilvægur þáttur í að bæta samgöngur um Bröttubrekku í Dali.

Virðulegi forseti. Ég vil ekki lengja þessa umræðu en vildi koma þessum atriðum á framfæri.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna þess að hv. 1. þm. Vesturl. hafði orð á að ég hefði látið koma fram efasemdir um þessa nýju skilgreiningu Stórverkefnasjóðsins sem kemur fram í vegáætlun þá vil ég að það komi skýrt fram að ég hef ekki lagst gegn þeirri skilgreiningu. Ég hef hins vegar sagt að menn þurfi að hafa það til endurskoðunar áfram hvernig svona skilgreiningar eigi að vera. Það verður auðvitað að viðurkennast að þegar menn fara í það farið sem þarna hefur verið lagt til, þ.e. að ákveðinn vegarspotti frá einum punkti til annars verði að stórverkefni, þá verður býsna erfitt að verjast hugmyndum um stórverkefni af því tagi annars staðar. Ég held að menn verði að gera sér grein fyrir þessu. Hins vegar hef ég talið að verkefni eins og t.d. Búlandshöfði væru af þeirri stærðargráðu að þau væru ofviða viðkomandi kjördæmi og því ætti að fjármagna þau með sérstökum hætti. Ég hef reyndar verið á þeirri skoðun að Þjóðveg 1 og þá vegi sem þarf til að tengja byggðirnar við Þjóðveg 1, hefði átt að fjármagna sérstaklega af sameiginlegum sjóðum. En það er kannski of seint að tala um þá hluti í dag. Ég vil að þetta komist til skila. Ég vil líka segja til viðbótar að ég hef út af fyrir sig ekki verið að gagnrýna það verkefnamagn sem verið er að leggja til í þessari áætlun eða undirbúning hennar faglega séð. Ég gagnrýni fyrst og fremst hvernig ríkisstjórnin hefur staðið að þessu með alveg ótrúlegum hundakúnstum, til að geta komið puttunum í það hvaða verkefni eigi að ganga fyrir í kjördæmunum.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þingmaðurinn

skuli draga í land en ég trúi því að þegar hann les yfir ræðu sína þegar hún birtist í þingtíðindum þá muni hann verða þess var að þar hafi gætt nokkurrar óánægju og allt að því ólundar yfir þeim verkum sem fyrirhugað er að fara í.

Varðandi skilgreiningar á Stórverkefnasjóði þá er ég sammála því að auðvitað þarf þetta jafnan að vera til endurskoðunar. Hlutirnir breytast og ég er honum að því leyti sammála að við þurfum að endurskoða vegáætlun. Hún er til fjögurra ára, er endurskoðuð eftir tvö ár og þá gefst færi á að skoða þessi verk sem inn á Stórverkefnasjóðinn eiga að fara. Ég er hins vegar sannfærður um að það á eftir að sýna sig að þessi nýja skilgreining á Stórverkefnasjóðnum, sem gerir ráð fyrir því að tengja saman atvinnusvæði, er eitthvert merkasta innlegg sem komið hefur fram og á væntanlega eftir að skila sér í betri samgöngum, sterkari atvinnusvæðum og um leið eflingu byggðanna. Ég tel að megintilgangurinn með því að bæta vegasamgöngur sé að efla byggðirnar í landinu og styrkja þær.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að vona að mér hafi ekki orðið á einhver mismæli. Ég var fyrst og fremst að gagnrýna hér áðan þetta stóra verkefni ríkisstjórnarinnar sem hún kallaði svo, átak í atvinnumálum, en ekki skilgreininguna á stórverkefnunum. Þar hafa menn mismunandi skoðanir og ég get vel skilið að þar séu ekki allir sammála um hvernig á að taka á hlutunum. Ég hef aftur á móti sagt og endurtek það hér að ég hef ekki gert athugasemdir við þessa nýju skilgreiningu og vil bara að það sé alveg skýrt.

Frsm. minni hluta samgn. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. talaði um að það væri fagnaðarefni að komnar væru nýjar áherslur í vegamálum. Ég vil segja að ég er honum sammála í því ef svo væri. En þær áherslur eru þannig til komnar að ríkisstjórnin býr til framkvæmdaátak þar sem hún getur sjálf tekið fram fyrir verkefni sem ekki voru öll á áætlun og þingmannahópar höfðu fjallað um við gerð áætlunarinnar. Þarna getur ríkisstjórnin sjálf ákveðið hvaða verkefni hún ætlar að taka fyrir með þessum nýju áherslum.

Til upplýsingar líka. Þetta eru 1.550 millj. eins og við erum oft búin að tala um. Vita menn kannski að þegar ákveðið var að fara út í jarðgangagerð á Vestfjörðum, þá átti að taka að láni til þeirra framkvæmda 1.350 millj. kr.? Ríkisstjórnin sem nú situr byrjaði á því að skera niður 350 millj. kr. á árinu 1991, þar af 200 millj. til Vestfjarðaganga, í fyrra 250 millj., sem átti að taka að láni, hún hætti við það og í ár hætti hún líka við 250 millj. kr. lán. Hún tekur svo 1.550 millj. kr. lán fyrir Vegagerðina. Er þetta ekki leikur með tölur?

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um þessa ræðu vil ég segja og vekja á því athygli að á Vestfjörðum er um að ræða geysilega miklar framkvæmdir í vegagerð um þessar mundir. Ég fagna því og vænti þess að það eigi einnig við um hv. þm. Vestfjarða að þeir fagni þeim stóru og merku áföngum sem við munum ná, m.a. á þessu ári í vegagerð á Vestfjörðum.

Frsm. minni hluta samgn. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þingmenn eru mjög sammála um að það þurfi að auka vegaframkvæmdir og við hv. þm. Sturla Böðvarsson erum örugglega sammála um að jarðgöng á Vestfjörðum eru til mikilla bóta og erum ánægð með það. En við höfum líka verið að deila um skilgreiningu stórverkefna. Hér hefur komið fram að önnur skilgreiningin sem nú er bætt inn í: „Enn fremur einstakir áfangar í tengingu þéttbýlisstaða þannig að úr verði eitt atvinnu- og þjónustusvæði.“ Hér er að vísu miðað við 400 millj. kr. í áætlun. En hefði þetta verið komið inn þrátt fyrir að það sé mikið fjármagn sem fer til vegagerðar á Vestfjörðum, í jarðgöngin, gæti þá ekki verið að þetta ákvæði hefði átt við vegagerð yfir Hálfdán sem núna er tekið af vegafé kjördæmisins? Þar er verið að tengja saman þéttbýlissvæði og atvinnusvæði svo að úr verði eitt heildarþjónustusvæði. Þannig getum við haldið áfram að skoða hvort það séu ekki fleiri og fleiri verkefni sem hægt er að setja undir þessa skilgreiningu. Hvað er t.d. með Reykjanesbraut? Það er verið að ræða um að það þurfi að tvöfalda Reykjanesbrautina. Hvar á hún þá að byrja? Hvar á hún að enda? Í Njarðvík eða Keflavík? Á hún að byrja hérna í Reykjavík eða á hún að byrja einhvers staðar annars staðar? Hvaða vegarspotti yrði þá Reykjanesbraut og hvað mundi hann koma til með að kosta? Mundi hann ekki falla undir þessa skilgreiningu, að bæta vegasamband milli kjördæma, gera eitt úr því þjónustusvæði og atvinnusvæði?

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé mjög ólíku saman að jafna þar sem um er að ræða að bæta samgöngur þar sem ófært er hluta úr árinu eða hvort ætti að fara að setja upp skilgreiningar sem tryggja að hægt sé að hækka e.t.v. hámarkshraðann um þær brautir sem fyrir eru. Ég tel að þó að nauðsynlegt sé að bæta Reykjanesbrautina, ég efast ekkert um það, þá er það e.t.v. ekki eins brýnt og mikilvægt viðfangsefni eins og að koma á færum vegum á milli verstöðva eða byggðarlaga sem yrðu þar með miklu öflugri atvinnuheildir og gætu orðið miklu byggilegri svæði fyrir bragðið. Ég held því að þessi ábending hv. þm. eigi tæplega við hér.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Miðað við almenna stöðu í samfélaginu lít ég svo á að þeir sem um þetta mál hafa fjallað hafi reynt að verjast áföllum og fyrir það er ég þeim þakklátur. Ég er þeirrar skoðunar að vegagerð í þessu landi sé eitt af því sem færir þjóðina saman, gerir hana að einni þjóð og að það sé miklu betri mælikvarði á samgöngumöguleika á milli svæða, hversu lengi sé ver-

ið að fara þá leið heldur en hversu margir km séu. Mér er ljóst að núv. ríkisstjórn hefur átt við verulega erfiðleika að stríða varðandi tekjuhalla á fjárlögum og það hefur verið viðvarandi lengur en hjá þessari ríkisstjórn. Hún hefur vissulega farið í að breyta að sumu leyti vinnubrögðum varðandi vegáætlun. Hún hefur viljað ráða þar meiru sjálf heldur en að breiðfylkja með öllum stjórnmálaflokkum í sinni ákvarðanatöku. Ég lít svo á að hér sé brotið í blað og býst við því að farið geti svo að sú ríkisstjórn sem taki við hugsi sig um tvisvar hvort ekki sé þá eðlilegt að viðhalda þeim vinnubrögðum áfram og láta ekki næstu stjórnarandstöðu fá um málið að fjalla á frumstigi.

Nú er það svo að í mörgum málaflokkum hafa þessi vinnubrögð verið viðhöfð á þennan veg af núv. ríkisstjórn. Auðvitað er það svo að undir sumum kringumstæðum er erfitt að ná samstöðu á breiðum grunni. Merkilegt er það samt að í vegamálum hefur Alþingi Íslendinga náð góðum árangri með því að breiðfylkja í gegnum tíðina.

Ríkissjóður sem slíkur greiðir ekkert fé til vegamála. Það er það fyrsta sem við verðum að gera okkur grein fyrir heldur er það Alþingi sem markar vegamálum ákveðna tekjustofna. Það sem mér finnst vera að núna er það að ríkisstjórnin hefur tekið ákvarðanir um að af þessum tekjustofnum verði greiddur rekstrurskostnaður flóabáta. Með því er ég ekki að segja að ekki sé nauðsyn að halda uppi flóabátum. Mér er það ljóst, en það hefur verið greitt úr ríkissjóði til þessa og í reynd eru tekjustofnar Vegagerðarinnar notaðir til þess að greiða hluti sem áður hafa verið greiddir af ríkissjóði. Hér er um verulega fjármuni að ræða.

Hitt atriðið sem ég er mjög ósáttur við er það að ríkissjóður hefur farið inn á tekjustofna Vegagerðarinnar. Ríkið hefur óhemjumiklar tekjur af umferðinni þó hún fari ekki inn á hina raunverulegu tekjustofna. Hún hefur að sjálfsögðu virðisaukaskattinn af bensíninu og hún hefur haft aðflutningsgjöld af bifreiðum og tolla og hefur þess vegna mjög miklar tekjur af umferðinni. Því segi ég þetta: Allur samanburður langt aftur í tímann á tekjum til vegagerðar er óraunhæfur að því leyti að bifreiðaeign landsmanna hefur að sjálfsögðu verið að vaxa og það er bifreiðaeign landsmanna og gæði veganna og notkun bifreiðanna sem ráða úrslitum um það hvaða fjármunir fást til vegagerðar. Ef hér væru engir vegir, hvergi hægt að aka, þá væru tekjurnar engar.

Með leyfi forseta ætla ég að lesa hér upp örfáar tölur varðandi bifreiðaeign sem segir dálítið um þetta og er þær að finna í þeirri þáltill. sem hér hefur verið lögð fram. Árið 1960 eru 14.228 fólksbílar á Íslandi. Árið 1992 eru þeir 120.862. Árið 1960 eru 5.703 vörubílar og árið 1992 eru þeir 14.623. Heildarbifreiðafjöldi á Íslandi árið 1960 var 20.256 en 1992 var hann 136.874. Þetta segir að sjálfsögðu allt um það hvers vegna tekjur Vegagerðarinnar og tekjustofnar hafa verið að vaxa og munu vaxa með bættum vegum. Hitt er svo spurning hvort það er skynsamlegt að fara strax að taka frá Vegagerðinni fjármuni og setja í ríkissjóð eða fara inn á hennar tekjustofna.

Nú er það svo að sá sem hér stendur hefur mátt þola það að ríkisstjórnir hafa löngum viljað fara inn á þessa braut. Ég hef þess vegna bæði orðið að beygja mig í þeim efnum og einnig hitt, staðið að uppreisn til að tryggja að ekki yrði meira að gert og náð fjármagni til baka. Ég er nefnilega sannfærður um að miðað við þá stöðu sem við erum í í dag gerir þessi þjóð ekkert annað arðbærara en að bæta sitt vegakerfi og ná fleiri erlendum ferðamönnum inn í landinu til þess að hafa af því tekjur.

Núverandi ríkisstjórn mat það svo að Vegagerðin væri það sterk að hægt væri að láta hana taka lán og láta endurgreiða það seinna af tekjum Vegasjóðs, af hinum mörkuðu tekjum. Ég er ríkisstjórninni sammála hvað þetta snertir. Ég tel að ef litið er á Vegagerðina sem fyrirtæki, þá megi líta svo á að hún standi óhemjusterk, hún eigi gífurlegt eigið fé ef við skoðum vegina sem eign og hafi þess vegna mikla möguleika til þess að fara í lántökur og hraða verkefnum og ná þannig meiri tekjum.

Ég held að þó að vissulega sé hægt að deila um það undir hvaða lið aukin átök til samgöngubóta á Stór-Reykjavíkursvæðinu séu sett, hvort það sé sett undir stórverkefni eða annað, þá held ég að ekki sé skynsamlegt hjá okkur dreifbýlismönnum að deila mjög á það. Mér finnst að uppbygging vegakerfisins hér á þessu svæði sé mikið alvörumál vegna þess að ég er sannfærður um að eina aðgerðin sem til langs tíma mun skila árangri til að draga úr umferðarslysum sé bætt hönnun vegakerfisins hér á aðalþéttbýlissvæði landsins. Með því að fækka þeim svæðum þar sem akreinar skerast er hægt að draga úr umferðarslysum.

Ég taldi rétt, herra forseti, að koma þessum sjónarmiðum á framfæri. Ég hafði dálítið gaman af því þegar hv. 1. þm. Vesturl. svaraði hv. 6. þm. Vestf. þegar hv. 6. þm. Vestf. var búinn að draga fram í skýru máli að ríkisstjórnin hefði vissulega farið í að byggja vissa loftkastala til þess að láta hlutina líta þannig út að það væri hún sem væri að leggja peninga til atvinnuuppbyggingar í landinu með því að taka lán til vegagerðar sem Vegasjóður á svo að greiða eða verður greitt af hinum mörkuðu tekjustofnum.

Hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir var búin að gera þetta svo vel að það var eiginlega alveg vonlaust að svara því. En hv. 1. þm. Vesturl., sem er kappsfullur maður og á vafalaust kyn til Sturlunga, greip þá til þess ráðs að sækja fram á öðrum vígstöðvum og reyna að bæta sér það sem tapaðist á þessum og minntist á að miklar vegaframkvæmdir væru á Vestfjörðum og það er rétt. Grunnurinn að því var lagður á tímabili síðustu ríkisstjórnar. Alveg eins og með þeirri þáltill. sem hér liggur fyrir er lagður grunnur að ýmsum vegaframkvæmdum sem verða framkvæmdar e.t.v. eftir lok lífdaga þessarar ríkisstjórnar. Ég held þess vegna að það sé um margt æskilegt að reynt sé að ná breiðri samstöðu um vegamálin og þess vegna held ég að það hafi verið mistök hjá núv. samgrh. að vilja hafa þetta svona mikið inni á skrifborði hjá sér einum. Hann afsakaði sig með því og varðist þar af nokkurri karlmennsku, taldi að það væri sameiginlegt með þeim

Halldórum sem væru í þinginu að þegar þeir væru í ráðherrastól þá vildu þeir báðir ráða. Ég verð að segja eins og er að mér þóttu það nokkur rök. Miðað við að það eru mjög stórir hlutir í þessari vegáætlun sem eru ekkert annað en ákvarðanir sem búið var að taka áður og ég fagna að hafa haldið velli, þá hyggst ég við lokaumræðu málsins samþykkja þáltill. Ég hef gert grein fyrir því sem ég tel að hafi verið mistök við afgreiðslu málsins, þ.e. ég er ekki að deila á hv. 2. þm. Norðurl. v. með því að segja þetta. Ég er ekki að deila á hans vinnu í nefndinni, ég er að deila á það að upphafið var á þann veg að mönnum var hleypt hér saman út af hlutum sem ekki þurfti að fara í deilur um, af þeirri ástæðu sem ég gat um áðan að ekki var farið í að skipa nefnd úr öllum stjórnmálaflokkum til að fara yfir þær áherslur sem menn vildu að kæmu nýjar inn á sínum tíma.

Útbýting þingskjals:

Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels, 566. mál, nál. minni hluta utanrmn., þskj. 1236.

Egill Jónsson:

Virðulegur forseti. Samgöngumálin eru vissulega hugstæð, ekki síst þeim þingmönnum sem eiga kjördæmi úti á landsbyggðinni. Ég hlýt að fagna þeirri niðurstöðu sem fengist hefur við afgreiðslu þessarar vegáætlunar sem hér hefur farið fram.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um skiptingu vegafjár hefur vissulega verið umdeild. Ég get ekki betur séð, a.m.k. þar sem ég þekki til, en hún samrýmist í meginatriðum skoðunum bæði alþingismanna og fyrirsvarsmanna í héraði a.m.k. hvað Austurland varðar.

Ég tek undir og staðfesti það sem hv. 2. þm. Austurl. sagði fyrr í þessari umræðu að þingmenn Austurl. hefðu náð samkomulagi. Sannast sagna þá hafa oft verið gerðar meiri tilfærslur og breytingar frá því að vegáætlun hefur verið tekin til umfjöllunar í Austurlandskjördæmi og þar til henni hefur lokið. Það verður að segjast rétt eins og er. Þannig vænti ég að það sé nú reyndar í fleiri kjördæmum, að á næstu árum næst grundvallarárangur í vegaframkvæmdum á Austurl. Meginhlutinn af leiðinni frá Reykjavík austur til Hornafjarðar verður á næstu árum lagður bundnu slitlagi. Ég hygg að í þessari áætlun muni það vera innan við einn tugur km sem þar stendur út af. Eins er um tengingu Norðfjarðar inn á hið almenna vegakerfi, að þeim verkefnum að leggja bundið slitlag þar um næst að mestu leyti á næsta ári. Sama má segja um Seyðisfjörð, á áætluninni næst í meginatriðum að koma bundnu slitlagi til Seyðisfjarðar. Þarna er því alls staðar um góðan árangur að ræða. Síðan eru í þann veginn að hefjast framkvæmdir við brúarbyggingu yfir Jökulsá á Dal sem er auðvitað mjög mikilvægt verkefni og byrjunarframkvæmd til að tengja saman Norður- og Austurland. Í þessari umræðu sem spannst nátt úrlega af ákvörðun ríkisstjórnarinnar var lengi sá misskilningur að aðrir hlutar kjördæmanna mundu líða fyrir þær ákvarðanir sem þar voru áherslur um. Hvað Austurland varðar þá er niðurstaðan sú að svo er ekki heldur þvert á móti. Nálega allar þær framkvæmdir og kannski allar, sem gildandi vegáætlun gerði ráð fyrir, sem samþykkt var á árinu 1991 á kosningaári og var býsna bjartsýn, ná fram að ganga samkvæmt þeirri áætlun. Að auki er að vissu leyti á ýmsum stöðum bætt um betur.

Það er út af fyrir sig rétt sem komið hefur fram og *má til sanns vegar færa að hér sé um flýtifjárveitingar* að ræða og flýtiframkvæmdir en þær koma sér jafn vel fyrir því. Ég sé það fyrir mér við gerð næstu vegáætlunar sem næði þá væntanlega til ársins 1997 að þá yrði búið að leggja bundið slitlag og byggja upp vegi á meginhlutann af hringvegakerfinu á Austurlandi og komnar góðar tengingar bæði til Norðfjarðar og Seyðisfjarðar. Það sem stendur þá helst út af er norðurjaðar kjördæmisins. Þess vegna hlýt ég að fagna því alveg sérstaklega að ákvarðanir skuli hafa verið teknar um að byggja veg á milli Norður- og Austurlands sem er áreiðanlega eitt mesta framfaramál í vegaframkvæmdum sem Austfirðingar standa nú frammi fyrir.

Mér fannst ástæða til að vekja athygli á þessari niðurstöðu, virðulegur forseti, og að sjálfsögðu styð ég þær tillögur sem hér liggja fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegalög, 2. umr.

Stjfrv., 553. mál (ferjur og flóabátar). — Þskj. 918, nál. 1077.

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. til laga um breytingu á vegalögum sem fjallar um heimild fyrir Vegagerð ríkisins til að kaupa, eiga og hafa umsjón með ferjum og flóabátum sem reknir eru til samgöngubóta svo og að eiga aðild að félögum sem hafa eignarhald á þeim tækjum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn frá Vegagerð ríkisins Helga Hallgrímsson vegamálastjóra, Jón Birgi Jónsson aðstoðarvegamálastjóra og Jón Rögnvaldsson, forstöðumann tæknisviðs. Þá bárust nefndinni umsagnir frá stjórn Skallagríms hf. og Hríseyjarhreppi auk umsagnar fjármálaráðuneytisins sem birt er sem fylgiskjal með nefndarálitinu á þskj. 1077. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegur forseti. Hv. samgn. hefur skrifað upp á nál. hvað varðar þessa breytingu á vegalögum sem gerir ráð fyrir því að Vegagerðinni sé heimilt að kaupa, eiga og hafa umsjón með ferjum og flóabátum. Það er auðvitað liður í því sem hér er orðin staðreynd að rekstur ferja og flóabáta er kominn alfarið á hendur Vegagerðarinnar. Það hefur komið í ljós að til þess að Vegagerðin geti endurskipulagt þennan rekstur, sem

hún hyggst gera, þarf fyrst að breyta þessum lögum þannig að Vegagerðinni sé heimilt að kaupa og hafa umsjón með þessum eignum. Hingað til hefur það verið þannig að ríkið hefur lagt fram stofnkostnað til kaupa á ferjum og einnig til rekstrar. Það hefur hins vegar aldrei verið fært sem eign ríkissjóðs heldur framlag á hverju ári til viðkomandi rekstraraðila sem hafa séð um þennan rekstur. Það er þess vegna í raun og veru í lausu lofti hvert framlag ríkisins hefur verið og hver eignarhluti þess ætti að vera samkvæmt því.

Ég vil leggja áherslu á að þó ég standi að þessu nál. um samþykkt frv. þá áskil ég mér allan rétt til að ræða frekar um rekstur og rekstrarforsendur þeirra ferja og flóabáta sem þetta frv. mun taka til eða rekstur þeirra sem nú eru í gangi.

Það kom fram áðan í umræðunum um vegáætlun hjá hv. formanni samgn. að sett var inn í vegáætlun skilgreining á því hvert væri hlutverk ferja og flóabáta. Þar er nokkuð greint á milli hvort hlutverk þeirra sé að flytja fragt og farþega eða hvort það sé að flytja fragt, farþega og bíla. Hann gerði sérstaklega að umtalsefni Fagranesið í Ísafjarðardjúpi sem í dag ætti samkvæmt skilgreiningu að flytja aðeins farþega og fragt, ekki bíla og taldi það ekki hafa verið hlutverk Fagranessins, djúpbátsins, á undanförnum árum. Að vísu er komið þangað nýtt skip sem keypt var með samþykki ríkisins. Það skip er í raun ferja sem getur tekið bíla sem keyra beint inn í það svipað og Akraborg og Herjólfur, en til þess að það nýtist vantar bryggjuaðstöðu bæði á Ísafirði og inni í Djúpi. Mér finnst ekki hafa komið fram þegar verið er að ræða um ferjur og flóabáta og hlutverk þeirra framvegis og m.a. þetta sem kom fram hjá hv. formanni áðan að Fagranesið, djúpbáturinn, sem þjónað hefur eyjunum í Ísafjarðardjúpi og ströndinni þar sem ekki eru vegasamgöngur sem haldið er opnum allt árið, að það skip hafi ekki hingað til eða áður flutt bíla. Þetta er mikill misskilningur. Gamla Fagranesið sem ekki var bílferja flutti bíla og allt fram til ársins 1977 en á því ári kom akfær vegur um Ísafjarðardjúp. Allt fram til þess tíma fluttu menn bíla sína með Fagranesinu þó að það væri ekki bílferja en það flutti þó allt upp í 10–12 bíla í ferð. Það er því ekki undarlegt að eigendur Djúpbátsins hf. hafi í framhaldi af því þegar þeir hugðust kaupa nýtt skip, gamla Fagranesið var orðið of gamalt til þess að þjóna sína hlutverki, hugsað sér að gera bragarbót á þessu og kaupa skip sem væri jafnframt bílferja en ekki þyrfti krana til þess að hífa bílana um borð.

Þetta mál er ekki búið að leysa að fullu, hvernig verður farið með þetta. Samkvæmt fjárlögum ársins í ár þá er framlag til bygginga ferjubryggja í Ísafjarðardjúpi. Ekki hefur enn þá verið byrjað á að byggja þær en Vegagerð ríkisins mun skipa nefnd eða er jafnvel búin að skipa nefnd sem gerir athugun á því máli, rekstrarforsendum þess að reka þarna bílferju. Það mun þess vegna verða einhver bið á því að fyrir liggi hver rekstrargrundvöllurinn væri fyrir slíka ferju.

Þetta vildi ég að kæmi fram. Það er ekkert nýtt að hér sé verið að tala um að fluttir séu bílar inn í Ísafjarðardjúp og einnig að þó að frá árinu 1977 hafi verið vegur um allt Djúpið þá er hann enn þá ekki eins og menn vilja hafa sæmilegar vegasamgöngur í dag. Vegurinn er á stórum kafla óuppbyggður og tveir þriðju hlutar hans eru ekki með bundnu slitlagi. Á meðan svo háttar að sá vegur er ekki betri en hann er þá held ég að það þurfi fullkomlega að skoðast hvort bílferja þarf ekki enn þá að þjóna samgöngum á þessu svæði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hönnunarvernd, 2. umr.

Stjfrv., 212. mál. — Þskj. 253, nál. 1179, brtt. 1180.

Frsm. iðnn. (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir áliti iðnn. um frv. til laga um hönnunarvernd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund til viðræðna um það Gunnar Guttormsson, forstjóra Einkaleyfastofunnar og lögfræðingana Ellý K.J. Guðmundsdóttur og Ástu Valdimarsdóttur sem ásamt Gunnari Guttormssyni eru höfundar þessa frv. Þá barst nefndinni einnig umsögn um frv. frá Form Ísland sem er félag áhugamanna um hönnun.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj. Þessar brtt., frú forseti, eru að mestu leyti orðalagsbreytingar sem miða einungis að því að gera ákvæði frv. skýrari.

Undir nál. rita án fyrirvara Össur Skarphéðinsson, Pálmi Jónsson, Guðjón A. Kristjánsson, Vilhjálmur Egilsson, Guðjón Guðmundsson, Svavar Gestsson, Finnur Ingólfsson og Páll Pétursson en Kristín Einarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfnunartollur á skipasmíðaverkefni, síðari umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 88. mál. — Þskj. 98, nál. 1181.

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. efh.- og viðskn. um till. til þál. um jöfnunartoll á skipasmíðaverkefni.

Nefndin sendi þessa tillögu til umsagnar ýmissa aðila og fékk jákvæðar umsagnir frá flestum þeim sem skiluðu þeim inn. Nefndin telur málið allrar athygli vert og leggur til að úttekt fari fram á því á grundvelli gildandi laga þeirra millilríkjasamninga sem Ísland er aðili að. Í ljósi þess er lagt til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Það voru ýmis atriði í sjálfum tillögutextanum sem voru þess eðlis að nefndinni þótti rétt að fara þessa leið frekar en að breyta sjálfum textanum eða samþykkja

hann óbreyttan. Þar á meðal var fjallað um það í tillögunni að verja ætti tekjum af gjaldi þessu til tiltekinna verkefna. Eins var vitnað sérstaklega í tollalög varðandi jöfnunartolla á skipasmíðaverkefni og síðast en ekki síst var miðað við það í tillögunni að tollurinn tæki til samninga sem gerðir verða eftir 16. sept. 1992 sem er nú liðinn fyrir alllöngu síðan. Það voru því ýmis atriði í tillögugreininni sjálfri sem gerðu það að verkum að nefndin taldi heppilegra að fara þessa leið. Ég vil taka það fram að nefndin var almennt séð jákvæð fyrir málinu og hvetur ríkisstjórnina eindregið til þess að gera þá úttekt sem talað er um í nál. þannig að það geti komið aftur fyrir þingið í því formi sem samræmist þeim milliríkjasamningum sem við höfum gert og verða þá lagðar til þær breytingar á tollalögum sem þarf til þess að við getum uppfyllt þau ákvæði þeirra samninga.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Frú forseti. Hér er verið að hreyfa við einni athugun, ekki framkvæmd heldur athugun og athuganir eru atvinnuskapandi, það skal viðurkennt. Það vill svo til að hæstv. iðnrh. hefur setið í þessu embætti í sex ár og framkvæmdir á þessu stigi eru komnar á þann veg að nú á að fara að athuga þetta. Þess vegna vildi ég spyrja frsm. nefndarinnar hvað hann telur að sú athugun muni standa í langan tíma sem hér er verið að leggja til, hvort það séu hugsanlega sex ár og eftir að áliti væri skilað, ef sú athugun reyndist jákvæð, hvað hann telur að þá verði langt í framkvæmdir, hvort það verði líka sex ár?

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að það þurfi ekki að taka langan tíma að athuga þessi mál. Við eru í dag búin að ganga frá samþykkt á fríverslunarsamningi milli Íslands og Póllands. Ég hygg að þetta skipti fyrst og fremst máli varðandi viðskipti okkar við Pólverja þar sem komið hafa mestar kvartanir undan undirboðum og því að Pólverjarnir væru að niðurgreiða sínar skipasmíðar í samkeppni við okkur.

Ég held og hef þá trú að það sé hægt að ganga í þetta mál og ljúka því með einhverjum hætti á næsta þingi.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það fyrsta sem ég vildi vekja athygli á er að allir vita að Pólland er mikið láglaunasvæði. Með samþykkt fríverslunarsvæðisins og þeim vangaveltum sem hér fara fram og til baka má það náttúrlega ljóst vera að ef engar varnir eru fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað þá keppir hann ekki við slíkt láglaunasvæði. Þær háskólamenntuðu stéttir sem lengst hafa nám hafa margar hverjar verulegt starfsöryggi tengt réttindum en hinn íslenski verkamaður situr fastur í því að eiga að fara að keppa í vaxandi mæli við verkamenn frá láglaunasvæðum. Ég spyr fulltrúa Verslunarráðsins: Telur hann að þetta gangi upp?

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég vil út af fyrir sig fagna því að þessi tillaga skilaði sér úr nefndinni. Hins vegar get ég ekki lýst yfir neinni sérstakri ánægju með það að málinu skuli vera vísað til ríkisstjórnarinnar. Ég tel að það sé ekki eftir neinu að bíða, menn eigi að taka á þessu máli með því að setja jöfnunartolla á, eftir mat á einstökum þáttum í því sambandi. Mér finnst alveg með eindæmum að við skulum horfa á það að hæstv. iðnrh. skuli samviskusamlega gefa út nýjar reglugerðir um tolla, jöfnunartolla, á kökur og kex, á þriggja mánaða fresti sem ég er út af fyrir sig ekki að gagnrýna, en að hann skuli ekki geta komið því heim og saman að beita jöfnunartollum gagnvart þeim sem hafa verið að keyra yfir okkur í sambandi við skipasmíðarnar á undanförnum árum. Þar höfum við tapað á hverju ári tugum og hundruðum starfa sem eru störf að þjónustu við okkar undirstöðuatvinnuveg, þ.e. útgerðina. Þetta horfum við upp á, aðrir í kringum okkur draga þessa atvinnustarfsemi til sín og eru ekkert að gera það af neinni góðmennsku við okkur eða af því að þeir séu svo vitlausir að vera að styrkja þetta fram úr hófi. Þeir eru að gera þetta vegna þess að skipasmíðar eru einhver mest atvinnuskapandi atvinnugrein sem hægt er að halda á floti því hvert starf við skipasmíðar skapar líklega upp undir þrjú önnur í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels, síðari umr.

Stjtill., 566. mál. — Þskj. 933, nál. 1128 og 1236.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég flyt álit meiri hluta utanrmn. um till. til þál. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund til viðræðna um efni hennar Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra í sjávarútvegsráðuneytinu, Sigurgeir Þorgeirsson, aðstoðarmann landbúnaðarráðherra, Jóhann Guðmundsson, deildarstjóra í landbúnaðarráðuneytinu, og Gunnar Snorra Gunnarsson, skrifstofustjóra í utanríkisráðuneytinu.

Í umræðum um málið kom fram það sjónarmið að íslensk stjórnvöld yrðu að fylgjast vel með því hvort ísraelsk stjórnvöld stæðu við fyrirheit samkomulags sem gert var í tengslum við fríverslunarsamninginn um að arabískum framleiðendum og útflytjendum á hinu svonefnda „yfirráðasvæði" (hernumdu svæðunum), sem tilgreint er í samningnum, verði leyft að koma á samböndum og semja við kaupendur frá EFTA-ríkjum til að þjóna viðskiptahagsmunum sínum og jafnframt hvort arabískum verslunarráðum á þessum svæðum verði heimilað að gefa út vottorð um uppruna. Það sjónarmið kom einnig fram að ekki væri rétt að þýða orðið „territory" í samningnum sem „yfirráðasvæði"

heldur væri eðlilegra að þýða það sem „landsvæði".

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt tillögunnar.

Undir álitið rita auk mín Rannveig Guðmundsdóttir, Geir H. Haarde, Tómas Ingi Olrich og Árni R. Árnason.

Frsm. minni hluta utanrmn. (Páll Pétursson):

Frú forseti. Á þskj. 1236 er álit minni hluta utanrmn. Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund til viðræðna um efni hennar Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra í sjávarútvegsráðuneytinu, Sigurgeir Þorgeirsson, aðstoðarmann landbúnaðarráðherra, Jóhann Guðmundsson, deildarstjóra í landbúnaðarráðuneytinu, og Gunnar Snorra Gunnarsson, skrifstofustjóra í utanríkisráðuneytinu.

Sjálfur fríverslunarsamningurinn er með hefðbundnu sniði og í honum eru sams konar öryggisákvæði og í öðrum fríverslunarsamningum sem ríki EFTA hafa gert að undanförnu. Þessi öryggisákvæði öðlast hins vegar nýja merkingu þegar Ísrael á í hlut þar sem það hefur hertekið og innlimað í ríki sitt stór svæði sem byggð eru Palestínumönnum.

Það er algerlega á valdi stjórnvalda í Ísrael, eins og annarra aðila að sambærilegum samningum, að ákveða hvenær og hvernig þeir beita öryggisákvæðunum. Þannig segir í 24. gr. samningsins að ekkert ákvæði samningsins komi „í veg fyrir að aðili geri ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar: a) til að koma í veg fyrir uppljóstranir sem eru andstæðar mikilvægum öryggishagsmunum, b) til að vernda mikilvæga öryggishagsmuni." Í krafti þessa ákvæðis geta stjórnvöld í Ísrael sem hægast beitt fyrirtæki Palestínumanna á herteknu svæðunum hvers kyns viðskiptahindrunum og gert þeim erfitt og jafnvel ókleift að stunda viðskipti við fyrirtæki EFTA-ríkjanna.

Samningnum fylgir samkomulag milli EFTA-ríkja og Ísraels um útflutning frá „yfirráðasvæðunum". Þar tekur Ísrael að sér að „koma á fyrirkomulagi sem gerir slíkan útflutning kleifan án hindrana af hálfu stjórnvalda". Í þessu samkomulagi segir m.a. að „arabískum verslunarráðum á yfirráðasvæðum verði heimilað að gefa út vottorð um uppruna". Eftir því sem næst verður komist er lítið hald í þessu ákvæði þar sem stjórnvöld í Ísrael hafa beitt því fyrir sig í samskiptum við EB að slíkir aðilar séu ekki til.

Hinn pólitíski þáttur þessa samnings hlýtur að vega þungt og þingmenn verða að svara þeirri áleitnu spurningu hvort rétt sé að taka upp fríverslun við ríki sem byggir á kynþáttaaðskilnaðarstefnu og hefur margsinnis gerst brotlegt við Genfarsáttmálana um stríðsglæpi og vernd óbreyttra borgara á stríðstímum, nú síðast með því að reka hundruð Palestínumanna í útlegð úr eigin landi. Þá hefur Ísrael neitað að virða ályktanir Sameinuðu þjóðanna um sjálfsákvörðunarrétt Palestínumanna og mannréttindabrot Ísraelsmanna á herteknu svæðunum.

Þá vísar minni hlutinn til ályktunar Alþingis frá 18. maí 1989 um deilur Ísraels og Palestínumanna sem birt er með nefndarálitinu sem fylgiskjal I.

Minni hlutinn telur hvorki pólitískar né viðskiptalegar forsendur til að gera þennan samning. Með samningnum er ekki hægt að tryggja frjáls og hindrunarlaus viðskipti við fyrirtæki Palestínumanna á herteknu svæðunum né koma í veg fyrir að þeim sé mismunað í viðskiptum. Minni hlutinn leggst því gegn afgreiðslu þessa máls og mun greiða atkvæði gegn staðfestingu á samningnum.

Undir nál. rita Páll Pétursson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Steingrímur Hermannsson og Hjörleifur Guttormsson.

Eins og ég sagði áðan þá er hér prentað með ályktun Alþingis um deilur Ísraels og Palestínumanna sem var samþykkt á Alþingi 18. maí 1989. Þingheimi til fróðleiks þá vil ég, með leyfi forseta, vitna til hennar. Hún er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að lýsa áhyggjum sínum yfir því ástandi sem ríkir fyrir botni Miðjarðarhafs og telur það stöðuga ógnun við heimsfriðinn.

Alþingi skorar á ísraelsk stjórnvöld að koma í veg fyrir manndráp á varnarlausum borgurum og leggur áherslu á að þau virði mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og 4. Genfarsáttmálann um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum. Nauðsynlegt er að báðir aðilar forðist ofbeldisverk.

Alþingi styður kröfuna um að tafarlaust verði haldin alþjóðleg friðarráðstefna á vegum Sameinuðu þjóðanna með þátttöku allra deiluaðila. Nauðsynlegt er að báðir aðilar sýni raunverulegan samkomulagsvilja og viðurkenni rétt hvor annars í samræmi við ályktun Sameinuðu þjóðanna nr. 181 frá 29. nóvember 1947 sem ásamt ályktunum öryggisráðsins nr. 242 frá 1967 og nr. 338 frá 1973 eru sá grundvöllur er skapað getur varanlegan frið og öryggi í Austurlöndum nær.

Alþingi leggur áherslu á að viðurkenna beri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og tilverurétt Ísraelsríkis. Einnig ber að viðurkenna rétt palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna í samræmi við margítrekaðar ályktanir Sameinuðu þjóðanna.

Alþingi telur að Ísland eigi að hafa vinsamleg samskipti við Frelsissamtök Palestínu, PLO."

Svona hljóðaði ályktun Alþingis sem samþykkt var 18. maí 1989. Okkur sýnist í minni hlutanum að gerð fríverslunarsamnings undir þeim kringumstæðum sem nú ríkja séu alls ekki í samræmi við þessa ályktun.

Frú forseti. Niðurstaða okkar sem skipum minni hluta utanrmn. er sú að við leggjumst gegn fullgildingu þessa samnings.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er komið til síðari umræðu mjög stórt mál sem er tillaga af hálfu ríkisstjórnarinnar um að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, og Ísraels, en samningur þessi var gerður í Genf 17. sept. 1992.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur mælt fyrir áliti okkar í minni hluta utanrmn. sem leggjum til að þessum samningi verði vísað frá. Af minni hálfu er nauðsyn-

legt að ræða þetta mál nokkuð frekar þó að hv. þm. Páll Pétursson hafi dregið fram okkar meginafstöðu til þess.

Það er nú svo að Ísraelsríki er ekki neitt venjulegt ríki. Það er ekki sambærilegt á nokkurn hátt við þau ríki sem undirbúnir hafa verið fríverslunarsamningar við, utan hins svokallaða Evrópska efnahagssvæðis við nokkur ríki í Austur-Evrópu eins og Pólland, Tékkóslóvakíu og jafnvel Tyrkland sem þó var eðlilega mjög umdeilt mál þegar það var hér til umræðu vegna m.a. mannréttindaviðhorfa að því er Tyrkland varðaði. En hvað þá ef litið er til Ísraels? Hvernig stendur á því að hæstv. ríkisstjórn Íslands kemur til þingsins með tillögu af þessum toga? Er ríkisstjórninni og meiri hluta utanrmn. sjálfrátt að vera að leggja til við Alþingi Íslendinga að fullgilda fríverslunarsamning við ríki sem hefur komið fram við fólk innan vébanda ríkisins og á herteknum svæðum sem það hefur lagt undir sig með óréttí og ofbeldi, að ætla að fara að gera við það viðskiptasamning á grundvelli fríverslunar sem tekur langt fram því sem hefur verið í samskiptum við þetta ríki hingað til? Verðlauna það með því fyrir framferðið eins og það hefur birst mönnum á undanförnum árum. Ríki sem virðir engar alþjóðasamþykktir heldur þverbrýtur þær. Samþykktir sem hafa gengið fram á vettvangi hinna Sameinuðu þjóða nær mótatkvæðalaust um áratugi og æ ofan í æ í ýmsu formi. Helst að Bandaríkin á Reagan-tímanum hafi leyft sér að skjóta skildi fyrir ofbeldið enda bera þeir auðvitað öðrum fremur ábyrgð á því sem þarna hefur verið að gerast og þeirri samfelldu sögu brota gegn palestínsku þjóðinni sem viðgengist hefur frá því að þetta ríki var stofnsett að ráði Sameinuðu þjóðanna og raunar með samþykki Íslands á sínum tíma með skilyrðum þó. Var það ekki árið 1947? Mig minnir það.

Ábyrgð okkar Íslendinga á þessu ástandi sem þarna ríkir og framferði stjórnvalda í Ísrael er meiri heldur en margra annarra þjóða vegna þess að íslensk stjórnvöld hafa á liðnum áratugum veitt Ísrael meiri stuðning heldur en flest önnur ríki á alþjóðavettvangi. Það þurfti mikla umræðu á Alþingi Íslendinga fyrir nokkrum árum til þess að fá fram þá samþykkt sem hv. 1. þm. Norðurl. v. kynnti hér og var samþykkt að ég má segja samhljóða á Alþingi 18. maí 1989. Það þurfti til að búið væri að skjóta og drepa hundruð Palestínumanna af Ísraelsher, vopnlausa íbúa á herteknu svæðunum sem höfðu leyft sér að rísa upp til varnar og höfðu ekki annað heldur en steina á móti eldinum og byssuhlaupunum og í þeim hópi fjöldi barna og unglinga.

INTIFATA-uppreisn hinna vopnlausu borgara palestínsku þjóðarinnar varð til þess að hreyfa við samvisku ýmissa sem höfðu sofið fram að þeim tíma. Það varð til þess að hér á Alþingi tóku menn höndum saman um þá ályktun sem var rifjuð upp áðan. Ég spyr hv. alþm.: Eru efni til þess í ljósi þessarar samþykktar Alþingis frá 18. maí 1989 að fara að ganga til samninga við Ísrael og verðlauna þá sérstaklega fyrir það sem síðan hefur gerst með þeim fríverslunarsamningi sem hér er gerð tillaga um? (**Forseti:** Forseta er nauðugur einn kostur að spyrja hv. þm. hvort hann geti hugsað sér að fresta ræðu sinni um sinn þar sem lofað hefur verið utandagskrárumræðu um stöðu iðnaðarins í hálfa klukkustund?) Virðulegur forseti. Það er ljúft af minni hálfu og sannarlega ekki vanþörf að ræða um stöðu iðnaðarins. Síst skal ég standa gegn því á meðan þeir eru í kallfæri sem helst bera ábyrgð á en það fer nú kannski að styttast í því. (**Forseti:** Forseti færir hv. þm. þakkir fyrir það.)

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Staða iðnaðarins.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef verið að kynna mér allmargar bækur sem Þjóðhagsstofnun gefur út, Þjóðarbúskapurinn, framvinda og horfur 1992 og horfur 1993, atvinnuvegaskýrsla 1990, iðnaðarhorfur sem birtast í blaði iðnaðarins 3. apríl 1993, skýrslu forsætisráðherra um fríiðnaðarsvæði á Íslandi og þá skýrslu sem iðnrh. lét í hendur Alþingi Íslendinga vegna fyrirspurnar Svavars Gestssonar o.fl. á síðasta þingi.

Niðurstaðan af þessum athugunum er sú að eiginfjárstaða iðnaðarins hafi hrunið á þeim tíma sem hæstv. iðnrh. hefur stýrt þeim málum. Markaðshlutdeild innlendrar iðnaðarframleiðslu hefur farið minnkandi. Störfum hefur fækkað frá janúar 1991, á tveimur árum, um 1.400 manns í iðnaði, úr 14.000 í 12.600. Ég verð að segja eins og er, af því að ég er einn af þeim mönnum sem ber ábyrgð á því að hæstv. iðnrh. fór í þetta embætti upphaflega, að þá er ég vissulega sekur í þessum efnum. Mínar afsakanir eru einfaldlega þær að við trúðum því að við værum að setja í þetta starf lærðasta mann Alþfl. á þeim tíma, (**Gripið fram í:** Var Össur ekki kominn þá?) mann sem hefði verið settur til mikilla metorða af fyrri ríkisstjórnum, mann sem hefði starfsþrek til að láta stóra hluti liggja eftir sig.

Hæstv. iðnrh. vann vissulega ötullega að einu verki og það var ekki honum að kenna að staða áliðnaðarins í heiminum hrundi vegna þess að kalda stríðið gerði það að verkum að ál fór á útsölu í Sovétríkjunum fyrrverandi og einnig í Bandaríkjunum. En hæstv. iðnrh. virðist hafa veðjað á einn hest. Hann virðist hafa veðjað á einn hest og gert ráð fyrir því að hann þyrfti ekki að hugsa mikið um hinar almennu iðngreinar landsins, það væri nóg ef hann gæti byggt eitt álver, stórt og mikið. Vissulega höfðum við þörf fyrir að selja orku og þetta var hans draumur. En í ljósi þess að það hrundi hljóta menn að skoða betur hvernig staðið var að öðrum þáttum. Það finnst vissulega ein grein sem hefur styrkt sig á þessu tímabili og það er kökugerð og brauðgerð. Ekki skal gert lítið úr því, það er jákvætt og kannski hefur reynslan frá bernskudögunum dugað betur en háskólaprófið til að skila þeirri grein áfram. En hitt eru alvarlegir hlutir sem standa hér í blaði iðnaðarins. Með leyfi forseta, ætla ég að fá að

lesa hér örstutt sem er til túlkunar á línuriti sem vísar öfugt í öllum greinum nema í vefja-, fata-, og skinnaiðnaði. Hann hrundi nefnilega fyrir stuttu síðan og getur ekki farið niður lengur, hann verður að fara upp. Með leyfi forseta. Reiknað á föstu verðlagi er samdráttur veltu í almennum iðnaði um 7,1% milli áranna 1991 og 1992. Sé stóriðja tekin með er samdrátturinn 6,6%. Starfsmönnum í almennum iðnaði fækkaði um 4,9% milli ára.

Spurningin er: Hvað hefur íslenska þjóðin lengi efni á því að hafa hæstv. iðnrh. við störf áður en enginn iðnaður verður í landinu?

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Það er reyndar ekki óvenjulegt að ræður hv. 2. þm. Vestf. séu makalaus og rakalaus runa af stóryrðum og órökstuddum fullyrðingum. Svo var enn í dag. Satt að segja hljóta menn að velta því fyrir sér hvort þetta stafi af glámskyggni á staðreyndir og samhengi efnahagslífsins eða vísvitandi ósvífni í málflutningi. Sjálfur hallast ég að fyrri skýringunni.

Hv. þm. hélt því fram að eiginfjárstaða iðnaðarins hefði samkvæmt skýrslum Þjóðhagsstofnunar versnað á þeim tíma sem ég hef farið með málefni iðnaðarins í ríkisstjórn Íslands. Það er rangt. Það getur hv. þm. sannfærst um með því að skoða það efni sem Þjóðhagsstofnun hefur birt. Frá árinu 1988 til ársins 1991 hefur eiginfjárstaða iðnaðarins batnað hvert ár, þó ekki sé í stóru þá er það samt stefnan.

Ég nefni það líka að hv. þm. spyr: Hvers vegna fækkar störfum í iðnaði? Hvers vegna minnka umsvif hans? Hann hefur spurt að það geti varla stafað af því að sjávarútvegurinn hafi orðið fyrir afturkipp. Þetta er nú svona álíka eins og greining Munchhausens baróns á stöðunni þegar hann sagði: Ekki ber hesturinn það sem ég ber.

Ég spyr þennan hv. þm.: Hvað er það sem hann heldur að ráði mestu um eftirspurn eftir iðnvarningi á Íslandi? Það er að 90% eða því sem næst, þjóðarútgjöldin okkar sjálfra hafa dregist saman af ýmsum ástæðum og ofan á þetta bætast svo erfiðleikar í útflutningi iðnaðarins, brottfall markaðar fyrir ullarvörur í Sovétríkjunum og verðfall og erfiðleikar á ál- og kísiljárnmörkuðum sem við þekkjum öll.

Það er einu sinni þannig að okkar iðnaður starfar fyrir útveginn, hann starfar fyrir fólkið, hann nærist af framkvæmdum og þegar afturkippur verður í okkar útgjöldum þá hlýtur iðnaðurinn að laga sig að því. Sannleikurinn er sá að okkar iðnaður hefur að mörgu leyti staðið sig vel við erfið skilyrði. Þeir sem sjá ekki neitt annað en hnignun hvert sem þeir líta eru veruleikafirrtir. Tölurnar sýna reyndar að allar slíkar staðhæfingar eru einföldun sem styðjast við einstök dæmi en ekki yfirsýn yfir greinina í heild eða yfir langan tíma sem er það eina sem vit er í. Hlutdeild iðnaðarins hefur reyndar haldist hér betur uppi en í flestum nálægum löndum þegar við lítum yfir síðustu 10–20 ár. Við eigum ekki að horfa á eitt og eitt ár í hagsveiflunni.

Það hefur orðið heldur lækkun í hlutfalli iðnaðarins af mannaflanum. Þetta er þróun sem gætir í öllum ríkum löndum. Ástæðan er mikill vöxtur þjónustugreina og ekki síður að fjöldi starfa í iðnaði er ekki lengur áreiðanlegur mælikvarði á umsvif hans eða árangur vegna þess að óglögg skil eru á milli starfa í iðnaði og þjónustu. Breytingar á tækni, ekki síst upplýsingatækni, valda því að störf sem áður töldust til iðnaðar teljast nú til þjónustu. Þetta á t.d. við um iðnfyrirtæki sem geta núna keypt að m.a. ræstingarþjónustu, tölvuþjónustu, tækniþjónustu, auglýsingaþjónustu og sendibílaþjónustu í stað þess að standa að þessu innan sinna vébanda. Við þetta færast auðvitað störfin í hagskýrslunum frá iðnaðinum til þjónustunnar. Þetta hefur líka gerst í öðrum grónum greinum og er ekkert nema gott um að segja og er mælikvarði á árangur þjóðarinnar til betra lífs.

Þetta eru staðreyndirnar. Auðvitað verða menn að átta sig á því að þegar erfiðleikar steðja að okkar sjávarútvegi og í útflutningi þá koma þeir fyrr eða síðar niður í iðnaðinum. Sannleikurinn er sá, gagnstætt því sem kom fram í máli hv. 2. þm. Vestf., að afkoma iðnaðarins hefur verið með betra móti undanfarin ár. Ég man ekki betur en formaður hans flokks, Framsfl., hafi minnst á það alveg sérstaklega á mánudagskvöldið í eldhúsdagsumræðunum að afkoma iðnaðarins hefði verið hin besta árið 1990 á þeim áratug sem hófst 1980. Þá var sami maður iðnrh. og nú, sá sem hér stendur. Árið 1991 var afkoma iðnaðarins líka með betra móti, þau tvö ár saman eru án efa eitt af betri skeiðum í iðnaðarsögunni síðustu 10 árin. Það er rétt að nú blæs í móti árin 1992 og 1993 vegna þess að þjóðarútgjöldin dragast saman, velta iðnaðarins rýrnar, afkoma hans slaknar. Ég veit að búist er við verulegum halla á þessu ári en við munum vinna okkur upp úr því. Það sem er áberandi í erfiðleikum hins almenna iðnaðar er að sjálfsögðu m.a. það að útflutningurinn dregst saman og ég geri ekki lítið úr þeim erfiðleikum. Það sem skiptir náttúrlega mestu máli er að búa iðnaðinum slík skilyrði að hann geti dafnað. Ég leyfi mér að vekja athygli á því að einmitt á starfstíma þessarar stjórnar hefur mjög margt verið gert til að bæta starfsskilyrði iðnaðarins.

Ég ætla, með leyfi forseta, að rekja nokkur atriði því til sannindamerkis.

Í fyrsta lagi nefni ég afnám aðstöðugjalds og lækkun tekjuskatts fyrirtækja, hvort tveggja langþráð breyting frá sjónarhóli iðnaðarins.

Í öðru lagi nefni ég að framlag hins opinbera til nýsköpunar, rannsókna og þróunar hefur í vaxandi mæli beinst til iðnaðar. Sama gildir um hvatningu til stofnunar smárra fyrirtækja víða um land eins og hv. þm. er kunnugt um frá störfum sínum í fjárlaganefnd.

Í þriðja lagi að verðmyndun á innlendum iðnaðarvörum hefur verið gefin frjáls.

Í fjórða lagi að aðflutningsgjöld og tollar af aðföngum iðnaðarins hafa almennt verið lækkaðir eða felldir niður.

Í fimmta lagi að opnun fjármagnsmarkaðarins og frelsi til lántöku þar sem menn fá best kjör hefur skapað iðnaðinum alveg ný skilyrði.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir þessa athyglisverðu ræðu sem sýndi auðvitað ekkert annað en það að hann hefur setið í þessum stól nú um nokkuð langt skeið án þess að gera sér grein fyrir hinum ytri veruleika. Satt að segja var ræðan, þó ástæða sé til að þakka fyrir hana, heldur dapurleg heimild um það að slíkur maður skuli hafa valist til forustu í iðnaðarmálum Íslendinga.

Hér er ekki verið að slá fram neinum almennum fullyrðingum, það er verið að tala um hluti sem allir sjá. Allir vita t.d. að félagsmönnum meðal iðnverkafólks hefur fækkað stórkostlega í þessu landi. Það vita allir t.d. hvernig komið er fyrir iðnaðinum á Akureyri, í einum blómlegasta iðnaðar- og atvinnubæ landsins um áratugabil. Menn vita hvernig ástandið er í atvinnumálum á Akureyri. Þeir þekkja líka tölur sem hafa verið að birtast síðustu daga m.a. frá Þjóðhagsstofnun. Hvað segja þær um útflutningsiðnaðinn? Þær segja að árið 1989 er samdrátturinn í útflutningsiðnaði 6,5%, árið 1990 11,5% og í fyrra 14,5%, þ.e. á árinu 1992, 1991 og 1990, það eru þessi ár sem ég er að tala um. Samdrátturinn frá árinu 1989 í útflutningsiðnaðinum, hver er hann? Hann er ⅓. Ef við skoðum skipasmíðaiðnaðinn sem var verið að ræða um áðan þá kemur upp svipuð mynd. Ef við skoðum markaðshlutdeild innlendra iðnaðarvara árið 1977–1991 í þingskjali sem iðnrn. dreifði hér í fyrra þá kemur í ljós svipuð mynd. Ef við skoðum markaðshlutdeild innlendra iðnaðarvara árið 1977–1991 í þingskjali sem iðnrn. dreifði í fyrra þá kemur í ljós að markaðshlutdeild innlendra iðnaðarvara hefur hrunið á nánast öllum sviðum. Ef hæstv. iðnrh. telur það gott ástand sem þessar tölur tala um þá er það slæmt fyrir þjóðina og dapurlegt fyrir hann og skýringarnar á þessu ástandi iðnaðarins eru tvær. Það er í fyrsta lagi oftrú á stóriðjuna og í öðru lagi sú efnahagsstefna sem viðskiptaráðherrann í landinu, sem er sami maður, hefur beitt sér fyrir á undanförnum árum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að nota þann stutta tíma sem ég hef hér til að ræða um stöðu útflutningsiðnaðarins. Ég vil benda á þá dapurlegu staðreynd fyrir okkur Íslendinga að þrátt fyrir viðleitni í þá átt að auka hlutdeild útflutningsiðnaðar af okkar útflutningstekjum þá stöndum við í dag í sömu sporum og fyrir 20 árum síðan. Við stöndum í þeim sporum að enn er fiskurinn um 80% af okkar útflutningsverðmæti. Þetta gerir það að verkum að við eigum við núverandi aðstæður afar erfitt með að njóta efnahagsbata erlendis þar sem sú auðlind sem sér okkur fyrir 80% af útflutningnum er takmörkuð, þ.e. það sem við höfum til sjávarins. Þetta gerir það einnig að verkum að við höfum ekki sömu möguleika varðandi gengismál gagnvart gagni af gengisfellingu og þær þjóðir sem búa við og eiga sína afkomu að meira magni af útflutningsiðnaði. Ég get einnig tekið undir það sem hv. 9. þm. Reykv. nefndi hér áðan að stór hluti af því hvernig komið er fyrir ýmsum af okkar grunnatvinnuvegum nú er sú efnahags- og peningastefna sem framfylgt hefur verið á síðustu árum og hefur staðið í vegi fyrir því að fyrirtækin gætu byggt sig upp og gætu byggt upp sitt eigið fé í eðlilegt horf sem er alger forsenda þess að hægt sé að ráðast í frekari nýsköpun í iðnaði.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Það var alveg stórmerkilegt að heyra ræðu hæstv. iðnrh. hérna áðan. Ég er eiginlega alveg viss um það að hann er einn af fáum mönnum í landinu sem er ánægður með stöðu iðnaðarins. Ég var eiginlega alveg gáttuð hvað hann var ánægður með þá stöðu sem kemur m.a. fram í blaði iðnaðarins frá því í apríl sem lesið var upp úr áðan. Þar kemur „samdráttur í veltu, starfsmönnum fækkar, almenn neikvæð þróun“ og þetta er bara því miður ekkert nýtt. Það kemur fram í skýrslum sem komið hafa frá sjálfum iðnrh. að þetta hefur verið stöðugt á niðurleið, staða iðnaðarins hefur ekkert batnað á undanförnum árum. Við höfðum búist við því þar sem Ísland er ekki iðnaðarland að það væri kannski möguleiki að iðnaðurinn ætti þá möguleika hér á landi þó iðnaður erlendis færi eitthvað niður á við, hér áttum við að hafa möguleika. En það er raunverulega ekkert skrýtið að hinn almenni iðnaður á Íslandi eigi svo erfitt uppdráttar þar sem ríkisstjórnin hugsar ekkert um neitt annað en stóriðju, stóriðju, stóriðju. Álver skal það vera. Ríkisstjórnin með iðnrh. í broddi fylkingar bæði í síðustu ríkisstjórn og þeirri sem nú situr datt ekki neitt annað í hug en einmitt þetta. Það eru ekki fáir blaðamannafundirnir sem við höfum þurft að horfa á í fjölmiðlunum þar sem iðnrh. hefur verið að reyna að koma á framfæri við þjóðina að nú sé álverið alveg að koma. Skrifað undir núna, nú kemur það bara eftir nokkra mánuði eða jafnvel nokkra daga. Það er einmitt þessi þráhyggja, eða e.t.v. ætti að kalla það nauðhyggju, sem hefur verið erfiðust fyrir iðnaðinn í landinu. Ég var að vona að iðnrh. gerði sér grein fyrir að þessi stefna gengur ekki. En því miður kom það ekki fram í hans ræðu að hann hefði nokkrar áhyggjur af iðnaðinum, þetta var bara allt í lagi. Hann var alveg stórkostlega ánægður með það sem gerst hafði. Eins og ég segi er ég alveg viss um að hann er einn um það að hafa þá skoðun. Síðan heldur hann því fram ásamt öðrum að EES muni nú bjarga þessu öllu, þegar við fáum EES þá verði hér blóm í haga. Hann ætti e.t.v. að lesa spá Þjóðhagsstofnunar þar sem koma fram m.a. efasemdir hennar um að fyrirtæki á Íslandi geti nýtt sér þá möguleika sem e.t.v. felast í EES-samningnum.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. iðnrh. sagði að iðnaðurinn hefði að mörgu leyti staðið sig vel undanfarin ár. Mér verður nú á að spyrja hvers vegna fækkar þá störfum í iðnaði? Hvar eru vaxtarbroddarnir í iðnaðinum? Ég kannast ekki við að hafa séð þá. Það eru auðvitað til einstök fyrirtæki sem hafa staðið sig bærilega. En iðnaðurinn sem atvinnugrein hefur ekki bætt við sig mönnum og ekki stækkað eða bólgnað út sem hann hefði þurft að gera. Og ég held að það geti verið um-

hugsunarefni og mjög þarflegt fyrir menn að velta því fyrir sér hvort afstaða íslenskra stjórnvalda til skipasmíðaiðnaðarins sýni ekki í hnotskurn það skilningsleysi sem er á því að vinna að málefnum iðnaðarins í landinu. Ég hef verið á fundi með hæstv. iðnrh. þar sem hann var að ræða um málefni skipasmíðaiðnaðarins þar sem hann upplýsti þá skoðun sína að íslensk skipasmíði ætti ekkert erindi í samkeppni við erlenda aðila. Það væri kannski hægt með sérstöku átaki að hjálpa til við það að menn fengju einhver verkefni við lagfæringar á skipum eða eitthvað því um líkt og þjónustu hér innan lands vegna smábreytinga og lagfæringa en í nýsmíði ættum við ekkert erindi. Iðnrh. Íslendinga sem hefur svona skoðun á málefnum þess atvinnuvegar, sem gæti gefið okkur langflest atvinnutækifæri í iðnaði í landinu, hann hefur ekkert erindi í iðnrn.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ekki veit ég nú hvaða tilgangi tveggja mínútna umræður um stöðu og framtíð iðnaðar þjóna út af fyrir sig vegna þess að ekki verður komið á framfæri miklum upplýsingum. En spurningin er um þetta: Er það tilgangurinn að upplýsa eitthvað, varpa einhverju ljósi á eitthvað, koma fram með einhverjar tillögur, einhverjar ábendingar eða er þetta bara í gamla góða fordæmingarstílnum?

Hv. þm. sem hóf hér máls, Ólafur Þ. Þórðarson, og mörgum þykir spakastur af viti þeirra framsóknarmanna sagði: „Hlutdeild iðnaðarins í íslenskum þjóðarbúskap hefur minnkað. Störfum hefur fækkað.“ Hann ályktaði: Þetta þýðir að við hljótum að hafa haft afskaplega vondan iðnrh. sem var reyndar sami maðurinn sem var í stjórnarsamstarfi með þeim framsóknarmönnum lengri tímann af sínum starfstíma. Látum það nú vera. Það vill svo til að Framsfl. telur sig vera helsta talsmann landbúnaðar bæði innan lands og utan og byggðastefnu a.m.k. innan lands. Nú vill svo til að fyrir allmörgum áratugum var hlutur landbúnaðar í íslenskum þjóðarbúskap miklum mun stærri heldur en hann er nú. Störf í landbúnaði voru miklu fleiri. Hlutdeild landbúnaðar í íslenskri þjóðarframleiðslu var miklu meiri. Síðan hefur það gerst að hlutur landbúnaðar hefur minnkað stöðugt. Nú er það svo að forustumenn í íslenskri pólitík og þeir sem hafa farið með stjórn landbúnaðarmálanna hafa yfirleitt verið framsóknarmenn, hvaða flokki sem þeir hafa tilheyrt, þ.e. þeir hafa verið framsóknarmenn lengst af og þetta er framsóknarkerfi. Landbúnaðurinn hefur búið við framsóknarstjórn. Stöðugt, linnulaust allan tímann undir stjórn framsóknarmanna hefur landbúnaðinum hnignað og hlutur hans í þjóðarframleiðslunni hefur minnkað, störfum fækkað, samkeppnisgeta hans minnkað, verðið til neytenda hækkað og styrkirnir vaxið. (**JGS:** Þetta er rangt.) Þetta hefur verið ferillinn undir stjórn framsóknarmanna. Og ef þetta er rangt eins og hv. þm. segir (Forseti hringir.) þá má bæta því við að þessir menn eru líka helstir talsmenn byggðastefnu á Íslandi og hafa yfirleitt farið með stjórn byggðamála. Á sama tíma og þeir hafa stjórnað þeim þá hefur það reynst vera svo að fólkinu á landsbyggðinni hefur fækkað, þéttbýlið hefur vaxið. Ætla menn þó að álykta, eins og hv. þm., (Forseti hringir.) að þeir sem hafa farið með stjórn landbúnaðarmála, þeir sem hafa farið með stjórn byggðamála hafi verið hinir verstu menn? (Forseti hringir.) Er umræða af þessu tagi ákaflega upplýsandi? Nei, hún er það ekki. En hún er nákvæmlega á sömu röksemdafærslu reist og málflutningur þeirra sem hér hafa talað. Nákvæmlega. Vegna þess að þeir láta sig engu varða rök, efnislegar staðreyndir um það hver er hlutur iðnaðar (Forseti hringir.) og hver er hlutur þjónustu eða hvað er að gerast, eða hverjar skýringarnar eru. Þetta er bara ómerkileg málfundaæfing til þess ætluð að reyna að koma höggi á menn án röksemda. (**JGS:** Útflutningsiðnaðurinn er í ólestri.) (**SvG:** Þetta var nú ekki nein skínandi ræða.)

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseta þótti ekkert athugavert við þessa umræðu og þess vegna fer hún nú fram.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er nokkuð mikið í húfi þegar sjálfur formaður Alþfl. sér ástæðu til þess að koma hér upp til þess að slá skildi fyrir garpinn Jón Sigurðsson. Þetta er kannski gert af mannúðarsjónarmiðum. Satt að segja finnst mér að þessi umræða jaðri nánast við það að ganga gegn eðlilegum mannúðarsjónarmiðum eins og staðan er og miðað við það að hæstv. iðnrh. er að kveðja þennan vettvang. Þessi vettvangur, sem hann hefur verið trúnaðarmaður fyrir síðan 1987 að mig minnir, er

jafnilla leikinn og raun ber vitni þó auðvitað sé það ekki svo að þar sé allt í kalda koli. Það er hægt að taka undir það með hæstv. iðnrh. að það er mesta furða hvað iðnaðurinn hefur tórt þrátt fyrir — þrátt fyrir stjórnarstefnuna og þrátt fyrir aðgerðaleysið og þrátt fyrir stóriðjutrúna og einsýnina sem hefur ráðið ferðinni hjá hæstv. iðnrh. Hæstv. iðnrh. er velviljaður maður og vill vel, það efa ég alls ekki. En ráðherrann hefur bara haft, sennilega allt frá fæðingu ég veit það að vísu ekki, rangt forrit til að sigla eftir. (**ÓÞÞ:** Það er ekki frá fæðingu.) Það hefur auðvitað komið í ljós í störfum hans þessi ár í ráðuneytinu, líklegast sex til sjö ár og þetta er auðvitað orðið afskaplega dýrkeypt. Það er rétt sem hér hefur verið sagt að það var aðeins horft á eitt, að hæstv. utanrrh. á meðan hann var ritstjóri Alþýðublaðsins 1980 sá sem eina ljós í myrkri álverið í Straumsvík og hæstv. iðnrh. þegar hann var settur til verka af formanni flokksins þá benti hann honum á þetta ljós og ráðherrann fylgdi því mjög fast eftir og hann hafði þannig trú sem við hljótum að rifja hér upp að lokum, (Forseti hringir.) virðulegur forseti, og fullyrti það í heilt ár, sem aðalatriði í þessu máli, að eitt tonn af áli jafngilti einu tonni af þorski upp úr sjó. Þessu trúði maðurinn, þjóðhagsstjóri enn í embætti og þó það væri fimmföld della, en það verður ekki hægt að lá mönnum það fyrst þeir eru sem sagt ekki betur upplýstir og ganga með forskrift af þessum toga.

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Það er nú sjálfsagt hægt að ræða um stöðu iðnaðarins út frá margvíslegum forsendum og sjónarmiðum. Ég held að það fari ekkert á milli mála að þeir erfiðleikar sem við er að etja í okkar þjóðarbúskap koma niður á iðnaðinum eins og öllum öðrum atvinnugreinum. Iðnfyrirtæki eru ekkert öðruvísi en fyrirtæki í sjávarútvegi, verslun, þjónustu eða hverri annarri atvinnugrein og gjalda þess þegar það er samdráttur í eftirspurn og veltu. Þess vegna getum við alveg staðfest það að það eru mörg fyrirtæki sem eiga í erfiðleikum en sem betur fer eru líka mörg fyrirtæki sem eru vel stödd og standast þessa erfiðu tíma. Þau fyrirtæki, sem skulda mikið í iðnaði jafnt sem öðrum atvinnugreinum, berjast í bökkum en fyrirtæki sem eru eignalega sterk hafa hins vegar náð að halda sjó.

Ef við lítum á stöðu iðnaðarins í gegnum tíðina, t.d. frá 1973, þá sýnist mér á upplýsingum frá Þjóðhagsstofnunar sem eru nýkomnar fram að hlutdeild iðnaðarins í landsframleiðslunni hafi verið nokkuð svipuð á öllum þessum tíma. Hún var 13,1% á árinu 1973 en er núna 12,2%. Þetta er kannski sá mælikvarði sem við getum bestan fundið á umfangi iðnaðarins í okkar þjóðfélagi, okkar efnahagslífi. Hins vegar er það einu sinni þannig að ef iðnaðurinn heldur sínum hlut í okkar þjóðarbúskap og störfum fækkar þá gæti það hugsanlega verið mælikvarði á framleiðniaukningu í iðnaðinum þar sem færri og færri hendur framleiða sömu verðmæti. Það hlýtur náttúrlega að vera viðleitni hvers iðnrekanda sem er að reyna að stýra sínu fyrirtæki vel og það sem við köllum mælikvarða á framfarir er að það sé framleiðniaukning. (Forseti hringir.)

Það sem skiptir mestu máli fyrir iðnaðinn er að það sé ekki gripið til einhverra töfralausna. Meginatriðið er að iðnaðurinn geti búið við stöðugleika í sínu starfsumhverfi og fái sambærileg skilyrði og erlendir keppinautar hans búa við. Það er það sem iðnaðurinn hefur fyrst og fremst farið fram á að fá og ég hygg að það sé ekki hægt að draga menn í dilka og finna einhverja sérstaka sökudólga í tilteknum flokkum um að það hafi ekki tekist.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er óumdeilanleg staðreynd sem allt of lítill gaumur hefur verið gefinn að á undanförnum missirum hvernig mál hafa þróast í okkar iðnaði. Það er þannig að okkar samkeppnis- og útflutningsiðnaður hefur nánast verið að hrynja á undanförnum árum. Það er ekki hægt að kalla samdrátt í markaðshlutdeild samkeppnisiðnaðarins og hrun útflutningsiðnaðarins að slepptu áli og kísiljárni sl. þrjú til fjögur ár, það er ekki hægt að kalla þær tölur annað en hrun. Því hvað verður eftir af iðnaðinum eftir segjum önnur þrjú til fjögur ár eða sex til átta ár ef svo heldur sem horfir? Svarið er einfalt, ekki neitt. Ef það kemur þriðjungur á hverjum þremur árum þá er auðvelt að reikna það út. Staðreyndin er auðvitað sú að þegar þetta svo leggst við erfiðleikana í sjávarútvegi þá er hér um gríðarlega alvarlegt ástand að ræða. Hæstv. iðnrh. lifir greinilega í draumaheimi, einhverjum allt öðrum veruleika en aðrir landsmenn. Kemur hér í ræðustólinn og telur ástandið vera harla gott og segir að það megi ekki taka of mikið mark á því þó starfsfólki fækki. Sama segir hv. þm. Vilhjálmur Egilsson því það geti vísað á framleiðniaukningu. Gott og vel. En þegar markaðshlutdeildin hrynur, þegar útflutningurinn dregst saman um þriðjung á þremur árum þá kemur það engri framleiðnispurningu við. Greinin er ósköp einfaldlega að skreppa saman sem þessu nemur (**Gripið fram í:** Hvar er skipaiðnaðurinn og húsgagnaiðnaðurinn?) Svo kemur hér hæstv. ráðherra, Jón Sigurðsson hæstv. iðnrh. sem átti sér drauminn um álverið. Staðreyndin er sú að út úr skipasmíðaiðnaðinum einum hefur á stjórnartíma hæstv. iðnrh. tapast svipaður mannafli og átti að koma í álverinu. Á tímanum sem eytt var í viðræður um álver sem aldrei kom töpuðu menn öðru álveri í störfum í skipasmíðaiðnaðinum. Þannig að sennilega er það svo að eftirmæli eftir hæstv. iðnrh. verða ekki aðeins þau að hann sé ráðherra álversins sem aldrei kom heldur sé hann líka hins tapaða álvers í skipasmíðaiðnaðinum á starfstíma sínum.

Iðnaðarráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ekki vil ég úr því draga að ýmsir erfiðleikar hafi steðjað að iðnaðinum og ekki síst hafa okkar útflutningsmarkaðir reynst okkur örðugir viðfangs. En eins og ég rakti áðan hafa mjög mikilvæg skref verið stigin til að skapa iðnaðinum vaxtarskilyrði til að greiða fyrir þeim breytingum sem óhjákvæmilega eru í greininni til að hún geti vaxið og dafnað.

Hér hafa menn lýst ákaflega erfiðu ástandi í iðnaði og dregið þá mynd dökkum litum. Mig langar til að kveðja til vitni af vettvangi lífs og starfs, formann Félags íslenskra iðnrekenda en hann sagði einmitt á ársþingi þeirra núna í mars, með leyfi hæstv. forseta: „Íslenskur iðnaður er ótrúlega fjölbreyttur miðað við stærð þjóðarinnar. Geysimikil gróska er hjá ungum hönnuðum sem leggja metnað í verk sín eins og nýafstaðin umbúðasamkeppni og hönnunardagur bera vitni um. Evrópudyrnar eru að opnast upp á gátt sem auðveldar fyrirtækjunum að efla alþjóðleg tengsl sín og tækifæri til að auka erlenda fjárfestingu í landinu er að mestu ónotuð. Við sem störfum í iðnaði höfum trú á því að íslenskur iðnaður eigi framtíðina fyrir sér. Þess þarfnast þjóðin svo sannarlega."

Svo mörg voru þau orð. Berum nú saman þann anda sem vakir í þessu máli við það sem hér hefur komið fram af munni þingmanna stjórnarandstöðunnar. Ég tek undir orð formanns Félags íslenskra iðnrekenda og ég vil láta þess getið hér að ég hef að undanförnu átt fundi um nauðsyn nýsköpunar víða um land og þar er ólíku saman að jafna að heyra einlæga viðleitni þeirra sem starfa í greininni sjálfri til að finna ný verkefni, hugkvæmni, grósku, kjark og bera það svo saman við það sem maður heyrir af munni hv. 2. þm. Vestf. og fylginauta hans í þessari umræðu.

Ég hef trú á því að hv. þm. muni ekki hafa kynnt

sér nægilega vel það sem er að gerast í íslenskum iðnaði eða atvinnulífinu yfirleitt. Þar eru að gerast hlutir einmitt vegna erfiðleikanna sem hafa knúið fram breytingar. Menn eru að vinna sig út úr vandanum og leggja grunn að nýju framfaraskeiði í íslenskum atvinnumálum. Ég læt mér í léttu rúmi liggja einkunnirnar sem hann og aðrir stjórnarandstöðuþingmenn hafa valið mér hér. Ég bíð rólegur dóms þeirra, sem starfa í greininni, og framtíðarinnar sem mun leiða það í ljós að þessar breytingar eru einmitt það sem þarf þótt þær kunni stundum að hafa verið sársaukafullar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Fyrst varðandi það sem kom fram hjá Vilhjálmi Egilssyni. Samkvæmt þessu línuriti hefur orðið veltusamdráttur þannig að það er allt sem bendir til þess að fyrirtækin þurfi að fækka fólki ef þau eiga að geta staðið sig.

Í öðru lagi. Hæstv. utanrrh. fullyrti að ég hefði sagt ákveðna hluti sem ég sagði aldrei. Enda hlustar sá maður aldrei og var ekki í salnum heldur. Það sem ég sagði var: Markaðshlutdeild innlendrar iðnaðarframleiðslu hefur minnkað verulega. Hann eyddi öllum sínum tíma í að setja fyrst fram fullyrðingu sem hann sannaði svo að væri vitleysa. Verði honum að góðu.

Hæstv. iðnrh. fullyrti að eiginfjárhlutfall í iðnaði hefði verið að vaxa. Í svari til Svavars Gestssonar á bls. 38 í þeirri skýrslu ætla ég að lesa upp örfáar staðreyndir. Árið 1980 átti matvælaiðnaður 36,7%, 1989 átti hann 28,9%. Vefjaiðnaður, skógerð, fatagerð o.fl. 34,6% árið 1980 en 4,9% árið 1989. Trjávöruiðnaður 51,8 % árið 1980 en 6,5% árið 1989. Hann má sjálfur lesa áfram sínar eigin tölur. (**Iðnrh.:** Iðnaðurinn í heild jók stöðu sína ...) Það er rugl hjá Jóni Sigurðssyni sem hann hefur verið að halda hér fram og það er reiður maður vegna þess að hann er að tapa orustunni um búvöruframleiðsluna að hann heldur ekki einu sinni sönsum í salnum og lætur stjórnarandstöðuna gjalda þess að íhaldið er að rassskella hann í hliðarsölum þessa stundina. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að gæta tungu sinnar.)

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysistryggingar, 554. mál, nál. minni hluta heilbr. og trn., þskj. 1270.

Framkvæmd útboða, 363. mál, þskj. 1250.

Fuglaveiðar og fuglafriðun, 146. mál, nál. minni hluta umhvn., þskj. 1237.

Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, 2. mál, þskj. 1241.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú stendur þannig á að hér átti að hefjast og mun hefjast mjög fljótlega umræða utan dagskrár um vanda sjávarútvegsins. En þannig stendur á að handhafar forsetavalds eru á leið frá Keflavík eftir að hafa fylgt forseta lýðveldisins og ákveðið hefur verið að hefja umræðuna ekki fyrr en hæstv. forsrh. er kominn til starfa eða hingað í þingsal.

Um þingsköp.

Ummæli utanríkisráðherra um landbúnaðarmál.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Á meðan hæstv. utanrrh. enn heyrir til mín hér frammi á stigaskörinni vil ég benda á að í þingsköpum stendur að það skuli ræða mál sem eru á dagskrá á hverjum tíma. Hæstv. utanrrh. hefur verið mjög hávaðasamur um það síðustu daga m.a. að hér fari menn ekki eftir þingsköpum. Nú gerðist það að hæstv. utanrrh. tók upp umræðu um landbúnaðarmál undir liðnum þar sem verið var að fjalla um iðnaðarmál. Ég vil því segja það, virðulegur forseti, að ég mun þess vegna nota tækifærið sem hér gefst síðar á þessum fundi og ræða við hæstv. utanrrh. um landbúnaðarmál þegar 35. mál kemur á dagskrá sem er 504. mál þingsins, um framleiðslu og sölu á búvörum. Þá gefst mér tækifæri til að svara órökstuddum og röngum fullyrðingum sem hæstv. ráðherra hafði hér frammi í máli sínu áðan.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegur forseti. Örstutt leiðrétting. Í ræðu minni hér áðan ræddi ég ekki um landbúnaðarmál. Ég var að ræða um rökvísina í málflutningi þeirra sem hófu umræðuna um iðnaðarmál sem sögðu einfaldlega að ef hlutdeild einnar atvinnugreinar í þjóðarframleiðslu eða störfum í þeirri atvinnugrein fer hlutfallslega fækkandi þá beri að ályktа að það sé slæmt, það sé pólitískt á ábyrgð ráðherra og það beri að fordæma og kenna viðkomandi flokki. Ef beita á sömu rökvísi þá hljóta menn að ályktа sem svo að þeim sem stjórnað hafa landbúnaði eða talið sig mesta talsmenn byggðastefnu hafi mistekist mjög í sínu stjórnmálastarfi á þessari öld vegna þess að hlutur landbúnaðar hefur minnkað og fólki starfandi í landbúnaði hefur fækkað og fólki á landsbyggðinni hefur fækkað. Það mætti halda áfram þessari sömu rökvísi og segja: Sú var tíð að hlutur iðnaðar í iðnríkjunum, í Bretlandi, Bandaríkjunum o.s.frv., var mjög hár en hann hefur nú lækkað, hlutur þjónustu og annarra starfsgreina hefur hækkað og samkvæmt þessari sömu rökvísi þá eiga menn að ályktа sem svo að þetta sé allt saman á hnignunarleið. Þetta eru röng rök. Þetta er rökvísi sem stenst ekki. Og ef það gengur ekki að beita rökum á framsóknarmenn þá er ekki við mig að sakast.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er nú orðið erfitt að halda áfram þingstörfum hér með eðlilegum hætti fyrir þessum endalausu umræðum hæstv. utanrrh. undir liðnum þingsköp þar sem hann ræðir gjarnan hin óskyldustu mál, ólíkustu mál. En ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs var að þakka hæstv. forseta, sem nú situr í

þeim stóli fyrir þann hátt sem hún tók upp við skipulag umræðunnar utan dagskrár þar sem hún kaus kannski í ljósi reynslunnar eða hvað frá í gær þegar hæstv. utanrrh. trylltist sem mest hér í stólnum að hafa ráðherrann næstsíðastan en fyrirspyrjanda síðastan. Mér finnst að hæstv. forseti sem nú situr eigi sérstakar þakkir skildar fyrir að hafa tekið svona á þessu máli í ljósi þess óðagots sem greip hæstv. utanrrh. og enginn skildi þá af hverju var en við vitum núna skýringuna. Það var af því að hann er að tapa búvörustríðinu. Mér er auðvitað ljóst, hæstv. forseti, að það eru ekki þingsköp þannig að ég mun láta máli mínu lokið að sinni.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti þakkar hrósið en hefur ævinlega haft þann hátt á við stjórn þingsins að málshefjandi hafi síðasta orðið svo að engin sérstök ástæða er til að hrósa forseta fyrir það.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki fara hér í efnisumræðu en ég ítreka það sem ég sagði hér áðan að í ræðu sinni um iðnaðarmál fór hæstv. utanrrh. með rangar fullyrðingar um verðlagsþróun og styrki til landbúnaðar á síðustu árum. Ég mun eins og ég sagði svara því þegar landbúnaðarmál koma hér á dagskrá seinna á fundinum.

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni og orða hæstv. viðskrh. í gær um það að hér væru einhverjir „terroristar" sem væru alltaf í þingskapaumræðu þá vil ég benda á að með einföldum framreikningi og ef við tökum hversu oft hæstv. utanrrh. hefur beðið um orðið um þingsköp í gær og í dag, reyndar til að ræða í flestum tilfellum efnislega um mál, þá mundi hæstv. ráðherra ekki tala um þingsköp hundrað sinnum eins og hann ræddi um að einstaka þingmenn hefðu gert á vetrinum heldur mundi það vera, með svona 120 daga þingi á ári, 300–400 sinnum sem hæstv. utanrrh. mundi standa hér í stólnum og ræða um þingsköp því mér taldist til að þetta hefði verið í fimmta eða sjötta sinn á tveimur dögum sem hæstv. ráðherra stóð hér og ræddi um þingsköp og reyndar var að ræða um allt annað en efnisleg atriði.

Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels, frh. síðari umr.

Stjtill., 566. mál. — Þskj. 933, nál. 1128 og 1236.

Hjörleifur Guttormsson (frh.):

Virðulegur forseti. Ég hafði rétt hafið ræðu mína áður en hlé var gert vegna þessarar merku umræðu sem síðan hefur farið fram um iðnaðarmál. Ég tek það fram við hæstv. forseta að mér er það alveg að meinalausu þó ég geri hlé á máli mínu. Ég segi það nú vegna þess að mér heyrðist að það stæði til að ræða hér mjög fljótlega annað mjög þýðingarmikið mál, annað en það sem hér er nú rætt sem sannarlega er mikilsvert en út frá öðru sjónarhorni en mælt hefur verið fyrir af meiri hluta utanrmn.

Ég nefndi það í upphafi máls míns að það væri mjög erfitt að finna fyrir því rök, svo ekki væri meira sagt, að leggja fyrir Alþingi að fullgilda samning af þeim toga sem hér um ræðir í ljósi aðstæðna í Ísraelsríki. Ég nefndi það einnig að ábyrgð okkar Íslendinga á því hroðalega ástandi sem þar ríkir og þeim grófu brotum sem þar eru væri meiri en margra annarra þjóða og þess vegna þyrftum við í þessu máli að gæta okkar alveg sérstaklega. Ég held að það sé rétt, virðulegur forseti, að leiða aðeins til vitnis inn í þessa umræðu aðila sem hafa verið á vettvangi ekki alls fyrir löngu. Það er nú svo að fyrir okkur sem aldrei höfum til Ísraels komið og reynum að setja okkur inn í aðstæður út frá fréttum að það er auðvitað mjög lærdómsríkt að heyra vitnisburð þeirra sem þar hafa dvalið. Ég tala nú ekki um stjórnvöld sem heimsótt hafa Ísrael á liðinni tíð hafa nú ekki gert mikið af, þ.e. að líta út fyrir þá staði sem yfirvöld í Ísrael hafa vísað þeim á, hvað þá að fara í heimsókn á eigin vegum til hinna hernumdu svæða, þar sem ástandið er með þeim hætti sem þeir þekkja og lýsa sem þangað hafa komið. Það var auðvitað skelfilegt til þess að vita að hæstv. núv. forsrh. skyldi leggja leið sína til Ísraels á þeim tíma sem hann gerði. Ég ætla ekki að gera það að sérstöku umræðuefni hér en ég minni á það og ég minni á það sem ég held að hafi verið tilfinning þjóðarinnar á þeim dögum sem hæstv. forsrh. dvaldi í þessu ríki, í þessu ofbeldisríki, svo ég gefi því þá einkun sem ber, að það hafi verið röng ákvörðun af æðsta manni íslensku ríkisstjórnarinnar að þiggja boð til að heimsækja þetta ríki.

Mér var að berast, virðulegur forseti, í póstinum í gær fréttabréf samtaka sem starfa hérlendis og heita Frjáls Palestína. Í málgagni þessa félags er að finna ýmis mjög athyglisverð atriði sem draga fram þróun mála eins og hún hefur verið að undanförnu síðustu missirin í þessu landi. Það vill svo til að ein aðalgreinin í þessu fréttablaði er rituð af einum hv. alþingismanni, sem er hér í þingsal og ég þykist vita að hv. þm. Árni Ragnar Árnason muni ekki hafa fyrir því að fara að lesa hér úr eigin verkum af þeirri hógværð sem ég þekki hann að. En ég tel alveg ótvírætt að það sé gagnlegt fyrir okkur Íslendinga og alþingismenn hér að heyra vitnisburð þessa alþingismanns Sjálfstfl. sem dvaldi á þessu svæði á síðasta ári og hefur ritað raunar áður um þetta efni í sama fréttarit en bætir nú við mjög fróðlegum upplýsingum, sem ég vil leyfa mér að grípa niður í, í grein sem er í þessu nýútkomna tölublaði.

Hv. þm., sem ferðaðist til herteknu svæðanna, einnig til Ísraels og Jórdaníu með þingmannasamtökum um samvinnu Evrópu og Arabaþjóða í samstarfi við Hjálparstofnun Sameinuðu þjóðanna fyrir flóttamenn í Palestínu UNRWA frá 22. febr. til 1. mars 1992, þ.e. fyrir rúmu ári, segir m.a., með leyfi forseta:

„UNRWA [þ.e. Hjálparstofnun Sameinuðu þjóðanna] starfrækir í öllum búðunum skóla og heilsu-

gæslu, og á svæðinu sjúkrahús sem þjóna þeim öllum, veitir flóttamönnum félagslega þjónustu, starfsþjálfun, endurhæfingu og sérstaka þjálfun fyrir bæklaða, sem eru mjög margir vegna afleiðinga stríðsástandsins og mjög tíðra árekstra. UNRWA rekur kvennamiðstöðvar, veitir lögfræðiaðstoð og aðstoð við að koma á fót atvinnurekstri eða tekjuöflun, önnur slík á sér ekki stað hér. Starfsmenn UNRWA reyna að draga úr árekstrum við hernámsliðið, jafnvel ganga á milli ef til árekstra kemur. Allir skólar eru tvísetnir, jafnvel þrísetnir. Ísraelar banna skólahald suma daga af öryggisástæðum, þannig glötuðust um 40% skóladaga á sl. ári. Ísraelar hafa einnig lokað skólum, nú er sex skólum UNRWA lokað, og er þá brugðið á það ráð að kenna í moskum, sem eru einu miðstöðvar Palestínumanna sem leyfðar eru. Öllum menningar-, félags- og æskulýðsmiðstöðvum þeirra hefur verið lokað eða ekki leyft að opna þær sem nýlegar eru. Opinber þjónusta Palestínumanna sjálfra er lömuð og leita þeir því til UNRWA sem bregst við eftir getu. Um 15.000 fjölskyldur flóttamanna fá daglega mat, teppi eða aðra neyðarhjálp. Útgjöld UNRWA á Gaza eru um 60 millj. dollara á ári (um 20 kr. á dag á hvern flóttamann).

Við ókum hringferð um Gaza, [segir þingmaðurinn] syðst um smáborgina Rafah með tugum þúsunda íbúa. Henni var skyndilega breytt þegar samdist með Ísraelum og Egyptum í Camp David eftir áralangt stríð. Þeir sömdu um ný landamæri og þau liggja um Rafah. Fjölskyldur kallast á yfir einskismannsland og landamæragirðingar með varðturna á báða bóga, þar sem áður voru götur og hús. Íbúarnir voru einskis spurðir."

Síðar í greininni segir hv. þm. undir fyrirsögninni: Undirokun á vinnumarkaði — þrælahald nútímans?

„Á Gaza-ströndinni er nú 40–60% atvinnuleysi, svo tugir þúsunda vinnufærra manna eru án atvinnu, en atvinnumöguleikar þeirra eru sem láglaunavinnuafl fyrir atvinnuvegi og „landnámsbyggðir" Ísraels. Eftir Persaflóastríðið jókst mjög atvinnuleysi því að í Flóaríkjunum höfðu allmargir Palestínumenn unnið um árabil, en hafa síðan verið reknir þaðan og koma nú heim atvinnulausir. Það er óleysanlegt vandamál því fyrir var gífurlegt atvinnuleysi. Afkoma fólks á svæðinu hefur versnað gríðarlega því tekjur þessara manna komu áður nær óskertar heim til fjölskyldna þeirra og voru umtalsverðar. Þá hefur dregið mjög úr framlagi Flóaríkja til UNRWA og Palestínu, sem áður var umtalsvert.

Framboð vinnuafls í Ísrael hefur aukist mjög vegna stöðugs og aukins innflutnings gyðinga frá öllum heimshlutum, einkum Sovétríkjunum fyrrverandi. Þeir ganga fyrir Palestínumönnum um atvinnu og taka jafnharðan betur launuðu störfin, svo tekjur Palestínumanna minnka og atvinnulausum fjölgar jafnt og þétt."

Vítahringur hefndarstríðs og kúgunar, er yfirskrift á næsta þætti hjá hv. þm.

„Palestínumenn hófu hófu Intifata-uppreisnina 1987 vegna hertra aðgerða Ísraelsmanna á herteknu svæðunum og aukinnar eignaupptöku, einkum á jörðum og landi, en síðan hafa Ísraelar hert öryggisráðstafanir. Strangari reglur gilda um ferðir út af hernumdu svæðunum til vinnu eða til að leita atvinnu. Frá því Persaflóastríðið hófst hafa þær enn harðnað því meðan það stóð jukust viðsjár Palestínumanna og Ísraela.

Það nýjasta er að Palestínumenn á herteknu svæðunum þurfa að hafa vinnuleyfi, auk sérstaks ferðaleyfis og skírteinis um búsetu á herteknu svæði Ísraels. Ferðaleyfi fá þeir ekki sem eru á skrá fyrir ítrekuð mótmæli og andstöðu við hernaðaryfirvöldin á herteknu svæðunum. Vinnuleyfi fá þeir svo ekki nema að hafa ráðningarsamning hjá vinnuveitanda í Ísrael."

Nokkru síðar: „Að undanförnu hefur öryggisástandið enn versnað og Ísrael enn hert tökin. Ekki líður svo vika að ekki komi til átaka við Ísraela, oftast við hersveitir þeirra."

Síðar: „Af og til verða árekstrar við „landnema" og þeir leiða alltaf til mjög harðra viðbragða Ísraelshers, því bæði stjórnmálamenn og herinn eru mjög viðkvæmir fyrir „landnámsbyggðunum". Í ársbyrjun 1992 var fyrirmælum hermanna breytt og þeim gefnar frjálsar heimildir til að skjóta Palestínumenn." — Ég bið menn að leggja við hlustir í lýsingu hv. þm. Árna Árnasonar á þessu ástandi. „Ísraelar taka nú fleiri til yfirheyrslu, gera fleiri útlæga og halda fleiri föngum um sinn eða lengi án sakarefna. Í síðustu viku [segir þingmaðurinn en það er nú eitthvað síðan þetta var ritað] létust Palestínumenn í fangelsum Ísraels af afleiðingum pyntinga, rétt fyrir upphaf síðustu lotu friðarviðræðnanna var 12 Palestínumönnum vísað úr landi án sakarefna."

Síðar í greininni kemur lýsing á „gettóinu" Gaza, þar sem hv. þm. Árni Árnason segir, með leyfi hæstv. forseta: „Örvænting Palestínumanna er mikil, einkum fólksins á Gaza-ströndinni. Því eru nánast allar bjargir bannaðar og framkoma Ísraela í þess garð er harðneskjuleg, niðurlægjandi og niðurbrjótandi.

Hér að framan hefur verið sagt frá atvinnuástandinu, valdi Ísraela á vatnslindum og upptöku landareigna, en 95% af „landnámsbyggðum" gyðinga eru á ræktarlöndum sem eru í einkaeign Palestínumanna.

Allir fjölmiðlar eru bannaðir, útvarp, sjónvarp, allar fréttir, dagblöð og tímarit. Aðeins veggjakrotið og samkomur í moskum eru eftir til að miðla tíðindum, skilaboðum og öðru markverðu. Og moskunum er lokað þegar slær í brýnu, þangað gætu þeir flúið.

Á Gasa hefur verið útgöngubann frá því klukkan átta að kvöldin alla daga um árabil, og símasambandslaust við umheiminn, algjör einangrun.

Öll vegaskilti og landakort sýna bæi og „landnámsbyggðir" Ísraela. Bæir og byggðir Palestínumanna eru hvergi nefnd á nafn.

Palestínumenn mega ekki gefa út persónuskilríki."

Síðar segir hv. þm., því ég stikla hér aðeins á nokkrum þáttum úr grein hans, undir yfirskriftinni: Lægra settir í eigin landi.

„[Árið] 1986 samþykkti Evrópuþingið beinan innflutning afurða frá Vesturbakkanum til Evrópubandalagsins. 1987 kom hann til framkvæmda, en EB varð að þvinga Ísraela til að leyfa útflutninginn. EB þarf oft að hafa afskipti af Ísrael, sem vill stöðva hann eða eyðileggja [þ.e. útflutninginn] og beitir til þess alls

konar ráðum, gefur ekki út leyfi, tefur sendingar á umskipunarstöðum o.fl. Gaza-fólki er alveg meinaður útflutningur afurða sinna.

Háskólum Palestínumanna er lokað af Ísraelum, sumum hefur nú verið lokað samfellt í þrjú ár.

Kynþáttum, þjóðum og trúfélögum" — hv. þm., leggið nú við hlustir: „Kynþáttum, þjóðum og trúfélögum sem búa í Ísrael er mismunað. Gyðingar fá réttindi umfram alla aðra, og í þeirra þágu eru kristnir og múslimar beittir misrétti."

Þetta er ekki úr mínum penna, þetta er hv. þm. Árni Árnason sem þarna var á ferð fyrir rúmu ári síðan og er að lýsa eigin reynslu í þessari grein:

„Þó verður þess vart að gyðingar sem giftast maka af öðru trúfélagi missa stöðu sína innan samfélags gyðinga, eru lagðir í einelti, njóta ekki forgangsréttar að atvinnu og eignum, og virðist yfirleitt leiða til skilnaðar. Palestínumenn fá minni réttindi en fólk af öðrum arabískum uppruna, svo sem bedúínar, drúsar og sýrkassar. Palestínumenn sem ekki flúðu út úr Ísrael 1948 (búsettir í Ísrael; „ísraelskir arabar") eru betur settir en hinir sem flúðu til þeirra svæða sem síðar voru hertekin 1967 (Gaza, Jerúsalem og Vesturbakkinn). Öllum þjóðum innan Ísraels öðrum en Palestínumönnum, gefst kostur á ókeypis skólagöngu fyrir börn sín, en Palestínumenn verða að greiða skólakostnað að fullu. Palestínumenn búsettir í Ísrael hafa minni rétt til opinberra starfa en allir aðrir.

Palestínumenn á hernumdu svæðunum fá ekki borgararétt, aðeins þrjú aðskilin skírteini:
atvinnuleyfi, ferðaleyfi og persónuskírteini, sem tilgreinir að viðkomandi sé Arabi af „óskilgreindu þjóðerni", búsettur í tilteknu héraði í Ísrael: Jerúsalem svæðinu (þeir fá meiri réttindi en Palestínumenn á öðrum herteknum svæðum), Samaríu eða Júdeu ef viðkomandi býr á Vesturbakkanum, annars Gaza (þeir fá lökust réttindi).

Innflytjendur til Ísraels frá fyrrverandi Sovétlýðveldum fá strax ríkisborgararétt og í vegabréfi þeirra er tilgreint „án þjóðernis" en það telur Ísrael vera skilgreint þjóðerni(!) [þ.e. að vera án þjóðernis]."

Síðan undir fyrirsögninni: Nýlendustefna og landnám.

„Alvarlegasta átakaefnið er nýlendustefna gyðinga og „landnám" með upptöku eigna Palestínumanna. Eignir Palestínumanna, hús og lönd, eru teknar af þeim undir margs konar yfirskini:

1. eign er yfirgefnin af palestínskum eiganda 1967 eða síðar,
2. svæði lýst ríkiseign,
3. eignarnám í almannaþágu,
4. eignarnám af öryggisástæðum,
5. eign telst hafa verið í eigu gyðinga 1936 eða fyrir 1948.

Þegar eignarnámsástæður teljast vera til staðar gengur landið til Jewish Foundation, sem ekki er heimilt að selja eignir öðrum en gyðingum. Svæði lýst ríkiseign er síðar lýst opið eingöngu gyðingum og virðist aðferð til að taka lönd undir „landnám". Ákvæðum um eign yfirgefna af palestínskum eiganda 1967 eða síðar er m.a. beitt við hluta eignar, og eru þá notuð til þess að hrekja burtu þá sem eiga aðra hluta hennar. Eignarhlutinn er seldur eða afhentur gyðingum, sem flytja inn og krefjast síns hlutar í eigninni (stundum aðeins hluti íbúðar). Ef fyrir eru palestínskir eigendur annarra eignarhluta stofna gyðingar til ósættis, og kæra síðan ósættið. Þá er öllum eigendum skipað að fara af eigninni til að stilla megi til friðar. Þar með teljast aðrir hlutar eignarinnar einnig yfirgefnir af palestínskum eiganda, og eru seldir eða afhentir gyðingum."

Í lok þessarar greinar segir þingmaðurinn, svo ég fari að stytta lesturinn og hlaupi hér aðeins á köflum, undir fyrirsögninni „Þeir vilja okkur feiga". Hann er að greina frá reynslu sinni:

„Þeir telja það stefnu Ísraels [þ.e. Palestínumenn] að ekki takist friðarsamningar, og Ísraelsstjórn ætli sér að hrekja Palestínumenn á Gaza í sjóinn og eyða þjóðinni sem slíkri af yfirborði jarðar. — „Þeir vilja okkur feiga." — Það er tilvitnun eftir viðmælanda greinarhöfundar. — „Almenningur í Evrópu hefur enga hugmynd um hve alvarlegt ástandið hér er og hve mikilvægt er að Ísrael fáist til að semja um frið og réttindi okkur til handa annars förumst við."

Og önnur tilvitnun: „Hvers vegna beita vestrænar þjóðir ekki Ísrael sams konar viðskiptaþvingunum og Suður-Afríku? Er einhver munur á þessum tveimur aðskilnaðarríkjum kynþátta og trúarbragða?"

Þeir sögðust ekki greina möguleika á breytingum í framhaldi af þingkosningum Ísraela, og ekki geta gert ráð fyrir breyttri afstöðu Ísraels til samninga eftir kosningar. Enginn ísraelskur stjórnmálamaður hafi enn sem komið er lýst fylgi við að Palestínumenn fái full borgararéttindi eða að stofna eigið þjóðríki.

Nýlega létust Palestínumenn í ísraelskum fangelsum, af afleiðingum pyntinga. Frá upphafi Intifata 1987 hafa fjölmargir Palestínumenn látist eftir pyntingar í fangelsum Ísraels. Yfir 100 þús. Palestínumenn hafa orðið örkumla eða látist í átökum síðan Intifata hófst, hærra hlutfall en í Víetnam."

Þetta segir greinarhöfundur, virðulegur forseti, undir lok þessa yfirlits í frásögn af reynslu sinni úr ferð til þessa ríkis. Það eru aðrar frásagnir en við höfum fengið frá þeim fulltrúum íslenskra stjórnvalda, ráðherrum sem sótt hafa ísraelsk stjórnvöld heim á liðnum árum á kostnað hins opinbera. Ég bið hv. alþm. um að setja sig inn í þessar aðstæður og reyna að tengja þetta mál þessar lýsingar frá fyrstu hendi, frá þingmanni í þessum sal, við þá tillögu sem hér er til umræðu. (**Forseti:** Forseti vill inna hv. þm. eftir því hvort hann er u.þ.b. að ljúka máli sínu eða hvort hann vill fresta ræðu sinni því hér er ætlunin að hefja utandagskrárumræður.) Virðulegur forseti. Ég hafði í hyggju að segja talsvert meira. En ég tel að í rauninni hafi ég með tilvitnun í ræðu annars þingmanns hér sagt flest það sem segja þarf í bili um þetta mál. Ég hef möguleika á að koma hér inn í umræðu síðar og mun væntanlega nota mér þann rétt síðar við þessa umræðu. Þetta mun verða síðari umræða um málið og þar á ég einhvern rétt eftir. Ég vil að aðrir komist hér að til að segja álit sitt á þessu máli og því vil ég með þessum orðum ljúka

ræðu minni um leið og ég þakka hv. þm. Árna Árnasyni fyrir það að koma frá sér þeim upplýsingum sem hann hefur reitt fram Alþingi og íslenskri þjóð til upplýsinga.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.
Vandi sjávarútvegsins.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil í fyrsta lagi þakka fyrir að greitt hefur verið fyrir því að þessi umræða mætti koma hér á dagskrá. Við því hefur verið orðið þrátt fyrir annir þingsins. Það var samdóma álit okkar í stjórnarandstöðunni að eftir að til ákveðinna tíðinda dró, sérstaklega í sjávarútvegsnefnd á fundum þeirrar nefndar snemma í þessari viku, þá yrði ekki svo við unað að ekki gæfist hér tækifæri til að ræða stöðu og málefni sjávarútvegsins áður en þinglausnir yrðu. Ég hef óskað eftir því að bæði hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. verði viðstaddir umræðuna og mér er kunnugt um að hæstv. forsrh. er rétt ókominn í hús ef ég hef fengið réttar upplýsingar. Það væri nú gott, hæstv. forseti, ef hér stæði í aðalatriðum einn fundur í salnum í einu.

Ég ætlaði að hefja mál mitt á því að fara nokkrum orðum um afkomu í íslenskum sjávarútvegi um þessar mundir. Rekstrargrundvöllur sjávarútvegsins er hruninn til grunna. Þetta eru reyndar ekki orð ræðumanns. Þetta er ekki upphrópun stjórnarandstæðings. Þetta er ekki niðurrifsstarfsemi skæruliðahóps hér á þingi eins og hæstv. utanrrh. mundi kannski kalla það. Nei, þetta eru orðrétt ummæli forustumanna Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna við upphaf aðalfundar þeirra samtaka í gær. „Rekstrargrundvöllur sjávarútvegsins er hruninn til grunna" var sagt þar.

Á árinu 1992, sem nú er búið að gera upp, var staðan þannig að tap á botnfiskveiðum og vinnslu var 6,4% en með greiðslum úr Verðjöfnunarsjóði 2%. Útgreiðslur Verðjöfnunarsjóðs voru 2,6 milljarðar kr. á árinu, sjóðurinn var tæmdur. Það nam 4,5% í afkomu en samt sem áður var 2% tap á greininni. Miðað við afkomutölur út frá aðstöðu sjávarútvegsins í marsmánuði sl. er staðan sú nú að mati Þjóðhagsstofnunar að tap botnfiskveiða og vinnslu er 8,3% og hefur þó verið breytt tryggingamati fiskiskipa þannig að taptalan lækkar um 1,8% miðað við það sem áður var. Ef eldri viðmiðun væri notuð er tapið tæpir 10% um þessar mundir og er þá ekki reiknað með greiðslum fyrir veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs á næsta fiskveiðiári. Sem sagt sjávarútvegurinn íslenski mun tapa 6–7 milljörðum króna á árinu. Saltfiskvinnslan er rekin með 14–15% tapi enda er hún að leggjast af í hverju fyrirtækinu á fætur öðru. Samt er það svo að ríkisstjórn Íslands áformar að selja veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs á næstunni, það sem eftir er af þeim, 8 þús. tonn, og hafnar þeirri ósk og kröfu stjórnarandstöðunnar að afgreiða lagaheimildir til að úthluta þeim ókeypis til útgerðarinnar við þessar aðstæður. Samt er það svo að loforð hæstv. forsrh. frá því í ágústmánuði sl. sem er bráðum 9 mánaða gamalt hefur enn ekki verið efnt. Í þriðja lagi er það svo að hæstv. ráðherrar eru þegar komnir í hár saman um ákvörðun leyfilegs hámarksafla bolfisks á næsta fiskveiðiári.

Hæstv. forsrh. segir að ekki sé nokkur leið að skera aflann meira niður en gert hafi verið á sl. ári. Hæstv. sjútvrh. boðar frekari niðurskurð. Ríkisstjórnin greip til þess í nóvembermánuði sl. að fella gengið. Sú ráðstöfun bætti afkomu greinarinnar um 4,4% að mati Þjóðhagsstofnunar en sama stofnun segir nú: Sá bati er meira en búinn. Afkoman er orðin verri í sjávarútveginum í dag en hún var fyrir gengisfellinguna í nóvember.

Í því ljósi eru ummæli hæstv. forsrh. frá því í eldhúsdagsumræðunum hér um daginn harla athyglisverð. En hæstv. forsrh. sagði, með leyfi forseta: „Við" — og á þá væntanlega við ríkisstjórnina — „höfum vaxandi áhyggjur af stöðu sjávarútvegsins. Þegar starfsumhverfi sjávarútvegsins er skoðað kemur í ljós að vanda hans virðist ekki að leita í rangri skráningu gengis. Raungengi er óvenjulega lágt um þessar mundir og hefur vart lægra verið í ár." Samt var það þannig að á aðalfundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna var gengið í raun og veru fellt í gær vegna þess að talsmennirnir þar sögðu: Það er ekkert annað eftir. Ríkisstjórnin hefur ekkert gert. Vextirnir hafa ekki lækkað og það er ekkert eftir nema gengið, neyðarúrræðið gamla.

Það er vonlaust að hafa þetta svona. Skuldastaða sjávarútvegsins er, eins og allir þekkja, hrikaleg. Brúttóskuldir greinarinnar eru á milli 105 og 110 milljarðar kr. en heildarverðmæti eigna í geininni um 130 milljarðar. Tekjur 70 milljarðar, lánstími 7 ár. Það sjá allir af þessum tölum einum að dæmið er víðs fjarri að ganga upp. Og við bætast svo hinar almennu aðstæður, erfiðleikar í öllu atvinnulífinu og fjármálalífinu. Fiskveiðistefnan, sjávarútvegsstefnan, hvar er hún? Hún er engin. Hæstv. ríkisstjórn hefur ekki komið sér saman um nokkurn skapaðan hlut af því sem þó stendur í hennar hvítbók og hennar stjórnarsáttmála. Með öðrum orðum, hæstv. forseti, öll málefni sjávarútvegsins eru í upplausn. Rekstrargrundvöllurinn er hruninn til grunna, ekkert samkomulag er um fiskveiðistefnuna, ekkert samkomulag er um ákvörðun aflaheimilda, ekkert samkomulag er um gengisskráningu, ekkert samkomulag er um ráðstöfun veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs. Það er ekki samkomulag um neitt. Og þó, það virðist þrátt fyrir allt vera samkomulag um eitt í hæstv. ríkisstjórn. Hvað er það? Það er að gera ekki neitt. Það er a.m.k. niðurstaðan af þessu ástandi, afleiðingin. Það sem þarf að gera er í fyrsta lagi að úthluta án tafar veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs án endurgjalds. Það verður í öðru lagi að létta af sjávarútveginum þeim álögum, þjónustugjöldum og íþyngjandi ráðstöfunum sem hæstv. ríkisstjórn hefur gripið til á starfstíma sínum. Það verður að lækka vextina og það stórlega. Við þurfum að stefna hér að sambærilegu raunvaxtastigi og í öðrum löndum þar sem hóf-

legum vöxtum er beitt sem stjórntæki til að örva efnahagslífið. Vaxtastigið verður að nást niður í 3–5% hér á næstu einu til tveimur árum. Það eru þeir raunvextir sem samkeppnisgreinar sjávarútvegsins erlendis búa við. Það verður í fjórða lagi að létta greiðslubyrði skulda sjávarútvegsins með lægri vöxtum, með lengri lánum og með endurfjármögnun greinarinnar og endurskipulagningu í stórum stíl. Það verður að lækka tilkostnað. Það er búið að tala og tala og tala um t.d. raforkuverð til sjávarútvegsins en það hefur ekkert gerst. Og það verður síðast en ekki síst, hæstv. forseti, að auka tekjur greinarinnar vegna sjávarútvegsins og vegna þjóðarbúsins með því að hvetja menn og ef með þarf með því að styrkja menn til að sækja á dýpri mið og í vannýttar tegundir. Með því að auka fullvinnslu og þar með verðmætasköpun og atvinnu. Úreldingarsjóðir sem fækka skipum og minnka vinnslurými eru neyðarkostir borið saman við hitt ef hægt er að styðja menn til að beina vannýttum skipum til veiða á nýjum miðum eða í vannýtta stofna og auka þannig verðmætin.

Ef stofnaður er þróunarsjóður af einhverju tagi í sjávarútvegi nú þá á hann að sjálfsögðu ekki aðeins að úrelda hús og draga saman í greininni heldur einnig að aðstoða við að breyta húsnæði í fullvinnslu- og sérvinnsluaðstöðu þar sem möguleikar eru til slíks. Það er lífsnauðsynlegt fyrir íslenskan sjávarútveg og íslenska þjóðarbúið að það takist að auka útflutningstekjur íslenskra sjávarafurða verulega. Það er þrátt fyrir allt enn þá einu sinni þannig að það eru engir aðrir möguleikar nær okkur Íslendingum en þeir sem felast í sjávarútveginum til aukinnar verðmætasköpunar hér í landinu.

Ég tel það fyllilega raunhæft markmið að með sameiginlegu átaki megi auka útflutningstekjur af íslenskum sjávarafurðum um 100 milljarða kr. að núvirði á næstu fimm til sjö árum. Við verðum að stefna að því. Fyrr og ekki fyrr er hlutfall tekna og skulda bæði sjávarútvegsins og þjóðarbúsins komið í viðráðanlegt horf. Ég vil svo að lokum, hæstv. forseti, leyfa mér að leggja eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. ráðherra, hæstv. sjútvrh. og hæstv. forsrh. að nokkru leyti einnig:

1. Hvað hyggst ríkisstjórnin fyrir með veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs,

a. veiðiheimildir þessa árs eða það sem eftir er af þeim, 8.000 tonn,

b. veiðiheimildir næsta fiskveiðiárs 1993–1994,

c. hvað með loforð hæstv. forsrh. um fjárstuðning til útgerðarinnar til að jafna mismunandi útkomu hennar vegna skerðingar þorskveiðiheimilda?

2. Hvað hyggst ríkisstjórnin gera í sambandi við afkomu sjávarútvegsins? Hyggst ríkisstjórnin reyna að afstýra yfirvofandi fjölda gjaldþrota í greininni sem fjallað er um þessa dagana á aðalfundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna? Hvenær er að vænta ráðstafana frá ríkisstjórninni í þessu sambandi? Hvers er að vænta og hvenær er spurningin.

3. Hvenær er að vænta ákvarðana í gengismálum? Það er búið að fella gengið úti í sjávarútveginum og það veit hvert mannsbarn að við þær aðstæður geta menn ekki dregið það lengi að taka ákvörðun í því sambandi.

4. Hyggst ríkisstjórnin taka á skuldamálum útvegsfyrirtækjanna og þá hvernig?

5. Er þess að vænta að þróunarsjóður verði aftur á dagskrá ríkisstjórnar næsta haust eða eitthvert sambærilegt fyrirbæri?

Hvar er þróunarsjóðurinn? spyr Morgunblaðið í forundran í leiðara sínum í fyrradag. Ég tek undir þá spurningu. Hvar er þróunarsjóðurinn sem og aðrar ráðstafanir hæstv. ríkisstjórnar?

6. Hvernig hyggst ríkisstjórnin standa að frekari vinnu að mótun fiskveiðistefnunnar? Er þess að vænta að áfram verði haldið þar á sömu braut án nokkurs samráðs við sjútvn. Alþingis og stjórnarandstöðuna?

Að lokum til hæstv. forsrh.: Er hæstv. forsrh. tilbúinn til að beita sér fyrir því að kalla Alþingi saman á nýjan leik innan skamms til að ræða þessi mál og almennar aðstæður í efnahags- og atvinnumálum ríkisstjórnarinnar?

Allra síðasta spurningin til hæstv. forsrh. er þessi: Nái hæstv. ríkisstjórn ekki samkomulagi á næstunni um ráðstafanir í þessu sambandi hvenær má þá vænta þess að hún biðjist lausnar?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram í ræðu hv. málshefjanda og er reyndar ekki nýtt af nálinni og hefur komið fram áður í umræðum hér á þinginu á undanförnum vikum að sjávarútvegurinn á nú við mikinn rekstrarvanda að etja. Meginástæðan fyrir því eins og kunnugt er á rætur að rekja til þess að afli er nú minni en áður og verðfall hefur orðið mjög mikið á erlendum mörkuðum síðustu mánuði. Við þessari þróun hefur verið brugðist og verður brugðist á næstunni. Sjávarútvegurinn sjálfur hefur þó fyrst og fremst tekist á við þetta verkefni. Hann hefur lagað sig að breyttum aðstæðum og mætt nýjum aðstæðum með ótrúlegum árangri í því að auka framleiðni innan atvinnugreinarinnar. Ef við lítum á einfaldar staðreyndir í þessu efni þá kemur í ljós að á sl. tveimur áratugum hefur framleiðni vinnuaflsins í sjávarútveginum aukist um 72% á meðan framleiðni vinnuaflsins í heild í þjóðfélaginu hefur aukist um 38%. Ef við horfum svo á tímabilið frá 1973–1990 að því er varðar framleiðni fjármagnsins þá kemur í ljós að það hefur aukist um 4% í sjávarútveginum en minnkað um 14% þegar litið er á atvinnulífið í heild sinni. Og ef við horfum á hinn almenna iðnað að stóriðjunni frátalinni þá hefur framleiðni fjármagnsins á þessu tímabili minnkað um 40% á meðan hún hefur aukist um 4% í sjávarútveginum. Þannig hefur sjávarútvegurinn sjálfur tekist á með stórkostlegum hætti við innri vanda og lagt mjög verulegan skerf til að bæta stöðu sína. Og auðvitað skiptir það mestu máli að stjórnendur og starfsfólk atvinnugreinarinnar vinni að þessu verki. Og það hefur það sannarlega gert.

Því eru auðvitað takmörk sett hversu langt er hægt að ganga í þessu efni og hversu miklar kröfur er hægt að gera. En vissulega er það svo í þeim þrengingum

sem við búum við í dag að það þarf að leggja meiri kvaðir bæði á starfsfólk og stjórnendur atvinnugreinarinnar til að ná aukinni framleiðni þrátt fyrir þennan mikla árangur. Og það er áhyggjuefni að á sama tíma og sjávarútvegurinn hefur náð þessum árangri þá hefur annar iðnaður í landinu dregist saman. Hlutdeild sjávarútvegsins í heildarútflutningi landsmanna hefur vaxið á undanförnum árum meðan hlutdeild annarra atvinnugreina í útflutningsverðmætunum hefur dregist saman. Þetta er áhyggjuefni ekki bara fyrir þjóðarbúið í heild sinni heldur líka fyrir sjávarútveginn. Því það er kappsmál að minni hyggju fyrir þjóðfélagið og sjávarútveginn að auka fjölbreytni í íslensku atvinnulífi. Og því miður eru lítil skilyrði eins og sakir standa til að önnur atvinnustarfsemi geti vaxið og dregið úr hlutfalli sjávarafurðaframleiðslunnar í útflutningi landsmanna.

Ríkisstjórnin hefur á undanförnum 14–15 mánuðum gripið til margháttaðra ráðstafana til að mæta breyttum ytri aðstæðum sjávarútvegsins. Í fyrsta lagi var tekin um það ákvörðun að fresta afborgunum af lánum sjávarútvegsins í tvö ár í atvinnutryggingadeild og mælast til þess við Fiskveiðasjóð og aðrar lánastofnanir að þær skuldbreyttu og lengdu lán sjávarútvegsfyrirtækjanna. Þau eru nú afborgunarlaus í atvinnutryggingadeildinni. Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins var greiddur út á sl. ári til þess að mæta erfiðleikum um stundarsakir. Aðstöðugjaldið var afnumið og loks í fjórða lagi var gengi krónunnar lækkað í nóvember sl. og það bætti afkomu greinarinnar um 4–5% og hún væri nú að þeim mun lakari ef ekki hefði verið gripið til þeirra aðgerða. Síðan þá hefur sigið á ógæfuhliðina fyrst og fremst vegna þess að verð hafa farið lækkandi mánuð eftir mánuð. Við þurfum nú að horfast í augu við þær staðreyndir.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa verið í viðræðum sín á milli og við stjórnvöld. Því miður slitnaði upp úr þeim viðræðum eða varð uppstytta í þeim en á þeim vettvangi voru menn m.a. að ræða um forsendur efnahagslífsins og aðgerðir til að bæta rekstrarstöðu útflutningsgreinanna. Í raun og veru má segja að sjávarútvegurinn þyrfti að búa við þær aðstæður að það væri jafnvægi í viðskiptunum við útlönd.

Sá árangur hefur náðst í efnahagsstjórn undanfarinna ára að viðskiptahallinn tvö undanfarin ár hefur farið minnkandi og sá árangur hefur auðvitað hjálpað til við að mæta þeim erfiðleikum sem sjávarútvegurinn stendur frammi fyrir. Stöðugleikinn skiptir sjávarútveginn miklu máli. Eins og sakir standa myndi lækkun vaxta vitaskuld hafa gífurlega þýðingu. Á það er þó að líta að stór hluti af vaxtabyrði sjávarútvegsins er vegna erlendra lána. Við ráðum ekki miklu um þróunina á þeim markaði. Sem betur fer hafa vextir erlendis farið heldur lækkandi en þó hvergi nærri til að mæta þessum nýja vanda. Allar almennar ráðstafanir sem gerðar eru til þess að bæta rekstrarskilyrðin fela í sér tilfærslu. Það er ekki unnt við þessar aðstæður að auka ágóða eða hagnað sjávarútvegsins nema þjóðin í heild sé reiðubúin til þess að draga saman og sætta sig við lakari lífskjör meðan við erum að vinna okkur út úr kreppunni. Það er út af fyrir sig fagnaðarefni að talsmenn Alþb. skuli játa þeirri staðreynd hér. En öllum má vera það ljóst að það er vandasamt og ekki einfalt að standa að aðgerðum í því efni þannig að um þær sé bærileg sátt milli launafólksins í landinu, þannig að þær skili útflutningsatvinnuvegunum raunverulegum afkomubata.

Við eðlilegar aðstæður á sjávarútvegurinn að skila að meðaltali góðum hagnaði. Við ríkjandi aðstæður er þess varla að vænta að við getum gert þær ráðstafanir í einu vetfangi að sjávarútvegurinn verði rekinn að meðaltali á núlli. En það er alveg ljóst að við svo búið má ekki standa eins og afkomutölurnar eru um þessar mundir. Það er að vísu misjöfn aðstaða einstakra greina innan sjávarútvegsins. Hallinn er meiri eða mestur í togaraútgerð og bátaútgerð og í saltfiskvinnslu. Hann er minni í frystingunni og það er nokkur hagnaður af rekstri frystitogaranna. Allt þetta þarf að hafa í huga þegar þessar aðstæður eru metnar. Það kom fram hér í eldhúsdagsumræðum fyrr í vikunni af hálfu hæstv. forsrh. að á næstunni verður unnið að úrlausn þessara viðfangsefna innan ríkisstjórnarinnar.

Vegna þeirra fyrirspurna sem hv. þm. bar hér fram er það ljóst að gert er ráð fyrir því þegar lögin um þróunarsjóð hafa verið samþykkt að sölu á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs verði hætt og þeim úthlutað án endurgjalds til fiskiskipaflotans.

Varðandi skuldamál sjávarútvegsins þá hefur eins og hér hefur verið lýst verið í gildi sú regla á þessu ári að sjávarútvegurinn hefur ekki þurft að greiða afborganir af skuldum í Atvinnutryggingarsjóði og bæði Fiskveiðasjóður og lánastofnanir hafa tekið á skuldamálum einstakra fyrirtækja og eftir aðstæðum hvers og eins reynt að stuðla að fjárhagslegri endurskipulagningu. Það er gert ráð fyrir því að þróunarsjóðsframvarpið verði flutt í upphafi næsta þings og þá verði jafnframt komið fram með þær lítilfjörlegu breytingar á fiskveiðilöggjöfinni sem endurskoðunarnefndin lagði til að gerðar yrðu. Fullyrða má að með þeirri niðurstöðu hafi fiskveiðistefnan í meginatriðum verið fest í sessi og sjávarútveginum sköpuð örugg skilyrði að því er fiskveiðistjórnunina varðar. Hv. 4. þm. Norðurl. e. ætti að fara sér hægt þegar hann talar um fiskveiðistefnu því að þá fyrst mundi sjávarútvegurinn búa við óöryggi og óvissu ef veifa ætti framan í hann þáltill. Alþb. um mótun sjávarútvegsstefnu og ætla ég ekki að fara mörgum orðum um það, svo glögglega sem hún hefur verið afhjúpuð hér í þingsölum sem einskis nýt.

Kjarni málsins er sá að það hefur verið og verður unnið að úrlausnum á afkomuvanda sjávarútvegsins. Ég teldi mjög mikilvægt að það gæti gerst í góðu samstarfi og sátt, ekki aðeins við atvinnugreinina sjálfa heldur fólkið í landinu, bæði launafólkið og stjórnendur atvinnufyrirtækjanna.

Stefán Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Sú umræða sem hér fer fram er um vanda sjávarútvegsins sem svo sannarlega er mikill. Ég vil þó með örfáum orðum á annars mjög naumum tíma minna á annan vanda sem nauðsynlega hefði þurft að

ræða og veldur mér ekki síður áhyggjum og er nátengdur vanda atvinnulífsins. Þar á ég við breytta tekjuskiptingu í landinu og fjárhagslega erfiðleika launafólks og heimila. Skuldir heimilanna hafa sífellt aukist og eru nú fjórum sinnum hærri en fyrir áratug og einstaklingar og heimili eru að sligast undan drápsklyfjum þessarar ríkisstjórnar.

Hækkun á sköttum einstaklinga verður á þessu ári trúlega um 11 milljarðar þrátt fyrir að fyrsta setningin í landsfundarsamþykkt Sjálfstfl. frá árinu 1991 um skattamál væri: Sjálfstfl. vill lækka skatta. Landsfundur Sjálfstfl. samþykkti einnig að lækka skatthlutfall einstaklinga úr 39,85% í 35%. Þetta hefði þýtt lækkun tekjuskatts um á bilinu 8–9 milljarða kr. Þessi fyrirheit voru einnig svikin því skatthlutfallið var ekki lækkað heldur hækkað í 41,35% sem er skattahækkun á einstaklinga upp á 2,5–3 milljarða. Hér er mismunur á loforðum og efndum hvorki meiri né minni en um 11–12 milljarðar kr. sem boðberar íhaldsins og kratanna báru á borð fyrir kjósendur sína fyrir síðustu alþingiskosningar.

Fyrir síðustu kosningar fóru þeir einnig saman félagarnir, fulltrúar Alþfl. og Sjálfstfl., á vinnustaði og tilkynntu launafólki að skattleysismörkin yrðu að hækka í 70–80 þús. kr. Þessir aðilar fengu umboð þessa fólks til að standa við loforðið. En gerðu þeir það? Nei, því miður. Þeir hækkuðu skattleysismörkin. Að ógleymdu má einnig geta þess að ríkisstjórnin hefur einnig (Gripið fram í.), fyrirgefðu, þakka ykkur fyrir, þeir gerðu einmitt þveröfugt. Auðvitað mátti ég vita að þeir gerðu þveröfugt. Auðvitað lækkuðu þeir skattleysismörkin. Og þeir hafa lagt hvorki meira né minna eða flutt af fyrirtækjum um 6,2 milljarða yfir á launafólkið í landinu. Þannig gæti ég haldið áfram að minna á svik núv. stjórnarflokka gagnvart þegnum þessa lands. En ég held að sá tími sem eftir lifir þessa þinghalds muni ekki duga til að rifja upp öll þessi svik.

Það stjórnarfar sem nú ríkir er að gera þá ríku ríkari og þá fátæku fátækari. Sú aðför og umbylting sem gerð hefur verið á því velferðarþjóðfélagi sem hér hefur verið byggt upp veldur áhyggjum og það hversu einstaklingar og heimili eru illa stödd vegna fjárhagslegra þrenginga m.a. af þessum ástæðum. Allt verður að gera til að komast hjá þeim harmleikjum sem blasa við allt of mörgum í dag. Allt annað er Alþingi og þingmönnum ekki sæmandi. Ríkisvaldið ögrar og hótar hinum almenna launamanni við að ná fram rétti sínum til mannsæmandi launa með uppsögnum og atvinnuleysi. Launþegar þurfa nú að fórna kjarabótum sér til handa til að verja velferðarkerfið fyrir krötunum. Alþingismenn geta ekki látið sem ekkert hafi gerst. Hlutur Alþfl. í þessu máli er allra aumastur og þeim til skammar.

Krafa almennings í dag um skilning á auknu réttlæti bergmálar um þjóðlífið allt. En ráðherrar heyra ekki neitt. Það mætti halda að þeir byggju í hömrunum eins og tröllin. Ríkisstjórnin verður að láta af þeim óheillaáformum sem hún hefur uppi. Sá hornsteinn sem heimilin eru þola ekki álögurnar og eru að sundrast og þau sár sem af því hljótast munu seint og illa gróa.

Það ástand, sem hefur verið að skapst með viðvarandi atvinnuleysi, er uggvænlegt. Ekki mun fjarri lagi að milli 9–10 þúsund manns séu nú án atvinnu. Það er alvarlegt að núv. ríkisstjórn sé svo villt á vegi frjálshyggjunnar að hún beiti atvinnuleysinu sem stjórntæki við úrlausn í efnahagsmálum. Ætlum við Íslendingar að kalla yfir okkur það þjóðfélagsböl sem þekkt er erlendis að stór hópur fólks fái nokkuð víst aldrei í lífinu ærlega atvinnu?

Virðulegi forseti. Um þetta ástand getur aldrei orðið sátt. Ríkisstjórnin mun fyrr eða síðar verða knúin til að láta af þessari stefnu og því fyrr, því betra. Núverandi ríkisstjórn er vitaskuld rúin öllu trausti almennings. Geta þeirra til að stjórna er engin. Það eina sem samkomulag er um hjá ríkisstjórninni og stuðningsliði hennar er að gera ekki neitt og það er út af fyrir sig stefna. Í grundvallaratvinnugreininni, sjávarútveginum, skortir forsrh. og sjútvrh. vilja til að leita sameiginlegra leiða út úr þeim vanda sem þeir hafa komið sjávarútveginum í. Hentistefnuflokkur eins og Alþfl. og frjálshyggjulið íhaldsins eru ónothæf til að bregðast við þeim allsherjarvanda sem núv. ríkisstjórn hefur komið atvinnulífinu í. Það er meiri háttar klúður þessarar ríkisstjórnar að fresta því að taka afstöðu til stjórnunar fiskveiða. Þess vegna er atvinnugreinin í meiri óvissu nú um starfsskilyrði sín en nokkru sinni fyrr. Þrátt fyrir það verða kröfur stjórnvalda til sjávarútvegsins sífellt háværari um aukna hagræðingu og skipulagsbreytingu innan greinarinnar. Ég fullyrði að í engri atvinnugrein á Íslandi hafi átt sér stað jafnumfangsmiklar skipulagsbreytingar og í sjávarútvegi og árangurinn hvergi verið meiri.

Það er athyglisvert að útflutningsverðmæti íslenskra sjávarafurða hefur aukist frá árinu 1983 um hvorki meira né minna en 29% og ef ég man rétt mun þetta jafngilda um 14 milljörðum kr. þrátt fyrir allan þann aflasamdrátt sem greinin hefur mátt þola. Sjávarútvegurinn þarf ekki að biðjast afsökunar á slíkum árangri og væri betur að aðrar greinar hefðu náð að skila slíku.

Það er athyglisvert þegar þetta er skoðað að árið 1987 veiddum við um 390 þús. tonn af þorski en árið 1993 er aflaúthlutun rétt um 205 þús. tonn. Aflasamdrátturinn á þessu tímabili er hvorki meira né minna en 185 þús. tonn af þorski. Þrátt fyrir þetta nær greinin góðum árangri eins og ég gat um áðan. Þessar tölur ættu að sýna þeim sem sífellt gera kröfur á sjávarútveginn um hagræðingu og aukna arðsemi, hvort sem það er ríkisstjórnin eða pennabræðurnir á Morgunblaðinu og Alþýðublaðinu, að útvegsmenn, sjómenn og fiskvinnsla hafa svo sannarlega náð árangri í að aðlaga sig að breyttum háttum. En það virðist ekki duga. Græðgi ríkisstjórnarinnar til eyðslu og annarra þeirra sem sækja nesti sitt í þjóðarkökuna, allt þetta lið er óseðjandi. En sjávarútveginum er ætíð boðið síðast af skiptaborði þjóðarinnar þótt hann afli um 70–80% þess sem þarf í þessa þjóðarmáltíð.

Áratugir eru síðan sjávarútvegurinn hefur mátt þola slík starfsskilyrði sem nú. Allt tal ráðherra um vaxtalækkanir vita þeir sem í atvinnurekstrinum starfa að er marklaust hjal að óbreyttri stefnu. Meðan núverandi gjaldþrotastefna ríkir munu bankar og sjóðir enga burði

hafa til þess að lækka vexti. Það sem þeir munu gera er að hækka vexti ef svo heldur fram sem horfir. Gjaldþrotin munu skapa það ástand. Þau fyrirtæki sem fram að þessu hafa staðið í skilum með lán sín og greiðslur til starfsfólks munu þurfa að borga brúsann og þannig hefst nýr ferill á þessari gjaldþrotabraut ríkisstjórnarinnar.

Einu tillögurnar sem fram hafa komið frá ríkisstjórninni eru um auknar álögur á sjávarútveginn. Þróunarsjóðurinn er skýrasta dæmið um það, þar sem ákveðið er að taka upp auðlindaskatt í sjávarútvegi. Það er athyglisvert og ætti að vekja hvern einasta Íslending til umhugsunar að lesa forustugrein Alþýðublaðsins í síðasta mánuði en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þróunarsjóðurinn felur í sér sögulega sátt um gjaldtöku fyrir nytjarétt á auðlindinni og með honum er reitt til höggs" — og nú bið ég sjálfstæðismennina að hlusta — „og með honum er reitt til höggs að einum stærsta vanda í íslenskum sjávarútvegi."

Það er með ólíkindum að þeir sem í sjávarútvegi starfa átti sig ekki á því hvert hér er verið að fara og svari slíkum hótunum. Íhaldið virðist máttvana og getulaust til að leiða sjávarútveginn úr þeim ógöngum sem þeir hafa komið honum í. (**Gripið fram í:** Það stendur nú ekki í Alþýðublaðinu.) Það er sorglegt hversu núv. ríkisstjórn hefur sótt fast að sjávarútveginum og kippt gersamlega starfsgrundvelli undan þessari höfuðatvinnugrein þjóðarinnar.

Eigið fé fyrirtækjanna er að brenna upp og eigendurnir standa á brunarústunum einum. Það er sem flokkur brennuvarga gangi laus og þeir sem eiga að sinna brunavörnunum hafa engar varnir lengur.

Virðulegi forseti. Það er afleitur kostur ef alþingismenn ætla að fara heim áður en þeim hefur tekist að ná eldfærunum af þessum brennuvörgum og stöðva þessa bálför að íslensku atvinnulífi.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Nú stendur til, ef allt er ekki áfram í háalofti, að senda þingið heim að loknum óvenjulöngum þingvetri. Næstum níu mánuðir eru liðnir síðan við komum saman til þingstarfa sl. sumar. Þrátt fyrir það er alls ekki tímabært að gera hlé á störfum þingsins eins og ástandið er í þjóðfélaginu nú. Það eru einkum atvinnumálin og sjávarútvegsmálin sem valda því. Úrræðaleysi stjórnvalda í atvinnumálum er dapurlegt og ábyrgðarleysi ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum getur steypt þjóðinni í slíka erfiðleika að jafnvel Færeyjagrýla er meinlaus hjá þeim. Svör hæstv. ráðherra staðfesta þetta. Hann vísaði aðallega á atvinnugreinina sjálfa en að mati forsvarsmanna hennar er hún komin í þrot.

Það var ábyrgðarleysi ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar að keyra upp vextina í upphafi stjórnartíðar sinnar. Nú er svo komið að botnfiskveiðar og vinnsla eru rekin með 8,3% halla og sjávarútvegurinn er með heildarskuldir upp á 105 milljarða. En það er ábyrgðarleysi að draga alla þjóðina á asnaeyrum mánuðum saman. Þykjast vera að grípa til aðgerða, móta sjávarútvegsstefnu og gera eitthvað til að bæta úr brýnum vanda, hætta svo við verkefni í fullkominni uppgjöf af því að ríkisstjórnin veldur þeim ekki. Það vissu allir fyrir fram. Og það er fullkomið ábyrgðarleysi af stjórnvöldum að gera ekki ráðstafanir til að geta úthlutað veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs til illa staddra fyrirtækja í samræmi við gefin fyrirheit. Heigulsháttur réði því að ríkisstjórnin treysti sér ekki einu sinni til þess að horfast í augu við slíkar tillögur hér í þingsal.

Ríkisstjórnin hefur haft framtak í sér til að hygla vinum sínum, ekki bara útvöldum einkavinum heldur öllum vinum sínum í viðskiptum nema e.t.v. þeim sem standa í útgerð og fiskvinnslu. Ríkisstjórnin felldi að vísu gengið í nóvember og taldi það vissulega í þágu útgerðar. Það dugði hins vegar ekki einu sinni til að mæta þeim verðlækkunum sem nú er við að etja á fiskmörkuðum í Evrópu. Jafnframt er ljóst að gengisfelling er mjög tvíeggjuð aðgerð. Á móti bættri stöðu í sölumálum vegur að umtalsverðar erlendar skuldir sjávarútvegsins hækkuðu. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar einkennast af blindri trú á markaðinn, trú sem byggist á misskilningi og kreddum. Trúin er sú að með almennum aðgerðum megi laga viðskiptin. Þessi trú felur í sér tvær meginfirrur. Annars vegar þá að aldrei megi grípa til sértækra aðferða jafnvel þótt um sérstakar aðstæður sé að ræða. Hins vegar að það sé líklegt til að auka réttlæti og velsæld í viðskiptum að bæta mest stöðu þeirra sem skást standa en gera stöðu hinna hlutfallslega verri.

Hvernig er það annars? Eru það ekki sértækar aðgerðir að hygla þeim betur settu á kostnað hinna? Það sem ég á við er lækkun tekjuskatts fyrirtækja. Hún kemur þeim fyrirtækjum til góða sem eiga tekjuafgang og þurfa því síst á hjálp að halda. Það skýtur skökku við að þegar ríkið ákveður að auka skatta á almenning og létta þeim af fyrirtækjum, þá er það gert með þeim hætti að gera rík fyrirtæki ríkari. Þau fyrirtæki sem illa standa greiddu hvort eð er ekki tekjuskatt. Hitt er svo jafnvel enn hlálegra að afnám aðstöðugjaldsins kom nánast öllum fyrirtækjum til góða nema þeim sem helst þurftu á hjálp að halda, þ.e. sjávarútvegsfyrirtækjunum því að þau báru aðeins brot af því aðstöðugjaldi sem önnur fyrirtæki greiddu. Þetta eru sýndaraðgerðir og síst í þágu sjávarútvegsins enda var það sennilega aldrei ætlunin. Á sama tíma er sífellt verið að bæta álögum á þennan sama sjávarútveg. Gott ef ekki í nafni jafnræðis frjálshyggjunnar. Sumt vekur athygli og mótmæli en stundum er verið að lauma nýjum álögum á hann og reynt að láta lítið á bera. Ég bendi t.d. á að 25% hafnargjald sem búið er að leggja á samkvæmt reglugerð nr. 32/1992 hljómar meinleysislega. Fleira mætti nefna sem búið er að hrinda í framkvæmd eða er í bígerð.

Fyrir þinginu liggur eitt slíkt gjald af mörgum samkvæmt seinni lið frv. um meðferð og eftirlit sjávarafurða, þ.e. 420. mál sem afgreitt var með ágreiningi út úr sjútvn. fyrir nokkrum dögum. Gera menn sér enga grein fyrir því að það er ekki hægt að íþyngja endalaust sjávarútvegi á meðan öflugasta grein hans er rekin með 8,3% tapi? Ef menn vilja að sjávarútvegurinn

leggi til samneyslunnar, hvers vegna er þá ekki litið til þeirra fyrirtækja sem eru aflögufær innan hans? Hvers vegna að íþyngja þeim fyrirtækjum sem berjast í bökkum en gætu haft það af ef ríkisstjórnin kysi ekki að skattpína þau.

Nú er það svo að staða fyrirtækja í sjávarútvegi er afskaplega misjöfn, ekki bara milli greina heldur einnig það að við búum við mjög óheilbrigt kvótakerfi. Tap illa rekins eða bara óheppins fyrirtækis getur ráðið úrslitum um líf eða dauða byggðarlags á meðan kvóti er ekki bundinn byggðarlögum eins og við kvennalistakonur höfum á stefnuskrá okkar. Ef litið er á atvinnugreinina í heild þá gæti hún staðið miklu betur ef stjórnvöld afléttu markvisst þeim álögum sem íþyngja helst verst stöddu fyrirtækjunum. Ég bendi einnig á að allmörg fyrirtæki í sjávarútvegi standa vel sem betur fer og njóta væntanlega góðs af lækkun tekjuskatts á fyrirtæki. En hvers eiga hin að gjalda? Hvers vegna er álögum frekar létt af Granda fyrst hann er nú farinn að skila 97 millj kr. hagnaði á fyrsta ársfjórðungi eða SH sem var með 200 millj. kr. hagnað í fyrra? Ef einhver fyrirtæki í sjávarútvegi eru aflögufær þá eru það þau sem eru með afgang. Þrátt fyrir þetta er það mat forráðamanna SH að sjávarútvegurinn í heild eigi sér ekki rekstrargrundvöll að óbreyttu.

Fjöldamörg bærilega vel rekin fyrirtæki í greininni eru að veslast upp og deyja vegna þess að þau þola einfaldlega ekki það sem verið er að gera nú. Þar með kemur byggðaröskun og þá fara menn á atvinnuleysisskrá á þeim fámennu stöðum þar sem þeir eiga sínar rætur. Ég vil vekja athygli á því hverjir fara á atvinnuleysisskrá þegar fiskvinnslufyrirtæki lokar, það eru ekki síst fiskvinnslukonurnar. Ég leyfi mér að vekja athygli á því að hátt í 30% af þeim sem voru á atvinnuleysisskrá um sl. áramót hér á landi komu úr fiskvinnslu og um 10% í viðbót höfðu starfað við fiskveiðar. Það er alls ekki hægt að skýra þetta allt með árstíðabundnu atvinnuleysi. Samkvæmt upplýsingum og skýrslu Félagsvísindastofnunar um atvinnulausa má gera ráð fyrir að liðlega helmingur þessa hóps hafi þá verið atvinnulaus vegna tímabundinnar stöðvunar reksturs. Þá liggur fyrir að næstum 20% atvinnulausra í landinu eru það ýmist vegna erfiðleika í veiðum og fiskvinnslu sem eru vegna samdráttar eða gjaldþrots. Þetta eru varanlegir erfiðleikar, þetta eru varanlegar uppsagnir, þetta er varanlegt atvinnuleysi ef ekki verður gripið í taumana.

Það má þó segja sérlegum fulltrúum ríkisstjórnarinnar, tvíhöfðum, þeir eru reyndar uppteknir nú, eða sá þeirra sem hér er, það til tekna að þeir voru kannski ekki að spila á fiðlu á meðan sjávarútvegurinn var að fara í kalda kol. Nei, nei, þeir lágu svo sem ekki á liði sínu. Þeir söfnuðu ógrynni af pappír um sjávarútveg og mátuðu stílhrein hagfræðikerfi á hvítum pappírsörkum við slorugan veruleikann í fiskinum. Niðurstaðan varð því auðvitað sú að allt var látið reka á reiðanum, engar nothæfar tillögur komu frá tvíhöfða. Þarna var mikil vinna og örugglega samviskusamlega unnin til lítils gagns. Á meðan karpa hæstv. sjútvrh. og forsrh. um það hve mikinn fisk verði óhætt að veiða á næsta fiskveiðiári og þar takast á sjónarmið ábyrgrar verndarstefnu og pólitískrar hentistefnu sem ráðið hefur ferðinni á liðnum árum, þ.e. að veiða of mikið. Vissulega búum við ekki við stóra sannleik í þeim málum en það hefur verið gengið langt og við megum ekki taka áhættu og eiga á hættu hrun í þorskstofni.

Ég viðurkenni fúslega að ég hef ekki, frekar en aðrir í þessari umræðu, getað komið fram með upplýsingar sem taka af öll tvímæli um að ástandið sé jafnsvart og fiskifræðingar bæði hérlendis og erlendis vilja meina. En ég tel einfaldlega of mikið í húfi til að taka áhættu. Ég er hrædd um að það hafi verið gert á undanförnum árum, ekki aðeins með því að veiða umfram heildaraflamark heldur einnig með því að virða ekki ábendingar hinna sérfræðinganna, þ.e. sjómannanna sjálfra, um að vernda verði hrygningar- og uppeldisstöðvar þorsksins í stað þess að treysta því að takmörkun á heildaraflamagni leysi öll mál. Ég held að það sé hættuleg blekking að halda að við munum geta aukið þorskveiðar á næstu árum. Ég tel hins vegar að gera megi mun betur í að ýta undir nýtingu annarra fisktegunda, þekktra og óþekktra. Nú verðum við að fara að átta okkur á því að fjárfesting í sjávarútvegi skilar sér ekki síður en í iðnaði þar sem samkeppnin er miklu harðari og samkeppnisstaðan misjöfn. Eitt útilokar ekki annað. Hins vegar er allt of mikið nurlað í fjárveitingum til nýsköpunar í sjávarútvegi og það er ámælisvert. Sú tilhneiging hefur verið mjög áberandi að ætla sjávarrannsóknum einhverja ótrygga tekjustofna sem eiga aðallega sammerkt að skila sér ekki og íþyngja missterkum sjávarútvegi. — Forseti, má ég biðja um að það verði aðeins slegið í bjölluna svo að þessi kliður verði aðeins lægri. Hann er truflandi. (Gripið fram í.) Ég bið líka um að það verði sett ofan í við hinn heiðbundna frammíkallara, hv. 17. þm. Reykv. ... (**ÖS:** Forseti. Frammíkallið er dregið til baka.) Mér þykir vænt um að heyra það, ég hygg að þetta sé tímamótayfirlýsing og vona að þetta gildi um fleiri.

Við stöndum auðvitað ekki að traustri uppbyggingu með því að gera eins og þarna, að byggja sjávarrannsóknir á ótryggum tekjustofnum. Við þurfum að tryggja þessum rannsóknum traustan tekjustofn og mér finnst ekki óeðlilegt að ríkið láti fé af hendi rakna til jafnmikilvægra rannsókna og fiskirannsóknir eru og beini máli mínu nú til hv. frammíkallanda. Ríkið hefur kosið að skerða beinar fjárveitingar til slíkra rannsókna og það er ámælisvert svo ekki sé meira sagt. Ég er einnig mjög hugsi yfir því hvernig við stöndum að markaðsmálum okkar, þ.e. sölu sjávarafurða. Vissulega hafa sölusamtök í sjávarútvegi oft lyft grettistaki en stundarhagsmunir hafa einnig ráðið ferðinni, einkum hjá þeim sem koma nýir að og byggja ekki á gömlum grunni. Ýmsir telja m.a. að allt of mikil áhætta hafi verið tekið tekin í saltfisksölu okkar með því að opna fyrir samkeppni og undirboð. Í þeim darraðardansi hljóti allir að tapa að lokum.

Það er annað sem skiptir líka máli og það er hvort nafn Íslands sé markaðssett með viðhlítandi hætti. Það er athyglisvert að á ráðstefnu um matvælaiðnað sem

haldin var þann 23. nóv. sl. lögðu ýmsir áherslu á nauðsyn þess að kynna íslenska vöru, fyrst og fremst fisk, undir sameiginlegu vörumerki og leggja þá samkeppni til hliðar. Hins vegar er ekki því að neita að vera má að við séum búin að missa það tækifæri úr greipum okkar. Smásöluverslun í Evrópu er smátt og smátt að færast á hendur fárra. Það er áhyggjuefni fyrir okkur Íslendinga, ekki einungis vegna þess að stóru verslunarkeðjurnar geta keyrt niður verð á fiski heldur einnig að þær eru nánast ófáanlegar til að selja vörur undir öðrum merkjum en sínum eigin. Vissulega hefur það einhverja kosti að selja fisk undir þekktum vörumerkjum en það ryður ekki brautina fyrir aðra Íslendinga. Ef við ætlum okkur í framtíðinni að skapa Íslandi ímynd ferskleika og vandaðrar og ómengaðrar vöru þá gerum við það ekki með því að selja einhvern „Marks & Spencer-fisk" heldur Íslandsfisk. Við skulum gæta að því að ástandið í heimshöfunum er þannig að alvarlegt slys og geislamengun getur orðið hvenær sem er. Líkur til þess að svo verði eru víða meiri en hér í Norðurhöfum þrátt fyrir þá hættu sem okkur stafar af umferð kjarnorkuknúinna kafbáta. Hættan er meiri eftir því sem nær dregur stóru kjarnorkuendurvinnslustöðvunum og það getur því haft hagnýta þýðingu að geta tengt íslenska vöru meiri hreinleika heldur en hægt er á stórum stöðum. En til þess verðum við að afmarka okkar vöru frá annarri. Annað sem getur sett strik í reikninginn er að erlend skip geta nú í fullum rétti farið að bjóða á mörkuðum erlendis fisk frá Íslandsmiðum ef við lendum inn í EES. Þá ráðum við engu um það hvernig hann er meðhöndlaður, kynntur og markaðssettur. Þetta gerist með opnun fiskveiðilögsögunnar fyrir skipum Evrópubandalagsins. Það var mikið óheillaspor að gera þann tvíhliða samning sem við gerðum við Evrópubandalagið og er vonandi að hann verði aldrei látinn ganga í gildi þótt hann hafi verið knúinn naumlega í gegn hér á Alþingi, gegn betri vitund margra hygg ég.

Auk þessa er hætta á áníðslu á viðkvæmum miðum okkar. Átök við Franshól ættu að vera okkur lexía og þar var þó um að ræða atburði mestmegnis utan landhelginnar. Hverjir eru þá möguleikar okkar í sjávarútvegi nú? Fyrsta forsendan er að losna við ríkisstjórnina. Kostnaðarlækkun mundi skipta máli fyrir illa sett, lífvænleg sjávarútvegsfyrirtæki. Fyrst og fremst vaxtalækkun, lánalenging er víða óhjákvæmileg, orkuverðslækkun mundi skipta máli. Endurskipulagning hefur víða átt sér stað en þar má gera betur. (Forseti hringir.) — Afsakið forseti. Er takmarkaður tími í fyrri umferð? (**Forseti:** Samkvæmt síðari mgr. 50. gr. þingskapa hefur hver þingmaður leyfi til að tala í 15 mínútur í hvert sinn.) Ég þakka forseta upplýsingarnar. Við kvennalistakonur höfðum hugsað okkur aðra skiptingu á þeim tíma sem var til umráða hér. Ég hygg að meginefni minnar ræðu sé fram komið og ég þurfi ekki að hafa miklar áhyggjur af því þó ég sleppi því sem ég hafði hugsað mér að koma hér inn á í viðbót því ég veit að annar þingmaður Kvennalistans mun hafa tækifæri til að koma þar nokkrum ábendingum frá mér á framfæri. (**Forseti:** Forseti vill taka fram að þingmaðurinn hefur leyfi til að taka til máls aftur eftir að aðrir þingmenn hafa komist að.)

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Skelfing hlýtur því fólki að líða illa sem ekkert sér nema svart. Hér hefur hver pótintátinn af öðrum talað fyrir hönd stjórnarandstöðunnar og ekkert séð nema svart. Hér hefur enginn maður séð ástæðu til þess að benda á að þrátt fyrir allt eru að gerast ævintýri þó lítil séu í íslenskum sjávarútvegi. Ævintýri sem vísa til þess að þrátt fyrir allt hefur þessi grein bjarta framtíð. (Gripið fram í.) Ég verð hins vegar að segja það, hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, sérfræðingur Framsfl. í sjávarútvegsmálum, eins og væntanlega kemur hér fram á eftir, að vel er við hæfi að það er Alþb. sem fer fram á þessa umræðu. Sá ágæti stjórnmálaflokkur fór fram á umræðu um sjávarútvegsmál utan dagskrár hér í síðustu viku og hlaut þar svo háðulega útreið að það er ósköp skiljanlegt, mannlegt að þeir skuli nú reyna að gera aðra atrennu. Staðreyndin er auðvitað sú að það er enginn flokkur á Íslandi sem hefur verið jafnalræmdur fyrir sitt stefnuleysi í sjávarútvegsmálum eins og einmitt Alþb. Það hefur á undanförnum árum sveiflast á milli þess að vera ýmist með kvótakerfinu eða á móti því, með sóknarstýringu eða á móti henni. Formaður flokksins hefur gengið lengra en nokkur annar íslenskur stjórnmálamaður hvað varðar sölu á aflaheimildum. Hann hefur lagt fram tillögur um að þær verði boðnar hæstbjóðanda í tilraunaskyni, a.m.k. hluti þeirra, meðan hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sér svart í hvert einasta skipti, að ég segi ekki rautt, þegar minnst er á sölu aflaheimilda. En það er kannski, virðulegi forseti, í stíl við þann hringlandaháttt sem maður hefur mátt sjá hjá Alþb. að ég sé ekki betur á máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar en það sé að verða stefnubreyting hjá flokknum varðandi þróunarsjóðinn.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og raunar hinn sérfræðingur flokksins í sjávarútvegsmálum, hv. þm. Jóhann Ársælsson, hafa ekkert verra vitað heldur en þróunarsjóðinn, talið honum flest til foráttu. Hér kemur eigi að síður hv. varaformaður Alþb., Steingrímur J. Sigfússon og spyr: Hvar er þróunarsjóðurinn? Hann tekur undir með áhyggjum Morgunblaðsins um það hvað verður um þróunarsjóðinn. Ég tek líka undir þessar áhyggjur vegna þess að ég geri mér grein fyrir því, virðulegi forseti, að þróunarsjóðurinn getur skipt sköpum um framvindu íslensks sjávarútvegs. Ég tek þetta mál hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem dæmi um það að honum sé nú farið eins og Sál forðum á leiðinni til Damaskus, hann hefur verið lostinn eldingu skilningsins og skilur nú loksins hversu mikilvægur þróunarsjóðurinn kann að verða fyrir íslenskan sjávarútveg.

Ég verð hins vegar að segja það, virðulegi forseti, að mig undraði að sjá varaformann þess stjórnmálaflokks sem yfirleitt hefur talið sig bera hag alþýðunnar best fyrir brjósti, tala hér um gengisfellingu í afskaplega óvarfærnum tóni. Ég gat ekki skilið hv. þm. Steingrím J. Sigfússon öðruvísi en svo að hann hafi

bókstaflega verið að biðja um að genginu væri breytt. Ég skildi mál hans þannig og ég vænti þess þá að hann eða einhverjir aðrir talsmenn Alþb. í þessari umræðu leiðrétti það. (Gripið fram í.) Ég tel, virðulegi hv. þm., að menn þurfi að skoða það mál mjög nákvæmlega eins og ég mun koma að hér á eftir. Ég tel að menn eigi ekki að rasa þar um ráð fram og tel að það sé hættulegt að koma með yfirlýsingar eins og þessar.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að málflutningur margra þeirra sem hér hafa talað, e.t.v. með nokkurri undantekningu hjá hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson, hafi einkennst af rökleysu og sennilega hafa þær hvergi gengið jafnlangt og hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni. Það var alveg makalaust að hlusta á málflutning mannsins. Hann byrjaði sína ræðu á því, virðulegi forseti, að kvarta undan því að skuldir einstaklinga og heimila hafi aukist. Ég tek undir það. Hvenær á áratugnum, fyrst menn eru að vekja þetta mál upp hér, skyldu skuldir heimilanna hafa aukist mest nema þegar hv. þm. Steingrímur Hermannsson var forsrh. árið 1990, þær jukust um 17,5%. Kannski hv. þm. Stefán Guðmundsson ætti að athuga það. Hann sagði áðan: Sjávarútvegurinn þarf ekki að skammast sín fyrir sína frammistöðu. Það er þá rétt. En Framsfl. þarf að skammast sín fyrir hana. Og sé það rétt sem hv. þm. sagði hér áðan að það væri verið að kveikja í greininni, eins og hann orðaði það, menn stæðu með eldspýturnar í höndunum, hver skyldi hafa dregið saman efniviðinn í bálköstinn ef ekki framsóknarmenn sem hafa stýrt þessari grein, sem hafa stýrt þessu landi árum saman? Ætli það sé ekki Framsóknaráratugurinn sem á þar nokkra sök á? Ætli það sé ekki hv. þm. Stefán Guðmundsson sem á þar nokkra sök á? Hann hefur alla vega verið hafður í taumi hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni og lepur upp allt það sem hann segir. Ætli hann eigi ekki líka sök á þessu?

Virðulegi forseti. Það var líka nöturlegt að heyra hv. þm. Stefán Guðmundsson ræða hér um vanda greinarinnar og ég gat ekki skilið hann öðruvísi en svo að hann væri að amast við því að menn væru að færa skattbyrðar af atvinnulífinu. Ég gat ekki skilið það öðruvísi. Hann talaði um það í þeim tóni að verið væri að taka skatta af fyrirtækjum og setja á einstaklinga. Það þótti honum slæmt. Í hinu orðinu var hann að biðja um að aflétta gjöldum af fyrirtækjum í sjávarútvegi. Og ég hef aldrei á ævi minni, virðulegi forseti, heyrt aðra eins vitleysu eins og þegar hv. þm. Stefán Guðmundsson rekur vanda sjávarútvegsins í einu orðinu og segir: Það er ríkisstjórnin. Síðan les hann hér góða tölu um þann gríðarlega vanda sem felst í aflaminnkuninni, 183 þús. tonn nefndi hann á einhverjum tilteknum tíma. Halda menn að það skipti ekki sköpum um framvindu einnar greinar þegar þorskafli dregst þannig saman á einhverju árabili? Halda menn að það sé hæstv. ríkisstjórn að kenna?

Ég skal taka undir það með stjórnarandstöðunni, virðulegi forseti, að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson er valdamikill og getur gert marga hluti en honum er þó ekki farið eins og einhverjum Messíasi að hann geti skapað fiska. Ríkisstjórninni er ekki gefið það vald. Það liggur annars staðar. (**SJS:** Getur Jón Baldvin það?) Hann getur það ekki heldur.

Það var líka furðulegt að heyra hv. þm. Stefán Guðmundsson fara hér mikinn og tala um græðgi ríkisstjórnarinnar, — græðgi ríkisstjórnarinnar til eyðslu. Hverjir hafa gagnrýnt hæstv. ríkisstjórn meira en einmitt framsóknarmenn, meira en einmitt þessi ágæti þingmaður, fyrir niðurskurð? Ég skil satt að segja ekki rökleysu af þessu tagi. Ég verð að segja það, hv. þm. Stefán Guðmundsson, næst þegar þingmaðurinn eyðir hálfri nóttinni við að skrifa stílinn sinn sem hann les hér þá ætti hann e.t.v. að leita víðar fanga. (**StG:** Hvaða niðurskurð?) Sem dæmi, virðulegi forseti, um þann málflutning þingmannsins sem gekk algerlega fram af mér — ég tek það fram honum til afbötunar að það gerist ekki oft að Framsfl. gangi fram af nokkrum manni vegna þess að menn eru orðnir svo vanir honum eftir áratuga ríkisstjórn undir hans forustu — þá taldi hann það ríkisstjórninni til foráttu að hún skyldi vera að krefjast endurskipulagningar í sjávarútvegi. Hvers konar endemis bull er þetta eiginlega? Er það ekki allt það sem við erum að gera hér? Er það ekki allt það sem miðar einmitt að því að fá greinina til þess að endurskipuleggja sig? Og eru það ekki einmitt þau fyrirtæki sem nú sýna gróða, þrátt fyrir allt eru nokkur fyrirtæki sem sýna hagnað eins og fram hefur komið í blöðum, eru það ekki einmitt þau sem hafa náð að endurskipuleggja sig? Ef þetta er sérfræðingur Framsfl. í sjávarútvegsmálum, ja, guð forði þjóðinni frá honum. Ég segi það bara. Ef það er þessi stefna, ef það eru þessi rök, ef það er þessi skilningur á vanda greinarinnar sem á að leiða til öndvegis hér, þá endurtek ég það: *Guð forði þessari þjóð vegna þess að ef* menn koma hér og halda því fram að það sé greininni til tjóns að endurskipuleggja sig og hagræða, þá skilja svona menn ekkert hvað felst í rekstri, virðulegi forseti. (**SJS:** Viltu nú ekki segja okkur af Alþfl.? Hvað vill Alþfl. gera?) (**Gripið fram í:** Hver er stefnan?)

Virðulegi forseti. Mér þótti margt gott í því máli sem Anna Ólafsdóttir Björnsson flutti hérna. Mér þótti þar gæta miklu málefnalegri umfjöllunar heldur en hjá flestum öðrum þingmönnum sem hér hafa talað, en ég verð eigi að síður að neyðast til þess, virðulegi forseti, að gera nokkrar athugasemdir við hennar málflutning. Hún taldi það mikla trú og kennisetningar hjá þessari ríkisstjórn að það mætti ekki grípa til sértækra aðgerða. Hvílík firra! Hvílík firra að heyra þetta af munni þingmanns sem nýlega er búinn að hlusta á hæstv. sjútvrh. vera að telja hér upp einmitt sérstækar ráðstafanir. Hvað kalla menn það að greiða út úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins? Er það sértæk ráðstöfun? (**Gripið fram í:** Almenn.) Það er sértæk ráðstöfun fyrir þessa grein og ekki aðrar. Hvað kalla menn það, virðulegi forseti, að frysta afborganir af lánum atvinnudeildar Atvinnutryggingarsjóðs Byggðastofnunar í tvö ár? (**StG:** Hvenær urðu þessar breytingar ...) Fyrirgefðu, hv. þm., ég hef orðið núna. Hvað kalla menn þetta? Eru þetta almennar aðgerðir? Auðvitað eru þetta ekki almennar aðgerðir. Þetta eru sértækar aðgerðir fyrir sjávarútveginn. Hins vegar er það rétt að

það hefur sem betur fer líka verið gripið til almennra aðgerða, almennra aðgerða sem hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson kallaði hér áðan sýndarráðstöfun. Í hverju felast þær? Þær felast í því að nema burt aðstöðugjöldin. Hvað þýðir þessi sýndarráðstöfun eins og þingmaðurinn kallaði það fyrir sjávarútveginn, 700 millj.? Er það sýndarráðstöfun sem dregur 700 millj. úr gjöldum sjávarútvegsins? Ég get ekki fallist á svona. Og ég get heldur ekki, virðulegi forseti, látið hjá líða að minnast örlítið á hina nýju fisktegund sem þingmaðurinn nefndi í sínu máli, „Marks & Spencer-fiskinn".

Það er að vísu svo, virðulegi forseti, að ég hef nokkra nasasjón af þeim kykvendum sem synda í djúpum hafsins og ég geri mér grein fyrir því að hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson er ekki þeirrar skoðunar að það sé hægt að veiða „Marks & Spencer-fiskinn". Hún orðaði það svo að hann væri framleiddur. Og, virðulegi forseti, hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson telur að við eigum ekki að framleiða „Marks & Spencer-fisk". Við eigum að framleiða einhvern allt annan fisk. Þetta sýnir nú aldeilis skilninginn, skilninginn hjá talsmönnum stjórnarandstöðunnar á málefnum sjávarútvegsins. Veit hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson ekki að það eru fyrirtæki út um allt land sem slást um það að fá að selja fisk til Marks & Spencer? Veit hv. þm. það ekki að það er ekkert fyrirtæki, engin verslunarkeðja í öllum heiminum sem gerir jafnháar gæðakröfur? Og það eru einmitt slíkar gæðakröfur sem hafa líka átt þátt í því að vekja íslenska forsvarsmenn sjávarútvegs til vitundar um nauðsyn meiri gæða.

Virðulegi forseti. Þetta var nú allt önnur ræða en ég ætlaði að halda en ég tel að hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafi haft gott af henni.

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 89. mál, nál. 2. minni hluta allshn. þskj. 1272.

Atvinnuleysistryggingar, 554. mál, brtt. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 1271.

Skólamáltíðir, 443. mál, svar menntmrh., þskj. 1232.

Viðskipti varnarliðsins á árinu 1992, 466. mál, svar utanrrh., þskj. 1126.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar lögðu mikla áherslu á að þessi umræða gæti farið hér fram sem út af fyrir sig er ekkert óeðlilegt, en ég átti þá von á því, fyrst áherslan væri jafnrík og raun bar vitni um þá kröfu að hér færi fram umræða um sjávarútvegsmál og stöðu íslenska sjávarútvegsins, að þar kæmu fram hugmyndir þessara flokka hvernig þeir teldu að ætti að bregðast við í þeirri stöðu sem nú er uppi. Og það er alveg hárrétt hjá hv. þm. sem hér talaði áðan að það komu engar slíkar upplýsingar fram, a.m.k. engar nýjar upplýsingar. Það voru taldir upp vissir hlutir sem menn hafa verið að vinna að lengi og margt er reyndar komið vel á veg. En engar heildarlausnir voru boðaðar, a.m.k. engar samstæðar lausnir af hálfu stjórnarandstöðunnar. Hún hefur ekki komið sér saman um neinar heildarlausnir.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson ræddi mjög um ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v. og komst reyndar að þeirri niðurstöðu að hv. þm. væri einn helsti blóraböggull í íslensku þjóðlífi. Ég er nú ekki þeirrar skoðunar. En ég verð þó að segja að mér fannst ræða hans dálítið sérkennilegt. Það var engu líkara en hv. þm. hefði misst af því að flytja ræðu 1. maí og væri kominn með þá ræðu hingað og þrumaði hana yfir þingheimi. Það komu engar nýjar upplýsingar frá hv. þm. varðandi stöðu sjávarútvegsins eða hvernig bregðast ætti við stöðu hans og hv. þm. sem réðist mjög á ríkisstjórnina nefndi ekki að á síðasta fjárlagaári þeirrar ríkisstjórnar, sem hann studdi síðast, fóru tæplega 500 fyrirtæki á höfuðið, urðu gjaldþrota og var að Íslandsmet. Það var uppgjörið og það var árangurinn af stjórnarstefnu sem Framsfl. réði mestu um. Þetta hefði hv. þm. átti að hafa í huga. Það gerði hann ekki, svo mikið lá honum á að koma höggi á ríkisstjórnina sem út af fyrir sig er ágætt að hv. stjórnarandstæðingar geri.

Varðandi hins vegar hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, þá lagði hann meginhersluna á að það bæri að lækka gengið. Hann söng hér barytonröddu í gengisfellingarkórnum og gerði það mjög fast og ákveðið og það kom mér mjög á óvart að hv. þm. skyldi tala með þeim hætti. Það var ekki nefnt aukateknu orði af hálfu talsmanns Alþb. að þá gengisfellingu ætti að bæta launþegum. Hv. þm. hafði ekki hugann við launþega á þessu stigi málsins. Hann bara krafðist gengisfellingar og virtist ekki átta sig á því að gengisfelling í núverandi stöðu hefur ekki endilega eintóma góða kosti í för með sér fyrir sjávarútveginn og færa má rök fyrir því að gengisfelling getur verið það versta sem fyrir sjávarútveginn komi um þessar mundir. Og auðvitað er það rangt hjá honum að menn felli gengið, eins og hann sagði á aðalfundi SH. Hvers konar ofdýrkun er þetta hjá þingmanninum á samtökum þessara atvinnurekenda? Að þessir aðilar felli gengið á aðalfundi sínum? Var það virkilega svona stefna sem sú ríkisstjórn, sem hann sat í, hafði, að það þyrfti ekki annað en ræðu hjá atvinnurekanda úti í bæ, þá var gengið fallið? Ég vænti þess að hann hafi ekki hagað sér með þeim hætti og haft þessi viðhorf þegar hann sat í ríkisstjórn. En hann sagði: Gengið var fellt, gengið var fellt í gær, (**SJS:** Verður gengið fellt?) gengið var fellt á fundi í gær og gengið verður ekki fellt, fyrst spurt er. Og það var ekki fellt þar. Þar er ekki staðan til að fella það og það verður ekki fellt og það er mjög áríðandi að þingmaðurinn átti sig á því.

Menn velta fyrir sér: Hvað er það sem skapar þá stöðu í sjávarútveginum eins og nú stendur? Við vitum það öll, hver meginstaðan er og hver meginástæðan er. Það eru ekki ástæður sem leita má lausna við með því að breyta skráningu gengisins við núverandi stöðu. Við vitum nákvæmlega hvað það er sem hrjáir íslenskan sjávarútveg um þessar mundir. Við vitum hver undirrótin er. (**Gripið fram í:** Ríkisstjórnin.) Já, já, auðvitað geta menn talað með þessum hætti. Hvaða gagn er af frammíkalli af þessu tagi? Það sýnir bara að

hv. þm. hefur ekki hundsvit á því sem hann er að tala um, ef hann talar með þessum hætti. Menn vita að það er minnkun á afla sem hefur orðið til þess að við búum við erfiða stöðu í sjávarútvegi. Það gat gengið og var léttara meðan aflinn dróst saman meðan verðið var afskaplega hátt, með því hæsta sem verið hefur í sögulegu samhengi. Það hefur hins vegar gerst núna að verðið hefur lækkað. Verðið hefur þó ekki lækkað svo mjög að það sé með því lægsta sem við þekkjum. Það er hins vegar með því lægsta sem verið hefur á 5–6 ára tímabili. Það gerir auðvitað heilmikla erfiðleika fyrir okkur þegar aflinn dregst jafnmikið saman og hann hefur gert að undanförnu.

Menn segja að aðgerðir ríkisstjórnarinnar, sem gripið var til í nóvember og bættu stöðu sjávarútvegsins um tæp 5%, séu uppurnar. Og það má segja að sú fullyrðing sé rétt. Ef menn reikna stöðu sjávarútvegsins út frá núverandi stöðu fram í heilt ár, þá er staðan þannig að sjávarútvegurinn stendur lakar en hann stóð eftir að þær breytingar voru gerðar en þá eru menn líka að framreikna stöðuna í heilt ár. Aðgerðirnar sem gripið var til í nóvember, það eiga menn að hafa í huga, eru varanlegar aðgerðir þannig að þegar verðið hækkar á nýjan leik, sem búist er við að gerist á næstu missirum, þá munu þessar aðgerðir standa og auðvitað koma þessari atvinnugrein afskaplega vel. Þetta vita þeir sem í atvinnugreininni standa sjálfir.

Við megum búast við því, því miður, samkvæmt áliti þeirra sem best til þekkja að verð kunni enn að lækka á næstu vikum. Við getum ekki fullyrt það og haldið því fram hér að verð sé komið í botn. En það er líka mat flestra að þrátt fyrir að verð kunni að lækka enn nokkuð á næstu vikum, þá megi búast við því að það megi hækka á næstu missirum. Öll reynslan í þessum efnum stendur til þess að verð muni hækka á næstu missirum.

Menn spyrja: Því eru ekki tilbúnar núna ráðstafanir ríkisstjórnarinnar þannig að það sé hægt að kynna þær miðað við þá stöðu, þá framreiknuðu stöðu sem sjávarútvegurinn er í? Ég vek athygli á því að þegar kjarasamningar voru í undirbúningi fyrir örfáum vikum síðan, þá lá fyrir yfirlýsing af hálfu ríkisstjórnar og þá lá fyrir samningsgrundvöllur af hálfu aðila þar sem búið var að leggja megingrundvöllinn þó ekki yrðu samningar á því stigi máls. Þar var Vinnuveitendasambandið og auðvitað með sjávarútveginn innanborðs í Vinnuveitendasambandinu, tilbúið til þess að ganga til samninga sem gerðu ráð fyrir því að menn vildu endurmeta stöðu sjávarútvegsins miðað við tiltekin skilyrði á haustdögum þannig að menn væru ekki að framreikna stöðuna með núverandi stöðu og það var ekki gerð til þess krafa af hálfu Vinnuveitendasambandsins að sú staða yrði gerð upp á þessu stigi máls, heldur á haustdögum. Og það voru sett inn tiltekin skilyrði með hvaða hætti ætti að vinna að þessari endurskoðun og hvaða forsendur ætti að leggja þar til grundvallar og ég held að þetta sé skynsamlegt.

Það er einn annar þáttur sem þarna kemur mjög inn í myndina. Ég nefndi það að aflasamdrátturinn sé meginorsök þess, og kemur enn blóðugar fram nú þegar verð lækkar, að staðan er sú í sjávarútvegi sem þar er um að ræða. Við þurfum að horfa í hvaða afla við megum búast við að sjávarútvegurinn geti á land dregið og unnið eftir að tillögur fiskifræðinga liggja fyrir, væntanlega í lok þessa mánaðar, og síðan ákvörðun sjútvrh. í framhaldi af því. Við vitum að það var ákveðið hér á síðasta ári af hálfu sjútvrh. að veiða tiltekið magn og það var miðað við þriggja ára ramma sem Hafrannsóknastofnun setti upp. Hún setti upp fjóra mismunandi þriggja ára ramma og það var einn valinn. Á þessu stigi máls höfum við enga aðra stöðu en horfa til þess að við séum í þeim þriggja ára ramma fasa en auðvitað getur það gerst að aðrar upplýsingar komi fram sem leiða til þess að niðurstaðan kunni að verða önnur. Auðvitað getur það líka gerst að menn reikni þá þann afla sem menn hafa á land dregið og beri saman við það sem menn ætluðu sér og ákvörðun sjútvrh. kunni að taka eitthvert mið af slíku. Við vitum það líka að ef aflinn dregst saman enn meira heldur en við höfum þegar orðið að draga hann saman, þá er vandinn miklu, miklu meiri en við höfum þó verið við að glíma. Ég tel að meginverkefnið hjá okkur núna sé það að halda umhverfinu í eins góðri stöðu og verða má.

Menn tala um gengið og hv. þm. Steingrímur Hermannsson, málshefjandi hér í dag, talaði mjög um gengið og rétt eins og það ... (**FI:** Hann er ekki hér í dag. Þú saknar hans bara.) Nei, þeir eru rauðbirknir báðir en hinn hárprúður, það er rétt, en sá Steingrímur sem hóf mál sitt hér áðan og talaði mjög um gengið virtist leggja höfuðáherslu á það að breyting á því mundi leysa allan vanda. (**SJS:** Þetta er rangt. Ég sagði þetta aldrei.) Þetta er gömul klisja sem menn þekkja. Og þannig var þetta jafnan gert eins og hv. þm. veit. Þannig var þetta jafnan gert hér áður fyrr þegar verðlag hér innan lands hafði farið úr böndum og var ekki í samræmi við þær tekjur sem menn höfðu af atvinnugreininni. Þessi staða er ekki uppi núna. Og það eru heldur engin önnur tákn uppi um það að röng gengisskráning sé að hafa áhrif í okkar efnahagslífi sem jafnan fylgir ef gengið er rangt skráð. Það er engin slík staða uppi. Raungengi íslensku krónunnar er nú með því lægsta sem við höfum haft, með því allra lægsta sem við höfum haft. Það var á svipuðum nótum 1984–1986, en undanfarin 10 ár hefur raungengið vart verið lægra. Þetta verða menn að hafa í huga þegar menn tala um gengið og menn verða líka að hafa það í huga að það hefur gengið eftir og mun ganga eftir sú staða að verði verðlag og verðlagsþróun hér innan lands með þeim hætti sem flest bendir til, þá mun gengið með þeim hætti, þeim heilbrigða hætti verða sjávarútveginum hagstæðara heldur en það hefur áður verið. Þetta er að vísu langtímaaðgerð en kannski drýgsta aðgerðin vegna þess að stöðugleikinn og gengislækkun með þessum hætti gefur sjávarútvegsfyrirtækjunum sjálfum langbest skilyrði til þess að taka á sínum málum og hagræða þeim. Við höfum séð mjög mörg góð og álitleg dæmi á allra síðustu dögum og vikum þar sem hagræðing í fyrirtækjunum er að skila mjög miklum árangri.

Hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson virtist telja að það ætti að skattleggja þau fyrirtæki og ekki vera að gefa þeim eftir skatt eins og Granda sem hún nefndi sérstaklega. Nú er það vitað að fyrirtæki í sjávarútvegi, langflest þeirra, hafa um langa hríð verið rekin með halla og ekki líkur á að þau borgi tekjuskatt í háa herrans tíð, fram í tímann horft, vegna þess að þau eiga uppsafnað skattatap.

Ég er þeirrar skoðunar að stöðugleikinn, gengisfesta við núverandi aðstæður þar sem gengið er ekki rangt skráð og lánalengingar hjá fyrirtækjunum sé mikilvægur þáttur í að halda þeim stöðugleika sem við búum við. Ég tel líka nauðsynlegt að þegar liggja fyrir ákvarðanir um afla og þegar gengur fram á haust og menn sjá hvernig verðlagsþróunin verður, þá verði málefni sjávarútvegsins tekin til sérstakrar skoðunar. Ég tel það ekki brýnt í augnablikinu þótt sú staða sem framreiknuð er núna sé vissulega afskaplega erfið.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Þetta hafa sannarlega verið merkilegar umræður sem hafa hér farið fram og fluttar með ýmsum hætti, ræðurnar. Hv. 17. þm. Reykv. tileinkaði sér ræðustíl hæstv. sjútvrh. eins og hann notaði hér í umræðunni um daginn og taldi að við hefðum þar fengið mjög háðulega útreið og ég mun koma að því síðar. (**ÖS:** Þið gerðuð það.)

Davíð Oddsson, hæstv. forsrh., var hér að tilkynna okkur að það yrði ekkert gert í málefnum sjávarútvegsins fyrr en í haust. Ég býst við því að það muni þykja mikil tíðindi úti í þjóðfélaginu þar sem brennur á mönnum taprekstur og stórkostleg vandamál, meiri en hafa verið lengi. Og þessi ríkisstjórn ætlar sér að fara heim hér frá þingi án þess að gera nokkuð í málefnum sjávarútvegsins. Það skal bíða fram á haustið, það er til athugunar, það á að skoða það.

Hæstv. sjútvrh. afhjúpaði sig í ræðu sem er einhver eymdarlegasta ræða sem ég hef hlustað á á þessu þingi en reyndar hef ég ekki verið hér nema í tvö ár þannig að ég er kannski ekki marktækur. Það sem hann var að segja okkur hérna var raunverulega það að afrekin hans og ríkisstjórnarinnar væru fjögur, þau væru fjögur. Fresta afborgunum hjá útgerðinni, láta þá hafa Verðjöfnunarsjóðinn til að eyða honum upp í tapið, fella niður aðstöðugjaldið og fella gengið. Þetta var allt saman og hann varð að viðurkenna það að hér væri vandinn jafnmikill eða enn verri en hann hefði verið þegar síðustu ráðstafanir voru gerðar. En hann sagði í ræðu þegar hann tók við, reyndar fleiri en einni ræðu: Það þarf að breyta verðmætaskiptingunni í þjóðfélaginu sjávarútveginum í vil. Þetta var inntakið í ræðum hans á fundum með útvegsmönnum um allt land. Hann hefur verið að því síðan og hvernig gengur? Nú sagði hann: Við svo búið má ekki standa lengur, nú verður að gera eitthvað. Forsrh. kom upp í stólinn á eftir honum og sagði: Heyrðu, við bíðum til haustsins, við munum sjá til þangað til. Þetta var boðskapurinn. Hann sagði í sinni ræðu að hann hefði afhjúpað stefnu Alþb. í sjávarútvegsmálum í ræðu hér um daginn og var að hæla sér af þeirri ræðu. Ég vil fara yfir það hérna, hvað hæstv. ráðherra sagði í þeirri ræðu. Hann sagði t.d.:

„Samt koma þeir [þ.e. alþýðubandalagsmenn] með frv. þar sem stendur skýrum stöfum að allar veiðar eigi að byggjast á veiðileyfum."

Það stendur ekki í þessum blöðum sem við höfum látið fram. Veiðileyfin eru reyndar núna þegar í gildi og það er til þess að koma í veg fyrir að flotinn stækki sem þau eru í gildi. Við leggjum ekki til að því verði hætt. Ég geri ráð fyrir því að það sé ekki ágreiningur við sjútvrh. í raun og veru um þetta mál. Hann sagði síðan: „Á það að vera geðþóttaákvörðun ráðherra ef einhver heltist úr lestinni, hver fái þá veiðileyfi?" Þetta stendur ekki í okkar tillögum. Þetta er kjaftæði. Auðvitað á sá maður sem vill hætta í útgerð að fá leyfi til að selja sitt skip og með því fylgir veiðileyfið. Jú, það á að stjórna veiðunum með skattheimtu, sagði hann. Þetta er líka kjaftæði. Í tillögunum er gert ráð fyrir að nota sóknarstjórnun og það aflagjald sem talað er um í tillögunum er einungis til viðbótar við þá stjórnun.

Í fjórða lagi sagði hann: „Og síðan eiga embættismenn og ráðherrar að hafa frjálst val um það hver skattheimtan er á grundvelli líffræðilegs mats um verðmæti." Þetta er líka rangt. Það er gert ráð fyrir því í þessum drögum að það verði sett sérstök lög um aflagjaldið og líka hitt gjaldið sem talað er þar um og þar að auki, segir hæstv. ráðherra, er gert ráð fyrir því að embættismaður og ráðherra hafi frjálst val um skattheimtu, ekki bara leggja á einn skatt eftir frjálsu vali, heldur tvo. Og þó vita þessir menn að í stjórnarskránni eru alveg skýr fyrirmæli um það að Alþingi getur ekki framselt skattlagningarvald, hvorki til ráðherra né embættismanna. Þetta er rugl. Það stendur í tillögunum að það eigi að setja sérstök lög um þetta efni og það sæmir ekki hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni að mæta hér til Alþingis með ræðu af þessu tagi sem hvergi á heima nema á málfundum hjá Heimdellingum og þar hefur sjálfsagt verið til hennar lært.

Í fimmta lagi sagði hann: „Við þessa endurskoðun hafa verið skoðaðir allir kostir sem mögulegir eru til þess að stjórna fiskveiðum." Þetta voru hans orð, allir mögulegir kostir. Þetta er rangt. Aðrir aðilar í þjóðfélaginu sem hafa aðrar skoðanir á því hvernig eigi að stjórna fiskveiðum hafa ekki fengið að koma sínum tillögum að. Þannig var nú staðið að þessu.

Í sjötta lagi sagði hann: „Og um þessa grundvallarþætti" — þá er hann að tala um fiskveiðistjórnunina — „er orðin allbreið pólitísk samstaða. Stjórnarflokkarnir tveir eru sammála um þessi grundvallaratriði og ríkisstjórnin hefur samhljóða lagt fram frumvörp í þessu efni." En hver er nú sannleikurinn í þessu? Hver er sannleikurinn um samstöðuna? Hvar er þessi breiða samstaða? Kom hún fram á fundum tvíhöfða nefndarinnar? Er hún hjá sjómannasamtökunum? Hefur hæstv. ráðherra ekki lesið yfirlýsingar sjómannasamtakanna? Hefur hann ekki rætt við formenn sjómannasamtakanna um það hvernig þeir líti á þessi mál? Er hún hjá smábátamönnunum? Hefur hann kynnt sér afstöðu þeirra til þessara mála? Er hún hjá fiskvinnslufólkinu kannski? Eða er hún í þingliði Sjálfstfl.? Er samstað-

an þar? Er hún innan ríkisstjórnarflokkanna? Hvers vegna komu þessi mál ekki hér til þings? Skyldi ekki hafa vantað eitthvað upp á þessa samstöðu? Ég held það. En það er auðvitað ekki til neins að ræða með þessum hætti um þessi mál. Ég tel að Alþb. hafi í raun og veru verið að gera það sem allir stjórnmálaflokkarnir ættu að gera, þ.e. leggja fram sínar hugmyndir um það hvernig eigi að standa að endurskoðun þessa stjórnkerfis við fiskveiðarnar og bjóðast til þess að vinna þverpólitískt að lausninni. Það er ekki að finna neina samstöðu í stjórnarflokkunum sem dugar til þess að koma heildstæðri sjávarútvegsstefnu í gegnum Alþingi. Það á heldur ekki að vinna þannig að þessu máli. Þetta mál er mál sem þjóðin þarf að leysa sameiginlega. Og það getur ekki gengið að ætla að vaða t.d. yfir sjómannasamtökin með þeim hætti sem hæstv. sjútvrh. getur hugsað sér að gera. Og það dugar ekkert að halda því fram, eins og hæstv. ráðherra hefur gert, að það eigi ekki að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum ef í hinu orðinu hæstv. ráðherra segir: Við skulum halda áfram að leyfa mönnum að framkvæma þetta þannig að láta fiska fyrir sig á lægra fiskverði. Menn geti fiskað tonn á móti tonni þannig að það sé hægt að koma aftan að sjómönnum og kvótalitlum útgerðaraðilum með þeim hætti. Þetta vita menn hvernig hefur gerst.

Ég skora á hv. alþm. að taka höndum saman um það að vinna sameiginlega að lausn þessara mála. Það er kominn tími til þess að það verði gert.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Nú hafa í þessari umræðu um sjávarútvegsmál talað tveir af þungavigtarmönnum ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum, hæstv. forsrh., sem reyndar er farinn af vettvangi, sem er höfundur þeirrar gjaldþrotastefnu sem í sjávarútveginum er rekin, og hv. 17. þm. Reykv., formaður þingflokks Alþfl., sem einnig hefur lagt á flótta frá þessari umræðu nú. En hans helsta hlutverk hefur verið það nú upp á síðkastið í ríkisstjórnarsamstarfinu að koma í veg fyrir það að þau mál sem sjávarútveginum eru nauðsynleg hafi komist til þinglegrar umfjöllunar inn á hv. Alþingi á sama tíma og menn vita að sjávarútvegurinn býr við mjög þröngan kost. Ég veit ekki hvort hæstv. forsrh. er einhvers staðar nærri, en ég hefði gjarnan viljað að hæstv. forsrh. hefði hlustað á mín orð vegna þess að ég þarf að eiga hér orðastað við hann frá því að ég hlustaði á hæstv. forsrh. við eldhúsdagsumræður fyrir nokkru. Nú veit ég ekki, hæstv. forseti, hvort hæstv. forsrh. er staddur í þinghúsinu. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. er hér í húsinu og forseti skal gera ráðstafanir til að láta hann vita að hans sé óskað í þingsal.) Ja, ef hv. 1. þm. Vesturl. er tilbúinn til þess að færa mér matinn í ræðustólinn, þá er ég tilbúinn til þess og þakka fyrir. En ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir að koma hér í salinn. Ég sagði það, hæstv. forsrh., í upphafsorðum mínum að hér hefðu talað tveir af þungavigtarmönnum ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum, hæstv. forsrh. sem sé höfundur gjaldþrotastefnunnar í sjávarútvegi og svo hv. 17. þm. Reykv., formaður þingflokks Alþfl. sem hefur haft það sem meginhlutverk sitt að koma í veg fyrir að þau mál er sjávarútveginum verði til heilla nái fram að ganga í þinginu.

Hæstv. forsrh. talaði í útvarps- og sjónvarpsumræðu, svokallaðri eldhúsdagsumræðu í síðustu viku og gerði að umtalsefni þá sérstaklega ýmiss konar samanburð og úttekt á stjórnarstefnu fyrrv. ríkisstjórnar, stjórnarstefnu Steingríms Hermannssonar á fyrsta starfsári og svo eigin stjórnarstefnu eftir fyrsta starfsár. Sá samanburður var að öllu leyti mjög villandi og þær fullyrðingar — ef hæstv. forsrh. lítur í þessa bók, Þjóðarbúskapinn, sem nýlega er komin út á vegum Þjóðhagsstofnunar — sem þar voru fram settar rangar. Það er hins vegar gleðilegt að hæstv. forsrh. skuli núna hafa aftur áhuga fyrir að taka ýmiss konar samanburð. Og ég fagna því sérstaklega að sá áhugi skuli nú vera að vakna. Ég hafði það á tilfinningunni að áhugi hans á slíkum samanburði væri örlítið að dofna, ekki síst eftir að menn gerðu það nokkuð oft, bæði hér í þingi og í fjölmiðlum, að fara með samanburð á þeim áætlunum sem hæstv. forsrh. lét gera varðandi byggingu Perlunnar og byggingu ráðhúss hér í Reykjavík sem fór 100% fram úr þeim áætlunum sem hæstv. forsrh. lét á sínum tíma gera. En það er sjálfsagt og ég er alveg tilbúinn til þess að halda hér áfram örlítið til að gleðja forsrh. í þessum samanburðarfræðum og ætla að taka hér örlítinn tíma til þeirra hluta. Og þá vil ég í upphafi skoða nokkrar efnahagsstærðir vegna þess að það hefur komið fram í umræðum að það er hæstv. forsrh. sem ber ábyrgð á stjórn efnahagsmálanna og vandi sjávarútvegsins er í dag að sögn hæstv. sjútvrh. efnahagslegt vandamál sem forsrh. verður að leysa.

Í apríl 1991 þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar fór frá, þá var verðbólgan 5%. Núna er því spáð að árið 1993 verði hún 3,5 eða á bilinu 3,5–4,5%. Það er mjög svipaður verðbólguhraði og var þegar ríkisstjórnin tók við þannig að árangurinn er enginn á því sviði, hæstv. forsrh. Kaupmáttur í apríl 1991 hafði þá aukist um 2,6% en því er spáð, hæstv. forsrh. að kaupmáttur muni lækka um 6% á árinu 1993. Atvinnuleysi árið 1991 í apríl var þá óþekkt. Það er talið að um 10 þús. manns séu atvinnulausir í dag. Þetta er árangur stjórnarstefnunnar, þetta er árangurinn sem hæstv. forsrh. gumaði af við umræður í sjónvarps- og útvarpsumræðum við eldhúsdagsumræðurnar. Fjárlagahallinn árið 1990, á síðasta heila starfsári ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, var 4,5 milljarðar. Fjárlagahallinn árið 1993 stefnir sennilega í það hjá þessari ríkisstjórn að verða fjórföld sú upphæð. En Morgunblaðið sagði að verk þessarar ríkisstjórnar yrðu dæmd af því hvernig ríkisstjórninni gengi að ráða við fjárlagahallann. Þetta er árangurinn, hæstv. forsrh., í þeim efnum. Og þá skulum við aðeins líta, svo að ég gleðji hæstv. forsrh. enn frekar á samanburðinn í sjávarútveginum, á afkomuna og aðstæðurnar sem sjávarútvegurinn býr við í dag og það sem hann bjó við í apríl 1991.

Árið 1990 var útgerð rekin með 3,5% tapi. Spáin fyrir 1993 er tap upp á 5,3%. Vinnslan árið 1990 rekin án taps kannski örlítið, ½% eða 1% tap. Því er spáð að meðaltalstap vinnslunnar verði 6,6% árið 1993. Í

heild sinni er því spáð að það verði 8,3% tap á sjávarútveginum 1993, en var 2% hagnaður árið 1990. Þessi ríkisstjórn í skjóli þessa alls dregur upp mjög dökka mynd af ástandinu. Það er reynt að gera fólkið hrætt og segja: Það er engar kjarabætur að hafa. Hér er ekkert annað fram undan en samdráttur á samdrátt ofan. Staðreyndin er hins vegar sú að menn hafa horft fram á aðrar eins aðstæður í þessu þjóðfélagi og þær verri en þessi ríkisstjórn stendur nú frammi fyrir. Það kemur reyndar fram í þessari ágætu bók, Þjóðarbúskapnum, frá Þjóðhagsstofnun ef hæstv. forsrh. hefur lesið hana.

Þá vil ég fara aftur til ársins 1983 vegna þess að það ár var þorskaflinn 290 þús. tonn. Því er spáð af Þjóðhagsstofnun að þorskaflinn árið 1993 verði 235 þús. tonn. Rækja á úthafi var ekki veidd árið 1983, en rækju aflinn mun verða 50 þús. tonn árið 1993. Loðna árið 1983 var ekki veidd, ekki eitt einasta tonn. Allur loðnuflotinn var hér í höfn. Sennilega verður veidd 1 millj. tonna af loðnu árið 1993. Þegar menn horfa á og bera þetta saman við þær aðstæður sem menn eru að takast á við nú og menn þurftu að takast á við árið 1983, þá sjá menn auðvitað að þarna er ólíku saman að jafna hversu miklu erfiðara árið 1983 var en nú. Hins vegar var þá tekist á við erfiðleikana. Þá var önnur stjórnarstefna. Þá var önnur forusta, þá voru önnur viðhorf sem giltu gagnvart fólkinu í landinu og gagnvart fyrirtækjunum. Því var spáð um mitt ár 1983 að um 5 þúsund manns yrðu atvinnulausir. Það var gripið til aðgerða til að tryggja að ekki gengi við þetta atvinnuleysi. Hvað er gert nú? Það er ekkert gert þó að 10 þúsund manns séu hér atvinnulausir. Og það er kvartað og kvartað af hæstv. ríkisstjórn að verð hafi hrunið á erlendum mörkuðum.

Skoðum nú aðeins verðið eins og það var í SDR árið 1983 og eins og það er núna. Verðið er 22% hærra fyrir fiskafurðir okkar nú heldur en það var var árið 1983 talið í SDR. Hvar er þetta óskaplega verðhrun? Það hefur lækkað meira á síðustu mánuðum heldur en síðustu 3–5 árin. En það vantar 22% upp á að það sé eins lágt og það var þegar menn tókust á við aðgerðirnar 1983. Undan hverju eru menn að kvarta? Menn eru auðvitað að draga upp allt aðra og dekkri mynd af ástandinu en það er. En ríkisstjórnin sem slík eykur auðvitað á þennan vanda vegna þess að hún gerir ekki neitt annað en þó það að setja þessa undirstöðuatvinnugrein, sjávarútveginn, í þá óvissu að það er ekki hægt að búa við það að vita ekkert hvað fram undan er.

Það kom fram hjá formanni stjórnar Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna í gær í ræðu er hann flutti á aðalfundi samtakanna, að atvinnustefna þessarar ríkisstjórnar væri gjaldþrotastefnan. Hrun blasti við sjávarútveginum og ekkert annað. Hæstv. sjútvrh. sagði það á þingi LÍÚ sl. haust að gjaldþrotaleiðin, sem hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. höfðu þá báðir lýst sem stefnu þessarar ríkisstjórnar gagnvart sjávarútveginum, byggðist á hugsanavillu og vanþekkingu á atvinnugreininni og aðstæðum og hann benti á að hún jafngilti því að sjávarútvegur í Reykjavík og Vestmannaeyjum yrði lagður af gengi sú stefna sem hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. vildu þá ýta í framkvæmd og hafa verið að ýta í framkvæmd að undanförnu. Staðreyndin er hins vegar sú að það þýðir lítið fyrir hæstv. sjútvrh. að tala með þessum orðum því að það er sjútvrh. sem ber auðvitað ábyrgð á sjávarútvegsstefnunni og það er ekki hægt fyrir hæstv. sjútvrh. að skjóta sér undan ábyrgð í þeim efnum og segja: Vandamálið er efnahagslegt, vandamálið er forsrh. Það er auðvitað alls ekki hægt. Vandamálið eru þær aðstæður sem atvinnugreininni eru skapaðar og hæstv. sjútvrh. sem fagráðherra verður að berjast fyrir því að þær verði aðrar.

En auðvitað er ábyrgðin annars staðar líka. Hæstv. forsrh. er vorkunn því að það kom svo berlega í ljós í ræðu hans áðan að hann ber ekki skynbragð á atvinnulífið sem slíkt og þar af leiðandi er hann auðvitað ósakhæfur í þessum efnum. En það er stjórnarliðið, ríkisstjórnarliðið sem núna er á næstu dögum að fara heim í sín kjördæmi og skilur hér við með þeim hætti að það eru engar tillögur uppi til þess að bæta stöðu sjávarútvegsins. Það eru engar tillögur gerðar hér og komið í veg fyrir að þær nái fram að ganga, t.d. að hægt sé að ná kjarasamningum með því að opna heimildir ríkisstjórnar fyrir því að deila Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins út. Það er ekkert gert.

Staðan um þessar mundir er einmitt þessi: Tap í sjávarútveginum upp á 5 þús. millj. kr. Enn bíða útgerðarmenn í landinu eftir því að þorskaflabresturinn sé þeim bættur upp og af því að hæstv. forsrh. bað mig um það í umræðu um daginn að fylgjast með tímatalinu fyrir hann, þá hef ég gert það. Nú eru þeir tveir eða þrír dagar liðnir sem hæstv. forsrh. sagði þá að nú yrðu aflaheimildirnar greiddar út. En ég tek það fram að hæstv. forsrh. sagði að það væri algerlega háð því hvort kjarasamningar næðust eða ekki. Og ef það er algerlega háð því, þá er alveg nauðsynlegt, hæstv. forsrh., að fá þær heimildir sem þarf fyrir ríkisstjórnina til þess að geta greitt út þessar aflaheimildir og þær þurfa að vera samþykktar frá Alþingi. Þróunarsjóðinum var lofað inn í þingið. Það verður ekki staðið við það. Það er engin samstaða að því er virðist um aflahámark á þorski fyrir næsta ár. Hæstv. sjútvrh. segir að þetta verði eins og tillögur Hafrannsóknastofnunar hljóða upp á, 175 þús. tonn. Forsrh. segir að það sé alveg útilokað. Það verður eitthvað miklu meira.

En með öðrum orðum, óvissan sem ríkir fyrir þessa undirstöðuatvinnugrein er alger enn. Aflaheimildirnar óklárðar, Hagræðingarsjóðurinn óklár. Svo segja menn: Árangurinn er alveg óskaplegur. Menn hafa náð svo miklum árangri í því að hagræða og spara og ná aukinni framleiðni. Staðreyndin er hins vegar sú, að það hefur náðst og það er ótrúlegt að það skuli hafa tekist með þessa ríkisstjórn.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð sérkennileg staða að standa frammi fyrir því hér þegar þingi ætti í raun og veru að vera lokið, þingi átti að vera lokið hér í dag samkvæmt því sem við stóðum frammi fyrir fyrir nokkrum dögum, að nú sé verið að ræða eitt stærsta

hagsmunamál þjóðarinnar, stöðu sjávarútvegsins. Og það er náttúrlega ekki bara staða sjávarútvegsins því að á henni hvílir staða þjóðarbúsins. Menn hafa mjög gert það hér að fara yfir þá stöðu sem Þjóðhagsstofnun hefur gefið út í nýju riti um framvinduna 1992 og horfurnar 1993. Ég hef raunar ekki hugsað mér að nota allan minn tíma í það að fara að rekja hvernig staðan er samkvæmt því. Mér heyrist að það sé komið hér til skila. Ég get þó ekki látið vera að taka aðeins nokkur atriði um það.

Það er oft sagt að undir allri efnahagsstefnu í þessu þjóðfélagi standi það hvernig hallinn á ríkissjóði er. Það er vitnað í það að hann hafi verið með því minnsta á síðasta ári en hann stefnir nú í 10,5 milljarða kr. Það þýðir þó ekki að hann verði ekki hærri því að inni í þeirri tölu eru ekki þær áætlanir sem ríkisstjórnin lagði fram þegar hún var að reyna að greiða fyrir kjarasamningum sem mundi gera að verkum að hallinn yrði enn þá meiri. Sem sagt, afkoma ríkissjóðs á örugglega eftir að versna frá því sem hér er sagt.

Atvinnuástandið og staða sjávarútvegsins. Staðreyndin er að tekjur sjávarútvegsins eru ekki nema 70 milljarðar á móti 100 milljarða skuldum. Þannig getur enginn atvinnuvegur gengið. Menn hafa nokkuð rætt um það hér hvort nú þurfi aftur að fara að taka til gengisfellingar. Og vitaskuld munu skuldirnar hækka við það. En er hægt að greiða niður skuldir ef engar tekjur eru til þess? Verður ekki fyrst að vera tekjuafgangur til þess að hægt sé að greiða skuldirnir niður? Það skiptir ekki máli hvort þær eru miklar eða litlar. Ef enginn tekjuafgangur er til að greiða þær niður, þá verða heldur engin fyrirtæki rekin. Þau fara bara á hausinn öll saman.

Ég get tekið undir það sem hér hefur verið sagt. Það þarf auðvitað að skoða það mjög vel, hvað er hægt að gera, hvort gengislækkun er eina ráðið. Ég tel það ekki vera gott ráð. En kannski er það samt sem áður það eina. Menn hafa sagt og það er líka alveg rétt að meðan sjávarútvegurinn hefur ekki neitt til að greiða niður skuldir, þá verður einhvern veginn að auka tekjurnar eða ná niður kostnaði. Og hvernig ætla menn að ná niður kostnaði þegar sjávarútvegurinn hefur gert allt sem hægt er til þess að hagræða á allan mögulegan hátt undanfarna mánuði og jafnvel síðasta ár eða lengur? Það hafa allir barist við það að hagræða og fleiri fyrirtæki raunar heldur en í sjávarútvegi. Hvað gerði Grundartangi? Þeir endurskipulögðu og þeir lækkuðu launin. Þeir lækkuðu laun yfirmannanna mest. Gerir sjávarútvegurinn það? Ég þori að fullyrða að hann gerir það ekki alls staðar. Það hafa komið fréttir um það, t.d. frá Vestmannaeyjum og það vakti talsverðan usla þegar það var tilkynnt að yfirmaðurinn þar hefði byrjað á því að lækka sín eigin laun mest. Hinn almenni launamaður er alltaf að taka á sig kjaraskerðingu. Hann er búinn að taka á sig kjaraskerðingu í því að það er búið að afnema aðstöðugjaldið fyrir sjávarútveginn og hækka tekjuskatt á einstaklingum. Hann er búinn að taka á sig sífelldar skerðingar, almenningur í þessu landi og hann tekur á sig aukið atvinnuleysi. En hvað gera topparnir í þjóðfélaginu? Örfáir sjá þetta að þeir verða að lækka sinn lífsstandard. En hvað gerir Alþingi Íslendinga og hvað gerir ríkisstjórnin? Hafa ráðherrarnir byrjað á því að lækka launin sín? Hafa þeir dregið úr ferðalögum? Er ekki svona um það bil tugur manna að fara frá Alþingi í fyrramálið til útlanda? Hafa þeir lækkað risnu? Það gengur mjög hægt að draga úr þessum kostnaði.

Hæstv. ráðherra sagði hér áðan að allir yrðu að taka á sig einhverjar byrðar, þjóðin yrði að taka á sig kjaraskerðingu til að vinna sig út úr vandanum og vinna sig upp úr kreppunni. Ég held að ráðherrarnir ættu að byrja á sjálfum sér og Alþingi raunar líka. Ef þjóðin verður að taka á sig þá kjaraskerðingu sem hugsanleg gengisfelling hefur í för með sér, eiga þá ekki ráðherrar og alþingismenn að taka á sig kjaraskerðingu umfram það og aðrir toppar í þjóðfélaginu því að þeir eru mjög margir sem hafa margfalt hærri laun en bæði þingmenn og ráðherrar.

Það er vitnað til þess að skuldir sjávarútvegsins séu orðnar mjög miklar og mest í erlendum lánum. En útlitið hefur verið svartara. Frá 1983–1984 var skuldastaðan við útlönd 49,6%, erlend skuldastaða var 49,6% af vergri landsframleiðslu. Hver skyldi hún vera núna tæpum 10 árum seinna? Hún er búin að sveiflast nokkuð. Hún hefur meira að segja farið hærra en í 49,6%. Hún fór í 52,8% árið 1985, lækkaði síðan nokkuð en í dag er hún nákvæmlega sú sama og hún var fyrir 10 árum. Skuldastaðan í prósentum af vergri landsframleiðslu er 49,6% í árslok árið 1992. Sem sagt, nákvæmlega sú sama og þó hefur afli dregist saman. Þó hefur engin aukning verið á þjóðartekjum frá árinu 1987. Samt er skuldastaðan ekki hærri en hún var fyrir 10 árum miðað við þessa minnkun þjóðarframleiðslu. Ég held að við höfum staðið frammi fyrir því sem verra er og ég held að við getum alveg unnið okkur út úr þessum vanda.

Það er alveg sýnt að þorskaflinn verður ekki meiri á næsta ári ef miðað verður við tillögur Hafrannsóknastofnunar, og eftir því sem maður heyrir hér að hæstv. sjútvrh. og forsrh. segja, jafnvel þó að þeir séu nú ekki alveg sammála. Ég verð þá að segja að mér finnst alltaf nokkuð furðulegar þær tillögur Hafrannsóknastofnunar og raunar Þjóðhagsstofnunar út frá ástandinu, að ef við höldum nú áfram að að draga saman og drögum jafnvel saman í þorskaflanum um 100 þús. tonn, þá geti farið svo að við getum aukið eftir 2–3 ár aflann um kannski 10 þús. tonn. Hvað er það í raun og veru? Það er ekki einu sinni það sem selir éta hér við land. Að halda að það sé hægt að geyma fiskinn í sjónum og hann muni vaxa við það og fara síðan að tala um 10 þús. tonna aukningu eftir 2–3 ár, ég verð að segja að ég næ ekki upp í slíka útreikninga.

Það er svo margfalt, margfalt fleira sem hefur áhrif á stofnstærðina í sjónum, á stofnstærð þorsksins heldur en það að skoða aðeins hrygningarstofninn. Það eru straumar og það er hitastigið. Og það er lífríkið almennt í sjónum sem ekkert hefur verið skoðað í neinu samhengi undanfarin ár. Það er fyrst nú, sem betur fer, að fjölstofnarannsóknir svokallaðar eru þó í gangi, en þær eru engu farnar að skila enn þá sem ekki er von

því að þær taka einhver ár. En það er þá fyrsti vísir að því að skoða þessa hluti í samhengi, skoða ekki bara einhvern einn stofn. En jafnvel þó svo þorskstofninn sé svo lítill sem raun ber vitni og ekki sé þorandi samkvæmt áætlunum Hafrannsóknastofnunar að láta veiða meira, þá er það ekki allur okkar fiskur. Það er einnig loðnan. Hún er miklu meiri í dag og má veiða miklu meira af henni en t.d. árin 1983 og 1984 þegar skuldastaðan var sú sama og hún er í dag. Þá var engin loðna. En það hefur verið næg loðna nú en það hefur ekki einu sinni náðst að veiða hana. Það hefur heldur ekki náðst að veiða síldina. Það eru ýmis teikn á lofti sem geta sýnt bata.

Það má líka segja að það væri hægt að veiða meira af úthafskarfa. Það hafa ekki veiðst nema 13 þús. tonn á síðasta ári af úthafskarfa. En fulltrúar Hafrannsóknastofnunar hafa sagt að það væri alveg óhætt að tvöfalda þá áætlun sem þeir hefðu fyrst lagt fram um veiðar á úthafskarfa. Allt að 50 þús. tonn af úthafskarfa væri alveg óhætt að veiða. Ja, guð láti gott á vita, segi ég nú bara. En á hverju skyldu þeir nú hafa byggt þetta? Á hverju skyldu þeir hafa byggt þessi 50 þús. tonn? Á rannsóknum? Á skoðunum. Á margra ára tilraunum og reynslu? Nei. Þeir vissu hreinlega ekki nokkurn skapaðan hlut um úthafskarfann, ekki nokkurn hlut. Þeir þorðu ekkert að segja um það hvort stofninn væri stór eða lítill eða hvort þetta væri óhætt, en það væri nú samt allt í lagi að tvöfalda það. Hver getur í raun og veru tekið fullt mark á slíkum tillögum. Og þá e.t.v. ekki frekar í því hvernig þeir reikna út þorskstofninn.

Við stöndum áreiðanlega frammi fyrir því að það verður enginn hagvöxtur þó að við gætum haldið í horfinu hér á næstu 2–3 árum og eitthvað verður að gera til þess að þær tekjur sem íslenska þjóðarbúið fær inn í landið standi fyrir þeim skuldum og þeim lífsstandard sem við viljum halda uppi.

Það hefur verið rætt um það að vextir þurfi að lækka. Það gengur mjög hægt að láta vexti lækka og staðreyndin er sú að núv. ríkisstjórn hækkaði vextina þegar hún tók við völdum og eftir henni fylgdu allar aðrar lánastofnanir og hækkuðu sína vexti. Raunvextir eru í dag í kringum 6%. Af 100 milljarða skuldum sjávarútvegsins eru þetta í kringum 6 milljarðar kr. Það er talið að sjávarútvegurinn verði rekinn með halla upp á 4–6 milljarða kr. Það eru í raun og veru vextirnir á skuldunum. Ef hægt væri að ná niður vaxtastiginu mundi það bæta mikið stöðuna. Þegar venjuleg fyrirtæki standa frammi fyrir erfiðleikum, þá er annaðhvort að auka tekjurnar eða minnka kostnaðinn.

Ég hef rætt hér um ýmsar leiðir. Ég tel að það sé hægt að minnka kostnaðinn eitthvað, en ekki með álögum á almenning. Fyrst og fremst hjá toppunum í þjóðfélaginu og hjá toppunum hjá sjávarútvegsfyrirtækjunum. Það er líka hægt að lengja lán. Þau hljóta að þurfa að vera til lengri tíma en 7 ára og það verður að lækka vexti.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þegar ég hlýddi á ræðu þingflokksformanns Alþfl., hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, þá hvarflaði nú að mér sú hugsun að það er tungunni tamast sem er hjartanu kærast. Ræða þingflokksformanns Alþfl. fjallaði að mestu leyti um Alþb. og fjallaði um þá umræðu sem Alþb. óskaði eftir í síðustu viku. Hins vegar fjallaði ræða þingflokksformanns Alþfl. ekkert um stefnu Alþfl. Hún fjallaði ekkert um það hvaða stefnu Alþfl. boðaði í sjávarútvegsmálum fyrir síðustu kosningar. Hún fjallaði ekkert um það að bera af sér þær fullyrðingar hæstv. sjútvrh. að það væri orðin full samstaða milli þessara tveggja flokka um grundvallaratriði kvótakerfisins. Öðruvísi mér áður brá ef hæstv. núv. heilbrrh. er búinn að skrifa upp á kvótakerfið. Þingmaðurinn sem fyrir alþingiskosningar árið 1987 gaf út í fjölmiðli hálfsíðuauglýsingu með eigin undirritun þá yfirlýsingu að hann mundi aldrei styðja kvótakerfið. Hann mundi aldrei styðja ríkisstjórn sem framlengdi kvótakerfið.

Það er ástæða til þess að ganga eftir því við hv. þingflokksformann Alþfl. hvort hæstv. heilbrrh. hefur skrifað upp á grundvallaratriði kvótakerfisins. (**Gripið fram í:** Hvar er formaðurinn?) Hvar er formaður þingflokks Alþfl.? Er hann nú týndur þegar talið berst að því hvaða stefnu Alþfl. hefur? Þingflokksformaður Alþfl., flokksins sem kennir sig við alþýðu, við fólk, vék ekki einu orði að því að umræða um vanda sjávarútvegsins sé umræða um vanda fólks vegna þess að sjávarútvegsmál eru í eðli sínu málefni fólksins og þegar sjávarútvegur er í vanda, þá eru tugþúsundir manna um allt land í stórum vanda um tilvist sína og eignir. Þingflokksformaður Alþfl. minntist ekkert á þetta fólk. Honum kom það ekkert við. Hann hins vegar gagnrýndi Alþb. fyrir þá umræðu sem var í síðustu viku þar sem við bentum á afleiðingarnar í þeirri stefnu sem við erum að framkvæma núna, bæði hvað varðar fiskveiðistjórnun og efnahagsstefnu gagnvart sjávarútvegi sem er að bitna á fólki í byggðarlögum um allt land. Alþfl. vék ekkert að þessu fólki í þeirri umræðu og ekkert að þessu fólki í þessari umræðu. Alþfl. á Íslandi kemur fólkið ekkert við. Hann segir: Það á bara að hagræða. Og hvaða stefna er það? Við höfum fengið það upp hvaða stefna það er sem þingflokksformaður Alþfl. hefur skrifað upp á fyrir hönd síns flokks. Við fengum að heyra þá stefnu í útvarpinu 29. apríl sl. þegar hv. 5. þm. Norður. v., annar hausinn á tvíhöfða skrímslinu, mætti í þjóðarsálina og svaraði spurningum viðmælanda síns um rétt fólks til auðlinda og lífsbjargar. Og ég vil leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa hér orðrétt svar hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálms Egilssonar, sem hér getur tekið til máls á eftir mér og borið hönd fyrir höfuð sér ef hann kýs svo. Það er hagræðingarstefnan í hnotskurn sem hæstv. sjútvrh. fylgir. Tilvitnun þessi er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þessi hugsun sem þú ert að lýsa á mikið við ríkar þjóðir sem líta á sjávarþorp og sjávarútvegsbyggðir eins og eins konar lifandi byggðasafn þar sem bara er hægt að hlaða í þetta peningum og halda lífinu í þessu með því að styrkja þeirra sjávarútveg og styrkja þessar byggðir. Ég meina, ef við ætlum að fara að styrkja okkar sjávarútveg, búa til einhvern svona rétt,

þá verðum við að finna eitthvað annað heldur en sjávarútveginn til þess að lifa af."

Þetta sagði hv. 5. þm. Norðurl. v. Þetta er hagræðingarstefnan. Það er nefnilega þannig að hæstv. núv. ríkisstjórn er þeirrar skoðunar að landið sé of stórt, að byggðirnar séu of margar, að við sitjum uppi með lifandi byggðasöfn. Og það sem þessi ríkisstjórn ætlar að gera er að grisja, að loka þessum lifandi byggðasöfnun. Þar sem vont er að loka því sem er lifandi, þá á fyrst að flytja fólkið. Og það er gert með því að selja atvinnuna frá Vestfjörðum til Grindavíkur og Hafnarfjarðar. Svo þegar fólkið er farið, þá lokum við þessum byggðasöfnum. Það er vonandi að eldvarnakerfið verði í lagi.

Í framhaldi af þessu vil ég beina fyrirspurn til hæstv. forsrh. Hann skipaði á sínum tíma svonefnda bjargráðanefnd til þess að kanna og koma með tillögur um vandamál atvinnulífsins á norðanverðum Vestfjörðum. Mér hafa borist þær fréttir að þessi bjargráðanefnd hafi lokið störfum og því spyr ég hæstv. forsrh.: Hverjar voru tillögur þessarar bjargráðanefndar fyrir norðanverða Vestfirði? Voru þær tillögur þannig að það ætti að loka þessum lifandi byggðasöfnum?

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég mun nota þann stutta tíma sem ég hef hér til þess að draga fram örfáar staðreyndir við hæstv. forsrh. Það hefur verið margsinnis vitnað í ummæli Jóns Ingvarssonar á aðalfundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna í gær. Ég mun ekki ítreka það hér.

Ég vil hins vegar vitna í margítrekuð ummæli í útvarpi og í blöðum mæts manns í sjávarútvegi sem ég veit að bæði ég og hæstv. sjútvrh. berum bæði traust til og mikla virðingu fyrir og það er Einar Oddur Kristjánsson, fyrrverandi formaður Vinnuveitendasambandsins, sem hefur ítrekað bent á að í okkar efnahagslífi er 30–40 milljarða steinbarn í formi skulda sem atvinnuvegirnir og sérstaklega sjávarútvegurinn mun ekki ráða við á næstu mánuðum og missirum. Ef ekkert verður að gert, þá fer miklu fleira, þá fer þjónustukerfið, þá fara þjónustufyrirtækin og þá fellur bankakerfið um koll. Þessir menn hafa báðir bent á það, Jón Ingvarsson og Einar Oddur Kristjánsson og báðir Sjálfstfl. vel kunnir, að verði ekki horfið frá núverandi stjórnarstefnu, þá horfum við fram á þetta á næstu mánuðum og ég veit að þessar staðreyndir eru hæstv. sjútvrh. vel og að fullu kunnar. Hann er hins vegar í því ömurlega hlutskipti að hafa látið hæstv. forsrh., eins og hann sagði við þann sem hér stendur áður, svo að ég noti sömu orðin, segja að hann virðist ekki hafa hundsvit á stöðu sjávarútvegsins og hvert við erum að sigla þar. Þetta sagði hæstv. forsrh. við þann sem hér stendur, þegar ég kallaði fram í hjá honum. Þetta er því miður, hæstv. forsrh., sú staða sem við erum í í dag og ég hlýt að spyrja: Ætlar hæstv. sjútvrh. að halda því áfram að taka þessu þegjandi og hljóðalaust?

Ég sat áðan með blað og penna og beið þess að skrifa niður tillögur hæstv. forsrh. um aðgerðir í sjávarútvegsmálum á næstunni. Það blað er á borðinu mínu og það er autt. Síðan kemur hæstv. forsrh. og segir það eina sem hæstv. sjútvrh. sagði, það yrði gripið til aðgerða bráðlega. Síðan sagði hæstv. forsrh.: „Við gerum ekki neitt en við ætlum að meta stöðuna í haust."

Virðulegi forseti. Út af fyrir sig þarf ég ekki að halda hér lengri ræðu. Þetta er að mínu mati og að mati þeirra manna innan Sjálfstfl. sem hafa reynslu og þekkingu í atvinnurekstri og sjávarútveginum, sú staða sem nú blasir við. Þetta er sú staða sem hæstv. sjútvrh. virðist ætla að sitja undir þegjandi, hafandi ekki neinar tillögur um það hvernig á að bregðast við.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Þessar umræður hafa verið um margt athyglisverðar, þó kannski fyrst og fremst fyrir það að menn hafa notað þennan tíma að stærstum hluta til í þeim tilgangi að hafa hér í frammi hefðbundnar pólitískar skylmingar milli stjórnar og stjórnarandstöðu, en eytt í sjálfu sér allt of litlum tíma í að ræða þá alvarlegu stöðu sem við stöndum frammi fyrir að því er sjávarútveginn varðar. Enginn dregur það í efa hversu alvarleg hún er. Það þjónar hins vegar afar litlum tilgangi og er ekki til þess fallið að stuðla að samstöðu um nauðsynlegar aðgerðir þegar hv. þm. stjórnarandstöðunnar, sumir hverjir a.m.k., koma hér og eru að gera því skóna að það eigi að skrifast á reikning ríkisstjórnarinnar að við höfum þurft að draga saman í afla og að við fáum ekki sama verð á erlendum mörkuðum og við fengum fyrir nokkrum missirum síðan. Það er óskaplega auðvelt að standa hér upp og berja sér á brjóst og segja að ríkisstjórnin hafi komið sjávarútveginum á kné vitandi það að það eru þessar tvær ástæður sem fyrst og fremst valda því hverjir erfiðleikar eru nú í sjávarútvegi. Vitaskuld er það svo rétt að við slíkum aðstæðum þarf að bregðast og það hefur verið gert með ýmsu móti á síðustu mánuðum og síðasta ráðstöfunin sem gerð var í nóvember með því að fella niður aðstöðugjaldið og lækka gengi krónunnar skilaði verulegum árangri. Og það er rétt að undirstrika það að sú gengisbreyting sem þá var gerð jók tekjur sjávarútvegsins, hún bætti rekstrarafkomu hans og hún leiddi ekki af sér neina verðbólguholskeflu. Þetta er mikilvægt að hafa í huga. Síðan hefur sigið á ógæfuhliðina fyrst og fremst vegna þess að verð hefur farið lækkandi á erlendum mörkuðum. Það er að vísu ekki svo ýkja mikill samdráttur í veiðum á þessu ári frá fyrra ári, en eigi að síður þó nokkur og hefur áhrif á afkomuna.

Það er líka athyglivert af því að sumir hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa haft hér stór orð um það að ríkisstjórnin hafi ekki fundið hina einföldu lausn. Þeir hafa ekki sjálfir komið með neinar lausnir nema hv. 4. þm. Norðurl. e. sem sagði að lausnin væri fólgin í því að hvetja og styrkja. Og vissulega er það mikilvægt að hvetja menn í sjávarútveginum til framfara og það kann að vera nauðsynlegt að styrkja sjávarútveginn í einhverjum efnum, en það er þó hann sem er að skapa verðmæti í þjóðfélaginu og er undirstaða þess að við getum búið hér í velferðarríki. Þess er ekki að vænta

að aðrar atvinnugreinar skapi þau verðmæti að við getum styrkt sjávarútveginn þannig að ekki fólust nú miklar lausnir í þessum boðskap að hvetja og styrkja. Og sannarlega er það nú svo að stjórnendur og starfsfólk í sjávarútveginum hafa sýnt með störfum sínum að þar hefur verið tekið myndarlega á viðfangsefnum eins og tölur um framleiðniaukningu sýna. Auðvitað þurfum við að hafa það í huga að það er ekki aðeins um hagsmuni atvinnugreinar að tefla hér. Við þurfum líka að hafa það í huga að sjávarútvegurinn er að stærstum hluta úti á landsbyggðinni og við erum að tala hér um það jafnvægi sem verður að ríkja í þróun atvinnulífs og byggðar í þessu landi. Ég er ekki þeirrar skoðunar að sjávarútvegurinn eigi að bera bagga byggðastefnunnar, en það er auðvitað höfuðatriði að sjávarútvegurinn búi við þau rekstrarskilyrði þegar vel árar að geta skilað góðum hagnaði og á þann veg einan getum við þróað byggð í landinu með eðlilegum hætti og tryggt afkomu fólksins á landsbyggðinni.

En við búum við mjög sérstakar aðstæður í dag. Við búum við þær aðstæður að afli hefur minnkað og verð hefur fallið. Við stöndum frammi fyrir þeirri kreppu sem af því hlýst og lausnirnar eru ekkert einfaldar. Jafnvel forustumenn atvinnugreinarinnar sjálfrar hafa ekki barið sér á brjóst og talið sig hafa einfaldar lausnir. En að þessum málum hefur verið unnið og það hefur verið rakið skilmerkilega hér og sæmir ekki hv. þm. stjórnarandstöðunnar sem hér tala að gera lítið úr því sem gert hefur verið á undanförnum mánuðum til að bæta rekstrarstöðuna. Ég hygg a.m.k. að þeir auki ekki hróður sinn innan sjávarútvegsins, hvorki hjá stjórnendum né starfsfólki, að gera lítið úr því sem gert hefur verið. En það dregur ekki úr mikilvægi þess að við þurfum að mæta þessum aðstæðum og við skulum heldur ekki gleyma því sem gert er í þessum efnum við aðstæður eins og við búum við í dag. Það felur í sér tilfærslu. Það felur í sér að við erum að færa til fjármuni í þjóðfélaginu. Við erum að leggja byrðar á alla einstaklinga í þjóðfélaginu til þess að bæta stöðu sjávarútvegsins. Þess vegna kemur það launafólkinu í landinu líka við hvað gert er og það er skinhelgi ein saman að halda hér ræður um að það sé hægt að gera hvort tveggja í senn að bæta kjör fólksins í landinu og bæta afkomu atvinnuveganna. Það er skinhelgi og þeir sem þannig tala eru ekki trúverðugir og það er lítils að vænta af þeim sem þannig flytja mál sitt þegar alvarleg umræðuefni eru á dagskrá eins og það sem við erum að fjalla hér um í dag.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil nú í lokin þakka fyrir þessa umræðu. Hún hefur um margt verið athyglisverð, en einnig dapurleg á ýmsan hátt. Erfiðar ytri aðstæður eru að sjálfsögðu ekki ríkisstjórnum að kenna. En það er verkefni ríkisstjórna að bregðast við þeim. Ríkisstjórn og ráðherrar geta að sjálfsögðu reynt að byggja málflutning sinn upp á því að skamma stjórnarandstöðuna. En það er horft til þeirra um viðbrögð við erfiðleikum af þeirri einföldu ástæðu að þeir hafa völdin og það mun ekki ganga fyrir Sjálfstfl., hæstv. sjútvrh. eða Alþfl. að fara í gegnum umræðu eftir umræðu um sjávarútvegsmál og hafa ekkert annað fram að færa en það að skamma stjórnarandstöðuna. Það mun ekki ganga. Forustumenn í sjávarútvegi, hæstv. sjútvrh., munu ekki telja það merkilegan málflutning. Ætli þeir klappi fyrir því á aðalfundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna þó að sjútvrh. komi hér með Heimdallarstælum í málflutningi og reyni að skamma stjórnarandstöðuna.

Niðurstaða þessarar umræðu er alveg skýr. Hæstv. sjútvrh. vandaði sig mjög og tókst vel upp í því að segja ekki neitt. Ekki eitt einasta efnisatriði nefndi sjútvrh. sem ætti að gera fyrir sjávarútveginn á næstu vikum eða mánuðum, ekki eitt einasta en vísaði á forsrh. Talsmaður Alþfl. lét eins og kjáni eins og venjulega og svo kom hæstv. forsrh. og botnaði málið með þessum einfalda hætti: Við kíkjum á þetta í haust. Við kíkjum á þetta í haust var svar ríkisstjórnarinnar við þessa umræðu. Það er út af fyrir sig skýrt og það er gott að það liggi hér fyrir. Við þær aðstæður á að framlengja fundahöldum Alþingis. Nefndir þingsins, efh.- og viðskn. og sjútvn. verða að taka þetta mál í sínar hendur. Það er eini kosturinn sem eftir er fyrir utan hinn sem væri væntanlega bestur og hann er sá að ríkisstjórnin segði af sér.

Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels, frh. síðari umr.

Stjtill., 566. mál. — Þskj. 933, nál. 1128 og 1236.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég er ein þeirra sem skrifa undir nál. minni hluta í þessu máli og vil gjarnan gera aðeins grein fyrir afstöðu minni til málsins. Það hafa nú þegar gert tveir fulltrúar stjórnarandstöðunnar í utanrmn. hér á undan mér og út af fyrir sig ágætlega, kom m.a. vel í ljós að þeir eru vel læsir menn og það er auðvitað ekki verra fyrir þingmenn að vera það. En ég vil segja það hér að ég er svo sem ekki að koma að þessu máli í fyrsta sinn, þessum samningi. Ég hef aðeins gert hann að umtalsefni, m.a. á vettvangi EFTA sem gerir samninginn. Það er EFTA sem fer í raun inni með samningsumboðið í þessu máli eða því sem næst og ég tók þetta mál m.a. upp í þingmannanefnd EFTA eða lét vita af því þar þegar málið kom þar til umfjöllunar að ég teldi að það yrði fyrirstaða við málið hér á Alþingi vegna þess hvernig að málum hefur verið staðið í Ísrael, þ.e. hvernig mannréttindi hafa þar verið fótumtroðin, ekki bara núna upp á síðkastið heldur um langt árabil.

Þá gerði ég líka ákveðinn fyrirvara í þessu máli þegar það kom hérna til fyrri umræðu og gat þess þá þar að ég mundi að öllum líkindum ekki geta stutt þetta mál m.a. vegna þessara atriða. Þannig, eins og ég segi, hef ég áður látið fyrirvara minn í ljós og get gert það hér enn og aftur, enda góð vísa sjaldan of oft kveðin.

Það sem auðvitað gerir það að verkum að maður

telur að það sé ekki hægt að styðja slíkan samning eins og þennan er að Ísraelsríki er í eðli sínu ekkert öðruvísi ríki en Suður-Afríka. Í Ísrael er við lýði kynþáttaaðskilnaðarstefna rétt eins og kynþáttaaðskilnaðarstefna í Suður-Afríku, þ.e. það búa tvær þjóðir í landinu og þessum þjóðum eru í rauninni búin gerólík kjör. Í Suður-Afríku eru þetta svartir og hvítir, í Ísrael eru þetta gyðingar annars vegar og Palestínumenn hins vegar.

Ísraelsríki er ekki hefðbundið þjóðríki í þeim skilningi sem við leggjum í það hugtak því að það er ríki gyðinga. Með öðrum orðum, það er ríki gyðinga hvar sem þeir í rauninni búa í heiminum og þess vegna hefur það nú verið að innflutningur gyðinga frá Rússlandi hefur verið mjög mikill og verið mjög einfaldur. Um leið og þeir koma fá þeir öll réttindi eins og borgarar sem Palestínumenn hafa ekki, þessi sömu réttindi. Þetta er með öðrum orðum ekki þjóðríki heldur ríki gyðinga.

Ísraelsríki hefur ekki virt sjálfsákvörðunarrétt Palestínumanna sem búa innan þeirra landamæra sem það hefur markað sér og það eru í rauninni 25 ár síðan Sameinuðu þjóðirnar ályktuðu um að þennan sjálfsákvörðunarrétt bæri að virða. Að vísu voru Bandaríkjamenn þá mótfallnir þessari ályktun og hafa allar götur síðan í rauninni stutt þann kynþáttaaðskilnað og þann skort á mannréttindum sem hefur tíðkast í Ísrael og auðvitað í krafti stuðnings frá Bandaríkjamönnum hafa þeir komist upp með það sem þar hefur verið að gerast. En það þarf ekkert að lýsa ástandinu þarna mörgum orðum. Það hefur verið gert hér með því að lesa upp úr ágætri grein eftir Árna Ragnar Áranson og miðað við þær lýsingar sem þar eru og miðað við þá þekkingu sem þingmaðurinn hefur á ástandi mála þar ætti hann auðvitað að vera best fær um að lýsa því og þeim mannréttindabrotum sem þar eiga sér stað. Þar sem þessi þingmaður hefur mjög víðtæka þekkingu á þessu og þekkir þetta af eigin raun eftir heimsókn til Ísraels sem er meira heldur en flest okkar hafa gert, þá urðu mér það vissulega ákveðin vonbrigði að hann skyldi samþykkja það að þessi fríverslunarsamningur yrði gerður, en ég vænti þess að hann rökstyðji það með sama hætti og menn rökstuddu hér að rétt væri að gera fríverslunarsamning við Tyrkland og menn rökstuddu það að rétt væri að afnema viðskiptahindranir á Suður-Afríku. Með öðrum orðum, þeir segja: Í gegnum slíka viðskiptasamninga getum við haft áhrif á mannréttindamálin, getum við fengið stjórnvöld í viðkomandi landi til þess að breyta stefnu sinni og við getum þvingað þau jafnvel til þess að taka öðruvísi á málum heldur en þau hafa gert hingað til.

Ég er ekki þessarar skoðunar. Mér finnst ríkari ástæða til þess að hindra viðskipti við ríki sem svona standa að málum fremur en að auðvelda þau. Þar með er ég ekki að segja að viðskiptabann eigi við í öllum tilvikum, alls ekki, heldur að viðskiptahindranir eigi frekar við en frjáls viðskipti. Viðskiptabann er eins og við vitum öll mjög vandmeðfarinn hlutur og það verður auðvitað að meta það í hvert og eitt sinn hvort rétt sé að leggja á slíkt bann.

Mér finnst ástæða til þess að fara aðeins ofan í hvað aukin fríverslun við Ísrael þýðir. Eins og ég segi hefur kannski ekkert upp á sig að rekja ástand mála þar í landi. Það getum við gert við mörg tilefni og það höfum við gert hér í vetur. Ég vildi hins vegar reyna aðeins að líta á það tilefni sem við höfum hér, þ.e. þennan viðskiptasamning og reyna að skoða hvaða áhrif hann hefur t.d. á stöðu Palestínumanna á svæðinu. Aukin fríverslun við Ísrael þýðir að þeirra hagur vænkast væntanlega. Það er markmiðið með fríverslunarsamningum, að auka vöruviðskipti, auka verslun og viðskipti á öllum sviðum til þess að auka veltuna og bæta hag þeirra sem þar búa. Hins vegar er það þannig að Palestínumenn á hernumdu svæðunum sem eru núna innan landamæra Ísraelsríkis eiga allt sitt undir Ísraelsmönnum. Ísraelsríki hefur innlimað þessi hernumdu svæði sem er þvert á alla samninga um það hvernig farið skuli með slík svæði og það gera þeir til þess að þurfa ekki að sæta alþjóðareglum sem eiga að gilda á hernumdum svæðum. Þeir segja: Þetta er óaðskiljanlegur hlutur Ísraelsríkis og við þurfum ekki að lúta neinum alþjóðlegum sáttmálum um það hvernig farið skuli með hluti á herteknum svæðum. En fólk sem býr á þessum svæðum, Palestínumennirnir, eiga auðvitað allt sitt undir hernámsyfirvöldum, allt sitt undir stjórnvöldum í Ísrael. Til þess að fá aðeins upplýsingar um hvernig þetta virkaði og hvernig málum væri háttað þá fékk ég, og það fylgir með í fskj. með nál., nokkra áherslupunkta frá félaginu Ísland-Palestína og þeir varða viðskiptamál Palestínu. Ég ætla að fara í gegnum þessar kröfur og reyna að útskýra þær aðeins. Þar segir, með leyfi forseta:

„Eftirfarandi kröfur þarf að gera til Ísraelsstjórnar og hernámsyfirvalda:

1. Að inn- og útflutningur verði gefinn frjáls án milligöngu Ísraelsmanna." Þannig er það að Palestínumenn eiga mjög erfitt með að stunda hvers kyns viðskipti án milligöngu Ísraelsmanna. Þeir þurfa að sækja um ýmiss konar leyfi og það gengur mjög hægt fyrir þá að fá þau. Það eru sett alls konar skilyrði sem þeir eiga erfitt með að uppfylla. Það eru lögð á alls kyns aukagjöld sem eru í rauninni bara viðskiptahindranir og þannig er þeim gert erfitt fyrir að stunda viðskipti á mörgum sviðum.

„2. Að leyfa byggingu hafnar í Gaza fyrir inn- og útflutning Palestínumanna." Þetta telja Palestínumenn sjálfir að sé eitt af skilyrðunum fyrir því að þeir geti stundað milliliðalaus viðskipti, þ.e. að þeir eigi og hafi aðgang að sinni eigin höfn á Gazasvæðinu. En það hafa verið miklar takmarkanir á fjárfestingum á þessu svæði og menn þurfa að uppfylla ótal skilyrði og leyfi til þess að fá að fjárfesta. Palestínumenn vilja byggja þessa höfn sjálfir en hafa ekki fengið leyfi til þess. Þetta er eitt af því sem þeir telja vera grundvallaratriði ef þeir eiga að geta stundað frjáls og milliliðalaus viðskipti, m.a. við Evrópubandalagið og EFTA-ríkin.

„3. Að Palestínumönnum verði leyft að fjárfesta á herteknu svæðunum, án sérstakra hafta". Þetta kemur inn á það sem ég sagði áðan að það eru alls kyns takmarkanir á fjárfestingu og byggingum á herteknu

svæðunum. Í því sambandi má geta þess að í bæ sem mun vera 15 km fyrir norðan Jerúsalem og heitir Ramala var byggð fullkomin fæðingardeild af Palestínumönnum sjálfum. Hún er búin að standa þar tilbúin í sjö ár en þeir hafa ekki fengið leyfi til þess að taka hana í notkun. Það dugir því líka lítið þó að þeir nái að fjárfesta í hlutunum ef þeir fá ekki að nýta þá.

„4. Að herteknu svæðin verði losuð úr herkví og lokun þeirra aflétt, þannig að fólk komist m.a. til vinnu út fyrir svæðin." Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að núna, a.m.k. um a.m.k. tveggja mánaða skeið, hafa öll herteknu svæðin verið algerlega lokuð af. Þau eru nánast í herkví og það er ekkert hægt að flytja frá þessum svæðum eða milli þessara svæða. Jerúsalem er t.d. lokuð og Palestínumenn sem vilja flytja annaðhvort vörur til Jerúsalem á markað þar, því að þar er auðvitað stór markaður, eða í gegnum Jerúsalem, þeir þurfa að fara í gegnum borgina en geta það ekki. Og það þýðir auðvitað ekkert að tala um frjálsa verslun eða frjáls viðskipti eða fríverslun við slíkar aðstæður. Það eru bara orðin tóm og þessu þarf öllu saman að breyta til þess að hægt sé að tala um það.

Þessu vildi ég koma á framfæri við þingið þannig að þingmenn mættu gera sér grein fyrir því hvernig mannréttindamálum er háttað þarna. Það er auðvitað mjög mikilvægt. Þetta er pólitískt mál og taka þarf í því pólitíska afstöðu en líka að þingmenn geri sér grein fyrir því sértæka í þessu máli sem varðar þá verslun og viðskipti og þennan tiltekna fríverslunarsamning sem hér er verið að gera. Eins og bent er á í nál. minni hlutans hafa Ísraelsmenn þetta auðvitað í hendi sinni vegna þess að það er öryggisákvæði í þessum samningi eins og öllum öðrum fríverslunarsamningum. Við skulum bara minnast umræðunnar sem hér varð um öryggisákvæði í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Við sögðum alltaf: Það verður að vera okkar réttur, skilyrðislaus réttur, að túlka einhliða hvenær við þurfum að beita þessu öryggisákvæði. Það er okkar að meta hvenær nauðsynlegt er að beita þessu öryggisákvæði ef við teljum að mjög brýnir hagsmunir liggi við og auðvitað gildir það sama í þessum samningi. Þar er slíkt öryggisákvæði og það hefur öðlast alveg nýja merkingu í þessum samningi vegna stöðunnar sem er í Ísrael.

Í öryggisákvæðinu segir m.a.: „Ekkert ákvæði þessa samnings kemur í veg fyrir að aðili geri ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar: a) til að koma í veg fyrir uppljóstranir sem eru andstæðar mikilvægum öryggishagsmunum, b) til að vernda mikilvæga öryggishagsmuni .."

Menn geta auðvitað séð það sjálfir hvernig þessu mun verða beitt í Ísraelsríki sem býr í rauninni við hernaðarástand. Hvernig halda menn að slíku sé beitt? Ég held að það þurfi enginn að fara í grafgötur um að þetta mun hitta fyrir Palestínumenn á þessu svæði og þessi samningur mun á engan hátt, fæ ég séð, nýtast þeim eins og menn vilja þó kannski vona og halda fram. Ég vil að þetta komi hér fram og ég mun að sjálfsögðu greiða atkvæði gegn þessum samningi.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður vék að því að þetta væri að ýmsu leyti sambærilegt, viðskipti við Ísrael og Suður-Afríku, og ég skil hv. ræðumann þannig að hann sé í sjálfu sér ekki andvígur því að við gerum slíkan samning við Ísraela. Hann vill að slíkur samningur sé gerður en að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, eins og hann vildi að viðskiptabanninu við Suður-Afríku yrði aflétt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Í fréttunum fyrr í kvöld var sagt að það hefði orðið samkomulag í Suður-Afríku um að kosningar færu þar fram í síðasta lagi í apríl á næsta ári eins og margoft kom fram í ræðu minni og umræðum hér um Suður-Afríkumálið. Þá hefði væntanlega það skilyrði sem hv. ræðumaður setti fyrir því að við afléttum banninu á viðskipti við Suður-Afríku verið komið í framkvæmd núna miðað við þessar kvöldfréttir sem við hlustuðum á.

Ég vil aðeins spyrja hv. ræðumann hvaða skilyrði það eru sem Ísraelar þurfa að fullnægja svo að unnt sé að mati hv. ræðumanns að gera slíkan samning við Ísrael. Að vísu hefur verið nefnt að í samningnum sé öryggisákvæði en ég skil ræðu hv. þm. þannig að það séu ekki þau í sjálfu sér heldur ástandið og staða Ísraela sem valdi því að hann telur ekki unnt að gera þennan samning núna. Ég vildi aðeins fá að glöggva mig á því hvaða skilyrði það eru sem Ísraelar þurfa að uppfylla svo að hv. ræðumaður geti staðið að slíkum samningi?

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er misskilningur hjá þeim ræðumanni sem talaði áðan að ég væri tilbúin til að standa að gerð slíks samnings að fullnægðum vissum skilyrðum. Ég tel pólitískt ekki rétt að gera þennan fríverslunarsamning við Ísrael eins og málum er háttað þar, eins og mannréttindabrotin eru þar og eins og þeir hafa gengið gegn samþykktum Sameinuðu þjóðanna trekk í trekk. Pólitískt tel ég því rangt að gera þennan samning. Hins vegar bendi ég hér á ýmis atriði, nokkra áherslupunkta varðandi viðskiptamál Palestínu sem væri a.m.k. lágmark að reynt yrði að knýja á um áður en ríkjahópar, EFTA og EB, ganga til fríverslunarsamninga við ríki eins og Ísrael. Og þetta varðar þessi atriði sem ég talaði um, að inn- og útflutningur verði gefinn frjáls án milligöngu Ísraelsmanna, að leyfð verði bygging hafnar á Gaza, að Palestínumönnum verði leyft að fjárfesta á herteknu svæðunum, að herteknu svæðin verði losuð úr herkví og að frjáls viðskipti verði leyfð milli t.d. Jerúsalem og annarra hluta Palestínu. Þetta ætti a.m.k. að vera lágmarksskilyrði hjá ríkjum sem hafa þó staðið að ýmsum samþykktum Sameinuðu þjóðanna um ástand mála í Ísrael.

En varðandi fréttirnar sem þingmaðurinn bar hér inn frá sjónvarpinu eða fréttatímum útvarpsins um kosningar í Suður-Afríku í apríl, þá er það engin ný frétt. Það lá fyrir þegar við ræddum málið hérna að menn vildu stefna á þessar kosningar í apríl. Nú veit ég ekki

hvernig orðanna hljóðan var í fréttinni en það segir mér ekkert nýtt. Spurningin er: Er þessi dagsetning komin eða ekki eða eru menn bara að tala um að stefna á apríl? Ef það er bara stefna á apríl þá er það ekkert nýtt.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. ræðumanni fyrir hreinskilin svör. Það er alveg ljóst að ræðumaðurinn er þeirrar skoðunar að það eigi ekki að gera þennan samning og hann er á móti því almennt að gera slíka samninga við Ísraelsríki yfirleitt og þá er það í sjálfu sér afstaða. Ég er á öndverðum meiði. Ég tel að það sé forsvaranlegt og réttlætanlegt að gera slíka samninga við Ísraelsríki. Þess vegna erum við ósammála um það og mér finnst þá annað aukaatriði sem hv. ræðumaður sagði varðandi einhver skilyrði en ég skil það þá þannig að ræðumaðurinn hv. sé alfarið á móti því að slíkur samningur sé gerður við Ísraelsríki.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð nú að lýsa yfir undrun minni á því að formaður utanrmn. skuli telja þetta aukaatriði sem talin voru upp hér. Ef hann vill standa að þessum samningi, ef það er hans skoðun að það eigi að gera slíkan samning og hann vill standa að honum með sómasamlegum hætti og nota slíkan viðskiptasamning til þess að ná fram betra ástandi í slíkum löndum, eins og menn hafa sagt hérna bæði um fríverslunarsamninginn við Tyrkland og þennan, að þetta sé tæki til þess að koma á umbótum í þessum ríkjum, þá ættu þetta ekki að vera nein aukaatriði fyrir honum sem hér voru upp talin. Þetta eru grundvallaratriðin, virðulegur þm.

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Þetta mál sem fyrir liggur hefur vakið nokkuð skiptar skoðanir og eðlilegt að við Íslendingar ræðum hvernig við tökum á því málefni að eiga samskipti eða viðskipti við þjóðir í fjarlægum heimshlutum, einkum ef við teljum að þær hagi sínum málum öðruvísi en við hefðum viljað að þær gerðu. En það er nefnilega málið, að þær hagi sínum málum öðruvísi en við hefðum viljað að þær gerðu.

Staðreyndin er sú, virðulegi forseti, að við Íslendingar ræðum fremur sjaldan málefni Ísraels og Palestínu. Hvað okkur flest varðar höfum við alist upp við þá skoðun að þar sem Ísrael er núna hafi áður verið vagga okkar nútímatrúarbragða. Kannski bregður okkur fram eftir aldri til þessarar trúar ef hafa má það orð um það sem við álítum og vitum ekki betur. Þetta hefur skapað með nokkrum hætti tiltekna taug í okkur til gyðinga og annarra íbúa þessa heimshluta.

Löngu seinna varð á meginlandi Evrópu gereyðingarhernaður, ákveðins stjórnmálaafls sem komst til mikilla áhrifa, gegn gyðingum hvar sem til þeirra náðist um gervallt meginlandið. Ég er þeirrar skoðunar að þessir atburðir hafi síðar vakið með Evrópumönnum, að okkur meðtöldum, nokkra samúð, iðrun eða tilhneigingu til yfirbótar gagnvart gyðingum. Ég hygg að þetta hafi stjórnað að nokkru leyti afstöðu okkar því við erum að taka afstöðu úr fjarlægð. Þingmenn halda að ég sé í hópi þeirra manna sem þekki vel ástandið. Ég veit að ég þekki það ekki vel þó að ég hafi komið á svæðið og séð nokkurn fjölda af einstaklingum, nokkurn fjölda af húsum og farartækjum, ræktarlönd og eyðimerkur. En ég hef ekki þá trú að ég þekki ástandið.

Staðreyndin er þó sú, virðulegi forseti, að hverjum sem kynnist þessu ástandi að einhverju leyti, einkum á herteknu svæðunum, mun ekki blandast hugur um að öndvert við vonir okkar Vesturlandabúa um að þar mundi fyrir frumkvæði gyðinga sem hefðu kynnst okkar lýðræðishugmyndum rísa slíkt ríki að fyrirmynd vestrænna nútímaþjóðfélaga. (Gripið fram í.) Já, öndvert við þær vonir hefur þar risið ríki aðskilnaðarstefnu á grundvelli trúarbragða og kynþáttar. Við veltum því nú fyrir okkur hvort við eigum að eiga viðskipti við slíkt ríki og við teljum það jafnvel varða sæmd okkar og heiður. Ég er hins vegar ekki þeirrar skoðunar að það verði þá nýr blettur á þeirri sæmd.

Við höfum um langt árabil viðhaft þá stefnu að semja um viðskipti og margþætt samskipti við ríki sem hafa beitt þegna sína, hvort sem þeir eru frjálsir, herteknir eða tilknúðir á annan hátt, slíkum aðskilnaði, ef ekki á grundvelli trúarbragða, ef ekki á grundvelli kynþáttar, þá á grundvelli stjórnmálaskoðana. Það er þess vegna ekkert nýtt, virðulegi forseti, að við ræðum þessi viðfangsefni.

Þær lýsingar, sem hér hafa verið lesnar upp og eru eftir mér hafðar, eru eins og ég kynntist þeim og gat borið undir aðra einstaklinga, einstaklinga sem starfa á svæðinu á vegum alþjóðastofnunar, Sameinuðu þjóðanna, og á vegum fjölþjóðlegs sambands þingmanna í Evrópu. Þær upplýsingar eru staðfestar. Við erum varla að ræða það hér í kvöld hvort við breytum þeim í einni skyndingu með einhverri ákvörðun á hinu háa Alþingi Íslendinga, vitandi það að við erum ekki stórveldi hvorki í viðskiptum né öðrum þáttum alþjóðasamskipta. Hitt er staðreynd sem við eigum að ræða. Við eigum að gera okkur grein fyrir, þó í fjarlægð séum, að í Palestínu eru Palestínumenn, nútímaerfingjar þeirra sem í Biblíunni, hinni helgu bók, eru nefndir Filistear, þetta er sama orðið, þeir eru undirokaðir í sínu eigin landi.

Ég þarf ekki að lýsa því frekar sem hér hefur verið haft eftir mér eða aðrir þingmenn hafa sagt um. Þær lýsingar eru réttar svo langt sem þær ná en þar gætir líka nokkurrar missagnar vegna þess að við þekkjum ekki svo gjörla til. Af því litla sem ég sá og heyrði þá heyri ég í salnum í dag missagnir. Palestínumenn hafa ekki í sínu eigin landi þau mannréttindi sem við teljum sjálfsögð og eðlileg. Þau hafa verið afnumin af aðvífandi herraþjóð. Og ástandið er þannig í dag að þeirra eigin opinbera stjórnsýsla, opinber þjónusta, samgöngutæki eða hvað annað sem við teljum sjálfsagt er allt lamað og óstarfhæft. Þess vegna vantar höfn á Gaza. Þess vegna vantar þær stofnanir sem rakið var í dag, að stofnun á vegum Sameinðu þjóðanna

starfrækir, byggði og rekur með ótrúlega litlum tilkostnaði.

En ég held samt sem áður, virðulegi forseti, að við þurfum að ræða hvernig við ætlum yfirleitt að standa að þessum málum. Ætlum við að gera það eitt að hafna viðskiptum og samskiptum við þetta fólk?

Það liggur fyrir, virðulegi forseti, að við Íslendingar höfum lítinn áhuga sýnt á málstað Palestínumanna, minni áhuga heldur en grannþjóðir okkar á Norðurlöndunum. Efnahagslegir burðir okkar og lífskjör hafa að okkar eigin dómi ekki gert okkur það kleift að færa fórnir í formi aðstoðar við þróunarlönd nema í mjög takmörkuðum mæli, svo takmörkuðum að okkur hefur ekki alltaf þótt sæmd af. En sú geta sem við höfum samt sem áður þóst hafa til að gera slíkt hefur ekki dugað til að við gerðum það í áttina til Palestínu. Aðrar Norðurlandaþjóðir hafa lagt af mörkum aðstoð við Palestínumenn, aðrar en við.

Ég hlýt að velta því fyrir mér, virðulegi forseti, fyrst við teljum sjálf að við höfum ekki efnahagslega burði til að styðja þetta fólk, hvað er þá í okkar valdi? Ekki erum við herveldi, ekki sendum við þangað menn með morðtól eða önnur kúgunartæki til að hrista gyðinga eða Palestínumenn eða einhverja enn þá aðra til þeirra skoðana sem við teljum að þeir eigi að hafa á eigin málum.

Ég held við gerum ekkert af þessu, virðulegi forseti, og ég hef raunar þá trú að við höfum ekki vilja til þess. En hvað er þá í okkar valdi? Jú, það er í okkar valdi að eiga samskipti við þetta fólk, hvort heldur það eru gyðingar eða arabar. Við getum átt við þá viðskipti, við getum með samningum um slíka viðskiptahætti haft bætandi áhrif á ástandið vegna þess að við vitum af eigin raun að bætt lífskjör, aukið frelsi til viðskipta og athafna leiðir til minni árekstra í mannlegu samfélagi. Við þurfum ekki að fara lengra en til okkar forfeðra, fáeinar kynslóðir aftur í aldirnar, til að rekja þar þá þekkingu og reynslu mannsins aftur og aftur að flestar þær styrjaldir sem ekki voru háðar vegna trúarbragða voru háðar vegna lífskjara, vegna þess að árásaraðilinn, hver sem hann var, taldi grænna hinum megin fjallsins, hinum megin lækjarins, í annarra garði.

Ég tel, virðulegi forseti, að við höfum reynslu af áhrifamætti þess að stofna til samskipta með þessum hætti við ólíkar þjóðir en ég tel það ekki skynsamlegt, ég tel það ekki sæmandi af okkur Íslendingum eða öðrum Vesturlandamönnum að reyna í sífellu að troða okkar lífsháttum upp á þjóðir annarra heimshluta. Og vel að merkja, í þessum heimshluta sem við erum nú að ræða, hverjir hafa talað þannig? Það eru ekki gyðingarnir, það eru arabar, Palestínumenn. Þeir segja aftur og aftur um okkur Vesturlandamenn: Þið viljið ekkert fyrir okkur gera fyrr en við tökum upp ykkar aðferðir. Ykkar lýðræðisaðferðir. En við höfum okkar eigin aðferðir, þið bara viðurkennið þær ekki vegna þess að þið notið sjálfir aðrar og hvorki þekkið né viljið þekkja okkar aðferðir.

Skyldi þessi fáfræði okkar vera kannski mergurinn málsins í okkar garði?

Ég held, virðulegi forseti, að við Íslendingar eigum að geta orðið sammála um að það er vænlegra til þess árangurs að hafa bætandi áhrif á mannlífið á þessum slóðum, að stofna til samskipta og viðskipta við fólkið. Með slíkum samningi, með ákvæðum hans getum við haft þessi áhrif, án hans höfum við engin. Afneitun og afskiptaleysi bætir ekkert. Það leiðir ekki til vonarinnar um einhvern árangur. Tilraunir til þess að beita menn valdi eða skoðanakúgun bæta heldur ekkert því það vitum við að hver sem fyrir slíku verður hann mun einhvern tímann brjótast undan því oki og taka upp sínar eigin aðferðir.

Virðulegi forseti. Ég er einn þeirra manna sem taka undir álit meiri hluta utanrmn. sem leggur til að við staðfestum samninginn. Ég leyfi mér að benda á það aftur, virðulegi forseti, að í okkar nál. bendum við okkar embættismönnum á atriði sem við teljum að þeir þurfi að hafa í huga við framkvæmd þessa samnings. Það eru atriði sem urðum áskynja um vegna ábendinga araba, ekki gyðinga.

Það er rétt sem hér hefur fram komið að félagið Ísland-Palestína bendir auk þess á önnur atriði sem það telur að þurfi að koma fram til þess að Palestínumenn geti stundað óháð viðskipti, viðskipti óháð valdi og stjórnun Ísraelsmanna. Það er vissulega rétt að Ísraelsmenn hafa beitt þá kúgun og margs konar ofríki til þess að hafa af þeim frelsi, frelsi til viðskipta, frelsi til þess að koma afurðum í verð, frelsi til bættra lífskjara. Ég sé ekki, virðulegi forseti, að við gerum nokkuð til að bæta þetta ástand nema að við göngum til samskipta við þetta fólk, eigum við það viðskipti, bjóðum því vonina um nýja markaði og hærra verð fyrir vörur sínar. Þess vegna, virðulegi forseti, mæli ég með staðfestingu þessa samnings.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hefði skilið þessa ræðu ef málið væri þannig að við værum að gera fríverslunarsamning við Palestínumenn en tónninn allur í ræðu þingmannsins og hvernig hann lagði út af þessu hljómaði eins og þessi samningur snerist um fríverslunarsamning við Palestínumenn. Þetta er fríverslunarsamningur við Ísrael og það eru ísraelsk stjórnvöld sem hafa náttúrlega öll ráð í hendi sinni með þetta mál.

Þingmaðurinn sagði að það væri ekki nýr blettur á okkar sæmd þó við gerðum svona samning. Við hefðum hingað til stundað viðskipti við ýmsar þjóðir sem hafa fótumtroðið mannréttindi og var væntanlega vísað þá til Austur-Evrópu og Sovétríkjanna fyrrum reikna ég með. Það kann vel að vera að það væri ekki nýr blettur á okkar sæmd en það er náttúrlega himinn og haf sem skilur að fríverslunarsamning og svo viðskiptabann. Það er himinn og haf sem skilur þar á milli. Að gera fríverslunarsamning hefur mikla pólitíska þýðingu fyrir þann sem fær samninginn og Ísraelsmenn hafa auðvitað notað samninginn sem þeir hafa haft við Bandaríkjamenn um langt árabil. Það er ekki nýtt að Bandaríkjamenn hafi haft fríverslunarsamning við Ísrael.

Þingmaðurinn spurði: Hvað er í okkar valdi? Í okk-

ar valdi er að eiga viðskipti, hafa áhrif með því að stofna til viðskipta.

Ísraelsmenn hafa ekki verið í neinni einangrun, við höfum verið í miklum samskiptum við allar vestrænar þjóðir, við höfum verið í miklum samskiptum við Ísraelsmenn. Ég hef ekki séð að þeir hafi tekið upp neitt betri hætti við það. Hvernig á slíkur samningur að gera það að verkum að þeir taki þá upp betri hætti? Ég vil gjarnan fá einhverja útlistun á því.

Þá sagði þingmaðurinn að við ættum ekki að troða lífsháttum upp á þjóðir annarra heimsálfa. Mannréttindi eru ekki afstæð. Þau eru ekki bara spurning um lífshætti, þau eru ekki afstæð mannréttindin. Þjóðir heimsins verða að koma sér saman um ákveðin grundvallarmannréttindi sem við gerum kröfu til að allar þjóðir standi við, eigi þess þær nokkurn kost. Það er ekki hægt að bjóða upp á einhverja afstæðishyggju í þeim málum, þá veit ég ekki hvað menn eru að gera í stofnunum eins og í Evrópuráðinu og annars staðar ef það á að vera boðlegt.

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held það sé rétt að við hugum að því að mannréttindi eru vissulega afstæð. Við Íslendingar höfum metið það þannig, við höfum tekið þátt í að viðurkenna að ríki sem ekki viðhafa mannréttindi með þeim hætti sem við teljum okkur gera, við höfum viðurkennt tilveru þeirra, við höfum viðurkennt sjálfstæði þeirra og fullveldi. Við erum ekki svona saklaus og við getum ekki haldið áfram eins og við séum að byrja lífið núna. Ég er þeirrar skoðunar, ég hef látið mína sannfæringu í ljós, að við höfum bætandi áhrif með því að eiga samskipti og viðskipti við fólk sem þarf að komast áleiðis í þessu atriði. Mannréttindi eru afstæð, það er að vísu mitt persónulega mat, en ég hygg að lífskjör vegi jafnmikið fyrir fólk sem býr við kröpp kjör eins og réttindi sem það nær ekki til. Ég tel það skipta miklu máli að við beitum ákvæðum samninga af þessu tagi, öðruvísi verða þeir ekki neinum að gagni, heldur ekki okkur. — Það get ég tekið undir, virðulegi þingmaður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuleysistryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 554. mál (aðild að stéttarfélagi, hámarksaldur, biðtími o.fl.). — Þskj. 919, nál. 1219 og 1270, brtt. 1220 og 1271.

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum.

„Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Þorkel Helgason, aðstoðarmann heilbrigðis- og tryggingaráðherra, Margréti Tómasdóttur, framkvæmdastjóra Atvinnuleysistryggingasjóðs, Dögg Pálsdóttur, skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Pétur Sigurðsson, formann Atvinnuleysistryggingasjóðs, frá fjármálaráðuneyti Halldór Árnason skrifstofustjóra og Ólaf Hjálmarsson deildarstjóra, frá Landssambandi aldraðra Ólaf Jónsson formann og Guðríði Ólafsdóttur framkvæmdastjóra og frá Sjálfsbjörgu Jóhann Pétur Sveinsson lögfræðing, Tryggva Friðjónsson framkvæmdastjóra, Arnór Pétursson fulltrúa og Sigurrós M. Sigurjónsdóttur fulltrúa. Umsagnir bárust frá ASÍ, Bandalagi íslenskra sérskólanema, BSRB, BHMR, Búnaðarfélagi Íslands, fjármálaráðuneytinu, Hinu íslenska kennarafélagi, Kennarasambandi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands, Landssamtökum atvinnulausra, Læknafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sjálfsbjörgu, Stéttarsambandi bænda, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, VSÍ og Öryrkjabandalagi Íslands.

Nefndin leggur til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu sem snúa að fjórum atriðum. Í fyrsta lagi verði 3. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, felld brott en meginhluti hennar verði felldur inn í 1. gr. laganna. Í öðru lagi verði uppsetningu og orðalagi laganna breytt þannig að þau geti heyrt undir hvern þann ráðherra sem ákveðið er í reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969. Er það gert vegna þess að fyrirhugað er að flytja atvinnuleysistryggingar til félagsmálaráðuneytis. Atvinnuleysistryggingar þykja eiga betur heima í því ráðuneyti sem fer með málefni er varða atvinnuleysi. Stefnt er að því að þessi breyting verði um næstu áramót. Í þriðja lagi er lögð til breyting á 11. gr. frumvarpsins sem varðar frádrátt elli- og örorkulífeyris, sem og örorkustyrks, frá atvinnuleysisbótum. Í fjórða lagi er lögð til breyting á gildistökuákvæði. Verður hér á eftir gerð grein fyrir hverri breytingartillögu um sig.

1. Lagðar eru til tvær breytingar á 1. gr. Annars vegar komi orðið „ráðherra“ í stað „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“, sbr. skýringar hér að framan. Hins vegar bætist við ný málsgrein sem áður var efnislega 3. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

2. Lagt er til að 2. gr. verði breytt þannig að 3. gr. laganna falli brott ásamt 2. og 4. gr.

3. Lögð er til breyting á 4. gr. í samræmi við það sem áður hefur verið sagt um flutning atvinnuleysistrygginga til félagsmálaráðherra. Skal Tryggingastofnun ríkisins falið að gegna ákveðnum verkefnum nema ráðherra ákveði annað. Þá er lagt til að við 4. gr. bætist tvær málsgreinar sem eru samhljóða 2. og 3. mgr. 7. gr. laganna fyrir utan að síðari málslið 2. mgr. 7. gr. er sleppt en þar er kveðið á um að ráðherra skeri úr ágreiningi ef ekki næst samkomulag um þóknun til Tryggingastofnunar. Er lagt til að ákvæðinu verði sleppt vegna þess að samkvæmt breytingartillögum nefndarinnar gæti niðurstaðan orðið sú að um tvo ráðherra yrði að ræða. — Annars vegar félagsmálaráðherra sem færi með framkvæmd laganna og hins vegar heilbrigðis- og tryggingaráðherra sem færi með málefni Tryggingastofnunar.

4. Þá er lögð til breyting á 6. gr. en efni 3.-5. tölul. á heima í einum tölulið.

5. Lögð er til breyting á 10. gr. í samræmi við væntanlegan flutning atvinnuleysistrygginga milli ráðuneyta.

6. Lagt er til að 11. gr. verði breytt þannig að elli- og örorkulífeyrir, svo og örorkustyrkur, skuli koma til frádráttar atvinnuleysisbótum. Það sem komi til frádráttar verði því einungis grunnlífeyrir og ígildi hans en ekki aðrar bætur lífeyristrygginga.

7. Lögð er til leiðrétting á 12. gr.

8. Lögð er til breyting á 13. gr. og vísast til skýringa í 5. tölul. hér að framan.

9. Loks er lögð til breyting á gildistöku laganna í 17. gr. en lagt er til að þau öðlist gildi 1. júlí nk. Ákvæði um sjálfstætt starfandi einstaklinga (2. mgr. 1. gr.) taki þó ekki gildi fyrr en 1. okt. nk. en vankantar munu vera á að það taki gildi fyrr sökum tæknilegra ástæðna.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali."

Undir þetta rita Sigbjörn Gunnarsson, Sólveig Pétursdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir og Björn Bjarnason.

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. heilbrrh. við 1. umr. þessa máls er um verulega réttarbót að ræða fyrir þá sem við atvinnuleysi eiga að etja verði frv. þetta að lögum.

Í fyrsta lagi verður réttur til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði ekki lengur bundinn við aðild að stéttarfélagi.

Í öðru lagi hljóta þeir sjálfstætt starfandi, sem skilað hafa tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi síðustu 12 mánuði áður en þeir hættu starfsemi sinni, rétt til bóta með sama hætti og launamenn.

Í þriðja lagi munu atvinnulausir geta komist undan 16 vikna biðtíma milli bótatímabila með því að sækja og ljúka námskeiðum í a.m.k. 8 vikur, sem sérstaklega eru ætluð atvinnulausum,

Við meðferð málsins í heilbr.- og trn. urðu miklar og gagnlegar umræður og hef ég þegar að nokkru lýst þeim brtt. sem meiri hluti nefndarinnar leggur til. Talsvert var rætt um hvort setja bæri í lögin þau skilyrði sem þurfa að vera til staðar svo sjálfstætt starfandi einstaklingar teljist atvinnulausir. Niðurstaða meiri hlutans var sú að slíkt þætti ekki skynsamlegt þar sem um algjört nýmæli væri að ræða og umfangið nokkuð óljóst og því heppilegra að setja reglugerð um þessi efni.

Nokkrar umræður urðu einnig um bætur til námsmanna að námi loknu. Í gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar eru námsmönnum tryggð nokkur réttindi hafi þeir starfað í a.m.k. þrjá mánuði og stundað nám í ekki skemmri tíma en sex mánuði síðustu 12 mánuði. Þannig nýtur námsmaður samkvæmt gildandi lögum liðlegra hálfra bóta úr atvinnuleysistryggingum.

Þá komu málefni fanga einnig til umræðu. Það var upplýst af framkvæmdastjóra sjóðsins að fangar geti geymt sér áunninn bótarétt, allt að tveimur árum án skerðingar. Hafa ber í huga í þessu sambandi að það mun vera venja að séu menn dæmdir til fjögurra ára frelsissviptingar sé afplánun að jafnaði tvö ár.

Í nefndinni var rætt um hvort aðgreina bæri sjálfstætt starfandi og fleiri frá öðrum rétthöfum í reikningshaldi sjóðsins. Meiri hluti nefndarinnar telur óþarft að kveða á um slík bókhaldsatriði í lögum. Um sjálfsagt framkvæmdaratriði sé að ræða í rekstri sjóðsins.

Virðulegi forseti. Mestar umræður urðu um 11. gr. frv. Þess ber að geta að frv. var upphaflega samið með hliðsjón af frv. til laga um almannatryggingar sem búist var við að yrði að lögum á þessu þingi. Það er sýnt að svo verður ekki. Meiri hluti nefndarinnar leggur til verulegar efnisbreytingar á greininni þannig að ekki fari á milli mála að aðrar bætur en grunnlífeyrir og ígildi hans skerði ekki rétt til atvinnuleysisbóta. Ég tel alvarlegt glapræði að fella 11. gr. í frv. burtu þar sem í 51. gr. gildandi laga um almannatrygginga eru ákvæði sem hér greinir, með leyfi forseta:

„Að öðru leyti getur enginn samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum eða lögum um atvinnuleysistryggingar."

Meiri hlutinn telur nauðsynlegt til að tryggja hag öryrkja og ellilífeyrisþega að gera þær breytingar sem lagt er til. Verði 11. gr. felld út úr frv. og farið að gildandi lögum mundi einhleypur öryrki einungis njóta um 48 þús. kr. í bætur. Með þeirri breytingu sem meiri hlutinn leggur til mun sami öryrki hins vegar njóta bóta frá almannatryggingum og atvinnuleysistryggingum að upphæð um 64–65 þús. kr. Áþekkt mundi gilda um ellilífeyrisþega.

Það má því ljóst vera að sú niðurstaða sem meiri hluti heilbr.- og trn. leggur til tryggir hag elli- og örorkulífeyrisþega hvað bætur varðar frá almannatryggingum og atvinnuleysistryggingum.

Ég hef e.t.v. farið nokkuð fleiri orðum um þessi mál en æskilegt væri. Mér fannst hins vegar nauðsyn bera til að fara nokkuð vandlega yfir málið við 2. umr. til að taka af tvímæli. Verði frv. þetta að lögum nást fram gífurlegar réttarbætur fyrir atvinnulausa, réttarbætur sem margir, því miður allt of margir, bíða eftir. Ég tel brýnt að lögfesta þau ákvæði um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar sem hér er mælt fyrir hið fyrsta. Eftir því er beðið. Ég legg til að frv. verði vísað til 3. umr.

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta heilbr.- og trn. á þskj. 1270 og brtt. minni hluta heilbr.- og trn. á þskj. 1271. Minni hlutann skipa auk mín hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ingibjörg Pálmadóttir og Margrét Frímannsdóttir.

Nefndin hefur fjallað um málið og leitað umsagnar fjölda aðila, jafnt með því að senda málið út til umsagnar og eins voru kallaðir til fundar við nefndina fjöldi aðila. Í því sambandi vísast hér til nál. meiri hlutans í þeim efnum, hverjir þar mættu og hvert málið var sent.

Það hefur komið æ betur í ljós að undanförnu að alvarlegir annmarkar eru á núgildandi lögum um atvinnuleysistryggingar. Það frv. sem mælt var fyrir á sínum tíma hefur nú tekið verulegum breytingum í meðförum nefndarinnar. Margar þessara brtt. birtast í áliti meiri hlutans og eru þær margar til bóta en þó er að mati minni hlutans ekki gengið nógu langt í þeim efnum. Þó að ljóst sé að frv. bætir að vissu leyti nokkuð úr verstu göllunum nær það að mati minni hlutans harla skammt. Um gildandi lög um atvinnuleysistryggingar hefur verið þokkaleg sátt og hægt hefur verið að notast við þau vegna þess að hér hefur ekki verið neitt atvinnuleysi. Menn hafa því aðeins þurft að búa tímabundið við þau lög sem í gildi hafa verið og atvinnuástand hefur ekki verið langvarandi. Stefna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í efnahags- og atvinnumálum er að festa í sessi mikið og viðvarandi atvinnuleysi og er brýnt að mati minni hlutans að breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar taki mið af þessum staðreyndum. Minni hlutinn gerir brtt. við einstakar greinar frv. í þeim tilgangi að tryggja réttarstöðu atvinnulausra og bæta lífsafkomu þeirra. Námsmönnum er veittur ákveðinn aðgangur að sjóðnum og jafnframt er reynt að tryggja að elli- og örorkulífeyrisþegar sem eru atvinnulausir verði ekki fyrir sérstakri skerðingu eins og frv. gerir ráð fyrir. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frv. með þeim brtt. sem meiri hlutinn hefur lagt hér fyrir þingið þó svo að alls ekki sé nógu langt gengið í þeim efnum að mati minni hlutans.

Í fyrsta lagi leggur minni hlutinn til tvær breytingar á 1. gr. frv. Annars vegar er gert ráð fyrir að tilgreind verði í greininni þau skilyrði sem þurfa að vera til staðar svo að sjálfstætt starfandi einstaklingar teljist vera atvinnulausir. Hins vegar er lagt til að við greinina verði bætt nýrri málsgrein um bótarétt þeirra sem lokið hafa eða hætt námi. Mikill fjöldi námsmana lýkur námi á ári hverju. Æ erfiðara verður fyrir þennan hóp að fá atvinnu, enda þrengist sífellt um á vinnumarkaði og atvinnuleysi eykst stöðugt. Því er nauðsynlegt að huga sérstaklega að stöðu þessa fólks við breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Þá þykir minni hlutanum einnig rétt að kveðið verði á um bótarétt þeirra sem sviptir hafa verið frelsi sínu í a.m.k. 12 mánuði með dómi. Er hér gert ráð fyrir að viðkomandi geti fengið bætur eftir að frelsissviptingu lýkur. Lagt er til að ráðherra setji nánari reglur um framkvæmd greinarinnar að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Í drögum að reglugerð sem fyrirhugað er að setja á grundvelli þessara laga og er fylgiskjal með því frv. sem upphaflega var lagt fyrir þingið kemur fram hvaða skilyrði þurfa að vera til staðar til þess að sjálfstætt starfandi einstaklingur teljist vera atvinnulaus. Þar er m.a. tilgreint að viðkomandi þurfi að hafa hætt rekstri. Þegar fulltrúar Atvinnuleysistryggingasjóðs, stjórnarformaður og starfsmaður sjóðsins mættu til fundar við nefndina var eftir því gengið hvað átt væri við með því að viðkomandi einstaklingur hefði hætt rekstri því það var því miður allsendis óljóst. Dæmi var tekið af vörubílstjóra sem sjálfstætt starfandi einstaklingi. Viðkomandi einstaklingur hefði sennilega þurft að selja vörubílinn til þess að hann teldist vera hættur rekstri. Þó hann gæti hugsanlega átt bílinn áfram en hefði engar tekjur vegna þess að enga vinnu væri að hafa þá var ekki nóg að senda inn samkvæmt reglugerðardrögunum upplýsingar til skattayfirvalda um að engar tekjur hefðu orðið á viðkomandi tímabili. Þarna fannst minni hlutanum allt of langt gengið ef þessi reglugerð, sem þarna var um að ræða, hefði gengið í gildi að frv. samþykktu. Þess vegna fannst minni hlutanum sjálfsagt að taka það fram í 1. gr. frv. hvaða skilyrði þyrftu m.a. að vera þarna til staðar til þess að viðkomandi sjálfstætt starfandi einstaklingur teldist atvinnulaus. Lögð er til brtt. við 1. gr. frv. um að 2. mgr. orðist svo:

„Sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem tilkynnt hafa til opinberra aðila eða annarra aðila sem stjórn sjóðsins metur jafngilda að þeir hafi engar tekjur eða tekjuígildi af rekstri, og hafa ekki hafið störf sem launamenn og eru sannanlega í atvinnuleit, skulu eiga sama rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði og launamenn."

B-liður þessarar greinar orðast svo í brtt. minni hlutans:

„Við greinina bætist ný mgr. svohljóðandi:

Þeir, sem lokið hafa námi, svo og þeir sem sviptir hafa verið frelsi með dómi í a.m.k. 12 mánuði skulu eiga rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Þeir sem hætta námi, skulu þó ekki eiga rétt á bótum fyrr en 40 dögum eftir að þeir hætta námi. Ráðherra setur að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar."

Þarna er tekin upp þessi 40 daga regla sem gildir einnig um þá einstaklinga sem segja upp starfi sínu en verða atvinnulausir fyrir bragðið. Þarna er með öðrum orðum skapaður ákveðinn biðtími þannig að menn geti ekki eða fari ekki út í það að segja starfi sínu lausi til þess eins að fara inn á atvinnuleysisbætur. Gagnvart námsmönnunum gildir þetta þannig að námsmenn hætta ekki námi til þess eins að fara á atvinnuleysisbætur. Hins vegar er mjög mikill fjöldi manna sem lýkur námi og nú þegar þrengist um á vinnumarkaðinum og varla er nokkur möguleiki á að komast í vinnu þá er mjög mikilvægt fyrir þennan hóp að hann hafi aðgang að atvinnuleysisbótum. Þetta veit ég að allir doktorar sem hér sitja á Alþingi skilja manna best af þeirri ástæðu að þeir hafa lokið langskólanámi og hafa kannski ekki orðið fyrir því sama og menn sem eru núna að ljúka doktorsgráðum hingað og þangað um heiminn. Þeir eru að koma hingað í allt annað umhverfi heldur þeir hafa nokkurn tíma kynnst áður á Íslandi. Hér er enga atvinnu að hafa. (**Gripið fram í:** Af hverju heldurðu að ... í Þjóðviljanum?) Ég held að það hafi nú verið allt aðrar ástæður sem lágu þar að baki, (Gripið fram í.) og það væri kannski eins og fram kemur í frammíkalli hv. 9. þm. Reykv., að hann einn getur svarað því vegna þess að hann sá um ráðninguna.

Í öðru lagi er lagt til að í 4. gr. verði nánar kveðið á um reikningshald Atvinnuleysistryggingasjóðs en gert er í frv. Minni hlutinn leggur til sömu breytingar og

meiri hluti nefndarinnar til viðbótar því að í greininni verði kveðið á um að útgjöldum sjóðsins vegna þeirra manna sem hafa lokið eða hætt námi og þeirra sem sviptir hafa verið frelsi með dómi annars vegar og sjálfstætt starfandi einstaklinga hins vegar skuli haldið aðgreindu í reikningsskilum sjóðsins. Brtt. minni hlutans hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 4. gr. Efnisgreinin orðist svo:

Tryggingastofnun ríkisins annast sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð í umboði sjóðstjórnar og undir umsjá hennar.

Sjóðstjórn er heimilt að ákveða annað fyrirkomulag með samþykki ráðherra.

Útgjöldum sjóðsins vegna launamanna skal haldið aðgreindum í reikningum sjóðsins frá útgjöldum vegna þeirra sem lokið hafa eða hætt námi og þeirra sem sviptir hafa verið frelsi með dómi annars vegar og sjálfstætt starfandi einstaklinga hins vegar.

Sjóðurinn skal greiða Tryggingastofnun þóknun fyrir þjónustu hennar samkvæmt samkomulagi milli aðila.

Handbært fé sjóðsins skal ávaxta eftir því sem við verður komið í lánastofnunum á þeim stöðum þar sem fé sjóðsins fellur til."

Meginhugsunin með þessari breytingu er sú að sjálfstætt starfandi einstaklingar verði aðgreindir frá launamönnum og námsmönnum og fyrrverandi föngum. Þetta er gert til þess að geta fylgst með hvernig tekjur berast til viðkomandi deilda í sjóðnum og hvernig útgreiðslurnar eru. Í þeim löndum þar sem slíkt fyrirkomulag er við lýði eða með svipuðum hætti og hér er lýst er þetta fyrirkomulag haft.

Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á 8. gr. frv. þannig að umsækjandi haldi bótarétti sínum þótt hann komist ekki til skráningarstaðar sökum veikinda, enda séu veikindi sönnuð með læknisvottorði. Hér er um gríðarlega mikilvæga breytingu að ræða því að við 8. gr. í brtt. minni hlutans er gert ráð fyrir því að greinin hljóði svo, með leyfi forseta:

20. gr. laganna orðist svo:

Til þess að öðlast bótarétt verði umsækjandi að láta skrá sig einu sinni í viku hjá vinnumiðlun.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er úthlutunarnefnd eða stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að ákveða að á afmörkuðum svæðum og í tiltekinn tíma skuli skráning fara fram oftar en vikulega, enda verði slíkt talið eðlilegt með hliðsjón af atvinnuástandi.

Nú veikist umsækjandi og heldur hann þá bótarétti sínum, enda séu veikindin sönnuð með læknisvottorði þótt hann komist ekki til skráningarstaðar. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs setur skráningarreglur samkvæmt þessari grein."

Hér er um mjög mikilvæga breytingu að ræða af hálfu minni hlutans vegna þess að sé viðkomandi einstaklingur veikur og komist ekki til skráningar þá er það alveg skýrt að læknisvottorð sem viðkomandi einstaklingur framvísar þegar hann kemur næst til skráningar gildir sem sönnun fyrir því að viðkomandi hafi ekki komist til þess að láta skrá sig og missir þar af leiðandi ekki bæturnar fyrir þann tíma er hann kom ekki til skráningar.

Í fjórða lagi leggur minni hluti nefndarinnar til að biðtími eftir atvinnuleysisbótum falli niður. Þetta er mjög mikilvægt, ekki síst í ljósi þess að atvinnuleysi er orðið viðvarandi hér á landi. Í frv. og brtt. minni hlutans er gert ráð fyrir því að biðtími eftir atvinnuleysisbótum, eftir hverja 260 daga sem einstaklingurinn fær atvinnuleysisbætur greiddar, skuli vera 16 vikur. Ekki eru atvinnuleysisbætur það háar, innan við 50 þús. kr. á mánuði, að það sé verjandi að láta einstakling sem er atvinnulaus vera án bóta í 4 mánuði á ári. Það hljóta allir að sjá að enginn getur búið við slíkar kringumstæður og þess vegna leggur minni hlutinn til að þessi biðtími eftir bótum falli niður, bótatímabilið verði samfellt en bætur greiðist ekki á laugardögum og sunnudögum. Ástæðan fyrir því að þetta er lagt til núna er sú að hér búum við orðið við viðvarandi eða langvarandi atvinnuleysi sem er til komið vegna þeirrar stjórnarstefnu sem þessi ríkisstjórn rekur.

Í fimmta lagi er lögð til breyting á 2. gr. 23. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum, þannig að bótaþegum sem hafa börn sín yngri en 18 ára á framfæri á heimili sínu eða greiða sannanlega með þeim meðlag utan heimilis skuli að auki greidd 8% í stað 4% af hámarksdagpeningum atvinnuleysistrygginga. Með þessari breytingu fær hinn atvinnulausi greitt með hverju barni sem hann hefur á framfæri 170 kr. á dag í stað 85 kr. eins og nú eru greiddar. Það er með öðrum orðum verið að leggja til að atvinnuleysisbætur með hverju barni séu hækkaðar um helming. Ég held að það geti enginn rökstutt að hér sé verið að gera óraunsæjar tillögur eða yfirboð að því leyti að það kosti ekki meira en 170 kr. á dag fimm daga vikunnar að framfæra eitt barn.

Í sjötta lagi er lagt til að 11. gr. frv. falli brott. Þetta er að mínu viti langmikilvægasta breytingin sem minni hlutinn leggur til. Ég trúi ekki fyrr en ég tek á því að ekki sé meiri hluti fyrir því hér á Alþingi að fella 11. gr. frv. eins og hún liggur fyrir eða brtt. meiri hlutans um það hvernig hann vill orða 11. gr. Ég trúi ekki öðru en það sé meiri hluti fyrir því að fella 11. gr. niður. Ástæðurnar eru þessar. Það er gert ráð fyrir því að bætur elli- og örorkulífeyrisþega dragist frá greiðslum almannatrygginga, þ.e. ellilífeyrir, örorkulífeyrir og örorkustyrkur, þessir bótaflokkar lækki bætur almannatrygginga. (**ÖS:** Það er í lögum núna.) Það er ekki í lögum núna, hv. 17. þm. Reykv. Gangi hins vegar tillögur meiri hlutans og frv. eftir þá mun þessi hópur verða fyrir verulegri skerðingu. Eins og frv. var upphaflega var talið að þessi skerðing gæti orðið allt að 10 þús. kr. á mánuði fyrir elli- og örorkulífeyrisþega. Hins vegar hefur brtt. meiri hlutans mildað þessa skerðingu mjög, á því er ekki nokkur vafi. Hins vegar verður maður að spyrja sig þeirra spurninga að örorkustyrkþeginn, sá sem er með örorkumat á bilinu 50–65% og er metinn þannig að hann geti ekki stundað starf nema sem nemur á bilinu 50% og niður í 35% á almennum vinnumarkaði, fær í örorkustyrk innan við 10 þús kr. á mánuði, hvort það eigi að láta þessa upphæð lækka

atvinnuleysisbæturnar. Það hljóta náttúrlega allir að sjá að þetta er alveg óraunhæft. Aftur á móti, af því að ég sé núna tillögur meiri hlutans, þá eru allt aðrar aðstæður þó að þær séu ekki góðar hjá ellilífeyrisþegunum og örorkulífeyrisþegunum vegna þess að þeir fá í ellilífeyri eða örorkulífeyri á hverjum mánuði á bilinu 40–50 þús. kr., en grunnlífeyririnn sem er í kringum 13 þús. kr. í dag, ég er ekki nákvæmlega með þá upphæð (**Gripið fram í:** Rúm 12 þús.) rúm 12 þús. segir hv. þm., ég rengi það ekki, mun núna hafa þær afleiðingar að hann mun skerða atvinnuleysisbæturnar. En þessi hópur, sem hefur þó 12 þús. kr., hefur tekjutrygginguna, heimilisuppbótina, sérstöku heimilisuppbótina jafnvel, og sérstakar uppbætur. En örorkustyrkþeginn sem meiri hlutinn ætlar að láta örorkustyrkinn skerða atvinnuleysisbæturnar hjá hefur bara 8 þús. kr. eða innan við 10 þús. kr. frá Tryggingastofnun ríkisins.

Ég trúi því ekki að það verði nokkur hér í þessum sal sem standi að slíkri breytingu.

Við þetta ákvæði frv. hefur komið fram mikil gagnrýni frá flestum þeim sem fengu málið til umsagnar, sérstaklega þó Landssambandi aldraðra, Öryrkjabandalaginu og Sjálfsbjörgu, landssambandi fatlaðra. Staðreyndin er sú að þegar þrengist um á vinnumarkaðinum — og þetta var mjög ríkjandi viðhorf hjá þeim hópi sem kom í heimsókn til nefndarinnar — að þegar þrengist um á vinnumarkaðinum og til uppsagnar kemur hjá fyrirtækjum eða stofnunum er hinum fötluðu og ellilífeyrisþegunum fyrst sagt upp. Það er gert í trausti þess að viðkomandi einstaklingar njóti bóta frá almannatryggingum. En hvað gerist með þeirri breytingu sem núna er verið að lýsa? Það er verið að skerða þær bætur. Gangi þessi skerðing eftir eins og frv. gerir ráð fyrir munu þeir líklega, þ.e. ellilífeyrisþegarnir og öryrkjarnir, flýta töku lífeyris úr lífeyrissjóðum en að flýta töku lífeyris úr lífeyrissjóðum um einn mánuð þýðir þegar fram líða stundir skerðingu um hálft prósent á því sem þessi hópur fær úr lífeyrissjóðunum. Einstaklingur sem er 67 ára og er sagt upp störfum fær skertar atvinnuleysisbætur. Hann fer þá leið að flýta töku lífeyris um þrjú ár. Þegar upp er staðið verður þessi sami einstaklingur fyrir 18% skerðingu á þeim lífeyri sem hann fær í framtíðinni greiddan út úr lífeyrissjóðunum, þeim lífeyrissjóði sem hann hefur lagt fé sitt í. Sama gildir um öryrkjann.

Þessu til viðbótar er vitað um slík dæmi í fyrirtækjum og stofnunum þar sem einstaklingar hafa farið úr starfi sem hafa náð 67 ára aldri af því að þeir hafa viljað rýma störf fyrir yngra fólk, til þess að hleypa yngra fólki að, skapa því atvinnutækifæri sem hefur verið atvinnulaust. Þetta fólk hefur gert það í trausti þess að það gæti komist inn á atvinnuleysisbætur og hefur auðvitað reiknað það út að það muni fá þetta miklar atvinnuleysisbætur plús bætur almannatrygginga. Núna með þessari breytingu sem lögð er til, hvort sem það er frv. eins og það lítur út eða brtt. meiri hlutans, gerist það að þessi hópur hefur farið úr starfi á fölskum forsendum. Það er verið að koma í bakið á fólki með þessari breytingu. Það er of seint fyrir þetta fólk að snúa aftur, kannski nýbúið að fara úr starfi og rýma fyrir hinum yngri þá kemur þessi breyting og þess vegna leggur minni hlutinn til í 6. tölul. sinna brtt. að 11. gr. frv. falli brott.

Í sjöunda lagi leggur minni hlutinn til að 2. mgr. 25. gr. laganna verði breytt þannig að ráðherra skuli setja reglugerð um skipun úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta til þeirra sem ekki eru í stéttarfélagi, eru sjálfstætt starfandi og þeirra sem lokið hafa eða hætt námi. Úthlutunarnefndin er skipuð með ákveðnum hætti í dag. Það er erfitt að gera sér grein fyrir því og nefndin hefði þurft mun meiri tíma til þess að geta áttað sig á því hvaða vettvangur það væri sem eðlilegast væri að skipaði slíka úthlutunarnefnd eða hvernig slík úthlutunarnefnd skyldi skipuð. Því er það lagt hér til að ráðherra geri þetta og þá verði tíminn notaður til þess að finna sameiginlegan vettvang fyrir þennan hóp.

Í áttunda lagi er lagt til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða um endurskoðun laganna. Skal henni lokið fyrir árslok 1985. Ég hygg nú að a.m.k. þeir þingmenn sem að þessu máli komu, í vinnslu heilbr.- og trn., hvort sem þeir skipuðu minni hluta eða meiri hluta séu sannfærðir um það að þau lög sem við höfum búið við og alveg verið sæmilega sátt við fram undir þetta vegna þess að það hefur verið markmið þeirra ríkisstjórna sem hér hafa verið að undanförnu að koma í veg fyrir atvinnuleysi. En núna þegar atvinnuleysi er viðvarandi þá sjá menn að það er ekki hægt að búa við þessi lög til lengdar og því þarf að stokka þetta upp og koma á nýjum og gjörbreyttum lögum.

Við þessa endurskoðun leggur minni hlutinn til og telur nauðsynlegt að þegar lögin um atvinnuleysistryggingar verða tekin til heildarendurskoðunar eins og ákvæði til bráðabirgða gerir ráð fyrir verði staða bænda sem misst hafa stóran hluta fullvirðisréttar síns skoðuð alveg sérstaklega.

Það eru kannski fáir aðilar sem sendu inn umsagnir til nefndarinnar sem hafa lagt jafnmikla vinnu í umsagnir sínar og bændasamtökin, en það skal viðurkennt að það er mjög erfitt að taka á því máli, í fyrsta lagi á skömmum tíma og í öðru lagi undir þeim kringumstæðum sem nefndin starfaði og við þann lagaramma sem við þurftum þó að miða okkar brtt. út frá.

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Í ræðu minni hér á undan fór ég nokkuð skilmerkilega yfir þær ástæður sem liggja til grundvallar að þeim tillögum meiri hlutans að gera þær breytingar á 11. gr. sem þar getur. Ég sagði þá og endurtek til þess að það fari ekkert á milli mála, að ég tel alvarlegt glapræði að fella 11. gr. frv. út þar sem í 51. gr. gildandi laga um almannatryggingar eru ákvæði sem gera það að verkum að ef þeim lögum er fylgt þá geti enginn samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt *almannatryggingalögum* eða *lögum um atvinnuleysistryggingar*. Verði ákvæði 11. gr. frv. fellt út eins og minni hlutinn leggur til þá væri mögulegt að beita

þessu ákvæði. Hins vegar með þeim breytingum sem meiri hlutinn leggur til þá yrði það einungis grunnlíf-eyririnn sem yrði til skerðingar. Þannig mundi einhleypur öryrki njóta, ef bætur yrðu skertar samkvæmt 11. gr. eins og hún lítur út í frv., bóta að upphæð u.þ.b. 48 þús. kr. en með þeim breytingum sem lagðar eru til af meiri hlutanum mundu bæturnar nema 64–65 þús. kr.

Þá hafa einnig í umræðum í nefndinni komið til tals og verið bent á og leitað svara við þeirri spurningu hvers vegna öryrkjar eða ellilífeyrisþegar eigi að njóta aukinna bóta umfram þá sem ungir eru og ófatlaðir. Ég læt mönnum eftir að meta það hver fyrir sig en meiri hlutinn leggur þarna til afar ákveðnar breytingar varðandi 11. gr. til þess að hagur öryrkja- og ellilífeyrisþega sé tryggður.

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson, formaður heilbr.- og trn., gerði glögga grein fyrir tillögum meiri hlutans hér áðan. Ég hlustaði gaumgæfilega á það og það var allt saman rétt og satt sem þar kom fram. Hins vegar er það sem þingmaðurinn er að segja hér nú, alveg skýrt og umbúðalaust, auðvitað hótun gagnvart þeim sem hér eiga að greiða atkvæði og ef um það myndaðist meiri hluti að fella 11. gr. út þá er verið að hóta því að beita 51. gr. Þetta er auðvitað ekkert annað en hótun.

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu var ekki um neina hótun að ræða. Það er hins vegar verið að benda á að sé farið að þeim lögum sem í gildi eru þá sé það hugsanlegt. Ég hef engin efni til að hóta einu eða neinu, ég túlka ekki lögin. En það er alveg ljóst að sá möguleiki er fyrir hendi og tillögur meiri hlutans um breytingar á 11. gr. eru einmitt til komnar til þess að tryggja hag öryrkja og aldraðra eins og ég hef áður sagt.

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér glögga grein fyrir því að það verður ekki hv. þm. sem beitir reglugerðarákvæðinu í þessu sambandi, varðandi 51. gr., það er hins vegar hæstv. ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála sem það gerir. Ég segi við hv. þm. Sjálfstfl. og þá þingmenn sem hér mynda þennan meiri hluta á þinginu: Ef mönnum finnst það vera skynsamleg leið að ætla að beita 51. gr. þá skulu
menn einfaldlega láta hæstv. heilbr.- og trmrh. bera þá pólitísku ábyrgð sem því er samfara heldur en að fara að samþykkja hér lög frá þinginu í þessa veru.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar að segja nokkur almenn orð áður en ég fer út í einstök atriði í því frv. sem hér er til umfjöllunar og brtt. minni hluta heilbr.- og trn. en ég er ein af þeim sem skila minnihlutaáliti úr heilbr.- og trn. og stend að þeim brtt. sem minni hlutinn gerir.

Ástæðan fyrir því að þetta mál er til umfjöllunar er sú að það er komin upp alveg ný staða í atvinnumálum hér á landi eða ný staða í atvinnuleysi, getum við sagt, hér á landi. Það eru komnir nýir hópar til sögunnar sem hafa þurft að ganga í gegnum atvinnuleysi um lengri og skemmri tíma sem kannski var mjög óvanalegt á árum áður og við þurfum reyndar ekki að fara mjög langt aftur í tímann. Við getum nefnt fólk sem vinnur við verslun, þjónustu og eins ungt fólk. Þessir hópar eru að missa vinnu í æ ríkari mæli og atvinnuleysið er farið að herja allverulega á þessa hópa en eins og við vitum þá hefur alltaf þekkst hér á landi tímabundið atvinnuleysi sérstaklega, þá ekki síst meðal fiskvinnslufólks. Það hefur þó, eins og ég segi, yfirleitt verið tímabundið atvinnuleysi og verið tengt sveiflum í sjávarútvegi og sveiflum í efnahagsmálum almennt. Fyrir utan það að þarna eru komnir nýir hópar inn í atvinnuleysið þá er atvinnuleysi líka farið að gera vart við sig hjá fólki sem hingað til hefur verið mjög „stabílt“ eins og maður segir á vinnumarkaði, skiptir ekki oft um vinnu og vinnur kannski lengi hjá sama atvinnurekanda. Þannig kemur fram samkvæmt könnun sem Félagsvísindastofnun Háskólans hefur gert fyrir félmrn. að um 21% þeirra, sem svara í því úrtaki sem var allstórt, höfðu verið lengur en sex ár hjá síðasta atvinnurekanda þannig að þetta er hópur sem er mjög „stabíll“ á vinnumarkaði og ég held að það sé í könnuninni, ég er ekki með hana fyrir framan mig, að það sé um 70% fólksins sem hefur verið hjá sama atvinnurekanda í meira en eitt ár.

Þá er það líka nýtt í þessu máli að atvinnuleysið er orðið langvarandi en 22% þeirra sem svara í þessari könnun hafa verið atvinnulausir lengur en í sex mánuði, lengur en í hálft ár. Tæplega fjórðungur hefur verið atvinnulaus lengur en í sex mánuði. 9% sem svara hafa lent í þessu 16 vikna tímabili, þessu fjögurra mánaða tímabili þar sem fólk er algjörlega án bóta og á ekki annarra kosta völ en að leita til sveitarfélaganna, til félagsmálastofnana eins og í Reykjavík og félagsmálayfirvalda í sínu sveitarfélagi um framfærslu. Fólk sem er vant því að hafa vinnu og hafa næga vinnu og hefur ekki þurft að treysta á aðra en sjálft sig.

Þeir sem lenda verst út úr þessu atvinnuleysi, kemur fram í þessari könnun, er almennt verkafólk fyrst og fremst, þ.e. fólk sem hefur litla menntun sem kemur verst út úr þessu, að auki er það ungt fólk, það eru konur, það eru öryrkjar og aldraðir. Þarna sjáum við að það er alveg sama munstrið að koma upp hér á landi eins og í öllum löndunum í kringum okkur, það er ungt fólk, konur, fólk með litla menntun, öryrkjar, aldraðir, hinir svokölluðu jaðarhópar sem standa ekki mjög sterkir á vinnumarkaði, eiga ekki mjög ríkan stuðning á vinnumarkaði, þeir detta fyrst út. Þeir sem detta hins vegar síðastir út eru kannski þeir sem eru einmitt í svo miklum fjölda inni á Alþingi, þ.e. kvæntir, vel menntaðir karlar á miðjum aldri. Þeir eru í minnstri hættu að verða atvinnulausir.

Ég held við hljótum öll að vera sammála um það að atvinnuleysi í okkar samfélagi og auðvitað í öllum samfélögum er algjörlega óþolandi og kannski ekki síst hjá okkur vegna þess að hér á landi er mjög rík hefð fyrir því — og ég ætla ekki að mæla henni bót í sjálfu sér — að þú ert það sem þú starfar. Fólk fær ekki sjálfsmynd sína í krafti þess sem það segir eða hugsar eða finnst, heldur fær það sjálfsmynd sína frá starfinu. Það er alltaf spurt: Hvað gerir þú? Þegar síðan ákveðinn hópur fólks er dæmdur til hjásetu í þessu vinnusamfélagi sem hér hefur tíðkast þá eru það mjög grimm örlög og við getum kannski gripið til samanburðar til þess að sjá hversu óþolandi þetta er. Það er jafnóþolandi að vera atvinnulaus eins og það væri að vera húsnæðislaus þar sem aðrir hefðu mjög rúmt húsnæði, eins og það væri að vera allslaus þar sem aðrir búa við allsnægtir. Atvinnuleysi gengur gegn grundvallarsjónarmiðum um jöfnuð, jafnrétti og mannréttindi og hlýtur því, ef það verður viðvarandi eins og margt bendir til og ef það verður eins útbreitt og þegar er orðið og jafnvel enn útbreiddara — ef við erum komin upp í rúmlega 5% atvinnuleysi — að vega gegn grundvelli þessa samfélags. Þess vegna er það ekki bara mikilvægt að ræða um atvinnuleysisbætur og löggjöf um atvinnuleysisbætur, heldur er það auðvitað fyrst og fremst mikilvægt að skapa ný störf. Það þarf auðvitað að gera með sértækum aðgerðum en ekki bara með því að skapa atvinnulífinu ramma eins og ríkisstjórnin hefur alltaf hamrað á.

Virðulegur forseti. Ég vil nú segja það að ég sakna þess að hér skuli ekki sitja í salnum formaður heilbr.- og trn. Mér finnst það ekki vera ofverkið hans að sitja og hlusta á þegar minni hlutinn í nefndinni er að flytja sitt mál hér og vil ég nú bíða eftir því að hann verði kallaður í salinn.

Eins og ég segi, það er mikilægast að skapa störf en við þurfum samt að tala um löggjöfina og þessi löggjöf sem við búum við í dag, þessi atvinnuleysislöggjöf, er auðvitað afurð samfélags þar sem var næg vinna, þar sem atvinnuleysi kom fyrst og fremst fram í tímabundnum verkefnaskorti, tímabundnu atvinnuleysi og það er kannski þess vegna sem þessi löggjöf okkar eins og hún er í dag er svo uppfull af refsingum, hún er svo refsiglöð. Það er fleira heldur en refsigleði sem einkennir hana. Hún er líka mjög takmörkuð og nær til mjög takmarkaðs hóps fólks, með öðrum orðum eingöngu til þeirra sem hafa haft hefðbundna stöðu launþega. Þess vegna er einmitt mjög mikilvægt að draga úr refsingunum, að taka fleiri hópa inn. Það þarf að taka tillit til aðstæðna fólks sem er mjög lítið gert hvort heldur er í löggjöfinni eða framkvæmd þessarar löggjafar, þá er ég ekki síst að tala um fjölskyldurnar, og það þarf að milda kröfur um skráningu fólks hjá vinnumiðlun og fella niður biðtímann, þennan 16 vikna biðtíma. En þegar ég tala um að milda kröfur um skráningu, þær eru mjög afgerandi í dag og ég bar fram fyrirspurn einmitt um túlkun á því ákvæði löggjafarinnar sem varðar skráningu, þá segir í löggjöfinni í dag, að atvinnulaus skuli skrá sig vikulega og það er túlkað þannig í dag af úthlutunarnefndum og stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að ef einstaklingur kemur á þriðjudegi í fyrsta sinn og skráir sig atvinnulausan þá verður hann að koma í næstu viku eigi síðar en á þriðjudegi. Hann má ekki koma á miðvikudegi. Ef hann kemur á miðvikudegi þá missir hann bótaréttinn. Þetta eru auðvitað mjög stífar kröfur, ekki síst þegar þess er gætt að það skiptir afskaplega litlu máli fyrir hinn atvinnulausa, hvort það er mánudagur, þriðjudagur eða miðvikudagur. Nú eru allir dagar meira og minna eins og það skiptir kannski ekki svo miklu máli að fylgjast með þessu. Aðalatriðið er auðvitað að ef menn vilja halda fast í skráninguna að þeir komi einu sinni í hverri viku en ekki endilega vikulega, þ.e. á sama vikudegi og síðast. Þetta er gert til þess að ganga úr skugga um það og hafa það nú skýrt og skorinort að þessi tiltekni aðili sé í atvinnuleit vegna þess að hann á að koma á vinnumiðlunarskrifstofu og skrá sig í atvinnuleit. En þá veltir maður því fyrir sér hvaða tilgangi þjóna svo þessar vinnumiðlunarskrifstofur, þessi skráning. Fær fólk vinnu í gegnum þessa skráningu? Það kemur í ljós þegar þessi könnun er skoðuð sem ég var að vitna til hér til áðan að af þeim sem spurðir voru og voru komnir aftur í störf eftir atvinnuleysi höfðu aðeins 8,2% fengið vinnu í gegnum opinbera atvinnumiðlun. Og reyndar er rétt að taka líka til einkaatvinnumiðlanir vegna þess að aðeins 0,6% höfðu fengið vinnu í gegnum einkaatvinnumiðlun. Hinir höfðu annaðhvort komist aftur í sömu vinnu og þeir voru í og það á kannski ekki síst við um fiskverkunarfólk sem hefur þá verið í tímabundu atvinnuleysi eða menn höfðu orðið sér úti um vinnu í gegnum persónulegan kunningsskap, eftir auglýsingu í blaði eða farið sjálfir af stað og orðið sér úti um vinnu. Til hvers eru nú þessar stífu kröfur um að fólk mæti og skrái sig vikulega ef fólkið veit sjálft að það muni ekki fá neina vinnu í gegnum þessa miðlun, þá er þetta auðvitað eins og hver annar hégómi. (Gripið fram í.) Það er greinilega kominn föstudagur í þingflokksformann Alþfl. Það er vonandi að hann haldi nú út hérna aðeins lengur.

Ég var að tala um að milda kröfur um skráningu. Það er annað sem er mjög mikilvægt og hefur reyndar verið gert að nokkru umtalsefni hér og það er að fella niður þennan biðtíma, 16 vikna biðtíma sem er auðvitað ekki annað en það að í stað þess að fólk fái bætur í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð, þá er verið að vísa því yfir á framfærslu sveitarfélaganna. Hvert leitar fólk sem er komið á 16 vikna biðtímann og fær ekki atvinnuleysistryggingabætur? Það leitar auðvitað til félagsmálastofnana og félagsmálayfirvalda og það má nefna athyglisverðar tölur í Reykjavík, bæði fyrir janúar, febrúar og mars, þar sem einmitt kemur fram að rúm 40% af þeim sem leituðu til Félagsmálastofnunar eftir fjárhagsaðstoð voru atvinnulausir, þannig að ekki getur fólk lifað á loftinu. Það þarf einhvers staðar að reyna að verða sér úti um framfærslu og það er í rauninni bara verið að flytja vandann frá Atvinnuleysistryggingasjóðnum og yfir til sveitarfélaganna.

Ég talaði um að það þyrfti að taka fleiri hópa inn og þá komum við einmitt að 1. gr. þessa frv. þar sem gert er ráð fyrir að sjálfstætt starfandi sem hafa hætt eigin

atvinnurekstri skuli fá bætur úr Atvinnuleysistryggingasjóði og þá eftir tilteknum reglum. Þetta er nú mjög óljóst hvað átt er við varðandi þá sem eru hættir eigin atvinnurekstri og vantar í raun og veru algerlega skilgreiningu á því vegna þess að talsverður hópur fólks hefur verið í einhvers konar verktakastarfsemi hjá fyrirtækjum, unnið sem verktakar, skilar sjálft tryggingagjöldum og öðru slíku. Það leggur náttúrlega ekkert niður eða hættir ekki eigin atvinnurekstri þó að það lendi kannski í langvarandi verkefnaskorti og hafi ekki tekjur tímunum saman, þá getur það kannski illa sýnt að það sé hætt atvinnurekstri með formlegum hætti þannig að þetta þarf að skilgreina einhvern veginn og það þyrfti að skilgreina það í lögum þannig að fólk vissi þá út frá hverju það ætti að ganga.

Þá tel ég mjög mikilvægt að taka námsmenn með vegna þess að fólk sem hefur lokið námi, menntað sig í tilteknum greinum jafnvel með starfsmenntun, þegar það kemur út úr skóla er það orðið þannig að það er mjög erfitt að fá vinnu og auðvitað þarf þetta fólk á framfærslu að halda eins og aðrir og engin ástæða til annars en að það öðlist þarna aðgang. Í því sambandi er rétt að benda á tryggingagjaldið. Hluti af tryggingagjaldi sem atvinnurekendur greiða er til Atvinnuleysistryggingasjóðs eða 0,15% af gjaldstofninum sem eru þá tekjurnar. Ef við tökum sjálfstætt starfandi einstakling sem reiknar sér endurgjald eins og gert er í dag, þá reiknar hann sér endurgjald kannski 80 þús. kr. á mánuði, það er launaliðurinn, 80 þús. kr. á mánuði. Af þessu borgar hann 0,15% til Atvinnuleysistryggingasjóðs eða kannski svona 1.200–1.500 kr. á ári. Í gegnum þessa greiðslu, 1.200–1.500 kr. greiðslu, öðlast hann svo tiltekinn rétt til atvinnuleysisbóta. Ég gæti nú vel ímyndað mér að ýmsir foreldrar eða námsmenn mundu greiða þetta til þess að fá þennan aðgang að sjóðnum af því að það eru ekki stórar upphæðir sem þarna er um að ræða sem þessir einstaklingar greiða og þetta kemur auðvitað fyrst og fremst úr ríkissjóði, framlagið í Atvinnuleysistryggingasjóð, að stærstum hluta til og engin ástæða til þess að vera að halda einhverjum tilteknum hópum utan þessa sjóðs. Auðvitað ætti 1. gr. að vera þannig að ef fólk er launþegar og hefur misst vinnuna og þá ætti það að koma strax inn á bætur en auðvitað ættu allir aðrir eftir tiltekinn tíma þar sem þeir eru sannanlega í atvinnuleit að komast þarna inn. Þetta held ég að sé m.a. mjög mikilvægt fyrir konur því að konur sem eru að koma út á vinnumarkað aftur eiga engan rétt á atvinnuleysisbótum jafnvel þó að þær séu atvinnulausar í raun, séu að leita sér að vinnu og fái hana ekki, þá eiga þær ekki innkomu þarna af því að þær hafa ekki greitt þetta tryggingagjald sem er eins og ég segi smáaurar í rauninni.

Bændur eru hópur sem hlýtur að koma þarna líka til skoðunar, en það verður auðvitað að segjast alveg eins og er og viðurkennast að það er mjög erfitt mál í framkvæmd að taka á þeim hlutum. Nú hafa ýmsir bændur þurft að minnka verulega við sig, selja fullvirðisrétt og skera niður hjá sér, en þegar þeir hafa minnkað við sig, selt fullvirðisrétt, þá hefur verið ákveðinn launaliður inni í því og hann gildir kannski til ákveðinna ára þannig að í rauninni yrðu þeir búnir að skapa sér ákveðnar tekjur þar í gegn svo að það er flókið að taka á þessu máli. Þess vegna leggur minni hlutinn til að staða bænda verði sérstaklega skoðuð og bendum á það í sambandi við endurskoðunarákvæði sem við erum með þarna inni.

Þá vil ég nefna læknisvottorð. Þannig hefur það verið að ef fólk fær vinnutilboð frá atvinnumiðlun og getur ekki heilsu sinnar vegna tekið þeirri vinnu sem til boða stendur og skilar um það læknisvottorði, þá hefur það verið tekið gilt. Nú á að fella þetta út og læknisvottorð eru sem sagt ekki tekin gild lengur. Þetta hlýtur auðvitað að vera eins og hver önnur vantraustsyfirlýsing á lækna landsins ef þeim er ekki treystandi til þess að gefa rétt vottorð. Ef þetta er ekki vantraustsyfirlýsing á lækna landsins, þá er þetta bara einfaldlega þannig að úthlutunarnefndir ætla að meta það sjálfar og ákveða það hvort tiltekinn einstaklingur sé heilsufarslega fær um að sinna tiltekinni vinnu eða ekki. Og það er þá bara geðþóttaákvörðun í hvert eitt sinn og getur kannski í litlum bæjarfélögum m.a. farið eftir því hversu vel mönnum nú líkar við hinn eða þennan aðilann sem fær vinnutilboðið.

Þá vil ég benda á varðandi 10. gr. frv. þar sem lagt er til að ef atvinnulaus einstaklingur tekur námskeið í tiltekinn tíma, þá geti biðtíminn, þessi 16 vikna biðtími fallið niður, þ.e. ef hann tekur 8 vikna námskeið á hverju atvinnuleysistímabili. Þetta hljómar ekkert illa og virkar sem ákveðinn hvati á fólk að fara í endurmenntun og starfsmenntun, en hins vegar er þetta ýmsum annmörkum háð því að eins og segir hér í greininni: „Gefa skal atvinnulausum kost á að sækja endurmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeið eða taka þátt í átaksverkefnum í a.m.k. 8 vikur á hverju bótatímabili. Sinni hinn atvinnulausi ekki slíkum tilboðum fellur hann af bótum að loknu hverju bótatímabili í 16 vikur.“ Og þá vaknar auðvitað sú spurning, hver á að gefa honum kost á að sækja endurmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeið? Ef hann ekki finnur nú námskeið og enginn býður honum námskeið sem hann telur við hæfi, hvað þá? Hvað ef einungis bjóðast námskeið á daginn en það væri heppilegra fyrir þennan aðila að taka námskeið á kvöldin?

Nú ætla ég að koma inn á fjölskylduaðstæðurnar og börnin vegna þess að mér finnst það mjög grimmilegt að túlka lögin þannig að ef kona, og ég segi kona vegna þess að það er staðreyndin að það eru konurnar sem hugsa um börnin, sem hefur verið í vinnu og haft barnið sitt t.d. í daggæslu hjá dagmóður missir vinnuna og til þess að komast nú af og spara tugi þúsunda, þá hættir hún að vera með barnið sitt hjá dagmóður. Þá er það túlkað þannig í ákveðnum tilvikum, ef úthlutunarnefndin kemst að því, annaðhvort í gegnum vinnutilboð eða vegna þess að hún getur ekki farið á námskeið, að hún standi ekki til reiðu á vinnumarkaðinum vegna þess að hún sé heima yfir börnunum, hún sé bundin yfir börnunum og hún standi ekki til reiðu á vinnumarkað að það varðar missi bóta. Þessar túlkanir hafa komið upp og það gæti mjög vel komið upp einmitt í kringum þessi námskeið. Það gæti ver-

ið heppilegra fyrir slíka konu að sækja námskeið á kvöldin og þó að hún sé ekki með dagmóður, þá gæti hún vel haft það einhvers staðar í bakhöndinni, að hún gæti fljótlega fengið pláss hjá þessari sömu dagmóður aftur eða þá hún getur haft einhverja ættingja í bakhöndinni sem hún getur þá leitað til ef vinna býðst. Og þetta er mjög grimmileg túlkun, finnst mér, gagnvart fólki, sérstaklega í okkar samfélagi í dag vegna þess að ódýr dagvistarpláss bjóðast einfaldlega ekki nema tiltölulega takmörkuðum hópi fólks. Það liggur nánast í augum uppi að ef foreldrar eru með barn í dagvistun, einkadagvistun hjá dagmóður og borga fyrir það kannski upp undir 30 þús. kr. á mánuði, þá liggur það nánast í augum uppi að þeir láta verða sitt fyrsta verk að spara þann kostnað fyrst þeir eru heima og atvinnulausir. En þetta held ég að geti eftir sem áður unnið mjög gegn konum, þetta með námskeiðin, ef þessi námskeið bjóðast ekki á tímum sem þeim henta.

Þá vil ég benda á eitt tiltekið atriði sem er inni í 12. gr. frv. þar sem er kveðið á um það að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skuli ákveða með hvaða hætti skuli úthluta til bótaþega sem ekki eru í stéttarfélagi og sjálfstætt starfandi. Nú er það þannig að í hverju stéttarfélagi er yfirleitt úthlutunarnefnd sem úthlutar til félagsmanna í þessu tiltekna félagi eða félagssvæði og stéttarfélögin eiga aðild að þessum úthlutunarnefndum og eru meira að segja með meiri hluta í þessum úthlutunarnefndum. En varðandi hina sjálfstætt starfandi, þá er ekkert um það í þessu frv. hvernig með þá skuli fara, hvernig úthlutunarnefndir skulu starfa og hvort þeir eigi einhverja aðild og þá með hvaða hætti að slíkum úthlutunarnefndum. En ég held að það sé mjög mikilvægt að koma því a.m.k. þannig fyrir að það sé ekki stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs sem úthluti þessu fólki. Það má ekki verða stjórn sjóðsins vegna þess að ef það er stjórn sjóðsins, þá er eini áfrýjunaraðilinn sem þetta fólk getur leitað til ráðherra og þá er ráðherra í rauninni kominn með einstaklingsmál inn á sitt borð, hvort einn eigi að fá atvinnuleysisbætur en ekki annar og það má ekki gerast að það fari þannig.

Um elli- og örorkulífeyrisþega hefur verið rætt hérna af frsm. minni hlutans og það óréttlæti sem felst í 11. gr. frv. þar sem atvinnuleysisbætur eiga að skerðast ef einstaklingur fær ellilífeyri eða örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins. Frsm. og formaður heilbr.- og trn. hélt því fram að brtt. sem meiri hlutinn gerði væri til þess að fullnægja réttlæti og mundi bæta þessi mál verulega. Hún breytir þó ekki því, virðulegi formaður, að ef öryrki sem hefur örorkustyrk, missir vinnuna og fer á atvinnuleysisbætur, þá skerðast atvinnuleysisbætur hans um hverja einustu krónu sem hann fær í örorkustyrk og það var bent á það, að þegar örorkustyrkurinn er svona 8–10 þús. kr. sem þýðir þá það að atvinnuleysisbæturnar skerðast um þessa upphæð, krónu fyrir krónu, og það er auðvitað ekkert réttlæti í því vegna þess að örorkustyrkur á fyrst og fremst að vera vegna aukins kostnaðar hins fatlaða. Hann hefur aukinn kostnað af því að vera öryrki, vera fatlaður rétt eins og fólk hefur aukinn kostnað af því að eiga börn og það fær barnabætur og barnabótaauka og það skerðir ekki atvinnuleysisbæturnar t.d. eða barnalífeyrinn.

Þessi hópur er líka sérstaklega útmetinn vegna þess að það er hlutfallslega meira atvinnuleysi hjá þessum hópi en mörgum öðrum og þessi hópur á líka erfiðara með að fá vinnu heldur en ýmsir aðrir og það þekkja þeir kannski best sem hafa starfað á vinnumiðlunarskrifstofum hve erfitt er að fá vinnu fyrir þetta fólk.

Ég reikna með og hef svo sem heyrt þau rök að þetta sé eitthvert réttlætissjónarmið, að það sé ekki réttlátt að einhverjir fái meira úr opinberum sjóðum en aðrir, en ég fæ ekki séð hvernig það getur verið réttlátt að atvinnuleysisbætur eigi að hafa meiri áhrif á elli- og örorkulífeyri en atvinnutekjur. Af hverju eiga atvinnuleysisbætur að hafa meiri áhrif til skerðingar en atvinnutekjur? Reyndar er það gert öfugt, þ.e. örorkulífeyririnn og ellilífeyririnn eru látnir skerða atvinnuleysisbæturnar. En þetta frv., vil ég segja, er til bóta þó að það séu miklum annmörkum háð og auðvitað viljum við reyna að bæta úr því og flytjum því þessar brtt. sem hér hafa verið kynntar rækilega.

Áður en ég fer héðan úr pontu vil ég hins vegar benda á eitt tiltekið atriði og spyrja reyndar út í það af því að mér láðist það í nefnd, en eins og þingmenn sjá kannski, þá er 39. mál á dagskránni í dag breytingar á ýmsu lögum í heilbrigðis- og tryggingamálum sem varða EES og m.a. er ein af þeim breytingum sem þar eru lagðar til breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum. Inni í þessu frv., þessum bandormi sem menn kalla sem svo, í heilbrigðis- og tryggingamálum, er verið að gera tillögu til breytinga á þeim lögum sem við erum líka að tala um hér núna og erum að fjalla um breytingar á þannig að við erum í raun og veru á dagskránni hér í kvöld tvö aðskilin frumvörp sem breyta lögunum um atvinnuleysistryggingar. Og það sem meira er, að í þessu frv. sem er inni í þessum bandormi vegna EES, er gert ráð fyrir því að 2. tölul. 1. mgr. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar orðist svo að þeir skuli öðlast bætur sem dvelja hér á landi eða eru í atvinnuleit í EES-landi. Þ.e. Íslendingur sem er atvinnulaus á rétt á því samkvæmt EES-samningnum að fara út til Danmerkur, Portúgals eða Austurríkis eða hvert sem hann vill fara og fá greiddar bætur þar og síðan á skrifstofan í viðkomandi landi að rukka Atvinnuleysistryggingasjóð hér. Þetta er réttur hans, þetta er grundvallarréttur samkvæmt EES-samningnum. Ég sé ekki að þetta sé neitt tengt saman, þessi tvö frv. Þá er líka sagt í þessum bandormi að Atvinnuleysistryggingasjóði sé heimilt fyrir hönd þar til bærrar stofnunar í EES-landi að greiða ríkisborgara í EES-ríki, sem kemur hingað í atvinnuleit, atvinnuleysisbætur enda endurgreiðir sú stofnun sjóðnum þær fjárhæðir sem þannig eru reiddar af hendi. Ef t.d. atvinnulaus Dani kemur hingað til lands þá á hann að geta fengið atvinnuleysisbæturnar sínar greiddar út hjá Atvinnuleysistryggingasjóði hér og Atvinnuleysistryggingasjóður hér á síðan að rukka þann danska. Þetta er líka grundvallarréttur samkvæmt EES og ég vil fá að vita hvernig þetta tvennt á að tengjast saman.

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er tvennt sem ég vildi sérstaklega minnast á í ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur.

Það er í fyrsta lagi varðandi þau ákvæði í 10. gr. þar sem segir að gefa skuli atvinnulausum kost á að sækja endurmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeið. Ég hygg að það hafi komið fram við meðferð málsins í nefndinni að ekki léki á því vafi að þar sem segir „gefa skal" að það er Atvinnuleysistryggingasjóður eða úthlutunarnefndirnar á hans vegum sem eiga að sjá til þess að námskeið séu haldin eða viðurkenna námskeið sem kunna að vera haldin í þessum efnum.

Hvað varðar bandorminn títtnefnda þá er alsiða að erfitt er að átta sig á því þegar mál koma hingað til þings í hvaða röð þau munu verða að lögum en til þess hlýtur auðvitað að verða vitnað eftir þeim reglum sem alsiða er á þingi. Hins vegar vænti ég þess að bandormurinn komi til umræðu á morgun og þá verði tekið á því í þeirri tímaröð sem um ræðir.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi þessi námskeið sem ég gerði að umtalsefni. Formaður heilbr.- og trn. sagði að starfsþjálfun sem er vistuð í félmrn. ætti að bjóða upp á þetta. Það eru út af fyrir sig góð og gild svör. En það er ekki endilega vístað þetta sé besta lausnin. Nú er þessi hópur mjög marglitur sem þarna er um að ræða, sem verður atvinnulaus, og það er ekki allt ófaglært verkafólk heldur getur þetta verið fólk með ýmiss konar bakgrunn og ýmiss konar starfsmenntun og fagmenntun. Mér finnst dálítið sérkennilegt að þetta skuli vera orðað með þessum hætti vegna þess að það gæti ekki síður verið mikilvægt að þetta fólk fyndi sér sjálft námskeið sem hentaði því og ætti vel við. En ef þetta er einungis um tilboð að ræða þá ætla ég ekki að gera athugasemdir við það.

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það hafi gætt örlítils misskilnings í andsvari hv. þm. sem talaði á undan. Það voru mín orð að ég teldi, og samkvæmt því sem fram hefur komið við meðferð málsins í heilbr.- og trn., að það væri Atvinnuleysistryggingasjóður og úthlutunarnefndir á hans vegum sem skyldu annast um eða viðurkenna námskeið í þessum efnum.

Það er auðvitað ljóst, ef við nefnum einhvern lítinn stað úti á landi, að ef ekki reynist unnt að halda þar námskeið af einhverjum sökum þá hlýtur þessi réttur að falla niður. Það hlýtur að vera skylda úthlutunarnefndanna og stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs að sjá um að þetta sé gert.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef þetta er svarið, að það hljóti að vera skylda þeirra að bjóða upp á tiltekið námskeið og ef þeim takist það ekki þá falli þetta einfaldlega niður og þá þurfi þessi viðkomandi aðili ekki að taka námskeið, þá hefði auðvitað verið miklu réttara að kveða nánar á um það í lögunum því það þarf líka að skilgreina rétt fólksins sem fær bæturnar og á að sækja þessi námskeið. Það hefði þá verið miklu nær að kveða skýrt á um að standi þessu fólki þetta ekki til boða og ekki sé hægt að bjóða því það, muni það eftir sem áður halda sínum bótum.

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir gegn peningaþvætti, 210. mál, þskj. 1252.

Aðild Alþingis að 50 ára afmæli lýðveldisins, 167. mál, brtt. forsn., þskj. 1275.

Frestun á fundum Alþingis, 597. mál, þáltill. forsrh., þskj. 1273.

Hafnalög, 191. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 1274.

Lögheimili, 188. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 1276.

Skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup, 34. mál, þskj. 1253.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Finnur Ingólfsson hefur gert grein fyrir nál. og þeim brtt. sem minni hluti heilbr.- og trn. leggur fram og við í minni hlutanum stöndum öll að. En þingmenn Alþb. hafa áður lagt fram frv. til laga um réttindi þeirra sem ekki hafa atvinnu. Þar var eins og í frv. því sem hér er til umræðu byggt á gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar en einnig lagðar til breytingar á lögum um atvinnumiðlun og vinnumarkaðsmál. Helstu breytingar sem frv. okkar alþýðubandalagsmanna felur í sér eru í fyrsta lagi að allir hafi rétt á atvinnuleysisbótum enda hafi viðkomandi verið atvinnulaus í 4 vikur. Það frv. sem hér er verið að ræða, frv. hæstv. heilbrrh., opnar vissulega aðeins það kerfi sem við búum við en þó eru ákveðnir hópar þjóðfélagsþegna jafnréttlausir þar og áður, t.d. námsmenn. Minni hluti heilbr.- og trn. tekur hins vegar á því í þeim brtt. sem við leggjum fram og vonandi verða samþykktar hér.

Frv. Alþb. gerði ráð fyrir að biðtími án bótagreiðslna milli bótatímabila félli niður. Minni hluti heilbr.- og trn. gerir einnig þá tillögu. Þar með eru ekki lengur tímamörk á því hversu lengi einstaklingurinn getur fengið atvinnuleysisbætur. Í ljósi þess atvinnuástands sem við búum nú við og erfiðrar fjárhagsstöðu margra fjölskyldna í landinu þykir okkur eðlilegt að biðtími án bóta verði felldur niður.

Í frv. hæstv. heilbr.- og trmrh. er vissulega gert ráð fyrir að hægt sé að stytta þennan biðtíma með því að sækja námskeið sem atvinnulausum eiga að standa til boða en alls ekki er ljóst hver á að sjá um slík námskeið eða með hvaða hætti á að tryggja að þar sitji allir við sama borð, hvar sem þeir eru búsettir á landinu.

Þá er í frv. Alþb. lagt til að Atvinnuleysistryggingasjóður verði sjálfstæð stofnun. Við teljum að í ljósi þess hve atvinnuleysið er orðið víðtækt þá sé nauðsynlegt að sjálfstæð stofnun fjalli um málið. Auk þess er í frv. okkar lagt til að atvinnuleysistryggingar verði fluttar frá trmrn. til félmrn. og sú tillaga er í raun tek-

in upp í tillögum meiri hluta heilbr.- og trn. en þar eru allar vísanir frv. á heilbr.- og trmrh. teknar burt.

Eins og fram kom í ræðu hv. frsm. meiri hlutans áðan þá er þetta gert vegna þess að almennur vilji og samstaða er um að færa þennan málaflokk til hæstv. félmrh., jafnvel um næstu áramót. Því er sjálfsagt að styðja þessar orðalagsbreytingar meiri hluta nefndarinnar.

Í frv. Alþb. er lagt til að bætur fyrir hvert barn á framfæri umsækjanda verði 12% af kauptaxta í stað 4% nú. Í tillögum okkar í minni hluta heilbr.- og trn. er lagt til að þetta hlutfall verði 8%.

Í gildandi lögum missir hinn atvinnulausi rétt til bóta ef hann er veikur og kemst ekki til að skrá sig. Í tillögum Alþb. er miðað við að hann haldi bótarétti þar til hann kemst á bætur samkvæmt kjarasamningi eða öðrum lögum. Jafnframt er í þeim tillögum lagt til að það sé hlutverk stjórnar atvinnuleysistrygginga að tryggja að viðkomandi njóti réttar síns annars staðar áður en hann er strikaður út af atvinnuleysisskrá.

Í brtt. minni hluta nefndarinnar er einnig lagt til að umsækjandi haldi bótarétti sínum þó hann komist ekki til skráningar sökum veikinda enda séu veikindi sönnuð með læknisvottorði. Um slíkt er ekki að ræða í frv. hæstv. heilbrrh. og ekki í brtt. meiri hluta nefndarinnar.

Þá lögðum við alþýðubandalagsmenn til í frv. okkar að sá sem hefur nám eða tekur þátt í viðurkenndri starfsþjálfun á atvinnuleysistíma geti haldið bótum í allt að sex mánuði í stað sex vikna nú. Að sex mánuðum loknum væri stjórn sjóðsins heimilt að breyta stuðningnum í lán þannig að viðkomandi verði í sviparði stöðu og þeir sem fá lán úr Lánasjóði ísl. námsmanna.

Þá lögðum við til að heimilt yrði að breyta útreikningi, skráningu og útborgunarkerfi atvinnuleysistrygginga frá því sem er í dag. Núverandi kerfi er mjög þungt í vöfum og umsækjendum um bótagreiðslu fjandsamlegt og fráhrindandi.

Þá er í frv. Alþb. um réttindi þeirra sem ekki hafa atvinnu lagðar til verulegar breytingar á gildandi lögum um vinnumiðlun og á lögum um vinnumálaskrifstofu félmrn. Þá gerðum við ráð fyrir að þegar í stað hæfist samræmd heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar, vinnumiðlun og vinnumálaskrifstofu og að þeirri endurskoðun lyki fyrir árslok 1994. Þá teljum við nauðsynlegt að fara yfir allt sviðið varðandi réttarstöðu þeirra sem ekki hafa atvinnu t.d. hvað varðar sérstakar húsnæðis- og vaxtabætur. Húsnæðismál þessa hóps sem verður með degi hverjum fjölmennari, verður að taka til sérstakrar endurskoðunar. Það blasir við mörgum þeirra að missa húsnæði sitt vegna greiðsluerfiðleika.

Það vakti vissulega vonir þessa fólks þegar tveir stjórnarliða á Alþingi, þeir hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson, formaður heilbr.- og trn., fluttu sérstakar tillögur til úrbóta fyrir þá sem eiga í greiðsluerfiðleikum. Sú tillaga kemur þó líklega ekki til afgreiðslu á Alþingi þrátt fyrir að margir hv. þm. hafi kallað eftir þeirri umræðu og afgreiðslu. Ég er farin að efast um að einhver alvara hafi fylgt þessum tillöguflutningi þessara tveggja hv. jafnaðarmanna, líklega aðeins verið fyrir fjölmiðlana.

Það frv. sem hæstv. heilbrh.- og trmrh. flytur og hér er rætt er ekki niðurstaða heildarendurskoðunar eins og þeirrar sem við alþýðubandalagsmenn lögðum til að færi fram. Frv. bætir þó úr nokkrum verstu göllum gildandi laga.

Hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson sagði áðan að frv. fæli í sér gífurlegar réttarbætur fyrir þá atvinnulausu. Ég held að rétt sé að kalla hlutina sínum réttu nöfnum, þarna eru vissulega nokkrar úrbætur fyrir ákveðinn hóp þjóðfélagsþegna en ansi margir sem verða út undan. Það hefði mátt gera mun betur með því að tryggja rétt allra atvinnulausra til atvinnuleysisbóta. Sárast er þó að sjá að námsmenn eru enn úti og því vonast ég til að brtt. minni hluta heilbr.- og trn. þar sem námsmönnum sem hafa lokið námi eða hafa af einhverjum ástæðum neyðst til að hætta námi verði tryggður réttur til atvinnuleysisbóta.

Þá getum við í minni hluta nefndarinnar ekki fallist á þá breytingu sem 11. gr. frv. felur í sér, þar sem gert er ráð fyrir sérstakri skerðingu á bótagreiðslum til elli- og örorkulífeyrisþega og það breytist ekki með brtt. meiri hluta nefndarinnar. Eftir þeim upplýsingum sem við höfum geta þessi skerðingarákvæði 11. gr. haft í för með sér allt að 10 þús. kr. tekjutap þessara hópa á mánuði eins og fram kemur í umsögn Öryrkjabandalags Íslands sem það sendi heilbr.- og trn. um frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Í 11. gr. frv. er fjallað um greiðslur til bótaþega lífeyristrygginga. Þar er lagt til að ný málsgrein komi inn í lögin. „Nú nýtur bótaþegi bóta úr lífeyristryggingum almannatrygginga og skulu þá bætur hans dragast frá greiðslu atvinnuleysistrygginga þannig að samanlagðar greiðslur lífeyristrygginga almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga, nemi aldrei hærri fjárhæð en hámarksdagpeningum atvinnuleysistrygginga."

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. kemur fram að gert er ráð fyrir að bætur til lífeyrisþega skerðist um 10 þús. kr. á mánuði og er það reiknað til beins sparnaðar í útgjöldum ríkisins. Samkvæmt ákvæðum 11. gr. frv., sem vitnað er til hér að framan, er gert ráð fyrir að bætur úr Atvinnuleysistryggingasjóði skerðist sem nemi grunnlífeyri almannatrygginga. Með þeim hætti er í raun verið að hegna þeim öryrkjum sem stundað hafa atvinnu þar sem þeir fá í engu notið þeirra réttinda sem þeir hafa eðli málsins samkvæmt tryggt sér sem launþegar. Það hlýtur að teljast sanngjarnt að grunnlífeyrir almannatrygginga verði undanskilinn þeirri reikningsreglu sem fram kemur í frv.

Öryrkjabandalag Íslands hefur áður mótmælt þeirri tekjutengingu grunnlífeyris sem tekin var upp á sl. ári, þau mótmæli skulu enn ítrekuð."

Í umsögn fjárlagadeildar fjmrn. segir m.a.: „Ýmsar aðrar breytingar eru gerðar til að minnka útgjöld. Í fyrsta lagi má þar nefna að þeir sem eru 70 ára og eldri njóta ekki lengur bóta en fjöldi þeirra var 28 árið 1991, 48 árið 1992 og 47 í lok febrúar 1993. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands gæti árleg-

ur sparnaður numið um 20 millj. kr. Í öðru lagi á að takmarka greiðslur bóta til þeirra sem fá greiðslur frá lífeyristryggingadeild. Ef miðað er við að fjöldi atvinnulausra á aldrinum 67–70 ára sé 230 og að bætur til hvers þeirra lækki um 10 þús. kr. á mánuði er heildarsparnaður um 30 millj. kr. á ári. Ekki eru til tölur um fjölda öryrkja en líklega er hann ekki mikill og sparnaður því óverulegur."

Það er ólíklegt að fjárlagadeild fjmrn. hafi haft þarna annað til hliðsjónar heldur en grunnlífeyri. Þessi brtt. sem meiri hluti nefndarinnar flytur hér breytir því engu um þessa niðurstöðu sem fjárlagadeild fjmrn. kynnir í umsögn sinni.

Eins og fram kom í ræðu frsm. minni hlutans fá þeir sem hafa börn yngri en 18 ára á framfæri sínu eða greiða með þeim meðlag 4% af hámarksdagpeningum þ.e. 85 kr. á dag, rétt rúmlega fyrir einum lítra af mjólk. Hækkun sú sem við minni hlutinn leggjum til er ekki mikil, við leggjum til að þessi upphæð verði 170 kr. á dag eða fyrir um tveimur og hálfum lítra af mjólk. Ekki mikil hækkun en til bóta samt, sérstaklega með tilliti til þess að meðlagsgreiðslur voru hækkaðar verulega um áramót. Ekki hefði verið óeðlilegt að í frv. hæstv. ráðherra hefði verið tekið tillit til þess en svo er ekki og lengi höfðum við vonir um að meiri hluti nefndarinnar mundi e.t.v. gera það en það varð ekki heldur.

Það er reyndar eins og allt annað. Þetta er skerðing á skerðingu ofan. Oftar en ekki bitnar það á þeim sem minnst hafa. Tillögur minni hluta nefndarinnar miða að því að draga úr eða afnema þau skerðingarákvæði sem þetta frv. felur í sér og snerta þennan hóp þjóðfélagsþegna.

Þá leggjum við til að þeir sem hafa afplánað refsivist í 12 mánuði eða meira eigi að afplánun lokinni fullan rétt til atvinnuleysisbóta.

Það var alveg rétt sem fram kom hjá hv. formanni heilbr.- og trn. og frsm. meiri hluta að í gildandi lögum er það svo að fangi getur geymt áunninn bótarétt í allt að 24 mánuði á meðan á refsivist stendur. Þetta hafa nokkrir einstaklingar vissulega getað nýtt sér. Hins vegar er það svo að margir afbrotamenn hafa lifað ákaflega rótlausu lífi — og nú óska ég eftir að hv. formaður nefndarinnar hlusti og ég ætla að endurtaka þetta. Það er ljóst að mjög margir afbrotamenn hafa lifað ákaflega rótlausu lífi og haft stopula vinnu eða enga, áður en til refsivistar kemur. Uppsafnaður réttur þeirra til bóta er því enginn. Svo eru þeir sem fá lengri dóm en til tveggja ára. Þegar þeir hafa afplánað refsingu sína eiga þeir engan rétt til atvinnuleysisbóta. Það er oft og tíðum svo að erfitt reynist þeim sem afplánað hefur refsivist innan veggja fangelsis að fá vinnu þegar út kemur. Þetta þjóðfélag okkar er ekki sérlega vinsamlegt þessum hópi þegna sinn og oft og tíðum finnst mér að þó refsivist eða annarri refsingu sem ákveðin er af dómurum sé lokið og afbrotamaðurinn hafi tekið út þá refsingu sem honum var ákveðin fyrir þann verknað sem hann framdi, þá höldum við áfram að refsa viðkomandi með hegðun okkar, viðmóti og ákvörðunum. Þetta er slæmt og auðveldar ekki einstaklingum að hefja nýtt og betra líf án afbrota.

Ég nefndi áðan að það er ekki auðvelt fyrir þann sem hefur afplánað refsivist um lengri eða skemmri tíma að fá vinnu og það má reikna með að á tímum vaxandi atvinnuleysis verði það enn erfiðara. Okkur ber að sjá til þess að sá sem situr í fangelsi hafi möguleika til vinnu eða náms. Því verður því miður ekki við komið í öllum fangelsum landsins en þó hefur ástandið batnað á síðustu árum. Margir refsivistarfangar stunda því vinnu innan veggja fangelsis á meðan á afplánun stendur en þessi vinna er ekki metin þegar ákveðinn er réttur til atvinnuleysisbóta. Þá gætu atvinnuleysisbætur hjálpað verulega þeim sem lokið hefur refsivist til að fóta sig aftur í samfélaginu og jafnvel forðað því að viðkomandi lendi aftur á braut afbrota.

Ég beini því til hv. þm. að greiða atkvæði með brtt. minni hluta heilbr.- og trn. í þessum efnum.

Frv. hæstv. ráðherra er á margan hátt meingallað. Það er merkilegt þegar hugsað er til allra þeirra stóru orða sem hann hafði um frv. okkar alþýðubandalagsmanna og væri vel þess virði að ræða það við hæstv. ráðherra sjálfan því það er ekki hægt að ætlast til þess að hv. fylgismenn hans hér beri ábyrgð á þeim hástemmdu yfirlýsingum sem hann lét frá sér fara en hann er því miður ekki staddur hér í kvöld. Eins og ég sagði áðan þá er ansi margt óljóst og ófrágengið í þessu frv. hans. Hver á m.a. að sjá um námskeiðahald sem boðað er í frv. fyrir þá sem eru án atvinnu? Hver er það sem ákveður og sér um úthlutun atvinnuleysisbóta til þeirra sem ekki eru í stéttarfélagi og þeirra sem eru sjálfstætt starfandi?

Minni hlutinn telur nauðsynlegt að ráðherrann setji reglugerð um þessi atriði ekki síst í ljósi þess sem fram kemur í umsögn BHMR um þetta mál. Samband íslenskra sveitarfélaga varar við því í umsögn sinni að kostnaði við námskeiðahaldið sem boðað er verði velt yfir á sveitarfélögin. Það hefði þurft að leggja meiri vinnu í að laga frv. sem hér er til umræðu og einnig hefði verið æskilegt að lesa saman þau tvö frv. sem varða atvinnuleysistryggingar og lögð hafa verið fram ef þetta verk hefði átt að skila góðum árangri. Það var hins vegar ekki gert. Brtt. meiri hluta nefndarmanna eru til bóta en betur má gera. Þær umbætur felast í tillögum minni hluta heilbr. og trn. Ég ætla að síðustu aðeins að ítreka þá skoðun okkar alþýðubandalagsmanna að þrátt fyrir þær leiðréttingar sem felast í þessu frv. þá fari fram hið fyrsta samræmd heildarendurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar, vinnumiðlun og vinnumálaskrifstofu og að þessi málaflokkur verði hið fyrsta fluttur í félmrn.

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins út af ræðu hv. síðasta ræðumanns. Ég sagði hér áðan að um gífurlegar réttarbætur væri að ræða. Ég tel það gífurlegar réttarbætur þegar þúsundir manna sem hafa staðið utan atvinnuleysistrygginga komast að sjóðnum. Auk þess má benda á að útgjöld ríkissjóðs vegna þessa frv. munu

aukast eftir því hversu atvinnuleysisstigið er hátt, frá 230 millj. miðað við 5,2% upp í 410 millj. eða þar um bil þó auðvitað verði erfitt að slá nákvæmri mælistiku þar á. Hvað varðar breytinguna þar sem felldur er niður réttur bóta úr 71 ári niður í 70 ár þá vil ég einungis geta þess að Ólafur Jónsson, formaður Landsambands aldraðra, tók undir þá breytingu og taldi hana eðlilega.

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega felast ákveðnar réttarbætur í þessu frv., það höfum við talsmenn minni hluta sagt hér. Ef hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson kallar þetta gífurlegar réttarbætur, hvað þá ef frv. fæli í sér þær réttarbætur sem okkur alþýðubandalagsmönnum finnst eðlilegar og höfum lagt til í okkar frv., þ.e. að allir landsmenn sem ekki hafa atvinnu eigi sama rétt? Það eru gífurlegar réttarbætur en það eru líka þær réttarbætur sem allur almenningur í landinu á heimtingu á. Auðvitað hefur þetta frv. í för með sér mikinn kostnað fyrir ríkissjóð. En ríkissjóður kemur líka til með að bera mjög mikinn kostnað vegna þess að fjöldi atvinnulausra eykst dag frá degi vegna aðgerðarleysis stjórnvalda. Ég held að hæstv. ríkisstjórn og hv. þm. þessarar ríkisstjórnar, sem styðja hana, væri nær að eyða tíma sínum í það að finna leiðir til úrbóta í atvinnumálum heldur en að vera að skerða rétt öryrkja og eldri borgara og spara þar einhverjar 20–30 milljónir.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. stjórnarandstöðunnar í heilbr.- og trn. hafa gert ágæta grein fyrir þeim brtt. sem minni hlutinn flytur og ég tel að þær séu allar mjög til bóta. Ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs var ekki síst sú að ég talaði hérna fyrir nokkrum vikum fyrir frv. til laga um réttindi þeirra sem ekki hafa atvinnu og felur í sér heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar, vinnumiðlun og vinnumálaskrifstofu félmrn. Það sem ég hefði aðeins viljað leiða hugann að í þessu innleggi, virðulegur forseti, eru kannski fjögur atriði.

Í fyrsta lagi ætla ég að hugleiða aðeins fyrir þá sem hér eru og mig og þingtíðindin það sem ég kalla vandann við að vera með tvö kerfi en menn eru hér að gera tillögu um tvö kerfi.

Í öðru lagi ætla ég að fara aðeins yfir hvaða atriði úr frv. okkar alþýðubandalagsmanna eru komin inn í þessar breytingar meiri hlutans og/eða minni hlutans.

Í þriðja lagi ætla ég að fara yfir gallana á upphaflegu frv. Sighvats Björgvinssonar en það er greinilega meingallað og illa unnið plagg, alveg ótrúlega illa unnið. Ég ætla ekki að nota orðin hrákasmíð eins og hæstv. ráðherra hefur notað um skjöl sem lögð hafa verið fram í þinginu en það er alveg með ólíkindum að ráðherra skuli leggja fram jafnilla unnið plagg og hæstv. heilbrrh. gerði. Ef frv. hefði verið samþykkt eins og heilbrrh. lagði það fram þá hefðu menn gert lögin um atvinnuleysistryggingar óframkvæmanleg og þar með afnumið í rauninni atvinnuleysisbótarétt í landinu. Svo illa var þetta frv. unnið að það er hreint alveg ótrúlegt.

Hvað varðar hins vegar þann vanda sem uppi er núna og sem stafar af því að atvinnuleysi er orðið víðtækt vandamál þá stöndum við frammi fyrir því að við höfum verið með atvinnuleysistryggingakerfi sem miðast við það fólk sem hefur haft launavinnu og allt kerfið er byggt upp á því. Það stafar af því að verkalýðshreyfingin samdi um þetta á þenslutímum og þetta var líka endurskoðað á þenslutímum árið 1982. Þegar atvinnuleysið vex þá koma til sögunnar nýir aðilar, atvinnulausir, fólk sem aldrei hefur haft launavinnu. Þar er ég auðvitað að tala um einyrkja af ýmsu tagi t.d. menn sem hafa stundað atvinnurekstur, ég er að tala um námsmenn og ég er að tala um fleiri aðila. Ég sé að hv. heilbrn. hefur fjallað rækilega um þessi mál og í raun og veru lent í bersýnilegum vanda við að finna formúleringar, hvaða hópar eru það sem þetta á að taka til? Hæstv. heilbrrh. gerði upphaflega tillögu í þeim efnum, meiri hlutinn gerir svo tillögu um endurbætur á þeirri tillögu og minni hlutinn gerir tillögu um að þarna séu til viðbótar teknir inn námsmenn og fyrrverandi fangar. Í raun og veru er það þannig að menn eru hér í þessum frv. að taka inn hópa hvern á fætur öðrum, það eru einyrkjar, námsmenn og fyrrverandi fangar. Menn eru þarna að fást við hlut sem er að nokkru leyti alveg óleysanlegur. Þess vegna held ég að það hefði verið skynsamlegra að segja ósköp einfaldlega: Sá sem er atvinnulaus og hefur verið það í fjórar vikur en er að leita sér að vinnu á rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði þó hann uppfylli ekki vinnuskilyrði laganna að öðru leyti og sé ekki í stéttarfélagi. Ég held að það hefði verið miklu betri nálgun þessa máls heldur en sú tilraun sem hér er gerð til að taka inn eða út einstaka hópa.

Samkvæmt frv., ef það verður samþykkt með þeim brtt. sem meiri hlutinn leggur til og ég tala nú ekki um ef minnihlutatillögurnar yrðu samþykktar líka, þá koma inn í þetta kerfi tveir hópar. Það eru annars vegar launamenn sem eru nákvæmlega taldir upp, hvernig þeir eiga að fá réttindi í lögunum eins og þau eru, og svo hins vegar hinir. Þá komum við að þeim vanda, segjum að launamaður hafi verið í hálfu starfi, segjum að hann hafi verið það í tíu ár, þá fær hann atvinnuleysisbætur samkvæmt lögunum, þ.e. hálfar atvinnuleysisbætur, helminginn af fullum bótum eða svo. Sá sem hefur aftur á móti verið með atvinnurekstur, segjum í eitt ár eða tvö eða þrjú og missir þann atvinnurekstur, hann á rétt á bótum strax samkvæmt þessu frv., hann á rétt á fullum bótum strax. Ég tel það út af fyrir sig eðlilegt. En menn sjá að það mun koma upp krafa hjá verkalýðshreyfingunni um að breyta þessu þannig að t.d. launamaður sem hefur verið í hálfu starfi, segjum í tíu ár, hann geti eftir tiltekinn tíma komist á fullar bætur eins og atvinnurekandinn kemst strax á samkvæmt þeim tillögum sem við erum hér að gera. Þess vegna held ég að það sé mjög mikilvægt ákvæði sem kemur fram í tillögum minni hlutans að þessi lög verði endurskoðuð fljótt og það verði

lögbundið ákvæði. Ég hefði talið skynsamlegt af meiri hlutanum að vera með svona tillögu í sínum plöggum vegna þess að í raun og veru þá er greinilegt að þessi tvö kerfi, þetta kerfi sem við höfum og hið nýja, þau ganga ekki hlið við hlið mjög lengi vegna þess að þeir sem fá bótarétt eftir gamla kerfinu munu áður en langur tími líður segja: Þetta gengur ekki, við verðum að vera alveg sambærilegir við hina. Ég tel það auðvitað fullkomlega rangt sem hv. frsm. nefndarinnar sagði hér áðan að það væri verið að tryggja rétt öryrkja með þessari umdeildu grein, ég held að það sé 11. gr. í frv. Það er auðvitað ekkert verið að tryggja rétt öryrkja í sjálfu sér. Hins vegar er það rétt sem þingmaðurinn hefði kannski viljað sagt hafa að það sem um er að ræða er að ríkisstjórnin vill að menn séu í raun og veru jafnsettir bæði fatlaðir og ófatlaðir eftir því sem þetta er útskýrt hér af meiri hlutanum í nál. Það er alger forsenda þess að svona kerfi geti gengið upp að það séu helst sömu réttindi í báðum deildum sjóðsins ef svo mætti segja. Og af hverju segi ég í báðum deildum sjóðsins? Af því að menn eru að tala um að þetta verði að nokkru leyti aðgreind kerfi og ég er alveg sammála því að það verður að vera þannig. Í Danmörku reyndu menn um árabil að reka þetta í einum potti en það gekk ekki. Þar er núna um það að ræða að þeir aðilar sem eru atvinnulausir eiga í raun aðgang að tveimur kerfum eftir því hvort um er að ræða launamenn eða rekstraraðila, þ.e. þá sem hafa verið með verslun, fyrirtæki, dekkjaverkstæði eða hvað það nú er. Þetta er alveg í tveimur hólfum og það held ég að sé skynsamleg hugsun.

Niðurstaða mín er sú að það sé mjög mikill vandi að vera með tvö kerfi í gangi. Það verði erfitt fyrir heilbrrn. eða það ráðuneyti sem fer með málin og það verði einnig erfitt fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð að reka það og þess vegna muni menn mjög fljótt komast að því að endurskoða verður þetta allt alveg frá grunni.

Tökum annað dæmi t.d. með úthlutunarnefndirnar. Hverjar eru þær? Þær eru á vegum verkalýðsfélaganna eins og þau eru. En samkvæmt hugmyndunum eins og þær liggja núna fyrir þá eiga allir að leita til þessara sömu nefnda með vissum hætti og ég er ekki viss um að það sé alveg heppilegt. Þar með er ég ekki að segja að það eigi að koma upp tvöföldu kerfi úthlutunarnefnda. Ég held að þær séu yfir höfuð allt of margar. Ég held að það þurfi að einfalda allt þetta úthlutunar-, stimpla- og reglukerfi eins og það leggur sig því ég held að það sé síst til þess fallið að efla sjálfstraust og andlegt þrek þeirra sem í þokkabót eru atvinnulausir.

Ég vil vekja athygli á því, virðulegi forseti, að í þeim brtt. sem nú liggja fyrir eru viðurkenndar mjög margar af þeim brtt. sem þingmenn Alþb. fluttu. Þar er í fyrsta lagi fallist á að það eigi að taka inn fleiri aðila, þar á meðal einyrkja og slíka aðila. Í öðru lagi er fallist á það í raun og veru að það eigi að færa þetta til félmrn. Það er mjög mikilvægt atriði finnst mér að færa þetta til félmrn. sem er með vinnumiðlunina og vinnumálaskrifstofu félmrn. Enn fremur er fallist á það í þeim tillögum sem fram koma frá minni hlutanum að námsmenn séu teknir þarna inn og þar er líka talað um að breyta þeim reglum sem gilda um atvinnulausa sem verða veikir. Eins og kunnugt er þá missa þeir nú atvinnuleysisbætur ef þeir leyfa sér að verða veikir á meðan þeir eru atvinnulausir. Ég tel því að í frv. og brtt. meiri hlutans og minni hlutans felist að mörgu leyti ágæt afgreiðsla á þeim brtt. sem við alþýðubandalagsmenn höfum verið með þó þar vanti auðvitað talsvert margt. Það sem kom mér kannski ánægjulega á óvart í brtt. meiri hlutans er að þar er lagt til að flytja þennan málaflokk til félmrn. Það held ég að sé skynsamlegt en kom mér á óvart og ég er alls ekki viss um að það hefði verið gert ef hæstv. heilbrrh. hefði ekki verið í Genf. Frá þeim bæjardyrum séð er ég afar ánægður með að hæstv. heilbrrh. skuli vera úti í Genf. Þó ekki væri nema til þess að hægt sé að hafa um þetta mál kannski vitlegar umræður fyrir froðufellandi ræðum hans hér úr þessum stól. Bið ég hv. talsmann nefndarinnar að bera honum þessar hlýju kveðjur mínar.

Varðandi frv. hæstv. ráðherra þá verður að segja alveg eins og er að það er alveg bersýnilega fullt af vitleysum. Það eru svoleiðis ótrúlegar vitleysur í frv. hæstv. heilbr.- og trmrh. Þar kemur t.d. fram að frv. er óframkvæmanlegt nema menn felli út úr lögunum 3. gr. laganna um atvinnuleysistryggingar. Menn höfðu ekki tekið eftir því í ráðuneytinu og það hafði hæstv. ráðherra heldur ekki gert þannig að málið var óframkvæmanlegt. Og hv. meiri hluti hvað gerir hann? Leggur meiri hlutinn til að þetta frv. heilbrrh. verði samþykkt? Ónei. Hvað flytur hann margar brtt.? Sex töluliði og þar undir eru alls tíu brtt. sem hv. meiri hluti heilbrn. flytur við þetta frv. heilbrrh. Svo illa er það unnið að meiri hlutinn neyðist til þess — nei, hér er á baksíðunni líka, virðulegur forseti. Ég biðst innilega afsökunar á þessu þær eru greinilega fjórtán. Meiri hlutinn verður að flytja fjórtán brtt. til að leiðrétta vitleysurnar frá heilbrrh. Þetta er rosaleg frammistaða. Hann er samt búinn að vera með nefnd í þessu máli í eitt og hálft ár. Búinn að vera með nefnd í því að lesa þessi atvinnuleysistryggingasjóðslög í eitt og hálft ár og þegar frv. kemur þá er það svo vitlaust að meiri hluti nefndarinnar, Sjálfstfl. og Alþfl., verður að flytja fjórtán brtt. til að leiðrétta þetta. Ég vona satt að segja að hv. meiri hluti hafi fundið allar vitleysurnar þannig að ekki séu enn þá einhverjar fleiri í frv. eins og það lítur út.

Ég hef út af fyrir sig meiri trú á meiri hlutanum samanlögðum heldur en ráðherranum einum, ég viðurkenni það. Það getur því vel verið að þetta sé miklu betra eins og það kemur frá meiri hlutanum heldur en eins og það kom frá ráðherra. Það kæmi mér ekki á óvart satt að segja.

Út af fyrir sig má segja að það sé gott verk hjá meiri hlutanum að hafa staðið í því að vinna leiðréttingar á þessari vitleysu eins og kom frá hæstv. heilbrrh., alveg óbrúklegt frv., það var svo illa samið, með ólíkindum alveg.

Ég ætla t.d. í þessu sambandi, virðulegur forseti, að víkja hér aðeins að einni grein frv. og það er síðasta

málsgr. 10. gr. sem hv. 10. þm. Reykv. ræddi hér einnig fyrr í kvöld og snýr að 16 vikna biðtímanum. Við leggjum til að hann verði alveg felldur út. Það gerir heilbrrh. ekki, það er ekki tillaga um að fella biðtímann út. Menn skulu átta sig á því. Nema með skilyrði. Hvaða skilyrði? Því skilyrði að menn fari á námskeið. Hvaða námskeið? Enginn veit hvaða námskeið. Það stendur hér: Gefinn skal kostur á að sækja endurmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeið. Hver á að gera það? Menntmrn., Atvinnuleysistryggingasjóður, báðir, starfsmenntunarsjóður? Hver? Það stendur ekkert um það. Ég tók eftir að talsmaður nefndarinnar sagði: Ef það háttar þannig til á einhverjum litlum stað úti á landi að það sé ekki hægt að bjóða námskeið þá eru menn undanþegnir þessari námskeiðakvöð og sleppa þá við 16 vikurnar. En það stendur ekki í frv. Það er skilyrði í þessu frv. eins og það stendur hér að 16 vikna bótalausi tíminn er enn þá inni nema menn sæki námskeið. Ég spyr: Gera menn ráð fyrir því að atvinnulaus maður á Raufarhöfn keyri inn á Akureyri til þess að sækja námskeið? Auðvitað ekki. Gera menn ráð fyrir því að atvinnulaus maður á Breiðdalsvík keyri upp á Hérað eða til Akureyrar eða fljúgi til Reykjavíkur til að sækja námskeið? Auðvitað ekki. Það er ekki það. Það er algjörlega óhjákvæmilegt að þessari grein verði breytt þannig að þar verði sagt fullum fetum: Þetta 16 vikna bótalausa tímabil er úti, það er strikað út. En það verður gefinn kostur á námskeiðum burt séð frá þessum tíma eða ekki og það er algjörlega fráleitt að hengja þetta svona saman. Þetta eru fullkomin handarbakavinnubrögð af hæstv. heilbrrh. í sambandi við málið að leggja það svona fram. Ég harma að meiri hlutinn sem hefur fundið fimmtán vitleysur í frv. ráðherrans skuli ekki hafa tekið eftir þessu og leiðrétt það líka. Það er fínt hjá meiri hlutanum að finna fimmtán vitleysur en þær eru örugglega fleiri, því miður.

Eitt af því sem meiri hlutinn er t.d. að gera tillögur um er að þeir sem hafa verið í átaksverkefnum sleppi við þennan bótalausa tíma — í átaksverkefnum. Það er fínt. Nú er hópur manna víðs vegar um land í átaksverkefnum og það er allt í einu búið að finna upp þá reglu að þegar menn séu búnir í þessum átaksverkefnum þá detti þeir inn á dauða bótalausa tímabilið. Núna er það t.d. með bæjarstjórn Akureyrar, svo ég nefni dæmi, að hún er skelfingu lostin yfir því að þegar átaksverkefninu er lokið þá verði þetta fólk algjörlega bótalaust, það detti inn á bótalausa tímabilið og menn eru að reyna að túlka gildandi lög með þessum hætti.

Ég ræddi í dag við forseta bæjarstjórnar Akureyrar sem sagði mér frá þessu og satt að segja kom þetta mér mjög á óvart. Ég sé ekki að það sé nokkur stafur fyrir þessu í gildandi lögum en ég sé að menn róa fyrir þessa vík með því að nefna átaksverkefnin í síðustu mgr. 10. gr.

Ég vil þrátt fyrir allt skora á hv. meiri hluta að reyna að velta því alvarlega fyrir sér að gera a.m.k. tvær breytingar í viðbót á frv. Í fyrsta lagi að lögskylda endurskoðun af því að tvöfalt kerfi gengur ekki lengi. Í öðru lagi að fella algjörlega niður þetta bótalausa tímabil og skilyrða það ekki með námskeiðum eins og hér er gert.

Auðvitað gæti ég í sjálfu sér nefnt fleiri hugmyndir sem ég teldi að ætti að breyta úr tillögum meiri hlutans. Það er eins og t.d. í 16. gr. þar sem kemur fram ákveðin refsigleði af hálfu ríkisstjórnarinnar gagnvart þeim sem hafa misst atvinnu og gætu við tiltekin skilyrði misst bótarétt. Það er hlutur sem ég hefði talið að þyrfti að skoða mikið betur heldur en hér er gert.

Ég vil þá að síðustu, virðulegi forseti, aðeins fara nokkrum orðum um að auðvitað hefðu þurft að koma til mörg fleiri atriði upp úr frv. okkar alþýðubandalagsmanna eða úr öðrum áttum ef menn vilja. Auðvitað er rétt sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sagði að það hefði þurft að taka alveg sérstalega inn húsnæðismálin því greiðsluvandræðin hjá þessu fólki eru alveg ferleg og það er augljóst mál að húsnæði þessa fólks er í stórkostlegri hættu. Það er alveg rétt sem tveir hv. þm. Alþfl. hafa vakið athygli á hér að auðvitað væri nauðsynlegt að þingið tæki á þessu máli. Það hafa þeir, úr því sem formaður Alþfl. mundi kalla galna hluta Alþfl., Össur Skarphéðinsson og Gunnlaugur Stefánsson hv. þm., sem eru reyndar einir í þeim hluta finnst mér stundum. Þeir hafa flutt sérstaka tillögu um greiðslu ... (**Gripið fram í:** Og Sigbjörn.) — og Sigbjörn, þeir eru orðnir þrír. Össur og Sigbjörn. (**SigG:** Er ég í galna?) Ég er að nota orðalag formanns Alþfl. um skæruliðana og terroristana en ég bæti prestinum við, með leyfi forseta, ég bæti honum við, ég vil heldur hafa hann í góðra manna hópi satt best að segja.

Þá vill svo vel til að þessi tillaga hv. þm. Sigbjörns Gunnarssonar og Össurar Skarphéðinssonar kemur til atkvæða. Það er alveg ástæðulaust að gráta það, hún kemur til atkvæða. Hún kemur til atkvæða á þinginu klukkan tíu í fyrramálið vegna þess að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur verið svo hugulsamur að flytja tillögu um nýtt ákvæði til bráðabirgða við húsnæðisfrv. sem er á þessa leið: Á árinu 1993 skal starfa þriggja manna nefnd sem félmrh. skipar er undirbúi samningu laga um greiðsluaðlögun til aðstoðar fólki í verulegum greiðsluerfiðleikum. Nefndin skal kanna svipaða löggjöf á Norðurlöndum og afla upplýsinga um reynsluna af henni.

Þingheimi gefst kostur á því, vegna þess að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur flutt tillöguna, að styðja þessa tillögu í fyrramálið. Ég vona að hv. flm. muni þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir það að gefa þingheimi kost á því að styðja þessa tillögu og ég skora á hæstv. félmrh. og aðra þingmenn Alþfl. — Jafnaðarmannaflokks Íslands — að beita sér fyrir því að þessi tillaga verði samþykt. Auðvitað þarf að taka á þessum málum.

Hér voru menn í dag að tala um vanda sjávarútvegsins, menn voru að tala um vandamál atvinnurekstrarins og fyrirtækjanna í landinu, það er ekki vanþörf á því. Það er ekki vanþörf á því að krefjast þar aðgerða eins og stjórnarandstaðan gerði í dag. En ég tel að í raun og veru þá sé annað stórmál sem ætti að afgreiða ef þetta væri eitthvert alvöruþing sem fyndi til í stormum sinna tíða. Það ætti að afgreiða alvörutil-

lögur um breytingar á reglum um greiðslur á tilteknum lánum til þess að leysa úr greiðsluvanda fólks. Þess vegna tel ég að það sé mjög mikilvægt og það er innlegg og hluti af þessu atvinnuleysistryggingamáli að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur komið þessari tillögu um greiðsluvandræði og greiðsluerfiðleikana inn í frv. um Húsnæðisstofnun.

Að öðru leyti ætlaði ég ekki að bæta miklu við þetta þó auðvitað væri full ástæða til þess miðað við efni málsins. Það væri auðvitað full ástæða til þess að fjalla talsvert um atvinnuleysið, það hef ég áður gert í mörgum þingræðum. Ég tel að Alþb. hafi haft ákveðna forustu í þessu efni á þessu þingi. Þingið samþykkti í dag tillögu frá Alþb. um rannsóknir á afleiðingum atvinnuleysis. Sú tillaga var samþykkt hér með samhljóða atkvæðum og ber að þakka fyrir þann stuðning sem hún fékk þannig að þrátt fyrir allt þá tel ég að allir hv. þm., hvar í flokki sem þeir eru, geri sér fulla grein fyrir því að hér sé um að ræða alvarlegasta þjóðfélagsvandamál á Íslandi í dag. Menn greinir hins vegar á um hvaða leiðir er skynsamlegast að fara til þess að taka á vandamálum þessa fólks og menn greinir líka á um hversu langt á að ganga til að sækja peninga í þessum efnum, því það þarf að sækja fjármuni ef vel á að vera, hæstv. forseti.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að það komi fram hér vegna orða sem féllu í garð hæstv. heilbrrh. á þá leið að við værum ekki að fjalla um tillögu um það að flytja atvinnuleysistryggingar yfir í félmrn. ef hann væri viðstaddur. Það er nauðsynlegt að fram komi að það var með fullum vilja hæstv. heilbrrh. að þessi tillaga var hér komin fram og raunar átti hann frumkvæðið að því. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að það komi hér fram.

Mér finnst það líka ómaklegt sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni að hér sé um að ræða illa samið frv. og vísaði hann til nokkurra brtt. sem hafa verið til umræðu í kvöld. Þessar brtt. eru efnislegar breytingar sem verið er að gera á frv. sem komu til í meðferð nefndarinnar á málinu. Það er því ekki við þá embættismenn að sakast sem þetta frv. sömdu. Þeir embættismenn sem þetta frv. sömdu þekkja best til þessara mála, atvinnuleysistryggingamála og málefni Atvinnuleysistryggingasjóðs. Mér finnst hann þá líka vega að aðilum vinnumarkaðarins sem áttu þátt í því að semja þetta frv.

Varðandi námskeiðin og bótalausa tímabilið og starfsþjálfunina sem hv. þm. nefndi þá er í undirbúningi á vegum heilbrrn. að skipulegga námskeið fyrir atvinnulausa og leggja fram tillögu um framboð á slíkum námskeiðum. Það er nefnd í gangi og hún á að skila fyrir 1. september.

Ég vil einnig nefna að ef slík námskeið eru ekki í boði þá verður ekki gerð krafa sem hér kemur fram varðandi starfsþjálfun.

Að lokum vil ég nefna það, virðulegi forseti, að varðandi starfsmenntun og skipuleg námskeið fyrir atvinnulausa þá hefur aldrei verið eins mikið af slíkum námskeiðum í boði og starfsmenntun og fjármagn til starfsmenntunarmála hefur aldrei verið eins mikið og á síðustu tveimur til þremur árum. Það hefur gert það að verkum að hægt hefur verið að skipuleggja námskeið á undanförnum tveimur til þremur árum fyrir um 6–10 þús. manns.

Allra síðast vil ég segja, út af húsnæðismálunum sem blönduðust inn í umræðuna og tillögu sem hér liggur fyrir um greiðsluaðlögun, að þriggja manna ráðherranefnd er að skoða greiðsluerfiðleikamálin og hvernig hægt sé að mæta þeim og m.a. það sem hv. þm. nefndi um greiðsluaðlögun.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að sjálfsögðu að þriggja manna ráðherranefnd sé að störfum til að skoða þessi mál en það hafa þessir hv. þm. sem fluttu tillöguna greinilega ekki vitað. Ég tel engu að síður mikilvægt að Alþingi lýsi vilja sínum og ég mun fylgjast grannt með því hvort þingmennirnir fá leyfi til þess hjá Jafnaðarmannaflokki Íslands að styðja sína eigin brtt. þegar hún kemur til atkvæða hér á morgun.

Varðandi námskeiðin þá vil ég bara segja það að hæstv. ráðherra segir nú og hæstv. heilbrrh. sagði það líka, ef námskeið eru ekki í boði þá halda menn bótum. Staðreyndin er hins vegar sú að það stendur ekki í frv. eins og það er. Það er alveg óhjákvæmilegt ef þetta er skilningur hæstv. ráðherra, sem ég dreg ekki í efa að er réttur, þetta er hennar skilningur og þetta var líka skilningur hæstv. heilbrrh. þegar hann mælti fyrir málinu og sömuleiðis hv. formanns nefndarinnar, ef ég man rétt, að þá bið ég þessa hv. þm. og hæstv. ráðherra í allri vinsemd um að velta því alvarlega fyrir sér hvort ekki er nauðsynlegt að skjóta hér inn einhverri lítilli breytingu á þessari málsgrein milli 2. og 3. umr.

Varðandi það að hæstv. heilbrrh. hafi verið fylgjandi því að flytja málið til félmrn. þá þykir mér vænt um að heyra það, það er mjög skynsamleg tillaga. En ég verð að játa að viðbrögð mín stöfuðu kannski ekki síst af því að það kom mér mjög á óvart að hann skyldi vera þessarar skoðunar.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af því sem hv. síðasti ræðumaður nefndi að það þurfi að koma skýlaust hér inn að ef þessi námskeið standi ekki til boða þá sé ekki gerð þessi krafa um endurmenntun og starfsþjálfun. Þetta er ekki bara skilningur hæstv. heilbrrh. heldur einnig nefndarinnar sem fjallaði um það. Hún fjallaði alveg sérstaklega um þetta atriði og það var hennar skilningur að ef þessi námskeið væru ekki í boði þá yrði þessi krafa ekki gerð. Ég tel að ekki þurfi að setja það inn í lögin, það mætti setja það inn í reglugerð. Ég mun koma því á framfæri við hæstv. heilbrrh. að kveðið verði skýrt á um þetta í reglugerð og ég tel að það ætti að nægja.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ósammála hæstv. ráðherra um þetta mál. Úr því að hæstv. ráðherra vill ekki flytja þessa brtt. þá mun ég gera það og hún er þá einhvern veginn þannig orðuð: Nú eru námskeið ekki í boði og þá missir hinn atvinnulausi ekki bótarétt. — Þetta komi sem nýr málsliður til viðbótar við síðustu mgr. 10. gr., þar með er málið skýrt og leyst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1., 13., 16.–23., 25.–27. og 31.–43. mál.

Fundi slitið kl. 10.45 síðdegis.

---

176. FUNDUR

laugardaginn 8. maí,
kl. 9 árdegis.

Dagskrá:

1. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 276. mál, þskj. 1116, frhnál. 1185, brtt. 1210, 1212 og 1218. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Hönnunarvernd, stjfrv., 212. mál, þskj. 253, nál. 1179, brtt. 1180. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Jöfnunartollur á skipasmíðaverkefni, þáltill., 88. mál, þskj. 98, nál. 1181. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
4. Vegalög, stjfrv., 553. mál, þskj. 918, nál. 1077. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Vegáætlun 1993–1996, stjtill., 290. mál, þskj. 422, nál. 1141 og 1159, brtt. 1142. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
6. Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels, stjtill., 566. mál, þskj. 933, nál. 1128 og 1236. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
7. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 554. mál, þskj. 919, nál. 1219 og 1270, brtt. 1220 og 1271. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Almannatryggingar, frv., 587. mál, þskj. 1148. — 3. umr.
9. Íbúðaverð á landsbyggðinni, þáltill., 139. mál, þskj. 160, nál. 1154. — Frh. síðari umr.
10. Aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtaka ríkisstofnana, þáltill., 158. mál, þskj. 180, nál. 1182, brtt. 1183. — Síðari umr.
11. Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frv., 127. mál, þskj. 147, nál. 1184. — 2. umr.
12. Rannsóknir á botndýrum við Ísland, þáltill., 594. mál, þskj. 1189. — Fyrri umr.
13. Veiðiheimildir í lögsögu annarra ríkja, þáltill., 267. mál, þskj. 357, nál. 1190. — Síðari umr.
14. Menningarsjóður, stjfrv., 306. mál, þskj. 1228, brtt. 1231. — 3. umr.
15. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 546. mál, þskj. 906, nál. 1216. — 2. umr.
16. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 515. mál, þskj. 872, nál. 1122, brtt. 1123, 1211 og 1244. — 2. umr.
17. Reynslusveitarfélög, stjtill., 516. mál, þskj. 873, nál. 1124. — Síðari umr.
18. Umhverfismat, stjfrv., 80. mál, þskj. 87, nál. 1139, brtt. 1140. — 2. umr.
19. Fuglaveiðar og fuglafriðun, stjfrv., 146. mál, þskj. 167, nál. 1169 og 1237, brtt. 1170. — 2. umr.
20. Atvinnuþróun í Mývatnssveit, þáltill., 173. mál, þskj. 199, nál. 1208, brtt. 1209. — Síðari umr.
21. Fjáraukalög 1991, stjfrv., 197. mál, þskj. 235, nál. 1235 og 1238. — 2. umr.
22. Fjáraukalög 1992, stjfrv., 539. mál, þskj. 897, nál. 1239. — 2. umr.
23. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 486. mál, þskj. 834, nál. 1234 og 1240, brtt. 1217. — 2. umr.
24. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 420. mál, þskj. 716, nál. 1186 og 1187, brtt. 1188. — 2. umr.
25. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 504. mál, þskj. 856, nál. 1133 og 1215, brtt. 1125. — 2. umr.
26. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv. 541. mál, þskj. 899, nál. 1174. — Frh. 2. umr.
27. Áburðarverksmiðja ríkisins, stjfrv., 238. mál, þskj. 307, nál. 1108 og 1110, brtt. 1121. — 2. umr.
28. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 453. mál, þskj. 785, nál. 1191 og 1193, brtt. 1192 og 1194. — 2. umr.
29. Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, stjfrv., 25. mál, þskj. 25, nál. 1083 og 1129, brtt. 1084 og 1130. — 2. umr.
30. Hafnalög, stjfrv., 191. mál, þskj. 222, nál. 1095 og 1274, brtt. 1096. — 2. umr.
31. Almenn hegningarlög, frv., 89. mál, þskj. 99, nál. 1177 og 1272. — 2. umr.
32. Tækniskóli Íslands, stjfrv., 327. mál, þskj. 598, nál. 1092. — 2. umr.
33. Bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda, frv., 187. mál, þskj. 215, nál. 1197 og 1198. — 2. umr.
34. Lögheimili, frv., 188. mál, þskj. 218, nál. 1144 og 1276, brtt. 1145. — 2. umr.
35. Aðild Alþingis að 50 ára afmæli lýðveldisins, þáltill., 167. mál, þskj. 192, brtt. 1275. — Síðari umr.
36. Undirbúningur vegna hálfrar aldar afmælis lýðveldisins, stjtill., 262. mál, þskj. 351. — Síðari umr.
37. Frestun á fundum Alþingis, þáltill., 597. mál, þskj. 1273. — Ein umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Eiður Guðnason umhvrh.,
Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Um þingsköp.

Afgreiðsla frumvarps um framleiðslu og sölu á búvörum.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði orð á því í gærmorgun að ég óskaði þess mjög eindregið að mál nr. 504, sem fjallar um búvörulögin, yrði tekið til umræðu fyrst af þeim málefnum sem hér eru og heyra til málefna landbn. Alþingis. Ég fékk góðar undirtektir við þetta hjá hæstv. forseta og ég sé að röð þessara mála er óbreytt frá því sem var í gær, en ég óskaði líka eftir því að fá vitneskju um hvenær þetta mál yrði tekið til umræðu. Það eru mörg fordæmi fyrir því að slík mál sem þessi séu tímasett í umræðu hér á Alþingi.

Ég hlýt, virðulegi forseti, að vekja athygli á alvöru þessa máls. Í þeim búningi sem frv. er nú er mjög víðtæk samstaða á Alþingi, líklega yrði það samþykkt með langflestum atkvæðum og ég vil vekja sérstaka athygli á því hvaða áhrif það mundi hafa ef því yrði frestað til hausts með einhverjum þvingunaraðgerðum. (**Gripið fram í:** Kemur það nokkuð til greina?) Ríkisstjórnin hefur þennan stuðning á bak við sig á þessum degi fyrir þessu máli. En ef það er hægt að stýra alþjóðasamningum eftir búvörulögunum fram á haust eða næsta vetur, þá hlýtur það að vera athugunarefni hvort ekki er hægt að halda þeirri skipan mála óbreyttri. Og það hefði ég helst kosið. Þannig verða náttúrlega að liggja fyrir á þessum degi mjög mikilvægar pólitískar ákvarðanir er varða þessi mál. Og með því að málið snertir samninga við erlendar þjóðir, þá gengur ekki annað heldur en að frv. verði tekið sem allra fyrst til umræðu til þess að hægt sé að skýra það hér á Alþingi og að þjóðin fái vitneskju um það með hvaða hætti menn hyggjast vinna að þessu máli.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti kannast við þá ósk hv. þm. að 504. mál yrði haft á dagskránni á undan öðrum málum frá landbn. og hefur orðið við þeirri ósk. Þannig er málum raðað á dagskrána og forseti taldi sig vera að fara að óskum hv. 3. þm. Austurl. Varðandi röð mála á dagskrá þessa fundar þá er hún með þeim hætti að það verður reynt að afgreiða þau mál sem líkur benda til að kalli ekki á mikla umræðu áður en tekin verða fyrir þau mál sem hugsanlega taka lengri tíma. En forseti vill benda hv. þm. á að dag skal að kvöldi lofa og við erum nú að byrja fyrsta fund á þessum degi. Klukkan er 9 að morgni og forseti vill beina því til hv. þm. að sýna nú ofurlitla þolinmæði og sjá hvort ekki leysist úr málum þótt það verði ekki strax hér að morgni kl. 9. Það er ekki ætlunin að fram fari atkvæðagreiðslur núna. Fyrstu sjö dagskrármálin eru atkvæðagreiðslur og síðan eru önnur mál sem forseti a.m.k. telur líkur á að taki ekki langa umræðu. Þannig hefur verið unnið undanfarna daga að undirbúningi dagskrár að reynt hefur verið að ljúka sem flestum málum sem taka litla umræðu áður en komið er að öðrum og umdeildari málum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég get tekið undir það með hv. 3. þm. Austurl. að það er mikilvægt að það liggi fyrir hvort og hvenær þetta mál verði tekið hér fyrir. Ég verð hins vegar að segja það að við fyrri hluta ræðu þingmannsins áðan þá hafði ég það eilitla stund á tilfinningunni að hann væri búinn að sætta sig við það að þeim væri ýtt út af dagskrá ef þau væru bara í réttri röð. En hv. þm. tók sig nú á í seinni hluta ræðunnar og áréttaði að það er mjög mikilvægt að þessi mál fái afgreiðslu í dag.

Gagnvart þeim milliríkjasamningum sem við höfum verið að fást hér við hef ég haft þá pólitík að fylgja þar ákveðinni raunsæisstefnu og það væri skynsamlegra fyrir okkar hagsmuni að búa þannig um hnútana að (**Forseti:** Forseti biður menn að fara ekki í efnislega umræðu hér.) það yrði unnið að því sem óhjákvæmilega yfir okkur kemur þannig að okkar hagsmunir yrðu sem best tryggðir. Virðulegur forseti. Ég er hér að ræða um þingsköp og rökstyðja við forseta nauðsyn þess að það mál sem hér er til umræðu verði sett á dagskrá og fái þinglega meðferð í dag.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þessi mál eru á dagskrá. Forseti veit að þetta eru þýðingarmikil mál og veit af áhuga hv. þm. á því að koma þessum málum til umræðu. Það þarf í raun og veru engu við það að bæta.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það hefði nú farið vel á því að hæstv. forseti hefði farið með hið forna máltæki alveg til enda: „Dag skal að kvöldi lofa og mey að morgni.“ Því að þannig háttaði hér í gærmorgun að hæstv. forseti sagði það alveg skýrum orðum að það yrði skýrt frá því á næsta fundi hvenær 504. mál yrði tekið til umræðu hér í þinginu. Ég er þess vegna ekkert annað að gera nú en að ganga eftir loforði sem hæstv. forseti gaf mér í gærmorgun, ekki nokkrum sköpuðum hlut öðrum. Það er náttúrlega alveg grundvallaratriði þegar talað er jafnskýrlega úr forsetastóli og virðulegur forseti gerði í gærmorgun um það að hann mundi tilkynna það á næsta fundi hvenær málið yrði tekið til umræðu og ég hef látið það óátalið þar til núna í upphafi starfa á síðasta degi þessa þinghalds, að þá felli ég mig náttúrlega ekki við annað, virðulegur forseti, en að staðið verði við það loforð sem mér var gefið úr forsetastóli Alþingis í gærmorgun.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég sé nú ekki betur, þegar maður lítur yfir þann málalista sem liggur fyrir, en að þá þurfi hann ekki að taka langan tíma og þar með gefist tími til að taka fyrir og ræða 504. mál innan skamms ef við komum okkur að verki og þá held ég að það eigi ekki að þurfa að verða mjög langur frestur á því. Það eru að vísu þarna nokkur umræðumál sem ég veit um en þó ekki mörg. Ég held að það væri skynsamlegt að fresta 22. og 23. máli og að undanteknum þeim sé ég ekki að hér þurfi að vera um mjög tafsöm mál að ræða. Ég

hvet mjög eindregið til þess að gengið verði til dagskrár sem allra fyrst og reynt að koma frá þessum málum og þá verða allir sáttir. Auðvitað kemur ekki annað til greina en að ræða 504. mál og taka ákvörðun um það, láta atkvæði ganga um það hvernig því skuli háttað. Hér er um ákaflega mikið stórmál að ræða og það verður því stærra eftir því sem maður sér lengra undir teppið hjá ríkisstjórninni og verður vitni að þeim áflogum sem þar fara fram.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þennan fund mikið með þingskapaumræðu en ég vil aðeins ítreka það að á fundi formanna þingflokka með forseta rétt fyrir kl. 7 í gærkvöldi var um það rætt að það yrði búið að komast að samkomulagi um hvenær þetta mál yrði afgreitt sem hér er verið að ræða um og ég get tekið undir það með hv. 3. þm. Austurl. að mér skildist á þeim fundi að það yrði ákveðið fyrir kl. 9 núna í morgun og ég tek undir það með honum að ég tel að þetta mál þurfi að fá meðferð í dag.

En hvað varðar það sem hv. þm. Páll Pétursson sagði hér áðan um það að þetta væru allt auðveld mál, þá vil ég leiðrétta hann aðeins. Það er 22. málið sem er samkomulagsmál úr fjárln. en um 21. og 23. mál gætu orðið talsvert miklar umræður. Að öðru leyti hef ég ekki neitt sérstakt við málaröð að athuga.

Um þingsköp.

Afgreiðsla þingsályktunartillögu um greiðsluaðlögun fyrir fólk í verulegum greiðsluerfiðleikum.

Stefán Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Fyrir nokkrum dögum síðan kvaddi ég mér hljóðs um þingsköp til þess að spyrja hæstv. forseta um till. til þál. sem hér hefur legið frammi og 1. flm. að er Össur Skarphéðinsson, (**Gripið fram í:** Doktor Össur.) og með honum samþingmaður hans sem flytur þetta einnig, Sigbjörn Gunnarsson. (**PJ:** Þeir heita háttvirtir þingmenn.) Já, þeir heita hv. þm., alveg rétt, hæstv. 6. varaforseti þingsins, Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v. og fyrrv. formaður fjárveitinganefndar, svo að maður titli nú rétt.

Ég vakti athygli á því þá, hæstv. forseti, að mikill og almennur stuðningur væri fyrir því hér í þinginu á meðal stjórnarandstöðunnar að liðka fyrir með þetta mál sem er um greiðsluerfiðleika fólks í landinu. Ég hafði skoðað það og rætt við stjórnarandstöðuna og þeir höfðu lýst því yfir að þeir mundu vilja gera allt til þess að sjá til þess að þetta mál gæti farið hér fram. Virðulegi forseti sagði mér þá, og lofaði því reyndar, að þetta mál yrði efst nýrra mála sem tekin yrðu á dagskrá þingsins. Ég hef nú beðið rólegur og fylgst með og séð að svo hefur ekki verið. Nú er kominn síðasti dagur þingsins og enn er þetta mál ekki á dagskrá og mér þykir það slæmt vegna þess að ég hef reynt forseta að öðru en því að standa ekki við orð sín. Hér hafa því greinilega einhver önnur máttarvöld komið til og því langar mig að spyrja hæstv. forseta: Er það virkilega rétt sem heyrst hefur að hv. þm. og 1. flm. hafi ekki áhuga á því að tala í þessu afdrifaríka máli og kynna það hvar skoðanir hans og ríkisstjórnarinnar skarast í þessu máli? Er það þess vegna sem málið er ekki tekið á dagskrá?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur svarað hv. þm. því að hún hefur ekki hugmynd um hvaða hug hv. 17. þm. Reykv., 1. flm. þessarar tillögu, hefur til þessa máls en vill hins vegar upplýsa að það hafa engin ný mál verið tekin á dagskrá undanfarna daga. Forseti upplýsti það sem svar við spurningu hv. 4. þm. Norðurl. v. á sínum tíma að ef og þegar ný mál yrðu tekin á dagskrá, þá væri þetta mál efst á biðlistanum. Forseti stendur við þetta. Og ef forseti stendur ekki við orð sín, þá er það a.m.k. ekki að yfirlögðu ráði gert.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er misskilningur hjá hv. 4. þm. Norðurl. v. að þessi tillaga komi ekki til atkvæða. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur gert tillögu alþýðuflokksmannanna að sinni og flutt hana sem brtt. við frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins þannig að þessi tillaga þeirra alþýðuflokksmannanna mun koma til atkvæða væntanlega hér á eftir á þskj. 1218. Þá gefst þeim kostur á því að sýna í verki, þó ekki sé í umræðum, hvort þeir vilja fylgja sinni eigin tillögu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég man mjög glöggt eftir þeirri yfirlýsingu forseta að umrætt mál hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, 17. þm. Reykv., yrði tekið á dagskrá ef einhver ný mál kæmu á dagskrá. Og nú vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa 37. málið sem hér er á dagskránni, það er alveg nýtt mál, það hefur aldrei verið á dagskránni áður. Það mál fjallar um frestun á fundum Alþingis. Hér fer ekkert á milli mála. Það er komið nýtt mál á dagskrána án þess að staðið sé við þá yfirlýsingu sem var gefin. Ég vona að hæstv. forseti hafi af mistökum lent í þeirri gildru að þetta hefur gerst. Ég trúi því ekki að það sé af ásetningi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá hefur hv. 2. þm. Vestf. sannað það að forseti gengur á bak orða sinna og þar við situr. En forseti vill hins vegar benda hv. þm. og þingheimi á að mál sem heitir „Frestun á fundum Alþingis" er venjulegt mál þegar komið er að starfslokum. Það er nú bara svo einfalt. En forseti getur alveg risið undir því að hafa gengið á bak orða sinna og ekki staðið við það sem hún sagði hér sem svar við fyrirspurn hv. 4. þm. Norðurl. v. og verður þá bara að taka því að vera ómerk orða sinna.

Almannatryggingar, 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 587. mál (endurgreiðsla kostnaðar við læknishjálp og lyf). — Þskj. 1148.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íbúðaverð á landsbyggðinni, frh. síðari umr.

Þáltill. EKG o.fl., 139. mál. — Þskj. 160, nál. 1154.

Kristinn H. Gunnarsson (frh.):

Virðulegur forseti. Ég frestaði ræðu minni hér fyrr í vikunni þar sem ég óskaði eftir að hæstv. félmrh. yrði viðstödd þar sem ég þarf að leggja fyrir hana fyrirspurn. Ég sé nú ekki ráðherrann í salnum, forseti. (**Forseti:** Ráðherra hefur gert viðvart og kemur væntanlega í salinn innan tíðar.)

Tillgr. er í tveimur setningum. Sú fyrri er:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er leiti leiða til þess að efla almennan íbúðamarkað á landsbyggðinni.“ Undir þessa setningu get ég heils hugar tekið. Það er öllum ljóst sem fylgst hafa með þessum málum að verð á almennu íbúðarhúsnæði á landsbyggðinni hefur víða mjög farið lækkandi og sums staðar nánast hrunið allt frá því að gripið var til harkalegra efnahagsaðgerða í maímánuði 1983 en það er sá vendipunktur sem hefur reynst hvað örlagaríkastur í mörgum byggðarlögum hvað varðar þróun á íbúðaverði á almennum markaði.

Síðari setningin er meira umhugsunarefni en þar segir, með leyfi forseta: „Nefndinni verði sérstaklega gert að skoða hver áhrif lög og reglur um félagslegt íbúðahúsnæði hafi á stöðu íbúðamarkaðarins.“

Eins og sjá má af nál. hef ég skrifað undir að þetta verði samþykkt, kannski með öðru hugarfari en margur annar sem skrifar undir. Ég er sannfærður um það að uppbygging á félagslegu íbúðarhúsnæði á landsbyggðinni hafi ekki verið þrándur í götu verðlags á íbúðum á almennum markaði. Hins vegar kemur eftirfarandi það fram í greinargerð sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi forseta:

„Á sama tíma og auknar þrengingar hafa orðið á almenna íbúðamarkaðinum á landsbyggðinni hefur hlutur félagslegs íbúðarhúnæðis aukist. Það gefur auga leið að sú þróun hlýtur að hafa sitt að segja um stöðu hins almenna íbúðamarkaðar á landsbyggðinni. Víða um land háttar nefnilega svo til að íbúum fjölgar ekki, jafnvel fækkar, á sama tíma og íbúðum innan hins félagslega íbúðakerfis fjölgar. Því er augljóst að þar þrengir mjög að hinum almenna íbúðamarkaði“.

Í þessum texta má glögglega sjá þann skilning að það sé uppbyggingu síðustu ára á félagslega íbúðarhúsnæðinu að kenna, að einhverju leyti a.m.k., að verð á almennum íbúðamarkaði hefur lækkað. Ég vil minna á það að hæstv. félmrh. hefur stært sig mjög af því að á undanförnum árum í tíð hennar sem ráðherra hafi uppbygging íbúðarhúsnæðis í félagslega kerfinu stóraukist, m.a. á landsbyggðinni. Og ég vil því spyrja hæstv. félmrh. hvort hann sé sammála því að átak það í uppbyggingu félagslegs íbúðarhúsnæðis á síðustu árum, sem ráðherrann talar um, hafi orðið til þess að skaða stórlega íbúðareigendur á almenna markaðnum á landsbyggðinni. Ég tel nauðsynlegt að fá svör við þessu til þess að fyrir liggi afstaða félmrh. til þessara fullyrðinga í greinargerð með þáltill. Ég er ósammála þessu en ég tel rétt að þetta verði kannað þannig að þeir sem halda öðru fram komist að sömu niðurstöðu og ég. Þess vegna skrifa ég undir síðari setninguna í þáltill. í þeirri vissu. En ég tel nauðsynlegt að hæstv. félmrh. svari því hvort hún er sammála þingmanni úr stjórnarliðinu sem er með þessari tillgr. að vega að heiðri félmrh. liggur mér við að segja sem hefur lagt svo mikið upp úr því sem afreki af sinni hálfu að hafa komið því í framkvæmd að uppbygging á félagslegu íbúðarhúsnæði á undanförnum árum hafi farið stórlega vaxandi.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé ekki rétt að kenna uppbyggingu félagslega kerfisins um það að verð á íbúðum á almennum markaði á landsbyggðinni sé lágt. Ég held að það eigi sér miklu fremur aðra skýringu, að íbúðafjárfestingar eru áhættusamari á landsbyggðinni og þar veldur þróun atvinnulífs og afkoma íbúanna er oft sveiflukennd. Ég tel því að áhrif þess séu mun meira afgerandi á fasteignaverð á landsbyggðinni en á þéttbýlisstöðum. Og ég er reyndar þeirrar skoðunar að ef ekki hefði komið til öflug uppbygging á félagslega kerfinu, þá hefði lítið orðið um nýbyggingar úti á landi á sl. árum. Hitt er svo annað mál að ég hef lagt áherslu á það og ég tel að húsnæðismálastjórn hafi einnig lagt áherslu á þá stefnu að þar sem framboð er nægjanlegt á íbúðum á hinum ýmsu stöðum úti á landinu, þá verði leitast við að í stað nýbygginga verði keyptar íbúðir inn í félagslega kerfið, þ.e. notaðar íbúðir í stað nýbygginga og ég tel að slíkt sé rétt stefna og reyndar hefur verið mörkuð sú stefna að leitast við að a.m.k. 20% íbúða sem úthlutað er gangi til notaðra íbúða og það held ég að leiði til þess að jafna það sem hér er um talað, þ.e. lágt verð á íbúðarhúsnæði sums staðar úti á landsbyggðinni.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er engin þörf að orðlengja þessa umræðu en þar sem ég er 1. flm. að þessari þáltill., eins og ég vil vekja sérstaka athygli á, ásamt þremur öðrum þingmönnum úr jafnmörgum stjórnmálaflokkum víðs vegar að af landinu og ég hygg að um þetta mál sé býsna mikil samstaða sem m.a. kemur fram í því að hv. félmn. mælir einróma með samþykkt þessarar þáltill., þá vil ég aðeins segja það sem hér kemur fram í greinargerðinni og er mín skoðun og ég vil leyfa mér að lesa það, með leyfi hæstv. forseta:

„Á sama tíma og auknar þrengingar hafa orðið á almenna íbúðamarkaðnum á landsbyggðinni hefur hlut-

ur félagslegs íbúðarhúsnæðis aukist. Það gefur auga leið að sú þróun hlýtur að hafa sitt að segja um stöðu hins almenna íbúðamarkaðar á landsbyggðinni. Víða um land háttar nefnilega svo til að íbúum fjölgar ekki, jafnvel fækkar, á sama tíma og íbúðum innan hins félagslega íbúðakerfis fjölgar. Því er augljóst að þar þrengir mjög að hinum almenna íbúðamarkaði."

Það sem hér er verið að vekja athygli á er sú einfalda tölulega staðreynd að víða um land fjölgar fólki ekki. Af þeim sökum stækkar íbúðamarkaðurinn ekki. Hins vegar er sú þróun áberandi, sem ég er í sjálfu sér ekkert að gera athugasemdir við, að hlutur félagslegs íbúðarhúsnæðis er vaxandi og þegar þær aðstæður eru uppi að íbúðamarkaðurinn er ekki að stækka í heild sinni og hlutur hins félagslega íbúðakerfis fer vaxandi, þá er það auðvitað þannig. Þetta er ekki bara spurning um samlagningu og frádrátt, það er einfaldlega þannig að hinn almenni íbúðamarkaður minnkar og með þeim hætti vil ég halda því fram að það sé augljóst mál að þessi þróun sem ég var hér að lýsa hafi augljós áhrif á stöðu íbúðamarkaðarins á landsbyggðinni. Þessi þáltill. var sett fram vegna þess að ég gerði mér að sjálfsögðu grein fyrir því að þetta mál er býsna flókið og á sér margar hliðar og það þarf auðvitað að ræða það og skoða mjög ítarlega. Þess vegna var ekki sá kostur tekinn að fella dóm í sjálfri þáltill. heldur hið gagnstæða að vekja athygli á þessum þætti íbúðamarkaðarins á landsbyggðinni og óska eftir því að á þeim þætti færi fram sérstök skoðun. Og ég efast ekki um eins og fram hefur komið í þeirri miklu samstöðu sem birtist í afgreiðslu félmn. að um þetta geti menn tekið saman höndum um vegna þess að það er auðvitað aðalatriði þessa máls. Það er auðvitað ólíðandi hvernig komið er með íbúðamarkaðinn úti á landsbyggðinni svo víða. Auðvitað er það þannig. Það gefur auga leið. Það eru hinir sjálfsögðu hlutir sem ekki þarf að orðlengja um heldur að staða atvinnulífsins og ýmsir aðrir þættir hafa áhrif á íbúðaverðið og íbúðamarkaðinn á landsbyggðinni. Það þurfum við alls ekki að ræða um og alls ekki að rífast um. En hér er auðvitað hins vegar um að ræða afmarkaðan þátt sem líka skiptir máli og þess vegna er það skoðun þeirra sem að þessu máli standa, bæði flm. og nefndarmanna í hv. félmn., að það sé eðlilegt að ríkisstjórninni sé falið að skipa nefnd er leiti leiða til þess að efla almennan íbúðamarkað á landsbyggðinni. Hér er sagt almennum orðum að sérstaklega verði skoðað hver áhrif lög og reglur um félagslegt íbúðarhúsnæði hafi á stöðu íbúðamarkaðarins. Við skulum ekkert gefa okkur það fyrir fram til hvers þessi athugun muni leiða því að ef við gætum gefið okkur það fyrir fram, ég eða einhverjir aðrir hv. þm., þá værum við að segja auðvitað að þáltill. væri óþörf, að þessi rannsókn þyrfti ekki að fara fram vegna þess að við vissum niðurstöðuna fyrir fram. Þess vegna skulum við ekki hrapa að neinu dómum í þessum efnum heldur einungis láta þessa athugun fara fram og ræða þau mál, niðurstöður þeirrar athugunar þegar hún liggur fyrir og ég vænti þess að það verði fyrr en síðar.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í framhaldi af ræðu hv. 3. þm. Vestf. spyrja hann að því hvað beri að gera á þeim stöðum þar sem íbúum fækkar. Á ekki að bæta við nýjum úthlutunum á þá staði á heimildum til að byggja eða kaupa í félagslega íbúðakerfinu? Ef það er svo að fækkun á fólki samhliða aukningu á félagslegu íbúðarhúsnæði hafi slæm áhrif á almenna íbúðamarkaðinn, þá hlýtur hin rökrétta niðurstaða að vera sú að þar sem fólki fækkar, þar eigi ekki að úthluta heimildum því að það vegi að almenna íbúðamarkaðnum því að það eru færri kaupendur og ef hluti af þeim, enn færri kaupendur, fer í félagslega íbúðakerfið, þá fækkar kaupendum enn á almenna íbúðamarkaðinum. Þannig skil ég þá röksemdir hv. 3. þm. Vestf. og minni hann á það í leiðinni að það liggja fyrir umsóknir um allmargar heimildir í félagslega íbúðakerfið frá kaupstöðunum tveimur á Vestfjörðum þar sem fólki hefur ekkert fjölgað undanfarin 10 ár eða svo heldur fremur fækkað. Er það þá niðurstaða hans að húsnæðismálastjórn og síðar hæstv. ráðherra þegar hann fær valdið eigi ekki að úthluta heimildum á það svæði?

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ákvörðun um það hvenær eigi að sinna umsóknum um félagslegt íbúðakerfi hefur auðvitað sínar sjálfstæðu forsendur og forsendurnar eru auðvitað þær að ef þörf er á slíku húsnæði til þess að uppfylla þarfir þess fólks sem vill eignast húsnæði í gegnum það kerfi og uppfyllir þær kröfur sem til þess eru gerðar í reglum og lögum Húsnæðisstofnunar þá ber auðvitað að úthluta því hvert á land sem er með hliðsjón fyrst og fremst af þessum þörfum. Það er auðvitað augljóst mál og um það er enginn ágreiningur og það kom mjög rækilega fram við fyrri umræðu þessa máls að um þetta er enginn ágreiningur. Það eru allir sammála um þetta. Það breytir hins vegar ekki því að það sem er að verða mjög alvarlegt úti á landi er staða hinna almennu íbúðareigenda og ég veit að við hv. 5. þm. Vestf. erum sammála um það. Og það er ekki einkaskoðun mín eða einkaskoðun fjögurra flm. þessarar þáltill. að þetta sé mikið áhyggjuefni. Þvert á móti, eins og ég rakti m.a. í þeim umræðum, hafa einmitt mjög margir lýst áhyggjum sínum út af þessu máli og ég tel að þær jákvæðu umsagnir sem þetta mál fékk nánast undantekningarlaust m.a. frá kaupstöðunum vítt og breitt um landið, líka þeim kaupstöðum þar sem íbúum hefur fækkað og verið er að sækja um félagslegar íbúðir sanni það. Allir þessir aðilar voru afar jákvæðir, töldu nauðsynlegt að varpa betra ljósi á þetta, sýna stöðuna í heild sinni og ég held að menn megi ekki falla í þá gryfju að reyna að tala um þessi mál með þeim hætti að þegar við viljum skoða sérstaklega hlut þess fólks, þess mikla hóps úti á landi sem býr í sínu íbúðarhúsnæði, hefur ekki farið í gegnum félagslega íbúðakerfið, þá sé talað um það með einhverjum þeim hætti að það sé verið að vega með einhverjum hætti að grunni hins félagslega íbúðakerfisins því það er ekki verið að gera.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nú fagna þeirri skoðun hv. 3. þm. Vestf. að úthluta eigi heimildum eftir þörf. Það er auðvitað grundvallaratriði í félagslega kerfinu að menn mæli þörfina og mæti henni hvar svo sem hún er. Þá stendur einungis eftir sú spurning hvort það sé skoðun flm. að félagslega íbúðakerfið hafi verið misnotað og það sé þess vegna sem hann leggi til að lög og reglugerðir verði skoðaðar um það mál. Ef hann er ekki þeirrar skoðunar, þá stendur bara eftir sú niðurstaða að íbúðalánakerfið fyrir almenna markaðinn hefur brugðist landsbyggðinni og ég get nokkuð tekið undir það. En ef skoðuð er dreifing útlána í húsnæðiskerfinu, þá er hlutur landsbyggðarinnar ákaflega rýr í því og höfuðborgarsvæðið sópar til sín nánast obbanum af öllum þessum milljörðum sem er dælt út í það kerfi frá því að það var stofnað. Það er ekki landsbyggðarvinsamlegt lánakerfi, því miður, og hitt, virðulegi forseti, sem átti að vera sérstakt bjargráð landsbyggðarinnar, almenna kaupleigukerfið, hefur brugðist líka. Húsnæðismálastjórn hefur sérstaklega óskað eftir tiltekinni breytingu á því kerfi til þess að almennar kaupleiguíbúðir geti verið vænlegur kostur úti á landi, en hv. 3. þm. Vestf. felldi þá tillögu hér um daginn.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að þetta sé ekki rétt að þetta mál snúist um það hvort félagslega íbúðakerfið hafi verið misnotað eða ekki. Það er ekki kjarni þessa máls. Ég hef ekkert farið ofan í þau mál. Ég hef enga sérstaka ástæðu til þess að ætla að það hafi verið misnotað. Ég hef ekkert kynnt mér það og ég hef enga ástæðu til að ætla að það hafi verið misnotað og það er ekki það sem þetta mál snýst um að einu eða öðru leyti. Það sem þetta mál snýst um er ósköp einfaldlega að það er þannig úti á landi eins og menn vita og m.a. hv. 5. þm. Vestf. jafn vel og ég a.m.k., þá er sú staða uppi eins og hér kemur fram í greinargerð þáltill. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem fólk á einhverja völ í því efni kýs það frekar að kaupa íbúðir í félagslega íbúðakerfinu á landsbyggðinni. Ástæðan er einföld. Á sveitarfélögunum hvílir sú kvöð að leysa til sín slíkar íbúðir á verðbættu stofnverði. Fólk sem á þann kost að eignast þannig húsnæði býr því við öryggi sem eigendur almenns íbúðarhúsnæðis geta ekki einu sinni látið sig dreyma um. Við þær aðstæður sem nú ríkja á landsbyggðinni er það því ofur skiljanlegt að fólk kjósi fremur öryggi hins félagslega íbúðakerfis en hið fullkomna öryggisleysi almenna íbúðamarkaðarins."

Þetta eru ábendingar sem ég hef komið hér fram með í greinargerðinni og ég tel að séu fullkomlega réttmætar. Og ég hef orðið mjög var við það að þetta er ekki einkaskoðun mín. Þetta er skoðun ekki síst þess fólks sem úti á landi býr og býr við þessar aðstæður sem við hv. 5. þm. Vestf. þekkjum afskaplega vel og þess vegna vil ég vara mjög eindregið við því að menn séu að reyna að stilla þessu upp einhvern veginn þannig að allar athugasemdir sem falla að því að skoða sérstaklega hlut og hag þess fólks sem býr við hið almenna íbúðalánakerfi, það sé á einhvern hátt eitthvert tilræði við félagslega íbúðakerfið. Því fer svo víðs fjarri, það er svo fráleitt og það er ekki hugsunin eins og margoft hefur komið fram. Og hér er verið að fara fram á athugun, skoðun á þessu máli og ég trúi ekki öðru en menn séu sammála um það og geti sammælst um það að það sé nauðsynlegt að fá niðurstöðu í þetta mál til þess að menn geti rætt þetta út frá fullkomnum staðreyndum en ekki vangaveltum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtaka ríkisstofnana, síðari umr.

Þáltill. JÁ, 158. mál. — Þskj. 180, nál. 1182, brtt. 1183.

Frsm. efh.- og viðskn. (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég geri grein fyrir nál. efh.- og viðskn. um till. til þál. um aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana. Nál. sem er á þskj. 1182 er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund frá fjmrn. Indriða H. Þorlákssson skrifstofustjóra og Snorra Olsen deildarstjóra. Umsagnir bárust frá ASÍ, BHMR, BSRB, fjmrn., Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands, Verslunarráði Íslands og Vélstjórafélagi Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt þáltill. með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingar eru orðalagsbreytingar sem miða að því að gera orðalag hennar skýrara."

Undir þetta rita allir nefndarmenn í efh.- og viðskmn. Brtt. sem er á þskj. 1183 er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana.

Markmið endurskoðunarinnar verði að gera skýran greinarmun á skattheimtu og gjaldtöku fyrir veitta þjónustu sem hið opinbera ákveður að innheimta. Skal við það miðað að þjónustugjöld, sem eru innheimt vegna tiltekinnar þjónustu, séu metin sem hlutdeild í þeim kostnaði sem af þjónustunni hlýst eða hluti þess kostnaðar en aldrei hærri.

Ákveði hið opinbera að leggja gjald á tiltekna þjónustu umfram kostnaðinn við að veita hana skal koma skýrt fram við innheimtu hve há slík skattlagning er."

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil þakka hv. nefnd fyrir að hafa brugðist vel við og afgreitt þetta mál. Ég held að þarna sé á ferðinni mál sem sé ástæða til þess að verði fylgt eftir, að það verði unnið eftir þessari tillögu. Það er mikið réttlætismál að ríkið hætti

að notfæra sér ýmsa tekjumöguleika með þeim hætti sem það gerir og það verði gerður skýr greinarmunur á sköttum og þjónustugjöldum, að tekin verði til endurskoðunar sú stefna sem hefur verið árum saman hjá opinberum aðilum að það sé jafnvel hægt að ná sér í aukatekjur með þeim hætti að ákveða þjónustugjöld miklu hærri heldur en þjónustan gefur tilefni til. Og það er þetta sem þarf að skoða og nú vona ég að af því verði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, 2. umr.

Frv. EH og MB, 127. mál. — Þskj. 147, nál. 1184.

Frsm. efh.- og viðskn. (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég kynni hér nál. á þskj. 1184 um frv. til laga um lánskjör og ávöxtun sparifjár.

„Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund frá fjmrn. Indriða H. Þorlákssson skrifstofustjóra og Snorra Olsen deildarstjóra. Umsagnir bárust frá BHMR, Neytendasamtökunum, Seðlabanka Íslands og Verslunarráði Íslands.

Nefndin leggur til að í ljósi þeirrar yfirlýsingar um að væntanlegt sé stjfrv. um verðtryggingu fjárskuldbindinga verði málinu vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir þetta nál. rita allir nefndarmenn í efh.- og viðskn.

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka nefndinni fyrir afgreiðslu málsins en ég neita því nú ekki að ég hefði viljað sjá hana taka skörulegar á, en það er ekki við hv. frsm. að sakast. Formaður nefndarinnar er ekki mættur hér, sjálfur höfuðtalsmaður Verslunarráðsins, ég sé hann mælir ekki fyrir álitinu. Ég hefði viljað sjá að við stæðum hér frammi fyrir atkvæðagreiðslu af eða á um lánskjaravísitöluna en því er nú ekki að heilsa. Hvernig stendur á því að hv. alþm. eru alltaf tilbúnir að taka af verðtryggingu á kaup, stöðva það, meira að segja á láglaunamanninum? Hann má ekki fá verðtryggingu á sitt lága kaup. En peningarnir þurfa alltaf að halda verðtryggingunni.

Örfáar staðreyndir í viðbót. Finnar stóðu frammi fyrir sams konar vanda og við á sjöunda ártugnum. Þeir töldu óhjákvæmilegt að afnema vísitölu kaupgjalds og gerðu það. En stjórnmálamenn þar í landi voru á einu máli um það að ekki fengi staðist að verðtryggja fjárskuldbindingar en ekki vinnulaun þeirra sem borga eiga skuldirnar. Það var talið siðlaust. Þeir afnámu því sína lánskjaravísitölu líka. Það var ekki gert hér og vaknar spurningin: Gildir annað siðgæðismat hjá okkur en Finnum?

Um ummæli þeirra sem efh.- og viðskn. leitaði til er fátt eitt að segja, enda furðu einlitt. Afstaða Seðlabankans er kunn frá byrjun, enda var verðtrygging upp tekin að frumkvæði Jóhannesar Nordals sem þrýsti mjög á Ólaf Jóhannesson á sínum tíma. (**SJS:** Þetta er eftir Jóni Sigurðssyni.) Út af frammíkalli hv. þm. má nefna hæstv. viðskrh., hann er nú ekki hér mættur.

Seðlabankinn fékk árið 1990, og það er vert að gera sér grein fyrir því, áminningu frá Alþjóðabankanum vegna lánskjaravísitölunnar en henni var stungið undir stól. Verslunarráðið telur óverðtryggð lán dýrust. Því miður er Verslunarráðið ekki viðstatt í þinginu í dag. Það er vegna þess að bankar eru sífellt að hækka vexti af þeim svo að þeir verði ekki lægri en af verðtryggðum lánum. Þetta er dæmi um samkeppni upp á við sem svo er kölluð. Það er samkeppni sem leið til hækkana. Rót vandans er verðtryggingin sjálf sem veldur stöðugum hreyfingum vaxta. Hið virta breska blað Economist telur samkvæmt umfjöllun Morgunblaðsins 16. apríl að breytilegir vextir torveldi baráttuna gegn verðbólgu. Þeir hafa gert gott betur hér þar sem þeir hafa beinlínis valdið óðaverðbólgu. Á tímabilinu 1982 þegar full verðtrygging var tekin upp til loka áratugsins fimmtánfölduðust verðtryggðar skuldir landsmanna. Þjóðarsátt við launþega 1990 stöðvaði þennan hrunadans en hve lengi stendur þjóðarsáttin? Að gera frjálst að semja um verðtryggingu er vissulega aðeins skollaleikur. Þeir sem peningana hafa, bankar og sparisjóðir, ráða einir lánskjörunum. Hinir hafa ekkert að segja. Frv. í þá veru sem hæstv. viðskrh. hefur boðað að kæmi fram boðar því óbreytt ástand. Það er mikil dirfska að ég segi ekki bíræfni eftir þá reynslu sem við höfum haft af verðtryggingu, skuldauppsöfnun sem fyrirtæki og heimili bera ekki, fjöldagjaldþrot, milljarðar kr. í vanskil í lánastofnunum, kreppa og atvinnuleysi. Þetta eru afleiðingarnar.

Að lokum. Hvers vegna leitar efh.- og viðskn. alltaf umsagnar hjá sömu aðilum, sérhagsmunununum? Hví ekki að fá álitsgerð óvilhallra sérfræðinga í peningamálum?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er kannski rétt vegna athugasemda um fjarveru formanns efh.- og viðskn. að forseti upplýsi að henni var kunnugt um ástæðurnar fyrir því að formaðurinn gat ekki verið hér á þessu augnabliki og mælt fyrir málum og það er verið að reyna að tefja ekki framgang mála samkvæmt dagskránni. Niðurstaðan var því sú að annar nefndarmaður mælti fyrir þessu nál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir á botndýrum við Ísland, fyrri umr.

Þáltill. sjútvn., 594. mál. — Þskj. 1189.

Frsm. sjútvn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Hv. sjútvn. hefur fjallað um þrjár þáltill. sem allar varða rannsóknir eða nýtingu botndýra og hún hefur í framhaldi af því orðið sammála um

að flytja svohljóðandi till. til þál. um rannsóknir á botndýrum við Ísland:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta Hafrannsóknastofnun vinna að áætlun um frekari rannsóknir á botndýrum við Ísland með megináherslu á tegundir sem vænlegar eru til nýtingar.

Áætlunin skipi rannsóknarsvæðum í forgangsröð og áætli fjárþörf rannsóknanna. Meta skal hversu mikinn hluta rannsóknanna megi vinna í samvinnu við útgerðarmenn og fyrirtæki sem þegar nýta botndýr.

Tilgangur rannsóknanna verði m.a. að leita nýrra miða og meta veiðiþol stofna. Jafnframt verði gerðar tillögur um hvernig best verði staðið að ráðgjöf og stuðningi við þróun og vinnslu á vannýttum botndýrum og markaðssetningu afurðanna."

Þessi tillaga, virðulegi forseti, er eins og ég sagði fyrr byggð á þremur þáltill. sem komu til umfjöllunar nefndarinnar. Þessar tillögur voru í fyrsta lagi tillaga um rannsóknir á botndýrum í Breiðafirði sem var 108. mál þingsins, jafnframt tillaga um könnun á nýtingu ígulkera sem er 358. mál þingsins og í þriðja lagi tillaga um stuðning við tilraunaveiðar og þróun veiðarfæra vegna veiða á ígulkerum sem var 393. mál þingsins.

Við gerð tillögunnar var jafnframt höfð hliðsjón af upplýsingum sem nefndin heyjaði þegar hún heimsótti Hafrannsóknastofnun í mars sl. til þess m.a. að ræða rannsóknir af þessu tagi. Jafnframt komu forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar ásamt sérfræðingi sínum til ráðagerða við nefndina. Nefndarmenn eru sammála um að það sé mjög brýnt að leggja áherslu á rannsóknir á tegundum sem eru þegar nýttar, hörpudisk og ígulkerum og jafnframt að afla áreiðanlegrar vitneskju um útbreiðslusvæði og veiðiþol botndýrastofna.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að rannsóknir á botndýrum við Ísland eru komnar frekar skammt á veg en það er þó ljóst að frekari auðlindir eru á boti hafsins sem hægt er að nýta. Ég bendi sérstaklega á það að á þessum vetri hafa menn á tveimur stöðum á landinu hafið nýtingu ígulkera, en það hefur komið í ljós að menn vita lítt um útbreiðslu þeirra tveggja tegunda sem koma þar til álita þó einungis önnur sé nýtt og má minna á það að fyrir skömmu tók til starfa á Suðurnesjum fyrirtæki sem hefur 40–50 manns í vinnu og nýtir ígulker sem það lætur veiða fyrir sig í þremur fjórðungum. Og í samtölum við forsvarsmenn þess fyrirtækis kom það fram að það væri mjög brýnt að hægt væri að kortleggja hvar hægt er að fá ígulker til vinnslu. Sú tegund er þannig að hrygningartími hennar er breytilegur eftir hitastigi og reyndar líka daglengd og þess vegna er hrygningartími örlítið mismunandi eftir því hvar er við landið. Nú er til að mynda að fara sá tími í hönd í Breiðafirði þar sem aðaluppspretta tegundarinnar er að hrygning verður senn afstaðin. Þá er ekki hægt að fá þar ígulker til útflutnings fyrr en sennilega í ágúst aftur. Þannig er brýnt að fá vitneskju um það, virðulegi forseti, með hvaða hætti er hægt að nýta mismunandi stofna við landið til þess að hafa sem jafnast framboð á hrognum.

Þess er líka að geta að þingmenn hafa áður sýnt þessu máli drjúgan áhuga og má þar sérstaklega minna á þáltill. sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson flutti fyrir einhverjum árum, fyrir mína tíð, og var raunar samþykkt og öllum ber saman um að hafi verið hið þarfasta mál, enda hefur þingmaðurinn löngum sýnt þessum málum mikinn áhuga. Mér er jafnframt tjáð það að í kjölfar þessarar þáltill. hafi ekki verið nægileg áhersla af hálfu þingsins né framkvæmdarvaldsins að hrinda henni í framkvæmd. Það er rétt að fram komi að í umræðum í sjútvn. var einmitt drepið á þessa tillögu og ég vænti þess að með samþykkt þeirrar tillögu sem hér liggur fyrir þá megi ýta með nægilega röskum hætti við framkvæmdarvaldinu til að menn loksins vindi sér í þessar mjög svo brýnu rannsóknir.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þessari tillögu verði vísað til síðari umræðu.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Í máli hv. formanns sjútvn. og frsm. fyrir þessari tillögu kom fram að hér fyrir einhverjum árum mundi hafa verið samþykkt tillaga um skyld efni og ég held að það sé nauðsynlegt, virðulegi forseti, að ég aðeins upplýsi um það og tengi það aðeins við þetta mál því það er satt að segja ekki alveg á réttum stað að Alþingi sé að þvæla í málum árum saman í óvissu um það hvað gert hefur verið á vegum þingsins. Mér finnst að þær tillögur allar þrjár sem hér eru undirstaða fyrir þessu máli tengist þeirri ályktun sem Alþingi gerði 24. feb. 1987 samhljóða og það er rétt, virðulegi forseti, að ég kynni hana.

Ég er að vísu með þáltill., ég held að það hafi aðeins einu atriði verið breytt og ég leyfi mér með þeim fyrirvara að lesa það hér úr þingmáli:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir að fram fari skipulegar rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnslóð og kortlagning slíkra miða til að auðvelda veiðar, ekki síst innfjarða.

Gerð verði áætlun um þetta verkefni með það í huga að ljúka slíkum yfirlitsrannsóknum á næstu fimm árum og til þess verði veitt sérstakt fjármagn úr ríkissjóði ..."

Í tillögunni var gert ráð fyrir í fyrsta sinn á fjárlögum 1987, ég held að það hafi ekki verið sett af kurteisi við fjárveitinganefnd.

Í haust, snemma á þingi, beindi ég fsp. til hæstv. sjútvrh. um rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnsævi með sérstöku tilliti til þessarar þál. og það liggur fyrir á þskj. 294 á þessu þingi, svar hæstv. ráðherra, allítarlegt með fskj. upp á 18 síður við þessari fsp. Þar kemur fram m.a., virðulegur forseti, að í samræmi við þál. fól sjútvrn. Hafrannsóknastofnun 3. mars 1987 að gera fimm ára áætlun um skipulegar rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnslóð og kortlagningu slíkra miða ásamt kostnaðaráætlun þar um. Á vegum Hafrannsóknastofnunar var slík áætlun unnin ásamt kostnaðaráætlun fyrir fyrsta árið af fimm og fylgir hún hér með á fskj. Í þáltill. var tekið fram að rannsóknir skyldu fjármagnaðar sérstaklega. Í fjárlagatillögum stofnunarinnar og ráðuneytisins fyrir árið 1988 var í samræmi við þáltill. óskað eftir nýrri stöðu-

heimild fyrir náttúrufræðing til rannsókna á vannýttum hryggleysingjum. Fjmrn. féllst ekki á beiðni þessa. — Hver ætli hafi verið fjmrh. þá? — Var málið þá tekið upp við fjárveitinganefnd á haustmánuðum 1987 en fékk ekki úrlausn. Sérstök fjármögnun til þessa verkefnis hefur því ekki fengist. Þrátt fyrir það hefur Hafrannsóknastofnun reynt að stunda hluta þessarar rannsóknar eftir því sem þröng fjárráð hafa leyft. Síðan kemur yfirlit yfir viðleitni stofnunarinnar til þess. Væri fróðlegt fyrir flm. þessara tillagna, ekki síst fyrir sjútvn., að kynna sér það sem þar kemur fram. Í svarinu er bent á það verkefni sem unnið er að í norrænni samvinnu og lýtur stjórn umhvrn. en um það verkefni, sem varðar einmitt tegundafjölbreytni, magn og útbreiðslu botndýra á íslenska hafsvæðinu, segir að þessi rannsókn mun þó ekki veita upplýsingar um stofnstærð hugsanlegra nytjastofna í framtíðinni nema að mjög litlu leyti. Þannig að það leysir ekki þann vanda sem hér blasir við.

Um svipað leyti, það mun hafa verið vorið 1988, þinginu seinna, fékk ég samþykkt á Alþingi tillögu svohljóðandi, virðulegur forseti, þann 11. maí 1988:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að efla starfsemi Hafrannsóknastofnunar á grundvelli áætlunar stofnunarinnar um haf- og fiskirannsóknir 1988–1992. Einkum skal við það miðað að gera stofnuninni mögulegt að auka rannsóknir á vistkerfi íslenska hafsvæðisins og eldi sjávarlífvera."

Þetta var samþykkt á Alþingi. Ég gekk eftir því hverjar efndirnar væru og það er ekki mjög auðvelt að lesa út úr svari hæstv. sjútvrh. frá því í haust um það efni því framlög eru þar metin á fjárlögum hvers árs en það er vísað til að í einstaka þætti hafi verið veitt fjármagn, t.d. til að efla starfsemi tölvudeildar. Síðan er það verkefnið sem varðaði auknar rannsóknir á hryggningu og klaki þorsksins þar sem óskað var eftir um 10 millj. kr. á yfirstandandi fjárlögum og fjárln. sinnti ekki málinu. Ég flutti hér tvær tillögur við afgreiðslu fjárlaga, fyrst um 10 millj., síðan um 5 millj., og þetta var kolfellt af stjórnarliðinu, ég man nú ekki hvernig atkvæði féllu hjá hv. þingflokksformanni Alþfl., en alla vega nægði þessi tillaga ekki til að fá eyri í þetta verkefni í gegnum fjárlög þessa árs.

Ég bið hv. alþm. að reyna að skoða þessi mál í einhverju samhengi og vera ekki að dreifa hér pappír og stilla þinginu frammi fyrir samþykktum, endurteknigu á samþykktum sem liggja fyrir af hálfu þingsins þó auðvitað ætli ég ekki að hafa á móti því að menn geri slíkt ef þeir telja að það friði samvisku þeirra. En það væri betra að menn sýndu eitthvað í verki hér í tengslum við fjárveitingar til þeirra verkefna sem varða undirstöðu okkar en vera ekki með sýndarmennsku af því tagi sem þessi tillöguflutningur ber vott um. Allar þrjár tillögurnar sem hreyft var hér af hv. þm. eru auðvitað góðra gjalda verðar. Þær snerta þetta verkefni sem hugmyndin var að yrði tekið á heildstætt af Hafrannsóknastofnun samkvæmt áætlun og með fjármagni til nokkurra ára. Menn eru að kroppa í þetta um stuðning við tilraunaveiðar og þróun veiðarfæra vegna veiða á ígulkerum, um rannsóknir á botndýrum á Breiðafirði, könnun á nýtingu ígulkera. — Hv. formaður sjútvn., sem flytur tillögu þar um, væri ekki nær að ganga í verkin og reyna að tryggja það með þátttöku í ríkisstjórn og þeirri aðstöðu sem menn þar hafa, jafnvel sem þingflokksformenn, að komi fjármagn til þeirra verka sem Alþingi hefur lýst blessun sinni yfir og samþykkt ekki fyrir mjög löngu síðan? En ég ítreka það, virðulegur forseti, það skal ekki standa á stuðningi mínum við hvaðeina sem mætti þoka þessu máli áfram. Ef það er trú manna að þessi tillaga frá sjútvn. geri það þá ætla ég auðvitað ekki að fara að leggjast gegn henni.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Þetta mál lætur lítið yfir sér. Ég fullyrði þó að það er miklu merkilegra en kannski flest það sem hér hefur verið sagt um Evrópubandalagsmál og öll önnur samskipti okkar við útlendar þjóðir og gæslu okkar réttinda. Öllum þeim tíma sem hefur verið eytt í nytlausa, svo maður segi ekki meira, hluti, ónýta hluti í viðræðum við Evrópuþjóðirnar sem við höfum eytt öllu þessu þreki í sem við eigum víst að fá eitthvert frí frá um þessa helgi og fagna ég því.

Þessi tillaga fjallar sem sagt um rannsókn á botndýrum við Ísland. Það er rétt sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði að hann hefur beitt sér nokkuð í þessum málum og mikið raunar, eins og í mörgum þjóðþrifamálum öðrum, en það er einhvern veginn eins og menn vilji ekki skilja það hér að fullveldisréttinda Íslands er ekki gætt. Öðru nær. Í 76. gr. Hafréttarsáttmálans segir: Strandríkið beitir fullveldisréttindum yfir landgrunninu að því er varðar rannsóknir á því og hagnýtingu náttúruauðæfa þess. — Öllu landgrunninu. Við eigum 350 mílna landhelgi á Reykjanesi. Við eigum 600 mílna landhelgi suður í höf, allan Hatton-Rockall bankann sem er okkar megin við miðlínu frá Bretum og vorum fyrir nokkrum árum í samvinnu við Breta að hagnýta þessi svæði. Við eigum síðan hafsbotnsréttindi alveg norður á pól. Enginn má vera að því að hugsa um þetta. Ekki nokkur maður. Við Hjörleifur Guttormsson höfum kannski einstaka sinnum hresst okkur upp í það að segja að við ættum nú að fara að nota mestu auðæfi sem nokkurt ríki veraldarinnar á. Það er jafnvel gengið svo langt að það er verið að semja um einhver réttindi, um karfa eða einhver önnur sjávardýr, fyrir innan 200 mílurnar. Þetta horfum við upp á eins og þetta væri bara sjálfsagður hlutur. Tala við útlendinga um það sem við heimtum fyrir hálfum öðrum áratug eða svo, óskoraðar 200 mílur. En það er bara það að við eigum svo miklu, miklu meira heldur en þessar 200 mílur.

Tillaga þessi, sem ég tel mjög merka, hefst á því að Alþingi álykti að fela sjútvrh. að láta Hafrannsóknastofnun vinna áætlun um frekari rannsóknir á botndýrum við Ísland með megináherslu á tegundum sem vænleg eru til nýtingar.

Það vita allir menn sem vilja vita og allir fræðimenn náttúrlega gjörla að það eru gífurleg auðæfi í hafsbotninum sjálfum, alveg burt séð frá olíunni og þungmálmunum og þessu mangan sem eru mjög verð-

mætar kúlur sem verða til á hafsbotninum. Það er í botninum sjálfum og á honum og í snertingu við hann gífurleg auðæfi í fiski. Þann fisk eigum við að hagnýta og ýmiss konar skelfisk og dýr, ýmiss konar dýr sem eru svo til hreyfingarlaus eða hreyfa sig með snertingu við botninn. Ég er enginn fræðimaður á því sviði, *síður en svo, en ég hef hlustað á* — já, hér er einn ágætis fræðimaður á þessu sviði en hann hlustar bara ekki á í augnablikinu, ég ætla samt að hæla honum þó hann ekki heyri, að hann sé ágætur, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, fræðimaður á þessu sviði og er vís til þess að styrkja málstaðinn. Nú er komið svo að þeir tveir menn hér inni sem ég hefði haldið að væru áhugasamastir um þessi málefni, hafa báðir verið á tali meðan ég er að tala hér og eru að tala enn um annað. — Ég get svo sem endurtekið það sem ég sagði fyrir einni mínútu eða svo að jafnvel væri svo komið að þeir mennirnir sem hér inni hefðu mestan áhuga á þessum málum væru að tala og hlustuðu ekki. Ég er orðinn svo þreyttur á að tala þetta, ég held að maður geti svo sem alveg látið það vera í bili. Það koma þeir tímar auðvitað að menn sjá að þetta getur ekkert gengið. Það getur ekkert gengið að eyða hér dögum og nóttum, tímunum saman, mánuðum saman, ár eftir ár, í allra handanna gjörsamlega handónýta hluti, marga til þess að torvelda þjóðinni lífsbaráttuna eins og við þekkjum og Evrópubandalagsmálin öll sömul sem verið er að dengja út, óskapnaður, meira að segja málfræðilega eyðileggjandi tungu þjóðarinnar að sjá þessi ósköp sem verið er að dengja yfir okkur í endalausum umræðum og málfærslu sem ekkert gagn gera. Látum það nú vera að við borguðum alla þessa peninga og leyfðum þessu fólki að dunda við að reikna út þessi dæmi sín öll sömul í Evrópumálunum ef það brenndi þetta svo. Það þyrfti enginn að vera að angra sig á því að lesa þessi ósköp og reyna að fá einhvern samanburð í það hvað standi í þessum bæklingnum eða hinum, hvað þessi spekingurinn eða hinn hafi sagt. Við getum haldið ágætis bókabrennu og borgað fyrir hana. Við þurfum ekki annað en að fara út á Reykjaneshrygg, svona 300 mílur þangað og ná þar í botnlæga fiska og draga þá að landi á Íslandi. Við eigum flota til þess að gera það. Þó ég hafi ekki verið mikið á sjó, en var þó kokkur eitt sumar, þá væri ég alveg til í að fara í svona leiðangur og selja það sem fiskaðist og borga einhverjum fyrir að dútla áfram við þessa spekinga í kerfinu. Leyfa þeim að éta góðan fisk eða jafnvel krabba, alveg rándýr krabbadýr. (Forseti hringir.) En tíminn er búinn og það þarf auðvitað ekkert meira að segja. Það er allt í lagi þó tíminn sé búinn, en ég ætla að tala aftur þegar tækifæri gefst.

Frsm. sjútvn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það að manni hlýnar ævinlega um hjartaræturnar þegar hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson kemur og ræðir sín hugðarefni og undirstrikar þá framsýni sem hann hefur alltaf haft varðandi nýtingu hafsbotnsins og þau réttindi sem Íslendingar þurfa vitaskuld að gæta þar. Að öðru leyti vil ég þakka hlý orð hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar í minn garð. Ég held, áður en hann fer með stór orð um afstöðu einstakra þingmanna til tillagna hans um eflingu rannsókna á hrygningu þorskstofnsins þá ætti hann að kynna sér hvernig stjórnarliðar greiddu þar atkvæði. Það mætti kannski minna hann á yfirlýsingu sem ég gaf nokkrum nóttum áður heldur en kom til þeirrar atkvæðagreiðslu, einmitt hér í þingsölum. Að öðru leyti er það slæmt að hér hafi menn á síðasta áratug verið að samþykkja þáltill. sem ekki voru síðan framkvæmdar. Mér þykir það auðvitað vont að hér hafi verið samþykkt tillaga sem var mjög góð frá hv. þm. sem seinni ríkisstjórnir, þar á meðal ríkisstjórn sem hans eigin flokkur átti aðild að, sá sér ekki fært að framkvæma. En auðvitað má líta á þetta mál sem framhald á máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Hér eru menn enn að tosa sama ækinu fram og mér finnst að hann ætti að taka því örlítið mildara heldur en hann gerði. Í minni upphafsræðu gat ég þess að þingmaðurinn hefði einmitt flutt svipaða tillögu og það er rétt að það komi fram að innan hv. sjútvn. var það rætt að geta þessa framtaks þingmannsins einmitt í grg. Því miður þá féll það niður einungis vegna mistaka eins og starfsmaður nefndarinnar getur staðfest.

Það hefði auðvitað verið í lófa lagið að samþykkja þessar þrjár tillögur hverja í sínu lagi. Það komu fram óskir innan nefndarinnar um að það væri fremur gerð tillaga af þessum toga sem hér er til umræðu þar sem tekið væri á þessum málum í heildstæðara lagi og það er líka rétt að það komi fram að þetta var gert eftir samtöl við forsvarsmenn Hafrannsóknastofnunar sem voru áfram um að þessi tillaga kæmi fram og töldu að hún mundi styðja þeirra viðleitni.

Það er rétt líka að minna á það að ígulker og vinnsla þeirra hefur ekki verið með jafnsterkum hætti á dagskrá í íslensku atvinnulífi fyrr en á þessu ári. Það er að vísu rétt að fyrir 1985 og í kringum 1985 voru einstakir aðilar með rannsóknir á þeim á tveimur stöðum, jafnvel þremur stöðum á landinu.

Í dag er það svo að ígulkeravinnsla er ekki mjög fjármagnsfrek. Hún er mannaflsfrek, skapar mikla atvinnu og þeir menn sem hafa staðið í því að vinna hrogn úr ígulkerum til útflutnings kvarta sáran undan því hversu lítið er vitað um útbreiðslu tegundarinnar. Það er jafnframt þannig að sums staðar eru ígulker í mjög miklu magni en ekki nýtanleg af ákveðnum líffræðilegum orsökum sem ég veit að þingmanninum er fullkunnugt um. Það má geta þess að einmitt í kjördæmi hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar eru bátar núna farnir að veiða ígulker sem eru send með ærnum tilkostnaði suður á Reykjanes til vinnslu þar. Það vill svo til að þessi fyrirtæki hafa fullan hug á að efla vinnsluna þar, en kvarta undan því að lítið er vitað um útbreiðslu þessarar tegundar.

Ég hygg, virðulegi forseti, að það sé óþarfi að orðlengja þetta. Ég held að menn séu sammála um það að hér er um að ræða þarfa tillögu og af því að hv. formaður fjárln. er nú viðstaddur þessa umræðu og ég sé á því værðarlega brosi sem færist yfir hans fallegu varir að hann hefur fullan skilning á þessu máli og það má vænta þess að hann muni styðja okkur þingmenn í

að kría út æskilegt fjármagn til þessarar framkvæmdar og ég þakka honum fyrir þann stuðning sem hann sýnir hér með andlitslyftingum.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vona að hv. formaður fjárln. gangi ekki á dyr þó að hér sé komið upp til andsvara, en það mátti skilja að hér væri komin upp andstaða hjá formanni þingflokks Alþfl. við þá áætlun formanns fjárln. að setjast í ráðherrastól frá 1. júní líklega að telja þannig að þetta er út af fyrir sig merkilegt. (**ÖS:** Hvaðan hefur þingmaðurinn þessar upplýsingar?) Þetta eru alveg ferskar upplýsingar frá þessum morgni, að hv. formaður fjárln. ætli sér að setjast í ráðherrastól frá 1. júní. En það var nú ekki það sem ég ætlaði að ræða hér í andsvari, virðulegi forseti, heldur fyrst og fremst það að það er mikil nauðsyn á því að tekið sé heildstætt á málununum og mér finnst að það skorti kannski nokkuð á að það sé gert hér með þessari tillögu sjútvn. sem ég vil síður en svo lasta og ég þakka allan þann stuðning, einnig frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni við að þoka þessum málum fram.

Vegna þess að þingmaðurinn ræddi sérstaklega ígulker og hefur flutt tillögu þar að lútandi, þá vil ég bara rifja það upp að í þingmálinu sem var á bak við samþykkt Alþingis í febr. 1987 var einmitt sérstaklega vikið að ígulkerum með þessum hætti, virðulegi forseti. Það er örstutt. Ég bið formann sjútvn. að hlusta. (**ÖS:** Hann hlustar.) Já.

„Í hörpudisksplóga fæst oft talsvert af ígulkerum eða allt að 100–300 kg í stuttum togum. Hér er um tvær tegundir að ræða sem virðast a.m.k. víða algengar á 10–60 metra dýpi inni á fjörðum og flóum. Báðar þessar tegundir eru þekkt markaðsvara en mjög hátt verð er stundum í boði fyrir ígulkerahrogn, einkum á Japansmarkaði. Álitið er að veiða megi allt að fáeinum hundruðum tonna af ígulkerum hér við land með skelplógum og froskköfun þar sem dýpi er lítið og botn of harður fyrir veiðarfæri."

Þannig var hér listi yfir þá möguleika sem líffræðingar Hafrannsóknastofnunar sáu á þessum tíma og voru að baki þeirri samþykkt sem hér var rifjuð upp. En við skulum þá reyna að stíga á stokk hér, formaður þingflokks Alþfl. og formaður sjútvn., og reyna að tryggja það að það verði eitthvert fjármagn sem um munar til þessara mála á næstu fjárlögum og það er þar sem hlutirnir ráðast, það er á þeim vettvangi. Þar hefur sem stendur formaður sjútvn. eitthvað betri aðstöðu heldur en sá sem hér talar til þess að hafa áhrif á hlutina. Og jafnvel þó að svo færi að núv. formaður fjárln. settist í ráðherrastól, þá ætti það nú ekkert að versna aðstaðan, en hann er einmitt einn af flm. þessara mörgu ígulkeratillagna sem Alþfl. hefur borið fram á þinginu.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um rannsóknir á botndýrum við Ísland sem er frá sjútvn. Þessi tillaga er blanda úr þremur þáltill. sem voru lagðar fram á Alþingi. Í fyrsta lagi tillaga um rannsóknir á botndýrum í Breiðafirði sem ég var 1. flm. að og í öðru lagi tillaga um könnun á nýtingu ígulkera sem hv. formaður sjútvn. var 1. flm. að og síðan tillaga um stuðning við tilraunaveiðar og þróun veiðarfæra sem ég var 1. flm. að.

Ég get út af fyrir sig fallist á þessa niðurstöðu sjútvn. en það hafði valdið mér satt að segja nokkrum áhyggjum hversu það vafðist fyrir hv. þm. í sjútvn. að afgreiða þessa tillögu sem gerði ráð fyrir rannsóknum á botndýrum í Breiðafirði. Mér er ekki alveg ljóst hvers vegna það var og þess vegna var það út af fyrir sig mikið happ að ígulkeratillögurnar urðu til þess að hrinda af stað afgreiðslu þessa máls. Það kann vel að vera að það hafi verið m.a. vegna þess að 1. flm. annarrar þessarar tillögu og meðflm. að hinni tillögunni var jafnframt starfandi formaður sjútvn. Það er út af fyrir sig ágætt.

En ég vil leggja á það mjög ríka áherslu við þessa umræðu hér að rannsóknir á þessum botndýrum og ígulkerum og fleiru hér við landið er afar mikilvægt. Það er mikilvægt í fyrsta lagi vegna þess að það er vissulega mikil hætta á því þegar dregur úr möguleikum okkar til þess að nýta þorskinn og fleiri fisktegundir við landið, að sóknin verði hert í aðra stofna svo sem ígulker, hörpudisk o.s.frv. þannig að rannsóknir eru afar mikilvægar.

Í annan stað er mikilvægt að við vinnum að athugunum á rannsóknum á áhrifum veiðarfæra á þessa stofna. Það er lítið þekkt en í Breiðafirði þar sem stundaðar hafa verið skelveiðar mjög lengi, þá hafa sjómenn lagt á það mjög mikla áherslu að eiga samstarf við Hafrannsókanstofnun um rannsóknir á þessum mikilvæga stofni sem hörpudiskurinn er, en það verður að segjast eins og er að Hafrannsóknastofnun hefur ekki talið sér fært að vinna með þeim hætti sem sjómenn telja að þurfi að vinna rannsóknum í firðinum. Auk þess er talið að þarna séu e.t.v. fleiri botndýr sem eru nýtanleg og veiðanleg og þetta þarf auðvitað allt saman að rannsaka.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu, virðulegi forseti. Ég vil koma mínu sjónarmiði hér á framfæri og leggja á það ríka áherslu að þrátt fyrir að þessum þremur tillögum sé steypt í eina, þá verði það ekki til þess að draga úr því að í þessar rannsóknir verði farið á þeim svæðum sem upphaflegu tillögurnar gerðu ráð fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiðiheimildir í lögsögu annarra ríkja, síðari umr.

Þáltill. ÖS og KSG, 267. mál. — Þskj. 357, nál. 1190.

Frsm. sjútvn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um till. til þál. um veiðiheimildir í lögsögu annarra ríkja. Hv.

sjútvn. hefur fjallað um þetta mál og fékk um hana umsagnir frá Vélstjórafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Útflutningsráði Íslands. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista, sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er málinu einnig sammála.

Undir þetta nál. rita Össur Skarphéðinsson frsm., Guðjón A. Kristjánsson, Halldór Ásgrímsson með fyrirvara, Jóhann Ársælsson með fyrirvara, Stefán Guðmundsson með fyrirvara, Tómas Ingi Olrich, Vilhjálmur Egilsson, Steingrímur Jóhann Sigfússon með fyrirvara og Árni R. Árnason.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er dálítið sérkennilegt að þegar frsm. sjútvn. hefur mælt fyrir málum, þá gengur formaður nefndarinnar, frsm., yfirleitt úr þingsal. Ég sé að hann hefur nú horfið til baka sem gott er.

Ég vildi nefna hér nokkur atriði í tengslum við þessa tillögu. Það má segja að það sé auðvitað athugunarefni hvort og þá hvernig eigi að ráðast í það af opinberri hálfu að kanna möguleika Íslendinga á veiðiheimildum í fiskveiðilögsögu annarra ríkja. Og hér í tillögunni er vísað til fjarlægra hafsvæða. Einna næst mun vera Barentshafið en síðan er farið um víðan völl, til Suður-Ameríku, Asíu og Afríku. Og þessi mál hafa vissulega verið til umræðu, bæði í mínum flokki og víðar og að sjálfsögðu í þjóðfélaginu hvaða möguleikar séu til þess að nýta okkar fiskiskipaflota sem verður verkefnalaus og það í vaxandi mæli bæði vegna niðurskurðar en ekki síður vegna þess stjórnkerfis sem í gangi er í fiskveiðum.

Mér finnst aðalspurningin í tengslum við þetta mál vera sú, hvort Íslendingar eigi að einbeita sér að því að leita að möguleikum á að komast inn í lögsögu annarra ríkja eða hvort við eigum að eftirláta það þeim aðilum sem stunda útgerð og hafa áhuga á slíku. Ég á hér við hvort það eigi að vera opinber stefna okkar og hvort íslensk stjórnvöld eigi að beita sér á þessum vettvangi. Mér finnst það umhugsunarefni og ég set spurningarmerki við það þó að önnur sjónarmið þekki ég, bæði úr mínum flokki og annars staðar, og af hverju geri ég það? Ég tel að ástand lífríkis sjávar og nytjastofna sjávar á heimsmælikvarða sé mikið áhyggjuefni og þó að finna megi undantekningar frá því og sjá megi að það kemur upp viðgangur í fiskstofna, t.d. í Barentshafi tímabundið, þá eru býsna margir að elta þau kvikindi sem þar er um að ræða. Og hér er í raun inni verið að leggja til að við Íslendingar eigum að slást í þá för. Ég vil nefna það að frá 1950 hefur fiskafli úr sjó vaxið fimmfalt en ætli fjárfesting til þess að ná þessum afla hafi ekki verið drjúgum meiri en þetta. Mér er kunnugt um það eða hef tölur um það að fjárfesting í fiskiskipum hefur tvöfaldast frá árinu 1986 að telja, tvöfaldast, og er auðvitað orðin gífurlega mikil. Og tæknin til þess að ná fiskunum og sjávardýrum sem veidd eru hefur auðvitað tekið slíkri stökkbreytingu á þessum tíma sem ég nefndi hér, frá 1950, og þarf auðvitað ekki svo langt til og er alltaf að fullkomnast. Ég held að það blasi við að hér geti orðið stórfellt umhverfisslys að því er varðar ágengni við lífríki sjávar og þá er ég að tala um þetta í víðu samhengi eins og tillagan býður upp á. Og ég held að þau ríki sem hér er verið að tala um að gætu lært af okkur Íslendingum með tækni og búið sig betur og byggt upp sinn flota o.s.frv. til þess að elta stofnana á sínu yfirráðasvæði, væru kannski betur komin með því að huga að öðrum veiðiaðferðum. Það sé nú ekkert víst að tækniuppbygging, hátækniflotar iðnaðarríkjanna eða fremstu fiskveiðiþjóða séu fyrirmyndin sem passi fyrir Namibíu og hvað þessi ríki heita sem hér eru nefnd og eru nú í fátæktinni og umkomuleysi að fara inn á það spor að selja aðgang að sínum fiskimiðum. Og ég held að það sé umhugsunarefni fyrir okkur Íslendinga hvort við eigum ekki að reyna að standa þannig að málum gagnvart okkar eigin landhelgi og eigin veiðum að við horfum fyrst og fremst til þessa svæðis og ekki bara þess sem við höfum nú lögsögu yfir heldur út fyrir hana tengt íslenskri fiskveiðilögsögu eins og hv. 4. þm. Reykv. hefur minnt okkur á hér margoft og gerði síðast á þessum morgni. En það er nú eitthvað annað að gerast hér. Það er einmitt verið að hleypa hér inn fiskiskipum frá Evrópubandalaginu og ætli menn séu komnir þar í einhverja endastöð? Það grillir í þá stefnu frá Alþfl. að það geti nú verið svo sem alveg sama hver veiði þetta, það eigi bara að selja aðgang að auðlindinni og svo sitja menn heima í stofu og skipta með sér afrakstrinum af sölu veiðiheimildanna. Það er nefnilega leiðin inn í Evrópubandalagið. Það er möguleikinn sem Alþfl. sér til þess að fara inn í Evrópubandalagið, það er að taka hér upp allsherjarsölu á okkar fiskveiðilögsögu þannig að það geti hver boðið í og við hleypum þeim sem hæst býður inn í lögsöguna.

Þessum hugleiðingum, virðulegi forseti, vildi ég koma hér á framfæri og ég nefni það að á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna á síðasta ári og í tengslum við hana komu fram mjög athyglisverð sjónarmið og aðvaranir sem ég er sumpart að flytja hér, m.a. frá sjávarlíffræðingi sem ég vænti að hv. þm. Össur Skarphéðinsson kannist við. Hann er kominn nokkur til ára sinna en sprækur þó í hugsun, Jacques Cousteau, franski sjávarlíffræðingurinn sem flutti eitthvert athyglisverðasta erindi sem fram kom í tengslum við umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna á síðasta ári. Og ég bið menn um að íhuga þetta sem standa hér að flutningi og samþykkt þessarar tillögu. Ég geri ráð fyrir að skipta mér ekki af því hvaða niðurstöðu hún fær. Ég mæli þessi varnaðarorð hér. Ég geri ráð fyrir að hún verði samþykkt fyrst sjútvn. hefur sameinast um hana þótt með fyrirvörum sé af hálfu nokkurra nefndarmanna og ég ætla ekki að fara að leggjast hér í víking gegn þessari tillögu en mér er mjög til efs að menn séu á réttri slóð.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Þessi tillaga held ég að sé þannig vaxin, þannig er hún alla vega orðuð, að það sé engin hætta á ferðum sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var að ræða um að hugsanlegt væri. Ég held að við

getum alveg leitað eftir veiðiheimildum vítt og breitt auðvitað til að hagnast sjálfir en líka til að aðrir þeir sem eiga þessi verðmæti kannski mjög langt frá ströndum sínum miðað við það sem ég var nú að tala um hér áðan. Þar eru Indverjar með að ég held um 1.500 mílna landhelgi eftir þeim réttu reglum hafréttarins sem ég var að geta um og það mun vera víða í öðrum heimsálfum sem mjög víðáttumikil landhelgi er og a.m.k. ættum við að geta hjálpað til við að nýta þau að einhverju leyti. En auðvitað á Ísland fyrst og fremst að vera friðunar-, ræktunar-, verndunar- og hagnýtingarland. Það er andi hafréttarsáttmálans og ekki bara andi heldur var það kjörorðið að það ætti auðvitað að nýta þessa auðlind í þágu mannkyns. Það var nú það sem átti að gera og á að gera eftir hafréttarsáttmálanum. Og það er í þágu mannkyns að kanna þessi mið, djúpsjávarmiðin. Það er líka gífurlega mikið af fiski á djúpsævi eins og menn vita, jafnvel á 2–3 þúsund metra dýpi. Ég veit ekki hvað langt, skipstjórnarmenn gætu kannski sagt mér það, þeir hafa lesið sér til um það. En það eru til lífverur hvort sem það á að kalla það fiska eða eitthvað annað á þessu dýpi. Mannkynið er matarsnautt, það þarf að fæða það og það er hægt án þess að spilla náttúrunni, með því að hjálpa náttúrunni einmitt en ekki spilla henni, til þess að auðga hana og það á að vera meginmarkmið Íslendinga í sínum utanríkismálum. Það má alveg sleppa heilmiklu af því sem við erum að gera í sambandi við stóru, fínu ríkin sem við eigum endilega að ánetjast sem allra mest.

Það er boðskapurinn í dag að það sé aðalatriðið að vera taglhnýtingar einhverra gífurlegra ríkra þjóða sem raunar geta ekki séð sínu eigin fólki fyrir atvinnu, fæst af þeim ríkjum sem mest er verið að hossa þessa stundina og þessi missirin, hversu langt sem það gengur nú.

Mín spá er sú að þetta brambolt muni meira og minna liðast allt saman í sundur, góðu heilli, þannig að ríkin fái að vera frjáls áfram með auðvitað viðskiptasamkomulagi og samvinnu og samningum í allar áttir en ekki að afsala fullveldi eða sjálfstæði. Það er það sem ég hélt að Íslendingar gætu sameinast um, að við ætluðum að eiga þetta fullveldi okkar, ekki gera neina samninga sem stefndu því í hættu. En það er auðvitað sjónarmið að við getum grætt á því að fórna fullveldinu. Ég held að við getum það ekki einu sinni, ég held að við mundum líka tapa á því í beinhörðum peningum. Við eigum nefnilega besta og ríkasta land heimsins sem gæti þess vegna fætt margfaldan fjölda Íslendinga í dag, gæti gert það með þessum ráðum að nytja bara auðæfin okkar til sjós og lands eins og þar stendur. Þess vegna mundum við auðvitað þegar fram í sækti tapa á þessum bisness sem menn og jafnvel menn hér inni, ekki allir að sjálfsögðu en einhverjir kannski, gætu hugsað sér að væri hin æskilegasta þróun fyrir Ísland. Við höfum í fyrsta lagi ekkert umboð til þess, hvorki skráð né óskráð að taka þátt í slíku afsali fullveldis eins og hér er verið að tala um á ýmsum sviðum. Við höfum ekkert efni á því heldur að eyðileggja fiskimiðin, að rányrkja þau eða ofbeita okkar lönd og höf og landið er einnig út eftir höfunum. Það er hafsbotninn, partur af okkar landi. Ísland stendur hæst allra ríkja á þessu svæði jarðarkringlunnar, þess vegna eigum við þessa eðlilegu náttúrulegu framlengingu út á alla kanta. „Natural prolongation of the land mass" er í allar áttir, norður á pól, suður eftir öllum höfum og síðan tengist þetta líka Noregi. Við getum friðað og ræktað öll þessi svæði. Að vísu er takmörkun sett á náttúrulega framlenginu landsins, eðlilega framlengingu á neðansjávarhryggjum sem eru gífurlega langir, bæði á Atlantshafinu og Kyrrahafinu eins og menn vita, þá eru það náttúrlega þúsundir mílna sem þeir teygjast. Þar var sett þessi takmörkun að við gætum ekki farið lengra en í 350 mílur. Við sömdum um það, Íslendingar og Rússar af öllum mönnum, á hafréttarráðstefnunni, sömdum um þetta. Ég hef sagt þetta hér áður. Það voru nokkrir fundir haldnir sem Hans Andersen hélt með Rússunum og ég var raunar þar mættur. Þá sögðu Rússarnir, það var mjög dökkleitur rússneskur diplómat sem hvessti á okkur augu og var mjög harðyrtur og hann sagði: Þið eruð mestu „imperíalistar" heimsins, þið ætlið að æða hér suður eftir öllu og helga ykkur allt Atlantshafið. Við sögðum nei, nei, við erum ekkert að hugsa um það en það eru margar þjóðir núna sem eru búnar að fá 300–500 mílna landhelgi eftir þessum reglum sem er verið að samþykkja með samkomulagi á hafréttarráðstefnunni. Hann sagði: Hvað viljið þið þá mikið? Við sögðumst ekki vilja minna en 200 mílurnar hinar, það má tvöfalda það, og ættum auðvitað að fá miklu meira miðað við það sem Indverjar fá t.d. o.s.frv. Svo var þjarkað um þetta í nokkra daga og þá sagði Rússinn: Hvað þá um 100 mílur, eruð þið þá ekki ánægðir með að fá 100 mílur, þ.e. 300 mílur allt í allt? Nei, nei, við viljum það ekki, við viljum meira, þú sérð að það gengur ekkert annað. Hann sagði: Jæja, við skulum hætta þessu, þið fáið 350 mílur, 150 mílur í viðbót við 200 mílurnar.

Það var farið með þetta inn á hafréttaráðstefnuna og afhent þar forsetanum og hann tilkynnti þessa tillögu og þar réði svokölluð þagnarregla. Ef ekki var mótmælt þá var það samþykkt. Það var enginn sem mótmælti því, það varð að alþjóðalögum.

Þannig gerðist þetta nú og þannig skapast þjóðarétturinn og sá þjóðaréttur sem núna er gefur okkur þessi réttindi sem ég er að tala um. Við eigum þau. Svo er alltaf verið að tala um að við ættum endilega að rembast við að gefa þau einhverjum öðrum. Við getum gefið eitthvað af fiski kannski þeim sem sveltandi eru. Óvinir okkar eða þeir sem eru að berjast gegn okkur, þegar við erum að hagnýta okkar auðæfi ef þeir endilega þurfa af einhverri ástæðu — ég hef sagt það við þá sjálfa oft og tíðum að þá gætum við frekar fiskað eitthvað handa þeim og gefið þeim í svanginn en að þeir fiski í okkar nafni, það kemur ekki til greina. Það gerir íslenska þjóðin aldrei, hún afsalar sér ekki fullveldi sínu og þetta er fullveldisrétturinn hreinlega. Það er tekið rækilega fram, eignarrétturinn á hafsbotninum er fullveldisréttur. Það er þess vegna afsal íslensks fullveldis ef það er haldið áfram einhvers konar samningagerð, hvort sem það er við Evrópumenn eða ein-

hverja aðra, sem skerðir þessi réttindi.

Frsm. sjútvn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég skal ekki orðlengja þetta mjög. Mér þykir vænt um þá yfirlýsingu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að hann ætli ekki að leggjast í víking gegn þessari tillögu, það tel ég eðlilega ályktun og rökrétta af síðustu landsfundarsamþykkt Alþb. sem einmitt var í þá veru að það ætti að efla starfsemi af þessu tagi. Formaður hans flokks hefur einmitt staðið sig mjög vel í þessu, bæði sem almennur þingmaður og jafnframt líka á meðan hann var í ríkisstjórn. Þar beitti hann sér fyrir því að opna ákveðna braut, t.d. gagnvart Mexíkó, sem núv. hæstv. ráðherra hefur síðan haldið áfram. (Gripið fram í.)

Ég vil hins vegar segja það, hv. þm., að ég tek fullt mark á þeim viðvörunarorðum sem þingmaðurinn færði fram varðandi ástand lífríkis á heimsmælikvarða. Það er rétt athugað hjá honum, það er alls ekki nógu gott. Hins vegar eru menn auðvitað að tala um stofna og svæði þar sem enn eru ónýttar eða vannýttar tegundir. Ég gæti farið með langan lista. Mig langar bara að nefna tvennt. Í Barentshafi til að mynda eru geysilega auðug kolamið sem ekki hafa verið nýtt frá því rétt fyrir 1950 þar sem menn voru að veiða tugþúsundir tonna vegna þess að Moskvuvaldið ákvað að það ætti ekki að hafa smábáta heldur einungis stóra togara þá legðust þær af. Þarna er um að ræða ákveðin tækifæri sem Íslendingar með þeirri þekkingu sem þeir hafa aflað sér gætu leitt til þess í samstarfi við Rússa að verulega verðmæti væru á land dregin. Ég gæti t.d. nefnt Kólumbíu þar sem menn hafa nýlega fyrir tilstilli Portúgala farið að rannsaka djúpslóðina og fundið auðug mið. Það eru hins vegar engin stór skip þar sem duga til þess að veiða þetta. Það vill svo til að þar hefur Íslendingur verið í forsvari í sjávarútvegsmálum mjög lengi og hefur einmitt haft frumkvæði að því að benda Íslendingum þarna á ákveðna möguleika. Það er réttmætt hjá hv. þm. að velta því fyrir sér hvort hið opinbera eigi nokkuð að vera að vasast í þessu, ég svaraði því rækilega í framsögu minni fyrir málinu upphaflega og ætla ekki að fara út í það. Mig langar bara að benda á eitt. Talsmenn í sjávarútvegi, sér í lagi Magnús Gunnarsson, hafa einmitt óskað eftir því opinberlega að hið opinbera geri þetta, að ríkið beiti sér og sínum stofnunum og sínum mannafla til þess að kanna þau tækifæri sem fyrirtækin geta síðan nýtt sér. Þingmaðurinn orðaði það svo að ef stórtækar veiðiþjóðir færu að ráðast til inngöngu á mið fátækra og umkomulausra þjóða þá gæti það valdið stórfelldri rányrkju, hann notaði orðið umhverfisslys. Ég held þvert á móti að Íslendingar hafi fram að færa viðhorf og þekkingu sem einmitt mundi stuðla að því að þær þjóðir sem eru skemmra á veg komnar en Íslendingar í nýtingu þessara auðlinda mundu taka miklu varfærnislegar á þeim málum heldur en ef til að mynda einhverjir aðrir en við kæmum þar að verki.

Ég ætla svo ekki að segja fleira, en þakka þessa ágætu umræðu sem hér hefur orðið.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vænti þess að hv. þm. viti um flota Evrópubandalagsins, þann gífurlega flota sem er verkefnalítill eða verkefnalaus og er búinn að eyða eigin fiskimiðum og veiðislóð og Evrópubandalagið er einmitt að leggja sig í framkróka um það að komast inn í fiskveiðilögsögur hvarvetna um heiminn, ekki bara hér á Íslandi sem þeim hefur tekist með fyrirgreiðslu hv. þm. og EES-samningnum að komast inn í okkar lögsögu. Ég er að setja fram spurninguna um það hvort þetta á að vera okkar stefna. Er þetta skynsamlegt? Ég læt það óátalið að einkafyrirtæki séu að reyna að koma ár sinni fyrir borð í þessum efnum en til hvers leiðir það ef þessi gífurlega ónýtta fjárfesting sem liggur fyrir í veiðiflota á heimsmælikvarða og fyrst og fremst hjá hinum ríkari þjóðum, verður beitt á veiðislóðir þar sem eitthvað er eftir að hafa og menn komast þar inn hvort sem það eru vannýtt kolamið í Barentshafi, sem hér voru nefnd, eða hvar þetta er. Til hvers leiðir þetta? Menn vita í rauninni sáralítið um afleiðingarnar, þekkingin í þessum efnum er öll í molum varðandi lífríki hafsins og einstök fiskimið og er það auðvitað einnig hér hjá okkur eins og við ræddum af tilefni síðustu tillögu og þess vegna tel ég að íslensk stjórnvöld eigi ekki að fara inn á þessa braut sem hér er verið að tala um. Við eigum miklu frekar að einbeita okkur að okkar svæði, halda þétt um það. Láta útgerðaraðila sem opnað er fyrir víða um heim um það að brjótast inn og komast inn í veiðar í lögsögu annarra ríkja, af því getum við auðvitað ekki haft opinber afskipti.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Á undanförnum missirum hefur áhugi á því að leita verkefna fyrir íslensk sjávarútvegsfyrirtæki erlendis farið mjög vaxandi og margt hefur verið vel gert þeim efnum. Íslensk fyrirtæki hafa viljað fara hægt í sakirnar og vandað undirbúning að slíku. Stjórnvöld hafa fyrir sitt leyti kappkostað að styðja fyrirtæki í þessari þróun. Það er alkunna að í Chile hefur íslenskt sjávarútvegsfyrirtæki haslað sér völl með fjárfestingum og þannig skapað grundvöll fyrir þátttöku okkar í sjávarútvegi þar. Sama er upp á teningnum í Þýskalandi. Þar hefur stórt og öflugt íslenskt fyrirtæki keypt hlut í þýsku sjávarútvegsfyrirtæki og um leið öðlast veiðiréttindi sem það hafði.

Við höfum átt í viðræðum, bæði fyrirtæki og stjórnvöld, varðandi samstarf af þessu tagi víða annars staðar, í Mexíkó, Óman og Namibíu, svo dæmi séu nefnd og á fleiri stöðum eru möguleikar á verkefnum af þessu tagi.

Við höfum hins vegar ekki farið formlega fram á það við nokkurt ríki að fá veiðiheimildir í þeirra lögsögu. Á sl. vetri kom hingað formaður sjávarútvegsráð Rússlands sem gegnir embætti sem jafngildir sjávarútvegsráðherraembætti Rússlands. Í viðræðum okkar, sem voru mjög ítarlegar um hugsanleg samskipti á þessu sviði, kom alveg skýrt fram að Rússar eru ekki reiðubúnir til þess að veita heimildir fyrir erlend skip

í sinni lögsögu nema gegn sams konar réttindum í lögsögu annarra.

Ég svaraði því fyrir okkar hönd að það kæmi ekki til álita að gera samning á þeim grundvelli, það stæði ekki til að hleypa rússneskum skipum inn í íslenska lögsögu. Allt þetta var rætt mjög ítarlega og báðir aðilar viðurkenndu rétt hins til þess að fylgja fram slíkri stefnu. Ég er þeirrar skoðunar um leið og ég er þess mjög fylgjandi að við, ekki síst í þeirri stöðu sem við búum við í dag, leitum fyrir okkur í erlendu samstarfi og ég hef fyrir mitt leyti viljað stuðla að því, að þá beri að fara gætilega í formlegar viðræður eða formlegar óskir íslenska ríkisins um veiðiheimildir annars staðar ef það kallar á sams konar kröfur útlendinga um veiðiheimildir hér.

Að því er þessa tillögu varðar þar sem sérstaklega er getið um Rússland þá liggur það fyrir í þessum viðræðum sem þegar hafa átt sér stað að við eigum þar ekki kost á veiðiheimildum nema veita sams konar réttindi innan okkar lögsögu. Rússar eiga stóran togaraflota, reyndar miklu stærri flota en veiðistofnar þeirra gefa tilefni til. Þeir eiga hins vegar ekki nægjanlega öflugan bátaflota og þar gætu verið verkefni fyrir íslensk skip. En í ljósi þessara aðstæðna, sérstaklega af því er varðar Rússland, þá finnst mér að hv. sjútvn. hefði þurft að gera betri grein fyrir afstöðu sinni. Vill hún að þeir möguleikar séu kannaðir í ljósi þeirra staðreynda sem fyrir liggja að við verðum þá að endurgjalda með veiðiheimildum af okkar hálfu? Er það vilji hv. sjútvn.? Mér finnst að hún þurfi að svara því með skýrari hætti en gert hefur verið áður en Alþingi samþykkir ályktun af þessu tagi og hefði þess vegna talið æskilegt að nefndin tæki þetta til ítarlegri skoðunar og umfjöllunar þó ég sé í sjálfu sér ekki andvígur því, nema síður sé, að við leitum verkefna erlendis fyrir íslensk sjávarútvegsfyrirtæki. Ég tel það mikilvægt og menn mega ekki líta á ummæli mín á þann veg að ég sé að draga úr mikilvægi þess en hér verðum við að huga að okkar eigin réttindum og eins og málið liggur fyrir sýnist mér að hv. nefnd hafi ekki rætt það ofan í kjölinn og allar hliðar þess í ljósi þeirra staðreynda sem fyrir liggja og hefði talið æskilegt að hún fjallaði um þær hliðar áður en Alþingi afgreiddi málið.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Það er e.t.v. óþarfi fyrir mig að fara í ræðustól eftir síðustu orð hæstv. sjútvrh. því það er raunar það sem ég tel skipta meginmáli að það sé alls ekki rétt að samþykkja þessa tillögu nú. Kannski ekki síst með tilliti til þess sem hv. formaður nefndarinnar sagði þegar hann mælti fyrir áliti nefndarinnar. Hann sagði að fulltrúi Samtaka um kvennalista í nefndinni væri samþykk áliti þessu. Það stendur ekki í nál. heldur bara að hún hafi setið fundi nefndarinnar. Ég vil lýsa nokkrum efasemdum um ágæti þessarar tillögu eins og hún er orðuð á þskj. 357. Ég tel það út af fyrir sig gott og vel að opinberir aðilar aðstoði fyrirtæki eins og hæstv. sjútvrh. lýsti áðan, en það er hins vegar vafasamt að það eigi að vera einhver opinber stefna að svo skuli gert og það skuli leita sérstaklega eftir veiðiheimildum í lögsögu annarra ríkja. Það er einmitt það sem mjög líklega kemur upp á að krafist verði gagnkvæmra veiðiheimilda og í hvaða stöðu verða Íslendingar þegar búið er að óska eftir því að fá veiðiheimildir í lögsögu annarra ríkja og e.t.v. fá já við því þegar það sama ríki kemur svo til baka til okkar og við ætlum þá að segja nei? Ég held að við getum lent í mjög erfiðri stöðu ef ríkisstjórnin fer að leita eftir veiðiheimildum í lögsögu annarra ríkja. Þess vegna tel ég að það sé ekki hægt að samþykkja þessa tillögu eins og hún kemur fyrir á þessu þskj.

Ég vek einnig athygli á því, frú forseti, að það er mjög merkilegt að við erum að afgreiða hverja tillöguna á fætur annarri sem koma frá formönnum nefnda og stjórnarliðum. Margar tillögur frá stjórnarandstæðingum liggja hins vegar í nefndum og fást ekki einu sinni afgreiddar úr nefndum vegna andstöðu bæði nefndarformanna og annarra, þrátt fyrir mjög góðar tillögur. Ég tel að málinu væri fyrir bestu að nefndin félli frá þessu nál. og þetta yrði ekki tekið frekar fyrir á þessu þingi.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Á þessum notalega morgni finnst mér umræður hafi verið mjög uppbyggilegar og skýrt bæði fyrir mér og öðrum sjónarmið sem kannski hafa verið á sveimi og eru auðvitað á sveimi enn þá. Ég fagna því sérstaklega að hæstv. sjútvrh. skýrði okkur frá því að Rússar hefðu sagt við hann að þeir mundu ekki heimila veiðar nema þeir fengju einhverjar veiðar í staðinn o.s.frv. Menn eru auðvitað uggandi yfir því og ekki síst ég að einmitt einhver slík rök kynnu að verða sett fram ef við færum að sækjast eftir, ef ég nota það orðalag, að sækjast eftir veiðiheimildum jafnvel hjá fjarlægum þjóðum. Það má aldrei gera með þeim hætti, því er ég sammála. Það gæti veikt okkar stöðu því við ætlum okkur í framtíðinni að vera aleinir um þetta gífurlega hafsvæði sem ég er að tala um þ.e. alveg norður á pól og suður undir Hattonbanka og allt Rochall-svæðið og reyndar svæðið á milli 200 mílna Noregs og Íslands líka. Um það semjum við ekki. Við þurfum þess vegna að gæta að því að við erum reiðubúnir að gera samninga við vanþróaðar þjóðir, sem báðir hagnast auðvitað af og ekki síst þeir, um það að við sjáum þeim fyrir þeirri þekkingu sem við höfum og getum jafnvel tekið þá í læri hjá okkur og sjálfir kennt þeim á sínum heimaslóðum. Við megum ekki rugla þessu saman. Umfram allt þá þurfum við einmitt í okkar litla þingi, þó það geti verið hávært stundum, við þurfum í okkar hagsmunamálum eins og alltaf að reyna að leita sátta og segja það sem óhætt er að segja fyrir opnum tjöldum en hitt sem vafasamara er eigum við að ræða í okkar hópi áður en það fer víðar. En takmarkið ætti að vera alveg ljóst, þessi víðáttumikla landhelgi sem heitir núna efnahagslögsaga og landgrunnsvæði er okkar eign. Við erum ekki bara eigendur að 200 mílum, við eigum a.m.k. jafnstórt svæði utan þeirra sem er friðað og okkar eign, það er okkar fullveldisréttur. Við þurfum auðvitað að fara dálítið með hægð en þó held ég varla. Þetta eru

orðin alþjóðalög sem notuð eru í dómum hvar sem er.

Það er verið að segja að ekki séu nægilega margir búnir að fullgilda hafréttarsáttmálann. Það skiptir engu máli. Að þjóðarétti eru þetta orðin lög og nálgast það nú raunar að „nægilegur" fjöldi þjóða hafi fullgilt hafréttarsáttmálann. Þetta eru lög í raun eða „de facto" eins og það heitir á lagamáli. Þannig hefur raunar allur þjóðaréttur orðið til. Hann hefur orðið til ýmist vegna valdbeitingar eða þá sem venjuréttur. Við Íslendingar kunnum þetta alveg, að halda okkar rétti þegar hægt er að sýna það með réttum lögum. Þess vegna ættum við þingmennirnir fyrst og fremst að hafa áhuga á því að vinna að þessum hafréttarmálum og víðar. Við getum líka aðstoðað erlendar þjóðir að finna það út, því það er stundum vandmeðfarið að reikna það nákvæmlega út, hve langt út eftir hafsbotninum réttindi þjóðarinnar eru einkaréttindi og hvar þeim lýkur þ.e. við brekkufót svokallaðan sem er þar sem höfin verða dýpst, þar sem aðalhalli hafsbotnsins er og 60 mílur út af honum. Það þarf vísindamenn til að mæla þetta allt út. Raunar er það nú þegar gert um allan heim af frægum stofnunum. Dr. Talwani sem var einmitt okkar trúnaðarmaður í öllum hafréttarmálunum og á hafréttarráðstefnunum og er það enn. Og ég hef flutt þau boð hans, af því að hann var hér á ferðalagi fyrir skömmu, að hann sé reiðubúinn til að athuga það að hjálpa okkur að finna nákvæmlega út hvað sé löglegt og hvað ekki löglegt. Svo mikið vitum við og það er á hreinu að ekki er verið að berjast fyrir einhverjum 200 mílum lengur, það er allt annað mál. 200 mílurnar verðum við auðvitað að friða alveg að öllu leyti og hleypa engri þjóð þar inn nokkurn tímann aftur. Það ætti að vera okkar takmark.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vildi óska eftir því að starfandi formaður sjútvn. væri kallaður inn í þingsalinn. Það er ekki við hæfi að ræða þetta að honum fjarstöddum þar sem hann er ekki einasta formaður sjútvn. og frsm. nál. heldur líka 1. flm. þáltill. sem verið er að afgreiða eða ræða öllu heldur. Hann er oft óskaplega hvikur hér í þingsalnum eins og allir vita, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, og má illa við bindast eins og sagt var til forna. En hann hlýtur nú að geta þolað við hér eina stund. (**Forseti:** Forseti hefur gert ráðstafanir til að formaðurinn komi til sals.) Já.

Ég skrifa, hæstv. forseti, undir þetta nál. með fyrirvara. Mér þykir orðið tímabært að gera grein fyrir því hvers eðlis sá fyrirvari er ekki síst eftir ræðu hæstv. sjútvrh. hér áðan. Það má segja að mínar efasemdir og athugasemdir í sjútvn. sem urðu þess valdandi að ég skrifaði undir nál. með fyrirvara hafi fengið ótvíræða staðfestingu hér áðan í ræðu hæstv. sjútvrh. Ég hafði ekki tilfinningu fyrir því að þessi tillaga væri að öllu leyti þannig undirbyggð eða að staðið hefði verið þannig að meðhöndlun hennar að tímabært væri að afgreiða hana. Ég lýsti þeim efasemdum mínum í sjútvn. Ég tel að það hafi verið staðfest hér áðan. Reyndar er það svo, og það má segja um margar fleiri tillögur en þessar, að það vekur alltaf vissar spurningar þegar hv. stjórnarliðar taka til við tillöguflutning af þessu tagi. Tillöguflutning sem gengur út á að fela þeirra eigin ríkisstjórn að gera þetta eða hitt. (**Landbrh.:** Þeir treysta henni.) Er það nú tilfellið hæstv. samgrh.? Er það ekki stundum hið gagnstæða kannski að það sé vegna þess að þeim finnist að þeirra eigin ríkisstjórn hafi ekkert gert og þess vegna þurfi að halda henni við efnið með tillöguflutningi? En spurningin sem vaknar auðvitað fyrst og fremst er þessi: Af hverju gera menninirnir þetta ekki? Af hverju gera þeir þetta ekki? Þeir hafa völdin. Framkvæmdarvaldið er í þeirra höndum. Það situr ríkisstjórn í landinu sem starfar á þeirra vegum og þeirra ábyrgð. Ef það er skoðun hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og t.d. þeirra fjögurra flokksbræðra hæstv. sjútvrh. sem skrifa undir nál. frá sjútvn. án fyrirvara að ríkisstjórin eigi að fara í það verkefni að kanna möguleika Íslendinga á veiðiheimildum í fiskveiðilögsögum annarra ríkja, af hverju gera menninirnir þetta ekki? Af hverju fara þeir ekki til sinna flokksbræðra og ráðherranna í ríkisstjórn og segja: Við erum mætir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar og við viljum að þetta verði gert. Það eru hægust heimatökin. En það er nú ekki og það vekur auðvitað spurningar. Kemur góður þá getið er, hv. starfandi formaður sjútvn. og formaður þingflokks Alþfl., framsögumaður nefndarálitsins og flutningsmaður tillögunnar í einum og sama manninum.

Ég held, hæstv. forseti, að hér áðan hafi komið fram ástæður sem geri það að verkum að rétt sé að afgreiða ekki þessa tillögu. Ég gæti út af fyrir sig rökstutt það frekar en tel að komið hafi fram alveg fullnægjandi röksemdir fyrir því, sérstaklega í ræðu hæstv. sjútvrh. hér áðan, sem falli mjög saman við þær efasemdir sem ég hafði um þessa tillögu og eru þess valdandi að ég undirrita nál. með fyrirvara. Það kemur auðvitað á daginn að flm. og formaður sjútvn. er meira og minna tekinn í bólinu hvað varðar beinlínis efnisöflun og gagnasöfnun í tengslum við þennan tillöguflutning. Hér er einn aðalútgangspunktur tillögunnar að leita eigi eftir veiðiheimildum Íslendinga í Barentshafinu. En hvað kemur á daginn? Það kemur á daginn að sjútvrh. Íslendinga er búinn að slá þann möguleika af að opinberir aðilar fari í einhverjar viðræður um slíkt vegna þess að sú gagnkrafa Sovétmanna eða Rússa öllu heldur liggur fyrir að þeir fái jafngildar veiðiheimildir í íslenskri lögsögu og það er ekki á dagskrá. Auðvitað er hv. þm. Össur Skarphéðinsson tekinn í bólinu að hann skuli ekki vita þetta, verandi uppi með þennan tillöguflutning. Þannig er nú það. Auk þess er það svo að ég er ekki viss um að það eigi að vera forgangsverkefni, a.m.k. númer eitt hjá okkur í sambandi við aukna veiðimöguleika fyrir okkar flota, að leita inn í lögsögu annarra ríkja. Ég er ekki viss um það. Ég tel að það ætti að vera forgangsverkefni að leita eftir auknum veiðimöguleikum í nágrenni við íslensku lögsöguna og á úthafinu. Ég held að það sé langbrýnast núna að Íslendingar beiti sínum öflugustu skipum á næstu árum til veiða á vannýttum stofnum í nágrenni við lögsöguna og á úthafinu, líka til að öðlast aflareynslu í þeim veiðum. Það er engin vafi á því að á næstu árum verð-

ur uppi umræða um að taka upp veiðistjórnun á fjölmörgum stofnum utan lögsögu ríkja. Þá mun skipta máli að við Íslendingar höfum öðlast þar aflareynslu. Kaup eða skipti á veiðiheimildum í fjarlægum lögsögum munu að sjálfsögðu ekki færa okkur neina aflareynslu til frambúðar. Ætli það sé ekki þannig að reynsla annarra þjóða sem hafa á undanförnum árum verið að harka á þessum markaði sé æði tvíbent. Hvernig var reynsla Færeyinga t.d. sem fóru niður til Nýja-Sjálands og keyptu þar eða komust þar inn í kvótaútboð? Þeir voru miklir menn og sendu sín öflugustu skip þangað niðureftir, Pólarborgirnar. Talað var um það uppi á Íslandi að við værum nú meiri aumingjarnir að fara ekki að dæmi Færeyinga og fara niður til Nýja-Sjálands og fiska. Þar er í gangi merkilegt kvótakerfi eins og kunnugt er og örfáir aðilar fá allan kvótann og bjóða hann svo út. Það er hæstbjóðandi sem kemur einhvers staðar siglandi að og fær að veiða. (**Gripið fram í:** Lægstbjóðandi.) Og hvað skeði svo? Jú, Færeyingar fengu að vísu að veiða þarna um nokkurra mánaða skeið, kannski var það eitt ár eða rúmlega það. Í næsta útboði misstu þeir af bitanum og einhver annar kom. Skipin þeirra lágu bundin niður á Nýja-Sjálandi um nokkurra mánaða skeið, komu svo siglandi heim með skottið á milli fótanna ef svo má að orði komast og fóru á hausinn. Þannig var nú reynslan af því ævintýri.

Ætli það sé ekki þannig að það sé að mörgu að hyggja í þessu efni. Hv. flm., formaður þingflokks Alþfl. og starfandi formaður sjútvn., er oft fljótur að henda fram svona þáltill. Ef hann fær einhverja hugmynd einhvers staðar þá er oft komin svona fín þáltill. daginn eftir og það er út af fyrir sig ágætt að menn séu vakandi og viljugir í því efni. En stundum þarf að vanda sig og láta ekki taka sig í bólinu, standa ekki ber að því að menn hafi beinlínis verið hroðvirkir varðandi gagnasöfnun og öflun upplýsinga í tengslum við tillöguflutning af þessu tagi. Sérstaklega er það svolítið pínlegt fyrir hv. stjórnarliða sem hafa beinan aðgang að öllum upplýsingum úr kerfinu. Ég held að hv. þm. Össur Skarphéðinsson ætti að taka það til mikillar yfirvegunar að vanda betur sinn tillöguflutning í þessum efnum í framhaldinu og láta það ekki henda sig oftar að fá ofanígjöf af því tagi sem ræða hæstv. sjútvrh. var auðvitað hér áðan.

Ég leyfi mér að enda mál mitt með því, hæstv. forseti, að taka orð hæstv. sjútvrh. svo að hann óski ekki eftir því að þessi tillaga verði afgreidd. Kjósi það frekar að hún verði látin liggja. Mér sýnist að það sé enginn héraðsbrestur.

Frsm. sjútvn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil segja að ég er sammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Ég tel líka að hæstv. sjútvrh. hafi með sinni ræðu farið fram á að tillagan væri látin liggja. Rétt er að fram komi að þessi tillaga var lögð fram í fyrra og endurflutt aftur á þessu ári. Þá held ég að þetta hafi ekki legið fyrir. Þá vill nú svo til að ég hef e.t.v. gert tíðreistara til Sovétríkjanna heldur en hæstv. sjútvrh. og jafnvel varaformaður Alþb. Ég hef einmitt rætt þessi mál við yfirmenn til að mynda í einu sjávarútvegshéraði þ.e. í Kamtsjatka þar sem menn höfðu á þeim tíma þegar þessi tillaga var skrifuð áhuga á þessu. Ég vil líka að það komi fram að í greinargerð með tillögunni er ekki endilega talað um að kaupa aflahlutdeild. Það er líka alveg ljóst að eins og hæstv. sjútvrh. hefur bent hér á þá hafa Rússar sagt að þeir vilji á móti fá aflaheimildir hjá Íslandi. Þá þýðir það einfaldlega að sá möguleiki er þrautnýttur og útnýttur og er ekki lengur á dagskrá. En fyrst að hæstv. sjútvrh. fer fram á það, til að efla samstarf í þinginu og til að greiða fyrir þingstörfum, að þessi tillaga verði tekin út af dagskrá þá fer ég hér með fram á það, hæstv. forseti, að farið verði að ósk hæstv. sjútvrh.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti mun að sjálfsögðu láta ræða það mál í forsn. og ræða það við ... (**Gripið fram í:** Tillögumaður á rétt á að kalla tillöguna til baka.) Skilji forseti það svo að tillagan sé hér með kölluð til baka þá þarf ekki neinar umræður um það mál. Þar með er tillagan kölluð aftur. (**Gripið fram í:** Þetta var andsvar við ræðu.) Forseti vill geta þess að hann telur að það skipti ekki máli hvort tillaga er kölluð aftur í andsvari eða undir öðru samræðuformi hér á hinu háa Alþingi. Forseti lítur því svo á að þessi tillaga sé kölluð aftur og þar með er hún tekin af dagskrá.

Tillagan kölluð aftur.

Menningarsjóður, 3. umr.

Stjfrv., 306. mál (heildarlög). — Þskj. 1228, brtt. 1231.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur. Hún gengur út á það að breyta stjórn Menningarsjóðs.

Í upphaflegri tillögu var gert ráð fyrir því að hæstv. ráðherra skipaði alla stjórnarmenn. Nú er komin tillaga um að Alþingi kjósi stjórn Menningarsjóðs hlutfallskosninu. Við teljum hins vegar eðlilegra í þessu sambandi að stjórn Menningarsjóðs sé skipuð samkvæmt tilnefningum frá þeim samtökum sem einkum eiga hér hagsmuna að gæta og eðlilegt er að séu höfð með í ráðum og ráði úrslitum um úthlutun þeirra litlu fjármuna sem verið er að tala um. Þess vegna flytjum við á þskj. 1231 brtt. þar sem segir:

„Í stjórn Menningarsjóðs sitja þrír fulltrúar sem menntamálaráðherra skipar samkvæmt tilnefningum frá Rithöfundasambandi Íslands, Hagþenki, félagi höfunda fræðirita og kennslugagna, og heimspekideild Háskóla Íslands. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt. Stjórnin er skipuð til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna".

Ég tel ekki þörf á að rökstyðja þessa tillögu, hæstv. forseti, og læt þessi fáu orð duga.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Eins og fram kom hjá hv. þm. Svavari Gestssyni þá var í upphaflega frv. gert ráð fyrir að menntmrh. skipaði alla þrjá stjórnarmenn Menningarsjóðs. Meiri hluti hv. menntmn. lagði hins vegar til við 2. umr. að stjórnin yrði kjörin á Alþingi og á þá tillögu féllst ég og hún var samþykkt við 2. umr. Þess vegna legg ég til að þessi tillaga hv. þm. Svavars Gestssonar og Kristínar Ástgeirsdóttur um að menntmrh. skipi nefndina eftir tilnefningu þar til greindra aðila verði felld.

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Mér finnst það svo sem engin frétt þó hæstv. menntmrh. sé á móti því að þeir aðilar sem aðallega hljóta að gera sig gildandi á sviði þessa sjóðs megi ekki koma nálægt tilnefningum í stjórnina,
þannig hefur verið að hlutunum staðið. Það hefur ekki verið neinn áhugi á samvinnu við fagaðila af hálfu þessarar ríkisstjórnar í menningarmálum og það er kannski von. Það er verið að leggja á bókaskatt núna næstu daga eða næstu vikur eins og menn þekkja. Stuðningur ríkisins við íslenska menningu verður minni á þessu ári en nokkru sinni um langt árabil vegna þess að verið er að leggja á bókaskatt. Verulegur hluti þess stuðnings sem veittur er íslenskri menningu á fjárlögum verður þannig tekinn af henni aftur með bókaskatti eftir nokkra mánuði. Menningarstefna þessarar ríkisstjórnar er þannig að það kemur mér ekkert á óvart þó hæstv. menntmrh. sé á móti þessari tillögu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 2. umr.

Stjfrv., 546. mál (eftirlit á varnarsvæðum). — Þskj. 906, nál. 1216.

Frsm. heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún umsagnir frá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og VSÍ.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að íslensk fyrirtæki, sem hafa starfsstöð innan varnarsvæðisins, skuli greiða gjöld til heilbrigðiseftirlits Suðurnesja í samræmi við það sem tíðkast á starfssvæði þess utan varnarsvæðisins. Til þessa hefur Flugmálastjórn greitt þann hluta gjalda sem ella hefðu komið í hlut eftirlitsskyldrar starfsemi með íslenskum fyrirtækjum innan varnarsvæðisins samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988. Nefndinni þykir rétt að sömu lög gildi innan og utan varnarsvæðisins hvað þetta varðar.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Fjarstaddar afgreiðslu málsins voru Þuríður Pálsdóttir og Sigríður A. Þórðardóttir.

Undir þetta rita Sigbjörn Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Sólveig Pétursdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Finnur Ingólfsson með fyrirvara og Ingibjörg Pálmadóttir með fyrirvara.

Ég legg til að málinu verði vísað til 3. umr.

Útbýting þingskjala:

Samvinnufélög, 364. mál., þskj. 1251.
Skipulagslög, 455. mál., þskj. 1259.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Mér finnst rétt að greina frá því, þar sem við Finnur Ingólfsson, hv. 11. þm. Reykv., skrifum undir með fyrirvara, hver ástæðan var. Þegar þetta var afgreitt út úr nefnd þá lágu ekki fyrir fullkomnar upplýsingar að okkar mati um það hvað þarna væri á ferðinni, hvað væri um mörg fyrirtæki að ræða og hvaða samningar hefðu legið þar áður að baki. Í millitíðinni, frá því að þetta var afgreitt út úr nefndinni, höfum við kynnt okkur það og fengið upplýsingar og sjáum ekkert athugavert við þetta mál og eðlilegt að samþykkja það. Þetta taldi ég eðlilegt að kæmi fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Afturköllun máls.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Áðan þegar 13. mál var á dagskrá hafði hv. hv. 4. þm. Norðurl. e. haldið hér ræðu og ég beðið um að veita andsvar við henni. Ég lít svo á að andsvör séu hluti ræðunnar og ekki hægt að skilja þar á milli. Hins vegar úrskurðaði forseti að það ætti að taka málið af dagskrá um leið og tillagan var kölluð aftur. Ég er ekki sammála þeim úrskurði og vildi koma því á framfæri við frú forseta að í þessu tilviki hefði a.m.k. átt að ljúka þeirri ræðu sem þar var hafin og hefði í raun að mínu mati ekkert mælt gegn því að ljúka umræðunni, en það er hins vegar annar handleggur. Þessu vildi ég koma á framfæri, virðulegur forseti, áður en lengra er haldið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti verður að upplýsa hv. þm. um að hann hafði ekki veitt því athygli að þingmaðurinn bæði um að veita andsvar. Þingmaðurinn hafði hins vegar tilkynnt að hún mundi ræða þingsköp og boða frávísunartillögu í þessu máli en til þess kom ekki þar sem tillagan var kölluð aftur af öðrum hv. þm.

Forseti lítur svo á og vonar að það sé rétt að um leið og tillaga sem verið er að ræða er kölluð aftur sé hún ekki á dagskrá lengur og ekkert um að ræða. Þess vegna tók forseti hana af dagskrá enda féllu þeir hv. þm. sem höfðu verið á mælendaskrá frá orðinu. Ég skal hins vegar láta athuga hvort hér sé rangt að farið og mun þá skýra frá því ef svo er. Þó hygg ég að það sé ekki.

Umhverfismat, 2. umr.

Stjfrv., 80. mál (EES-reglur). — Þskj. 87, nál. 1139, brtt. 1140.

Frsm. umhvn. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um umhverfismat. Nál. er á þskj. 1139 en frv. til laga um umhverfismat er 80. mál þingsins.

Nefndin hefur fjallað mjög ítarlega um þetta mál og fengið fjölda aðila á fund sinn. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með allmiklum breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Tillögurnar varða nokkrar verulegar efnisbreytingar. Þannig er lagt til að ferli svonefnds umhverfismats, er frumvarpið gerir ráð fyrir, verði breytt á þann hátt að embætti skipulagsstjóra ríkisins fari ekki bæði með framkvæmd matsins og úrskurðarvald um niðurstöður þess. Á hinn bóginn verður áfram gert ráð fyrir að skipulagsstjóri fari með framkvæmd laganna og úrskurðarvald um mat á umhverfisáhrifum. Þá er um ýmsar efnislegar breytingar að ræða jafnt sem formbreytingar. Mun ég nú gera grein fyrir helstu efnisbreytingum frv. en ekki fara orði til orðs yfir nál. sem er allítarlegt.

Breytingin á 1. gr. felur í fyrsta lagi í sér að lagt er til að starfsemi, sem framkvæmdum fylgir, verði einn þeirra þátta sem athugaðir verða við mat á umhverfisáhrifum þar sem umhverfisáhrif vegna starfsemi eru ekki síður mikilvægur þáttur en umhverfisáhrif vegna framkvæmdanna sjálfra. Þetta var gert m.a. til þess að skerpa merkinguna sem við lögðum í þau atriði í frv. sem um þetta fjölluðu en þar var m.a. talað um eðli starfseminnar.

Í öðru lagi er lagt til að í stað orðsins „og" komi „eða" sem felur í sér að til þess að fram fari mat á umhverfisáhrifum nægir að fyrir hendi sé einn þeirra þátta sem taldir eru upp í greininni. Þá er lagt til að orðið „umtalsverð" verði notað í stað orðsins „veruleg" og er sama breyting lögð til annars staðar í frumvarpinu til samræmingar. Frumvarpinu, ef að lögum verður, er þannig ætlað að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í gerð skipulagsáætlana og við ákvarðanir um tilteknar framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag. Loks er lagt til að í stað orðsins „umhverfismat" komi „mat á umhverfisáhrifum" og verður komið að því síðar í máli mínu.

Gerð er tillaga um að brott falli úr skilgreiningum nokkur hugtök sem ekki þykir þörf á að skilgreina sérstaklega.

Ástæðan fyrir því að orðið „umhverfismat" er fellt brott úr skilgreiningum er ekki einungis að það þykir ekki þjóna sérstökum tilgangi að skilgreina hugtakið sér í lagi heldur er það og vegna þess að hugtakið þótti ekki lýsa vel því sem um er að ræða og hefur því verið farin sú leið að notast við orðasambandið „mat á umhverfisáhrifum" og kemur sú breyting víða fram í tillögu nefndarinnar. Þess má geta að þetta orðalag þýðir raunar betur það hugtak á enskri tungu sem notað er um sams konar atriði en það hefur verið leitt í lög víða um heim. „Environmental impact assessment" er hugtakið kallað á enskri tungu og er sem sagt tillaga nefndarinnar að um það verði notað orðasambandið „mat á umhverfisáhrifum". Kemur það einnig heim og saman við ábendingu sem nefndinni barst um þetta atriði.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á 3. og 4. gr. sem gerð er grein fyrir í nál. og mun ég ekki fara yfir það sérstaklega. Hins vegar eru lagðar til nokkrar breytingar á 6. gr. sem ástæða er til að fara yfir sér í lagi.

Í fyrsta lagi er lagt til að viðmiðunarmörkin um vatnsmiðlanir í 1. tölul. lækki úr 5 km^2 í 3 km^2.

Í öðru lagi er lagt til að 2. tölul. orðist upp á nýtt. Þannig verði jarðvarmavirkjanir með varmaafl 25 mw eða meira að hráorku eða 10 mw uppsett afl eða meira og önnur varmaorkuver með 10 mw uppsett afl eða meira háð mati á umhverfisáhrifum. Orðið hrávarmi, sem notað er í frv., getur aðeins átt við um jarðvarmavirkjanir en hrávarmi er bruttóvarmi upp úr jörð. Er því lagt til að um önnur varmaorkuver, sem geta verið eldsneytisrafstöðvar eða eldsneytiskynntar hitunarstöðvar, verði notuð viðmiðunin uppsett afl.

Í þriðja lagi er lagt til að viðmiðunarmörkin við háspennulínur lækki úr 132 KV spennu í 33 KV spennu. Með þeirri breytingu mun mat á umhverfisáhrifum taka til lagningar helstu raflína á milli byggðarlaga.

Í fjórða lagi er lagt til að almennar sorpeyðingarstöðvar falli undir ákvæði 6. tölul. og þá miðað við stöðvar þar sem skipuleg förgun eða urðun á sorpi og úrgangi fer fram.

Í fimmta lagi er lagt til að 7. tölul. falli brott þar sem ekki þykir líklegt að efni standi til að hann geti átt við hér á landi. Í 2. mgr. 6. gr. er vísað í viðauka I við tilskipun 85/337 frá Evrópubandalaginu sem birtur er sem fylgiskjal með frv. en þar er m.a. getið um þær framkvæmdir sem felast í 7. tölul.

Í sjötta lagi eru lagðar til þær breytingar á 8. tölul. að hann taki ekki aðeins til frumbræðslu á steypujárni og stáli heldur verði ál þar á meðal auk þess sem endurbræðsla þessara málma falli undir töluliðinn.

Í sjöunda lagi er lagt til að orðin „blandaða framleiðslu" í 8. og 9. tölul. falli brott enda er ekki ljóst hvað er átt við með þessum orðum.

Í áttunda lagi eru lagðar til breytingar á 10. tölul. varðandi vegi, hraðbrautir og flugbrautir. Lagt er til að miðað verði við lagningu nýrra vega þar sem ekki er talin ástæða til að endurbætur eða viðgerðir á vegum falli undir ákvæði frv. En nefndin lítur svo á að lagn-

ing hraðbrauta falli samkvæmt skilgreiningu nefndarmanna undir vegalagningu. Þá er talið eðlilegt að flugbrautir verði almennt látnar sæta mati á umhverfisáhrifum. Breytingin á 11. tölul. felur í sér brottfellingu á skipgengum vatnaleiðum, enda nægilegt að um það sé getið í viðauka I. Loks eru lagðar til nokkrar breytingar á 2. og 3. mgr. sem ekki eru efnislegs eðlis.

Rétt er að geta þess að þær breytingar sem gerðar eru á 6. gr. miða allar að því að setja hér nokkuð strangari mörk um mat á umhverfisáhrifum og skilgreiningu á þeim framkvæmdum sem skulu fara í mat á umhverfisáhrifum. Meginástæðan fyrir þessu er sú að nefndarmenn voru sammála um að náttúra Íslands væri á margan hátt viðkvæmari fyrir umhverfisáhrifum heldur en gerist annars staðar og væri því ástæða til að færa þessi mörk niður, gera þau strangari hér. Á sama tíma eru gerðar aðrar breytingar á frv. sem leiða til þess að þótt ekki sé dregið úr upplýsingaöflun þá eru opnaðar leiðir til þess að ákveða að framkvæmdir séu heimilar á tveimur tímamótum í ferlinu sem lýst er í frv.

Í umsögnum er nefndinni bárust frá fimm samtökum, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Landvernd, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Náttúruverndarráði og Landvarðafélagi Íslands, kemur fram að þau telja að í frv. vanti ákvæði um umhverfismat eða mat á umhverfisáhrifum vegna breytinga á gróðurfari af mannavöldum. Er þá átt við t.d. framræslu votlendis, landgræðslu og skógrækt. Nefndin ræddi þessar ábendingar og er hún sammála um að nauðsynlegt sé að vinna skipulega að verkefnum á þessu sviði með tilliti til fjölþættra landnota og umhverfisverndar. Þannig geti verið ástæða til að fram fari mat á umhverfisáhrifum eða hliðstæður undirbúningur áður en ráðist verði í meiri háttar verkefni af þessum toga, enda er heimild til þess samkvæmt 7. gr. frv.

Lítils háttar breytingar eru gerðar á 7. gr. sem þarfnast ekki skýringa, en samkvæmt 8. lið nál. er lagt til að í stað 8.–13. gr. í frv. komi sex nýjar greinar sem verði 7.–12. gr. Tengist sú breyting m.a. fækkun á skilgreiningum 2. gr. þar sem lagt er til að hugtakið umhverfismat verði ekki lögbundið hugtak skv. frv.

Að óbreyttu gerir frv. ráð fyrir að skipulagsstjóri ríkisins sjái um undirbúning mats á umhverfisáhrifum og framkvæmd matsins og gerð en geti í undantekningartilvikum falið það öðrum aðilum skv. 8. gr. og 11. gr. frv. Samkvæmt 11. gr. frv. ákvarðar skipulagsstjóri síðan hvort umhverfismat sé í samræmi við þar til gerðar kröfur. Nefndin leggur til að á þessu ferli verði nokkrar breytingar. Munu þær nú verða skýrðar í helstu efnisatriðum.

Í hinni nýju 7. gr. er að hluta tekið upp efni 10. gr. frv. um ferli það sem fram fer áður en hafist er handa um framkvæmd sem frv. eða reglugerð samkvæmt því tekur til. Framkvæmdaraðili skal þannig senda skipulagsstjórn tilkynningu um fyrirhugaða framkvæmd þar sem fram kemur lýsing á framkvæmdinni, ráðgerðri hönnun, hugsanlegri umhverfisröskun og fyrirhuguðum ráðstöfunum til að draga úr henni auk annarra upplýsinga sem skipulagsstjóri telur nauðsynlegar. Er þetta efnislega í samræmi við 1. og 2. mgr. 10. gr. frv. Þó verður sú breyting á að ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdaraðili sendi neina beiðni til skipulagsstjóra um að fram fari umhverfismat, enda er gert ráð fyrir því að mat á umhverfisáhrifum verði á ábyrgð sjálfs framkvæmdaraðilans.

Í 2. mgr. kemur síðan að hluta fram efni 3. mgr. 10. gr. frv. Skipulagsstjóri birtir innan tveggja vikna tilkynningu framkvæmdaraðila ásamt meðfylgjandi gögnum með opinberri auglýsingu og skal athugasemdum skilað til skipulagsstjóra innan fimm vikna frá birtingu auglýsingar. Frestur til að skila inn athugasemdum er þarna lengdur um eina viku, enda er verið að kynna viðkomandi framkvæmd opinberlega í fyrsta skipti.

Efni hinnar nýju 8. gr. byggir á því sem að framan er sagt. Í 3. mgr. 10. gr. og 11. gr. frv. er gert ráð fyrir að upplýsingar er framkvæmdaraðili veitir, geti uppfyllt skilyrði frv. um mat á umhverfisáhrifum þannig að ekki sé þörf frekara mats. Lagt er til að í greininni verði kveðið á um að innan átta vikna frá því að skipulagsstjóri hefur birt tilkynningu framkvæmdaraðila taki hann ákvörðun eða felli úrskurð um það hvort fallist er á viðkomandi framkvæmd eða gerð krafa um frekara mat á umhverfisáhrifum. Þá skal skipulagsstjóri kynna ákvörðun sína samkvæmt 1. mgr. fyrir hlutaðeigandi aðilum auk þess sem ákvörðunin verður birt opinberlega.

Í því ferli sem lýst hefur verið hingað til er ekki gert ráð fyrir sjálfstæðum rannsóknum til þess að byggja mat á umhverfisáhrifum á heldur fyrst og fremst öflun upplýsinga. Á síðari stigum málsins er hægt að taka ákvörðun um að nauðsynlegt sé að láta fara fram rannsóknir sem beinlínis tengjast þessum framkvæmdum.

Í stað ákvæðis 1. mgr. 8. gr. frv. um að skipulagsstjóri stjórni framkvæmd umhverfismats og sjái um að það fari fram er lagt til að í nýrri 9. gr. sé kveðið á um að framkvæmdaraðili sjái um mat á umhverfisáhrifum. Þá er kveðið á um að framkvæmdaraðili skuli bera kostnað af matinu í stað þess að 12. gr. frv. gerir ráð fyrir að sá greiði kostnaðinn sem óskar eftir því að matið verði gert. Þá er lagt til í 2. mgr. að skipulagsstjóri setji almennar leiðsögureglur um framkvæmd matsins að teknu tilliti til sérákvæða í lögum og alþjóðlegra skuldbindinga. Þannig er ætlast til þess að í leiðsögureglum skipulagsstjóra verði bent á þau ákvæði sérlaga, svo sem náttúruverndarlaga, vegalaga og þjóðminjalaga, sem taka þarf tillit til við gerð mats á umhverfisáhrifum.

Í nýrri 10. gr. er efni 1. mgr. 9. gr. frv. um áhrif þau sem tilgreina skal í mati á umhverfisáhrifum, tekið upp með nokkrum breytingum. Helsta breytingin er sú að ekki er kveðið á um að meta skuli félagsleg áhrif en þess í stað notað orðið samfélag svo sem gert er í 1. gr. frv. Nefndin telur rétt að taka það sérstaklega fram að hún telur að ekki beri að líta á upptalninguna í 11. gr. þannig að um sé að ræða þrengingu á meginreglu í 1. gr. frv. þar sem rætt er um framkvæmdir sem hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag.

Í 2. mgr. er kveðið á um að skipulagsstjóri skuli birta niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum innan tveggja vikna frá því að hann hefur tekið á móti þeim. Athugasemdum skal skilað til hans innan fimm vikna frá birtingu auglýsingar. Þetta ákvæði 2. mgr. samsvarar 4. mgr. 10. gr. frv.

Í hinni nýju 11. gr. er kveðið á um að skipulagsstjóri kveði upp úrskurð á grundvelli fyrirliggjandi gagna innan átta vikna frá því að hann hefur birt niðurstöður mats á umhverfisáhrifum. Með þessu ákvæði er þannig kveðið skýrar en í frv. á um úrskurðarvald skipulagsstjóra. Í úrskurði skipulagsstjóra getur falist að fallist er á viðkomandi framkvæmd, með eða án skilyrða, að krafa er gerð um frekari könnun einstakra þátta eða að lagst er gegn viðkomandi framkvæmd. Ekki er tekið upp ákvæði 4. mgr. 11. gr. frv. um að skipulagsstjóri geti lokið við gerð matsins á kostnað framkvæmdaraðila verði hann ekki við tilmælum hans um öflun frekari upplýsinga eða gagna. Er litið svo á að það sé framkvæmdaraðila hagsmunamál að ljúka þessu máli og ekki ber að taka af honum frumkvæðið í þeim efnum.

Í 2.–3. mgr. hinnar nýju 11. gr. er kveðið á um kynningu og opinbera birtingu úrskurðar skipulagsstjóra samkvæmt 1. mgr. og auk þess greiðan aðgang almennings að úrskurðinum og niðurstöðum matsins. Um þessi atriði er fjallað í 4. mgr. 10. gr. frv.

Með nýrri 12. gr. er ráðherra heimilað að ákveða með reglugerð að innheimt skuli gjald af framkvæmdaraðila vegna kostnaðar embættis skipulagsstjóra af málsmeðferð samkvæmt lögunum. Breytingin á 14. gr. er ekki efnislegs eðlis heldur leiðir hana af þeim breytingum sem fyrr eru greindar. Breytingin á 15. gr. er heldur ekki efnislegs eðlis og þarfnast ekki skýringa. Breyting á 16. gr. felur í sér einföldun ákvæðisins um heimild ráðherra til að setja reglugerð samkvæmt lögum þessum. Lögð er til sú breyting á 18. gr. að lögin öðlist þegar gildi, enda þykja þau eiga fullan rétt á sér án tillits til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Þá er lagt til að við frv. bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, II, sem feli í sér að framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 verði ekki háðar mati á umhverfisáhrifum en nauðsynlegt er að gefa hlutaðeigandi aðilum nokkurn aðlögunartíma vegna þeirra breyttu réttarreglna sem lagðar eru til í frv. Með gildistöku frv., þó að það komi ekki til framkvæmda strax, er hægt að vinna að undirbúningi málsins og semja reglugerð en allri óvissu um það hvernig farið verður með leyfi sem útgefin eru fyrir 1. maí 1994 er eytt með þessu ákvæði.

Lagt er til að heiti frv. verði „Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum."

Undir þetta nál. sem hér hefur verið kynnt skrifa Gunnlaugur Stefánsson, formaður umhvn., Tómas Ingi Olrich, Jón Helgason, Árni Mathiesen, Hjörleifur Guttormsson, Árni R. Árnason, Kristín Einarsdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir.

Ég vil taka það fram að þessi framsöguræða hefur verið allítarleg og nokkuð löng. Fyrir því standa þau rök að mjög veruleg breyting hefur orðið á frv. og má segja að sumu leyti, einkum og sér í lagi að því er varðar 7.–13. gr., hafi frv. verið mjög mikið breytt, enda ber nál. þess merki. Það hefur verið unnið mikið í þessu máli á vegum umhvn. og vil ég nota þetta tækifæri í lok framsöguræðu minnar með þessu nál. að þakka nefndarmönnum fyrir dugnaðinn og ósérhlífnina og ljúka máli mínu með þeim þakklætisorðum.

Umræðu frestað.

Afturköllun máls.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill vegna loforðs við hv. 15. þm. Reykv. fyrir stuttu upplýsa að sérfræðingar Alþingis hafa farið yfir athafnir forseta þegar 13. dagskrármál var kallað aftur og komist að þeirri niðurstöðu að þar hafi verið hárrétt að farið og gleður það forseta mjög. Forseti studdist við ákvæði 60. gr. þingskapalaga þar sem segir að ævinlega sé heimilt á öllum stigum máls að kalla það aftur en hins vegar sé hverjum hv. þm. heimilt að taka hið sama mál upp að nýju á sama fundi.

En ég vil ítreka það sem ég sagði áðan að ég hafði hins vegar ekki tekið eftir að hv. 15. þm. Reykv. hafði beðið um að veita andsvar og það harma ég. Ég hygg að ég hefði leyft andsvarið ef ég hefði veitt því athygli í tíma.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég þakka forseta fyrir að hafa athugað þetta mál. En það var fyrst og fremst vegna þess að ég hafði beðið um andsvar sem ég mótmælti að málið væri tekið af dagskrá, ekki að ég efaðist um að forseti gæti úrskurðað hvenær sem væri að hætta umræðunni ef þess hefði verið óskað af flm. Það er alveg tvennt ólíkt. En það var fyrst og fremst vegna þess að ég tel að ræðu sé ekki lokið fyrr en andsvörum sé lokið að ég kom þessum athugasemdum á framfæri.

Umhverfismat, frh. 2. umr.

Stjfrv., 80. mál (EES-reglur). — Þskj. 87, nál. 1139, brtt. 1140.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að ræða það mál efnislega sem gerð hefur verið prýðileg grein fyrir af hálfu frsm. umhvn. og varaformanns nefndarinnar. Ég vil aðeins ítreka það sem einnig kom fram í framsögu hans að hér er um mjög stórt og þýðingarmikið mál að ræða sem ég held að geti haft verulega þýðingu til bóta fyrir stöðu umhverfismála í landinu þó að auðvitað sé þar margt undir framkvæmd komið og hvernig á er haldið á grundvelli þeirra ákvæða sem hér er lagt til að lögfesta.

Það hefur verið ánægjulegt að vinna að þessu máli í umhvn. á liðnum vetri þó að starf nefndarinnar hafi orðið óvenjumikið miðað við að hér var á ferðinni stjfrv. Ég held að fyrir nefndina hafi þetta verið lærdómsríkt en ég tel jafnframt að fyrir ráðuneyti umhverfismála, það unga ráðuneyti, geti þetta orðið lærdómsríkt því eins og fram kemur í málsgögnum sem hér hafa verið kynnt þá er um að ræða óvenjulega víðtækar breytingar á frv. frá því stjfrv. sem lagt var fyrir í haust. Ég tel út af fyrir sig að það sé engin ofætlun að þingnefndir taki vel og ítarlega á málum, síður en svo, og geri þær breytingar sem nefndir telja rétt að gerðar séu. En það eru auðvitað takmörk fyrir því hversu mikið er hægt að leggja á þingnefndir sem fá mikil mál, mörg mál og viðamikil til meðferðar og auðvitað hlýtur það síðan að koma niður á því hverju þær fá áorkað ef gera þarf jafnvel grundvallarbreytingar á flóknum málum eins og þetta frv. er sem hér um ræðir. En ég var í hópi þeirra, og það varð niðurstaðan í umhvrn., sem töldu að rétt væri að ráðast í þetta verkefni og ég tel að farsællega sé að landi náð í þessu máli. Auðvitað ekki þannig að allir hafi fengið sín sjónarmið inn í þann texta sem undirritaður er, en í meginatriðum hefur ríkt prýðilegt samkomulag um niðurstöðu og áfanga að þeirri niðurstöðu í nefndinni og það hefur verið ánægjulegt að vinna að þessu máli. Ég tel að það sé ekki síst varaformaður nefndarinnar, sem stýrði því verki á lokastigum umfjöllunar, sem hafi átt mjög góðan þátt í því að koma málinu í þá höfn sem hér hefur verið kynnt af frsm. en auðvitað eiga allir nefndarmenn þar óskilinn hlut að máli að þetta er hér lagt fyrir í samkomulagi.

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég ætlaði ekki að hafa mörg orð um þetta mál, en eins og fram hefur komið í máli þeirra sem hér hafa talað, m.a. hjá frsm., þá hefur verið mjög mikil vinna lögð í þetta frv. Raunar má segja að það sé nýtt frv. sem kemur hér fyrir þingið. Það hefði e.t.v. verið eðlilegra að flytja nýtt frv. um umhverfismat en í nefndinni varð niðurstaðan sú að flytja það með þeim hætti sem hér er gert, þ.e. brtt. við það frv. sem kom frá hæstv. umhvrh. Það breytir því ekki að við þurftum að vinna gífurlega mikla vinnu., ég var að vísu fjarverandi drjúgan hluta af þessu, í veikindaforföllum, en nefndin vann gífurlega gott starf. Ég held að niðurstaðan sé vel ásættanleg en eins og alltaf vill verða þá hefðu kannski einhverjir viljað sjá eitt og eitt atriði öðruvísi, en breytir því ekki að um þessar brtt. var gott samkomulag. Á lokasprettinum reyndi auðvitað mest á hv. 5. þm. Norðurl. e. þegar upp komu alls konar vandamál þegar farið var að líta á málið í heild, en það urðu auðvitað miklu fleiri til þess að taka á málunum með þeim hætti að útkoman er að mínu mati mjög góð.

Þetta er mjög mikilvægt mál og vona ég að þetta verði til farsældar fyrir landið, fyrir náttúruna. Ég vona að það verði sem fyrst farið að vinna að því að undirbúa málið en eins og fram kemur er ekki miðað við að frv. komi til framkvæmda fyrr en á næsta ári þar sem það krefst ákveðins undirbúnings.

Ég vil bara ítreka þakkir mínar til nefndarinnar og fyrir að fá að vera þátttakandi í að vinna að þessu máli en ég var einmitt ein af þeim sem töldu réttast að vísa því til baka til föðurhúsanna og segja þeim að koma með betur unnið frv. Sem betur fer var það ekki gert heldur ákvað nefndin að taka málið og vinna það. Árangurinn kemur nú fram á borðum þingmanna og vona ég að allir séu jafnánægðir með afkvæmið og við nefndarmenn í umhvn.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar mjög viðamikið mál. Ég vil þakka hv. þm. í umhvn. fyrir mjög gott starf sem kom mjög greinilega fram í ræðu frsm. fyrir nál. Ég vil undirstrika að hér er á ferðinni mjög mikilvægt mál fyrir okkar litlu þjóð. Það skiptir okkur öll afskaplega miklu að farið sé varlega þegar staðið er að framkvæmdum. Það er mín skoðun að sú löggjöf, sem vonandi verður raunveruleg samkvæmt frv., muni hafa mjög mikil áhrif á þá sem undirbúa framkvæmdir. Ekki að menn munu beita þessu til að verjast þeim ákvæðum frv. heldur til þess að huga mjög vel að því hvernig skuli staðið að mannvirkjagerð í okkar landi. Það er mikilvægasti þátturinn, ekki að svona löggjöf þurfi að verða til þess að verjast ágangi eða ákvörðunum sem hætta er á að skaði landið og umhverfið allt á okkar fagra Íslandi.

Þetta vildi ég segja við þessa umræðu en að öðru leyti lýsa yfir fullum stuðningi við frv. Ég vænti þess að þeir sem koma til með að vinna á grundvelli þess beri gæfu til þess að ná sem bestum árangri og ekki síður þeir sem þurfa að standa að mannvirkjagerð í landinu.

Frsm. umhvn. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim nefndarmönnum sem létu hlý orð falla í minn garð og voru ánægðir með samstarfið í nefndinni. Ég vil taka fram að ég hygg að hér sé á ferðinni mikilvægt mál. Það er nýjung á Íslandi að setja um þetta lög. Að vísu er ekki hægt að segja að það sé alveg nýtt af nálinni að mat á umhverfisáhrifum fari fram því að það er ekki rétt, en þetta frv. og þær brtt. sem hér liggja fyrir eru nýjung. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það verður mjög fróðlegt að fylgjast með því hvernig framkvæmdin verður á þessum lögum, ef þau verða staðfest hér í þinginu, því að það skiptir meginmáli hvernig framkvæmdin verður.

Það er von mín að málið, eins og það hefur verið lagt upp hér í þinginu og með þeim breytingum sem orðið hafa á því, muni leiða til þess að aukin þátttaka framkvæmdaraðilanna sjálfra og ábyrgð í þessu máli leiði til þess að þeir muni taka með opnari huga og jákvæðari hætti þátt í því að meta þau áhrif sem framkvæmdir þeirra hafa á umhverfið og þar af leiðandi muni þetta verða til þess að styrkja tilfinningu þjóðarinnar fyrir mikilvægi umhverfismála.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuþróun í Mývatnssveit, síðari umr.

Þáltill. HG og KE, 173. mál. — Þskj. 199, nál. 1208, brtt. 1209.

Gunnlaugur Stefánsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég átti orðastað við þig áðan um það hvort kostur væri á að taka mál nr. 19 á dagskrá og þú taldir það sjálfsagt. Ég hef beðið þess hér um leið og ég hef fylgst af athygli með umræðum um umhverfismat að þetta mál væri tekið fyrir. Nú kynnir hæstv. forseti skyndilega að mál nr. 20 skuli tekið á dagskrá. Ég vil óska skýringa á því af hverju ekki er hægt að standa við þetta loforð sem mér var gefið. Ef það er ekki hægt, þá hlýtur að vera eðlilegt af mér að óska eftir að það verði staðið við dagskrána eins og hún liggur hér fyrir þótt ég viti það gjörla að forseta er heimilt að taka mál fyrir eftir þeirri röð sem honum þóknast. En það væri eigi að síður mjög gott þó að ég vítí að annir forseta séu miklar um þessar mundir að loforð sem gefin eru standi þar til nema hann geti leiðrétt þau eða dregið þau til baka við þann sem um það biður. Ég mundi þá taka það til vinsamlegrar athugunar, en það hefur ekki verið gert.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa, að eins og hv. þm. sagði, lofaði forseti að taka þetta mál fyrir ef þess væri nokkur kostur sem næsta mál. Nú kom fram beiðni um að doka við og taka fyrst 20. mál þannig að forseti sér nú ekki að það geti breytt miklu í störfum hv. þm. Við verðum hér við vinnu í dag og það má búast við að einhver breyting verði á dagskrá eftir því sem menn eru tilbúnir til að flytja mál, en málið leysist nú af sjálfu sér vegna þess að — nei, ekki gerist það nú, frsm. málsins sem kynnt var er kominn í húsið, en ég vil nú spyrja hv. þm. hvort þetta sé mjög mikilvægt. Má ég þá spyrja þingmanninn hvers vegna?

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Það kemur mér satt að segja á óvart að formaður umhvn. skuli leggjast gegn því að tekin séu á dagskrá þau mál sem er samkomulag um í umhvn. Ég hélt að það væri nú áhugaefni hv. formanns nefndarinnar að þau mál gengju fram fyrir sem samkomulag væri um í nefndinni. En þannig stendur á að varðandi 19. dagskrármálið liggja fyrir tvö nefndarálit og um það mál má búast við nokkurri umræðu. Ég á ekki von á því að svo sé um 20. dagskrármálið sem var full samstaða um við afgreiðslu frá umhvn. og allshn. sem fékk málið til meðferðar en umhvn. fjallaði um málið efnislega í samkomulagi við allshn.

Ég vil jafnframt geta þess að í morgun þegar þingfundur hófst kl. 9, þá varð nokkur umræða um þingsköp og þau mál sem á dagskránni eru. Þar komu fram óskir frá hv. 3. þm. Austurl. í tengslum við mál. nr. 25–27 á dagskránni og síðan komu fram ábendingar frá öðrum hv. þm. um mál sem búast mætti við að umræða yrði nokkur um. Forseti lýsti þeirri stefnu varðandi dagskrána að láta þau mál hafa forgang á dagskránni, það var aðalforsetinn sem lýsti þeirri stefnu sinni varðandi vinnubrögð í dag að láta þau mál hafa forgang á dagskránni sem samkomulag væri um frá nefndum og ekki þyrfti að reikna með miklum umræðum um.

Forseta var greint frá því varðandi nokkur mál. Það voru tilgreind m.a. 21. og ég held 23. mál að um þau mætti búast við umræðum og það var einnig greint frá því varðandi 19. málið, því var komið á framfæri við forseta varðandi 19. málið að það hagaði einnig þannig til að það mætti reikna með umræðu um það sérstaklega. Þetta var sú stefna sem lögð var til grundvallar hér í upphafi þessa fundar og ég vil, af því að sá forseti sem nú stýrir fundi mun ekki hafa verið við þessa umræðu, rifja þetta upp um leið og ég vænti þess að þessi tilhögun á þingstörfum verði viðhöfð til þess að greiða fyrir framgangi mála sem samkomulag er um.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill nú spyrja hv. 5. þm. Austurl. hvort ekki sé unnt að verða við því að ljúka 20. máli og taka þá síðan 19. mál.

Gunnlaugur Stefánsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir svörum frá þér um það af hverju ekki var staðið við það loforð sem þú gafst mér um það að næst yrði tekið á dagskrá (**HG:** Forseti gaf.) sem forseti gaf mér um að tekið yrði fyrir næst 19. mál og um það hafði ég borið formlega beiðni til forseta, að vísu ekki hér úr ræðustól, og hún sagt að það væri sjálfsagt mál. Nú tilkynnir hún að það hafi komið beiðni um það að taka fyrir 20. mál. Þess vegna verð ég að spyrja hæstv. forseta um það af hverju hún taki þá beiðni fram yfir. Mér virðist sem sú beiðni hafi komið frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni þó það hafi nú ekki verið skýrt af forsetastól og ég verð að spyrja: Er verið að greina á milli þess hvort hér sé um flokkssystkini að ræða á forsetastól eður ei? Forseti verður að upplýsa það, af hverju beiðni hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar er tekin fram fyrir beiðni mína og í öðru lagi líka þar sem meira að segja um er að ræða mál, sem er á eftir því máli sem ég hef verið að biðja um að tekið yrði hér fyrir þannig að ég get staðið að því að dagskrárröð standi í þessum tveimur málum. En ég verð að fá svör við þessari spurningu frá hæstv. forseta.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa hv. 5. þm. Austurl. að hv. 4. þm. Austurl. var ekki örlagavaldur í þessu mikilsverða máli, heldur var forseta bent á eins og hér kom fram hjá hv. 4. þm. Austurl. að fyrst skyldu tekin mál sem ekki væri að vænta mikillar umræðu um. Það hefur að vísu orðið umræða um sum þeirra mála, en forseti vill benda á að 16. og 17. mál eru t.d. enn þá óræddd samkvæmt þessari stefnu. Þar sem mér sýnist að þetta sé mikið mál fyrir hv. 5. þm. Austurl., þá fellir forseti

þann dóm að nú skuli tekið fyrir 19. dagskrármál, fuglaveiðar og fuglafriðun, stjfrv., 146. mál á þskj. 167, nál. 1169 og 1237 og brtt. á þskj. 1170.

Kristín Einarsdóttir *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég má til með að koma hérna í ræðustól og lýsa undrun minni á ummælum hv. 5. þm. Austurl. Ég tel ekki að forseti skuldi þingmönnum nokkra skýringu á því hvers vegna tekin eru mál í einni eða annarri röð. Það er ekki hægt að krefjast þess. Auðvitað getur forseti kosið það að skýra það mál, en við sem hér sitjum í þingsalnum, óbreyttir þingmenn, höfum enga kröfu á forseta í þessum efnum. Við getum óskað skýringa en við getum ekki krafið skýringa á þessu.

Ég var hér í upphafi fundar þar sem forseti lýsti því að fyrst yrði tekið fyrir mál sem væri samkomulagsmál og ekki talið líklegt að yrðu miklar umræður um. Það var talað um það og við höfum farið eftir því núna í dag. Að vísu hafa orðið umræður óvænt um ýmis mál sem hafa hins vegar verið tekin út af dagskrá og forseti auðvitað úrskurðað það án þess að við getum neitt verið að kvarta yfir því. Mér þykir því mjög sérkennilegt hvernig hv. 5. þm. Austurl. kemur hér í ræðustól, bæði hvernig hann ávarpar forseta og hvernig hann krefur forseta um skýringar sem ég tel hann alls ekki hafa nokkurn rétt á að krefja forseta um.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. 15. þm. Reykv. og með tilliti til þess að hv. 5. þm. Austurl. er einn af forsetum þingsins og það er raunar hv. 15. þm. Reykv. líka, er nú kannski óþarfi að benda á að í 63. gr. þingskapa stendur einfaldlega:

„Forseti ákveður dagskrá hvers fundar. Þó má ákveða dagskrá næsta fundar eftir ályktun þingsins. Forseti getur breytt röðinni á þeim málum sem eru á dagskrá og einnig tekið mál út af dagskrá."

Það er, hv. þm., í valdi forseta í hvaða röð dagskrármál eru tekin fyrir í þinginu.

En vegna þess að mikil áhersla hefur verið lögð á að 19. dagskrármál fáist rætt telur forseti rétt að hefja nú umræðu um það mál.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að gera stórar athugasemdir við hvernig forseti tekur hér mál á dagskrá. Ég hlýt hins vegar að vekja athygli á því að ef hv. stjórnarliðar halda áfram því framferði sem þeir hafa viðhaft hér í morgun, þá eru litlar líkur á því að við komumst hér mikið áfram með dagskrána. Þeir ýmist fella mál fyrir hver öðrum eða fara hér í harðar þingskapaumræður um dagskráruppröðun að því er virðist í þeim eina tilgangi að tefja þingstörf og halda uppi málþófi, svo ég noti nú þeirra eigin orð sem þeim er mjög tamt að taka sér í munn, til þess að forða ríkisstjórninni falli þar sem hv. stjórnarliðar treysta sér ekki til þess að halda áfram með dagskrána af ótta við það að hér komi til umræðu 25. mál sem er á dagskrá en eins og við fylgjumst með hér í hliðarsölum er allt í óvissu um það og allt upp í loft.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins undirstrika það sem hér hefur komið fram að í morgun var það stefna aðalforseta þingsins og lýst eftir því sérstaklega gagnvart þingmönnum að hér yrði fylgt þeirri stefnu í dag við meðferð mála á dagskrá að taka fyrst þau mál sem líklegt væri að ekki kölluðu á miklar umræður og væru samkomulag um frá nefndum. Og athygli forseta var vakin á því að nokkur mál væru á dagskránni sem þannig stæði á um og forseti tók við þeim skilaboðum. Ég tel að þetta sé skynsamleg stefna sem þarna var mörkuð af forseta og átti von á því að henni yrði fylgt. Þá gerist það að einn úr forsætisnefnd, hv. 5. þm. Austurl., gengur hér fram með fyrirgangi nokkrum og gleymir nú svona venjulegum kurteisissiðum gagnvart forseta í leiðinni og heimtar það að ekki sé fylgt þessari stefnu heldur sé önnur stefna uppi höfð. Þetta er satt að segja mjög sérkennilegt. Menn hljóta að spyrja, hvaða viðhorf eru það sem eiga að ráða hér ferðinni á þessum degi, virðulegi forseti, af hálfu þeirra sem ráða meira en við óbreyttir þingmenn um gang mála á dagskrá? Og ég vil bara vekja enn og aftur athygli á þessu. Ég mun ræða þetta 19. mál að sjálfsögðu þegar það er tekið fyrir og gera grein fyrir mínum sjónarmiðum og ég hef greint frá því að ég mundi þurfa að koma þar ýmsu á framfæri. Ég vek enn og aftur athygli forseta á því. Ef það er talinn besti háttur hér á þingstörfunum að það mál sé hér rætt næstu klukkustundirnar, þá mun ég að sjálfsögðu ekki skorast undan því, heldur nota minn rétt eftir sem efni standa til varðandi þetta þingmál. Og fyrst það er svo eindregið krafa hv. 5. þm. Austurl. að taka þátt í þeirri umræðu nú, þá ætla ég sannarlega ekkert að skorast undan því. Ég vil bara vekja ítrekaða athygli forseta á þessari stöðu mála.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill nú upplýsa að það liggur fyrir að um þessi mál bæði mun verða mikil umræða samkvæmt upplýsingum þeirra sem þátt ætla að taka í þeirri umræðu og þar með sér forseti ekki að miklu máli skipti hvort málið verði tekið á undan öðru.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Mér þykir sýnt að hv. 5. þm. Austurl. hafi hvíslað því í eyra forseta nú að um 20. mál á dagskrá muni verða mjög mikil umræða og forseti hafi dregið þá (**Gripið fram í:** Gunnlaugur, hlustaðu.) Að hv. 5. þm. Austurl. hafi hvíslað því í eyru forseta að um þetta 20. mál á dagskránni muni verða mjög mikil umræða og forseti dregið þá ályktun — ég markaði það af orðum hæstv. forseta. Nú er það svo að sá er munur á málum þessum tveimur ... (**Forseti:** Má ég biðja hv. þm. að hafa hljóð í hliðarsal?) Virðulegur forseti. Má ég óska eftir því að það sé lokað á þetta umræðuherbergi, hliðarherbergi? Sá er munur á málum þessum að um annað liggja fyrir tvö nefndarálit,

þar af frávísunartillaga varðandi fyrra málið á nefndaráliti. Um hitt málið stendur þannig á að því var vísað til allsherjarnefndar þingsins eftir nokkra umræðu hér á sínum tíma, það varð niðurstaðan. Allshn. vísaði málinu til efnislegrar umfjöllunar í umhvn. þingsins og það mál fékk þar ítarlega meðferð og umræðu. Síðan var send álitsgerð, umsögn frá umhvn. um þetta 20. dagskrármál til allshn. eins og allshn. hafði óskað eftir. Undir þessa álitsgerð rituðu allir fulltrúar í umhvn. þingsins. Fremstur í flokki og sá sem undirritaði bréfið — virðulegur forseti, þetta er nú orðið erfitt um ágengnina gagnvart hæstv. forseta. Þetta er satt að segja orðið dálítið erfitt fyrir forseta að stýra hér fundi og hlýða á mál þegar jafnvel geistlegir menn gerast svo nærgöngulir sem raun ber vitni. — Þessi álitsgerð frá umhvn. fór með bréfi undirrituðu af hv. 5. þm. Austurl. til allshn. þingsins þar sem niðurstöðu var lýst og beinni tillögu um afgreiðslu málsins með fullu samþykki umhvn. Og mér er ekki kunnugt um nokkurn ágreining af hálfu allshn. við þennan málatilbúnað. Ég veit ekki betur en að í allshn. hafi tekist samkomulag um það að fylgja þeirri niðurstöðu sem tókst í umhvn. um málið og þannig er málið fram komið athugasemdalaust á sameiginlegu nefndaráliti frá allshn. þingsins og liggur hér fyrir til umræðu vegna þess að allshn. hefur afgreitt það samdóma og er sammála á nefndaráliti. Svoleiðis að hér er auðvitað mjög ólíku saman að jafna um þessi þingmál. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu og ég veit auðvitað ekkert hvaðan hv. 5. þm. Austurl. koma þær upplýsingar að það megi búast við mjög mikilli umræðu um 20. mál sem svo góður friður hefur tekist um í tveimur þingnefndum. En ég vil auðvitað ekki leggja mat á það. Það má vel vera að það liggi þingmönnum svo mjög á hjarta varðandi 20. dagskrármálið að þeir vilji ræða það og það er að sjálfsögðu allra réttur. En þetta tel ég nauðsynlegt að taka fram vegna þess sem hér kom fram sem ályktunarorð forseta eftir hvíslingar frá hv. 5. þm. Austurl. að gera mætti ráð fyrir mikilli umræðu einnig um 20. dagskrármál.

Gunnlaugur Stefánsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Mér blöskrar svo ræða hv. 4. þm. Austurl. Hjörleifs Guttormssonar að maður á tæpast orð. Hver stjórnar þingstörfum? Hver treystir sér til að koma hér upp í þennan stól og tala með þvílíkum valdsmannshætti eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði hér? Ég hóta máþófi í þessu máli. En svo er samkomulag um eitthvað annað mál. Af því að ég stend fyrir því. Þetta er inntakið. Ætlar hæstv. forseti í hvert sinn sem hann á að meta það hvort það verða umræður um mál eða ekki að spyrja hv. þm. Hjörleif Guttormsson um það sem virðist vita það gjörla hvernig umræður liggja hér í þinginu? Hver getur sagt fyrir fram um það hvernig hv. þm. vilja ræða mál? Hver treystir sér til þess að koma og segja fyrir um það? Og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson fullyrðir það hér við hið háa Alþingi að það verði líklega engar umræður um málefni er snerta Mývatn af því að það hafi verið svo vel unnið að málinu í tveimur nefndum þingsins. Hver getur tekið sér svona vald í hönd og úrskurðar svona með þessum hætti? Leyfum þingstörfunum að hafa sinn gang og leyfum hv. þm. að hafa frelsi til að ákveða hvort þeir vilja leggja orð til máls og taka þátt í umræðum en ekki vera að ákveða það fyrir þá. Síðan hótar hann því hér að það sé ekki hægt að taka 19. mál á dagskrá af því að hann ætli að ræða það hér næstu klukkustundirnar og af því að hann ætlar að ræða það næstu klukkustundirnar þá á hæstv. forseta að þóknast að fresta umræðum um það mál eða taka það ekki á dagskrá strax. Ég verð þá bara að spyrja hv. þm. Hjörleif Guttormsson um það hvaða fleiri mál það eru sem honum þóknast að hafa stjórn á með þessum hætti í dag og næstu daga. Ég uni ekki svona vinnubrögðum. Ég uni ekki svona hótunum. Ég uni ekki svona hótunum. Og þaðan af síður því að einn þingmaður geti komið hér í stól og ætli að fara að segja okkur, hv. þm., hvar verði umræður og hvar verði ekki umræður og stjórna þinginu með þeim hætti.

Kristín Einarsdóttir *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Það liggur við að maður geti bara sagt, ja hérna! Leyfum þingstörfunum að hafa sinn gang, sagði hv. 5. þm. Austurl. En greip síðan gróflega inn í stjórn hæstv. forseta á þinginu áðan. Ég veit að hv. 4. þm. Austurl. er fullfær um að svara hv. þm. um þeirra deilur ég ætla ekki að blanda mér í þær. En ég vildi taka það fram að ég er flutningsmaður einnig að þeirri tillögu sem er 20. mál á dagskrá þannig að það er ekki um að ræða að það séu eingöngu deilur milli 4. og 5. þm. Austurl. sem hér virðast vera komnar upp og mjög sérkennilega. Ég ítreka enn og aftur að ég tel að það sé forseti sem ræður hér störfum þingsins en ekki þingmenn utan forsetastóls. Auðvitað getur forseti tekið tillit til — og er vanur að gera það — þeirra óska og ábendinga sem koma eftir því sem forseti ákveður. En að vera að segja það hér: „leyfum þingstörfum að hafa sinn gang“ af hv. 5. þm. Austurl. með þeim hætti sem hann hefur blandað sér hér í þingstörf það þykir mér mjög sérkennilegt.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Væntir nú forseti að brátt verði unnt að halda áfram samkvæmt dagskrá.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki hægt að segja að það sé mikil hugarró yfir formanni umhvn., hv. 5. þm. Austurl., þessa stundina. Hv. þm. kemur hér ítrekað í ræðustól og býr sér til tilefni og leggur öðrum orð í munn í sambandi við þá þingskapaumræðu sem hér fer fram. Og ekki aðeins það heldur brýtur þingsköp Alþingis trekk í trekk hér í þessari umræðu með því nú síðast með því að beina orðum sínum til þingmanns út í sal, þess sem hér stendur, og krefja hann svara. Ég spyr: Á hvaða forsendum eru menn sem þannig standa að verki settir inn í forsætisnefnd þingsins og ætlað það veigamikla hlutverk að stýra hér fundum sem ekki hafa áttað sig betur á þingsköpum Alþingis heldur en fram kemur í máli þessa hv. þm.?

Ég veit ekki betur en í þingskapaumræðu, virðulegur forseti, þá sé það umræða milli þingmanns og forseta (**Forseti:** Rétt.) en ekki við þingmenn úti í sal. Það sem hv. þm. kallar hótanir af minni hálfu, hefur kallað það svo, ég leyfi mér að skýra það mál fyrir virðulegum forseta hvernig það blasir við mér. Það er nú ekkert annað en það að ég hef leyft mér að benda hæstv. forseta á það sem fram fór hér í fundarbyrjun í morgun og sem lagt var af forseta þá sem grundvöllur fyrir starfi dagsins vegna þess að hæstv. forseti sem nú stýrir fundi held ég að hafi ekki hlýtt á þá umræðu á fyrstu mínútum fundar í morgun. Og ég hef bent á góðfúslega hvernig þingskjöl liggja fyrir hér að því er varðar 19. og 20. mál en jafnframt tekið fram mjög skýrt og skal endurtaka það að ekki mun ég leitast við að hafa áhrif að öðru leyti á það í hvaða röð mál eru tekin hér á dagskrá heldur aðeins taka þátt í umræðu eftir því sem efni standa til af minni hálfu.

Umræðu frestað.

Fuglaveiðar og fuglafriðun, 2. umr.

Stjfrv., 146. mál (EES-reglur). — Þskj. 167, nál. 1169 og 1237, brtt. 1170.

Frsm. meiri hluta umhvn. (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Á nál. 1169 um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 33 frá 26. apríl 1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun, ásamt síðari breytingum, vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði þá vil ég gera grein fyrir þessu nál. svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á fund sinn Jón Gunnar Ottósson, skrifstofustjóra í umhverfisráðuneytinu. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, ferðamálaráði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Fuglaverndarfélagi Íslands, Náttúruverndarráði, Eyþingi, Náttúrufræðistofnun Íslands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Lífi og landi, Stéttarsambandi bænda og Búnaðarfélagi Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Samkvæmt 2. og 3. tölul. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun eru fuglaveiðar heimilar öllum íslenskum ríkisborgurum á afréttum og í almenningum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Sama gildir um fuglaveiðar í íslenskri landhelgi utan netlaga lögbýla. Lagt er til að í stað þess að lögfesta undanþáguheimild í formi reglugerðarsetningar verði einstaklingum með lögheimili hér á landi veittur sami réttur og íslenskum ríkisborgurum. Er það einnig í samræmi við orðalag samsvarandi ákvæðis í frumvarpi til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum o.fl. sem lagt var fram á þessu þingi en hefur ekki hlotið afgreiðslu. Þá er lagt til að lögin öðlist þegar gildi.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að með samþykkt frumvarpsins er ekki verið að veita aukinn rétt að öðru leyti en fyrr er greint. Þannig er t.d. ekki verið að heimila framsal fuglaveiðiréttar af hendi þess sem réttinn á eða öðlast kann."

Undir álit meiri hluta umhvn. rita Gunnlaugur Stefánsson, Tómas Ingi Olrich, Árni R. Árnason, Árni M. Mathiesen, Kristín Einarsdóttir, með fyrirvara, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara og Valgerður Sverrisdóttir.

Um þetta mál er það að segja að það var flutt upphaflega tengt fyrirhuguðum breytingum vegna samnings um Evrópskt efnahagssvæði. Eftir skoðun í nefndinni og umræður þá varð það niðurstaða meiri hlutans að flytja þetta mál ótengt hinu Evrópska efnahagssvæði enda kemur það greinilega fram í brtt. er meiri hlutinn flytur þar sem lagt er til að gildistaka verði ekki háð gildistöku Evrópska efnahagssvæðisins heldur að lögin taki strax gildi og ég lít svo á að þeir sem undir nál. riti líti á þetta sem sjálfstætt mál.

Ég vil leggja á það áherslu að hér er fyrst og fremst um réttarbót að ræða. Hér er einvörðungu verið að fjalla um það hverjir það eru sem eigi að njóta þess réttar er lög kveða á um varðandi fuglaveiðar á afréttum og í almenningi. Það er ekki verið að breyta á nokkurn hátt eða gera tillögur á nokkurn hátt um breytingar á afréttum eða almenningum heldur einvörðungu verið að falla um þann hóp fólks sem á að njóta þessa réttar. Það er ekki tekin afstaða til réttmætis þessa réttar sem í gildi er fyrir íslenska ríkisborgara, hvort skynsamlegt sé að hann sé í gildi eða ekki. Hér er verið að upphefja þann mismun sem virðist ríkja um að einvörðungu íslenskir ríkisborgarar fái að njóta þessa réttar en ekki aðrir þeir sem lögheimili eigi á Íslandi þótt þeir væru annars þjóðernis. Þetta er þess vegna fyrst og fremst réttarbót að mínu mati og líka spurning um eðlilega sanngirni og spurning um það hvort rétt sé að vera með mismunun á milli fólks eftir þjóðerni hvað varðar aðgang að þessum afmarkaða rétti.

Að lokum vil ég segja að það hefur verið mjög góð samstaða í umhvn. Alþingis í allan vetur um öll þau mál sem nefndin hefur afgreitt frá sér. Ég hef leitast við að hafa forustu um að slík samstaða mætti ríkja um flest þau mál og öll þau mál sem nefndin hefur afgreitt frá sér. Kann að vera að stundum reynist það tímafrekara að starfa í nefnd undir slíkum kringumstæðum að leita eftir samkomulagi allra aðila um flest mál eins og frekast má og vonandi er það til þess að mál verði betur undirbúin þegar samstaða ríkir um niðurstöður.

En hitt vil ég segja að hér í þessu máli verður undantekning. Hv. 4. þm. Austurl. skilar sér nál. og treystir sér ekki til að standa að þessari niðurstöðu málsins þótt við höfum komið til móts við almenn markmið sem nefndin hafði sett sér í sambandi við skoðun mála er tengjast EES, að skoða þau ekki fyrst og fremst út frá EES-markmiðum, heldur að skoða þau út frá íslenskum aðstæðum og í ljósi þeirra milliríkjasamninga er við höfum gert og teljum að verði gerðir í náND. En að okkar leiðarljós yrðu íslenskar aðstæður fyrst og fremst. Ég tel að það hafi tekist mjög vel að

verja þau markmið og það markmið hér staðfest í þessu nál.

Að lokum, virðulegi forseti, legg ég til að þessu máli verði vísað til 3. umr.

Frsm. minni hluta umhvn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Það kemur í ljós í sambandi við þetta mál eins og stundum áður að þessi ræðustóll er hannaður fyrir tíma hins Evrópska efnahagssvæðis. Hann hefur verið smíðaður með tilliti til þeirra aðstæðna sem ríktu lengi vel á Alþingi Íslendinga að það var hægt að ræða mál og fjalla um mál fyrst og fremst á grundvelli íslensku stjórnarskrárinnar, íslenskra laga og þeirra reglna sem settar hafa verið af íslenskum stjórnvöldum. En nú er öldin önnur. Nú hafa aðstæður breyst, m.a. og ekki síst eftir atkvæðagreiðslu fyrir fáum dögum, þar sem meiri hluti á Alþingi Íslendinga staðfesti samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Með þeim gjörningi hafa þær aðstæður verið búnar Alþingi Íslendinga að til þess að fjalla um mál í þinginu og í nefndum þingsins þurfa þingmenn ekki aðeins á þeirri löggjöf að halda sem sett hefur verið á Íslandi, á liðinni tíð og í gildi er, og reglugerðum íslenskum, heldur þurfa menn að þekkja til Evrópuréttarins og alls sem honum fylgir, þeirra grundvallarreglna sem hann er reistur á, sem hann byggir á, og þeirra afleiddu reglna og samþykkta sem gerðar hafa verið á grundvelli þess réttar, þeirra grundvallarsamþykkta. Þar er, eins og oft hefur verið minnst á hér á þessu þingi og raunar á nokkrum fyrri þingum, ekki aðeins um að ræða eina litla bók eða fáar bækur. Þarna er safn samþykkta sem mældar verða í tugum metra á þvervegginn, svo vægt sé til orða tekið, og sennilega mun meira ef allt væri tínt til sem gengur inn í grundvöll þess réttar sem þarna er um að ræða.

Ég hef í tengslum við þetta mál, virðulegur forseti, séð mig knúinn til að taka með eitt lítið brot, eitt prómill og ekki það, af því safni sem tengist þessum Evrópurétti og sem þetta mál, það frv. ásamt nál. og brtt. sem hér er rætt, byggir á. Eins og ég hef þegar greint virðulegum forseta frá þá er nauðsynlegt af minni hálfu að fjalla allítarlega um þetta mál einmitt í ljósi þeirra breytinga á réttarstöðu fyrir Alþingi Íslendinga og fyrir íslenska þjóð sem blasir við að samþykktum EES-samningi. Þetta frv. sem við hér ræðum eru viðbrögð við þeim samningi, fram borið af hæstv. umhvrh. snemma á þessu þingi. Síðan hefur verið fjallað um þetta mál í þingnefnd og hv. 5. þm. Austurl., formaður umhvn., hefur mælt fyrir áliti meiri hluta nefndarinnar. Ég hef hins vegar ekki getað slegist í þann hóp sem þar stendur að áliti heldur stend að minnihlutaáliti frá nefndinni þar sem gert er ráð fyrir því sem aðaltillögu að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Ég mun í máli mínu gera grein fyrir því hvers vegna ég geri þá tillögu en tek ekki undir með meiri hluta nefndarinnar um að þetta frv. verði samþykkt.

Ég mun, virðulegur forseti, byrja á því að kynna nál. sjálft þannig að ljóst verði strax á hverju ég reisi mínar skoðanir að því er snertir þetta mál. Ég vænti þess að hv. 5. þm. Austurl. sitji við þessa umræðu, svo mjög umhugað sem hv. þm. var að fá hana hér á dagskrá. Þar sem hann er frsm. meiri hluta nefndarinnar þá vænti ég þess að hann hlýði á mál mitt og auðvitað mundi ég ekki lasta það að hv. aðrir fulltrúar sem standa að meirihlutaáliti nefndarinnar legðu það á sig að vera einnig viðstaddir þessa umræðu. Ég óska því eftir því, virðulegur forseti, að hv. 5. þm. Austurl. komi í þingsal. (**Forseti:** Forseti hefur þegar gert ráðstafanir til að láta sækja hann.) Virðulegi forseti, þá mun ég doka við uns þingmaðurinn birtist. — Virðulegur forseti, er hv. þm. í húsi? (**Forseti:** Forseti er að reyna að fá tölvuskjáinn til þess að upplýsa forseta um það, það gengur ekki alveg nógu vel raunar. — Hv. 5. þm. Austurl. er kominn í salinn.) Ég þakka, virðulegur forseti, og ég treysti því að áhugamaður númer eitt um að þetta mál sé rætt hér, fyrr en seinna, hlýði á umræðu framvegis.

Álit minni hluta umhvn. er svohljóðandi, virðulegur forseti:

„Umhverfisnefnd leitaði umsagna um frumvarpið og fór yfir þær er bárust á fundi 9. desember sl. Á fundi nefndarinnar 16. desember var um það rætt að láta umfjöllun þessa máls fylgja meðferð stjórnarfrumvarps um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum, sem er 302. mál yfirstandandi þings. Meðferð þess frumvarps varð eigi lokið og brá þá meiri hluti nefndarinnar á það ráð á fundi 5. maí sl. að afgreiða frumvarpið um breytingu á einni grein gildandi laga um fuglaveiðar og fuglafriðun frá nefndinni.

Þessari málsmeðferð er minni hluti nefndarinnar ósamþykkur og vísar m.a. til eftirfarandi atriða sem fram koma um málið í umsögnum til nefndarinnar."

Áður en ég kem að þeim, virðulegur forseti, þá langar mig að biðja virðulegan forseta að vekja athygli hv. þm. Jóns Helgasonar á því, en sá þingmaður á sæti í umhvn. þingsins, að ég hefði kosið að hann væri í þingsal stutta stund á meðan ég fer yfir umsagnir. Að öðru leyti mun ég halda áfram, virðulegur forseti, mínum lestri ef þessum boðum væri komið til hv. 2. þm. Suðurl., Jóns Helgasonar.

Það er þá fyrst frá Náttúrufræðistofnun Íslands:

„Frumvarpsins er auðsjáanlega þörf vegna aðildar Íslands að EES svo að Íslendingar og erlendir ríkisborgarar sitji við sama borð. Það opnar þá einnig fyrir óheftar veiðar útlendinga, en íslensk lög og reglugerðir hafa löngum miðað að því að koma sem mest í veg fyrir veiðar útlendinga.

Hér er gerð breyting á 5. gr. laga nr. 33/1966, en eftir sem áður takmarkar reglugerð um skotvopn og skotfæri (nr. 16/1978), sem sett er samkvæmt lögum nr. 46/1977, erlendum ríkisborgurum í reynd aðgang að íslenskum veiðilendum . . . Þrátt fyrir frumvarpsbreytinguna setur reglugerðin erlendum veiðimönnum skorður, nema henni verði breytt samhliða frumvarpinu sem þá er á hendi dómsmálaráðherra. Það er svo annað mál að 3. liður reglugerðarinnar hefur verið brotinn allra seinustu ár því að Íslendingar hafa flutt inn útlenda veiðimenn eins og um ferðaþjónustu væri að ræða.

Veiðar útlendinga hafa verið kynntar í erlendum bæklingum sem hluti af ferðaþjónustu bænda. Nýlega flutti Íslendingur inn norska blaðamenn gagngert til þess að kynna þessa hlið ferðaþjónustu. Þetta er augljóslega gert með atvinnusjónarmið í huga. Íslendingarnir þekkja ekki útlendingana persónulega og er því greinilega um brot að ræða.

Veiðum útlendinga hafa einnig fylgt lögbrot sem eru fólgin í því að þeir hafa farið með fenginn úr landi án þess að hafa tilskilin útflutningsleyfi frá umhverfisráðuneyti. Allur útflutningur á fuglum er háður leyfum að rjúpu undanskilinni. Eftirlit með því hvað er flutt út af fuglum er nánast ekkert nema sérstakar ábendingar um yfirvofandi brot hafi komið fram. Frumvarpið opnar á það ...“ — Virðulegur forseti. Mér sýnist frsm. meiri hlutans vera horfinn af vettvangi og hafði ég þó óskað eftir nærveru hans í þingsal — (**Gripið fram í:** Viltu halda honum inni?) „... að útlendingar geti komið til landsins og stundað fuglaveiðar, t.d. rjúpnaveiðar, í atvinnuskyni. Þeir mættu flytja allar þær rjúpur sem þeir vilja úr landi án leyfa. Nýtt frumvarp til laga um fuglafriðun og fuglaveiðar gerir ráð fyrir að leyfi þurfi einnig vegna útflutnings á rjúpum. Meðan hér á landi er engin stýring á hve mikið einstakir veiðimenn mega veiða af fuglum er ekki á bætandi að erlendir ríkisborgarar geti veitt hér óheft.“ — Virðulegur forseti. Hvað veldur því að sá hv. þm. sem lagði ofurkapp á að mál þetta yrði einmitt rætt nú, frsm. meiri hluta nefndarinnar, hefst ekki við í þingsal til að hlýða á álit minni hlutans? (**Forseti:** Forseti vildi af þessu tilefni og öðru spyrja hv. þm. hvort hann væri ekki tilbúinn til þess að gera hlé á ræðu sinni.) Hvenær sem er, virðulegur forseti. (**Forseti:** Nú þegar, ef samkomulag gæti orðið um það.) Að sjálfsögðu, virðulegur forseti. Ég hef ekki lagt kapp á að mál þetta kæmi til umræðu, ég hef eingöngu hlýtt fyrirmælum forseta. (**Forseti:** Þá vildi forseti óska eftir því að hv. þm. gerði hlé á ræðu sinni.) Það er velkomið.

Umræðu frestað.

Sveitarstjórnarlög, 2. umr.

Stjfrv., 515. mál (sameining sveitarfélaga). — Þskj. 872, nál. 1122, brtt. 1123, 1211 og 1244.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hér var búið að taka til umræðu 20. mál þingsins þegar hv. 5. þm. Austurl. gerði við það athugasemd og krafðist þess að frá þeim áformum yrði snúið og tekið til við 19. dagskrármálið. Að kröfu hans var svo gert. Ég vil spyrja hvers vegna er þá ekki lokið umræðu um 19. dagskrármálið fyrst svo mikil áhersla var á það lögð að það yrði rætt á undan 20. máli? Enn fremur, að þar sem sú stefnumörkun hefur orðið hér í fundarstjórn að einstakir þingmenn geta ráðið því hvort mál eru rædd og í hvaða röð, þá spyr ég forseta hvort hann muni taka til greina beiðni frá mér eða öðrum þingmönnum um það hvaða mál verður tekið fyrir næst. Mér sýnist ef samræmi á að vera í þessari fundarstjórn þá ætti forseti að verða við því að geyma um sinn 16. dagskrármálið ef ég óska eftir því.

Ég vænti þess að hæstv. forseti svari þessum spurningum.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti var því miður ekki í forsetastóli þegar umrædd mál voru rædd hér þannig að forseta er ekki alveg ljóst hver sá aðdragandi var. En það varð niðurstaða forseta að fresta 19. dagskrármáli. Hins vegar er ekki hægt af forsetastóli á þessari stundu að gefa aðrar yfirlýsingar en þær að forseti mun taka næst fyrir 16. dagskrármálið og síðan mun verða reynt að halda áfram þinghaldi eins og efni standa til.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég legg til að forsetar þingsins samræmi störf sín. Einn af varaforsetum þingsins, hv. 5. þm. Austurl., bar fram þá kröfu að forseti, sem þá sat í stól, tæki ekki fyrir það mál sem hafði verið tilkynnt heldur annað. Við því var orðið. Mér þykir það undarlegt ef ekki gætir samræmis í störfum forseta og menn þurfa að búa við breytilega úrskurði eftir því hver situr á stólnum hverju sinni.

Hæstv. forseti hefur engar skýringar gefið á því hvers vegna frestað er umræðu um 19. dagskrármál sem lagt var ofurkapp á að yrði tekið fyrir af hv. 5. þm. Austurl., 3. varaforseta þingsins.

Mér þykir skrýtið hvernig menn raða málum í forgang og mér finnst að hæstv. forseti sem nú situr þurfi að ræða við sína starfsfélaga í forsætisnefnd. Ég tel engin rök mæla fyrir því að rjúfa umræðu sem hafin er að kröfu eins af varaforsetum þingsins til þess að flækja framgang þingsins þannig að fleyga nýtt mál inn í þá umræðu. Ég vænti þess að hæstv. forseti hagi störfum þannig að ekki sé blandað saman mörgum málum og tvö dagskrármál höfð undir. Ég vænti þess að hæstv. forseti hagi störfum sínum í samræmi við það sem hv. 3. varaforseti þingsins lagði ofurkapp á fyrr í dag, að mál væru tekin fyrir að hans ósk og ég sé ekki annað en að rétt sé að halda áfram umræðum um þetta mál. Ef forseti telur rétt að fresta umræðum þá vænti ég þess að skýring verði gefin á því svo hægt sé að meta hana.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseta heyrðist hv. 5. þm. Vestf. gera athugasemd við að 19. mál væri tekið af dagskrá þannig að með sama hætti ætti hv. þm. að fagna því að það gefist tóm til að fresta því máli um stund.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það flækir mjög alla umræðu ef henni er blandað saman á þann hátt að hoppað er á milli mála. Enn þá flóknara verður þetta ef það er eins og það fari eftir forseta sem situr í stólnum hverju sinni hvaða mál séu tekin inn og hvaða mál séu sett út. Það

skapar slíka óvissu um hvað ætlunin sé að gera. Ég segi fyrir mig að það er alveg vonlaust annað en að þessi sveitarstjórnarlög fái verulega umræðu, alveg gjörsamlega vonlaust annað. Ég spyr hæstv. forseta, dettur hæstv. forseta í hug að sveitarstjórnarlög, mikill málaflokkur, svífi bara hér eins og fótbolti í gegnum salinn án þess að það verði umræða? Þetta er nú einu sinni annað stjórnsýslustigið af tveimur yfir þessu landi. Er það orðið þannig að hægt sé að afgreiða slík mál eftir rennibraut á örfáum mínútum? Ég segi bara, það má þakka fyrir að sveitarstjórnarstigið ákveður ekki leikreglur efra stigsins ef þeir tækju upp á að hafa sömu vinnubrögð, ferðuðust bara á skautasvelli með málið. Ég held að það hljóti náttúrlega að vera skilningur á því að ef þær leikreglur eiga að vera hér sem forseti lýsti svo fagurlega, aðalforseti þingsins, að þau mál sem ekki yrði mikil umræða um yrðu tekin fyrir, þá verður náttúrlega að fara eftir því alveg án tillits til þess hvaða forseti situr í stólnum hverju sinni. Annars þarf hver forseti sem kemur í stólinn að gefa út sérstaka stefnuyfirlýsingu hvernig hann ætli að standa að því að stjórna fundinum. Megum við búast við því? Sex stefnuyfirlýsingar frá forsetum þingsins um hvernig eigi að standa að málum? (**Gripið fram í:** Og svo séu þeir í þingsköpum þess á milli.) Og svo til að kóróna allt saman þá eru forsetarnir í þingsköpum af og til, til að rífast við hina forsetana (**Gripið fram í:** Til að brjóta þau.) — og brjóta þau.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg óþarft hjá forseta að fara í pólitíska skæting af forsetastóli og snúa út úr orðum mínum eða gera mér upp orð. Ég gerði ekki athugasemd við að 19. mál væri tekið fyrir. Ég tók ekki þátt í þeirri þingskapaumræðu sem hv. 5. þm. Austurl., 3. varaforseti þingsins, hóf og stóð í hartnær hálfa klukkustund, um það hvort á undan skyldi vera 20. mál eða 19. mál. Ég tók ekki þátt í þeirri þingskapaumræðu og blandaði mér ekkert inn í þær deilur. Niðurstaða forseta sem þá sat varð sú að verða við kröfum þingmannsins og varaforsetans um að taka 19. mál fyrir á undan 20. máli. Orð mín fyrr í þessari umræðu voru þau að ég teldi eðlilegast að halda áfram umræðu um málið fyrst slíkt ofurkapp var á það lagt af einum varaforseta þingsins, að það yrði hér rætt. Hvernig í ósköpunum má það vera, virðulegi forseti, að klukkan 12 þá er 19. mál svo mikilvægt að það kostar hálftíma þingsköp til að knýja það inn á dagskrá en klukkan eitt er það fokið út og umræðu frestað og liggur svo mikið við að menn eru nánast reknir niður úr ræðustól? Hvernig í dauðanum eiga þingmenn að átta sig á svona fundarstjórn, virðulegi forseti? Þetta hefði þótt léleg fundarstjórn, meira að segja í bæjarstjórninni í Bolungarvík (**Gripið fram í:** Meira að segja.) og má þó ýmislegt um það segja sem ég blanda ekki inn í á þessum vettvangi frekar.

Ég vil, virðulegi forseti, gera alvarlegar athugasemdir við það að umræðu um 19. dagskrármál sé frestað í ljósi þess aðdraganda sem var að því þegar umræðan hófst og ég geri athugasemdir við að umræðan sé fleyguð með því að taka inn stórt mál sem miklar umræður munu verða um. Þær munu standa lengi þær umræður. Menn skulu gera sér grein fyrir því. Ef menn ætla á annað borð að fara að hringla eitthvað til þá er nær að kíkja á einhver önnur mál sem eru vænlegri til þess að falla að þeirri stefnumörkun sem forseti Alþingis kvað upp úr að skyldi fylgja eftir í morgun, að taka þau mál á dagskrá og ræða sem líklegt væri að ekki yrðu miklar umræður um. Þessi stefnumörkun var mörkuð í morgun. Og er það þannig, virðulegur forseti, að stefnan er bara fyrir aðalforsetan og síðan er mismunandi stefna eftir því hver situr hverju sinni?

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að sjaldan hef ég orðið eins undrandi á þingstörfum og núna síðustu klukkutímana. Ég hygg að það sé ekki aðeins ríkisstjórnin sem er í upplausn með sín mál heldur veitti ekki af fyrir forsn. að setjast niður og komast að niðurstöðu um hvað á eiginlega að gera hér. Það er náttúrlega alveg einstakt að stjórnarliði, 3. varaforseti þingsins og í raun 2. varaforseti núna því 2. varaforseti er erlendis, komi upp og standi í þingskapaumræðum út af dagskrármálum og síðan kemur næsti forseti í stólinn og frestar þeim málum sem 3. varaforseti hefur knúið á dagskrá, (Gripið fram í.) í rauninni 2. varaforseti núna. Þetta er náttúrlega svo undarlegt að það tekur ekki nokkru tali og sýnir bara hvers lags upplausn er orðin í stjórnarliðinu því það er náttúrlega ljóst að stjórnarliðar eru á fundum um allt þinghús til þess að reyna að bjarga málum á síðasta degi þingsins og það veit í rauninni enginn hvað á að gera hér það sem eftir lifir dagsins. Ég ætla svo sem ekkert að vera að ráðleggja stjórnarliðum í þessu en ég vil bara fá að vita það nokkurn veginn hvað á að gera í dag. Ef allt er hér í upplausn þá er náttúrlega alveg eins gott að fresta þessu þinghaldi til mánudagsins svo það sé þá ljóst hvað á að gera á Alþingi. Það er alveg rétt sem hefur komið hér fram að ég heyri að það eru væntanlegar frá þingmönnum umræður um sveitarstjórnarmálin. Þó það sé sameiginlegt nál. í þeim málum þá er búið að boða að hér séu umræður fram undan í því máli. Það er svo sem ekkert undarlegt, þetta er stórt mál og eitt af stærstu málum þingsins sem hér eru á dagskrá.

Frsm. félmn. (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég kynni hér nál. félmn. á þskj. 1122 um frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986. Nál. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund sinn frá félagsmálaráðuneytinu Berglindi Ásgeirsdóttur ráðuneytisstjóra og Húnboga Þorsteinsson skrifstofustjóra og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Vilhjálm Vilhjálmsson formann og Þórð Skúlason framkvæmdastjóra. Þá bárust henni umsagnir frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandi vestra, Sambandi sveitar-

félaga á Suðurnesjum, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Eyþingi og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Lagt er til að ekki verði bundið í lögum að umdæmanefndir skv. 1. tölul. 1. gr. verði kosnar af stjórnum landshlutasamtaka. Lagt er til að framkvæmd kosninganna verði í höndum landshlutasamtakanna sjálfra án þess að tekin sé afstaða til hvort þau fela hana stjórn sinni. Þá felst í breytingartillögunni að frestur fram til þessara kosninga verður lengdur um fimmtán daga."

Undir nál. skrifa allir nefndarmenn í félmn. en Kristinn H. Gunnarsson með fyrirvara.

Frá því að frv. var afgreitt til 2. umr. hefur nefndin komið saman á ný til að fjalla um málið og fengið á fund sinn Hallgrím Snorrason hagstofustjóra og Skúla Guðmundsson, skrifstofustjóra hjá Hagstofunni. Eftir að málið var afgreitt úr félmn. komu fram ábendingar frá Hagstofu Íslands um að við samningu frv. hefði láðst að kveða með skýrum hætti á um kjörskrárgerð vegna atkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélaga, svo og við hvaða tíma kjörskrá skuli miðuð. Ekki verður stuðst við ákvæði sveitarstjórnarlaga þar sem þau miða við almennar kosningar í maímánuði fjórða hvert ár og tímamörk sem miðast við lok framboðsfrests. Slíku er ekki til að dreifa í þessu sambandi. Lagaákvæði um sveitarstjórnarkosningar fela ekki heldur í sér nokkra þá vinnureglu sem heimfæra má upp á sérstakar atkvæðagreiðslur eins og þær sem hér er gert ráð fyrir.

Í lögum um sveitarstjórnarkosningar segir að lög um kosningar til Alþingis skuli gilda eftir því sem við á og með þeim frávikum sem sveitarstjórnarlög ákveða. Í samræmi við þetta gerir félmn. tvær tillögur um breytingar á 1. gr. frv. á þskj. 1244. Brtt. nefndarinnar gera ráð fyrir að kjörskrá verði miðuð við 1. sept. 1993 þegar kosið verður um fyrri tillögu og 1. jan. 1994 verði kosið um síðari tillögu. Þessi tímamörk miðast við að unnt verði að vinna kjörskrá og leggja hana fram nógu tímanlega.

Þá er lagt til að kosningarréttur miðist við skráða íbúa samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár. Hér er fylgt gildandi ákvæðum laga um kosningar til Alþingis. Þau eru mun skýrari og einfaldari en ákvæði sveitarstjórnarlaga í þessu efni og einkum krefjast þau mun minni vinnu fyrir sveitarstjórnir við kjörskrárgerð heldur en ákvæði sveitarstjórnarlaga og hafa sveitarstjórnir góða reynslu af þessu frá síðustu alþingiskosningum.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég gerði grein fyrir afstöðu minni til þessa máls við 1. umr. þegar það fór til hv. félmn. Frv., eins og það lá þá fyrir, liggur hér fyrir á ný í 2. umr. með óverulegum breytingum. Þetta frv. felur í sér ákvörðun um að fram skuli fara kosningar samkvæmt ákveðnum reglum um sameiningu sveitarfélaga og stofnun umdæmisnefndar til þess að gera tillögur að nýrri skiptingu í sveitarfélög sem kosið er um. Frv. byggist á skýrslu sveitarfélaganefndar en umræðurnar í félmn. hafa einkum snúið að kosningafyrirkomulaginu og ekki síst að því atriði hvort sú breyting á sveitarstjórnarlögum sem frv. gerir ráð fyrir, eða það kosningafyrirkomulag sem frv. geir ráð fyrir, að einfaldur meiri hluti atkvæða ráði úrslitum, á að vera varanleg eða gilda bara við þessar kosningar.

Þegar sveitarfélaganefnd skilaði áliti, þá fjallaði hún einkum um þessa tilteknu skoðanakönnun og eftir hvaða reglum hún ætti að fara. Hins vegar er ég sammála því að með því kosningafyrirkomulagi sem gert er ráð fyrir í þessu frv. hefur verið mörkuð skýr stefna um það að einfaldur meiri hluti eigi að ráða úrslitum í þessum efnum í framtíðinni. Ég held að allir séu sammála um að það verður ekkert aftur snúið til þess fyrirkomulags sem gilti áður um kosningar að þeir sem sitja heima teldust segja já. Það var því mikil umræða um það í nefndinni hvort fella ætti inn í frv. frv. Kristins H. Gunnarssonar um breytingu á sveitarstjórnarlögum, en af einhverjum ástæðum þá náðist ekki samkomulag um að gera svo og stjórnarliðar í nefndinni, að einum undanskildum, gáfu ekki kost á sameiginlegu áliti um slíkt.

Hér fylgir brtt. á þskj. 1211 frá Kristni H. Gunnarssyni og er í 1. lið gert ráð fyrir að varanleg breyting á sveitarstjórnarlögum verði felld inn í frv. Ég vil láta það koma fram að ég er sammála tillögunni af þeim ástæðum að í þessum efnum verður ekkert aftur snúið eftir að skoðanakönnun hefur farið fram á þeim forsendum að einfaldur meiri hluti ráði úrslitum. Það er eins gott að varanleg breyting í þessum efnum komi inn. Ég varð ekki var við annað í störfum nefndarinnar en að menn væru þrátt fyrir allt sammála um þetta en af einhverjum ástæðum mátti ekki taka þetta inn. Ég undrast það og ég greiði 1. lið í brtt. Kristins H. Gunnarssonar atkvæði.

Að öðru leyti stend ég og fulltrúar Framsfl. að nál. félmn. og ég hef skrifað undir það án fyrirvara. Eins og ég áður hef sagt byggist það á áliti sveitarfélaganefndar sem ég átti sæti í og aðild að á sínum tíma og skrifaði undir það álit. Ég greiði því frv. atkvæði að á undan 1. gr. komi ný grein sem hljóði þannig eins og stendur á þskj. 1211. Mér kemur ekkert á óvart að einhverjir þingmenn eigi eitthvað ósagt í þessum málum. Þetta er eitt af allra stærstu málum sem hafa komið inn í þingið. Þetta er frv. þess efnis að gera veigamikla breytingu á öðru stjórnsýslustiginu í landinu og er stórmál hvernig sem á það er litið. Að vísu fjallar frv. eingöngu um það að fram fari skoðanakönnun eða kosningar um mörk sveitarfélaga og með hvaða hætti þær kosningar eru undirbúnar.

Ég fór yfir það í ræðu minni við 1. umr. málsins af hvaða ástæðum sveitarfélaganefndin lagði þetta til á sínum tíma. Hún lagði þetta til vegna þess að það var nauðsynlegt að íbúarnir segðu sitt álit í þessum efnum og valdboð kæmi ekki að ofan. Einmitt það kosningafyrirkomulag, sem ég hef gert sérstaklega að umræðuefni í ræðu minni, gekk eins og rauður þráður í gegnum allar umsagnir sem komu til sveitarfélaganefndar

og í gegnum allar þær viðræður sem voru um allt land í þessum málum.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. að sinni en ég get auðvitað tekið til máls síðar í umræðunni ef mér finnst ástæða til og fram kemur eitthvað í máli annarra þingmanna sem mér finnst ástæða til þess að hafa skoðanaskipti um eða að láta í ljós álit mitt á.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er í sjálfu sér ekki verið að fjalla um nýtt mál á Alþingi Íslendinga. Hér er verið að fjalla um mál sem gífurleg vinna hefur verið lögð í. Sennilega hefur mesta vinnan verið lögð í þetta mál undir forustu Lárusar Jónssonar sem þá var þingmaður Norðurl. e. og með honum störfuðu þingmenn frá öllum stjórnmálaflokkum. Það var mikil skýrsla sem nefndin lagði fyrir þingið, mikil álitsgerð. Það merkilega var að skýrslan var varla komin út fyrr en nokkrir af forkólfum Sambands ísl. sveitarfélaga af suðvesturhorni landsins ruku upp með hávaða og hófu blaðaskrif og mæltu eindregið gegn niðurstöðum skýrslunnar.

Einn daginn er talað um sveitarstjórnarstigið á þann veg að sjálfstæði þess eigi að vera sem mest. Við höfum samþykkt Evrópusamning á þessu sviði og það er dálítið merkilegt að við skulum skrifa undir slíka samninga á sama tíma og við höfum ráðherra yfir landinu sem telur að ekki þurfi meiri hluta atkvæðisbærra manna í sveitarfélagi til þess að taka ákvörðun um að svipta sveitarfélagið tilveru sinni. Það eru sjálfstæðir menn eða hitt þó heldur sem eru sviptir tilveru sinni. Með leyfi forseta get ég ekki látið hjá líða að vitna í þessa þáltill.:

„Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga sem gerður var í Strassborg 15. október 1985."

Sáttmálinn er prentaður sem fskj. með þáltill. Til þess að það fari ekkert á milli mála og ljóst sé að þetta er ekki hugsað til skrauts er kannski rétt að fara lið fyrir lið niður í skyldurnar sem hið æðra stjórnsýslustig tekur á sig og einnig Alþingi Íslendinga eigi það að verða við því. það er rétt að lesa þetta upp, með leyfi forseta:

„1. gr. Samningsaðilar skuldbinda sig til að telja sig bundna af eftirfarandi greinum á þann hátt og að því marki sem fyrir er mælt í 12. gr. þessa sáttmála.

2. gr. Stjórnskipunarlegur og lagalegur grundvöllur sjálfsstjórnar sveitarfélaga.

Meginreglan um sjálfsstjórn sveitarfélaga skal viðurkennd í landslögum og í stjórnarskránni ef unnt er.

3. gr. Hugtakið sjálfsstjórn sveitarfélaga.

1. Sjálfsstjórn sveitarfélaga gefur til kynna rétt og getu sveitarstjórna til að stjórna og annast lögum samkvæmt verulegan hluta opinberra mála á eigin ábyrgð og íbúum sveitarfélagsins til hagsbóta.

2. Þessi réttur skal vera í höndum ráða eða þinga skipuðum fulltrúum kjörnum í frjálsum og leynilegum kosningum, sem byggjast á milliliðalausum, jöfnum og almennum kosningarétti, og sem geta haft á að skipa framkvæmdanefndum ábyrgum gagnvart þeim. Þetta ákvæði skal á engan hátt rýra rétt þegnanna til að fjalla um mál á borgarafundum, í þjóðaratkvæðagreiðslum eða á hvern annan hátt sem lög leyfa beina þátttöku þegnanna.

4. gr. Sjálfsstjórnarsvið sveitarfélaga.

1. Í stjórnarskrá eða lögum skal kveðið á um réttindi og skyldur sveitarstjórna í grundvallaratriðum. Þetta ákvæði skal þó ekki hindra það að sveitarstjórnum verði veitt vald og ábyrgð í sérstökum tilgangi samkvæmt lögum.

2. Sveitarstjórnir skulu lögum samkvæmt hafa heimild til þess að eigin frumkvæði að taka til meðferðar sérhvert mál sem ekki er undanþegið valdsviði þeirra eða falið öðru stjórnvaldi."

Þetta fjallar sérstaklega um það að æðra stjórnvald getur ekki sett um það reglur hvert sé verksvið sveitarfélaga heldur geti sveitarstjórnarstigið sjálft tekið það upp. Samkvæmt greininni hefur sveitarstjórnarstigið heimild til þess að skipa nefnd og láta rannsaka hvort rekstur ríkisins og stjórnsýsla sé eðlileg og hvort leggja beri niður efsta stjórnsýslustigið eða færa þar eitthvað til. Frelsið er til þess að taka fyrir hvað sem þeir vilja til athugunar.

„3. Opinber trúnaðarstörf skulu að öðru jöfnu vera innt af hendi af þeim stjórnvöldum sem næst standa þegnunum. Þegar trúnaðarstarf er falið öðru stjórnvaldi skal tekið tillit til umfangs og eðlis verkefnisins og þörf á aukinni virkni og hagkvæmni."

Hér er beinlínis vikið að því að færa valdið ekki svo langt frá þegnunum að hinn almenni maður geti lent í erfiðleikum með að ná tali af þeim sem hann þarf að tala við innan sveitarstjórnarstyrksins. Hvað skyldu það vera margir tugir km? Ætli það sé eðlilegt að það séu 100 km sem menn eru að tala um í þessu sambandi?

„4. Það vald sem sveitarstjórnum er veitt skal að öllu jöfnu vera fullt og óskorað. Það má annað stjórnvald ekki skerða eða takmarka, hvort sem er um að ræða ríkis- eða héraðsstjórnarvald, nema samkvæmt heimild í lögum.

5. Þegar ríki eða héraðsstjórn felur sveitarstjórnum vald skal, eftir því sem unnt er, veita þeim svigrúm til að aðlaga framkvæmd þess aðstæðum í sveitarfélaginu."

Hér er beinlínis farið fram á það við löggjafann að hann hafi lagasetninguna það rúma að hún sé ekki miðuð við stærstu sveitarfélögin heldur sé tekið tillit til stöðu hinna ýmsu stærða sveitarfélaga og lagasetningin sett í samræmi við það.

„6. Leita skal álits sveitarstjórna í tæka tíð og á viðeigandi hátt, ef unnt er, varðandi skipulagningu og ákvarðanir í öllum málum sem þær varða.

5. gr. Vernd staðarmarka sveitarfélaga.

Ekki skal gera breytingar á staðarmörkum sveitarfélaga án þess að leita fyrst álits viðkomandi sveitarfélaga svo sem með almennri atkvæðagreiðslu þar sem lög leyfa."

Almenn atkvæðagreiðsla getur aldrei verið túlkuð á

annan veg en þann að fara eigi eftir meirihlutaréttinum eins og gert er í öllum venjulegum kosningum. Samt þarf að flytja hér brtt. á þann veg að meiri hlutinn eigi að ráða í atkvæðagreiðslunni. Sú brtt. kemur fram á tillögu Kristins Gunnarssonar.

„6. gr.

2. Ráðningarkjör starfsmanna sveitarfélaga verða að vera slík að unnt sé að ráða hæfileikafólk á grundvelli verðleika og getu. Til þess að tryggja þetta verður að veita starfsmönnum viðunandi tækifæri til þjálfunar, launa og frama í starfi.

7. gr. Starfsskilyrði sveitarstjórnarmanna.

1. Starfsskilyrði kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnum skulu vera slík að þeir geti óhindrað framkvæmt skyldustörf sín.

2. Þau skulu gera ráð fyrir hæfilegu endurgjaldi vegna kostnaðar við framkvæmd þessara skyldustarfa og, þar sem það á við, hæfilegum bótum vegna tekjutaps eða greiðslu fyrir unnin störf og samsvarandi félagslega vernd.

3. Með lögum eða grundvallarreglum skal ákveða hvaða störf og athafnir skulu teljast ósamrýmanleg stöðu kjörins sveitarstjórnarmanns.

8. gr. Eftirlit með starfsemi sveitarstjórna.

1. Allt eftirlit með starfsemi sveitarstjórna má einungis framkvæma á þann hátt og í þeim tilvikum sem mælt er fyrir í stjórnarskránni eða í lögum.

2. Allt eftirlit með starfsemi sveitarstjórna skal að jafnaði aðeins beinast að því að farið sé að lögum og grundvallarreglum stjórnskipunar. Þegar hentar geta æðri stjórnvöld þó haft eftirlit með framkvæmd sveitarstjórna á verkefnum sem viðkomandi stjórnvöld hafa framselt sveitarstjórnum.

3. Eftirlit með sveitarstjórnum skal framkvæma á þann hátt að hægt sé að tryggja að íhlutun eftirlitsstjórnvalds sé í hlutfalli við mikilvægi þeirra hagsmuna sem því er ætlað að vernda."

Hér komum við svo að næstu grein og þar er gripið á kjarnaatriðum þess að samningurinn var staðfestur.

„9. gr. Tekjustofnar sveitarfélaga.

1. Sveitarstjórnum skuli tryggðir fullnægjandi tekjustofnar innan ramma hinnar opinberu fjármálastefnu og skal þeim frjálst að ráðstafa þeim að eigin vild innan valdsviðs síns.

2. Tekjustofnar sveitarfélaga skulu vera í samræmi við þau verkefni sem þeim eru falin í stjórnarskránni og lögum.

3. Að minnsta kosti hluti af tekjum sveitarstjórna skal eiga rætur sínar að rekja til staðbundinna skatta og þjónustugjalda og hafa sveitarstjórnir vald til að ákveða upphæð þeirra eftir því sem kveðið er á um í lögum.

4. Fjármálakerfið sem tiltækar tekjur sveitarstjórna grundvallast á skal vera nægilega fjölþætt og sveigjanlegt í eðli sínu til þess að geta haldið í við raunverulega hækkun kostnaðar við framkvæmd verkefnanna, svo sem framast er unnt.

5. Til að tryggja hag sveitarstjórna, sem standa verr að vígi fjárhagslega, þarf að vera fyrir hendi fyrirkomulag um jöfnun tekna eða samsvarandi aðgerðir sem hafa það markmið að leiðrétta áhrif ójafnrar tekjuskiptingar og þeirra útgjalda sem þær þurfa að standa undir. Slíkar leiðir og aðgerðir skulu ekki draga úr athafnafrelsi sveitarstjórna innan valdsviðs þeirra.

6. Á viðeigandi hátt skal leita álits sveitarstjórna á úthlutun jöfnunargreiðslna til þeirra.

7. Framlög til sveitarstjórna skal ekki, ef unnt er, eyrnamarka til fjárjöfnunar á sérstökum verkefnum. Veiting framlaga skal ekki skerða grundvallarrétt sveitarstjórna til athafnafrelsis innan staðarmarka þeirra.

8. Sveitarstjórnir skulu innan marka laganna hafa aðgang að innlenda lánsfjármarkaðnum til lántöku vegna fjárfestinga."

Hér er rétt að staldra við. Hvað yrði sagt um þann frambjóðanda sem bæri fé á menn til þess að reyna að hafa áhrif á það hvernig þeir stæðu að kosningum? Hvað yrði sagt við slíkan aðila? Hvernig hefur hæstv. félmrh. staðið að þeirri reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem félmrh. hefur undir höndum? Hún hefur gengið þannig til þessa verks að það væri auðvelt dæmi fyrir þá sem bjuggu í Eyjafjarðarsveit að reikna það út að ef sveitarfélögin sameinuðust kæmu stórauknar greiðslur úr Jöfnunarsjóðnum til þeirra og þá er það spurningin: Eru það heiðarleg vinnubrögð að standa með sjóðinn í hendinni og segja: Ef þið sameinist látum við ykkur hafa meiri peninga? Er það í samræmi við þessa grein? Samkvæmt þessari grein var félmrh. að mínu viti skyldugur til þess að láta þessi sveitarfélög fá sambærilega fjármuni hvort heldur þau stæðu að sameiningu eða ekki. Það liggur alveg ljóst fyrir. Hitt er skýlaust brot á þeirri grein sem ég var að lesa upp áðan. Hver er þá tilgangurinn með að það eigi að samþykkja svona samninga ef ráðherrar ganga um á skítugum skónum og troða á þeim rétti sem þeir hafa lagt áherslu á að yrði staðfestur? Annaðhvort eru sveitarfélögin með þennan rétt að þau eigi sjálf að ráða sínum málum og ekki eigi að vera hægt að mismuna þeim á þann hátt sem gert er í gegnum sjóðinn eða þá að samningurinn er rugl, algert rugl. Ég hefði ráðlagt þeim sem stóðu að því að fara yfir þessi mál að lesa samninginn nokkuð vel áður en þeir fóru í að skoða þetta.

Hér kemur líka sem meginregla fram sú krafa að fjármagn til sveitarfélaga á ekki að eyrnamerkja. Það á að veita fé til sveitarstjórna og sveitarstjórnirnar eiga að taka ákvörðun um það í hvað fjármunirnir eiga að fara. Er farið eftir þessu? Ég held nú síður. Það er ekki farið eftir þessu.

Nei, aðferðin er ákaflega einföld. Félmrh. hefur komið því þannig fyrir með aðstoð Alþingis Íslendinga að verulegum fjármunum er safnað í ákveðinn sjóð, Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Þegar kemur að því að greiða úr sjóðnum þá er troðið á minnstu sveitarfélögunum alveg miskunnarlaust, þörf þeirra fyrir jöfnun er ekki virt. Hún verður aðeins virt ef þau sameinast. Þetta veit hv. þm. mætavel, Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl. Hann þekkir þessi mál örugglega. Hann veit um sveitarfélagið sem stofnað var í Skaftafellssýslunum. Hann veit hvaða hækkanir þeir fengu sem voru á því svæði, vegna sameiningarinnar. Hann veit

hvaða hækkun var einnig afhent þeim sem sameinuðust í Eyjafjarðarsveit. En í hverju liggur þá blekkingin? Aukast fjármunir á Íslandi við það að allir sameinist? Aukast fjármunirnir? Nei. Þegar allir eru búnir að beygja sig undir valdið þá minnka peningarnir aftur vegna þess að þá verður ekkert forréttindasveitarfélag. Samkvæmt þessu er þá búið að ganga þannig frá því að það er sami sjóður sem er farinn að dreifa á annan hátt.

Í reynd er það svo að hæstv. félmrh. hefur staðið með gullið og dreift því út til þeirra sem eru þóknanlegir þeirri stefnu sem félmrh. hefur viljað viðhafa í þessum málum.

Herra forseti. Ég hyggst, með leyfi forseta, halda hér áfram lestri upp úr þessum samningi:

„10. gr. Réttur sveitarstjórna til að stofna samtök.

1. Sveitarstjórnum skal heimilt í starfi sínu að hafa samvinnu við og innan marka laganna að stofna til samtaka með öðrum sveitarstjórnum í því skyni að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum.

2. Sérhvert ríki skal viðurkenna rétt sveitarstjórna til að eiga aðild að samtökum til verndunar og eflingar sameiginlegra hagsmuna og til að eiga aðild að alþjóðlegum samtökum sveitarstjórna.

3. Sveitarstjórnum skal heimilt, með þeim skilmálum sem sett kunna að vera í lögum, að eiga samvinnu við hliðstæða aðila í öðrum ríkjum."

Fyrsta atriði þessarar greinar fjallar um það að ef sveitarfélög eru það fámenn og veik að þau treysta sér ekki sjálf til að leysa þau verkefni ein og óstudd sem til er ætlast af löggjafanum er gert ráð fyrir þeim möguleika að þau eigi samvinnu við önnur sveitarfélög og leysi málið með þeim hætti. Þetta er beinlínis bundið í samningnum. Það er grundvallaratriði að gera sér grein fyrir þessu því þessi réttur er það mikilsverður, það er eini möguleikinn fyrir smærri sveitarfélög landsins til að halda sjálfstæði sínu að þessi réttur sé til staðar. Þá vík ég að næstu grein, með leyfi forseta:

„11. gr. Lögvernd sjálfsstjórnar sveitarfélaga.

Sveitarstjórnir skulu hafa rétt til að leita aðstoðar dómstóla til þess að tryggja sjálfsstjórn sína og til þess að haldnar séu í heiðri þær grundvallarreglur um sjálfsstjórn sem lögfestar eru í stjórnarskránni eða löggjöf landsins."

Eitt af því sem lögfest hefur verið, hæstv. forseti, er þessi samningur. Það þýðir, að telji sveitarstjórn brotið á sér með þennan samning, þá hefur sveitarstjórnin heimild til að stefna hæstv. félmrh. á grundvelli samningsins. Svo einfalt er það mál. Ef sveitarstjórn telur Jöfnunarsjóðnum misbeitt, það sé ekki farið eftir leikreglunum sem tilteknar eru samkvæmt tekjuskiptingunni, þá hefur sveitarfélagið heimild til þess að stefna félmrh. eða stjórn Jöfnunarsjóðsins og sækja sinn rétt. Það eru dómstólar sem mundu skera úr því hvort rétt væri skipt. Svo alvarlegt er það mál. Og ég er ekki búinn að sjá það að nokkur dómstóll mundi kveða upp þann úrskurð að það gerbreytti rétti til þess að veita fjármagn á ákveðið svæði hvort þar væru sveitarfélög sameinuð eða ekki því grundvallaratriðið í þeim efnum hvort sveitarfélögin eigi að fá fjármagn er skilgreint út frá því hver þörfin er. Þörfin breytist ekki nokkurn skapaðan hlut við það að nokkur sveitarfélög séu gerð að einu sveitarfélagi. Talið er að það sé til hagræðingar og ef eitthvað ætti að vera, samkvæmt þessum samningi, þá ætti það að geta leitt til þess að þau fengju minni peninga eftir en áður.

„II. hluti. Ýmis ákvæði.

12. gr. Skuldbindingar.

Sérhver aðili skuldbindur sig til að telja sig bundinn af a.m.k tuttugu ákvæðum í I. hluta sáttmálans, þar af skulu a.m.k. tíu vera valin úr eftirfarandi ákvæðum:

2. gr.,
3. gr. 1. og 2. tölul.,
4. gr., 1., 2. og 4. tölul.,
5. gr.,
7. gr. 1 tölul.,
8. gr. 2. tölul.,
9. gr., 1., 2. og 3. tölul.,
10. gr., 1. tölul.
11. gr.

2. Sérhver aðili skal tilkynna aðalframkvæmdastjórn Evrópuráðsins um þau ákvæði sem hann hefur valið sér skv. 1. tölul. þessarar greinar þegar hann afhendir fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjal sitt."

Nú er það mín spurning til hæstv. félmrh., hvaða atriði af þessum voru send utan á sínum tíma sem staðfesting á því að þetta væri það sem Ísland mundi virða í þessum samningi? Hver voru þau atriði? Ég óska eftir því við hæstv. forseta, miðað við það að hæstv. félmrh. keyrir þetta mál áfram, að hæstv. forseti óski eftir viðveru hæstv. félmrh. til þess að fá svar við þeirri spurningu sem fram kemur í 12. gr. samningsins. Hvaða atriði voru það sem Ísland skuldbatt sig til að virða? Ég óska eftir að fá afhent það skjal sem þar var sett fram. Hafi Íslendingar ekki sent neitt skjal með þá er það staðfesting á því að þeir ætluðu að virða hvert einasta atriði þessa samnings. Með leyfi hæstv. forseta vil ég halda áfram:

„3. Sérhver aðili getur hvenær sem er síðar tilkynnt aðalframkvæmdastjóranum að hann telji sig bundinn af ákvæðum í sáttmála þessum sem hann hefur ekki þegar samþykkt í samræmi við 1. tölul. þessarar greinar. Slíkar síðar gefnar skuldbindingar skulu taldar óskiljanlegur hluti fullgildingar, viðurkenningar eða samþykktar þess aðila sem tilkynninguna sendir og skulu þær taka gildi frá fyrsta degi þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóri tók við tilkynningunni.

13. gr. Stjórnvöld sem sáttmálinn tekur til.

Grundvallarreglur sjálfsstjórnar sveitarfélaga sem sáttmáli þessi fjallar um, taka til allra flokka sveitarstjórna sem fyrir hendi eru á landsvæði aðila. Hver aðili getur þó, þegar hann afhendir fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjal sitt, tiltekið þá flokka sveitar- eða héraðsstjórna sem hann ætlar að láta ákvæði sáttmálans taka til eða þá flokka sem hann hyggst undanskilja ákvæðum sáttmálans. Hann getur einnig látið ákvæði sáttmálans taka til fleiri flokka sveitar- eða héraðsstjórna með síðari tilkynningum til

aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins."

Mín spurning til hæstv. ráðherra er þessi: Voru íslensk sveitarfélög flokkuð niður eftir gæðum á þann hátt að tilkynnt var að sum þeirra ættu ekki að njóta þeirrar verndar sem þessi sáttmáli býður upp á? Var tilkynnt að það væru einhver sérstök sveitarfélög sem ættu að njóta þessarar verndar? Önnur sveitarfélög skyldu ekki njóta verndar sáttmálans. Það er mikilvægt að hæstv. félmrh. geri grein fyrir þessu. Þá held ég, með leyfi forseta, áfram lestrinum og vík að III. hluta, 15. gr.:

„15. gr. Undirritun, fullgilding og gildistaka.

1. Aðildarríki Evrópuráðsins geta undirritað þennan sáttmála. Hann er háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Fullgildingar-, viðurkenningar- og samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra ráðsins til vörslu.

2. Sáttmáli þessi gengur í gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að fjögur aðildarríki Evrópuráðsins hafa lýst samþykki sínu á að vera bundin af sáttmálanum samkvæmt undanfarandi tölulið.

3. Gagnvart hverju aðildarríki sem síðar lýsir samþykki sínu á að vera bundin af honum tekur sáttmálinn gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjalið er afhent.

16. gr. Ákvæði um landsvæði.

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða við afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals síns að tilgreina það eða þau landsvæði sem þessi sáttmáli nær til."

Enn er vikið að þeim möguleika að við fullgildingu sáttmálans hafi viss svæði landanna verið skilin undan eða ætlaður annar réttur. Það er því mjög mikilvægt að upplýst sé hér í þinginu: Var svo gert eða ekki? Með leyfi hæstv. forseta vil ég halda áfram lestrinum og víkja að 3. atriðinu í 16. gr.:

„3. Sérhverja yfirlýsingu sem gefin er samkvæmt tveimur undanfarandi töluliðum má afturkalla fyrir hvert það landsvæði, sem þar er tilgreint, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst tilkynningin."

Ég lít svo á, herra forseti, að fyrst Alþingi Íslendinga samþykkti þennan sáttmála þá sé ekki hægt að tilkynna í dag af neinum aðila að ákveðin landsvæði séu undanskilin þessum sáttmála nema það sé borið undir Alþingi Íslendinga að svo skuli gert. Þá vil ég, með leyfi hæstv. forseta, halda áfram lestrinum:

„17. gr. Uppsögn.

1. Sérhver aðili getur sagt upp sáttmála þessum hvenær sem er eftir að liðin eru fimm ár frá þeim degi að sáttmálinn gekk í gildi, hvað hann varðar. Veita skal aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins sex mánaða frest. Slík uppsögn hefur þó ekki áhrif á gildi sáttmálans hvað aðra aðila varðar, að því tilskildu að þeir séu aldrei færri en fjórir.

2. Í samræmi við ákvæði undanfarandi töluliðar getur sérhver aðili sagt upp hvaða ákvæði sem er sem hann hefur samþykkt í I. hluta sáttmálans að því tilskildu að aðilinn verði áfram bundinn hvað varðar fjölda og eðli þeirra ákvæða sem 1. tölul. 12. gr. áskilur. Sérhver aðili sem segir upp ákvæði og fullnægir þar með ekki lengur skilyrðum 1. tölul. 12. gr. telst einnig hafa sagt upp sáttmálanum."

Hér er skýrt tekið fram að það eru fimm ár sem verða að líða áður en hægt er að segja upp þessum sáttmála. Og miðað við það að hv. 5. þm. Norðurl. v. hvetur mjög til að við samþykkjum alla þá alþjóðlegu sáttmála sem hægt er og hafa einhvers staðar verið samþykktir þá bið ég hann að huga að því næst þegar rekið verður á eftir samþykkt sáttmála að það verði ekki til þess að hengja ráðherra í þeim ríkisstjórnum sem hann sjálfur styður. Ég fæ ekki séð að hæstv. félmrh. geti misnotað sitt vald varðandi Jöfnunarsjóðinn eins og gert hefur verið miðað við það sem hér stendur í þessum sáttmála, herra forseti, nema hæstv. ráðherra hafi sent á sínum tíma til Evrópuráðsins tilkynningu um að eitt og annað í þessum sáttmála ætti ekki að gilda hér á landi.

Ég ætla ekki að sinni að hafa hér lengra mál. En það er óhjákvæmilegt, gersamlega óhjákvæmilegt, að fara ítarlega yfir þær tillögur sem Lárus Jónsson lagði til varðandi skipulagsmál mannlífs í þessu landi á lægri stjórnsýslustigum vegna þess að það er eina skýrslan sem unnin hefur verið á faglegan hátt um þessi mál. Yfir hinum skýrslunum hafa vissir hrægammar, kóngar af ákveðnum svæðum, viljað sitja og skipta sér af. Þau vinnubrögð eru ekki til góðs. Þetta er eitt af því sem varðar hvernig skynsamlegast sé að standa að stjórnsýslu í landinu. Það verður aldrei hægt að skipta slíku niður eftir því hverjir hafa verið kosnir í hreppsnefnd eða sveitarstjórn á ákveðnu tímabili. Þar verður að ríkja meiri víðsýni í ákvarðanatöku.

Frsm. félmn. (Guðjón Guðmundsson) *(andsvar)*: Hæstv. forseti. Vegna hugleiðinga hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar um brtt. hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar og meðferð hennar þá vil ég láta það koma skýrt fram að í þessu frv. er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því að meiri hluti ráði úrslitum. Það segir orðrétt hér í 2. mgr. 2. liðar 1. gr. þessa frv., með leyfi forseta:

„Hljóti tillaga umdæmanefndar meiri hluta greiddra atkvæða í öllum þeim sveitarfélögum sem málið varðar, skulu sveitarstjórnir þær sem hlut eiga að máli taka ákvarðanir um fjárhagsmálefni sveitarfélaganna, fjölda fulltrúa í nýrri sveitarstjórn, nafn hins sameinaða sveitarfélags og önnur nauðsynleg atriði."

Ég bendi hv. þm. á að lesa þessa grein, þarna kemur þetta mjög skýrt fram.

Vegna hugleiðinga hans um efni þessa máls í heild sinni þá vil ég segja að hér er að sjálfsögðu alls ekki gert ráð fyrir neinum þvingunaraðgerðum, það á ekki að þvinga nokkurn mann eða nokkurt sveitarfélag til að sameinast öðru. Það er eingöngu gert ráð fyrir nokkurs konar skoðanakönnun, þ.e. að fólkið í öllum sveitarfélögum landsins taki þátt í atkvæðagreiðslu um hvort það vill sameinast öðrum sveitarfélögum eða

ekki. Vilji fólk það ekki þá verður auðvitað engin sameining.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl., sleppti í sinni ræðu aðalatriði míns máls varðandi þrýstinginn á sameininguna. Það eru peningarnir, Guðjón, það eru peningarnir, hv. þm., það eru peningarnir sem hæstv. félmrh. eys út til hyllingar þeim sem fara að hans tillögum en sviptir hina. Það eru leikreglur Jöfnunarsjóðsins sem eru notaðar. Hefur hv. þm. kynnt sér efni þess? Hvað er það sem veldur því að sveitarfélag undir ákveðnum mannfjölda á ekki að fá sömu tekjur á mann eins og hin sem eru yfir þessum mannfjölda? Hver eru rökin fyrir þeim vopnaburði? Hefur hv. þm. kynnt sér leikreglurnar eða þarf að lesa upp leikreglur Jöfnunarsjóðsins svo menn átti sig á því hvaða hnútasvipa er notuð til þess að ýta á það að menn sameinist, hvort sem menn vilja það eða ekki? Hefur hv. þm. kynnt sér það hvort það sé löglegt í venjulegum kosningum að bera fé á menn til að hafa áhrif? *Í þessu tilfelli er ekki borið fé á menn.* Það er ekki borið fé á sveitarstjórnir en það er verðlaunafé úr Jöfnunarsjóðnum ef menn kjósa rétt og engar smáupphæðir. Það er hægt að fara yfir þetta reikningslega með Eyjafjarðarsveit. Það er hægt að fara yfir þetta reikningslega með sveitarfélagið hér fyrir austan sem sameinaðist í Skaftafellssýslunum. Ég lét mæta menn reikna þetta út og á þá útreikninga. Það var enginn skiptimynt sem verðlaunaféð hljóðaði upp á.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Í þessu þingmáli sem nú er komið til 2. umr. er ýmislegt sem vert er að ræða. Svo háttaði til að ég átti þess ekki kost að vera viðstaddur 1. umr. málsins þannig að ég hef ekki enn haft tækifæri til þess að ræða um efni þess og innihald og baksvið málsins sem er kannski meginatriðið að gera sæmileg skil, það er baksvið þessa frv.

Ég vil fyrst gera grein fyrir þeim brtt. sem ég flyt við þetta frv. og er að finna á þskj. 1211. Það eru brtt. í tveimur tölusettum liðum, breytingar á ákvæðum til bráðabirgða og viðbætur. Það er í fyrsta lagi tillaga um að á undan 1. gr. frv. komi ný grein er hljóði svo, með leyfi forseta:

„1. mgr. 109. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélag verður eigi sameinað öðrum sveitarfélögum nema fleiri kjósendur í atkvæðagreiðslu samkvæmt 108. gr. séu fylgjandi sameiningu en andvígir.“

Í öðru lagi er brtt. við 1. gr. frv. sem er í tveimur liðum. Fyrri liðurinn er þannig, með leyfi forseta:

„Eftirfarandi breytingar verða á 2. tölul.:

1. Í stað orðanna „meiri hluti greiddra atkvæða“ í 2. mgr. komi: samþykki.“

Þá verði setningin þannig: ...hljóti tillaga umdæmanefndar samþykki í öllum þeim sveitarfélögum o.s.frv. í stað þess að hljóða: ...hljóti tillaga umdæmanefndar meiri hluta atkvæða.

„2. Orðin „meiri hluta greiddra atkvæða“ í 3. mgr. falli brott“ og í 3. mgr. 2. tölul. hljóðar setningin þá þannig að þessu breyttu: ...hljóti tillaga umdæmanefndar ekki samþykki í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum en þó í a.m.k. ⅔ þeirra, o.s.frv.

Þessar breytingar eru afleiðing af fyrstu brtt. þar sem breyta þarf þskj. til samræmis við þær tillögur sem þar er lagt til.

Í þriðja lagi er lagt til að við fyrsta málsl. 3. tölul. 1. gr. bætist eftirfarandi, með leyfi forseta:

„...enda liggi fyrir samþykki viðkomandi sveitarstjórna eða a.m.k. 25% kjósenda í hverju sveitarfélagi.“

Þessi tillaga er á þann veg að setja frekara skilyrði við því hvenær umdæmanefnd samkvæmt þessu frv. getur látið fara fram aðra atkvæðagreiðslu, aðra umferð kosninga um sameiningu sveitarfélaga.

Ástæðan til þess að ég tel rétt að bæta þar um frá því sem er í frv. er sú að það kom mjög sterklega fram í mínum þingflokki að menn vöruðu við því m.a. í ljósi forsögu málsins að lögfest yrði að hægt væri að hafa tvær kosningahrinur, með því væri hægt að nota seinni umferðina eins og hnútasvipu og á menn og segja sem svo: Ef þið samþykkið ekki tillöguna í fyrri umferð þá leggjum við bara til aðra tillögu og látum ykkur kjósa aftur.

Í nefndinni varð ekki niðurstaðan að breyta þessu og falla frá síðari möguleikanum í síðari umferð en hins vegar varð umræðan í nefndinni um notkun á þessari síðari umferð þannig að skilningur manna var sá að það væri ekki heimilt eða ekki til þess ætlast að umdæmanefnd knúði fram aðra umferð um sameiningu sveitarfélaga nema að fyrir lægi vel rökstudd vissa fyrir því að vilji stæði til sameiningar í þá veru sem síðari tillagan mundi hljóða upp á.

Þetta þarf að koma skýrt fram að hugmyndin á bak við þetta ákvæði frv. um möguleikana á annarri kosningahrinu er þessi og að því verði aðeins beitt í undantekningartilvikum og þá því aðeins að fyrir því sé almennur stuðningur meðal þeirra hlut eiga að máli.

Hins vegar segir hinn formlegi texti þetta ekki. Það er skaði að ekki skyldi koma skýrar fram í textanum það sem menn voru sammála um og þá túlkun sem menn vildu að kæmi fram á þessu ákvæði.

Ég verð að segja það alveg eins og er að eftir reynsluna af hæstv. félmrh. í þessum málum og reyndar öðrum þá treysti ég ekki ráðherranum til þess að framkvæma hlutina eins og þeir eru lagðir upp. Ég hef því miður séð of mörg dæmi þess að ráðherrann beitir valdi sínu öðruvísi en til er ætlast og því taldi ég ráðlegast að leggja þessa viðbót fram um skilyrði fyrir síðari umferð kosninga í þeirri von að hún yrði samþykkt eða a.m.k. það kæmi fram hjá öðrum þeim sem í nefndinni störfuðu eða hæstv. félmrh. þessi skilningur manna á því hvenær efna bæri til annarrar kosningahrinu að hinni fyrri lokinni.

Nú átti ég ekki þess kost, eins og ég gat um áðan, að vera við 1. umr. málsins og hef ekki kynnt mér umræðu þar, þannig að það má vera að þetta hafi komið fram þá þó ég hafi ekki frétt af því. En ég vænti þess

að a.m.k. þeir sem sátu í nefndinni og eru hér á þingi staðfesti þennan skilning minn á notkun heimildarákvæðisins fyrir síðari umferð kosninganna. Ef það er ekki staðfest og ef hæstv. ráðherra gerir það ekki þá getur ekkert annað vakað fyrir mönnum en að beita ákvæðinu með öðrum hætti en í raun var samstaða um í sveitarfélaganefndinni að ætti að túlka. Þannig að það stendur upp á hæstv. ráðherra að gefa skýra yfirlýsingu um það hvort hún fallist á þennan skilning á þessu ákvæði sem varð sameiginleg niðurstaða í sveitarfélaganefndinni. Það er afar mikilvægt að hæstv. ráðherra staðfesti þetta. Það er afar mikilvægt. Ef ekki, þá vakna miklar grunsemdir um annað.

Það er dálítið merkilegt að upplifa það undir lok 20. aldar á Íslandi að það skuli ekki nást fram í þingnefnd breyting á fyrirliggjandi stjfrv. í þá veru að breyta ákvæði sem felur í sér tímabundið lýðræði í varanlegt lýðræði. Það er mjög merkileg lífsreynsla að verða fyrir því að stjórnarflokkarnir tveir hafa í nefndarstarfi komið í veg fyrir þá sjálfsögðu breytingu á þskj. að fella brott ákvæði sem felur í sér lýðræði tímabundið og taka þess í stað upp lýðræði varanlega. Það voru fyrst og fremst fulltrúar Alþfl., flokks félmrh., sem lögðust alfarið gegn því að breyta þessu frv. og kosningaákvæðum þess í þá veru að lýðræði ætti að gilda í kosningum um sameiningu sveitarfélaga en ekki bara við þessar tilteknar kosningar sem er verið að lögbinda með frv. að eigi að fara fram.

Það er dálítið merkileg reynsla að Alþfl. hefur lagst á móti lýðræðinu. Hann hefur lagst gegn því að lýðræðislegt fyrirkomulag væri fest í sessi. Flokkur hæstv. félmrh. hefur markað sér þá stefnu sem verður að segjast eins og er að er skyldust þeirri stefnu sem menn kannast við frá Austur-Evrópu. Þvergirðingsháttur inn er þvílíkur að jafnvel þótt það væri meiri hluti fyrir því að mínu mati í félmn. að festa í sessi lýðræðislegt fyrirkomulag í kosningum um sameiningu sveitarfélaga þá neitaði fulltrúi Alþfl., formaður nefndarinnar, að bera málið upp til atkvæða í nefndinni og lýsti því yfir að mál væru ekki tekin út úr nefndinni nema með samþykki formanns. Alþfl. hefur innleitt í nefndarstörfum, a.m.k. í þessari nefnd, einhverja nýja útgáfu af stjórnarháttum sem ég hélt að fyrirfyndust ekki hér á Alþingi. Einræðisvald fulltrúa Alþfl. um að standa gegn breytingum sem meiri hluti er fyrir og gegn breytingum sem allir þeir sem fengu málið til umsagnar hafa lýst stuðningi við.

Það frv. sem ég er að vitna til er frv. sem ég flutti, 301. mál, um breytingu á kosningafyrirkomulagi við sameiningu sveitarfélaga. Ég bauðst til þess að fella mitt frv. að því frv. sem hér er til umræðu og benti á að það þyrfti ekki miklar breytingar á því til þess að menn næðu saman. Það var að mínu mati meirihlutavilji fyrir því að verða við þessu. Þetta frv., sem ég flutti og fékkst ekki afgreitt út úr félmn. né heldur fellt að þessu frv. sem hér er til umræðu, var sent út til umsagnar til nokkuð margra aðila og einróma álit allra þeirra var að mæla með samþykkt þess. Þeir aðilar sem fengu málið til umsagnar voru ýmis sveitarfélög á landsbyggðinni, auk héraðsnefnda og Sambands ísl. sveitarfélaga. Sveitarfélög á landsbyggðinni voru valin af handahófi þannig að ekki væri verið að senda umsagnir til allra sveitarfélaga landsins sem hefði verið of tímafrekt en valið af handahófi nokkur og þeim sent frv. til umsagnar.

Hér er fyrst umsögn frá Öxnadalshreppi sem mælir með því að þessi regla verði upp tekin.

Frá Stöðvarhreppi sem mælir líka með því að frv. verði samþykkt.

Frá hreppsnefnd Borgarhrepps sem mælir með því að frv. verði samþykkt.

Frá Tjörneshreppi sem mælir með því að frv. verði samþykkt.

Frá Miklaholtshreppi sem mælir með því að frv. verði samþykkt.

Frá Hraungerðishreppi sem mælir með því að frv. verði samþykkt.

Frá Fellahreppi sem mælir einnig með því að frv. verði samþykkt.

Frá Hofshreppi sem mælir líka með því að frv. verði samþykkt.

Frá héraðsnefnd Mýrasýslu sem mælir með því að frv. verði samþykkt.

Og frá Sambandi ísl. sveitarfélaga sem mælir með því eða er sammála því að þessi regla verði upp tekin. Samt segir hæstv. félmrh.: Nei, þetta skal ekki vera svona. Þetta skal ekki verða samþykkt, segir hæstv. félmrh. Ráðherrann varðar ekkert um það hvað þeir vilja sem málið snýr að. Það passar ekki inn í miðstýringarstefnu Alþfl. í þessum málaflokki. Það fellur ekki að þeim hugmyndum sem ráðherrann hefur um lýðræðið.

Ástæðan fyrir því að málið lítur þó þannig út eins og það gerir að til bráðabirgða verði lýðræðislegt fyrirkomulag í þessum kosningum er ekki sú að hæstv. félmrh. barðist fyrir því. Nei, ráðherrann barðist gegn því. Ráðherrann vildi hafa annað fyrirkomulag. Hann vildi svipta einstök sveitarfélög rétti til að kjósa sjálfstætt um þetta mál. Ráðherrann var einfaldlega knúinn til samkomulags um að a.m.k. í þessum kosningum yrði lýðræðislegt fyrirkomulag. Ráðherrann var knúinn til þess nauðugur viljugur að taka upp þennan hátt af þeirri einföldu ástæðu að landsbyggðin reis upp og neitaði þessu fyrirkomulagi sem ráðherrann vildi koma á. Ég hefði talið það skynsamlegast fyrir hæstv. félmrh. sem hefur tekið þá trú að sameining sveitarfélaga sé einhver bjargvættur landsbyggðarinnar, að ganga til þess samkomulags er ég bauð upp á, að breyta ákvæðum frv. þannig að lýðræðislegt fyrirkomulag væri varanleg breyting en ekki bara tímabundin þannig að við stæðum ekki upp með það að samþykktu óbreyttu þessu frv. þá fari sumar kosningar um sameiningu sveitarfélaga fram eftir núgildandi reglum og aðrar kosningar eftir öðrum reglum. Það er ekki búandi við það fyrirkomulag að hafa tvenns konar reglur í gangi. Annars vegar ólýðræðislegar reglur sem menn hafa slysast til að samþykkja hér fyrir margt löngu, upphaflega árið 1970 og hins vegar eitthvert ákvæði til bráðabirgða sem gildir bara um tilteknar kosningar. Það sér hver maður að slík löggjöf er ekki

þjóðinni samboðin. Það er ekki hægt að bjóða fólki upp á að hafa tvær útgáfur af sama málinu. Þingið verður að taka ráðin af hæstv. félmrh. í máli sem þessu og láta kröfu fólksins ráða fyrst það er ekki hægt með nokkru móti að ná samkomulagi við ráðherrann um lýðræðislegt fyrirkomulag. Það reynir á hv. þm. hvort þeir eru tilbúnir til að fylgja eftir þeim vilja allra þeirra sem um málið hafa fjallað eða hvort að þeir láta félmrh. beygja sig í þessu máli sem öðrum. Menn verða að gera það upp við sig á endanum, hversu lengi þeir ætla að beygja sig fyrir ofbeldinu, hvenær þeir ætla að rísa upp og fylgja sinni sannfæringu.

Það er dapurlegasta stund sem ég hef átt í þingstarfi að horfa upp á menn í félmn. þar sem meiri hluti nefndarmanna var búinn að lýsa yfir stuðningi við málið, beygja sig fyrir ofbeldi formannsins. Slíkt er ekki nokkrum manni bjóðandi. Menn sem beita ofbeldi geta ekki vænst þess að þeir séu bornir á höndum í þingsölum. Þeir verða að gera sér grein fyrir því að slíkt kallar á viðbrögð, a.m.k. þau viðbrögð að segja sannleikann í málinu. Ég er ekki þannig gerður að ég þegi yfir því misrétti sem menn beita hér þegar mér ofbýður. Mér þykir sem þingmenn Sjálfstfl. í nefndinni sýni mikið langlundargeð í samstarfi við þingmenn Alþfl. í þessu máli.

Ég vil þá víkja að þeirri skýrslu sem er forsenda þessa frv. Það er skýrsla svonefndrar sveitarfélaganefndar, lokaskýrsla nefndarinnar sem góðu heilli breyttist í flestum veigamiklum atriðum frá áfangaskýrslunni. Ég vil draga það hér fram, inn í þessa umræðu, að þau tvö þingmál sem hér eru fyrirliggjandi eru ekki það eina sem menn sömdu um. Þegar skrifað var undir efni lokaskýrslu sveitarfélaganefndar voru menn ekki bara að skrifa upp á þessi mál. Menn voru að skrifa upp á margar tillögur samtímis og ég vil rifja það upp fyrir hv. þm. hvaða atriði það eru helst sem áttu að fylgja þessu máli. Það var bara einn liður í samkomulaginu að fallast á það að það yrði lögbundið, að það yrði sett í lög að fram skyldu fara sérstakar kosningar í haust um sameiningu sveitarfélaga. Það var bara einn þáttur málsins. Hinir þættirnir voru þessir eins og fram kemur á bls. 6 í skýrslu sveitarfélaganefndar:

Í fyrsta lagi. Að jafnhliða taki ríkið til gagngerðrar endurskoðunar umdæmamörk og verkefni umboðsvalds ríkis í héraði. Og í skýrslunni segir, með leyfi forseta: „Breytingar á umboðsvaldi ríkis í héraði eru ein áhrifaríkasta leiðin til þess að fjölga störfum á vegum stjórnarstofnana ríkisins á landsbyggðinni, auk þess sem slíkar breytingar eiga að leiða til betri þjónustu við fólk sem þar býr. Endurskoðun á skipan sveitarstjórnarmála í nágrannalöndunum hefur yfirleitt haldist í hendur við endurskoðun á umboðsstjórn ríkis í héraði. Hefur þetta gjarnan tengst viðleitni ríkisvaldsins til vald- og verkefnadreifingar, þ.e. annars vegar frá ríki til sveitarfélaga og hins vegar frá stjórnarstofnunum ríkisins til umboðsvalds ríkis í héraði."

Um þetta átti að skila tillögum jafnhliða. Ég spyr um þetta atriði og dugir víst lítið að spyrja hæstv. ríkisstjórn því það eru tómir allir ráðherrabekkir. Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að efna þetta atriði? Hvar eru tillögur ríkisstjórnarinnar um þetta atriði sem er veigamesta atriðið til þess að breyta þeirri öfugþróun sem verið hefur síðustu áratugi í þróun byggðar hér á landi? Hvar eru tillögur ríkisstjórnarinnar um þetta atriði sem var einn höfuðþátturinn í samkomulaginu sem menn gerðu? Það er ekki minnst á það í einu orði.

Annað atriðið var bættar samgöngur og í skýrslu nefndarinnar segir, með leyfi forseta:

„Sveitarfélaganefnd bendir á að ein af forsendum þess að stækkun sveitarfélaga leiði til bættrar þjónustu við íbúana eru greiðar samgöngur innan hinna stóru sveitarfélaga. Með greiðum samgöngum skapast betri grundvöllur fyrir rekstri margvíslegrar þjónustu sveitarfélagsins við íbúana og hún verður þeim aðgengilegri. Þá leiða greiðar samgöngur til þess að íbúarnir geta sótt atvinnu um lengri veg."

Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til þess að efna þetta atriði? Hvernig ætlar ríkisstjórnin að bæta samgöngur milli einstakra byggða? Hvar eru loforð hennar og fé til þeirra verkefna sem hún þarf að efna áður en menn taka ákvörðun um sameiningu?

Það þýðir ekkert að biðja sveitarfélög á Vestfjörðum og Austfjörðum að sameinast yfir firði og fjöll nema fyrir liggi „konkretar" yfirlýsingar sem staðið verður við um samgöngubætur. Eiga hreppar eins og Breiðdalsvík og Stöðvarfjörður að sameinast með þessar skriður sín í milli án þess að fyrir liggi nokkur hlutur um það hvenær samgöngurnar verða bættar? Það vita það allir að samgöngubætur eru forsenda sameiningar og eiga menn þá að greiða atkvæði í haust um sameiningu þessara sveitarfélaga og annarra án þess að ríkisstjórnin hafi nokkuð lagt fram um það hvernig hún ætlar að efna þessi fyrirheit um samgöngubætur? Það hefur ekki komið eitt orð frá hæstv. ríkisstjórn til þess að efna þetta atriði. Eiga þingmenn að fara að samþykkja einn þátt í samkomulaginu þegar hinir þættirnir eru ekki efndir eða bólar ekkert á efndum á þeim?

Þriðji þátturinn sem var líka í þessu samkomulagi var að breyta reglum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga þannig að það verði sett sérstakt fjármagn í sjóðinn til að standa undir kostnaði við sameiningu sveitarfélaga. Hvar eru efndirnar á þessu? Ég sé þær hvergi. Það hefur hvergi komið fram mér vitanlega af hálfu ríkisstjórnarinnar hvernig hún ætlar að efna þessi þrjú atriði önnur í samkomulaginu. Menn verða að gæta að því þegar menn gera samkomulag sem er margþætt að þá dugar ekki að taka einn lið út úr samkomulaginu og segja: Nú skalt þú standa við það, við sjáum svo til með hitt.

Hvað ætlar hæstv. ríkisstjórn að gera til að stuðla að því að sameining sveitarfélaga geti gengið eftir með samgöngubótum? Hvað ætlar hún að gera með endurskoðun á ríkisvaldinu og hvað ætlar hún að gera með Jöfnunarsjóð sveitarfélaga? Það heyrist ekkert frá hæstv. ríkisstjórn, það kemur ekkert frá hæstv. félmrh. um efndir á þessu atriði.

Það eina sem liggur fyrir að hæstv. félmrh. vill efna er að lögbinda einn þátt samkomulagsins, þann þátt sem á að skylda menn til að ganga til kosninga um

sameiningu. Og þó það atriði geti verið ásættanlegt í samhengi við önnur þá er erfitt að líta á það sem ásættanlegt þegar hinum atriðum samkomulagsins hefur verið ýtt til hliðar.

Ég kalla eftir svörum frá hæstv. félmrh. um efndir á þessum atriðum. Því er ekki að leyna að í mér býr mikill uggur um stefnu þessarar ríkisstjórnar í byggðamálum. Við höfum heyrt umræður um sjávarútvegsmál þar sem grundvallaratriðið í málflutningi stjórnarliða hefur verið krafan um hagræðingu. Fækka skipum, fækka vinnslustöðvum og við höfum séð drög að nýrri byggðastefnu reist á stefnu ríkisstjórnarinnar sem bætir hinu þriðja við: fækka byggðarlögunum. Það hefur enginn maður orðað þessa stefnu betur en hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, annar af tveimur formönnum tvíhöfða nefndarinnar, sem í Ríkisútvarpinu, Þjóðarsálinni, 29. apríl sl., kallaði sjávarþorp og sjávarútvegsbyggðir „lifandi byggðasöfn". Það var nafnið sem þorpin úti á landi fengu frá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni, framkvæmdastjóra Verslunarráðs Íslands, sem berst fyrir því með oddi og egg að réttur fólksins til vinnu og auðlindar verði verslunarvarningur, verði þannig úr garði gerður að það sé hægt að gefa út á hann hlutabréf, verðbréf, sem gangi kaupum og sölum í kauphöllum. Ég spyr: Til hvers í dauðanum eigum við að vera að strekkja í því að vera að sameina sveitarfélög þegar tilverugrundvöllur þeirra á að verða verslunarvarningur í kauphöll í Reykjavík?

Menn verða að átta sig á því í heild sinni hvert menn eru að stefna og menn verða að átta sig á því hvert hæstv. félmrh. er að stefna með þessum málatilbúnaði. Og fyrir þá sem efast er nægilegt að benda þeim á að fletta upp á bls. 61 í skýrslu frá Byggðastofnun sem heitir „Breytt tillaga að breyttri byggðastefnu". Þar er hið nýja Ísland teiknað upp. Þar eru afmörkuð þau svæði sem á að verja en hin eru lifandi byggðasöfn. Hin svæðin eru þau sem eru að mati hv. 5. þm. Norðurl. v. lifandi byggðasöfn.

Og síðan ætla menn, til þess að þurfa ekki að sitja allt of lengi uppi með fólk í þessum lifandi byggðasöfnum að gera verslunarprang úr rétti þess til auðlindarinnar svo það hafi ekki lengur vinnu og flytji á eftir vinnunni hingað suður á höfuðborgarsvæðið þar sem kaupahéðnarnir munu kaupa framleiðslutækin sem öðru nafni nefnast skip.

Hafnfirðingar meta það svo að þegar þeir gera tilboð í það að kaupa togara frá einu af þessum plássum, sem Vilhjálmur Egilsson kallar „lifandi byggðasafn" og flytja þann togara suður, að þá séu þeir að skapa 70 ný störf. Það segir líka mikið um þann hugsunarhátt sem menn eru komnir inn í í öllu þessu hagræðingarkjaftæði og sameiningarvitleysu. Að einhver skuli láta sér detta það í hug að menn séu að skapa einhver ný störf með því að taka þau frá einum og flytja þau til annars. Það er ekki mikið sköpunarverk, segi ég.

Þetta baksvið verða menn að hafa í huga þegar þeir meta þá stefnu sem frv. þetta byggir á að menn eru að reiða til höggs á grundvelli hagfræðikenningar um hagkvæmni stærðarinnar þar sem menn hafa tekið upp trúarbrögð á þessa kenningu og trúa því að það sé allra meina bót að sameina og reka stór fyrirtæki, stór sveitarfélög, stórar einingar, það er betra heldur en smátt. Samt þrátt fyrir að þær upplýsingar liggi fyrir erlendis frá að vaxtarbroddur í nýsköpun í atvinnulífi eru þar smáfyrirtæki, smáar einingar, það er það sem menn eru að leggja áherslu á erlendis í dag, þá eru menn enn hér á Íslandi haldnir þeirri kreddu að hagkvæmni stærðarinnar sé það sem koma skuli. Og það hvarflar ekki að mér eitt augnablik, að þetta frv. um ákvæði til bráðabirgða til að knýja fram kosningu um sameiningu sveitarfélaga eigi að framkvæmast hér á höfuðborgarsvæðinu, það hvarflar ekki að mér eitt andartak. Það eru öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu á móti sameiningu. Og samband þeirra hefur lýst yfir sérstakri andstöðu við sameiningu, enda verður ekki lögð fram nein tillaga um sameiningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Það er alveg ljóst og vita allir sem vilja. Menn eru einfaldlega að búa til frv. um landsbyggðina. Það er það sem menn vilja gera, það er að fækka sveitarfélögum á landsbyggðinni.

Það gæti út af fyrir sig verið álitaefni ef eitthvað fylgdi með sem maður hefði trú á að styrkti tilveru þessara byggða. En það fylgir ekkert með. Þvert á móti kemur hið gagnstæða fram í formi skýrslu frá Byggðastofnun sem unnin er á grundvelli stefnu núv. ríkisstjórnar. Það á að grisja. Það er of dýrt landið, að mati núv. ríkisstjórnar. Að mati Sjálfstfl. eru allt of mörg byggðarlög á Íslandi. Þetta er flokkurinn sem sagði fyrir síðustu alþingiskosningar að kjörorð sitt væri byggð með byggð. Og ég spyr: Hvaða byggð, með hvaða byggð? Mér sýnist að framkvæmdin sé þannig að slagorðið hefði átt að vera eyðibyggð með eyðibyggð. Það er það sem Sjálfstfl. er í raun að gera, ekki vegna þess að menn séu svo rótarlegir í hugsun eða illa innrættir, heldur vegna hins að menn eru fastir í trúarkenningum hagkvæmnisstærðarinnar. Er þessum mönnum ekki ljóst að fyrir skömmu síðan var offramboð á verslunar- og skrifstofuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu sem nemur 200 þús. fermetrum, 20 hekturum lands, bara í verslun. Er það hagkvæmni stærðarinnar? Er það þess vegna sem við þurfum að fækka sjávarplássunum til að fá meiri arð út úr sjávarútveginum til að borga þessa offjárfestingu? Það skyldi þó ekki vera, að hinir hagfræðimenntuðu menn, sem ríða nú röftum hér um þjóðfélagið, séu að kreista safann úr sjávarútveginum til að standa undir offjárfestingunni hér í ýmsum atvinnugreinum. (**StG:** Hvað með þróunarsjóðinn?) Og svo ekki sé nú minnst á það sem hv. þm. Stefán Guðmundsson minnir á að fara að setja upp sérstakan þróunarsjóð um landsbyggðina, svo að hún þróist rétt, svo að það sé hægt með svipuðum hætti að úrelda. Það væri fróðlegt, ef hæstv. forsrh., yfirmaður byggðamála, vildi upplýsa okkur um það hver er prísinn á einu plássi. Hvað ætlar þróunarsjóður að borga mikið fyrir eitt stykki sjávarútvegspláss? Auðvitað fást engin svör því núv. ríkisstjórn er ekkert að tala allt of skýrt um sína stefnu. Hún byggir það á að reyna að blekkja fólk eins og kostur er.

Hins vegar er ljóst á niðurstöðum skoðanakannana

að svo virðist sem þjóðinni sé farið að verða ljóst hvert stefnir. Þær kannanir benda til þess að ríkisstjórnarflokkurinn eigi í miklum erfiðleikum á landsbyggðinni. Og hægri armurinn í þeim ríkisstjórnarflokki, sem í daglegu tali gengur undir nafninu Alþýðuflokkur er við það að hverfa. Hann er í útrýmingarhættu á landsbyggðinni. Það er ljóst að fólk hefur gert sér grein fyrir því undir niðri hvert menn eru að stefna.

Ég hlýt að lýsa eftir efndum á þeim atriðum sem eru hluti af því samkomulagi sem menn gerðu í sveitarfélaganefnd. Það er ekki hægt að skiljast svo við þessa umræðu að hæstv. félmrh. upplýsi ekki þing og þjóð um það hvað hæstv. ríkisstjórn ætlar að gera til að standa við samkomulagið. Og það er full ástæða til þess að knýja ráðherrann til að koma hingað því það fyrsta sem ráðherrann sagði eftir að búið var að skrifa undir samkomulagið og var þó ekki liðinn dagurinn að kvöldi þegar ráðherrann kom í útvarpið og sagði: Ef þessir menn á landsbyggðinni verða ekki nógu góðir og samþykkja ekki sameiningu sveitarfélaga, þá er ekkert um annað að ræða en setja lög og hækka lágmarksfjölda íbúa í sveitarfélögum og leggja hana niður með lögum. Og ég spyr: Er búandi við slíkar hótanir að loksins þegar menn ná samkomlagi í þessu mikla máli, þá er ekki liðinn dagurinn á enda þegar ráðherrann fer að boða ofbeldi ef menn hlýða ekki og ganga ekki í réttina eins og fyrirskipað er?

Virðulegi forseti. Ég er að hugsa um að láta þetta duga að sinni um þetta mál sem eins og heyra má að ég met þannig að fjalli ekki bara um þetta afmarkaða efni sem þingmálið fjallar um, heldur um miklu víðtækara efni eins og fram kemur í skýrslu sveitarfélaganefndar og er hluti af stærri heild sem menn verða að greina og átta sig á hvert raunverulegt markmið ríkisstjórnarinnar er. Ég er ekki tilbúinn til að taka af mönnum á landsbyggðinni þau vopn sem menn þó enn hafa og geta borið fyrir sig í því stríði sem enn stendur yfir um tilverurétt einstakra staða.

Til þess að geta stutt leið af þessu tagi sem hér er lagt til, þá verða menn að efna allt samkomulagið. Menn verða að sýna á spilið. Það dugir ekki að taka eitt spilið út úr en henda svo stokknum. Og ég vænti þess, virðulegi forseti, að hæstv. félmrh. sem ekki hefur séð ástæðu til þess að vera hér í þingsal fremur venju og fremur en aðrir ráðherrar, svari þeim fyrirspurnum sem fram hafa verið bornar bæði af mér og hv. 2. þm. Vestf. Þó að lýðræðið sé skilið á mismunandi veg af mér og hæstv. félmrh., þá hlýtur þó ráðherrann að sjá sóma sinn í að svara þeim fyrirspurnum sem til hennar er beint.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur orðið allmikil umræða um þetta frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og sameiningarmálin almennt hafa verið mjög til umfjöllunar, bæði hér og í þjóðfélaginu. Margir hafa talað um sameiningu sveitarfélaga sem allra meina bót og út af fyrir sig ef það væri, þá væri auðvitað löngu búið að sameina sveitarfélög í stórum stíl. En það eru margir annmarkar á því oft og tíðum að sameina sveitarfélög.

En um hvað fjallar þetta frv., sem við erum hér að tala um? Í stuttu máli fjallar frv. einfaldlega um það að leyfa fólki á lýðræðislegan hátt að segja álit sitt á sameiningu sveitarfélaga og það er það sem hefur komið út úr allri þessari vinnu sem sveitarfélaganefndin hefur verið að vinna í, það er að fram fari kosningar um sameiningu sveitarfélaga. Menn hljóta að vera sammála því. Þetta er hin lýðræðislega leið sem rétt er að fara. Og menn voru mjög ánægðir þegar þessi niðurstaða kom þó að sumir segðu að þetta hefði hvorki verið fugl né fiskur því að það eru svo sem engar sérstakar ákvarðanir teknar með þessu frv. aðrar en þessar kosningar. Þetta er sem sagt skoðunarkönnun um þetta mál.

En eins og hér hefur komið fram, þá var Adam ekki lengi í Paradís því að um leið og menn voru að fagna því að nú mætti fólk á lýðræðislegan hátt fara að fjalla um þessi mál, þetta yrði fært frá sveitarstjórnarmönnum, eins og þessi umræða hefur jafnan verið milli sveitarstjórnarmanna, til fólksins sem nýtur þjónustu sveitarfélaganna, þá kemur hæstv. félmrh. í fjölmiðla og segir: Ef þið etið ekki þennan bita, sem sagt, ef þið samþykkið ekki stærri sameiningar, þá verður að líkindum breytt lögum þannig að sveitarfélögin verði gerð stærri, sem sé lögum samkvæmt. Og það kemur auðvitað afturkippur í þetta mál þegar fólki finnst það hálfpartinn vera platað með þessari skoðanakönnun því ef fólkið er ósammála í skoðanakönnun, ósammála stórri sameiningu, þá kemur yfirvaldið með lögboð um sameiningu. Það er þetta sem menn hafa verið að gagnrýna hér og eru ekki ánægðir með. En það sem mér finnst þó jákvæðast við þetta er að umræðan fer yfir af sveitarstjórnarstiginu til hins almenna borgara og það er það sem hefur alla tíð vantað þegar verið er að tala um þessa sameiningu. Hvað getum við fengið með þessari sameiningu í aukinni og bættri þjónustu? Það er það sem skiptir máli.

Ég vona svo sannarlega að sú ágæta tillaga sem hér liggur fyrir frá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni sem tengist þessu máli nái fram að ganga, að eins og kemur fram í þessu frv., þá er einfaldur meiri hluti sem fær því ráðið í kosningu en það er ekki hin almenna regla samkvæmt sveitarstjórnarlögum og auðvitað þarf að breyta þeirri reglu, að það sé ein regla sem gildi og það er um það sem tillaga hv. þm. fjallar. Og ég skil ekki þá stífni að menn skuli ekki vera tilbúnir að samþykkja svo einfalda og sjálfsagða tillögu.

Meira ætla ég ekki að segja í þessu máli að svo stöddu, en mun að sjálfsögðu samþykkja þetta frv.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að lýsa því yfir að sú skýrsla sem unnin var á sínum tíma, byggðaskýrsla þingflokkanna, var unnin í mikilli sátt hér í þinginu og þeir sem unnu þetta verk voru, með leyfi forseta, Lárus Jónsson, Sjálfstfl., formaður, Eiður Guðnason, Alþfl., Helgi Seljan, Alþb., Kristín Halldórsdóttir, Samtökum um kvennalista, Ólafur Þ. Þórð-

arson, Framsfl. og Stefán Benediktsson, Bandalagi jafnaðarmanna.

Ég hygg að sú vinna sem hér fór fram með öllum þeim gögnum, hafi verið mesta vinnan sem nokkru sinni hefur verið framkvæmd. Hér settust menn niður, fengu sérfræðinga og fóru yfir þetta mál. Og til þess að gera þetta að stuttu máli, þá vil ég geta þess að á bls. 35 í þessari skýrslu, sem var undirrituð af öllum, stendur:

„Til þess að auka svo nokkru nemi völd og áhrif landsmanna allra óháða búsetu þeirra þurfi að koma til þriðja stjórnsýslustigið sem taki við umtalsverðum verkefnum og tekjum, fyrst og fremst frá ríkinu."

Þetta atriði er enn í fullu gildi. Hér er mikil umræða í gangi fram og til baka. Ég ætla ekki við 2. umr. að flytja lengra mál, en ég ætla að segja hér viss atriði sem ég tel að verði að koma á framfæri við 3. umr. En þessi skýrsla var unnin í sátt, menn mega ekki gleyma því. — [Fundarhlé.]

Útbýting þingskjals:

Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, 25. mál, brtt. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 1277.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég hef varpað fram fyrirspurnum til hæstv. félmrh. í þessari umræðu og enn fremur hefur hv. 2. þm. Vestf. lagt fyrirspurnir fyrir ráðherrann. Ég vek athygli á því að hæstv. ráðherra hefur ekki virt menn svars, en ég vænti þess að því megi treysta að ráðherrann svari því við 3. umr. sem hún getur ekki svarað nú.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 276. mál (stjórnsýsluleg staða, skyldusparnaður o.fl.). — Þskj. 1116, frhnál. 1185, brtt. 1210, 1212 og 1218.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1212,1 felld með 27:17 atkv. og sögðu

já: EH, FI, GHelg, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, MF, ÓÞÞ, PP, SJóh, StG, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

4 þm. (AÓB, ISG, JVK, KE) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BBj, EgJ, EGuðn, GuðjG, GB, GÁ, HÁ, KÁ, ÓE, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1212,2–3 felld með 28:20 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, PP, SJóh, StG, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

15 þm. (BBj, EH, EGuðn, GuðjG, GB, GÁ, HÁ, KÁ, ÓE, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1210 felld með 31:10 atkv. og sögðu

já: GHelg, HG, JÁ, KHG, MF, PP, SJóh, StG, SJS, SvG.

nei: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, JVK, KSG, KE, LMR, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

6 þm. (FI, ISG, IP, JHelg, JónK, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BBj, EH, EGuðn, GuðjG, GB, GÁ, HÁ, JGS, KÁ, ÓE, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1212,4 felld með 27:22 atkv. og sögðu

já: AÓB, EH, FI, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, PP, SJóh, StG, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GAK, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

14 þm. (BBj, EGuðn, GuðjG, GB, GÁ, HÁ, KÁ, ÓE, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1218 felld með 29:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FI, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, SJóh, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG, AÓB, EH.

nei: EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, ÞurP, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, GAK, ÓE, PJ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, SalÞ.

12 þm. (EGuðn, GB, GÁ, HÁ, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, BBj) fjarstaddir.

8 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Í máli formanns og framkvæmdastjóra húsnæðismálastjórnar sem komu til fundar við félmn. kom fram að þeir teldu skynsamlegt að fara leið í þá veru sem tillagan gerir ráð fyrir eða aðrar tillögur sem liggja hér fyrir Alþingi. Því segi ég já.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Það hefur vakið undrun manna að þegar verið er að endursemja löggjöf um húsnæðismál hér á landi skuli af hálfu stjórnvalda ekki vera lögð fram nein tillaga til að mæta þeim vanda sem uppi er vegna atvinnuleysis og tekjubrests og kemur fram í vaxandi vanskilum fólks af lánum vegna íbúðakaupa. Tillögur sem um það hafa verið fluttar í þá veru hafa allar verið felldar. Svo gleðilega vildi þó til að

tveir þingmenn Alþfl. lögðu fram tillögu sem gekk út á það að félmrh. skipaði nefnd til að undirbúa löggjöf um greiðsluaðlögun fólks. Sú tillaga var það seint fram komin að hún hefur ekki fengist tekin á dagskrá eða rædd. Því hef ég ákveðið að veita þeim tveimur þingmönnum Alþfl. þann stuðning í máli sínu að flytja þessa tillögu efnislega óbreytta sem ákvæði til bráðabirgða við þessi lög og vænti stuðnings hv. þm. Alþfl. við það og segi já.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hv. 17. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, flutti hér gagnmerka tillögu ásamt hv. 7. þm. Norðurl. e., Sigbirni Gunnarssyni, en vegna mikilla anna hefur þessi tillaga ekki komist áfram. Hv. 5. þm. Vestf. flýtti ferð tillögunnar í gegnum þingið með því að taka hana upp sem brtt. við það lagafrv. sem hér er. Í ljósi þess að hér er m.a. um að ræða tillöguflutning frá lærðasta manni Alþfl. á Alþingi Íslendinga, sem eins og allir vita ber höfuð og herðar yfir aðra í þeim flokki hvað það snertir, þá hef ég talið mikils virði að Alþingi sameinist nú um það þó að annir séu miklar að gera þetta atriði að lögum. Og í ljósi þess að meiri hluti húsnæðismálastjórnar verður skipuð stjórnarsinnum ef frv. nær fram að ganga liggur það ljóst fyrir að það er vonlaust að stjórnarandstaðan geti misnotað það þó að þessi heimild verði að lögum. Ég segi því já.

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Við umræður hér í þinginu í gærkvöldi lýsti félmrh. því yfir að nefnd þriggja ráðherra vinni nú að athugun á greiðsluerfiðleikum og þar með talinni greiðsluaðlögun. Ég tel því óþarft að samþykkja þessa tillögu og segi nei.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Í ársskýrslu sinni fyrir árið 1991 segir framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar m.a. eftirfarandi um greiðsluerfiðleikamál:

„Veiting svokallaðra greiðsluerfiðleikalána hófst á nýjan leik í ársbyrjun eftir nokkurt hlé. Voru þau nú veitt í formi húsbréfa. Gríðarmikil þörf var fyrir þessa aðstoð eins og sjá má af því að 1.840 umsóknir bárust til úrlausnar. Lagaheimildin gilti aðeins til ársloka 1991, en ótvíræð þörf virðist enn vera fyrir hendi þótt í miklu minna mæli sé."

Það er í samræmi við þetta og góðra gjalda vert að hv. þm. Alþfl., Össur Skarphéðinsson og Sigbjörn Gunnarsson, fluttu svohljóðandi þáltill. sem er á þskj. 878:

„Tillaga til þingsályktunar um greiðsluaðlögun fyrir fólk í verulegum greiðsluerfiðleikum.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd er undirbúi samningu laga um greiðsluaðlögun til aðstoðar fólki í verulegum greiðsluerfiðleikum.

Nefndin skal m.a. kanna svipuð lög annars staðar á Norðurlöndum og afla upplýsinga um reynsluna af þeim."

Nú hefur þessi tillaga ekki náð að koma á dagskrá eins og kunnugt er, hæstv. forseti, en þess í stað gefst mönnum, og þá ekki síst flm. tillögunnar, kostur á að styðja hana í reynd í formi brtt. á þskj. 1218, en sú brtt. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við lögin", þ.e. lög um Húsnæðisstofnun ríkisins, „bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á árinu 1993 skal starfa þriggja manna nefnd er félmrh. skipar er undirbúi samningu laga um greiðsluaðlögun til aðstoðar fólki í verulegum greiðsluerfiðleikum.

Nefndin skal kanna svipaða löggjöf á Norðurlöndum og afla upplýsinga um reynsluna af henni."

Væntanlega hefur þessi þáltill. þeirra hv. þm. Alþfl. verið flutt með vitund, vilja og samþykki þingflokks Alþfl. og væntanlega stendur hún enn í fullu gildi í dag. Þess vegna eru það auðvitað fáheyrð tíðindi þannig að ég man ekki önnur slík sem hér gerast áðan þegar annar flm. tillögunnar greiðir atkvæði gegn efnislega sinni eigin tillögu á einu og sama þinginu. Slíks minnist ég ekki fyrr og það verður fróðlegt að heyra hvernig hv. þm. Össur Skarphéðinsson bregst svo við hér á eftir, en hann er mjög nálægt ræðumanni í stafrófinu og kemur þar af leiðandi röðin að honum innan skamms. Fylgir hann nú í hina lágu götu flm. sem með honum var á tillögunni og greiðir atkvæði gegn sinni eigin tillögu og þar af leiðandi væntanlega eigin samvisku og sannfæringu? En ég segi að sjálfsögðu já, hæstv. forseti, þar sem þetta er heldur þörf tillaga.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Samkvæmt því sem heyrst hefur stendur til að ljúka þinginu núna á næstunni. Þetta er lengsta þing sem staðið hefur sennilega nokkru sinni og það er gert ráð fyrir að Alþingi komi síðan ekki saman aftur fyrr en 1. okt. í haust.

Á sama tíma og þetta liggur fyrir, þá liggur það einnig fyrir að þessu þingi mundi ljúka án þess að það hefði tekið á alvarlegasta efnahagsvandamáli á Íslandi, sem eru greiðsluerfiðleikar þúsunda heimila í landinu. Það er ljóst að atvinnulausir um þessar mundir eru mjög margir að missa litlar íbúðir vegna fjárhagslegra erfiðleika og það er til skammar fyrir þessa stofnun að standa upp frá verki á þessu þingi án þess að taka á vandamálum þessa fólks. Þess vegna er það ekki gamanmál þegar flutt er tillaga af því tagi sem hér er uppi til að taka á alvarlegu vandamáli og ég trúi því ekki að það gerist að formaður þingflokks Alþfl. snúist líka gegn þessari tillögu. Þá munu eiga við hann og hinn flutningsmanninn þau orð sem hæstv. utanrrh. hreytti í okkur hin fyrir nokkrum dögum, orðin „vei yður, þér hræsnarar". Því hvað er það ef menn styðja ekki sínar eigin tillögur jafnvel þó að aðrir flytji þær? Til marks um hvað er það? Það er a.m.k. ekki virðing fyrir þeim málstað sem menn í orði kveðnu telja sig hafa þegar þeir tala sig heita úr þessum ræðustól. Það er til marks um eitthvað allt, allt annað.

Það er a.m.k. ekki til marks um það heldur, virðulegi forseti, að það þýði fyrir stjórnarandstöðuna að flytja yfirleitt nokkur mál í þessari stofnun vegna þess að þau eru ævinlega hunsuð. Jafnvel þó að þau séu ná-

kvæmlega samkynja málum sem stjórnarliðið hefur verið að flytja.

Virðulegi forseti. Ég vona að í framhaldi af þessari atkvæðagreiðslu verði ekki hægt að segja við formann þingflokks Alþfl. það sem formaður Alþfl. sagði við okkur á dögunum: „Vei yður, þér hræsnarar", ég vona að það gerist ekki. Ég segi já við þessari tillögu.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. „Vei yður, þér hræsnarar." Þessi orð sagði hv. þm. Svavar Gestsson. Hið sama mátti efnislega lesa úr ummælum hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Vei yður, þér hræsnarar sem höfðuð ekki einu sinni fyrir því að ræða eitt einasta orð um þessa tillögu við flm. hennar. Vei yður, hræsnarar sem reynduð ekki einu sinni að ná samstöðu með okkur sem höfum flutt þáltill. um málið. Ekki einn einasti þingmaður stjórnarandstöðunnar nefndi þetta einu einasta orði. Ég er satt að segja hættur að undrast vinnubrögð stjórnarandstöðunnar, ég verð að segja það. Þessi málatilbúnaður er alls ekki til þess fallinn að ná samstöðu um þetta mál sem er afar brýn. Menn vita það fullvel að það er ekki eining um þetta mál, ekki heldur í stjórnarflokkunum. Ef menn hefðu viljað ná þessu fram, ef menn hefðu ekki bara viljað þetta til þess að opinbera eigin hræsni og yfirdrepsskap þá hefðu þeir talað við okkur.

Staðreyndin er sú auðvitað að tillagan á alls ekki heima í þessum lögum, hún er sett fram í því samhengi, virðulegi forseti, að hún varðar einungis þá sem hafa komist í greiðsluerfiðleika vegna húsnæðiskaupa. Það er þrenging sem ég get ekki sætt mig við og ekki heldur atvinnulaust fólk á Íslandi. Og ég segi það, ég á eins og aðrir þingmenn hér heimtingu á því að þingið ræði mína tillögu, það þarf ekki að taka hana ófrjálsri hendi af einhverjum öðrum mönnum og ég segi því nei.

Árni M. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Þessi tillaga leysir engan vanda og er því sýndartillaga og málflutningur stjórnarandstöðunnar hrein sýndarmennska. Hnútukast í garð þeirra þingmanna sem fluttu svipaða þáltill. á þessu þingi er hrein hræsni af hálfu stjórnarandstöðunnar. Ég segi nei.

Frv. samþ. með 30:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, ÞurP, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, GAK, ÓE, PJ, SalÞ.

nei: StG, SJS, SvG, AÓB, FI, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, SJóh, ÓÞÞ, PP.

13 þm. (RG, SighB, SAÞ, StH, VS, BBj, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, RA) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Með samþykkt þessa frv. er verið að taka upp miðstýringu í húsnæðiskerfinu. Það er verið að höggva á tengsl verkalýðshreyfingarinnar við húsnæðismálin í landinu. Ég er á móti þessu, tel hér farið í ranga átt í flestum greinum í frv. og segi því nei.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Í stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstjórnar er kveðið á um að auka beri sjálfstæði ríkisstofnana. Hér sjáum við skilning stjórnarflokkanna á því hvað er aukið sjálfstæði ríkisstofnana. Það er fólgið í því að færa valdið frá stofnuninni og inn í ráðuneytið. Það er fólgið í því að fikra sig í átt til úreltra stjórnarhátta eins og segir í umsögn húsnæðismálastjórnar um stjórnsýslukafla þessa frv.

Það er merkileg niðurstaða að þingmenn Sjálfstfl. skuli velja þá leið að fikra sig til úreltra stjórnarhátta gegn vilja fulltrúa sinna í húsnæðismálastjórn.

Við alþýðubandalagsmenn erum andvígir aukinni miðstýringu. Við segjum nei við þessu frv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1278).

Um þingsköp.

Afgreiðsla þingsályktunartillögu um greiðsluaðlögun fyrir fólk í verulegum greiðsluerfiðleikum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er í framhaldi af atburðum sem urðu í atkvæðagreiðslunni áðan að ég óska eftir því að hæstv. forseti úrskurði um það hvort þáltill. á þskj. 878, till. til þál. um greiðsluaðlögun fyrir fólk í verulegum greiðsluerfiðleikum, sem flutt er af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og Sigbirni Gunnarssyni hafi í atkvæðagreiðslunni áðan fengið endanlega meðferð á þessu þingi og verið felld. Í ljósi þess að efnislega nákvæmlega samhljóða ákvæði voru felld í atkvæðagreiðslunni áðan þá hlýtur að koma til álita hvort ekki eigi við það ákvæði þingskapa að sama mál geti ekki komið fyrir á einu og sama þinginu þegar það hefur einu sinni verið afgreitt eða fellt. Sé svo þá er þáltill. væntanlega fallin út af dagskrá þessa þings og verður ekki aftur upp tekin. Ef svo er ekki og forseti úrskurðar á þann veg að hún geti eftir sem áður verið á dagskrá og komið hér fyrir þá er að sjálfsögðu eðlilegt í ljósi ummæla flm. að óska eftir því að tillagan komist á dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þetta mál er ekki á dagskrá og því ekki brýnt að kveða upp slíkan úrskurð.

Hönnunarvernd, frh. 2. umr.

Stjfrv., 212. mál. — Þskj. 253, nál. 1179, brtt. 1180.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (BBj, EgJ, EGuðn, GAK, GB, GÁ, GunnS, HÁ, JVK, KHG, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÞurP) fjarstaddir.

Brtt. 1180,1 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (BBj, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KHG, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÞurP) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (BBj, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KHG, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÞurP) fjarstaddir.

3. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 1180,2–16 (við þar tilgreindar greinar) samþ. án atkvgr.

4.–41. gr., svo breyttar, samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (BBj, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KHG, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÞurP) fjarstaddir.

Jöfnunartollur á skipasmíðaverkefni, frh. síðari umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 88. mál. — Þskj. 98, nál. 1181.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 1181 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (BBj, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS, ÞurP) fjarstaddir.

Vegalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 553. mál (ferjur og flóabátar). — Þskj. 918, nál. 1077.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 49:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, ÞurP, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, GAK, ÓE, SJóh, PP, PJ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, SalÞ.

nei: ÓÞÞ.

13 þm. (BBj, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég tel margt mæla með þeirri kerfisbreytingu sem hér er á ferðinni og ætlunin er að lögfesta með þessum breytingum á vegalögum, þ.e. að Vegagerðinni verði falið að annast umsjón og rekstur á ferjum og flóabátum og styð þann þátt málsins og þar af leiðandi þessa lagabreytingu. En ég vil að það komi hér fram að í því felst ekki á nokkurn hátt stuðningur við framkvæmdina, þ.e. hvernig hæstv. ríkisstjórn stóð að þessari breytingu við afgreiðslu síðustu fjárlaga þar sem verkefnum þessum var velt yfir á Vegagerðina án þess að nokkrar tekjur fylgdu með. Þeim þætti málsins, þ.e. framkvæmdinni, er ég algjörlega andvígur en fyrirkomulagið er í sjálfu sér á margan hátt eðlileg breyting og ég styð hana og segi því já.

2. gr. samþ. með 46:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
nei: ÓÞÞ.
16 þm. (BBj, EGuðn, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, SvG, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.
16 þm. (BBj, EGuðn, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Vegáætlun 1993–1996, frh. síðari umr.

Stjtill., 290. mál. — Þskj. 422, nál. 1141 og 1159, brtt. 1142.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 1142 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
20 þm. (AÓB, FI, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, PP, SJóh, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BBj, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:
Virðulegi forseti. Eins og kom fram í umræðum um þetta mál í gær hefur minni hluti samgn. skilað séráliti hvað varðar tekjuöflunina og hvernig hún er uppsett í tillögunni. Einnig um þá breytingu á skilgreiningu á Stórverkefnasjóði sem sett er fram með þeim breytingum sem hér eru.
Við höfum ákveðið að sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu þar sem við höfum lítið verið höfð með í ráðum í sambandi við framkvæmdaátak ríkisstjórnarinnar og erum að ýmsu leyti ósammála því hvernig tekjustofnar eru uppsettir hér. Við höfum jafnframt tekið það fram í minnihlutaálitinu að við gerum ekki athugasemdir við afgreiðslu þingmannahópa sem allir hafa staðið að. En þar sem óhægt er um vik að taka það sérstaklega út úr þá mun ég sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þetta í heild.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
19 þm. (AÓB, FI, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, PP, SJóh, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BBj, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
18 þm. (AÓB, FI, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, PP, SJóh, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BBj, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1280).

Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels, frh. síðari umr.

Stjtill., 566. mál. — Þskj. 933, nál. 1128 og 1236.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Tillgr. samþ. með 27:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, ÞurP, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, GAK, ÓE, PJ, SigG, SP, StB, SalÞ.
nei: SvG, AÓB, EH, EKJ, FI, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, SJóh, ÓÞÞ, PP, StG, SJS.
13 þm. (VS, BBj, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:
Virðulegur forseti. Framferði Ísraels hefur hlotið almenna fordæmingu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna en ísraelsk stjórnvöld hafa skellt skollaeyrum við öllum samþykktum þeirra. Fyrir liggja skýlaus brot Ísraelsstjórnar á alþjóðasamningum um mannréttindi og vernd óbreyttra borgara á stríðstímum. Á síðasta ári steig Ísraelsstjórn enn eitt óheillaskref í samskiptum við Palestínumenn þegar á fimmta hundrað óbreyttra

borgara voru reknir úr landi yfir í einskismannsland.

Alþingi ályktaði um deilur Ísraels og Palestínumanna 18. maí 1989 þar sem þingið leggur áherslu á að viðurkenna beri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og rétt palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til fyrri heimkynna. Ljóst er að engar forsendur eru til þess fyrir Palestínumenn að hagnýta sér ákvæði fyrirliggjandi fríverslunarsamnings eða þess samnings sem hér er gerð tillaga um og ákvæði 24. gr. samningsins um undanþágur af öryggisástæðum en þær veita ísraelskum stjórnvöldum svigrúm til geðþóttaákvarðana. Hér ætti ekki að liggja fyrir sú tillaga sem nú eru greidd atkvæði um heldur tillaga um það að þingið álykti um að heimila ríkisstjórninni að standa að efnahagslegum refsiaðgerðum gegn Ísrael. Ég segi nei.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ef þessi þáltill. verður samþykkt þá eru Íslendingar að gera skuldbindandi viðskiptasamning eða fríverslunarsamning við Ísraelsríki sem er ríki sem byggir á kynþáttaaðskilnaðarstefnu, sem er ríki sem hefur hernumið stór landsvæði byggð Palestínumönnum og innlimað í ríki sitt, ríki sem hefur gerst brotlegt við Genfarsáttmálann um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum, ríki sem hefur gerst brotlegt við fjölmargar samþykktir Sameinuðu þjóðanna, ríki sem hefur ástundað mannréttindabrot og ríki sem mun eftir sem áður hafa öll tök á að hindra frjáls viðskipti Palestínumanna bæði innan landamæra og við umheiminn. Ég segi því nei.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Virðulegur forseti. Sú tillaga, sprottin undan rótum hæstv. utanrrh., að leggja til að Íslendingar efli sín verslunarsambönd við þá þjóð heimsins sem verstu glæpaverk hefur framið á seinasta áratug varðandi mannréttindabrot, er mjög alvarleg tillaga fyrir Alþingi Íslendinga. Hún getur kostað það að íslenskum flugvélum verði rænt, hún getur kostað það að Íslendingar verði drepnir erlendis vegna þess að við höfum samþykkt hér hluti að horfa fram hjá því að hernumin þjóð, hæstv. fjmrh., nýtur engra réttinda samkvæmt samþykktum Sameinuðu þjóðanna. Engra réttinda. Ef Íslendingar samþykkja svona tillögu þá spyr ég: Til hvers eru þeir í Sameinuðu þjóðunum? Ég segi nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 27:22 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

nei: AÓB, EH, EKJ, FI, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, PP, SJóh, StG, SvG.

14 þm. (BBj, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, SJS, VS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1281).

Atvinnuleysistryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 554. mál (aðild að stéttarfélagi, hámarksaldur, biðtími o.fl.). — Þskj. 919, nál. 1219 og 1270, brtt. 1220 og 1271.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1271,1.a felld með 29:18 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, PP, SJóh, StG, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

16 þm. (BBj, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JGS, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, SJS, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1220,1 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

14 þm. (BBj, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1271,1.b felld með 29:20 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, PP, SJóh, StG, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

14 þm. (BBj, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

14 þm. (BBj, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Eins og málum háttar til í dag þá búum við við mjög gallaða löggjöf í atvinnuleysismálum sem er afurð þeirra tíma þegar skortur var á vinnuafli fremur en hitt. Í þeirri löggjöf eru miklar takmarkanir og refsigleði ríkjandi og þrátt fyrir að tillögur okkar til þess að víkka út svið atvinnuleysisbóta, m.a. til námsmanna, hafi nú verið felldar, þá tel ég að í 1. gr. felist réttarbót fyrir ákveðinn hóp fólks í þjóðfélaginu. Það er opnað fyrir aðra en þá sem hingað til hafa not-

ið bóta og þrátt fyrir ýmsa annmarka þá segi ég já.

Brtt. 1220,2 (ný 2. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

14 þm. (BBj, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.

16 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1271,2 felld með 27:21 atkv. og sögðu

já: AÓB, EgJ, FI, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, PP, SJóh, StG, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

15 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1220,3 (ný 4. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

7 þm. (FI, GHelg, JGS, JHelg, JónK, PP, StG) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

16 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, KÁ, ÓÞÞ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1220,4 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

14 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

14 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

14 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1271,3 felld með 28:21 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, PP, SJóh, StG, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

14 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 29:20 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

nei: AÓB, FI, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, PP, SJóh, StG, SJS, SvG.

14 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

9. gr. samþ. með 29:20 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

nei: AÓB, FI, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, PP, SJóh, StG, SJS, SvG.

14 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Þó að 9. gr. eins og hún er í frv. láti ekki mjög mikið yfir sér þá felur hún engu að síður í sér að það er verið að lengja þann tíma sem fólk sem sagt hefur starfi sínu lausu þarf að bíða án bóta, úr 30 dögum í 40 daga, það er í a-lið þessarar greinar. Í b-lið er verið að fella út rétt fólks til þess að afþakka vinnu og koma með gild vottorð frá læknum þess efnis að það geti ekki tekið tiltekna vinnu. Er þetta hvort tveggja í senn vantraustsyfirlýsing á lækna landsins sem og það fólk sem slík vottorð fær og þess vegna segi ég nei.

Brtt. 1271,4 felld með 29:20 atkv. og sögðu
já: AÓB, FI, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, PP, SJóh, StG, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
14 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1220,5 samþ. með 47:2 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
nei: GHelg, PJ.
14 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

10. gr., 1.–4. mgr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
14 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

10. gr., 5. mgr., samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
20 þm. (AÓB, FI, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, PP, SJóh, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
14 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í þessari málsgrein 10. gr. er gert ráð fyrir því að breyta hinu bótalausa tímabili Atvinnuleysistryggingasjóðs. Það er ekki gert ráð fyrir að fella það niður heldur er stytting þess eða hugsanleg niðurfelling skilyrt með því að fólk geti sótt námskeið. Nú er það svo að á mörgum stöðum á landinu mun ekki verða kostur á því fyrir fólk að sækja námskeið og enginn hefur þá lagaskyldu samkvæmt málsgreininni að tryggja að námskeið verði í boði. Þess vegna teljum við að þetta sé ófullnægjandi breyting. En þó er það mildun frá gildandi lögum að nokkru leyti og þess vegna kjósum við að sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þessa málsgrein. En ég endurtek það sem ég sagði í umræðum um málið í gærkvöldi, virðulegi forseti, að ég áskil mér rétt til þess að flytja við 3. umr. brtt. við þessa grein sem er á þessa leið:

„Bótaréttur fellur ekki niður þegar hinn atvinnulausi getur ekki sótt námskeið."

Brtt. 1271,5 felld með 29:19 atkv. og sögðu
já: AÓB, FI, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, SJóh, StG, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
15 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1271,6 felld með 26:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MF, SJóh, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG, AÓB, FI, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE.
nei: GAK, ÓE, PJ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, SalÞ.
2 þm. (EH, ÞurP) greiddu ekki atkv.
14 þm. (RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ) fjarstaddir.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég tel alvarlegt glapræði að gera um það tillögu að fella 11. gr. frv. út þar sem í núgildandi lögum um almannatryggingar eru ákvæði þess efnis að enginn geti samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum eða lögum um atvinnuleysistryggingar. Því er nauðsynlegt að fara þá leið sem meiri hlutinn leggur til til þess að tryggja hag öryrkja og ellilífeyrisþega og gera þær breytingar sem lagðar eru til af meiri hlutanum. Ég segi nei.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Þessi tillaga minni hlutans gerir

ráð fyrir því að enn einu sinni sé gerð tilraun til þess að skerða hag elli- og örorkulífeyrisþega eins og meiri hluti þessa þings hefur verið að á undanförnum vikum, mánuðum, missirum og árum. Tillagan gerir ráð fyrir því að 11. gr. frv. sé felld þar sem í þeirri grein er gert ráð fyrir því að bætur atvinnuleysistrygginga séu skertar til elli- og örorkulífeyrisþega. Staðreyndin er sú að það er hópur elli- og örorkulífeyrisþega sem hefur farið út af vinnumarkaði á undanförnum árum til að rýma fyrir yngra fólki sem hefur verið atvinnulaust í trausti þess að þeir fái greiddar óskertar atvinnuleysisbætur samhliða elli- og örorkulífeyri. Nú er verið að koma í bakið á þessu fólki gangi þessi tillaga meiri hlutans hér eftir. Hins vegar ef tillaga minni hlutans verður samþykkt þá verður komið í veg fyrir þetta og því segi ég já.

Þuríður Pálsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla, með leyfi forseta, að gera grein fyrir atkvæði mínu. Í 6. gr. frv. stendur m.a. svo, með leyfi forseta:

„Rétt til atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum þessum hafa þeir sem eru atvinnulausir og í atvinnuleit og fullnægja eftirtöldum skilyrðum, sbr. þó 24. gr.:

1. Eru orðnir 16 ára að aldri en yngri en 70 ára."

11. gr. frv. í upphaflegri gerð gerir að engu þennan rétt til atvinnuleysisbóta hjá fólki sem náð hefur 67 ára aldri og öryrkjum. Það er því ljóst að frv. felur í sér skerðingu á kjörum og réttindum elli- og örorkulífeyrisþega. Ég á bágt við að sætta mig við það.

Þetta ætti ekki að koma nefndarmönnum í heilbr.- og trn. á óvart þar sem ég benti einmitt á þetta atriði sérstaklega á fyrsta nefndarfundi sem ég sat þar sem þetta frv. var til umræðu. Þrátt fyrir að frv. feli í sér margvíslega réttarbót og leiðréttingu á alvarlegu misrétti sem hefur viðgengist við úthlutun atvinnuleysisbóta þá er þó ljóst að mörg atriði þessa frv. þurfa skoðunar við á nýjan leik þegar reynsla er komin á framkvæmd þeirra. Ég treysti því að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því, en ég mun sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þessa tillögu.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Með þessu frv. er verið að auka rétt sjálfstætt starfandi fólks sem missir vinnuna og það er sérstök réttlætiskrafa en í þessari 11. gr. frv. leynist vondur hortittur því hér er lagt til að skerða bætur elli- og örorkulífeyrisþega um allt að 10 þús. kr. Hér er ekki viðurkenndur sá mikli umframkostnaður sem af því hlýst að vera fatlaður. Hér er verið að koma aftan að ellilífeyrisþegum. Ég segi því já við því að þessi grein falli niður.

Brtt. 1220,6 (ný efnismgr. 11. gr.) samþ. með 28:20 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

nei: AÓB, FI, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, PP, SJóh, StG, SJS, SvG.

15 þm. (BBj, EH, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég mun greiða þessari tillögu atkvæði mitt vegna þess að hún er þó mikil bót frá þeim ósköpum sem stóðu hér í upphaflega frv. og sætir satt að segja furðu að hæstv. ráðherra skuli láta annað eins frá sér fara og það sem upphaflega stóð í 11. gr. þar sem þar með hefðu reiknast inn í þetta allar bætur lífeyristrygginga svo sem mæðralaun, ekkjulífeyrir og ótal margar aðrar greiðslur. Þarna er þó nánar tekið fram að það sé elli- og örorkulífeyrir og örorkustyrkur en ekki annað svo það er þó svo sannarlega til bóta og mun ég því segja já. Þó mér sé sárt um að hafa greinina eins og hún er orðin þá er hún þó betri en hún var.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Sú brtt. sem meiri hlutinn flytur hér við 11. gr. breytir engu um það að örorkustyrkþegar sem fá nú kannski 8–10 þús. kr. út úr almannatryggingum vegna aukakostnaðar sem þeir hafa af sinni örorku, þeirra styrkur mun skerðast sem þessu nemur, þ.e. atvinnuleysisbæturnar munu skerðast fyrir hverja einustu krónu sem þeir fá í örorkustyrk vegna aukakostnaðar sem þeir hafa af fötlun sinni. Minni hluti heilbr.- og trn. er því andvígur þessari tillögu.

Brtt. 1271,7 felld með 28:18 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, SJóh, StG, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.

17 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, JGS, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1220,7 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.

17 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, JGS, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

12. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS,

KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.

19 þm. (AÓB, FI, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, SJóh, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1220,8 (ný 13. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.

18 þm. (FI, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, SJóh, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GAK, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

14.–15. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.

16 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

16. gr., a–b-liðir, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.

19 þm. (BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

16. gr., c-liður, samþ. með 28:18 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.

nei: AÓB, FI, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, SJóh, StG, SJS, SvG.

17 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1220,9 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.

18 þm. (AÓB, FI, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, SJóh, StG, SvG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, PP, PJ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, SJS, VS, ÖS) fjarstaddir.

17. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónK, JónS, KSG, KHG, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.

16 þm. (AÓB, FI, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KE, MF, SJóh, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1271,8 felld með 26:19 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, ÓÞÞ, SJóh, StG, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.

18 þm. (BBj, EH, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, MF, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.

17 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Almannatryggingar, frh. 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 587. mál (endurgreiðsla kostnaðar við læknishjálp og lyf). — Þskj. 1148.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.

19 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, FI, GAK, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1283).

Íbúðaverð á landsbyggðinni, frh. síðari umr.

Þáltill. EKG o.fl., 139. mál. — Þskj. 160, nál. 1154.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.

18 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, JGS, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, SJS, VS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.

17 þm. (BBj, EGuðn, EKG, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1284).

Aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtaka ríkisstofnana, frh. síðari umr.

Þáltill. JÁ, 158. mál. — Þskj. 180, nál. 1182, brtt. 1183.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1183 (ný tillgr.) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.

17 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.

16 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1285).

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frh. 2. umr.

Frv. EH og MB, 127. mál. — Þskj. 147, nál. 1184.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 1184 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

15 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Rannsóknir á botndýrum við Ísland, frh. fyrri umr.

Þáltill. sjútvn., 594. mál. — Þskj. 1189.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

15 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Menningarsjóður, frh. 3. umr.

Stjfrv., 306. mál (heildarlög). — Þskj. 1228, brtt. 1231.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1231 felld með 28:20 atkv. og sögðu

já: AÓB, EH, FI, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, SJóh, StG, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
15 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:
Virðulegi forseti. Í þessari tillögu gerum við ráð fyrir að Rithöfundasambandi Íslands, Hagþenki og heimspekideild Háskóla Íslands gefist kostur á að tilnefna menn í stjórn hins nýja Menningarsjóðs. Við teljum að það sé ófullnægjandi fyrirkomulag sem ríkisstjórnin gerir ráð fyrir að stjórnin verði kosin einvörðungu hlutfallskosningu á Alþingi. Við teljum að þessir aðilar sem ég nefndi eigi að eiga kost á því að hafa áhrif á það hvernig fjármunum úr þessum sjóði er varið. Fari svo sem sýnist vera á töflunni að þessari tillögu verði hafnað þá er ég þeirrar skoðunar að eðlilegast sé að sitja hjá um málið að öðru leyti og ríkisstjórnin eigi það ein eins og til þess er stofnað.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
19 þm. (AÓB, FI, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, SJóh, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1286).

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frh. 2. umr.

Stjfrv., 546. mál (eftirlit á varnarsvæðum). — Þskj. 906, nál. 1216.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
17 þm. (ÁMM, BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
16 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

Sveitarstjórnarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 515. mál (sameining sveitarfélaga). — Þskj. 872, nál. 1122, brtt. 1123, 1211 og 1244.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 1211,1 felld með 27:21 atkv. og sögðu
já: AÓB, EH, FI, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, SJóh, StG, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
15 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1123 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.
2 þm. (ÓÞÞ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1244,a samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
2 þm. (ÓÞÞ, StG) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1211,2.a kom ekki til atkvæða.

Brtt. 1211,2.b felld með 27:10 atkv. og sögðu
já: GHelg, HG, IBA, JÁ, JVK, KHG, MF, SJóh, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

11 þm. (AÓB, EH, FI, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, KE, ÓÞÞ, StG) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1244,b samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

15 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

18 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, PP, PJ, RA, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

15 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

16 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Umhverfismat, frh. 2. umr.

Stjfrv., 80. mál (EES-reglur). — Þskj. 87, nál. 1139, brtt. 1140.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1140,1 (ný 1. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

18 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, JóhS, JVK, KÁ, MF, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1140,2–12 (við þar tilgreindar greinar) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

17 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, JóhS, KÁ, MF, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

2.–18. gr. (verða 2.–17. gr.), svo breyttar, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

17 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, JóhS, KÁ, MF, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Ákv. til brb. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.

18 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, JóhS, KÁ, MF, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1140,13 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. II) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.

19 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, JóhS, KÁ, MF, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1140,14 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, StG, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.

20 þm. (BBj, EGuðn, EKJ, GB, GÁ, GunnS, HÁ, JóhS, KÁ, MF, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, SJS, VS, ÖS) fjarstaddir.

Framleiðsla og sala á búvörum, 2. umr.

Stjfrv., 504. mál (innflutningur á búvörum). — Þskj. 856, nál. 1133 og 1215, brtt. 1125.

Frsm. meiri hluta landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegur forseti. Ég er þakklátur hæstv. forseta fyrir að hafa farið að minni ósk um að þetta mál yrði tekið til umræðu og afgreiðslu á Alþingi.

Síðustu dagar hafa verið um margt sérstæðir og reyndar einstaklega ánægjulegir og ég hlýt að þakka fjölmörgum mönnum, kunnugum og ókunnugum, fyrir baráttukveðjur.

Það hafa borist fregnir um það að hæstv. landbrh. hafi verið kjörinn vinsælasti alþingismaður vikunnar og þó að mér finnist kannski aðeins að óverðugu hvað hann sigraði mig þar með miklum yfirburðum þá get ég vel unnt honum þess og árnað heilla. Þetta sýnir það eitt út af fyrir sig að menn þurfa ekki að hafa svo sérstaklega miklar áhyggjur af því þótt þeir taki svari þeirra sem búa við erfiðari kost ef málefnið er að öðru leyti nógu gott.

Ég hlýt að minna á það vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram um að hugsanlega yrði þessu máli frestað og fram hjá því gengið við umræðuna og verð ég þá að vænta þess að ráðherrarnir sitji í sætum sínum. Það kemur mér helst til hugar þegar ég sé hvað þeir flýja í burtu uppruni huldufólksins sem varð til með þeim hætti að móðirin átti svo mörg börn að hún gat ekki þrifið þau almennilega og það skiptist í tvo hópa, óhrein og hrein, þannig varð huldufólkið til vegna þess að það varð auðvitað að fela óhreinu börnin. Nú hafa þeir allir hlaupið hér af bekkjum (Gripið fram í.) utan tveggja — ég verð að vænta þess að þeir taki sér hér sæti m.a. vegna þess að ég þarf að tala til þeirra og það er mjög óþægilegt að tala á bak á öðrum mönnum. Ég veit að forseti virðir óskir mínar að þessu leyti.

En ég ætlaði aðeins að minnast á það nánar sem ég var að hefja mál mitt á að það hefur legið á orðspori að yfir þetta mál yrði gengið við afgreiðslu þess. Það er á allra vitorði að nálega allir alþingismenn styðja þetta mál. Það er af vissri prinsippástæðu sem Kvennalistinn undirritaði ekki nál. og eins var um Alþb. en um þá efnislegu þætti löggjafar sem hér er verið að fjalla um er tæpast nokkur ágreiningur á Alþingi. Það hefði þess vegna verið alveg óskiljanlegt ef þetta mál hefði ekki fengið sína þinglegu meðferð og ég má í því sambandi sérstaklega minna á það, vegna þess að það hefur verið helst á vitorði að forustulið ríkisstjórnarinnar ætlaði að bregða fæti fyrir afgreiðslu málsins, að þegar á dögunum fóru fram umræður á Alþingi um EES-samninginn þá var þar mjög haft á orði að stjórnarandstaðan væri að tefja málið með málþófi og þar væri í raun og veru um ofbeldisaðgerðir að ræða af hendi minni hluta Alþingis. Ég minnist þess sérstaklega að hæstv. utanrrh. gerði það að umtalsefni erlendis hvernig háttað væri þingræðisstörfum á Íslandi. Það var þess vegna óhugsandi að menn færu að vera með bolabrögð gagnvart afgreiðslu þessa máls þar sem hér um bil allt Alþingi er á sama máli, hér um bil allt Alþingi, og kannski allt, er á sama máli.

Til þess að skýra það aðeins fyrir hv. alþm. hvernig komið er með það frv. sem hér er til umræðu sem flutt er af ríkisstjórninni þá er ástæða til að benda á álitsgerð frá tveimur virtum lögmönnum, Sveini Snorrasyni hæstaréttarlögmanni og Jóni Höskuldssyni deildarstjóra. Mér er ljóst að þessi álitsgerð er í vörslu margra alþingismanna en hún er fyrir margra sakir afar athyglisverð. Þessi álitsgerð tekur til þess hvað í raun inni fólst í frv. ríkisstjórnarinnar. Þar er sérstaklega fjallað um þau deilumál sem upp hafa komið á undanförnum dögum í þessari umræðu. Þar er í fyrsta lagi frá því greint að í orðinu „tilsvarandi vörum" — og til þess vitnað hér sérstaklega — felist hin svokölluðu vörulíki. Það er vísað til orðalags sem sé að finna í samkomulagi um tolla og viðskipti, þ.e. Genfarbókunarinnar, og sett fram ótvíræð rök þess efnis að vörulíki, eða réttara sagt að tilsvarandi vörur, eins og það er orðað í frv., nái til vörulíkja.

Þá segir líka í niðurlagi greinarinnar út af vörugjöldunum sem svo mjög hafa verið umtöluð: „Verði frv. að lögum getur landbrh. ákveðið með reglugerð eða á annan hátt hvort og hvaða búvörur skuli heimilt að flytja inn og með hvaða skilyrðum, þar með talið hvort lögð skuli á verðjöfnunargjöld, eins og tollalög og viðskiptasamningar heimila." Frv. kveður á um það að landbrh. hafi heimild til þess að ákveða hvaða vörur séu fluttar inn og hvernig beri að haga álagningu vörugjalda. Það er athyglisvert að í niðurlagi þessarar álitsgerðar segir: „Að okkar áliti fela brtt. landbn. Alþingis á þskj. 1125 ekki í sér efnislegar breytingar að þessu leyti."

Þessir lögmenn segja það með öðrum orðum í álitsgerð sinni að það sem hefur verið deiluefni á síðustu dögum, vörulíkin og vörugjöldin, heimildir til þeirra

ákvæða sé að finna í frv. ríkisstjórnarinnar. Ég dreg þetta hér sérstaklega fram vegna þess að menn hafa verið bornir ýmsum sökum í þessum efnum og verið að laumast aftan að löggjafanum og ríkisstjórninni í sambandi við tillögur landbn. En hvað er þá annars að? Ef þessi þýðingarmiklu ákvæði og umdeildu eru á annað borð í frv. ríkisstjórnarinnar, hvers vegna þarf þá að gera breytingar? Ég held að það verði best skýrt með því að fara yfir skjal sem landbn. barst frá fjmrn. raunar eftir að hún hafði lokið við að afgreiða sínar tillögur. Það er nefnilega athyglisvert að bera saman skoðanir fjmrn. og frv. eins og það hefur verið skýrt af lögfræðingum, m.a. vegna þess að í þessari álitsgerð er alveg sérstaklega greint frá því að fjmrn. hefði fjallað um frv. áður en það var lagt fram eða afgreitt frá ríkisstjórninni.

Fjmrn. gerir fimm efnislegar athugasemdir við frv., raunar við tillögur landbn. Fimm efnislegar athugasemdir gerir fjmrn. Fjórar af þeim eru hins vegar skýrlega settar fram í frv. ríkisstjórnarinnar sem fjmrn. segist hafa yfirfarið. Að þeirri fimmtu kem ég síðar. Þannig segir fjmrn. að í frv. felist óeðlilega mikil völd landbrh. Eins og ég mun víkja að síðar þá er í tillögum landbn. þrengt að þessum völdum. Þar er sagt að óeðlilegt sé að vörulíki séu á verksviði og á valdi landbrh.

Þrátt fyrir að það sé komin lagaskýring um það að slík sé ætlunin í frv. ríkisstjórnarinnar, sem fjmrn. hafði farið yfir og fjallað um, þá er með sama hætti talið óeðlilegt að í frv., í brtt. nefndarinnar, sé fjallað um með jafnskýrum hætti og þar er gert hvernig verðjöfnunargjöldum skuli háttað. Nú liggur það fyrir að í tillögum ríkisstjórnarinnar hefur landbrh. meiri og víðtækari heimildir eins og það er skýrt af lögfróðum mönnum heldur en í brtt. landbn.

Það er sérstaklega frá því sagt í fjórða lagi að samráð á milli ráðherra sem landbn. leggur til að séu viðhöfð við ákvörðun á verðjöfnunargjöldum séu óeðlileg. Í frv. ríkisstjórnarinnar á grundvelli þeirra lagaskýringa sem ég hef sérstaklega getið er sagt að landbrh. þurfi engan að spyrja. Hann hafi heimildir til þess að veita leyfi fyrir innflutningi og taka ákvarðanir um hver hann skuli vera og hvaða vörugjöld hann skuli bera. Þetta eru fjögur efnisatriði í umsögn fjmrn. sem í raun ganga þvert á frv. eins og ríkisstjórnin lagði það fram. Ég kem svo að fimmta atriðinu síðar meir.

En hvers vegna skyldi þá landbn. vera að gera tillögur um breytingar, m.a. að þrengja þær heimildir sem hæstv. landbrh. á að fá að settum þessum lögum? Ástæðan fyrir því er sú að um þetta eru deildar meiningar og það er að sjálfsögðu alveg augljóst mál að það er grundvallarskylda okkar sem störfum á Alþingi að ganga þannig frá lagatexta að hann sé skiljanlegur. Það liggur að sjálfsögðu í augum uppi hvaða hlutverk dómsvaldinu er ætlað á Íslandi. Það er að gæta réttarríkisins. Það er hins vegar ekki þáttur í daglegum störfum framkvæmdarvaldsins. Þess vegna þurfa lög að vera með þeim hætti að þau valdi ekki ágreiningi og að þau séu skiljanleg. Það var af þessari ástæðu sem landbn. Alþingis gerði tillögur um þær breytingar sem liggja nú fyrir. Menn geta svo velt því fyrir sér hver og einn hvers vegna skilningur er jafnóljós í þessu máli og raun ber vitni. Og menn geta velt því fyrir sér hvers vegna fjmrn. vill í öllum veigamestu efnisþáttum þessa máls skoða málið með allt öðrum hætti heldur en frv. sem það sjálft er búið að fjalla um lítur út.

Landbn. fjallaði ítarlega um þetta mál og kvaddi á sinn fund og leitaði álits fjölmargra manna. Þar má nefna Sigurgeir Þorgeirsson, aðstoðarmann landbrh. og Guðmund Sigþórsson, skrifstofustjóra landbrn., Gunnar Snorra Gunnarsson sendiherra, Kjartan Ólafsson og Sigurð Þráinsson garðyrkjumenn. Auk þess var fjallað um álit fjölmargra aðila og stofnana, Búnaðarfélags Íslands, Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og fleiri aðila. Og með því að málið var jafnóljóst og raun bar vitni og eins og ég hef nú leitt hér rök að, þá naut nefndin sérstakrar aðstoðar Tryggva Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns við athugun sína á málinu.

Ég hygg að mönnum sé það ljóst vegna hvers sá lögmaður var valinn til þessara verka en hann er sá úr þeirra hópi sem hvað mest hefur fjallað um þessi mál og þeim skyld, auk þess sem hann var líka ráðunautur nefndarinnar þegar sú mikilvæga umræða fór fram við afgreiðslu á EES-samningnum sem hv. alþm. er væntanlega að fullu ljós. Vegna skyldleika þessa máls við þann samning og það samkomulag fór nefndin nú öðru sinni yfir þau mál, og m.a. af því tilefni að um þessar mundir, að því er mig minnir 30. og 31. mars, kom fram á fundi í Brussel milli EFTA og EB nokkuð annar skilningur á þeim málum en fyrir lá við afgreiðslu EES-samningsins. Ég hlýt í þessu sambandi að þakka sérstaklega samstarfið við utanrrn. sem tók með mjög skýrum hætti þátt í þessari umfjöllun. Niðurstaða úr því samstarfi birtist m.a. í tveimur fylgiskjölum sem fylgja nál., þ.e. bréfi sem ég ritaði utanrrn. og svari utanrrn. við því bréfi. Þar voru enn tekin af öll tvímæli og allar efasemdir í þessu máli.

Nefndarálitið fjallar um þessi efni og skýrir þau út í fimm köflum. Og með því hvað málið var nátengt fyrri umræðu og í miklum tengslum við utanrrn., þá afhenti ég embættismönnum ráðuneytisins nál. til yfirlestrar áður heldur en frá því var gengið. Ég er þakklátur þeim heiðursmönnum, embættismönnum í utanrrn., sem fóru yfir málið, gerðu við það athugasemdir sem voru teknar til greina að öðru leyti en því sem ég kem hér síðar að.

Það var reyndar eins um tillögur landbn. að um þær fjallaði utanrrn. líka og nefndinni bárust tvær ábendingar frá ráðuneytinu sem betur máttu fara að dómi ráðuneytisins og þær voru teknar til greina eins og þær bárust nefndinni.

Ég hlýt að þakka þetta samstarf. Ég hafði reyndar áður gert það persónulega við hæstv. utanrrh. þegar ég vék mér að honum eftir að við höfðum lokið starfi og þakkaði honum sérstaklega fyrir samstarfið við ráðuneytið við afgreiðslu þessa máls. Það er auðvitað grundvallaratriði þegar verið er að fjalla um mál af þessum toga, fella íslensk lög að samskiptum við erlendar þjóðir, að þar fylgist menn enn að en gangi ekki

í sína áttina hvor og af þeirri ástæðu var þessa samstarfs sérstaklega leitað með þeim árangri sem ég hef nú skýrt og í rauninni liggur hér fyrir í nefndaráliti landbn.

Virðulegi forseti. Ég skal þá víkja hér sérstaklega að brtt. nefndarinnar sem auðvitað hafa mikla grundvallarþýðingu við afgreiðslu þessa máls þó að fleira komi þar til. Þá mun ég að sjálfsögðu hafa til hliðsjónar frv. ríkisstjórnarinnar sem ég hef áður lýst til þess að gera hv. alþm. sem greinilegust skil á þeim breytingum sem frv. felur í sér.

Það er þá í fyrsta lagi að í frv. ríkisstjórnarinnar fær landbrh. ótakmarkaðar heimildir til þess að veita leyfi fyrir öllum landbúnaðarvörum hvort sem sams konar vörur eða hliðstæðar vörur eru framleiddar hér á landi eða ekki. Það er fróðlegt að huga að því að á þeim tíma sem Sjálfstfl. og Framsfl. voru saman í ríkisstjórn kom fram frv. með sams konar texta. Frv. sem ætlað var að ná til allrar landbúnaðarframleiðslu. — Ég sá hæstv. utanrrh. koma hér í dyrnar en ég hafði þá lokið umfjöllun um viðskipti mín og utanrrn. og það vill nú svo til að hæstv. ráðherra situr í sama stól núna og var hér á dögunum þegar ég gekk til hans og þakkaði honum með handabandi fyrir samstarfið við undirbúning þessa máls og veit ég að ráðherrann man eftir því. Ég hef, hæstv. ráðherra, farið yfir það í ... (**Utanrrh.:** Ég hlustaði. Ég hlustaði niðri.) Já, svo það hefur komist á framfæri? (**Utanrrh.:** Já, já.) Það þykir mér vænt um því að skárra væri það nú, ekki síst á þeim tímum sem nokkurs darraðardans gætir í stjórnarliðinu að menn fengju ekki að njóta sannmælis. Þá held ég áfram þar sem frá var horfið, virðulegi forseti.

Ég var að segja frá því, kannski á vissan hátt til gamans, að frv. sem var flutt á þeim tímum sem Sjálfstfl. og Framsfl. voru í ríkisstjórn fól í sér ákvæði um sams konar heimildir og ríkisstjórnin í frv. sínu leggur nú til, þ.e. að allur flutningur á landbúnaðarvörum til landsins væri í höndum landbrh. Frv. ríkisstjórnarinnar núna er að þessu leyti með sama texta. Þessu breyttum við. Okkur fannst ekki ástæða til þess eins og ríkisstjórninni að t.d. landbrh. færi með innflutning á eplum og appelsínum, hrísgrjónum og hafragrjónum (**Gripið fram í:** Og tóbaki.) og öðru slíku góðgæti. Og þannig væri lengi hægt að telja. En þetta voru samt tillögur ríkisstjórnarinnar. Þetta þrengdum við þannig að heimildir ráðherrans ná nú einungis til þeirra vara eða hliðstæðra og framleiddar eru á Íslandi og vörulíki úr þeim vörum. En þarna tókum við hins vegar af skarið og töluðum þannig að allir máttu skilja. Við bættum við þessari heimild með skírum orðum um vörulíki og í nál. er greint frá því hvað felist í þessu orði. En ég vitna til þess sem ég sagði áðan í áliti lögfræðinganna að orðalag frv. greinir frá því að tilsvarandi vörur, eins og þar er komist að orði, sé sams konar skýring og á vörulíkjum. En með því að við urðum þess vör í umfjöllun málsins að um þetta voru deildar meiningar, jafnvel þó að lögskýringar lægju fyrir, þá var það náttúrlega sjálfsagt mál að ganga svo frá orðalagi í þessu sambandi að ekki mundi leiða til misskilnings.

Í þriðja lagi er það sölutími frjálsu varanna. Eins og kemur fram í nál. er frá því greint hvaða vörur það eru sem njóta frelsis á tilteknum tíma. Fulltrúi utanrrn. benti mér á það að sú heimild sem lagt er til að verði tekin inn í frv., þ.e. að landbrh. hafi leyfi til þess að setja reglur um hvernig felldur verður saman þessi frjálsi tími og sölutími þessara vara gæti orkað tvímælis. Og það er mér fullkomlega ljóst því að á samningsbundna fríverslun getum við tæpast sett lög. Hins vegar var það aftur ljóst að garðyrkjumenn hafa af því miklar áhyggjur að óhóflega mikið magn af þessum vörum verði flutt inn í landið í lok þessa tíma en margar þær vörur geta geymst í landinu um langa tíð, jafnvel svo mánuðum skiptir, og þess vegna þarf að koma á einhverjum reglum eða samkomulagi um það að þessi mál gangi fram með þeim hætti sem til er ætlast. Ég kem þessari ábendingu hér sérstaklega á framfæri, m.a. vegna þess, eins og ég hef áður sagt, að þetta þarf að framkvæma af mikilli varúð og réttara sagt meira í sátt og samkomulagi heldur en með tilskipunum. Þessa er sérstaklega getið hér í trausti þess að þegar gengið verður frá reglugerð um þessi mál þá verði þetta sérstaka ákvæði skoðað í þessu ljósi. En því er ekki að neita að garðyrkjubændur eru áhyggjufullir yfir ákvæðum um þennan frjálsa innflutning og það ber að sjálfsögðu að leita leiða til þess að þeir verði ekki þar fyrir meiri áföllum heldur en út frá er gengið.

Í fjórða lagi er það heimild ráðherra til að fara að alþjóðasamningum og þar eru nú satt að segja ekki gerðar miklar breytingar heldur málin skýrð aðeins betur. Þar er sérstaklega átt við bókun 3 og verðjöfnunargjöld á innflutning. Ég hef áður lýst því hvernig frv. ríkisstjórnarinnar tekur til þessara mála. En eins og ég sagði áðan er túlkunin sú að landbrh. væri í þessum efnum alvaldur, hefði leyfi til að ákveða hvaða vörur væru fluttar til landsins og hvaða gjöld væru lögð á þær. Í tillögum landbn. er þessi réttur þrengdur. Þar er út frá því gengið að álagning þessara gjalda sé í höndum fjmrh. en aftur á móti fái landbrh. rétt sinn með þeim hætti að ákvörðun verði að liggja fyrir þegar hann veitir innflutningsheimild. Með sama hætti er lagt til að fram fari umræða og gert sé samkomulag á milli fjmrh. og landbrh. um það hver þessi gjöld skuli vera þegar til álagningar kemur. Þetta er þrenging frá því sem var í frv. ríkisstjórnarinnar þar sem landbrh. hafði þá samkvæmt þeim lagaskýringum sem ég hef vitnað til ótvíræðan rétt og ótvíræða skyldu til að taka þessar ákvarðanir einn. Í tillögum nefndarinnar er hins vegar lagt til að réttur landbrh. verði þrengdur og með sama hætti fái fjmrh. og fjmrn. meiri rétt heldur en fólst í frv. sjálfu.

Þetta eru að sjálfsögðu mikil grundvallaratriði í þessari umræðu. Ég gat um það hér áðan að að fimmta atriðinu í umsögn fjmrn. mundi ég koma síðar en þar er fjallað um endurgreiðslu á verðjöfnunargjöldum. Eins og hv. alþm. er kunnugt er EES-samningurinn byggður á gagnkvæmni. Gagnkvæmni um að réttur sé sambærilegur á milli þjóða og m.a. er sérstaklega kveðið á um þetta, eins og hér er tilfært í nál., í 2. gr. bók-

unar 3 með EES-samningnum, en þar er kveðið á um endurgreiðslu til útflutnings.

Í lögum og reglum, bæði í tollalögum og víðar, er ekki kveðið á um þessa framkvæmd. Enda segir fjmrn. þegar það fjallar um þessa tillögu eða réttara sagt vísar til þess sem að framan greinir, eins og þar er komist að orði. Það getur auðvitað ekki vísað í neinar reglur því þær eru ekki til. Samkvæmt eðli málsins er þess vegna gerð tillaga um það að þessi sérstaka framkvæmd verði í höndum landbrh. og að honum beri að setja reglugerð um framkvæmd þessa máls.

Menn mega ekki gleyma þessari gagnkvæmni sem ég hef verið að rekja hér. Hún er virt meðal þeirra þjóða sem hér eiga hlut að máli og byggist m.a. á því að þegar vara er flutt út úr landi þá ber að greiða af henni verðjöfnunargjöld til útflytjandans með sama hætti og þegar vara er futt inn til landsins. Á þetta legg ég mikla áherslu því að hér er um að ræða atriði sem er til hagsbóta fyrir landbúnaðinn og til hagsbóta fyrir iðnaðinn. Í þessu ákvæði felst helst vaxtarbroddur í sambandi við þessa samningsgerð sem landbúnaðurinn getur notið góðs af ef það ákvæði verður nýtt með þeim hætti sem til er ætlast. Og það er reyndar þannig með þennan samning að hann byggir á gagnkvæmni og er ég þá ekki að tala hér um efnislega þætti hans, þeirri umræðu er lokið. Það er verið að fella íslensk lög að þessum samningi og það er grundvallaratriði að framkvæmd þessara mála verði með þeim hætti að það samrýmist sem best högum og kjörum fólksins í landinu og að þeir vaxtarmöguleikar sem þarna kunna að vera fyrir hendi séu nýttir. Það gerist auðvitað ekki nema það stjórnvald sem hefur forræði þessara mála hafi vilja til þess að svo verði. Það er að sjálfsögu grundvallaratriði í þessum samskiptum hvernig unnið verður og tekið verður á þessum málum við framkvæmdina.

Ég hef nú farið yfir þetta mál nokkuð ítarlega en bendi enn fremur á nál. sem er afar skýrt og skýrir þessi mál vel þannig að lengri framsögu er af þessari ástæðu ekki þörf.

Ég vil að endingu geta þess að undir nál. rituðu nöfn sín auk mín Össur Skarphéðinsson, Árni R. Árnason og Einar Kristinn Guðfinnson án fyrirvara en Eggert Haukdal, Guðni Ágústsson og Jóhannes Geir Sigurgeirsson með fyrirvara.

Ég vil sérstaklega geta þess í lokin að öll nefndin lagði á sig mikla vinnu í sambandi við þetta mál og ég er nefndarmönnum afskaplega þakklátur fyrir störf þeirra í landbn. sem hafa m.a. leitt til þess að fyrir liggja þær brtt. og það nál. sem ég hef nú lýst og skýrir þessi mál býsna vel þannig að eftir þessum tillögum, þegar þær hafa fengið hér staðfestingu á Alþingi, verður mun auðveldara að vinna heldur en ef frv. hefði verið samþykkt óbreytt. Og ég vitna til þess sem ég sagði hér í upphafi: Skyldur okkar við lagasetningu felast m.a. í því að talað sé með það skýrum hætti að ekki orki tvímælis hvað við er átt.

Það var megingalli við frv. ríkisstjórnarinnar hvað menn lögðu breytilegan skilning í ákvæði þess og þar af leiðandi hlaut það að verða hlutverk landbn. að leggja fram tillögur sem gerðu það kleift að framkvæma þau vandasömu málefni sem fram undan eru með þeim hætti að ekki orkaði tvímælis. Það er að sjálfsögðu oft svo að það er auðveldara að koma fram málum með því að vera með a.m.k. tvær tungur í munninum. Ég hef heyrt það utan að mér á síðustu dögum að fjögur ráðuneyti hafi fjallað um þetta frv. og gert um það sérstakt samkomulag. Það bendir líka ýmislegt til þess að tungurnar hafi verið fleiri en tvær og í sumum greinum hafi þær kannski verið fjórar þó að ég kunni ekki þar frá að greina. Það er þess vegna ekki neitt undrunarefni að þegar farið er yfir mál með þennan bakgrunn og sannleikurinn leiddur í ljós um efni og texta að á einhverjum vígstöðvum hrökkvi menn við. En það er skylda Alþingis og það eru við alþingismenn sem eigum að sjá til þess að mál séu afgreidd þannig að eftir þeim sé hægt að starfa því eins og menn vita er ekki bara verið að afgreiða lög fyrir eina ríkisstjórn heldur fyrir þær ríkisstjórnir sem eiga eftir að starfa í landinu.

Ég endurtek svo þakklæti mitt til samferðafólks míns í landbn. og geri tillögur um það, virðulegi forseti, að málinu verði vísað áfram til 3. umr. að þessari umræðu lokinni og það fái hér fyrir þinglokin greiða afgreiðslu á Alþingi.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þar sem báðir þeir nefndarmenn sem hafa skrifað undir álit minni hluta landbn. eru fjarverandi þá hef ég tekið að mér að koma á framfæri áliti minni hluta sem Kristín Ástgeirsdóttir er framsögumaður að.

Í þessu áliti segir svo, með leyfi forseta:

„Hér er á ferð eitt af þeim frumvörpum sem tengjast samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Frumvarpið er til komið vegna þeirra ákvæða sem felast í bókun 3 í EES-samningnum en hún kveður á um að heimilt verði að flytja inn ýmsar landbúnaðarvörur, þar með taldar einstakar mjólkur- og kjötvörur sem ekki hefur verið heimilt að flytja inn hingað til. Bókunin stríðir gegn núgildandi lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og því þarf að breyta þeim verði samningurinn að veruleika. Samkvæmt nýsamþykktum tollalögum er heimilt að leggja verðjöfnunargjöld m.a. á innfluttar landbúnaðarvörur. Það er túlkun ríkisstjórnarinnar á bókun 3 að heimilt sé að leggja á slík gjöld en ekki er ljóst hvort Evrópubandalagið fellst á þá túlkun m.a. vegna orðanna hljóðan í bókun 3. Endanlegt samkomulag um landbúnaðarþátt samningsins liggur þó ekki fyrir.

Í frumvarpinu og breytingartillögum meiri hlutans felst að innflutningur landbúnaðarvara, sem jafnframt eru framleiddar hér á landi, er háður samþykki landbúnaðarráðherra og gengið er út frá því að sá innflutningur sem leyfður verður eigi sér fyrst og fremst stað þegar innlend framleiðsla fullnægir ekki eftirspurn, með nokkrum undantekningum þó. Þá er og kveðið á um að ráðherra geti, þrátt fyrir þær takmarkanir sem áður er greint frá, heimilað innflutning í samræmi við fríverslunar- og milliríkjasamninga sem Íslendingar eru

aðilar að, enda sé verðjöfnunargjöldum beitt. Þetta þýðir að almenna reglan er sú að innflutningur landbúnaðarvara er undir stjórn landbúnaðarráðherra en hann getur heimilað innflutning í samræmi við þá samninga sem Íslendingar gera við önnur ríki, þó þannig að verðjöfnunargjöldum verði beitt til þess að íslenskur landbúnaður standist samjöfnuð við innflutninginn.

Það liggur fyrir að fjármálaráðuneytið er ekki sátt við hvernig að þessum málum er staðið í frumvarpinu, enda heyrir álagning jöfnunargjalda undir það ráðuneyti. Þann þátt málsins hefði þurft að athuga betur, en hart er deilt innan stjórnarliðsins um samskipti ráðuneyta fjármála og landbúnaðar um verðjöfnunargjöldin og vinnubrögð við afgreiðslu málsins.

Minni hlutinn er sammála því að nauðsynlegt sé að standa vörð um hagsmuni íslensks landbúnaðar andspænis samkeppni utan frá en telur rétt að ríkisstjórnarflokkarnir beri ábyrgð á framkvæmd samningsins um EES og þeim umdeildu áhrifum sem hann mun hafa m.a. á íslenskan landbúnað. Undirritaðir nefndarmenn munu því sitja hjá við afgreiðslu þessa máls."

Undir þetta rita Kristín Ástgeirsdóttir og Ragnar Arnalds.

Við sem höfum fylgst með þingstörfum hér síðustu daga höfum orðið vör við að það hefur verið titringur í stjórnarliðinu út af þessu máli. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa ekki enn náð samstöðu um það mál svo vitað sé. Enginn veit í raun og veru á þessari stundu hvort til atkvæðagreiðslu kemur um þetta mál.

Þegar samningurinn um EES var til umræðu þá bentum við andstæðingar samningsins á það að margt væri óljóst í honum, m.a. það sem varðaði landbúnaðarþáttinn. Innflutningur á landbúnaðarvörum, sala á landi, jörðum og nýting orkulinda, svo eitthvað sé nefnt, allt var þetta óljóst. Og það hefur komið í ljós, ekki síst með þessu frv., að þar höfðum við á réttu að standa. Síðan höfum við orðið vitni að því að þeir sem starfa í landbn. ekki hvað síst eru að reyna að stoppa í götin og vernda íslenska framleiðslu svo sem mögulegt er.

Nú skyldi maður ætla að miðað við allar aðstæður, ekki síst í íslensku atvinnulífi nú, þá vildu sem flestir verja og efla íslenskan iðnað. En e.t.v. gildir ekki það sama um búvöruiðnað. Ef ríkisstjórnin getur ekki staðið saman um það að vernda íslenska framleiðslu á sama hátt og gert er í löndunum í kringum okkur þar sem við vitum að allar nágrannaþjóðir okkar keppast við að vernda sína framleiðslu, ekki síst búvöruframleiðsluna, ef ríkisstjórnin getur ekki borið gæfu til að standa saman um þetta þá verður stjórnarandstaðan enn einu sinni að reyna að koma í veg fyrir alvarleg áföll sem geta hlotist af stefnu ríkisstjórnarinnar. Við andstæðingar EES-samningsins og sennilega fleiri hljótum því að hjálpa þeim stjórnarliðum sem hér eru að verja þessa atvinnugrein.

Við munum skoða það ef svo fer að þetta mál komi til afgreiðslu hvort allir verði ekki að leggjast á eitt og styðja það svo það nái fram að ganga því að mikilvægi málsins er greinilegt.

Ég harma það einnig að í Tímanum í dag, sem annars er mjög virðingarvert blað sem reynir yfirleitt að halda sig við sannleikann, skuli það tekið fram að landbn. Alþingis að fulltrúa Kvennalistans í nefndinni undanskildum hafi lagt til að landbúnaðurinn fengi heimild til að banna innflutning á einstökum búvörum o.s.frv. Þarna er ekki farið rétt með mál því að fulltrúi Kvennalistans lagðist ekki gegn málinu í nefndinni, eins og raunar hefur komið fram hjá flutningsmanni meirihlutaálitsins hér áðan, heldur hafa bæði fulltrúi Kvennalistans og fulltrúi Alþb. bent á það sem auðvitað er rétt að ríkisstjórnin verður að standa ábyrg fyrir sínum gerðum. Hún er búin að gera þennan samning og hún hlýtur að taka ábyrgð á honum. En hitt er svo annað að þegar uppgötvast alls konar gallar og vitleysa sem fylgir þessum samningi þá verða menn jafnvel að brjóta odd af oflæti sínu og styðja þau mál sem eru til þess að bæta um.

Þetta vildi ég að kæmi fram hér, virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan er hvorugur framsögumanna minnihlutaálitsins viðstaddur og ég held ég tali hér fyrir munn mjög margra bæði í Kvennalistanum og Alþb. hvað varðar niðurstöðu atkvæðagreiðslu um þetta frv.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég hlýt í upphafi máls míns að benda á það að þegar þetta mál, sem hefur átt hug ríkisstjórnarinnar allrar síðustu dagana, er komið á dagskrá þá er frekar fátt um ráðherra í stólum sínum. Ég sé reyndar að hæstv. landbrh. er sestur í sæti sitt og sjútvrh. situr hér í salnum. Ég sé reyndar líka að hæstv. utanrrh. er kominn á bekkina, ekki veit ég hvort það sé vegna þess að hann sé búinn að yfirgefa ríkisstjórnina eða hvað er að gerast en ég held frekar að hann hafi verið að heimsækja einhverja sem voru að líta við í Alþingishúsinu.

Ég vil í upphafi míns máls, sem ég mun ekki hafa mjög langt, leggja á það áherslu að það sem skiptir máli varðandi þetta frv. er hvort það fær afgreiðslu. Í upphafi ræðu sinnar þakkaði hv. þm. Egill Jónsson, formaður landbn., sérstaklega fyrir að málið væri hér komið á dagskrá og til umræðu. Ég óttaðist þá að hann mundi láta sér það nægja að málið kæmi hér til umræðu en ég vona að sá ótti sé ástæðulaus, í það minnsta miðað við lokaorð hans þar sem hann benti á að það væri mikilvægt að málið fengi hér afgreiðslu. Það er reyndar það sem skiptir máli. Það muni lítið standa eftir eftir allt moldviðrið síðustu daga ef máli fær hér ekki þinglega meðferð. Og varðandi það þá vil ég beina orðum mínum til hæstv. utanrrh. — Virðulegur forseti, nú veit ég ekki hvort ég á að bíða eftir að hæstv. ráðherra komi niður í þingsal eða ávarpa hann á pöllunum. Það hlýtur að vera mikið álitamál. En þar sem hæstv. ráðherra stendur þar þá held ég að ég verði að halda áfram ræðu minni og minna hæstv. utanrrh. á það að hann talaði margsinnis á þessum vetri og hefur margsinnis rætt um það að hér hafi minni hluti haldið uppi ofbeldi gegn meiri hluta, það á nú reyndar við um afgreiðslu á EES-málinu, með gegndarlausu málæði, svo notuð séu orð hæstv. ráðherra. Þess vegna á

ég bágt með að trúa því að sami hæstv. ráðherra ætli nú að standa gegn vilja, sem við hljótum að telja og ekki síst eftir ræðu síðasta ræðumanns, vilja mikils meiri hluta Alþingis, að þetta mál fái þinglega meðferð, að þingræði fái fram að ganga.

Ég ítreka það sem kom fram hjá formanni nefndarinnar að vinna í nefndinni var að mínu mati afar vönduð og málefnaleg. Þess vegna er allt tal um misskilning í nefndinni við afgreiðsluna ómaklegt svo ég tali nú ekki um það sem haft er eftir einstökum samþingmönnum, ónafngreindum, hv. 17. þm. Reykv., Össurar Skarphéðinssonar, í Morgunblaðinu í dag, að hann hafi skrifað undir málið af vanþekkingu vegna fjarveru og veikinda. Þetta voru að mínu mati afar sérstök skrif og ómakleg þar sem hv. 17. þm. Reykv. hefur tekið fullan þátt í afgreiðslu þessa máls.

Ég vil nefna það einnig að nefndin leitaði til lögfræðinga utan Alþingis og að mínu mati einhvers færasta lögfræðings þegar kemur að lögfræði búvörulaganna, sem er Tryggvi Gunnarsson, hæstaréttarlögmaður. Það lá alveg ljóst fyrir af orðum Tryggva og því áliti sem hann setti fram að sú framsetning sem hér er og var á frv. hæstv. ríkisstjórnar var ekki út frá lagatæknilegu sjónarmiði endilega sú allra besta. En það lá líka ljóst fyrir að mati lögfræðinganna að hér væri um að ræða pólitíska ákvörðun að skipa málum á þann hátt sem hér er lagt til og það væri ekkert í lögfræðinni sem mælti á móti því að þetta væri sett fram á þennan hátt.

Ég vil ítreka það hér sem menn geta sjálfsagt ráðið af máli mínu að við fulltrúar Framsfl. unnum að þessu máli með formanni nefndarinnar frá upphafi og fengum reyndar gerðar á því ákveðnar lagfæringar í meðförum áður en brtt. var lögð fram. Við gerðum okkur grein fyrir því að það var afar mikilvægt fyrir íslenskan landbúnað að þær heimildir, sem við stöndum frammi fyrir á næstunni varðandi innflutning á landbúnaðarvörum, að það væri tryggilega gengið frá því í lögum hvaða stjórnvald færi með þær og það var okkar skoðun að það væri eðlilegast að það væri landbrn.

Nú vil ég í þessu sambandi leiðrétta eitt sem hér kom fram í umræðu um þetta mál, þ.e. að þetta snúist eingöngu um þær heimildir sem eru vegna samningsins um EES. Svo er ekki. Þetta snýst einnig um það hvernig farið verður með ákvarðanir um jöfnunargjöld á innfluttar matvörur, með til að mynda kjöti, allt að 20% sem hefur verið leyft að flytja inn allt frá árinu 1988 og það er gert samkvæmt ákvæðum í viðskiptasamningum okkar við EFTA eða EFTA-samningnum og bókun 6 við EB. Það er afar mikilvægt að það liggi ljóst fyrir hver fer með hið stjórnskipulega vald í þessu *máli*. Verði þetta samþykkt þá er það á valdi landbrh., vissulega í samvinnu við fjmrn.

Það er síðan annað og viðkvæmara pólitískt mál hver er afstaða manna til slíkra milliríkjasamninga. Ég hef verið talsmaður þess sem ég vil kalla raunsæisstefnu hvað það snertir. Ég get sagt það hér sem mína skoðun og hef sagt það margoft áður að það eru fáar þjóðir í heiminum sem eiga eins mikið undir því og Íslendingar að það séu skýrar og greinilegar reglur um viðskipti með matvæli milli landa. Ég vil segja það einnig að þá verðum við líka að ganga tryggilega frá því að við nýtum allar heimildir sem við höfum til þess að taka jöfnunargjöld og vernda okkar framleiðslu til jafns við það sem aðrar þjóðir gera.

Ég vil líka nefna það hér að í tengslum við vinnu nefndarinnar að þessu máli var farið nokkuð rækilega ofan í stöðuna í samningaviðræðunum milli EFTA og EB varðandi bókun 3 í samningnum um EES. Þeim samningum er ekki lokið enn þá og því miður er ekki endanlega búið að ganga þar nógu tryggilega frá öllum þáttum sem snerta íslenskan landbúnað, þ.e. landbúnaðarþáttinn í hráefnum á innfluttum vörum. Ég vil þó nefna það hér — og hefði viljað að hæstv. utanrrh. væri í salnum og gæti svarað spurningu minni en ef hæstv. ráðherra heyrir til mín í hliðarsölum þá vil ég eindregið biðja hann að koma í salinn. — Það sem ég ætlaði að nefna er það að við kölluðum á fund nefndarinnar fulltrúa utanrrn., tvo daga í röð. Fyrri daginn voru svör mjög óljós um hvað það væri sem íslenska ríkisstjórnin teldi að stefna bæri að í þeim samningum sem nú standa yfir. — Virðulegi forseti. Ekkert bólar á hæstv. utanrrh. og e.t.v. hefur hann engan áhuga á að greiða hér fyrir þingstörfum en þar sem hann hefur látið þetta mál sig mjög skipta þá þætti mér æskilegt að hæstv. ráðherra kæmi í salinn. (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess að athuga hvort hæstv. utanrrh. getur ekki komið í salinn en beinir því til hv. ræðumanns hvort hann getur eigi að síður haldið áfram ræðu sinni.)

Virðulegi forseti. Ég á sáralítið eftir af ræðu minni en ég vil þó nefna að sá fyrirvari sem við fulltrúar Framsfl. settum á nál. var fyrst og fremst almennur fyrirvari og að mínu mati mjög skiljanlegur þar sem það er alveg ljóst að hér er um að ræða mál sem er á forræði stjórnarmeirihlutans og borið fram af ríkisstjórninni. — Virðulegi forseti. Ég doka við eftir hæstv. utanrrh. — Hæstv. utanrrh. gengur í salinn.

Ég ætlaði áður en ég lyki máli mínu að fá hæstv. ráðherra til að staðfesta hér í þingsölum yfirlýsingar starfsmanna ráðuneytisins í landbn. gagnvart þeirri vinnu sem nú er í gangi um milliríkjasamninga, þ.e. EES-samninginn. Þar sagði Pétur Thorsteinsson að það væri orðin niðurstaða utanrrn. að styðja að fullu kröfu Norðmanna þess efnis að lágmarksmagn af kjöti í vörum sem væru jöfnunargjaldsfríar væru 1% og sömuleiðis að ekki yrði gengið frá neinum samningum fyrr en það lægi ljóst fyrir að viðunandi niðurstaða kæmi varðandi heimildir okkar til þess að taka verðjöfnunargjöld af kjöti.

Virðulegi forseti. Ég mun ekki hafa þetta lengra. Ég var reyndar búinn að lofa hæstv. utanrrh. í gær að ræða eilítið við hann vegna efnislegrar umræðu um landbúnaðarmál sem hann fór í undir liðnum þingsköp. Þar sem nú er langt liðið á daginn þá mun ég ekki gera það og vænti þess að við hæstv. ráðherra fáum tækifæri til þess seinna, undir liðnum þingsköp ef ekki vill betur til.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Nú líður að því að menn séu að skoða það hvenær þessu þinghaldi ljúki, í kvöld eða nótt eða einhvern tíma eftir helgina. Með hliðsjón af því að svo er þá er óhjákvæmilegt fyrir mig að nefna hér tiltekið mál við hæstv. forseta sem lýtur að nýjustu afrekum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Þannig háttar til að stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna kom saman til fundar í dag og samþykkti nýjar úthlutunarreglur. Í þeim úthlutunarreglum er m.a. gert ráð fyrir að meðlög sem námsmenn kunna að fá greidd komi beint til frádráttar á framfærslueyri námsmanna þannig að meðlag upp á 10 þús. kr. lækkar námslán sjálfkrafa um 10 þús. kr. Nú háttar þannig til með meðlög að þau eru eins og kunnugt er eign barna samkvæmt lögum og auk þess, eins og kunnugt er virðulegi forseti, að þegar um er að æða tekjuútreikning námsmanna þá er ekki dregin frá króna fyrir krónu heldur helmingurinn af þeirri krónu sem námsmaðurinn aflar sér sérstaklega. Á móti 10 þús. kr. meðlagi ætti því að koma 5 þús. kr. frádráttur en ekki 10 þús. eins og ákveðið var í dag.

Nú liggur fyrir að það hefur orðið gríðarleg fækkun á einstæðum foreldrum í námi þannig að hér er um að ræða alveg hrottalega atlögu að íslenskum námsmönnum, verð ég að segja, virðulegi forseti, og óska eftir því við hæstv. forseta að hann skapi svigrúm til þess í dagskrá þingsins í kvöld eða nótt eða mánudaginn eða hvenær sem það nú yrði að unnt verði að ræða þessa sérstöku árás á kjör íslenskra námsmanna utan dagskrár. Það er algerlega óhjákvæmilegt að það eigi sér stað og að þessi ólög, þessi árás á námsmenn verði rekin til baka. Það er ekki hægt, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) tíminn er ekki alveg búinn samkvæmt klukkunni, 24 eftir. (**Forseti:** Hv. þm. hefur komið sinni ósk á framfæri og þarf ekki að rökstyðja hana frekar.) Nei, en ég vil kannski aðeins bæta því við, virðulegi forseti, að það er ekki hægt að fara heim af þessu þingi án þess að reka þessi ólög til baka.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill greina frá því að samkvæmt þingsköpum hafa þingmenn rétt til þess að óska eftir að flytja tillögu um dagskrá fyrir kvöldið. Það mun verða tekið til athugunar ef sú ósk verður enn við lýði, en ætlunin var að ljúka þingi nú síðdegis eða í kvöld.

Finnur Ingólfsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Út af ræðu hv. 9. þm. Reykv. þá vil ég upplýsa að ég hef óskað eftir því við forseta þingsins að umræða um þetta mál fari fram síðar í dag. Ég hef einnig óskað eftir því við hæstv. menntmrh. að hann svari spurningum varðandi þetta mál en jafnframt láta þess getið að forseti kanni hvort ekki sé hægt að koma þessu fyrir þó að tími sé þröngur, þegar hér þarf að ljúka þingstörfum. En ég hef óskað eftir því við hæstv. forseta að þetta verði hægt.

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Svo sem kunnugt er þá er ég eindreginn andstæðingur aðildar okkar að EES. Það uppnám sem verið hefur varðandi landbúnaðarmálin hér á Alþingi undanfarna daga eru afleiðingar inngöngu okkar í EES. Því er það mál sem hér er á dagskrá, flutt vegna aðildar Íslands að EES. EES tekur ekki gildi fyrr en opnað er á innflutning búvara til Íslands. Það eru menn þegar búnir að kokka. Þess vegna þarf að setja varnagla sem reynt er að gera með þessu frv. En, hv. alþm., sem samþykktu EES, má ég spyrja: Voru menn ekki búnir að sjá fyrir innflutning á búvörum þegar þeir greiddu EES atkvæði sitt?

Í fjölmiðlaumræðunni undanfarna daga hefur gleymst um of að draga fram vandræðabörnin sjálf, þ.e. EES og Jón Baldvin. Rétt er að undirstrika í þessum umræðum að stuðningsmenn EES eru og munu ávallt verða í mestu vandræðum að verja afkvæmi sitt gagnvart landbúnaðinum. Það er m.a. vegna þess að við blasir miklu meiri innflutningur á landbúnaðarvörum en talsmenn EES hafa viljað vera láta.

Já, því miður erum við komin þarna inn. Það var ekki hlustað á aðvörunarorð. Að vísu er EES enn ekki orðið að veruleika en hætt er við að ekki verði komið í veg fyrir að það verði að veruleika á þessu ári eða um áramót. Að innflutningur verði meiri en búist var við og við séum ekki í stakk búin til að taka við EES valda m.a. þau vinnubrögð sem gerst hafa í samningaferlinu undir stjórn Jóns Baldvins. Hefði verið betur að þessum málum staðið hefði landbúnaðurinn e.t.v. getað lifað með EES. Ég undirstrika, hefði e.t.v. getað lifað með EES.

Þessu næst vil ég aðeins fara yfir nokkrar staðreyndir úr samningaferlinu. Það er óhjákvæmilegt að það sé dregið fram í þessari umræðu. Í upphafi samninga um EES var ekki gert ráð fyrir að landbúnaður eða sjávarútvegur kæmi inn í samningana. Hvað landbúnaðinn varðar væri stefna EB og einstakra EFTA-ríkja svo ólík að ekki væri nokkur kostur að semja um sameiginlega landbúnaðarstefnu og fella landbúnaðinn inn í samningana. Um mitt ár 1990 var þessi skoðun ítrekuð á fundi samningsaðila í Genf þar sem m.a. mætti fulltrúi frá landbrn. Það var ekki fyrr en í lok ársins að EB og EFTA urðu sammála um að gera sameiginlegan samning allra ríkja um landbúnaðinn sem er bókun 3. Landbrn. var þrátt fyrir það ekki kallað til, til að taka þátt í þessum samningum. Það var ekki fyrr en í júlí 1991 sem það tók þátt í fundum um landbúnaðarmálin en þá lá fyrir samkomulag milli EFTA og EB um texta bókunar 3 sem stóð til að undirrita. Í þeim drögum að samkomulagi var fallist á frjálsan innflutning á Smjörva, Létt og laggott og ísvörum sem landbrn. fékk síðan utanrrn. til að leita eftir undanþágu fyrir. Hefði verið gengið frá EES-samningnum á umræddum fundi eins og til stóð, það strandaði m.a. á sjávarútvegsmálunum, hefði Ísland orðið að samþykkja innflutning áðurnefndra vara þar sem enginn fyrirvari hafði verið gerður um annað af utanrrn.

Í umræðum um bókun 3 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið hefur komið fram að utanrrn. hefur samið um landbúnaðarmál samningsins meira og minna án samráðs við landbrn. og samtök bænda. Þannig kemur fram í skýrslu utanrrn. frá 20. maí 1991

að Evrópubandalagið hafi lagt fram lista um 72 suðrænar tegundir garð- og gróðurhúsaafurða sem krafist sé afnáms tolla á og það verði bundið í samningum. Niðurstaðan hefur orðið sú að utanrrh. hefur samþykkt innflutning samkvæmt þessum lista með yfirlýsingu í bréfi til Evrópubandalagsins án þess að listinn hafi verið borinn undir Alþingi. Hann hefur einnig án samráðs við þá aðila sem málið varðar samþykkt, þó svo að EES-samningurinn hafi ekki verið staðfestur og komi jafnvel aldrei til framkvæmda, sem vonandi verður, að leyfa tollfrjálsan innflutning samkvæmt þessum lista frá og með 14. apríl sl.

Í áðurnefndri skýrslu utanrrn. kemur líka fram að bæði Sviss og Austurríki hafa heldur kosið að taka landbúnað fyrir í tvíhliða samningum en að semja sérstaklega um tollfrjálsan innflutning á garð- og gróðurhúsaafurðum. Einnig að Evrópubandalagið hafi sett það sem lokatakmark að aflétt verði hindrunum á innflutningi unninna landbúnaðarafurða til EFTA-ríkjanna. Það kom ekki til framkvæmda strax heldur verður það sett sem langtímamarkmið í samningum í sérstakri grein sem fjallar um það. Þá er enn fremur tekið fram að Ísland hafi ekki tekið þátt í óformlegum könnunarviðræðum um afléttingu tolla á landbúnaðarafurðum vegna þess að EB hafi ekki lagt fram tillögur sínar um lækkanir og niðurfellingu tolla á sjávarafurðum.

Í lokin er nefnt í skýrslunni að tekið hafi verið skýrt fram af Íslands hálfu að sé tilboð EB í sjávarafurðum viðunandi geti Ísland fallist á að fella niður öll gjöld á garð- og gróðurhúsaafurðum samkvæmt kröfu EB með árstíðabundnum magntakmörkunum á nokkrum þeirra, svo sem tómötum, gúrkum, afskornum blómum o.fl.

Í framhaldi af þessari ákvörðun gerði utanrrn. óformlegt tilboð um niðurfellingu tolla á þessum afurðum með tímabundnum takmörkunum á innflutningi. Þetta tilboð var gert án nokkurs samráðs við hagsmunaaðila í garð- og gróðurhúsarækt og án samráðs við landbrn.

Í viðræðum við innflytjendur blóma um tollfrjálsan innflutning frá EB hefur komið fram að ekki eru miklar líkur á að innlend framleiðsla á blómum standist samkeppni við innfluttu blómin, þegar innflutningur á þeim er frjáls og án tolla. Það mun fara mjög illa með markað íslenskra blómabænda um jól, páska og jafnvel um hvítasunnu vegna þess að unnt er að lengja áhrif innflutningsins með því að geyma blómin á sérstakan hátt.

Í samningum um viðauka 2 í bókun 3 milli EB og EFTA hefur það verið markmið EB að koma í veg fyrir álagningu verðjöfnunargjalda á kjöt og olíu. Fyrsta skrefið í þá átt tók EB á sl. ári með því að krefjast þess að ekki verði leyfð verðjöfnun þessara vera nema varan innihaldi ákveðið lágmark af hráefni, kjöti eða olíu. Þessar tillögur komu öllum EFTA-ríkjunum á óvart.

Á fundi sem haldinn var í lok mars sl. kom enn á ný krafa frá EB um að kjöt og olíur verði ekki á lista yfir hráefni úr landbúnaði sem öllum sé heimilt án skilyrða að verðjafna fyrir. Einungis verði leyft að verðjafna fyrir þessum hráefnum, hafi verið verðjafnað fyrir þeim 1. janúar 1992. Þá kröfu byggir EB við ákvæði í bókun 3 sem miðar að því að verðjöfnunaraðgerðir skuli hjá engu ríki verða víðtækari en þær voru áður en EES-samningurinn er gerður og einnig á samþykktum frá samningsviðræðum um frágang á hráefnislista sem skal koma fram í viðbæti 2 með EES-samningnum sem fram fóru við lokafrágang hans. Þessar samþykktir hafa aldrei verið nefndar á nafn af utanrrh. við kynningu á möguleikum Íslands til verðjöfnunar en skipta meginmáli við lokafrágang samningsins. Þannig hefur EB stöðugt komið fram með ný atriði í samningunum sem utanrrh. hefur haldið fram að væru löngu frágenginn. Það er því hvorki unnt að reiða sig á þær fullyrðingar hans eða það að ekki komi fram nýjar kröfur af hálfu EB. Eingöngu skýlausar undanþágur fyrir Ísland frá þeim ákvæðum sem EB krefst að komi inn í samninginn er ásættanleg og trygg lausn.

Í frv. að breytingu á búvörulögum sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að fjmrn. fari með álagningu á jöfnunargjaldið þegar landbrh. hefur leyft innflutning. Það er stutt með því að þegar sé búið að breyta tollalögum og ekki unnt að hafa annað fyrirkomulag. Í frv. er gert ráð fyrir að landbrh. sé heimilt að leyfa innflutning samkvæmt samningum við önnur ríki sem gerðir hafa verið og kunni að verða gerðir og bókunum eða bréfaskiptum við þá. Í reynd mun það verða svo að hann á engan annan kost en að samþykkja innflutning til að uppfylla þá samninga sem utanrrh. gerir um frjálsan innflutning landbúnaðarafurða þar sem Ísland sé bundið samkvæmt alþjóðarétti til að uppfylla gerðan samning þó svo hann sé aðeins gerður í formi bréfaskipta og ekki hlotið samþykki Alþingis.

Nefna má að ákvörðun á verðjöfnunargjöldum í landbúnaði eru alfarið á vegum norska landbrn. og sænska ráðuneytisins í tengslum við landbn. Þar með hafa þessi tvö lönd alla stjórn búvöruframleiðslunnar á einni hendi. Með þessu fyrirkomulagi, að hafa þessa hluti eins og við ætlum að gera á Íslandi, er verið að færa verulegan hluta af verðstjórnun í landbúnaði á hendur fjmrh. frá landbrh. Verði af svokölluðum GATT-samningum og öll lönd skylduð til að leyfa óheftan innflutning landbúnaðarafurða með jöfnunargjöldum eða hinum svonefndu tollaígildum, væri þessi verðstjórnun í landbúnaði alfarið komið í hendur fjmrh. í stað landbrh. sem fer með þau mál í dag.

Í frv. er gert ráð fyrir að landbrh. ákveði hvaða landbúnaðarhráefni megi verðjafna vegna útflutnings. Við ákvörðun endurgreiðslufjárhæðar verði farið eftir sömu reglum og gilda um álagningu verðjöfnunargjalda af innflutningi. Þær reglur er að sjálfsögðu nauðsynlegt að landbrh. setji eftir því sem við á.

Við EES-samninginn á fyrri hluta árs 1991 ákvað utanrrh. að draga samningamenn Íslands út úr samningum um landbúnað. Það var gert að hans sögn til þess að knýja á um að EB kæmi fram með tilboð í fisk. Þetta aðgerðaleysi náði, auk samninga sem enduðu með bókun 3, til samnings um tollfrjálsan innflutning garðávaxta og blóma EFTA-ríkjanna, til hagsbóta fyrir suðlægari ríki EB að því er sagt var. Ég hef aðeins minnst á þetta fyrr í minni ræðu. Af Íslands

hálfu var Spánverjum og samningamönnum EB gefið til kynna að Íslendingar væru tilbúnir til að semja á rausnarlegan hátt um tollfrjálsan innflutning á blómum og garðávöxtum til Íslands, næðist viðunandi staða fyrir Ísland í niðurfellingu eða lækkun tolla á fiskútflutningi Íslands til EB.

Í júlí 1991 lágu svo fyrir drög að samningi um landbúnað sem EFTA-ríkin og EB voru búin að ganga frá, án þátttöku Íslands. Í þessum samningsdrögum var að sjálfsögðu að engu gætt hagsmuna Íslands vegna aðgerðaleysis í samningum um viðskipti með landbúnað í bókun 3. Því var í reynd verið að fórna hagsmunum íslensks landbúnaðar í þeim tilgangi að reyna að þvinga fram tilboð vegna fisks. Sú fórn varð hins vegar til einskis því að ekkert tilboð eða samkomulag varð á milli Íslands og EB og reyndar strönduðu samningarnir á tollamálum sjávarútvegsins m.a. í júlí 1991. Því má segja að hefði verið gengið frá EES-samningi í júlí 1991, eins og til stóð, hefði tekist að fórna algerlega hagsmunum landbúnaðarins af Íslands hálfu með þessu aðgerðaleysi og reyndar ekkert fengist í staðinn því EB kom ekki fram með neitt tilboð í fisk af hálfu EB til Íslands, eins og áður sagði, þrátt fyrir þetta agn sem hæstv. utanrrh. hélt sig vera að beita.

Eins og kunnugt er var það síðan landbrn. undir stjórn Halldórs Blöndals sem gekk í það að ná til baka því sem utanrrh. var búinn að gefa eftir í landbúnaði með því að krefjast þess að ekki yrði samið við EB um frjálsan innflutning til Íslands á sýrðum mjólkurvörum, ísvörum, Smjörva og Létt og laggott eins og komið var í samningstillögurnar. Það var því að tilhlutan landbrn. að Ísland fékk þá undanþágu sem er í bókun 3, frá því að þurfa að flytja inn ísvörur, Smjörva og Létt og laggott. En hver er svo staðan í framkvæmd bókunar 3 samkvæmt viðauka 2, sem er um hráefni í landbúnaði sem verðjafna má, eftir fund sem haldinn var í byrjun þessa mánaðar?

Fulltrúar Íslands gerðu tillögu innan EFTA um að Ísland fengi fulla heimild til að leggja verðjöfnunargjald á jurtafitu, jurtaolíu og dýrafitu við innflutning afurða sem má flytja inn með verðmiðlunargjöldum þrátt fyrir að þau hafi ekki verið lögð á 1. janúar 1992 og einnig að þeir fengju sömu undanþágu fyrir kjöt. EFTA-ríkin samþykktu að styðja þessa tillögu Íslands við EB. Á fundi með EB var þessari tillögu hafnað en þess í stað kom EB með þá hugmynd að Ísland mundi verða samflota Noregi í undanþágu og að semja þyrfti um takmarkaðan vörulista sem undanþágan næði til. Það þýðir að Ísland fengi takmarkaða heimild til verðjöfnunar fyrir fitu og kjöt, en hver þau takmörk eru er enn ekki ljóst þar sem þau mál verða rædd nánar í næstu viku. Enn er sem sagt verið að semja og semja á fullri ferð.

Virðulegi forseti. Ég var þeirrar skoðunar að mál nr. 504, sem við erum hér að ræða, um framleiðslu og sölu á búvörum, mætti e.t.v. bíða og sjá fram á afdrif EES. Jafnframt hefði þurft að undirbúa það mjög vel í sumar. Með frv. hefði þurft að tryggja að öll búvöruframleiðslan væri undir stjórn landbrh. Það ætti að færa ákvörðun um upphæð jöfnunargjalda á innflutning búvöru frá fjmrh. til landbrh. Þetta benti Tryggvi Gunnarsson lögfræðingur á í sinni álitsgerð. Með þeim hætti er þetta haft í Noregi og Svíþjóð svo sem fyrr kom fram í máli mínu.

Kannski má ekki dragast lengur að veita Jóni Baldvin meira aðhald. Hann hefur leikið allt of lausum hala frá því að hann hóf sóknina til EES og EB í tíð fyrrv. stjórnar, stöðugt gengið fram hjá landbúnaðarnefndarmönnum og þeir hafa oft staðið frammi fyrir gerðum hlut eins og ég rakti hér að framan. Það er orðið mál að utanrrn. hætti að gera samninga með bréfaskiptum og bókunum um landbúnaðarmál án samráðs. Þá ber að mótmæla því að utanrrh. hefur notað heimildir um innflutning á landbúnaðarvörum sem skiptimynt í samningum um sjávarútvegsmál. En ekki hefur honum gengið betur í þeim efnum en svo að hann er búinn að láta EES og EB ýmislegt í té varðandi innflutning á landbúnaðarvörum án þess að vera búinn að fá neitt í staðinn fyrir skiptimyntina. Það kann ekki góðri lukku að stýra hvað samráðherrar Jóns Baldvins hafa gefið honum lausan tauminn í tveimur ríkisstjórnum. Um það má segja gömul sannindi:

Hossir þú heimskum gikki,
hann gengur lagið á.
Og ótal asnastykki
af honum muntu fá.

En hvernig stendur á að ráðamenn vinna svona gegn framleiðsluatvinnuvegunum í landinu? Þekkja menn ekki samdráttinn og atvinnuleysið? Er ástæða að fækka atvinnutækifærum í landbúnaði með stórauknum innflutningi? Var ekki nóg að gert í bili með búvörusamningi til þrengingar landbúnaðinum? Er til aflögu gjaldeyrir til að flytja inn búvörur? Hvaðan kemur sá gjaldeyrir? Kemur hann frá sjávarútveginum sem er í miklum samdrætti og þrengingum? Kemur hann frá iðnaði? Kemur hann frá stóriðju með ál sem ekki sýnist í augsýn? Kemur hann frá samdrættinum sem er í þjónustustörfum? Eða kemur gjaldeyrir vegna hins nýja samdráttar sem blasir við á Keflavíkurflugvelli? Þarf ekki að halda utan um hvert atvinnutækifæri í landinu? Það er mikill misskilningur ef menn sjá ekki að það er verið að breyta landbúnaðarstefnu á Íslandi með inngöngu í EES. Það er öllum sjáanlegt.

En stóra málið úr því sem komið er: Hvernig er hægt að tryggja að landbúnaður á Íslandi lifi þrátt fyrir EES og Jón Baldvin?

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Í raun var kjarni málsins settur fram í einni stuttri spurningu áðan og það eru aðeins örfá atriði sem ég bæti við og með tilliti til aðstæðna mun ég ekki hafa ræðu mína langa. En ég ætla gjarnan að fá að leggja eina spurningu fyrir hæstv. forsrh., verkstjórann í þessari ríkisstjórn. Ef hægt væri, hæstv. forseti, að óska eftir því að hæstv. forsrh. kæmi í salinn þá er það ein örstutt spurning til hans sem ég mun koma með í lokin þegar hann er mættur.

Margt mætti segja um þátt landbúnaðarins í þessari blessaðri samningagerð og grautargerð allri sem

tengist Evrópsku efnahagssvæði og er nauðsynlegt að fara yfir þá sögu við betra tækifæri. Þar á meðal að rekja lið fyrir lið og með dagsetningum hvernig það kom á dagskrá að landbúnaðarmál yrðu yfir höfuð hluti af eða í tengslum við þessa samningagerð, en eins og kunnugt er var það ekki ætlunin í upphafi og ekki lengst af. Undir lokin létu EFTA-ríkin undan kröfu Evrópubandalagsins fyrir hönd Suðurríkjanna í því bandalagi að fá einhverja rýmkum á innflutningsréttindum til hinna velmegandi EFTA-landa til að bæta sinn hlut á einhvern hátt í þessari samningagerð.

Enginn vafi er á því að einhver hluti fórnarkostnaðarins og verulegur hluti fórnarkostnaðarins af þessari samningagerð sem að okkur Íslendingum snýr er greiddur af landbúnaði. Um það deilir enginn. Oftar en einu sinni má segja, því miður, að hagsmunir landbúnaðarins hafa verið seldir fyrir ímyndaða eða e.t.v. að einhverju leyti raunverulega ávinninga annars staðar.

Við alþýðubandalagsmenn lýsum fullri ábyrgð á hendur hæstv. ríkisstjórn og þeim sem ætla að styðja þennan EES-samning hvað þetta atriði málsins snertir. Það hefur komið skýrt fram og er undirstrikað í nál. minni hluta landbn. Á hinn bóginn er ljóst að úr því sem komið er er sá hlutur skástur að ganga sem allra tryggilegast frá meðferð þessara mála hér innan lands, þeim þáttum sem eru í okkar valdi, og um það snýst þetta mál sem hér er á dagskrá sérstaklega. Í því sambandi er enginn vafi á því að tillaga meiri hluta landbn. er til bóta, styrkir stjórnsýslulega og framkvæmdarvaldslega stöðu landbrn. í þessu sambandi og þess vegna munum við styðja hana. Það er að vísu svo, og fyrir liggja lögfræðileg álit um það, að landbrn. fer með forræði innflutningsmála á búvörum og samkvæmt lögfræðilegu áliti, sem sjálfsagt eru til fleiri en eitt, þá hefur það verið skilgreint þannig, að best ég veit, að þar undir skulu falla allar landbúnaðarvörur sem teljast búvörur í skilningi búvörulaga. Sé svo að einhver deila sé uppi um þetta forræði málsins þá er nauðsynlegt að eyða henni. Það er gert að mínu mati með nokkuð afdráttarlausum hætti í þeim lagatexta sem hér liggur fyrir okkur. Ég vil því til viðbótar, til þess að taka enn frekar af öll tvímæli, spyrja hæstv. forsrh., sem eins og kunnugt er fer með þau mál sem lúta að verkaskiptingu milli ráðuneyta í Stjórnarráðinu og fer með það vald samkvæmt lögum að skera úr um ágreining sem verður milli ráðuneyta um verkefni og valdsvið: Er hann tilbúinn til að koma hér og staðfesta að það sé hans skilningur og hans stefna og það muni gilda í hans ráðuneyti meðan hann situr, að landbrn. fari með allt forræði innflutnings á landbúnaðarvörum? Ég mun láta mér nægja skýrt svar hæstv. forsrh. í því efni og taka gott og gilt að hans orð munu þá standa á meðan hann fer með forustu fyrir Stjórnarráði Íslands. Það er mjög mikilvægt ef einhverjar deilur, ef einhver meiningarmunur kynni að verða uppi af einhverjum ástæðum í tengslum við þessi mál að fyrir liggi afdráttarlaust hver sé stefna hæstv. forsrh. og hvaða viðhorf muni ríkja í Stjórnarráðinu meðan hann fer þar með húsbóndavald.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ef þetta mál verður ekki afgreitt endanlega á þinginu, sem ég skal ekkert um segja, þá er það ljóst í mínum huga að forræðið í þessum efnum hefur ekki breyst frá því sem það hefur verið. Það er alveg ljóst í mínum huga að ef við ætlum að fylgja eftir samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði hvað þetta varðar þá þarf lagasetning af þessu tagi að koma til, hvort sem það er nú eða á haustdögum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég tel að þetta hafi verið alveg skýrt svar. Hæstv. forsrh. staðfestir að forræði landbrn. í þessum málaflokki skuli haldast óbreytt. Ég vona að hann sé sammála þeirri túlkun minni að það þýði að um það sé engin deila að landbrn. fari með allt forræði sem lýtur að innflutningi landbúnaðarvara í víðustu merkingu þess orðs. Þar með getur heldur ekki verið neinn ágreiningur um að afgreiða þetta frv. Þar með geta heldur ekki ráðherrar í ráðuneyti hæstv. forsrh. lagst gegn því. Með því væru þeir að leggjast gegn þeim skilningi sem hæstv. forsrh. hefur á verkaskiptingu í Stjórnarráðinu. Það hlýtur að vera byggt á misskilningi, eins og einn hæstv. ráðherra leyfir sér stundum að orða það um skoðanir og meiningar annarra manna, ef ráðherrar í ráðuneyti Davíðs Oddssonar leggjast gegn því að forræði landbrn. sé undirstrikað og staðfest með skýrum hætti, eða skýrari en fyrir hefur verið í lögum, í ljósi yfirlýsingar hans hér áðan. Mér sýnist því allt bera að sama brunni, það sé um að gera að ljúka þessu verki með afgreiðslu þessa frv. og gera það að lögum, hæstv. forsrh., í hvelli.

Frsm. meiri hluta landbn. (Egill Jónsson):

Herra forseti. Hv. þm. Jóhannes Geir, samnefndarmaður minn úr landbn., hafði orð á því að ég hefði ekki talað skýrt í upphafi ræðu minnar um afgreiðslu málsins, ég hefði fagnað því að málið væri komið til umræðu hér í þinginu. Ég hélt nú reyndar að ég hefði sagt umræðu og afgreiðslu. (**Gripið fram í:** Þú sagðir það.) Já, ég sagði það? (**Gripið fram í:** Já.) Já. Þá eru tekin af öll tvímæli í þeim efnum.

Ég sagði líka að ég ætti ekki neinn þinglegan rétt til þess að ráðstafa skoðunum annarra og ég get minnt á það hér öðru sinni að hv. þm. er einn af flm. þeirra tillagna sem hér eru til umræðu.

Það væri satt að segja kaldhæðni örlaganna ef menn kæmu í veg fyrir að þetta mál hlyti afgreiðslu á þessu þingi. Ég minni rétt á það að það fór af stað umræða hér á dögunum þegar ekki var búið að breyta búvörulögunum á frjálsa tímabilinu frá 15. apríl til 1. maí. Menn áttuðu sig reyndar á því að þar var ekki um að kenna vondum landbúnaðarnefndarmönnum hvað þetta frv. kom seint til meðferðar á Alþingi, ekki fyrr en rétt fyrir páska þegar það hafði verið í umræðu hjá ríkisstjórninni frá því fyrir jól. Ef það skyldi virkilega vera ætlan manna að koma í veg fyrir að þetta mál verði lögfest núna og koma þá í veg fyrir um leið að þeir fríverslunarsamningar sem í gildi eru mundu að sjálfsögðu ekki taka gildi fyrr en lögum hefði verið breytt,

ef það væri úr sömu átt komið að hindra framgang þessa máls núna og átelja að ekki var búið að breyta búvörulögunum þannig að frjálsi innflutningstíminn á blómum nýttist seinni partinn í aprílmánuði, þá væri það nú vissulega stórkostleg söguleg niðurstaða hér í þinghaldi. Og til viðbótar við það að auðvitað mundu þá búvörulögin gilda áfram eins og þau eru. Og ég segi bara: Ef ríkisstjórnin ætlar að koma í veg fyrir það að búvörulögunum verði breytt núna, hvers vegna á þá að fara að gera breytingar á þeim í haust? Af hverju mega þau þá bara ekki lifa áfram og hæstv. landbrh. hafa það forræði þessara mála sem þau veita og er ótvírætt? Það er auðvitað engin lifandi leið að skilja við þetta mál þannig að ekki verði gengið hér með eðlilegum hætti til afgreiðslu á því.

Ég hef orðið þess nokkuð mikið var að það hefur verið skoðun manna að ég væri búinn að gera eitthvert samkomulag. Svo er ekki. Ég féllst á óskir forseta þingsins um að atkvæðagreiðslur færu fram áður en frv. um breytingar á búvörulögunum yrði tekið til meðferðar og ég hef ekki gert neitt annað samkomulag eins og ég reyndar hefur áður sagt, að ég á ekki rétt til þess að semja rétt af öðrum alþingismönnum til þess að styðja eða ljúka málaafgreiðslu hér á Alþingi. Þetta vil ég að sé alveg skýrt frá minni hálfu.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það er margt að skýrast í þessu máli þó að mjög margt sé óljóst. Og þá vil ég nefna einn þátt hvað þetta snertir og það er það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði hér áðan að það væri alveg ljóst að forræðið varðandi innflutningsmál landbúnaðar væri í höndum landbrh. Það er það samkvæmt búvörulögunum, gagnvart landbúnaðarvörum.

Hins vegar, svo að við rifjum aðeins upp söguna og svo að ég ítreki það sem ég sagði hér áður, snýst þetta mál ekki eingöngu um samninginn um EES og það sem þar er rætt um og ég nefni það þá hér að í samningnum um EES og það sem er í kringum hann eru engar nýjar heimildir varðandi innflutning á vörum með kjötinnihaldi.

Ég minni hins vegar á það að á árinu 1988 heimilaði páv. viðskrh. og iðnrh. innflutning á unnum matvörum með, ef ég man rétt, allt að 20% kjötinnihaldi og gerði það í krafti þess að það væri um að ræða iðnaðarvöru með landbúnaðarhráefni en ekki búvöru. Þeir landbúnaðarráðherrar sem síðan hafa setið hafa látið þennan innflutning átölulausan þannig að ég vil endilega að hér fáist úr því skorið og þeir ráðherrar sem hér eru, hæstv. landbrh. og e.t.v. þá fyrrv. landbrh., upplýsi mig um það, hvar er þá forræðið varðandi þessar vörur? Ég tel afar mikilvægt að landbrh. hafi heimildirnar og umsjón með töku jöfnunargjalda á þessar vörur. En þau hafa ekki verið tekin fyrr en núna laust fyrir síðustu áramót.

Þetta held ég að við verðum að hafa alveg ljóst varðandi framgang málsins og þetta er ein af stóru rökunum í mínum huga fyrir því að við förum nú í það að ganga frá lögum varðandi þetta samkvæmt því frv. sem hér er til umræðu. Og ég fagna því að þeir fulltrúar í minni hluta í stjórnarandstöðunni í landbn., sem skrifuðu undir með fyrirvara og vildu sitja hjá, séu nú tilbúnir til þess að slást í hópinn með okkur framsóknarmönnunum sem stóðum við bakið á formanni nefndarinnar allan tímann. Það var aldrei efi í okkar huga að á þennan hátt yrði að ganga frá málunum. Og ég hlýt að fagna því sérstaklega að fulltrúar Kvennalistans og Alþb. hafa lýst því hér yfir að þeir muni styðja þetta framfaramál sem hér er verið að ræða nú.

En ég kem hér fyrst og fremst upp til þess að spyrja hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar sem hér sitja hvaða skilning þeir leggja í þann innflutning á iðnaðarvöru með landbúnaðarhráefni, kjöti, frá árinu 1988.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins til að staðfesta að það er rétt sem hv. þm. segir að iðnrn. eða viðskrn. tók sér vald sem það taldi sig hafa á grundvelli þessarar flokka vöru sem iðnaðarvöru og leyfði þennan innflutning á árinu 1988. Um það var ágreiningur í tíð fyrri ríkisstjórnar að iðnrn. hefði það vald, og reyndar var einnig uppi ágreiningur við fjmrn. um ákveðna þætti varðandi álagningu gjalda t.d. á innfluttar kartöflur og fleira.

En á árinu 1990 kom svo upp ný deila af öðrum ástæðum út af innflutningi á svonefndu ostlíki. Og í því sambandi var aflað lögfræðilegrar álitsgerðar þar sem sá skilningur var settur fram að þetta forræði landbrn. tæki til allrar þeirra landbúnaðarvara sem flokkuðust sem búvara í skilningi búvörulaga og lögfræðingurinn taldi þar með væri nóg að í þeirri vöru væru einhver hráefni sem féllu undir búvörur samkvæmt búvörulögum. Þannig var það niðurstaða þess lögfræðings eða þeirra lögfræðinga sem unnu lögfræðiálitið fyrir landbrn. á þessum tíma að svo mikið sem 1% af mjólkurpróteini í t.d. ostlíki væri nóg til þess að forræðið færðist yfir til landbrn.

En um þetta þýðir kannski ekki að fjölyrða mikið hér. Mergurinn málsins er sá að afgreiðsla þess texta sem hér liggur fyrir í brtt. landbn. mundi endanlega útkljá allar hugsanlegar deilur um þetta efni. Þess vegna er langeinfaldast að afgreiða málið þannig, ljúka því þannig. Þá eru í eitt skipti fyrir öll útkljáð öll vafaatriði sem geta tengst verkefnum ráðuneyta í þessu sambandi og ljóst að ótvírætt forræði eins og ég tel reyndar að hafi verið á öllu sem flokka má sem með búvöru eða hráefnum úr búvöru séu hjá landbrn. Þess vegna sýnist mér það langbestur kostur að við göngum nú til þess að afgreiða frv.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka það sem hv. þm. sagði hér áðan og það reyndar staðfestir minn skilning að við göngum ekki á nokkurn hátt tryggilega frá þessum þáttum varðandi forræði landbrn. varðandi jöfnunargjaldatökuna og yfirumsjón með innflutningsheimildum öðruvísi en samþykkja það frv. sem liggur fyrir

núna því að það er alveg ljóst að menn geta haft lögfræðiálit út og suður og þau gagnast lítið ef við höfum ekki annaðhvort dómsúrskurðinn eða þá við skerum úr því hreinlega með nýrri lagasetningu eins og hér er rætt um. Og þetta sést best á því að þrátt fyrir þennan úrskurð frá 1990 var haldið áfram með innflutninginn á því sem iðnrn. túlkaði sem iðnaðarvara með allt að 20% kjöti. Nú tek ég það skýrt fram að ég er ekki að leggja hér neinn efnisdóm á það hvort banna ætti allan slíkan innflutning. Ég er einfaldlega að segja að það verður að liggja alveg ljóst fyrir hvar heimildirnar eru og hver hefur forræðið í málinu og það verður að mínu mati ekki gert á annan hátt en þann að við samþykkjum það frv. sem hér liggur fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 541. mál (fráviksmörk greiðslumarks). — Þskj. 899, nál. 1174.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir öðru nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum sem svo sem kunnugt er eru nr. 46 frá árinu 1985. Þetta frv. er einfalt í sniðum, þess eðlis að veita landbrh. heimild til þess að semja við Stéttarsamband bænda um að gera breytingar á búvörusamningi sem gerður hefur verið á grundvelli þessara laga.

Ef frv. yrði að lögum, þá opnaðist heimild til þess að semja við tiltekna bændur á landgræðslu- og gróðurverndarsvæðum um að þeir héldu beingreiðslum sínum óskertum þótt þeir drægju úr eða felldu jafnvel niður framleiðslu í sauðfjárrækt. Eins fengjust heimildir til þess að gera sams konar samkomulag við bændur sem væru komnir á efri ár og nytu þá annaðhvort örorkulífeyris eða ellilífeyris. Og í þriðja lagi er eftir því leitað í þessu frv., ef að lögum verður, að ákveða misjafnar greiðslur eftir byggðarlögum eða landsvæðum. Og það var um þetta ákvæði sérstaklega sem landbn. þótti ástæða til að gjalda varhug við og það hefur nefndin skýrt í áliti sínu því að eins og menn vita, þá fer nú réttur manna ekki eftir byggðarlögum heldur eftir bújörðum og hagsmunir einstakra bænda eru náttúrlega óháðir því hvar þeir búa á landinu. Þetta kemur fram í áliti nefnarinnar að hún hafi efasemdir um, en þar er líka tekið fram að með því að hér er einungis um að ræða heimild til þess að taka upp samninga, þá gerir nefndin ekki tillögur um breytingu á frumvarpstextanum. Þetta vona ég að sé nægilega skýrt til þess að þessi skoðun fylgi inn í þá umræðu sem fram undan er ef þessi heimild verður veitt.

Undir þetta nefndarálit skrifuðu allir nefndarmenn nöfn sín athugasemdalaust, en einn nefndarmanna, Ragnar Arnalds, var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Ég vil svo í lokin, virðulegi forseti, leggja til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skráning og mat fasteigna, 2. umr.

Stjfrv., 453. mál (þjónustugjöld, stjórn o.fl.). — Þskj. 785, nál. 1191 og 1193, brtt. 1192 og 1194.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. og brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum.

Meginefni þessa frv. er að breyta Fasteignamatinu í B-hluta stofnun og kveða á um heimildir stofnunarinnar til töku þjónustugjalda.

Nefndin sendi þetta frv. til umsagnar og bárust nokkrar umsagnir sem getið er í nál. Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Tillögurnar ganga annars vegar út á að bæta inn í frv. ákvæðum um skipunartíma stjórnar Fasteignamats ríkisins og hins vegar að takmarka leyfi stofnunarinnar til gjaldtöku við raunverulegan kostnað þjónustunnar.

Þetta er efni þessara brtt. Síðan liggur hér fyrir brtt. frá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur um orðalag sem ég reikna nú með að meiri hluti nefndarinnar hefði tekið inn ef það hefði verið rætt í nefndinni, en þessi tillaga kom hins vegar fram eftir að búið var að afgreiða málið út úr nefndinni en er sjálfsagt að styðja.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hluta við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið. Minni hluti nefndarinnar telur að það sé ekki fullunnið í nefndinni og hafa umsagnir verið að berast eftir að afgreiðslu þess lauk. Einnig er mjög óljóst hvernig haga eigi gjaldtöku fyrir þjónustu stofnunarinnar og ekkert liggur fyrir um að breytingin sem lögð er til í frv. sé til einföldunar á því flókna kerfi sem er á mati fasteigna. Minni hlutinn mælir því ekki með afgreiðslu málsins á þessu stigi og mun sitja hjá við afgreiðslu þess.

Undir þetta skrifa auk frsm. hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Halldór Ásgrímsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Frv. KHG og ISG, 89. mál (aðdróttanir við opinberan starfsmann). — Þskj. 99, nál. 1177 og 1272.

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil mæla fyrir áliti 1. minni hluta allshn. í 89. máli um breytingu á hegningarlögum. Frv. sem um er að ræða gerir ráð fyrir því að 108. gr. laganna falli brott.

Það er við afgreiðslu málsins rétt að hafa í huga að Mannréttindadómstóll Evrópu hefur kveðið upp þann úrskurð að þeir dómar sem fallið hafa á grundvelli þessarar greinar hafi gengið of langt í því að takmarka opinbera umfjöllun hér á landi. Því þykir okkur í 1. minni hluta allshn. rétt að bregðast við dómi Mannréttindadómstóls Evrópu á þann veg að breyta því ákvæði í íslenskum lögum sem er ástæða dómsins. Við verðum að velja hvort við viljum fara að Mannréttindasáttmála Evrópu eða láta íslenska löggjöf standa óhaggaða. Ég tel það ekki kost í stöðunni að láta þá grein standa óbreytta eftir að dómur er fallinn og raunar alveg fráleitt að Alþingi láti heilt þing líða án þess að gera viðeigandi lagabreytingar.

Greinin sem um ræðir hefur verið túlkuð þannig af íslenskum dómstólum að henni megi beita til að sækja menn til refsingar fyrir opinbera umfjöllun um löngu liðna atburði eða opinber mál. Hins vegar var hún sett í öðrum tilgangi sem var að vernda framkvæmd opinberra mála á vettvangi. Þessi beiting á túlkun greinarinnar er langt utan við tilgang hennar og er því réttast að rjúfa þetta samband sem hefur verið í íslenskri dómatúlkun að unnt sé að tengja þessa grein við umfjöllun um atburði löngu seinna, t.d. í dagblöðum. Það er nægjanlegt að mínu mati fyrir opinbera starfsmenn að hafa ærumeiðingarkafla laganna þó ekki bætist við að þeir hafi sérstaka grein til að sækja menn til refsingar fyrir það ef þeir skrifa eitthvað sem þeim fellur ekki að skapi samanber Viðeyjardómklerk á sínum tíma.

Þetta mál var nokkuð lengi í allshn. og var fyrsta þingmannamálið sem kom til nefndarinnar á haustdögum. Mig minnir að það hafi komið til nefndarinnar í byrjun október og hlaut ekki afgreiðslu úr nefndinni fyrr en á síðasta fundi hennar. Í millitíðinni var reynt að sætta sjónarmið manna með breytingarhugmyndum en dugði ekki til þess að saman gengi og varð því mín niðurstaða að láta óbreytt standa.

Ég legg til, virðulegur forseti, við þingheim að frv., 89. mál, verði samþykkt óbreytt.

Frsm. 2. minni hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá 2. minni hluta allshn. um frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum. Nál. er á þskj. 1272.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Sigríði Ingvarsdóttur og Helga I. Jónsson frá Dómarafélagi Íslands og Hallvarð Einvarðsson ríkissaksóknara. Umsagnir bárust frá BHMR, Blaðamannafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands, dómsmálaráðuneyti, Lögmannafélagi Íslands, Rithöfundasambandi Íslands og ríkissaksóknara.

Í frumvarpi þessu er lagt til að 108. gr. almennra hegningarlaga verði felld brott en efni hennar er að refsivert sé að hafa í frammi móðganir eða ærumeiðandi aðdróttanir við eða um opinberan starfsmann þegar hann gegnir skyldustarfi sínu.

Skýrt hefur verið frá því að í framhaldi af dómi Mannréttindadómstóls Evrópu 25. júní 1992, í máli Þorgeirs Þorgeirssonar gegn Íslandi, skipaði dómsmálaráðherra nefnd sem falið var að gera tillögur um viðbrögð við dóminum. Var nefndinni sérstaklega falið að kanna hvort þörf sé á slíkri vernd opinberra starfsmanna sem 108. gr. almennra hegningarlaga gerir ráð fyrir. Jafnframt var nefndinni falið að kanna hvort ekki sé tímabært að lögtaka Mannréttindasáttmála Evrópu. Er nefndin að vinna að málinu.

Nú þegar hefur nefndin skilað frv. til ríkisstjórnarnnar um Mannréttindasáttmála Evrópu og er því að vinna að því að kanna þessa grein.

Skiptar skoðanir hafa komið fram um hvort fella eigi brott ákvæði 108. gr. Kom m.a. fram í umsögn Lögmannafélags Íslands að slíkt væri óþarft. Úrskurður Mannréttindadómstólsins fæli í sér að skýra bæri ákvæðið rýmri skilningi en ekki þyrfti að fella það brott. Enn fremur kom fram í umsögn Dómarafélagsins að eðlilegt væri að opinberir starfsmenn þyrftu ekki að standa sjálfir í málarekstri vegna ómaklegra árása út af skyldustörfum sínum og væri einnig um að ræða opinbera hagsmuni af því að þau embætti og stofnanir, sem starfsmennirnir koma fyrir, nytu verndar. Varhugavert væri að fella 108. gr. úr gildi án þess að annað ákvæði kæmi í staðinn sem tryggði þessa mikilvægu hagsmuni með sambærilegum hætti.

Þess ber að geta að annar flutningsmanna frumvarpsins, Kristinn H. Gunnarsson, kom með breytingartillögu við málið í nefndinni þar sem lagt var til að 108. gr. orðaðist svo: Hver sem hefur í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum eða ærumeiðandi aðdróttanir við opinberan starfsmann þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

Undirrituðum nefndarmönnum þykir full þörf á því að ákvæði 108. gr. verði könnuð og þar sem fram hefur komið að nefnd sú, sem dómsmálaráðherra skipaði, mun væntanlega gera tillögur í málinu nk. haust er lagt til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir nál. skrifa Sólveig Pétursdóttir, Sigbjörn Gunnarsson, Björn Bjarnason og Eyjólfur Konráð Jónsson.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mál það sem hér er fjallað um er í reynd mismunun milli þegna landsins. Ég hef ekkert á móti því að fyrirtæki ríkisins sjái um að veita sínu starfsfólki lögfræðilega aðstoð og stefna mönnum sem með ósæmilegum hætti veitast að þeim. Það er sjálf-

stætt mál út af fyrir sig. En um leið og hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv., talar svo ákveðið fyrir þessu máli þá hefur hennar flokkur gengið mjög grimmt fram í því að selja ríkisfyrirtæki. Með sölu þeirra hafa menn verið sviptir þessum rétti sem þeir höfðu. Þeir verða bara óbreyttir Íslendingar og af þeirri ástæðu liggur ljóst fyrir að þeir þurfa að sitja við sama borð og aðrir. Ég tel þess vegna eðlilegt að menn skoði þetta í nokkuð víðu samhengi. Það hlýtur að vera almennt viðhorf að það skuli ein lög gilda í landinu hvað þetta varðar.

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegur forseti. Mér láðist að geta þess að auk mín skipa 1. minni hluta Ingi Björn Albertsson, Anna Ólafsdóttir Björnsson og Ólafur Þ. Þórðarson. Ég vildi aðeins segja fáein orð vegna þess að rök hv. frsm. 2. minni hluta eru ekki veigameiri en svo að þeir grípa til þess að setja í nál. að ég hafi lagt fram brtt. í nefndinni. Ekki finn ég að því að þess sé getið. Hins vegar finnst mér að þegar 2. minni hluti ákveður að geta um hugmynd að málamiðlun þá sé rétt að segja söguna alla. Og mér þykir það ekki vera heiðarleg framkoma af hálfu 2. minni hluta að geta einungis tillögunnar en ekki hverju hún breytir.

Brtt. eins og ég lagði fram innan nefndarinnar til að kanna hvort menn gætu náð saman um hana þýðir að það verður áfram refsivert að hafa í frammi athæfi sem greinin kveður á um gagnvart opinberum mönnum þegar þeir eru á vettvangi við framkvæmd sinna verka. En það er ekki allt í 108. gr. sem eru brtt. heldur er af henni tekið þannig að opinber umfjöllun um atburði síðar er skorin af. Það var meginaðfinnsluefni Mannréttindadómstóls Evrópu að greinin skyldi vera túlkuð þannig af íslenskum dómstólum að það væri hægt að beita henni og dæma menn til refsingar á grundvelli hennar þegar þeir voru einungis að skrifa blaðagreinar um liðna atburði. Valdinu þykir ekki nóg að hafa ákæruvaldið til að beita fyrir sig í slíkum málum heldur þarf líka að hafa 108. gr. þar að auki til að dæma menn í sérstaka refsingu. Ef það eru verkamenn í Reykjavík sem skrifað er gegn þá eiga þeir sjálfir að sjá um sinn málarekstur samkvæmt núgildandi lögum. Þeir fá enga aðstoð frá ákæruvaldinu og þeir hafa enga vernd af 108. gr. ef veist er að þeim eða störfum þeirra í blaðagreinum. Ég hélt nú satt að segja að ritskoðunarþjóðfélagið væri liðið undir lok. En það er greinilegt að hún lifir vel í Sjálfstfl. gamla ritskoðunartilhneigingin og ekki er nú mannréttindahugsjónin há á þeim bæ þegar það er boðað að það verði kannski einu og hálfu ári eftir að dómur fellur að menn hugsi sér að leggja eitthvað fram. Það er nú meiri rausnin í þeim efnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögheimili, 2. umr.

Frv. ÓÞÞ, 188. mál (dvalarheimili aldraðra). — Þskj. 218, nál. 1144 og 1276, brtt. 1145.

Frsm. meiri hluta allshn. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu var sent út til umsagnar til fjögurra aðila, Félags eldri borgara í Reykjavík, Landssambands aldraðra, Hagstofu Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Umsagnir bárust frá þremur aðilum á þeim tíma sem gert var ráð fyrir en einn aðilinn, Samband íslenskra sveitarfélaga skilaði ekki inn umsögn. Hygg ég að það hafi stafað af því að þeir hafi ekki talið málið stórt.

Þetta frv. fjallar um það að þeir sem búa á dvalarheimili fyrir aldraða eða í öðru húsnæði sem sérstaklega er ætlað öldruðum er heimilt að eiga áfram lögheimili í því sveitarfélagi þar sem hann hafði fasta búsetu áður. Við athugun á frv. fannst mönnum að það væri rétt að skilgreina betur hvað hér væri átt við og af þeirri ástæðu er farið í að flytja brtt. en áður vil ég leyfa mér að lesa hér nál. frá meiri hluta allshn. sem er mjög stutt.

Nefndin hefur fjallað um málið umsagnir bárust frá þremur aðilum, annars vegar Félagi eldri borgara í Reykjavík og Landssambandi aldraðra, þar sem lýst var eindregnum stuðningi við frumvarpið, og hins vegar frá Hagstofu Íslands þar sem lagst var gegn því að frumvarpið næði fram að ganga.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að manni, sem býr á stofnun fyrir aldraða, sé heimilt að eiga lögheimili í því sveitarfélagi sem hann hafði fasta búsetu áður. Lagt er til að greininni verði breytt þannig að skilgreint verði hvað átt sé við með stofnun aldraðra og til þess verði notuð skilgreining sem er í 18. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 82/1989.

Meiri hluti nefndarinnar telur að um réttlætismál sé að ræða og leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrnefndri breytingartillögu sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Undir þetta nál. skrifa Ólafur Þ. Þórðarson, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Jón Helgason og Kristinn H. Gunnarsson.

Jón Helgason skrifaði undir með fyrirvara og ætlaði að árétta þann skilning sinn, ef ég skildi hann rétt, að hann vildi að þar væri um fast heimili að ræða á þeim stað þar sem viðkomandi hefði áður búið en ekki það að lögheimilið yrði eftir ef það heimili væri á brautu.

Kjarni málsins er ákaflega einfaldur. Við höfum mjög lengi bannað öldruðum alfarið að eiga lögheimili á stofnunum aldraðra. Það olli vissu óhagræði að hafa þetta bann. Svo gerist það að við snúum blaðinu allt í einu alveg við og segjum: Þið megið ekki eiga lögheimili neins staðar annars staðar en á þessum stofnunum, ef þið eruð þar. Ég er þeirrar skoðunar að það sé mörgum þó nokkur raun að sætta sig við það að eldast og vafalaust þurfum við jafnt sem aðrir sem hér erum að glíma við það þegar árin færast yfir okkur ef

við verðum þá ekki horfin á braut áður. Og ég flokka það undir einföldustu mannréttindi að maður hafi heimild til, ef hann óskar þess, að mega áfram halda sínu lögheimili þó hann þurfi að flytja inn á stofnun fyrir aldraða. Það er nú svo að oft er það ekki rúmt húsnæði sem þar er um að ræða og viðkomandi aðili getur tekið með sér mjög lítið af þeim eigum sem hann hefur haft í búslóð sinni. Það stendur á ágætum stað í Biblíunni: „Þar sem fjársjóður þinn er þar mun og hjarta þitt vera." Bæði minningar manna og eigur manna gera það að verkum að mynda e.t.v. tilfinningasamband við ákveðna staði sem gera það jafnframt að verkum að þeir vilja fá að halda sínu lögheimili þar. Í sumum tilfellum er þetta spurning um viss réttindi. Það getur einnig átt sér stað. Þar eru kannski ein af þeim réttindum, þ.e. heimildin til að mega kjósa í því byggðalagi þar sem þeir þekkja eitthvað til málefna en ekki að þeir um sjötugt eða áttrætt eigi á nýjan leik að fara að gera sér skoðanir á mönnum og málefnum.

Meiri hluti nefndarinnar hefur því lagt til svohljóðandi brtt., hann leggur til að greinin orðist svo:

„Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna kemur ný svohljóðandi mgr.: Manni sem býr á stofnun samkvæmt skilgreiningu 18. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989 skal heimilt að eiga áfram lögheimili í því sveitarfélagi þar sem hann hafði fasta búsetu áður."

Nú er það svo að megnið af þeim lögum sem tekin eru til afgreiðslu á Alþingi eru að grunni til frv. sem unnin eru utan Alþingis. Stundum gerist það að afgreiðsla er mjög hröð og menn fylgjast ekki með öllum þeim málum sem fyrir þingið fara. Ég játa að á sínum tíma þegar þessi lögheimilislög fóru í gegn þá hélt ég að varla gæti verið að á ferðinni væri svo stórt mál að það þyrfti sérstakrar athugunar við. En þessi stjórnsemi sem okkur Íslendingum er svo eiginleg, að vilja stjórna, getur stundum gengið út í öfgar. Aldrað fólk þarf undir mörgum kringumstæðum að sætta sig við stjórnsemi hinna yngri og það getur stundum verið erfitt miðað við þá tíð er það sjálft gat stjórnað og fékk að ráða sínum málum. Ég hef því verið skammaður nægilega mikið fyrir að þetta hefur orðið að lögum til þess að ég ákvað að flytja þessa tillögu í trausti þess að hún sé það einföld að ekki ætti að vefjast fyrir þingheimi að taka afstöðu til hennar.

Frsm. minni hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá minni hluta allshn. á þskj. 1276 um frv. til laga um breyting á lögum nr. 21/1990 um lögheimili.

Í þessu máli er gert ráð fyrir að þeim sem búa á dvalarheimili fyrir aldraða eða í húsnæði sem sérstaklega er ætlað öldruðum sé heimilt að eiga áfram lögheimili í því sveitarfélagi sem þeir höfðu fasta búsetu áður. Minni hluti nefndarinnar bendir á að lög um lögheimili eru tiltölulega ný af nálinni og við setningu þeirra laga var sérstaklega fjallað um málefni aldraðra og tekið tillit til þeirra hagsmuna.

Þá er bent á að einn helsti tilgangur þeirrar lagasetningar var að tryggja að jafnan færi saman lögheimili manns og föst búseta. Hugtakið föst búseta er þungamiðjan í núverandi lögum. Þegar þessi lög voru sett þótti nauðsynlegt að skapa meiri festu um ákvörðun lögheimilis en verið hafði vegna þess að marghátt uð réttindi og skyldur eru háð lögheimilisskráningu. Því skiptir miklu að um hana gildi skýrar reglur sem unnt er að framfylgja með einföldum og sanngjörnum hætti. Sú regla að menn séu skráðir þar sem þeir búa hefur um langt skeið verið löggjöf nágrannaþjóðanna og þykir þar sjálfsögð. Þar eru jafnframt nær engar undantekingar leyfðar. Hér á landi gera lögin ráð fyrir undantekningum þegar í hlut eiga tilteknir hópar þegnanna sem eru tilneyddir til að dveljast tímabundið fjarri þeim stöðum þar sem þeir hafa fasta búsetu. Um alla þessa hópa gildir að gengið er út frá því að um tímabundna dvöl sé að ræða. Ljóst er að þeir sem flytjast á dvalarheimili aldraðra koma þangað til að dveljast til frambúðar og taka þar upp fasta búsetu. Á þessum hópum er því greinilegur eðlismunur.

Á það hefur verið bent að öðlist þetta frv. lagagildi muni það grafa undan lögunum og valda vandkvæðum með framkvæmd þeirra. Gætu menn hagað lögheimilisskráningu að vild sinni og látið lögheimili sitt standa á allt öðrum stað en þeir búa yrði sjálft lögheimilishugtakið marklaust.

Formanni nefndarinnar hefur borist bréf frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, sem dagsett er 6. maí sl., þar sem lagt er til að frv. verði ekki afgreitt á yfirstandandi þingi. Jafnframt óskar sambandið eftir því að stjórn þess verði gefinn kostur á að kanna málið betur, taka það til frekari umfjöllunar og gefa um það efnislega umsögn.

Núgildandi lögheimilislög voru samþykkt á Alþingi 21. apríl 1990 og tóku gildi 5. maí sama ár. Lagafrv. olli engum ágreiningi þegar það var til meðferðar á Alþingi en ein meginforsenda þess frv. var það ákvæði sem nú er gerð tillaga um að breyta. Minni hlutinn telur alls ekki þá reynslu komna á þetta ákvæði að ástæða sé til að breyta því. Á hinn bóginn er sjálfsagt að framkvæmd þess og áhrif séu könnuð. Er það því tillaga minni hluta nefndarinnar að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir nál. rita nöfn sín Sólveig Pétursdóttir, Sigbjörn Gunnarsson og Björn Bjarnason.

Frsm. meiri hluta allshn. (Ólafur Þ. Þórðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikill misskilningur að ef þetta frv. verði að lögum þá grafi það undan lögheimilislögunum, þá verður það einfaldlega hluti af lögunum og grefur ekki undan þeim. Auðvitað er það svo að flestir fara til allrar dvalar tímabundið enda jarðvistin tímabundin og sá sem fer á dvalarheimili fyrir aldraða getur orðið að fara þaðan nokkrum dögum seinna, farið á sjúkrahús og e.t.v. þaðan áfram. Ég vara við því að hægt sé að segja: Eitt er varanlegt, annað er tímabundið. Ég lít svo á að hið góða kvæði eftir Tómas, Hótel

Jörð, eigi að sannfæra alla um að það er tímabundin dvöl á þessari jörð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Reynslusveitarfélög, síðari umr.

Stjtill., 516. mál. — Þskj. 873, nál. 1124.

Frsm. félmn. (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. á þskj. 1124 um till. til þál. um heimild til að hefja undirbúning að stofnun reynslusveitarfélaga. Nál. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið en með því er lagt til að Alþingi samþykki heimild til handa félagsmálaráðherra að hefja undirbúning að stofnun allt að fimm reynslusveitarfélaga er starfi tímabundið á grundvelli hugmynda sem fram koma í skýrslu sveitarfélaganefndar. Nefndin fékk á fund sinn frá félagsmálaráðuneytinu Berglindi Ásgeirsdóttur ráðuneytisstjóra og Húnboga Þorsteinsson skrifstofustjóra og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Vilhjálm Vilhjálmsson formann og Þórð Skúlason framkvæmdastjóra. Þá bárust henni umsagnir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandi vestra, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Eyþingi og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt. Sveitarfélaganefndin skipaði sérstaka nefnd til að fjalla um málefni grunnskóla og til að kanna hvernig hægt verði að flytja rekstur þeirra yfir til sveitarfélaga. Félagsmálanefnd telur rétt að fram komi að hún álítur að á grundvelli þeirrar meðferðar á málefnum grunnskóla verði þeir ekki á þessu stigi meðal tilraunaverkefna reynslusveitarfélaganna."

Undir nál. skrifa allir nefndarmenn í félmn.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hugmyndin um reynslusveitarfélög var nokkuð til umræðu innan svonefndar sveitarfélaganefndar. Menn veltu henni dálítið fyrir sér og niðurstaðan varð sú að setja fram þessa hugmynd sem að mörgu leyti er nokkuð áhugaverð. Hún gengur út frá því að gera tilraunir með breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og taka síðan afstöðu til málanna að lokinni tilraun. Það er auðvitað mikið skynsamlegri leið heldur en að svipta heilu málaflokkunum fram og til baka á milli þessara aðila á misjafnlega illa rökstuddum grundvelli. Það var því niðurstaða okkar allra í nefndinni, bæði sveitarfélaganefndinni og félmn. Alþingis, að mæla með því að þessi háttur verði reyndur, að menn geri tilraunir. Það er skilgreint í skýrslu sveitarfélaganefndar á bls. 29 og 30 hvert innihaldið geti verið, hvaða verkefni komi til álita að gerðir verði samningar um við einstök sveitarfélög til reynslu.

Ég vek athygli á því, eins og fram kom í áliti frsm., að grunnskólar eru ekki verkefni sem eru í boði í þessu skyni. Það mál var tekið sérstaklega til hliðar og heimildin sem hæstv. félmrh. fær með þessari þáltill. nær ekki til samninga um það verkefni.

Gert er ráð fyrir því að þessi reynslusveitarfélög starfi á árunum 1995–1998 þannig að það er ekki fyrr en að loknu því ári, 1998, að menn geta sest niður og metið árangurinn. Ég tel því að með þessari leið séu menn að fresta fram yfir þennan tíma öllum áformum um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að öðru leyti. Ég tel að þetta sé nokkuð skynsamlegur farvegur sem er mun heppilegri heldur en þær hugmyndir sem áður voru uppi þar sem voru beinskeyttar tillögur um ákveðna málaflokka sem átti að svipta milli ríkis og sveitarfélaga.

Ég vek athygli á því að það er að miklu leyti misskilningur sem mér hefur fundist koma fram í máli margra sveitarstjórnarmanna að með reynslusveitarfélagi væri verið að bjóða mönnum gull og græna skóga. Ég hef orðið var við að margir hafa skilið það svo að þar væri um að ræða eitthvað sem væri eftirsóknarvert peninganna vegna og margir hafa lýst áhuga á því að gerast reynslusveitarfélag um einhver verkefni og jafnvel að sameina sveitarfélög til þess að þau geti síðar orðið reynslusveitarfélög. Það er ekki um neitt slíkt í boði. Samningarnir sem fram undan eru, ef þeir fara í gang á annað borð, ganga einfaldlega út á það að skipta um verktaka í ákveðnum verkefnum. Ég þekki ríkið illa ef það kemur til með að semja um ríflegar greiðslur fyrir þau verkefni og rýmilegri heldur en það sjálft hefur verið reiðubúið að inna af hendi fyrir verkefni fram til þessa. Ef niðurstaðan yrði hins vegar sú að ríkið væri tilbúið til að borga nokkra meðgjöf þá þætti mér það tíðindi. Ég gæti þá tekið undir að það væri réttur sá rökstuðningur eða grunsemdir hv. 2. þm. Vestf. að það væri verið að bera fé á menn til þess að ná fram öðru markmiði eða bjóða fram fé til þess að gylla sveitarstjórnarmenn til sameiningar sem að öðrum kosti væri ekki álitleg.

Reynslusveitarfélag er auðvitað bara tímabundin aðgerð og menn verða að gæta að því að það rennur út og telji menn sig fá einhverja gullmola með þessum tilraunaverkefnum þá falla þeir út að þeim tíma liðnum. Ég held að menn ættu ekki að gera sér miklar vonir um að líta megi á reynslusveitarfélag sem álitlegt verkefni vegna þess að menn væru svo rausnarlegir á fé. Mér finnst hins vegar álitlegur kostur að gera þessa tilraun af því að það getur vel verið að af ýmsum málaflokkum leiði reynslan í ljós að aðili eins og t.d. sveitarfélag geri þann hlut betur og þá er sjálfsagt að skoða málið með það í huga að flytja verkefnið á milli.

Það er skilgreint nákvæmlega í þessari skýrslu, bæði hugmyndin og verkefnin sem koma til greina og framhaldið, í framhaldi af samþykkt þessarar ályktunartillögu, ef af verður. Ég tel óþarft að rekja það og vísa mönnum í það efni og minni á að þessi þáltill. byggir á því efni og engu öðru. Framhaldið verður á þann

veg að ráðuneytið hefur viðræður við sveitarfélög og þegar þær viðræður hafa leitt til einhverrar niðurstöðu eða samnings milli þeirra og ráðuneytisins þá mun sú niðurstaða koma aftur inn í þingið í formi lagafrv. og engar breytingar verða fyrr en að samþykktu því lagafrv. Hér er því fyrst og fremst um að ræða viljayfirlýsingu Alþingis um verkefni og ég tel rétt að standa að henni.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hugmyndir um tilraunasveitarfélög eru um margt athyglisverðar og ég held að það skipti máli að kostnaði við að fylgjast með hvernig til tekst með framkvæmdina verði stillt í hóf. Mér sýnist þess vegna mjög nærtækt, ef það væri hægt að ná samkomulagi um það, að gera þá tilraun t.d. að Hafnarfjörður, Garðabær og Bessastaðir, yrðu tilraunasveitarfélag. Þar hagar svo til að Bessastaðir og Garðabær hafa mikið óbyggt landrými en Hafnarfjörður er aftur á móti kominn í gífurleg landþrengsli og farinn að byggja á stöðum sem engum hefði dottið í hug fyrir 10 árum að yrðu byggð hús á, eins og allir sjá sem þar horfa yfir svæðið. Einnig hlýtur það að vera þjóðhagslega hagstætt að svæðið á milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar verði byggt á næstu árum heldur en að byggðin teygist þannig að rými hennar aukist út frá þeirri miðju sem hér er. Einnig má segja sem svo að engar landfræðilegar hindranir komi í veg fyrir þetta og mjög margt mælir með því að þetta ætti að geta átt sér stað með friðsamlegum hætti þegar það er skoðað að Hafnarfjörður var einu sinni hluti af mun stærra sveitarfélagi. Á Vestfjörðum hefur þegar gerst að Ísafjörður, sem var hluti af stærra sveitarfélagi, var sameinaður aftur sínu gamla landsvæði, Eyrarhrepp hinum forna, og reynslan af því er góð. Ég sé því ekki nema allt jákvætt um þetta.

Ég hef líka stundum, af því að ég hef aldrei vitað fyrir víst hvar mörkin eru á milli Seltjarnarness og Reykjavíkur, litið svo á að það gæti verið mjög æskilegt að þeir kæmu inn í þessa mynd. Með þessu er ég ekki að leggjast gegn því að þetta verði jafnframt gert úti á landi, þannig má enginn skilja orð mín, ef það er gert í sátt við þá íbúa sem þar eru og að sjálfsögðu verður einnig að standa þannig að því hér á þessu svæði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðild Alþingis að 50 ára afmæli lýðveldisins, síðari umr.

Þáltill. SvG o.fl., 167. mál. — Þskj. 192, brtt. 1275.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér kemur til síðari umr. hefur verið alllengi til meðferðar í þessari virðulegu stofnun. Það var á síðasta þingi sem ég, ásamt hv. þm. Jóni Helgasyni og hv. þm. Kristínu Einarsdóttur, flutti tillögu um það að tekin yrði ákvörðun um hlut Alþingis í því að minnast 50 ára afmælis íslenska lýðveldisins. Þessi tillaga fékk ekki afgreiðslu á síðasta þingi og þess vegna var hún endurflutt núna sl. haust.

Í tillögunni er gert ráð fyrir því að kosin verði nefnd hlutfallskosningu á Alþingi til þess að undirbúa þátt Alþingis í hátíðahöldunum vegna 50 ára afmælis lýðveldisins og þar er jafnframt gert ráð fyrir því að í tilefni af 50 ára afmælinu verði unnið af miklum krafti við að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins. Sú tillaga sem ég og þessir tveir hv. þm. fluttum í haust kom ekki til meðferðar hér í þinginu fyrr en lögð hafði verið fram tillaga frá hæstv. ríkisstjórn um að skipa sérstaka sex manna hátíðanefnd sem gert var ráð fyrir að yrði skipuð þannig að hæstv. forsrh. skipaði formann nefndarinnar og að auk þess yrðu tilnefndir fimm menn, einn frá hverjum þingflokki.

Okkur var vissulega nokkur vandi á höndum og forsætisnefnd Alþingis kannski sérstaklega þegar fyrir lágu tvær tillögur af þessu tagi og þess vegna varð niðurstaðan sú að hvorugri tillögunni var vísað til nefndar, þó að það væri umdeilanlegt í sjálfu sér, heldur varð niðurstaðan sú að forsætisnefnd ákvað að fjalla um málið í samráði við flm. beggja tillagnanna. Niðurstaða forsætisnefndarinnar hefur svo orðið sú að gera þá brtt. við tillögu okkar þriggja að það verði í fyrsta lagi forsætisnefndin sem annist þennan hlut Alþingis í hátíðahöldunum, sem ég tel fullkomlega eðlilegt, en í annan stað verði ekki gert ráð fyrir því í samþykktinni sem slíkri að það verði tekið af skarið um eitt eða neitt í sambandi við stjórnarskrármálið sjálft.

Nú verð ég að segja það fyrir mitt leyti að ég tel að stjórnarskrármálið standi heldur illa í þessari stofnun. Ég tel að við höfum staðið okkur heldur illa í því að tryggja það að við eignuðumst sæmilega nútímalega stjórnarskrá, ekki vegna þess að stjórnarskráin okkar sé vond heldur vegna þess að hún er auðvitað að stofni til frá 1874 og þær breytingar, sem voru gerðar á henni 1944, voru ekki mjög miklar. Þær breytingar, sem voru gerðar 1944 á stjórnarskránni, tengdust eingöngu lýðveldisstofnuninni, þ.e. forseta Íslands og stöðu forsetans þar sem kveðið er á um hana en áður var í sömu greinum fjallað um stöðu Danakonungs gagnvart Íslandi. Af þeim ástæðum tel ég að það sé löngu orðið tímabært að Alþingi hristi af sér slyðruorðið í sambandi við stjórnarskrármálið, mannréttindaþætti stjórnarskrárinnar o.fl. og af þeim ástæðum hefur stjórnarskrárnefnd verið starfandi á vegum flokkanna má segja og forsrn. um áratuga skeið.

Stjórnarskrárnefnd sú, sem laut forustu Gunnars Thoroddsens, fyrrv. hæstv. forsrh., skilaði í raun og veru mjög verulegu verki í þessum efnum og hann mælti sem formaður nefndarinnar og forsrh. fyrir frv. til nýrra stjórnskipunarlaga á þinginu 1982–1983, á síðasta þinginu sem hann sat. Þá var ljóst að í stjórnarskrármálinu eru nokkur pólitísk ágreiningsatriði sem flokkarnir þurfa að taka á og í framhaldi af umfjöllun málsins á löggjafarþinginu 1982–1983 var ákveðið að stjórnarskrárnefnd starfaði áfram og í þetta skipti undir forustu hv. 1. þm. Vestf., Matthíasar Bjarnasonar.

Það hefur gjarnan verið þannig í tali manna á meðal að í raun og veru strandi þetta mál kannski á stjórnarskrárnefndinni sem slíkri. Ég er ekki viss um að það sé alveg rétt. Ég held að þetta mál strandi kannski fyrst og fremst á því að flokkarnir hafi ekki verið tilbúnir til þess að taka á þeim ágreiningsefnum sem uppi eru varðandi stjórnarskrá lýðveldisins og ég tel að í máli af þessu tagi beri að taka á því með þeim hætti að forustumenn flokkanna, helst formenn flokkanna og þingflokkanna, taki á þessum málum í samtölum sín á milli og geri það upp við sig hvernig yrði farið með málin, m.a. ágreiningsmálin og geri það upp við sig með hvaða hætti mál af þessu tagi yrði lagt fyrir þingið.

Ég tel að sú reynsla, sem við höfum t.d. af samstarfi formanna flokkanna um breytingar á kosningalögum, þó að þau sé umdeild út af fyrir sig, sýni að það sé ekki óskynsamlegt að formenn flokkanna séu kallaðir til sérstaklega þegar um það er að ræða að breyta mikilvægum lögum eins og stjórnskipunarlögum landsins. Þess vegna vil ég láta það koma fram sem mína skoðun hér að ég tel að það sé brýnt í framhaldi af þessari umfjöllun að hæstv. forsrh. beiti sér fyrir því að formenn flokkanna og formenn þingflokkanna taki á þessu máli þannig að einhver lending megi fást í málið í tengslum við 50 ára afmæli lýðveldisins. Nú er ég ekki að segja að það geti gerst akkúrat á afmælinu úr því sem komið er því að tíminn er orðinn knappur. Sú tillaga, sem hér er til umræðu, var reyndar í upphafi skrifuð af mér snemma í desember 1991. Það gekk mjög treglega að fá hana hér til meðferðar af ýmsum ástæðum.

En allt um það. Þó að þessi mál liggi svona, þá vil ég segja það fyrir mitt leyti að ég tel að eftir atvikum sé hér um ásættanlega og ágæta lausn á málinu að ræða, að forsætisnefnd standi fyrir þessum hátíðahöldum fyrir hönd Alþingis og að jafnframt skipi forsrh. nefnd með fulltrúum allra flokka undir forustu manns frá sér sem hafi með að gera hin almennu hátíðahöld vegna 50 ára afmælis lýðveldisins 17. júní 1994.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu að bæta við lýsingar hv. síðasta ræðumanns á aðdraganda og umfjöllun um þau mál sem eru hér til umræðu, þetta og hið næsta. En vegna þeirra orða sem hann lét falla varðandi stjórnarskrárþátt þessara tillagna, þá þykir mér eðlilegt að lesa eftirfarandi yfirlýsingu:

Forsrh. mun beita sér fyrir viðræðum formanna flokkanna og formanna þingflokkanna um stjórnarskrármálið. Markmið viðræðnanna verður að ná sem bestu samkomulagi um frv. til nýrra stjórnskipunarlaga áður en frv. yrði lagt fyrir Alþingi. Æskilegt er að ná samkomulagi um meðferð málsins á Alþingi og um tillögur í stjórnarskrárnefnd í tengslum við 50 ára afmæli lýðveldisins.

Ég vænti þess að þessi yfirlýsing uppfylli þann þátt sem hv. síðasti ræðumaður nefndi sérstaklega og að þessi tvö mál sem forsætisnefndin hefur fjallað um milli umræðna megi afgreiðast hér með farsælum hætti.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í þeirri tillögu, sem við þremenningar fluttum upphaflega, var gert ráð fyrir því að kveðið yrði á um það beinlínis að stjórnarskráin skyldi endurskoðuð og endurskoðunin kæmi fyrir þingið í tengslum við afmæli lýðveldisins. Það er alveg ljóst af viðtölum sem ég hef átt við marga aðila, m.a. fjölda þingmanna að það er erfitt að slá því föstu. Miðað við þær aðstæður tel ég að sú yfirlýsing, sem hæstv. forsrh. hér las upp áðan, sé mjög mikilvægt og jákvætt innlegg í stjórnarskrármálið. Ég vænti þess að það verði unnið samkvæmt þessari yfirlýsingu þannig að hæstv. forsrh. beiti sér fyrir því að helstu forustumenn flokkanna setjist niður til viðræðna um stjórnarskrármálið og finni því farveg sem skilar niðurstöðu þar sem m.a. verði tekið á ágreiningsefnum. Ég er viss um, virðulegi forseti, að það að bíða eftir stjórnarskrárnefnd leysir ekki vandann í þessu tilviki. Forustumenn flokkanna verða að taka málið í sínar hendur og síðan auðvitað Alþingi sjálft sem ræður úrslitum um málin að lokum.

En ég þakka þessa yfirlýsingu. Ég tel að hún sé mikilvæg í þessu samhengi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Breyttar úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna, afgreiðsla mála fyrir þinglok o.fl.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Fyrr í dag hafði ég óskað eftir því við hæstv. forseta og hæstv. menntmrh. að hér færi fram í dag ef tími gæfist til eða áður en þingi lyki a.m.k. umræða um þá ákvörðun stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna sem tekin var í dag og er tillaga til hæstv. menntmrh. um að meðlag komi til með að skerða lán til einstæðra foreldra á næsta skólaári. Nú vil ég inna hæstv. forseta eftir því hvort hægt sé að verða við þessari ósk og þá um leið hæstv. menntmrh. hvort slíkt sé hægt.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Mér hefur nú skilist af viðræðum við forseta að það geti varla orðið um að ræða utandagskrárumræðu nú með svo stuttum fyrirvara um þetta mál og vegna þess vildi ég segja þetta:

Stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna mun á fundi sínum í dag hafa samþykkt tillögu að nýjum úthlutunarreglum fyrir sjóðinn. Ég hef ekki þessar reglur undir höndum í endanlegri mynd en mér var kunnugt um flestar tillögurnar áður en þær voru teknar fyrir á stjórnarfundinum í dag. Mér er kunnugt að með þessum nýju reglum eru teknar inn ýmsar ívilnandi samþykktir frá því sem var á sl. ári. Það mun hins vegar vera rétt að frá láni einstæðs foreldris dregst samkvæmt tillögunum meðlag sem viðkomandi fær, en grunnframfærsla einstæðs foreldris hækkar um 40%

fyrir hvert barn samkvæmt þessum nýju tillögum. Um þessa tillögu var mér ekki kunnugt áður.

Fljótt á litið þykir mér tillagan ekki skynsamleg. Ég mun þess vegna kalla eftir skýringum frá stjórninni hvað hér liggur að baki og m.a. fá þá fram hvað þetta þýðir í fjármunum fyrir sjóðinn. Ég tek líka fram að úthlutunarreglur öðlast ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest þær og það mun ég ekki gera fyrr en ég hef fengið á þessari sérstöku tillögu skýringu og satt að segja þykir mér ekki líklegt að ég fái rökstuðning sem dugir mér til þess að staðfesta þetta.

Ég vona að þessi orð mín nægi þannig að ekki þurfi að fara fram hér og nú frekari umræða vegna lánasjóðsins þegar við höfum svo nauman tíma sem og raun ber vitni.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil benda hæstv. utanrrh. á það að þingskapaumræðan er til margra hluta nytsamleg. (**Gripið fram í:** Hæstv. utanrrh. er ekki í salnum.) Það væri eiginlega alveg nauðsynlegt að koma því á framfæri við hann að þingskapaumræðan er alveg sérstaklega nauðsynlegt „forum" fyrir þingmenn og hæstv. ráðherra til þess að koma á framfæri yfirlýsingum um mikilvæg mál og greiða fyrir þingstörfum. Mér þykir vænt um að hæstv. menntmrh., sem er einn þingreyndasti ráðherrann, formaður þingflokks Sjálfstfl. um árabil, skuli standa að þessu brautryðjandastarfi með þeim hætti sem hann gerði hér áðan og ég þakka honum fyrir það.

Varðandi þá yfirlýsingu sem hæstv. ráðherra gaf hér, þá vil ég segja að ég tel að það sé mikilvægt að hann orðaði þetta þannig að hann telur tillöguna ekki skynsamlega, hann muni kalla eftir skýringum, hann muni ekki staðfesta þessar tillögur fyrr en hann fái nánari skýringar og sagði: Það er ekki líklegt að ég fái rökstuðning sem dugir mér til að staðfesta tillögurnar. Ég skil þetta þannig að það séu hverfandi líkur á því að ráðherrann muni staðfesta þessa tillögu og ég leyfi mér að túlka hans orð þannig að það liggi fyrir býsna gild og mikilvæg yfirlýsing frá hæstv. menntmrh. í þá veru að þessi ósköp, sem ákveðin voru af stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna í dag, verði ekki staðfest. Og í framhaldi af því verð ég að hvetja hæstv. menntmrh. til þess, sem ég hef áður gert, að skoða sérstaklega og láta rannsaka vinnubrögð stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna og meiri hlutans þar. Ég held að það sé satt að segja á mörkunum að þær ákvarðanir, sem stjórn sjóðsins hefur tekið, standist lög í ýmsum tilvikum. Í því sambandi vil ég m.a. benda á greinargerð sem mér barst í dag frá fulltrúa stúdentaráðs Háskóla Íslands í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna, þar sem hann rekur það mjög skilmerkilega að kröfurnar um námsframvindu til námsmanna standist ekki lög. Í þessari greinargerð kemur reyndar líka fram að það hefur orðið mikil fækkun á einstæðum foreldrum í námi, mjög mikil fækkun, og það er ljóst að ef þessi ákvörðun meiri hluta stjórnarinnar í dag kemur til framkvæmda þá er það auðvitað rothögg á fjölda námsmanna, tugi námsmanna eða hundruð sem eru með börn á sínu framfæri. Ég vona því að það megi skilja yfirlýsingu hæstv. menntmrh. þannig, sem hann gefur hér í þingskapatíma, að hann muni ekki staðfesta þessi ósköp sem þarna dundu yfir af hálfu meiri hlutans í stjórn LÍN í dag.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þeim þingmönnum sem hafa vakið athygli okkar á því sem gerst hefur í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna í dag og þessum sérkennilegu tillögum eða úthlutunarreglum sem þar hafa verið samþykktar samkvæmt þeim fréttum sem hingað berast. Það er satt að segja mjög sérkennilegt að stjórn lánasjóðsins skuli taka það upp hjá sjálfri sér að gera þessa hluti og menn virðast vera svo gersamlega veruleikafirrtir sem standa að slíkum tillögum að maður hlýtur að spyrja: Hvar hafa þeir alið manninn? Þekkja þeir ekki þær tölur sem t.d. eru fyrir hendi núna um fækkun námsmanna milli ára? Hverjum hefur fækkað mest? Það er konum sem hefur fækkað mest í námi. Og af hverju? Það er m.a. einstæðum mæðrum sem hefur fækkað sem treysta sér ekki í nám eftir að úthlutunarreglum hefur þegar verið breytt einu sinni áður til hins verra fyrir námsmenn með börn. Það kom m.a. fram í svari frá hæstv. menntmrh. við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um lánasjóðinn fyrr í vetur að námsmönnum með börn á framfæri hefur fækkað hlutfallslega meira en einstaklingum, þannig að nú er verið að höggva aftur í sama knérunn. Þetta eru svo veruleikafirrtir menn að maður skilur ekki hvar þeir hafa alið manninn. Ég hélt að það væri nóg að gert. En ég vona sannarlega að ráðherra sé ekki sama marki brenndur og hann muni skoða þetta mál mjög gaumgæfilega og ekki gleypa þessar tillögur hráar eins og þær koma fyrir frá stjórninni.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg nauðsynlegt að mál fari að skýrast um lok afgreiðslu mála hér í þinginu og að hverju er stefnt í sambandi við þinglokin. Ég held að menn bíði nú með nokkurri óþreyju eftir því að mál skýrist í þessum efnum og það sé mjög gagnlegt að eyða óvissu um þau efni. Ég verð mikið var við óþreyju hjá því fólki sem í fjarlægð fylgist með þingstörfum og þess vegna vil ég, virðulegi forseti, eindregið mælast til þess að það fari nú fram atkvæðagreiðsla um þau mál sem á dagskránni eru og umræðu er lokið um.

Ég ítreka þetta, virðulegi forseti, og legg á þetta þunga áherslu. Ef á annað borð á að verða hér bærilegur friður um þingslit og þinglok, þá verða menn að fara að haska sér í atkvæðagreiðslur og hreinsa svolítið til á dagskránni, virðulegi forseti. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Um leið og ég tek undir með hv. síðasta ræðumanni um þinglokin, þá ætla ég að leyfa mér að beina aðeins orðum mínum til forseta um ástandið í lánamálum námsmanna.

Eins og menn muna varð hér mikil umræða fyrr í vetur þegar ráðist var að námsmönnum eins og gert var og þá lofaði hæstv. ráðherra hvað eftir annað að við eftirágreiðslur lána til námsmanna skyldi séð til þess að vextir og lántökugjöld yrðu greidd. Þetta hefur ekki verið gert. Hæstv. ráðherra ítrekaði þetta hvað eftir annað, en því miður hefur þetta ekki staðist. Það sem greitt er í vaxtabætur er langt undir því sem aðstandendur verða að borga vegna eftirágreiðslu lána.
Ég vona því að sannleikurinn verði gildari eftir þessa yfirlýsingu ráðherra varðandi það sem nú hefur gerst.

Hitt er auðvitað að verða alvörumál, hæstv. forseti, að þessi fulltrúi hins háa Alþingis í menntmrn. virðist ekki hafa hugmynd um hvað þar gerist yfirleitt. Menn jagast um það í dagblöðum hver hafi skrifað undir bréf eða hvort átti að skrifa undir bréf. Það kemur í ljós að hæstv. ráðherra hefur ekki hugmynd um hvað þeir eru að bauka í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Hæstv. forseti. Þessi þinglok eru satt að segja að verða fremur ömurleg. Héðan eigum við að fara í kvöld. Eftir stendur sviðin jörð, atvinnulíf landsmanna í rúst, sjávarútvegur, landbúnaður, atvinnumál landsmanna, hagur íslenskra námsmanna, ég veit ekki hvað ekki er hægt að telja upp. Ég harma þetta, hæstv. forseti. Við hv. þm. höfum setið hér síðan 17. ágúst á sl. ári og reynt að vinna vinnuna okkar en árangurinn er ekki beysnari en þetta.

Ég vona, hæstv. forseti, að hæstv. menntmrh. hafi ekki sagt okkur ósatt öðru sinni og með tilliti til þess að nú er verið að reikna út lán og verið að senda námsmönnum lán þessa dagana, vorlánin, þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Er það alveg ljóst að þessi reglugerð verði ekki undirrituð? Ég spyr svo að það sé ekki þegar farið að setja þessar reglur inn í tölvur stofnunar lánasjóðsins og til þess að stúdentar viti við hverju þeir mega búast þegar vorlánin koma um miðjan mánuð.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég hef enn ekki heyrt þann úrskurð frá hæstv. forseta hvort þessi utandagskrárumræða geti farið fram eða ekki, en ég skil orð hæstv. menntmrh. sem svo að það sé ekki hægt að koma því við eins og nú er háttað störfum þingsins. Ég sætti mig hins vegar við yfirlýsingu hæstv. menntmrh. vegna þess að ég vil trúa því að þar sem hæstv. ráðherra segir að þessir hlutir séu óskynsamlegir þá muni hann auðvitað ekki staðfesta þær reglur sem stjórn sjóðsins er nú að gera tillögur um, þar sem hann hefur lýst því yfir að þær séu óskynsamlegar. Það hefur margt óskynsamlegt verið gert í málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna á undanförnum vikum, mánuðum og missirum. Ég trúi því að hæstv. menntmrh. sé reynslunni ríkari og láti því ekki þessar reglur ganga fram með staðfestingu sinni en staðfesting hæstv. ráðherra er nauðsynleg svo að reglurnar geti öðlast gildi. Það er ráðherrann einn sem getur komið í veg fyrir það að lán til einstæðra foreldra, sem nú eru í námi, verði skert um 10.300 kr. á mánuði til viðbótar við þá skerðingu sem námsmenn hafa þegar mátt sæta.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þessi umræða um gæslu þingskapa núna staðfestir það kannski betur en nokkuð annað hve brýnt það er að finna farveg fyrir slíka umræðu eins og hér hefur farið fram. Samkvæmt þingsköpum er ekki hægt að leyfa utandagskrárumræðu með svo stuttum fyrirvara sem raun bar vitni þegar þetta mál bar að og hv. þm. óskaði eftir að fá að ræða það hér. Slík umræða þarf að bera að með þeim hætti að það sé óskað eftir henni tveimur stundum fyrir þingfund og að um hana sé tilkynnt í upphafi þingfundar. Þess vegna sá forseti í gegnum fingur sér og með þessum hætti var reynt að koma þeim skilaboðum til hæstv. ráðherra og skilaboðum ráðherra til hv. þm. um það mál sem hv. þm. lá á hjarta.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég skildi það svo að hér gæti ekki farið fram utandagskrárumræða um þetta mál og þess vegna mun ég ekki fara út í umræðu um vaxtamál lánasjóðsins eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir gaf þó tilefni til. Ég vil aðeins vísa því á bug að ég hafi svikið gefið loforð um að vextir yrðu greiddir, en ég gaf aldrei loforð um að það yrðu greiddir vextir á hvaða lánum sem væri. Eingöngu það sem menn ættu í vændum í lánum frá lánasjóðnum. Það var það sem ég lofaði og við það hefur verið staðið.

Annað held ég að ég þurfi ekki um þetta að segja. Það kom alveg skýrt fram hvaða yfirlýsingu ég gaf hér og hún hefur verið réttilega túlkuð af þeim sem hér hafa tekið til máls. Ég mun kanna þetta mál vandlega og ég vona að það hafi alveg skilist sem ég sagði þó að ég svaraði því ekki beinum orðum að ég mundi ekki staðfesta þetta. Til þess þarf ég að ræða við stjórn lánasjóðsins og ég þykist vita að á því er fullur skilningur.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég neyðist til þess undir liðnum þingsköp að varpa þeirri spurningu fram þar sem ekki mun eiga að fara fram utandagskrárumræða um málefni lánasjóðsins, hvort þær reglur sem ráðherra hefur verið að segja að hann mundi líklega ekki samþykkja gætu komið til með að gilda fyrir þau lán sem núna ætti að greiða út í lok maí. Er lánasjóðurinn hér með að setja sér reglur sem koma til með að gilda fyrir þá úthlutun?

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hann hefur gefið um leið og ég tek undir það sem hv. 6. þm. Vestf. spurði um. Það er mjög mikilvægt að svar við spurningu hennar fáist í þessari umræðu. Ég held að það hafi verið mjög dýrmætt að hv. 11. þm. Reykv., Finnur Ingólfsson, brást snöggt við í dag og ræddi við menntmrh. og að það tókst síðan að koma þessari umræðu á þó það sé undir liðnum um þingsköp. Og ég þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa það að þetta fari fram undir liðnum um þingsköp.

Það er rétt sem hæstv. forseti sagði að það er spurning hvort þarf ekki að skoða það að skapa í þingsköpunum farveg fyrir þessa tegund af umræðum. Þetta heitir í grannþingum okkar „interpellasjónir" sem eru leyfðar með stuttum fyrirvara og það eru umræður í kortér, tuttugu mínútur eða svo, um uppáfallandi mál sem koma upp af ýmsu tagi og það er spurning hvort það er ekki nauðsynlegt í ljósi þeirrar reynslu sem við höfum haft, í senn hálfa klukkustund, að endurskoða þingsköpin með hliðsjón af því en ég endurtek þakkir mínar til hæstv. forseta fyrir að leyfa það að þessi umræða færi fram með þessum hætti.

Undirbúningur vegna hálfrar aldar afmælis lýðveldisins, síðari umr.

Stjtill., 262. mál. — Þskj. 351.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Þáltill. forsrh., 597. mál. — Þskj. 1273.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það kemur mér á óvart að við þessar aðstæður nú á þessum fundi skuli eiga að taka fyrir till. til þál. um frestun á fundum Alþingis. Ég taldi að þinghefð væri fyrir því að þetta væri, ef ekki síðasta þá eitt af allra síðustu málum þingsins hverju sinni og ekki tekið fyrir gjarnan fyrr en á síðasta fundi, enda lægju þá fyrir ljósar lyktir á því þinghaldi þannig að þingfrestunartillagan væri rædd í ljósi þess að Alþingi hefði lokið eða væri í þann veginn að ljúka störfum og engin óvissa væri lengur uppi um það með hvaða hætti þinglokin yrðu, til að mynda hvaða mál hlytu afgreiðslu og hvaða mál ekki. Nú eru ekki þær aðstæður uppi enn og hvað sem formenn þingflokka kunna að hafa rætt um þetta mál snemma í morgun, þá leyfi ég mér að fara fram á það að þingfrestunartillagan verði ekki rædd nú á þessum fundi og ekki tekin fyrir fyrr en mál hafa skýrst meira hvað þinglokin snertir. Þingfrestunartillaga kemur einungis til einnar umræðu og þar af leiðandi er sú umræða eina tækifærið sem þingmenn hafa til að ræða sjálfa þingfrestunina undir dagskrármáli. Það er að sjálfsögðu eðlilegra að sjónarmið sem uppi kunna að vera um þingfrestunina komi þannig fram heldur en að þau þurfi að eiga sér stað í þingskapaumræðum eða með einhverjum öðrum hætti. Í ljósi þess að enn er ekki hægt að ræða þessa tillögu í vissu um það hvernig þinglokin verða eða hvenær þau verða, þá fer ég fram á að hún verði ekki tekin fyrir að svo stöddu. Eða hvað hyggst hæstv. forsrh. segja okkur í sinni framsöguræðu um þinglokin? Getur hann til að mynda upplýst okkur um það nákvæmlega hvaða mál verði afgreidd og hvenær og klukkan hvað þinglausnir verði? Ég leyfi mér að efast um það og það held ég að sanni að ekki sé tímabært að taka þessa tillögu á dagskrá.

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það kemur nokkuð á óvart að þingfrestunartillagan sé tekin til umræðu nú og verður manni fyrst fyrir að spyrja: Er það meiningin að þetta verði síðasti fundurinn og á að láta þau mál liggja sem hér eru komin til atkvæðagreiðslu? Það er ekkert því til fyrirstöðu hjá stjórnarandstöðunni það ég veit að ganga til verks og taka atkvæðagreiðslur um þau mál sem hafa verið til umræðu á þessum fundi og taka síðan þingfrestunina með eðlilegum hætti. Í öðru lagi verðum við að vita eitthvað um hver sé meiningin um áframhaldandi þingstörf áður en farið er að ræða um þingfrestunina. Annars verðum við að taka ítarlega umræðu um þingfrestunartillöguna en ég teldi heppilegast núna að fara bara í þær atkvæðagreiðslur sem liggja fyrir og setja síðan nýjan fund og afgreiða þá þingfrestunina með eðlilegum hætti. Það stendur ekkert á stjórnarandstöðunni í því. Við erum reiðubúnir til þess að ganga í afgreiðslu mála.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þetta er síðasta málið á dagskrá sem eftir er að ljúka umræðu um áður en settur verður nýr fundur þar sem þau mál verða á dagskrá sem umræðu er lokið um þannig að þetta er ekki síðasti fundur sem hér er verið að ljúka.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Út af þessum umræðum um gæslu þingskapa vil ég að það komi fram að á fundi sem þingflokksformenn eða staðgenglar þeirra héldu í þinghúsinu í dag varð um það samkomulag að taka fyrir dagskrána eins og hún lá fyrir og ljúka umræðum um þau mál sem þar væru. Ljúka sem sagt þeim málum sem á dagskránni væru en að sjálfsögðu ekki þeim málum sem fallist hefði verið á að dyttu niður. En eins og menn hafa tekið eftir hefur verið hlaupið yfir nokkur mál sem ekki er ætlunin að fylgja frekar eftir í þinginu.

Ég vil bara vekja athygli á þessu samkomulagi sem gert var. Ég vakti sérstaka athygli á því á þessum fundi að þarna væri einnig þingfrestunartillagan þannig að það var öllum ljóst sem aðilar að því samkomulagi voru. Það hefur verið staðið við þetta samkomulag í einu og öllu og ég vænti þess að menn ætli ekki að fara að hlaupa frá því núna út af þessu atriði þegar aðeins eitt mál er eftir á dagskránni sem samið var um að ljúka á þessum fundi.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hér er verið að ræða um það hvort taka eigi fyrir síðasta málið á dagskrá. Ég var að vísu ekki á allra síðasta fundi þingflokksformanna en í dag þegar þetta var rætt þá var einnig rætt um það að

halda áfram með dagskrána. En ég verð að játa það að ég hafði ekki hugsað út í það að það er ekki nema ein umræða um þessa síðustu dagskrártillögu. Ég sé ekki hvers vegna hún þarf að koma til umræðu nú á þessum fundi þar sem eftir er að ljúka atkvæðagreiðslu um ýmis mál og taka síðan annan fund til þess að afgreiða þau endanlega frá þinginu. Ég vil því beina því til hæstv. forseta að fresta því að ræða þetta síðasta dagskrármál þar til atkvæðagreiðslur um hin málin sem bíða hafa farið fram.

Jóhann Ársælsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. þm. Geirs Haarde um samkomulag okkar um framhaldið á þingstörfunum vil ég að tvennt komi alveg skýrt fram. Í fyrsta lagi það að við ræddum aldrei sérstaklega um frestun á fundum Alþingis. Það var talað um að vinna eftir þeirri dagskrá sem fyrir lá með ákveðnum undantekningum og það mál var ekki sérstaklega rætt. Ég held að ef menn ætla að taka þá umræðu núna þá verði menn að gera sér grein fyrir því að þingmenn geti lent í þeirri aðstöðu að greiða atkvæði gegn frestuninni meðan þeir vita ekki hvernig málum lendir í kvöld, hvaða mál verða eftir og auk þess af mörgum öðrum ástæðum sem ég ætla ekki að telja upp.

En svo er annað líka sem ég vil að komi fram, við ræddum sérstaklega um 19. og 20. málið og það var ekkert samkomulag um að þau kæmu ekki til umræðu. Það var alls ekki samkomulag um það. Það var ákveðin yfirlýsing sem var rædd á fundinum í sambandi við þau mál sem ég ætla ekki að ræða hér, en það var ekki samkomulag um að þau mál kæmu ekki til umræðu.

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég heyri að það eru ekki alveg hreinar línur í því hvað þingflokksformenn hafa rætt með sér í dag en ég held að það sé afskaplega auðvelt að leysa úr þessari flækju — ef það er einhver flækja, mér finnst þetta mál liggja mjög einfalt fyrir því að stjórnarandstaðan hefur ekki verið hér til trafala síðustu klukkustundirnar — það er bara hreinlega að klára atkvæðagreiðslu um þessi mál sem eru á dagskránni og fresta umræðu um þingfrestunartillöguna, setja síðan nýjan fund og taka 3. umr. um þau mál sem þá eru eftir og taka síðan þingfrestunartillöguna í lokin. Ég sé ekki annað en að þetta muni ganga greiðlega fyrir sig á tiltölulega skömmum tíma ef menn fara þessa leið. Þannig að málið er ekkert flókið. Það er hægt að ljúka þessum þingstörfum á tiltölulega skömmum tíma ef það er bara gengið í það og gengið í atkvæðagreiðslur og hætt að ströggla um þessa þingfrestunartillögu sem er eðlilegast að taka á síðasta fundinum.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 7. maí 1993 eða síðar, ef nauðsyn krefur, og standi sú frestun til septemberloka."

Tillagan skýrir sig sjálf.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þetta var nú ekki ýkja löng framsöguræða né ítarlega rökstudd og ég leyfi mér að halda því fram að það væri langskynsamlegast í ljósi aðstæðna að fresta í öllu falli þessari umræðu áður en henni lyki og láta málið bíða þannig þangað til á síðari fundum þannig að mönnum gæfist tóm til umræðu um þingfrestunina þegar sæmilega ljóst er orðið með hvaða hætti hún verður, hvort hún verður í kvöld, í nótt, á mánudaginn eða þriðjudaginn og hvaða afrek þingið hefur þá unnið þegar þar að kemur.

Nú er það þannig að allur þingheimur og væntanlega þjóðin meira og minna hefur fylgst með því í dag og í gær að uppi er veruleg óvissa um afdrifaríik mál sem tengjast þinghaldinu. Hér fór fram utandagskrárumræða um afkomu sjávarútvegsins og stöðu þeirrar undirstöðuatvinnugreinar þar sem hæstv. ríkisstjórn skilaði auðu og rúmlega það og fjölmörg stór álitamál og úrlausnarefni eru uppi í okkar þjóðfélagi sem gera það að verkum að það vakna spurningar um hvort tímabært sé eða eðlilegt að Alþingi ljúki nú störfum, einmitt nú þegar allt er í uppnámi með málefni sjávarútvegsins, þegar allt efnahags- og atvinnulíf landsmanna er meira og minna í molum, þegar engir kjarasamningar liggja fyrir og nánast allir kjarasamningar í landinu eru lausir, í uppsiglingu gætu verið átök á vinnumarkaði o.s.frv. (**VE:** Eldgos.) Og þess vegna eldgos, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, og væri það nú eiginlega það minnsta og það sem þjóðin hefði síst ástæðu til að hafa áhyggjur af. Miklu verra öllum eldgosum er nú stjórnarfarið, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, og einhver smáspýja úr Heklu, eða Kröflu þess vegna, væri lítið mál borið saman við ríkisstjórnina.

Nei, það er auðvitað þannig, hæstv. forseti, að það eru mjög óvenjulegar aðstæður uppi hér við lok þinghaldsins, mjög óvenjulegar af ýmsum ástæðum, bæði innan þingsins, eins og allir vita og þarf ekki að fara frekari orðum um, og utan. Og það er alveg ljóst að afstaða manna til þess hvort samþykkja eigi þessa tillögu nú, og þá hvenær sé eðlilegt að þingið fari heim, hún getur átt eftir að mótast í ljósi þess hvaða afgreiðslu mál fá hér á þinginu. Kynni það nú ekki að fara svo að hv. 3. þm. Austurl., eftir allar heitstrengingarnar í fjölmiðlum og öll sjónvarpsviðtölin og hafandi verið kosinn gott ef ekki maður vikunnar þá a.m.k. maður dagsins á Bylgjunni, vilji nú bíða með það að gera endanlega upp hug sinn til þess hvort hann styður þáltill. um frestun Alþingis og tjáir sig um það mál þangað til lyktir hafa til að mynda fengist varðandi afgreiðslu 504. máls þingsins, frv. til laga um breytingu á búvörulögum.

Ég held, hæstv. forseti, að það eigi að vera ástæðulaust að rökstyðja þetta frekar. Það liggur í eðli málsins að það er ótímabært að taka hér til umfjöllunar till. til þál. um þingfrestun og það er meira en ótímabært að mínu mati ef það á að ljúka umræðu um hana. Það

er óþinglegt vegna þess að með því er verið að taka málfrelsi af þingmönnum til þess að tjá sig í þessari einu umræðu sem um þingfrestunartillöguna er í ljósi þess hvernig aðstæður verða þegar að þinglausnunum kemur. Það er ekki eðlilegt að hæstv. forsrh. geti þá hvenær sem honum sýnist umræðulaust ákveðið að láta staðar numið og slíta þingstörfunum án þess að menn geti jafnvel svo mikið sem tjáð sig um það. Ég tel því að umræðan eigi a.m.k. að standa opin. Látum það gott heita úr því sem komið er að hæstv. forsrh. hefur mælt þetta þá líka skörulega fyrir tillögu í þremur setningum, það verður ekki aftur tekið, en að umræðunni verði a.m.k. frestað nú eða fljótlega þannig að mönnum gefist kostur á að tjá sig á nýjan leik undir lokin um það hverjar aðstæður verða við þinglausnirnar og hvaða afstöðu menn hafa þá til þess. Sjálfum þykir mér á margan hátt stefna til þess, ef svo heldur sem horfir og í ljósi þeirra aðstæðna ýmissa sem uppi eru innan þings og utan, að óhjákvæmilegt sé að leggjast gegn þingfrestun við þessar aðstæður nema þá a.m.k. hæstv. forsrh. sé fáanlegur til þess að gefa út einhverjar yfirlýsingar um að þingið verði þá kallað saman á nýjan leik til að fást við hin erfiðu vandamál sem uppi eru og hæstv. ríkisstjórn a.m.k. virðist ekki hafa ætlað sér að gera mikið í fyrr en þá í haust eins og fram kom hér í umræðum í gærkvöldi.

Hæstv. forseti. Ég fer sem sagt formlega fram á það að umræðunni ljúki ekki. Henni verði frestað og málið geymt þannig þangað til niðurstaða er í grófum dráttum fengin í það hvenær og með hvaða hætti þinglausnirnar verða.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er ekki ætlunin að fram fari atkvæðagreiðsla á þessum fundi um þetta mál.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur hæstv. forsrh. mælt fyrir tillögu um frestun á þingi. Sú tillaga er þannig upp sett og þannig fram borin að það hefði út af fyrir sig alveg eins verið hægt að bera hana fram að loknu jólaleyfi eða janúarleyfi og hafa um hana umræðu þá og hafa síðan bara opinn víxil þannig að það væri hægt að ganga til atkvæðagreiðslu hvenær sem væri og fresta þingi. Það sér náttúrlega hver maður að þetta ...(**VE:** Þetta verður gert næst.) Út af frammíkalli hv. 5. þm. Norðurl. e. sem ekki hafði gert sér grein fyrir eðli málsins fyrr en ég útskýrði það fyrir honum héðan úr ræðustól, þá er út af fyrir sig enginn munur á þessu, enginn eðlismunur.

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að grennslast fyrir hvað hæstv. ríkisstjórn hugsi sér varðandi afgreiðslu mála. Nú vill það þannig til að þar sem ég taldi á því brýna nauðsyn, þá studdi ég frv. ríkisstjórnarinnar sem er 504. mál þingsins um breytingar á búvörulögum, og mér er því nokkuð annt um það hver verða afdrif þess máls. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh., ef hann heyrir til mín, hvað hann hugsi sér varðandi framgang þess máls. Ég vil að það komi alveg skýrt fram í þessari umræðu um þingfrestunina því að við getum ekki rætt þetta undir þeim lið á næsta fundi ef hann þá verður, ég vil þá spyrja hæstv. forsrh. í þessari umræðu hvað hann hugsi sér um afgreiðslu þess máls og hvort það eigi virkilega að fara svo að hér eigi að hunsa þann vilja, sem ég hlýt að telja að sé vilji mikils meiri hluta þingmanna, að það mál fái afgreiðslu.

Hæstv. ráðherrar töluðu mikið um það þegar mjög löng umræða varð um EES-málið í vetur, sem að mínu mati var of löng því að hún hélt stjórnarliðinu frá öðrum og erfiðari málum, þá ræddi í það minnsta hæstv. viðskrh. margsinnis um það að þar væri minni hlutinn að kúga meiri hlutann í umræðum hér á Alþingi. Það var ekki rétt því að þau mál gengu til atkvæða. Ef hins vegar svo fer að 504. mál gengur ekki til atkvæða þá er engum blöðum um það að fletta miðað við það sem liggur fyrir um afstöðu hv. þm. að þar sé minni hlutinn að kúga meiri hlutann og þingræðinu fyrir borð varpað.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er mjög óvenjulega að verki staðið frá því sem verið hefur og við þekkjum sem höfum verið hérna einhvern tíma. Ég hygg að venjan hafi verið sú að menn hafi samið um það í grófum dráttum hvenær þessi tillaga kæmi fyrir og síðan hvenær hún yrði afgreidd.

Það eru ekki mörg dæmi um það alla vega ef nokkur á mínum þingtíma að menn hafi afgreitt þingfrestun í mjög miklum ágreiningi. Ég sé ekki betur en að ef svo fer fram sem horfir og stjórnarliðið kýs að fara þá leið sem hér er verið að leggja upp með, þá geti þingmenn a.m.k. stjórnarandstöðunnar ekki unað þingfrestun með þessum hætti og hljóti þess vegna að grípa til þess óvenjulega bragðs að velta því fyrir sér að greiða atkvæði á móti þingfrestunartillögunni Út af fyrir sig hafa þeir allan rétt til þess. Út af fyrir sig má líka segja að það sé að því leytinu til rökrétt að ríkisstjórnin kýs að bera ein ábyrgð á þingfrestuninni við þær aðstæður sem nú eru uppi.

Í öðru lagi er þetta mál mjög sérkennilegt vegna þess að hér hefur verið talsvert uppnám núna undanfarna daga, í stjórnarliðinu aðallega. Það stafar af því að í því liði hafa verið deilur um svokölluð búvörulög sem komu hér til 2. umr. í dag. Og frá því hefur verið greint í fjölmiðlum að hæstv. utanrrh. telji að landbn. sé misskilningur. (**Gripið fram í:** Nefndin öll?) Já, frá upphafi til enda. (**Gripið fram í:** Hvers lags vandamál er þetta?) Og hún sé alveg sérstakt vandamál eins og mér er lagt í munn. Og bersýnilega standa stjórnarliðar frammi fyrir því að menn koma þessu máli ekki almennilega frá sér, þeir vita eiginlega ekki hvað þeir eiga af sér að gera í þessari stöðu. Og þá er greinilega gripið til þess eða hugmyndin virðist vera sú að afgreiða þingfrestunina með þeim hætti sem hér er um að ræða þannig að þingfrestunarákvörðunin er einhliða og eingöngu á hendi forsrh. ef tillaga af þessu tagi verður samþykkt við þær aðstæður sem nú eru uppi. Hér er bersýnilega verið að segja í sundur friðinn um þingfrestunina og það má kannski segja að það sé í mál-

efnalega rökréttu framhaldi af þeim umræðum sem hér hafa farið fram síðustu daga, m.a. um málefni sjávarútvegsins sem bersýnilega þarf á stórfelldum aðgerðum að halda á næstu vikum og mánuðum og í framhaldi af umræðum sem hér hafa átt sér stað á síðustu dögum um greiðsluörðugleika fjölskyldnanna sem auðvitað hefði þurft að taka á. Auðvitað hefði þingið ekki átt að fara heim án þess að taka á þessum málum. En hitt er alveg ljóst að verði þetta samþykkt, þó með mótatkvæðum stjórnarandstöðunnar verði, þá er ábyrgðin öll á þinglokunum eins og þau leggja sig og þinghléinu líka í valdi ríkisstjórnarinnar einnar. Um það hefur ekkert samkomulag verið gert.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Vegna þess að hv. formaður þingflokks Sjálfstfl. vitnaði hér í fund sem við vorum með honum á, auk mín hv. þm. Kristín Einarsdóttir, Össur Skarphéðinsson og Jóhann Ársælsson, þar sem við vorum að ræða um hvernig ljúka mætti þessu þingi, þá er það rétt sem hann sagði að það var mikill vilji fyrir því að ljúka þingstörfum og í fullri sátt. En það voru margir óvissuþættir þegar við skildum og við ætluðum að hittast aftur þegar þeirri óvissu væri eytt. Sá fundur hefur aldrei verið haldinn þannig að við höfum ekki gert neitt samkomulag um þá frestunartillögu sem hér er til umræðu Ég tek undir með hv. 3. þm. Vesturl. sem sagði hér áðan að við gerðum ekki samkomulag um það. Við ætluðum að ræða saman aftur þegar þessum óvissuþáttum væri eytt. Þess vegna tel ég rétt að fresta þessari tillögu nú og taka hana upp þegar við erum búin að sjá hvernig á að ljúka málum hér.

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið bera það á mig ómótmælt að ég fari hér með ósannindi. Það liggur alveg fyrir hver var niðurstaða þessa fundar. Ég vakti sérstaka athygli á þessu máli, að það væri síðast á dagskránni og það yrði þá eins með það og önnur mál að við mundum ljúka umræðum en atkvæðagreiðslu yrði frestað. Það var þannig. Við tókum hins vegar að okkur að kanna jafnframt önnur mál, hver örlög þeirra yrðu, og það hefur óðum verið að skýrast. Það hefur hins vegar ekki verið tilefni til þess að halda annan fund formanna þingflokka fyrr en eftir að þessum þingfundi væri lokið því að okkar samkomulag gilti um þennan eina fund og ekki lengra. Ég vísa því algjörlega á bug og ég fer fram á það, það er lágmarkskrafa, að menn standi við það sem þeir hafa samið um.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að hérna sé um misskilning að ræða. Við vorum ekki að semja um þingfrestun. Hv. formaður þingflokks Sjálfstfl. sagði áðan að hér væru hlutir óðum að skýrast og þá fyndist mér það rétt ef hlutir eru hér að skýrast að menn töluðu saman því okkur er ekki ljóst hvaða hlutir eru að skýrast.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er undir nokkuð óvenjulegum kringumstæðum sem hér á nú að ræða um þingfrestun. Þó að þetta sé síðasta mál á dagskrá þessa fundar, þá hefur það ekki enn verið upplýst af hálfu forseta hvort gengið verður til atkvæðagreiðslu um þau mál sem hér er lokið við að ræða. Það hefur heldur ekki verið upplýst enn hvað á að gera við þau mál sem ekki er komið samkomulag um og þau eru nokkur eins og menn sjá sem hlustuðu á þann ræðumann sem hér talaði á undan mér.

Ég tel að það sé engan veginn tímabært að ljúka umræðu um þingfrestun nú. Forseti hefur að vísu upplýst að atkvæðagreiðslunni um tillöguna muni verða frestað en annað liggur í raun og veru ekki fyrir. Það er svolítið einkennilegt að standa hér og biðja um frestun á frestun á fundum Alþingis. Ég vil þess vegna beina því til hæstv. forseta að nú þegar verði látnar fara fram atkvæðagreiðslur um þau mál sem hér bíða og fundi síðan slitið og í millitíðinni ræðst við um það hvernig ljúka megi þessu þingi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er ekki nýtt í sögu Alþingis að hiti hafi verið þegar menn hafa farið heim af þingi og frægast mun nú þingrofið þannig að okkur framsóknarmönnum bregður nú kannski ekki mjög mikið. En þannig standa mál nú að ég hygg að hæstv. forsrh. hafi fyrir því mikinn meiri hluta á Alþingi, og örugglega stuðning hv. 5. þm. Norðurl. v., að það verði samþykkt að fresta þinginu. Ég met það nú svo. Hins vegar er mér ekki ljóst hvort hann hefði þann stuðning á morgun eða næsta dag.

Ég hygg að það sé eðlilegt að við í minni hlutanum lengjum þessa umræðu ekki mikið til þess að á það verði reynt hvort forsrh. hefur þennan meiri hluta. Hér hafa menn talað stórum orðum um það að ákveðið mál yrði að fara í gegn, stjórnarsinnar, stórum orðum. Auðvitað greiða þeir þá atkvæði gegn frestuninni þar til það mál er afgreitt. Að sjálfsögðu munu þeir gera það. Efar nokkur hér inni að þeir muni standa við sínar yfirlýsingar í þeim efnum? Ekki efa ég það. Mér er þess vegna nokkur forvitnismál að sjá hverjir það verða sem greiða atkvæði með stjórnarandstöðunni gegn frestuninni — og er nú hv. 5. þm. Norðurl. v. kominn í alvitlaust sæti þó ekki sé meira sagt. (**VE:** Þú verður að láta það koma til atkvæða til að sjá hverjir greiða atkvæði.) Ég undirstrika það enn og aftur að það var einmitt mín tillaga að þetta færi sem fyrst til atkvæða (**Gripið fram í:** Þingfrestunin.), þingfrestunin. En ég vil bæta því við að auðvitað gerir þjóðin sér grein fyrir því hvers vegna hæstv. forsrh. leggur slíkt ofurkapp á að þetta mál verði afgreitt nú. Það verður ekki orðað á einfaldari hátt en þann að það liggur við ketilsprengingu hjá ríkisstjórninni. Hitinn er kominn upp í það mark að verði áfram mokað kolum undir ketilinn þá má búast við sprengingu. Og ég segi nú bara eins og er að ég vil gjarnan vera fjarstaddur þegar sú sprenging á sér stað.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þetta er nú fremur óvenjuleg að-

staða að standa hér í hörkuumræðum um þingfrestunartillögu. Það er jafnan svo að eftir langan og strangan vetur í þinginu eru flestir undir niðri fegnir því að lotunni ljúki og menn komist til síns heima og geti farið að draga andann. Ekki síst ætti það að eiga við nú þegar þing hefur staðið meira og minna linnulaust í níu mánuði. En þessar aðstæður eru nú uppi. Mér finnst einhvern veginn ekki lögð alveg nóg alúð við það, ég verð að segja það, hæstv. forseti, hvorki af hæstv. forseta né hæstv. forsrh., að reyna í það minnsta að ryðja þessu ágreiningsmáli úr veginum Það ætti ekki að þurfa að standa hér í stórkostlegum umræðum um jafneinfaldan hlut og þann að leggja til hliðar þingfrestunartillöguna sem er formsatriði málsins (Gripið fram í.) og geyma það þangað til við værum búin. Þangað til þingið hefði lokið störfum. Þá er það auðvitað einfalt mál að afgreiða hana og mundi ekki kalla á neinar umræður. Og ég er viss um að þeir sem kynnu að vera á mælendaskrá væru fúsir til að falla frá orðinu ef það væri orðin niðurstaða að þingið hefði afgreitt öll þau mál sem taka ætti fyrir eða til afgreiðslu og það lægi orðið ljóst fyrir hvenær þinglausnir yrðu. En svo er ekki. Og ég segi það að ég harma, hæstv. forseti, að ekki skuli vera orðið við óskir okkar um að fresta þessari umræðu. Ég vil beina því til hæstv. forsrh. hvort hann sé tilbúinn til þess að höggva á þennan hnút og koma hér og leggja til að það verði gert. Þá er ég sannfærður um að hæstv. forseti er tilbúin til þess fyrir sitt leyti.

Ég vil segja það að mér finnst hv. formaður þingflokks Sjálfstfl., 8. þm. Reykv., túlka nokkuð harkalega eða ósveigjanlega niðurstöðu þingflokksfundar í dag. Þó svo að menn kunni þá að hafa reiknað með að umræðu gæti lokið um þingfrestunartillöguna þá vissu menn ekki á þeirri stundu hverjar aðstæður yrðu mörgum klukkutímum seinna þegar þessum fundi lyki. Það má vel ímynda sér að menn hafi verið í þeirri trú að þá yrði orðin niðurstaða í þinghaldinu og samkomulag og ljóst orðið hvaða mál fengju afgreiðslu og hver ekki. En það hefur bara ekki tekist um það neitt samkomulag. Og þar er ekki við okkur stjórnarandstæðinga að sakast eins og alkunnugt er. Það strandar á illdeilum í ríkisstjórninni og í stjórnarflokkunum. Ekki bara í einu máli heldur fleirum er mér nær að halda. Og við þær aðstæður sérstaklega finnst mér nú harkalegt, hæstv. forseti, að verða ekki við jafnsanngjarnri ósk og þeirri að fresta nú umræðunni um þingfrestunartillöguna og geyma þá umræðu þangað til síðar. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst það ekki sanngjörn eða mildileg framkoma í garð réttmætra og sanngjarnra óska okkar í stjórnarandstöðunni um þetta. Það er eins og ég segi ekki góður svipur á því að ekki einu sinni skuli nást samkomulag um þetta litla atriði.

Ég sé mig knúinn til þess, hæstv. forseti, ef svona er í pottinn búið og þessari umræðu á þrátt fyrir óskir manna að ljúka nú, að lýsa því þá yfir fyrir hönd Alþb. a.m.k. að við hljótum að varpa allri ábyrgð yfir á herðar hæstv. ríkisstjórnar og meiri hluta hennar hér á Alþingi varðandi þessi þinglok. Við hljótum að gera það. (Gripið fram í.) Ef meiri hluti er þá fyrir því í stjórnarliðinu að ljúka þingstörfunum fyrr en þá að undangengnum vissum skilyrðum. En það kemur væntanlega í ljós.

Ég ítreka óskir mínar til hæstv. forseta og forsrh. og ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Það hefur í sjálfu sér ekkert upp á sig. Enda er réttur minn víst búinn til þess að tala í þessari einu umræðu um þessa þáltill. um frestun á fundum Alþingis. En ég harma að svona skuli að þessu staðið og mótmæli því og vona að hæstv. forseti, verði þó seint sé við óskum um að umræðunni verði nú frestað.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það hefur komið hér fram að það væri hægt að ræða um mörg mál nú í þinglok miðað við það hvernig staðan er í þjóðfélaginu og flest þar í uppnámi. En ég ætla ekki að gera það, ekki að þessu sinni a.m.k., en mig langaði að bera fram einfaldar spurningar til hæstv. forseta: Er gert ráð fyrir því að halda einn fund enn til að afgreiða mál? Liggur fyrir dagskrá þess fundar og ákvörðun um hvaða mál verða þar tekin fyrir?

Mér sýnist augljóst að það sé ætlun ríkisstjórnarinnar að þingfrestun verði hér innan ekki margra klukkutíma. Þá hlýtur það að vera nokkuð ljóst orðið hjá henni hvernig hún ætlar að halda á málum. Ég vil því eindregið biðja hæstv. forseta að skýra frá því hvernig forseti ætlar að halda á málum þessa stuttu stund sem hér er eftir svo öllum þingmönnum verði það ljóst og þá kannski sérstaklega hv. þm. stjórnarliðsins sem bera ábyrgð að sjálfsögðu á þessum vinnubrögðum og kannski er þeim kunnugt um það. En mér hefur þó heyrst það hingað til, m.a. á hv. 3. þm. Austurl., að honum sé ekki alveg ljóst enn þá hvernig þinglokum eða þingfrestun verði hagað og hvernig verður þá unnið að afgreiðslu mála fram að því.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Heldur þykir mér sorglegt að hlýða á þá umræðu sem hér fer fram. Ég minnist þess ekki þau 14 ár sem ég hef setið á hinu háa Alþingi að deilur hæfust um þingslit. Oft hitnaði auðvitað í kolunum á meðan verið var að ná samkomulagi en að menn stæðu hér og deildu um þingslit er auðvitað alveg óheyrt, a.m.k. svo lengi sem ég hef verið á Alþingi. Kannski verð ég enn þá sárari þegar ég heyri menn tala hér um hæstv. forsrh. eins og það sé í hans valdi hvernig þingi lýkur. Í 9. gr. þingskapalaga stendur skýrum stöfum:

„Forseti ber ábyrgð á rekstri Alþingis og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess."

Og í 10. gr. stendur m.a.: „Forsætisnefnd skipuleggur þinghaldið ..."

Það verður hins vegar að játast að forsætisnefnd hefur ekki verið kölluð saman nú um skeið og ber þess vegna enga ábyrgð á því sem hér fer nú fram. En ég vil benda hv. þm. á þó það beri kannski vott um illan hug minn til ríkisstjórnarinnar og jafnvel stjórnar þingsins, sem ég vona nú að menn líti á heldur sem

gamanmál heldur en hitt, að ef þessari umræðu lýkur hér og atkvæðagreiðslu verður síðan frestað þá er auðvitað mönnum í lófa lagið — [Tölvuklukka hringir.] Þetta mun vera vekjaraklukka hæstv. forsrh. sem var notuð við ræðu hans hér nýlega — en ég vil aðeins vekja athygli hv. þm. á því að að þessari umræðu lokinni er mönnum í lófa lagið að koma með dagskrá næsta fundar og á henni stæði ekkert annað en atkvæðagreiðsla um þessa tillögu. Það hlýtur því að vera krafa okkar að við fáum að sjá dagskrá næsta fundar áður en við getum leyft þessari umræðu að ljúka. Þetta hlýtur hæstv. forseti að skilja. Við viljum ekki standa frammi fyrir því hér eftir nokkrar mínútur að fá nýja dagskrá um nýjan fund þar sem ekkert væri á dagskrá nema þingslit. Þess vegna er það krafa mín, hæstv. forseti, að forsætisnefnd verði nú kölluð til örstutts fundar og menn reyni að ákveða hvernig síðasti fundur þessa langa þings á að fara fram svo við getum, hæstv. forseti, farið hvert til síns heima með nokkurri reisn en ekki eins og við höfum ekki komið okkur saman um hvernig beri að slíta þingi. Það gengur ekki. Við verðum, hæstv. forseti, að gæta þess að þingið missi ekki alla virðingu þjóðarinnar með aðförum sem þessum. Það hlýtur þess vegna að vera krafa okkar að forsætisnefnd komi saman og fái að fjalla um dagskrá síðasta fundar þessa þings.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur að sjálfsögðu ekki dagskrá í höndunum fyrir næsta fund en getur fullvissað hv. 14. þm. Reykv. um það, og aðra þá sem spurt hafa, að hér verða á dagskrá þau mál sem umræðu hefur verið lokið um á þessum fundi og þau eru nokkuð mörg, það er a.m.k. óhætt að fullyrða.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu mikið en ég vildi vekja athygli hæstv. forseta á því vegna þess sem hér hefur verið nefnd dagskrá næsta fundar, að þar væru í öllu falli þau mál sem lokið er umræðu um á þessum fundi, að svo háttar til hér að 20. dagskrármálið hefur ekki verið rætt hér. Það var tekið á dagskrá í hádeginu örstutt en ekki mælt fyrir því. Það er samkomulagsmál frá nefnd og ég vek athygli hæstv. forseta á því, hygg að það hafi raunar verið gert í morgun þegar sú stefna var mörkuð af hæstv. forseta að forgang hefðu mál sem væru samkomulagsmál. Ég beini því til hæstv. forseta hvort ekki væri rétt að taka það mál hér til umræðu og ljúka henni áður en þessum fundi verður slitið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað. — [Fundarhlé.]

Út af dagskrá voru tekin 21.–24., 27., 29.–30. og 32.–33. mál.

Um þingsköp.

Framhald þingfundar.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér sýnast mér mjög óvenjulegir atburðir vera að gerast. Hér er lokið umræðum um allmörg mál sem lýst hefur verið yfir að eigi að hljóta afgreiðslu á þessu þingi og jafnvel lögð mikil áhersla á sum þeirra eins og kunnugt er. Ég spyr því hæstv. forseta hvað valdi því að ekki sé gengið til atkvæða og atkvæðagreiðsla að lokinni 2. umr. um þessi mál fari fram hér á þessum fundi, þannig að þegar settur verður nýr fundur og nýrri dagskrá útbýtt þá megi þessi mál koma fyrir til 3. umr., ef leyft verður. Mér sýnist að ef svo sé ekki þá kosti það enn frekari fundahöld hér en ella og það er best að tala alveg tæpitungulaust um það, hæstv. forseti. Er meiningin að slíta þessum fundi án þess að atkvæðagreiðsla fari fram til að mynda um 25. dagskrármálið? Og hvaða skilaboð felast þá í því til fundarmanna? (**Gripið fram í:** Það er búið að taka það af dagskrá.) Nei það er ekki búið að taka það af dagskrá, hv. frammíkallandi, það voru tekin af dagskrá önnur mál en þau sem útrædd eru. Ég vil þess vegna eindregið óska eftir því að forseti svari þessu áður en fundinum er slitið og reyndar meira til, að atkvæðagreiðslur fari fram um þessi mál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti taldi sig nú hafa svarað þessu áður en fundi var frestað. Það verður boðað til nýs fundar þegar að loknum þessum fundi með þeim málum sem þar verða á dagskrá ef leyft verður og forseti veit ekki betur en að það sé verið, ef ekki er búið, að dreifa þeirri dagskrá. Og forseti ætlar sér að láta atkvæðagreiðslur fara fram á þeim fundi.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég bað um orðið um gæslu þingskapa þegar hæstv. forseti sagði: „Fleira liggur þá ekki fyrir þessum fundi.“ En þá var eftir inni á dagskránni, 25., 26., 28., 31., 34., 35. og 37. mál, því þau hafa ekki verið tekin út af dagskrá. Umræðu var lokið en atkvæðagreiðslu frestað.

Ég get tekið undir það sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði að það er mjög óvenjulegt að slíta fundi án þess að mál séu tekin út af dagskrá áður.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti þakkar hv. 2. þm. Suðurl. fyrir þessa ábendingu. Ef það hefur ekki verið gert jafnóðum og umræðu lauk þá gerist það nú að málin eru tekin út af dagskrá sem hv. þm. nefndi ef forseti hefur ekki gert það.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég beindi áðan máli mínu til hæstv. forseta og benti forseta á 20. dagskrármálið, Atvinnuþróun í Mývatnssveit, samkomulagsmál hér í tveimur þingnefndum sem fjallað hafa um málið, nál. liggur fyrir. Hvað veldur því að ekki er mælt fyrir

þessu máli, virðulegur forseti? Það hefur ekki komið orð um það frá forseta og var þó sú stefna mörkuð af forseta í morgun að forgang skyldu hafa mál sem samstaða væri um frá þingnefndum. Ég óska eftir skýrum svörum um þetta efni af hálfu forseta áður en þessum fundi er slitið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það mál sem hv. þm. nefndi verður á dagskrá næsta fundar og er þá hægt að taka það til skoðunar og umræðu þegar þar að kemur hvað um það verður.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ef forseti hefur verið að lýsa því yfir hér áðan að atkvæðagreiðslur færu fram um öll þau mál sem útrædd eru á dagskrá þessa fundar þar með talið 25. dagskrármálið í upphafi næsta fundar þá út af fyrir sig skal ég ekki gera frekari athugasemdir við þá tilhögun þó að ég telji hana nokkuð óvenjulega í ljósi þess að væntanlega er mönnum kappsmál að þurfa ekki að slíta hér og setja fleiri fundi en efni standa til. Eðli málsins samkvæmt er það þannig að það að láta ekki fara fram atkvæðagreiðslur í lok 2. umr. um þessi mál kallar augljóslega á slíkt með því að þau verða þá í sömu stöðu prentuð á dagskrá næsta fundar en hefðu ella getað færst yfir til 3. umr. þau mál sem þannig háttar til um. En ef taka má yfirlýsingu hæstv. forseta áðan svo að í upphafi næsta fundar fari fram atkvæðagreiðslur um öll þessi mál og þar með talið 25. dagskrármálið, sem af vissum ástæðum hefur orðið mönnum nokkuð tíðrætt, þá geri ég ekki frekari athugasemdir við það.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti var nú ekki að tímasetja hvenær atkvæðagreiðslur færu fram um einstök mál sem verða á dagskrá. Forseti var hins vegar að upplýsa að þessi mál yrðu öll á dagskránni og það ætti að vera nægjanleg skýring og þá hlýtur það að koma í ljós hvernig málin ganga fyrir sig á næsta fundi. Það hefur verið erfitt að tímasetja það í dag. En það geta ekki öll mál verið í upphafi á dagskrá eða til afgreiðslu í upphafi funda því m.a. er gert ráð fyrir kosningum í upphafi næsta fundar.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ef það er svo að ætlunin er að greiða atkvæði um annarrar umræðu mál mál á næsta fundi þá vil ég vekja athygli forseta á því að verði þau samþykkt í 2. umr. þá mun þurfa enn einn fund til þess að ljúka endanlegri afgreiðslu þeirra frá 3. umr. Og ég spyr því forseta: Er það hugmynd forseta að halda hér tvo fundi til viðbótar?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ef þörf krefur er það ætlunin að halda tvo fundi og er það nú ekki óvenjulegt þegar komið er að lokum eins og nú stendur á. Annars þakkar forseti hv. þingmönnum ráðleggingar og aðstoð við dagskrárgerð en reynir nú að gera þetta eins og henni ber skylda til eftir bestu getu og bestu vitund.

Fundi slitið kl. 9.30 síðdegis.

---

177. FUNDUR

laugardaginn 8. maí,
að loknum 176. fundi.

Dagskrá:

1. Kosning aðalmanns í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs í stað Jóns Agnars Eggertssonar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 6. gr. laga nr. 96 28. sept. 1990, um atvinnuleysistryggingar.

2. Kosning varamanns í bankaráð Landsbanka Íslands í stað Ragnheiðar Sveinbjörnsdóttur til 31. desember 1993, skv. 9. gr. laga nr. 86 4. júlí 1985, um viðskiptabanka.

3. Kosning sex manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands til fjögurra ára, frá 25. maí 1993 til 25. maí 1997, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 43 26. maí 1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

4. Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 3. gr. nýsamþykktra laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Gildir kosningin frá gildistöku laganna.

5. Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Menningarsjóðs til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 2. gr. nýsamþykktra laga um Menningarsjóð. Gildir kosningin frá gildistöku laganna.

6. Kosning sjö manna í stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins, til fjögurra ára, frá 1. júlí 1993 til jafnlengdar 1997, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 43 16. apríl 1971, um Áburðarverksmiðju ríkisins.

7. Frestun á fundum Alþingis, þáltill., 597. mál, þskj. 1273. — Frh. einnar umr. (Atkvgr.)

8. Hönnunarvernd, stjfrv., 212. mál, þskj. 1279. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

9. Vegalög, stjfrv., 553. mál, þskj. 918. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

10. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 554. mál, þskj. 1282. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

11. Rannsókn á botndýrum við Ísland, þáltill., 594. mál, þskj. 1189. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

12. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 546. mál, þskj. 906. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

13. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 515. mál, þskj. 1287.

— 3. umr. *Ef leyft verður.*

14. Reynslusveitarfélög, stjtill., 516. mál, þskj. 873, nál. 1124. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

15. Mat á umhverfisáhrifum, stjfrv., 80. mál, þskj. 1288. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

16. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 504. mál, þskj. 856, nál. 1133 og 1215, brtt. 1125. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

17. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 541. mál, þskj. 899, nál. 1174. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

18. Áburðarverksmiðja ríkisins stjfrv., 238. mál, þskj. 307, nál. 1108 og 1110, brtt. 1121. — 2. umr.

19. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 453. mál, þskj. 785, nál. 1191 og 1193, brtt. 1192 og 1194. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

20. Almenn hegningarlög, frv., 89. mál, þskj. 99, nál. 1177 og 1272. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

21. Lögheimili, frv., 188. mál, þskj. 218, nál. 1144 og 1276, brtt. 1145. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

22. Aðild Alþingis að 50 ára afmæli lýðveldisins, þáltill., 167. mál, þskj. 192, brtt. 1275. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

23. Undirbúningur vegna hálfrar aldar afmælis lýðveldisins, stjtill., 262. mál, þskj. 351. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

24. Fuglaveiðar og fuglafriðun, stjfrv., 146. mál, þskj. 167, nál. 1169 og 1237, brtt. 1170. — Frh. 2. umr.

25. Atvinnuþróun í Mývatnssveit, þáltill., 173. mál, þskj. 199, nál. 1208, brtt. 1209. — Frh. síðari umr.

26. Fjáraukalög 1991, stjfrv., 197. mál, þskj. 235, nál. 1235 og 1238. — 2. umr.

27. Fjáraukalög 1992, stjfrv., 539. mál, þskj. 897, nál. 1239. — 2. umr.

28. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 486. mál, þskj. 834, nál. 1234 og 1240, brtt. 1217. — 2. umr.

29. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 420. mál, þskj. 716, nál. 1186 og 1187, brtt. 1188. — 2. umr.

30. Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, stjfrv., 25. mál, þskj. 25, nál. 1083 og 1129, brtt. 1084, 1130 og 1277. — 2. umr.

31. Hafnalög, stjfrv., 191. mál, þskj. 222, nál. 1095 og 1274, brtt. 1096. — 2. umr.

32. Tækniskóli Íslands, stjfrv., 327. mál, þskj. 598, nál. 1092. — 2. umr.

33. Bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda, frv., 187. mál, þskj. 215, nál. 1197 og 1198. — 2. umr.

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysistryggingar, 554. mál, brtt. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 1289.

Hönnunarvernd, 212. mál, þskj. 1279.

Mat á umhverfisáhrifum, 80. mál, þskj. 1288.

Sveitarstjórnarlög, 515. mál, þskj. 1287.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þannig háttar til um nokkur mál sem sett eru á dagskrá þessa fundar að leita þarf afbrigða þar sem of skammt er liðið frá 2. umr. eða fyrri umr. Einnig háttar þannig til um brtt. sem nú hefur verið útbýtt og er frá minni hluta heilbr.- og trn. að það er of skammt liðið frá útbýtingu hennar. Þarf nú að leita afbrigða um öll þessi mál um að þau megi koma á dagskrá og til umræðu og verður þeirra afbrigða nú leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP.

18 þm. BBj, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JBH, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Kosning aðalmanns í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs í stað Jóns Agnars Eggertssonar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 6. gr. laga nr. 96 28. sept. 1990, um atvinnuleysistryggingar.

Fram kom einn listi með einu nafni og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Aðalmaður:

Þórður Ólafsson, Þorlákshöfn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þar sem Þórður Ólafsson var varamaður í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs þarf einnig að kjósa varamann í hans stað.

Fram kom einn listi með einu nafni og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Varamaður:

Guðmundur Gylfi Guðmundsson hagfræðingur.

Kosning varamanns í bankaráð Landsbanka Íslands í stað Ragnheiðar Sveinbjörnsdóttur til 31. desember 1993, skv. 9. gr. laga nr. 86 4. júlí 1985, um viðskiptabanka.

Fram kom einn listi með einu nafni og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Sigrún Magnúsdóttir borgarfulltrúi.

Kosning sex manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands til fjögurra ára, frá 25. maí 1993 til 25. maí 1997, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 43 26. maí 1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Guðmundur Árnason skrifstofustjóri (A),
Ingvar Gíslason, fyrrv. alþingismaður (B),
Kristján Ingvarsson verkfræðingur (A),
Ingunn Jónasdóttir kennari (B),
Magnús Á. Magnússon háskólanemi (A),
Hólmfríður Garðarsdóttir kennari (B).

Varamenn:
Ásgeir Guðlaugsson forstöðumaður (A),
Ólafur Þ. Þórðarson alþingismaður (B),
Margrét Sigurgeirsdóttir kennari (A),
Maríanna Traustadóttir (B),
Valgerður Guðmundsdóttir bæjarfulltrúi (A),
Nína Helgadóttir mannfræðingur (B).

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 3. gr. nýsamþykktra laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Gildir kosningin frá gildistöku laganna.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Þórhallur Jósepsson deildarstjóri (A),
Hákon Hákonarson vélvirki (B),
Gunnar S. Björnsson byggingarmeistari (A),
Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður (B),
Magnús Norðdahl héraðsdómslögmaður (A),
Jónína Óskarsdóttir bæjarfulltrúi, Ólafsfirði (A),
Kristín Jónsdóttir skrifstofustjóri (B).

Varamenn:
Gunnlaugur S. Gunnlaugsson framkvæmdastjóri (A),
Páll R. Magnússon trésmíðameistari (B),
Kristín Guðmundsdóttir deildarstjóri (A),
Steingrímur J. Sigfússon alþingismaður (B),
Helga E. Jónsdóttir bæjarfulltrúi, Kópavogi, (A),
Petrína Baldursdóttir forstöðumaður (A),
Danfríður Skarphéðinsdóttir kennari (B).

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Menningarsjóðs til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 2. gr. nýsamþykktra laga um Menningarsjóð. Gildir kosningin frá gildistöku laganna.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Bessí Jóhannsdóttir sagnfræðingur (A),
Áslaug Brynjólfsdóttir fræðslustjóri (B),
Hlín Daníelsdóttir fulltrúi (A).

Varamenn:
Sigurður Björnsson óperusöngvari (A),
Unnur Stefánsdóttir fóstra (B),
Hildur Kjartansdóttir verslunarmaður (A).

Kosning sjö manna í stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins, til fjögurra ára, frá 1. júlí 1993 til jafnlengdar 1997, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 43 16. apríl 1971, um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Egill Jónsson alþingismaður (A),
Gunnar Sigurðsson kaupfélagsstjóri (B),
Bjarni Helgason jarðvegsfræðingur (A),
Bjarni Guðráðsson bóndi (B),
Jóhann Már Jóhannsson bóndi (A),
Kjartan Ólafsson ráðunautur (A),
Stefán Sigfússon fulltrúi (B).

Frestun á fundum Alþingis, frh. einnar umr.

Þáltill. forsrh., 597. mál. — Þskj. 1273.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. samþ. með 29:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, ÞurP, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, GAK, ÓE, PJ, SigG, SP, SalÞ.

nei: SJS, SvG, AÓB, FI, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, SJóh, ÓÞÞ.

16 þm. (StG, StH, VS, BBj, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég verð nú að játa það að röð mála kemur mér enn nokkuð á óvart, að nú skuli á þessum fundi eftir þau orðaskipti, sem fóru fram áðan um frestunartillöguna, þetta mál koma hér fyrst allra atkvæðagreiðslna og er greinilegt að hæstv. forseti gerir ekki mikið með óskir eða athugasemdir okkar hv. þm. sem hér töluðum margir áðan og óskuðum þá eftir frestun á umræðunni en hæstv. forseti svaraði því aðallega til að atkvæðagreiðslunni yrði þó frestað og hún færi fram síðar. (Gripið fram í.) Ég sé nú ekki, hæstv. forseti, að það hafi mikið breyst síðan við ræddum þetta mál fyrir kannski eins og 20 mínútum síðan. Ég hef ekki orðið var við að það hafi skýrst mikið um niðurstöður þinghaldsins né heldur að það liggi orðið ljóst fyrir nákvæmlega hver af þeim málum sem hér eru á dagskrá verði afgreidd eða þá hvernig. Þetta er allt saman heldur óvenjulegt, hæstv. forseti. Hér er verið að afgreiða endanlega til hæstv. forsrh. heimild til að rjúfa Alþingi þegar honum sýnist, á því augnabliki þegar honum sýnist frá og með því að atkvæði hafa verið greidd um þessa tillögu ef hún verður samþykkt. Með öðrum orðum, eftir það höfum við þingmenn ekki tök á því eða færi á því að beita neinum af þingræðislegum tækjum okkar til þess að hafa hér áhrif á gang mála varðandi þetta atriði, þar með talið að sjálfsögðu ekki að láta það ráða neinu um afstöðu okkar hvort til að mynda atkvæði ganga hér um mál eins og 16. dagskrármál þessa fundar, hið margfræga frv. um breytingu á búvörulögum í tengslum við innflutning á landbúnaðarvörum. Þetta er allt önnur röð mála, hæstv. forseti, en ég hefði talið eðlilega og í raun og veru má segja að þarna sé enn einn steininn lagður í þá hleðslu að gera okkur stjórnarandstæðingum með öllu ókleift að mínu mati að samþykkja þessa þingfrestun eins og hana ber hér að. Og þá er auðvitað sama hvort átt er við ástand mála hér innan þingsins, allan svipinn á þinglokunum hvað afgreiðslu mála snertir, sem er auðvitað neðan við allar hellur svo að ekki sé nú minnst á ástandið úti í þjóðfélaginu.

Er það virkilega svo, hæstv. forseti, að hér sé verið að undirbúa að koma í veg fyrir það að margyfirlýstur meiri hluti í 16. dagskrármálinu fái að koma í ljós og fái að ráða niðurstöðu mála hér á þessu þingi, það sem hv. 3. þm. Austurl. hefur kallað pólitíska valdbeitingu? Er það það sem er hér í undirbúningi? Svo sýnist vera. Það sé með þessari röð mála verið að hjálpa til við það af hálfu hæstv. forseta að ríkisstjórnin eða einhverjir einstakir ráðherrar ríkisstjórnar nái sínu fram. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum, hæstv. forseti. Ég lýsi fullri ábyrgð á hendur hæstv. ríkisstjórn og meiri hluta hennar hér og þar með talið forsetanum fyrir að standa svona að málum og segi nei.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Fyrir utan þau almennu atriði og sérstöku við þessa tillögu sem hv. 4. þm. Norðurl. e. rakti hér áðan, þá er nauðsynlegt að benda á það að við þessar aðstæður er nú verið að senda þingið heim frá óleystum mjög alvarlegum vandamálum, í fyrsta lagi í sjávarútvegi landsmanna, í öðru lagi að því er varðar greiðsluvanda heimilanna sem hefur verið ræddur hér að undanförnu og í þriðja lagi er ljóst að með þessari samþykkt á þingfrestuninni, ef af verður, er verið að skapa hér aðstæður til þess að tryggja það að minni hlutinn geti í raun og veru beitt meiri hluta hér í þinginu valdi í tilteknu máli, þ.e. að því er varðar búvörulögin. Það er verið að koma í veg fyrir það að sá meiri hluti sem til er hér í þinginu í þeim efnum nái fram að ganga. Og það er sérkennilegt, verð ég að segja ef hv. þm. sem hafa borið það mál fyrir brjósti úr stjórnarliðinu, ef þeir una þessum vinnubrögðum. Þau eru fyrir neðan allar hellur en þau eru á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Ég segi nei.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er með eindæmum hvernig hér er staðið að verki af þeim meiri hluta sem ræður ferðinni á Alþingi. Slíkt hefur ekki gerst þann tíma sem ég hef setið á þingi að verið sé að greiða atkvæði um þingfrestun og með mál í uppnámi milli stjórnar og stjórnarandstöðu og þó enn frekar að innan stjórnarliðsins standi mál eins og nú að allt sé í uppnámi og deilum. Þetta gerist á tveggja ára afmæli, rétt rúmlega tveggja ára afmæli þeirrar ríkisstjórnar sem enn situr, (**ÖS:** Bjarghellunnar.) bjarghellunnar, sem hv. formaður þingflokks Alþfl. skrifaði um leiðara sem ástæða væri til að hafa upp á þessari stundu og ég eftirlæt það þingmanninum að þessu sinni að lesa hann. (Gripið fram í.) Friðarstjórnin sem sett var á laggir eftir fundina í Viðey er nú þannig á sig komin að hún þarf að beita eigin stuðningsmenn bolabrögðum, þá sem hafa verið stuðningsmenn hennar, með þeim hætti sem hér gerist, bolabrögðum sem ég er nokkuð viss um að sumir af stuðningsmönnum stjórnarliðsins sjá ekki í gegnum enn þá en ætla samt að láta það gerast að þeir verði hengdir hér upp varðandi þau mál sem þeir telja sig hafa borið fyrir brjósti. Ég tel hér mjög illa að verki staðið og lýsi fullri ábyrgð á forustu ríkisstjórnarinnar, ráðherrana, hæstv. forsrh. og forseta þingsins fyrir það hvernig staðið er hér að verki og ég segi nei.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Að aflokinni þessari atkvæðagreiðslu, ef hún fer sem horfir, þá hefur hæstv. forsrh., að ég tel og samkvæmt minni reynslu, heimild til þess að standa upp hvenær sem er og lesa upp forsetabréf um frestun þings. Þetta er gert án þess að við höfum nokkra hugmynd um framgang þeirra mála sem hér eru á dagskrá. Þetta er gert væntanlega eingöngu til að hlífa hæstv. ríkisstjórn við að þurfa að ganga til atkvæðagreiðslu um 16. mál sem hér er á dagskrá, 504. mál þingsins, um breytingar á búvörulögum þess efnis að gengið verði frá því á tryggilegan hátt hverjir það verði, það verði landbrn. í samvinnu við fjmrn., sem fari með innflutningsheimildir á búvörum og álagningu jöfnunargjalda.

Við stjórnarandstæðingar höfum í dag allir lýst því yfir að við séum tilbúnir til þess að styðja þetta mál. Ég þykist vita að það séu nægilega margir í stjórnarliðinu til viðbótar til þess að styðja landbrh. (**ÖS:** Heyr. Heyr.) til þess að koma þessu máli í gegn, að hér sé traustur meiri hluti. Hér kallaði „heyr, heyr" formaður þingflokks Alþfl. og varaformaður landbn. sem skrifaði án fyrirvara undir nál. þessu varðandi. Ef svo fer sem mér sýnist að horfi varðandi þetta mál, þá er það að gerast sem ég sagði hér fyrr í dag, þá er það að gerast sem hæstv. utanrrh. marglýsti yfir að stjórnarandstaða með löngum ræðum um EES væri að gera, sem reyndar gerðist ekki því það mál gekk til atkvæðagreiðslu, en hann fullyrti og hélt því fram að þar væri minni hluti að níðast á meiri hluta. Ef mál fara fram sem nú horfir hér, þá liggur það fyrir að minni hluti þingsins er að níðast á meiri hlutanum og þar með er stórhætta á ferðum fyrir þingræði í landinu. Ég segi nei.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Í lok síðasta fundar óskaði ég eftir því að við stjórnarandstöðuþingmenn fengjum að vita eitthvað um það hvernig framgangur mála yrði á þessum fundi en fékk því miður engin svör. Nú sýnist ljóst á niðurröðun dagskrár og því hvernig mál eru tekin fyrir að hér muni ekki eiga að halda langt niður dagskrá þessa fundar.

Það er því ljóst að með því að greiða atkvæði með þessari þáltill. eru þingmenn stjórnarliðsins að greiða atkvæði með því að þau mál sem hér eru neðar, a.m.k. mörg hver og kannski öll, muni ekki ganga til atkvæða og ekki fá afgreiðslu hér á þingi. Það er þetta sem stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar eru að greiða atkvæði um þegar þeir greiða þessari þingfrestunartillögu atkvæði á þessari stundu.

Mig furðar það eftir þær yfirlýsingar sem komið hafa fram, m.a. um 16. dagskrármálið og þann meiri hluta sem talið var af sumum stjórnarliðum að væri fyrir því máli að þannig skuli nú vera staðið að verki. Þeir ómerkja þannig öll sín orð sem þeir hafa sagt um þetta. Mig hryggir það mjög og við framsóknarmenn erum að sjálfsögðu sammála um að þessi vinnubrögð stjórnarliðsins nú eru með algjörum eindæmum og ég mun því eins og aðrir að sjálfsögðu greiða atkvæði gegn þessari tillögu og segi nei.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel það mjög óeðlilegt að nú eigi að fara að byrja á því að ganga til atkvæða um frestun á fundum Alþingis. Hér eru önnur mál til umræðu og atkvæðagreiðslu í 2. umr. og svo eru önnur mál sem eru alveg óræddd samkvæmt þeirri dagskrá sem hér liggur fyrir. En ef þinglok eiga að fara fram með þessum hætti þá eru þau vissulega í takt við aðra málsmeðferð hér í dag.

Ég tel það ekki verjandi að fresta fundum Alþingis við þessar aðstæður, ég vil engan þátt eiga í slíku og ég segi nei.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er leitað eftir samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Þann tíma sem ég hef setið á þingi hefur samþykkt þessarar tillögu ávallt verið síðasta mál, það er og hefðin. Væri svo ekki er það rétt hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. að hæstv. forsrh. gæti látið flytja þessa tillögu þegar þing kæmi saman í janúar og haft hana svo uppi í erminni allan veturinn, þ.e. hann hefði þingrofsvald í reynd hér. Það er ekki hugsun stjórnarskrárinnar og liggur ljóst fyrir að hér er verið að samþykkja lokamál þessa þings.

Mér er ljós þingræðislegur réttur meiri hlutans til að gera þetta. Það segir dálítið um andrúmsloftið á stjórnarheimilinu og það er alveg skýrt að stjórnarandstaðan hefur ekki óskað eftir því að hlaupa frá atkvæðagreiðslu þeirra mála sem hér hafa verið. En ég undirstrika það að vegna þeirrar hefðar sem er í þessum efnum, þá teldi ég mjög hættulegt að rjúfa þær hefðir. Það væri í reynd hlutur sem ekki gengi upp þannig að ég lít svo á að hér sé verið að afgreiða seinasta mál þingsins.

Herra forseti. Ég segi nei við þessari tillögu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Tillaga þessi um heimild til fresta fundum Alþingis er samþykkt með 29 atkv. gegn 18. (**ÓÞÞ:** Þetta er brot á öllum reglum þingræðisins.) Það er misskilningur hjá hv. þm. Það hefur gerst oft áður, eða a.m.k. gerst áður að þingfrestunartillaga er samþykkt þó að það sé ekki síðasta mál á dagskrá þingsins.

Till. afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 1290).

Um þingsköp.

Röð mála á dagskrá.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég óska eftir skýringum á upprröðun mála á þessari dagskrá og/eða þá í hvaða röð hæstv. forseti virðist ætla að taka þau fyrir. Ég óska eftir þeim skýringum m.a. vegna þeirra orða, sem hæstv. forseti hafði á síðasta fundi. Ég gekk út frá því að hæstv. forseti hefði þar verið að fullvissa okkur þingmenn um að í upphafi þessa fundar yrðu atkvæðagreiðslur teknar um þau mál sem útrædd voru á fyrri fundi. En nú gerist það að dagskrá liggur fyrir okkur þannig, hæstv. forseti, að 7. málið er frestun á fundum Alþingis, atkvæðagreiðsla, en síðan koma þau mál önnur sem greiða á atkvæði um og eru útrædd á þessum fundi mikið aftar. Þetta er mjög sérkennileg upprröðun, hæstv. forseti, og enn frekar svo í ljósi orða hæstv. forseta hér áðan. Ég tel eðlilegt að næst verði tekið fyrir 14. mál á dagskrá og þau mál önnur sem útrædd eru en bíða atkvæðagreiðslu. Ég sé ekki að það sé eðlilegt að slíta atkvæðagreiðslur um þessi mál sundur sem voru útrædd á fyrri fundi. Það er alla vega mjög óvenjulega

að verki staðið, svo ekki sé meira sagt. Ég minnist þess ekki að mál frá fyrri fundum sem umræðu er lokið um séu þá ekki tekin saman til atkvæðagreiðslu þegar á annað borð er farið í atkvæðagreiðslur. Og allt finnst mér þetta bera að sama brunni, að hér sé með mjög óvenjulegum hætti verið að hagræða málum þannig til að því megi afstýra að meiri hluti Alþingis, sem liggur fyrir og styður 16. dagskrármálið, fái að ná fram rétti sínum (**ÖS:** Ekki Alþb.) og það er satt best að segja ekki mikill glæsibragur yfir því, hæstv. forseti, að fara þannig að málum og auðvitað með endemum (**ÖS:** Alþb. styður það ekki.) hvernig snaran er þannig sett um háls þeirra hv. stjórnarliða. (Gripið fram í.) Ef hv. formaður þingflokks Alþfl., sem greinilega og bersýnilega líður mjög illa í kvöld af einhverjum ástæðum sem mér eru ókunnar, (**ÖS:** Hann styður álitið en ekki Alþb.) vildi láta svo lítið að hlusta, þá mundi hann nú vitkast verulega. Þetta er þannig, hæstv. forseti, að það er eðlilegt að óskað sé skýringa á því með hve óvenjulegum hætti er staðið hér að verki. Og ég vil spyrja hæstv. forseta: Er ekki forseti tilbúinn til þess til samkomulags að taka nú fyrir þessi atkvæðagreiðslumál frá og með 14. dagskrármálinu og niður eftir dagskránni svo langt sem atkvæðagreiðslumál ná?

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hélt að eitt af því sem Alþingi Íslendinga hefði lagt höfuðáherslu á við samningu nýrra þingskapa væri að það væri þingið sem tæki ákvörðun hvenær því væri slitið.

Ef það er rétt að hægt er að halda áfram þingstörfum eins og ekkert hafi í skorist eftir samþykkt frestunartillögu, þá er í reynd verið að skila til forsrh. þingrofsvaldi hvenær sem hann vill, því að þá væri auðvitað skynsamlegast hjá hæstv. forsrh. að byrja á því í upphafi hvers þings að láta samþykkja svona heimild til þess að hann hefði valdið til að senda þingið heim. Þetta eru svo hættulegar leikreglur að sem stuðningsmaður þess að þingið ráði hlýt ég að undirstrika það að ég skil ekki hvernig hæstv. ríkisstjórn og forseta þingsins dettur í hug að taka þessar leikreglur upp. Ég man aldrei eftir því á vorþingi, aldrei þann tíma sem ég hef setið að það hafi gerst að samþykkt væri tillaga um frestun Alþingis og svo dytti mönnum í hug að halda áfram. Sjá menn ekki hvað er að gerast ef þessi niðurstaða er? Það er í það minnsta alveg á hreinu að hv. 5. þm. Norðurl. v. gerði sér grein fyrir því hvaða hagræði væri að því að taka ákvörðun um það strax í janúar að forsrh. hefði slíka heimild í höndunum. Það er aldeilis fráleitt að svona vinnubrögð geti átt sér stað.

Forseti hafði það að sjálfsögðu í hendi sér hvernig staðið var að dagskránni. Forseti hafði það að sjálfsögðu í hendi sér, ef forseti taldi að það ætti að afgreiða mál á þessum fundi, að afgreiða þau mál og láta svo greiða atkvæði. Og forseti vissi að það lá fyrir að auðvitað dettur engum heilvita manni það í hug að koma í veg fyrir það að ríkisstjórnarmeirihluti greiði atkvæði um það að þingi sé frestað. Menn greiða þá atkvæði á móti því. En að halda áfram þingi eftir að búið er að taka ákvörðun um að fresta því, það er furðulegur hlutur. Það er slíkt stílbrot að það er ekki hægt að una slíkum vinnubrögðum. Það er gjörsamlega vonlaust. Þeir sem vilja bera ábyrgð á því mega þá njóta vel, mega þá vissulega njóta vel.

Ég skil ekki hvað þeir menn hugsa sem eru almennt stuðningsmenn þess að þingið ráði sínum málum sem styðja slík vinnubrögð.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem hefur komið fram hér að ég hef ekki orðið vitni að slíkum vinnubrögðum áður hér á Alþingi. Það er alveg með ólíkindum að samþykkt skuli tillaga um frestun Alþingis og síðan teknar upp umræður eins og ekkert hafi í skorist og stungið inn umræðumálum á undan atkvæðagreiðslum sem eru seinna á dagskránni. Það þarf ekki mjög glöggskyggnan mann til þess að sjá það að hér frá 8. dagskrármáli og fram að 16. dagskrármáli eru þau mál sem skipta máli að fá í gegn og það sem ríkisstjórnina skiptir mestu máli að fá í gegn og helstu áhugamálin. Því sem er þar fyrir aftan má sleppa. Ég hygg að ef hv. þm. athuga dagskrána þá sjái þeir hvers lags leikfléttur hér er verið að hafa í frammi. Og svo sannarlega er verið að fara í kringum, svo ég noti nú ekki sterkari orð, þingræðið í landinu. Að ef ágreiningsmál kemur upp í ríkisstjórninni þá taka menn ekki afleiðingum gerða sinna heldur fara í kringum þingræðið í landinu með þessum hætti ef það kemur á daginn hér á eftir að hér verður lesið upp forsetabréf eftir að 15. mál hefur hlotið afgreiðslu. Það verður fróðlegt að sjá hvað kemur í ljós á eftir. Athugið dagskrána, hv. þm.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Mér sýnist að þannig hátti til málum að það sé niðurstaða stjórnarmeirihlutans að láta beiðnir og óskir stjórnarandstöðunnar sem vind um eyru þjóða. Með hliðsjón af því hefði ég talið rétt fyrir mitt leyti að það gæfist tími til þess, a.m.k. fyrir okkur í stjórnarandstöðunni við þær aðstæður sem nú eru uppi, að menn beri saman bækur sínar um þau tíðindi sem orðin eru og viðbrögð við þeim. Ég vil því leyfa mér að nefna þann möguleika að gert verði hlé í nokkrar mínútur þannig að stjórnarandstaðan geti borið saman bækur sínar með hliðsjón af því með hvaða hætti er skynsamlegast að taka þeim miklu tíðindum sem hér hafa orðið. Þannig að ég leyfi mér að hreyfa því við hæstv. forseta hvort ekki er hugsanlegt að fá slíkt hlé, í tíu mínútur eða svo.

Hönnunarvernd, 3. umr.

Stjfrv., 212. mál. — Þskj. 1279.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hefur verið óskað eftir hléi í tíu mínútur. Forseti var búinn að boða atkvæðagreiðslu í þessu máli og

vildi gjarnan láta þá atkvæðagreiðslu fara fram og gera síðan hlé að beiðni hv. 9. þm. Reykv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

14 þm. (AÓB, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

21 þm. (BBj, EGuðn, FI, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, IP, KÁ, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1291). — [Fundarhlé.]

Um þingsköp.

Afgreiðsla dagskrámála.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér í dag hefur óneitanlega verið staðið einkennilega að málum. Það hefur ekki fengist uppgefið í allan dag hvaða mál væri fyrirhugað að fengju lokaafgreiðslu á þessu þingi. Það hefur oft verið vitnað til þess í umræðum í vetur að stjórnarandstaðan hafi beitt ofbeldi í EES-málinu en ég veit ekki hver það er sem er að beita ofbeldi ef það er ekki ríkisstjórnin. Hún hefur valtað yfir okkur með valdhroka sem ráðherrar ríkisstjórnarinnar eiga í svo ríkum mæli og þjóðin hefur horft upp á frá því að þessi ríkisstjórn hóf sitt starf hér. Hún hefur líka sýnt það að hún vill ekki semja um neitt. Hún vill sýna yfirburði hins sterkari og þannig hafa líka málin verið sem hún hefur lagt fram, ævinlega til þess að sá sterkari ætti að ráða. Þannig eru vinnubrögð ríkisstjórnarinnar. Nú hafa ráðherrar — og ég endurtek ráðherrar hennar — ákveðið hvaða mál fái afgreiðslu hér í kvöld, ekki hæstv. forseti. Því miður er það svo að það er hæstv. forsrh. sem segir fyrir um það hvaða mál skuli fá afgreiðslu og í hvaða röð. Og þingheimi til upplýsingar ætla ég núna að lesa það upp, því þó að stjórnarandstaðan viti það þá gæti vel verið að sumir hv. þm. stjórnarliða viti það ekki, að hér á að ljúka við 9., 10., 11., 12., 13., 14. og 15. mál, en 16. mál sem bíður atkvæðagreiðslu og mikið hefur verið rætt um í dag á ekki að fara í atkvæðagreiðslu. Síðan á að taka 17. mál fyrir, þá 20., 21., 22. og 23. mál. Þannig er listinn sem hæstv. forsrh. hefur ákveðið að tekinn skuli fyrir. En stjórn þingsins hefur ekki gefið þetta upp og ég mótmæli svona vinnubrögðum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það verður að segjast eins og er að það er afar dapurlegur svipur á þessum síðustu klukkustundum þinghaldsins sem að líkindum verða og það er algjörlega óhjákvæmilegt að mótmæla almennt talað þeim vinnubrögðum sem hér hafa verið viðhöfð og það á nánast við allt það sem hér hefur gerst á síðustu tveimur til þremur klukkustundunum. Allt er það meira og minna á skjön við góðar samskiptahefðir og venjur í þinginu. Forseti veitti til að mynda þingmönnum umbeðinn ekki venjubundnar upplýsingar um meðferð mála á dagskrá næstu funda sem er afar óvenjulegur atburður. Tillögur eru teknar og þeim raðað upp með mjög óvenjulegum hætti á dagskrá. Atkvæðagreiðslur um tillögur slitnar í sundur o.s.frv. Allt er þetta ákaflega sérkennilegt en langmestu tíðindin eru þó auðvitað þau að það er upplýst á fundi með hæstv. forsrh. og hæstv. forseta þingsins að það sé ríkisstjórn Íslands, það sé ríkisstjórnin sjálf sem stoppi hér eitt mál, 16. dagskrármálið, stjórnarfrumvarp. Mér er til efs að slík tíðindi hafi oft áður orðið að ríkisstjórn sé svo illa komin, á slíkum flótta frá sjálfri sér að hún verði að leggjast í hernað til að stoppa sín eigin mál vegna þess að hún sé komin að því að springa út af ágreiningi um stjfrv. Slíkt eru auðvitað fáheyrð tíðindi, hæstv. forseti. Hér eiga í hlut þeir menn, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., sem öðrum mönnum fremur á undanförnum mánuðum hafa gengið fram fyrir skjöldu í því að ásaka stjórnarandstöðuna um ólíklegustu hluti — hæstv. utanrrh. jafnvel á erlendri grund — um málþóf, um skæruhernað og um hvers kyns ofbeldi í vinnubrögðum hefur minni hlutinn verið sakaður. En hvað er hér að gerast? Það sem hér er að gerast er auðvitað hrein valdníðsla hæstv. ríkisstjórnar, hæstv. forsrh., gagnvart þinginu og þingræðinu.

Hv. 3. þm. Austurl., sem af einhverjum ástæðum er horfinn úr þingsalnum, ástæðum sem ég gæti vel ímyndað mér að ég vissi hverjar væru, hann taldi það ekkert vera annað en pólitískt ofbeldi ef sá meiri hluti sem liggur fyrir gagnvart 16. dagskrármálinu næði ekki fram að ganga. Þetta pólitíska ofbeldi er nú að birtast okkur í verki undir forustu hæstv. forsrh. Við hljótum að lýsa allri ábyrgð á hendur hæstv. forsrh., hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. forseta sem því miður er að láta nota sig til þessara verka. Ég harma þessa niðurstöðu, hæstv. forseti, ég mótmæli henni mjög harðlega.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hér hafa mjög alvarlegir hlutir verið að gerast. Við þingmenn höfum ekki getað fengið um það vitneskju í allan dag hvaða mál eiga að koma til afgreiðslu og það gildir einu um hvort þar hafi verið um hv. stjórnarþingmenn að ræða eða aðra þingmenn. Í upphafi var byrjað á að afgreiða þáltill. um að fresta fundi og síðan var haldið áfram að afgreiða mál og það eru 33 mál á dagskránni. Hér var spurt um það hvaða mál ætti að taka og engin svör fengust við því. Þetta hlé sem við stjórnarandstöðuþingmenn báðum um áðan notuðum við til þess að ganga á fund hæstv. forseta. Hæstv. forseti gat ekki upplýst okkur um hvaða mál ætti að taka á dagskrá, hann þurfti að kalla til hæstv. forsrh. og hv. formenn

stjórnarþingflokkanna og þá loksins komu svörin. Svörin komu frá hæstv. forsrh. Hann var sá eini sem gat gefið svörin. Þá kom í ljós, eins og hér hefur verið lesið, hvaða mál á að taka og nú veit hv. þm. Egill Jónsson að búvörusamningurinn verður ekki tekinn til afgreiðslu.

Við þingmenn stjórnarandstöðunnar stöndum frammi fyrir því að við verðum að ganga til afgreiðslu mála þrátt fyrir að ekkert samkomulag sé haft við okkur um eitt eða neitt. Þetta er óásættanlegt. Og það er óásættanlegt að þurfa að ganga á fund hæstv. forsrh. til að vita hvað er á dagskrá þessa fundar. Ég held að það hljóti að vera mjög óvenjulegt.

Vegalög, 3. umr.

Stjfrv., 553. mál (ferjur og flóabátar). — Þskj. 918.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 45:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

nei: ÓÞÞ.

1 þm. (JHelg) greiddi ekki atkv.

16 þm. (BBj, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1292).

Atvinnuleysistryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 554. mál (aðild að stéttarfélagi, hámarksaldur, biðtími o.fl.). — Þskj. 1282, brtt. 1289.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég tala fyrir brtt. sem minni hluti heilbr.- og trn. flytur við frv. til laga um atvinnuleysistryggingar, en áður en ég tala fyrir þeim tillögum vil ég vekja athygli forseta á því að mér sýnist að það vanti þskj. 1289 inn í dagskrána en það er þingskjalið þar sem brtt. okkar er að finna. (**Forseti:** Það er rétt hjá hv. þm. en það er búið að veita afbrigði fyrir þessari brtt.) Ég þakka forseta fyrir þessa útskýringu en ég vil þá kynna þessar brtt.

Í fyrsta lagi er það við 9. gr., að á eftir 1. málslið efnismálsgreinar b-liðar komi ný málsliður svohljóðandi: Bótaréttur glatast þó ekki þótt umsækjandi hafni vinnu ef hann með læknisvottorði sannar að hann geti eigi stundað þá vinnu sem hann á kost á.

Með þessu er í rauninni verið að leggja það til að aftur verði tekin inn læknisvottorðin sem búið var að fella út áður því það er fráleitt annað en að taka læknisvottorð gild og leggja það einhliða í mat úthlutunarnefndar hvort gildar ástæður eru fyrir höfnun vinnu eða ekki.

Í öðru lagi er tillaga um að reyna að milda þann biðtíma sem fólk, sem er atvinnulaust og búið að vera það í meira en 12 mánuði, þarf að vera án bóta ef það ekki tekur þau námskeið sem í boði eru. Við teljum að slíkar refsingar eigi ekki við í því langtímaatvinnuleysi sem þessari ríkisstjórn hefur tekist að skapa hér á landi.

Í þriðja lagi gerum við ráð fyrir því að sú skerðing sem öryrkjar verða fyrir verði milduð þannig að örorkustyrkur sem er auðvitað til þess að mæta auknum kostnaði vegna fötlunar verði ekki látinn skerða atvinnuleysisbætur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1289 felld með 28:18 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓÞÞ, SJóh, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

17 þm. (BBj, EgJ, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

3 þm. (JÁ, KHG, SvG) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BBj, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1293).

Rannsóknir á botndýrum við Ísland, síðari umr.

Þáltill. sjútvn., 594. mál. — Þskj. 1189.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK,

JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

16 þm. (BBj, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

17 þm. (ÁMM, BBj, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1294).

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 3. umr.

Stjfrv., 546. mál (eftirlit á varnarsvæðum). — Þskj. 906.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

16 þm. (BBj, EGuðn, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1295).

Sveitarstjórnarlög, 3. umr.

Stjfrv., 515. mál (sameining sveitarfélaga). — Þskj. 1287.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég beindi spurningum til hæstv. félmrh. í 2. umr. um það hvort einhverjar undantekningar hefðu verið á þeim samningi sem við samþykktum um réttindi sveitarfélaga. Hæstv. félmrh. svaraði því ekki og ég leit svo á að með því að svara því ekki væri það staðfest að það hefðu engar undanþágur verið. Ég lít svo á að þær reglur sem nú eru í gildi um Jöfnunarsjóðinn standist ekki þær samþykktir sem þar voru gerðar og bið hæstv. félmrh. að lesa nú grannt það sem þar stendur.

Ég tel að það sé ekkert óeðlilegt við það þó að það frv. sem hér er lagt fram verði samþykkt og heimilað verði að fara í þær atkvæðagreiðslur sem hér er verið að leggja til ef leikreglurnar væru ekki þær að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er notaður eins og verðlaunasjóður fyrir þá sem kjósa með sameiningu. Það er gjörsamlega óþolandi að þannig sé staðið að kosningum í þessu landi að ef menn kjósi „rétt" þá sé samfélagið verðlaunað með fjármunum frá ríkinu. Slíkt kosningafyrirkomulag er fyrir neðan allar hellur. Það á að sjálfsögðu að breyta leikreglum Jöfnunarsjóðsins þannig að þær standist þá samninga sem við höfum gert.

Þá vil ég lesa upp úr nefndaráliti. Þróun byggðar, atvinnulífs og stjórnkerfis, skýrsla byggðanefndar þingflokkanna, júlí 1986. Í örstuttu máli kemur þar kjarni þessa máls fram á bls. 35, með leyfi forseta:

„Nefndin telur að styrkja beri sveitarstjórnarstigið. Til þess eigi að stefna að sameiningu sveitarfélaga eftir því sem við verður komið, aukinni samvinnu þeirra og stofnun raunverulegs jöfnunarsjóðs er greiði ákveðin lögboðin útgjöld fámennustu sveitarfélaganna. Þá ber að auka sjálfsforræði sveitarfélaganna með tilfærslu verkefna og tekjustofna frá ríkinu að svo miklu leyti sem þau verða sem stjórnunareiningar talin fær um að taka að sér aukin verkefni. Mikilvægt er að áður eða jafnhliða verði fámennustu sveitarfélögin efld með framangreindum hætti eða þeim veittur fjárhagslegur stuðningur eins og fyrr segir.

Á hinn bóginn er það niðurstaða nefndarinnar að verulegum árangri í valddreifingu og virkara lýðræði verði ekki náð með slíkum ráðstöfunum einum saman. Til þess að auka svo nokkru nemi völd og áhrif landsmanna allra, óháð búsetu þeirra, þurfi að koma til þriðja stjórnsýslustigið sem taki við umtalsverðum verkefnum og tekjum, fyrst og fremst frá ríkinu." Það seinasta er með breyttu letri.

Ég tel mig ekki þurfa að taka það fram að þær hugmyndir um sameiningu byggðust á þeirri forskrift að það lægi fyrir að meiri hluti íbúanna vildi það, væri hlynntur sameiningunni.

Ég vil aðeins segja einn hlut. Það raunalega við það mikla umstang sem nú er sett af stað er það að við munum ekki ná þeim árangri að flytja til sveitarfélaganna nema mjög óveruleg verkefni eins og þetta er sett upp. Til þess að hægt sé að flytja raunverulega stóra hluti til dreifbýlisins, til sjálfsstjórnar hjá dreifbýlinu, verður þriðja stjórnsýslustigið að koma til. Og þannig standa málin í aðalþéttbýli Íslands að ef þriðja stjórnsýslustigið verður ekki tekið upp á höfuðborgarsvæðinu, þá stefnir í skipulagslega vitleysu á þessu svæði, því miður. Það er jafnmikil nauðsyn hér að það sé einn aðili sem skipuleggi almenningssamgöngur yfir allt þetta svæði. Það er jafnmikil nauðsyn hér að það sé einn aðili sem gangi frá því með skipulegum hætti hvernig staðið verður að hraðbrautum í gegnum þetta svæði í framtíðinni. Vegir þurfa einfaldlega að ná sam-

an á mörkum sveitarfélaga. Ég er líka sannfærður um það að til þess þarf að flytja löggæsluna til sveitarfélaganna sem er sjálfsagður hlutur og hvergi í heimi þætti eðlilegt að hafa alla löggæsluna hjá ríkinu, (**HG:** Forseti. Væri hægt að fá hljóð í þingsal fyrir skvaldri í ráðherrunum. Það heyrist ekki mannsins mál hér.) þá hlyti það að sjálfsögðu að vera Stór-Reykjavíkurfylkið hér í Reykjavík sem sæi um þessa löggæslu. Ég er að nefna hér örfá dæmi. Ég tel eðlilegt að í framtíðinni verði staðið þannig að málum að sveitarstjórnarstigið sé með um 30% af tekjustofnum hins opinbera, fylkin verði með önnur 30% og ríkið verði með 40%. Í dag er staðið þannig að málum að sveitarstjórnirnar eru með um nálægt 20% og ríkið með afganginn. Þessi miðstýring er að mínu viti gjörsamlega óþolandi.

Ég ætla ekki að tala lengi hér í kvöld. Ég tel að flestir séu orðnir heldur þreyttir og búnir að vera nokkuð lengi við. En ég vildi koma þessu á framfæri vegna þess að það er ekki heiðarlegt gagnvart hinum dreifðu byggðum landsins að halda því fram að það sem verið er að leggja til núna leysi einhvern stóran vanda. Það er mikill misskilningur.

Kristinn H. Gunnarsson:

Hæstv. forseti. Við 2. umr. þessa máls beindi ég nokkrum fyrirspurnum til félmrh. og hafði hugsað mér að ræða málið frekar að loknum svörum ráðherrans. Nú læt ég ráðherra það eftir að ákvarða hvort hann lætur svo lítið að svara fyrirspurnum þingmanna en ég hyggst ekki eiga frekari orðastað við ráðherrann í ljósi þeirra atburða sem orðið hafa hér í kvöld þegar þingræðið hefur verið fótumtroðið með ofbeldi einræðisins í þeim tilgangi að verja ríkisstjórnina falli.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
7 þm. (GHelg, HG, JÁ, KHG, ÓÞÞ, SJóh, SvG) greiddu ekki atkv.
18 þm. (BBj, EGuðn, FI, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JHelg, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1296).

Reynslusveitarfélög, frh. síðari umr.

Stjtill., 516. mál. — Þskj. 873, nál. 1124.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
2 þm. (HG, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (BBj, EGuðn, FI, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JHelg, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
2 þm. (HG, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (BBj, EGuðn, FI, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JHelg, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1297).

Mat á umhverfisáhrifum, 3. umr.

Stjfrv., 80. mál (EES-reglur). — Þskj. 1288.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SJóh, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞurP, ÖS.
18 þm. (BBj, EGuðn, FI, GB, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JHelg, KÁ, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1298).

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 541. mál (fráviksmörk greiðslumarks). — Þskj. 899, nál. 1174.

Jóhann Ársælsson *(um þingsköp)*:

Virðurlegur forseti. Það liggur nú fyrir að það er ágreiningur hér í þinginu um það hvort það eigi að taka til afgreiðslu 16. dagskrármál og ég tel að það sé fráleitt að ganga þannig frá máli eins og hér er gert.

Ég legg eindregið til að forseti beri það undir þingið hvort það eigi að afgreiða 16. mál og krefst þess að það fari fram atkvæðagreiðsla um það. Ég tel að það sé eðlileg aðferð hér í þinginu en ekki að ganga fram hjá máli með þeim hætti sem hér er gert.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði hér á undan mér og ég hef eina setningu hér til viðbótar. Ég mundi óska þess að hv. frsm. nál. meiri hluta landbn. sem kynnti þetta mál í dag vildi gefa okkur skýringu á því hvort hann er fallinn frá því að þetta mál komi hér til atkvæðagreiðslu.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram að það sé eðlilegt að það sé þingið sem skeri úr um það hvort þetta mál sé tekið til afgreiðslu. En ef ekki fást önnur svör frá hæstv. forseta, þá vil ég spyrja forseta hvort það að nú er hlaupið yfir 16. mál þýði það af hálfu forseta að þetta mál eigi ekki að fá frekari afgreiðslu. Ég lít á það sem mjög alvarlegt mál. Við fulltrúar Framsfl. í landbn. skrifuðum undir nál. meiri hlutans og studdum formann nefndarinnar í gegnum alla vinnu að málinu til þess að koma því hér í gegn og ég hlýt út frá því, og þar sem hér er um að ræða stjfrv. sem hlýtur þá að eiga vísan stuðning verulegs hluta stjórnarliða, að þetta mál eigi hér meirihlutafylgi í þinginu, að ítreka það sem ég hef sagt hér í tvígang fyrr í dag: Fái þetta mál ekki afgreiðslu, þá er minni hlutinn í þinginu að níðast á meiri hlutanum og brotnar allar þingræðisheðir.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Afstaða hv. síðasta ræðumanns er vissulega fullkomlega eðlileg. Hann segir hér rétt frá um það að hann undirritaði nál. ásamt félaga sínum, Guðna Ágústssyni, og var vinna þeirra fullkomlega trúverðug við afgreiðslu málsins í landbn. Það er náttúrlega m.a. af þeirri ástæðu að ég hafði ekki talið mig hafa neinn rétt til þess þó að ég hefði haft vilja til þess, sem ég reyndar hafði ekki heldur, að stýra þessu máli fram hjá afgreiðslu í Alþingi. Ég var auðvitað m.a. bundinn af afstöðu þessara tveggja hv. þm. sem studdu þetta mál og afstaða þeirra var afar mikilvæg. Ég hygg að það þurfi hins vegar ekki að fara um það mörgum orðum að ég stýri ekki þessum þingfundi. Það er forsetans að ákveða framvindu þessa máls og í þeim efnum get ég ekki haft önnur áhrif en þegar liggja fyrir og þingið hefur orðið vitni að að þetta mál yrði afgreitt.

Ég fagna því vissulega hvað þetta mál á mikinn stuðning í þinginu og m.a. frá þeim stjórnmálaflokkum eða stjórnmálaflokki og samtökum sem undirrituðu nál. og síðar urðu miklir stuðningsmenn þess á Alþingi. Ég met það afar mikils. Það liggur hins vegar ljóst fyrir, eins og ég sagði áðan, að það er forsetinn sem stýrir þessum fundi og ræður því hvaða mál það eru sem koma til afgreiðslu. Ég hefði vissulega kosið aðra niðurstöðu heldur en hér hefur fengist en a.m.k. fyrir okkur — og þá segi ég nú okkur sem kalla má íhaldssöm í breytingum í landbúnaði og viljum aðlaga þróun hans með lengri tíma fyrir augum — þá er það náttúrlega mikilvægt að búvörulögin, sem hafa reynst okkur býsna vel, verða og eru í gildi þar til breytingar verða gerðar á þeim. Mér er fullljóst að t.d. blómabændur sem nutu þess í aprílmánuði sl. að ekki var búið að breyta þessum lögum eru mér sammála. Við höfum að þessu leyti síður en svo veikt stöðu okkar og náttúrlega tryggt það vegna þeirra mistaka sem hafa orðið í ríkisstjórninni um afgreiðslu þessa máls að við höfum margfalt betra vald á því þegar við hittumst næst. Og ég vona og reyndar veit að þá mun landbn. og annað heiðursfólk hér á Alþingi styðja framgang þessara breytinga til betri árangurs heldur en þess sem við höfum náð, jafnvel með brtt. okkar meiri hluta landbn.

Ég vona að þessi afstaða sé alveg skýr og ég endurtek þakklæti mitt til Alþingis og til samstarfsmanna minna og þá sérstaklega til þeirra sem undirrituðu nál.

Jón Helgason *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég býst við að flestum sé ljóst að þegar menn eru búnir að gefa eftir þá verður staðan ekki sterkari á eftir hvort sem það líða einhverjar vikur eða mánuðir þangað til næst verður tekist á um þetta mál eða hvenær sem það verður. (**EgJ:** Hver hefur gefið eftir?) Ja, gefið eftir að láta þetta ekki ganga til atkvæða eins og var talið fyrr í dag að yfirgnæfandi meiri hluti væri fyrir og væri ofbeldi ef ekki næðist fram að ganga.

En ég ætlaði fyrst og fremst að spyrja hæstv. forseta að því hvaða skýringu forseti hefur á því að ganga ekki til atkvæða um þetta mál. Umræðu er lokið, það er á dagskrá og atkvæðagreiðsla tekur ekki nema örfáar mínútur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta hefur borist dagskrártillaga frá fimm hv. þm. um að þegar í stað verði gengið til atkvæða um 16. dagskrármálið. Forseti var búinn að taka fyrir 17. dagskrármálið þegar umræða hófst um gæslu þingskapa. Þessum fundi verður nú frestað í tíu mínútur. — [Fundarhlé.]

Fyrir liggur dagskrártillaga frá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, Jónu Valgerði Kristjánsdóttur, Ingibjörgu Pálmadóttur, Jóni Helgasyni og Jóni Kristjánssyni þar sem lagt er til að þegar í stað verði gengið til atkvæða um 16. dagskrármálið. Forseti telur að þessi dagskrártillaga eigi sér ekki stoð í þingskapalögum. 16. dagskrármálið er því tekið út af dagskrá. (**SvG:** Það vantar rök, forseti.)

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég trúi því nú ekki að forseti hafi verið að fella úrskurð áðan og það örökstuddan um að tillaga um dagskrá fundarins, þetta sérstaka atriði hennar, fái ekki að koma til atkvæða. Slíkt er auðvitað með öllu óskiljanlegt þegar horft er til hinna almennu ákvæða IV. kafla þingskapalaganna um fundarsköp.

Það er alveg ljóst af öllum lestri þess kafla að það leiðir af hinum almennu ákvæðum hans að það er meiri hluti þingfundar sem stendur hverju sinni sem í raun hefur vald um framgang mála á fundinum. Það leiðir af öllum hinum almennu ákvæðum IV. kafla laganna um þingsköp Alþingis. Það er sömuleiðis almenn venja í fundarsköpum nánast hvar sem er á byggðu bóli að það er meiri hluti á fundinum sem á að ráða en ekki eitthvað annað. Þannig að ég tel að í fyrsta lagi sé ekki hægt að vísa þessari tillögu frá þegar horft er til hinna almennu ákvæða IV. kaflans og góðir latínumenn hér á fundinum hafa tjáð mér að það heiti „per analogiam" á hinu eina og sanna lögfræðimáli. (**ÁJ:** Notaðu bara íslensku.)

Í öðru lagi, hæstv. forseti, er ljóst að samkvæmt 62. gr. þingskapa er hvaða þingmanni sem er, hvenær sem er, heimilt að krefjast þess að gengið sé til atkvæða um eitthvert þingmál umræðulaust. Upphaf 62. gr. þingskapanna, hæstv. forseti, hljóðar svo — hv. alþm. er sennilega orðið betur viðeigandi að nota sem ávarp á fundinum. Hv. alþm., 62. gr. þingskapanna hefst svo:

„Heimilt er þingmanni að krefjast þess að gengið sé til atkvæða um eitthvert þingmál umræðulaust, ..." (**Forsrh.:** Lestu áfram.) Nú háttar svo til, hæstv. frammíkallandi, sem er forsrh. í þessu tilviki, (**Utanrrh.:** Lesa svolítið lengra.) að umræðu er meira að segja lokið um þetta þingmál. (**Forsrh.:** Lestu áfram.) Það er allt í lagi að lesa áfram, það er alveg sjálfsagt að lesa áfram: „...en það skal því aðeins gert að tveir þriðju hlutar fundarmanna séu því samþykkir." Og þá fer fram atkvæðagreiðsla um það. — Hvernig ætla menn að finna út úr því öðruvísi, hæstv. forsrh., hvort tveir þriðju hlutar þingmanna séu tiltekinnar skoðunar en að láta fara fram atkvæðagreiðslu? Það er ekki hægt. Nú hefur ekki einasta einn þingmaður heldur fimm þingmenn óskað eftir því að nákvæmlega þetta verði gert, að umræðulaust, án frekari umræðu verði gengið til atkvæða um tiltekið dagskrármál. Það er algjörlega ótvírætt, hæstv. forseti, að samkvæmt 62. gr. hafa menn þennan rétt, að kalla fram slíka atkvæðagreiðslu. Það er ekki nokkur leið að fella úrskurð um annað og allra síst órökstutt. Ég fer því fram á það að forseti endurmeti afstöðu sína og leyfi mönnum að njóta þess réttar sem þingsköpin færa þeim.

Jóhann Ársælsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég undrast þetta mjög, ég verð að segja það alveg eins og er. Ég held að það sé hvergi nokkurs staðar tíðkað á fundum, t.d. sveitarstjórna eða hvar sem er þar sem fer fram lýðræðislegt starf, félagsmálastarf, að meiri hluti fundarmanna megi ekki koma fram í máli og að sá sem stjórnar þeim fundum nýti sér einhvers konar rétt, ímyndaðan, til þess að koma í veg fyrir það að meiri hluti fái að koma fram í máli. Mér finnst þetta svo fráleitt að Alþingi Íslendinga geti verið undir reglum þar sem meiri hlutinn á ekki að fá að ráða. Hefur okkur ekki verið kennt það undanfarið að meiri hlutinn eigi að ráða og við eigum að hlíta því? Við erum ekkert að fara fram á annað heldur en að fá að sjá hver sá meiri hluti er. Ég tel að það sé mjög óeðlilegt og niðurlægjandi fyrir embætti forseta Alþingis, ef hann tekur það hlutverk að sér að koma í veg fyrir að meiri hluti fái að sýna sig í máli sem krafist er atkvæðagreiðslu um hér í þinginu. Ég ætla satt að segja að vona það að við eigum ekki eftir að upplifa það á þessum fundi að þannig fari það.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er nú gömul en ekki ný saga að stjórnarandstaða notar síðustu stundir Alþingis til þess að fá sér nokkra fótfestu við málaafgreiðslu. Það hefur Sjálfstfl. gert þegar hann hefur verið í stjórnarandstöðu og reyndar aðrir flokkar með sama hætti. Mér finnst hins vegar, og mig langar að koma þeirri skoðun minni á framfæri, að við ættum að láta þetta mál í friði, ekki síst vegna þess hvernig Alþingi hefur gengið fram í því að skapa góðan grundvöll fyrir traustri löggjöf að því er varðar málefni bændastéttarinnar. Eftir því hefur verið tekið og til þess verður vitnað þannig að ég vil eindregið mælast til þess að menn fyndu sér annað mál, ekki síst vegna þess að það hafa svo margir mætir alþingismenn úr öllum flokkum unnið að framgangi þessa máls og lagt góðan grundvöll og traustan til sameiginlegra starfa til þess að gera enn betur þegar við mætumst hér að nýju. Það er fjarri því að ég sé að biðjast sérstaklega undan því eða að það sé verið að hlífa mér eitthvað í sambandi við þessa málaafgreiðslu. Það er fjarri því. En ég minni hins vegar á hvaða samstaða hefur myndast hér og hvað við eigum auðvelt með þegar við mætumst á ný að leggja góðan grundvöll eða enn betri að breytingu á búvörulögunum.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Einhvers staðar stendur: Í upphafi var orðið og orðið kom frá guði. (Gripið fram í.) Eitthvað á þá leið. (Gripið fram í.) (**Landbrh.:** Í upphafi var orðið og orðið var hjá þér ...) Virðulegur forseti. (**Forseti:** Má forseti benda á að hér er hv. 4. þm. Austurl. í ræðustóli og er að hefja mál sitt og forseti ætlast til þess að hv. þm. beri virðingu fyrir því þegar hv. þm. óska eftir að taka til máls og þeim hefur verið gefið orðið. Biður nú forseti hv. þm. að hafa hljóð.) Virðulegur forseti. Þessu sem ég vitnaði til hefur verið snúið heldur betur við því nú hljóðar þetta eitthvað á þá leið: Í upphafi var orðið en orðið kom frá EB. Það er þessi nýi grundvöllur, Rómarsáttmálinn, það er hin nýja Biblía sem Alþingi starfar eftir. Það er ástæðan fyrir stöðu þess máls sem hér er rætt um. Það er ástæðan fyrir niðurlægingu hv. 3. þm. Austurl. Það er sá grunnur sem forsrh. og utanrrh. keyra hér áfram á. Það er sá grundvöllur sem meiri hluti alþingismanna hefur samþykkt. Á þessum nýja grundvelli er þetta mál flutt. Breytingar á búvörulögum átti að knýja fram með öðrum hætti en meiri hluti stendur hér til um á þinginu vegna þess samnings sem hér hefur verið knúinn fram. Það er þessi grunnur, það er þessi niðurlæging sem á eftir að koma fram á Alþingi Íslendinga, ekki bara nú, heldur oft í framtíðinni. Því miður, ef þessi nýja Biblía, þessi nýi réttur á að verða hinn

ríkjandi réttur, þá hjálpar ekkert, engar fyrirbænir frá hv. 3. þm. Austurl. um að bráðum komi betri tíð. Það hjálpar ekki og það er satt að segja ömurlegt að horfa á þennan þingmann sem í dag hefur flutt hvatningarræður úr þessum ræðustól til þingsins um það að standa í ístaðinu í þessu máli, en kemur nú bljúgur og vísar fram á haustið því að þá komi betri tíð.

Virðulegur forseti. Fyrir utan þá ömurlegu stöðu sem hér liggur fyrir frá þeim þingmönnum stjórnarliðsins, sem ætluðu að standa í ístaðinu en urðu að beygja sig fyrir þessum grunni sem ríkisstjórnin knýr hér fram, þá er það kannski bara sú niðurlæging sem forsetaembættið hefur fengið á þessum degi sem tekur því fram.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Vegna orða hv. síðasta ræðumanns vil ég vitna til orða minna um þetta mál fyrr í kvöld þar sem ég benti á að það væri ekki síst mikilvægt að fá botn í þetta mál, hverjir færu með innflutningsheimildirnar og hefðu einnig yfir að ráða hvernig jöfnunargjöldum væri beitt, þá var það að samkvæmt eldri viðskiptasamningum okkar, EFTA-samningnum og bókun 6, sem Alþb. hefur lýst yfir í vetur að það hafi borið fulla ábyrgð á á sínum tíma. Á grunni þeirra samninga heimilaði hæstv. viðsk.- og iðnrh. innflutning á unnum landbúnaðarvörum undir tollnúmeri iðnaðarvara 1988. Það er ekki síst mikilvægt, hæstv. ráðherra, að það fáist botn í það að við höfum fullar heimildir til þess að beita jöfnunargjöldum hvað þetta snertir og þær heimildir séu í höndum landbrh. Þetta gildir einnig um þá fríverslunarsamninga m.a. sem við höfum verið að samþykkja á þessum vetri og síðast í gær og í dag ef ég man rétt. Ég vil þess vegna ítreka það að þetta mál tengist ekki nema að hluta þeim viðskiptasamningi sem nú er verið að gera í EES. Þetta hlýtur hv. 4. þm. Austurl. að vita.

Að lokum, virðulegi forseti, (**HG:** Ég held að hjásetumenn ættu nú ekki að vera að tala mikið um þetta mál.) af því að hv. þm. ákveður að grípa fram í á þennan hátt, þá segi ég nú það sem mér datt í hug þegar ég horfði á hv. þm. í ræðustól en hafði ekki ætlað að gera, að hv. 4. þm. Austurl. er eini Íslendingurinn sem ég sé ganga hér um sali með Rómarsáttmálann í hendi sem sína Biblíu og næst hjartastað. (**Gripið fram í:** Í skinnbandi.) Í skinnbandi. (**HG:** Það ættu fleiri að lesa hann.)

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Ég óskaði eftir því að forseti endurskoðaði úrskurð sinn hér áðan og ég vil fá að heyra hvort forseti hafi gert það, ef forseti vildi vera svo góður að upplýsa það.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur kannað þetta mál og úrskurður forseta er óbreyttur. Hvað varðar tilvísun til fyrri mgr. 62. gr. þingskapa, þá á það ákvæði við um mál áður en umræða fer fram, að við tiltekna umræðu fari engin umræða fram heldur aðeins atkvæðagreiðsla. Í þessu máli hefur umræða þegar farið fram en það er síðan ákvörðun forseta hvenær atkvæðagreiðsla fer fram.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Ég vil þá, forseti, leyfa mér að flytja munnlega tillögu með vísan til 62. gr., 1. mgr., um að gengið verði tafarlaust til atkvæða um 16. dagskrármál þessa fundar. Ég óska eftir því að forseti láti fara fram atkvæðagreiðslu um það eins og ég hef rétt til samkvæmt þessari málsgrein. Ég sem þingmaður flyt slíka tillögu, skriflega ef forseti óskaði eftir að fá hana skriflega, en með vísan til þess að heimilt er að flytja munnlegar tillögur úr ræðustóli, þá vænti ég þess að það sé fullnægjandi. Það stendur skýrum stöfum í upphafi 62. gr. þingskapa að heimilt sé þingmanni að krefjast þess að gengið sé til atkvæða um eitthvert þingmál umræðulaust. Það stendur ekkert um, hæstv. forseti, að það, eitthvert þingmál, eigi að vera á einhverju tilteknu stigi, fyrir umræðu, í umræðu eða eftir umræðu. Það má krefjast þess að gengið sé til atkvæða um eitthvert þingmál. (**Forseti:** Forseti er búinn að taka málið út af dagskrá.) Hvaða mál? (**Forseti:** 16. dagskrármálið.) Ekki þá tillögu sem ég er að flytja. (**Forseti:** Nei, en forseti tók 16. dagskrármálið út af dagskrá.) Því var mótmælt, forseti, að það mál væri tekið út af dagskrá. (**Forseti:** Forseti var búinn að tilkynna það.)

Hæstv. forseti. Mér þykir leitt að þurfa að segja það, en ég lít á þetta sem hreint ofbeldi við fundarstjórnina og ég mun ekki treysta mér til þess að ávarpa hæstv. forseta oftar á þessum fundi. (**Forsrh.:** Þú átt að biðjast afsökunar.) (**Forseti:** Forseti mun taka því eins og ýmsu öðru.)

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég hafði nú ekki hugsað mér að taka til máls í þessum umræðum en ég satt að segja er alveg undrandi á þessum svokallaða úrskurði forseta. Lítum á 62. gr. þingskapa. Þar stendur:

„Heimilt er þingmanni að krefjast þess að gengið sé til atkvæða um eitthvert þingmál umræðulaust, ...“ Í síðari málsgrein stendur:

„Meðan á umræðum stendur má gera rökstudda tillögu um að taka skuli fyrir næsta mál á dagskránni ...“ Í 63. gr. stendur í 1. mgr.: „Þó má ákveða dagskrá næsta fundar eftir ályktun þingsins.“

Með öðrum orðum: Það er alveg skýrt í þingskapalögum að þau gera ráð fyrir því að Alþingi sjálft geti hvenær sem það vill og fram kemur tillaga um það ákveðið sína dagskrá þannig að það er augljóst mál, að hér er um valdníðslu að ræða, hæstv. forseti. Og ég harma það að hlutirnir skuli hafa þróast með þessum þætti þegar menn voru að reyna að ljúka þinginu við mjög erfiðar aðstæður, að menn skuli þá ekki láta sig hafa það að greiða atkvæði um þessa einföldu tillögu. Ég fullyrði það, hæstv. forseti, að þessi framkoma er

fyrir neðan allar hellur og hún mun spilla samstarfi stjórnar og stjórnarandstöðu, ekki aðeins nú á þeim stutta tíma sem eftir lifir af þessu þingi heldur einnig á næsta þingi, og ég skora á hæstv. forseta sem nú situr og mun leita endurkjörs í haust — ég skora á hæstv. forseta að endurskoða afstöðu sína tafarlaust og láta ganga til atkvæða um hina skriflegu tillögu eða hina munnlegu tillögu hv. 4. þm. Norðurl. e.

Geri forsetinn það ekki, þá er það eins og köld vatnsgusa framan í þingmenn stjórnarandstöðunnar og þingræðið sjálft og það á forseti Alþingis Íslendinga aldrei að gera.

Vilhjálmur Egilsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nú bara segja það, að með því að lesa þessa 62. gr. og hvernig umræður hafa gengið, þá er umræðum lokið um þetta mál. Þessi grein á fyrst og fremst við í þeim tilfellum þegar verið er að koma í veg fyrir að það séu yfirleitt umræður um mál. Mér finnst það vera alveg hárrétt hjá forseta að úrskurða svona og skil ekkert í hv. þm. að vera að byrsta sig svona með alls konar hótanir. (**SvG:** Þetta er ekki fundur í Verslunarráðinu.) — [Umræðu frestað.]

Þingfrestun.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 116. löggjafarþings, frá 7. maí 1993 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum þessa Alþingis, 116. löggjafarþings, er frestað.

Leyfi ég mér þess að óska hv. alþm. og starfsmönnum þingsins svo og landsmönnum öllum allra heilla.

Viðauki

Yfirlit yfir störf 116. löggjafarþings

Þingið hófst 17. ágúst 1992. Þingfundahlé var frá 18. sept. til 6. okt. 1992 og frá 6. apríl til 14. apríl 1993. Þingfrestun stóð frá 22. des. 1992 til 4. jan. 1993, frá 14. jan. 1993 til 10. febr. 1993 og frá 9. maí 1993.

Á þingtímanum urðu þingdagar alls 132. Þingfundir hafa verið 177.

Þingmál og úrslit þeirra:

Lagafrumvörp voru samtals 216. Stjórnarfrumvörp voru 154 og þingmannafrumvörp voru 62.

97 stjórnarfrumvörp voru afgreidd sem lög, tvö voru kölluð aftur en óútrædd stjórnarfrumvörp eru 55.

10 þingmannafrumvörp urðu að lögum, þremur var vísað til ríkisstjórnarinnar en 49 þingmannafrumvörp eru óútrædd.

Af 216 frumvörpum urðu alls 107 að lögum.

Þingsályktunartillögur voru alls 116.

Stjórnartillögur voru 19 og þingmannatillögur 97.

17 stjórnartillögur voru samþykktar sem ályktun Alþingis en tvær eru óútræddar.

16 þingmannatillögur voru samþykktar sem ályktun Alþingis, ein var felld, fjórum var vísað til ríkisstjórnarinnar, ein var kölluð aftur, einni vísað frá með rökstuddri dagskrá en 74 eru óútræddar.

Af 116 þingsályktunartillögum voru 33 samþykktar sem ályktun Alþingis.

Skýrslur voru samtals 19. Beiðnir um skýrslu frá ráðherrum voru tvær og voru þær báðar lagðar fram. Aðrar skýrslur lagðar fram voru 17.

Fyrirspurnir bornar fram voru 246.

Munnlegar fyrirspurnir voru 142 og var þeim öllum svarað nema einni sem var kölluð aftur.

Beðið var um skrifleg svör við 104 fyrirspurnum og bárust 98 svör en ein fyrirspurn var kölluð aftur.

Alls voru til meðferðar í þinginu 597 mál. Þar af voru 395 afgreidd og tala prentaðra þingskjala er 1298.